# Frumvarp til fjárlaga

## fyrir árið 2007.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006.)

---

**Fyrri hluti: Stefna og horfur**


| | Bls. |
|---|---|
| Inngangur | 3 |
| 1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga | 5 |
| 2. Helstu þættir ríkisfjármála | 10 |
| 3. Langtímaáætlun í ríkisfjármálum | 15 |
| 4. Yfirlit þjóðhagsspár | 22 |
| Fylgiskjal: Töfluviðauki | 27 |


**Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir**

**A-, B-, C-hluti og ýmis ákvæði** 1. grein: Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti, 2. grein: Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti, 3. grein: Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. grein: Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 5. grein: Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 6. grein: Heimildir.

**Sundurliðanir** 1. Tekjur A-hluta, 2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.

**Séryfirlit** 1. Málaflokkar gjalda í A-hluta, 2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta, 3. Markaðar tekjur, 4. Aðrar rekstrartekjur stofnana, 5. Lögbundin framlög.

**Athugasemdir** 1. Yfirlit ríkisfjármála, 2. Tekjur A-hluta, 3. Gjöld A-hluta, 4. Ríkisfyrirtæki í B-hluta, 5. Lánastofnanir í C-hluta, 6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 7. Heimildir, 8. Yfirlit um lagabreytingar.

**Vefsetur fjárlaga** fjarlog.is

# Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum auk umfjöllunar um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær auk sérstakra yfirlita.

**Efnisskipan fyrri hluta**

Í fyrsta kafla fyrri hluta frumvarpsins er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum þessa árs. Í þriðja kafla er kynnt stefnumörkun í ríkisfjármálum til nokkurra ára og helstu forsendur og niðurstöður hennar. Í fjórða kafla er fjallað um yfirlit þjóðhagsspár, um framvindu efnahagsmála og horfur næsta ár. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um ríkisfjármálin.

**Lagagreinar frumvarpsins – síðari hluti**

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Heimildir.

**Efnisskipan síðari hluta**

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

**Fjárlögin á veraldarvefnum**


Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

# 1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

**Kröftug uppsveifla og ör vöxtur...**

Öflugur hagvöxtur hefur einkennt þjóðarbúskapinn undanfarin ár. Er það árangur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur falist í að draga úr ítökum ríkisins í efnahagslífinu með einkavæðingu, opnara hagkerfi og lækkun skatta á fyrirtæki og heimili. Miklar fjárfestingar erlendra fyrirtækja hér á landi og nýjungar á fjármálamarkaði í kjölfar einkavæðingar ríkisbankanna hafa stóraukið kaupmátt og hagvöxt, um leið hefur störfum fjölgað og atvinnuleysi minnkað. Árin 2003 til 2007 er áætlað að landsframleiðslan aukist um 23% að magni til og kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna aukist um 22%. Við þessar umbreytingar varð tímabundið ójafnvægi í þjóðarbúskapnum sem lýsir sér í miklum halla á utanríkisviðskiptum, breytingum á gengi krónunnar og tímabundinni verðbólgu. Reynslan sýnir að sveigjanleiki og aðlögunarhæfni hagkerfisins er mikil. Þar sem hagstjórn er aðhaldssöm og uppbygging stóriðju er að ljúka er því spáð að hagvöxtur minnki árið 2007 en að stórfelldur viðsnúningur í utanríkisviðskiptum knýi hagvöxtinn í auknum mæli á komandi árum. Langtímaáætlanir sýna að meira jafnvægi einkenni efnahagslífið á komandi árum við hærri tekjur og meira atvinnustig en áður.

**Hagvöxtur**




**... krefst áframhaldandi stefnufestu**

Aðhald í ríkisfjármálum hefur aukist mjög undanfarin ár en tekjuafgangur ríkissjóðs nam 5,6% af landsframleiðslu árið 2005 og er áætlað að hann nemi 4,4% af landsframleiðslu árið 2006. Til að

viðhalda stöðugleika efnahagslífsins við núverandi aðstæður er þörf á áframhaldandi aðhaldi í ríkisfjármálum árið 2007. Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum hefur á undanförnum árum skilað verulegu aðhaldi í rekstri ríkissjóðs með minni vexti samneyslu og tilfærslu útgjalda og verulega hefur verið dregið úr framkvæmdum á vegum ríkisins undanfarin ár. Sú stefna mun halda áfram á næsta ári með því að nýjum útgjöldum vegna brotthvarfs varnarliðins hefur verið mætt með aðhaldi á öðrum sviðum og að farið verður hægar í að auka framkvæmdir á vegum ríkisins á móti minni erlendri fjárfestingu en áður var áformað. Auka má framkvæmdir á ný þegar skýr merki berast um að tekið sé að draga úr innlendri eftirspurn og stóriðjuframkvæmdum er að mestu lokið.

**Frumvarpið í samræmi við ábyrga hagsstjórn**

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir aðhaldsstigi sem er í samræmi við væntingar um hægari hagvöxt á árinu, eða ríflega 15 milljarða króna tekjuafgangi en það nemur 1,3% af landsframleiðslu. Það er um 23 milljarða króna betri afkoma en gert var ráð fyrir í langtímaáætlun ríkissjóðs vegna fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006. Tekjuafgangurinn skapar svigrúm til að greiða niður skuldir enn frekar og þar með til að draga úr vaxtagjöldum ríkissjóðs.

**Aðhald í ríkisfjármálum forsenda skattalækkunar**

Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum er ekki einungis mikilvæg forsenda fyrir stöðugleika í efnahagsmálum heldur einnig fyrir framgang skattalækkunaráforma í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Með hliðsjón af horfum í efnahagsmálum og tímasetningu stóriðjuframkvæmda er miðað við að lokaáfangi núverandi skattabreytinga verði á árinu 2007.

**Stefnumörkun til næstu fjögurra ára**

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 er fjórða árið í röð lögð fram langtímastefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Slík stefnumörkun styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika. Líkt og í fyrri langtímaáætlunum er gert ráð fyrir að ríkisfjármálunum verði beitt með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn þegar stóriðjuframkvæmdir standa sem hæst og örva hagvöxt þegar þeim lýkur. Helstu markmið stefnunnar í ríkisfjármálum 2007–2010 eru eftirfarandi:

- Fylgt verði aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu að jafnaði ekki umfram 2% að raungildi og tilfærsluútgjalda að jafnaði ekki umfram 2,5%.

- Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 5,5 milljarða króna árið 2007, frá því sem ráðgert var í langtímaáætlun sem fylgdi fjarlagafrumvarpi 2006. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði auknar aftur árið 2008 í samræmi við fyrri langtímaáætlun og lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf.
- Á árinu 2007 verði áfram varið umtalsverðum fjármunum til skattalækkana í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.


**Efnahagslífið í örri framþróun...**

Undanfarin ár hefur íslenskt efnahagslíf verið í örri framþróun. Atvinnulífið er orðið mun fjölbreyttara og öflugra en áður. Sjávarútvegur er áfram undirstöðugrein í útflutningi en aukin starfsemi í stóriðju, ferðaþjónustu og hátæknigreinum hefur styrkt stoðir útflutnings. Ríkistjórnin hefur stutt við þessa þróun með stórauknum framlögum til menntamála og rannsókna auk þess að bæta umhverfi fyrirtækja almennt. Geta efnahagslífsins til að standa undir bættum lífskjörum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi hefur því aukist. Íslensk fyrirtæki hafa haslað sér völl erlendis svo að eftir hefur verið tekið og eignamyndun Íslendinga erlendis fer vaxandi.

**... í tengslum við skipulagsbreytingar og alþjóðavæðingu hagkerfisins**

Skipulagsbreytingar og alþjóðavæðing efnahagslífsins hafa umbylt efnahagsumgjörð heimila og fyrirtækja á síðustu árum og gert hana eins góða, ef ekki betri, og þekkist í okkar helstu viðskiptalöndum. Umtalsverðar skattalækkanir eru mikilvægur liður í þeirri viðleitni ríkisstjórnarinnar. Langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar hefur átt sinn þátt í að treysta stöðu ríkissjóðs og að tryggja sveiflujafnandi hlutverk ríkisfjármála. Einkavæðing ríkisfyrirtækja á fjármála- og fjarskiptamarkaði hefur aukið samkeppni og verið til hagsbóta fyrir neytendur. Skipulagsbreytingarnar hafa jafnframt aukið getu fyrirtækja og einstaklinga til að taka þátt í alþjóðavæðingu efnahagslífsins sem hefur aukist til muna á liðnum áratug. Þessar miklu breytingar hafa stóraukið kaupmátt heimilanna og skotið styrkari stoðum undir rekstur fyrirtækja.

**Vöxtur kaupmáttar ráðstöfunartekna heimilanna**




**Seðlabankinn hefur hækkað vexti**

Auk ábyrgrar stefnu í ríkisfjármálum hefur komið fram mikið aðhald í peningastjórn Seðlabankans og stýrivextir verið hækkaðir til að draga úr innlendri eftirspurn. Er þar um tímabundnar aðgerðir að ræða en þegar eru komin fram skýr merki um að innlend eftirspurn leiti í jafnvægi. Eftir styrkingu á gengi krónunnar fram til ársbyrjunar 2006 hefur gengislækkun á árinu haft áhrif til að minnka eftirspurn eftir innflutningi og mun þegar fram í sækir einnig auka vöxt útflutningsverðmætisins. Gengisþróunin á árinu 2006 hefur leitt til þess að heimilin eiga ekki eins greiðan aðgang að ódýrara lánsfé erlendis frá. Að hluta til er þetta vegna þess að stýrivextir sem hafa verið mjög lágir alþjóðlega um árabil hafa tekið að hækka. Þá hefur endurmat á áhættu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum leitt til hærri áhættuþóknunar. Virkni innlenda vaxtastigsins er því tekið að aukast og greiðslubyrði erlendra lána að hækka.

**Hagvöxtur meiri og atvinnuleysi minna en annars staðar**

Flestir efnahagslegir mælikvarðar sýna sterka stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði. Hagvöxtur er hér meiri en annars staðar. Atvinnuleysi er langt undir því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Kraftur og áræði hefur einkennt starfsemi íslenskra fyrirtækja og sókn þeirra á alþjóðamarkaði. Þar sem hagvöxtur er hér mun meiri en annars staðar og gengið hefur lækkað jókst verðbólga tímabundið en spáð er að hún verði aftur orðin í samræmi við markmið Seðlabankans á síðari helming ársins 2007. Þegar horft er lengra fram í tímann kemur í ljós að staða okkar er einnig betri en víðast hvar annars staðar. Þannig

er lífeyrissjóðakerfið mun öflugra hér á landi þar sem það er að verulegu leyti byggt á sjóðasöfnun en ekki gegnumstreymi. Þá er staða ríkisfjármála einnig góð enda hafa skuldir ríkissjóðs lækkað hratt og staðan á viðskiptareikningi hjá Seðlabanka orðin mjög sterk.

**Áframhaldandi stöðugleiki í efnahagsmálum**

Meginniðurstaða fjárlagafrumvarps og langtímaáætlunar í ríkisfjármálum er að áfram ríki stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir stóraukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmda og aukna innlenda eftirspurn meðal annars vegna nýjunga á fjármálamarkaði. Sú aðhaldssama stefna í ríkisfjármálum, sem hér er gengið út frá, skapar enn fremur svigrúm til lækkunar skatta í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Mikilvæg forsenda þessa er að fylgt verði aðhaldsamri ríkisfjármálastefnu eins og lýst er hér að framan.

# 2 Helstu þættir ríkisfjármála

## 2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 2006

**Mun betri afkoma en í fjárlögum**

Tekjur og gjöld ríkissjóðs árið 2006 hafa verið endurmetin miðað við þróun efnahags- og ríkisfjármála á árinu. Í meðfylgjandi töflu má sjá áætlaða afkomu ríkissjóðs, en nú er áætlað að tekjuafgangur verði 49 milljarðar króna í stað 19,6 milljarða í fjárlögum 2006. Hafa bæði tekjur og gjöld hækkað frá fjárlögum, en tekjurnar mun meira þannig að tekjuafgangurinn verður tvöfalt hærri en áætlað var eða 4,4% af vergri landsframleiðslu.

**Afkoma ríkissjóðs**

| Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs | Reikningur 2005 | Reikn. [4] 2005 | Fjárlög 2006 | Áætlun 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 421,2 | 358,8 | 334,6 | 375,0 | 373,4 |
| Gjöld | 308,4 | 302,0 | 315,0 | 326,0 | 357,9 |
| **Tekjujöfnuður** | **112,8** | **56,8** | **19,6** | **49,0** | **15,5** |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1] | -77,7 | -21,7 | -4,1 | -2,0 | -2,2 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **35,1** | **35,1** | **15,5** | **47,0** | **13,3** |
| Fjármunahreyfingar [2] | 50,4 | 16,3 | -0,8 | -2,6 | 3,0 |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]** | **85,5** | **51,4** | **14,7** | **44,4** | **16,3** |

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

[4] Reikningur að frátöldum áhrifum af sölu Landssímans hf.

**Mikill hagvöxtur skilar sér í auknum tekjum**

Heildartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 334,6 milljarðar kr. í fjárlögum fyrir árið 2006. Nú er áætlað að tekjurnar verði 375 milljarðar kr. eða rúmlega 40 milljörðum króna meiri en í fjárlögum þrátt fyrir skattalækkun. Endurskoðuð tekjuáætlun byggir á niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2005, innheimtu tekna það sem af er ári 2006 og spá fjármálaráðuneytisins um þróun helstu hagstærða. Mikill hagvöxtur í fyrra og á þessu ári skilar sér í auknum skatttekjum

ríkissjóðs. Tekjuskattur lögaðila vex mikið frá áætlun fjárlaga vegna betri afkomu fyrirtækja árið 2005 en spáð var. Tekjuskattar einstaklinga vaxa einnig vegna hækkunar launa og fjölgunar fólks á vinnumarkaði umfram forsendur fjárlaga. Þá er áætlað að tekjur af fjármagnstekjuskatti verði talsvert hærri en í fjárlögum 2006. Rekja má um ⅔ af hækkun skatttekna frá fjárlögum til skatta á tekjur og hagnað. Meiri einkaneysla skilar sér í auknum tekjum af veltusköttum, einkum virðisaukaskatti og vörugjöldum, og má rekja um ⅓ af endurskoðun teknanna til skatta á vöru og þjónustu.

**Útgjöld hækka minna en tekjur**

Áætlað er að heildargjöld ríkissjóðs verði 326 milljarðar króna árið 2006, sem er hækkun um 11 milljarða frá fjárlögum. Hækkun gjalda má einkum rekja til hækkunar launa og verðlags umfram forsendur fjárlaga auk samkomulags við eldri borgara. Þannig er áætlað að launahækkanir sem ákveðnar voru til ófaglærðra í umönnunarstörfum auk verðlags- og gengisbreytinga kosti ríkissjóð tæplega 3 milljarða króna og samkomulag við aldraða tæplega 2 milljarða. Gert er ráð fyrir að brotthvarf varnarliðsins hafi 1 milljarðs króna kostnað í för með sér vegna aukins rekstrarkostnaðar á Keflavíkurflugvelli og eflingar á þyrlusveit Landhelgisgæslunnar. Þá hækka framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um 1 milljarð vegna tengingar við innheimtar tekjur ríkissjóðs og útsvarsstofn. Áformað er að auka fé til umferðaröryggismála um 1 milljarð króna á árinu. Loks er gert ráð fyrir að afskriftir skattkrafna verði 3 milljörðum hærri en áætlað var í fjárlögum. Á móti auknum útgjöldum er gert ráð fyrir að frestun framkvæmda á þessu ári valdi því að 2-3 milljarða framkvæmdir flytjist á næstu ár. Aðrar breytingar eru minni.

**Veruleg lækkun skulda**

Áætlað er að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 49 milljarðar króna árið 2006 og að handbært fé frá rekstri nemi 47 milljörðum. Að teknu tilliti til fjárfestingahreyfinga verður lánsfjárjöfnuður rúmir 44 milljarðar, sem er tæplega 30 milljarða króna betri staða en áætlað var í fjárlögum. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafganginum í að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 23 milljarða í stað 11 milljarða í fjárlögum og bæta stöðuna við Seðlabanka Íslands um 17 milljarða í stað þess að ganga á sjóðinn um tæplega einn milljarð króna. Loks er ráðgert að greiða 4 milljarða króna inn á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs sem er óbreytt frá fjárlögum.

## 2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007.

**Tekjuafkoma 2007 mun betri en spáð var**

Tekjuafkoma ríkissjóðs árið 2007 verður 15,5 milljarðar króna og handbært fé frá rekstri um 13 milljarðar. Áætlað er að lánsfjárjöfnuður verði rúmlega 16 milljarðar og að honum verði varið til að greiða áfram niður skuldir og bæta stöðu ríkissjóðs á annan hátt. Tekjuafkoma ríkissjóðs er mun betri en áætlað var í langtímastefnumörkun ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006. Í stað þess að ríkissjóður verði með 7,1 milljarða kr. tekjuhalla og gengið verði á stöðuna í Seðlabanka verður myndarlegur afgangur á ríkissjóði og staða ríkissjóðs styrkist. Næst sá árangur þrátt fyrir ófyrirséðan kostnað við brottför varnarliðsins og að ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hefjist á næsta ári. Breyting á afkomu ríkissjóðs er um 23 milljarðar króna og má rekja það að hluta til meiri tekna og að hluta til aukins aðhalds í ríkisfjármálum m.a. frestunar á fyrri framkvæmdaáformum.

**Tekjur lækka í krónutölu**

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs verði lægri í krónutölu á árinu 2007 en á árinu 2006. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 373,4 milljarðar króna sem er lækkun um tæplega 1,7 milljarða frá áætlun þessa árs. Að raunvirði lækka tekjurnar um 4,7% á milli ára einkum vegna þess að gert er ráð fyrir minni hagvexti og að einkaneysla dragist saman á næsta ári. Lækkun tekna má einnig rekja til áforma um lækkun á tekjuskatti einstaklinga. Áformað er að lækka tekjuskattshlutfall einstaklinga um 1 prósentustig og hækka persónuafslátt. Samtals hækka skattleysismörk um tæplega 14% vegna þessara aðgerða og tekjur ríkisins verða 13 milljörðum krónum lægri en annars hefði orðið. Þannig er áfram skilað til heimilanna hluta af styrkri stöðu ríkisfjármála auk þess að framlög til lífeyris- og velferðarmála verða aukin.

**Stóraukin framlög til velferðarmála**

Heildargjöld ríkisjóðs á næsta ári verða 357,8 milljarðar króna samkvæmt frumvarpinu. Hækka gjöldin um 31,8 milljarð frá áætlun þessa árs eða um 5% að raungildi. Er það heldur minni raunhækkun á milli ára en gert var ráð fyrir í langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar sem fylgdi fjárlagafrumvarpi 2006. Hækkun útgjalda má einkum rekja til stóraukinna framlaga til velferðarmála auk þess að framlög til samgöngumála aukast mikið. Útgjöld aukast einnig vegna yfirtöku á verkefnum varnarliðsins m.a. til eflingar á þyrlusveit Landhelgisgæslunnar. Þá eru framlög til rannsókna- og menntamála aukin í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs. Loks má nefna að útgjöld til þróunaraðstoðar vaxa áfram í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í

þeim málum. Til að mæta breyttum áherslum og kostnaði sem hlýst af brotthvarfi varnarliðsins er gripið til ýmissa aðgerða á gjaldahlið frumvarpsins, með lækkun útgjalda til reksturs og áformaðra framkvæmda, sem skila sér í að útgjöldin verða tæplega 11 milljörðum lægri en þau hefðu annars orðið. Nánar er vikið að þeim áformum og öðrum á gjaldahlið í seinni hluta frumvarpsins.


**Tekjuafgangur án óreglulegra gjalda og tekna**

| | Reikn. 2003 | Reikn. 2004 | Reikn. 2005 | Fjárlög 2006 | Áætlun 2006 | Frv. 2007 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur umfram gjöld** | **-6,1** | **0,5** | **112,8** | **19,5** | **49,0** | **15,5** |
| Óregluleg gjöld | 14,4 | 23,5 | 13,9 | 10,8 | 13,8 | 10,8 |
| Óreglulegar tekjur | 9,9 | 1,1 | 64,1 | 0,5 | 0,1 | 0,3 |
| **Tekjuafg. fyrir óreglulega liði** | **-1,6** | **22,9** | **62,6** | **29,8** | **62,7** | **26,0** |

**Mikið aðhald ríkisfjármála**

Áætlað er að tekjuafkoma ríkissjóðs verði 15,5 milljarðar króna á næsta ári. Ef leiðrétt er fyrir óreglulegum tekjum og gjöldum verður tekjuafgangur ríkissjóðs 26 milljarðar króna. Með óreglulegum tekjum er átt við liði eins og söluhagnað eiga og endurmat og með óreglulegum gjöldum er einkum átt við lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna. Tekjuafkoma ríkissjóðs á þennan mælikvarða lýsir betur reglulegri starfsemi ríkissjóðs og áhrifum ríkisfjármála á hagstjórn. Í meðfylgjandi töflu má sjá að tekjuafkoma ríkissjóðs án óreglulegra liða var tæplega 63 milljarðar króna hvort ár 2005 og 2006. Er því ljóst að aðhald ríkisfjármálanna hefur verið mikið bæði árin enda hefur staða ríkissjóðs styrkst mjög mikið á undanförnum árum. Er nú svo komið að vaxtatekjur ríkissjóðs eru hærri en vaxtagjöld, enda eru inneignir ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands ríflega 100 milljarðar króna. Skuldir hafa verið greiddar niður og fyrirframgreiðslur ríkisins inn á lífeyrisskuldbindingar námu 100 milljörðum auk vaxta um síðustu áramót. Hrein staða ríkissjóðs er áætluð 1,4% af landsframleiðslu í árslok 2007 og hefur lækkað úr tæplega 32% árið 1997. Ríkissjóður er því vel búin undir að mæta óvæntum breytingum á ytri aðstæðum án þess að grípa þurfi til skammtímaráðstafana.


**Hrein staða ríkissjóðs, hlutfall af VLF**




**Ávinningi skilað til skatt-greiðenda**

Á undanförnum árum hefur eignarskattur verið aflagður og sérstakur tekjuskattur afnuminn. Tekjuskattar fyrirtækja og einstaklinga hafa verið lækkaðir og þannig markvisst dregið úr óæskilegum jaðaráhrifum skattkerfisins. Sú stefna ásamt því að losa um tök ríkisins í efnahags- og atvinnumálum hefur skilað sér í aukinni atvinnuþátttöku, nýsköpun og frumkvæði. Sterk staða ríkisfjármála gerir kleift að stíga enn frekari skref í þessa átt án þess að stefna fjármálum ríkissjóðs í hættu.

**Staða ríkissjóð við Seðlabanka**



# 3 Langtímaáætlun í ríkisfjármálum

## 3.1 Inngangur

**Stefnumörkun árin 2007-2010**

Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum hefur í vaxandi mæli horft til lengri tíma en eins árs í senn. Hún styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu. Sérstaklega er kveðið á um stefnumörkun af þessu tagi í lögum um fjárreiður ríkisins sem tóku gildi 1997 en þar segir í 28. grein:

> „Langtímaáætlun. Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun fyrir ríkisbúskapinn til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gera grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Fram komi mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál, áform um öflun tekna og skiptingu gjalda, fjárframlög til fjárfestingar og yfirlit um lánastarfsemi ríkisins og greiðslubyrði lána. Þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi skal langtímaáætlun endurskoðuð og lögð fram á Alþingi ef verulegar breytingar hafa orðið á forsendum hennar."

Haustið 2003 samþykkti ríkisstjórnin stefnumörkun í ríkisfjármálum fyrir tímabilið 2004–2007, þ.e. fjárlagaárið 2004 og næstu þrjú ár þar á eftir. Byggðist hún á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2003 en þar eru helstu markmið efnahagsstefnunnar skilgreind svo:

> „Að tryggja að jafnvægi og stöðugleiki ríki í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með því skapast skilyrði til enn frekari vaxtar þjóðartekna og aukins kaupmáttar almennings. Jafnframt er stöðugleiki í efnahagsmálum forsenda aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
>
> Að viðhalda jafnvægi í fjármálum ríkisins. Ríkisfjármál munu gegna lykilhlutverki í hagstjórn á næstu árum og nauðsynlegt er að stefnumótun verði sveigjanleg með tilliti til þróunar efnahagsmála. Umbótum í ríkisrekstri verði haldið áfram til þess að draga úr kostnaði og verklag við fjárlagagerð þróað áfram til þess að styrkja afgreiðslu og framkvæmd fjárlaga. Mikilvægt er í þessu samhengi að horft verði til lengri tíma en eins árs í senn.
>
> Að nýta aukið svigrúm ríkissjóðs til að tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum."

Ákvæði fjárreiðulaga um árlega framlagningu langtímaáætlunar fyrir ríkisbúskapinn eru óháð því hvað eftir lifir kjörtímabils hverju sinni. Er nú lögð fram langtímaáætlun fyrir árið 2007-2010 og byggir hún á þeim meginforsendum sem ríkisstjórnin hefur sett sér um vöxt útgjalda og um lækkun skatta auk þess að tekið er tillit til áforma um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. Áætlunin hefur að venju verið endur-

skoðuð í ljósi nýrra ákvarðana og aðstæðna, enda tekur hún mið af stöðu efnahagsmála hverju sinni.

### 3.2 Markmið stefnunnar í ríkisfjármálum

**Dregið úr framkvæmdum**

Ríkisstjórnin hefur samþykkt eftirfarandi markmið í ríkisfjármálum fyrir árin 2007–2010 og eru þau óbreytt í meginatriðum frá fyrri stefnumörkun:

- Fylgt verði aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu að jafnaði ekki umfram 2,0% að raungildi og hækkun tilfærsluútgjalda að jafnaði ekki umfram 2,5% að raungildi
- Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 5,5 milljarða króna árið 2007 frá því sem ráðgert var í langtímaáætlun sem fylgdi fjárlagafrumvarpi 2006. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði aftur auknar árið 2008 í samræmi við fyrri langtímaáætlun og lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf.
- Á árinu 2007 verður áfram varið umtalsverðum fjármunum til skattalækkana í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

### 3.3 Helstu forsendur langtímaáætlunar

**Framkvæmdum vegna stóriðju lýkur**

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á horfur í efnahags- og ríkisfjármálum árin 2007–2010 og eru þær spár lagðar til grundvallar áætluninni ásamt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Í samræmi við fyrri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er í forsendum langtímaáætlunar á tekjuhlið gert ráð fyrir að verulegar skattalækkanir komi til framkvæmda á árinu 2007. Hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts einstaklinga og hækkun persónuafsláttar en markmiðið með því er að auka þátttöku í efnahagslífinu og velsæld í landinu. Er horft til þess að á árinu 2007 lýkur núverandi stóriðjuframkvæmdum og spáð er að hægi á í efnahagslífinu.

**Sjálfvirk sveiflujöfnun**

Aukin umsvif í efnahagslífinu hafa skilað ríkissjóði góðum tekjuafgangi undanfarin ár. Að stórum hluta stafar þróunin af sjálfvirkri sveiflujöfnun í ríkisfjármálum sem framkallar afgang í uppsveiflu en halla í niðursveiflu. Þannig sinnir ríkissjóður hagstjórnarlegu hlutverki sínu með því að draga fjármuni út úr efnahagslífinu í uppsveiflu en setja þá inn í niðursveiflu. Einnig hefur samdráttur í opinberum

framkvæmdum undanfarin ár leitt til þess að afgangur myndaðist þrátt fyrir lækkun skatta. Árið 2007 er spáð að hægi á hagvexti en að ríkisjóður skili áfram afgangi, þótt tekjur byrji að dragast saman og útgjöld aukist. Hóflegum hagvexti er spáð árin 2008-2010. Miðað við óbreyttar áherslur í rekstri ríkissjóðs en aukin útgjöld til opinberra framkvæmda og engar frekari breytingar á skattkerfinu er því hins vegar spáð að ríkisjóður verði rekinn með minniháttar halla á komandi árum. Verður sá halli fjármagnaður af innistæðum ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands. Stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum er að afkoma ríkissjóðs sé í jafnvægi til lengri tíma litið, þ.e. að ríkissjóður sé hallalaus yfir hagsveifluna með því að leyfa sjálfvirkri sveiflujöfnun að eiga sér stað.

**Breytt forgangsröðun**

Á útgjaldahlið er gengið út frá þeim meginforsendum að gætt verði áframhaldandi aðhalds í rekstri ríkissjóðs. Á næsta ári er gert ráð fyrir talsverðum kostnaði vegna brotthvarfs varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli sem ekki var fyrirséður í fyrri áætlunum. Hefur ríkissjóður tekið á sig aukinn kostnað við rekstur flugvallarins auk þess að þyrlusveit Landhelgisgæslunnar verður efld. Ljóst var að sá kostnaður rúmaðist ekki innan markmiða ríkisstjórnarinnar um 2% árlegan raunvöxt samneyslunnar og var því gripið til hagræðingaraðgerða á gjaldahlið. Áætlað er að samneysla aukist um 2% að raungildi frá 2006 til 2007, en að frátöldum kostnaði vegna brotthvarfs varnarliðsins er vöxturinn áætlaður um 1%. Að þeim útgjöldum frátöldum er mestur vöxtur í rekstrarútgjöldum til menntamála í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að efla menntun og rannsóknir. Einnig eru framlög til stofnana aldraðra og þróunaraðstoðar aukin. Tilfærsluútgjöld aukast á næsta ári tímabundið nokkuð umfram langtímamarkmið áætlunarinnar og má einkum rekja það til samkomulags við Landssamband eldri borgara. Auk þess hækka barnabætur og ríkissjóður leggur til sérstakt framlag til lífeyrisjóða til að jafna örorkubyrði á milli þeirra í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við áframhald kjarasamninga. Þá er gert ráð fyrir að atvinnuleysi aukist á næsta ári auk þess að tenging bóta við laun kemur til framkvæmda á heilu ári. Þá vaxa tilfærsluútgjöld næstu ár vegna stefnu stjórnvalda um að auka verulega fjármagn til þróunaraðstoðar auk þess að gert er ráð fyrir fjölgun lífeyrisþega í samræmi við breytingar á fólksfjölda. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að tilfærsluútgjöld aukist að meðaltali um 10% árið 2007. Frá árinu 2008 að telja er stefnt að því að vöxtur

**Aukin framlög til velferðarmála**

tekjutilfærslna verði innan langtímamarkmiða um 2,5% vöxt að raunvirði. Í áætluninni er gert ráð fyrir að dregið verði úr framkvæmdum um 5,5 milljarða kr. á næsta ári frá því sem annars hefði orðið. Þrátt fyrir að dregið sé úr fyrri áformum eykst fjárfesting ríkissjóðs samtals um 5 milljarða árið 2007 og 10 milljarða árið 2008.

**Aukið fjármagn til mennta- og heilbrigðismála**

Í áætluninni er annars vegar tekið mið af almennum forsendum um þróun útgjalda í einstökum málaflokkum og hins vegar af hagrænum spám um fjölda aldraðra, fjölda nemenda í árgangi í framhalds- og háskólum o.fl. Þannig er reiknað með nokkuð meiri vexti útgjalda til mennta- og heilbrigðismála á tímabilinu en 2%, eða á bilinu 3–4% að raungildi árlega. Hins vegar er reiknað með árlegum raunvexti útgjalda til stjórnsýslu um 1%. Loks er tekið tillit til samkomulags við eldri borgara um hækkun lífeyris og aukna uppbyggingu á þjónustu við aldraða, samgönguáætlunar, laga um ráðstöfun á söluandvirði Símans, áætlunar um aukin framlög til þróunaraðstoðar og annarra áherslumála ríkisstjórnarinnar.

Efnahagsforsendur langtímaáætlunarinnar taka meðal annars mið af spám alþjóðastofnana um þróun efnahagsmála í helstu viðskiptaríkjum. Spár um þróun mannfjölda og vinnuafls taka mið af framvindu virkjana- og stóriðjuframkvæmda. Jafnframt er horft til líklegrar þróunar útflutningsframleiðslu þar sem m.a. er gengið út frá tilteknum forsendum um fiskafla og álframleiðslu á næstu árum.

Í langtímaáætluninni er einnig gert ráð fyrir tilteknum aðgerðum á sviði peningamála í samræmi við þær meginforsendur sem áætlunin byggist á. Þannig er gengið út frá að Seðlabankinn haldi stýrivöxtum háum um sinn en að þeir byrji að lækka fyrri hluta árs 2007.


### 3.4 Niðurstöður langtímaáætlunar

**Kaupmáttur ráðstöfunartekna eykst áfram**

Meginniðurstaða langtímaáætlunar er að áfram mun ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir að hratt dragi úr umsvifum vegna stóriðjuframkvæmda og hægi á vexti innlendrar eftirspurnar. Gert er ráð fyrir litlum hagvexti árið 2007 en að hann aukist heldur á ný árin 2008 til 2010. Mikill innflutningur vegna framkvæmdanna hefur óhjákvæmilega leitt til mikils halla á viðskiptum við útlönd en verulega dregur úr honum þegar framkvæmdum lýkur og aukinn álútflutningur segir til sín. Í kjölfar gengislækkunar árið 2006 hefur verðbólga aukist en því er

spáð að hún lækki aftur árið 2007. Vegna kauphækkana í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins um áframhaldandi gildi kjarasamninga og skattalækkana mun kaupmáttur ráðstöfunartekna áfram aukast, en minna en verið hefur.

**Afkoma ríkissjóðs, hlutfall af VLF**




Sú aðhaldssama stefna í ríkisfjármálum sem hér er gengið út frá hefur skapað svigrúm til lækkunar skatta. Umtalsverður afgangur á ríkissjóði á undanförnum árum hefur jafnframt verið notaður til að lækka skuldir og minnka vaxtabyrði ríkissjóðs. Árið 2006 er áætlað að afgangurinn nemi um 4,4% af landsframleiðslu og árið 2007 er gert ráð fyrir að afgangurinn verði 1,3% af landsframleiðslu. Er það mikil breyting frá síðustu áætlun sem gerði ráð fyrir 7,1 milljarðs kr. halla á ríkissjóði árið 2007 eða -0,6% af landsframleiðslu. Næst sá árangur þrátt fyrir talsvert aukin útgjöld vegna brotthvarfs varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli enda er gert ráð fyrir að þeim útgjöldum verði að hluta mætt með aðhaldi á öðrum sviðum. Skuldir ríkissjóðs verða greiddar niður um 11,4 milljarða króna árið 2006 og staðan við Seðlabanka Íslands batnar talsvert vegna góðrar afkomu ríkissjóðs. Samkvæmt framreikningunum er hins vegar gert ráð fyrir óverulegum tekjuhalla árin 2008 og 2009 en að lítils háttar tekjuafgangur verði í lok tímabilsins árið 2010. Ráðgert er að ganga á inneign ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands vegna ráðstöfunar á söluandvirði Landssímans hf. auk þess að þá dragast þjóðarútgjöld beinlínis saman og hægir á hagvexti. Árið 2007 kemur til framkvæmda síðasti áfangi í lækkun tekjuskatts einstaklinga.

**Tekjuskattur lækkar áfram 2007**

## Helstu þjóðhagsstærðir

| Magnbreytingar, % | Áætlun 2006 | Frv. 2007 | Áætlun 2008 | Áætlun 2009 | Áætlun 2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 4,0 | -1,8 | 0,3 | 1,9 | 2,2 |
| Samneysla | 2,7 | 2,1 | 2,4 | 2,4 | 2,4 |
| Fjárfesting | 8,3 | -21,6 | -22,4 | -1,2 | 4,7 |
| Þjóðarútgjöld alls | 5,2 | -6,4 | -4,4 | 1,4 | 2,7 |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 3,7 | 10,1 | 11,6 | 3,8 | 3,0 |
| Innflutningur vöru og þjónustu | 5,2 | -9,4 | -6,1 | 1,6 | 2,2 |
| Landsframleiðsla | 4,2 | 1,0 | 2,6 | 2,4 | 3,0 |
| Viðskiptajöfnuður, % af VLF | -18,7 | -10,7 | -3,8 | -2,7 | -2,4 |
| **Tekju- og verðlagsbreytingar, %** | | | | | |
| Ráðstöfunartekjur á mann | 13,4 | 8,5 | 4,3 | 4,9 | 4,0 |
| Launabreytingar | 9,2 | 5,5 | 3,5 | 3,5 | 3,5 |
| Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann | 5,7 | 3,8 | 1,8 | 2,6 | 1,9 |
| Vísitala neysluverðs | 7,3 | 4,5 | 2,5 | 2,2 | 2,1 |
| Gengisvísitala, stig | 122,0 | 126,0 | 127,8 | 128,0 | 128,0 |
| Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla | 1,3 | 2,1 | 3,1 | 3,1 | 2,5 |

Rétt er að hafa í huga að hér er lögð fram spá um hugsanlega þróun efnahagsmála allt að fjögur ár fram í tímann þar sem gengið er út frá fjölmörgum óvissum forsendum, bæði um innlenda og erlenda þætti. Þess vegna ber að taka tölunum sem hér eru birtar með þeim fyrirvara að þær gefi vísbendingu um hvert stefnir í efnahags- og ríkisfjármálum. Sérstaklega ríkir mikil óvissa um efnahagsleg áhrif þeirra skattkerfisbreytinga sem gengið er út frá. Það á ekki síst við um áhrif lækkunar tekjuskatts einstaklinga sem gæti leitt til þess að fleiri sæki út á vinnumarkaðinn og gæti jafnvel lækkað útgjöld til atvinnuleysisbóta og aukið skatttekjur ríkissjóðs og bætt afkomu ríkissjóðs frá því sem hér er gert ráð fyrir.

Í þessari langtímaáætlun er gert ráð fyrir ráðstöfun á söluandvirði Landssímans í samræmi við lög þar um ef frá er talið næsta ár. Árlegur vaxtakostnaður ríkisins hefur lækkað umtalsvert ásamt því að ríkið fær vaxtatekjur af eignum sínum hjá Seðlabankanum og styrkir það afkomu ríkissjóðs. Ráðgert er að ráðstafa hluta söluandvirðisins á næstu árum til verkefna sem þegar hafa verið lögfest, einkum í samgöngumálum. Ríkissjóður mun þannig mæta samdrætti í efnahagsmálum þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur með auknum fjárfestingum í innviðum og lækkun skatta. Nauðsynlegt er þó að beita áfram aðhaldi í útgjöldum ríkissjóðs næstu árin með það að markmiði að samneyslan vaxi ekki umfram hagvöxt til lengri tíma.

## Helstu þættir ríkisfjármála

| Milljarðar króna | Frumvarp 2007 | Áætlun 2008 | Áætlun 2009 | Áætlun 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur | 373,3 | 382,6 | 398,6 | 420,3 |
| Þar af skatttekjur | 343,8 | 352,8 | 368,3 | 389,3 |
| Heildargjöld | 357,9 | 387,4 | 402,2 | 418,8 |
| Rekstrargjöld | 164,7 | 173,7 | 182,9 | 192,5 |
| Fjármagnskostnaður | 16,0 | 14,6 | 14,4 | 14,4 |
| Tilfærsluútgjöld | 154,1 | 165,1 | 174,5 | 183,7 |
| Viðhald | 5,0 | 5,7 | 5,9 | 6,0 |
| Fjárfesting | 18,1 | 28,3 | 24,5 | 22,2 |
| Tekjuafkoma ríkissjóðs | 15,5 | -4,8 | -3,6 | 1,5 |
| Lánsfjárjöfnuður | 16,3 | -5,8 | -5,0 | -0,3 |
| **% af landsframleiðslu** | | | | |
| Heildartekjur | 31,7 | 30,1 | 29,8 | 29,6 |
| Þar af skatttekjur | 29,2 | 27,8 | 27,5 | 27,4 |
| Heildargjöld | 30,4 | 30,5 | 30,0 | 29,5 |
| Tekjuafkoma ríkissjóðs | 1,3 | -0,4 | -0,3 | 0,1 |
| Lánsfjárjöfnuður | 1,4 | -0,5 | -0,4 | 0,0 |

Í töflunni hér á eftir er sýnd þróun ríkisútgjalda eftir einstökum málaflokkum miðað við fyrrnefndar forsendur á grundvelli núgildandi laga og spár um fjölda aldraðra, fjölda nemenda, samninga o.fl.

## Útgjöld helstu málaflokka

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Almenn opinber þjónusta | 19.553 | 20.891 | 21.227 | 21.572 |
| Löggæsla og öryggismál | 15.479 | 16.857 | 14.985 | 15.142 |
| Fræðslumál | 36.261 | 37.331 | 38.467 | 39.728 |
| Heilbrigðismál | 92.574 | 97.649 | 103.515 | 106.120 |
| Almannatr. og velferðarmál | 87.260 | 92.063 | 95.089 | 96.922 |
| Húsn.-, skipul.- og hreinsunarmál | 3.832 | 3.819 | 3.901 | 3.738 |
| Menningar- og kirkjumál | 13.010 | 13.010 | 13.036 | 13.436 |
| Eldsneytis- og orkumál | 2.224 | 2.235 | 2.249 | 2.264 |
| Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál | 16.081 | 16.076 | 16.065 | 16.009 |
| Iðnaðarmál | 1.516 | 1.519 | 1.527 | 1.535 |
| Samgöngumál | 25.347 | 31.179 | 26.637 | 25.043 |
| Önnur útgjöld vegna atvinnuvega | 5.384 | 5.379 | 5.390 | 5.430 |
| Önnur útgjöld ríkissjóðs | 39.334 | 38.316 | 37.949 | 38.119 |
| Launa-, verðlags- og vaxtabr.o.fl. | | 11.098 | 22.104 | 33.708 |
| **Samtals** | **357.855** | **387.422** | **402.141** | **418.766** |


Tölur fyrir einstaka málaflokka eru á áætluðu verðlagi 2007 en áhrif af launa-, verðlags- og vaxtabreytingum eru sett fram í sérstökum lið þannig að heildarútgjöldin eru á verðlagi hvers árs.

# 4 Yfirlit þjóðhagsspár

**Meiri hagvöxtur árið 2005 en talið var**

Það hagvaxtarskeið, sem nú stendur í hápunkti, hefur í megin dráttum þróast í samræmi við fyrri spár fjármálaráðuneytisins. Samkvæmt endurskoðuðum tölum frá Hagstofu Íslands var 7,5% hagvöxtur á árinu 2005. Fyrri mæling Hagstofunnar gaf til kynna 2% minni hagvöxt. Þjóðartekjur, þ.e. landsframleiðsla að viðbættum hreinum launa- og eignatekjum frá útlöndum, óx um 8,6% og þjóðartekjur með viðskiptakjaraáhrifum uxu um 8,9% að raungildi á síðasta ári. Þjóðarútgjöld vegna neyslu og fjárfestingar jukust um tæplega 16% sem skýrir vaxandi viðskiptahalla sem nam rúmlega 16% af landsframleiðslu á síðastliðnu ári. Þjóðarútgjöldin námu um 1.138 milljörðum króna en árleg landsframleiðslan mælist nú í fyrsta sinn yfir eitt þúsund milljarðar króna eða 1.012 ma.kr.

**Hlutdeild í hagvexti 2003-2008**




**Kaupmáttur ráðstöfunartekna vex**

Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hækkaði umtalsvert á síðastliðnu ári eða tæplega 5% á mann. Hins vegar jukust einkaneysluútgjöld heimilanna um 11% að raungildi á mann. Þetta gefur til kynna að aukning einkaneyslunnar hafi verið fjármögnuð að hluta með lánum og minni sparnaði heimilanna á árinu 2005. Mikill vöxtur einkaneyslunnar hefur án efa tengst mikilli hækkun eignaverðs og hærra gengi krónunnar og síðast en ekki síst væntinga um áframhaldandi kaupmáttaraukningu á næstu árum.

Skráð atvinnuleysi var að meðaltali um 2,1% af vinnuafli á síðastliðnu ári og fækkaði atvinnulausum um tæplega 1.500 manns frá árinu 2004. Mikill innflutningur erlends vinnuafls hefur sett mark sitt á innlendan vinnumarkað. Þetta vinnuafl, sem að hluta til starfar við yfirstandandi stóriðjuframkvæmdir en einnig við byggingarstörf og ýmis konar þjónustustörf, hefur án efa lagt sitt af mörkum til að draga úr spennu í efnahagslífinu. Verðbólga mæld með vísitölu neysluverðs var um 3,2% árið 2004 og 4,0% árið 2005. Stígandi verðbólgu má rekja til hækkun íbúðaverðs og vaxandi framleiðsluspennu milli áranna 2004 og 2005.

**Umfangsmiklum stóriðjuframkvæmdum að ljúka**

Á árinu 2003 hófust framkvæmdir við fallvatnsvirkjun að Kárahnjúkum á Austurlandi sem standa yfir fram til ársins 2009 og er reiknað með að heildarkostnaður með flutningsvirkjum verði um 110 milljarðar króna. Í tengslum við Kárahnjúkavirkjun var byrjað á uppbyggingu álvers á Reyðarfirði árið 2004. Á sama ári hófust framkvæmdir við stækkun Norðuráls við Grundartanga með tilheyrandi orkuframkvæmdum. Samhliða þessum stóriðjuframkvæmdum hefur fjármunamyndun í öðrum atvinnugreinum tekið kröftuglega við sér eftir verulegan samdrátt árin 2001 og 2002.

Litlar breytingar hafa átt sér stað varðandi framvindu stóriðjuframkvæmda frá þjóðhagsspá í júní síðastliðnum. Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er talinn nema um 300 milljörðum króna á verðlagi ársins 2006. Í þessu felast þekktar áætlanir um stofnkostnað, mannafla og framleiðslugetu álvera vegna yfirstandandi framkvæmda. Gert er ráð fyrir að erlend kostnaðarhlutdeild vegna virkjanaframkvæmda verði að meðaltali um 55% og 62% vegna bygginga álveranna. Hlutdeild erlends vinnuafls við virkjunar- og álversframkvæmdirnar er talin nema nálægt 60% á framkvæmdartímanum. Framangreindar hlutdeildartölur geta hins verið mishár eftir einstökum árum. Reiknað er með að fjöldi ársverka vegna framkvæmdanna verði um 10.000 og nálægt 2% af vinnuafli verði að störfum í þessum framkvæmdum þegar þær standa sem hæst árið 2006. Í þessari skýrslu er ekki reiknað með öðrum stóriðjuframkvæmdum nema þeim sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um.

Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði um 4,2% árið 2006. Jafnframt er talið að nokkuð dragi úr hagvexti á næsta ári en hann taki síðan við sér á ný árið 2008. Einnig er búist við að verðbólga fari

lækkandi á næstu misserum og reiknað er með að markmiði Seðlabanka Íslands um 2,5% verði náð á seinni hluta ársins 2007. Þá er gert ráð fyrir að atvinnuleysi muni aukast hægum skrefum á árunum 2007 og 2008.

**Yfirlit þjóðhagsspár**

| | ma.kr. 2005 | Bráðab. 2005 | Spá 2006 | Spá 2007 | Spá 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 603,8 | 12,3 | 4,0 | -1,8 | 0,3 |
| Samneysla | 247,1 | 3,3 | 2,7 | 2,1 | 2,4 |
| Fjármunamyndun | 288,0 | 37,6 | 8,3 | -21,6 | -22,4 |
| Birgðabreytingar [1] | -0,9 | 0,0 | 0,1 | 0 | 0 |
| **Þjóðarútgjöld alls** | 1138,0 | 15,8 | 5,2 | -6,4 | -4,4 |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 324,3 | 7,1 | 3,7 | 10,1 | 11,6 |
| Innflutningur vöru og þjónustu | 450,1 | 28,9 | 5,2 | -9,4 | -6,1 |
| **Landsframleiðsla** | 1012,2 | 7,5 | 4,2 | 1,0 | 2,6 |
| **Þjóðartekjur** | 976,9 | 8,6 | 5,3 | 0,8 | 2,3 |
| Viðskiptakjaraáhrif [2] | - | 0,2 | -0,4 | -0,2 | -0,2 |
| **Þjóðart. með viðskiptakjaraáhrifum** | - | 8,9 | 5,0 | 0,6 | 2,2 |
| **Viðskiptajöfnuður** | -162,8 | - | - | - | - |
| % af landsframleiðslu | - | -16,1 | -18,7 | -10,7 | -3,8 |

[1] Birgðabreytingar milli ára eru sýndar sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs á föstu verði.

[2] Hlutfall af þjóðartekjum fyrra árs á föstu verði.

Í forsendum þjóðhagsspár er gert ráð fyrir að þróun gengi krónunnar verði sem næst óbreytt frá síðustu spá. Reiknað er með að gengisvísitalan verði að meðaltali um 122 stig árið 2006, sem þýðir um 11% lækkun á gengi krónunnar og 12,3% hækkun á erlendum gjaldeyri, en hækki síðan í 126 stig árið 2007 sem þýðir um 3,2% hækkun erlends gjaldeyris. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að íslenska krónan muni veikjast stig af stigi og er þá meðal annars tekið mið af minnkandi gjaldeyrisinnflæði. En töluverð óvissa ríkir varðandi áframhald útgáfu á svonefndum krónubréfum sem erlendir fjárfestar hafa keypt í umtalsverðu magni undanfarið ár.

**Rætur viðskiptahallans**

Á yfirstandandi ári er búist við að viðskiptahalli gagnvart útlöndum nemi 209 milljörðum króna sem er 18,7% af landsframleiðslu. Stóran hluta hallans eða um 30% má rekja beint til stóriðjuframkvæmda en þá er ótalinn innflutningur aðfanga sem ýmsir innlendir verktakar nota við framkvæmdirnar. Einnig ber að hafa í huga að hækkun olíuverðs á heimsmarkaði hefur leitt til um 10 milljarða króna hærra innflutnings-

verðmæti frá árinu 2005. Þegar dregur úr framkvæmdum 2007 og 2008 er búist við að viðskiptahallinn minnki verulega.

**Horfur um lækkandi verðbólgu**

Verðbólga fór vaxandi fyrri hluta árs 2006 en dregið hefur úr vextinum á síðustu mánuðum. Spáð er 7,3% verðbólgu á yfirstandandi ári og miðast þá við breytingu milli áranna 2005 og 2006. Á næsta ári er reiknað með 4,5% verðbólgu og um 2,5% árið 2008. Eins og að framan er getið er gert ráð fyrir að verðbólgumarkmiði Seðlabankans verði náð á seinni hluta næsta árs. Hjöðnun verðbólgu á næstu misserum byggir meðal annars á nýlegu samkomulagi samtaka launþega og atvinnurekenda um endurskoðun launaliða kjarasamninga sem dregur úr óvissu á almennum vinnumarkaði. Auk framangreinds samkomulags aðila vinnumarkaðarins er reiknað með áframhaldandi mótvægisaðgerðum stjórnvalda bæði á sviði peningamála og ríkisfjármála til að styrkja stöðugleika í verðlagsmálum. Í þjóðhagsspánni er gengið út frá því að stýrivextir Seðlabankans muni haldast 14% en byrja að lækka á fyrri hluta árs 2007. Á sviði ríkisfjármála eru mótvægisaðgerðir fólgnar í enn frekari frestun opinberra framkvæmda á yfirstandandi ári og því næsta.

Spáð er 5,2% aukningu þjóðarútgjalda á árinu 2006. Að baki þessum vexti er helst að nefna 4% raunaukningu neysluútgjalda heimilanna, tæplega 10% aukningu fjárfestingu atvinnuveganna og rúmlega 9% aukningu í íbúðafjárfestingu. Reiknað er með að útgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga til samneyslu vaxi um 2,7% að raungildi en að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 19% árið 2006.

**Samdráttur þjóðarútgjalda 2007 og 2008**

Á árinu 2007 er búist við nokkrum viðsnúningi í framvindu efnahagslífsins. Spáð er 6,4% samdrætti þjóðarútgjalda sem felst í 1,8% lækkun einkaneyslunnar og tæplega 22% minnkun í fjárfestingu. Aftur á móti er reiknað með um 2% vexti samneyslu. Viðskiptahalli er talinn verða 10,7% af landsframleiðslu árið 2007. Þrátt fyrir umtalsverðan samdrátt þjóðarútgjalda er reiknað með að landsframleiðslan vaxi um 1% og þjóðartekjur um 0,8% á næsta ári. Í þessu samhengi skiptir miklu máli umtalsverður aukinn vöxtur útflutnings á móti samdrætti í innflutningi.

**Minnkandi viðskiptahalli**

Á árinu 2008 er reiknað með áframhaldandi samdrætti þjóðarútgjalda frá árinu á undan eða um 4,4%. Spáð er 2,6% hagvexti. Samdráttur verður í þjóðarútgjöldum sem fyrst og fremst er rakinn til 28%

samdráttar í fjárfestingu atvinnuveganna. Hins vegar er búist við að fjárfesting hins opinbera taki verulega við sér og er gert ráð fyrir um 32% aukningu á árinu 2008. Einkaneysla stendur nánast í stað og samneysla vex um 2,4%. Útflutningur vex á sama tíma og innflutningur dregst saman sem skýrir jákvæðan hagvöxt þrátt fyrir samdrátt þjóðarútgjalda. Búist er við að viðskiptahallinn við útlönd verði um 3,8% af landsframleiðslu árið 2008.

# Töfluviðauki


| | | Bls. |
|---|---|---|
| 1. | Rekstraryfirlit A-hluta | 29 |
| 2. | Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs | 30 |
| 3. | Skipting tekna ríkissjóðs | 31 |
| 4. | Hagræn skipting á útgjöldum ríkssjóðs | 32 |
| 5. | Skipting útgjalda eftir málaflokkum | 33 |
| 6. | Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta | 34 |
| 7. | Fjárreiður lánastofnana í C-hluta | 35 |
| 8. | Skuldir, kröfur og handbært fé ríkissjóðs | 36 |
| 9. | Skuldir og kröfur opinberra aðila | 37 |
| 10. | Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, magnbreytingar | 38 |
| 11. | Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, ma.kr. | 39 |

**Tafla 1** **Rekstraryfirlit A-hluta**

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Reikningur 2004 | Reikningur 2005 | Fjárlög 2006 | Áætlun 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skatttekjur** | **275.186** | **335.322** | **306.452** | **348.148** | **343.779** |
| Skattar á tekjur einstaklinga | 76.467 | 88.227 | 82.300 | 96.000 | 93.100 |
| Skattar á tekjur lögaðila | 11.589 | 23.413 | 17.500 | 30.000 | 34.000 |
| Tryggingagjöld | 28.522 | 32.607 | 34.411 | 35.608 | 34.851 |
| Eignarskattar | 11.552 | 13.340 | 7.065 | 8.465 | 7.350 |
| Virðisaukaskattur | 96.433 | 114.183 | 114.400 | 119.600 | 119.000 |
| Aðrir skattar á vörur og þjónustu | 47.072 | 54.560 | 48.056 | 55.359 | 52.024 |
| Skattar ótaldir annars staðar | 3.551 | 8.992 | 2.720 | 3.116 | 3.454 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | **24.975** | **25.800** | **26.169** | **24.873** | **26.859** |
| Arðgreiðslur | 4.021 | 8.230 | 1.444 | 1.444 | 1.038 |
| Vaxtatekjur og eignatekjur | 11.311 | 9.315 | 16.434 | 15.098 | 17.035 |
| Rekstrartekjur ótaldar annars staðar | 9.643 | 8.255 | 8.291 | 8.331 | 8.786 |
| Sala eigna | 1.064 | 58.831 | 540 | 540 | 1.100 |
| Fjárframlög | 1.206 | 1.213 | 1.478 | 1.478 | 1.617 |
| **Tekjur samtals** | **302.431** | **421.166** | **334.639** | **375.039** | **373.355** |
| Æðsta stjórn ríkisins | 2.626 | 2.724 | 2.856 | 2.856 | 3.105 |
| Forsætisráðuneyti | 1.380 | 2.030 | 1.129 | 1.141 | 1.161 |
| Menntamálaráðuneyti | 35.128 | 37.750 | 41.135 | 41.572 | 44.688 |
| Utanríkisráðuneyti | 5.980 | 6.418 | 7.545 | 8.595 | 9.438 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 12.430 | 15.643 | 13.046 | 13.723 | 13.862 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 2.679 | 2.196 | 2.821 | 3.006 | 3.019 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 15.181 | 16.825 | 17.722 | 18.808 | 20.468 |
| Félagsmálaráðuneyti | 27.322 | 27.508 | 28.747 | 29.267 | 33.609 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 112.644 | 118.462 | 126.181 | 130.481 | 143.442 |
| | 04.3.1 Háskólastig | 18.578,7 |
| | **Samtals** | **18.578,7** |
| 04.4 | Aðrir skólar, óta. | 25,2 |
| 04.5 | Námsaðstoð | 557,5 |
| 04.6 | Önnur fræðslumál, óta. | 1.038,5 |
| **Fræðslumál samtals** | | **36.259,5** |
| **05.** | **Heilbrigðismál** | |
| 05.1 | Sjúkrahúsaþjónusta | |
| | 05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta | 40.887,1 |
| | 05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta | 944,5 |
| | 05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir | 22.146,8 |
| | **Samtals** | **63.978,4** |
| 05.2 | Heilsugæsla | |
| | 05.2.1 Almenn heilsugæsla | 13.654,1 |
| | 05.2.2 Sérstæð heilsugæsla | 336,1 |
| | 05.2.3 Tannlæknisþjónusta | 1.336,0 |
| | 05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla | 1.538,0 |
| | **Samtals** | **16.864,2** |
| 05.4 | Lyf og hjálpartæki | 8.831,6 |
| 05.6 | Önnur heilbrigðismál | 2.898,6 |
| **Heilbrigðismál samtals** | | **92.572,8** |
| **06.** | **Almannatryggingar og velferðarmál** | |
| 06.1 | Almannatryggingar | |
| | 06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur | 8.583,0 |
| | 06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir | 46.893,3 |
| | 06.1.4 Atvinnuleysisbætur | 4.470,0 |

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| | 06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur | 10.239,5 |
| | 06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð | 6.241,0 |
| | **Samtals** | **76.426,8** |
| 06.2 | Velferðarmál | |
| | 06.2.1 Barna- og unglingaheimili | 742,1 |
| | 06.2.3 Málefni fatlaðra | 8.253,6 |
| | 06.2.4 Önnur velferðarheimili | 167,7 |
| | 06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana | 21,9 |
| | 06.2.6 Önnur velferðarþjónusta | 1.647,2 |
| | **Samtals** | **10.832,5** |
| | **Almannatryggingar og velferðarmál samtals** | **87.259,3** |
| **07.** | **Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál** | |
| 07.1 | Húsnæðis- og skipulagsmál | |
| | 07.1.1 Húsnæðismál | 255,9 |
| | 07.1.2 Skipulagsmál | 1.855,9 |
| | **Samtals** | **2.111,8** |
| 07.3 | Hreinsunarmál | |
| | 07.3.1 Almenn hreinsunarmál | 1.720,0 |
| | **Samtals** | **1.720,0** |
| | **Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals** | **3.831,8** |
| **08.** | **Menningarmál** | |
| 08.0 | Menningarmál | |
| | 08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál | 469,4 |
| | 08.0.2 Söfn, listir o.fl. | 4.537,5 |
| | 08.0.3 Fjölmiðlar | 2.990,0 |
| | 08.0.4 Kirkjumál | 4.837,9 |
| | 08.0.5 Önnur menningarmál | 175,0 |
| | **Samtals** | **13.009,8** |
| | **Menningarmál samtals** | **13.009,8** |

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| **09.** | **Eldsneytis- og orkumál** | |
| 09.1 | Eldsneytismál | 401,0 |
| 09.2 | Orkumál | |
| | 09.2.1 Raforkumál | 1.379,4 |
| | 09.2.3 Orkumál | 444,0 |
| | **Samtals** | **1.823,4** |
| **Eldsneytis- og orkumál samtals** | | **2.224,4** |
| **10.** | **Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál** | |
| 10.1 | Landbúnaðarmál | |
| | 10.1.1 Jarðræktarmál | 503,9 |
| | 10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar | 8.939,4 |
| | 10.1.4 Framleiðnistarfsemi | 792,8 |
| | 10.1.5 Dýralæknisþjónusta | 658,9 |
| | 10.1.6 Farsóttarvarnir | 52,0 |
| | 10.1.7 Önnur landbúnaðarmál | 1.372,3 |
| | **Samtals** | **12.319,3** |
| 10.2 | Skógræktarmál | 743,0 |
| 10.3 | Sjávarútvegsmál | |
| | 10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða | 23,9 |
| | 10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi | 1.804,8 |
| | 10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál | 1.190,1 |
| | **Samtals** | **3.018,8** |
| **Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals** | | **16.081,1** |
| **11.** | **Iðnaðarmál** | |
| 11.2 | Iðnaðarstarfsemi | 1.413,8 |
| 11.3 | Byggingarstarfsemi | 101,7 |
| **Iðnaðarmál samtals** | | **1.515,5** |
| **12.** | **Samgöngumál** | |
| 12.1 | Landsamgöngur | |
| | 12.1.1 Vega- og gatnagerð | 17.431,4 |
| | 12.1.2 Umferðarmál | 505,8 |
| | **Samtals** | **17.937,2** |

| | m.kr. |
|---|---|
| 12.2 Sjó- og vatnasamgöngur | |
| 12.2.2 Sjósamgöngur | 1.086,0 |
| **Samtals** | **1.086,0** |
| 12.4 Loftsamgöngur | |
| 12.4.2 Önnur loftsamgöngumál | 4.717,3 |
| **Samtals** | **4.717,3** |
| 12.7 Önnur samgöngumál | 1.607,1 |
| **Samgöngumál samtals** | **25.347,6** |
| **13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega** | |
| 13.2 Ferðaþjónusta | 283,0 |
| 13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins | 2.908,7 |
| 13.5 Almenn launa- og atvinnumál | 1.439,6 |
| 13.6 Önnur atvinnumál | 752,0 |
| **Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals** | **5.383,3** |
| **14. Önnur útgjöld ríkissjóðs** | |
| 14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs | |
| 14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður | 15.956,7 |
| 14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila | 9.800,0 |
| 14.0.3 Önnur þjónusta | 13.577,0 |
| **Samtals** | **39.333,7** |
| **Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals** | **39.333,7** |
| **Heildargjöld samtals** | **357.850,0** |

Séryfirlit 2

# Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2007

m.kr.

| | |
|---|---|
| ***Rekstrargjöld*** | |
| Laun | 98.431,5 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 4.807,0 |
| Önnur gjöld | 82.365,0 |
| Sértekjur | -20.908,1 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **164.695,4** |
| | |
| **Fjármagnskostnaður** | **15.954,0** |
| | |
| ***Rekstrar- og neyslutilfærslur*** | |
| Lífeyristryggingar | 41.311,0 |
| Sjúkratryggingar | 16.981,0 |
| Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | 9.770,0 |
| Greiðslur vegna búvöruframleiðslu | 8.509,4 |
| Barnabætur | 8.500,0 |
| Fæðingarorlofssjóður | 7.770,0 |
| Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð | 7.566,0 |
| Afskriftir skattkrafna | 6.000,0 |
| Vaxtabætur | 5.530,0 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 5.383,0 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 5.230,0 |
| Framlag til sókna og kirkjugarða | 3.465,0 |
| Ríkisútvarpið | 2.780,0 |
| Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur | 25.314,6 |
| **Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals** | **154.110,0** |
| | |
| ***Viðhald*** | |
| Vegakerfi | 3.159,0 |
| Annað | 1.871,3 |
| **Viðhald samtals** | **5.030,3** |
| | |
| ***Fjárfesting*** | |
| Vegakerfi | 10.441,3 |
| Heilbrigðisstofnanir | 1.931,5 |
| Hafnarframkvæmdir | 507,2 |
| Háskólar og framhaldskólar | 1.481,7 |
| Flugvellir | 366,0 |
| Annað | 3.332,6 |
| **Fjárfesting samtals** | **18.060,3** |
| | |
| **Gjöld samtals** | **357.850,0** |

Séryfirlit 3

# Markaðar tekjur 2007

| m.kr | | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| **02-201** | **Háskóli Íslands** | |
| | Almanaksgjald | 1,7 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 1,7 |
| **02-977** | **Höfundarréttargjöld** | |
| | Höfundarréttargjald | 71,0 |
| | Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir | 3,7 |
| | Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef | 2,7 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 77,4 |
| **03-611** | **Útflutningsráð Íslands** | |
| | Markaðsgjald | 334,2 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 334,2 |
| **04-234** | **Landbúnaðarstofnun** | |
| | Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum, innflutningur og innlend framleiðsla | 2,1 |
| | Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru | 2,4 |
| | Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 1% á tollverð | 6,0 |
| | Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 2% á tollverð | 6,0 |
| | Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu | 22,0 |
| | Fóðureftirlitsgjald af innflutningi | 15,5 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 54,0 |
| **04-818** | **Búnaðarsjóður** | |
| | Búnaðargjald á búvöruframleiðslu | 280,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 280,0 |
| **04-824** | **Verðmiðlun landbúnaðarvara** | |
| | Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins | 87,0 |
| | Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk | 296,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 383,0 |
| **04-827** | **Fóðursjóður** | |
| | Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð | 615,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 615,0 |

| | | |
|---|---|---|
| **04-843** | **Fiskræktarsjóður** | |
| | Gjald af skírum veiðitekjum veiðifélaga | 10,3 |
| | Gjald af óskírum tekjum vatnsaflstöðva | 10,5 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 20,8 |
| **05-204** | **Fiskistofa** | |
| | Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva | 4,6 |
| | Gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni | 11,5 |
| | Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks | 21,0 |
| | Gjald fyrir landamæraeftirlit | 8,0 |
| | Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum | 35,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 80,1 |
| **06-303** | **Ríkislögreglustjóri** | |
| | Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra | 6,1 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 6,1 |
| **06-310** | **Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu** | |
| | Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu | 16,7 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 16,7 |
| **07-331** | **Vinnueftirlit ríkisins** | |
| | Skráning vinnuvéla | 2,7 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 2,7 |
| **07-982** | **Ábyrgðasjóður launa** | |
| | Ábyrgðargjald vegna launa | 668,2 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 609,6 |
| | Viðskiptahreyfing | 58,6 |
| **07-984** | **Atvinnuleysistryggingasjóður** | |
| | Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi | 4.168,9 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 4.470,0 |
| | Viðskiptahreyfing | -301,1 |
| **07-987** | **Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga** | |
| | Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnu-tryggingargjaldi | 132,4 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 0,0 |
| | Viðskiptahreyfing | 132,4 |
| **07-989** | **Fæðingarorlof** | |
| | Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs | 7.074,5 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 7.359,0 |
| | Viðskiptahreyfing | -284,5 |

| | | |
|---|---|---|
| **08-204** | **Lífeyristryggingar** | |
| | Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga | 22.611,6 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 22.611,6 |
| **08-208** | **Slysatryggingar** | |
| | Slysatryggingagjald vegna sjómanna | 160,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 160,0 |
| **08-305** | **Lýðheilsustöð** | |
| | Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi | 76,1 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 76,1 |
| **08-397** | **Lyfjastofnun** | |
| | Gjald vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja | 6,0 |
| | Lyfjaeftirlitsgjald | 65,0 |
| | Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar | 42,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 86,9 |
| | Viðskiptahreyfing | 26,1 |
| **08-402** | **Framkvæmdasjóður aldraðra** | |
| | Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra | 1.065,3 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 1.027,8 |
| | Viðskiptahreyfing | 37,5 |
| **10-211** | **Rekstur Vegagerðarinnar** | |
| | Olíugjald til reksturs Vegagerðarinnar | 3.439,9 |
| | Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til reksturs Vegagerðarinnar | 1.053,6 |
| | Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi | 4,0 |
| | Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubifreiða | 6,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 4.503,5 |
| **10-212** | **Framkvæmdir Vegagerðarinnar** | |
| | Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar | 6.590,4 |
| | Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar | 1.069,6 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 10.263,9 |
| | Viðskiptahreyfing | -2.603,9 |
| **10-251** | **Umferðarstofa** | |
| | Skráningargjöld ökutækja | 470,8 |
| | Umferðaröryggisgjald | 95,8 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 414,1 |
| | Viðskiptahreyfing | 152,5 |

**10-335 Siglingastofnun Íslands**

| | |
|---|---|
| Vitagjald | 133,0 |
| Greitt úr ríkissjóði | 133,0 |

**10-471 Flugmálastjórn Íslands**

| | |
|---|---|
| Afgreiðslugjöld flugöryggissviðs Flugmálastjórnar | 17,0 |
| Greitt úr ríkissjóði | 17,0 |

**10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**

| | |
|---|---|
| Flugvallaskattur | 423,0 |
| Varaflugvallagjald | 569,0 |
| Greitt úr ríkissjóði | 877,0 |
| Viðskiptahreyfing | 115,0 |

**10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin**

| | |
|---|---|
| Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu | 26,0 |
| Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta | 75,0 |
| Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga | 35,0 |
| Greitt úr ríkissjóði | 108,2 |
| Viðskiptahreyfing | 27,8 |

**10-651 Ferðamálastofa**

| | |
|---|---|
| Gjald vegna eftirlits með tryggingum og rekstri ferðaskrifstofa | 1,5 |
| Greitt úr ríkissjóði | 1,5 |

**11-245 Samtök iðnaðarins**

| | |
|---|---|
| Iðnaðarmálagjald | 259,3 |
| Greitt úr ríkissjóði | 259,3 |

**11-299 Iðja og iðnaður, framlög**

| | |
|---|---|
| Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs | 45,9 |
| Greitt úr ríkissjóði | 45,9 |

**12-190 Ýmis verkefni**

| | |
|---|---|
| Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar | 6,6 |
| Greitt úr ríkissjóði | 6,6 |

**12-421 Neytendastofa**

| | |
|---|---|
| Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum | 39,0 |
| Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Neytendastofu | 117,0 |
| Greitt úr ríkissjóði | 156,0 |

**12-811 Flutningssjóður olíuvara**

| | |
|---|---|
| Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur | 401,0 |
| Greitt úr ríkissjóði | 401,0 |

| | | |
|---|---|---|
| **14-211** | **Umhverfisstofnun** | |
| | Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar | 0,5 |
| | Gjald af veiðikorti | 15,2 |
| | Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða | 1,7 |
| | Veiðileyfi hreindýraráðs | 15,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 32,4 |
| **14-287** | **Úrvinnslusjóður** | |
| | Úrvinnslugjald | 880,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 880,0 |
| **14-289** | **Endurvinnslan hf.** | |
| | Skilagjald á einnota umbúðir | 755,0 |
| | Umsýsluþóknun af einnota umbúðum | 85,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 840,0 |
| **14-303** | **Skipulagsmál sveitarfélaga** | |
| | Skipulagsgjald | 200,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 127,5 |
| | Viðskiptahreyfing | 72,5 |
| **14-310** | **Landmælingar Íslands** | |
| | Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands | 3,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 3,0 |
| **14-321** | **Brunamálastofnun ríkisins** | |
| | Brunavarnargjald | 207,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 120,8 |
| | Viðskiptahreyfing | 86,2 |
| **14-381** | **Ofanflóðasjóður** | |
| | Ofanflóðasjóðsgjald | 970,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 92,4 |
| | Viðskiptahreyfing | 877,6 |
| | **Heildartekjur** | **55.952,5** |
| | **Heildargreiðslur úr ríkissjóði** | **57.555,8** |
| | **Mismunur** | **-1.603,3** |
| | **Þar af viðskiptahreyfingar** | **-1.603,3** |

Séryfirlit 4

# Aðrar rekstrartekjur stofnana 2007

| m.kr | | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| **02-201** | **Háskóli Íslands** | |
| | Innritunargjöld, Háskóli Íslands | 351,1 |
| | Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands | 680,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 928,1 |
| | Viðskiptahreyfing | 103,0 |
| **02-202** | **Tilraunastöð Háskólans að Keldum** | |
| | Fisksjúkdómagjald | 1,0 |
| **02-210** | **Háskólinn á Akureyri** | |
| | Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri | 59,7 |
| **02-215** | **Kennaraháskóli Íslands** | |
| | Innritunargjöld, Kennaraháskóli Íslands | 91,5 |
| **02-238** | **Tækjasjóður** | |
| | Leyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands | 150,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 110,0 |
| | Viðskiptahreyfing | 40,0 |
| **02-301** | **Menntaskólinn í Reykjavík** | |
| | Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík | 7,2 |
| **02-302** | **Menntaskólinn á Akureyri** | |
| | Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri | 6,4 |
| **02-303** | **Menntaskólinn að Laugarvatni** | |
| | Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni | 1,4 |
| **02-304** | **Menntaskólinn við Hamrahlíð** | |
| | Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð | 9,3 |
| **02-305** | **Menntaskólinn við Sund** | |
| | Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund | 6,4 |
| **02-306** | **Menntaskólinn á Ísafirði** | |
| | Innritunargjöld, Menntaskólinn á Ísafirði | 2,5 |
| **02-307** | **Menntaskólinn á Egilsstöðum** | |
| | Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum | 3,1 |

**02-308 Menntaskólinn í Kópavogi**
Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi ..... 9,1

**02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík**
Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík ..... 4,7

**02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ..... 12,0

**02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla**
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla ..... 9,9

**02-352 Flensborgarskóli**
Innritunargjöld, Flensborgarskóli ..... 6,4

**02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja**
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja ..... 8,0

**02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands**
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands ..... 5,0

**02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum ..... 1,9

**02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra ..... 3,0

**02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands**
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands ..... 7,6

**02-358 Verkmenntaskóli Austurlands**
Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands ..... 1,4

**02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri**
Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri ..... 10,4

**02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ..... 5,9

**02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu ..... 0,9

**02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík**
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík ..... 1,2

| | | |
|---|---|---|
| **02-363** | **Framhaldsskólinn á Laugum** | |
| | Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum | 1,0 |
| **02-365** | **Borgarholtsskóli** | |
| | Innritunargjöld, Borgarholtsskóli | 8,7 |
| **02-367** | **Fjölbrautaskóli Snæfellinga** | |
| | Innritunargjöld, Snæfellsskóli | 1,5 |
| **02-514** | **Iðnskólinn í Reykjavík** | |
| | Innritunargjöld, Iðnskólinn í Reykjavík | 11,9 |
| **02-516** | **Iðnskólinn í Hafnarfirði** | |
| | Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði | 4,4 |
| **02-971** | **Ríkisútvarpið** | |
| | Afnotagjöld RÚV | 2.780,0 |
| **03-211** | **Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli** | |
| | Lendingargjald vegna millilandaflugs | 545,2 |
| | Öryggisgjald | 507,4 |
| **04-234** | **Landbúnaðarstofnun** | |
| | Eftirlitsgjald fiskeldis- og hafbeitarstöðva | 1,5 |
| | Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á sláturafurðum | 12,0 |
| | Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum | 84,0 |
| | Gjöld vegna eftirlits með innflutningi dýra | 4,5 |
| | Gjald vegna matvælaeftirlits | 26,0 |
| | Vottorð Yfirdýralæknis | 2,9 |
| **04-262** | **Landbúnaðarháskóli Íslands** | |
| | Aðrar leigutekjur stofnana, Landbúnaðarháskóli Íslands | 3,7 |
| | Innritunargjöld, Landbúnaðarháskóli Íslands | 10,0 |
| **04-271** | **Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal** | |
| | Innritunargjöld, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal | 5,5 |
| **04-311** | **Landgræðsla ríkisins** | |
| | Aðrar leigutekjur stofnana, Landgræðsla ríkisins | 2,0 |
| **04-321** | **Skógrækt ríkisins** | |
| | Aðrar leigutekjur stofnana, Skógrækt ríkisins | 5,0 |
| **04-831** | **Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins** | |
| | Afgjöld ríkisjarða | 44,0 |
| | Sala jarðeigna jarðasjóðs | 200,0 |

| | | |
|---|---|---|
| **05-204** | **Fiskistofa** | |
| | Gjald vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar | 0,5 |
| | Útflutningsvottorð Fiskistofu | 4,0 |
| **05-207** | **Verkefnasjóður sjávarútvegsins** | |
| | Upptækur afli og veiðarfæri (landhelgisbrot og sekt) | 35,0 |
| **06-106** | **Þjóðskrá** | |
| | Íbúaskrá Þjóðskrár | 0,3 |
| | Aðgangur að skrám Þjóðskrárinnar | 85,4 |
| | Vottorð Þjóðskrár | 8,5 |
| **06-190** | **Ýmis verkefni** | |
| | Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda | 1,5 |
| | Prófgjöld vegna prófa fasteignasala | 2,0 |
| | Gjald til eftirlitsnefndar félags fasteignasala | 19,0 |
| **06-312** | **Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli** | |
| | Tollafgreiðslugjöld til Lögreglustjórans á Suðurnesjum | 25,0 |
| **06-430** | **Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal** | |
| | Auglýsingar í Lögbirtingablaði | 15,6 |
| **07-331** | **Vinnueftirlit ríkisins** | |
| | Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins | 8,8 |
| | Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins | 101,3 |
| | Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum | 5,5 |
| **07-982** | **Ábyrgðasjóður launa** | |
| | Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum | 66,8 |
| **08-301** | **Landlæknir** | |
| | Gjald fyrir markaðseftirlit og klínískar prófanir lækningatækja | 2,0 |
| **08-327** | **Geislavarnir ríkisins** | |
| | Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins | 4,5 |
| | Vottorð frá Geislavörnum ríkisins | 0,7 |
| **08-373** | **Landspítali - háskólasjúkrahús** | |
| | Slysastofugjöld Landspítalans | 100,0 |
| **08-397** | **Lyfjastofnun** | |
| | Markaðsleyfi Lyfjastofnunar | 75,7 |

| | | |
|---|---|---|
| **09-201** | **Ríkisskattstjóri** | |
| | Aðgangur að hlutafélagaskrá | 51,0 |
| | Aðgangur að fyrirtækjaskrá | 25,0 |
| | Vottorðsgjöld, hlutafélaga- og fyrirtækjaskrár | 4,5 |
| **09-402** | **Fasteignamat ríkisins** | |
| | Aðgangur að fasteignamatsskrá | 171,6 |
| **10-251** | **Umferðarstofa** | |
| | Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans | 9,0 |
| **10-335** | **Siglingastofnun Íslands** | |
| | Skoðunargjöld skipa | 1,3 |
| | Vottorð Siglingastofnunar | 1,3 |
| **10-471** | **Flugmálastjórn Íslands** | |
| | Prófgjöld vegna þjónustu loftferðareftirlits Flugmálastjórnar | 8,0 |
| | Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara | 63,0 |
| | Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda | 15,0 |
| | Eftirlit með flugvöllum, flugleiðsöguþjónustu og flugvernd | 35,4 |
| **10-475** | **Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta** | |
| | Lendingargjöld vegna innanlandsflugs | 65,0 |
| **10-512** | **Póst- og fjarskiptastofnunin** | |
| | Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki | 133,4 |
| **11-102** | **Einkaleyfastofan** | |
| | Gjöld fyrir einkaleyfi | 21,6 |
| | Gjöld fyrir vörumerki | 89,7 |
| | Gjöld fyrir hönnunarvernd | 1,8 |
| | Faggilding hjá Einkaleyfastofunni | 9,2 |
| **12-402** | **Fjármálaeftirlitið** | |
| | Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitisins | 580,0 |
| **12-421** | **Neytendastofa** | |
| | Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar | 8,5 |
| **14-211** | **Umhverfisstofnun** | |
| | Mengunareftirlitgjald | 6,5 |
| | **Heildartekjur** | **7.581,1** |
| | **Heildargreiðslur úr ríkissjóði** | **7.438,1** |
| | **Mismunur** | **143,0** |
| | **Þar af viðskiptahreyfingar** | **143,0** |

Séryfirlit 5

# Lögbundin framlög 2007

| m.kr | | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| **02-201** | **Háskóli Íslands** | |
| | Háskólasjóður | 150,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 150,0 |
| **02-978** | **Listasjóðir** | |
| | Listamannalaun | 305,1 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 305,1 |
| **06-705** | **Kirkjumálasjóður** | |
| | Kirkjumálasjóður | 207,5 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 207,5 |
| **06-735** | **Sóknargjöld** | |
| | Sóknargjöld | 2.041,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 2.041,0 |
| **06-736** | **Jöfnunarsjóður sókna** | |
| | Jöfnunarsjóður sókna | 339,6 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 339,6 |
| **07-801** | **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga** | |
| | Lögbundið framlag | 8.770,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 8.770,0 |
| **08-305** | **Lýðheilsustöð** | |
| | Tóbaksvarnir, lögbundið framlag | 61,1 |
| | Tannverndarsjóður, lögbundið framlag | 10,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 71,1 |
| | **Lögbundin framlög alls** | **11.884,3** |
| | **Heildargreiðslur úr ríkissjóði** | **11.884,3** |

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

# Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum og birt stefnumörkun um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sex lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og fjórum séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í sundurliðun 1. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A-hluta er sýnd í sundurliðun 2.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja og lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í sundurliðunum 3 og 4.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármál. Þar kemur fyrst málaflokkaskipting gjalda í A-hluta í samræmi við alþjóðlega staðla og síðan hagræn skipting gjalda í rekstur, fjármagnskostnað, rekstrartilfærslur, viðhald og fjárfestingu. Enn fremur er eitt yfirlit yfir markaðar tekjur sem varið er til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A-hluta ríkissjóðs, annað yfir aðrar rekstrartekjur stofnana og það þriðja yfir lögbundin framlög.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlun einstakra tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í áttunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

# 1 Yfirlit ríkisfjármála

Í kaflanum eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einnig er tæpt á meginatriðum en nánar er fjallað um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni, bæði í fyrri og seinni hluta frumvarpsins.

**Afkoma ríkissjóðs.** Áætlað er að tekjuafkoma ríkissjóðs verði 15,5 milljarðar króna árið 2007 sem er tæplega 23 milljörðum króna betri afkoma en gert var ráð fyrir í langtímastefnumörkun fjárlagafrumvarps 2006, en þar var gert ráð fyrir 7,1 milljarða tekjuhalla á ríkissjóði árið 2007. Tekjuafkoma næsta árs dregst þó talsvert saman frá árinu 2006 í samræmi við spár um minni hagvöxt á næsta ári. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs dragist saman í krónutölu á milli ára. Þá er gert ráð fyrir að ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hefjist á næsta ári auk þess sem talsverðu fé er varið til öldrunar- og velferðarmála í frumvarpinu. Á móti koma ýmsar aðgerðir til að draga úr útgjöldum á næsta ári.

| Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs | Reikningur 2005 | Reikn. [4] 2005 | Fjárlög 2006 | Áætlun 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 421,2 | 358,8 | 334,6 | 375,0 | 373,4 |
| Gjöld | 308,4 | 302,0 | 315,0 | 326,0 | 357,9 |
| **Tekjujöfnuður** | **112,8** | **56,8** | **19,6** | **49,0** | **15,5** |
| Rekstrarl. sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1] | -77,7 | -21,7 | -4,1 | -2,0 | -2,2 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **35,1** | **35,1** | **15,5** | **47,0** | **13,3** |
| Fjármunahreyfingar [2] | 50,4 | 16,3 | -0,8 | -2,6 | 3,0 |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]** | **85,5** | **51,4** | **14,7** | **44,4** | **16,3** |

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

[4] Reikningur að frátöldum áhrifum af sölu Landssímans hf.

Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði rúmir 13 milljarðar króna og lánsfjárafgangur rúmlega 16 milljarðar. Er það mun betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í langtímaáætlun síðasta fjárlagafrumvarps en í henni var gert ráð fyrir rúmlega 10 milljarða króna lánsfjárþörf. Áformað er að verja lánsfjárafgangi til að lækka skuldir enn frekar og styrkja stöðu ríkissjóðs á annan hátt.

**Efnahagsforsendur.** Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir 4,2% hagvexti árið 2006, en aðeins 1% vexti árið 2007. Spáð er að verðlag hækki um 4,5% að meðaltali milli 2006 og 2007 og að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 3,8%. Gert er ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 2% á milli ára og að atvinnuleysi aukist úr 1,3% af vinnuafli á þessu ári í 2,1% árið 2007. Áætlað er að viðskiptahalli lækki hratt á næstu árum, eða úr -18,7% af landsframleiðslu árið 2006 í -10,7% á næsta ári og -3,8% árið 2008.

**Tekjuhlið.** Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 373,4 milljarðar króna og lækka um 1,7 milljarða frá áætlaðri útkomu þessa árs, eða um 4,7% að raungildi. Koma þar fram áhrif minni umsvifa á næsta ári og að einkaneysla dregst saman frá þessu ári. Dregur því úr tekjum af veltusköttum svo sem virðisaukaskatti og vörugjöldum. Þá verða tekjuskattar einstaklinga lækkaðir á næsta ári með lækkun á tekjuskattshlutfalli um 1 prósentustig og með hækkun persónuafsláttar. Nánar er fjallað um tekjur ríkissjóðs í kaflanum hér á eftir.

**Gjaldahlið.** Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2007 eru áætluð 357,9 milljarðar króna og aukast þau um 19,8 miljarða króna frá áætlaðri útkomu 2006, eða um 5% að raungildi. Koma þar fram áhrif af samkomulagi ríkisins og Landssambands eldri borgara sem hækka útgjöld um 7 milljarða króna. Þá aukast framlög til vegamála um 4,5 milljarða auk þess að áfram er varið auknu fjármagni til menntamála og rannsókna í samræmi við stefnu Vísinda og tækniráðs. Auk hækkunar lífeyristrygginga hækka barnabætur um 1,7 milljarða króna, framlög til þróunaraðstoðar eru aukin í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og lagður er til einn milljarður króna til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar við áframhald kjarasamninga. Loks má nefna að útgjöld aukast vegna brotthvarfs varnarliðsins m.a. vegna eflingar á þyrlusveit Landhelgisgæslunnar. Á móti kemur að gripið er til ýmissa aðhaldsaðgerða á gjaldahlið, bæði í rekstri og með því að draga úr fyrri áformum um auknar framkvæmdir. Hækkun útgjalda verður því minni að raungildi en gert var ráð fyrir í langtímastefnumörkun ríkisstjórnarinnar með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006. Nánar er fjallað um áform á gjaldahlið í 3. kafla.

# 2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur ríkissjóðs árið 2007, eins og þær eru metnar út frá þeim forsendum sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Auk þess er gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2006.

## 2.1 Helstu niðurstöður

**Tekjuhorfur 2006.** Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs fyrir árið 2006 yrðu 335 milljarðar króna. Við endurskoðun á áætluðum tekjum ársins 2006 er horft til þróunar á innheimtum tekjum sem af er árinu, niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2005 og breyttra efnahagsforsenda. Efnahagsumsvif hafa verið meiri en gert var ráð fyrir, bæði árið 2005 og í ár og endurspeglast það í tekjum ríkissjóðs. Nú er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári aukist um 40 milljarða króna frá fjárlagaáætlun og muni nema 375 milljörðum króna. Meginskýringin eru auknar skatttekjur ríkissjóðs en gert er ráð fyrir fjórðungi meiri tekjum af sköttum á tekjur og hagnað. Tekjuskattur lögaðila er talinn verða verulega hærri en í fjárlögum sem endurspeglar betri afkomu fyrirtækja á árinu 2005 en áður var áætlað. Einnig hækkar tekjuskattur einstaklinga sem má annars vegar rekja til meiri fjölgunar á vinnuafli en áður var áætlað og hins vegar til meiri launabreytinga. Fjármagnstekjuskattur er einnig áætlaður verulega hærri en í fjárlögum. Aukin heildarumsvif í efnahagslífinu hafa einnig skilað sér í veltusköttum. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar nokkuð frá fjárlagaáætlun eða úr 27,3% í 31,0%. Eins og fram kemur í greinargerð um útgjöld ríkissjóð hér á eftir er áætlað að heildarútgjöld árið 2006 verði 29,2% af landsframleiðslu en voru 30,5% samkvæmt ríkisreikningi 2005.

**Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2007.** Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007 tekur mið af þeirri niðurstöðu þjóðhagsspár að það hægist á hinum miklu umsvifum sem einkennt hafa efnahagslífið að undanförnu og dragi úr hagvexti. Spá ráðneytisins gerir ráð fyrir því að dragi úr verðbólgu á næsta ári og hún verði 4,5%. Gert er ráð fyrir að fjöldi starfandi manna verði óbreyttur og atvinnuleysi aukist aðeins. Þá er áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 3,8% en einkaneysla dragist aftur á móti saman um rúm 2%. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að hagvöxtur á næsta ári verði 1%. Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs lækki um rúmt 1% frá fyrra ári og geti numið tæpum 344 milljörðum króna. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu lækkar eða fer úr 31,0% í 29,2%. Heildartekjur ríkissjóðs eru taldar geta numið 373 milljörðum króna.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Reikningur 2004 | Reikningur 2005 | Fjárlög 2006 | Áætlun 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| **I Skatttekjur** | **275.186** | **335.322** | **306.452** | **348.148** | **343.779** |
| Skattar á tekjur og hagnað | 91.012 | 119.638 | 101.597 | 127.797 | 128.988 |
| Einstaklingar | 76.467 | 88.227 | 82.300 | 96.000 | 93.100 |
| Tekjuskattur einstaklinga | 63.845 | 72.610 | 69.900 | 78.000 | 74.100 |
| Sérstakur tekjuskattur | 1.161 | 1.005 | 100 | 100 | 0 |
| Skattur á fjármagnstekjur | 11.461 | 14.612 | 12.300 | 17.900 | 19.000 |
| Lögaðilar | 11.589 | 23.413 | 17.500 | 30.000 | 34.000 |
| Ótalið annars staðar | 2.956 | 7.998 | 1.797 | 1.797 | 1.888 |
| Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs | 2.093 | 7.059 | 760 | 760 | 800 |
| Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra | 863 | 939 | 1.037 | 1.037 | 1.088 |
| Tryggingagjöld | 28.522 | 32.607 | 34.411 | 35.608 | 34.851 |
| Eignarskattar | 11.552 | 13.340 | 7.065 | 8.465 | 7.350 |
| Skattar á vörur og þjónustu | 143.505 | 168.743 | 162.456 | 174.959 | 171.024 |
| Virðisaukaskattur | 96.433 | 114.183 | 114.400 | 119.600 | 119.000 |
| Almenn vörugjöld | 16.457 | 17.475 | 17.060 | 19.260 | 19.323 |
| Vörugjald af ökutækjum | 6.320 | 10.391 | 6.557 | 9.500 | 6.800 |
| Almennt vörugjald af bensíni | 2.248 | 2.356 | 1.853 | 1.856 | 1.856 |
| Sérstakt vörugjald af bensíni | 6.100 | 6.342 | 6.566 | 6.590 | 6.590 |
| Olíugjald | 0 | 1.703 | 3.457 | 4.510 | 4.510 |
| Aðrir sértækir veltuskattar | 4.875 | 5.437 | 5.614 | 6.326 | 5.628 |
| Bifreiðagjald | 3.187 | 3.665 | 3.501 | 3.870 | 3.950 |
| Þungaskattur/kílómetragjald | 5.813 | 4.575 | 1.054 | 1.054 | 1.054 |
| Önnur neyslu- og leyfisgjöld | 2.072 | 2.616 | 2.394 | 2.394 | 2.313 |
| Aðrir skattar | 595 | 994 | 923 | 1.319 | 1.566 |
| **II Aðrar rekstrartekjur** | **24.975** | **25.800** | **26.169** | **24.873** | **26.859** |
| Arðgreiðslur | 4.021 | 8.230 | 1.444 | 1.444 | 1.038 |
| Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur | 11.311 | 9.315 | 16.434 | 15.098 | 17.035 |
| Neyslu- og leyfisgjöld | 6.847 | 7.070 | 7.224 | 7.264 | 7.685 |
| Annað | 2.796 | 1.185 | 1.067 | 1.067 | 1.102 |
| **III Sala eigna** | **1.064** | **58.831** | **540** | **540** | **1.100** |
| **IV Fjármagnstilfærslur** | - | - | - | - | - |
| **V Fjárframlög** | **1.206** | **1.213** | **1.478** | **1.478** | **1.617** |
| **Heildartekjur ríkissjóðs** | **302.431** | **421.166** | **334.639** | **375.039** | **373.355** |
| **Sjóðshreyfing** | **284.350** | **400.953** | **320.703** | **364.666** | **363.613** |

## 2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs 2006

**Yfirlit.** Endurskoðuð áætlun um heildartekjur ársins 2006 bendir til þess að þær verði um 375 milljarðar króna eða 40 milljörðum hærri en í fjárlögum. Skatttekjur eru taldar verða um 348 milljarðar króna eða 42 milljörðum meira en áætlað var. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu tekjuliði.

**Skattar á tekjur og hagnað.** Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað aukist um rúmlega 26 milljarða króna frá fjárlögum og verði rétt um 128 milljarðar króna. Allir stærstu tekjupóstarnir eru taldir hækka. Þannig er áætlað að tekjuskattur einstaklinga hækki um 13,7 milljarða króna, tekjuskattur lögaðila um 12,5 milljarða og fjármagnstekjuskattur einstaklinga um 5,6 milljarða frá fjárlagaáætlun. Þessar hækkanir skýrast af meiri umsvifum í efnahagslífinu en áætlað hafði verið. Tekjuskattur einstaklinga lækkaði um eitt prósentustig frá fyrra ári og er nú 23,75%.

**Tryggingagjöld.** Tekjur af tryggingagjaldi eru einnig taldar hækka frá fjárlagaáætlun af sömu ástæðu og hækkun á tekjuskatti einstaklinga. Þær eru taldar hækka um 1,2 milljarða og nema í heild 35,6 milljörðum króna.

**Eignaskattar.** Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að tekjur af eignaskatti hækki um 1,4 milljarða króna og muni nema 8,5 milljarði. Hér er miðað við að tekjur vegna stimpilgjalda aukist um 1 milljarð króna og tekjur vegna erfðafjárskatts um 0,4 milljarða.

**Skattar á vöru og þjónustu.** Gert er ráð fyrir að skattar á vöru og þjónustu aukist um 12,5 milljarða króna frá fjárlögum. Langstærsti tekjustofninn er virðisaukaskattur sem áætlað er að nemi 119,6 milljörðum króna sem er hækkun um 5,2 milljarða frá áætlun fjárlaga. Einnig er gert ráð fyrir að tæplega 3 milljarða króna meiri tekjum af vörugjöldum af ökutækjum og 2,2 milljarða króna hækkun á ýmsum almennum vörugjöldum. Þessar hækkanir má rekja til enn meiri einkaneyslu en spáð hafði verið. Þannig er nú gert ráð fyrir að fluttar verði inn 23.000 bifreiðar á árinu en í fyrra voru þær tæplega 26.000 sem var metár. Spáð hafði verið meiri minnkun milli ára í innflutningi en nú lítur út fyrir að verði. Tekjur af olíugjaldi eru áætlaðar að verði um 1 milljarði meiri, en olíusala hefur verið miklu meira en gert var ráð fyrir. Á árinu hefur tímabundin lækkun á olíugjaldi á hvern seldan dísillítra verið framlengd, gjaldið er því 41 kr. en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að gjaldið yrði 45 kr.

**Aðrar rekstrartekjur.** Búist er við að aðrar rekstrartekjur lækki um 1,3 milljarð króna frá fjárlagaáætlun sem skýrist af því að þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs og aðrar vaxtatekjur aukist þá vegur ofmat á dráttarvöxtum af sköttum og hagnaði þann ábata upp.

### 2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2007

**Yfirlit.** Gert er ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2007 verði 373,4 milljarðar króna, sem er 1,7 milljarða lækkun frá áætlun ársins 2006. Skatttekjur eru áætlaðar tæplega 344 milljarðar króna og lækka um 4,4 milljarða frá árinu 2006. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tekjuliðum.

**Skattar á tekjur og hagnað.** Samanlagt er gert ráð fyrir að skattur á tekjur og hagnað nemi 129 milljörðum króna. Það er rúmlega 1 milljarðs króna aukning frá áætlun 2006.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Reikningur 2005 | Fjárlög 2006 | Áætlun 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|---|---|
| Einstaklingar | 88.227 | 82.300 | 96.000 | 93.100 |
| Tekjuskattur einstaklinga | 72.610 | 69.900 | 78.000 | 74.100 |
| Sérstakur tekjuskattur einstaklinga | 1.005 | 100 | 100 | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | 14.612 | 12.300 | 17.900 | 19.000 |
| Lögaðilar | 23.413 | 17.500 | 30.000 | 34.000 |
| Ótalið annars staðar | 7.998 | 1.797 | 1.797 | 1.888 |
| **Samtals** | **119.638** | **101.597** | **127.797** | **128.988** |

**Tekjuskattur einstaklinga.** Áætlun um tekjuskatt einstaklinga gerir ráð fyrir því að persónuafsláttur hækki um tæp 11% frá fyrra ári og verði 385.800 krónur og að tekjuskattur einstaklinga lækki um 1% og verði 22,75% í stað 21,75% eins og áður var gert ráð fyrir. Er þetta í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006 til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Einnig er tekið mið af áætluðum launahækkunum milli ára en samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins hækka laun um 6,0% og ekki er gert ráð fyrir að skattgreiðendum fjölgi. Áætlaður tekjuskattur einstaklinga nemur rúmlega 74 milljörðum króna sem er tæplega 4 milljarða króna lækkun frá árinu 2006. Hins vegar er gert ráð fyrir að skattur á fjármagnstekjur einstaklinga aukist um 1 milljarð og skili 19 milljörðum króna.

**Tekjuskattur lögaðila.** Við mat á tekjuskatti lögaðila er tekið mið af almennum efnahagsforsendum og afkomu atvinnugreina. Tekjuskattur lögaðila er áætlaður 34 milljarðar króna. Taka verður nokkurn vara af þessu mati þar sem þetta er sá liður sem jafnan er einna erfiðast að meta, enda margir þættir sem hafa þar áhrif, og upplýsingar um álagningu á yfirstandandi ári liggja ekki fyrir.

**Tryggingagjöld.** Gert er ráð fyrir að tryggingagjöld lækki aðeins á milli ára og verði 34,9 milljarðar króna. Breytingar á tryggingagjaldi fylgja áætluðum breytingum á launum að hluta en einnig lækkar almenna tryggingagjaldið um 0,45% á næsta ári. Er lækkunin í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, gegn því að atvinnurekendur hækki iðgjald til sameignarlífeyrissjóða.

**Eignaskattar.** Eignaskattar eru áætlaðir að verði 7,4 milljarðar króna á næsta ári, lækkun um 1,1 milljarð frá áætlun 2006. Gert er ráð fyrir að tekjur af stimpilgjaldi dragist saman milli ára.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Reikningur 2005 | Fjárlög 2006 | Áætlun 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|---|---|
| Eignarskattar einstaklinga | 1.388 | - | - | - |
| Eignarskattar lögaðila | 1.499 | - | - | - |
| Erfðafjárskattur | 866 | 500 | 900 | 950 |
| Stimpilgjöld | 9.073 | 6.000 | 7.000 | 6.200 |
| Sértækir eignarskattar | 513 | 240 | 240 | 200 |
| **Samtals** | **13.340** | **6.740** | **8.140** | **7.350** |

**Skattar á vöru og þjónustu.** Heildarskattar á vöru og þjónustu eru taldir skila um 171 milljarði króna árið 2007. Þetta er um 4 milljarða króna lækkun frá áætlun 2006 sem endurspeglar spá um minni efnahagsumsvif í þjóðfélaginu á næsta ári.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Reikningur 2005 | Fjárlög 2006 | Áætlun 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 114.183 | 114.400 | 119.600 | 119.000 |
| Vörugjöld | 54.567 | 48.056 | 55.359 | 52.024 |
| Almenn vörugjöld af innfluttum vörum | 3.037 | 2.294 | 4.200 | 3.800 |
| Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu | 753 | 809 | 1.000 | 810 |
| Vörugjöld af ökutækjum | 10.391 | 6.557 | 9.500 | 6.800 |
| Vörugjald af bensíni | 2.356 | 1.853 | 1.856 | 1.856 |
| Sérstakt vörugjald af bensíni | 6.342 | 6.566 | 6.590 | 6.590 |
| Olíugjald | 1.703 | 3.457 | 4.510 | 4.510 |
| Flutningsjöfnunargjöld | 404 | 401 | 401 | 401 |
| Áfengisgjald | 7.111 | 7.475 | 7.475 | 7.790 |
| Ýmis vörugjöld | 2.395 | 2.354 | 2.336 | 2.505 |
| Tóbaksgjald | 3.773 | 3.730 | 3.850 | 4.020 |
| Tollar og innflutningsgjöld | 3.539 | 3.613 | 4.325 | 3.427 |
| Aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu | 1.898 | 1.999 | 1.999 | 2.199 |
| Bifreiðaskattar | 8.257 | 4.555 | 4.924 | 5.004 |
| Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld | 2.607 | 2.394 | 2.394 | 2.313 |
| **Samtals** | **168.749** | **162.456** | **174.959** | **171.024** |

**Virðisaukaskattur.** Virðisaukaskattur skilar um þriðjungi af heildartekjum ríkissjóðs og er stærsti einstaki tekjustofninn. Áætlun virðisaukaskatts byggist meðal annars á spá um þróun einkaneyslu, verðlags, aðstæðna á vinnumarkaði og þróun mannfjölda. Á þessum forsendum er talið að virðisaukaskattur geti numið 119 milljörðum króna árið 2007 og lækki um 600 milljónir frá áætlun 2006.

**Vörugjöld af ökutækjum.** Gert er ráð fyrir að innflutningur á bifreiðum dragist nokkuð saman á næsta ári eftir gríðarlegan innflutning í ár og í fyrra. Ef fer sem horfir verður innflutningur þessara tveggja ára aðeins meiri en samanlagður innflutningur bifreiða næstu fjögur ár á undan. Árið 2007 er áætlað að bílainnflutningur geti orðið allt að 18.000 bílar.

Vörugjöld af ökutækjum samkvæmt þessari áætlun nema 6,8 milljörðum króna, sem er 2,7 milljarða króna lækkun frá áætlun 2006.

**Vörugjald af bensíni og olíugjald.** Vörugjöld af bensíni eru tvenns konar, annars vegar almennt vörugjald sem rennur í ríkissjóð og hins vegar sérstakt vörugjald sem rennur til vegamála. Bensíngjald á hvern lítra í almenna gjaldinu er 9,28 krónur en sérstaka bensíngjaldið er 32,95 krónur. Gert er ráð fyrir að bensínsala árið 2007 verði 200 milljón lítrar. Á þessum forsendum er áætlað að almenna vörugjaldið á bensíni verði 1,9 milljarðar króna og sérstaka bensíngjaldið 6,6 milljarðar. Samkvæmt lögum um olíugjald og kílómetragjald á fjárhæð olíugjalds að vera 45 krónur á hvern lítra af olíu. Þar sem heimsmarkaðsverð á dísilolíu varð óvenjuhátt samanborið við verð á bensíni var gjaldið lækkað tímabundið í 41 krónu á hvern lítra til að vega upp á móti þessum hækkunum, þannig að markmið og tilgangur laganna næðist fram. Þar sem þessar aðstæður breyttust ekki hefur þessi tímabundna lækkun verið framlengd. Spáð er að olíusala verði 100 milljón lítrar og skilar því olíugjaldið um 4,5 milljörðum króna sem renna til vegamála.

**Bifreiðagjald og kílómetragjald.** Kílómetragjald er lagt á bifreiðar sem vega 10.000 kg. eða meira og rennur það til vegamála. Áætlaðar er að tekjur árið 2007 verði óbreyttar frá fyrra ári eða ríflega 1 milljarður króna. Bifreiðagjöld eru áætluð tæpir 4 milljarðar króna.

**Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld.** Þessi liður nær yfir ýmiss konar neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld. Í heild er áætlað að þessi liður skili 2,3 milljörðum króna árið 2007. Gert er ráð fyrir að aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu skili 2,2 milljörðum króna.

**Aðrar rekstrartekjur.** Áætlaðar rekstrartekjur ríkisins fyrir árið 2007 eru 26,9 milljarðar króna og hækka um tæpa 2 milljarða frá yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur lækki um 400 milljónir króna milli ára en vaxtatekjur ríkissjóðs hækki aftur á móti um tæpa 2 milljarða.

**Sala eigna.** Gert er ráð fyrir að tekjur vegna sölu fasteigna og jarða verði 1,1 milljarður króna árið 2007.

**Fjárframlög.** Áætlað er að fjárframlög frá opinberum aðilum verði um 1,6 milljarður króna og hækki um 140 milljónir króna frá fjárlagaáætlun 2006. Fjárframlag frá Happdrætti Háskóla Íslands hækkar um 75 milljónir króna frá yfirstandandi ári.

# 3 Gjöld A-hluta

Í kaflanum er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2007, helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málaflokkum. Farið er yfir endurskoðaða áætlun um útgjöld á þessu ári og helstu frávik frá fjárlögum útskýrð. Gerð er grein fyrir forsendum fyrir framreikningi útgjalda næstu árin og útgjaldastefnu ríkisstjórnarinnar. Loks er í sérstökum köflum fjallað ítarlega um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og verkefna.

**Verðlagsforsendur.** Frumvarpið er á áætluðu verðlagi ársins 2007 í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins um þróun efnahagsmála. Gert er ráð fyrir að almennt verðlag hækki um 4,5% frá árinu 2006 til 2007 og að gengisvísitalan verði að meðaltali 126 stig árið 2007. Flestir útgjaldaliðir frumvarpsins sem tengjast ákveðnum gjaldmiðlum eru þó miðaðir við gengi 1. september 2006. Launaforsendur frumvarpsins byggjast á kjarasamningum og þeim breytingum sem gerðar voru á launum einstakra hópa á árinu 2006 og koma til gjalda á heilu ári í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki í samræmi við samkomulag Landssambands eldri borgara og ríkissjóðs frá í júlí 2006. Á launa- og verðlagslið fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir 500 m.kr. fjárheimild til að mæta hugsanlegum frávikum í forsendum frumvarpsins.

## 3.1 Heildaryfirlit gjalda

Heildargjöld ríkissjóðs eru áætluð 357,8 milljarðar kr. árið 2007 og aukast um 42,8 milljarða kr. frá fjárlögum 2006 eða um 13,6%. Hækkun útgjalda frá áætlaðri útkomu árið 2006 er 31,8 miljarðar kr. eða 9,8%. Hækka því útgjöldin að raungildi um 5% miðað við almennt verðlag. Er það heldur minni hækkun á milli ára en gert var ráð fyrir í langtímastefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem fylgdi fjárlagafrumvarpi síðasta árs. Samtals er áætlað að útgjöld verði 30,4% af vergri landsframleiðslu árið 2007 sem er hækkun frá árinu 2006, en er sama hlutfall og samkvæmt ríkisreikningi árið 2005. Sé litið á útgjöld eftir hagrænni skiptingu þá aukast rekstrargjöld ríkisjóðs um 11 milljarða eða 2% að raungildi. Rekstrargjöld aukast mest til hjúkrunarheimila, menntamála, öryggis- og lögreglumála auk samgöngumála vegna brotthvarfs varnarliðsins. Tilfærsluútgjöld hækka nokkuð mikið eða um 21 milljarð frá fjárlögum, en 14 milljarða frá áætlun 2006. Munar þar mestu um áhrif samkomulags ríkis og eldri borgara. Lífeyristryggingar hækka samtals um 7,5 milljarða frá fjárlögum, barnabætur hækka um 1,7 milljarða, eða um fjórðung, vegna hækkunar bóta og að bæturnar ná til fleiri árganga en áður, þá koma ný framlög er nema einum milljarði króna til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Aðrir tilfærsluliðir sem hækka nokkuð frá fyrra ári eru framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, þróunaraðstoð, vaxtabætur og atvinnu-

leysisbætur sem aukast um tæp 50% frá fjárlögum. Loks aukast útgjöld Jöfnunarsjóðs vegna tengingar framlagana við tekjur ríkissjóðs. Fjárfesting og viðhald aukast um 4,4 milljarða kr. og munar þar mestu um aukin útgjöld til vegagerðar og stofnkostnað við nýtt varðskip. Vaxtagjöld ríkissjóðs hækka um 2,5 milljarða króna einkum vegna aukinna vaxtagjalda af ríkisbréfum og ríkisvíxlum vegna ákvörðunar um að auka útgáfu þessara bréfa til að stuðla að virkri verðmyndun á markaði. Á móti aukast vaxtatekjur ríkissjóðs og áætlað er að vaxtagjöld spariskírteina lækki vegna lækkunar á höfuðstól þeirra.

Í frumvarpinu eru ýmsar aðgerðir til að lækka útgjöld ríkissjóðs frá því sem þau hefðu annars orðið. Dregið var úr áformuðum vexti rekstrargjalda til helstu málaflokka þannig að gert er ráð fyrir 2% minni vexti þeirra á næsta ári en ráðgert var í langtímaáætlun, nema í mennta-, félags- og heilbrigðismálum þar sem dregið var úr vextinum um 1%. Með þeirri ákvörðun var dregið úr útgjaldavexti er nemur 2 milljörðum kr. Þá var ákveðið að bæta stofnunum og verkefnum ekki hækkun á almennu verðlagi umfram forsendur fjárlaga árið 2006. Forsendur fjárlaga 2006 gerðu ráð fyrir 3,8% hækkun almenns verðlags á milli ára 2005 til 2006 en nú er áætlað að hækkunin verði 7,3%. Áætlað er að sú aðgerð hafi 2,6 milljarða kr. áhrif til lækkunar á útgjöldum ríkissjóðs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lyfjakostnaður verði lækkaður um 500 m.kr. á næsta ári með áframhaldandi lækkun á verði lyfja og meiri notkun samheitalyfja en nú er. Loks var dregið úr fyrri áformum langtímaáætlunar um hækkun stofnkostnaðar og er stofnkostnaður í frumvarpinu 5,5 milljörðum króna lægri en ráðgert var og er þar af 1 milljarður króna sem flyst yfir á árið 2006. Samtals er áætlað að framangreindar aðgerðir valdi því að útgjöldin verði um 11 milljörðum króna lægri en þau hefðu orðið að öðru óbreyttu. Á móti hafa komið ný útgjaldatilefni sem ekki voru fyrirséð við gerð langtímaáætlunar síðasta haust. Er þar einkum um að ræða kostnað vegna brotthvarfs varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, útgjöld vegna samkomulags við eldri borgara, hækkun launa í umönnunar- og hjúkrunarstörfum á árinu 2006 og útgjöld vegna aðkomu ríkissjóðs að áframhaldandi kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

**Framsetning gjaldahliðar.** Heildarútgjöldum ríkissjóðs er skipt í almennan rekstur. neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Er sú skipting kölluð hagræn skipting ríkisútgjalda. Til frádráttar almennum rekstrargjöldum koma sértekjur og eru þau gjöld því færð nettó. Með sértekjum er átt við sölu á vöru og þjónustu ásamt innbyrðis viðskiptum á milli ríkisaðila innan A-hluta. Ekki eru að þessu sinni gerðar breytingar á flokkun útgjalda innan A-hluta sem hafa teljandi áhrif á samanburð heildarstærða á milli ára. Þó eru gerðar þær breytingar að stofnuð eru tvö hlutafélög Flugstoðir hf. sem taka yfir rekstur flugvalla og flugumferðarstjórn af Flugmálastjórn og fyrirtækið Matvælarannsóknir hf. sem tekur yfir matvælarannsóknir á vegum Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins og rannsóknir sem Landbúnaðarháskóli Íslands, Iðntæknistofnun og Umhverfisstofnun önnuðust. Við þessar breytingar lækka útgjöld og sértekjur um sömu fjárhæð, eða samtals 2,4 milljarða kr., sem hefur ekki áhrif á nettó rekstrarkostnað ríkisins. Sá rannsóknarkostnaður sem ríkissjóður

stóð undir með beinum framlögum er áfram skilgreindur sem rekstrargjöld í A-hluta og verða gerðir samningar við fyrirtækin um þá þjónustu sem A-hluti kaupir.

Gjöld eru í frumvarpinu eins og áður færð á rekstrargrunni, það er þegar skuldbinding verður til en ekki þegar greiðsla fer fram. Er miðað við sömu reikningsskilareglur og hjá almennum fyrirtækjum að því frátöldu að fjárfesting er gjaldfærð þegar hún verður til en er ekki afskrifuð og beitt er verðbólguleiðréttum reikningsskilum á vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar. Er framsetning ríkisfjármála nú til endurskoðunar hjá ríkisreikningsnefnd þar sem farið verður yfir reynsluna af núverandi framsetningu og gerðar tillögur um breytingar í ljósi reynslunnar og þarfa notenda upplýsinga um ríkisfjármál.

Gjöldin eru einnig sýnd á greiðslugrunni. Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 349,9 milljarðar króna en heildargjöld á rekstrargrunni eru 357,9 milljarðar samkvæmt frumvarpinu. Mismunurinn þar á milli er 8 milljarðar króna og skýrist einkum af þremur liðum. Í fyrsta lagi eru afskrifaðar skattkröfur áætlaðar 6 milljarðar króna og eru færðar sem gjöld án þess að greiðsla komi úr ríkissjóði. Í öðru lagi er mismunur á greiddum og gjaldfærðum vöxtum 3,3 milljarðar kr. Í þriðja lagi eru greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga hærri en gjaldfærð skuldbinding og er mismunurinn -1,4 milljarðar kr. sem kemur á móti hinum tveimur.

Í séryfirlitum á bls. 234 og 239 eru birt yfirlit yfir markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur auk þess að gerð er grein fyrir ráðstöfun teknanna til fjármögnunar á verkefnum. Þá er á bls. 244 yfirlit yfir lögbundin útgjöld ríkissjóðs. Nánari skýringar á mörkuðum tekjum, öðrum rekstrartekjum og lögbundnum framlögum er að finna í frumvörpum fyrri ára.

**Horfur árið 2006.** Endurskoðuð áætlun um útgjöld árið 2006 gerir ráð fyrir að heildargjöld verði 326 milljarðar en eru 315 milljarðar í fjárlögum 2006. Áætlað er að útgjöldin verði 29,2% af vergri landsframleiðslu, en voru 30,5% samkvæmt ríkisreikningi árið 2005. Hækkun útgjalda frá fjárlögum 2006 er 11 milljarðar króna. Þar af eru 3 milljarðar vegna afskrifaðra skattkrafna, rúmir 2,7 milljarðar eru breyttar launa- og gengisforsendur einkum vegna hækkunar á launum umönnunarstétta og ófaglærðra, tæplega 2 milljarðar er hækkun lífeyristrygginga vegna samkomulags við Landssamband eldri borgara og einn milljarður er vegna aukinna framlaga í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna tenginga framlaga við innheimtar tekjur ríkissjóðs og útsvarsstofn liðins árs. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs aukist um einn milljarð á árinu 2006 vegna brotthvarfs varnarliðsins og eru þau útgjöld einkum vegna Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og til eflingar á þyrlusveit Landhelgisgæslunnar. Verður sú áætlun endurskoðuð þegar nánari upplýsingar og ákvarðanir liggja fyrir. Þá er áætlað að nýsmíði varðskips kosti um hálfan milljarð árinu 2006 og að sömu fjárhæð verði varið í Fjarskiptasjóð. Ráðgert er að einum milljarði króna verði varið til að auka umferðaröryggi á stofnbrautum frá höfuðborgarsvæðinu. Loks er áætlað að vaxtagjöld ríkissjóðs verði 570 m.kr. umfram áætlun fjárlaga.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Reikningur 2004 | Reikningur 2005 | Fjárlög 2006 | Áætlun 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Laun | 81.898 | 87.398 | 91.999 | 94.863 | 98.432 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 12.017 | 4.052 | 4.798 | 4.798 | 4.807 |
| Önnur gjöld | 69.866 | 81.762 | 74.825 | 75.727 | 82.365 |
| Sértekjur | -24.862 | -28.121 | -21.934 | -21.934 | -20.908 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **138.920** | **145.091** | **149.688** | **153.454** | **164.695** |
| **Fjármagnskostnaður** | **14.152** | **13.420** | **13.440** | **14.010** | **15.954** |
| **Rekstrar- og neyslutilfærslur** | | | | | |
| Lífeyristryggingar | 29.249 | 30.899 | 33.806 | 35.236 | 41.311 |
| Sjúkratryggingar | 14.949 | 14.970 | 15.511 | 16.341 | 16.981 |
| Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | 7.209 | 8.091 | 8.470 | 9.545 | 9.770 |
| Greiðslur vegna búvöruframleiðslu | 7.589 | 8.324 | 8.179 | 8.519 | 8.509 |
| Fæðingarorlofssjóður | 6.626 | 6.594 | 7.041 | 6.841 | 7.770 |
| Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð | 6.082 | 6.148 | 6.955 | 7.105 | 7.566 |
| Barnabætur | 5.440 | 5.374 | 6.800 | 6.800 | 8.500 |
| Afskriftir skattkrafna | 9.775 | 9.795 | 6.000 | 9.000 | 6.000 |
| Vaxtabætur | 5.458 | 5.472 | 5.100 | 5.100 | 5.530 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 3.367 | 4.050 | 4.477 | 4.477 | 5.383 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 4.568 | 3.360 | 3.850 | 3.350 | 5.230 |
| Framlag til sókna og kirkjugarða | 2.698 | 2.918 | 3.084 | 3.170 | 3.465 |
| Ríkisútvarpið | 2.382 | 2.483 | 2.550 | 2.600 | 2.780 |
| Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur | 19.004 | 22.069 | 21.320 | 22.417 | 25.315 |
| **Rekstrar- og neyslutilf. samtals** | **124.396** | **130.547** | **133.143** | **140.501** | **154.110** |
| **Viðhald** | | | | | |
| Vegakerfi | 2.561 | 2.405 | 2.835 | 2.835 | 3.159 |
| Annað | 2.439 | 2.494 | 2.343 | 2.343 | 1.871 |
| **Viðhald samtals** | **5.000** | **4.899** | **5.178** | **5.178** | **5.030** |
| **Fjárfesting** | | | | | |
| Vegakerfi | 9.002 | 6.714 | 5.905 | 4.805 | 10.441 |
| Heilbrigðisstofnanir | 1.181 | 1.024 | 1.612 | 962 | 1.932 |
| Hafnarframkvæmdir | 1.002 | 983 | 833 | 633 | 507 |
| Háskólar og framhaldskólar | 1.368 | 479 | 1.554 | 1.254 | 1.482 |
| Flugvellir | 169 | 518 | 280 | 360 | 366 |
| Annað | 5.250 | 4.720 | 3.426 | 4.843 | 3.333 |
| **Fjárfesting samtals** | **17.972** | **14.438** | **13.610** | **12.857** | **18.060** |
| **Gjöld samtals** | **300.439** | **308.395** | **315.059** | **326.000** | **357.850** |

Gert er ráð fyrir að til lækkunar komi um 3 milljarðar vegna frestunar á framkvæmdaáformum á árinu 2006 sem færast á næstu ár án þess að fjárheimildir verði lækkaðar. Er frestunin vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá í sumar um að stöðva tímabundið þær framkvæmdir sem ekki höfðu þegar verið skuldbundnar með samningum. Þá verða útgjöld

Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa og Fæðingarorlofssjóðs minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Nánari grein er gerð fyrir útgjöldum á þessu ári í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006.

**Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2007.** Ríkisstjórnin ákvað í apríl sl. útgjaldaramma og stefnumörkun í ríkisfjármálum. Var ákvörðunin byggð á langtímastefnumörkun í ríkisfjármálum og horfum í efnahagsmálum. Var með ákvörðuninni dregið úr útgjaldavexti frá því sem gert var ráð fyrir í langtímaáætlun síðasta fjárlagafrumvarps, einkum til að mæta kostnaði við útgjöld sem ekki voru fyrirséð þá. Einnig var ákveðið að fresta stofnkostnaðarverkefnum til að auka aðhald ríkisfjármála. Í ágúst sl. voru markmiðin endurskoðuð í ljósi nýrra upplýsinga og ákveðið að fresta stofnkostnaðarverkefnum enn frekar. Ráðuneytin forgangsröðuðu verkefnum innan útgjaldaramma sinna í júní og lokaákvarðanir um útgjaldahliðina voru teknar í ágúst. Verður fjallað nánar um þau áform hér á eftir.

**Rekstrargjöld.** Með rekstrargjöldum er átt við laun og önnur rekstrargjöld vegna kaupa á vöru og þjónustu í A-hluta ríkissjóðs að frádregnum sértekjum. Er hér um að ræða eiginlegan rekstur ríkissjóðs t.d. mennta- og heilbrigðisstofnana og kaup ríkisins á þjónustu af einkaaðilum. Rekstrargjöld árið 2007 eru áætluð 164,7 milljarðar kr. og hækka um 15 milljarða kr. frá fjárlögum en um 11 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu árið 2006. Miðað við verðvísitölu samneyslu aukast útgjöldin um 2% að raunvirði frá fyrra ári. Það hefur haft áhrif á rekstrargjöldin að ákveðið var að hækka laun ófaglærðra einkum í umönnunarstéttum eftir að sveitarfélögin höfðu hækkað laun þessara hópa. Er áætlað að kostnaður ríkissjóðs sé um tveir milljarðar á ári vegna þeirrar ákvörðunar og fellur hann að fullu til árið 2007 en kom að hluta til gjalda árið 2006. Mest hækka rekstrargjöld hlutfallslega til öryggis- og lögreglumála vegna brotthvarfs varnarliðsins og eflingar þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar. Framlög vegna þjónustu við aldraða, það er heimahjúkrunar og hjúkrunarheimila, eykst einnig mikið í kjölfar samkomulags þar um. Þá er þjónusta við fatlaða efld og framlög til menntamála og rannsókna aukast talsvert eins og nánar kemur fram síðar í greinargerðinni.

**Sértekjur** eru greiðslur fyrir vörur eða veitta þjónustu sem ríkisstofnanir í A-hluta selja á markaðslegum forsendum. Einnig falla hér undir innbyrðis viðskipti aðila í A-hluta. Áætlað er að sértekjur verði 21 milljarður kr. og lækki um 1 milljarð frá fjárlögum. Skýringuna má að mestu rekja til þess að niður falla 2,1 milljarðs kr. sértekjur við að verkefni Flugmálastjórnar og Alþjóðaflugþjónustunnar, önnur en stjórnsýsla, færast í sérstakt hlutafélag Flugstoðir hf. Er þar að stórum hluta um að ræða tekjur frá ICAO. Þá falla niður 200 m.kr. sértekjur Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins, 10 m.kr. tekjur rannsóknarstofu Landbúnaðarháskóla Íslands, 44 m.kr. tekjur Iðntæknistofnunar og 75 m.kr. tekjur Umhverfisstofnunar. Stofnað hefur verið fyrirtækið Matvælarannsóknir hf. sem

yfirtekur rannsóknir þessara stofnana og lækka sértekjur og gjöld umræddra stofnana um sömu fjárhæð við að rannsóknirnar færast í hið nýja fyrirtæki. Aðrar breytingar skýrast af verðlagsbreytingum á milli ára og auknum vaxtatekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ofanflóðasjóðs sem eiga kröfur á ríkissjóð.

**Neyslu- og rekstrartilfærslur.** Undir þennan flokk útgjalda falla almannatryggingar, niðurgreiðslur á búvörum auk annarra framlaga til einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga. Hér falla einnig undir rekstrartilfærslur til aðila utan A-hluta ríkissjóðs svo sem til B-hluta fyrirtækja og lánasjóða í C-hluta. Helstu breytingar eru að útgjöld lífeyristrygginga aukast um 7,5 milljarða eða 22% frá fjárlögum 2006 í kjölfar samkomulags milli ríkisins og Landssambands eldri borgara. Einnig aukast barnabætur um fjórðung vegna breytinga á barnabótakerfinu og tilfærslur í Lánasjóð íslenskara námsmanna aukist um 20% frá fjárlögum. Framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga aukast með hækkun tekna ríkissjóðs og útsvarsstofns. Þá aukast framlög til þróunaraðstoðar verulega í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Útgjöld vegna atvinnuleysistrygginga aukast talsvert mikið vegna hækkunar á bótafjárhæðum og tengingar bótanna við laun, þá er spáð auknu atvinnuleysi á næsta ári. Loks má nefna eins milljarðs króna útgjöld vegna framlags úr ríkissjóði til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóðanna í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við áframhald kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

**Fjármagnskostnaður.** Áætlað er að gjaldfærðir áfallnir vextir ríkissjóðs verði 15,9 milljarðar kr. á næsta ári og hækki um 2,5 milljarða kr. frá fjárlögum 2006 og um 2 milljarða frá áætlun 2006. Vaxtagjöld hækka annars vegar vegna hækkunar vaxta á peningamarkaði og hins vegar vegna ákvörðunar um að auka framboð á ríkisbréfum og ríkisvíxlum til að stuðla að virkari verðmyndun á markaði og styrkja með því innviði fjármálamarkaðarins. Á móti er áætlað að vaxtagjöld af spariskírteinum lækki vegna lækkunar á höfuðstól þeirra vegna bréfa sem áformað er að forinnleysa á þessu ári. Vaxtatekjur ríkissjóðs af innistæðu hjá Seðlabanka Íslands aukast vegna bættrar stöðu þar að svo miklu leyti sem fé sem aflað er með útgáfu ríkisbréfa fer ekki til að greiða niður aðrar skuldir ríkissjóðs.

**Viðhaldsverkefni.** Útgjöld vegna viðhaldsverkefna eru í frumvarpinu 5 milljarðar kr. og lækka um tæplega 150 m.kr. frá fjárlögum. Annars vegar eykst viðhald vegakerfis um rúmar 300 m.kr. í samræmi við vegáætlun, en hins vegar er frestað tímabundið 500 m.kr. viðhaldi hjá Fasteignum ríkissjóðs sem dreifist á ráðuneyti og stofnanir.

**Stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur** hækka samtals um 4,5 milljarða kr. frá fjárlögum 2006 og eru samtals 18 milljarðar kr. í frumvarpinu. Er það nokkru minni hækkun en gert var ráð fyrir í langtímastefnumörkun sem fylgdi fjárlagafrumvarpi síðasta árs. Á árinu

2007 kemur til ráðstöfunar hluti af söluandvirði Landssíma Íslands og hluti af frestun framkvæmda frá árunum 2005 og 2006 ganga til baka. Þá eykst stofnkostnaður vegna áforma í vegakafla samgönguáætlunar. Samtals hækkar stofnkostnaður í vegamálum um 4,5 milljarða kr. frá fjárlögum og stofnkostnaður við heilbrigðisstofnanir um 300 m.kr. Á móti lækka stofnkostnaðartilfærslur til hafnamála um rúmar 300 m.kr. auk þess að annar stofnkostnaður lækkar á milli ára. Í langtímaáætlun sem fylgdi fjárlagafrumvarpi 2006 var gert ráð fyrir að stofnkostnaður og stofnkostnaðartilfærslur hækkuðu um 9,6 milljarða kr. Til að draga úr aukningu stofnkostnaðar er lagt til í frumvarpinu að stofnkostnaðarverkefnum er nema 4,5 milljörðum kr. verði frestað, en einnig flytjast verkefni sem nema um einum milljarði yfir á árið 2006.

### 3.2 Útgjaldahorfur næstu fjögur árin

Í kaflanum er fjallað um helstu forsendur fyrir þróun útgjalda samkvæmt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Nánar er fjallað um stefnumörkunina í heild í 3. kafla fyrra heftis frumvarpsins. Einnig er ítarlega fjallað um útgjaldaþróun einstakra málaflokka í upphafi hvers ráðuneytiskafla hér á eftir. Útgjaldaáætlunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar um að samneysla vaxi ekki umfram 2% að raungildi árlega og tekjutilfærslur ekki umfram 2,5% árlega að jafnaði. Einnig er í útgjaldaspánni tekið mið af samgönguáætlun, lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. og öðrum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar sem ná til fleiri ára en fjárlagaársins. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að lögbundin útgjöld ráðist af óbreyttum lögum og er m.a. tekið mið af fjölgun aldraða og árganga í framhalds- og háskólum. Loks er gert ráð fyrir að framlög til einstakra málaflokka vaxi í samræmi við reynslu undangenginna ára, þó þannig að þróunin verði innan þeirra markmiða sem ríkisstjórnin hefur sett sér. Einstök ár getur vöxtur í einstaka málaflokkum, eins og t.d. á við um málefni aldraðra og almannatryggingar í frumvarpinu, vaxið umfram stefnumörkunina ef lögð er sérstök áhersla á þá. Áherslur koma einnig fram í að árlega er gert ráð fyrir að framlög til stjórnsýslu vaxi að raungildi um 0,5-1% en að framlög til menntamála og heilbrigðismála vaxi um 3-5% árlega. Útgjaldamarkmiðin eru endurskoðuð árlega í ljósi breyttra aðstæðna og nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Því getur þróun einstakra málaflokka og innbyrðis skipting orðið önnur en fram kemur í útgjaldaspánni en miðað er við að staðið verði við heildarmarkmiðin.

Heildargjöld í fjárlagafrumvarpi 2007 eru áætluð 357,8 milljarðar kr. en voru áætluð 345,7 milljarðar í langtímaáætlun fjárlagafrumvarps 2006. Útgjöldin eru því um 12 milljörðum hærri en ráðgert var þá. Mismuninn má að hluta skýra af meiri launa- og verðlagsbreytingum en þá var gert ráð fyrir. Þannig kostar ákvörðun um að bæta laun ófaglærðra í umönnunarstörfum 2 milljarða kr., breytingar á gengi krónunnar valda 1,3 milljarða útgjöldum og vaxtagjöld eru 2,2 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir. Hækkun á tekjum ríkissjóðs og á útsvarsstofni veldur um 1 milljarð kr. hækkun á framlögum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að greiða fyrir áframhaldandi

kjarasamningum kostaði 1,5 milljarða kr. aukin útgjöld vegna jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóðs og breytinga á barnabótum. Samkomulag við aldraða um hækkun lífeyris og átak í þjónustu við aldraða skýrir rúmlega 7 milljarða kr. aukningu útgjalda. Þá er áætlað í frumvarpinu að kostnaður við að yfirtaka rekstur varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og efling þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar kosti ríflega 2 milljarða kr. Loks hækkuðu útgjöld í fjárlagafrumvarpi 2006 um 1,8 milljarða kr. við 2. umræða og hefur það bein áhrif á útgjöld árið á eftir. Samtals skýra þessir liðir um 18 milljarða kr. aukin útgjöld, en á móti var gripið til mótvægisaðgerða t.d. með því að lækka stofnkostnað um 5,5 milljarða kr. og rekstrargjöld um 2 milljarða kr. frá því sem gert var ráð fyrir í langtímaáætlun.

Áætlun um útgjöld næstu ár er byggð á niðurstöðu fjárlagafrumvarps 2007 og kann því að breytast í samræmi við afgreiðslu þess á Alþingi. Styðst áætlunin við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins þar sem settar eru fram áætlanir og spár um útgjaldaþróun að óbreyttu miðað við gildandi lög og þær forsendur og ákvarðanir stjórnvalda sem liggja fyrir við undirbúning frumvarpsins. Er gerð grein fyrir þeim forsendum í upphafskafla hvers ráðuneytis hér á eftir.

Útgjaldaþróun helstu málaflokka ríkissjóðs samkvæmt áætluninni kemur fram í töflunni hér á eftir sem sýnir breytingar á föstu verðlagi fjárlagafrumvarps 2007 auk áætlaðra verðlags- og launabreytinga. Frekari skiptingu á málaflokka er að finna í sérstökum kafla í upphafi umfjöllunar um hvert ráðuneyti síðar í greinargerðinni.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 | Árleg breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| Almenn opinber þjónusta | 19.553 | 20.891 | 21.227 | 21.572 | 3,3 |
| Löggæsla og öryggismál | 15.479 | 16.857 | 14.985 | 15.142 | -0,7 |
| Fræðslumál | 36.261 | 37.331 | 38.467 | 39.728 | 3,1 |
| Heilbrigðismál | 92.574 | 97.649 | 103.515 | 106.120 | 4,7 |
| Almannatryggingar og velferðarmál | 87.260 | 92.063 | 95.089 | 96.922 | 3,6 |
| Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál | 3.832 | 3.819 | 3.901 | 3.738 | -0,8 |
| Menningar- og kirkjumál | 13.010 | 13.010 | 13.036 | 13.436 | 1,1 |
| Eldsneytis- og orkumál | 2.224 | 2.235 | 2.249 | 2.264 | 0,6 |
| Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál | 16.081 | 16.076 | 16.065 | 16.009 | -0,1 |
| Iðnaðarmál | 1.516 | 1.519 | 1.527 | 1.535 | 0,4 |
| Samgöngumál | 25.347 | 31.179 | 26.637 | 25.043 | -0,4 |
| Önnur útgjöld vegna atvinnuvega | 5.384 | 5.379 | 5.390 | 5.430 | 0,3 |
| Önnur útgjöld ríkissjóðs | 39.334 | 38.316 | 37.949 | 38.119 | -1,0 |
| Laun og verðlag, uppsafnað frá 2007 | | 11.098 | 22.104 | 33.708 | |
| **Samtals** | **357.855** | **387.422** | **402.141** | **418.766** | |

Tölur fyrir einstaka málaflokka eru á áætluðu verðlagi 2007 en áhrif af launa-, verðlags- og vaxtabreytingum eru sett fram í sérstökum lið þannig að heildarútgjöldin eru á verðlagi hvers árs.

### 3.3 Útgjöld til rannsókna og þróunarmála

Útgjöld til rannsókna og þróunarstarfsemi hafa aukist verulega og verið nálægt 3% af vergri landsframleiðslu á undanförnum árum. Samkvæmt upplýsingum Rannsóknamiðstöðvar Íslands, sem vann talnaefnið sem hér birtist, fjármögnuðu fyrirtæki í landinu 44% af útgjöldunum árið 2003 en framkvæmdu rannsóknir fyrir 52% útgjaldanna. Mismuninn fjármögnuðu þau með bæði innlendu og erlendu fé, þar með talið styrkjum. Í bráðabirgðatölum er gert ráð fyrir að árið 2005 hafi útgjöldin verið rúm 3,1% af vergri landsframleiðslu. Hafa má í huga að milli áranna 2003 og 2005 jókst verg landsframleiðsla að raungildi um 15,8%. Aukin útgjöld til þessa málaflokks fjölgar tækifærum í framtíðinni og gerir kleift að nýta betur þá fjárfestingu sem er lögð í menntun og þjálfun vísindamanna. Nauðsynlegt er að horfa til framtíðar við stefnumörkun í rannsóknum og þróunarverkefnum.

Rannsóknamiðstöð Íslands áætlar að umsvif ríkisins á sviði rannsókna verði liðlega 17 milljarðar króna samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2007. Vísað er til umfjöllunar um rannsóknarmál í athugasemdum með fjárlagafrumvörpum á síðustu árum um aðferðir sem Rannsóknamiðstöðin notar við áætlanagerðina. Áætlað er að 11,1 milljarður króna af fjárveitingum ríkisins verði varið til rannsókna árið 2007. Taflan hér fyrir neðan sýnir áætluð umsvif helstu ríkisaðila á þessu sviði og beinar fjárveitingar til þeirra úr ríkissjóði á verðlagi ársins 2007 miðað við vísitölu neysluverðs.

| Verðlag 2007, m.kr. | Reikn. 2000 | Reikn. 2003 | Reikn. 2004 | Reikn. 2005 | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Menntamálaráðuneyti | 6.398 | 7.836 | 7.826 | 8.411 | 7.726 | 8.109 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 2.787 | 2.453 | 2.232 | 2.567 | 2.127 | 2.028 |
| Iðnaðarráðuneyti | 1.057 | 1.220 | 1.286 | 1.243 | 1.258 | 1.246 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 859 | 1.042 | 1.015 | 1.015 | 936 | 965 |
| Umhverfisráðuneyti | 1.015 | 1.419 | 1.303 | 1.087 | 850 | 924 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 846 | 901 | 944 | 1.008 | 877 | 816 |
| Samgönguráðuneyti | 163 | 222 | 142 | 135 | 128 | 127 |
| Önnur ráðuneyti | 111 | 187 | 178 | 225 | 101 | 109 |
| Óskipt vanmat sértekna | | | | | 2.801 | 2.865 |
| **Samtals umsvif aðila** | **13.236** | **15.280** | **14.926** | **15.690** | **16.805** | **17.189** |
| **Fjárveitingar ríkisins** | **9.105** | **11.246** | **10.858** | **11.593** | **10.963** | **11.143** |

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig rannsóknarumsvifin skiptast á helstu viðfangsefni. Í henni er leiðrétt fyrir tvítalningu vegna innbyrðis viðskipta ríkisaðila, sem stafa meðal annars af því að rannsóknasjóðir á vegum ríkisins styrkja verkefni sem ríkisstofnanir annast.

| Verðlag 2007, m.kr. | Reikn. 2000 | Reikn. 2003 | Reikn. 2004 | Reikn. 2005 | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Almenn þróun vísinda | 4.318 | 5.410 | 5.337 | 5.662 | 5.219 | 5.574 |
| Félagsleg þjónusta | 555 | 682 | 773 | 831 | 853 | 719 |
| Fiskveiðar | 2.396 | 2.124 | 1.787 | 2.023 | 1.624 | 1.675 |
| Heilsuvernd | 832 | 1.013 | 984 | 984 | 929 | 958 |
| Iðnaður | 686 | 705 | 726 | 679 | 618 | 436 |
| Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi | 1.129 | 1.214 | 1.219 | 1.301 | 1.139 | 1.083 |
| Orkumál | 446 | 554 | 481 | 390 | 276 | 264 |
| Óskilgreint | 152 | 160 | 151 | 162 | 169 | 152 |
| RANNIS og sjóðir | 134 | 149 | 167 | 206 | 156 | 159 |
| Samgöngur og skipulag | 207 | 268 | 186 | 177 | 168 | 166 |
| Umhverfismál | 515 | 547 | 527 | 555 | 531 | 522 |
| Þróun vísinda | 35 | 48 | 51 | 56 | 54 | 56 |
| Óskipt vanmat sértekna | | | | | 2.347 | 2.353 |
| **Samtals** | **11.403** | **12.874** | **12.390** | **13.025** | **14.083** | **14.117** |

Fyrirtækin eru ennþá eftirbátar ríkisins í fjármögnun rannsókna. Þótt sum fyrirtæki hafi dregið úr rannsóknum hafa önnur aukið þær og í heildina verja íslensk fyrirtæki nú meiru til þessarar starfsemi en áður og fer hlutur þeirra vaxandi. Vísbendingar eru um að breytingar á skattlagningu fyrirtækja og fjölgun vel þjálfaðra vísindamanna í þjónustu þeirra hafi haft góð áhrif. Fjárveitingar ríkisins eru samt einn mikilvægasti liðurinn í að hrinda vísinda- og tæknistefnu í framkvæmd. Samkeppnissjóðum er ætlað að vera meðal virkustu stýritækjanna til að vísinda- og þróunarstarf beri árangur og þar sem styrkir úr þeim eru háðir kröfu um mótframlög þá draga þeir framlög annarra til verkefnanna. Vegna þess að verkefni sem lofa góðu fara yfirleitt í gegnum nokkur tíma- og kostnaðarfrek þróunarstig þar til niðurstöður skila samfélags- og efnahagslegum ávinningi er mikilvægt að sjóðirnir stuðli að sífellt betri samfellu í styrkveitingum frá grunnrannsóknum til nýsköpunar. Þannig aukast líkurnar á að verkefnin beri ávöxt. Einnig þurfa sjóðirnir og aðrir sem að þessum málum koma að virkja til samvinnu háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki.

Í kjölfar gildistöku laga um Vísinda- og tækniráð árið 2003 samþykkti ríkisstjórnin langtímaáætlun um eflingu samkeppnissjóða á sviði rannsókna og þróunar á grundvelli stefnu ráðsins. Markmiðin voru í meginatriðum tvö: Að auka ráðstöfunarfé sjóða sem efna til samkeppni og velja á milli verkefna á grundvelli viðmiða sem þátttakendum eru ljós frá upphafi. Hins vegar að auka verkefnabundna fjármögnun rannsókna og tækniþróunar. Áætlunin stefndi að tvöföldun fjárveitinga til samkeppnissjóða og stuðningskerfis rannsókna. Þetta hefur gengið eftir.

Langtímaáætlun um fjárveitingar til samkeppnissjóðanna hefur mælst vel fyrir hjá bæði styrkþegum og þeim sem bera ábyrgð á úthlutun. Með auknu ráðstöfunarfé sjóða taka styrkir nú betra mið af eðli verkefna. Þeir hafa hækkað og miðast meira við raunkostnað og því er hægt að ráðast í stærri verkefni og umfangsmeiri áfanga. Hærri styrkir sem veittir eru til lengri tíma en áður gera það áhugaverðara fyrir fyrirtæki og aðra innlenda og erlenda

aðila að leita eftir samstarfi við íslenska vísindamenn. Hluti af eflingu sjóðanna hefur snúist um að bæta samfellu í styrkveitingum, bæta umfjöllun um umsóknir, setja skýrari viðmið og að fylgja betur eftir framvindu verkefna sem þeir styrkja.

| Verðlag 2007, m.kr. | Reikn. 2000 | Reikn. 2003 | Reikn. 2004 | Reikn. 2005 | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vísindasjóður | 228 | 266 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Rannsóknasjóður frá 2004 | 0 | 0 | 468 | 532 | 575 | 590 |
| Tækniþróunarsjóður frá 2004 | 0 | 0 | 214 | 302 | 481 | 500 |
| Tæknisjóður | 272 | 244 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Bygginga- og tækjasjóður | 40 | 97 | 105 | 177 | 115 | 110 |
| Rammaáætlun | 163 | 113 | 35 | 66 | 115 | 105 |
| Rannsóknarnámssjóður | 50 | 68 | 61 | 70 | 63 | 80 |
| **Sjóðir í vörslu RANNIS** | **753** | **787** | **882** | **1.147** | **1.348** | **1.385** |
| Rannsóknasj. til að auka verðmæti sjávarfangs | 0 | 0 | 114 | 221 | 219 | 235 |
| Aðrir sjóðir sem styrkja rannsóknir og þróun | 481 | 862 | 703 | 418 | 156 | 109 |
| **Samtals** | **1.233** | **1.649** | **1.699** | **1.786** | **1.724** | **1.728** |

Auk þess að efla samkeppnissjóðina var í stefnu Vísinda- og tækniráðs 2003-2006 lögð áhersla á að efla háskólana sem rannsóknastofnanir og að endurskoða skipan og fyrirkomulag opinberra rannsóknastofnana. Á þessu sviði hefur margt unnist. Nefna má að rannsóknarfé háskólanna hefur aukist, bæði með hærri grunnfjárveitingum og með hærri verkefnastyrkjum úr samkeppnissjóðum. Einnig hafa orðið eða eru að verða umtalsverðar breytingar á stofnanakerfinu. Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskóli Íslands hafa sameinast, Bændaskólinn á Hvanneyri, Garðyrkjuskóli ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins sameinuðust í Landbúnaðarháskólanum. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður um næstu áramót til úr fimm minni vísindastofnunum. Matís ehf. mun á sama tíma taka við starfsemi frá fjórum matvælarannsóknastofum, Íslenskar orkurannsóknir sem var áður rannsóknasvið innan Orkustofnunar, voru gerðar að sjálfstæðri stofnun fyrir nokkrum árum og Jarðvísindastofnun Háskólans varð til með samruna Norrænu eldfjallastöðvarinnar og jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar Háskólans. Loks er í undirbúningi sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

Þrátt fyrir að Vísinda- og tækniráð hafi aðeins starfað í nokkur ár er óhætt að fullyrða að starfið hefur haft mikil áhrif á umgjörð og skipulag þeirra mála sem það fjallar um. Ráðið er vettvangur þar sem unnið er að stefnumörkun í víðtækara samráði stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila en áður. Á dagskrá er að gera úttekt á starfsemi ráðsins fyrstu þrjú árin og meta áhrif af stefnu þess á rannsóknir, þróun og nýsköpun.

***Stefna Vísinda- og tækniráðs 2006-2009***

Vísinda- og tækniráð samþykkti vorið 2006 vísinda- og tæknistefnu fram á árið 2009. Höfuðáherslur eru á að:

- byggja upp mennta- og vísindakerfi sem er í fremstu röð meðal þjóða, starfar í nánum tengslum við atvinnulíf og getur brugðist við hraðfara breytingum og leitt þær
- efla opinbera samkeppnissjóði og sameina þá innan skyldra sviða
- hvetja fyrirtæki og ríkið til að taka saman höndum um sókn í rannsóknum og þróunarstarfi til að ná betri árangri í arðbærri nýsköpun og alþjóðlegri samkeppnishæfni á grundvelli þekkingar
- endurskilgreina hlutverk ríkisins í stuðningi við vöktun og rannsóknir í þágu almannaheilla, umhverfisverndar og efnahagsframfara með aukinn árangur að leiðarljósi.

Í stefnu ráðsins er horft bæði til lengri og skemmri framtíðar og komið inn á fleiri þætti en þá sem varða vísinda- og tæknistarfsemi í þröngum skilningi. Ástæða þessa er meðal annars sú að vísindi og tækni hafa daglega áhrif á næstum alla þætti þjóðlífsins. Ráðið hvetur í stefnu sinni sérstaklega til að stuðningskerfi rannsókna, þróunar, nýsköpunar og atvinnuþróunar verði gert gegnsærra og einfaldara, samfella styrkveitinga verði meiri og tekið mið af því að þarfir nýrra fyrirtækja fyrir stuðning ríkisins eru misjafnar. Áhersla er lögð á að hlutur atvinnulífsins vaxi hlutfallslega meira en hlutur hins opinbera og verði um 60% árið 2009. Hvatt er til þess að efla nýsköpun í verslunar- og þjónustugreinum, menningartengdri starfsemi svo og í hug- og félagsvísindum. Bent er á að samspil líffræðirannsókna og læknisfræðilegra meðferðarrannsókna opnar ný tækifæri í framleiðslu og þjónustugreinum. Einnig er vakin athygli á að nemendum í rannsóknatengdu framhaldsnámi hefur fjölgað ört og nú stunda um 300 Íslendingar doktorsnám innanlands og utan. Ráðið segir í stefnu sinni að rannsóknatengt framhaldsnám og doktorsmenntun þurfi að vera alþjóðlega viðurkennd og byggjast á góðri leiðsögn og aðstöðu til rannsókna. Það telur að Rannsóknanámssjóður gegni mikilvægu hlutverki í að efla rannsóknarnám og að þótt framhaldsnám eflist hér á landi megi ekki glata þeim styrk sem felst í því að íslenskir námsmenn stundi nám við góða háskóla erlendis.

Ráðið bendir á að framlög til alþjóðlegra samstarfsáætlana, bæði norrænna og evrópskra, hafa skilað miklum árangri sem sé einn af mælikvörðunum á styrk vísinda- og tæknisamfélags í harðri alþjóðlegri samkeppni. Með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi í vísindum, tækni og nýsköpun bjóðast fjölmörg tækifæri til menntunar, þjálfunar og samstarfs við marga af bestu háskólum, rannsóknastofnunum og rannsóknafyrirtækjum erlendis. Framlög til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi munu vaxa á næstu árum. Það er því mikilvægt að tryggja íslenskum hagsmunum brautargengi með því að stofnanir og ráðuneyti taki saman höndum og leggi til fjármagn til að standa straum af aðildargjöldum í alþjóðasamstarfi. Þannig má skapa fleiri tækifæri til rannsókna og verðmætasköpunar.

## 3.4 Íslenska upplýsingasamfélagið

| Rekstrargrunnur, m.kr. | | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| **01-996-6.51** | **Íslenska upplýsingasamfélagið** | |
| | Ísland.is, sameiginlegt verkefni | 40,0 |
| | Rafræn stjórnsýsla, stoðverkefni | 15,0 |
| | Rafræn þjónustuveita ríkis og sveitarfélaga | 10,0 |
| | Rafræn eyðublöð, rafrænar greiðslur | 10,0 |
| **02-999-1.98** | **Ýmislegt. Ýmis framlög menntamálaráðuneytis** | |
| | Miðlun hljóð- og sjónminjaarfs | 5,0 |
| | Rafræn innritun og háskólanet um land allt | 8,0 |
| | Upplýsinga- og umsýslukerfi opinberra samkeppnissjóða | 5,0 |
| **06-104-6.01** | **Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins** | |
| | Rafræn þjónusta þjóðskrár | 8,0 |
| **08-201-6.01** | **Tryggingastofnun ríkisins. Tæki og búnaður** | |
| | Rafræn þjónustugátt í þágu almennings | 5,0 |
| **08-399-6.91** | **Heilbrigðismál, ýmis starfsemi** | |
| | Human - Heilsufarsupplýsingar mínar á netinu | 5,0 |
| | Heilsuvefur | 5,0 |
| **09-999-6.95** | **Ýmislegt. Ýmis verkefni** | |
| | Rafræn opinber innkaup. | 26,0 |
| | Rafræn skilríki | 38,0 |
| **10-512-1.01** | **Póst- og fjarskiptastofnunin** | |
| | Leiðbeiningar um örugga netnotkun | 5,0 |
| **11-201-1.01** | **Iðntæknistofnun Íslands** | |
| | Gagnvirk þjónustumiðstöð um stofnun og rekstur fyrirtækja | 5,0 |
| **11-301-1.01** | **Orkustofnun** | |
| | Náttúruvefsjá | 5,0 |
| **12-425-1.01** | **Talsmaður neytenda** | |
| | Leiðakerfi neytenda | 5,0 |
| | **Samtals** | **200,0** |
| | Frestun stofnkostnaðar til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnar. | -8,1 |

Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir útgjöldunum á fjárlagaliðum viðkomandi aðila sem annast um verkefnin. Verkefnin, sem þessu tengjast, eru samþykkt af verkefnisstjórn á vegum forsætisráðuneytisins og fjármögnuð með sérstakri fjárveitingu sem stjórnin skiptir niður á umsóknir. Með örfáum undantekningum er gerð krafa um að minnsta kosti jafn hátt mótframlag frá hlutaðeigandi ráðuneytum vegna þessara verkefna. Verkefnisstjórnin skipti samtals 200 m.kr. til upplýsingaverkefna í frumvarpinu en þegar tekið er tillit til mótframlaga er í heildina áætlað að verja um 400 m.kr. til þeirra. Á móti kemur að í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um frestun framkvæmda er gert ráð fyrir að dregið verði úr þessum útgjöldum sem nemur 8,1 m.kr. samkvæmt nánari útfærslu hjá einstökum ráðuneytum. Við mat á umsóknum að þessu sinni var tekið mið af nýlegri könnun sem sýnir

að þrátt fyrir mikla tölvueign landsmanna og mikla netnotkun er rafrænt aðgengi að opinberri þjónustu ekki talið nægjanlegt. Var það mat verkefnisstjórnar að líta bæri sérstaklega til þessa veikleika en einnig til yfirlýsingar ráðherra Evrópusambandsins og EFTA-ríkja, sem undirrituð var í Manchester í nóvember 2005, um að lögð skuli sérstök áhersla á að efla aðgengi að rafrænni opinberri stjórnsýslu fram til ársins 2010.

### 3.5 Safnliðir

Alþingi ákveður fjárframlög til einstakra verkefna og stofnana og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Nauðsynlegt er þó fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga og færa fjárheimildir á þá fjárlagaliði þar sem stofnað er til þeirra. Þannig eru í frumvarpinu tilteknir safnliðir með óskiptum fjárheimildum sem venja hefur verið að ráðstafa innan ársins með millifærslu á aðra fjárlagaliði án þess að sækja þurfi til þess heimild Alþingis enda er heildarfjárheimild óbreytt eftir sem áður. Í lok greinargerðar um hvert ráðuneyti í skýringum með frumvarpinu er yfirlit yfir slík viðfangsefni með óskiptum fjárheimildum sem ætlaðar eru til að mæta ýmsum sameiginlegum eða ófyrirséðum kostnaði tiltekinna verkefna. Fjárheimildir eru millifærðar af þessum viðfangsefnum á önnur viðfangsefni þar sem viðkomandi kostnaður er gjaldfærður miðað við framvinduna innan ársins. Eru millifærslurnar í samræmi við þær forsendur og þau verkefni sem liðirnir ná yfir. Má þar t.d. nefna safnliði vegna fjárfestinga, launa- og verðlagsbreytinga, sameiginleg útgjöld vegna heimildagreinar fjárlaga, ráðstöfunarfé ráðherra og safnliði fyrir vissa flokka samstæðra stofnana til að mæta breytingum á forsendum um nemendafjölda eða nýtingu hjúkrunarrýma o.fl. Verði breytingar á forsendum, t.d. um nýtingu hjúkrunarrýma, er millifært af viðkomandi safnlið á viðkomandi hjúkrunarheimili ef nýtingin er meiri en af hjúkrunarheimilinu á safnliðinn ef nýtingin reynist minni en áætlað var í fjárlögum. Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimildir á milli einstakra rekstrarviðfangsefna hvers ríkisaðila í A-hluta. Er heimildin til komin þar sem áætlanir geta breyst um hvernig verkefni skipast innan hverrar stofnunar og ekki talin ástæða til að leggja hvert slíkt tilvik fyrir Alþingi. Ekki er um að ræða að heimilt sé að millifæra fjárheimildir ef t.d. verkefni er fært frá einni stofnun til annarrar eða ef áformað er að nota ónýtta stofnkostnaðarheimild til reksturs. Í slíkum tilvikum er sótt um breytingu til Alþingis í fjáraukalögum. Ekki er um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár. Var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 í fyrsta sinn birt yfirlit yfir millifærsluliði hjá hverju ráðuneyti en ekki þótti nægjanlega skýrt við samþykkt fjárlaga hve víðtækar heimildir framkvæmdarvaldið hefði í þessum efnum. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og því eðlilegt að við afgreiðslu fjárlaga liggi fyrir hvert svigrúm framkvæmdarvaldsins er til að millifæra fjárheimildir á milli fjárlagaliða innan ársins.

Fjármálaráðuneytið hefur gert viðmiðunarreglur um millifærslur fjárheimilda innan ársins og eru þær eftirfarandi:

Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimild milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar enda séu verkefnin skilgreind í fjárlögum. Með ákvæðinu er komið á móts við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna sinna. Einnig eru í fjárlögum óskiptir safnliðir sem hafa verið notaðir til að mæta ýmsum sameiginlegum kostnaði og millifært er af milli fjárlagaliða. Er í fjárlagafrumvarpi birtur listi yfir þá liði. Tilvik, sem fela í sér greiðslu kostnaðarhlutdeildar, kaup eða sölu þjónustu milli verkefna, skulu hins vegar gerð með útgáfu reiknings sem færist til gjalda og tekna í bókhaldi á viðkomandi verkefni. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á millifærslu fjárheimilda samkvæmt reglum þessum og að fjárheimildir séu fyrir hendi en fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með millifærslunum og heldur skrá með skýringum um einstakar millifærslur.

1. Alþingi ákvarðar fjárheimildir einstakra fjárlagaliða og verkefna í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum.

2. Eftir afgreiðslu fjárlaga er heimilt að millifæra fjárheimildir innan fjárlagaársins á milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A-hluta enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum, sbr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

3. Sé talið nauðsynlegt að millifæra fjárheimildir á fjárlagaliði eða viðfangsefni, sem ekki eru tilgreind í fjárlögum og stofna nýjan fjárlagalið eða viðfangsefni innan ársins, skal Fjársýsla ríkisins hafa samráð við fjárlagaskrifstofu um það.

4. Óheimilt er að millifæra fjárheimildir á milli framkvæmdaviðfangsefna (stofnkostnaðar- og viðhaldsviðfangsefna) og rekstrarviðfangsefna, sbr. lið 2, nema Alþingi veiti heimild til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

5. Tilteknir fjárlagaliðir og viðfangsefni eru skilgreind sem safnliðir með óskiptri fjárheimild og er þeim ætlað að mæta ýmsum kostnaði við sameiginleg verkefni ráðuneyta eða samstæðra stofnana. Sumir safnliðir fjárlaga eru ætlaðir til að millifæra fjárheimildir til stofnana þar sem framlög til þeirra eru ákvörðuð miðað við tilteknar forsendur um þjónustu eða framleiðslu og endanleg fjárheimild á að ráðast af uppgjöri á því magni þjónustu sem veitt er, svo sem fjölda nemenda eða legurýma. Heimilt er að millifæra fjárheimildir innan ársins af slíkum safnliðum til viðkomandi verkefna í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna eins og tilgreint er í fjárlagafrumvarpi.

6. Viðfangsefni fjárlaga, sem flokkast sem safnliðir, skulu einvörðungu notaðir til að flytja heimildir innan ársins á viðkomandi viðfangsefni þar sem efnt er til útgjaldanna og þau eru gjaldfærð. Sjálfir liðirnir skulu ekki notaðir til að færa gjöld eða tekjur í bókhaldi.

## 00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 2.444,5 | 2.672,5 | 2.989,9 | 12 | 22 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 61,5 | 56,8 | 56,8 | 0 | -8 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 217,5 | 126,6 | 58,3 | -54 | -73 |
| **Samtals** | **2.723,5** | **2.855,9** | **3.105,0** | **9** | **14** |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 2.855,9 | 3.105,0 | 9 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | | | - | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals** | - | **2.855,9** | **3.105,0** | **9** | - |

Heildargjöld á fjárlagaliðum æðstu stjórnar ríkisins árið 2007 eru áætluð um 3.135 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 30 m.kr. og nema þær tæplega 1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.105 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.990 m.kr. og hækka um 317 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 150 m.kr. tímabundið framlag vegna ársþings þingmannanefndar NATO sem haldið verður í Reykjavík haustið 2007 ásamt 52 m.kr. tímabundnu framlagi vegna kostnaðar við áætluð biðlaun í kjölfar alþingiskosninga og aukinn ferðakostnað alþingismanna á kosningarári. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna og nema þau alls 24 m.kr.


Neyslu- og rekstrartilfærslur nema 56,8 m.kr. og eru óbreyttar frá fjárlögum 2006.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 58 m.kr. og er það 68 m.kr. lækkun milli ára. Helstu breytingar eru þær að niður falla alls 66 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

**Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlaga-frumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Embætti forseta Íslands | 183 | 185 | 187 | 189 |
| Alþingi og stofnanir þess | 2.591 | 2.412 | 2.435 | 2.458 |
| Ríkisstjórn | 215 | 215 | 215 | 215 |
| Hæstiréttur | 117 | 117 | 117 | 117 |
| **Samtals** | **3.106** | **2.929** | **2.954** | **2.979** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlaga-frumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Í áætluninni hefur verið tekið tillit til framlaga sem veitt eru tímabundið til verkefna og falla niður á tímabilinu. Munar þar mest um að árið 2008 fellur niður hjá Alþingi 150 m.kr. framlag vegna NATO þings og 52 m.kr. framlag vegna áætlaðra biðlauna og ferðakostnaðar á kosningaári.

Forsendur útgjaldaáætlunarinnar fyrir æðstu stjórn ríkisins eru lítið breyttar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006.

**Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar á fjárveitingum stofnana sem tilheyra æðstu stjórn ríkisins.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Embætti forseta Íslands | 177,3 | 177,0 | 182,7 | 3,2 | 3,0 |
| Alþingi | 1.825,8 | 1.852,9 | 2.090,5 | 12,8 | 14,5 |
| Framkvæmdir á Alþingisreit | 7,9 | 10,0 | 0,0 | -100,0 | -100,0 |
| Ríkisstjórn | 182,5 | 211,3 | 214,9 | 1,7 | 17,8 |
| Hæstiréttur | 105,6 | 114,9 | 116,8 | 1,7 | 10,6 |
| Umboðsmaður Alþingis | 82,4 | 96,1 | 97,7 | 1,7 | 18,6 |
| Ríkisendurskoðun | 342,0 | 393,7 | 402,4 | 2,2 | 17,7 |
| **Samtals** | **2.723,5** | **2.855,9** | **3.105,0** | **8,7** | **14,0** |

***101 Embætti forseta Íslands.*** Gert er ráð fyrir 182,7 m.kr. fjárveitingu til embættisins á næsta ári og er það 5,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs en að frátöldum 7,5 m.kr. launa- og verðlagsbótum lækkar fjárveitingin um 1,8 m.kr. vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

***201 Alþingi.*** Framlög til Alþingis eru áætluð 2.090,5 m.kr. og hækka um 237,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum en að frátöldum 92,3 m.kr. launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 145,3 m.kr. Niður falla 68,5 m.kr. fjárveitingar sem veittar voru tímabundið á fjárlögum fyrri ára en á móti eru gerðar tillögur um ný framlög alls að fjárhæð 213,8 m.kr. Framlög til rekstrarverkefna nema 2.033,2 m.kr. og aukast að raungildi um 200,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Lögð er til 52 m.kr. tímabundin fjárveiting á viðfangsefni *1.01 Alþingiskostnaður* til að mæta útgjöldum vegna biðlauna og viðbótar þingfararkaups í kjölfar alþingiskosninga og auknum ferðakostnaði þingmanna á kosningaári. Á viðfangsefni *1.04 Alþjóðasamstarf* er tillaga um 150 m.kr. tímabundið framlag til að standa straum af kostnaði við ársþing þingmannanefndar NATO sem fyrirhugað er að halda í Reykjavík haustið 2007, en á móti fellur niður 15 m.kr. tímabundið framlag vegna Eystrasaltsráðstefnunnar sem haldin var í Reykjavík í byrjun september. Loks er lögð til 13,6 m.kr. fjárveiting á viðfangsefni *1.06 Almennur*

*rekstur* til að styrkja upplýsinga- og tölvuþjónustu Alþingis með því meðal annars að standa straum af kostnaði við tvö ný stöðugildi og áskriftir að fjölmiðlatengdu efni. Framlög við viðhaldsverkefna á viðfangsefni *5.20 Fasteignir* verða 24 m.kr. og lækka því um 36 m.kr. frá gildandi fjárlögum þar sem niður falla tvenn tímabundin framlög, annars vegar 32 m.kr. framlag sem veitt var til utanhússviðhalds á Alþingishúsinu og hins vegar 4 m.kr. framlag sem veitt var til endurbóta á fræðimannsíbúð Alþingis í Kaupmannahöfn. Framlög við stofnkostnaðarverkefna á viðfangsefni *6.01 Tæki og búnaður* verða 33,3 m.kr. og lækka um 19,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Niður falla þrenn tímabundin framlög. Í fyrsta lagi 10 m.kr. til endurgerðar á upplýsingakerfum Alþingis, í öðru lagi 4 m.kr. til kaupa á innréttingum fyrir skjalasafn og í þriðja lagi 3,5 m.kr. til kaupa á nýrri upptökuvél í þingsal. Loks er gert ráð fyrir 1,8 m.kr. tímabundinni lækkun stofnkostnaðar til að mæta aðhaldskröfu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir gjöld og fjárveitingar Alþingis.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Alþingiskostnaður | 654,0 | 718,4 | 798,5 | 11,1 | 22,1 |
| Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka | 55,0 | 55,0 | 55,0 | 0,0 | 0,0 |
| Fastanefndir | 7,7 | 16,9 | 17,5 | 3,6 | 127,3 |
| Alþjóðasamstarf | 98,6 | 82,3 | 247,4 | 200,6 | 150,9 |
| Almennur rekstur | 627,2 | 673,6 | 712,4 | 5,8 | 13,6 |
| Sérverkefni | 23,5 | 30,4 | 31,6 | 3,9 | 34,5 |
| Rekstur fasteigna | 150,2 | 163,7 | 170,8 | 4,3 | 13,7 |
| Fasteignir | 133,6 | 60,0 | 24,0 | -60,0 | -82,0 |
| Tæki og búnaður | 76,0 | 52,6 | 33,3 | -36,7 | -56,2 |
| **Samtals** | **1.825,8** | **1.852,9** | **2.090,5** | **12,8** | **14,5** |

***205 Framkvæmdir á Alþingisreit.*** Niður fellur 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2006 til skipulags- og hönnunarvinnu á reitnum.

***610 Umboðsmaður Alþingis.*** Gert er ráð fyrir 97,7 m.kr. fjárveitingu til embættisins sem er 1,6 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum 4,4 m.kr. launa- og verðlagsbótum lækkar fjárveiting um 2,8 m.kr. Breytingar eru þær að niður falla tvenn framlög sem veitt voru tímabundið á fjárlögum 2006, annars vegar 1,5 m.kr. sem veitt var til vinnu við fræðsluefni um stjórnsýslureglur og hins vegar 1,3 m.kr. sem veitt var til endurnýjunar á tölvubúnaði.

***620 Ríkisendurskoðun.*** Gert er ráð fyrir 402,4 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og er það 8,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagsbætur eru 17,7 m.kr. og lækkar fjárveiting stofnunarinnar því að raungildi um 9 m.kr. Niður fellur 6 m.kr.

tímabundið framlag til endurnýjunar á bifreið og 3 m.kr. tímabundið framlag vegna stjórnarfundar samtaka evrópskra ríkisendurskoðenda.

## 01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 1.477,6 | 719,7 | 724,8 | 1 | -51 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 452,3 | 261,0 | 276,9 | 6 | -39 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 100,5 | 148,4 | 159,7 | 8 | 59 |
| **Samtals** | **2.030,4** | **1.129,1** | **1.161,4** | **3** | **-43** |
| | | | | | |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 1.129,1 | 1.161,4 | 3 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | | | - | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals** | - | **1.129,1** | **1.161,4** | **3** | - |

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 1.190 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 29 m.kr. en þær nema 2,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.161 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 725 m.kr. og hækka um 5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar mest um 5,5 m.kr. hækkun fjárveitingar til Umboðsmanns barna. Þá er gert ráð fyrir 32 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitinga vegna breyttrar forgangsröðunar og áforma um að draga úr rekstrarumfangi.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 16 m.kr. og verða 277 m.kr. en eru 261 m.kr. í fjárlögum ársins 2006. Þar af eru 15 m.kr. vegna verðlagsuppfærslu og eru raunbreytingar því litlar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 160 m.kr. og er það 11 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar liggja í 19 m.kr. hækkun til Íslenska upplýsingasamfélagsins, 3 m.kr. lækkun á framlagi til að ljúka endurbótum og frágangi við Gljúfrastein og 2 m.kr. lækkun á framlögum til viðhaldsverkefna hjá Fasteignum forsætisráðuneytis.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

**Útgjöld forsætisráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 483 | 453 | 444 | 443 |
| Annað | 679 | 797 | 802 | 799 |
| **Samtals** | **1.162** | **1.250** | **1.246** | **1.242** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Í áætluninni hefur verið tekið tillit til framlaga sem veitt eru tímabundið til verkefna og falla niður á tímabilinu. Sem dæmi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til Stjórnarskrárnefndar og Jöklaseturs á Höfn falli niður árið 2008, auk þess sem framlag til Óbyggðanefndar lækki, samningsbundið framlag til Vesturfarasetursins lækki árið 2009 og framlag til viðhalds fasteigna lækki árið 2010. Aftur á móti er reiknað með að framlag til Íslenska upplýsingasamfélagsins hækki um tæpar 130 m.kr. árið 2008.

Forsendur útgjaldaáætlunarinnar fyrir forsætisráðuneytið eru lítið breyttar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006.

**Skuldbindandi samningar**

Forsætisráðuneytið hefur gert samninga við Vesturfarasetrið á Hofsósi, eins og tilgreint er í töflunni hér fyrir neðan, um uppbyggingu á þorpskjarnanum á Hofsósi og þjónustu á sviði menningartengsla milli Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður-Ameríku. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2007 og miðast við hámarksskuldbindingu.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Teg. | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vesturfarasetrið á Hofsósi | | 22,0 | 23,0 | 23,0 | 11,0 | 11,0 |
| **Samtals** | | **22,0** | **23,0** | **23,0** | **11,0** | **11,0** |

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa | 199,6 | 242,6 | 250,9 | 3,4 | 25,7 |
| Ýmis verkefni | 1.078,7 | 252,9 | 226,8 | -10,3 | -79,0 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 5,0 | 5,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **1.278,3** | **500,5** | **482,7** | **-3,6** | **-62,2** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 31 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að vegna aðhaldskröfu og breytinga á forgangsröðun innan ramma langtímaáætlunar er gert ráð fyrir að framlag til Handverks og hönnunar falli niður, en verkefnið hefur 7,9 m.kr. framlag á fjárlögum 2006, auk þess sem fjárveitingar Evrópunefndar og Stjórnarskrár-

nefndar lækka um 7 m.kr. hvor og fjárveiting vegna útboðs- og einkavæðingarverkefna lækkar um 4 m.kr.

***101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Gert er ráð fyrir 250,9 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það 8,3 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækkar fjárveiting um 2,6 m.kr. vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar.

***190 Ýmis verkefni.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 226,8 m.kr. og jafngildir það 28,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar á framlögum eru: Á viðfangsefni *1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar* fellur niður 7,9 m.kr. fjárveiting þar sem samningur um stuðning ríkissjóðs við verkefnið rennur út í árslok 2006. Á viðfangsefni *1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni* lækkar fjárveiting um 4 m.kr. vegna aðhaldskröfu. Á viðfangsefnum *1.16 Evrópunefnd* og *1.18 Stjórnarskrárnefnd* lækka fjárveitingar um 7 m.kr. vegna aðhaldskröfu. Á viðfangsefni *1.23 Hrafnseyri* fellur niður 1 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið til reksturs sumarháskóla í safnafræði. Á viðfangsefni *1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi* er lagt til að 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt hefur verið sl. fjögur ár hækki í 11 m.kr. og framlengist um fjögur ár. Í undirbúningi er endurskoðun samnings milli Vesturfarasetursins á Hofsósi og forsætisráðuneytis um áframhald verkefnisins um að safnið veiti upplýsingar til Vestur-Íslendinga um rætur þeirra hér á landi, menningarlega og félagslega arfleifð, íslenska ættingja, sögu og búferlaflutninga til Vesturheims. Þá mun Vesturfarasetrið veita Íslendingum upplýsingar um þá sem fluttust til Vesturheims, afkomendur þeirra og sögu. Áætlað er að samningurinn verði til næstu fjögurra ára, 2007-2010. Á viðfangsefni *1.90 Ýmis verkefni* eru tvær breytingar. Annars vegar lækkar framlag til nefndar um stöðu íslensku fjölskyldunnar úr 7 m.kr. í 3,5 m.kr. vegna aðhaldskröfu en hins vegar er lagt til að veitt verði 1 m.kr. tímabundið framlag til gera upp píanó sem upphaflega var gjöf frá Norðmanninum Kaptein Thor Ödegård til íslensku þjóðarinnar og ráðstafað var til Héraðsskólans að Reykjum. Aðrar breytingar fjárveitinga á þessum fjárlagalið skýrast af launa- og verðlagsbótum.

**Annað**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Þjóðmenningarhúsið; 253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignir forsætisráðuneytis | 97,2 | 74,6 | 74,9 | 0,4 | -22,9 |
| Fasteignir Stjórnarráðsins | 15,7 | 25,0 | 23,7 | -5,2 | 51,0 |
| Norræna ráðherranefndin | 127,6 | 119,8 | 134,7 | 12,4 | 5,6 |
| Umboðsmaður barna | 25,3 | 27,4 | 34,2 | 24,8 | 35,2 |
| Þjóðmenningarhúsið | 83,5 | 81,4 | 85,1 | 4,5 | 1,9 |
| Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn | 8,1 | 7,8 | 9,0 | 15,4 | 11,1 |
| Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini | 31,8 | 31,9 | 30,1 | -5,6 | -5,3 |
| Óbyggðanefnd | 75,3 | 81,6 | 85,6 | 4,9 | 13,7 |
| Ríkislögmaður | 49,3 | 54,9 | 57,4 | 4,6 | 16,4 |
| Kristnihátíðarsjóður | 153,6 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 83,1 | 73,7 | 74,2 | 0,7 | -10,7 |
| Ísl. uppl.samfélagið, sameiginleg verkefni ráðun. | 1,6 | 50,5 | 69,8 | 38,2 | - |
| **Samtals** | **752,1** | **628,6** | **678,7** | **8,0** | **-9,8** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 16,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbætur. Munar mest um 19,3 m.kr. hækkun á framlögum til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins og 5,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Umboðsmanns barna. Fjárveitingar til annarra fjárlagaliða málefnaflokksins lækka. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

***201 Fasteignir forsætisráðuneytis.*** Gert er ráð fyrir 74,9 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem er 0,3 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækkar fjárveitingin um 2 m.kr. Lagt er til að sérstök fjárveiting til brýnna viðhaldsverkefna sem veitt var tímabundið til þriggja ára á fjárlögum 2004 og er 10 m.kr. á fjárlögum yfirstandandi árs falli ekki niður en framlengist um þrjú ár en lækki um 2 m.kr. og verði 8 m.kr. Vegna brýnna viðhaldsverkefna framundan er talið nauðsynlegt að fjárveitingin haldist a.m.k. næstu þrjú árin. Auk viðhalds þeirra eigna er undir fasteignir forsætisráðuneytis heyra eru fyrirséðar framkvæmdir er m.a. snúa að öryggiskerfum ráðuneytisins, ríkisstjórnar, híbýlum ráðherra og eignum í starfsemi embættis forseta Íslands.

***203 Fasteignir Stjórnarráðsins.*** Vegna kröfu um aðhald í ríkisútgjöldum er gert ráð fyrir að fjárveiting til liðarins lækki tímabundið um 1,3 m.kr. og verði 23,7 m.kr.

***241 Umboðsmaður barna.*** Gert er ráð fyrir 34,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 5,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin er lögð til í því skyni að bæta megi við einu stöðugildi sérfræðings hjá embættinu en þar starfa nú þrír fastráðnir starfsmenn og hefur fjöldi stöðugilda verið óbreyttur frá árinu 1996. Vegna

fjölgunar erinda sem embættinu berast og aukinni umsýslu er talið nauðsynlegt að fjölga um eitt stöðugildi svo embættið geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og sýnt það frumkvæði sem því er ætlað í veigamiklum málaflokkum.

*255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini.* Gert er ráð fyrir 30,1 m.kr. fjárveitingu til safnsins og jafngildir það 3,1 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lagt er til að 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2006 til endurbóta á Gljúfrasteini og frágangs lóðar framlengist um eitt ár og verði 2 m.kr. Þegar upphaflega var hafist handa um endurbætur og lagfæringar á Gljúfrasteini var ákveðið að fresta ýmsum frágangsverkefnum á húsi, lóð og umhverfi sem mikilvægt er nú að ljúka. Eins reyndust útveggir hússins í verra ásigkomulagi en talið var við skoðun þegar að viðgerð kom. Vegna aðhaldskröfu lækkar stofnkostnaðarfjárveiting auk þess tímabundið um 0,1 m.kr.

*902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.* Gert er ráð fyrir 74,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 1,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs þar sem fjárveiting til nýframkvæmda lækkar tímabundið vegna kröfu um aðhald í ríkisútgjöldum.

*996 Íslenska upplýsingasamfélagið.* Gert er ráð fyrir 69,8 m.kr. fjárveitingu til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins hjá forsætisráðuneyti sem sameiginleg eru öllum ráðuneytum og hækkar fjárveitingin um 19,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Fjárveitingar eru til eftirfarandi verkefna: Ísland.is, þróun og samræming verkefna 40 m.kr., Stoðverkefni rafrænnar stjórnsýslu 15 m.kr., Upplýsingabraut kerfa ríkis og sveitarfélaga 10 m.kr. og Rafræn eyðublöð - rafrænar greiðslur 10 m.kr. Vegna kröfu um aukið aðhald í ríkisútgjöldum lækka framangreindar fjárveitingar alls um 5,2 m.kr.

**Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 01-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra ..... | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |

## 02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 24.546,7 | 26.301,1 | 28.847,2 | 10 | 18 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 11.449,3 | 12.331,0 | 13.768,4 | 12 | 20 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 1.753,5 | 2.503,3 | 2.072,4 | -17 | 18 |
| **Samtals** | **37.749,5** | **41.135,4** | **44.688,0** | **9** | **18** |
| | | | | | |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 37.128,4 | 40.487,4 | 9 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 4.007,0 | 4.200,6 | 5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | 0 | - |
| **Samtals** | - | **41.135,4** | **44.688,0** | **9** | - |

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 48.581 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.893 m.kr. en þær nema 8,0% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 44.688 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 40.487 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 4.201 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 28.847 m.kr. og hækka um 2.546 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana sem nema 1.398 m.kr. munar þar mest um 507 m.kr. hækkun til kennslu og rannsókna í háskólum, 500 m.kr. vegna fjölgunar nemenda á framhaldsskólastigi, 116 m.kr. vegna endur áætlaðra launabóta fyrir árið 2006, 100 m.kr. vegna námsefnisgerðar í framhaldsskólum, og 90 m.kr. í tengslum við breytta námsskipan. Breytt skipting á gjaldategundir skýrir u.þ.b. 113 m.kr. hækkun. Á móti koma lækkanir um samtals 89 vegna niðurfellingar á tímabundnum verkefnum. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 431 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 1.437 m.kr. og verða 13.768 m.kr. en eru 12.331 m.kr. í fjárlögum ársins 2006. Auk launa- og verðlagshækkana sem nema 535 m.kr. munar þar mest um 193 m.kr. hækkunar til rannsóknasjóða og alþjóðlegs samstarfs, 280 m.kr. til námskeiðahalds og endurmenntunar einstaklinga á vinnumarkaði, 474 m.kr. hækkun vegna fjölgun lánþega hjá Lánasjóði Íslenskra námsmanna og hækkun útlána og 230 m.kr. vegna áætlunar um auknar tekjur af afnotagjöldum RÚV. Breytt skipting á gjaldategundir skýrir u.þ.b. 65 m.kr. lækkun. Á móti falla niður tímabundin verkefni 289 m.kr. og vegna áforma um hagræðingu lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um 78 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.072 m.kr. og er það 431 m.kr. lækkun milli ára. Munar þar mest um 261 m.kr. niðurfellingu tímabundina verkefna, 102 m.kr. vegna ákvörðunar um að draga úr framlögum til stofnkostnaðar um 5%. Breytt skipting á gjaldategundir skýrir u.þ.b. 48 m.kr. lækkun.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

**Útgjöld menntamálaráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 596 | 601 | 607 | 613 |
| Háskólar og rannsóknir | 13.982 | 14.305 | 14.703 | 15.212 |
| Framhaldsskólar | 15.565 | 16.001 | 16.424 | 16.860 |
| Grunnskólar | 478 | 482 | 486 | 490 |
| Námsaðstoð | 5.941 | 6.246 | 6.552 | 6.858 |
| Söfn, listastofnanir o.fl. | 7.164 | 7.158 | 7.199 | 7.548 |
| Annað | 964 | 928 | 864 | 865 |
| **Samtals** | **44.690** | **45.721** | **46.835** | **48.446** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reiknforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka menntamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til háskóla og rannsókna aukist um hátt í 3,5% á ári og er áætlunin óbreytt frá útgjaldaspá í frumvarpi til fjárlaga 2006. Skýrist aukningin einkum af því að reiknað er með fjölgun háskólanemenda og auknum framlögum til rannsóknasjóða í samræmi við stefnumörkun þar að lútandi. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld sem falla undir framhaldsskóla vaxi árlega um nálægt 3% að meðaltali, aðallega vegna fjölgunar nemenda. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að fjölgun þeirra sem taka námslán auki útgjöld um nálægt 5% á ári. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir um 325 m.kr. hækkun árið 2010 vegna Tónlistar- og ráðstefnuhúss. Í fimmta lagi er áætlað að tímabundnar frestanir framkvæmda á stofnkostnaðarliðum ráðuneytisins að fjárhæð 300 m.kr. gangi til baka. Í sjötta lagi er reiknað með 300 m.kr. útgjöldum árin 2008 og 2009 og 400 m.kr. árið 2010 vegna húsnæðis Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í sjöunda og síðasta lagi er miðað við að tímabundin útgjöld falli niður á tímabilinu. Þar munar mest um 390 m.kr. til framkvæmda háskóla, 100 m.kr. stofnstyrki til safna og menningarhúsa og 80 m.kr. vegna styrkja til íþróttamannvirkja.

Forsendur útgjaldaáætlunarinnar fyrir menntamálaráðuneytið eru lítið breyttar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006.

**Skuldbindandi samningar**

Menntamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 4.785 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 18,2% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2006, eru á áætluðu verðlagi ársins 2007 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.Vakin er athygli á því að í töflunni eru aðeins tilgreindir samningar að fjárhæð 5 m.kr. og yfir.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Teg. | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Akureyrarbær, menningarmál í bænum | A | 90 | 90 | 90 | 90 | - |
| Háskólinn í Reykjavík, háskólanám | A | 1.373 | 1.597 | 1.597 | 1.597 | - |
| Listaháskóli Íslands, háskólanám | A | 507 | 545 | 545 | 545 | - |
| Reykholtskirkja - stofnstyrkur | A | 5 | 5 | 5 | 5 | - |
| Safnahús í Búðardal | A | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 |
| Síldarminjasafn á Siglufirði, stofnkostnaður | A | 15 | 15 | 10 | - | - |
| Stoðþjónusta, viðhald og leiga lðnsk. í Hafnarf. | A | 88 | 88 | 88 | 88 | 88 |
| Verzlunarskóli Íslands, framhaldsskólanám | A | 745 | 786 | 786 | 786 | - |
| Viðskiptaháskólinn á Bifröst | A | 217 | 246 | 246 | 246 | - |
| Víkingsnaust | A | 20 | 20 | 20 | 20 | 20 |
| Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum | B | 40 | 40 | - | - | - |
| Íslenska óperan | B | 176 | 176 | 176 | 176 | - |
| Menningarsamstarf á Austurlandi | B | 37 | 38 | 38 | 38 | - |
| Menningarsamstarf á Vesturlandi | B | 25 | 26 | 27 | - | - |
| Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri, stofnk. | C | 30 | 35 | 35 | - | - |
| Afreksmannasjóður ÍSÍ | C | 30 | 30 | 30 | - | - |
| Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli, stofnk. | C | 50 | 50 | 50 | - | - |
| Dansmennt ehf. v. listdanskennslu í frh.sk. | C | 45 | 45 | 45 | 45 | - |
| Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála | C | 5 | 5 | - | - | - |
| Feneyjartvíæringurinn 2007 | C | 5 | 8 | - | - | - |
| Fræðslumiðstöð atvinnulífsins | C | 166 | 299 | 299 | 299 | - |
| Fullorðinsfræðsla fatlaðra | C | 185 | 185 | - | - | - |
| Hafnarfjarðarleikhúsið, leiklistarstarfsemi | C | 18 | 20 | 20 | 20 | - |
| Háhraðanet frh.sk. og símenntunarmiðst. | C | 147 | 37 | - | - | - |
| Háskólasetur Vestfjarða | C | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 |
| Hraðbraut, framhaldsskóli | C | 163 | 163 | 163 | 163 | 163 |
| Húsavíkurskólinn Hallormsstað, framh.skóli | C | 20 | 21 | 21 | 21 | 21 |
| Húsavíkurskólinn í Reykjavík, framh.skóli | C | 24 | 25 | 25 | 25 | 25 |
| Kammersveit Reykjavíkur | C | 5 | 5 | - | - | - |
| Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar | C | 18 | 18 | - | - | - |
| Listahátíð í Reykjavík | C | 31 | 32 | 32 | 32 | 32 |
| Lundur, nemendagarðar | C | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 |
| Lyfjaeftirlit með íþróttamönnum | C | 7 | 10 | 10 | - | - |
| Menntafélagið ehf, Fjöltækniskóli Íslands | C | 252 | 280 | 280 | 280 | 280 |
| Menntaskóli Borgarfjarðar | C | - | 52 | 52 | 52 | 52 |
| Námsmatsstofnun vegna PISA | C | 13 | 1 | - | - | - |
| Námsmatsstofnun vegna Pirls | C | 9 | 1 | - | - | - |
| Olweusarverkefnið | C | 5 | 5 | 5 | - | - |
| Reykjavíkurakademían | C | 12 | 12 | - | - | - |
| Sérsambönd ÍSÍ | C | 30 | 40 | 60 | 70 | - |
| Símenntunarmiðstöðvar á 7 stöðum | C | 69 | 72 | 72 | 72 | 72 |
| Snorrastofa í Reykholti - rekstur | C | 6 | 6 | - | - | - |
| Upplýsingaþjónusta iðn- og verknáms | C | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 |
| Þekkingarnet Austurlands | C | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 |
| Þekkingarsetur Þingeyinga | C | 22 | 22 | 22 | 22 | 22 |
| **Samtals** | | **4.785** | **5.231** | **4.929** | **4.772** | **854** |

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem menntamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 3.070 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 278 m.kr. Að lokum eru 1.437 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem menntamálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 4,8 milljarðar bundnir árlega vegna framangreindra verkefna.

Lokið er samningum um Safnahús í Búðardal, Víkingsnaust í Reykjanesbæ, Feneyjartvíæring 2007, Dansmennt ehf. um listdanskennslu, Menntaskóla Borgarfjarðar, Háskólasetur Vestfjarðar, Þekkingarsetur Þingeyinga og Þekkingarnet Austurlands. Samningar við símenntunarstöðvar eru gerðir árlega. Samningar við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið endurnýjaður og fyrirhugað er að endurnýjun samnings um Höfundarréttargreiðslur. Þá er unnið að samningum um lyfjaeftirlit og við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands m.a. vegna sérsambanda.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 551,5 | 553,6 | 577,6 | 4,3 | 4,7 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 18,0 | 18,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **551,5** | **571,6** | **595,6** | **4,2** | **8,0** |

Heildar útgjöld eru áætluð 596 m.kr. og lækka um 2,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að millifærðar eru 9 m.kr. af lið *999-6.91 Þróunarmál í upplýsingatækni* vegna breytinga á þróunarverkefnum. Á móti er gert ráð fyrir lækkun 11,1 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í ríkisrekstri.

**Háskólar og rannsóknir**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201–203 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; 210 Háskólinn á Akureyri; 215 Kennaraháskóli Íslands; 223 Námsmatsstofnun; 225 Háskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknamiðstöð Íslands; 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora; 235–239 Rannsóknasjóðir; 269

Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Alþjóðleg samskipti. Fjárlagaliðirnir 204 Stofnun Sigurðar Nordal, 205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 206 Orðabók Háskólans, 207 Íslensk Málstöð og 208 Örnefnastofnun Íslands falla niður en 209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum kemur í þeirra stað.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Háskóli Íslands | 5.348,6 | 5.769,9 | 6.126,0 | 6,2 | 14,5 |
| Tilraunastöð Háskólans að Keldum | 146,6 | 140,9 | 151,8 | 7,7 | 3,5 |
| Raunvísindastofnun Háskólans | 287,8 | 278,4 | 335,9 | 20,7 | 16,7 |
| Stofnun Sigurðar Nordals | 12,9 | 24,4 | - | - | - |
| Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi | 115,8 | 116,1 | - | - | - |
| Orðabók Háskólans | 38,0 | 30,2 | - | - | - |
| Íslensk málstöð | 22,5 | 20,2 | - | - | - |
| Örnefnastofnun Íslands | 16,3 | 16,2 | - | - | - |
| Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum | - | - | 233,7 | - | - |
| Háskólinn á Akureyri | 1.068,9 | 955,1 | 1.076,1 | 12,7 | 0,7 |
| Kennaraháskóli Íslands | 1.382,6 | 1.460,7 | 1.564,4 | 7,1 | 13,1 |
| Námsmatsstofnun | 66,6 | 27,2 | 97,4 | 258,1 | 46,2 |
| Háskólinn á Bifröst | 203,0 | 217,2 | 246,3 | 13,4 | 21,3 |
| Háskólinn í Reykjavík | 864,3 | 1.373,6 | 1.597,4 | 16,3 | 84,8 |
| Listaháskóli Íslands | 485,4 | 506,7 | 544,6 | 7,5 | 12,2 |
| Rannsóknamiðstöð Íslands | 105,7 | 121,5 | 130,1 | 7,1 | 23,1 |
| Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora | 0,0 | 126,3 | 128,4 | 1,7 | - |
| Markáætlun á sviði vísinda og tækni | 59,2 | 110,0 | 104,5 | -5,0 | 76,5 |
| Rannsóknasjóður | 474,3 | 550,0 | 590,0 | 7,3 | 24,4 |
| Tækjasjóður | 157,7 | 110,0 | 110,0 | 0,0 | -30,2 |
| Rannsóknarnámssjóður | 62,3 | 60,0 | 80,0 | 33,3 | 28,4 |
| Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk. | 122,7 | 70,0 | 66,8 | -4,6 | -45,6 |
| Háskóla- og rannsóknastarfsemi | 74,4 | 174,6 | 180,5 | 3,4 | 142,6 |
| Alþjóðleg samskipti | 449,9 | 409,8 | 617,9 | 50,8 | 37,3 |
| **Samtals** | **11.565,5** | **12.669,0** | **13.981,8** | **10,4** | **20,9** |

Heildargjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 16.650,9 m.kr. sem er 1.470,9 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 9,7%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 2.669,1 m.kr. sem er 158,4 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 13.981,8 m.kr. og hækka um 1.312,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, þar af eru launa- og verðlagshækkanir 598,6 m.kr.

Stærstur hluti útgjalda málaflokksins eru rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur, 13.123,5 m.kr. og hækkar um 750,9 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Stofnkostnaður lækkar um 36,7 m.kr. Áætlað að háskólarnir innheimti 504 m.kr. ríkistekjur vegna innritunargjalda sem er hækkun um 10,1 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Þyngst vegur 507,1 m.kr. hækkun til kennslu og rannsókna í háskólum, 133 m.kr. hækkun aðildargjalda að áætlunum Evrópusambandsins, 65 m.kr. hækkun í rannsóknarsjóði auk þess sem 65,5 m.kr. eru millifærðar á *223 Námsmatsstofnun* af *720 Grunnskólar, samræmd próf.* Aðrar breytingar nema 79 m.kr. Á móti lækka rekstrarframlög um 135,4 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum.

Fjárveitingar til kennslu og rannsókna í háskólum eru ekki aðgreindar í frumvarpinu á mismunandi viðfangsefnaliðum hjá hverjum skóla eins og lengi tíðkaðist. Fyrirkomulaginu var breytt í fjárlögum yfirstandandi árs. Menntamálaráðuneytið áætlar þó, með sama hætti og áður, skiptingu þeirra á grundvelli reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla og samninga við skólana. Skólarnir eru ekki bundnir af þeirri skiptingu.

Fjárveitingu til kennsluþáttarins er skipt niður á grundvelli útreikninga sem byggjast á áætlun um fjölda og skiptingu ársnemenda í verðflokka náms. Að árinu loknu eru útreikningarnir endurteknir með rauntölum ársnemenda. Skólinn heldur fjárveitingu sinni ef endurtekinn útreikningur gefur meira en 98% af henni en getur ekki gert kröfu til viðbótarfjárveitingar þótt útreikningur gefi hærri niðurstöðutölu. Nánar er kveðið á um uppgjörsreglur í samningum menntamálaráðuneytisins og skólanna. Verðflokkar náms eru á bilinu frá 435 þús.kr. til 2.322 þús.kr. á ársnemanda áður en tilteknir liðir eru dregnir frá, m.a. hluti af tekjum skólanna af skrásetningargjöldum nemenda og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins. Þessir frádráttarliðir og framsetning þeirra í frumvarpinu gera það að verkum að ekki er hægt að bera saman útgjöld ríkisins vegna skólanna þótt allir fái þeir framlög samkvæmt sömu reglum.

| Verðflokkar, án frádráttarliða | Verð Þús.kr. | Verðhlut-fall |
|---|---|---|
| Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt. | 435 | 1,0 |
| Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt. | 690 | 1,6 |
| Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu. | 741 | 1,7 |
| Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga. | 781 | 1,8 |
| Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar. | 993 | 2,3 |
| Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun. | 1.392 | 3,2 |
| Nám í tannlækningum | 2.322 | 5,3 |

Verðflokkar listnáms á háskólastigi liggja ekki fyrir með sama hætti og vegna annars náms. Verð á ársnemanda í Listaháskólanum eru á bilinu 741 þús.kr. til 2.861 þús.kr. og eru framlög til rannsókna og þróunarstarfs innifalin.

Í frumvarpinu er framlag til kennslu miðað við 11.616 ársnemendur í háskólum. Þetta er fjölgun um 4,7% eða um 521 ársnema frá forsendum fjárlaga 2006. Fjárveitingar til kennslu í háskólum hækka um 336,1 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkun og er fjárhæðinni skipt á grundvelli reglna um fjárveitingar til háskóla og samninga menntamálaráðuneytisins við skólana. Á móti kemur 61,9 m.kr. lækkun kennsluframlaga til að mæta

markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum sem er skipt á skólana með breytingum á reiknilíkani sem liggur að baki reglunum.

| Ársnemendur | HÍ | KHÍ | HA | VHB | HR | LHÍ | Áætlað 2007 | Áætlað 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Félags- og mannvísindi | 3.600 | - | 490 | 440 | 900 | - | 5.430 | 5.230 |
| Tölvufræði og stærðfræði | 170 | - | 45 | - | 240 | - | 455 | 475 |
| Hjúkrunarfræði | 500 | - | 250 | - | - | - | 750 | 640 |
| Kennaranám o.þ.h. | 130 | 1.560 | 400 | - | 150 | 30 | 2.270 | 2.120 |
| Verk-, tækni-, efnafræði | 1.100 | - | 83 | - | 585 | 61 | 1.829 | 1.746 |
| Læknisfræði | 330 | - | - | - | - | - | 330 | 330 |
| Tannlækningar | 45 | - | - | - | - | - | 45 | 45 |
| Listnám | - | - | - | - | - | 282 | 282 | 284 |
| Framhaldsskólastig | - | - | - | 40 | 185 | - | 225 | 225 |
| **Samtals 2007** | **5.875** | **1.560** | **1.268** | **480** | **2.060** | **373** | **11.616** | **11.095** |
| **Áætlað 2006** | **5.665** | **1.500** | **1.185** | **440** | **1.940** | **365** | **11.095** | |
| Meðal verðhlutfall | 1,5 | 1,7 | 1,5 | 1,0 | 1,3 | 3,5 | 1,7 | |

Framlög til rannsóknarmála og tengdra verkefna aukast um 336 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Þar af hækka háskólar um 150 m.kr. að teknu tilliti til 21 m.kr. hagræðingarkröfu. Rannsóknasjóðir, stoðkerfi rannsókna og alþjóðlegt samstarf, sem þessu tengist hækkar um 186 m.kr. þegar 12,9 m.kr. hagræðingarkrafa hefur verið dregin frá.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Breyting kennsla verðlag 2006 | Breyting rannsóknir og annað verðlag 2006 | Kennsla, frumvarp 2007 | Rannsóknir og annað, frumvarp 2007 | Frumvarp 2007, alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Háskóli Íslands | 102,0 | 36,6 | 3.810,7 | 1.588,2 | 5.398,9 |
| Háskólinn á Akureyri | 30,9 | 40,0 | 810,0 | 266,1 | 1.076,1 |
| Kennaraháskóli Íslands | 31,3 | -2,4 | 1.160,2 | 404,2 | 1.564,4 |
| Háskólinn í Reykjavík | 92,3 | 61,3 | 1.280,5 | 316,8 | 1.597,4 |
| Háskólinn á Bifröst | 13,8 | 4,5 | 197,3 | 49,0 | 246,3 |
| Listaháskóli Íslands | 3,9 | 10,0 | 534,6 | 10,0 | 544,6 |
| **Samtals** | **274,2** | **150,0** | **7.793,3** | **2.634,4** | **10.427,8** |

**1. Háskóli Íslands og tengdar stofnanir.** Hér er fjallað í einu lagi um Háskóla Íslands og stofnanir sem tengjast honum; Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Raunvísindastofnun Háskólans og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*201-1.01 Háskóli Íslands.* Rekstrarframlag til kennslu hækkar um 135,3 m.kr. vegna fjölgunar ársnemenda um 210 eða úr 5.665 í 5.875 sem er fjölgun um 3,7% frá viðmiðun sem notuð var við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Lagt er til að rannsóknarframlög aukist um 51 m.kr., annars vegar um 11 m.kr. vegna samkomulags við skólann um að hann taki

við kennslu heilbrigðisgreina frá Tækniháskóla Íslands og hins vegar um 40 m.kr. til að styðja við þjóðlegar greinar við Háskólann. Þessar greinar eru meðal annars íslenska, íslensk fræði og málvísindi, sagnfræði og íslenskt táknmál. Á móti er lögð til 47,7 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Tímabundið framlag að fjárhæð 2,5 m.kr. til lektorstöðu í stjórnmálafræðum sem veitt var til 5 ára árið 2002 fellur niður og sömuleiðis tímabundið 1,2 m.kr. framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu sem veitt var í fjárlögum 2006. Þá eru 20,9 m.kr. millifærðar af skólanum yfir á stofnanir sem tengjast honum vegna samkomulags um að flytja fjárhagslega ábyrgð á greiðslum í Vinnumatssjóð Félags háskólakennara og Sáttmálasjóð Háskóla Íslands, frá skólanum yfir á hlutaðeigandi stofnanir. Samkomulagið gerir ráð fyrir að á móti framangreindri lækkun framlaga til HÍ verði jafn há fjárhæð millifærð á þessar stofnanir af safnliðnum *299-1.91 Háskólar óskipt.*

*201-1.03 Háskólasjóður.* Gert ráð fyrir 29,9 m.kr. hækkun til sjóðsins þar sem áætlað er að tekjur af sóknargjöldum aukist vegna fleiri skattgreiðenda.

*201-6.50 Byggingaframkvæmdir og tækjakaup.* Framlag á liðinn, sem er fjármagnað með tekjum af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands lækkar tímabundið um 28 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um aðhald í ríkisútgjöldum með því að fresta framkvæmdum og stofnkostnaðaráformum og lækka slíkir fjárlagaliðir almennt um 5 %.

*202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.* Rekstrarframlag hækkar um 6,5 m.kr. vegna samkomulags um að flytja fjárhagslega ábyrgð á greiðslum til Vinnumatssjóðs Félags háskólakennara og Sáttmálasjóðs HÍ frá háskólanum yfir á einstakar stofnanir hans. Fjárhæðin er millifærð að jöfnu af *201 Háskóla Íslands* og af *299-1.91 Háskólum, óskipt.* Á móti kemur 2,8 m.kr. lækkun til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

*203 Raunvísindastofnun Háskólans.* Rekstrarframlag hækkar um 20 m.kr. til að bæta stofnuninni lækkandi tekjur frá Norrænu ráðherranefndinni vegna Norræna eldfjallasetursins sem rekið er innan Jarðfræðistofnunar Raunvísindastofnunar. Samkomulag er um að færa ábyrgð á rekstri samnorrænna vísindastofnana til þeirra landa sem þær eru staðsettar í. Hlutdeild nefndarinnar í fjármögnun þessara stofnana lækkar í þrepum úr tæpum 7 milljónum danskra króna vegna eldfjallasetursins árið 2006 í tæpar 4,7 milljónir danskra króna árið 2007. Þá hækkar framlag um 21,7 m.kr. vegna samkomulags um að flytja fjárhagslega ábyrgð á greiðslum í Vinnumatssjóðs Félags háskólakennara og Sáttmálasjóðs Háskóla Íslands frá háskólanum yfir á einstakar stofnanir hans. Fjárhæðin er millifærð að jöfnu af *201 Háskóla Íslands* og af *299-1.91 Háskólum, óskipt.* Að lokum er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum sem stofnun aflar verði hækkuð um 120 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2005 sýnir að sértekjur voru verulega vanáætlaðar í fjárlögum þess árs og er gert ráð fyrir að þær séu einnig vanáætlaðar á yfirstandandi ári, einkum tekjur Norræna eldfjallasetursins.

*209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.* Á þessum nýja fjárlagalið er áætlað fyrir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem er ný háskólastofnun skv. lögum nr. 40/2006, með sjálfstæðan fjárhag og heyrir hún undir menntamálaráðherra. Stofnunin skal hafa náin tengsl við Háskóla Íslands og vera hluti af fræðasamfélagi hans. Við gildistöku laganna tók stofnunin við eignum og skuldbindingum Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands. Fjárheimildir framangreindra stofnana í fjárlögum 2006 nema 207,1 m.kr. og er lagt til að þær verði fluttar á hina nýju stofnun. Þá er lagt til að stofnunin fái 10 m.kr. tímabundið framlag til fimm ára vegna útgáfu nýrrar rafrænnar Orðabókar. Þetta er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um að veita alls 65 m.kr. til verkefnisins. Þar af voru 15 m.kr. veittar í fjáraukalögum 2005. Þá hækkar framlag um 13,7 m.kr. vegna samkomulags um að flytja fjárhagslega ábyrgð á greiðslum til Vinnumatssjóðs Félags háskólakennara og Sáttmálasjóðs HÍ frá háskólanum yfir á einstakar stofnanir hans. Fjárhæðin er millifærð að jöfnu af *201 Háskóla Íslands* og af *299-1.91 Háskólum, óskipt.* Á móti kemur 3,8 m.kr. lækkun rekstrarframlags til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Þá falla tímabundin framlög sem veitt voru til 5 ára árið 2002 niður, annars vegar 2,5 m.kr. framlag til íslenskukennslu í Humboldt-háskóla og hins vegar 1,5 m.kr. framlag til íslenskukennslu og bókakaupa í Manitobaháskóla.

**2. Aðrir háskólar.** Hér verður fjallað í einu lagi um Háskólann á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

*210 Háskólinn á Akureyri.* Rekstrarframlag til kennslu hækkar um 30,9 m.kr. vegna fjölgunar ársnemenda um 85 eða úr 1.185 í 1.270 sem er fjölgun um 7% frá viðmiðun við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Þá er lagt til að rannsóknarframlag hækki um 40 m.kr. vegna húsaleigu í rannsóknahúsinu Borgum. Þessar fjárveitingar eru í samræmi við samkomulag um áætlun um að ná jafnvægi í rekstri skólans. Vegna samkomulagsins samþykkti ríkisstjórnin að beita sér fyrir 60 m.kr. fjárframlagi til skólans í fjáraukalögum 2006 til að koma komið til móts við nemendafjölgun og rekstrarkostnað rannsóknarhúsnæðis skólans á árinu 2006. Skólinn tók á leigu stærra svæði þegar Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins ákvað að minnka við sig húsnæði að Borgum. Skólinn fékk einnig 110 m.kr. aukafjárveitingu á árinu 2005 og hóf endurskipulagningu á rekstrinum sem skiluðu sér þó heldur seinna en gert hafði verið ráð fyrir. Útlit er fyrir að reksturinn nái jafnvægi á yfirstandandi ári og að skólinn verði innan þeirra fjárheimilda sem tillögur eru um í frumvarpinu.

*215 Kennaraháskóli Íslands.* Rekstrarframlag til kennslu hækkar um 42,8 m.kr. vegna fjölgunar ársnemenda um 60 eða úr 1.500 í 1.560 sem er fjölgun um 4% frá viðmiðun við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Á móti kemur 13,9 m.kr. lækkun rekstrarframlags vegna aðhalds í ríkisútgjöldum.

*225 Háskólinn á Bifröst.* Rekstrarframlag til kennslu hækkar um 15,6 m.kr. í samræmi við nýlegan samning við skólann. Einnig er lagt til að skólinn fái 5 m.kr. hækkun á rann-

sóknarframlagi samkvæmt samningum. Á móti kemur 2,3 m.kr. lækkun rekstrarframlags til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

*227 Háskólinn í Reykjavík.* Rekstrarframlag til kennslu hækkar um 102,5 m.kr. í samræmi við nýlegan samning við skólann. Í honum er gert ráð fyrir 2.060 ársnemum árið 2007 sem er fjölgun um 120 ársnemendur frá því sem lagt var til grundvallar við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Þá er gert ráð fyrir 65 m.kr. hækkun á rannsóknarframlagi samkvæmt samningum. Á móti kemur 13,9 m.kr. lækkun rekstrarframlags til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

*228 Listaháskóli Íslands.* Rekstrarframlag hækkar um 9 m.kr. vegna fjölgunar ársnema um 10 og er það í samræmi við nýlegan samning við skólann. Samningurinn gerir ráð fyrir að framlag til tónlistarnáms miðist við 72 ársnemendur í stað 74 áður, án þess að framlag til slíks náms lækki. Við þetta fer heildarfjöldi ársnema sem greitt er vegna úr 363 í 373 árið 2007. Þá hækkar rekstrarframlag tímabundið um 10 m.kr. vegna húsnæðis og er fjárhæðin millifærð af *299-1.91 Háskólar, óskipt.* Á móti framangreindum hækkunum kemur 5,1 m.kr. lækkun rekstrarframlags vegna aðhalds í ríkisútgjöldum.

**3. Rannsóknasjóðir.** Hér verður fjallað í einu lagi um Rannsóknamiðstöð Íslands, Ritlauna- og rannsóknarsjóð prófessora, Markáætlanir á sviði vísinda og tækni, Rannsóknasjóð, Tækjasjóð og Rannsóknarnámssjóð.

*231 Rannsóknamiðstöð Íslands* Rekstrarframlag hækkar um 3 m.kr. til þess að mæta hærri leigu við endurnýjun húsaleigusamnings og 2,5 m.kr. tímabundið framlag til þriggja ára vegna útgjalda við að einn af starfsmönnum stofnunarinnar tekur við embætti forseta International Arctic Science Committee. Á móti lækkar rekstrarframlag um 2,4 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. *235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni* lækkar tímabundið um 5,5 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um að auka aðhald í ríkisútgjöldum. *236 Rannsóknasjóður* hækkar um 40 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um eflingu samkeppnissjóða í rannsóknum og áherslur Vísinda- og tækniráðs. *237 Tækjasjóður* hækkar um 5 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um eflingu rannsóknasjóða og áherslur Vísinda- og tækniráðs en á móti kemur að lögð er til 5 m.kr. tímabundin lækkun vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um að auka aðhald í ríkisútgjöldum. *239 Rannsóknarnámssjóður* hækkar um 20 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um eflingu samkeppnissjóða í rannsóknum og áherslur Vísinda- og tækniráðs.

*223 Námsmatsstofnun.* Rekstrarframlag hækkar um 65,5 m.kr., við það að fjárveiting til samræmdra grunnskólaprófa er millifærð af *720 Grunnskólar, almennt* yfir á stofnunina. Stofnunin hefur annast verkefnið á síðustu árum samkvæmt samningum við menntamálaráðuneytið. Áætlaðar sértekjur stofnunarinnar lækka sem þessu nemur. Þá er lagt til að tímabundið 5 m.kr. húsnæðisframlag í fjárlögum 2006 verði ótímabundið.

***269 Háskólar- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*** Stofnkostnaður lækkar tímabundið um 3,2 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um að auka aðhald í ríkisútgjöldum með því að fresta framkvæmdum og stofnkostnaðaráformum og lækka stofnkostnaðarliði ráðuneyta því almennt um 5%. Í fjárlögum 2006 var ákveðið að lækka framlag á liðnum tímabundið um 100 m.kr. til þess að mæta aðhaldskröfu. Lagt er til að þessi frestun framkvæmda verði framlengd um eitt ár. Á fjárlagaliðnum standa þá eftir 66,8 m.kr. sem skiptast þannig að gert er ráð fyrir undirbúningi vegna byggingar húss yfir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Listaháskóla Íslands og Tilraunastöð Háskólans á Keldum. Fjárveiting er áætluð 4,7 m.kr. á hvert þessara verkefna. Þá eru 14,2 m.kr. vegna kostnaðar við undirbúning við 4. áfanga Háskólans á Akureyri sem áætlað er að verði 2.000 fm. kennsluhúsnæði og 28,5 m.kr. til Kennaraháskóla Íslands. Að lokum eru 10 m.kr. áætlaðar í viðhald.

***299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.*** Viðfangsefnið *1.73 Reykjavíkurakademían* lækkar um 0,2 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. *1.80 Vísindastarfsem*i fær tímabundna 5 m.kr. fjárveiting vegna verkefnis um Upplýsinga- og umsýslukerfi opinberra samkeppnissjóða sem verkefnastjórn um upplýsingasamfélagið á vegum forsætisráðuneytisins hefur samþykkt. Á móti kemur að minnsta kosti jafn hátt mótframlag til verkefnisins af viðfangsefnaliðnum. Til þess að standa undir mótframlagi og kostnaði við önnur þróunarverkefni í upplýsingatækni vegna vísindastarfsemi eru 8 m.kr. millifærðar af *999-6.91 Þróunarmál í upplýsingatækni*. *1.90 Háskólastarfsemi* hækkar tímabundið um 8 m.kr. vegna verkefnis um rafræna innritun og háskólanet um allt land sem verkefnastjórn um upplýsingasamfélagið á vegum forsætisráðuneytisins hefur samþykkt. Á móti kemur að minnsta kosti jafn hátt mótframlag til verkefnisins af viðfangsefnaliðnum og eru af þeim sökum millifærðar 22 m.kr. af *999-6.91 Þróunarmál í upplýsingatækni* yfir á viðfangsefnið til að standa straum af þessu verkefni og öðrum þróunarverkefnum í upplýsingatækni vegna háskóla. Safnliðurinn *1.91 Háskólar, óskipt* lækkar um 43,8 m.kr. vegna millifærslna á aðra fjárlagaliði og til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Af liðnum eru millifærðar 10,8 m.kr. á *203 Raunvísindastofnun*, 3,2 m.kr. á *202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum* og 6,9 m.kr. á *209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* vegna Vinnumats- og Sáttmálasjóðs, 10 m.kr. á *228 Listaháskóla Íslands* vegna tímabundins húsnæðisframlags, 5 m.kr. á *223 Námsmatsstofnun* vegna húsnæðiskostnaðar og að lokum eru 7,3 m.kr. millifærðar á *905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn* vegna rafræns landsaðgangs. Á liðnum standa þá eftir 19,7 m.kr. og eru þær ætlaðar til að mæta ófyrirséðum útgjöldum á háskólastigi.

***985 Alþjóðleg samskipti.*** Framlag til aðildargjalda Evrópusambandsins hækkar um 133 m.kr. án tillits til gengisbreytinga. Gert er ráð fyrir að aðildargjöld Íslands vegna áætlana Evrópusambandsins sem það tekur þátt í verði um 6,4 milljónir Evrur á árinu 2007 sem er hækkun um ríflega 1,7 milljónir Evra frá fjárlögum 2006.

**Framhaldsskólar**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301–309; 350–369; 505–581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra og 451 Símenntun og fjarkennsla. Þær breytingar eru á fjárlagaliðum frá fjárlögum yfirstandandi árs að 564 Listdansskóli Íslands fellur niður og 368 Menntaskóli Borgarfjarðar bætist við.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 16.308,3 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 1.395,6 m.kr. eða 9,4% frá fjárlögum 2006. Áætlað er að sértekjur standi undir 738,1 m.kr. útgjöldum sem er hækkun um 30,7 m.kr. frá fjárlögum yfirstandi árs.

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokksins 15.570,2 m.kr. og hækka um 1.364,9 m.kr., þar af nema launa- og verðlagshækkanir 680,7 m.kr. Áætlað er að rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur nemi 14.206,1 m.kr. og hækki um 719,8 m.kr. en stofnkostnaður verði 683,4 m.kr. og lækki um 35,6 m.kr.

Hækkun rekstrarútgjalda og rekstrartilfærslna skiptist þannig: Í fyrsta lagi hækkar rekstrarframlag framhaldsskóla um 500 m.kr. sem svarar til ríflega 800 ársnemenda fjölgunar og er því skipt á skólana samkvæmt almennum forsendum með aðstoð reiknilíkans. Er þá mætt áætlun skólanna og menntamálaráðuneytisins um nemendafjölda. Á móti er gerð 300 m.kr. aðhaldskrafa og er henni skipt á milli skólanna með breytingum á forsendum líkansins með því að hækka hópviðmið fagbóklegra áfanga og tölvunámsáfanga úr 15 í 18, hækka hópviðmið raungreinaáfanga úr 20 í 22 og auka nýtingarkröfu bóklegra áfanga úr 77,46% í 79,1%. Enduráætluðum launabótum ársins 2006 að fjárhæð 116 m.kr. er skipt með því að hækka launastiku í líkani um 1,3%. Að teknu tilliti til allra breytinga sem verða á framangreindum forsendum reiknilíkansins ásamt samsetningu náms og námshópa, hækka framlög sem skipt er með líkaninu um 300,6 m.kr.

Gert ráð fyrir nýrri 5 m.kr. fjárveitingu á lið *304 Menntaskólinn í Hamrahlíð* vegna verkefnisstjórnar við innleiðingu listdansnáms. Þá er gert ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu vegna nýs liðar *368 Menntaskóli Borgarfjarðar* samkvæmt sérstökum forsendum í reiknilíkani. Ekki er að svo stöddu gert ráð fyrir að nemendum fjölgi í heildina við stofnun skólans.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Menntaskólinn í Reykjavík | 413,2 | 428,2 | 429,6 | 0,3 | 4,0 |
| Menntaskólinn á Akureyri | 372,8 | 362,4 | 424,5 | 17,1 | 13,9 |
| Menntaskólinn að Laugarvatni | 119,7 | 124,8 | 129,4 | 3,7 | 8,1 |
| Menntaskólinn við Hamrahlíð | 578,4 | 596,1 | 614,5 | 3,1 | 6,2 |
| Menntaskólinn við Sund | 358,6 | 362,8 | 387,7 | 6,9 | 8,1 |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 224,8 | 208,7 | 200,1 | -4,1 | -11,0 |
| Menntaskólinn á Egilsstöðum | 193,7 | 218,7 | 233,7 | 6,9 | 20,7 |
| Menntaskólinn í Kópavogi | 580,4 | 631,5 | 634,5 | 0,5 | 9,3 |
| Kvennaskólinn í Reykjavík | 255,8 | 277,6 | 284,9 | 2,6 | 11,4 |
| Fasteignir framhaldsskóla | 74,9 | 70,0 | 72,9 | 4,1 | -2,7 |
| Framhaldsskólar, stofnkostnaður | 196,4 | 709,0 | 673,4 | -5,0 | 242,9 |
| Framhaldsskólar, almennt | 426,6 | 892,2 | 1.276,3 | 43,1 | 199,2 |
| Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 737,0 | 739,2 | 898,1 | 21,5 | 21,9 |
| Fjölbrautaskólinn Ármúla | 619,1 | 627,7 | 688,3 | 9,7 | 11,2 |
| Flensborgarskóli | 334,7 | 335,2 | 415,3 | 23,9 | 24,1 |
| Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 497,4 | 534,3 | 605,5 | 13,3 | 21,7 |
| Fjölbrautaskóli Vesturlands | 359,9 | 371,2 | 386,7 | 4,2 | 7,4 |
| Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | 140,6 | 145,9 | 154,6 | 6,0 | 10,0 |
| Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | 252,6 | 257,0 | 263,6 | 2,6 | 4,4 |
| Fjölbrautaskóli Suðurlands | 498,4 | 523,5 | 582,3 | 11,2 | 16,8 |
| Verkmenntaskóli Austurlands | 139,9 | 153,5 | 157,3 | 2,5 | 12,4 |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | 800,2 | 832,9 | 843,3 | 1,2 | 5,4 |
| Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 399,8 | 387,4 | 389,4 | 0,5 | -2,6 |
| Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu | 84,8 | 82,1 | 85,6 | 4,3 | 0,9 |
| Framhaldsskólinn á Húsavík | 100,0 | 120,2 | 118,8 | -1,2 | 18,8 |
| Framhaldsskólinn á Laugum | 111,0 | 91,7 | 114,9 | 25,3 | 3,5 |
| Borgarholtsskóli | 645,0 | 683,0 | 714,0 | 4,5 | 10,7 |
| Fjölbrautaskóli Snæfellinga | 119,8 | 142,8 | 154,9 | 8,5 | 29,3 |
| Menntaskóli Borgarfjarðar | 0,0 | 0,0 | 52,1 | - | - |
| Menntaskólinn Hraðbraut | 155,7 | 163,3 | 162,7 | -0,4 | 4,5 |
| Fullorðinsfræðsla fatlaðra | 173,6 | 185,4 | 195,1 | 5,2 | 12,4 |
| Símenntun og fjarkennsla | 168,1 | 291,4 | 508,8 | 74,6 | 202,7 |
| Fjöltækniskóli Íslands | 284,0 | 251,9 | 279,9 | 11,1 | -1,4 |
| Iðnskólinn í Reykjavík | 1.042,3 | 1.096,3 | 1.123,7 | 2,5 | 7,8 |
| Iðnskólinn í Hafnarfirði | 426,5 | 484,6 | 481,8 | -0,6 | 13,0 |
| Hússtjórnarskólinn í Reykjavík | 25,8 | 23,6 | 24,7 | 4,7 | -4,3 |
| Hússtjórnarskólinn Hallormsstað | 19,0 | 20,0 | 20,9 | 4,5 | 10,0 |
| Listdansskólinn | 83,6 | 34,5 | - | - | - |
| Verslunarskóli Íslands | 678,5 | 744,7 | 786,4 | 5,6 | 15,9 |
| **Samtals** | **12.692,6** | **14.205,3** | **15.570,2** | **9,6** | **22,7** |

Framhaldsskólarnir höfðu undirbúið sig til að taka í haust á móti stærsta árgangi 16 ára unglinga um fyrirsjáanlega framtíð, tæplega 4.800 manns. Fyrir voru fjölmennir árgangar og er gert ráð fyrir að árgangar 16–20 ára verði í hámarki á árunum 2007–2009 en þá tekur við hæg fækkun niður í um 4.200 nemendur í 16 ára aldursárgangi árið 2014. Skólasókn

hvers árgangs í framhaldsskóla hefur um leið verið að þokast upp og er nú rétt undir 95% og er enn talin eiga eftir að hækka.

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| 16 ára skv. þjóðskrá á árinu | 4.193 | 4.673 | 4.560 | 4.768 | 4.533 |
| Fjöldi í 10. bekk grunnskóla að vori | 4.155 | 4.609 | 4.488 | 4.779 | 4.636 |
| Í framhaldsskóla um haustið, bráðab.tölur Hagstofu | 22.634 | 23.532 | 24.432 | - | - |
| Í framhaldsskóla um haustið, lokatölur Hagstofu | 2.757 | 21.421 | 22.187 | - | - |
| Meðalfjöldi ársnemenda skv. áætlun í fjárlögum[1] | 16.395 | 16.792 | 18.200 | 18.900 | 19.726 |
| Meðalfjöldi ársnemenda skv. tölum skólanna[2] | 17.267 | 17.807 | 18.718 | 19.389 | 19.726 |

[1] Tölur fyrir árið 2007 eru áætlaðar og án sérdeildanema.

[2] Tölur fyrir árin 2006 og 2007 eru áætlaðar og án sérdeildanema.

Nokkur munur hefur verið á áætluðum ársnemendafjölda sem lagður hefur verið til grundvallar skiptingu fjárveitinga milli skólanna í fjárlögum síðustu ára og reiknuðum fjölda sem gengur til prófa og menntamálaráðuneytið hefur lagt til grundvallar uppgjörum við skólana. Mismunurinn hefur farið minnkandi og var um 2,5% árið 2005 þrátt fyrir að óvissa um aðsókn hafi vaxið með auknu námsframboði, sérstaklega þó auknu dreif- og fjarnámi. Þessum mun hefur að hluta til verið mætt með auknum fjárveitingum en þó hefur ekki alltaf verið hægt að gera upp við skólana samkvæmt ítrustu viðmiðunum reiknilíkans. Eiginfjárstaða framhaldsskólanna og Framhaldsskóla, almennt batnaði samkvæmt ríkisreikningi úr -304 m.kr. í ársbyrjun 2005 í -67 m.kr. við árslok. Þetta er 237 m.kr. bati og þar af skýrast 135 m.kr. með aukafjárveitingu. Ástæður þess að nemendaáætlanir eru haldnar óvissu eru helst þær að ekki er hægt að spá með árs fyrirvara nákvæmlega fyrir um prófþátttöku nemenda og að almennt hafa ekki verið lagðar hömlur á innritun nemenda. Áætlanir um aðsókn og virkni nemenda sem fara beint úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla eru nokkuð traustar en erfitt er að sjá fyrir aðsókn og prófþátttöku annarra aldurshópa.

Að þessu sinni var meira samráð haft við skólana en áður vegna áætlunar um nemendafjölda. Þá fór skráning allra nýrra nemenda dagskóla vegna yfirstandandi skólaárs fram í gegnum miðlægt tölvukerfi og er stefnt að því að nota kerfið einnig við skráningu í kvöldskóla og fjarnám og eldri nemenda í samfelldu námi. Tölum úr miðlægri skráning frá því í sumar um nemendafjölda ber saman við áætlanir menntamálaráðuneytisins frá byrjun ársins.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að undirbúa að skipta framlögum til sérdeilda og starfsnámsbrauta fyrir fatlaða nemendur með reiknilíkani framhaldsskólanna og er stefnt að því að gera upp framlög vegna þeirra með svipuðum hætti og annarra nemenda. Sá háttur er nú hafður á að flokka fatlaða nemendur eftir áætlaðri þjónustuþörf og umreikna síðan í ársnemendafjölda. Áætlað er að sérdeildarnemendur svari til 261 ársnemenda og hækkar heildartala ársnemenda árið 2007 í töflunni hér að framan við það og verður 20.085.

Til sérkennslu er áætlað að verja 386 m.kr. án launa- og verðlagsbreytinga og er þá bæði talið með það sem skipt er með reiknilíkani og það sem er óskipt á lið *319-1.14 Sérkennsla* og er til að mæta óvissu í áætlanagerð og sameiginlegum útgjöldum.

| | Reiknaðir ársnem. 2004 | Reiknaðir ársnem. 2005 | Áætlaðir ársnem. 2006 | Áætlaðir ársnem. 2007[1] | Áætlað hlutfall bóknáms | Fjárveiting 2007 | Þús. kr. á árs-nemanda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Menntaskólinn í Reykjavík | 835 | 864 | 856 | 846 | 97,5 | 404,3 | 478 |
| Menntaskólinn á Akureyri | 641 | 665 | 650 | 751 | 97,8 | 401,5 | 535 |
| Menntaskólinn að Laugarvatni | 132 | 148 | 160 | 159 | 95,2 | 122,2 | 769 |
| Menntaskólinn við Hamrahlíð | 1.083 | 1.119 | 1.100 | 1.099 | 97,3 | 575,3 | 523 |
| Menntaskólinn við Sund | 721 | 751 | 720 | 756 | 96,5 | 365,0 | 483 |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 321 | 302 | 320 | 295 | 90,1 | 189,6 | 643 |
| Menntaskólinn á Egilsstöðum | 315 | 332 | 340 | 362 | 96,6 | 221,0 | 610 |
| Menntaskólinn í Kópavogi | 987 | 1.052 | 1.050 | 1.065 | 90,9 | 600,2 | 564 |
| Kvennaskólinn í Reykjavík | 538 | 552 | 554 | 557 | 99,1 | 268,1 | 481 |
| Framhaldsskólar almennt, óskipt | - | - | 131 | 98 | - | 60,0 | 612 |
| Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 1.180 | 1.185 | 1.150 | 1.417 | 74,7 | 849,1 | 599 |
| Fjölbrautaskólinn við Ármúla | 1.006 | 1.305 | 1.050 | 1.169 | 90,0 | 651,2 | 557 |
| Flensborgarskóli | 597 | 589 | 600 | 748 | 94,4 | 391,8 | 524 |
| Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 785 | 821 | 810 | 945 | 84,3 | 573,2 | 607 |
| Fjölbrautaskóli Vesturlands | 558 | 542 | 560 | 588 | 83,8 | 365,8 | 622 |
| Framhaldssk. í Vestmannaeyjum | 204 | 195 | 200 | 221 | 91,6 | 146,5 | 663 |
| Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | 335 | 344 | 350 | 358 | 83,6 | 247,3 | 691 |
| Fjölbrautaskóli Suðurlands | 744 | 756 | 784 | 894 | 86,9 | 552,9 | 618 |
| Verkmenntaskóli Austurlands | 164 | 153 | 159 | 170 | 78,8 | 149,8 | 881 |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | 1.126 | 1.198 | 1.204 | 1.222 | 78,3 | 800,5 | 655 |
| Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 666 | 663 | 700 | 697 | 94,5 | 367,6 | 527 |
| Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu | 98 | 104 | 96 | 100 | 93,6 | 81,1 | 811 |
| Framhaldsskólinn á Húsavík | 139 | 130 | 135 | 136 | 98,5 | 113,0 | 831 |
| Framhaldsskólinn á Laugum | 125 | 98 | 91 | 120 | 99,1 | 108,6 | 905 |
| Borgarholtsskóli | 927 | 986 | 950 | 1.023 | 74,1 | 676,9 | 662 |
| Fjölbrautaskóli Snæfellinga | 50 | 145 | 171 | 181 | 87,3 | 147,8 | 817 |
| Menntaskólinn í Borgarnesi | - | - | - | - | - | 50,0 | - |
| Menntaskólinn Hraðbraut | 149 | 233 | 332 | 331 | 93,7 | 152,6 | 461 |
| Fjöltækniskóli Íslands | 249 | 295 | 301 | 299 | 64,9 | 267,9 | 896 |
| Iðnskólinn í Reykjavík | 1.374 | 1.364 | 1.360 | 1.397 | 41,9 | 1.066,7 | 764 |
| Iðnskólinn í Hafnarfirði | 544 | 546 | 547 | 517 | 39,5 | 459,7 | 889 |
| Hússtjórnarskólinn í Reykjavík | 24 | 24 | 24 | 24 | - | 23,5 | 979 |
| Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað | 24 | 24 | 24 | 24 | - | 19,9 | 829 |
| Listdansskóli Íslands | 42 | 42 | 21 | 0 | - | 0,0 | - |
| Verslunarskóli Íslands | 1.122 | 1.301 | 1.402 | 1.441 | 94 | 743,7 | 516 |
| Framhaldsskólar almennt, v/nem.uppgj. | - | - | 131 | 75 | - | - | - |
| **Samtals** | **17.807** | **18.828** | **19.031** | **20.085** | **83,7** | **12.214,3** | **608** |

[1] Sérdeildarnemendur, 261 talsins, eru í fyrsta skipti taldir með í áætluðum ársnemendafjölda árið 2007.

***318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður.*** Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 673,4 m.kr. sem er 35,6 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs vegna ákvörðunar ríkis-

stjórnarinnar um að auka aðhald í ríkisútgjöldum með því að fresta framkvæmdum og stofnkostnaðaráformum og að lækka stofnkostnaðarliði ráðuneyta almennt um 5%. Fjárhæðin skiptist þannig að 616,4 m.kr. eru til byggingaframkvæmda og 57 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætlaða skiptingu.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 |
|---|---|
| Framhaldsskólar í Reykjavík | 190,0 |
| Menntaskólinn í Reykjavík | 47,5 |
| Menntaskólinn á Laugarvatni | 23,7 |
| Menntaskólinn á Egilsstöðum | 19,0 |
| Flensborgarskóli | 113,0 |
| Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 95,0 |
| Fjölbrautaskóli Vesturlands | 23,7 |
| Framhaldsskólinn á Laugum | 9,5 |
| Byggingarframkvæmdir, óskipt | 28,5 |
| Iðnnemaíbúðir í Reykjavík | 19,0 |
| Héraðsskólahúsið á Laugarvatni | 47,5 |
| Tæki og búnaður, óskipt | 57,0 |
| **Samtals** | **673,4** |

Lagt er til að verja 190 m.kr. til uppbyggingar framhaldsskóla í Reykjavík og 47,5 m.kr. til Menntaskólans í Reykjavík samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg. Framkvæmdir standa m.a. yfir við Flensborgarskóla, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Menntaskólann á Egilsstöðum og Menntaskólann að Laugarvatni. Færðar eru fjárveitingar af *6.08 Menntaskólinn í Kópavogi*, *6.54 Fjölbrautaskóli Vesturlands* og *6.67 Framhaldsskóli Snæfellinga* í gildandi fjárlögum þar sem framkvæmdum við þessa skóla er lokið og búið að gera upp hlut ríkisins í þeim.

***319 Framhaldsskólar, almennt.*** Á þessum fjárlagalið er áætlað að mestu leyti fyrir sameiginlegum útgjöldum framhaldsskóla og óskiptum framlögum sem menntamálaráðuneytið millifærir yfir á hlutaðeigandi skóla þegar forsendur þar að lútandi liggja fyrir. Heildargjöld á liðnum eru áætluð 1.228,2 m.kr., sem er hækkun um 336 m.kr., án launa- og verðlagshækkana. Eftirfarandi breytingar eru lagðar til: *1.11 Sameiginleg þjónusta* hækki um 32 m.kr. Af þessari fjárhæð eru 10 m.kr. vegna virðisaukaskatts vegna reksturs tölvukerfisins Innu og á FS netinu og 22 m.kr. sem eru millifærðar af *999- 6.91 Þróunarmál í upplýsingatækni* vegna ýmissa þróunarverkefna í upplýsingatækni fyrir framhaldsskóla. Að auki er lagt til að 35 m.kr. tímabundið framlag til háhraðanets fyrir framhaldsskóla og símenntunarstöðva í fjárlögum síðustu ára verði varanlegt. *1.18 Námsefnisgerð* hækkar um 90 m.kr. Til námsefnisgerðar í framhaldsskólum er þá veitt 100 m.kr. framlag sem tengist eflingu á námskrárgerð og fyrirhuguðum breytingum á lögum um Námsgagnastofnun. Á móti fellur niður 10

m.kr. tímabundið framlag til námsefnisgerðar. *1.39 Nám í listdansi* hækkar um 79,5 m.kr. annars vegar vegna 45 m.kr. hækkunar framlags til listdansnáms á framhaldsskólastigi og hins vegar vegna millifærslu á 34,5 m.kr. af *564 Listdansskólinn* og fellur sá liður niður. Farið er fram á að 90 m.kr. framlag á nýjan lið *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu* verði tímabundið til fjögurra ára vegna breyttrar námskipunar. Þessum fjármunum verður varið í endurmenntun grunn- og framhaldsskólakennara, námskrárgerð í grunn- og framhaldsskólum vegna breyttrar námskipan til stúdentsprófs, ráðningu verkefnisstjóra vegna breyttrar námskipunar og ýmis önnur verkefni sem tengjast breyttri námskipan.

***451 Símenntun og fjarkennsla.*** Lagt er til að sameina viðföng þessa málaflokks undir einu fjárlaganúmeri. Stofnuð hafa verið tvö ný viðföng *451-1.31 Fræða og þekkingarsetur* og *451-1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga* sem koma í stað *983-1.51 Fræða og þekkingarsetur* og *319-1.27 Íslenskukennsla*, sem falla niður. Tímabundið 7 m.kr. framlag til Háskólaseturs á Hornafirði sem fært var á *983-1.51 Fræða og þekkingarsetur* í fjárlögum 2006 fellur niður. Á *451-1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins*, er áfram áætlað fyrir 160 m.kr. framlagi vegna gildandi samnings um verkefni Fræðslumiðstöðvarinnar þótt gert hafi verið ráð fyrir að framlagði yrði tímabundið. Auk þessa er farið fram á að framlag á viðfangsefnaliðinn verði aukið um 120 m.kr. í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Þessum fjármunum verður varið til námskeiðahalds og endurmenntunar einstaklinga á vinnumarkaði, til að efla náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat í samvinnu við fræðslumiðstöðvar iðnaðarins fyrir launamenn sem hafa lokið hluta náms á skipulögðum starfsmenntabrautum og til að efla starfsemi símenntunarmiðstöðvar ASÍ á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2006 gerði menntamálaráðuneytið tvo nýja samninga í samvinnu við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Annars vegar við Háskólasetur Vestfjarða um 36 m.kr. árlegar greiðslur til fimm ára. Hins vegar við Þekkingarnet Austurlands um 36 m.kr. árlegar greiðslur til fimm ára. Samningarnir eru að hluta til fjármagnaðir af *451-1.31 Fræða- og þekkingarsetur* og að hluta af liðum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Að auki gerði menntamálaráðuneytið á yfirstandandi ári samning til fimm ára við Þekkingarsetur Þingeyinga á Húsavík um 21,7 m.kr. framlag. Samningurinn felur í sér sameiningu Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga og Þekkingarseturs Þingeyinga. Áformað er að greiða samningsfjárhæðina af *1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga*, *1.13 FS-net símenntunarstöðvar* og *451-1.31 Fræða- og þekkingarsetur*.

**Grunnskólar**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Grunnskólar, almennt | 152,1 | 183,5 | 101,7 | -44,6 | -33,1 |
| Námsgagnastofnun | 352,8 | 396,8 | 376,0 | -5,2 | 6,6 |
| **Samtals** | **504,9** | **580,3** | **477,7** | **-17,7** | **-5,4** |

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 492,1 m.kr. á rekstrargrunni og lækka um 102 m.kr. eða 17,2% frá fjárlögum 2006. Áætlað er að sértekjur standi undir 14,4 m.kr. útgjöldum sem er lækkun um 0,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandi árs.

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokksins 477,7 m.kr. og lækkar um 123,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Liður *720 Grunnskólar, almennt* lækkar um 85,5 m.kr. Þar af fellur niður 20 m.kr. tímabundið framlag vegna endurmenntunar grunnskólakennara vegna breyttrar námskipunar en farið er fram á áframhaldandi stuðning við slík verkefni á *319-1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu*. Þá er 65,5 m.kr. fjárveiting vegna samræmdra grunnskólaprófa færð á *223 Námsmatsstofnun* sem hefur annast verkefnið fyrir menntamálaráðuneytið á undanförnum árum. Framlag á *725 Námsgagnastofnun* lækkar um 37,9 m.kr. Annars vegar við að tímabundið 30 m.kr. framlag fellur niður vegna breytinga á aðalnámskrá grunnskóla og breyttrar námskipunar og hins vegar vegna 7,9 m.kr. aðhaldskröfu. Athygli er vakin á að tillaga um 100 m.kr. fjárveitingu á *319-1.18 Framhaldsskólar, námsefnisgerð* tengist fyrirhuguð frumvarpi um breytingar á lögum um Námsgagnastofnun.

**Námsaðstoð**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun námskostnaðar.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 4.050,0 | 4.477,0 | 5.383,0 | 20,2 | 32,9 |
| Jöfnun á námskostnaði | 524,7 | 533,5 | 557,5 | 4,5 | 6,3 |
| **Samtals** | **4.574,7** | **5.010,5** | **5.940,5** | **18,6** | **29,9** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 5.940,5 m.kr. hækkar um 474 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa-, verðlags- og gengisbreytingar en þær nema 456 m.kr. Skýringin er áætluð fjölgun lánþega hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og breyttar úthlutunarreglur sjóðsins. Gerð er grein fyrir fjárreiðum sjóðsins í umfjöllun um C-hluta fjárlaga.

**Söfn, listastofnanir og fleira**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til málefnaflokksins: 901–919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 976 Menningarsjóður; 977 Höfundarréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands og 982 Listir, framlög.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Fornleifavernd ríkisins | 49,7 | 45,2 | 55,6 | 23,0 | 11,9 |
| Þjóðminjasafn Íslands | 357,9 | 424,8 | 407,5 | -4,1 | 13,9 |
| Þjóðskjalasafn Íslands | 131,5 | 145,9 | 155,4 | 6,5 | 18,2 |
| Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn | 510,3 | 505,0 | 541,2 | 7,2 | 6,1 |
| Listasafn Einars Jónssonar | 11,0 | 15,4 | 15,6 | 1,3 | 41,8 |
| Listasafn Íslands | 114,4 | 129,4 | 132,9 | 2,7 | 16,2 |
| Kvikmyndasafn Íslands | 72,4 | 34,4 | 46,8 | 36,0 | -35,4 |
| Blindrabókasafn Íslands | 66,4 | 68,6 | 71,7 | 4,5 | 8,0 |
| Safnasjóður | 62,8 | 83,7 | 85,6 | 2,3 | 36,3 |
| Söfn, ýmis framlög | 121,0 | 176,8 | 174,2 | -1,5 | 44,0 |
| **Samtals** | **1.497,4** | **1.629,2** | **1.686,5** | **3,5** | **12,6** |
| | | | | | |
| Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður | 139,8 | 124,7 | 87,1 | -30,2 | -37,7 |
| Ríkisútvarpið | 2.483,1 | 2.550,0 | 2.780,0 | 9,0 | 12,0 |
| Íslenski dansflokkurinn | 77,4 | 93,5 | 96,1 | 2,8 | 24,2 |
| Þjóðleikhúsið | 627,2 | 543,4 | 610,5 | 12,3 | -2,7 |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | 278,7 | 296,4 | 303,5 | 2,4 | 8,9 |
| Menningarsjóður | 11,0 | 13,0 | 0,0 | - | - |
| Höfundarréttargjöld | 94,0 | 99,3 | 78,4 | -21,0 | -16,6 |
| Listasjóðir | 250,3 | 293,2 | 305,1 | 4,1 | 21,9 |
| Húsafriðunarnefnd | 107,2 | 174,2 | 44,6 | -74,4 | -58,4 |
| Listskreytingasjóður | 5,4 | 7,2 | 6,7 | -6,9 | 24,1 |
| Kvikmyndamiðstöð Íslands | 243,8 | 442,0 | 463,0 | 4,8 | 89,9 |
| Listir, framlög | 612,6 | 662,0 | 702,7 | 6,1 | 14,7 |
| **Samtals** | **6.427,9** | **6.928,1** | **7.164,2** | **3,4** | **11,5** |

Heildarútgjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 7.616,4 m.kr. sem er 251,9 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 3,4%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 452,2 m.kr. sem er 15,8 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2006. Gjöld að frádregnum sértekjum er áætluð 7.164,2 og hækka um 236,1 m.kr. og þar af eru launa- og verðlagshækkanir 138,5 m.kr. Helstu skýringar eru þær að rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur hækka um 277,3 m.kr. án launa- og verðalagshækkana að teknu tilliti til kröfu um aukið aðhald sem er 56,8 m.kr. og framlag til viðhalds- og stofnkostnaðar lækkar um 179,7 m.kr.

Helstu tillögur um hækkanir til rekstrar og tilfærslna eru 230 m.kr. vegna áætlunar um auknar tekjur af afnotagjöldum RÚV, 30 m.kr. til Þjóðleikhússins vegna húsaleigu-

greiðslna, 20 m.kr. til Kvikmyndasjóðs vegna endurnýjunar samkomulags við samtök í kvikmyndagerð, 20 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna Franskrar menningarkynningar á Íslandi, 20 m.kr. tímabundin fjárveiting til Vatnasafns í Amtsbókasafnshúsinu í Stykkishólmi og 32,3 m.kr. hækkun á framlagi til fimm stofnana vegna breytingar á rekstri þeirra og að lokum 31,4 m.kr. til ýmissa verkefna. Tímabundin verkefni að fjárhæð 208,5 m.kr. falla niður. Framlög lækka eða falla alveg niður vegna aðhalds í ríkisrekstri að fjárhæð 44,3 m.kr. Þá lækka stofnkostnaðarframlög um 12,5 m.kr. vegna aðhalds. Að lokum er lögð til lækkun á ríkistekjum vegna höfundarréttargjalda sem er leiðrétting um 20,9 m.kr.

**Söfn**

Hér verður fjallað í einu lagi um söfn og aðrar stofnanir sem vinna að varðveislu menningararfs þjóðarinnar og eru á fjárlagaliðum 901–919 en það eru Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands– Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Safnasjóður og Söfn, ýmis framlög.

Lagt er til að framlag ríkissjóðs til safna nemi 1.686,5 m.kr. sem er 13 m.kr. lækkun ef ekki er tekið tillit til launa- og verðlagshækkana. Helstu breytingar eru þær að framlög til safna hækka um 59,5 m.kr. og þar af eru millifærðar 12,3 m.kr. af öðrum liðum. Á móti falla niður tímabundin verkefni að fjárhæð 39 m.kr. Auk þess lækka framlög um 27,2 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri. Þá lækka stofnkostnaðarframlög um 6,3 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að auka aðhald í ríkisútgjöldum og lækka stofnkostnaðarliði ráðuneyta um 5%.

*901 Fornleifavernd ríkisins* hækkar um 8 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana til að efla rekstur stofnunarinnar vegna aukinna verkefna og breytinga á rekstri hennar.

*902 Þjóðminjasafn Íslands* lækkar um 33,5 m.kr. en á móti koma 16,2 m.kr. launa- og verðlagshækkanir. Tímabundin 25 m.kr. framlög í fjárlögum 2006 falla niður. Tímabundnu framlögin eru 5 m.kr. til Byggðasafns Skagfirðinga vegna fornleifauppgraftar á tanganum við Kolkuós, 4 m.kr. til Byggðasafnsins á Garðskaga, 3 m.kr. til Hins þingeyska fornleifafélags til nýsköpunar í ferðaþjónustu og fornleifarannsókna í Suður-Þingeyjarsýslu, 3 m.kr. til rannsókna á fornleifum við Útskála, 5 m.kr. til Minjasafns á Akureyri til fornleifarannsókna á Gásum og loks 5 m.kr. til rannsókna á Bæ í Öræfasveit. Þá lækkar framlag um 8,5 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri

*903 Þjóðskjalasafn Íslands* Lagt er til að framlag til stofnunarinnar hækki um 6 m.kr. til þess að mæta auknum verkefnum. Á móti fellur niður 4 m.kr. tímabundið framlag vegna afritunarverkefna.

*905 Landsbókasafn Íslands–Háskólabókasafn* hækkar um 9,3 m.kr. auk launa og verðlagshækkana. Annars vegar eru 7,3 m.kr. til að kosta rafrænan landsaðgang að erlendum vísindatímaritum sem safnið hefur umsjón með færðar af fjárlagalið *299-1.91 Háskóla- og vísindastarfsemi.* Hins vegar er lögð til 2 m.kr. tímabundin hækkun til að minnast þess

að á árinu 2007 eru 100 ár liðin frá heimsókn Friðriks 8. Danakonungs til Íslands.

*907 Listasafn Íslands* lækkar um 2,6 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri en á móti koma 6,1 m.kr. launa- og verðlagshækkanir.

*908 Kvikmyndasafn Íslands* fær 10,5 m.kr. hækkun að teknu tilliti til aðhalds í ríkisrekstri. Til hækkunar kemur 5,2 m.kr. tímabundið framlag til hreinsunar á safni Ósvaldar Knudsen og 6 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar við varðveislu á skilaskyldu efni.

*909 Blindrabókasafn Íslands.* Tímabundið 5 m.kr. framlag til að yfirfæra hljóðbækur á stafrænt form fellur niður. Þá eru millifærðar 5 m.kr. af fjárlagalið *982-1.91 Menningarstofnanir, óskipt* til að styrkja reksturinn vegna aukinna verkefna.

*918 Safnasjóður* hækkar um 1,9 m.kr. að teknu tilliti til aðhalds í ríkisrekstri og launa- og verðlagsbreytinga.

*919 Söfn, ýmis framlög* lækka um 4,7 m.kr. að teknu tilliti til aðhalds í ríkisrekstri, án launa- og verðlagshækkana. Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundna hækkun til styrktar stofnun Vatnasafns í Amtsbókasafnshúsinu í Stykkishólmi á *1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins*. Lagt er til að 5,3 m.kr. framlag til reksturs Listasafns ASÍ og 7,8 m.kr. framlag til Nýlistasafnsins falli niður vegna aðhalds í ríkisrekstri. Gert er ráð fyrir að þessi söfn geti sótt um styrk í Safnasjóð. Einnig er lagt til að framlag til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar lækki um 0,1 m.kr. og safnliður lækki um 0,2 m.kr. Tímabundið 5 m.kr. framlag til Galdrasýningar á Ströndum fellur niður. Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að auka aðhald í ríkisútgjöldum eru stofnkostnaðarliðir ráðuneyta lækkaðir um 5% og við það lækkar framlag til Víkingsnausts í Reykjanesbæ um 1 m.kr., framlag til Síldarminjasafns á Siglufirði um 0,8 m.kr. og *6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður* um 4,5 m.kr. Á *1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* eru 30,9 m.kr. sem áætlað er að skipta þannig:

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 |
|---|---|
| Verkefni tengdum heimsminjasamningi UNESCO | 6,0 |
| Styrkur til Vatnasafns í Amtsbókasafnshúsinu í Stykkishólmi | 20,0 |
| Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs | 4,9 |
| **Samtals** | **30,9** |

***969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*** Heildarfjárveiting til menningarstofnana, viðhalds og stofnkostnaðar lækkar um 37,6 m.kr. Helstu breytingar eru þær að 36 m.kr. tímabundið framlag til menningarhúss á Ísafirði fellur niður, ásamt 3 m.kr. tímabundnu framlagi sem veitt var til endurbóta á Gunnarshúsi á Skriðuklaustri. Á móti er gerð tillaga um 6 m.kr. framlag til Reykholtskirkju í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt um alls 30 m.kr. á fimm árum. Gert er ráð fyrir að fyrsta greiðslan komi til á árinu 2006 en fjallað er um það í frumvarpi til fjárlaga 2006 og síðan 6 m.kr. á ári til og með ársins 2010. Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisútgjöldum eru stofnkostnaðarliðir ráðuneyta lækkaðir um 5% og við það

lækkar *6.03 Þjóðskjalasafn Íslands* um 1 m.kr., *6.21 Endurbætur menningarstofnana* um 1,4 m.kr., *6.21 Þjóðleikhúsið* um 1 m.kr. og *6.96 Byggðasöfn* um 1,2 m.kr. Að lokum er lagt til að tímabundin frestun framkvæmda að fjárhæð 100 m.kr. haldi áfram í eitt ár.

*971* ***Ríkisútvarpið.*** Framlag A-hluta ríkisins, sem fjármagnað er með tekjum sem stofnunin aflar með innheimtu afnotagjalda hækkar um 230 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af afnotagjöldum og hækkaða gjaldskrá frá 1. október 2006. Gert er ráð fyrir að afnotagjöld skili 2.780 m.kr. í tekjum og er virðisaukaskattur þá innifalinn. Fjallað er um rekstur Ríkisútvarpsins í greinargerð með B-hluta frumvarpsins.

*972* ***Íslenski dansflokkurinn.*** Framlag lækkar um 1,9 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri en á móti koma 4,5 m.kr.launa- og verðlagshækkanir.

*973* ***Þjóðleikhúsið.*** Framlag hækkar um 35 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Annars vegar er tillaga um 30 m.kr. hækkun vegna húsaleigugreiðslna, en Fasteignir ríkisins hafa tekið að sér umsjón og viðhald Þjóðleikhússins og er áformað að auka viðhald hússins. Hins vegar er veitt 5 m.kr. tímabundið framlag til 3 ára samkvæmt ríkisstjórnarsamþykkt vegna samnings á milli leikhússins og Þjóðdans Færeyja, eða 15 m.kr. samtals.

*974* ***Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Lagt er til annars vegar að tímabundið 3,5 m.kr. framlag sem veitt var í þrjú ár vegna ráðningar tónskálds verði ótímabundið. Hins vegar er lagt til að framlag lækki um 5,9 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri.

*976* ***Menningarsjóður.*** Lagt er til að 13 m.kr. framlag til Menningarsjóðs verði fært á *982-1.18 Bókmenntasjóð* og að verkefni Menningarsjóðs verði fjármögnuð af þeim lið. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til bókmenntalaga þar sem gert er ráð fyrir að stofnaður verði Bókmenntasjóður sem taki við hlutverki Menningarsjóðs ásamt því að sinna öðrum verkefnum.

*977* ***Höfundarréttargjöld.*** Ríkistekjur vegna höfundarréttargjalda lækka um 20,9 m.kr. með hliðsjón af rauntölum síðustu ára og er lagt til að útgjöld lækki um sömu fjárhæð.

*979* ***Húsafriðunarnefnd.*** Tímabundnar fjárveitingar sem samþykktar voru við 2. umræðu fjárlaga 2006, samtals að fjárhæð 126 m.kr. falla niður. Vegna aðhalds í ríkisrekstri er tillaga um 3,2 m.kr. lækkun rekstrargjalda og 1,2 m.kr. lækkun stofnkostnaðar Húsafriðunarsjóðs. Að lokum er tillaga um að millifæra 5 m.kr. stofnkostnaðarframlag af Húsafriðunarsjóði yfir á Húsafriðunarnefnd vegna rekstrar.

***980 Listskreytingarsjóður.*** Vegna aðhalds í ríkisrekstri lækka framlög um 0,1 m.kr. og vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisútgjöldum eru stofnkostnaðarliðir lækkaðir um 5% og því lækkar framlag til sjóðsins um 0,4 m.kr.

***981 Kvikmyndamiðstöð Íslands.*** Framlag hækkar um 18,6 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir en að teknu tilliti til aðhalds í ríkisrekstri. Veitt er 20 m.kr. hækkun á framlagi í Kvikmyndasjóð vegna endurnýjunar á samkomulagi sem menntamálaráðherra og fjármálaráðherra gera við samtök í íslenskri kvikmyndagerð.

***982 Listir, framlög.*** Framlag á liðinn nemur 699,4 m.kr. og hækkar um 37,4 m.kr. fyrir launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag vegna Franskrar menningarkynningar á Íslandi árið 2007. Í öðru lagi er fyrirhugað að leggja fram frumvarp til bókmenntalaga þar sem gert er ráð fyrir að stofnaður verði Bókmenntasjóður sem m.a. taki við hlutverki Menningarsjóðs, Bókmenntakynningarsjóðs og Þýðingarsjóðs. Millifærðar eru 13 m.kr. af *976 Menningarsjóður*, 12,5 m.kr. af *982-1.15 Þýðingarsjóður*, 10 m.kr. af *982-1.16 Bókmenntakynningarsjóður* og 2,6 m.kr. af *999-1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* á nýjan viðfangsefnalið *1.15 Bókmenntasjóður*. Framlag á þennan lið verður þá 37,3 m.kr. að teknu tilliti til lækkunar vegna aðhalds í ríkisrekstri. Í þriðja lagi eru lagðar til eftirtaldar hækkanir: 5,7 m.kr. til *1.14 Bókasafnsjóðs höfunda*, 2,5 m.kr. í *1.28 Barnamenningarsjóð*, 2 m.kr. til *1.80 Listahátíðar í Reykjavík*, 1 m.kr. til *1.43 Samnings við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál* og 1 m.kr. til *1.44 Samnings við sveitafélög á Vesturlandi um menningarmál*. Í fjórða lagi eru millifærðar 5 m.kr. af *1.91 Menningarstofnanir, óskipt* yfir á *909 Blindrabókasafn Íslands* vegna aukinna verkefna hjá stofnuninni. Í fimmta lagi fellur niður tímabundið 1 m.kr. framlag til *1.29 Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar* til að skanna verk í safni miðstöðvarinnar. Í sjötta og síðasta lagi lækka framlög um samtals 4,4 m.kr. til eftirfarandi vegna aðhalds í ríkisrekstri: *1.14 Bókasafnssjóður höfunda* um 0,4 m.kr., *1.18 Bókmenntasjóður* um 0,8 m.kr., *1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga* um 0,4 m.kr., *1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga* um 0,1 m.kr., *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa* um 0,9 m.kr., *1.25 Tónlistarsjóður* um 1 m.kr., *1.27 Tónlist fyrir alla* um 0,1 m.kr., *1.28 Barnamenningarsjóður* um 0,1 m.kr., *1.76 Menningarsjóður félagsheimila* um 0,2 m.kr. og *1.91 Menningarstofnanir óskipt* um 0,4 m.kr.

**Annað**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt. 804 Kvikmyndaskoðun í fjárlögum 2006 fellur niður.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Samskiptamiðstöð heyrnarl. og heyrnarskertra | 49,2 | 39,0 | 44,9 | 15,1 | -8,7 |
| Kvikmyndaskoðun | 10,2 | 9,1 | 0,0 | - | - |
| Ýmis fræðistörf | 46,2 | 157,3 | 100,8 | -35,9 | 118,2 |
| Norræn samvinna | 9,2 | 13,0 | 13,0 | 0,0 | 41,3 |
| Æskulýðsmál | 125,0 | 162,6 | 134,2 | -17,5 | 7,4 |
| Ýmis íþróttamál | 316,2 | 389,4 | 335,2 | -13,9 | 6,0 |
| Uppbygg. menntunar og menningar á landsbyggð | 114,4 | - | - | - | - |
| Tungutækni | 25,0 | - | - | - | - |
| Íslenska upplýsingasamfélagið | 132,1 | - | - | - | - |
| Ýmislegt | 256,6 | 400,2 | 329,9 | -17,6 | 28,6 |
| **Samtals** | **1.084,1** | **1.170,6** | **958,0** | **-18,2** | **-11,6** |

Heildarútgjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 974,5 m.kr. sem er 211,9 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 17,9%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 16,5 m.kr. sem er 0,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2006. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 958 m.kr. og lækka um 212,6 m.kr. sem skiptist þannig að á móti 13,3 m.kr. launa- og verðlagshækkun kemur 225,9 m.kr. lækkun og þar af eru 47 m.kr. vegna. rekstrarútgjalda og rekstrartilfærslna en 178,9 m.kr. vegna viðhalds og stofnkostnaðar.

Helstu breytingar eru í fyrsta lagi þær að 59,6 m.kr. framlag í fjárlögum 2006 á *98-1.51 Fræða- og þekkingarsetur* er millifært yfir á *451-1.31 Fræða- og þekkingarsetur* og við það fellur fyrr nefnda viðfangsefnið niður. Í öðru lagi eru 76 m.kr. millifærðar af *999-6.91 Þróunarmál í upplýsingatækni* yfir á aðra málefnaflokka. Í þriðja lagi er lagt til að 5 m.kr. framlag *804 Kvikmyndaskoðunar* verði flutt til *07-400 Barnaverndarstofu* sem tók þann 1. júlí 2006 við þeim hluta verkefna hennar sem verða áfram hjá ríkinu en 4,1 m.kr. falla niður. Í fjórða lagi er lagt til að fella niður tímabundnar fjárveitingar sem voru ákveðnar í 2. umræðu fjárlaga 2006 samtals 123,5 m.kr. Í fimmta lagi lækka framlög vegna aðhalds í ríkisrekstri um 63,7 m.kr. þar af nemur sérstök 5% frestun stofnkostnaðar 11,9 m.kr. Í sjötta lagi lækka höfundarréttargjöld um 20,9 m.kr. í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun. Í sjöunda og síðasta lagi eru veittar fjárveitingar til styrkja og verkefna m.a. 15 m.kr. tímabundið í átaksverkefni sem tengist lesblindu í skólum landsins, 5 m.kr. tímabundið í átaksverkefni vegna íslensku, 20 m.kr. til að efla Fornleifasjóð, 20 m.kr. til Íþrótta- og Ólympíusambandsins og 7,5 m.kr. til uppbyggingar Þórbergsseturs.

***430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.*** Framlag hækkar um 4 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir vegna aukins umfangs táknmálstúlkunar fyrir heyrnarlausa í daglegu lífi þeirra.

***983 Ýmis fræðistörf.*** Framlög á liðinn er 98,5 m.kr. sem er 58,8 m.kr. lækkun frá yfirstandandi fjárlögum áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkana. Helsta skýringin er að 59,6 m.kr. framlög í fjárlögum 2006 til *1.51 Fræða- og þekkingarseturs* er millifært yfir á *451-1.31 Fræða-og þekkingarsetur.* Aðrar breytingar eru þær að lögð er til 20 m.kr. hækkun á lið *1.54 Fornleifasjóður* til að efla sjóðinn. Á móti kemur annars vegar tillaga um að fella niður 16 m.kr. tímabundnar fjárveitingar í fjárlögum 2006 sem skiptast þannig að 7 m.kr. voru á *1.51 Fræða- og háskólasetur* til háskólasetur á Hornafirði, 3 m.kr. á *1.52 Skriðuklaustur* til fornleifarannsókna þar og 7 m.kr. á *1.23 Hið íslenska bókmenntafélag* vegna útgáfu íslenskrar–færeyskrar orðabókar, 4 m.kr., til útgáfu rits Harðar Ágústssonar um Laufás 3 m.kr. Hins vegar er lagt til að framlög lækki samtals um 3,2 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri sem skiptist þannig að *1.10 Fræðistörf* lækkar um 0,2 m.kr., *1.20 Iðnsaga* um 0,1 m.kr., *1.21 Tónlistarsaga* um 0,1 m.kr., *1.51 Hið íslenska bókmenntafélag* um 2,3 m.kr., *1.52 Skriðuklaustur* um 0,3 m.kr. og *1.53 Snorrastofa* um 0,2 m.kr.

***988 Æskulýðsmál.*** Framlag á liðinn nemur 133,6 m.kr. sem er 29 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2006 áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkana. Breytingar eru í fyrsta lagi þær að *1.18 Æskulýðsrannsóknir* hækka um 2,5 m.kr. vegna aukins umfangs. Í öðru lagi að tímabundið 2 m.kr. framlag til *1.13 Bandalag íslenskra skáta* vegna alþjóðlegs móts, Nordjamb, fellur niður. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að vegna aðhalds í ríkisrekstri lækki eða falli niður 29,5 m.kr. framlög sem skiptist þannig að *1.12 Ungmennafélag Íslands* lækki um 16,4 m.kr., *1.13 Bandalag íslenskra skáta* um 4,5 m.kr., *1.17 Landssamband KFUM og KFUK* um 5 m.kr., *1.10 Æskulýðsráð ríkisins* um 0,1 m.kr., *1.19 Æskulýðssjóður* um 0,2 m.kr. og *1.90 Æskulýðsmál* um 0,3 m.kr. Af sama tilefni er lagt til að fella niður 1,5 m.kr. framlag til *1.14 Útilífsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni* og 1,5 m.kr. framlag til *1.15 Æskulýðsmiðstöðvar KFUM í Vatnaskógi.* Af framlagi til Ungmennafélags Íslands er gert ráð fyrir að 10 m.kr. renni til unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið er árlega um Verslunarmannahelgina.

***989 Ýmis íþróttamál.*** Lagt er til að framlög til íþróttamála nemi 333,8 m.kr. og lækki um 55,6 m.kr. frá fjárlögum 2006 áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkana. Til hækkunar koma samtals 32,1 m.kr. sem skiptast í fyrsta lagi þannig. Í fyrsta lagi er tillaga um 20 m.kr. til *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* vegna væntanlegs samnings þar sem gert verður ráð fyrir að af fjárhæðinni fari 10 m.kr. í starfsemi sérsambanda og 10 m.kr. í fræðslumál og almenningsíþróttir. Heildarframlög til sérsambanda af fjárveitingum til Íþrótta- og Ólympíusambandsins eru 40 m.kr. þar sem veittar voru 30 m.kr. í fjárlögum 2006 og nú er 10 m.kr. hækkun. Í öðru lagi hækkar *1.22 Launasjóður stórmeistara* í skák um 4 m.kr. vegna breytinga á launum til stórmeistara. Í þriðja lagi hækkar framlag til *1.31 Lyfjaeftirlit* um 3 m.kr. vegna breytts

skipulags á lyfjaeftirliti. Í fjórða lagi er lagt til að framlag til Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri hækki um 3,3 m.kr. og skiptist þannig að 0,1 m.kr. er vegna rekstrar en 3,2 m.kr. er tímabundið framlag vegna stofnkostnaðar. Í samningi við Akureyrarbæ um styrki ríkisins til miðstöðvarinnar var gert ráð fyrir 5 m.kr. hækkun á stofnkostnaði en vegna aðhalds í ríkisútgjöldum eru stofnkostnaðarliðir ráðuneyta lækkaðir um 5%. Á móti framangreindum hækkunum falla niður tímabundin 64,5 m.kr. framlög í fjárlögum yfirstandandi árs sem voru veitt til *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* 4 m.kr., vegna Ólympíuleikanna í Torino 2006, *1.14 Íþróttasamband fatlaðra,* 1,5 m.kr. vegna Special Olympics á Íslandi, *1.30 Bridgesamband Íslands,* 4 m.kr., *6.50 Landsmót ungmennafélaga í Kópavogi 2007,* 20 m.kr. vegna uppbyggingar fyrir landsmót UMFÍ árið 2007, *6.52 Skíðasvæði í Tungudal,* 5 m.kr. vegna jarðvegsframkvæmda, *6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði,* 5 m.kr. til uppbyggingar á skíðamannvirkjum og aðstöðu og *6.57 Sparkvellir* 25 m.kr. til að halda áfram sparkvallaátaki. Að síðustu er gerð tillaga um að lækka eða fella niður 18,9 m.kr. framlög, vegna aðhalds í ríkisrekstri, sem skiptast þannig: *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* 2,2 m.kr., *1.14 Íþróttasamband fatlaðra* 0,4 m.kr., *1.16 Íþróttasjóður* 0,4 m.kr., *1.21 Skáksamband Íslands* 3,3 m.kr., *1.25 Skákskóli Íslands* 0,1 m.kr., *1.20 Glímusamband Íslands* með 4,5 m.kr. framlag falli niður og *1.30 Bridgesamband Íslands* með 8 m.kr. framlag falli niður. Þá er lagt til að *6.58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík* lækki um 2,5 af sömu sökum.

***999 Ýmislegt.*** Framlag á fjárlagaliðinn nemur 322,8 m.kr. sem er lækkun um 77,4 m.kr. áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkanir. Stærsta skýring lækkunar er sú að 117 m.kr. fjárveiting á *6.91 Þróun í upplýsingatækni* í fjárlögum 2006 fellur niður annars vegar við að tímabundið 41 m.kr. framlag til verkefna upplýsingasamfélagsins fellur niður og hins vegar við að 76 m.kr. eru millifærðar yfir á aðra liði. Þannig eru 9 m.kr. fluttar á *101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa,* 8 m.kr. á *299-1.80 Háskóla- og rannsóknastarfsemi, vísindastarfsemi,* 22 m.kr. á *299-1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi, háskólastarfsemi,* 22 m.kr. á *319-1.11 Framhaldsskólar, almennt, sameiginleg þjónusta* og 15 m.kr. á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneyti* undir þessum fjárlagalið. Síðasti nefndi liðurinn hækkar tímabundið um 5 m.kr. vegna verkefnis um miðlun hljóð- og sjónminjaarfs sem verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið hefur samþykkt. Til lækkunar koma enn fremur 0,2 m.kr. hjá *1.13 Útvarpsréttarnefnd* vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisútgjöldum og 7,6 m.kr. á *6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög.* Á móti framangreindum lækkunum er lagt til að hækka *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneyti* um 47,5 m.kr. og veita af þeirri fjárhæð 15 m.kr. tímabundið í átaksverkefni sem tengist lesblindu í skólum, 5 m.kr. tímabundið í átaksverkefni í íslensku og 7,5 m.kr. tímabundið í fjögur ár, eða alls 30 m.kr. til stuðnings uppbyggingu Þórbergsseturs að Hala í Suðursveit samkvæmt

samþykkt ríkisstjórnarinnar. Að síðustu er lagt til að millifæra á viðfangsefnið 2,5 m.kr. af *319-1.90 Framhaldsskólar, almennt, óskipt* og er um að ræða framlag sem hefur runnið til Heimilisiðnaðarfélagsins, til styrktar íslensku handverki, og er hér um breytta framsetningu að ræða. *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* 2,6 m.kr. sem millifærðar voru inn á *982-1.18 Bókmenntasjóður.* Áætlað er að *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðsins* skiptist þannig:

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 |
|---|---|
| Átaksverkefni vegna lesblindu í skólum landsins | 15,0 |
| Átaksverkefni í íslensku | 5,0 |
| Styrkur til uppbyggingar Þorbergseturs | 7,5 |
| Alþjóðasamningar - menningarmál | 11,5 |
| Miðlun hljóð- og sjónminjaarfs | 10,0 |
| *Ýmis verkefni í upplýsingatækni - menningarmál* | 10,0 |
| Samningar og styrkir varðandi menningarmál á grundvelli umsókna | 44,0 |
| **Samtals** | **103,0** |

## Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 02-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |
| 02-234-1.11 | Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora | Launagreiðslur til prófessora hjá ríkisreknum háskólastofnunum. |
| 02-299-1.91 | Háskólar, óskipt | Ófyrirséð útgjöld háskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga. |
| 02-319-1.12 | Orlof kennara | Námsorlof kennara í framhaldsskólum. |
| 02-319-1.13 | Forfallakennsla | Forfallakennsla í framhaldsskólum. |
| 02-319-1.14 | Sérkennsla | Sérkennsla í framhaldsskólum. |
| 02-319-1.90 | Framhaldsskólar, óskipt | Ófyrirséð útgjöld framhaldsskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga. |
| 02-982-1.91 | Menningarstofnanir, óskipt | Ófyrirséð útgjöld menningarstofnana. |

## 03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 3.757,2 | 4.403,6 | 4.285,7 | -3 | 14 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 2.412,9 | 3.087,2 | 5.122,1 | 66 | 112 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 247,9 | 54,0 | 30,0 | -44 | -88 |
| **Samtals** | **6.418,0** | **7.544,8** | **9.437,8** | **25** | **47** |
| | | | | | |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 6.169,1 | 8.051,0 | 31 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 1.375,7 | 1.386,8 | 1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals** | - | **7.544,8** | **9.437,8** | **25** | - |

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 9.444 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6 m.kr. en þær nema minna en 0,1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 9.438 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 8.051 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.387 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.286 m.kr. og lækka um 118 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Fyrir utan launa- og verðlagshækkanir munar mest um 643,5 m.kr. lækkun vegna flutnings fjárheimilda á fjárlagalið 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, sem áður heyrði undir utanríkisráðuneytið yfir til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Á hinn bóginn hækka framlög til eflingar þróunaraðstoðar um 269,3 m.kr. Loks hækka framlög til sendiráða um 37 m.kr.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækka um 2.035 m.kr. og verða 5.122 m.kr. en eru 3.087 m.kr. í fjárlögum ársins 2006. Þyngst vega í fyrsta lagi 1.400 m.kr. vegna yfirtöku á flugtengdri starfsemi varnarliðsins. Í öðru lagi 362 m.kr. til eflingar þróunarmála og í þriðja lagi 158 m.kr. vegna flugverndar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er líkt og í fjárlögum 2006 áætlaður 30 m.kr. Stofnkostnaður lækkar um 24 m.kr. milli ára. Stærsta breytingin er að fellt er niður 23 m.kr. tímabundið framlag frá fjárlögum 2006 vegna sendiráðs á Indlandi.

Sértekjur utanríkisráðuneytisins lækka um 353,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna flutnings á fjárheimilda Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli yfir til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

**Útgjöld utanríkisráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 1.007 | 1.016 | 1.026 | 1.036 |
| Keflavíkurflugvöllur | 2.611 | 2.611 | 2.611 | 2.611 |
| Sendiráð og fastanefndir | 1.803 | 1.821 | 1.839 | 1.857 |
| Þróunarmál og alþjóðastofnanir | 3.683 | 4.232 | 4.449 | 4.670 |
| Útflutningsmál | 334 | 338 | 341 | 344 |
| **Samtals** | **9.438** | **10.018** | **10.266** | **10.518** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Forsendur útgjaldaáætlunarinnar fyrir utanríkisráðuneytið eru lítið breyttar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa | 887,4 | 985,8 | 972,0 | -1,4 | 9,5 |
| Ýmis verkefni | 54,4 | 28,7 | 29,5 | 2,8 | -45,8 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 5,0 | 5,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **941,8** | **1.019,5** | **1.006,5** | **-1,3** | **6,9** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 58,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

***101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 972 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 13,8 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er lagt til að millifærðar verði 30 m.kr. á sendiráð vegna ferðakostnaðar sendiráðsskrifstofa. Í öðru lagi er lagt til að tímabundið 25 m.kr. framlag vegna formennsku Íslands í Alþjóðabankanum falli niður. Í fjórða lagi er lagt til að tímabundið 15,1 m.kr. framlag vegna formennsku Íslands í Eystrasaltsráðinu falli niður. Í fimmta lagi er óskað eftir 8 m.kr. auknu framlagi til eflingar þýðingamiðstöðvar. Í sjötta lagi er óskað eftir 8 m.kr. vegna verkefna tengdum þróunarmála á aðalskrifstofu. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

***190 Ýmis verkefni.*** Framlag til þessa liðar hækkar um 0,8 m.kr., sem er vegna launa- og verðlagsbreytinga, og verður 29,5 m.kr.

**Keflavíkurflugvöllur**

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður, 211 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Fjárheimildir undir fjárlagalið 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, sem áður heyrði undir utanríkisráðuneytið færast undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Heildarútgjöld málefnaflokksins nema því 2.610,6 m.kr. og hækka um 1.602,1 m.kr. ef frá er talinn Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

*211 **Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.*** Helsta breytingin á fjárlagaliðnum er að undir hann heyra nú flugtengdir rekstrarþættir sem voru í höndum varnarliðsins. Farið er fram á 1.400 m.kr. framlag til að mæta þeim kostnaði sem fylgir yfirtöku á starfsemi varnaliðsins. Þetta felst meðal annars í rekstri slökkviliðs, snjóruðningsdeildar, rafeindadeildar auk viðhaldskostnaðar. Þegar frumvarpið var í vinnslu var ekki lokið viðræðum við bandarísk stjórnvöld og fyrirkomulag varnarsamningsins milli ríkjanna. Verður fjárhæðin endurskoðuð í ljósi þeirrar niðurstöðu og frekari upplýsinga um rekstur flugvallarins. Í annan stað er óskað eftir 158 m.kr. framlagi til flugverndar. Kostnaðurinn er að mestu falin í launakostnaði starfsmanna við flugvernd. Áætlað er að auka þurfi mannafla um 30 fastráðna starfsmenn og allt að 12 starfsmönnum til viðbótar á háannatímum. Eftirlit þetta er nauðsynlegt til að íslensk stjórnvöld geti staðist kröfur ESA á sviði flugverndar. Þessar tvær tillögur eru fjármagnaðar með beinum greiðslum úr ríkissjóði yfir í B-hluta fjárlaga. Áætlað er að ríkistekjur af lendingargjöldum og öryggisgjaldi, sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 60/1998, verði samtals 1.052,6 m.kr. Annars vegar er gert ráð fyrir því að tekjur af öryggisgjaldi hækki um 54,9 m.kr. og verði 507,4 m.kr. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ríkistekjur af lendingargjaldi vegna millilandaflugs lækki um 10,8 m.kr. og verði 545,2 m.kr. Framlag, sem rennur til stofnunarinnar í B-hluta fjárlaga, hækkar því samtals um 1.602,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Nánar er fjallað um fjárreiður Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli í umfjöllum um B-hluta fyrirtæki.

**Sendiráð og fastanefndir**

Heildarframlög til málefnaflokksins eru áætluð 1.803,4 m.kr. og hækka um 256,4 m.kr. Þar af er framlag til viðhalds 30 m.kr. og stendur óbreytt frá gildandi fjárlögum.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Sendirad og fastanefndir | 1.780,5 | 1.547,0 | 1.803,4 | 16,6 | 1,3 |
| **Samtals** | **1.780,5** | **1.547,0** | **1.803,4** | **16,6** | **1,3** |

Helstu breytingar á framlögum eru eftirfarandi: Á viðfangsefninu *1.01 Sendiráð Íslands* er í fyrsta lagi lagt til að millifærðar verði 30 m.kr. af aðalskrifstofu vegna ferðakostnaðar sendiskrifstofa. Í öðru lagi er óskað eftir 28 m.kr. framlagi til reksturs sendiráðsins á Indlandi. Í þriðja lagi er sótt um 6,1 m.kr. framlag vegna byggingar nýrra höfuðstöðva NATO. Áfangagreiðsla vegna byggingarinnar nemur 78.000 evrum á árinu 2007. Í fjórða lagi er óskað eftir 3 m.kr. framlagi vegna sendiráðspresta í London og Kaupmannahöfn. Á stofnkostnaðarviðfangsefni *6.01 Tæki og búnaður* fellur niður tímabundið 23 m.kr. framlag vegna opnunar sendiráðs á Indlandi. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og gengisbreytinga, samtals hækkun um 211,9 m.kr.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Sendiráð Íslands í Berlín | 77,0 | 60,5 | 71,4 | 18,1 | -7,2 |
| Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn | 78,5 | 79,7 | 95,6 | 20,0 | 21,8 |
| Sendiráð Íslands í London | 94,7 | 84,7 | 101,5 | 19,9 | 7,2 |
| Sendiráð Íslands í Moskvu | 66,8 | 72,1 | 85,1 | 18,1 | 27,5 |
| Sendiráð Íslands í Ósló | 54,8 | 53,5 | 63,2 | 18,1 | 15,3 |
| Sendiráð Íslands í París og fastanefnd | 100,1 | 96,4 | 113,8 | 18,1 | 13,7 |
| Sendiráð Íslands í Stokkhólmi | 47,3 | 43,5 | 51,4 | 18,1 | 8,6 |
| Sendiráð Íslands í Washington | 79,1 | 74,5 | 88,0 | 18,1 | 11,2 |
| Fastanefnd Íslands í New York | 108,0 | 113,5 | 134,0 | 18,1 | 24,1 |
| Skrifstofa aðalræðismanns í New York | 41,9 | 27,2 | 32,1 | 18,1 | -23,3 |
| Sendiráð Íslands í Brussel og hjá ESB | 114,5 | 113,0 | 133,4 | 18,1 | 16,5 |
| Fastanefnd hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu | 83,3 | 79,7 | 100,2 | 25,7 | 20,3 |
| Fastanefnd hjá alþjóðast. og EFTA í Genf | 83,1 | 74,4 | 87,9 | 18,1 | 5,7 |
| Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastan. hjá ÖSE | 48,6 | 49,2 | 58,1 | 18,1 | 19,6 |
| Sendiráð Íslands í Peking | 59,8 | 63,5 | 75,0 | 18,1 | 25,4 |
| Sendiráð Íslands í Ottawa | 45,2 | 35,2 | 41,6 | 18,1 | -8,0 |
| Sendiráð Íslands í Tókíó | 56,2 | 56,4 | 66,6 | 18,1 | 18,5 |
| Sendiráð Íslands í Helsinki | 41,9 | 40,0 | 47,2 | 18,1 | 12,7 |
| Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu | 29,3 | 35,6 | 42,0 | 18,1 | 43,5 |
| Sendiráð Íslands í Pretoríu áður Mapútó | 23,7 | 25,5 | 30,1 | 18,1 | 27,1 |
| Aðalræðismaður í Winnipeg | 21,4 | 24,5 | 28,9 | 18,1 | 35,2 |
| Sendiráð Íslands í Róm | 10,3 | 21,4 | 25,3 | 18,1 | 145,4 |
| Sendiráð Íslands í Nýju Dehli | 6,6 | 58,8 | 69,4 | 18,1 | 952,1 |
| Sendiráð annað | 209,9 | 111,2 | 131,3 | 18,1 | -37,4 |
| **Samtals** | **1.582,0** | **1.494,0** | **1.773,4** | **18,7** | **12,1** |

Hafa ber í huga að sendiráð Íslands í Róm hóf ekki starfsemi fyrr en um mitt ár 2005 og sendiráð Íslands í Nýju Dehli hóf ekki starfsemi fyrr en á árinu 2006, kostnaður sem bókfærður er á árinu 2005 er vegna undirbúnings við opnun sendiráðsins.

**Þróunarmál og alþjóðastofnanir**

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg starfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Þróunarsamvinnustofnun Íslands | 549,1 | 946,7 | 1.212,8 | 28,1 | 120,9 |
| Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi | 530,9 | 658,9 | 993,7 | 50,8 | 87,2 |
| Alþjóðastofnanir | 789,7 | 1.400,7 | 1.476,6 | 5,4 | 87,0 |
| **Samtals** | **1.869,7** | **3.006,3** | **3.683,1** | **22,5** | **97,0** |

Fjárveiting til málefnaflokksins nemur 3.683,1 m.kr. og hækkar um 676,8 m.kr. Helstu breytingarnar eru að framlag til eflingar þróunarmála eykst um 623,6 m.kr. og óskað er eftir að framlag til SÞ verði hækkað um 30 m.kr. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi.

***390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.*** Útgjöld nema 1.212,8 m.kr. og hækka um 266,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Á viðfangsefni *1.01 Almennur rekstur* er sótt um 17,5 m.kr. vegna aukinna umsvifa stofnunarinnar. Á viðfangsefni *1.11 Þróunaraðstoð* er farið fram á 243,8 m.kr. vegna aukinna umsvifa í þróunaraðstoð. Þá er óskað eftir að 12 m.kr. verði millifærðar á milli viðfangsefna af *1.11 Þróunaraðstoð* yfir á *1.01 Almennur rekstur*.

***391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.*** Framlag til þessa liðar nemur 993,7 m.kr. og hækkar um 334,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er sótt um 135,4 m.kr. fjárveitingu til almennra framlaga á sviði þróunarmála. Um er að ræða framlög til alþjóðastofnana, sjóða og verkefna á sviði þróunarsamvinnu. Meðal áhersluatriða er alþjóðlegt samstarf á sviði sjálfbærra fiskveiða og endurnýjanlegra orkugjafa. Einnig er lögð áhersla á aukinn stuðning við verkefni á sviði alþjóðaheilbrigðismála, uppbyggingu á fyrrum ófriðarsvæðum, viðskiptatengda þróunaraðstoð og eflingu viðskiptalífs í þróunarlöndum. Þá verður íslenskum sérfræðingum sem starfa fyrir þróunarstofnanir SÞ fjölgað. Í öðru lagi er sótt um 81,7 m.kr. framlag til mannúðarmála og neyðaraðstoðar á *1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð*. Í þriðja lagi er óskað eftir 30 m.kr. fjárveitingu vegna jarðhitanámskeiða í Afríku, Mið-Ameríku og Asíu. Þar af eru 10 m.kr. vegna fjölgunar nema í meistaranámi. Í fjórða lagi er sótt um samtals 27,8 m.kr. hækkun til Sjávarútvegsskólans. Auknu framlagi verður fyrst og fremst varið til þess að þróa og halda námskeið í samstarfslöndum og bjóða nemendum skólans upp á styrk til framhaldsnáms á Íslandi. Í fimmta lagi er sótt um 27,4 m.kr. til hjálparstarfs SÞ fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM. Í samstarfi við UNIFEM á Íslandi er fyrirhugað að auka stuðning við verkefni á sviði jafnréttis í þróunarríkjum. Helstu áhersluverkefni eru barátta gegn kynbundnu ofbeldi, barátta fyrir almennum mannréttindum og lagalegri stöðu kvenna í þróunarríkjunum, sköpun atvinnutækifæra og hvatning til forystu og stjórnunarstarfa. Sérstök áhersla er lögð á störf UNIFEM á fyrrum ófriðarsvæðum. Í sjötta lagi er sótt um 21,2 m.kr. fjárveitingu til Alþjóðabarnahjálparstofnunarinnar, UNICEF. Framlagið er veitt sem liður í aukinni áherslu Íslands á samstarf við stofnanir SÞ. í þróunarsamvinnu. Markmiðið er að vinna að bættum hag barna, ungmenna og kvenna í þróunarlöndum. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

***401 Alþjóðastofnanir.*** Framlag til Alþjóðastofnanna nemur 1.476,6 m.kr. og hækkar um 75,9 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 30 m.kr. hækkun á framlagi til SÞ á viðfangsefni *1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN* í samræmi við skuldbindingar Íslands. Í öðru lagi er sótt um 25 m.kr. hækkun á framlagi vegna stuðnings við átak í lækkun skulda þróunarríkjanna. Í þriðja lagi er sótt um 20 m.kr. hækkun á framlagi á viðfangsefni *1.85 Alþjóðleg friðargæsla* vegna aukins umfangs. Í fjórða lagi er óskað eftir 19,8 m.kr. framlagi vegna þátttöku Íslands í Evrópuráðinu þar af eru 7,8 m.kr. sérstakt aukaframlag vegna þátttöku Íslands í Evrópuráðinu til þriggja ára. Í fimmta lagi er sótt um 13,8 m.kr. hækkun á framlagi vegna stuðnings við kaup á íslenskri ráðgjöf fyrir Alþjóðabankann. Í sjötta lagi er sótt um 2,7 m.kr. hækkun á framlagi á viðfangsefni *1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA* vegna aðildar Íslands að tveimur nýjum samningum, um aðstoð vegna kjarnorkuslysa og samnings um notað brennsluefni. Í sjöunda lagi er óskað eftir 2,5 m.kr. framlagi vegna undirbúnings aðildar Íslands að mannvirkjasjóði NATO. Í áttunda lagi er óskað 1,5 m.kr. hækkun á framlagi á viðfangsefni *1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.* Í síðasta lagi er lögð til 132 m.kr. varanleg lækkun á greiðslum Íslands til Þróunarsjóðs EFTA vegna breyttra forsenda. Aðrar breytingar má rekja til launa- og gengisbreytinga.

**Útflutningsmál**

Fjárlagaliðurinn 611 Útflutningsráð Íslands er eini liður þessa málaflokks. Framlagið nemur 334,2 m.kr. og er það jafnt þeim tekjum sem markaðsgjald skilar. Áætlað er að tekjurnar hækki um 31 m.kr. frá áætlun gildandi fjárlaga.

**Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 03-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra ..... | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |

## 04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 2.517,8 | 2.612,0 | 2.544,5 | -3 | 1 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 12.659,9 | 10.241,3 | 11.083,9 | 8 | -12 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 465,2 | 192,9 | 233,7 | 21 | -50 |
| **Samtals** | **15.642,9** | **13.046,2** | **13.862,1** | **6** | **-11** |
| | | | | | |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 11.460,3 | 12.186,9 | 6 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 1.585,9 | 1.753,9 | 11 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | -78,7 | - | - |
| **Samtals** | - | **13.046,2** | **13.862,1** | **6** | - |

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 14.667 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 805 m.kr. en þær nema 5,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 13.862 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 12.187 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.754 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 79 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.545 m.kr. og lækka um 68 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk 110 m.kr. launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 208 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitinga á móti samsvarandi hækkun tilfærsluframlaga. Er sú breyting gerð til samræmis við flokkun útgjalda í ríkisreikningi og munar mest um breytingar á tegundaskiptingu skógræktarframlaga. Aðrar helstu breytingar eru þær að lögð er til 70 m.kr. hækkun til Landbúnaðarstofnunar vegna kostnaðar við aðgerðir vegna upptöku á gerðum í 1. kafla I. viðauka við EES samninginn, um viðskipti með dýraafurðir, og 18 m.kr. hækkun vegna leigu á húsnæði fyrir stofnunina og heilsársráðningu starfsfólks. Niður falla alls 49 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna. Gert er ráð fyrir 33 m.kr. hækkun á rekstrarfjárveitingu Landgræðslu ríkisins á móti samsvarandi lækkun á stofnkostnaðarframlagi. Loks lækka rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana um alls 45 m.kr. vegna breyttrar forgangsröðunar og kröfu um aðhald í rekstrarkostnaði.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 843 m.kr. og verða 11.084 m.kr. en eru 10.241 m.kr. í fjárlögum ársins 2006. Þyngst vega alls 660 m.kr. hækkanir á samningsbundnum greiðslum vegna búvöruframleiðslu, þar af 330 m.kr. vegna mjólkurframleiðslu og 298 m.kr. vegna sauðfjárframleiðslu. Þá hækka tilfærsluframlög um alls 208 m.kr. á móti samsvarandi lækkun rekstrarfjárveitinga til samræmis við flokkun útgjalda í ríkisreikningi. Niður fellur 30,8 m.kr. styrkur til úreldingar gróðurhúsa og 26,2 m.kr. framlag til fiskeldisrannsókna samkvæmt samningi við Stofnfisk.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 234 m.kr. og er það 41 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru tvær. Annars vegar 90 m.kr. hækkun á framlagi til Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins en umfang sjóðsins hefur vaxið á umliðnum árum og verið vanmetið í fjárlögum. Hins vegar 33 m.kr. lækkun á stofnkostnaðarframlagi Landgræðslu ríkisins á móti jafn hárri hækkun á rekstrarfjárveitingu.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

**Útgjöld landbúnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 327 | 325 | 327 | 329 |
| Landbúnaðarstofnanir | 1.533 | 1.549 | 1.564 | 1.579 |
| Skógrækt og landgræðsla | 1.247 | 1.260 | 1.272 | 1.285 |
| Greiðslur vegna búvöruframleiðslu | 8.805 | 8.750 | 8.696 | 8.642 |
| Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar | 1.950 | 1.955 | 1.949 | 1.918 |
| **Samtals** | **13.862** | **13.839** | **13.808** | **13.753** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið

felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reiknforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka landbúnaðarráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins *Greiðslur vegna búvöruframleiðslu* lækki að jafnaði um 0,6% á ári. Skýrist það einkum af því að í gildandi samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu lækka samningsgreiðslur um 1% á ári. Reiknað er með óbreyttum greiðslum vegna sauðfjár- og grænmetisframleiðslu. Í öðru lagi er í spánni reiknað með að útgjöld, sem falla undir málefnaflokkinn *Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar*, lækki yfirleitt á milli ára. Skýrist það einkum af því að í gildandi búnaðarlagasamningi lækka framlög ríkisins til Bændasamtaka Íslands um 1,5% að jafnaði á gildistíma áætlunarinnar. Auk þess er gert ráð fyrir að á árinu 2010 falli niður sérstakt 25 m.kr. framlag til átaks í hrossarækt.

Í áætluninni hefur verið tekið tillit til framlaga sem veitt eru tímabundið til verkefna og falla niður á tímabilinu.

Forsendur útgjaldaáætlunarinnar fyrir landbúnaðarráðuneytið eru lítið breyttar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006.

**Skuldbindandi samningar**

Landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 8.666 m.kr. á yfirstandandi ári og svarar það til um 59% af heildargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2006, eru á áætluðu verðlagi ársins 2007 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Teg. | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Samningur um mjólkurframleiðslu | B | 4.548,3 | 4.698,0 | 4.650,8 | 4.604,4 | 4.558,4 |
| Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða | B | 3.051,5 | 3.192,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Samningur við Samband garðyrkjubænda | B | 363,5 | 353,4 | 344,6 | 336,0 | 327,6 |
| Samningur við Bændasamtök Íslands | A | 636,4 | 669,5 | 656,3 | 646,2 | 635,9 |
| Stofnfiskur | B | 26,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Landgræðsluskógar | B | 20,0 | 20,0 | 20,0 | 0,0 | 0,0 |
| Bleikjurækt við Hólaskóla | B | 15,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin | A | 4,6 | 5,4 | 5,4 | 5,4 | 5,4 |
| **Samtals** | | **8.666,2** | **8.938,3** | **5.677,1** | **5.592,0** | **5.527,3** |

Samningar sem landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 641 m.kr. á þessu ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 8.025 m.kr. Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða rennur út í árslok 2007. Verði hann endurnýjaður má búast við að til jafnaðar verði nálægt 8.800 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

## Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa | 216,9 | 219,1 | 222,4 | 1,5 | 2,5 |
| Ýmis verkefni | 101,9 | 99,5 | 98,7 | -0,8 | -3,1 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 6,0 | 6,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **318,8** | **324,6** | **327,1** | **0,8** | **2,6** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 8,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar mest um að niður fellur 5 m.kr. framlag til innleiðingar gagnagrunna á lögbýlum og vegna hagræðingarkröfu lækkar framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins um 4,6 m.kr.

***101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Gert er ráð fyrir 222,4 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar og er það 3,3 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækkar fjárveiting um 4,6 m.kr. vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar.

***190 Ýmis verkefni.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 98,7 m.kr. og jafngildir það 3,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta tvö viðfangsefni og eru þessar: Á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis* eru tvær breytingar. Annars vegar tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu til talningar á selastofnum við Ísland. Selastofnar við landið eru bæði taldir vegna þess vandamáls sem hringormur í fiski er og eins vegna aðilar Íslands að NAMMCO, Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðinu, þar sem Ísland þarf að leggja fram gögn um ástand sjávarspendýra. Fjárhæðin og tillaga sú sem hér um ræðir miðar við að selastofnarnir verði taldir árlega, landselsstofninn annað árið og útselsstofninn hitt árið, og að óvissa í niðurstöðum talninganna verði innan við 20%. Hins vegar tillaga um 0,3 m.kr. almenna lækkun fjárveitingar vegna aðhaldskröfu. Á viðfangsefni *6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum* eru sömuleiðis tvær breytingar. Annars vegar fellur niður 5 m.kr. framlag frá Íslenska upplýsingasamfélaginu og hins vegar er gert ráð fyrir 0,3 m.kr. tímabundinni lækkun fjárveitingar vegna aðhalds í ríkisútgjöldum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis á viðfangi *1.98*.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni: | | |
| **04-190-1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis** | | |
| Endurskoðun laga, m.a. lög um lax- og silungsveiði | 4,0 | 0,0 |
| Rannsóknarstarfsemi í landbúnaði | 2,0 | 10,3 |
| Tilraunastöðin Stóra-Ármóti | 1,9 | 2,0 |
| Landþurrkun | 0,5 | 0,5 |
| Óskipt | 2,3 | 0,0 |
| **Samtals** | **10,7** | **12,8** |

## Landbúnaðarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 221 Veiðimálastofnun; 234 Landbúnaðarstofnun; 262 Landbúnaðarháskóli Íslands; 271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Veiðimálastofnun | 91,9 | 63,4 | 52,4 | -17,4 | -43,0 |
| Veiðimálastjóri | 26,8 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Yfirdýralæknir | 505,8 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Landbúnaðarstofnun | 0,0 | 561,7 | 658,9 | 17,3 | - |
| Aðfangaeftirlit ríkisins | 69,4 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Landbúnaðarháskóli Íslands | 599,7 | 572,8 | 587,5 | 2,6 | -2,0 |
| Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal | 215,5 | 221,4 | 212,3 | -4,1 | -1,5 |
| Hagþjónusta landbúnaðarins | 20,7 | 21,6 | 22,0 | 1,9 | 6,3 |
| **Samtals** | **1.529,8** | **1.440,9** | **1.533,1** | **6,4** | **0,2** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 28,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru 70 m.kr. hækkun til Landbúnaðarstofnunar vegna kostnaðar við mótvægisaðgerðir vegna upptöku Íslands á gerðum í viðauka við EES samninginn, um viðskipti með dýraafurðir og 25,3 m.kr. lækkun fjárveitinga á ýmsum liðum málefnaflokksins vegna breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar og aðhaldskröfu. Niður falla alls 35 m.kr. framlög sem veitt voru tímabundið. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

*221 Veiðimálastofnun.* Gert er ráð fyrir 52,4 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 13,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 12 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2006 til rannsókna á göngum laxa í sjó og gert er ráð fyrir 1,3 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar vegna aðhaldskröfu.

*234 Landbúnaðarstofnun.* Gert er ráð fyrir 658,9 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 72,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 70 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna kostnaðar við mótvægisaðgerðir í tengslum við upptöku Íslands á gerðum í 1. kafla I. viðauka við EES samninginn, um viðskipti með dýraafurðir. Ísland hefur til þessa haft tímabundna undanþágu frá upptöku gerðanna en framkvæmdastjórn ESB hefur gert stöðugt ákveðnari athugasemdir við undanþáguna og að óbreyttu í raun hafnað hlutainnleiðingu Íslands á nýrri matvælalöggjöf og þar með aðild landsins að Matvælastofnun Evrópu. Aðstæður hafa auk þess breyst og þær sérstöku aðstæður sem undanþágan byggðist á eru ekki lengur fyrir hendi nema að afar takmörkuðu leyti. Ísland á auk þess augljósa útflutningshagsmuni af því að framkvæmd EES-samningsins á sviði vöruviðskipta gangi snurðulaust fyrir sig, sérstaklega m.t.t. viðskipta með sjávarafurðir. Mikilvægt er að þeim hagsmunum sé ekki teflt í tvísýnu. Þann 18. október 2005 samþykkti ríkisstjórnin að hefja samningaviðræður við framkvæmdastjórn ESB um endurskoðun undanþágunnar.

Tveir samningafundir hafa verið haldnir með framkvæmdastjórn ESB og fyrir liggja drög að ákvörðun. Kostnaðaráætlunin, sem tillaga þessi byggir á, hljóðar á 15 m.kr. vegna skimunar eftir búfjársjúkdómum í lifandi dýrum, 10 m.kr. vegna eftirlits með lifandi dýrum til varnar því að búfjársjúkdómar berist í menn, 25 m.kr. til reksturs Súnu-miðstöðvar, þekkingarsetur sjúkdóma sem berast frá dýrum í fólk, og ráðningar tveggja starfsmanna, 10 m.kr. vegna uppsetningar og reksturs tveggja landamærastöðva til eftirlits með innflutningi og 10 m.kr. þátttökukostnað við rekstur samningsins. Í öðru lagi er lögð til 10 m.kr. fjárveiting vegna húsaleigu og reksturs á húsnæði stofnunarinnar á Selfossi. Stofnunin hefur 5 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum yfirstandandi árs vegna aukins húsnæðiskostnaðar frá 1. september, er hún tók á leigu framtíðarhúsnæði á Selfossi fyrir starfsemi sína, og hefur með samþykkt þessarar tillögu 15 m.kr. fjárveitingu vegna húsnæðiskostnaðar umfram kostnað þeirra stofnana sem sameinaðar voru í Landbúnaðarstofnun. Í þriðja lagi er lögð til 8 m.kr. hækkun vegna launakostnaðar á heilsársgrunni vegna þess starfsfólks sem ráðið hefur verið til starfa í áföngum á þessu ári. Í fjórða lagi er tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu vegna faraldsfræðilegs rannsóknarkostnaðar, sbr. ríkisstjórnarsamþykkt 10. febrúar sl. í framhaldi af tillögum nefndar ráðuneytisstjóra til undirbúnings viðbúnaðar gegn farsóttum. Í fimmta lagi fellur nú niður 10 m.kr. tímabundin fjárveiting sem veitt var á fjárlögum 2006 til kaupa á tækjum og búnaði. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir 7,6 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar vegna breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar og aðhaldskröfu.

262 ***Landbúnaðarháskóli Íslands.*** Gert er ráð fyrir 587,5 m.kr. fjárveitingu til skólans og er það 14,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækkar fjárveitingin um 11,6 m.kr. vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Auk þess er dregið úr rekstrarumfangi skólans með 10 m.kr. lækkun gjalda og sértekna, eða sem svarar umfangi MATRA í rekstri skólans, en MATRA er rannsóknastofa sem rekin hefur verið samkvæmt samstarfssamningi milli Landbúnaðarháskóla Íslands og Iðntæknistofnunar Íslands. Stofnað hefur verið fyrirtækið Matís ehf. sem taka mun við rekstri rannsóknastofunnar um næstu áramót.

271 ***Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.*** Gert er ráð fyrir 212,3 m.kr. fjárveitingu til skólans og er það 9,1 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækkar fjárveiting um 18,3 m.kr. Munar þar mest um að niður fellur 8 m.kr. fjárveiting þar sem samningur um kynbætur fyrir bleikjueldi rennur út í árslok 2006 og eins fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag til Guðbrandsstofnunar sem veitt var í tilefni 900 ára afmæli Hólastaðar. Gert er ráð fyrir 4,4 m.kr. almennri lækkun rekstrarfjárveitingar vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar

og 0,9 m.kr. tímabundinni lækkun stofnkostnaðarfjárveitingar til að mæta aðhaldsmarkmiði.

*293 Hagþjónusta landbúnaðarins.* Gert er ráð fyrir 22 m.kr. fjárveitingu á næsta ári og er það 0,4 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækkar fjárveiting um 0,4 m.kr. vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar.

**Skógrækt og landgræðsla**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins; 331 Héraðsskógar og 343 Landshlutabundin skógrækt.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Landgræðsla ríkisins | 523,0 | 502,5 | 503,9 | 0,3 | -3,7 |
| Skógrækt ríkisins | 249,9 | 235,3 | 232,0 | -1,4 | -7,2 |
| Héraðsskógar | 94,9 | 108,0 | 112,2 | 3,9 | 18,2 |
| Átak í landgræðslu og skógrækt | 0,7 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Landshlutabundin skógrækt | 361,4 | 381,8 | 398,8 | 4,5 | 10,3 |
| **Samtals** | **1.229,9** | **1.227,6** | **1.246,9** | **1,6** | **1,4** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 30,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Lækkunin skýrist af því að niður falla alls 14 m.kr. tímabundin framlög og auk þess lækka fjárveitingar um 16,1 m.kr. vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

*311 Landgræðsla ríkisins.* Gert er ráð fyrir 503,9 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 17,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Niður fellur 7 m.kr. tímabundið framlag til Hekluskóga og vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar lækka rekstrarframlög til stofnunarinnar um 10,1 m.kr. og stofnkostnaðarframlag lækkar tímabundið um 0,4 m.kr. Á fjárlögum 2002 var 33 m.kr. fjárheimild millifærð af rekstrarfjárveitingu yfir á stofnkostnaðarfjárveitingu vegna lagningar hitaveitu. Þar sem framkvæmdum er lokið er nú gert ráð fyrir að sú millifærsla gangi til baka.

*321 Skógrækt ríkisins.* Gert er ráð fyrir 232 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 12,2 m.kr. lækkun að raungildi fjár fjárlögum yfirstandandi árs. Niður fellur

7 m.kr. tímabundið framlag til Hekluskóga og vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar lækka rekstrarframlög til stofnunarinnar um 4,7 m.kr. og stofnkostnaðarframlag lækkar tímabundið um 0,5 m.kr.

*331 **Héraðsskógar.*** Gert er ráð fyrir 112,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það 4,2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækkar stofnkostnaðarframlag tímabundið um 0,4 m.kr. vegna aðhaldskröfu. Gert er ráð fyrir að tegundaskipting fjárveitingarinnar breytist til samræmis við flokkun útgjalda í ríkisreikningi þannig að rekstrarfjárveiting lækki um 45 m.kr. og tilfærsluframlag hækki samsvarandi.

*343 **Landshlutabundin skógrækt.*** Fjárveiting til liðarins er 398,8 m.kr. sem er 17 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs og skýrist hækkunin alfarið af launa- og verðlagsbótum. Lagt er til að tegundaskipting fjárveitinga á liðnum breytist til samræmis við flokkun útgjalda í ríkisreikningi. Breytingarnar leiða til lækkunar á rekstrarfjárveitingum og samsvarandi hækkunar á tilfærsluframlögum og greinast þannig eftir viðfangsefnum: 67 m.kr. á viðfangi *1.10 Suðurlandsskógar*, 40 m.kr. á viðfangi *1.13 Vesturlandsskógar*, 25 m.kr. á viðfangi *1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum*, 54 m.kr. á viðfangi *1.16 Norðurlandsskógar* og 18 m.kr. á viðfangi *1.17 Austurlandsskógar*.

**Greiðslur vegna búvöruframleiðslu**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

| Rekstrargrunnur | Reikningur *2005* m.kr. | Fjárlög *2006* m.kr. | Frumvarp *2007* m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu | 4.597,5 | 4.841,0 | 4.875,0 | 0,7 | 6,0 |
| Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu | 3.011,4 | 2.983,0 | 3.281,0 | 10,0 | 9,0 |
| Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu | 343,6 | 355,3 | 353,4 | -0,5 | 2,9 |
| **Samtals** | **7.952,5** | **8.179,3** | **8.509,4** | **4,0** | **7,0** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 370,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta ástæða lækkunarinnar er sú að 296 m.kr. fjárveiting vegna verðtilfærslugjalds á mjólk flyst yfir í málefnaflokkinn *Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar*. Aðrar breytingar eru þær að greiðslur vegna mjólkurframleiðslu lækka um 35,2 m.kr. og greiðslur vegna grænmetisframleiðslu lækka um 38,8 m.kr. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

***801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.*** Fjárveiting þessa fjárlagaliðar grundvallast á samningi frá 10. maí 2004, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Gert er ráð fyrir 4.875 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það 34 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Þar af stafa 296 m.kr. af því að fjárveiting vegna verðtilfærslugjalds á mjólk sem fram til þessa hefur verið veitt á þennan fjárlagalið er nú sett fram á lið *04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara.* Er það til samræmis við vistun annarra verðmiðlunarfjárveitinga sem veittar eru á grundvelli V.kafla laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Að frátalinni þessari breytingu hækkar fjárveiting til liðarins um 330 m.kr. Verðuppfærsla nemur 365,2 m.kr. og raunlækkun fjárveitingar samkvæmt niðurstöðu reiknilíkans af ofangreindum samningi er 35,2 m.kr.

***805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.*** Fjárveiting þessa fjárlagaliðar grundvallast á samningi frá 11. mars 2000, um framleiðslu sauðfjárafurða, en samningurinn gildir út árið 2007. Gert er ráð fyrir 3.281 m.kr. fjárveitingu til liðarins og hækkar fjárveitingin um 298 m.kr. miðað við gildandi fjárlög og skýrist breytingin að öllu leyti af verðlagsuppfærslu samningsins.

***807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.*** Fjárveiting þessa fjárlagaliðar grundvallast á aðlögunarsamningi frá 12. mars 2002, um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Gert er ráð fyrir 353,4 m.kr. fjárveitingu til liðarins samkvæmt reiknilíkani af samningnum og er það 1,9 m.kr. lækkun miðað við fjárlög ársins í ár. Verðlagsuppfærsla nemur 36,9 m.kr. en að frádreginni 2,5% samningsbundinni hagræðingarkröfu nemur hún 28,9 m.kr. Raunbreyting fjárveitingarinnar er því til lækkunar um 30,8 m.kr. og stafar af því að í samræmi við samninginn fellur nú niður fjárveiting til úreldingar gróðurhúsa.

**Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Bændasamtök Íslands | 452,3 | 488,3 | 525,5 | 7,6 | 16,2 |
| Búnaðarsjóður | 249,8 | 280,0 | 280,0 | 0,0 | 12,1 |
| Framleiðnisjóður landbúnaðarins | 183,5 | 160,0 | 157,0 | -1,9 | -14,4 |
| Lánasjóður landbúnaðarins | 144,8 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Verðmiðlun landbúnaðarvara | 119,9 | 104,2 | 383,0 | 267,6 | 219,4 |
| Fóðursjóður | 500,6 | 615,0 | 615,0 | 0,0 | 22,9 |
| Garðávaxtasjóður | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins | 95,3 | 84,0 | 165,3 | 96,8 | 73,5 |
| Lán til fiskeldis | 33,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fiskeldisrannsóknir | 27,7 | 26,2 | 0,0 | -100,0 | -100,0 |
| Fiskræktarsjóður | 21,8 | 17,1 | 20,8 | 21,6 | -4,6 |
| Greiðslur vegna riðuveiki | 69,0 | 52,0 | 52,0 | 0,0 | -24,6 |
| Sérstakar greiðslur í landbúnaði | 2.709,0 | 47,0 | 47,0 | 0,0 | -98,3 |
| Íslenska upplýsingasamfélagið | 5,0 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Samtals** | **4.611,9** | **1.873,8** | **2.245,6** | **19,8** | **-51,3** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 332 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta ástæða hækkunarinnar er, eins og áður hefur komið fram, að 296 m.kr. fjárveiting vegna verðtilfærslugjalds á mjólk flyst hingað úr málefnaflokkinum *Greiðslur vegna búvöruframleiðslu*. Aðrar helstu breytingar eru ríflega 80 m.kr. hækkun á framlagi til Jarðasjóðs vegna aukins umfangs í fjárlögum, en sjóðurinn er alfarið fjármagnaður með afgjöldum og sölu ríkisjarða, 26 m.kr. lækkun á framlagi til Fiskeldisrannsókna og 17 m.kr. lækkun Verðmiðlunargjalda. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

***811 Bændasamtök Íslands.*** Gert er ráð fyrir 525,5 m.kr. fjárveitingu til Bændasamtaka Íslands og er það 37,2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að verðbótum frátöldum lækkar fjárveiting um 2,6 m.kr. samkvæmt niðurstöðu reiknilíkans af samningi frá 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Áfram er gert ráð fyrir sérstöku framlagi vegna aksturskostnaðar dýralækna á viðfangsefni *1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt*. Framlagið er í grunninn óbreytt milli ára en með verðbótum nemur það 13 m.kr.

***821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.*** Samkvæmt búnaðarlagasamningi lækkar framlag til sjóðsins um 3 m.kr. og verður 157 m.kr.

***824 Verðmiðlun landbúnaðarvara.*** Fjárveitingar á þennan lið eru fjármagnaðar með verðmiðlunargjöldum samkvæmt V.kafla laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu

og sölu á búvörum. Gert er ráð fyrir 383 m.kr. fjárveitingu á liðinn og er það 278,8 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Munar þar mest um 296 m.kr. verðtilfærslugjald á mjólk sem áður var vistað á fjárlagalið *04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.* Aðrar breytingar eru þær að samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af verðmiðlunargjöldum landbúnaðarins er reiknað með að gjöldin muni skila 17,2 m.kr. lægri tekjum en gert er ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs. Munar þar mest um áhrif lagabreytinga frá síðasta þingi um afnám verðskerðingargjalds á nautgripakjöt og verðmiðlunargjalds á kindakjöt og upptöku verðskerðingargjalds á kindakjöt.

***831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins.*** Gert er ráð fyrir 165,3 m.kr. fjárveitingu á liðinn og er það 81,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Fjárveitingin er fjármögnuð með afgjöldum og söluandvirði ríkisjarða. Umfang sjóðsins hefur vaxið undanfarin ár með vaxandi tekjum af jarðasölu og verið vanmetið á fjárlögum. Áætlað er að tekjur af jarðasölu muni nema 200 m.kr. á næsta ári en í fjárlögum þessa árs er aðeins reiknað með 40 m.kr. sölutekjum og er því gert ráð fyrir 160 m.kr. tekjuaukningu. Áætlað er að útgjöld sjóðsins hækki minna, eða um 81,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs að teknu tilliti til 8,7 m.kr. tímabundinnar lækkunar fjárveitingar vegna aðhaldskröfu.

***841 Fiskeldisrannsóknir.*** Fjárveiting á þennan lið hefur verið samkvæmt samningi við Stofnfisk hf. um kynbætur fyrir laxaeldi og hefur 26,2 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum yfirstandandi árs. Samningurinn rennur út í árslok 2006 og ekki eru uppi áform um endurnýjun hans og fellur fjárveiting því niður.

***843 Fiskræktarsjóður.*** Fiskræktarsjóður er fjármagnaður með gjaldi á tekjur veiðifélaga og vatnsaflsstöðva. Áætlað er að á næsta ári nemi tekjurnar 20,8 m.kr. og hækki um 3,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

**Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagalið innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 04-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra ..... | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |

## 05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegsráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 1.660,1 | 2.320,8 | 2.514,1 | 8 | 51 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 481,5 | 473,3 | 494,8 | 5 | 3 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 54,2 | 26,4 | 9,9 | -63 | -82 |
| **Samtals** | **2.195,8** | **2.820,5** | **3.018,8** | **7** | **37** |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 2.705,3 | 2.899,2 | 7 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 115,2 | 119,6 | 4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals** | - | **2.820,5** | **3.018,8** | **7** | - |

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 3.707 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 688 m.kr. en þær nema 18,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.019 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.899 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 120 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.514 m.kr. og hækka um 193 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 50 m.kr. framlag til hafrannsókna, 10 m. kr. framlag til Fiskistofu til rannsókna og eftirlits með eitrun í þörungi og skelfisk og 9 m.kr. framlag til áframhaldandi uppbyggingar á starfsstöðvum á landsbyggðinni fyrir veiðieftirliti Fiskistofu. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna en þau nema alls um 32 m.kr. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 30 m.kr. vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsröðun innan ramma langtímaáætlunar.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 22 m.kr. og verða 495 m.kr. en eru 473 m.kr. í fjárlögum ársins 2006. Þyngst vegur 35 m.kr. hækkun á framlagi í Rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs, þar af er 25 m.kr. framlag til áframhaldandi verkefnis um kynbætur á eldisþorski og 10 m.kr. til markaðsöflunar fyrir eldisbleikju. Á móti kemur að 20 m.kr. tilfærsluframlag sem var í fjárveitingu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á fjárlögum yfirstandandi árs er nú sett fram sem rekstrarframlag eins og öll fjárveiting sem veitt er á lið Matvælarannsókna og gengur til kaupa á þjónustu.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 10 m.kr. og er það 17 m.kr. lækkun milli ára. Munar þar langsamlega mest um að niður fellur 16 m.kr. tímabundið framlag til gagnagrunns um ástand og nýtingu fiskistofna við landið.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

**Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 385 | 388 | 391 | 394 |
| Rannsóknir og eftirlit | 2.634 | 2.658 | 2.682 | 2.686 |
| **Samtals** | **3.019** | **3.046** | **3.073** | **3.080** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Í áætluninni hefur verið tekið tillit til framlaga sem veitt eru tímabundið til verkefna og falla niður á tímabilinu.

Forsendur útgjaldaáætlunarinnar fyrir sjávarútvegsráðuneytið eru lítið breyttar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa | 173,0 | 202,7 | 219,4 | 8,2 | 26,8 |
| Ýmis verkefni | 173,7 | 166,2 | 162,3 | -2,3 | -6,6 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 3,0 | 3,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **346,7** | **371,9** | **384,7** | **3,4** | **11,0** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 3,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru 8 m.kr. hækkun á framlagi til aðalskrifstofu ráðuneytisins ásamt því að niður fellur 16 m.kr. tímabundið framlag vegna gagnagrunns um ástand og nýtingu fiskistofna við Ísland.

***101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Gert er ráð fyrir 219,4 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er farið fram á 10 m.kr. vegna aukins umfangs í verkefnum og fjölgunar um eitt stöðugildi eftir að Þróunarsjóður sjávarútvegsins var lagður niður. Á móti lækkar fjárveiting um 2 m.kr. vegna aðhaldskröfu.

***190 Ýmis verkefni.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 162,3 m.kr. og jafngildir það 11,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið* er lögð til 4,2 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna hækkunar sem varð á árgjaldi Íslands í samræmi við reglur ráðsins þegar Íslendingar hófu vísindaveiðar á hrefnu. Á viðfangsefni *6.41 Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna* falla niður alls 16 m.kr. framlög sem veitt voru tímabundið í fjárlögum 2006. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytis á viðfangi *1.98*.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni: | | |
| **05-190-1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytis** | | |
| Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks | 3,0 | 3,0 |
| Íslenskur sérfræðingur í fiskimáladeild Evrópusambandsins | 6,0 | 6,0 |
| Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi m.a. vegna milliríkjasamninga | 9,9 | 6,2 |
| Hafréttarstofnun | 0,0 | 4,0 |
| **Samtals** | **18,9** | **19,2** |

## Rannsóknir og eftirlit

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Hafrannsóknarstofnunin; 204 Fiskistofa; 206 Matvælarannsóknir; 207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins; 210 Sjóður til síldarrannsókna; 213 Verðlagsstofa skiptaverðs; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins; 801 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Þær breytingar verða í frumvarpinu að niður fellur liðurinn 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og við bætist liður 206 Matvælarannsóknir.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Hafrannsóknastofnunin | 1.364,5 | 1.110,0 | 1.213,4 | 9,3 | -11,1 |
| Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins | 199,1 | 225,4 | 0,0 | -100,0 | -100,0 |
| Fiskistofa | 696,1 | 768,4 | 805,4 | 4,8 | 15,7 |
| Matvælarannsóknir | 0,0 | 0,0 | 244,6 | - | - |
| Verkefnasjóður sjávarútvegsins | -672,5 | 34,6 | 35,0 | 1,2 | -105,2 |
| Sjóður til síldarrannsókna | -7,3 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Verðlagsstofa skiptaverðs | 24,0 | 25,0 | 23,9 | -4,4 | -0,4 |
| Gengismunasjóður | -1,0 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Gæða- og orkufjársjóður | -0,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Sjávarspendýrasjóður | -0,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Veiðarfærarannsóknir | -0,7 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins | 3,2 | 10,4 | 9,9 | -4,8 | 209,4 |
| Sjávarútvegshús, undirbúningur | -5,4 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Matvæla- og sjávarútvegsgarður | -5,7 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs | 196,9 | 210,0 | 235,0 | 11,9 | 19,3 |
| Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna | 58,3 | 64,8 | 66,9 | 3,2 | 14,8 |
| **Samtals** | **1.849,1** | **2.448,6** | **2.634,1** | **7,6** | **42,5** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 70,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru í fyrsta lagi 50 m.kr. hækkun á fjárveitingu Hafrannsóknastofnunar til eflingar hafrannsókna í tengslum við breytingu á lögum um Verkefnasjóð sjávarútvegsins, í öðru lagi 19 m.kr. hækkun á fjárveitingu Fiskistofu, annars vegar 10 m.kr. til aukinna rannsókna og vöktunar á

eitrun í þörungi og skelfisk og hins vegar 9 m.kr. til framhalds á verkefnaflutningi veiðieftirlits stofnunarinnar til starfsstöðva á landsbyggðinni, í þriðja lagi 35 m.kr. hækkun á fjárveitingu til AVS sjóðsins, annars vegar 25 m.kr. til kynbóta á eldisþorski og hins vegar 10 m.kr. tímabundið framlag til markaðsöflunar fyrir eldisbleikju. Fjárveitingar sem veittar hafa verið tímabundið og falla nú niður nema alls 15,8 m.kr. og gert er ráð fyrir 28 m.kr. lækkun fjárveitinga á ýmsum liðum málefnaflokksins vegna breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar og kröfu um aðhald í ríkisútgjöldum.

*202* ***Hafrannsóknastofnunin.*** Gert er ráð fyrir 1.213,4 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 44 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 50 m.kr. hækkun fjárveitinga til hafrannsókna í samræmi við ákvæði greinargerðar lagafrumvarps um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 43/2006. Á móti kemur að gert er ráð fyrir 6 m.kr. almennri lækkun rekstrarfjárveitingar vegna aðhaldskröfu.

*203* ***Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.*** Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hættir starfsemi um næstu áramót og því fellur fjárveiting til hennar niður. Heildargjöld stofnunarinnar á fjárlögum 2006 eru 427,7 m.kr., sértekjur eru 202,3 m.kr. og framlag úr ríkissjóði er 225,4 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 244,6 m.kr. fjárveitingu til kaupa á rannsóknum á nýjum lið, *206 Matvælarannsóknir*, sbr. umfjöllun um þann lið.

*204* ***Fiskistofa.*** Gert er ráð fyrir 805,4 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 2,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 15,8 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið vegna kostnaðar við flutning stofnunarinnar í ný húsakynni. Lögð er til 10 m.kr. fjárveiting til rannsókna og eftirlits með eitrun í þörungi á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks, en rannsaka þarf stór svæði fyrir norðan og austan land auk þess sem vakta þarf svæði sem þegar hafa verið opnuð. Lagt er til að 9 m.kr. verði veitt vegna áætlunar um flutning á verkefnum veiðieftirlits stofnunarinnar út á land. Gert er ráð fyrir opnun útibús í Stykkishólmi næsta vor og áframhaldandi uppbyggingu útibús í Vestmannaeyjum og á Höfn í Hornafirði sem taka á til starfa nú í haust. Á móti kemur að gert er ráð fyrir 6 m.kr. almennri lækkun rekstrarfjárveitingar vegna aðhaldskröfu.

*206* ***Matvælarannsóknir.*** Þessi fjárlagaliður er nýr á fjárlögum og á hann færast fjárveitingar sem vistaðar eru hjá sjávarútvegsráðuneytinu til kaupa á rannsóknum, nýsköpunarverkefnum og ráðgjöf fyrir stjórnvöld og opinbera aðila á sviði matvæla í þágu atvinnulífs, lýðheilsu og matvælaöryggis. Með lögum nr. 68/2006, um stofnun Matvælarannsókna hf., var ríkisstjórninni heimilað að stofna hlutafélag um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti, sbr. samstarfs-

samning milli Iðntæknistofnunar Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands, og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar. Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins. Í samræmi við lögin hefur nú verið stofnað félagið Matís ehf. og skal það hefja rekstur 1. janúar 2007. Jafnframt hættir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfsemi. Gert er ráð fyrir að sjávarútvegsráðuneyti og framangreindar stofnanir semji við hið nýja félaga um yfirtöku og áframhald þeirra verkefna sem rannsóknastofurnar vinna nú að. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á fjárveitingum vegna þessa að öðru leyti en því að fjárveiting sú sem áður rann til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er nú veitt á þennan nýja fjárlagalið og gengur til kaupa á þjónustu samkvæmt samningi. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur 225,4 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum yfirstandandi árs og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sá fjárveitingargrunnur flytjist hingað. Til viðbótar er lögð til 10 m.kr. hækkun til áframhaldandi ála- og humarrannsókna á Höfn í Hornafirði. Í fjáraukalögum ársins 2005 var 10 m.kr. veitt til verkefnisins en fyrir mistök láðist að sækja um framlag til verkefnisins í fjárlögum þessa árs og því er það gert núna. Loks er lögð til 3 m.kr. almenn lækkun fjárveitingar vegna aðhaldskröfu. Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir 232,4 m.kr. fjárveitingu til liðarins fyrir utan launa- og verðlagsbætur og jafngildir það 7 m.kr. raunhækkun miðað við þá fjárveitingu sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á fjárlögum í ár.

*207 **Verkefnasjóður sjávarútvegsins.*** Gert er ráð fyrir 35 m.kr. fjárveitingu á liðinn og jafngildir það 0,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að 0,4 m.kr. viðskiptahreyfing sem sett var á tekjur sjóðsins af gjaldi á ólögmætan sjávarafla vegna hagræðingarkröfu á fjárlögum 2006 verði felld niður og hagræðingarkrafan þar með afturkölluð.

*213 **Verðlagsstofa skiptaverðs.*** Gert er ráð fyrir 23,9 m.kr. fjárveitingu á liðinn og jafngildir það 2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist af aðhaldskröfu.

*272 **Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.*** Gert er ráð fyrir 9,9 m.kr. fjárveitingu á liðinn og jafngildir það 0,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist af tímabundinni aðhaldskröfu.

*801 **Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.*** Gert er ráð fyrir 235 m.kr. fjárveitingu á liðinn og er það 25 m.kr. raungildishækkun frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til markaðsöflunar fyrir eldisbleikju og 25 m.kr. framlag til styrkingar verkefnis um kynbætur á eldisþorski, sbr. ríkisstjórnarsamþykkt frá 11. apríl 2006 þar sem fram kemur að gert sé ráð fyrir að gerður verði sérstakur samningur við framkvæmdaaðila kynbótaverkefnis sem inni-

haldi m.a. skilyrði um vísindalegt framlag og árleg skil á framvinduskýrslu um verkefnið til sjóðsins. Loks er gert ráð fyrir 10 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar til sjóðsins vegna kröfu um aðhald í ríkisútgjöldum.

***901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.*** Gert er ráð fyrir 66,9 m.kr. fjárveitingu á liðinn. Jafngildir það 1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist af aðhaldskröfu.

**Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 05-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |

## 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 13.073,4 | 13.816,1 | 15.679,7 | 13 | 20 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 3.169,7 | 3.343,9 | 3.762,8 | 13 | 19 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 581,5 | 562,2 | 1.025,3 | 82 | 76 |
| **Samtals** | **16.824,6** | **17.722,2** | **20.467,8** | **15** | **22** |
| | | | | | |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 17.663,0 | 20.303,3 | 15 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 70,3 | 180,1 | 156 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | -11,1 | -15,6 | 41 | - |
| **Samtals** | - | **17.722,2** | **20.467,8** | **15** | - |

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 21.751,9 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.284,1 m.kr. en þær nema 5,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 20.467,8 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 20.303,3 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 180,1 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 15,6 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 15.679,7 m.kr. og hækka um 1.863,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um tilflutning verkefna frá öðrum ráðuneytum. Annars vegar er um að ræða breytingu sem leiðir af lögum nr. 46/2006 um breyting á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, en framlag til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli að frádregnum sértekjum flyst til nýs embættis, *312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli* og nemur millifærslan um 660 m.kr. Hins vegar tekur dómsmálaráðuneytið við verkefnum þjóðskrár frá Hagstofu Íslands og millifærast um 130 m.kr. af þeim sökum. Í annan stað hækkar rekstrarframlag um 566 m.kr. vegna eflingar þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands í kjölfar brotthvarfs þyrlusveitar varnarliðsins. Í þriðja lagi hækkar framlag til kosninga um rúmlega 43 m.kr. en Alþingiskosningar eru á næsta ári. Töluverðar innbyrðis breytingar milli embætta ráðuneytisins eru gerðar til samræmis við ný lög um nýskipan löggæslumála og eru þær skýrðar nánar í umfjöllun um löggæslumál og málefni sýslumanna. Einnig eru nokkrar tilfærslur milli fjárlagaliða vegna flutnings verkefna til sýslumannsembætta á landsbyggðinni og er þar um að ræða innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi, útgáfa Lögbirtingablaðs til sýslumannsembættisins á Vík og umsjón og umsýsla með bótanefnd sem sýslumannsembættinu á Siglufirði hefur verið falin. Til skoðunar er í ráðuneytinu frekari flutningur verkefna. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls um 168 m.kr. Munar þar mest um 55 m.kr. framlag er ætlað var til flutnings Landhelgisgæslu Íslands í nýtt húsnæði, rúmlega 38 m.kr. vegna tilflutnings á verkefnum til tollstjórans í Reykjavík á grundvelli breytinga á tollalögum og 20 m.kr. vegna öryggisskoðana og vopnaleitar á millilandaflugvöllum utan Keflavíkurflugvallar, en fjárveitingin er flutt til samgönguráðuneytisins. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 135 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 418,9 m.kr. og verða 3.762,8 m.kr. en eru 3.343,9 m.kr. í gildandi fjárlögum. Skýrist það annars vegar af lögbundnum hækkunum á framlögum til sókna og kirkjugarða sem nema um 382 m.kr. og hins vegar af 31 m.kr. framlagi í sjóð til að styrkja landamæragæslu í Evrópu, auk launa- og verðlagsbreytinga.


Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.025,3 m.kr. og er það um 463 m.kr. hækkun milli ára. Framlag að fjárhæð 500 m.kr. er ætlað til kaupa á nýju varðskipi og eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Jafnframt hækkar framlag til viðhalds um 30 m.kr. vegna eflingar þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar. Framlag til bygginga fangelsa hækkar um 118 m.kr. til áframhaldandi framkvæmda við fangelsið á Akureyri. Rúmlega 50 m.kr. hækkun stofnkostnaðar skýrist af millifærslu milli rekstrar og bifreiðakaupa bílabanka ríkislögreglustjóra. Að lokum hækkar framlag um rúmlega 18 m.kr. á fjárlagalið þjóðkirkjunnar vegna endurbóta og framkvæmda við Hallgrímskirkju og á Skálholtsstað. Tímabundin framlög að fjárhæð tæplega 310 m.kr. falla niður en þar vega þyngst 214 m.kr. sem ætlaðar voru til kaupa á búnaði fyrir framleiðslu og umsóknarkerfi vegna nýrra

vegabréfa og vegna lífkenna í dvalarleyfi og vegabréfsáritanir og VIS-kerfi. Jafnframt fellur niður 27,5 m.kr. framlag til búnaðarkaupa fyrir sérsveit ríkislögreglustjóra. Stofnkostnaður lækkar um 19,5 m.kr. samtals vegna áforma um frestun framkvæmda.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

**Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 793 | 738 | 732 | 752 |
| Dómsmál | 1.524 | 1.538 | 1.553 | 1.568 |
| Löggæslustofnanir og öryggismál | 7.827 | 9.364 | 7.435 | 7.506 |
| Sýslumenn | 4.472 | 4.504 | 4.549 | 4.594 |
| Fangelsismál | 1.014 | 863 | 871 | 880 |
| Kirkjumál | 4.838 | 4.889 | 4.939 | 4.990 |
| **Samtals** | **20.468** | **21.896** | **20.079** | **20.290** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og

ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Áætlun um útgjaldaþróun í málaflokkum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins byggir í aðalatriðum á þeim forsendum að undanskildum tveimur þáttum. Í fyrsta lagi hefur verið ákveðið að 3 milljörðum króna af söluandvirði Landssímans verði varið til kaupa eða leigu á nýju varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Gert er ráð fyrir að þar af falli 500 m.kr. til árið 2006, 500 m.kr. árið 2007 og 2.000 m.kr. árið 2008. Skýrir það að stærstum hluta miklar breytingar á útgjöldum málaflokksins *Löggæslustofnanir og öryggismál* í áætluninni. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lokið verði við framkvæmdir við endurbætur og stækkun fangelsa á Kvíabryggju og á Akureyri á næsta ári og að útgjöld í þeim málaflokki lækki um 160 m.kr. árið 2008 af þeim sökum. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um frekari framkvæmdir á því sviði að svo stöddu. Í þriðja lagi er undir málaflokknum *Ráðuneyti* reiknað með því að 55 m.kr. kostnaður við alþingiskosningar á árinu 2007 falli niður árið 2008. Í áætluninni hefur verið tekið tillit til framlaga sem veitt eru tímabundið til verkefna og falla niður á tímabilinu. Má þar nefna að 40 m.kr. fjárveiting til uppbyggingar á hugbúnaðarkerfum vegna Schengen-samstarfsins fellur niður árið 2008. Forsendur útgjaldaáætlunarinnar eru lítið breyttar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006.

**Skuldbindandi samningar**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök og einkaaðila um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.748,5 m.kr. á næsta ári. Það svarar til 11,2% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2006, eru á áætluðu verðlagi ársins 2007 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Teg. | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarkostnaður þjóðkirkju Íslands | B | 1.360,8 | 1.397,8 | 1.397,8 | 1.397,8 | 1.397,8 |
| Skálholtsskóli | B | 9,1 | 9,4 | 9,4 | 9,4 | 9,4 |
| Neyðarlínan hf. | C | 123,4 | 130,0 | 130,0 | 130,0 | 130,0 |
| Tetra fjarskiptaþjónusta fyrir lögreglu | C | 105,3 | 110,1 | 110,1 | 110,1 | 110,1 |
| Þjóðskrá, afnot af þjóðskrá | C | 5,4 | 5,7 | 5,7 | 5,7 | 5,7 |
| Slysavarnarfélagið Landsbjörg | C | 92,5 | 95,5 | 95,5 | 95,5 | 95,5 |
| **Samtals** | | **1.696,6** | **1.748,5** | **1.748,5** | **1.748,5** | **1.748,5** |

Skuldbindandi samningar ráðuneyta eru flokkaðir í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru auðkenndir með bókstafnum A en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðrir samningar, sem dómsmálaráðuneytið stendur að í samvinnu við fjármálaráðuneytið, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar um 1.407,2 m.kr. á næsta ári. Þær skuldbindingar eru að mestu til þess að standa undir rekstri Þjóðkirkju Íslands. Þá eru um 341,3 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dómsmálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Samningur við Neyðarlínu er þríþættur, í fyrsta lagi grunnsamningur um þjónustu, í öðru lagi samningur um samstarf við Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og að lokum þjónusta vegna reksturs vaktstöðvar siglinga. Samningur um Tetra fjarskiptaþjónustu er fyrir löggæsluembætti og er þar um að ræða sameiginleg þjónustukaup með Reykjavíkurborg fyrir fleiri öryggisaðila eins og slökkvilið. Dómsmálaráðuneytið hefur gert samning við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu um verkefni slysavarnarfélagsins ásamt rekstri Almannavarna- og björgunarskóla að Gufuskálum. Dómsmálaráðherra hefur staðfest samning Neyðarlínunnar, Landhelgisgæslu Íslands, Landsbjargar og Siglingastofnunar um þjónustu við rekstur vaktstöðvar siglinga en hann gildir til ársloka 2011. Samningur við Þjóðskrá er vegna aðgangs stofnana ráðuneytisins að gögnum í Þjóðskrá. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur. Þannig má ætla að jafnaði verði tæplega 1.750 m.kr. skuldbundnar árlega.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis; 106 Þjóðskrá; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 293,3 | 297,7 | 307,7 | 3,4 | 4,9 |
| Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla | | -0,5 | 0,0 | - | - |
| Stjórnartíðindi | 15,0 | 0,0 | -15,6 | - | - |
| Lagasafn | 0,3 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis | 31,0 | 171,3 | 5,3 | -96,9 | -82,9 |
| Lögbirtingablað | 29,2 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Þjóðskrá | 0,0 | 0,0 | 228,6 | - | - |
| Kosningar | 0,8 | 14,5 | 57,7 | - | - |
| Ýmis verkefni | 196,9 | 208,6 | 201,7 | -3,3 | 2,4 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 8,0 | 8,0 | - | - |
| **Samtals** | **566,5** | **699,6** | **793,4** | **13,4** | **40,1** |

Fjárveiting til málefnaflokksins hækkar um liðlega 60 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Framlag hækkar um 263 m.kr. að raungildi og er að mestu að rekja til tveggja liða. Annars vegar hækkar framlag til málefnaflokksins um tæplega 220 m.kr. vegna nýs fjárlagaliðar Þjóðskrár en þar af eru 189 m.kr. millifærðar af öðrum fjárlagaliðum. Hins vegar hækkar framlag til kosninga um 43 m.kr. en á næsta ári eru fyrirhugaðar Alþingiskosningar. Á móti lækkar framlag um alls 210 m.kr. sem er að stærstum hluta vegna breyttrar framsetningar á rekstri tölvumiðstöðvar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins eða sem nemur rúmlega 160 m.kr. Að auki lækka gjöld um tæplega 16 m.kr. vegna flutnings Lögbirtings til sýslumannsins á Vík í Mýrdal og um 15 m.kr. vegna brottfalls tímabundinnar fjárveitingar til setts ríkissaksóknara á fjárlagaliðnum *190 Ýmis verkefni*. Áform um hagræðingu í rekstri stofnana og frestun stofnkostnaðar leiðir til samtals 6,7 m.kr. lækkunar til málefnaflokksins.

***102 Stjórnartíðindi.*** Rekstur Lögbirtingablaðs sem í fjárlögum 2006 er færður á þennan lið, verður fluttur til sýslumannsembættisins á Vík, sem mun annast útgáfuna fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins. Fyrirhugað er að leggja til að útgáfan verði alfarið flutt til embættisins með breytingu á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Við það lækka útgjöld um 15,6 m.kr. og fjármögnun liðarins með ríkistekjum lækkar um sömu fjárhæð. Eftir standa 9,1 m.kr. útgjöld en gert er ráð fyrir 24,7 m.kr. sértekjum og eru tekjur umfram gjöld 15,6 m.kr. Í kjölfar ákvarðana og framkvæmdar á rafrænni birtingu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, og ákvörðunar um flutning Lögbirtingablaðs, er rekstur Stjórnartíðinda nú til skoðunar svo og uppsafnaður rekstrarvandi.

***104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis.*** Heildarvelta tölvumiðstöðvar dóms- og kirkjumálaráðuneytis (TMD) er áætluð 173,3 m.kr. og er óbreytt að raungildi. Fyrirhugað er að reksturinn verði alfarið fjármagnaður með greiðslum frá þeim embættum sem nýta þjónustu TMD. Í því skyni eru fjárveitingar TMD að fjárhæð

160,8 m.kr. að raungildi millifærðar til embætta ráðuneytisins sem nota þjónustu miðstöðvarinnar. Við það er miðað að þau greiði kostnaðarhlutdeild í sameiginlegum kostnaði við rekstur upplýsingakerfa og miðar fjárhagsmatið við fjölda notenda. Með þessari breytingu er rekstur TMD að fjármagnaður með tekjum og heildargjalda-breyting er engin. Í fjárlögum þessa árs var 11,5 m.kr. framlag til verkefna á vegum verkefnisstjórn um Íslenska upplýsingasamfélagið. Það framlag fellur nú niður en við bætist tímabundið framlag að fjárhæð 8 m.kr. á vegum verkefnisstjórnarinnar sem ætlað er til rafvæðingar þjónustu Þjóðskrár og snýr verkefnið annars vegar að bættri þjónustu til almennings og hins vegar að dreifingu upplýsinga til endursöluaðila. Á móti lækkar stofnkostnaður um 1,5 m.kr. vegna áforma um frestun stofnkostnaðar.

*106 Þjóðskrá.* Á grundvelli laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu er þjóðskrá flutt frá Hagstofu Íslands til dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Rekstur er áætlaður 228,6 m.kr. og þar af eru 129,6 m.kr. millifærðar frá Hagstofu Íslands. Að auki hækka gjöld um 14 m.kr. en ríkistekjur samsvarandi og greiðsla úr ríkissjóði því óbreytt. Ríkistekjur eru alls áætlaðar 94,2 m.kr. Þjóðskrá er jafnframt útgefandi nýrra vegabréfa með rafræn lífkenni í samræmi við nýleg lög um breyting á lögum um vegabréf. Af þeim sökum flytjast 59 m.kr. frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár. Heildarkostnaður við útgáfu nýrra vegabréfa er áætlaður 77 m.kr. og hækkar því framlag vegna útgáfunnar um 18 m.kr. að raungildi.

*111 Kosningar.* Framlag til þessa fjárlagaliðar nemur 57,7 m.kr. og hækkar um 43,2 m.kr. milli ára þar sem Alþingiskosningar munu fara fram vorið 2007. Kostnaður við kosningarnar er aðallega vegna starfa landskjörstjórnar, húsnæðis til afnota fyrir landskjörstjórn og fyrir kjörgögn og önnur áhöld sem dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té. Þá greiðir ríkissjóður líka fyrir nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna, fyrir húsnæði þar sem talning fer fram og fyrir kjörgögn og önnur áhöld sem yfirkjörstjórnir láta í té.

**Dómsmál**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Hæstiréttur | 80,3 | 86,4 | 89,6 | 3,7 | 11,6 |
| Héraðsdómstólar | 731,0 | 809,0 | 835,6 | 3,3 | 14,3 |
| Málskostnaður í opinberum málum | 331,6 | 332,1 | 347,1 | 4,5 | 4,7 |
| Opinber réttaraðstoð | 194,4 | 145,6 | 151,8 | 4,3 | -21,9 |
| Bætur brotaþola | 55,4 | 40,0 | 40,0 | 0,0 | -27,8 |
| Persónuvernd | 53,3 | 62,7 | 59,5 | -5,1 | 11,6 |
| **Samtals** | **1.446,0** | **1.475,8** | **1.523,6** | **3,2** | **5,4** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins er um 1.523,6 m.kr. og er óbreytt að raungildi að frátöldu annars vegar markmiði um aðhald sem nemur alls 9,7 m.kr. og hins vegar hækkun hjá héraðsdómstólum um 8,3 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins, sbr. umfjöllun um miðstöðina hér að framan. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á undanförnum árum haft fjárlagaliði *231 Málskostnaður í opinberum málum* og *232 Opinber réttaraðstoð* til skoðunar, m.a. vegna útgjalda umfram áætlanir fjárlaga. Nefnd sem falið var að skoða í þessa fjárlagaliði skilaði skýrslu í byrjun marsmánaðar 2006. Ráðuneytið hefur haft tillögur nefndarinnar til efnislegrar meðhöndlunar og mun áfram fjalla um tillögur í skýrslunni með það fyrir augum að þær komi til framkvæmda.

**Löggæsla og öryggismál**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu; 312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli; 325 Neyðarsímsvörun; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingastofnun.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Ríkissaksóknari | 97,3 | 99,6 | 114,9 | 15,4 | 18,1 |
| Ríkislögreglustjóri | 989,9 | 1.042,0 | 1.081,1 | 3,8 | 9,2 |
| Lögregluskóli ríkisins | 149,0 | 171,4 | 178,5 | 4,1 | 19,8 |
| Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | 0,0 | 0,0 | 2.837,0 | - | - |
| Lögreglustjórinn í Reykjavík | 2.133,3 | 2.252,3 | 0,0 | -100,0 | -100,0 |
| Lögreglustj. á Suðurn. og sýslum. á Keflav.flugv. | 0,0 | 0,0 | 997,9 | - | - |
| Neyðarsímsvörun | 94,6 | 95,4 | 100,6 | 5,5 | 6,3 |
| Áfengis- og fíkniefnamál | 0,0 | 21,2 | 21,9 | 3,3 | - |
| Ýmis löggæslu- og öryggismál | 131,8 | 183,6 | 170,5 | -7,1 | 29,4 |
| Húsnæði löggæslustofnana | 45,8 | 10,0 | 9,5 | -5,0 | -79,3 |
| Landhelgisgæsla Íslands | 1.563,0 | 1.364,1 | 2.009,7 | 47,3 | 28,6 |
| Landhelgissjóður Íslands | -17,0 | 0,0 | 500,0 | - | - |
| Schengen-samstarf | 46,8 | 100,4 | 134,7 | 34,2 | 187,8 |
| Útlendingastofnun | 211,7 | 437,0 | 165,8 | -62,1 | -21,7 |
| **Samtals** | **5.446,2** | **5.777,0** | **8.322,1** | **44,1** | **52,8** |

Fjárveiting til stofnana og verkefna á sviði löggæslu- og öryggismála hækkar alls um 2.545,1 m.kr. frá fjárlögum 2006. Þar af eru launa- og verðlagshækkanir 387,5 m.kr. og nemur hækkunin því 2.157,6 m.kr. að raungildi og skýrast 1.420 m.kr. af millifærslum. Jafnframt hefur verið tekið tillit til áforma um að draga úr rekstrarútgjöldum og stofnkostnaði sem nemur alls um 80,9 m.kr.

Á grundvelli laga nr. 46/2006 um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, verður til nýtt lögregluembætti, *310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu* og með sameiningu lögregluembættanna tveggja í Keflavík og Keflavíkurflugvelli verður til *312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli*. Fyrrnefnda embættið tekur við löggæslu sem nú er hjá lögreglunni í Reykjavík og sýslumönnunum í Hafnarfirði og Kópavogi. Við það fellur fjárlagaliður lögreglunnar í Reykjavík niður og sömuleiðis löggæsluviðfangsefnið hjá sýslumannsembættunum tveimur. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum tekur við löggæslu og tollgæslu sem nú er hjá sýslumanninum í Keflavík annars vegar og verkefnum sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli hins vegar. Vegna framangreindra millifærslna hækkar framlag til málefnaflokksins löggæsla og öryggismál um 1.420 m.kr. að raungildi en lækkar um 760 m.kr. í málefnaflokknum sýslumenn og um 660 m.kr. hjá utanríkisráðuneytinu. Breytingarnar í heild sinni eru sýndar í töflu hér á eftir en fjárhæðir eru að frádregnum sértekjum.

| | | Fjárhæð að raungildi |
|---|---|---|
| **Löggæsla flyst frá** | **Löggæsla flyst til** | |
| 311 Lögreglan í Reykjavík | 310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | 2.252,3 |
| 436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði | 310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | 258,3 |
| 437 Sýslumaðurinn í Kópavogi | 310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | 220,5 |
| 03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli | 312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | 660,3 |
| 434 Sýslumaðurinn í Keflavík | 312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | 264,2 |
| 415 Sýslumaðurinn í Búðardal | 413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi | 14,8 |
| 416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði | 418 Sýslumaðurinn á Ísafirði | 45,6 |
| 417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík | 418 Sýslumaðurinn á Ísafirði | 21,1 |
| 419 Sýslumaðurinn á Hólmavík | 418 Sýslumaðurinn á Ísafirði | 26,4 |
| 422 Sýslumaðurinn á Siglufirði | 424 Sýslumaðurinn á Akureyri | 34,4 |
| 423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði | 424 Sýslumaðurinn á Akureyri | 22,0 |
| 429 Sýslumaðurinn á Höfn | 428 Sýslumaðurinn á Eskifirði | 37,0 |
| 430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal | 431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli | 35,9 |
| **Tollgæsla flyst frá** | **Tollgæsla flyst til** | |
| 413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi | 09-262 Tollstjórinn í Reykjavík | 5,1 |
| 436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði | 09-262 Tollstjórinn í Reykjavík | 33,3 |
| 429 Sýslumaðurinn á Höfn | 428 Sýslumaðurinn á Eskifirði | 1,3 |
| 434 Sýslumaðurinn í Keflavík | 312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | 16,2 |

Aðrar breytingar á málefnaflokknum sem ekki tengjast framangreindum lagabreytingum eru helstar að breytt framsetning á tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins leiðir til alls rúmlega 73 m.kr. hækkunar að raungildi. Tekjur hækka samsvarandi hjá TMD og heildarbreytingin er því engin. Framlag til Schengen-samstarfs hækkar um 31 m.kr. vegna sjóðs sem ætlaður er til að styrkja ytri landamæri Schengen svæðisins. Áætluð útgjöld ríkissaksóknara hækka um 10 m.kr. Til lækkunar kemur um 70 m.kr. lækkun framlags til Útlendingastofnunar vegna breytinga á verkefnum stofnunarinnar. Jafnframt eru millifærðar 20 m.kr. til samgönguráðuneytisins vegna flugverndar. Framlag til öryggisskoðana og vopnaleitar á millilandaflugvöllum utan Keflavíkurflugvallar hefur verið á safnlið hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem hefur úthlutað til löggæslustofnana í lok árs. Framlagið er flutt til samgönguráðuneytisins sem fer með ráðstöfun þess framvegis og er lögð til samsvarandi breyting í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006.

Fjárveiting til viðhalds- og stofnkostnaðar hækkar um 500 m.kr. vegna kaupa á varðskipi og eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Í annan stað hækkar viðhaldsliður Landhelgisgæslu Íslands um 30 m.kr. vegna eflingu þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar. Jafnframt hækkar stofnkostnaður um rúmlega 50 m.kr. vegna millifærslna milli

rekstrar- og stofnkostnaðarviðfangsefna bílabanka ríkislögreglustjóra. Á móti framangreindum hækkunum fellur niður framlag að fjárhæð 214 m.kr. sem ætlað var til kaupa á búnaði fyrir framleiðslu og umsóknarkerfi vegna nýrra vegabréfa og vegna lífkenna í dvalarleyfi og vegabréfsáritanir og VIS-kerfi. Í þriðja lagi fellur niður tímabundin fjárveiting að fjárhæð 27,5 m.kr. til búnaðarkaupa til sérsveitar ríkislögreglustjóra. Að lokum leiðir frestun stofnkostnaðaráforma til 6,5 m.kr. lækkunar útgjalda.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

*301 Ríkissaksóknari.* Fjárveiting til embættis ríkissaksóknara er 114,9 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 11,5 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Hækkunin er aðallega til að styrkja rekstur embættisins sem hefur átt við nokkurn rekstrarvanda að etja. Launagjöld vega þungt í rekstri embættisins en ekki þykir ásættanlegt að fækka saksóknurum. Jafnframt hækka gjöld um 1,5 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins.

*303 Ríkislögreglustjóri.* Fjárheimild embættisins nemur 1.081,1 m.kr. á næsta ári og lækkar að raungildi um tæplega 10 m.kr. Í fyrsta lagi hækkar framlag um 16,5 m.kr. vegna sérsveitar ríkislögreglustjóra. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar snemma árs 2005 um eflingu löggæslu á Norður- og Austurlandi var ákveðið að ráðast í sambærilegar skipulagsbreytingar á störfum sérsveitarmanna hjá sýslumanninum á Akureyri og þegar höfðu verið gerðar í Reykjavík. Fyrirkomulagið var til reynslu í eitt ár og hefur reynst vel og er því lögð til hækkun sem nemur árlegum útgjöldum. Í annan stað hækka gjöld um 11,3 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Í þriðja lagi samþykkti ríkisstjórn í febrúar á þessu ári tillögur nefndar ráðuneytisstjóra sem skipuð var til að undirbúa viðbúnað gegn farsóttum. Samþykkt var að leggja til 6,5 m.kr. vegna viðbótarstarfsmanns hjá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra. Á móti framangreindum hækkunum lækka rekstrargjöld um 10,5 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri stofnana og um 6 m.kr. til bifreiðakaupa vegna frestunar stofnkostnaðaráforma. Jafnframt fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 27,5 m.kr. sem ætlað var til kaupa á tækjabúnaði í tengslum við styrkingu á sérsveit í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnar. Stofnkostnaðarfjárþörf sérsveitar til framtíðar er til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu. Að lokum eru millifærðar rúmlega 50 m.kr. milli rekstrar- og stofnkostnaðarviðfangsefna bílabanka ríkislögreglustjóra.

*310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.* Þetta er nýtt embætti á grundvelli laga nr. 46/2006 um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989. Heildarfjárveiting á næsta ári er áætluð 2.856 m.kr. og er hún að fullu millifærð frá öðrum fjárlagaliðum en við bætast svo launa- og verðlagshækkanir. Sértekjur eru áætlaðar 19 m.kr. og fjármögnun með ríkistekjum 16,7 m.kr.

Heildarframlag til lögreglunnar í Reykjavík að fjárhæð um 2.252,3 m.kr. er millifært til embættisins og fellur sá fjárlagaliður niður. Jafnframt er framlag sem ætlað var til löggæslu hjá sýslumannsembættunum í Kópavogi og í Hafnarfirði, alls um 479 m.kr. að raungildi, millifært til embættisins. Hækkun um tæplega 39 m.kr. er vegna breyttrar framsetningar á tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins og einnig eru millifærðar til embættisins 5,4 m.kr. frá Útlendingastofnun vegna afgreiðslu vegabréfa. Útlendingastofnun hefur sinnt því verkefni undanfarin ár en afgreiðslan hefur verið flutt til lögreglustjórans og sýslumannsins í Kópavogi. Á móti lækka útgjöld vegna 49,3 m.kr. millifærslu til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Jafnframt lækka útgjöld um tæplega 28 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri stofnana.

*312* ***Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.*** Hér er um nýtt embætti að ræða á grundvelli laga nr. 46/2006 um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989. Heildarfjárveiting á næsta ári er áætluð 1.368,4 m.kr. og er hún að fullu millifærð frá öðrum fjárlagaliðum en við bætast svo launa- og verðlagsbætur. Sértekjur eru áætlaðar 370,5 m.kr. og fjármögnun með ríkistekjum 25 m.kr. Heildarframlag til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli undir utanríkisráðuneytinu að frádregnum sértekjum, alls að fjárhæð 660,3 m.kr., er millifært til embættisins og fellur fyrrnefndi fjárlagaliðurinn niður. Jafnframt er millifært til embættisins framlag sem ætlað var til löggæslu og tollgæslu hjá sýslumannsembættinu í Keflavík, samtals að fjárhæð um 280 m.kr. að raungildi. Hækkun um tæplega 14,5 m.kr. er vegna breyttrar framsetningar á tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins en áform um hagræðingu í rekstri stofnana leiðir til um 13 m.kr. lækkunar. Unnið er að greiningu á rekstrarstöðu og umsvifum embættisins, tekjustofnum þess og fjárheimildum.

*395* ***Landhelgisgæsla Íslands.*** Fjárheimild næsta árs hækkar um tæplega 523 m.kr. að raungildi og verður 2.009,7 m.kr. Hefur þá verið tekið tillit til þess að gert er ráð fyrir 18,3 m.kr. lækkun rekstrarkostnaðar vegna áforma um aðhald með útgjöldum. Framlag hækkar að raungildi um samtals 596 m.kr. til samræmis við ákvörðun ríkisstjórnar um eflingu þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar í kjölfar brotthvarfs þyrlusveitar varnarliðsins. Um er að ræða kostnað við leigu á þyrlum, rekstrarkostnað við þær og tryggingar, fjölgun starfsmanna, þjálfun, búnaðarkaup og viðhald. Fjárhæðin byggir á kostnaðaráætlun síðan snemma í sumar en áætlunin er nú til endurskoðunar og er gert ráð fyrir að því verði lokið fyrir 2. umræðu frumvarpsins. Niður fellur tímabundið

framlag að fjárhæð 55 m.kr. sem ætlað var vegna flutnings Landhelgisgæslunnar í nýtt húsnæði á árinu 2006.

*396* ***Landhelgissjóður Íslands.*** Framlag hækkar um 500 m.kr. og er ætlað til kaupa á varðskipi og eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Skv. lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. renna 3 milljarðar króna til endurnýjunar skipa og flugvéla hjá Landhelgisgæslu Íslands og verður 1 milljarði varið til þess á árinu 2007 en 2 milljörðum á árinu 2008. Gerð hefur verið sú breyting að framlag árið 2007 er lækkað um 500 m.kr. en hækkað samsvarandi í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006. Smíði varðskips var boðin út fyrr á þessu ári og er gert ráð fyrir opnun tilboða í september á þessu ári og er þess vænst að samningur verði undirritaður fyrir áramót. Einnig hefur farið fram útboð á eftirlitsflugvél á þessu ári og er í tímaáætlun gert ráð fyrir úrvinnslu tilboða og samningagerð á fyrri hluta árs 2007.

*397* ***Schengen-samstarf.*** Gert er ráð fyrir að framlag til Schengen-samstarfs verði 134,7 m.kr. á næsta ári og hækki um 31 m.kr. til viðbótar við launa- og verðlagshækkanir og áforma um hagræðingu. Hækkunin er vegna sjóðs sem fyrirhugað er að stofnaður verði til að styrkja ytri landamæri Schengen-svæðisins með það fyrir augum að minnka umferð ólöglegra útlendinga til samningsríkjanna, þ.á.m. Íslands. Öll Schengen-ríkin verða þátttakendur í þessum sjóði sem rekinn verður á vettvangi Evrópusambandsins. Miðað er við að til sjóðsins renni 2.152 milljón evrur á árunum 2007 – 2013 og er við það miðað að kostnaðarhlutdeild Íslands verði um 31 m.kr. á ári á þessu tímabili. Ísland getur fengið úthlutað fjármunum úr þessum sjóði til kostnaðarsamra aðgerða sem eru til þess fallnar að stemma stigu við komu ólöglegra innflytjenda.

*398* ***Útlendingastofnun.*** Heildarframlag til Útlendingastofnunar er áætlað 165,8 m.kr. og lækkar um 279 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi eru millifærðar 59 m.kr. frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár vegna útgáfu vegabréfa sem mun framvegis verða útgefandi nýrra vegabréfa með rafræn lífkenni. Í annan stað eru millifærðar samtals tæplega 11 m.kr. frá Útlendingastofnun til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og sýslumannsins í Kópavogi vegna afgreiðslu vegabréfa. Útlendingastofnun hefur sinnt því verkefni undanfarin ár en afgreiðslan hefur verið flutt til framangreindra tveggja embætta. Rekstrarframlag lækkar að lokum um 1,6 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri stofnana en hækkar um 6,2 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Stofnkostnaðarframlag lækkar alls um 214 m.kr. þar sem niður fellur tímabundið framlag til framleiðslubúnaðar og umsóknarkerfis vegna nýrra vegabréfa og vegna lífkenna í dvalarleyfi og vegabréfsáritanir og VIS-kerfi. Kostnaður reyndist töluvert lægri en áætlað hafði verið og í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 er lagt til að fella niður 68 m.kr.

## Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Sýslumannsembætti, rekstur | 4.065,8 | 4.289,9 | 3.781,6 | -11,8 | -7,0 |
| Ýmis rekstrarkostnaður, safnliður | 261,7 | 164,2 | 171,7 | 4,6 | -34,4 |
| Húsnæði og búnaður | 32,2 | 24,5 | 23,5 | -4,1 | -27,0 |
| **Samtals** | **4.359,7** | **4.478,6** | **3.976,8** | **-11,2** | **-8,8** |

Rekstrargjöld sýslumannsembætta eru áætluð 3.781,6 m.kr. Verulegar breytingar verða á fjárveitingum nokkurra embætta á grundvelli laga nr. 46/2006 um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989.

| Sýslumanns- og lögregluembætti | Sýslumanns- og lögregluembætti eftir breytingu | Sýslumannsembætti eftir breytingu |
|---|---|---|
| 1 Akranes | 1 Akranes | 1 Búðardalur |
| 2 Borgarnes | 2 Borgarnes | 2 Patreksfjörður |
| 3 Stykkishólmur | 3 Stykkishólmur | 3 Bolungarvík |
| 4 Búðardalur | 4 Ísafjörður | 4 Hólmavík |
| 5 Patreksfjörður | 5 Blönduós | 5 Siglufjörður |
| 6 Ísafjörður | 6 Sauðárkrókur | 6 Höfn |
| 7 Bolungarvík | 7 Akureyri | 7 Vík |
| 8 Hólmavík | 8 Húsavík | 8 Keflavík |
| 9 Blönduós | 9 Seyðisfjörður | 9 Kópavögur |
| 10 Sauðárkrókur | 10 Eskifjörður | 10 Hafnarfjörður |
| 11 Siglufjörður | 11 Hvolsvöllur | 11 Reykjavík |
| 12 Ólafsfjörður | 12 Vestmannaeyjar | |
| 13 Akureyri | 13 Selfoss | |
| 14 Húsavík | 14 Suðurnes | |
| 15 Seyðisfjörður | 15 Höfuðborgarsvæðið | |
| 16 Eskifjörður | | |
| 17 Höfn | | |
| 18 Vík í Mýrdal | | |
| 19 Hvolsvöllur | | |
| 20 Vestmannaeyjar | | |
| 21 Selfoss | | |
| 22 Keflavík | | |
| 23 Keflavíkurflugvöllur | | |
| 24 Kópavogur | | |
| 25 Hafnarfjörður | | |
| 26 Reykjavík | | |

Lögregluumdæmum í landinu fækkar úr 26 í 15 og embætti sýslumanna, sem ekki fara með lögreglustjórn, verða 11. Einnig verða breytingar á tollgæslu nokkurra embætta á grundvelli laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003. Vegna breytinga á löggæslu lækkar framlag til málefnaflokksins um 760 m.kr. að raungildi en hækkar samsvarandi til málefnaflokksins *löggæsla og öryggismál*. Breytingar á tollgæslu leiða til rúmlega 38 m.kr. lækkunar en þær fjárveitingar flytjast til tollstjórans í Reykjavík. Breytingarnar í heild sinni eru sýndar í töflu í umfjöllun um málefnaflokknum löggæsla og öryggismál en hér á eftir er tafla sem sýnir stöðu sýslumanns- og lögregluembætta fyrir og eftir breytingu.

Aðrar breytingar á málefnaflokknum sem ekki tengjast framangreindum lagabreytingum eru helstar að breytt framsetning á tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins leiðir til alls rúmlega 80 m.kr. hækkunar. Tekjur hækka samsvarandi hjá TMD og heildarbreytingin er því engin. Í annan stað var á þessu ári sett á fót ný innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður rúmlega 49 m.kr. og er fjárhæðin millifærð af fjárlagalið lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Í þriðja lagi eru millifærðar tæplega 22 m.kr. frá sýslumannsembættinu á Ólafsfirði til embættisins á Siglufirði. Í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna Siglufjarðar og Ólafsfjarðar ákvað Alþingi að sameina sýslumannsembættin á þessum stöðum undir hatti sýslumannsins á Siglufirði frá og með 1. janúar 2007, sbr. ákvæði í lögum nr. 46/2006. Innifalið í millifærslunni eru laun sýslumanns og er við það er miðað að nýta það fjárhagssvigrúm til að standa undir kostnaði við bótanefnd en umsjón og umsýsla með þeirri nefnd fluttist frá aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytisins til embættisins á Siglufirði á miðju þessu ári. Í fjórða lagi hefur sýslumannsembættinu í Vík í Mýrdal verið falin útgáfa Lögbirtingablaðs fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins og hafa í því skyni verið millifærðar tæplega 16 m.kr. gjöld og ríkistekjur en eins og áður er gert ráð fyrir að rekstur blaðsins sé alfarið fjármagnað með tekjum. Í fimmta lagi hækka gjöld og tekjur sýslumannsembættisins í Keflavík. Með nýjum lögum tekur Þjóðskrá við útgáfu vegabréfa en sýslumanninum í Keflavík hefur verið falin framleiðsla þeirra. Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður rúmlega 33 m.kr. og eru gjöld hækkuð samsvarandi. Framlagið er fært á fjárlagalið Þjóðskrár sem mun greiða framlag til sýslumannsembættisins og færist það sem sértekjur hjá embættinu. Að lokum millifærast 5,3 m.kr. til sýslumannsembættisins í Kópavogi vegna afgreiðslu vegabréfa. Útlendingastofnun hefur sinnt því verkefni undanfarin ár en afgreiðslan hefur verið flutt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sýslumannsins í Kópavogi. Á móti framangreindum breytingum leiða áform um hagræðingu í rekstri stofnana til alls 37,3 m.kr. lækkunar rekstrargjalda í málefnaflokknum.

Framlag til stofnkostnaðar er óbreytt milli ára, 23,5 m.kr., að frátalinni frestun á stofnkostnaðaráformum sem nemur 1 m.kr.

**Fangelsismál**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Fangelsismálastofnun ríkisins og 591 Fangelsisbyggingar.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Fangelsismálastofnun ríkisins | 745,7 | 818,1 | 854,4 | 4,4 | 14,6 |
| Fangelsisbyggingar | 11,0 | 50,0 | 159,6 | 219,2 | - |
| **Samtals** | **756,7** | **868,1** | **1.014,0** | **16,8** | **34,0** |

Fjárheimild Fangelsismálastofnunar er 854,4 m.kr. í frumvarpinu og er óbreytt að raungildi að frátöldum tveimur breytingum. Annars vegar hækkar framlag um 2,3 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins og hins vegar lækkar það um 8,4 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri stofnana.

Stofnkostnaðarframlag hækkar um 118 m.kr. og verður 168 m.kr. og er ætlað til að ljúka framkvæmdum við byggingu fangelsis og lögreglustöðvar á Akureyri. Í forsendum fjárlaga 2006 er gert ráð fyrir að framkvæmdum við endurbætur á Kvíabryggju verði lokið fyrir 30 m.kr. afgangsheimildir frá fyrri árum og veittar eru 50 m.kr. til að hefja framkvæmdir á Akureyri. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 er jafnframt lagt til að veita 10 m.kr. til frumathugunar á framkvæmdum á Litla-Hrauni og við nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Frestun stofnkostnaðaráforma leiðir til 8,4 m.kr. lækkunar á næsta ári.

**Kirkjumál**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðar; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Þjóðkirkjan | 1.331,1 | 1.339,3 | 1.372,9 | 2,5 | 3,1 |
| Kirkjumálasjóður | 171,7 | 182,3 | 207,5 | 13,8 | 20,9 |
| Kristnisjóður | 72,8 | 70,6 | 82,8 | 17,3 | 13,7 |
| Kirkjugarðar | 717,1 | 749,5 | 794,1 | 6,0 | 10,7 |
| Sóknargjöld | 1.676,2 | 1.783,0 | 2.041,0 | 14,5 | 21,8 |
| Jöfnunarsjóður sókna | 280,6 | 298,4 | 339,6 | 13,8 | 21,0 |
| **Samtals** | **4.249,5** | **4.423,1** | **4.837,9** | **9,4** | **13,8** |

*701* ***Þjóðkirkjan.*** Framlag til þjóðkirkjunnar er 1.372,9 m.kr. á næsta ári. Þar af eru rekstrargjöld Biskups Íslands að frádregnum sértekjum áætluð 1.315 m.kr. í samræmi við samning ríkis og kirkju sem gerður var á árinu 1998. Veitt er tímabundið framlag að fjárhæð 12,4 m.kr. á ári næstu sex ár til viðgerða á turni Hallgrímskirkju, eða samtals um 74 m.kr. Heildarkostnaður er áætlaður um 222 m.kr. og er gert ráð fyrir að ríki, Reykjavíkurborg og kirkjuráð styrki framkvæmdina að jöfnu. Stofnkostnaðarframlag til Skálholtsstaðar hækkar um 6 m.kr. til næstu 8 ára í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um að styrkja byggingu fræðslumiðstöðvar og gestahúss við Skálholtsstað. Felldar eru niður tvær tímabundnar fjárveitingar. Annars vegar 5 m.kr. framlag er ætlað var til endurbóta á anddyri safnaðarheimilis Dómkirkjunnar og hins vegar framlag að fjárhæð 3 m.kr. sem var veitt til byggingar aðstöðuhúss við Þingeyrarklausturskirkju. Að lokum leiðir frestun stofnkostnaðarframkvæmda til alls 2,1 m.kr. lækkunar á stofnkostnaðarviðfangsefnum þjóðkirkjunnar. Framlag til *707 Kristnisjóður* hækkar jafnframt til samræmis við framangreindan samnings ríkis og kirkju en hann kveður á um að greiða skuli í Kristnisjóð sem svarar 15 árslaunum presta í fámennustu prestaköllunum.

*733* ***Kirkjugarðar.*** Framlag á næsta ári verður 794,1 m.kr. og hækkar um 44,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Í samræmi við breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu sem gerðar voru 2004 og samkomulag við kirkjugarðaráð er framlagið í frumvarpinu reiknað á grundvelli reiknilíkans sem samstarfshópur forsvarsmanna kirkjugarða og fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis komst að samkomulagi um. Hækkun framlagsins skýrist aðallega af því að reiknað er með auknu flatarmáli hirtra grafsvæða milli ára og breytingum á launa- og verðlagsforsendum.

*735* ***Sóknargjöld.*** Fjárveiting hækkar alls um 258 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og verður 2.041 m.kr. á næsta ári. Lögboðið framlag hækkar í samræmi við áætlaða hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri milli tekjuáranna 2005 og 2006. Framlög til *705 Kirkjumálasjóðs* og *736 Jöfnunarsjóðs sókna* taka mið af heildarfjárhæð sóknargjalda og hækka í samræmi við það.

**Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 06-190-1.93 | Dómsmál, ýmis kostnaður | Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld dómsstóla. |
| 06-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |
| 06-341-1.25 | Áttak í löggæslu vegna fíkniefnamála | Til löggæslustofnana vegna átaks í fíkniefnamálum. |
| 06-390-1.10 | Ýmis löggæslukostnaður | Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld löggæslustofnana. |
| 06-391-6.21 | Húsnæði löggæslustofnana | Framkvæmdir við húsnæði löggæslustofnana. |
| 06-490-1.10 | Ýmis sameiginlegur kostnaður | Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sýslumanna. |
| 06-491-5.01 | Húsnæði og búnaður sýslumanna. Viðhald húseigna | Til viðhalds húseigna sýslumanna. |
| 06-491-6.01 | Húsnæði og búnaður sýslumanna. Tæki og búnaður | Til kaupa á ýmsum búnaði sýslumanna. |

## 07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félagsmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 7.678,7 | 7.182,9 | 8.449,3 | 18 | 10 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 19.298,0 | 21.029,9 | 24.439,8 | 16 | 27 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 530,9 | 534,4 | 720,2 | 35 | 36 |
| **Samtals** | **27.507,6** | **28.747,2** | **33.609,3** | **17** | **22** |
| | | | | | |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 18.152,8 | 20.985,6 | 16 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 10.594,4 | 12.623,7 | 19 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals** | - | **28.747,2** | **33.609,3** | **17** | - |

Heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 34.782 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.173 m.kr. en þær nema 3,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 33.609 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 20.986 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 12.624 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 8.449 m.kr. og hækka um 1.226 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um auknar fjárheimildir til málefna fatlaðra til að reka ný búsetuúrræði fyrir geðfatlaða og einnig sambýla fyrir mikið fatlaða einstaklinga.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 3.410 m.kr. og verða 24.440 m.kr. en eru 19.298 m.kr. í fjárlögum ársins 2006. Þyngst vegur tekjutenging atvinnuleysisbóta og


hækkun lágmarksbóta ásamt spá um aukið atvinnuleysi. Tekjutenging atvinnuleysisbóta og hækkun lágmarksbóta eru í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2005 en í henni kemur fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lagasetningu, sem tóku gildi 1. júlí á þessu ári, um breytingu á greiðslu atvinnuleysisbóta í samræmi við samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Þá aukast útgjöld fæðingaorlofssjóðs og framlag til foreldra langveikra og mikið fatlaðra barna hækkar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 720 m.kr. og er það 186 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru fjárheimildir til uppbyggingar búsetuúrræða fyrir geðfatlaða í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Verður 1.500 m.kr. varið til uppbyggingar búsetuúrræða við geðfatlaða en þar af er gert ráð fyrir að 1.000 m.kr. verði ráðstafað af söluandvirði Símans en til viðbótar muni Framkvæmdasjóður fatlaðra leggja 500 m.kr. til verkefnisins. Er gert ráð fyrir kaupum eða byggingu á húsnæði og uppbyggingu dagvistunar eða endurhæfingarúrræða fyrir geðfatlaða um land allt fram til ársins 2010.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

**Útgjöld félagsmálaráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 326 | 329 | 327 | 326 |
| Húsnæðismál | 237 | 240 | 240 | 180 |
| Stjórnsýslustofnanir | 472 | 477 | 482 | 487 |
| Málefni barna | 742 | 749 | 757 | 765 |
| Málefni fatlaðra | 8.137 | 8.573 | 8.886 | 8.902 |
| Sveitarfélög | 9.770 | 9.523 | 9.039 | 9.300 |
| Vinnumál | 13.351 | 15.201 | 15.421 | 14.414 |
| Annað | 574 | 580 | 587 | 594 |
| **Samtals** | **33.609** | **35.672** | **35.739** | **34.968** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reiknforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka félagsmálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til *Húsnæðismála* verði óbreytt út tímabilið. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld sem falla undir *Málefni fatlaðra* vaxi árlega um 2,3% að meðaltali en auk þess komi til á næstu árum sérstök framlög til undirbúnings og uppbyggingar búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að framlög til sveitarfélaga fylgi almennri tekjuþróun enda er þar um að ræða framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þó er gert ráð fyrir að sérstök tímabundin viðbótarframlög sem eru samtals 1.000 m.kr. til sveitarfélaga sem standa höllum fæti vegna ytri aðstæðna annars vegar og tímabundnum framlagi til sameiningar sveitarfélaga lækkar um 300 m.kr. árið 2008 og falli niður árið 2009. Loks hækka framlög til málaflokksins *Vinnumál* árið 2008 og minna árið 2009 og vega þar þyngst horfum um aukið atvinnuleysi þessi ár. Síðari hluta tímabilsins er hins vegar gert ráð fyrir að störfum fjölgi á ný.

**Skuldbindandi samningar**

Félagsmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 2.747,8 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 38,3% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2006, eru á áætluðu verðlagi ársins 2007 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Teg. | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Árbót, meðferð barna og ungmenna | A | 89,2 | 93,7 | 93,7 | 93,7 | 93,7 |
| Barnaheill, málefni barna og ungmenna | A | 0,8 | 0,8 | 0,8 | 0,5 | 0,0 |
| Geldingalækur, meðferð barna og ungmenna | A | 32,4 | 34,0 | 34,0 | 19,8 | 0,0 |
| Háholt, meðferð barna og ungmenna | A | 63,9 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Hvítárbakki, meðferð barna og ungmenna | A | 43,2 | 45,4 | 3,8 | 0,0 | 0,0 |
| Laugaland, meðferð barna og ungmenna | A | 45,0 | 23,6 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Akurhóll, meðferð barna og ungmenna | A | 74,7 | 78,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Handverkstæðið Ásgarður | A | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| ÖBÍ, verndaður vinnustaður | A | 15,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Múlalundur, verndaður vinnustaður | A | 17,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Blindrafélagið, verndaður vinnustaður | A | 17,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Styrktarfélag vangefinna, þjónusta við fatlaða | A | 546,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra | A | 266,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Akureyrarkaupstaður, þjónusta við fatlaða | A | 654,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Héraðsnefnd Þingeyinga, þjónusta við fatlaða | A | 74,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða | A | 23,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Hólabrekka, sambýli fatlaðra | A | 26,6 | 27,8 | 27,8 | 0,0 | 0,0 |
| Vestmannaeyjabær, þjónusta við fatlaða | A | 78,6 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Sólheimar, þjónusta við fatlaða | A | 208,8 | 227,5 | 227,5 | 0,0 | 0,0 |
| Landspítali, málefni barna og ungmenna | C | 30,0 | 30,0 | 30,0 | 30,0 | 30,0 |
| Félagsþjónusta Rvk., þjónusta við fatlaða | A | 63,3 | 69,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Háskóli Íslands, lektor í fötlunarfræðum | C | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 1,3 | 0,0 |
| Skálatún, þjónusta við fatlaða | A | 285,2 | 309,8 | 309,8 | 0,0 | 0,0 |
| Viðskiptaháskólinn Bifröst | C | 5,2 | 6,0 | 6,0 | 2,0 | 0,0 |
| Rauði kross Íslands, móttaka flóttamanna | C | 5,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Reykjavíkurborg, móttaka flóttamanna | C | 29,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ný leið-meðferð fyrir ungt fólk | C | 3,0 | 6,0 | 3,0 | 0,0 | 0,0 |
| Vímulaus æska - rekstur Foreldrahúss | C | 4,0 | 4,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Líf og sál - verkefnið "Karlar til ábyrgðar" | C | 5,6 | 6,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Skaftholt- sambýli fatlaðra | A | 35,2 | 39,3 | 39,3 | 39,3 | 0,0 |
| **Samtals** | | **2.747,8** | **1.006,1** | **779,7** | **186,6** | **123,7** |

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem félagsmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 2.661,5 m.kr. á yfirstandandi ári. Engir samningar falla undir B flokk en það eru

aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að. Loks eru 86,3 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem félagsmálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 2.700 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga og er þar helst að nefna samninga um málefni fatlaðra sem margir renna út í lok þessa árs. Þá renna einnig út í árlok samningar um meðferð barna og ungmenna og er unnið að endurnýjun þeirra.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 217,9 | 236,9 | 260,2 | 9,8 | 19,4 |
| Ýmis verkefni | 80,2 | 77,1 | 60,8 | -21,1 | -24,2 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 5,0 | 5,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **298,1** | **319,0** | **326,0** | **2,2** | **9,4** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

***101 Aðalskrifstofa.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 260 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 12,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin kemur til af millifærslu fjárheimilda frá lið *07-190 Fastanefndir* í þeim tilgangi að einfalda umsýslu og gjaldfærslu á kostnaði vegna kæru- og úrskurðanefnda. Þá er framsetningu breytt að því leyti að samtals 36,2 m.kr. færðar til aðalskrifstofu sem er rekstur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Framkvæmdasjóðs fatlaðra en sértekjur auknar að sama skapi.

***190 Ýmis verkefni.*** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld liðarins 61 m.kr. á næsta ári en að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum lækkar liðurinn um 19 m.kr. og skýrist breytingin aðallega af millifærslu fjárheimilda sem getið er um í lið *101 Aðalskrifstofa* auk 5 m.kr. niðurfellingar á tímabundinni fjárheimild.

**Stjórnsýslustofnanir**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Ríkissáttasemjari | 50,6 | 58,1 | 60,4 | 4,0 | 19,4 |
| Jafnréttisstofa | 44,9 | 38,8 | 40,6 | 4,6 | -9,6 |
| Vinnueftirlit ríkisins | 393,3 | 351,9 | 371,3 | 5,5 | -5,6 |
| **Samtals** | **488,8** | **448,8** | **472,3** | **5,2** | **-3,4** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins er 472 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð á milli ára að teknu tilliti til almennra launa- og verðlagsbreytinga. Engar breytingar eru innan málefnaflokksins eða einstakra stofnana hans aðrar en launa- og verðlagsbreytingar.

**Málefni barna**

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 400 Barnaverndarstofa.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Barnaverndarstofa | 655,4 | 701,2 | 742,1 | 5,8 | 13,2 |
| **Samtals** | **655,4** | **701,2** | **742,1** | **5,8** | **13,2** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

***400 Barnaverndarstofa.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 742 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, þar sem lagt er til að Kvikmyndaskoðun verði lögð niður og eftirlit með aðgegni barna að kvikmyndum verði hjá Barnaverndarstofu.

**Málefni fatlaðra**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700 Málefni fatlaðra; 701–708 Málefni fatlaðra, svæðisskrifstofur; 711 Styrktarfélag vangefinna; 720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ; 722 Sólheimar í Grímsnesi; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Málefni fatlaðra | 61,2 | 106,5 | 248,4 | 133,2 | 305,9 |
| Málefni fatlaðra, Reykjavík | 1.726,1 | 1.854,6 | 2.184,3 | 17,8 | 26,5 |
| Málefni fatlaðra, Reykjanesi | 1.239,6 | 1.325,5 | 1.538,7 | 16,1 | 24,1 |
| Málefni fatlaðra, Vesturlandi | 198,0 | 216,2 | 249,9 | 15,6 | 26,2 |
| Málefni fatlaðra, Vestfjörðum | 134,9 | 150,2 | 172,2 | 14,6 | 27,7 |
| Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra | 244,3 | 250,7 | 295,7 | 17,9 | 21,0 |
| Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra | 706,8 | 689,2 | 802,3 | 16,4 | 13,5 |
| Málefni fatlaðra, Austurlandi | 225,8 | 236,0 | 270,9 | 14,8 | 20,0 |
| Málefni fatlaðra, Suðurlandi | 388,8 | 412,6 | 476,4 | 15,5 | 22,5 |
| Styrktarfélag vangefinna | 497,4 | 519,7 | 593,7 | 14,2 | 19,4 |
| Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ | 261,3 | 272,8 | 309,8 | 13,6 | 18,6 |
| Sólheimar í Grímsnesi | 190,4 | 199,0 | 227,5 | 14,3 | 19,5 |
| Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins | 211,8 | 245,8 | 280,0 | 13,9 | 32,2 |
| Framkvæmdasjóður fatlaðra | 282,2 | 298,3 | 487,2 | 63,3 | 72,6 |
| **Samtals** | **6.368,6** | **6.777,1** | **8.137,0** | **20,1** | **27,8** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 389 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að með frumvarpinu er lagt til að samþykkt verði 200 m.kr. framlag til stofnkostnaðar á lið *07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra* til uppbyggingar búsetuúrræða fyrir geðfatlaða í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Verður 1.500 m.kr. varið til uppbyggingar búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða en þar af er gert ráð fyrir að 1.000 m.kr. verði ráðstafað af söluandvirði Símans en til viðbótar muni Framkvæmdasjóður fatlaðra leggja 500 m.kr. til verkefnisins. Gert er ráð fyrir kaupum eða byggingu á húsnæði og uppbyggingu dagvistunar eða endurhæfingarúrræða fyrir geðfatlaða um land allt fram til ársins 2010. Markmiðið er að eyða biðlistum og koma í veg fyrir að geðfatlaðir búi við ófullnægjandi aðstæður. Samhliða þessu átaki er í frumvarpinu gert ráð fyrir 150 m.kr. til að reka ný þjónustuúrræði fyrir geðfatlaða. Framlag til *07-701 Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, Reykjavík* hækkar um 41 m.kr. vegna heilsársreksturs nýs sambýlis. Þá hækka framlög til *07-707 Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, Austurlandi* um 2,5 m.kr. vegna húsaleigukostnaðar. Enn fremur er tillaga um 20 m.kr. framlag á lið *07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins* til að efla þjónustu við forskóla- og grunnskólabörn með einhverfu. Loks fellur niður heimild hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Reykjavík, að fjárhæð 10 m.kr. vegna tímabundins samnings.

**Sveitarfélög**

Eftirfarandi fjárlagaliður telst til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | 8.091,1 | 8.470,0 | 9.770,0 | 15,3 | 20,7 |
| **Samtals** | **8.091,1** | **8.470,0** | **9.770,0** | **15,3** | **20,7** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.300 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar eru þessar:

***801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.*** Samkvæmt frumvarpinu er heildarframlag til sjóðsins 9.770 m.kr. Lögbundin framlög ríkisins til sjóðsins eru sýnd undir viðfangsefni *1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög* en önnur tímabundin framlög eru sýnd á viðfangsefni *1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög.*

Lögbundin framlög eru ákvörðuð með tvennum hætti samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.

a. Greitt framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

b. Greitt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.

Lögboðin framlög samkvæmt a-lið nema um 7.087 m.kr. en um 1.683 m.kr. samkvæmt b-lið eða samtals 8.770 m.kr.

Auk lögboðinna framlaga gerir frumvarpið ráð fyrir sérstöku 300 m.kr. viðbótarframlagi til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 6. tl. viljayfirlýsingar félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands ísl. sveitarfélaga frá 17. september 2004.

**Vinnumál**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 972 Bjargráðasjóður; 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sem er nýr fjárlagaliður; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og 989 Fæðingarorlof.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjargráðasjóður | 10,0 | 10,0 | 10,0 | 0,0 | 0,0 |
| Vinnumálastofnun | 155,4 | 168,9 | 176,6 | 4,6 | 13,6 |
| Vinnumál | 71,7 | 123,3 | 86,0 | -30,3 | 19,9 |
| Ábyrgðasjóður launa | 759,5 | 638,1 | 676,4 | 6,0 | -10,9 |
| Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna | 0,0 | 0,0 | 84,9 | - | - |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 3.179,1 | 3.227,0 | 4.470,0 | 38,5 | 40,6 |
| Félagsmálaskóli alþýðu | 24,4 | 24,9 | 25,2 | 1,2 | 3,3 |
| Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga | 2,1 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fæðingarorlof | 6.723,7 | 7.041,0 | 7.822,0 | 11,1 | 16,3 |
| **Samtals** | **10.925,9** | **11.233,2** | **13.351,1** | **18,9** | **22,2** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.291 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru á bótagreiðslum atvinnuleysistryggingasjóðs og hækkun á framlagi til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

***981 Vinnumál.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 86 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 42,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af því að 42,5 m.kr. fjárheimild til foreldar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna er færð á nýjan á fjárlagalið *07-983 111 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.*

***983 Foreldrar langveikra og alvarlega fatlaðra barna.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 85 m.kr. á næsta ári sem er 40 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Fjárheimild yfirstandandi árs 42,5 m.kr. er færð á lið *07-981 1.90 Vinnumál, ýmislegt* en lagt er til að fjárheimild vegna þessa verkefnis verði færð á sérstakan fjárlagalið.

***984 Atvinnuleysistryggingasjóður.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins nemi um 5.230 m.kr. á næsta ári en á móti koma 760 m.kr. vaxtatekjur. Gjöld umfram tekjur nema því 4.470 m.kr. Það er 1.099 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs en þar vegur þyngst hækkun atvinnuleysisbóta og hækkun styrkja til fiskvinnslustöðva. Af einstökum viðfangsefnum sjóðsins hækka útgjöld vegna atvinnuleysisbóta um 1.203 m.kr. Hækkun skýrist m.a. af spá um aukið atvinnuleysi sem nemur 460 einstaklingum að meðaltali á mánuði á árinu 2007 til viðbótar við þá 3.000 einstaklingar sem eru forsendur fjárlaga 2006. Þessi aukning jafngildir 653 m.kr. hækkun bótagreiðslna. Þá hækka bótagreiðslu sjóðsins um 300 m.kr. á árinu 2007 vegna tekjutengingar bóta sem þegar eru komnar til framkvæmda og um 250 m.kr. vegna hækkana grunnatvinnuleysisbóta úr kr. 93.701 í kr. 111.015. á mánuði frá 1. júlí 2006. Þessar

breytingar eru í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2005 en í henni kemur fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lagasetningu, sem tóku gildi 1. júlí á þessu ári, um breytingu á greiðslu atvinnuleysisbóta í samræmi við samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Í því samkomulagi er m.a. gert ráð fyrir sérstakri hækkun lágmarksbóta, tekjutengingu atvinnuleysisbóta, styttingu greiðslutímabils o.fl. Helstu breytingar á öðrum viðfangsefnum innan liðarins er tillaga um 39 m.kr. til að auka styrktargreiðslur til fiskvinnslufyrirtækja vegna hráefnisskorts. Á móti fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag til starfsmenntasjóða. Loks er gert ráð fyrir 137 m.kr. hækkun vaxtatekna sjóðsins af inneign hans ríkissjóði.

***989 Fæðingaorlof.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgjöld fæðingaorlofssjóðs hækki um 152 m.kr. á næsta ári í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda sjóðsins það sem af er árinu 2005. Samkvæmt frumvarpinu verða útgjöld sjóðsins 7.822 m.kr. á næsta ári en eru 7.041 m.kr. í fjárlögum þessa árs.

## Önnur mál

Fjallað er um eftirfarandi fjárlagaliði í þessum kafla: 999 Félagsmál, ýmis starfsemi; 205 Leiguíbúðir og 207 Varasjóður húsnæðismála.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Leiguíbúðir | 180,0 | 180,0 | 180,0 | 0,0 | 0,0 |
| Varasjóður húsnæðismála | 60,0 | 60,0 | 57,0 | -5,0 | -5,0 |
| Félagsmál, ýmis starfsemi | 439,7 | 557,9 | 573,8 | 2,8 | 30,5 |
| **Samtals** | **679,7** | **797,9** | **810,8** | **1,6** | **19,3** |

Heildarfjárveiting til fjárlagaliða þessa kafla lækkar um 8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta breyting er 5 m.kr. tillaga til styrktar verðandi kjörforeldum ættleiddra barna erlendis frá en fjárhæðin ræðst að nokkur af fjölda þeirra sem eftir styrknum leita. Þá falla niður tímabundnar fjárheimildir eins og taflan að neðan ber með sér.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni: | | |
| **07-999-1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis** | | |
| Húsaleiga, Efri-Brú | 9,0 | 9,0 |
| Minnisvarði um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur | 3,0 | 0,0 |
| Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga | 10,0 | 10,0 |
| Rannsóknarsetur í vinnu- og jafnréttismálum | 5,0 | 5,0 |
| Samtökin Barnaheill, átak gegn barnaklámi | 3,2 | 0,0 |
| Sjónarhóll | 15,0 | 15,0 |
| Verkefnið; Karlar til ábyrgðar | 6,5 | 6,5 |
| Endurskoðun á stofnanakerfi ráðuneytisins | 3,5 | 3,5 |
| Samtökin 78 | 1,5 | 1,5 |
| Styrkir til verðandi kjöforeldra ættleiddra barna erlendis frá | 0,0 | 5,0 |
| Óráðstafað | 8,3 | 10,1 |
| **Samtals** | **65,0** | **65,6** |

## Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 07-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |
| 07-700-1.50 | Laun vegna forfalla, orlofs o.fl. | Ófyrirséð útgjöld vegna veikinda og forfalla hjá stofnunum fatlaðra. |
| 07-700-1.90 | Ýmis verkefni | Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld stofnana fatlaðra. |
| 07-996-6.51 | Íslenska upplýsingasamfélagið | Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum. |

## 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 62.451,9 | 65.878,4 | 73.389,8 | 11 | 18 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 53.782,3 | 58.086,5 | 67.557,0 | 16 | 26 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 2.227,9 | 2.216,5 | 2.494,9 | 13 | 12 |
| **Samtals** | **118.462,1** | **126.181,4** | **143.441,7** | **14** | **21** |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 101.682,6 | 119.296,4 | 17 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 24.498,8 | 24.145,3 | -1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals** | - | **126.181,4** | **143.441,7** | **14** | - |

Heildargjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 147.296 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.854 m.kr. en þær nema 2,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 143.442 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 119.296 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 24.145 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 73.390 m.kr. og hækka um 7.511 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um aukin framlög ríkisins til öldrunarþjónustu í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í kjölfar samkomulags við samtök eldri borgara frá 19.júlí sl. Þar lýsir ríkisstjórnin sig reiðubúna að beita sér fyrir að 500 m.kr. fari til að styrkja rekstur hjúkrunarheimila og 200 m.kr. í heimahjúkrun til að efla sjálfstæða búsetu aldraðra utan hjúkrunarheimila. Þá eru um 250 m.kr. til ýmissa verkefna innan heilsugæslunnar og má þar nefna aukin framlög til sjúkraflutninga. Þá eru um 180 m.kr. til ýmissa verkefna sjúkrahúsa.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 9.471 m.kr. að meðtöldum hækkunum bóta og verða 67.557 m.kr. en eru 58.087 m.kr. í fjárlögum ársins 2006. Þyngst vega aukin framlög ríkisins til öldrunarþjónustu í samræmi við framangreinda yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 19. júlí sl. Er lagt til að bætur lífeyrisgreiðslna hækki um 7.505 m.kr. og bætur félagslegrar aðstoðar um 611 m.kr.


Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.495 m.kr. og er það 278 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 200 m.kr. framlag til hönnunar hátæknisjúkrahúss á Landspítalalóð, 115 m.kr. til aukinna viðhald- og stofnframkvæmda Framkvæmdasjóðs aldraðra

sem er hluti af samkomulagi við aldraða um að fjármagn sjóðsins fari eingöngu til viðhalds- og stofnkostnaðar og komi það til framkvæmda á árunum 2007 og 2008. Þá eru 110 m.kr. til innréttingar þriðju hæðar D-álmu í Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og 65 m.kr. til stækkunar barna- og unglingageðdeildar Landspítala–háskólasjúkrahúss.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

**Útgjöld heilbrigðisráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 493 | 498 | 503 | 508 |
| Tryggingamál | 67.983 | 70.786 | 73.618 | 76.828 |
| Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsaþjónusta | 35.011 | 36.976 | 40.108 | 40.793 |
| Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl. | 19.645 | 21.107 | 22.046 | 22.513 |
| Heilsugæsla | 6.786 | 7.214 | 7.749 | 7.895 |
| Heilbrigðisstofnanir | 11.293 | 11.552 | 11.795 | 12.035 |
| Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir | 1.015 | 1.025 | 1.035 | 1.045 |
| Annað | 1.215 | 1.215 | 1.222 | 1.229 |
| **Samtals** | **143.441** | **150.373** | **158.076** | **162.846** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reiknforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til *Tryggingamála* aukist að jafnaði um 4,2% á ári yfir tímabilið. Skýrist það einkum af því að reiknað er með að árleg magnaukning bóta félagslegrar aðstoðar verði um 2,5%, fjölgun bótaþega lífeyristrygginga verði um 4% og útgjöld sjúkratrygginga hækki að meðaltali um 5% á milli ára. Gert er þó ráð fyrir 7% magnaukningu lyfja á milli ára sem skýrist m.a. af því að fram til þessa hafa ný lyf sem koma á markað almennt verið dýrari en þau sem þar eru fyrir. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld stofnana sem falla undir málaflokkana *Sjúkrahús, heilsugæsla og heilbrigðisstofnanir* vaxi árlega um 2% að meðaltali. Útgjöld þessara málaflokka verða þó nokkru hærri í heild þar sem gert er ráð fyrir framlagi til undirbúnings og uppbyggingar hátæknisjúkrahúss í lóð Landspítala–háskólasjúkrahúss og framlagi til heilsugæslu til að efla heimahjúkrun aldraða og veita þeim þannig stuðning til sjálfstæðrar búsetu í eigin húsnæði. Loks er gert ráð fyrir að árlegur meðalvöxtur í málaflokknum Öldrunarmál, endurhæfing o.fl. verði um rúmlega 4,6% þó mun meiri fyrri hluta tímabilsins. Er það í samræmi við áform um að fjölga hjúkrunarrýmum á næstu árum til að draga úr bið eftir þjónustu samhliða öðrum ráðstöfunum til að efla þjónustu við eldri borgara.

**Skuldbindandi samningar**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 8.424 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til tæplega 13% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2006, eru á áætluðu verðlagi ársins 2007 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Teg. | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra | A | 134,3 | 146,7 | 151,7 | 156,7 | 0,0 |
| Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða | A | 36,6 | 38,4 | 38,4 | 12,8 | 0,0 |
| Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið | A | 517,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir | A | 264,8 | 289,2 | 289,2 | 0,0 | 0,0 |
| Hjartavernd, hóprannsóknir | A | 55,4 | 58,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Víðines, Reykjavík | A | 194,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu | A | 928,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Sveitarf. Hornafjörður, rekstur hjúkrunarþj. | A | 214,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Vífilsstaðir, Garðabæ | A | 271,1 | 331,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Öldungur hf., rekstur hjúkrunarþjónustu | A | 783,9 | 823,8 | 823,8 | 823,8 | 823,8 |
| Sjúkrahótel | A | 72,8 | 78,7 | 78,7 | 78,7 | 0,0 |
| Reykjalundur | A | 1.093,6 | 1.200,8 | 1.200,8 | 0,0 | 0,0 |
| Hlein | A | 88,9 | 95,8 | 95,8 | 0,0 | 0,0 |
| Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing | A | 426,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Læknavaktin ehf., vaktþjónusta | A | 233,7 | 248,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Sjúkraflutningar á Akureyri | A | 52,6 | 54,3 | 54,3 | 54,3 | 0,0 |
| Sjúkraflutningar á Suðurnesjum | A | 43,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu | A | 262,3 | 271,0 | 271,0 | 271,0 | 0,0 |
| RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn. | A | 92,0 | 101,0 | 112,0 | 112,0 | 112,0 |
| Mýflug - sjúkraflug á Norðursvæði | A | 77,2 | 80,5 | 80,5 | 80,5 | 80,5 |
| Landsflug - sjúkrafl. til Vestm. | A | 26,2 | 27,3 | 27,3 | 27,3 | 27,3 |
| Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu | A | 399,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Sveitarfél. Hornafjörður, rekstur heilsugæslu | A | 100,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi | A | 132,7 | 187,7 | 187,7 | 187,7 | 187,7 |
| Heilbrigðisstofnunin Akranesi, rekstur | C | 1.224,6 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, rekstur | C | 698,9 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **Samtals** | | **8.424,2** | **4.032,7** | **3.411,2** | **1.804,8** | **1.231,3** |

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 6.501 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B en engin samningur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis fellur þar undir. Að lokum eru samningar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 1.923 m.kr. á yfirstandandi ári. Óvenju margir samningar ráðuneytisins renna út í lok þessa árs og er nýjum samningum ekki lokið. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 8.500 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Heilbrigðis- og tr.málaráðuneyti, aðalskrifstofa | 425,5 | 440,2 | 485,0 | 10,2 | 14,0 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 8,0 | 8,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **425,5** | **448,2** | **493,0** | **10,0** | **15,9** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar 24,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

***101 Aðalskrifstofa.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 485 m.kr. á næsta ári en eru 440,2 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og jafngildir það um 24,6 m.kr. hækkun að raungildi milli ára, sem er ætluð til að efla starf á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

## Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar; 209 Sjúklingatrygging og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Tryggingastofnun ríkisins | 1.016,6 | 1.010,3 | 1.150,6 | 13,9 | 13,2 |
| Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð | 6.148,1 | 6.955,0 | 7.566,0 | 8,8 | 23,1 |
| Lífeyristryggingar | 31.210,2 | 33.806,4 | 41.311,0 | 22,2 | 32,4 |
| Sjúkratryggingar | 14.969,8 | 15.511,3 | 16.981,0 | 9,5 | 13,4 |
| Slysatryggingar | 634,1 | 727,9 | 703,9 | -3,3 | 11,0 |
| Sjúklingatrygging | 74,5 | 90,1 | 190,1 | 111,0 | 155,2 |
| Eftirlaunasjóður aldraðra | 110,7 | 100,3 | 80,3 | -19,9 | -27,5 |
| **Samtals** | **54.164,0** | **58.201,3** | **67.982,9** | **16,8** | **25,5** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 9.781,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að meðtöldum hækkun bóta. Helstu breytingar eru 5.717 m.kr. hækkun útgjalda almannatrygginga í kjölfar samkomulags við samtök eldri borgara frá 19. júlí sl. um lífeyrismál svo og búsetu- og þjónustumál aldraðra lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún muni beita sér fyrir framkvæmd þeirra tillagna sem samstaða náðist um. Þá eru 1.017 m.kr. ætlaðar vegna fjölgunar bótaþega.

***201 Tryggingastofnun ríkisins.*** Rekstrargjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum eru samkvæmt frumvarpinu 1.151 m.kr. m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 140,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu er 60 m.kr.

fjárheimild til tryggja hraðari og öruggari afgreiðslu bóta og annarra greiðslna sem stofnunin annast og fækka eins og kostur er tafsömum leiðréttingum á áður afgreiddum bótum. Jafnframt er stefnt að því að efla innra eftirlit enn frekar. Á síðasta þingi var samþykkt 40 m.kr. fjárheimild á lið *08-399 1.21 Heilbrigðismál, almennt* til þessara verkefna og gerir frumvarpið ráð fyrir að sú fjárhæð verði færð til Tryggingastofnunar. Þá er tillaga um 30 m.kr. til að innleiða nýtt bókhaldskerfi vegna bótaflokka almannatrygginga en þar af eru 12 m.kr. tímabundnar. Gert er ráð fyrir að framlög til stofnkostnaðar lækki um 7,9 m.kr. Þar er annars vegar um að ræða 5 m.kr. nýtt framlag til rafrænna upplýsingatækniverkefna þar sem sérstök áhersla er lögð á gott aðgengi fatlaðra og sjónskertra að upplýsingum stofnunarinnar. Loks fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag til upplýsingatækniverkefna auk þess sem liðurinn lækkar um 2,9 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum.

***203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.*** Útgjöld bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 7.566 m.kr. á næsta ári en eru 6.955 m.kr. í fjárlögum þessa árs 611 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins en þar af eru 219 m.kr. vegna breytinga á fjölda bótaþega í samræmi við langtímaáætlun. Enn fremur er gert ráð fyrir 130 m.kr. framlagi til heimilisuppbótar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í kjölfar samkomulags við samtök aldraða frá 19. júlí sl.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Mæðra- og feðralaun | 300,5 | 343,0 | 353,0 | 2,9 | 17,5 |
| Umönnunargreiðslur | 965,0 | 988,0 | 1.085,0 | 9,8 | 12,4 |
| Makabætur og umönnunarbætur | 81,3 | 85,0 | 105,0 | 23,5 | 29,2 |
| Dánarbætur | 45,9 | 49,0 | 48,0 | -2,0 | 4,6 |
| Endurhæfingarlífeyrir | 796,4 | 1.108,0 | 1.197,0 | 8,0 | 50,3 |
| Barnalífeyrir vegna menntunar | 95,1 | 120,0 | 123,0 | 2,5 | 29,3 |
| Heimilisuppbót | 2.325,2 | 2.541,0 | 2.850,0 | 12,2 | 22,6 |
| Frekari uppbætur | 1.362,9 | 1.456,0 | 1.532,0 | 5,2 | 12,4 |
| Uppbætur vegna bifreiðakaupa | 175,8 | 265,0 | 273,0 | 3,0 | 55,3 |
| **Samtals** | **6.148,1** | **6.955,0** | **7.566,0** | **8,8** | **23,1** |

***204 Lífeyristryggingar.*** Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 41.311 m.kr. á næsta ári en eru 33.806 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Það er 7.505 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru rúmlega 5.560 m.kr. vegna hækkun lífeyrisbóta í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í kjölfar samkomulags við samtök aldraða frá 19. júlí sl. en 570 m.kr. eru vegna fjölgunar bótaþega.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 6.835,4 | 7.377,0 | 8.137,0 | 10,3 | 19,0 |
| Örorkulífeyrir | 4.525,6 | 4.949,0 | 5.807,0 | 17,3 | 28,3 |
| Tekjutrygging ellilífeyrisþega | 9.724,4 | 10.333,0 | 14.850,0 | 43,7 | 52,7 |
| Tekjutrygging örorkulífeyrisþega | 5.548,9 | 6.197,0 | 8.920,0 | 43,9 | 60,8 |
| Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega | 852,1 | 993,7 | 0,0 | -100,0 | -100,0 |
| Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega | 809,8 | 964,7 | 0,0 | -100,0 | -100,0 |
| Vasapeningar ellilífeyrisþega | 283,0 | 311,0 | 425,0 | 36,7 | 50,2 |
| Vasapeningar örorkulífeyrisþega | 55,1 | 65,0 | 75,0 | 15,4 | 36,1 |
| Örorkustyrkur | 154,6 | 167,0 | 192,0 | 15,0 | 24,2 |
| Barnalífeyrir | 1.951,5 | 2.294,0 | 2.477,0 | 8,0 | 26,9 |
| Annað | 469,8 | 155,0 | 428,0 | 176,1 | -8,9 |
| **Samtals** | **31.210,2** | **33.806,4** | **41.311,0** | **22,2** | **32,4** |

Helstu breytingar á lífeyrisbótum sem ríkisstjórnin hefur lýst sig reiðubúna að beita sér fyrir í kjölfar samkomulags við samtök aldraða eru hækkun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga samhliða því að dregið er úr áhrifum tekjuskerðingar vegna tekna maka og annarra tekna. Þá er tekjutryggingarauki hjóna og einstaklinga samræmdur og fjárhæð tekjutryggingarauka hækkuð þannig að tekjutryggingarauki og tekjutrygging fellur saman í einn bótaflokk, tekjutryggingu. Viðfangsefnin tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega og tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega falla því niður. Einnig er skerðingarhlutfall tekjutryggingar lækkað í 38,35% en var 45% auk þess sem vasapeningar hækka um 25%. Eins og áður kemur fram er áætlað að breytingar þessar auki útgjöld lífeyristrygginga um 5.560 m.kr. á árinu 2007.

*206* ***Sjúkratryggingar.*** Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 16.981 m.kr. á næsta ári en eru 15.511 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Jafngildir það um 1.470 m.kr. hækkun á milli ára. Breytingin skýrist annars vegar af um 600 m.kr. hækkun útgjalda vegna fjölgunar bótaþega og magnbreytinga en hins vegar er lögð til 500 m.kr. lækkun í lyfjakostnaði sjúkratrygginga sem áformað er að ná fram með endurskoðun á verðlagningu lyfja og greiðsluþátttökukerfi sjúkratrygginga. Til að tryggja betur hagkvæmari notkun lyfja er lögð áhersla á að í auknum mæli verði unnið eftir lyfjalistum og klínískum leiðbeiningum. Áhersla verður lögð á að fyrst sé ávísað á reynd ódýr lyf, áður en meðferð er færð yfir á nýrri og dýrari lyf. Jafnframt verður lögð áhersla á faglega rétta notkun lyfja til að auka meðferðarheldni. Þá mun landlæknir fylgjast enn betur með ávísunarvenjum lækna en verið hefur. Enn fremur er gert ráð fyrir 40 m.kr. fjárheimild á viðfangsefninu *1.91 Annað* meðal annars til kaupa á meðferðum við húðsjúkdómum. Á það viðfangsefni eru jafnframt færðar 12 m.kr. af fjárlagalið Landspítala–háskólasjúkrahúss vegna breytinga í þjónustu við sængurkonur í heimahúsum en áformað er að veita sömu þjónustu af sjálfstætt starfandi ljósmæðrum

sem starfa samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Þá er lögð til 20 m.kr. fjárheimild til hjálpartækjakaupa fyrir aldraða, sérstaklega til kaupa á öryggishnöppum og öðrum úrræðum til að auðvelda öldruðum sjálfstæða búsetu. Er áformað að fjárheimildin hækki um 20 m.kr. á ári þar til hún hefur náð 80 m.kr. á árinu 2010. Er tillagan hluti af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í kjölfar samkomulags við samtök aldraða frá 19. júlí sl. Loks er gert ráð fyrir að 6,1 m.kr. verði fluttar á fjárlagalið heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu sem nú annast framkvæmd samnings um iðjuþjálfun sem áður var hjá Tryggingastofnun ríkisins.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Lækniskostnaður | 3.437,0 | 3.666,0 | 3.749,0 | 2,3 | 9,1 |
| Lyf | 6.079,3 | 6.107,0 | 6.727,0 | 10,2 | 10,7 |
| Hjálpartæki | 1.535,6 | 1.644,0 | 1.942,0 | 18,1 | 26,5 |
| Hjúkrun í heimahúsum | 119,8 | 108,0 | 108,0 | 0,0 | -9,8 |
| Þjálfun | 1.292,1 | 1.487,3 | 1.538,0 | 3,4 | 19,0 |
| Tannlækningar | 1.213,6 | 1.303,0 | 1.336,0 | 2,5 | 10,1 |
| Sjúkraflutningar og ferðir innan lands | 223,8 | 251,0 | 285,0 | 13,5 | 27,3 |
| Brýn meðferð erlendis | 687,8 | 489,0 | 773,0 | 58,1 | 12,4 |
| Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis | 77,6 | 112,0 | 127,0 | 13,4 | 63,7 |
| Sjúkradagpeningar | 178,2 | 210,0 | 185,0 | -11,9 | 3,8 |
| Annað | 125,0 | 134,0 | 211,0 | 57,5 | 68,8 |
| **Samtals** | **14.969,8** | **15.511,3** | **16.981,0** | **9,5** | **13,4** |

*208* ***Slysatryggingar.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld slysatrygginga nemi um 703,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 24 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af því að nokkrar útgerðir hafa fært slysatryggingar sínar til annarra tryggingafélaga. Er gert ráð fyrir að framlag lækki af þessum ástæðum um 50 m.kr. Á móti er lagt til að stjórnunarkostnaður slysatrygginga hækki um 26 m.kr. og er þá miðað við reiknireglur Tryggingastofnunar um hlutdeild tryggingasviða stofnunarinnar í heildarkostnaði. Verður rekstrakostnaðurinn því rúm 10% af útgreiddum bótum.

*209* ***Sjúklingatrygging.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgjöld sjúklingatryggingar verði 190,1 m.kr. sem er 100 m.kr. raunhækkun á milli ára. Lög um sjúklingatryggingu tóku gildi í ársbyrjun 2001 en þau kveða á um rétt þeirra sjúklinga til bóta sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn og sjúkdómsmeðferð hjá starfsfólki heilbrigðisstétta. Í upphafi var gert ráð fyrir að árlegar greiðslur gætu numið um 150-270 m.kr. eftir að bótakerfið væri komið í jafnvægi, sem gæti tekið nokkur ár.

*214* ***Eftirlaunasjóður aldraðra.*** Áætlað er að hlutur ríkissjóðs í eftirlaunum aldraðra verði 80,3 m.kr. á næsta ári sem er 20 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 113 frá 1994 og er lífeyrir greiddur til þeirra sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum. Samkvæmt ríkisreikningi voru útgjöld sjóðsins 111 m.kr. árið 2005 en gera má ráð fyrir að útgjöld hans lækki um 15-20 m.kr. á milli ára á næstu árum.

**Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsaþjónusta**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri; 373 Landsspítali–háskólasjúkrahús; 376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landsspítalans, sem er nýr liður; 379 Sjúkrahús, óskipt; 383 Sjúkrahótel; 384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn; 386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna og 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri | 3.160,5 | 3.354,9 | 3.543,0 | 5,6 | 12,1 |
| Landspítali - háskólasjúkrahús | 26.956,9 | 27.920,2 | 30.190,0 | 8,1 | 12,0 |
| Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landsspítalans | 29,6 | 0,0 | 190,0 | - | - |
| Sjúkrahús, óskipt | 22,2 | 139,3 | 143,8 | 3,2 | - |
| Sjúkrahús og læknisbústaðir | 427,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Sjúkrahótel | 0,0 | 72,8 | 78,7 | 8,1 | - |
| Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn | 100,9 | 96,6 | 108,3 | 12,1 | 7,3 |
| Vistun ósakhæfra afbrotamanna | 169,3 | 165,9 | 178,4 | 7,5 | 5,4 |
| Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið | 509,4 | 507,3 | 579,1 | 14,2 | 13,7 |
| **Samtals** | **31.375,9** | **32.257,0** | **35.011,3** | **8,5** | **11,6** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 297 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að rekstarútgjöld hækka um 150,4 m.kr. en útgjöld vegna viðhalds- og stofnkostnaðar hækka um 266 m.kr. en þar vegur þyngst hönnunarkostnaður nýs hátæknisjúkrahúss og stækkun barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Á móti kemur niðurfelling á 83,5 m.kr. stofnkostnaðarframlagi til Fjórðungssjúkrahússins Akureyri. Þá er 35,8 m.kr. lækkun á stofnkostnaði ofangreindra fjárlagaliða vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum

***358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 3.543 m.kr. á næsta ári sem er 56 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar af aukast framlög til reksturs um 33,5 m.kr. en stofnkostnaðarframlag lækkar á móti um 89 m.kr. þar sem uppbyggingu Suðurálmu er senn lokið. Helstu breytingar í rekstrarframlögum eru 16,2 m.kr. til aukinnar starfsemi m.a. á sviði krabbameinslækninga, myndgreininga- og göngudeildarstarfsemi. Þá er gert ráð fyrir 7 m.kr. til að mæta auknum rekstrarkostnaði nýrra hæða í Suðurálmu sjúkrahússins sem eru að

komast í notkun. Enn fremur eru 5,3 m.kr. færðar til sjúkrahússins af Landsspítala–háskólasjúkrahúsi vegna hjartagangráða en sjúkrahúsið mun eftirleiðis verða kaupandi slíkra tækja og greiða fyrir þau. Þá er einnig lagt til 5 m.kr. framlag til að hefja rekstur líknardeildar við sjúkrahúsið undir lok árs 2007. Loks fellur niður 83,5 m.kr. tímabundið stofnframlag þar sem framkvæmdum við Suðurálmu er að ljúka.

*373* ***Landsspítali – háskólasjúkrahús.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 30.190 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 127,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar af aukast rekstrarframlög um 80,7 m.kr., framlög til nýframkvæmda hækka um 65 m.kr. en á móti lækka stofnkostnaðarliðir um 18 m.kr. vegna aukins aðhalds í ríkisútgjöldum. Helstu breytingar í rekstrarframlögum eru þær að frumvarpið gerir ráð fyrir 50 m.kr. til að efla mönnun við hjúkrun, 40 m.kr. til að standa undir leigu á nýju húsnæði fyrir Blóðbankann, 15 m.kr. til að efla og auka geðheilbrigðisþjónustu aldraðra og 7,5 m.kr. til að endurnýja samninga, þar á meðal um tæknifrjóvganir. Þá lækka framlög til spítalans um samtals 31,5 m.kr. vegna millifærslna en þar af eru 12 m.kr. færðar af lið *08-379 Sjúkrahús, óskipt* en fjárheimildin var upphaflega samþykkt í fjárlögum 2005 til að koma á fót þverfaglegu teymi sérfræðinga til að bregðast við bráðavanda alvarlega geðsjúkra einstaklinga. Ákveðið hefur verið að teymið heyri undir geðsvið sjúkrahússins er því lagt til að fjárveitingin verði færð á þennan fjárlagalið. Einnig er lagt til að 26,2 m.kr. vegna millispítalaflutninga sem sjúkrahúsið hefur greitt til skamms tíma verði fært á fjárlagalið *08-501 Sjúkraflutningar*. Enn fremur er tillaga um að 12 m.kr. verði færðar frá sjúkrahúsinu á lið *08-206 Sjúkratryggingar* vegna skipulagsbreytinga við sængurkonur í MFS-þjónustukerfinu. Mun verða leitað eftir kaupum á hliðstæðri þjónusta hjá sjálfstætt starfandi ljósmæðrum á vegum Tryggingastofnunar. Þá eru færðar 5,3 m.kr. á lið *08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri* vegna hjartagangráða og er vísað til umfjöllunar á þeim lið. Loks er lagt til að 65 m.kr. stofnframlag til stækkunar og endurbóta á barna- og unglingageðdeild spítalans.

*376* ***Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans.*** Fjárlagaliður þessi er nýr og á hann verða færðar fjárheimildir til byggingar nýs hátæknisjúkrahúss sem áformað er að reisa á Landspítalalóðinni við Hringbraut. Gert er ráð fyrir að hönnun fyrsta áfanga hefjist fyrri hluta árs 2007 og framkvæmdir geti hafist á árinu 2008. Lagt er til að 200 m.kr. fari til þessa verkefnis. Á móti kemur 10 m.kr. lækkun vegna ákvarðana um aukið aðhald í ríkisfjármálum.

*379* ***Sjúkrahús, óskipt.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 143,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 4,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar skýrast af 25 m.kr. framlagi til að mæta hugsanalegum útgjaldaauka við

samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu. Hins vegar er lagt til að 12 m.kr. verði færðar af liðnum á fjárlagalið *08-373 Landspítali–háskólasjúkrahús* en framlagið var upphaflega samþykkt í fjárlögum 2005 til að koma á fót þverfaglegu teymi sérfræðinga til að bregðast við bráðavanda alvarlega geðsjúkra einstaklinga. Ákveðið hefur verið að teymið heyri undir geðsvið sjúkrahússins og því er lagt til að framlagið færist þangað. Þá eru færðar af liðnum 7,2 m.kr. á fjárlagaliði þriggja heilbrigðisstofnana á Ísafirði, Austurlandi og Hornafirði til að efla þar sérfræðiþjónustu á sviði barnalækninga í samstarfi við Landspítala–háskólasjúkrahúss. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbreytingum svo og ákvörðunum um aukið aðhald í ríkisfjármálum.

*384* ***Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 108,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 1,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis stofnunarinnar og er samsvarandi því gjaldi, sem Tryggingastofnun ríkisins er ætlað að greiða stofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum, skv. 4. gr. reglugerðar nr. 1162/2005. Er gjaldinu ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis, en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

*388* ***Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld á þessum lið nemi 579,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 29,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar þær að lagt er til 13,1 m.kr. framlag til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem stofnunin nýtir og er hliðstætt því sem greint er frá í framangreindum lið. Enn fremur er lagt til að 10 m.kr. verði ráðstafað til að efla göngudeildarstarfsemi og 4,3 m.kr. vegna lyfjakostnaðar í meðferð ópíumsjúklinga. Loks er gert ráð fyrir 2,2 m.kr. sem eru millifærðar af safnlið heilsugæslustöðva til að standa undir kostnaði við túlkaþjónustu.

**Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Öldrunarstofnanir, almennt; 402 Framkvæmdasjóður aldraðra; 460 Dvalarrými aldraðra, önnur; 477 Dagvistun aldraðra, aðrar svo og fjárlagaliðir einstakra dvalar- og hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Öldrunarstofnanir | 13.348,5 | 14.907,9 | 17.358,0 | 16,4 | 30,0 |
| Endurhæfingarstofnanir | 1.985,5 | 2.066,3 | 2.287,2 | 10,7 | 15,2 |
| **Samtals** | **15.334,0** | **16.974,2** | **19.645,2** | **15,7** | **28,1** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 804,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar þar af hækka framlög til öldrunarstofnana um 745,6 m.kr. og 58,8 m.kr. til endurhæfingarstofnana. Verður fjallað um öldrunarstofnanir og endurhæfingarstofnanir í aðgreindum hlutum.

**1. Öldrunarstofnanir**

Í þessum hluta er fjallað um öldrunastofnanir en þær eru í flestum tilvikum í eign sjálfseignarstofnana eða ýmissa félaga þar með talinna sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu er heildarfjárveiting til þessara stofnana 17.358 m.kr. og hækkar í heild um 745,6 m.kr. á milli ára eða um rúm 16%. Þjónustu, sem þessar stofnanir veita, má í meginatriðum skipta í fernt. Í fyrsta lagi rekstur hjúkrunarrýma og gerir frumvarpið ráð fyrir 13.312 framlagi úr ríkissjóði til reksturs þeirra. Í öðru lagi eru 2.045 m.kr. til styrktar rekstri dvalarrýma, í þriðja lagi eru 697,2 m.kr. til rekstur dagvista og í fjórða lagi eru 327,1 m.kr. til reksturs annarrar þjónustu svo sem rekstur geðrýma og endurhæfing. Þá eru 782 m.kr. til stofnkostnaðar og 195 m.kr. til viðhalds húseigna. Skipting framlaga til einstakra öldrunarstofnana er sýnd í töflu en þess ber að geta að þar er sýnt heildarframlag ríkisins til hverrar stofnunar fyrir öll þjónustusvið sem í mörgum tilvikum eru fleiri en rekstur hjúkrunarrýma.

Sérstaklega er gerð grein fyrir fjárlagaliðunum *401 Öldrunarstofnanir, almennt,* sem er safnliður og *402 Framkvæmdasjóður aldraða.* Þá er fjallað í heild um fjárlagaliðina 405-444 en heildarframlag til reksturs hjúkrunarrýma sem undir þá liði falla er skipt niður samkvæmt niðurstöðum reiknilíkans og er sú skipting sýnd í töflu. Þá er fjallað um fjárlagaliðinn *460 Dvalarrými, önnur* en þar er færður styrkur ríkisins til reksturs dvalarrýma á þeim dvalarheimilum þar sem ekki eru hjúkrunarrými. Loks er fjallað um liðana *470-477 Dagvistun aldraða* í heild en þar eru með sama hætti færð framlög ríkisins til reksturs dagvista sem ekki eru í starfstengslum við hjúkrunarrými.

***401 Öldrunarstofnanir, almennt.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins, sem er safnliður, nemi um 900,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 61,9 m.kr. hækkun á föstu verði á milli ára á liðunum í heild. Rekstrarviðfangsefni liðarins hækka samtals um 248,6 m.kr. en á móti kemur hækkun greiðslna frá íbúum er nemur 93 m.kr. Af einstökum rekstrarviðfangsefnum liðarins er helst að nefna að viðfangsefni *08-401 1.01 Hjúkrunarrými almennt* lækkar um 26,6 m.kr. á föstu verði á milli ára en heildarfjárhæð til reksturs hjúkrunarrýma sem reiknilíkan skiptir á milli stofnana hækkar að sama skapi. Útgjöld viðfangsefnisins verða 181,5 m.kr. sem m.a. eru ætlaðar til að mæta útgjöldum vegna hvíldarrýma á hjúkrunarheimilum. Á viðfangsefni *08-401 1.09 Ný hjúkrunarrými* eru færðar fjárheimildir til nýrra en óstaðsettra hjúkrunarrýma sem eru verðlögð samkvæmt reiknilíkani. Frumvarpið gerir ráð fyrir að framlag á liðinn hækki um 168,2 m.kr. og jafngildir það fjölgun um tæp 30 ný

hjúkrunarrými. Á viðfangsefni *08-401 1.13 Óskipt framlag til minni hjúkrunarheimila* eru færð framlög sem reiknuð eru samkvæmt reiknilíkani til reksturs hjúkrunarrýma á heimilum sem ekki hafa sérstakan fjárlagalið. Lagt er til að framlag á þetta viðfangsefni hækki um 107 m.kr. en fjárhæðin jafngildir fjölgun um 18 ný hjúkrunarrými samkvæmt forsendum reiknilíkans. Í viðhalds- og stofnkostnaði lækkar liðurinn hins vegar um 93,7 m.kr. m.a. vegna þess að 60 m.kr. viðhaldskostnaður er færður út á fjárlagaliði einstakra stofnana utan málaflokksins og að tímabundin 30 m.kr. fjárheimild fellur niður.

***402 Framkvæmdasjóður aldraðra.*** Gjöld sjóðsins eru samkvæmt frumvarpinu 1.027,8 m.kr. á greiðslugrunni en eru í fjárlögum þessa árs 1.002 m.kr. Sjóðurinn fær tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru, og kemur það til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldendum fjölgi um 1% en jafnframt er lagt til að gjaldið hækki úr 6.075 kr. á hvern gjaldanda í 6.314 kr. og er það í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá desember 2004 til desember 2005. Heildarframlag sjóðsins á greiðslugrunni verður þá 1.063,9 m.kr. og hækkar um 61,9 m.kr. frá fjárlögum. Á móti kemur að gert er ráð fyrir 36,1 m.kr. lækkun á stofnframkvæmdum vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum. Mismunurinn, 25,8 m.kr. fer á viðhalds- og stofnkostnaðarviðfangsefni sjóðsins. Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar í kjölfar samkomulags við samtök eldri borgara gerir frumvarpið ráð fyrir að framlag sjóðsins til reksturs hjúkrunarheimila lækki um 115,5 m.kr. en framlög til stofnkostnaðar og endurbóta hækki um sömu fjárhæð. Sértekjur hjúkrunarheimila lækka því sem þessari fjárhæð nemur en greiðslur úr ríkissjóði aukast að sama skapi. Samkvæmt framangreindu samkomulagi er áformað að framlög sjóðsins til reksturs hjúkrunarheimila falli niður árið 2008 og eftir það renni hann óskiptur til stofnkostnaðar og endurbóta hjúkrunarheimila.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Öldrunarstofnanir, almennt | 46,3 | 523,5 | 679,5 | 29,8 | - |
| Framkvæmdasjóður aldraðra | 938,0 | 1.002,0 | 1.027,8 | 2,6 | 9,6 |
| Hrafnista, Reykjavík | 1.337,6 | 1.540,8 | 1.798,9 | 16,8 | 34,5 |
| Hrafnista, Hafnarfirði | 908,2 | 965,6 | 1.152,0 | 19,3 | 26,8 |
| Grund, Reykjavík | 998,5 | 1.080,2 | 1.281,1 | 18,6 | 28,3 |
| Sunnuhlíð, Kópavogi | 393,0 | 386,3 | 460,9 | 19,3 | 17,3 |
| Hjúkrunarheimilið Skjól | 539,3 | 568,1 | 674,2 | 18,7 | 25,0 |
| Hjúkrunarheimilið Eir | 897,1 | 943,1 | 1.108,9 | 17,6 | 23,6 |
| Garðvangur, Garði | 207,0 | 215,9 | 239,8 | 11,1 | 15,8 |
| Hjúkrunarheimilið Skógarbær | 445,1 | 450,9 | 540,5 | 19,9 | 21,4 |
| Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum | 358,5 | 435,2 | 525,8 | 20,8 | 46,7 |
| Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu | 142,8 | 145,6 | 179,5 | 23,3 | 25,7 |
| Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði | 97,3 | 101,1 | 119,7 | 18,4 | 23,0 |
| Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði | 118,6 | 128,8 | 148,2 | 15,1 | 25,0 |
| Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn | 40,7 | 84,4 | 95,2 | 12,8 | 133,9 |
| Seljahlíð, Reykjavík | 156,5 | 172,5 | 203,9 | 18,2 | 30,3 |
| St. Jósefsspítali, Sólvangur | 437,9 | 440,4 | 386,5 | -12,2 | -11,7 |
| Víðines | 208,5 | 185,9 | 229,8 | 23,6 | 10,2 |
| Höfði, Akranesi | 317,8 | 297,6 | 365,7 | 22,9 | 15,1 |
| Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi | 171,1 | 171,1 | 197,0 | 15,1 | 15,1 |
| Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi | 65,2 | 72,1 | 85,3 | 18,3 | 30,8 |
| Fellaskjól, Grundarfirði | 41,9 | 63,8 | 76,2 | 19,4 | 81,9 |
| Jaðar, Ólafsvík | 51,3 | 64,0 | 73,3 | 14,5 | 42,9 |
| Fellsendi, Búðardal | 76,2 | 133,0 | 151,6 | 14,0 | 99,0 |
| Barmahlíð, Reykhólum | 65,8 | 66,9 | 78,0 | 16,6 | 18,5 |
| Dalbær, Dalvík | 165,3 | 177,7 | 206,0 | 15,9 | 24,6 |
| Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu | 811,1 | 931,3 | 1.209,0 | 29,8 | 49,1 |
| Uppsalir, Fáskrúðsfirði | 93,7 | 90,0 | 103,6 | 15,1 | 10,6 |
| Samningur við Sveitarf. Hornafjörð um öldrunarþj | 200,8 | 215,3 | 252,4 | 17,2 | 25,7 |
| Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri | 84,2 | 94,4 | 110,2 | 16,7 | 30,9 |
| Hjallatún, Vík | 66,5 | 67,5 | 84,9 | 25,8 | 27,7 |
| Kumbaravogur, Stokkseyri | 219,4 | 255,2 | 295,2 | 15,7 | 34,5 |
| Ás/Ásbyrgi, Hveragerði | 428,5 | 460,2 | 513,9 | 11,7 | 19,9 |
| Hraunbúðir, Vestmannaeyjum | 162,4 | 185,2 | 232,0 | 25,3 | 42,9 |
| Holtsbúð, Garðabæ | 190,3 | 204,7 | 246,4 | 20,4 | 29,5 |
| Vífilsstaðir, Garðabæ | 254,1 | 260,5 | 323,2 | 24,1 | 27,2 |
| Sóltún, Reykjavík | 709,4 | 783,9 | 823,8 | 5,1 | 16,1 |
| Dvalarrými aldraðra, önnur | 500,9 | 485,7 | 570,8 | 17,5 | 14,0 |
| Vesturhlíð, Reykjavík | 6,0 | 11,4 | 12,7 | 11,4 | 111,7 |
| Hlíðabær, Reykjavík | 40,0 | 37,3 | 41,3 | 10,7 | 3,3 |
| Lindargata, Reykjavík | 35,7 | 34,7 | 38,5 | 11,0 | 7,8 |
| Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga | 67,9 | 67,6 | 75,0 | 10,9 | 10,5 |
| Múlabær, Reykjavík | 59,6 | 52,6 | 58,3 | 10,8 | -2,2 |
| Fríðuhús, Reykjavík | 29,8 | 28,1 | 31,1 | 10,7 | 4,4 |
| Dagvistun aldraðra, aðrar | 162,7 | 225,8 | 250,4 | 10,9 | 53,9 |
| **Samtals** | **13.348,5** | **14.907,9** | **17.358,0** | **16,4** | **30,0** |

***405–444 Ýmis hjúkrunarheimil sem fá framlög reiknuð samkvæmt reiknilíkani.*** Gert er ráð fyrir að heildarframlög ríkissjóðs til reksturs hjúkrunarrýma sem skipt er niður á hjúkrunarheimili með reiknilíkani nemi 12.468,9 m.kr. að meðtöldum 304,4 m.kr. sértekjum sem lækka um 115,5 m.kr. vegna minnkandi þátttöku Framkvæmdasjóðs aldraðra í rekstri hjúkrunarrýma. Heildarútgjöld hjúkrunarrýma sem undir reiknilíkanið falla nema því 12.773,3 m.kr. á næsta ári eins og sýnt er í töflu. Framlög ríkisins hækka hins vegar um 988,5 m.kr. vegna 115,5 m.kr. minnkandi þátttöku Framkvæmdasjóðs aldraða í rekstri hjúkrunarrýma, eins og að framan er greint. Í breytingunni vegur þyngst 500 m.kr. framlag til að styrkja rekstur hjúkrunarheimila í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í kjölfar samkomulags við samtök aldraðra frá 19 júlí sl. Þá hækka framlög um 111 m.kr. vegna fjölgunar hjúkrunarrýma á Akureyri. Einnig kemur til 150 m.kr. framlag til hjúkrunarrýma sem er hluti af 219 m.kr. millifærslu af lið *08 203-151 Frekari uppbætur* en 69 m.kr. eru færðar á lið *460 Dvalarrými aldraðra, önnur.* Tilefni þessarar millifærslu er að við breytingu á framsetningu fjárlaga árið 2004 var styrkur ríkisins til reksturs dvalarrýma færður af lið *08 203-151 Frekari uppbætur* og yfir á einstök heimili til að sýna með skýrari hætti styrkfjárhæðir ríkisins til dvalarrýma. Komið hefur í ljós að fjárhæð millifærslna árið 2004 var nokkuð lægri en fjárheimildir til reksturs heimilaðra dvalarrýma og er lagt til að mismunurinn verði leiðréttur og notaður að hluta til að fjölga hjúkrunarrýmum. Auk þess eru færðar 85 m.kr. af rekstri dvalarrýma og fjárhæðin látin ganga á móti kostnaði við fjölgun hjúkrunarrýma. Að hluta til er dvalarrýmum breytt í hjúkrunarrými innan dvalar- og hjúkrunarheimila en einnig er fært af lið *460 Dvalarrými aldraðra, önnur* vegna þessara breytinga. Loks lækkar fjárhæð á safnlið *08-401 1.01 Hjúkrunarheimili, almennt* um 26,6 m.kr. og bætist við heildarframlag til reksturs hjúkrunarrýma sem reiknilíkanið skiptir niður.

| Hjúkrunarrými, reiknilíkan | Þyngd um-önnunar | Áformuð nýting rýma | Umönnun kostnaður m.kr. | Almennur rekstrar-kostnaður m.kr. | Heildar-kostnaður m.kr. | Þar af verðlags-breyting m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ný hjúkrunarrými | 1,02 | 49 | 186,1 | 123,2 | 309,3 | 31,5 |
| Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana | 0,95 | 66 | 240,4 | 169,4 | 409,8 | 41,8 |
| Hrafnista, Reykjavík | 1,04 | 246 | 934,3 | 600,7 | 1.535,0 | 156,8 |
| Hrafnista, Hafnarfirði | 1,04 | 158 | 600,1 | 389,7 | 989,7 | 100,7 |
| Grund, Reykjavík | 1,06 | 187 | 724,2 | 453,0 | 1.177,3 | 120,7 |
| Sunnuhlíð, Kópavogi | 1,04 | 73 | 277,3 | 179,6 | 456,8 | 46,5 |
| Hjúkrunarheimilið Skjól | 1,06 | 109 | 422,1 | 269,0 | 691,1 | 70,3 |
| Hjúkrunarheimilið Eir | 1,04 | 173 | 657,0 | 426,6 | 1.083,6 | 110,3 |
| Garðvangur, Garði | 1,00 | 39 | 148,1 | 98,3 | 246,3 | 25,2 |
| Hjúkrunarheimilið Skógarbær | 1,12 | 70 | 287,1 | 171,3 | 458,4 | 46,9 |
| Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum | 1,12 | 82 | 336,3 | 202,3 | 538,6 | 54,9 |
| Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu | 1,06 | 25 | 100,7 | 64,0 | 164,7 | 16,8 |
| Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði | 0,92 | 17 | 59,5 | 43,2 | 102,6 | 10,4 |
| Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði | 0,92 | 20 | 70,0 | 50,7 | 120,7 | 12,3 |
| Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn | 0,83 | 13 | 41,7 | 33,3 | 74,9 | 7,7 |
| Seljahlíð, Reykjavík | 1,06 | 28 | 110,6 | 70,4 | 181,0 | 18,5 |
| Sólvangur, Hafnarfirði | 1,04 | 64 | 243,1 | 157,9 | 400,9 | 40,8 |
| Víðines | 0,96 | 38 | 138,6 | 97,2 | 235,8 | 24,0 |
| Höfði, Akranesi | 1,00 | 46 | 167,9 | 113,5 | 281,4 | 28,6 |
| Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi | 0,96 | 20 | 71,5 | 49,7 | 121,2 | 12,4 |
| Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi | 0,94 | 10 | 35,7 | 25,6 | 61,3 | 6,2 |
| Fellaskjól, Grundarfirði | 0,92 | 10 | 35,7 | 25,7 | 61,4 | 6,3 |
| Jaðar, Ólafsvík | 0,81 | 10 | 31,3 | 25,7 | 57,1 | 5,8 |
| Fellsendi, Búðardal | 0,79 | 28 | 84,2 | 71,7 | 155,9 | 15,9 |
| Barmahlíð, Reykhólum | 0,83 | 13 | 41,7 | 33,9 | 75,5 | 7,7 |
| Dalbær, Dalvík | 0,96 | 24 | 85,8 | 60,3 | 146,2 | 14,9 |
| Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþj. | 1,02 | 170 | 633,1 | 416,4 | 1.049,4 | 107,2 |
| Uppsalir, Fáskrúðsfirði | 0,90 | 13 | 44,5 | 33,3 | 77,8 | 7,9 |
| Samn. við Sveitarf. Hornafjörð,öldrunarþj. | 0,98 | 26 | 96,7 | 65,5 | 162,3 | 16,7 |
| Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri | 0,92 | 17 | 59,5 | 43,2 | 102,6 | 10,4 |
| Hjallatún, Vík | 0,85 | 12 | 39,3 | 30,9 | 70,2 | 7,2 |
| Kumbaravogur, Stokkseyri | 0,98 | 42 | 150,3 | 100,4 | 250,7 | 25,8 |
| Ás/Ásbyrgi, Hveragerði | 0,94 | 26 | 89,3 | 63,2 | 152,5 | 15,6 |
| Hraunbúðir, Vestmannaeyjum | 1,08 | 30 | 120,8 | 75,4 | 196,2 | 20,0 |
| Holtsbúð, Garðabæ | 0,94 | 40 | 142,9 | 101,1 | 244,0 | 25,0 |
| Vífilsstaðir, Garðabæ | 1,10 | 50 | 205,3 | 125,7 | 331,0 | 33,7 |
| **Samtals** | **1,02** | **2.044** | **7.712,6** | **5.060,7** | **12.773,3** | **1.303,3** |

Reiknilíkan til skiptingar heildarfjárhæðar á hjúkrunarrýma hefur verið í notkun frá árinu 2003. Reiknilíkanið hefur gefið góða raun þótt reynslan hafi einnig leitt fram nokkur atriði sem þróa þarf frekar. Eitt af meginmarkmiðum við að taka reiknilíkanið upp var að greiða meira fyrir þá íbúa sem þurfa meiri umönnun. Komið hefur hins vegar í ljós að of lítill munur er á greiðslum milli þrepa í reiknilíkaninu sem skapar lítinn hvata til að taka inn þyngstu vistmennina sem bíða á vistunarskrá og að ekki sé

tekið nægjanlegt tillit til smæðar heimila. Því hafa verið gerðar lítilsháttar breytingar á greiðslukerfi líkansins sem felur í sér að búinn er til greiðslustuðull með því að setja veldisvísinn 2 á RAI mat heimila. Heimili sem hefur t.d. RAI 1,01 fær greitt eins og heimilið væri með RAI 1,02, heimili með RAI 1,02 fær greitt eins og það væri með RAI mat 1,04, heimili með RAI mat 0,98 fær greitt eins og það væri með RAI mat 0,96. Greiðslustuðull verður þó aldrei hærri en 1,12. Auk þess hefur verið bætt inn í greiðslukerfið álagi til að koma til móts við óhagræði lítilla heimila. Heimili sem hefur færri hjúkrunar- og dvalarrými en 21 fær 6% álag á daggjald hjúkrunarrýma, heimili sem er með færri vistmenn en 41 fær 4% álag og heimili sem er með færri vistmenn en 61 fær 2% álag á daggjald hjúkrunarrýma. Miðað við framangreindar forsendur verður grunndaggjald hjúkrunarrýmis 16.378 kr. við þyngdarstuðulinn 1.00 og er þá miðað við 100% nýtingu og án húsgjalds en jafnframt að tiltekin lágmarksþjónusta sé veitt í faglegri umönnun, aðbúnaði og annarri þjónustu. Greiðsla til hvers heimilis tekur einnig mið af daglegri nýtingu rýma og getur því orðið önnur en frumvarpið sýnir.

*460* ***Dvalarrými aldraðra, önnur.*** Á þennan lið er færður styrkur ríkisins til reksturs dvalarrýma á þeim dvalarheimilum þar sem ekki eru hjúkrunarrými. Styrkurinn samkvæmt frumvarpinu hækkar að raungildi um 30,7 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og verður 570,8 m.kr. á næsta ári sem jafngildir styrk til reksturs 240 dvalarrýma. Hækkunin skýrist annars vegar af 69,1 m.kr. sem færðar eru á liðinn af lið *08 203-151 Frekari uppbætur*. Framsetningu fjárlaga árið 2004 var breytt á þann veg að styrkur ríkisins til reksturs dvalarrýma var færður af þeim lið og yfir á einstök heimili til að sýna með skýrari hætti styrkfjárhæðir ríkisins til dvalarrýma. Í ljós hefur komið að fjárhæð millifærslna árið 2004 var nokkuð lægri en fjárheimildir til reksturs heimilaðra dvalarrýma en með tillögunni er lagt til að sá mismunur verði leiðréttur. Á móti er lagt til að 38,4 m.kr. verði færðar af liðnum til að fjölga hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum almennt.

*470-477* ***Dagvistun aldraðra.*** Gert er ráð fyrir að heildarstyrkir til þeirra heimila sem undir fjárlagliðina falla nemi um 507,3 m.kr. á næsta ári og er það óbreytt fjárhæð að raungildi frá fjárlögum þessa ár.

**2. Endurhæfingarstofnanir o.fl.**

Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 478 Vistheimilið Bjarg; 479 Hlaðgerðarkot; 491 Reykjalundur, Mosfellsbæ; 492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands; 493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun og 494 Hlein. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 2.287,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 58,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 40 m.kr. fjárheimild til Reykjalundar, Mosfellsbæ til að efla þjónustu á næringarsviði og göngudeild. Þá eru færðar samtals 18,8 m.kr. til stofnana til viðhalds fasteigna.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Vistheimilið Bjarg | 40,6 | 42,2 | 47,9 | 13,5 | 18,0 |
| Hlaðgerðarkot | 66,9 | 69,9 | 76,1 | 8,9 | 13,8 |
| Reykjalundur, Mosfellsbæ | 1.034,4 | 1.079,8 | 1.200,8 | 11,2 | 16,1 |
| Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands | 408,7 | 420,5 | 470,1 | 11,8 | 15,0 |
| Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun | 352,3 | 367,1 | 396,5 | 8,0 | 12,5 |
| Hlein | 82,6 | 86,8 | 95,8 | 10,4 | 16,0 |
| **Samtals** | **1.985,5** | **2.066,3** | **2.287,2** | **10,7** | **15,2** |

## Heilsugæsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 500 Heilsugæslustöðvar, almennt; 501 Sjúkraflutningar og fjárlagaliðirnir 505-588 sem eru liðir einstakra heilsugæslustöðva án starfstengsla við sjúkrahús.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Heilsugæslustöðvar, almennt | 123,3 | 442,7 | 568,1 | 28,3 | 360,7 |
| Sjúkraflutningar | 549,2 | 623,7 | 765,2 | 22,7 | 39,3 |
| Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu | 3.302,5 | 3.493,9 | 3.879,0 | 11,0 | 17,5 |
| Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík | 118,3 | 124,7 | 133,4 | 7,0 | 12,8 |
| Læknavaktin | 211,1 | 233,7 | 248,3 | 6,2 | 17,6 |
| Heilsugæslustöðin Borgarnesi | 105,7 | 104,3 | 118,0 | 13,1 | 11,6 |
| Heilsugæslustöðin Ólafsvík | 80,4 | 75,9 | 85,6 | 12,8 | 6,5 |
| Heilsugæslustöðin Grundarfirði | 43,8 | 45,6 | 52,2 | 14,5 | 19,2 |
| Heilsugæslustöðin Búðardal | 81,9 | 70,0 | 81,2 | 16,0 | -0,9 |
| Heilsugæslustöðin Ólafsfirði | 46,1 | 43,5 | 49,9 | 14,7 | 8,2 |
| Heilsugæslustöðin Dalvík | 67,2 | 73,8 | 83,1 | 12,6 | 23,7 |
| Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu | 381,2 | 399,1 | 426,0 | 6,7 | 11,8 |
| Samningur við Sveitarf. Hornafjörð um heilsug. | 99,3 | 100,4 | 108,2 | 7,8 | 9,0 |
| Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi | 111,3 | 132,7 | 187,7 | 41,4 | 68,6 |
| **Samtals** | **5.321,3** | **5.964,0** | **6.785,9** | **13,8** | **27,5** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 432,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að frumvarpið gerið ráð fyrir 200 m.kr. framlagi til eflingar heimahjúkrunar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í kjölfar samkomulags við samtök aldraða frá 19. júlí sl. og einnig aukast framlög um 114,8 m.kr. til sjúkraflutninga.

### 1. Reiknilíkan fyrir rekstur heilsugæslu og heilbrigðisstofnana

Í þessu frumvarpi er heildarfjárveitingum annars vegar til reksturs heilsugæslustöðva og hins vegar til reksturs heilbrigðisstofnana skipt niður á milli stofnana samkvæmt

niðurstöðum reiknilíkana. Reiknilíkan til að skipta heildarfjárveitingum til reksturs hjúkrunarrýma hefur verið í notkun í nokkur ár og gefið góða raun. Notkun líkansins hefur leitt til jafnari skiptingar á milli hjúkrunarheimila að teknu tilliti til þeirra meginþátta sem hafa mest áhrif á útgjöld þeirra svo sem umönnunarþyngd. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að undirbúningi að hliðstæðu reiknilíkani fyrir heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir sem tekur tillit til íbúafjölda og fjölbreytileika í starfsemi og þjónustu. Leitast hefur verið við að hafa líkönin skýr og einföld en þó þannig að þau taki tillit til breytilegra aðstæðna.

Kostnaður heilsugæslustöðva og heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana eykst með nokkuð fyrirsjáanlegum hætti með auknum umsvifum og breytist með íbúafjölda á þjónustusvæði. Nokkur meiri breytileiki er á þjónustustigi meðal sjúkrasviða heilbrigðisstofnana. Þeim er því skipt upp í átta flokka eftir eðli starfsemi. Reiknað er sérstakt framlag á hvert sjúkrarými í hverjum flokki miðað við fulla nýtingu. Til samanburðar má nefna að daggjald sjúkrarýma samkvæmt reiknilíkaninu er frá því að vera tvöfalt til tæplega fjórfalt daggjald hjúkrunarrýma.

Í þessu frumvarpi er gerð tillaga um að hækka framlög til þeirra heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana sem hafa lægri fjárheimildir í fjárlögum 2006 en niðurstaða reiknilíkans segir til um. Í nokkrum tilvikum er einnig gerð tillaga um færslu fjárheimilda á milli heilsugæslusviða, hjúkrunarsviða og sjúkrasviða heilbrigðisstofnana þar sem það á við. Fjárheimildir eru að öllu jöfnu ekki skertar hjá heilsugæslustöðvum eða heilbrigðisstofnunum þótt reiknilíkanið sýni að þær hafi rúmar fjárheimildir. Gert er ráð fyrir að þær stofnanir fái aðlögunartíma til að færa sig að niðurstöðu líkansins. Þá verða ekki gerðar tillögur um breytingar á framlögum til heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt niðurstöðum reiknilíkans fyrr en í fjárlagafrumvarpi ársins 2008.

***500 Heilsugæslustöðvar, almennt.*** frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld á þessum lið nemi um 568,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 103 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þyngst vegur 200 m.kr. framlag til að efla heimahjúkrun um allt land í samræmi við tillögur nefndar sem forsætisráðherra skipaði til að fjalla um lífeyrismál svo og búsetu- og þjónustumál aldraðra. Er stefnt að því að heimahjúkrun verði aukin í skrefum á árunum 2007 til 2009 samhliða aukinni félagslegri heimaþjónustu og samþættingu þjónustuþátta í þeim tilgangi að styðja aldraða við að vera heima sem lengt þrátt fyrir veikindi og minnkaða færni. Þá eru færðar 28 m.kr. af þessum lið til einstakra heilsugæslustöðva í samræmi við niðurstöður reiknilíkans. Einnig eru færðar 26,3 m.kr. til heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal vegna aukinnar heimahjúkrunar, 18 m.kr. til heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana til að efla heimahjúkrun, 3,6 m.kr. vegna túlkaþjónustu. Loks eru 5,2 m.kr. færðar á liðinn frá Læknavaktinni. Stofnkostnaðarviðfangsefni liðarins lækkar um 26,3 m.kr. og vegur þar þyngst niðurfelling á 25 m.kr. tímabundinni fjárheimild til tækjakaupa.

*501 Sjúkraflutningar.* Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 765,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 114,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Frumvarpið gerir ráð fyrir 63 m.kr. vegna nýs samnings um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu og 25,6 m.kr. til útvegunar og reksturs bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutninga í samræmi við nýjan samning við Rauða kross Íslands. Loks eru færðar af lið 08-373 Landspítali–háskólasjúkrahús 26,2 m.kr. vegna millispítalaflutninga sem áður voru greiddir af sjúkrahúsinu en verða eftirleiðis greiddir af þessum fjárlagalið.

*506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.* Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 3.879 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 146,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru 26,3 m.kr. færðar af safnlið heilsugæslu. Helstu breytingar eru 83,8 m.kr. til greiðslu húsnæðiskostnaðar fyrir yfirstjórn, heilsugæslustöðina í Hamraborg og miðstöðvar heimahjúkrunar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 21 m.kr. til að koma á fót þverfaglegum greiningar- og meðferðarteymum fyrir börn og ungmenni með geð- og hegðunarraskanir innan heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Í þriðja lagi er gerð tillaga um 18 m.kr. fjárveitingu til að fjölga læknum í heilsugæslustöðinni í Heima- og Vogahverfi um tvo. Í fjórða lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 7,8 m.kr. til að ráða lyfjafræðing til starfa til ráðgjafar varðandi ávísanir lyfja m.a. af lyfjalistum og aukinnar notkunar samheitalyfja. Í fimmta lagi er 6,1 m.kr. færð af fjárlagalið sjúkratrygginga vegna samnings um geðiðjuþjálfun sem heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið yfir. Þá eru loks 5,5 m.kr. til eflingar heimahjúkrunar og 4 m.kr. til að efla skólaheilsugæslu við langveik börn.

*517 Læknavaktin.* Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 248,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 5,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt þjónustusamningi við Læknavaktina eru greiðslur miðaðar við ákveðin vikmörk sem skal endurskoða eftir á ef tilefni er til. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af hærri sértekjum á síðasta ári en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir.

*588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi.* Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 187,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 45 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt þjónustusamningi við heilsugæslustöðina eru greiðslur m.a. miðaðar við fjölda skráðra einstaklinga á stöðina sem fjölgar mikið á milli ára vegna ört vaxandi þjónustusvæðis umhverfis stöðina.

Í samræmi við niðurstöður reiknilíkans fyrir heilsugæslustöðvar hafa samtals 28 m.kr. verið færðar af safnlið heilsugæslustöðva til einstakra stöðva: Þar af eru færðar 6,4 m.kr. til heilsugæslustöðvarinnar Borgarnesi, 4,2 m.kr. til stöðvarinnar í Ólafsvík, 3,5 m.kr. til stöðvarinnar í Grundarfirði, 6,4 m.kr. til stöðvarinnar í Búðardal, 3,5 m.kr. til stöðvarinnar í Ólafsfirði og 4 m.kr. til stöðvarinnar í Dalvík.

**Heilbrigðisstofnanir**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700 Heilbrigðisstofnanir og liðirnir 711–795 sem eru fjárlagaliðir einstakra heilbrigðisstofnana.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Heilbrigðisstofnanir | | 407,7 | 471,1 | 15,6 | - |
| Heilbrigðisstofnunin Akranesi | 1.194,1 | 1.174,3 | 1.298,5 | 10,6 | 8,7 |
| St. Franciskusspítali, Stykkishólmi | 294,5 | 308,1 | 335,2 | 8,8 | 13,8 |
| Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði | 187,3 | 195,7 | 219,1 | 12,0 | 17,0 |
| Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ | 638,3 | 669,6 | 727,2 | 8,6 | 13,9 |
| Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík | 120,4 | 123,5 | 136,1 | 10,2 | 13,0 |
| Heilbrigðisstofnunin Hólmavík | 110,2 | 111,8 | 130,4 | 16,6 | 18,3 |
| Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga | 224,7 | 216,6 | 239,6 | 10,6 | 6,6 |
| Heilbrigðisstofnunin Blönduósi | 317,5 | 320,8 | 355,8 | 10,9 | 12,1 |
| Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki | 650,6 | 668,7 | 740,1 | 10,7 | 13,8 |
| Heilbrigðisstofnunin Siglufirði | 319,6 | 323,6 | 358,1 | 10,7 | 12,0 |
| Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | 729,2 | 703,8 | 784,6 | 11,5 | 7,6 |
| Heilbrigðisstofnun Austurlands | 1.427,9 | 1.408,0 | 1.589,2 | 12,9 | 11,3 |
| Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum | 517,0 | 526,5 | 588,5 | 11,8 | 13,8 |
| Heilbrigðisstofnun Suðurlands | 1.282,6 | 1.241,2 | 1.393,7 | 12,3 | 8,7 |
| Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | 1.161,4 | 1.147,9 | 1.281,0 | 11,6 | 10,3 |
| St. Jósefsspítali, Sólvangur | 626,0 | 593,0 | 645,2 | 8,8 | 3,1 |
| **Samtals** | **9.801,3** | **10.140,8** | **11.293,4** | **11,4** | **15,2** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 202,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru 60 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn heilbrigðisstofnana og aðlaga rekstur þeirra að niðurstöðu reiknilíkans. Þá er 110 m.kr. framlag til innréttingar D-álmu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Á móti kemur að framlög til stofnkostnaðar í þessum málefnaflokki lækka samtals um 21 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum.

***700 Heilbrigðisstofnanir.*** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrargjöld á þessum safnlið nemi um 471,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 63,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs en þar af lækka rekstrarútgjöld liðarins um 50 m.kr. en viðhald og stofnkostnaður hækka um 113,4 m.kr. Breytingar á rekstrarútgjöldum liðarins skýrast af því að frumvarpið gerir ráð fyrir 60 m.kr. til að styrkja rekstargrunn heilbrigðisstofnana og færðar verði af liðnum 110 m.kr. yfir á einstakar stofnanir. Í samræmi við niðurstöðu reiknilíkans er annars vegar um að ræða millifærslu af þessum fjárlagalið og hins vegar færslur milli sviða innan hverrar stofnunar. Nánar er greint frá þessum breytingum á fjárlagalið hverrar heilbrigðisstofnunar. Helstu breytingar í viðhalds- og stofnkostnaði er tillaga um 110 m.kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar Suður-

nesjum til að ljúka innréttingu D-álmu og 26 m.kr. til að efla viðhald húsnæðis heilbrigðisstofnana. Á móti er lagt til að liðurinn lækki í heild um 23,4 m.kr. vegna ákvarðana um að fresta framkvæmdum til að auka aðhald í ríkisútgjöldum.

*711* ***Heilbrigðisstofnunin Akranesi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.298,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist breytingin af 6 m.kr. fjárheimild af safnlið heilsugæslu til að efla heimahjúkrun. Þá eru 38 m.kr. færðar frá sjúkrasviði stofnunarinnar til heilsugæslusviðs í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

*715* ***St. Franciskusspítali, Stykkishólmi.*** Lagt er til að rekstrargjöld nemi um 335,2 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hins vegar eru færðar 19 m.kr. frá sjúkrasviði stofnunarinnar til heilsugæslusviðs í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

*721* ***Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.*** Í frumvarpinu er lagt til rekstrargjöld stofnunarinnar verði 219,1 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hins vegar eru færðar 13 m.kr. frá sjúkrasviði og 12,5 m.kr. frá hjúkrunarsviði stofnunarinnar til heilsugæslusviðs í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

*725* ***Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 727,2 m.kr. á næsta ári. Það er 2,2 m.kr. raunhækkun á milli ára sem skýrist af tillögu um að efla sérfræðiþjónustu á sviði barnalækninga í samstarfi við Landsspítala–háskólasjúkrahúss og er fjárheimildin færð af lið 08-379 Sjúkrahús, óskipt. Þá eru færðar 8 m.kr. frá heilsugæslusviði til hjúkrunarsviðs í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

*735* ***Heilbrigðisstofnunin Hólmavík.*** Í frumvarpinu er lagt til að rekstrargjöld verði 130,4 m.kr. á næsta ári. Það er 5 m.kr. raunhækkun á milli ára sem skýrist af styrkingu á rekstrargrunni heilsugæslusviðs stofnunarinnar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

*751* ***Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 740,1 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hins vegar eru færðar 50 m.kr. frá sjúkrasviði til heilsugæslusviðs í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

*761* ***Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld stofnunarinnar verði 784,6 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hins vegar eru færðar 32 m.kr. frá sjúkrasviði til heilsugæslusviðs í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

*777* ***Heilbrigðisstofnun Austurlands.*** Í frumvarpinu er lagt til að rekstrargjöld nemi um 1.589,2 m.kr. á næsta ári. Það er 29,1 m.kr. raunhækkun á milli ára. Breytingin skýrist af 4,4 m.kr. tillögum um að efla sérfræðiþjónustu á sviði barnalækninga í samstarfi við Landsspítala–háskólasjúkrahúss og er fjárheimildin færð af lið 08-379 Sjúkrahús, óskipt. Þá er einnig gerð tillaga um 16 m.kr. millifærslu af safnlið heilbrigðisstofnana á heilsugæslusvið stofnunarinnar og 9 m.kr. á sjúkrasvið í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

*781* ***Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 588,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 4,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist breytingin annars vegar af tillögu um að 2,3 m.kr. verði færðar til stofnunarinnar af safnlið heilbrigðisstofnana til endurnýjunar myndgreiningabúnaðar og hins vegar 2,4 m.kr. tillögum um lækkun sértekna.

*787* ***Heilbrigðisstofnun Suðurlands.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld stofnunarinnar verði 1.393,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 37,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist breytingin af tillögu um að 6 m.kr. verði færðar af safnlið heilsugæslu til stofnunarinnar að efla heimahjúkrun. Þá er jafnframt lagt til að færðar verði 16,5 m.kr. af safnlið heilbrigðisstofnana til að styrkja rekstrargrunn heilsugæslusviðs stofnunarinnar og 15 m.kr. til sjúkrasviðs í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

*791* ***Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.281 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 42,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist breytingin m.a. af tillögu um að 6 m.kr. verði færðar af safnlið heilsugæslu til að efla heimahjúkrun. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að 36,5 m.kr. verði færðar til stofnunarinnar af safnlið heilbrigðisstofnana 27 m.kr. af sjúkrasviði hennar til að styrkja rekstrargrunn heilsugæslusviðs í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

*795* ***St. Jósefsspítali, Sólvangur.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld spítalans verði 645 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 12 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist breytingin af tillögu um að fjárhæðin verði færð af safnlið heilbrigðisstofnana til að styrkja sjúkrasvið stofnunarinnar.

**Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 305 Lýðheilsustöð; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins og 397 Lyfjastofnun.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Landlæknir | 187,2 | 203,0 | 231,9 | 14,2 | 23,9 |
| Lýðheilsustöð | 273,2 | 265,6 | 284,1 | 7,0 | 4,0 |
| Heyrnar- og talmeinastöð Íslands | 162,5 | 111,5 | 118,3 | 6,1 | -27,2 |
| Sjónstöð Íslands | 87,7 | 140,9 | 147,5 | 4,7 | 68,2 |
| Geislavarnir ríkisins | 67,0 | 67,2 | 70,3 | 4,6 | 4,9 |
| Lyfjastofnun | 191,5 | 154,7 | 162,6 | 5,1 | -15,1 |
| **Samtals** | **969,1** | **942,9** | **1.014,7** | **7,6** | **4,7** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 26,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru aukin framlög til viðbúnaðar gegn farsóttum og til átaks gegn lífsstílssjúkdómum.

***301 Landlæknir.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 231,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 16 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Gerir frumvarpið ráð fyrir 15 m.kr. til að ráða starfsmann hjá sóttvarnarlækni í tengslum við aukin viðbúnað gegn fuglaflensu. Þá er einnig gert ráð fyrir 6 m.kr. til að efla eftirlit með sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum hvað snertir gæði þjónustu, afköst og árangur og fá frekari greiningu á heilsufarsvanda þeirra sem til þeirra leita. Er gert ráð fyrir því að landlæknir og Tryggingastofnun ríkisins efli samstarf sín í milli varðandi gagnasöfnun og gangavinnslu. Loks fellur niður 5 m.kr. tímabundin fjárheimild sem laut að undirbúningi miðlægrar bólusetningarskrár.

***305 Lýðheilsustöð.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 284,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 10,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Er annars vegar lagt til að 8 m.kr. verði varið til að efna til átaks gegn lífsstílssjúkdómum og vinna að heilsueflingu með markvissu forvarnarstarfi. Þá hækkar fjárheimild Forvarnarsjóðs um 2,3 m.kr. vegna hækkunar á áfengisgjaldi.

**Annað**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra og 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Málefni fatlaðra | 222,3 | 244,9 | 266,7 | 8,9 | 20,0 |
| Heilbrigðismál, ýmis starfsemi | 807,5 | 908,1 | 948,6 | 4,5 | 17,5 |
| **Samtals** | **1.029,8** | **1.153,0** | **1.215,3** | **5,4** | **18,0** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 9,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

*340 **Málefni fatlaðra.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 266,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 8,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist í fyrsta lagi af 9 m.kr. framlagi til Endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til að efla starfsemi stöðvarinnar sér í lagi vegna aukins fjölda meðferða. Þar af er einnig gert ráð fyrir 1,4 m.kr. framlagi vegna túlkaþjónustu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 2,1 m.kr. til Endurhæfingarstöðvar lungnasjúklinga, Reykjavík vegna fjölgunar sjúklinga, sem þar njóta endurhæfingar. Loks fellur niður 2 m.kr. tímabundin styrkur.

*399 **Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 948,6 m.kr. á næsta ári sem er 18,1 m.kr. lækkun á föstu verði á milli ára. Helstu breytingar eru 5 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.55 Niðurgreiðslur hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina* til aukinna niðurgreiðslna á þeim tækjum. Þá er lagt til að færðar verði af viðfangsefni *1.21 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga* 40 m.kr. á fjárlagalið Tryggingastofnunar ríkisins til að vinna að framgangi þess verkefnis. Viðfangefnið 6.91 Upplýsingatæknimál hækkar samkvæmt frumvarpinu samtals um samtals 16,9 m.kr. sem skýrist af 17,5 m.kr. framlagi til uppbyggingar rafrænnar sjúkraskrár, 5 m.kr. til að vinna að greiðara aðgengi almennings að rafrænum upplýsingum um heilbrigðiskerfið og er það hluti af verkefninu Ísland.is og sama fjárhæð til verkefnisins HUMAN - heilsufarsupplýsingar mínar á netinu. Á móti fellur niður 8 m.kr. tímabundið framlag auk 2,6 m.kr. lækkunar vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni: | | |
| **08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis** | | |
| Gæðastyrkir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis | 2,5 | 2,5 |
| Athvarf fyrir geðsjúkra á Akureyri | 2,0 | 2,0 |
| Missoc þátttökugjald | 1,9 | 2,2 |
| Þátttaka í ýmsu alþjóðlegu starfi | 0,0 | 2,5 |
| Óskipt | 3,8 | 1,4 |
| **Samtals** | **10,2** | **10,6** |

Á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis* er gert ráð fyrir 10,6 m.kr. útgjöldum á árinu 2007 sem er sama fjárhæð og á yfirstandandi ári miðað við fast verð. Innan viðfangsefnisins lækkar óskipt fjárheimild um 2,5 m.kr. og rennur til þátttöku í ýmsu alþjóðlegu starfi.

**Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 08-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |
| 08-379-1.01 | Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa | Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sjúkrahúsa. |
| 08-379-6.50 | Stofnkostnaður | Stofnkostnaður sjúkrahúsa. |
| 08-401-1.01 | Hjúkrunarheimili, almennt | Ófyrirséð útgjöld hjúkrunarheimila og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans. |
| 08-500-1.10 | Heilsugæslustöðvar, almennt | Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilsugæslustöðva. |
| 08-500-5.01 | Heilsugæslustöðvar. Viðhald. | Viðhaldsframkvæmdir við heilsugæslustöðvar. |
| 08-500-6.01 | Heilsugæslustöðvar. Tækjakaup. | Tækjakaup fyrir heilsugæslustöðvar. |
| 08-700-1.01 | Heilbrigðisstofnanir. Almennur rekstur. | Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilbrigðisstofnana. |
| 08-700-5.50 | Heilbrigðisstofnanir. Viðhald. | Viðhaldsframkvæmdir við heilbrigðisstofnanir. |
| 08-700-6.01 | Heilbrigðisstofnanir. Tækjakaup. | Tækjakaup fyrir heilbrigðisstofnanir. |

## 09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 14.814,9 | 11.481,2 | 11.897,7 | 4 | -20 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 20.607,6 | 18.419,1 | 21.699,1 | 18 | 5 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 1.504,4 | 1.726,2 | 1.194,9 | -31 | -21 |
| **Samtals** | **36.926,9** | **31.626,5** | **34.791,7** | **10** | **-6** |
| | | | | | |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 24.345,1 | 29.845,6 | 23 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 558,4 | 252,1 | -55 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 6.723,0 | 4.694,0 | -30 | - |
| **Samtals** | - | **31.626,5** | **34.791,7** | **10** | - |

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 38.890 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.098 m.kr. en þær nema 11% af heildargjöldum

ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 34.792 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 29.846 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 252 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 4.694 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 11.898 m.kr. og hækka um 416,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um hækkun á fjárheimild um 420 m.kr. vegna fasteignagjalda af húsnæði ríkisins og gerð samnings um rekstur og viðhald á fjárhags- og mannauðskerfum ríkisins sem hækkar um 45 m.kr. Á móti sýnir endurskoðuð áætlun um greiðslur lífeyris og uppbóta 130 m.kr. lækkun og auk þess falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna. Einnig hafa rekstrar- og stofnkostnaðarfjárheimildir ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 52 m.kr. vegna áforma um aðhald með rekstrarkostnaði.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 3.280 m.kr. og verða 21.699 m.kr. en eru 18.419 m.kr. í fjárlögum ársins 2006. Þyngst vegur hækkun barnabóta um 1,7 milljarð króna og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi um áframhaldandi gildi kjarasamninga um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða sem áætlað er að nemi um 1 milljarði króna.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.195 m.kr. og er það 531 m.kr. lækkun milli ára. Skýrist það að stærstum hluta af áformum um frestun framkvæmda og viðhalds á fasteignum ríkisins.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

**Útgjöld fjármálaráðuneytis eftir málefnaflokkum**



**Horfur næstu fjögur árin**

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 578 | 583 | 589 | 595 |
| Skatta- og tollamál | 3.947 | 3.982 | 4.015 | 4.052 |
| Lífeyrir og eftirlaun | 5.807 | 6.303 | 6.801 | 6.901 |
| Barnabætur og vaxtabætur | 14.030 | 14.680 | 15.330 | 15.980 |
| Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur | 6.880 | 6.970 | 6.970 | 6.970 |
| Verðlagsmál | 500 | 500 | 500 | 500 |
| Þjónusta við ríkisaðila | 1.876 | 2.720 | 2.735 | 2.750 |
| Annað | 1.174 | 1.113 | 1.116 | 1.119 |
| **Samtals** | **34.792** | **36.851** | **38.056** | **38.867** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reiknforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka fjármálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að áætlunin er sett fram þannig til bráðabirgða að á sérstökum lið undir fjármálaráðuneytinu eru færð 620 m.kr. útgjöld þar sem felldar hafa verið niður undanþágur fyrir greiðslum fasteignagjalda til sveitarfélaga af húsnæði skóla, heilsugæslustöðva og fleiri stofnana í eigu ríkisins. Reiknað er með því að þessi útgjöld vaxi á tímabilinu í samræmi við samkomulag í nefnd um tekjustofna sveitarfélaga. Í reynd verður þessum útgjöld hins vegar skipt niður á viðkomandi stofnanir þegar nánari upplýsingar liggja fyrir um fasteignamat þeirra. Þessi útgjaldaþáttur fellur undir málaflokkinn *Þjónusta við ríkisaðila* og undir honum hefur einnig verið gert ráð fyrir því að frestun framkvæmda og viðhalds á árinu 2007 gangi til baka á árinu 2008, sem leiðir til um 500 m.kr. hækkunar á útgjöldum málaflokksins. Gengið er út frá því að liðirnir *Útgjöld samkvæmt heimildaákvæðum*,

*Launa- og verðlagsmál*, gjaldfærðar *Afskriftir skattkrafna* og *Fjármagnstekjuskattur* sem ríkissjóður greiðir, m.a. af söluhagnaði eigna, haldist óbreyttir frá árinu 2007 á tímabilinu. Veruleg óvissa er jafnan um áætlanir um útgjöld þessara liða. Þá er miðað við að gjaldfærður *Lífeyrir og eftirlaun* aukist um tæplega 100 m.kr. á ári í takt við lífeyrisréttindi sem ríkisstarfsmenn ávinna sér árlega en að útgjöld málaflokksins vaxi til viðbótar um 400 m.kr. hvort árið 2008 og 2000 og verði 1.800 m.kr. vegna áforma um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða. Reiknað er með að *Vaxtabætur* aukist árlega um 350 m.kr. og *Barnabætur* um 300 m.kr. á ári en breytingar á lögum um barnabótakerfið sem gerðar voru á haustþinginu 2004 verða komnar að fullu til framkvæmda á árinu 2007. Í áætluninni hefur verið tekið tillit til ýmissa smærri framlaga sem veitt eru tímabundið til verkefna og falla niður á tímabilinu.

**Skuldbindandi samningar**

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök og einkaaðila um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 925 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2006, eru á áætluðu verðlagi ársins 2007 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 7,9% af rekstrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2007.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Teg. | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárhags- og starfsmannakerfi | A | 377,1 | 395,4 | 395,4 | 395,4 | 395,4 |
| Tekjubókhaldskerfi | A | 276,4 | 276,4 | 276,4 | 276,4 | 276,4 |
| Skattvinnslukerfi | A | 271,7 | 271,7 | 271,7 | 271,7 | 271,7 |
| **Samtals** | | **925,2** | **943,5** | **943,5** | **943,5** | **943,5** |

Allir slíkir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga og eru þeir merktir með bókstafnum A í töflunni. Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með að árlegur kostnaður við hann verði um 360 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins féllu niður frá og með árinu 2006. Þó verður nauðsynlegt að reka gagnagrunn eldri kerfanna áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattvinnslukerfi eru samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema rúmum 270 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samninga um veffframtal, notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að jafnaði verði nálægt 940 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 516,7 | 547,8 | 571,5 | 4,3 | 10,6 |
| Ráðstöfunarfé | | 6,0 | 6,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **516,7** | **553,8** | **577,5** | **4,3** | **11,8** |

Fjárveiting til aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins lækkar um 2,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Það kemur til af hagræðingu í rekstri í samræmi við útgjaldasvigrúm langtímaáætlunar.

**Skatta- og tollamál**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld: 214 yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Ríkisskattstjóri | 958,7 | 977,3 | 1.028,4 | 5,2 | 7,3 |
| Skattstofan í Reykjavík | 355,3 | 377,9 | 397,4 | 5,2 | 11,8 |
| Skattstofa Vesturlands | 71,5 | 75,9 | 79,3 | 4,5 | 10,9 |
| Skattstofa Vestfjarða | 33,4 | 35,8 | 37,4 | 4,5 | 12,0 |
| Skattstofa Norðurlands vestra | 35,7 | 38,4 | 40,1 | 4,4 | 12,3 |
| Skattstofa Norðurlands eystra | 100,5 | 115,2 | 120,7 | 4,8 | 20,1 |
| Skattstofa Austurlands | 43,9 | 51,1 | 53,4 | 4,5 | 21,6 |
| Skattstofa Suðurlands | 62,2 | 59,7 | 62,6 | 4,9 | 0,6 |
| Skattstofa Vestmannaeyja | 24,7 | 24,2 | 25,1 | 3,7 | 1,6 |
| Skattstofa Reykjaness | 219,9 | 231,8 | 243,7 | 5,1 | 10,8 |
| Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld | 22,0 | 85,8 | 71,3 | -16,9 | 224,1 |
| Yfirskattanefnd | 101,6 | 104,0 | 107,6 | 3,5 | 5,9 |
| Skattrannsóknarstjóri ríkisins | 153,4 | 154,5 | 161,5 | 4,5 | 5,3 |
| Innheimtukostnaður | 280,7 | 276,9 | 320,8 | 15,9 | 14,3 |
| Tollstjórinn í Reykjavík | 989,2 | 1.085,1 | 1.198,0 | 10,4 | 21,1 |
| **Samtals** | **3.452,7** | **3.693,6** | **3.947,3** | **6,9** | **14,3** |

Útgjöld til stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála hækka um alls 60,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Munar þar mest um rúmar 43 m.kr. fjárveitingu til tollstjórans í Reykjavík vegna nýrra tollalaga og flutnings verkefna frá tveimur sýslumannsembættum. Að auki er í frumvarpinu gert ráð fyrir 30 m.kr. hækkun

vegna aukins innheimtukostnaðar. Á móti er gert ráð fyrir tæpri 25 m.kr. hagræðingu í rekstri í samræmi við útgjaldasvigrúm langtímaáætlunar.

*201 Ríkisskattstjóri.* Fjárheimild embættisins hækkar um 3,3 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og nemur alls 1.034 m.kr. Launa- og verðlagshækkanir nema 47,8 m.kr. Að öðru leyti munar mest um 7 m.kr. framlag vegna eftirlits með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, en töluverð aukning hefur orðið á félögum sem falla undir eftirlitið. Þá er lagt til að embættið dragi saman í rekstri og stofnkostnaði um 3,7 m.kr. til þess að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar og útgjaldasvigrúmi langtímaáætlunar.

*202-211 Skattstofur.* Útgjöld skattstofa lækka um 2,6 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Um er að ræða hagræðingu í rekstri í samræmi við útgjaldasvigrúm langtímaáætlunar. Launa- og verðlagsbreytingar nema 52,3 m.kr. Engar tillögur að fjárveitingum til nýrra verkefna er að finna í frumvarpinu.

*212 Skatta- og tollamál.* Fjárveitingar til viðfangsefna á þessum safnlið ráðuneytisins nema alls 71,3 m.kr. og lækka um 14,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir hagræðingu í rekstri sem nemur 15 m.kr. og frestun stofnkostnaðar um 5%, eða 0,5 m.kr., til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Hækkanir stafa af áætluðum launa- og verðlagsbreytingum.

*262 Tollstjórinn í Reykjavík.* Fjárheimild stofnunarinnar nemur alls 1.198 m.kr. í frumvarpinu. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 64,3 m.kr. hækkar fjárheimildin um 48,6 m.kr. Þar vegur þyngst tillaga um 43,3 m.kr. millifærslu til embættisins til þess að standa undir kostnaði við aukna tollgæslu sem áður var sinnt af sýslumannsembættunum í Hafnarfirði og Borgarnesi. Breytingarnar eru gerðar á grundvelli nýrra tollalaga nr. 88/2005 og lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003. Samsvarandi tillaga til lækkunar er að finna á fjárlagaliðum dómsmálaráðuneytisins. Auk þess er að finna í frumvarpinu tillögu um tímabundið framlag að fjárhæð 3 m.kr. til að kaupa nýjan fíkniefnaleitarhund og ótímabundnu framlagi að fjárhæð 4,5 m.kr. til þess að ráða starfsmann til að þjálfa fíkniefnahunda.

**Lífeyrir og eftirlaun**

Til þessa málaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun og 391 Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða, sem er nýr liður. Áætlað er að útgjöld málaflokksins nemi 5.807 m.kr. árið 2007 og hækki um rúman milljarð frá fjárlögum.

*381* ***Lífeyrisskuldbindingar*** Á þennan lið eru færðar til gjalda bæði greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri og reiknuð breyting skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum vegna ávinnings ríkisstarfsmanna á lífeyrisréttindum á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum skuldbindingum með iðgjöldum. Í árslok 2005 námu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 191 milljarði króna samkvæmt efnahagsreikningi. Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs í sjóðina námu samkvæmt ríkisreikningi 100 milljörðum króna ásamt vöxtum í árslok 2005. Áætlað er að skuldbindingin hækki í samræmi við launabreytingar og áunnin réttindi árin 2006 og 2007 en að ekki verði teljandi breytingar vegna hækkunar dagvinnulauna umfram heildarlaun. Ávöxtun lífeyrissjóðanna hefur verið mjög góð undanfarin ár og það sem af er ári 2006. Gera má ráð fyrir að ávöxtunin verði ekki eins mikil á næsta ári en á móti kemur að fyrirframgreiðslur ríkissjóðs nema verulegum fjárhæðum. Alls er því áætlað að gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindingar verði 4.807 m.kr. á næsta ári sem er ívið hærra en áætlað er í fjárlögum 2006. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslur úr ríkissjóði vegna uppbóta á lífeyri fyrrum starfsmanna verði 6.213 m.kr. en þær eru áætlaðar 4.265 m.kr. í fjárlögum 2006. Hækkunina má rekja til vanáætlunar í fjárlögum og er gerð tillaga um samsvarandi breytingu í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2006. Breytingin hefur þó ekki áhrif á reikningsfærð gjöld ríkissjóðs heldur aukast greiðslur úr ríkissjóði og þar með lækkar handbært fé frá rekstri. Eins og fyrri ár er miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum og styrkir það stöðu lífeyrissjóðsins. Þá er gert ráð fyrir að nýta hluta af lánsfjárafgangi ársins 2007 til að greiða 4 milljarða króna fyrirfram inn á skuldbindinguna, sem er jafn mikið og í fjárlögum 2006. Loks ber að geta þess að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra og er þeim ætlað að standa skil á greiðslum þegar þær falla til eða gera upp við lífeyrissjóðina með langtímaskuldabréfi.

*391* ***Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða.*** Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá nóvember 2005 til að greiða fyrir samkomulagi á almennum vinnumarkaði um áframhaldandi gildi kjarasamninga er áætlað er fyrir 1.000 m.kr. á nýjum fjárlagalið. Á liðinn er færð fjárheimild vegna jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Ekki hefur enn verið útfært með hvaða hætti jöfnunin á að fara fram og verður framsetningin tekin til endurskoðunar við 2. umræðu frumvarpsins í ljósi hennar. Í yfirlýsingunni kemur meðal annars fram að ríkisstjórnin sé reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða með framlagi sem svari til 0,25% af tryggingagjaldsstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila. Kemur jöfnunin til framkvæmda á þremur árum, 0,5% árið 2007, 0,20% árið 2008 og 0,25% árið 2009.

**Barnabætur og vaxtabætur**

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Barnabætur | 5.374,5 | 6.800,0 | 8.500,0 | 25,0 | 58,2 |
| Vaxtabætur | 5.471,6 | 5.100,0 | 5.530,0 | 8,4 | 1,1 |
| **Samtals** | **10.846,1** | **11.900,0** | **14.030,0** | **17,9** | **29,4** |

*811 **Barnabætur.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna barnabóta aukist um 1,7 milljarða króna frá fjárlögum 2006. Þar af skýrast um 1,2 milljarðar króna af lögum sem sett voru á haustþingi 2004 og fela í sér verulegar breytingar á barnabótakerfinu í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aukinn stuðning við barnafjölskyldur. Skipta má breytingum barnabótakerfisins í fernt. Í fyrsta lagi er lagt til að ótekjutengdar barnabætur hækki um samtals 20% til viðbótar 25% hækkun bótanna frá ársbyrjun 2006. Í öðru lagi er lagt til að viðmiðunarmörk tekna vegna tekjutengdra barnabóta hækki samtals um 20% til viðbótar hækkun markanna um 25% í ársbyrjun 2006. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að skerðingarhlutföll tekna við ákvörðun barnabóta lækki úr 3% með einu barni, 7% með tveimur börnum og 9% með þremur börnum eða fleiri, í 2%, 6% og 8% í sömu röð og að sú lækkun komi til framkvæmda á árinu 2007. Í fjórða lagi verða greiddar barnabætur til 18 ára aldurs í stað 16 ára í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í júní 2006 í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs aukist um 500 til 600 m.kr. við þá breytingu.

*821 **Vaxtabætur.*** Áætlun um vaxtabætur vegna húsnæðislána gerir ráð fyrir um 430 m.kr. aukningu milli ára. Verulegir óvissuþættir eru í þeirri áætlun, bæði varðandi umfang íbúðalána og skerðingaráhrif af tekjuþróun. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að skerðingamörk vegna eigna verði hækkuð á árinu 2006 þannig að bæturnar skerðist minna en ella vegna verðhækkana á fasteignum undanfarið. Þá er miðað við viðmiðunarfjárhæðir, s.s. hámarksfjárhæð vaxtabóta, hækki um 6% á næsta ári.

**Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattar**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur; 971 Ríkisábyrgðir, 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur og 979 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Afskriftir skattkrafna | 9.456,9 | 6.000,0 | 6.000,0 | 0,0 | -36,6 |
| Fjármagnstekjuskattur | 7.058,9 | 760,0 | 760,0 | 0,0 | -89,2 |
| Tapaðar kröfur og tjónabætur | 0,0 | 210,0 | 120,0 | -42,9 | - |
| Ríkisábyrgðir | 24,5 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár | 326,6 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals** | **16.866,9** | **6.970,0** | **6.880,0** | **-1,3** | **-59,2** |

Fjárheimildir til þessa málefnaflokks eru tæpar 6,9 milljarðar króna og lækka um 90 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir óbreyttri fjárhæð vegna afskrifaðra skattkrafna í frumvarpinu frá gildandi fjárlögum, eða 6 milljörðum króna, en endanleg niðurstaða í reikningi hefur sum ár vikið verulega frá áætlunum og hefur reynst erfitt að áætla gjöldin fyrr en liðið er á árið. Hefur áætlunin verið leiðrétt í fjáraukalögum samhliða endurmati á tekjum ríkissjóðs innan ársins. Áætlað er fyrir 760 m.kr. vegna fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjum og hagnaði af sölu eigna. Skatturinn færist einnig sem tekjur hjá ríkissjóði og hefur því ekki áhrif á afkomu ársins. Loks er gert ráð fyrir að tapaðar kröfur lækki um 90 m.kr. en reyndin er að lítil útgjöld hafa verið bókuð á þennan lið undanfarin ár.

**Verðlagsmál**

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

***989 Launa- og verðlagsmál.*** Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2007. Á árinu 2005 voru gerðir kjarasamningar við flest stéttarfélög ríkisstarfsmanna innan vébanda Bandalags háskólamanna og Stéttarfélags ríkisstarfsmanna sem gilda fram til apríl 2008. Samningar við flest félög ófaglærðra og iðnaðarmanna voru gerðir á árinu 2004. Launaforsendur ársins 2007 liggja því að mestu fyrir og hafa launaliðir ríkisstofnana, sjálfseignarstofnana og annarra aðila sem fá rekstrarframlög úr ríkissjóði verið hækkaðir sem því nemur í frumvarpinu. Er þá gert ráð fyrir að sambærilegar hækkanir verði úrskurðaðar á næsta ári til embættismanna sem fá greidd laun samkvæmt ákvörðunum Kjararáðs. Einnig hafa launaforsendur fjárlaga 2006 verið endurmetnar í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem kjör starfshópa breyttust eftir afgreiðslu fjárlaganna. Eins og jafnan áður hefur hækkun hverrar stofnunar verið metin sérstaklega með tilliti til vægi stéttarfélaga í launaútgjöldunum og hækkunar hvers félags. Hlutfallslegar hækkanir á launafjárveitingum stofnana geta því verið mismunandi eftir því hvaða stéttarfélögum starfsmenn þeirra tilheyra.

Samkvæmt þjóðhagsforsendum frumvarpsins er reiknað með að almennt verðlag hækki um 4,5% milli áranna 2005 og 2006. Eru önnur rekstrarútgjöld en laun miðuð við þær spár í frumvarpinu. Almennt gildir að sértekjur stofnana eru hækkaðar hlutfallslega til jafns við önnur rekstrargjöld. Í vissum málaflokkum er gert ráð fyrir að

gjaldskrár verði óbreyttar en í öðrum tilvikum, þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana, er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki í takt við launahækkanir. Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er miðað við gengi þeirra í byrjun september. Gengi krónunnar hefur veikst um 11-15% gagnvart flestum myntum frá forsendum fjárlaga 2006. Þetta leiðir til talsverðrar hækkunar á fjárheimildum fjárlagaliða þar sem útgjöld eru beinlínis greidd í erlendri mynt, en það á t.d. við um hluta útgjalda sendiráða, framlög og aðildargjöld til tiltekinna alþjóðasamtaka.

Í frumvarpinu er jafnframt gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki í samræmi við samkomulag Landssambands eldri borgara og ríkissjóðs frá í júlí 2006.

Á fjárlagaliðinn er færð 500 m.kr. fjárheimild til að mæta breytingum á þessum forsendum. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun til að treysta betur forsendur frumvarpsins m.a. í ljósi þess að ganga þarf frá samningum við nokkra hópa launaþega á næsta ári.

**Þjónusta við ríkisaðila**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 103 Fjársýsla ríkisins; 402 Fasteignamat ríkisins; 405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins; 901 Framkvæmdasýslan; 905 Ríkiskaup; 972 Lánasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs og 984 Fasteignir ríkissjóðs.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjársýsla ríkisins | 1.037,0 | 1.081,4 | 1.176,9 | 8,8 | 13,5 |
| Fasteignamat ríkisins | 574,6 | 488,4 | 353,3 | -27,7 | -38,5 |
| Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins | 0,0 | 200,0 | 620,0 | 210,0 | - |
| Framkvæmdasýsla ríkisins | -3,1 | 2,7 | 2,7 | 0,0 | -187,1 |
| Ríkiskaup | -2,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Lánasýsla ríkisins | 68,8 | 76,4 | 128,7 | 68,5 | 87,1 |
| Rekstrarfél. stjórnarráðsbygginga við Arnarhól | 42,0 | 29,9 | 29,5 | -1,3 | -29,8 |
| Ýmsar fasteignir ríkissjóðs | 196,8 | 14,5 | 14,5 | 0,0 | -92,6 |
| Fasteignir ríkissjóðs | -75,7 | 0,0 | -450,0 | - | 494,5 |
| **Samtals** | **1.838,3** | **1.893,3** | **1.875,6** | **-0,9** | **2,0** |

Þessi málefnaflokkur tekur til stofnana og verkefna er snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila, s.s. bókhalds- og innkaupaþjónustu. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 5.719 m.kr. og einnig er gert ráð fyrir að innheimtar verði 3.843 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu eða sem nemur nálægt 70% af veltunni. Fjárveiting málefnaflokksins til að mæta gjöldum umfram tekjur nemur því alls um 1.876 m.kr. sem er töluverð lækkun frá gildandi fjárlögum miðað við fast verðlag.

*103* ***Fjársýsla ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi 1.178 m.kr. í frumvarpinu og hækki um 42,8 m.kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárveiting til að standa straum af kostnaði við samning sem gerður hefur verið um þjónustu, viðhald og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfum ríkisins hækki um 45,9 m.kr. Að öðru leyti vegast á tvö tilefni til hækkunar og lækkunar útgjalda. Annars vegar launa- og verðlagshækkanir og hins vegar hagræðing í rekstri embættisins í samræmi við útgjaldasvigrúm langtímaáætlunar og aðrar aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar.

*402* ***Fasteignamat ríkisins.*** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi alls 355,3 m.kr. að teknu tilliti til launa- og verðlagshækkana og lækki um 152,5 m.kr. frá núgildandi fjárlögum. Rekstur og stofnkostnaður stofnunarinnar hefur hingað til verið fjármögnuð annars vegar með ríkistekjum af umsýslugjaldi og hins vegar með afnotagjöldum af fasteignamatsskrá. Lækkunin kemur til af því að tekjur af umsýslugjaldi sem staðið hafa undir tímabundnum kostnaði við uppbyggingu Landskrár fasteigna, s.s. smíði hugbúnaðar, kaup á tækjabúnaði og skráningu gagna í kerfið, falla niður samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Í undirbúningi er frumvarp um fjármögnun embættisins sem ráðgert er að leggja fram á Alþingi í haust og kunna áætlanir að breytast vegna þess.

*405* ***Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að færa á þennan lið 420 m.kr. til viðbótar þeim 200 m.kr. sem eru í gildandi fjárlögum vegna fasteignagjalda af húsnæði ríkisins. Samkvæmt samkomulagi í nefnd um tekjustofna sveitarfélaga hefur verið felld niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólum og heilbrigðisstofnunum. Álagning fasteignagjaldanna verður innleidd í áföngum og var upphaflega gert ráð fyrir að þau skili sveitarfélögum 200 m.kr. tekjum árið 2006, 400 m.kr. árið 2007 og 600 m.kr. árið 2008 og eftirleiðis. Fjárheimild vegna málsins er færð til bráðabirgða á þennan lið en henni verður skipt niður á viðkomandi stofnanir ráðuneyta á síðari stigum þegar nánari upplýsingar liggja fyrir frá Fasteignamati ríkisins. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið fyrir 2. umræðu frumvarpsins.

*901* ***Framkvæmdasýsla ríkisins.*** Velta stofnunarinnar helst óbreytt að raungildi milli ára og er áætluð 136,5 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda selur stofnunin ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem miðast við að tekjurnar standi undir rekstri hennar. Eins og áður er því ekkert framlag til stofnunarinnar að undanskildu 2,7 m.kr. framlagi vegna tiltekinna stjórnsýsluverkefna sem ekki eru seld út.

*905 **Ríkiskaup.*** Velta stofnunarinnar helst óbreytt að raungildi milli ára og er áætluð 1.524 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun, sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum, standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði.

*972 **Lánasýsla ríkisins.*** Fjárheimild stofnunarinnar nemur 135,5 m.kr. í frumvarpinu að teknu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga. Gert er ráð fyrir að sértekjur vegna þóknana við sölu ríkisverðbréfa, sem áður færðust sem á liðinn vaxtagjöld ríkissjóðs, lækki um rúmar 50 m.kr. og stofnunin verði að mestu rekin með framlögum á fjárlögum. Að auki lækkar kostnaður við almennan rekstur um 19,1 m.kr. og sértekjur um 16,7 m.kr. í samræmi við reikningsniðurstöðu undanfarinna ára.

*980 **Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.*** Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól fyrir leigu og rekstur húsnæðis og öryggisgæslu. Gert er ráð fyrir lækkun fjárheimilda um 1 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um frestun framkvæmda og stofnkostnaðaráforma. Að öðru leyti breytast fjárheimildir rekstrarfélagsins einungis sem nemur launa- og verðlagshækkunum frumvarpsins.

*981 **Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.*** Á þessum fjárlagalið er 14,5 m.kr. fjárheimild sem ætluð er til viðhalds ýmissa stjórnarráðsbygginga og er hún óbreytt frá gildandi fjárlögum.

*984 **Fasteignir ríkissjóðs.*** Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um frestun framkvæmda er fyrirhugað að lækka kostnað til viðhalds fasteigna um 450 m.kr. á árinu 2007. Hins vegar aukast tekjur stofnunarinnar um 82,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum sem stafar fyrst og fremst af fjölgun eigna í umsjá stofnunarinnar. Þá er einnig lagt til að fjölgað verði um einn starfsmann vegna aukinna umsvifa.

**Annað**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir og 999 Ýmislegt.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum | -3,3 | 190,0 | 190,0 | 0,0 | - |
| Ríkisstjórnarákvarðanir | 0,0 | 200,0 | 200,0 | 0,0 | - |
| Íslenska upplýsingasamfélagið | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Ýmislegt | 662,6 | 737,8 | 784,3 | 6,3 | 18,4 |
| **Samtals** | **659,3** | **1.127,8** | **1.174,3** | **4,1** | **78,1** |

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 1.174,3 m.kr. og hækkar um 30 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs.

***481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.*** Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði óbreytt frá fjárlögum ársins sem er að líða eða 190 m.kr. Sérstök umfjöllun er um 6. gr. frumvarpsins í kafla 7 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

***990 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.*** Af þessum lið eru greidd ýmis mál ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimild til að mæta þessum útgjöldum er 200 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

***999 Ýmislegt.*** Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra fjárlagaliði ráðuneytisins. Fjárveiting til þessara verkefna nemur um 784 m.kr. og hækkar um 30 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Gerð er tillaga um 64 m.kr. fjárveitingu til eins árs til tveggja verkefna á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins. Um er að ræða 26 m.kr. til verkefnis um innleiðingu rafrænna innkaupa annars vegar og 38 m.kr. til verkefnis um útbreiðslu rafrænna skilríkja fyrir almenning og lögaðila. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárheimild á viðfangsefninu 1.65 Kjararáð hækki um 10 m.kr. að raungildi og verði 32,7 m.kr. Hækkunin tengist að hluta stofnun Kjararáðs og að hluta halla á starfsemi kjaranefndar undanfarin ár. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til kaupa á nýjum ráðherrabifreiðum hækki um 10 m.kr. Fyrirséð er að á næstu árum verði nokkuð um endurnýjun bifreiða ráðherra, en þær voru flestar endurnýjaðar á árunum 2003 og 2004. Til lækkunar á viðfangsefninu kemur í fyrsta lagi niðurfelling á 27 m.kr. framlagi á fjárlögum 2006 vegna verkefna á vegum íslenska upplýsinga-

samfélagsins. Í öðru lagi lækka fjárheimildir um 24,6 m.kr. vegna áforma um aðhald með rekstrarkostnaði í samræmi við útgjaldasvigrúm langtímaáætlunar. Loks eru framlög lækkuð um 4,4 m.kr. samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um frestun stofnkostnaðar til að mæta aðhaldsmarkmiðum.

**Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 09-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |
| 09-212-1.01 | Skatta- og tollamál. Ýmis sameiginleg útgjöld. | Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld skattstofa og tollstjóra. |
| 09-212-1.10 | Skatta- og tollamál. Skatteftirlit. | Till skattembætta vegna skatteftirlits. |
| 09-212-6.43 | Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið | Til skattembætta vegna hugbúnaðargerðar |
| 09-481-6.01 | Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum | Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna notkunar á heimildagrein fjárlaga. |
| 09-973-6.11 | Tapaðar kröfur | Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tapaðra krafna. |
| 09-973-6.15 | Tjónabætur | Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tjónabóta. |
| 09-989-1.90 | Launa- og verðlagsmál | Ófyrirséðar eða óútfærðar launa- og verðlagsbreytingar í útgjöldum verkefna eða stofnana. |
| 09-990-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar. | Ákvarðanir ríkisstjórnar um sérstök framlög til ýmissa fjárlagaliða eftir afgreiðslu fjárlaga. |
| 09-999-1.90 | Ýmis verkefni | Ófyrirséð útgjöld ýmissa stofnana ráðuneytisins. |
| 09-999-6.11 | Bifreiðar Stjórnarráðsins | Til endurnýjunar á bifreiðum ráðherra allra ráðuneytanna. |

## 10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 5.965,3 | 6.688,6 | 7.410,9 | 11 | 24 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 1.223,9 | 1.088,8 | 1.011,9 | -7 | -17 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 10.890,3 | 10.323,0 | 14.735,1 | 43 | 35 |
| **Samtals** | **18.079,5** | **18.100,4** | **23.157,9** | **28** | **28** |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 5.928,8 | 6.436,7 | 9 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 12.106,5 | 16.649,6 | 38 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 65,1 | 71,6 | 10 | - |
| **Samtals** | - | **18.100,4** | **23.157,9** | **28** | - |

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 27.235 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.077 m.kr. en þær nema 15% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 23.158 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 9.370 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 13.717 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 72 m.kr., færist til breytinga á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.411 m.kr. og hækka um 722 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um í fyrsta lagi 333 m.kr. hækkun útgjaldaheimilda á þjónustu Vegagerðarinnar til samræmis við samgönguáætlun. Í öðru lagi hækka rekstrargjöld um 150 m.kr. vegna millifærslna og breyttrar framsetningar á fjárlagaliðum flugmála.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 77 m.kr. og verða 1.012 m.kr. en eru 1.089 m.kr. í fjárlögum ársins 2006. Þyngst vegur niðurfelling á 120 m.kr. tímabundnu framlagi til markaðsóknar í íslenskri ferðaþjónustu.


Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 14.735 m.kr. og er það 4.412,1 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru í fyrsta lagi 4.189,8 m.kr. hækkun til framkvæmda Vegagerðarinnar. Í öðru lagi hækka viðhaldsliðir Vegagerðarinnar um 188,2 m.kr. Í þriðja lagi hækka útgjöld til framkvæmda flugmála um 88,3 m.kr. Á móti lækkar framlag til hafnamannvirkja um 321,7 m.kr.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 3.650,5 m.kr. Auk þess er lagt til að veita 500 m.kr. til fjarskiptasjóðs á árinu 2006 í stað 2007. Niðurfellingar eru samtals 139 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 139 m.kr. Á móti verða veitt framlög til ýmissa verkefna ráðuneytisins sem alls nema 8.578,6 m.kr. Launa- og verðlagsbreytingar nema samtals

907,4 m.kr. Sértekjur samgönguráðuneytisins lækka um 1.906,2 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á fjárlagaliðum flugmála. Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

**Útgjöld samgönguráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 615 | 618 | 621 | 572 |
| Vegamál | 18.695 | 23.927 | 19.342 | 18.257 |
| Siglingamál | 1.328 | 1.369 | 1.378 | 1.388 |
| Flugmál | 1.991 | 2.049 | 2.077 | 2.105 |
| Póst- og fjarskiptamál | 247 | 744 | 747 | 250 |
| Ferðamál | 283 | 285 | 287 | 289 |
| **Samtals** | **23.158** | **28.992** | **24.452** | **22.861** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun

efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2006 eru að nú er gert ráð fyrir að útgjöld málefnaflokksins *Vegamál* hækki um 28% í stað 12,6% á milli áranna 2007 og 2008. Nú er gert ráð fyrir að 2.200 m.kr. frestun á ráðstöfun söluandvirði Landssímans til vegaframkvæmda auk 1.300 m.kr. frestun í vegaframkvæmdum samkvæmt samgönguáætlun komi til baka árið 2008. Í *Siglingamál* er nú gert ráð fyrir að 100 m.kr. frestun á hafnarframkvæmdum árið 2007 komi til baka 2008. Loks er í *Póst- og fjarskiptamál* gert ráð fyrir 500 m.kr. hækkun á milli áranna 2007 og 2008 þar sem að áform um ráðstöfun af söluandvirði Landssímans á árinu 2007 hafa verið færð yfir á 2006.

**Skuldbindandi samningar**

Samgönguráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.273,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2006, eru á áætluðu verðlagi ársins 2007 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Teg. | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Samningar um áætlunarflug innanlands | B | 140,0 | - | - | - | - |
| Slysavarnaskóli sjómanna | B | 55,1 | 58,0 | 58,0 | 58,0 | - |
| Samningar við sérleyfishafa | C | 154,5 | 166,9 | 166,9 | - | - |
| Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars | C | 44,5 | - | - | - | - |
| Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara | C | 44,4 | 50,3 | - | - | - |
| Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs | C | 196,9 | 221,3 | 221,3 | 221,3 | 221,3 |
| Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs | C | 107,3 | 110,8 | 98,4 | 81,7 | 25,3 |
| Samningur um Mjóafjarðarferjuna Anný | C | 7,5 | 3,6 | - | - | - |
| Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi | C | 6,2 | 7,1 | 7,1 | 7,1 | 1,8 |
| Markaðssetning Íslands í N-Ameríku | C | 47,1 | 52,3 | 52,3 | - | - |
| Samningar við Grænland og Færeyjar | C | 12,6 | 14,5 | 14,5 | 14,5 | 14,5 |
| Samningur um Snorrastofu | C | 0,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | - |
| Samningur um rekstur Flugskóla Íslands | C | 22,0 | 23,0 | - | - | - |
| Flug milli Íslands og Narsarsuaq | C | 12,5 | 12,5 | 7,5 | 6,5 | 6,5 |
| Samningur um Vaktstöð siglinga | C | 199,8 | 204,6 | 204,6 | 204,6 | 204,6 |
| Samningur um Alþjóðaflugþjónustuna | C | 102,2 | 115,4 | 115,4 | 115,4 | 115,4 |
| Slökkvilið á RVK- og AKU-flugvöllum | C | 120,7 | 120,7 | 120,7 | 120,7 | 120,7 |
| **Samtals** | | **1.273,3** | **1.163,0** | **1.068,7** | **831,8** | **710,1** |

Samningar sem bæði samgönguráðuneytið og fjármálaráðuneytið standa að, eru merktir bókstafnum B og nema skuldbindingar þeirra samtals 58 m.kr. Að auki eru 1.105 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem samgönguráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 1.350 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Samtals munu því 5,8% af útgjöldum ráðuneytisins vera bundin í samningum.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nýr samningur er í undirbúningi. Þar skal fyrst nefna undirbúning á samningi um kaup á flugvallar- og leiðsöguþjónustu. Í öðru lagi er unnið að nýjum samningi um áætlunarflug innanlands á grundvelli útboðs. Í þriðja og síðasta lagi er unnið að nýjum samningi um Hríseyjarferjunnar á grundvelli útboðs.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa | 221,5 | 277,3 | 287,2 | 3,6 | 29,7 |
| Ýmis verkefni | 283,6 | 442,6 | 322,4 | -27,2 | 13,7 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 5,0 | 5,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **505,1** | **724,9** | **614,6** | **-15,2** | **21,7** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 134,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

***101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa.*** Heildarútgjöld eru 287,2 m.kr. og hækka um 9,9 m.kr. frá fjárlögum 2006. Allar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

***190 Ýmis verkefni.*** Heildarútgjöld eru 322,4 m.kr. og lækka um 120,2 m.kr. frá fjárlögum 2006. Á viðfangsefni *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu* falla niður samtals 120 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingu í íslenskri ferðaþjónustu. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Fastanefndir | 23,4 | 6,5 | 6,9 | 6,2 | -70,5 |
| Vetrarsamgöngur og vöruflutningar | 1,0 | 9,3 | 1,9 | -79,6 | 90,0 |
| Útgáfa ökuskírteina | 0,0 | 15,4 | 16,1 | 4,5 | - |
| Lög- og réttindaskráning sjómanna | 2,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fræðsluefni um öryggismál sjómanna | 0,3 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Slysavarnaskóli sjómanna | 37,7 | 55,1 | 58,0 | 5,3 | 53,8 |
| Staðsetningarkerfi | 0,0 | 6,7 | 7,0 | 4,5 | - |
| Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO | 1,0 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Flugskóli Íslands | 27,9 | 22,0 | 23,0 | 4,5 | -17,6 |
| Átak í umferðaröryggismálum | 6,6 | 50,0 | 50,0 | 0,0 | 657,6 |
| Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og RVKflugvelli | 4,7 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Gestastofur, söfn og markaðsstarf | 18,8 | 12,2 | 12,7 | 4,1 | -32,4 |
| Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu | 72,9 | 150,0 | 30,0 | -80,0 | -58,8 |
| Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu | 0,5 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku | 45,5 | 47,1 | 52,3 | 11,0 | 14,9 |
| Samn. milli Íslands og Narssarssuaq á Grænl. | 12,5 | 12,5 | 12,5 | 0,0 | 0,0 |
| Ýmislegt | 12,7 | 18,3 | 19,1 | 4,4 | 50,4 |
| Ýmis framlög samgönguráðuneytis | 0,0 | 31,5 | 32,9 | 4,4 | - |
| Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla | 10,0 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir | 6,0 | 6,0 | 0,0 | -100,0 | -100,0 |
| **Samtals** | **283,6** | **442,6** | **322,4** | **-27,2** | **13,7** |

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni: | | |
| **10-190-1.98 Ýmisframlög samgönguráðuneytisins** | | |
| Til markaðsstarfs og gestastofa | 6,0 | 7,4 |
| Menningartengd ferðaþjónusta | 3,5 | 10,0 |
| Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál | 9,0 | 10,0 |
| Óskipt | 13,0 | 5,5 |
| **Samtals** | **31,5** | **32,9** |

## Vega- og umferðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjórir fjárlagaliðir: 211 Rekstur Vegagerðarinnar, 212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar, 251 Umferðarstofa og 281 Rannsóknarnefnd umferðarslysa. Framlag til vega- og umferðarmála að frádregnum sértekjum er áætlað 18.695,3 m.kr. sem er 5.283,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Útgjöld Vegagerðarinnar eru áætluð 18.255,6 m.kr. og er það 5.274,4 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum.

Almennur rekstur Vegagerðarinnar lækkar um 34 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til 43,5 m.kr. vegna afskrifta tekna verði millifærðar yfir á fjárlagalið 212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar, sem er til samræmis við bókhald. Í öðru lagi er lagt til 12 m.kr. vegna verðbóta á ferjulán verði felldar niður þar sem að lánin verða greidd upp í byrjun árs 2007.

Þjónusta hækkar um 333 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun.

Viðhald vega hækkar um 324,2 m.kr. og þar af eru 188,2 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun.

Útgjöld til framkvæmda hækka um 4.189,8 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að 1.500 m.kr. af söluandvirði símans verði varið til vegaframkvæmda. Í öðru lagi er 2.629,8 m.kr. tillaga um hækkun framlags til samræmis við samgönguáætlun að teknu tilliti til frestunar á framkvæmdum til ársins 2008. Í þriðja lagi er lagt til að 43,5 m.kr. framlag til afskrifta á tekjum verði millifærðar á viðfangið af almennum rekstri vegagerðarinnar, sem er til samræmis við bókhald. Í fimmta lagi er óskað eftir 20 m.kr. auknu framlagi vegna endurskoðaðrar áætlunar um afskrifaðar tekjur. Dregið er úr framlögum til vegaframkvæmda frá því sem áformað var um í samgönguáætlun og lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landsímans hf. Verða lagðar til breytingar á samgönguáætlun og viðkomandi lögum í samræmi við fjárlagafrumvarpið.

Útgjöld til Rannsóknarnefndar umferðarslysa hækka um 1,7 m.kr. Lagt er til að 1,5 m.kr. tímabundið framlag verði fellt niður.

Aðrar breytingar á útgjöldum til vegamála- og umferðarmála, sem ekki er sérstaklega getið um, eru til samræmis við samgönguáætlun og langtímaáætlun eða má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Almennur rekstur | 438,7 | 549,9 | 515,9 | -6,2 | 17,6 |
| Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna | 57,4 | 57,1 | 59,6 | 4,4 | 3,8 |
| Umdæmi og rekstrardeildir | -252,9 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Þjónusta | 2.791,9 | 2.732,0 | 3.136,5 | 14,8 | 12,3 |
| Styrkir til ferja og sérleyfishafa | 697,3 | 643,5 | 672,4 | 4,5 | -3,6 |
| Styrkir til innanlandsflugs | 140,9 | 145,3 | 151,8 | 4,5 | 7,7 |
| Rannsóknir | 113,9 | 113,4 | 119,1 | 5,0 | 4,6 |
| Viðhald | 2.405,1 | 2.834,8 | 3.159,0 | 11,4 | 31,3 |
| Framkvæmdir | 6.714,1 | 5.905,2 | 10.441,3 | 76,8 | 55,5 |
| Umferðarstofa | 400,0 | 413,0 | 423,1 | 2,4 | 5,8 |
| Rannsóknanefnd umferðarslysa | 0,0 | 17,4 | 16,6 | -4,6 | - |
| **Samtals** | **13.506,4** | **13.411,6** | **18.695,3** | **39,4** | **38,4** |

Markaðar tekjur til vegamála eru áætlaðar 12.163,5 m.kr. Af þeim renna í ríkissjóð afborganir af lánum vegna Hvalfjarðarganga og ferja samtals 329,1 m.kr. Viðskiptahreyfing, er nemur 2.933 m.kr. myndast við ráðstöfun á uppsöfnuðum afgangi markaðra tekna vegagerðarinnar. Fjármögnun með mörkuðum tekjum er því samtals 14.767,4 m.kr. Þar að auki er áætlað að beint framlag úr ríkissjóði nemi 3.428,2 m.kr. Þar af eru 1.776,4 m.kr. vegna jarðgangnaátaks og 151,8 m.kr. vegna styrkja til innanlandsflugs. Annað ríkisframlag 1.500 m.kr. er áætlun um bein framlög úr ríkissjóði miðað við

ákvörðun um ráðstöfun á söluandvirði símans til vegaframkvæmda. Sjá nánar yfirlit yfir markaðar tekjur í séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu og töflu hér á eftir.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| Jarðgangaátak | 726,6 | 1.776,4 |
| Annað ríkisframlag | 1.531,1 | 1.500,0 |
| Styrkir til innanlandsflugs | 145,3 | 151,8 |
| **Samtals** | **2.403,0** | **3.428,2** |
| | | |
| Skil á mörkuðum tekjustofnum | 10.524,2 | 14.767,4 |
| Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta | 54,0 | 60,0 |
| | | |
| ***Ráðstöfun markaðra tekna*** | | |
| Innheimtar tekjur | 11.086,5 | 12.163,5 |
| Afborganir af ferjulánum og v. Hvalfjarðarganga | -394,4 | -329,1 |
| Viðskiptahreyfing (inneign, skuld) | -167,9 | 2.933,0 |
| Greitt úr ríkissjóði | 10.524,2 | 14.767,4 |

## Siglingamál

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir: 335 Siglingastofnun Íslands, 336 Hafnabótasjóður og 381 Rannsóknarnefnd sjóslysa. Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 1.327,8 m.kr. sem er 297,1 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2006 Helstu breytingar í fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Siglingastofnun Íslands | 628,6 | 745,8 | 771,8 | 3,5 | 22,8 |
| Hafnabótasjóður | 961,3 | 843,7 | 518,8 | -38,5 | -46,0 |
| Rannsóknarnefnd sjóslysa | 24,8 | 35,4 | 37,2 | 5,1 | 50,0 |
| **Samtals** | **1.614,7** | **1.624,9** | **1.327,8** | **-18,3** | **-17,8** |

***335 Siglingastofnun Íslands.*** Heildarútgjöld eru áætluð 771,8 m.kr. umfram sértekjur. Gert er ráð fyrir að 438,6 m.kr. renni í almennan rekstur stofnunarinnar en í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir 406 m.kr. sem er 32,6 m.kr. hækkun á milli ára. Þar af eru 11 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun, en aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

***336 Hafnabótasjóður.*** Á stofnkostnaðarviðfangsefni *6.70 Hafnarmannvirki* er lögð til 346,5 m.kr. lækkun. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag lækki um 421,7 m.kr. á viðfangsefni *6.70 Hafnamannvirki* til samræmis við samgönguáætlun. Í öðru lagi er lagt til að 200 m.kr. frestun frá fjárlögum 2006 gangi til baka. Í þriðja lagi er lagt til að

100 m.kr. verði áfram frestað til ársins 2008 í samræmi við aðhaldsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

*381 **Rannsóknarnefnd sjóslysa.*** Framlag til nefndarinnar verður 37,2 m.kr. og hækkar um 1,8 m.kr. Allar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

**Flugmál**

Til þessa málaefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 471 Rekstur Flugmálastjórnar, 475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta, sem er nýr fjárlagaliður, og 481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Umtalsverðar breytingar eru gerðar í þessum málefnaflokki þar sem að nýtt hlutafélag hefur verið stofnað utan um rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu. Fjárlagaliður 472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar er lagður niður og færast útgjaldaheimildirnar þaðan alfarið undir fjárlagalið 475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Þá er fjárlagaliður 473 Alþjóðaflugþjónustan einnig lagður niður og færast verkefnin sem þar hafa verið alfarið undir hlutafélagið. Sú velta sem fjármögnuð er með sértekjum færist alfarið í hlutafélagið, lækka sértekjur og útgjöld því um 2.150 m.kr. og því breytast nettó útgjöld ríkissjóðs og greiðslur úr ríkissjóði ekki. Nýjum fjárlagalið, 475 Flugvellir og Flugleiðsöguþjónusta, er ætlað að endurspegla þjónustusamning sem ríkissjóður mun gera við hlutafélagið. Þegar frumvarpið var í vinnslu var ekki búið að gera þjónustusamning við hlutafélagið. Ráðgert er að skipting fjárheimilda á milli stjórnsýslu og þjónustusamnings við hlutafélagið verði endurskoðuð þegar samningurinn liggur fyrir.

*471 **Rekstur Flugmálastjórnar.*** Heildarframlag til rekstrar Flugmálastjórnar verður 260,1 m.kr. Sú breyting er gerð á fjárlagaliðnum að fjárheimildir sem tilheyra starfsemi hlutafélagsins færast af liðnum, annað hvort beint yfir í hlutafélagið eða yfir á fjárlagalið 475 Flugvellir og Flugleiðsöguþjónusta. Sá hluti sem færist beint yfir í hlutafélagið eru fjárheimildir sem eru fjármagnaðar af sértekjum frá t.d. Alþjóðaflugþjónustunni. Það sem eftir situr á liðnum eru fjárheimildir fyrir rekstri á stjórnsýsluhluta Flugmálastjórnar. Eftirfarandi eru nánari skýringar á breytingunum: Í fyrsta lagi er óskað eftir 24,9 m.kr. hækkun til samræmis við langtímaáætlun samgöngumála. Í öðru lagi er lagt til að samtals 1.033,4 m.kr. verði millifærðar á nýjan fjárlagalið 475 Flugvellir og Flugleiðsöguþjónusta, sem verður liður í þjónustusamningi við hið nýja hlutafélag. Í þriðja lagi er óskað eftir því að allar fjárheimildir á viðfangsefni *1.70 Alþjóðaflugþjónusta*, samtals 1.444,6 m.kr., verði færðar úr A-hluta. Fjárheimildirnar undir viðfangsefninu hafa alfarið verið fjármagnaðar með sértekjum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, ICAO, og færast beint undir hlutafélagið. Í fjórða lagi er farið fram á að 5% framlag vegna kostnaðarhlutdeildar ríkisins samning við ICAO um rekstur Alþjóðaflugþjónustunnar hækki um 13,2 m.kr. Í

fimmta lagi er lagt til að allar fjárheimildir á viðfangsefni *1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO* verði millifærðar á hinn nýja fjárlagalið 475 Flugvellir og Flugleiðsöguþjónusta. Aðrar breytingar í liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

*475* ***Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.*** Heildarframlag til flugvalla og flugleiðsöguþjónustu verður 1.694,4 m.kr. Þar af nemur framlag til viðhalds og framkvæmda 499 m.kr. Í öðru lagi er gerð tillaga um að 20 m.kr. framlag verði millifært frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu vegna öryggiseftirlits á innanlandsflugvöllum. Samkomulag er milli ráðuneytanna um að verkefnið verði vistað hjá samgönguráðuneytinu. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til viðhalds lækki um 46,8 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun. Í fjórða lagi er lagt til að framlag til framkvæmda hækki um 38,3 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun. Í fimmta er ósk um að 50 m.kr. tímabundin frestun á viðfangsefni *6.41 Framkvæmdir* komi til baka. Í sjötta og síðasta lagi er farið fram á að 5% framlag vegna kostnaðarhlutdeildar ríkisins sbr. samning við ICAO um rekstur Alþjóðaflugþjónustunnar hækki um 13,2 m.kr. En gert er ráð fyrir að kostnaður vegna Alþjóðaflugþjónustunnar hækki á milli ára og því er gert ráð fyrir að 5% kostnaðarhlutdeild hækki 102,2 m.kr. í 115,4 m.kr. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

*481* ***Rannsóknarnefnd flugslysa.*** Framlag til nefndarinnar verður 36,1 m.kr. og hækkar um 1,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Allar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

**Póst- og fjarskiptamál**

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir; 512 Póst- og fjarskiptastofnun og 521 Fjarskiptasjóður. Útgjöld eru áætluð 246,6 m.kr. og hækka um 11,9 m.kr. Lagt er til að 5 m.kr. framlag til Íslenska upplýsingasamfélagsins verði fært til baka og komi því jafn hátt framlag til nýs verkefnis. Þá er lagt til að veita 500 m.kr. til fjarskiptasjóðs á árinu 2006 í stað 2007. Stjórn fjarskiptasjóðs vinnur nú að útboðum á þeim verkefnum sem sjóðnum er ætlað að standa straum af. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

**Ferðamál**

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður; 651 Ferðamálastofa. Útgjöld eru áætluð 283 m.kr. og hækka um 21,8 m.kr. frá fjárlögum 2006. Farið er fram á 5,6 m.kr. fjárheimild á viðfangsefni *1.01 Ferðamálastofa.* vegna aukinna verkefna á sviði ferðamála. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreyting.

**Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 10-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |

## 11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 880,3 | 1.005,4 | 1.022,7 | 2 | 16 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 3.253,0 | 3.114,3 | 3.195,2 | 3 | -2 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 69,9 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals** | **4.203,2** | **4.119,7** | **4.217,9** | **2** | **0** |
| | | | | | |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 3.752,7 | 3.790,4 | 1 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 367,0 | 427,5 | 16 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | 0 | - |
| **Samtals** | - | **4.119,7** | **4.217,9** | **2** | - |

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 5.015 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 797 m.kr. en þær nema 15,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.218 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.790 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 428 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.023 m.kr. og hækka um 17 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 48,4 m.kr. sem koma til lækkunar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 81 m.kr. og verða 3.195 m.kr. en er 3.114 m.kr. í fjárlögum ársins 2006. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um í fyrsta lagi 70 m.kr. aukið framlag til byggðamála, í öðru lagi hækka fjárheimildir til Samtaka iðnaðarins um 45 m.kr. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til Tækniþróunarsjóðs hækki um 40 m.kr. Loks fellur niður endurgreiðsla til Rarik um samtals 153 m.kr.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

**Útgjöld iðnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 297 | 300 | 303 | 306 |
| Iðnaðarmál | 1.346 | 1.348 | 1.355 | 1.362 |
| Orkumál | 1.823 | 1.833 | 1.848 | 1.863 |
| Byggðamál | 752 | 726 | 710 | 714 |
| **Samtals** | **4.218** | **4.207** | **4.216** | **4.245** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2006 eru að nú er gert ráð fyrir að útgjöld til Byggðamála lækki um 3,5% í stað 1% hækkunar á milli áranna 2007 og 2008. Skýrist það á því að í nýrri Byggðaáætlun er gert ráð fyrir að af þeim 70 m.kr. sem færðar eru til hækkunar á 2007 komi 30 m.kr. til lækkunar árið 2008. Forsendur útgjaldaáætlunarinnar fyrir iðnaðarráðuneytið eru að öðru leyti lítið breyttar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa | 128,4 | 148,6 | 161,6 | 8,7 | 25,9 |
| Einkaleyfastofan | 132,7 | 126,3 | 127,0 | 0,6 | -4,3 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 8,0 | 8,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **261,1** | **282,9** | **296,6** | **4,8** | **13,6** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Óskað er eftir 5 m.kr. framlagi til samræmis við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um fjárframlög til vísinda- og tæknimála. Auk þess er lagt til að millifærðar verði 2,2 m.kr. af Einkaleyfisstofunni yfir á aðalskrifstofu. Um er að ræða millifærslu vegna faggildingarsviðs sem fluttist á árinu 2006 til Einkaleyfastofu og ætlunin er að starfsemin fjármagni sig sjálf til framtíðar. Launa- og verðlagsbreytingar nema samtals 8,7 m.kr.

**Iðnaðarmál**

Til þessa málflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnrannsóknir og stóriðja; 242 Tækniþróunarsjóður; 245 Samtök iðnaðarins; 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 299 Iðja, iðnaður, framlög.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðntæknistofnun Íslands | 183,7 | 197,4 | 212,7 | 7,8 | 15,8 |
| Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins | 88,3 | 96,3 | 101,7 | 5,6 | 15,2 |
| Iðnaðarrannsóknir og stóriðja | 36,9 | 20,0 | 20,3 | 1,5 | -45,0 |
| Tækniþróunarsjóður | 269,2 | 460,0 | 500,0 | 8,7 | 85,7 |
| Samtök iðnaðarins | 286,9 | 214,3 | 259,3 | 21,0 | -9,6 |
| Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi | 307,1 | 75,0 | 75,0 | 0,0 | -75,6 |
| Iðja og iðnaður, framlög | 183,6 | 165,6 | 176,9 | 6,8 | -3,6 |
| **Samtals** | **1.355,7** | **1.228,6** | **1.345,9** | **9,5** | **-0,7** |

Útgjöld málefnaflokksins eru áætluð 1.345,9 m.kr. og er það 117,3 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingarnar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi.

*201* ***Iðntæknistofnun Íslands.*** Útgjöld nema 212,7 m.kr. og hækka um 15,3 m.kr. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag til upplýsingatækniverkefnis gegn að minnsta kosti jafnháu mótframlagi stofnunarinnar. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

*203* ***Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.*** Útgjöld nema samtals 101,7 m.kr. og hækka um 5,4 m.kr. Allar breytingar í liðnum má rekja til laun- og verðlagsbreytinga.

*242* ***Tækniþróunarsjóður.*** Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 40 m.kr. og verði 500 m.kr. í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í rannsóknar- og þróunarmálum. Sjóðnum er ætlað að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

*245* ***Samtök iðnaðarins.*** Lagt er til að fjárheimild hækki um 45 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af iðnaðarmálagjaldi.

*251* ***Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.*** Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur muni nema 75 m.kr., sem er það sama og í gildandi fjárlögum. Iðnaðarráðherra ráðleggur að leggja fram frumvarp á haustþingi um framlengingu laganna.

*299* ***Iðja og iðnaður, framlög.*** Framlög á þennan lið nema alls 176,9 m.kr. og er það 11,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2006. Lagt er til að 8 m.kr. óráðstöfuðum útgjöldum ramma ársins 2007 skv. langtímaáætlun verði veitt til verkefna undir viðfangsefni *1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis*. Á *1.48 Átak til atvinnusköpunar* er fellt niður 3,4 m.kr. tímabundið framlag til handverks og hönnunar. Þar að auki er lagt til að millifærðar verði 26 m.kr. af viðfangsefni *1.50*

*Nýsköpun og markaðsmál* yfir á *1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis* svo að ýmis framlög iðnaðarráðuneytisins verði þar sérstaklega afmörkuð. Aðrar breytingar á einstökum viðfangsefnum liðarins má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 |
|---|---|
| Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni: | |
| **11-299-1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis** | |
| Samningar um hönnunarvettfang | 5,0 |
| Nýskipan atvinnuþróunarstofnana | 12,7 |
| Verkstjórnarfræðsla á Iðntæknistofnun | 1,5 |
| Verkefni á sviði nýsköpunar- og atvinnuþróunarmála | 7,5 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta vegna tækninefndar | 1,0 |
| Samstarfsverkefni um þekkingarsetur | 7,0 |
| **Samtals** | **34,7** |

## Orkumál

Til þessa málefnaflokks teljast fimm fjárlagaliðir; 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun; 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku og 399 Ýmis orkumál. Gjöld málefnaflokksins lækka um 133 m.kr. og eru áætluð 1.823,4 m.kr. á árinu 2007.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Orkustofnun | 432,4 | 390,6 | 404,3 | 3,5 | -6,5 |
| Orkusjóður | 41,8 | 32,0 | 33,4 | 4,4 | -20,1 |
| Niðurgreiðslur á húshitun | 1.039,1 | 1.036,0 | 1.109,0 | 7,0 | 6,7 |
| Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku | 227,6 | 255,0 | 230,0 | -9,8 | 1,1 |
| Ýmis orkumál | 181,3 | 242,8 | 46,7 | -80,8 | -74,2 |
| **Samtals** | **1.922,2** | **1.956,4** | **1.823,4** | **-6,8** | **-5,1** |

*301* ***Orkustofnun.*** Áætlað er að framlög til stofnunarinnar hækki um 13,7 m.kr. og verði 404,3 m.kr. Lagt er til að tímabundið framlag til upplýsingatækniverkefnis gegn að minnsta kosti jafnháu mótframlagi stofnunarinnar lækki um 2 m.kr. og verði 5 m.kr. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagbreytinga.

*371* ***Orkusjóður.*** Framlag til sjóðsins hækkar um 1,4 m.kr. og verður 33,4 m.kr. Hækkunin er vegna launa- og verðlagsbreytinga.

*373* ***Niðurgreiðslur til húshitunar.*** Framlag á þennan lið er áætlað 1.109 m.kr. og hækkar um 73 m.kr. frá fjárlögum 2006. Lagt er til að millifærðar verði 25 m.kr. tímabundið á

þennan lið vegna hækkunar viðmiðunarmarka niðurgreiðslu rafhitunar. Verður framlagið fellt niður í lok árs 2008. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

*375* ***Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.*** Framlag á þennan lið er áætlað 230 m.kr. og lækkar um 25 m.kr. frá fjárlögum 2006. Lagt er til að millifærðar verði til leiðréttingar 25 m.kr. á viðfangsefni *373 Niðurgreiðslur til húshitunar* vegna hækkunar viðmiðunarmarka niðurgreiðslu rafhitunar.

*399* ***Ýmis orkumál.*** Heildarframlög á þennan fjárlagalið lækka um 196,1 m.kr. og eru áætluð 46,7 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að 153 m.kr. endurgreiðsla til Rarik vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum og þróunarverkefna falli niður vegna hlutafélagavæðingar félagsins. Í öðru lagi er lagt til að 30 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2006 til olíuleitarmála falli niður. Í þriðja lagi er lagt til að 13,4 m.kr. tímabundið framlag til hafsbotnsrannsókna falli niður þar sem verkefninu er að ljúka. Í fjórða lagi er lagt til að 13,5 m.kr. verði millifærðar af viðfangsefni *1.21 Nýskipan orkumála* yfir á nýtt viðfangsefni *1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytisins*. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 |
|---|---|
| Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni: | |
| **11-399-1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis** | |
| Auðlindanefnd | 7,2 |
| Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga | 2,4 |
| Kynningar- og útgáfukostnaður | 1,0 |
| Loftslagsmál | 1,0 |
| Hitaveitulög | 1,0 |
| Þróunarmál | 0,5 |
| Norræn verkefni | 0,5 |
| **Samtals** | **13,6** |

## Byggðamál

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun. Heildarútgjöld til málefnaflokksins eru áætluð 752 m.kr. og hækka um 100,2 m.kr. frá fjárlögum 2006. Óskað er eftir að framlag til byggðaáætlunar verði hækkað um 70 m.kr. vegna aukinna verkefna í samræmi við byggðaáætlun. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Byggðaáætlun | 338,5 | 314,5 | 401,8 | 27,8 | 18,7 |
| Byggðastofnun | 325,7 | 337,3 | 350,2 | 3,8 | 7,5 |
| **Samtals** | **664,2** | **651,8** | **752,0** | **15,4** | **13,2** |

**Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 11-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |

## 12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 906,4 | 989,2 | 1.207,7 | 22 | 33 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 438,2 | 444,2 | 445,5 | 0 | 2 |
| Stofnkostnaður og viðhald | | | | - | - |
| **Samtals** | **1.344,6** | **1.433,4** | **1.653,2** | **15** | **23** |
| | | | | | |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 451,5 | 484,0 | 7 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 995,4 | 1.152,1 | 16 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | -13,5 | 17,1 | -227 | - |
| **Samtals** | - | **1.433,4** | **1.653,2** | **15** | - |

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 1.675 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 19,8 m.kr. en þær nema 1,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.653 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 484 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.152 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 17 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.208 m.kr. og hækka um 219 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 187 m.kr. hækkun á fjárheimildum Fjármálaeftirlitsins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 1,3 m.kr. sem er að mestu vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

**Útgjöld viðskiptaráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 176 | 178 | 169 | 171 |
| Viðskiptamál | 1.076 | 1.076 | 1.081 | 1.086 |
| Flutningsjöfnun | 401 | 401 | 401 | 401 |
| **Samtals** | **1.653** | **1.655** | **1.651** | **1.658** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér

er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

**Skuldbindandi samningar**

Viðskiptaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samning við Neytendasamtökin sem áætlað er að kosti 8,5 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessi samningur er tilgreindur í töflunni hér fyrir neðan.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Teg. | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjónustusamningur við Neytendasamtökin | C | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 |
| **Samtals** | | **8,5** | **8,5** | **8,5** | **8,5** | **8,5** |

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málefnaflokka og stofnana sem heyra undir viðskiptaráðuneytið.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld málefnaflokksins hækka um 6,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs og verða samtals 176,2 m.kr.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa | 137,3 | 126,6 | 129,0 | 1,9 | -6,0 |
| Ýmis verkefni | 69,9 | 39,8 | 44,2 | 11,1 | -36,8 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 3,0 | 3,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **207,2** | **169,4** | **176,2** | **4,0** | **-15,0** |

Á 190 Ýmis verkefni er lagt til að veittar verði 4,5 m.kr. tímabundið í tvö ár til reksturs Tryggingadeildar útflutningslána. Í annan stað er lagt til að millifærðar verði 7,5 m.kr. af viðfangsefni *1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál* á *1.15 Fastanefndir*. Á undanförnum árum hefur kostnaður vegna fastanefnda verið bókaður á þessa tvo liði en aðgengilegra er að hafa allar nefndir ráðuneytisins á sama viðfangi og því lagt til að fjárveitingin flytjist á eitt viðfangsefni. Aðrar breytingar málefnaflokknum eru vegna launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

**Viðskiptamál**

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 402 Fjármálaeftirlitið, 411 Samkeppniseftirlitið, 421 Neytendastofa, 425 Talsmaður neytenda og 999 Ýmis viðskiptamál. Gjöld málefnaflokksins hækka um 213 m.kr. og eru áætluð 1.076 m.kr. á árinu 2007. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Löggildingarstofa | 103,5 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármálaeftirlitið | 319,0 | 410,5 | 597,1 | 45,5 | 87,2 |
| Samkeppniseftirlitið | 71,2 | 186,7 | 196,2 | 5,1 | 175,6 |
| Neytendastofa | 124,8 | 238,0 | 249,1 | 4,7 | 99,6 |
| Talsmaður neytenda | 0,0 | 13,0 | 18,2 | 40,0 | - |
| Samkeppnisstofnun | 93,8 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Ýmis viðskiptamál | 20,7 | 14,8 | 15,4 | 4,1 | -25,6 |
| **Samtals** | **733,0** | **863,0** | **1.076,0** | **24,7** | **46,8** |

*402* ***Fjármálaeftirlitið.*** Endurskoðuð áætlun um tekjur og gjöld gerir ráð fyrir 597,1 m.kr. útgjöldum á árinu 2007. Útgjöldin eru fjármögnuð með ríkistekjum af eftirlitsgjaldi. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 186,6 m.kr. vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna ásamt útgjöldum vegna samkomulags við Lífeyrissjóð bankamanna. Er tillagan í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

*411* ***Samkeppniseftirlitið.*** Áætlað er að framlag til stofnunarinnar nemi samtals 196,2 m.kr. sem er 9,5 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Allar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

*421* ***Neytendastofa.*** Áætlað er að framlag til Neytendastofu nemi samtals 249,1 m.kr. sem er 11,1 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Allar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

*425* ***Talsmaður neytenda.*** Áætlað er að framlag til Talsmanns neytenda nemi 18,2 m.kr. sem er 5,2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag til upplýsingatækniverkefnis á vegum viðskiptaráðuneytisins sem lýtur að verkefni sem nefnist Leiðakerfi neytenda. Gert er ráð fyrir að minnsta kosti jafnháu mótframlagi stofnunarinnar til verkefnisins. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

***999 Ýmis viðskiptamál.*** Samtals eru framlög til liðarins áætluð 15,4 m.kr. og hækka um 0,6 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga.

**Flutningsjöfnun**

Til þessa málefnaflokks telst einn liður: 811 Flutningssjóður olíuvara. Áætlað er að útgjöld sjóðsins nemi 401 m.kr. sem er það sama og í fjárlögum 2006.

**Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagalið innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 12-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |

## 13 Hagstofa Íslands

Útgjöld og fjármögnun Hagstofu Íslands breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 620,4 | 651,9 | 561,1 | -14 | -10 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 0,3 | 3,8 | 0,3 | -92 | 0 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 10,9 | | | - | - |
| **Samtals** | **631,6** | **655,7** | **561,4** | **-14** | **-11** |
| | | | | | |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 575,5 | 561,4 | -2 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 80,2 | | - | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals** | - | **655,7** | **561,4** | **-14** | - |

Heildargjöld Hagstofu Íslands árið 2007 eru áætluð um 578 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 17 m.kr. en þær nema 2,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 561 m.kr. og eru öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting til Hagstofunnar lækki um 94,3 m.kr. frá fjárlögum ársins í ár. Launa- og verðlagsbætur nema 26,3 m.kr. þannig að raunlækkun fjárveitinga er 120,6 m.kr. Munar þar mest um flutning þjóðskrárinnar frá Hagstofunni til Dóms- og

kirkjumálaráðuneytis. Hagstofa Íslands hefur 129,6 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum 2006 vegna þjóðskrárinnar og fellur sú fjárveiting nú niður. Aðrar breytingar eru í fyrsta lagi þær að í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 27. september 2005 og tilmæli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að starfsemi hagskýrslugerðar á sviði þjóðhagsreikninga og verðvísitalna verði efld, er lögð til 15 m.kr. fjárveiting til að kosta stöður tveggja sérfræðinga á því sviði. Er hér um að ræða seinni áfanga í eflingu þessarar starfsemi, en Hagstofan fékk einnig 15 m.kr. vegna þessa á fjárlögum 2006. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við norrænt tölfræðingamót og þing hagstofustjóra á Norðurlöndum sem fyrirhugað er að halda á Íslandi í júní 2007. Niður fellur 5 m.kr. framlag frá Íslenska upplýsingasamfélaginu vegna verkefnisins „Vefþjónusta - rafræn miðlun hagtalna" og loks er gert ráð fyrir 6 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar vegna aðhaldskröfu.

**Horfur næstu fjögur árin**

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun Hagstofu Íslands næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Áætlað er að útgjöld aukist um 1% að raungildi á ári. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Hagstofa Íslands | 561 | 562 | 568 | 574 |
| **Samtals** | **561** | **562** | **568** | **574** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum. Í áætluninni hefur verið tekið tillit til framlaga sem veitt eru tímabundið til verkefna og falla niður á tímabilinu.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

## 14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 2.293,9 | 2.964,7 | 3.170,3 | 7 | 38 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 1.256,7 | 1.162,2 | 1.195,5 | 3 | -5 |
| Stofnkostnaður og viðhald | 682,6 | 374,0 | 356,2 | -5 | -48 |
| **Samtals** | **4.233,2** | **4.500,9** | **4.722,0** | **5** | **12** |
| | | | | | |
| Greitt úr ríkissjóði | - | 2.553,3 | 2.619,4 | 3 | - |
| Innheimt af ríkistekjum | - | 1.947,6 | 2.102,6 | 8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals** | - | **4.500,9** | **4.722,0** | **5** | - |

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 5.604 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 882 m.kr. en þær nema 15,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.722 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.619 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.103 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.170 m.kr. og hækka um 206 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 130 m.kr. hækkun á útgjöldum Úrvinnslusjóðs. Auk þess má nefna tillögu um 10 m.kr. hækkun fjárveitinga hjá Umhverfisstofnun vegna ýmissa verkefna og 8 m.kr. framlag til Náttúrufræðistofnunar til gerðar náttúrufarskorta af landinu. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna en þau nema alls 27,9 m.kr. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 47 m.kr. vegna breyttrar forgangsröðunar og áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 34 m.kr. og verða 1.196 m.kr. en eru 1.162 m.kr. í fjárlögum ársins 2006. Þyngst vegur 60 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf. ásamt því að niður falla alls 35 m.kr. tímabundin framlög til náttúrustofa.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 356 m.kr. og er það 18 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 25 m.kr. tímabundið framlag til Veðurstofunnar til að koma upp nýrri veðursjá í samvinnu við IACO og 8 m.kr. hækkun hjá Umhverfisstofnun til viðhalds og endurbóta í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum. Á móti hafa stofnkostnaðarfjárveitingar ýmissa stofnana sem undir ráðuneytið heyra verið lækkaðar tímabundið um alls 17 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiði, auk þess sem sértekjur Ofanflóðasjóðs hækka.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2007 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

**Útgjöld umhverfisráðuneytis eftir málefnaflokkum**




## Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2007 til 2010. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2007 | Spá 2008 | Spá 2009 | Spá 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ráðuneyti | 565 | 500 | 504 | 508 |
| Umhverfisvernd | 2.578 | 2.638 | 2.712 | 2.601 |
| Skipulagsmál | 692 | 702 | 708 | 714 |
| Rannsóknir | 887 | 873 | 881 | 887 |
| **Samtals** | **4.722** | **4.713** | **4.805** | **4.710** |

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka umhverfisráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins eru þær að gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins *Umhverfisvernd* aukist að jafnaði um 2,5% á ári fram til ársins 2010 er framlagið lækkar um 4%. Veldur þar mestu að reiknað er með 8% árlegum útgjaldavexti Endurvinnslunnar hf. ásamt því að samkvæmt gildandi lögum lýkur stuðningi ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga í árslok 2009. Loks má nefna að helstu tímabundnu fjárveitingarnar sem gert er ráð fyrir að falli niður á tímabilinu eru þær að árið 2008 falla niður alls 68 m.kr. framlög í málefnaflokknum *Ráðuneyti*, þar af 45 m.kr. vegna minkarannsókna, og 25 m.kr. stofnkostnaðarframlag hjá Veðurstofunni í málefnaflokknum *Rannsóknir*.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2006 eru þær að í spánni er nú ekki gert ráð fyrir sérstakri aukningu ofanflóðaframkvæmda í málaflokknum *Skipulagsmál*. Að öðru leyti eru forsendur útgjaldaáætlunarinnar fyrir umhverfisráðuneytið lítið breyttar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

**Ráðuneyti**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa | 250,8 | 263,9 | 276,6 | 4,8 | 10,3 |
| Ýmis verkefni | 171,7 | 263,4 | 283,1 | 7,5 | 64,9 |
| Ráðstöfunarfé | 0,0 | 5,0 | 5,0 | 0,0 | - |
| **Samtals** | **422,5** | **532,3** | **564,7** | **6,1** | **33,7** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 9,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

***101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Gert er ráð fyrir 276,6 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar og er það 12,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbóta nemur hækkunin 1,7 m.kr. Lagt er til að veitt verði 7 m.kr. tímabundið

framlag til kaupa á búnaði í fundarsal en á móti kemur að gert er ráð fyrir 5,3 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan ramma langtímaáætlunar.

***190 Ýmis verkefni.*** Gert er ráð fyrir 283,1 m.kr. framlagi til þessa fjárlagaliðar og jafngildir það 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál* er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu til að styrkja rekstrargrunn nefndarinnar en stöðug aukning hefur verið á verkefnum hennar sem kallar á fjölgun starfsfólks. Þá er á viðfangi *1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis* tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag í 5 ár til verkefnisins „Vistvæn innkaup". Markmið með verkefninu er að setja fram stefnumótun um vistvæn innkaup og aðstoða ríki, sveitarfélög og einkafyrirtæki við innleiðingu hugmyndafræði vistvænna innkaupa í starfsemi sinni á sem hagkvæmastan máta. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir gjöld og fjárveitingar liðarins.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Fastanefndir | 11,0 | 8,5 | 8,9 | 4,7 | -19,1 |
| Samvinnunefnd um miðhálendið | 10,6 | 11,2 | 11,7 | 4,5 | 10,4 |
| Ýmis umhverfisverkefni | 22,7 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum | 13,2 | 13,3 | 13,5 | 1,5 | 2,3 |
| Umhverfisvöktun | 28,3 | 28,0 | 28,0 | 0,0 | -1,1 |
| Rannsóknir og útrýming á mink | 0,0 | 46,5 | 48,3 | 3,9 | - |
| Alþjóðastofnanir | 17,0 | 15,9 | 17,7 | 11,3 | 4,1 |
| Vernd gróður- og dýraríkis á norðl. slóðum CAFF | 10,3 | 8,5 | 9,0 | 5,9 | -12,6 |
| Varnir gegn mengun hafsins, PAME-skrifstofa | 8,2 | 8,5 | 8,9 | 4,7 | 8,5 |
| Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur | 1,1 | 6,5 | 6,8 | 4,6 | 518,2 |
| Rannsóknastöð að Kvískerjum | 0,1 | 1,1 | 1,1 | 0,0 | - |
| Vernd Breiðafjarðar | 9,2 | 7,4 | 7,8 | 5,4 | -15,2 |
| Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál | 23,0 | 26,7 | 33,3 | 24,7 | 44,8 |
| Ýmis verkefni | 17,0 | 13,5 | 14,1 | 4,4 | -17,1 |
| Ýmis framlög umhverfisráðuneytis | 0,0 | 67,8 | 74,0 | 9,1 | - |
| **Samtals** | **171,7** | **263,4** | **283,1** | **7,5** | **64,9** |

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir ýmis framlög umhverfisráðuneytis á viðfangi *1.98*.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni: | | |
| **14-190-1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis** | | |
| Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir | 15,0 | 15,0 |
| Frjáls félagasamtök | 10,0 | 10,0 |
| Hoffellsstofa | 10,0 | 10,0 |
| Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands | 6,5 | 8,3 |
| Staðardagskrá 21 | 5,0 | 5,0 |
| Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi | 5,0 | 5,0 |
| Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi | 1,4 | 1,4 |
| Umhverfisfræðsluráð | 1,0 | 1,1 |
| Byggingastaðlar | 0,5 | 0,5 |
| Samstarf við Kína á sviði umhverfismála og jarðskjálftavöktunar | 4,0 | 4,0 |
| Vistvæn innkaup | 0,0 | 3,0 |
| Ýmis umhverfisverkefni | 4,5 | 5,1 |
| Óskipt | 4,9 | 5,6 |
| **Samtals** | **67,8** | **74,0** |

## Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 287 Úrvinnslusjóður og 289 Endurvinnslan hf.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn | 7,9 | 14,0 | 14,2 | 1,4 | 79,7 |
| Umhverfisstofnun | 623,5 | 624,9 | 653,8 | 4,6 | 4,9 |
| Styrkir til fráveitna sveitarfélaga | 212,1 | 200,0 | 190,0 | -5.0 | -10,4 |
| Úrvinnslusjóður | 511,6 | 750,0 | 880,0 | 17,3 | 72,0 |
| Endurvinnslan hf. | 817,0 | 780,0 | 840,0 | 7,7 | 2,8 |
| **Samtals** | **2.172,1** | **2.368,9** | **2.578,0** | **8,8** | **18,7** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 180,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Stærstu breytingarnar eru 130 m.kr. hækkun á framlagi til Úrvinnslusjóðs og 60 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf.

***202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.*** Gert er ráð fyrir 14,2 m.kr. fjárveitingu til stöðvarinnar og jafngildir það 0,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist af aðhaldskröfu.

*211* ***Umhverfisstofnun.*** Gert er ráð fyrir 653,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á rekstrarfjárveitingum á viðfangsefni *1.01 Umhverfisstofnun* felast í fyrsta lagi í tillögu um 2 m.kr. fjárveitingu til að sinna stjórnsýslu- og eftirlitshluta verkefna sem lúta að lögum nr. 15/1994 um dýravernd, reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni, svo og öðrum reglugerðum á þessu sviði. Í öðru lagi 2 m.kr. fjárveitingu til starfsemi í gestastofu stofnunarinnar í Mývatnssveit sem áformað er að opna í júní 2007 og í þriðja lagi er óskað eftir 4 m.kr. tímabundnu framlagi til að endurnýja búnað til loftgæðamælinga við Hvaleyrarholt. Á móti er gert ráð fyrir 12,5 m.kr. almennri lækkun rekstrarfjárveitingar vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan ramma langtímaáætlunar og niður fellur 2,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2003 til kaupa á mengunarvarnarbúnaði. Á viðfangsefni *5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði* er tillaga um 8 m.kr. fjárveitingu til að efla viðhald og endurbætur í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum í umsjón stofnunarinnar. Til viðbótar eru gerðar tvær aðrar breytingar hjá Umhverfisstofnun, sem ekki lúta beint að fjárveitingum, heldur umfangi. Annars vegar er rekstrarumfang stofnunarinnar aukið um 140 m.kr. til samræmis við reikningstölur síðasta árs, en bæði gjöld og sértekjur stofnunarinnar hafa verið vanáætluð á fjárlögum. Á móti er dregið úr umfanginu með 75 m.kr. lækkun gjalda og sértekna, eða sem svarar umfangi rannsóknastofu Umhverfisstofnunar í rekstri stofnunarinnar. Stofnað hefur verið fyrirtækið Matís ehf. sem taka mun við rekstri rannsóknastofunnar um næstu áramót.

*281* ***Styrkir til fráveitna sveitarfélaga.*** Gert er ráð fyrir 190 m.kr. fjárveitingu á liðinn og lækkar fjárveitingin tímabundið um 10 m.kr. frá fjárlögum ársins í ár vegna aðhaldskröfu. Á síðasta þingi var samþykkt að framlengja um þrjú ár tímaviðmið framkvæmda samkvæmt lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum og taka lögin nú til framkvæmda sem unnar eru allt til ársloka 2008.

*287* ***Úrvinnslusjóður.*** Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af úrvinnslugjaldi gerir ráð fyrir að gjaldið skili 880 m.kr. tekjum á árinu 2007, sem er 130 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga 2006, og að tekjunum verði öllum veitt til sjóðsins. Í hækkuninni munar mest um gjald á pappa-, pappírs- og plastumbúðir en álagning á þann vöruflokk hófst í ársbyrjun 2006. Áætlun tekna af vöruflokknum er þó mikilli óvissu háð enda um að ræða nokkuð sérstakan flokk að því leyti að erfitt getur verið að mæla magn þar sem ekki er um hefðbundnar magneiningar að ræða. Áætlað er að vaxtatekjur Úrvinnslusjóðs af inneign hjá ríkissjóði verði 70 m.kr. og er það 62 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga 2006. Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði heimilað að ráðstafa vaxtatekjunum til starfsemi sinnar á sama hátt og mörkuðum ríkistekjum.

***289 Endurvinnslan hf.*** Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið fjármagnað með ríkistekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir. Áætlað er að á árinu 2007 muni gjöldin skila 840 m.kr. tekjum og er það 60 m.kr. hækkun frá áætlun gildandi fjárlaga.

**Skipulagsmál**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Skipulagsstofnun | 136,9 | 142,4 | 145,9 | 2,5 | 6,6 |
| Skipulagsmál sveitarfélaga | 120,6 | 125,0 | 127,5 | 2,0 | 5,7 |
| Landmælingar Íslands | 190,7 | 198,5 | 205,3 | 3,4 | 7,7 |
| Brunamálastofnun ríkisins | 126,0 | 115,2 | 120,8 | 4,9 | -4,1 |
| Ofanflóðasjóður | 261,6 | 137,2 | 92,4 | -32,7 | -64,7 |
| **Samtals** | **835,8** | **718,3** | **691,9** | **-3,7** | **-17,2** |

Heildarframlag til málefnaflokksins lækkar um 48,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar þar mest um 44,8 m.kr. lækkun á framlagi til Ofanflóðasjóðs.

***301 Skipulagsstofnun.*** Gert er ráð fyrir 145,9 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 2,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 5 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðaráhrifa nýrra laga um umhverfismat áætlana, en samkvæmt þeim eru tilteknar skipulags- og framkvæmdaáætlanir, sem líklegar eru til að hafa í för með sér veruleg áhrif á umhverfið, háðar umhverfismati. Niður fellur 5 m.kr. framlag frá Íslenska upplýsingasamfélaginu til verkefnisins „Skipulagsvefsjá“ og loks er gert ráð fyrir 2,8 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan útgjaldaramma langtímaáætlunar.

***303 Skipulagsmál sveitarfélaga.*** Á þennan lið er áætlað fyrir fjárveitingu til að standa straum af hlut Skipulagssjóðs í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Gert er ráð fyrir 127,5 m.kr. fjárveitingu á liðinn og hækkar hún um 2,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin er vegna áætlaðrar hækkunar tekna af skipulagsgjaldi í sveitarfélögum þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun þess án sérstaks samnings, en skv. 3. tl. 34. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, skal helmingur innheimtra skipulagsgjalda í þeim sveitarfélögum yfirfærður árlega til sveitarsjóðs úr Skipulagssjóði.

*310* ***Landmælingar Íslands.*** Gert er ráð fyrir 205,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 6 m.kr. hækkun fjárveitingar í kjölfar nýrra laga um landmælingar og grunnkortagerð sem samþykkt voru á síðasta þingi. Samkvæmt lögunum hverfa Landmælingar Íslands af samkeppnismarkaði og var metið að samkeppnisreksturinn hefði skilað 6 m.kr. upp í fastan kostnað stofnunarinnar. Niður fellur 5 m.kr. framlag frá Íslenska upplýsingasamfélaginu til verkefnis um stöðlun landupplýsingakerfa og gert er ráð fyrir 4 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan útgjaldaramma langtímaáætlunar.

*321* ***Brunamálastofnun ríkisins.*** Gert er ráð fyrir 120,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og er það óbreytt fjárveiting að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Sértekjur Brunamálastofnunar hafa verið þó nokkrar á umliðnum árum án þess að áætlað hafi verið fyrir þeim í fjárlögum. Þannig hafði stofnunin rúmlega 18 m.kr. í sértekjur árið 2005 en þar af voru vaxtatekjur tæpar 5 m.kr. og kostnaðarhlutdeild í sameiginlegu húsnæði 7 m.kr. Að mati umhverfisráðuneytis munu vaxtatekjur verða hverfandi á næsta ári og verði frumvarp til laga um mannvirki að lögum muni tekjur af kostnaðarhlutdeild falla niður. Að teknu tilliti til þessa er því aðeins áætlað fyrir 6,3 m.kr. sértekjum í fjárlagafrumvarpinu og er þeim ráðstafað til útgjalda stofnunarinnar.

*381* ***Ofanflóðasjóður.*** Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins verði 92,4 m.kr. en það er 44,8 m.kr. lækkun fjárveitingar frá fjárlögum ársins í ár. Heildargjöld sjóðsins hækka um 104,2 m.kr. og verða 352,4 m.kr. en á móti kemur að sértekjur hækka um 149 m.kr. og verða 260 m.kr. Breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að 100 m.kr. tímabundin frestun, sem ákveðin var á fjárlögum 2006, gangi til baka. Á móti kemur að áætlað er að Ofanflóðasjóður hafi 260 m.kr. vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði, sem er 149 m.kr. hækkun tekna frá áætlun fjárlaga 2006. Fjármagnstekjuskattur er samkvæmt því áætlaður 26 m.kr. og hækkar um 15 m.kr. Inneign Ofanflóðajóðs hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra markaðra tekna af forvarnargjaldi hefur vaxið mjög á umliðnum árum og í árslok 2005 nam inneignin ríflega 2 milljörðum króna. Vegna aðhaldskröfu er lögð til 6,3 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitingar og ennfremur 4,5 m.kr. tímabundin lækkun stofnkostnaðarfjárveitingar.

**Rannsóknir**

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Náttúrufræðistofnun Íslands | 227,6 | 248,2 | 246,9 | -0,5 | 8,5 |
| Náttúrustofur | 90,3 | 93,8 | 61,6 | -34,3 | -31,8 |
| Stofnun Vilhjálms Stefánssonar | 20,3 | 25,8 | 28,5 | 10,5 | 40,4 |
| Veðurstofa Íslands | 464,6 | 513,6 | 550,4 | 7,2 | 18,5 |
| **Samtals** | **802,8** | **881,4** | **887,4** | **0,7** | **10,5** |

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 33,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar hækkanir vegna launa- og verðlagsbóta. Niður falla alls 42,4 m.kr. framlög sem veitt hafa verið tímabundið en á móti eru gerðar tillögur um alls 27 m.kr. fjárveitingar til nýrra verkefna. Loks lækka fjárveitingar um 18,1 m.kr. vegna aðhaldskröfu.

*401 **Náttúrufræðistofnun Íslands.*** Til einföldunar á framsetningu fjárlaga og fækkunar viðfangsefna eru fjárveitingar Náttúrufræðistofnunar nú settar fram á einu viðfangi í stað þriggja áður. Gert er ráð fyrir 246,9 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 12,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 2,4 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2006 til gerðar stofnstærðarlíkans af íslenska refastofninum og eins fellur niður 5 m.kr. framlag frá Íslenska upplýsingasamfélaginu til plöntuvefsjár og annarra vefsjáa Náttúrfræðistofnunar. Lagt er til að 8 m.kr. framlag, sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2006 til gerðar náttúrufarskorta af landinu þ.e. jarðfræði-, gróðurfars- og vistgerðakorta, falli ekki niður en verði að varanlegri fjárveitingu til áframhaldandi vinnu við gerð kortanna og eflingar á starfsemi stofnunarinnar. Með náttúrufarskortum er átt við mismunandi þekjur er sýna jarðvegsgerð, gróðurfar, dýralíf og fleiri náttúrufarslegar upplýsingar. Við gerð kortanna verður lögð áhersla á að skrá, flokka og meta náttúru landsins með samræmdum og alþjóðlega viðurkenndum aðferðum. Gert er ráð fyrir að ljúka gerð korta af öllu landinu á næstu fimm árum m.a. með því að nýta fjarkönnun og ýmis afleidd gögn. Markmiðið er skapa grunn fyrir vöktun íslenskrar náttúru, skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis og jarðminja. Loks er gert ráð fyrir 5 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar vegna aðhaldskröfu.

*403 **Náttúrustofur.*** Framlag ríkisins til reksturs náttúrustofa sveitarfélaga færist á þennan fjárlagalið. Gert er ráð fyrir 61,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins en það jafngildir 35 m.kr. raunlækkun fjárveitingar frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lækkunin skýrist alfarið af því að niður fellur 5 m.kr. fjárveiting sem veitt var tímabundið til hverrar stofu á fjárlögum 2006.

*407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.* Gert er ráð fyrir 28,5 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 1,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár vegna aukinna verkefna og umsvifa sem tengjast Alþjóða heimskautaárinu (IPY mars 2007 til mars 2009) og eftirfylgni við Arctic Human Development Report (AHDR) verkefnið. Á meðal fyrirsjáanlegra aukinna umsvifa tengd IPY er vinna við aðgerðaráætlun fyrir heimskautaárið, aðkoma sérfræðinga að Arctic Portal verkefninu, sem Ísland leiðir, og þátttaka í nokkrum alþjóðlegum heimskautaársverkefnum. Gert er ráð fyrir 0,5 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar vegna hagræðingarkröfu.

*410 Veðurstofa Íslands.* Gert er ráð fyrir 550,4 m.kr. fjárveitingu til Veðurstofu Íslands og jafngildir það 12,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag til að setja upp nýja veðursjá á austanverðu landinu í samvinnu við Alþjóðaflugmálastofnunina ICAO sem greiðir 75 m.kr. af heildarkostnaði veðursjárinnar. Veðurstofan heldur úti veðurratsjá á Miðnesheiði en beiðni hefur borist frá IACO um að sett verði upp veðursjá á Fljótdalsheiðarsvæðinu til að skanna megi allt landið. Innan sjónsviðs veðursjárinnar verða mörg af virkustu eldfjöllum landsins og með tilkomu hennar verður hægt að greina hvort eldgos sé hafið, meta hæð og dreifingu gosmökks og hvar búast megi við öskufalli. Þessar upplýsingar eru m.a. mikilvægar fyrir flugumferð því gosaska er afar hættuleg flugvélum. Aðrar breytingar eru þær að vegna aðhaldskröfu er gert ráð fyrir 10,3 m.kr. almennri lækkun rekstrarfjárveitingar og 2,3 m.kr. tímabundinni lækkun stofnkostnaðarframlaga.

**Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild**

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

| Viðfang | Heiti | Ráðstöfun |
|---|---|---|
| 14-199-1.10 | Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra ..... | Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila. |

## 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2005 m.kr. | Fjárlög 2006 m.kr. | Frumvarp 2007 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Erlend lán | 4.289,0 | 3.850,0 | 3.545,0 | -7,9 | -17,3 |
| Spariskírteini | 1.567,0 | 1.290,0 | 470,0 | -63,6 | -70,0 |
| Ríkisbréf | 4.635,0 | 4.840,0 | 8.100,0 | 67,4 | 74,8 |
| Ríkisvíxlar | 1.271,0 | 1.760,0 | 1.780,0 | 1,1 | 40,0 |
| Önnur innlend lán | 148,0 | 150,0 | 150,0 | 0,0 | 1,4 |
| Annar vaxtakostnaður | 1.258,0 | 1.210,0 | 1.734,0 | 43,3 | 37,8 |
| Innlendur lántökukostnaður | 199,0 | 240,0 | 155,0 | -35,4 | -22,1 |
| Erlendur lántökukostnaður | 53,0 | 100,0 | 20,0 | -80,0 | -62,3 |
| **Samtals** | **13.420,0** | **13.440,0** | **15.954,0** | **18,7** | **18,9** |

Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs nemi 15,9 milljörðum króna á árinu 2007 og hækki um 2,5 milljarða króna frá fjárlögum 2006, eða um 18,7%.

Hækkun vaxtagjalda skýrist að mestu af breytingu á skuldasamsetningu ríkissjóðs. Í maí sl. var tilkynnt um reglubundna útgáfu ríkisbréfa til tveggja ára og ríkisvíxla til þriggja mánaða. Er hinni auknu útgáfu óverðtryggðra verðbréfa ætlað að styðja við hagstjórn með því að tryggja samfelldan óverðtryggðan vaxtaferil allt að sjö árum. Á móti aukinni útgáfu ríkisbréfa er áformað að forinnleysa verðtryggð spariskírteini. Hlutfall erlendra lána í lánasafni ríkissjóðs hefur farið lækkandi á undanförnum árum sem endurspeglast í lækkun vaxtagjalda erlendra lána. Annar vaxtakostnaður er aðallega vegna inneigna Atvinnuleysistryggingarsjóðs, Ofanflóðasjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur á markaða tekjustofna hjá ríkissjóði. Áætlað er að hann hækki um 0,5 milljarð króna á milli ára sem skýrist af hækkun inneigna og vaxta. Innlendur lántökukostnaður lækkar um 85 milljónir króna frá fjárlögum 2006 sem skýrist af því að Lánasýsla ríkisins hefur frá og með fjárlagaári 2007 verið sett á föst fjárlög. Hækkar greiðsla ríkissjóðs vegna stofnunarinnar til fjármögnunar reksturs hennar sem þessu nemur. Erlendur lántökukostnaður lækkar um 80 milljónir frá fjárlögum 2006 sem skýrist af því að ekki er gert ráð fyrir lántökum langra erlendra lána ríkissjóðs á árinu 2007. Greiddir vextir eru áætlaðir 12,7 milljarðar króna 2007 sem er 3,3 milljörðum króna hærri vextir en eru áætlaðir 2006. Aðallega er um að ræða hærri vexti óverðtryggðra ríkisbréfa og ríkisvíxla en á móti lækka greiddir vextir erlendra lána. Mismunur gjaldfærðra og greiddra vaxta eru 3,2 milljarðar króna sem kemur fram sem viðskiptahreyfing.

## 4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Þær breytingar eru gerðar frá fjárlögum 2007 að Rafmagnsveitur ríkisins hafa verið gerðar að hlutafélagi og eru ekki lengur í B-hluta. Fyrirtækinu er því sleppt úr samanburði hér á eftir.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Það sama á við um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar 23.971 m.kr. á árinu 2007 og rekstrargjöld 28.582 m.kr. Tekjur aukast um 1.361 m.kr. og gjöld um 2.850 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2006. Frá ríkisreikningi 2005 hækka tekjur um 763 m.kr. og gjöld um 2.766 m.kr. Áætlað er að fjármagnsgjöld verði 244 m.kr. umfram fjármunatekjur og er það hækkun um 33 m.kr. frá fjárlögum og hækkun um 199 m.kr. frá reikningi 2005. Framlag til rekstrar úr A-hluta ríkissjóðs er áætlað 5.695 m.kr. og hækkar um 1.840 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs en um 1.996 m.kr. frá árinu 2005. Framlög frá öðrum og óreglulegar tekjur eru áætlaðar 239 m.kr. sem er 6 m.kr. hækkun frá fjárlögum og 20 m.kr. hækkun frá reikningi 2005. Miðað við framangreindar forsendur verður 1.078 m.kr. hagnaður á B-hluta ríkisjóðs og eykst um 324 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2006 en er óbreyttur miðað við reikning 2005. Milli áranna 2006 og 2007 munar mest um 395 m.kr. hækkun á hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands á móti 72 m.kr. aukningu á tapi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.

Áætlað er að fjárfestingar nemi 1.106 m.kr., þar af 838 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 268 m.kr. í áhættufjármunum. Fjárfestingar aukast samkvæmt því um rúmar 530 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2006. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum aukast mest hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, eða um rúmar 170 m.kr., og um 80 m.kr. hjá Ríkisútvarpinu og 50 m.kr. hjá ÁTVR. Í áhættufjármunum munar mest um 245 m.kr. aukningu hjá Happdrætti Háskóla Íslands.

Lántaka er áætluð 625 m.kr. og eykst um 100 m.kr. milli ára. Munar mest um 150 m.kr. hækkun hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar og 50 m.kr. lækkun hjá Happdrætti Háskóla Íslands.

Arðgreiðsla B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð er áætluð 152 m.kr. en hún er áætluð 160 m.kr. í fjárlögum 2006. Á árinu 2005 nam arðgreiðsla 670 m.kr. Einungis Áfengis- og

tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð en Happdrætti Háskóla Íslands greiðir hagnað sinn beint til Háskóla Íslands og áætlað er að á árinu 2007 nemi það framlag 577 m.kr.

Gangi framangreindar forsendur eftir er áætlað að handbært fé B-hluta fyrirtækja verði 1.511 m.kr. í árslok 2007.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 22.609,5 | 23.970,8 |
| Rekstrargjöld | -25.732,3 | -28.582,4 |
| Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld | -211,0 | -243,9 |
| **Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi** | **-3.333,8** | **-4.855,5** |
| Framlag til rekstrar úr ríkissjóði | 3.854,9 | 5.694,5 |
| Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld | 232,9 | 238,5 |
| **Hagnaður (-tap)** | **754,0** | **1.077,5** |
| **Sjóðstreymi:** | | |
| Hagnaður (-tap) | 754,0 | 1.077,5 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | 598,4 | 677,1 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | -52,5 | -25,1 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **1.299,9** | **1.729,5** |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | -551,9 | -838,0 |
| Áhættufjármunir | -23,5 | -268,5 |
| Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað | 0,0 | 0,0 |
| **Fjárfestingarhreyfingar samtals** | **-575,4** | **-1.106,5** |
| Tekin löng lán | 525,0 | 625,0 |
| Afborganir af teknum löngum lánum | -376,6 | -341,3 |
| Arðgreiðsla í ríkissjóð | -160,6 | -152,0 |
| Annað | -605,0 | -577,0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | **-617,2** | **-445,3** |
| Breyting á handbæru fé | 107,3 | 177,7 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 1.212,7 | 1.333,0 |
| Handbært fé í árslok | 1.320,0 | 1.510,7 |

## 22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

***201 Happdrætti Háskóla Íslands.*** Áætlað er að á árinu 2007 verði 870 m.kr. hagnaður af rekstri happdrættisins en það er 395 m.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2006 og 68 m.kr. betri afkoma en í reikningi ársins 2005. Afkoma fyrirtækisins hefur verið vanáætluð á fjárlögum sem sést á því að á árunum 1999-2005 nam samanlagður hagnaður alls 3,8 milljörðum króna en var áætlaður 2,5 milljarðar á fjárlögum. Tekjur og markaðshlutdeild happdrættisins ráðast mjög af samkeppnisaðstæðum á happdrættismarkaði en staða fyrirtækisins hefur verið góð á umliðnum árum og á

síðasta ári fóru tekjur framúr væntingum. Á samkeppnismarkaði er þó ekki hægt að gera ráð fyrir að tekjuaukning í kjölfar vörunýjunga verði viðvarandi. Áætlun um tekjur og gjöld happdrættisins byggir á þeirri forsendu að starfsumhverfi á happdrættismarkaði taki ekki stórstígum breytingum. Samkvæmt ársreikningi 2005 reyndust tekjur 3.592 m.kr. en gert er ráð fyrir að þær verði 3.400 m.kr. á árinu 2007 og er það tæplega 8% hækkun frá áætlun fjárlaga 2006.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal það greiða leyfisgjald í ríkissjóð sem svarar 20% af nettóársarði, þó ekki hærri fjárhæð en 150 m.kr. Tekjur af leyfisgjaldinu renna til Tækjasjóðs, samkvæmt lögum nr. 3/2003, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, og á fjárlögum er framlagið veitt á lið 02-238 Tækjasjóður. Eins og áður sagði er áætlað að hagnaður happdrættisins verði 870 m.kr. og eru 20% af þeirri fjárhæð 174 m.kr. Vegna áforma um aðhald í ríkisútgjöldum er í frumvarpinu þó gert ráð fyrir að framlag til Tækjasjóðs verði óbreytt frá fjárlögum 2006, eða 110 m.kr., og er því 40 m.kr. af tekjum leyfisgjaldsins haldið eftir á viðskiptareikningi. Í rekstraráætlun happdrættisins er leyfisgjaldið meðtalið í rekstrargjöldum í samræmi við framsetningu fjárlaga síðustu ár.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal verja ágóða af rekstri þess til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir skólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Framlag á lið 02-201 Háskóli Íslands nemi 667 m.kr. á árinu 2007. Í fyrsta lagi er framlagið fólgið í 90 m.kr. greiðslu vaxta og afborgana af lánum sem tekin voru vegna sérstakra framkvæmda og verkefna fyrir Háskóla Íslands og þegar hefur verið ráðstafað til þeirra þarfa. Lántökurnar eru færðar í bókum happdrættisins sem fyrir fram ráðstafaður hagnaður og afborganir vegna lánanna færðar sem framlag til Háskólans á því ári sem þær falla til. Í öðru lagi er um að ræða 302 m.kr. peningalegt framlag af hagnaði. Í þriðja lagi er áætlað að happdrættið fái heimild til að taka 275 m.kr. lán til að fjármagna framkvæmdir við Háskólatorg ef á þarf að halda. Gangi þetta eftir nemur greiðsla til Háskólans 577 m.kr. og greiðslur af lánum 90 m.kr.

*971* ***Ríkisútvarpið.*** Fyrir liggur frumvarp um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið þar sem gert er ráð fyrir breytingum á rekstrarformi fyrirtækisins og innheimtu afnotagjalda. Þá liggur einnig fyrir frumvarp um breytingar á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem gert er ráð fyrir að Ríkisútvarpið hætti að greiða 25% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar. Verði frumvarpið að lögum þarf að endurskoða fjárreiður og framsetningu Ríkisútvarpsins í fjárlögum.

Áætlað er að rekstur Ríkisútvarpsins verði í jafnvægi og er það sama forsenda og í fjárlögum yfirstandandi árs. Miðað er við að áfram verði hagrætt og beitt aðhaldi í

rekstri. Þann 1. október 2006 hækkuðu afnotagjöld um 8% og áætlað er að tekjur Ríkisútvarpsins af afnotagjöldum nemi nú 2.780 m.kr., sem er 230 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2006, og eru þær sýndar sem framlag til rekstrar af fjárlagalið 02-971 Ríkisútvarpið í A-hluta frumvarpsins. Áætlað er að rekstrartekjur sem Ríkisútvarpið aflar með sölu á auglýsingum o.fl. nemi 1.150 m.kr. sem er tæplega 14% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs en 5,8% hækkun sé miðað við rekstrarreikning ársins 2005. Áætlað er að fjármagnskostnaður verði 262 m.kr. umfram fjármunatekjur. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að rekstrargjöld nemi 3.668 m.kr. Gert er ráð fyrir að 200 m.kr. verði varið til fjárfestinga og afborganir af teknum lánum nemi 203 m.kr.

*974* ***Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Framlag rekstraraðila til hljómsveitarinnar er áætlað 542 m.kr. og hækkar um 12,7 m.kr. eða 2,4%. Á móti hækkunum vegna launa- og verðlagsbóta lækkar framlag ríkisins um 5,9 m.kr. vegna aðhaldskröfu. Gert er ráð fyrir að framlag til ráðningar tónskálds sem veitt var tímabundið 2006 falli ekki niður og verði varanlegt. Ríkissjóður greiðir 56% af framlagi rekstraraðila, eða 303,5 m.kr., af fjárlagalið 02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ríkisútvarpið greiðir 25%, eða 135,5 m.kr., Reykjavíkurborg greiðir 18%, eða 97,6 m.kr. og Seltjarnarnesbær greiðir 1%, eða 5,4 m.kr. Gert er ráð fyrir að hljómsveitin afli 76 m.kr. tekna af hljómleikahaldi o.fl. og standi með því undir 12,3% rekstrargjalda. Rekstrargjöld eru áætluð 620 m.kr. sem er 3,3% hækkun frá fjárlögum 2006 og 8% hækkun frá reikningi 2005. Miðað við framangreindar forsendur er gert ráð fyrir að rekstur hljómsveitarinnar verði í jafnvægi á árinu 2007. Fyrir liggur frumvarp um breytingar á skiptingu rekstrarframlaga á þann veg að ríkissjóður greiði 82% og Reykjavíkurborg 18%. Verði frumvarpið að lögum breytist framsetning í fjárlögum til samræmis.

## 23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

*111* ***Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.*** Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 61,5 m.kr. og framlag úr A-hluta ríkissjóðs af *03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli* verði 2.611 m.kr. Þar af er í fyrsta lagi 1.400,4 m.kr. greiðsla úr ríkissjóði vegna yfirtöku á flugtengdri starfsemi bandarískra hersins. Í öðru lagi 158 m.kr. greiðsla til flugverndar en restin er fjármögnuð með tekjum af lendingargjöldum og öryggisgjaldi. Stærsti hluti innheimts öryggisgjalds fer, samkvæmt samningi við sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli, til greiðslu á kostnaði við vopnleit og aðra öryggisþætti. Þau útgjöld skýra 368,4 m.kr. af 2.750,3 m.kr. rekstrargjöldum stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu. Fjármagnskostnaður umfram fjármagnstekjur er áætlaður 30 m.kr. Gangi þessi áætlun eftir verður tap stofnunarinnar 107,8 m.kr. en árið 2005 var 67,2 m.kr. hagnaður af rekstrinum. Fjárfestingar eru áætlaðar 424,6 m.kr. og skýrast að

mestu af 350 m.kr. kostnaði við stækkun fraktflughlaðs, 15 m.kr. vegna gatnagerðar, 10 m.kr. vegna holræsa- og vatnsveitukerfis og 10 m.kr. vegna aðflugsbúnaðar. Áformað er að taka 350 m.kr. lán vegna framkvæmda við fragtflughlað.

*118* ***Ratsjárstofnun.*** Ratsjárstofnun sér um rekstur og viðhald á fjórum ratsjárstöðvum sem staðsettar eru á Bollafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Miðnesheiði og Stokksnesi. Árið 2007 má gera ráð fyrir að breytingar verði á rekstri stofnunarinnar vegna brotthvarfs varnarliðsins. Verða áætlanir endurskoðaðar þegar nánari ákvarðanir liggja fyrir. Ratsjárstofnun starfrækir hugbúnaðarmiðstöð á Keflavíkurflugvelli, þar sem rekstur og viðhald á hugbúnaði hins íslenska loftvarnakerfis fer fram. Innkaupa- og birgðahald vegna reksturs og viðhalds á íslenska loftvarnarkerfinu er á vegum Ratsjárstofnunar og fer sú starfsemi fram á Keflavíkurflugvelli. Jafnframt rekur stofnunin viðhaldseftirlit á Keflavíkurflugvelli. Hjá Kögun hf., sem er undirverktaki Ratsjárstofnunar starfa 26 starfsmenn að verkefninu, en fyrirtækið tekur þátt í rekstri og viðhaldi á fyrrnefndum hugbúnaði hins íslenska loftvarnakerfis.

## 29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

*101* ***Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar um 17,4 milljarðar króna á næsta ári en það er um 800 m.kr. hækkun frá fjárlögum fyrir árið 2006. Sala áfengis er miðuð við þróun á árinu 2006 og er gert ráð fyrir 3% tekjuaukningu árið 2007. Gert er ráð fyrir 2% samdrætti í tekjum af sölu tóbaks. Rekstrargjöld ársins 2007 eru áætluð 17,1 milljarðar króna og hækka um 700 m.kr. frá áætlun fyrir yfirstandandi ár. Vörunotkun er í samræmi við áætlaða sölu og er byggð á þeim álagningarreglum sem í gildi eru. Launagjöld eru miðuð við lítilsháttar aukningu í mannafla að teknu tilliti til áforma um fjölgun verslana og lengri afgreiðslutíma og áætlaðra launabreytinga vegna kjarasamninga. Eftirlaunaskuldbindingar eru áætlaðar 30. m.kr. Áætlað er að húsnæðiskostnaður aukist í samræmi við fjölgun verslana og aukin umsvif, sem og bifreiðakostnaður. Að öðru leyti byggir áætlunin á rekstraráætlun ársins 2006 að viðbættum kostnaði vegna verðlagsbreytinga og aukinna umsvifa. Áætlað er að hagnaður af rekstri verði 295 m.kr. og að handbært fé í árslok verði 963 m.kr. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði 152 m.kr. í arð til ríkissjóðs á árinu 2007 en á fjárlögum 2006 er gert ráð fyrir 160 m.kr. arðgreiðslu.

## 31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

*301 Íslenskar orkurannsóknir.* Þegar er ljóst að umfang starfseminnar mun vaxa talsvert á árinu 2006 umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir 2006 er gert ráð fyrir að ársveltan verði um 600 m.kr. í stað 450 m.kr. eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum 2006. Handbært fé í ársbyrjun 2007 er áætlað um 28 m.kr. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti um á árinu 2007 og að umfangið vaxi um u.þ.b. 8% milli ára. Þó er rétt að vekja athygli á því að búast má við talsverðum sveiflum í rekstrartekjum fyrirtækisins frá ári til árs eftir markaðsaðstæðum. Horfur eru góðar vegna mikilla framkvæmda í orkumálum, einkum á sviði jarðhita. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 30 m.kr. í tækjum og búnaði á árinu 2007. Fyrirtækið er jafnt og þétt að byggja upp tækjakost sinn til orku- og jarðrannsókna og gerir ráð fyrir að fjárfesta í slíkum búnaði fyrir um 30 m.kr. árlega þótt gera megi ráð fyrir sveiflum. Afskriftir af tækjum og búnaði eru taldar nema 30 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á rekstrartengdum eignum og skuldum. Gert er ráð fyrir að handbært fé verði um 48 m.kr. í árslok 2007.

## 5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 90,8 milljarðar króna í frumvarpinu en eru 48,4 milljarðar króna í fjárlögum yfirstandandi árs og 43,3 milljarðar í ríkisreikningi 2005. Hækkun frá fjárlögum 2006 er 42,4 milljarðar króna, eða 87,6%. Hækkun fjármunatekna er mest hjá Íbúðalánasjóði, eða 38 milljarðar króna, og tekjur Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka um rúma 4 milljarða króna. Fjármagnsgjöld eru áætluð tæpir 85 milljarðar króna en eru 44,8 milljarðar króna í fjárlögum 2006 og 41,2 milljarðar í ríkisreikningi 2005. Hækkun frá fjárlögum 2006 er 40,2 milljarðar króna, eða 89,7%. Þessar miklu hækkanir fjármunatekna og fjármagnsgjalda frá fjárlögum 2006 til áætlunar þessa frumvarps skýrast að megin hluta af því að verðbólga í ár hefur verið meiri en reiknað var með í áætlun fjárlaga 2006, auk þess sem reiknað er með 4,5% verðbólgu á árinu 2007. Þar sem útlán og tekin lán sjóðanna eru yfirleitt verðtryggð, eins og t.d. er í tilviki Íbúðalánasjóðs, geta frávik verðlagsbreytinga frá forsendum fjárlaga og breytingar í verðlagi á milli ára valdið talsverðum sveiflum, bæði í tekjum og gjöldum. Framlög í afskriftasjóð útlána eru áætluð 3% af heildarútlánum árið 2007 en þau eru 2,3% í fjárlögum yfirstandandi árs og 3,3% í reikningi 2005.

Framlag til rekstrar úr A-hluta ríkissjóðs er áætlað 5,9 milljarðar króna en er 5 milljarðar í fjárlögum 2006 og 4,7 milljarðar samkvæmt ríkisreikningi 2005. Mestu munar um 906 m.kr. hækkun framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem jafnframt er áætlað að fái bróðurpartinn af framlagi til C-hluta eða 5,4 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar 805 m.kr. og önnur rekstrargjöld 1.930 m.kr. Rekstrartekjurnar lækka um 354 m.kr. milli ára og munar þar mest um 355 m.kr. lækkun á rekstrartekjum Íbúðalánasjóðs. Rekstrargjöld breytast lítið frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Gangi framangreint eftir er áætlað að hagnaður C-hluta nemi 8,5 milljörðum króna en hann er 5,8 milljarðar samkvæmt áætlun fjárlaga yfirstandandi árs og 3,5 milljarðar samkvæmt ríkisreikningi 2005. Þyngst vegur 6,1 milljarða króna hagnaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem er varið til að viðhalda eiginfjárstöðu og standa undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins.

Að teknu tilliti til liða, sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi, og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri nemi rúmum 18 milljörðum króna árið 2007 og er það 4,7 milljarða króna hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Gert er ráð fyrir að veitt verði löng lán að fjárhæð 72,5 milljarðar króna sem er 22,6 milljarða króna lækkun frá fjárlögum 2006, eða tæplega 24% lækkun. Munar þar langsamlega mest um 24,6 milljarða króna lækkun á lánveitingum Íbúðalánasjóðs. Áætlað er að

afborganir af veittum löngum lánum verði 42 milljarðar króna og hækki því um rúmar 700 m.kr. frá fjárlögum 2006 en lækki aftur á móti um 37,8 milljarða frá reikningi 2005. Mest öll breytingin kemur fram hjá Íbúðalánasjóði.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| Fjármunatekjur | 48.367,0 | 90.833,0 |
| Fjármagnsgjöld | -44.757,0 | -84.932,0 |
| Framlög í afskriftasjóð útlána | -2.188,0 | -2.206,0 |
| **Hreinar fjármunatekjur** | **1.422,0** | **3.695,0** |
| Framlag til rekstrar úr ríkissjóði | 5.026,3 | 5.946,6 |
| Aðrar rekstrartekjur | 1.159,0 | 805,0 |
| Önnur rekstrargjöld | -1.856,5 | -1.929,6 |
| **Hagnaður (-tap)** | **5.750,8** | **8.517,0** |
| | | |
| **Sjóðsstreymi:** | | |
| Hagnaður (-tap) | 5.750,8 | 8.517,0 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | 7.565,0 | 9.709,3 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | 96,0 | -98,0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **13.411,8** | **18.128,3** |
| | | |
| Veitt löng lán | -95.119,0 | -72.535,0 |
| Afborganir af veittum löngum lánum | 41.275,0 | 42.009,0 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | -97,0 | -90,0 |
| Áhættufjármunir, nettó | -17,0 | -14.208,0 |
| ***Fjárfestingarhreyfingar, samtals*** | **-53.958,0** | **-44.824,0** |
| | | |
| Tekin löng lán | 87.532,0 | 67.309,0 |
| Afborganir af teknum löngum lánum | -41.245,0 | -41.157,0 |
| Annað, nettó | 1.845,0 | -2.329,0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | **48.132,0** | **23.823,0** |
| | | |
| Breyting á handbæru fé | 7.585,8 | -2.872,7 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 13.077,5 | 29.980,7 |
| Handbært fé í árslok | 20.663,3 | 27.108,0 |

Áætlað er að lánastofnanir í C-hluta taki 67,6 milljarða að láni og er það 20,2 milljörðum krónum minna en áætlað var að þær tækju að láni samkvæmt fjárlögum 2006. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 41,2 milljarðar króna og eru svo til óbreyttar frá fjárlögum yfirstandandi árs. Afföll við sölu verðbréfa Íbúðalánasjóðs eru áætluð 2,8 milljarðar en í fjárlögum yfirstandandi árs er reiknað með 1,8 milljarða króna yfirverði við sölu bréfa. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til 500 m.kr. aukið stofnfé.

Samkvæmt þessu er áætlað að handbært fé lánastofnana verði ríflega 27 milljarðar króna í árslok 2007.

## 42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

*872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Útlán sjóðsins eru áætluð 9.778 m.kr. og aukast um 1.518 m.kr. frá áætlun í fjárlögum 2006 en um 2.784 m.kr. frá reikningi 2005. Hækkun milli áranna 2006 og 2007 er 18,4% og auk hækkunar vegna áætlaðrar verðlags- og gengisþróunar munar mest um 7,3% áætlaða fjölgun lánþega og að nýlegar breytingar á útlána- og endurgreiðslureglum leiði til 6,7% aukningar útlána. Eins og á undanförnum árum er framlag A-hluta ríkissjóðs til sjóðsins á lið *02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna* í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar á framlagsþörf. Samkvæmt endurskoðuðu mati má lækka árlegt framlag ríkissjóðs úr 53% útlána eins og reiknað var með á fjárlögum 2006 í 51%, auk framlags til að standa undir rekstri og vaxtastyrk til námsmanna, og er við það miðað í frumvarpinu. Framlag ríkissjóðs er samkvæmt þessu áætlað 5.383 m.kr. og þar af er áætlað að 136 m.kr. séu vegna vaxtastyrks og 278 m.kr. vegna rekstrar.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 7.568 m.kr., fjármagnsgjöld 5.357 m.kr. og framlög í afskriftasjóð útlána 1.076 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru samkvæmt þessu áætlaðar 1.135 m.kr. en eru neikvæðar um 620 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og neikvæðar um 378 m.kr. samkvæmt ríkisreikningi 2005. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að hagnaður sjóðsins nemi 6.122 m.kr. og aukist um 2.629 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Ástæða aukins hagnaðar er sú að heildarútlán og heildarskuldir sjóðsins fara vaxandi og þarf því að halda eiginfjárstöðu hans þannig að hann geti örugglega staðið undir skuldbindingum sínum í framtíðinni. Framlag ríkissjóðs kemur strax til tekna, en stór hluti þess fer til að mæta framtíðarútgjöldum sjóðsins vegna vaxtamunar á veittum námslánum og teknum lánum sjóðsins og leiðir þannig til reiknaðs hagnaðar í rekstri þar til sjóðurinn kemst í jafnvægi. Námslán eru vaxtalaus á námstíma en fylgja neysluverðsvísitölu frá námslokum og bera 1% vexti. Í árslok 2005 nam bókfært eigið fé sjóðsins 34.290 m.kr. en þar sem núvirði útlána í árslok var 20.316 m.kr. lægra en bókfært verðmæti þeirra er núvirði eigin fjár í árslok 13.974 m.kr.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn innheimti 4.299 m.kr. í afborganir af veittum löngum lánum og er það 499 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2006. Áætlað er að verja 69 m.kr. til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum. Áætlað er að sjóðurinn taki 7.100 m.kr. í löng lán og greiði 4.565 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gangi framangreindar forsendur eftir eykst handbært fé sjóðsins um 220 á árinu 2007 og verður um 540 m.kr. í árslok.

## 47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

***Íbúðalánasjóður***

Útlán sjóðsins í heild eru áætluð 60,7 milljarðar króna en þau eru 85,3 milljarðar króna í fjárlögum 2006. Það er um 28,8% lækkun frá áætlun fjárlaga. Til að fjármagna útlánin er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki að láni 57,2 milljarða króna en hann tekur 80,9 milljarða króna skv. fjárlögum yfirstandandi árs og tók 87,7 milljarða skv. fjárlögum 2005. Lækkunin nemur um 29,3% frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 81,6 milljarðar króna sem hækka um 87,2% frá fjárlögum en fjármagnsgjöld eru tæplega 78,7 milljarður króna og hækka um rúm 92,2% á milli ára. Framlag í afskrifasjóð útlána er áætlað 740 m.kr. sem er tæpt 1% af heildar útlánum en er 818 m.kr. í fjárlögum 2006. Samkvæmt þessu verða hreinar fjármunatekjur tæpar 2,2 milljarðar króna og hagnaður af rekstri sjóðsins svipuð fjárhæð en var 919 m.kr. samkvæmt reikningi 2005.

Gert er ráð fyrir að innheimtar afborganir af veittum löngum lánum og uppgreiðsla eldri lána nemi um 36,7 milljörðum króna sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum yfirstandandi árs. Enn fremur er gert ráð fyrir að afborganir af teknum löngum lánum verði samkvæmt frumvarpinu 33,6 milljarðar króna en eru 36,9 milljarðar króna í fjárlögum yfirstandi árs. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að sjóðurinn nýti sem fyrr innborganir vegna uppgreiðslu á lánum til að greiða upp óhagstæð lán og til nýrra útlána og þar með dragi úr þörf sjóðsins fyrir nýjar lántökur.

Rekstrartekjur sjóðsins eru samkvæmt frumvarpinu 767 m.kr. en eru 1.122 m.kr. í fjárlögum ársins. Rekstrargjöld eru hins vegar áætluð 924 m.kr. en eru 865 m.kr. í fjárlögum og er það um 7% hækkun. Gert er því ráð fyrir að gjöld umfram tekjur nemi 157 m.kr.

***201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild.*** Fjármunatekjur húsbréfadeildar verða samkvæmt frumvarpinu rúmir 35,5 milljarður króna og fjármagnsgjöld tæpir 32,5 milljarður króna. Framlag í afskriftasjóð útlána er 276 m.kr. í frumvarpinu. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar 2,7 milljarðar króna. Rekstrartekjur deildarinnar verða 65 m.kr., rekstrargjöld 79 m.kr. og hagnaður ársins því 2,7 milljarðar króna. Innheimtar afborganir veittra lána og uppgreiðslur eldri lána eru áætlaðar 24,4 milljarðar króna og afborganir útgefinna húsbréfa eru áætlaðar 19,6 milljarðar króna. Er þá gert ráð fyrir að sjóðurinn ávaxti innborganir vegna uppgreiðslu lána með aukaútdrætti húsbréfa eftir því sem heimildir og aðstæður á markaði leyfa en annars með nýjum útlánum eða öðrum hagstæðum leiðum í samræmi við hlutverk og áhættustýringarstefnu sjóðsins. Handbært fé er áætlað 19,7 milljarðar króna í árslok 2007 gangi framangreint eftir.

*205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir og aðrir lánaflokkar.* Heildarlánveitingar til leiguíbúða og annarra lánaflokka verða um 14,8 milljarðar króna. Samkvæmt frumvarpinu verða í fyrsta lagi lánaðir allt að 4 milljarðar króna til leiguíbúða í samræmi við samkomulag fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra frá árinu 2001 og endurnýjað var í september 2005 eða sem svarar til 400 íbúða með 3,5% vöxtum. Verða þær leigðar einstaklingum og fjölskyldum með tekjur og eignir innan ákveðinna marka. Í öðru lagi er lagt til að lána allt að 7 milljarða króna til almennra leiguíbúða á vöxtum sem taka mið af fjármögnunarkostnaði Íbúðalánasjóðs hverju sinni. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 1,3 milljarði króna í greiðsluerfiðleikalán sem er 464 m.kr. hærri lánsfjárheimild en í gildandi fjárlögum. Loks er gert ráð fyrir allt að 2,5 milljarði króna til byggingar eða kaupa á sambýlum fyrir fatlaða, meiriháttar utanhússviðgerða á þeim félagslegu íbúðum sem sveitarfélög hafa innleyst og til lána til einstaklinga með sérþarfir; til lána og styrkja til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði og vistheimila fyrir börn og unglinga sem rekin eru af einkaaðilum, sjálfseignarstofnunum og félagasamtökum; til byggingar eða kaupa á dagvistarstofnunum, þjónustumiðstöðvum, dvalarheimilum, sambýlum og íbúðum sem eru sérhannaðar fyrir þarfir aldraða. Sjóðstaða er áætluð 905 m.kr. í árslok 2007 og er það um 1,5 milljarða króna lækkun frá áætlaðri sjóðstöðu í árlok 2007.

*211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán.* Með breytingum, sem gerð voru á lögum um húsnæðismál í desember 2004, var veitingu viðbótarlána hætt. Í frumvarpinu er því hvorki gert ráð fyrir nýjum lánum á árinu 2007 né heldur lántökum í tengslum við lánaflokkinn. Sjóðstaða er áætluð um 835 m.kr. í árslok 2007 og sem er nánast óbreytt frá því sem áætlað er í upphafi ársins.

*215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóður ríkisins og verkamanna.* Áætlað er að tap af rekstri sjóðanna nemi 1,3 milljarður króna á árinu 2007 en áætlað tap samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs er 744 m.kr. Sjóðirnir hafa ekki stundað útlánastarfsemi frá því að Íbúðalánasjóður tók til starfa. Því er ekki gert ráð fyrir nýrri lántöku vegna þeirra á yfirstandandi ári. Sjóðstaða er áætluð 4,3 milljarðar króna í árslok 2007 og er það um 298 m.kr. lækkun frá áætlaðri sjóðstöðu í árlok 2006.

*219 Íbúðalánasjóður, almenn íbúðalán.* Gert ráð fyrir að heildarútlán þessarar deildar verði tæpir 45,9 milljarðar króna en þau eru tæpir 73 milljarðar króna í gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að deildin taki tæplega 43,3 milljarða króna að láni til að fjármagna þessi útlán. Á árinu 2007 er gert ráð fyrir svipuðu vaxtastigi á verðbréfamarkaði og á yfirstandandi ári. Eins og áður greinir er gert ráð fyrir að nýta hluta af því fé, sem kemur inn í sjóðinn, við uppgreiðslu eldri lána til nýrra útlána en það dregur úr þörf á sölu íbúðabréfa.

## 51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

*371* ***Orkusjóður.*** Meginhlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn veitir lán til jarðhitaleitar, þar sem hagkvæmt þykir, til að draga úr kostnaði við upphitun húsnæðis. Einnig veitir hann styrki til þróunarverkefna, rannsókna og fræðslu sem stuðla að minni notkun á jarðefnaeldsneyti. Sjóðurinn fær 33,4 m.kr. framlag á lið 11-371 Orkusjóður í A-hluta ríkisins og hækkar það um 1,4 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs vegna verðlagsbreytinga. Miðað er við að framlagið og hreinar fjármunatekjur að fjárhæð 12 m.kr. standi undir 33,4 m.kr. rekstrarútgjöldum sjóðsins auk þess að skila 12 m.kr. hagnaði á árinu 2007. Í fjárlögum yfirstandandi árs er reiknað með 6,5 m.kr. hagnaði. Áætlað er að sjóðurinn veiti 20 m.kr. í lán og til að fjármagna útlánin innheimti hann 15 m.kr. í afborganir af veittum lánum og gangi á eignir sínar.

*411* ***Byggðastofnun.*** Gert er ráð fyrir að stofnunin verði rekin með 15 m.kr. halla á árinu 2007 en hallinn er 7,7 m.kr. samkvæmt áætlun í fjárlögum 2006 og 272,2 m.kr. halli var árið 2005. Stærsti hluti tekna stofnunarinnar kemur af fjármagnstekjum og eru þær áætlaðar 1.200 m.kr. árið 2006. Á móti koma 850 m.kr. fjármagnsgjöld og 300 m.kr. framlög í afskriftasjóð útlána en það eru um 15% af áætluðum útlánum stofnunarinnar á árinu. Samkvæmt ársreikningi 2005 voru 340 m.kr. settar á afskriftareikning eða um 24% af útlánum á árinu. Reglur stofnunarinnar gera ráð fyrir að 12% af útlánafé fari samkvæmt sérstakri stefnumótun í upphafi hvers árs. Næst stærsti tekjuliður stofnunarinnar er 350,2 m.kr. framlag frá *11-411 Byggðastofnun* í A-hluta fjárlaga. Þar af eru 211,7 m.kr. til almenns rekstrar stofnunarinnar og 138,5 m.kr. til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Að lokum er áætlað að stofnunin afli annarra rekstrartekna sem nemur 20 m.kr. Önnur rekstrargjöld eru 435,2 m.kr. sem er 15,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Áætlað er að veita 2.000 m.kr. í ný lán en það er 200 m.kr. aukning frá horfum fyrir árið í ár, 500 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og 583 m.kr. hækkun frá 2005. Miðað er við að innheimta 1.000 m.kr. í afborganir af veittum lánum. Reiknað er með að stofnunin taki 3.000 m.kr. lán, þar af 1.000 m.kr. til endurfjármögnunar eldri lána en 2.000 til nýrra lánveitinga, og greiði 3.000 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gangi framgreint eftir verður handbært fé í árslok 2007 um 285 m.kr.

## 52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

*101* ***Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.*** Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hann fjárfestir í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og tekur því mun meiri áhættu en aðrar lánastofnanir. Innan sjóðsins er rekin Tryggingardeild útflutnings sem veitir tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning. Í árslok 2005 ákvað Alþingi að leggja sjóðnum til 1 milljarð króna sem kom af söluandvirði Landssíma Íslands hf. og á árinu 2007 verður sjóðnum auk þess lagt til 500 m.kr. í stofnfé. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi 427 m.kr. í fjármunatekjur og er það 194 m.kr. meira en samkvæmt áætlun fjárlaga 2006 og 302 m.kr. meira en hann hafði á árinu 2005. Ráðgert er að leggja 90 m.kr. í afskriftarsjóð og samsvarar fjárhæðin 22% af áætluðum fjárfestingum á árinu. Rekstrarkostnaður skrifstofu sjóðsins er áætlaður 123 m.kr. og er það 33 m.kr. minna en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir en 42 m.kr. minna en samkvæmt ársreikningi 2005. Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir 212 m.kr. hagnaði á rekstri sjóðsins en það var 745 m.kr. tap árið 2005 en það ár setti sjóðurinn tæpar 697 m.kr. í afskriftasjóð. Í áætlun sjóðsins er gert ráð fyrir að selja eignarhluta í félögum fyrir 440 m.kr. og kaupa hluti fyrir 412 m.kr. Gangi framangreint eftir verður handbært fé í árslok 2007 um 2,8 milljarðar króna.

# 6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum hjá A-hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

## 6.1 Horfur árið 2006

Reiknað er með að á árinu 2006 verði hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs jákvæður um 44,4 milljarða króna í stað 14,7 milljarða eins og áætlað var í fjárlögum ársins. Breytingin er 29,7 milljarðar króna til hækkunar og skýrist af mun betri afkomu ríkissjóðs en áætlað var í fjárlögum. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafganginum með því að greiða skuldir ríkissjóðs niður um 23,4 milljarða króna, greiða 4 milljarða króna inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands um 17 milljarða króna.

**Lántökur árið 2006.** Gert er ráð fyrir að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs á árinu 2006 verði 26,4 milljarðar króna en á fjárlögum var einungis gert ráð fyrir 1,1 milljarðs króna lántöku. Áætlað er að í ár greiði ríkissjóður 49,8 milljarða króna í afborganir af teknum lánum, en það er 37,3 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga og eins og áður hefur komið fram er reiknað með að á árinu 2006 muni ríkissjóður greiða niður skuldir um 23,4 milljarða króna nettó, en það er 12 milljarða króna hærri niðurgreiðsla en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins.

Horfur eru á að lántökur ríkisfyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar verði um 120 milljarðar króna að meðtöldum 6 milljarða króna endurlánum ríkissjóðs. Reiknað er með að afborganir af teknum lánum verði um 61,9 milljarðar króna og eru þá meðtaldar 4,4 milljarða króna afborganir af endurlánum. Nettólántökur þessara aðila verða samkvæmt því 58,1 milljarðar króna og lækka um 21,8 milljarða króna frá áætlun fjárlaga 2006. Munar þar mest um 15 milljarða króna lækkun á lántökum Íbúðalánasjóðs og 3 milljarða króna hækkun afborgana sjóðsins af teknum lánum ásamt 3,7 milljarða króna hækkun afborgana af teknum lánum Byggðastofnunar.

## 6.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2007

Áætlað er að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar muni nema 110,2 milljörðum króna á árinu 2007. Heildarafborganir af teknum lánum eru áætlaðar 70,9 milljarðar króna og hrein lánsfjárþörf þessara aðila nemur því 39,3 milljörðum króna. Reiknað er með að ríkissjóður taki 30 milljarða króna að láni á árinu og greiði 31,8 milljarða króna í afborganir af teknum lánum.

Lántökur fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins eru áætlaðar 80,2 milljarðar króna en afborganir tekinna lána 39,1 milljarður. Nettólántaka þessara aðila er því áætluð 41,1 milljarður króna sem er 15,4 milljörðum króna lægri nettólántaka en gert er ráð fyrir í horfum fyrir árið í ár. Lækkun nettólántöku skýrist í fyrsta lagi af 25 milljarða króna lægri lántökum Landsvirkjunar og 10,5 milljarða króna lægri afborgunum af teknum lánum fyrirtækisins, í öðru lagi af 8,8 milljarða króna lægri lántökum Íbúðalánasjóðs og 6,4 milljarða króna lægri afborgunum af teknum lánum sjóðsins og í þriðja lagi af 1,5 milljarða króna lægri afborgunum Byggðastofnunar af teknum lánum.

| | Horfur 2006 | | | Frumvarp 2007 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Í milljörðum króna | Innlent | Erlent | Samtals | Innlent | Erlent | Samtals |
| **Lántökur** | **92,4** | **48,0** | **140,4** | - | - | **110,2** |
| Ríki | 92,4 | 3,0 | **95,4** | - | - | **90,2** |
| A-hluti | 26,4 | 0,0 | **26,4** | - | - | **30,0** |
| B- og C-hluti | 66,0 | 3,0 | **69,0** | - | - | **60,2** |
| Landsvirkjun | 0,0 | 45,0 | **45,0** | - | - | **20,0** |
| **Afborganir** | **71,6** | **35,7** | **107,3** | - | - | **70,9** |
| Ríki | 71,3 | 23,0 | **94,3** | - | - | **68,4** |
| A-hluti | 26,8 | 23,0 | **49,8** | - | - | **31,8** |
| B- og C-hluti | 44,5 | 0,0 | **44,5** | - | - | **36,6** |
| Landsvirkjun | 0,3 | 12,7 | **13,0** | - | - | **2,5** |
| **Hrein lánsfjárþörf** | **20,8** | **12,3** | **33,1** | - | - | **39,3** |
| **Hlutfall af vergri landsframleiðslu** | **1,9%** | **1,1%** | **3,0%** | - | - | **3,3%** |

## 6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs

Í áætlun um sjóðstreymi fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að tekjujöfnuður ársins verði jákvæður um 15,5 milljarða króna og að handbært fé frá rekstri verði 13,3 milljarðar króna en það er lækkun um 33,7 milljarða króna frá horfum fyrir árið í ár. Koma þar fram áhrif minnkandi umsvifa sem spáð er í efnahagslífinu á næsta ári, lækkun á tekjusköttum einstaklinga og ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. Fjármunahreyfingar eru jákvæðar um 3 milljarða króna og hreinn lánsfjárjöfnuður því jákvæður um 16,3 milljarða. Áformað er að verja lánsfjárafganginum með því að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 1,8 milljarða króna, greiða 4 milljarða króna inn á skuldbindingar ríkissjóðs við B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka um 10,5 milljarða.

| M.kr. | Horfur 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | **47.000** | **13.310** |
| Fjármunahreyfingar: | | |
| Veitt stutt lán, viðskiptareikningar | -400 | -400 |
| Veitt löng lán | -5.700 | -7.725 |
| Afborganir veittra lána | 4.900 | 11.500 |
| Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög | -1.500 | -1.000 |
| Sala hlutabréfa og eignarhluta | 100 | 600 |
| **Fjármunahreyfingar samtals** | **-2.600** | **2.975** |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður** | **44.400** | **16.285** |
| Fjármögnun: | | |
| Skammtímalán | 0 | 0 |
| Tekin löng lán | 26.400 | 30.000 |
| Afborganir | -49.800 | -31.800 |
| **Fjármögnun samtals** | **-23.400** | **-1.800** |
| Framlag til LSR | -4.000 | -4.000 |
| **Breyting á handbæru fé** | **17.000** | **10.485** |

**Handbært fé frá rekstri.** Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Horfur eru á að handbært fé frá rekstri verði tæplega 47 milljarðar króna árið 2006 en lækki um 33,7 milljarða króna á næsta ári og verði 13,3 milljarðar króna árið 2007. Auk lækkunar á tekjusköttum einstaklinga má rekja breytinguna til minni umsvifa í efnahagslífinu á næsta ári en gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóð lækki í krónutölu á milli ára.

**Veitt löng lán.** Í 2. tl. 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til lánveitinga til lengri tíma en eins árs. Sótt er um heimildir til að endurlána alls 7.725 m.kr. árið 2007 en horfur eru á að í ár geti endurlán orðið alls 6.025 m.kr. Horfur eru því á að endurlán hækki um 1.700 m.kr. milli áranna 2006 og 2007. Breytingarnar eru í fyrsta lagi þær að gert er ráð fyrir 1.400 m.kr. hækkun á lántökum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, bæði vegna aukinna lánveitinga sjóðsins og hærri afborgana sjóðsins af teknum lánum. Í öðru lagi er reiknað með 350 m.kr. lánveitingu til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar en á móti kemur að ekki er reiknað með að stofnunin nýti 200 m.kr. heimild sem hún hefur á fjárlögum 2006. Í þriðja lagi er reiknað með 275 m.kr. lánveitingu til Happdrættis Háskóla Íslands vegna byggingu Háskólatorgs en happdrættið hefur 325 m.kr. lánsfjárheimild á fjárlögum 2006. Óvíst er þó hvort fyrirtækið þurfi að nýta þá heimild.

**Afborganir veittra lána.** Horfur eru á að í ár nemi innheimtar afborganir veittra lána 4,9 milljörðum króna en áætlað er að árið 2007 verði þær 11,5 milljarðar króna og hækki þannig um 6,6 milljarða króna milli ára. Skýrist hækkunin að mestu af því að gert er ráð fyrir að Seðlabanki Íslands greiði 6,1 milljarð króna sem fyrstu afborgun af 32 milljarða króna láni sem bankinn fékk hjá ríkissjóði á árinu 2005 þegar hluti af söluandvirði Landssíma Íslands hf. var ávaxtaður hjá Seðlabankann í skuldabréfum sem endurgreiðast á árunum 2007-2010. Þannig koma til endurgreiðslu 6,1 milljarður króna árið 2007, 10,1 milljarður árið 2008, 9,3 milljarðar árið 2009 og 6,5 milljarðar árið 2010. Fjárhæðir miðast við ákveðnar framkvæmdir í samræmi við lög um ráðstafanir á söluandvirði Landssímans.

**Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög.** Undir þennan lið falla stofnfjárframlög og hlutafjárkaup sem færð eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Engin sérstök hlutafjárkaup eru fyrirhuguð á næsta ári og eiginfjárframlög til alþjóðastofnana breytast lítið frá áætlun fjárlaga 2006. Gert er ráð fyrir 500 m.kr. stofnfjárframlagi til Nýsköpunarsjóðs í samræmi við lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., en gert er ráð fyrir að sjóðurinn fái allt að 1,5 milljarða króna í viðbótarframlag á árunum 2007-2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun sameignarsjóðs Nýsköpunarsjóðs, lífeyrissjóða og annarra fjárfesta í sprotafyrirtækjum enda nemi eignarhlutur annarra en Nýsköpunarsjóðs í slíkum sjóði a.m.k. 50%.

| M.kr. | Áætlun 2006 | Frumvarp 2007 |
|---|---|---|
| Alþjóðabankinn og IDA, Washington, DC | 205,0 | 205,0 |
| Evrópubankinn, EBRD | 35,0 | 35,0 |
| Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Helsinki | 35,0 | 35,0 |
| Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki | 10,0 | 10,0 |
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins | 1.000,0 | 500,0 |
| Önnur hluta- og stofnfjárframlög | 215,0 | 215,0 |
| **Samtals** | **1.500,0** | **1.000,0** |

**Sala hlutabréfa og eignarhluta.** Í frumvarpinu er ekki reiknað með sölu á tilteknum eignarhlutum ríkissjóðs í fyrirtækjum. Eingöngu er gert ráð fyrir 600 m.kr. tekjum af sölu minni eignarhluta.

**Hreinn lánsfjárjöfnuður.** Áætlað er að hreinn lánsfjárjöfnuður verði jákvæður um 16,3 milljarða króna á árinu 2007 en lánsfjárafgangur í ár er áætlaður 44,4 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir að lánsfjárafganginum verði varið til að greiða niður skuldir um 1,8 milljarð króna, greiða 4 milljarða króna inn á skuldbindingar ríkissjóðs við B-deild LSR og styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka um 10,5 milljarða króna.

**Lántökur A-hluta ríkissjóðs.** Gert er ráð fyrir að lántökur ríkissjóðs á árinu 2007 muni nema um 30 milljörðum króna og er í 5. gr. frumvarpsins sótt um heimild til handa fjármálaráðherra til að taka þá fjárhæð að láni.

**Afborganir af teknum lánum.** Áætlað er að á næsta ári muni ríkissjóður greiða alls 31,8 milljarða króna í afborganir af teknum lánum.

### 6.4 Lántökur og ábyrgðir ríkisfyrirtækja og sjóða

Í 3. tl. 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Áætlað er að á árinu 2007 muni lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða nema um 80,2 milljörðum króna en horfur eru á að í ár verði þær tæpir 114 milljarðar. Útlit er því fyrir að lántökur þessara aðila muni dragast saman um 33,8 milljarða króna milli áranna 2006 og 2007. Munar þar mest um 25 milljarða króna hjá Landsvirkjun og 8,8 milljarða hjá Íbúðalánasjóði. Áætlað er að á árinu 2007 muni afborganir ríkisfyrirtækja og sjóða af teknum lánum nema 39,1 milljarði króna en tæpum 57,5 milljörðum króna í ár. Samkvæmt þessu er áætlað að á árinu 2007 hækki nettóskuldir þessara aðila um 41,1 milljarða króna, samanborið við 56,5 milljarðs króna hækkun í ár. Breyting milli áranna er til lækkunar um 15,4 m.kr. og skýrist að lang mestu leyti af 14,5 m.kr. lækkun á hreinni lánsfjárþörf Landsvirkjunar. Hrein lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs lækkar um 2,4 milljarða króna en hrein lánsfjárþörf Byggðastofnunar eykst um 1,5 m.kr.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 3. tl. 5. gr. Nánari greinargerðir um stofnanir í B- og C-hluta eru í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

**1. Landsvirkjun.** Sótt er um að Landsvirkjun fái heimild til 20 milljarða króna lántöku á árinu 2007 í samræmi við rekstrar- og fjárfestingaáætlanir ársins. Miðast lánsfjárheimildin fyrst og fremst við framkvæmdir fyrirtækisins á næsta ári við Kárahnjúkavirkjun vegna samninga við Alcoa um afhendingu orku til álbræðslu í Reyðarfirði, sem áætlað er að hefjist árið 2007. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við flutningsmannvirki ljúki að mestu á árinu 2006. Áætlað er að á árinu 2007 muni fjárfestingar fyrirtækisins nema 22 milljörðum króna, samanborið við 37 milljarða króna fjárfestingu í ár. Landsvirkjun hefur 45 milljarða króna lánsfjárheimild á fjárlögum 2006. Áætlað er að á næsta ári muni fyrirtækið greiða 2,5 milljarða króna í afborganir af langtímalánum, en 13 milljarða króna í ár. Er því áætlað að hrein lánsfjárþörf fyrirtækisins á árinu 2007 verði 17,5 milljarðar króna, samanborið við 32 milljarða króna í ár.

**2. Íbúðalánasjóður.** Lagt er til að Íbúðalánasjóði verði veitt heimild til rúmlega 57,2 milljarða króna lántöku á árinu 2007. Gert er ráð fyrir að lántökuheimildir íbúðalánadeildar verði 43,3 milljarðar króna, sem er lækkun um 10,6 milljarða króna miðað við horfur fyrir árið í ár, og að heimildir vegna leiguíbúða verði 13,9 milljarðar, sem er hækkun um 1,9

milljarða króna miðað við horfur fyrir yfirstandi ár. Áætlað er að á árinu 2007 muni sjóðurinn greiða 33,6 milljarða króna í afborganir af teknum lánum. Hrein lánsfjárþörf sjóðsins á árinu 2007 nemur því um 23,6 milljörðum króna. Horfur eru á að lántökur sjóðsins á yfirstandandi ári verði 66 milljarðar króna. Reiknað er með að sjóðurinn greiði 40 milljarða króna í afborganir af teknum lánum og munar þar mest um 27,8 milljarða króna afborganir af skuldum húsbréfadeildar ásamt 6,3 milljarða afborgunum af skuldum eldri byggingarsjóðanna og 4,1 milljarðs króna afborgunum af skuldum íbúðalánadeildar. Hrein lánsfjárþörf sjóðsins í ár er því áætluð 26 milljarðar króna. Nettólántökur sjóðsins munu samkvæmt því lækka um 2,4 milljarða króna milli áranna 2006 og 2007.

**3. Byggðastofnun.** Lagt er til að Byggðastofnun verði veitt 3 milljarða króna lántökuheimild á árinu 2007 en þar af er 1 milljarður króna ætlaður til endurfjármögnunar eldri lána en 2 milljarðar til nýrra lánveitinga. Stofnunin hefur 1,5 milljarða króna lánsfjárheimild á fjárlögum 2006 og reiknað er með að sótt verði um jafn háa heimild á fjáraukalögum. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að stofnunin hafi heimild til 3 milljarða króna lántöku í ár og gengur hún öll til endurfjármögnunar á skuldum stofnunarinnar. Lánveitingar Byggðastofnunar á árinu 2006 eru áætlaðar 1.800 m.kr. en 2.000 m.kr. árið 2007.

# 7 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta – sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 145. Heimildirnar skiptast þannig að heimild til eftirgjafar gjalda er 1, til sölu húsnæðis eru 26, til sölu eignarhluta í húsnæði eru 23, til sölu lóða og jarða eru 58, til sölu hlutabréfa eru 3, til kaupa og leigu á fasteignum eru 22 og ýmsar heimildir eru 12. Í frumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 190 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er þó ljóst að fjárveitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er til komin vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila og er reiknað með því að hún standi yfir um nokkurra ára skeið.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi um nýjar heimildir má nefna heimild 2.18 sem er söluheimild vegna einangrunarstöðvarinnar í Hrísey sem hætt er að nota. Heimild í lið 2.19 er vegna húsnæðis á forræði Háskóla Íslands sem hætt er að nota og er gert ráð fyrir að söluandvirðið renni til byggingar Háskólatorgs. Heimild 2.20 er til komin vegna þess að áformað er nýtt skipulag á því svæði sem núverandi lækningaminjasafn er til staðar. Heimild 2.22 er vegna þess að ekki er lengur þörf á sýslumannsbústað á Ólafsfirði vegna sameiningar sýslumannsembætta. Heimild 2.23 er til komin vegna umsýslu Prestssetrasjóðs með prestssetraeignir. Heimildir 2.24-2.26 eru ýmist vegna þess að hætt hefur verið að nýta umræddar eignir í þágu ríkisins eða rétt þyki að skoða aðra möguleika fyrir þær stofnanir sem nýta eignirnar.

Fjórði flokkurinn er heimildir til sölu lóða og jarða. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna almennrar umsýslu landbúnaðarráðuneytisins og Prestssetrasjóðs. Heimild 4.57 er lögð til þar sem rétt þykir að selja landssvæði í grennd við fangelsið Litla-Hraun sem á engan hátt nýtast fangelsinu og nýta andvirðið í þágu fangelsisins.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa. Heimildir 5.1 og 5.2 eru endurnýjun á heimildum frá fyrra ári þar sem ekki tókst að ljúka sölu félaganna. Heimild 5.3 er vegna sölu á eignarhlut ríkisins í Baðfélaginu við Mývatn.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Heimildirnar eru 22 og skýra sig flestar sjálfar. Heimild 6.17 er vegna húsnæðis Félagsstofnunar Stúdenta við Hringbraut en gert er ráð fyrir að Félagsstofnunin muni selja þá eign sína þegar hún flyst í nýtt Háskólatorg. Heimildir 6.18-6.19 eru endurnýjanir á heimildum fyrra árs nema að nú er ekki gert ráð fyrir að umræddar stofnanir verði í sama húsnæði.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig sjálfar. Rétt er þó að nefna tvær nýjar heimildir. Heimild 7.11 er til komin vegna áhuga á að varðskipinu Óðni verði ráðstafað með sölu eða öðrum hætti þannig að gera megi skipið að safni í framtíðinni. Heimild 7.12 er vegna viðræðna ríkis og sveitarfélaganna um kaup ríkissjóðs á hlut þeirra í Landsvirkjun.

# 8 Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Lagðar verða til eftirfarandi breytingar á lögum til að áform í frumvarpinu nái fram að ganga:

*Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:*
**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.** Lagðar verða til breytingar á lögunum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í júní 2006 til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Um er að ræða breytingar á persónuafslætti, vaxtabótum, barnabótum og skatthlutfalli tekjuskatts einstaklinga.

**Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald.** Lagt verður til að almennt tryggingagjald lækki og verði 4,54% af gjaldstofni í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði árið 2004.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraða.** Lögð verður til breyting á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraða í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá desember 2004 til desember 2005.

**Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.** Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi miðað við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins.

*Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:*
**Lög nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.** Lögð verður til breyting á lögunum í samræmi við áform í frumvarpinu um frestun framkvæmda.

# Atriðisorðaskrá


**A** bls.

Aðrar rekstrartekjur ... 239
Afborganir lána ríkissjóðs ... 44
Afborganir veittra lána ríkissjóðs ... 44
Afnotagjöld RÚV ... 241
Afskriftir skattkrafna ... 233, 389, 393
Alþingi ... 272
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA ... 314
Alþjóðastofnanir ... 312, 314
Alþjóðleg friðargæsla ... 314
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 358
Austurlandsskógar ... 323

**Á**

Ábyrgðasjóður launa ... 235, 242, 357
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 45, 436
Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík ... 306
Átak til atvinnusköpunar ... 412

**B**

Bandalag íslenskra skáta ... 305
Barnabætur ... 389, 393
Barnamenningarsjóður ... 303
Barnaverndarstofa ... 355
Bifreiðagjöld ... 254
Bjargráðasjóður ... 357
Blindrabókasafn Íslands ... 301, 303
Borgarholtsskóli ... 241
Bókasafnssjóður höfunda ... 303
Bókmenntasjóður ... 302, 303, 307
Brunamálastofnun ríkisins ... 238, 427, 428
Búnaðarsjóður ... 234, 324
Byggðaáætlun ... 411, 414
Byggðastofnun ... 46, 47, 414, 443, 450
Byggðasöfn ... 302
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins ... 330, 332
Bændasamtök Íslands ... 324, 325
Bætur brotaþola ... 339
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð ... 366

## D

Dagvistun aldraðra, aðrar ... 371
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 43, 333
Dvalarrými aldraðra, önnur ... 377

## E

Eftirlaunasjóður aldraðra ... 365, 368
Eignarskattar ... 43
Einkaleyfastofan ... 243, 411
Embætti forseta Íslands ... 272
Endurvinnslan hf. ... 238, 427
Evrópunefnd ... 277

## F

Fangelsismálastofnun ríkisins ... 348
Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins ... 395, 396
Fasteignamat ríkisins ... 243, 395, 396
Fasteignir forsætisráðuneytis ... 277, 278
Fasteignir framhaldsskóla ... 292
Fasteignir ríkissjóðs ... 395, 397
Fasteignir Stjórnarráðsins ... 277, 278
Ferðamálastofa ... 237, 408
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 359
Félagsmálaráðuneyti ... 43, 350, 441
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 354
Félagsmálaráðuneyti, C-hluti ... 441
Félagsmálaskóli alþýðu ... 357
Fiskistofa ... 235, 242, 330, 331
Fiskræktarsjóður ... 235, 324, 326
Fjármagnstekjuskattur ... 389, 393
Fjármálaeftirlitið ... 243, 418
Fjármálaráðuneyti ... 43, 386, 436
Fjármálaráðuneyti, B-hluti ... 436
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta ... 46
Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta ... 45
Fjársýsla ríkisins ... 269, 395, 396
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri ... 369, 370
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra ... 240
Fjölbrautaskóli Snæfellinga ... 241
Fjölbrautaskóli Suðurlands ... 240
Fjölbrautaskóli Suðurnesja ... 240
Fjölbrautaskóli Vesturlands ... 240, 296
Fjölbrautaskólinn Ármúla ... 240
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 240

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 240
Flensborgarskóli ... 240
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli ... 45, 311, 435
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta ... 408
Flutningssjóður olíuvara ... 237, 419
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna ... 358
Fornleifasjóður ... 305
Fornleifavernd ríkisins ... 300
Forsætisráðuneyti ... 43, 274
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 277
Fóðursjóður ... 234
Framhaldsskólar, stofnkostnaður ... 292, 295
Framhaldsskólinn á Húsavík ... 240
Framhaldsskólinn á Laugum ... 241
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu ... 240
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum ... 240
Framkvæmdasjóður aldraðra ... 236, 373
Framkvæmdasjóður fatlaðra ... 351, 356
Framkvæmdasýsla ríkisins ... 396
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ... 324, 325
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ... 284, 297
Fræðslumiðstöð Þingeyinga ... 297
Fullorðinsfræðsla fatlaðra ... 292
Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef ... 234
Fæðingarorlof ... 235, 357
Fæðingarorlofssjóður ... 233

## G

Garðávaxtasjóður ... 324
Geislavarnir ríkisins ... 242, 383
Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum ... 237
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra ... 236
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu ... 323, 324
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu ... 324, 326
Greiðslur vegna riðuveiki ... 324
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu ... 323, 324
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ... 355, 356

## H

Hafnabótasjóður ... 406
Hafnamannvirki ... 406
Hafrannsóknastofnunin ... 331
Hagræn skipting gjalda í A-hluta ... 233
Hagstofa Íslands ... 43, 419, 420

Hagþjónusta landbúnaðarins ..... 319, 322
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs ..... 44
Happdrætti Háskóla Íslands ..... 45, 254, 432, 433
Háskóla- og rannsóknastarfsemi ..... 285, 291, 306
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður ..... 285
Háskólasjóður ..... 244, 288
Háskóli Íslands ..... 234, 239, 244, 287
Háskólinn á Akureyri ..... 239, 284, 289
Háskólinn á Bifröst ..... 284, 289
Háskólinn í Reykjavík ..... 265, 284, 290
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ..... 43, 361, 363, 364
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa ..... 364
Heilbrigðisstofnun Austurlands ..... 383
Heilbrigðisstofnun Suðurlands ..... 383
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja ..... 362, 381, 383
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga ..... 382
Heilbrigðisstofnunin Akranesi ..... 382
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík ..... 382
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ ..... 382
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði ..... 382
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki ..... 382
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum ..... 383
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu ..... 380
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi ..... 380
Heilsugæslustöðvar, almennt ..... 378, 379
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands ..... 377
Heimildir ..... 49
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands ..... 383
Héraðsdómstólar ..... 339
Héraðsskógar ..... 322, 323
Hið íslenska bókmenntafélag ..... 305
Hjúkrunarheimili, almennt ..... 375
Hlaðgerðarkot ..... 377
Hlein ..... 377
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal ..... 241, 319, 321
Hrafnseyri ..... 277
Húsafriðunarnefnd ..... 299, 302
Hæstiréttur ..... 339
Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir ..... 234
Höfundarréttargjöld ..... 234, 299, 302

## I

Iðnaðarmálagjald ..... 237
Iðnaðarráðuneyti ..... 43, 409
Iðnaðarráðuneyti, B-hluti ..... 437

Iðnaðarráðuneyti, C-hluti ... 443
Iðnskólinn í Hafnarfirði ... 241
Iðnskólinn í Reykjavík ... 241
Iðntæknistofnun Íslands ... 411, 412
Inngangur ... 245
Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum ... 319

## Í

Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild ... 46, 441
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild ... 46
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir ... 46, 442
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán ... 46, 442
Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta ... 277
Íslenskar orkurannsóknir ... 45, 265, 437
Íslenski dansflokkurinn ... 299, 302
Íslenskukennsla fyrir útlendinga ... 297
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands ... 284, 305
Íþróttasamband fatlaðra ... 306
Íþróttasjóður ... 306

## J

Jafnréttisstofa ... 354
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins ... 241, 324, 326
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku ... 413, 414
Jöfnunarsjóður sókna ... 244, 348
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ... 233, 244, 356, 357

## K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög ... 44
Kennaraháskóli Íslands ... 239, 284, 289
Kirkjugarðar ... 348, 349
Kirkjumálasjóður ... 244, 348
Kjararáð ... 398
Kosningar ... 337, 339
Kristnisjóður ... 348, 349
Kvennaskólinn í Reykjavík ... 240
Kvikmyndamiðstöð Íslands ... 299, 303
Kvikmyndasafn Íslands ... 300, 301

## L

Lagasafn ... 337
Landbúnaðarháskóli Íslands ... 321
Landbúnaðarráðuneyti ... 43, 315, 318

Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ... 318
Landbúnaðarstofnun ... 234, 241, 319, 320
Landgræðsla ríkisins ... 322
Landhelgisgæsla Íslands ... 344
Landhelgissjóður Íslands ... 345
Landlæknir ... 242, 384
Landmælingar Íslands ... 238, 428
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn ... 291
Landshlutabundin skógrækt ... 323
Landspítali - háskólasjúkrahús ... 242
Landssamband KFUM og KFUK ... 305
Launa- og verðlagsmál ... 389, 394
Launasjóður stórmeistara í skák ... 305
Lánasjóður íslenskra námsmanna ... 46, 233, 298, 440
Lánasýsla ríkisins ... 395, 397, 431
lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs ... 44
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir ... 47
Leiguíbúðir ... 359
Listaháskóli Íslands ... 284, 290
Listamannalaun ... 244
Listasafn Einars Jónssonar ... 300
Listasafn Íslands ... 301
Listasjóðir ... 244, 299
Listir ... 303
Listir, framlög ... 303
Listskreytingasjóður ... 299
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun ... 391
Lífeyristryggingar ... 233, 236, 255, 366
Lyfjaeftirlit ... 305
Lyfjastofnun ... 236, 242, 383
Lýðheilsustöð ... 236, 244, 384
Læknavaktin ... 380
Lögbirtingablað ... 338
Lögregluskóli ríkisins ... 340
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ... 235, 340, 343
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli 242, 334, 341, 344

## M

Mannúðarmál og neyðaraðstoð ... 313
Markaðar tekjur ... 234
Markaðsgjald ... 234
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu ... 403
Matvælarannsóknir ... 256, 259, 331
Málefni fatlaðra ... 352, 385
Málskostnaður í opinberum málum ... 340

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO ... 314
Menningarsjóður félagsheimila ... 303
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 301
Menntamálaráðuneyti ... 43, 280
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 306
Menntamálaráðuneyti, B-hluti ... 433
Menntamálaráðuneyti, C-hluti ... 440
Menntaskóli Borgarfjarðar ... 292
Menntaskólinn að Laugarvatni ... 239
Menntaskólinn á Akureyri ... 239
Menntaskólinn á Egilsstöðum ... 239
Menntaskólinn á Ísafirði ... 239
Menntaskólinn á Laugarvatni ... 239
Menntaskólinn í Kópavogi ... 240, 296
Menntaskólinn í Reykjavík ... 239
Menntaskólinn við Hamrahlíð ... 239
Menntaskólinn við Sund ... 239
Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini ... 277, 279

## N

Námsefnisgerð ... 296
Námsgagnastofnun ... 298
Námsmatsstofnun ... 286, 290, 291, 298
Náttúrufræðistofnun Íslands ... 428, 429
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn ... 425
Náttúrustofur ... 428, 429
Neyðarsímsvörun ... 340
Neytendasamtökin ... 417
Neytendastofa ... 237, 243, 418
Niðurgreiðslur á húshitun ... 413
Norðurlandsskógar ... 323
Norræn samvinna ... 303
Norræna ráðherranefndin ... 277
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins ... 46, 444
Nýsköpunarsjóður ... 46, 444

## O

Ofanflóðasjóður ... 238, 427, 428
Olíugjald ... 236
Opinber réttaraðstoð ... 339, 340
Orkusjóður ... 46, 413, 443
Orkustofnun ... 413

## Ó

Óbyggðanefnd ... 277

## P

Persónuvernd ... 339
Póst- og fjarskiptastofnunin ... 237, 243

## R

Rannsóknamiðstöð Íslands ... 263, 284, 290
Rannsóknarnámssjóður ... 290
Rannsóknasjóður ... 290, 330, 332
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs ... 330, 332
Ratsjárstofnun ... 45, 436
Raunvísindastofnun Háskólans ... 287, 288
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól ... 397
Rekstrarreikningur ríkissjóðs ... 245
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs ... 43
Reykjalundur, Mosfellsbæ ... 377
Reykjavíkurakademían ... 291
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora ... 284
Ríkisábyrgðir ... 47
Ríkisendurskoðun ... 273
Ríkiskaup ... 397
Ríkislögmaður ... 277
Ríkislögreglustjóri ... 235, 343
Ríkissaksóknari ... 343
Ríkissáttasemjari ... 354
Ríkisskattstjóri ... 243, 391
Ríkisstjórnarákvarðanir ... 397
Ríkisútvarpið ... 45, 233, 241, 302, 434
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn ... 369, 371

## S

Safnasjóður ... 301
Sala eigna ... 43, 50, 254
Sala hlutabréfa og eignarhluta ... 44
Sameinuðu þjóðirnar, UN ... 314
Samgönguráðuneyti ... 43, 400
Samkeppniseftirlitið ... 418
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ... 304
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið ... 371
Samtök iðnaðarins ... 237, 412
Schengen-samstarf ... 336, 340, 345

Sendiráð Íslands ..... 311
Siglingastofnun Íslands ..... 243, 406
Sinfóníuhljómsveit Íslands ..... 45, 302, 434, 435
Símenntun og fjarkennsla ..... 292, 297
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun ..... 377
Sjávarútvegsráðuneyti ..... 43, 329
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa ..... 329
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs ..... 44
Sjóðstreymi ríkissjóðs ..... 245
Sjóður til síldarrannsókna ..... 330
Sjónstöð Íslands ..... 53, 383
Sjúklingatrygging ..... 368
Sjúkraflutningar ..... 370, 380
Sjúkrahótel ..... 369
Sjúkratryggingar ..... 233, 365, 370
Skammtímalán ríkissjóðs ..... 44
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld ..... 390
Skattrannsóknarstjóri ríkisins ..... 390
Skatttekjur ..... 43, 251
Skáksamband Íslands ..... 306
Skákskóli Íslands ..... 306
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ ..... 355
Skipulagsmál sveitarfélaga ..... 238, 427
Skipulagsstofnun ..... 427
Skjólskógar, Vestfjörðum ..... 323
Skógrækt ríkisins ..... 241, 322
Skriðuklaustur ..... 305
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ..... 333
Slysatryggingar ..... 236, 368
Snorrastofa ..... 305
Sóknargjöld ..... 244, 349
Sólheimar í Grímsnesi ..... 355
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi ..... 382
St. Jósefsspítali, Sólvangur ..... 383
Starfsemi áhugaleikfélaga ..... 303
Stjórnarskrárnefnd ..... 277
Stjórnartíðindi ..... 338
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ..... 265, 284, 289, 291
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar ..... 430
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga ..... 426
Styrktarfélag vangefinna ..... 355
Suðurlandsskógar ..... 323
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal ..... 242

## T

Talsmaður neytenda ..... 418
Tannverndarsjóður ..... 244
Tapaðar kröfur og tjónabætur ..... 393
Tapaðar kröfur ..... 393
Tekin löng lán ríkissjóðs ..... 44
Tekjujöfnuður ..... 43
Tilraunastöð Háskólans að Keldum ..... 239, 288, 291
Tollstjórinn í Reykjavík ..... 391
Tóbaksvarnir ..... 244
Tónlist fyrir alla ..... 303
Tryggingagjald ..... 235, 236, 237
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ..... 235, 357
Tryggingastofnun ríkisins ..... 52, 365, 368, 371, 384
Tækjasjóður ..... 239, 290, 434
Tækniþróunarsjóður ..... 412
Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis ..... 338

## U

Umboðsmaður Alþingis ..... 273
Umboðsmaður barna ..... 278
Umferðarstofa ..... 236, 243, 404
Umhverfisráðuneyti ..... 43, 421, 423
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa ..... 423
Umhverfisstofnun ..... 238, 243, 256, 421, 425, 426
Ungmennafélag Íslands ..... 305
Upplýsingatæknimál ..... 385
Utanríkisráðuneyti ..... 43, 308, 435
Utanríkisráðuneyti, B-hluti ..... 435
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál ..... 424
Úrvinnslusjóður ..... 238, 425, 426
Útboðs- og einkavæðingarverkefni ..... 277
Útflutningsráð Íslands ..... 234, 314
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ..... 398
Útlendingastofnun ..... 339, 340, 344, 345, 347
Útvarpsréttarnefnd ..... 306

## V

Varasjóður húsnæðismála ..... 359
Vaxtabætur ..... 233, 389, 393
Vaxtagjöld ríkissjóðs ..... 43, 256, 431
Veðurstofa Íslands ..... 430
Veiðimálastofnun ..... 320
Veitt löng lán ríkissjóðs ..... 44

Veitt stutt lán ríkissjóðs ... 44
Verðlagsstofa skiptaverðs ... 332
Verðmiðlun landbúnaðarvara ... 234, 325
Verkefnasjóður sjávarútvegsins ... 242, 332
Verkmenntaskóli Austurlands ... 240
Verkmenntaskólinn á Akureyri ... 240
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn ... 277
Vesturfarasetrið á Hofsósi ... 276, 277
Vesturlandsskógar ... 323
Viðskiptaráðuneyti ... 43, 415, 444
Viðskiptaráðuneyti, C-hluti ... 444
Vinnueftirlit ríkisins ... 235, 242, 354
Vinnumál ... 352, 358
Vinnumálastofnun ... 357
Virðisaukaskattur ... 43, 253
Vistheimilið Bjarg ... 377
Vistun ósakhæfra afbrotamanna ... 369
Vörugjald af bensíni ... 254

## Þ

Þjóðgarðar og friðlýst svæði ... 426
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ... 279
Þjóðkirkjan ... 349
Þjóðleikhúsið ... 299, 302
Þjóðmenningarhúsið ... 277
Þjóðminjasafn Íslands ... 300
Þjóðskjalasafn Íslands ... 300, 302
Þjóðskrá ... 242, 339, 347
Þróunaraðstoð ... 313
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi ... 313
Þróunarsamvinnustofnun Íslands ... 313
Þungaskattur ... 236

## Æ

Æðsta stjórn ríkisins ... 43, 270
Æskulýðsmál ... 305
Æskulýðsrannsóknir ... 305
Æskulýðsráð ríkisins ... 305
Æskulýðssjóður ... 305

## Ö

Öldrunarstofnanir, almennt ... 372

# 2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 2007.

(Lögð fram af forsætisráðherra 2. október 2006.)

**Inngangur.**

Megináherslur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eru að tryggja jafnvægi og stöðugleika og skapa þannig skilyrði til aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, enn frekari hagvaxtar og aukins kaupmáttar almennings. Traust staða ríkisfjármála gegnir hér lykilhlutverki og skapar í senn svigrúm til lækkunar skulda ríkisins og lækkunar skatta heimila og fyrirtækja.

Víðtækar skipulagsbreytingar sem stjórnvöld hafa gripið til á undanförnum 10–15 árum hafa leitt þessa þróun. Þar má nefna mikla lækkun skatta á heimili og fyrirtæki, innleiðingu frelsis í fjármálaviðskiptum milli Íslands og annarra landa og einkavæðingu ríkisfyrirtækja, ekki síst fjármálastofnana og Símans. Þessar breytingar samfara vaxandi alþjóðavæðingu leystu úr læðingi mikla athafnasemi og sköpunarkraft hjá þjóðinni sem leitt hefur til almennrar hagsældar og skilað allt að 60% kaupmáttaraukningu til heimilanna. Þessar staðreyndir endurspeglast í miklum hagvexti, nægri atvinnu og auknum atvinnutækifærum og uppbyggingu víða um land.


**Helstu niðurstöður þjóðhagsspár.**

Eins og fram kemur í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007 er áfram gert ráð fyrir talsverðum hagvexti á árinu 2006, eða 4,2%. Þetta er þó minni hagvöxtur en næstu tvö ár á undan sem var á bilinu 7–8% hvort ár. Skýringin er bæði fólgin í minni aukningu fjárfestingar vegna stóriðjuframkvæmda og sömuleiðis hefur hægt verulega á aukningu einkaneyslu heimilanna. Gert er ráð fyrir framhaldi á þessari þróun árið 2007 en þá er spáð samdrætti í bæði fjárfestingu og einkaneyslu. Áfram er þó reiknað með nokkrum hagvexti þótt hann verði mun minni en að undanförnu, eða 1%, en það stafar bæði af því að útflutningur áls eykst umtalsvert og innflutningur dregst verulega saman.

Mikill hagvöxtur undanfarin ár hefur óhjákvæmilega haft í för með sér vaxandi viðskiptahalla. Gert er ráð fyrir að hallinn nái hámarki á þessu ári og verði þá rúmlega 200 milljarðar kr., eða sem nemur tæplega 19% af landsframleiðslu. Skýringin er að stærstum hluta stórfelldur innflutningur vegna stóriðjuframkvæmdanna. Auk þess hefur innflutningur neysluvöru aukist verulega sem að hluta má rekja til áhrifa þessara framkvæmda en einnig til mikilla umsvifa á íbúðamarkaði. Á næsta ári er hins vegar spáð nær helmings lækkun viðskiptahalla þegar stóriðjuframkvæmdunum lýkur vegna samdráttar í fjárfestingu og einkaneyslu og aukins álútflutnings.


Gert er ráð fyrir að hagvöxtur taki við sér á ný á árinu 2008 og verði þá um 2½%. Framreiknuð spá gerir ráð fyrir allt að 3% árlegum hagvexti á tímabilinu 2009–2012. Jafnframt er því spáð að viðskiptahallinn minnki hratt og verði nálægt langtímajafnvægi á árunum 2008–2012, um 2½% af landsframleiðslu.

**Hagvöxtur og viðskiptajöfnuður.**




Uppsveiflan í efnahagslífinu og þær miklu breytingar sem hafa orðið á íbúðalánamarkaði hafa leitt til mikillar hækkunar fasteignaverðs. Hækkun fasteignaverðs og snörp hækkun olíuverðs hafa lengst af verið meginskýringar aukinnar verðbólgu frá síðari hluta árs 2004. Á móti vó hins vegar að nokkru styrking krónunnar og lækkandi innflutningsverð allt fram á þetta ár. Þessar aðstæður gjörbreyttust á fyrstu mánuðum ársins þegar gengi krónunnar lækkaði mjög ört, eða um 20%, í kjölfar neikvæðrar umfjöllunar erlendra greiningardeilda um íslenskt efnahagslíf og almennrar ókyrrðar á alþjóðafjármálamörkuðum. Við þetta tók verðbólgan mikinn kipp og fór hæst upp í 8½% síðla sumars. Á næstu mánuðum er búist við að verðbólgan hjaðni á nýjan leik og gætir þar m.a. áhrifa kólnandi fasteignamarkaðar, lækkunar olíuverðs og styrkingar gengis að undanförnu. Í forsendum fjárlagafrumvarps er reiknað með að 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans náist á seinni hluta árs 2007 og að verðhækkunin frá upphafi til loka árs verði rétt rúmlega 2%. Langtímaspáin gerir síðan ráð fyrir að verðbólgan verði innan 2,5% verðbólgumarkmiðs Seðlabankans allt tímabilið 2008–2012.


**Vísitala neysluverðs og gengisvísitala.**




Samhliða auknum umsvifum í efnahagslífinu hefur dregið hratt úr atvinnuleysi en það er nú með því lægsta sem mælst hefur, eða 1,3%. Þetta gerist þrátt fyrir mikla fjölgun erlendra starfsmanna á undanförnum árum, úr 3.400 árið 1998 í 9.000 árið 2005, eða sem svarar til 5,5% af fjölda starfandi. Reiknað er með að heldur dragi úr eftirspurn á vinnumarkaði á

næsta ári og að atvinnuleysi verði þá liðlega 2% og haldist nálægt því út spátímabilið til 2012.


**Kaupmáttur ráðstöfunartekna.**




Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hefur aukist verulega undanfarin ár. Hér gætir einkum áhrifa þriggja þátta, þ.e. almennrar hækkunar launa, skattalækkunar og hækkunar barnabóta. Kaupmátturinn jókst um tæplega 5% árið 2005 og spáð er tæplega 6% aukningu í ár og tæplega 4% næsta ár. Frá og með árinu 1995 og til loka þessa árs er talið að kaupmáttaraukningin hafi numið tæplega 60%. Slík þróun er einsdæmi meðal vestrænna þjóða.


Eitt helsta einkenni hagstjórnar hér á landi að undanförnu er traust staða ríkisfjármála. Þetta kemur hvað skýrast fram á árinu 2005 en þá nam tekjuafgangur ríkissjóðs, að frátöldum tekjum af sölu Símans, 54 milljörðum kr. eða 5,4% af landsframleiðslu, og hefur aldrei verið meiri. Þessi þróun heldur áfram á yfirstandandi ári og er nú reiknað með ívið minni afgangi eða sem nemi 49 milljörðum kr. Þetta er mun betri afkoma en fjárlög gerðu ráð fyrir sem endurspeglar mikil efnahagsleg umsvif og góða fjárhagslega afkomu heimila og fyrirtækja, sem skilar ríkissjóði miklum tekjum, og áframhaldandi mikið aðhald í ríkisfjármálum. Aðhaldsstig ríkisfjármála sést enn betur þegar leiðrétt hefur verið fyrir hagsveiflunni eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti.

**Afkoma ríkissjóðs, % af VLF.**



Góð afkoma ríkissjóðs og mikill afgangur ár eftir ár hefur gefið færi á því að greiða skuldir ríkissjóðs mjög hratt niður eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti. Þar sést að hrein skuldastaða ríkisins hefur batnað jafnt og þétt síðasta áratug og er nú áætluð nema aðeins 4½% af landsframleiðslu í lok þessa árs. Ef tekið er tillit til mikillar inneignar ríkissjóðs á reikningum sínum í Seðlabanka er staðan jafnvel enn betri. Sama staða er upp á teningnum hvað varðar skuldastöðu hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga. Þar er hrein skuldastaða áætluð rétt um 9% af landsframleiðslu í lok þessa árs. Til samanburðar má nefna að hreinar skuldir OECD-landanna og evrusvæðisins eru að meðaltali á bilinu 45–55% af landsframleiðslu. Þessi staða endurspeglar þá styrku og aðhaldssömu stjórn ríkisfjármála sem hér hefur verið fylgt á undanförnum árum.

**Hrein skuldastaða hins opinbera, % af VLF.**




## 3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um nýja framtíðarskipan lífeyrismála.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Jón Bjarnason, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Margrét Frímannsdóttir, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson, Valdimar L. Friðriksson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lífeyriskafla laga um almannatryggingar. Endurskoðunin verði unnin í fullu samráði við samtök aldraða og öryrkja. Skoðað verði samspil almannatrygginga og lífeyriskerfisins með það að markmiði að einfalda tryggingakerfið, draga úr skerðingaráhrifum tekna og auka möguleika lífeyrisþega til að bæta kjör sín. Þá verði komið á afkomutryggingu sem tryggi viðunandi lífeyri. Til undirbúnings af-

komutryggingar verði þegar í stað gerð úttekt á framfærslukostnaði lífeyrisþega sem grunnlífeyrir og tekjutrygging byggist á. Eftirfarandi atriði verði m.a. lögð til grundvallar í nýrri framtíðarskipan lífeyrismála:

1. Ný tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. og öryrkja 86 þús. kr. frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa. Frá sama tíma verði dregið úr skerðingaráhrifum tekna þannig að í stað þess að skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerði tekjutryggingu um 45% þeirra tekna sem umfram eru, verði hlutfallið 35%.
2. Frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007 og skerði ekki tekjutryggingu. Skoðað verði hvort nýta megi hluta þessa frítekjumarks fyrir tekjur úr lífeyrissjóði. Öryrkjar hafi val um þetta nýja frítekjumark eða eldri reglu eftir því hvort er þeim hagstæðara.
3. Ráðstöfunarfé (vasapeningar) við dvöl á stofnun hækki um 50% frá frá 1. júlí 2006 ásamt því að frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr. Frá 1. janúar 2008 verði stefnt að því að breyta greiðslufyrirkomulagi á daggjaldastofnunum fyrir aldraða í svipaða veru og gildir fyrir fatlaða á sambýlum.
4. Skilgreind verði neysluútgjöld lífeyrisþega sem myndi viðmiðun fyrir grunnlífeyri og tekjutryggingu. Þessi viðmiðun hækki í samræmi við neysluvísitölu þannig að tryggt sé að hún haldi verðgildi sínu. Hækki launavísitala umfram neysluvísitölu verði tekið mið af henni þannig að lífeyrisþegum sé tryggð hlutdeild í auknum kaupmætti í samfélaginu.
5. Afnumin verði að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka.
6. Öryrkjar haldi aldurstengdri örorkuuppbót þegar farið er á ellilífeyri.

Skilgreining á neysluútgjöldum lífeyrisþega, sem afkomutrygging þeirra skal byggð á, liggi fyrir eigi síðar en 1. desember 2007, ásamt tillögum um hvernig draga megi frekar úr skerðingu lífeyrisgreiðslna vegna annarra tekna. Þegar úttekt hefur verið gerð á framfærsluþörf lífeyrisþega skal í samráði við hagsmunasamtök þeirra gera áætlun um tímasetta áfanga afkomutryggingar.

## Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt sameiginlega af öllum þingmönnum Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins. Fulltrúar þingflokkanna hafa að undanförnu rætt um og samræmt áherslur sínar á sviði almannatryggingamála. Allir hafa flokkarnir flutt tillögur um málið á undanförnum þingum, ályktað og sett fram sín sjónarmið á þessu sviði með margvíslegum hætti og tekur tillagan mið af þeim málatilbúnaði.

Tillagan endurspeglar það sameiginlega viðhorf stjórnarandstöðunnar að eitt allra brýnasta verkefnið á sviði velferðarmála hér á landi sé að bæta kjör öryrkja og aldraðra. Óumdeilt er að allur þorri þeirra sem þessum hópum tilheyra hefur alls ekki notið lífskjarabata sambærilegs við þann sem aðrir landsmenn hafa hlotið undanfarin ár. Úr því vill stjórnarandstaðan bæta án frekari tafar með þeim aðgerðum sem tillagan felur í sér. Þær koma til viðbótar og ganga mun lengra en þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur fallist á að grípa til eftir mikinn þrýsting. Eins og kunnugt er hefur mikil óánægja og reiði byggst upp í samfélaginu sökum þess hvernig aldraðir og öryrkjar hafa setið eftir. Tillagan felur í sér annars vegar tafarlausar aðgerðir sem fela í sér verulegar kjarabætur til þessa hóps þegar á þessu ári og frá næstu áramótum. Hins vegar felur tillagan í sér aðgerðir sem leggja grunn að breyttri grundvallarskipan þessara mála. Þar eru veigamestu breytingarnar eins konar lífskjara- eða afkomutrygging, sem tekur mið af raunverulegum framfærslukostnaði, og tilkoma innbyggðs hvata

eða auknir möguleikar elli- og örorkulífeyrisþega til að bæta stöðu sína með viðbótartekjuöflun án þess að til skerðingar lífeyris komi.

Aftar í þessari greinargerð er rakinn sá kostnaður sem fylgir framkvæmd tillögunnar. Er ljóst að hann er vel viðráðanlegur og rúmast að mati stjórnarandstöðunnar innan þess ramma sem núverandi tekjuöflun ríkissjóðs og áætlaður hagvöxtur býður upp á. Ekki má gleyma því að breytingum af þessu tagi fylgir sparnaður annars staðar, svo sem hjá sveitarfélögunum og jafnvel einnig nokkrar skatttekjur til þeirra og ríkisins samfara aukinni atvinnuþátttöku aldraðra og öryrkja ef kerfið virkar hvetjandi í þeim efnum. Mikilvægastur er þó auðvitað hinn samfélagslegi ávinningur og aukin lífsgæði þeirra sem breytinganna njóta. Þingflokkar stjórnarandstöðunnar munu fjalla frekar um kostnaðarliði tillögunnar þegar fjárlagafrumvarpið kemur fram og forsendur þess verða ljósar. Tillögunni verður þá fylgt eftir með flutningi tillagna um viðeigandi fjárheimildir og fjármögnun skoðuð nánar.

Meginmarkmið þessarar þingsályktunartillögu er að hækka lífeyrisgreiðslur aldraðra og öryrkja svo og að auka svigrúm þeirra til að afla sér tekna án þess að það skerði lífeyrisgreiðslur þeirra. Sérstök áhersla er lögð á að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og að tekin verði upp afkomutrygging sem byggð sé á skilgreindum neysluútgjöldum lífeyrisþega, einkum þeirra sem eingöngu hafa lífeyri sér til framfærslu.

Hér á eftir fara helstu breytingarnar sem gera á í aðdraganda þess að komið verði á afkomutryggingu og koma þær til viðbótar þeim tillögum sem samið var um í viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Landssamtaka eldri borgara (LEB) sem undirrituð var 19. júlí sl.

**Hækkuð tekjutrygging.**

Ný tekjutrygging hækkar í 85 þús. kr. hjá öldruðum í fyrsta áfanga og í 86 þús. kr. hjá öryrkjum, að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa. Lífeyrisþegi sem býr einn á kost á heimilisuppbót til viðbótar til að mæta aukakostnaði við að vera einn um heimilisrekstur. Þeir sem fá heimilisuppbót einnig mundu því hækka úr rúmlega 126 þús. kr. í rúmar 133 þús. kr. á mánuði. Lagt er til að skerðingarprósentan fari þegar um áramót úr 45% í 35% en ríkisstjórnin áætlar að lækka hana í 39,95% þá og aftur í 38,35% árið 2008. Hér eru því lagðar til minni tekjuskerðingar þegar frá 1. janúar 2007.

**Frítekjumark vegna atvinnutekna.**

Lagt er til að atvinnutekjur (frítekjur) sem ekki skerða tekjutryggingu verði 900 þús. kr. á ári, eða 75 þús. kr. á mánuði þegar frá 1. janúar 2007. Tillaga ríkisstjórnarinnar felur í sér 200 þús. kr. frítekjur á ári frá 1. janúar 2009, eða um 17.000 kr. á mánuði, og 25 þús. kr. frítekjur á mánuði frá 1. janúar 2010. Hér er gert ráð fyrir að öryrkjar hafi val um að nýta sér þetta nýja frítekjumark eða fara eftir eldri reglu, eftir því hvort er þeim hagstæðara. Fyrir öryrkja með árstekjur undir 1,5 millj. kr. er þetta nýja frítekjumark hagstæðara en gildandi regla, sem miðar við að 60% tekna skerði tekjutryggingu. Flutningsmenn telja að stefna eigi að því að koma á frítekjumarki gagnvart lífeyristekjum samsvarandi því sem hér er lagt til.

Í öðrum tölulið tillögugreinarinnar er vikið að því að rétt sé að skoða hvort heimila eigi að nýta einhvern hluta 75 þús. kr. frítekjumarksins fyrir tekjur úr lífeyrissjóði í stað þess að þær skerði tryggingagreiðslur strax frá fyrstu krónu. Með því yrði komið til móts við þann hluta hópsins sem ekki er fær um að afla sér atvinnutekna og bæta þannig stöðu sína en hefur hins vegar einhverjar tekjur frá lífeyrissjóði. Einnig kemur til greina að taka upp sérstaka og vægari skerðingarreglu gagnvart t.d. fyrstu tugþúsundunum sem viðkomandi hafa í lífeyrissjóðstekjur á mánuði hverjum. Þannig mætti hugsa sér að fyrstu 10 þús. kr. sem lífeyrisþegi fær frá lífeyrissjóði skertu tryggingagreiðslur aðeins um 10%, næstu 10 þús. kr. skertu þær

um 20% o.s.frv. þar til hinu almenna skerðingarhlutfalli er náð, sem samkvæmt tillögunni er 35%.

**Reisn og fjárhagslegt sjálfstæði.**

Tillagan gerir ráð fyrir að ráðstöfunarfé (vasapeningar) lífeyrisþega sem dveljast á stofnunum hækki um 50% samhliða afnámi frítekjumarks, afturvirkt frá 1. júlí 2006. Vasapeningarnir hækki þá um 11.436 kr. og verði 34.309 kr. á mánuði hjá vistmanni með engar aðrar tekjur, en lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun falla niður þegar lífeyrisþegi vistast á hjúkrunar- eða dvalarheimili. Ríkisstjórnin hefur gert tillögu um 28.591 kr. vasapeninga frá næstu áramótum en vasapeningar hækkuðu ekki eins og almennar lífeyrisgreiðslur 1. júlí sl. Flutningsmenn leggja enn fremur til að frítekjumark gagnvart eigin þátttöku í vistgjaldi þeirra sem dveljast á stofnun verði hækkað í 75 þús. kr. á mánuði en þeir mega nú halda eftir 50 þús. kr. af lífeyrisgreiðslum sínum.

**Neyslugrunnur og afkomutrygging.**

Skilgreind verði neysluútgjöld lífeyrisþega sem grunnlífeyrir og tekjutrygging taki mið af og hækki síðan í samræmi við launavísitölu eða neysluvísitölu eftir því hvort er hagstæðara fyrir lífeyrisþega. Framfærslugrunnur lífeyrisþega sem afkomutrygging byggist á skal liggja fyrir eigi síðar en 1. desember 2007.

Stefna á að því að skilgreining á neyslugrunni lífeyrisþega liggi fyrir 1. desember 2007. Þegar framfærsluþörf lífeyrisþega hefur verið metin í nýjum neyslugrunni skal í samráði við hagsmunasamtök þeirra gera áætlun um tímasetta áfanga upptöku nýrrar afkomutryggingar sem hafi það að markmiði að enginn hafi sér til framfærslu lífeyri undir skilgreindri framfærsluþörf. Einnig er gert ráð fyrir að þá verði skoðað hvernig draga megi frekar úr skerðingu lífeyrisgreiðslna vegna annarra tekna.

**Lífeyrir aftengdur tekjum maka og aldraðir öryrkjar haldi örorkuuppbót.**

Afnumin verði að fullu tenging lífeyrisgreiðslna við tekjur maka, en í tillögum ríkisstjórnarinnar er einungis gert ráð fyrir að afnema hana að hluta. Aldurstengd örorkuuppbót skerðist ekki þegar öryrki fer á lífeyri en nú fellur hún niður á 67 ára afmælisdegi öryrkjans og lækka greiðslur til hans sem því nemur.

**Afkomutryggingin og yfirlýsing ríkisstjórnar og LEB.**

Á 132. löggjafarþingi flutti þingflokkur Samfylkingarinnar tillögu til þingsályktunar um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja (4. mál á þskj. 4). Lagt var til að ríkisstjórninni yrði, í samráði við samtök lífeyrisþega, falið að koma á afkomutryggingu. Grunnlífeyrir og tekjutrygging skyldi vera sem næst lágmarksframfærslu, sem væri skilgreind í samræmi við neysluútgjöld lífeyrisþega. Einnig skyldi rýmka skerðingarhlutföll grunnlífeyris og tekjutryggingar til að auka svigrúm til atvinnuþátttöku.

Í júlímánuði sl. voru birtar tillögur sem ríkisstjórnin hafði unnið í samráði við LEB. Þær byggðust á því að hækkun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga fyrir þá hópa sem minnst hafa í tryggingakerfinu yrði sambærileg því sem um hafði verið samið á vinnumarkaðnum fyrir lágtekjufólk.

Þessi hækkun lífeyrisgreiðslna var þegar í hendi vegna samkomulags við aðila vinnumarkaðarins fyrr á árinu, en um var að ræða 15 þús. kr. hækkun á mánuði frá 1. júlí sl. fyrir þá sem eingöngu höfðu sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga. Einungis um 300–400 aldraðir fá þessa hækkun óskerta.

Þeir sem nú hafa fullan grunnlífeyri og tekjutryggingu fá 13 þús. kr. hækkun á mánuði en í þeirri fjárhæð er líka 1,7% hækkun sem þegar var ráðgerð á fjárlögum yfirstandandi árs. Aðrir ellilífeyrisþegar fá minna. Það vekur furðu að þeir sem eru á stofnunum skuli ekki fá hækkun á ráðstöfunarfé sínu fyrr en 1. janúar 2007, og þá eingöngu um 5 þús. kr. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir mun meira ráðstöfunarfé til þeirra og frá sama tíma og aðrir lífeyrisþegar fengu hækkun, eða 1. júlí 2006. Ástæða er líka til að vekja athygli á því að með viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er þó í engu mætt þeirri gífurlegu skerðingu sem lífeyrisþegar hafa orðið fyrir frá árinu 1995, en ætla má að grunnlífeyrir og tekjutrygging almannatryggginga væru 165–170 þús. kr. hærri á ári nú ef þessar lífeyrisgreiðslur hefðu haldið raungildi sínu frá þeim tíma.

**Yfirlýsingin gengur of skammt.**

Það er vitaskuld ótrúleg skammsýni hjá ríkisstjórninni að ætla ekki að taka upp frítekjumark gagnvart atvinnutekjum fyrr en á árinu 2009, og þá 200 þús. kr. á ári, sem samsvarar um 17 þús. kr. á mánuði, og hækka það svo í 300 þús. kr. á ári, eða 25 þús. kr. á mánuði, þegar frítekjumarkið er að fullu komið til framkvæmda. Gífurleg óánægja er með það hjá lífeyrisþegum að frítekjumarki verði ekki strax komið á og reyndar furðulegt að það hafi ekki verið gert, í ljósi þess að ekki er um mikil útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð þegar ávinningur af þessari framkvæmd er skoðaður. Með þessu samkomulagi var því allt of skammt gengið til að bæta lífeyri aldraðra. Forsvarsmenn LEB hafa lýst yfir óánægju sinni og sagt lífeyrishluta viljayfirlýsingarinnar allt of rýran. Hefur reyndar komið fram opinberlega hjá forsvarsmönnum aldraðra að þeir hafi fallist á þessa niðurstöðu vegna þess að þeir hafi fengið skýr skilaboð um að ella stefndu þeir í hættu þjónustuþætti viljayfirlýsingarinnar.

**Breytingar byggðar á yfirlýsingunni.**

Þær breytingar sem ríkisstjórnin hefur lagt til að verði á lífeyrishluta almannatryggingalaganna fela í sér að sameina tekjutryggingu og tekjutryggingarauka í einn bótaflokk og að tekin verði upp ný tekjutrygging sem 1. janúar 2007 verður 78.542 kr. fyrir aldraða og 79.600 kr. fyrir öryrkja. Samhliða er frítekjumark gagnvart tekjutryggingu, sem var um 50 þús. kr. á mánuði, fellt niður. Hér er um að ræða grundvallarbreytingar á forsendum fyrir útreikningi lífeyrisgreiðslna og hefur tillaga Samfylkingarinnar frá síðasta þingi tekið breytingum út frá því. Í þessari þingsályktunartillögu er því byggt ofan á þann grunn sem lagður var í júlí sl. og koma tillögur flutningsmanna til viðbótar því sem þá var ákveðið.

**Atvinnuþátttaka auðvelduð strax.**

Auk þess að leggja til hækkun á tekjutryggingunni um 6.500 kr. umfram tillögu ríkisstjórnarinnar frá 1. janúar 2007 er lagt til að frítekjumark tekjutryggingar gagnvart atvinnutekjum verði 900 þús. kr. á ári frá áramótum. Afar mikilvægt er að rýmka verulega frítekjumarkið til að auka möguleika lífeyrisþega á að vera á vinnumarkaðnum og afla sér tekna, en mjög mikilvægt er fyrir einstakling að hafa val án þess að til verulegrar skerðingar á lífeyri komi. Skerðingarreglurnar nú eru hrein eignaupptaka hjá fólki. Forsvarsmenn LEB lýstu því svo í blaðagrein fyrr á þessu ári að skerðingarkerfið á lífeyri og bótum sem hér er þekktist hvergi annars staðar. Kom fram að lífeyrisþegi sem hefði tekjutryggingu ásamt greiðslu úr lífeyrissjóði eða atvinnutekjur héldi aðeins eftir 15–33% af þeim tekjum. Skerðingar og skattar væru 67–85%. Af sjálfu leiðir að svo mikil skerðing á lífeyrisgreiðslum vegna annarra tekna dregur úr fólki að afla sér slíkra tekna, það tekur síður að sér verkefni eða hlutastörf sem gæfu viðbótartekjur þegar ríkið sér til þess að hirða stærsta hluta þeirra.

Ef aldraðir fengju að halda 75 þús. kr. atvinnutekjum á mánuði án skerðingar mundi það tvímælalaust stuðla að aukinni atvinnuþátttöku eldra fólks, sem bæði hefur mikið gildi fyrir samfélagið og einstaklinga. Samkvæmt gildandi lögum gilda aðrar skerðingarreglur um tekjur öryrkja og hafa þeir meiri möguleika á að afla sér tekna, þar sem eingöngu 60% atvinnutekna þeirra skerða lífeyrisgreiðslurnar. Það þýðir að þeir sem eru með yfir 1,5 millj. kr. í tekjur hagnast meira á gildandi reglu en frítekjumarkinu sem hér er lagt til. Aftur á móti mundu þeir sem afla sér tekna undir 1,5 millj. kr. hagnast á þessari breytingu.

**Lífeyrisgreiðslur einstaklingsbundinn réttur.**

Það hefur verið báráttumál lífeyrisþega að greiðslur til þeirra miðist eingöngu við eigin tekjur og aðeins þær geti skert lífeyri almannatrygginga en ekki tekjur annarra (þ.e. maka). Nú eru tekjur hjóna og sambýlinga lagðar saman og kemur helmingurinn af sameiginlegum tekjum til skerðingar greiðslna lífeyrisþegans frá Tryggingastofnun ríkisins. Um þetta snerist öryrkjadómurinn, þ.e. um afnám tengingar við tekjur maka. Mikill meiri hluti þeirra sem nú heyra undir þessa reglu mun hagnast á breytingunni, en einhverjir lífeyrisþegar sem eru með háar tekjur og eiga maka með lægri tekjur munu fá eitthvað lægri greiðslur frá Tryggingastofnun. Við afnám þessarar tekjutengingar verða lífeyrisgreiðslur almannatrygginga persónulegur réttur, eins og t.d. atvinnuleysisbætur sem eru óháðar tekjum maka. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa áður flutt frumvarp á Alþingi um afnám tengingar við tekjur maka (19. mál á 123. löggjafarþingi).

**Aldraðir öryrkjar haldi uppbótinni.**

Árið 2003 var komið á aldurstengdri örorkuuppbót. Fjárhæð uppbótarinnar miðast við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki. Þessi uppbót fellur niður er öryrki sem hennar nýtur nær 67 ára aldri og verður ellilífeyrisþegi. Þetta telja flutningsmenn óréttlátt, því tekjuþörf öryrkja minnkar ekki við það að eldast. Auk þess hafa þeir sem verða ungir örykjar minni möguleika á að afla sér lífeyrisréttinda. Því er lagt til að öryrkjar haldi þessari uppbót þegar þeir verða ellilífeyrisþegar. Er það í samræmi við frumvörp sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt um að greiðslur til öryrkja lækki ekki þegar þeir fara á ellilífeyri.

**Vasapeningar á stofnun – fjárhagslegt sjálfstæði.**

Lagt er til að vasapeningar hækki um 50%, afturvirkt frá 1. júlí 2006, en lífeyrisþegar sem fá vasapeninga fengu enga kjarabót þá eins og aðrir lífeyrisþegar almannatrygginga. Aðrir lífeyrisþegar á stofnunum, dvalarheimilum eða hjúkrunarheimilum fengu slíkt ekki heldur.

Þess vegna er hér lagt til að sú fjárhæð sem þeir halda eftir af tekjum sínum til eigin ráðstöfunar hækki úr rúmum 50 þús. kr. í 75 þús. kr.

Vasapeningar eru úrelt fyrirkomulag og barn síns tíma, að mati flutningsmanna. Það felst í því að greiðslur almannatrygginga falla niður er lífeyrisþegi flytur á stofnun og fær hann þess í stað vasapeninga, um 22 þús. kr. á mánuði (miðað við 1. október 2006) en lífeyrisþegar sem afla sér tekna halda eftir um 50 þús. kr., annað fer til stofnunarinnar. Búið er að afnema þetta kerfi gagnvart fötluðum á sambýlum. Þeir halda lífeyrisgreiðslum sínum en greiða sameiginlegan heimiliskostnað, svo sem fæðis- og húsnæðiskostnað, af þeim. Hið opinbera sér um launakostnað. Flutningsmenn leggja til að unnið verði að því að afnema vasapeningakerfið og gerðar þær ráðstafanir sem til þarf svo lífeyrisþegar sem kjósa að búa á dvalarheimili eða missa heilsu og búa á hjúkrunarheimili, haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu.

**Samspil lífeyriskerfisins og almannatrygginga.**

Í tillögunni er lögð áhersla á að komið verði á afkomutryggingu fyrir þá sem hafa ekkert sér til framfærslu annað en lífeyri almannatrygginga. Stór hluti lífeyrisþega sem eiga lítinn rétt í lífeyrissjóðum mun engu að síður eiga allt sitt undir lífeyri almannatrygginga og því er mikilvægt að skilningur og sanngirni stjórnvalda sé til staðar. Það er raunar grundvöllur þess að komið verði á afkomutryggingu sem byggist á skilgreindum framfærslukostnaði aldraðra og öryrkja.

Mikilvægt er líka að skoða samspil almannatrygginga og lífeyriskerfisins. Ljóst er að greiðslur úr lífeyrissjóðunum vega sífellt þyngra í heildartekjum þeirra sem greitt hafa í lengri tíma í lífeyrissjóði. Í riti sem Samtök atvinnulífsins hafa gefið út „Íslenska lífeyriskerfið í umbreytingum“ (mars 2006) kemur fram að á árinu 2004 námu greiðslur TR og lífeyrissjóða til ellilífeyrisþega álíka háum fjárhæðum, eða 21–22 milljörðum kr. hjá hvorum aðila fyrir sig. Eftir áratug munu greiðslur lífeyrissjóðanna hafa aukist um 50% en TR um 15%. Einnig er bent á að meðallífeyrir frá lífeyrissjóðum, sem er nú um 60 þús. kr. á mánuði, muni tvöfaldast á næstu 25 árum og verða 120 þús. kr. árið 2030. Eftir rúma þrjá áratugi munu lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna nema 100 milljörðum kr. og verður hlutur þeirra í lífeyrisgreiðslum í heild orðinn þrír fjórðu hlutar á móti fjórðungshlut TR. Þeir sem hafa lítið meira sér til framfærslu en lífeyri almannatrygginga munu ekki njóta góðs af þessari þróun og því verða stjórnvöld að bæta sérstaklega afkomu þeirra. Hér eru lögð drög að því að tekin verði upp afkomutrygging eins og áður er lýst.

**Lífeyrisþegum tryggð sómasamleg kjör.**

Þjóðfélag getur ekki talist velferðarþjóðfélag nema vel sé búið að öldruðum og öryrkjum og þeim tryggð sómasamleg kjör. Þótt margt hafi verið vel gert í málefnum þessa fólks á umliðnum áratugum býr allt of stór hópur aldraðra og öryrkja við slæm kjör og í heild hefur þessi hópur ekki fengið sanngjarnan eða eðlilegan hlut í góðæri liðinna ára. Í því efni hefur verulega dregið sundur með lífeyrisþegum og þeim sem verst hafa kjörin á vinnumarkaðnum og hefur bilið milli meðallauna verkamanna og lífeyrisgreiðslna stóraukist. Þegar á allt er litið fer því fjarri að afkoma og aðbúnaður margra aldraðra hér á landi sé mannsæmandi.

Tenging bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu var afnumin árið 1996 og olli það mikilli skerðingu á lífeyri aldraðra og öryrkja. Í staðinn var lögum um almannatryggingar breytt og kveðið á um að bætur almannatrygginga skyldu taka mið af launaþróun, þó þannig að breyting á fjárhæðinni gæti aldrei farið niður fyrir það sem vísitala neysluverðs mælir. Fullyrt var af stjórnvöldum á þeim tíma að þessi breyting mundi ekki skerða kjör lífeyrisþega. Af umræðum á Alþingi er ljóst að margir þingmenn töldu að með þessu ákvæði væri tryggt að lífeyrisgreiðslur ættu að hækka til samræmis við launavísitölu. Engu síður hafa þær ekki gert það. Grunnlífeyrir og full tekjutrygging væru um 165–170 þús. kr. hærri á ári ef raungildi þessara greiðslna væri það sama nú og það var á árinu 1995.

**Íslenska velferðarkerfið veikara en í nágrannalöndunum.**

Velferðarkerfið á Íslandi er veikara en annars staðar á Norðurlöndum og útgjöld ríkissjóðs til þess mun minni hér en annars staðar gerist. Opinber útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eru t.d. miklu lægri hér á landi en í flestum OECD-löndunum. Í samantekt Norrænu hagskýrslunefndarinnar á sviði félagsmála (NOSOSKO) *Social tryghed i de nordiske lande 2003* frá í október 2005 um útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum árið 2003 kemur fram að útgjöld á sviði félags- og heilbrigðismála sem varið er til aldraðra og öryrkja, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru lægst hér á landi. Á Íslandi er

hlutfallið 10,3% af landsframleiðslu en allt upp í 17,5% af landsframleiðslu í Svíþjóð, 15,3% í Danmörku, 13,2% í Finnlandi og 12,0% í Noregi.

**Minni kaupmáttur – hærri skattbyrði.**

Fram hefur komið opinberlega að frá árinu 1995 til ársins 2005 hafi kaupmáttur lágmarkslauna aukist um 56% en kaupmáttur lífeyris aðeins um 25%. Sem dæmi má nefna að frá árinu 1995 til 2004 jókst kaupmáttur öryrkja sem voru einstæðir foreldra um tæp 30% en kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings jókst um rúmlega 50%. Fulltrúar LEB hafa sagt opinberlega að skattabreytingarnar sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir feli í sér að kaupmáttur ráðstöfunartekna eldri borgara muni aðeins hækka um 9,3% frá árinu 1995 til loka kjörtímabilsins 2007, en ekki 55% eins og fulltrúar ríkisstjórnarinnar halda fram.

Ljóst er að skattbyrði lífeyrisþega hefur aukist gífurlega á sama tíma og mikil skerðing hefur orðið á lífeyrisgreiðslum. Til samans hefur það rýrt verulega afkomumöguleika lífeyrisþega. Nefna má sem dæmi að tíu þúsund ellilífeyrisþegum er nú gert að lifa af tekjum undir 110 þús. kr. á mánuði. Þeir greiða um 14% af sínum tekjum í skatt en greiddu 2,3% af samsvarandi tekjum fyrir tíu árum.

**Kostnaður við breytingarnar.**

Kostnaðarútreikningar sem gerðir hafa verið á þessum tillögum sýna að heildarútgjöld þegar allar tillögurnar eru komnar til framkvæmda eru um 6,5 milljarðar kr. Stærsti útgjaldaliðurinn er hækkun tekutryggingar í 85 þús. kr. hjá öldruðum og 86 þús. kr. hjá öryrkjum 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum. Sú tillaga kostar tæpa 3 milljarða kr. en hún gagnast líka best þeim sem minnstan lífeyri hafa og litla möguleika hafa á að afla sér viðbótartekna.

**Lokaorð.**

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja áherslu á að það verði eitt af forgangsverkefnum í þjóðfélaginu á næstunni að bæta kjör lífeyrisþega. Það er hægt að gera með þeirri nýskipan lífeyrismála sem hér er lögð til, m.a. með því að koma á afkomutryggingu, svo að lífeyrisþegar fái eðlilegan og sanngjarnan hlut í auknum hagvexti og þjóðartekjum.

## 4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að Þjórsárver, stærsta og gróðurríkasta votlendi á hálendi Íslands, skuli vernduð í heild sinni. Í því augnamiði skuli núverandi mörkum friðlandsins í Þjórsárverum breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna ásamt með Þjórsá og nærliggjandi svæðum að Sultartangalóni. Þá skuli unnið að því að hið stækkaða Þjórsárverafriðland verði tilnefnt inn á heimsminjaskrá UNESCO. Alþingi felur ríkisstjórn að hefja nú þegar nauðsynlegan undirbúning að framkvæmd ályktunarinnar svo að auglýsa megi hin nýju friðlandsmörk eigi síðar en vorið 2007.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt óbreytt frá 132. löggjafarþingi. Hún er í aðalatriðum samhljóða tillögu sem flutt var á 127., 128., 130. og 131. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Á 127. löggjafarþingi var tillagan send til umsagnar nokkurs fjölda aðila er tengjast málinu. Hún fékk afar jákvæðar umsagnir en í hópi umsagnaraðila voru Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Þjórsárveranefnd, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Jöklarannsóknarfélag Íslands, Fuglaverndarfélag Íslands, Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Landvernd, Áhugahópur um verndun Þjórsárvera og hreppsnefnd Gnúpverjahrepps. Einungis Landsvirkjun og hreppsnefnd Ásahrepps mæltu ekki með samþykkt tillögunnar. Frá því að tillagan var upphaflega lögð fram hefur baráttan um Þjórsárver magnast og þeim fjölgað sem vilja að Þjórsárver njóti víðtækrar og markvissrar verndar svo hvorki raskist vistkerfi veranna né hin sérstæða landslagsheild sem þau mynda. Krafan um að hætt verði við öll áform um Norðlingaölduveitu verður æ háværari og hugmyndir um að Þjórsárver eigi skilið sæti á heimsminjaskrá UNESCO heyrast nú víða.

Náttúruverndarsamtök Íslands létu í árslok 2004 kanna hug þjóðarinnar til stækkunar friðlands Þjórsárvera og sýndu niðurstöður könnunarinnar, sem IMG Gallup vann fyrir samtökin, að ⅔ hlutar þjóðarinnar væru hlynntir stækkun friðlandsins.

**Heimsminjaskrá UNESCO.**

Hugmyndin um að Þjórsárver eigi skilið sæti á heimsminjaskrá UNESCO kemur fyrir alvöru inn í umræðuna sumarið 2004. Þá fékk Landvernd tvo færa sérfræðinga, þá Roger Crofts og Jack D. Ives, sem báðir eru afar vel að sér um Þjórsárver, til að skila Landvernd greinargerðum um málefni veranna, verndargildi þeirra og framtíðarsýn. Í greinargerðum þeirra beggja kemur fram að núverandi friðlandsmörk séu algerlega ófullnægjandi og að þeir telji nauðsynlegt að stækka friðlandið til mikilla muna svo verndun nái tilgangi sínum. Þá fjalla þeir báðir um möguleikana á því að Þjórsárver fái sess á heimsminjaskrá UNESCO. Þeir Crofts og Ives hafa báðir unnið með UNESCO og IUCN við að meta umsóknir um skráningu svæða á þennan mikilvæga lista og hafa því mikla þekkingu og reynslu í þeim efnum. Það segir sína sögu að þeir skuli báðir telja að svæðið eigi skilið að um það verði fjallað á vettvangi heimsminjaskrárinnar og kannað verði til hlítar hvort það búi yfir þeim kostum sem gætu skipað því á heimsminjaskrá.

**Staðan nú.**

Frá því að úrskurður setts umhverfisráðherra, Jóns Kristjánssonar, var kveðinn upp í janúar 2003 hefur Landsvirkjun sótt fast að fá endanlegar heimildir til að reisa Norðlingaölduveitu með Norðlingaöldulóni í 568 m hæð yfir sjávarmáli ásamt set- og veitulóni suðaustan undir Hofsjökli. Um málið var fjallað á vettvangi sveitarfélaganna sem hlut eiga að máli og loks féllst hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps á að setja framkvæmdina inn á aðalskipulag þar sem miðað yrði við að lónhæð næði 566 m y.s. að sumarlagi og 567,5 m y.s. að vetrarlagi. Sú tilhögun var kynnt og auglýst í janúar 2005, bæði af hreppsnefndinni og samvinnunefnd miðhálendis. Hreppsnefndinni bárust 98 athugasemdir er vörðuðu Norðlingaölduveitu og voru þær undirritaðar af 275 einstaklingum. Samvinnunefndin fékk athugasemdir frá 146 aðilum sem allar, utan ein, vörðuðu Norðlingaölduveitu. Ákvað samvinnunefndin að taka tillit til þessarar miklu andstöðu með því að breyta umfangi Norðlingaölduveitu á endanlegri skipulagstillögu auk þess sem ljóst var orðið að ekki var lengur meiri hluti fyrir því í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps að heimila Norðlingaölduveitu. Hinn 12. ágúst 2005 samþykkti samvinnunefnd miðhálendis tillögu að breytingu á staðfestu svæðis-


skipulagi miðhálendis Íslands 2015 fyrir svæðið sunnan Hofsjökuls. Þar voru tekin út set- og veitulón þau er fyrirskrifuð voru sem mótvægisaðgerðir í úrskurði setts umhverfisráðherra ásamt með mannvirkjum tengdum þeim. Þannig var skipulagstillagan send umhverfisráðherra til staðfestingar og þannig ákvað hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, á fundi sínum í september 2005, að auglýsa aðalskipulag sveitarfélagsins.

Skipulagsstofnun fjallaði um tillögu samvinnunefndarinnar og taldi að með breytingunni á útfærslu Norðlingaölduveitu hefði samvinnunefndin breytt auglýstri tillögu í grundvallaratriðum og því bæri að auglýsa tillöguna á nýjan leik. Einnig taldi Skipulagsstofnun að þær breytingar sem nefndin gerði á tillögunni stönguðust á við lög um raforkuver (2. mgr. 2. gr.), þar sem útfærsla framkvæmdarinnar hefði verið lögfest með úrskurði setts umhverfisráðherra. 29. desember 2005 staðfesti umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, svo skipulagstillögu samvinnunefndarinnar að öðru leyti en því að hún synjaði þeim hluta tillögunnar staðfestingar sem varðaði breytingar á Norðlingaölduveitu. Þannig stendur málið nú og má því segja að skipulag svæðisins sunnan Hofsjökuls sé á byrjunarreit. Því telja flytjendur þessarar tillögu að nú sé lag og kærkomið tækifæri til að vernda til framtíðar dýrmætustu gróðurvin á hálendi Íslands, Þjórsárver.

## Fylgiskjal.

*Umhverfisstofnun:*

**Náttúruverndaráætlun 2004–2008, tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.**
Viðauki 7 – Tillögur á Suðurlandi, Þjórsárver (stækkun friðlands).



# 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um úttekt á hækkun rafmagnsverðs.

Flm.: Sigurjón Þórðarson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jón Bjarnason,
Guðjón A. Kristjánsson, Kristján L. Möller, Þuríður Backman,
Magnús Þór Hafsteinsson, Björgvin G. Sigurðsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að gerð verði úttekt á því hvaða breytingar hafa orðið á rafmagnsverði til almennra notenda og fyrirtækja í kjölfar breytinga sem urðu á skipulagi raforkumarkaðarins áramótin 2004/2005. Gerð verði grein fyrir þróun raforkuverðs, sundurliðað eftir helstu notendaflokkum og gjaldskrársvæðum. Niðurstaða úttektarinnar, sem nái til allra tegunda viðskipta með raforku, liggi fyrir 15. febrúar 2007.

Greinargerð.

Í skýrslu iðnaðarráðherra um raforkumálefni frá nóvember 2005 (þskj. 382, 348. mál 132. löggjafarþings) komu ekki fram upplýsingar um hversu mikil hækkun hafði orðið á rafmagnsverði til almennra notenda og fyrirtækja í svokölluðu samkeppnisumhverfi. Í skýrslunni er samanburður á raforkuverði milli landa og kemur fram að raforkuverð á Íslandi er með því hæsta sem gerist í þessum samanburði, hvort sem horft er til heildarverðs eða orkuverðsins án skatta og gjalda.

Árið 2008 verður aðeins lítill hluti af raforkunni seldur á samkeppnismarkaði en stærsti hlutinn, um 80%, verður seldur á föstu verði til stóriðjunnar. Í umræðum á Alþingi var ítrekað farið fram á það við ráðherra að hún veitti upplýsingar um hversu mikil hækkun hefði orðið á raforku til almennings en skýr svör fengust ekki. Samtök iðnaðarins hafa bent á að fjöldi fyrirtækja hafi fengið tugprósenta hækkun á raforkureikningum og eru þó nokkur dæmi um allt að 70% hækkun. Aðalfundur Landssambands bakarameistara ályktaði um málið 4. mars 2006 og mótmælti harðlega þeirri miklu hækkun sem orðið hafði á verði raforku til bakaría síðan ný orkulög tóku gildi. Í ályktuninni segir orðrétt:

„Ný raforkulög tóku gildi í byrjun árs 2005. Við það breyttust taxtar sem orkufyrirtæki á öllu landinu innheimta eftir. Stærstur hluti raforkunotkunar í bakaríum fer fram á þeim tíma sólarhrings þegar almenn orkunotkun er í lágmarki. Bakarí hafa hingað til notið betri kjara af þeim sökum gegn því að hægt væri að rjúfa rafmagn til þeirra á öðrum tímum sólarhringsins. Við breytingar á orkulögum var þeim samningum rift með einu pennastriki og við það hækkaði rafmagnsverð til bakaría um allt að 50%. Þessar hækkanir hafa smám saman verið að koma í ljós frá því nýju orkulögin tóku gildi og enda óhjákvæmilega í hærra vöruverði.

Bakarameistarar telja þessa hækkun ekki vera í samræmi við vilja stjórnvalda til að lækka verð á matvælum og hvetja orkusala til að koma til móts við óskir bakara um að leita leiða til að lækka orkuverð.“

Hækkunin er ekki eingöngu bundin við iðnfyrirtæki. Raforkuverð til bænda hefur einnig hækkað umtalsvert og eru dæmi um að upphæðir rafmagnsreikninga hafi tvöfaldast, m.a. hjá ferðaþjónustubændum.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra ályktuðu um hækkun rafmagnsverðsins 26. ágúst sl. en í ályktuninni segir orðrétt:

„Ársþing SSNV, haldið að Gauksmýri í Húnaþingi vestra 25.–26. ágúst 2006, ítrekar að stjórnvöld standi við gefin loforð um að ekki kæmi til hækkunar á raforkuverði vegna breytinga á raforkulögum og brugðist verði við þeim hækkunum sem þegar hafa orðið. Hækkandi

raforkukostnaður er verulega íþyngjandi og við því verða stjórnvöld að bregðast nú þegar.“

Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga var flutt eftirfarandi tillaga um orkumál:

„51. fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Súðavík 1. og 2. september 2006, skorar á stjórnvöld að auka fjármagn til verkefnisins Jarðhitaleit á köldum svæðum. Nýjar rannsóknir gefa til kynna að meiri möguleikar séu til nýtingar jarðhita á Vestfjörðum en áður var talið. Aukin nýting jarðhita getur til lengri tíma litið lækkað útgjöld ríkisins til jöfnunar húshitunarkostnaðar.

Fjórðungsþingið skorar á iðnaðarráðuneyti að ljúka úttekt á áhrifum nýrra raforkulaga, sem tóku gildi í upphafi árs 2005 og tekin verði til skoðunar almenn áhrif og jaðaráhrif á heimili og atvinnulíf.“

Eins og sjá má af þeim ályktunum sem vitnað er til hafa fjölmargir hagsmunaaðilar verulegar athugasemdir við þróun orkuverðs hér á landi í kjölfar samþykktar nýrra raforkulaga. Í málflutningi stjórnvalda þegar lögunum var breytt var margítrekað að engar verulegar breytingar yrðu til hækkunar á orkuverði. Í ljósi þeirrar þróunar sem landsmenn hafa orðið vitni að á verðlagningu raforku er nauðsynlegt að gerð verði úttekt á orsök hækkana og hversu mikið verðið hefur hækkað þar sem verðþróun virðist vera í algjöru ósamræmi við þau fyrirheit sem stjórnvöld gáfu við framlagningu frumvarpa um breytingar á raforkumarkaði.

## 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um rannsóknir á áhrifum rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2017.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 132. löggjafarþingi og er nú flutt að nýju lítið breytt. Flutningsmenn telja mikilvægt nú á tímum ört vaxandi tæknivæðingar að fram fari upplýst umræða um áhrif rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann og telja að rannsóknir séu mikilvæg forsenda þess. Margs konar búnaður og tæki eins og farsímar byggjast á rafsegulbylgjum og rafsegulsviði og skipa æ ríkari sess í daglegu lífi mannsins hvort sem litið er til heimilis eða vinnustaða.

Erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfinu til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, t.d. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa eða vinna í nágrenni þeirra.

Í október 2005 kom út skýrsla á vegum breskrar heilbrigðisstofnunar (e. „Health Protection Agency“) þar sem leitast var við að skilgreina rafsegulóþol og greina það faraldsfræðilega. Niðurstaða skýrslunnar er að rafsegulóþol sé líkamleg veikindi en ekki andleg eins og talið hafði verið og í henni er viðurkennt að rafsegulsvið farsíma, háspennumastra og tölvuskjáa kunni að valda t.d. ógleði, svima, höfuðverk, hjartsláttartruflunum, minnisleysi og vöðvaverkjum. Breska skýrslan er viðurkenning á nauðsyn þess að rannsaka rafsegulóþol ekki eingöngu með tilliti til orsaka veikindanna heldur einnig með tilliti til meðhöndlunar og lækninga. Fram kom að rannsóknir Breta muni á næstunni snúast um að lýsa rafsegulóþoli og skilja það og finna staði sem eru hentugir til að meðhöndla einkennin, en talið er að fjöldi þeirra Breta sem telja sig þjást af óþolinu hafi aukist mjög síðustu ár. Viðamikil rannsókn er að fara af stað í háskóla í Essex á Englandi nú í haust þar sem þátttakendur eru 264 og helmingur þeirra með rafsegulóþol.

Flutningsmenn telja vert að skoða hvort nýgengi krabbameins í heila, gláku og annarra augnskemmda hafi aukist síðan notkun farsíma hófst, bæði hjá börnum og fullorðnum. Erlendar upplýsingar benda til þess að krabbamein í heila barna sem nota farsíma hafi orðið algengara. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, bandaríska Fæðu- og lyfjamálastofnunin og breska heilbrigðisráðuneytið hafa ráðlagt fólki að takmarka lengd símtala vegna hugsanlegra áhrifa þeirra á heilsufar og hafa auk þess beðið foreldra að gæta þess að börn og ungmenni noti farsíma í hófi. Ástæða þess er að höfuðkúpa barna og ungmenna er þynnri og taugakerfi ekki eins þroskað og í fullorðinni manneskju.

Segja má að hér sé um nýja tegund mengunar að ræða, þ.e. rafsegulsmengun, og telja flutningsmenn tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum rafsegulsviðs í farsímum og rafsegulbylgna á mannslíkamann. Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2017. Hér á landi eru á margan hátt kjöraðstæður til að gera faraldsfræðilegar rannsóknir á tengslum umhverfisþátta og hugsanlegri krabbameinshættu. Er þetta að þakka nákvæmum lýðskrám sem geyma upplýsingar um búsetu og nýgengi krabbameins og hugsanlegt er að rannsóknin geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins, hugsanlega í samvinnu við fyrirtæki og opinberar stofnanir svo sem Geislavarnir ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins, Löggildingarstofu og Orkustofnun. Þá telja þeir æskilegt að leitað sé samstarfs við stjórnvöld og vísindamenn í öðrum ríkjum, jafnvel þannig að rannsóknin yrði hluti af fjölþjóðlegri rannsókn. Slíkt skyti styrkari stoðum bæði undir fjárhagslegan grundvöll verkefnisins og niðurstöðurnar.

## 7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um kaup og rekstur á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu.

Flm.: Jón Kristjánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Bjarnason, Magnús Þór Hafsteinsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fjármálaráðherra beiti sér fyrir því að fé verði veitt til kaupa og reksturs á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu.

Greinargerð.

Málið er efnislega samhljóða máli sem lagt var fyrir á 131. og 132. löggjafarþingi en var ekki rætt.

Árið 2002 ályktaði Alþingi síðast um deilur Ísraels og Palestínumanna. Lýst var áhyggjum af því ófriðarástandi sem þá ríkti fyrir botni Miðjarðarhafs og lagði Alþingi m.a. áherslu á virðingu fyrir mannréttindum.

Þrátt fyrir ítrekaðar ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og áskoranir, hvatningar og stuðning einstakra ríkja og ríkjasambanda við lausn deilunnar virðist sem ekki sjái fyrir endann á því dapurlega ástandi sem þarna ríkir.

Heilbrigðisþjónusta telst almennt til sjálfsagðra mannréttinda og á ófriðarsvæðum eykst þörfin fyrir hana til muna. Aðgerðir Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum, vegatálmanir og varðstöðvar og aðskilnaðarmúrinn um byggðir Palestínumanna, reistur í trássi við alþjóðalög, hindra eðlilegan aðgang fjölda Palestínumanna jafnt að almennri heilsugæslu og hvers konar bráðaþjónustu. Þessar aðstæður ógna ekki aðeins heilsu fjölda manna heldur hafa þær kostað fjölmörg mannslíf. Við þessum aðstæðum er reynt að bregðast með endurskipulagningu svæðisbundinnar heilbrigðisþjónustu fyrir þorp og dreifbýli utan múrsins og stærri þéttbýlissvæði. Annars staðar er erfiðara að koma slíkri miðlægri heilbrigðisþjónustu við og þar er færanleg sjúkrastöð talin best til þess fallin að bæta úr þeirri brýnu þörf sem aðskilnaðarmúrinn og aðrar ráðstafanir hafa skapað.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld beini sérstaklega sjónum að aðstæðum Palestínumanna og leiti leiða til að takmarka það tjón sem aðgerðir Ísraelsmanna valda palestínsku samfélagi og velferðarþjónustu í samræmi við auknar áherslur stjórnvalda og Alþingis á alþjóðlega þróunarsamvinnu og þátttöku í friðargæslu. Með því að Alþingi veiti fé til kaupa á færanlegri sjúkrastöð getur Ísland lagt sitt af mörkum til að bæta úr brýnni þörf fyrir heilsugæslu á hluta af sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna á meðan ófriðarástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins varir.

## 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram til að fella brott heimild iðnaðarráðherra til að leyfa gerð Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar 2003. Samhljóða frumvarp var lagt fram á síðasta þingi en komst ekki á dagskrá.

Með lögum nr. 67/2003 var iðnaðarráðherra m.a. heimilað að leyfa gerð Norðlingaölduveitu. Þá höfðu um nokkurt skeið staðið yfir viðræður milli Landsvirkjunar, stjórnvalda og Norðuráls hf. um stækkun álvers fyrirtækisins á Grundartanga.

Þann 30. janúar 2003 kvað settur umhverfisráðherra upp úrskurð vegna kæru á úrskurði Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu. Var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi að því er varðar ákvörðun um að fallast á lónhæð Norðlingaöldulóns 578 m.y.s. Að öðru leyti var fallist á úrskurð Skipulagsstofnunar með nokkrum viðbótarskilyrðum. Meðal þeirra voru veituframkvæmdir norðan friðlandsins þar sem vatni úr upptakakvíslum Þjórsár skyldi veitt í Þórisvatn fram hjá farvegi Þjórsár.

Í lögum nr. 67/2003 er heimild iðnaðarráðherra til að veita leyfi til gerðar Norðlingaölduveitu bundin þeim skilyrðum sem fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra. Í umræðum á Alþingi um frumvarpið kom skýrt fram að öll útfærsla væri því háð að um málið væri samstaða milli Landsvirkjunar, Umhverfisstofnunar og sveitarstjórna sem málið snerti. Þar kom einnig fram að úrskurður ráðherra miðaðist við lónhæð 566 m.y.s. Þá var í umræðum bent á það að skynsamlegast hefði verið að fresta málinu þar til fyrir lægi rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem þá var langt komin.

Eftir uppkvaðningu úrskurðarins vann Landsvirkjun í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélög að athugun á nánari útfærslu veitunnar er tæki mið af skilyrðum í úrskurði ráðherra. Ekki hefur náðst sú sátt á milli hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar sem áskilin er í úrskurðinum og hefur hreppsnefndin fyrir sitt leyti hafnað málaleitan Landsvirkjunar um frekari framkvæmdir við Norðlingaölduveitu. Fyrir vikið eru allar slíkar áætlanir nú í öngstræti. Með úrskurði umhverfisráðherra frá því fyrir áramótin um skipulagstillögu samvinnunefndar miðhálendisins eru öll framkvæmdaráform á svæðinu aftur komin á byrjunarreit.

Allir helstu fræðimenn og áhrifamenn um náttúrufar og umhverfisvernd telja Þjórsárver einhverja dýrmætustu náttúruperlu Íslendinga. Í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem birt var 2004, ári eftir samþykkt laganna á Alþingi, fær Þjórsárverasvæðið hæstu einkunn allra athugunarsvæða hvað náttúru og umhverfi varðar og þó að rammaáætlunin hafi ekki fengið neina þinglega meðferð eða hlotið formlega stöðu innan stjórnsýslunnar þá eru vísbendingar um verndargildi Þjórsárvera óyggjandi. Í rammaáætluninni var raunar miðað við önnur áform um Norðlingaölduveitu en úrskurður setts umhverfisráðherra gerir ráð fyrir. Þau áform hafa því miður ekki verið metin á sama hátt, og hafa ekki sætt umhverfismati.

Flutningsmenn telja að í ljósi verndargildis svæðisins og gagna sem fram eru komin á síðustu missirum sé rétt að hætta við öll áform um orkuframkvæmdir á Þjórsárverasvæðinu.

Frumvarpið er flutt í tengslum við tillögu til þingsályktunar sem sex þingmenn í umhverfisnefnd flytja um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Nái sú tillaga fram að ganga mun Norðlingaölduveita ekki rúmast innan hins stækkaða Þjórsárverafriðlands og því eðlilegt að hún verði felld út úr lögum um raforkuver eins og hér er gerð tillaga um.

# 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

4. og 5. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 4. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Upplýsingaskylda.*

Jafnréttisstofa getur krafið opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna hennar og athugunar á einstökum málum. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofan setur.

Jafnréttisstofa getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofan setur.

Jafnréttisstofa getur einnig lagt skyldu á þá aðila sem um getur í 1. mgr. að upplýsa stofnuna reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Jafnréttisstofa getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

Jafnréttisstofa getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða fyrirmælum Jafnréttisstofu.

Við framkvæmd lagagreinar þessarar skal fylgja ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurður dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis eða hagsmunir kæranda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þykir að fá úrlausn dómstóla getur Jafnréttisstofa höfðað mál til viðurkenningar á rétti kæranda á grundvelli úrskurða kærunefndar jafnréttismála skv. 5. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skilyrði fyrir málshöfðunarheimild Jafnréttisstofu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „gefa skriflegt rökstutt álit“ í 2. mgr. kemur: kveða upp úrskurð.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:
   Kærunefnd jafnréttismála getur við meðferð kærumála falið Jafnréttisstofu að afla allra tiltækra upplýsinga og gagna skv. 4. gr.
c. Í stað orðanna „álit er gefið“ í 3. mgr. kemur: úrskurður er kveðinn upp.
d. 4. mgr. orðast svo:
   Úrskurðir kærunefndar eru bindandi gagnvart málsaðilum. Að kröfu málsaðila getur nefndin ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að málsaðili beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestunarúrskurði og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Nú er beiðni um flýtimeðferð synjað og skal mál þá höfðað eins fljótt og auðið er eftir að synjun kemur

fram. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem eru til meðferðar hjá henni, þar til dómur gengur í málinu.

e. Í stað orðanna „álit sín“ í 5. mgr. kemur: úrskurði sína.

4. gr.

Í stað orðanna „veitir álit sitt“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: kveður upp úrskurð sinn.

5. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í sérhverju fyrirtæki og stofnun þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu þeir kjósa jafnréttisfulltrúa sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisáætlun, að jafnréttis sé gætt í starfsmannastefnu og að farið sé að öðru leyti að lögum þessum. Jafnréttisfulltrúarnir skulu njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og trúnaðarmenn samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og kjarasamningum sem um störf þeirra gilda.

6. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Launamanni er hvenær sem er heimilt að veita þriðja aðila upplýsingar um laun og önnur starfskjör sín.

7. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutföll kynjanna verði sem jöfnust. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir og skulu tilnefningaraðilar tilnefna einn karl og eina konu í þær.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Ef málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála hefur hafist í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um meðferð máls eftir gildistöku þeirra.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 96 22. maí 2000 og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

Greinargerð.

Mál þetta byggist á þremur málum, sem flutt hafa verið á kjörtímabilinu, í fyrsta lagi frumvarpi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um tæki til að framfylgja lagaskyldu um jöfn laun karla og kvenna og í öðru lagi tveimur frumvörpum Samfylkingarinnar um afnám launaleyndar og að úrskurðir kærunefndar jafnréttismála verði bindandi. Fyrstnefnda málið var fyrst lagt fram á vorþingi 2004 (þskj. 844, 565. mál) og síðan endurflutt vorið 2005 (þskj. 930, 620. mál) og haustið 2005 (þskj. 45, 45. mál). Málið varðandi launaleynd var upphaflega lagt fram af Samfylkingunni í desember 2005 (þskj. 475, 393. mál) og málið um að úrskurðir kærunefndar jafnréttismála verði bindandi í nóvember 2003 (þskj. 285, 257. mál). Nú hafa þessi mál verið sameinuð í eitt, enda leggja þau til breytingar á sömu lögum og eru lögð fram sem hluti af sameiginlegum málum stjórnarandstöðunnar á haustþingi 133. löggjafarþings.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum nr. 96/2000 í þeim tilgangi að vinna gegn kynbundnum launamun og öðru misrétti kynjanna.

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis og að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Engu síður er það staðreynd að kynbundinn launamunur er talinn vera á bilinu 14–18% þegar borin eru saman laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Kerfisbundinn launamunur hefur verið viðvarandi um árabil og engin teikn á lofti um breytingar. Með kynbundnum launamun er að sjálfsögðu brotið í bága við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og enn fremur við lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og hann misbýður réttlætiskennd fólks. Þessi mismunun leiðir til annars misréttis og hindrar þátttöku kvenna á jafnréttisgrundvelli í stjórnmála-, efnahags-, félags- og menningarlífi. Fleiri staðreyndir um misrétti kynjanna liggja fyrir. Heildaratvinnutekjur kvenna eru að jafnaði um 60% af atvinnutekjum karla, heildaratvinnutekjur kvenna meðal opinberra starfsmanna eru um 86% af atvinnutekjum karla, um 30% einstæðra mæðra hafa framfærslu af tekjum undir fátæktarmörkum og konur eru aðeins um 20% af forstöðumönnum ráðuneyta og ríkisstofnana svo að fátt eitt sé nefnt. Verk karla eru meira metin en verk kvenna. Kvennastörf eru hvorki metin að félagslegum né fjárhagslegum verðleikum.

Í samræmdri könnun sem gerð var í sex Evrópulöndum árið 2002 og dr. Þorgerður Einarsdóttir, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands, hafði umsjón með hér á landi kemur í ljós að á Íslandi er kynbundinn launamunur á almenna vinnumarkaðnum meiri en á hinum opinbera. Þetta er í samræmi við launakannanir sem Félagsvísindastofnun hefur gert fyrir Verslunarmannafélag Reykjavíkur annars vegar og launakannanir Reykjavíkurborgar hins vegar. Þetta skýrist að hluta til af því að kjaraákvarðanir eru í meira mæli einstaklingsbundnar á almennum vinnumarkaði en algengara er að miðstýrðir kjarasamningar séu hafðir til viðmiðunar á opinbera vinnumarkaðnum. Starfsfólki á almennum vinnumarkaði fer fjölgandi og sífellt algengara er að samið sé um laun á einstaklingsgrundvelli. Þessar staðreyndir ásamt landlægri launaleynd gera það að verkum að sífellt erfiðara verður að fylgjast með launum, launaþróun og launamisrétti. Ýmsar vísbendingar eru um að kynbundið launamisrétti hafi fundið sér nýjan farveg í aukagreiðslum, svo sem bílahlunnindum, óunninni yfirvinnu og dagpeningum, en slíkt má meðal annars lesa út úr launakönnun Reykjavíkurborgar frá árinu 2001. Engin ráð eru nú til að fylgjast með því hvernig körlum er hyglað með greiðslum af þessu tagi og slíkar upplýsingar eru takmarkaðar hjá kjararannsóknarnefndum. Ekkert bendir hins vegar til þess að launamunur fari minnkandi, alþjóðlegar rannsóknir benda þvert á móti til þess að kynbundinn launamunur aukist á næstu árum með auknum einstaklingslaunasamningum verði ekkert að gert.

Ljóst er að lagasetningar hafa ekki dugað til og sértækar aðgerðir hafa heldur ekki skilað þeim árangri sem stefnt var að. Jafnréttissinnar hafa því í auknum mæli beint sjónum sínum að kerfislægri mismunun kynjanna en góð stjórnvaldstæki þarf til að vinna á rótgrónum stöðumun kynjanna á vinnumarkaði. Heimild fyrir opinbera stofnun til að afla gagna og vinna úr þeim upplýsingar er nauðsynlegt tæki til að greina stöðuna til að geta gripið til aðgerða.

Frumvarpið felur í sér að Jafnréttisstofu verði veittar heimildir til að ganga úr skugga um það með rannsókn og gagnaöflun hvort réttindum og skyldum skv. III. kafla jafnréttislaganna sé fullnægt, svo sem um launajafnrétti, og tryggt sé að bannákvæðum IV. kafla þeirra sé framfylgt. Er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofa geti hafið rannsókn og gagnaöflun að eigin frumkvæði, að mótteknum kvörtunum eða í kjölfar kæru til kærunefndar jafnréttismála. Um viðlíka heimildir er til að mynda mælt fyrir í skattalögum, samkeppnislögum og lögum um

eftirlit með fjármálastarfsemi. Sýnu veigameiri eru rökin fyrir því að veita Jafnréttisstofu sambærilegar heimildir til að tryggja konum stjórnarskrárbundin mannréttindi.

Í nýrri 1. mgr. 11. gr., sbr. 5. gr. frumvarpsins, er mælt fyrir um jafnréttisfulltrúa í fyrirtækjum og stofnunum sem er nýmæli. Það er í anda heimilda og úrræða, sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. gildandi laga, um skipun jafnréttisfulltrúa hjá sérhverju ráðuneyti og hlutverk þeirra en þó er mælt fyrir um aukin verkefni jafnréttisfulltrúa hjá einkafyrirtækjum. Að mati sérfróðra aðila um jafnréttismál og samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum er staða kvenna hjá einkafyrirtækjum verri en hjá ríki og sveitarfélögum og jafnréttisáætlanir þeirra virðast ekki skila tilætluðum árangri. Þar er bæði kynbundinn launamunur og munur á heildartekjum karla og kvenna meiri. Valdaleysi kvenna í stjórnum einkafyrirtækja, einkum stórfyrirtækja, er einnig sláandi og endurspeglar í engu menntun þeirra, hæfni og reynslu. Þá er þess að geta að starfsmenn ríkis og sveitarfélaga njóta réttinda og meiri verndar gegn mismunun samkvæmt stjórnsýslulögum og upplýsingalögum sem ekki hafa verið yfirfærð á einkarekstur.

Í 7. gr. er lögð til breyting á 20. gr. gildandi laga um þátttöku í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera. Ákvæðið er að gefnu tilefni gert markvissara og lagt til að sami háttur verði á hafður við skipun og tilnefningu í nefndir, ráð og stjórnir ríkis og sveitarfélaga og við tilnefningar og skipun í Jafnréttisráð skv. 2. mgr. 7. gr. laganna. Lagt er til að tilnefningaraðilar tilnefni einn karl og eina konu þannig að veitingarvaldið hafi val og geti við það gætt þess að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Með lögfestingu þessarar tillögu má ætla að það muni heyra sögunni til að nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga verði eingöngu eða að miklum meiri hluta skipaðar körlum.

*Launaleynd.*

Með frumvarpinu er lagt til að réttur sérhvers starfsmanns til að gefa hvenær sem er upplýsingar um laun sín og önnur starfskjör verði skilgreindur. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir svokallaða launaleynd. Ákvæðið á sér danska fyrirmynd, sbr. 2. gr. a laga nr. 756/2003 frá 21. ágúst 2003, um jöfn laun karla og kvenna (d. lov om lige løn til mænd og kvinder).

Talsverð umræða hefur farið fram að undanförnu um launaleynd sem virðist töluvert útbreidd í fyrirtækjum á einkamarkaði. Í því felst að fyrirtæki semja við einstaka starfsmenn um kaup þeirra og kjör með því fororði að þeim sé óheimilt að upplýsa þriðja aðila, og þar með samstarfsmenn sína, um efni þeirra samninga. Slíkum ákvæðum er beinlínis ætlað að koma í veg fyrir að launafólk geti borið saman kjör sín hvort heldur sem er milli fyrirtækja eða innan fyrirtækja. Þau koma í veg fyrir að samstarfsmenn á vinnustað geti borið saman kjör sín og þar með verður illmögulegt að komast að því hvort fyrirtæki mismuna starfsmönnum sínum, m.a. á grundvelli kynferðis, og gerast með þeim hætti brotleg við ákvæði jafnréttislaga.

Færa má rök fyrir því að launaleynd stangist á við jafnréttislög þar sem hún getur beinlínis stuðlað að lögbroti og þar af leiðandi fái hún ekki staðist. Hún hefur hins vegar tíðkast lengi án þess að látið hafi verið reyna á lögmæti hennar og því telja flutningsmenn þessa frumvarps rétt að taka af öll tvímæli um að það sé skýlaus réttur launamanns að veita hverjum sem er, hvenær sem er, upplýsingar um laun sín og önnur starfskjör ef hann svo kýs. Þessi réttur er þar með lögbundinn og verður hvorki af honum tekinn með starfs- né ráðningarsamningi.

Í 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um launajafnrétti og þar kemur skýrt fram að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og að þau skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Í 4. mgr. þeirrar greinar segir að með kjörum sé, auk launa, átt við lífeyris-, orlofs- og veik-

indarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár. Í frumvarpinu er lagt til að við þessa lagagrein bætist ný málsgrein, 5. mgr., þar sem kveðið verði á um að launamanni sé hvenær sem er heimilt að veita þriðja aðila upplýsingar um laun sín og önnur starfskjör. Í 27. gr. laganna er ákvæði þess efnis að óheimilt sé að afsala sér þeim réttindum sem kveðið er á um í lögunum. Af því leiðir að launamanni verður óheimilt að gera ráðningar- eða starfskjarasamning við atvinnurekanda sem felur í sér launaleynd nái þetta frumvarp fram að ganga.

*Kærunefnd jafnréttismála.*

Eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um réttindi kvenna hefur gagnrýnt í nýlegri skýrslu sinni um Ísland að niðurstöður kærunefndar jafnréttismála skuli ekki vera bindandi, sérstaklega þegar stjórnvöld eiga hlut að máli. Gerir nefndin það að tillögu sinni að álit kærunefndar jafnréttismála verði bindandi.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka kærumál til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Niðurstöður kærunefndar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds. Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal kærunefnd leita umsagnar hjá heildarsamtökum launafólks og viðsemjendum þeirra áður en álit er gefið út.

Samkvæmt upplýsingum frá kærunefnd jafnréttismála bárust nefndinni 103 erindi á árunum 1991–2001. Í 55 tilvika taldi nefndin að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefðu verið brotin en langflest þeirra lutu að stöðuveitingum. Fjöldi þeirra laut einnig að launajafnrétti kynjanna. Hlutverk Jafnréttisstofu er að fylgja eftir áliti kærunefndar og getur hún skv. 3. gr. jafnréttislaga höfðað mál til viðurkenningar á rétti kærenda á grundvelli álitsgerða kærunefndar jafnréttismála þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurður dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis eða ef hagsmunir kærenda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þyki að fá úrlausn dómstóla. Það hefur hins vegar komið fram að það sé verulega flókið og ýmsum vandkvæðum bundið að fylgja álitum kærunefndar eftir. Iðulega hafa niðurstöður kærunefndar jafnréttismála verið teknar upp á Alþingi, bæði varðandi stöðuveitingar og launajafnrétti kynjanna. Auk ýmissa stöðuveitinga má nefna niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála um að afgerandi munur væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna í bankakerfinu sem bryti í bága við jafnréttislög. Kærunefndin tók þetta mál til athugunar í kjölfar svars viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, um bifreiðastyrki í bankakerfinu. Þar kom ljóslega fram að kerfi fastra bifreiðastyrkja væri notað til þess að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum, sérstaklega innan Landsbankans og Búnaðarbankans. Það var síðan staðfest í áðurnefndu áliti kærunefndar, en bæði þingflokkur jafnaðarmanna og Samband íslenskra bankamanna fóru þess á leit við Jafnréttisráð í kjölfar niðurstöðunnar að kannað yrði hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum. Athyglisvert er að báðir bankarnir neituðu að ákvæði jafnréttislaga væru brotin í þessu efni. Þó að málinu hafi verið fylgt fast eftir, m.a. af Jafnréttisstofu, er lítið vitað um hvort nokkur leiðrétting hafi fengist á þessum mismun á bifreiðastyrkjum í bankakerfinu. Sama gildir um mörg önnur álit sem kærunefnd hefur afgreitt frá sér.

Stjórnvöldum ber skylda til að sjá til þess að jafnréttislögum sé framfylgt. Jafnréttislög kveða á um að jafnréttissjónarmiða skuli gætt á öllum sviðum samfélagsins og að unnið sé að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku. Reynslan sýnir að ákvæðið um kærunefnd virkar ekki eins og til var ætlast því að veruleg brögð eru á því að álit nefndarinnar séu ekki virt. Frumvarp þetta á að bæta úr þeirri brotalöm. Norðurlöndin hafa vakið athygli víða fyrir framsýni og baráttu fyrir jafnrétti kynjanna og öll kappkostað að ganga eins langt í

löggjöf og hægt er til að tryggja jafna stöðu karla og kvenna. Með samþykkt þessa frumvarps væri framkvæmd þessa ákvæðis jafnréttislaganna færð nær því sem er annars staðar á Norðurlöndunum.

Á vorþingi 2004 var frumvarp, sem var að mestu um sama efni, tekið til 1. umræðu og var því vísað til félagsmálanefndar en nefndin fjallaði ekki um málið. Því miður virðist vera enn brýnni nauðsyn á þeim úrræðum sem frumvarpið felur í sér nú en þá. Rökin standa öll óhöggguð. Það hefur ekkert þokast í þjóðfélaginu í átt til launajafnréttis. Mannréttindabrot á konum, viðvarandi kynbundinn launamunur og fákvenni í nefndum, stjórnum og ráðum eru jafnóþolandi og fyrr. Það er yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar allt frá árinu 1998 að jafna launamun kynjanna og gæta að jafnrétti við opinbera stefnumótun. Frumvarpið samræmist þeim markmiðum. Þeir stjórnmálaflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi hafa einnig gefið ítrekuð fyrirheit um að jafna stöðu kvenna. Hér gefst þeim tækifæri til að efna loforð sín og rétta hlut kvenna verulega með stjórnsýsluúrræðum og rjúfa kyrrstöðuna í jafnréttismálum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í núgildandi 4. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um skyldu opinberra stofnana, atvinnurekenda og félagasamtaka til að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar. Lagt er til að málsgreinin verði felld niður sem 4. mgr. 3. gr., en verði umorðuð sem ný 4. gr. laganna og taki bæði til almennrar og sértækrar upplýsingaskyldu opinberra stofnana, sveitarfélaga, atvinnurekenda og félagasamtaka, sbr. almennar athugasemdir við frumvarpið og 2. gr. þess. Samhengis vegna þykir rétt að 5. mgr. 3. gr. verði 6. mgr. hinnar nýju 4. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í greininni eru Jafnréttisstofu veittar heimildir til að krefja opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur almennt og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna hennar skv. 3. gr. laganna og vegna athugunar einstakra mála, sbr. einnig III., IV. og V. kafla laganna. Jafnréttisstofu eru með frumvarpinu veittar heimildir bæði til að krefjast upplýsinga munnlega og skriflega og til að krefjast afhendingar gagna og hún getur við rannsókn máls, þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brot hafi verið framin gegn lögunum eða fyrirmælum hennar, gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöðvum atvinnurekenda og lagt hald á gögn. Hér er mælt fyrir um víðtækari heimildir fyrir Jafnréttisstofu en núgildandi 4. mgr. 3. gr. hefur veitt henni. Um tilgang þessara breytinga er vísað til almennra athugasemda við frumvarpið. Er frumvarpið samið í anda þeirra heimilda sem skattyfirvöldum, Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirliti og fleiri opinberum eftirlitsstofnunum er veitt lögum samkvæmt til eftirlits með skattgreiðslum, samkeppni og fjármálum. Vísað er til rökstuðnings í frumvörpum til laga um þessar eftirlitsstofnanir fyrir þeim heimildum sem þeim hafa verið veittar. Það er því rökrétt og varla tiltökumál að veita Jafnréttisstofu sambærilegar heimildir til að vinna gegn mannréttinda- og stjórnarskrárbrotum gegn konum. Það gefur augaleið að Jafnréttisstofa verður að gæta lagaákvæða um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga við rannsókn mála og gagnaöflun. Verður Jafnréttisstofa þannig að gæta þess að vinna persónuupplýsingar í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Jafnréttisstofu er í lófa lagið að afla gagna og gera athuganir og samanburð á launakjörum til að staðreyna mismunun og afla sannana án þess að nafngreina einstaklinga þegar launakjör þeirra eru borin saman. Sama gildir um haldlagningu og leit. Ekki hefur vafist fyrir opinberum eftirlitsaðilum, sem veittar eru sömu

heimildir, að halda sig innan ramma laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um meðferð opinberra mála. Í 3. og 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um almennar heimildir sem ekki þarfnast skýringa. Í 6. mgr. er kveðið á um málshöfðunarheimild Jafnréttisstofu sem nú er mælt fyrir um í 5. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Nefndin hefur iðulega staðið frammi fyrir sönnunarvanda við úrlausnir kærumála. Hér eru lagðar til breytingar til að bregðast við þessum sönnunarvanda, eins og nánar er rökstutt í almennum athugasemdum við frumvarp þetta og í athugasemdum við 2. gr.

Enn fremur er lagt til að úrskurðir kærunefndar jafnréttismála verði bindandi fyrir málsaðila. Þó geti nefndin ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar síns að kröfu annars hvors málsaðila að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi breyting gæfi kærunefndinni og niðurstöðu hennar mun meira vægi en nú og færði framkvæmd þessara mála nær því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um kosningu jafnréttisfulltrúa í sérhverju fyrirtæki og stofnun, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, sem hafi eftirlit með jafnréttisáætlun, með því að jafnrétti sé fylgt í starfsmannastefnu og með framkvæmd laga nr. 96/2000 að öðru leyti, sbr. einnig 13. gr. laganna. Reiknað er með að jafnréttisfulltrúar starfi í nánu samstarfi við trúnaðarmenn viðkomandi fyrirtækis. Í störfum sínum geta jafnréttisfulltrúar tekið saman upplýsingar og fjallað bæði um almenn og sértæk jafnréttismál í samræmi við réttindi og skyldur skv. III. kafla laganna og gætt þess að ákvæði IV. kafla um bann við mismunun á grundvelli kynferðis séu virt. Jafnréttisfulltrúar geta í því skyni bæði beint tilmælum til stjórnenda, leitað til viðkomandi stéttarfélags og nýtt sér önnur úrræði sem kveðið er á um í lögunum. Ætla má að tilgangi jafnréttislaga verði náð mun fyrr með öflugu starfi jafnréttisfulltrúa. Vegna eðlis og mikilvægis starfa jafnréttisfulltrúa þykir rétt að tryggja starfsöryggi þeirra og stöðu að öðru leyti með því að veita þeim sambærilega stöðu, eftir því sem við á, og trúnaðarmönnum er veitt með lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og ákvæðum kjarasamninga.

Um 6. gr.

Greininni er ætlað að koma í veg fyrir að laun launþega fari leynt, með þeim rökum að slík þögn um launakjör sé líkleg til að koma í veg fyrir árangur af þeirri yfirlýstu stefnu að jafna beri laun kynjanna. Sjá nánar í greinargerð hér að framan.

Um 7. gr.

Um skýringar á greininni er vísað til greinargerðar hér að framan. Henni er ætlað að koma í veg fyrir að nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera verði einvörðungu eða að miklum meiri hluta til skipaðar körlum eins og alkunna er og nýleg dæmi sanna.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 2008 þannig að ríkisstjórninni gefist ráðrúm til að gera ráð fyrir þeirri breytingu sem verður á starfsskyldum Jafnréttisstofu í fjárlögum. Einnig er þörf á að lögin þannig breytt verði kynnt vandlega fyrir atvinnurekendum, samtökum þeirra, stéttarfélögum og öðrum þeim sem málið varðar.

Þá hefur ákvæðið að geyma lagaskilaákvæði þess efnis að hafi málsmeðferð hafist fyrir kærunefnd jafnréttismála í tíð eldri laga gildi ákvæði nýju laganna um meðferð málsins eftir gildistöku þeirra.

## 10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um afnám verðtryggingar lána.

Flm.: Sigurjón Þórðarson, Magnús Þór Hafsteinsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að afnumin verði verðtrygging húsnæðislána.

Greinargerð.

Á Íslandi búa lántakendur húsnæðislána jafnan við hæstu vexti í Evrópu og þar að auki eru lánin verðtryggð hérlendis. Íslenskt fjármálakerfi er orðið hluti af alþjóðlegu umhverfi og þess vegna þarf að aðlaga reglur þess og kjör því sem almennt gerist í vestrænum ríkjum. Lánskjör íbúðarlána til almennings eru einn þeirra þátta sem þarf að aðlaga. Þau eru alla jafna verðtryggð hér á landi en það heyrir til undantekninga að lán séu verðtryggð erlendis. Það er óásættanlegt að landsmenn búi við allt önnur og miklu lakari lánskjör en almennt gerist í nágrannaríkjunum.

Helstu röksemdir fyrir verðtryggingu lána á Íslandi hafa hingað til verið að með henni skapist forsendur fyrir lægri vöxtum en sú hefur alls ekki orðið raunin. Frá því að gríðarleg hækkunarhrina stýrivaxta hófst í maí 2004 hafa stýrivextir hækkað um 264% en verðbólga hefur fjórfaldast á sama tíma. Þetta sýnir að hækkun stýrivaxta hefur alls ekki tilætluð áhrif, enda bera langtímalán jafnan fasta verðtryggða vexti en breyting stýrivaxta hefur lítil sem engin áhrif á verðtryggðu lánin og þar með hefur umrædd hækkun stýrivaxta lítil áhrif til að minnka þenslu. Einu merkjanlegu áhrif stýrivaxtahækkana varða minni fyrirtæki og einstaklinga sem tekið hafa skammtímalán. Búast má við að stýrivaxtahækkunin snerti einkum þá sem standa hvað lakast að vígi við öflun lánsfjár.

Hækkun stýrivaxta hefur bein áhrif til styrkingar á gengi íslensku krónunnar. Það hefur svo valdið yfirverði á íslensku krónunni sem hefur aukið kaupmátt íslenskra heimila á erlendum varningi og þar með stuðlað að auknum innflutningi og alls ekki slegið á þenslu eins og há verðbólga er til vitnis um. Einnig hefur sýnt sig að hátt verð krónunnar hefur verið þrándur í götu útflutningsfyrirtækja, veikt afkomu þeirra og stuðlað að vöruskiptahalla.

Nauðsynlegt er að breyta lánakerfinu með þeim hætti að stýritæki Seðlabankans verði skilvirkari þar sem núverandi ástand ýtir undir ójafnvægi og hætt er við að ef slakað er á í vaxtahækkunum hríðfalli gengi íslensku krónunnar líkt og gerðist fyrr á árinu.

Afnám verðtryggingar mundi ekki skerða hag lánveitenda til lengri tíma þar sem það yki stöðugleika í efnahagslífinu og yrði til þess að lánastofnanir þyrftu í auknum mæli að taka

tillit til stýrivaxta Seðlabankans í öllum ákvörðunum sínum. Við afnám verðtryggingar gæti lánveitandi ekki varpað allri ábyrgð á verðbólguáhættu á lántakandann og það mundi ýta undir ábyrga efnahagsþróun. Við breytinguna mundi einnig skapast þrýstingur til lækkunar vaxtastigs í landinu þar sem lánveitendur og lántakendur yrðu að taka mið af raunhæfum vaxtakröfum.

## 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Örlygsson, Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Kjartan Ólafsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 17. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1 milljarður kr.“ í 1. málsl. kemur: 4 milljarðar kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „50 millj. kr.“ í 3. málsl. kemur: 300 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 132. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er nú lagt fram að nýju.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga er skylt að tilkynna samruna til Samkeppniseftirlitsins enda sé sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja einn milljarður króna eða meira og ársvelta a.m.k. tveggja af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum yfir 50 millj. kr. Báðar þessar viðmiðunarfjárhæðir eru allt of lágar. Í frumvarpi þessu er því lagt til að þessi veltuviðmið verði hækkuð verulega.

Umsvif fyrirtækja á Íslandi hafa aukist mikið undanfarin ár og fyrirtækjum sem falla undir viðmið 2. mgr. 17. gr. laganna, þ.e. hafa veltu yfir 1 milljarði kr., hefur því fjölgað verulega. Það liggur því í augum uppi að þessar fjárhæðir þarf að uppfæra í takt við þróun viðskiptalífsins og með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem orðið hafa undanfarinn áratug. Þess má einnig geta að umræddar viðmiðunarfjárhæðir samkeppnislaga eru í engu samræmi við það sem gildir hjá nágrannaþjóðun okkar. Þótt sterk rök séu fyrir því að almennt verði miðað við lægri fjárhæðir hér á landi en annars staðar er munurinn engu að síður sláandi mikill. Í Danmörku er miðað við að heildarvelta samrunafyrirtækja jafngildi um 44 milljörðum kr. en velta a.m.k. tveggja fyrirtækja 3,5 milljörðum kr. Í Finnlandi er viðmiðið fyrir heildarveltu að jafngildi um 30 milljarðar kr. og velta a.m.k. tveggja fyrirtækja að jafngildi um 1,7 milljarðar kr. Í Svíþjóð er miðað við að heildarvelta samrunafyrirtækja jafngildi um 38 milljörðum kr. en velta a.m.k. tveggja fyrirtækja um 1 milljarði kr.

Hafa ber í huga að tilkynning um samruna er ekki léttvæg krafa sem auðvelt er að uppfylla. Upplýsa þarf m.a. um aðdraganda samrunans, veltu, eignarhald, fjárhagsleg tengsl og skilgreina þarf þá markaði sem samruninn hefur áhrif á. Að jafnaði kallar þetta á aðstoð lög-

fræðinga og eftir atvikum endurskoðenda. Óþarflega ríkar kröfur um tilkynningarskyldu valda ástæðulausu álagi á Samkeppniseftirlitinu á sama tíma og aðrar aðgerðir hafa miðað að því að auka málsmeðferðarhraða og létta álagi af eftirlitinu eftir því sem aðstæður leyfa. Með því að hækka viðmiðunarmörkin er tryggt að eingöngu komi til kasta Samkeppniseftirlitsins mál þar sem raunverulegir hagsmunir eru í húfi og ástæða er til að ætla að kaup eða samruni fyrirtækja geti skipt máli varðandi samkeppni.

Atvinnulífið hefur hvatt til þess að viðmið verði hækkuð. Meðal þeirra sem telja nauðsynlegt að hækka viðmiðunarmörk 2. mgr. 17. gr. má nefna Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands. Raunar hafa Samtök atvinnulífsins bent á að ákjósanlegast væri að fella niður ákvæði laganna um bann við samruna og koma í veg fyrir misnotkun ráðandi aðila á markaði með strengu og virku aðhaldi Samkeppniseftirlitsins gagnvart fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu. Þá hefur einnig verið bent á að óheppilegt sé að viðmiðunarmörk sem þessi séu bundin í lög frekar en t.d. í reglugerð þar sem nauðsynlegt sé að endurskoða veltumörkin reglulega, en það hefur ekki verið gert frá því að ákvæðið var lögtekið. Svo langt verður hins vegar ekki gengið hér heldur staðnæmst við þá breytingu að þröskuldur fyrir afskipti samkeppnisyfirvalda verði hækkaður.

Með hliðsjón framansögðu er ljóst að varlega er af stað farið með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til.

## 12. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [12. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar fellur brott.

2. gr.

2. málsl. 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Ráðherra má ekki vera alþingismaður.

3. gr.

2. málsliður 79. gr. orðast svo: Nái tillagan samþykki skal leggja hana undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar í leynilegri atkvæðagreiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til þrjár breytingar á stjórnarskránni. Í fyrsta lagi er felld brott heimild til þess að setja bráðabirgðalög og í öðru lagi er skilið milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds með því að meina ráðherrum setu á Alþingi en í þriðja lagi er gert ráð fyrir að breytingar á stjórnarskránni verði bornar undir þjóðina.

Heimild til setningar bráðabirgðalaga hefur lengi verið umdeild og var lengi beitt í umtalsverðum mæli. Frá 1874 hefur heimildinni verið beitt 447 sinnum og þar af liðlega 100

sinnum á áttunda og níunda tug síðustu aldar. Hafa ber í huga að þegar stjórnarskráin er sett 1874 voru aðstæður í íslensku þjóðfélagi allt aðrar en nú er. Þá kom Alþingi saman annað hvert ár og stóð almennt ekki lengur en átta vikur, samgönguerfiðleikar voru miklir og fjarskipti stirð. Þessi rök fyrir heimild til þess að setja bráðabirgðalög eru löngu úr gildi fallin.

Við stjórnarskrárbreytinguna fyrir fimmtán árum, þegar deildaskipting Alþingis var afnumin, var ákveðið að þrengja heimild ríkisstjórnarinnar til þess að setja lög með þessum hætti og var miðað við að heimildin yrði aðeins notuð í undantekningartilvikum. Ætlunin var að meginreglan yrði sú að kalla Alþingi saman og starfsreglum þess var breytt þannig að það starfar allt árið og getur komið saman til funda hvenær sem er með litlum fyrirvara. Ekki verður séð að sú staða geti komið upp að ókleift verði að kalla Alþingi saman en á sama tíma geti einstök ráðuneyti, ríkisstjórnin og embætti forseta Íslands staðið að því að setja nauðsynlega löggjöf.

Í kjölfar breytinganna hefur dregið verulega úr lagasetningu með bráðabirgðalögum. Setning bráðabirgðalaga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði og fleiri lögum sumarið 2003 bendir til þess að aftur geti sótt í sama farið. Í því máli kemur fram í áliti meiri hluta landbúnaðarnefndar, þegar nefndin fjallaði um frumvarpið til staðfestingar bráðabirgðalögunum, að leitað hafi verið álits Ragnhildar Helgadóttur, lektors í Háskólanum í Reykjavík, og Eiríks Tómassonar prófessors. Niðurstaða Ragnhildar var að með bráðabirgðalögunum þá hafi verið gengið nær 28. gr. stjórnarskrárinnar en dæmi eru um frá stjórnarskrárbreytingunni 1991. Hún taldi hins vegar ólíklegt að dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalöggjafinn teldist hafa farið út fyrir valdsvið sitt þó að sú niðurstaða væri að hennar mati ekki vafalaus. Eiríkur Tómasson telur setningu bráðabirgðalaganna takmarkatilvik. Það sem fyrst og fremst þykir vafasamt er hvort brýna nauðsyn hafi borið til að beita heimildinni og setja bráðabirgðalög fremur en að leggja málið fyrir Alþingi, sem fer með löggjafarvaldið samkvæmt stjórnarskránni. Reyndar gengur Ragnhildur í áliti sínu svo langt að segjast vera þeirrar skoðunar að of nærri hafi verið gengið skilyrðum 28. gr. um brýna nauðsyn, eins og greinin verði skýrð með hliðsjón af þeim ummælum sem féllu á Alþingi við breytingu stjórnarskrárinnar 1991, með því að setja bráðabirgðalög án þess að reyna að leggja málið fyrir Alþingi.

Í ljósi þessara atriða þykir rétt að fella niður með öllu núverandi heimild til þess að setja bráðabirgðalög.

Seta ráðherra á Alþingi hefur lengi þótt umdeilanleg í ljósi þess sjónarmiðs að rétt sé að aðskilja framkvæmdarvald og löggjafarvald með sama hætti og dómsvald er aðgreint frá öðrum þáttum ríkisvaldsins. Nefna má að á 123. löggjafarþingi var flutt frumvarp sem kvað á um að ráðherrar sætu ekki á Alþingi þann tíma sem þeir gegndu ráðherradómi. Þá samþykkti flokksþing Framsóknarflokksins vorið 2003 að auka þyrfti þrískiptingu ríkisvaldsins og í því skyni skyldi að því stefnt að ráðherrar afsöluðu sér þingmennsku. Var ítrekað á næsta flokksþingi, vorið 2005, að Framsóknarflokkurinn vill að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmannsstarfi. Slíkt fyrirkomulag er talið heppilegt til að auka skilin á milli framkvæmdar- og löggjafarvalds og er í samræmi við meginregluna um þrígreiningu ríkisvaldsins.

Undanfarna áratugi hefur greinilega verið sú þróun í löggjöf að þáttur alþingismanna innan framkvæmdarvaldsins hefur farið mjög minnkandi og hlutur og áhrif ráðherra vaxið að sama skapi. Nú er meginreglan að ráðherrar skipa stjórnir og ráð sem falla undir ráðuneyti þeirra eða stofnanir sem heyra undir ráðuneytið. Enn fremur hafa veigamiklar ákvarðanir verið fluttar frá Alþingi til ráðherra og má þar nefna sem dæmi að virkjanaleyfi eru nú í höndum iðnaðarráðherra en áður veitti Alþingi sjálft þau flest með sérstökum lögum hverju sinni. Breytingar á lögum um ríkisstofnanir og um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

hafa styrkt stöðu framkvæmdastjóra ríkisstofnana. Stjórnir einstakra stofnana hafa ýmist verið lagðar niður eða heyra að öllu leyti beint undir ráðherra og hlutverki þeirra verið breytt.

Þessi skýra stefna um aðskilnað löggjafarvalds frá framkvæmdarvaldi er studd mörgum veigamiklum rökum og hefur eflt framkvæmdarvaldið. Eðlilegast er að framfylgja þessari stefnu með sama hætti innan löggjafarvaldsins og taka fyrir setu ráðherra á Alþingi. Er hér lagt til að ráðherra verði að afsala sér þingmennsku og eigi því ekki afturkvæmt til setu á Alþingi fyrr en við næstu Alþingiskosningar. Þessi leið tryggir aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Önnur leið er að ráðherra verði að láta tímabundið af þingmennsku meðan hann gegnir ráðherrastarfi. Hún kemur einnig til greina og er til bóta en er þó síðri en sú sem lögð er til í frumvarpinu.

Þriðja breytingartillagan gerir ráð fyrir að breytingar á stjórnarskránni verði bornar undir þjóðina og öðlist ekki gildi nema með samþykki í almennri og leynilegri atkvæðagreiðslu. Þykir ekki eðlilegt að Alþingi sjálft bæði leggi fram tillögur til breytinga á stjórnarskránni og samþykki þær, einkum í ljósi þess að stjórnarskráin er upphaflega sett af þjóðinni og hefur að geyma fyrirmæli um starfssvið Alþingis. Rétt þykir að sá sem setti stjórnarskrána í upphafi, þ.e. þjóðin sjálf, staðfesti framvegis breytingar á henni. Að sama skapi verður að telja það til bóta að Alþingi ákvarði ekki sjálft eigin stöðu í stjórnskipaninni.

## 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um yfirlýsingu gegn stuðningi við innrásina í Írak.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka Ísland með formlegum hætti út af lista þeirra 30 þjóða, sem studdu innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak vorið 2003 og lýsir því yfir að stuðningurinn við innrásina hafi verið misráðinn.

Greinargerð.

Stuðningur Íslands við innrásina í Írak var veittur án þess að haft væri lögbundið samráð við utanríkismálanefnd Alþingis, og án þess að ákvörðun um hann væri tekinn í ríkisstjórn landsins. Ákvörðun um stuðning Íslands var tekin af þáverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra einum. Öll stjórnarandstaðan stóð sameinuð gegn henni, og hefur margsinnis lýst harðri andstöðu jafnt við innrásina, sem þá fordæmalausu aðferð sem forustumenn ríkisstjórnarinnar beittu til að spyrða Ísland með þeim hætti við innrásarþjóðirnar. Ítrekaðar kannanir hafa sýnt að mikill meiri hluti þjóðarinnar var andvígur ákvörðun ráðherranna enda var hér um algera stefnubreytingu af hálfu ríkisins að ræða í afstöðu til stríðsátaka. Ísland hefur aldrei haft eigin her og árið 1945 neitaði Alþingi að lýsa yfir stríði á hendur Þýskalandi og Japan. Með stofnaðild að NATO árið 1949 tóku Íslendingar sérstaklega fram að þeir mundu ekki lýsa yfir stríði á hendur annarri þjóð.

Nú dylst engum að rökin sem Bandaríkjastjórn notaði til að réttlæta innrás í Írak voru byggð á fölskum forsendum. Gereyðingarvopn sem talið var að þar væru falin hafa hvergi fundist. Ekki hefur heldur verið unnt að finna nein tengsl fyrrverandi ríkisstjórnar þar við al Kaída sem bandarísk stjórnvöld staðhæfa að hafi skipulagt hryðjuverkaárásina á Bandaríkin 11. september 2001. Sú friðþægingarástæða sem eftir á hefur verið fundin upp, þ.e. að innrás

í Írak hafi aukið öryggi almennings í heiminum, hefur einnig reynst tilbúningur einn. Þvert á móti er það niðurstaða bandarískrar rannsóknar að ógn við öryggi borgara á Vesturlöndum hafi aukist mjög á síðustu missirum beinlínis vegna innrásar Bandaríkjamanna og Breta. Sú sorglega staðreynd blasir jafnframt við að tugir þúsunda óbreyttra borgara í Írak hafa látið lífið vegna innrásarinnar. Þá benda flutningsmenn jafnframt á að Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur lýst innrás Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra brot á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og þar með brot á alþjóðalögum.

Flokkar stjórnarandstöðunnar telja mikilvægt fyrir orðstír þjóðar og þings að Alþingi lýsi skorinort vilja sínum til þess að nafn Íslands verði með formlegum hætti tekið af lista þeirra þjóða sem studdu innrásina og lýsi því yfir að stuðningur við hana hafi verið misráðinn.

## 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Með hliðsjón af mikilvægi þess að:

a. verðbólga náist sem fyrst niður fyrir viðmiðunarmörk Seðlabankans,
b. stöðugleiki haldist á vinnumarkaði og kaupmáttur launa verði varðveittur,
c. sjálfbær þróun verði leiðarljós í orku- og atvinnumálum og þróun þjóðlífsins almennt,
d. tryggja útflutnings- og samkeppnisgreinum viðunandi starfsskilyrði,
e. bæta skilyrði til nýsköpunar í atvinnulífinu og til uppbyggingar sprotafyrirtækja,
f. draga úr viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun,
g. viðhalda stöðugleika í fjármálakerfinu og halda aftur af skuldasöfnun heimilanna,
h. jafnvægi náist á nýjan leik í þjóðarbúskapnum almennt,

ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Gefa út formlega yfirlýsingu um að hvorki verði af hálfu opinberra aðila stuðlað að né veitt leyfi fyrir frekari stórvirkjunum né uppbyggingu meiri orkufrekrar stóriðju en þegar er í byggingu, a.m.k. til ársloka 2012. Áhersla verði þess í stað lögð á fjölbreytta smáa og meðalstóra iðnaðarkosti af viðráðanlegri stærð fyrir hagkerfið og aðstæður viðkomandi byggðarlaga.
2. Tryggja aðhald í ríkisfjármálum og slá á þenslu með því að leggja fyrir Alþingi tillögur um að falla frá eða fresta eftir atvikum a.m.k. hluta þeirra almennu skattalækkana sem lögfestar voru fram í tímann í desember 2004 og koma eiga til framkvæmda um áramót. Í staðinn komi aðgerðir til að bæta stöðu tekjulægstu hópa samfélagsins og barnafjölskyldna.
3. Efna til víðtæks samstarfs við aðila vinnumarkaðarins, samtök bænda, neytenda, öryrkja, og aldraðra, og aðra þá aðila sem efni standa til um aðgerðir þessar og þátttöku í að tryggja á nýjan leik efnahagslegan og félagslegan stöðugleika.

Greinargerð.

Hliðstæð tillaga var fyrst flutt undir lok marsmánaðar 2005, (þskj. 1014, 666. mál 131. löggjafarþings) en þá hafði verðbólga farið yfir viðmiðunarmörk Seðlabankans með tilheyr-

andi viðbrögðum af bankans hálfu. Bankinn tók þá saman greinargerð til almennrar birtingar sem jafnframt var send ríkisstjórn, sbr. ákvæði laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, og yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka frá 27. mars 2001. Bankinn varð síðan í annað sinn á síðasta ári að bregðast við verðbólgu sem var umfram þolmörk þar sem tólf mánaða hækkun vísitölu neysluverðs mældist 4,8% í september. Greinargerð bankans um málið frá 19. september var stutt en vísað var til þess að 29. september gæfi bankinn út ársfjórðungsrit sitt um peningamál og þar mundi birtast ný verðbólgu- og þjóðhagsspá. Í ársfjórðungsriti Seðlabankans, haustið 2005 kvað við harðan tón. „Ójafnvægi í þjóðarbúskapnum hefur aukist verulega," sagði Seðlabankinn og mat verðbólguhorfur til næstu tveggja ára enn óviðunandi þrátt fyrir verulega hækkun stýrivaxta bankans allt frá í maí á árinu 2004.

Svona var ástatt þegar tillaga þessi var flutt í annað sinn (þskj. 5, 5. mál) við upphaf þings sl. haust. Síðan þá hefur jafnvægisleysið í hagkerfinu og þjóðarbúskapnum sagt til sín með enn harkalegri hætti en áður. Verðbólgan hefur rokið upp í kjölfar veikingar krónunnar og verið á bilinu 7–9% undanfarna mánuði. Viðskiptahallin hefur slegið öll met. Á fyrri helmingi ársins, þ.e. mánuðina janúar til júní, var viðskiptajöfnuðurinn óhagstæður um litla 123,6 milljarða kr. Vöruskiptajöfnuðurinn einn var óhagstæður um 19,1 milljarð kr. í júlí og hefur aldrei í sögunni verið annað eins. Erlendar skuldir hafa aukist verulega eins og við er að búast og var hrein staða við útlönd orðin neikvæð um 1.297 milljarða kr. í lok júní sem svara til um 107% af áætlaðri landsframleiðslu ársins.

Í nýjasta hefti Peningamála spáir Seðlabankinn nú yfir 8% verðbólgu að meðaltali á árinu og enn meiri verðbólgu eða fast að 10% á árinu 2007. Fyrst undir lok ársins 2008 gerir Seðlabankinn sér vonir um að verðbólgan gæti farið að nálgast viðmiðunarmörkin. Þetta er veruleikinn sem við okkur blasir. Fórnarkostnaður stóriðjustefnunnar og hagstjórnarmistök ríkisstjórnarinnar reynast landsmönnum ærið dýrkeypt.

Geysihátt raungengi krónunnar hefur undanfarin ár skapað útflutnings- og samkeppnisgreinum mikla erfiðleika. Skilyrði til nýsköpunar í almennu atvinnulífi hafa verið afar erfið við þessar aðstæður og áhugi innlendra fjárfesta beinist að útlöndum. Þó gengi krónunnar hafi nú lækkað sitja eftir miklir erfiðleikar, tekjutap útflutnings- og samkeppnisgreina frá undangengnum missirum og fyrirtæki hafa horfið úr landi sökum ruðningsáhrifa stóriðjustefnunnar. Þrátt fyrir þetta heldur ríkisstjórnin óbreyttri siglingu hvað varðar áherslu á áframhaldandi og frekari uppbyggingu erlendrar stóriðju og hefur lögfest stórfelldar þensluhvetjandi skattalækkanir langt fram í tímann. Við þensluhvetjandi aðgerðir ríkisstjórnarinnar hefur svo bæst ástandið í fjármálaheiminum sem einkennist af útlánaþenslu og miklu innstreymi erlends lánsfjár vegna mikils vaxtamunar, en hvort tveggja er að vextir hér eru háir og vextir í löndunum umhverfis okkur í lágmarki. Greiðari aðgangur að lánsfé hefur svo átt sinn þátt í miklum hækkunum á fasteignamarkaði með tilheyrandi áhrifum á þróun verðlags.

Þótt mörg teikn séu nú á lofti um að hitinn sé hættur að hækka í hagkerfinu, fasteignamarkaðurinn að róast og heldur dragi úr útlánaaukningunni kann það að reynast skammgóður vermir. Eins og áður sagði eru gríðarlegar viðbótar stóriðju- og virkjanaframkvæmdir í undirbúningi og greiningaraðilar þegar teknir að gera ráð fyrir efnahagsáhrifum þeirra í spám sínum. Þrjú ný risavaxin álversverkefni eru undirbúin af kappi, þ.e. stækkun álversins í Straumsvík, bygging álvers í Helguvík á Suðurnesjum og bygging álvers við Bakka norðan Húsavíkur. Samtals er þar á ferðinni fjárfesting upp á 430 milljarða kr. sem dælt verður inn í hagkerfið á 6–8 árum ef svo fer. Þessi framkvæmdapakki er 50% stærri en allar samanlagðar stóriðju- og virkjanaframkvæmdir sem staðið hafa yfir að undanförnu og gera fram á næsta ár. Ekki verður annað ráðið af framgöngu stjórnvalda en allar þessar framkvæmdir geti hafist innan 3–4 ára, ef svo ber undir, með tilheyrandi gríðarlegum efnahagslegum

ruðningsáhrifum á nýjan leik. Furðu sætir að forsvarsmenn annars atvinnulífs en stóriðju- og orkuiðnaðarins skuli ekki láta meira til sín heyra um þær framtíðarhorfur sem við þeim blasa gangi þetta eftir.

Erlendar sérfræðistofnanir eiga sem eðlilegt er erfitt með að átta sig á því hvert stjórnvöld hér eru að fara með sinni blindu stóriðjustefnu, ekki síst í ljósi mikils jafnvægisleysis í hagkerfinu, óvissu um arsemi stóriðjufjárfestinganna og umhverfisfórnanna sem færðar eru. Þannig hafa sérfræðingar Efnahags- og framfarastofnunarinnar ítrekað lagt til að fram fari gagnsæ hagkvæmisathugun á breiðum grunni til að meta hvort það sé þjóðhagslega hagkvæmt eða ekki fyrir landið í heild að ráðist sé í frekari stóriðjufjárfestingar.

Ónefndur er þó enn mikilvægasti þátturinn af öllum sem gerir það algerlega óumflýjanlegt að stöðva öll áform um frekari stóriðju- og virkjanaframkvæmdir. Sá þáttur snýr að náttúru landsins og umhverfi. Ætli núlifandi kynslóð í landinu að reyna að bjarga því sem bjargað verður af mannorði sínu á spjöldum umhverfisverndarsögunnar er ekki seinna vænna að segja hingað og ekki lengra. Gerbreyta verður vinnubrögðum og leggja grunn að vitrænni ákvarðanatöku þar sem hagsmunir náttúruverndar og varúðarsjónarmið eru lögð til grundvallar. Ljúka verður gerð rammaáætlunar sem forgangsraðar virkjunarkostum með tilliti til verndargildis og gefa henni lögformlega stöðu. Taka ber frá og friðlýsa þau vatnsföll og vatnasvið og háhitasvæði sem ekki kemur til greina að raska og ganga frá friðlýsingu þeirra og móta á þeim grunni sjálfbæra orkustefnu í stað útsölustefnunnar til mengandi stóriðju sem fylgt er í dag. Þá fyrst verða komnar forsendur til þess að taka vitrænar ákvarðanir um beislun og nýtingu frekari orku.

Tillaga þessi lýtur fyrst og fremst að nauðsyn þess að grípa til markvissra aðgerða til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika og þar ber hæst stöðvun stóriðju- og virkjunarframkvæmda sem lið í slíkum aðgerðum. Fráhvarf frá stóriðjustefnunni, í þágu umhverfismála og til þess að afstýra enn frekari óafturkræfum náttúruspjöllum með tilheyrandi og harðnandi deilum þar um, er þó ekki síður brýnt.

Síðastliðið haust fylgdu tillögu þessari ítarleg og mikil fylgiskjöl til rökstuðnings þeirri skoðun flutningsmanna að aðstæður væru alvarlegar í efnahagsmálum þjóðarinnar og brýn þörf á aðgerðum. Framvindan síðan þá hefur sýnt að þetta mat var rétt og enn eru aðstæður því miður mjög tvísýnar og stjórnvöld á villigötum. Ekki er þörf mikilla fylgigagna nú tillögunni til stuðnings. Nægjanlegt er að vitna til óumdeildra staðreynda um jafnvægisleysið í hagkerfinu. Þeim sem vilja lesa sér frekar til má benda á rit Seðlabankans um peningamál, skýrslur OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um íslensk efnahagsmál, gögn frá greiningardeildum bankanna o.s.frv.

Alþingi þarf að taka í taumana og mæla fyrir um markvissar og raunhæfar aðgerðir til að ná tökum á ástandinu og út á það gengur tillagan.

---

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Verri verðbólguhorfur kalla á mun meira aðhald. Seðlabankinn. (Peningamál 2:2006, inngangur.)
II. Stórfjárfestingar hefjast á ný. Landsbankinn. (Vegvísir – markaðs- og greiningarit – 27. september 2006.)
III. Kemur sannleikurinn að utan? Steingrímur J. Sigfússon. (Morgunblaðið, 7. september 2006.)

## 15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um láglendisvegi.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að Vegagerðinni skuli falið að vinna tillögur sem byggist á því að allar helstu leiðir á þjóðvegi 1, Vestfjörðum og norðausturhluta landsins verði á láglendi, undir 200 m hæð yfir sjó. Einkum verði lagt til grundvallar aukið öryggi og stytting leiða milli suðvesturhornsins og annarra landsvæða, svo og innan landsvæða.

Megináhersla verði lögð á jarðgöng og þverun fjarða við útfærsluna og horft til mesta mögulega sparnaðar miðað við 50 ára notkun mannvirkja. Reiknaður verði út sparnaður samfara nýju vegakerfi um jarðgöng, t.d. við mögulegan flutning á raforku og flutning á heitu vatni til húshitunar. Jafnframt verði lagt mat á ávinning af hugsanlegri fækkun flugvalla og hafskipahafna vegna bættra samgangna.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt á 131. og 132. löggjafarþingi en í hvorugt skiptið tókst að ljúka afgreiðslu málsins.

Að líkindum má koma öllum þjóðleiðum á láglendisvegi með gerð innan við 20 jarðganga sem yrðu samanlagt um 100 km eða styttri og því litlu lengri í kílómetrum talið en þau göng og jarðhellar sem fylgja gerð Kárahnjúkavirkjunar. Ekki fer á milli mála að þekkingu við gerð jarðganga hefur fleygt fram hér á landi og að kostnaður fer lækkandi á hvern kílómetra í jarðgangagerð. Verkhraði er einnig meiri en áður, eins og sást við gerð jarðganganna undir Almannaskarð og milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Öllum er ljóst eftir reynsluna af Vestfjarða- og Hvalfjarðargöngum hvaða hag menn hafa af svo öruggum þjóðvegum, styttri leiðum milli staða og landsvæða, sem og tíma- og eldsneytissparnaði sem fylgir varanlegum samgöngubótum sem endast í áratugi og aldir. Gefin var út áætlun um jarðgöng í janúar árið 2000 og lagt til að hún yrði endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Þar eru talin upp 24 jarðgangaverkefni. Þegar hefur verið unnið að gerð nýrra, góðra fjallvega um Klettsháls, Bröttubrekku og Vatnaleið (í stað leiðarinnar Staðarsveit – Kolgrafarfjörður) og lokið er gerð jarðganga undir Almannaskarð og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Svokölluð Héðinsfjarðargöng eru nú komin á framkvæmdastig og láglendisvegur verður lagður yfir Mjóafjörð í Djúpi um Reykjanes. Göng undir Eyrarfjall í Djúpi verða þar af leiðandi ekki á dagskrá.

Þá standa eftir eftirfarandi leiðir þar sem gera þyrfti jarðgöng:

- Arnarfjörður – Dýrafjörður.
- Dynjandisheiði.
- Óshlíð.
- Ísafjörður – Súðavík.
- Tröllatunguheiði.
- Öxnadalsheiði.
- Vaðlaheiði.
- Vopnafjörður – Hérað.
- Seyðisfjörður – Hérað/Norðfjörður.
- Norðfjörður – Eskifjörður.
- Fáskrúðsfjörður – Stöðvarfjörður.

- Stöðvarfjörður – Breiðdalsvík.
- Skriðdalur – Berufjörður (Öxi).
- Undir Berufjörð.
- Reynisfjall í Mýrdal.
- Hellisheiði.

*Ný Hvalfjarðargöng.*

Á Hellisheiði er nú unnið að verulegum samgöngubótum sem væntanlega munu reynast vel. Göng úr botni Ísafjarðardjúps yfir í Fjarðarhornsdal í Kollafirði yrðu einnig mjög hagkvæm eftir að þverun Gufufjarðar, Djúpafjarðar og Þorskafjarðar væri lokið, enda yrði þá hægt að aka á láglendisvegi milli suðvesturhorns landsins og norðurhluta Vestfjarða. Alls yrðu þessi göng um 85–90 km. Jarðgöng til Vestmannaeyja eru ekki inni í þessari áætlun, enda fjármögnun þeirra tengd niðurfellingu á ferjusiglingum við opnun þeirra. Sú mikla umferð sem nú er orðin um Hvalfjarðargöng knýr senn á að hugað verði að nýjum göngum eða breikkun núverandi ganga, ef það telst raunhæfur kostur.

Vissulega eru þessi verkefni í jarðgangagerð misjafnlega brýn og nýjar aðstæður kalla oft fram breytta forgangsröðun. Þessi ályktun um að enn þurfi í það minnsta að gera 15 jarðgöng á landinu byggist auðvitað á reynslunni sem fengist hefur af bættu umferðaröryggi samfara jarðgöngum og þeirri vissu að hér á landi muni aftur verða snjóþungir vetur. Hinir snjóléttu vetur sem verið hafa undanfarin ár valda því sjálfsagt að margra metra há snjófönnin er mörgum úr minni fallin. En víst er að aftur koma miklir snjóavetur og þá mun enn aukast skilningur manna á jarðgöngum sem varanlegum framtíðarlausnum við vegagerð.

## 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um brottfall laga um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Lög um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

a. Orðin „lögum um iðnaðarmálagjald" í 1. mgr. 2. gr. laga um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, falla brott.
b. Orðin „iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald" í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, nr. 62/1997, falla brott.
c. Orðin „iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með áorðnum breytingum, og" í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, nr. 12/2003, falla brott.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að fella niður lagaskyldu iðnfyrirtækja til að greiða iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins. Iðnaðarmálagjaldið er innheimt af skattyfirvöldum með öllum úrræðum þeirra og er í reynd ígildi félagsgjalds til samtakanna (sem áður hétu Félag íslenskra iðnrekenda). Flutningsmaður hefur notið aðstoðar Snorra Stefánssonar lögfræðings og nefndasviðs Alþingis við samningu frumvarpsins.

Lög um iðnaðarmálagjald nr. 134/1993 leystu af hólmi lög nr. 48/1975 um sams konar gjald og voru sett í kjölfar heildarendurskoðunar þeirra laga eftir að aðstöðugjald hafði verið fellt niður. Lög um gjaldið voru á sínum tíma sett að frumkvæði Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Samkvæmt núgildandi lögum skal leggja iðnaðarmálagjald, 0,08% af veltu, á allan iðnað í landinu. Skal gjaldstofn þess vera velta skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga (m.a. útflutningur). Álagning og innheimta iðnaðarmálagjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt (m.a. sektir, fangelsi o.s.frv.). Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna til Samtaka iðnaðarins og skal þeim varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu.

**Fjárveitingarvald Alþingis.**

Í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“ Lög sem kveða á um greiðslu úr ríkissjóði, önnur en fjárlög eða fjáraukalög, hljóta því að vera í andstöðu við þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og því ógild. Þing sem setur slík lög um árlega ráðstöfun á fjármunum ríkissjóðs er búið að binda hendur allra þinga þaðan í frá hvað varðar greiðslur þessara gjalda því að lögin hljóta að eiga að gilda eins og önnur lög frá Alþingi. Síðari þing þurfa árlega að taka fram í fjárlögum að þetta gjald skuli renna til verkefnisins og hafa því ekki óskorað fjárveitingarvald. Farist fyrir að geta um útgjöldin í fjárlögum kemur upp sú staða að lögin kveða á um að greiða skuli fé úr ríkissjóði sem stjórnarskráin bannar.

Í 1. mgr. 3. gr. laga um iðnaðarmálagjald stendur: „Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna til Samtaka iðnaðarins.“ Hér eru bein fyrirmæli til framkvæmdarvaldsins um að þessa fjármuni skuli greiða úr ríkissjóði þrátt fyrir bann stjórnarskrárinnar þar um. Þó að þessa gjalds og ráðstöfunar þess sé getið í fjárlögum hvers árs, þá er það ákvæði fjárlaganna þvingað og Alþingi getur ekki sett fjárlögin óbundið af lögum um iðnaðarmálagjald. Lög um iðnaðarmálagjald eru því í andstöðu við stjórnarskrá og það eitt sér styður það frumvarp sem hér er lagt fram.

Lagasafnið hefur að geyma fjölmörg lög af þessu tagi. Oft er um að ræða skatta, tekjur, sem renna eiga til ákveðinna verkefna eða aðila og eru slíkar tekjur ríkissjóðs oft nefndar „markaðar tekjur“ þ.e. tekjur ríkissjóðs, sem renna skulu til ákveðinna verkefna eða aðila, markaðar þessum verkefnum eða aðilum. Dæmi um slíkar tekjur eru búnaðargjaldið, sem rennur aðallega til stéttarsamtaka bænda, iðnaðarmálagjald, sem rennur til Samtaka iðnaðarins, fiskiræktargjald sem rennur til Fiskiræktarsjóðs, sem veitir m.a. styrki til fiskeldis og fiskiræktar, höfundaréttargjöld (t.d. 1% af verði tölva), STEF-gjöld, sem renna til einstaklinga (tónskálda).

**Skattur.**

Gjaldstofn iðnaðarmálagjalds er sá sami og gjaldstofn virðisaukaskatts auk viðbótar og um álagningu og innheimtu þess fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt. Þetta gjald hefur því öll einkenni skatts. Það er lagt á og innheimt af skattheimtumönn-

um ríkissjóðs. Samt fær ríkissjóður innheimtugjald og þessi skattur rennur til tiltekins félags. Það er óeðlilegt þar sem litið hefur verið svo á að skattar skuli renna til hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga.

Þegar litið er á lög um iðnaðarmálagjald virðist sem hópur manna, stjórnir Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands íslenskra samvinnufélaga, hafi fengið löggjafann til þess að innheimta fyrir sig félagsgjöld og nota þannig ægivald ríkisins með heimild til sekta og fangelsa til að ná fénu af öllum iðnfyrirtækjum og gera þau um leið félagsbundin.

Í lögunum segir að í ríkissjóð skuli renna 0,5% af innheimtu iðnaðarmálagjalds vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þess. Þetta undirstrikar að litið hefur verið á starfsemina sem innheimtu og þessi 0,5% eru eins konar innheimtuþóknun. Í því sambandi er rétt að benda á að umrædd gjöld verða að skatti og skil á gjöldunum verða að ríkisútgjöldum með því að lögbinda innheimtuna og fela hana ríkinu og greiða fé út. Um hvort tveggja hefur stjórnarskráin mjög nákvæmar leiðbeiningar eins og hér hefur verið drepið á.

**Félaga- og tjáningarfrelsi.**

Félagafrelsi er meginregla á Íslandi. Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar má engan skylda til aðildar að félagi nema sérstakar aðstæður krefjist þess. Skoðanafrelsi er nátengt félagafrelsinu en í því felst að óheimilt er að neyða menn til að hafa tilteknar skoðanir eða losa sig við aðrar. Kveðið er á um skoðanafrelsi í 73. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki reynir oft á skoðanafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar en hér er því öfugt farið. Skyldugreiðslur til félags sem greiðendur kunna að vera á móti í sjálfu sér brýtur í bága við hugmyndir um skoðanafrelsi. Þá er sáralítill munur á því að skylda menn til félagsaðildar og að skylda menn til þess að greiða gjald til félags. Sé gjaldið greitt er varla annað hægt en að vera í félaginu og njóta þeirra réttinda sem í því felast. Skyldugreiðslur til félags fela því í sér gervifélagsskyldu.

Samtök iðnaðarins hafa haft uppi mjög ákveðnar skoðanir um ýmis pólitísk álitamál eins og aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar. Eflaust finnast í fjölmennum hópi iðnfyrirtækja aðilar sem eru á öndverðri skoðun og eru sannfærðir um að slíkar lausnir myndu skaða hagsmuni þeirra og þjóðarinnar. En þeir verða samt að greiða iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins og fjármagna þannig upplýsingar og áróður gegn eigin skoðun án þess að geta komið henni að. Slíkt getur ekki verið í samræmi við ákvæði stjórnarskrár um skoðanafrelsi.

Í dómi Hæstaréttar í máli frá 17. desember 1998 (málsnr. 166/1998 á bls. 4406 í dómasafni 1998) var fjallað um lögmæti iðnaðarmálagjalds. Var talið að gjaldið stæðist þrátt fyrir félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar þar sem löggjafanum væri heimilt að leggja á skatt og ráðstafa honum. Í dómi Hæstaréttar frá 20. desember 2005 (málsnr. 315/2005) var málatilbúnaður stefnanda að verulegu leyti sá sami og í framangreindu máli. Meiri hluti Hæstaréttar vísaði til málsins frá 1998 og taldi álagningu gjaldsins standast. Benti meiri hlutinn á að jafnvel þótt gjaldið rynni til Samtaka iðnaðarins skyldi verja því í ákveðnum tilgangi og teldist því ekki styrkur til samtakanna. Ráðstöfun þessi væri fæli ekki í sér skylduaðild að samtökunum. Orðrétt segir í dómnum: „Með hliðsjón af því að Samtökum iðnaðarins er að lögum skylt að verja tekjum af iðnaðarmálagjaldi til að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu og þannig til hagsbóta þeirri atvinnugrein sem skattlögð er verður heldur ekki talið að löggjafinn hafi farið út fyrir heimildir sínar að þessu leyti við setningu laganna.“ Hvað varðar þá málsástæðu stefnanda að jafnræðis væri ekki gætt þar sem fyritæki í eigu hins opinbera væru undanþæg gjaldinu sagði meiri hlutinn: „...opinber fyrirtæki greina sig á margan hátt frá þeim, sem eru í eigu einkaaðila, og önnur sjónarmið eiga við um skatt-

lagningu þeirra á ýmsum sviðum, svo sem fram kemur í skattalöggjöf almennt í landinu. Í málatilbúnaði áfrýjanda er ekki gerður samanburður á aðstöðu hans og tiltekinna opinberra fyrirtækja. Er ekki fram komið að um sé að ræða mismunun á aðstöðu áfrýjanda og þeirra sem undanþága laganna tekur til."

Í sératkvæði eins dómara var bent á að í gögnum sem lögð hafi verið fram af Samtökum iðnaðarins væri ekki sundurgreint með glöggum hætti hvernig iðnaðarmálagjaldi væri varið. Taldi dómarinn að af gögnum málsins væri helst ráðið að hluti gjaldsins rynni til almenns reksturs samtakanna. Í skýrslum samtakanna kæmi fram að samtökin héldu „ekki sérstakt bókhald yfir það hvort einstakir þættir í rekstri þeirra eru greiddir með peningum sem stafa frá félagsgjöldum, fjármagnstekjum eða iðnaðarmálagjaldi". Samkvæmt sératkvæðinu var því talið að ákvæði laga um iðnaðarmálagjald tryggðu ekki að ráðstöfun gjaldsins rynni til þeirra verkefna sem til væri ætlast samkvæmt lögunum. Auk þess var bent á að stefnandi væri skyldaður til að greiða umrætt gjald þrátt fyrir að vera ósamþykkur markmiðum samtakanna og í raun teldi hann samtökin vinna gegn hagsmunum sínum. Taldi dómarinn að þetta fyrirkomulag sem markað væri með lögunum fæli í sér allríka skyldu stefnanda til þátttöku í starfsemi samtakanna án þess að hann hafi veitt samþykki sitt fyrir því. Var talið að skýra yrði ákvæði stjórnarskrárinnar um rétt manna til að standa utan félaga á þann hátt að sú tilhögun sem boðin væri með lögum um iðnaðarmálagjald væri óheimil nema hún uppfyllti skilyrði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskráinnar þar sem fram kemur að með lögum megi kveða á um skylduaðild að félagi ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Var ekki talið að Samtök iðnaðarins væru félag með slíka starfsemi.

Telja verður að lög um iðnaðarmálagjald gangi gegn þeim meginsjónarmiðum sem félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar hvílir á, ekki hvað síst þegar ákvæðið er lesið með skoðanafrelsisákvæðinu. Í máli Young, James og Webster gegn Stóra-Bretlandi fyrir Mannréttindadómstól Evrópu, í málum nr. 7601/76 og 7806/77, taldi dómstólinn eðlilegt að líta á skoðanafrelsi sem hluta félagsfrelsis. Almennt er viðurkennt að heimilt sé að skylda menn til aðildar að félögum í tilvikum þar sem vöntun slíkrar reglu kynni að leiða til skerðingar almannahagsmuna, svo sem slæmrar nýtingar verðmæta. Má hér nefna skyldu til aðildar að húsfélagi og skyldu til aðildar að veiðifélagi. Samtök iðnaðarins eru gerólík samtök. Það er engan veginn nauðsynlegt fyrir framgang einstakra iðnfyrirtækja að þau séu félagar í samtökunum né búa þar að baki mikilvægir almannahagsmunir.

**Jafnræði.**

Væru ný samtök stofnuð af iðnrekendum mundu þau ekki öðlast neinn rétt til sambærilegrar skattheimtu. Þá gæti sú staða komið upp að greiða þyrfti til Samtaka iðnaðarins og jafnframt annarra samtaka sem kynnu að berjast fyrir gagnstæðum hagsmunum.

Samtök iðnaðarins eru í samkeppni við önnur samtök atvinnulífsins um félaga. Vegna lagaskyldu um innheimtu félagsgjalda til Samtaka iðnaðarins eru þau í allt annarri og betri stöðu en önnur samtök sem verða að treysta á vilja fyrirtækja til að vera félagar og greiða félagsgjald. Að auki er það nánast óvinnandi vegur fyrir hóp fyrirtækja í iðnaði að stofna hagsmunafélag í andstöðu við Samtök iðnaðarins til að berjast fyrir hagsmunum sínum þar sem þau yrðu bæða að fjármagna eigið félag og andstöðuna við það. Þó að þetta frumvarp yrði að lögum mundi ekkert banna fyrirtækjum að greiða til Samtaka iðnaðarins ef þeim þættu samtökin hafa hlutverk og gegna því vel.

Sú hætta vofir yfir félögum sem fá tekjur á silfurfati frá ríkisféhirði að þau verði með árunum makráð og stofnanagerist. Starfsmönnum þeirra er hætt við að líta á sig sem opinbera

starfsmenn með tryggt starf, öndvert við iðnfyrirtækin, sem verða að fóta sig á samkeppnismarkaði. Samtökin eiga því á hættu að ganga ekki í takt við félaga sína og gjá getur myndast þar á milli. Þess vegna getur slík ríkisinnheimta til lengdar verið skaðleg samtökunum og atvinnugreininni í heild þó að hún sé óneitanlega þægileg fyrir samtökin.

Kveðið er á um jafnræði allra fyrir lögum í 65. gr. stjórnarskrárinnar. Iðnaðarmálagjald er eigi að síður eitt sinnar tegundar. Aðrar atvinnugreinar hafa ekki sambærileg forréttindi (eða kvaðir). Alla jafna má beita þeirri þumalfingursreglu við mat á því hvort jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé brotin að íhuga hvort eins fer um ólík tilvik eða hvort ekki fer eins um sambærileg tilvik. Verður ekki séð að Viðskiptaráð Íslands, Samtök verslunar og þjónustu eða Félag íslenskra stórkaupmanna, svo dæmi séu tekin, séu svo eðlisólík að önnur sjónarmið eigi við um þau félög en Samtök iðnaðarins. Þrátt fyrir að upptalin samtök njóti ekki sérstakra forréttinda verður ekki annað séð en starfsemi þeirra sé með miklum blóma.

Hagsmunir iðnrekenda falla ekki alltaf saman í einu og öllu. Samtök iðnaðarins munu því jafnan eiga erfitt með að gera öllum til hæfis. Í þeim tilvikum er eðlilegt að mögulegt sé fyrir fyrirtæki að hætta að greiða til félags. Jafnvel þó að allir séu jafnan sammála er sjálfsagt og eðlilegt í lýðfrjálsu þjóðfélagi að möguleikinn sé fyrir hendi.

**Um gildandi lög um iðnaðarmálagjald.**

Samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald skal verja gjaldinu til eflingar iðnaði og iðnþróun í landinu. Ekki er auðvelt að sjá hvernig skattur á iðnaðinn er heppilegur til að ná þessu marki. Æskilegri leið við að efla iðnaðinn hlýtur að vera sú að leyfa iðnfyrirtækjunum að halda eftir skattinum. Þá er iðnaðarmálagjald lagt á alla veltu fyrirtækja en ekki aðeins hagnað. Í vissum tilvikum er því um skatt á tap iðnfyrirtækja að ræða.

Í greinargerð með upphaflegum lögum um iðnaðarmálagjald segir: „Starfsemi samtaka iðnaðarins hefur að höfuðmarkmiði eflingu iðaðarins og mótun almennrar iðnaðarstefnu, er stuðlar að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun. Nauðsynlegt er að auka starfsemi samtakanna verulega, t.d. á sviði alhliða kynningar og útbreiðslustarfsemi, sviði hagrannsókna, útgáfustarfsemi o.fl. Enn fremur þurfa samtökin að hafa bolmagn til að taka virkan þátt í aðgerðum er miða að jákvæðum breytingum á skipulagsbyggingu einstakra iðngreina, framleiðniaukandi aðgerðum í einstökum iðngreinum eða iðnfyrirtækjum, sölu- og útflutningseflandi aðgerðum og loks í fræðslu og þjálfun starfsfólks og stjórnenda iðnfyrirtækja.“ Markmið þessi bera með sér aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú eru uppi. Þegar hin upphaflegu lög voru sett á áttunda áratug tuttugustu aldar þótti enn sjálfsagt að hið opinbera kæmi að skipulagningu atvinnugreina og stýrði þróun þeirra. En síðan hafa viðhorf til skipulagningar gerbreyst.

Þau rök sem skynsamleg þóttu 1975 eiga síður við nú á tímum þar sem frelsi í atvinnulífi hefur verið aukið stórlega og dregið hefur verið úr skattheimtu með þeim afleiðingum að íslenskt atvinnulíf stendur í meiri blóma en nokkru sinni fyrr. Hvað svo sem segja má um markmið iðnaðarmálagjaldsins skýtur einnig skökku við að félagasamtökum skuli vera falin skipulagningin. Félagið sem hlýtur iðnaðarmálagjaldið er þannig með einhverjum hætti gert ábyrgt fyrir framfylgd opinberrar skipulagsstefnu ríkisins.

Upphæðir iðnaðarmálagjaldsins síðustu ár eru þessar:

| Ár | Millj. kr. |
|---|---|
| 2000 | 151 |
| 2001 | 209 |
| 2002 | 212 |
| 2003 | 197 |
| 2004 | 235 |
| 2005 | 287 |

**Um 2. gr. frumvarps þessa.**

Verði frumvarp þetta að lögum fellur brott undanþága um greiðslu iðnaðarmálagjalds í lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga annars vegar og í lögum um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði hins vegar. Eins og gefur að skilja þarf ekki að undanþiggja umrætt félag frá greiðslu þessa gjalds þar sem það verður ekki lagt á nái frumvarp þetta fram að ganga. Hins vegar er í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. beggja þessara laga kveðið á um að verði síðar lagðir á skattar eða gjöld til viðbótar við eða í staðinn fyrir iðnaðarmálagjald skuli undanþágan einnig ná til þeirra skatta eða gjalda. Ástæða er til að halda þessu síðarnefnda atriði inni í framangreindum lögum, enda ekki ætlunin með þessu frumvarpi að fella undanþáguna brott verði síðar kveðið á um viðbótarskatta eða gjöld.

## 17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um staðbundna fjölmiðla.

Flm.: Dagný Jónsdóttir, Birkir J. Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Sæunn Stefánsdóttir, Sigurjón Þórðarson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd er athugi stöðu staðbundinna fjölmiðla og rekstrarumhverfi þeirra og skili skýrslu. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir þróun markaðarins undanfarin ár og, ef þurfa þykir, komið með tillögur um beinar eða óbeinar aðgerðir sem ríkisstjórn og Alþingi gætu gripið til í því skyni að efla rekstrargrundvöll staðbundinna fjölmiðla.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 131. og 132. löggjafarþingi. Markmið hennar er að gerð verði úttekt á þeirri stöðu sem nú er á markaði svæðisbundinna fjölmiðla en slík úttekt getur lagt grundvöll að umræðum um aðgerðir til að efla þessa gerð fjölmiðlunar. Svæðisbundnir fjölmiðlar gegna nú þegar og munu í framtíðinni gegna vaxandi hlutverki fyrir lýðræðislega umræðu.

Í skýrslu, sem nefnd menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi skilaði í apríl 2004, kom fram að sú skylda hvílir á íslenska ríkinu að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun. Skýrslan fjallaði nær eingöngu um málefni þeirra fjölmiðla sem hafa útbreiðslu um land allt en að litlu leyti um staðbundna fjölmiðla. Þótt finna megi dæmi um öflugan fjölmiðlarekstur utan höfuðborgarsvæðisins hafa staðbundnir fjölmiðlar átt undir högg að sækja hér

á landi. Nauðsynlegt er að gera sérstaka úttekt á stöðu þessara miðla svo ræða megi hvort sérstakra aðgerða er þörf til að efla stöðu þeirra.

Í skýrslu fjölmiðlanefndar kemur fram að ríkisstyrkir séu ein þeirra leiða sem til greina komi til þess að standa vörð um fjölbreytni í fjölmiðlun í landinu. Er þar vísað til tilmæla Evrópuráðsins um að ríki hugi að því hvort ástæða sé til að veita prentmiðlum og útvarpsmiðlum sérstakan fjárstuðning, einkum svæðisbundnum miðlum. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða skuli miðað við að stuðningur af þessu tagi sé byggður á hlutlægum sjónarmiðum, á grundvelli gegnsærra reglna og málsmeðferðar, sem sæti ytra eftirliti. Ákvarðanir af þessum toga sæti jafnframt reglubundinni endurskoðun til að komast hjá því að þær ýti undir samþjöppun eða óeðlilegan ábata þeirra sem njóta opinbers stuðnings. Nefndin gerði þó ekki tillögu um að þessi leið yrði farin.

Sameining sveitarfélaga leiðir til þess að þörf íbúanna eykst fyrir staðbundna fjölmiðlun sem í senn veitir upplýsingar um verkefni stjórnvalda og er vettvangur opinberrar umræðu um málefni hvers sveitarfélags.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili skýrslu eigi síðar en 1. mars 2007.

## 18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um gerð rammaáætlunar um náttúruvernd.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Mörður Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson,
Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson,
Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller,
Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra gerð rammaáætlunar um náttúruvernd sem nái til landsins alls. Markmið áætlunarinnar verði að skapa samstöðu og sátt um náttúruvernd á Íslandi. Í áætluninni komi fram tillögur um skipulag verndarsvæða og áætlun um virka verndun þeirra, með lögum þar sem það á við, og nýtingu sem samrýmist náttúruvernd. Áætlunin verði lögð til grundvallar við aðalskipulag og hugsanlegt landsskipulag.

Umhverfisráðherra leggi tillögu til þingsályktunar um rammaáætlun um náttúruvernd fyrir Alþingi eigi síðar en veturinn 2009–2010.

### Greinargerð.

Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að umhverfisráðherra verði falin gerð rammaáætlunar um náttúruvernd fyrir landið allt. Í áætluninni komi fram tillögur um skipulag verndarsvæða og áætlun um virka verndun þeirra. Skal nýtingin samrýmast náttúruvernd.

Lagastoð náttúruverndar er veikburða, mikilvægum rannsóknum á verðmætum náttúrusvæðum er ábótavant, umsjón með rannsóknum er ekki í höndum réttra aðila og heildarsýn skortir. Segja má að náttúra Íslands hafi átt í vök að verjast. Við þessar aðstæður er hætta á því að þjóðin glati um alla framtíð verðmætum náttúruperlum sem ekki eru einasta mikilvægar í sjálfu sér heldur einnig fyrir menninguna, sjálfsmynd þjóðarinnar og ímynd landsins.

Með gerð rammaáætlunar um náttúruvernd verður loks hægt að ljúka öflun nauðsynlegra grunngagna til að hægt sé að leggja mat á verndargildi svæða á landinu öllu, sem mjög hefur skort á. Um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta er vísað til þingsályktunartillögu Rannveigar Guðmundsdóttur og fleiri þingmanna Samfylkingarinnar á 132. löggjafarþingi (35. mál).

Í rammaáætlun um náttúruvernd væri eðlilegt að skipta náttúrusvæðum í þrjá meginflokka eftir verndargildi. Í fyrsta lagi væru svæði þar sem talið er hafið yfir allan vafa að vernd er nauðsynleg í samræmi við alþjóðlega matskvarða sem lagaðir hafa verið að íslenskum aðstæðum. Slík svæði þyrfti að friða lögum samkvæmt. Þetta mætti kalla virka vernd. Annar flokkur svæða nyti síðan sérstakrar verndar sem kalla mætti biðvernd. Það eru svæði sem þarf að rannsaka betur og/eða talið er að komi til greina til annarrar nýtingar, að heild eða hluta. Þriðji flokkurinn nyti síðan lágmarksverndar núverandi lagaramma. Á þeim svæðum gæfist eftir aðstæðum kostur á ýmissi annarri nýtingu en verndarnotum. Tilhögunin sem lýst er hér er ekki ólík vatnsfallalögum Norðmanna.

Markmið rammaáætlunar um náttúruvernd er að ná sátt um þau svæði sem njóta skuli verndar en um leið skýrast þá línur um hvar megi ráðast í framkvæmdir. Þannig kallast hún á við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem verið hefur í vinnslu á vegum iðnaðarráðherra í allnokkur ár.

Framkvæmdir í náttúru landsins valda oft og tíðum óafturkræfum spjöllum. Það gerir verndun hins vegar ekki og því er rammaáætlun um náttúruvernd ætlað að vera stefnumótandi grundvallarskjal við gerð landskipulags og aðalskipulags á sveitarstjórnarstigi. Áætlunin byggist að grunni til á sömu aðferðafræði og náttúruverndaráætlun sem samþykkt er á fimm ára fresti og rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ósnortnum víðernum og landslagsheildum verður þó að gefa aukið vægi við mat á verndargildi. Mikilvægt er að áætlunin grundvallist á svokallaðri vistkerfisnálgun. Ein forsenda áætlunarinnar verður varúðarregla Ríó-samningsins. Einnig á markmið slíkrar áætlunar að vera að tryggja friðlýsingum lagastoð, svo að þeim verði ekki hnikað með reglugerðarbreytingum.

Í gildandi náttúruverndaráætlun fyrir árin 2004–2008 var samþykkt að friðlýsa 14 svæði á landinu. Haustið 2006 hefur umhverfisráðherra aðeins friðlýst eitt þessara svæða, Guðlaugstungur. Ef fram heldur sem horfir verður hinum takmörkuðu markmiðum þessarar náttúruverndaráætlunar vart náð árið 2008. Rammaáætlun um náttúruvernd er ekki ætlað að koma í stað náttúruverndaráætlunar sem samþykkt er á a.m.k. fimm ára fresti heldur er eðlilegt að náttúruverndaráætlun nýtist við framkvæmd rammaáætlunarinnar.

Fáist nægir fjármunir þarf gerð rammaáætlunar um náttúruvernd ekki að taka lengri tíma en nokkur missiri. Eðlilegt er að gæta þess að svæði þar sem áhugi er á framkvæmdum njóti forgangs við gerð rammaáætlunarinnar.

Áætluninni er ætlað að verða grundvöllur sátta og samstöðu um verndun og nýtingu íslenskrar náttúru. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að þangað til niðurstöður áætlunarinnar liggja fyrir verði allar umsóknir um rannsóknar- og nýtingarleyfi til virkjunarframkvæmda háðar samþykki Alþingis. Um það leggja flutningsmenn fram annað þingmál, og leggja jafnframt til í þriðja þingmálinu að ákvörðunarvald um nýtingu losunarheimilda samkvæmt „íslenska ákvæðinu“ svokallaða í Kyoto-bókuninni verði einnig fært til Alþingis.

**Fylgiskjal.**

## Fagra Ísland

Tillögur Samfylkingarinnar um að styrkja stöðu
náttúru- og umhverfisverndar á Íslandi.
(13. september 2006.)

Samfylkingin vill styrkja stöðu náttúru- og umhverfisverndar á Íslandi. Því leggur flokkurinn til markvissar aðgerðir sem byggjast á forsendum sjálfbærrar þróunar og skýrri framtíðarsýn. Samfylkingin telur að nú sé sérstaklega mikilvægt að rétta hlut náttúruverndar á Íslandi gagnvart hagsmunum stóriðju, sem hefur notið algers forgangs í atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar undanfarinn áratug. Íslensk náttúra hefur farið halloka í þeim leik – nú þarf að skapa nýjar leikreglur í samræmi við verðmæti náttúrunnar og tilfinningar þjóðarinnar til landsins.

Jafnaðarmenn telja að náttúra Íslands sé sameign þjóðarinnar sem hverri kynslóð hafi verið fengin til skynsamlegrar nýtingar. Okkur sem nú lifum er skylt að afhenda næstu kynslóðum náttúru landsins jafnverðmæta og við fengum hana í hendur. Jafnframt berum við Íslendingar ábyrgð á sérstökum náttúruverðmætum landsins gagnvart öllu mannkyni.

Náttúra Íslands er ekki aðeins rík af auðlindum í hefðbundnum skilningi heldur eru öræfi landsins, fljót, fossar, jöklar, hverir og dalir í óendanlegum litbrigðum sínum og fjölbreytileika verðmæt auðlind í sjálfu sér. Verndun náttúrunnar er ein tegund nýtingar og oft sú sem á endanum skilar mestum verðmætum. Náttúra Íslands er einn meginþátturinn í ímynd landsins. Það skiptir miklu að sú ímynd bíði ekki hnekki. Hitt er þó enn mikilvægara, þ.e. tengsl okkar við landið og náttúru þess.

Í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar er tímabært að Íslendingar skipti um gír, tryggi jafnræði atvinnugreina og byggi skipulega upp atvinnulíf framtíðarinnar þar sem náttúrugæði landsins eru nýtt með sjálfbærum hætti. Samfylkingin leggur til að við núverandi aðstæður verði frekari stóriðjuáformum slegið á frest. Nú þarf áhersla á hátækni- og þekkingariðnað að haldast í hendur við nýsköpun í ferðaþjónustu og hefðbundnu atvinnugreinunum, sjávarútvegi og landbúnaði.

Samfylkingin leggur fram tillögur þar sem meðal annars er gert ráð fyrir átaki við rannsóknir og verndaraðgerðir með „rammaáætlun um náttúruvernd". Við bendum á einstök náttúrusvæði og -minjar sem mikilvægt er að vernda hið fyrsta. Við viljum stórátak til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum og við leggjum einnig til aðgerðir sem tryggja almenningi og félagasamtökum hans sterkari stöðu og meiri áhrif en verið hefur í umhverfis- og náttúruverndarmálum.

Af því málefnið er mikilsvert veljum við stefnumótun okkar mikið nafn: Fagra Ísland.

Samfylkingin vill:

1. *Tryggja rétt náttúruverndar í skipulagi og við landnýtingu.*
   - Gera „Rammaáætlun um náttúruvernd" sem nái til allra náttúrusvæða landsins. Þar komi fram tillögur um skipan verndarsvæða og áætlun um það hvernig verndun þeirra skuli háttað. Tryggðar verði fjárveitingar til helstu grunnrannsókna á náttúrufari landsins á næstu misserum þannig að áætlunin geti legið fyrir á komandi kjörtímabili.
   - Að rammaáætlunin verði lögð til grundvallar við gerð hugsanlegs landsskipulags og aðalskipulags sveitarfélaga.

- Að ákvörðunum um frekari stóriðjuframkvæmdir verði frestað þangað til fyrir liggur nauðsynleg heildarsýn yfir verðmæt náttúrusvæði Íslands og verndun þeirra hefur verið tryggð.
- Að heimild til að veita rannsóknar- og nýtingarleyfi vegna virkjunaráforma verði færð úr höndum iðnaðarráðherra til Alþingis á meðan unnið er að gerð áætlunarinnar. Ákvörðunarvald um nýtingu losunarheimilda samkvæmt „íslenska ákvæðinu“ í Kyotobókuninni verði einnig fært til Alþingis.

2. *Tryggja nú þegar verndun ákveðinna svæða.*
- Stækka Vatnajökulsþjóðgarð þannig að hann feli í sér Langasjó og allt vatnasvið Jökulsár á Fjöllum.
- Stækka friðlandið í Þjórsárverum í samræmi við tillögu umhverfisstofnunar og í samráði við heimamenn.
- Tryggja friðun Skjálfandafljóts, jökulánna í Skagafirði, Torfajökulssvæðisins, Kerlingarfjalla, Brennisteinsfjalla og Grændals.

3. *Gera langtímaáætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.*
- Þróa aðferðir til að úthluta takmörkuðum mengunarkvótum til stóriðju og kanna kosti þess að taka upp markað með losunarheimildir fyrirtækja.
- Beita hagrænum hvötum til að minnka notkun mengandi eldsneytis í samgöngum og hvetja til orkusparnaðar í sjávarútvegi.
- Efla rannsóknir íslenskra aðila á vetni, metangasi og öðrum minna mengandi orkugjöfum í samgöngum.
- Efla fræðslu til almennings um loftslagsmál og virkja krafta hans á þessu sviði.
- Efla þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi til að afstýra hættulegum loftslagsbreytingum og kynna um leið íslenska tækni til að nýta hreina orku.
- Efla rannsóknir á djúpborun til að mæta megi aukinni orkuþörf án þess að ganga á verðmæta náttúru landsins.

4. *Auka áhrif almennings og réttarstöðu í umfjöllun um umhverfismál.*
- Að Alþingi staðfesti Árósasamninginn frá 1998 og breyti íslenskum lögum til samræmis við hann, meðal annars þannig að almenningur og félagasamtök hans teljist hafa lögvarða hagsmuni á sviði umhverfisréttar.
- Að félagasamtök á umhverfissviði njóti sérstakra framlaga frá ríki og sveitarstjórnum til að afla sérfræðiaðstoðar við athugasemdir og umsagnir um skipulags- og umhverfismál.
- Að taka upp ráðgefandi eða bindandi atkvæðagreiðslur, á lands-, héraðs- eða sveitarvísu, um ýmsa kosti í umhverfismálum og náttúruvernd, og tryggja viðunandi jafnræði milli fylgismanna kostanna.

**Greinargerð.**

*1. Tryggja rétt náttúruverndar í skipulagi og við landnýtingu.*

Náttúra Íslands á í vök að verjast. Lagastoð náttúruverndar er veikburða, mikilvægum rannsóknum á verðmætum náttúrusvæðum er ábótavant, umsjón með rannsóknum er að verulegu leyti í höndum orkuyfirvalda og -fyrirtækja, og heildarsýn skortir. Við þessar aðstæður er hætta á því að þjóðin glati um alla framtíð verðmætum náttúruperlum sem ekki eru einasta

mikilvægar í sjálfu sér heldur einnig fyrir menninguna, sjálfsmynd þjóðarinnar og ímynd landsins.

Íslendingar nútímans eru jafnt og þétt að vakna til vitundar um þann arf sem felst í náttúrugæðum landsins, ekki síst hinum lítt snortnu en viðkvæmu öræfum. Hver kynslóð ber ábyrgð á því að skila þessum arfi til hinnar næstu en láta ekki stundarhagsmuni bera sig af leið. Nýting náttúrugæða verður að vera sjálfbær, og rétt er að líta á ýmis stig verndar sem eina tegund nýtingar. Það er mikilvægt hlutverk stjórnvalda og almennings á hverjum tíma að varðveita fágæt náttúrusvæði Íslands en einblína ekki á þau not sem hafa má af náttúrunni í þágu orkufreks iðnaðar.

Við gerð „Rammaáætlunar um náttúruvernd“ verður nauðsynlegra grunngagna aflað til að hægt sé að leggja mat á verndargildi náttúrusvæða á landinu öllu. Í áætluninni verður náttúrusvæðum landsins skipt í þrjá meginflokka eftir verndargildi. Í fyrsta lagi eru svæði þar sem talið er að vernd sé nauðsynlegur nýtingarkostur. Slík svæði þarf að friða með lögum. Þennan flokk má kalla virka vernd en slík svæði verður kappkostað að nýta sem þjóðgarða og verndarsvæði eftir því sem við verður komið. Annar flokkur náttúrusvæða nýtur sérstakrar verndar, sem kalla mætti biðvernd. Það eru svæði sem þarf að rannsaka betur og/eða talið er að komi til greina til annarrar nýtingar, að heild eða hluta. Þriðji flokkurinn nýtur lágmarksverndar núverandi lagaramma en á þeim svæðum gefst kostur á ýmissi annarri nýtingu en verndarnotum eftir aðstæðum. Tilhögunin sem hér er lýst er ekki ólík vatnsfallalögum Norðmanna.

„Rammaáætlun um náttúruvernd“ byggist að grunni til á sömu aðferðafræði og Náttúruverndaráætlun og Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, nema að ósnortin víðerni þurfa að fá aukið vægi þar sem nokkuð hefur skort á að sú sérstaða íslenskrar náttúru hafi notið sín þegar mat hefur verið lagt á verndargildi.

Framkvæmdir í náttúru landsins eru oft og tíðum óafturkræfar. Það er verndun hins vegar ekki og því er „Rammaáætlun um náttúruvernd“ ætlað að vera stefnumótandi grundvallarskjal við gerð hugsanlegs landsskipulags og aðalskipulags á sveitarstjórnarstigi. Markmið hennar er að ná sátt um þau svæði sem njóta skulu verndar en um leið skýrast línur um möguleg framkvæmdasvæði. „Rammaáætlun um náttúruvernd“ mætti að mestu ljúka á fáeinum árum.

Rammaáætlun um náttúruvernd verður mikilvægt framlag til þjóðarsáttar um verndun og nýtingu íslenskrar náttúru. Því er nauðsynlegt að þangað til niðurstöður áætlunarinnar liggja fyrir verði leyfi til virkjanarannsókna og -nýtingar háð samþykki Alþingis.

Engar efnahagslegar aðstæður kalla á stóriðju á næstu árum. Þvert á móti mæla óháðir sérfræðingar (sbr. nýlega skýrslu OECD) með því að dregið verði úr þensluhvetjandi framkvæmdum á næstunni til þess að stuðla að jafnvægi í íslensku efnahagslífi og tryggja stöðugleika til hagsbóta fyrir almenning. Því leggur Samfylkingin til að öllum ákvörðunum um frekari stóriðjuframkvæmdir verði frestað þar til fyrir liggur nauðsynleg heildarsýn yfir verðmæt náttúrusvæði Íslands og verndun þeirra hefur verið tryggð. Nú þarf áhersla á hátækni- og þekkingariðnað að haldast í hendur við nýsköpun í ferðaþjónustu og hefðbundnu atvinnugreinunum, sjávarútvegi og landbúnaði.

*2. Tryggja nú þegar verndun ákveðinna svæða.*

Vegna samkeppni á raforkumarkaði sækist fjöldi aðila nú eftir rannsókna- og nýtingarleyfum. Á borði iðnaðarráðherra liggja umsóknir um rannsóknarleyfi á 13 svæðum, sem mörg hver eru afar verðmæt frá náttúruverndarsjónarmiði og mörg hver lítt rannsökuð með

tilliti til verndargildis. Þetta á til að mynda við um ýmis fegurstu háhitasvæði landsins, þar á meðal Brennisteinsfjöll, Torfajökulssvæðið og Kerlingarfjöll.

Samfylkingin vill að Vatnajökulsþjóðgarður verði stækkaður enn frekar svo hann feli í sér Langasjó annars vegar og hins vegar allt vatnasvið Jökulsár á Fjöllum.

Þá verði friðlandið í Þjórsárverum stækkað í samræmi við tillögu Umhverfisstofnunar og í samráði við heimamenn.

Samfylkingin vill þegar í stað tryggja friðun eftirfarandi fallvatna og háhitasvæða:

- Skjálfandafljóts,
- jökulánna í Skagafirði,
- Torfajökulssvæðisins,
- Kerlingarfjalla,
- Brennisteinsfjalla,
- Grændals.

*3. Gera áætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.*

Eitt brýnasta hagræna og siðferðislega úrlausnarefni mannkyns á okkar dögum er að draga úr þeim loftslagsbreytingum sem þegar eru hafnar og takast á við áhrif þeirra á líf fólks í heiminum. Íslensk stjórnvöld eiga ekki að víkja sér undan ábyrgð í þeim málum heldur ber að efla þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði og kynna öðrum þjóðum íslenska tækni til að nýta hættulitla orkugjafa. Það er einörð afstaða Samfylkingarinnar að Íslendingum beri að standa við Kyoto-bókunina og flokkurinn varar við hugmyndum um reiknibrellur sem einstakir ráðherrar hafa reifað í því sambandi.

Samfylkingin vill að strax verði hafist handa við að gera metnaðarfulla áætlun fyrir Íslands hönd um að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Við þá áætlun verði stuðst í alþjóðasamningum um losunarheimildir eftir 2012 þegar Kyoto-bókuninni sleppir.
Samhliða þeirri áætlun telur Samfylkingin nauðsynlegt að koma á innlendum markaði með losunarheimildir fyrir stórfyrirtæki í iðnaði að evrópskri fyrirmynd en þær aðferðir hafa skilað miklum árangri í heildarsamdrætti iðnaðarins þar sem hvati skapast hjá hverju fyrirtæki til að draga sem mest úr losun.

Samfylkingin telur að það kerfi sem nú er við lýði í álögum á eldsneyti og bíla sé löngu úrelt. Því vill Samfylkingin endurskipuleggja álögur á eldsneyti og haga þeim þannig að þær hvetji til notkunar minna mengandi eldsneytis. Ennfremur telur Samfylkingin nauðsynlegt að endurskoða með hvaða hætti tollar eru lagðir á bifreiðar með það fyrir augum að lækka tolla á sparneytnar bifreiðar og bifreiðar sem nota minna mengandi eldsneyti.

Olíunotkun í sjávarútvegi er einn stærsti einstaki þátturinn í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Nú hefur íslenskt fyrirtæki, Marorka, getið sér gott orð fyrir orkusparnaðarkerfi fyrir skip en ljóst er að auk umhverfisáhrifa er hér um verulegt efnahagslegt atriði að ræða fyrir útgerðir landsins. Því vill Samfylkingin hvetja útgerðir með hagrænum aðgerðum til að spara olíunotkun sína.

Í náinni framtíð kann að vera að vetni verði jafn hagkvæmt eldsneyti á bíla og skip og olía og bensín. Unnið er að merkilegum rannsóknum á þessu sviði hérlendis í samvinnu við erlenda aðila. Skortur á íslensku fjármagni stefnir nú þessari ágætu þróunarvinnu í voða. Fleiri möguleika á minna mengandi eldsneyti er vert að athuga, svo sem metangas og etanól sem víða erlendis er að verða algengt eldsneyti á bíla. Samfylkingin telur brýnt að styðja myndarlega við rannsóknir af þessu tagi, einkum í samvinnu við erlenda aðila í fremstu röð.

Ljóst er að ef af vetnisvæðingu samgöngukerfisins verður skapast þörf fyrir aukna orku. Samfylkingin telur mikilvægt að efla rannsóknir við djúpborun svo ekki þurfi að ganga frekar á náttúrufarslega verðmæt svæði en brýnasta nauðsyn krefur.

Samfylkingin telur rangt að setja samasemmerki á milli minnkandi hagvaxtar og samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda. Þvert á móti telur Samfylkingin að í rannsóknum og nýsköpun á þessu sviði felist ótal möguleikar fyrir Ísland svo sem atvinnutækifæri, tækifæri til nýsköpunar og til að bæta ímynd landsins.

*4. Auka áhrif almennings og réttarstöðu í umfjöllun um umhverfismál.*

Árósasamningurinn frá 1998 um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hefur ekki verið staðfestur af Íslands hálfu, þótt hlutar hans séu komnir í íslensk lög vegna EES-aðildarinnar.

Með Árósasamningnum tengist umhverfisréttur mannréttindum og lýðræðissjónarmiðum. Viðurkennt er að fullnægjandi umhverfisvernd er undirstaða þess að menn geti notið grundvallarmannréttinda, að allir eigi rétt á heilbrigðu umhverfi og öllum sé skylt að vernda umhverfið. Samningurinn mundi m.a. tryggja aðild almennings/umhverfissamtaka að öllum málum sem varða umhverfisvernd (þannig að hagsmunir almennings verði jafngildir og lögvarðir hagsmunir nú), auka möguleika til gjafsóknar á þessu sviði og styrkja stöðu umhverfissamtaka, bæði að lögum og almennum áhrifum. Slík samtök hefðu meiri möguleika á fjárstuðningi þar sem viðurkennt væri að þau eru nauðsynlegur þátttakandi í ákvörðunarferli og eftirliti fyrir hönd almennings.

Samfylkingin telur ástæðu til að styrkja þátttöku almennings og félagasamtaka í umhverfismálum og stjórnvaldsákvörðunum um þau. Meginatriði er að gera félagsamtökum kleift að taka þátt í ýmiss konar sérfræðistarfi sem krefst tíma og fjár langt umfram það sem hægt er að ætlast til af almannasamtökum.

Samfylkingin telur að umhverfismál séu málaflokkur þar sem aðferðir beins lýðræðis henta ákaflega vel í ýmiss konar samspili við fulltrúalýðræðið. Því er sjálfsagt að kanna rækilega kosti atkvæðagreiðslna og skoðanakannana í þeim efnum.

## 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um mat á heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera vandað, óháð og gagnsætt þjóðhagslegt mat á arðsemi og heildaráhrifum þess á efnahagslegan stöðugleika og framvindu íslensks þjóðarbúskapar að ráðist verði í frekari stóriðju- og virkjanafjárfestingar. Leitað verði til hóps sérfræðinga, jafnt innlendra sem erlendra, með breiðan faglegan bakgrunn til að stýra verkefninu, og leiðbeiningar Efnahags- og framfarastofnunarinnar hafðar til hliðsjónar. Einnig verði haft samráð við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um tilhögun verksins. Niðurstöður vinnunnar verði lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu sem komi þar til umræðu.

## Greinargerð.

Svo ótrúlega sem það kann að hljóma er staðreynd að engin eiginleg þjóðhagsleg greining hefur farið fram á áhrifum stóriðju- og virkjanafjárfestinga fyrir heildarhagsmuni íslenska þjóðarbúsins. Stjórnvöld sjálf hafa lagt lauslegt mat á líkleg hagvaxtaráhrif einstakra framkvæmda og þá oftast borið þau saman við þann tilbúna eða fræðilega valkost að ekkert annað gerðist eða kæmi í staðinn. Þetta er þeim mun undarlegra þar sem öllum má vera ljóst að slíkar risaframkvæmdir með tilheyrandi innstreymi fjármagns og væntingaáhrifum hafa geysileg ruðningsáhrif í för með sér í efnahags- og atvinnulífinu. Borðleggjandi er að útreikningar, sem byggjast á að bæta hagvaxtaráhrifum stóriðjuframkvæmda við sem hreinni viðbót án þess að reikna með neinum frádráttarliðum á móti vegna fórnarkostnaðar annars atvinnulífs, aukinnar verðbólgu og meiri óstöðuleika, eru byggðir á sandi.

Nú eru á undirbúningsstigi hvorki meira né minna en þrjú risavaxin álvers- og virkjanaverkefni, þ.e. stækkun Álversins í Straumsvík um framleiðslugetu upp á 280 þúsund tonn, álver í Helguvík með 250 þúsund tonna framleiðslugetu og álver við Húsavík af sömu stærð. Heildarfjárfestingar eru áætlaðar um 430 milljarðar kr. eða nálægt 35% af áætlaðri landsframleiðslu þessa árs. Til samanburðar er fjárfestingin í yfirstandandi stóriðju- og virkjanahrinu á Austurlandi og á Suðvesturlandi upp á um 300 milljarða kr. og nálægt 25% af vergri landsframleiðslu. Það sem fram undan er, og greiningardeildir banka eru nú þegar teknar að gera ráð fyrir, a.m.k. að hluta, er nálægt einum og hálfum sinnum meiri fjárfesting en það sem nú er að ganga yfir og þykir þó flestum nóg um. Í ljósi gríðarlegs umfangs þessara fjárfestinga í hagkerfinu og stærðargráðu áhættunnar sem tekin er hlýtur að teljast enn furðulegra en ella að engir tilburðir skuli uppi hafðir af hálfu stjórnvalda til að meta sjálfstætt hagsmuni íslenska þjóðarbúsins í dæminu.

Efasemdir hafa farið ört vaxandi um að arðsemi stóriðjufjárfestinganna sem slíkra sé fullnægjandi þegar af þeim sökum einum að orkuverðið er mjög lágt. Landsvirkjun veitir ekki upplýsingar í reikningum sínum um ávöxtun eigenda fyrirtækisins á eigin fé og burðast er við að halda orkuverðinu í einstökum samningum leyndum. Einnig má benda á að engin tilraun hefur verið gerð til þess að meta umhverfiskostnað eða umhverfislegan fórnarkostnað, hæfilegt endurgjald fyrir nýtingu náttúruauðlinda og áhættuna fyrir hagkerfið og líkur á meiri óstöðugleika. Sýnt hefur verið fram á að nettóvirðisauki stóriðjustarfseminnar fyrir hagkerfið er mjög lítill sökum þess að innlendir kostnaðarþættir vega ekki þungt, eru innan við þriðjungur og jafnvel ekki nema fjórðungur af veltu fyrirtækjanna. Skuldabyrðin vegna orkuöflunar í þágu stóriðjunnar vegur hins vegar þungt í þjóðarbúskapnum eins og sést t.d. á því að skuldir Landsvirkjunar einnar voru um 12% af landsframleiðslu um sl. áramót.

Allmargir innlendir sérfræðingar, bæði sjálfstætt starfandi hagfræðingar, eða fræðimenn á því sviði, og greiningaraðilar hafa fjallað um arðsemishlið stóriðjustefnunnar með gagnrýnum hætti og bent á veikleikana, en við takmarkaða hrifningu stjórnvalda svo ekki sé nú minnst á stóriðju- og orkugeirann sjálfan. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur í skýrslum sínum um íslenskt efnahagslíf ítrekað bent á nauðsyn þess að reyna að meta á breiðum grunni með gagnsærri hagkvæmnisgreiningu (e. cost benefit framework) hvort frekari stóriðju- og virkjanaverkefni séu hagkvæm fyrir landið og hvort í þau sé skynsamlegt að ráðast. Tillaga þessi gengur út á að þetta sé gert. Samhliða er flutt önnur tillaga um stöðvun allra frekari stóriðjuframkvæmda a.m.k. til 2012 sem yrði liður í aðgerðum til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika og skapa skilyrði fyrir sjálfbærri orkustefnu. Með slíkum ráðstöfunum yrði brotið blað og lagður grunnur að stefnumótun og ákvarðanatöku í þessum efnum sem byggðist á vönduðu mati á því hvað væri hagsmunum þjóðarbúsins fyrir bestu.

Um leið yrði verndun íslenskrar náttúru og umhverfis sett í öndvegi í stað þess að vera látin mæta afgangi og sífellt víkja fyrir græðgi orkuiðnaðarins og ásælni erlendra álhringa.

---

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. ... og ákvarðanir um frekari stórfjárfestingar munu hafa afgerandi áhrif á efnahagshorfur til meðallangs tíma. (Úr skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál, ágúst 2006, bls. 27–30.)

II. Kemur sannleikurinn að utan? Steingrímur J. Sigfússon. (Morgunblaðið, 7. september 2006.)

## 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot).

1. gr.

Í stað „14 ára“ í 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

194. gr. laganna orðast svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi eða hótunum gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.

3. gr.

195. gr. laganna orðast svo:

Þegar refsing fyrir brot gegn 194. gr. er ákveðin skal virða það til þyngingar:

a. ef þolandi er barn yngra en 18 ára,
b. ef ofbeldi geranda er stórfellt,
c. ef brotið er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt.

4. gr.

196. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

197. gr. laganna orðast svo:

Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, annarri stofnun á vegum lögreglu, fangelsisyfirvalda eða barnaverndaryfirvalda, geðdeild sjúkrahúss, heimili fyrir andlega fatlað fólk eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 198. gr. laganna:

a. Orðin „utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. fellur brott.

7. gr.

199. gr. laganna orðast svo:

Hver sem gerist sekur um kynferðislega áreitni skal sæta fangelsi allt að 2 árum. Kynferðisleg áreitni felst m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan, enn fremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 200. gr. laganna:

a. Í stað „2 ára“ í 2. mgr. kemur: 4 ára.
b. Í stað „4 ára“ í 2. mgr. kemur: 6 ára.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 201. gr. laganna:

a. Í stað „2 árum“ í 2. mgr. kemur: 4 árum.
b. Í stað „4 ára“ í 2. mgr. kemur: 6 ára.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 202. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „allt að 12 árum“ í 1. mgr. kemur: ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum.
b. Við 1. mgr. bætist svohljóðandi málsliður: Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.
c. Í stað „4 árum“ í 2. mgr. kemur: 6 árum.
d. Í stað orðsins „ungmenni“ í 3. mgr. kemur: barn.
e. Orðin „eða ungmenni“ í 4. mgr. falla brott.

11. gr.

205. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur sá sem sæta skal refsingu fyrir eitthvert þeirra kynferðisbrota sem að framan greinir áður verið dæmdur sekur um slíkt brot og má þá hækka refsingu svo að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

12. gr.

206. gr. laganna orðast svo:

Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn yngra en 18 ára til vændis.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann stundi vændi sér til viðurværis.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af vændi annarra, svo sem með

útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

Hver sem í opinberri auglýsingu býður fram, miðlar eða óskar eftir kynmökum við annan mann gegn greiðslu skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. gildir einnig um brot sem framin eru fyrir gildistöku laga þessara, enda sé fyrningarfrestur þeirra ekki hafinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Er það lagt fram að nýju óbreytt.

**I. Inngangur.**

Með bréfi dagsettu 25. maí 2005 fór Björn Bjarnason dóms og kirkjumálaráðherra þess á leit við Ragnheiði Bragadóttur, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, að hún tæki að sér að semja frumdrög að frumvarpi um breyting á tilteknum ákvæðum í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992, með síðari breytingum (hér eftir skammstafað hgl., þar sem við á), sem síðan yrðu tekin til umfjöllunar í dómsmálaráðuneytinu. Eins og fram kemur í bréfi ráðherra varðar endurskoðunin eftirtalin brot:

1. Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, 194.–199. gr., sbr. 205. gr. hgl.
2. Kynferðisbrot gegn börnum, 200.–202. gr., sbr. 204. gr. hgl.
3. Vændi, 206. gr. hgl.

Í bréfi ráðherra kemur jafnframt fram að ráðuneytið telji miklu skipta að við endurskoðun framangreindra lagaákvæða verði byggt á traustum refsiréttarlegum grunni og tekið mið af alþjóðlegri þróun á þessu sviði, auk íslenskrar lagahefðar. Jafnframt sé nauðsynlegt að fá yfirlit yfir beitingu þessara lagaákvæða á þeim 13 árum sem liðin eru frá samþykkt þeirra.

Í samræmi við fyrrgreind sjónarmið var víða leitað fanga við samningu lagafrumvarps þessa. Fyrst er að nefna þann grundvöll sem byggt er á, en það eru rannsóknir höfundar frumvarpsins á ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga bæði löggjöfinni sjálfri og framkvæmd hennar. Til þeirra rannsókna telst könnun á dómum Hæstaréttar á þessu sviði undanfarna áratugi, greining þeirra og samanburður. Hafa niðurstöður sumra þessara rannsókna birst á síðastliðnum árum, en aðrar munu birtast á næstunni. Í öðru lagi var könnuð löggjöf um kynferðisbrot í öðrum löndum, einkum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, Þýskalandi, Englandi og Írlandi, og þá ekki síst þær breytingar sem nýlega hafa verið gerðar á löggjöf hjá sumum þessara þjóða. Í þriðja lagi er byggt á upplýsingum sem fram koma í ýmsum félagsfræðilegum og afbrotafræðilegum rannsóknum og gögnum, sem til eru um umfang og eðli þessara brota í íslensku samfélagi. Loks hefur höfundur leitast við að kynna sér reynslu ýmissa aðila sem starfað hafa með þolendum brotanna. Á grundvelli allra þessara gagna er miðað að því að hafa hin nýju ákvæði þannig úr garði gerð að þau þjóni sem best hagsmunum þolenda brotanna, sem í flestum tilvikum eru konur og börn.

Hinn 14. febrúar 2006 lagði dóms- og kirkjumálaráðherra lagafrumvarp þetta fyrir ríkisstjórn til kynningar. Jafnframt var frumvarpið kynnt opinberlega og birt á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins þar sem gefinn var kostur á að koma á framfæri athugasemdum við það áður en það yrði lagt fyrir Alþingi. Einnig var haldin málstofa í lagadeild Háskóla Íslands 3. mars sl. þar sem höfundur frumvarpsins ræddi efni þess. Tvær skriflegar umsagnir bárust um frumvarpið og var önnur þeirra frá Samtökum um kvennaathvarf og hin frá Atla Gíslasyni

hrl. Voru þær og aðrar ábendingar um efni frumvarpsins athugaðar gaumgæfilega og tekið mið af þeim eins og unnt var.

Ákvæði XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um kynferðisbrot voru endurskoðuð í upphafi 10. áratugar síðustu aldar, sbr. lög nr. 40/1992. Höfðu þau þá verið óbreytt frá því að hegningarlögin voru sett árið 1940. Fyrstu áratugina eftir 1940 komu brot gegn ákvæðum kaflans sjaldan til kasta dómstóla og umræða um þau var nánast engin. Á þessari hálfu öld sem liðin er gerbreyttist þjóðfélagið og vitneskja um brotin kom fram í dagsljósið hér á landi eins og erlendis. Endurskoðun ákvæðanna var orðin löngu tímabær. Var það ekki síst fyrir áhrif frá kvennahreyfingunni sem ráðist var í þá endurskoðun, en frá henni kom ákall um að löggjöf á þessu sviði tæki mið af breyttum viðhorfum til þessara mála og þeim upplýsingum sem þá þegar lágu fyrir um meðferð málanna í réttarkerfinu, konur og börn sem þolendur brotanna og afleiðingar þeirra fyrir þolendur. Árið 1982 var Kvennaathvarfið opnað og vorið 1984 varð mikil umræða í þjóðfélaginu um afbrotið nauðgun og réttarstöðu brotaþola. Upphaf þeirrar umræðu má rekja til nauðgunarbrota sem framin voru í Reykjavík þá um vorið og synjunar sakadóms um að úrskurða sakborninginn í málinu í gæsluvarðhald, sjá H 1984:678. Gagnrýni á meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu jókst og í kjölfarið var skipuð nefnd sem falið var að kanna hvernig háttað væri rannsókn og meðferð nauðgunarmála, kanna löggjöf og lagaframkvæmd á þessu sviði og gera tillögur til úrbóta í þessum efnum. Skýrsla nefndar þessarar, nauðgunarmálanefndar, kom síðan út á vegum dómsmálaráðuneytisins árið 1989. Voru þar gerðar ýmsar tillögur til úrbóta, m.a. um breytingar á ákvæðum hegningarlaganna um kynferðisbrot. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram komu í skýrslunni var XXII. kafla hegningarlaganna, sem þá nefndist *Skírlífisbrot*, breytt verulega.

Með breytingalögunum frá 1992 voru m.a. gerðar tvær grundvallarbreytingar á ákvæðum kynferðisbrotakaflans. Í fyrsta lagi voru ákvæði kaflans gerð ókynbundin. Fyrir lagabreytinguna höfðu þau verið kynbundin, þ.e. aðeins konur nutu refsiverndar og gátu verið þolendur en eingöngu karlmenn gátu verið gerendur. Þar sem ákvæðin eru nú ókynbundin geta bæði karlar og konur verið gerendur og þolendur. Var þessi breyting gerð til samræmis við breytt viðhorf í þjóðfélaginu og réttarþróun í nágrannalöndunum (Alþingistíðindi 1991–1992, 115. löggjafarþing. A, bls. 787–788). Í öðru lagi voru svonefnd önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði, en þau höfðu áður varðað vægari refsingu samkvæmt sérstöku ákvæði þar um. Ekkert dæmi er um það í dómasafni Hæstaréttar að karlmaður hafi orðið þolandi nauðgunar eða annars kynferðisbrots af hálfu konu. Í umfjöllun í greinargerðinni hér á eftir verður því orðið *konur* notað um þolendur brotanna þar sem það á við og er með því lögð áhersla á hverjir eru þolendur þessara brota í raun. Þrátt fyrir þá hugtakanotkun hér er ekki ástæða til að hverfa frá ókynbundnu orðalagi í ákvæðunum sjálfum. Síðan 1992 hafa nokkrar breytingar verið gerðar á XXII. kafla almennra hegningarlaga og tengjast þær flestar ákvæðum sem varða refsivernd barna. Breytingalögin eru þessi: lög nr. 82/1998 (afnám varðhaldsrefsingar), lög nr. 39/2000 (vitnavernd, barnaklám o.fl.), lög nr. 14/2002 (kynferðisbrot gegn börnum, vændi barna og unglinga) og lög nr. 40/2003 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal).

Á þeim 14 árum sem liðin eru frá því að lög nr. 40/1992 tóku gildi hefur vitneskja um kynferðisbrot, einkenni þeirra og afleiðingar aukist gífurlega. Öll umræða í þjóðfélaginu um brotin er orðin mun opinskárri og engum blandast lengur hugur um hve algeng þau eru og skaðleg, bæði fyrir þann sem fyrir þeim verður og samfélagið í heild. Þótt dómum fyrir sumar tegundir kynferðisbrota hafi fjölgað er ljóst að fjöldi brota kemur aldrei fram í dagsljósið og þótt þau geri það eru sakfellingardómar hlutfallslega fáir. Þó núgildandi ákvæði hegningarlaga um kynferðisbrot séu ekki gömul hefur á undanförnum árum komið fram vaxandi gagnrýni á sum þeirra. Þau þykja ekki veita þolendum brotanna næga réttarvernd, auk þess

sem sumir telja að hugsanlega leynist þar enn gömul og úrelt viðhorf í afstöðu til kvenna. Sú skilgreining á hugtakinu „nauðgun" sem byggt er á í lögunum er ekki í samræmi við hugmyndir fólks almennt um hvað í slíku broti felst. Þá þykja refsiákvarðanir dómstóla fyrir brotin vera of vægar, ekki síst þegar börn eru þolendur brotanna. Við samningu þessa frumvarps hefur verið leitast við að breytingarnar, sem lagt er til að verði gerðar á ákvæðunum, falli vel að því reglukerfi, sem fyrir er í almennum hegningarlögum, bæði almenna hluta laganna og hinum sérstaka. Í frumvarpinu er einnig lögð áhersla á að sjálfar lagagreinarnar séu einfaldar og skýrar, en útskýringar á þeim í greinargerð séu ítarlegar. Þá er jafnframt haft að leiðarljósi að auka réttarvernd kvenna og barna og gera ákvæðin nútímalegri. Áhersla er lögð á að reyna að tryggja, svo sem framast er unnt með löggjöf, að friðhelgi, sjálfsákvörðunarréttur, kynfrelsi og athafnafrelsi hvers einstaklings sé virt. Þá er rétt að benda hér á að vandkvæði varðandi sönnun brotanna verða ekki, nema að litlu leyti, leyst með breytingum á ákvæðum almennra hegningarlaga. Úrbætur varðandi sönnun varða réttarfar og kalla á umfjöllun og hugleiðingar um breytingar á öðrum vettvangi, þ.e. á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og að einhverju leyti einnig breytt viðhorf dómstóla til sönnunar í kynferðisbrotamálum. Hér verður þó að árétta að sönnun í kynferðisbrotamálum er alltaf erfið, eðli málsins samkvæmt, auk þess sem mannréttindareglur kunna að setja mögulegum breytingum á þessu sviði takmörk.

Ákvæðum XXII. kafla hegningarlaganna, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992, um kynferðisbrot er það sameiginlegt að varða kynlíf fólks á einhvern hátt og veita athafnafrelsi á því sviði vernd. Hagsmunir þeir sem ákvæðin eiga að vernda eru margs konar. Sum ákvæðanna eiga að vernda kynfrelsi fólks almennt, en önnur beinast að því að vernda kynfrelsi þeirra sem eru minni máttar á einhvern hátt og þarfnast því sérstakrar verndar, hvort sem það er vegna andlegs sjúkleika, ungs aldurs eða þess að þeir eru öðrum háðir. Þá eru í kaflanum ákvæði sem miða að því að veita vernd gegn persónulegri og fjárhagslegri hagnýtingu og vernda almenna þjóðfélagshagsmuni. Loks eru þar ákvæði sem ekki miða beint að því að vernda tiltekna einstaklinga, heldur byggjast á viðteknum siðferðis- og siðgæðissjónarmiðum og eiga að vernda tilfinningar fólks, auk almennra þjóðfélagshagsmuna. Ákvæðunum má skipta í fjóra flokka í samræmi við þessa mismunandi verndarhagsmuni. Í fyrsta lagi eru það nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks (194.–199. gr.), í öðru lagi kynferðisbrot gegn börnum (200.–202. gr.), í þriðja lagi vændi (206. gr.) og í fjórða lagi brot gegn blygðunarsemi og klám (209. gr. og 210. gr.). Þótt brotunum sé hér skipt í þessa fjóra flokka í samræmi við hefðbundin sjónarmið um þá hagsmuni sem þeim er ætlað að vernda, er rétt að árétta að sameiginlegt meginmarkmið þeirra allra er að vernda kynfrelsið, sjálfsákvörðunarrétt, frelsi og friðhelgi einstaklingsins á sviði kynlífsins. Eins og fram kom hér í upphafi eru í þessu lagafrumvarpi tekin til endurskoðunar ákvæðin í fyrstu flokkunum þremur.

Á síðustu áratugum hefur verið fjallað um kynferðisbrot á alþjóðlegum vettvangi. Fyrst má þar nefna tvo samninga Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur fullgilt, þ.e. samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 1979 og samning um réttindi barnsins frá 1989 og valfrjálsa bókun við hann um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám (2000). Frá vettvangi Sameinuðu þjóðanna má einnig nefna yfirlýsingu allsherjarþingsins um afnám ofbeldis gagnvart konum, nr. 48/104 frá 20. desember 1993. Evrópuráðið hefur einnig hvatt ríki til þess að tryggja að löggjöf veiti næga vernd gegn kynferðisbrotum. Á þriðja evrópska ráðherrafundinum um jafnrétti kvenna og karla sem haldinn var í Róm 21.–22. október 1993 var samþykkt yfirlýsing um aðferðir til að berjast gegn ofbeldi gegn konum í Evrópu og ályktun um nauðgun og kynferðislega misnotkun kvenna. Í þessu sambandi má nefna tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 3. maí 2002 (Rec. (2002) 5) um varnir gegn ofbeldi sem bein-

ist að konum. Þar kemur fram að hvers kyns kynferðisleg háttsemi gagnvart þeim sem er háttseminni ekki samþykkur skuli vera refsiverð, einnig þótt þolandinn berjist ekki á móti atlögunni. Kynferðisleg misnotkun skuli einnig vera refsiverð, einkum fullorðins manns gagnvart barni. Þá má nefna rammaákvörðun Evrópusambandsins um aðgerðir til að berjast gegn kynferðislegri misnotkun barna og barnaklámi. Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. desember 2003 í máli M.C. gegn Búlgaríu var talið að búlgarska ríkið hefði brotið gegn jákvæðum skyldum sínum skv. 3. gr. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu með því að tryggja ekki að landslög í Búlgaríu og framkvæmd þeirra veittu næga vernd gegn nauðgunum og kynferðislegri misnotkun. Í dóminum er gerð grein fyrir lagaákvæðum um nauðgun í ýmsum löndum Evrópu og alþjóðalögum og framkvæmd þeirra. Með ákvæðum þessa frumvarps á að vera tryggt að Íslendingar fullnægi þeim skuldbindingum sem þeir hafa undirgengist og varða efni frumvarpsins.

Á undanförnum árum hafa lagaákvæði um kynferðisbrot verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar í ýmsum nágrannalöndum okkar. Markmiðið með þessum lagabreytingum er alls staðar hið sama. Annars vegar er ætlunin að einfalda reglurnar og gera þær nútímalegri og hins vegar að auka vernd barna og kvenna gegn kynferðisbrotum. Þótt þetta markmið sé flestum þjóðunum sameiginlegt eru ákvæðin með ýmsu og ólíku sniði. Norðmenn breyttu ákvæðum hegningarlaga sinna, nr. 10/1902, með lögum nr. 76/2000 og sænsku lögunum var breytt vorið 2005 með lögum nr. 90/2005. Með hinum nýju lögum var löggjöf beggja þjóðanna um kynferðisbrot breytt verulega. Meðal annars var nauðgunarhugtakið víkkað umtalsvert. Árið 1998 voru kaup á kynlífi gerð refsiverð í Svíþjóð með sérstökum lögum *(lag (1998:408) om förbud mot köp av sexuella tjänster)*. Ákvæði um þetta efni eru nú í sænsku hegningarlögunum. Finnsku ákvæðunum um kynferðisbrot var breytt með lögum nr. 563/1998. Þar er þó enn byggt á þröngri, hefðbundinni skilgreiningu á nauðgunarhugtakinu. Þá hefur dómsmálaráðherra Finnlands lagt fram á þingi frumvarp þess efnis að gera kaup á kynlífi refsiverð að sænskri fyrirmynd en óvíst er um afdrif þess. Dönskum ákvæðum um kynferðisbrot hefur ekki mikið verið breytt og eru þau enn í megindráttum samhljóða núgildandi íslenskum ákvæðum. Helstu breytingarnar hafa verið hækkun refsimarka fyrir nokkur brot. Englendingar og Írar hafa sett sér ný ákvæði um kynferðisbrot. Ensku lögin eru frá árinu 2003, *Sexual Offences Act 2003,* og þau írsku frá árinu 1990, *the Criminal Law (Rape) (Amendment) Act 1990*. Hjá báðum þjóðunum er nauðgun skilgreind út frá hugtakinu samþykki í samræmi við hina engilsaxnesku hefð. Af lagabreytingum þeim sem hér hafa verið nefndar eru breytingarnar sem gerðar hafa verið á norsku og sænsku lögunum viðamestar. Eru það þau erlendu lög sem einkum hafa verið höfð til hliðsjónar við samningu lagafrumvarps þessa.

Hér á eftir verður fyrst fjallað stuttlega um breytingarnar á norsku og sænsku hegningarlögunum og aðdraganda þeirra. Síðan verður gerð grein fyrir ýmsum almennum atriðum varðandi hvern af brotaflokkunum þremur og einstökum lagaákvæðum sem frumvarpið tekur til og gerð grein fyrir helstu nýmælum sem lagt er til að verði lögfest. Loks koma athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

## II. Ákvæði norskra og sænskra hegningarlaga um kynferðisbrot.

*1. Noregur.*

Árið 1980 var skipuð nefnd í Noregi til þess að endurskoða hegningarlögin frá 1902 (*straffeloven nr. 10, 22. mai 1902*). Nefndin skilaði áliti um nýjan almennan hluta hegningarlaganna árið 1992 (*NOU 1992:23*). Skipuð var önnur nefnd árið 1994 og var hlutverk hennar að endurskoða hegningarlögin og refsiákvæði í sérrefsilögum og skilaði hún áliti um bæði

almenna og sérstaka hluta hegningarlaganna árið 2002 (*NOU 2002:4*), og byggðu tillögurnar um breytingar á almenna hlutanum á skýrslu eldri nefndarinnar. Meðan á vinnu þessarar nefndar stóð hafði verið skipuð undirnefnd hennar, árið 1995, til þess að meta þörfina á breytingum á kynferðisbrotaköflum hegningarlaganna. Sú nefnd skilaði skýrslu árið 1997 (*NOU 1997: 23 Seksuallovbrudd – Straffelovkommisjonens delutredning VI*) með tillögum um nýjan kafla um kynferðisbrot í hegningarlögum. Í framhaldi af þessu lagði norska dómsmálaráðuneytið fram tillögur til endurskoðunar á 19. kafla norsku hegningarlaganna, sem byggðar eru á skýrslunni frá 1997 (sjá *Ot.prp. nr. 28 (1999–2000) om lov om endringer i straffeloven mv. (seksuallovbrudd)*). Var kaflanum síðan breytt í núgildandi horf með lögum nr. 76 11. ágúst 2000. Markmið breytinganna var að einfalda og nútímavæða ákvæðin og styrkja réttarvernd kvenna og barna gegn kynferðislegu ofbeldi.

Í 19. kafla norsku hegningarlaganna eru ákvæði um eftirfarandi kynferðisbrot: nauðgun (192. gr.), misnotkun stöðu og þess að þolandi er háður hinum brotlega (193. gr. og 194. gr.), samræði og önnur kynferðismök gegn börnum (195. gr. og 196. gr.), sifjaspell (197.–199. gr.), kynferðislega áreitni og brot gegn blygðunarsemi (200. gr. og 201. gr.), hagnýtingu vændis, kaup kynlífs af unglingi yngri en 18 ára og klám (202.–204. gr.). Það er hvorki refsivert að selja kynlíf né kaupa kynlíf af þeim sem orðinn er 18 ára. Ákvæðunum er skipað í lögin í ofangreindri röð með það fyrir augum annars vegar að fyrst komi brot gegn einstaklingum en síðan brot gegn þjóðfélagslegum hagsmunum og hins vegar til þess að hafa fremst ákvæðin um alvarlegustu brotin. Hugtakið nauðgun er rýmkað verulega með nýju lögunum. Nauðgun felst í því að hafa samræði eða önnur kynferðismök með því að beita ofbeldi eða hótunum, en tekur nú einnig til háttsemi sem áður varðaði vægari viðurlögum, þ.e. kynmaka við meðvitundarlaust fólk eða þá sem geta af öðrum ástæðum ekki spornað við verknaðinum. Það telst einnig nauðgun að beita ofbeldi eða hótunum til þess að fá aðra til þess að hafa kynmök eða til að framkvæma samsvarandi athafnir gagnvart sjálfum sér. Þegar metið er hvort beitt var ofbeldi eða hótunum eða hvort þolandi var ófær um að sporna við verknaðinum skal tekið tillit til þess ef þolandi var yngri en 14 ára. Ákvæði þessa efnis var sett í norsku hegningarlögin þegar árið 1998 og var markmiðið að styrkja réttarstöðu barna. Því þarf minna til svo að atlagan teljist ofbeldi þegar barn á í hlut. Refsing fyrir nauðgun af ásetningi er fangelsi í 14 daga og allt að 10 árum. Ef brotið felst í samræði er lágmarksrefsingin 2 ára fangelsi og refsihámarkið 15 ára fangelsi. Nauðgun af stórfelldu gáleysi er refsiverð og varðar fangelsi allt að 5 árum. Ef tilteknar refsihækkunarástæður eru fyrir hendi getur refsing fyrir nauðgun af ásetningi orðið allt að 21 árs fangelsi og fyrir nauðgun af gáleysi fangelsi allt að 8 árum. Það á við ef brotið er framið af fleiri í sameiningu, það er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hinn brotlegi hefur áður sætt refsingu fyrir nauðgun og ef þolandi andast eða verður fyrir verulegu líkams- eða heilsutjóni vegna brotsins. Refsingar í nauðgunarmálum í Noregi hafa verið að þyngjast og er algeng refsing 3 ára fangelsi fyrir alvarlega nauðgun, t.d. gagnvart ókunnugum konum. Með breytingalögunum nr. 76/2000 voru ákvæði um misnotkun stöðu, þess að vera öðrum háður og misnotkun trúnaðarsambands í kynferðislegum tilgangi einfölduð og sameinuð. Ákvæði 214. gr. um refsibrottfall ef hinn brotlegi og þolandi gengu í hjónaband eftir framningu brotsins var afnumið. Kaup á kynlífi af unglingum yngri en 18 ára hefur verið gert refsivert. Refsimörk fyrir kynferðisbrot gegn börnum hafa verið þyngd. Samræði eða önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en 14 ára varða allt að 10 ára fangelsi og er refsilágmarkið 2 ára fangelsi ef brotið felst í samræði. Séu tilteknar refsihækkunarástæður fyrir hendi er refsihámarkið 21 árs fangelsi. Ein af þeim ástæðum eru endurtekin brot gagnvart barni yngra en 10 ára. Refsingar fyrir stórfelld kynferðisbrot gegn börnum hafa þyngst síðastliðin ár. Algeng refsing fyrir slík brot er óskilorðs-

bundið fangelsi í 3–5 ár. Ákveða má að refsing skuli falla brott ef hinn brotlegi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Loks er refsivert að bjóða, miðla eða óska eftir kynlífi gegn greiðslu í opinberum auglýsingum.

*2. Svíþjóð.*

Ákvæði um kynferðisbrot eru í 6. kafla sænsku hegningarlaganna (*Brottsbalken*), sbr. breytingalög frá 1984. Árið 1993 var sett á fót nefnd í Svíþjóð til þess að kanna ýmis atriði er varða ofbeldi gegn konum og koma með tillögur um aðgerðir til þess að vinna gegn slíku ofbeldi. Nefnd þessi, sem kölluð var *Kvinnovåldskommissionen*, skilaði lokaálitsgerð árið 1995 og er hún nefnd *Kvinnofrid (SOU 1995:60)*. Í skýrslunni er fyrst og fremst fjallað um ofbeldi karla gegn konum sem eru þeim nákomnar. Eru þar gerðar tillögur um aðgerðir á ýmsum sviðum samfélagsins, bæði aðgerðir til þess að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum og einnig til þess að aðstoða konur sem orðið hafa þolendur ofbeldis. Lagðar eru til ýmsar lagabreytingar, m.a. á 6. kafla hegningarlaganna, til þess að ná þessu markmiði, en jafnframt lögð á það áhersla að lagabreytingar einar sér geti ekki leyst það samfélagsvandamál sem ofbeldi gegn konum er. Þar þyrfti heilbrigðiskerfið og félagsmálakerfið einnig að koma til skjalanna og auk þess almennar upplýsingar og fræðsla til þess að auka vitund almennings um þetta þjóðfélagsmein. Árið 1998 var sett á fót þingnefnd *(sexualbrottsutredningen)* til þess að gera úttekt á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna. Setti hún fram tillögur sínar í skýrslunni *SOU 2001:14 (Seksualbrotten. Ett ökat skydd för den sexsuella integriteten och angränsande frågor)*.

Hinn 1. apríl 2005 tóku gildi breytingar á kynferðisbrotakafla sænsku hegningarlaganna, sbr. lög nr. 90/2005. Þar eru ákvæði um nauðgun og stórfellda nauðgun. Það er nauðgun að þvinga manneskju til samræðis eða annarra kynferðismaka með ofbeldi eða hótunum um refsiverðan verknað. Nauðgunarhugtakið er rýmkað, m.a. með því að misnotkun fólks sem ekki getur spornað við kynmökunum, t.d. vegna meðvitundarleysis, svefns, ölvunar o.fl., telst nú til nauðgunar. Í þeim tilvikum er það ekki skilyrði að þolandi sé þvingaður til kynmakanna. Litið er svo á að manneskja sem er meðvitundarlaus, sofandi, ölvuð eða undir áhrifum annarra vímuefna, veik, slösuð eða andlega sköddð geti verið í svo bjargarlausu ástandi að ekki eigi við að tala um að hún sé þvinguð til kynmaka. Hún hafi ekki skilið það sem fram fór og geti því ekki tekið afstöðu til þess. Það telst nú til nauðgunar að misnota þetta ástand annarrar manneskju til kynmaka. Nauðgun varðar 2–6 ára fangelsi. Séu aðstæður við brotið mildandi er hámarksrefsing 4 ára fangelsi. Sé brotið hins vegar stórfellt er lágmarksrefsing 4 ára fangelsi og hámarksrefsing 10 ára fangelsi. Ákvæði um kynferðislega nauðung er enn í kaflanum en innihald þess er mun þrengra en áður þar sem fleiri tilvik teljast nú til nauðgunar. Brotið varðar fangelsi allt að 2 árum. Sé brotið gróft er refsingin 6 mánaða og allt að 6 ára fangelsi. Þá eru ákvæði um misnotkun á aðstöðu í kynferðislegum tilgangi sem varðar fangelsi allt að 2 árum. Sé brotið gróft er refsingin fangelsi í 6 mánuði og allt að 4 árum. Í nýja kynferðisbrotakaflanum eru kynferðisbrot gegn börnum greind frá kynferðisbrotum gegn fullorðnum. Refsivernd barna er aukin með því að sett eru sérákvæði um nauðgun og aðrar kynferðislegar árásir gegn börnum. Greint er á milli nauðgunar og stórfelldrar nauðgunar. Samræði eða önnur sambærileg kynferðismök gagnvart barni yngra en 15 ára telst nauðgun. Þess er ekki krafist að beitt sé ofbeldi, hótunum eða nauðung til þess að brot teljist nauðgun gegn barni. Nauðgun gagnvart barni varðar 2–6 ára fangelsi. Kynmök við börn á aldrinum 15–17 ára teljast einnig til nauðgunar og varða sömu refsingu ef barnið er afkomandi hins brotlega eða hefur verið falið honum til fósturs eða uppeldis. Sé brotið stórfellt er refsingin 4–10 ára fangelsi. Sé beitt ofbeldi eða hótunum hefur það áhrif á mat á grófleika

brotsins. Við mat á því hvort brotið telst stórfelld nauðgun skal taka tillit til þess hvort hinn brotlegi hefur beitt ofbeldi eða hótun um refsiverðan verknað, hvort fleiri eru þátttakendur í broti eða hvort hinn brotlegi hefur með hliðsjón af háttalagi sínu og ungum aldri barnsins sýnt af sér sérstakt tillitsleysi eða ruddaskap. Kynferðisleg áreitni er refsiverð og einnig kaup á kynlífsþjónustu af börnum. Ákvæði um sifjaspell eru óbreytt. Ákvæði laga nr. 408/1998, um bann við kaupum á kynlífsþjónustu, var fært yfir í hegningarlögin. Varðar brotið sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Hagnýting vændis er refsiverð.

**III. Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, 194.–199. gr., sbr. 205. gr. hgl.**

*1. Uppbygging núgildandi ákvæða*

Brotum gegn 194.–199. gr. hgl., þ.e. nauðgun og öðrum brotum gegn kynfrelsi fólks, er það sameiginlegt að þar fer fram samræði eða önnur kynferðismök gegn vilja þolanda. Það sem greinir þessi brot hins vegar að er það að mismunandi verknaðaraðferðum er beitt til þess að ná fram kynmökunum og lítur löggjafinn þau misalvarlegum augum eftir því hver verknaðaraðferðin er. Mikilvægasta ákvæðið í þessum flokki, og það sem oftast reynir á fyrir dómstólum, er 194. gr. um nauðgun. Sú aðferð, sem beitt er við nauðgun, er ofbeldi eða hótun um ofbeldi. Hún er alvarlegust þessara brota og varðar þyngstu refsingunni, fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Brot gegn öðrum ákvæðum kaflans en 194. gr. teljast ekki nauðgun í lagatæknilegri merkingu þess hugtaks. Sé beitt hótun um annað en ofbeldi fellur háttsemin undir 195. gr. hgl. sem fjallar um aðra ólögmæta kynferðisnauðung. Misneyting er verknaðaraðferð sem beitt er skv. 196.–198. gr. og skv. 199. gr. er beitt blekkingaraðferð, sem leiðir til sviksamlegra kynferðismaka. Brot gegn 195.–199. gr. varða mun vægari refsingu en nauðgun skv. 194. gr., eða fangelsi allt að 3, 4 eða 6 árum. Auk þess reynir mun sjaldnar á þessi ákvæði fyrir dómstólum en ákvæði 194. gr. þótt á síðustu árum hafi í auknum mæli reynt á ákvæði 196. gr. Af þessu er ljóst að í núgildandi lögum er mikið lagt upp úr þeirri verknaðaraðferð sem notuð er við að brjóta gegn kynfrelsi fólks. Ofbeldi þykir langalvarlegasta aðferðin og þau brot ein þar sem beitt er ofbeldi eða hótun um það teljast nauðgun. Þessi skipting brotanna eftir verknaðaraðferðum á sér langa sögu í íslenskum rétti og er í samræmi við það sem tíðkast í germönskum rétti, sbr. þýskan og norrænan rétt. Álitamál er hins vegar hvort rétt sé að gera þennan mikla greinarmun á brotunum eftir verknaðaraðferðum því að þá er hætta á að það sem er þungamiðjan í brotunum, brotið gegn kynfrelsi fólks, falli í skuggann. Aðalatriði kynferðisbrots er að brotið hefur verið gegn sjálfsákvörðunarrétti fólks varðandi kynlíf, frelsi þess og friðhelgi og það er alvarlegast fyrir þolendur brotanna. Í samræmi við það sjónarmið er lagt til í frumvarpi þessu að dregið verði úr núgildandi áherslu á verknaðaraðferðir og megináherslan lögð á það að með brotunum eru höfð kynmök við þolanda án þess að samþykki hans sé fyrir hendi og þannig brotið gegn sjálfsákvörðunarrétti og athafnafrelsi hans í kynlífi.

*2. Nauðgun, ólögmæt kynferðisnauðung skv. 195. gr.*

Tvö ákvæði í XXII. kafla hgl. fjalla um háttsemi sem brýtur gegn athafnafrelsi manna í kynlífi með nauðung. Þetta eru 194. gr., þar sem ofbeldi er einnig verknaðaraðferð, og 195. gr. Munurinn á þessum tveimur ákvæðum felst í þeim nauðungaraðferðum, hótunum, sem notaðar eru við að ná fram samræði eða öðrum kynferðismökum. Sé beitt hótun um ofbeldi er brotið nauðgun, sem fellur undir 194. gr., en sé beitt hótun um annað en ofbeldi er brotið önnur ólögmæt kynferðisnauðung, sem fellur undir 195. gr. hgl. Ákvæði 194. gr. tekur því, auk beinnar valdbeitingar, til ólögmætra ofbeldishótana, en ekki annarra hótana. Ólögmætar hótanir um allt annað en ofbeldi falla undir 195. gr. Þar segir að hver sem með annars konar

ólögmætri nauðung þröngvar manni til samræðis eða annarra kynferðismaka, skuli sæta fangelsi allt að 6 árum. Með orðunum „annars konar" er í raun verið að vísa til 194. gr. Hótanir þær, sem falla undir 195. gr. eru ekki eins alvarlegar og hótanir skv. 194. gr. Markmiðið er þó hið sama í báðum tilvikum, þ.e. að þvinga manneskju til kynmaka. Í 195. gr. er ekki tilgreint í hverju hótanir samkvæmt ákvæðinu geta verið fólgnar. Samkvæmt lögskýringargögnum og túlkunum fræðimanna falla hér undir hótanir um sakburð, eignaspjöll, uppsögn á vinnustað eða óhagstæð starfskjör og hótanir um annað verulegt óhagræði, t.d. ærumeiðingar. Sé litið til dómaframkvæmdar kemur í ljós að frá árinu 1977 hafa aðeins gengið fjórir dómar í Hæstarétti þar sem sakfellt er fyrir brot gegn 195. gr. Þá hefur tvisvar verið skilað sératkvæði í dómum Hæstaréttar þar sem talið var að ákvæðið ætti við. Í öðrum dóminum sýknaði meiri hluti Hæstaréttar (H 10. október 2002, nr. 182/2002), en í hinum var dæmt fyrir brot gegn 194. gr. (H 13. mars 2003, nr. 420/2002). Einn hinna fjögurra sakfellingardóma féll fyrir lagabreytinguna árið 1992, þ.e. H 1984:1181, en hinir dómarnir þrír gengu allir eftir 1992.

Í öllum dómunum fjórum þar sem sakfellt var fyrir brot gegn 195. gr. beitti ákærði einhvers konar yfirburðum til þess að þvinga þolanda til kynmaka. Yfirburðir hans umfram þolanda voru í einu tilviki yfirburðir geðsjúks, ölvaðs ungs manns undir lyfjaáhrifum gagnvart gamalli konu og í öðru tilviki yfirburðir miðaldra karlmanns gagnvart 16 ára stúlku. Þá fólust yfirburðir í því að brotamenn voru fleiri saman eða þolandi var einn með ákærða fjarri öðru fólki. Sú aðferð sem beitt var er vissulega vægari en beitt hefur verið í þeim málum þar sem 194. gr. hefur þótt eiga við. Þó má segja að neytt hafi verið aflsmunar og erfitt að hugsa sér að neitt annað hafi legið í loftinu en hótun um að beita ofbeldi ef á þyrfti að halda. Því verður ekki séð að sá munur sé á þessum brotum annars vegar og brotum gegn 194. gr. um nauðgun þar sem beitt er lágmarksofbeldi hins vegar að það réttlæti þann mun á mati á þessum tilvikum að þau heyri undir ólík refsiákvæði með mismunandi refsimörkum. Auk þess fellur hótun um ofbeldi undir aðferðir skv. 194. gr. Það er nóg að einungis sé um slíka hótun að ræða, hvort sem hún er látin í ljós með orðum eða látæði. Henni þarf ekki að fylgja ofbeldi í raun. Því eru ýmis rök sem benda til þess að þau tilvik, sem dæmd hafa verið sem brot gegn 195. gr. um ólögmæta kynferðisnauðung, hefðu getað fallið undir 194. gr. sem hótun um að beita ofbeldi ef ekki hefði verið látið að vilja ákærða.

Niðurstaðan er því sú að ekki sé ástæða til að gera mun á hótunum um ofbeldi og öðrum hótunum sem verknaðaraðferðum við framningu kynferðisbrota. Ekki skipti máli hvort hótað er ofbeldi eða einhverju öðru ef hótunin hefur þau áhrif að hinn brotlegi nær fram kynmökum sem ella hefðu ekki átt sér stað. Hótanir um eitthvað annað en ofbeldi eru einnig fremur óraunhæfar. Má í því sambandi vísa til þeirra dæma sem fræðimenn nefna um slíkt, en á þvílíkar hótanir hefur aldrei reynt sem verknaðaraðferðir í kynferðisbrotamálum fyrir íslenskum dómstólum. Verður einnig að telja fremur ólíklegt að unnt sé að þvinga manneskju til kynmaka með því að hóta henni eignaspjöllum eða ærumeiðingum. Og þó svo væri eru vandséð rök fyrir því, að kynmök fengin með slíkri hótun séu svo miklu vægara brot en kynmök sem fengin eru með hótunum um ofbeldi, að það réttlæti að þau teljist ekki til nauðgunar. Einnig verður að ætla, að í þeim örfáu dómum Hæstaréttar, þar sem reynt hefur á ákvæði 195. gr. hefði í flestum tilvikum verið unnt að rökstyðja, að beitt hafi verið hótunum um ofbeldi. Því er lagt til í frumvarpi þessu, að ákvæði 195. gr. hgl. um aðra ólögmæta kynferðisnauðung falli brott og 194. gr. um nauðgun taki til allra hótana sem verknaðaraðferðar, en ekki eingöngu ofbeldishótana, eins og nú er. Þessi leið hefur verið farin bæði í norskum og sænskum rétti, sbr. upphaf 192. gr. norsku hgl. nr. 10/1902, sbr. lög nr. 76/2000: „Den som a) skaffer seg seksuell omgang ved vold eller ved truende adferd ..." og ákvæði 1. gr. 6. kafla sænska

*brottsbalken*, sbr. lög nr. 90/2005: „Den som genom misshandel eller annars med våld eller genom hot om brottslig gerning tvingar en person till samlag ...“ Sænska ákvæðið er þó heldur þrengra en það norska að því leyti að efni hótunar þarf að snúast um það að fremja einhvers konar refsiverðan verknað. Það getur þó verið hvaða refsiverði verknaður sem er, hvort sem hann bitnar á mönnum eða munum, t.d. eignaspjöll.

*3. Nauðgun, misneyting skv. 196. gr.*

Í 196. gr. hgl. er lögð refsing við því að notfæra sér bágt ástand þolanda til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök. Það tekur bæði til þess að notfæra sér geðveiki eða aðra andlega annmarka í þessu skyni og það að þannig er ástatt um þolanda að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Brot gegn ákvæðinu er misneytingarbrot. Það eitt að hafa kynmök við geðveikt fólk eða aðra sem falla undir ákvæðið er ekki refsivert heldur það að misnota ástand þess í þessu skyni, sbr. orðalagið „notfærir sér“. Við skilgreiningu á hugtakinu geðveiki verður að styðjast við skilgreiningar hugtaksins í læknisfræðinni eins og annars staðar í hegningarlögum þar sem þetta hugtak kemur fyrir. Inntak þess getur því breyst í tímans rás. Fólk haldið andlegum annmörkum er t.d. þroskaheft fólk. Einnig gæti fallið hér undir fólk sem þjáist af sálrænum truflunum, en þær þurfa þá væntanlega að vera nokkuð varanlegar. Hið veiklaða ástand þarf að vera fyrir hendi á verknaðarstundu. Seinni verknaðarliður ákvæðisins tekur til annars vanmáttarástands sem getur átt við ýmiss konar skammvinnar truflarnir. Má þar nefna rænuleysi vegna áfengisneyslu eða fíkniefnaneyslu, svefn, dáleiðsluástand, yfirlið eða annað meðvitundarleysi, t.d. af völdum deyfilyfja. Ástand þetta er þó ekki til komið fyrir tilverknað hins brotlega, því að slík tilvik falla beint undir 2. málsl. 194. gr., heldur notfærir hann sér ástand sem þegar er fyrir hendi. Brot gegn 196. gr. telst ekki nauðgun í lagatæknilegri merkingu þess hugtaks og varðar fangelsi allt að 6 árum, sem er mun vægari refsing en mælt er fyrir um í 194. gr. hgl. um nauðgun.

Samkvæmt könnun á dómum Hæstaréttar sem nær aftur til ársins 1977 og fram til júníloka 2005 gengu 24 dómar í Hæstarétti þar sem sakfellt var fyrir brot gegn 196. gr. Yfirlit yfir þessa dóma er að finna í greininni *Slægð eða ofbeldi? Um ákvæði 196. gr. hgl.* (sjá: Ragnheiður Bragadóttir: Slægð eða ofbeldi? Um ákvæði 196. gr. hgl. *Rannsóknir í félagsvísindum VI*, Lagadeild, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005). Þar má sjá að engin mál vegna brota gegn ákvæðinu komu til Hæstaréttar fyrstu 9 ár könnunartímabilsins, þ.e. á árunum 1977–1985. Síðan þá hafa fallið dómar um brot gegn ákvæðinu flest árin, flestir árið 2003, eða 5 talsins. Elstu dómarnir fjalla um misnotkun þroskahefts fólks, en árið 1991 féll fyrsti dómurinn þar sem brotið var gegn sofandi konu. Slíkum dómum hefur fjölgað á undanförnum árum. Þá má einnig sjá af yfirlitinu að refsingar fyrir brot gegn 196. gr. eru að þyngjast. Það vekur einnig athygli að ákvæði 196. gr. hgl., sem ætlað er að vernda sérstaklega geðveika og andlega vanheila, virðist verka í þveröfuga átt þannig að þeir njóta í raun lakari réttarverndar en þeir sem heilbrigðir eru. Þessa fullyrðingu má rökstyðja með því að engir dómar virðast hafa gengið í Hæstarétti þar sem refsað er fyrir nauðgun skv. 194. gr. og þolandi er andlega vanheill. Brot gegn þeim virðast alltaf felld undir 196. gr., sem varðar mun vægari refsingu en nauðgun skv. 194. gr. Rökin eru sjálfsagt þau að ekki hafi verið beitt ofbeldi. En því má svara til að oft þarf brotamaðurinn ekki að beita ofbeldi því að sá sem er andlega fatlaður lætur undan án þess. Ógnandi framkoma eða skipanir geta nægt til þess að hinn brotlegi nái fram vilja sínum og í slíkri hegðun felast oft hótanir um ofbeldi sem nægja til þess að háttsemi falli undir 194. gr. um nauðgun.

Dómum fyrir brot gegn 196. gr. hgl. hefur fjölgað mjög á síðastliðnum árum. Hér er um alvarleg afbrot að ræða sem fela í sér mikla misgerð við brotaþola. Þau brot sem framin eru með ofbeldi eða hótun um ofbeldi, þ.e. nauðgun, eru litin alvarlegri augum af löggjafanum og þar með í dómaframkvæmd. Það er þó erfitt að rökstyðja hvers vegna samræði sem komið er fram með ofbeldi sé alvarlegra afbrot en samræði við rænulausa manneskju, sem jafnvel er sofandi í eigin rúmi og á sér einskis ills von, eða þroskahefta konu, sem er varnarlaus og getur enga björg sér veitt. Telja verður að þessi áhersla á ofbeldi sem verknaðarþátt sé úrelt og endurspegli ekki þann veruleika sem þolendur brotanna upplifa. Það alvarlegasta við brot skv. 194.–199. gr. hgl. er að með verknaðinum er brotið gegn kynfrelsi fólks, athafnafrelsi þess, friðhelgi og sjálfsákvörðunarrétti í kynlífi. Í því felst ofbeldi í víðtækri merkingu þess orðs, ofbeldi sem er alvarlegra en ofbeldi sem verknaðaraðferð í 194. gr. Því má rökstyðja að ekki sé rétt að gera þann mun á einstökum brotum gegn kynfrelsi fólks sem nú er gerður eftir því hvaða verknaðaraðferð er beitt. Kynferðisbrot gegn geðveiku, þroskaheftu, sofandi og meðvitundarlausu fólki eru jafnalvarleg afbrot og nauðgun skv. 194. gr. hgl. Sú staðreynd þarf að endurspeglast í löggjöfinni.

Samkvæmt norsku hegningarlögunum, sbr. breytingalög nr. 76/2000, telst það til nauðgunar að hafa kynmök við meðvitundarlaust og annað bjargarlaust fólk. Þar segir í 192. gr. „Den som ... b) har seksuell omgang med noen som er bevisstløs eller av andre grunner ute av stand til å motsette seg handlingen ... straffes for voldtekt med fengsel inntil 10 år." Ákvæði um brot gegn geðveiku og þroskaheftu fólki er í 2. mgr. 193. gr. og telst það brot ekki til nauðgunar í norskum rétti. Ákvæðið er svohljóðandi: „På samme måte [innskot: þ.e. með fangelsi allt að 5 árum] straffes den som skaffer seg eller en annen seksuell omgang ved å utnytte noens psykiske lidelse eller psykiske utviklingshemming." Samkvæmt sænsku ákvæðunum teljast öll þessi brot hins vegar til nauðgunar. Í 1. mgr. 1. gr. sænsku hegningarlaganna er ákvæði um refsingu fyrir nauðgun, sem varðar fangelsi í 2 til 6 ár. Í 2. mgr. ákvæðisins segir „Detsamma gäller den som med en person genomför ett samlag eller en sexuell handling som enligt första stycket är jämförlig med samlag genom att otillbörligt utnyttja att personen på grund av medvetslöshet, sömn, berusning eller annan drogpåverkan, sjukdom, kroppsskada eller psykisk störning eller annars med hänsyn till omständigheterna befinner sig i ett hjälplöst tillstånd."

Með hliðsjón af alvarleika brota gegn 196. gr. er lagt til að tekin verði upp sú meginstefna sem fram kemur í hinum nýju ákvæðum Norðmanna og Svía að samræði og önnur kynferðismök þar sem hinn brotlegi notfærir sér rænuleysi eða annars konar vanmátt til þess að brjóta gegn kynfrelsi fólks verði skilgreind sem nauðgun. Einnig falli misnotkun geðveiks og andlega fatlaðs fólks undir nauðgunarhugtakið. Auk norsks og sænsks réttar er nauðgun skilgreind með þessum hætti í rétti margra þjóða í Evrópu og má þar nefna belgískan, franskan, tékkneskan og ungverskan rétt. Með því að víkka út nauðgunarhugtak laganna og skilgreina brot sem nú falla undir 196. gr. sem nauðgun er viðurkennt að þungamiðja brota gegn 196. gr. er, eins og á við um 194. gr., að samræði eða önnur kynferðismök fara fram gegn vilja þolanda, þ.e. án samþykkis hans. Í báðum tilvikum er brotið gegn sjálfsákvörðunarrétti, athafnafrelsi og kynfrelsi hans og eru þau hugtök eðlilegri grundvöllur að skilgreiningu brotanna en verknaðaraðferð sú sem beitt er við þau. Þessi víðtæka skilgeining á nauðgunarhugtakinu er einnig betur í samræmi við réttarvitund fólks og almenna máltilfinningu.

*4. Misneyting skv. 197. gr. og 198. gr.*

Í 197. og 198. gr. hgl. eru fremur sérhæfð ákvæði þar sem refsing er lögð við því að misnota aðstöðu til þess að ná fram kynmökum. Rétt er að hafa ákvæði um þessa kynferðislegu

misneytingu áfram í lögum, enda eru hér hagsmunir í húfi sem sjálfsagt er að njóti refsiverndar. Svipuð ákvæði eru í 193. gr. og 194. gr. norsku hegningarlaganna, sbr. breytingalög nr. 76/2000. Í 3. gr. 6. kafla sænsku hegningarlaganna er ákvæði um misnotkun þess sem er háður hinum brotlega „... genom att allvarligt missbruka att personen befinner sig i beroendeställning till gärningsmannen ...“ Þetta ákvæði er ekki eins ítarlegt og norska ákvæðið og núgildandi ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Telja verður að sænska ákvæðið sé of víðtækt og almennt orðað, miðað við þær kröfur sem íslenskir dómstólar gera til skýrleika refsiheimilda.

Samkvæmt 197. gr. hgl. liggur allt að 4 ára fangelsi við því að umsjónarmaður eða starfsmaður á tilteknum stofnunum hafi kynmök við vistmann á stofnuninni. Bann við kynmökum er algert. Samþykki vistmanns leysir geranda þar ekki undan refsingu. Það skiptir jafnvel ekki máli þótt vistmaður hafi átt frumkvæði að mökunum. Ekki þarf að sýna fram á að um misneytingu hafi verið að ræða í einstökum tilfellum. Eigi starfsmaður og vistmaður í kynferðislegu sambandi við þessar aðstæður er alltaf hætta á að þar sé um misneytingu að ræða og það vill löggjafinn forðast. Ákvæðinu er því ætlað að koma í veg fyrir að starfsmenn misnoti aðstöðu sína og vald gagnvart vistmönnum og notfæri sér aðstæður þeirra. Stofnanirnar sem taldar eru upp í ákvæðinu eru þess eðlis að þangað vistast menn oftast gegn vilja sínum. Brot starfsmanns gegn vistmönnum er auk þess mikið trúnaðarbrot. Aðeins einu sinni hefur reynt á þetta ákvæði í Hæstarétti. Það var í H 1993:2242 þar sem maður var dæmdur í 5 mánaða fangelsi, þar af 3 mánuði skilorðsbundna, fyrir að hafa mök við 32 ára þroskahefta konu, en hann var starfsmaður á sambýli fyrir fatlaða þar sem hún var vistmaður. Breytingar þær sem lagðar eru til á ákvæði 197. gr. hgl. varða stofnanir þær sem taldar eru upp í ákvæðinu og er gerð grein fyrir þeim í athugasemdum með ákvæði 5. gr. frumvarpsins hér á eftir.

Í Danmörku hefur verið talið að ákvæði í dönsku hegningarlögunum, sem samsvarar 197. gr. hgl. (219. gr.), standi ekki í vegi fyrir því að unnt sé að veita fötluðum kynfræðslu og aðstoð við að stunda kynlíf. Að sjálfsögðu er þá gert ráð fyrir að hinn fatlaði óski eftir því að fá slíka aðstoð. Í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, eru ákvæði um þá þjónustu sem tryggja skal fötluðum. Ekkert er þar fjallað um aðstoð við fatlaða á sviði kynlífs. Í 8. gr. laganna kemur fram að veita skuli „fötluðum þjónustu sem miðar að því að gera þeim kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra.“ Stoðþjónustan skal m.a. miðast við „þarfir fatlaðra fyrir sálfræðiþjónustu, ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þar með talið að njóta tómstunda og menningarlífs.“ Auðvitað mætti hugsa sér að á grundvelli þessa ákvæðis ættu fatlaðir rétt á aðstoð við að stunda kynlíf. Það væri þó miklu heppilegra að skýrt væri kveðið á um slíka aðstoð og nánari skilyrði hennar í lögum. Slík ákvæði eiga heima í lögum um málefni fatlaðra og verður því ekki frekar fjallað um þetta efni hér.

Í 1. mgr. 198. gr. hgl. er lögð refsing við því að hafa kynmök við manneskju utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að manneskjan sé háð geranda fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur í trúnaðarsambandi. Ákvæði þessa efnis var nýtt í hegningarlögunum árið 1940 og var því breytt nokkuð með lögum nr. 40/1992. Rökin að baki refsinæmi þessa verknaðar eru þau að koma í veg fyrir að maður notfæri sér fjárhagslega yfirburði sína eða yfirmenn beiti undirmenn sína kúgun til þess að fá framgengt kynferðislegum vilja sínum og misnoti með því aðstöðu sína. Einnig er ætlunin að vernda einstaklinga sem eru í trúnaðarsambandi við fagaðila vegna aðstæðna sinna, t.d. þegar um er að ræða samband læknis, hjúkrunarfræðings, sálfræðings, félagsráðgjafa, prests eða annars sálusorgara við skjólstæðing sinn. Aðferðin við brotið er misneyting þar sem hinn brotlegi notfærir sér aðstöðu sína á ótilhlýðilegan hátt. Samþykki dugir ekki sem refsileysisástæða og ætti ekki heldur að hafa áhrif til mildunar refsingar. Ákvæðið á tæp-

ast við nema hinn brotlegi eigi frumkvæði að kynmökunum. Efnisinntak ákvæðisins er þrengt með því að gera þá kröfu að hann misnoti aðstöðu sína freklega. Í samsvarandi ákvæði í dönsku hegningarlögunum (220. gr.) er talað um „grovt misbrug“ og í sænsku lögunum „att allvarligt missbruka“ (3. gr. 6. kafla). Í norsku lögunum (1. mgr. 193. gr.) er efnisinntakið ekki takmarkað með þessum hætti í ákvæðinu sjálfu þótt slík takmörkun eigi sér stað í reynd við beitingu ákvæðisins. Þótt það sé siðferðislega ámælisvert að misnota aðstöðu eða trúnað sem manni er sýndur við þær aðstæður sem lýst er í ákvæðinu í kynferðislegum tilgangi er eðlilegt að þrengja efnisinntak ákvæðisins þannig að ekki sé öll misnotkun refsiverð við þær aðstæður sem þar er lýst heldur aðeins sú sem telst gróf. Er það gert með áskilnaði um freklega misnotkun. Það er háð mati dómstóla hvaða háttsemi telst frekleg misnotkun og fer það eftir aðstæðum hverju sinni. Við það mat þarf að kanna aldur, reynslu og hegðun aðila, auk tengsla þeirra, m.a. hvaða yfirburði gerandi hefur umfram þolanda. Sumar starfsstéttir hafa sett sér siðareglur um starfsemi sína og samskipti við skjólstæðinga. Slíkar reglur geta verið til leiðbeiningar við matið, en skera þar ekki úr. Samkvæmt ákvæðinu geta aðilar máls ekki verið í hjúskap saman eða óvígðri sambúð en að sjálfsögðu í hjúskap eða óvígðri sambúð með öðrum. Refsimörk eru mismunandi eftir því hver aldur þolanda er. Ef hann er yngri en 18 ára varðar brotið fangelsi allt að 6 árum, en ella allt að 3 árum. Aldrei hefur reynt á ákvæði 1. mgr. 198. gr. í dómum Hæstaréttar. Í frumvarpi þessu er lagt til að efnisinntak ákvæðisins verði rýmkað þannig að ekki verði lengur skilyrði að háttsemin eigi sér stað utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar. Nánar verður fjallað um þetta atriði í skýringum með 6. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 198. gr. er ákvæði um kynferðislega áreitni. Þar segir: „Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 2 árum.“ Er þetta eina ákvæðið um refsinæmi kynferðislegrar áreitni í þessum hluta kynferðisbrotakaflans. Ákvæðið var nýmæli í breytingalögunum frá 1992. Það var þó ekki í upphaflega frumvarpinu, sem varð að lögum nr. 40/1992, heldur var því bætt inn í frumvarpið í meðförum þingsins (sjá nefndarálit meiri hluta allsherjarnefndar, þskj. 826, 58. mál á 115. löggjafarþingi). Þar segir að í lagafrumvarpinu séu ákvæði um kynferðislega áreitni gagnvart börnum en ekki séu þar „sambærileg ákvæði um slíka áreitni gagnvart fullorðnum og er því þess vegna bætt í greinina.“ Staðsetning ákvæðisins um kynferðislega áreitni í 198. gr. er óheppileg og til þess fallin að valda misskilningi. Það má rökstyðja með því að þar sem ákvæðið er í 198. gr., sem fjallar um kynferðislega misnotkun í ákveðnum samböndum, liggi beint við að álykta sem svo, að kynferðisleg áreitni sé refsiverð skv. 2. mgr. ef hún á sér stað við þær aðstæður sem lýst er í 1. mgr. Tilvísun í 2. mgr. 198. gr. til 1. mgr. ákvæðisins ýtir undir þessa ályktun. Hafi ætlunin verið sú að í 2. málsl. 198. gr. (nú 2. mgr. 198. gr.) væri almennt ákvæði um refsinæmi kynferðislegrar áreitni við hvaða aðstæður sem er, eins og ummæli í áliti meiri hluta allsherjarnefndar benda til, verður að segja að sú ætlun löggjafans komist ekki til skila í ákvæðinu eins og það er nú úr garði gert.

Ekki hefur reynt á ákvæði 2. mgr. 198. gr. í dómum Hæstaréttar. Aðeins er kunnugt um einn dóm héraðsdóms þar sem þessu ákvæði hefur verið beitt. Það er dómur héraðsdóms Norðurlands eystra frá 8. mars 1996. Þar var maður sakfelldur fyrir brot gegn 2. málsl. 198. gr. (nú 2. mgr. um kynferðislega áreitni) og 209. gr. (brot gegn blygðunarsemi) fyrir að hafa haft í frammi ýmsa kynferðislega tilburði gagnvart 17 ára pilti sem bjó á sama gistiheimili og ákærði. Engin þau tengsl sem ákvæðið áskilur voru á milli ákærða og piltsins. Til grundvallar sakfellingu liggur sjálfsagt það sjónarmið sem kemur fram í áliti meiri hluta allsherjarnefndar, þ.e. að í 2. málsl. 198. gr. (nú 2. mgr.) felist almennt ákvæði um refsinæmi kynferðislegrar áreitni. Af framansögðu er ljóst að sú refsivernd sem fólk nýtur gegn kynferðis-

legri áreitni er of óljós í núgildandi lögum. Því er lagt til í frumvarpi þessu að í stað ákvæðis 2. mgr. 198. gr. verði lögfest nýtt almennt ákvæði í 199. gr. um kynferðislega áreitni gagnvart þeim sem ekki hefur samþykkt slíka háttsemi. Eigi það ákvæði við um kynferðislega áreitni, sama við hvaða aðstæður hún á sér stað.

*5. Svik skv. 199. gr.*

Í 199. gr. hgl. er lögð refsing við þrenns konar tilvikum þar sem hinn brotlegi notfærir sér villu þolanda til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök. Refsinæmi háttseminnar byggist á því að samþykki til kynmakanna er ekki fengið með eðlilegum hætti heldur er það fengið með blekkingum. Í 1. mgr. 199. gr. er lýst tveimur svikatilvikum. Í því fyrra heldur þolandi ranglega að mökin eigi sér stað í hjónabandi eða óvígðri sambúð. Þolandinn veit hver hinn brotlegi er en heldur ranglega að þau tengist með þessum hætti. Erfitt er að ímynda sér hvernig þetta á að geta gerst. Í því síðara er þolandi í þeirri villu að hann eigi mök við einhvern annan en hann er raunverulega að hafa kynmök við. Í norrænum fræðiritum má finna eftirfarandi dæmi um tilvik sem gætu fallið undir samsvarandi ákvæði í dönsku hegningarlögunum (221. gr.): Þolandi er sjónskertur og er blekktur til kynmaka, verknaður fer fram í myrkri, maður notfærir sér að hann á eineggja tvíburabróður og hefur samræði við konu sem ruglast á honum og bróður hans. Loks má nefna þau tilvik sem reynt hefur á í tveimur málum hér á landi, þ.e. að hinn brotlegi laumast í rúm hjá sofandi manneskju sem heldur í svefnrofunum að hann sé maki hennar. Í báðum málunum, H 1943:167 og H 1996:3030, höfðu ákærðu samræði við konur sem þeir komu að þar sem þær lágu sofandi í rúmi, önnur með unnusta sinn sér við hlið, en hin í eigin hjónarúmi. Höfðu ákærðu samræði við konurnar, sem héldu til að byrja með að þær væru að hafa samræði við maka sína. Í eldri dóminum taldi héraðsdómur að 199. gr. ætti við, en 196. gr. í þeim yngri. Hæstiréttur heimfærði brotin í báðum málunum undir 199. gr. Þriðja svikatilvikið kemur fram í 2. mgr. 199. gr. en sú málsgrein var nýmæli sem sett var í almenn hegningarlög með breytingalögum nr. 40/1992. Samkvæmt þessari málsgrein eiga mökin sér stað vegna þeirrar blekkingar að um læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð sé að ræða. Þessa tilviks er ekki getið í dönsku lagagreininni. Það er ekki skilyrði skv. 199. gr. að hinn brotlegi hafi komið þolanda í þessa villu. Það er nóg að hann geri sér grein fyrir að þolandi hefur þessar röngu hugmyndir og notfæri sér það. Brotið varðar fangelsi allt að 6 árum.

Svo sem sjá má er ákvæði þetta mjög sérkennilegt og ekki mjög raunhæft að á það reyni. Því hefur aðeins verið beitt tvisvar í dómum Hæstaréttar á síðastliðnum 60 árum. Samsvarandi ákvæði er í dönsku hegningarlögunum, eins og fram er komið. Það var einnig í norsku hegningarlögunum, en var afnumið þar árið 1927. Ákvæði þessa efnis hafa hins vegar aldrei verið í sænskum eða finnskum hegningarlögum. Helst gæti reynt á ákvæðið ef þolandi er haldinn geðsjúkdómi, er þroskaheftur eða sofandi. Sé ástand hans slíkt er líklegt að refsinæmisskilyrðum núgildandi 196. gr. hgl. (sem verður 2. mgr. 194. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins) væri fullnægt. Kynmök við skjólstæðing undir því yfirskyni að um læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð sé að ræða gæti einnig fallið undir 198. gr. sem misnotkun á trúnaðarsambandi, ef áskilnaði 196. gr. (2. mgr. 194. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins) um geðsjúkdóm eða andlega fötlun er ekki fullnægt. Með hliðsjón af þessu verður ekki séð að þörf sé fyrir þetta ákvæði og er því lagt til að það verði afnumið.

*6. Samræði, önnur kynferðismök, önnur kynferðisleg áreitni.*

Í kynferðisbrotakafla hegningarlaganna frá 1940 var greint á milli samræðis annars vegar og annarra kynferðismaka hins vegar. Í einstökum ákvæðum um kynferðisbrot var áskilið að

samræði ætti sér stað, svo að verknaðurinn væri refsinæmur. Hugtakið samræði var ekki skilgreint, hvorki í lögunum né í greinargerð með þeim. Í réttarframkvæmd var lögð til grundvallar mjög þröng skilgreining á hugtakinu fullfrömdu samræði, þ.e. að getnaðarlimur karlmanns væri kominn inn í fæðingarveg konu og samræðishreyfingar hafnar. Sérstakt ákvæði var í 202. gr. laganna á þá leið að væru brot gegn einstökum ákvæðum um kynferðisbrot fólgin í öðru en samræði, þ.e. svonefndum öðrum kynferðismökum, varðaði það vægari refsingu. Þessi aðgreining samræðis og annarra kynferðismaka var í samræmi við það sem er í dönsku hegningarlögunum frá 1930, enda voru þau fyrirmynd íslensku hegningarlaganna frá 1940. Í dönskum lögum er enn byggt á þessari aðgreiningu.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992 er tekið fram að ekki sé ætlast til þess að fullframið samræði verði virt með sama hætti og tíðkast hafi í réttarframkvæmd og lýst er hér á undan. Er þar jafnframt að finna skýringu á því hvernig nú er ætlast til að hugtakið fullframið samræði verði skýrt í framkvæmd. Segir í greinargerðinni að nægilegt sé „að getnaðarlimur karlmanns sé kominn inn í fæðingarveg konu að nokkru leyti eða öllu. Sáðlát þarf ekki að hafa átt sér stað og meyjarhaft þarf ekki að rofna ef því er að skipta“ (þskj. 59, 115. löggjafarþing 1991, 58. mál). Það er hins vegar ekki eins mikilvægt og áður var að skilgreina hugtakið fullframið samræði því að með breytingalögunum frá 1992 voru önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði. Var það gert á þann hátt að ákvæði 202. gr. var afnumið, en brotum gegn ákvæðum kaflans er lýst svo að þau geta verið fólgin í samræði eða öðrum kynferðismökum. Í fyrrnefndri greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992 segir að hugtakið önnur kynferðismök beri að skýra frekar þröngt. Í því felist kynferðisleg misnotkun á líkama annarrar manneskju sem komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt (surrogat). Þetta séu athafnir sem veiti geranda kynferðislega fullnægingu eða séu almennt til slíks fallnar. Með hliðsjón af vísan greinargerðar með frumvarpi til laga nr. 40/1992 til þágildandi norsks ákvæðis, dómaframkvæmd og skýringum fræðimanna, þar á meðal danskra og norskra, á samsvarandi hugtökum í dönskum rétti (anden kønslig omgængelse) og norskum (seksuell omgang, sem að vísu nær einnig til samræðis), má draga þá ályktun að undir hugtakið „önnur kynferðismök“ í íslenskum rétti falli munnmök og endaþarmsmök. Sama gildir um þá háttsemi að setja hluti eða fingur í leggöng eða endaþarm og sleikja og sjúga kynfæri. Í samræmi við skilgreiningar fræðimanna, einkum norskra, væri einnig eðlilegt að undir önnur kynferðismök félli sú háttsemi geranda að láta þolanda fróa sér og samræðishreyfingar milli læra þolanda, á bakhluta hans eða maga.

Með breytingalögunum frá 1992 voru sett ný ákvæði um refsingu fyrir aðra kynferðislega áreitni. Í greinargerð með lögunum kemur fram að undir hugtakið falli ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamleg snerting, auk ljósmyndunar af kynferðislegum toga. Var markmiðið að beina athyglinni að þessum brotum í ríkari mæli en verið hafði og taka harðar á brotunum. Undir aðra kynferðislega áreitni mundi falla káf á kynfærum og brjóstum, sem varir stutta stund. Almennt er við það miðað að snerting sem fellur undir kynferðislega áreitni veiti geranda ekki kynferðislega fullnægingu. Sé háttsemin komin á það stig, t.d. áðurnefnt káf, fellur hún undir önnur kynferðismök.

Í flestum þeim dómum sem gengið hafa á undanförnum árum og refsað er fyrir nauðgun eða önnur brot gegn kynfrelsi fullorðins fólks hefur verið um að ræða samræði. Núgildandi flokkun og skilgreining hugtakanna samræði, önnur kynferðismök og önnur kynferðisleg áreitni virðist hafa gefist vel í framkvæmd. Ætlun löggjafans var sú að tvö fyrstnefndu hugtökin yrðu lögð að jöfnu og könnun á dómaframkvæmd sýnir að svo er einnig í raun. Ekki er unnt að greina neinn mun á refsiþyngd dóma eftir því hvort um er að ræða samræði eða önnur kynferðismök. Hér er því lagt til að áfram verði byggt á þessum hugtökum og núgild-

andi aðgreiningu þeirra. Nánar verður fjallað um neðri mörk kynferðislegrar áreitni, þ.e. gagnvart 209. gr. um brot gegn blygðunarsemi, í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins hér á eftir.

*7. Saknæmi.*

Ásetningur er saknæmisskilyrði samkvæmt 194.–199. gr. hgl. Það leiðir af 18. gr. hgl., þar sem fram kemur að verknaður sem refsing er lögð við í hegningarlögunum sé ekki saknæmur nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Einnig segir þar að fyrir gáleysisbrot skuli því aðeins refsa að sérstök heimild sé til þess í lögunum. Því þarf að taka það sérstaklega fram í ákvæðum laganna ef refsa á fyrir gáleysisbrot og slík heimild er ekki í 194.–199. gr. Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks eru því ekki refsiverð nema þau séu framin af ásetningi. Öll stig ásetnings koma til greina.

Ásetningur verður að taka til allra efnisþátta verknaða eins og þeim er lýst í refsiákvæðum. Í því felst að hann verður að taka bæði til verknaðaraðferðar og kynmakanna. Ásetningurinn þarf einnig að ná til þess að nota hinar ólögmætu verknaðaraðferðir til þess að ná fram kynmökunum. Þá verður hann að taka til þvingunarinnar þegar brotið er gegn 194. gr. og 195. gr., þess að þetta er gert gegn vilja brotaþola, þannig að samþykki þolanda sé ekki fyrir hendi, sbr. orðalagið að brotaþola sé „þröngvað“ til kynmakanna. Loks þarf ásetningurinn að ná til orsakasambandsins á milli verknaðaraðferða sem leiða til þvingunar og kynmaka. Þegar ákærði neitar sök getur verið mjög erfitt að sanna huglæga afstöðu hans til verknaðarins. Verða dómstólar þá að meta hvað ákærði hafi hlotið að gera sér grein fyrir og tvinnast þá oft saman sakarmat og sönnunarmat. Mat ákærða á aðstæðum er lagt til grundvallar þannig að ekki er unnt að refsa honum fyrir nauðgun ef hann hafði réttmæta ástæðu til að ætla að þolandi væri samþykkur kynmökunum. Ástæða þess er sú að þá er ekki fyrir hendi ásetningur til þess að þvinga þolanda til kynmaka. Algengt er að aðilar séu sammála um að kynmök hafi farið fram en ósammála um hvort svo hafi verið með samþykki þolanda. Karlmaðurinn segir þá að samþykki konunnar til makanna hafi verið fyrir hendi, en konan segir að þau hafi farið fram gegn vilja hennar. Í slíkum tilvikum veltur niðurstaðan á mati á trúverðugleika framburðar aðilanna, samanborið við önnur sönnunargögn í málinu.

Fyrir rúmum 20 árum hófst mikil umræða um það á Norðurlöndum hvort setja ætti í hegningarlög ákvæði um refsiábyrgð vegna nauðgunar af gáleysi í því skyni að bæta réttarvernd kvenna í þeim tilvikum þar sem ásetningur gerenda væri dulinn og þeir héldu því fram að þeir hefðu ekki skilið að þolandi væri andvígur kynmökunum. Töldu margir að sýknað væri í mörgum nauðgunarmálum ýmist vegna þess að ekki væri sannað að maðurinn hefði skilið að konan þorði ekki að láta andstöðu sína í ljós eða að hann hefði ekki gert sér grein fyrir að henni væri alvara með andstöðu sinni. Á það reynir fyrst og fremst þegar konan verður lömuð af ótta við ofbeldismanninn og/eða veitir litla sem enga líkamlega mótspyrnu. Í ýmsum slíkum málum hefði verið unnt að sýna fram á gáleysi hjá ákærðu, þeir hefðu haft hugboð eða grun um að konan væri ekki samþykk kynmökunum eða hefðu átt að gera sér grein fyrir því. Þar sem ýmis önnur brot gegn hegningarlögum væru refsiverð ef þau væru framin af gáleysi mælti margt með því að nauðgun væri það líka.

Þegar rætt er um nauðgun af gáleysi þarf að kanna nánar til hvaða þátta verknaðarins gáleysið ætti að taka. Fyrsti möguleikinn er sá að gáleysi taki til allra þátta í efnislýsingu brotsins eins og nú á við um ásetninginn. En það er strax ljóst að slíkt er nánast óhugsandi. Maður getur varla haft samræði af gáleysi. Hins vegar er raunhæft að velta því fyrir sér hvort gáleysi sem saknæmisskilyrði geti varðað viljaskort þolanda, þ.e. að samþykki hans er ekki fyrir hendi og hann þar með þvingaður til kynmakanna. Talið er að þungamiðjan í þessu sambandi

og það sem gáleysið gæti tekið til sé vilji eða viljaskortur þolanda. Það er sá þáttur sem er mikilvægastur, bæði í reynd og einnig út frá refsipólitísku sjónarmiði.

Umræðan um nauðgun af gáleysi í Danmörku leiddi ekki til þess að lögunum þar væri breytt. Aðrar leiðir voru farnar til að bæta stöðu kvenna í þessum málum, svo sem að draga úr vægi kviðdóma. Vandamál varðandi ásetning eru því ekki eins áberandi þar í landi nú og var í eldri dómum. Hvort það hefur nægt skal ósagt látið, en krafa um refsiákvæði um nauðgun af gáleysi hefur a.m.k. ekki verið áberandi í umræðunni í Danmörku upp á síðkastið. Þróun mála í Noregi varð önnur. Eins og áður hefur komið fram hefur lengi verið unnið að heildarendurskoðun hegningarlaganna þar í landi. Nefnd sem skipuð var árið 1995 hafði m.a. það hlutverk að meta hvort áskilnaður um samþykkisskort kæmi nógu vel fram í nauðgunarákvæði hegningarlaganna og hvort nauðgun af stórkostlegu gáleysi ætti að vera refsiverð. Í skýrslu nefndarinnar frá árinu 1997 kemur fram að meiri hluti nefndarinnar mælti ekki með því að setja ákvæði um refsiábyrgð vegna nauðgunar af stórkostlegu gáleysi í hegningarlögin. Í tillögum dómsmálaráðuneytisins, *Ot.prp. nr. 28 (1999–2000)*, sem byggjast mjög á skýrslu nefndarinnar frá 1997, var komist að annarri niðurstöðu og lagt til að nauðgun af stórkostlegu gáleysi yrði refsiverð. Refsihámark skyldi vera lægra en fyrir ásetningsbrot, eða 5 ára fangelsi, og 8 ára fangelsi væru refsihækkunarástæður fyrir hendi. Leitaði ráðuneytið álits ýmissa aðila á þessu atriði og komst að niðurstöðu sinni *„under en viss tvivl ...* " eins og segir í tillögunum. Var þá einkum byggt á því að slíkt ákvæði mundi styrkja réttarvernd þolenda, án þess að réttaröryggi ákærðra biði af því nokkurn hnekki. Í því fælust skýr skilaboð um að samfélagið sætti sig ekki við þessa hegðun. Jafnframt vó það þungt við ákvörðun ráðuneytisins að fjölmargir fulltrúar þolenda, sem höfðu góða innsýn í stöðu þeirra, mæltu með því að lögfesta gáleysisákvæðið. Kynferðisbrotakafla hegningarlaganna var síðan breytt með lögum nr. 76/2000. Í 3. mgr. 192. gr. laganna kemur fram að nauðgun af stórkostlegu gáleysi sé refsiverð.

Það sjónarmið hefur komið fram hjá norskum fræðimönnum að undanförnu að ákvæðið um refsiábyrgð á nauðgun af stórfelldu gáleysi hafi ekki haft eins mikil áhrif og vonir stóðu til. Ákæruvaldið þarf nú sem áður að sanna að kynmökin hafi átt sér stað með ofbeldi eða vegna þess að þolandi taldi sér ógnað til þeirra eða að hann hafi verið ófær um að verjast kynmökunum. Takist ákæruvaldinu að sanna þetta geti það venjulega einnig sannað að ákærða hafi verið ljóst eða hlotið að vera ljóst að langlíklegast væri að kynmökin færu fram gegn vilja þolanda, þ.e. að hann hefði haft ásetning til brotsins.

Í skýrslu norsku hegningarlaganefndarinnar frá 2002, *NOU 2002:4*, er lagt til að ákvæði norsku hegningarlaganna um nauðgun af stórfelldu gáleysi verði afnumið. Leggur nefndin áherslu á að því aðeins skuli beita refsingu að raunhæf þörf sé á því og að veigamikil rök mæli með því. Telur nefndin þau rök ekki vera fyrir hendi varðandi nauðgun af stórfelldu gáleysi. Örfá tilvik geti fallið undir ákvæðið og þá helst þegar ofbeldið og hótanirnar eru óverulegar og þolandi hefur vegna ölvunar eða ótta ekki getað spornað við verknaðinum. Sá sem notfærir sér slíkt ástand hafi venjulega gerst sekur um ásetningsbrot. Ástæða þess hve dómar í nauðgunarmálum séu fáir sé sú að oft sé erfitt að sanna að árásin hafi átt sér stað. Því snúist sönnunarvandinn ekki síður um það hvað raunverulega gerðist hlutrænt séð, en um huglæga afstöðu geranda *(NOU 2002: 4 Ny straffelov, bls. 405–406)*. Ýmis fleiri rök hafa verið færð fram gegn ákvæði um nauðgun af gáleysi. Mörg þeirra varða sönnunarvanda, sem slíkt ákvæði er talið hafa í för með sér. Erfitt sé að færa fram sönnun fyrir því að gáleysi hins brotlega hafi tekið til þess hver vilji konunnar var. Nauðgun af gáleysi komi helst til álita ef aðilar þekkjast fyrir. Vafinn snúist um það hvort samþykki var fyrir hendi eða ekki. Þá sé nauðgun af gáleysi ekki mjög raunhæf vegna hlutræna skilyrðisins um að beitt sé ofbeldi, hótunum

eða misneytingu við verknaðinn. Loks hefur því verið haldið fram að lögfesting reglu um refsiábyrgð fyrir nauðgun af gáleysi bæti ekki réttarstöðu kvenna heldur veiki hana því að sönnun um hegðun þeirra verði þá sett í öndvegi.

Fallast má á ýmis þau rök sem hér hafa verið nefnd. Þá hlýtur það einnig að vera umhugsunarefni að reynsla Norðmanna af ákvæðinu um nauðgun af gáleysi skuli ekki vera betri en svo að þeir hugleiði að afnema ákvæðið. Engin hinna Norðurlandaþjóðanna hefur lögfest slíkt ákvæði. Með hliðsjón af framangreindum rökum verður því ekki lagt til hér að lögfest verði ákvæði um nauðgun af gáleysi.

*8. Þvingun, samþykki.*

Matarverð á Íslandi er með því hæsta í heiminum og það er 50% hærra en að meðaltali hjá nágrannaþjóðunum innan ESB. Hátt verð á matvælum á Íslandi er að miklu leyti heimatilbúinn vandi sem er ekki hægt að útskýra með legu landsins eða fámenni. Vissulega hefur lega landsins, loftslag og fjarlægð frá alþjóðlegum mörkuðum áhrif en við þessum íþyngjandi ytri skilyrðum verða stjórnvöld að bregðast með því að skapa sem best skilyrði í stað þess að íþyngja neytendum enn frekar með tollum, gjöldum og innflutningstarkmörkunum.

Þrjár skýrslur á jafn mörgum árum, unnar af þremur mismunandi stofnunum, leiða í ljós að helstu áhrifavaldar hás matvælaverðs eru viðskiptahindranir í formi vörugjalda og tolla, virðisaukaskattur og fákeppni í heildsölu og smásölu. Þess vegna leggur Samfylkingin til að stefnt verði að því að fella niður vörugjöld og tolla á matvælum, virðisaukaskattur verði lækkaður og samkeppnis- og verðlagseftirlit verði styrkt verulega.

Núverandi landbúnaðarstefna er gölluð í veigamiklum atriðum sem sést best á því að skattgreiðendur greiða fyrir eitt dýrasta landbúnaðarkerfi í heimi samkvæmt úttektum OECD, neytendur greiða eitthvert hæsta matarverð í heimi samkvæmt fjölmörgum könnunum og á sama tíma búa bændur við þrengri kost en þeir þyrftu og stöðugt fækkar í sveitum landsins. Ein sterkasta röksemdin fyrir nýju kerfi í landbúnaðarmálum er sú staðreynd að í vissum tilvikum fær bóndinn einungis um 20–40% af útsöluverði vörunnar í sinn hlut.

Þessu kerfi vill Samfylkingin breyta og innleiða atvinnufrelsi og samkeppni í landbúnaði eins og öðrum atvinnugreinum sem yrði öllum aðilum til hagsbóta þegar fram líða stundi. Afnám innflutningsverndar fyrir innlendar búvörur hefur hins vegar í för með sér miklar breytingar á starfsumhverfi bænda. Það kallar bæði á tímabundar aðgerðir og varanlegar breytingar á fyrirkomulagi stuðnings við bændur. Þess vegna leggur Samfylkingin áherslu á að slíkar breytingar verði unnar í fullu samráði við bændur. Auk þess leggur Samfylkingin til að gerður verði tímabundinn aðlögunarsamningur við bændur fyrir 1. júlí á næsta ári þegar

tollar á matvælum verða lækkaðir um helming. Hefur Samfylkingin fulla trú á að innlend landbúnaðarvara standist ágætlega samkeppnina við innflutta vöru, ef rétt er á málum haldið, og minnir í því sambandi á að við niðurfellingu tollverndar á gúrkum, tómötum og paprikum lækkaði ekki einungis verðið til neytenda heldur jókst salan á innlendu grænmeti umtalsvert þegar bændur löguðu sig að frjálsri samkeppni. Þetta kemur skýrt fram í skýrslu um framkvæmd búvörusamninga frá árinu 2005. Jafnframt kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 2004 að annað grænmeti hafi lækkað í verði í kjölfarið.

Aðgerðir Samfylkingarinnar til lækkunar matvælaverðs munu ekki aðeins hafa áhrif á verð landbúnaðarvara sem eru í beinni samkeppni heldur munu þær einnig lækka verð á svokallaðri staðkvæmdarvöru en það eru vörutegundir sem geta komið í staðinn fyrir landbúnaðarafurðir, svo sem safar í stað mjólkur, pasta í stað kjöts, hrísgrjón í stað kartaflna o.s.frv. Færa má rök fyrir því að verð á þessari vöru sé hærra en tilefni er til þar sem hún nýtur skjóls af háu vöruverði á landbúnaðarafurðum. Þessar tillögur hefðu því mjög víðtæk og jákvæð áhrif á verðlag í landinu og verulegan þjóðhagslegan sparnað.

**Margar úttektir á leiðum til að lækka matvælaverðið.**

Úttektir og skýrslur sem gerðar hafa verið á síðustu árum um matvælaverð á Íslandi sýna allar að verðlag á matvælum er mun hærra hér á landi en meðalverðið í nágrannalöndunum innan ESB. Má þar nefna skýrslur OECD, skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem kom út 2004, skýrslu norrænna samkeppnisyfirvalda frá 2005 og nú síðast skýrslu formanns nefndar sem forsætisráðherra skipaði 16. janúar 2006 til þess að fjalla um helstu orsakir hás matvælaverðs á Íslandi og gera tillögur sem miðuðu að því að færa matvælaverð nær því sem gengur og gerist í nágrannaríkjunum (hér eftir nefnd skýrsla formanns matvælaverðsnefndar).

Í könnun sem Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins, gerði vorið 2001 kom í ljós að verð matvara á Íslandi var um 50% hærra en að meðaltali í Evrópusambandinu. Matvörukarfa sem fékk meðaltalsgildið 100 í ESB fékk gildið 154 á Íslandi. Í skýrslu frá Samkeppniseftirlitinu frá 2005 kemur fram að þá hafi matvælaverð verið 42% hærra hér á landi en annars staðar í Evrópu. Verðlagseftirlit ASÍ gerði könnun á matvöruverði í verslunum í höfuðborgum Norðurlandanna í maí 2006. Þar kemur fram að verðið á matarkörfu með algengum undirstöðumatvælum sker sig úr í Reykjavík og Ósló, er 48–54% hærra en í Kaupmannahöfn og Helsinki og 85–90% hærra en í Stokkhólmi. Einnig má benda á gagnlega skýrslu frá Rannsóknarsetri verslunarinnar og á skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál um orsakir fyrir háu matvælaverði hér á landi ásamt fjölmörgum könnunum Neytendasamtakanna sem sýna allt að 69% verðmun.

Niðurstaða þessara úttekta allra hefur verið að aðalorsök hins geypiháa matvælaverðs á Íslandi séu innflutningstollar. Þar kemur einnig fram að mismunandi ríkidæmi þjóða útskýri ekki þennan mikla verðmun enda margar af samanburðarþjóðunum ríkari en Íslendingar og með meiri kaupmátt en mun lægra matvælaverð.

Samkvæmt svari forsætisráðherra við fyrirspurn þingmanna Samfylkingarinnar frá árinu 2001 hafði matvælaverð á Íslandi hækkað mest á Norðurlöndunum frá árinu 1995 þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum.

**Margvíslegar aðgerðir nauðsynlegar.**

Í skýrslu formanns matvælaverðsnefndar segir: „Þrenns konar tollar og skattar eru nú lagðir á matvæli, tollur af innfluttum matvælum, vörugjöld af innfluttum og innlendum matvörum og virðisaukaskattur. Þessi skattheimta er ómarkviss og ræðst af sjónarmiðum um innflutningsvernd fyrir innlenda framleiðslu, einkum landbúnaðarframleiðslu, neyslustýringu

og tekjuöflun ríkissjóðs. Virðisaukaskattur leggst á síðasta stig en tollar og vörugjöld á millistig í viðskiptum og leggst verslunarálagning og virðisaukaskattur því ofan á þessa skatta. Vörugjöld og tollar hafa þannig uppsöfnunaráhrif, brengla verðhlutföll og gefa ranga mynd af undirliggjandi verði. Þá mynda þessi gjöld skjól fyrir óeðlilega hátt verð á samkeppnis- og staðkvæmdarvörum og hið sama gildir um hærra þrep virðisaukaskatts. Tollum, vörugjaldi og tvískiptum virðisaukaskatti af matvælum fylgir kerfi undanþága sem er flókið, tímafrekt og veldur óhagkvæmni í rekstri."

Í skýrslunni eru reifaðar leiðir til að lækka matvælakostnað. Þar má nefna niðurfellingu vörugjalda, lækkun tolla o.fl. en hvergi er fjallað um hvaða lagabreytingar þurfi til að framkvæma þær aðgerðir. Lagaumhverfi tolla og vörugjalda er viðamikið og flókið og með þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa þær breytingar sem gera þarf á lögum.

**Niðurfelling vörugjalda.**

Flutningsmenn telja að eitt af því sem þarf að gera til að lækka matvælaverð sé að fella niður vörugjald á matvæli. Vörugjald er lagt á einstakar vörutegundir og er mishátt. Samtök á vinnumarkaði, svo sem Samtök atvinnulífsins, ASÍ, Samtök um verslun og þjónustu, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunarinnar (FÍS) og Samtök ferðaþjónustunnar, hafa lagt mikla áherslu á að breyta þurfi kerfi vörugjalda hvað varðar matvæli.

Í skýrslu formanns matvælaverðsnefndar kemur fram að tvenns konar viðhorfa gæti nú við beitingu gjaldsins. Annars vegar sé gjaldið notað til neyslustýringar og hins vegar til að vernda innlenda búvöruframleiðslu með því að leggja það á samkeppnis- eða staðkvæmdarvörur mjólkurafurða. Í skýrslunni kemur fram að flest rök hnígi að því að leggja vörugjaldið niður. Margvíslegar ástæður eru taldar upp fyrir þessu. Í fyrsta lagi má nefna að vörugjald hefur uppsöfnunaráhrif þar sem um er að ræða millistig í viðskiptum og ofan á það leggst verslunarálagning og virðisaukaskattur, eins og áður er rakið. Vörugjaldið brenglar því verðhlutföll og gefur ekki rétta mynd af undirliggjandi verði. Í öðru lagi hefur vörugjald áhrif á samkeppnisstöðu þar sem það getur myndað skjól fyrir óeðlilega hátt verð á samkeppnisvörum. Í þriðja lagi má nefna að vörugjald hefur í för með sér óhagræði og kostnað þar sem um er að ræða flókið kerfi við álagningu og vegna undanþága. Með niðurfellingu vörugjalds mundi matvælaverð lækka ásamt því að sú stjórnsýsla sem nú fylgir gjaldinu yrði úr sögunni.

Samkvæmt skýrslu formanns matvælaverðsnefndar námu tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi matvæla 1.550 millj. kr. á síðasta ári og þar af voru 734 millj. kr. vegna innlendrar framleiðslu. Lægra matvælaverð í kjölfar niðurfellingar vörugjalda mundi hins vegar leiða til aukinnar veltu samkvæmt skýrslunni. Að teknu tilliti til veltuáhrifanna yrði kostnaður ríkissjóðs vegna hennar 1.170 millj. kr. en í skýrslunni kemur fram að við niðurfellinguna mundu ársútgjöld meðalheimilis hins vegar lækka um 22 þús. kr.

**Niðurfelling tolla.**

Flutningsmenn telja mikilvægt að tollar af matvælum verði afnumdir í áföngum. Helmingur tollanna verði afnuminn 1. júlí nk. en haft verði víðtækt samráð við hagsmunasamtök bænda og neytenda um hvenær eftirstandandi tollar verði felldir niður.

Helmingslækkun á tollum mundi minnka tekjur ríkissjóðs um 145 millj. kr. samkvæmt skýrslu formanns matvælaverðsnefndar en vegna veltuáhrifa kæmu um 900 millj. kr. aftur inn í ríkiskassann. Við endanlega niðurfellingu á tollunum yrðu áhrifin þau að tekjur ríkissjóðs drægjust saman um 290 millj. kr. en á móti kæmu auknar tekjur vegna aukinnar veltu innan lands upp á um 1.800 millj. kr. Slík breyting mundi ekki eingöngu auka tekjur ríkis-

sjóðs heldur einnig færa íslenskum heimilum verulega kjarabót eða sem nemur um 90.000 kr. samkvæmt skýrslu formanns matvælaverðsnefndar.

Lagaumhverfi tolla er hins vegar viðamikið og flókið og í skýrslu formanns nefndarinnar er ekki tilgreint hverju þurfi að breyta í tollalögum og fleiri lögum í kjölfarið. Nauðsynlegt er að sú skoðun hefjist hið fyrsta. Álagning tolla byggist ekki eingöngu á lögum heldur einnig reglugerðum, tollskrárviðaukum og alþjóðlegum viðskiptasamningum sem Ísland hefur gert eða á aðild að. Rétt er að nefna að tollamál heyra ekki eingöngu undir fjármálaráðuneytið heldur er landbúnaðarráðuneytinu einnig falin álagning tolla á ákveðnar vörur. Samfylkingin er alfarið þeirrar skoðunar að tollamál eigi eingöngu að vera málefni fjármálaráðuneytisins og landbúnaðarvörur beri ekki að undanskilja með því að láta tollákvarðanir sem þær varða heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Samfylkingin mun því beita sér fyrir því á Alþingi að breyta núverandi fyrirkomulagi með ofangreindum hætti.

**Samræming virðisaukaskatts á matvæli.**

Samfylkingin hefur eins og áður er rakið ítrekað lagt fram tillögur þess efnis að lækka virðisaukaskatt á matvæli. Slík skattalækkun kæmi öllum þegnum landsins vel. Hún mundi styrkja kaupmátt almennings án þess að ýta undir ofþenslu og draga úr verðbólgu.

Ýmis efnahagsleg og skattaleg rök eru fyrir því að hafa sem fæstar undanþágur frá virðisaukaskatti og að best sé að allar matvörur beri sama hlutfall virðisaukaskatts. Atvinnuvegasamtökin, svo sem Samtök atvinnulífsins, Samtök um verslun og þjónustu, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunarinnar (FÍS) og Samtök ferðaþjónustunnar, hafa lagt mikla áherslu á samræmingu skattsins.

Matvælaverðsnefndin fjallaði ekki ítarlega um þetta efni en þar kom fram að um 20% matvæla bera 24,5% virðisaukaskatt en um 80% bera 14% virðisaukaskatt. Tekjumissir af samræmingu skattsins í 14% yrði um 950 millj. kr. en vegna aukinna veltuáhrifa kæmu um 150 millj. kr. aftur inn í ríkissjóð. Eftir samræminguna yrðu tekjur af skattinum samtals 7.300 millj. kr. Hvert prósent sem virðisaukaskattur væri lækkaður um, niður fyrir 14%,hefði í för með sér 523 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð samkvæmt skýrslu formanns matvælaverðsnefndar.

Samfylkingin leggur til með þessari þingsályktunartillögu að öll matvæli fari í 7% skattþrep. Heildarkostnaður ríkissjóðs af þeirri breytingu yrði um 4,0 milljarðar kr. að teknu tilliti til veltuáhrifa. Ætla má að slík skattalækkun gæti fært íslenskum fjölskyldum um 70.000 kr. í kjarabót.

Flutningsmenn minna einnig á tillögur matvælaverðsnefndarinnar um lækkun virðisaukaskatts á veitingaþjónustu en í skýrslu frá Hagstofu Evrópusambandsins kemur fram að verðlag á gisti- og veitingaþjónustu hér á landi sé um 91% hærra en meðalverð í Evrópusambandinu.

**Nýtt fyrirkomulag í stað tolla.**

Stuðningur Íslands við landbúnað skiptist aðallega í tvennt, annars vegar beina framleiðslustyrki og hins vegar innflutningstolla sem veita innlendri framleiðslu vernd fyrir innflutningi. Sem dæmi má nefna að greiðslur vegna mjólkurframleiðslu nema í ár 4.841 millj. kr., greiðslur vegna sauðfjárræktar, 2.983 millj. kr., greiðslur vegna grænmetisframleiðslu um 355,3 millj. kr. og framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar fá í ár 1.844 millj. kr.

Stuðningur íslenskra stjórnvalda við landbúnaðinn er einn sá hæsti í heimi. Opinber stuðningur við landbúnað er oftast mældur með PSE (e. producer subsidy equivalent) sem mælir stuðninginn sem hlutfall af verðmæti framleiðslunnar. Á árunum 1986–1988 nam stuðningur

við íslenskan landbúnað mældur í PSE 77%. Meðaltal síðustu þriggja ára, 2003–2005, er 66%. Á meðal OECD-ríkja mælist stuðningurinn einungis meiri í Noregi, 67%, og í Sviss, 69%. Þar á eftir koma Suður-Kórea með um 62% stuðning og Japan með um 58%. Öll þessi ríki starfa saman í svokölluðum G-10 hóp á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. PSE-stuðningur í Evrópusambandinu er hins vegar miklu minni eða 34% og aðeins 16% í Bandaríkjunum.

Athygli vekur að sú leið sem farin hefur verið til stuðnings landbúnaðargreinum hefur ekki afstýrt þeirri búsetuþróun að fólki fækkar stöðugt til sveita en fjölgar á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins um 3% mannaflans starfa nú í landbúnaði en þetta hlutfall var 5,6% árið 1991. Þá hafa atvinnutekjur í landbúnaði dregist aftur úr atvinnutekjum í öðrum atvinnugreinum. Mikilvægt er að skapa tækifæri til atvinnuþróunar í sveitum landsins, stuðla að breytingum í landbúnaði og gera bændum kleift að fara út úr greininni með reisn. Ef ekki verður brugðist skjótt við er hætt við að tækifærin og bestu bújarðirnar gangi mönnum úr greipum. Ásókn er mikil í jarðir til frístundanotkunar og hætta er á að það hafi áhrif á möguleika til þróunar og breytinga í landbúnaði.

Á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur lengi verið stefnt að umbótum í landbúnaðarviðskiptum. Hins vegar hafa þær viðræður ekki staðið undir væntingum og er ómögulegt að spá um hvort og hvenær þær munu skila einhverjum árangri fyrir neytendur í þessum löndum. Athyglisvert er að í þeim viðræðum hefur Ísland skipað sér í flokk þeirra landa sem beita sér fyrir hvað víðtækastri verndarstefnu í landbúnaðarmálum.

Samfylkingin telur tímabært að hefja breytingar sem gætu til frambúðar orðið bæði neytendum og bændum í hag. Ágallar núverandi kerfis birtast til dæmis í því að bóndinn fær skammarlega lágan hluta af útsöluverði vöru sinnar, í vissum tilvikum einungis 20–40%, á sama tíma og neytendur borga alltof hátt verð fyrir vöruna. Öllum ætti að vera ljóst að í slíku kerfi er alvarlegur brestur. Samfylkingin telur því nauðsynlegt að breyta formi stuðnings við landbúnaðinn. Í því sambandi er bent á leiðir eins og auknar óframleiðslutengdar greiðslur, styrki til ýmiss konar annarrar atvinnuuppbyggingar, umhverfisstyrki og styrki sem snúa að verndun og miðlun menningarverðmæta svo dæmi séu tekin. Slíkt er heimilt samkvæmt alþjóðaskuldbindingum. Samfylkingin er þeirrar skoðunar að breytt kerfi eigi að útfæra í samráði við bændur, og í tengslum við aðlögunarsamninga eins og teknir voru upp þegar umhverfi grænmetisframleiðslu var breytt.

Kerfið þarf, að mati Samfylkingarinnar, að tryggja að bóndinn fái mun hærra hlutfall af útsöluverðinu en hann gerir nú, og jafnframt að hann geti keppt á markaði í krafti þeirra yfirburða sem gæði íslenskrar framleiðslu veita. Má í því sambandi benda á velheppnaðar breytingar á umhverfi grænmetisframleiðslu sem leiddu til aukinnar framleiðslu og sölu sem byggðist ekki síst á gæðasamkeppni innlendrar framleiðslu við innfluttar vörur.

Árið 2002 voru tollar á grænmeti og kartöflur lækkaðir. 30% verðtollar voru þá felldir niður en komið á magntolli í staðinn. Einnig voru tollar á tómata, agúrkur og papriku afnumdir og í stað þeirra voru teknir upp beinir styrkir.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins frá 2005 kemur fram að verð til neytenda á grænmetistegundum þar sem bæði verð- og magntollar voru aflagðir hefur lækkað um 25–30% frá árinu 2002. Framangreind breyting leiddi einnig til lækkunar á öðrum grænmetistegundum og ávöxtum um 15–20% á sama tímabili. Jafnframt var gerður aðlögunarsamningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða milli ríkisstjórnar Íslands, Bændasamtaka Íslands og Sambands garðyrkjubænda og teknar upp beingreiðslur til þeirra sem rækta gúrkur, tómata og papriku til að jafna samkeppnisskilyrði innlendra framleiðenda gagnvart innflutningi. Heildarfjárhæð beingreiðslna árið 2002 var 195 millj. kr. sem skiptist á milli tegunda en er

nú hærri þar sem fjárhæðin fylgir þróun verðlags miðað við vísitölu neysluverðs. Af skýrslu um framkvæmd búvörusamninga árið 2005 má sjá að sala á framangreindu grænmeti hefur aukist frá árinu 2003 til 2005. Má þar nefna sem dæmi að af innlendri gúrku seldust 895.883,3 kg árið 2003 en 1.147.099,5 kg árið 2005.

Flutningsmenn leggja áherslu á að fundnar verði nýjar leiðir til stuðnings við innlendan landbúnað eða byggð í landbúnaðarhéruðum samhliða því að tollar á matvöru verði felldir niður í áföngum. Þó þarf að hafa í huga að alþjóðlegar takmarkanir eru á auknum styrkjum sem tengjast framleiðslu og því þarf stuðningurinn að vera með öðrum hætti. Niðurfelling vörugjalds og tolla á matvæli samfara því að íslenskur landbúnaður væri styrktur með beinum greiðslum sem eru ótengdar framleiðslu hefði meira gagnsæi í verðmyndun í för með sér.

Bent hefur verið á að í nýju fyrirkomulagi stuðnings við landbúnaðinn gætu stuðningsgreiðslur t.d. beinst frekar að markmiðum umhverfisverndar og byggðamála. Má þar nefna stuðning við landgræðslu, endurheimt votlendis og skóga, að hætta beit á auðnum og rofsvæðum, uppbyggingu ferðamannaiðnaðar og útivistar, varðveislu menningarminja og búsetulandslags, fjölbreytileika í atvinnuháttum í dreifbýli, miðlun upplýsinga um búsetuhætti til barna og ungmenna eða varðveislu mikilvægra búfjártegunda svo nokkur dæmi séu tekin. Rétt er að leggja áherslu á að um þessar mundir hníga breytingar á landbúnaði mjög í átt að svokölluðum grænum greiðslum.

Flutningsmenn leggja ríka áherslu á að allar breytingar á fyrirkomulagi stuðnings við landbúnaðinn verði gerðar í samráði við bændur, einkum hvað varðar færslu fjármagns úr framleiðslutengdum styrkjum yfir í græna styrki. Samfylkingin er jafnframt þeirrar skoðunar að það sé í anda stjórnfestu og gagnsærrar stjórnsýslu að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um hvernig stuðningi við landbúnað, eins og aðrar atvinnugreinar, sé háttað hverju sinni, og mun því beita sér fyrir því á Alþingi að í fjárlögum komi stuðningur við greinina fram með einföldum og skýrum hætti.

**Samkeppnislög gildi um landbúnað.**

Um landbúnað eru í gildi margvíslegar undanþágur frá almennum samkeppnislögum, nr. 44/2005. Samkeppni knýr á um hagkvæmni jafnt í landbúnaði sem öðrum greinum. Lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, (búvörulög) eru hins vegar sérlög sem ganga framar almennum samkeppnislögum og kveða á um undantekningar frá samkeppnislögum, m.a. um löghelgað samráð á milli aðila á sama sölustigi sem ella væri ólögmætt. Flutningsmenn leggja því áherslu á að búvörulögin verði endurskoðuð sérstaklega með tilliti til þess að nema burt ákvæði sem skilja landbúnað undan almennum samkeppnislögum.

Samfylkingin leggur enn fremur þunga áherslu á öflugt verðlags- og samkeppniseftirlit, m.a. til að koma í veg fyrir að fákeppni á birgjastigi leiði í senn til of hás verðs gagnvart neytendum og of lítils skerfs bænda af útsöluverði innlendrar framleiðslu. Koma þarf upp nánu samstarfi aðila vinnumarkaðarins, bænda og stjórnvalda til að fylgjast með því að hertar aðgerðir skili sér til neytenda. Minna má á að í aðlögunarsamningi sem gerður var við garðyrkjubændur var sett inn ákvæði sem fjallar sérstaklega um slíkt verðlagseftirlit. Gríðarlega mikilvægt er að fylgjast vel með verðmyndun landbúnaðarvara og að hægt sé að greina hvernig verðið á landbúnaðarvörum myndast á leiðinni frá bóndanum og þar til neytandinn kaupir vöruna. Hér er ekki síst átt við aukið eftirlit með heildsölumarkaðinum svo sem milli bænda og afurðarstöðva. Mikilvægt er að fylgjast með verðmyndun á allri matvöru og ekki einungis þeirri sem framleidd er á Íslandi.

Í tengslum við tillögur Samfylkingarinnar um lækkun matarverðs munu þingmenn flokksins því einnig leggja fram á Alþingi beiðni um ítarlega skýrslu frá viðskiptaráðherra um alla þætti í verðmyndun innlendra landbúnaðarvara.

**Mikill ávinningur fyrir almenning.**

Tillögur Samfylkingarinnar til lækkunar matvælaverðs fela í sér mikla kjarabót fyrir almenning. Þegar allar tillögur Samfylkingarinnar verða komnar til framkvæmda má gera ráð fyrir að matarreikningur fjögurra manna fjölskyldu lækki um 200.000 kr. á ári eða um ríflega fjórðung. Niðurfelling á vörugjöldum færir meðalfjölskyldunni um 22.000 kr. á ári og fullt afnám tollverndar um 90.000 kr. á ári samkvæmt skýrslu formanns matvælaverðsnefndar. Lækkun á virðisaukaskatti á matvælum lækkar matarreikning íslensku fjölskyldunnar um 70.000 kr.

Samanlagt gerir þetta um 182.000 kr. en til viðbótar má þar að auki gera ráð fyrir að þessar aðgerðir og aukið samkeppniseftirlit muni hafa jákvæð áhrif á annað verðlag í landinu. Þá eru ótalin hin ríku áhrif tollalækkana á verð ýmissa staðkvæmdarvara sem miklu skipta fyrir matarútgjöld fjölskyldunnar. Má í því sambandi vitna til orða formanns matvælaverðsnefndar en í skýrslu hans segir: „...jafnframt skiptir miklu að það hærra verð sem skattlögð vara ber umfram óskattlagða eða þungsköttuð vara ber umfram léttskattaða myndar skjól fyrir óeðlilega hátt verð á samkeppnis- og staðkvæmdarvörum."

Því er líklegt að matarkostnaður heimilanna muni í reynd lækka um meira en 200.000 kr. á ári. Kostnaður ríkissjóðs vegna tillagna Samfylkingarinnar að teknu tilliti til veltuáhrifa er metinn á um 3.700 millj. kr.

Samfylkingin leggur sérstaka áherslu á að tillögur hennar leiða til lækkunar á vísitölu neysluverðs sem hefur umtalsverðan ávinning í för með sér fyrir skuldsett heimili. Ef öllum tillögum úr skýrslu formanns matvælaverðsnefndar yrði hrundið í framkvæmd mundi neysluverðsvísitalan lækka um 3,5%. Ef virðisaukaskattur af matvælum yrði einnig lækkaður niður í 7% leiddi það til enn frekari lækkunar vísitölunnar og því enn meiri kjarabóta fyrir almenning.

**Mat á áhrifum af tillögum sem matvælaverðsnefnd hefur fjallað um.**

| Verðáhrif, bein og afleidd | Matvöruverð, % | Vísitala,% |
|---|---|---|
| Afnám vörugjalds | 4,2 | 0,6 |
| Niðurfelling tolla í 7.–15. og 17.–22. kafla tollskrár. | 1,7 | 0,2 |
| Samræming virðisaukaskatts í 14% | 1,6 | 0,2 |
| Lækkun virðisaukaskatts af veitingaþjónustu | (8,4)[1)] | 0,3 |
| *Alls* | *7,5* | *1,3* |
| | | |
| Dæmi um lækkun tollverndar af búvöru (2., 4, og 16. kafli tollskrár) | | |
| Helmingslækkun | 7,8 | 1,1 |
| Fullt afnám | 15,6 | 2,2 |

| Lækkun ársútgjalda heimila | Þús. kr. |
|---|---|
| Afnám vörugjalds | 21,9 |
| Niðurfelling tolla í 7.–15. og 17.–22. kafla tollskrár | 8,7 |
| Samræming virðisaukaskatts í 14% | 8,1 |
| Lækkun virðisaukaskatts af veitingaþjónustu | 10,9 |
| *Alls* | *49,6* |

| Lækkun ársútgjalda heimila | Þús. kr. |
|---|---|
| Dæmi um lækkun tollverndar af búvöru (2., 4, og 16. kafli tollskrár) | |
| Helmingslækkun | 40,9 |
| Fullt afnám | 81,8 |

| Áhrif á tekjur ríkissjóðs,[2] á ári | Millj. kr. | Millj. kr. |
|---|---|---|
| Afnám vörugjalds | -1.550 | +380 |
| Niðurfelling tolla í 7.–15. og 17.–22. kafla tollskrár | -650 | +160 |
| Samræming virðisaukaskatts í 14% | -950 | +150 |
| Lækkun virðisaukaskatts af veitingaþjónustu | -960 | +150 |
| *Alls* | *-4.110* | *+840* |
| | | |
| Dæmi um lækkun tollverndar af búvöru (2., 4., og 16. kafli tollskrár) | | |
| Helmingslækkun | -145 | +900 |
| Fullt afnám | -290 | +1.800 |

[1] Áhrif á veitingalið í vísitölu neysluverðs.

[2] Neikvæðar tölur (-) sýna tekjutap ríkissjóðs vegna skattalækkana. Jákvæðar tölur (+) sýna tekjuaukningu ríkissjóðs af þeirri veltuaukningu innan lands sem fyrrgreindar skattalækkanir hafa í för með sér.

# 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um breytingu á lögum, nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

Við 3. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stefnt skal að því að hlutur innlends efnis sé sem mestur og vandað sé til þess sem verða má.

2. gr.

Í stað orðsins „útvarpsráðs“ í 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: dagskrárráð.

3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, sem orðast svo:

Í framkvæmdastjórn sitja útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar allra deilda Ríkisútvarpsins og jafnmargir fulltrúar kjörnir af starfsmönnum, einn frá hverri deild, og fulltrúi dagskrárráðs en hann hefur málfrelsi og tillögurétt. Útvarpsstjóri er formaður framkvæmdastjórnar og er framkvæmdastjóri fjármáladeildar varamaður hans.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á almennum rekstri, mannaráðningum, samræmingu á starfi deilda og annarri stjórn Ríkisútvarpsins.

4. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar samkvæmt tillögu dagskrárráðs útvarpsstjóra til fimm ára í senn.

5. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar í dagskrárráð Ríkisútvarpsins eftir hverjar alþingiskosningar einn fulltrúa tilnefndan af hverjum þingflokki, tvo fulltrúa tilnefnda af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúa tilnefndan af Neytendasamtökunum, einn fulltrúa tilnefndan af Bandalagi íslenskra listamanna, útvarpsstjóra, framkvæmdastjóra hljóðvarps og sjónvarps og einn fulltrúa tilnefndan af starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Dagskrárráð skiptir með sér verkum.

6. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Dagskrárráð fjallar um útsenda dagskrá Ríkisútvarpsins og fylgist með að ákvæði 3.–5. gr. séu haldin. Athugasemdum dagskrárráðs skal svara skriflega sé þess óskað.

Dagskrárráð kemur að jafnaði saman mánaðarlega og oftar ef þörf krefur. Dagskrárráð getur einnig haft frumkvæði að dagskrártillögum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 5. mgr. fellur brott.
b. 6. mgr. orðast svo:

Útvarpsstjóri annast ráðningu starfsmanna, þó jafnan að tillögu framkvæmdastjórnar ef um starfsfólk dagskrár er að ræða.

8. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru afnotagjald, þ.e. gjald fyrir hljóðvarp og sjónvarp, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

Öllu íbúðar- og atvinnuhúsnæði í landinu fylgir réttur til að nýta þjónustu Ríkisútvarpsins. Gjaldstofn afnotagjalds miðast við íbúðir og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á.

Um afnotagjöld og innheimtu þeirra fer eftir ákvæðum laga um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

9. gr.

12.–18. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um Ríkisútvarpið sem hafa þann tilgang að renna styrkari stoðum undir rekstur þess og efla lýðræðislega stjórn þess með beinni þátttöku starfsmanna og kjörinna fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi í yfirstjórn þess. Frumvarpið

var lagt fram á 131. löggjafarþingi á sama tíma og stjórnarfrumvarp um Ríkisútvarpið en var aldrei tekið til umræðu, frumvarpið var svo endurflutt á 132. löggjafarþingi en umfjöllun var ekki lokið við þingfrestun.

Flutningsmenn telja að Ríkisútvarpið hafi miklum lýðræðislegum og menningarlegum skyldum að gegna auk þess sem það er öryggistæki fyrir alla landsmenn. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins og að það hafi góðar tekjur svo að það rísi undir skyldum sínum. Stöðugur og traustur rekstur þess er kjölfesta í lýðræðislegri umræðu í þjóðfélaginu og tryggir hlutlæga umfjöllun og þátttöku landsmanna í landsmálum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnsýslu og stjórnarformi Ríkisútvarpsins sem fela í sér að dagskrárráð og framkvæmdastjórn skipi veigamikinn sess í rekstri þess.

Frumvarpið byggist á núgildandi ákvæðum um hlutverk Ríkisútvarpsins en í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skerpt verði á skyldum Ríkisútvarpsins til að sinna innlendri dagskrárgerð.

Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til ný skipan og hlutverk framkvæmdastjórnar. Lagt er til að framkvæmdastjórn beri ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og í þessari grein er samsetning hennar og valdsvið skilgreint. Lagt er til að fulltrúi dagskrárráðs eigi sæti í framkvæmdastjórn með málfrelsi og tillögurétt til að styrkja tengsl innan stofnunarinnar. Flutningsmenn telja rétt að áhrif starfsmanna í stjórn stofnunarinnar verði efld til þess að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum, fagmennsku og samábyrgð.

Í 4. gr. er gerð tillaga um að útvarpsstjóri verði skipaður af ráðherra en samkvæmt tillögu dagskrárráðs. Verði frumvarpið að lögum verður tillaga dagskrárráðs bindandi en þannig er lýðræðisleg skipun tryggð betur en nú. Hlutverk dagskrárráðs við mannaráðningar verður því aðeins að gera tillögu um útvarpsstjóra.

Samkvæmt frumvarpinu tekur dagskrárráð yfir flest störf útvarpsráðs. Lagt er til að ráðið verði skipað fulltrúum þingflokkanna, sveitarfélaga, Neytendasamtakanna og Bandalags íslenskra listamanna auk þess sem útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar hljóðvarps og sjónvarps og fulltrúi starfsmanna eigi sæti í ráðinu. Dagskrárráð verði ekki umsagnaraðili um mannaráðningar eða skipan mála innan stofnunarinnar eins og útvarpsráð er samkvæmt gildandi lögum ef frá er talin skipun útvarpsstjóra. Höfuðhlutverk þess verði að fjalla um útsenda dagskrá og er brýnt að þannig verði búið um hnútana að gagnrýni og fyrirspurnir fái skriflega afgreiðslu frá stofnuninni. Ráðið á að endurspegla ólík sjónarmið í þjóðfélaginu en ekki valdahlutföll, auk þess sem aðild starfsmanna stuðlar að tengslum við innra starf stofnunarinnar. Við skipun í ráðið skal þess gætt að bæði byggðasjónarmið og kynjasjónarmið séu höfð til hliðsjónar.

Ákvæði gildandi laga um framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins í 5. mgr. 9. gr. fellur brott með vísan til 3. gr. frumvarpsins. Þá er einnig gerð tillaga um breytingu á 6. mgr. 9. gr. laganna er fjallar um mannaráðningar að teknu tilliti til efnisákvæða frumvarpsins.

Þá er í frumvarpinu lagt til að sérstök lög verði sett um afnotagjöld Ríkisútvarpsins þar sem kveðið verði nánar á um gjaldið, stofn þess og innheimtu. Hingað til hafa gjöldin alltaf verið miðuð við skráð viðtæki með þeirri undantekningu að ekki er innheimt nema eitt gjald á hverju heimili þar sem viðtæki er skráð. Hins vegar er lögð til sú grundvallarbreyting frá gildandi lögum að stofn afnotagjalds verði íbúðir og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á. Með þessu er afnotagjaldinu fundinn nýr farvegur sem tryggir jafnræði milli notenda og Ríkisútvarpinu eðlilegar tekjur af afnotagjaldi. Því er lagt til að gjaldið verði framvegis miðað við fjölda íbúða í landinu og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á. Því er slegið föstu að hverri íbúð fylgi réttur til að nýta þá þjónustu sem Ríkisútvarpið veitir landsmönnum. Fyrir þann rétt sé síðan greitt afnotagjald eftir nánari reglum sem settar verða í sér lögum.

# 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2008.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum, og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.

Greinargerð.

**Lagalegar forsendur.**

*a. Kröfur EES-samnings um virka samkeppni á markaði.*

Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland er bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna.“ Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum.“

Fullvíst má telja að viðskiptalegt umhverfi verslunar með óunninn fisk hér á landi fullnægir ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni.

*b. Íslensk samkeppnislög.*

Þingsályktunartillaga þessi á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga, nr. 44/2005, og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
c. auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum.“

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra

aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.“

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.

**Óviðunandi ástand á innlendum fiskkaupamarkaði.**

Með vísan til framangreindra ákvæða samkeppnislaga hlýtur það ástand sem nú ríkir og varað hefur um árabil á markaði um kaup og sölu á óunnum fiski, og alkunnugt er hvernig er háttað, að teljast óviðunandi. Engin skilyrði eru til eðlilegrar verðmyndunar á fiski og ótruflaðrar samkeppni í fiskviðskiptum þrátt fyrir að í landinu hafi um árabil starfað uppboðsmarkaðir fyrir fisk.

Fiskviðskipti við núverandi kringumstæður skapa ófrið um verðlagningu á fiski milli sjómanna og útvegsmanna og grafa einnig undan tilvistargrundvelli innlendra fiskmarkaða. Skiptir þá ekki meginmáli hvort um viðskipti milli óskyldra eða skyldra aðila er að ræða. Þá ríkir mikil samkeppnisleg mismunun í fiskvinnslunni sem bitnar hart á fiskvinnslufyrirtækjum sem ekki tengjast útgerð.

*a. Viðskipti milli óskyldra aðila.*

Enda þótt sá fiskur sem kemur til sölu á íslenskum fiskmörkuðum seljist að öllu jöfnu á mjög háu verði ríkir samt sem áður mikill fiskskortur á mörkuðunum. Í stað þess að selja fiskinn hæstbjóðanda leita útgerðir í auknum mæli eftir svokölluðum „beinum viðskiptum“. Þá er samið um fast verð á fiskinum sem er langt undir ríkjandi verði á mörkuðum, oftast aðeins um helmingur eða jafnvel minna.

Ástæðurnar fyrir slíkum viðskiptum er að finna í ákvæðum gildandi laga um fiskveiðistjórn sem heimila frjálst framsal aflaheimilda án þess að slíku framsali séu settar nægilegar skorður og enn mun framsalið og þessi viðskipti aukast með kvótasetningu smábátaflotans.

Þessi „beinu viðskipti“ verða vegna þess að útgerð viðkomandi fiskiskips sér sér hag í því að leggja aflann upp hjá fiskverkanda með þeim skilmálum að hluti aflaverðmætis greiðist með peningum en hinn hlutinn með því að fiskverkandi kaupi veiðiheimildir á viðkomandi skip, eða leggi þær fram og fénýti á þennan hátt, hafi hann yfir slíkum heimildum að ráða. Aflahlutur áhafnar miðast síðan aðeins við þann hlutann sem greiddur er með peningum og sama máli gegnir um lögboðin gjöld, svo sem hafnargjöld. Raunverðið á fiski í þessum viðskiptum, þegar allt er talið, er hins vegar í fullu samræmi við ríkjandi verð á fiskmörkuðum á sama tíma.

*b. Viðskipti milli skyldra aðila.*

„Viðskipti“ milli útgerðar og fiskvinnslu í eigu sama aðila eru að því leyti sama marki brennd og viðskipti milli óskyldra aðila að viðmiðunarverðið á fiskinum til hlutaskipta er a.m.k. að mestu leyti úr öllum tengslum við ríkjandi markaðsverð. Eigandinn, þ.e. viðkomandi fyrirtæki, er því í raun með þessu að flytja fjármuni frá útgerðinni til fiskvinnslunnar. Hvort sem fiskviðskiptin eiga sér stað milli óskyldra aðila eða innan sama fyrirtækis verður niðurstaðan sú sama, falskt fiskverð sem knúið er fram í krafti þeirrar stöðu sem útgerðin hefur með yfirráðum sínum yfir veiðiheimildum. Hérlendis ríkir feluleikur og óljósir viðskiptahættir um sjávarfang þar sem mörg viðskiptaform eru aldrei upplýst.

**Fénýting veiðiheimilda í viðskiptum með fisk yrði bönnuð.**

Núverandi ástand í fiskviðskiptum með svo brengluðu verðmyndunarkerfi, eins og fyrr er lýst, er algjörlega óhæft. Þær ráðstafanir sem Alþingi greip til árið 1998 með setningu laga um stofnun Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, og ætlað var að færa ástand þessara mála til betra horfs, hafa samkvæmt fenginni reynslu mistekist með öllu. Lögin um kvótaþing hafa nú verið afnumin án þess að bæta ástandið og á upplýsingavef Fiskistofu sést að uppgefin leiguverð á óveiddum fiski (aflamarki) eru oft algjör markleysa. Því er brýnt að löggjafinn grípi inn í að nýju með því að áskilja með lögum fullan fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Af sjálfu leiðir að í slíkri löggjöf fælist algjört bann við því að veiðiheimildir yrðu fénýttar í viðskiptum með fisk.

**Þjóðhagsleg hagkvæmni veiða og vinnslu mundi aukast.**

Þessa fullyrðingu mætti rökstyðja í löngu máli en verður ekki gert hér, enda ætti þess ekki að gerast þörf. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, eins og áður segir, að koma á eðlilegri samkeppni í viðskiptum með fisk. Virk samkeppni er árangursríkasta leiðin til þess að ná sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eins og kveðið er á um í 1. gr. gildandi samkeppnislaga. Löng reynsla annarra þjóða af virkri samkeppni sem árangursríkustu leiðinni til eðlilegra viðskiptahátta talar skýru máli. Til lengri tíma litið má því einnig telja fullvíst að breytingin yrði til góðs fyrir atvinnugreinina hér á landi.

Tillaga þessi til þingsályktunar hefur verið flutt sex sinnum áður en varð eigi útrædd og er því endurflutt.

# 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Birgir Ármannsson,
Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Einar Már Sigurðarson,
Katrín Júlíusdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir,
Gunnar Örlygsson, Ásta Möller,
Sigurrós Þorgrímsdóttir.

## I. KAFLI

## Breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „áfengi“ í 1. mgr. kemur: sterku áfengi, þ.e. sem í er meira en 22% af vínanda að rúmmáli.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að dreifa áfengi sem í er minna en 22% af vínanda að rúmmáli sem og sterkara áfengi í heildsölu og smásölu innan lands samkvæmt samningum við birgja.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Útsöluverð áfengis er frjálst en þó skal fjármálaráðherra ákveða útsöluverð á sterku áfengi og tóbaki á hverjum tíma.
b. Við bætist nýr málsliður, er verði 3. málsl., svohljóðandi: Óheimilt að selja áfengi undir kostnaðarverði en með því er átt við endanlegt innkaupsverð að viðbættum opinberum gjöldum auk virðisaukaskatts.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Innflutningur, heildsala, smásala, veitingar eða framleiðsla áfengis í atvinnuskyni er háð leyfi samkvæmt áfengislögum.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Um sölu og dreifingu áfengis fer samkvæmt áfengislögum.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal hald á og gera upptækar til ríkissjóðs vörur sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi.

## II. KAFLI

## Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

6. gr.

25. tölul. 11. gr. laganna orðast svo: Áfengissmásöluleyfi 30.000 kr.

## III. KAFLI

## Breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir orðinu „heildsölu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: smásölu.

8. gr.

Orðin „annað en leyfi til smásölu“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

9. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu sterks áfengis, þ.e. sem í er meira en 22% af vínanda að rúmmáli.

10. gr.

Í stað 2. mgr. 11. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sveitarstjórn skal setja eftirfarandi skilyrði fyrir veitingu smásöluleyfis:

a. Afgreiðslutími skal ekki vera lengri en til kl. 20.00.
b. Starfsmenn sem afgreiða áfengi mega ekki vera yngri en 20 ára.
c. Önnur málefnaleg atriði, svo sem um staðsetningu verslunar, aðgengi, afgreiðslutíma, sbr. þó ákvæði a-liðar, merkingar o.fl.

Sveitarstjórn er óheimilt að veita smásöluleyfi fyrirtækjum sem stunda blandaða smásöluverslun aðra en rekstur stórmarkaða eða matvöru- eða nýlenduvöruverslunar, svo sem starfsemi sem fellur undir eftirfarandi ÍSAT-flokka: 50.11.4 (söluturnar), 50.11.5 (söluturnar með ís eða samlokugerð), 50.11.6 (matsöluvagnar) og 52.12 (önnur blönduð smásala). Þá er sveitarstjórn óheimilt að veita smásöluleyfi til blaðsöluturna, sbr. ÍSAT-flokk 52.26, og myndbandaleiga, sbr. ÍSAT-flokk 71.40.1.

11. gr.

2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

Greinargerð.

Mál þetta var lagt fram á 130., 131. og 132. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Með frumvarpinu er lagt til að einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins með annað áfengi en sterkt áfengi verði aflögð en með sterku áfengi er yfirleitt átt við áfengi með meiri vínandastyrk en 22%.

Á undanförnum árum og áratugum hefur hið opinbera dregið sig út úr atvinnurekstri á mörgum sviðum þar sem talið er að einstaklingar og fyrirtæki geti stundað viðkomandi starfsemi betur eða í það minnsta ekki verr. Nú er svo komið að til algerra undantekninga heyrir ef ríki eða sveitarfélög standa í verslunarrekstri. Ein þeirra undantekninga er sala á áfengum drykkjum til einstaklinga en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur enn sem komið er einkaleyfi á því að selja almenningi áfengi í smásöluverslun auk heildsöludreifingar á tóbaki og tóbaksgerðar.

Lengi framan af var sala áfengis algerlega í höndum ÁTVR, þ.e. fyrirtækið átti eða leigði húsnæði undir áfengisverslunina víðs vegar um landið og einungis starfsfólk þess afgreiddi áfengið. Í seinni tíð hefur orðið nokkur breyting á þessu og á nokkrum stöðum á landinu sjá einkaaðilar um sölu á áfengum drykkjum fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins með sérstöku samkomulagi við fyrirtækið. Ekki verður annað séð en að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel. Þetta leiðir hugann að þeirri spurningu hvers vegna ríkið eigi yfirleitt að standa í rekstri slíkra verslana. Erfitt er að finna rök fyrir tilvist Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en aftur á móti eru fjölmörg rök gegn henni. Í ársskýrslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fyrir árið 2002 reifar stjórnin helstu röksemdina fyrir ríkiseinkasölu, en á bls. 9 í skýrslunni segir: „Forvarnarhlutverk ÁTVR felst nú fyrst og fremst í því að fylgja eftir lagaákvæðum um lágmarksaldur þeirra sem kaupa áfengi“. Þá segir að stefnan sé að nýta áhrifamátt fyrirtækisins til að „hlúa að vínmenningu í landinu og miðla upplýsingum um afleiðingar á misnotkun áfengis“. Þetta verða að teljast afar haldlítil rök til að viðhalda ríkiseinkasölu með vörur. Rétt er að benda á að einkaaðilum er treyst til að framfylgja reglum um lágmarksaldur til að kaupa tóbak og hið sama ætti þá væntanlega að gilda um sölu áfengis. Þá verður að spyrja hvort það sé hlutverk ríkisins að hlúa að tiltekinni vínmenningu í landinu með ærnum tilkostnaði. Um rökin gegn ríkiseinkasölu skal í fyrsta lagi nefna að einkaaðilar hafa séð um rekstur slíkra verslana með góðum árangri. Í öðru lagi er aðilum eins og verslunarmiðstöðvum og byggðarlögum mismunað eftir staðsetningu útibúa. Í þriðja lagi má nefna kostnaðinn af versluninni; ólíklegt má telja að ríkisfyrirtæki reki þessar verslanir með hagkvæmari hætti en einkaaðilar mundu gera. Má í þessu sambandi benda á að fastafjármunir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins voru á bókfærðu verði í efnahagsreikningi 31. desember 2002 um 1 milljarður kr. en

eignir alls ríflega 3,2 milljarðar kr. Eigið fé fyrirtækisins var ríflega 2,1 milljarður kr. Fjármunir sem fengjust með sölu eigna fyrirtækisins mundu nýtast ríkissjóði vel. Eftir sem áður gæti ríkisvaldið náð öllum þeim markmiðum sem það hefur sett sér í áfengismálum. Það eina sem mundi breytast er að verslunin yrði í höndum þeirra sem eiga að sjá um verslun, þ.e. einkaaðila, og ekki yrði um að ræða eins sterkt skömmtunarvald á þessari þjónustu af hendi hins opinbera og nú er. Leyfin til að selja áfengi yrðu veitt af sveitarstjórnum með svipuðum hætti og leyfi til vínveitingahúsa.

Breytingin á verslun með áfengi og tóbak sem hér er lögð til er að aðrir en ríkið fái að sjá um smásölu léttvíns og bjórs eins og á öðrum sviðum en ekki er um að ræða breytingu á áfengisstefnu, áherslum í tóbaksvörnum eða tekjuöflunarkerfi ríkisins á þessu sviði. Þó er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sjái eitt um sölu sterks áfengis en verði áfram heimilt að dreifa öllu áfengi í heildsölu og smásölu.

Á 123. löggjafarþingi flutti fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps tillögu til þingsályktunar um afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis og urðu töluverðar umræður um málið í þinginu. Þá hefur fyrrverandi þingmaður, Vilhjálmur Egilsson, ítrekað lagt fram frumvarp til laga um breytingu á einkasölu ríkisins á áfengi en það hefur ekki náð fram að ganga.

Fróðlegt er að skoða þetta með tilliti til sögunnar því að Áfengisverslun ríkisins, fyrirrennari Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, var sett á laggirnar árið 1922 þegar bannlögunum var aflétt og Tóbakseinkasalan var stofnuð í byrjun fjórða áratugarins þegar menn voru mjög gjarnir á að setja einokunarlög og hin ýmsu höft í íslenska löggjöf. Þar má t.d. nefna einkaleyfi á síldarsölu, einkasölu á viðtækjum, einkarétt til útvarpsreksturs. Seinna komu ýmis lög og höft eins og einokun á sölu bifreiða, símtækja og annars slíks og fyrir einungis um 15 árum var ríkið með einokun á því að flytja inn eldspýtur. Þessum höftum hefur sem betur fer öllum verið aflétt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir geti veitt einstaklingum og lögaðilum leyfi til smásöluverslunar með léttvín og bjór. Samkvæmt gildandi lögum veita sveitarstjórnir á hverjum stað smásöluleyfi fyrir áfengi og verður það fyrirkomulag í sjálfu sér óbreytt þrátt fyrir að fleiri endurseljendur komi nú til greina. Þá er gert ráð fyrir að óheimilt verði að selja áfengi og tóbak undir kostnaðarverði en með því er átt við endanlegt kaupverð dreifingaraðila að viðbættum opinberum gjöldum, svo sem áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi, að viðbættum virðisaukaskatti. Er þetta gert til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs af innheimtu opinberra gjalda af þessari vöru og koma í veg fyrir óeðlilegt undirboð. Hins vegar ætti þetta fyrirkomulag ekki að raska eðlilegri samkeppni á markaðnum fyrir einstakar vörutegundir.

Rétt er að vekja athygli á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum takmörkunum á veitingu smásöluleyfis. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði afgreiðslutíma, svo sem verið hefur, þó þannig að verslanir með áfengi mega ekki vera opnar lengur en til kl. 20.00. Þá er það gert að skilyrði að starfsmenn sem afgreiða áfengi skuli vera a.m.k. 20 ára. Sveitarstjórnum verður eftir sem áður heimilt að binda smásöluleyfi frekari skilyrðum, svo sem um staðsetningu verslana, aðgengi, merkingar o.fl. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði leyft að selja áfengi í tilteknum tegundum verslana. Eru hér einkum hafðir í huga söluturnar, myndbandaleigur og söluvagnar. Leitast er við að skilgreina þessa starfsemi nánar með vísan til ÍSAT-flokkunarkerfisins. Gert er ráð fyrir að áfengissmásalar greiði gjald til ríkissjóðs fyrir leyfi til að selja áfengi í smásölu, líkt og gildir um innflutnings- og heildsöluleyfi fyrir áfengi.

Lagt er til að heimild ráðherra í 12. gr. áfengislaga til að ákveða hámarksafgreiðslutíma og önnur sérstök skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð verði felld brott enda er gert ráð fyrir að ákvörðun um leyfisveitingu færist til sveitarstjórna.

Flutningsmenn telja jafnframt að taka þurfi til skoðunar áfengisgjald sem lagt er á allt áfengi samkvæmt lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, til dæmis með því að lækka áfengisgjald í þremur áföngum, um allt að 50%, fram til ársins 2008.

Áfengisgjald hefur farið lækkandi í nágrannalöndunum að undanförnu en hér á landi hefur gjaldið stöðugt farið hækkandi. Ljóst er að of hátt áfengisverð leiðir til þess að ákveðinn hópur fólks leitar annarra úrræða. Heimabruggun og smygl á áfengi hefur verið vandamál og ljóst er að ákveðin fylgni er milli áfengisverðs og heimabruggunar og smyglaðs áfengis. Samkvæmt könnun sem IBM gerði fyrir Samtök verslunarinnar hafði tæplega fjórðungur landsmanna neytt heimabruggs sl. tólf mánuði og um þriðjungur fólks á aldrinum 20–29 ára. Þá fer markaður fyrir efni til heimavíngerðar ört stækkandi. Ekki þarf að fjölyrða um hættuna sem getur stafað af heimabruggi og fjölmörg dæmi eru um að fólk hafi veikst alvarlega eftir að hafa drukkið slíkt.

Svo virðist sem smygl á sterku áfengi hafi aukist að undanförnu. Samkvæmt upplýsingum frá tollgæslunni jókst haldlagt sterkt áfengi um 30% á árunum 2002–2003. Árið 2003 var áætlað að haldlagt sterkt áfengi næmi um 1.500 lítrum, létt vín um 700 lítrum og bjór ríflega 800 lítrum. Haldlagt sterkt áfengi nam 1.147 lítrum árið 2002 og hafði magnið því aukist um a.m.k. 350 lítra.

Þá hafa samtök ferðaþjónustunnar bent á að ferðamenn kvarti undan háu áfengisverði hér á landi. Leiða má líkur að því að ferðamannastraumur og ráðstefnuhald mundi aukast að einhverju marki með lækkuðu áfengisgjaldi. Ólíklegt verður að telja að heildarneysla áfengis aukist með lækkuðu áfengisgjaldi enda er talið að um 15–30% af heildarneyslunni sé heimabruggað eða smyglað áfengi. Ef áfengisgjaldið yrði lækkað eru verulegar líkur á að neysla á löglega keyptu áfengi mundi aukast á kostnað hins ólöglega. Tekjur ríkissjóðs munu því ekki lækka sem neinu nemur enda verður að gera ráð fyrir að mun meiri hluti af verslun með áfengi flytjist inn í landið, að ekki sé minnst á verulega minni sölu og neyslu á ólöglegu áfengi.

Oft hefur því verið haldið fram að mikil lækkun áfengisgjalds kalli á stóraukna neyslu. Reynslan í nágrannalöndum okkar sýnir að fólk neytir ekki meira áfengis heldur skýrist aukin sala af því að meira er keypt innan lands en í aðliggjandi löndum.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af áfengisgjaldi yrðu rúmir 7 milljarðar kr. Framlag ríkisins til Forvarnasjóðs skv. 7. gr. laga nr. 95/1996, um gjald af áfengi og tóbaki, er 1% af innheimtu áfengisgjaldi eða um 70 millj. kr. fyrir árið 2005 og að óbreyttum forsendum mundi það lækka um helming. Ef áfengisgjald yrði lækkað væri rétt að hækka framlag til Forvarnasjóðs í samræmi við lækkun áfengisgjalds og við það miðað að hlutfallið verði 2% af innheimtu áfengisgjaldi þegar lækkun hefur að fullu komið til framkvæmda.

Þrátt fyrir að áfengisgjald hér á landi yrði lækkað um helming yrði það svipað og í Svíþjóð og áfram það langhæsta innan Evrópska efnahagssvæðisins.

---

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Áfengisgjöld á Íslandi í samanburði við ESB-lönd og önnur lönd sem hafa sótt um aðild. Samtök verslunarinnar. (5. apríl 2004.) Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 252 (241. mál 131. löggjafarþings) í A-deild Alþingistíðinda 2004–2005. bls. 1099–1100.

# 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um rétt nefndar samkvæmt ályktun Alþingis til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál.

Flm.: Sólveig Pétursdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Hjálmar Árnason, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson.

1. gr.

Nefnd, sem skipuð var af forsætisráðherra 22. júní 2006 á grundvelli ályktunar Alþingis frá 3. júní 2006, um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál, skal hafa frjálsan aðgang að öllum gögnum í vörslum stjórnvalda sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 til þess að gera tillögu um tilhögun á frjálsum aðgangi fræðimanna að þeim.

Þrátt fyrir lögmælta þagnarskyldu er öllum opinberum starfsmönnum skylt að svara fyrirspurnum nefndarinnar um verklag við öflun, skráningu og varðveislu upplýsinga um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991. Hið sama gildir um opinbera starfsmenn sem látið hafa af störfum.

Nefndarmenn og starfsmaður nefndarinnar skv. 1. mgr. eru bundnir þagnarskyldu um viðkvæmar einkalífsupplýsingar sem þeir komast að í starfi sínu á vegum nefndarinnar. Hið sama gildir um upplýsingar um öryggismál Íslands sem varða enn þá virka öryggis- eða varnarhagsmuni Íslands.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um störf nefndarinnar.

Formaður nefndarinnar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, skal á starfstíma hennar gera forseta Alþingis og formönnum þingflokka grein fyrir framvindu verksins, sbr. síðari málsgrein ályktunar Alþingis frá 3. júní 2006.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í tilefni af umfjöllun sl. vor um sagnfræðilega rannsókn á hlerunum á dögum kalda stríðsins var samþykkt þingsályktun 3. júní 2006 þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálsan aðgang fræðimann að þeim. Með þessari þingsályktun hefur sú pólitíska stefna verið mörkuð að þessar upplýsingar skuli gerðar fræðimönnum aðgengilegar og sérstakri nefnd síðan falið að gera tillögu um hvernig staðið skuli að því, en nefndin var skipuð 22. júní 2006.

Áður en nefndin getur skilað tillögum sínum um tilhögun á aðgangi fræðimanna að gögnunum þarf hún að kanna hvaða stjórnvöld hafa slík gögn í vörslum sínum og gera könnun á þeim. Þannig verður þá hægt að taka afstöðu til þess hvort rétt er að gera tillögu um að gögn um öryggismál Íslands frá þessu tímabili verði varðveitt í sérstakri deild, t.d. á Þjóðskjalasafni Íslands. Einnig þarf að kanna hvaða einkalífsupplýsingar hafa verið skráðar og taka afstöðu til þess hvort ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs leggja skyldu á löggjafann að setja í lög ákvæði til verndar þeim einstaklingum sem sætt hafa eftirliti eða rannsókn af hálfu stjórnvalda með vísan til öryggishagsmuna íslenska ríkisins.

Þar sem ætla verður að öll gögn og upplýsingar um öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991 séu ekki aðgengileg almenningi á grundvelli upplýsingalaga, nr. 50/1996, aðallega vegna einkalífsverndar þeirra sem sættu eftirliti eða rannsókn á þessu tímabili, er nauðsynlegt að mæla í lögum fyrir um aðgangsrétt nefndarmanna að þessum gögnum og leggja um leið þagnarskyldu á þá. Frumvarp þetta er flutt til þess að lögfesta slíka aðgangsheimild nefndarmanna. Þá er jafnframt lagt til að lögfest verði að öllum opinberum starfsmönnum, bæði núverandi og fyrrverandi, verði skylt að svara fyrirspurnum nefndarinnar um verklag við öflun, skráningu og varðveislu upplýsinga um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 þrátt fyrir ákvæði laga um þagnarskyldu. Ákvæðið er nefndinni nauðsynlegt svo að hún geti kannað með hvaða hætti gögn um öryggismál Íslands urðu til og hvernig varðveislu þeirra var hagað, hvar þau er að finna og hvaða gögnum hefur verið eytt.

Þá er í frumvarpinu mælt svo fyrir að upplýsingalög, nr. 50/1996, gildi ekki um störf nefndarinnar. Þykir það rétt í ljósi eðlis starfa nefndarinnar sem er að gera tillögu um rýmri aðgang að gögnum um öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991, en af því tilefni er nefndarmönnum nauðsynlegt að kanna umfang og eðli fyrirliggjandi gagna. Auk þess er rétt að benda á að væri slíkt ákvæði ekki sett mundu öll gögn, sem nefndin aflaði sér frá dómstólum í málum sem fjallað var um á árunum 1945–1991, færast undir gildissvið upplýsingalaga þar sem þau væru þá komin í vörslur stjórnvalds og orðin þáttur í ákveðinni stjórnsýslu nefndarinnar.

Rétt þykir að taka upp í lögin það ákvæði sem var í síðari málsgrein þingsályktunarinnar frá 3. júní 2006 um að nefndin hafi á starfstíma sínum samráð við forseta Alþingis og formenn þingflokka um framvindu verksins. Slíkt samráð er afar mikilvægt til að tryggja áfram þá samstöðu um málið sem náðist við samþykkt ályktunarinnar sl. vor.

## 28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um endurskipulagningu á skattkerfinu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Helgi Hjörvar, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskipuleggja skattkerfið með tilliti til skattlagningar einstaklinga, með það að markmiði að koma á meira jafnræði í skattlagningu, auka sanngirni í dreifingu skattbyrði og draga úr jaðarsköttum. Sérstaklega verði útfærðar leiðir til lækkunar á skattbyrði fólks með lágar lágar og meðaltekjur og að lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum beri fjármagnstekjuskatt í stað tekjuskatts.

Nefndin verði skipuð fulltrúum stjórnmálaflokka, heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka lífeyrisþega.

Nefndin skili skýrslu um endurskipan á skattlagningu einstaklinga sem kynnt verði Alþingi á haustþingi 2007, ásamt tillögum að lagabreytingum og kostnaðar- og áfangaskiptri framkvæmdaáætlun. Stefnt verði að því að fyrsti áfangi í nýskipan í skattamálum einstaklinga taki gildi 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að ná breiðri samstöðu milli stjórnmálaflokka, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka lífeyrisþega um endurskipulagningu á skatta- og bótakerfi með það að markmiði að ná fram meira jafnræði og sanngirni í skattlagningu. Sérstaklega er brýnt að útfæra leiðir til að lækka skattbyrði fólks með lágar tekjur og meðaltekjur.

Samkvæmt álagningu ársins 2006 vegna launatekna 2005 er helmingur hjóna og sambúðarfólks sem telja fram launatekjur með tekjur undir 500 þús. kr. á mánuði. Erfitt er að greina launatekjur einstaklinga út frá skattframtölum, þar sem hluti framteljenda er í námi eða hlutastarfi.

Sama gildir þegar litið er til tekna árið 2004 vegna álagningar árið 2005 en nýrri upplýsingar liggja ekki fyrir hjá Hagstofu. Í upplýsingum Hagstofu um meðaltekjur eftir aldri og hjúskaparstöðu, sem unnar eru upp úr framtöldum tekjum einstaklinga, kemur fram að á árinu 2004 voru heildaratvinnutekjur hjóna og sambúðarfólks tæpar 5,9 millj. kr. og árstekjur einstaklinga tæpar 1,9 millj. kr. Uppfært miðað við meðaltal launvísitölu milli áranna 2004 og 2005 má áætla að meðaltekjur hjóna og sambúðarfólks séu tæpar 6,3 millj. kr. eða um 524 þús. kr. á mánuði og einstaklingar hafi miðað við sömu uppfærslu tæpar 2 millj. kr. árstekjur. Þar verður þó að hafa í huga að um getur verið að ræða að framteljandi sé í námi eða hlutastarfi. Tekjulausum framteljendum er sleppt í þessum útreikningum Hagstofu. Athyglisvert er einnig að samkvæmt skattframtölum í ár miðað við tekjur 2005 voru ríflega 16 þúsund framteljendur í hópi einstaklinga 25 ára og eldri með tekjur undir 130 þús. kr. og 6.857 hjón með samanlagðar tekjur undir 260 þús. kr. á mánuði.

Mikilvægt er að almenn sátt ríki um hvernig skattbyrðin dreifist milli landsmanna og að viðunandi jafnræðis sé gætt í skattlagningu óháð uppruna tekna, þannig að skattkerfið sé einfalt og samræmi milli skattforma. Jafnframt er brýnt að allar breytingar á skattkerfinu taki mið af því að ekki þurfi að skera niður í í velferðar-, heilbrigðis- eða félagsmálum.

*Þróun skattbyrðar hér á landi.*

Á umliðnum árum hefur aukist mjög ójöfnuður hér á landi í skattbyrði og tekjuskiptingu landsmanna. Skattbyrði hefur jafnt og þétt þyngst á fólki með lágar tekjur og meðaltekjur á sama tíma og skattbyrði hefur verið að léttast á fólki með hæstu tekjurnar. Þetta má einkum rekja til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á ákvæðum skattalaga síðasta áratug, eða frá árinu 1995, einkum þó árin 2001 og 2003, og áherslna sem stjórnvöld hafa lagt á að flytja skatta af fjármagni og fyrirtækjum yfir á einstaklinga.


Að ýmsu leyti hefur skattkerfið hér á landi þróast í aðra átt en skattkerfi þeirra landa sem við berum okkur saman við. Meiri jöfnuður ríkti áður í skattkerfinu en dregið hefur mjög úr tekjujöfnunaráhrifum í skattkerfinu og í velferðarkerfinu hér á landi. Að mörgu leyti hefur tekjuskiptingin og ójöfnuðurinn í skattkerfinu þróast nær því sem gerist í Bretlandi og Bandaríkjunum. Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, hefur nýverið haldið því fram að sennilega sé enginn hátekjuhópur á Vesturlöndum með svo litla skattbyrði sem hátekjumenn Íslands. Nefnir Stefán að ef 600 ríkustu fjölskyldur landsins byggju í Bandaríkjunum mundu þær greiða 31,3% af tekjum sínum í skatt í stað 13–15%.


Þróunin hér á landi hefur líka verið sú að sífellt stærri hluti efnafólks er með mikinn hluta tekna sinna sem fjármagnstekjur. Það greiðir hlutfallslega miklu lægri skatta en almennir launþegar, þegar verulegur hluti teknanna ber einungis 10% fjármagnstekjuskatt. Í álagningarskránni á þessu ári vegna tekna 2005 kemur fram að 6.600 framteljendur eru með hærri fjármagnstekjur en aðrar tekjur og að 2.200 manns greiða einungis fjármagnstekjuskatt en á sama tíma greiða almennir launþegar og lífeyrisþegar tæplega 37% skatt. Þar kemur einnig

fram að 1% skattgreiðenda, eða 600 fjölskyldur, eru með 60% allra fjármagnstekna. Að meðaltali eru þessar fjölskyldur með 95 milljónir kr. í fjármagnstekjur á ári. Eins er athyglisvert að 10% hjóna, um 6.000 talsins, eru með 83% allra fjármagnstekna. Þetta þýðir í raun að 90% skattgreiðenda eru með mjög litlar eða engar fjármagnstekjur.

*Þreföldun á skattbyrði lágtekju- og meðaltekjufólks.*

Fjármálaráðherra hefur ítrekað svarað fyrirspurnum á Alþingi um breytingar á skattbyrði sem staðfesta að skattbyrði hefur þyngst verulega á fólki með lágar tekjur og meðaltekjur árin 1995–2006 en lækkað á tekjuhæstu hópunum. Í svari fjármálaráðherra frá síðasta löggjafarþingi (þskj. 1246, 679. mál) kemur t.d. fram að skattbyrði hjóna með samanlagt 300 þús. kr. mánaðartekjur árið 2006 sé þrefalt meiri en hún var árið 1995 miðað við jafngildar tekjur á þessum árum. Skattbyrði einstaklings með 130 þús. kr. tekjur árið 2006 og jafngildi þeirra á árinu 1995 miðað við þróun launavísitölu hefur hátt í fjórfaldast milli þessara ára. Eins og sjá má af súluritunum hér á eftir hefur skattbyrðin þyngst verulega á fólki með lágar tekjur og meðaltekjur, þ.e. 100–420 þús. kr. mánaðartekjur, miðað við þróun launavísitölu á tímabilinu. Jafnvel þótt miðað sé við neysluvísitölu er niðurstaðan aukin skattbyrði hjá fólki með lágar tekjur og meðaltekjur. Endurgreiðslur úr skattkerfinu, t.d. til tekjulágra hjóna, m.a. með greiðslu barnabóta, hafa líka lækkað verulega á þessu tímabili. Því hefur verið haldið fram opinberlega að skattbyrði 80–90% skattgreiðenda hafi aukist á undanförnum árum. M.a. komið fram í vönduðum úttektum Stefáns Ólafssonar prófessors að skattbyrði 90% skattgreiðenda hafi þyngst á sl. 10 árum.






*Skattlagning einstaklinga hér á landi og í öðrum löndum OECD.*

Í flestum löndum er fjármagnstekjuskattur mun hærri en hér á landi og skattbyrði einstaklinga hefur verið að léttast meira en skattbyrði fyrirtækja.

Hlutfall skatttekna af vergri landsframleiðslu í fyrra jókst mest á Íslandi af öllum löndum OECD, eða úr 38,7% í 42,4%, að því er bráðabirgðatölur OECD sýna. Skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu jókst í 17 af þeim 24 OECD-löndum sem tölur ná yfir. Þegar horft er til lengri tíma sker Ísland sig nær algerlega úr að því leyti hversu mjög skatttekjur hafa vaxið sem hlutfall af landsframleiðslu.

Þannig námu skattekjur hins opinbera 31,2% af landsframleiðslunni árið 1995, árið 2000 var hlutfallið komið í 38,3% og 42,4% í fyrra. Þannig hefur skattheimtan sem hlutfall af landsframleiðslu aukist um meira en 11 prósentustig á aðeins einum áratug en til samanburðar má nefna að á sama tímabili jókst skattheimtan sem hlutfall af landsframleiðslu um minna en eitt prósentustig í OECD-löndunum í heild.

Árið 1990 var skatthlutfall hins opinbera á Íslandi 3,2% undir meðaltalinu í OECD en árið 2004 var það 2,8% yfir meðaltalinu.

Þegar horft er á tekjur hins opinbera af tekjuskatti einstaklinga og af hagnaði fyrirtækja er þróunin svipuð, hlutfallið á Íslandi var 10,7% af vergri landsframleiðslu árið 1995 en var komið í 19,3% í fyrra. Á sama tímabili stóð þetta hlutfall í stað í 12,5% fyrir OECD-löndin í heild og einnig OECD-löndin í Evrópu.

Þegar eingöngu er skoðuð þróun skatta einstaklinga kemur í ljós að skattbyrði hér á landi, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, jókst úr 10% í 14,9% á árunum 1995–2003 en fyrir árið 1995 var þetta hlutfall mun lægra. Árið1990 var skattlagning á einstaklinga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 8,6%. Innan OECD-landanna lækkaði skattbyrði einstaklinga á sama tíma aftur á móti lítillega, eða úr 9,9% í 9,4%.

Þegar litið er á skattlagningu á einstaklinga sem hlutfall af heildarskattlagningu er sama þróun uppi. Skattlagning mæld á þennan mælikvarða sýnir hækkun úr 31,1% árið 1995 í

37,6% á árinu 2003. Innan OECD-landanna hafa skattar á einstaklinga sem hlutfall af heildarskattlagningu farið úr 27,0% í 24,9%.

*Forgangsverkefni að lækka skattbyrði á lágar tekjur og meðaltekjur.*

Eitt brýnasta verkefni stjórnvalda hér á landi er að leggja sitt af mörkum og beita stjórntækjum ríkisins til að minnka hér ójöfnuð, ekki síst með því að koma á meira réttlæti í skattlagningu landsmanna. Það er megintilgangur þessarar tillögu að í samráði við aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtök lífeyrisþega verði útfærðar leiðir sem tryggi meiri jöfnuð í skattlagningu. Sérstök áhersla er lögð á að lækka skattbyrði fólks með lágar tekjur og meðaltekjur og að lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum beri fjármagnstekjuskatt í stað tekjuskatts.

## 29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 125., 126.,128. og 132 löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt ásamt lítillega breyttri greinargerð.

Í þingsályktun um aðlögun að lífrænum landbúnaði, sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1998, skoraði Alþingi á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt yrði að veita bændum stuðning við aðlögun búskapar að lífrænum búskaparháttum. Í 6. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, sem einnig voru samþykkt á Alþingi 4. júní 1998, er m.a. lýst því markmiði að stuðla beri að framþróun lífrænna búskaparhátta. Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gerðu samning 5. mars 1999 um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og framlög ríkisins til þeirra. Í samningnum er Bændasamtökum Íslands heimilað með tilvísun í 6. gr. búnaðarlaga að veita stuðning til lífrænnar ræktunar árin 1999–2003, nánar tiltekið til endurræktunar lands. Stuðningur mætti vera að hámarki 25.000 kr. á ha lands og 250 kr. á fermetra í gróðurhúsi. Um eingreiðslur er að ræða. Farið var að veita slíkan stuðning árið 1999 og er hann enn veittur í allt að tvö ár í senn á seinni árum. Þótt þessar greiðslur stuðli að lífrænni ræktun og búskap eru þær ekki sambærilegar þeim stuðningi sem bændur sem laga búskap sinn að lífrænum landbúnaði njóta annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu. Hér er greitt í tvö ár mest en þar eru greiddir styrkir um nokkurra ára skeið. Hér á landi er eðlilegt að reikna með fimm til tíu ára aðlögunartíma og væri æskilegt að miða greiðslurnar við það.

Samkvæmt ályktun búnaðarþings frá 1996 starfaði vinnuhópur með fulltrúum frá VOR, – verndun og ræktun – félagi framleiðenda í lífrænum búskap, og Bændasamtökum Íslands. Hann skilaði áliti til Bændasamtaka Íslands í nóvember það ár. Þar voru gerðar tillögur um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap og tilgreint hvernig það yrði best gert að teknu

tilliti til aðstæðna hérlendis. Þetta álit var haft til hliðsjónar við gerð áðurnefnds búnaðarsamnings og er birt í fylgiskjali II með þingsályktunartillögu þessari þótt það sé síðan 1996 enda einu tiltæku tillögurnar um þessi efni.

Búnaðarþing ályktaði aftur um stuðning við lífrænan búskap árið 1999 og taldi að stefna bæri að því að stærri hluti landbúnaðarframleiðslunnar yrði vottaður lífrænn, m.a. vegna möguleika á útflutningi lífræns dilkakjöts. Svipaðar skoðanir komu fram í skýrslu nefndar um útflutning dilkakjöts sem landbúnaðarráðherra skipaði sumarið 1999. Í skýrslunni, sem er frá 8. nóvember 1999, er greint frá því að náðst hafi allt að 25% hærra skilaverð til bænda fyrir lífrænt vottaða framleiðslu í útflutningi árin 1998 og 1999. Leggur nefndin til að í sjö ár verði veittar allt að 20 millj. kr. í fjárlögum hvers árs til þróunar og aðlögunarverkefna hjá bændum sem hefja lífræna framleiðslu dilkakjöts, einkum til útflutnings. Við endurskoðun á búnaðarlagasamningi hafa styrkirnir verið hækkað nokkuð en eru fjarri því að vera fullnægjandi enda aðeins til tveggja ára.

Umhverfismengun og heilsufarsvandamál henni tengd eru sífellt að verða mönnum ljósari. Ýmis eiturefni og önnur efni sem notuð eru í iðnvæddum búskap, eða stórbúskap, eru meðal þeirra þátta sem þekktastir eru. Neytendur gera því æ ríkari kröfur um heilnæm matvæli, umhverfisvernd og sjálfbæra landbúnaðarstefnu. Ljóst er að markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur eykst stöðugt í iðnvæddum löndum. Í fyrstu var einkum um að ræða grænmeti, ávexti og kornmeti en á seinni árum búfjárafurðir á borð við mjólk, egg og kjöt af ýmsum gripum og þessu til viðbótar eykst krafa um umhverfisvænar og vottaðar neysluvörur af öllum toga. Þessi áhugi er enn meiri erlendis en hér á landi. Stóraukinn innflutningur á lífrænt vottuðum matvælum auk ýmissa vörutegunda sem flokkast undir heilsuvörur ber vott um vitundarvakningu og breytt viðhorf íslenskra neytenda. Því er víðast hvar lögð stóraukin áhersla á bætta umgengni, verndun umhverfisins og náttúru. Þetta tvennt stuðlar að neyslu lífrænt ræktaðrar matvöru, þ.e. matvöru sem framleidd er með aðferðum sem uppfylla ströngustu kröfur um umhverfisvernd og er jafnframt líkleg til að stuðla að betri heilsu fólks.

Matarsýkingum af ýmsum uppruna hefur fjölgað á undanförnum árum, svo sem af völdum kampýlóbakter og salmonellu. Flutningur matvæla milli heimsálfa getur því verið varasamur með tilliti til þessa, bæði vegna þess hve flutningur og geymsla sýktra matvæla getur aukið hættu á matarsýkingum og eins vegna dreifingar sýkingarinnar um stór svæði og heimshluta. Fjölónæmar bakteríur hafa valdið alvarlegum veikindum hjá fjölda manns, fleira fólk sýkist en áður og alvarlegir faraldrar hafa orðið. Bakteríustofnar eru fjölbreyttari og sumir ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum. Þetta breytta umhverfi hefur leitt til þess að fleiri eru meðvitaðir um hollustu þess sem þeir neyta og áhugi á lífrænt ræktuðum matvælum hefur aukist að sama skapi. Líklegt er að umhverfis- og náttúruvernd, stóraukin áhersla á heilbrigt líferni og neysla lífrænt ræktaðrar matvöru verði það sem einkenni samfélagsþróunina á Vesturlöndum næstu árin. Þar við bætist mikil andstaða neytenda gegn erfðabreyttum lífverum í landbúnaði. Danir hafa tekið þessi mál föstum tökum og stefnir í að Danmörk verði fyrirmyndarland á sviði lífrænna landbúnaðarafurða. Danskar matvörur þykja ekki aðeins góðar heldur hafa danskir neytendur breytt matarvenjum sínum og kaupa lífrænar landbúnaðarvörur í stórauknum mæli. Í Danmörku er markaðshlutdeild lífrænnar mjólkur um 30%, egg, ýmsar kornvörur og gulrætur hafa yfir 10% af markaðnum en kjötvörur hafa minni hlutdeild. Lífrænt ræktaðar matvörur hafa náð fótfestu á breskum matvörumarkaði og taka undir sig æ meira pláss í hillum stórmarkaða og sömu sögu er að segja í Mið- og Suður-Evrópu.

Á Íslandi eru lífrænt vottaðar afurðir tæplega 1% af allri landbúnaðarframleiðslu og eru langt frá því að fullnægja þörfum markaðarins. Sterkar líkur má leiða að því að sama þróun verði á neysluvenjum fólks hér á landi og erlendis. Þess vegna er mikilvægt að nú þegar verði

bændur hvattir og studdir til að breyta búskaparháttum svo að íslenskar lífrænt vottaðar afurðir verði á boðstólum til að mæta vaxandi eftirspurn. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í sauðfjársamningi eru engin ákvæði um stuðning við lífræna framleiðslu sauðfjárafurða. Sá samningur hefði verið tilvalinn til að stuðla að eflingu lífrænnar framleiðslu og búa sauðfjárbændur undir að verða við kröfum ört vaxandi eftirspurnar eftir lífrænt vottuðum vörum. Verð á matvöru, ásamt trausti á vörunni, hefur hvað mest áhrif á val neytenda og því skiptir máli að bændur sem stunda lífræna ræktun séu samkeppnisfærir á matvörumarkaðnum við bændur sem stunda hefðbundinn búskap. Þá er vitað að Whole Food í Bandaríkjunum vill að a.m.k. hluti þess dilkakjöts sem þangað er flutt sé lífrænt vottað.

Framleiðslukostnaður við lífræna ræktun er nokkuð meiri en við hefðbundna framleiðslu en á móti vegur hæsta afurðaverð. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd enda eru slíkir búskaparhættir í góðu samræmi við sjálfbæra þróun og virðingu fyrir jarðvegi, gróðri og búfé. Með meiri hvatningu og stuðningi gæti lífrænn landbúnaður jafnframt stuðlað að eflingu byggðar í sveitum landsins og eflt úrvinnsluiðnað. Þessi valkostur getur hentað sumum bændum. Nú vantar lífrænt dilkakjöt til útflutnings og innan lands er markaður fyrir grænmeti og fleiri lífrænar vörur. Því verður að teljast eðlilegt að aðlögunarstuðningur við þessa grein landbúnaðar verði a.m.k. jafnmikill og í öðrum norrænum ríkjum og ætti að vera liður í búvörusamningunum sem kveða m.a. á um stuðningsgreiðslur í nokkrum veigamiklum búgreinum.

Vottunarstofan Tún kom á fót starfshópi með Byggðastofnun og Staðardagskráverkefni Sambands sveitarfélaga til að gera úttekt á lífrænni framleiðslu á Íslandi, kanna kosti lífrænna aðferða fyrir umhverfi og samfélag og gera tillgögur um hagnýtingu þeirra. Þingsályktunartillögunni til stuðnings er vísað til nýútkominnar skýrslu starfshópsins: *Lífræn framleiðsla – ónotuð tækifæri í atvinnulífi landsbyggðarinnar.*

Á heimasíðu Staðardagskrár 21 segir í frétt 28. ágúst sl. eftirfarandi:

„Í skýrslunni ... er farið yfir stöðu lífrænnar framleiðslu hérlendis í samanburði við grannþjóðirnar, lýst helstu hindrunum og hvötum sem eru á vegi lífrænnar þróunar, kortlagðar þær greinar atvinnulífs sem geta hagnýtt sér lífrænar aðferðir, og gerðar tillögur um ráðstafanir til að skapa slíkri nýsköpun frjórra umhverfis, einkum af hálfu ríkis og sveitarfélaga. ...

Í skýrslunni kemur fram að lífrænar aðferðir eru í mikilli sókn víða um heim í framleiðslu matvæla, snyrtivara, vefnaðarvara og hvers konar náttúruafurða. Stjórnvöld flestra Evrópuríkja vinna markvisst að því að hagnýta slíkar aðferðir til sóknar í byggða- og umhverfismálum. Þessi þróun hefur hins vegar að mestu farið framhjá Íslendingum.

Til marks um stöðu lífrænnar framleiðslu hér á landi má nefna, að hér er hlutfall vottaðs lífræns nytjalands einungis 0,3%. Þetta hlutfall er 4% í löndum ESB og á bilinu 6–15% í þeim löndum sem lengst eru komin. Nokkur hundruð norrænna bænda stunda lífræna ræktun mun norðar á hnettinum en Ísland, þar sem einungis 25 býli er skráð með vottun. Norsk stjórnvöld vinna eftir framkvæmdaáætlun um aukna lífræna framleiðslu og hafa sett markið á 15% árið 2015.

Evrópusambandið og einstök ríki Evrópu hafa um nokkurt skeið stutt ríkulega upptöku lífrænna aðferða, m.a. sem þátt í byggðastefnu. Stjórnvöld horfa til lífrænnar þróunar sem leið til að uppfylla fjölþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra þróun og líffræðilega fjölbreytni. Opinber stuðningur við lífræna aðlögun er liður í markvissari hagnýtingu fjármuna til sjálfbærrar atvinnuþróunar í stað framleiðslutengdra styrkja.

Skýrslan bendir á nauðsyn þess að Ísland leiti inn á sömu braut. Hún rekur styrkleika í íslensku umhverfi, markaðsaðstæðum og viðhorfum sem hagnýta beri í því skyni, svo sem frábæran árangur nokkurra bænda og fyrirtækja í ræktun, úrvinnslu og markaðssetningu;

dæmi um jákvæð áhrif lífrænnar vottunar á útflutningsmöguleika; gríðarlega aukningu eftirspurnar; traust vottunarkerfi á alþjóðlegum grunni; og jákvæð viðhorf almennings og stjórnmálamanna til lífrænnar framleiðslu.“

---

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Ályktun um stuðning við lífrænan búskap á búnaðarþingi 1999.

II. Stuðningur við aðlögun að lífrænum búskap. — Áliti skilað til Bændasamtaka Íslands í nóvember 1996.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 678 (417. mál 125. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1999–2000, bls. 3710–3717.

## 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um textun.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson, Kolbrún Halldórsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir.

1. gr.

*Markmið.*

Markmið laga þessara er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum og afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem hafa fulla heyrn.

2. gr.

*Gildissvið.*

Eftirtöldum aðilum er skylt að texta allt efni sem þeir í atvinnuskyni senda út, framleiða eða dreifa:

1. sjónvarpsstöðvum sem hafa leyfi til sjónvarpsútsendinga samkvæmt útvarpslögum,
2. framleiðendum íslensks auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefnis, hvort sem efnið verður sýnt í kvikmyndahúsum eða sett á myndbönd eða stafrænt form,
3. framleiðendum íslenskra kvikmynda, óháð lengd og útgáfuformi kvikmyndar,
4. öðrum aðilum sem dreifa hér á landi kvikmyndum og auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefni, hvort sem efnið er til sölu eða leigu.

3. gr.

*Textun efnis.*

Allt efni sem aðilar skv. 2. gr. senda út, framleiða eða dreifa skal textað með íslenskum texta óháð því á hvaða tungumáli efnið er.

Ef um beina útsendingu er að ræða, svo sem fréttir, dægurmálaþætti, viðtalsþætti, stjórnmálaumræður, íþróttakappleiki eða mót, skal sá er útsendingu annast leitast við að texta jafnóðum. Ef ekki er unnt að texta útsendingu samtímis skal efnið endursýnt innan 48 klukkustunda með íslenskum texta.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er óskylt að texta efni ef um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðvar. Sama gildir ef sjónvarpsstöð hefur fengið leyfi til útsendingar á öðru tungumáli en íslensku.

4. gr.

*Aðlögunartími.*

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal aðilum sem falla undir lög þessi veittur fimm ára aðlögunartími frá gildistöku laganna til að uppfylla kröfur um textun efnis til samræmis við markmið 1. gr. Nýir aðilar sem koma inn á markaðinn á aðlögunartímanum skulu uppfylla sömu skyldur og þeir sem fyrir eru og njóta sömu réttinda til styrkja úr Textunarsjóði.

Aðlögunartími skal vera sem hér segir:

1. eftir 1 ár frá gildistöku laganna skulu 40% af öllu innlendu efni textuð,
2. eftir 2 ár frá gildistöku laganna skulu 60% af öllu innlendu efni textuð,
3. eftir 3 ár frá gildistöku laganna skulu 80% af öllu innlendu efni textuð,
4. eftir 4 ár frá gildistöku laganna skulu 90% af öllu innlendu efni textuð og
5. eftir 5 ár frá gildistöku laganna skal allt innlent efni textað í samræmi við ákvæði laganna.

Á meðan á aðlögunartíma stendur er aðilum skv. 2. gr. heimilt að sækja um styrk til uppbyggingar á nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiðingar nýrrar tækni til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Textunarsjóður annast styrkveitingar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

*Textunarsjóður.*

Stofnaður skal Textunarsjóður sem hafi það að markmiði að styrkja aðila skv. 2. gr. til að koma sér upp nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiða nýja tækni við textun efnis sem þeir senda út, framleiða eða dreifa.

Styrkir sem Textunarsjóður veitir eru óafturkræfir og geta numið allt að 80% af stofnkostnaði búnaðar.

Textunarsjóður skal almennt ekki veita styrki til textunar á efni en er þó heimilt að veita styrki til að kosta textun á ótextuðu efni sem til hefur orðið fyrir gildistöku laga þessara og getur hámarksstyrkur numið allt að 50% af kostnaði við textun.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Textunarsjóðs til fimm ára frá gildistöku laga þessara. Ráðherra tilnefnir einn mann sem jafnframt skal vera formaður stjórnar, samtök myndbandaframleiðenda tilnefna einn, samtök kvikmyndaframleiðenda einn, einn stjórnarmaður skal vera fulltrúi hagsmunasamtaka heyrnarlausra og heyrnarskertra og einn skal vera fulltrúi einkarekinna sjónvarpsstöðva á Íslandi.

Stjórnin setur úthlutunarreglur og nánari skilyrði fyrir styrkveitingu.

Stjórnin skal kanna fjárþörf sjóðsins í samræmi við markmið 1. gr. og gera tillögur til menntamálaráðherra um fjárþörf hvers árs. Tekjur sjóðsins eru föst framlög ríkisins af fjárlögum hvers árs. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli áætlunar sjóðstjórnar og skulu fjárveitingar miðast við að markmið laga þessara nái fram að ganga á aðlögunartíma skv. 4. gr.

Þegar aðlögunartími skv. 4. gr. er liðinn skal Textunarsjóður lagður niður. Ríkið tekur við öllum réttindum og skyldum sjóðsins frá þeim tíma. Jafnframt fellur umboð stjórnarmanna niður.

6. gr.
*Viðurlög.*

Nú vanrækir aðili skv. 2. gr. skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga þessara og er menntamálaráðherra þá heimilt að leggja á dagsektir uns aðilinn færir starfsemi sína í lögmætt horf.

Dagsektir eru aðfararhæfar og skulu renna í Textunarsjóð.

7. gr.
*Gildistaka og lagaskil.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi gilda um efni sem sent er út, framleitt eða dreift eftir gildistöku laganna.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að heyrnarskertir og heyrnarlausir njóti þeirra mannréttinda að geta notið frétta-, upplýsinga-, fræðslu-, kynningar-, auglýsinga- og afþreyingarefnis til jafns við þá sem heyra. Einungis hluti þess efnis sem sent er út á sjónvarpsstöðvum eða aðgengilegt er á myndböndum og stafrænu formi er með íslenskum texta ef tungumálið er íslenska. Flestar erlendar kvikmyndir og erlent sjónvarpsefni er með íslenskum texta til að almenningur geti notið þess til fulls og þykir það sjálfsagt og eðlilegt. Heyrnarskertir og heyrnarlausir fá ekki notið þessa sjónvarpsefnis, kvikmynda eða myndbanda nema það sé textað.

Frumvarp þetta hefur áður verið flutt á 131. og 132. löggjafarþingi og er nú lagt fram enn á ný óbreytt. Á Alþingi hafa textunarmál oft verið til umræðu og á 126. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun nr. 33/2001, um textun íslensks sjónvarpsefnis. Hins vegar virðist samþykkt Alþingis litlu hafa skilað í reynd. Í apríl 2003 ákvað menntamálaráðherra að hækka verulega framlag til textunar á innlendu sjónvarpsefni í Ríkissjónvarpinu (RÚV). Forsætisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti lögðu saman 4,5 millj. kr. aukalega til RÚV til að auka við textaða dagskrá sjónvarpsins. Fimm mánuðum síðar, höfðu aðeins tveir þættir (hálftími hvor) verið textaðir á viku. Efni líðandi stundar hefur ekki verið textað og er það mjög bagalegt. Um tímabundna fjárveitingu var að ræða og ekki er gefið að sams konar fjárveiting fáist aftur.

Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er talið að um 25 þúsund manns séu meira og minna heyrnarskertir að einhverju leyti þannig að þeir nái ekki að heyra efni sjónvarpsins. Textun veitir fullkomið aðgengi að upplýsingum og er það sjálfsögð mannréttindi og mikið jafnréttismál. Annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis sjálfsögð í rekstri sjónvarpsstöðvanna. Talið er að textun stuðli að bættri lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga og annarra sem eru í lestrarnámi eða eiga við lestrarörðugleika að stríða. Þá er textun mikilvægur stuðningur við nýbúa sem eru að læra málið. Það auðveldar þeim að skilja efnið geti þeir fylgst með skjátextanum jafnframt því sem þeir hlusta og sjá atburði.

Textun er atvinnuskapandi og gefur færi á nýjum atvinnumöguleika. Hjá BBC í Bretlandi störfuðu sex starfsmenn við textun í byrjun en þeir voru 90 árið 2002. BBC hefur verið í fararbroddi á þessu sviði í Evrópu á síðustu missirum og voru 78% af öllu efni breska ríkissjónvarpsins textuð á síðasta ári, þar á meðal íþróttafréttir, fréttir, þingmál og bíómyndir, og er ekki gerður neinn greinarmunur á hvort um beina útsendingu er að ræða eða ekki. Frá árinu 1996 hefur textun á innlendu sjónvarpsefni aukist stöðugt. Þess má einnig geta að í Bretlandi voru samþykkt lög þess efnis að 50% innlends efnis yrðu textuð og var gefinn átta ára

aðlögunartími til að ná markmiðinu, sem á að nást árið 2004. Ekkert vandamál er að senda texta út í beinni útsendingu þar og eru til dæmis allar beinar útsendingar frá breska þinghúsinu (House of Common) textaðar, en unnið hefur verið að nýrri tækni sem breytir tali í texta.

Íslendingar hafa sýnt að þeir gleypa við allri nýrri tækni. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þeir gerðu það í þessu máli og stór hópur gæti notið góðs af.

Rétt er að geta þess að á Norðurlöndum hefur komið fram að fólk missir eitthvað af heyrninni um þrítugt en aldursviðmiðið var áður um fimmtugt. Ástæðan fyrir því er sú að nú verða unglingar fyrir stöðugt meira hávaðaáreiti sem gerir það að verkum að heyrnin skerðist fyrr á ævinni en áður. Ekki er til nein rannsókn sem hægt er að styðjast við þar sem ekki fór að bera á þessu fyrr en mjög nýlega en gera má ráð fyrir að sá hópur sem ekki heyrir í sjónvarpi fari stækkandi í framtíðinni og aldursbilið mun breikka verulega. Því er mikilvægt að veita þessum hópi aðgengi, sem og þeim hópi sem fyrir er.

BBC hefur mikla reynslu af því að senda út texta í beinni útsendingu. Það gera þeir með hraðritun með svokölluðu hljóðritunarlyklaborði. Samkvæmt upplýsingum frá yfirmanni textunardeildar BBC í Bretlandi, Martin Davies, hefur tækni sem breytir tali í texta verið prufukeyrð í beinum útsendingum af íþróttakappleikjum og þingfundum.

Í Bandaríkjunum hefur allri textun fleygt fram vegna svokallaðra ADA-laga (Americans with Disabilities Act) um aðgengi. Nú má sjá textun á nærri öllum sjónvarpsstöðvum þar, bæði stórum og smáum. Bandaríkjamenn nota aðra tækni en Evrópumenn. Á sjónvarpstækjunum sjálfum er takki þannig að áhorfendum er í sjálfsvald sett hvort það horfir á mynd með texta eða ekki. Ef sjónvarpsstöð þar í landi býður upp á textun er allt efnið textað, þar á meðal kappleikir í beinni útsendingu og jafnvel auglýsingar. ADA-lögin um aðgengi tóku gildi 1985 og hafa verið endurskoðuð. Þau fjalla um aðgengi hvers konar, allt frá upplýsingum til aðgengis að opinberum stofnunum. Við endurskoðun hafa þau tekið stakkaskiptum og ná núna einnig til einkafyrirtækja. Gefinn var aðlögunartími til að koma á aðgengi án hnökra, en eftir það beitt sektum. Aðlögunartímabilið rann út árið 2004. Textun í Evrópu er orðin það mikil að jafnvel fyrrum austantjaldslönd eru farin að nota textun og finnst það sjálfsagt. Í austurrískri könnun sem Landssamtök heyrnarlausra í Austurríki gerðu í 16 Evrópulöndum og var gefin út 18. maí 2003 kemur eftirfarandi fram um fjölda tíma í textun á mánuði:

| *Land:* | *Textun á mánuði (ríkisstöðvar):* |
|---|---|
| Albanía | Enginn, aðeins textun fyrir erlent mál |
| Austurríki | 170 tímar |
| Belgía | 5 tímar |
| Danmörk | 189 tímar |
| England | 80% af öllu efni á BBC, ITV og C4<br>20% í stafrænum útsendingum (nýtt) |
| Finnland | 15% af öllu innlendu efni |
| Grikkland | 14 tímar |
| Írland | 23 tímar |
| Ísland | 1 tími |
| Ítalía | 80 tímar |
| Pólland | 30 tímar |
| Spánn | 446 tímar |
| Sviss | 240 tímar |
| Þýskaland | 387 tímar |

Þegar þessi tafla er skoðuð hlýtur fólk að spyrja hvað sé eiginlega að gerast hér á landi. Í landi þar sem hagvöxtur er það mikill að Ísland er í 3.–5. sæti yfir ríkustu lönd í heiminum. Hvort virkilega sé enginn áhugi á að koma á fullu aðgengi að upplýsingum í landinu. Hjá þingmönnum er fullur vilji til að koma textun í framkvæmd. Umræður um málið á síðustu þingum sýna það og sanna vel. Það sem stöðvað hefur málið er að einblínt hefur verið á Ríkisútvarpið – sjónvarp sem einu stöðina sem á að texta, hinum stöðvunum er ekki skylt að texta. Eins og taflan sýnir er eflaust mjög lítill metnaður hjá RÚV að texta ef aðeins einn tími á viku er textaður. Textun er illframkvæmanleg þrátt fyrir góðan vilja æðsta yfirmanns RÚV, þ.e. menntamálaráðherra, en það vantar sama metnað hjá undirmönnum hans. Textun þarf að setja í lög og gera jafnar kröfur til allra stöðva um að texta innlent sjónvarpsefni og veita þeim stuðning til að koma textun á innlendu efni í framkvæmd. Með tímanum mun textun festast í sessi og verða sjálfsagður hluti rekstrar stöðvanna sjálfra.

Þetta stóra verkefni verður þó ekki unnið án nokkurs kostnaðar. Því meira sem sjónvarpsstöðvar texta því minni verður kostnaðurinn og reynsla BBC hefur sýnt að eftir að farið var að texta sjónvarpsefni fundu aðrar sjónvarpsstöðvar einnig þörf hjá sér að texta. Textun var því boðin út og samkeppni um verkefnin jókst smám saman þannig að nú er kostnaðurinn minni. Því er ekki hægt að tala um dýra fjárfestingu. Þegar allt kemur til alls verður hagur notenda sennilega einna mestur. Það hefur verið sparað á aðgerðaleysinu einu í textunarmálum undanfarin missiri. Á sama tíma hafa verið veittir alls konar styrkir og fjárframlög til tónlistar en þeir sem ekki heyra hafa lítið sem ekkert fengið til að uppfylla sínar þarfir, þ.e. til textunar eða túlkunar.

Í 1. gr. er markmið laganna skilgreint en það er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum sömu möguleika til fræðslu og afþreyingar og þeim sem heyrandi eru. Markmiðsgreinina ber að túlka rúmt og almenn regla laganna er sú að allt efni sem framleitt er, sent er út eða dreift skuli veita heyrandi og heyrnarskertum sömu möguleika til að meðtaka og skilja efnið.

Í 2. gr. er gildissvið laganna afmarkað. Samkvæmt henni skulu allar sjónvarpsstöðvar sem hafa leyfi samkvæmt útvarpslögum til sjónvarpsreksturs, kvikmyndaframleiðendur, kvikmyndahús, framleiðendur auglýsinga-, fræðslu- og kynningarefnis, myndbanda- og myndiskaframleiðendur og aðrir þeir sem dreifa slíku efni sjá til þess að efnið sé textað. Dreifingaraðilum hér á landi ber m.a. að sjá til þess að efni sé textað og tekur það m.a. til alls efnis sem framleitt er erlendis, óháð tungumáli, og sýnt eða dreift á Íslandi. Ekki skiptir máli hvort efni er selt eða leigt. Sú mikilvæga takmörkun er þó á gildissviði laganna að þeim er aðeins ætlað að ná til þeirra sem framleiða, útvarpa eða dreifa á annan hátt efni í atvinnuskyni.

Í 3. gr. er kveðið nánar á um skyldu til textunar. Minni kröfur eru gerðar til efnis sem sýnt er beint (bein útsending) enda getur það stundum verið örðugt tæknilega. Hins vegar er gert ráð fyrir að aðilar skuli gera allt sem í þeirra valdi stendur til að texta efni jafnóðum, t.d. með aðstoð textavélar en þessi tækni er í stöðugri þróun. Ef ekki er unnt að texta efnið jafnóðum skal það endursýnt innan 48 klst. með íslenskum texta. Í 3. mgr. 3. gr. er hins vegar kveðið á um undanþágu frá textun ef um er að ræða beint endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum þar sem ekkert er unnið með dagskrána að öðru leyti. Ef efnið væri hins vegar tekið upp og sýnt síðar í sjónvarpi, á myndbandi eða sem kvikmynd væri skylt að texta. Ákvæði þetta er sama efnis og 2. mgr. 8. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000.

Í 4. gr. er kveðið á um sérstakan fimm ára aðlögunartíma frá gildistöku laganna. Í samræmi við markmið laganna er stefnt að því að allt efni verði textað fimm árum eftir frá gildistöku þeirra. Gera verður ráð fyrir því að í upphafi fylgi aukinni textun nokkur kostnaðarauki og er því kveðið á um að ríkið leggi til fjármuni með stofnun Textunarsjóðs sem auðveldi fyrirtækjum að koma sér upp nauðsynlegum tækjabúnaði og þekkingu til að uppfylla mark-

mið laganna. Komi nýir aðilar inn á markaðinn eftir gildistöku laganna skulu þeir uppfylla sömu kröfur og þeir sem fyrir eru þar sem þeir eru þá staddir í aðlögunarferlinu.

Í 5. gr. er kveðið á um stofnun Textunarsjóðs. Mjög mikilvægt er að nægileg fjárveiting fáist til sjóðsins svo markmið laganna náist. Gert er ráð fyrir að um tímabundið fjárframlag sé að ræða og að markaðsaðilar hafi náð að laga sig að breyttu umhverfi að loknum aðlögunartíma.

Í 6. gr. er kveðið á um viðurlög við brotum á lögunum en ráðherra er veitt heimild til að beita aðila þvingunarúrræði í formi dagsekta ef ekki er uppfyllt skylda um textunarhlutfall efnis.

Í 7. gr. er tekið fram að lögin skuli aðeins gilda um efni sem sent er út, framleitt eða dreift eftir gildistöku laganna. Eldra efni sem orðið hefur til er því ekki skylt að texta ef það hefur þegar verið framleitt eða því dreift. Eldra ótextað efni væri hins vegar skylt að texta ef senda ætti það út að nýju, hefja dreifingu á ný eða endurgera það. Gert er ráð fyrir að Textunarsjóður geti styrkt textun á eldra ótextuðu efni svo að hægt sé að gera það aðgengilegt heyrnarskertum og heyrnarlausum.

## 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um stofnun heimilis fyrir fjölfatlaða einstaklinga á Suðurnesjum.

Flm.: Gunnar Örlygsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Kjartan Ólafsson, Hjálmar Árnason.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra, í samráði við samtök sem vinna að málefnum fatlaðra, að hefja undirbúning að stofnun heimilis fyrir fjölfatlaða einstaklinga er verði staðsett á Suðurnesjum.

Stefnt verði nú þegar að úrlausn fyrir einstaklinga sem eru á neyðarlista hjá Svæðisskrifstofu fatlaðra á Reykjanesi og eigi síðar en árið 2008 verði búsetuúrræði fyrir fjölfatlaða einstaklinga komin í viðunandi horf.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari beinir Alþingi því til félagsmálaráðherra að hann hefjist handa við stofnun heimilis fyrir fjölfatlaða einstaklinga á Suðurnesjum. Skal ráðherra hafa samráð við aðila sem beita sér fyrir réttindum fatlaðra, svo sem Þroskahjálp, Svæðisskrifstofu fatlaðra á Reykjanesi, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og önnur félagasamtök eða stofnanir sem geta lagt málinu lið.

Einstaklingar á biðlista eftir búsetu sem eru með lögheimili í Grindavík, Reykjanesbæ, Sandgerði eða Vogum eru nú 18 talsins. Á aldrinum 18 ára og eldri eru tólf á biðlista og þar af eru tveir fjölfatlaðir, fjórir með geðfötlun og sex með annars konar fötlun (þroskahömlun o.fl.). Börn á biðlistum, þ.e. einstaklingar yngri en 18 ára, eru alls sex. Þar af er einn fjölfatlaður einstaklingur, tveir með einhverfu og þrír með annars konar fötlun (þroskahömlun, atferlistruflun o.fl.).

Staðan er þannig að einn hinna fullorðnu einstaklinga er á neyðarlista og þarf framtíðarúrræði sem allra fyrst, þrír einstaklingar eru vistaðir tímabundið úti á landi en þrír eða fjórir geðfatlaðir fá búsetuúrræði snemma árs 2007. Tvö barnanna eru í brýnni þörf fyrir búsetuúr-

ræði nú þegar. Hins vegar þola hin einhverja bið til viðbótar. Öll þessi börn njóta stoðúrræða á borð við stuðningsfjölskyldur og skammtímavistun.

Á þessari upptalningu má sjá að brýn þörf er á búsetuúrræðum fyrir fjölfatlaða einstaklinga á Suðurnesjum.

## 32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um skilgreiningu á háskólastigi.

Flm.: Hjálmar Árnason, Dagný Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að skilgreina stöðu og hlutverk skóla á háskólastigi. Nefndin fjalli um hlutverk skólanna út frá kennsluhlutverki, rannsóknarskyldu, stjórnun, samþættingu, verkaskiptingu og öðrum þáttum er máli skipta. Niðurstöður nefndarinnar verði kynntar Alþingi fyrir 1. apríl 2007. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum, tilnefndum af menntamálaráðherra. Nefndin leiti álits og samráðs starfandi háskóla, rannsóknarstofnana, samtaka námsmanna og annarra er tengjast háskólastarfi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 132. löggjafarþingi (39. mál).

Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað að frá árinu 2000 hefur nemendum á háskólastigi fjölgað um yfir 50%. Markviss menntastefna virðist skila árangri og má ætla að hækkað menntunarstig þjóðarinnar skili framförum á flestum sviðum mannlífs á komandi árum. Þá hefur skólum á háskólastigi fjölgað á allra síðustu árum og munu nú vera níu talsins. Af umræðunni má ráða að nokkuð sé á reiki hvernig skólar á háskólastigi séu skilgreindir og hvert hlutverk þeirra sé talið. Þannig er á stundum gerður greinarmunur á háskóla í merkingunni kennslu- og rannsóknarstofnun og háskóla með áherslu á kennslu til hagnýtra starfa. Markmið tillögunnar er að láta skoða þessar skilgreiningar og draga fram tillögur til breytinga, sé þeirra talin þörf. Mikilsvert er að menntastefna þjóðarinnar á þessu sviði sé skýr og skilvirk þannig að hver skóli þjóni þeim markmiðum sem honum er ætlað. Þá gerir tillagan jafnframt ráð fyrir því að skoðað verði hvort auka megi verkaskiptingu, samþættingu eða jafnvel sameiginlega stjórn eins eða fleiri skóla á háskólastigi þannig að starf skólanna, fjármögnun og stjórnun verði sem skilvirkust og fjármunum til háskólastigsins sé varið á sem skynsamlegastan hátt. Mikilvægt er í þessari vinnu að líta til og virða sem mest sjálfstæði einstakra skóla.

Lagt er til að menntamálaráðherra skipi þriggja manna nefnd án tilnefningar til að gera fyrrgreinda úttekt og leggi niðurstöður þeirrar nefndar fyrir Alþingi fyrir 1. apríl 2007. Lögð er áhersla á að nefndin leiti eftir umsögnum og áliti sem flestra er tengjast háskólastarfi þannig að sem gleggst mynd fáist af stöðunni.

# 33. Frumvarp til laga [33. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum, og raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Mörður Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. um frumkvæði iðnaðarráðherra að rannsóknum og leit að auðlindum og heimild hans til að heimila öðrum rannsóknir og leit, 3. mgr. 5. gr. um fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi, 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. um veitingu nýtingarleyfis, og síðari hluta 2. málsl. 17. gr. um sérstök skilyrði í nýtingarleyfi, skal iðnaðarráðherra hverju sinni leita heimildar þingsins fyrir framangreindum leyfisveitingum og ráðstöfunum með sérstakri þingsályktunartillögu. Þessari málsmeðferð skal fylgt þar til Rammaáætlun um náttúruvernd hefur hlotið samþykki á Alþingi.

2. gr.

Við raforkulög bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. um veitingu virkjunarleyfis, 2. mgr. 5. gr. um skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis, 4. mgr. 5. gr. um samrekstur vatnsafls- og jarðgufuvirkjana, fyrirvara um leyfi til annars aðila og endurskoðun ákvæða virkjunarleyfis, 32. gr. um framsal leyfisveitingarvalds og 34. gr. um málsmeðferð ráðherra, skal iðnaðarráðherra hverju sinni leita heimildar þingsins fyrir framangreindum leyfisveitingum og ráðstöfunum með sérstakri þingsályktunartillögu. Þessari málsmeðferð skal fylgt þar til Rammaáætlun um náttúruvernd hefur hlotið samþykki á Alþingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða þingsályktunartillögu um gerð rammaáætlunar um náttúruvernd. Með frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra beri undir Alþingi ákvarðanir sínar um veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og veitingu virkjunaleyfa samkvæmt raforkulögum. Skal þetta gert með sérstakri þingsályktunartillögu. Skal ráðherra fylgja þessari málsmeðferð þar til rammaáætlun um náttúruvernd hefur hlotið samþykki í þinginu.

# 34. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um strandsiglingar.

Flm.: Jón Bjarnason, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson,
Guðjón A. Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa að strandsiglingar verði hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra móti stefnu og aðgerðaáætlun og leggi fram lagafrumvörp í þessu skyni, ef með þarf, þannig að ríkið geti tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti meta kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land miðað við skilgreinda þjónustu og geri tillögur um siglingaleiðir sem bjóða á út. Ráðherra skili niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. febrúar 2007.

## Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 132. löggjafarþingi og er nú lögð fram lítið breytt.

Á síðustu árum hafa strandsiglingar smám saman verið að leggjast af hér á landi. Flutningsmenn telja að ekki verði við það unað enda má fullyrða að sjóflutningar meðfram strandlengjunni séu verulega vannýttur samgöngukostur. Því leggja þeir til að samgönguráðherra verði falið að undirbúa að strandsiglingar verði hafnar með tilstyrk hins opinbera á grundvelli útboða. Brýnt er að ráðherra grípi strax til aðgerða.

Á 128. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum fram tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar. Þar var lagt til að samgönguráðherra yrði falið að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er léti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land væru öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og fleiru. Samgöngunefnd lagði til að þeirri tillögu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Í svari við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns til samgönguráðherra á 130. löggjafarþingi um framgang þeirrar tillögu kom fram að ráðherra hefði ekki skipað strandsiglinganefnd en að ráðuneytið hefði í störfum sínum talið eðlilegt að stofnanir þess beindu athygli að strandsiglingum á grundvelli ábendinga og ágætra hugmynda í greinargerð með tillögunni. Ráðherra tók þá fram að hann teldi að tillagan frá 128. löggjafarþingi hefði verið þarft innlegg í umræðuna og að við endurskoðun á samgönguáætlun hlyti að verða litið til ákveðinna þátta sem þar voru nefndir.

Tillagan sem nefndarmenn leggja nú fram gengur lengra en sú sem lögð var fram á 128. löggjafarþingi að því leyti að í henni felst að hafinn verði beinn undirbúningur að því að ríkið bjóði út strandsiglingar og tryggi þannig öllum landshlutum þessa mikilvægu þjónustu.

Þess er vert að geta að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fallist á að aðstoðarkerfi sem Bretar hafi komið á til að færa flutninga af vegum og yfir í siglingar og hóflegur styrkur ríkis til slíkra aðgerða brjóti ekki gegn samkeppnisreglum bandalagsins. Einnig hafa nýlega verið fluttar af því fréttir að Evrópusambandið sjálft hyggist nú stórauka framlög til að efla sjósamgöngur og auka flutninga á sjó, ám og vötnum og öðrum siglingaleiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarri mengun og létta álagi af vegum. Í því sambandi má nefna að hér á landi er talið að ending vega í sumum landshlutum minnki um helming ef þungaflutningar aukast sem svarar því vörumagni sem nú er flutt sjóleiðis.

Flutningsmenn telja mikilvægt að útboð á siglingaleiðum geti hafist eigi síðar en haustið 2007. Því er hér lagt til að ráðherra skili tillögum sínum sem allra fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 2007.

Með framangreindri tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar frá 128. löggjafarþingi fylgdi ítarleg greinargerð og vísa flutningsmenn til hennar hvað varðar ýmis rök fyrir mikilvægi þess að strandsiglingar við allt landið verði tryggðar, svo sem hvað varðar umhverfissjónarmið, byggðaáhrif og samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum.

---

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Eimskipafélagið – einkavæðing og gamall Morgunblaðsleiðari. Ögmundur Jónasson. (Morgunblaðið, 4. ágúst 2004.)
II. Flutningar á sjó og landi. Ritstjórnargrein. (Morgunblaðið, 5. ágúst 2004.)
III. Fjölþættur ávinningur strandsiglinga. Landvernd. (Fréttir, 3. ágúst 2004.)
IV. Af óskabarni þjóðarinnar og hremmingum þess. Jón Bjarnason. (Morgunpóstur VG, 8. ágúst 2004.)

## 35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 400.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2008.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 130., 131. og 132. löggjafarþingi.

Hér er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattlagningar kemur, þó að hámarki 400.000 kr. á ári. Við framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnun á útlögðum kostnaði og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrkjum.

Hér er um sanngirnismál að ræða enda um að ræða kostnað sem til fellur við öflun atvinnutekna. Eins og frumvarpið er fram sett er markmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður getur hamlað slíkri þróun og er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Mikill ferðakostnaður getur einnig virkað vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá

hag sínum betur borgið með því að þiggja atvinnuleysisbætur en að sækja vinnu í næsta byggðarlag.

Þess má geta að í Noregi eru í gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu en aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2007 og komi til framkvæmda við álagningu árið 2008.

## 36. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um úttekt á stöðu og möguleikum á uppbyggingu ferðaþjónustu á Melrakkasléttu.

Flm.: Halldór Blöndal, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á því hvernig unnt sé að byggja upp ferðaþjónustu á Melrakkasléttu. Einkum skal horft til náttúru svæðisins, sögustaða og hlunninda og hvernig megi vekja athygli á Melrakkasléttu sem vænlegum kosti fyrir ferðamenn.

Til að fylgja verkefninu eftir er samgönguráðherra, í samvinnu við landbúnaðarráðherra og ráðherra byggðamála, falið að skipa nefnd sérfróðra manna og heimamanna sem skili áfangaskýrslu fyrir árslok 2007 og endanlegum tillögum eigi síðar en ári síðar. Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur af viðkomandi ráðuneytum.

Þá skal ráðinn starfsmaður sem vinni með nefndinni og skal hann hafa aðsetur nyrðra, við Öxarfjörð eða á Raufarhöfn. Kostnaður af störfum hans skal greiddur af Byggðastofnun.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 128. löggjafarþingi og er nú endurflutt.

Áður var talið búsældarlegt á Melrakkasléttu og sagt að þar þyrfti lítið fyrir lífinu að hafa. Á vorin gætu menn lagst upp í loft og æðurin yrpi ofan í þá. Þeir þyrftu ekki annað en leggjast á vatnsbakkann og þá synti silungurinn upp í þá. Og þegar vetur settist að var sóttur raftur í fjöruna og honum stungið inn um vegginn í eldstæðið og síðan ýtt inn eftir þörfum og eftir því sem brynni. Fjörubeit var hvergi betri og voru sjóarær teknar í fóstur fyrir bændur sem bjuggu lengra inn til landsins. Enn eru á vörum fólksins sögur af Sveinungsvíkurhvalnum sem rak á fjöruna þar í harðindunum upp úr 1870 og komu bændur með sleða úr Kelduhverfi og austan úr Vopnafirði til að sækja sér lífsbjörgina.

Melrakkaslétta er nú nyrsti hluti Norðurþings. Í þessari tillögu er sérstaklega horft til þess svæðis sem tilheyrði hinum forna Presthólahreppi og skiptist í Núpasveit, Vestur-Sléttu og Austur-Sléttu ásamt Raufarhöfn. Segja má að byggð sunnan Kópaskers hafi haldið sínum hlut og er nánast búið á hverjum bæ. Íbúafjöldi á Kópaskeri hefur verið svipaður síðustu ár og búa þar nú um 150 manns. Sá mikli jarðhiti sem fundist hefur í Öxarfirði skapar margvíslega möguleika á atvinnuuppbyggingu, sem gefur tilefni til bjartsýni á að byggð muni styrkjast þar á næstu árum.

Byggðin norðan Kópaskers á í vök að verjast og hefur íbúum og byggðum býlum fækkað. Þannig bjuggu rúmlega 50 manns á Leirhafnartorfunni þegar mest var á sjöunda áratug síðustu aldar og fram undir það var búið á nær hverjum bæ á Vestur- og Austur-Sléttu. Nú eru

aðeins fjögur sauðfjárbú á öllu þessu svæði og aðrar jarðir annaðhvort komnar í eyði eða ekki horfur á að þar verði búið, nema eitthvað verði að gert.

Uppgangur Raufarhafnar hélst í hendur við hinar miklu síldveiðar um og eftir miðbik síðustu aldar, en eftir að síldin hvarf sumarið 1968 varð mikil breyting á, enda má segja að lífsbjörgin hafi verið tekin frá íbúunum í einu vetfangi. En Raufarhöfn lagaði sig að breyttum tímum og var þar um 30 ára skeið rekin öflug togaraútgerð ásamt útgerð smærri báta og reist gott frystihús. GPG á Húsavík er eigandi frystihússins og rekur þar öfluga vinnslu með 30 manns í vinnu. Síldarvinnslan hefur hætt rekstri loðnuverksmiðjunnar. En staða Raufarhafnar er erfið og íbúum hefur fækkað mikið á síðustu árum. Ný atvinnutækifæri verða að byggjast á landkostum og er þá nærtækt að horfa til hafsins og ferðaþjónustunnar. Og svo að sjálfsögðu til jarðhitans í Öxarfirði, ef það tekst að nýta hann í stórum stíl.

Í september var lagður hornsteinn að sólarklukku á Melrakkaás, sem verður sérstætt og merkilegt mannvirki og dregur að ferðamenn.

Unnið er að því að leggja bundið slitlag norður af Sveltingi í Öxarfirði og nú í nóvember verður vegurinn yfir heiðina um Hófaskarð boðinn út. Þetta eru mikil og góð tíðindi fyrir Norður-Þingeyinga. Fyrir ferðaþjónustuna getur þetta haft úrslitaþýðingu, af því að reynslan sýnir að ferðamennirnir fylgja bundna slitlaginu eftir. Norðausturland er að opnast. Það er að vísu rétt að með nýja veginum dregur úr daglegri umferð um Sléttu. En á móti kemur að þar opnast greið hringleið með öllum sínum fjölbreytileik, sögu, menningu og náttúru.

Hér er sem sagt lagt til að úttekt verði gerð á Sléttunni með uppbyggingu ferðaþjónustunnar fyrir augum vegna sérstöðu hennar. Nefna má fjölda heiðarbýla til sögunnar. Skemmtilegar gönguleiðir sem þarf að merkja. Kötluvatn og Rauðinúpur eru einstakir staðir með sínu fjölskrúðuga fuglalífi. Á Hraunhafnartanga er dys Þorgeirs Hávarssonar. Góð veiði er í ám og vötnum. Þverhnípt björg og selalátur undir Snartarstaðanúpi. Æðarfugl og vörp við strendur. Lífríki votlendis og vatna er mjög fjölbreytt, en rjúpur og fálki inn til heiðarinnar. Og á fjörukömbum eru rekaviðarstaflar, en gamlir gufukatlar úr skipsflökum í fjöruborði. Þar er gnótt af berjum og fjallagrösum, en tófugreni í seilingarfjarlægð. Þar er skemmtilegt að fara á sjóstöng og auðvelt að efna til ævintýraferða, hvort sem er á sumri eða vetri. Óvíða er miðnætursólin jafnfalleg og á Sléttu.

Þessi tillaga er flutt til að vekja athygli á þeim möguleikum sem ferðaþjónustan býr yfir fyrir hérað eins og Melrakkasléttu, eftir að hún er komin í fullnægjandi vegasamband. Það er ljóst að byggðir Norður-Þingeyjarsýslu hafa staðið höllum fæti. Þess vegna er brýnt að leita hollra leiða til þess að styrkja búsetu þar, m.a. með því að nýta landskosti til atvinnusköpunar eins og hér er lagt til.

# 37. Frumvarp til laga [37. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, og lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

I. KAFLI

**Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 10. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytið.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn, þar af þrír án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands og einn tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.

3. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.**

4. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í upphafi 3. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá skipa nýja stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting að verkefni sem nú heyrir undir sjávarútvegsráðuneyti verði flutt til umhverfisráðuneytis. Er þar um að ræða hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum. Samhliða er gert ráð fyrir því að yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar verði færð frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Nái þessi breyting fram að ganga mun umhverfisráðuneyti ákvarða heildaraflamark ár hvert, hafa umsjón með rannsóknum og gera tillögur varðandi almennt skipulag veiða innan efnahagslögsögunnar, ekki síst þeirra sem tengjast hafsbotninum. Þá mun ráðuneytið veita ráðgjöf um friðunaraðgerðir og notkun veiðarfæra, jafnframt því að setja almennar reglur um notkun veiðarfæra. Sjávarútvegsráðuneyti mun eftir sem áður annast stjórn veiðanna innan framangreindra marka og hafa yfirumsjón með eftirliti með veiðum og mati á sjávarafurðum.

Nauðsynlegt þykir að gera umrædda breytingu og leggja þannig ríkari áherslu en verið hefur á umhverfisþátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna. Þetta er ítrekað með því að færa mikilvægar ákvarðanir og tillögugerð úr höndum beinna hagsmunaaðila til umhverfisráðuneytis. Ekki er eðlilegt að hagsmunaaðilar geti ráðið miklu um ákvörð-

un sem þá varðar miklu fjárhagslega þegar í húfi eru náttúruauðlindir sem þjóðin byggir afkomu sína á í svo ríkum mæli sem raun ber vitni. Það skiptir miklu máli að við ákvarðanir um hagnýtingu auðlindar sé litið til langs tíma og þjóðarhags.

Frumvarp þetta er nú flutt í fimmta sinn og verði það að lögum er rétt að breyta viðeigandi ákvæðum reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, en efni þess fellur vel að þeim sjónarmiðum að rétt sé að sameina atvinnuvegaráðuneytin í eitt.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. og 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á 10., 13., 15. og 18. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem leiðir af þeirri tilhögun að Hafrannsóknastofnunin heyri undir umhverfisráðuneyti í stað sjávarútvegsráðuneytis eins og nú er.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á skipan stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar á þann veg að hagsmunaaðilar skipi ekki lengur fulltrúa í stjórnina heldur einvörðungu ráðherra, Fiskifélag Íslands og starfsmenn stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Sjá athugasemd um 1. gr.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 3. gr. laga um stjórn fiskveiða að í stað sjávarútvegsráðherra ákvarði umhverfisráðherra heildaraflamark ár hvert á þeim stofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Þessi breyting er nauðsynleg til þess að markmið frumvarpsins nái fram að ganga. Þar sem orðið ráðherra kemur fyrir síðar í greininni er þá samkvæmt frumvarpinu vísað til umhverfisráðherra í stað sjávarútvegsráðherra.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku laganna og að skipuð verði ný stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar samkvæmt hinum nýju ákvæðum.

## 38. Frumvarp til laga [38. mál]

um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhann Ársælsson, Mörður Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Anna Kristín Gunnardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sé í tillögu að matsáætlun, skv. 1. málsl. 1. mgr. 8. gr., gert ráð fyrir að heimildir Íslands, samkvæmt íslenska ákvæðinu við Kyoto-bókunina við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar verði nýttar, skal Skipulagsstofnun vísa þeirri tillögu til umhverfisráðherra sem með þingsályktunartillögu aflar samþykkis Alþingis fyrir þeirri framkvæmd sem í tillögu að matsáætlun felst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en falla úr gildi 31. desember 2012.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar um gerð rammaáætlunar um náttúruvernd. Flutningsmenn, sem eru allir þingmenn Samfylkingarinnar, telja brýna nauðsyn bera til að íslensk stjórnvöld skýri stefnu sína í stóriðjumálum með tilliti til náttúruverndar, mengunar og skuldbindinga landsins vegna Kyoto-bókunarinnar og efnahagslegra áhrifa af uppbyggingu stóriðju.

Mikill áhugi virðist nú fyrir rekstri álvera hér á landi og augljóslega stefnir í að heildarframleiðslugeta álvera hér á landi, og þar með útblástur gróðurhúsalofttegunda af þeim sökum, fari á næstu árum langt fram úr þeirri árlegu viðmiðun sem stuðst er við. Hið svokallaða íslenska ákvæði gerir ráð fyrir 1.600 þús. tonna árlegri losun á koldíoxíði.

Núverandi áform munu viðhalda og jafnvel auka þá miklu spennu sem hefur verið í atvinnu- og fjármálalífi landsins á síðustu árum. Fyrirsjáanlegt er að þróunin verði afar hröð á næstu árum. Árið 2005 var framleiðslugeta álvera í landinu 270 þús. tonn. Þá framleiddi Alcan í Straumsvík 180 þús. tonn og Norðurál í Hvalfirði 90 þús. tonn. Árið 2006 verður framleiðslugetan 400 þús. tonn en þá bætist við stækkun Norðuráls um 130 þús. tonn. Árið 2007 verður framleiðslugetan orðin 786 þús. tonn, með tilkomu álvers Alcoa Fjarðaáls, en framleiðslugeta þess er áætluð 346 þús. tonn, og 40 þús. tonna stækkun Norðuráls.

Ákvarðanir um framangreind verkefni liggja fyrir með skuldbindandi samningum milli álframleiðenda og orkusala og hafa fyrirtækin uppfyllt þær reglur sem þarf til að framleiðsluleyfi fáist. Miðað við fyrrnefnd áform verður aukning árlegrar losunar koldíoxíðs frá árinu 1990 orðin 1.183 þús. tonn og því einungis 417 þús. tonn eftir að mörkum íslenska ákvæðisins, verði það óbreytt eftir fyrirhugaða endurskoðun Kyoto-samkomulagsins árið 2012.

**Framkvæmdaáform og útblástursheimildir.**

Nú liggur fyrir ákvörðun Landsvirkjunar um að ræða við Alcan á þessu ári um stækkun í Straumsvík um 280 þús. tonn. Tekin hefur verið ákvörðun um samstarf Alcoa og stjórnvalda um undirbúning 250 þús. tonna álvers við Húsavík. Norðurál stefnir að byggingu 250 þús. tonna álvers í Helguvík og hefur nú þegar tryggt sér land og hafnaraðstöðu. Gangi öll þessi áform eftir verður heildarframleiðslugeta á áli í landinu 1.566 þús. tonn. Einungis eitt af þessum þremur verkefnum rúmast innan íslenska ákvæðisins eftir 2012, verði það óbreytt. Vangaveltur stjórnvalda um fleiri verkefni af þessum toga virðast byggjast á því að samkvæmt skuldbindingunni mega íslensk fyrirtæki sleppa út í andrúmsloftið 1.600 þús. tonnum af koldíoxíði að meðaltali til 2012. En verði árleg framleiðslugeta meiri en tæp 1.100 þús. tonn virðist sem ekki verði hægt að nýta þá auknu framleiðslugetu eftir 2012 nema með útvíkkun á íslenska ákvæðinu eða innflutningi á mengunarkvótum.

**Hvert stefnir að óbreyttu?**

Þau lög og starfsreglur, sem gilda um uppbyggingu stóriðju og raforkuvera, setja engar hömlur á framkvæmdir eða framleiðsluaukningu. Ekki þarf lengur sérstök lög fyrir virkjunum eða álversbyggingum. Ef raforkuframleiðendur og stóriðjufyrirtæki fara að þeim lögum og reglum sem nú gilda hefur löggjafinn að óbreyttu ekki aðkomu að framkvæmdaáformum þeirra. Yfirlýsingar fyrrverandi forsætisráðherra og fleiri ráðamanna liggja fyrir um að stefnt verði að því að fá framlengingu og aukningu á íslenska ákvæðinu. Það kemur hins vegar ekki í ljós fyrr en samningum þjóðanna lýkur hvort af þeirri aukningu verður. Það er óábyrgt frá hendi íslenskra stjórnvalda sem hafa ákveðið að taka þátt í samstarfi í loftslagsmálum að byggja upp framleiðslugetu út á aukningu sem ekki hefur verið staðfest í nýju samkomulagi. Í sveigjanleikaákvæðum loftslagssamningsins er gert ráð fyrir að flytja megi mengunarkvóta milli aðildarríkjanna. Þessi ákvæði ákvað ríkisstjórnin að nýta ekki. Þess vegna hefur engum mengunarkvótum verið úthlutað til stóriðjufyrirtækjanna og engir fyrirvarar verið settir um að þau leggi til losunarheimildir ef með þarf. Yfirlýsingar ráðherra á síðasta vetri um að meiri framleiðslugeta en íslenska ákvæðið gerir ráð fyrir sé innan marka ef framleiðslan er innan meðaltalsins á samningstímanum þýða í raun að íslensk stjórnvöld taka á sig ábyrgð á því að leggja mengunarheimildirnar til með einhverjum hætti.

Af framansögðu má sjá að löggjafarvaldið getur að óbreyttu hvorki haft bein áhrif á það í hve mörg verkefni verður ráðist né hvenær. Í raun ríkir algert stjórnleysi í þessum málum. Álframleiðendum er boðið upp á fríar losunarheimildir sem hið opinbera tekur sjálft ábyrgð á að leggja til og þeir geta hafið framkvæmdir þegar þeim hentar ef raforkuframleiðendur anna eftirspurninni. Nú stefnir í að íslensk stjórnvöld þurfi að ná fram hækkun á íslenska ákvæðinu upp í 2,4 millj. tonna á ári ef fram fer sem horfir. Að öðrum kosti þarf að kaupa mengunarheimildir vegna nýrrar framleiðslu eða gera aðrar sambærilegar ráðstafanir til að draga úr útstreymi frá landinu.

Ríkisstjórnin virðist hafa ákveðið að taka þá skyldu á hið opinbera að leggja nýrri stóriðju til allar útblástursheimildir á koldíoxíði þó að íslenska ákvæðið fáist ekki útvíkkað. Nýir skuldbindandi samningar um uppbyggingu raforkuvera og álvera eru á næsta leiti. Stjórnvöld geta ekki að óbreyttu haft bein áhrif á fjölda þeirra, tímasetningu eða hraða uppbyggingarinnar. Samfylkingin telur að við svo búið megi ekki una. Nú þegar verði að skýra stefnu stjórnvalda og gera þeim kleift að hafa áhrif á umfang og tímasetningu framkvæmda.

**Framtíðarstefna.**

Samfylkingin telur nauðsynlegt að nýta sveigjanleikaákvæði Kyoto-samningsins. Til þess þarf að setja reglur um úthlutun mengunarkvóta og eftirlit með útblæstri. Á síðasta þingi voru samþykkt lög um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda, nr. 107/2006, sem er gott mál svo langt sem það nær en ekki er gert ráð fyrir úthlutun mengunarkvóta í lögunum. Slíkar reglur þarf að undirbúa sem allra fyrst því að meðan þær eru ekki til staðar liggur öll ábyrgð af mengandi útblæstri hjá stjórnvöldum í landinu sem hafa ekki nauðsynleg tök á að draga úr honum. Stjórnvöldum ber að vinna hratt að málinu og Samfylkingin lýsir sig reiðubúna að taka þátt í undirbúningi nauðsynlegrar lagasetningar um útblástursheimildir og takmarkanir á þeim.

Jafnframt þessu þarf að vinna að pólitískri sátt um stefnu þjóðarinnar í náttúruverndar- og loftslagsmálum, sem og nýtingu náttúrugæða. Horfa þarf til landsins alls og skoða hvaða arf þær kynslóðir sem nú lifa ætla þeim sem á eftir koma. Einnig þarf að koma til ábyrgt samstarf við aðrar þjóðir sem vinna að sameiginlegum markmiðum um sjálfbæra þróun á jörðinni.

**Bráðabirgðaúrræði.**

Fyrirsjáanlegt er að þær nauðsynlegu reglur sem hér hefur verið lýst verða ekki virkt stjórntæki nógu fljótt til að hafa áhrif á boðaðar framkvæmdir. Þess vegna leggur Samfylkingin til bráðabirgðaákvæði við lög um mat á umhverfisáhrifum, sem skal gilda til loka árs 2012.

Verði frumvarp þetta að lögum fær löggjafinn í hendur stjórntæki til að ákveða hvort, hvenær og hvar framkvæmdir verða leyfðar. Mögulegt yrði að taka tillit til markaðrar stefnu og skuldbindinga landsins í loftslagsmálum og stöðu efnahags- og atvinnumála þar til mótuð hefur verið framtíðarstefna og hún lögfest. Einungis sex ár eru til loka þess tímabils sem hér um ræðir og miklar framkvæmdir þegar ákveðnar. Að mati Samfylkingarinnar rúmast ein stórframkvæmd til viðbótar á þessum tíma innan íslenska ákvæðisins ef mögulegt verður að framlengja það óbreytt. Slík framkvæmd er hins vegar við þolmörk hagkerfisins. Með vísan til framangreindra raka er það skoðun Samfylkingarinnar að einstakar ákvarðanir um stóriðju þar sem íslenska ákvæðið við Kyoto-bókunina verður nýtt eigi að vera á ábyrgð Alþingis. Slíkan hátt er eðlilegt að hafa á þar til framtíðarstefna Íslendinga gagnvart náttúruvernd og nýtingu náttúrugæða hefur verið mótuð ásamt stefnu í loftslagsmálum í samstarfi við aðrar þjóðir.

# 39. Frumvarp til laga [39. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum (fórnarlambavernd).

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI

**Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað 227. gr. a laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Með mansali er í lögum þessum átt við að fólk sé fengið, flutt, framselt, hýst eða við því tekið, með valdi eða hótun um valdbeitingu eða með annars konar nauðung, með mannráni, svikum, blekkingu, valdníðslu eða misnotkun á varnarleysi þess, eða ef látið er af hendi fé eða tekið við því eða öðrum gæðum til þess að fá fram samþykki við því að einn einstaklingur öðlist vald yfir öðrum einstaklingi í hagnýtingarskyni. Hagnýting tekur, í það minnsta, til

a. hvers konar kynferðislegrar hagnýtingar, svo sem vændis, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu,
b. þrælahalds eða athæfis sem svipar til þrælahalds,
c. ánauðar eða
d. brottnáms líffæra.

Tilkvaðning, flutningur, framsal, hýsing eða viðtaka á barni í hagnýtingarskyni telst vera mansal, jafnvel þótt ekki sé beitt neinum þeim aðferðum sem lýst er hér að ofan. Orðið „barn“ merkir einstakling undir átján ára aldri.

Hverjum þeim sem gerist sekur um mansal skal refsa fyrir það með allt að 8 ára fangelsi. Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi af mansali.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (11. gr. a)

*Fórnarlambavernd.*

Í fórnarlambavernd felst að einstaklingur sem er fórnarlamb mansals og hefur verið vistaður ólöglega á Íslandi skuli njóta nafnleyndar, leyndar á dvalarstað og annarra nauðsynlegra öryggisráðstafana gegn ógnun frá þeim aðilum sem standa að mansalinu, þá skal honum gefinn kostur á sérstöku tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi, gegn því að hann aðstoði yfirvöld eftir því sem kostur er við að hafa uppi á þeim sem stunda mansal og veiti lögreglu og dómstólum upplýsingar, svo sem með skýrslum og vitnisburði.

Þó að stjórnandi rannsóknar treysti fórnarlambi mansals ekki til að vitna eða telur að það geti ekki vitnað gegn hinum brotlegu, t.d. vegna andlegs eða líkamlegs ástands, skerðir það ekki réttinn til þeirrar aðstoðar sem lögin gera ráð fyrir.

Dvalar- og atvinnuleyfi skv. 1. mgr. er veitt til átján mánaða. Það er hægt að framlengja um jafnlangan tíma.

Heimilt er að afturkalla dvalar- og atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein ef einstaklingur sem nýtur verndar sem fórnarlamb hefur á virkan hátt, viljugur og að eigin frumkvæði tekið aftur upp samband við þann sem grunaður er um mansal.

Þeir sem þiggja fórnarlambavernd eiga rétt á félagslegum stuðningi, samkvæmt áætlun þar um sem unnin er í hverju tilfelli, þar sem m.a. er tilgreindur sá stuðningur sem veita skal og hversu lengi hann skuli vara. Þeim skal jafnframt standa til boða félagsleg, sálræn og lögfræðileg aðstoð, læknishjálp og þjónusta túlka, sem og starfsþjálfun og aðstoð við atvinnuleit. Þá skal þeim standa til boða aðstoð við að sækja um búsetuleyfi skv. 15. og 15. gr. a þegar fórnarlambaverndinni lýkur.

Fórnarlamb mansals, sem gefinn er kostur á fórnarlambavernd, hefur 30 daga umþóttunartíma til að þiggja verndina. Á umþóttunartímanum skal fórnarlamb njóta aðstoðar skv. 5. mgr. og hafa bráðabirgðadvalarleyfi hér á landi.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áætlun um félagslegan stuðning og önnur úrræði skv. 5. mgr.

b. (11. gr. b)

*Nefnd um fórnarlambavernd.*

Dómsmálaráðherra skal skipa fimm manna nefnd um fórnarlambavernd vegna framkvæmdar laga þessara. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Útlendingastofnun, einn af Vinnumálastofnun og einn af ríkislögreglustjóra. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar og ber ráðherra að líta til reynslu og þekkingar frjálsra félagasamtaka sem starfa með fórnarlömbum mansals við þær tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Starfsmaður dómsmálaráðuneytis skal vera ritari og starfsmaður nefndarinnar og annast aðstoð við fórnarlömb mansals og þiggjendur fórnarlambaverndar.

Nefndin skal hafa eftirtalin verkefni:

a. að kanna hvort grunur um mansal er á rökum reistur,

b. að taka ákvörðun um veitingu dvalar- og atvinnuleyfis skv. 1. mgr. 11. gr. a til þeirra sem þiggja boð um að taka þátt í fórnarlambavernd að uppfylltu skilyrði a-liðar,
c. að taka ákvörðun um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfis skv. 3. mgr. 11. gr. a.

Nefndin skal hafa aðgang að gögnum lögreglu sem eru henni nauðsynleg til þess að sinna verkefnum sínum.

Nefndarmenn og starfsmaður eru bundnir þagnarskyldu í störfum sínum og einnig eftir að störfum lýkur.

Ákvarðanir nefndarinnar eru kæranlegar til ráðherra.

Ráðherra kveður í reglugerð nánar á um starfssvið og starfshætti nefndarinnar.

Útlendingastofnun gefur út dvalarleyfi vegna fórnarlambaverndar samkvæmt ákvörðun nefndarinnar og Vinnumálastofnun gefur út atvinnuleyfi, svo sem kveðið er á um í lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

3. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, svohljóðandi:

Ef þeir sem hafa þegið fórnarlambavernd sækja um búsetuleyfi skal samvinna þeirra við yfirvöld metin þeim til tekna við úrlausn þess hvort ný leyfi fást veitt. Við slíka leyfisveitingu skal taka tillit til kringumstæðna þegar sakaferill er metinn. Þá skal félagsleg aðstoð sem einstaklingar þiggja vegna fórnarlambaverndar ekki hafa áhrif á rétt þeirra til búsetuleyfis.

## III. KAFLI
## Lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun gefur út atvinnuleyfi samkvæmt ákvörðun nefndar um fórnarlambavernd, sbr. lög um útlendinga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 130. og 131. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Það er nú endurflutt nokkuð breytt, m.a. vegna athugasemda sem komu fram í umsögnum sem bárust um málið. Breytingarnar eru annars vegar lagatæknilegar og hins vegar efnislegar. Að þessu sinni er lagt til að þrennum lögum sé breytt en áður var lagt fram frumvarp til sérlaga. Ekki er fjallað um vitnavernd í frumvarpinu nú heldur einungis um fórnarlambavernd. Ákvæði um vitnavernd eru í lögum um meðferð opinberra mála og munu þeir sem njóta fórnarlambaverndar einnig geta notið vitnaverndar samkvæmt þeim lögum.

Frumvarpinu er ætlað að festa í lög vernd til handa fórnarlömbum mansals, enda er slíkt í samræmi við skuldbindingar aðildarríkja samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi. Sá samningur var undirritaður fyrir Íslands hönd 13. desember 2000 en bíður fullgildingar. Við samning þennan voru gerðir tveir viðaukar. Öðrum þeirra er ætlað að taka sérstaklega á mansali, ekki síst sölu kvenna og barna, og sporna við slíkri glæpastarfsemi auk þess sem honum er ætlað að tryggja þolendum slíkra glæpa vernd og aðstoð. Í honum eru afgerandi ákvæði um skyldu stjórnvalda til að tryggja fórnarlömbum mansals aðstoð og ráðgjöf í samræmi við meginreglur samningsins.

Þessi viðauki, og raunar samningurinn allur, er kenndur við Palermó á Sikiley, en þar var hann undirritaður.

**Alþjóðlegt vandamál.**

Samkvæmt upplýsingum úr skýrslum Sameinuðu þjóðanna um mansal (e. „trafficking in persons") má gera ráð fyrir að hundruð þúsunda karla, kvenna og barna séu árlega seld milli landa vítt og breitt um heiminn. Til skamms tíma töldu menn að þetta fólk væri viljugir þátttakendur í hinu ólöglega athæfi, fólk sem sjálfviljugt flýði fátækt og eymd í heimalöndum sínum í von um að eitthvað skárra væri í boði á hinum ríku Vesturlöndum. En hin síðari ár hafa nýjar hliðar á þessari ólöglegu starfsemi orðið meira áberandi, það er sú starfsemi sem tengist hinum svokallaða „kynlífsmarkaði" Vesturlanda. Í slíkum tilfellum er oft um nauðung að ræða og er ofbeldi og hótunum beitt til að beygja fórnarlömbin undir vilja þeirra sem stunda mansal. Oft hefst för fórnarlambanna með samþykki og skipuleggjendurnir lofa þeim gulli og grænum skógum þegar á áfangastað verði komið. Fólk greiðir gjarnan háar upphæðir fyrir flutninginn sem oft á sér stað við óviðunandi aðstæður. Fólkið endar svo oftar en ekki í nauðungarvinnu, vændi eða sem þátttakendur í öðru ólöglegu athæfi í móttökulandinu. Talið er að í Bandaríkjunum einum stundi 100.000 ólöglegir innflytjendur vændi og í skýrslu Sameinuðu þjóðanna Global Report on Crime and Justice er talið að 40.000–50.000 tælenskar konur, ólöglegir innflytjendur, stundi vændi í Japan. Það ríkir mikil óvissa um hversu margir ólöglegir innflytjendur starfa við vændi í Evrópulöndunum, en í skýrslum Sameinuðu þjóðanna er þó talað um að þeir skipti hundruðum þúsunda. Tveir þriðju hlutar munu koma frá Austur-Evrópu og einn þriðji frá þróunarlöndum í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Af þessu sést að vandamálið er alþjóðlegt og það vex hratt.

**Nauðsyn verndar.**

Konur sem seldar eru sem kynlífsþrælar lenda oft í grófu ofbeldi og er jafnvel nauðgað hvað eftir annað áður en sala frá einum aðila til annars á sér stað. Ótal dæmi eru um hroðalega meðferð þeirra og ekki er óalgengt að þær séu látnar þjóna vændiskúnnum upp í 18 tíma á dag, alla daga vikunnar. Þær eru í flestum tilfellum algerlega háðar kúgurum sínum, oft eigendum vændishúsanna. Þær eru oftast án vegabréfs í landi sem þær vita ef til vill ekki hvað heitir og eru neyddar til að láta af hendi stærstan hluta þeirra peninga sem kúnnarnir greiða fyrir vændið, enda eru þær sagðar þurfa að endurgreiða háar fúlgur fyrir fargjald, húsaleigu og fæði. Konunum er haldið innilokuðum á vændishúsunum eða þeim er ekið milli kúnna af „eigendum" sínum. Venjulega eru þær fluttar ört á milli landa og staða til að tryggja að þær geti ekki myndað nein tengsl við vændiskúnnana, slíkt gæti orðið til þess að einhverjir tækju það upp hjá sér að vilja bjarga þeim. Þær eru varaðar við að leita til lögreglu, heilbrigðisyfirvalda eða samtaka sem aðstoða fólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi. Reyni þær slíkt kallar það á grófar líkamlegar refsingar, barsmíðar og nauðganir, eða hótanir um að eitthvað komi fyrir fjölskyldur þeirra í heimalöndunum. Allt gerir þetta yfirvöldum erfitt fyrir að ná til fórnarlamba mansals.

Upp á síðkastið hefur í fjölmiðlum borið á frásögnum af tilraunum lögreglu í nágrannalöndum okkar til að takast á við þetta vandamál. Í september 2005 gerði breska lögreglan áhlaup á nuddstofu í Birmingham. Þar voru 19 konur frelsaðar sem sagðar voru hafa verið neyddar til að stunda vændi á nuddstofunni. Þær voru frá Lettlandi, Japan, Hong Kong, Ítalíu, Grikklandi, Tyrklandi og Póllandi og sagði lögreglan að vegabréf þeirra hefðu verið tekin af þeim og þær læstar inni á nuddstofunni á nóttunni og haldið föngnum í húsi í borginni að degi til. Voru fjórir handteknir vegna málsins.

Þá handtók spænska lögreglan í nóvember 2005 15 liðsmenn glæpahrings sem hafði hneppt allt að 600 stúlkur frá Austur-Evrópu og Mið- og Suður-Ameríku í kynlífsþrælkun á Spáni. Glæpahringurinn lokkaði stúlkur frá heimalöndum þeirra með gylliboðum um vel launaða vinnu og hélt þeim í stofufangelsi. Þær fengu einungis að fara út til þess að vinna sem vændiskonur á þremur næturklúbbum glæpahringsins á ferðamannastaðnum Alicante. Frelsaði lögreglan 16 stúlkur í aðgerðum sínum sem voru frá Rússlandi, Rúmeníu, Kolumbíu, Paraguay og Brasilíu.

**Refsinæmi mansals og skilgreining.**

Skilgreiningin á mansali skv. 3. gr. Palermó-viðaukans er eftirfarandi (óopinber þýðing): „„Mansal“ merkir að fólk sé fengið, flutt, framselt, hýst eða við því tekið, með valdi eða hótun um valdbeitingu eða með annars konar nauðung, með mannráni, svikum, blekkingu, valdníðslu eða misnotkun á varnarleysi þess, eða ef látið er af hendi eða tekið við fé eða öðrum gæðum til þess að fá fram samþykki við því að einstaklingur öðlist vald yfir öðrum einstaklingi í hagnýtingarskyni. Hagnýting tekur, í það minnsta, til hagnýtingar á vændi annarra eða annarrar kynferðislegrar hagnýtingar, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þrælahalds eða athæfis sem svipar til þrælahalds, ánauðar eða líffæranáms. Samþykki þess sem er fórnarlamb mansals við hagnýtingu af þeim toga sem lýst er hér að ofan skiptir engu máli í tilvikum þar sem einhverjum þeim aðferðum sem lýst er hér að ofan hefur verið beitt. Tilkvaðning, flutningur, framsal, hýsing eða viðtaka á barni í hagnýtingarskyni telst vera „mansal“, jafnvel þótt ekki sé beitt neinum þeim aðferðum sem lýst er hér að ofan. „Barn“ merkir einstakling undir átján ára aldri.“

Í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er í 227. gr. a að finna svohljóðandi ákvæði sem gerir mansal refsivert með allt að 8 ára fangelsi:

„Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirfarandi verknað í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi:

1. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einhverjum sem beittur er eða hefur verið beittur ólögmætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða annarri ótilhlýðilegri aðferð.
2. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára eða láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá þeim sem hefur umsjón með barni.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 2. tölul. 1. mgr.“

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því er varð að lögum nr. 40/2003 og breyttu almennum hegningarlögum kemur fram að 227. gr. a beri að skýra í samræmi við Palermó-viðaukann.

Skilgreining mansals samkvæmt Palermó-viðaukanum er víðtækari en 227. gr. a almennra hegningarlaga og telja flutningsmenn nauðsynlegt að leggja til breytingar á greininni til þess að skilgreiningin sé í samræmi við vikaukann (samninginn).

**Lagasetning í samræmi við samning og tilskipanir Evrópuráðsins.**

Enn fremur er það mat flutningsmanna þessa frumvarps að samhliða lögfestingu ákvæðisins í 227. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þar sem mansal er gert að sérstöku refsilagabroti, hefði átt að lögfesta ákvæði um fórnarlambavernd, enda er slíkt í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi og viðauka hans.

Það er einnig í samræmi við tilskipun Evrópuráðsins 2004/81/EB frá 29. apríl 2004 um skammtímadvalarleyfi til handa fórnarlömbum mansals sem aðstoða yfirvöld við að koma upp um þá sem grunaðir eru um að standa að eða stuðla að mansali.

Loks er lagasetning af þessu tagi í samræmi við samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali (ETS 197), sem undirritaður var 16. maí 2005. Sá samningur fjallar ekki síst um verndun fórnarlamba mansals og ráðstafanir til að standa vörð um mannréttindi þeirra. Honum er einnig ætlað að koma í veg fyrir mansal, með því að í honum eru ákvæði er varða eftirspurnina, og loks er honum ætlað að sjá til þess að gerendur verði sóttir til saka. Þessi samningur er til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu í því augnamiði að meta hvaða lagabreytinga sé þörf svo fullgilda megi hann hér á landi.

**Aðgerðir í Evrópu.**

Þau lönd í Evrópu sem þegar hafa skilgreint mansal sem sérstakt refsilagabrot hafa jafnhliða tryggt vernd fórnarlambanna á ýmsan hátt. Má þar t.d. nefna Svíþjóð, Danmörku, Noreg, Finnland, Belgíu og Ítalíu. Ítalska fórnarlambaverndin er útfærð í 18. gr. laga nr. 286, dags. 25. júlí 1998, og 27. gr. forsetatilskipunar nr. 394, dags. 31. ágúst 1999, en þessar greinar gera ráð fyrir vegabréfsáritun vegna verndar erlendra borgara. Þar er lögð áhersla á að yfirvöld greini aðstæður einstaklinga sem grunur leikur á að hafi verið seldir mansali til Ítalíu og setji af stað áætlun um að aðstoða viðkomandi með hvaðeina sem þarf til að losa þá undan valdi þeirra sem hafa gerst brotlegir við lög og alþjóðasamninga með því að stunda mansal. Í frumvarpinu er þetta atriði ítalska ákvæðisins haft til hliðsjónar.

Lögregluyfirvöld í Evrópulöndum hafa á síðustu árum reynt að kortleggja hegðunarmynstur þeirra glæpasamtaka sem stunda mansal milli landa og hefur orðið nokkuð ágengt þótt enn sé langt í land. Samtök lögregluyfirvalda í Evrópu leggja áherslu á að samstarf milli landa verði aukið og að fræðsla til lögreglunnar innan hvers lands sé aukin. Samstarf og fræðsla eru lykilatriði í baráttunni gegn þessari ólöglegu starfsemi.

**Vitnisburður ekki skilyrði verndar.**

Rökin fyrir fórnarlamba- og vitnavernd í tengslum við mansal eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi eru mannúðarsjónarmið. Mannréttindi þess fólks sem lendir í klóm nútímaþrælasala hafa verið brotin, það hefur verið niðurlægt og oft hefur það verið beitt grófu ofbeldi. Til að það geti endurheimt mannlega reisn og orðið virkir borgarar í samfélaginu þarf það stuðning. Í öðru lagi eru þau rök að með því að fá fórnarlömbin til samvinnu við yfirvöld megi auka líkurnar á að lögreglu takist að koma upp um þá glæpamenn sem stunda ólöglegan innflutning eða sölu á fólki. Í því frumvarpi sem hér er flutt er samvinna fórnarlambsins við viðkomandi yfirvöld, um að vitna gegn hinum brotlegu, ekki gerð að skilyrði fyrir dvalarleyfi eða þeirri aðstoð sem skylt yrði að veita fórnarlömbunum samkvæmt frumvarpinu, heldur er lögð áhersla á að líkur aukist á því að fórnarlambið vitni gegn hinum brotlegu fái það dvalarleyfið og félagslega og réttarfarslega aðstoð.

Ef ekki er í lögum heimild til sérstaks dvalarleyfis fyrir fórnarlömbin er yfirvöldum nauðugur einn kostur að senda þau úr landi. Það hlýtur að ganga gegn mannúðarsjónarmiðum þar sem það leiðir óhjákvæmilega til þess að þau lenda aftur í klóm glæpamannanna og hörmungarnar halda áfram. Samstarf yfirvalda og fórnarlambs getur verið með því móti að fórnarlambið gefi upplýsingar um grunaða einstaklinga, leggi fram ákæru eða beri vitni fyrir dómi, en gera verður ráð fyrir því að fórnarlömbin geti verið svo hart leikin af kúgurum sínum að slíkt sé óhugsandi. Því er það ekki gert að skilyrði í þessu frumvarpi eins og áður segir.

Í umsögn sem barst á 131. löggjafarþingi um málið kom fram að það sé mat lögreglu víða um heim að þeir brotaþolar sem hér um ræðir reynist oft ekki góð vitni þegar á hólminn er komið. Eru ýmsar ástæður nefndar fyrir því, t.d. að sjaldan búi þeir yfir vitneskju um málin sem komi að notum við að upplýsa brotastarfsemina. Þykir mikilvægt að fá brotaþolana til samstarfs við lögreglu og ná trausti þeirra en þó er í auknum mæli reynt að draga úr mikilvægi þeirra við að upplýsa þessi mál, enda hafi þeir mátt þola margt og ástæða sé til að hlífa þeim við því að verða höfuðvitni lögreglu og ákæruvalds gegn misgjörðamönnum sínum. Í staðinn er lögð áhersla á hvers konar upplýsinga- og gagnaöflun um athæfi brotamanna. Er í þessum efnum gerður greinarmunur á „victim-led policing“ og „intelligence-led policing“. (Sjá umsögn lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, dags. 24. nóvember 2004, í 13. máli 131. löggjafarþings.)

**Mannréttindi og mannúðarsjónarmið.**

Í ljósi þess sem áður er sagt um hversu erfitt er fyrir yfirvöld að ná sambandi við fórnarlömb mansals er mikilvægt að þeim sé gert það ljóst að þau eigi rétt á dvalarleyfi og að þau hafi tíma til umþóttunar. Þann tíma er líka mikilvægt að sjá fórnarlömbunum fyrir húsnæði, heilbrigðisþjónustu og annarri nauðsynlegri aðstoð.

Mikilvægt er að yfirvöld geri sér grein fyrir því að fórnarlömbin, oftast konur og börn, hafa að öllum líkindum gengið í gegnum miklar þjáningar, verið í lífshættu og verið beitt líkamlegu ofbeldi. Einnig ber að hafa í huga að staða þeirra sem lenda í þessum aðstæðum er einatt afar veik. Alþjóðlegir glæpahringir notfæra sér neyð og fátækt fólks og eru því sekir um að notfæra sér yfirburðastöðu sína gagnvart fátækum fórnarlömbum. Aðgerðir lögregluyfirvalda verða því einatt að byggjast á virðingu fyrir einstaklingunum sem í hlut eiga og taka mið af sjálfsögðum mannréttindum og mannúðarsjónarmiðum.

Til að auðvelda yfirvöldum að ná til fórnarlambanna er nauðsynlegt að eiga gott samstarf við frjáls félagasamtök sem starfa að mannúðarmálum og samtök sem starfa með innflytjendum eða fórnarlömbum ofbeldis. Ekki er ólíklegt að vitneskja um veru fórnarlamba mansals í landinu berist fyrst til slíkra samtaka. Því er mikilvægt að stjórnvöld efli skipulagt samstarf við slík samtök.

Rökin fyrir því að dvalarleyfið þurfi að vera til átján mánaða eins og lagt er til í frumvarpinu núna, en ekki til skemmri tíma, eru byggð á raunsæju mati á því hversu langan tíma tekur að vinna mál af þessu tagi og einnig er líklegra að fórnarlömbin telji sér borgið ef tíminn er þetta langur. Líklegra er að fórnarlömbin séu tilbúin að ganga til samstarfs við stjórnvöld ef þau eiga tryggt dvalarleyfi í landinu í a.m.k. átján mánuði en ef eingöngu væri um örfáa mánuði að ræða. Þá eru það einnig rök í málinu að tvisvar sinnum átján mánuðir eru þrjú ár, en það er sá tími sem liggur til grundvallar búsetuleyfi skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002

Frumvarpið nær til einstaklinga sem hafa verið vistaðir á Íslandi fyrir milligöngu einstaklinga eða samtaka sem komið hafa þeim í ólögleg störf og/eða í þjónustu á sístækkandi klám- og kynlífsmarkaði. Það tekur hins vegar ekki til þeirra einstaklinga sem eingöngu eru viðkomufarþegar (transit) á Íslandi og grunur fellur á við hefðbundið vegabréfaeftirlit slíkra farþega. Ljóst er að Ísland hefur verið áningarland þeirra sem stunda mansal. Hér hefur ítrekað verið dæmt í brotum meintra smyglara og aðstoðarmanna þeirra. Þá hefur lögreglan á Keflavíkurflugvelli rannsakað á annað tug mála, sem talin eru tengjast mansali á síðustu þremur árum. Þá verður ekki litið framhjá vísbendingum um að nektarstaðir á Íslandi kaupi til landsins stúlkur sem tengjast alþjóðlegum samtökum sem útvega stúlkur til starfa á slíkum stöðum. Vegna alls þessa getum við átt von á að það styttist í að fórnarlömb nútímaþrælasölu

verði vistuð á Íslandi. Þá er mikilvægt að hafa löggjöf sem getur tekið á slíkum málum með afgerandi hætti.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum, lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Við 1. gr.

Í greininni er lagt til að tekin verði upp í almenn hegningarlög skilgreining mansals sem er í viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi og er sérstaklega ætlað að taka á mansali, ekki síst sölu kvenna og barna, og sporna við slíkri glæpastarfsemi auk þess sem honum er ætlað að tryggja þolendum slíkra glæpa vernd. Skilgreiningin er víðtækari en í núgildandi ákvæði 227. gr. a almennra hegningarlaga að því leyti að hún tekur til í það minnsta hvers konar kynferðislegrar hagnýtingar, svo sem vændis, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þrælahalds eða athæfis sem svipar til þrælahalds, ánauðar eða brottnáms líffæra.

Við 2. gr.

Með greininni er lagt til að á eftir 11. gr. almennra hegningarlaga komi tvær nýjar greinar, 11. gr. a og b, og fjallar sú fyrri um fórnarlambavernd en hin síðari um skipan nefndar um fórnarlambavernd.

*Um 11. gr. a.*

Með 11. gr. a eru lagðar til breytingar á lögum um útlendinga um að tekin verði upp ákvæði um fórnarlambavernd. Ákvæðunum er sérstaklega ætlað að tryggja réttarstöðu fórnarlamba mansals sem koma til landsins nauðug og eru vistuð ólöglega og aðrir nýta sér í hagnaðarskyni.

Í greininni er skilgreint hvað í fórnarlambavernd felst en það er að einstaklingur sem er fórnarlamb mansals og hefur verið vistaður ólöglega á Íslandi skuli njóta nafnleyndar, leyndar á dvalarstað og annarra nauðsynlegra öryggisráðstafana sem eru nauðsynlegar til að verja viðkomandi gegn ógnun frá þeim aðilum sem standa að mannsalinu. Þá er enn fremur lagt til að viðkomandi aðila verði gefinn kostur á sérstöku tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi, gegn því að hann aðstoði yfirvöld eftir því sem kostur er við að hafa uppi á þeim sem mansalið stunda og veiti lögreglu og dómstólum upplýsingar, svo sem með skýrslum og vitnisburði.

Í 2. mgr. er lagt til að það verði ekki gert að skilyrði verndarinnar að fórnarlambið beri vitni fyri dómi eða aðstoði lögreglu á annan hátt við að hafa uppi á þeim sem grunaðir eru um hið refsiverða brot, mansalið. Lagt er til að sá sem stjórnar rannsókn máls taki ákvörðun um það hvort hann treysti fórnarlambinu til að vitna, en slíkt getur verið útilokað t.d. vegna andlegs eða líkamlegs ástands viðkomandi, eða að því stafi hætta af því að vitna. Með þessari tilhögun er komið til móts við það sjónarmið að byggt sé á hlutlægu mati fagaðila en ekki lagt í hendur fórnarlambsins sem óskar verndarinnar að meta hvort það vilji eða treysti sér til að bera vitni.

Þá er í 3. mgr. lagt til að dvalar- og atvinnuleyfi vegna fórnarlambaverndar skuli veitt til átján mánaða. Þá er lagt til að heimilt verði að framlengja leyfin um jafnlangan tíma. Það helgast af því að rannsókn á málum sem þessum getur tekið mjög langan tíma og þykir rétt að hafa tímann frekar rýmri en skemmri. Eftir að hafa notið fórnarlambaverndar og fram-

lengingu á henni hefur viðkomandi dvalið á landinu í þrjú ár og er honum því unnt að sækja um ótakmarkað búsetuleyfi samkvæmt lögunum.

Þá er lagt til að heimilt verði að afturkalla dvalar- og atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein ef einstaklingur sem nýtur verndar sem fórnarlamb hefur á virkan hátt, viljugur og að eigin frumkvæði tekið aftur upp samband við þann sem grunaður er um mansal. Fyrirmynd þessa ákvæðis er fengin úr tilskipun Evrópusambandsins sem nefnd er hér að framan.

Þá er lagt til að þeir sem þiggja fórnarlambavernd eigi rétt á félagslegum stuðningi þann tíma sem þeir þiggja verndina og skal gera um það sérstaka áætlun í hverju tilfelli. Þeim skal jafnframt standa til boða félagsleg, sálræn og lögfræðileg aðstoð, læknishjálp og þjónusta túlka, sem og starfsþjálfun og aðstoð við atvinnuleit. En þessi áætlun er nauðsynleg til þess að fórnarlömbin geti fótað sig hér án þess að eiga það á hættu að lenda aftur í klóm þeirra sem stunda mansal og nauðungarvinnu. Þá er kveðið á um það í greininni að þeim skuli standa til boða aðstoð við að sækja um búsetuleyfi skv. 15. og 15. a. gr. laganna, þegar fórnarlambaverndinni lýkur en hún og framlenging hennar nema samanlagt þeim þremur árum sem eru grundvöllur búsetuleyfis.

Lagt er til að þau fórnarlömb mansals, sem gefinn er kostur á fórnarlambavernd, skuli hafa 30 daga umþóttunartíma til að ákveða hvort þau þiggja verndina. Sá tími er nauðsynlegur til að viðkomandi geti jafnað sig eftir áföll og streitu og geti talist í ástandi til að taka um það ákvörðun. En jafnframt er kveðið á um það að á meðan á umþóttunartímanum stendur skuli fórnarlömbin njóta aðstoðar og hafa bráðabirgðadvalarleyfi.

Loks er lagt til að dómsmálaráðherra setji reglugerð um áætlun um félagslegan stuðning og önnur úrræði samkvæmt 5. mgr. þar sem fram komi að sérstök áætlun sé gerð í hverju tilfelli með einstaklingsbundnar þarfi hvers fórnarlambs að leiðarljósi, t.d. er varðar húsnæði, heilbrigðisþjónustu o.fl. er lýtur að persónulegum högum.

*Um 11. gr. b.*

Í greininni er kveðið á um að dómsmálaráðherra skuli skipa fimm manna nefnd um fórnarlambavernd. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Útlendingastofnun, einn af Vinnumálastofnun og einn af ríkislögreglustjóra. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar en flutningsmenn telja eðlilegt að líta til þess við skipun þeirra að nýta sérfræðiþekkingu á þessu sviði, m.a. hjá frjálsum félagasamtökum sem starfa á þessum vettvangi og gera má ráð fyrir að komi að málefnum fórnarlamba mansals. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Skal starfsmaður dómsmálaráðuneytis vera ritari og starfsmaður nefndarinnar og annast aðstoð við fórnarlömb mansals og þiggjendur fórnarlambaverndar.

Nefndinni er ætlað að vera sjálfstæð, hliðsett nefnd og þverfaglegur vettvangur sérfræðinga frá hinu opinbera og félagasamtökum sem hafa reynslu og þekkingu á málefninu.

Lagt er til að nefndinni verði falin ýmis verkefni. Fyrst ber að kanna hvort grunur um mansal er á rökum reistur, þá að taka ákvörðun um veitingu dvalar- og atvinnuleyfis til þeirra sem þiggja boð um að taka þátt í fórnarlambavernd að uppfylltum skilyrðum og loks að taka ákvörðun um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfis.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um það að nefndin skuli hafa aðgang að gögnum lögreglu sem eru nauðsynleg til þess að hún geti sinnt verkefnum sínum.

Þá er í greininni kveðið á um að nefndarmenn og starfsmaður séu í störfum sínum bundnir þagnarskyldu og einnig eftir að störfum lýkur, en það er nauðsynlegt þar sem um mjög viðkvæm mál getur verið að ræða og rannsóknarhagsmuni.

Nauðsynlegt þykir að kveða á um það að ákvarðanir nefndarinnar séu kæranlegar til ráðherra en kærendur eru þeir sem ákvarðanir nefndarinnar varða.

Þá er lagt til að ráðherra setji reglugerð um starfssvið og starfshætti nefndarinnar.

Útlendingastofnun gefur út dvalarleyfi vegna fórnarlambaverndar samkvæmt ákvörðun nefndarinnar og Vinnumálastofnun gefur út atvinnuleyfi, svo sem kveðið er á um í lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

Um 3. gr.

Í þessari grein kemur fram að ef þeir sem hafa þegið fórnarlambavernd sækja um búsetuleyfi skal samvinna þeirra við yfirvöld metin þeim til tekna við úrlausn þess hvort ný leyfi fást veitt. Þar kemur einnig fram að taka skuli tillit til þess að þeir sem hafa þegið fórnarlambavernd eru oft fórnarlömb glæpamanna og hafa því jafnvel verið neyddir til þess að fremja afbrot og eru þess vegna ekki með hreint sakavottorð og væri því ekki í anda fórnarlambaverndarinnar að gera kröfu um það. Þá skal félagsleg aðstoð sem einstaklingar þiggja vegna fórnarlambaverndar heldur ekki hafa áhrif á rétt þeirra til búsetuleyfis.

Um 4. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, vegna fórnarlambaverndar, en samkvæmt henni á sá sem nýtur fórnarlambaverndar að fá atvinnuleyfi í átján mánuði samkvæmt ákvörðun nefndar um fórnarlambavernd og mögulega framlengingu í jafn langan tíma, eða um aðra átján mánuði. Með greininni er bætt við ákvæði um að Vinnumálastofnun gefi út atvinnuleyfi vegna fórnarlambaverndar samkvæmt ákvörðun nefndar um fórnarlambavernd.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## 40. Frumvarp til laga [40. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara laga er öllum þeim íslenskum ríkisborgurum sem hafa tilskilin réttindi til skipstjórnar og vélstjórnar, ef þess er krafist vegna stærðar vélar viðkomandi báts, að stunda fiskveiðar á eigin bát með tveimur sjálfvirkum handfærarúllum. Báturinn skal vera undir 30 brúttórúmlestum að stærð og uppfylla skilyrði um sjálfvirka tilkynningarskyldu. Báturinn skal hafa viðurkennt haffæri. Á hverjum bát mega vera tveir menn í áhöfn og er hámarksfjöldi sjálfvirkra rúlla þá fjórar rúllur á tvo menn. Að fimm árum loknum skal skoðuð reynslan af þessum veiðum með tilliti til þess hvort setja eigi viðbótartakmarkanir sem taki eingöngu til veiðisvæða bátanna og fjölda veiðidaga.

Veiðar þessara báta eru ekki reiknaðar til aflamarks og hafa ekki áhrif á heildarúthlutun aflamarks til annarra fiskiskipa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 132. löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

Það hefur löngum verið réttur Íslendinga við sjávarsíðuna að fá að róa til fiskjar og útróðrajarðir voru líklegri til þess að brauðfæða fólkið og gefa tekjur en þær jarðir sem illa lágu við fiskislóð. Útróðraréttur var metinn sem verðmæti í jörðum og talinn til hlunninda. Í gömlum lögum var öllum tryggður veiðiréttur í fjörðum og flóum. Þannig orðað að rétt ættu menn til fiskveiði sinnar nema síldveiði sem öllum væri heimilt að stunda hvar sem væri. Landsmenn áttu þannig allir tryggan forgang til botnfiskveiða næst sínum byggðum. Með þessu frumvarpi verður þeim sem rétt hafa til þess að stjórna skipum veittur þessi veiðiréttur á nýjan leik.

## 41. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta Möller, Birkir J. Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Hjörleifsson, Guðjón Ólafur Jónsson, Guðjón A. Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnar Örlygsson, Helgi Hjörvar, Hjálmar Árnason, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Kristján L. Möller, Magnús Þór Hafsteinsson, Mörður Árnason, Sigurður Kári Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Ögmundur Jónasson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 131. og 132. löggjafarþingi. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Við setningu Alþingis, 131. löggjafarþings, 1. október 2004, vakti athygli alþingismanna hve vel hefur til tekist með lagfæringu, lýsingu og endurbætur á þingsal. Glæsilegt form og nálgun þess sem í upphafi var byggt er öllum þeim sem að komu til sóma.

En hvernig má það vera að innan veggja Alþingis, hvar rætt er um eflingu, vegsemd og gildi þingsins í íslensku þjóðlífi, skuli þjóðfáni vor ekki hafinn til vegs og virðingar?

„Fáninn er tákn fullveldis vors. Fáninn er ímynd þeirra hugsjóna sem þjóð vor á fegurstar. Hvert stórverk, sem unnið er af oss, eykur veg fánans, hvort sem það er unnið á höfunum, í baráttunni við brim og úfnar öldur eða á sviði framkvæmdanna eða í vísindum og fögrum listum. Því göfugri sem þjóð vor er því göfugri verður fáni vor. Vegur hans og frami er frægð þjóðar vorrar.“ (Úr ræðu Sigurðar Eggerz fjármálaráðherra sem gegndi störfum forsætisráðherra 1. desember 1918 þegar Ísland varð fullvalda ríki.)

Í tengslum við heimsóknir þjóðhöfðingja hingað til lands hafa birst fréttamyndir í sjónvarpi frá viðkomandi landi og þingi þar sem að öllu jöfnu er áberandi þjóðfáni landsins við forsæti eða ræðustól.

Þess var minnst 17. júní, á þjóðhátíðardegi Íslendinga, að 19. júní ætti hinn fagri íslenski fáni 90 ára afmæli. Hinn 1. júlí sl. voru 124 ár liðin frá því að Alþingi var sett í fyrsta sinn í Alþingishúsinu. Íslendingar státa sig af elsta löggjafarþingi veraldar, eru stoltir af þjóðfána sínum sem í 90 ár hefur af stjórnendum Alþingis þess tíma ekki verið talinn gegn og gildur innan veggja Alþingis.

Með lögum nr. 67/1998, um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, voru heimildir til að nýta þjóðfánann rýmkaðar. Var það m.a. gert til að aflétta ofverndun íslenska þjóðfánans og stuðla að því að gera hann sýnilegri.

Alla daga þá Alþingi starfar eru beinar útsendingar sjónvarps frá þingsal og verður ekki annað sagt en að mikil blæbrigði yrðu á sjónvarpsmynd og ásýnd önnur ef þjóðfáni Íslendinga væri sýnilegur við eða nærri forsetastól.

Flutningsmenn telja það mjög við hæfi að þjóðfáni Íslendinga skipi veglegan sess í þingsal Alþingis. Það yrði hinu háa Alþingi til sóma, sem og þjóðfána vorum til vegs og virðingar.“

## 42. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.

Flm.: Dagný Jónsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson,
Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem kanni gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval. Nefndin kanni sérstaklega ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla, hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- eða starfsval og hvaða hugmyndir grunnskólanemendur hafi um framhaldsnám og störf að námi loknu. Jafnframt geri nefndin samanburð á náms- og starfsráðgjöf í helstu nágrannalöndum, svo og árangri ráðgjafar og annarra úrræða gegn brottfalli.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður nefndarinnar, þar á meðal tillögum um aukna náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulag hennar ef niðurstöður hníga í þá átt, fyrir 15. nóvember 2007.

Greinargerð.

Mál þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi (724. mál) og 132. löggjafarþingi (14. mál) en náði ekki fram að ganga. Það er nú endurflutt óbreytt.

Brottfall nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi er vandamál. Samkvæmt íslenskum rannsóknum má ætla að hlutfall þeirra sem ljúka ekki framhaldsskólanámi eða neinu formlegu námi sé rúmlega 40%. (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn.* Rannsókn á námsgengi og afstöðu ’75 árgangsins til náms. Háskólaútgáfan.)

Brottfall er ferli sem nemandi gengur í gegnum og því er það ekki mælanlegt á einum tímapunkti. Mikilvægt er að geta gripið inn í þetta ferli með markvissum hætti til að koma

nemandanum til aðstoðar. Margir þættir hafa áhrif á brottfall og ekki er hægt að einblína á einn frekar en annan. Má þar nefna fyrri námsárangur nemandans, viðhorf til náms, óheppilegt námsval, áhrif foreldra og félagslegan stuðning.

Brottfall er persónulegur vandi en einnig vandi fyrir þjóðfélagið í heild. Á Bretlandi hefur National Audit Office reiknað út að hver einstaklingur á aldrinum 16–19 ára sem ekki er í námi, vinnu eða hefur lokið einhvers konar starfsþjálfun kosti breska þjóðfélagið 98.000 pund, eða sem samsvarar tæplega 12,5 millj. ísl. kr. Árið 2002 voru þetta 181.000 einstaklingar á Bretlandi, eða 10% ungmenna á aldrinum 16–19 ára. (Department for Education and skills. Connexions Service. Advice and Guidance for all young people. National Audit Office, mars 2004.)

**Náms- og starfsráðgjöf – úrræði gegn brottfalli.**

Skipulögð aðstoð innan skólakerfisins sem kemur nemendum til hjálpar er m.a. í höndum kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda. Náms- og starfsráðgjöf er nýleg grein. Frá því að kennsla hófst í námsráðgjöf við Háskóla Íslands árið 1991 hafa um 197 námsráðgjafar útskrifast auk þess sem um tuttugu hafa numið við erlenda háskóla. Ekki eru fyrirliggjandi nákvæmar tölur um fjölda námsráðgjafa í menntakerfinu en ætla má að um 80–90 starfi á grunnskólastigi, 48 í framhaldsskólum, um 14 á háskólastigi, um 12 á vinnumiðlunum og 12 á símenntunarstöðvum um landið. Í áliti nefndar sem starfaði á vegum menntamálaráðuneytisins og fjallaði um eflingu náms- og starfsráðgjafar frá 1998 segir:

„Náms- og starfsráðgjöf hefur það að markmiði að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika, þannig að þeir fái notið sín í námi og starfi. Sjálfsþekking gerir fólk hæfara til að takast á við álag og kröfur samfélagsins og auðveldar því að meta hvaða vettvangur hentar best. Aðstoð og ráðgjöf við námsval og aðstoð og ráðgjöf meðan á námi stendur eru tveir meginþættir í starfi náms- og starfsráðgjafa. Fagleg greining á persónulegum vanda nemenda og samráð við sérfræðinga sem vísað er til hjálpar þeim að takast á við líf og störf og búa þeim um leið viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima.“ (Menntamálaráðuneytið (1998). *Efling náms- og starfsráðgjafar*, bls. 7.)

Þá kemur eftirfarandi fram í áliti nefndar frá 1991 er fjallaði um markmið og leiðir varðandi námsráðgjöf og starfsfræðslu:

„Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum miðar að því að styrkja persónuþroska nemenda og efla trú á eigin færni til að gera hann betur færan að yfirvinna vanda og ná settum markmiðum í námi og starfi. Meginverkefni náms- og starfsráðgjafar eru: náms- og starfsráðgjöf, persónuleg ráðgjöf, náms- og starfsfræðsla, kannanir, mat, þróunarstarf og fyrirbyggjandi starf.“ (Menntamálaráðuneytið (1991). *Námsráðgjöf og starfsfræðsla*. Markmið og leiðir, bls. 23–24.)

**Opinber stefnumótun.**

Í áliti nefndarinnar frá 1998 koma fram ýmsar tillögur um eflingu náms- og starfsráðgjafar, t.d. að náms- og starfsfræðsla verði gerð að skyldunámsgrein í 8.–10. bekk grunnskóla og að framhaldsskólar bjóði skylduáfanga og valáfanga í náms- og starfsfræðslu. Enn fremur eru nefndar leiðir til að takast á við brottfall í framhaldsskólum, m.a. að kanna skipulega viðhorf nemenda í 10. bekk grunnskóla til náms og starfa, taka upp markvissa kennslu í námstækni og vinnubrögðum og efla stuðning við nemendur í sértækum vanda. Sumar þessara tillagna hafa komið til framkvæmda en þó í mismiklum mæli og mjög mikilvægt er að stjórnvöld hugi að heildarstefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.

**Óskýr lagarammi.**

Hvarvetna í menntakerfinu má greina þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf. Í skólastefnu Kennarasambands Íslands 2002–2005 er m.a. fjallað um hlutverk náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Lagalegur rammi um störf náms- og starfsráðgjafa, m.a. í grunnskólum, er óskýr. Í 42. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, þar sem fjallað er um sérfræðiþjónustu, er kveðið á um að námsráðgjöf sé hluti af sérfræðiþjónustu skólans, en ekki er tiltekið neitt nánar um útfærslu né innihald. Önnur mikilvæg tillaga úr áliti nefndarinnar frá 1998 er fjölgun stöðugilda í náms- og starfsráðgjöf í skólum. Þar er lagt til að eitt stöðugildi í námsráðgjöf verði á hverja 300 nemendur í grunn- og framhaldsskólum, þó þannig að aldrei verði ráðið í starf náms- og starfsráðgjafa undir hálfu stöðugildi. Þessu hefur ekki verið hrundið í framkvæmd og nauðsynlegt er að horfa betur til laga- eða reglugerðarsetningar um málefni náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum og framhaldsskólum.

**Efling náms- og starfsfræðslu.**

Náms- og starfsfræðsla var skilgreind sem einn af níu lykilþáttum í skólastarfi grunnskóla í aðalnámskrá árið 1989. Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 voru markmið náms- og starfsfræðslu sett undir nýja námsgrein sem nefnist lífsleikni. Ekki er ljóst hvert vægi þessa námsþáttar sem skyldunámsgreinar hefur orðið við breytinguna. Margt kallar á aukna fræðslu um nám og störf í nútímasamfélagi og breyttar þjóðfélagsaðstæður kalla á sí- og endurmenntun. Það þarf að búa ungt fólk undir vinnumarkað þar sem skipt er um starf og nám oft á lífsleiðinni. Breytingar á vinnumarkaði, tækniþróun, aukin samkeppni og alþjóðavæðing hafa leitt til víðtækra breytinga og haft áhrif á líf og störf fólks.

Aukið valfrelsi í grunnskóla, breytt inntökuskilyrði og fjölgun námsleiða á framhalds- og háskólastigi, auk mismunandi fornámskrafna eftir námsleiðum, krefst vandlegrar ígrundunar náms- og starfsvals. Fyrir dyrum standa veigamiklar breytingar á framhaldsskólanum með styttingu námsins í þrjú ár. Því er enn meiri nauðsyn að huga að námsvali strax í grunnskóla og fylgja því eftir þegar í framhaldsskólann er komið með öflugri náms- og starfsfræðslu og einstaklingsbundinni ráðgjöf. Þessar leiðir gætu sparað fjármuni og hlíft einstaklingnum við að lenda á reki í kerfinu og bíða jafnvel skipbrot.

**Mikilvægar vísbendingar.**

Í doktorsritgerð Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (2003), lektors í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands, um umfang og árangur af náms- og starfsfræðslu kom eftirfarandi fram:

- Árið 1995 fengu 46% nemenda í grunnskóla enga náms- og starfsfræðslu. Það má ætla að ástandið hafi lítið breyst og því sendir grunnskólinn frá sér 1.700–2.000 nemendur á hverju ári sem ekki fá aðstoð við val á námi í framhaldsskóla.
- Helmingi meiri líkur eru á því að nemandi í 10. bekk sem hefur notið náms- og starfsfræðslu hafi valið sér námsbraut í lok 10. bekkjar.
- 20% af þeim sem fá fræðslu eru óákveðnir (í maí) um val á námsbraut í framhaldsskóla. Þetta segir okkur að náms- og starfsfræðslan gæti verið markvissari.
- Þeir sem fá náms- og starfsfræðslu taka framförum í markvissum ákvarðanastíl umfram hina sem ekki fá slíka fræðslu.
- Þeir sem fylgdu uppgötvunaraðferð með námsefninu „Margt er um að velja“ í náms- og starfsfræðslu taka framförum í skipulagðri hugsun um störf umfram samanburðarhóp.
- Ljóst er að þeir nemendur sem fengu náms- og starfsfræðslu stóðu sig mun betur í mikilvægum leikniþáttum sem varða markvisst náms- og starfsval, svo sem skipulagðri starfshugsun og markvissum ákvarðanastíl, ásamt því að vera ákveðnari um framhaldsnám.

Rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur á starfshugsun og kynferði sýnir að kynin hugsa ólíkt um veruleika starfanna, t.d. hafa drengir áhuga á tekjum og þeir nota víðari tekjuskala í hugsun sinni um störf en stúlkurnar.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir vinnur nú að rannsókn á því hvort náms- og starfsfræðsla hafi fyrirbyggjandi áhrif, þannig að nemendur sem hafa notið náms- og starfsfræðslu falli síður brott úr námi. Einnig verður kannað hvort nemendur sem hafa ákveðið við lok 10. bekkjar hvað þeir ætli að læra í framhaldsskóla flosni síður upp úr námi.

**Danmörk.**

Ný heildarlög um náms- og starfsráðgjöf tóku gildi 1. ágúst 2004 í Danmörku (lov nr. 298 af 30/04/2003) en í þeim felast miklar umbætur á náms- og starfsráðgjöf. Samkvæmt þeim verður hjá sveitarfélögum komið á fót námsráðgjafarmiðstöðvum ungmenna, Ungdommens Uddannelsesvejledning, 46 að tölu, en ráðgjöf á háskólastigi verður á ábyrgð sjö miðstöðva náms- og starfsráðgjafar, Studievalg, sem heyra undir menntamálaráðuneytið.

Helstu nýjungar eru: Börn og ungt fólk upp að 25 ára aldri eiga rétt á náms- og starfsráðgjöf frá hinum 46 náms- og starfsráðgjafarmiðstöðvum sem sveitarfélögin reka. Ungt fólk og fullorðið á sama rétt á ráðgjöf um framhaldsnám og störf hjá svæðamiðstöðvunum sjö. Námsráðgjafarmiðstöðvarnar eru skyldugar að fylgja eftir fólki yngra en 19 ára sem er ekki í formlegu námi eða á vinnumarkaði. Leitað er leiða til að koma viðkomandi til aðstoðar og gera áætlun um að viðkomandi hefji nám, þjálfun eða starf.

Markmiðið með lagasetningunni var að samræma ráðgjafarstarf og koma á heildstæðu kerfi. Fram að þessu hafði náms- og starfsráðgjöf verið með ýmsu móti eftir námssviðum og greinum, auk þess sem einkaaðilar veittu slíka ráðgjöf. Endurbætt námsráðgjöf á að gefa börnum og ungmennum betri grundvöll fyrir raunsætt val á menntun, skóla og framtíðarstarfi og koma í veg fyrir brottfall.

**Svíþjóð.**

Í aðalnámsskrá grunnskóla frá 1994 í Svíþjóð segir að skólinn eigi að leitast við að tryggja öllum nemendum nægilega þekkingu og reynslu til að:

- vera færir um að skoða mismunandi leiðir og taka ákvarðanir varðandi framtíð sína,
- fá innsýn í nánasta umhverfi, starfs- og menningarlíf,
- vera upplýstir um tækifæri til náms, framhaldsnáms í Svíþjóð og erlendis.

Náms- og starfsráðgjöf ásamt upplýsingagjöf og hópráðgjöf er veitt í grunn- og framhaldsskólum ásamt fullorðinsfræðslu.

**Finnland.**

Með breytingum á menntalöggjöf 1998 er tryggt að allir nemendur eigi rétt á náms- og starfsráðgjöf. Nemendur í grunn- og framhaldsskólum eiga allir jafnan rétt á leiðbeiningum og námsráðgjöf. Hver nemandi á rétt á minnst tveimur klukkustundum á viku á skólaárinu (skólaárið er 38 vikur). Náms- og starfsráðgjöfin er venjulega á síðustu þremur árum í skyldunámi í Finnlandi. Farið er yfir námstækni, sjálfsþekkingu, náms- og starfsþjálfunartækifæri, störf og starfsumhverfi og vinnumarkaðinn. Allir nemendur geta einnig fengið persónulega ráðgjöf og/eða hópráðgjöf þegar þess er þörf. Nemendum er kennt að nota mismunandi tæki til upplýsingaleitar og hvar hægt er að fá náms- og starfsráðgjöf.

**Niðurstaða.**

Í allri umræðu hér á landi um mikið brottfall er ástæða til að gefa gaum að aðferðum í náms- og starfsráðgjöf sem beinast að því að vísa veginn um flókið upplýsingaumhverfi öllum þeim sem eru núverandi eða væntanlegir þátttakendur í skólakerfi og/eða atvinnulífi. Ljóst er að brottfall nemenda og skortur á úrræðum fyrir þann hóp sem hættir námi kostar einstaklingana mikið persónulega, fjárhagslega og félagslega, auk þess sem það hefur í för með sér kostnað fyrir skólakerfið og þjóðfélagið. Mikil áhersla er nú lögð á náms- og starfsráðgjöf víða í Evrópu með tilliti til sí- og endurmenntunar. Skilvirkar leiðir í náms- og starfsráðgjöf eru ein af forsendum þess að fólk geti eflt færni sína til að stunda nám og starf farsællega. Ljóst er að náms- og starfsráðgjöf á grunn- og framhaldsskólastigi þarf að efla á Íslandi.

Eftir að máli þessu var dreift á 131. löggjafarþingi fengu flutningsmenn ábendingu um að fleiri sérfræðingar innan grunn- og framhaldsskóla sinntu náms- og starfsráðgjöf, svo sem sálfræðingar og skólafélagsráðgjafar, á grundvelli sérfræðileyfis frá menntamálaráðuneytinu. Af því tilefni vilja flutningmenn undirstrika að markmið máls þessa er að kannað verði gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf sem úrræðis gegn brottfalli unglinga og að ekki sé ástæða til að einskorða þá könnun við eina starfsstétt náms- og starfsráðgjafa heldur verði könnuð gildi hvers konar ráðgjafar sem ætla má að sé til þess fallin að draga úr brottfalli nemenda.

## 43. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um störf án staðsetningar á vegum ríkisins.

Flm. Össur Skarphéðinsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skilgreina öll störf á vegum ríkisins sem unnt er að vinna að mestu eða öllu leyti óháð staðsetningu, m.a. í því skyni að:

- jafna aðstöðu fólks til að sækja um og sinna margvíslegum störfum á vegum hins opinbera,
- auka möguleika fólks af landsbyggðinni til að gegna störfum á vegum ríkisins með því að gera hæfu fólki mögulegt að búa víðar en í sveitarfélagi viðkomandi stofnunar,
- stækka hóp hæfra umsækjanda um störf á vegum ríkisins,
- auka skilvirkni og draga úr kostnaði í opinberum rekstri.

Tekið verði sérstaklega fram í auglýsingum frá ríkinu þegar störf án staðsetningar eru laus til umsóknar.

Greinargerð.

Áætlað er að störf hjá stofnunum og fyrirtækjum í eigu ríkisins séu um 25–30 þúsund talsins. Stærstur hluti þessara starfa er í stofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Stór hluti þeirra er alfarið eða að mestu leyti unninn í háþróuðum fjarskiptakerfum og því í eðli sínu óháður staðsetningu. Ör tækniþróun leiðir jafnframt til þess að sífellt fjölgar þeim störfum hlutfallslega sem hægt er að vinna fjarri hefðbundinni starfsstöð innan miðstöðva viðkomandi stofnana. Með tiltölulega einföldum hætti mætti því nýta sér þessa þróun til að minnka verulega þann kostnað sem stofnanir og fyrirtæki ríkisins bera af dýru skrifstofuhúsnæði í höfuðborg-

inni, breikka þann hóp hæfra starfsmanna sem ríkið ætti kost á að ráða til starfa og síðast en ekki síst að jafna um leið aðstöðu landsmanna til að starfa hjá hinu opinbera. Flutningsmenn leggja sérstaka áherslu á þann jöfnuð sem framkvæmd þessarar tillögu mundi skapa á milli landsbyggðar og þéttbýlis.

Ef reiknað er með að 20% ríkisstarfa geti talist óháð staðsetningu og að árleg starfsmannavelta sé 6–7% má gera ráð fyrir að um 300–400 slík störf losni á ári hverju. Á áratug mundu því 3000–4000 störf án staðsetningar losna til umsóknar. Þessi störf ættu að mati flutningsmanna að standa öllum landsmönnum jafnt til boða óháð búsetu. Því er lagt til í þingsályktunartillögu þessari að slík störf verði auðkennd sérstaklega í starfsauglýsingum ríkisins. Flutningsmenn leggja jafnframt áherslu á að fram komi sérstök hvatning til þeirra sem búa fjarri viðkomandi stofnunum, t.d. með því að í auglýsingu segi: „Þetta starf hefur verið skilgreint sem starf óháð staðsetningu. Landsbyggðarfólk er sérstaklega hvatt til að sækja um.“

Engin nýleg úttekt er til yfir hve mörg störf á vegum ríkisins og stofnana þess mætti í ljósi tækniþróunarinnar skilgreina sem störf án staðsetningar. Flutningsmenn telja ekki ólíklegt að það hlutfall gæti verið mun hærra en 20%. Sömuleiðis er ekki ólíklegt að í kjölfar frumkvæðis í þessa veru af hálfu ríkisins mundu stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sjá sér hag í að fylgja fordæmi þess. Flutningsmenn árétta sérstaklega að nú þegar hafa nokkur einkafyrirtæki stigið skref í þessa átt með ágætum árangri. Forysta ríkisins á þessu sviði gæti því orðið fleiri einkaaðilum sterk hvatning til hins sama.

Undanfarin missiri hafa verið gerðar tilraunir til að flytja opinberar stofnanir út á land til að efla þar fjölbreytt atvinnulíf. Þetta hefur gefist afar misjafnlega, stofnanir hafa verið rifnar upp með rótum og óskráð þekking þeirra tapast. Einnig hefur borið á því að mökum starfsmanna stofnana hafi ekki boðist störf við hæfi á hinum nýju slóðum en skilyrði um búsetu hafa eðlilega takmarkað möguleika stofnananna á hæfum umsækjendum. Sú aðferð, sem hér er lögð til í því skyni að jafna möguleika fólks á landsbyggðinni til starfa hjá ríkinu, gjörbreytir þeirri stöðu og opnar nýja möguleika. Hjón verða ekki lengur bundin því að finna vinnu í sama sveitarfélagi og sömuleiðis verður stofnunum gert kleift að velja úr stærri hópi hæfra umsækjenda. Þetta á ekki síður við um þær stofnanir sem staðsettar eru utan stórra þéttbýlisstaða.

Ljóst er að ungt fólk af landsbyggðinni sem farið hefur í framhaldsnám hefur iðulega þurft að flytja í þéttbýlið til að finna starf við sitt hæfi. Kannanir sýna þó að umtalsverður hluti þess mundi kjósa að lifa og starfa í heimabyggð sinni ef heppileg atvinnutækifæri væru fyrir hendi. Þetta hefur sogað ungt fólk frá heimabyggð til höfuðborgar og einnig leitt til þess að menntunarstig í dreifbýlinu er talsvert lægra en á höfuðborgarsvæðinu. Þessi þróun hefur leitt til enn meiri einhæfni og fábreyttari tækifæra í hinum dreifðu byggðum. Störf án staðsetningar á vegum hins opinbera gætu verið mikilvægt skref í þá átt að snúa þessari þróun við, og gera fólki um leið kleift að njóta lífsgæðanna á landsbyggðinni án þess að glata tækifærum til að gegna mikilvægum, vel launuðum störfum á vegum ríkisins.

# 44. Frumvarp til laga [44. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Mörður Árnason, Þuríður Backman,
Dagný Jónsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Jón Kristjánsson.

1. gr.

Við síðari málslið 3. mgr. 20. gr. laganna bætist: eða hætta á ruglingi á milli áfengu framleiðslunnar og þeirrar sem verið er að auglýsa vegna nafns á vörunni, umbúða eða annarra einkenna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingmál þetta hefur verið lagt fram á síðustu tveimur þingum en ekki fengið afgreiðslu og er því lagt fram að nýju.

Auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar hér á landi og hefur verið svo lengi. Það hefur þó aukist að framleiðendur og dreifingaraðilar áfengra drykkja reyni að koma þeim á framfæri í auglýsingum með því að nota líkar umbúðir og nöfn á óáfenga drykki sem þeir svo auglýsa.

Flutningsmenn vilja með frumvarpi þessu reyna að loka því gati sem virðist vera á löggjöfinni þannig að framleiðendur og dreifingaraðilar geti ekki farið í kringum bannið eins og að framan er lýst.

Á árinu 2001 kom út skýrsla á vegum ríkislögreglustjóra um áfengisauglýsingar. Þar kemur m.a. fram að í Noregi taki bann við áfengisauglýsingum einnig til auglýsinga á vörum með sömu merkjum eða einkennum. Í niðurstöðum nefndarinnar er að finna tillögu um að sú leið verði einnig farin hér á landi. Það er og vilji flutningsmanna að svo verði gert og löggjöfin hert eða eins og segir í skýrslunni:

„Það sem vekur sérstaka athygli við norsku löggjöfina er áherslan sem lögð er á að menn geti ekki komist fram hjá banninu með því að auglýsa vöru sem heimilt er að auglýsa, en með svo sterkri tilvísan til vöru sem ekki er heimilt að auglýsa að í raun er verið að auglýsa þá vöru. Með því að auglýsa tiltekna vöru sé í raun verið að auglýsa aðra vöru. Þá virðist löggjöfin skýr og nútímaleg.“

---

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjórans um viðbrögð við áfengisauglýsingum. Nóvember 2001. (Birt á vef Lýðheilsustöðvar.)

# 45. Frumvarp til laga [45. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Magnús Þór Hafsteinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Fólksflutningar og afnotagjald eða aðgangseyrir sem innheimtur er fyrir notkun samgöngumannvirkis. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum tölulið.

2. gr.

5. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða, hvort sem þau eru seld prentuð eða á rafrænu formi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Greinargerð.

Frumvarp þessa efnis var flutt á 131. og 132. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum vegna innheimtu virðisaukaskatts af samgöngumannvirkjum annars vegar og útgáfu blaða og tímarita hins vegar.

Í 1. gr. er gerð tillaga um að sala aðgangs og afnota af samgöngumannvirkjum, t.d. göngum, verði undanþegin virðisaukaskatti. Ósanngjarnt er að ríkið innheimti virðisaukaskatt fyrir gjöld sem reidd eru af hendi fyrir notkun samgöngumannvirkis. Hið opinbera innheimtir veruleg gjöld með ýmsum álagningum á farartæki og eldsneyti. Engin rök mæla með því að sanngjarnt sé að leggja aukaálögur í formi virðisaukaskatts á ferðir slíkra ökutækja þegar þau fara um samgöngumannvirki eða með ferjum.

Eina samgöngumannvirki landsmanna í dag þar sem innheimt eru afnotagjöld (veggjöld) er göngin undir Hvalfjörð. Þau voru tekin í notkun 11. júlí 1998. Hið opinbera endurgreiddi á sínum tíma virðisaukaskatt vegna kostnaðar við gerð ganganna, en hefur frá því þau voru opnuð innheimt 14% virðisaukaskatt af veggjöldum. Taflan sem hér fer á eftir sýnir veggjöld og virðisaukaskatt á þau:

| **Tímabil** | **Veggjöld í millj. kr.** | **Virðisaukaskattur í millj. kr.** |
|---|---|---|
| Júlí 1998 til september 1998 | 202,7 | 28,4 |
| Október 1998 til september 1999 | 811,3 | 113,6 |
| Október 1999 til september 2000 | 774,1 | 108,3 |
| Október 2000 til september 2001 | 844,4 | 118,2 |
| Október 2001 til september 2002 | 879,8 | 123,2 |
| Október 2002 til september 2003 | 904,8 | 126,7 |
| Október 2003 til júní 2004 | 574,2 | 80,4 |
| **Samtals** | **4.991,3** | **698,8** |

Hvalfjarðargöngin hafa fyrir löngu sannað gildi sitt sem samgöngubót sem komið hefur landsmönnum öllum til góða. Þau hafa stytt vegalengdir, aukið umferðaröryggi og styrkt byggðarlög. Enginn vafi leikur á því að hið opinbera hefur sparað verulegar fjárhæðir sem annars hefðu einkum runnið til viðhalds og reksturs vegar fyrir Hvalfjörð. Miklir fjármunir hafa einnig sparast vegna þess að slysatíðni á veginum fyrir Hvalfjörð er nú nánast engin. Fyrir tíma Hvalfjarðarganga voru alvarleg umferðarslys sem leiddu til örkumla og dauða árlegur viðburður á þeim vegi. Hvalfjarðargöngin hafa einnig orðið mikilvæg forsenda fyrir því að styrkja Vesturland sem atvinnusvæði. Síðast má geta þess að þau hafa auðveldað íbúum höfuðborgarsvæðisins að nýta sér dýrmæta möguleika til útivistar og ferðalaga um Vesturland, Vestfirði og Norðurland. Allir þessir jákvæðu þættir gera það að verkum að innheimta virðisaukaskatts af veggjöldum er ósanngjörn og ætti því að leggja hana af. Þetta gæti orðið verulegt skref í þá átt að lækka gjöld í Hvalfjarðargöngin.

Í 2. gr. þessa frumvarps er gerð tillaga um að 5. tölul. 14. gr. laganna verði breytt þannig að sala þeirra blaða og tímarita sem þar er kveðið á um að falli undir 14% virðisaukaskatt verði sú sama hvort sem þau eru gefin út á prenti eða á rafrænu formi.

Nú er 14% virðisaukaskattur lagður á slíka útgáfu ef hún er á pappír en 24% virðisaukaskattur ef hún er á netinu. Þetta ósamræmi styðst ekki við nein rök og rýrir möguleika útgáfufélaga til að selja efni sitt á rafrænu formi með hjálp tölvutækni. Með bættri tækni og aukinni flutningsgetu um internetið verður stöðugt algengara að blöð og tímarit séu boðin til sölu á rafrænu formi. Slíkur dreifingarmáti auðveldar til að mynda neytendum sem búa fjarri útgáfustöðum, annaðhvort hér á landi eða erlendis, að njóta útgefins efnis um leið og það kemur út.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2007 sem tekur m.a. mið af uppgjörstímabili virðisaukaskatts.

## 46. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá við Selfoss.

Flm.: Kjartan Ólafsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Jón Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Úttekt á framkvæmdinni og kostnaðarmat liggi fyrir 1. mars 2007.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 132. löggjafarþingi (38. mál). Með henni er lagt til að Alþingi feli samgönguráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Lagt er til að úttektin og kostnaðarmat liggi fyrir 1. mars 2007.

Þegar Ölfusá var brúuð við Selfoss myndaðist strax byggð sunnan árinnar og þar er meginíbúðarbyggðin nú auk þess sem aðalatvinnustarfsemin hefur verið sunnan árinnar. Þó hefur alla tíð verið nokkur íbúðarbyggð norðan Ölfusár og má ætla að um 200 íbúar sem tilheyra Selfossi búi þar, auk íbúa úr Árbæjarbyggð í Ölfusi. Atvinnurekstur hefur einnig verið

norðan árinnar í fjölda ára og hefur Sláturfélag Suðurlands verið fjölmennasti vinnustaðurinn. Hin síðari ár hefur atvinnurekstur norðan Ölfusár aukist og ætla má að nú séu um 250–300 störf í þeim fjölbreyttu fyrirtækjum sem starfrækt eru á svæðinu. Þá hefur sveitarfélagið Árborg skipulagt stærra svæði norðan Ölfusár fyrir atvinnustarfsemi. Einnig má benda á að Hellisskógur, sem er eitt aðalútivistarsvæði Selfoss, er einmitt norðan Ölfusár.

Með síaukinni umferð um Ölfusárbrú, ekki hvað síst þungaflutningum, er ljóst að þrengt hefur verið að gangandi umferð á brúnni. Því miður hafa oftsinnis orðið óhöpp við handrið sem aðskilur gangandi vegfarendur og ökutæki á Ölfusárbrú en hingað til hafa ekki orðið slys á fólki í þessum óhöppum.

Nú hefur um alllangt skeið legið fyrir í aðalskipulagi að ný brú yrði byggð yfir Ölfusá við Laugardæli og þar með yrði þungaflutningum beint norður og austur fyrir Selfoss. Þessi brú er enn ekki komin á samræmda samgönguáætlun, en vegna mikillar umferðaraukningar mun þess líklega ekki langt að bíða. Þar sem ný brú við Laugardæli er ekki væntanleg allra næstu ár má ætla að göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss sé brýnt verkefni þar sem umferð gangandi vegfarenda hefur aukist og mun aukast verulega á næstu árum.

# 47. Frumvarp til fjáraukalaga [47. mál]

fyrir árið 2006.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## A-hluti
## Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2006, sbr. sundurliðun 1 og 2:

| m.kr. | Rekstrar-grunnur | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| **Skatttekjur** | **41.696,1** | **41.904,9** |
| Skattar á tekjur og hagnað | 26.200,0 | 23.831,0 |
| Tryggingagjöld | 1.197,0 | 1.517,0 |
| Eignarskattar | 1.400,0 | 1.400,0 |
| Skattar á vörur og þjónustu | 12.503,3 | 14.761,1 |
| Aðrir skattar | 395,8 | 395,8 |
| Aðrar rekstrartekjur | -1.296,0 | 2.058,0 |
| Sala eigna | 0,0 | 0,0 |
| Fjárframlög | 0,0 | 0,0 |
| **Tekjur alls** | **40.400,1** | **43.962,9** |
| Æðsta stjórn ríkisins | 0,0 | 0,0 |
| Forsætisráðuneyti | 32,0 | 32,0 |
| Menntamálaráðuneyti | 865,9 | 865,9 |
| Utanríkisráðuneyti | 640,9 | 640,9 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 742,1 | 742,1 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 174,2 | 174,2 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 1.213,2 | 1.213,2 |
| Félagsmálaráðuneyti | 379,8 | 379,8 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 2.234,8 | 2.234,8 |
| Fjármálaráðuneyti | 5.499,3 | 2.499,3 |
| Samgönguráðuneyti | 1.769,2 | 1.769,2 |
| Iðnaðarráðuneyti | 25,0 | 25,0 |
| Viðskiptaráðuneyti | 16,5 | 16,5 |
| Hagstofa Íslands | 0,0 | 0,0 |
| Umhverfisráðuneyti | 146,8 | 146,8 |
| Vaxtagjöld ríkissjóðs | 571,0 | -385,0 |
| **Samtals** | **14.310,7** | **10.354,7** |
| **Tekjujöfnuður** | **26.089,4** | |

# A-hluti
# Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2006:

m.kr.

| | |
|---|---|
| ***Rekstrarhreyfingar*** | |
| Tekjujöfnuður | 26.089,4 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | 2.955,0 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | |
| Viðskiptakröfur, (breyting) | 1.578,8 |
| Viðskiptaskuldir, (breyting) | 879,0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **31.502,2** |
| ***Fjármunahreyfingar*** | |
| Veitt stutt lán | 0,0 |
| Veitt löng lán | -275,0 |
| Afborganir veittra lána | -50,0 |
| Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög | -1.000,0 |
| Sala hlutabréfa og eignarhluta | -440,0 |
| **Fjármunahreyfingar samtals** | **-1.765,0** |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður** | **29.737,2** |
| ***Fjármögnun*** | |
| Tekin stutt lán | 0,0 |
| Tekin löng lán | 25.300,0 |
| Afborganir lána | -37.300,0 |
| **Fjármögnun samtals** | **-12.000,0** |
| Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins | 0,0 |
| **Breyting á handbæru fé** | **17.737,2** |

Ýmis ákvæði

## Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2006:

1. Í stað orðanna „allt að 10.000 m.kr.“ í 1. tölulið kemur: allt að 26.400 m.kr.

2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 5.625 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 6.025 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 5.100 m.kr.“ í lið 2.1 kemur: allt að 5.700 m.kr.
   c. Liður 2.3 fellur brott.

3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 68.873 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 53.900 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 1.500 m.kr.“ í lið 3.4 kemur: allt að 3.000 m.kr.

Ýmis ákvæði

## Heimildir

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2006:

**Nýir liðir:**

2.27 Að selja fasteignina Sléttuveg 17, Reykjavík og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.28 Að selja fasteignina Lambeyrarbraut 4, Eskifirði.
2.29 Að selja fasteignirnar Fossbrún A og Fossbrún B í Dalvíkurbyggð.

3.24 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Grensásvegi 12, Reykjavík.
3.25 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu við Auðbrekku 4, Húsavík.
3.26 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gömlu heilsugæslustöðinni við Bogabraut 7, Skagaströnd.
3.27 Að selja eignarhlut ÁTVR í Álfabakka 14A, Reykjavík.
3.28 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hnjúkabyggð 33, Blönduósi og kaupa annað hentugra í staðinn.
3.29 Að selja fasteignina Skúlagötu 64, Reykjavík og kaupa annað hentugra húsnæði.

4.59 Að selja lóðarskika við Hilmisgötu 4, Vestmannaeyjum.

5.3 Að selja hlut ríkissjóðs í Kauphöll Íslands.

6.30 Að leigja hentugt húsnæði fyrir Fjármálaeftirlitið.
6.31 Að leigja hentugt húsnæði fyrir Blóðbankann.
6.32 Að kaupa ásamt Reykjavíkurborg fasteign og lóð við Frakkastíg nr. 23 í þágu Iðnskólans í Reykjavík.

7.12 Að kaupa rita- og bókasafn sr. Ragnars Fjalars Lárussonar, prófasts, og afhenda það Hóladómkirkju að gjöf.
7.13 Að selja ferjuna Baldur.
7.14 Að leggja hlutafélaginu Matvælarannsóknum til stofnfé.
7.15 Að kaupa hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

| m.kr. | | Rekstrar-grunnur | Greiðslu-grunnur |
|---|---|---|---|

Sundurliðun 1

# Tekjur A-hluta

## I Skatttekjur

### 1 Skattar á tekjur og hagnað

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1.1.1.1 | Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla | 8.100,0 | 7.776,0 |
| 1.1.5.1 | Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga | 5.600,0 | 5.555,0 |
| | **Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga** | **13.700,0** | **13.331,0** |
| 1.5.1.1 | Tekjuskattur, lögaðilar | 12.500,0 | 10.500,0 |
| | **Skattar á tekjur og hagnað** | **26.200,0** | **23.831,0** |

### 2 Tryggingagjöld

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2.2.1.1 | Tryggingagjald, almennt | 1.059,1 | 1.341,0 |
| 2.2.1.5 | Atvinnutryggingargjald | 137,9 | 176,0 |
| | **Tryggingagjöld, lögaðilar** | **1.197,0** | **1.517,0** |
| | **Tryggingagjöld** | **1.197,0** | **1.517,0** |

### 3 Skattar á launagreiðslur og vinnuafl

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3.2 | Ábyrgðargjald vegna launa | 385,2 | 385,2 |

### 4 Eignarskattar

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4.3 | Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé | 400,0 | 400,0 |
| 4.4.1 | Stimpilgjöld | 1.000,0 | 1.000,0 |
| | **Eignarskattar** | **1.400,0** | **1.400,0** |

### 5 Skattar á vörur og þjónustu

| | | | |
|---|---|---|---|
| 5.1.1.1 | Virðisaukaskattur | 5.200,0 | 7.488,0 |
| 5.1.2.1.1 | Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum | 1.906,0 | 1.889,0 |

| m.kr. | | Rekstrar-grunnur | Greiðslu-grunnur |
|---|---|---|---|
| 5.1.2.1.5 | Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu | 191,0 | 191,0 |
| 5.1.2.1.15 | Vörugjald af innfluttum ökutækjum | 2.943,0 | 2.943,0 |
| 5.1.2.1.25 | Vörugjald af bensíni | 3,2 | 3,2 |
| 5.1.2.1.30 | Sérstakt vörugjald af bensíni | 24,0 | 24,0 |
| 5.1.2.1.33 | Olíugjald | 1.053,0 | 1.053,0 |
| 5.1.2.1.52 | Tóbaksgjald | 120,0 | 120,0 |
| 5.1.2.1.55 | Ýmis vörugjöld | -17,2 | -17,2 |
| 5.1.2.10 | Tollar og aðflutningsgjöld | 711,3 | 698,1 |
| | **Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu** | **12.134,3** | **14.392,1** |
| 5.2.1.1.1 | Bifreiðagjöld | 369,0 | 369,0 |
| | **Skattar á vörur og þjónustu** | **12.503,3** | **14.761,1** |
| **6** | **Aðrir skattar** | | |
| 6.1.15 | Markaðsgjald | 10,6 | 10,6 |
| | **Skatttekjur, samtals** | **41.696,1** | **41.904,9** |
| **II** | **Aðrar rekstrartekjur** | | |
| **8** | **Arðgreiðslur og leigutekjur** | | |
| 8.3.1 | Vaxtatekjur af skatttekjum | -5.000,0 | -910,0 |
| 8.3.6 | Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs | 367,0 | 183,0 |
| 8.3.7 | Aðrar vaxtatekjur | 3.297,0 | 2.745,0 |
| | **Aðrar eignatekjur** | **-1.336,0** | **2.018,0** |
| | **Arðgreiðslur og leigutekjur** | **-1.336,0** | **2.018,0** |
| **9** | **Ýmsar tekjur** | | |
| 9.1.3.1 | Afnotagjöld RÚV | 50,0 | 50,0 |
| 9.1.3.20 | Prófgjöld | -10,0 | -10,0 |
| | **Aðrar rekstrartekjur, samtals** | **-1.296,0** | **2.058,0** |
| | **Heildartekjur samtals** | **40.400,1** | **43.962,9** |

m.kr.

Sundurliðun 2

# Fjármál ríkisaðila í A-hluta

## 01 Forsætisráðuneyti

### 01-190 Ýmis verkefni

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.19 Efnahagsrannsóknir | 12,0 |
| 1.29 Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða | 20,0 |
| Almennur rekstur samtals | 32,0 |
| **Gjöld samtals** | **32,0** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 32,0 |

| | |
|---|---|
| **01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur** | **32,0** |
| **Greitt úr ríkissjóði** | **32,0** |
| **Innheimt af ríkistekjum** | **0,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

## 02 Menntamálaráðuneyti

### 02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 10,0 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 10,0 |

### 02-201 Háskóli Íslands

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Háskóli Íslands | 9,1 |
| 1.13 Háskólasjóður | 28,1 |
| Almennur rekstur samtals | 37,2 |
| **Gjöld samtals** | **37,2** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 37,2 |

### 02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum | 90,7 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 90,7 |

### 02-204 Stofnun Sigurðar Nordals

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Stofnun Sigurðar Nordals | -10,9 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | -10,9 |

### 02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi | -41,9 |

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... 2,0

**Gjöld umfram tekjur** ..... **-39,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -39,9

## 02-206 Orðabók Háskólans

Almennur rekstur:
1.01 Orðabók Háskólans ..... -18,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... 4,2

**Gjöld umfram tekjur** ..... **-14,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -14,4

## 02-207 Íslensk málstöð

Almennur rekstur:
1.01 Íslensk málstöð ..... -9,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... 0,9

**Gjöld umfram tekjur** ..... **-8,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -8,2

## 02-208 Örnefnastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Örnefnastofnun Íslands ..... -4,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... 0,2

**Gjöld umfram tekjur** ..... **-4,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -4,5

m.kr.

**02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

Almennur rekstur:
1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ..... 85,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,3

**Gjöld umfram tekjur** ..... **77,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 77,9

**02-210 Háskólinn á Akureyri**

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri ..... 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 60,0

**02-319 Framhaldsskólar, almennt**

Almennur rekstur:
1.90 Framhaldsskólar, óskipt ..... 240,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 240,0

**02-902 Þjóðminjasafn Íslands**

Almennur rekstur:
1.11 Hönnunarsafn Íslands ..... 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 2,0

**02-919 Söfn, ýmis framlög**

Stofnkostnaður:
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður ..... 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 10,0

m.kr.

**02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**

Stofnkostnaður:
6.23 Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík ..... 150,0
6.73 Þjóðleikhúsið ..... -10,0
Stofnkostnaður samtals ..... 140,0

**Gjöld samtals** ..... **140,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 140,0

**02-971 Ríkisútvarpið**

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld ..... 50,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 50,0

**02-973 Þjóðleikhúsið**

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhúsið ..... 85,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 85,0

**02-982 Listir, framlög**

Almennur rekstur:
1.45 Menningarsamningar ..... 120,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 120,0

**02-999 Ýmislegt**

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis framlög ..... 5,0
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis ..... 6,0
Almennur rekstur samtals ..... 11,0

| | m.kr. |
|---|---|
| Stofnkostnaður: | |
| 6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög | 10,0 |
| **Gjöld samtals** | **21,0** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 21,0 |
| **02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur** | **865,9** |
| **Greitt úr ríkissjóði** | **815,9** |
| **Innheimt af ríkistekjum** | **50,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

## 03 Utanríkisráðuneyti

### 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa ..... 26,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 26,3

### 03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni ..... 67,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 67,5

### 03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur ..... 536,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 536,5

### 03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsráð Íslands ..... 10,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 10,6

**03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 640,9**
**Greitt úr ríkissjóði ..... 630,3**
**Innheimt af ríkistekjum ..... 10,6**
**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

m.kr.

## 04 Landbúnaðarráðuneyti

### 04-190 Ýmis verkefni

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis | 354,5 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 354,5 |

### 04-234 Landbúnaðarstofnun

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Landbúnaðarstofnun | 63,8 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 63,8 |

### 04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Beinar greiðslur til bænda | 149,0 |
| 1.02 Lífeyrissjóður bænda | 16,1 |
| 1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi | 3,7 |
| 1.06 Gripagreiðslur | 5,6 |
| Almennur rekstur samtals | 174,4 |
| **Gjöld samtals** | **174,4** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 174,4 |

### 04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Beinar greiðslur til bænda | 90,0 |
| 1.02 Lífeyrissjóður bænda | 5,0 |
| 1.03 Jöfnunargreiðslur | 2,8 |
| 1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar | 31,0 |
| 1.05 Niðurgreiðslur á ull | 12,2 |
| 1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður | 12,4 |

| | m.kr. |
|---|---|
| 1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt | 1,1 |
| Almennur rekstur samtals | 154,5 |
| **Gjöld samtals** | **154,5** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 154,5 |

**04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Beinar greiðslur til bænda | -2,4 |
| 1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt | 11,0 |
| 1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt | -0,4 |
| Almennur rekstur samtals | 8,2 |
| **Gjöld samtals** | **8,2** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 8,2 |

**04-811 Bændasamtök Íslands**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt | 3,9 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 3,9 |

**04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara | -17,2 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | -17,2 |

| | |
|---|---|
| **04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur** | **742,1** |
| **Greitt úr ríkissjóði** | **759,3** |
| **Innheimt af ríkistekjum** | **-17,2** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

## 05 Sjávarútvegsráðuneyti

### 05-202 Hafrannsóknastofnunin

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Hafrannsóknastofnunin | 174,2 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 174,2 |

| | |
|---|---|
| **05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur** | **174,2** |
| **Greitt úr ríkissjóði** | **174,2** |
| **Innheimt af ríkistekjum** | **0,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

## 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

### 06-106 Þjóðskrá

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskrá ..... 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 60,0

### 06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður ..... 20,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 30,9
Innheimt af ríkistekjum ..... -10,0

### 06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:
1.05 Ríkissaksóknari ..... 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 10,0

### 06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri ..... 78,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 78,5

### 06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík ..... -9,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -9,8

m.kr.

**06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál**

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður ..... -20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -20,0

**06-395 Landhelgisgæsla Íslands**

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands ..... 320,0

Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta ..... -40,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður ..... 220,0

**Gjöld samtals** ..... **500,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 500,0

**06-396 Landhelgissjóður Íslands**

Stofnkostnaður:
6.41 Landhelgissjóður Íslands ..... 500,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 500,0

**06-398 Útlendingastofnun**

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingastofnun ..... -44,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður ..... -68,0

**Gjöld samtals** ..... **-112,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -112,4

m.kr.

**06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík**

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn ..... 28,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 28,5

**06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi**

Almennur rekstur:
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar ..... 28,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 28,4

**06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri**

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla ..... -1,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,3

**06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**

Almennur rekstur:
1.40 Tollgæsla ..... 23,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 23,0

**06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi**

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla ..... -1,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,6

m.kr.

**06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík**

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla ..... -2,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,8

**06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla ..... -3,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -3,8

**06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi**

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn ..... 2,1
1.20 Löggæsla ..... -2,8
Almennur rekstur samtals ..... -0,7

**Gjöld samtals** ..... **-0,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,7

**06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður ..... 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 15,0

**06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins**

Almennur rekstur:
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins ..... 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 5,0

m.kr.

**06-591 Fangelsisbyggingar**

Stofnkostnaður:
6.10 Stofnframkvæmdir ..... 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 10,0

**06-705 Kirkjumálasjóður**

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður ..... 5,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 5,4

**06-707 Kristnisjóður**

Almennur rekstur:
1.10 Kristnisjóður ..... 8,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 8,5

**06-735 Sóknargjöld**

Almennur rekstur:
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar ..... 48,1
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga ..... 15,4
Almennur rekstur samtals ..... 63,5

**Gjöld samtals** ..... **63,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 63,5

**06-736 Jöfnunarsjóður sókna**

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna ..... 8,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 8,9

| | m.kr. |
|---|---|
| **06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur** | **1.213,2** |
| **Greitt úr ríkissjóði** | **1.223,2** |
| **Innheimt af ríkistekjum** | **-10,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

## 07 Félagsmálaráðuneyti

### 07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 2,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 2,3

### 07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög ..... 1.075,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 1.075,0

### 07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota ..... -125,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -125,0

### 07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -504,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar ..... 14,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva ..... 40,0
Almennur rekstur samtals ..... -450,0

**Gjöld samtals** ..... **-450,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -450,0

### 07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins ..... 46,5

| | m.kr. |
|---|---|
| 1.11 Fæðingarorlofssjóður | -200,0 |
| 1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar | 30,0 |
| Almennur rekstur samtals | -123,5 |
| **Gjöld samtals** | **-123,5** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 30,0 |
| Innheimt af ríkistekjum | -153,5 |

**07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.49 Móttaka flóttamannahópa | 1,0 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 1,0 |

| | |
|---|---|
| **07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur** | **379,8** |
| **Greitt úr ríkissjóði** | **1.108,3** |
| **Innheimt af ríkistekjum** | **-728,5** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

# 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

## 08-201 Tryggingastofnun ríkisins

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Tryggingastofnun ríkisins | 165,0 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 165,0 |

## 08-204 Lífeyristryggingar

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.11 Ellilífeyrir | 208,0 |
| 1.15 Örorkulífeyrir | 150,0 |
| 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega | 995,0 |
| 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega | 581,0 |
| Almennur rekstur samtals | 1.934,0 |
| **Gjöld samtals** | **1.934,0** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 885,2 |
| Innheimt af ríkistekjum | 1.048,8 |

## 08-206 Sjúkratryggingar

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.21 Hjálpartæki | 50,0 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 50,0 |

## 08-301 Landlæknir

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Landlæknir | 15,0 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 15,0 |

m.kr.

**08-305 Lýðheilsustöð**

Almennur rekstur:
1.01 Lýðheilsustöð ..... 12,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 12,2

**08-326 Sjónstöð Íslands**

Almennur rekstur:
1.01 Sjónstöð Íslands ..... 40,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 40,0

**08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús**

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús ..... 18,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 18,8

**08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**

Almennur rekstur:
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit ..... 3,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 3,8

**08-401 Öldrunarstofnanir, almennt**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt ..... -4,0

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald ..... -26,6

**Gjöld samtals** ..... **-30,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -30,6

m.kr.

**08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt ..... 25,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður ..... -25,0

**Gjöld samtals** ..... **0,0**

**08-700 Heilbrigðisstofnanir**

Viðhaldsverkefni:
5.50 Viðhald heilbrigðisstofnana ..... 26,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 26,6

**08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur** ..... **2.234,8**
**Greitt úr ríkissjóði** ..... **1.186,0**
**Innheimt af ríkistekjum** ..... **1.048,8**
**Viðskiptahreyfingar** ..... **0,0**

m.kr.

## 09 Fjármálaráðuneyti

### 09-405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins ..... 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 25,0

### 09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna ..... 3.000,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar ..... 3.000,0

### 09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál ..... 2.464,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 2.464,3

### 09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni ..... 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 10,0

**09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur** ..... **5.499,3**
**Greitt úr ríkissjóði** ..... **2.499,3**
**Innheimt af ríkistekjum** ..... **0,0**
**Viðskiptahreyfingar** ..... **3.000,0**

m.kr.

## 10 Samgönguráðuneyti

### 10-190 Ýmis verkefni

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.36 Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkurflugvelli | 15,0 |
| 1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu | 100,0 |
| Almennur rekstur samtals | 115,0 |
| **Gjöld samtals** | **115,0** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 115,0 |

### 10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

| | |
|---|---|
| Stofnkostnaður: | |
| 6.10 Framkvæmdir | 1.000,0 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 1.000,0 |

### 10-251 Umferðarstofa

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Umferðarstofa | 45,0 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 45,0 |

### 10-471 Rekstur Flugmálastjórnar

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Flugmálastjórn | 29,2 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 29,2 |

### 10-472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar

| | |
|---|---|
| Stofnkostnaður: | |
| 6.41 Framkvæmdir | 80,0 |

| | m.kr. |
|---|---|
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 80,0 |
| **10-521 Fjarskiptasjóður** | |
| Stofnkostnaður: | |
| 6.41 Fjarskiptasjóður | 500,0 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 500,0 |
| **10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur** | **1.769,2** |
| **Greitt úr ríkissjóði** | **644,2** |
| **Innheimt af ríkistekjum** | **1.125,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

## 11 Iðnaðarráðuneyti

### 11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.50 Nýsköpun og markaðsmál ..... 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 25,0

### 11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis ..... 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 25,0

### 11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku ..... -25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -25,0

**11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 25,0**
**Greitt úr ríkissjóði ..... 25,0**
**Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0**
**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

m.kr.

## 12 Viðskiptaráðuneyti

### 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa ..... 12,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 12,0

### 12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál ..... 4,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 4,5

**12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 16,5**
**Greitt úr ríkissjóði ..... 16,5**
**Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0**
**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

m.kr.

## 14 Umhverfisráðuneyti

### 14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður ..... 128,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 128,5

### 14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn ..... 8,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 8,3

### 14-410 Veðurstofa Íslands

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður ..... 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 10,0

**14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 146,8**
**Greitt úr ríkissjóði ..... 18,3**
**Innheimt af ríkistekjum ..... 128,5**
**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

m.kr.

# 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

## 19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs | 571,0 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | -385,0 |
| Viðskiptahreyfingar | 956,0 |

| | |
|---|---|
| **19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur** | **571,0** |
| **Greitt úr ríkissjóði** | **-385,0** |
| **Innheimt af ríkistekjum** | **0,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **956,0** |

m.kr.

Séryfirlit 1

# Málaflokkar gjalda í A-hluta

| | | |
|---|---|---|
| **01.** | **Almenn opinber þjónusta** | |
| 01.1 | Opinber þjónusta | |
| | 01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins | 32,0 |
| | 01.1.2 Fjármálastjórnsýsla | 33,0 |
| | 01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla | 93,8 |
| | **Samtals** | **158,8** |
| 01.3 | Opinberar frumrannsóknir | |
| | 01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum | 8,3 |
| | **Samtals** | **8,3** |
| 01.4 | Önnur almenn opinber þjónusta | |
| | 01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta | 85,0 |
| | **Samtals** | **85,0** |
| **Almenn opinber þjónusta samtals** | | **252,1** |
| **03.** | **Löggæsla og öryggismál** | |
| 03.1 | Löggæsla og brunavarnir | |
| | 03.1.1 Löggæsla | 939,0 |
| | **Samtals** | **939,0** |
| 03.2 | Dómstólar | 10,0 |
| 03.3 | Fangelsi | 15,0 |
| 03.4 | Önnur réttar- og öryggismál | 208,4 |
| **Löggæsla og öryggismál samtals** | | **1.172,4** |
| **04.** | **Fræðslumál** | |
| 04.2 | Framhaldsskólastig | |
| | 04.2.1 Almennt framhaldsskólastig | 240,0 |
| | **Samtals** | **240,0** |
| 04.3 | Æðra skólastig | |
| | 04.3.1 Háskólastig | 187,9 |
| | **Samtals** | **187,9** |

| | m.kr. |
|---|---|
| 04.6 Önnur fræðslumál, óta. | 20,0 |
| **Fræðslumál samtals** | **447,9** |
| | |
| **05. Heilbrigðismál** | |
| 05.1 Sjúkrahúsaþjónusta | |
| 05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta | 45,4 |
| 05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir | -30,6 |
| **Samtals** | **14,8** |
| 05.2 Heilsugæsla | |
| 05.2.2 Sérstæð heilsugæsla | 40,0 |
| **Samtals** | **40,0** |
| 05.4 Lyf og hjálpartæki | 50,0 |
| 05.6 Önnur heilbrigðismál | 31,0 |
| **Heilbrigðismál samtals** | **135,8** |
| | |
| **06. Almannatryggingar og velferðarmál** | |
| 06.1 Almannatryggingar | |
| 06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur | -123,5 |
| 06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir | 1.934,0 |
| 06.1.4 Atvinnuleysisbætur | -450,0 |
| **Samtals** | **1.360,5** |
| 06.2 Velferðarmál | |
| 06.2.3 Málefni fatlaðra | 2,3 |
| 06.2.4 Önnur velferðarheimili | 1,0 |
| 06.2.6 Önnur velferðarþjónusta | 165,0 |
| **Samtals** | **168,3** |
| **Almannatryggingar og velferðarmál samtals** | **1.528,8** |
| | |
| **08. Menningarmál** | |
| 08.0 Menningarmál | |
| 08.0.2 Söfn, listir o.fl. | 357,0 |
| 08.0.3 Fjölmiðlar | 50,0 |
| 08.0.4 Kirkjumál | 86,3 |
| 08.0.5 Önnur menningarmál | 11,0 |
| **Samtals** | **504,3** |
| **Menningarmál samtals** | **504,3** |

| | m.kr. |
|---|---|
| **10. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál** | |
| 10.1 Landbúnaðarmál | |
| 10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar | 319,9 |
| 10.1.5 Dýralæknisþjónusta | 63,8 |
| 10.1.7 Önnur landbúnaðarmál | 358,4 |
| **Samtals** | **742,1** |
| 10.3 Sjávarútvegsmál | |
| 10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi | 174,2 |
| **Samtals** | **174,2** |
| **Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals** | **916,3** |
| **11. Iðnaðarmál** | |
| 11.2 Iðnaðarstarfsemi | 25,0 |
| **Iðnaðarmál samtals** | **25,0** |
| **12. Samgöngumál** | |
| 12.1 Landsamgöngur | |
| 12.1.1 Vega- og gatnagerð | 1.000,0 |
| 12.1.2 Umferðarmál | 45,0 |
| **Samtals** | **1.045,0** |
| 12.4 Loftsamgöngur | |
| 12.4.2 Önnur loftsamgöngumál | 660,7 |
| **Samtals** | **660,7** |
| 12.7 Önnur samgöngumál | 600,0 |
| **Samgöngumál samtals** | **2.305,7** |
| **13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega** | |
| 13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins | 37,1 |
| 13.5 Almenn launa- og atvinnumál | -125,0 |
| **Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals** | **-87,9** |

m.kr.

| | | |
|---|---|---|
| **14.** | **Önnur útgjöld ríkissjóðs** | |
| 14.0 | Önnur útgjöld ríkissjóðs | |
| | 14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður | 571,0 |
| | 14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila | 1.075,0 |
| | 14.0.3 Önnur þjónusta | 5.464,3 |
| | **Samtals** | **7.110,3** |
| **Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals** | | **7.110,3** |
| **Heildargjöld samtals** | | **14.310,7** |

Séryfirlit 2

# Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2006

m.kr.

| | |
|---|---|
| ***Rekstrargjöld*** | |
| Laun | 1.637,0 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 0,0 |
| Önnur gjöld | 1.744,4 |
| Sértekjur | 0,0 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **3.381,4** |
| | |
| **Fjármagnskostnaður** | **571,0** |
| | |
| ***Rekstrar- og neyslutilfærslur*** | |
| Afskriftir skattkrafna | 3.000,0 |
| Lífeyristryggingar | 1.934,0 |
| Launa- og verðlagsmál | 1.140,0 |
| Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | 1.075,0 |
| Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli | 536,5 |
| Greiðslur vegna búvöruframleiðslu | 337,1 |
| Framlag til sókna og kirkjugarða | 86,3 |
| Ábyrgðasjóður launa | -125,0 |
| Fæðingarorlofssjóður | -142,5 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | -450,0 |
| Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur | 491,4 |
| **Neyslu og rekstrartilfærslur samtals** | **7.882,8** |
| | |
| ***Viðhald*** | |
| Vegakerfi | 0,0 |
| Annað | -40,0 |
| **Viðhald samtals** | **-40,0** |
| | |
| ***Fjárfesting*** | |
| Vegakerfi | 1.000,0 |
| Heilbrigðisstofnanir | -25,0 |
| Flugvellir | 80,0 |
| Annað | 1.460,5 |
| **Fjárfesting samtals** | **2.515,5** |
| | |
| **Gjöld samtals** | **14.310,7** |

Séryfirlit 3

# Markaðar tekjur 2006

| m.kr | | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| **03-611** | **Útflutningsráð Íslands** | |
| | Markaðsgjald | 10,6 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 10,6 |
| **04-824** | **Verðmiðlun landbúnaðarvara** | |
| | Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins | -17,2 |
| | Greitt úr ríkissjóði | -17,2 |
| **07-982** | **Ábyrgðasjóður launa** | |
| | Ábyrgðargjald vegna launa | 385,2 |
| | Greitt úr ríkissjóði | -125,0 |
| | Viðskiptahreyfing | 510,2 |
| **07-984** | **Atvinnuleysistryggingasjóður** | |
| | Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi | 170,6 |
| | Greitt úr ríkissjóði | -450,0 |
| | Viðskiptahreyfing | 620,6 |
| **07-987** | **Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga** | |
| | Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi | 5,4 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 0,0 |
| | Viðskiptahreyfing | 5,4 |
| **07-989** | **Fæðingarorlofssjóður** | |
| | Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs | 290,1 |
| | Greitt úr ríkissjóði | -153,5 |
| | Viðskiptahreyfing | 443,6 |
| **08-204** | **Lífeyristryggingar** | |
| | Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga | 1.048,8 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 1.048,8 |
| **10-212** | **Framkvæmdir Vegagerðarinnar** | |
| | Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar | 24,0 |
| | Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar | 1.053,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 1.000,0 |
| | Viðskiptahreyfing | 77,0 |

| | | |
|---|---|---|
| **10-251** | **Umferðarstofa** | |
| | Skráningargjöld ökutækja | 0,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 45,0 |
| | Viðskiptahreyfing | -45,0 |
| **10-472** | **Framkvæmdir Flugmálastjórnar** | |
| | Flugvallaskattur til framkvæmda Flugmálastjórnar | 0,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 80,0 |
| | Viðskiptahreyfing | -80,0 |
| **11-299** | **Iðja og iðnaður, framlög** | |
| | Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs | 1,9 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 0,0 |
| | Viðskiptahreyfing | 1,9 |
| **12-190** | **Ýmis verkefni** | |
| | Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar | 0,2 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 0,0 |
| | Viðskiptahreyfing | 0,2 |
| **14-381** | **Ofanflóðasjóður** | |
| | Ofanflóðasjóðsgjald | 0,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 128,5 |
| | Viðskiptahreyfing | -128,5 |
| | **Heildartekjur** | **2.972,6** |
| | **Heildargreiðslur úr ríkissjóði** | **1.567,2** |
| | **Mismunur** | **1.405,4** |
| | **Þar af viðskiptahreyfingar** | **1.405,4** |

Séryfirlit 4

# Aðrar rekstrartekjur stofnana 2006

| m.kr | | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| **02-971** | **Ríkisútvarpið** | |
| | Afnotagjöld RÚV | 50,0 |
| **06-190** | **Ýmis verkefni** | |
| | Prófgjöld vegna prófa fasteignasala | -10,0 |
| | **Heildartekjur** | **40,0** |
| | **Heildargreiðslur úr ríkissjóði** | **40,0** |
| | **Mismunur** | **0,0** |
| | **Þar af viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

Séryfirlit 5

# Lögbundin framlög 2006

| m.kr | | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| **02-201** | **Háskóli Íslands** | |
| | Háskólasjóður | 28,1 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 28,1 |
| **06-705** | **Kirkjumálasjóður** | |
| | Kirkjumálasjóður | 5,4 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 5,4 |
| **06-735** | **Sóknargjöld** | |
| | Sóknargjöld | 63,5 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 63,5 |
| **06-736** | **Jöfnunarsjóður sókna** | |
| | Jöfnunarsjóður sókna | 8,9 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 8,9 |
| **07-801** | **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga** | |
| | Lögbundið framlag | 1.075,0 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 1.075,0 |
| **08-305** | **Lýðheilsustöð** | |
| | Tóbaksvarnir, lögbundið framlag | 12,2 |
| | Greitt úr ríkissjóði | 12,2 |
| | **Lögbundin framlög alls** | **1.193,1** |
| | **Heildargreiðslur úr ríkissjóði** | **1.193,1** |

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

# Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2005. Tillögurnar eru í samræmi við framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu. Tekið er tillit til nýrrar lagasetningar, ófyrirséðra útgjalda, breytinga á forsendum og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld.

**Endurskoðuð áætlun um afkomu árið 2006.** Í fjárlögum fyrir árið 2006 var gert ráð fyrir 19,6 milljarða króna tekjuafgangi á ríkissjóði. Heildartekjur voru áætlaðar 334,6 milljarðar króna og gjöld 315,0 milljarðar króna. Áætlanir um tekjur og gjöld hafa verið endurmetnar í ljósi framvindunnar innan ársins og í ljósi endurmats á þjóðhagsforsendum. Er nú áætlað að tekjur verði ríflega 40 milljörðum króna hærri en áætlað ver í fjárlögum og gjöldin 11 milljörðum meiri. Tekjuafgangur er því áætlaður 49 milljarðar króna á árinu 2006 í stað 19,6 milljarða.

| Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs | Fjárlög 2006 | Áætlun 2006 | Breyting frá fjárlögum |
|---|---|---|---|
| Tekjur | 334,6 | 375,0 | 40,4 |
| Gjöld | 315,0 | 326,0 | 11,0 |
| **Tekjujöfnuður** | **19,6** | **49,0** | **29,4** |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | -4,1 | -2,0 | 2,1 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **15,5** | **47,0** | **31,5** |
| Fjármunahreyfingar | -0,8 | -2,6 | -1,8 |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður** | **14,7** | **44,4** | **29,7** |

Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði 47 milljarðar króna sem er ríflega 30 milljarða betri niðurstaða en í fjárlögum og skýrist fyrst og fremst af meiri tekjuafgangi, en handbært fé er það fé sem regluleg starfsemi ríkissjóðs skilar. Áætlað er að fjármunahreyfingar verði neikvæðar um 2,6 milljarða króna sem er tæplega 1,8 milljarða breytinga frá fjárlögum og skýrist einkum af þremur liðum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að stofnfjárframlög verði 1 milljarði króna meiri en áætlað var í fjárlögum vegna þess að stofnframlag til Nýsköpunarsjóðs sem áformað var að leggja í sjóðinn árið 2005 færðist yfir á árið 2006. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að sala hlutabréfa og eignarhluta verði rúmlega 400 m.kr. minni

en áætlað var í fjárlögum og í þriðja lagi verða veitt lán ríkissjóðs tæplega 300 m.kr. meiri en áformað var. Lánsfjárjöfnuður verður því rúmir 44 milljarðar króna og er það fé sem ríkissjóður hefur til ráðstöfunar til að greiða niður skuldir eða bæta stöðu sína með öðrum hætti. Áætlað er að ráðstafa lánsfjárafgangi þannig að í stað þess að greiða niður skuldir um 11,4 milljarða króna verða skuldir lækkaðar um 23,4 milljarða. Þá batnar staðan við Seðlabanka um 17 milljarða í stað þess að rýrna um 0,7 milljarða eins og áætlað ver í fjárlögum. Loks er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða 4 milljörðum króna.

Vakin er athygli á því að ekki er beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um í frumvarpinu og áætlaðra útgjalda á árinu. Kemur þar einkum tvennt til: Annars vegar er í frumvarpinu sótt um fjárheimildir vegna umframgjalda fyrri ára sem þegar hafa verið færð í reikningum ríkissjóðs. Hins vegar verða ekki öll umframgjöld bætt á árinu og færast til frádráttar fjárveitingum næsta árs eða stofnanir ganga á ónýttar fjárheimildir fyrri ára. Með sama hætti er gert ráð fyrir að fjárheimildir verði ekki að fullu nýttar á árinu og færist á næsta ár.

Hér á eftir er fjallað um áætlaðar breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við fjárlög 2006 og þær breytingar á fjárlögum 2006 sem lagðar eru til með frumvarpinu.

# 1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur fyrir árið 2006. Farið er yfir tekjur ríkissjóðs á árinu 2006 í tengslum við helstu forsendur þjóðhagsspár og helstu frávik frá fjárlögum.

**Tekjuhorfur 2006.** Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs fyrir árið 2006 yrðu 335 milljarðar króna. Við endurskoðun á áætluðum tekjum ársins 2006 er horft til þróunar á innheimtum tekjum sem af er árinu, niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2005 og breyttra efnahagsforsenda. Efnahagsumsvif hafa verið meiri en gert var ráð fyrir, bæði árið 2005 og í ár og endurspeglast það í tekjum ríkissjóðs. Nú er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári aukist um 40 milljarða króna frá fjárlagaáætlun og muni nema 375 milljörðum króna. Meginskýringin eru auknar skatttekjur ríkissjóðs en gert er ráð fyrir fjórðungi meiri tekjum af sköttum á tekjur og hagnað. Tekjuskattur lögaðila er talinn verða verulega hærri en í fjárlögum sem endurspeglar betri afkomu fyrirtækja á árinu 2005 en áður var áætlað. Einnig hækkar tekjuskattur einstaklinga sem má annars vegar rekja til meiri fjölgunar á vinnuafli en áður var áætlað og hins vegar til meiri launabreytinga. Fjármagnstekjuskattur er einnig áætlaður verulega hærri en í fjárlögum. Aukin heildarumsvif í efnahagslífinu hafa einnig skilað sér í veltusköttum. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar nokkuð frá fjárlagaáætlun eða úr 27,3% í 31,0%.

Í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins fyrir árið 2006 er reiknað með að hagvöxtur verði 4,2% en hann var áætlaður 4,6% í fjárlögum 2006. Verg landsframleiðsla er þó áætluð meiri en þá var gert ráð fyrir. Á því eru tvær skýringar. Annars vegar varð verðbólga meiri en þá var áætlað og hins vegar sýndu endurskoðaðar tölur frá Hagstofunni um landsframleiðslu árið 2005 að hagvöxtur var 2 prósentustigum meiri en í síðustu áætlun þeirra. Nú er spáð rúmlega 5% aukningu þjóðarútgjalda á þessu ári, einkum vegna tæplega 10% aukningar í fjárfestingu atvinnuveganna, 9% aukningar í fjárfestingum í íbúðarhúsnæði og 4% aukningar í einkaneyslu. Gert er ráð fyrir að samneyslan aukist um 2,7%. Á móti vegur að fjárfesting hins opinbera er talin dragast saman um 19% frá fyrra ári sem er meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Viðskiptahalli er talinn verða 18,7% af landsframleiðslu í ár. Þessa aukningu má einkum rekja til mun meiri halla á vöruskiptum en áður var gert ráð fyrir. Stóran hluta hallans eða um 30% má rekja beint til stóriðjuframkvæmda.

Mikil einkaneysla skýrist meðal annars af meiri ráðstöfunartekjum á mann en áður var áætlað. Gert er ráð fyrir að þær aukist um 13,4% frá fyrra ári. Atvinnuleysi er einnig nokkru minna en áætlað var eða 1,3% af mannafla. Verðbólga er hins vegar verulega meiri, en búist er við að hún verði 7,3%, sem skýrist meðal annars af óvæntu gengisfalli krónunnar fyrri hluta árs 2006 og viðbótar hækkun launa á almennum vinnumakaði um mitt árið.

| | Fjárlög 2006 [1] | Áætlun 2006 [2] | Frávik frá fjárlögum |
|---|---|---|---|
| **I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %** | | | |
| Einkaneysla | 4,3 | 4,0 | -0,3 |
| Samneysla | 2,2 | 2,7 | 0,5 |
| Fjárfesting | 0,8 | 8,3 | 7,5 |
| Þjóðarútgjöld alls | 2,9 | 5,2 | 2,3 |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 6,2 | 3,7 | -2,5 |
| Innflutningur vöru og þjónustu | 1,9 | 5,2 | 3,3 |
| Verg landsframleiðsla | 4,6 | 4,2 | -0,4 |
| Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu | -12,2 | -18,7 | -6,5 |
| **II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %** | | | |
| Ráðstöfunartekjur á mann | 6,5 | 13,4 | 6,9 |
| Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann | 2,7 | 5,7 | 3,0 |
| Vísitala neysluverðs | 3,8 | 7,3 | 3,5 |
| Gengisvísitala | 3,6 | 12,3 | 8,7 |
| Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla | 1,8 | 1,3 | -0,5 |

[1] Þjóðhagsspá útgefin í október 2005.

[2] Þjóðhagsspá útgefin í október 2006.

**Skattar á tekjur og hagnað.** Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað aukist um rúmlega 26 milljarða króna frá fjárlögum og verði rétt um 128 milljarðar króna. Allir stærstu tekjupóstarnir eru taldir hækka. Þannig er áætlað að tekjuskattur einstaklinga hækki um 13,7 milljarða króna, tekjuskattur lögaðila um 12,5 milljarða og fjármagnstekjuskattur einstaklinga um 5,6 milljarða frá fjárlagaáætlun. Þessar hækkanir skýrast af meiri umsvifum í efnahagslífinu en áætlað hafði verið. Tekjuskattur einstaklinga lækkaði um eitt prósentustig frá fyrra ári og er nú 23,75%.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2006 | Áætlun [1] 2006 | Frávik m.kr. | Frávik % |
|---|---|---|---|---|
| **I Skatttekjur** | **306.452** | **348.148** | **41.696** | **13,6** |
| Skattar á tekjur og hagnað | 101.597 | 127.797 | 26.200 | 25,8 |
| Einstaklingar | 82.300 | 96.000 | 13.700 | 16,6 |
| Lögaðilar | 17.500 | 30.000 | 12.500 | 71,4 |
| Ótalið annars staðar | 1.797 | 1.797 | 0 | 0,0 |
| Tryggingagjöld | 34.411 | 35.608 | 1.197 | 3,5 |
| Eignarskattar | 7.065 | 8.465 | 1.400 | 19,8 |
| Skattar á vörur og þjónustu | 162.456 | 174.959 | 12.503 | 7,7 |
| Virðisaukaskattur | 114.400 | 119.600 | 5.200 | 4,5 |
| Aðrir skattar | 923 | 1.319 | 396 | 42,9 |
| **II Aðrar rekstrartekjur** | **26.169** | **24.873** | **-1.296** | **-5,0** |
| Arðgreiðslur | 1.444 | 1.444 | 0 | 0,0 |
| Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur | 16.434 | 15.098 | -1.336 | -8,1 |
| Neyslu- og leyfisgjöld | 7.224 | 7.264 | 40 | 0,6 |
| Annað | 1.067 | 1.067 | 0 | 0,0 |
| **III Sala eigna** | **540** | **540** | **0** | **0,0** |
| **V Fjárframlög** | **1.478** | **1.478** | **0** | **0,0** |
| **Heildartekjur ríkissjóðs** | **334.639** | **375.039** | **40.400** | **12,1** |
| **Sjóðshreyfing** | **320.703** | **364.666** | **43.963** | **13,7** |

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

**Tryggingagjöld.** Tekjur af tryggingagjaldi eru einnig taldar hækka frá fjárlagaáætlun af sömu ástæðu og hækkun á tekjuskatti einstaklinga. Þær eru taldar hækka um 1,2 milljarða og nema í heild 35,6 milljörðum króna.

**Eignaskattar.** Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að tekjur af eignaskatti hækki um 1,4 milljarða króna og muni nema 8,5 milljarði. Hér er miðað við að tekjur vegna stimpilgjalda aukist um 1 milljarð króna og tekjur vegna erfðafjárskatts um 0,4 milljarða.

**Skattar á vöru og þjónustu.** Gert er ráð fyrir að skattar á vöru og þjónustu aukist um 12,5 milljarða króna frá fjárlögum. Langstærsti tekjustofninn er virðisaukaskattur sem

áætlað er að nemi 119,6 milljörðum króna sem er hækkun um 5,2 milljarða frá áætlun fjárlaga. Einnig er gert ráð fyrir að tæplega 3 milljarða króna meiri tekjum af vörugjöldum af ökutækjum og 2,2 milljarða króna hækkun á ýmsum almennum vörugjöldum. Þessar hækkanir má rekja til enn meiri einkaneyslu en spáð hafði verið. Þannig er nú gert ráð fyrir að fluttar verði inn 23.000 bifreiðar á árinu en í fyrra voru þær tæplega 26.000 sem var metár. Spáð hafði verið meiri minnkun milli ára í innflutningi en nú lítur út fyrir að verði. Tekjur af olíugjaldi eru áætlaðar að verði um 1 milljarði meiri, en olíusala hefur verið miklu meiri en gert var ráð fyrir. Á árinu hefur tímabundin lækkun á olíugjaldi á hvern seldan dísillítra verið framlengd, gjaldið er því 41 kr. en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að gjaldið yrði 45 kr.

**Aðrar rekstrartekjur.** Búist er við að aðrar rekstrartekjur lækki um 1,3 milljarð króna frá fjárlagaáætlun sem skýrist af því að þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs og aðrar vaxtatekjur aukist þá vegur ofmat á dráttarvöxtum af sköttum og hagnaði þann ábata upp.

## 2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á óskir ráðuneyta um aukna fjárþörf verkefna og stofnana vegna frávika frá heimildum fjárlaga. Leitað hefur verið skýringa á frávikum útgjalda frá fjárheimildum og lögð til viðbrögð innan ársins. Miðað er við að í fjáraukalögum verði bætt ófyrirséð útgjöld, kjarasamningar og úrskurðir. Einnig eru hagrænar forsendur endurmetnar, svo sem vaxtagjöld og atvinnuleysi ásamt því að útgjöld almannatrygginga eru endurmetin. Tekið er tillit til áhrifa nýrrar lagasetningar á útgjöld ríkissjóðs og nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Loks er í nokkrum tilvikum lagt til að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana eða verkefna verði bættur að hluta eða öllu leyti. Er það gert í þeim tilvikum að verkefni er lokið eða sýnt þykir að gripið hafi verið til þeirra aðgerða að rekstur verði innan fjárheimilda og hallarekstur verði stöðvaður.

Í frumvarpinu er farið fram á að fjárheimildir ríkissjóðs árið 2006 verði auknar um 14,3 milljarða króna. Þar af er sótt um tæplega 5,5 milljarða króna hjá Fjármálaráðuneyti, en þar af eru 3 milljarðar vegna gjaldfærslu afskrifaðra skattkrafna og 2,5 milljarðar vegna launa og verðlagsmála, einkum vegna hækkunar á launum ófaglærðra og áhrifa af breytingum gengi krónunnar á árinu. Farið er fram á rúma 2,2 milljarða króna til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og þar af eru 1,9 milljarðar vegna lífeyristrygginga í kjölfar samkomulags við Landssamband aldraðra. Lögð er til tæplega 1,8 milljarða hækkun á framlögum til Samgönguráðuneytisins, en þar af er 1 milljarður vegna bætts öryggis á vegum úr höfuðborginni, 500 m.kr. er framlag í Fjarskiptasjóð og sótt er um 100 m.kr. til andkynningarmála. Farið er fram á að fjárheimildir Dóms- og kirkjumálaráðuneytis hækki

um 1,2 milljarða króna, en þar af eru 500 m.kr. til eflingar þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar og 500 m.kr. til smíði á nýju varðskipi. Samtals er lagt til að framlög til Félagsmálaráðuneytis aukist um tæplega 400 m.kr. en þar skiptir í tvö horn, annars vegar er farið fram á ríflega 1 milljarð króna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga en hins vegar lækka framlög til atvinnuleysisbóta um 500 m.kr. vegna minna atvinnuleysis og endurskoðuð áætlun um Fæðingarorlofssjóð gerir ráð fyrir 200 m.kr. lækkun útgjalda frá áætlun fjárlaga. Farið er fram á 865 m.kr. fjárheimild til Menntamálaráðuneytis, þar af eru 240 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í framhaldsskólum, 150 m.kr. til stofnkostnaðar menningarstofnana og 120 m.kr. til að gera menningarsamninga. Lagt er til að fjárheimildir landbúnaðarráðuneytis verði auknar um rúmlega 740 m.kr. og munar þar mestu um 330 m.kr. til að styrkja byggingu reiðhalla og tæplega 340 m.kr. vegna verðuppfærslu búvörusamninga. Sótt er um 640 m.kr. til Utanríkisráðuneytisins, þar af eru 540 m.kr. aukin útgjöld Keflavíkurflugvallar og til öryggisgæslu vegna brotthvarfs varnarliðsins. Breytingar á útgjöldum annarra ráðuneyta er minni, en þar má helst nefna 174 m.kr. til Hafrannsóknarstofnunar vegna ýmissa verkefna og 128 m.kr. til Ofanflóðasjóðs vegna uppkaupa á íbúðarbyggðunum í Hnífsdal. Loks aukast vaxtagjöld ríkissjóðs um 570 m.kr. þrátt fyrir aukna niðurgreiðslu skulda vegna hærri vaxta og ákvörðunar um að auka framboð á ríkisverðbréfum innan lands.

Gert er ráð fyrir að til lækkunar komi um 3 milljarða vegna frestunar á framkvæmdaáformum á árinu 2006 sem færast á næstu ár án þess að fjárheimildir verði lækkaðar. Er frestunin vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá í sumar um að stöðva tímabundið þær framkvæmdir sem ekki höfðu þegar verið skuldbundnar með samningum. Fjárheimildir eru ekki lækkaðar vegna frestunarinnar.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2006 | Heimildir 2006 | Breyt.frá fjárlögum m.kr. | Breyt. frá fjárlögum % |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun | 91.999 | 93.245 | 1.246 | 1,4 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 4.798 | 4.798 | 0 | 0,0 |
| Önnur gjöld | 74.825 | 76.551 | 1.726 | 2,3 |
| Sértekjur | -21.934 | -21.934 | 0 | 0,0 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **149.688** | **152.660** | **2.972** | **2,0** |
| **Fjármagnskostnaður** | **13.440** | **14.011** | **571** | **4,2** |
| **Rekstrar- og neyslutilfærslur** | | | | |
| Lífeyristryggingar | 33.806 | 35.740 | 1.934 | 5,7 |
| Sjúkratryggingar | 15.511 | 15.511 | 0 | 0,0 |
| Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | 8.470 | 9.545 | 1.075 | 12,7 |
| Greiðslur vegna búvöruframleiðslu | 8.179 | 8.516 | 337 | 4,1 |
| Fæðingarorlofssjóður | 7.041 | 6.899 | -143 | -2,0 |
| Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð | 6.955 | 6.955 | 0 | 0,0 |
| Barnabætur | 6.800 | 6.800 | 0 | 0,0 |
| Afskriftir skattkrafna | 6.000 | 9.000 | 3.000 | 50,0 |
| Vaxtabætur | 5.100 | 5.100 | 0 | 0,0 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 4.477 | 4.477 | 0 | 0,0 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 3.850 | 3.400 | -450 | -11,7 |
| Framlag til sókna og kirkjugarða | 3.084 | 3.170 | 86 | 2,8 |
| Ríkisútvarpið | 2.550 | 2.550 | 0 | 0,0 |
| Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur | 21.320 | 23.337 | 2.017 | 9,5 |
| **Rekstrar- og neyslutilf. samtals** | **133.143** | **141.001** | **7.857** | **5,9** |
| **Viðhald** | | | | |
| Vegakerfi | 2.835 | 2.835 | 0 | 0,0 |
| Annað | 2.343 | 2.303 | -40 | -1,7 |
| **Viðhald samtals** | **5.178** | **5.138** | **-40** | **-0,8** |
| **Fjárfesting** | | | | |
| Vegakerfi | 5.905 | 6.905 | 1.000 | 16,9 |
| Heilbrigðisstofnanir | 1.612 | 1.587 | -25 | -1,6 |
| Hafnarframkvæmdir | 833 | 833 | 0 | 0,0 |
| Háskólar og framhaldskólar | 1.554 | 1.554 | 0 | 0,0 |
| Flugvellir | 280 | 360 | 80 | 28,5 |
| Annað | 3.426 | 4.937 | 1.511 | 44,1 |
| **Fjárfesting samtals** | **13.610** | **16.176** | **2.566** | **18,8** |
| **Gjöld samtals** | **315.059** | **328.985** | **13.926** | **4,4** |

## 3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lántökuheimildir fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, hækki úr 10.000 m.kr. í 26.400 m.kr. og er það í samræmi við endurskoðuð lántökuáform ársins 2006. Fer öll hækkunin til skuldbreytinga, enda verða skuldir greiddar meira niður en áformað var í fjárlögum.

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á endurlánaheimildum ríkissjóðs til samræmis við horfur fyrir árið í ár. Lagt er til að heimildirnar hækki um alls 400 m.kr., þar af eru 600 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna en 200 m.kr. heimild vegna Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli fellur brott. Hækkun á lánsfjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna stafar að mestu leyti af fyrri vanáætlun á afborgunum af eldri lánum sjóðsins hjá Lánasýslu ríkisins. Ekki eru lagðar til breytingar á heimild Happdrættis Háskóla Íslands en líkur eru á að hún verði ekki nýtt að fullu á árinu.

Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á heimildum til að veita ríkisábyrgð á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Breytingarnar eru tvær og í heildina tekið er lögð til 13.473 m.kr. lækkun heimildar. Annars vegar 14.973 m.kr. lækkun á heimild íbúðalánadeildar Íbúðalánasjóðs og hins vegar 1.500 m.kr. hækkun á heimild Byggðastofnunar. Minni lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs skýrist að mestu af því að horfur eru á að veitt lán íbúðalánadeildar verði ekki eins mikil og reiknað var með á fjárlögum, en þar var áætlað að veitt lán yrðu 72.999 m.kr. en nú er miðað við að þau verði 56.000 m.kr. Aukin lánsfjárþörf Byggðastofnunar er vegna endurfjármögnunar á óhagstæðari eldri lánum stofnunarinnar.

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 47 milljarðar króna og er það 31,5 milljarða króna hækkun frá áætlun fjárlaga. Veldur þar mestu tekjuaukning á árinu umfram aukningu útgjalda, en gert er ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á greiðslugrunni hækki um tæpa 39 milljarða króna frá áætlun fjárlaga en gjöld á greiðslugrunni hækki um tæpa 8 milljarða.

Áætlað er að fjármunahreyfingar ársins taki til sín 2,6 milljarða króna, en það er um 1,8 milljarði króna meira en reiknað var með á fjárlögum. Munar þar mest um að 1.000 m.kr. stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem áætlað var fyrir á fjáraukalögum 2005 var ekki greitt fyrr en á árinu 2006. Að öðru leyti stafar breytingin af 440 m.kr. minni tekjum af sölu hlutabréfa og eignarhluta, 275 m.kr. aukningu á veittum lánum og 50 m.kr. minni afborgunum af veittum lánum.

| Í milljónum króna | Fjárlög 2006 | Áætlun 2006 | Breyting frá fjárlögum |
|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | **15.497** | **47.000** | **31.503** |
| Fjármunahreyfingar: | | | |
| Veitt stutt lán, viðskiptareikningar | -400 | -400 | 0 |
| Veitt löng lán | -5.425 | -5.700 | -275 |
| Afborganir veittra lána | 4.950 | 4.900 | -50 |
| Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög | -500 | -1.500 | -1.000 |
| Sala hlutabréfa og eignarhluta | 540 | 100 | -440 |
| **Fjármunahreyfingar samtals** | **-835** | **-2.600** | **-1.765** |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður** | **14.662** | **44.400** | **29.738** |
| Fjármögnun: | | | |
| Skammtímalán | 0 | 0 | 0 |
| Tekin löng lán | 1.100 | 26.400 | 25.300 |
| Afborganir af teknum lánum | -12.500 | -49.800 | -37.300 |
| **Fjármögnun samtals** | **-11.400** | **-23.400** | **-12.000** |
| Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins | -4.000 | -4.000 | 0 |
| **Breyting á handbæru fé** | **-738** | **17.000** | **17.738** |

Hreinn lánsfjárjöfnuður er áætlaður 44,4 milljarðar króna og er það 29,7 milljörðum króna meiri afgangur en áætlað var í fjárlögum. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafganginum með því að greiða skuldir ríkissjóðs niður um 23,4 milljarða króna, greiða 4 milljarða króna inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands um 17 milljarða króna.

# 4 Heimildir

Sótt er um 18 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að þrjár eru til sölu á fasteignum, sex til sölu á eignarhlutum í húsum, ein vegna sölu á lóð, ein vegna sölu á eignarhlut í félagi, þrjár vegna kaupa eða leigu á fasteignum og fjórar vegna annarra mála.

Heimild 2.27 er vegna sölu á Sléttuvegi 17, Reykjavík en um er að ræða íbúð sem Háskóli Íslands fékk að gjöf og vill hafa makaskipti á annarri eign í sömu blokk.

Heimild 2.28 er vegna sölu á Lambeyrarbraut 4, Eskifirði en hún er ekki lengur nýtt sem íbúð fyrir sýslumanninn á Eskifirði.

Heimild 2.29 er vegna sölu á tveimur fullnustueignum Lánasjóðs Landbúnaðarins í Dalvíkurbyggð.

Heimild 3.24 er til að selja fasteign á vegum Háskóla Íslands sem hætt er að nota.

Heimild 3.25 er til að selja gamla sjúkrahúsið á Húsavík sem hætt er að nota.

Heimild 3.26 er til að selja eignarhlut ríkissjóðs í gömlu heilsugæslustöðinni á Skagaströnd en þar hefur ný heilsugæslustöð verið byggð.

Heimild 3.27 er til að selja eignarhlut í húsnæði á vegum ÁTVR sem hætt er að nota.

Heimild 3.28 er vegna skipta á skrifstofuhúsnæði Sýslumannsins á Blönduósi og skrifstofuhúsnæðis í eigu Blönduósbæjar í sama húsi.

Heimild 3.29 er til komin þar sem húsnæði Einkaleyfastofunnar við Skúlagötu 64 er fyrir framtíðarskipulagi á Skúlatúnsreitnum svokallaða.

Heimild 4.59 er til sölu á lóðarskika í Vestmannaeyjum þar sem áður stóð fangahús.

Heimild 5.3 er til sölu á hlut ríkisins í Kauphöll Íslands.

Heimildir 6.30 og 6.31 eru til komnar vegna leigu á hentugu húsnæði fyrir tilteknar stofnanir ríkisins sem nú eru í óhentugu húsnæði.

Heimild 6.32 er vegna stækkunar á húsnæði Iðnskólanum í Reykjavík sem er sameiginlegt verkefni ríkis og borgar.

Heimild 7.12 er til komin vegna þeirrar ákvörðunar ríkisins að kaupa merkilegt ritsafn sr. Ragnars Fjalars Lárussonar, prófasts, og afhenda það Hóladómkirkju að gjöf á 900 ára afmæli skóla og biskupsstóls á Hólum.

Heimild 7.13 er til komin vegna endurnýjunar á Breiðafjarðarferjunni Baldri.

Heimild 7.14 er vegna áskilnaðar laga um að leggja beri nýju hlutafélagi um matvælarannsóknir til stofnfé.

Heimild 7.15 er vegna viðræðna ríkis og sveitarfélaganna um kaup ríkissjóðs á hlut þeirra í Landsvirkjun.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

## 01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 32 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.19 Efnahagsrannsóknir.* Farið er fram á 12 m.kr. framlag til rannsóknarverkefna á sviði skatta-, félags- og velferðarmála.

*1.29 Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða.* Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag til að standa straum af stofnun og rekstri hlutafélags samkvæmt þjónustusamningi sem mun annast framtíðarþróun og umbreytingu varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli eftir að bandaríska varnarliðið hefur skilað því.

## 02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 865,9 m.kr.

**101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Óskað er eftir 10 m.kr. fjárveitingu vegna sérfræðikostnaðar við vinnu að gerð frumvarps um fjölmiðla. Við gerð frumvarpsins hefur verið leitað til sérfræðinga og farið yfir fjölda álitamála og athugasemda. Kostnaður vegna þeirrar vinnu hefur verið umfram það sem eðlilegt er talið að aðalskrifstofa ráðuneytisins geti borið, enda var kostnaðurinn ekki allur fyrirséður.

**201 Háskóli Íslands.**

*1.01 Háskóli Íslands.* Lagt til að veitt verði 9,1 m.kr. framlag til að fjölga nemendum í hjúkrunarfræði. Menntamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið hafa komist að samkomulagi um að gera ráðstafanir með það að markmiði að fjölga starfandi hjúkrunarfræðingum. Í því skyni er lagt er til að fjölgað verði hjúkrunarnemum við háskóla Íslands um 25 á ári. Miðað er við að fjölgun hjúkrunarnema verði strax á haustönn 2006, en það svarar til 12,5 nýrra árnema.

*1.13 Háskólasjóður.* Lagt er til að lögboðið framlag til Háskóla Íslands vegna

sóknargjalda verði hækkað um 28,1 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattstofnsins milli tekjuáranna 2004 og 2005 reyndist 8,6% og fjölgun einstaklinganna 2,7%, sem er umfram forsendur fjárlaga.

**202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.**

*1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.* Lagt er til að veitt verði samtals 90,7 m.kr. framlag til stofnunarinnar vegna tveggja tilefna. Annars vegar var á ríkisstjórnarfundi í vor samþykkt að veita Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum heimild til 87,2 m.kr. úrbóta á aðstöðu til krufningar fuglshræja, svo kallaða P3 aðstöðu, til rannsókna á fuglaflensu. Hins vegar er sótt um 3,5 m.kr. framlag vegna ófyrirséðs kostnaðar vegna nýrnaveiki í alifiskum. Á árinu 2005 greindist nýrnaveiki í alifiskum sem kallaði á umfangsmiklar rannsóknir. Í 16.gr. laga nr. 50/1986 um Rannsóknardeild fisksjúkdóma kemur fram að kostnaður við rannsóknir í klak- og eldisstöðvum sem sett hefur verið í sölu- eða dreifingarbann vegna sjúkdóms, skuli greiddur úr ríkissjóði. Um óvænt útgjöld er að ræða og umfangsmeiri rannsóknir en áður þar sem hrogn og fiskar höfðu verið fluttir á milli stöðva áður en vart var við smitið.

**204 Stofnun Sigurðar Nordals.**

*1.01 Stofnun Sigurðar Nordals.* 10,9 m.kr. eru millifærðar af *02-204-101Stofnun Sigurðar Nordal* yfir á *02-209-101 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.* Lagt er til að 4/12 hlutar fjárveitingar Stofnunar Sigurðar Nordals verði millifærðir vegna laga um Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum. Lögin um hina nýju stofnun taka gildi 1. september.

**205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.**

*1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.* 39,9 m.kr. millifærðar af *02-205-101 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi* yfir á *02-209-101 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.* Lagt er til að 4/12 hlutar fjárveitingar Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi verði millifærðir vegna laga um Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum. Lögin um hina nýju stofnun taka gildi 1. september.

**206 Orðabók Háskólans.**

*1.01 Orðabók Háskólans.* 14,4 m.kr.eru millifærðar af *02-206-101 Orðabók Háskólans* yfir á *02-209-101 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.* Lagt er til að 4/12 hlutar fjárveitingar Orðabókar Háskólans verði millifærðir á Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum vegna nýrra laga.Lögin taka gildi 1. september 2006.

**207 Íslensk málstöð.**

*1.01 Íslensk málstöð.* 8,2 m.kr. eru millifærðar af *02-207-101 Íslensk málstöð* yfir á *02-209-101 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* Lagt er til að 4/12 hlutar fjárveitingar Íslenskrar málstöðvar verði millifærðir á Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum vegna nýrra laga. Lögin taka gildi 1. september 2006.

**208 Örnefnastofnun Íslands.**

*1.01 Örnefnastofnun Íslands.* 4,5 m.kr. eru millifærðar af *02-208-101 Örnefnastofnun* yfir á *02-209-101 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.* Lagt er til að 4/12 hlutar fjárveitingar Örnefnastofnunar verði millifærðir á Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum vegna nýrra laga. Lögin taka gildi 1. september 2006.

**209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.**

*1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.* Vegna nýrrar stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eiga sér stað millifærslur frá eftirfarandi fjárlagaliðum er nemur 4/12 hlutar fjárveitinga þeirra; 39,9 m.kr. eru millifærðar af *02-205-101 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi*, 14,4 m.kr.eru millifærðar af *02-206-101 Orðabók Háskólans*, 10,9 m.kr. eru millifærðar af *02-204-101 Stofnun Sigurðar Nordal,* 8,2 m.kr. eru millifærðar af *02-207-101 Íslensk málstöð* og loks eru 4,5 m.kr. eru millifærðar af *02-208-101 Örnefnastofnun Íslands.* Samtals verður fjárveiting nýrrar stofnunar því 77,9 m.kr. á árinu 2006, en lög um hana tóku gildi 1. september.

**210 Háskólinn á Akureyri.**

*1.01 Háskólinn á Akureyri.* Lagt er til að veitt verði 40 m.kr. fjárveiting til Háskólans á Akureyri. Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra lögðu fram minnisblað fyrir ríkisstjórnina þar sem líst var yfir vilja til að beita sér fyrir því að stöðva hallarekstur skólans. Í því skyni var lagt til að ríkisstjórnin samþykkti að beita sér fyrir 60 m.kr. aukafjárveitingu til skólans á árinu 2006. Með framlaginu verður komið til móts við nemendafjölgun með um 20 m.kr. hækkun fjárveitinga og 40 m.kr. eru til að standa undir kostnaði af Borgum, rannsóknarhúsnæðis skólans, en hlutdeild háskólans í rannsóknahúsinu var aukinn þegar Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins ákvað að minnka við sig í húsnæði.

**319 Framhaldsskólar, almennt.**

*1.90 Framhaldsskólar, óskipt.* Óskað er eftir 240 m.kr. framlagi til framhaldsskóla. Samkvæmt fyrirliggjandi tölum um skráningu nemenda í framhaldsskóla vor og haust 2006 er fjöldi nemenda umfram forsendur fjárlaga. Lagt er til að komið verði til móts við skólana og verður fjárveitingunni skipt á framhaldsskóla með reiknilíkani.

**902 Þjóðminjasafn Íslands.**

*1.11 Hönnunarsafn Íslands.* Óskað er eftir 2 m.kr. framlagi til reksturs húsnæðisins Lyngáss þar sem Þjóðminjasafn flutti starfsemi sína úr húsinu á árinu. Hönnunarsafnið og Örnefnastofnun sem eftir eru í húsinu hafa ekki bolmagn til að standa undir rekstri hússins. Hönnunarsafnið er deild innan Þjóðminjasafnsins sem hefur staðið undir húsaleigunni.

**919 Söfn, ýmis framlög.**

*6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður.* Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. fjárveiting til uppbyggingar safnahúss í Búðardal. Ríkisstjórnin samþykkti vorið 2005 að beita sér fyrir 10 m.kr. framlagi á ári árin 2006-2008 til uppbyggingar safnahúss í Búðardal. Við afgreiðslu fjárlagafrumvarps 2006 féll framlagið niður og er lagt til að bætt verði úr því.

**969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.**

*6.23 Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík.* Gert er ráð fyrir 150 m.kr. fjárveitingu á þessum lið til að standa undir hlutdeild ríkissjóðs í áföllnum kostnaði vegna undirbúnings að byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Auk þess er gert ráð fyrir að nýttar verði afgangsheimildir viðfangsefnisins frá fyrri árum sem áætlað er að nemi um 65 m.kr. Aðallega er um að ræða ráðgjafarkostnað vegna undirbúnings útboðs. Í lið 7.7 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2006 er svohljóðandi heimildarákvæði: „Að greiða hlut ríkisins í undirbúningskostnaði Austurhafnar TR sem stofnað var á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg um rekstur og byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík."

*6.73 Þjóðleikhúsið.* Lagt er til að 10 m.kr. fjárheimild verði millifærð af liðnum til reksturs Þjóðleikhússins vegna húsaleigu. Ráðgert er að Fasteignir ríkissjóðs taki við umsýslu með fasteignum Þjóðleikhússins og annist viðhald þeirra gegn leigugreiðslu.

**971 Ríkisútvarpið.**

*1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld.* Gert er ráð fyrir að tekjur af afnotagjöldum til Ríkisútvarpsins aukist um 50 m.kr. frá áætlun fjárlaga þar sem afnotagjöldin hækka um 8% frá 1. október. Tekjur af afnotagjöldunum færast sem tekjur ríkissjóðs og er veitt til Ríkisútvarpsins með fjárveitingu um gjaldahlið. Sótt er um 50 m.kr. fjárheimild til að skila tekjunum.

**973 Þjóðleikhúsið.**

*1.01 Þjóðleikhúsið.* Samtals er farið fram á 85 m.kr. fjárheimildir til Þjóðleikhússins. Óskað er eftir 70 m.kr. framlagi vegna viðvarandi halla sem verið hefur á rekstri Þjóðleikhússins og vegna breytinga á kjarasamningum á árinu. Uppsafnaður halli á rekstri

nam 91 m.kr. í árslok 2005. Einnig er lagt er til að 10 m.kr. fjárheimild verði millifærð af liðnum *02-969 Menningarstofnanir, viðhalds- og stofnkostnaður* til Þjóðleikhússins vegna húsaleigu. Ráðgert er að Fasteignir ríkissjóðs taki við umsýslu með fasteignum Þjóðleikhússins og annist viðhald þeirra gegn leigugreiðslu. Loks er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna samnings á milli Þjóðleikhúss Íslands og Þjóðdans Færeyja. Samningurinn gildir frá árinu 2006. Óskað hefur verið eftir framlagi vegna áranna 2007 og 2008 í frumvarpi til fjárlaga 2007.

**982 Listir, framlög.**

*1.45 Menningarsamningar.* Lagt er til að veitt verði 120 m.kr. viðbótarframlag á nýju viðfangsefni undir þessum fjárlagalið til að standa straum af útgjöldum við menningarsamninga. Þegar er í gildi menningarsamningur við sveitarfélögin á Austurlandi og við sveitarfélögin á Vesturlandi. Þá er í gildi menningarsamningur við Akureyri um stuðning ríkisins við rekstur atvinnulistastofnana í bænum. Önnur samtök sveitarfélaga á landinu hafa óskað formlega eftir samstarfi um menningarmál. Tilgangur menningarsamninganna er að efla menningarstarf í landshlutum og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga í einn farveg. Jafnframt eru áhrif sveitarfélaga á forgangsröðun verkefna aukin. Menningarráð verður samstarfsvettvangur sveitarfélaganna og hefur meðal annars það hlutverk að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, úthluta fjármagni til menningarverkefna og verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, sem og að annast framkvæmd samninga. Reynslan af samningum sýnir að samstarf af þessu tagi hefur verið afar farsælt fyrir ríki og sveitarfélög. Sveitarfélögin hafa sett sér metnaðarfulla stefnumótun í menningarmálum en það er forsenda viðræðna um samning. Með samningum sem þessum hafa skapast ný tækifæri til listsköpunar og menningartengdrar ferðaþjónustu og þannig gefin ný tækifæri til fjölbreytilegrar menningar um land allt.

**999 Ýmislegt.**

*1.90 Ýmis framlög.* Sótt er um 5 m.kr. aukafjárveitingu til NemaNets sem er tilraunaverkefni sem felst í að gefa námráðgjöf og leiðbeiningar fyrir nemendur á vefnum með það að markmiði að þeir geti skipulagt betur nám sitt og tíma. Féll fjárveitingin niður við afgreiðslu fjárlagafrumvarps 2006 og er lagt til að bætt verði úr því með þessari tillögu.

*1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis.* Lagt er til að veitt verði 6 m.kr. framlag til Norrænna músíkdaga á Íslandi 2006.

*6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög.* Sótt er um 6 m.kr. fjárveitingu til að fjármagna kostnað vegna endurbyggingar Reykholtskirkju. Fyrirhuguð fjárveiting til verkefnisins féll niður við afgreiðslu fjárlagafrumvarps 2006. Einnig er farið er fram á 4 m.kr. fjárveitingu til uppbyggingar Textílseturs Íslands á Blönduósi. Safnið fékk 3 m.kr. fjár-

veitingu á sama lið í fjárlögum 2005, en við afgreiðslu fjárlagafrumvarps 2006 féllu niður áform um að veita 4 m.kr. til verkefnisins á þessu ári.

## 03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 640,9 m.kr.

### 101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að liðurinn hækki um samtals 26,3 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 20 m.kr. fjárveitingu til að endurnýja og efla örugg samskipti við NATO vegna brotthvarfs varnarliðsins og lokun öruggra samskiptamiðstöðvar á varnarsvæðinu. Um er að ræða kostnað við þjálfun starfsmanna og tæknibúnað. Í öðru lagi er óskað eftir 6,3 m.kr. til að standa straum af kostnaði gerðardóms sem féll í landleigumáli vegna Stokksnes.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.90 Ýmis verkefni.* Lagt er til að liðurinn hækki um samtals 67,5 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 42 m.kr. framlagi vegna öryggisgæslu á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Við brotthvarf varnarliðsins þurfa íslensk stjórnvöld að tryggja öryggisgæslu á varnarsvæðinu. Framlaginu er ætlað að standa straum af kostnaði vegna tímabundinna ráðstafana sem ekki voru fyrirséðar. Í öðru lagi er óskað eftir 25,5 m.kr. vegna reksturs olíubirgðastöðvar NATO í Hvalfirði sem ráðuneytið tók við af varnarliðinu árið 2004. Uppsafnaður kostnaður nemur 14,6 m.kr. til loka árs 2005 og er gert ráð fyrir 10,9 m.kr. kostnaði á árinu 2006.

### 211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.

*1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur.* Lagt er til að liðurinn hækki um samtals 536,5 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 343 m.kr. framlagi vegna yfirtöku á rekstrarþáttum sem hafa verið í höndum bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli. Framlagið miðast við yfirtöku á flugtengdum rekstrarþáttum frá og með 1. október 2006. Það felst meðal annars í rekstri slökkviliðs, snjóruðningsdeildar og rafeindadeildar. Í öðru lagi er óskað eftir 112,5 m.kr. framlagi í stofnkostnað er tengist yfirtöku á rekstrarþáttum sem hafa verið í höndum bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli. Í stofnkostnaðinum eru 43 m.kr. til vegagerðar, 25 m.kr. til kaupa á snjóruðningstækjum, 30 m.kr. til kaupa á þjónustubifreiðum og 14,5 m.kr. til kaupa á tölvu- og samskiptabúnaði. Í þriðja lagi er óskað eftir 81 mkr. framlagi til að standa straum af kostnaði við flugverndareftirlit á Keflavíkurflugvelli. Kostnaðurinn er að mestu falin í launakostnaði starfsmanna við flugvernd. Áætlað er að auka þurfi mannafla um 30

fastráðna starfsmenn og allt að 12 starfsmönnum til viðbótar á háannatímum. Eftirlit þetta er nauðsynlegt til að íslensk stjórnvöld geti staðist kröfur ESA á sviði flugverndar. Gert er ráð fyrir kostnaði á heilu ári í frumvarpi til fjárlaga 2007.

**611 Útflutningsráð Íslands.**

*1.10 Útflutningsráð Íslands.* Sótt er um 10,6 m.kr. viðbótarframlag til Útflutningsráðs í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds.

## 04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 742,1 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis.* Samtals er sótt um 354,5 m.kr. fjárheimildir á þennan lið. Farið er fram á 330 m.kr. framlag til að styrkja byggingu reiðhalla, reiðskemma og reiðskála sem reistir verða í samvinnu við hestamannafélög innan Landssambands hestamannafélaga og sveitarfélög. Framlagið verður fjármagnað með fjármunum sem eftir stóðu við sölu og niðurlagningu Lánasjóðs landbúnaðarins en voru ekki hluti af söluandvirði sjóðsins. Þá er farið fram á 22,5 m.kr. fjárveitingu vegna ógreiddra framlaga til átaksverkefnis um kynningu og markaðssetningu á íslenska hestinum, sbr. samkomulag landbúnaðarráðherra, utanríkisráðherra og samgönguráðherra frá 8. apríl 2003. Markmið verkefnisins er að efla jákvæða ímynd hrossaræktar og hestamennsku með áherslu á hlutverk Íslands sem upprunalands íslenska hestsins og forystuhlutverk þess í kynbótum, ræktun og fagmennsku á sviði hestamennsku o.fl. Samkvæmt samkomulaginu skyldi hvert ráðuneyti leggja árlega 3 m.kr. til verkefnisins, auk þess sem Búnaðarbankinn og Flugleiðir styrktu það með 1 m.kr. árlegu framlagi hvor um sig. Verkefnið tók til starfa 1. ágúst 2003 og því lýkur 31. júlí 2008. Loks er lögð til 2 m.kr. fjárveiting til talningar á landsel í haust. Fylgjast þarf með selastofnum við landið bæði vegna þess vandamáls sem hringormur í fiski er og eins vegna aðilar Íslands að NAMMCO, Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðinu, þar sem leggja þarf fram gögn um ástand sjávarspendýra. Útselsstofninn var talinn í fyrrahaust og telja þarf landselsstofninn í haust. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er jafnframt sótt um 2 m.kr. fjárveitingu til verkefnisins.

**234 Landbúnaðarstofnun.**

*1.01 Landbúnaðarstofnun.* Lagt er til að fjárveitingar til stofnunarinnar verði auknar um samtals 63,8 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á 25 m.kr. framlag vegna endurgreið-

slu gjalds fyrir sérstakt heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum svínabænda, en sérstök gjaldtaka fyrir eftirlitið var dæmd ólögmæt með dómi Hæstaréttar nr. 213/2005. Í öðru lagi er óskað eftir 15 m.kr. framlagi til kaupa á innréttingum, áhöldum og tölvubúnaði í nýtt húsnæði stofnunarinnar á Selfossi. Í þriðja lagi er farið fram á 12 m.kr. framlag vegna biðlauna fjögurra starfsmanna í 3,6 stöðugildum sem ekki þáðu störf hjá stofnuninni við sameiningu embættis Yfirdýralæknis, Aðfangaeftirlitsins, Veiðimálastjóra og Kjötmatsformanns í Landbúnaðarstofnun. Í fjórða lagi er sótt um 10 m.kr. framlag til faraldsfræðilegra rannsókna, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 10. febrúar 2006 í framhaldi af tillögum nefndar ráðuneytisstjóra til undirbúnings viðbúnaðar gegn farsóttum. Í fimmta og síðasta lagi er farið fram á 1,8 m.kr. framlag til faraldsfræðilegrar rannsóknar á fuglaflensu í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 7. október 2005 þess efnis að yfirdýralæknir rannsaki faraldsfræði fuglainflúensu hér á landi.

**801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.**

Lagt er til að greiðslur vegna mjólkurframleiðslu verði auknar samtals um 174,4 m.kr. vegna verðlagsbreytinga.

*1.01 Beinar greiðslur til bænda.* Gerð er tillaga um að veitt verði 149 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2006.

*1.02 Lífeyrissjóður bænda.* Lögð er til 16,1 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2006, auk þess sem framlagið er reiknað af heildarfjárhæð samningsins en ekki aðeins beingreiðsluþætti hans eins og fjárveiting fjárlaga miðaði við.

*1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi.* Sótt er um 3,7 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2006.

*1.06 Gripagreiðslur.* Óskað er eftir 5,6 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2006.

**805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.**

Lagt er til að greiðslur vegna sauðsfjárframleiðslu aukist um 154,5 m.kr. vegna verðlagsbreytinga.

*1.01 Beinar greiðslur til bænda.* Gerð er tillaga um 90 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

*1.02 Lífeyrissjóður bænda.* Lögð er til 5 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

*1.03 Jöfnunargreiðslur.* Sótt er um 2,8 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.
*1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar.* Farið er fram á 31 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.
*1.05 Niðurgreiðslur á ull.* Óskað er eftir 12,2 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.
*1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður.* Lögð er til 12,4 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.
*1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt.* Sótt er um 1,1 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

**807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.**

Farið er fram á 8,2 m.kr. fjárheimild vegna endurmats á samningi um grænmetisframleiðslu.
*1.01 Beinar greiðslur til bænda.* Lögð er til 2,4 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna uppgjörs á hagræðingarkröfu í aðlögunarsamning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Ákvæðið miðast við 2,5% árlega hagræðingarkröfu, en samningurinn er þó uppfærður miðað við þróun vísitölu neysluverðs. Upphæðin miðast við mismun á vísitölu neysluverðs og samningsbundinni hagræðingarkröfu frá upphafi samningsins.
*1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt.* Óskað er eftir 11 m.kr. framlagi í samræmi við ákvæði í aðlögunarsamning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Fjárveiting fjárlaga á þetta viðfang er tvíþætt. Annars vegar 92,6 m.kr. til niðurgreiðslu á rafmagni og hins vegar 5 m.kr. til að styrkja fjárfestingar í ljósabúnaði. Samkvæmt uppgjöri fyrir árið 2005 nam niðurgreiðslan 103,6 m.kr. og reiknað er með óbreyttum kostnaði í ár og því vantar 11 m.kr. á núverandi fjárheimildir.
*1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt.* Lögð er til 0,4 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna uppgjörs á hagræðingarkröfu í aðlögunarsamning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Ákvæðið miðast við 2,5% árlega hagræðingarkröfu, en samningurinn er þó uppfærður miðað við þróun vísitölu neysluverðs. Upphæðin miðast því við mismun á vísitölu neysluverðs og samningsbundinni hagræðingarkröfu frá upphafi samningsins.

**811 Bændasamtök Íslands.**

*1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt.* Farið er fram á 3,9 m.kr. fjárveitingu vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga á árinu 2005 samkvæmt búnaðarlagasamningi. Þar af eru 2,8 m.kr. vegna greiðslna Bændasamtaka Íslands umfram fjárveitingar á fjárlögum en 1,1 m.kr. vegna hlutdeildar ríkissjóðs í greiðslum búnaðarsambanda.

**824 Verðmiðlun landbúnaðarvara.**

*1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara.* Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af verðskerðingargjaldi á kindakjöti og hrossakjöti gerir ráð fyrir að tekjur af gjaldinu lækki um 17,2 m.kr. og verði 87 m.kr.

## 05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 174,2 m.kr.

**202 Hafrannsóknastofnunin.**

Lagt er til að fjarheimildir Hafrannsóknastofnunar verði auknar um samtals 174,2 m.kr. *1.01 Hafrannsóknastofnunin.* Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 53,3 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við vísindaveiðar á hrefnu sem fram fóru í sumar. Sjávarútvegsráðuneytið hefur undanfarin þrjú ár gert samning við Félag hrefnuveiðimanna um veiðarnar og skuldbindur það sig til að veiða allt að 60 hrefnur á árinu 2006 í vísindaskyni í samræmi við rannsókna- og framkvæmdaáætlanir undir yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar. Í öðru lagi er sótt um 35 m.kr. fjárveitingu til rannsóknaverkefnis um fóðrun fisks. Í byrjun árs 2005 hóf stofnunin rannsóknir á fóðrun fisks í Arnarfirði sem byggist á að kanna hvort unnt sé að stunda hagkvæman hjarðbúskap á þorski og meta hvort draga megi úr afráni ræku í firðinum. Gert var ráð fyrir að heildarkostnaður við verkefnið yrði 46 m.kr. en að tekjur af seldum fiski ásamt styrkjum næmu 35 m.kr. Áætlanir um tekjur gengu ekki eftir þar sem veiðar hófust ekki fyrr en undir lok ársins og ekki tókst að afla styrkja til verkefnisins. Í þriðja lagi er óskað eftir 35 m.kr. fjárveitingu vegna aukins kostnaðar við loðnuleit. Þrátt fyrir að farið hafið verið í stóra leiðangra hausið 2005 hafði ekki tekist að finna loðnustofninn í ársbyrjun 2006. Hafrannsóknastofnunin gat því ekki veitt ráðgjöf til ráðherra sem var forsenda þess að hægt væri að gefa út aflaheimildir í loðnu. Var því nauðsynlegt að auka loðnurannsóknir á fyrstu mánuðum ársins 2006 umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í starfsáætlun stofnunarinnar. Í því skyni voru leiðangrar á r/s Árna Friðrikssyni lengdir og farið í nokkra aukaleiðangra. Í fjórða lagi er lögð til 15,9 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar við ófyrirséðar viðgerðir á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni. Við skoðun á skipinu kom í ljós tæring í klósetttank og leiðslum. Varð því að taka skipið í

slipp og gera við það. Í fimmta lagi er lögð til 15 m.kr. fjárveiting til að bæta stofnuninni upp tjón vegna tapaðra krafna í kjölfar gjaldþrots fiskeldifyrirtækisins Sæbýli í Vogum á Vatnsleysuströnd, en Sæbýli var annar af tveimur kaupendum sandhverfuseiða frá tilraunaeldisstöð stofnunarinnar við Stað í Grindavík. Í sjötta lagi er gerð tillaga um 13 m.kr. fjárveitingu til tækjakaupa fyrir skip Hafrannsóknastofnunar. Í fjáraukalögum 2004 var heimilað að selja rannsóknarskipið Dröfn og verja andvirðinu til kaupa á rannsóknartækjum fyrir skip stofnunarinnar. Dröfn var seld fyrir rúmar 15 m.kr. en til stofnunarinnar skiluðu sér aðeins 2 m.kr. þar sem 13 m.kr. lán hvíldi á skipinu. Í sjöunda og síðasta lagi er farið fram á 7 m.kr. fjárveitingu til rannsókna á erfðaeiginleikum langreiðar. Á fundi vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins í Kóreu í júní 2005 var tekin sú ákvörðun að stofnunin rannsakaði erfðaeiginleika langreiðar. Ekki var gert ráð fyrir þeim kostnaði sem í rekstraráætlun Hafrannsóknastofnunar.

## 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 1.213,2 m.kr.

### 106 Þjóðskrá.

*1.01 Þjóðskrá.* Lagt er til að millifæra 46 m.kr. frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár vegna útgáfu vegabréfa. Þjóðskrá mun framvegis verða útgefandi nýrra vegabréfa með rafræn lífkenni. Til Útlendingastofnunar hafa á undanförnum árum verið veittar 48 m.kr. til útgáfu vegabréfa á uppreiknuðu verðlagi. Í fjárlögum þessa árs eru veittar 11 m.kr. vegna fyrirhugaðra breytinga á útgáfu vegabréfa. Alls nemur því millifærslan 59 m.kr. á ársgrundvelli og er gerð tillaga þar um í fjárlagafrumvarpi 2007. Framleiðsla nýrra vegabréfa hófst um miðjan maí og er millifærsla á þessu ári 46 m.kr. Heildarrekstrarkostnaður við ný vegabréf á þessu ári er áætlaður alls 60 m.kr. á ári og er nettófjárþörf 14 m.kr. Lagt er til að hækka framlag til þjóðskrár um 14 m.kr. Samkvæmt nýju lagafrumvarpi er fyrirhugað að þjóðskrá verði útgefandi nýrra vegabréfa með rafræn lífkenni og er kostnaður á þessu ári áætlaður 60 m.kr. Útlendingastofnun hefur fram til þessa verið útgefandi vegabréfa og nema fjárframlög á þessu ári þar um 46 m.kr. vegna þessa verkefnis. Það framlag verður millifært til þjóðskrár en lögð er til hækkun sem nemur mismuninum en framleiðsla nýrra vegabréfa hófst um miðjan maí.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.10 Fastanefndir.* Lagt er til að lækka aðrar ríkistekjur fastanefnda um 10 m.kr. og að greiðsla úr ríkissjóði hækki þá samsvarandi. Við undirbúning fjárlaga 2006 var vegna mistaka reiknað með aukinni fjármögnun með ríkistekjum og er óskað eftir að sú hækkun verði dregin tilbaka.

*1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður.* Óskað er eftir 20,9 m.kr. tímabundinni fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við sérstakan ríkissaksóknara í máli sem ríkissaksóknari sagði sig frá til að gæta hæfisreglna. Fjárveitingin er ætluð til þess að standa undir launakostnaði, sérfræðiaðstoð og húsnæði. Alls hafa verið veittar 18 m.kr. á árunum 2005 og 2006 en áætlað er að kostnaður nemi tæplega 39 m.kr. í árslok 2006.

**301 Ríkissaksóknari.**

*1.05 Ríkissaksóknari.* Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. til rekstrar embættis ríkissaksóknara en embættið hefur átt við nokkurn rekstrarvanda að stríða. Launagjöld vega þungt í rekstri embættisins en ekki þykir ásættanlegt að fækka saksóknurum.

**303 Ríkislögreglustjóri.**

*1.01 Ríkislögreglustjóri.* Lagt er til að veitt verði 31 m.kr. viðbótarfjárheimild til eflingar löggæslu vegna framkvæmda á Austfjörðum. Lögreglan hefur þurft að viðhafa sólarhringsvakt við vinnusvæði virkjana- og álversframkvæmda á Austfjörðum í sumar. Ekki var gert ráð fyrir þessum útgjöldum við gerð fjárlaga 2006. Embætti Ríkislögreglustjóra mun sinna uppgjöri til þeirra embætta sem lögðu til aukamannskap í þetta verkefni. Á fundi ríkisstjórnar 10.02.2006 var samþykktur hluti af tillögum nefndar ráðuneytisstjóra sem skipuð var til að undirbúa viðbúnað gegn farsóttum. Samþykkt var að leggja til í fjáraukalagafrumvarpi ársins 2006 alls 31.5 m.kr. þar af er 20 m.kr. framlag til upplýsingakerfa, 5 m.kr. til aðkeyptrar verkefnastjórnar, 6,5 m.kr. vegna viðbótarstarfsmanns hjá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra. Lagt er til að veitt verði 16 m.kr. framlag til sérsveitar ríkislögreglustjóra. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar snemma árs 2005 um eflingu löggæslu á Norður- og Austurlandi var ákveðið að ráðast í sambærilegar skipulagsbreytingar á störfum sérsveitarmanna hjá sýslumanninum á Akureyri og þegar höfðu verið gerðar í Reykjavík. Ákveðið var að þetta fyrirkomulag tæki gildi á miðju ári 2005 og væri til reynslu í eitt ár og er því framlag fyrir hálfu árinu 2006 í gildandi fjárlögum. Breyting þessi fól í sér mikla eflingu löggæslu á Akureyri sem og í nærliggjandi umdæmum og hefur reynst ákaflega vel. Í frumvarpi til fjárlaga er veitt fé til að festa fyrirkomulagið í sessi og er hér gerð tillaga um framlag fyrir seinni hluta þessa árs.

**311 Lögreglustjórinn í Reykjavík.**

*1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík.* Lagt er til að millifæra 6,3 m.kr. fjárheimild frá Útlendingastofnun til lögreglunnar í Reykjavíkvegna afgreiðslu vegabréfa. Útlendingastofnun hefur sinnt því verkefni undanfarin ár en afgreiðslan hefur nú verið flutt til lögreglunnar í Reykjavík og sýslumannsins í Kópavogi.

**390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.**

*1.10 Ýmis löggæslukostnaður.* Lagt er til að 20 m.kr. fjárheimild verði flutt til samgönguráðuneytisins vegna flugverndar. Framlag til öryggisskoðana og vopnaleitar á millilandaflugvöllum utan Keflavíkurflugvallar hefur verið á safnlið hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sem hefur úthlutað til löggæslustofnana í lok árs. Í samráði við samgönguráðuneytið er gert ráð fyrir að það taki þessa fjárveitingu yfir og fari með ráðstöfun hennar framvegis. Gerð er samsvarandi tillaga í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007.

**395 Landhelgisgæsla Íslands.**

*1.90 Landhelgisgæsla Íslands.* Lagt er til að veitt verði 280 m.kr. fjárheimild á þessu viðfangsefni til að standa undir kostnaði við eflingu þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands á þessu ári. Kostnaður skiptist þannig að 60 m.kr. eru vegna leigu á þyrlum, 90 m.kr. vegna rekstrarkostnaðar þyrlanna og trygginga á þeim og 130 m.kr. vegna fjölgunar starfsmanna og annarra rekstrargjalda í tengslum við það. Loks er gert ráð fyrir að stofnkostnaður við búnaðarkaup o.fl. nemi 220 m.kr. en hann færist á annað viðfangsefni. Heildarfjárveiting vegna málsins nemur því 500 m.kr. Lagt er til að millifærð verði 40 m.kr. fjárveiting af viðhaldslið yfir á rekstrarlið þar sem að fjárveiting í fjáraukalögum ársins 2005 var færð á viðhaldslið átti að verja til reksturs.

*5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta.* Lagt er til að millifærð verði 40 m.kr. fjárveiting af viðhaldslið yfir á rekstrarlið þar sem að fjárveiting í fjáraukalögum ársins 2005 var færð á viðhaldslið átti að verja til reksturs.

*6.01 Tæki og búnaður.* Lagt er til að veitt verði 220 m.kr. viðbótarframlag til að standa undir stofnkostnaði við búnaðarkaup o.fl. í tengslum við eflingu þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands á þessu ári.

**396 Landhelgissjóður Íslands.**

*6.41 Landhelgissjóður Íslands.* Lagt er til að veitt verði framlag að fjárhæð 500 m.kr. til smíði á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Samkvæmt lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. renna 3 milljarðar króna til endurnýjunar skipa og flugvéla hjá Landhelgisgæslu Íslands. Fyrirliggjandi kostnaðaráætlanir gera ráð fyrir að þar af falli til 500 m.kr. á þessu ári, 500 m.kr. á næsta ári og 2 milljarðar króna á árinu 2008.

**398 Útlendingastofnun.**

*1.01 Útlendingastofnun.* Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag vegna aukins kostnaðar við útgáfu dvalarleyfa. Fjöldi umsókna hefur aukist úr um 7.600 árið 2001 í um 12.600 á árinu 2005. Á árinu 2006 er fyrirhugað að hefja gjaldtöku fyrir leyfin og útgáfu á dvalarleyfiskortum. Jafnframt var í byrjun september 2005 ákveðið af

ráðuneytum dómsmála og félagsmála að árétta forgang ríkisborgara hinna átta nýju aðildarríkja EES-samningsins að íslenskum vinnumarkaði umfram ríkisborgara utan EES-svæðisins. Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun breyttu verklagi sínu við afgreiðslu umsókna í þá veru að minnka skjalakröfur og stytta afgreiðslutíma til muna. Lagt er til að millifærð verði 2,1 m.kr. fjárheimild frá Útlendingastofnun til sýslumannsins í Kópavogi vegna afgreiðslu vegabréfa. Útlendingastofnun hefur sinnt því verkefni undanfarin ár en afgreiðslan hefur nú verið flutt til lögreglunnar í Reykjavík og sýslumannsins í Kópavogi. Lagt er til að millifæra 6,3 m.kr. fjárheimild frá Útlendingastofnun til lögreglunnar í Reykjavík vegna afgreiðslu vegabréfa. Útlendingastofnun hefur sinnt því verkefni undanfarin ár en afgreiðslan hefur nú verið flutt til lögreglunnar í Reykjavík og sýslumannsins í Kópavogi. Lagt er til að millifærð verði 46 m.kr. fjárheimild frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár vegna útgáfu vegabréfa. Þjóðskrá mun framvegis verða útgefandi nýrra vegabréfa með rafræn lífkenni. Til Útlendingastofnunar hafa á undanförnum árum verið veittar 48 m.kr. til útgáfu vegabréfa á uppreiknuðu verðlagi. Í fjárlögum þessa árs eru veittar 11 m.kr. vegna fyrirhugaðra breytinga á útgáfu vegabréfa. Alls nemur því millifærslan 59 m.kr. á ársgrundvelli og er gerð tillaga þar um í fjárlagafrumvarpi 2007. Lögin taka gildi 1. maí 2006 og er millifærsla á þessu ári 46 m.kr. Heildarrekstrarkostnaður við ný vegabréf á þessu ári er áætlaður alls 60 m.kr. á ári og er nettófjárþörf 14 m.kr.

*6.01 Tæki og búnaður.* Lagt er til að felldar verði niður 68 m.kr. af fjárveitingu sem ætlaður var til undirbúnings nýrra vegabréfa. Í fjárlögum ársins 2006 eru alls ætlaðar 214 m.kr. vegna stofnkostnaðar við útgáfu vegabréfa með lífkennum og vegna vegabréfaáritana og dvalarleyfa með lífkennum. Stofnkostnaður hefur reynst lægri en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir, eða í kringum 146 m.kr. Skýrist það að mestu af því að tilboð í útboðsverkefni reyndust vera hagstæðari en reiknað hafði verið með. Er því lagt til að fella niður það sem eftir stendur, um 68 m.kr.

**411 Sýslumaðurinn í Reykjavík.**

*1.01 Yfirstjórn.* Lagt er til að fjárheimild sýslumannsins í Reykjavík verði aukin um 28,5 m.kr. Á undanförnum árum hafa safnast saman tekjur embættisins sem talið var að mætti ráðstafa sem sértekjum. Við nánari skoðun kom í ljós að um ríkistekjur er að ræða sem færast um tekjuhlið ríkissjóðs og er því hér farið fram á einskiptisfjárveitingu til samræmis við þá færslu.

**420 Sýslumaðurinn á Blönduósi.**

*1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar.* Ný innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi hefur verið komið á laggirnar. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá

lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Með tilkomu miðstöðvarinnar er lagt til að millifæra af eftirfarandi stofnunum yfir á innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar. 16,1 m.kr. af fjárveitingu lögreglunnar í Reykjavík til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. 3,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Hafnarfirði til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. 2,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Keflavík til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. 2,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Kópavogi til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. 1,6 m.kr. frá sýslumannsembættinu á Selfossi til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. 1,3 m.kr. frá sýslumannsembættinu á Akureyri til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar.

**424 Sýslumaðurinn á Akureyri.**

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að millifæra 1,3 m.kr. frá sýslumannsembættinu á Akureyri til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

**426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.**

*1.40 Tollgæsla.* Lagt er til að veitt verði aukaframlag að fjárhæð 23 m.kr. til endurnýjunar og kaupa á tækjum til tollskoðunar. Engin gegnumlýsingartæki né tækjabúnaður til tollskoðunar er til á Seyðisfjarðarhöfn né á Egilsstaðaflugvelli svo hægt sé að sinna lögbundnum skyldum embættisins til tollskoðunar. Norröna siglir vikulega allt árið um kring til Seyðisfjarðar og kemur að hluta til frá löndum utan Schengensvæðisins. Auk þess er vikulegt flug frá Póllandi og Kaupmannahöfn á áætlun út árið 2007 til Egilsstaðaflugvallar fyrir utan annað tilfallandi flug erlendis frá. Fyrirhugað er að kaupa tvær stórar gegnumlýsingarvélar og eina fyrir handfarangur, tæki til fíkniefnaleitar, þykktarmæli til fíkniefnaleitar, umfelgunarvél en auk þess fellur til kostnaður vegna uppsetningar og þjálfunar.

**433 Sýslumaðurinn á Selfossi.**

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að millifæra 1,6 m.kr. frá sýslumannsembættinu á Selfossi til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögreglu-

embættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

**434 Sýslumaðurinn í Keflavík.**

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að millifæra 2,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Keflavík til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

**436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.**

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að millifæra 3,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Hafnarfirði til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

**437 Sýslumaðurinn í Kópavogi.**

*1.01 Yfirstjórn.* Lagt er til að millifærð verði 2,1 m.kr. fjárheimild frá Útlendingastofnun til sýslumannsins í Kópavogi vegna afgreiðslu vegabréfa. Útlendingastofnun hefur sinnt því verkefni undanfarin ár en afgreiðslan hefur nú verið flutt til lögreglunnar í Reykjavík og sýslumannsins í Kópavogi.

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að millifæra 2,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Kópavogi til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

**490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.**

*1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður.* Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. fjárheimild til flutnings verkefna út á land. Í tengslum við nýskipan lögreglumála er áformað að flytja margvísleg verkefni til smærri sýslumannsembætta. Almennt er miðað við að breytingar taki gildi um næstu áramót en nokkur kostnaður mun falla til á þessu ári við undirbúning. Jafnframt er gert ráð fyrir að nokkur verkefni hefjist á þessu ári, s.s. flutning bótanefndar til sýslumannsembættisins á Siglufirði 1. júlí. Fjárhæðin er færð á safnlið sýslumannsembætta til bráðabirgða.

**501 Fangelsismálastofnun ríkisins.**

*1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins.* Lagt er til að hækka framlag um 5 m.kr. vegna endurskoðunar samnings við Vernd. Á árinu 2005 voru fangadagar á Vernd rúmlega 5.245 eða 30% meira en í næststærsta fangelsi landsins og er 70% fjölgun frá árinu 2001. Samsvarar það afköstum 16 rýma fangelsis miðað við 90% nýtingu. Vegna þess að heimilið sinnir nú orðið nær eingöngu föngum hafa aðrir, s.s. borgaryfirvöld, dregið úr framlögum sínum. Er nú svo komið að endar nást ekki saman í daglegum rekstri, nauðsynlegt viðhald situr á hakanum og ekki er fjármagn til að setja upp öryggisbúnað eða annað, sem nauðsynlegt telst í svo þéttsetnu húsi.

**591 Fangelsisbyggingar.**

*6.10 Stofnframkvæmdir.* Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. til undirbúnings og hönnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Litla-Hrauni og við nýtt fangelsi á Hólmsheiði.

**705 Kirkjumálasjóður.**

*1.10 Kirkjumálasjóður.* Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjumálasjóðs um 5,4 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 11,3% af sóknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2004 og 2005 var 8,6% og fjölgun einstaklinganna 2,7%.

**707 Kristnisjóður.**

*1.10 Kristnisjóður.* Lagt er til að framlag hækki um 8,5 m.kr. Samkvæmt samningi ríkis og kirkju skal greiða sem svarar 15 árslaunum presta í fámennustu prestaköllunum í Kristnisjóð. Í fjárlögum árið 2006 fórst fyrir að hækka framlag í samræmi við samninginn. Framlag í fjárlögum 2006 er 70,6 m.kr. en ætti að vera 79,1 m.kr. og er því lögð til hækkun að fjárhæð 8,5 m.kr.

**735 Sóknargjöld.**

*1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar.* Lagt er til að lögboðið framlag til þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 48,1 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2004 og 2005 var 8,6% og fjölgun einstaklinganna 2,7%.

*1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga.* Lagt er til að lögboðið framlag til annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 15,4 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2004 og 2005 var 8,6% og fjölgun einstaklinganna 2,7%.

**736 Jöfnunarsjóður sókna.**

*1.10 Jöfnunarsjóður sókna.* Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 8,9 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2004 og 2005 var 8,6% og fjölgun einstaklinganna 2,7%.

## 07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 379,8 m.kr.

**707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.**

*1.01 Almennur rekstur.* Farið er fram á 2,3 m.kr. framlag til greiðslu á húsaleigu fyrir Svæðisskrifstofu Austurlands á árinu 2006 en árið 2005 flutti skrifstofan í leiguhúsnæði í eigu Fasteigna ríkissjóðs. Fyrir var hún í húsnæði í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sem nú hefur verið selt, og greiddi þar eingöngu fasteignagjöld og tryggingar af húsnæðinu. Í frumvarpi til fjárlaga árið 2007 er lögð til hækkun í þessu skyni.

**801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.**

*1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 1.075 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2006. Spáin miðast við að skatttekjur verði 339.117 m.kr. á árinu og að álagningarstofn útsvars hafi verið 582.278 m.kr. árið 2006.

**982 Ábyrgðasjóður launa.**

*1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota.* Gerð er tillaga um að framlag til Ábyrgðasjóðs launa lækki um 125 m.kr. þar sem horfur það sem af er ári benda til að útgjöld sjóðsins verði nokkru lægri en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Fyrstu sjö mánuði ársins voru útgjöld sjóðsins um 300 m.kr. eða um 500 m.kr. miðað við heilt ár. Útgjöld sjóðsins í fjárlögum yfirstandandi árs eru 638,1 m.kr.

**984 Atvinnuleysistryggingasjóður.**

*1.11 Atvinnuleysisbætur.* Gert er ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysisbóta lækki um 504 m.kr. þar sem störfum fækkar minna en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í forsendum fjárlaga var reiknað með greiðslu atvinnuleysisbóta til 3000 einstaklinga að meðaltali á mánuði sem jafngildir 1,9% atvinnuleysi. Spár gera nú ráð fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta til 2.340 einstaklinga að meðaltali á mánuði árið 2006 eða sem jafngildir um 1,5%. Í endurmatinu er tekið tillit til hækkunar á atvinnuleysisbótum þann 1. júlí 2006 samkvæmt samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins.

*1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar.* Óskað er eftir 14 m.kr. hækkun framlaga til að mæta kostnaði sem fallið hefur til vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006. Breyta þurfti hugbúnaði hjá Vinnumálastofnun, prenta kynningarefni, halda námskeið og þjálfa starfsfólk.

*1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva.* Farið er fram á 40 m.kr. framlag til að auka styrki til fiskvinnslustöðva sökum hráefnisskorts. Greiðslur fyrstu sjö mánuði ársins voru 73 m.kr. en fjárlögum er heimild fyrir 81 m.kr.

**989 Fæðingarorlof.**

*1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins.* Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki alls um 46, 5 m.kr. vegna tveggja tilefna. Annars vegar er óskað eftir 27,5 m.kr. til að greiða Tryggingastofnun ríkisins aukin umsýslukostnað með sjóðnum á yfirstandandi ári í samræmi við samkomulag milli stofnunarinnar og félagsmálaráðuneytis. Hins vegar er óskað eftir 19 m.kr. til undirbúnings á yfirtöku Vinnumálastofnunar á starfsemi Fæðingarorlofssjóðs en stofnunin mun taka yfir umsýslu sjóðsins 1. janúar á næsta ári og verður starfsemin framvegis á Hvammstanga. Hanna þarf nýjan hugbúnað, kaupa búnað og tæki og ráða starfsfólk og þjálfa svo verkefnið gangi eftir.

*1.11 Fæðingarorlofssjóður.* Lagt er til að fjárheimild Fæðingarorlofssjóðs lækki um 200 m.kr. frá því sem ráð er gert fyrir í fjárlögum í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda það sem af er árinu 2006.

*1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar.* Lagt er til að framlög hækki um 30 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda það sem af er yfirstandandi ári.

**999 Félagsmál, ýmis starfsemi.**

*1.49 Móttaka flóttamannahópa.* Sótt er um 1 m.kr. framlag til að móta stefnu í málefnum innflytjenda. Innflytjendaráð var stofnað í nóvember 2005 og er því ætlað að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis við mótun stefnu í málefnum innflytjenda og virkja til samstarfs alla helstu hagsmunaaðila er koma að aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.

## 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.234,8 m.kr.

**201 Tryggingastofnun ríkisins.**

*1.01 Tryggingastofnun ríkisins.* Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki alls um 165 m.kr. vegna tveggja tilefna. Annars vegar er óskað er eftir 115 m.kr. framlagi til að gera upp uppsafnaðan rekstrarhalla Tryggingastofnunar, en gert er ráð fyrir að hann verði um 115 m.kr. í árslok 2006. Rekstrarafkoma stofnunarinnar árið 2005 var jákvæð og gekk því á hallann það ár. Stefnt er að því að rekstur stofnunarinnar verði í jafnvægi á þessu ári. Þá er farið fram á 50 m.kr. til að tryggja hraðari og öruggari afgreiðslu bóta almannatrygginga og annarra greiðslna sem stofnunin annast og fækka eins og kostur er tafsömum leiðréttingum á áður afgreiddum bótum. Jafnframt er stefnt að því að efla eftirlit enn frekar og bæta stjórnsýslu stofnunarinnar með nauðsynlegum breytingum á tölvukerfi hennar.

**204 Lífeyristryggingar.**

Óskað er eftir samtals 1.934 m.kr. til hækkunar lífeyristrygginga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnar um hækkun lífeyrisbóta í samræmi við samkomulag við eldri borgara frá 19. júlí sl. Tekur tillaga nefndarinnar annars vegar mið af útfærslu nýgerða kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og hins vegar áformum um sameiningu bótaflokka. Hækkunin skiptist á fjögur viðfangsefni þessa fjárlagaliðar, þ.e. ellilífeyri, sem hækkar um 208 m.kr., örorkulífeyrir sem hækkar um 150 m.kr., og loks hækkar tekjutrygging ellilífeyrisþega um 995 m.kr. og tekjutrygging örorkulífeyrisþega um 581 m.kr.

**206 Sjúkratryggingar.**

*1.21 Hjálpartæki.* Farið er fram á 50 m.kr. til að mæta áætluðum útgjöldum ársins vegna hjálpartækja samkvæmt endurskoðaðri áætlun.

**301 Landlæknir.**

*1.01 Landlæknir.* Óskað er eftir 15 m.kr. til að ráða viðbótarstarfsmanna hjá sóttvarnarlækni til að undirbúa viðbúnað gegn fuglaflensu og farsóttum.

**305 Lýðheilsustöð.**

*1.01 Lýðheilsustöð.* Farið er fram á samtals 12,2 m.kr. leiðréttingu á lögbundnu framlagi til tóbaksvarna þannig að það verði í samræmi við brúttósölu tóbaks, en samkvæmt lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, skal framlagið vera a.m.k. 0,9% af brúttósölu. Leiðréttingin nemur 0,3 m.kr. vegna ársins 2004, 6,6 m.kr. vegna ársins 2005 og 5,3 m.kr. vegna 2006.

**326 Sjónstöð Íslands.**

*1.01 Sjónstöð Íslands.* Óskað er eftir 40 m.kr. til að gera upp uppsafnaðan rekstrarhalla Sjónstöðvarinnar í árslok 2005 vegna kaupa á sjóntækjum. Gert er ráð fyrir hallalausum rekstri í ár, en fjárheimildir stofnunarinnar voru hækkaðar í fjárlögum 2006 einkum til kaupa á sjóntækjum og tölvuhjálpartækjum.

**373 Landspítali - háskólasjúkrahús.**

*1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 18,8 m.kr. Annars vegar er farið er fram á 14,8 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta kostnaði við endurnýjun samninga þar á meðal samnings um tæknifrjóvganir. Þá er óskað er eftir að 4 m.kr. af framlagi til reksturs hjúkrunarheimila verði nýttar tímabundið til að efla þjónustu öldrunarsviðs Landspítala - háskólasjúkrahús. Fjárheimild til reksturs hjúkrunarrýma á lið 08-401 Hjúkrunarheimili, almennt mun ekki nýtast að fullu árið 2006 og því er lagt til að nýta hluta þeirra fjármuna til að efla sjúkra- og iðjuþjálfun á öldrunarsviði sjúkrahússins með það að markmiði að búa aldraða undir að þeir geti dvalið lengur á eigin heimilum.

**399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.**

*1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit.* Óskað er eftir 3,8 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við samning við Krabbameinsfélag Íslands um starfsemi leitarsviðs Krabbameinsfélags Íslands. Samningurinn miðast við 200.000 einingar eru greiðslur óbreyttar haldist þær innan 93% til 107% vikmarka. Fjöldi sérfræðieininga 2005 var 230.975 eða um 115% frávik. Efri vikmörk samningsins miðast við 214.000 einingar og því er farið fram á framlagi fyrir 16.975 einingum.

**401 Öldrunarstofnanir, almennt.**

*1.01 Hjúkrunarheimili, almennt.* Óskað er eftir að 4 m.kr. af þessum lið fari til að efla þjónustu öldrunarsviðs Landspítala-háskólasjúkrahús. Fjárheimild til reksturs hjúkrun-

arrýma á þessum lið mun ekki nýtast að fullu árið 2006 og því er lagt til að nýta hluta þeirra fjármuna til að efla sjúkra- og iðjuþjálfun á öldrunarsviði Landspítala-háskólasjúkrahúss með það að markmiði að búa aldraða undir að þeir geti dvalið lengur á eigin heimilum.

*5.21 Viðhald.* Gerð er tillaga um að 26,6 m. kr. verði færðar af liðnum á lið 08-700 Heilbrigðisstofnanir til greiðslu húsnæðisgjalds sem er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis, en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

**500 Heilsugæslustöðvar, almennt.**

Óskað er eftir að 25 m.kr. verði færðar á milli viðfangsefna innan liðarins frá *6.01 Tæki og búnaður* á viðfangsefni *1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla minni heilsugæslustöðva, en í nokkrum tilvikum sýnir niðurstaða reiknilíkans sem notað er við úthlutun framlaga til heilsugæslustöðva í fjárlagafrumvarpi 2007 hærri kostnað en nemur fjárheimildum árið 2006.

**700 Heilbrigðisstofnanir.**

*5.50 Viðhald heilbrigðisstofnana.* Gerð er tillaga um að 26,6 m. kr. verði færðar á liðinn af lið 08-401 5.21 Öldrunarstofnanir, viðhald til greiðslu húsnæðisgjalds sem er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis, en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

## 09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 5.499,3 m.kr.

**405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.**

*1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.* Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. fjárveiting til að mæta kostnaði við fasteignagjöld af húsnæði ríkisins. Samkvæmt samkomulagi í nefnd um tekjustofna sveitarfélaga hefur verið felld niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólum og heilbrigðisstofnunum. Álagning fasteignagjaldanna verður innleidd í áföngum þannig að þau skili sveitarfélögum 200 m.kr. tekjum árið 2006, 400 m.kr. árið 2007 og 600 m.kr. árið 2008 og eftirleiðis. Í fjárlögum ársins 2006 var gert ráð fyrir 200 m.kr. fjárheimild til að mæta álagningu ársins 2006 en ekki var gert ráð fyrir breytingu á fasteignamati á milli ára sem nemur um 25 m.kr. Fjárheimild vegna málsins er færð á þennan lið en henni verður skipt niður á viðkomandi stofnanir ráðuneyta á síðari stigum þegar nánari upplýsingar liggja fyrir frá Fasteignamati ríkisins.

**711 Afskriftir skattkrafna.**

*1.11 Afskriftir skattkrafna.* Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækka áætlun um afskrifaðar skattkröfur um 3 milljarða króna. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Nær ógerlegt er að reikna út eða áætla fyrir þessum gjaldfærslum fyrir fram í fjárlögum, en lögð er til hækkun á fjárheimildum í ljósi þróunar innan ársins og endurskoðunar á tekjuáætlun. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði.

**989 Launa- og verðlagsmál.**

*1.90 Launa- og verðlagsmál.* Farið er fram á samtals 2.464,3 m.kr. hækkun á fjárheimild til að mæta frávikum frá launa- og verðlagsforsendum fjárlaga 2006. Í fjárlögum er fjárheimild liðarins 690 m.kr. Gert er ráð fyrir að ráðstafa þurfi af honum 353,5 m.kr. til stofnana til að mæta breytingum á áætluðum launaútgjöldum vegna kjarasamnings sem gerður var við Læknafélag Íslands í vor. Einnig er ráðstafað af liðnum 47,3 m.kr. fjárheimild til Landhelgisgæslunnar vegna samninga við skipstjórnarmenn og vélstjóra sem gerðir voru í desember á síðasta ári og er um helmingurinn af því vegna launakostnaðar sem féll til á árinu 2006. Því til viðbótar er gert ráð fyrir að ráðstafa þurfi 1.157,7 m.kr. til stofnana vegna sérstakra launahækkana hjá láglaunahópum í Starfsgreinasambandinu, og hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana og hjá þroskaþjálfum. Þá er gert ráð fyrir 45,8 m.kr. fjárheimild til að mæta ýmsum öðrum minni tilefnum. Að samanlögðu verður því þörf fyrir 914,3 m.kr. fjárheimild á launa- og verðlagsliðnum umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum vegna breytinga á launaforsendum. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir 1.550 m.kr. fjárheimild til að mæta áhrifum af gengislækkun krónunnar á útgjöld ýmissa aðila. Í forsendum fjárlaga er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er jafnan miðað við gengi þeirra í byrjun september á undan fjárlagaárinu. Sú veiking sem orðið hefur á gengi krónunnar gagnvart helstu myntum frá forsendum fjárlaga, almennt um 13%-15% miðað við áætlað meðalgengi ársins 2006, leiðir til hækkunar á útgjöldum tiltekinna gengisbundinna fjárlagaliða. Á það aðallega við um útgjöld sem beinlínis eru greidd í erlendri mynt, svo sem útgjöld sendiráða og framlög og aðildargjöld til alþjóðasamtaka.

**999 Ýmislegt.**

*1.90 Ýmis verkefni.* Lögð er til 10 m.kr. fjárveiting til styrkja samsvarandi virðisaukaskatti af gjöfum og kostnaði sem lagt er út í við öflun fjár til góðgerðarmála.

## 10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 1.769,2 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

Samtals er farið fram á 115 m.kr. auknar fjárheimildir á þennan lið.

*1.36 Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkurflugvelli.* Farið er fram á að veitt verði 15 m.kr. framlag til verkefnis sem felur í sér úttekt á Reykjavíkurflugvelli og vinnu starfshóps sem samgönguráðherra hefur skipað með þátttöku Reykjavíkurborgar. Með fjáraukalögum 2005 var veitt 18 m.kr. til verkefnisins. Sú fjárveiting byggði á áætlun um að heildarkostnaður yrði allt að 36 m.kr. en Reykjavíkurborg greiðir helming hans á móti ríkissjóði. Samkvæmt endurskoðaðri kostnaðaráætlun vegna verksins er nú gert ráð fyrir að hlutur ríkissjóðs verði allt að 33 m.kr.

*1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.* Óskað er eftir 100 m.kr. fjárveitingu til landkynningarmála undir markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.

**212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar.**

*6.10 Framkvæmdir.* Óskað er eftir 1.000 m.kr. framlagi vegna umferðaröryggis á vegum útfrá höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða framkvæmdir sem munu bæta verulega umferðaröryggi.

**251 Umferðarstofa.**

*1.01 Umferðarstofa.* Farið er fram á 45 m.kr. fjárheimild til að standa straum af útgjöldum vegna umferðaröryggis og gæðamats á vegum. Unnið er að úttekt á gæðum vega m.t.t. umferðaröryggis eða svonefnda vegrýni. Samgönguráðuneytið hefur beint tilmælum til Umferðarstofu um að semja við Félag íslenskra Bifreiðaeigenda um framkvæmd vegrýnisverkefnis í samræmi við European Road Assessment Program, EuroRap. Tilgangur EuroRap er að koma á samræmdu öryggisflokkunarkerfi á vegum í Evrópu. Fjárheimildinni er einnig ætlað að standa undir aukinni rafrænni skráningu og einföldun með rafrænni þjónustu. Ráðgert er að fjármögnun þessara útgjalda verði með uppsöfnuðum mörkuðum tekjum sem hafa verið umfram rekstrarkostnað stofnunarinnar á undanförnum árum.

**335 Siglingastofnun Íslands.**

*1.01 Almennur rekstur.* Lagt er til að heimilað verði að verja 30 m.kr. af fjárveitingu ársins á viðfanginu til að ljúka við undirbúning framkvæmdar við ferjulægi í Bakkafjöru. Fjárheimildin verði flutt frá verkefninu endurbygging Básaskersbryggju í

Vestmannaeyjum en það verkefni hefur dregist nokkuð þannig að framkvæmdaþunginn í því fellur að mestu á árið 2007. Á fundi ríkisstjórnarinnar í júlí 2006 lagði samgönguráðherra til að ferjulægi í Bakkafjöru yrði framtíðartenging milli Vestmannaeyja og lands og lokið yrði við nauðsynlegar rannsóknir og undirbúning svo framkvæmdir geti hafist svo fljótt sem auðið er. Þarf að auka fjárveitingu til verkefnisins um 30 m.kr. árið 2006, svo ljúka megi undirbúningi í tæka tíð. Til að hægt sé standa við þessi áform er gerð tillaga um flutning fjármuna innan siglingamálakafla samgönguáætlunar. Mál hafa þróast þannig að framkvæmdir við endurbyggingu Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum hafa dregist nokkuð og að óbreyttu myndi standa þar ónotuð fjárveiting í árslok 2006. Því er lagt til að í ár verði 30 m.kr. fluttar af verkefninu yfir á verkefnið Ferjulægi Bakkafjöru-rannsóknir, sem við það hækkar úr 10 m.kr. í 40 m.kr.

**471 Rekstur Flugmálastjórnar.**

Samtals er farið fram á 29,2 m.kr. auknar fjárheimildir á þennan lið.

*1.01 Flugmálastjórn.* Lagt er til að 20 m.kr. framlag verði millifært frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu vegna öryggiseftirlits á innanlandsflugvöllum. Samkomulag er milli ráðuneytanna um að verkefnið verði vistað hjá samgönguráðuneytinu. Einnig er lögð til 9,2 m.kr. fjárveiting til að standa straum af flugverndareftirliti á flugvöllum Flugmálastjórnar Íslands í samræmi við kröfur ESA.

**472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar.**

*6.41 Framkvæmdir.* Farið er fram á 80 m.kr. framlag til stækkunar flugstöðvarinnar á Egilsstöðum. Talið er að flugstöðin sé of lítil miðað við það hlutverk sem henni er ætlað. Þótt flugstöðin hafi verið endurbyggð og stækkuð í nokkrum áföngum er aðstaða í henni fyrir flugvernd ófullkomin, m.a. nýta brottfarar- og komufarþegar að nokkru leyti sama rými þannig að ekki er fullur aðskilnaður þar á milli. Slíkt er andstætt reglum um flugvernd. Talið er mögulegt að fjármagna umrædda framkvæmd með óráðstöfuðum umframtekjum af flugmálaáætlun. Umrædd framkvæmd verður fjármögnuð með því að ráðstafa fyrirfram mörkuðum tekjum flugmálaáætlunar og verður þeim skilað í ríkissjóð síðar þegar frekari framkvæmdir við flugvelli verða ákveðnar í ljósi endurskoðaðra áætlana um tekjuöflun.

**521 Fjarskiptasjóður.**

*6.41 Fjarskiptasjóður.* Lagt er til að veita 500 m.kr. til Fjarskiptasjóðs á árinu 2006 í stað 2007. Stjórn fjarskiptasjóðs vinnur nú að útboðum á þeim verkefnum sem sjóðnum er ætlað að standa straum af. En þau eru í fyrsta lagi uppbygging GSM senda víðsvegar um landið. Í öðru lagi dreifing sjónvarps- og útvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins út á miðin við landið og til strjálbýlli svæða stafrænt um gervihnött. Í þriðja lagi að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingum.

## 11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 25 m.kr.

**299 Iðja og iðnaður, framlög.**

*1.50 Nýsköpun og markaðsmál.* Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. framlag til leiðréttingar á óskiptum lið Iðnaðarráðuneytisins til samræmis við þau verkefni sem liðnum er ætlað að fjármagna.

**373 Niðurgreiðslur á húshitun.**

*1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis.* Lagt er til að millifærðar verði 25 m.kr. á liðinn vegna hækkunar á viðmiðunarmörkum niðurgreiðsla til rafhitunar. Fellur þessi hækkun undir niðurgreiðslulið ráðuneytisins og er færð af liðnum 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

**375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.**

*1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.* Lagt er til að millifærðar verði 25 m.kr. af liðnum á liðinn 373 Niðurgreiðslur á húshitun.

## 12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 16,5 m.kr.

**101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Óskað er eftir 12 m.kr. fjárheimild vegna kostnaðar ráðuneytisins við ráðstafanir gegn peningaþvætti. Um er að ræða innleiðingu á tilskipunum, en einnig er verið að gera úttekt á stöðu þessara mála hér á landi. Það eru samtök ýmissa aðildarríkja OECD um aðgerðir gegn peningaþvætti (FATF, Financial Action Task Force), sem vinnur að úttektinni.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál.* Lögð er til 4,5 m.kr. fjárheimild til reksturs tryggingadeildar útflutningslána. Um er að ræða samstarfsverkefni milli iðnaðarráðuneytis, Samtaka iðnaðarins, Nýsköpunarsjóðs og Útflutningsráðs sem lítur að því að veita ábyrgðir til útflytjenda.

## 14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 146,8 m.kr.

**381 Ofanflóðasjóður.**

*6.60 Ofanflóðasjóður.* Lagt er til að Ofanflóðasjóði verði heimilað að styrkja Ísafjarðarbæ til kaupa á 18 íbúðum við Árvelli í Hnífsdal sem lið í að tryggja öryggi fólks gagnvart ofanflóðum þar. Staðgreiðslumarkaðsverð íbúðanna er metið 142,8 m.kr. Hámarksframlag Ofanflóðasjóðs er 90% af því mati eða 128,5 m.kr.

**401 Náttúrufræðistofnun Íslands.**

*1.01 Yfirstjórn.* Farið er fram á 8,3 m.kr. fjárveitingu til rannsókna á áhrifum sinuelda sem geisuðu á Mýrum í vor á lífríki svæðisins.

**410 Veðurstofa Íslands.**

*6.01 Tæki og búnaður.* Farið er fram á 10 m.kr. framlag til kaupa á nýjum aðalvaraaflgjafa allra tölvukerfa stofnunarinnar. Varaaflgjafinn brann yfir í mars og er ónýtur og getur stofnunin ekki verið án hans til að tryggja öryggi í öflun upplýsinga um veður og jarðskjálfta.

## 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði aukin um 571 m.kr.

**801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.**

*1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs.* Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2006 bendir til þess að gjaldfærðir vextir hækki um 571 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2006 og verði 14.011 m.kr. en að greiddir vextir lækki um 385 m.kr. og verði 9.425 m.kr. Gjaldfærð vaxtagjöld hækka annars vegar vegna hækkunar vaxta á peningamarkaði og hins vegar vegna ákvörðunar um að auka framboð á ríkisbréfum og ríkisvíxlum til að stuðla að virkari verðmyndun á markaði og styrkja með því innviði fjármálamarkaðarins.

# 48. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um heildarstefnumótun í málefnum útlendinga og innflytjenda.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Össur Skarphéðinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða opinbera stefnu í málefnum útlendinga og innflytjenda.

Markmið stefnunnar skal vera að samræma og tryggja réttindi útlendinga og innflytjenda sem hingað koma vegna atvinnu, fjölskyldusameiningar eða sem flóttafólk.

Stefnumótunin skal unnin af sérstakri nefnd með aðild forsætisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Jafnframt eigi sæti í nefndinni fulltrúar sveitarfélaga, Rauða kross Íslands og Alþjóðahúss.

Umboð nefndarinnar verði með þeim hætti að hún geti skipað vinnuhópa um einstaka málaflokka sem komi til nánari skoðunar hjá nefndinni.

Á grundvelli slíkrar stefnumótunar verði ráðist í lagabreytingar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja réttindi útlendinga og innflytjenda sem best, og gera málaflokkinn samhæfðari, gegnsærri og skilvirkari.

Nefndin ljúki störfum haustið 2007.

## Greinargerð.

Mikilvægt er að mótuð sé skýr og heildstæð stefna í málefnum sem snúa að útlendingum og innflytjendum á Íslandi. Umræða um stöðu útlendinga á efalaust eftir að aukast verulega í takt við þá fjölgun orðið hefur á flutningum fólks til landsins á umliðnum árum og opnun Evrópu samfara aukinni þörf fyrir vinnuafl. Þá má ætla að í kjölfarið muni enn fleiri kjósa að setjast hér alfarið að og aðlagast samfélaginu.

Samkvæmt Hagstofu Íslands bjuggu hér 24.678 manns sem höfðu annað fæðingarland en Ísland um áramótin 2005–2006. Áramótin 1999–2000 voru íbúar landsins sem höfðu annað fæðingarland 14.927.

Í eftirfarandi töflu má sjá tölur um útlendinga eftir kjördæmi 2005:

| | |
|---|---|
| Reykjavík/höfuðborgarsvæðið | 1.995 |
| Suðurkjördæmi | 1.973 |
| Norðvesturkjördæmi | 1.394 |
| Norðausturkjördæmi | 2.992 |
| Samtals: | 7.616 karlar |
| | 6.162 konur |

Af þessu má sjá að fjölgun er talsverð og því enn brýnna nú en nokkru sinni að fara heildstætt yfir málaflokkinn og skoða reglugerðir, réttindi, fræðslu, samstarf sveitarfélaga og ríkis, samstarf félagasamtaka við ríki og sveitarfélög og kortleggja þá þjónustu sem er í boði fyrir

útlendinga. Sérstaklega þarf að skoða hvað á skortir til þess að hún gagnist þeim sem hún er ætluð og verði skilvirkari.

Nauðsynlegt er að þeir sem hér vilja setjast að og vinna viti hver staða þeirra er í upphafi og að yfirvöld hafi skýra stefnu um aðlögun þeirra að íslensku samfélagi og til hvers er af þeim ætlast ákveði þeir að setjast hér að um lengri eða skemmri tíma.

**Verkefni nefndarinnar.**

Samþætting sem lykilhugtak og hugmyndafræði er það sem ber að hafa í huga þegar heildarstefnumótun af þessu tagi er annars vegar. Hún tekur t.d. til þess að allir minnihlutahópar mætist og blandist samfélögum á þann hátt að þeir haldi að hluta í sína eigin menningu og haldi sínum sérkennum ásamt því að aðlagast íslensku þjóðfélagi og tileinka sér t.d. tungumálið, fá aðgang að allri þjónustu fyrir fjölskyldur sínar, svo sem í leikskóla og skóla og og aðgang að íslenskum vinnumarkaði. Samþætting þarf einnig að taka til þátta eins og vinnustaða, búsetu, náms, skólagöngu og stuðnings.

Verkefni nefndarinnar við stefnumótunina eru m.a. eftirfarandi:

**Lög og reglugerðir.**

Mikilvægt er að farið verði heildstætt yfir lög um útlendinga, atvinnurétt og búsetu ásamt reglugerðum.

Markmið slíkrar yfirferðar er að gera samræma lög og tryggja að framsal valds verði sem minnst og margar þeirra valdheimilda sem nú eru í reglugerðum verði færðar inni í löggjöfina. Þetta er mikilvægt til þess að þeir sem lögin ná til skilji og átti sig á rétti sínum, og jafnframt að þeir sem vinna með lögin hafi góða heildarsýn.

Við slíka endurskoðun er m.a. nauðsynlegt að skoða eftirfarandi þætti:

- Brýnt er að innflytjendaráð fái stoð í lögum, þannig að það hafi skýra stöðu og að hlutverk þess sé skilgreint.
- Skoða þessi mál á Norðurlöndunum svo að við getum styrkt stöðu okkar og sótt fyrirmyndir þangað, enda hefur þessi málaflokkur sterka og skýra stöðu, bæði í lögum og stjórnsýslu. Sérstakar stofnanir þar sinna m.a. málsvarshlutverki útlendinga og innflytjenda.
- Mikil umræða spannst um það hvort lögin gengju lengra en þurfa þykir við setningu laga um útlendinga og í tengslum við síðari breytingar á þeim. Mikilvægt er að skoða ýmis ákvæði laganna með breytingar í huga. Hér eru nokkur atriði sem huga þarf að:
  - Íslenskukennsla verði tryggð og hún ókeypis fyrir viðkomandi. Hér þyrfti að útfæra í lögum hvernig kostnaði yrði háttað, svo og að árétta skyldu ríkisins í þessu efni.
  - 24 ára regluna svokölluðu þarf að skoða sérstaklega, en auðvelt er að færa rök fyrir því að hún takmarki persónufrelsi þeirra sem velja að ganga í hjónaband með erlendum ríkisborgara. Ákvæðið er mjög tálmandi og virðist stangast á við íslenska löggjöf um hjúskap. Jafnframt hafa komið fram verulegar efasemdir um að þetta lagaákvæði sé í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrár þar sem það mismuni fólki eftir uppruna. Slíkur vafi er nægjanlegur til þess að þetta ákvæði verði skoðað sérstaklega.
  - Einnig hefur ákvæðið um dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar verið afar umdeilt en í lögum er rætt um að einstaklingar þurfi að vera eldri en 66 ára til þess að ákvæðið hafi gildi. Hér er ekki um stóran hóp að ræða og því ekki mikil hætta því samfara að þetta ákvæði sé hjáleið inn á íslenskan vinnumarkað. Þeir sem ákvæðið nær fyrst og fremst yfir koma frá ríkjum utan Evrópu. Nauðsynlegt er að skoða stöðu þessa hóps sérstaklega í ljósi stækkunar Evrópusambandsins.

- Mikilvægt er að nefndir/vinnuhópar skoði sérstaklega með hvaða hætti hægt er að styrkja stöðu barna og kvenna í lögunum. Nauðsynlegt er að líta til Norðurlandanna og þess hvað þar hefur verið best gert og taka það upp í íslenskri löggjöf.
- Nauðsynlegt er að skýr ákvæði séu í lögum um túlkaþjónustu. Á þetta við um opinberar stofnanir, og þá sérstaklega þegar upp koma sifjamál (skilnaðar- og forsjármál) Nægjanlegt er í þessu sambandi að benda á ákvæði um upplýsingar- og leiðbeiningarskyldu stjórnvalda í stjórnsýslulögum, en framkvæmdin hefur verið mismunandi og því mikilvægt að gefa túlkaþjónustu skýra lagastoð í lögum um útlendinga og innflytjendur.
- Mikilvægt er að skoða lög um almannatryggingar með tilliti til þess hvernig þau snerta þá sem hér hafa dvalið lengst og hvernig þeirra réttur verði best tryggður, t.d. vegna örorkubóta og slysa. Jafnframt þessu þarf að skoða hvernig lög um félagsþjónustu og almannatryggingar spila saman gagnvart þessum hópi.
- Skoða þarf breytingar vegna atvinnuleyfa þeirra sem koma frá ríkjum utan Evrópusambandsins, en þeir eru háðir atvinnuleyfum vinnuveitenda. Þessi hópur fer minnkandi eftir síðustu breytingar á Evrópusambandinu og því nauðsynlegt að endurskoða stöðu þessa hóps með tilliti til þessa.

Skoða þarf stöðu flóttamanna, þótt réttur þeirra sé á margan hátt vel tryggður í lögum og gott vinnulag, hafi skapast í tengslum við þá, einkum við móttöku hópa flóttamanna. Mikilvægt er að skoða sérstaklega þá sem hafa fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum og hvort jafnræði í þjónustu sé með þeim og öðrum flóttamönnum. Á Norðurlöndunum eru þessir tveir hópar jafnir í lögum og mikilvægt að við hér gerum slíkt hið sama.

Einnig þarf að skoða hvort ekki eigi að setja málaflokkinn á eina hendi í stað þess að hafa hann hjá tveimur ráðuneytum eins og nú er. Við slíka sameiningu er mikilvægt að undirstofnanir sem sinna málefnum útlendinga færist einnig með.

Með því að setja málaflokkinn á einn stað fæst betri heildarsýn sem auðveldar stofnunum að vinna saman að málaflokknum.

**Menntamál.**

Sérstaklega þarf að skoða mál sem varða menntun og upplýsingagjöf útlendinga. Hér á eftir fara atriði sem þarf að skoða:

- Íslenskunám verði aðgengilegt og henti öllum aldurshópum. Það verði ókeypis þannig að kostnaður geti aldrei aftrað neinum frá því að stunda slíkt nám. Upplýsingar um íslenskunám verði gefið út á viðkomandi móðurmáli.
- Skoða þarf sérstaklega hvernig hægt er að auðvelda innflytjendum að fá menntun sína og starfsréttindi viðurkennd hér á landi.
- Auka þarf áherslur í leik- og grunnskólum á kennslu um fordóma og hvernig megi koma í veg fyrir þá, auk þess sem efla þarf þekkingu á stöðu sértækum þörfum þeirra sem búa við fleiri en eitt tungumál.
- Grunn- og framhaldsskólar móti sérstaka stefnu um það hvernig þeir ætla að taka á móti nemendum af erlendum uppruna og hafa annað móðurmál en íslensku. Skólarnir nýti sér túlkaþjónustu og þá sérþekkingu sem hefur skapast t.d. hjá Miðstöð nýbúa.
- Tryggja þarf börnum móðurmálskennslu og leggja þarf áherslu á kennslu íslensku sem annars máls.
- Mikilvægt er að tryggja ungum börnum af erlendum uppruna leikskólavist sem gæti verið sérstaklega niðurgreidd ef svo færi að tryggt yrði í lögum um leikskóla að þessi börn fengju kennslu í báðum málunum.

- Breyta þarf lögum til þess að próf sem lögð eru fyrir börn með íslensku sem annað mál verði ekki eins og próf fyrir börn sem hafa íslensku að fyrsta máli.
- Mikilvægt er að tvítyngt aðstoðarfólk sé ráðið til skólanna.
- Mikilvægt er að bjóða túlkaþjónustu í öllu foreldrastarfi.

Ýmsar skýrslur og úttektir hafa verið gerðar um þessi mál en slík gögn munu gagnast afar vel í vinnu af þessum toga.

**Miðstöðvar/þjónusta/fræðsla.**

Mikilvægt er að ríkið taki þátt í rekstri Alþjóðahúss í Reykjavík ásamt félagasamtökum og sveitarfélögum. Svo er hins vegar ekki, en ríkið kemur að rekstri Fjölmenningarseturs á Vestfjörðum. Þetta er nefnt hér til að ítreka og minna á að fleiri slík verkefni eru nauðsynleg á öðrum stöðum á landinu. Austfirðir eru hér nærtækasta dæmið, en þar starfar nú fjöldi útlendinga.

Það mundi jafnframt vera hlutverk nefndarinnar að koma með útfærðar tillögur í þessu efni og skoða fleiri staði í því augnamiði að sértæk þjónusta og aðstaða væri sem víðast um landið.

Mikilvægt er að útfæra hugmyndir um námskeiðahald, ráðgjöf og fræðslu til stofnana og einstaklinga, til atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar ásamt því að koma á öflugra samstarfi þessara aðila.

Þá þarf að huga að sérhæfðri ráðgjöf og túlkaþjónustu ásamt kynningu á menningarlegum fjölbreytileika á hverju svæði fyrir sig.

Jafnframt þessu þarf að skoða mikilvægi lögfræðilegrar ráðgjafar við einstaklinga sem á þurfa að halda.

**Skipun talsmanns.**

Skoða þarf hvort ekki er tímabært að skipa sérstakan talsmann útlendinga. Meta þarf kosti þess og galla og líta til annarra þjóða með slíka skipan.

Mikilvægt er að í lögum sé rík leiðbeiningarskylda og almennt og gott aðgengi að lögfræðiaðstoð. Nauðsynlegt er að slík þjónusta sé ekki á kostnað viðkomandi. Mannréttindasamtök og Alþjóðahús yrðu hafðar í ráðum um hvernig slíkri þjónustu væri best fyrir komið.

**Staða kvenna og barna.**

Nauðsynlegt er að útlendingar aðlagist samfélaginu og spornað verði við einangrun þeirra. Einkum getur það verið hlutskipti kvenna og barna þeirra að þau hafa takmörkuð tengsl utan heimilis. Því má ekki gleyma að veik félagsleg staða móður getur haft mikil áhrif á sjálfsmynd barna þeirra.

Sérstaklega þarf að huga að réttindum kvennanna. Skoða þarf lagalega og félagslega stöðu þeirra og vinna tillögur til úrbóta í samráði við samtök sem gerst þekkja til hópsins.

Skoða þarf hvernig lög um atvinnuréttindi og lög um útlendinga vinna hvor gegn öðrum í málefnum kvenna sem beittar eru ofbeldi. Í lögum um atvinnuréttindi útlendinga er ákvæði sem segir að kona geti fengið ótímabundið atvinnuleyfi eftir tvö ár hafi hún orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka síns. Útlendingalögin gera ákvæðið hins vegar óvirkt því konan fær ekki ótímabundið atvinnuleyfi nema að hafa búsetuleyfi, en skilyrði fyrir því er þriggja ára dvöl í landinu. Ef þessi ákvæði væru samræmd ættu konur sem beittar eru ofbeldi möguleika á ótímabundnu leyfi eftir tvö ár í landinu.

Flutningsmenn telja mikilvægt að um þetta mál verði skipaður sérstakur undirhópur í nefndum með þátttöku samtaka erlendra kvenna, Kvennaathvarfs og Alþjóðahúss.

Stöðu barna þarf einnig að skoða sérstaklega. Mikilvægt er að kanna þá þætti sem snúa að skólamálum, skráningu og öðru og lög og reglur með tilliti til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Nýleg dæmi um skólagöngu barna á landinu ætti að vera innlegg í vinnu um hvað betur mætti fara í löggjöfinni gagnvart börnum. Við eigum að vera fremst meðal jafningja í því að tryggja hag og velferð barna sem hingað koma með foreldrum sínum.

Undanfarið hafa mál þróast svo á Norðurlöndunum að þangað kemur fjöldi barna sem er forsjárlaus og er sérstaklega gert ráð fyrir þessum hópi í löggjöfinni þar. Þess verður heldur ekki langt að bíða að slíkt gerist hér á landi og því mikilvægt að við séum undir hana búin. Brýnt er því að skoða sérstaklega stöðu þessara barna. Kortleggja þarf samstarf milli sveitarfélaga, Barnaverndarstofu og Rauða krossins til að tryggja réttarstöðu og þjónustu við börnin eins vel og hægt er.

Skoða þarf stöðu ungmenna sem eru ekki með sjálfstætt búsetuleyfi þegar þau verða 18 ára. Stór hluti þessa hóps hættir í skóla því þau telja sig verða að sýna framfærslu til að fá dvalar- og búsetuleyfi, enda verður ekki annað ráðið af lögunum. Í framkvæmd er hins vegar tekið tillit til þess ef einstaklingur stundar nám og sýnir eðlilega námsframvindu og er þá búsetuleyfið framlengt. Mikilvægt er að lögin endurspegli raunveruleikann en svo er ekki nú.

## 49. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um sameiginlegt átak þeirra og ríkisins um að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum. Nefndin verði skipuð fulltrúum allra þingflokka og fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Félagi leikskólakennara auk formanns sem félagsmálaráðherra skipi án tilnefningar.

### Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið flutt á þremur síðustu þingum, en varð í ekkert skiptið útrædd. Hún er því endurflutt, óbreytt hvað sjálfa tillögugreinina varðar. Efni greinargerðarinnar var ítarlega uppfært sl. haust. Var þá safnað upplýsingum um stöðu þessara mála hjá sveitarfélögunum í landinu og kom í ljós að þá þegar höfðu allmörg sveitarfélög tekið einhver skref í átt til gjaldfrjáls leikskóla eða a.m.k. aukins gjaldfrelsis. Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna sl. vor var áberandi hversu ofarlega á blaði gjaldfrjáls leikskóli var. Virtist almennur stuðningur orðinn við málið hjá framboðum flestra ef ekki allra flokka, þó mismunandi væri hve langt menn vildu ganga eða hvaða svigrúm menn töldu vera til staðar. Þetta staðfestir að mikil og jákvæð viðhorfsbreyting hefur orðið í þessu máli frá því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerði baráttuna fyrir gjaldfrjálsum leikskóla að einu helsta málefni sínu í aðdraganda alþingiskosninganna 2003. Þeim sveitarfélögum fjölgar ört sem þegar hafa tekið skref í áttina og a.m.k. eitt dæmi er að finna um sveitarfélag sem tekið hefur skrefið til fulls,

þ.e. Súðavíkurhreppur. Til að afla upplýsinga um stöðu þessara mála hjá einstökum sveitarfélögum ákvað þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að skrifa öllum sveitarstjórnum í landinu bréf sl. haust, sjá fylgiskjal I, og voru þær upplýsingar sem borist höfðu birtar með tillögunni sem fylgiskjal II. Rétt er að taka strax fram að þær upplýsingar voru ekki tæmandi og eru það enn síður nú. Mjög fróðlegt verður að sjá hvar málin verða á vegi stödd þegar nýkjörnar sveitarstjórnir opinbera áform sín í fjárhagsáætlunum fyrir næsta ár. Félagsmálanefnd hefur haft efni tillögunnar til skoðunar undanfarna þrjá vetur og í umsögnum sem nefndinni bárust var yfirleitt tekið vel í meginefni tillögunnar. Eðlilega lögðu umsagnaraðilar á það áherslu að sveitarfélögin þyrftu að fá fullnægjandi tekjustofna til að takast á við verkefnið. Sú hefur að sjálfsögðu alltaf verið ætlun flutningsmanna, sbr. upphaflega greinargerð með tillögunni, en ástæða er til að undirstrika mikilvægi þessa í ljósi bágrar afkomu sveitarfélaganna nú um stundir. Síðla árs 2004 tók Reykjavíkurborg fyrstu skrefin í átt til gjaldfrjáls leikskóla en frá 1. september það ár. hafa öll fimm ára börn átt kost á þremur tímum á dag endurgjaldslaust. Nokkuð er um liðið síðan leikskólinn var viðurkenndur sem fyrsta skólastigið og starfsheitið leikskólakennari var tekið upp. Þegar af þeirri ástæðu leiðir að fá haldbær rök eru til þess að foreldrar greiði dýrum dómum fyrir skólahaldið sjálft, þ.e. leikskólamenntun, á fyrsta skólastiginu en hætti því svo skyndilega þegar börnin hafa náð grunnskólaaldri. Í leikskólastefnu Félags leikskólakennara er tiltekið að „leikskólinn eigi að vera hluti af menntakerfi samfélagsþjónustunnar eins og önnur skólastig og því skuli sveitarfélög vinna markvisst að því að börnum gefist kostur á 6 tíma leikskólagöngu á dag án endurgjalds“. Að baki liggur það mat leikskólakennara að minnst sex klukkustundir á dag þurfi til að unnt sé að framfylgja ákvæðum aðalnámskrár leikskóla og sinna öllum námssviðum (hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúru og umhverfi, menningu og samfélagi), þannig að þetta skarist og sé samofið leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikniþjálfun eins og vera ber.

Niðurfelling leikskólagjalda yrði gríðarleg kjarabót fyrir fjölskyldur með ung börn. Sú kjarabót mundi skila sér beint til fjölskyldna sem eru í mikilli þörf fyrir betri aðbúnað. Um leið yrði tekið stórt skref í átt til fjölskylduvænna samfélags. Hér er um að ræða yngstu foreldrana sem jafnframt eru að koma sér fyrir í lífinu og margir að koma út úr skólum með námslán á bakinu, eru að leysa húsnæðismál sín o.s.frv. Mánaðarleg leikskólagjöld eru nú víðast hvar um og yfir 30 þús. kr. fyrir níu tíma á dag. Fjölskyldur með tvö börn á leikskóla borga yfirleitt um 50 þús. kr. á mánuði því að ekki er óalgengt að systkinaafsláttur sé 30–35% með öðru systkini. Dæmi eru um fjölskyldur sem borga upp undir 60 þús. kr. í leikskólagjöld á mánuði fyrir þrjú börn (systkinaafsláttur með þriðja barni 75%) og þarf slík fjölskylda um 100 þús. kr. viðbótartekjur á mánuði til að standa straum af útgjöldunum að teknu tilliti til skatta. Þess ber að geta að sérstakur afsláttur er yfirleitt veittur fyrir börn einstæðra foreldra og öryrkja og námsmenn greiða a.m.k. sums staðar nokkru lægra gjald. Í þessum efnum er þó talsverður munur milli sveitarfélaganna og þess eru jafnvel dæmi að lítill eða alls enginn greinarmunur sé gerður á gjöldum foreldra með tilliti til félagslegra aðstæðna. Til glöggvunar er gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur birt sem fylgiskjal með tillögu þessari en rétt er að hafa í huga það sem áður sagði um mismun milli sveitarfélaga.

Ekki verður um það deilt að það er mikið jafnaðar- og jafnréttismál í nútímasamfélagi að allir eigi kost á leikskóladvöl fyrir börn sín án tillits til efnahags. Flutningsmenn tillögunnar líta á breytingar í þessa átt sem lið í því að gera samfélagið fjölskylduvænna og styrkja undirstöður velferðar í landinu. Sérstök ástæða er til að huga að stöðu fjölskyldna nýrra Íslendinga í þessu sambandi.

Nefnd sú sem tillagan gerir ráð fyrir að verði skipuð þarf í starfi sínu að móta stefnu um hvernig réttindi foreldra til leikskóladvalar barna sinna, eða eftir atvikum annarrar sambærilegrar og viðurkenndrar dagvistunar ef um hana er að ræða, verða látin haldast í hendur við skyldur sveitarfélaga til að fullnægja eftirspurn. Ljóst er að það mun óhjákvæmilega taka nokkurn tíma að gera leikskólastigið í heild sinni gjaldfrjálst og gera ráðstafanir til að fullnægja eftirspurn í takt við réttindi foreldra og skyldur sveitarfélaga samkvæmt hinni nýju skipan. Því er eðlilegt að verkefnið verði unnið í áföngum, t.d. með því að gera síðasta árið fyrir grunnskóla gjaldfrítt fyrst. Einnig er eðlilegt að veita sveitarfélögunum ákveðinn aðlögunartíma, þeim sem þess þurfa með, þar til þeim er skylt að anna eftirspurn að fullu. Síðan koll af kolli uns því takmarki er náð að allt leikskólastigið og eftir atvikum önnur sambærileg og viðurkennd dagvistun sé gjaldfrjáls.

**Tekjustofnar og kostnaður.**

Ljóst er að niðurfelling leikskólagjalda kallar á endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Kostnaður sveitarfélaganna vegna leikskóla nam um 11,8 milljörðum króna á árinu 2004 en á móti komu tekjur vegna leikskólagjalda upp á 3,3 milljarða, eða rétt um 28%. Þess ber að geta að með breyttum reikningsskilaaðferðum þar sem húsnæðiskostnaður er tekinn með í reikninginn hækka kostnaðartölur nokkuð miðað við árin fyrir 2001.

Ljóst er að sveitarfélögin í landinu eru ekki aflögufær eins og afkomu þeirra er háttað heldur þvert á móti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa verið talsmenn þess að styrkja stöðu sveitarfélaganna og bæta fjárhag þeirra, t.d. með hlutdeild í fleiri og breiðari tekjustofnum en nú. Með auknu hlutverki á sviði velferðarmála og umhverfismála og sökum allrar þeirrar mikilvægu nærþjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að inna af hendi er ljóst að barátta fyrir öflugu samábyrgu velferðarsamfélagi er um leið barátta fyrir því að sveitarfélögin hafi fjárhagslegt bolmagn og aðstöðu til að leysa hlutverk sitt vel af hendi. Af þeim sökum er gengið út frá því að tekjustofnar komi á móti þeim kostnaði sem sveitarfélögin bæta smátt og smátt á sig með niðurfellingu leikskólagjalda. Einnig gæti ríkið létt einhverjum verkefnum af sveitarfélögunum, t.d. greiðslu húsaleigubóta, en það er einmitt stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að þær verði færðar til ríkisins og inn í skattkerfið. Því fylgdi sá kostur að hægt væri að taka upp samræmd húsnæðisframlög þar sem samræma mætti á einum stað innan skattkerfisins vaxtabætur annars vegar og stuðning við leigjendur eða húsaleigubætur hins vegar. Útgjöld sveitarfélaga vegna húsaleigubóta urðu nálægt 980 millj. kr. árið 2002, 1280 millj. kr. árið 2003, 1460 millj. kr. árið 2004 og stefna í um 1600 millj. kr. á árinu 2005 samkvæmt endurskoðaðri áætlun. Ef ríkið tæki að fullu á sig kostnað vegna húsaleigubóta stæðu því eftir nálægt 1700 millj. kr. sem bæta þyrfti sveitarfélögunum þegar leikskólagjöld hefðu verið felld niður í heild, miðað við kostnaðartölur vegna leikskólans á árinu 2004. Hver áfangi á leið til fulls gjaldfrelsis gæti þannig kostað einar 600–900 millj. kr. í aukin rekstrarútgjöld ef miðað er við að tekið yrði eitt ár í einu og fjöldi barna í leikskólum yrði svipaður. Með þessu er hins vegar ekki öll sagan sögð. Ljóst er að réttur til gjaldfrjálsrar leikskóladvalar og skyldur sveitarfélaga til að fullnægja eftirspurn þurfa að haldast í hendur. Verður því að gera ráð fyrir talsverðum stofnkostnaði til að anna aukinni aðsókn og samsvarandi auknum rekstrarkostnaði. Engin ástæða er til að draga dul á að um aukin útgjöld verður að ræða að því marki sem eftirspurn vex eftir leikskóladvöl samfara áföngum í átt til fulls gjaldfrelsis. Á móti kemur að um mikilsvert félagslegt og menntunarlegt framfaramál er að ræða. Ástæða er til að ætla að slíkum aðgerðum geti einnig fylgt þjóðhagslegt hagræði sem fram kæmi á öðrum sviðum, svo sem í aukinni framleiðni og samkeppnishæfni í atvinnulífinu. Mest um vert er þó að þetta er réttlætismál

sem jafnar lífskjör og framkallar breytingar í átt til fjölskylduvænna samfélags. Hér er sem sagt á ferðinni aðgerð sem treystir undirstöður samábyrgs velferðarsamfélags í landinu og byggir það upp, en af slíku höfum við séð allt of lítið fjöldamörg undangengin ár. Hvað sem áformum um gjaldfrjálsan leikskóla líður hljóta tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga að verða til skoðunar á næstunni þó ekki væri nema vegna þess að skuldasöfnun og bág afkoma allt of margra sveitarfélaga er vandamál sem taka verður á.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu fylgja þessu máli eftir þar til fullur sigur er unninn en ekki láta staðar numið þar. Full þörf er á að taka upp baráttu fyrir því að grunnskólinn verði einnig raunverulega gjaldfrjáls þannig að börn fái t.d. hollan og góðan mat í skólanum án endurgjalds.

---

Með tillögunni voru fylgiskjöl I og II sem eru samhljóða fylgiskjölum I og II í þskj. 26 (26. mál 132. löggjafarþings). Sjá A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 551–557.

I. Bréf til sveitarstjórna í landinu frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. (14. september 2005.)

II. Upplýsingar frá sveitarfélögunum um stöðu leikskólamála haustið 2005.

---

## Fylgiskjal III.

*Leikskólar Reykjavíkur:*

**Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur – leikskólagjöld.**
(Gjaldskráin gildir frá 1. september 2006.)

| | Kennslugjald | | | Fæðisgjald | | | Samtals K+F | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vistunar-tími | Flokkur I | Flokkur II | Flokkur III | Morgun-hressing | Hádegis-verður | Nón-hressing | Flokkur I | Flokkur II | Flokkur III |
| | 1.620 | 1.185 | 675 | | | | | | |
| 4,0 klst. | 6.480 | 4.740 | 2.700 | 1.175 | | | 7.655 | 5.915 | 3.875 |
| 4,5 klst. | 7.290 | 5.333 | 3.038 | 1.175 | | | 8.465 | 6.508 | 4.213 |
| 5,0 klst. | 8.100 | 5.925 | 3.375 | 1.175 | 3.500 | | 12.775 | 10.600 | 8.050 |
| 5,5 klst. | 8.910 | 6.518 | 3.713 | 1.175 | 3.500 | | 13.585 | 11.193 | 8.388 |
| 6,0 klst. | 9.720 | 7.110 | 4.050 | 1.175 | 3.500 | | 14.395 | 11.785 | 8.725 |
| 6,5 klst. | 10.530 | 7.703 | 4.388 | 1.175 | 3.500 | | 15.205 | 12.378 | 9.063 |
| 7,0 klst. | 11.340 | 8.295 | 4.725 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 17.190 | 14.145 | 10.575 |
| 7,5 klst. | 12.150 | 8.888 | 5.063 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 18.000 | 14.738 | 10.913 |
| 8,0 klst. | 12.960 | 9.480 | 5.400 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 18.810 | 15.330 | 11.250 |
| 8,5 klst. | 13.770 | 10.073 | 5.738 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 19.620 | 15.923 | 11.588 |
| 9,0 klst. | 14.580 | 10.665 | 6.075 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 20.430 | 16.515 | 11.925 |
| 9,5 klst. | 15.390 | 11.258 | 6.413 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 21.240 | 17.108 | 12.263 |

**Gjaldskrá 5 ára barna frá 1. september 2006.**

| | Kennslugjald | | | Fæðisgjald | | | Samtals K+F | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vistunar-tími | Flokkur I | Flokkur II | Flokkur III | Morgun-hressing | Hádegis-verður | Nón-hressing | Flokkur I | Flokkur II | Flokkur III |
| | 1.620 | 1.185 | 675 | | | | | | |
| 4,0 klst. | 1.620 | 1.185 | 675 | 1.175 | | | 2.795 | 2.360 | 1.850 |
| 4,5 klst. | 2.430 | 1.778 | 1.013 | 1.175 | | | 3.605 | 2.953 | 2.188 |
| 5,0 klst. | 3.240 | 2.370 | 1.350 | 1.175 | 3.500 | | 7.915 | 7.045 | 6.025 |
| 5,5 klst. | 4.050 | 2.963 | 1.688 | 1.175 | 3.500 | | 8.725 | 7.638 | 6.363 |
| 6,0 klst. | 4.860 | 3.555 | 2.025 | 1.175 | 3.500 | | 9.535 | 8.230 | 6.700 |
| 6,5 klst. | 5.670 | 4.148 | 2.363 | 1.175 | 3.500 | | 10.345 | 8.823 | 7.038 |
| 7,0 klst. | 6.480 | 4.740 | 2.700 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 12.330 | 10.590 | 8.550 |
| 7,5 klst. | 7.290 | 5.333 | 3.038 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 13.140 | 11.183 | 8.888 |
| 8,0 klst. | 8.100 | 5.925 | 3.375 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 13.950 | 11.775 | 9.225 |
| 8,5 klst. | 8.910 | 6.518 | 3.713 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 14.760 | 12.368 | 9.563 |
| 9,0 klst. | 9.720 | 7.110 | 4.050 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 15.570 | 12.960 | 9.900 |
| 9,5 klst. | 10.530 | 7.703 | 4.388 | 1.175 | 3.500 | 1.175 | 16.380 | 13.553 | 10.238 |

**Tímagjald**

*Flokkur I: 1.620 kr.*

Giftir foreldrar, sambúðarfólk
*Flokkur II: 1.185 kr.*
Annað foreldri í námi
*Flokkur III: 675 kr.*
Einstæðir foreldrar, báðir í námi.
Ef báðir foreldrar eða annað eru öryrkjar.
Starfsmenn geta sótt um að greiða samkvæmt þessum flokki.

Systkinaafsláttur reiknast eingöngu af tímagjaldi.
Yngsta barn fullt gjald.
Annað barn 100% afsláttur.
Þriðja barn 100% afsláttur.
Afsláttur reiknast alltaf á elsta barn.

Morgunverður: 1.175 kr.
Hádegisverður: 3.500 kr.
Nónhressing: 1.175 kr.

25% lækkun á kennslugjaldi og einungis greitt fyrir eitt barn.

# 50. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um afnám stimpilgjalda.

Flm.: Sigurjón Þórðarson, Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að afnema álagningu stimpilgjalda í áföngum á næstu fjórum árum.

Greinargerð.

Í ágúst á þessu ári kom út skýrsla Samkeppniseftirlitsins um banka- og lánamarkaðinn á Norðurlöndum og haustið 2005 gáfu Neytendasamtökin út skýrslu um húsnæðislánamarkaðinn í tíu Evrópulöndum. Í þessum skýrslum kemur glögglega fram að mjög hallar á íslenska neytendur í bankaviðskiptum í samanburði við nágrannalöndin. Þetta kemur fram í eftirfarandi þáttum:

1. Íslenskir neytendur búa við mun hærri nafn- og raunvexti en tíðkast í nágrannalöndum okkar.
2. Meiri vaxtamunur er á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum.
3. Lántökugjöld og annar kostnaður við lántöku er að jafnaði hærri en annars staðar á Norðurlöndum.
4. Uppgreiðslugjald eða flutningsgjald milli banka þekkist annaðhvort ekki eða er miklu lægra annars staðar á Norðurlöndum.
5. Hreyfanleiki viðskiptavina milli bankastofnana er minni hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum.

Einn stærsti þáttur í slæmum lánakjörum íslenskra neytenda má rekja til lítils hreyfanleika þeirra á íslenskum bankamarkaði sem dregur úr virkri samkeppni og skerðir kjör. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um bankamarkaðinn er lagt til að stimpilgjald verði afnumið en það hamlar því að neytendur endurfjármagni lán ef kostur er á hagstæðari lánum.

Samkeppniseftirlitið leggur einnig til afnám uppgreiðslugjalds til þess að auka hreyfanleika lántakenda. Eðlilegast væri að lánastofnanir settu sér þær reglur að uppgreiðslugjald yrði aldrei hærra en sem nemur sannarlegum kostnaði við fjármögnun. Hærra uppgreiðslugjald en sem nemur þeim kostnaði þjónar eingöngu þeim tilgangi að múra viðskiptavini inni með viðskipti sín í viðkomandi lánastofnun. Það væri mikil mótsögn fyrir íslenska banka sem nýlega hafa öðlast frelsi að vilja festa viðskiptavini í ánauð í áratugi.

Margvísleg önnur rök eru fyrir afnámi stimpilgjalds en hreyfanleiki og samkeppni á bankamarkaði. Stimpilgjaldið er ósanngjörn skattlagning. Í fyrsta lagi er það þung byrði fyrir ungt fólk sem er að kaupa sér húsnæði í fyrsta skipti. Í öðru lagi kemur það illa niður á fólki sem á í greiðsluvanda og þarf að skuldbreyta lánum sínum. Í þriðja lagi eru stimpilgjöldin skattur sem leggst misþungt á atvinnulífið en í áliti nefndar um réttindi og skyldur í viðskiptum neytenda við fjármálafyrirtæki frá árinu 2004 segir orðrétt: „Einnig virðist sem stimpilgjöld séu fyrst og fremst greidd af einstaklingum og minni fyrirtækjum þar sem lántökum stærri fyrirtækja er hagað með sérstökum hætti.“

Á síðasta ári skilaði stimpilgjald ríkissjóði rúmum 9 milljörðum kr. en í fjárlögum ársins 2005 var gert ráð fyrir að innheimta 4,6 milljarða kr. Það er því ljóst að það raskar ekki áætlunum um fjárhag ríkisins þó svo að stimpilgjaldið yrði lækkað um helming.

Fjármálaráðherra hefur lýst því yfir að hann vilji láta stimpilgjaldið hverfa en á móti kæmi að hætta væri á að það mundi framlengja verðbólgu á húsnæði. Lítil sem engin hætta er á að

niðurfelling stimpilgjald valdi óróa á húsnæðismarkaði ef gjaldið verður lagt niður í áföngum eins og gert er ráð fyrir í þessari þingsályktunartillögu. Að sama skapi gefst stjórnvöldum ráðrúm til þess að bregðast við fyrirséðu tekjutapi með sparnaði eða annarri sanngjarnari skattheimtu.

## 51. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um trjáræktarsetur sjávarbyggða.

Flm.: Guðjón Hjörleifsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Bjarnason,
Kjartan Ólafsson, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að stofnun trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum sem hafi það markmið að rannsaka særoks- og loftslagsbreytingar á trjágróðri og trjárækt á eyjum í Norður-Atlantshafi, einkum Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum og Grænlandi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 132. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Trjágróður veitir skjól, lífsfyllingu og er mikilvægur hluti aðlaðandi umhverfis. Meiri hluti íbúa á eyjum Norður-Atlantshafs býr nærri sjó og á Íslandi eru 82% þjóðarinnar búsett á stöðum þar sem særok spillir trjágróðri.

Trjá- og skógræktarskilyrði eru erfið í kaldtempraða beltinu á eyjum Norður-Atlantshafs og er þó mikill áhugi á trjárækt á Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum og Suðureyjum og nokkur á Suður-Grænlandi. Svöl sumur með meðalhita júlímánaðar undir 14°C og stormasamir vetur einkenna veðurfarið og eru aðalástæður erfiðra trjáræktarskilyrða. Á Grænlandi er þurr, heitur og stundum langvarandi hnjúkaþeyr á vetrum einnig verulegt vandamál. Hnjúkaþeyr að vetri er minna vandamál annars staðar við Norður-Atlantshaf þótt skemmda af hans völdum verði einnig vart hér á landi.

Trjá- og skógræktarskilyrði á eyjum við Norður-Atlantshaf eru ólík því sem er á meginlandi Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku. Þar munar mest um áhrif særoksins en einnig ólíkan jarðveg og hitafar. Erlend ræktunarþekking hefur því reynst ótraust veganesti á Íslandi og öðrum eyjum með svalt úthafsloftslag. Að Íslandi undanskildu eru eyjar og strandsvæði við Norður-Atlantshaf á jaðri stærri ríkja og ríkjaheilda. Sértæk vandamál dreifðra byggða á jaðarsvæði fá lítið vægi í rannsóknum samanborið við viðfangsefni í þungamiðju svæðisins. Þekking á áhrifum særoks á trjágróður virðist skýrt dæmi um þennan áherslumun því að fram á allra síðustu ár var særok vart talið mikilvægur umhverfisþáttur fyrir tré og skóga við Norður-Atlantshaf.

Utan Íslands er skóg- og trjárækt nærri skógarmörkum yfirleitt jaðarviðfangsefni. Í þessu felst mikilvæg sérstaða, tækifæri og e.t.v. forustuskylda. Kaldtempraða beltið á eyjum við Norður-Atlantshaf er strjálbýlt. Samanlagður íbúafjöldi er tæplega hálf milljón (470.000 manns). Þar af eru Íslendingar nærri tveir þriðju mannfjöldans (64%). Á Grænlandi búa um 56.000 (12%), í Færeyjum 45.000 (10%), Hjaltlandi 22.000 (5%), Orkneyjum 19.000 (4%) og Suðureyjum 27.000 (6%). Engu að síður er mikil þörf á rannsóknum og upplýsingum sem hæfa aðstæðum fólks þar. En Norður-Atlantshafssvæðið er vítt, langt milli byggða og flest

byggðarlög fámenn. Á Íslandi eru á þriðja tug skógfræðinga og nokkur hópur manna sem sinnir rannsóknum sem tengjast trjám, skógum og skógrækt. Í Færeyjum er einn skógfræðingur með verkstjóra sér við hlið. Á Grænlandi er enginn skógfræðingur en garðyrkjumaður sér um trjáræktartilraunir, svipað er ástatt á Hjaltlandi. Á Orkneyjum og ytri Suðureyjum eru nokkrir tilraunareitir sem sinnt er frá meginlandi Skotlands.

Mikil samlegðaráhrif yrðu af trjáræktarsetri sem greiddi fyrir upplýsingastreymi og rannsóknasamstarfi í trjá- og skógrækt milli eyþjóða við Norður-Atlantshaf. Með því móti verður margt mögulegt sem hver og einn getur ekki áorkað einn. Samstarf við vísindamenn og stofnanir utan svæðisins yrði einnig auðveldara en áður.

**Vestmannaeyjar.**

Vestmannaeyjar eru heppilegasta heimili trjáræktarseturs vegna aðstæðna og þeirra rannsókna sem þegar hafa farið þar fram. Árið 1989 hófust þar tilraunir með það markmið að finna heppilegan trjágróður fyrir strandsvæði á Íslandi. Sex árum síðar efldist sú vinna mjög þegar hrundið var af stað með tilstyrk Íslandsbanka rannsóknarátaki til að skýra orsakir trjáskaða í Vestmannaeyjum og gera tilraunir með ræktunaraðferðir sem gögnuðust í saltálagi. Á sama tíma hóf Mógilsá – rannsóknastöð skógræktar tilraunir með mismunandi víði- og asparklóna á Heimaey. Rannsóknir á saltálagi voru einkaframtak en skjótt tókst mjög gott og farsælt samstarf við Mógilsá. Rannsóknir á saltálagi urðu doktorsverkefni Þorbergs Hjalta Jónssonar við Sænska landbúnaðarháskólann í Alnarp á Skáni og síðar einnig masters-verkefni Margrétar Lilju Magnúsdóttur við Háskóla Íslands. Rannsóknirnar hafa staðið óslitið frá 1995 og mynda nú traustan þekkingargrunn á þessu sviði.

Á Heimaey eru ákjósanleg skilyrði til rannsókna á vexti og þroska trjágróðurs við sjó. Þar er mikil og löng reynsla af trjárækt og á Stórhöfða er ein besta veðurstöð landsins með m.a. mælingar á saltstyrk í lofti auk venjulegra athugana. Stöðin er einnig vel þekkt í veðurfræðirannsóknum, einkum á sviði storma og særoks. Í Vestmannaeyjum er allstórt og samheldið samfélag og því er bæði mannafli og nauðsynleg þjónusta á staðnum. Í bænum eru bæði grunn- og framhaldsskólar og því möguleikar á gagnvirkum tengslum við skólastarf. Rannsóknastofnanir eru í bænum, m.a. setur Háskóla Íslands og Náttúrustofa.

**Áhersluþættir í starfsemi trjáræktarseturs sjávarbyggða.**

Helstu áhersluþættir í starfsemi trjáræktarsetursins ættu að vera:

1. spálíkan fyrir áhrif særoks á trjágróður,
2. tilraunir með arfgerðir og aðferðir fyrir trjárækt í sjávarbyggðum,
3. rannsóknir á áhrifum særoks og loftslagsbreytinga á skógarvistkerfi við Norður- Atlantshaf, einkum náttúruleg birki- og víðivistkerfi,
4. rannsóknir á orsökum saltskemmda og eðli særoksþols hjá trjágróðri,
5. tilraunir með hagkvæmar aðferðir til að koma upp skógi á berangri,
6. miðlun þekkingar á trjá- og skógrækt við Norður-Atlantshaf.

*Spálíkan fyrir áhrif særoks á trjágróður.*

Samband veðurþátta og saltskemmda er flókið þannig að margir þættir þurfa að koma saman til að valda trjáskemmdum. Meðaltöl lykilveðurþátta segja lítið um horfur á særoksskemmdum og það skiptir einnig miklu máli hvenær ársins saltstormarnir geisa. Því er oftast öðru kennt um trjáskemmdirnar. Líkan er forsenda þess að meta þátt særoks í vexti og þrifum trjágróðurs hér á landi og til að finna leiðir til að sneiða hjá saltskemmdum. Tengsl særoks og saltskemmda á trjágróðri hafa verið rannsökuð í Vestmannaeyjum frá árinu 1995. Á

grundvelli þessara rannsókna er gerð saltálagslíkans langt komin. Líkanið spáir áhrifum særoks á hæðarvöxt, vaxtarlag (hlykki) og framleiðni trjánna (laufflöt) út frá stærð og eiginleikum trjánna, veðurþáttum og fjarlægð frá hafi. Gagnsemi þess er einkum eftirfarandi:

1. Með líkaninu má meta þátt særoks í trjá- og skógræktarskilyrðum. Líkanið getur nýst við mat á landi til skógræktar og kortlagningu ræktunarskilyrða.
2. Líkanið má nota við leiðbeiningar til trjá- og skógræktenda. Það mætti til dæmis hafa sem þátt í veðurspám. Veðurstofan gæti með hjálp líkansins gefið út saltálagsspár. Veðurstofan gæti varað garð- og skógræktendur á ákveðnum svæðum við aðsteðjandi saltskemmdaveðrum og á áliðnum vetri lýst horfum á saltskemmdum í einstökum byggðarlögum og landsvæðum.
3. Líkanið er forsenda virkra kynbóta fyrir særoksskaða. Það dregur fram lykilþætti í særoksþoli og með því má sjá fyrir líklegan árangur af kynbótum fyrir einstaka þætti.
4. Líkanið er einnig forsenda frekari skilnings á særoksskaða á trjágróðri þar sem með því má segja til um líkleg áhrif særoks á tilraunatré. Frávik frá þeirri forsögn eru lykillinn að dýpri skilningi á eðli særoksskaða á trjám og runnum. Líkanið er einnig nauðsynlegt við rannsóknir á áhrifum særoks á náttúruleg birkiskóglendi. En vísbendingar eru um að særok eigi verulegan þátt í kjarrvexti birkis um sunnan- og vestanvert landið.
5. Spár um loftslagsbreytingar gefa til kynna að vetrarstormar kunni að verða hvassari á Norður-Atlantshafi og að braut fárviðranna færist norðar og austar. Líkanið gæti reynst mikilvægt við að meta áhrif loftslagsbreytinga á vöxt og viðgang trjáa og skóga. Í því felast einnig sóknarfæri í alþjóðlegu vísindasamstarfi þar sem áhrif breytts vindafars á trjágróður er nánast órannsakað fræðasvið.
6. Særok er mikilvægur þáttur í umhverfi fólks á eyjum og strandsvæðum víða um heim. Líkanið veitir því tækifæri til meira samstarfs við eyþjóðir og strandbyggðir við Norður-Atlantshaf og víðar.

Líkan af áhrifum særoks á trjágróður er algerlega nýtt viðfangsefni og engar heimildir finnast um líkan sem spáir saltskemmdum á trjágróðri vegna særoks að vetri né sumri. Líkanið hefur því mikið nýjungargildi auk fræðilegs og hagnýts gildis.

*Arfgerðir og aðferðir fyrir trjárækt í sjávarbyggðum.*


Mikil þörf er fyrir harðgerðan trjágróður sem hæfir ræktun í sjávarbyggðum. Til að ná árangri þarf að leita að og prófa tegundir og afbrigði trjáa og runna til ræktunar í sjávarbyggðum og kynbæta efnilegar tegundir. Prófanir á mismunandi efnivið af alaskaösp og víði sýna að verulegur breytileiki er í særoksþoli. Með kynbótum á víðitegundum mætti að öllum líkindum fá fram tiltölulega fljótt saltþolin og stórvaxin víðiafbrigði sem gætu veitt nægilegt skjól fyrir annan gróður og garða.

Árið 1994 var fyrsta ræktunartilraunin sett niður í Hornafirði þar sem sérstaklega voru prófaðar ræktunaraðferðir sem hæfa strandsvæðum. Ári síðar var byrjað á tilraunum í Vestmannaeyjum sem haldið hefur verið áfram til þessa dags. Þessar tilraunir hafa þegar skilað verulegum árangri í bættum vexti og afkomu trjágróðurs.

*Áhrif særoks og loftslagsbreytinga á skógarvistkerfi við Norður-Atlantshaf, einkum náttúruleg birki- og víðivistkerfi.*

Á þessari öld er spáð að vetrarstormar verði færri en hvassari í tempraða beltinu, saltmagn aukist í lofti og að braut fárviðra færist norðar og austar á Atlantshafi. Í samræmi við þessar spár hefur tíðni vetrarstorma aukist nokkuð í Norðvestur-Evrópu og vaxandi saltskemmdir á skógum í Danmörku og Suður-Svíþjóð eru þar áhyggjuefni. Engu að síður finnast fáar

rannsóknir á orsakatengslum særoks að vetri og trjáskemmda eða áhrif þeirra á skógarvistkerfi. Rannsóknir í Vestmannaeyjum sem staðið hafa frá 1994 sýna að vetrarsærok er þar aðalorsök trjáskemmda, veldur því að ársprotar visna á vorin og framleiðni trjánna minnkar vegna minni laufflatar. Rannsóknir hér á landi á vexti og framleiðni náttúrulegra birkiskóglenda benda einnig til að særok sé mikilvægur ef ekki meginþáttur í kjarrvexti birkisins á Suður- og Vesturlandi. Þessar rannsóknir á áhrifum særoks á trjávöxt og vistkerfi gefa tækifæri til að ná forustu á þessu sviði loftslagsbreytingarannsókna. Miklum gögnum hefur þegar verið aflað bæði um náttúruleg birkiskóglendi, áhrif loftslags og loftslagsbreytinga á þau og lífeðlisfræðilega vistfræði særoks sem byrjað er að birta í ritrýndum vísindaritum. Mikið verk er þar óunnið en það hefur hamlað starfinu að rannsóknirnar hafa ekki haft tryggan samastað.





Meðallengd birkistofna víðs vegar af landinu (slembiúrtak 300 trjáa) eftir saltákomu á vaxtarstað.

*Orsakir saltskemmda og eðli særoksþols hjá trjágróðri.*

Saltmengun í jarðvegi er eitt erfiðasta viðfangsefni í ræktun og matvælaframleiðslu í heiminum. Þetta vandamál þjakar einkum í þurrkalöndum í Asíu, Afríku og Ástralíu. Saltálag á vaxandi plöntur er mikið rannsakað viðfangsefni en snúið þar sem í vaxandi plöntum er erfitt er að henda reiður á orsökum og afleiðingum. Framfarir í ræktun og sérstaklega kynbótum hafa því ekki verið í samræmi við fyrirhöfn. Í rannsóknum á saltálagi í Vestmannaeyjum hafa komið fram mikilvægar vísbendingar um lykilþætti í lífeðlisfræði saltálags í plöntum. Þær sýna að með því að skoða áhrif seltu í trjám sem eru að vakna af vetrardvala má komast hjá sumum af þeim flækjum sem hamlað hafa framförum í saltþolsrannsóknum. Þannig benda þær til þess að gera megi lífefnafræðilegar og erfðatæknilegar rannsóknir á saltþoli markvissari en nú. Í þessu felast möguleikar á víðtæku samstarfi við erlenda fræðimenn og stofnanir sem fást við saltálag og ræktun í söltu umhverfi.

*Hagkvæmar aðferðir til að koma upp skógi á berangri.*

Plöntur bregðast á líkan hátt við margs konar álagi svo sem af salti, þurrki og kulda. Úr rannsóknunum á særoksþoli trjágróðurs í Vestmannaeyjum spratt ný nálgun við skógrækt á berangri. Árið 2002 var myndaður rannsóknarhópur um það erfiða viðfangsefni að finna hagkvæmar leiðir til að koma skógi og þá einkum birki upp á söndum og vikrum í Þjórsárdal og nágrenni Heklu. Hugmyndin að baki verkefninu var að búa plönturnar þannig út að dygði þeim til að komast af við hin erfiðustu kjör án frekari aðhlynningar. Verkefnið var kallað „nestun skógarplantna". Leiðirnar að þessu marki voru sóttar í nýjustu þekkingu í plöntulífeðlisfræði og önnur svið sem tengjast skógrækt og skógarvistfræði. Rannsóknarhópurinn var nokkurs konar grasrótarhreyfing doktors- og mastersnema úr ólíkum áttum. Tilraunir hópsins hafa þegar skilað miklum árangri, svo miklum að réttlæti örugglega allan kostnað við tilraunirnar ef ekki margfaldlega ævistarf allra sem þar hafa komið að verki. Tveir þættir rannsóknanna standa þegar upp úr. Með nýrri nálgun við áburðargjöf má fá sama árangur með $\frac{1}{50}$ af áburðarmagni og það með verulega minni tilkostnaði við áburðargjöf. Enn áhugaverðari eru niðurstöður með hleðslu plantna með „glycine betaine" en það er efni sem sumar saltþolnar plöntur mynda sér til varnar. Efnið er tiltölulega ódýr aukaafurð við sykurfamleiðslu úr sykurrófum en sykurrófan er ein þeirra tegunda sem mynda efnið. Á þurrum vikrum jók glycine betaine hleðsla líflíkur plantna verulega og bætti einnig vöxt. Hleðslan er nokkurs konar „líftrygging" fyrir plönturnar. Sem dæmi má taka að í miklum hita og þurrki í ágúst 2004 skrælnuðu tilraunasvæðin á vikrunum í Þjórsárdal. Um helmingur tilraunaplantnanna drapst nema glycine betaine meðferðir þar sem lifunin var um og yfir 80% (sjá mynd). Tilraunahópurinn hefur verið í sambandi við erlenda sérfræðinga á sviði skóggræðslu og einnig glycine betaine. Tilraunirnar í Þjórsárdal munu vera einu skógræktartilraunir í heiminum með þetta efni. Kostnaður við skógrækt er í beinu hlutfalli við lifun plantna eftir gróðursetningu. Glycine betaine hleðsla er einföld og ódýr og niðurstöðurnar hafa því verulega efnahagslega þýðingu og opna leiðir í alþjóðlegt rannsóknasamstarf. Þessar rannsóknir hafa ekki haft neinn samastað en tengjast náið særoksrannsóknum.




Áhrif glycine betaine hleðslu í gróðrarstöð á lifun birkiplantna haustið 2004. Plönturnar voru gróðursettar á gróðursnauða sanda í Þjórsárdal vorið 2004.

*Miðlun þekkingar á trjá- og skógrækt við Norður-Atlantshaf.*

Trjáræktarsetri sjávarbyggða er ætlað að verða samstarfsvettvangur sérfræðinga á sviði trjáræktar við Norður-Atlantshaf. Það á einnig að verða þekkingarveita um trjá- og skógrækt. Auk venjubundinnar miðlunar er aflvél þekkingarveitunnar tölvulíkan sem leiðbeinir um val tegunda í trjárækt. Líkanið er þannig að hver sem hefur netaðgang getur sótt sérsniðnar tillögur um tegundir og arfgerðir fyrir sinn ræktunarstað. Tillögunum fylgja spár um vöxt, kalhættu, laufgun, blómgun, aldinmyndun og lauffall trjá- og runnategunda ásamt upplýsingum um útlit, svo sem lauflit, lit blóma, aldina og haustlit, auk mynda af plöntunum og margvíslegra annarra upplýsinga um þær. Þetta leiðbeiningarkerfi hefur verið lengi í undirbúningi en er fyrst nú tæknilega fýsilegt. Þekkingarkerfið er afturvirkt og sjálfbætandi.

**Samantekt – Verkefni trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum.**

*Aðaláherslur.*

1. Gera líkan af saltákomu og áhrifum særoks á trjágróður til að:
   a. spá fyrir um vöxt, skemmdir og vaxtarlag trjáa,
   b. meta langtímagildi nýrra aðferða og arfgerða,
   c. skýra áhrif loftslagsbreytinga á vöxt, skemmdir og vaxtarlag trjágróðurs.
2. leita arfgerða (tegunda og afbrigða) og aðferða fyrir trjárækt í sjávarbyggðum við Norður-Atlantshaf með því að:
   a. leita að og prófa tré, runna og arfgerðir þeirra,
   b. kynbæta tré og runna til að standast særok og skilyrði við sjó með áherslu á víðitegundir,
   c. þróa aðferðir fyrir ræktun á strandsvæðum.
3. Rannsaka áhrif særoks og loftslagsbreytinga á skógarvistkerfi við Norður-Atlantshaf með áherslu á náttúruleg birki- og víðivistkerfi.
4. Rannsaka lífeðlis- og lífefnafræðilegar orsakir saltskemmda og eðli særoksþols hjá trjágróðri.
5. Þróa hagkvæmar aðferðir til að koma upp skógi á berangri.
6. Miðla þekkingu á trjá- og skógrækt á eyjum í kaldtempruðu loftslagi við Norður-Atlantshaf og tengja saman sérfræðinga og áhugamenn á þessu svæði.

*Starfsáherslur á fyrsta ári.*

1. Koma á samstarfi innan lands og erlendis um viðfangsefni setursins og undirbúa sameiginlegar umsóknir til að fjármagna samstarfsverkefnin.
2. Koma upp tilraunagarði og ná samstarfi við Grasagarðinn í Laugardal og Lystigarðinn á Akureyri um samræmda og sameiginlega skráningu á þrifum trjágróðurs.
3. Koma upp heimasíðu setursins með upplýsingum um starfsemina, tengsl særoks og trjágróðurs og sívirku spálíkani sem reiknar særoksálag.
4. Birta niðurstöður fyrirliggjandi rannsókna á áhrifum særoks á trjágróður. Birting niðurstaðnanna er forsenda alþjóðlegs samstarfs um rannsóknir á þessu sviði.

## 52. Frumvarp til laga [52. mál]

um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

33. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til felld verði brott úr lögum um fjárreiður ríkisins lagagrein sem heimilar fjármálaráðherra að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Greinin er svohljóðandi:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga."

Greinin var umdeild þegar frumvarpið, sem síðar varð að lögum um fjárreiður ríkisins, var rætt og afgreitt á Alþingi á 121. löggjafarþingi vorið 1997. Var á það bent að greinin færi í bága við 41. gr. stjórnarskrárinnar en hún hljóðar svo:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Tvær breytingartillögur komu fram við 33. gr. sem báðar miðuðu að því að lögin gengju ekki lengra en stjórnarskráin var talin heimila en þær voru báðar felldar. Að öðru leyti er vísað til umræðunnar sem þá fór fram um málið sem var 100. mál þingsins, þskj. 103.

Flutningsmaður vill að nýju flytja þá tillögu að fella alveg brott 33. gr. og undirstrika með því að löggjafarvaldinu er samkvæmt stjórnarskrá ætlað að fara með fjárveitingavaldið. Verði frumvarpið að lögum mun það styrkja löggjafarvaldið og stefna að aðgreiningu þess og framkvæmdarvaldsins, líkt og frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem einnig er flutt á þessu þingi (12. mál).

## 53. Frumvarp til laga [53. mál]

um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. 3. mgr. A-liðar orðast svo:

Barnabætur skulu árlega nema 56.096 kr. með öllum börnum yngri en 10 ára á tekjuárinu.

b. 3. málsl. 4. mgr. A-liðar orðast svo: Barnabætur samkvæmt þessari málsgrein skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 3.000.000 kr. hjá hjónum og umfram 1.500.000 kr. hjá einstæðu foreldri.

2. gr.

B-liður 1. gr. öðlast gildi 1. janúar 2007 en a-liður 1. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að bæta verulega barnabótakerfið með því að draga verulega úr þeirri gífurlegu skerðingu sem er til staðar en tekjutengdar barnabætur skerðast nú við um 77 þús. kr. tekjur hjá einstæðu foreldri og um 155 þús. kr. samanlagðar tekjur hjóna eða sambúðaraðila. Auk þess er hér stigið veigamikið skref í því að hækka aldursmörk ótekjutengdra barnabóta sem nú eru einungis greiddar að 7 ára aldri barns.

Á umliðnum áratug hafa barnabætur verið skertar verulega. Varla er lengur hægt að kalla þær barnabætur og væri nær sanni að kalla þær láglaunabætur. Á árinu 2003 fengu um 11,3% einstæðra foreldra óskertar barnabætur en aðeins um 3% hjóna. Hlutur ótekjutengdra barnabóta af heildargreiðslum, sem allir foreldrar barna fá óháð tekjum, var um 56% á árinu 1995 þegar núverandi ríkisstjórn tók við en var kominn niður í um 20% á árinu 2005. Á árinu 1995 voru greiddar ótekjutengdar barnabætur til allra barna að 16 ára aldri en nú eru þær einungis greiddar til barna að 7 ára aldri. Barnabætur skerðast nú við um 77 þús. kr. mánaðartekjur hjá einstæðu foreldri, sem er langt undir lágmarkslaunum, og hjá hjónum skerðast barnabætur við um 155 þús. kr. mánaðartekjur.

Á árinu 2005 var varið um 1 milljarði kr. lægri fjárhæð að raungildi til barnabóta en á árinu 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við. Jafnvel þótt að um 2,4 milljörðum kr. hærri fjárhæð verði varið til barnabóta á árinu 2006 og 2007 eins og áformað er þá hafa barnabæturnar engu að síður lækkað verulega að raungildi frá því að núverandi stjórnarflokkar komust til valda.

Á föstu verðlagi voru útgjöld til barnabóta tæpir 6,5 milljarðar kr. á árinu 1995 en á þessu ári eru útgjöld til barnabóta tæpir 6 milljarðar kr. Sem hlutfall af landsframleiðslu voru útgjöld til barnabóta um 1% á árinu 1995 en voru komin niður í um 0,5% á árinu 2005.

Á árinu 2007 hefur ríkisstjórnin ákveðið, í tengslum við kjarasamninga fyrr á þessu ári, að draga nokkuð úr tekjutengingu bóta og skerðingarmörkum þeirra. Engu að síður er miðað við mjög lágar tekjur hjá þeim sem fá óskertar bætur. Í stað þess að skerðing á barnabótum byrji við 77 þús. kr. mánaðartekjur hjá einstæðu foreldri verður miðað við 92 þús. kr. eftir breytinguna á næsta ári. Hjá hjónum verður miðað við að skerðing á barnabótum byrji við 185 þús. kr. mánaðartekjur í stað 155 þús. kr. nú. Í kjarasamningunum náði verkalýðshreyfingin því einnig fram að aldursviðmið tekjutengdra barnabóta verða hækkuð úr 16 í 18 ára aldur.

Brýnt er að við breytingar á barnabótakerfinu verði sett í forgang að rýmka skerðingarhlutföllin mun meira en áform ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir. Í þessu frumvarpi er lagt til að skerðingarmörkin verði miðuð við lágmarkstekjutryggingu í dagvinnu. Óskertar barnabætur yrðu þá greiddar einstæðum foreldrum með tekjur að 125 þús. kr. á mánuði eða 1,5 millj. kr. í árstekjur. Hjón með tekjur að 250 þús. kr. á mánuði eða 3 millj. kr. í árstekjur fengju einnig óskertar barnabætur. Með þessari breytingu mundu um 31,3% einstæðra foreldra og um 10,5% hjóna fá óskertar bætur af heildarfjölda þeirra sem fá barnabætur. Það

yrði til þess að einstæðum foreldrum og hjónum sem fá óskertar barnabætur fjölgaði um 2.000 í hvorum hópi og að fjöldi barna sem óskertar barnabætur næðu til yrði um 4.700.

Með þessu frumvarpi er einnig stigið fyrsta skrefið í að hækka aldursviðmið sem lagt er til grundvallar greiðslu ótekjutengdra barnabóta. Nú eru ótekjutengdar barnabætur greiddar með börnum frá 0–6 ára aldurs en þær falla niður við 7 ára aldur barns. Lagt er til að ótekjutengdar barnabætur greiðist einnig með börnum 7–9 ára eða að 10 ára aldri barns, sem er áfangi á þeirri leið að hækka enn frekar ótekjutengdar barnabætur. Þegar miðað var við að ótekjutengdar barnabætur næðu til allra barna að 7 ára aldri var miðað við leikskólaaldur og þá til að mæta kostnaði af leikskóladvöl eða dagvistun. Rökin fyrir því að breyta þessu nú er að börn í a.m.k. fyrstu þremur bekkjum grunnskóla eru oft í dagvistun í skólanum eftir að námi lýkur á daginn og er kostnaðurinn við það auk heitrar máltíðar um 20.000 kr. á mánuði, nokkuð mismunandi þó eftir sveitarfélögum.

Nú eru greiddar ótekjutengdar barnabætur með 29.575 börnum 0–6 ára eða að 7 ára aldri. Með þeirri breytingu að hækka aldursviðmiðið og bæta við börnum frá 7–9 ára eða að 10 ára aldri yrði greitt með 42.567 börnum eða um 13.000 fleiri en nú er. Heildarkostnaður við þær breytingar sem hér eru lagðar til eru um 1,6 milljarða kr.

Í flestum löndum miðast greiðslur barnabóta við 18 ára aldurinn. Í tengslum við síðustu kjarasamninga gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu um að aldursviðmið vegna tekjutengdra barnabóta yrði hækkað úr 16 ára aldri í 18 ára. Ríkisstjórnin hefur ekki viljað fallast á að hreyfa við aldursviðmiði varðandi ótekjutengdar barnabætur, enda er Ísland eitt fárra landa sem ekki greiða öllum barnabætur að 18 ára aldri barna.

Ástæða er til að fara nokkrum orðum um stöðu barnabóta í öðrum löndum, en í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns þessa frumvarps á árinu 2000 kom eftirfarandi í ljós:

*Danmörk:*

Barnabætur eru hvorki tekjutengdar né skattskyldar og greiðast með öllum börnum að 18 ára aldri.

*Noregur:*

Barnabætur eru skattfrjálsar og án tekjutengingar og greiðast með öllum börnum 16 ára og yngri.

*Svíþjóð:*

Barnabætur greiðast vegna allra barna 16 ára og yngri. Barnabætur til barnmargra fjölskyldna eru hærri þegar börnin eru orðin þrjú eða fleiri. Þær eru skattfrjálsar og án tekjutengingar.

*Finnland:*

Barnabætur greiðast með börnum til 17 ára aldurs og fer fjárhæð bótanna eftir fjölda barna í hverri fjölskyldu. Bæturnar eru skattfrjálsar og án tekjutengingar.

Í aðildarríkjum *OECD* eru barnabætur án tekjutengingar í öllum löndum nema í Ástralíu, Grikklandi, Ítalíu, Kanada, Portúgal og á Spáni auk Íslands. Aldursmörkin eru 16 eða 18 ár og er skiptingin nokkuð jöfn. Í einu landi eru aldursmörkin 17 ár.

Eins og sést af framangreindu yfirliti er Ísland langt á eftir flestum þeim þjóðum sem við berum okkur saman við í að styrkja barnafjölskyldur með sómasamlegum greiðslum barnabóta.

Með þessu frumvarpi er stigið veigamikið skref í þá átt að bæta barnabótakerfið og bæta stöðu og kjör barnafjölskyldna sem er veigamikill þáttur í því velferðarkerfi sem jafnaðarmenn vilja búa landsmönnum.

# 54. Frumvarp til laga [54. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Flm.: Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Fyrir almenna tannlæknaþjónustu greiðir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt samningum, sbr. 39. gr. Takist ekki samningar skv. 39. gr. er ráðherra heimilt að setja gjaldskrá. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna, 20 ára og yngri, 100 % kostnaðar.
2. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 100% kostnaðar.
3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta ekki tekjutryggingar, 75% kostnaðar. Fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannplanta gilda sérstakar reglur sem ráðherra setur. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. og aftur á 132. löggjafarþingi lítið breytt og er nú endurflutt. Á 131. löggjafarþingi var gerð breyting á 37. gr. laga um almannatryggingar og fagna flutningsmenn auknum réttindum en hins vegar telja flutningsmenn brýnt og eðlilegt að hlutfall greiðsluþátttöku sjúkratrygginga komi fram í lögum en ekki í reglugerð eins og fyrirkomulagið er nú.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 1. mgr. 37. gr. laganna að felld er niður tilvísun í tannréttingar. Í stað þess er vísað til almennra tannlækninga, en það hugtak skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Hér er um að ræða forvarnir, almennar viðgerðir og tannréttingar aðrar en þær sem gerðar eru með föstum tækjum en um slíkar tannréttingar, svo og gullfyllingar, krónu- og brúargerð, gilda reglur sem vísað er til í 33. gr. almannatryggingalaga og eiga aðallega við um börn og unglinga.

Í frumvarpinu er lagt til að Tryggingastofnun ríkisins greiði fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna 20 ára og yngri, svo og fyrir almennar tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega. Kveðið verði á um form reikninga fyrir tannlæknaþjónustu í samningum við tannlækna eða gjaldskrá.

Flutningsmenn hafa áður lagt fram frumvörp um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins (TR) í kostnaði við tannlækningar. Frumvarpið byggist á frumvarpi sem flutt var af Ögmundi Jónassyni o.fl. á 122., 123. og 125. löggjafarþingi og vísað til heilbrigðis- og tryggingananefndar án þess að hljóta þar afgreiðslu. Frá því að fyrri frumvörp voru lögð fram hefur greiðsluþátttaka TR aukist og er það vissulega mikilvægt. Á 130. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram tillögu til þingsályktunar um tannvernd barna og unglinga. Í henni var lagt til að tannvernd barna og unglinga til 18 ára aldurs yrði efld og sérstök tann-

vernd ákveðinna aldurshópa yrði hluti ungbarnaverndar og skólaheilsugæslu. Lagt var til að greiðsluþátttaka TR fyrir almennar tannlækningar barna og unglinga að 18 ára aldri yrði 90%.

Þingsályktunartillögunni var vísað til umfjöllunar í heilbrigðis- og trygginganefnd. Umsagnir um tillöguna voru í heild jákvæðar. Í þeim kom fram að nauðsynlegt væri talið að bæta tannheilbrigðiskerfið og auka greiðsluþátttöku TR en hins vegar þótti sú skipan sem tillagan gerði ráð fyrir nokkuð flókin í framkvæmd. Með hliðsjón af þeirri athugasemd er hér lögð til einfaldari útfærsla og að TR greiði að fullu almennar tannlækningar fyrir 20 ára og yngri.

**Tannheilbrigði barna og unglinga.**

Árið 1986 voru skemmdar, tapaðar eða viðgerðar tennur (DMF) hjá 12 ára börnum að meðaltali 6,6, þeim fækkaði í 3,4 árið 1991 og voru komnar niður í 1,5 árið 1996 þegar síðasta könnun á tíðni tannskemmda meðal barna og unglinga var gerð. Helstu ástæður þessa árangurs eru taldar vera bætt efnahagsleg staða fólks, góð tannlæknaþjónusta, notkun flúortannkrems, flúormeðferð, bætt munnhirða og hugarfarsbreyting almennings í tannheilsumálum.

Árið 1986 var hlutfall 12 ára barna án tannskemmda 3,6% en árið 1996 hafði þetta hlutfall hækkað í 47,5%. Margir hafa því talið að tannheilbrigði barna og unglinga færi stöðugt batnandi, en að mati sumra tannlækna hefur ástandið breyst til hins verra á undanförnum árum, bæði hvað varðar tannskemmdir og glerungseyðingu. Ástæður þessa eru óljósar en dregið hefur úr markvissum forvarnaraðgerðum heilbrigðisyfirvalda auk þess sem það er staðreynd að greiðsluþátttaka TR í tannvernd og tannviðgerðum barna og unglinga hefur ekki fylgt verðlagsþróun. Þetta kom m.a. fram á málþingi um tannheilsu barna sem haldið var á Grand hóteli í Reykjavík 27. mars 2004. Því er nauðsynlegt að fá hið fyrsta niðurstöður úr nýrri könnun á sömu þáttum og endurtaka slíkar kannanir með reglubundnum hætti, svo bregðast megi við breytingum á almennu heilsufari á þessu sviði.

**Tannheilbrigði aldraðra.**

Í nýlegri skýrslu eru birtar niðurstöður fjórða áfanga könnunar á breytingum á tannheilsu Íslendinga 1985–2000 en hún nær til landsmanna 65 ára og eldri. Að gerð skýrslunnar stóðu Guðjón Axelsson, Tannlækningastofnun Háskóla Íslands og Sigrún Helgadóttir. Þær umfangsmiklu upplýsingar sem aflað hefur verið um tannheilsu Íslendinga undirstrika mikilvægi þess að slíkum rannsóknum verði haldið áfram með reglulegu millibili í framtíðinni. Nauðsynlegt er að meta reglulega árangur af starfinu sem unnið er á þessu sviði heilsugæslu og greina í tíma breytingar sem verða á tannheilsu landsmanna þannig að bregðast megi við þeim. Í skýrslunni kemur fram að hlutfall þeirra sem eru tannlausir fer stöðugt lækkandi. Af þeim sem svöruðu voru 54,6% tannlausir í báðum gómum eða 17.599 manns og hafði fækkað um 22,4 prósentustig frá 1985.

Mjög sterk tengsl voru á milli tannleysis og aldurs, kynferðis, menntunar, tíma frá síðustu tannlæknisheimsókn og tíðni tannlæknisheimsókna. Einnig komu fram nokkuð sterk tengsl milli búsetu og tannleysis. Í könnunni kom einnig fram að marktækur kynbundinn munur var á tannleysi, þar er algengara meðal kvenna (64,4 %) en meðal karla (44,3%).

Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um fjölda eigin tanna, á hvaða aldri fólk varð tannlaust, tíðni heilgóma og parta, þrif, aldur og notkunarvenjur heilgóma, tannhirðu, notkun flúortannkrems, notkun tannlæknisþjónustu og hvort fólk var ánægt með þá tannlæknisþjónustu sem það hefur fengið sl. 10 ár. Þá voru könnuð áhrif kynferðis, búsetu, búsetu

mestan hluta ævinnar, hjúskaparstöðu, menntunar, starf, starfs maka, starfs föður og starfs móður á niðurstöður. Kannað var hvort og hvaða breytingar hefðu orðið á tannheilsu Íslendinga 65 ára og eldri frá 1985, 1990 og 1995 og hvort tekist hefði að ná alheimsmarkmiðum Alþjóðasamtaka tannlækna (FDI) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) fyrir árið 2000 fyrir þennan aldurshóp.

Samkvæmt markmiðum þessara stofnana skyldi tíðni tannleysis hjá þeim sem voru 65 ára og eldri árið 2000 hafa minnkað um 25% frá því sem hún var árið 1980 og enn fremur skyldu yfir 50% tenntra einstaklinga hafa minnst 20 tennur í biti. Ekki er vitað hve margir Íslendingar 65 ára og eldri voru tannlausir árið 1980, en sé gert ráð fyrir að hlutfall tannlausra hafi lækkað álíka hratt á árunum 1980–1985 og frá 1985 til 1990 þá hefur hlutfall tannlausra verið rúmlega 80% árið 1980. Hlutfall tannlausra ætti þá að vera nálægt 60% árið 2000. Þetta markmið hefur því náðst á Íslandi.

Í skýrslunni kemur einnig fram að um síðustu aldamót voru 37,5% tenntra Íslendinga 65 ára og eldri með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi og að sýnt hafi verið fram á að í flestum tilfellum eru þeir sem segjast vera með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi með 20 eða fleiri tennur í biti. Það sé því ljóst að ekki hafi tekist að ná því markmiði að 50% tenntra Íslendinga 65 ára og eldri hefðu minnst 20 tennur í biti árið 2000.

Íslensk heilbrigðisáætlun til ársins 2010 tekur mið af markmiðum WHO og FDI. Í þeirri áætlun kemur fram að mikilvægustu verkefni næstu ára hvað aldraða varðar er að vinna að því að fullorðnir hafi a.m.k. 20 tennur í biti, draga úr tannleysi aldraðra og tryggja aðgengi allra þjóðfélagshópa að tannlækningum. Enn fremur verði að koma betra skipulagi á til þess að fylgjast með tannheilsu þjóðarinnar.

Tannheilsa aldraðra hefur batnað og fólk er betur meðvitað um tannheilsu og útlit. Betra aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu og bættur fjárhagur fjölmargra aldraðra hefur haft afgerandi áhrif. Ný vandamál í munnholi koma upp með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar og í staðinn fyrir tannskemmdir er tanneyðing orðin töluvert vandamál. Sjúkdómar í tannholdi fylgja hækkandi aldri og breyttum lífsstíl.

Tanndráttur og falskar tennur var viðurkennd meðferð við lélegri tannheilsu fram á seinni hluta síðustu aldar en ætti að heyra fortíðinni til þegar hægt er að byggja upp bit með öðrum hætti. Tannlæknisfræðin þróast hratt með nýrri tækni og efnum svo möguleikar skapast til að stuðla að betra tann- og tannholdsheilbrigði, betra biti og minna tannleysi. Í dag vilja flestir halda tönnum sínum og bæta tannleysi með öðrum ráðum en að láta rífa tennur fyrir heilgóma. Það er því miður of algeng lausn, þar sem hún er í mörgum tilfellum ódýrust fyrir aldraða einstaklinga.

**Breytt aldursmörk og endurgreiðsluhlutfall.**

Í fyrri frumvörpum var gert ráð fyrir að þeir sem væru 18 ára og yngri greiddu einvörðungu 10% af tannlækniskostnaði en brýnt væri að endurmeta með tilliti til eftirlitsþáttarins hvenær rétt væri að endurgreiða kostnaðinn að fullu. Í fyrri frumvörpum kom einnig fram að æskilegt væri að auka greiðsluþátttöku TR í áföngum og stefna að hækkun aldursmarka í 20 ár, þ.e. að setja svipuð aldursmörk og best gerist á Norðurlöndum að þessu leyti. Með frumvarpinu er fallið frá þessum aðlögunartíma og gert ráð fyrir 100% greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannheilbrigðisþjónustu landsmanna 20 ára og yngri og ellilífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar.

Flutningsmenn telja að miðað við stöðu þessara mála nú þurfi verulegt átak til að koma tann- og munnholsheilsu barna og ungmenna í betra horf. Greiðsluþátttaka TR vegur þyngst

ef veita á börnum og unglingum tannheilbrigðisþjónustu óháð efnahag foreldra. Í könnun á hlutfalli barna sem ekki skila sér í eftirlit til tannlækna á Íslandi sem birt var í 1. tbl. Tannlæknablaðsins 2002 kom fram að börnum sem engrar tannlækningaþjónustu njóta hefur fjölgað. Í rannsókninni var ekki hægt að greina hvaða hópur barna það er sem ekki skilar sér en talið er líklegt að þau börn sem tilheyra þeim hópi þjóðfélagsins sem illa er staddur bæði fjárhagslega og félagslega tilheyri einnig þessum hópi. Tannheilbrigðisþjónusta aldraðra og öryrkja fellur undir það sama, faglegt mat á viðhaldi bits og tanna á ekki að vera háð efnahag hvers og eins.

**Dregið úr jaðaráhrifum á elli- og örorkulífeyrisþega.**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að draga úr kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar en þess eru mörg dæmi að efnalítið fullorðið fólk og öryrkjar hafi ekki getað leitað sér lækninga af fjárhagsástæðum. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til yrði dregið verulega úr jaðaráhrifum innan almannatryggingakerfisins á elli- og örorkulífeyrisþega.

**Greiðsluhlutdeild hins opinbera.**

Greiðsluhlutdeild hins opinbera í tannlækniskostnaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Árið 1974 hófust greiðslur TR til tannlækna. Á áttunda og níunda áratugnum var kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar í útgjöldum heimilanna aukin jafnt og þétt á meðan samningur tannlækna og TR var í gildi en eftir það hefur kostnaðarhlutdeild barna, aldraðra og öryrkja verið aukin.

Á árunum 1992–1993 var framlag Tryggingastofnunar við tannlækniskostnað elli- og örorkulífeyrisþega sem nutu óskertrar tekjutryggingar lækkað úr 100% í 75% og hlutur þeirra sem bjuggu við skerta tekjutryggingu lækkaður í 50%. Aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar sem höfðu fengið greidd 50% af tannlækniskostnaði sínum fengu nú engan stuðning. Fleiri ráðstafanir voru gerðar í skerðingarátt, einkum á sviði tannréttinga en á síðustu árum hefur greiðsluþátttaka TR verið aukin aftur og má þar m.a. nefna eftirfarandi: Viðmiðunaraldursmörk hafa verið hækkuð í 18 ár. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta ekki tekjutryggingar fá nú aftur 50% af kostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar fá nú greidd 75% af tannlækniskostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra en fengu áður 50%. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru langsjúkir og fá ekki vasapeninga fá nú 100% endurgreiðslu af gjaldskrá ráðherra en fengu 75% áður. Þá fá börn í umönnunarflokki 3 nú 90% af kostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra, eins og börn í flokkum 1 og 2, en fengu áður 75%.

Það að ekki skuli vera í gildi samningur um fasta gjaldskrá milli tannlækna og TR skerðir verulega hlut þeirra sem eiga rétt á greiðsluþátttöku stofnunarinnar. Samningur sem gerður var 1992 milli tannlækna og TR gilti til 1998, en þá náðist ekki samkomulag milli samningsaðila um gerð nýs samnings. Núgildandi gjaldskrá ráðherra byggist á samningnum sem gilti til 1998 og hefur ekki breyst í takt við verðlagsþróun og skekkir því greiðsluþátttöku TR verulega. Börn og unglingar sem nú eiga rétt á 75% endurgreiðslu TR fá í raun ekki nema 50% af þessum sökum þar sem greiðsluþátttaka TR miðast við fasta gjaldskrá ráðherra, en verðskrá tannlækna er frjáls og hefur hækkað umtalsvert umfram flata 20% hækkun gjaldskrárinnar 2002. Ætla má að á fjárlögum 2003 hafi af þessum sökum sparast um 140 millj. kr.

Athyglisvert er að skoða kostnaðarskiptingu Tryggingastofnunar og sjúklinga og breytingar á henni á liðnum árum. Þar kemur fram að þegar dregið var úr stuðningi hins opinbera á

árunum 1992–93 jókst greiðslubyrði heimilanna að sama skapi eða úr 62% af heildarútgjöldum í 75%, sbr. skýrslu Hagsýslu ríkisins, Tannlækningar, skipulag og stjórnsýsla, sem gefin var út í júlí 1997. Árið 1996 var kostnaðarhlutdeild ríkisins 856 millj. kr., þar af 620,8 millj. kr. vegna 37. gr. laga nr. 117/1993, en útgjöld heimilanna voru 2.412 millj. kr. Ljóst er að þessar breytingar höfðu það jafnframt í för með sér að samanlögð útgjöld heimila og ríkisins vegna tannlæknaþjónustu drógust saman. Þar sem hvorki var um það að ræða að verð á tannlækningum hefði lækkað né að tannheilsan hefði batnað má draga þá ályktun að þessar breytingar hafi haft það í för með sér að fólk veigri sér við því að leita lækninga eða fyrirbyggjandi ráðstafana, enda staðhæfir fólk að svo sé, samkvæmt skýrslu landlæknis sem vísað var til að framan. Forsenda þess að draga úr útgjöldum heimilanna vegna tannlæknaþjónustu sjúkratryggðra er að í gildi sé gjaldskrársamningur tannlækna og TR vegna sjúkratryggðra og greiðsluþátttaka hins opinbera verði aukin.

Í skýrslu landlæknisembættisins, Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð, sem gefin var út í apríl 1997, er varað við þjónustugjöldum og hækkun gjalda í heilbrigðisþjónustunni þar sem í ljós hafi komið að meðal barnafólks með lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði sé allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts. Í skýrslunni kemur fram að ekki virðast færri fara í aðgerðir á læknastofum en mun færri fara í meðferð hjá tannlækni og reyndar hefur borið á því áður. Flest bendir til þess að rekja megi þetta ástand til hækkandi þjónustugjalda á undanförnum árum. Í það minnsta eru þjónustugjöldin of há fyrir þá lægst launuðu. Hér hefur orðið grundvallarbreyting því að fyrri rannsóknir hafa ekki bent til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.

Vissulega ber að fagna mikilvægum úrbótum sem gerðar hafa verið. Þær úrbætur eru þó ekki nægar og jafna ekki stöðu þeirra hópa sem hér hafa verið nefndir, t.d. ef borið er saman við þær reglur sem gilda um tannheilbrigðisþjónustu nágrannaþjóðanna.

**Opinber stefna.**

Í íslenskri heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er bættri tannheilsu barna og unglinga skipað á bekk með forgangsverkefnum. Stefnt er m.a. að því að 12 ára börn hafi að meðaltali minna en eina skemmda, tapaða eða viðgerða tönn fyrir árið 2010. Tannheilsa íslenskra barna hefur lítið verið rannsökuð á síðustu árum en miðað við þau gögn sem til eru, er talið að hjá 12 ára börnum sé þetta hlutfall u.þ.b. 1,5.

Ljóst er að auk kostnaðar hafa margir aðrir þættir áhrif á tannheilbrigði. Má þar nefna breytt mataræði, svo sem aukna neyslu gosdrykkja, tannhirðu og erfðir.

Til að halda útgjöldum við tannlækningar niðri er því mikilvægt að halda uppi stöðugri fræðslu, efla tannheilsugæslu og virkja þátt ábyrgðartannlækna svo nokkur dæmi séu nefnd. Það er mikilvægt að sátt náist um opinbera stefnu í tannheilbrigðisþjónustu svo að áherslan beinist að þeim hópum sem mest þurfa á því að halda. Komið hefur fram það sjónarmið að breyta megi áherslum og forvörnum í tannheilsuvernd barna og unglinga og leggja meiri áherslu á ákveðna áhættuhópa, en draga jafnframt úr forvarnaraðgerðum meðal barna og unglinga sem hafa góða tannhirðu og heilbrigðar tennur.

**Áætlaður kostnaður.**

Erfitt er að áætla nákvæmlega kostnað við breytingarnar en þegar kostnaður við þær er metinn ber að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlytist af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Bætt tannheilsa og betri vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda

tennurnar mundi stórlega draga úr tilkostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir. Miðað við núverandi gjaldskrá má ætla að kostnaður vegna barna muni aukast um rúmar 180 millj. kr., vegna aldurshópsins 18–20 ára um 185 millj. kr. og vegna lífeyrisþega, þ.e. elli- og örorkulífeyrisþega, um rúmar 110 millj. kr. Heildarkostnaðaraukinn væri samkvæmt þessu um 475–480 millj. kr. Hins vegar er þess að gæta að gjaldskráin hefur ekki hækkað í takt við verðlagsbreytingar svo að gera verður ráð fyrir sérstakri hækkun af þeim sökum umfram þessar 475–480 millj. kr.

---

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Heimtur barna til tannlækna. Helga Ágústsdóttir, Hólmfríður Guðmundsdóttir, Reynir Jónsson. (Tannlæknablaðið 2002, 1. tbl., bls. 48–49.)
II. Úr heilbrigðisáætlun til ársins 2010. (Nóvember 2000.)

## 55. Frumvarp til laga [55. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur áður verið flutt, síðast á 132. löggjafarþingi og fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum saman. Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni. Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Réttarbót launþegans felst í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðréttíng á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Ákvæðin verða virk þegar svo hagar til að samtök launþega og vinnuveitendur hafa ekki gert nýjan kjarasamning innan sex mánaða frá því að eldri samningur féll úr gildi. Um leið og sex mánuðir eru liðnir (6 x 30 = 180 dagar) er launþeganum tryggt að kjarabætur til hans verða afturvirkar í þrjá mánuði (3 x 30 = 90 daga). Jafnframt eru ákvæði um að fyrir hverja 60 daga sem dregst að endurnýja eða gera nýjan kjarasamning bætist 30 dagar við afturvirkni hækkunar kaupliða og kjaraatriða. Dragist í 12 mánuði að gera kjarasamninga öðlast launþeginn lögvarinn rétt til þess að fá upphafshækkun reiknaða aftur í tímann til þess dags er eldri kjarasamningur féll úr gildi. Að þessum lagabreytingum gerðum ætti það að vera úr sögunni að vinnuveitendur hagnist á því árum og áratugum saman, eins og dæmi eru um, að draga gerð kjarasamninga. Ákvæðin ættu einnig að verða til þess almennt að bein inngrip löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldséðari en verið hefur á undanförnum árum.

Þegar þetta frumvarp var lagt fram á sl. hausti, þ.e. í okt. 2004, höfðu kjarasamningar Sjómannasambands Íslands (SSÍ) og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ), sem og Alþýðusambands Vestfjarða, verið lausir frá 1. janúar, í níu mánuði, og samningar grunnskólakennara frá 1. apríl, eða í sex mánuði. Í sjómannadeilunni höfðu verið haldnir 30 fundir og 51 fundur í kjaradeilu grunnskólakennara. Kjaradeilu sjómanna lauk 30. okt. 2004 og kennara 29. okt. 2004 með gerð nýs kjarasamnings.

Eins og sést í fylgiskjali með frumvarpi þessu hafa kjarasamningar oft dregist mjög á langinn hjá fiskimönnum sem lengst hafa átt LÍÚ að beinum viðsemjendum þótt samtök vinnuveitenda og nú síðast Samtök atvinnulífsins, SA, hafi verið þar með hlutverk. Sú saga er reyndar mun lengri en fylgiskjalið sýnir. Það sem upp úr stendur við þessa samantekt er að „samningatækni“ LÍÚ sl. 19 ár hefur haft þau áhrif á kjör og kjarasamninga fiskimanna að þeir hafa ekki notið kaupbreytinga á launaliði eða annarra kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þar munar miklu í tíma, 2.403 dögum eða um það bil sex og hálfu ári á þeim 19 árum sem gerð er grein fyrir í fylgiskjalinu. Samtök fiskimanna verða varla með sanngirni sökuð um of mikla verkfallsgleði til þess að þvinga útgerðina til samninga þegar litið er á að fiskimenn voru sex og hálft ár á sl. 19 árum með lausa kjarasamninga þegar aðrir nutu kauphækkana mestallan þann tíma. Þess eru þó dæmi að kjarasamningar annarra hafi verið lausir einhverja mánuði, en „afrek“ LÍÚ í þessum efnum er einsdæmi.

Þrátt fyrir þetta er löggjafinn sjaldan langt undan þegar kemur að kjaradeilum sjómanna. Tímamæling á því væri fróðleg en flutningsmaður kann þá sögu. Oftast voru 15–25 dagar sá

tími sem LÍÚ þurfti að bíða uns LÍÚ-vinveittu ríkisstjórnirnar settu lög á kjaradeilur sjómanna. Því væri full ástæða til þess að setja ákvæði inn í vinnulöggjöfina um að þegar kjaradeilu er frestað tímabundið með lögum skuli það ástand sem lögin frestuðu koma aftur upp þegar gildistíma laganna lýkur. Þetta þýðir í reynd að verkfall hæfist sjálfkrafa á nýjan leik um leið og lögbundinn samningstími væri runninn út. Sú tillaga er þó ekki flutt að þessu sinni.

Ef setja ætti slíkt ákvæði í lög ætti það að koma sem ný grein á eftir 19. gr. laganna og hljóða svo:

„Vinnustöðvanir, þ.e. verkbönn og verkföll eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, sem ákveðnar eru með lögum, hefjast að nýju þann dag sem þau lög falla úr gildi eða að loknum þeim tíma sem tiltekin ákvæði kjarasamningsins skulu gilda samkvæmt sömu lögum."

Frumvarp sama efnis var flutt á 126., 127., 128., 130., 131. og 132. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt."

## Fylgiskjal.

**Yfirlit yfir kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum 15. janúar 1985 – 31. desember 2004*)**

| Gildistími kjarasamninga eða laga | Undirskrift kjarasamninga eða laga | Samningslaust tímabil |
|---|---|---|
| 15.01.85–30.11.88 | 03.06.89 | 185 dagar |
| 01.06.89–31.12.89 | 20.11.90 | 324 dagar |
| 20.11.90–15.09.91 | 27.07.92 | 315 dagar |
| 27.07.92–01.03.93 | **14.01.94** | 320 dagar |
| **14.01.94–15.06.94** | 15.06.95 | 365 dagar |
| 15.06.95–31.12.96 | **27.03.98** | 451 dagar |
| **27.03.98–15.02.00** | **19.03.01** | 397 dagar |
| **19.03.01–01.04.01** | **16.05.01** | 46 dagar |
| **16.05.01–31.12.03*)** | 30.10.04 | 303 dagar |
| | | **Alls 2.706 dagar** |

*) Gildistími gerðardóms samkvæmt lögum nr. 34/2001 er til 31. desember 2003.

*Athugasemdir:* Feitletraðar dagsetningar tákna setningu og gildistíma laga til framlenginga á kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

*Gildistími kjarasamninga eða laga:* Hér er átt við þann gildistíma sem kveðið er á um í hlutaðeigandi kjarasamningi eða lögum. Hins vegar er hinn raunverulegi gildistími lengri eins og dæmin sanna, þar sem nýr kjarasamningur tekur ekki gildi fyrr en nýr kjarasamningur hefur verið undirritaður eða lög sett.

*Samningslaust tímabil:* Hér er átt við þann tíma sem skilur á milli frá gildislokum kjarasamnings/laga og þar til undirritun kjarasamnings/setning laga hefur farið fram.

Á framangreindu yfirlitstímabili, þ.e. frá 15. janúar 1985 til 31. desember 2004, eru 7.285 dagar. Á þessu tímabili eru 2.706 „samningslausir" dagar eða rúmlega 37% af yfirlitstímanum. Á þessu tímabili hafa lög framlengt kjarasamninga sjómanna um 2.622 daga.

# 56. Frumvarp til laga [56. mál]

um Ríkisútvarpið ohf.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Almenn ákvæði.

### 1. gr.
*Eignaraðild.*

Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil.

Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.

### 2. gr.
*Leyfi til útvarps.*

Ríkisútvarpið ohf. hefur leyfi til útvarps á þeim rásum og tíðnisviðum sem það fær til umráða eða því kann síðar að verða úthlutað.

## II. KAFLI
## Hlutverk og skyldur.

### 3. gr.
*Útvarpsþjónusta í almannaþágu.*

Hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Útvarpsþjónusta í almannaþágu felur í sér eftirfarandi:

1. Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.
2. Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru þjónustuefni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.
3. Að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni.
4. Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag.
5. Að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Gæta skal fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.
6. Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi.
7. Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.
8. Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótta og annars tómstundastarfs.

9. Að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa.
10. Að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins.
11. Að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps.
12. Að eiga eða leigja, sem og að reka, hvers konar búnað og eignir, þar á meðal tæknibúnað og fasteignir sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi félagsins.
13. Að varðveita til frambúðar frumflutt efni, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.

Menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu ohf. ber að gera sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur skv. 2. mgr. um útvarpsþjónustu í almannaþágu.

4. gr.

*Önnur starfsemi.*

Ríkisútvarpinu ohf. er heimilt að standa að annarri starfsemi en kveðið er á um í 3. gr. sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti.

Ríkisútvarpinu ohf. er heimilt að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að miðla áður framleiddu efni í eigu félagsins, svo sem rituðu máli, hljómplötum, hljóðsnældum, geisladiskum, myndböndum og margmiðlunarefni.

Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu.

5. gr.

*Fjárhagslegur aðskilnaður.*

Halda skal fjárreiðum alls reksturs, sem ekki fellur undir útvarp í almannaþágu, aðskildum frá fjárreiðum reksturs vegna útvarps í almannaþágu skv. 3. gr. Er félaginu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi, þar á meðal starfsemi sem telst vera samkeppnisrekstur, nema um sé að ræða starfsemi sem flokkast undir útvarp í almannaþágu skv. 3. gr.

6. gr.

*Efni á erlendu máli.*

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins ohf., skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði er gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal, eftir því sem kostur er, látin fylgja endursögn eða kynning á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

## III. KAFLI

## Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins ohf.

7. gr.

*Umboð menntamálaráðherra.*

Menntamálaráðherra fer með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu ohf.

Um réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins ohf. skal mælt nánar fyrir í samþykktum félagsins.

8. gr.

*Stjórn Ríkisútvarpsins ohf.*

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hvert. Hana skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi ásamt jafnmörgum til vara og skulu þeir kosnir í stjórn félagsins.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, bú þeirra hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta og þeir skulu hafa óflekkað mannorð. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum eingöngu hafa að leiðarljósi hagsmuni Ríkisútvarpsins ohf., fyrst og fremst skyldur þess til útvarps í almannaþágu. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum sem leitt geta til árekstra við hagsmuni Ríkisútvarpsins ohf.

9. gr.

*Starfssvið stjórnarinnar.*

Starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. nær sérstaklega til eftirfarandi þátta í starfi félagsins:

1. Að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör.
2. Að taka ákvarðanir um lán og ábyrgðir til þarfa félagsins.
3. Að taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur, ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna.
4. Að samþykkja fyrir fram fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.
5. Að gera grein fyrir því í ársskýrslu til aðalfundar hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um útvarp í almannaþágu.

Að öðru leyti en að framan greinir ákveðst starfssvið stjórnar í samþykktum félagsins, sbr. lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

10. gr.

*Útvarpsstjóri.*

Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ohf. og skal uppfylla skilyrði 2. mgr. 8. gr. Hann er jafnframt æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar.

Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf.

Í samþykktum félagsins má skilgreina nánar starfssvið útvarpsstjóra.

## IV. KAFLI
## Tekjur Ríkisútvarpsins ohf.

11. gr.

*Tekjustofnar.*

Tekjustofnar Ríkisútvarpsins ohf. eru sem hér segir:

1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga. Skal gjaldið nema 14.580 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki

skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald fellt niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.
2. Tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi eða í öðrum miðlum.
3. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Við álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að frátöldu ákvæði 98. gr.

Hinn 15. febrúar og 15. maí ár hvert skal fjármálaráðuneytið greiða Ríkisútvarpinu ohf. fyrir fram í hvort sinn fjárhæð sem svarar til áætlaðs fjórðungs heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt þessari grein.

Stjórn félagsins skal setja gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna.

## V. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

### 12. gr.
*Lög um hlutafélög o.fl.*

Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um Ríkisútvarpið ohf. lög nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins ohf.

### 13. gr.
*Gildistaka laganna o.fl.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, frá og með 1. janúar 2007, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum: 12., 13., 14. og 16. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2009, og 15., 17. og 18. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2012. Heiti þeirra laga verður: Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess. Skulu lögin gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum.

Þar sem í öðrum lögum er vísað til Ríkisútvarpsins er átt við Ríkisútvarpið ohf.

## Ákvæði til bráðabirgða.
## I.
## Stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið.

Í samræmi við lög þessi skal stofnað hlutafélag um Ríkisútvarpið og skal heiti þess vera Ríkisútvarpið ohf. Félagið skal skráð í hlutafélagaskrá. Frestur til þess að setja félaginu sérstakar samþykktir og halda stofnfund er 30 dagar eftir að Alþingi hefur kosið menn til setu í stjórn.

Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins.

Menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í Ríkisútvarpinu ohf. Við stofnun félagsins skal lögð fram a.m.k. 5.000.000 kr. fjárhæð sem hlutafé og skal hún greiðast úr ríkissjóði eigi síðar en hálfum mánuði eftir skráningu félagsins hjá hlutafélagaskrá.

Eftir að lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, falla úr gildi 1. janúar 2007, sbr. 2. mgr. 13. gr., tekur Ríkisútvarpið ohf. við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins, og um leið er Ríkisútvarpið lagt niður. Tekur félagið þá m.a. við lögbundnu leyfi Ríkisútvarpsins til útvarps-

reksturs. Jafnframt skal Ríkisútvarpið ohf. yfirtaka þær skyldur sem Ríkisútvarpið hefur undirgengist í samningum við þriðju aðila.

## II.
## Réttindi starfsmanna.

Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður, frá og með 1. janúar 2007, fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.

Ríkisútvarpið ohf. skal bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2009.

Starfsmaður Ríkisútvarpsins, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira, getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

## III.
## Fyrsta stjórn félagsins.

Eigi síðar en 30 dögum eftir að Alþingi kýs menn til setu í stjórn félagsins, sbr. 8. gr., skal menntamálaráðherra halda stofnfund Ríkisútvarpsins ohf. þar sem jafnt stjórn sem stjórnarformaður félagsins skal kjörin. Þar til skipuð hefur verið stjórn fyrir félagið er menntamálaráðherra í fyrirsvari fyrir félagið sem eini stjórnarmaður þess.

## IV.
## Lok á umboði útvarpsráðs.

Umboð aðalmanna og varamanna í útvarpsráði, sem síðast voru kjörnir af Alþingi skv. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, með síðari breytingum, fellur niður við gildistöku laga þessara.

## V.
## Álagning og innheimta útvarpsgjalds.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins ohf. til og með 31. desember 2008 eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og öðrum miðlum og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða. Menntamálaráðherra skal staðfesta útvarpsgjöld að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

Eftir 1. janúar 2009 fer um tekjur félagsins skv. 11. gr.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### 1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins og byggist á frumvarpi um Ríkisútvarpið hf., sem lagt var fram á síðasta þingi, 132. löggjafarþingi, þskj. nr. 517, 401. mál. Í frumvarpi þessu er að finna nokkrar breytingar frá fyrra frumvarpi, sem taka mið af tillögum meiri hluta menntamálanefndar í nefndarálitum við þingmeðferð á síðasta þingi, eftir 1. og 2. umræðu.

Á 125. löggjafarþingi lagði menntamálaráðherra fram frumvarp til nýrra útvarpslaga (þskj. 241, 207. mál). Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi með nokkrum breytingum, sem menntamálanefnd Alþingis lagði til, útvarpslög, nr. 53 17. maí 2000 (þskj. 1217, 207. mál, Stjórnartíðindi A 2000, bls. 130). Með hinum nýju útvarpslögum voru felld úr gildi útvarpslög, nr. 68/1985, með síðari breytingum, að undanteknum ákvæðum laganna sem varða Ríkisútvarpið. Heiti þeirra laga varð lög um Ríkisútvarpið og voru þau gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum sem lög um Ríkisútvarpið, nr. 122 30. júní 2000.

Útvarpslög, nr. 53/2000, mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði sjónvarp og hljóðvarp. Helsta tilefni endurskoðunar útvarpslaganna var setning tilskipunar Evrópusambandsins 97/36/EB sem breytti sjónvarpstilskipun sambandsins 89/552/EBE. Ýmis nýmæli fólust í hinni nýju sjónvarpstilskipun og vísast um það efni til frumvarpsins til laga nr. 53/2000. Þá voru gerðar á útvarpslögunum ýmsar breytingar sem ekki leiddi beinlínis af tilskipun 97/36/EB.

Í áliti menntamálanefndar, þar sem mælt var með samþykkt útvarpslagafrumvarpsins, kom fram það álit nefndarinnar að nauðsynlegt væri að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Lagði nefndin áherslu á að þeirri vinnu yrði hraðað. Menntamálaráðuneytið hefur um nokkurt skeið unnið að tillögum til breytinga á lagaákvæðum um Ríkisútvarpið og flytur menntamálaráðherra nú frumvarp þetta í framhaldi af þeirri vinnu og í samræmi við ósk menntamálanefndar Alþingis. Því frumvarpi sem hér liggur fyrir og útvarpslögum, nr. 53/2000, er ætlað að mynda heildarlöggjöf um útvarpsmálefni hér á landi.

Útvarp er í frumvarpi þessu notað sem samheiti fyrir hljóðvarp og sjónvarp, eins og gert er í a-lið 1. gr. útvarpslaga.

Á 131. löggjafarþingi var af hálfu menntamálaráðherra lagt fram frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins. Þannig var ráðgert að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og að nýtt félag, sameignarfélag, tæki við rekstri þess. Enn fremur var mælt fyrir um afnám afnotagjalda frá og með 1. janúar 2008 og lagt til að rekstur félagsins yrði eftir það grundvallaður á sérstökum skatti, nefskatti, sem lagður yrði á einstaklinga og lögaðila, auglýsingatekjum og öðrum tekjum. Auk þessa var lagt til að stjórn félagsins yrði breytt þannig að útvarpsráð yrði lagt niður og að við tæki sérstök rekstrarstjórn sem mundi m.a. ráða útvarpsstjóra.

Frumvarpið breyttist umtalsvert í meðförum þingsins eftir að það var lagt fram af hálfu menntamálaráðherra. Í umsögn menntamálanefndar voru gerðar athugasemdir við fjögur atriði. Í fyrsta lagi var talið að skilgreining á útvarpi í almannaþágu væri of víðtæk og því lagt til að hún yrði þrengd að nokkru leyti. Í öðru lagi taldi nefndin að heimild hins nýja félags til að taka þátt í starfsemi sem ekki teldist útvarpsþjónusta í almannaþágu væri of víðtæk. Lagði nefndin því til að sá hluti frumvarpsins yrði að svo stöddu felldur brott. Í þriðja lagi gerði nefndin athugasemdir við þann hluta frumvarpsins sem gerði félaginu kleift að taka að sér sérverkefni frá stjórnvöldum þrátt fyrir að þau skiluðu ekki arði. Lagði nefndin því til að sá hluti frumvarpsins yrði felldur brott. Í fjórða lagi gerði nefndin athugasemdir við ákvæði er vörðuðu yfirtöku hins nýja félags á réttindum starfsmanna. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu en á grunni þess og með þeim breytingum sem að framan voru raktar var frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. lagt fram á síðasta þingi. Eins og áður segir er frumvarp þetta lagt fram með þeim breytingum sem meiri hluti menntamálanefndar lagði til við þingmeðferð á síðasta þingi, eftir 1. og 2. umræðu.

Hinn 23. apríl 2004 gaf Samkeppnis- og ríkisstyrkjadeild Eftirlitsstofnunar EFTA (hér eftir nefnt ESA) út leiðbeinandi reglur um ríkisstyrki á sviði almannaútvarpsþjónustu (e. public service broadcasting). Í kjölfarið hófst athugun ESA á fjármögnun og rekstri RÚV á grundvelli 1. mgr. 17. gr. í II. hluta 3. bókunar viðaukasamnings við EES-samninginn um eftirlit og dómstólameðferð.

Hinn 3. júní 2005 barst íslenskum stjórnvöldum tilkynning ESA skv. 2. mgr. 17. gr. í II. hluta 3. bókunar fyrrgreinds viðaukasamnings við EES-samninginn um eftirlit og dómstólameðferð þar sem gerð er grein fyrir bráðabirgðamati ESA varðandi fjármögnun og rekstur RÚV. Athugasemdir ESA taka bæði til gildandi laga um RÚV og frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf. (643. mál á 131. löggjafarþingi). Á fundi ESA með embættismönnum fjármála- og menntamálaráðuneytisins í Reykjavík 9. júní 2005 gerðu fulltrúar ESA nánari grein fyrir bráðabirgðaniðurstöðunni og viðhorfum ESA til frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf., að teknu tilliti til nefndarálits og breytingartillögu meiri hluta menntamálanefndar Alþingis (þskj. 1438 og 1439). Á fundinum kom fram að rekstrarformið sameignarfélag í eigu íslenska ríkisins væri ekki til þess fallið að leysa úr þeim vandamálum sem leiddi af ótakmarkaðri ábyrgð ríkisins á skuldbindingum RÚV sem ríkisstofnunar.

Að mati ESA skapaði ákvörðun, álagning og innheimta útvarpsgjalds RÚV skv. 11. gr. frumvarpsins um Ríkisútvarpið sf. efnahagslegt forskot á keppinauta sem stofnunin nyti ekki miðað við eðlilegar markaðsaðstæður. Í þessu fælist að RÚV nyti forskots í samkeppni sem væri andstætt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Samkvæmt dómafordæmum Evrópudómstólsins gæti slíkt forskot í samkeppni ekki viðgengist nema að uppfylltum fjórum skilyrðum:

1. að vel skilgreind skylda hvíli á viðtakanda ríkisstyrks til að láta í té opinbera þjónustu;
2. að forsendur fyrir útreikningi og ákvörðun ríkisstyrks hafi verið skilgreindar fyrir fram með hlutlægum og gagnsæjum hætti;
3. að ríkisstyrkur fari ekki fram úr nauðsynlegum kostnaði við að láta í té hina opinberu þjónustu, að öllu leyti eða að hluta, að teknu tilliti til tekna og sanngjarnrar framlegðar af rekstri þjónustunnar;
4. að þegar aðili sé valinn til að veita opinbera þjónustu án undangengins útboðs þurfi upphæð ríkisstyrks að hafa verið ákveðin á grundvelli reiknilíkans um kostnað dæmigerðs, vel rekins fyrirtækis, með nægilegan styrk, af því að veita hina opinberu þjónustu, að teknu tilliti til sanngjarnrar arðsemiskröfu.

Niðurstaða ESA var að 1. gr. frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf. fæli það í sér að ríkissjóður kæmi til með að bera ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum sameignarfélagsins Ríkisútvarpið sf., enda kæmi fram í 3. mgr. 5. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, að greiðsluþrot hjá Ríkisútvarpinu sf. gæti aldrei leitt til gjaldþrotaskiptameðferðar á stofnuninni. Þrátt fyrir greiðslu RÚV á svonefndu ríkisábyrgðargjaldi skv. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997 (0,0625%), yrði ekki komist hjá þeirri niðurstöðu að telja ríkisábyrgð á skuldbindingum RÚV fela í sér ólögmætan ríkisstyrk, sbr. gr. 17.4 (3) og 17.2.1 (3) í reglum ESA, sbr. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Í ríkisstyrkjareglum ESA koma fram viðmið um svigrúm ríkisrekinna útvarpsfyrirtækja til þátttöku í samkeppnisrekstri á almennum markaði með tilliti til samkeppnisreglna EES-samningsins, sbr. 2. mgr. 59. gr. samningsins. Meðal skilyrða eru:

1. að útvarpsþjónustan sé skilgreind (í lögum) sem þjónusta sem varði almenna efnahagslega þýðingu;
2. að stjórnvöld hafi skýrlega falið fyrirtækinu að reka útvarpsþjónustu;
3. að beiting samkeppnisreglna mundi hindra fyrirtækið í að sinna framangreindum skyld

um sínum og að undantekning frá samkeppnisreglum standi ekki í vegi fyrir þróun viðskipta.

Að mati ESA geta netverslun RÚV og sala á hringitónum í samstarfi við símafyrirtæki ekki talist til opinberrar þjónustu í skilningi ríkisstyrkjareglna ESA. Þrátt fyrir gildistöku tilskipunar 80/723/EBE um gagnsæi fjármálatengsla, sbr. tilskipun 2000/52/EB, hefði RÚV ekki innleitt fjárhagslegan aðskilnað á milli almannaþjónustustarfsemi RÚV og þeirra þátta starfsemi RÚV sem væru í samkeppnisrekstri. Því væri ekkert kerfi fyrir hendi sem tryggði að ríkisstyrkir rynnu ekki til samkeppnisrekstrar og þeim væri haldið aðskildum frá tekjum vegna auglýsinga og kostunar.

ESA taldi að frumvarpið um Ríkisútvarpið sf. uppfyllti ekki kröfuna um að gera yrði skýran greinarmun á almannaþjónustuhlutverki RÚV og starfsemi sem væri viðskiptalegs eðlis, þ.m.t. að gera yrði kröfu um fjárhagslegan aðskilnað milli þessara tveggja rekstrarþátta í starfsemi RÚV. ESA gerði athugasemd við of víðtæka skilgreiningu á almannaþjónustuhlutverki RÚV í 18. tölul. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins um Ríkisútvarpið sf. (Að gera hvaðeina sem stjórn félagsins telur óhjákvæmilegt eða stuðlar að því að tilgangi félagsins verði náð.) Þá gerði ESA athugasemd við víðtæka heimild menntamálaráðherra í 4. mgr. 3. gr. til að heimila stofnuninni þátttöku í nýjum verkefnum án frekari skilgreiningar.

Í svarbréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 15. ágúst 2005, f.h. íslenskra stjórnvalda til ESA í framhaldi af áliti ESA frá 3. júní sama ár kemur fram að íslensk stjórnvöld mundu taka mið af þeim athugasemdum sem fram hefðu komið og leitast yrði við að breyta frumvarpinu um Ríkisútvarpið sf. á þann veg að þrengd yrði skilgreining á almannaþjónustuhlutverki RÚV, tekin upp skýr aðgreining milli almannaþjónustuskyldna og samkeppnisrekstrar stofnunarinnar, jafnframt því sem dregið yrði úr áhrifum ótakmarkaðrar ríkisábyrgðar með breytingu á rekstrarformi í átt til félags með takmarkaða ábyrgð að öllu leyti í eigu íslenska ríkisins.

Í frumvarpi þessu hefur verið reynt að koma til móts við framangreind sjónarmið. Hér á eftir verður gerð grein fyrir efni frumvarps þessa, einkum þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði frá núgildandi ákvæðum um Ríkisútvarpið, og þá sérstaklega breytingu á rekstrarforminu í þá átt að Ríkisútvarpið verði eftirleiðis rekið í hlutafélagsformi.

## 2. Meginefni frumvarpsins.

Helstu nýmæli með frumvarpi þessu eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er ráðgert að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og stofna samtímis hlutafélag um reksturinn. Með því er rekstrarformi Ríkisútvarpsins breytt og rekstur yfirfærður í félagsform með takmarkaðri ábyrgð ríkisins. Í öðru lagi er mælt fyrir um afnám afnotagjalda frá og með 1. janúar 2009 og lagt til að rekstur hlutafélagsins verði eftir það grundvallaður á sérstöku gjaldi, framlagi af fjárlögum, auglýsingatekjum og öðrum tekjum sem Alþingi kann að ákveða sérstaklega. Í þriðja lagi er stjórnun félagsins breytt. Þessi breyting er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er ytra eftirlit útvarpsráðs lagt af með niðurlagningu þess og hins vegar er innra eftirlit framkvæmdastjórnar Ríkisútvarpsins lagt niður. Gerir breytingin því ráð fyrir því að hlutafélagið verði rekið á rekstrarlegum forsendum og stjórnunarvald fyrirtækisins verði alfarið í höndum stjórnar þess. Í fjórða lagi er skilgreint hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins. Gerður er skýr greinarmunur á útvarpsþjónustu í almannaþágu, sem er skilgreind með ítarlegum hætti, og annarri starfsemi. Í samræmi við það er í fimmta lagi mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á fjárreiðum reksturs sem fellur undir útvarp í almannaþágu, eins og það er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins, og alls annars reksturs sem ekki fellur undir þá skilgreiningu, þar á meðal samkeppnisreksturs.

Auk framangreinds er lagt til að fella niður þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. b-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982. Ekki er mælt fyrir um þá breytingu í þessum lögum, en ráðgert er að leggja fram frumvarp um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar sem m.a. verður felld niður greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar.

Verður nú nánar gerð grein fyrir meginatriðum frumvarpsins:

1. Rekstrarformi Ríkisútvarpsins verður breytt með því að stofnað verður hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins sem beri heitið Ríkisútvarpið ohf., sbr. 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða I. Ætlunin er að í meginatriðum hagi félagið starfsemi sinni í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög, sbr. lög nr. 90/2006, um breytingu á lögum nr. 2/1995, með síðari breytingum (opinber hlutafélög), og Ríkisútvarpið fái þann sveigjanleika í rekstri sem á að fylgja því að breytast úr ríkisstofnun í hlutafélag.
2. Íslenska ríkið verður einn eigandi félagsins eða alls hlutafjár í félaginu og verður sala þess, slit eða innkoma nýrra eigenda óheimil, sbr. 1. gr. Samkvæmt sömu grein er Ríkisútvarpinu ohf. óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.
3. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I. Þá fær Ríkisútvarpið ohf. með lögunum leyfi til útvarps á þeim rásum og á þeim tíðnisviðum sem Ríkisútvarpið hefur til umráða eða Ríkisútvarpinu ohf. kann síðar að verða úthlutað, sbr. 2. gr. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I.
4. Aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins ohf. er skilgreind sem útvarp í almannaþágu eða útvarp með opinbert þjónustuhlutverk („public service broadcasting"), sbr. 3. gr. Samkvæmt ákvæðinu ber menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu ohf. að gera sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur um almannaþjónustuhlutverkið.
5. Ríkisútvarpinu ohf. er heimilt að standa að annarri starfsemi eða rekstri sem tengist aðalstarfsemi félagsins.
6. Mælt er fyrir um fjárhagslegan aðskilnað þess reksturs sem fellur undir útvarp í almannaþágu, sbr. 3. gr., og alls annars reksturs, þar á meðal nýrrar starfsemi sem félagið kann að fara út í eitt sér eða með öðrum og rekstur sem telja má samkeppnisrekstur og ekki fellur undir skilgreiningu um útvarp í almannaþágu.
7. Lögð er sú skylda á Ríkisútvarpið ohf. að gera grein fyrir því í ársskýrslu til aðalfundar hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um útvarp í almannaþágu. Í ljósi þess að Ríkisútvarpinu ohf. er ætlað að veita útvarpsþjónustu í almannaþágu, sem er í eðli sínu opinber þjónusta, kveður frumvarpið á um að upplýsingalög, nr. 50/1996, gildi um starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. Með því er tryggt að almenningur geti fengið aðgang að gögnum mála hjá því í samræmi við ákvæði laganna.
8. Menntamálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu, sbr. 7. gr. Í því felst m.a. að ráðherra kýs stjórn á aðalfundum félagsins, sbr. 1. mgr. 8. gr. Hins vegar er ekki mælt fyrir um vald hans til ráðningar á tilteknum starfsmönnum Ríkisútvarpsins ohf., eins og nú er gert í lögum um Ríkisútvarpið, sbr. 1. mgr. 6. gr. (skipun útvarpsstjóra) og 6. mgr. 9. gr. (ráðning framkvæmdastjóra).
9. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi, sbr. 1. mgr. 8. gr., en áður en sú kosning fer fram skulu kosnir jafnmargir stjórnarmenn, bæði aðalmenn og varamenn, hlutbundinni kosningu á Alþingi, sem síðan skulu kosnir í stjórnina á aðalfundi. Hlutverk stjórnarinnar verður í meginatriðum hið sama og stjórna almennt í hlutafélögum, sbr. IX. kafla laga

nr. 2/1995, þ.e. yfirumsjón með rekstri félagsins, sbr. nánar 1. mgr. 8. gr. Stjórninni er ætlað að skipuleggja starfsemi félagsins ásamt stjórnendum þess. Felld eru brott öll ákvæði um deildaskiptingu fyrirtækisins. Slík ákvæði þykja ekki lengur eiga heima í lögum heldur heyrir það undir eðlilegt starfssvið stjórnenda Ríkisútvarpsins ohf. að taka ákvarðanir um skiptingu fyrirtækisins í rekstrareiningar eins og almennt tíðkast í fyrirtækjarekstri. Það er ekki talið meðal verkefna stjórnar fyrirtækisins að hafa afskipti af dagskrá, sbr. 9. gr. Útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður dagskrárgerðar, sbr. 1. mgr. 10. gr. Tryggir þetta ákvæði ritstjórnarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins ohf.

10. Útvarpsstjóri verður æðsti stjórnandi Ríkisútvarpsins ohf. í daglegum rekstri, bæði framkvæmdastjóri og yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum félagsins, svo sem nefnt hefur verið, sbr. 1. mgr. 10. gr. Er þetta í stórum dráttum í samræmi við núverandi fyrirkomulag og er þó sjálfstæði útvarpsstjóra aukið frá því sem nú er. Það verður stjórn félagsins sem ræður útvarpsstjóra og hefur yfir honum að segja, sbr. a-lið 1. mgr. 9. gr. Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. án umsagnar eða tillagna annarra aðila gagnstætt því sem nú er. Skv. 6. mgr. 9. gr. laga um Ríkisútvarpið ræður útvarpsstjóri starfsfólk við dagskrá aðeins að fengnum tillögum útvarpsráðs og menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra einstakra deilda.
11. Útvarpsráð verður lagt niður og þar með hætt afskiptum þess af dagskrá, sbr. nú 8. gr. laga um Ríkisútvarpið.
12. Ríkisútvarpið ohf. verður stofnað með setningu laganna, sbr. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I. Framlag ríkissjóðs í formi innborgaðs hlutafjár verður í upphafi ákveðið a.m.k. 5.000.000 kr.
13. Tryggilega er búið um réttindi núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins, sbr. nánar ákvæði til bráðabirgða II.
14. Tekjustofnar félagsins breytast þannig að sérstakt gjald er lagt á þá einstaklinga sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögaðila sem skattskyldir eru skv. 2. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða V. Fram að þeim tíma, þ.e. til og með 31. desember 2008, verður lagt á og innheimt afnotagjald með sama hætti og verið hefur. Þannig er gert ráð fyrir því að frá og með 1. janúar 2009 falli niður öll ákvæði núgildandi laga um Ríkisútvarpið er varða afnotagjald og innheimtu þess, sbr. 2. og 4. mgr. 10. gr. og 12.–18. gr. laga um Ríkisútvarpið, en það verður þó að gerast í áföngum til þess að tryggja innheimtu þeirra afnotagjalda sem gjaldfalla í tíð núgildandi laga, sbr. gildistökuákvæði frumvarps þessa.
15. Ákvæði útvarpslaga eiga að gilda um Ríkisútvarpið ohf. að því leyti sem ekki eru sett sérákvæði um félagið samkvæmt þessu frumvarpi. Almenn ákvæði útvarpslaga, nr. 53/2000, eiga því að gilda um Ríkisútvarpið ohf. eins og aðrar útvarpsstöðvar, svo sem ákvæði um auglýsingabirtingu, ákvæði til verndar börnum, önnur fyrirmæli sem sett verða í samræmi við Evrópusambandstilskipanir 89/552/EBE og 97/36/EB, svo sem um hlutfall evrópsks efnis í útvarpsdagskrá og hlutfall efnis frá sjálfstæðum framleiðendum, ákvæði um eftirlit útvarpsréttarnefndar og ákvæði um ábyrgð á útvarpsefni.
16. Ekki þykir ástæða til þess að taka upp í frumvarp þetta ýmis ákvæði sem nú er að finna í lögum um Ríkisútvarpið. Við gerð frumvarps þessa hefur verið leitast við að einfalda innra skipulag Ríkisútvarpsins. Vísast til þess að í texta laganna er einungis lýst helstu atriðum er varða innra skipulag Ríkisútvarpsins ohf. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að rekstrarleg atriði séu upptalin í lögunum sem eðlilegast er að stjórn félagsins og daglegir stjórnendur taki ákvarðanir um.

17. Í stórum dráttum munu gilda svipaðar reglur um Ríkisútvarpið ohf. og giltu áður um Ríkisútvarpið samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, og nú samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, að því leyti sem ekki hefur verið gerð grein fyrir breytingum hér að framan.

**3. Formbreyting og fjárhagslegur aðskilnaður.**

Sú leið hefur verið farin í auknum mæli á undanförnum árum, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum, að breyta ríkisstofnunum í hlutafélög. Í þessu sambandi hefur valið um félagsform yfirleitt staðið á milli annars vegar hlutafélags, einkahlutafélags eða sameignarfélags og hins vegar sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri. Á síðasta þingi voru uppi áform um að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag eins aðila en við það fyrirkomulag hafa verið gerðar umtalsverðar athugasemdir af hálfu ESA. Varð því niðurstaðan sú að hætta við þau áform. Þá þótti einkahlutafélagsformið ekki henta fyrir svo stórt fyrirtæki sem Ríkisútvarpið enda er það félagsform einkum sniðið að einstaklingsrekstri og rekstri smáfyrirtækja. Við samanburð á sjálfseignarstofnun og hlutafélagi þótti hlutafélagsformið henta betur enda gildir um hlutafélög ítarleg og skýr löggjöf, leikreglur eru þar allar vel þekktar og fjöldi fordæma til um hvernig leysa beri úr einstökum málum. Þá þótti hlutafélagsformið henta mun betur til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um fjárhagslegan aðskilnað almannaútvarps frá samkeppnisrekstri.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir þeirri leið að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og nýtt félag, hlutafélag, taki við réttindum og skyldum hennar. Þá er gert ráð fyrir því að ríkið eigi allt hlutafé í Ríkisútvarpinu ohf. og sala félagsins eða eignarhluta þess svo og slit þess séu óheimil. Orðalagið er frábrugðið því sem tíðkast hefur í lögum þar sem ríkisstofnunum er breytt í hlutafélög en þar hefur verið tekið fram að sala hlutafjár væri óheimil nema með samþykki Alþingis. Í þessu frumvarpi er fyrirvarinn „nema með samþykki Alþingis“ felldur burt til þess að leggja áherslu á að breytingin er ekki gerð til þess að selja félagið. Það verður einungis gert með nýrri lagasetningu og engin áform eru uppi um slíkt af hálfu núverandi ríkistjórnar.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög nr. 90/2006 um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/2005 (opinber hlutafélög). Koma þau ákvæði til viðbótar þeim ákvæðum í lögum um hlutafélög sem fela í sér almennar leikreglur um hlutafélög hér á landi og koma því til með að gilda um Ríkisútvarpið ohf.

Í flestum eða öllum Evrópuríkjum hefur ríkisvaldið um langan aldur staðið að útvarpsrekstri og á því hefur yfirleitt ekki orðið breyting þó að einkaaðilum hafi í seinni tíð einnig verið heimilaður útvarpsrekstur og ríkiseinokun á þessu sviði teljist ekki samrýmast fyrirmælum um tjáningarfrelsi. Eru útvarpsstöðvar, sem reknar eru af ríkjum, hugsaðar sem opinberar þjónustustofnanir („public service broadcasting“). Er ríkisútvarpsstöðvum ætlað að flytja vandað efni, sérstaklega af innlendum og menningarlegum toga, sem ekki sé víst að útvarpsstöðvar, sem eingöngu eru reknar með viðskiptasjónarmið í huga, telji arðvænlegt að láta gera eða flytja. Einnig er sú krafa gerð til ríkisútvarpsstöðvanna að þær tryggi vissa fjölbreytni í efnisvali og efnismeðferð og tryggi að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum, er almenning varða, komist á framfæri, sem og að um mál sé fjallað málefnalega og af hlutlægni. Á seinni tímum er því m.a. haldið fram að almenningur eigi kröfu á því að geta gengið að einni opinni sjónvarpsrás að minnsta kosti og styðst þessi röksemd við hugmyndina um hið svokallaða upplýsingasamfélag. Það er skýr stefna í öllum Evrópuríkjum að starfrækt skuli útvarp í almenningsþágu í formi opinberra þjónustufyrirtækja, nú-

orðið víðast hvar við hlið útvarps einkaaðila í viðskiptalegum tilgangi. Til að mynda ítrekaði ráðherranefnd Evrópuráðsins á fundi sínum 11. september 1996 álit sitt um hið nauðsynlega hlutverk útvarps í almannaþágu sem afgerandi þátt í fjölhyggju í fjölmiðlun sem sé aðgengileg fyrir alla, bæði á landsgrundvelli og svæðisbundið, með því að séð sé fyrir víðtækri dagskrárþjónustu er nái til upplýsingar, menntunar, menningar og afþreyingar. Pólitísk öfl innan Evrópusambandsins, þar á meðal ráðherraráð sambandsins, leggja einnig mjög ríka áherslu á rétt ríkjanna til þess að reka útvarp í almannaþágu og rétt einstakra ríkja til þess að skilgreina hlutverk þess. Loks hafa menningarmálaráðherrar Norðurlanda á síðustu árum lýst yfir stuðningi við útvarp í almannaþágu.

Þar sem ríkið rekur útvarpsstarfsemi verður að gera þá kröfu að sá rekstur sé eins hagkvæmur og við verður komið. Þykir þetta best verða gert þannig að fjárhagslegum rekstri fyrirtækisins verði hagað sem líkast rekstri einkafyrirtækis. Það er þekkt víða í Evrópu að ríkisútvarpsstöðvarnar séu reknar af sjálfstæðum félögum. Af Norðurlöndunum má nefna að í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð hafa verið stofnuð hlutafélög um rekstur ríkisútvarpsstöðvanna (í Svíþjóð eru hlutafélögin að vísu í eigu sérstakra stofnana). Í Danmörku er Danmarks Radio sjálfstæð ríkisstofnun með sama hætti og íslenska Ríkisútvarpið er nú.

Helstu kostir þess að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins í hlutafélagsform þykja vera þessir: Ábyrgð stjórnenda verður aukin og þeir verða sjálfstæðari í störfum sínum. Með breytingu í hlutafélag gefst færi á að skilgreina verkaskiptingu á milli daglegra stjórnenda og stjórnar. Í frumvarpinu hefur verið leitast við að skerpa nokkuð skilgreininguna á verkaskiptingunni milli framkvæmdastjóra (útvarpsstjóra) og samstarfsmanna hans og stjórnar (9. og 10. gr.).

Þá þarf hið nýja hlutafélag að skilja á milli fjárhags þess hluta starfseminnar sem fellur undir skilgreiningu 3. gr. um útvarp í almannaþágu og þess hluta starfseminnar sem fellur ekki undir þessa skilgreiningu og er jafnvel í beinni samkeppni við aðra aðila, sbr. 4. og 5. gr. Hins vegar getur sum starfsemi eða þjónusta verið þess eðlis að hún fellur undir skilgreininguna um útvarp í almannaþjónustu en er jafnframt í samkeppni við aðra aðila. Verður t.d. að telja netþjónustu Ríkisútvarpsins rúmast innan hugtaksins útvarp í almannaþágu skv. 3. gr. en sjálfsagt getur það breyst í tímans rás hvers konar rekstur verður almennt talinn geta flokkast undir útvarpsþjónustu í almannaþágu. Ekki má nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað af rekstri sem ekki flokkast undir útvarp í almannaþágu.

Að sjálfsögðu er þó ekki gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að Ríkisútvarpið geti eftir rekstrarformsbreytingu ráðist í verkefni sem eru alls óskyld grundvallarhlutverki þess, en hins vegar er beinlínis gert ráð fyrir því að fyrirtækið geti eitt sér eða í samvinnu við aðra rekið starfsemi sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr., sbr. 4. gr., en þá er mælt fyrir um það að slíkur rekstur verði fjárhagslega aðskilinn grunnrekstri félagsins, sbr. 5. gr. Aukið sjálfstæði félagsins og svigrúm þess til athafna á svo að skila sér til allra starfsmanna þess í betri möguleikum til framtaks í starfi og þar með áhugaverðari starfsvettvangi. Þykja þannig öll rök mæla með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag þó að ríkið verði áfram eigandi félagsins.

**4. Tekjustofnar fyrirtækisins.**

Það er mjög mismunandi meðal Evrópuríkja hvaða tekjustofnar eru fengnir útvarpsstöðvum sem flokkaðar eru undir opinber þjónustufyrirtæki. Algengasti tekjustofninn er leyfisgjald (afnotagjald) sem styðst venjulega við eign á sjónvarpsviðtæki. Einnig tíðkast leyfisgjald ásamt sérstöku gjaldi til ríkisútvarpsstöðva („public service“ gjalda sem stundum a.m.k.

eru lögð á aðrar útvarpsstöðvar), sömuleiðis leyfisgjald og auglýsingatekjur eða auglýsingatekjur ásamt greiðslum af fjárlögum. Oftast er um það að ræða að tekjustofnarnir séu fleiri en einn og er algengasta samsetningin leyfisgjald (afnotagjald) og auglýsingatekjur.

Ekki eru í sjónvarpstilskipunum Evrópusambandsins nein fyrirmæli eða ráðagerðir sem takmarka heimildir aðildarríkjanna til fjármögnunar á starfsemi útvarpsstöðva í eigu opinberra aðila. Er hér um að ræða tilskipanir 89/552/EBE, sem breytt var með tilskipun 97/36/EB, en um tilskipanir þessar var ítarlega fjallað í greinargerð frumvarpsins til útvarpslaga, nr. 53/2000. Á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins, sem haldin var í Amsterdam í júnímánuði 1997, var samþykkt sérstök bókun um útvarpsþjónustu í almannaþágu í aðildarríkjunum („Protocol on the System of Public Broadcasting in the Member States"). Í bókun þessari lýstu Evrópusambandsríkin yfir þeirri skoðun sinni að útvarpsþjónusta í almannaþágu í aðildarríkjunum tengdist með beinum hætti lýðræðislegum, félagslegum og menningarlegum þörfum þjóðfélaganna og þeirri þörf að viðhalda fjölbreytni í fjölmiðlun. Evrópusambandsríkin komu sér í bókun þessari saman um eftirfarandi túlkunarreglur sem bætt var við stofnsáttmála Evrópusambandsins þegar Amsterdamsáttmálinn tók gildi 1. maí 1999: „Ákvæði stofnsáttmálans um Evrópusambandið skulu engin áhrif hafa á heimildir aðildarríkjanna til þess að gera ráðstafanir til tekjuöflunar fyrir útvarp í almannaþágu („public service broadcasting") að svo miklu leyti sem þeim tekjum er veitt til útvarpsstöðva til þess að þær inni af hendi þau verkefni í almannaþágu, sem þeim eru falin, skilgreind og skipulögð hjá hverju aðildarríki fyrir sig, og að því leyti sem tekjuöflunin hefur ekki áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni innan sambandsins í þeim mæli að brjóti í bága við sameiginlega hagsmuni jafnframt því sem tekið skal tillit til þeirrar ætlunar að um sé að ræða starfsemi í almannaþágu."

Í þessari bókun felst að ákvarðanir um tekjuöflun til útvarps í almannaþágu („public service broadcasting") verði að mestu leyti látnar vera á valdsviði hvers aðildarríkis, eins og verið hefur. Búast má við að ákvæði EES-samningsins verði túlkuð með svipuðum hætti.

Hér á landi hefur það fyrirkomulag verið tíðkað lengi að Ríkisútvarpið fái greidd afnotagjöld og samkvæmt útvarpslögum er þetta gjald, útvarpsgjald, lagt á eigendur útvarpsviðtækja (2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 12. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000). Einnig hefur Ríkisútvarpið tekjur af auglýsingum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga um Ríkisútvarpið. Í framkvæmd hefur stofnunin einnig tekjur af þáttum sem í þessu tilliti er jafnað til auglýsinga, svo sem af kostun einstakra dagskrárliða, og fjarsölu. Lengi vel hafði Ríkisútvarpið einnig tekjur af aðflutningsgjöldum af útvarpsviðtækjum og hlutum í þau, en sá tekjustofn var felldur niður með 3. gr. laga nr. 144/1995.

Allt frá upphafi sjónvarpsreksturs á árinu 1966 hafa verið leyfðar auglýsingar í sjónvarpi Ríkisútvarpsins og stofnunin haft af þeim tekjur. Sú ráðstöfun hefur ætíð verið nokkuð umdeild. Í upphafi var hún gagnrýnd af dagblöðunum sem töldu með þessu vegið að tekjuöflunarmöguleikum sínum. Á síðari árum hefur gagnrýnin einkum komið frá keppinautum á sjónvarpsmarkaði sem einnig hafa gagnrýnt lögbundið afnotagjald til Ríkisútvarpsins. Í skýrslu starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum frá 1996 kom fram sú tillaga meiri hluta starfshópsins að Ríkisútvarpið hyrfi alveg af auglýsingamarkaði. Var augljóslega á því byggt í skýrslunni, að því er sjónvarpsstöðvar varðar, að í vændum væri mikil samkeppni milli einkarekinna sjónvarpsstöðva. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin.

Ef sjónvarp Ríkisútvarpsins hyrfi af auglýsingamarkaði við núverandi aðstæður yrði í reynd engin samkeppni um auglýsingaframboð í sjónvarpi. Það yrðu nánast tveir aðilar sem eftir yrðu á auglýsingamarkaði í sjónvarpi (365 ehf. með Stöð 2 og Sýn annars vegar og Íslenska sjónvarpsfélagið ohf. með Skjá einn hins vegar). Hver sem þróunin kann að verða

í framtíðinni þykir ekki rétt að leggja það til nú að hætt verði auglýsingum í sjónvarpi Ríkisútvarpsins.

Önnur sjónarmið koma hins vegar til álita um auglýsingar í hljóðvarpi en eiga við um auglýsingar í sjónvarpi. Á hljóðvarpssviðinu er veruleg samkeppni, en hún er hins vegar að mestu leyti bundin við þéttbýlissvæði. Hljóðvarpsstöðvum hefur yfirleitt ekki tekist að byggja upp dreifikerfi sín þannig að þær nái til landsins alls, trúlega vegna þess að auglýsingatekjur þeirra hafa ekki leyft slíkar fjárfestingar. Í þessu frumvarpi er ekki gerð tillaga um að Ríkisútvarpinu ohf. verði bannað að afla tekna með auglýsingum í hljóðvarpi. Kemur þar fyrst og fremst tvennt til. Í fyrsta lagi þarf að taka slíka ákvörðun með góðum fyrirvara svo að þeir aðilar, sem fyrir eru á markaðnum, og aðilar, sem við breyttar aðstæður gætu haft hug á að fara inn á markaðinn, hafi nægan tíma til þess að laga sig að nýju umhverfi. Í öðru lagi hefur hljóðvarp Ríkisútvarpsins svo mikla útbreiðslu að ótækt þykir að svipta viðskiptalífið og allan almenning svo öflugum auglýsingamiðli án þess að gerðar hafi verið aðrar ráðstafanir sem líklegar séu til þess að bæta upp þann missi – og þá með það einnig í huga að búið verði í haginn fyrir samkeppni á þessum markaði. Eins og málum er nú háttað verður naumast hjá því komist að líta á auglýsingaþjónustu í hljóðvarpi Ríkisútvarpsins sem þátt í opinberu þjónustuhlutverki þess. Þykir af framangreindum ástæðum ekki fært að leggja það til nú að auglýsingum verði hætt í hljóðvarpi Ríkisútvarpsins.

Afnotagjald Ríkisútvarpsins hefur einnig verið umdeildur tekjustofn. Þeir sem andvígir eru opinberum útvarpsrekstri hafa andmælt gjaldinu sem gjaldtöku fyrir þjónustu sem þeir óski ekki eftir. Er sú röksemd skiljanleg þegar litið er á hana frá sjónarhóli þeirra sem telja ekki þörf fyrir það að ríkið standi að rekstri fjölmiðla. Einnig hafa ýmsir þeir sem aðhyllast eða geta sætt sig við útvarpsrekstur ríkisins látið í ljós efasemdir um að innheimta afnotagjalds sé eðlilegasta leiðin til tekjuöflunar fyrir Ríkisútvarpið. Starfshópur sá um endurskoðun á útvarpslögum, sem fyrr er nefndur, lagði t.d. til að afnotagjaldakerfi og innheimtukerfi Ríkisútvarpsins í núverandi mynd yrði lagt niður, enda væri sú skipan í senn þunglamaleg, kostnaðarsöm og óskilvirk. Lagði starfshópurinn til að Ríkisútvarpinu yrðu fengnar tekjur með nefskatti, innheimtum af landsmönnum öllum eldri en sextán ára og af öllum lögaðilum í landinu. Til vara lagði starfshópurinn til að Ríkisútvarpið yrði flutt frá B-hluta og yfir á A-hluta ríkisreiknings þannig að rekstur stofnunarinnar byggðist á framlagi fjárveitingavaldsins samkvæmt samþykkt fjárlaga hverju sinni.

Við samningu frumvarps þessa hefur fjármögnun á rekstri Ríkisútvarpsins komið til nýrrar skoðunar. Er það niðurstaða ráðuneytisins að leggja til að fjármögnun í formi afnotagjalds verði felld niður frá 1. janúar 2009, en í þess stað komi sérstakt gjald sem leggst á skattskylda einstaklinga og lögaðila, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Þessi niðurstaða styðst aðallega við þrenns konar rök. Í fyrsta lagi hefur þessi leið í för með sér sparnað þar sem sérstakur kostnaður við innheimtu afnotagjalds fellur niður. Í öðru lagi fylgir sá annmarki núverandi fyrirkomulagi að allir þeir sem gerast áskrifendur að einkarekinni sjónvarpsstöð og kaupa sér sjónvarpstæki til þess að njóta þjónustu hennar verða sjálfkrafa greiðendur afnotagjalda til Ríkisútvarpsins þar sem greiðsla afnotagjaldsins er bundin við eign á viðtæki. Með því að afnema tengsl viðtækjaeignar við greiðslu til Ríkisútvarpsins eru hin neikvæðu áhrif á viðskipti sjónvarpsnotenda við einkaaðila upprætt að þessu leyti. Í þriðja lagi leiðir breytingin til þess að kostnaður hinna tekjulægstu einstaklinga við að njóta útvarps í almannaþágu fellur niður. Alls leggst gjaldið á um 160.000 einstaklinga á aldursbilinu 16–70 ára og um 22.000 lögaðila. Gjaldið lýtur sömu lögmálum og sérstakt gjald sem lagt er á samkvæmt lögum um málefni aldraðra til tekjuöflunar fyrir Framkvæmdasjóð aldr-

aðra. Tekjutenging gjaldsins þýðir að tekjulausir eða tekjulágir einstaklingar greiða ekkert gjald, sbr. lög nr. 125/1999.

Á árinu 2004 námu afnotagjöld tæplega 2,4 milljarði króna af tæplega 3,4 milljarða króna rekstrartekjum Ríkisútvarpsins, eða rúmlega 70% af rekstrartekjum. Var hlutur afnotagjalda af rekstrartekjum Ríkisútvarpsins á árinu 2004 lítið eitt hærri en á árinu 2003. Aðrar tekjur Ríkisútvarpsins á árinu 2004 (auglýsingatekjur, kostunartekjur og ýmsar tekjur) námu um 988 milljónum króna.

**5. Yfirlit yfir rekstrarform ríkisfjölmiðla annars staðar á Norðurlöndum, í Stóra Bretlandi, Hollandi og Austurríki.**

*Danmarks Radio (DR), Danmörku.*

Danmarks Radio er fjárhagslega sjálfstæð ríkisstofnun sem hefur megintekjur sínar af afnotagjöldum (skylduáskrift) en fær engar auglýsingatekjur. Upphæð afnotagjalds er ákvörðuð af danska þinginu til fjögurra ára í senn. Í stjórn DR sitja 10 manns sem valdir eru til fjögurra ára í senn, þar með talinn formaðurinn sem er tilnefndur af menntamálaráðherra, þrír eru skipaðir af menntamálaráðherra, sex kosnir af þinginu og einn ráðsmaður er fulltrúi starfsmanna stofnunarinnar. Útvarpsráð ber ábyrgð á dagskránni og að útvarpslögum sé framfylgt. Ráðið setur leiðbeinandi reglur um starfssemi DR og ræður útvarpsstjóra og aðra fulltrúa í framkvæmdastjórn sem annast daglega stjórn.

*Norsk Rikskringkasting AS (NRK), Noregi.*

Norska ríkisútvarpinu var með lögum frá 1996 breytt í hlutafélag með takmarkaða ábyrgð. Hlutafélagið um NRK, sem er að fullu í eigu norska ríkisins, er stofnað samkvæmt sérákvæði í norskum hlutafélagalögum um hlutafélög í eigu ríkisins. Samkvæmt norskum hlutafélagalögum er heimilt að stofna hlutafélög með takmarkaðri ábyrgð sem eru að öllu leyti í eigu norska ríkisins. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði hlutafélagalaga um slík ríkishlutafélög, þ.m.t. NRK. Útvarpsráð NRK er skipað níu mönnum, þar af þremur fulltrúum starfsmanna. Það hefur engin afskipti af daglegum rekstri. Formaður, varaformaður og fjórir ráðsmenn eru valdir á aðalfundi NRK. Ráðið skipar útvarpsstjóra sem jafnframt er framkvæmdastjóri. Útvarpsráðið gerir tillögur að stefnu til að leggja fyrir aðalfund um rekstur NRK og dótturfélaga þess, auk tillagna um fjárhæð afnotagjalds. Fulltrúar menningarmálaráðuneytisins og norska þingsins sækja aðalfund NRK. Ráðuneytið fer með löggjöf um útvarpsmál, reglugerðir og innheimtu útvarpsgjalds. NRK fær tekjur sínar af afnotagjöldum (skylduáskrift) og eru auglýsingar bannaðar. Ýmiss konar kostun á tilteknu efni er leyfileg.

*Sveriges Radio/Television/Utbildingsradion (SR), Svíþjóð.*

Frá árinu 1994 er almannaútvarpi í Svíþjóð skipt í þrjú hlutafélög með takmarkaða ábyrgð (Sveriges Radio AB, Sveriges Television AB og Utbildningsradion AB) og fer eignarhaldsfélag/sjálfseignarstofnun (Förvaltningsstiftelsen) með eignarhald og yfirstjórn þeirra allra. Ríkisstjórnin skipar 11 manna stjórn Förvaltningsstiftelsen að fengnum tilnefningum þingflokka; formaður er skipaður til fjögurra ára en aðrir stjórnarmenn til 8 ára. Stjórnarmenn eru þó ekki allir skipaðir frá sama tíma heldur er helmingi stjórnar skipt út í kjölfar þingkosninga til að tryggja að kosningaúrslit endurspegli ekki stjórnarskipan á hverjum tíma. Eignarhaldsfélagið skiptir sér ekki af innra skipulagi útvarpsfyrirtækjanna heldur hafa þau hvert um sig eigin stjórn. Svo dæmi sé tekið er stjórn sænska ríkisútvarpsins (Sveriges Radio) skipuð 14 einstaklingum og útvarpsstjóri á einnig sæti í stjórn fyrirtækisins. Tveir stjórnarmenn eru

skipaðir af ríkisstjórninni, sex af aðalfundi (bolagsstamma) og fjórir af fulltrúum samtaka starfsmanna (blaðamannafélagi o.s.frv.). Almennt hefur fyrirtækið mikið sjálfstæði frá stjórnvöldum en almannaþjónustuhlutverk fyrirtækisins er ítarlega skilgreint og reglulega skilað inn ítarlegum greinargerðum um hvernig gengur að uppfylla það. Í stjórn Sveriges Television sitja sjö einstaklingar, fimm skipaðir af aðalfundi en tveir (þar af formaður) af ríkisstjórn. Fjölmiðlar í eigu sænska ríkisins eru fjármagnaðir með afnotagjöldum og eru auglýsingar bannaðar. Kostun á ýmiss konar efni, t.d. íþróttaviðburðum, er leyfileg.

*Rundradion AB (YLE), Finnlandi.*

Finnska ríkisútvarpið, YLE, er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð. Finnska ríkið á 99,98% hlut í félaginu, en aðrir hluthafar eru u.þ.b. 60 talsins. Eru aðrir hluthafar að mestu leyti fyrirtæki og samtök, t.d. fjölmiðlar, bankar o.fl. Ástæðan er sú að YLE var upphaflega stofnað árið 1926 sem hlutafélag í eigu einkaaðila. Árið 1934 varð sú breyting á félaginu að ríkið réði ferðinni, þ.e. ríkið skyldi ávallt eiga a.m.k. 90% hlut í félaginu. Með finnsku útvarpslögunum, sem tóku gildi 1. janúar 1994, er ákvæði þess efnis að ríkið skuli ætíð eiga a.m.k. 70% hlut í félaginu. Þess má geta að aðrir hluthafar en ríkið munu allir vera úr hópi upprunalegra eigenda YLE. Æðsta stjórn YLE er 21 manns framkvæmdaráð sem finnska þingið velur í kjölfar þingkosninga. Þann 1. janúar 2006 voru gerðar þær breytingar að framkvæmdaráðið réð sjálfstæða sjö manna stjórn og máttu stjórnarmenn hvorki sitja í framkvæmdaráðinu né vera yfirmenn innan stofnunarinnar. Þessi nýja sjálfstæða stjórn velur útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra YLE, samþykkja rekstraráætlanir o.fl. Framkvæmdaráðið tekur ákvarðanir um stefnumótun í fjármálum og starfseminni, sem og ákvarðanir um hvort draga skuli úr tilteknum þáttum starfseminnar, auka við þá eða ráðast skuli í verulegar skipulagsbreytingar. Finnska útvarpið er fjármagnað með afnotagjöldum og eru auglýsingar bannaðar.

*British Broadcasting Corporation (BBC), Bretlandi.*

Tilvist og rekstrarform British Broadcasting Corporation (BBC) byggist á konunglegum sáttmála (e. Royal Charter) frá árinu 1926 og hefur það haldið þeirri stöðu til dagsins í dag.

Að enskum rétti getur drottningin heimilað stofnun fyrirtækis um tiltekinn tíma með konunglegum sáttmála samkvæmt tillögu ráðgjafarnefndar konungdæmisins (e. Privy Council) en slíkt fyrirkomulag rekur sögu sína allt til 13. aldar. Upprunalegur tilgangur Royal Charter var stofnun fyrirtækja, þ.m.t. stofnun borga og bæja, þar sem tilgangur og réttindi fyrirtækjanna voru skilgreind. Nú á dögum eru hinir konunglegu sáttmálar einkum ætlaðir fyrir stofnun fyrirtækja sem starfa í almannaþágu. Sáttmálinn um BBC hefur reglugerðarígildi og rennur út árið 2006. Vegna þessa er ljóst að ekki þarf að breyta lögum til að breyta rekstrarformi BBC. Að íslenskum rétti verður réttarstöðu BBC einna helst líkt við sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri samkvæmt lögum nr. 33/1999. Í því felst m.a. að stofnunin ber ein fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum sínum. Talið er að breytinga sé að vænta við endurskoðun sáttmálans um BBC á næsta ári, einkum í ljósi aukinnar áherslu á þátttöku í samkeppnisrekstri, auk kröfu framkvæmdastjórnar ESB um aðskilnað samkeppnisþátta í starfsemi BBC frá opinberum þjónustuskyldum sem kostaðar eru af leyfisgjaldi (e. TV License). Samningur BBC við bresk stjórnvöld tryggir stofnuninni tekjur af innheimtu leyfisgjalds. Skylduáskrift er að leyfisgjaldinu en auk þess felast tekjur BBC í auglýsingatekjum sem aflað er utan Bretlands og tekjum fyrir ýmiss konar afleidda starfsemi í dótturfyrirtækjum stofnunarinnar. Framkvæmdastjórn BBC telur níu framkvæmdastjóra, auk forstjóra sem er formaður framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð gagnvart svonefndu tólf manna stjórn-

endaráði (e. Board of Governors). Hlutverk þeirra er að fylgjast með starfsemi stofnunarinnar og tryggja sjálfstæði hennar. Stjórnarmenn eru skipaðir af drottningu í samráði við ráðherra ríkisstjórnarinnar. Stjórnendaráð BBC ræður forstjóra og aðra framkvæmdastjóra og ákvarðar laun þeirra. BBC rekur fjölmörg dótturfélög sem mörg eru í samkeppni við einkarekna fjölmiðla á sviði ljósvakamiðla, fréttaþjónustu og ýmiss konar útgáfu. Dótturfélögin eru flest hlutafélög með takmarkaðri ábyrgð.

*Nederlandse Omroep Stichting (NOS), Hollandi.*

Í Hollandi eru nokkrar rekstrareiningar sem falla undir stofnunina Nederlandse Omroep Stichting (NOS). Ólíkar rekstrareiningar sem heyra undir stofnunina eru t.d. sjónvarpsstöðvarnar NL1, NL2, NL3 og fimm útvarpsrásir. NOS sendir sjálft út fréttir og íþróttir. NOS er með tíu ára leyfi sem gefið er út með konunglegri tilskipun í tengslum við hollensku fjölmiðlalögin. Í stjórn NOS eru 13 stjórnarmenn sem skipa þriggja manna framkvæmdastjórn með samþykki ráðherra til fimm ára. Í framkvæmdastjórn mega ekki sitja stjórnarmenn NOS. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar auk dagskrárstefnu NOS. Ríkisstjórnin skipar formann stjórnar. Ráðherra skipar hluta stjórnarinnar og skipa rekstrareiningarnar sem heyra undir NOS sína stjórnarmenn. Stjórnin samþykkir ársreikninga stofnunarinnar og tekur meiri háttar ákvarðanir um stefnu NOS í samræmi við tillögur framkvæmdastjórnarinnar. NOS fær tekjur sínar annars vegar í fjárlögum hollenska ríkisins og hins vegar með auglýsingatekjum.

*Öesterreichischer Rundfund (ORF), Austurríki.*

Austurríska ríkisútvarpið, ORF, er skipulagt sem stofnun. Í stjórninni (þ. Stiftungsrat) eru 35 stjórnarmenn sem valdir eru til fjögurra ára í senn. Sex stjórnarmenn eru valdir í hlutfalli við stærð flokkanna á austurríska þinginu. Níu eru valdir af héraðsstjórnum (þ. länder) Austurríkis. Níu eru valdir af ríkisstjórninni, sex af dagskrárráði ORF og fimm eru starfsmenn stofnunarinnar. Stjórnmálamenn eða starfsmenn stjórnmálaflokka mega ekki vera í stjórn ORF. Stjórnarmenn mega heldur ekki vera starfsmenn stofnunarinnar nema þeir fimm sem valdir eru frá ORF. Sérstakar kröfur eru gerðar til stjórnarmanna um þekkingu á ólíkum sviðum, t.d. á austurrísku og alþjóðlegu fjölmiðlaumhverfi, hagfræði, vísindum, menningu o.fl. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára. Framkvæmdastjórinn sér um allan daglegan rekstur, en stjórnin er ábyrg fyrir dagskrá ORF. Austurríska ríkisútvarpið skilar skýrslu um það hvernig hún uppfyllir almannaþjónustukröfuna til austurríska þingsins. Öesterreichischer Rundfund er fjármagnað með afnotagjöldum og auglýsingatekjum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í þessari grein er fjallað um eignaraðild að Ríkisútvarpinu ohf. Hefur verið gerð grein fyrir efni 1. gr. í almennu athugasemdunum að framan. Grein þessi felur í sér undantekningu frá þeirri almennu reglu laga nr. 2/1995, um hlutafélög, að hluthafar í hlutafélögum skuli vera tveir hið fæsta. Í þessu hlutafélagi er aðeins einn hluthafi. Mörg fordæmi eru fyrir því að þessi leið sé farin. Þá er einnig gert ráð fyrir því í ákvæðinu að sala félagsins sé bönnuð og eins sala á hluta þess. Í því felst að óheimilt er t.d. að selja dótturfélag sem hefði verið stofnað og yfirtekið hluta af starfsemi hlutafélagsins. Ríkisútvarpinu ohf. er hins vegar frjálst að stofna dótturfélög um ákveðna hluta starfseminnar en er óheimilt að selja þau, til þess þarf

nýja sjálfstæða lagasetningu. Ef til sölu ætti að koma dugir því ekki að afla einungis heimildar í fjárlögum.

Þá er tekið fram í 2. mgr. 1. gr. að Ríkisútvarpinu ohf. sé óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð. Í fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem lagt var fram á síðasta þingi á þskj. 1207, 791. mál, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum, og boðað hefur verið að verði lagt fram að nýju, samhliða þessu frumvarpi, er lagt til að lögfest verði sú regla í 2. málsl. lokamálsgreinar nýrrar 6. gr. a útvarpslaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins, að Ríkisútvarpinu ohf. sé óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð. Í nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar eftir 2. umræðu um frumvarp um Ríkisútvarpið hf. á síðasta þingi, sem vísað er til í upphafi almennra athugasemda hér að framan, var talið eðlilegt að samhljóða ákvæði yrði bætt við 1. gr. frumvarpsins sem fjallaði um eignaraðild að Ríkisútvarpinu hf. Í nefndarálitinu var því lögð til sú breyting á 1. gr. frumvarpsins um Ríkisútvarpið hf. að í greinina yrði tekinn upp áðurnefndur 2. málsl. lokamálsgreinar 6. gr. a, sbr. 4. gr. fjölmiðlafrumvarps. Þótti fara best á því að skipa öllum ákvæðum í 1. gr. frumvarpsins um Ríkisútvarpið hf. er lytu að eignarhaldi íslenska ríkisins á því, svo og ákvæðum sem banna annars vegar sölu á hlutum í því, sameiningu þess við önnur félög eða slit á því og banna hins vegar Ríkisútvarpinu hf. kaup á hlutum í öðrum fyrirtækjum sem gefa út dagblöð eða reka útvarpsstöðvar. Þá segir í framangreindu áliti meiri hluta menntamálanefndar að ákvæði 1. gr. frumvarpsins þannig orðuð árétti skýrt sérstöðu Ríkisútvarpsins hf. að lögum sem réttlæti að íslenska ríkið sé eini eigandi félagsins sem hafi á hendi útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þessi opinbera þjónusta sem Ríkisútvarpinu hf. sé þannig gert að sinna, svo og ákvæði frumvarpsins um bann við sölu á hlutum í því og kaupum þess á hlutum í dagblöðum og öðrum útvarpsstöðvum, réttlæti einnig að ákvæði fjölmiðlafrumvarps um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum gildi ekki um Ríkisútvarpið hf. Þar sem sá munur sem þannig sé gerður á Ríkisútvarpinu hf. og öðrum útvarpsstöðvum byggist samkvæmt framansögðu bæði á málefnalegum og veigamiklum sjónarmiðum, svo og sérstöðu um hlutverk þess og skyldur, fari ákvæði þessi ekki í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lýst hlutverki Ríkisútvarpsins ohf. Í 1. mgr. kemur fram það meginhlutverk félagsins að reka hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu. Áður hefur verið að því vikið hvað felst í skilgreiningunni á útvarpsþjónustu í almannaþágu. Er stundum í þessu sambandi talað um útvarp með opinbert þjónustuhlutverk, en í báðum tilvikum er vísað til þess sama og þegar á ensku er talað um „public service broadcasting“. Þess háttar útvarpsstöðvar eiga ekki einungis að taka mið af fjárhagslegum ávinningi í rekstri sínum heldur sinna t.d. ýmiss konar menningarlegri starfsemi, rækta þjóðlegan menningararf o.s.frv., sem ekki er víst að útvarpsstöðvar, sem eingöngu eru reknar með viðskiptaleg sjónarmið í huga, telji sér skylt eða fært að sinna með sama hætti. Að vísu er það svo að víða hafa mörkin milli útvarpsstöðva í almannaþágu og útvarps, þar sem viðskiptahagsmunir ráða ferðinni, dofnað mjög þar sem útvarpsstöðvar í almannaþágu flytja að stórum hluta efni sem mjög svipar til efnis annarra útvarpsstöðva, svo sem skemmtiefni af ýmsu tagi. Eftir sem áður eru gerðar

meiri kröfur til útvarpsstöðva í almannaþágu um flutning efnis af alvarlegra tagi, sem og til meiri varkárni í fréttaflutningi, kynningu allra sjónarmiða í þjóðfélagsmálum er almenning varða miklu o.s.frv. Annars vísast til þess hluta í almennu athugasemdunum að framan þar sem almennt var fjallað um útvarpsþjónustu í almannaþágu.

Þá er í þessari grein, sem fjallar auk framangreinds um hlutverk Ríkisútvarpsins ohf., fjallað um þær skyldur félagsins sem leiðir af því hlutverki þess að það reki útvarpsþjónustu í almannaþágu.

Talið er rétt að skilgreina skyldur Ríkisútvarpsins ohf. nokkru nákvæmar en gert er í gildandi lögum um Ríkisútvarpið, sbr. einkum 3.–5. gr. laganna. Í stórum dráttum má segja að fylgt sé nokkuð hefðbundinni skilgreiningu á skyldum útvarps í almannaþágu: að flutt sé vandað og fjölbreytt dagskrárefni sem nái til allra landsmanna, lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi séu virt, lögð sé rækt við þjóðleg gildi, efnisval sé miðað við þarfir sem flestra þjóðfélagshópa, gætt sé óhlutdrægni, stutt sé við ýmiss konar menningarstarfsemi, haldið sé uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu og starfsemin sé innt af hendi með sem fullkomnustum tæknibúnaði.

Skal nú vikið að einstökum ákvæðum greinarinnar.

Ákvæði 1. tölul. er í samræmi við 1. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 3. tölul. er að formi til nýtt ákvæði og lýsir með almennum orðum skyldu Ríkisútvarpsins ohf. til þess að standa að gerð og dreifingu fjölbreytts og vandaðs dagskrárefnis fyrir sjónvarp og hljóðvarp með tæknilega fullkomnum aðferðum.

Ákvæði 2. og 4.–9. tölul. eru sama efnis og ákvæði 2.–3. mgr. 3. gr. gildandi laga, en orðalagsbreytingar eru sums staðar gerðar. Ákvæði fyrri málsliðar 2. tölul. er í flestum meginatriðum samhljóða 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga. Í ákvæðinu er mælt fyrir um skyldu félagsins til að senda út til alls landsins en sú breyting lögð til að miða við a.m.k. eina hljóðvarps og sjónvarpsdagskrá í stað tveggja árið um kring. Síðan er tekið fram um skyldu félagsins til þess að birta hluta efnis síns með viðeigandi hætti í öðrum miðlum, þ.m.t. á netinu. Þá er í 8. tölul. tekin berum orðum fram skylda félagsins til þess að flytja efni á sviði íþrótta og annars tómstundastarfs, en slíkt efni er sérstaklega þýðingarmikið fyrir ungt fólk.

Í 9. tölul. er tekið upp ákvæði fyrri málsliðar 4. mgr. 3. gr. gildandi laga um skyldu til að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Síðan er bætt við ákvæði um skyldu félagsins til þess m.a. að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa, en slíkar skyldur verða æ fyrirferðarmeiri í nútímaþjóðfélagi. Sem dæmi um skyldu Ríkisútvarpsins í þessu efni má nefna dóm Hæstaréttar frá 6. maí 1999 í málinu nr. 151/1999: Berglind Stefánsdóttir og Félag heyrnarlausra gegn Ríkisútvarpinu. Í máli þessu var um það deilt hvort Ríkisútvarpinu væri skylt að láta túlka á táknmáli framboðsræður í sjónvarpinu kvöldið fyrir kosningar, um leið og þær færu fram, eða hvort Ríkisútvarpinu væri heimilt að sinna þörfum heyrnarlausra með öðrum aðferðum sem það hugðist beita. Hæstiréttur benti á að það væri óaðskiljanlegur þáttur kosningarréttar, sem verndaður væri í III. kafla stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944 og 3. gr. I. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, að sá sem réttarins nyti hefði tækifæri til að kynna sér þau atriði sem kosið væri um. Ljóst þótti að það sé í samræmi við lögákveðið hlutverk Ríkisútvarpsins skv. 15. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, (nú 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000) að það kynni frambjóðendur og stefnumál þeirra fyrir kosningar til Alþingis. Bæri Ríkisútvarpinu ótvírætt að gæta jafnræðis þegar það sinnti þessu hlutverki sínu og lyti sú skylda ekki aðeins að frambjóðendum og þeim stjórnmálaöflum sem í hlut ættu heldur einnig að þeim sem útsendingum væri beint til. Ætti því Ríkisútvarpið að haga gerð og útsendingu framboðsumræðna þannig að aðgengilegt væri heyrnarlausum, sbr. einnig 7. gr.

laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Þótt játa bæri Ríkisútvarpinu verulegu svigrúmi við tilhögun dagskrár og útsendinga yrðu þær ákvarðanir, sem röskuðu þeim skyldum og réttindum sem mælt væri fyrir um í 15. gr. útvarpslaga (nú 3. gr. laga um Ríkisútvarpið) og 7. gr. laga um málefni fatlaðra, að styðjast við gild málefnaleg rök. Þótti Ríkisútvarpið ekki hafa fært fram nægilega gild og málefnaleg rök til að réttlæta þá mismunun sem fólst í ákvörðun þess, en fyrir lá að tæknilega var vel framkvæmanlegt að hafa þann háttinn á sem krafist var. Einnig var litið til þess að skammur tími var á milli útsendingar og upphafs kjörfundar. Þóttu áfrýjendur eiga rétt á því að kröfur þeirra yrðu teknar til greina við þessar aðstæður. Tilvik það sem um ræðir í máli þessu er vissulega sérstakt. Það getur hins vegar vel orðið til leiðbeiningar í öðrum málum þó að sjálfsögðu verði að meta hvert mál fyrir sig, þar á meðal það hvað teljist vera eðlilegar þarfir.

10. tölul. kemur í stað 6. mgr. 4. gr. laga um Ríkisútvarpið. Efnislega eru þrjár breytingar gerðar. Hin fyrsta er sú að í stað orðalagsins að Ríkisútvarpið skuli „stefna að því“ að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins er skyldan gerð ótvíræð. Önnur er sú að komið skal upp víðar um landið aðstöðu til útvarps, þ.e. bæði sjónvarps og hljóðvarps, en ekki einungis hljóðvarps, eins og orðað er í gildandi lögum. Þriðja breytingin, sem lögð er til, er á þá leið að þeirri starfsemi, sem um ræðir í greininni, skuli komið upp utan höfuðborgarsvæðisins, en ekki í hverju kjördæmi, og er þessi tillaga gerð sérstaklega með hliðsjón af örri tækniþróun á sviði útvarps og að ekki þurfi að setja upp aðstöðu til dagskrárgerðar í hverjum landsfjórðungi.

Ákvæði 11. tölul. um skyldu Ríkisútvarpsins ohf. til þess að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps er að formi til nýtt. Þetta hefur þó verið viðurkennt eitt meginhlutverk Ríkisútvarpsins og felst í raun og veru, a.m.k. að verulegum hluta, í 13. gr. útvarpslaga.

Í 12. tölul., sem er nýtt ákvæði, er mælt fyrir um skyldu félagsins til þess að koma sér upp þeim eignum, föstum og lausum, sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi þess.

Í 13. tölul. er fjallað um varðveisluskyldu félagsins á þann veg að það varðveiti til frambúðar frumflutt efni, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt. Er orðalagið sambærilegt tillögu meiri hluta menntamálanefndar í nefndaráliti eftir 2. umræðu um frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. á síðasta þingi, en þar var þó lagt til að ákvæðið yrði sett í 4. gr. frumvarpsins sem fjallaði um aðra starfsemi Ríkisútvarpsins hf. Við nánari skoðun verður að telja að varðveisluhlutverk Ríkisútvarpsins ohf. á frumfluttu efni þess sé hluti af almannaþjónustuhlutverki félagsins og því er lagt til að þetta ákvæði eigi heima í 3. gr. frumvarpsins sem fjallar um þá þjónustu.

Í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu ohf. beri að gera sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur skv. 2. mgr. um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Er það í samræmi við nefndarálit meiri hluta menntamálanefndar eftir 2. umræðu um frumvarp um Ríkisútvarpið hf. á síðasta þingi. Kom fram í álitinu að til að tryggja mætti frekar framkvæmd eftirlits Ríkisendurskoðunar við endurskoðun og eftirlit með fjárreiðum Ríkisútvarpsins teldi meiri hlutinn rétt að kveðið yrði á um það í frumvarpinu að menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu hf. bæri að gera framangreindan samning þar sem m.a. yrði kveðið á um vægi innlendrar dagskrárgerðar í dagskrá Ríkisútvarpsins hf. Með því að kveða á um skyldu menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins hf. til þess að gera slíkan þjónustusamning í frumvarpinu taldi meiri hlutinn að endanlega yrði tryggt að komið hefði verið til móts við athugasemdir erlendra eftirlitsstofnana um gagnsæi almannaþjónustuhlutverks Ríkisútvarpsins hf. sem kveðið væri á um í 3. gr. frumvarpsins.

Enn fremur taldi meiri hlutinn að slíkur samningur væri í samræmi við ákvæði e-liðar 10. gr. frumvarpsins um skyldu stjórnar Ríkisútvarpsins hf. til að gera grein fyrir því í ársskýrslu sinni hvernig tekist hefði að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um útvarp í almannaþágu. Menntamálaráðuneytið og Ríkisútvarpið hafa unnið drög að slíku samkomulagi og fylgja þau með frumvarpi þessu.

Um 4. gr.

Ákvæði 4. gr. er nýmæli. Í 1. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um heimild til handa Ríkisútvarpinu ohf. til þess að standa að annarri starfsemi sem tengist aðalstarfsemi fyrirtækisins. Getur félagið gert þetta hvort sem er innan eigin vébanda eða með því að standa að öðrum fyrirtækjum í þessu skyni sem félagið á eitt eða með öðrum aðilum. Undir ákvæði þessarar greinar fellur m.a. hvers konar nýsköpunarstarf sem ekki fellur undir skilgreiningu 3. gr. um útvarp í almannaþágu. Þótt aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins ohf. sé útvarp í almannaþágu er sú krafa í vaxandi mæli gerð til fyrirtækja, sem reka útvarp af því tagi, að þau séu sem best rekin, veiti öðrum útvarpsstöðvum á markaðnum samkeppni og aðhald og skili jafnvel hagnaði. Þess vegna er nauðsynlegt að veita Ríkisútvarpinu ohf. heimild til að reka starfsemi sem ekki fellur undir skilgreiningu 3. gr. en með fjárhagslegum aðskilnaði frá hinni hefðbundnu starfsemi Ríkisútvarpsins ohf., sbr. 5. gr.

Þá segir í 2. mgr. að Ríkisútvarpinu ohf. sé heimilt að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að miðla áður framleiddu efni í eigu félagsins, svo sem rituðu máli, hljómplötum, hljóðsnældum, geisladiskum, myndböndum og margmiðlunarefni. Þykir rétt að fella þessa starfsemi undir aðra starfsemi félagsins.

Í 3. mgr. er tekið fram að Ríkisútvarpinu ohf. sé óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu. Við meðferð frumvarps um Ríkisútvarpið ohf. á síðasta þingi komu fram efasemdir í meðferð menntamálanefndar er lutu að 2. málsl. 1. gr. frumvarpsins. Það ákvæði, eins og frumvarp þetta, mælir fyrir um að sala hins nýja hlutafélags eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess sé óheimil. Fram komu efasemdir um að ákvæðið tryggði með óyggjandi hætti að félaginu væri óheimilt að selja ýmsar eignir og hluti sem hafa menningar- og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og verið hafa í vörslum Ríkisútvarpsins og varðveitt af því. Er hér aðallega haft í huga hið mikla safn Ríkisútvarpsins, sem varðveitt er á safnadeild þess, af alls kyns upptökum úr hljóðvarpi og sjónvarpi, kvikmyndum o.fl., sem telja verður að hafi menningar- og sögulegt gildi fyrir þjóðina. Fram kom við meðferð málsins í nefndinni að sala þessara verðmæta væri háð ýmsum lagalegum hindrunum sem leiða mætti af almennum reglum höfundarréttarins sem um þau gilda. Taldi meiri hluti menntamálanefndar að með þeirri breytingu, sem frumvarpið kveði á um á rekstrarformi Ríkisútvarpsins, færðust þau réttindi sem það hefði haft á þessum verðmætum til hins nýja félags, auk þess sem þær skyldur sem á Ríkisútvarpinu hvíldu gagnvart þeim færðust yfir á herðar félagsins. Til þess að eyða framkomnum efasemdum taldi meiri hlutinn engu síður ástæðu til að kveða sérstaklega á um það í frumvarpinu að Ríkisútvarpinu hf. væri óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hefðu slíkt gildi fyrir þjóðina og varðveitt væru hjá Ríkisútvarpinu hf. Slíkt ákvæði girti fyrir að áðurnefnd verðmæti yrðu seld út úr hinu nýja félagi og líta yrði svo á að aðgangur almennings að þeim yrði óbreyttur frá því sem verið hefði á síðustu árum og áratugum. Lagði meiri hlutinn því til að nýju ákvæði þess efnis yrði bætt við 4. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Um þessa grein vísast til 3. kafla í almennum athugasemdum. Í greininni felst það nýmæli að krafist er fjárhagslegs aðskilnaðar milli starfsemi sem fellur undir skilgreiningu 3. gr. um útvarp í almannaþágu og allrar annarrar starfsemi þar á meðal starfsemi sem telst til samkeppnisrekstrar. Nánari umfjöllun um efni þessarar greinar er að finna í almennum athugasemdum, einkum 1. og 3. kafla.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er tekið upp óbreytt efni 5. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið þess efnis að efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins ohf., skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni, og önnur atriði tengd þessu fyrirmæli. Þessi áskilnaður er í samræmi við núgildandi ákvæði útvarpslaga, nr. 53/2000. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um III. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er mælt fyrir um stjórnskipulag Ríkisútvarpsins ohf.

Samkvæmt 8. gr. fer menntamálaráðherra með eignarhlut ríkisins í félaginu. Hann kýs stjórn félagsins í samræmi við hlutbundna kosningu Alþingis. Félagsfundir fara með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn þess fer með málefni félagsins á milli félagsfunda. Stjórnin skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, sbr. 1. mgr. 8. gr.

Undir stjórn félagsins heyrir útvarpsstjóri, sem ráðinn er af stjórninni, og er hann æðsti yfirmaður alls daglegs rekstrar á vegum félagsins, jafnt á sviði framkvæmdastjórnar sem á sviði dagskrárgerðar, sbr. 1. mgr. 10. gr. Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn félagsins og skiptir með þeim verkum í samræmi við skipurit félagsins sem stjórn félagsins ákveður, sbr. 2. mgr. 10. gr

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa en fram eru komnar í athugasemdum um þennan kafla frumvarpsins og í 2. kafla í hinum almennu athugasemdum.

Um 8. gr.

Í þessari grein er leitast við að treysta sjálfstæði stjórnar félagsins með tvennum hætti. Þannig miðar 1. mgr. að því að treysta sjálfstæði stjórnarinnar gagnvart framkvæmdarvaldinu, en 2. mgr. leitast m.a. við að treysta sjálfstæði gagnvart öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum.

Í ákvæðinu er gert er ráð fyrir því að stjórn félagsins verði kosin á aðalfundi sem haldinn skuli í síðasta lagi fyrir lok maímánaðar ár hvert. Alþingi skal fyrir þann tíma hafa kosið menn til setu í stjórninni.

Hvað varðar 2. málsl. 2. mgr. er hér í raun um hæfisreglu að ræða sem tengd er almennum neikvæðum hæfisreglum hvað varðar stjórnarsetu. Þannig verður almennt að telja að einstaklingar, sem beint eða óbeint inna af hendi störf, taka við greiðslum eða hafa hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum en Ríkisútvarpinu ohf., geti ekki gætt hagsmuna félagsins hvað varðar skyldur þess til útvarps í almannaþágu.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lýst starfssviði stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. í meginatriðum. Meðal annars er í 1. mgr. nefnt að ráða útvarpsstjóra og veita honum lausn frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör, að taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, sem ekki falla undir daglegan rekstur, að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár o.s.frv., og annast önnur verkefni eins og ákveðið verður í samþykktum félagsins, sbr. lög nr. 2/1995. Þá er enn fremur lögð sú skylda á stjórn félagsins að skila til aðalfundur greinargerð um það hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um útvarp í almannaþágu.

Í 2. mgr. er svo heimilað að skilgreina nánar starfssvið stjórnarinnar í samþykktum félagsins. Þannig er ekki mælt með tæmandi hætti fyrir um starfssvið stjórnar heldur er gert ráð fyrir að því verði gerð nánari skil í samþykktum.

Um 10. gr.

Hér eru fyrirmæli um útvarpsstjóra og starfssvið hans. Í því sem mestu skiptir er starfssvið útvarpsstjóra óbreytt frá gildandi lögum. Hann er framkvæmdastjóri félagsins og gilda um þann hluta almennar reglur um störf framkvæmdastjóra. Auk þess er útvarpsstjóri æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum Ríkisútvarpsins ohf. Í stórum dráttum er ákvæði 1. mgr. 10. gr. í samræmi við gildandi lög, sbr. 1. og 2. mgr. 6. gr. laga um Ríkisútvarpið. Þó er sjálfstæði útvarpsstjóra og starfsmanna Ríkisútvarpsins ohf. yfirleitt aukið í sambandi við dagskrárgerð þar sem útvarpsráð er lagt niður og þar með hætt afskiptum þess af útvarpsefni, sbr. nú 8. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Í 2. mgr. er tekið fram að útvarpsstjóri ráði aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. Er hér um að ræða verulega breytingu frá núverandi fyrirkomulagi, sbr. 6. mgr. 9. gr. laga um Ríkisútvarpið þar sem segir að framkvæmdastjórar deilda, sbr. 4. mgr. 9. gr., séu ráðnir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs, og útvarpsstjóri ráði starfsfólk dagskrár að fengnum tillögum útvarpsráðs. Skv. 2. mgr. á útvarpsstjóri að vera algjörlega sjálfstæður í ráðningum starfsmanna félagsins, þó fyrst um sinn með þeim fyrirvara að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II skal Ríkisútvarpið ohf. bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Að öðru leyti vísast til 8. tölul. í lýsingunni á meginefni frumvarpsins í 2. kafla almennu athugasemdanna.

Um 11. gr.

Í 4. kafla hinna almennu athugasemda við frumvarpið (Tekjustofnar fyrirtækisins) var gerð grein fyrir því að í frumvarpi þessu er á því byggt að frá og með 1. janúar 2009 verði hætt að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum (útvarpsgjaldi). Vísast til þess sem þar sagði um þessa breytingu og rökin fyrir henni.

Í samræmi við þessa breytingu er í 11. gr. frumvarpsins lagt til að frá og með 1. janúar 2009 skiptist tekjustofnar Ríkisútvarpsins ohf. í þrennt:

1. Sérstakt gjald sem lagt verður á einstaklinga og lögaðila.
2. Tekjur af auglýsingum og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi og öðrum miðlum.
3. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Tekjur skv. 1. tölul 1. mgr. ákvæðisins yrðu miðað við nýlega 8% hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins 14.580 kr. af hverjum gjaldanda og mundu skila alls um 2.770 milljónum kr.

miðað við full skil, en á árinu 2005 skiluðu afnotagjöld Ríkisútvarpsins um 2.500 milljónum kr. Eðlilegt er að fjárhæð nefskattsins verði endurskoðuð þegar nær dregur því að breyting á tekjustofnum Ríkisútvarpsins ohf. kemur til framkvæmda. Almennt mætti þó miða við að haga skattlagningunni þannig að hvert þriggja manna heimili yrði nokkurn veginn jafnsett eftir sem áður, sem mundi þýða að gjaldið lækkaði fyrir fámennari heimili, en hækkaði fyrir heimili þar sem fullorðnir einstaklingar 16 ára og eldri væru 4 eða fleiri. Væntanlega næði gjaldið ekki til námsmanna sem væru 16 ára og eldri þar sem almennt má gera ráð fyrir að þeir falli undir þau tekjumörk sem ákvæðið tekur mið af, sbr. lög nr. 125/1999, um málefni aldraða.

Hvað varðar ráðstöfun á tekjum skv. 1. tölul. 1. mgr. ber að taka fram að Ríkisútvarpið ohf. verður fyrst og fremst útvarp í almannaþágu, sbr. 3. gr. frumvarps þessa. Komi hins vegar til annarrar starfsemi af hálfu félagsins, sem tengist fyrrgreindri meginstarfsemi, þarf að halda fjárreiðum vegna þess rekstrar aðskildum, þar á meðal starfsemi sem fellur undir samkeppisrekstur. Á grundvelli samkeppnissjónarmiða verður félaginu óheimilt að nota tekjur sínar til að greiða niður kostnað af öðrum rekstri, enda sé ekki um að ræða starfsemi sem telst til útvarps í almannaþágu í skilningi 3. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar 2. tölul. 1. mgr. er lagt til að heimilt sé að birta auglýsingar er tengjast dagskrárefni þess í útvarpi og öðrum miðlum. Hér er um að ræða breytingu frá gildandi rétti, en þar er heimil gjaldtaka fyrir auglýsingar í „hljóðvarpi og sjónvarpi". Ástæða þykir að kveða með skýrum hætti á um það að Ríkisútvarpinu ohf. verði heimilt að birta auglýsingar í öðrum miðlum en útvarpi að teknu tilliti til niðurstöðu umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3845/2003. Í málinu var kvartað yfir því að Ríkisútvarpið notaði tekjur sínar til þess að byggja upp vefinn www.ruv.is, en hluti hans væri fjármagnaður með afnotagjöldum á sjónvarp og útvarp. Niðurstaða umboðsmanns var m.a. sú að sala Ríkisútvarpsins á auglýsingum til birtingar á heimasíðunni gæti ekki talist heimil gjaldtaka fyrir auglýsingar í „hljóðvarpi og sjónvarpi" skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 122/2000.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að helmingur tekna vegna gjaldsins sé greiddur fyrir fram þann 15. febrúar og 15. maí ár hvert af hálfu fjármálaráðuneytisins. Eftirstöðvar gjaldsins mundu greiðast á tímabilinu frá ágúst til desember í samræmi við innheimtu annarra opinberra gjalda.

Í 4. mgr. eru fyrirmæli um að setja skuli gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna og er þar átt við gjaldtöku skv. 15. gr. útvarpslaga. Er það í verkahring stjórnar að setja slíkar gjaldskrár, í reynd auðvitað í samráði við daglega stjórnendur sem fara með auglýsingamál og fjármál fyrirtækisins.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að um Ríkisútvarpið ohf. gildi að öðru leyti en segir í frumvarpinu lög nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Þarfnast það ekki frekari skýringar. Í 2. mgr. segir síðan að upplýsingalög, nr. 50/1996, gildi um starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. Er það í samræmi við nefndarálit meiri hluta menntamálanefndar eftir 2. umræðu um frumvarp þetta um Ríkisútvarpið hf. á síðasta þingi. Í umræðum um frumvarpið innan nefndarinnar og í umræðum á Alþingi á síðasta þingi var lögð á það þung áhersla að ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, giltu um Ríkisútvarpið hf. Eins og nánar er rakið í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þess er varð að upplýsingalögum, nr. 50/1996, gilda lögin einvörðungu um stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga en ekki um hlutafélög og skiptir þar engu þótt hlutafélagið sé að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélags. Í ljósi þess að Ríkisútvarpinu hf. væri

ætlað að veita útvarpsþjónustu í almannaþágu sem væri í eðli sínu opinber þjónusta taldi meiri hlutinn engu síður rétt að upplýsingalög giltu um starfsemi þess þannig að almenningur gæti fengið aðgang að gögnum mála hjá því í samræmi við ákvæði laganna.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er lagt til að lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, falli úr gildi frá og með 1. janúar 2007. Þótt gildistökuákvæði frumvarps þessa kveði á um að lögin taki þegar gildi þarf að ætla stofnun félagsins og ráðningu framkvæmdastjóra þess ákveðinn tíma, auk yfirfærslu starfsmanna Ríkisútvarpsins frá stofnuninni til félagsins. Því er við það miðað að lögin um Ríkisútvarpið falli úr gildi frá og með 1. janúar 2007 og stofnunin verði lögð niður frá sama tíma. Þó er mælt fyrir um það að þær greinar sem varða álagningu afnotagjalds séu í gildi til 1. janúar 2009, er nýr tekjustofn kemur til, og þær greinar sem varða innheimtu áfallins afnotagjalds séu í gildi til 1. janúar 2012, en skv. 2. mgr. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið helst lögveð fyrir afnotagjaldi í þrjú ár frá gjalddaga. Þar sem nauðsynlegt er að hafa ákvæði um innheimtu afnotagjalda, sem falla á í tíð núgildandi laga um Ríkisútvarpið, er lagt til að þau ákvæði verði í sérstökum lögum, lögum um útvarpsgjald og innheimtu þess, á meðan þau ákvæði eru í gildi. Sjá fylgiskjal I.

Samkvæmt framansögðu mun rekstur félagsins verða fjármagnaður með sérstöku gjaldi sem lagt verður á einstaklinga og lögaðila sem skattskyldir eru skv. 1.–2. gr. laga nr. 90/2003. Þessi breyting mun ekki eiga sér stað strax – gert er ráð fyrir því að hið nýja félag fái tveggja og hálfs árs aðlögunartíma áður en rekstur þess verður alfarið fjármagnaður með framangreindum hætti. Í þessu felst að félaginu verður veittur þriggja ára aðlögunartími, en hann mun fela í sér svigrúm til handa félaginu til að starfa áfram samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, en jafnframt tækifæri til að aðlaga reksturinn hinu nýja umhverfi.

Í 3. mgr. er sett ákvæði um það að þar sem í öðrum lögum er vísað til Ríkisútvarpsins sé átt við Ríkisútvarpið ohf. Samkvæmt athugun á lagasafni á netinu er vikið að Ríkisútvarpinu á einn eða annan hátt í 10 réttarheimildum í lagasafni auk laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, þ.e.: 8. gr. forsetabréfs nr. 114/1945, um starfsháttu orðunefndar, 28. gr. laga nr. 17/1965, um landgræðslu, 3. mgr. 47. gr. laga nr. 76/1970, um lax og silungsveiði, 4. gr. laga nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands, b-lið 1. mgr. 3. gr., 4. mgr. 3. gr., 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 3. mgr. 6. gr. laga nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, 2. mgr. 86. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, 25. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, 6. og 34. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, og 10. gr. laga nr. 20/2002, um skylduskil til safna. Samkvæmt framangreindu ákvæði 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins ber eftir gildistöku laganna að skilja þau lagaákvæði þar sem talað er um Ríkisútvarpið sem þar sé átt við Ríkisútvarpið ohf.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæði 1. og 2. mgr. fjalla um stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið og eignir og skuldir Ríkisútvarpsins sem ganga til hlutafélagsins. Þegar hefur verið fjallað um þessa formbreytingu og þau atriði sem af henni leiðir, sbr. 3. kafla í hinum almennu athugasemdum að framan um formbreytinguna, 2. kafla almennu athugasemdanna (meginefni frumvarpsins) og athugasemdir um 1. og 2. gr. frumvarpsins. Eins og þegar hefur verið lýst í 3. kafla í hinum almennu athugasemdum er ráðgert að ríkissjóður yfirtaki hlut Ríkisútvarpsins vegna

greiðsluþátttöku í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. b-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Í 3. mgr. er m.a. mælt fyrir um að menntamálaráðherra ákveði heildarfjárhæð hlutafjár í Ríkisútvarpinu ohf. Við stofnun félagsins skuli þó lögð fram a.m.k. 5.000.000 kr. fjárhæð sem hlutafé og skal sú fjárhæð greidd af ríkissjóði eigi síðar en hálfum mánuði eftir skráningu félagsins. Samkvæmt ákvæðinu getur menntamálaráðherra ákveðið að leggja fram hærra hlutafé í upphafi kjósi hann það.

4. mgr. kveður á um að eftir að lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, falla úr gildi 1. janúar 2007, sbr. 2. mgr. 13. gr., taki Ríkisútvarpið ohf. við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins, og um leið er Ríkisútvarpið lagt niður. Tekur félagið þá m.a. við lögbundnu leyfi Ríkisútvarpsins til útvarpsreksturs. Jafnframt skal Ríkisútvarpið ohf. yfirtaka þær skyldur sem Ríkisútvarpið hefur undirgengist í samningum við þriðju aðila.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í þessu ákvæði mælir fyrir um réttindi starfsmanna við breytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag. Tilgangur ákvæðisins er að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins verði við formbreytinguna tryggð með eðlilegum hætti og sambærileg öðrum tilvikum um breytingar á rekstrarformi ríkisstofnana, sbr. ákvæði í frumvörpum um Rafmagnsveitur ríkisins ohf. og Matvælarannsóknir ohf. Ekki er þörf á að setja í lög sérákvæði um starfsmannamál þegar ríkisfyrirtæki eru hlutafélagavædd nema hvað varðar takmörkun á rétti til töku lífeyris úr B-deild LSR samhliða starfi. Um réttarstöðu starfsmanna á þessum tímamótum gilda almenn ákvæði starfsmannalaga og eftir atvikum aðilaskiptalaga. Starfsmannalögin hafa þýðingu að því er varðar starfslok í þjónustu ríkisins, þ.e. hvort starfsmaður getur átt rétt á biðlaunum ef hann fer ekki að vinna hjá hlutafélaginu, en síðarnefndu lögin hafa þýðingu að því er varðar möguleika á áframhaldandi starfi hjá nýju félagi og ýmis atriði varðandi launakjör og starfsskilyrði. Meginreglan er sú að réttur til biðlauna flyst ekki til hlutafélagsins. Í þessu ákvæði er veitt undanþága frá meginreglunni þannig að biðlaunarétturinn flyst til hlutafélagsins og helst þar til 31. desember 2009. Ástæðan fyrir þessu er e.t.v. fyrst og fremst sú að 1. janúar 2009 er ráðgert að taka upp nefskatt í stað afnotagjalda og því má gera ráð fyrir að á því ári verði ljóst hvaða störf í innheimtudeild verði lögð niður. Ákvæðið tekur til allra starfsmanna þar sem ekki þótti rétt að láta það taka til starfsmanna innheimtudeildar einvörðungu, auk þess sem gera má ráð fyrir að flestar skipulagsbreytingar verði komnar fram fyrir árslok 2009.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Hér er gert ráð fyrir að eigi síðar en 30 dögum eftir gildistöku laganna skuli haldinn stofnfundur þar sem menntamálaráðherra kýs stjórn Ríkisútvarpsins ohf. Frá gildistöku laganna og þar til að kosning stjórnarmanna hefur farið fram skal menntamálaráðherra vera í fyrirsvari fyrir Ríkisútvarpið ohf.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Þar sem ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir að útvarpsráð starfi áfram eru hér fyrirmæli um það hvernig umboð þess fellur niður. Er gert ráð fyrir að umboð aðalmanna og varamanna í útvarpsráði, sem síðast voru kjörnir, falli niður við gildistöku laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Ráðgert er að afnema álagningu útvarpsgjalds 1. janúar 2009. Í ákvæðinu er mælt fyrir um hverjir tekjustofnar hlutafélagsins skuli vera frá gildistöku laganna til og með 31. desember 2008. Eftir þann tíma ber að miða við 12. gr. laganna.

## Fylgiskjal I.

### Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess.

1. gr. (áður 12. gr.)

Eigandi viðtækis sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili. Afslátt skal veita þeim sem aðeins geta nýtt sér svart/hvíta móttöku sjónvarpsefnis og þeim sem einungis geta nýtt sér hljóðvarpssendingar. Einnig er heimilt að veita fyrirtækjum og stofnunum afslátt vegna fjölda tækja á sama stað. Nánari ákvæði um afslátt og skilgreiningu á heimili skal setja í reglugerð.

Í reglugerð má ákveða að þeir sem hljóta uppbót á elli og örorkulífeyri skv. 17. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

2. gr. (áður 13. gr.)

Eigandi, sem breytir afnotum sínum, sbr. 12. gr., skal tilkynna það Ríkisútvarpinu þegar í stað.

Hver sá er fæst við sölu viðtækja skal tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins í fyrstu viku næsta mánaðar eftir sölumánuð hverjir séu kaupendur. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang kaupanda og seljanda, enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

3. gr. (áður 14. gr.)

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll viðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum og nota má til móttöku útvarpsefnis.

Afmá skal viðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki lengur notað til móttöku útsendingar Ríkisútvarpsins.

4. gr. (áður 15. gr.)

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi viðtæki sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur viðtækja bera ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti skv. 13. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

5. gr. (áður 16. gr.)

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

6. gr. (áður 17. gr.)

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu.

Lögtaksréttur er fyrir ógreiddum útvarpsgjöldum, álagi skv. 1. mgr., vöxtum og innheimtukostnaði.

7. gr. (áður 18. gr.)

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á viðtæki:

1. ef það er hagnýtt til móttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu útvarpsgjalds,
3. ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði skv. 1. tölul. 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu útvarpsgjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslu eiganda eða annars vörslumanns.

Ákvæði 1., 2., 3. og 5. gr. falla úr gildi 1. janúar 2009, en ákvæði 4., 6. og 7. gr. falla úr gildi 1. janúar 2012.

## Fylgiskjal II.

**(Drög)**

**Samningur um útvarpsþjónustu í almannaþágu.**

**Menntamálaráðuneyti** annars vegar og **Ríkisútvarpið ohf. (RÚV)** hins vegar gera með sér svofelldan

**samning**

um útvarpsþjónustu Ríkisútvarpsins ohf. í almannaþágu skv. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf., nr. XX/2006.

1. gr.

**Almennt um samninginn.**

Markmiðið með samningnum er að lýsa nánar tilgangi og hlutverki RÚV og þeim kröfum sem gerðar eru til félagsins á grundvelli laganna. Í samningnum er útvarpsþjónusta í almannaþágu skilgreind, m.a. til að afmarka hana frá annarri starfsemi á fjölmiðla- og samkeppnismarkaði.

RÚV gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Áhersla skal lögð á að miðla íslenskri menningu og skal RÚV vera vettvangur lýðræðislegrar umræðu.

2. gr.

**Almennt um útvarpsþjónustu í almannaþágu.**

Útvarpsþjónusta RÚV í almannaþágu felst í miðlun texta, hljóðs og mynda. RÚV ber að uppfylla menningarlegar, þjóðfélagslegar og lýðræðislegar þarfir í íslensku samfélagi með þeim tæknilegu aðferðum sem hagkvæmt er að nota hverju sinni.

RÚV skal með vönduðum hætti miðla fréttum, upplýsingum, menningarefni, fræðsluefni, íþróttum og afþreyingu.

RÚV skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu og menningu. Það skal reyna til hins ýtrasta að miðla íslensku máli þannig að hlustendur, lesendur og áhorfendur geti treyst því að tal og texti sé ávallt á lýtalausri íslensku.

RÚV skal hafa frumkvæði að því að miðla íslenskri menningu, listum og menningararfi. Félagið skal leitast við að virkja aðra til samstarfs með það að markmiði að efla slíka miðlun.

RÚV skal ávallt flytja fréttir og fréttatengt efni af sanngirni og hlutlægni. Halda skal í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Fjalla skal um umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni af nákvæmni og óhlutdrægni.

RÚV skal veita fötluðum aðgang að útvarpsþjónustu í almannaþágu með því að nýta tæknimöguleika, svo sem með textun á sjónvarpsefni, með textavarpi og á vefsvæði sínu. Fjöldi textaðra klukkustunda skal aukast að lágmarki um um 100% frá upphafi samningstímabilsins til loka þess (úr 167 klst. í 334 klst.). Stefnt skal að því að öll forunnin innlend dagskrá verði textuð í lok samningstímabilsins. Þá skal hlutfall útsendinga á táknmáli vera a.m.k. hið sama og við upphaf samningstímabilsins. Einnig skal táknmálstúlkun fylgja sjónvarpsumræðum í aðdraganda kosninga.

RÚV skal miðla efni sem höfðar til ólíkra hópa þjóðfélagsins. Efnið skal endurspegla margbreytileika menningar á Íslandi, lífsviðhorf og lífsskilyrði fólks í öllum landshlutum.

RÚV skal fjalla um fjölþjóðlegt samfélag á Íslandi. Þá skal RÚV leitast við að sinna þörfum íbúa frá öðrum löndum m.a. með fréttum og upplýsingum á erlendu tungumáli.

RÚV skal nýta nýjustu tækni í útsendingum og þjónustu hverju sinni til að auðvelda notendum aðgang að útvarpsþjónustu í almannaþágu.

Útsending RÚV skal vera a.m.k. tvær hljóðvarpsdagskrár og ein sjónvarpsdagskrá auk svæðisútvarps árið um kring. RÚV skal hafa frumkvæði að því að nýta nýja tækni til útsendinga.

RÚV skal setja sér dagskrárstefnu er taki til allra sviða miðlunar. Í þeirri stefnu skulu koma fram áherslur stofnunarinnar í efni dagskrár og þjónustu við notendur.

Útvarpsstjóri skal setja reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu. Reglurnar skulu samdar í samráði við félag fréttamanna á RÚV. Í reglunum skal m.a. fjallað um: starfsskilyrði stjórnenda fréttastofu og fréttamanna við að framfylgja dagskrárstefnu útvarpsstöðvarinnar; starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttamanna gagnvart eigendum útvarpsstöðvarinnar; skilyrði áminningar og brottvikningar fréttamanna.

RÚV skal móta reglur um móttöku erinda sem lúta að útvarpsþjónustu í almannaþágu og hvernig afgreiðslu slíkra erinda skuli háttað.

RÚV skal leitast við að kanna með reglubundnum hætti viðhorf almennings til dagskrárefnis og efnistaka með það fyrir augum að geta lagað dagskrá sína sem best að þörfum og óskum almennings í landinu.

**Útvarpsþjónusta í almannaþágu á veraldarvefnum.**

RÚV skal miðla m.a. fréttum, fræðsluefni, dagskrá og upplýsingum um einstaka dagskrárliði á vefsvæði sínu eftir því sem réttindi leyfa. Á vefsvæði RÚV skal veita ýmiss konar þjónustu í því skyni að notendur hafi ávallt greiðan aðgang að því efni sem til er.

**Útvarpsþjónusta í almannaþágu á textavarpinu.**

Í textavarpi skal miðla m.a. fréttum, textun á efni, dagskrá og upplýsingum um dagskrá og einstaka dagskrárliði.

3. gr.

**Sjónvarps- og hljóðvarpsefni.**

*Íslenskt efni.*

RÚV skal leggja áherslu á íslenskt sjónvarpsefni og skal hlutfall þess á kjörtíma, á milli kl. 19.00 og 23.00, vera 65% við lok samningstímans sem er tæplega 50% aukning frá árinu 2005 en þá var hlutfallið 44%.

RÚV er skylt að senda út fréttir og fréttatengt efni í sjónvarpi á tímabilinu milli kl. 17.00 og 24.00 alla daga ársins nema á aðfangadag jóla og á gamlársdag þegar heimilt er að flytja fréttir fyrir kl. 17.00. Skal útsendingartími innlendra og erlendra frétta eigi vera skemmri að jafnaði á samningstímanum en hann er við upphaf samningstímabilsins. Þá skal RÚV senda reglulega út fréttir í hljóðvarpi allan daginn alla daga ársins.

RÚV er skylt að senda út fréttir á táknmáli alla daga ársins.

RÚV skal bjóða upp á svæðisbundnar útsendingar á efni, þ.m.t. fréttir, menningu, afþreyingu og listir til að þjóna betur íbúum á landinu öllu.

RÚV skal senda út fræðsluefni og heimildarþætti. Þá skal RÚV leggja metnað sinn í að nota ólíka tækni og margmiðlun til að koma á framfæri fréttum og fræðsluefni til almennings.

RÚV skal halda úti dagskrá í hljóðvarpi með unnu dagskrárefni og skal hún ekki minnka að umfangi á samningstímanum. Þar skal sent út fjölbreytt menningarefni, fræðsluefni, barnaefni, fréttir og fréttatengt efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni.

RÚV skal hafa frumkvæði að því kynna íslenska tónlist og miðla henni í hljóðvarpi.

*Börn og ungmenni.*

RÚV skal á hverjum degi senda út vandað skemmti- og fræðsluefni fyrir börn og unglinga. Leggja skal áherslu á íslenskt barnaefni og talsetja skal erlent barnaefni fyrir yngsta aldurshópinn í sjónvarpi. Skal efnið að lágmarki vera það sama og við upphaf samningstímabilsins eða um 550 klst.

RÚV skal leitast við að taka tillit til hagsmuna barna áður en teknar eru ákvarðanir um birtingu auglýsinga þar sem auglýstar er vörur eða þjónusta ætluð börnum.

RÚV skal gæta þess að ekki séu sendir út þættir eða kvikmyndir sem geta skaðað eða haft slæm áhrif á þroska barna, svo sem efni þar sem sýnt er djarft eða ofbeldisfullt efni á þeim tíma sem ætla má að börn séu að horfa á sjónvarp. Þá skal ekki sýna brot úr slíkum þáttum eða kvikmyndum á daginn og fyrripart kvölds þegar ætla má að börn séu að horfa á sjónvarp. Þegar slíkt dagskrárefni er sent út skal fara á undan því munnleg viðvörun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir.

*Nýsköpun í dagskrárgerð.*

RÚV skal vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð. RÚV skal styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum. RÚV skal gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 millj. kr. og verður við lok samningstímabilsins 250 millj. kr.

*Erlent efni.*

RÚV skal leggja áherslu á sjónvarpsefni á Norðurlandamálum og skal efnið að jafnaði vera að lágmarki 5% af útsendu efni.

RÚV skal hafa frumkvæði að því kynna og sýna þætti og kvikmyndir frá öðrum ríkjum Evrópu, svo og kvikmyndir frá öðrum heimshlutum sem lítið hafa verið kynntar hér á landi.

*Annað dagskrárefni.*

RÚV skal fjalla um, útvarpa og sýna frá menningarviðburðum bæði innan lands og erlendis. Skal menningarumfjöllun vera að lágmarki hin sama í mínútum talið og við upphaf samningstímabilsins í hljóðvarpi og sjónvarpi.

RÚV skal segja fréttir af, útvarpa og sýna frá íþróttaviðburðum bæði innan lands og erlendis og gæta jafnræðis milli íþróttagreina eins og kostur er.

RÚV skal senda út fjölbreytt íslenskt og erlent skemmtiefni fyrir ólíka aldurs- og þjóðfélagshópa.

*Almennt um dagskrárefni.*

RÚV skal gæta jafnræðis milli kynja í fréttaumfjöllun, almennu dagskrárefni og í umfjöllun um íþróttir og íþróttaviðburði eftir því sem kostur er.

Kappkosta skal að tryggja gæði og fjölbreytni dagskrárefnis.

Dagskrárefni á RÚV má ekki með nokkru móti hvetja til fordóma eða haturs á grundvelli kynþáttar, kynferðis, þjóðernis, trúar eða kynhneigðar.

**Menningararfur.**

RÚV skal sjá til þess að frumflutt dagskrárefni verði varðveitt til frambúðar. RÚV skal auk þess varðveita myndir, hljóð og texta sem ætla má að hafi menningarsögulegt gildi auk efnis sem dæmigert er fyrir efnisframleiðslu RÚV á hverjum tíma og heyrir ekki sérstaklega undir lög um skylduskil til safna, nr. 20/2002. RÚV getur með sérstökum samningi falið annarri stofnun að varðveita dagskrárefnið með viðeigandi hætti.

RÚV skal gera ráðstafanir til að hljóðrit og myndir ásamt handritum sé aðgengilegt almenningi eftir því sem við á, hvort heldur gegn gjaldi eða endurgjaldslaust.

RÚV skal gera áætlun um að koma eldra efni, t.d. á plötum, segulböndum og filmum, yfir á aðgengilegt form til geymslu og til framtíðarnotkunar á efninu. Skal RÚV birta þá áætlun eigi síðar en 31. desember 2007.

RÚV skal gert að varðveita sögulegar minjar, svo sem búninga, leiktjöld, útsendingatæki o.fl., sem ætla má að hafi menningarsögulegt gildi. RÚV getur með sérstökum samningi falið annarri stofnun að varðveita minjarnar með viðeigandi hætti.

RÚV er óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu. Þá er RÚV óheimilt að selja eða farga útsendu

efni og minjum sem félaginu þykir ekki ástæða til að geyma án samþykkis menntamálaráðuneytis og án þess að bjóða það þar til bærum stofnunum til varðveislu.

Stefnt verður að því á samningstímanum að ná heildarsamkomulagi við rétthafa um víðtækari notkun á eldra safnaefni til að gera það aðgengilegra almenningi.

4. gr.

**Alþjónusta.**

RÚV er skylt að veita öllum landsmönnum og lögaðilum almannaþjónustu. Félagið skal senda út dagskrá hljóðvarps og sjónvarps til alls landsins og næstu miða að ekki minna umfangi en gert er í dag. Skulu landsmenn og lögaðilar hafa aðgang að dagskrá og efni í sjónvarpi, hljóðvarpi, á vefsvæði og eftir öðrum leiðum sem RÚV notar við miðlun á almannaþjónustuefni sínu.

RÚV skal að lágmarki senda út sjónvarpsdagskrá í 7 klukkustundir á dag. Þá skal önnur hljóðvarpsdagskráin vera send út að lágmarki 18 klukkustundir á sólarhring og hina skal senda út allan sólarhringinn. Með útsendri dagskrá er hér átt við skipulagða flutningsröð viðfangsefna sem undirbúin eru eða flutt af starfsmönnum hljóðvarps- eða sjónvarpsstöðvar og miðlað er til hlustenda eða áhorfenda.

Nú er lokið útboði á UHF tíðnisviðinu og hafinn undirbúningur að uppbyggingu á stafrænu sjónvarpi um allt land. Þá eru fyrirhugaðar sjónvarpssendingar RÚV á gervihnetti. Skal gerður sérstakur samningur milli RÚV og menntamálaráðuneytis um útbreiðslu og þjónustu í stafrænu hljóðvarpi og sjónvarpi fyrir 31. desember 2007.

Í samningnum skal koma fram:

- Hvaða tækni RÚV hyggst nota til að ná til allra landsmanna.
- Hvaða tímaramma RÚV setur sér í útbreiðslu á stafrænu hljóðvarpi og sjónvarpi.
- Hvernig RÚV hyggst hvetja alla landsmenn til að skipta úr hliðrænni yfir í stafræna tækni áður en slökkt verður á hliðrænum hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingum hér á landi.
- Hvort RÚV hyggst byggja upp eigið dreifikerfi, nota dreifikerfi annarra eða efna til samstarfs um dreifingu með öðrum hætti.
- Upplýsingar um fyrirhugaða þjónustu í grafísku þjónustuviðmóti í stafrænu sjónvarpi.
- Hvort og þá hvaða gagnvirka þjónustu RÚV hyggst veita í stafrænu sjónvarpi.
- Hvaða áform RÚV hefur í útsendingum á breiðtjaldi og háskerpu.

**Öryggisþjónusta.**

RÚV er skylt að koma á framfæri tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á auglýstri dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst. RÚV reynir til hins ýtrasta að gera ráðstafanir til að útsending geti ætíð verið samfelld.

5. gr.

**Fjármál.**

RÚV skal hafa að leiðarljósi að reka metnaðarfulla útvarpsþjónustu í almannaþágu fyrir móttekið ríkisframlag.

RÚV skal hafa að leiðarljósi að reka metnaðarfulla útvarpsþjónustu í almannaþágu fyrir móttekið ríkisframlag. Þau tölulegu markmið sem lögð eru til grundvallar í samningnum byggjast á þeirri forsendu að tekjur RÚV lækki ekki á tímabilinu..

RÚV skal gæta jafnræðis gagnvart viðskiptamönnum félagsins. Afsláttarkjör fyrir kostunaraðila og auglýsendur skulu vera gagnsæ og standa öllum viðskiptamönnum til boða fyrir sambærilegt umfang viðskipta.

RÚV skal halda kostnaðar- og verkbókhald yfir aðföng, framleiðslu og útsendingu dagskrárliða og hagnýtingu annars efnis sem miðlað er til almennings þannig að uppfylltar séu kröfur um gagnsæi sem fram koma í reglugerð um aðskilið bókhald hjá fyrirtækjum sem veitt eru sérstök réttindi eða einkaréttur, eða falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, skv. 59. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og stunda einnig aðra starfsemi nr. 214/2006, sbr. ákvæði 24C.6.3.2(1) í leiðbeinandi reglum ríkisstyrkja- og samkeppnisdeildar Eftirlitsstofnunar EFTA um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þess skal sérstaklega gætt að haldið sé aðskildum tekju- og kostnaðarliðum vegna þeirrar starfsemi sem fellur undir almannaútvarpsþjónustu annars vegar og starfsemi sem flokka má sem samkeppnisrekstur hins vegar.

RÚV skal árlega, jafnskjótt og ársuppgjör liggur fyrir, skila upplýsingum til ráðuneytisins um tekjur RÚV á næstliðnu ári að frádregnum kostnaði, annars vegar af útvarpsþjónustu í almannaþágu og hins vegar af þeim hluta starfseminnar sem telst vera í samkeppnisrekstri. Á grundvelli þeirra upplýsinga skal RÚV leggja fram rekstraráætlun um ætlaða tekjuþörf til að standa undir kostnaði við útvarpsþjónustu í almannaþágu, sbr. 5. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf.

RÚV skal gæta þess að kostnaðar- og verkbókhald fyrirtækisins uppfylli kröfur þær sem fram koma í 14. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, einkum að því er varðar aðskilnað tekna og útgjalda af útvarpsþjónustu í almannaþágu og samkeppnisrekstri. Skal þannig komið í veg fyrir undirboð RÚV á auglýsingamarkaði og niðurgreiðslu á samkeppnisrekstri með tekjum frá útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þess skal gætt að viðskiptaleg hagnýting efnis sem framleitt hefur verið í útvarpsþjónustu í almannaþágu fari fram á markaðslegum forsendum. Fjárhagsleg tengsl við dótturfyrirtæki skulu fara fram á markaðslegum forsendum.

6. gr.

**Eftirlit og upplýsingagjöf.**

RÚV skal lúta eftirliti ríkisendurskoðanda og veita honum allar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna megi hvernig RÚV uppfyllir skyldur sínar samkvæmt leiðbeinandi reglum ríkisstyrkja- og samkeppnisdeildar Eftirlitsstofnunar EFTA um útvarpsþjónustu í almannaþágu, útg. 23. apríl 2004, einkum skyldur samkvæmt ákvæðum: 24C.6.2, 24C.6.3.2(1), 24C.6.3.3(1) og 24C.6.3.3(4). (Sjá fylgiskjal II með samningi þessum.)

RÚV skal sérstaklega láta ríkisendurskoðanda í té upplýsingar til að sannreyna megi gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannaþjónustuhlutverki RÚV, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfsemi RÚV sem fellur undir samkeppnisrekstur.

RÚV skal á hverjum tíma, eftir því sem Samkeppniseftirlitið eða ríkisendurskoðandi óskar eftir, veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna megi hvort RÚV uppfylli skyldur skv. 14. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Í því skyni skal RÚV koma upp nákvæmu verkþátta- og kostnaðargreiningarkerfi, þannig að hægt sé að skilgreina nákvæmlega kostnað við efnisgerð.

RÚV er enn fremur skylt að veita öllum þeim sem óska upplýsinga um starfsemi fyrirtækisins í samræmi við upplýsingalög, nr. 50/1996.

7. gr.

**Kynning á starfsemi RÚV.**

RÚV skal á hverju ári taka á móti nemendum af fjölmiðlabrautum í framhaldsskólum og háskólum í starfskynningu til að kynna þeim starfsemi RÚV.

8. gr.

**Ársskýrsla.**

RÚV er skylt að afhenda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu þar sem fram kemur:

- Ársreikningur félagsins sem uppfyllir ákvæði laga um ársreikninga, nr. 3/2006, ásamt skýrslu endurskoðenda þar sem gerð er grein fyrir tekjum RÚV að frádregnum kostnaði, annars vegar af útvarpsþjónustu í almannaþágu og hins vegar af þeim hluta starfseminnar sem telst vera í samkeppnisrekstri.
- Upplýsingar um hvernig RÚV hefur sinnt útvarpsþjónustu í almannaþágu.
- Tölulegar upplýsingar um hlutfall, flokkun og uppruna efnis í hljóðvarpi og sjónvarpi.
- Tölulegar upplýsingar um íslenskt leikið dagskrárefni í hljóðvarpi og sjónvarpi.
- Upplýsingar um verkefni sem RÚV hefur verið kaupandi eða meðframleiðandi að og hversu miklum fjármunum félagið hefur varið til þeirra.
- Tölulegar upplýsingar um textun innlends dagskrárefnis.
- Tölulegar upplýsingar um útsendingu á íslenskri tónlist.
- Umfang svæðisstöðva.
- Fyrirhugaðar breytingar á ritstjórnarstefnu.
- Framkvæmd dagskrár- og fréttastefnu.
- Greinargerð um viðhorf almennings eins og þau koma fram í könnunum sem RÚV lætur framkvæma eða í ábendingum og kvörtunum til stofnunarinnar sjálfrar. Þá skal gera grein fyrir því hvernig brugðist hefur verið við eða bregðast skuli við framangreindu.

9. gr.

**Endurskoðunarákvæði og gildistími.**

Aðilar skulu funda árlega um efni og framkvæmd samnings þessa og sameiginlegar áherslur og markmiðssetningu. Sé talin ástæða til skulu samningsaðilar gera breytingar á samningi þessum er fram komi í sérstökum viðauka.

Samningur þessi gildir frá 1. XX 2006 til 1. XX 2010.

Reykjavík, XX. XXXX 2006

F.h. menntamálaráðuneytis, F.h. Ríkisútvarpsins ohf.,

_____ _____

**Fylgiskjal III.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.**

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag í eigu ríkissjóðs um rekstur Ríkisútvarpsins sem taki yfir eignir og skuldir þess. Í öðru lagi er mælt fyrir um afnám afnotagjalda og álagningu sérstaks útvarpsgjalds. Í þriðja lagi eru gerðar breytingar á stjórnun. Í fjórða og síðasta lagi er mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á fjárreiðum reksturs sem fellur undir útvarp í almannaþágu og annars reksturs. Í 2. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið er boðað frumvarp um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands til að fella niður greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins verður Ríkisútvarpið rekið sem hlutafélag í eigu ríkisins en ekki sem ríkisstofnun. Þessi breyting á rekstrarformi veldur því að ábyrgð ríkissjóðs á rekstrinum verður ekki lengur ótakmörkuð. Fjárreiður hlutafélagsins verða sýndar í E-hluta ríkissjóðs, en til hans teljast sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira en ekki í B-hluta ríkissjóðs þar sem stofnunin Ríkisútvarpið hefur verið. Hlutafélagið mun fá fjárveitingu frá A-hluta ríkissjóðs sem svarar til tekna af sérstökum skatti á sama hátt og stofnunin Ríkisútvarpið hefur fengið fjárveitingu vegna tekna af afnotagjöldum þótt það innheimti þau gjöld sjálft. Gjaldstofn, álagning og innheimta munu hins vegar breytast eins og greint verður frá síðar.

Samkvæmt 1. tölul.1.mgr. 11. gr. fumvarpsins er m.a. lagt til að hlutafélagið hafi frá 1. janúar 2009 tekjur af sérstökum skatti, útvarpsgjaldi, sem ráðherra staðfestir að fengnum tillögum útvarpsstjóra en skattstjórar leggja á samhliða álagningu tekjuskatts. Afnotagjöld sem stofnunin Ríkisútvarpið innheimtir falla niður frá sama tíma. Gera má ráð fyrir að breytt tilhögun við álagningu og innheimtu gjaldsins leiði til aukinnar vinnu og einhverrar hækkunar á útgjöldum skattstofa og innheimtumanna þar sem sem nokkur fjöldi þeirra sem skatturinn verður lagður á mun fyrirsjáanlega ekki hafa tekjur til að greiða gjaldið af. Ekki eru forsendur til að áætla fjárhæðir í þessu sambandi. Á móti sparast að mestu innheimta afnotagjalda sem kostar stofnunina Ríkisútvarpið nú 70–80 m.kr. á ári en jafnframt falla niður 40 m.kr. tekjur sem stofnunin hefur haft af innheimtuaðgerðum og dráttarvöxtum.

Skylda til að greiða gjaldið mun hvíla samkvæmt frumvarpinu á öllum einstaklingum sem eru heimilisfastir hér á landi og þeim sem dvelja hér á landi lengur en 183 daga á ári eða hverju tólf mánaða tímabili. Undanþegnir skattinum eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald fellt niður samkvæmt lögum um sjóðinn. Samkvæmt álagningarskrá ríkisskattstjóra árið 2005 vegna tekna á árinu 2004 greiddu 165.704 einstaklingar gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og hafði þeim fjölgað um 3,2% frá árinu áður. Að auki skulu lögaðilar sem eru skattskyldir og bera sjálfstæða skattaðild vera skattskyldir, þó ekki dánarbú, þrotabú og ýmsir lögaðilar sem eru undanþegnir skattskyldu, svo sem stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga, félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra voru 34.369 lögaðilar á skattgrunnskrá við álagningu 2005 og þar af voru 26.043 aðilar tekju- og eignarskattsskyldir. Af þeim fjölda greiddu 22.166 lögaðilar opinber gjöld og hafði þeim fjölgað um 8,3% milli ára. Gera verður ráð fyrir að ekki takist að innheimta

skattinn hjá öllum sem hann verður formlega lagður á, eins og gildir einnig um afnotagjöldin. Sé miðað við að 1,5% fjölgun greiðenda milli ára má reikna með að um það bil 190 þúsund aðilar greiddu gjaldið í ár ef það væri lagt á og miðað við 14.580 kr. gjald á ári næmu tekjur af því um 2.770 m.kr. Gera má ráð fyrir að af þeirri fjárhæð innheimtist nálægt 65 m.kr. ekki og verði afskrifaðar. Samkvæmt þessum forsendum skilar hinn nýi skattstofn nánast sömu krónutölu í ríkissjóð og núverandi afnotagjöld.

Auk tekna af útvarpsgjaldi er gert ráð fyrir í 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. að hlutafélagið hafi tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess. Í fjárlögum 2006 er áætlað að tekjur stofnunarinnar Ríkisútvarpsins vegna þessa nemi 1.009 m.kr. með virðisaukaskatti. Að síðustu er gert ráð fyrir í 3. tölul. 1. mgr. 12. gr. að Alþingi kunni að ákveða aðrar tekjur.

Stofnunin Ríkisútvarpið er í virðisaukaskattsskyldri starfsemi þannig að afnotagjöld sem skila um 70% tekna þess bera 14% virðisaukaskatt en aðrar tekjur sem skila um 30% bera 24,5% skatt. Stofnunin skilar ríkissjóði útskatti af tekjunum en fær endurgreiddan innskatt af kostnaði og fjárfestingum nákvæmlega eins og önnur fyrirtæki. Árið 2004 mun útskattur hafa numið 591 m.kr. og innskattur 201 m.kr. og voru nettó tekjur ríkissjóðs af skattinum því 390 m.kr.

Verði frumvarpið að lögum verður sú breyting á tekjusamsetningu Ríkisútvarpsins frá því sem verið hefur að í stað afnotagjalda sem bera virðsaukaskatt koma tekjur af útvarpsgjaldi sem bera ekki virðisaukaskatt. Miðað við framangreindar forsendur og að öðru óbreyttu má ætla að hlutafélagið verði á grunnskrá virðisaukaskatts eins og stofnunin hefur verið. Ef þetta verður raunin er slegið á að útskattur minnki um nálægt 300 m.kr. og innskattur um nálægt 140 m.kr. þannig að nettó tekjur ríkissjóðs af skattinum verði um 230 m.kr. sem er lækkun um 160 m.kr. á ári og yrði hagur hlutafélagsins þeim mun betri.

Áætlað er að stofnunin Ríkisútvarpið hafi skuldað ríkissjóði 900 m.kr. í árslok 2005. Skuldin hefur ekki verið vaxtareiknuð fremur en almennt tíðkast um viðskiptareikninga ríkisstofnana hjá ríkissjóði. Gera verður ráð fyrir að hlutafélagið verði krafið um vexti af skuldinni og ef miðað yrði við 9% vexti mundi það greiða ríkissjóði um 80 m.kr. í tekjur á ári næstu árin.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði I í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkið leggi allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar stofnunarinnar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins. Samkvæmt ríkisreikningi 2005 námu eignir Ríkisútvarpsins um 4,6 milljörðum kr. í lok þess árs. Þar af voru fastafjármunir metnir á 3,6 milljarða kr. en veltufjármunir stóðu í 1,1 milljarði. Á móti komu tæplega 4,7 milljarðar í skuldir og var eigið fé stofnunarinnar neikvætt um 186 m.kr. í árslok. Mestu munaði um nálægt 2,9 milljarða króna skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og er áætlað að afborgun af skuldabréfinu sé um 220 m.kr. í ár. Ríkisendurskoðun vinnur að endurskoðun og endurmati á eignum og skuldum stofnunarinnar og er vonast til að tillaga að stofnefnahagsreikningi verði lögð fram á næstunni.

Í bráðabirgðaákvæðinu er einnig kveðið á um að ríkissjóður leggi hlutafélaginu til að minnsta kosti 5 m.kr. hlutafé innan ákveðins tíma. Hlutaféð yrði ekki talið til útgjalda hjá ríkinu samkvæmt bókhaldsreglum ríkisins heldur til eignar, en afla þarf heimildar fyrir greiðslunni í fjárlögum.

Í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu er fjallað um breytingar sem snúa að starfsmönnum stofnunarinnar Ríkisútvarpsins og er lagt til að hlutafélagið bjóði þeim öllum starf. Um biðlaunarétt starfsmanna gilda ákvæði laga nr. 70/1996, en þó er lagt til að réttur starfsmanna verði ríkari þannig að þeir haldi honum verði starf sem þeir taka hjá hlutafélaginu lagt niður

fyrir árslok 2009. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu frá því síðastliðið vor eiga 163 starfsmenn biðlaunarétt að upphæð 467 m.kr. Hins vegar eru ekki forsendur til að áætla að hvaða leyti muni reyna á þetta, en útgjöld sem af þessu kann að leiða lenda á hlutafélaginu.

Ríkisútvarpið er skuldbundið til að greiða 25% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands samkvæmt lögum um hljómsveitina. Lagafrumvarpið felur ekki í sér breytingu á þessu en samkvæmt athugasemdum er boðað sérstakt frumvarp til breytinga á lögum um Sinfóníuhljómsveitina þar sem m.a. greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins og Seltjarnarnesbæjar verði felld niður. Í fjárlögum 2006 er gert ráð fyrir að greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins nemi 132,3 m.kr. og hlutur Seltjarnarness er áætlaður 5,3 m.kr.

Samkvæmt framangreindum forsendum er niðurstaða þessa kostnaðarmats sú að verði frumvarpið óbreytt að lögum muni, þegar lögin eru að fullu gengin í gildi, útgjöld A-hluta ríkissjóðs ekki breytast svo heitið geti. Sé tekið tillit til þess að í frumvarpinu er boðað að greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins í rekstri til Sinfóníuhljómsveitar Íslands falli niður aukast útgjöld ríkisins um tæplega 138 m.kr. miðað við forsendur fjárlaga 2006. Að auki benda forsendur sem greint er frá að framan til að árlegar tekjur ríkisins af virðisaukaskatti minnki um 160 m.kr. en á móti fái ríkið vaxtatekjur frá hlutafélaginu þar til það hefur gert upp skuld sína við ríkið, líklega um 80 m.kr. á ári fyrstu árin. Greiða þarf a.m.k. 5 m.kr. einsskiptisframlag úr ríkissjóði vegna hlutafjár við stofnun félagsins.

## 57. Frumvarp til laga [57. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „56%“ í a-lið 1. mgr. kemur: 82%.
b. B-liður 1. mgr. fellur brott.
c. D-liður 1. mgr. fellur brott.
d. 4. mgr. orðast svo:
   Sinfóníuhljómsveitin og Ríkisútvarpið skulu gera með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar.

2. gr.

Í stað orðsins „Ríkisútvarpinu“ í 1. málsl. 4. gr. laganna kemur: menntamálaráðuneytinu.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar er heimilt að skipa verkefnavalsnefnd um verkefni hljómsveitarinnar. Stjórnin ákveður nánar um skipulag og hlutverk nefndarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að fella niður ákvæði laga um þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það sama verði einnig gert um þátttöku Seltjarnarnesbæjar í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar.

Með lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, var mælt fyrir um hvernig standa skyldi að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Skv. 1. mgr. 3. gr. laganna var mælt fyrir um greiðsluþátttöku eftirfarandi aðila og var hún svohljóðandi:

| | **Aðili** | **Greiðsluþátttaka** |
|---|---|---|
| a. | Ríkissjóður | 56% |
| b. | Ríkisútvarpið | 25% |
| c. | Borgarsjóður Reykjavíkur | 18% |
| d. | Bæjarsjóður Seltjarnarness | 1% |

Frumvarp þetta er liður í endurskipulagningu á rekstri Ríkisútvarpsins. Í menntamálaráðuneytinu hefur verið unnið að samningu frumvarps þar sem ráðgert er að breyta rekstri Ríkisútvarpsins þannig að hlutafélag verði stofnað og taki við rekstri þess. Vegna þess er með frumvarpi þessu ráðgert að fella úr gildi þá lagaskyldu sem felst í b-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, að Ríkisútvarpið greiði sem nemur 25% af rekstri hljómsveitarinnar. Að teknu tilliti til þessarar breytingar er eðlilegt að Ríkisútvarpið eigi ekki lengur fulltrúa í stjórn hljómsveitarinnar og því er lagt til að menntamálaráðuneytið tilnefni mann í stjórn.

Varðandi niðurfellingu á greiðsluþátttöku Seltjarnarnesbæjar í rekstri hljómsveitarinnar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, hefur bæjarstjórn Seltjarnarness ítrekað móttmælt því að greiðsluþátttaka sveitarfélagsins í gildandi lögum standi óhögguð og óskað eftir því að lagabreyting verði gerð á þann veg að fella hana niður. Hefur bæjarstjórn bent á að þegar hún samþykkti aðild að rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar á árinu 1982 hafi verið gert ráð fyrir því að fleiri sveitarfélög en Reykjavík og Seltjarnarnes tækju þátt í rekstrinum, en svo hefði ekki orðið. Með frumvarpinu er orðið við þessum óskum Seltjarnarnesbæjar og því lagt til að d-liður 1. mgr. 3. gr. falli brott. Áfram er hins vegar gert ráð fyrir greiðsluþátttöku Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, enda náin samvinna milli ríkisins og Reykjavíkurborgar á ýmsum sviðum menningarstarfsemi, svo sem vegna Listahátíðar í Reykjavík og nú síðast samstarfsverkefni ríkis og Reykjavíkurborgar um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík þar sem m.a. hljómsveitin mun hafa aðstöðu.

Með hliðsjón af framansögðu er með frumvarpi þessu lagt til að lagaskylda sú sem hvílt hefur á Ríkisútvarpinu og Seltjarnarnesbæ um þátttöku þeirra í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði felld niður og að framlag ríkissjóðs hækki sem nemur þessum framlögum úr 56% í 82%.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir því að greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar falli niður er lögð til orðalagsbreyting á 4. mgr. 3. gr. laganna er varðar samning milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins til flutnings á tónlistarefni hljómsveitarinnar. Samkvæmt frumvarpinu verður ekki lengur um að ræða flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar „á móti framlagi útvarpsins“, eins og fram kemur í ákvæðinu, og er því lagt til að Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið hf. geri með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar til að tryggja áframhaldandi samstarf þeirra. Vilji er til þess af hálfu Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins að við-

halda samstarfi um flutning tónlistarefnis hljómsveitarinnar, og frekar að auka hann en draga úr.

Jafnframt eru lagðar til breytingar á orðalagi 7. gr. laganna sem fjallar um sjö manna verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar. Samkvæmt gildandi lögum tilefnir Ríkisútvarpið einn í nefndina, en í ljósi frumvarps þessa þykir rétt að sá fulltrúi falli brott. Þar sem breyta þarf umræddu ákvæði hefur komið fram vilji af hálfu Sinfóníuhljómsveitarinnar um að breyta enn frekar orðalagi þess og einfalda það á þann veg sem hér er lagt til. Í stað þess að kveða á um skyldu til að velja verkefnavalsnefnd er lagt til að stjórn hljómsveitarinnar verði heimilt að skipa verkefnavalsnefnd um verkefni hljómsveitarinnar. Stjórnin ákveði nánar um skipulag og hlutverk nefndarinnar.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.**

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið. Það felur í sér tillögu um að ríkissjóður beri 25% hlut Ríkisútvarpsins í rekstri hljómsveitarinnar og 1% hlut Seltjarnarnesbæjar. Jafnframt eru lagðar til breytingar á skipan stjórnar sem þessu tengjast. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að það auki útgjöld ríkisins um 123 m.kr. á ári miðast við forsendur í fjárlögum fyrir árið 2005 en um 138 m.kr. miðað við forsendur í fjárlagafrumvarpi 2006.

# 58. Frumvarp til laga [58. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI

**Breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað i-liðar 1. gr. laganna koma fjórir nýir stafliðir sem orðast svo:

i. Aðgangskassi er tæki sem tekur á móti og vinnur úr öllum þáttum stafrænna útsendinga og sendir til sjónvarpstækja.

j. Fjarskiptafyrirtæki er einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.

k. Fjarskiptanet er sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.

l. Flutningur samkvæmt reglum um flutningsskyldu og flutningsrétt tekur til flutnings og dreifingar á útvarpsefni frá tengipunkti sjónvarpsstöðvar til viðtækja notenda.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Útvarpsréttarnefnd.*

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar og annar samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra en þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á.

Útvarpsréttarnefnd er heimilt að ráða sér til aðstoðar framkvæmdastjóra og annað starfslið. Útvarpsréttarnefnd er heimilt með samþykkt að fela framkvæmdastjóra að afgreiða ákveðna málaflokka. Það gildir þó ekki um mál er varða veitingu eða sviptingu útvarpsleyfis og álagningu stjórnvalds- eða dagsekta.

Útvarpsréttarnefnd fylgist með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt og hefur að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpsútsendingum er lúta íslenskri lögsögu skv. 2. og 3. gr. Útvarpsréttarnefnd getur áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti upplýsingar sjónvarpsstöðva um útsendingu á evrópsku dagskrárefni skv. 7. gr. og um sýningu efnis sem framleitt er af sjálfstæðum framleiðendum, sbr. 10. gr. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með tæknilegum eiginleikum útsendinga.

Útvarpsréttarnefnd skal safna tölfræðilegum upplýsingum um stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði. Útvarpsstöðvum, fjarskiptafyrirtækjum og dagblöðum er skylt að veita útvarpsréttarnefnd upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að mæla stöðu og þróun á markaði, svo sem um hlutfall íslensks og evrópsks efnis í sjónvarpi, upplagstölur dagblaða, upplýsingar um tekjuskiptingu o.fl. Menntamálaráðherra skal setja reglugerð þar sem mælt er nánar fyrir um hvaða upplýsingar skuli veita, tíðni og fyrirkomulag upplýsingagjafarinnar og úrvinnslu upplýsinganna. Útvarpsréttarnefnd er heimilt að gera samning við Hagstofu Íslands um að annast söfnun framangreindra upplýsinga og úrvinnslu þeirra.

Útvarpsréttarnefnd skal gera samstarfssamning við Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið um mál sem geta varðað starfssvið þessara stofnana.

Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar samkvæmt lögum þessum eru fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslusviði og sæta ekki stjórnsýslukæru.

Kostnaður við starfsemi útvarpsréttarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Lögsaga og stjórnsýsla.**

4. gr.

Í stað 6. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (6. gr.)

*Leyfi til útvarps.*

Til útvarps, sem á uppruna sinn hér á landi, þarf leyfi útvarpsréttarnefndar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvarpið.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarps. Leyfi til hljóðvarps má lengst veita til fimm ára í senn en til sjónvarps lengst til sjö ára í senn. Nánari ákvæði um gildistíma útvarpsleyfa skulu sett í reglugerð.

Útvarpsleyfi taka ýmist til landsins alls eða eru staðbundin og afmörkuð við tiltekin sveitarfélög.

Leyfi til útvarps hér á landi er háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

a. Leyfishafi skal hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild erlends aðila utan EES-ríkis eða íslensks lögaðila, sem slíkur aðili á hlut í, til að reka útvarpsstöðvar fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
b. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Ekki þarf útvarpsleyfi til að endurvarpa viðstöðulaust, óstytt og óbreytt heildardagskrám erlendra sjónvarpsstöðva.
c. Útvarpsstöðvar skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er, svo og fyrirhugaðri grundvallarbreytingu á áður kynntri dagskrá.
d. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni skv. IX. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.
e. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hvert sé kallmerki hennar.
f. Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum útvarpsstöðvar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum útvarpsleyfishafa. Útvarpsréttarnefnd getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum útvarpsstöðvar, ef þess er talin þörf, um hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafi verið brotnir. Skal sérstakur trúnaðarmaður nefndarinnar annast öflun og könnun slíkra gagna í umboði nefndarinnar. Nefndarmenn, starfsmenn og trúnaðarmenn nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.
g. Hafi útvarpsstöð ekki hafið útvarp innan átta mánaða frá dagsetningu leyfis útvarpsréttarnefndar fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé útvarpsrekstri hætt og hann eigi hafinn á ný innan fjögurra mánaða telst útvarpsleyfi sjálfkrafa niður fallið.
h. Leyfi til útvarps verður ekki framselt, leigt eða flutt með nokkrum öðrum hætti til annars aðila. Nú er bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta, og fellur þá leyfið þegar í stað úr gildi.

Óheimilt er að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef eignarhald á því fer í bága við 6. gr. a.

b. (6. gr. a.)

*Takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum.*

Einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar mega ekki eiga meira en 25% eignarhlut í útvarpsstöð ef markaðshlutdeild er svo mikil sem segir í 2. mgr.

Takmarkanir á eignarhaldi skv. 1. mgr. gilda um þær hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar sem mælast með þriðjung í heildaráhorfi eða heildarhlustun íslenskra dagskrárstöðva a.m.k. í þrjá mánuði samfleytt. Heildaráhorf og heildarhlustun reiknast á grundvelli mælinga skv. 6. mgr.

með því að margfalda fjölda notenda yfir mánuðinn með fjölda mínútna sem hver notandi horfir eða hlustar yfir mánuðinn og reikna síðan hlutfall hverrar stöðvar.

Ef einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði, þ.e. hljóðvarps- eða sjónvarpsmarkaði, skal leggja saman markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva við mat skv. 2. mgr. enda eigi þeir 10% eða meira í sérhverri útvarpsstöð.

Til skyldra aðila í skilningi 1. og 3. mgr. teljast:

a. fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi 3. tölul. 4. gr. samkeppnislaga og
b. eigendur sem hafa önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða í skilningi 11. tölul. 4. gr. samkeppnislaga.

Útvarpsréttarnefnd getur leitað umsagnar Samkeppniseftirlitsins um skýringu ákvæða 4. mgr. í einstökum málum.

Útvarpsréttarnefnd skal mæla áhorf og hlustun útvarpsstöðva. Útvarpsréttarnefnd er heimilt að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Verktaki og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um fjárhags- og viðskiptahagsmuni sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og leynt eiga að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

Útvarpsstöðvum og fjarskiptafyrirtækjum er skylt að veita útvarpsréttarnefnd upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að mæla heildaráhorf og hlustun útvarpsstöðva. Menntamálaráðherra skal setja reglugerð þar sem mælt er nánar fyrir um tíðni og fyrirkomulag upplýsingagjafarinnar, úrvinnslu upplýsinganna svo og hvaða stöðlum og reglum skal að öðru leyti fylgt við áhorfs- og hlustunarmælingar.

Nú berast upplýsingar sem benda til þess að eignarhald á útvarpsstöð sé ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. og skal þá tilkynna það stjórn útvarpsstöðvar og eiganda viðkomandi eignarhlutar án tafar og gefa þeim 14 daga frest til að koma að viðhorfum sínum. Ef í ljós kemur að það er á rökum reist að eignarhald á útvarpsstöð sé ekki í samræmi við 1. mgr. skal stjórn hennar og eiganda viðkomandi eignarhlutar tilkynnt um það sannanlega og fá þeir þá frest í 120 daga frá dagsetningu bréfs útvarpsréttarnefndar til að koma eignarhaldi í það horf að samrýmist ákvæðum 1. mgr. Hafi eignarhaldi ekki verið komið í það horf að samrýmist ákvæðum 1. mgr. innan framangreindra tímamarka skal útvarpsréttarnefnd framsenda málið viðskiptaráðherra. Að undangenginni málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum skal viðskiptaráðherra skylda hlutaðeigandi með úrskurði að uppfylltum lagaskilyrðum til að selja þann eignarhlut eða þá eignarhluti sem eigandi eignaðist síðast og eru umfram þau mörk er getur í 1. mgr. hafi eigandi ekki bent á hvaða eignarhlut hann óskar að verði seldur. Í úrskurðarorði skal eiganda gefinn mánaðarfrestur til að selja eignarhlut sinn. Hafi sala þá ekki farið fram skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu verðbréfafyrirtæki að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Úrskurður viðskiptaráðherra er aðfararhæfur.

Nú á útvarpsstöð í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verður við með fjárhagslegri endurskipulagningu og getur þá stjórn útvarpsstöðvarinnar sótt um tímabundna undanþágu til útvarpsréttarnefndar frá takmörkunum á eignarhaldi samkvæmt þessari grein. Útvarpsréttarnefnd er heimilt að verða við slíkri umsókn og setja hver þau skilyrði sem nauðsynleg verða talin til þess að tryggja áfram ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu fjölmiðilsins.

Ef samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði stofnar að mati útvarpsréttarnefndar tján-

ingarfrelsi, frjálsri skoðanamyndun almennings eða fjölbreyttu fjölmiðlaframboði í hættu skal hún gera Samkeppniseftirlitinu viðvart.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um eignarhald ríkisins á Ríkisútvarpinu. Ríkisútvarpinu er óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.

c. (6. gr. b.)

*Gagnsæi á fjölmiðlamarkaði.*

Á heimasíðu útvarpsréttarnefndar skulu birtar upplýsingar um:

a. Nafn þess sem hlotið hefur útvarpsleyfi, kennitölu, lögheimili og gildistíma leyfis.
b. Nafn útvarpsstjóra sem ber ábyrgð á útvarpsefni skv. IX. kafla laga þessara.
c. Dagskrárstefnu leyfishafa og síðari tilkynningar um breytingu hennar.
d. Reglur útvarpsstöðvarinnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu, ef við á.
e. Nafn einstaklings eða eigenda þess lögaðila sem rekur útvarpsstöðina.
f. Úrskurði útvarpsréttarnefndar í málum útvarpsstöðvarinnar. Úr hinni birtu útgáfu úrskurðar skal þó fella út upplýsingar um viðkvæm einkamálefni einstaklinga og mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

5. gr.

Á eftir 14. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (14. gr. a.)

*Tilkynningarskylda um eigendaskipti að útvarpsstöð.*

Við sölu á hlut í útvarpsstöð bera seljandi og kaupandi ábyrgð á því að tilkynning um söluna sé send útvarpsréttarnefnd. Tilkynning um söluna skal hafa borist útvarpsréttarnefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Þetta ákvæði gildir ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 3. mgr.

Eftir sérhvern aðalfund í einkahlutafélögum og hlutafélögum, sem hafa útvarpsleyfi, skal stjórn félagsins senda útvarpsréttarnefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Þetta ákvæði gildir ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 3. mgr.

Stjórn hlutafélags, sem hefur útvarpsleyfi og er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, hefur heimild til að gera samning við verðbréfamiðstöð um að hún sendi daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til útvarpsréttarnefndar.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd á tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um form og efni tilkynninga svo og birtingu upplýsinganna á heimasíðu útvarpsréttarnefndar.

b. (14. gr. b.)

*Ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa.*

Útvarpsstöðvar sem reka fréttastofu skulu setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar. Slíkar reglur skulu samdar í samráði við starfsmenn fréttastofu og starfsmannafélag þeirra.

Í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu skal m.a. fjallað um:

a. Starfsskilyrði stjórnenda fréttastofu og fréttamanna við að framfylgja dagskrárstefnu útvarpsstöðvarinnar.

b. Starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttamanna gagnvart eigendum útvarpsstöðvarinnar.
c. Skilyrði áminningar og brottvikningar fréttamanna.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar útvarpsréttarnefnd til staðfestingar.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu endurskoðaðar árlega í samráði við starfsmenn fréttastofu. Tilkynna skal útvarpsréttarnefnd þegar endurskoðun hefur farið fram og senda henni nýja útgáfu af reglunum til staðfestingar hafi breytingar verið gerðar.

6. gr.

VII. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Reglur um flutning útvarpsefnis**, orðast svo:

a. (22. gr.)

*Flutningsskylda.*

Útvarpsstöð, sem óskar eftir því að fá aðgang að almennu stafrænu fjarskiptaneti sem hagnýta má til útvarpssendinga en hefur ekki náð samningum við fjarskiptafyrirtæki um það, getur krafist úrskurðar útvarpsréttarnefndar um flutningsskyldu fjarskiptafyrirtækisins á útsendu efni útvarpsstöðvarinnar.

Útvarpsréttarnefnd getur skyldað fjarskiptafyrirtæki til að flytja útsent efni útvarpsstöðvar þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. Flutnings er óskað um fjarskiptanet sem fært hefur verið á skrá skv. 22. gr. e.
b. Það efni sem óskað er eftir að verði flutt um fjarskiptanet er dagskrá sjónvarpsstöðvar sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum að undanskildum dagskrám sem eingöngu eru helgaðar fjarsölu.
c. Um er að ræða sjónvarpsdagskrá sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum. Ekki er því skylda að flytja seinkaða útsendingu, dagskrá á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða öðrum stöðlum er krefjast meiri bandbreiddar.

Þrátt fyrir að ákvæði 2. mgr. séu uppfyllt má aðeins skylda fjarskiptafyrirtæki sem hefur yfir að ráða eða aðgang að fjarskiptaneti, bakneti og aðgangsneti, til að flytja efni sem nemur einum þriðja af flutningsgetu fjarskiptanetsins. Ef fleiri óska eftir að flutningsskylda verði lögð á fjarskiptafyrirtæki en fjarskiptanetið annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær dagskrár sem hafa mest áhorf samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. Ávallt skal þó flytja dagskrá Ríkisútvarpsins sé þess óskað.

Fjarskiptafyrirtæki er ekki skylt að flytja dagskrá sjónvarpsstöðvar nema sjónvarpsstöðin greiði ávallt að lágmarki gjald sem samsvarar 10% af fjölda þeirra heimila sem ná útsendingu viðkomandi fjarskiptafyrirtækis. Jafnframt þarf sjónvarpsstöðin að bera kostnað við undirbúning útvarpsmerkis inn á viðkomandi fjarskiptakerfi.

Þegar efni er flutt um fjarskiptanet á grundvelli úrskurðar samkvæmt þessari grein skal sjónvarpsstöðin bera kostnað sem til fellur við að koma útvarpsmerki að tengipunkti fjarskiptafyrirtækis á því formi sem fjarskiptafyrirtækið krefst. Um uppgjör á flutningi á hljóðvarps- og sjónvarpsefni fer að öðru leyti skv. 22. gr. c.

b. (22. gr. a.)

*Flutningsréttur.*

Fjarskiptafyrirtæki, sem hefur yfir að ráða stafrænu fjarskiptaneti hér á landi sem fært hefur verið á skrá skv. 22. gr. e og óskar eftir því að fá að flytja dagskrá útvarpsstöðvar á dreifikerfi sínu, en hefur ekki náð samningum við útvarpsstöð þess efnis, getur krafist úrskurðar

útvarpsréttarnefndar um flutningsrétt fjarskiptafyrirtækisins á útsendu efni útvarpsstöðvarinnar.

Útvarpsréttarnefnd getur skyldað útvarpsstöð til að flytja útsent efni um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. Það efni sem óskað er eftir að flytja megi um fjarskiptanet er íslensk dagskrá sjónvarpsstöðvar sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum eða erlend sjónvarpsdagskrá sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um, eða útsending á ákveðnum viðburðum sem ekki fyllir heila dagskrá samkvæmt framansögðu, svo sem íþróttaeða listviðburðir.
b. Ákvæði í samningum við rétthafa efnis, sem gerðir voru fyrir gildistöku þessa ákvæðis, standa því ekki í vegi að flytja megi efnið um fjarskiptanetið.

Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um sjónvarpsdagskrá sem er í seinkaðri útsendingu, dagskrá á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða öðrum stöðlum er krefjast meiri bandbreiddar.

Nú hefur útvarpsstöð staðbundið útvarpsleyfi skv. 3. mgr. 6. gr. og nær þá flutningsréttur samkvæmt þessari grein ekki út fyrir það svæði sem hið staðbundna útvarpsleyfi tekur til.

Nú hefur fjarskiptafyrirtæki yfir að ráða dreifikerfi fyrir sjónvarpsflutning sem um getur í b-hluta skrár Póst- og fjarskiptastofnunar skv. 1. mgr. 22. gr. e og er fyrirtækinu þá einungis heimilt að flytja opnar sjónvarpsdagskrár.

Um uppgjör á flutningi á sjónvarpsefni fer skv. 22. gr. c. Ekki er greitt fyrir flutning á hljóðvarpi samkvæmt úrskurði útvarpsréttarnefndar á grundvelli ákvæða þessarar greinar.

c. (22. gr. b.)

*Málsmeðferð og framkvæmd.*

Nú er óskað eftir samningum um flutning á útvarpsefni og skulu þá útvarpsstöð og fjarskiptafyrirtæki semja um það svo fljótt sem verða má. Nú er samningum ekki lokið innan 30 daga frá því samninga var sannanlega leitað og getur þá hvor aðili vísað málinu til útvarpsréttarnefndar, sbr. 22. gr. eða 22. gr. a.

Nú flytur fjarskiptafyrirtæki sjónvarpsefni á grundvelli samninga eða úrskurðar og skal fjarskiptafyrirtækið gæta jafnræðis milli íslenskra sjónvarpsstöðva og hafa allar stöðvar jafnaðgengilegar notendum. Jafnframt skal fjarskiptafyrirtæki láta sjónvarpsdagskrár með íslensku tali eða texta hafa forgang þannig að þær séu ofar erlendum endurvarpsrásum við röðun á fjarstýringu. Þetta ákvæði gildir þó ekki um stöðvar sem starfa eiga skemur en eitt ár og dagskrár sem eingöngu eru helgaðar fjarsölu.

Þegar úrskurðað hefur verið um flutning á sjónvarpsdagskrá hefur útvarpsstöðin val um hvort hún stjórnar áskriftarkerfi sínu sjálf eða felur fjarskiptafyrirtæki þá stjórn.

Sérhverri útvarpsstöð er óheimilt að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Brot á þessu varðar stjórnvaldssektum skv. 2. mgr. 30. gr. a.

Við meðferð mála skv. 22. gr. og 22. gr. a er útvarpsstöð skylt að leggja fyrir útvarpsréttarnefnd samninga við rétthafa útsends efnis og önnur gögn svo að útvarpsréttarnefnd geti staðreynt hvort skilyrði þessara greina séu uppfyllt.

Útvarpsréttarnefnd getur leitað umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar um tæknileg álitaefni varðandi flutningsrétt og flutningsskyldu.

Eftir að útvarpsréttarnefnd hefur úrskurðað um flutningsrétt eða flutningsskyldu skal útvarpsefni flutt samkvæmt úrskurði útvarpsréttarnefndar frá og með þeim degi sem getið er um í úrskurði útvarpsréttarnefndar.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um allan ágreining sem upp kann að koma við framkvæmd á flutningi efnis í tilefni af úrskurði nefndarinnar um flutningsrétt eða flutningsskyldu og getur lagt á dagsektir skv. 30. gr. a fari útvarpsstöð eða fjarskiptafyrirtæki ekki að úrskurðum hennar.

Við kaup á sjónvarpsefni er útvarpsstöðvum skylt að semja ávallt svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið um þau fjarskiptanet sem færð hafa verið á skrá skv. 22. gr. e.

Brot á ákvæðum 9. mgr. varðar stjórnvaldssektum skv. 2. mgr. 30. gr. a. Ítrekuð brot á ákvæðum þessum geta varðað afturköllun útvarpsleyfis skv. 31. gr.

d. (22. gr. c.)

*Mælingar og uppgjörsreglur.*

Þegar efni er flutt um stafrænt fjarskiptanet á grundvelli úrskurðar útvarpsréttarnefndar skal fjarskiptafyrirtæki bera kostnað sem til fellur við að taka við merki útvarpsstöðvar til útsendingar. Útvarpsstöð skal á hinn bóginn bera kostnað af og annast tengingu áskriftarkerfis síns við aðgangsstýrikerfi fjarskiptafyrirtækis. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd tenginga milli fjarskiptafyrirtækja og sjónvarpsstöðva.

Nú óskar sjónvarpsstöð eftir flutningi á stafrænu fjarskiptaneti og skal hún þá ávallt greiða lágmarksgjald skv. 4. mgr. 22. gr. en samkvæmt gjaldskrá á grundvelli mælinga útvarpsréttarnefndar ef áhorfendur eru fleiri en sem um getur í 4. mgr. 22. gr. Nú óskar fjarskiptafyrirtæki eftir að fá að flytja sjónvarpsdagskrá og skal sjónvarpsstöðin þá greiða samkvæmt gjaldskrá á grundvelli áhorfsmælinga.

Mánaðarlega skal útvarpsréttarnefnd annast útreikning flutningsgjalds sem útvarpsstöð skal greiða hverju fjarskiptafyrirtæki sem flytur dagskrá þess. Flutningsgjald nemur fjölda þeirra heimila þar sem uppsafnað áhorf eða hlustun á dagskrá samkvæmt áhorfsmælingum, sbr. 4. og 5. mgr., hefur farið upp fyrir þau mörk sem um getur í b-lið 4. mgr. Ákvörðun útvarpsréttarnefndar um flutningsgjald er aðfararhæf.

Útreikningur útvarpsréttarnefndar á flutningsgjaldi skal byggjast á eftirfarandi reglum:

a. Telja skal saman fjölda áskrifenda að læstri dagskrá samkvæmt upplýsingum aðgangsstýringarkerfa fjarskiptafyrirtækja sem þeim er skylt að afhenda útvarpsréttarnefnd mánaðarlega samkvæmt nánari ákvörðun útvarpsréttarnefndar. Útvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki gjald samkvæmt gjaldskrá útvarpsréttarnefndar, sbr. 22. gr. d, fyrir sérhvern áskrifanda án tillits til áhorfs.
b. Einnig skal taka saman uppsafnað áhorf eða hlustun á opnum dagskrám um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækja samkvæmt áhorfs- og hlustendamælingum. Mæla skal uppsafnað heildaráhorf eða -hlustun yfir mánuðinn með úrtakskönnun. Við mælingar skal margfalda fjölda notenda í mánuði með fjölda mínútna sem hver notandi horfir yfir mánuðinn og reikna hlutfall hverrar stöðvar. Nemi uppsafnað áhorf hvers notanda meira en tíu klukkustundum á mánuði skal greiða gjald vegna hans samkvæmt gjaldskrá útvarpsréttarnefndar, sbr. 22. gr. d. Menntamálaráðherra setur ákvæði í reglugerð um nánari framkvæmd á mælingum samkvæmt ákvæði þessu. Við útreikning á áhorfi telst hvert heimili ein eining. Við uppgjör á hverri dagskrá skal miðað við að heildarfjöldi heimila sé aldrei meiri en samkvæmt talningu Hagstofu Íslands 1. desember síðastliðið ár.

Útvarpsréttarnefnd annast áhorfsmælingar dagskráa útvarpsstöðva á þeim fjarskiptanetum sem notuð eru til flutnings og skulu niðurstöður þeirra lagðar til grundvallar við útreikning samkvæmt ákvæðum b-liðar 4. mgr. Fjarskiptafyrirtækjum sem hafa tæknilega möguleika á að mæla áhorf og hlustun í opinni dagskrá er skylt að afhenda útvarpsréttarnefnd upplýs-

ingarnar mánaðarlega samkvæmt nánari ákvörðun útvarpsréttarnefndar. Þá er fjarskiptafyrirtækjum skylt að afhenda útvarpsréttarnefnd upplýsingar um fjölda notenda aðgangskassa þeirra í hverjum mánuði.

Útvarpsréttarnefnd er heimilt að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar eftir ákvæðum 6. mgr. 6. gr. a.

Útvarpsréttarnefnd getur lagt þá kvöð á útvarpsstöðvar og fjarskiptafyrirtæki að setja þar til gert merki í dagskrárefni sitt og fjarskiptakerfi sín til þess að hægt sé að mæla áhorf. Útvarpsréttarnefnd setur nánari reglur um slík merki og notkun þeirra.

e. (22. gr. d.)

*Gjaldskrá.*

Útvarpsréttarnefnd setur gjaldskrá um uppgjör milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja fyrir flutning á opinni sjónvarpsdagskrá eða einstökum viðburðum. Gjaldskráin skal vera skipt eftir svæðum svo sem segir í 3. mgr. og skal fjárhæð gjaldanna taka mið af þeim stuðlum er þar greinir.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um það einingarverð sem sjónvarpsstöðvar skulu greiða fjarskiptafyrirtækjum mánaðarlega fyrir flutning á sjónvarpsdagskrám og viðburðum. Við ákvörðunina skal útvarpsréttarnefnd leggja til grundvallar áætlaðan stofn- og rekstrarkostnað við að koma á fót stafrænu, þráðlausu dreifikerfi sem hefur að lágmarki 99,9% dreifingu um land allt auk þeirra aðgangskassa sem nauðsynlegir eru til að taka á móti stafrænu merki.

Einingarverð fyrir hvert heimili sem sjónvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki fyrir flutning á opinni dagskrá skal margfaldað með stuðli svo sem hér segir:

1. gjaldsvæði: Álftanes, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík, Seltjarnarnes. Stuðull einingarverðs er 0,7.
2. gjaldsvæði: Borgarfjörður og Mýrasýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Árnessýsla, Rangárvallasýsla og Eyjafjarðarsýsla. Stuðull einingarverðs er 1,3.
3. gjaldsvæði: Allir þéttbýliskjarnar á landinu sem ekki falla í flokk 1 og 2 með fleiri íbúa en 50. Stuðull einingarverðs er 1,5.
4. gjaldsvæði: Dreifbýli og þéttbýliskjarnar sem ekki falla í framangreinda flokka. Stuðull einingarverðs er 3,8.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar hvað sjónvarpsstöð skuli greiða fjarskiptafyrirtæki fyrir aðra þjónustu sem flutningsreglur þessa kafla taka til. Fjarskiptafyrirtæki skulu veita útvarpsréttarnefnd allar nauðsynlegar upplýsingar við útreikning á gjaldi fyrir slíka þjónustu. Við ákvörðunina skal útvarpsréttarnefnd líta til stofn- og rekstrarkostnaðar búnaðar og þjónustu, afskrifta og eðlilegrar framlegðar í rekstri sem jafnframt tekur tillit til eðlilegra krafna um hagræðingu. Hagræðingarkröfur skulu taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati útvarpsréttarnefndar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fjarskiptafyrirtækið veitir.

Nú flytur fjarskiptafyrirtæki læsta dagskrá og skal þá útvarpsréttarnefnd ákveða einingarverðið sem leggst við gjald skv. 3. mgr. á grundvelli ákvæða 4. mgr.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um einingarverð sem hljóðvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki mánaðarlega fyrir flutning á efni skv. 22. gr. með hliðsjón af fjölda heimila sem geta tekið við efni stöðvarinnar um hlutaðeigandi fjarskiptanet að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr., svo og þeirrar bandbreiddar sem flutningur á hljóðvarpi krefst.

Fjárhæðir skv. 2., 4. og 5. mgr. skulu endurskoðaðar árlega.

Uppgjör á milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja samkvæmt þessari grein stendur því ekki í vegi að fjarskiptafyrirtæki áskilji sér frekari greiðslur fyrir þjónustu sína frá viðskiptavinum sínum.

Útvarpsréttarnefnd getur vikið frá flokkun gjaldsvæða ef um staðbundna dreifingu utan höfuðborgarsvæðisins er að ræða.

f. (22. gr. e.)

*Fjarskiptanet sem flutningsreglur taka til.*

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir stafræn fjarskiptanet hér á landi sem flutningsreglur laga þessara taka til. Færa skal öll stafræn fjarskiptanet hér á landi á skrána sem nú eru í notkun eða nota má til stafræns flutnings hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings, svo sem kapalkerfi, xDSL, ljósleiðarakerfi og útsendingarkerfi í lofti, enda uppfylli þau kröfur Póst- og fjarskiptastofnunar um útsendingargæði og nægilegt öryggi til að verja lögverndaða hagsmuni rétthafa útsends efnis. Skráin er tvískipt. Í a-hluta hennar eru skráð fjarskiptanet með aðgangsstýringu og í b-hluta hennar fjarskiptanet án aðgangsstýringar.

Sérhvert fjarskiptafyrirtæki sem hefja vill viðskipti á Íslandi með hljóð- og myndmiðlun um gervihnött skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaða starfsemi sína áður en hún hefst og gilda þá ákvæði íslenskra laga, þ.m.t. flutningsreglur, um fyrirtækið.

Ákvæði stjórnsýslulaga gilda um meðferð og undirbúning ákvörðunar um hvort færa skuli fjarskiptanet á skrá skv. 1. mgr. Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að veita Póst- og fjarskiptastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem stofnunin þarf til þess að meta hvort fjarskiptanet þess skuli tekið upp á skrá skv. 1. mgr.

Fjarskiptafyrirtæki bera ábyrgð á að tryggja öryggi og lögverndaða hagsmuni rétthafa við útsendingu á efni samkvæmt flutningsreglum að undanskildum innanhússlögnum húsa sem eru á ábyrgð hús- eða íbúðareigenda.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett nánari reglur um þau viðmið sem stofnunin byggir á um útsendingargæði og öryggi fjarskiptakerfa.

Skrá skv. 1. mgr. skal birt á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar.

7. gr.

Í stað orðsins „myndlykla“ í j-lið 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 33. gr. og orðsins „myndlykil“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: aðgangskassa. Jafnframt orðast fyrirsögn 33. gr. laganna svo: *Aðgangskassabrot.*

8. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Dagsektir og stjórnvaldssektir.*

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 50.000 kr. stjórnvaldssekt bæði á seljanda og kaupanda komi í ljós að þeir hafi af ásetningi eða gáleysi vanrækt að tilkynna um eigendaskipti á hlut í útvarpsstöð skv. 1. mgr. 14. gr. a.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 2.000.000 kr. stjórnvaldssekt á útvarpsstöð hafi starfsmenn hennar af ásetningi eða gáleysi brotið ákvæði 4. eða 9. mgr. 22. gr. b.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 200.000 kr. dagsekt á útvarpsstöð eða fjarskiptafyrirtæki eftir atvikum fyrir hvern byrjaðan dag, vanræki stjórn þess að:

a. veita upplýsingar skv. 4. mgr. 5. gr. a, 7. mgr. 6. gr. a, 5. mgr. 22. gr. b, a-lið 4. mgr. 22. gr. c, 5. mgr. 22. gr. c eða 2. mgr. 22. gr. d,

b. senda hlutaskrá skv. 2. mgr. 14. gr. a,
c. fara að úrskurði útvarpsréttarnefndar skv. 8. mgr. 22. gr. b,
d. setja þar til gert merki í dagskrárefni sitt eða útsendingu skv. 7. mgr. 22. gr. c,
e. gæta jafnræðis milli sjónvarpsstöðva skv. 2. mgr. 22. gr. b.

Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar um dagsektir og stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Innheimtar stjórnvaldssektir og dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíldu nema útvarpsréttarnefnd ákveði það sérstaklega.

Útvarpsréttarnefnd er heimilt að fella niður mál skv. 1. og 2. mgr. og fella niður óinnheimtar dagsektir þegar svo stendur á sem hér segir:

a. ef ómögulegt var að koma í veg fyrir brot,
b. ef sérstaklega stendur á og álagning stjórnsýsluviðurlaga þykir ekki brýn af almennum réttarvörsluástæðum.

Ákvæði 4. mgr. 30. gr. taka einnig til sektarúrskurða samkvæmt þessari grein.

9. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætast sjö nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Nú fer eignarhald á útvarpsstöð, sem hefur útvarpsleyfi við gildistöku laga þessara, í bága við ákvæði 6. gr. a og hafa þá eigendur þeirra eignarhluta tveggja ára aðlögunartíma til þess að uppfylla skilyrði laganna.

Stjórnir einkahlutafélaga og hlutafélaga skulu senda útvarpsréttarnefnd nýjustu hlutaskrá sína fyrir 1. maí 2007. Brot á ákvæði þessu varðar dagsektum skv. 3. mgr. 30. gr. a.

Útvarpsstöðvar skulu senda útvarpsréttarnefnd alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir gildistöku laga þessara. Nú heimilar gildandi samningur útvarpsstöðvar um sjónvarpsefni við rétthafa ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í 22. gr. e og skal þá sjónvarpsstöð gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Takist slíkir samningar ekki er útvarpsstöð óheimilt að senda út efnið að þeim tíma liðnum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa útbúið skrá skv. 22. gr. e fyrir 1. maí 2007.

Útvarpsstöðvar skulu hafa sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa skv. 14. gr. b og sent útvarpsréttarnefnd fyrir 1. maí 2007.

Við gildistöku laga þessara skal skipa útvarpsréttarnefnd að nýju í samræmi við 5. gr. a.

Óski Ríkisútvarpið eftir flutningi á dagskrá sinni og nær ekki samningum við fjarskiptafyrirtæki skal það greiða gjald skv. 22. gr. d. Óski fjarskiptafyrirtæki eftir að flytja dagskrá Ríkisútvarpsins er ekki greitt gjald fyrir flutninginn.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um prentrétt, nr. 57/1956, með síðari breytingum.**

10. gr.

Á eftir 10. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar sem orðast svo:

a. (10. gr. a.)

Einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar mega ekki eiga meira en 25% eignarhlut í útgefanda dagblaðs ef markaðshlutdeild þess er svo mikil sem segir í 2. mgr. Til dagblaða í

skilningi þessara laga teljast blöð sem gefin eru út a.m.k. vikulega þar sem fjallað er um fréttir og fréttatengt efni fyrir almenning.

Takmarkanir á eignarhaldi skv. 1. mgr. gilda um þá útgefendur dagblaða sem hafa þriðjungs markaðshlutdeild á dagblaðamarkaði miðað við meðallestur hvers tölublaðs á mánuði í þrjá mánuði samfellt.

Ef einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eitt dagblað skal leggja saman markaðshlutdeild dagblaðanna við mat skv. 2. mgr. enda eigi þeir 10% eða meira í sérhverju dagblaði.

Til skyldra aðila í skilningi 1. og 3. mgr. teljast:

a. fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi 3. tölul. 4. gr. samkeppnislaga og
b. fyrirtæki sem hafa önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða í skilningi 11. tölul. 4. gr. samkeppnislaga.

Útvarpsréttarnefnd skal mæla markaðshlutdeild dagblaða skv. 2. mgr. Útvarpsréttarnefnd er heimilt að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Verktaki og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um fjárhags- og viðskiptahagsmuni sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og leynt eiga að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

Útgefendum dagblaða er skylt að veita útvarpsréttarnefnd upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að mæla markaðshlutdeild þeirra. Menntamálaráðherra skal setja reglugerð þar sem mælt er nánar fyrir um tíðni og fyrirkomulag upplýsingagjafarinnar, úrvinnslu upplýsinganna svo og hvaða stöðlum og reglum skal að öðru leyti fylgt við mat á markaðshlutdeild dagblaða.

Tilkynna skal útgefanda og eiganda viðkomandi eignarhlutar um það strax þegar upplýsingar berast sem benda til þess að eignarhald á útgefanda dagblaðs sé ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. og gefa þeim 14 daga frest til að koma að viðhorfum sínum. Ef í ljós kemur að það er á rökum reist að eignarhald á útgefanda dagblaðs sé ekki í samræmi við 1. mgr. skal útgefanda og eiganda viðkomandi eignarhlutar tilkynnt um það sannanlega og fá þeir þá frest í 120 daga frá dagsetningu bréfs útvarpsréttarnefndar til að koma eignarhaldi í það horf að samrýmist ákvæðum 1. mgr. Hafi eignarhaldi ekki verið komið í það horf að samrýmist ákvæðum 1. mgr. innan framangreindra tímamarka skal útvarpsréttarnefnd framsenda málið viðskiptaráðherra. Að undangenginni málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum skal viðskiptaráðherra skylda hlutaðeigandi með úrskurði að uppfylltum lagaskilyrðum til að selja þann eignarhlut sem er umfram þau mörk er getur í 1. mgr. innan mánaðar séu lagaskilyrði uppfyllt samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Hafi sala þá ekki farið fram skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu verðbréfafyrirtæki að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Úrskurður ráðherra er aðfararhæfur.

Nú á dagblað í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verður við með fjárhagslegri endurskipulagningu og getur þá útgefandi dagblaðsins sótt um tímabundna undanþágu til Samkeppniseftirlitsins frá takmörkunum á eignarhaldi samkvæmt þessari grein. Samkeppniseftirlitinu er heimilt að verða við slíkri umsókn og setja hver þau skilyrði sem nauðsynleg verða talin til þess að tryggja áfram ritstjórnarlegt sjálfstæði dagblaðsins.

Ef samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði stofnar tjáningar- og upplýsingafrelsi í hættu skal útvarpsréttarnefnd gera Samkeppniseftirlitinu viðvart.

b. (10. gr. b.)

Útgefandi dagblaðs skal tilkynna útvarpsréttarnefnd eftirfarandi upplýsingar áður en útgáfa hefst:

a. Nafn útgefanda blaðs, kennitölu hans og lögheimili.
b. Nafn ritstjóra, sbr. 2. mgr. 10. gr.
c. Ritstjórnarstefnu blaðsins.
d. Reglur dagblaðsins um ritstjórnarlegt sjálfstæði.
e. Nafn eiganda útgefandans.

Tilkynna skal útvarpsréttarnefnd svo fljótt sem verða má allar síðari breytingar sem verða á þeim atriðum sem talin eru upp í a–c-lið 1. mgr.

Við sölu á hlut í útgefanda blaðs, sem 1. mgr. tekur til, bera seljandi og kaupandi ábyrgð á því að tilkynning um söluna sé send til útvarpsréttarnefndar. Tilkynning um söluna skal hafa borist útvarpsréttarnefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings.

Eftir sérhvern aðalfund í einkahlutafélögum og hlutafélögum, sem gefa út blað, skal stjórn félagsins senda útvarpsréttarnefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Þetta gildir ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 5. mgr.

Stjórn hlutafélags, sem 1. mgr. tekur til og er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, hefur heimild til að gera samning við verðbréfamiðstöð um að hún sendi daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til útvarpsréttarnefndar.

Útvarpsréttarnefnd skal birta upplýsingar á heimasíðu sinni sem henni berast samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

Menntamálaráðherra setur nánari fyrirmæli í reglugerð um framkvæmd á tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um form og efni tilkynninga svo og birtingu upplýsinganna á heimasíðu útvarpsréttarnefndar.

c. (10. gr. c.)

Útgefendur dagblaða skulu setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði ritstjóra og blaðamanna. Slíkar reglur skulu samdar í samráði við blaðamenn og starfsmannafélag þeirra.

Í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði dagblaðs skal m.a. fjallað um:

a. Starfsskilyrði ritstjóra og blaðamanna við að framfylgja ritstjórnarstefnu dagblaðsins.
b. Starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði blaðamanna gagnvart eigendum útgefanda dagblaðsins.
c. Skilyrði áminningar og brottvikningar blaðamanna.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar útvarpsréttarnefnd til staðfestingar.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu endurskoðaðar árlega í samráði við blaðamenn og starfsmannafélag þeirra. Tilkynna skal útvarpsréttarnefnd um að endurskoðun hafi farið fram og senda henni nýja útgáfu af reglunum til staðfestingar hafi breytingar verið gerðar.

11. gr.

1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Mál út af öðrum brotum á lögum þessum en þeim er getur í 10. gr. a–10. gr. c og 20. gr. sæta meðferð opinberra mála. Mál út af brotum á 10. gr. b sæta þó því aðeins meðferð opinberra mála ákveði útvarpsréttarnefnd að vísa máli til lögreglu. Ákvæði IV. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um slíkar ákvarðanir útvarpsréttarnefndar.

12. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 50.000 kr. stjórnvaldssekt bæði á seljanda og kaupanda hafi þeir af ásetningi eða gáleysi vanrækt að tilkynna um eigendaskipti á hlut í útgefanda blaðs skv. 3. mgr. 10. gr. b.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 200.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á útgefanda dagblaðs á meðan stjórn hans vanrækir að senda tilkynningu eða hlutaskrá skv. 4. mgr. 10. gr. b.

Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar um dagsektir og stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Innheimtar stjórnvaldssektir og dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíldu nema útvarpsréttarnefnd ákveði það sérstaklega.

Útvarpsréttarnefnd er heimilt að fella niður mál skv. 1. mgr. og fella niður óinnheimtar dagsektir skv. 2. mgr. þegar svo stendur á sem hér segir:

a. ef ómögulegt var að koma í veg fyrir brot,
b. ef sérstaklega stendur á og álagning stjórnsýsluviðurlaga þykir ekki brýn af almennum réttarvörsluástæðum.

Útgefandi getur skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Málshöfðunarfrestur er þrír mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð útvarpsréttarnefndar. Málshöfðun frestar aðför.

13. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Nú fer eignarhald á útgefanda dagblaðs, sem gefið er út við gildistöku laga þessara, í bága við ákvæði 10. gr. a og hafa þá eigendur þeirra eignarhluta tveggja ára aðlögunartíma til þess að uppfylla skilyrði laganna.

Útgefendur dagblaða skulu tilkynna útvarpsréttarnefnd þær upplýsingar sem taldar eru upp í 10. gr. b fyrir 1. maí 2007.

Útgefendur dagblaða skulu hafa sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skv. 10. gr. c og sent útvarpsréttarnefnd fyrir 1. maí 2007.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 200.000 kr. dagsekt á útgefanda dagblaðs, fyrir hvern byrjaðan dag, sinni hann ekki skyldum sínum skv. 2. mgr. Um dagsektirnar gilda að öðru leyti ákvæði 32. gr.

## III. KAFLI
## **Breyting á samkeppnislögum, nr. 44/2005.**

14. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verður 17. gr. a, og orðast svo:

Ef ætla má að samruni, þar sem tvö eða fleiri fjölmiðlafyrirtæki eiga í hlut, stofni tjáningarfrelsi, frjálsri skoðanamyndun almennings eða fjölbreyttu fjölmiðlaframboði í hættu, getur Samkeppniseftirlitið ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Einnig má setja slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Um málsmeðferð og tilkynningarskyldu aðila gilda ákvæði 3.–6. mgr. 17. gr. Áður en Samkeppniseftirlitið tekur ákvörðun samkvæmt þessari grein skal leitað álits útvarpsréttarnefndar.

IV. KAFLI
**Gildistaka.**
15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2007.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í útvarpslög, nr. 53/2000, með síðari breytingum, og meginmál II. kafla þeirra inn í lög um prentrétt, nr. 57/1956, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**I. Inngangur.**

Á undanförnum árum, eða allt frá því að breytingar á útvarpslögum tóku gildi hér á landi á árinu 1986 og leiddu til frelsis í fjölmiðlun, hefur mikil gróska og örar breytingar einkennt íslenskan fjölmiðlamarkað. Lagaumhverfi fjölmiðla hefur verið einfalt og litlar sem engar hindranir verið fyrir stofnun nýrra fjölmiðla og fjölmiðlafyrirtækja. Bæði hér á landi og í fjölmörgum öðrum löndum heims hefur þróunin orðið sú að fjölmiðlafyrirtæki hafa stækkað og eflst, auk þess sem samruni fjölmiðla, tölvutækni og fjarskipta hefur átt sér stað. Við þessar aðstæður hefur sífellt aukinn þungi færst í þá umræðu að þörf sé á ítarlegri löggjöf um þessa starfsemi. Óþarft er að fjölyrða um áhrifamátt fjölmiðla, en jafnframt hefur ör tækniþróun, ekki síst á fjarskiptamarkaði, kallað á heildstæða löggjöf eða reglusetningu sem nær m.a. til þeirrar samþættingar sem orðið hefur á sviði fjölmiðlunar og fjarskipta.

Eins og kunnugt er hafa á undanförnum tveimur árum verið skipaðar tvær nefndir til að fjalla um eignarhald á fjölmiðlum og málefni fjölmiðla. Hin fyrri lauk störfum í apríl 2004 en hin síðari skilaði menntamálaráðherra skýrslu sinni í apríl 2005.

Fyrri nefndin, sem starfaði undir forustu Davíðs Þórs Björgvinssonar, komst að þeirri niðurstöðu að í ljósi hlutverks fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og þarfarinnar fyrir fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, og með hliðsjón af almennri þróun löggjafar og tilmælum Evrópuráðsins, væri óhjákvæmilegt að gera breytingar á þeim lögum sem marka starfsskilyrði fjölmiðla hér á landi. Eðlilegt mætti telja að þetta yrði gert án þess að raska meira en nauðsynlegt væri gildandi lögum. Jafnframt væri æskilegt að það fyrirkomulag sem leiða mundi af breyttum lögum um fjölmiðla yrði, að svo miklu leyti sem kostur væri, á sviði eins stjórnvalds. Benti nefndin á að mörg ráðuneyti kæmu að umfjöllun um málefni fjölmiðla; menntamálaráðuneyti færi með mál er vörðuðu útvarp og aðra fjölmiðla samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, viðskiptaráðuneyti færi með samkeppnismál, dómsmálaráðuneyti með mál er varða prentfrelsi og prentrétt og samgönguráðuneyti með fjarskipti, en úthlutun tíðnisviða til stafrænnar útsendingar væri á höndum Póst- og fjarskiptastofnunar. Lagði nefndin til að ríkisstjórnin brygðist við aðstæðum á íslenskum fjölmiðlamarkaði með lagasetningu sem hefði það að markmiði að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun og hamla gegn samþjöppun eignarhalds.

Frumvarp það sem unnið var á grundvelli tillagna fyrri fjölmiðlanefndarinnar olli hörðum deilum. Ákveðið var haustið 2004 að skipa aðra fjölmiðlanefnd. Hin síðari nefnd var skipuð í nóvember 2004 og áttu í henni sæti fulltrúar allra þingflokka, en formaður hennar var Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður. Nefndinni var falið eftirfarandi verkefni:

- að skoða þá þróun er á sér stað í evrópskri fjölmiðlalöggjöf,
- að leggja mat á þá þróun sem fram undan er á fjölmiðlaumhverfi jafnt á Íslandi sem annars staðar í Evrópu með tilliti til stafrænna útsendinga,

- að fjalla um markaðsstöðu Ríkisútvarpsins og hlutverk þess í samhengi við aðra fjölmiðla án þess þó að gera tillögur um breytingar á lögum um stofnunina, enda sérstök vinna þegar í gangi á vegum stjórnarflokkanna um þau mál,
- að skoða samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum á Íslandi og gera tillögur um það til hvaða aðgerða beri að grípa til að sporna við of mikilli samþjöppun á eignarhaldi,
- að meta hvaða breytingar og nýmæli séu æskileg í íslenskri löggjöf til samræmis við þá þróun og aðrar niðurstöður af almennri umfjöllun nefndarinnar.

Síðari fjölmiðlanefndin skilaði vandaðri og yfirgripsmikilli skýrslu sem hlaut ítarlega kynningu og umfjöllun. Var það skoðun nefndarinnar að tryggja yrði með öllum tiltækum ráðum menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði svo að fjölmiðlar gætu sinnt þeim skyldum sínum gagnvart almenningi að koma fram með ólíkar skoðanir og fjölbreytt sjónarhorn, veita yfirvöldum og sterkum hagsmunaaðilum aðhald og efla lýðræðislega umræðu. Megintillögur nefndarinnar voru eftirfarandi:

- að Ríkisútvarpið yrði áfram öflugt almannaþjónustuútvarp með áherslu á sérstöðu þess og skyldur sem fjölmiðils í eigu allra landsmanna,
- að settar yrðu reglur sem tryggðu gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum,
- að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps yrðu teknar til endurskoðunar með það að markmiði að aðgreina ólíka miðla,
- að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, yrði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum yrðu sett hófleg takmörk um heimilan eignarhlut,
- að settar yrðu reglur sem tryggðu aukið val neytenda þannig að efnisveitur fái aðgang að ólíkum dreifiveitum og dreifiveitur fái flutningsrétt á fjölbreyttu efni,
- að mótaðar yrðu reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlum,
- að stjórnsýsla á þessu sviði yrði einfölduð þannig að málefni fjölmiðla væru sem flest á verksviði eins og sama stjórnvaldsins sem starfað gæti sjálfstætt og/eða í tengslum við núverandi Póst- og fjarskiptastofnun.

Í skýrslu síðari fjölmiðlanefndarinnar kom fram að leggja bæri áherslu á að öflug almenn umræða ætti sér stað um skýrsluna, efni hennar og tillögur áður en til lagasetningar kæmi. Á þeim mánuðum sem liðnir eru frá því að nefndin skilaði skýrslu sinni hefur átt sér stað mikil umræða um efni hennar og innihald. Jafnframt hefur legið ljóst fyrir að töluverð vinna væri eftir áður en hægt væri að leggja fram frumvarp á Alþingi byggt á niðurstöðum nefndarinnar. Á þessum tíma hefur menntamálaráðuneytið viðað að sér margvíslegum upplýsingum um fyrirkomulag þessara mála í nágrannalöndum okkar og hefur ekki síst verið horft til Noregs í því sambandi, en þar voru nýverið sett lög um málefni fjölmiðla.

Í lok desember á síðasta ári tók menntamálaráðherra þá ákvörðun, í samráði við formenn stjórnarflokkanna, að skipa nefnd til að undirbúa og semja frumvarp til laga um eignarhald á fjölmiðlum. Upphaflega var hugmyndin var sú að tilgreindir lögfræðingar yrðu fengnir, ásamt fulltrúum allra flokka á Alþingi, til að semja frumvarpið og var öllum þingflokkum því boðið að tilnefna fulltrúa sína í nefndina. Í byrjun janúar afþökkuðu stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi að tilnefna fulltrúa í slíka nefnd og tóku jafnframt fram að þeir treystu lögfræðingunum til að vinna það verk að færa tillögur fjölmiðlanefndarinnar í frumvarpsbúning.

Með skipunarbréfi, dags. 19. janúar sl., skipaði menntamálaráðherra nefnd til að semja frumvarp til laga um fjölmiðla, sem í áttu sæti Páll Hreinsson lagaprófessor, formaður nefndarinnar, Páll Þórhallsson, lögfræðingur í forsætisráðuneytinu, og Valur Árnason, skrifstofustjóri lögfræðisviðs menntamálaráðuneytisins. Starfsmaður nefndarinnar var Elfa Ýr Gylfa-

dóttir, deildarstjóri fjölmiðladeildar í menntamálaráðuneyti. Tekið var fram í skipunarbréfinu að við samningu frumvarpsins skyldi nefndin leggja til grundvallar umfjöllun og niðurstöður nefndar um íslenska fjölmiðla frá apríl 2005. Nefndin skyldi eiga samráð við eftirtalda fulltrúa þingflokkanna við samningu frumvarpsins; Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Samfylkingu, Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki, og Birgi Ármannsson, Sjálfstæðisflokki. Á síðari stigum tók Magnús Stefánsson við af Hjálmari Árnasyni sem fulltrúi Framsóknarflokksins.

Við samningu frumvarpsins var leitað til sérfræðinga um einstaka þætti þess. Sigurður Líndal, prófessor emeritus, las frumvarpið yfir með tilliti til ákvæða stjórnaskrár og Stefán Geir Þórisson hrl. mat ákvæði þess, einkum út frá ríkisstyrkjareglum Evrópusambandsins. Karl Axelsson hrl., formaður fjölmiðlanefndarinnar sem skilaði fjölmiðlaskýrslunni í apríl 2005, las frumvarpið yfir og veitti ráðgjöf vegna þess, ásamt Benedikt Bogasyni, héraðsdómara og formanni útvarpsréttarnefndar. Þá fylgir frumvarpinu skýrsla Hagfræðistofnunar um ákvæði frumvarpsins sem snúa að eignarhaldi á fjölmiðlum og flutningsreglum, með tilliti til efnahagslegra áhrifa af setningu slíkra ákvæða. Auk þessa naut nefndin aðstoðar Árna Tómassonar, Inga R. Jóhannssonar og Páls Steingrímssonar, löggiltra endurskoðenda, við útfærslu á uppgjörsreglum milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja, vegna ákvæða frumvarpsins um flutningsrétt og flutningsskyldu. Við útfærslu ákvæða um mælingu á áhorfi, hlustun og lestri fjölmiðla naut nefndin aðstoðar starfsmanna IMG Gallups, þeirra Elíasar Héðinssonar og Hafsteins Más Einarssonar. Loks átti nefndin nokkra samráðsfundi með fulltrúum Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins.

Frumvarp þetta er afrakstur framangreindar nefndarvinnu og var lagt fram á síðasta þingi, 132. löggjafarþingi á þskj. 1207 í 791. máli, en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er því lagt fram öðru sinni, með smávægilegum breytingum sem nánar er greint frá í athugasemdum við 2., 5., 6. og 10. gr. þess.

## II. Þróun fjölmiðlamarkaðarins.

### Hvað er fjölmiðill?

Afar erfitt er í núverandi umhverfi að skilgreina hugtakið fjölmiðill. Í skýrslu fyrri fjölmiðlanefndar var hugtakið fjölmiðill skilgreint sem stofnun eða fyrirtæki, lögaðili, sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði. Fjölmiðill getur notað ólíkar leiðir til að dreifa þeim upplýsingum sem hann aflar: Hann getur gert það á pappír sem dagblað eða tímarit, á ljósvakanum, í útvarpi eða sjónvarpi eða á internetinu.

Dæmigerðir fjölmiðlar og þeir sem alla jafna hafa mest áhrif í umræðu um þjóðfélagsmál í víðum skilningi eru dagblöð, útvarp og sjónvarp. En í stafrænu umhverfi verður að taka tillit til samruna ýmissa hefðbundinna fjölmiðla og netmiðla. Vegna samruna fjölmiðla, tölvutækni og fjarskipta er þó eigi að síður mikilvægt að líta til fjölmiðla á internetinu þar sem þeir eru líklegir til að styrkja sig æ frekar í sessi á komandi árum. Hins vegar ber að hafa í huga að ljósvakamiðlarnir og dagblöðin (bæði á prenti og netinu) hafa enn sem komið er mest áhrif sem vettvangur skoðanaskipta og lýðræðislegrar umræðu.

Fjölmiðlar eru sennilega mikilvægasta upplýsingalind almennings í lýðræðissamfélögum samtímans. Mæling á hlustun, áhorfi og lestri er heppileg leið til að meta stöðu fjölmiðla á markaði. Margvíslegir fjölmiðlar í eigu margra ólíkra aðila auka líkur á að fram komi fjölbreytt sjónarhorn og ólíkar skoðanir sem efla lýðræðislega umræðu og veita stjórnvöldum

og öðrum áhrifastofnunum aðhald. Margbreytileg fjölmiðlun stuðlar að menningarlegri fjölbreytni. Fjölmiðlar hafa skyldur gagnvart almenningi til að greina satt og óvilhallt frá atburðum og málefnum.

**Hvaða efni fjölmiðils skiptir mestu máli?**

Það er eðlilegt að spurt sé hvort tiltekið efni í fjölmiðlum sé mikilvægara en annað. Einnig er vert að varpa fram þeirri spurningu hvort það skipti máli hvers konar efni fjölmiðill dreifir. Efni íslenskra fjölmiðla er fjölbreytilegt. Það má flokka í fréttir, samfélagsumræðu, menningarefni, afþreyingarefni, tónlist, barna- og unglingaefni og auglýsingar. Almennt virðist óvarlegt að álykta að einhver þessara efnisflokka sé algerlega laus við það að geta haft áhrif á skoðanir og viðhorf hlustenda eða áhorfenda til eigin umhverfis og samfélags. Það er því ekki ástæða til að gera skarpan greinarmun á flokkum efnis þegar hugað er að hlutverki fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi þótt hægt sé að rökstyðja að sumir efnisflokkar séu mikilvægari en aðrir í því samhengi.

Skýran greinarmun þarf hins vegar að gera á fjölmiðlum sem hafa það að yfirlýstu markmiði að vernda almannahagsmuni annars vegar og hins vegar þeim sem standa fyrir sértæk sjónarmið. Fréttastofur ljósvakamiðlanna og stærstu dagblöðin reyna öll að flytja fréttir á hlutlægan og sanngjarnan hátt. Hins vegar eru ýmsir dagskrárliðir á ljósvakanum, pistlar og greinaskrif í blöðum og pólitískar heimasíður þar sem greinilega er verið að vernda ákveðna sérhagsmuni. Ljóst er að gera þarf greinarmun á þessu tvennu þegar fjallað er um fjölmiðla. Áhorfendum/lesendum þarf ávallt að vera ljóst hvaða stefnu fjölmiðillinn hefur til að geta tekið afstöðu til efnisins.

**Hvað ræður markaðshlutdeild fjölmiðils?**

Ákveðnir þættir skýra það hvers vegna sumir fjölmiðlar eru í sókn og aðrir í hnignun. Við óheftar markaðsaðstæður ríkir háttbundin samvirkni milli efnisgæða fjölmiðla, útbreiðslunnar og þeirra auglýsingatekna sem þeir geta aflað. Vegna þessa er stundum fákeppni og jafnvel einokun á fjölmiðlamarkaði.

Fjölmiðill sem getur boðið gott og áhugavert efni aflar sér vinsælda áhorfenda eða lesenda. Það laðar að auglýsingatekjur, sem aftur gerir ritstjórnum eða framkvæmdastjórnum kleift að gera efnið enn eftirsóknaverðara. Þannig stækkar fjölmiðill, efnið verður vandaðra, prentun eða útlit verður betra o.s.frv. Slíkar breytingar leiða til enn aukinnar útbreiðslu sem laðar að enn meiri auglýsingatekjur. Fjölmiðillinn getur þá t.d. tekið hærra gjald fyrir birtingu hverrar auglýsingar. Slík þróun heldur síðan áfram þar til markaðsmettun er náð. Því skiptir ekki máli hver þáttanna þriggja hleypir þessari jákvæðu þróun af stað.

Ef fjölmiðill á hinn bóginn fer að missa áhorf eða lestur getur hann átt von á því að auglýsendur gerist honum fráhverfir. Slíkt leiðir til þess að fjölmiðillinn verður lélegri en áður, sem aftur leiðir til enn meiri fækkunar áhorfenda eða lesenda. Þróunin heldur síðan áfram þar til fjölmiðillinn hættir rekstri. Hjá fjölmiðlum í hnignun skiptir ekki máli hvað hleypir þróuninni af stað, heldur víxlverkunin á milli þessara þátta.

Það skiptir miklu máli fyrir fjölmiðla að engar breytingar verði á þremur veigamestu þáttunum í velgengni fjölmiðilsins, þ.e. útbreiðslu, auglýsingatekjum og efni. Til að fjölmiðill stækki og dafni verður hann því að hafa góða dreifingu og ná fljótt og auðveldlega til sem flestra íbúa. Hann verður hafa tekjur í formi auglýsinga og e.t.v. áskriftargjalda og bjóða áhugavert efni fyrir lesendur eða áhorfendur.

**Lárétt og lóðrétt eignarhald á fjölmiðlum.**

Mikil umræða hefur skapast um svokallað lárétt eignarhald á fjölmiðlum. Lárétt eignarhald á fjölmiðlum þýðir að sömu eigendurnir hafi mikla markaðshlutdeild í einni grein fjölmiðlunar eða skyldum greinum. Þá ber að líta til tilmæla Evrópuráðsins um að takmarka þau áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa geti haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar.

Í tilmælum frá Evrópuráðinu er einnig bent á að stjórnvöld þurfi að meta þörfina á því að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun, þ.e. þegar sami aðilinn hefur með höndum framleiðslu, útsendingu, dreifingu og aðra þætti fjölmiðlunar. Ef lóðrétt samþjöppun er of mikil er hætta á að hún geti leitt til fábreytni á markaði.

**Samþjöppun á eignarhaldi.**

Samþjöppun hefur orðið á fjölmiðlamarkaði á heimsvísu og eru fá en mjög stór fyrirtæki orðin ráðandi á markaðnum. Er slík samþjöppun áhyggjuefni fyrir neytendur. Sumir fræðimenn hafa gengið svo langt að halda því fram að fjölmiðlar séu í raun að verða andlýðræðislegir alls staðar í heiminum. Eftir því sem fjölmiðlafyrirtækin verði auðugri og valdameiri því verra sé útlitið fyrir þátttöku almennings í lýðræðislegri umræðu. Ekki eru öll fjölmiðlafyrirtæki að eflast og styrkjast heldur hafa mörg helst úr lestinni og þannig hafa stórfyrirtækin orðið stærri og áhrifameiri en nokkru sinni fyrr. Skýrist það m.a. af samvirkninni milli efnisgæða fjölmiðils, útbreiðslu hans og þeirra auglýsingatekna sem hann getur aflað. Fyrirtækin eru knúin áfram af arðsemiskröfum, þau eru háð auglýsendum og reyna að ná til sem flestra með framboði sínu á efni. Því er almannaþjónustukrafan (e. public service) á undanhaldi en krafan um arðsemi er orðin drifkraftur í fjölmiðlarekstri og hefur leitt af sér fleiri stórfyrirtæki.

**Dagblöð.**

Frá því á árinu 2001 hafa komið út í senn þrjú dagblöð hér á landi en þetta eru *Dagblaðið Vísir* (stofnað 1981, hér eftir nefnt til styttingar *DV*), *Fréttablaðið* (stofnað 2001) og *Morgunblaðið* (stofnað 1913). Þá bættist fjórða dagblaðið við í maí 2005, *Blaðið* sem er gefið út af Ári og degi. DV og Fréttablaðið eru nú í eigu 365 prentmiðla ehf., dótturfélags Dagsbrúnar hf., en Árvakur hf. gefur nú út Morgunblaðið og hefur keypt Ár og dag. DV og Morgunblaðið eru seld í áskrift og lausasölu en Fréttablaðinu og Blaðinu er dreift frítt til lesenda. Fréttablaðið og Morgunblaðið koma út alla daga vikunnar og Blaðið sex daga í viku. Morgunblaðinu er dreift á landsvísu. Sama má einnig segja um Fréttablaðið en blaðið er daglega borið út af blaðberum á höfuðborgarsvæðinu og á öðrum helstu þéttbýlisstöðum, auk þess sem hluti upplagsins er lagður fram til dreifingar á greiðastöðum víðs vegar um land, á bensínstöðvum og í verslunum. Blaðinu er aðallega dreift á höfuðborgarsvæðinu en er einnig fáanlegt úti á landi. Íslandspóstur dreifir Blaðinu virka daga en það er borið út með Morgunblaðinu á laugardögum. Útgefnum dagblöðum hefur fækkað um helming frá því á níunda áratug síðustu aldar.

*Fréttablaðið* og *Blaðið* eru einu dagblöðin sem sett hafa verið á fót hér á landi frá grunni síðan *Dagblaðið* hóf að koma út árið 1975. Fréttablaðið er um margt einstakt á meðal þeirra fjölmörgu dagblaða sem sett hafa verið á fót í stórborgum Evrópu og Norður-Ameríku og víðar undanfarinn áratug og dreift er endurgjaldslaust til lesenda (hér á eftir nefnd fríblöð). Öll hafa þessi blöð það sameiginlegt að vera dreift staðbundið á fjölförnum samgöngustöðum. Fréttablaðið er eina almenna fría dagblaðið, sem kunnugt er um, sem borið er út og jafn-

framt dreift á landsvísu. Þar við bætist að Fréttablaðið telst með fullum rétti fullburðugt dagblað er flytur fréttir og fjölbreytt annað efni öndvert við það sem algengast er með fríblöð annars staðar en einkenni þeirra er að þau takmarka sig að mestu við harðsoðið yfirlit yfir helstu fréttir og atburði líðandi stundar.

Útbreiðsla dagblaða hafði verið á nokkru undanhaldi um nokkurt skeið samfara fækkun útgefinna blaða er Fréttablaðið hóf göngu sína. Frá og með tilkomu Fréttablaðsins hefur samanlögð útbreiðsla dagblaðanna stórlega aukist. Gildir þá einu hvort er mælt í heildarupplagi, útbreiðslu á 1.000 íbúa eða á heimili.

*Útbreiðsla dagblaða 1985–2004.*

| | *1985* | *1990* | *1995* | *2000* | *2001* | *2002* | *2003* | *2004* | *Breyting 2004–1980* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Útbreiðsla í þús. eint.* | 92 | 96 | 98 | 91 | 149 | 152/162 | 156/168 | 155/166 | +63/+74 |
| Seld blöð | 92 | 96 | 98 | 91 | 79 | 76 | 71 | 68 | -24 |
| Fríblöð | | | | | 70 | 76/86 | 86/97 | 87/99 | +87/+99 |
| *Útbreiðsla á 1.000 íbúa* | 381 | 375 | 365 | 322 | 520 | 527/561 | 538/579 | 527/567 | +146/+186 |
| Seld blöð | 381 | 375 | 365 | 322 | 275 | 263 | 244 | 230 | -151 |
| Fríblöð | | | | | 245 | 265/299 | 295/335 | 297/337 | +297/+337 |
| *Útbreiðsla á heimili* | 1,1 | 1,1 | 1,0 | 0,9 | 1,4 | 1,5/1,6 | 1,5/1,6 | 1,5/1,6 | +0,4/+0,5 |
| Seld blöð | 1,1 | 1,1 | 1,0 | 0,9 | 0,8 | 0,7 | 0,7 | 0,6 | -0,5 |
| Fríblöð | | | | | 0,7 | 0,7/0,8 | 0,8/0,9 | 0,8/0,9 | +0,8/+0,9 |

*Skýringar:* Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Útbreiðsla DV 2003–2004 er metin samkvæmt fjölmiðlakönnunum. Tala fyrir framan skástrik vísar til seldra eintaka DV og Morgunblaðsins + dreifðra eintaka Fréttablaðsins með blaðberum, tala fyrir aftan skástrik vísar til seldra eintaka DV og Morgunblaðsins + allra dreifðra eintaka Fréttablaðsins.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirt gögn; ÍM Gallup, 2003–2004; Verslunarráð Íslands, 2003–2005.

**Hljóðvarp.**

Fjölbreytni verður að teljast nokkur á hljóðvarpsmarkaði þegar litið er til fjölda stöðva en kannski síður þegar litið er til dagskrárframboðs. Fyrir utan dagskrárrásir Ríkisútvarpsins, Rás 1 og Rás 2, eru dagskráráherslur stöðvanna sniðnar að tiltölulega afmörkuðum hópi hlustenda með tilliti til aldurs og áhugamála. Eiginleg dagskrárgerð er næsta lítil á mörgum einkareknu stöðvanna. Útsending margra felst mestmegnis í leikinni tónlist af hljómplötum með kynningum og spjalli. Endurnýjun er mikil í þessum geira fjölmiðlunar og á það jafnt við um rekstraraðila og stöðvarnar sjálfar. Algengt er að stöðvar staldri stutt við og breytingar er tíðar á efni og dagskrártilhöfðun einkarekinna stöðva.

Um mitt síðasta ár voru dagskrár 20 hljóðvarpsstöðva sendar út reglulega. Þar af voru 14 stöðvar í einkaeign og sex dagskrárrásir á vegum Ríkisútvarpsins, hljóðvarps.


Hljóðvarpsstöðvum hefur fjölgað nær samfellt frá árinu 1986 að telja og fram undir seinustu ár. Flestar voru stöðvarnar 26 árið 2001 en þeim hefur lítillega fækkað síðan. Árið 2004 sendu út 16 hljóðvarpsstöðvar í einkaeign, auk sex dagskrárrása Ríkisútvarpsins.

Á þeim tveimur áratugum sem liðnir eru síðan einkaréttur Ríkisútvarpsins til hljóðvarpsútsendinga var afnuminn um áramótin 1985–1986 hafa 44 einkareknar stöðvar hafið reglulegar

útsendingar. „Líftími" einkarekinna hljóðvarpsstöðva er almennt stuttur sem bendir eindregið til þess að bekkurinn sé of þröngt setinn á hljóðvarpsmarkaði. Þetta hefur þó ekki komið í veg fyrir að nýjar stöðvar hafi verið settar á fót. Meðalstarfstími þeirra stöðva, sem voru í loftinu um áramótin 2004–2005, var á sjötta ár. Átta af 41 stöð, sem starfrækt var á tímabilinu frá 1986 til ársloka 2004, höfðu starfað í áratug eða lengur.

Sjö stöðvanna, eða helmingur þeirra hljóðvarpsstöðva sem nú eru starfandi, hófu útsendingar á árunum 2001–2005. Meðalaldur þeirra 14 einkareknu stöðva, sem nú eru starfandi, er á níunda ár; sex stöðvanna hafa verið starfræktar í áratug eða lengur.

*Hljóðvarpsstöðvar í einkaeign í mars 2005.*




*Skýringar:* Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum. Stöðvunum er raðað eftir stofnári. Upplýsingar vísa aðeins til stöðva sem voru starfræktar í mars 2005 og sendu út eigin dagskrá. Ártal í sviga vísar til upphafsárs reglulegra útsendinga stöðvar eða forvera hennar.
* Upphaflega *Barnarásin*, síðar *Útvarp Latabæjar*, nú *Barnaútvarpið*. ** Upphaflega *Stereó*, nú *KissFM*. *** Upphaflega *Íslenska stöðin*, síðar *Mix FM*, nú *XFM*.
*Heimild:* Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar, útvarpsréttarnefnd.

*Bylgjan* er fyrsta og elsta starfandi hljóðvarpsstöðin í einkaeign en hún hóf útsendingar í ágúst 1986. Aðrar einkareknar hljóðvarpsstöðvar eru *Ás-98,3*, *Barnaútvarpið* (áður Útvarp Latabæjar), *FM 95,7*, *KissFM*, *Létt*, *Lindin*, *Talstöðin*, *Útvarp Boðun*, *Útvarp Kántríbær*, *Útvarp Saga*, *Útvarp Vestmannaeyja*, *XA-Radíó* og *XFM* (upphaflega Íslenska stöðin og síðar Mix FM). Einungis Bylgjan og FM 95,7 teljast senda út á landsvísu. Útsendingarsvæði annarra stöðva takmarkast að mestu við sunnan- og vestanvert landið eða einstök þéttbýlissvæði og næsta nágrenni þeirra.

Meginuppistaða í dagskrárframboði einkarekins hljóðvarps hefur lengst af verið flutningur dægurtónlistar og umfjöllun henni tengd. Af þeim einkareknu stöðvum, sem nú hljóma, teljast sex til tónlistarútvarps en þetta eru FM 95,7, KissFM, Létt, Útvarp Kántríbær og XFM, auk Barnaútvarpsins. Allar eru stöðvarnar sérhæfðar í flutningi dægurtónlistar af einu eða

öðru tagi. Bylgjan, Talstöðin og Útvarp Saga teljast til dægurmálastöðva. Bylgjan sendir út blandaða dagskrá með áherslu á dægur- og samfélagsmál, auk tónlistar, en Útvarp Saga og Talstöðin eru svonefnt talmálsútvarp með áherslu á samfélags- og dægurmál. Staðarmál hvers konar eru uppistaðan í dagskrá Útvarps Vestmannaeyja. Til staðarstöðva telst einnig ÁS-98,3 en stöðin sendir einungis út frá borgarstjórnarfundum og fundum bæjarstjórnar Kópavogs. Lindin og Útvarp Boðun eru trúarlegar stöðvar en útsendingar XA-Radíó eru alfarið helgaðar reynslusögum og efni tengdu svokölluðu „12 spora kerfi".

Einkarekið hljóðvarp á landsbyggðinni hefur alla tíð átt erfitt uppdráttar. Af þeim níu stöðvum, sem hafa verið settar á fót utan höfuðborgarsvæðisins, voru aðeins tvær starfandi um mitt ár 2005, en þetta eru Útvarp Kántríbær á Skagaströnd og Útvarp Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum. Aðrar stöðvar, sem settar hafa verið á fót utan höfuðborgarsvæðisins, hafa staldrað mun skemur við. Í ljósi reynslunnar má ljóst vera að hljóðvarp á vegum einkaaðila hefur ekki verið sú lyftistöng fyrir fjölmiðlun á landsbyggðinni sem ýmsir bundu vonir við þegar útvarpsrekstur var gefinn frjáls fyrir hartnær tveimur áratugum.

Einkareknar stöðvar eru fjármagnaðar með sölu auglýsinga í dagskrá og kostun, nema trúarlegu stöðvarnar, Lindin, Útvarp Boðun og XA-Radíó, sem reknar eru að mestu leyti fyrir frjáls framlög og með sjálfboðavinnu.

**Rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva.**

Algengt er að rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva staldri stutt við á þessum markaði. Þótt rekstraraðilum hafi farið fjölgandi hefur þeim þó ekki fjölgað í takt við fjölgun stöðva. Á undanförnum árum hefur gætt skýrrar tilhneigingar til samþjöppunar að því er varðar eignarhald einkarekins hljóðvarps. Frá því á níunda áratugnum hefur gætt ríkrar tilhneigingar til þess að einn og sami rekstraraðili hafi yfir að ráða fleiri stöðvum. Lengst af níunda áratug síðustu aldar var Fínn miðill ehf. umsvifamestur einkaaðila í hljóðvarpsrekstri en fyrirtækið rak um skeið sex útvarpsstöðvar. Á miðju ári 2000 eignuðust Norðurljós hf. ráðandi hlut í fyrirtækinu þegar þau keyptu bandaríska fjölmiðlafyrirtækið Saga Communications Inc. út úr Fínum miðli. Um tíma þegar mest lét voru 11 hljóðvarpsstöðvar starfræktar á vegum dótturfélaga Norðurljósa, Fíns miðils ehf. og Íslenska útvarpsfélagsins ehf.

**Útsendingartími.**

Útsendingartími hljóðvarps hefur eðlilega stóraukist með auknum fjölda stöðva. Frá því að einkarekið hljóðvarp kom til skjalanna árið 1986 hefur senditíminn u.þ.b. ellefufaldast, eða farið úr 13.000 stundum á ári í um 139.000 stundir. Árið 2004 sendu einkareknar stöðvar út 123.000 stundir á móti tæplega 16.000 stundum í Ríkisútvarpinu. Stundir í hljóðvarpi á landsvísu hafa tvöfaldast frá því í byrjun tíunda áratugarins þegar aðeins útsendingar Rásar 1 og Rásar 2 náðu til landsins alls. Samanlagður útsendingartími þeirra fjögurra stöðva, sem senda út á landsvísu, var rétt um 33.000 stundir í fyrra.

Flestar stöðvar senda út allan sólarhringinn, alla vikuna. Daglegur útsendingartími svæðisstöðva Ríkisútvarpsins og einkarekinna staðarstöðva er þó næsta takmarkaður. Svæðisútvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins senda út fjóra til fimm virka daga í viku. Útvarp Vestmannaeyja sendir að jafnaði út þrjá daga í viku, þrjár stundir í senn hvern útsendingardag. Ás-98,3 sendir aðeins þegar fundir eru haldnir í borgarstjórn og í bæjarstjórn Kópavogs.

*Útsending hljóðvarpsstöðva í mars 2005.*

| | *Útsendar klst. í viku að jafnaði* | *Útsendar klst. á dag að jafnaði* | *Útsendingardagar í viku að jafnaði* |
|---|---|---|---|
| Rás 1* | 124:00 | 18:00 | 7 |
| Rás 2 | 168:00 | 24:00 | 7 |
| Svæðisútvarp Vestfjarða* | 2:22 | 0:35 | 4 |
| Svæðisútvarp Norðurlands* | 2:55 | 0:35 | 5 |
| Svæðisútvarp Austurlands* | 2:20 | 0:35 | 4 |
| Svæðisútvarp Suðurlands* | 2:20 | 0:35 | 4 |
| Ás-98,3 | óreglulegur útsendingartími** | | 2 |
| Barnaútvarpið | 168:00 | 24:00 | 7 |
| Bylgjan | 168:00 | 24:00 | 7 |
| FM 95,7 | 168:00 | 24:00 | 7 |
| KissFM895 | 168:00 | 24:00 | 7 |
| Létt | 168:00 | 24:00 | 7 |
| Lindin | 168:00 | 24:00 | 7 |
| Talstöðin | 168:00 | 24:00 | 7 |
| Útvarp Boðun | 168:00 | 24:00 | 7 |
| Útvarp Kántríbær | 168:00 | 24:00 | 7 |
| Útvarp Saga | 168:00 | 24:00 | 7 |
| Útvarp Vestmannaeyja* | 9:90 | 3:00 | 3 |
| XA-Radíó | 168:00 | 24:00 | 7 |
| XFM | 168:00 | 24:00 | 7 |

*Skýringar:* Einungis stöðvar með langtímaleyfi sem sendu út á árinu eigin dagskrá, ásamt dagskrárrásum Ríkisútvarpsins, hljóðvarps. Að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum.
* Reiknað út frá útsendingartíma árið 2003.
** Einungis útsendingar frá fundum borgarstjórnar og bæjarstjórnar Kópavogs.
*Heimild:* Hagstofa Íslands, áður óbirtar upplýsingar.

**Dagskrárefni og dagskráráherslur.**

Fjöldi einkarekinna hljóðvarpsstöðva og stóraukinn útsendingartími gæti við fyrstu sýn bent til fjölbreytni á þessum markaði. Frá því að einkaaðilum var gert kleift að hasla sér völl í hljóðvarpi hefur tónlistarútvarp verið mest áberandi í framboði stöðva. Ekki ber svo að skilja að áhersla á tónlist í hljóðvarpi sé einhver nýlunda. Tónlist hefur verið meginuppistaðan í dagskrá hljóðvarps allar götur frá því að reglulegur útvarpsrekstur hófst um 1920 vestan hafs og austan. Flutningur tónlistar í hljóðvarpi árið 2003 var ríflega 70% af öllu útsendu efni. Hlutur tónlistar af dagskrá einkahljóðvarpsstöðva var um 75% en 50% í samanlagðri dagskrá Rásar 1 og Rásar 2. Rík áhersla á tónlist í dagskrá hljóðvarps stafar m.a. af því að dagskrárgerðarkostnaði er haldið í lágmarki. Sama gildir einnig um svonefnt talmálsútvarp.

Einkareknar stöðvar má gróflega flokka í dægurmálastöðvar, tónlistarstöðvar, trúarlegar stöðvar og staðarstöðvar eftir dagskrárefni og efnistilhöfðun. Taflan sýnir fjölda stöðva og útsendingartíma samkvæmt þessari flokkun 1996–2004. Um það bil þrjár af hverjum fjórum stöðvum, sem sendu út 2004, flokkast sem tónlistarstöðvar. Útsendingartími þeirra nam um tveimur þriðju af heildarútsendingartíma einkarekinna stöðva árið 2003. Fjöldi stöðva og útsendingartími í öðrum flokkum stöðva eftir dagskrársniði er mun takmarkaðri.

Dagskrá Rásar 1 er mun fjölbreyttari en dagskrá hinna stöðvanna. Fast að því helmingur af útsendingartíma stöðvarinnar er dagskrárefni sem gróflega má flokka sem upplýsingu og menningu samanborið við þriðjung á Rás 2 og fjórðung á Bylgjunni. Undir upplýsingu og menningu falla m.a. fréttir og fréttatengt efni, umræðuþættir og menningarmálaumfjöllun.

Skemmtiefni, sem er m.a. viðtalsþættir, spurningaleikir, leikrit og upplestur, er langfyrirferðarmest á Rás 1 af stöðvunum þremur, eða ríflega einn og hálfur klukkutími af hverjum tíu. Dagskrárgerð fyrir börn er aðeins að finna á báðum landsrásum Ríkisútvarpsins. Einungis Bylgjan og Rás 2 senda út íþróttir í formi beinna lýsinga af íþróttakappleikjum. Tónlist er langsamlega fyrirferðarmest á Bylgjunni, eða um tvær af hverjum þremur útsendum stundum á móti tæpum tveimur af hverjum þremur stundum á Rás 2 og um þriðjungi af dagskrártíma Rásar 1.

**Hljóðvarpsnotkun og markaðshlutdeild hljóðvarpsstöðva.**

Hljóðvarpsnotkun er almenn hér á landi. Níu af hverjum tíu á aldrinum 12–80 ára hlusta á hljóðvarp daglega. Að jafnaði hlustaði hver einstaklingur rúma fjóra tíma á hljóðvarp á dag, eða umtalsvert lengur en varið er að jafnaði fyrir framan sjónvarpstækið.

Hlustun á einstakar stöðvar og hlutdeild þeirra í hlustun er hér annars vegar lýst sem daglegri og vikulegri notkun og hins vegar sem meðalhlustun á viðkomandi stöð. Dagleg og vikuleg notkun vísar til þess til hve stórs hlutfalls hlustenda viðkomandi stöð nær að jafnaði á dag og viku en hlutdeild stöðvar í hlustun vísar til þess hve mikið er hlustað á viðkomandi stöð sem hlutfall af heildarhlustuninni í tíma talið.

Bylgjan og Rás 2 ná eyrum flestra hlustenda samkvæmt könnun ÍM Gallup viku í október 2004. Á Bylgjuna hlustuðu að jafnaði 37% á dag og 62% yfir vikuna, á Rás 2 hlustuðu 38% á dag og 59% yfir vikuna. Rás 1 fylgdi þar næst í kjölfarið en 29% stilltu á stöðina daglega og um 43% yfir vikuna. Hlustendur annarra stöðva voru snöggtum færri.

Hlutdeild Ríkisútvarpsins í heildarhlustun hefur minnkað umtalsvert á umliðnum árum, mælt sem hlutfall af samanlögðum þeim tíma sem hljóðvarpsnotendur hlustuðu á hljóðvarp í könnunarviku. Samanlögð hlutdeild tveggja landsrása Ríkisútvarpsins mældist 73% í október 1991 en var komin niður í 48% þegar minnst var 1998 og 1999. Síðan þá hefur hlutfallsleg skipting á hlustun milli einkarekinna stöðva og Ríkisútvarpsins mælst tiltölulega stöðug. Í október 2004 var hlutdeild einkastöðva 49% á móti 51% hlut Ríkisútvarpsins.

Hljóðvarpsmarkaðurinn skiptist að mestu upp á milli tveggja aðila, þ.e. Ríkisútvarpsins og 365 ljósvakamiðla ehf. Samanlagður hlutur þessara tveggja aðila árið 2004 var 92% – þar af var hlutur 365 ljósvakamiðla ehf. 41% á móti 51% hlut Ríkisútvarpsins. Til Útvarps Sögu ehf. féllu 5% af heildarhlustuninni og til Pýrit ehf. 3%. Innbyrðis hlutdeild milli einkaaðila skiptist þannig að um 84% af hlustuninni féllu til stöðva 365 ljósvakamiðla. Hlutdeild Pýrit ehf. var 6% og hlutur Útvarps Sögu ehf. um 10%.

upp ákveðið sjónvarpefni til að horfa á síðar, hægt er að seinka dagskrá, „spóla yfir“ auglýsingar og margt fleira. Harður diskur þýðir að áhorfendur geta betur stjórnað því á hvað þeir horfa (með því t.d. að sleppa auglýsingum) og hvenær (með því að seinka dagskránni t.d. um 30 mín.). Tæknilega er einnig hægt að bjóða vinsælustu kvikmyndirnar í gegnum notendabúnaðinn, ýmsa leiki og aðra afþreyingu.

**IP-sjónvarp og internetsjónvarp.**

Útsending á sjónvarpsefni er að færast frá hefðbundnu sjónvarpsformi (DVB) yfir á gagnaflutningsstaðal internetsins, IP (Internet Protocol). Útsendingar um ADSL og ljósleiðara eru á IP-staðli. Þessi þróun er rétt að hefjast í heiminum og alls ekki séð fyrir hvert hún leiðir.

Greina má tvenns konar framtíðarsýn í þessu sambandi sem byggist á mjög ólíkum hagsmunum. Annars vegar er um að ræða hagsmuni dreifiveitna sem vilja tryggja sér tekjur af efnissölu með því að vöndla þjónustu og tryggja sér viðskiptavini. Hins vegar er um að ræða hagsmuni framleiðenda efnis sem vilja losna við milliliði og fá sem mestan hluta tekna til sín. Til að aðgreina þessar stefnur verða notuð hugtökin IP-sjónvarp (IP TV) annars vegar og internetsjónvarp (Internet TV) hins vegar.

IP-sjónvarp er leið innlendra efnis- og/eða dreifiveitna til að bjóða stafrænt gagnvirkt sjónvarp með allri þeirri þjónustu sem þróuð verður í framtíðinni. Þetta er einnig sú þróun sem ætti að hugnast stjórnvöldum því að þannig næst áframhaldandi lögsaga yfir efnisveitum og innihaldi fjölmiðlanna. Til að geta notið slíkrar þjónustu þarf aðgangskassa og aðgangsstýrikerfi svo að áhorfendur geti fengið aðgang að ólíku efni. Slíkir kassar fylgja þá áskriftarsamningum við innlendar dreifiveitur sem geta fengið hlutdeild í tekjum og stýrt áhorfi. Hægt er að bjóða margs konar efni í IP-sjónvarpi, allt eftir óskum áhorfenda. Með þessum hætti geta efnis- og/eða dreifiveiturnar haft nokkuð góða stjórn á því efni sem notendur fá til sín og greiða fyrir þar sem gera má ráð fyrir að mestallt efnið komi frá þeim eða í gegnum þá. Þessi leið getur þó einnig takmarkað val neytenda og hamlað samkeppni þar sem efni og dreifingu er vöndlað saman.

Internetsjónvarp er á frumstigi en leiða má líkur að því að það geti breyst í náinni framtíð. Mjög stór alþjóðleg fyrirtæki hafa hagsmuni af því að internetsjónvarp nái útbreiðslu. Kvikmyndaverin hafa t.d. hagsmuni af því að sem fæstir milliliðir séu milli þeirra og notenda. Vísir að slíku internetsjónvarpi er *Movielink* sem er í eigu nokkurra stærstu kvikmyndaveranna í Bandaríkjunum. Stórir aðilar í tölvu- og hugbúnaðargeiranum eru nú að hanna vél- og hugbúnað til að tryggja sér stöðu á markaðnum með sínar lausnir. Internetsjónvarp hefur flesta eiginleika internetsins í dag. Íslensk yfirvöld hafa ekki lögsögu yfir slíkum erlendum efnisveitum. Viðskiptin fara í gegnum heimasíður sem geta verið staðsettar hvar sem er í heiminum. Með búnaði, sem tengir sjónvarp og internet, geta notendur fengið aðgang að alls kyns efni, svo sem sjónvarpsdagskrám, kvikmyndum og stökum sjónvarpsþáttum. Þeir sem selja sjónvarpsefni á slíkum síðum þurfa að sjálfsögðu að eiga réttinn á efninu fyrir hin mismunandi lönd og mætti t.d. sjá fyrir sér að stór fyrirtæki eins og bandarísku kvikmyndaverin gætu nýtt sér internetsjónvarpstæknina til að ná beint til áhorfenda án milliliða.

Með internetsjónvarpi missa dreifiveitur möguleikana á því að fylgjast með og taka gjöld af því efni sem fer um dreifikerfi þeirra. Dreifiveiturnar þurfa þá að byggja verðlagningu sína á gagnaflutningsmagni eingöngu og koma ekki til með að fá hlutdeild í tekjum efnisveitna nema að takmörkuðu leyti. Afar erfitt verður að hafa yfirsýn yfir allt það efni sem í boði er í internetsjónvarpi og fyrir stjórnvöld að hlutast til um viðskiptin telji þau þörf á því. Þetta

eru alveg sambærileg vandamál og fylgja internetinu í dag. Eðli internetsjónvarps er að þar takmarkast ekki val neytenda við samninga efnis- og dreififyrirtækja og vandamál, sem reynt er að leysa með flutningsskyldu og flutningsrétti eins og fjallað er um síðar í kaflanum, verða ekki til staðar. Aðgangsþröskuldur efnisveitna inn á markaðinn lækkar einnig verulega.

Þarna er líklegt að Ísland verði að fylgja alþjóðlegri þróun. Spyrja má hvort aðstaða Íslands sem lítils menningarsvæðis verði önnur en annarra stærri menningar- og tungumálasvæða í kringum okkur. Þarna má e.t.v. líta til þeirrar reynslu sem hefur verið af hugbúnaði og interneti hingað til. Spurning er hvort erlendir aðilar muni þýða eða talsetja efni sérstaklega fyrir íslenskan markað í ljósi reynslunnar úr hugbúnaðarheiminum. Ef hægt verður að nálgast vinsælt erlent efni í gegnum internetsjónvarp má spyrja hvaða áhrif það hafi á íslenskar sjónvarpsstöðvar sem byggja áhorf sitt að verulegu leyti á erlendu efni, ólíkt stærri menningarsvæðum. Ástæðan er sú að kostnaður við íslenskt efni fyrir fámennan markað er of mikill og því óvenju hátt hlutfall erlends efnis í íslensku sjónvarpi. Einnig er vert að benda á að þar sem íslenskir neytendur kaupa þjónustu af erlendum aðilum í gegnum internetið þurfa þeir ekki að greiða skatta og gjöld hér á landi og skekkir það samkeppnisstöðu íslenskra efnisveitna sem þurfa að innheimta skatta af sínum tekjum. Nánar er fjallað um þessi mál síðar í kaflanum.

Íslendingar munu einnig standa frammi fyrir alþjóðlegum vandamálum líkt og aðrar þjóðir. Verður hægt að koma böndum á óæskilegt efni eins og klám og ofbeldi? Slíkt næst aðeins með alþjóðlegri samvinnu. Einnig má spyrja hvaða tækifæri Íslendingar eiga í slíku alþjóðlegu umhverfi og hvort þeir geti nýtt sér möguleika slíkrar þróunar. Þarna geta t.d. skapast nýjar leiðir á markaðssetningu íslensks efnis inn á alþjóðamarkað.

**Dreifileiðir fyrir stafrænt sjónvarp.**

Hægt er að nota ýmsar dreifileiðir til að bjóða stafrænt sjónvarp. Ber þar að nefna:

| | |
|---|---|
| Kapall (ljósleiðari + kapall ) | Síminn |
| Stafrænt sjónvarp (VHF/UHF) | Í vinnslu hjá RÚV og 365 |
| Stafrænt sjónvarp á örbylgju (MMDS) | 365 ljósvakamiðlar |
| Gervihnattatækni | Ekki á Íslandi |
| Ljósleiðari (Fiber-to-the-Home/FTTH) | Orkuveitan |
| xDSL | Síminn/Og Vodafone |
| Jarðsendar á gervihnattatíðnum | Íslandsmiðill |

Þó að Síminn hafi lagt kapal víða hefur fyrirtækið lagt áherslu á að byggja upp ADSL-kerfi fyrir flesta landsmenn og ætlunin er að bjóða háhraðagagnaflutningskerfi fyrir sjónvarp og internet yfir koparinn. 365 ljósvakamiðlar geta boðið stafrænt sjónvarp í lofti í nokkur ár á örbylgju en tíðnisviðið er ætlað fyrir þriðju eða fjórðu kynslóð farsíma í framtíðinni (3G/4G). Gervihnettir eru ekki notaðir til dreifingar á íslenskum dagskrám til almennings og óvíst hvort svo verði vegna kostnaðar í fámennu samfélagi. Póst- og fjarskiptastofnun var með útboð á UHF-rásum fyrir stafrænt sjónvarp árið 2005. Bæði 365 ljósvakamiðlar og RÚV fengu úthlutað tíðnisviði og eiga að vera búin að byggja upp stafrænt dreifikerfi á þessu tíðnisviði fyrir lok árs 2007. Orkuveitan hefur verið að byggja upp ljósleiðarakerfi og hefur nú gert samkomulag við bæjarfélög um að bjóða öllum heimilum háhraðatengingu heim til sín. Íslandsmiðill hefur verið með tilraunasendingar um nokkurra ára skeið á sendi í Bláfjöllum. Fyrirtækið fór að bjóða notendum stafræna sjónvarpsþjónustu á síðasta ári.

**Sameiginlegt dreifikerfi fyrir efnisveitur.**

Ljóst er að hér á landi hafa ólík fyrirtæki verið að byggja upp margs konar dreifikerfi sem mörg hver er hægt að nota fyrir dreifingu á stafrænu sjónvarpi. Ýmsir hafa bent á að fjárfesting í mörgum dreifikerfum fyrir lítinn markað sé mjög kostnaðarsöm. Það kosti milljarða að byggja upp öll þessi dreifikerfi, ólíklegt sé að þau verði öll notuð í framtíðinni og að lokum verði það viðskiptavinirnir sem greiði fyrir háu verði. Í ljósi þessa er rétt að benda á að tilraunir hafa verið gerðar til að fá fyrirtæki á markaði til að sameinast um eitt dreifikerfi sem mundi þjóna öllum efnisveitum á sjónvarpsmarkaði.

Þann 5. nóvember 2002 skipaði samgönguráðherra starfshóp til að gera tillögu um innleiðingu á stafrænu sjónvarpi. Jafet S. Ólafsson framkvæmdastjóri var skipaður formaður hópsins. Í skipunarbréfi var kveðið á um að starfshópnum væri ætlað að gera tillögu um innleiðingu á stafrænu sjónvarpi á Íslandi. Þær áherslur sem samgönguráðuneytið lagði fram vörðuðu uppbyggingu dreifikerfis, skyldur um dreifingu (RÚV-útbreiðslu), uppbyggingu aðgangskerfis, tímaáætlanir, rekstrarform kerfisins og kostnaðaráætlanir.

Áður hafði Póst- og fjarskiptastofnun fundað með hagsmunaaðilum á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði um margra mánaða skeið og stýrði Gústav Arnar, fyrrverandi forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, þeim hópi. Reynt var að ná samstöðu milli hagsmunaaðila og fá fram sjónarmið þeirra um innleiðingu stafræns sjónvarps.

Í kjölfar skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar til samgönguráðherra skipaði hann starfshóp um stafrænt sjónvarp sem fundaði með ýmsum aðilum sem tengdust framleiðslu, sölu og dreifingu á sjónvarpsefni. Þá studdist hópurinn við greinargerð Póst- og fjarskiptastofnunar frá júní 2002 *„Stafrænt sjónvarp á Íslandi: Undirbúningur og innleiðing.“* auk greinargerðar Sigfúsar Björnssonar prófessors við HÍ um aðgangskerfi fyrir stafrænt sjónvarp. Gústav Arnar vann einnig grófa kostnaðarútreikninga varðandi möguleika á stafrænu dreifikerfi sjónvarps.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu og mælti með því að stofnað yrði sameiginlegt dreifingarfyrirtæki aðila á markaði um stafrænt sjónvarp þar sem allir aðilar hefðu jafnan aðgang að dreifingu myndefnis. Forsendan fyrir því að hægt yrði að setja á stofn slíkt fyrirtæki er að stærri efnisveitur mundu nýta sér dreifikerfið. Hugmyndin var að núverandi dreifikerfi yrði að hluta lagt fram sem hlutafé í hið nýja fyrirtæki og sendar, sem mundu úreldast við innleiðingu á stafrænni tækni, yrðu keyptir á matsverði.

Það var mat hópsins að með slíku fyrirkomulagi yrði öll fjárfesting skipulegri og hagkvæmari en ef hver og einn aðili byggði sitt eigið dreifikerfi. Núverandi dreifikerfi RÚV þarf töluverða endurnýjun og aðkallandi var fyrir Norðurljós að endurnýja hliðrænt dreifikerfi sitt. Einnig var það mat hópsins að auðveldara væri fyrir nýjar efnisveitur að komast inn á markaðinn. Slíkt fyrirtæki mundi flýta fyrir því að Ísland kæmist í fremstu röð í þróun upplýsingasamfélagsins.

Í niðurstöðu hópsins var hins vegar bent á að stofnun slíks fyrirtækis ylti verulega á áhuga fyrirtækja á markaði á að taka þátt í að stofna fyrirtækið. Ríkisútvarpið, Norðurljós, Íslenska sjónvarpsfélagið og ýmsir smærri aðilar yrðu að sjá sér hag í að sameinast um dreifingu og kostnaður yrði að vera svipaður og í gamla kerfinu. Jafnframt þyrfti að taka ákvörðun um hvenær loka ætti núverandi hliðrænu sjónvarpi en reka þyrfti hliðrænt dreifikerfi samhliða hinu stafræna í nokkurn tíma. Einnig var það mat hópsins að mikilvægt væri að fylgjast með því hvernig stafrænt sjónvarp yrði innleitt í nágrannalöndunum.

Benti hópurinn á að ýmsir aðilar á markaðnum hefðu lagt í undirbúningsvinnu sem hið nýja fyrirtæki gæti nýtt sér, svo sem Síminn, Norðurljós, Ríkisútvarpið og Íslandsmiðill.

Þegar starfshópurinn hafði skilað greinargerð sinni tókst ekki að ná hagsmunaaðilum saman. Viðræður áttu sér stað milli Norðurljósa og Símans og hagsmunir RÚV eru að komast inn á dreifikerfi sem nær til allra heimila landsins með sem minnstum kostnaði. Í stuttu máli slitnaði upp úr viðræðum Norðurljósa og Símans og Norðurljós ákváðu að fara af stað ein með Digital Ísland á MMDS-tíðnisviðinu sem fyrirtækið hafði notað fyrir hliðrænar sendingar. Síminn hefur í kjölfarið gefið út yfirlýsingar um að hann hyggist byggja upp ADSL-kerfi til sjónvarpsdreifingar fyrir meiri hluta landsmanna. Orkuveitan vinnur að frekari uppbyggingu á ljósleiðarakerfi sínu á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Íslandsmiðill hóf sölu á þjónustu á stafræna dreifikerfi sínu haustið 2004 og skömmu síðar fór Digital Ísland í loftið.

Af þessu má ljóst vera að hvert fyrirtæki fyrir sig heldur áfram uppbyggingu á eigin dreifikerfi sem þjónar hagsmunum þess fyrirtækis. Ljóst er að ólíkar dreifileiðir hafa mismunandi kosti og galla og kostnaðurinn við uppbyggingu á slíkum kerfum er afar misjafn. Fullreynt má telja að fá aðila með svo ólíka hagsmuni til að sameinast um eitt dreifikerfi.

**Núverandi þróun á stafrænum markaði.**

Í sjónvarpsrekstri skiptir magnið og gæðin á efninu máli. Fyrirtækið, sem býður mesta og besta efnið á samkeppnishæfu verði, nær flestum áskrifendum, meiri auglýsingatekjum og getur því haldið áfram að kaupa besta efnið. Staðan á íslenskum markaði í dag er nú sú að tvö öflug fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki, Og Vodafone/365 ljósvaka- og prentmiðlar og Síminn Skjár 1, hafa orðið til á íslenskum markaði.

Ef tekin eru dæmi af öðrum mörkuðum þá hafa fyrirtæki í auknum mæli reynt að bjóða viðskiptavinum sínum fjölbreytta þjónustu. Bankarnir bjóða nú bankaþjónustu, húsnæðislán og tryggingar. Á sama hátt má gera ráð fyrir því að saman muni fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtækin í auknum mæli bjóða heildarþjónustu til sinna viðskiptavina. Fyrirtækin gætu boðið stafrænar sjónvarpsrásir, heimasíma, internetstengingu, farsíma og hverja aðra þjónustu sem þróuð verður í framtíðinni, svo sem heimaverslun og rafræna myndbandaleigu.

Síminn stendur vel að vígi með öflugt dreifikerfi. Fyrirtækið hefur fjárfest í vinsælli sjónvarpsstöð, Skjá 1, og á auk þess réttindi fyrir einu vinsælasta sjónvarpsefni landsins, enska boltanum. Síminn býður auk þess viðskiptavinum sínum fjölda erlendra endurvarpsstöðva. Þá hafa notendur aðgang að rafrænni myndbandaleigu í gegnum *Skjáinn*. Síminn hefur auk þess gert samning við Öryggismiðstöðina um að bjóða viðskiptavinum öryggisþjónustu sem hluta af heildarþjónustu til viðskiptavina.

Og Vodafone hefur aðgang að ljósleiðaraneti Orkuveitunnar sem getur sökum sterkrar stöðu sinnar fjárfest í frekari ljósleiðarauppbyggingu. Fyrirtækið getur auk þess boðið sjónvarp í ADSL-kerfinu og leigt heimtaugarnar af Símanum. 365 ljósvakamiðlar hafa sterka stöðu sem stærsta efnisveitan með mikinn fjölda áskrifenda. Fyrirtækið hefur byggt upp stafrænt kerfi í lofti, Digital Ísland, sem býður upp á mun skýrari mynd og meiri hljóð en áður hefur þekkst í sjónvarpsútsendingum í lofti hér á landi. Auk þess hefur móðurfélagið fest kaup á Securitas og getur boðið öryggisþjónustu fyrir viðskiptavini. Ef fyrirtækin bjóða heildarþjónustu með afsláttarkjörum getur verið freistandi fyrir heimili að kaupa hana frá einum þjónustuaðila í framtíðinni.

Það sem Síminn hefur líklega staðið frammi fyrir er að ef hann hefði ekkert aðhafst í samkeppninni hefði fyrirtækið átt á hættu að tapa stórum hluta heimila í viðskiptum til keppinautanna. Það hefði getað leitt til verðrýrnunar á fyrirtæki sem nú á að einkavæða. Síminn hefur þegar reynslu af því að byggja upp dreifikerfi, Breiðvarpið, án þess að hafa tryggt sér nægilega mikið efni inn á dreifikerfið. Þar sem viðskiptavinir velja sér efni en ekki sjón-

varpsdreifileið hefur Símanum ekki tekist að nýta þessa dreifileið með þeim hætti sem til var ætlast. Því má líta á fjárfestingu Símans í enska boltanum og Skjá 1 sem varnaraðgerð til að bregðast við breyttu samkeppnisumhverfi. Út frá þessu sjónarmiði er áhættan í þessari fjárfestingu líklega hverfandi í samanburði við hagsmunina sem í húfi eru.

Vert er að benda á að við núverandi aðstæður skapast ekki aðeins tækifæri fyrir viðskiptavini heldur einnig hættur. Ef bæði fyrirtækin leggja áherslu á að bjóða sjónvarp um ADSL þýðir það að viðskiptavinir gætu þurft að velja við hvort fyrirtækið það ætlar að eiga viðskipti þar sem aðeins eitt fyrirtæki getur boðið ADSL-þjónustu í einu. Slíkt fyrirkomulag takmarkar verulega val neytenda á efni. Eins og staðan er nú hefur Skjár 1 ekki séð hag sinn í því að fara með dagskrá sína og Enska boltann inn á Digital Ísland. Ekki hafa heldur náðst samningar um að Síminn flytji stöðvar 365 ljósvakamiðla. Nú er aðstæðurnar á fjölmiðlamarkaði þannig að áhorfendur hafa ekki aðgang að þeim sjónvarpsdagskrám, sem þeir vilja, á einni og sömu dreifileiðinni. Einnig má nefna að nú þegar eru vísbendingar um að aðilar á markaði séu farnir að bjóða heildarþjónustu þar sem boðinn er afsláttur af síma, interneti, farsímum og sjónvarpsefni. Getur þetta gert heimili treg til að skipta um þjónustuaðila. Við þessar aðstæður er afar erfitt fyrir nýjar efnisveitur og dreifiveitur að komast inn á markaðinn. Þrátt fyrir að kveðið sé á um það í úrskurðum Samkeppnisstofnunar frá því í mars 2005 að sjónvarpstöðvar 365 ljósvakamiðla og Skjár 1 auk Enska boltans skuli vera aðgengilegar á öðrum dreifikerfum hafa áhorfendur enn ekki aðgang að ólíkum sjónvarpsdagskrám á margvíslegum dreifikerfum. Af almennum dagskrárstöðvum er aðeins Ríkisútvarpið aðgengilegt á öllum dreifikerfum þar sem einkastöðvarnar sjá ekki hag í því að bjóða sjónvarpsrásir sínar á dreifikerfum samkeppnisaðila. Þessi staða er einstök í hinum vestræna heimi.

**Lárétt og lóðrétt eignarhald á fjölmiðlamarkaði.**

Mikil umræða skapaðist um svokallað lárétt eignarhald á fjölmiðlum í kringum fjölmiðlafrumvarpið vorið 2004. Í skýrslu fyrstu nefndarinnar var meðal annars fjallað um tilmæli Evrópuráðsins um að takmarka þau áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa gæti haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar. Hægt er að takmarka áhrifin með því að setja leyfilega hámarksmarkaðshlutdeild þar sem mælikvarðinn væri annaðhvort fjárhagsleg velta eða útbreiðsla (lestur/áhorf/hlustun). Þá gætu stjórnvöld hugað að því að setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum á frjálsum markaði.

Í tilmælunum er einnig bent á að stjórnvöld þurfi að meta þörfina á því að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun, þ.e. þegar sami aðili hefur með höndum framleiðslu, útsendingu, dreifingu og aðra þætti fjölmiðlunar ef hætta er á að hún geti leitt til fábreytni.

Í greinargerð fyrstu nefndarinnar var mikil áhersla lögð á svokallað lárétt eignarhald. Í ljósi þeirra breytinga, sem hafa átt sér stað á markaðnum síðan sú greinargerð var unnin, hefur vaknað sú spurning hvort þörf sé á að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun. Ástæðan er sú að greinileg lóðrétt samþjöppun er að verða á fjölmiðlamarkaði. Á það jafnt við um ljósvaka- og prentmarkaðinn.

Sjá má lóðrétta samþjöppun á flestum sviðum fjölmiðlunar. Slík samþjöppun getur að nokkru leyti talist eðlileg þar sem ljósvakamiðlar þurfa dreifikerfi til að senda út dagskrá sína og prentmiðlar þurfa blaðbera til að dreifa blöðum sínum. Bæði RÚV og 365 ljósvakamiðlar eru með öflug dreifikerfi sem ná til meiri hluta landsmanna. Íslenska sjónvarpsfélagið hefur verið að byggja upp dreifikerfi fyrir sína dagskrá á undanförnum árum og er hún nú aðgengileg hjá Símanum. Sjónvarpsfyrirtækin hafa búið til hluta af sínu efni innan húss og hafa því ráðið yfir allri starfsemi sinni, allt frá efnisframleiðslu til útsendinga. Nú hafa 365 ljósvaka-

miðlar einnig sett upp stafrænt dreifikerfi sem þýðir að fyrirtækið er komið með aðgangsstýrikerfi og stafrænan aðgangskassa inn á þúsundir heimila.

Á prentmarkaði er einnig verulegt lóðrétt eignarhald. Tenging er á milli Ísafoldarprentsmiðju og 365 prentmiðla og Oddi á nú meiri hluta í tímaritaútgáfu Fróða. Árvakur, sem nýlega hefur keypt Blaðið, fjárfesti í nýrri afkastamikilli prentsmiðju og hefur um áralangt skeið verið með eigið dreifikerfi til að bera út blöð sín. Það sama má segja um 365 prentmiðla. Ljóst er að prentmiðlarnir ætla sér stærri hlutdeild í dreifingu á næstu árum en nú þegar er vísir að því þar sem fyrirtækin dreifa alls kyns auglýsingaefni með dagblöðum sínum til lesenda. Því má leiða líkur að því að skilin milli blaða- og póstdreifingar eigi eftir að minnka verulega á komandi árum.

Verulegar breytingar í átt til lóðréttrar samþjöppunar, sem Evrópuráðið hefur m.a. varað við, sbr. umfjöllun hér á undan, hafa átt sér stað síðan fjölmiðlanefndin setti fram skýrslu sína í apríl 2005. Eins og Evrópuráðið hefur ítrekað felast margvíslegar hættur fyrir neytendur við slíka lóðrétta samþjöppun. Hér á Íslandi hefur Dagsbrún aukið umtalsvert markaðshlutdeild í framleiðslu á sjónvarpsefni og auglýsingum með kaupunum á Saga Film. Þá keypti Saga Film framleiðslufyrirtækið Storm. Kaup þessara fyrirtækja voru tilkynnt Samkeppniseftirlitinu og hafa þau fallist á kaupin með skilyrðum. Dagsbrún festi síðan nýverið kaup á Senu. Það sem fylgdi með í kaupunum er starfsemi fyrirtækisins sem áður hét Skífan, að verslununum undanskildum. Með kaupunum á Senu eignaðist Dagsbrún kvikmyndahús, þrjú hljóðver og myndbanda- og DVD-útgáfufyrirtæki. Í kaupunum á Senu fylgdi jafnframt með fyrirtækið D3 sem er leiðandi efnisveita afþreyingarefnis fyrir alla stafræna miðla og rekur m.a. vefinn tónlist.is. Kaup Dagsbrúnar á Senu eru enn til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu. Þá hefur Dagsbrún nýlega keypt fyrirtækið Securitas sem gerir Og Vodafone og 365 miðlum kleift að bjóða öryggisþjónustu fyrir viðskiptavini sína. Að auki tilheyrir fyrirtækið Netleiðir nú fyrirtækjasamsteypu Dagsbrúnar, en Netleiðir er sameinað fyrirtæki Birtu vefauglýsinga og iPlús. Netleiðir sérhæfa sig í markaðsrannsóknum, vefauglýsingum o.fl. og nota m.a. internetið til að gera skoðanakannanir. Einnig má nefna kaup Dagsbrúnar á Kögun sem er leiðandi fyrirtæki í samþættingu upplýsingakerfa.

**Stafrænir fjölmiðlar – nýir möguleikar og ógnir.**

Eins og bent hefur verið á getur eignarhald á fjölmiðlum skipt miklu máli. Þetta á ekki síður við um eignarhald á stafrænum ljósvakamiðlum. Möguleikarnir á verslun og þjónustu í stafrænu sjónvarpi margfaldast miðað við núverandi hliðræna þjónustu. Í náinni framtíð munu áhorfendur geta valið úr margs konar afþreyingu, svo og verslun og upplýsingaþjónustu með nýrri tækni. Í Bandaríkjunum hefur þróunin orðið sú að skil milli frétta, fréttaskýringa og afþreyingar eru að minnka. Þar sem fyrirtæki á stafrænum fjölmiðlamarkaði bjóða ekki aðeins sjónvarpsefni heldur einnig úrval afþreyingarefnis og verslunar munu þau reyna að auglýsa þjónustu sína á sem flestum stöðum til að auka notkunina og þar með arðsemi fyrirtækisins. Einnig hafa fyrirtæki erlendis reynt að samþætta markaðs- og sölustarf miðla sinna og bjóða auglýsendum heildarlausnir á ólíkum miðlum. Við þessar aðstæður kunna sterk tengsl við þjónustufyrirtæki og verslanir að skipta máli þannig að sum þeirra njóti forréttinda umfram önnur í svokölluðu „walled garden"-umhverfi í sjónvarpi framtíðarinnar. Þessi upphafssíða fyrir sjónvarps- og afþreyingarþjónustu í stafrænu umhverfi gerir það að verkum að hægt verður að fara beint inn á heimasíður ákveðinna fyrirtækja, versla, sinna bankaþjónustu o.fl. Eigendur fjölmiðlafyrirtækjanna, sem hagsmuna hafa að gæta í verslun og þjónustu, gætu þannig beintengt fyrirtæki sín áhorfendum á upphafssíðu fjölmiðilsins.

**Staða ríkisfjölmiðla á stafrænum markaði.**

Ríkisútvarpið er í þeirri stöðu að hafa aðeins eina dagskrá á hliðrænu dreifikerfi sem er að verða úrelt og er erfitt og dýrt í rekstri. Árið 2005 var boðin út tíðni á UHF-tíðnisviðinu og sótti RÚV um tíðni sem samsvarar einni fléttu, eða fjórum til fimm sjónvarpsdagskrám. Sérstaða dreifikerfis RÚV í dag er að það nær til allra landsmanna, með örfáum undantekningum, enda hefur það lagaskyldu til að sinna öllum landsmönnum. Stafrænt dreifikerfi þarf að geta komið í stað eldra kerfis. Því þarf að senda dagskrá Ríkisútvarpsins út á stafrænu dreifikerfi sem nær til allra heimila landsins áður en hægt er að hætta útsendingum á hliðræna kerfinu. Þau stafrænu dreifikerfi, sem til staðar eru í dag, ná ekki til allra landsmanna. Sumum þeirra mun aldrei verða ætlað að ná til allra landsmanna þar sem kostnaðurinn er of mikill. Eins og bent hefur verið á vilja notendur fjölbreytt úrval sjónvarpsrása í framtíðinni.

Ríkisútvarpið stendur frammi fyrir vali á því að leigja pláss fyrir dagskrá sína í stafrænu dreifikerfi annars aðila eða byggja eigið dreifikerfi og leigja öðrum aðgang að kerfinu svo að flutningsgeta þess verði nýtt að mestu eða öllu leyti. Það eykur enn á vanda Ríkisútvarpsins að gera verður ráð fyrir að stafrænar sendingar þess verði að ná til sama hlutfalls landsmanna og hliðrænar útsendingar gera en það er talið vera um 99,9%. Það er ólíklegt að hægt verði að ná til jafnstórs hóps ef Ríkisútvarpið verður að leigja sig inn í dreifikerfi annarrar dreifiveitu. Ríkisútvarpið hefur engar knýjandi ástæður til þess að koma upp eigin aðgangskerfi því að dagskráin er opin og á að vera öllum aðgengileg í loftinu. Notendur þurfa engu að síður að afla sér aðgangskassa til að umbreyta stafræna merkinu fyrir sjónvarpstækið. Einnig má benda á að neytendur í dreifbýli munu eiga erfitt með að sætta sig við að fá aðgang að færri dagskrám en bjóðast í þéttbýli. Það hefði hugsanlega verið til bóta í þessu sambandi ef tekist hefði að gera markaðinn fyrir sjónvarpsdreifingu láréttan þar sem eitt eða fleiri dreifingarfyrirtæki tækju að sér gegn gjaldi að dreifa íslenskum dagskrám og jafnvel erlendum um landið.

Nokkur umræða hefur einnig verið um það á undanförnum árum hvort hægt sé að ná til sjómanna á miðunum og Íslendinga erlendis. Sjónvarpsútsendingar til miðanna hafa oft verið á dagskrá hjá stjórnmálamönnum án þess að nokkuð hafi komið út úr því. Þörfin virðist engu að síður vera fyrir hendi. Gervihnattaútsending gefur kost á því að ná til sjómanna. Þegar grófir kostnaðarútreikningar voru gerðir fyrir stafrænt sjónvarp í loftinu fyrir u.þ.b. 95% landsmanna og gervihnattasendingar fyrir síðustu 4,9% kom í ljós að slík tækni væri hugsanlegur valkostur til að senda út dagskrá Ríkisútvarpsins og ná til þessara ólíku hópa.

**Stafrænt sjónvarp í þéttbýli, dreifbýli og strjálbýli.**

Í stafrænni sjónvarpsvæðingu landsins þarf að tryggja að ekki skapist hróplegt ósamræmi hvorki í tíma né magni efnis. Fyrirtækin hafa ekki byggt upp neinar varanlegar stafrænar lausnir í lofti og mörg hver hafa lagt áherslu á dreifingu í jörðu. Þetta þýðir að hluti íbúa landsins í dreifbýli mun ekki hafa aðgang að öllu því mikla magni afþreyingarefnis sem í boði verður á þéttbýlli stöðum í gegnum jarðstrengi. Þau fyrirtæki sem nú senda út sjónvarpsefni hafa ekki séð hag í því hingað til að ná til allra landsmanna á hliðrænum dreifikerfum. Það er ólíklegt að afstaða þeirra breytist í stafrænu umhverfi. Þar sem aðgangur að áhugaverðu sjónvarpsefni er veigamesti hvatinn fyrir dreifiveitur að byggja upp kerfi sín er ekki líklegt að nýjar dreifiveitur muni leggja í uppbyggingu á kerfi nema aðgangur að sjónvarpsefni sé tryggður. Aðgangur dreifiveitna að góðu sjónvarpsefni er því undirstaða þess að dreifiveitur eigi að sjá hag sinn í því að þjóna öllum íbúum landsins. Ef ekki verður hægt að tryggja aðgang dreifiveitna að efni má gera ráð fyrir því að gjá myndist milli þéttbýlis og

dreifbýlis og íbúar dreifbýlis fái ekki sams konar þjónustu og í boði verður í þéttbýli. Eins gæti misræmið falist í þeim tímamun sem tekur að tengja þéttbýlissvæði annars vegar, en það eru þau svæði sem aðaláherslan verður á, og dreifbýli og strjálbýli hins vegar þar sem uppbyggingin er dýrari og íbúar færri. Slíkt ósamræmi bæði í magni og tíma gæti haft neikvæðar afleiðingar fyrir íbúa á landsbyggðinni.

**Stafrænt sjónvarp og íslenskir neytendur.**

Vandamálið, sem blasir við íslenskum neytendum á markaði, er að val þeirra á efni og dreifileiðum hefur takmarkast verulega þar sem ekki er hægt að nálgast sama sjónvarpsefnið á ólíkum dreifileiðum. Einkareknu sjónvarpsrásirnar eru nú einungis sjáanlegar á þeim dreifikerfum sem tengjast þeim.

Evrópuráðið hefur mælst til þess að ríki hafi í huga þann möguleika að setja reglur um flutningsskyldu (e. must carry) dreifiveitna. Þetta þýðir með öðrum orðum að tryggt verði í lögum að efnisveitur, sem óska eftir dreifingu á hinum ólíku dreifikerfum, fái aðgang að dreifikerfunum. Reglurnar hafa verið túlkaðar þröngt og er í raun verið að tryggja fjölmiðlum, sem gegna almannaþjónustuhlutverki eins og ríkissjónvarpsstöðvum, aðgang að lokuðum dreifikerfum eins og kapli eða ADSL. Slíkar reglur eru því augljósir hagsmunir stofnunar eins og RÚV sem ætlað er að þjóna landsmönnum öllum. Þær geta þó einnig verið hagstæðar litlum efnisveitum, sem eru að fóta sig á markaðnum og vilja ná sem mestu áhorfi, myndi sama regla gilda um þær. Á slíkt ekki síst við á litlum og á margan hátt sérstökum markaði eins og þeim sem er hér á landi.

Einnig er vert að benda á að það skiptir efnisveitur máli hvar þær eru númeraðar á fjarstýringunni fyrir aðgangskassann. Þegar áhorfendur hafa um tugi eða hundruð stöðva að velja er ákjósanlegast að vera framarlega. Þó að notendur geti raðað stöðvunum að vild sjálfir er þó ekki víst að allir noti sér þann möguleika. Það getur því skipt máli fyrir íslenskar sjónvarpsstöðvar að vera fyrir framan marga tugi erlendra endurvarpsstöðva sem áhorfendur hafa aðgang að í stafrænu sjónvarpi. Sjónvarpsstöðvar, sem lenda aftarlega í röðinni á fjarstýringunni, eiga það á hættu að viðskiptavinirnir horfi sjaldan eða aldrei á þær, jafnvel þó að þeir hafi aðgang að þeim. Notendur sjónvarpsþjónustu, þar sem boðið er upp á tugi rása, þekkja að oftast verða nokkrar og sömu stöðvarnar fyrir valinu og sjaldan er horft á þær stöðvar sem eru mjög aftarlega í númeraröðinni.

Efnisveitur hafa ekki allar hagsmuni af því að vera á mörgum ólíkum dreifiveitum. Hér á landi virðist það alls ekki vera hagsmunir einkareknu sjónvarpsstöðvanna að vera á dreifikerfum samkeppnisaðila. Þar sem efnisveiturnar greiða hátt verð fyrir gott efni eru það hagsmunir þeirra dreifiveitna sem tengjast þeim að viðskiptavinirnir fái efnið einvörðungu á þeirra dreifikerfi. Nú er ekki hægt að fá aðgang að stöðvum 365 ljósvakamiðla um dreifikerfi Símans og Skjás 1 og Enski boltinn er ekki aðgengilegur á Digital Íslandi. Til að gera íslenskum neytendum kleift að velja bæði efnisveitu og dreifiveitu er nauðsynlegt að setja reglur sem kveða á um flutningsrétt (e. may-carry/must-offer) dreififyrirtækjanna. Það þýðir með öðrum orðum að dreifiveitur geta óskað eftir því að fá aðgang að efni á sama hátt og efnisveitur geta óskað eftir því að fá aðgang að dreifikerfum.

Kosturinn við slíkar reglur er að stuðla að meira valfrelsi fyrir neytendur bæði hvað varðar kaup á sjónvarpsefni og fjarskiptaþjónustu. Einnig örva slíkar reglur framþróun á markaði þannig að nýjar efnisveitur gætu komið sínu efni á framfæri og dreifiveitur sem væru samkeppnishæfar um verð og þjónustu gætu komist á markaðinn án þess að fjárfesta í dýru sjónvarpsefni. Með þessu gætu notendur valið um efni á þeim dreifileiðum sem í boði eru. Sumir

viðskiptavinir hafa e.t.v. áhuga á háhraða sambandi með miklum möguleikum í gegnum ljósleiðara eða ADSL. Aðrir kjósa að greiða minna fyrir þjónustuna og fá efnið í gegnum dreifikerfi í lofti. Gera má ráð fyrir því að mismunandi verð verði á ólíkum dreifileiðum, allt eftir kostnaði við uppbyggingu kerfisins og möguleikunum sem það býður upp á. Lykillinn að því að stuðla að samkeppni og valfrelsi er að sambærilegt efni sé í boði á ólíkum dreifileiðum.

**Efnisréttindi.**

Nokkuð virðist vera á reiki hvernig efnisréttindum er háttað og hvað telst leyfilegt og hvað ekki þegar kemur að kaupum, sölu og dreifingu á sjónvarpsefni. Kaup á efnisréttindum eru um 15–50% af rekstrarkostnaði sjónvarpsstöðva. Fyrir utan launakostnað sjónvarpsstöðva eru efniskaup frá útlöndum stærsti einstaki útgjaldaliðurinn í rekstri stöðvanna. Þetta gildir þó ekki um Ríkisútvarpið. Því er nauðsynlegt að gera efnisréttarmálum góð skil.

**Almennt um efnisréttindi.**

Almennt eru efnisréttindi fyrir ljósvakamiðla seld til ákveðinna svæða (territorial). Þetta þýðir að enginn einn aðili getur keypt réttinn að ákveðnu efni t.d. fyrir alla Evrópu. Til eru undantekningar á þessu þar sem einn og sami aðilinn á e.t.v. rétt á ákveðnu efni fyrir Norðurlöndin en yfirleitt er um að ræða efni sem er ekki eins auðvelt í sölu og t.d. vinsælar kvikmyndir og sjónvarpsþættir frá Bandaríkjunum. Þetta þýðir að almennt er ekki hægt að kaupa efnisrétt fyrir fleiri en eitt svæði nema í undantekningartilvikum, t.d. fyrir stórviðburði á sviði íþrótta. Íslenskar efnisveitur kaupa því efni fyrir Ísland sérstaklega (e. territory of Iceland) en hafa þó ekki þar til nýlega farið að kaupa einkarétt á efni (e. exclusive). Efnisveitu, sem hefur keypt réttindi fyrir annað land, t.d. Bretland, er því ekki heimilt að dreifa efninu til annars lands nema gera um það samning. Nokkuð misjafnar reglur eru um efnisréttindi fyrir ólíka miðla og ólíkar dreifileiðir og er ætlunin að gera þeim skil hér á eftir.

**Sjónvarp.**

Sjónvarpsefni er að jafnaði selt á frjálsum markaði. Sérstakir markaðir eru nokkrum sinnum á ári og kaupa sjónvarpsstöðvarnar gjarnan efni sitt þar. Rétturinn á sjónvarpsefninu gildir fyrir ákveðinn fjölda sýninga í ákveðinn tíma og á ákveðnum miðli. Endursýningin má að jafnaði einungis fara fram í þeim miðli sem rétturinn var upphaflega keyptur fyrir, t.d. fyrir útsendingar í lofti. Samningar á sjónvarpsefni eru yfirleitt þannig að sjónvarpsstöðvar eiga ekki rétt á öllu efni frá ákveðnu fyrirtæki heldur getur hvaða sjónvarpsstöð sem er keypt frá hvaða fyrirtæki sem er. Því má segja að sjónvarpsefni sé alla jafna selt hæstbjóðanda.

Oft eru gerðir magnsamningar í kaupum á sjónvarpsefni. Þeir geta verið þannig að kaupandi greiðir ákveðna upphæð og fær fyrir það ákveðinn fjölda klukkustunda af sjónvarpsefni sem erlendi rétthafinn útvegar kaupandanum. Í slíkum samningum getur kaupandinn fengið efni sem ekki er hafin framleiðsla á en verður framleitt síðar. Ef kaupandinn greiðir hátt verð fyrir slíkan magnsamning getur hann oft fengið talsvert magn af eldra efni með í „kaupbæti". Það efni, sem á eftir að framleiða, getur einnig verið sjónvarpsefni sem reynist afar vinsælt og getur því kaupandinn fengið vinsælt efni á góðum kjörum með slíkum samningum.

Annars konar magnsamningar eru einnig til á markaðnum, svokallaðir „output"-samningar. Þá skuldbindur kaupandinn sig til að kaupa allt efni sem kemur frá ákveðnum framleiðanda, óháð gæðum efnisins. Með slíkum samningum tryggir kaupandinn sér allt efni frá framleiðandanum en fær einnig ýmiss konar efni sem hann kýs ekki. Allir samningar, sem tryggja kaupendum einkarétt á ákveðnu efni, eru ávallt dýrari en efni á frjálsum markaði.

Fyrirtæki sem ráða yfir fleiri „gluggum", þ.e. geta t.d. bæði keypt efni fyrir áskriftarsjónvarp og opnar rásir eiga auðveldara með að gera slíka samninga en samkeppnisaðilar sem eru ekki eins fjölhæfir í efnisframboði.

Hér ber að hafa í huga að fyrirtæki sem hafa mikla útbreiðslu og auglýsingatekjur hafa meiri möguleika á að gera magnsamninga og nota aðeins það efni sem er vinsælt en fyrirtæki sem hafa færri áhorfendur, minni útbreiðslu og auglýsingatekjur. Vegna háttbundinnar samvirkni milli efnis, útbreiðslu og auglýsingatekna eins og fjallað hefur verið um hér að framan geta slíkir magnsamningar styrkt enn frekar fyrirtæki sem þegar eru stór á markaði og gert samkeppnisaðilum erfitt fyrir.

365 ljósvakamiðlar hafa nýverið gert ýmsa „output" samninga sem skuldbinda fyrirtækið til að kaupa efni frá ákveðnum fyrirtækjum. Nýlega gerðu 365 ljósvakamiðlar magnsamning um að kaupa nýjar sjónvarpsseríur (drama og gamanþætti) frá Warner og Fox, en þessi tvö fyrirtæki eru með um 50% hlutdeild á bandaríska markaðnum í sjónvarpsseríum. RÚV og Skjár 1 geta því eftir sem áður sýnt þær seríur sem sjónvarpsstöðvarnar hafa þegar fest kaup á og eru farnar að sýna. Þá hefur Ríkisútvarpið einnig gert magnsamning við Disney þar sem RÚV fær forgang að ákveðnu efni. Einnig er RÚV í samstarfi við Nordvision og European Broadcast Union (EBU) um evróskt sjónvarpsefni, t.d. Eurovision-söngvakeppnina. Á íslenska markaðnum, sem hefur sökum smæðar ekki burði til að framleiða eins mikið af innlendu efni og gert er á stærri mörkuðum, skipar erlent sjónvarpsefni ávallt stóran sess í dagskránni.

**Kvikmyndahús, myndbönd og DVD.**

Efnisréttindum fyrir kvikmyndahús, myndbönd og DVD er öðruvísi háttað. Rétthafar hér á landi kaupa rétt á efni frá tilteknum kvikmyndaframleiðendum. Stærstu bandarísku framleiðendurnir eru Universal, Paramount, Warner, Fox, Disney, Sony og MGM. Hér á landi eru það yfirleitt sömu aðilarnir sem eru rétthafar fyrir kvikmyndahúsin og fyrir myndbönd og DVD. Þetta er þó ekki algilt. Um þessa miðla gildir að íslenskir rétthafar hafa einkasamninga við erlenda framleiðendur. Tekjuskipting af kvikmyndum framleiðendanna er háð prósentu af tekjum fyrir hvern seldan miða eða hvert eintak af myndbandi eða DVD. Þetta hlutfall hefur verið að hækka hin síðari ár og hafa íslenskir rétthafar fengið æ minna í sinn hlut. Þetta þýðir að þeir verða æ háðari sölu á öðrum varningi, t.d. sælgætis- og gossölu í kvikmyndahúsunum til að afla sér tekna. Þess ber enn fremur að geta að erlendu kvikmyndaframleiðendurnir vilja flestir gera upp ágóðann í íslenskum krónum og er það meginástæðan fyrir því að verð fór ekki lækkandi hér á landi þrátt fyrir lækkandi gengi bandaríkjadals.

Efnisréttarhafar hér á landi kaupa einnig efni frá smærri framleiðendum (independent producers). Þessir réttir eru keyptir á markaði frjálsri sölu. Í slíkum viðskiptum er greitt ákveðið verð fyrir myndefnið og eiga efnisréttarhafar hér þá réttindi að því efni. Það sama gildir um þessar myndir og sjónvarpsefnið að myndirnar eru að jafnaði seldar hæstbjóðanda.

**Kvikmyndir fyrir sjónvarp.**

Réttindi fyrir kvikmyndir eru mjög ólík t.d. réttindum fyrir tónlist. Þegar kvikmynd er framleidd er hún seld í svokölluðum réttindagluggum. Í hverjum glugga fyrir sig er ákveðið viðskiptamódel. Fyrst eru kvikmyndirnar sýndar í kvikmyndahúsum. Næst er myndin gefin út á myndbandi og DVD og verður aðgengileg á myndbandaleigum og á sölumyndböndum. Síðasti glugginn er svo sjónvarpsglugginn sem skiptist annars vegar í áskriftarsjónvarp (t.d. Stöð 2) og hins vegar í opnar stöðvar (t.d. RÚV og Skjár 1). Munurinn á áskriftarsjónvarpi

og opnum sjónvarpsstöðvum er sá að þær síðarnefndu hafa ekki aðgang að sama efni og það fyrrnefnda. Kaupi áskriftarsjónvarpsstöð ákveðna titla fá opnu sjónvarpsstöðvarnar ekki aðgang að efninu fyrr en síðar. Það er ástæðan fyrir því að myndir eru oft nýrri í áskriftarsjónvarpi en á opnum rásum. Þess ber þó að geta að þessi regla gildir um bandarískt efni, en evrópsku efni er öðruvísi farið og geta opnar sjónvarpsstöðvar oft fengið aðgang að því á undan áskriftarstöðvunum.

Hlutfall áskriftarsjónvarps hér á landi er með því mesta sem gerist í heiminum. Áætlað hlutfall áskrifenda hér á landi er um 50%. Í öðrum löndum er þetta hlutfall oft í kringum 20%. Þetta háa hlutfall sjónvarpsáskrifenda hér á landi gerir það að verkum að flestir áhorfendur eru búnir að sjá kvikmyndirnar í kvikmyndahúsum, á myndbandi eða DVD eða í áskriftarsjónvarpi þegar myndirnar eru síðan sýndar á opnum rásum. Hér á landi eru aðeins kvikmyndir sýndar aftur á opnum rásum en ekki sjónvarpsþættir. Í Bandaríkjunum er hægt að sjá gamla vinsæla sjónvarpsþætti á mörgum stöðvum. Þar sem framleiðendurnir geta ekki selt þættina hingað tvisvar vilja þeir oft fá hærra verð fyrir hvern þátt.

**Efnisréttindi á ólíkum fjarskiptakerfum.**

Þegar rétthafi kaupir efni skiptir máli í hvaða dreifikerfi hann dreifir efni sínu. Hann kaupir efnið fyrir ákveðna dreifileið en getur yfirleitt fengið viðbót við samninginn um að dreifa efninu á öðrum leiðum. Erlendis selja framleiðendur oft sama efnið t.d. til bæði rétthafa með dreifingu í lofti og rétthafa sem dreifa efninu á t.d. kapalkerfum. Hér á landi er markaðurinn hins vegar það lítill að það gerist mjög sjaldan að fleiri en einum aðila sé seldur réttur að sama efni. En þar sem framleiðendurnir geta aðeins selt efnið einum aðila reyna þeir að fá hærra verð.

**Erlendar endurvarpsstöðvar.**

Sjónvarpsstöðvar, sem eiga réttinn að öllu sínu efni sjálfar, geta selt dagskrá sína til annarra landa. Slíkar stöðvar þekkjum við sem erlendar endurvarpsstöðvar. Þetta eru stöðvar eins og CNN, Discovery, MTV og Cartoon Networks. Langflestar þessara stöðva bjóða ekki einkasamninga og því geta þau fyrirtæki, sem hafa áhuga á efninu, gert samninga við stöðvarnar um endurvarp. Hér á landi eru nokkrir aðilar að sýna sömu stöðvarnar. Færst hefur í vöxt að sjónvarpsstöðvar geri einkasamninga og má t.d. nefna að stöðvarnar Fox News, E! og MGM eru eingöngu aðgengilegar fyrir áhorfendur á Digital Íslandi. Disney Channel er hins vegar aðeins aðgengileg fyrir áskrifendur hjá Símanum. Fyrir slíka samninga er greitt mun hærra verð en fyrir venjulega samninga. Almennt gildir að greitt er ákveðið gjald fyrir hvern áskrifanda að stöðinni.

Sýningar á norrænu ríkissjónvarpsstöðvunum og ýmsum evrópskum sjónvarpsstöðvum hafa verið heimilar hérlendis frá árinu 2000 eins og annars staðar í Evrópu. Um er ræða sjónvarpsdreifingu í beinu viðstöðulausu endurvarpi sem styðst við tilskipun Evrópusambandsins. Flest það efni, sem þar er sýnt, eiga stöðvarnar sjálfar réttindin að. Hins vegar sjónvarpa þær talsverðu magni af aðkeyptu efni. Tilskipunin gerir ráð fyrir að ef rétt umgjörð til innheimtu gjalda fyrir höfundarétt sé til staðar þá sé dreifing sjónvarpsstöðva heimil. Á þeim grundvelli er í gildi samningur réttahafa hérlendis um innheimtu gjalda.

Réttindin á erlendum sjónvarpsstöðvum ná aðeins til endurvarps. Það þýðir að leyfilegt er að taka við stöðinni og dreifa til tiltekinna notenda sem greiða fyrir þjónustuna. Það er hins vegar með öllu óheimilt að taka við erlendum endurvarpsstöðvum frá gervihnetti og

dreifa þeim nema að undangengnum samningum. Einnig er óheimilt að dreifa slíkum rásum inn á hótel, stofnanir og fyrirtæki nema sérstakir samningar séu gerðir um slíkt.

**Stafrænt sjónvarp – nýir möguleikar og nýjar hættur.**

Með stafrænu sjónvarpi verða til nýir réttindagluggar sem geta skapað tekjur fyrir bæði sjónvarpsstöðvar og framleiðendur. Þegar myndbandstæknin ruddi sér til rúms á sínum tíma óttuðust framleiðendur að þeir mundu missa tekjur þar sem færri færu í kvikmyndahús og þeir fengju lægra verð þegar áhorfendur færu að horfa meira á myndbönd. Hins vegar sýndi það sig að þetta reyndist ekki rétt. Í raun jukust tekjurnar þar sem fleiri horfðu á efnið og sáu það jafnvel oft. Því má gera ráð fyrir að með því að bjóða þáttasölusjónvarp (e. Pay-per-View, PPV) og myndefnaveitu (e. Video-on-Demand, VOD) geta framleiðendur og rétthafar enn aukið tekjur sínar með nýjum gluggum.

Framleiðendur og rétthafar standa hins vegar frammi fyrir áður óþekktu vandamáli þegar stafræn tækni er annars vegar. Í hliðrænni tækni rýrna gæðin ávallt við fjölföldun á efni. Ef síðan efni, sem hefur verið fjölfaldað, er aftur fjölfaldað rýrna gæðin enn meira. Með tilkomu stafrænnar tækni eru gæði efnisins ávallt þau sömu. Þetta þýðir að mun auðveldara er að fjölfalda stafrænt efni og halda upprunalegum gæðum. Vegna þessa hafa framleiðendur verið afar hikandi við að bjóða efni sitt á stafrænum sjónvarpskerfum og gera miklar öryggiskröfur til kerfanna. Það hefur sýnt sig að eftir að kvikmynd eða sjónvarpsþáttur er kominn inn á internetið getur hann komist í hendur hundruð þúsunda netverja á nokkrum klukkustundum. Því hefur PPV- og VOD-efni yfirleitt verið selt á lokuð kerfum, svo sem kapalkerfum eða ADSL. Þá þarf að tryggja að ekki sé hægt að brjóta upp öryggiskerfi og fá aðgang að myndefninu.

**Sjónvarp og tölvutækni.**

Mikill munur er á því að selja sjónvarpsefni í lokuðum sjónvarpskerfum annars vegar og í tölvukerfum hins vegar (IP-tækni). Gera þarf sérstaka grein fyrir þeim vanda sem rétthöfum steðjar að IP-tækni. Ástæðan er sú að útsending á stafrænu sjónvarpi mun ekki einskorðast við þekkta sjónvarpsútsendingartækni heldur munu dreifiveitur í auknum mæli nýta sér tölvutækni við flutning á sjónvarpsefni í framtíðinni. Framleiðendur hafa verið mjög tregir til að selja réttindi á IP-netum nema þeir geti tryggt ákveðið öryggi. IP-réttur getur verið með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða efni sem er veitt til notandans og hann horfir á yfir internetið. Hins vegar er um að ræða að hlaða niður mynd á harðan disk sem áhorfandinn hefur aðgang að í ákveðinn tíma. Með því að hlaða niður mynd á harðan disk skapast alltaf hætta á því að hægt verði að komast ólöglega yfir myndina. Takist að brjóta upp lásinn missir rétthafinn yfirsýn yfir myndefnið og hægt er að dreifa myndinni hratt um t.d. netið.

IP-réttindi eru mjög sjaldgæf enn sem komið er. Nokkur fyrirtæki eins og *Movielink* í Bandaríkjunum bjóða þó upp á efni á þennan hátt. Réttur af myndefni á IP-kerfum er seldur til ákveðinna landa á sama hátt og annað sjónvarpsefni. Þetta þýðir að ef notendur í öðrum löndum ætla að kaupa efnið geta þeir það ekki þar sem öryggiskerfið síar út alla erlenda notendur. Ljóst er að slíkum fyrirtækjum mun fjölga ört á næstu mánuðum og árum, sérstaklega þar sem vel hefur gengið að bjóða löglegar tónlistarveitur. Til að viðskiptalegur grundvöllur sé fyrir að bjóða upp á þennan kost fyrir neytendur verður þó að uppræta ólöglega starfsemi á fjölföldun og dreifingu á sjónvarpsefni.

**Íslenskt sjónvarpsefni.**

Bent hefur verið á að þar sem áhorfendur njóta menningar að stórum hluta í gegnum sjónvarpið ætti vandað íslenskt efni að vera veigameiri þáttur í dagskrá innlendra sjónvarpsstöðva. Flestir telja að auka þurfi hlut vandaðra heimildarmynda og leikins íslensk sjónvarpsefnis í íslensku sjónvarpi. Ástæðan fyrir því að ekki er gert meira af þessu efni er sú að það er mjög dýrt í framleiðslu og markaðurinn lítill en innlent efni er um sjötugfalt dýrara í framleiðslu en kaup á erlendum tilbúnum þætti.

Sjónvarpsstöðvarnar hafa takmarkað fjármagn og reyna því að ná til almennings með ódýrara innlendu eða erlendu efni. Framleiðendur hafa einnig bent á að það fjármagn, sem ætlað er fyrir leikið íslenskt sjónvarpsefni hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands, er um 15 millj. kr. á ári. Þetta fé hrekkur mjög skammt til að styðja framleiðslu á leiknu íslensku sjónvarpsefni. Sem dæmi má nefna að framleiðsla á klukkustundarlöngum leiknum sjónvarpsþætti í Evrópu kostar um 60–90 millj. kr.

Til að gera vandaðar íslenskar leiknar myndir þurfa innlendir framleiðendur að róa á erlend mið. Stuðningur á heimamarkaði er forsendan fyrir því að fá fjármagn frá útlöndum. Með slíkum stuðningi geta þeir sótt um í norrænum og evrópskum sjóðum, selt efnið erlendum sjónvarpsstöðvum eða reynt að fá einkafjármagn. Samkeppni er hins vegar mikil meðal framleiðenda. Það getur því reynst erfitt að koma verkefni af þessari gerð í framleiðslu.

Almennt má segja að íslenskir framleiðendur og efnisréttarhafar og rétthafar að erlendu efni séu í svipaðri stöðu þegar kemur að stafrænu sjónvarpi. Hvorir tveggja standa frammi fyrir ógnum og tækifærum. Tækifærin felast í því að geta með nýjum leiðum, svo sem þáttasölusjónvarpi og myndefnaveitu, aukið tekjur sínar. Með internetsjónvarpi opnast einnig leiðir til að markaðssetja íslenskt efni á alþjóðamarkaði. Ógnirnar felast hins vegar í því að auðveldara verður að fjölfalda efnið í upprunalegum gæðum. Þetta þýðir að sjónvarpsefni getur breiðst út á meðal netverja á skömmum tíma.

**Verð sjónvarpsefnis á Íslandi.**

Nú greiða íslenskir áhorfendur hærra verð fyrir minna sjónvarpsefni en íbúar nágrannaríkja okkar. Íslenskir áhorfendur greiða tvöfalt hærra verð fyrir sambærilegt sjónvarpsefni ef miðað er við Norðurlöndin og þrefalt hærra verð ef miðað er við Bretland. Þennan mikla verðmun milli landa má að nokkru leyti skýra með smæð íslensks markaðar. Þess ber einnig að geta að eftir er að ráðast í fjárfestingar til að ljúka uppbyggingu á stafrænum dreifikerfum hér sem nú þegar er búið að byggja upp víða erlendis. Ljóst er að íslenskir áhorfendur munu þurfa að greiða niður þá fjárfestingu með áskriftargjöldum sínum í framtíðinni.

Og Vodafone/365 ljósvakamiðlar og Síminn/Skjár 1 eru í auknum mæli að keppa á markaðnum um sjónvarpsáskrifendur og fjarskiptanotendur og hafa þeir þurft að bjóða enn hærra verð fyrir efni en samkeppnisaðilinn. Þar sem efni er ásamt útbreiðslu og auglýsingatekjum einn þeirra þriggja þátta sem ákvarðar velgengni fjölmiðils á markaði er eðlilegt að fjölmiðlar reyni að ná í besta efnið. Ástandið á Íslandi hefur leitt til tilboðsstríðs til að ná sem mestri hylli áhorfenda og áhorfendur standa frammi fyrir því að greiða afar hátt verð fyrir áskriftina. Þegar Íslenska útvarpsfélagið keypti enska boltann um árið höfðu margir á orði að greitt hefði verið allt of hátt verð miðað við stærð markaðarins. Nú, þegar enski boltinn er sýndur á ADSL-kerfi Símans, verður að greiða enn hærra verð til að ná efninu til samkeppnisaðilans. Verð á vinsælu bandarísku efni hefur allt að því þrefaldast. Vinsælir bandarískir þættir sem kostuðu um 1.500 bandaríkjadali í innkaupum fyrir tveimur árum hafa hækkað upp í 5.000–5.500 bandaríkjadali. Þetta þýðir að greitt er sama verð fyrir klukkustundina á markaði

með 300.000 íbúa og í Danmörku þar sem íbúar eru sautján sinnum fleiri. Nú er svo komið að aðeins Ísland og Ísrael greiða viðlíka verð fyrir bandarískt sjónvarpsefni. Við núverandi aðstæður er afar erfitt fyrir nýjar efnisveitur að komast inn á markaðinn og bjóða úrval af innlendu og erlendu efni í samkeppni við sjónvarpsstöðvarnar sem fyrir eru á markaðnum. Einnig ber að hafa í huga að þar sem íslenskar stöðvar greiða hlutfallslega mjög hátt verð fyrir efnið getur reynst erfitt fyrir þær að vera samkeppnishæfar á alþjóðlegum sjónvarpsmarkaði.

Dreifing hér á landi er dýr fyrir fámennan markað, verð á sjónvarpsefni hefur farið hækkandi og mörg heimili kaupa áskrift að erlendum sjónvarpsstöðvum í gegnum íslenska aðila sem ekki er heimilt að selja hér á landi. Á fámennum markaði hafa þessir samverkandi þættir áhrif á verð og dreifingu á íslenskum sjónvarpsstöðvum.

**Íslensk lögsaga yfir fjölmiðlum.**

Áður óþekkt vandamál munu blasa við yfirvöldum hér á landi með tilkomu stafrænna fjölmiðla. Þar er átt við vandamál sem snúa að lögsögu yfir fjölmiðlum sem íslenskir neytendur hafa aðgang að en lúta ekki íslenskum lögum og reglum þar sem móðurfyrirtækið er starfrækt erlendis.

Með samruna fjölmiðla-, fjarskipta- og tölvutækni er ekkert því til fyrirstöðu að erlend fyrirtæki séu með fjölmiðlarekstur hér í gegnum internetið, á svokölluðu internetsjónvarpi, eins og áður er getið um í kaflanum. Þegar sjónvarpið er orðið gagnvirkt þýðir það að hægt er að komast inn á internetið í sjónvarpi á sambærilegan hátt og gert er í tölvum nú. Nú þegar hafa fyrirtæki gefið yfirlýsingar um að þau ætli sér að komast inn á íslenskan markað með kvikmyndaleigu á internetinu. Má nefna sænska fyrirtækið *Live Networks* í þessu sambandi og fjöldi annarra mun án efa bætast við. Þegar viðskiptavinir kaupa slíka þjónustu í gegnum internetið er erfitt fyrir yfirvöld að hafa afskipti af slíkum viðskiptum. Internetsjónvarp er sambærilegt við það þegar neytendur kaupa sér hugbúnað á internetinu. Hægt er að greiða fyrir þjónustuna með greiðslukorti og ekki eru greiddir skattar og gjöld hér á landi þar sem íslenskir neytendur eru í viðskiptum við erlenda aðila. Auk þess þurfa erlend fyrirtæki ekki að fara eftir þeim lögum og reglum sem gilda um fjölmiðla hér. Allt þetta þýðir að erfitt og að einhverju leyti er útilokað fyrir íslensk yfirvöld að hafa áhrif á innihald slíkra miðla. Þess ber einnig að geta að þegar íslenskir viðskiptavinir kaupa vörur í gegnum internetið, t.d. bækur eða geisladiska, er það sent með pósti til viðskiptavina og skattar og gjöld eru greiddir þegar viðskiptavinurinn fær vörurnar í hendur hér á landi. Þetta á sem kunnugt er ekki við um hugbúnað og svo sem rakið hefur verið mun sama gilda um ýmsa fjölmiðla í framtíðinni.

Íslensk fjölmiðla- og margmiðlunarfyrirtæki munu í auknum mæli keppa við erlend fyrirtæki í framtíðinni. Því verður að hafa í huga að strangar reglur og kvaðir geta verið hamlandi fyrir íslensk fyrirtæki þannig að þau geti ekki verið samkeppnishæf við fyrirtæki erlendis. Íslensk yfirvöld gætu einnig staðið frammi fyrir því að missa lögsögu yfir íslenskum fyrirtækjum sé löggjöf of ströng hér á landi. Dæmi eru um það frá nágrannaríkjum okkar. Í þessu sambandi má nefna að hugsanlega gæti íslensk sjónvarpsstöð gert samninga um að verktakar hér á landi sjái um dagskrárgerð fyrir fyrirtækið sem væri með höfuðstöðvar sínar erlendis. Dagskrá stöðvarinnar, sem gæti verið blanda af íslensku og erlendu efni, væri send út frá útlöndum og myndi berast hingað t.d. í gegnum ljósleiðara. Slík stöð gæti samkvæmt íslenskum lögum verið skilgreind sem erlend endurvarpsstöð og sömu lög mundu ekki gilda um hana og íslenskar stöðvar sem hefðu aðsetur, starfsstöðvar, hér. Slík stöð gæti þannig t.d. sjónvarpað áfengisauglýsingum og þyrfti ekki að texta efni sitt, allt eftir því hvaða lög giltu

í því landi þar sem stöðin væri starfrækt. Ef ætlunin er að ná lögsögu yfir slíka starfsemi þurfa yfirvöld að vinna með erlendum ríkjum til að ná utan um starfsemina með samræmdu og eftir atvikum alþjóðlegu regluverki. Eins þyrfti að skoða það vel bæði lagalega og tæknilega ef íslensk yfirvöld vildu reyna að ná lögsögu yfir erlendum fyrirtækjum sem bjóða þjónustu hér á landi eða íslenskum fyrirtækjum sem væru með höfuðstöðvar sínar erlendis.

Ein leið til að ná utan um viðfangsefnið er sú staðreynd að fyrirtæki, sem bjóða upp á stafrænt gagnvirkt sjónvarp í framtíðinni, munu að öllum líkindum þurfa tekjur frá efnisveitum til að greiða fyrir fjárfestingu sína í dreifikerfinu. Eins og getið er um áður í kaflanum er IP-sjónvarp lausn dreifiveitnanna til að halda utan um efnið og fá tekjur af sölunni. Þetta þýðir að ef miðlarar hér á landi eða endabúnaður hjá notendum er nauðsynlegur fyrir starfsemi erlendra fyrirtækja gætu dreifiveiturnar haft stjórn á tæknilegri hlið dreifingarinnar hér á landi. Dreifiveiturnar munu væntanlega gera samninga við íslenskar efnisveitur um að dreifa efninu gegn ákveðnu gjaldi. Þannig fá þær tekjur upp í kostnað. Ef íslenskir neytendur fengju til sín efni frá útlöndum í miklu magni um internetsjónvarp mætti hugsa sér að dreifiveiturnar reyndu að finna tæknilega leið til að fá einhverjar tekjur af slíkri starfsemi þar sem mikið gagnamagn færi í gegnum dreifikerfi þeirra án þess að þær fengju verulega hlutdeild í tekjum.

Ef litið er á lagalega hlið málsins er ljóst að erlend fyrirtæki, sem væru með verulega starfsemi hér á landi, þyrftu að fá tekjur héðan, annaðhvort í formi áskriftartekna eða í formi auglýsingatekna. Auk þess þyrfti erlendi aðilinn að auglýsa þjónustu sína hér á landi til að ná til hugsanlegra viðskiptavina. Ef fyrirtækið ætlaði að selja þjónustu sína í gegnum þær dreifiveitur sem væru til staðar hér á landi þyrftu þær væntanlega að eiga efnisréttindi fyrir Ísland. Ef þau fyrirtæki, sem væru með verulega starfsemi hér án þess að yfirvöld hefðu lögsögu yfir þeim, brytu gegn íslenskum lögum og reglum gætu yfirvöld hugsanlega náð til þeirra vegna tekjuöflunar aðilans hér á landi. Í þessu sambandi má benda á að breska stjórnin hafði ekki lögsögu yfir Sky þar sem fyrirtækið var staðsett í Lúxemborg. Þegar Sky hafði farið fram hjá breskum lögum um alllangt skeið var eina leiðin fyrir bresku stjórnina til að ná til fyrirtækisins að setja lög á breska auglýsendur á Sky. Breska stjórnin ákvað þó að láta kyrrt liggja.

Ljóst má vera af þessari umfjöllun að ekki má íþyngja íslenskum fjölmiðlum um of þannig að þeir verði ekki samkeppnishæfir við erlenda fjölmiðla. Íslenskir fjölmiðlar búa við kvaðir eins og textun, þeir þurfa að greiða virðisaukaskatt af tekjum sínum, margir hverjir þurfa að greiða ríkinu fyrir tíðnileyfi o.s.frv. Erfitt getur verið fyrir íslensk fyrirtæki á stafrænum markaði að keppa við erlend fyrirtæki sem greiða lægri eða engan virðisaukaskatt, greiða ekkert fyrir tíðnileyfi, þurfa ekki að greiða fyrir textun eða talsetningu og geta fundið nýjar tekjulindir, t.d. í formi áfengisauglýsinga.

Nefna má annað vandamál um lögsögu sem er algjörlega tæknilegs eðlis. Ýmsar reglur gilda bæði hér og erlendis um fjölmiðla sem senda út á rafsegulbylgjum frá einum punkti til annars. Yfirvöld hafa þannig reynt að setja ákveðnar reglur um starfsemi fjölmiðlanna, t.d. með því að staðla endabúnað hjá notendum, setja kvaðir um opinn aðgang o.fl. IP-staðallinn er hins vegar sá staðall sem notaður er fyrir ýmiss konar gagnaflutning og er t.d. símaþjónusta í auknum mæli að flytjast yfir á þennan staðal (e. Voice-over-IP). Í stafrænu umhverfi er sjónvarpsdagskrá í raun eins og hver annar gagnaflutningur og því er ekkert því til fyrirstöðu að fjölmiðlafyrirtæki sendi efni sitt á IP-staðli. Um IP-staðalinn gilda hins vegar ekki sambærilegar reglur þar sem sömu kvaðir hafa ekki verið settar á internetið og ljósvakamiðla. Í stafrænu umhverfi verður hins vegar erfitt að gera greinarmun á þessu tvennu. Því er afar

mikilvægt fyrir íslensk yfirvöld að fylgjast með þeim breytingum sem eru að verða á lagasetningu erlendis á þessu sviði og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði fjölmiðlunar líkt og fulltrúar Póst- og fjarskiptastofnunar hafa gert á ört breytilegum fjarskiptamarkaði.

Hafa þarf í huga með tilkomu internetsins og stafrænnar fjölmiðlunar að íslensk fyrirtæki munu í auknum mæli keppa við erlend fyrirtæki um íslenska neytendur. Þetta þýðir að skapa verður íslenskum fyrirtækjum ákjósanlegt rekstrarumhverfi þar sem þau sjá hag í því að vera með starfsemi sína áfram hér á landi. Einnig þurfa íslensk yfirvöld að fylgjast með þeirri þróun sem er að verða í laga- og reglusetningum í Evrópu til að samræma lög og reglusetningu. Íslendingar glíma við sambærileg vandamál og nágrannaþjóðirnar og mikið af þeim vandamálum þarf að leysa á alþjóðlegum vettvangi.

## III. Fjölmiðlamál á vettvangi Evrópusambandsins og Evrópuráðsins.

### Þjóðaréttur.

Fjölbreytni fjölmiðla hefur undanfarna áratugi komið til skoðunar með ýmsum hætti á vettvangi Evrópuráðsins og Evrópusambandsins.

### Evrópuráðið.

10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu mælir fyrir um rétt sérhvers manns til tjáningarfrelsis. Samkvæmt ákvæðinu felst í rétti þessum frelsi til þess að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum án íhlutunar stjórnvalda og án tillits til landamæra. Tjáningarfrelsið, er samkvæmt Mannréttindadómstól Evrópu, einn af hornsteinum lýðræðislegs þjóðfélags, en slíkt þjóðfélag einkennist af fjölhyggju, umburðarlyndi og víðsýni (dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Handyside gegn Bretlandi frá 7. desember 1976).

Fram hefur komið hjá Mannréttindadómstólnum að í 10. gr. mannréttindasáttmálans felst að almenningur eigi rétt á að fá upplýsingar um mismunandi viðhorf til umdeildra mála (dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sener gegn Tyrklandi frá 18. júlí 2000). Af því leiðir að hendur aðildarríkjanna eru bundnar ef líta má svo á að aðgerðir þeirra dragi úr aðgangi almennings að fjölbreyttum upplýsingum. Á þetta reyndi í dómi Mannréttindadómstólsins í máli Informationsverein Lentia gegn Austurríki frá 24. nóvember 1993 sem snerist um ríkiseinokun á útvarpi þar í landi. Var talið að um brot á 10. gr. væri að ræða enda væri ekki hægt lengur hægt að réttlæta svo róttæka takmörkun á tjáningarfrelsi einkaaðila með vísan til takmarkaðs rásafjölda. Austurísk stjórnvöld báru því reyndar við að vegna þess hve markaðurinn væri lítill væri hætta á fákeppni en dómstóllinn svaraði því til að þegar ríkiseinokun væri aflétt mætti grípa til hliðarráðstafana sem kæmu í veg fyrir einokun einkaaðila.

Ekki var hins vegar talið um brot á 10. gr. að ræða í máli Demuth gegn Sviss, frá 5. nóvember 2002, þar sem fyrirtæki hafði verið synjað um útvarpsleyfi, enda hefðu búið þar að baki málefnaleg sjónarmið um að dagskrá sú sem fyrirhuguð var væri einhæf (sjónvarpsstöðin hugðist fyrst og fremst fjalla um bíla og málefni er varða bifreiðaeigendur).

Þessi dómsmál eiga það sammerkt að vegið er og metið hvort stjórnvöld hafi gengið of langt með aðgerðum sínum sem takmarka tjáningafrelsi fjölmiðlafyrirtækja. Ekki hefur reynt á það frammi fyrir Mannréttindadómstólnum hvort sú skylda kunni að hvíla á ríkjum að grípa til aðgerða til að tryggja fjölbreytni fjölmiðla. Má reyndar segja að erfitt sé að ímynda sér hvernig hægt væri að láta á það reyna.

Til viðbótar við og til fyllingar mannréttindasáttmála Evrópu lætur Evrópuráðið frá sér fara reglulega tilmæli um málefni fjölmiðla og það lagalega starfsumhverfi sem þeim er búið. Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi í sama skilningi og alþjóðasáttmál-

ar sem hafa verið fullgiltir. Í þeim felst pólitísk skuldbinding aðildarríkja þess efnis að réttarkerfi verði löguð að þeim meginreglum sem koma fram í tilmælunum. Tilmæli þessi eru ekki síst mikilvæg leiðsögn um það hvað telja megi evrópsk lágmarksviðmið á viðkomandi réttarsviði. Er iðulega vísað til þeirra þegar lagt er mat á hvort tiltekið aðildarríki uppfylli kröfur sem gera verður til lýðræðis- og réttarríkja.

Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R (99) 1 um aðgerðir til að stuðla að fjölbreytni fjölmiðla til aðildarríkjanna fjalla einkum um möguleg viðbrögð við samþjöppun eignarhalds.

Í skýringum við tilmælin er áréttað það sjónarmið að efni þeirra tengist þeirri skuldbindingu Evrópuráðsins að stuðla að og tryggja tjáningarfrelsi og viðhalda menningarlegri fjölbreytni í Evrópu. Á þeim grundvelli sé talið réttlætanlegt að settar séu fram leiðbeiningar og tilmæli til aðildarríkjanna í þessu efni. Bent er á að réttarkerfi aðildarríkjanna og aðstæður á fjölmiðlamarkaði séu afar mismunandi. Því sé markmiðið með tilmælunum aðeins að lýsa á óskuldbindandi hátt mismunandi leiðum sem gagnlegt getur verið fyrir aðildarríkin að skoða þegar þau taka ákvarðanir sem miða að því að varðveita fjölbreytni og hamla gegn neikvæðum áhrifum samþjöppunar á sviði fjölmiðlunar.

Meginatriði tilmælanna eru þau að lagt er fyrir aðildarríkin að huga að því að setja í lög reglur til að hamla gegn samþjöppun sem gæti stefnt markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun í hættu, hvort heldur á landsvísu eða svæðisbundið. Mælt er með því að ríki skoði möguleika á því að afmarkaðir verði í lögum, við úthlutun leyfa eða aðra lagaframkvæmd, þröskuldar til að takmarka áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa getur haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar. Í dæmaskyni er nefnd hámarks leyfileg markaðshlutdeild þar sem mælikvarði á markaðshlutdeild er annaðhvort fjárhagsleg velta eða útbreiðsla (lestur/áhorf/hlustun). Einnig megi huga að því að setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum á frjálsum markaði. Séu slíkar takmarkanir settar skuli hafa í huga stærð fjölmiðlamarkaðarins í viðkomandi landi og fjárhagslegt bolmagn hans. Fyrirtækjum, sem náð hafa leyfilegri hámarksstærð á tilteknum markaði, verði ekki úthlutað frekari leyfum til að senda út á þeim markaði.

Bent er á að auki að við leyfisveitingar til einkaaðila geti yfirvöld haft sérstaklega í huga að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun.

Jafnframt er bent á að aðildarríkin geti hugað að þeim möguleika að koma á fót sérstakri stofnun sem hafi heimildir til að grípa til aðgerða gegn samruna eða samþjöppun eða öðrum aðgerðum sem hafa með sambærilegum hætti neikvæð áhrif á fjölbreytni í fjölmiðlun. Á sama hátt komi til greina að veita þeim eftirlitsstofnunum, sem fyrir eru, slíkar heimildir. Sé það ekki gerlegt megi huga að því að samkeppnisyfirvöld verði skylduð til að hafa í huga þörfina fyrir fjölbreytni í fjölmiðlun þegar þau hafa til meðferðar mál sem varða samruna eða samþjöppun fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði.

Aðildarríki skuli einnig meta þörfina á því að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun (vertical), þ.e. þegar sami aðili hefur með höndum framleiðslu, útsendingu, dreifingu og aðra þætti fjölmiðlunar þegar hætta er á að hún geti leitt til fábreytni.

Þá er mælt með því að aðildarríki styðji við og styrki þróun nýjunga í fjölmiðlun með það í huga að gripið verði til ráðstafana til að tryggja fjölmiðlafjölbreytni og tryggja sanngjarnan aðgang þjónustuaðila og framleiðenda efnis að fjarskiptakerfum og enn fremur almennings að nýrri samskipta- og fjarskiptatækni. Sérstök áhersla er lögð á þetta atriði til að stuðla að framþróun stafræns sjónvarps.

Varðandi efni og innihald fjölmiðla er mælst til að ríki hugi að því að gera ráðstafanir til að tryggja aðgengi almennings að dagskrárefni sem endurspegli mismunandi pólitísk og menningarleg sjónarmið. Beri í því sambandi að hafa í huga mikilvægi þess að tryggja sjálfstæði ritstjórna (dagskrárstjórna) fjölmiðlafyrirtækja. Enn fremur verði að meta gildi og árangur þeirra ráðstafana sem fjölmiðlarnir sjálfir hafa gert af fúsum og frjálsum vilja til að tryggja þetta.

Þá er mælst til þess að ríki hvetji fjölmiðlafyrirtæki til að styrkja sjálfstæði ritstjóra (fréttastjóra) og blaða- eða fréttamanna í sínum röðum, m.a. með því að þeir setji sér innri reglur þar um. Í skýringum við tilmælin segir um þetta efni:

"32. The question of media owners and how they can influence the editorial content of their outlets has a bearing on media pluralism. It is generally considered that pluralism is better safeguarded when ownership and editorial content are kept separate. This being said, in many countries media owners are entitled to determine the political/editorial line of their media and any restrictions preventing them from being involved in the day-to-day operation of their company would be very difficult to accept. The relationship between the editor and the owner is, to some extent, constitutionally regulated in some countries.

33. Therefore, the Recommendation is not at all prescriptive on this question and simply provides that member States *may consider ways of encouraging media organisations* to secure the rights of editors to decide on editorial matters. It is acknowledged that this is an issue which has primarily to be dealt with via self-regulation.

34. It is nevertheless important to mention in this explanatory report, as examples for member States who consider regulatory intervention in this area necessary, some of the possible measures which can be used to prevent proprietors from influencing the editorial content of the media products which they own. One possibility, which is already found in a number of European countries, is the signing of "editorial agreements" between owners and editors to secure the independence of the latter to take the lead on all editorial decisions free of interference from the proprietors. The terms of such agreements vary and most are constituted on an informal or voluntary basis. There are, however, examples of editorial agreements defined by law or statute.

35. The issue of who has a say in the dismissal and replacement of editors or other key personnel is also of importance. If an owner has the power to dismiss or select new appointees, he can use this to reshape the editorial policy without ever needing to interfere directly with the content. Such power can be used to establish a culture of obedience and self-restraint by journalists. One option to counterbalance this can be to foresee the right of the editorial staff to participate in and veto dismissals and appointments of key new personnel. Similarly, another measure which can be combined with editorial agreements is foreseeing the right to a comprehensive redundancy package for editorial staff who wishes to resign following a change of ownership in a media undertaking. This is the so-called "conscience clause", which is backed by law in several European countries."

Að því er varðar stafræna tækni (e. digitisation) er mælst til þess að ríki hafi í huga þann möguleika að setja reglur um „flutningsskyldu“ (e. must-carry rule) veitufyrirtækja (e. networks). Bent er á að sambærilegar reglur gætu átt við um aðrar dreifingaraðferðir.

Önnur úrræði til að stuðla að fjölbreytni fjölmiðla eru einnig nefnd til sögunnar í tilmælunum eins og tilvist öflugs almannaþjónustuútvarps og styrkir til fjölmiðla sem annars yrðu að hætta rekstri.

Fjölbreytni fjölmiðla á tímum hnattvæðingar var eitt af meginviðfangsefnum evrópsks ráðherrafundar um fjölmiðla sem haldinn var í Úkraínu 10.–11. mars 2005. Í lokaályktun fundarins lýsa ráðherrarnir yfir meðal annars:

- að fjölbreytni fjölmiðla verði eitt af meginviðfangsefnum í löggjöf og stefnumótun um fjölmiðla á næstu árum;
- að þeir muni hvetja til framleiðslu og dreifingu á fjölbreyttu fjölmiðlaefni bæði í hefðbundnum og nýjum fjölmiðlum;
- að samhliða frjálsu flæði upplýsinga yfir landamæri þurfi að grípa til aðgerða til að stuðla að fjölbreytni fjölmiðla á öllum stigum innanlands;
- að leggja beri áherslu á pólitískt sjálfstæði stjórnsýslustofnana á sviði útvarpsmála en einnig varðandi fjárhagslegan grundvöll starfs þeirra og önnur starfsskilyrði;
- að til viðbótar við samkeppnislög kunni að vera mikilvægt að setja sérreglur um fjölmiðla til að hamla gegn samþjöppun;
- að mikilvægt sé að fylgjast grannt með samþjöppunartilhneigingum á markaði.

Gagnsæi í fjölmiðlum er efni sem er nátengt fjölbreytni fjölmiðla. Í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R (94) 13 vísar hugtakið til þess að gerðar séu opinberar upplýsingar um tengsl milli fjölmiðla og aðila utan þeirra sem eru líkleg til að hafa áhrif á sjálfstæði þeirra. Fram kemur að það sé í fyrsta lagi mikilvægt að stjórnvöld hafi aðgang að upplýsingum um eignarhald til þess að geta stemmt stigu við samþjöppun þess og til þess að geta komið auga á þriðja aðila sem gæti haft áhrif á tiltekna fjölmiðla. Í öðru lagi er gagnsæi fjölmiðla mikilvægt til að almenningur geti myndað sér skoðun á þeim upplýsingum og skoðunum sem fram koma hjá fjölmiðlum.

Það má því segja að gagnsæi sé forsenda þess að stjórnvöld geti unnið gegn samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði annars vegar og hins vegar gerir það almenningi kleift að varast áhrif utanaðkomandi aðila á efni fjölmiðla sem annars færi leynt. Aðgerðir til að stuðla að gagnsæi geta samkvæmt þessu ekki komið í stað reglna sem takmarka samþjöppun. En þær eru nauðsynlegur þáttur í árangursríku lagakerfi á þessu sviði.

Velflest Evrópuríki hafa sett ákvæði í lög sem gera kleift að bregðast við óhæfilegri samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði. Mjög misjafnt er þó eftir löndum hvernig þessar reglur eru útfærðar, sbr. það sem rakið er nánar í skýrslum fjölmiðlanefndar frá 2004 og 2005. Stefnumörkun Evrópuráðsins og löggjöf í aðildarríkjunum ber þó vott um að það er rík pólitísk samstaða um að standa þurfi vörð um fjölbreytni í fjölmiðlun.

**Evrópusambandið og skuldbindingar á grundvelli EES-samningsins.**

Stofnanir Evrópusambandsins hafa öðru hverju velt því fyrir sér hvort setja eigi samevrópskar reglur sem tryggi fjölbreytni fjölmiðla. Framkvæmdastjórn ESB gaf þannig út grænbók árið 1992 undir heitinu „Fjölbreytni og samþjöppun fjölmiðla á innri markaðnum – mat á því hvort Evrópusambandið eigi að hefjast handa“. Í kjölfarið voru unnin drög að tilskipun um þetta efni en þau náðu ekki fram að ganga. Skýringin er meðal annars sú að vafi lék á því hvort Rómarsáttmálinn hefði að geyma nægilegan lagalegan grundvöll til slíkrar reglusetn-

ingar. Stjórnarskrársáttmáli Evrópusambandsins bætti að einhverju leyti úr þessu því þar er vísað til fjölbreytni fjölmiðla í tengslum við tjáningarfrelsi. Framtíð sáttmálans er nú í mikilli óvissu eftir að hann var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Frakklandi og Hollandi.

Þá sendi Evrópuþingið frá sér skýrslu um þetta efni í apríl 2004 þar sem lýst er yfir áhyggjum af þeim hættum sem tjáningarfrelsi í álfunni, ekki síst á Ítalíu, stafaði af samþjöppun eignarhalds.

Einnig er rétt að víkja nokkrum orðum að stefnumörkun Evrópusambandsins varðandi fjarskiptamál að svo miklu leyti sem hún varðar ljósvakamiðla. Árið 2002 voru settar fimm nýjar tilskipanir um fjarskiptamálefni. Markmiðið var að auka frjálsræði og innleiða tæknihlutlausar reglur (technologically neutral approach), þ.e. reglur sem væru hinar sömu óháð því hvaða dreifiaðferðir væru notaðar til að koma efni frá sendanda til notanda. Þetta fól í sér töluverða breytingu að því leyti að áður var viðurkennt að sími og útvarp, svo dæmi sé tekið, lytu ólíkum reglum. Í ljósi aukinnar samtvinnunar ólíkra dreifileiða var slíkt ekki lengur réttlætanlegt. Þá hafði höfuðáherslan verið á talsíma en nú þótti ástæða til að setja sömu reglur um farsíma og internetið að því er varðar fjarskiptaþáttinn. Útvarpsstarfsemi fellur einnig undir nýja regluverkið að minnsta kosti hvað dreifinguna snertir. Efni eða innihald útvarpsútsendinga er hins vegar undanskilið. Tilskipanirnar fimm (the Framework Directive, the Access Directive, the Authorisation Directive, the Universal Service Directive og the Directive on Privacy and Electronic Communications) geyma meðal annars fyrirmæli um aðgang að tíðnisviðinu, leyfisveitingar til fjarskiptaþjónustuaðila og skilyrt aðgangskerfi. Þessar tilskipanir hafa verið gerðar hluti af EES-samningnum og efni þeirra leitt í lög hér á landi, sbr. fjarskiptalög nr. 81/2003).

Í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/19/EB (Access Directive) segir að aðildarríkin skuli tryggja varðandi skilyrt aðgangskerfi fyrir stafrænt útvarp að tiltekin skilyrði séu uppfyllt sem talin eru upp í viðauka við tilskipunina. Þar kemur fram að þeir sem reka skilyrt aðgangskerfi fyrir stafrænar útsendingar óháð dreifileið eigi að bjóða öllum útvarpsfyrirtækjum, sem ella gætu ekki náð til viðkomandi notenda, tæknilega þjónustu á sanngjörnum, málefnalegum og jafnræðisgrundvelli sem geri notendum kleift að taka við stafrænum útsendingum fyrirtækjanna. Enn fremur ber þjónustuaðila að halda bókhaldi sínu varðandi aðgangskerfið aðgreindu frá annarri starfsemi.

Þá segir í 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 2002/22/EB (Universal Service Directive) að aðildarríkin megi leggja hæfilegar skyldur á dreifiveitur að flytja tilteknar sjónvarps- eða hljóðvarpsdagskrár þegar umtalsverður hluti notenda slíkra dreifiveitna notar þær sem meginleið til að taka við útvarpssendingum. Einungis eigi að leggja slíkar skyldur á þegar þær eru nauðsynlegar í þágu skýrra almannahagsmuna. Skulu þær vera hóflegar og gagnsæjar og sæta reglulegri endurskoðun. Í 2. mgr. kemur fram að aðildarríkin megi ákveða hæfilegt endurgjald fyrir þessa skyldu enda sitji allar dreifiveitur sem eru í sömu aðstöðu við sama borð.

## IV. Meginefni frumvarpsins.

### a. Almennt.

Hinn 19. janúar sl. skipaði menntamálaráðherra sérfræðinganefnd, eins og áður segir, sem falið var að semja frumvarp til laga um fjölmiðla. Í störfum sínum átti sérfræðinganefndin að byggja störf sín á niðurstöðum fjölmiðlanefndar sem birtust í skýrslu hennar sem út var gefin í apríl 2005. Á bls. 251 í skýrslu fjölmiðlanefndar eru niðurstöður hennar dregnar saman í sjö liðum á svohljóðandi hátt:

a. Að Ríkisútvarpið verði áfram öflugt almannaþjónustuútvarp með áherslu á sérstöðu þess og skyldur sem fjölmiðils í eigu allra landsmanna.
b. Að settar verði reglur sem tryggi gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum.
c. Að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps verði teknar til endurskoðunar með það að markmiði að aðgreina ólíka miðla.
d. Að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, verði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum verði sett hófleg takmörk um heimilan eignarhlut.
e. Að settar verði reglur sem tryggi aukið val neytenda þannig að efnisveitur fái aðgang að ólíkum dreifiveitum og dreifiveitur fái flutningsrétt á fjölbreyttu efni.
f. Að mótaðar verði reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlum.
g. Að stjórnsýsla á þessu sviði verði einfölduð þannig að málefni fjölmiðla séu sem flest á verksviði eins og sama stjórnvaldsins sem starfað gæti sjálfstætt og/eða í tengslum við núverandi Póst- og fjarskiptastofnun.

Fyrsti liður tillagnanna kom ekki til kasta sérfræðinganefndarinnar þar sem efnislega var um hann fjallað í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf., sbr. þskj. 517, 401. mál.

Hér á eftir verður veitt yfirlit yfir tillögur fjölmiðlanefndarinnar, eins og þær birtust í skýrslu hennar, og hvaða tillögur sérfræðinganefndin gerði um útfærslu á þeim í frumvarpi þessu.

**b. Gagnsæi um eignarhald fjölmiðla.**

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að settar yrðu reglur sem tryggði gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

„Nefndin telur rétt að setja reglur um gagnsæi í eignarhaldi á öllum hefðbundnum ljósvaka- og prentmiðlum. Tilkynningaskylda um eignarhald og breytingar á því myndi þannig ná jafnt til ljósvaka- og prentmiðla þó að aðeins ljósvakamiðlar séu leyfisskyldir samkvæmt núgildandi lögum. Nefndin telur til framtíðar litið að reglur af þessum toga ættu að gilda um Netmiðla, a.m.k. þá sem eru ígildi fjölmiðla. Í ljósi þeirrar vinnu, sem nú á sér stað á öðrum vettvangi, bæði hér heima og erlendis, telur nefndin þó á þessu stigi ekki forsendur til þess að gera beinar tillögur þar að lútandi. Reglur um gagnsæi eignarhalds auðvelda almenningi að fá upplýsingar um eigendur einstakra miðla og hversu mikilla hagsmuna þeir eiga að gæta í miðlunum. Gagnsæi í eignarhaldi er nauðsynlegt til að almenningur geti tekið afstöðu til ritstjórnarstefnu og efnis miðlanna. Við lagasetningu þyrfti að veita því stjórnvaldi, sem fara mun með fjölmiðlamál, heimildir til að beita dagsektum og/eða leyfissviptingu séu ekki veittar lögboðnar upplýsingar um eignarhald."

Framangreindar tillögur fjölmiðlanefndarinnar fela a.m.k. í sér fimm megintillögur:

- Reglur um gagnsæi á eignarhaldi á fjölmiðlum nái jafnt til útvarpsstöðva sem dagblaða, en ekki netmiðla að svo stöddu.
- Almenningur á að eiga greiðan aðgang að upplýsingum um hverjir eigi fjölmiðla á hverjum tíma.
- Gagnsæi í eignarhaldi er nauðsynlegt til að almenningur geti tekið afstöðu til annars vegar ritstjórnarstefnu/dagskrárstefnu og efni miðlanna hins vegar eins og það birtist almenningi.
- Tilkynningaskylda á að gilda um eignarhald og breytingar á því.
- Stjórnvald fái heimild til að leggja á dagsektir eða svipta leyfi séu tilkynningar vanræktar.

Í tillögum sérfræðinganefndarinnar er framangreind stefnumörkun fjölmiðlanefndarinnar útfærð í b-lið 4. gr. (6. gr. b), a-lið 5. gr. (14. gr. a) og 7. gr. (30. gr. a).

Í 6. gr. b er mælt svo fyrir að á heimasíðu útvarpsréttarnefndar skuli birtar upplýsingar um þann sem hlotið hefur útvarpsleyfi, útvarpsstjóra sem ber ábyrgð á útvarpsefni, dagskrárstefnu leyfishafa og síðari tilkynningar á breytingu hennar, reglur útvarpsstöðvarinnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu hennar, nafn þess einstaklings eða eigendur þess lögaðila sem rekur útvarpsstöðina, svo og úrskurði útvarpsréttarnefndar í málum útvarpsstöðvarinnar. Með því að gera framangreindar upplýsingar almenningi aðgengilegar á að vera tryggt að þau markmið náist sem fjölmiðlanefndin lagði til grundvallar stefnumótun sinni. Svipuð leið hefur verið farin í norskum rétti.

Í 14. gr. a er mælt fyrir um tilkynningarskyldu þegar breytingar verða á eignarhaldi á útvarpsstöðvum. Í ákvæðinu segir að seljandi og kaupandi beri ábyrgð á því að tilkynning um sölu á hlut í útvarpsstöð sé send útvarpsréttarnefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Til þess að hægt sé að hafa eftirlit með því að allir samningar hafi verið tilkynntir er einnig mælt svo fyrir að eftir sérhvern aðalfund í félögum sem hafa útvarpsleyfi skuli stjórn félagsins senda útvarpsréttarnefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Framangreindar reglur gilda þó ekki hafi stjórn hlutafélags, sem er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, samið svo við verðbréfamiðstöðina að hún skuli senda daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til útvarpsréttarnefndar.

Í 30. gr. a er nánar fjallað um viðurlög við því þegar tilkynningarskylda skv. 14. gr. a er vanrækt. Hafi kaupandi og seljandi vanrækt að tilkynna um eigendaskipti á hlut í útvarpsstöð skal útvarpsréttarnefnd leggja 50.000 kr. stjórnvaldssekt á þá. Hafi félag vanrækt að senda hlutaskrá eftir hluthafafund til útvarpsréttarnefndar getur hún lagt á 200.000 kr. dagsekt á lögaðila fyrir hvern byrjaðan dag.

Sambærilegar breytingar eru lagðar til á lögum nr. 57/1956, um prentrétt. Þannig er mælt svo fyrir að reglur um tilkynningar og birtingu upplýsinga á heimasíðu útvarpsréttarnefndar komi í 10. gr. b og ákvæði um dagsektir komi í 32. gr. laga nr. 57/1956, verði frumvarpið að lögum. Þá er í ákvæði til bráðabirgða mælt svo fyrir að útgefendur dagblaða skuli tilkynna útvarpsréttarnefnd þær upplýsingar sem taldar eru upp í 10. gr. b fyrir 1. september 2006.

**c. Ólíkir miðlar aðgreindir við leyfisveitingar.**

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps verði teknar til endurskoðunar með það að markmiði að aðgreina ólíka miðla. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

„Á vettvangi nefndarinnar var það mikið rætt hvort mögulega ætti að leggja til að mismunandi leyfi verði gefin út fyrir ólíka starfsemi og þá að teknu tilliti til fleiri þátta en eignarhalds. Jafnvel yrði gengið svo langt að sum starfsemi yrði ekki leyfisskyld heldur tilkynningaskyld þannig að stjórnvöld hefðu yfirsýn yfir ljósvakamiðla á hverjum tíma. Að vel athuguðu máli, og að teknu tilliti til jafnræðis og verndar atvinnu- og eignarréttinda, treystir nefndin sér þó ekki til þess að mæla á þessu stigi með slíkri tilhögun. Að öðru leyti gerir nefndin ekki nánari tillögur um það með hvaða hætti beri að flokka ólíka miðla. Nefndin leggur áherslu á að reglur í þessa veru verði einfaldar og skýrar."

Miðað við aðrar tillögur fjölmiðlanefndarinnar taldi sérfræðinganefndin ekki ástæðu til þess að gera tillögu um aðra flokkun útvarpsleyfa að svo stöddu en fram kemur í 3. mgr. 6. gr., sbr. a-lið 4. gr. frumvarpsins. Þar segir að útvarpsleyfi taki ýmist til landsins alls eða séu staðbundin og afmörkuð við tiltekin sveitarfélög. Ákvæðið hefur þýðingu varðandi flutnings-

rétt. Samkvæmt 4. mgr. 22. gr. a nær flutningsrétturinn ekki út fyrir það svæði sem hið staðbundna útvarpsleyfi tekur til.

Þar sem dagblöð eru ekki leyfisskyld eru ekki lagðar til sambærilegar tillögur um breytingar á lögum nr. 57/1956, um prentrétt.

**d. Eignarhald á fjölmiðlum.**

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, verði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum verði sett hófleg takmörk um heimilan eignarhlut. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

„Það er álit nefndarinnar að rétt sé að setja eignarhaldi skorður enda séu þær málefnalegar, almennar og meðalhófs gætt. Við mat hér að lútandi hefur nefndin m.a. haft eftirfarandi þætti í huga. Evrópuráðið hefur lagt fram þau tilmæli til aðildarríkjanna að huga að því að setja í lög reglur til að hamla gegn samþjöppun sem gæti stefnt markmiðinu um fjölbreytni fjölmiðla í hættu. Mælt er með því að ríki skoði möguleika á því að afmarkaðir verði í lögum, við úthlutun leyfa eða aðra lagaframkvæmd, þröskuldar til að takmarka áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa getur haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar. Einnig megi huga að því að setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum. Séu slíkar takmarkanir settar skuli hafa í huga stærð fjölmiðlamarkaðarins í viðkomandi landi og fjárhagslegt bolmagn hans. Þannig verði fyrirtækjum, sem náð hafa leyfilegri hámarksstærð á tilteknum markaði, ekki úthlutað frekari leyfum til að senda út á þeim markaði. Einnig beinir Evrópuráðið þeim tilmælum til aðildarríkjanna að þau meti þörfina á því að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun, þ.e. þegar sami aðili hefur með höndum framleiðslu, útsendingu, dreifingu og aðra þætti fjölmiðlunar.

Svo sem ítarlega er rakið hér að framan einkennist fjölmiðlamarkaðurinn hér á landi, eins og víða erlendis, af verulegri samþjöppun á eignarhaldi. Slík samþjöppun er áhyggjuefni fyrir neytendur/almenning í ljósi þess að fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi enda er gjarnan talað um fjölmiðla sem „fjórða valdið“. Þeir upplýsa, fræða og móta skoðanir almennings. Þeir skemmta, eru vettvangur fyrir auglýsingar og tilkynningar og farvegur fyrir skoðanir stjórnvalda, hagsmunahópa og almennings. Fjölmiðlar hafa það hlutverk að veita aðhald þeim sem fara með pólitískt og efnahagslegt vald á hverjum tíma. Í ljósi þessa verður að stuðla að fjölræði á markaðnum með það að markmiði að tryggja menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni. Svo sem nánar er rakið hér fyrr í skýrslunni er það nokkuð óumdeilt sérfræðilegt mat að úrræði hins hefðbundna samkeppnisréttar nægi ekki ein og sér til þess að sporna við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði. Þær tillögur, sem reifaðar eru hér í framhaldinu, verður því að skoða sem viðbót eða „framlengingu“ við hin hefðbundnu úrræði samkeppnisréttarins. Í einhverjum tilvikum má á hinn bóginn sjá þann möguleika fyrir að til beitingar hefðbundinna samkeppnisréttarlegra úrræða komi í tilvikum sem þessar tillögur ná ekki sérstaklega til.

Skoðaðar hafa verið ýmsar leiðir sem farnar hafa verið í nokkrum samanburðarlöndum. Hefur nefndin fjallað um kosti og galla þessara leiða. Staðreyndin er hins vegar sú að þessi ríki hafa farið mjög svo mismunandi leiðir að framangreindu markmiði. Að hinu samevrópska regluverki slepptu er tæplega ofsagt að löggjöf einstakra þjóðríkja sé í hverju tilviki klæðskerasaumuð fyrir ólík samfélög og markaði. Við mat á þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða fyrir eignarhaldi, verður jafnframt að gæta að því að ekki má ganga of hart fram gagnvart þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem haslað hafa sér völl á þeim viðkvæma markaði sem hinn íslenski fjölmiðlamarkaður er. Reglur af þessum toga mega heldur ekki

leggja stein í götu nýrra aðila á fjölmiðlamarkaði. Þannig verður að feta hið vandrataða einstigi milli þess að tryggja fjölbreytni og fjölræði annars vegar og hins vegar þess að fjárfestar, einstaklingar og fyrirtæki sjái sér hag í því að fjárfesta á fjölmiðlamarkaði. Að öðrum kosti gætu takmarkanir snúist upp í andhverfu sína og unnið gegn því markmiði að almenningur, neytendur, eigi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum.

Vegna þeirra breytinga, sem eru að verða á fjölmiðlum í stafrænu umhverfi, telur nefndin ekki rétt að banna eignatengsl milli dagblaða og ljósvakamiðla. Ástæðan er sú að prentmiðlar eru í ríkara mæli farnir að skilgreina sig sem upplýsingaveitur vegna þeirra samlegðaráhrifa sem felast í samvinnu prent- og ljósvakamiðla í margmiðlunarumhverfi. Í margmiðlunarumhverfi verður í auknum mæli hægt að bjóða texta og myndir á ólíku formi og skapast þá nýir möguleikar fyrir prentmiðlana að stækka og eflast þó að hefðbundinn dagblaðalestur dragist saman. Það er því nauðsynlegt að gefa prentmiðlum svigrúm til framþróunar í breyttu umhverfi.

Nefndin leggur til að almennar takmarkanir verði settar á eignarhald ljósvaka- og prentmiðla sem starfa hér á landi, þó þannig að takmörkunin nái aðeins til fjölmiðla sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu og þar með ákveðnu áhrifavaldi. Þá telur nefndin ástæðu til að binda takmarkanirnar eingöngu við dagblöð af prentmiðlum. Nefndin telur jafnframt ákjósanlegt að mögulegar reglur um eignarhald séu einfaldar og skýrar.

Það er niðurstaða nefndarinnar að ekki sé rétt að gera sérstakan greinarmun á aðilum eftir tengslum þeirra við aðrar atvinnugreinar heldur skuli reglurnar vera almennar og gilda jafnt fyrir alla. Nefndin gerir því tillögur um að eignarhald á fjölmiðlum fari að hafa áhrif ef annað tveggja eða hvort tveggja á við:

- Fjölmiðill hefur ákveðna útbreiðslu, þ.e. þriðjungur af mannfjölda notfærir sér miðilinn að jafnaði á degi hverjum.
- Markaðshlutdeild fjölmiðilsins fer yfir þriðjung af heildarupplagi, heildaráhorfi eða heildarhlustun á hverjum fjölmiðlamarkaði um sig.

Nefndin leggur enn fremur til að takmörkun þessi verði útfærð með þeim hætti að eigi aðili eða skyldir aðilar fleiri en einn fjölmiðil á sama markaði, þ.e. hljóðvarps-, sjónvarps- eða dagblaðamarkaði, þá skuli leggja saman útbreiðslu eða markaðshlutdeild viðkomandi fjölmiðla við framangreint mat. Hins vegar telur nefndin að ekki séu efni til þess að láta það hafa áhrif á þetta mat þótt aðili eigi fjölmiðil á fleiri mörkuðum, þ.e. fleiri en einnar gerðar (sbr. t.d. löggjöf í Noregi). Það mat nefndarinnar helgast af sérstöðu og smæð hins íslenska fjölmiðlamarkaðar. Er þá frekar talin ástæða til þess að hafa hinn almenna áhorfsþröskuld nokkuð lægri en ella. Við ákvörðun þess hvar framangreind mörk liggja er þess að gæta að sambærileg viðmið finnast í löggjöf einstakra ríkja svo sem nánar er fjallað um í 6. kafla. Það er þó alls ekki einhlítt hver þau mörk eru í prósentum talið í hverju landi fyrir sig. Að virtu heildarmati og teknu tilliti til þeirra séraðstæðna, sem hér eru fyrir hendi, þykir nefndinni meðalhófs gætt með framangreindum mörkum.

Við mat á útbreiðslu og markaðshlutdeild skal miða við kannanir sem standast ákveðnar faglegar kröfur og viðurkenndar verða af því stjórnvaldi sem með fjölmiðlamál mun fara, og upplagstölur og aðrar upplýsingar sem rekstraraðilum verður gert skylt að láta stjórnvaldinu í té.

Hér að framan hefur verið komist að niðurstöðu um það hversu mikla útbreiðslu fjölmiðill hafi til þess að eignarhald verði talið hafa þýðingu. Nú verður hins vegar horft til þess með hvaða hætti setja beri eignarhaldi skorður hafi verið farið yfir framangreind mörk útbreiðslu/markaðshlutdeildar.

Við ákvörðun þess hvar mörk af framangreindum toga eigi að liggja er til margs að líta. Í því sambandi horfir nefndin öðru fremur til þess að enginn einn aðili eða tengdir aðilar geti átt ráðandi hlut í fjölmiðli sem náð hefur framangreindri útbreiðslu/markaðshlutdeild. Ein leið til þess að ákvarða ráðandi hlut í fjölmiðli væri sú að ætla stjórnvaldi því sem með fjölmiðlamál mun fara mat þessa hverju sinni. Nefndin telur þó heppilegra og gegnsærra að fastsetja þessi mörk í lögum og telur að öllu virtu sé hóflega farið fram með því að leggja til að eignarmörk verði með þeim hætti að eignarhald framangreindra aðila og skyldra aðila verði aldrei meira en 25 % í slíkum fyrirtækjum.

Með því að útfæra tillögurnar með þessum hætti telur nefndin að stuðlað sé að fjölræði og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði þó þannig að fjölmiðlafyrirtækin geti stækkað og nýtt sér hagkvæmni stærðarinnar en jafnframt gefið gott svigrúm til nýliðunar.

Þó að ljósvakamiðlar verði einungis leyfisskyldir munu takmarkanir á eignarhaldi þó engu að síður einnig ná til dagblaða sem falla undir framangreindar skilgreiningar.

Aðstaðan er að öðru leyti mismunandi í tilviki prentmiðla annars vegar og ljósvakamiðla hins vegar. Viðkomandi stjórnvöld munu geta haft áhrif og eftirlit og eftir atvikum gripið inn í ef farið er yfir leyfileg mörk eignarhalds á ljósvakamiðlum á grundvelli lögbundinna og tímabundinna leyfisveitinga. Annað gildir um prentmiðla sem ekki er gert ráð fyrir að verði leyfisskyldir. Í tilviki þeirra er hins vegar gert ráð fyrir því að viðkomandi stjórnvald geti beitt dagsektum auk þess sem brot á lagafyrirmælum kynnu að varða refsingu.

Í ljósi tilhneigingar til lóðrétts eignarhalds, áréttar nefndin að framangreindar reglur um eignarhald setja dreififyrirtækjum sömu skorður og öðrum eigendum á fjölmiðlum og útheimta þá ekki sérstakar eignarréttarlegar aðgerðir vegna hins lóðrétta eignarhalds.

Svo sem fyrr segir er gert ráð fyrir að eignarhald í framangreinda veru verði eitt þeirra skilyrða sem sett séu fyrir veitingu útvarpsleyfis, sbr. nú 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000. Staða þeirra aðila, sem við gildistöku slíkrar löggjafar hafa gilt útvarpsleyfi, er sjálfstætt athugunarefni. Til greina kæmi að við útgáfu nýrra leyfa yrðu skilyrði í þessa veru tekin upp en eldri leyfi héldu gildi sínu óbreytt. Slíkt myndi óhjákvæmilega leiða til misræmis og aðstöðumunar þeirra aðila sem hefðu nýlega fengið útgefið leyfi og þeirra sem væru með leyfi sem skammur tími væri eftir af. Nefndin leggur því til að öllum aðilum í þeim fjölmiðlarekstri sem takmarkanir þessa kafla munu taka til, jafnt prentmiðlum sem ljósvakamiðlum, verði veittur sambærilegur aðlögunartími þannig að tveimur árum liðnum frá gildistöku laga yrðu aðilar að hafa aðlagað sig hinni nýju löggjöf."

Framangreindar tillögur fjölmiðlanefndarinnar fela a.m.k. í sér fjórar megintillögur:

- Einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar mega ekki eiga meira en 25% eignarhlut í fjölmiðli, þ.e. útvarpsstöð eða dagblaði, hafi hann náð þriðjungs markaðshlutdeild í áhorfi/lestri eða útbreiðslu.
- Eigi aðili eða skyldir aðilar fleiri en einn fjölmiðil á sama markaði, þ.e. hljóðvarps-, sjónvarps- eða dagblaðamarkaði, þá skal leggja saman útbreiðslu eða markaðshlutdeild viðkomandi fjölmiðla við framangreint mat.
- Við mat á útbreiðslu og markaðshlutdeild skal miða við kannanir sem standast ákveðnar faglegar kröfur og viðurkenndar verða af því stjórnvaldi sem með fjölmiðlamál mun fara.
- Ekki má veita umsækjanda útvarpsleyfi ef eignarhald á honum er ekki í samræmi við framangreindar reglur.

Í tillögum sérfræðinganefndarinnar er framangreind stefnumörkun fjölmiðlanefndarinnar útfærð í 5. mgr. a-liðar 4. gr. (6. gr.) og b-lið 4. gr. (6. gr. a), svo og í 9. gr. (ákvæði til bráðabirgða við útvarpslög).

Í 1. mgr. 6. gr. a er mælt fyrir um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum. Þar er miðað við 25% markið sem fjölmiðlanefnd lagði til. Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar er sá þröskuldur þó settur í 2. mgr. að þetta eigi aðeins við þær útvarpsstöðvar sem hafa þriðjungs markaðshlutdeild í heildaráhorfi eða heildarhlustun íslenskra dagskrárstöðva. Sérfræðinganefndin leggur á hinn bóginn ekki til að jafnframt sé miðað við þriðjungs hlutdeild í dreifingu eða útbreiðslu. Ástæðan er sú að verði virkni flutningsreglna frumvarpsins sú að allar íslenskar útvarpsstöðvar fái mjög víðtæka dreifingu á dagskrám sínum hverfur sá þröskuldur sem fjölmiðlanefndin ætlaðist til að væri á 25% eignarhaldsreglunni. Af þeim sökum leggur fjölmiðlanefndin til að einvörðungu verði miðað við þriðjungs markaðshlutdeild í heildaráhorfi sjónvarpsstöðva, heildarhlustun útvarpsstöðva eða lestri dagblaða.

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndarinnar er mælt svo fyrir í 3. mgr. 6. gr. a að ef einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði, þ.e. hljóðvarps- eða sjónvarpsmarkaði, skuli leggja saman markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva við mat skv. 2. mgr. Sá varnagli er þó sleginn að aðeins skuli leggja saman markaðshlutdeild fjölmiðla eigi einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar 10% eða meira í sérhverri útvarpsstöð. Að öðrum kosti gæti eignarhlutur, hversu smár sem hann annars væri í útvarpsstöð eða dagblaði sem hefði þriðjungs markaðshlutdeild, valdið því að 25% reglan yfirfærast sjálfkrafa á aðra útvarpsstöð eða héraðsfréttablað, keypti eigandi hans einnig mjög lítinn hlut í staðbundinni útvarpsstöð eða héraðsfréttablaði. Breytti þar engu enda þótt eigandinn gæti í krafti hinna smáu eignarhluta engin raunhæf áhrif haft á rekstur útvarpsstöðvanna eða dagblaðanna.

Í tillögum fjölmiðlanefndar um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum er rætt um „skylda aðila“. Annars vegar þegar reikna ber hvort útvarpsstöð hafi þriðjungs markaðshlutdeild, en þegar einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði skal leggja saman útbreiðslu svo og markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva. Hins vegar er á því byggt að fyrirtæki og skyldir aðilar eigi ekki samanlagt meira en 25% eignarhlut. Í 4. mgr. 6. gr. a kemur fram skýring á hugtakinu skyldir aðilar. Sérfræðinganefndin leggur til að undir hugtakið falli annars vegar fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi 3. tölul. 4. gr. samkeppnislaga og hins vegar fyrirtæki sem hafa önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða í skilningi 11. tölul. 4. gr. samkeppnislaga. Til þess að tryggja samræmda skýringu á samkeppnislögunum er mælt svo fyrir í 5. mgr. 6. gr. a að útvarpsréttarnefnd geti leitað umsagnar Samkeppniseftirlitsins um skýringu ákvæða 5. mgr. í einstökum málum.

Í 6. mgr. 6. gr. a er mælt fyrir um skyldu útvarpsréttarnefndar til að mæla markaðshlutdeild útvarpsstöðva og heimild hennar til þess að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Í 7. mgr. 6. gr. a er síðan mælt fyrir um skyldu útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja til að veita útvarpsstöð nauðsynlegar upplýsingar til að mæla megi markaðshlutdeild.

Í 8. mgr. 6. gr. a er loks mælt fyrir um þá málsmeðferð sem fylgja ber komi í ljós að eignarhald á útvarpsstöð sé ekki í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Í 9. mgr. 6. gr. a er sleginn sá varnagli að ef útvarpsstöð á í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verði við með fjárhagslegri endurskipulagningu geti stjórn útvarpsstöðvarinnar sótt um tímabundna undanþágu til Samkeppniseftirlitsins frá takmörkunum á

eignarhaldi. Sérfræðinganefndin hefur tekið þetta ákvæði upp í tilefni af ábendingu Hagfræðistofnunar, en með þessari tillögu er reynt að sníða af einn af helstu ókostum reglunnar um takmörkun á eignarhaldi á fjölmiðlum.

Í lokamálsgrein 6. gr. er í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar mælt svo fyrir að óheimilt sé að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef eignarhald á því fer í bága við 6. gr. a.

Í ákvæði til bráðabirgða er mælt svo fyrir að fari eignarhald á útvarpsstöð í bága við ákvæði 6 gr. a hafi eigendur tveggja ára aðlögunartíma til þess að uppfylla skilyrði laganna.

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar er lagt til að bætt verði nýrri grein við lög nr. 57/1956, um prentrétt, og verði þar að 10. gr. a. Eru reglurnar í öllum meginatriðum sambærilegar við það sem hér að framan er lýst með þeirri undantekningu að útgáfa dagblaða er ekki leyfisskyld.

**e. Að settar verði reglur sem tryggi aukið val neytenda þannig að efnisveitur fái aðgang að ólíkum dreifiveitum og dreifiveitur fái flutningsrétt á fjölbreyttu efni.**

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að teknar yrðu í lög reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu á sjónvarpsefni. Sérstök áhersla var á það lögð að lögfesting á reglum um flutningsrétt og flutningsskyldu mundi auka val neytenda og draga úr áhrifum lóðrétts eignarhalds. Í skýrslu nefndarinnar sagði m.a. svo:

> „... hér á undan var leitast við að draga upp þá mynd sem nú blasir við á íslenskum fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði, jafnframt því sem eftir föngum var horft til framtíðar. Í stuttu máli er staðan sú að tvö öflug fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki, Og Vodafone / 365 ljósvaka- og prentmiðlar og Síminn / Skjár 1, eru orðin til á íslenskum markaði. Þessi fyrirtæki geta í krafti stærðar sinnar boðið heildarlausnir fyrir heimili, þ.m.t. stafrænar sjónvarpsrásir, heimasíma, nettengingu, farsíma og hverja þá þjónustu sem þróuð verður í framtíðinni, svo sem heimaverslun og rafræna myndbandaleigu. Síminn stendur vel að vígi með öflugt fjarskiptakerfi. Hann hefur auk þess fjárfest í efni með því að kaupa Skjá 1. 365 ljósvakamiðlar hafa sterka stöðu sem stærsta efnisveitan á markaðnum. Þar sem ekki hafa náðst samningar um að flytja allt efni stöðvanna hjá þeim dreifiveitum sem nú starfa, geta neytendur staðið frammi fyrir því að við val á efnisveitu eða dreifiveitu takmarkist aðgangur þeirra að efni. Þar sem fyrirtækin hafa sterka stöðu á markaðnum er einnig örðugt fyrir nýjar efnis- og dreifiveitur að hasla sér völl, sem minnkar samkeppni til óhagræðis fyrir neytendur. [...]

Nefndin telur það ekki samræmast hagsmunum neytenda að val þeirra á dreifiveitu geti mögulega ráðið kostum þeirra á efnisveitum. Nauðsynlegt er að neytendur geti valið þá efnisveitu sem þeir helst kjósa, sem og dreifiveitu óháð efninu.

Svokölluð „must carry"-regla er þekkt í Evrópu og er í gildi í mörgum Evrópuríkjum, þó jafnan með fremur þröngu gildissviði, og er markmið hennar aðallega að vernda fjölmiðla í almannaþjónustu (e. public service). Regla þessi á sér að nokkru leyti stoð í 55. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, sbr. og tilvitnaðar ákvarðanir samkeppnisyfirvalda frá því í mars 2005. Í 55. gr. fjarskiptalaga segir að skylda megi aðila, sem bjóða fjarskiptanet til dreifingar hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings, til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér netin til að taka á móti hljóð- og sjónvarpssendingum. Slíkar skyldur eru þó aðeins lagðar á þegar sérstaklega ríkar ástæður mæla með því.

Nefndin telur að þegar tekið er tillit til núverandi stöðu á íslenskum markaði sé rétt að setja reglur sem lúta að því að efnisveitur, sem það kjósa, geti fengið dreifingu á þeim dreifiveitum sem þær óska eftir (e. must carry). Með hliðsjón af þeirri sérstöku stöðu, sem uppi

er á hinum örsmáa íslenska markaði, ganga tillögur nefndarinnar lengra þar sem hún telur nauðsynlegt að ákvæðið nái ekki aðeins til fjölmiðla í almannaþjónustu heldur til allra fjölmiðla sem starfa hér á landi. Slíkt ákvæði myndi tryggja litlum efnisveitum aðgang að dreifingu og þar með aðgang að markaðnum. Ef nýjar efnisveitur þyrftu að leggja út í miklar fjárfestingar í dreifikerfum til að komast inn á markaðinn yrði aðgangsþröskuldurinn það hár að nær ógerlegt yrði fyrir þær að koma efninu á markað.

Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að reglan gangi í báðar áttir og leggur til að dreifiveitum verði gert kleift að fá til sín það efni sem þær kjósa (e. may carry/must offer). Nefndinni er ekki kunnugt um að settar hafi verið slíkar reglur annars staðar. Í Evrópu hafa yfirvöld hins vegar gert sér grein fyrir því að það efni, sem áhorfendur vilja, hefur safnast á fárra hendur og er oft aðeins aðgengilegt á ákveðnum dreifileiðum. Þar sem áhorfendur velja sér efni og tæknin og dreifileiðin skiptir þá minna máli er nauðsynlegt fyrir dreifiveitur að hafa aðgang að efninu til að geta yfirleitt verið samkeppnishæfar með sínar dreifileiðir. Vandamálið er því þekkt þótt ekki sé búið að bregðast við því með formlegum hætti í Evrópu.

Nefndin telur að vegna smæðar og sérstöðu íslenska markaðarins sé mikilvægt að lögfesta reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu. Slík löggjöf myndi auka val neytenda og draga úr áhrifum lóðrétts eignarhalds. Nefndin gerir sér grein fyrir því að ýmis vandamál geta komið upp með slíkri reglusetningu og að reglur í framangreinda veru hljóta ævinlega að sæta fjölmörgum takmörkunum. Sumt efni, sem getur staðið til boða hjá efnisveitum, er þess eðlis að taka þarf tillit til velsæmissjónarmiða. Þá þarf að huga að burðargetu dreifiveitna, hversu margar rásir þær geta borið, auk þess sem alls kyns álitamál kunna að koma upp varðandi efnisréttindi og kostnað á ólíkum dreifileiðum. Séu reglurnar skýrar telur nefndin þó eigi að síður að flest ágreiningsmál, sem upp kunna að koma, sé hægt að leysa. Þeir sérfræðingar, sem komið hafa á fund nefndarinnar, telja að slík reglusetning sé framkvæmanleg, bæði lagalega og tæknilega. Meginregluna um samningsfrelsi milli efnisveitna og dreifiveitna yrði að virða en stjórnvaldi því sem fer með fjölmiðlamál yrði falið að skera úr komi upp ágreiningsmál. Nefndin leggur á það áherslu að efnisveiturnar hafi undir öllum kringumstæðum yfirsýn og stjórn á sínum viðskiptavinum án tillits til dreifiveitu. Því má gera ráð fyrir að neytendur greiði aðgreind gjöld fyrir dreifingu annars vegar og efni hins vegar þar sem ekki er hægt að gera efnisveitum skylt að afhenda dreifiveitum upplýsingar um viðskiptavini sína og öfugt. Dreifiveiturnar mundu með þessum breytingum einbeita sér að dreifingu og keppa um verð fyrir sína þjónustu til hagsbóta fyrir neytendur. Efnisveitum yrði gert skylt að bjóða efni sitt á sama verði á ólíkum dreifileiðum og eftirlit haft með því að hvorki efnis- né dreifiveitum verði mismunað í verði."

Framangreindar tillögur fjölmiðlanefndarinnar fela a.m.k. í sér fimm megintillögur:

- Flutningsskylda – útvarpsstöðvar geta fengið dreifingu á dagskrám sínum á fjarskiptanetum fjarskiptafyrirtækja óski þær eftir því (e. must carry).
- Flutningsréttur – fjarskiptafyrirtæki getur fengið að dreifa dagskrám íslenskra sjónvarpsstöðva á fjarskiptanetum sínum óski þau eftir því (e. may carry/must offer).
- Flutningsreglur skulu sæta ákveðnum takmörkunum, svo sem vegna flutningsgetu fjarskiptakerfis.
- Meginregluna um samningsfrelsi milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja ber að virða en útvarpsréttarnefnd er falið að skera úr komi upp ágreiningsmál.
- Útvarpsstöðvar eiga að hafa stjórn á viðskiptavinum sínum án tillits til dreifiveitu.

Í tillögum sérfræðinganefndarinnar er framangreind stefnumörkun fjölmiðlanefndarinnar útfærð í 6. gr. (22. gr.–22. gr. e) og 9. gr. (ákvæði til bráðabirgða).

*Flutningsskylda.*

Í 22. gr. er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo hægt að sé að skylda fjarskiptafyrirtæki að ósk útvarpsstöðvar til þess að flytja dagskrá útvarpsstöðvarinnar um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis. Meðal skilyrðanna er að um sé að ræða sjónvarpsdagskrá sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum. Ekki er því skylt að flytja seinkaða útsendingu, dagskrá á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða á öðrum stöðlum er krefst meiri bandbreiddar. Sá varnagli er sleginn að aðeins má skylda fjarskiptafyrirtæki til að flytja efni sem nemur einum þriðja af flutningsgetu fjarskiptanets þess. Ef fleiri útvarpsstöðvar óska eftir að dagskrár þeirra verði fluttar en fjarskiptanet annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær dagskrár sem hafa mest áhorf samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. Ávallt skal þó flytja dagskrá Ríkisútvarpsins sé þess óskað. Fjarskiptafyrirtæki er á hinn bóginn ekki skylt að flytja dagskrá sjónvarpsstöðvar nema stöðin greiði ávallt að lágmarki gjald sem samsvarar 10% af fjölda þeirra heimila sem ná útsendingu viðkomandi fjarskiptafyrirtækis.

*Flutningsréttur.*

Í 22. gr. a er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo fjarskiptafyrirtæki geti fengið að dreifa dagskrá útvarpsstöðvar á dreifikerfi sínu. Rýmri reglur gilda um flutningsrétt en flutningsskyldu. Þannig taka flutningsréttarreglurnar einnig til sjónvarpsdagskráa sem eru í seinkaðri útsendingu, dagskráa á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða öðrum stöðlum er krefjast meiri bandbreiddar. Reglur um flutningsrétt taka ekki einvörðungu til íslenskra dagskráa útvarpsstöðva sem staðfestu hafa hér á landi heldur einnig erlendra sjónvarpsdagskráa sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um, svo og útsendingu á ákveðnum viðburðum sem ekki fylla heila dagskrá, svo sem íþrótta- og listviðburðum. Um uppgjör á flutningi sem fram fer á grundvelli flutningsréttar fer skv. 22. gr. c, þ.e. greitt er fyrir mælt áhorf og fjölda áskrifenda að læstri dagskrá.

*Fjarskiptanet sem flutningsreglur taka til.*

Í 22. gr. e er fjallað um skrá yfir þau fjarskiptanet hér á landi sem reglur um flutningsskyldu og flutningsrétt taka til. Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrána. Meðal skilyrða sem gerð eru til fjarskiptanets, svo það verði fært á skrána, eru útsendingargæði og nægilegt öryggi til að verja lögverndaða hagsmuni rétthafa útsends efnis.

*Málsmeðferð og framkvæmd.*

Ákvæði 22. gr. b eru byggð á þeirri meginreglu að samningsfrelsi ríki á milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja. Takist hins vegar ekki samningar innan 30 daga um flutning á sjónvarpsdagskrá getur hvor aðili vísað málinu til útvarpsréttarnefndar. Þegar úrskurðað hefur verið um flutning á sjónvarpsdagskrá hefur útvarpsstöðin val um hvort hún stjórnar áskriftarkerfi sínu sjálf eða felur fjarskiptafyrirtæki þá stjórn. Fjarskiptafyrirtæki ber að láta sjónvarpsdagskrár með íslensku tali eða texta hafa forgang þannig að þær séu ofar erlendum endurvarpsstöðvum við röðun á fjarstýringu. Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um allan ágreining sem upp kann að rísa við framkvæmd á flutningi efnis í tilefni af úrskurði nefndarinnar um flutningsrétt eða flutningsskyldu og getur lagt á dagsektir fari útvarpsstöð eða fjarskiptafyrirtæki ekki að úrskurðum hennar.

Eitt af þeim atriðum sem staðið geta í vegi fyrir flutningsrétti eru ákvæði í samning útvarpsstöðvar við rétthafa efnis um að ekki megi flytja efnið um ákveðin fjarskiptanet. Samkvæmt nýrri málsgrein ákvæðis til bráðabirgða (3. efnismgr. 9. gr. frumvarpsins) skulu út-

varpsstöðvar senda útvarpsréttarnefnd alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir gildistöku laganna. Heimili gildandi samningur útvarpsstöðvar um sjónvarpsefni við rétthafa ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í skrá skv. 22. gr. e skal sjónvarpsstöð gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Verði frumvarpið að lögum verður útvarpsstöðvum skylt við kaup á öllu sjónvarpsefni, sem sent verður út í íslenskum dagskrárstöðvum, að semja ávallt svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið um þau fjarskiptanet sem færð hafa verið á skrá skv. 22. gr. e. Hið sama gildir um erlenda sjónvarpsdagskrá sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um. Uppfylli samningur um dagskrárefni ekki þetta skilyrði er óheimilt að senda út efnið sem slíkur samningur tekur til.

*Mælingar og uppgjörsreglur.*

Í 22. gr. c er fjallað um uppgjör á milli sjónvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja vegna flutnings á sjónvarpsdagskrá á grundvelli úrskurðar útvarpsréttarnefndar. Útvarpsréttarnefnd annast mánaðarlega útreikning flutningsgjalds sem útvarpsstöð skal greiða hverju fjarskiptafyrirtæki sem flytur dagskrá þess. Við uppgjör á læstri dagskrá er fjöldi áskrifenda tekin saman samkvæmt upplýsingum aðgangsstýringarkerfa fjarskiptafyrirtækja. Við uppgjör á opnum dagskrám nemur flutningsgjald fjölda þeirra heimila þar sem uppsafnað áhorf eða hlustun á dagskrá samkvæmt áhorfsmælingum sem framkvæmdar verða á vegum útvarpsréttarnefndar fer yfir ákveðin mörk. Þannig verður mælt uppsafnað heildaráhorf eða hlustun yfir mánuðinn með úrtakskönnun. Við mælingar skal síðan margfalda fjölda notenda í mánuði með fjölda mínútna sem hver notandi horfir/hlustar yfir mánuðinn og reikna hlutfall hverrar stöðvar. Sá munur er á uppgjörsreglum um flutningsskyldu og flutningsrétt að hafi sjónvarpsstöð óskað eftir flutningi á dagskrá sinni skal hún ávallt greiða lágmarksgjald skv. 4. mgr. 22. gr. en samkvæmt gjaldskrá ef fleiri en 10% heimila sem ná útsendingum viðkomandi fjarskiptafyrirtækis horfa á dagskrána samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. Óski fjarskiptafyrirtæki hins vegar eftir að fá að flytja sjónvarpsdagskrá skal sjónvarpsstöðin greiða samkvæmt gjaldskrá á grundvelli áhorfsmælinga.

*Gjaldskrá.*

Í 22. gr. d er mælt fyrir um það hvernig það einingarverð skal fundið sem uppgjör á milli sjónvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtæki grundvallast á. Þar kemur fram að við ákvörðunina skuli útvarpsréttarnefnd leggja til grundvallar áætlaðan stofn- og rekstrarkostnað við að koma á fót stafrænu dreifikerfi sem hefur að lágmarki 99,9% dreifingu um landið. Einingarverð fyrir hvert heimili sem sjónvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki fyrir dreifingu á opinni dagskrá skal margfaldað með stuðli sem er mismunandi eftir landsvæðum. Á þessum grundvelli setur útvarpsréttarnefnd gjaldskrá um uppgjör milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja fyrir flutning á sjónvarpsdagskrá eða einstökum viðburðum. Þá ber að greiða aukalegt gjald fyrir að flytja læsta dagskrá.

Aðrar reglur gilda um uppgjör fyrir flutning á hljóðvarpsefni. Hafi fjarskiptafyrirtæki krafist þess að fá að flytja útvarpsdagskrá á fjarskiptaneti sínu getur fjarskiptafyrirtækið ekki áskilið sér greiðslur fyrir slíkan flutning, sbr. lokamálsgrein 22. gr. a. Krefjist aftur á móti útvarpsstöð flutnings á hljóðvarpsefni sínu um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis ber útvarpsstöðinni að greiða fyrir flutninginn. Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um einingarverð sem hljóðvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki mánaðarlega fyrir flutning á efni með hliðsjón af fjölda heimila sem geta tekið við efni stöðvarinnar um hlutaðeigandi fjarskiptanet að teknu

tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 22. gr. d, svo og þeirrar bandbreiddar sem flutningur á hljóðvarpi krefst.

**f. Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í fjölmiðlum.**

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að settar yrðu reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlum. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

> „Í umræðu liðinna mánaða hafa hugmyndir um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla, sem leið til að tryggja sjálfstæði þeirra, ítrekað komið fram. Nefndin gerir sér grein fyrir því að slíkar reglur hafa e.t.v. ekki úrslitaáhrif um ritstjórnarlegt sjálfstæði einar sér en með öðrum þeim úrræðum, sem grein er gerð fyrir í þessum kafla, er það mat nefndarinnar að slíkar reglur mundu gegna ákveðnu hlutverki til bóta.
>
> Nefndin telur þó eðlilegt að slíkar reglur verði settar af stjórnvaldi því sem um fjölmiðlamálefni mun fjalla í samvinnu við fjölmiðlana sjálfa og hagsmunasamtök blaða- og fréttamanna. Gert er ráð fyrir að fjölmiðlum verði gert skylt að taka þær upp að fenginni staðfestingu fyrrgreinds stjórnvalds. Slíkar reglur ættu að tryggja betur stöðu einstakra blaða- og fréttamanna, þ.m.t. stjórnenda á því sviði, gagnvart eigendum fjölmiðilsins. Slíkar reglur þyrftu að ná til starfsumhverfis blaða- og fréttamanna, fjalla um skilyrði áminningar og brottvikningar og miða að því með öðrum hætti að útiloka, svo sem frekast er kostur, afskipti einstakra eigenda fjölmiðils af fréttaflutningi og annarri sjálfstæðri dagskrárgerð. Nefndin telur ekki forsendur til þess á þessu stigi að tilgreina með nákvæmari hætti hvað slíkar reglur eigi að fela í sér enda verður að ætla hagsmunaaðilum, ekki síst samtökum blaða- og fréttamanna, nægilegt svigrúm til raunverulegrar þátttöku í smíði slíkra reglna.
>
> Nefndin telur rétt að árétta að reglum af þessum toga er einvörðungu ætlað að taka til sambands og samskipta eigenda og blaða- og fréttamanna en er ekki ætlað í neinu að taka til eða breyta þeim siðareglum sem blaðamenn starfa eftir.“

Í tillögum sérfræðinganefndarinnar er framangreind stefnumörkun fjölmiðlanefndarinnar útfærð í b-lið 5. gr. (14. gr. b). Þar er mælt svo fyrir að útvarpsstöðvar sem reka fréttastofu skuli setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar og skulu þær samdar í samráði við starfsmenn fréttastofu og starfsmannafélag þeirra. Í reglunum á m.a. að fjalla um starfsskilyrði stjórnenda fréttastofu og fréttamanna við að framfylgja dagskrárstefnu útvarpsstöðvarinnar, starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttamanna gagnvart eigendum útvarpsstöðvarinnar og skilyrði áminningar og brottvikningar fréttamanna.

Lagt er til að sambærilegt ákvæði verði tekið upp í lög nr. 57/1956, um prentrétt, og verði að 10. gr. c.

**g. Stjórnsýsla**

Fjölmiðlanefndin fjallaði í skýrslu sinni um stjórnsýslu á sviði fjölmiðlamála og þá möguleika sem helstu kæmu til greina. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

> „Þær breytingar, sem grein er gerð fyrir í þessum kafla, útheimta grundvallarbreytingar á tilhögun allrar stjórnsýslu varðandi fjölmiðla. Við leit að fyrirmyndum hefur nefndin litið til fjölmargra erlendra ríkja og þá sérstaklega til Bretlands og Finnlands. Staðreyndin er þó sú að í því sem í öðru, sem tengist fjölmiðlum, er fyrirkomulag mjög svo breytilegt frá einu landi til annars. Nefndin telur tvær leiðir heppilegri en aðrar.
>
> Annars vegar kæmi til greina að breyta og rýmka hlutverk núverandi útvarpsréttarnefndar og/eða gera nefndina að sjálfstæðri stofnun. Að mörgu leyti væri slíkt fyrir-

komulag einfaldast og útheimti minnsta röskun á skipan einstakra málaflokka innan stjórnkerfisins. Útvarpsréttarnefnd heyrir nú undir menntamálaráðuneytið. Þess ber hins vegar að gæta að dreifing ljósvakamiðla heyrir undir samgönguráðuneyti og löggjöf um prentrétt undir dómsmálaráðuneyti. Það er mat nefndarinnar að stofnun af framangreindum toga ætti í heild að heyra undir menntamálaráðuneyti. Um verkefni slíkrar stofnunar vísast að breyttu breytanda til þess sem hér fer á eftir.

Hin leiðin tekur mið af þeim miklu breytingum sem eru að verða á fjölmiðlaumhverfinu með stafrænni tækni. Eins og greint er frá í 4. kafla felur margmiðlun í sér að skilin á milli fjölmiðlunar, fjarskipta og tölvutækni verða sífellt óljósari. Álitsgjafar, sem komið hafa fyrir nefndina, hafa enn fremur bent á ókosti þess að sérstök nefnd sjái um leyfisveitingar fyrir ljósvakamiðla þegar úthlutun tíðnileyfa er í höndum annarrar stofnunar. Heppilegt væri að sami aðili hefði umsjón með þessu tvennu. Í ljósi þessa væri mögulegt að sérstakt stjórnvald færi með málefni fjölmiðla undir núverandi Póst- og fjarskiptastofnun. Það útheimti hins vegar að gerðar yrðu breytingar á starfsháttum, uppbyggingu og stjórnsýslu þeirrar stofnunar. Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú þegar með höndum tíðniúthlutanir fyrir ljósvakamiðla og hefur aðhalds- og eftirlitshlutverki að gegna gagnvart fjarskiptafyrirtækjum. Nefndin vill benda á að þessi leið hefur verið farin í mörgum Evrópulöndum, svo sem í Bretlandi og Finnlandi. Með því að setja fjölmiðlamál undir Póst- og fjarskiptastofnun væri auk þess hægt að nýta þá miklu þekkingu sem nú þegar er til staðar innan þeirrar stofnunar. Þessi breyting myndi auk þess leiða til þess að öll löggjöf og eftirlit, sem varðar prentmiðla, flyttist til stofnunarinnar. Augljós ókostur við þessa leið er hins vegar sá að verkefni stofnunarinnar mundu að óbreyttu heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti."

Við samningu frumvarpsins ákvað sérfræðinganefndin að leggja fyrri tillögu fjölmiðlanefndarinnar til grundvallar. Í frumvarpinu er því lagt til að hlutverki útvarpsréttarnefndar verði breytt og það rýmkað. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nefndin fái heimild til að ráða sér til aðstoðar framkvæmdastjóra og annað starfslið eftir því sem fjárveitingar til nefndarinnar leyfa hverju sinni. Þá er fellt undir starfssvið nefndarinnar eftirlit og framkvæmd á ákvæðum 10. gr. a–10. gr. c og 31. og 32. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt. Af þeim sökum er skipunarhætti nefndarinnar breytt og er lagt til að dómsmálaráðherra tilnefni hér eftir einn nefndarmann, Hæstiréttur annan og sá þriðji sé skipaður án tilnefningar af menntamálaráðherra.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru lagðar til viðbótarskilgreiningar í gildandi útvarpslögum sem hafa þýðingu fyrir þann þátt frumvarps þessa sem fjallar um flutningreglur.

Í i-lið er lagt til að hugtakið aðgangskassi komi inn í lögin og verði notað í stað hugtaksins myndlykill, sem m.a. er notað í 6. gr. gildandi laga. Er það gert til samræmis við hugtakanotkun í fjarskiptalögum. Myndlykli er ætlað að veita aðgang að innihaldi læstrar útsendingar, en aðgangskassi hefur viðbótarhlutverk þar sem hann tekur á móti og vinnur úr öllum þáttum stafrænna útsendinga og sendir til sjónvarpstækja.

Þá eru skilgreiningar á hugtökunum fjarskiptafyrirtæki í j- og fjarskiptanet í k-lið samhljóða skilgreiningum í gildandi fjarskiptalögum.

Hugtakið flutningur í l-lið greinarinnar tekur jafnt til flutnings og dreifingar á útvarpsefni. Hugtakið flutningur nær því frá tengipunkti fjarskiptakerfis að úttaki aðgangskassa notenda.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipun útvarpsréttarnefndar og lagt til að fellt verði undir starfssvið nefndarinnar eftirlit og framkvæmd á ákvæðum 10. gr. a–10. gr. c og 31. og 32. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, en einnig er lagt til að skipunarhætti nefndarinnar verði breytt og mun nú dómsmálaráðherra hér eftir tilnefna einn af nefndarmönnum. Að öðru leyti er ákvæðið um skipan nefndarinnar óbreytt.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að verkefni útvarpsréttarnefndar muni stóraukast, verði frumvarpið að lögum, er mælt svo fyrir í 2. mgr. að útvarpsréttarnefnd sé heimilt að ráða sér til aðstoðar framkvæmdastjóra og annað starfslið og er þá einkum miðað við starfsfólk sem hefur sérþekkingu á fjölmiðlum. Getur útvarpsréttarnefnd þá falið framkvæmdastjóra að afgreiða þau mál sem hún telur henta á hverjum tíma fyrir utan mál er varða veitingu eða sviptingu útvarpsleyfis og álagningu stjórnvalds- eða dagsekta en þau mál verður nefndin sjálf að taka ákvarðanir um.

Í 4. mgr. er fjallað um upplýsingaskyldu útvarpsstöðva, fjarskiptafyrirtækja og dagblaða til nota við tölfræðilega vinnslu á stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði. Ákæðið gerir ráð fyrir að menntamálaráðherra setji reglugerð þar sem nánar er mælt fyrir um þær upplýsingar sem veita ber, svo og tíma og fyrirkomulag upplýsingagjafarinnar.

Í 5. er mælt svo fyrir að útvarpsréttarnefnd skuli gera samstarfssamning við Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið um mál sem geta varðað starfssvið þessara stofnana. Með slíku fyrirkomulagi verður framkvæmd markvissari þar sem valdmörk þessara stofnana skarast.

Önnur ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að breytingar verði á heiti II. kafla laganna og hann nefndur lögsaga og stjórnsýsla þar sem eðlilegt þykir að í sama kafla laganna sé fjallað um lögsögureglur og stjórnsýsluhlutverk útvarpsréttarnefndar við framkvæmd laganna.

Um 4. gr.

*Um a-lið (6. gr.).*

Ákvæði 6. gr. eru óbreytt frá 6. gr. gildandi laga ef frá eru talin fjögur atriði:

Í fyrsta lagi hefur öllum ákvæðum sem varða útvarpsréttarnefnd verið skipað í sérstaka grein, þ.e. 2. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi hafa verið gerðar breytingar á því ákvæði er lýtur að staðbundnum útvarpsleyfum. Nýmæli frumvarpsins felst í því að staðbundin útvarpsleyfi eru nú afmörkuð við sveitarfélög.

Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði b-liðar 4. mgr. 6. gr. gildandi laga verði breytt, en þar er mælt svo fyrir að viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva skuli einvörðungu heimilað um þráð og/eða þráðlaust um örbylgju. Af þessu ákvæði leiðir að óheimilt er samkvæmt gildandi lögum að endurvarpa erlendum stöðvum á UHF-tíðnisviðinu. Ein af forsendum þess að hægt verði að fara að nota UHF-tíðnisviðið fyrir fjölrása sjónvarp er að þessu ákvæði verði breytt. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að heimild til að endurvarpa erlendum sjónvarpsstöðvum verði ekki bundin við neina ákveðna tækni í dreifingu hér á landi. Hér ber að hafa í huga að í dreifingu í lofti var samkvæmt gildandi lögum aðeins heimilt að endurvarpa erlendum dagskrám á örbylgju. Þá má geta þess að endurvarp á erlendum dagskrám er einnig heimilað í gegnum þráð, t.d.

á kapalkerfum og ADSL. Þar sem nýlega hefur verið boðin út tíðni á UHF fyrir stafrænt sjónvarp er ljóst að UHF-tíðnisviðið verður notað fyrir stafrænar sjónvarpsútsendingar í náinni framtíð. Því þykir eðlilegt að gefa fyrirtækjum kost á að bjóða fjölrása sjónvarp á UHF-tíðnisviðinu líkt og á örbylgjunni.

Í fjórða lagi er sú breyting lögð til í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar að gert verður að skilyrði fyrir því að fá útvarpsleyfi að eignarhald á því fyrirtæki, sem sækir um leyfið, fari ekki í bága við ákvæði 6. gr. a.

*Um b-lið (6. gr. a).*

Í 1. mgr. 6. gr. a er mælt fyrir um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum. Þar er miðað við 25% markið sem fjölmiðlanefnd lagði til í skýrslu sinni frá því í apríl 2005. Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar er sá þröskuldur þó settur í 2. mgr. að þetta eigi aðeins við þær útvarpsstöðvar sem hafa þriðjung í heildaráhorfi eða heildarhlustun íslenskra dagskrárstöðva. Sérfræðinganefndin leggur á hinn bóginn ekki til að jafnframt sé miðað við þriðjungs hlutdeild í dreifingu eða útbreiðslu. Ástæðan er sú að verði virkni flutningsreglna frumvarpsins sú að allar íslenskar útvarpsstöðvar fái mjög víðtæka dreifingu á dagskrám sínum hverfur sá þröskuldur sem fjölmiðlanefndin ætlaðist til að væri á 25% eignarhaldsreglunni. Af þeim sökum leggur fjölmiðlanefndin til að einvörðungu verði miðað við þriðjungs markaðshlutdeild í heildaráhorfi sjónvarpsstöðva, heildarhlustun útvarpsstöðva eða lestri dagblaða.

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndarinnar er mælt svo fyrir í 3. mgr. 6. gr. a að ef einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði, þ.e. hljóðvarps- eða sjónvarpsmarkaði, skuli leggja saman útbreiðslu svo og markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva við mat skv. 2. mgr. Sá varnagli er þó sleginn að aðeins skuli leggja saman markaðshlutdeild fjölmiðla eigi einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar 10% eða meira í sérhverri útvarpsstöð. Að öðrum kosti gæti eignarhlutur, hversu smár sem hann annars væri í útvarpsstöð eða dagblaði sem hefði þriðjungs markaðshlutdeild, valdið því að 25% reglan yfirfærist sjálfkrafa á aðra útvarpsstöð eða héraðsfréttablað, keypti eigandi hans einnig mjög lítinn hlut í staðbundinni útvarpsstöð eða héraðsfréttablaði. Breytti þar engu þótt eigandinn gæti í krafti hinna smáu eignarhluta engin raunhæf áhrif haft á rekstur útvarpsstöðvanna eða dagblaðanna.

Í tillögum fjölmiðlanefndar um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum er rætt um „skylda aðila". Annars vegar þegar reikna ber hvort útvarpsstöð hafi þriðjungs markaðshlutdeild, en þá ber að leggja saman útbreiðslu svo og markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva þegar einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði. Hins vegar er á því byggt að fyrirtæki og skyldir aðilar eigi ekki samanlagt meira en 25% eignarhlut. Í 4. mgr. 6. gr. a kemur fram skýring á hugtakinu skyldir aðilar. Lagt er til að undir hugtakið falli annars vegar fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi 3. tölul. 4. gr. samkeppnislaga og hins vegar fyrirtæki sem hafa önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða í skilningi 11. tölul. 4. gr. samkeppnislaga. Til þess að tryggja samræmda skýringu á samkeppnislögunum er mælt svo fyrir í 5. mgr. 6. gr. a að útvarpsréttarnefnd geti leitað umsagnar Samkeppniseftirlitsins um skýringu ákvæða 4. mgr. í einstökum málum.

Í 6. mgr. 6. gr. a er mælt fyrir um skyldu útvarpsréttarnefndar til að mæla heildaráhorf og -hlustun útvarpsstöðva og heimild hennar til þess að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Í 7. mgr. 6. gr. a er síðan mælt fyrir um skyldu útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja til að veita útvarpsstöð nauðsynlegar upplýsingar til að mæla megi áhorf og hlustun.

Í 8. mgr. 6. gr. a er loks mælt fyrir um þá málsmeðferð sem fylgja ber komi í ljós að eignarhald á útvarpsstöð sé ekki í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Í 9. mgr. 6. gr. a er sleginn sá varnagli að ef útvarpsstöð á í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verði við með fjárhagslegri endurskipulagningu geti stjórn útvarpsstöðvarinnar sótt um tímabundna undanþágu til útvarpsréttarnefndar frá takmörkunum á eignarhaldi. Með þessari tillögu er reynt að sníða af einn helsta ókost reglunnar um takmörkun á eignarhaldi á fjölmiðlum.

Í 11. mgr. 6. gr. a er tekið af skarið um það að ákvæði greinarinnar gildi ekki um eignarhald ríkisins á Ríkisútvarpinu. Í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur til grundvallar fyrirliggjandi frumvarpi um Ríkisútvarpið hf., þar sem í 1. gr. er sett það skilyrði að það hlutafélag verði að fullu í eigu ríkisins og sala félagsins eða hlut þess, eða sameining við önnur félög eða slit þess sé óheimil, er jafnframt lagt til að Ríkisútvarpinu verði óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.

*Um c-lið (6. gr. b).*

Í 1. mgr. 6. gr. b er í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar lagt til að gagnsæi á fjölmiðlamarkaði verði aukið með því að ákveðnar upplýsingar verði birtar um útvarpsstöðvar á heimasíðu útvarpsréttarnefndar. Þannig er lagt til að birtar verði upplýsingar um nafn, kennitölu og lögheimili þess sem hlotið hefur útvarpsleyfið svo og gildistíma leyfis. Jafnframt ber að birta nafn útvarpstjóra sem ber ábyrgð á útvarpsefni í samræmi við ákvæði IX. kafla laganna. Samkvæmt 14. gr. b eiga útvarpsstöðvar, sem reka fréttastofu, að setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar. Reglur sérhverrar útvarpsstöðvar um ritstjórnarlegt sjálfstæði verða síðan birtar á heimasíðu útvarpsréttarnefndar. Þá skulu birtar upplýsingar um nafn einstaklings eða eigendur þess lögaðila sem rekur útvarpsstöðina. Loks skulu birtir úrskurðir útvarpsréttarnefndar í málum útvarpsstöðvarinnar. Í skýrslu fjölmiðlanefndar er lögð áhersla á að reglur um gagnsæi eignarhalds auðveldi almenningi að fá upplýsingar um eigendur einstakra miðla og hversu mikilla hagsmuna þeir eiga að gæta í miðlunum. Gagnsæi í eignarhaldi sé nauðsynlegt til að almenningur geti tekið afstöðu til ritstjórnarstefnu og efnis miðlanna.

Um 5. gr.

*Um a-lið (14. gr. a).*

Í 14. gr. a er mælt fyrir um tilkynningarskyldu þegar breytingar verða á eignarhaldi á útvarpsstöðvum. Í ákvæðinu segir að seljandi og kaupandi beri ábyrgð á því að tilkynning um sölu á hlut í útvarpsstöð sé send útvarpsréttarnefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Til þess að hægt sé að hafa eftirlit með því að allir samningar hafi verið tilkynntir er einnig mælt svo fyrir að eftir sérhvern aðalfund í félögum sem hafa útvarpsleyfi skuli stjórn félagsins senda útvarpsréttarnefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Framangreindar reglur gilda þó ekki hafi stjórn hlutafélags, sem er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, samið svo við verðbréfamiðstöðina að hún skuli senda daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til útvarpsréttarnefndar sem birtir hana síðan á heimasíðu sinni.

*Um b-lið (14. gr. b).*

Í 1. mgr. 14. gr. b er, í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar, lagt til að útvarpsstöðvar sem reka fréttastofu skuli setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar. Í skýrslu fjölmiðlanefndar er tekið fram að slíkar reglur hafi e.t.v. ekki úrslitaáhrif um ritstjórnarlegt sjálfstæði einar sér en með öðrum úrræðum gegni slíkar reglur ákveðnu hlutverki til bóta.

Í 2. mgr. 14. gr. b er talið upp í þremur liðum það lágmarksefni sem fram á að koma í slíkum reglum. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að fjallað sé um fleiri atriði í slíkum reglum.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar útvarpsréttarnefnd til staðfestingar. Í slíkri staðfestingu felst einvörðungu lögmætiseftirlit samkvæmt meginreglum stjórnsýsluréttar. Útvarpsréttarnefnd kemur því eingöngu með athugasemdir við slíkar reglur telji hún ákvæði þeirra fara í bága við lög.

Í 4. mgr. 14. gr. b er mælt svo fyrir að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skuli endurskoðaðar árlega í samráði við starfsmenn fréttastofa og starfsmannafélag þeirra. Reynsla af framkvæmd og vandamálum sem upp koma á þannig að skila sér smám saman inn í reglurnar eftir því sem tilefni er til.

Ekki er lagt til að það varði viðurlögum þótt útvarpsstöð vanræki að setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa. Á hinn bóginn bæri útvarpsréttarnefnd að taka það fram á heimasíðu sinni hafi slíkar reglur ekki verið settar, sbr. d-lið 6. gr. b.

Um 6. gr.

*Um a-lið (22. gr.).*

Í a-lið (22. gr.) er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo hægt að sé að skylda fjarskiptafyrirtæki að ósk útvarpsstöðvar til þess að flytja dagskrá útvarpsstöðvarinnar um stafræn fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis. Meðal skilyrðanna er að um sé að ræða íslenska sjónvarpsdagskrá sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum. Hvorki er skylt að flytja seinkaða útsendingu, dagskrá á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða á öðrum stöðlum er krefst meiri bandbreiddar né dagskrár sem eru eingöngu helgaðar fjarsölu. Sá varnagli er sleginn að aðeins má skylda fjarskiptafyrirtæki til að flytja efni sem nemur einum þriðja af flutningsgetu fjarskiptanets þess. Er slíkur varnagli sleginn þar sem ekki þykir rétt að leggja þungar byrðar á fjarskiptafyrirtæki sem hafa takmarkaða bandbreidd og rásafjölda. Í bandarískum rétti (Cable Act) er ákvæði líkt þessu þar sem kapalfyrirtækjum er skylt að flytja dagskrár í eigu annarra fyrirtækja og er þá stuðst við þriðjung eins og hér er gert. Bandaríska löggjöfin er flóknari og eru fjarskiptanet sett í ákveðna flokka eftir stærð. Hér hefur ákvæðið verið einfaldað í samanburði við bandarískan rétt. Ef fleiri útvarpsstöðvar óska eftir að dagskrár þeirra verði fluttar en fjarskiptanet annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær dagskrár sem hafa mest áhorf samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. Ljóst er að slíkar reglur auðvelda ekki litlum og nýjum sjónvarpsstöðvum aðgang að dreifikerfum með takmarkaðan rásafjölda. Þótti hins vegar rétt að teknu tilliti til neytendasjónarmiða að áhorfendur hefðu ávallt aðgang að þeim sjónvarpsstöðvum sem hefðu mest áhorf hverju sinni. Ávallt skal þó flytja dagskrá Ríkisútvarpsins sé þess óskað. Fjarskiptafyrirtæki er á hinn bóginn ekki skylt að flytja dagskrá sjónvarpsstöðvar ef færri en 10% þeirra heimila sem ná útsendingu viðkomandi fjarskiptafyrirtækis horfa mánaðarlega á dagskrána samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar á fjarskiptanetum fjarskiptafyrirtækisins nema útvarpsstöðin greiði ávallt að lágmarki fyrir áhorf er nemur 10% af fjölda þeirra heimila sem ná útsendingu viðkomandi fjarskiptafyrirtækis. Er þessi varnagli sleginn til að fjarskiptafyrirtækjum verði ekki gert skylt að bera kostnað af dagskrám sem hafa lítið áhorf.

*Um b-lið (22. gr. a).*

Í b-lið (22. gr. a) er fjallað um flutningsrétt, þ.e. þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo fjarskiptafyrirtæki geti fengið að dreifa dagskrá útvarpsstöðvar á stafrænu dreifikerfi sínu. Rýmri reglur gilda um flutningsrétt en flutningsskyldu, enda eru það fjarskiptafyrirtæk-

in sem óska eftir flutningi á tilteknu efni. Þannig taka flutningsréttarreglurnar einnig til sjónvarpsdagskráa sem eru í seinkaðri útsendingu, dagskráa á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða öðrum stöðlum er krefjast meiri bandbreiddar. Fjarskiptafyrirtæki sem ráða yfir mikilli bandbreidd á kerfum sínum eða miklum fjölda rása fá flutningsrétt að útsendingum í háskerpu, á breiðtjaldi og í seinkaðri útsendingu. Reglur um flutningsrétt taka ekki einvörðungu til íslenskra dagskráa útvarpsstöðva sem staðfestu hafa hér á landi heldur einnig erlendra sjónvarpsdagskráa sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um, svo og útsendingu á ákveðnum viðburðum sem ekki fylla heila dagskrá, svo sem íþrótta- og listviðburðum. Viðburðir ýmiskonar fylla yfirleitt ekki heila dagskrá nema tímabundið. Slíkir viðburðir geta verið afar vinsælir og þykir ákjósanlegt að ólík fjarskiptafyrirtæki hafi möguleika á að flytja slíkt efni. Eins eru ýmsir íþróttaviðburður sendir út á sérstökum rásum og fylla ekki heila dagskrá. Með því að fjarskiptafyrirtæki hafi flutningsrétt á viðburðum er reynt að tryggja jafnræði milli fyrirtækjanna í efni og reynt að koma í veg fyrir að einstakar efnisveitur skilgreini tiltekið vinsælt sjónvarpsefni sem viðburð til að komast fram hjá flutningsreglunum. Lögin taka einnig til erlendra endurvarpsrása enda hefur það færst í vöxt að gerðir séu einkaréttarsamningar um þær. Þá tekur ákvæðið einnig til þess ef íslenskar sjónvarpsstöðvar flytja starfsemina til útlanda til að komast hjá lögum um flutningsrétt, en um lögsögu yfir sjónvarpsefni er sérstaklega fjallað í kaflanum *Íslensk lögsaga yfir fjölmiðla* í almennum athugasemdum. Fjarskiptanet sem ekki hafa yfir að ráða aðgangsstýringu geta óskað eftir að flytja dagskrár samkvæmt reglum um flutningsrétt. Þeim fyrirtækjum er hins vegar einungis leyft að flytja opnar dagskrár þar sem aðgangsstýring er nauðsynleg til að geta læst og opnað fyrir áskriftarsjónvarp. Um uppgjör á flutningi sem fram fer á grundvelli flutningsréttar fer skv. 22. gr. c, þ.e. greitt er fyrir mælt áhorf og fjölda áskrifenda að læstri dagskrá.

*Um c-lið (22. gr. b).*

Í c-lið (22. gr. b) er fjallað um málsmeðferð og framkvæmd. Ákvæðið er byggt á því að samningsfrelsi ríki á milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja. Takist hins vegar ekki samningar innan 30 daga um flutning á sjónvarpsdagskrá getur hvor aðili vísað málinu til útvarpsréttarnefndar. Þegar úrskurðað hefur verið um flutning á sjónvarpsdagskrá hefur útvarpsstöðin val um hvort hún stjórnar áskriftarkerfi sínu sjálf eða felur fjarskiptafyrirtæki þá stjórn.

Með flutningsreglunum er verið að brjóta upp lóðrétt eignarhald á efni og dreifingu og því er ljóst að það verður hvati fyrir efnisveitur að reyna að beina viðskiptavinum sínum að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Til að tryggja aðskilnað sjónvarpsstöðvar og fjarskiptafyrirtækis þykir rétt að banna útvarpsstöðvum að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Ef slíkt er ekki bannað í lögum er hætta á að útvarpsstöðvarnar reyni að beina viðskiptavinum sínum að völdum fjarskiptafyrirtækjum og fjarskiptafyrirtæki sem ekki eiga sjónvarpsstöðvar munu áfram eiga erfitt uppdráttar. Fjarskiptafyrirtækjunum verður heimilt að bjóða alls kyns þjónustu en með ákvæðinu er þrýst á um að þau keppi sín á milli með því að bjóða hagstætt verð og góða þjónustu. Það geta fyrirtækin einungis gert ef þau geta boðið sambærilegt efni.

Fjarskiptafyrirtæki ber að láta þær dagskrár hafa forgang sem hafa íslenskt tal eða texta þannig að þær séu ofar erlendum endurvarpsstöðvum við röðun á fjarstýringu. Þar sem það skiptir miklu máli fyrir sýnileika sjónvarpsstöðvar að vera ofarlega í númeraröðinni á fjarstýringunni er talið rétt að veita dagskrám með íslensku tali eða texta forgang. Að baki ákvæði þessu liggja menningarpólitísk sjónarmið um vernd íslenskrar tungu. Ákvæðið tekur jafnt til dagskráa íslenskra útvarpsstöðva sem og erlendra dagskráa enda sé dagskráin með

íslensku tali eða texta. Ákvæðið er þannig bæði byggt á málefnalegum og veigamiklum sjónarmiðum um vernd margbreytileika ólíkra tungumála.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um allan ágreining sem upp kann að koma við framkvæmd á flutningi efnis í tilefni af úrskurði nefndarinnar um flutningsrétt eða flutningsskyldu og getur lagt á dagsektir fari útvarpsstöð eða fjarskiptafyrirtæki ekki að úrskurðum hennar.

Eitt af þeim atriðum sem staðið geta í vegi fyrir flutningsrétti eru ákvæði í samningi útvarpsstöðvar við rétthafa efnis um að ekki megi flytja efnið um ákveðin fjarskiptanet. Samkvæmt nýrri málsgrein í ákvæði til bráðabirgða (3. efnismgr. 9. gr. frumvarpsins) skulu útvarpsstöðvar senda útvarpsréttarnefnd alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir gildistöku laganna. Heimili gildandi samningur útvarpsstöðvar um sjónvarpsefni við rétthafa ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í skrá skv. 22. gr. e skal sjónvarpsstöð gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Verði frumvarpið að lögum verður útvarpsstöðvum skylt við kaup á öllu sjónvarpsefni, sem sent verður út í íslenskum dagskrárstöðvum, að semja ávallt svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið um þau fjarskiptanet sem færð hafa verið á skrá skv. 22. gr. e. Hið sama gildir um erlenda sjónvarpsdagskrá sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um. Uppfylli samningur um dagskrárefni ekki þetta skilyrði er óheimilt að senda út efnið sem slíkur samningur tekur til. Ákvæðið á að tryggja að fjölmiðill reyni ekki að komast fram hjá flutningsreglunum með því gera aðeins samninga um kaup á efni fyrir fjarskiptafyrirtæki tengt sjónvarpsstöðinni.

*Um d-lið (22. gr. c).*

Í d-lið (22. gr. c) er fjallað um mælingar og uppgjörsreglur á milli sjónvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja vegna flutnings á sjónvarpsdagskrá á grundvelli úrskurðar útvarpsréttarnefndar. Útvarpsréttarnefnd annast mánaðarlega útreikning flutningsgjalds sem útvarpsstöð skal greiða hverju fjarskiptafyrirtæki sem flytur dagskrá þess. Við uppgjör á læstri dagskrá er fjöldi áskrifenda tekinn saman samkvæmt upplýsingum aðgangsstýringarkerfa fjarskiptafyrirtækja. Á sumum fjarskiptaleiðum verður auk þess hægt að fá upplýsingar um áhorf á opnum dagskrám og mun útvarpsréttarnefnd kalla eftir því þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir. Þá kallar útvarpsréttarnefnd eftir upplýsingum hjá fjarskiptafyrirtækjunum um fjölda tengdra aðgangskassa þar sem gera má ráð fyrir því að áskrifendur horfi að mestu á opnar dagskrár á þeirri dreifileið sem þeir greiða fyrir. Við uppgjör á opnum dagskrám nemur flutningsgjald fjölda þeirra heimila þar sem uppsafnað áhorf eða hlustun á dagskrá samkvæmt áhorfsmælingum sem framkvæmdar verða á vegum útvarpsréttarnefndar fer yfir ákveðin mörk. Þó að áhorfsmælingar geti aldrei orðið nákvæmar og gefi aðeins vísbendingu um áhorf á hverju fjarskiptaneti fyrir sig er samt stuðst við þessa tækni þar sem hún er notuð í auglýsingaiðnaðinum. Uppgjör fyrir birtingu auglýsinga í ljósvakamiðlum er gjarnan byggt á áhorfsmælingum og er veltan í þessum iðnaði mikil. Þar sem áhorfsmælingar þykja nægilega nákvæmar fyrir auglýsingaiðnaðinn er einnig ætlunin að nota þær fyrir uppgjör milli fjölmiðla og fjarskiptafyrirtækja.

Útvarpsréttarnefnd mun vera með úrtakskönnunum þar sem mælt er uppsafnað heildaráhorf eða hlustun yfir mánuðinn og skal síðan margfalda fjölda notenda í mánuði með fjölda mínútna sem hver notandi horfir/hlustar yfir mánuðinn og reikna hlutfall hverrar stöðvar. Sá munur er á uppgjörsreglum um flutningsskyldu og flutningsrétt að hafi sjónvarpsstöð óskað eftir flutningi á dagskrá sinni skal hún ávallt greiða lágmarksgjald skv. 4. mgr. 22. gr. en samkvæmt gjaldskrá ef fleiri en 10% þeirra heimila sem ná útsendingu viðkomandi fjarskiptafyrirtækis horfa á dagskrána samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. Óski fjar-

skiptafyrirtæki hins vegar eftir að fá að flytja sjónvarpsdagskrá skal sjónvarpsstöðin greiða samkvæmt gjaldskrá á grundvelli áhorfsmælinga.

*Um e-lið (22. gr. d).*

Í e-lið (22. gr. d) er fjallað um gjaldskrá þar sem mælt fyrir um hvernig það einingarverð skal fundið sem uppgjör á milli sjónvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja grundvallast á. Þar kemur fram að við ákvörðunina skuli útvarpsréttarnefnd leggja til grundvallar áætlaðan stofn- og rekstrarkostnað við að koma á fót stafrænu dreifikerfi sem hefur að lágmarki 99,9% dreifingu um landið. Einingarverð fyrir hvert heimili sem sjónvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki fyrir dreifingu á opinni dagskrá skal margfaldað með stuðli sem er mismunandi eftir landsvæðum. Á þessum grundvelli setur útvarpsréttarnefnd gjaldskrá um uppgjör milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja fyrir flutning á sjónvarpsdagskrá eða einstökum viðburðum. Þá ber að greiða aukalegt gjald fyrir að flytja læsta dagskrá. Þess ber að geta að við gróflegan útreikning virðist kostnaður við hverja rás í stafrænu dreifikerfi sem nær til alls landsins vera svipaður og kostnaður við útsendingu um gervihnött. Ástæðan er sú að dreifikerfi sem nær til 99,9% íbúa er umtalsvert dýrara en dreifikerfi sem nær til 99% íbúa. Þar sem það er markmið stjórnvalda að allir íbúar landsins fái aðgang að stafrænni dreifingu sjónvarpsefnis þykir rétt að miða við svo hátt hlutfall íbúa landsins í gjaldskrá.

Samkvæmt ákvæðinu er landinu skipt upp í fjögur gjaldsvæði. Fjarskiptafyrirtæki fær minnstar tekjur fyrir dreifingu á höfuðborgarsvæðinu en mestar tekjur í strjálbýli. Þó ekki sé hægt að endurspegla þann raunkostnað sem felst í kostnaði við dreifingu á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og í strjálbýli hins vegar er reynt að koma til móts við hann í gjaldskránni. Að ákveðnu marki mun gjaldskráin verða hvatning fyrir fjarskiptafyrirtækin að byggja upp stafræn sjónvarpsdreifikerfi á landsbyggðinni þannig að þau einbeiti sér ekki aðeins að fjölmennasta markaðnum á höfuðborgarsvæðinu. Stuðlarnir sem hafðir eru til hliðsjónar í gjaldskránni endurspegla í stórum dráttum fjölda heimila á hverju gjaldsvæði fyrir sig. Þegar lagðar eru saman tekjur fyrir dreifingu um allt landið og deilt í það með fjölda heimila á meðaltalið að vera einn. Fjarskiptafyrirtæki sem aðeins dreifa sjónvarpsefni á höfuðborgarsvæðinu fær því minna í sinn hlut að meðaltali en fjarskiptafyrirtæki sem einnig dreifir sjónvarpsefni úti á landi enda er dreifingarkostnaður á höfuðborgarsvæðinu miklum mun minni.

Greiðsla fyrir flutning tekur til flutnings og dreifingar á útvarpsefni frá tengipunkti sjónvarpsstöðvar að úttaki aðgangskassa.

Aðrar reglur gilda um uppgjör fyrir flutning á hljóðvarpsefni. Hafi fjarskiptafyrirtæki krafist þess að fá að flytja útvarpsdagskrá á fjarskiptaneti sínu getur fjarskiptafyrirtækið ekki áskilið sér greiðslur fyrir slíkan flutning, sbr. lokamálsgrein 22. gr. a. Krefjist aftur á móti útvarpsstöð flutnings á hljóðvarpsefni sínu um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis ber útvarpsstöðinni að greiða fyrir flutninginn. Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um einingarverð sem hljóðvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki mánaðarlega fyrir flutning á efni með tilliti til fjölda heimila sem geta tekið við efni stöðvarinnar um hlutaðeigandi fjarskiptanet að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 22. gr. d, svo og þeirrar bandbreiddar sem flutningur á hljóðvarpi krefst.

Í lokamálsgrein 22. gr. d er mælt svo fyrir að útvarpsréttarnefnd geti vikið frá flokkun gjaldsvæða ef um staðbundna dreifingu utan höfuðborgarsvæðisins er að ræða. Þannig mundi útvarpsréttarnefnd væntanlega úrskurða að gjald fyrir dreifingu á sjónvarpsdagskrá á Akureyri sem send væri út af sjónvarpsstöð á Akureyri mundi falla í gjaldflokk 1, enda er ekki verið að flytja sjónvarpsdagskrá milli landshluta og kostnaður við flutning milli landshluta

því ekki hluti af gjaldinu. Því væri kostnaður við flutning á dagskrá að jafnaði hinn sami og á svæði 1.

*Um f-lið (22. gr. e).*

Í f-lið (22. gr. e) er fjallað um þau fjarskiptanet sem flutningsreglur taka til. Samkvæmt ákvæðinu á að halda skrá yfir þau fjarskiptanet hér á landi sem reglur um flutningsskyldu og flutningsrétt taka til. Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrána. Jafnframt er fjallað um fjarskiptafyrirtæki sem dreifa hljóð- og myndefni um gervihnött, en ákvæðið gerir erlendum fjarskiptafyrirtækjum kleift að hasla sér völl hér á landi á jafnréttisgrundvelli við íslensk fyrirtæki. Meðal skilyrða sem gerð eru til fjarskiptanets, svo það verði fært á skrána, eru útsendingargæði og nægilegt öryggi til að verja lögverndaða hagsmuni rétthafa útsends efnis.

Um 7. gr.

Í samræmi við breytingar sem lagðar eru til á 1. gr. gildandi laga, í 1. gr. frumvarpsins, þar sem m.a. hugtakið aðgangskassi er skilgreint og ætlað að koma í stað hugtaksins myndlykill, er hér lagt til að aðgangskassi komi í stað myndlykils hvarvetna í lögunum.

Um 8. gr.

Í 30. gr. a er fjallað um heimildir útvarpsréttarnefndar til þess að leggja á dagsektir og stjórnvaldssektir. Á nokkrum stöðum í skýrslu fjölmiðlanefndar er lagt til að útvarpsréttarnefnd hafi þvingunarúrræði til þess að knýja fram hlýðni við lög.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja á stjórnvaldssektir í tilefni af brotum á ákvæðum 1. mgr. 14. gr. a svo og 4. og 9. mgr. 22. gr. b. Útvarpsréttarnefnd er þó heimilt að fella slík mál niður ef þau skilyrði eru fyrir hendi sem fram koma í a- eða b-lið 6. mgr.

Í 3. mgr. er fjallað um dagsektir sem útvarpsréttarnefnd skal leggja á útvarpsstöð fyrir hvern byrjaðan dag vanræki stjórn hennar að sína af sér athöfn eða athafnaleysi samkvæmt þeim ákvæðum er fram koma í a–e-lið 3. mgr. Samkvæmt 5. mgr. falla dagsektir ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíla nema útvarpsréttarnefnd ákveði það sérstaklega. Það getur útvarpsréttarnefnd því aðeins gert að uppfyllt séu skilyrði a- eða b-liðar 6. mgr.

Úrskurðir útvarpsréttarnefndar um stjórnvaldssektir og dagsektir eru aðfararhæfir.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. kemur fram regla um aðlögun að ákvæðum frumvarpsins um takmörkun á eignarhaldi að fjölmiðlum. Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar verður eigendum útvarpsstöðva veittur tveggja ára aðlögunartími til þess að uppfylla skilyrði laganna um 25% hámarkseignarhlut skv. 6. gr. a.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það hvenær útvarpsréttarnefnd á að berast í fyrsta skipti hlutaskrá frá útvarpsstöðvum til birtingar á heimasíðu nefndarinnar samkvæmt ákvæðum 6. gr. b.

Eitt af þeim atriðum sem staðið geta í vegi fyrir flutningsrétti eru ákvæði í samningum útvarpsstöðvar við rétthafa efnis um að ekki megi flytja efnið um ákveðin fjarskiptanet. Samkvæmt 3. mgr. skulu útvarpsstöðvar senda útvarpsréttarnefnd alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir gildistöku laganna. Heimili gildandi samningur útvarpsstöðvar um sjónvarpsefni við rétthafa ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í skrá skv. 22. gr. e skal sjónvarpsstöð gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Verði frumvarpið að lögum verður útvarpsstöðvum skylt við kaup á öllu sjónvarpsefni, sem sent verður út í íslenskum dagskrár-

stöðvum, að semja ávallt svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið um þau fjarskiptanet sem færð hafa verið á skrá skv. 22. gr. e. Hið sama gildir um erlenda sjónvarpsdagskrá sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um. Uppfylli samningur um dagskrárefni ekki þetta skilyrði er óheimilt að senda út efnið sem slíkur samningur tekur til.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um það tímamark sem Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa lokið gerð skrár skv. 22. gr. e. Flutningsreglur frumvarpsins taka ekki til annarra fjarskiptaneta en þar verða skráð.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um þau tímamörk sem útvarpsstöðvar verða í fyrsta skipti að hafa sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa í samræmi við ákvæði 14. gr. b.

Þar sem dómsmálaráðuneytið mun skipa mann í útvarpsréttarnefnd þarf að skipa aftur í nefndina í samræmi við 5. gr. a.

Samkvæmt síðustu málsgreininni þarf RÚV ekki að greiða fyrir flutning á dagskrá sinni óski fjarskiptafyrirtæki eftir að flytja dagskrána. Óski Ríkisútvarpið eftir flutningi þarf það að greiða eins og aðrir. Ástæðan er sú að Ríkisútvarpið heldur nú uppi kostnaðarsömu hliðrænu dreifikerfi sem ekki er hægt að leggja niður nema stafrænt dreifikerfi með sambærilega útbreiðslu sé til staðar.

## Um II. kafla.

Fjölmiðlanefnd markaði þá stefnu með skýrslu sinni frá 2005 að reglur um takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla, reglur um gagnsæi á fjölmiðlamarkaði og reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði ættu einnig að taka til dagblaða. Af þeim sökum eru lagðar til breytingar á lögum nr. 57/1956 um prentrétt í því skyni að teknar verði upp sambærilegar reglur um þessi efni og ætlunin er að setja í útvarpslög.

## Um 10. gr.

*Um a-lið (10. gr. a).*

Í 1. mgr. 10. gr. a er mælt fyrir um takmarkanir á eignarhaldi á dagblöðum. Þar er miðað við 25% markið sem fjölmiðlanefnd lagði til í skýrslu sinni frá því í apríl 2005. Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar er sá þröskuldur þó settur í 2. mgr. að þetta eigi aðeins við þau dagblöð sem hafa þriðjungs markaðshlutdeild á dagblaðamarkaði.

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndarinnar er mælt svo fyrir í 3. mgr. 10. gr. a að ef einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eitt dagblað skuli leggja saman útbreiðslu svo og markaðshlutdeild viðkomandi dagblaða við mat skv. 2. mgr. Sá varnagli er þó sleginn að aðeins skuli leggja saman markaðshlutdeild dagblaða eigi einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar 10% eða meira í sérhverju dagblaði. Að öðrum kosti gæti eignarhlutur, hversu smár sem hann annars væri í dagblaði sem hefði þriðjungs markaðshlutdeild, valdið því að 25% reglan yfirfærist sjálfkrafa yfir á annað dagblað, keypti eigandi hans t.d. einnig mjög lítinn hlut í héraðsfréttablaði. Breytti þar engu þótt eigandinn gæti í krafti hinna smáu eignarhluta engin raunhæf áhrif haft á rekstur dagblaðanna.

Í tillögum fjölmiðlanefndar um takmarkanir á eignarhaldi á dagblöðum er rætt um „skylda aðila“. Annars vegar þegar reikna ber hvort dagblað hafi þriðjungs markaðshlutdeild, en þá ber að leggja saman útbreiðslu svo og markaðshlutdeild viðkomandi dagblaða þegar einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eitt dagblað. Hins vegar er á því byggt að fyrirtæki og skyldir aðilar eigi ekki samanlagt meira en 25% eignarhlut. Í 4. mgr. 10. gr. a kemur fram skýring á hugtakinu skyldir aðilar. Lagt er til að undir hugtakið falli annars vegar fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi 3. tölul. 4. gr. samkeppnislaga

og hins vegar fyrirtæki sem hafa önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða í skilningi 11. tölul. 4. gr. samkeppnislaga.

Í 5. mgr. 10. gr. a er mælt fyrir um skyldu útvarpsréttarnefndar til að mæla markaðshlutdeild dagblaða og heimild hennar til þess að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Í 6. mgr. 10. gr. a er síðan mælt fyrir um skyldu dagblaða til að veita nauðsynlegar upplýsingar til að mæla megi markaðshlutdeild.

Í 7. mgr. 10. gr. a er loks mælt fyrir um þá málsmeðferð sem fylgja ber komi í ljós að eignarhald á dagblaði sé ekki í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Í 8. mgr. 10. gr. a er sleginn sá varnagli að ef dagblað á í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verði við með fjárhagslegri endurskipulagningu geti stjórn útgefanda dagblaðsins sótt um tímabundna undanþágu til Samkeppniseftirlitsins frá takmörkunum á eignarhaldi. Með þessari tillögu er reynt að sníða af einn helsta ókost reglunnar um takmörkun á eignarhaldi á fjölmiðlum.

*Um b-lið (10. gr. b).*

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar er lagt til að gagnsæi á fjölmiðlamarkaði verði aukið með því að ákveðnar upplýsingar verði birtar um dagblöð á heimasíðu útvarpsréttarnefndar. Í 10. gr. b er mælt fyrir um þær upplýsingar sem útgefanda dagblaðs bera að tilkynna útvarpsréttarnefnd áður en útgáfa hefst, svo og allar síðari breytingar sem þar verða á.

Í 3. mgr. 10. gr. b er mælt fyrir um tilkynningarskyldu þegar breytingar verða á eignarhaldi á dagblaði. Í ákvæðinu segir að seljandi og kaupandi beri ábyrgð á því að tilkynning um sölu á hlut í dagblaði sé send útvarpsréttarnefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Til þess að hægt sé að hafa eftirlit með því að allir samningar hafi verið tilkynntir er einnig mælt svo fyrir að eftir sérhvern aðalfund í félögum sem gefa út dagblað skuli stjórn félagsins senda útvarpsréttarnefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Framangreindar reglur gilda þó ekki hafi stjórn hlutafélags, sem er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, samið svo við verðbréfamiðstöðina um að hún skuli senda daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til útvarpsréttarnefndar sem birtir hana síðan á heimasíðu sinni.

*Um c-lið (10. gr. c).*

Í 10. gr. c er í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar lagt til að útgefendur dagblaða skuli setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði ritstjóra og fréttamanna. Í skýrslu fjölmiðlanefndar er tekið fram að slíkar reglur hafi e.t.v. ekki úrslitaáhrif um ritstjórnarlegt sjálfstæði einar sér en með öðrum úrræðum gegni slíkar reglur ákveðnu hlutverki til bóta.

Í 2. mgr. 10. gr. c er talið upp í þremur liðum það lágmarksefni sem fram á að koma í slíkum reglum. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að fjallað sé um fleiri atriði í slíkum reglum.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar útvarpsréttarnefnd til staðfestingar. Í slíkri staðfestingu felst einvörðungu lögmætiseftirlit samkvæmt meginreglum stjórnsýsluréttar. Útvarpsréttarnefnd kemur því eingöngu með athugasemdir við slíkar reglur telji hún ákvæði þeirra fara í bága við lög.

Í 4. mgr. 10. gr. c er mælt svo fyrir að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skuli endurskoðaðar árlega í samráði við blaðamenn og starfsmannafélag þeirra. Reynsla af framkvæmd og vandamálum sem upp koma á þannig að skila sér smám saman inn í reglurnar eftir því sem tilefni er til.

Ekki er lagt til að það varði viðurlögum þótt útgefandi dagblaðs vanræki að setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Á hinn bóginn bæri útvarpsréttarnefnd að taka það fram á heimasíðu sinni hafi slíkar reglur ekki verið settar, sbr. d-lið 1. mgr. 10. gr. b.

Um 11. gr.

Lagt er til að ákvæðum 1. mgr. 31. gr. verði breytt á þann veg að brot á ákvæðum 10. gr. a–10. gr. c sæti almennt ekki meðferð opinberra mála. Sú undantekning er þó lögð til að mál út af brotum á 10. gr. b sæti meðferð opinberra mála ákvæði útvarpsréttarnefnd að vísa máli til lögreglu, t.d. þar sem um ítrekuð eða alvarleg brot er að ræða. Ekki er litið á ákvörðun útvarpsréttarnefndar um að vísa máli til lögreglu sem stjórnvaldsákvörðun. Af þeim sökum er mælt svo fyrir að ákvæði IV. kafla stjórnsýslulaga gildi ekki um slíkar ákvarðanir útvarpsréttarnefndar.

Um 12. gr.

Í 31. gr. er fjallað um heimildir útvarpsréttarnefndar til þess að leggja á dagsektir og stjórnvaldssektir. Á nokkrum stöðum í skýrslu fjölmiðlanefndar er lagt til að útvarpsréttarnefnd hafi þvingunarúrræði til þess að knýja fram hlýðni við lög.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja á stjórnvaldssektir í tilefni af brotum á ákvæðum 10. gr. b vanræki seljandi og kaupandi að tilkynna um eigendaskipti á hlut í útgefanda dagblaðs. Útvarpsréttarnefnd er þó heimilt að fella slík mál niður ef þau skilyrði eru fyrir hendi sem fram koma í a- eða b-lið 5. mgr.

Í 2. mgr. er fjallað um dagsektir sem útvarpsréttarnefnd skal leggja á útgefanda dagblaðs fyrir hvern byrjaðan dag vanræki stjórn hans að senda tilkynningu eða hlutaskrá skv. 10. gr. b. Samkvæmt 4. mgr. falla dagsektir ekki niður þó að útgefandi dagblaðs sinni síðar þessum skyldum nema útvarpsréttarnefnd ákveði það sérstaklega. Það getur útvarpsréttarnefnd því aðeins gert að uppfyllt séu skilyrði a- eða b-liðar 5. mgr.

Úrskurðir útvarpsréttarnefndar um stjórnvaldssektir og dagsektir eru aðfararhæfir.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. kemur fram regla um aðlögun að ákvæðum frumvarpsins um takmörkun á eignarhaldi á dagblöðum. Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar verður eigendum dagblaða veittur tveggja ára aðlögunartími til þess að uppfylla skilyrði laganna um 25% hámarkseignarhlut skv. 10. gr. a.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það hvenær útvarpsréttarnefnd eiga að berast í fyrsta skipti upplýsingar um útgefendur dagblaða til birtingar á heimasíðu útvarpsréttar samkvæmt ákvæðum 10. gr. b.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um þau tímamörk sem útgefendur dagblaða verða í fyrsta skipti að hafa sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í samræmi við ákvæði 10. gr. c.

Sinni útgefandi dagblaðs ekki upplýsingaskyldu sinni samkvæmt ákvæðum 2. mgr. skal útvarpsréttarnefnd leggja dagsektir á útgefandann. Um dagsektirnar gilda að öðru leyti ákvæði 32. gr. laganna.

Um 14. gr.

Ákvæði af þessu tagi er að finna í löggjöf margra Evrópuríkja eins og t.d. Bretlands, Írlands og Noregs og helgast það meðal annars af því að fjölmiðlar hafi um margt sérstöðu miðað við aðra atvinnustarfsemi vegna mikilvægis þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Þau sjónarmið sem þarna búa að baki eru margt ólík þeim sem búa að baki öðrum ákvæðum samkeppnislaga. Í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins No. R(99) 1 um aðgerðir til að stuðla að fjölbreytni fjölmiðla er mælt með því að samkeppnisyfirvöld taki sérstakt tillit til sjónarmiða

um fjölbreytni fjölmiðla þegar samruni eða önnur samþjöppun eignarhalds á þeim markaði er tekin til skoðunar.

Í Noregi er fjölmiðlaeftirlitinu (Medietilsynet) heimilt að stöðva samruna tveggja fjölmiðlafyrirtækja ef sameiginleg útbreiðsla fer yfir 40% og markmiðum laganna um tjáningarfrelsi og fjölbreytni er stefnt í hættu.

Í Bretlandi gildir að þegar tvö eða fleiri fjölmiðlafyrirtæki renna saman getur ráðherra gripið inn í athugun samkeppnisyfirvalda og fengið mat fjölmiðla- og fjarskiptastofnunarinnar (OFCOM) á því hvort heimila eigi samrunann. Það mat miðast meðal annars við það hvort hætta sé á að fréttir í dagblöðum verði ekki jafnóhlutdrægar og áður, það dragi úr tjáningarfrelsi í dagblöðum og að hæfilega fjölbreyttar skoðanir geti ekki birst í dagblöðum. Varðandi útvarp og víxleignarhald er meðal annars metin nauðsyn á því að nógu margir ólíkir aðilar komi að eignarhaldi og hvort fjölmiðlaframboð sé nægilega fjölbreytt.

Á Írlandi getur ráðherra stöðvað fjölmiðlasamruna þótt samkeppniseftirlitið hafi leyft hann enda séu markmið um fjölbreytt eignarhald og að fjölbreytilegar skoðanir fái að birtast í hættu.

Í greininni er Samkeppniseftirlitinu heimilað að hafa afskipti af samruna á fjölmiðlamarkaði sem ætla má að stofni tjáningarfrelsi, frjálsri skoðanamyndun almennings eða fjölbreyttu fjölmiðlaframboði í hættu. Samkeppniseftirlitinu er þar með heimilað að grípa inn í samruna á þessu sviði á grundvelli annarra sjónarmiða en eiga við skv. 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Þótt önnur ákvæði frumvarpsins tryggi að vissu marki dreift eignarhald á fjölmiðlamarkaði og dragi þannig úr líkum á að einn aðili ráði ferðinni við stjórn útbreiddustu fjölmiðla landsins þykir nauðsynlegt til viðbótar að fyrir hendi sé heimild af þessu tagi. Reglur um dreift eignarhald einar og sér mundu t.d. ekki koma í veg fyrir að tveir eða fleiri óháðir fjölmiðlar sameinuðust.

Tjáningarfrelsi er tryggt í 73. gr. stjórnarskrárinnar. Fjölmiðlar eru meginvettvangur hinnar opinberu umræðu þar sem leikast á ólík sjónarmið til þess sem efst er á baugi hverju sinni. Til þess að tjáningarfrelsi sé virkt í raun þurfa einstaklingar að hafa möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í fjölmiðlum. Fækkun sjálfstæðra og óháðra fjölmiðla kann að stofna tjáningarfrelsi í hættu í þessum skilningi. Með hugtakinu frjáls skoðanamyndun almennings er vísað til þess að á grundvelli 73. gr. stjórnarskrárinnar verður talið að almenningur eigi rétt á upplýsingum úr ólíkum áttum. Einungis þannig getur almenningur með frjálsum hætti myndað sér skoðun á þjóðmálum, en slíkt er ein grunnforsenda kosningarréttar í lýðfrjálsu landi.

Við mat á því hvort frjálsri skoðanamyndun almennings er stofnað í hættu ber að líta til þess meðal annars, hver áhrif samruni hefur á möguleika almennings til þess að nálgast upplýsingar um þjóðfélagsmál, einkum innanlandsmál, og ólíkar hliðar þeirra, kynnast mismunandi viðhorfum til umdeildra mála og taka þannig upplýsta og sjálfstæða afstöðu til þess sem er efst á baugi hverju sinni. Í þessu sambandi verður að líta heildstætt á fjölmiðlamarkaðinn og samspil milli ólíkra fjölmiðla.

Með fjölbreyttu fjölmiðlaframboði er vísað til þess að efni fjölmiðla sé af margvíslegum toga. Er þá átt við að efni sé úr ólíkum áttum og endurspegli fjölbreytileika samfélagsins, hvort sem um er að ræða afþreyingar-, menningar- eða fræðsluefni. Heimilt verður að grípa inn í bæði láréttan og lóðréttan samruna á fjölmiðlamarkaði ef það er talið nauðsynlegt til að standa vörð um þetta markmið.

En jafnvel þótt framangreind sjónarmið eigi við liggur í hlutarins eðli að samruni kann að vera óumflýjanlegur vegna þess að fjárhagur og afkoma þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga leyfi þeim ekki að starfa áfram í óbreyttri mynd.

Meðal skilyrða sem Samkeppniseftirlitið getur sett fyrir samruna er að þeir fjölmiðlar sem í hlut eiga starfi áfram í óbreyttri mynd að því er varðar sjálfstæðar fréttastofur eða ritstjórnir. Þannig kann að vera hægt að fyrirbyggja skaðleg áhrif samruna.

Rétt þykir að Samkeppniseftirlitinu sé fengið ákvörðunarvald um hvort stöðva eigi samruna eða setja honum skilyrði á fyrrgreindum forsendum en ekki öðru stjórnvaldi. Helgast það af því að Samkeppniseftirlitið kann að hafa samruna til athugunar á grundvelli 17. gr. laganna og því þykir hagfelldast að um hann sé fjallað í einu máli á grundvelli hefðbundinna samkeppnissjónarmiða og jafnframt á grundvelli sérsjónarmiða um tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga.

Samkeppniseftirlitinu ber samt sem áður að leita álits útvarpsréttarnefndar áður en ákvörðun er tekin á grundvelli þessa ákvæðis enda er þar fyrir hendi sérþekking á málefnum fjölmiðla. Jafnframt ber útvarpsréttarnefnd að fyrra bragði að vekja athygli Samkeppniseftirlitsins á því ef hún telur að 17. gr. a eigi við, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildistöku og endurútgáfu laganna. Þar sem frumvarpið felur í sér umtalsverðar breytingar á rekstrarumhverfi fjölmiðla þykir rétt að nokkra mánaða fyrirvari verði á gildistöku laganna. Því er lagt til að lögin taki gildi 1. ágúst 2006.

Þá þykir rétt, þar sem umtalsverðar breytingar verða bæði á útvarpslögum og lögum um prentrétt, verði frumvarpið að lögum, að gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á opinberum eftirlitsreglum er varða fyrirtæki í fjölmiðlarekstri. Hér á eftir verður fjallað um þau ákvæði frumvarpsins sem talið er að hafi einkum áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Lagt er til að útvarpsréttarnefnd verði heimilt að ráða sér til aðstoðar framkvæmdastjóra og annað starfsfólk þar sem gert er ráð fyrir að verkefni hennar muni stóraukast að því er fram kemur í athugasemdum við frumvarpið.

Í fyrsta lagi bætist við núverandi verkefni útvarpsréttarnefndar að fylgjast með því að ákvæði frumvarpsins um takmörkun á eignarhaldi á útvarpsstöðvum og dagblöðum og um markaðshlutdeild séu virt og að knýja á um úrbætur með ýmsum þvingunaraðgerðum sé þörf á slíku. Það felur í sér að fylgjast með öllum viðskiptum með eignarhluti í slíkum fyrirtækjum og mæla eða láta mæla áhorf og hlustun útvarpsstöðva og markaðshlutdeild dagblaða og

annarra blaða sem gefin eru út a.m.k. vikulega með fréttum og fréttatengdu efni fyrir almenning.

Í öðru lagi er lagt til að nefndinni verði skylt að birta mun ítarlegri upplýsingar um útvarpsstöðvar og dagblöð á vefsíðu sinni en til þessa hefur verið gert.

Í þriðja lagi er nefndinni ætlað að staðfesta reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa sem útvarpsstöðvum og dagblöðum sem reka fréttastofur er skylt að setja og endurskoða árlega.

Í fjórða lagi verður nefndinni heimilt að skylda fjarskiptafyrirtæki til að flytja útsent efni útvarpsstöðvar þegar ákveðin skilyrði eru uppfyllt auk þess sem henni er ætlað að gefa út gjaldskrár um uppgjör kostnaðar milli fjarskiptafyrirtækja og útvarpsstöðva vegna flutningsins, reikna mánaðarlega út flutningsgjald á grundvelli upplýsinga fjarskiptafyrirtækja og eigin áhorfsmælinga samkvæmt mánaðarlegum úrtakskönnunum á hlutaðeigandi fjarskiptanetum, ásamt því að úrskurða í málum fjarskiptafyrirtækja og útvarpsstöðva er lúta að einingarverði, greiðslum og rétti til flutnings á efni.

Í fimmta lagi er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að halda skrá yfir stafræn fjarskiptanet hér á landi sem flutningsreglur munu gilda um verði frumvarpið að lögum og birta hana á vefsíðu sinni.

Í sjötta og síðasta lagi er lagt til að Samkeppnisstofnun verði undir ákveðnum kringumstæðum heimilt að ógilda samruna fjölmiðlafyrirtækja sem þegar hefur átt sér stað.

Við kostnaðarmat á frumvarpinu þarf að gefa sér ýmsar forsendur. Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins munu verkefni útvarpsréttarnefndar verða að mörgu leyti hliðstæð verkefnum Medietilsynet í Noregi en þar störfuðu 6 manns árið 2004 og nam rekstrarkostnaður 4,2 milljónum norskra króna, en þar af voru 64% laun. Menntamálaráðuneytið telur að reikna megi með 3–4 starfsmönnum hjá útvarpsréttarnefnd að lágmarki, auk þess sem reikna megi með hærri þóknun til nefndarmanna vegna aukinnar vinnu, kaupum á sérfræðivinnu, auknum kostnað við erlent samstarf og almennt auknum rekstrarkostnaði nefndarinnar frá því sem hefur verið. Fjármálaráðuneytið telur að miðað við framangreindan starfsmannafjölda gæti áætlun menntamálaráðuneytisins um 45–50 m.kr. rekstrarkostnað nefndarinnar á ári vel staðist. Nefndin hefur haft aðstöðu og ákveðna þjónustu hjá aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins þannig að ef henni yrði útveguð aðstaða annars staðar er líklegt að árlegur kostnaður ykist og einhver upphafskostnaður bættist við svo sem vegna búnaðar. Útgjöld útvarpsréttarnefndar hafa numið að meðaltali 3,7 m.kr. á ári síðustu þrjú ár og fjárheimild í fjárlögum 2006 er 9,6 m.kr. Samkvæmt framangreindu má reikna með að viðbótarútgjöld vegna nefndarinnar nemi að lágmarki 39–44 m.kr. á ári.

Til viðbótar þessu er nefndinni ætlað að fylgjast grannt með fjölmiðlanotkun með því að gera eigin úttektir eða kaupa þær að. Samkvæmt upplýsingum sem menntamálaráðuneytið fékk hjá IMG Gallup er unnið að því að gera mælingar á notkun ljósvakamiðla nákvæmari en til þessa og telur fyrirtækið að árlegur kostnaður verði 80–100 m.kr. Menntamálaráðuneytið slær á að hluti útvarpsréttarnefndar í kostnaði við slíkar mælingar muni nema um 25 m.kr. á ári auk 5 m.kr. kostnaðar við mælingar á lestri dagblaða. Fjármálaráðuneytið hefur ekki haft ráðrúm til að gera sjálfstæða athugun á þessu mati.

Í kostnaðaráætlun menntamálaráðuneytisins er gert ráð fyrir 5 m.kr. árlegum kostnaði hjá Samkeppnisstofnun og bent á að reikna megi með auknum lögfræðikostnaði vegna frumvarpsins þar sem reynt getur á úrskurði útvarpsréttarnefndar í ýmsum málum. Fjármálaráðuneytið hefur ekki forsendur til að meta kostnaðarauka vegna þessa af meiri nákvæmni.

Í samræmi við framangreindar forsendur er niðurstaðan sú að reikna megi með því að frumvarpið auki árleg útgjöld ríkissjóðs um að minnsta kosti 74–79 m.kr. verði það óbreytt að lögum. Gert er ráð fyrir að útgjöld sem falla til vegna frumvarpsins á árinu 2006 verði greidd af fjárveitingum á fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins og að útgjöld á komandi árum rúmist innan þeirra marka sem langtímaáætlun í ríkisfjármálum setur ráðuneytinu í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnarinnar í ríkisfjármálum.

## 59. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um vegagerð um Stórasand.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðmundur Hallvarðsson,
Birkir J. Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Örlygsson,
Einar Már Sigurðarson, Sigurður Kári Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum rannsóknum og mælingum til þess að hægt sé að setja veg frá Norðurárdal í Skagafirði um Stórasand til Borgarfjarðar í mat á umhverfisáhrifum svo fljótt sem kostur er. Vegurinn verði í flokki C1, sem er 7,5 metra breiður vegur með bundnu slitlagi. Hafa skal í huga að þessi framkvæmd sé öll eða að hluta unnin sem einkaframkvæmd og að kostnaður við hana greiðist með veggjöldum eftir því sem eðlilegt er. Vegurinn sé tekinn inn í næstu samgönguáætlun eins og hún verður lögð fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er endurflutt og fylgdi henni svofelld greinargerð:

Tillaga til þingsályktunar um veg frá Norðurárdal um Stórasand til Borgarfjarðar var lögð fyrir 130. löggjafarþing 2003–2004 með ítarlegri greinargerð, sem ekki er endurprentuð hér, þar sem hún er öllum tiltæk á netinu, og vísast til hennar (þskj. 1322, 864. mál). Rétt er þó að fara nokkrum orðum um tillöguna.

Fyrr á þessu ári var stofnað hlutafélag á Akureyri, Norðurvegur, sem hefur það að markmiði að leggja veg bundnu slitlagi yfir Kjöl niður í Skagafjörð í Norðurárdal sunnan Blöndulóns og sé staðið undir kostnaði með veggjöldum, eftir því sem eðlilegt getur talist. Sunnlendingar hafa sýnt þessari framkvæmd mikinn áhuga.

Undirbúningur að vegi frá Gjábakka um Lyngdalsheiði til Laugarvatns er á lokastigi. Gera verður ráð fyrir því, að umferðin um Kjöl fari um þennan nýja veg um Þingvöll til Reykjavíkur, sem mun kalla á vegabætur um þjóðgarðinn nema annað komi til. Í þessu sambandi skiptir ekki máli, þótt gámaumferð verði beint frá þessu svæði og látin fara Hellisheiði. Eftir sem áður munu einkabílar og hópferðabílar fara um Þingvöll af augljósum ástæðum, enda styst.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að byggja upp veginn um Uxahryggi og í samgönguáætlun er gert ráð fyrir uppbyggðum vegi með bundnu slitlagi um Kaldadal. Er ekkert nema gott um það að segja, enda liggur í augum uppi, að það kallar á nýjan veg eftir vesturbakka Almannagjár og síðan sunnan í Ármannsfelli norður á bóginn. Vegurinn mun þá að mestu leyti liggja utan þjóðgarðsins í staðinn fyrir að fara niður í hann eins og nú er.

Vegur um Stórasand styttir leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um u.þ.b. 40 km og 40 km til viðbótar, ef farið er um Kaldadal. Þetta verður falleg leið og einn af kostum hennar er, að hún mun hlífa þjóðgarðinum á Þingvöllum við gegnumakstri. Þess er því að vænta, að tillaga þessi fái góðar undirtektir.

Loks er þess að geta, að þess er víða krafist nú, að Reykjavíkurflugvöllur verði lagður niður. Fyrirséð er, að áætlunarflug milli Akureyrar og Reykjavíkur leggst niður um leið eða því sem næst.

Vafalaust er, að vegur um Stórasand er sú vegaframkvæmd utan nábýlis Reykjavíkur, sem mesta arðsemi hefur. Að því ber að hyggja.

## 60. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um einstaklingsmiðaðan framhaldsskóla.

Flm.: Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Mörður Árnason, Össur Skarphéðinsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa starfshóp til að vinna að tillögum með eftirfarandi að markmiði:

- að tryggja sem best tengsl milli grunn- og framhaldsskóla,
- að nám í framhaldsskóla taki betur mið af þörfum einstaklinganna,
- að skil á milli skólastiga verði nemendum áreynslulítil,
- að hærra hlutfall hvers árgangs skili sér í framhaldsskólann og ljúki þaðan námi.

Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum frá framhaldsskólum, grunnskólum, sveitarfélögum og menntamálaráðuneyti. Starfshópurinn skili tillögum sínum eigi síðar en 1. mars 2007.

Greinargerð.

Allir geta lært. Markmið tillögunnar er að nám í framhaldsskólum verði í auknum mæli miðað við þarfir hvers einstaklings. Þær leiðir sem Samfylkingin vill fara til að ná því markmiði eru:

- að fræðsluskylda verði til 18 ára aldurs,
- að minnka sem kostur er skil á milli skólastiga,
- að auka valfrelsi nemenda við samsetningu náms á kostnað kjarnagreina,
- að allar greinar verði jafngildar til lokaprófs, hvort sem um verklegt eða bóklegt nám er að ræða.

Skýrt dæmi um þann mikla árangur sem hægt er að ná með einstaklingsmiðun náms og auknu flæði á milli skólastiga er að finna í Hafnarfirði. Þar er unnið að tilraunverkefni til fimm ára sem byggist á samningi við menntamálayfirvöld um sérstaka fjölgreinabraut við Lækjarskóla í Hafnarfirði í samstarfi við Flensborgarskólann og Iðnskólann í Hafnarfirði. Brautin er framhaldsskólabraut við grunnskóla og er framhald af frumgreinanámi skólans. Um er að ræða tveggja ára framhaldsbraut fyrir nemendur sem ekki kjósa að fara hefðbundna leið í framhaldsnámi og hætt er við að flosni upp úr námi. Á brautinni er lögð áhersla á verklegar greinar en nemendur stunda einnig bóklegt nám í samræmi við námskrá framhaldsskóla.

Þarna er að mati flutningsmanna gott dæmi um aukið flæði á milli skólastiga, valfrelsi nemenda á milli hefðbundinna bóklegra greina og verklegra. Að sníða námið með þessum hætti að þörfum einstaklinganna telja flutningsmenn eina árangursríkustu leiðina til að vinna gegn brottfalli úr skóla. Aðalatriðið er að unnið sé að sömu markmiðum á báðum skólastigum þannig að nemendur fái nám við hæfi og í samfellu og kostnaður og rekstur skólastiga hjá ríki og sveitarfélögum komi ekki í veg fyrir að nemendur fái þjónustu við hæfi.

Því leggja flutningsmenn ríka áherslu á að frelsi skólanna verði aukið þannig að þeim verði gert kleift að sinna þörfum hvers nemenda. Ef nemandi hefur fundið sig í ákveðnu námi í grunnskóla hafi hann möguleika að halda áfram á sömu leið í framhaldsskóla, þetta á jafnt við þá nemendur sem gengur vel í skóla og hina sem ver gengur.

Markmiðin eru að:

- Fræðsluskylda verði að 18 ára aldri.
- Framhaldsskólinn verði einstaklingsmiðaðri og öllum aðgengilegur.
- Aðgreiningu á milli skólastiga verði eytt, flæði aukið á milli þeirra og tryggt að hver nemandi fari á þeim hraða sem honum hentar í gegnum skólakerfið.
- Stóraukið val verði hjá nemendum um samsetningu náms og bundinn kjarni verði aðeins í íslensku, stærðfræði og ensku.
- Allar námsgreinar verði jafn gildar til lokaprófs.

*Framhaldsskóli fyrir alla.*

Flutningsmenn tillögunnar telja mikilvægt að framhaldskólarnir fái aukið frelsi til að laga sig að þörfum nemenda, t.d. með auknu námsframboði í verk- og listgreinum og að þeim nemendum sem hentar að fara hraðar í gegnum námið sé gert það mögulegt.

Rannsóknir sýna að drengir virðast eiga sérstaklega erfitt uppdráttar í efri hluta grunnskóla og byrjun framhaldsskóla en m.a. þess vegna eru þeir mun líklegri en stúlkurnar til að hætta í skóla áður en námslokum er náð. Við þessu þarf að bregðast enda ætti það að vera undantekningarlaus regla að öll börn njóti fræðslu og formlegarar menntunar til a.m.k. 18 ára aldurs. Nauðsynlegt er að ráðast í samræmdar aðgerðir með fræðsluskyldu allra ungmenna til 18 ára aldurs að markmiði.

Einstaklingsmiðun náms þar sem nemendur og skólar hafa frelsi til að setja saman nám að þörfum hvers nemanda er lausn á margvíslegum vanda innan skólakerfisins og gefur von um betra skólakerfi þar sem þorri hvers árgangs lýkur formlegri menntun í framhaldsskóla.

*Framhaldsskólinn fluttur til sveitarfélaga.*

Reynslan sýnir að eftir að grunnskólinn var færður til sveitarfélaganna batnaði hann verulega. Hann var kominn þangað sem hann á að vera, þar sem nærþjónustan er og á heima. Tölur undirstrika þetta en framlög til grunnskóla og leikskóla hafa hækkað verulega á síðustu árum og starfsemi þeirra og þjónusta batnað. Framlög Íslendinga til þessara skólastiga eftir að sveitarfélögin tóku við grunnskólanum eru nú á meðal þeirra hæstu í heimi. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu OECD. Hins vegar eru framlög til háskóla og framhaldsskólastigsins undir meðallagi. Háskólastigið er raunar í 19. sæti á listanum. Því telja flutningsmenn nauðsynlegt að fara sömu leið nú með framhaldsskólann og gert var með grunnskólann fyrir áratug.

Til að stíga fyrstu skrefin í þessa átt mun Samfylkingin leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um framhaldsskóla þess efnis að menntamálaráðuneytinu verði heimilað að gera samninga við sveitarfélög um rekstur framhaldsskóla.

## 61. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um rannsókn á þróun valds og lýðræðis.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason,
Guðjón A. Kristjánsson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fram skuli fara rannsókn á þróun valds og lýðræðis í íslensku samfélagi. Könnuð verði áhrif þeirrar þróunar síðustu 20 árin og metið hvaða áhrif hún kunni að hafa á komandi árum. Markmiðið verði að fá sem gleggsta mynd af því hvort þrískipting ríkisvaldsins sé orðin óljós í framkvæmd og meta áhrif þess á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild. Einnig verði skoðað hvort völd embættismanna hafi aukist meira en eðlilegt getur talist og hvaða áhrif fjölmiðlar hafa haft á þróun stjórnmála og samfélagið í heild.

Við rannsóknina verði jafnframt lagt mat á hvort og að hve miklu leyti völd hafa færst frá kjörnum fulltrúum til einkaaðila, m.a. með breytingu á efnahagslegu valdi í krafti tilfærslu eigna og fjármagns og hvort ákvarðanir og fjárfestingar stórra valdablokka í atvinnu- og fjármálalífi hafi nú verulega meiri áhrif en áður á afkomu og þróun þjóðarbúsins. Lagt verði mat á framhald þessarar þróunar fyrir efnahags- og atvinnulíf og með tilliti til eigna- og tekjutilfærslna í þjóðfélaginu.

Forsætisráðherra skipi nefnd sem í sitji fimm fulltrúar háskóla. Háskóli Íslands tilnefni tvo fulltrúa og verði annar þeirra formaður nefndarinnar. Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Viðskiptaháskólinn á Bifröst tilnefni einn fulltrúa hver. Verkefni nefndarinnar verði að hafa umsjón með verkinu og fái hún heimild til að kalla til sérfræðinga til að vinna að rannsókninni. Nefndin leggi verkefnaáætlun og fjárhagsramma fyrir forsætisráðherra sem geri tillögur til Alþingis um nauðsynleg fjárframlög til verksins. Nefndin skili áfangaskýrslum eftir því sem verkinu miðar fram og skal rannsókninni lokið eigi síðar en 1. janúar 2009.

### Greinargerð.

Mikil umræða hefur orðið á umliðnum áratugum um þróun valds og lýðræðis og tilfærslur fjármagns í íslensku samfélagi. Þrískipting ríkisvaldsins hefur þótt óljós í framkvæmd og einnig er um það rætt að ákvarðanir sem máli skipta fyrir þjóðarbúið séu í auknum mæli að færast frá vettvangi stjórnmálanna yfir á vettvang fjármála- og atvinnulífs. Þá telja margir að vald embættismanna hafi aukist verulega og að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar hafi fært þeim meira vald til ákvörðunar en eðlilegt er. Í þessari tillögu er lagt til að þetta sé kannað rækilega. Jafnframt er lagt til að metið sé vald fjölmiðla og áhrif þeirra á samfélagsþróunina, en í sambærilegri rannsókn sem unnin hefur verið í þremur öðrum norrænum ríkjum var þessi þáttur einnig hluti viðfangsefnisins. Það er skoðun flutningsmanna að brýnt sé orðið að leggja mat á þessa þróun og fá af henni heildarmynd, þannig að hægt sé að bregðast við ef ástæða þykir til.

Með rannsókn sérfræðinga væri hægt að leggja mat á hvort slík tilfærsla hafi orðið á valdmörkum þeirra þriggja valdþátta sem stjórnskipunin byggist á að stoðir lýðræðis og góðrar stjórnskipunar í landinu hafi veikst. Jafnframt yrði varpað skýru ljósi á þróun valda- og eignasamþjöppunar og hvaða áhrif meiri háttar ákvarðanir stórra valdablokka í fjármála- og atvinnulífi hafa haft og geta haft á atvinnulífið, á afkomu heimila og þjóðarbúið í heild. Í framhaldi af þessari rannsókn væri síðan ástæða til að skoða hvort tilfærsla fjármagns og

valds hafi leitt til verulegrar gliðnunar á eigna- og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og stuðlað að aukinni stéttskiptingu.

Hér er um nokkuð viðamikið verk að ræða, sem flutningsmenn telja í ljósi þróunar í samfélaginu á síðustu árum að brýnt sé að ráðast í. Til greina kom að flytja um þetta mál tvær tillögur. Annars vegar um að athuga þrískiptingu ríkisvaldsins, hvort hún sé orðin óglögg í framkvæmd og hvaða áhrif það hafi á lýðræðisþróunina, jafnframt því sem áhrif embættismannavalds og fjölmiðlavalds yrðu metin. Hins vegar um rannsókn á hvort og að hvaða leyti valdatilfærsla hafi orðið frá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar yfir til stórra valdablokka með samþjöppun eigna, valds og fjármagns og hvaða áhrif það hafi haft og geti haft á atvinnulífið og þjóðarheildina. Þar sem markmið beggja þátta er að leggja mat á valdatilfærslu í samfélaginu og áhrif hennar á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild varð það niðurstaðan að flytja um málið eina tillögu. Mat flutningsmanna er að það skapi betri samfellu í verkið og meiri möguleika á heildarsýn yfir mögulegar valdatilfærslur. Það verður síðan í verkahring þeirrar fimm manna nefndar sem hefur yfirumsjón með verkinu hvernig verktilhögun verður og hvort og hvernig þessi verkefni verða brotin upp í vinnu að þessari rannsókn. Mikilvægt er einnig að nefndin verði sýnileg í störfum sínum, t.d. með því að halda málþing og opna fundi um viðfangsefnið, og að hún skili eins og kostur er áfangaskýrslum um þróun verkefnisins.

**Rannsókn á þróun valds og lýðræðis í Noregi, Danmörku og Svíþjóð.**

Upplýsingaþjónusta Alþingis hefur að beiðni flutningsmanna tekið saman stutta lýsingu á sambærilegum rannsóknum sem fram hafa farið á þróun valds og lýðræðis í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Rannsóknirnar í þessum löndum beindust að stöðu valds og lýðræðis við upphaf 21. aldar. Hvati rannsóknanna voru þær miklu breytingar sem hafa orðið á viðkomandi samfélögum með aukinni alþjóðavæðingu og breytingum á skyldum ríkisvaldsins, t.d. vegna minni afskipta af viðskiptalífinu. Norðmenn og Danir fóru mjög líkar leiðir í sínum rannsóknum. Ríkin luku þessum rannsóknum árið 2003. Höfðu þær þá staðið í 5–6 ár. Svíar unnu sína rannsókn í tvennu lagi og nokkru fyrr en í Noregi og Danmörku. Í Noregi hafði Óslóarháskóli yfirumsjón með verkefninu en norska Stórþingið samþykkti ályktun í desember árið 1997 þess efnis að staða valds og lýðræðis í Noregi yrði rannsökuð og útlistuð. Í Danmörku hafði þingið einnig frumkvæði að rannsókn á stöðu lýðræðis og valds en í rannsóknarhópnum voru fimm fulltrúar sem allir voru prófessorar við háskóla í Danmörku. Áður var skipuð þingnefnd til að hefja athugun á stöðu þessara mála og setja ramma fyrir rannsóknina.

Ein af helstu ástæðum þess að ráðist var í rannsóknina í Danmörku var að þingið óttaðist að það væri að missa völd. Niðurstaða rannsóknarinnar er á annan veg. Þar kemur fram að danska þingið hafi aukið völd sín á kostnað framkvæmdarvaldsins, m.a. með aukinni sérhæfingu þingmanna, auk þess sem fjöldi minnihlutastjórna í Danmörku hefur haft þessi áhrif. Á hinn bóginn hafa dómstólarnir veikt völd þingsins og sama gildir um Noreg. Þannig hafi dómsvaldið styrkst á kostnað löggjafarvaldsins með aukinni þátttöku hins fyrrnefnda í mótun laga og túlkun stjórnarskrár.

Niðurstaða norsku rannsóknarinnar er m.a. að fulltrúalýðræðið sé í tilvistarkreppu. Fram kemur einnig að stéttaskipting hafi aukist, sérstaklega eftir kynþáttum. Athyglisvert er einnig að áhrif ákveðinna hópa hafa breyst með auknum áhrifum sérstakra tengsla milli áhrifamikilla einstaklinga í þjóðlífinu. Jafnframt hafi staða lýðræðisins breyst með meiri áhrifum frá ákveðnum hópum sem ekki eru endilega lýðræðislega kjörnir.

Bæði í norsku og dönsku rannsóknarniðurstöðunum er lögð mikil áhersla á að líta til þeirra breytinga sem einkavæðing ríkisfyrirtækja hefur haft á lýðræði og völd í þjóðfélaginu. Mikil völd hafa flust til einkaaðila og er leitast við að sjá hvaða áhrif það hefur haft. Í norsku lokaskýrslunni kemur fram að vöxtur markaðarins hafi ekki leitt til dreifingar valds heldur frekar meiri áhrifa af fákeppni. Í dönsku skýrslunni kemur fram að máttur fjöldasamtaka á borð við stjórnmálaflokka og verkalýðsfélög hafi minnkað. Á hinn bóginn hafi ítök samtaka sem myndast um ákveðin málefni aukist. Jafnframt kemur fram að áhrif fjölmiðla hafi aukist mikið á undanförnum árum og leggja þeir nú oft línurnar hvað varðar pólitísk baráttumál, en fjölmiðlar myndi nú tengsl milli almennings og stjórnmálamanna á sama hátt og stóru stjórnmálaflokkarnir gerðu áður fyrr.

**Þrískipting valdsins.**

Í þrískiptingu ríkisvaldsins á Alþingi að vera valdamesta stofnunin með fjárveitinga- og löggjafarvaldið. Alþingismenn sækja umboð sitt í lýðræðislegum kosningum til þjóðarinnar. Framkvæmdarvaldið starfar svo í skjóli meiri hluta Alþingis og dómsvaldið er skipað af framkvæmdarvaldinu (dómsmálaráðherra). Verksvið löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds er svo skýrt afmarkað í stjórnarskránni. Á því hafa verið skiptar skoðanir í umræðu undanfarinna ára hvort verulegar breytingar hafi orðið á valdmörkum þessara þriggja stoða stjórnskipunar landsins.

Umræðan snýst um það hvort löggjafarvaldið sé sífellt að veikjast á sama tíma og framkvæmdarvaldið styrkist. Er þar átt við framsal Alþingis á valdi í lögum og víðtækar reglugerðarheimildir framkvæmdarvaldinu til handa, auk þess sem löggjafarvaldinu sé gert stöðugt erfiðara að sinna eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdarvaldinu. Sömuleiðis telja sumir að eðli forsetaembættisins hafi breyst en um það eru mjög deildar meiningar. Þróunin hefur líka verið í þá átt að frumkvæði og undirbúningur laga er að langmestu leyti í höndum framkvæmdarvaldsins. Ýmsir líta svo á að þetta fyrirkomulag sé eðlilegt en aðrir telja þetta merki um veikleika löggjafarvaldsins. Sömuleiðis er það gagnrýnt að vald embættismanna sé orðið meira en eðlilegt er og að þess gæti í alltof ríkum mæli að bæði framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið færi ákvörðunarvald sitt í hendur embættismönnum. Vitnað er til þess að þeir útfæri iðulega stefnu stjórnvalda með því að þeir undirbúi þingmál, séu nefndum löggjafarþingsins til ráðgjafar um breytingar og endanlega gerð laga og séu síðan oft þeir aðilar í stjórnsýslunni sem hafa með höndum framkvæmd og eftirlit. EES-samningurinn hefur einnig verið nefndur og þótt flestir viðurkenni að hann hafi haft mjög jákvæð áhrif á efnahags- og atvinnulíf, þá er það engu að síður ljóst að hann hefur átt sinn þátt í að veikja löggjafarþingið en styrkt jafnframt embættis- og framkvæmdarvaldið.

Skýringarnar á styrk framkvæmdarvaldsins felast vafalaust ekki síst í því að stjórnarmeirihlutinn sem styður ríkisstjórnina á hverjum tíma unir því að framkvæmdarvaldið hafi undirtökin á löggjafarþinginu. Það er því að mestu stjórnarandstaðan ein sem reynir að standa vörð um stöðu löggjafarþingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og átökin verða því á hverjum tíma milli stjórnarandstöðu og framkvæmdarvaldsins. Í grein eftir Friðgeir Björnsson í Tímariti lögfræðinga frá í maí 1999 sem ber heitið „Tvískipt ríkisvald?“ er m.a. vikið að því að ekki sé fjarri lagi að segja að handhöfn bæði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds sé hjá ríkisstjórn með forsætisráðherra í broddi fylkingar í flestu því sem einhverju máli skiptir.

Ekki eru þó allir þessarar skoðunar. Í Tímariti lögfræðinga, 2. hefti 55. árgangs (október 2005), birtist grein eftir Þorstein Magnússon undir yfirskriftinni Alþingi í ljósi samþættingar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Þar segir:

„Sú mikla samþætting löggjafarvalds og framkvæmdarvalds sem er á Íslandi felur þó ekki í sér samruna þessara tveggja meginstofnana ríkisvaldsins þannig að ríkisvaldið sé tvískipt. Það væri of mikil einföldun að ætla á grundvelli samþættingarinnar að segja að Alþingi og framkvæmdarvaldið séu orðin eitt, hafi runnið saman í eina heild eða einn valdþátt. Hvað Alþingi varðar er ljóst að þingið er ekki einsleit stofnun. Þar eiga sæti bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar. Þar sem hér á landi ríkir lýðræði er þess ekki að vænta að breyting verði á þessari samsetningu þingsins. Alþingi er því í pólitískum margbreytileika sínum ólíkt hinni pólitísku forustu framkvæmdavaldsins, þ.e. ríkisstjórninni."

Og síðar í sömu grein segir:

„Vangaveltur um það hvort framkvæmdarvaldið „kúgi" Alþingi eða öfugt skila í reynd litlu. Aðalatriðið er að sami pólitíski aðilinn fer með stjórn þessara stofnana. Þeir flokkar, sem fá þingmeirihluta á Alþingi og mynda ríkisstjórn, fá umboð þjóðarinnar til að stýra þessum tveimur stofnunum ríkisvaldsins. Það verður þó ætíð að hafa í huga að meðan umboðsmenn þingmeirihlutans (ráðherrarnir) fara með óskoraða stjórn á framkvæmdarvaldinu er eðli Alþingis slíkt, sbr. það sem áður er sagt um stjórnarandstöðuna, að ráðherrarnir geta ekki stýrt löggjafarstofnuninni með sama hætti og þeir stýra framkvæmdarvaldinu.

Þó vissulega sé samþætting löggjafarvalds og framkvæmdarvalds á Íslandi mjög mikil er þrískipting ríkisvaldsins ekki eingöngu að formi til. Sérstaða Alþingis gerir það að verkum að það getur sinnt sjálfstæðu stjórnskipulegu hlutverki þó að staða þingsins og störf þess mótist vitaskuld af því pólitíska umhverfi sem það starfar í."

Vissulega má benda á leiðir sem farnar hafa verið til að reyna að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Má þar nefna bætta stöðu þingmanna við störf í fastanefndum Alþingis eftir að nefndasvið þingsins var styrkt verulega með því meðal annars að auka þar mannafla og fá þar lögfræðinga til starfa.

Ýmsar breytingar á þingsköpum voru líka til þess ætlaðar að styrkja stöðu þingsins. Má þar nefna að 1991 var tekið upp í þingsköp að nefndir gætu að eigin frumkvæði fjallað um önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra. Í reynd hefur þetta ákvæði litlu sem engu skilað frekar en 39. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um rannsóknarvald þingnefnda. Þingið þarf að samþykkja að koma á fót rannsóknarnefndum skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Meiri hlutinn hefur nær undantekningarlaust stöðvað tillögur um að settar yrðu á fót slíkar rannsóknarnefndir, enda er þeim oft ætlað að rannsaka gjörðir valdhafa sem þá starfa í skjóli meiri hluta þingsins. Þrátt fyrir að ýmsar aðrar tillögur hafi verið settar fram til að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu hafa þær ekki náð fram að ganga.

Ástæða er einnig til að nefna grein sem fyrrverandi forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, ritar í Tímarit lögfræðinga í mars 1997 um samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Þar fjallar Ólafur um ýmislegt sem lýtur að stjórnsýslu þingsins og segir m.a. að tilhneigingar gæti hjá framkvæmdarvaldinu til að hafa bein afskipti af stofnunum Alþingis, þ.e. Ríkisendurskoðun, umboðsmanni Alþingis og Alþingi sjálfu, með flutningi stjórnarfrumvarpa. Ólafur segir óásættanlegt að fulltrúar framkvæmdarvaldsins flytji lagafrumvörp sem varða innri málefni þingsins og stofnana þess. Ágreiningur sé milli Alþingis og framkvæmdarvalds um fjárhagslegt sjálfstæði Alþingis sem stofnunar. Fram kemur í greininni að oddvitar framkvæmdarvaldsins hafi vilja túlka það svo að Alþingi eigi undir forsætisráðuneytið (framkvæmdarvaldið) að sækja í málefnum er varða stjórnsýslu og rekstur þingsins. Slík túlkun fái ekki staðist, því hún gangi í berhögg við þau grundvallarrök sem búi að baki 2. gr. stjórnarskrárinnar um aðgreining ríkisvaldsins og eigi sér heldur ekki efnislega stoð í lögum um Stjórnarráð Íslands. Ólafur segir að forsætisráðuneytið geti ekki í krafti reglugerðar-

ákvæðis um Stjórnarráð Íslands tekið sér vald sem gefur því rétt til íhlutunar um innri málefni Alþingis.

Einnig má benda á að það hlýtur að ganga í berhögg við þrískiptingu valdsins samkvæmt stjórnarskránni og við sjálfstæði Alþingis sem stofnunar, hinnar valdamestu í hinu þrískipta ríkisvaldi samkvæmt stjórnskipun landsins, að það sé forsætisráðherra sem kallar saman Alþingi og slítur því. Meðan Alþingi hefur ekki fullkomið sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu verða valdmörkin óljós og hingað til hefur framkvæmdarvaldið nýtt sér það til að styrkja stöðu sína gagnvart löggjafarþinginu.

Mikið hefur líka verið rætt og ritað um hvort dómstólarnir séu í auknum mæli að fikra sig inn á verksvið löggjafarvaldsins með íhlutun í gegnum dómsniðurstöður. Því til stuðnings er bent á niðurstöðu dómstólanna í umdeildum málum, svo sem í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun ríkisins, Valdimarsmálinu svokallaða og Vatnseyrarmálinu. Friðgeir Björnsson orðar það svo í Tímariti lögfræðinga í október 2001: „Það eru ekki ýkja mörg ár síðan þær raddir voru uppi að dómstólar væru hallir undir stjórnvöld, þ.e. dæmdu þeim í vil á hæpnum forsendum. Reyndar heyrast þær enn en eru fáar og hjáróma. Blaðið hefur snúist við og nú eru uppi háværar raddir sem segja að dómstólar fari offari gegn öðrum greinum ríkisvaldsins og gæti ekki valdmarka sinna gagnvart þeim. Dómstólar leggi löggjafa og stjórnvöldum skyldur á herðar sem þau beri ekki lögum samkvæmt." Í grein Friðgeirs kemur fram að umræðan snúist um það hvort dómstólar, og þá sérstaklega Hæstiréttur sem æðsti dómstóll landsins, taki sér í dómum sínum lagasetningarvald og gangi þannig á stjórnarskrárvarinn rétt löggjafans.

Grundvallarágreiningur er um hvort og að hve miklu leyti dómstólar geta tekið sér lagasetningarvald eða mótað nýjar lagareglur. Til að gefa hér mynd af því er rétt að vitna til skoðana Sigurðar Líndals, fyrrverandi prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, og Jóns Steinars Gunnlaugssonar, hæstaréttarlögmanns og prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Í grein Sigurðar í Tímariti lögfræðinga frá júlí 2002 er gerð grein fyrir því að lengi hafi því verið hafnað að dómstólar ættu hlut að lagasetningu, en nú sé það ekki deilumál lengur; hlutur dómstóla fari vaxandi. Sigurður ræðir um eðlismun á lagasetningu dómstóla og löggjafans og segir orðrétt: „Nú verða dómstólar að eyða óvissu með því að skerpa á óskýrum ákvæðum eða setja nýjar reglur til fyllingar þar sem þörf er." Óhjákvæmilegt sé að dómstólar setji reglur, segir Sigurður: „Þá gerist það einnig að löggjafanum séu mislagðar hendur og það komi í hlut dómstóla að lagfæra lögin eða jafnvel í undantekningartilfellum að víkja þeim til hliðar. Óútkljáð er hinsvegar hversu langt dómstólar geta gengið og hvar mörkin liggi að þessu leyti milli lagasetningarvalds og dómsvalds."

Jafnframt kemur þetta fram í grein Sigurðar Líndals: „Sá sem véfengir lagasetningarvald dómstólanna er að einhverju leyti háður alræðishyggju einveldis- og upplýsingaaldar þar sem sett lög einvaldsins voru eina viðurkennda réttarheimildin. Við lýðræðisskipan hljóta samkvæmt þessu allar réttarheimildir að eiga sér stoð, beint og óbeint, í vilja meirihluta kjósenda – arftaka einvaldsins – eins og hann birtist hverju sinni, en þær svara síðan spurningum um öll álitaefni. Hlutverk dómstóla verður þá ekki annað en að finna svarið sem þar liggur ljóst fyrir eða kann að leynast."

Í grein í Úlfljóti, 2. tbl., árið 2002 skrifar Jón Steinar Gunnlaugsson um valdmörk dómstóla. Í þeirri grein kemur fram að hlutverk dómstólanna sé að finna réttarheimildina sem við á en ekki að setja nýja reglu, og ekki sé hægt að fallast á kenningar um að hlutverk dómstólanna sé að móta nýjar réttarreglur. Orðrétt segir Jón Steinar: „Að mínu mati felur þetta í sér kjarna þess ágreinings, sem virðist vera fyrir hendi meðal íslenskra lögfræðinga um valdmörk

dómstólanna og hlutverk þeirra.“ Jón segir í greininni að starf dómara við úrlausn á réttarágreiningi hljóti að beinast að því að leita uppi réttarheimildina sem við á og beita henni en ekki að búa til nýja, og segir að dómstólar eigi ekki að setja lög. Vísar hann m.a. til 61. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að dómendur skuli í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Jón Steinar vísar í greininni til þess að kenningum um heimild dómstóla til að setja nýjar lagareglur fylgdu gjarnan hugmyndir um heimildir þeirra til að breyta túlkun á stjórnarskránni frá einum tíma til annars. Um þetta segir Jón að dómstólar hafi ekki fremur en almenni löggjafinn vald til að breyta stjórnarskránni. Orðrétt kemur þetta fram í greininni: „Þeir, sem tala fyrir þessum kenningum um breytilegar lögskýringar, eru í raun og veru aðeins að mæla með því að stjórnmálabaráttan og hvers kyns önnur þjóðfélagsleg átök færist inn á vettvang dómstóla.“

Það er skoðun flutningsmanna að í rannsókn sem ætlað er að varpa ljósi á hvort skil þrískiptingar ríkisvaldsins séu orðin óljós og ef til vill óæskileg sé full ástæða til að leggja mat á hvaða breytingar hafi orðið á valdmörkum dómstóla og löggjafarþings, og líta til þess grundvallarágreinings sem uppi er um hvort og að hve miklu leyti dómstólarnir hafa tekið sér lagasetningarvald eða mótað nýjar lagareglur sem áhrif hafa á niðurstöðu í dómsmálum.

Í dönsku, norsku og sænsku rannsókninni um þróun valds og lýðræðis, sem áður var getið, voru völd og áhrif fjölmiðla metin, en fjölmiðlar hafa stundum verið nefndir fjórða valdið. Metin voru áhrif þeirra á samfélagsþróunina og var niðurstaðan sú að áhrif fjölmiðla hafi aukist mikið á undanförnum árum og leggja þeir nú oft línurnar hvað varðar pólitísk baráttumál. Bent er á að fjölmiðlar myndi nú tengsl milli almennings og stjórnmálamanna á sama hátt og stóru stjórnmálaflokkarnir gerðu áður fyrr. Flutningsmenn telja því ástæðu til að áhrif og völd fjölmiðla verði könnuð í þessari rannsókn. Í því sambandi er rétt að nefna að í yfirlýsingu forseta Íslands frá 2. júní 2004 þegar hann synjaði fjölmiðlalögunum staðfestingar kemur m.a. fram að fjölmiðlar séu svo mikilvægir í lýðræðisskipan nútímans að þeir séu tíðum nefndir fjórða valdi. Margir telji að fjölmiðlarnir hafi meiri áhrif á hið raunverulega lýðræði sem þjóðir búa við en formlegar reglur um valdmörk helstu stofnana.

**Áhrif af tilfærslu valds og fjármagns á samfélagið og lýðræðisþróunina.**

Markmið þingsályktunartillögunnar er einnig að lagt verði mat á hvort og að hve miklu leyti valdatilfærsla hefur orðið frá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar yfir til einkaaðila í atvinnulífinu. Þar á að líta til þess hvort samþjöppun eigna, valds og fjármagns hjá einkaaðilum hafi leitt til þess að ákvarðanir og fjárfestingar stórra valdablokka í atvinnu- og fjármálalífi hafi verulega meiri áhrif en áður á afkomu þjóðarbúsins. Ef svo er þarf að meta hvort þessi þróun sé til hagsbóta fyrir þjóðarheildina og afkomu þjóðarbúsins og að hve miklu leyti hún skili sér til að bæta stöðu efnahags- og atvinnulífsins almennt og stöðu heimila og velferðarkerfisins.

Þannig verði reynt að draga fram hvort arðsemi við þá miklu samþjöppun eigna og fjármagns sem átt hefur sér stað síðustu ár í viðskiptalífinu skilar sér með ásættanlegum hætti til þjóðarbúsins eða áhrifin séu fyrst og fremst gífurleg eigna- og fjármagnstilfærsla til nokkurra valdablokka sem séu smám saman að eignast Ísland. Hagsmuna- og stjórnunartengsl milli keppinauta verða líka æ algengari í atvinnulífinu og hafa myndast markaðsráðandi fyrirtækjablokkir sem tengjast eigna- og stjórnunarlega í öllum helstu atvinnugreinum, þ.m.t. á fjölmiðlamarkaði. Vöxtur lífeyrissjóðanna hefur líka verið gífurlegur, en eignir þeirra eru nú að nálgast 1.000 milljarða kr. og skiptir fjárfestingarstefna lífeyrissjóðanna gífurlegu máli fyrir allt efnahagslífið og uppbyggingu lífeyriskerfis landsmanna. Tilgangur þessarar tillögu

er jafnframt að draga fram hvað ákvarðanir og fjárfestingar valdablokkanna í viðskiptalífinu, þ.m.t. hjá lífeyrissjóðunum, geta haft á efnahagslífið, stöðu smærri fyrirtækja og heimilanna í landinu og hvort þær skipti orðið meira málið fyrir þjóðarbúið en ýmsar aðgerðir stjórnvalda.

Gífurleg breyting hefur orðið í atvinnu- og fjármálalífi á umliðnum árum með sívaxandi alþjóðavæðingu og fjármagnsflutningum milli landa og mikilli einkavæðingu. Má í raun líkja því við byltingu. Íslenskt viðskiptaumhverfi er sífellt að verða alþjóðlegra. Staða valds og eigna í viðskiptalífinu hefur líka breyst frá því að valdablokkirnir í atvinnulífinu voru aðeins tvær og höfðu báðar ítök og áhrif í stjórnmálunum. Þróunin hefur orðið jákvæð að því leyti að dregið hefur úr óeðlilegu samblandi stjórnmála og atvinnulífs með minni þátttöku ríkisins í atvinnulífinu, en jafnframt hefur almenningur minni möguleika á að hafa áhrif á þróunina gegnum kjörna fulltrúa sína. Þá má ætla að það sé út af fyrir sig jákvæð þróun að valdablokkirnar í atvinnu- og viðskiptalífi eru nú fleiri en áður var, sem ætti að tryggja meiri samkeppni og draga úr óheppilegum tengslum slíkra blokka við einstaka stjórnmálaflokka og stjórnmálamenn.

Hvaða einkunn sem menn vilja gefa þróuninni síðustu áratugi er ljóst að átt hefur sér stað gífurleg eigna- og valdatilfærsla í þjóðfélaginu, einkum nú í upphafi 21. aldar. Fjárfestingar nokkurra valdablokka í atvinnulífi og á fjármagnsmarkaði eru í stærðum sem fáir hefðu getað gert sér í hugarlund fyrir aðeins örfáum árum. Útrás þeirra fylgir líka gífurlegt fjármagnsflæði milli landa og skipta ákvarðanir Seðlabanka Evrópu orðið meira máli fyrir afkomu þessara fyrirtækja en ákvarðanir Seðlabanka Íslands. Mikilvægt er að hlutlaust mat verði lagt á það hvaða sóknarfæri felast í þessum miklu umbreytingum sem orðið hafa í atvinnulífinu fyrir efnahags- og atvinnulífið og samfélagið í heild.

Sú þróun er eðlileg að ríkisvaldið sé ekki í atvinnurekstri þar sem samkeppni ríkir, en á umliðnum árum hefur ríkið jafnt og þétt verið að losa um eignatök á ríkisfyrirtækjum. Aukin alþjóðleg samkeppni og upplýsingabyltingin hefur auk óheftra fjármagnsflutninga milli landa gjörbreytt viðskiptaumhverfinu hér á landi sem annars staðar og hefur ásamt aukinni markaðsvæðingu stuðlað að auknum hagvexti í þjóðfélaginu. Hér á landi hefur þessi þróun líka komið fram í miklum kaupaukum og kaupréttarsamningum hjá forstjórum og öðrum stjórnendum í efra lagi viðskiptalífsins, og skiptir það fé nú tugum og hundruðum milljóna sem komið getur í hlut hvers og eins. Fjármagnstekjur endurspegla líka þróunina en á árið 2003 komu ⅔ allra fjármagnstekna hjá hjónum og sambúðarfólki í hlut 1% fjármagnseigenda og ¾ allra fjármagnstekna einstaklinga komu í hlut 1% allra fjármagnseigenda eða 587 einstaklinga. Launamismunur virðist því hafa margfaldast hér á landi sem annars staðar. Meta þarf hvort söfnun auðs og valds á fárra manna hendur hefur líka aukið misréttið í kjörum fólks.

Markmið þessarar tillögu er því einnig að mat verði lagt á það hvaða áhrif þróun valds og mikil tilfærsla eigna og fjármagns hefur haft í þjóðfélaginu og leggja mat á framhald þessarar þróunar fyrir afkomu þjóðarbús, velferðarþjónustu, heimila og atvinnulífs. Með því að varpa skýrara ljósi á þá þróun sem orðið hefur á tilfærslu á völdum og fjármagni er betur hægt að meta áhrifin á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild sinni.

Umsagnir sem bárust um tillöguna voru mjög jákvæðar, og almennt var hvatt til þess að sú rannsókn sem hér er gert ráð fyrir á þróun valds og lýðræðis verði gerð. ASÍ taldi að hér væri um að ræða mjög brýnt rannsóknarefni fyrir íslenskt samfélag, stofnanir þess, hagsmunasamtök og aðila á markaði. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands taldi að mjög mikilvægt væri að gera ítarlega og vandaða rannsókn á lýðræði og valdi á Íslandi. Slíkar rannsóknir hafi

verið gerðar á undanförnum árum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Orðrétt segir síðan í umsögninni: „Ljóst er að norrænu rannsóknirnar varpa mikilvægu ljósi á stöðu lýðræðisins í þessum löndum og eru nauðsynlegur grundvöllur upplýstrar umræðu um framtíð lýðræðiskerfanna og margvíslegan vanda sem ýmsir telja að þau standi frammi fyrir. Jafnframt hefur komið í ljós að sambærilegar upplýsingar sárvantar um Ísland, þó ýmsar rannsóknarniðurstöður íslenskra stjórnmálafræðinga undanfarin ár hafi komið að góðu gagni.“ Í umsögn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands kemur fram að stofnunin telji rannsóknina þarfa í ljósi þeirra þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa á undanförnum áratugum og álitaefna sem vaknað hafa um tilfærslu valds, ekki áðeins á milli þriggja þátta ríkisvaldsins heldur einnig frá ríkisvaldinu til annarra sviða samfélagsins. Bent er á þátt sem vert væri að rannsaka, þ.e. hvaða áhrif það hefur á vernd mannréttinda að vald hefur færst í ríkum mæli á hendur annarra en handhafa ríkisvaldsins. Orðrétt segir síðan: „Ljóst er að hætta á því að mannréttindi séu skert stafar því ekki aðeins frá ríkinu heldur einnig frá valdamiklum aðilum á vettvangi einkaréttarins.“ Sigurður Líndal prófessor sendi einnig umsögn um tillöguna en þar kemur fram að hreyft hafi verið mjög þörfu máli, sem Alþingi ætti að gefa fyllsta gaum. Jafnframt er í þeirri umsögn bent á að athuga beri hvort til greina komi að semja við háskólastofnanir um verkið, t.d. Lagastofnun og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Tillaga þessi hefur áður verið lögð fram á 131. og 132. löggjafarþingi en hlaut í hvorugt skiptið afgreiðslu. Nokkrar umræður urðu um hana og tóku þingmenn allra flokka þátt í þeim og voru jákvæðir fyrir framgangi hennar.

Umsagnir sem bárust voru mjög jákvæðar, og almennt var hvatt til þess að gerð yrði rannsókn á þróun valds og lýðræðis svo sem hér er lagt til. ASÍ taldi að hér væri um að ræða mjög brýnt rannsóknarefni fyrir íslenskt samfélag, stofnanir þess, hagsmunasamtök og aðila á markaði. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands taldi að mjög mikilvægt væri að gera ítarlega og vandaða rannsókn á lýðræði og valdi á Íslandi. Slíkar rannsóknir hafi verið gerðar á undanförnum árum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Orðrétt segir síðan í umsögninni: „Ljóst er að norrænu rannsóknirnar varpa mikilvægu ljósi á stöðu lýðræðisins í þessum löndum og eru nauðsynlegur grundvöllur upplýstrar umræðu um framtíð lýðræðiskerfanna og margvíslegan vanda sem ýmsir telja að þau standi frammi fyrir. Jafnframt hefur komið í ljós að sambærilegar upplýsingar sárvantar um Ísland, þó ýmsar rannsóknarniðurstöður íslenskra stjórnmálafræðinga undanfarin ár hafi komið að góðu gagni.“ Í umsögn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands kemur fram að stofnunin telji rannsóknina þarfa í ljósi þeirra þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa á undanförnum áratugum og álitaefna sem vaknað hafa um tilfærslu valds, ekki aðeins á milli þriggja þátta ríkisvaldsins heldur einnig frá ríkisvaldinu til annarra sviða samfélagsins. Bent er á þátt sem vert væri að rannsaka, þ.e. hvaða áhrif það hefur á vernd mannréttinda að vald hefur færst í ríkum mæli á hendur annarra en handhafa ríkisvaldsins. Orðrétt segir síðan: „Ljóst er að hætta á því að mannréttindi séu skert stafar því ekki aðeins frá ríkinu heldur einnig frá valdamiklum aðilum á vettvangi einkaréttarins.“ Sigurður Líndal prófessor sendi einnig umsögn um tillöguna en þar kemur fram að hreyft hafi verið mjög þörfu máli, sem Alþingi ætti að gefa fyllsta gaum. Jafnframt er í þeirri umsögn bent á að athuga beri hvort til greina komi að semja við háskólastofnanir um verkið, t.d. Lagastofnun og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

# 62. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um úrbætur í málefnum barna og unglinga sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Mörður Árnason, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sérfræðinga sem hafi það verkefni að kanna stöðu barna og unglinga sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og gera tillögur um bætta stöðu þeirra.

Verkefni nefndarinnar verði að gera ítarlega úttekt á stöðu barna og unglinga sem eru þolendur kynferðisbrota og ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu. Áhersla verði lögð á að skýrslutaka af börnum vegna meintra kynferðisbrota gegn þeim fari fram í Barnahúsi. Skoðuð verði sérstaklega lagaákvæði er varða starfshætti dómstóla og hvort þörf er á að herða refsiúrræði. Einnig leggi nefndin fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömb kynferðisbrota eiga kost á.

Jafnframt verði kannað hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir eru mögulegar, m.a. gagnvart gerendum, til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi. Að auki leitist nefndin við að benda á leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra verknaðinn.

Ráðherra skili skýrslu með niðurstöðum og tillögum nefndarinnar til Alþingis innan árs frá samþykkt tillögu þessarar.

## Greinargerð.

Kynferðisbrot gegn börnum er einn alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja, enda er ljóst að kynferðislegt ofbeldi getur eyðilagt líf þolenda um alla framtíð.

Tillaga þessi felur í sér að gerðar verði úrbætur í málefnum barna og unglinga sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi. Einkum er lögð áhersla á að skoðað verði ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu og áhersla lögð á að skýrslutaka af börnum vegna meintra kynferðisbrota gegn þeim fari fram í Barnahúsi en flutningsmenn telja að það sé tvímælalaust til hagsbóta fyrir börnin. Í tillögunni er einnig lögð áhersla á að lagðar verði fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömb kynferðisbrota eiga kost á og að kannað verði með hvaða hætti er hægt að beita fyrirbyggjandi aðgerðum, m.a. gagnvart gerendum, til að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Tillaga þessi hefur verið flutt áður, síðast á 132. löggjafarþingi. Nú er hún endurflutt nokkuð breytt og með nýrri greinargerð, þar sem tekið er mið af nýjum upplýsingum sem komið hafa fram um stöðu kynferðisbrotamála gagnvart börnum og svörum sem dómsmálaráðherra gaf við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns um þessi mál síðasta vetur (271. mál).

Það er alvarlegt áfall fyrir þjóðina ef 17% barna eru misnotuð fyrir 18 ára aldur eins og kom fram í rannsókn um umfang kynferðislegrar misnotkunar á börnum. Þegar í stað þarf að bregðast við þessu, en í rannsókninni kemur fram að fjórðungur þolenda sé sex ára eða yngri og að í 67% tilvika sé misnotkunin gróf eða mjög gróf. Jafnframt þarf að leita skýringa á því hvers vegna tölurnar eru hærri en í rannsóknum annars staðar á Norðurlöndum. Mikilvægt er því að kalla til færustu sérfræðinga í þá nefnd sem hér er gerð tillaga um að skipa.

Fram kom í nóvember á síðasta ári að fjöldi mála úr barnaverndar- og réttarvörslukerfinu sem snerta kynferðisbrot gegn börnum hafi nær tvöfaldast á tíu árum á sama tíma og sakfell-

ingum fjölgaði aðeins um eina. Málin voru 123 á ári að meðaltali 1995–1997 en að meðaltali 222 á árunum 2002–2004. Á sama tímabili fjölgaði hins vegar sakfellingum einungis úr 16 í 17 á ári að meðaltali.

Ástæða er til að taka fram að þetta eru ekki tilkynningar um meint kynferðisbrot heldur mál sem barnaverndaryfirvöld hafa til meðferðar, þá er búið að sía út mál sem ekki var talin ástæða til að kanna frekar. Sjö ár eru liðin frá því að Barnahús tók til starfa en þá gjörbreyttist aðstaða barna sem orðið höfðu fyrir kynferðisbrotum. Forstjóri Barnaverndarstofu hefur haldið því fram að breyting sem gerð var á lögum um meðferð opinberra mála og tók gildi 1. maí 1999 hafi verið afar óheppileg fyrir framgang mála í réttarvörslukerfinu. Í Barnahúsi skoðar sameiginlega fólk með mismunandi þekkingu þessi mál, barnaverndarstarfsmenn og lögregla. Það gafst mjög vel en sérfræðingar Barnahúss taka rannsóknarviðtöl við börnin án þess að fulltrúar réttarvörslukerfisins séu viðstaddir.

**Áhrif lagabreytingar.**

Þegar mál er kært til lögreglu er yfirleitt fyrsta skrefið að ræða við barnið til að fá fram sögu þess. Áhrifin af áðurnefndri lagabreytingu 1999 eru þau að meiri hluti skýrslna sem teknar eru af börnum eru teknar í dómshúsi en ekki í Barnahúsi eins og áður. Lögreglu og ákværuvaldi er því erfiðara um vik en meðan skýrslutaka fór fram í Barnahúsi. Skýrslutaka þar er miklu manneskjulegri meðferð á barni sem orðið hefur fyrir svo hræðilegum glæp sem kynferðisbrot er en skýrslutaka í dómshúsi. Þar er efnt til dómþings þar sem verjandi sakbornings og jafnvel sakborningur sjálfur á rétt á að vera viðstaddur. Þetta gerist áður en sakborningur er yfirheyrður. Þegar skýrsla er svo tekin af sakborningi veit hann nákvæmlega hvað barnið hefur sagt í rannsóknarviðtalinu. Hann getur því undirbúið sig með hjálp lögmanns áður en hann gefur framburð sinn, haft skýringar á reiðum höndum og jafnvel undirbúið framburð sem dregur trúverðugleika barnsins í efa. Þetta er afleitt og dæmi þess að þetta hafi eyðilagt mál, komið í veg fyrir sakfellingu eða að dómar hafi orðið vægari en efni standa til. Forstjóri Barnaverndarstofu hefur lýst því yfir að með þessu sé ekki jafnræði með ákæruvaldi og sakborningi. Rannsókn sem gerð hefur verið í Svíþjóð sýnir að þeim mun meira sem sakborningur veit um gögn lögreglu á hann auðveldara með að blekkja.

Af þessu tilefni beindi fyrsti flutningsmaður þessa máls síðasta vetur fyrirspurn til dómsmálaráðherra (þskj. 285, 271. mál) þar sem ráðherra var m.a. spurður að því hvort hann teldi eðlilegt að á sama tíma og aðrar þjóðir, t.d. Svíar og Norðmenn, væru að koma á fót barnahúsi að íslenskri fyrirmynd hafi sú þróun átt sér stað að meiri hluti skýrslna af börnum væru hér á landi teknar í dómhúsum og minni hluti því í Barnahúsi. Jafnframt var ráðherrann spurður hvort hann teldi ástæðu til að breyta ákvæðum í lögum um meðferð opinberra mála er varða skýrslutökur þegar grunur leikur á kynferðisbroti gegn barni. Eins og áður sagði er ekki jafnræði með ákæruvaldinu og sakborningi í kynferðisbrotamálum, þar sem verjandi sakbornings eða sakborningurinn sjálfur hefur rétt á því að vera viðstaddur frumskýrslutöku og þessi tilhögun hefur iðulega komið í veg fyrir sakfellingu.

Dómsmálaráðherra taldi engar rannsóknir liggja fyrir um að það að sakborningur og verjandi séu viðstaddir skýrslutöku leiddi til þess að ekki sé sakfellt í máli. Varðandi lagabreytinguna frá 1999 taldi ráðherra það vera börnum til hagsbóta og að lagasetningin væri í samræmi við 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Ráðherrann bar jafnframt brigður á að meiri hluti skýrslna af börnum væru teknar í dómshúsi og minni hluti því í Barnahúsi. Yfirheyrsla á barni væri dómsathöfn og það væri því dómari sem hefði forráð á því hvar sú yfirheyrsla færi fram. Jafnframt sagði ráðherrann að Hæstiréttur hefði ítrekað staðfest að sá háttur sem

t.d. dómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur hafa haft standist fyllilega kröfur laganna um skýrslutöku. Fram kom einnig hjá ráðherra að lögin um meðferð opinberra mála væru til endurskoðunar og þar yrði að farið yfir þau sjónarmið sem fram hafa komið frá því að lögunum var breytt.

Forstjóri Barnaverndarstofu hefur nú nýlega ítrekað þá skoðun sína að mistök hafi verð gerð með lagabreytingunni frá 1999. Breytingin valdi því að þegar dæmt er í málum vegna kynferðisbrota gegn börnum er sakfellt í helmingi lægra hlutfalli þeirra en áður. Mál spillist og það sé siðferðislega ólíðandi fyrir löggjafann að taka ekki á málum og breyta lögunum. Jafnframt kom fram að hann teldi að framkvæmd lögreglu á skýrslutöku af a.m.k. tveimur börnum, sem grunur lék á að hefðu sætt kynferðisofbeldi, hafi leitt til þess að málin töpuðust. Framburður barnanna hafi þótt trúverðugur en dómarar komust að því að skýrslutakan væri óviðunandi. Skýrsluna tóku lögreglumenn í Héraðsdómi Reykjavíkur en ekki þótti ástæða til að nýta sérfræðiþekkingu starfsmanna Barnahúss. Að sögn forstjóra Barnaverdnarstofu var brugðist við með því að senda lögreglumenn á námskeið erlendis til að læra tækni við skýrslutöku á börnum. Þetta staðfestir það sem forstjórinn segir um að mistök hafi verið gerð við lagasetningun 1999 og sérkennilegt að dómstólar notfæri ekki sérþjálfað fagfólk Barnahúss sem frá upphafi starfseminnar hefur tekið skýrslur af 1.200 börnum. Enn furðulegra er það þegar til þess er litið að Barnahús hefur fengið fjölmargar alþjóðlegar viðurkenningar og erlendir aðilar koma hingað til lands að kynna sér og fræðast um þá starfsemi sem fram fer í Barnahúsi.

**Framtíð barna í húfi.**

Fyrir nokkrum árum komu fram á Alþingi upplýsingar frá félagsmálaráðherra, þegar hann svaraði fyrirspurn fyrsta flutningsmanns tillögu þessarar, um fjölda barna og unglinga sem beitt höfðu verið kynferðislegu ofbeldi (þskj. 550, 215. mál á 121. löggjafarþingi). Tölurnar vöktu óhug og leiddi þessi fyrirspurn til stofnunar Barnahúss en starfsemi þess hefur vakið mikla athygli erlendis.

Fram kom að á árunum 1992–1996 hefðu barnaverndarnefndir fengið til meðferðar 465 mál vegna meintrar kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis gegn börnum og þeim tengdust 560 börn yngri en 16 ára. Í einhverjum tilvikum voru þolendur sama ofbeldismanns fleiri en einn. Athyglisvert var að aðeins var birt ákæra í 45 málum af 465 eða í um 10% þeirra mála sem barnaverndarnefndir fengu til meðferðar. Á sl. ári (2005) hafa líka komið fram nýjar upplýsingar um að í rúmlega helmingi tilfella þar sem kynferðisbrot gegn barni hafa verið kærð til lögreglu er málið látið niður falla án þess að til ákæru komi þar sem ekki þykja næg sönnunargögn fyrir hendi til sakfellingar. Ástæður þessa verður að brjóta til mergjar og fara yfir allt kæruferli í réttar- og dómskerfinu, allt frá því að kæra berst og þar til úrskurður dómstóla liggur fyrir. Sömuleiðis verður að finna markvissar leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn. Fram hefur komið að ákærum ríkissaksóknara vegna kynferðisbrota gegn börnum hefur fjölgað mikið á undanförnum árum. Ný rannsókn sem sýnir hve óhugnanlega mörg börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi staðfestir að stjórnvöld verða að veita meira fé til stuðnings- og meðferðarúrræða fyrir þolendur kynferðisbrota. Framtíð fjölda barna er þar í húfi.

Börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og þurfa á sérhæfðri meðferð að halda, sem og fjölskyldur þeirra, en í fyrrnefndu svari félagsmálaráðherra kom fram að ætla ætti að á annað hundrað manns þyrfti á stuðningi og meðferð að halda á ári hverju. Engin hópmeðferð stæði þessum börnum til boða og áfallahjálp og langtímameðferð væri sjaldnast skipulögð

af barnaverndarnefndum, enda væru lagaskyldur á því sviði óljósar. Búast má við að sá hópur sem þarf á sérhæfðum meðferðar- og stuðningsúrræðum að halda hafi stækkað verulega frá því að þessar upplýsingar komu fram.

**Brýnar úrbætur.**

Alþingi kemst ekki hjá því að taka upp alvarlega umræðu um herta refsingu fyrir kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og skoða sérstaklega hvernig fyrningu í þessum málum er háttað. Sérstaklega þarf að kanna réttarstöðu þeirra fjölmörgu barna og unglinga sem hafa mátt þola kynferðislegt ofbeldi. Má þar nefna atriði eins og skýrslutöku af börnum yngri en 18 ára, hvaða sérbúnaður skuli skuli vera tiltækur og hvort unnt sé að koma upp fjarfundabúnaði við héraðsdómstóla landsins. Rannsaka verður hvort þörf sé á að herða refsiúrræði og hverju það kunni að skila, hvort sýknudómum verði áfrýjað til Hæstaréttar í meira mæli en nú og hvernig dómstólar nýta þann refsiramma sem til staðar er í núgildandi löggjöf. Kanna þarf hvernig betur er hægt að tryggja aðbúnað og aðstöðu þeirra sem leita réttar síns vegna kynferðisbrota, enda ljóst að hér er um mjög vandmeðfarin tilfinningamál að ræða og ber opinberum aðilum skylda til að auðvelda þolendum kæru- og dómsferlið eins og kostur er. Sömuleiðis er brýn þörf á að bæta stuðning og meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb kynferðisbrota. Þá þarf að benda á mögulegar leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn, auk þess sem kannaður verði möguleiki á því að skilgreina tímafresti og forgang mála við rannsókn mála hjá lögregluyfirvöldum. Jafnframt verður að telja nauðsynlegt að skoðaðar verði þær skyldur sem hvíla á barnaverndarnefndum. Sálfræðingafélag Íslands hefur til dæmis viljað leggja áherslu á að gagnkvæm tilkynningar skylda ríki á milli barnaverndarnefndar og lögreglu og að barnaverndarnefndum verði gert skylt að óska opinberrar rannsóknar allra mála sem varða meint kynferðisbrot gegn börnum. Enn fremur verður að athuga starfshætti dómstóla, m.a. meta hvort skylt ætti að vera að kveðja til meðdómendur með sérfræðikunnáttu þegar fjallað er um kynferðisbrot gegn börnum.

Ástæða er til að endurskoða lagaákvæði um kynferðisbrot gagnvart börnum. Í lögum er engin lágmarksrefsing tilgreind við slíkum brotum en hámarksrefsing er 12 ára fangelsi, allt eftir aldri barns og skyldleika geranda við það. Hins vegar er í lögunum ákvæði um lágmarksrefsingu fyrir nauðgun, eins árs fangelsisvistun, og hámarksrefsing er 16 ár, en því ákvæði er beitt ef ofbeldi eða er beitt eða því hótað, án tillits til aldurs þolanda. Erfitt er að sjá af hverju ekki er sambærilegt lágmarksákvæði hérlendis vegna kynferðislegs ofbeldis gagnvart börnum. Í Noregi er í slíkum málum lágmarksrefsing eitt ár og í Svíþjóð fangelsisvist að lágmarki tvö ár. Það skýrir væntanlega að einhverju leyti að dómar hér á landi eru mun vægari að hér er engin lágmarksrefsing vegna kynferðisbrota gegn börnum.

**Fyrirbyggjandi aðgerðir.**

Huga verður að fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir að börn og unglingar verði þolendur kynferðisofbeldis. Í því sambandi hlýtur staða gerenda að verða skoðuð og þau meðferðarúrræði sem þeim gefst kostur á. Rannsóknir hafa sýnt að kynferðisbrotamenn hafi takmarkaða samhygð með öðrum og eigi erfitt með að setja sig í spor annarra. Þeir eiga það jafnframt til að líta á börn sem hluti (e. objects) fremur en manneskjur. Samkvæmt upplýsingum frá Stígamótum eru um 20% kynferðisbrotamanna yngri en 18 ára. Telja verður mikilvægt að unnt sé að grípa inn í hegðun þeirra og reyna að veita þeim aðstoð. Þannig gæti verið unnt að koma í veg fyrir áframhaldandi brotahegðun þeirra. Í ársskýrslu Barnaverndarstofu fyrir árið 2003 kemur fram að meintir gerendur í málum þeirra barna sem greindu frá

kynferðisofbeldi í skýrslutöku fyrir dómi hafi verið á aldrinum 15–59 ára og meðalaldur þeirra um 30 ár, sem er um 15 árum lægri meðalaldur en árið áður. Þegar tengsl geranda og þolanda eru skoðuð, kemur í ljós að í 84% tilvika þekkir gerandi til barns, er t.d. tengdur því fjölskylduböndum. Sjaldgæft er að gerendur séu barni ókunnugir með öllu.

**Viðbrögð við ofbeldi.**

Mikilvægt er að þeir sem koma að kynferðisbrotamálum verði meðvitaðri um hvernig bregðast eigi við. Talið er að í einungis 1,6% tilfella hafi börn leitað aðstoðar hjá starfsfólki skóla. Telja verður að átak þurfi að gera í menntun fagfólks þannig að stöðugt sé minnt á ábyrgð og skyldur þegar kynferðisbrot gegn börnum eru annars vegar. Bent hefur verið á dæmi þess að starfsfólk skóla hafi veigrað sér við að taka á alvarlegum kynferðisbrotamálum vegna óöryggis og því hafi málum ekki verið sinnt eins og best væri á kosið.

Ítreka verður að mjög brýnt er orðið að gera úttekt á breytingunum á lögum um meðferð opinberra mála 1999, einkum er varðar skýrslutökur dómara af börnum. Í því sambandi er ástæða til að benda á þá mismunun sem börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi búa við. Þeim börnum sem njóta aðstöðu Barnahúss er tryggð besta fáanlega þjónusta og tryggt er að þau fái læknisskoðun og meðferð þegar ástæða er til. Þetta er ekki unnt að tryggja ef skýrslutaka fer fram í dómhúsum, ekki er tryggt að sérfræðingar annist skýrslutöku og hvorki er trygging fyrir meðferð né læknisskoðun.

Á fyrstu fimm starfsárum Barnahúss komu alls 678 börn í rannsóknarviðtöl og af þeim voru einungis 203 dómaraviðtöl, eða um 30%. Þetta merkir að í 70% tilvika kom lögregla ekki að rannsókn málanna. Sjálfsagt er engin ástæða til að lögregla komi að öllum þessum málum, t.d. þegar meintur gerandi er ósakhæfur eða grunur er á mjög veikum rökum reistur. Hins vegar eru þessar tölur áhyggjuefni þar sem búast má við að í nokkrum hluta þessara mála sé full ástæða til að lögregla komi að rannsókninni.

Í fyrrgreindri ársskýrslu Barnaverndarstofu kemur fram að árið 2003 hafi verið tekin 210 rannsóknarviðtöl í Barnahúsi, sem er 26% aukning frá árinu 2002. Þess ber að geta að fjöldi rannsóknarviðtala felur hvorki í sér fjölda barna né fjölda mála þar sem sum börn koma í fleiri en eitt rannsóknarviðtal, önnur börn koma oftar en einu sinni vegna mismunandi mála og enn önnur greina frá fleiri en einu máli í sama viðtali. Um 51% þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtal var innan við 10 ára. Alls var 110 börnum vísað í greiningar- og meðferðarviðtöl og er það 21% fjölgun frá árinu 2002. Stúlkur voru í miklum meiri hluta þeirra barna sem komu í Barnahús á árinu 2003 eða um 70% þeirra sem komu í rannsóknarviðtal.

Mikilvægt er að í nefndinni, sem skipa á samkvæmt tillögunni, verði sérfræðingar á sviði kynferðisbrota. Flutningsmenn leggja áherslu á að í nefndina verði m.a. skipaðir fulltrúar stéttarfélaga geðlækna, félagsráðgjafa og sálfræðinga, auk fulltrúa Barnaverndarstofu, Stígamóta, lögregluyfirvalda og lögfræðinga eða dómara.

Skoðun flutningsmanna er að víðtæk sátt ætti að nást á Alþingi um þetta mál, sem leitt gæti til úrbóta í kynferðisbrotamálum og bættrar stöðu þolenda.

# 63. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um verkefnið Djúpborun á Íslandi.

Flm.: Mörður Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Kristján L. Möller, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að semja áætlun um það hvernig ljúka megi verkefninu Djúpborun á fimm til tíu árum. Í áætluninni, sem samin verði í samráði við forsvarsmenn verkefnisins og óháða sérfræðinga, verði gerð grein fyrir fjármagni sem til þyrfti og hversu mikið fé er líklegt að leggja þyrfti til í fjárlögum. Ráðherra kynni Alþingi þessa áætlun í formi skýrslu eða frumvarps á vorþingi 2007.

Greinargerð.

Tækniframfarir eru nú að skapa nýja vídd í orkumálum Íslendinga. Gangi eftir vonir manna um svokallaða djúpborun, sem nú er á tilraunastigi, má vinna um 3–5 sinnum meiri orku úr háhitasvæðum en menn hafa hingað til talið gerlegt. Þessi straumhvörf geta, ef rétt er á haldið, fært okkur nær viðunandi málamiðlun milli orkunýtingar- og náttúruverndarsjónarmiða en verið hefur um hríð. Jarðvarmavirkjanirnar yrðu mun vistvænni en áður miðað við orkuöflunargetu þar sem miklu meiri orka fengist úr hverri borholu en nú. Jarðvarmavirkjanir yrðu mun hagkvæmari kostur til orkuframleiðslu á Íslandi en nú er miðað við vatnsaflsvirkjanir.

Rannsóknarverkefnið „Djúpborun á Íslandi“ er nú komið á fullt skrið. Tilraunahola sem reynd var á Reykjanesi hrundi við blástursprófun og nýtist ekki verkefninu. Nú er verið að undirbúa nýja holu á Kröflusvæðinu og verður það fyrsta djúpborunarholan. Aðstandendur verkefnisins gera ráð fyrir að um 15 ár kunni að líða þar til víst er um árangur í þremur tilraunaholum sem boraðar yrðu hver á eftir annarri ef fjármagn fæst til. Þeim áfanga mætti þó ná á mun skemmri tíma ef fjármagn væri tryggt, með því að bora tilraunaholurnar með styttra millibili eða á sama tíma. Með þeim hætti hefði til dæmis ekki orðið sú töf sem nú stendur eftir að hætta varð við Reykjanesholuna.

**Rannsóknarverkefnið Djúpborun á Íslandi (IDDP).**

Rannsóknarverkefninu Djúpborun á Íslandi var hrundið úr vör árið 2000. Það gerðu þrjú helstu orkufyrirtæki landsins, Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur í samráði við Orkustofnun og sérfræðingar hennar á þáverandi rannsóknasviði. Verkefnisstjóri er Guðmundur Ómar Friðleifsson jarðfræðingur.

Verkefnið felst í því að skera úr um hvort unnt er að bora 4–5 km eftir jarðhitavatni í svokölluðu yfirmarksástandi í rótum háhitasvæða, 400–600° C heitu, og koma því í nýtanlegu horfi upp á yfirborðið. Til samanburðar er venjuleg háhitahola um 2 km djúp og gefur af sér 240–340° C heita blöndu af vatni og gufu. Það sem úr djúpholunni kemur er yfirhituð þurrgufa með miklum mun meira orkuinnihald en venjuleg jarðgufa. Í slíkri gufu myndast engir vatnsdropar og því engin sýra þannig að tæring á ekki að vera vandamál. Til nýtingar þarf að ná yfirmarksvatninu úr iðrum jarðar þannig að það blandist ekki efra jarðvatni, og þarf því stálfóðringar í holurnar niður á hið æskilega dýpi. Djúphola af þessu tagi er talin geta gefið allt að tífalt afl „venjulegrar“ holu (líklega allt að 50 MW í stað 4–5 MW nú), og eins og áður segir kynni að vera unnt að vinna 3–5 sinnum meiri orku en nú úr hverju háhitasvæði sem

tekið er til virkjunar. Borholur á hverju svæði, til rannsókna og vinnslu, verða talsvert færri en nú er þörf á og sjálf jarðvarmavinnslan er því umhverfisvænni þar sem rask minnkar við vegi og borteiga.

Forathugun stóð árin 2001–2003 og lauk með ítarlegri skýrslu. Áformað var að bora þrjár tilraunaholur alls. Hitaveita Suðurnesja bauð fram hina fyrstu þeirra haustið 2004, á Reykjanesi. Borun hófst þar í nóvember 2004 og var boruð þar dýpsta háhitahola landsins í tveimur áföngum, alls 3082 m á dýpt. Í nóvember 2005 var holunni hleypt upp en hún reyndist ekki nógu traust, hrundi saman og eyðilagðist við lagfæringartilraunir í febrúar 2006.

Ekki reyndist unnt að fá aðra heppilega holu á Reykjanessvæðinu og var ákveðið að færa sig um set á svæði Landsvirkjunar norður í Kröflu. Við upphaf haustþings var verið að auglýsa útboð eftir efni í holuna. Einnig hefur komið í ljós að enginn bor virðist vera tiltækur hjá borfyrirtækjum fyrr en í byrjun árs 2008, og er því útlit fyrir að ekki sé hægt að byrja fyrr. Töfin nemur því að minnsta kosti tveimur árum.

Ef fé rennur ekki hraðar til verkefnisins en nú er gert ráð fyrir kann að þurfa að bíða til um 2020 eftir niðurstöðum, þ.e. ef nægilegar vísbendingar fást ekki fyrr en að fullboruðum öllum þremur rannsóknarholunum. Hugsanlegt er þó að fyrsta holan gæti skilað árangri að liðnum tveimur til þremur árum. Framkvæmdahraði og forgangsröð áfanga stjórnast nú að nokkru af því hvernig ástatt er hjá orkufyrirtækjunum við virkjunarframkvæmdir.

Með meira fjármagni kann að vera hægt að flýta verulega fyrir þannig að víst yrði um árangur að liðnum fimm til tíu árum. Að því ber ríkisvaldinu að stuðla, í félagi við orkufyrirtækin íslensku og erlenda rannsóknasjóði, þar sem sannkallaðir þjóðarhagsmunir liggja við.

Heildarkostnaður við verkefnið er nú talinn munu verða um 5–6 milljarðar kr. Í áætlun um lok núverandi áfanga við fyrstu holuna er gert ráð fyrir að orkufyrirtækin leggi hvert um sig fram sjöttung fjármagns. Frá tveimur erlendum rannsóknasjóðum kemur samtals sjöttungur, og ríkisstjórnin hefur gefið fyrirheit um fimmta sjöttunginn. Við upphaf haustþings stóð enn eftir síðasti sjöttungurinn en góðar vonir voru um að hann fengist hjá áhugasömum einkaaðila eða í tengslum við næstu rammaáætlun Evrópusambandsins eða sem styrkur. Um framhaldið er svo ekkert ákveðið.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að iðnaðarráðherra semji áætlun um það hvernig ljúka megi rannsóknarverkefninu Djúpborun á Íslandi á fimm til tíu árum. Í áætluninni sé gerð rækileg grein fyrir fjármagni sem til þyrfti og sagt til um hversu mikið fé er líklegt að leggja yrði til í fjárlögum næstu ár. Til að hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir er eðlilegt að stefna að því að áætlunin liggi fyrir nú á vorþinginu, enda eiga allflestar upplýsingar að vera tiltækar og aðgengilegar hjá verkefnisstjórninni og aðstandendum verkefnisins.

Ríkisvaldið hlýtur að stuðla að því – í félagi við orkufyrirtækin íslensku og erlenda rannsóknasjóði – að sem allra fyrst fáist niðurstöður úr þessari rannsókn. Djúpborunartæknin gæti í einu vetfangi gjörbreytt stöðunni í íslenskum orkumálum og skapað færi á samstöðu um forgangsröð við virkjun, verndun og aðra nýtingarkosti sem nú er ekki í sjónmáli.

Háhitasvæði á Íslandi til orkuöflunar umfram þau sem nú þegar eru virkjuð verður að velja af mikilli kostgæfni. Vel sýnileg háhitasvæði á landinu eru aðeins um 20–25 eftir því hvernig á er litið, því sumum þeirra sem venjulega er talað um í einu lagi má í raun skipta í nokkur svæði. Að auki eru svæði án verulegra ummerkja á yfirborði og enn önnur undir jökli án greinilegra ummerkja nema t.d. í efnasamsetningu áa sem frá þeim streyma. Þetta á við um svæði undir Mýrdals-, Hofs- og Tindfjallajökli, og um svæði nálægt Prestahnjúk og Hrúthálsum.

Af þessum 20–25 svæðum hefur um helmingi þegar verið raskað á einn eða annan hátt vegna orkuöflunar eða annarra framkvæmda. Þessi svæði eru þegar virkjuð til orkuöflunar, a.m.k. að hluta: Svartsengi, Reykjanes, Hengilssvæðið, Námafjall og Krafla. Köldukvíslarbotnum hefur verið sökkt og framkvæmdir eru hafnar á Þeistareykjum. Eftir stendur um það bil tylft óraskaðra eða lítt raskaðra háhitasvæða, m.a. Brennisteinsfjöll, hlutar Hengilssvæðisins, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Torfajökulssvæðið, Vonarskarð, Öskjusvæðið, Fremri-Námur, Gjástykki, svæðið í Öxarfirði, Grímsvötn og Kverkfjöll. Að auki má telja svæðin í Krýsuvík og við Geysi sem hefur verið raskað að hluta.

Verðmæti náttúru á háhitasvæðunum hefur ekki verið rannsakað í heild, og náttúrufarsrannsóknir á óröskuðu svæðunum eru afar takmarkaðar. Sum hinna óröskuðu svæða nýtast illa til orkuvinnslu, og gera má ráð fyrir verulegri andstöðu við orkuframkvæmdir á mörgum svæðanna. Til dæmis eru fjögur þeirra nefnd sem verndarsvæði í tillögum Samfylkingarinnar um „Fagra Ísland“: Kerlingarfjöll, Brennisteinsfjöll, Torfajökulssvæðið og Grændalur. Miklu skiptir því að geta fullnýtt þau svæði sem þegar eru virkjuð og búa svo um hnútana að frekari nýting gangi eins lítið á umhverfi og nokkur kostur er á.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt í samhengi við önnur þingmál Samfylkingarinnar um náttúruvernd og orkuframkvæmdir á yfirstandandi löggjafarþingi.

Málið kom fyrst fram á Alþingi í síðasta löggjafarþingi og var þá sent út til umsagnar. Umsagnir sem bárust voru allar jákvæðar. Þar á meðal voru Íslenskar orkurannsóknir, Orkustofnun, Byggðastofnun, Samorka, Norðurorka, Eyþing, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Í síðastnefndu umsögninni er þó lögð áhersla á að stuðningur við djúpborunarrannsóknir verði ekki til að skerða annað rannsóknafé af hálfu ríkisins. Vegna þess skal tekið fram að það er ekki ætlunin af hálfu flutningsmanna, og er gert ráð fyrir stórauknum náttúrufarsrannsóknum næstu árin í öðrum tillögum Samfylkingarinnar af sama meiði.

## 64. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu laga sem kveði á um að bönkum og fjármálastofnunum á Íslandi verði skylt að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar um fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda. Frumvarp þess efnis verði lagt fram á þessu löggjafarþingi með það að markmiði að lög þessa efnis geti tekið gildi 1. maí 2007.

Greinargerð.

Mál þetta var fyrst flutt á 131. löggjafarþingi en ekki tókst að ljúka afgreiðslu þess. Enn var málið flutt á 132. löggjafarþingi en ekki tókst að ljúka afgreiðslu þá heldur.

Réttlát skattheimta grundvallast á því að skattgreiðendur telji tekjur sínar rétt fram og að skattyfirvöld hafi nauðsynlegar upplýsingar til að sinna virku og eðlilegu skatteftirliti. Hér á landi hafa skattyfirvöld yfirleitt greiðan aðgang að upplýsingum um launatekjur, fasteignir og fasteignaviðskipti, ökutækjaeign og ýmis lánaviðskipti alls almennings. Þegar hins vegar

kemur að fjármagnstekjum er allt annað uppi á teningnum. Bankar og fjármálastofnanir á Íslandi hafa tregðast við að veita skattyfirvöldum upplýsingar um fjármagnstekjur skattgreiðenda og þrátt fyrir ítrekaðar óskir ríkisskattstjóraembættisins á síðasta ári hafa flest fyrirtækin látið það algerlega undir höfuð leggjast.

Fram hefur komið að Ísland sker sig úr á Norðurlöndum að þessu leyti og er í miklum minni hluta innan OECD þar sem yfirvöld í 20 ríkjum af 30 fá umræddar upplýsingar sjálfkrafa frá bönkum og öðrum fjármálastofnunum. Skattyfirvöld nota slíkar upplýsingar bæði við skatteftirlit og við forskráningu skattframtals. Í viðtali við Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra í Morgunblaðinu 6. mars 2005 kom fram að slík skil hefðu aukist um 20% í Svíþjóð í kjölfar lagasetningar um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóraembættinu má ætla að skattskil vegna fjármagnstekna mundu einnig aukast um nálega fimmtung ef sama verklag væri viðhaft hér á landi. Í skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi (þskj. 664, 442. mál 131. löggjafarþings) kemur fram sú skoðun að tímabært sé að leiða í lög afdráttarlaus ákvæði um skyldu banka og fjármálastofnana til að láta skattyfirvöldum í té allar upplýsingar þeirra um eignir og tekjur viðskiptavina bankans og þeirra sem þeir annast einhvers konar fjársýslu fyrir.

Í 1. tölublaði 19. árgangs Tíundar, fréttablaði ríkisskattstjóra, kemur fram, í grein sem ber heitið Forskráning upplýsinga og skatteftirlit eftir Jóhannes H. Karlsson, að hluti íslenskra banka og annarra fjármálastofnana, 14 talsins, hafi látið ríkisskattstjóra í té upplýsingar um heildarviðskipti sín við einstaklinga árið 2003. Þessar upplýsingar voru bornar saman við upplýsingar í gagnasöfnum ríkisskattstjóra. Samanburðurinn leiddi í ljós að fjármálastofnanirnar 14 keyptu hlutabréf fyrir 24 milljarða kr. í eigin nafni af einstaklingum. Þegar litið er til uppgefins kaupverðs hinna 14 fjármálastofnana á hlutabréfum frá einstaklingum annars vegar og framtalins söluverðs einstaklinga vegna sölu til sömu fjármálastofnana kemur í ljós að kaup fjármálastofnana námu um 24 milljörðum kr. en framtalin sala einstaklinga við þessar sömu fjármálastofnanir nemur um 19 milljörðum kr. Lítur því út fyrir að 5 milljarða kr. vanti upp á að einstaklingar telji sölutekjur af hlutabréfum rétt fram. Í greininni er einnig bent á að mun færri telji sig eiga hlutabréfaviðskipti við fjármálastofnanirnar en þær sjálfar telja, eða 11 þúsund einstaklingar á móti tæplega 17 þúsundum sem er fjöldinn sem fjármálastofnanirnar gefa upp. Er það niðurstaða greinarhöfundar að verulega vanti upp á að söluhagnaður af hlutabréfum sé talinn fram. Með hliðsjón af framangreindu og því að framtalið heildarsöluverð hlutabréfa einstaklinga var um 58 milljarðar kr. reiknast honum til að vanframtalið söluverð kunni að vera um 15 milljarðar kr. Á grundvelli þess að samkvæmt framtölum er stofnverð hlutabréfa að jafnaði um 55% söluverðs en söluhagnaður um 45% reiknast honum til að undandreginn skattstofn gæti verið nærri 7 milljörðum kr. Skatthlutfall fjármagnstekna er 10% hér á landi og því bendir allt til þess að 700 millj. kr. sé skotið undan fjármagnstekjuskatti á ári hverju.

Auðveldlega má koma í veg fyrir þess háttar skattsvik með einfaldri lagasetningu eins og hér er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa.

---

Með tillögunni var fylgiskjal: Mun minni hætta á svikum ef yfirvöld fengju upplýsingar frá bönkum. (Frétt úr Morgunblaðinu 6. mars 2005.)

# 65. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Halldór Blöndal, Dagný Jónsdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrlegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 129., 130., 131. og 132. löggjafarþingi en varð í ekkert skiptið útrædd. Tillagan er því endurflutt óbreytt og þess fastlega vænst að hún hljóti nú afgreiðslu enda umsagnir nær undantekningalaust jákvæðar, þingmálið flutt af þingmönnum úr öllum þingflokkum og hefur hlotið einróma stuðning í umræðum. Frá því að tillagan var flutt á 130. löggjafarþingi hefur sérstök nefnd, sem fyrrverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, skipaði um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls skilað ráðuneytinu skýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfi og niðurstöðum nefndarinnar. Var skýrslan gefin út af umhverfisráðuneytinu í maí 2004. Í megintillögum nefndarinnar segir orðrétt: „Nefndin leggur til að svæði þjóðgarðs norðan Vatnajökuls nái frá vatnaskilum á Vatnajökli í suðri til Tungnársvæðis vestan jökuls og taki yfir Vonarskarð, Tungnafellsjökul, meginhluta Ódáðahrauns, *Jökulsá á Fjöllum ásamt helstu þverám eins og Kreppu, Kverká, Svartá og vatnasviði öllu eins og við verður komið, Vesturöræfi, Snæfell og Eyjabakkasvæðið.*“ [Leturbreyting flm.] Þá hefur ríkisstjórn samþykkt, í kjölfar kynningar á tillögum nefndarinnar, að áfram verði unnið að undirbúningi málsins. Þessi staða málsins breytir engu um og dregur síst úr mikilvægi þess að Alþingi sjálft taki af skarið um efni tillögunnar. Hvað rökstuðning varðar vísast að öðru leyti til greinargerðar sem fylgdi tillögu þessari á 130. löggjafarþingi:

„Enginn vafi er á því að Jökulsá á Fjöllum, Dettifoss og Jökulsárgljúfur, að meðtöldu hinu stórbrotna umhverfi árinnar allt frá upptökum við jaðra Dyngjujökuls og Brúarjökuls til sjávar í Öxarfirði, er einstæð náttúrugersemi. Fyrst skal frægan telja Dettifoss, sem oft er titlaður aflmesti eða voldugasti foss í Evrópu, þá hin miklu gljúfur, Hafragilsfoss og Selfoss og þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum að meðtöldu Ásbyrgi. Ævi sinni lýkur Jökulsá með því að flæmast um sandana fyrir botni Öxarfjarðar og hefur þá grafið í sand eitt af háhitasvæðum landsins. Umhverfið við efri hluta árinnar er ekki síður stórbrotið allt frá upptökum við Dyngjujökul vestan Kverkfjalla þar sem áin flæmist um hina miklu sandauðn norðan jökulsins með Kverkfjallarana og Krepputungu austan við. Tröllladyngja, Dyngjufjöll og Herðubreið með Ódáðahraun að baki skapa stórbrotna umgjörð í vestri. Undan vesturjaðri Brúarjökuls koma svo Kverká og Kreppa og sameinast Jöklu norðan Krepputungu eftir að hafa runnið á leið sinni til móðurelfunnar um land sem ekki er síður stórbrotið. Um svæðið má segja að Jökulsá á Fjöllum sé bandið sem tengir saman og gerir að einni heild eitthvert stórkostlegasta náttúrufyrirbæri jarðarinnar. Samspil elds og ísa, landmótun og jarðfræði sem

einkennist af mikilli eldvirkni og m.a. móbergsmyndunum frá ísaldartímum sem eiga enga sína líka í veröldinni, ummerki gríðarlegra hamfarahlaupa, gróðurvinjar, úfin hraun og eyðimerkur, dýralíf og vatnafar.

En það er ekki aðeins landið umhverfis Jökulsá á Fjöllum sem hluti af stórbrotinni landslagsheild sem gefur ánni mikið gildi, heldur og sjálft vatnasviðið í heild sinni, stórbrotið samspil jökulvatna og lindáa og rennslishættir allra þessara vatna. Á Íslandi hefur það að vísu fram undir síðustu ár ekki verið mikið til umræðu að náttúrulegir rennslishættir fallvatna gætu haft verndargildi í sjálfu sér en sú umræða er fyrir löngu vel þekkt í ýmsum nálægum löndum. Víða hefur rennslisháttum vatna fyrir löngu verið raskað í umtalsverðum mæli, t.d. í þágu samgangna á vatni og við gerð skipaskurða, stíflumannvirkja og vatnaflutninga til áveitu eða jafnvel með mannvirkjum sem tengdust timburfleytingum. Virkjanir, uppistöðulón, vatnsmiðlun og vatnaflutningar eru hins vegar þær framkvæmdir sem á seinni áratugum eru algengustu ástæður þess að náttúrulegum rennslisháttum fallvatna hefur verið raskað. Ef svo heldur fram sem horfir á Íslandi verða nokkur af stærstu jökulvötnum landsins miðluð og náttúrulegum rennslisháttum þeirra gjörbreytt innan fárra ára. Hér er átt við Þjórsá og Tungnaá sem þegar má heita að séu fullmiðlaðar og síðan bætast Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal í hópinn. Í þessu ljósi verður verndargildi Jökulsár á Fjöllum og Kreppu með óbreyttum rennslisháttum enn þá meira en ella. Allt stefnir í að Jökulsá á Fjöllum verði eina verulega korguga jökulfljótið í þessum stærðarflokki sem ekki hefur enn verið hróflað við. Um er að ræða næstlengstu á landsins, stærsta vatnasviðið, um 8.000 ferkílómetra, og fjórða vatnsmesta fallvatnið miðað við meðalrennsli. Umhverfi árinnar ber merki gríðarlegra hamfarahlaupa og enn vekja hlaup í Jökulsá undrun og aðdáun þeirra sem þau líta augum, ekki síst að sjá Dettifoss í tröllslegum ham þegar vatnsmagnið hefur margfaldast. Allt ber að sama brunni; hin einstæðu verðmæti sem fólgin eru í Jökulsá á Fjöllum og umhverfi hennar, hvoru tveggja óröskuðu af manna völdum, eru miklu meira en fullgild rök fyrir alfriðun.

Í merkri samantekt sinni um fossa á Íslandi setur Sigurður Þórarinsson fossaröðina í Jökulsá á Fjöllum í hæsta verndarflokk og segir að fossana eigi tvímælalaust að friðlýsa ásamt nánasta umhverfi og því fyrr því betra. (Sjá: Sigurður Þórarinsson 1978. Fossar á Íslandi. Náttúruverndarráð, Fjölrit nr. 2.) Um fossaröðina segir Sigurður: „... stórvirkjun í Jökulsá eyðileggur röð fossa: Selfoss, Dettifoss og Hafragilsfoss, sem samanlagt eiga enga sína líka hérlendis og í Evrópu allri". Í sama riti lýsir Sigurður viðhorfum sem ekki eiga síður við í dag. Hann segir: „Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar, er byggist á þeim verðmætum, sem mæld eru í kílówattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar, að hún gleymi því ekki, að í fossum landsins búa einnig verðmæti, sem ekki verða metin til fjár, en mælast í unaðsstundum."

Ýmsar hugmyndir hafa verið og eru á kreiki sem tengjast frekari verndun þess svæðis sem Jökulsá á Fjöllum rennur um. Vinna stendur yfir við gerð náttúruverndaráætlunar og við að skoða mögulega stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan jökla þar sem sjónir hljóta m.a. að beinast mjög að Jökulsá á Fjöllum. Á hinn bóginn er rétt að hafa í huga virkjanaáform á svæðinu og að bæði eldri og yngri ráðagerðir um virkjun Jökulsár á Fjöllum eru til staðar og hafa greinilega ekki verið afskrifaðar af öllum.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að tímabært sé og þarft að Alþingi sjálft taki af skarið í þessu máli. Eðlilegt er að láta nú reyna á yfirlýsingar sem fallið hafa á undanförnum mánuðum og missirum um vilja til að ekki verði hróflað við Jökulsá á Fjöllum. Rétt er að taka fram að lokum að tillaga þessi er hugsuð sem algerlega sjálfstætt innlegg í hina almennu

náttúruverndarumræðu og þá vinnu sem nú stendur yfir við gerð nýrrar náttúruverndaráætlunar. Sama gildir um vinnu fyrrgreindrar nefndar um þjóðgarð eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls. Með því einu að friða Jökulsá á Fjöllum, þótt stórt skref væri, er langt í frá að fullnægjandi árangri sé náð á þessu sviði náttúruverndar. Að sjálfsögðu koma mörg önnur vatnsföll stór og smá og vatnasvið þeirra til greina með alveg sama hætti. Þess ber að geta að áður hafa verið fluttar tillögur hér á Alþingi svipaðs efnis og sú sem hér er fram borin og skal sérstaklega minnt á tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum sem flutt var á 113. og 120. löggjafarþingi.“

## 66. Frumvarp til laga [66. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

Í stað orðanna „10% af þeim tekjum“ í 3. mgr. 66. gr. laganna kemur: 18% af þeim tekjum sem eru umfram 120.000 kr. á ári.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „10% af þessum tekjum“ í 3. mgr. kemur: 18% af þessum tekjum.
b. 2. málsl. 4. mgr. orðast svo: Skal hann vera 18% af þeim tekjum.
c. Í stað orðanna „10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: 18% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu.
d. Í stað orðanna „10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu“ í 5. málsl. 4. mgr. kemur: 18% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007 og koma til framkvæmdar þá þegar vegna tekna á árinu 2007.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi (7. mál) og aftur á 132. löggjafarþingi (31. mál) en var í hvorugt skiptið afgreitt. Málið er nú flutt að nýju efnislega óbreytt.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 18% en jafnframt verði sett skattleysismörk við 120 þús. kr. tekjur einstaklinga á ári.

Tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti námu 14.612 millj. kr. á rekstrargrunni árið 2005 samkvæmt upplýsingum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007. Miðað við forsendur þessa frumvarps má ætla að tekjur af fjármagnsskatti hefðu orðið rúmar 24.000 millj. kr., eða sem svarar aukningu upp á 9.500 millj. kr. Í fjárlögum fyrir árið 2006 var gert ráð fyrir að tekjur af fjármagnstekjuskatti yrðu 12.300 millj. kr. en í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2007 er áætlað að fjármagnstekjur árið 2006 verði mun hærri, eða um 17.900 millj. kr. Í frumvarpi

til fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 19.000 millj. kr. fjármagnstekjuskatti á rekstrargrunni.

Lagt er til að sett verði skattleysismörk við 120 þús. kr. fjármagnstekjur á ári hjá einstaklingum. Gera má ráð fyrir að við það verði rúm 90% einstaklinga og ríflega 70% hjóna sem nú greiða fjármagnstekjuskatt undanþegin skattinum. Þótt hlutfallið sé hátt er hér fyrst og fremst um að ræða smásparnað almennings sem hefur yfirleitt sínar tekjur af launavinnu.

Á undanförnum árum hefur fjölgað þeim einstaklingum hér á landi sem afla töluverðs hluta heildartekna sinna með tekjum af fjármagni sem þeir greiða aðeins 10% skatt af. Um leið breikkar bilið milli þeirra tekjuhæstu og tekjulægstu. Ætla má að fjármagnstekjur séu meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu.

Þessir aðilar greiða lægra hlutfall af tekjum sínum til samfélagsins en launafólk gerir. Vinnandi fólk greiðir af launum sínum um 36,72% að samanlögðum tekjuskatti og útsvari. Tekjur þeirra auðugustu í landinu, þ.e. þeirra sem eiga fjármagnið og þeirra sem þiggja hluta tekna sinna af hlutabréfakaupum eða kaupréttarsamningum, eru aftur á móti mestmegnis fjármagnstekjur. Af þeim greiða þeir, eins og fyrr segir, aðeins 10% skatt.

Flutningsmenn vilja að brugðist verði við breyttu tekjumynstri í þjóðfélaginu og því óréttlæti sem stafar af misræmi í skattlagningu fjármagnstekna og launa. Þá mun sú lagabreyting sem hér er lögð til afla ríkissjóði aukinna tekna til að standa straum af nauðsynlegri velferðarþjónustu.

Fróðlegt er að líta til skattheimtu af launum og fjármagnstekjum í nokkrum löndum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku til samanburðar við lög hér á landi og þá breytingu sem flutningsmenn leggja til.

Í Bandaríkjunum er notað stighækkandi skatthlutfall sem ræðst af tekjum og félagslegri stöðu fólks, allt frá 10% og upp í 35%. Fastur frádráttur er 5.150 bandaríkjadalir fyrir einstakling.

Hægt er að draga frá persónuafslátt að upphæð 3.300 dalir ef tekjur liggja á ákveðnu bili, fyrir einstaklinga er bilið 150.500–273.000 dalir. Ef tekið er dæmi af einhleypum einstaklingi líta skattþrepin svona út:

| | | |
|---|---|---|
| < 7.550 | USD | 10% |
| 7.551–30.650 | USD | 15% |
| 30.651–74.200 | USD | 25% |
| 74.201–154.800 | USD | 28% |
| 154.801–336.550 | USD | 33% |
| > 336.550 | USD | 35% |

Við þetta bætast ýmsir svæðisbundnir skattar þar sem skattstofninn er svipaður en persónuafsláttur og frádráttur eru mismunandi eftir einstökum ríkjum. Skatthlutfallið er oftast stighækkandi frá 3% upp í 25%. Fjármagnstekjur aðrar en söluhagnaður eru skattlagðar á sama hátt og aðrar tekjur. Skatthlutfall er að hámarki 15% af söluhagnaði langtímaeignar, þ.e. eignar sem viðkomandi hefur átt lengur en í 12 mánuði. Ef tekjur einstaklinga eru skattlagðar miðað við 15% skatthlutfall eru fjármagnstekjurnar skattlagðar að hámarki með 5% skatthlutfalli. Á árunum 2008–2010 verður arður og söluhagnaður ekki skattlagður hjá þessum hópi. Árið 2011 verður skattlagning færð aftur í fyrra horf, þ.e. arður skattlagður með öðrum tekjum, söluhagnaður af langtímaeignum skattlagður með 20% skatti en aðeins 10% fyrir einstaklinga sem skattlagðir eru í neðstu tveimur skattþrepunum.

Í Bretlandi eru þrjú skattþrep í almennum tekjuskatti: 10% á tekjur upp að 2.090 pundum, 22% á tekjur á bilinu 2.091–32.400 pund og 40% á tekjur umfram 32.400 pund. Um fjármagnstekjuskatt gildir að skattprósenta á söluhagnað ræðst af tekjuskattsstofni hvers einstaklings, nema ef fjármagnstekjur eru í milliflokknum en þá bera þær aðeins 20% skatt. Fjármagnstekjur eru skattlagðar eftir því hversu lengi eignin hefur verið í eigu einstaklings og lækka skattskyldu fjármagnstekjurnar eftir því sem eignin hefur verið lengur í eigu hans. Fjármagnstekjur af sparifé bera 20% skatt í lægri flokkunum tveimur en 40% í hæsta flokknum. Arðgreiðslur bera 10–32,5% skatt þegar búið er að nýta sérstakan skattafrádrátt.

Í Danmörku leggur ríkið skatt á tekjur sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| < 265.500 | DKK | 5,48% |
| 265.501–318.700 | DKK | 6% |
| > 318.700 | DKK | 15% |

Að meðaltali er sá skattur sem greiddur er til sýslna og sveitarfélaga 33,3%. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með öðrum tekjum. Innheimtur er 28% skattur af arðgreiðslum upp að 44.300 dönskum kr. en 43% af hærri upphæðum.

Í Finnlandi leggur ríkið á tekjuskatt í eftirfarandi þrepum:

| | | |
|---|---|---|
| < 12.200 | EUR | 0% |
| 12.2001–17.000 | EUR | 9,0% |
| 17.001–20.000 | EUR | 14,0% |
| 20.001–32.800 | EUR | 19,50% |
| 32.801–58.200 | EUR | 25,0% |
| > 58.200 | EUR | 32,5% |

Til sveitarfélaga er greiddur skattur á bilinu 16–21%. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með flötum 28% skatti.

Á Írlandi er lagður 20% skattur á tekjur upp að ákveðinni upphæð (29.400 evrur fyrir barnlausa einstaklinga) og þá tekur við 42% skatthlutfall. Fjármagnstekjur bera yfirleitt flatan 20% skatt en í undantekningartilfellum er skattprósentan 40%.

Í Kanada er innheimtur tekjuskattur sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| < 36.378 | CAD | 15% |
| 36.379–72.756 | CAD | 22% |
| 72.757–118.285 | CAD | 26% |
| > 118.285 | CAD | 29% |

Flestöll fylki innheimta sína skatta með tekjuskatti alríkisstjórnarinnar og eru þeir því aðeins hluti af heildarskattinum. Fylkin geta líka lagt á sérstaka viðbótarskatta og flata skatta á tekjur umfram tiltekna upphæð. Heildarskattprósenta má þó aldrei vera hærri en á bilinu 39–53%. Fjármagnstekjur eru yfirleitt skattlagðar með lægra skatthlutfalli þar sem aðeins þarf að greiða skatt af helmingi hreinna fjármagnstekna.

Í Noregi er lagður að hámarki 28% skattur á hreinar tekjur. Ríki leggur á skatta á heildartekjur í eftirfarandi þrepum:

| | | |
|---|---|---|
| < 394.000 | NOK | 0% |
| 394.001–750.000 | NOK | 9,0% |
| > 750.000 | NOK | 12,0% |

Lágmarksfrádráttur einstaklinga er á bilinu 31.800–61.000 norskar kr. en persónuafsláttur hvers og eins er 35.400 norskar kr. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með almennum tekjum (hreinum tekjum).

Sænska ríkið leggur 20% skatt á tekjur á bilinu 306.001–460.600 sænskar kr. en 25% skatt á tekjur umfram 460.600. Tekjur undir 306.001 sænskum kr. bera ekki skatt. Persónuafsláttur er á bilinu 11.700–30.600 sænskar kr. Sveitarfélögin leggja á flatan skatt sem er yfirleitt um 31,6% og reiknaður af sama skattstofni og tekjuskattur hjá ríkinu. Fjármagnstekjur í Svíþjóð bera 30% flatan skatt.

## 67. Frumvarp til laga [67. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Birkir J. Jónsson.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og 2. mgr. 6. gr. skal heimilt að framleiða án leyfis vín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu sem í eru að rúmmáli minna en 15% af hreinum vínanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að gera þeim sem vilja og getu hafa til kleift að framleiða létt vín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmenn telja að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns með tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því aukna frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða sérislensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 128., 130., 131. og 132. löggjafarþingi en var ekki afgreitt úr nefnd og er því lagt fram að nýju.

# 68. Frumvarp til laga [68. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Landeigendum er óheimilt að selja skotveiðimönnum heimild til að skjóta fugla á landareign sinni. Þá er skotveiðimönnum óheimilt að bjóða fé fyrir slíka heimild.

2. gr.

Á eftir orðunum „eða merktum vegaslóðum“ í 2. málsl. 17. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: sem taldir eru upp í reglugerð sem ráðherra setur.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Á eftir 2. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Frá 1. september til 31. desember: stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd.
b. 3. tölul. 1. mgr., er verður 4. tölul., orðast svo: Frá 1. september til 31. mars: fýll, dílaskarfur, toppskarfur, súla, blesgæs, helsingi, hvítmáfur, hettumáfur, rita, skúmur, kjói. Ætíð er heimilt að skjóta kjóa og skúm nærri æðarvarpi.
c. Í stað dagsetningarinnar „15. október“ í 5. tölul. 1. mgr., er verður 6. tölul., kemur: 15. nóvember.
d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Óheimilt er að veiða fugla frá sólarlagi til sólaruppkomu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og lunda“ í 4. mgr. kemur: lunda, silfurmáfs og hettumáfs.
b. Í stað orðanna „selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf“ í 4. málsl. 6. mgr. kemur: selja né kaupa.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 132. löggjafarþingi (57. mál) og er nú endurflutt lítillega breytt. Því fylgdi svofelld greinargerð:

Á 131. löggjafarþingi lagði flutningsmaður fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (386. mál) auk breytingartillögu við frumvarp ráðherra til breytinga á sömu lögum (495. mál). Frumvarp þetta gengur í sömu átt og fyrri tillögur.

Í 1. gr. er því slegið föstu að landeigendum sé óheimilt að þiggja fé fyrir að leyfa skotveiði á villtum fuglum á landareign sinni og skotveiðimönnum sömuleiðis óheimilt að bjóða fram

fé fyrir slíka heimild. Fuglar himinsins eru ekki einkaeign eins eða neins. Og nú er svo komið að dauðar rjúpur mega ekki ganga kaupum og sölum sem væri þó nær en að selja skotveiðileyfi á þær lifandi. Ekki er hægt að bera saman laxveiði og fuglaveiði af augljósum ástæðum. Og rétt er að nefna til viðbótar að laxinum klekjum við ef þess er talin þörf og gerum sitthvað annað til að tryggja viðgang hans. Engin slík ráð eru til fyrir villta fugla.

Í 17. gr. laganna eru not vélknúinna farartækja takmörkuð við vegi og merkta vegaslóða. Þessi grein er merkingarlaus nema fyrir liggi við hvað er átt með „merktum vegaslóðum“ en því er ekki til að dreifa og er 2. gr. frumvarpsins ætlað að ráða bót á því.

Í d-lið 3. gr. er lagt til að óheimilt sé að veiða fugla frá sólarlagi til sólaruppkomu sem er óhjákvæmilegt þar sem komin er ný tækni, nefnilega nætursjónaukar. Það hefur færst í vöxt að skotveiðimenn liggi fyrir gæsum við vötn og fljót eftir að fer að rökkva og dimmt er orðið. Þegar gæsirnar koma síðan fljúgandi ofan af heiðunum eru þær auðveld bráð, sumar falla, aðrar flögra burt helsærðar og enn aðrar sleppa eins og gengur. Atgangur eins og þessi á ekkert skylt við íþróttir eða frjálsa útivist fremur en að skríða eftir bökkum áveituskurða og skjóta endur sem þar hafa leitað skjóls.

Að öðru leyti vísast til þess sem flutningsmaður sagði við umræður um frumvarp ráðherra um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum á síðasta þingi og tiltækar eru á netinu.

## 69. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum.

Flm.: Halldór Blöndal, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að gera með sér samkomulag um að löndin skiptist á ræðismönnum. Löndin eru hvött til að koma sér upp sameiginlegum ræðismannsskrifstofum.

### Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2006 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 21. ágúst 2006 í Þórshöfn í Færeyjum. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að gera með sér samkomulag um að löndin skiptist á ræðismönnum. Löndin eru hvött til að koma sér upp sameiginlegum ræðismannsskrifstofum.

**Rökstuðningur.**

Löng hefð er fyrir jákvæðu og víðtæku samstarfi vestnorrænna þjóða. Þær eru næstu og nánustu nágrannar og hafa öldum saman átt með sér náin og góð vináttu- og nágrannatengsl. Jafnframt hefur verið nokkuð algengt að íbúar hafi flust milli landanna, starfað þar og búið.

Tengsl og samstarf landanna vex stöðugt að umfangi og vilji er í löndunum til að styrkja það enn frekar. Vestnorræna ráðið hefur árum saman unnið að því að efla tengslin og auka samstarf milli stjórnvalda landanna, íbúanna, atvinnulífs og vinnumarkaðar.

Ríki stofna oft ræðismannsskrifstofur og sendiráð í löndum sem þau tengjast nánum böndum, hafa víðtækt samstarf og/eða viðskipti við. Vestnorræna ráðið álítur að til þess að efla sík tengsl sé afar mikilvægt að löndin komi á fót launuðum ræðismannsskrifstofum, sem hafi diplómatíska stöðu, eða viðskiptafulltrúum hvert í annars löndum. Það mun auðvelda fólki að flytja milli landanna og starfa þar. Sömuleiðis mundi það efla möguleika vestnorræns atvinnulífs til að efla starfsemi sína landanna á milli. Síðast en ekki síst yrði það liður í að tryggja borgurum Vestur-Norðurlanda réttindi og hagsmuni ef þeir flytjast milli landanna.

Vestnorræna ráðið álítur það eðlilegt framhald langrar og jákvæðrar hefðar vestnorrænnar samvinnu að löndin stofni ræðismannsskrifstofur með diplómatíska stöðu hvert í annars löndum og hvetur því stjórnir landanna til að semja um stofnun ræðismannsskrifstofa með diplómatíska stöðu.“

## 70. Frumvarp til laga [70. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson,
Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson,
Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller,
Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Mörður Árnason,
Rannveig Guðmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti og skulu þau vera þessi: Atvinnuvegaráðuneyti, forsætisráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, innanríkisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ráðuneytisstjórar stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis skal jafnframt því embætti sínu gegn störfum ritara ríkisráðs Íslands.

3. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Starfsmönnum núverandi Hagstofu Íslands skal boðið starf hjá stofnuninni Hagstofu Íslands. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta að ákvæðum 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Forsætisráðherra skipar nefnd fimm manna til að fjalla um innra skipulag ráðuneyta og stöðu Hagstofu Íslands og koma með tillögur að reglugerð um skiptingu verkefna milli ráðuneyta. Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á síðasta þingi en fékkst ekki rætt og er nú endurflutt nær óbreytt. Heildarendurskoðun á Stjórnarráðinu er löngu tímabær. Skipan þess hefur að mestu leyti haldist óbreytt frá því að lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, voru sett. Þau lög tóku mið af þeirri skipan sem þá var á ráðuneytunum. Líklega eru fá, ef nokkur, dæmi um að stjórnskipan eða deildarskipting í fyrirtækjum eða stofnunum hafi staðið svo til óbreytt í nærfellt 40 ár. Nauðsynlegt er að stokka upp núverandi skipan Stjórnarráðsins og breyta skiptingu og skipulagi ráðuneyta þannig að betur falli að samfélagsaðstæðum. Nokkrar atrennur hafa verið gerðar að því að breyta skipulagi stjórnarráðsins en án árangurs. Þannig var skipuð nefnd árið 1989 undir forsæti Jóns Sveinssonar sem skyldi gera tillögur um breytingar á Stjórnarráðinu. Nefndin samdi frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi 1990, en kom þar aldrei til umræðu. Árið 2005 skipaði þáverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, starfshóp tveggja ráðherra sem falið var það verkefni að endurskoða stjórnarráðslögin en ekkert hefur heyrst af afdrifum eða vinnu þeirrar nefndar. Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að brýnt sé að taka á þessu máli og æskilegt sé að ný lög um Stjórnarráðið taki gildi sem fyrst við upphaf nýs kjörtímabils.

Í frumvarpi þessu er lögð til fækkun ráðuneyta úr fjórtán í níu sem jafnframt felur í sér verulega endurskoðun á verkaskiptingu ráðuneytanna. Lagt er til að stöðu Hagstofu Íslands í stjórnskipaninni verði breytt þannig að hún verði ríkisstofnun en ekki ráðuneyti en auk þess er lagt til að almenn stöðuheiti og skipting starfa innan Stjórnarráðsins verði ekki lengur bundin í lög.

**Markmið frumvarpsins.**

Markmið með breytingum á ákvæðum laga um Stjórnarráðið eru margþætt. Í fyrsta lagi er mikilvægt að laga Stjórnarráðið og stofnanir þess að þeim gríðarlegu breytingum sem orðið hafa á samfélags- og atvinnuháttum frá því að lögin um Stjórnarráð Íslands voru sett árið 1969. Þessar breytingar endurspeglast ekki í núverandi uppbyggingu Stjórnarráðsins. Í öðru lagi er það sjálfstætt markmið að fækka ráðuneytum í þeim tilgangi að auka skilvirkni og nýta betur sérfræðiþekkingu. Við þetta mun ráðherraembættum fækka og launakostnaður Stjórnarráðsins væntanlega lækka. Ráðherraembættum hefur fjölgað um of á kostnað heildarsýnar og skilvirkni og því löngu orðið tímabært að fækka þeim. Í þriðja lagi stuðlar frumvarpið að einfaldari yfirbyggingu stjórnsýslunnar. Stofnanir hennar eru orðnar of margar miðað við verkefni samfélagsins, þær eru of smáar og ekki nægilega öflugar til að takast á við æ flóknari úrlausnarefni í alþjóðlegu þekkingarsamfélagi. Í fjórða lagi er stefnt að því að draga úr hættunni á skörun milli ráðuneyta. Í fimmta lagi er breytingin til þess fallin að gera

rekstur hins opinbera skilvirkari, hagræða með sameiningu og draga þannig úr kostnaði skattborgaranna af rekstri stofnana ríkisins. Má í þessu sambandi einkum nefna þá breytingu að sameina þau þrjú ráðuneyti sem helst hafa með atvinnulífið að gera í eitt atvinnuvegaráðuneyti, en af slíkri breytingu yrði talsvert fjárhagslegt hagræði fyrir hið opinbera.

**Söguleg atriði.**

Upphafleg verkaskipting Stjórnarráðsins tók mið af hefðbundinni skiptingu á viðfangsefnum opinberrar stjórnsýslu í Evrópu. Sú skipting átti einnig ýmislegt sammerkt með þáverandi skipulagi ráðuneyta í Danmörku. Í stofnlögum um Stjórnarráðið frá 1903 voru afar takmarkaðar leiðbeiningar um hvernig haga bæri skipulagi og starfsemi stjórnarráðsins og ráðherrar eða starfsmenn stjórnarráðsins tóku yfirleitt ákvarðanir um heildarskipan þess.

Þegar stjórnarskránni var breytt árið 1920 var ekki talið heimilt að takmarka vald konungs, og þar með ríkisstjórnar, til að ákveða tölu ráðherra, stofna ný ráðuneyti og færa verkefni milli þeirra með almennri löggjöf. Af þessu leiddi að í meginatriðum var öll stefnumörkun um málsmeðferð innan ráðuneyta og skipulag á efsta lagi stjórnsýslu ríkisins í höndum ríkisstjórnar en ekki löggjafarvaldsins og þróaðist stjórnsýslan án verulegrar íhlutunar frá því.

Ráðuneytum fjölgaði nokkuð á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar og var yfirleitt staðið óformlega að fjölguninni. Hún virðist ekki hafa átt rætur að rekja til fyrir fram mótaðrar stefnu um að rétt væri að deila starfsemi Stjórnarráðsins í auknum mæli niður í sérstakar stjórnarskrifstofur. Fjölgun ráðuneytanna endurspeglaði breyttar samfélagslegar áherslur þar sem hlutverk ríkisins í stjórn atvinnu- og efnahagsmála varð sífellt mikilvægara, samhliða aukinni áherslu á uppbyggingu velferðarkerfisins og opinberrar þjónustu á ýmsum sviðum. Hliðstæð þróun virðist hafa átt sér stað víðast hvar í Evrópu. Það voru þó ekki alltaf breyttar samfélagslegar ástæður sem lágu til grundvallar fjölgun ráðuneyta heldur stjórnunarlegar eða pólitískar ástæður sem tengdust tilteknum einstaklingum.

Frá lýðveldisstofnun og fram til ársins 1970 var gefinn út forsetaúrskurður um skiptingu verkefna milli ráðherra við sérhver stjórnarskipti. Sú verkaskipting var óháð verkefnum einstakra ráðuneyta og þannig var aldrei tryggt að einn ráðherra færi með öll málefni ákveðins ráðuneytis. Það var því varla unnt að líta á ráðuneytin sem sérstakrar skrifstofur ráðherra.

**Þróun mála eftir gildistöku laga nr. 73/1969.**

Óhætt mun að fullyrða að þróun Stjórnarráðsins hafi í áratugi verið mjög handahófskennd og í lok sjötta áratugarins og byrjun þess sjöunda þótti mörgum þingmönnum sem mikið skorti á að Stjórnarráðið sýndi öðrum ríkisstofnunum það góða fordæmi sem því bæri. Töldu ýmsir að glundroði einkenndi skipulag þess og málsmeðferð væri ábótavant. Stjórnarráðið hefði ekki staðið sig við mótun almennrar stefnu um uppbyggingu þess og ráðherrar ekki gætt hófs í skefjalausri fjölgun ráðuneyta. Í ljósi þessa þyrfti að styrkja vald Alþingis til íhlutunar um skipulag Stjórnarráðsins í því skyni að auka aðhald í rekstri ríkisins. Árið 1958 var skipuð nefnd til að endurskoða löggjöf um Stjórnarráðið sem skilaði af sér frumvarpsdrögum árið 1961. Þau drög voru lögð til hliðar og sjö ár liðu áður en unnið var að frekari frumvarpssmíði um Stjórnarráðið.

Nýtt frumvarp var lagt fram á haustþingi 1968 og samþykkt vorið 1969 sem lög nr 73/1969. Lögin fólu í sér ýmis nýmæli sem miðuðu að því að gera skipulag Stjórnarráðsins skýrara en verið hafði. Þannig eru ráðuneytin talin upp í lögunum og óheimilt að stofna ráðuneyti eða leggja þau niður nema með lagasetningu. Var almenn samstaða meðal þingmanna

um réttmæti þessarar breytingar. Þá varð sú breyting á að hvert ráðuneyti var lagt óskipt til eins og sama ráðherra. Með þessu átti að tryggja festu og skýrleika í skipulagi Stjórnarráðsins. Í lögunum er kveðið á um innra skipulag ráðuneyta en ákvæðin fólu í raun ekki í sér miklar breytingar heldur voru þau í meginatriðum lögfesting á þeirri skipan sem almennt var við lýði í ráðuneytunum, en eins og að framan greinir hafði uppbygging stjórnsýslunnar þróast á ómarkvissan hátt.

Við samþykkt laganna virðast hins vegar sjónarmið sem stuðluðu að fjölgun ráðuneyta hafa ráðið mestu en lögin fólu í sér verulega fjölgun ráðuneyta og var það ein umdeildasta breytingin. Einnig var það yfirlýst markmið laganna að hver höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar hefði sérstakt ráðuneyti sem stuðlaði eðli máls samkvæmt að aukinni greiningu Stjórnarráðsins í ráðuneyti. Áhersla var lögð á að nægjanlega mörg ráðuneyti væru til skiptanna við stjórnarmyndanir svo auðveldara væri að finna ákjósanlegt jafnvægi milli væntanlegra stjórnarflokka fremur en að hafa faglegan grundvöll að leiðarljósi við skiptingu Stjórnarráðsins í ráðuneyti.

**Gallar á núverandi skipan Stjórnarráðsins.**

Sú leið var valin þegar gildandi lög um Stjórnarráð Íslands voru sett að binda fjölda ráðuneyta og málefnaskiptingu þeirra í lög. Hún hefur þá kosti að málaflokkar tilheyra ávallt sama ráðuneyti og auðveldar það bæði almenningi og stjórnvöldum að átta sig á því hvar yfirstjórn viðkomandi málaflokks er. Sá böggull fylgir hins vegar skammrifi að ef skipan Stjórnarráðsins er ekki endurskoðuð reglulega er hætta á að hún endurspegli samfélagsaðstæður ekki nægilega vel. Jafnframt er hætta á því að málaflokkur heyri undir fleiri en eitt ráðuneyti.

Þrátt fyrir að íslenskt samfélag hafi tekið miklum breytingum frá því að lög um Stjórnarráð Íslands voru sett árið 1969 hefur skipan ráðuneyta ekki verið breytt í takt við þjóðfélagsbreytingarnar þó að slík áform hafa verið uppi oftar en einu sinni. Meginatriðum laganna hefur ekki verið breytt frá því að þau voru sett og er málefnaskipan þeirra að mörgu leyti úr takti við samfélagsaðstæður og leiðir til ósveigjanleika og stöðnunar. Uppbygging stjórnsýslunnar hefur þannig einungis að mjög takmörkuðu leyti verið löguð að breytingum á stjórnarferlum íslenska ríkisins. Skipting Stjórnarráðsins í ráðuneyti byggðist á sínum tíma fyrst og fremst á pólitískum málamiðlunum milli stjórnarflokka án þess að tekið væri tillit til skipulags stjórnsýslunnar.

Í frumvarpi því sem varð að lögum um Stjórnarráð Íslands var kveðið á um að verkaskipting á milli ráðuneyta skyldi ákveðin með reglugerð sem forseti setti samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Ráðherranum bæri jafnan að gæta þess að undir ráðuneyti heyrðu málefni sem eðli sínu samkvæmt ættu þar heima og var þar vísað til upptalningar ráðuneytanna í 4. gr. frumvarpsins. Lögin sköpuðu þannig forsendur fyrir því að marka nýja heildarstefnu um verkaskiptingu ráðuneytanna. Hins vegar verður ekki séð að skipuleg greining hafi farið fram á hvernig best væri að ákveða samsetningu viðfangsefna einstakra ráðuneyta. Reyndist erfitt að víkja frá því fyrirkomulagi sem hafði fest sig í sessi og virðist hefðin hafa ráðið miklu í þessum efnum.

Að mörgu leyti ber reglugerð nr. 96/1969 svipmót þeirrar verkaskiptingar sem hafði einkennt Stjórnarráðið fyrir gildistöku laganna og fól hún ekki í sér verulega röskun á heildarskipan þess. Reglugerðin er einnig í ýmsum tilvikum orðin úrelt, enda eru þar víða talin upp stjórnvöld og verkefni sem eru ekki lengur á starfssviði viðkomandi ráðuneyta og ný lög-

bundin viðfangsefni eru ekki tilgreind þar. Þetta helgast af því að löggjafinn mælir almennt fyrir um það í ýmsum sérlögum hver skuli vera viðfangsefni stjórnvalda.

Eins og skipan Stjórnarráðsins er nú háttað heyra ýmsir málaflokkar undir fleiri en eitt ráðuneyti. Auk þess væru önnur verkefni betur komin undir öðru ráðuneyti en þau heyra undir í dag. Sem dæmi má nefna að ýmsar menningarstofnanir heyra undir forsætisráðuneyti, ekki heyra allir skólar undir menntamálaráðuneyti og sama á við um skipulag rannsóknarstarfsemi. Oft má rekja það til þess að umræddri starfsemi var ætlað að koma til móts við ólíkar þarfir afmarkaðra hópa. Á síðari árum hefur einnig orðið vart við þá tilhneigingu að leggja málefni undir fleiri en einn ráðherra eða jafnvel ríkisstjórnina í heild. Hefur slíkt fyrirkomulag gert málsmeðferð þyngri í vöfum og er einnig til þess fallið að draga úr ábyrgð einstakra ráðherra á stjórnarstörfum. Frá gildistöku laganna hefur fjöldi ráðherra færst nær fjölda ráðuneyta og því hefur smám saman dregið úr þeim sveigjanleika við stjórnarmyndun sem ríflegur fjöldi ráðuneyta átti að tryggja. Samhliða þessu hefur kostnaður við æðstu stjórn ríkisins aukist en nú eru 19% þingmanna ráðherrar.

**Úrelt verkaskipting hvað atvinnulífið varðar.**

Verkaskipting Stjórnarráðsins endurspeglar ekki nútímann. Skipan þess hefur verið að mestu óbreytt frá árinu 1969 ef frá er talin stofnun umhverfisráðuneytisins. Sannkölluð bylting hefur orðið, m.a. á sviði fjarskipta og margmiðlunar og í þekkingar- og vitundariðnaði nútímans. Þessar breytingar í tækni og atvinnuháttum, sem jafna má við iðnbyltinguna á sínum tíma, endurspeglast hvergi í uppbyggingu og verkaskiptingu Stjórnarráðsins.

Skipan Stjórnarráðsins byggist á fornaldarlegri skiptingu atvinnulífins í frumframleiðslugreinar, þ.e. sjávarútveg, landbúnað og iðnað, og skipta ráðuneyti þessara greina æ minna máli fyrir atvinnulíf landsmanna. Nýjar greinar fá hvorki athvarf né atlæti innan Stjórnarráðsins.

Sem dæmi um hversu forneskjuleg viðhorf búa þessu að baki má nefna að landbúnaður, sem hefur í kringum sig heilt ráðuneyti og viðamikið stoðkerfi kostnaðarsamra stofnana, þ.m.t. heilan háskóla, leggur til 1,5% landsframleiðslunnar. Hins vegar má nefna hátækniiðnað með um 4% landsframleiðslunnar. Þá má einnig nefna ferðaþjónustu sem leggur til 5% landsframleiðslunnar, en henni var holað niður í samgönguráðuneytinu án sterkra raka.

Það er viðtekin skoðun að hið opinbera eigi ekki að gera neinn greinarmun á mismunandi atvinnugreinum heldur skapa atvinnulífinu öllu sömu skilyrði til að vaxa. Það er hin útbreidda skoðun og vinnuaðferð í atvinnulífinu sjálfu. Öllum þessum greinum, gömlum og nýjum, væri best komið saman í einu öflugu atvinnuvegaráðuneyti. Innan þess yrði stjórnsýsla og stefnumörkun fyrir atvinnulífið í heild færð til nútímanns. Stefnan yrði skýrari og áhrif sérhagsmuna minni.

Samfylkingin flutti þingsályktunartillögu um stofnun atvinnuvegaráðuneytis á 131. löggjafarþingi þar sem hún taldi það fyrsta og mikilvægasta skrefið í endurskipulagningu og nútímavæðingu Stjórnarráðsins. Var við það miðað að því verki væri lokið fyrir árslok 2006. Þessi tillaga náði ekki fram að ganga.

**Flutningur verkefna milli ráðuneyta.**

Þegar skoðað er skipulag stjórnarráða á Norðurlöndunum kemur í ljós að fjöldi, skipulag og verkaskipting er með nokkuð mismunandi hætti milli landa. Þannig eru ráðuneytin 11 í Svíþjóð en 18 bæði í Danmörku og Noregi þó að verkaskipting ráðuneyta þeirra sé ólík. Skipulag danska stjórnarráðsins er ekki fest í lög og því auðvelt að laga það að pólitískum

áherslum hverju sinni. Vinnuhópur á vegum framtíðarhóps Samfylkingarinnar, sem fjallaði um lýðræði og jafnrétti, skoðaði m.a. fyrirkomulag þessara mála í öðrum löndum. Hópurinn skoðaði m.a. kosti þess og galla að festa skipan Stjórnarráðsins í lög eða hafa fyrirkomulagið sveigjanlegra eins og í Danmörku. Það er niðurstaða flutningsmanna þessa frumvarps að skynsamlegra sé að binda skipulag Stjórnarráðsins í lög rétt eins og hér hefur verið gert og tíðkast í Svíþjóð og Noregi. Er fylgiskjal úr skilagrein hópsins birt sem fylgiskjal með þessu frumvarpi en frumvarpið byggist í meginatriðum m.a. á tillögum hópsins um breytta skipan Stjórnarráðsins. Hópurinn fór hins vegar ekki út í ítarlega skoðun á skiptingu verkefna milli einstakra ráðuneyta og hefur það verið útfært aðeins nánar í þessari greinargerð.

Í tillögum hópsins var gert ráð fyrir að stofnað yrði sérstakt innanríkisráðuneyti sem færi með flest þau mál sem nú heyra undir samgönguráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Að auki tæki ráðuneytið við sveitarstjórnarmálum frá félagsmálaráðuneyti og byggingarmálum frá umhverfisráðuneyti. Þá er eðlilegt að hið nýja innanríkisráðuneyti taki við byggðamálum sem hafa velkst um í stjórnarráðinu á undanförnum árum með tilheyrandi skorti á heildstæðri byggðastefnu og alvarlegum afleiðingum fyrir þróun byggðar í landinu. Vinnuhópur framtíðarhópsins gerði ráð fyrir að skipulagsmálin færu jafnframt undir innanríkisráðuneytið en færa má rök fyrir því að þau séu betur komin í umhverfisráðuneytinu eins og nú er.

Við uppstokkun verkefna einstakra ráðuneyta er mikilvægt að hafa í heiðri þá grunnreglu að eftirlit, vöktun og mat á auðlindum verði ekki á hendi sama ráðuneytis sem fari með ákvarðanir um nýtingu auðlindanna og stjórnsýslu sem henni fylgir. Í því er fólginn augljós hagsmunaárekstur sem brýnt er að útrýma og í raun væri eðlilegast að eftirlit, mat og leyfi til nýtingar á auðlindum væru alfarið í höndum umhverfisráðuneytis. Núverandi fyrirkomulag er meingallað þar sem t.a.m. rannsóknir sem tengjast nýtingu orkuauðlinda eru á forræði iðnaðarráðuneytis þótt ljóst sé að hún geti gengið með óafturkræfum hætti gegn náttúruverndarsjónarmiðum. Á sama hátt væri eðlilegast að umsjón með fiskistofnum væri á hendi umhverfisráðuneytis. Það er jafnframt mat Samfylkingarinnar að meginverkefni stofnana eins og Skógræktarinnar og Landgræðslunnar eigi heima í umhverfisráðuneyti en ekki nýju atvinnuvegaráðuneyti og það sama gildir um Hafrannsóknastofnunina.

Fyrrnefndur vinnuhópur framtíðarhóps lagði til að málefni almannatrygginga og málefni aldraðra yrðu flutt frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Sama afstaða kom fram hjá hópi sem vann að stefnumótun í heilbrigðismálum og ýmis samtök aldraðra hafa látið þessa sömu skoðun í ljós. Fyrir þessu eru m.a. þau faglegu rök að stór hluti almannatrygginga, m.a. allt sem lýtur að lífeyristryggingum, sé í eðli sínu félagsleg þjónusta og eigi því betur heima í félagsmálaráðuneyti en heilbrigðisráðuneyti. Sömu rök eiga við um málefni aldraðra. Aldraðir þurfa vissulega á margvíslegri heilbrigðisþjónustu að halda en öldrun er ekki sjúkdómur og þess vegna á málaflokkurinn ekki heima í heilbrigðisráðuneytinu. Mikilvægt er að góð yfirsýn sé yfir þjónustu í þágu aldraðra og öll stefnumótun sé á einni og sömu hendi. Fer best á því að mati Samfylkingarinnar að málaflokkurinn verði vistaður í félagsmálaráðuneytinu en ábyrgð á þjónustunni og þróun hennar verði hjá sveitarfélögunum í landinu.

Samhliða flutningi þeirra verkefna Tryggingastofnunar, sem nú heyra undir lífeyristryggingasvið stofnunarinnar, til félagsmálaráðuneytis er ástæða til að skoða sérstaklega hvernig þeim verkefnum sem sjúkratryggingasvið Tryggingastofnunar sinnir í dag verði best fyrir komið. Í því sambandi þarf að taka skipulag heilbrigðisráðuneytis til sérstakrar skoðunar og greina á milli stefnumörkunar, greiðslu fyrir heilbrigðisþjónustu, framkvæmdar þjónustunnar og eftirlits með gæðum hennar. Mætti t.d. hugsa sér að sérstök stofnun undir heilbrigðisráðu-

neyti, sem lyti pólitískri stjórn kosinni af Alþingi, semdi um greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu innan og utan sjúkrahúsa en landlæknisembættið sæi um eftirlit með gæðum þjónustunnar. Samhliða yrði sjálfstæði þeirra stofnana sem veita þjónustuna aukið frá því sem nú er enda lytu þær faglegri stjórn en ekki pólitískri.

Við endurskoðun verkefna einstakra ráðuneyta og flutning málaflokka milli þeirra verður að huga vel að nýjum málaflokkum sem mikilvægt er að sinna með sérstökum hætti meðan skilningur á þeim er að festa rætur í stjórnkerfinu. Á þetta m.a. við um jafnréttismál, málefni nýrra Íslendinga og þróun fjölmenningarsamfélags og þróun og notkun upplýsingatækni. Samfylkingin flutti þingsályktunartillögu á 130. löggjafarþingi um að fela forsætisráðuneytinu ábyrgð á því að skipulega yrði unnið að því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið stefnumótun og starfi allra ráðuneyta. Rökin fyrir þessu fyrirkomulagi voru m.a. þau að til að ná árangri í slíkri vinnu þyrfti einarðan pólitískan vilja á æðstu stöðum innan stjórnmála og stjórnsýslu. Ábyrgðin á slíkum verkefnum þarf að vera skýr og yfirlýst og hvíla á herðum þeirra sem fara með raunveruleg völd.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að ráðuneytum verði fækkað úr fjórtán í níu. Þannig verði iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Þessi ráðuneyti eru of mörg, of smá og ekki nógu skilvirk. Skal hið nýja ráðuneyti skal fara með stjórnsýslu og stefnumörkun sem varðar málefni allra atvinnugreina. Sem dæmi má nefna ferðaþjónustu, þekkingariðnað og aðrar atvinnugreinar sem heyra nú undir önnur ráðuneyti eða eiga ekki fastan stað í stjórnkerfinu. Sú skipan að ráðuneyti hafi eingöngu eina atvinnugrein að viðfangsefni hefur haft þau áhrif að öflugir hagsmunaaðilar á hverju sviði hafa á stundum haft óeðlilega mikil áhrif á þróun atvinnumála á Íslandi, oft gegn hagsmunum ríkis og almennings. Eðlilegra er að horft sé til hagsmuna atvinnulífsins sem heildar í stað þess að gæta í sífellu sérhagsmuna þröngs hóps. Færri og stærri ráðuneyti gera embættismönnum og starfsfólki ráðuneyta einnig hægara um vik að undirbúa langtímastefnumótun en ef ráðuneytin eru mörg og smá. Einnig fylgir aukin fagmennska stærri einingum þar sem hægt er að auka sérfræðiþekkingu og sérhæfingu. Slíkt er mjög mikilvægt í ekki stærra samfélagi.

Þá er talið eðlilegt að stöðu Hagstofu Íslands í stjórnskipan landsins verði breytt á þann veg að hún verði ríkisstofnun í stað ráðuneytis. Skipan mála var þannig í Danmörku þegar lög nr. 73/1969 voru sett hér á landi að upphaflega hafði Hagstofa Íslands svipaða stöðu í stjórnskipaninni og sú danska. Hlutverk Hagstofunnar er fyrst og fremst að sinna afmörkuðum og lögbundnum stjórnsýsluverkefnum en ekki að undirbúa stefnumótun ráðherra og því eðlilegra að hún hafi stöðu ríkisstofnunar en ráðuneytis. Verði frumvarp þetta að lögum yrði Hagstofan því sjálfstæð stofnun og um hana sett sérstök lög.

Einnig er rétt að sameina dóms- og kirkjumálaráðuneyti og samgönguráðuneyti í eitt öflugt innanríkisráðuneyti sem að auki tæki við sveitastjórnar- og byggðamálum frá öðrum ráðuneytum. Slíkt mundi auka á sérfræðiþekkingu og fagmennsku, skapa heildarsýn í stjórnkerfinu yfir stöðu og þróun byggðar í landinu og hafa í för með sér að heildarhagsmunir þjóðarinnar yrðu hafðir að leiðarljósi við ákvarðanatöku í málaflokknum fremur en sérhagsmunir.

Að lokum þykir eðlilegra að færa tryggingamál frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Heilbrigðismál og tryggingamál eru núna stærstu útgjaldaflokkar ríkisins. Eðli-

legt er að skipta þessum fjármunum á milli tveggja ráðuneyta í stað þess að þeir fari í eitt ráðuneyti, eins og nú er. Almannatryggingakerfið á einnig margt sameiginlegt með félagslega kerfinu og skörun er á milli þeirra á mörgum sviðum. Sameining þessara málaflokka í einu ráðuneyti mundi auðvelda samvinnu í þessum málaflokkun og auka skilvirkni. Slíkt hefur í för með sér fjárhagslegt hagræði fyrir ríkið, auk þess sem auðveldara verður að tryggja að einstaklingar lendi ekki á milli kerfa, eins og gerist í núverandi kerfi.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu eru orðin „og hagstofustjóri“ felld brott og vísast í þeim efnum til 1. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að Hagstofa Íslands verði ríkisstofnun en teljist ekki ráðuneyti.

Þá eru 3. og 4. mgr. 10. gr. laganna felldar brott. Þar sem í frumvarpi þessu er gerð tillaga um fækkun ráðuneyta er óþarft að fleiri en eitt ráðuneyti lúti sömu yfirstjórn. Gildandi ákvæði endurspeglar hinn mikla fjölda ráðuneyta.

Um 3. gr.

Með ákvæðinu er gerð tillaga um að 12. gr. laganna falli brott enda fráleitt að starfsheiti einstakra starfsmanna ráðuneyta séu bundin í lög. Má segja að þetta lagaákvæði endurspegli hvað best hvers lags fornaldarfyrirbæri lögin eru.

Um 4. gr.

Lagt er til að frumvarpið taki gildi 1. júlí 2008. Helgast þessi langi frestur af því að ýmsar lagabreytingar þarf að gera, auk þess sem hið nýja fyrirkomulag verður að kynna og skipuleggja. Tímann fram að gildistöku verður því að nýta til að gera nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum. Með því að hafa gildistöku sumarið 2008 gefst tími fyrir þingið til að gera breytingar á löggjöf á næsta löggjafarþingi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að starfsmönnum ráðuneytisins Hagstofu Íslands verði boðið starf hjá stofnuninni Hagstofu Íslands. Er með ákvæðinu tryggt að ekki þurfi að auglýsa þau störf sem umræddir starfsmenn verða ráðnir í en eftir sem áður gilda lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um þessa starfsmenn.

Um réttindi annarra starfsmanna fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Jafnframt er kveðið á um að skipuð skuli nefnd sem m.a. skuli fjalla um skiptingu verkefna milli ráðuneyta og stöðu Hagstofu Íslands. Umrædd nefnd skal því taka afstöðu til þess hvar einstakar stofnanir, nefndir og ráð á vegum ríkisins eigi heima eftir að lögin hafa tekið gildi.

**Fylgiskjal.**

*Úr skilagrein frá vinnuhópi um lýðræði og jafnrétti á vegum Framtíðarhóps Samfylkingarinnar.*

## Um Stjórnarráð Íslands.

Þó að upphaflega hafi þessum málum hér á landi verið skipað á svipaðan hátt og í Danmörku hafa lög um stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, haft í för með sér að þróun mála hér á landi hefur verið með allt öðrum hætti og leitt til þess ósveigjanleika og stöðnunar sem nú ríkir í þessum efnum. Í þeim lögum er fjöldi ráðuneyta og málefnaskipting þeirra bundin í lög og þarf lagabreytingu til þess að breyta skipaninni. Þessi leið hefur þá kosti að málaflokkar tilheyra ávallt sama ráðuneyti og auðveldar það bæði almenningi og stjórnvöldum að átta sig á því hvar yfirstjórn viðkomandi málaflokks er.

Þessi skipan hefur hins vegar þá galla að ef skipan stjórnarráðsins er ekki endurskoðuð reglulega er hætta á að skipanin hætti að endurspegla samfélagsaðstæður. Hún eykur jafnframt hættuna á því að málaflokkur heyri undir fleiri en eitt ráðuneyti, sbr. það sem kemur fram í lið 6 í skilagreininni.

Skipulag danska stjórnarráðsins er ekki fest í lög og er því mun sveigjanlegra og er auðveldara að laga að pólitískum áherslum hverju sinni. Danska forsætisráðherranum eru færð mun meiri völd heldur en forsætisráðherranum hér á landi. Hann er hvorki bundinn af lögum né reglugerðum við skiptingu ráðuneyta eða málefna milli ráðuneyta og ákvörðun um fjölda þeirra. Niðurstaða hans byggist á ákveðnum pólitískum sjónarmiðum og tengslum við myndun nýrra ríkisstjórna. Ýmsir þættir koma að sjálfsögðu inn í matið, svo sem samræming sjónarmiða í fjölflokka ríkisstjórn, jöfnun vægis flokkanna, stefnuyfirlýsingar þeirra, kröfur frá hagsmunaaðilum, kröfur frá stjórnsýslunni, breytt mat á hlutverki hins opinbera í opinberri umræðu og atriði af stjórnunarlegum og skipulagslegum toga eru þættir sem skipta máli.

Danska þingið getur þó tekið ákvörðun um að tiltekinn málaflokkur eigi að heyra undir tiltekið ráðuneyti en konungur þarf að staðfesta þá ákvörðun og er ávallt hægt að breyta skipaninni með konunglegri tilskipun.

Vel er hægt að hugsa sér að málum hér á landi verði hagað með svipuðum hætti og gert er í Danmörku. Ljóst er að eftir að forseti Íslands neitaði að staðfesta frumvarp ríkisstjórnarinnar um takmörkun á eignarhaldi fjölmiðla hefur staða hans breyst til frambúðar. Forsetinn mun hér eftir hafa mun pólitískari stöðu heldur en verið hefur undanfarin ár. Því væri vel hægt að hugsa sér að hægt væri að fela forseta það vald sem konungur hefur í Danmörku. Helstu kostir þessarar leiðar er sú að fjöldi og skipting ráðuneyta mundi endurspegla umhverfið á hverjum tíma. Stjórnmálaflokkar gætu þá hagað skipan stjórnarráðsins eftir þeirri stefnu sem sett var fram í kosningabaráttunni og með þeim hætti gert ljóst hver þeirra áherslumál væru. Einnig eru ýmsir gallar á þessari skipan sem rétt er að nefna. Hætta er á að almenningi og stjórnvöldum finnist flókið að málaflokkar séu sífellt að skipta um ráðuneyti og ekki sé ljóst hver fari með yfirstjórn viðkomandi málaflokks. Einnig er hætta á að málaflokkar „gleymist" og engu ráðuneyti verði falið að fara með yfirstjórn viðkomandi málaflokks. Að lokum ber að nefna að þessi skipan getur leitt til þess að ráðuneytum fjölgi mikið, sem mundi meðal annars hafa í för með sér aukinn kostnað.

Einnig er hægt að hugsa sér sambland af þeim leiðum sem nefndar voru að ofan þannig að höfuðmálaflokkar og -ráðuneyti yrðu ákveðnir í lögum en forsætisráðherra á hverjum tíma geti svo til viðbótar bætt við ráðuneytum og fært málaflokka sem samkvæmt lögum heyra ekki undir tiltekin ráðuneyti undir það ráðuneyti sem hann telur hentugast.

Dæmi um hvernig hægt er að breyta skipan Stjórnarráðsins:

Ráðuneytum fækkað úr þrettán í níu og að skipting þeirra verði sem hér segir:

1. Forsætisráðuneyti.
   Jafnréttismál (í víðum skilningi).
2. Utanríkisráðuneyti.
3. Fjármálaráðuneyti.
4. Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
   Málefni almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar (þar á meðal málefni aldraðra) færð frá heilbrigðisráðuneyti
5. Heilbrigðisráðuneyti.
6. Menntamálaráðuneyti.
   Málefni menningar færð hingað frá t.d. forsætisráðuneyti (svo sem Gljúfrasteinn og Þjóðmenningarhús).
7. Viðskipta- og atvinnuvegaráðuneyti.
   Áður landbúnaðar-, sjávarútvegs-, viðskipta- og iðnaðarráðuneyti. Málefni ferðaiðnaðar færð frá samgönguráðuneyti.
8. Innanríkisráðuneyti.
   Áður samgöngu-, dómsmálaráðuneyti, Hagstofa Íslands, ríkislögreglustjóri, Byggðastofnun og Skipulagsstofnun.
   Sveitarstjórnarmál færð frá félagsmálaráðuneyti.
   Skipulags- og byggingarmál færð frá umhverfisráðuneyti.
9. Umhverfisráðuneyti.
   Málefni verndunar fiskstofna færð frá sjávarútvegsráðuneyti.

## 71. Frumvarp til laga [71. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann).

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI

**Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað „110. gr. b“ í d-lið 98. gr. laganna kemur: 110. gr. c.

2. gr.

Fremst í XIII. kafla A laganna kemur ný grein, 110. gr. a, og breytast greinanúmer kaflans samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Heimilt er lögreglu að vísa manni brott af heimili sínu og úr nánasta umhverfi þess og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann beiti náinn aðstandanda ofbeldi, hóti ofbeldi eða sýni framferði sem spillir mjög líkamlegu heilbrigði, andlegu heilbrigði, heilsu eða friði þess manns eða barns sem í hlut á.

Brottvísun og heimsóknarbann skv. 1. mgr. getur gilt í tíu sólarhringa og ber að skilgreina til hvaða svæðis það nær. Lögregla skal innan eins sólarhrings vísa ákvörðuninni til héraðsdómara sem skal kanna ástæður fyrir henni og staðfesta ef rökstuðningur er fullnægjandi en fella niður eða breyta að öðrum kosti.

Komi fram krafa frá brotaþola um framlengingu skal beina henni til héraðsdómara sem getur heimilað framlengingu til allt að þriggja mánaða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Um meðferð máls vegna framlengingar á brottvísun og heimsóknarbanni fer samkvæmt reglum þessa kafla um nálgunarbann.

3. gr.

Fyrirsögn XIII. kafla A laganna verður: **Brottvísun, heimsóknar- og nálgunarbann.**

## II. KAFLI
## Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 232. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Brot gegn brottvísun og heimsóknarbanni samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála varðar sektum eða fangelsi allt að 2 árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 130. löggjafarþingi og var þá vísað til allsherjarnefndar sem sendi það nokkrum fjölda aðila til umsagnar. Þeir sem sendu umsagnir voru barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Fangelsismálastofnun ríkisins, Femínistafélag Íslands, barnaverndarnefnd Ísafjarðarbæjar, Kvennakirkjan, Kvenréttindafélag Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Lögmannafélag Íslands, félagsmálanefnd Mosfellsbæjar, ríkissaksóknari, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Stígamót, Samtök um kvennaathvarf og umboðsmaður barna. Voru umsagnir almennt jákvæðar gagnvart hugmyndum frumvarpsins. Örfáar breytingar voru lagðar til og hafa flutningsmenn tekið tillit til þriggja atriða. Þar ber fyrst að telja breytingu á niðurlagi 2. mgr. 2. gr. þar sem bætt hefur verið inn orðunum „eða barns“, sem er skýrara. Í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. hefur tíminn sem lögregla hefur til að vísa ákvörðun um brottvísun og heimsóknarbann til héraðsdómara verið styttur í einn sólarhring og loks hefur 4. gr. frumvarpsins verið breytt til samræmis við 97. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, en þar er kveðið á um að refsing fyrir brot gegn 37. gr.

barnaverndarlaga, sem fjallar um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði sérstakt úrræði til að vernda þá sem verða fyrir ofbeldi á heimilum með því að fjarlægja ofbeldismenn af heimili sínu og banna heimsóknir á heimilið og í nánasta umhverfi þess í tíu daga til þrjá mánuði. Með lögfestingu frumvarpsins telja flutningsmenn að stigið yrði mjög mikilvægt skref í baráttunni gegn heimilisofbeldi. Þannig þyrftu þeir sem beittir eru ofbeldi á heimilum ekki lengur að flýja heimili sitt heldur yrði þeim sem brýtur af sér gert að yfirgefa heimilið samkvæmt ákvörðun utanaðkomandi aðila og skipti þá ekki máli hvert eignarhald íbúðar væri. Mikilvægt er að samhliða brottvísun og heimsóknarbanni fengju viðkomandi aðilar hjálp til þess að vinna sig út úr ofbeldinu og afleiðingum þess.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á réttarfarslögum um það hvenær heimilt er að beita brottvísun og heimsóknarbanni og lagt til að ákvæðið verði í sama kafla og ákvæði um nálgunarbann, enda náskylt úrræði þótt vægara sé, og kaflaheitið breytist samhliða. Tillaga um breytingu á almennu hegningarlögunum snýst um refsingu við brotum á ákvæðinu.

**Frumkvæði Austurríkis.**

Frumvarpið tekur mið af norskum lögum frá 10. janúar 2003 og sænskum frá 5. júní 2003 sem tóku gildi 1. september 2003. Fyrirmyndin að þeim er frá Austurríki sem lögfesti úrræðið árið 1997 og hefur reynslan þar verið afar jákvæð. Þar urðu miklar umræður um lögin og var deilt um hvort þau brytu gegn friðhelgi heimilisins og rétti heimiliseigenda en þar skiptir eignarhald íbúðar ekki máli. Stjórnarskrárnefnd landsins samþykkti lögin á grundvelli mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um rétt einstaklinga til að njóta öryggis á eigin heimili. Um málið náðist almenn pólitísk sátt sem byggðist á svipaðri hugsun og rauða spjaldið í knattspyrnu, þ.e. þeim sem brýtur af sér er vísað af leikvelli og hann þarf þannig að gjalda fyrir brot sitt en ekki fórnarlambið. Þannig er heimilt að fjarlægja ofbeldismann af heimili sínu ógni hann öryggi sambýlisfólks síns og er þeirri brottvísun fylgt eftir með nálgunarbanni í tiltekinn tíma. Ofbeldismaðurinn fær upplýsingar um mögulega gististaði utan heimilisins og hjálp til þess að vinna bug á ofbeldishneigð sinni með viðeigandi meðferðarúrræðum og fórnarlömb ofbeldisins fá einnig mikla aðstoð. Þetta mikla stuðningsnet í Austurríki er talið grundvallarforsenda þess hve vel úrræðið hefur gefist þar.

**Norsk og sænsk löggjöf.**

Svo sem fyrr segir hafa Norðmenn og Svíar tekið sambærileg ákvæði við þau austurrísku upp í sína löggjöf og hafa þingmenn frá ýmsum Evrópulöndum sýnt málinu áhuga. Þá settu Norðmenn sér áætlun um að berjast sérstaklega gegn ofbeldi á konum árin 2002–2003. Áætlunin gekk út á að styrkja alla sem tengjast þessum málum, svo sem lögreglu, starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, í athvörfum, í barnaverndarráðum, í félagsþjónustunni o.fl., til að gera starfsmenn hæfari til að meðhöndla ofbeldismál. Markmiðin voru að styrkja þau úrræði sem fyrir voru, veita ofbeldismönnum meðferð, aðstoða börn sem alast upp við fjölskylduofbeldi og loks átak til að styrkja sérstaka aðstoð við konur sem beittar eru ofbeldi og tilheyra minnihlutahópum. Heilbrigðisráðuneytið, barna- og fjölskylduráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa unnið saman að þessu verkefni sem felur m.a. í sér að setja á fót sérstaka ofbeldis- og áfallamiðstöð til að vinna að heildarsamræmingu þessara mála um allt landið og vera ráðgefandi fyrir alla sem tengjast meðferð þessara mála, þ.e. jafnt frá heilbrigðislegu sjónarmiði, félagslegu og lögfræðilegu.

**Ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála.**

Í 71. gr. íslensku stjórnarskrárinnar er kveðið á um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þó eru í 3. mgr. gerðar undantekningar á þeirri meginreglu þannig að með sérstakri lagaheimild má takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62 frá 19. maí 1994, er sambærilegt ákvæði um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, og skulu opinber stjórnvöld ekki ganga á þann rétt nema samkvæmt ákvæðum laga og ef nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi, meðal annars til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra. Friðhelgi eins á því ekki að vera ríkari en réttur annars til persónufrelsis og eru það þessi öryggissjónarmið sem styðja það.

Hvað varðar þann hluta frumvarpsins sem snýr að því að banna ofbeldismanni heimsóknir á heimili sitt sem er jafnvel hans eign, þá er ætlunin einungis að takmarka afnot hans af eigninni í ákveðinn tíma vegna hagsmuna annarra sem búa þar. Þar búa öryggissjónarmið að baki sem snúa að því að vernda líf, heilsu og frið annarra.

**Almennt um frumvarpið.**

Á síðustu árum hefur verið reynt að bæta réttarstöðu þolenda afbrota, m.a. með breytingum á lögum um meðferð opinberra mála í tengslum við nálgunarbann og réttarstöðu brotaþola í opinberum málum. Einnig hafa ákvæði í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota verið lagfærð. Nálgunarbann er úrræði sem ekki er beitt fyrr en rökstudd ástæða er til að ætla að viðkomandi brotamaður muni fremja afbrot eða á annan hátt stofna friði þess sem í hlut á í hættu. Frumvarp það sem hér er lagt fram í þeim tilgangi að lögfesta ákvæði um brottvísun og heimsóknarbann fjallar um vægara úrræði, sem tæki til skemmri tíma, en um leið má ætla að það tæki á vandanum á fyrstu stigum.

Ákvæðið mundi veita lögreglu heimild til þess að vísa brott þeim sem beitir ofbeldi á heimili og banna heimsóknir hans á heimilið í tiltekinn tíma og er fyrst og fremst hugsað með sambúðarfólk í huga en getur átt við aðra á heimilinu, svo sem unglinga sem beita eða hóta að beita foreldra eða systkini sín ofbeldi. Einungis yrði heimilt að nota úrræðið við sérstakar kringumstæður þegar fjölskyldu ofbeldismanns eða öðrum stafar bein hætta af veru hans á heimilinu. Þannig þyrfti að fara fram hagsmunamat hjá lögreglu á því hvort viðkomandi mundi valda öðru heimilisfólki, hvort sem það væri sambúðarmaki, börn eða aðrir, alvarlegu tjóni, líkamlegu eða andlegu, eða brjóta á friðhelgi þeirra. Sérstaklega alvarlegar teljast kringumstæður þegar börn eiga í hlut enda hluti af markmiðinu með ákvæðinu að tryggja börnum fullnægjandi öryggi í uppeldi og forða þeim frá því að vera beitt ofbeldi eða þurfa að verða vitni að ofbeldi á eigin heimili. Hafa ber í huga þær afleiðingar sem slíkt getur haft á líðan þeirra og hegðun síðar á ævinni.

Nauðsynlegt þykir að heimildin nái til þess að banna heimsókn á heimili og í nánasta umhverfi þess og ber að ákvarða svæðið miðað við kröfur um raunhæfa, fyrirbyggjandi vernd og ekki ríkari en nauðsynlegt er. Við ákvörðunina skal gæta meðalhófs og skal lögregla gefa hinum brottvísaða tækifæri til að taka með sér nauðsynlega muni til einkanota.

Þá er einnig til þess að líta að með þessu móti væri það utanaðkomandi aðili, lögreglan, sem tæki ákvörðun um að sá sem beitir ofbeldi viki af heimili og fengi ekki að koma aftur í tiltekinn tíma. Það væri ekki brotaþoli sem tæki ákvörðunina eins og þegar óskað er eftir nálgunarbanni, enda getur verið erfitt að fara fram á það, sérstaklega þegar börn eru á heimilinu.

Þá þyrfti lögregla innan eins sólarhrings að beina ákvörðuninni um brottvísun og heimsóknarbann til héraðsdómara sem kanna skyldi ástæður brottvísunarinnar og breyta henni ef rökstuðningur væri ekki fullnægjandi. Brotaþoli gæti lagt fram kröfu um framlengingu ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi, svo sem skilnaður eða alvarlegt andlegt eða líkamlegt ofbeldi.

Í frumvarpinu eru jafnframt lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum sem lúta að refsingum við brotum á brottvísun og heimsóknarbanni. Skipti þar ekki máli hvort það væri hinn brotlegi sem ryfi bannið eða brotaþolinn sem heimsóknarbanninu væri ætlað að vernda. Brotaþoli gæti þannig ekki hleypt hinum brotlega heim áður en tíminn sem banninu er ætlað að ná yfir væri liðinn.

Verði frumvarpið að lögum er líklegt að upp komist um fleiri heimilisofbeldismál en nú og að auðveldara verði að grípa inn í þau á fyrstu stigum. Þannig yrði hugsanlega dregið úr því margháttaða tjóni sem þolendur heimilisofbeldis verða fyrir. Frumvarpið gefur raunhæfan möguleika á að brjóta upp félagslegan arf, þ.e. endurtekna hegðun, og veita brotamanni viðeigandi meðferð. Telja flutningsmenn því nauðsynlegt að tryggja að aðilar fái viðeigandi meðferðarúrræði til að vinna sig út úr vandanum, ofbeldinu og afleiðingum þess.

**Reynsla Austurríkismanna.**

Á ráðstefnunni „Hinir óbifanlegu – ofbeldismenn“, sem haldin var í Reykjavík 25.–27. ágúst 2001 á vegum samtakanna Norrænar konur gegn ofbeldi, talaði austurrískur sérfræðingur, Rosa Logar, um austurrísku lögin, hvernig þeim var komið á og hver reynslan af þeim hefur verið. Austurríkismenn tóku að hugsa sinn gang þegar kvennaathvörf í landinu voru orðin 20 talsins og talsverð umræða var um að þau væru of fá. Þá fóru menn að skoða gaumgæfilega hvort eitthvað mætti ekki betur fara í þessum málaflokki, hvort eðlilegt væri að þúsundir kvenna og barna væru flóttamenn í eigin landi vegna heimilisofbeldis. Rosa Logar segir að lögin í Austurríki hafi orðið til fyrir kraftaverk og hún hælir austurrísku lögreglunni fyrir hversu ötul hún hefur verið við að fræða og þjálfa lögregluþjóna sem þurfa að taka á heimilisofbeldi. Kvennasamtökin WAVE (Women against violence in Europe) hafa unnið mjög ötullega í baráttunni gegn heimilisofbeldi og beittu sér m.a. í Austurríki. WAVE skilgreinir heimilisofbeldi sem mannréttindabrot og með það að leiðarljósi náðu konurnar til ríkisstjórnarinnar, sem ákvað að leggja sitt af mörkum til að mannréttindabrot af þessu tagi væru ekki stunduð í þeirra landi. Að sögn Rosu Logar varð austurríska lögreglan loks óvæntur bandamaður í þessari baráttu, hún viðurkenndi vanmátt sinn gagnvart ofbeldismönnunum og þótti skjóta skökku við að þurfa að skipa fórnarlömbunum að yfirgefa heimilið í lögreglufylgd meðan ofbeldismaðurinn fengi að hreiðra um sig í sófanum framan við sjónvarpið. Í maí 1997 gengu lögin svo í gildi og Rosa Logar segir þau hafa reynst vel. Hún segir sérstaklega mikilvægt að með þessu úrræði sé það ekki fórnarlambið sem ber ábyrgð á því sem gert er heldur er ábyrgðin alfarið lögreglunnar. Það er lögreglan sem tekur húslykilinn af ofbeldismanninum og kemur honum í hendur dómara. Og svo á konan sekt yfir höfði sér ef hún hleypir ofbeldismanninum inn á heimilið á „lyklalausa“ tímabilinu. Lögreglan hefur mikil völd í þessum málum og er lögð á það rík áhersla að hún fari ávallt þannig með vald sitt að fórnarlömbin séu vernduð. Ofbeldismenn í Austurríki þurfa að gefa upp nýtt heimilisfang svo hægt sé að birta þeim stefnu. Rosa Logar segir að samkvæmt könnunum sé algengast að þeir fari heim til mömmu. En þá er líka mikilvægt að lögreglan segi mæðrunum að þeim beri engin skylda til að hýsa þá – þeir eigi rétt á að fá athvarf í skýlum fyrir heimilislausa. Í Austurríki eru níu slík skýli í hverri sýslu. Hjálpin frá starfsfólki athvarfanna er mjög mikilvæg, þar

fá mennirnir lögfræðiaðstoð og áfallahjálp, jafnvel fjárhagsaðstoð, segja má að fyrsta stig meðferðarinnar hefjist þar. Reynsla Austurríkismanna af lögunum er sú að 90% ofbeldismannanna samþykkja mótþróalaust að vera fjarlægðir af heimilunum. Dæmi eru um að þeir þakki lögreglunni beinlínis fyrir að vera fjarlægðir.

**Eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamálið.**

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur lýst því yfir í skýrslum sínum að ofbeldi gegn konum sé eitt af alvarlegustu heilbrigðisvandamálum heimsins. Í upplýsingum frá stofnuninni kemur fram að fleiri konur missa heilsuna af völdum ofbeldis sem rekja má til kynferðis þeirra en af völdum malaríu, umferðarslysa og hernaðarátaka samanlagt. Vandamálið er alþjóðlegt og viðgengst jafnt í ríkum löndum sem fátækum. Fjöldi kannana hefur leitt í ljós að þeir sem ofbeldinu beita eru úr öllum stéttum og stigum þjóðfélagsins. Þær hafa einnig sýnt að algengasta mynd ofbeldisins er heimilisofbeldi þar sem gerandinn er yfirleitt kærasti, eiginmaður, ættingi eða góður kunningi konunnar sem fyrir ofbeldinu verður. Bandarískar rannsóknir sýna að 22–35% kvenna á barneignaraldri sem koma á slysavarðstofur eru með áverka sem rekja má til heimilisofbeldis. Í grein eftir blaðakonuna Gretelise Holm sem birtist í Tímariti hjúkrunarfræðinga, 4. tbl. 76. árg. 2000, er getið um bandarískar rannsóknir sem sýna að um þriðjungur kvenna, sem orðið hafa fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu, glími við þunglyndi og að um fjórðungur kvenna sem reyna sjálfsvíg hafi verið fórnarlömb ofbeldis. Í greininni er einnig getið um áhrif heimilisofbeldis á börn og fjallað um hættuna á því að drengir feti í fótspor feðra sinna þegar þeir setja á stofn fjölskyldu, sem og að stúlkur eigi á hættu að verða fórnarlömb á sama hátt og mæður þeirra. Til þess að vinna gegn ofbeldinu er nauðsynlegt að rjúfa þennan vítahring félagslegra erfða og það verður vart gert nema með samfélagslegri ábyrgð.

**Ástandið á Íslandi.**

Fáar rannsóknir eru til á ástandinu á Íslandi en einna helst er vísbendingar um það að finna í ársskýrslum Samtaka um kvennaathvarf. Samkvæmt síðustu ársskýrslu (2005) voru skráðar komur í viðtöl og dvöl í Kvennaathvarfið 557 árið 2005. Á bak við þessa tölu eru 283 konur því einhverjar koma oftar en einu sinni í dvöl eða viðtal. 20% þessara kvenna voru með líkamlega áverka við komuna. Í skýrslunni kemur einnig fram að hlutfall íslenskra kvenna í viðtölum var 91% en 61% kvenna sem dvöldust í athvarfinu eru fæddar á Íslandi. 89% ofbeldismannanna eru íslenskir. Aldur kvennanna sem sóttu Kvennaathvarfið spannar frá 17 ára til 77 ára aldurs. Og hverjir eru ofbeldismennirnir? Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins kemur í ljós að þeir eru eiginmenn eða sambýlismenn í 43% tilfella og fyrrverandi eiginmenn eða sambýlismenn í 39% tilfella. Árið 2005 dvöldu 76 börn í Kvennaathvarfinu, það yngsta var nokkurra vikna gamalt og það elsta 17 ára. Um helmingur þessara barna höfðu verið beitt ofbeldi samkvæmt skráningu athvarfsins, en í ársskýrslunni er tekið fram að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því að börn og unglingar sem búa við heimilisofbeldi fari aldrei varhluta af því þótt þau hafi ekki verið beinir þolendur þess. Í flestum tilfellum var ofbeldismaðurinn faðir barnanna eða í 81% tilfella.

Í ársskýrslunni segir: „Komum í Kvennaathvarfið hefur fjölgað ár frá ári síðustu þrjú ár enda hefur umræða um kynbundið ofbeldi verið mikil og í kjölfarið kynning á þeim úrræðum sem konum stendur til boða. Aukningin gefur þó til kynna að kynbundið ofbeldi er því miður enn stórt vandamál í samfélaginu og fer ekki minnkandi. Árið 2005 eru skráðar komur í Kvennaathvarfið 557 talsins; 465 stuðningsviðtöl og 92 dvalir. Margar konur koma oft í

viðtöl eða dvöl og á bak við 557 skráðar komur standa 283 konur. Þeim konum sem koma í dvöl fylgdu 76 börn árið 2005 og dvalardagar kvenna og barna voru samtals 2.540, sem er talsverð aukning frá árinu á undan. Á hverjum degi voru þannig skráðar að meðaltali fjórar konur í dvöl og þrjú börn.

Þegar konur koma í Kvennaathvarfið eru þær spurðar um ástæðu komu og margar gefa upp fleiri en eina ástæðu. Sláandi aukning er í öllum þáttum ofbeldis, hvort sem litið er til ofsókna, andlegs, líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis. Erfitt er að greina ástæður þessa, hugsanlegt er að heimilisofbeldi sé alvarlegra vandamál nú en áður þó vissulega geti verið að umræðan hafi skilað aukinni þekkingu á ofbeldi og birtingamyndum þess meðal kvenna sem sækja athvarfið. Enn og aftur kemur í ljós þörfin á rannsóknum hér á landi um kynbundið ofbeldi.“

Af þeim upplýsingum sem lesa má í ársskýrslu Kvennaathvarfsins sést glöggt hversu alvarlegt ástandið er hér á landi og eru skýrslur þess hvatning til stjórnvalda um að þau haldi úti markvissu starfi gegn heimilisofbeldi.

## 72. Frumvarp til laga [72. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Námslán eru veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð.

b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eðlileg námsframvinda í námsgrein miðast við reglur í þeim skóla þar sem nám er stundað.

c. 5.–7. mgr. orðast svo:

Námsmaður, sem fær lán úr sjóðnum, skal undirrita skuldabréf við lántöku og ber hann ábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess. Ekki skal krafist ábyrgðarmanns á námslán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita námslán hafi námsmaður undirritað skuldabréf, sbr. 5. mgr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi skuli fullnægja.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Ef námsmaður lýkur lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, breytast 30% af upphæð námsláns í styrk. Styrkurinn er skattfrjáls og óháður tekjum viðkomandi námsmanns.

Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll, verður ekki um styrkveitingu að ræða. Stjórn sjóðsins sker úr um í vafatilvikum hvort námsmaður telst hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól og verðbætur.
b. 2. mgr. fellur brott.

5. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: Um námslán og námsstyrki.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi eru settar fram grundvallarbreytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lagt er til að námslán verði ávallt greidd fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þá er lagt til að krafa um ábyrgðarmenn á lánum verði felld brott úr lögunum enda samræmist hún ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Vitað er um mörg dæmi þess að ungt fólk hafi orðið að hverfa frá áætlunum um frekara nám vegna þess að það hefur ekki getað framvísað ábyrgðarmönnum sem lánasjóðurinn tekur gilda. Hver námsmaður á sjálfur að vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu síns námsláns og á að undirrita skuldabréf þess efnis. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi þarf að fullnægja.

Aðrar breytingar eru þær helstar að lagt er til að þegar námsmaður hefur lokið lokaprófum á tilskildum tíma eða framvísað vottorði um lögmætar tafir á námi breytist 30% af upphæðinni sem hann hefur tekið að láni í óendurkræfan styrk. Styrkurinn yrði hvorki tekjutengdur né skattlagður. Breytingar þær sem hér eru lagðar til taka mið af reglum annars staðar á Norðurlöndum. Í Svíþjóð eru 34,5% af þeirri upphæð sem námsmaður fær til ráðstöfunar á námstíma hreinn styrkur, sé miðað við fullt nám, en það eru u.þ.b. 7.200 sænskar kr. Annars staðar á Norðurlöndum eru námsstyrkir ekki bundnir við að námsmaður ljúki formlegu námi en hér er lagt til að það verði skilyrði fyrir styrkveitingu.

Þá er nauðsynlegt að hluti af endurgreiðslum námslána verði frádráttarbær frá skatti og munu þingmenn Samfylkingarinnar flytja um það sérstakt mál.

Að lokum skal þess getið að lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að heimilt verði að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi. Slíkt nám fer nú fram við Myndlistaskólann í Reykjavík.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur fram að Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis. Skv. 2. gr. laganna er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr., enda stundi þeir sérnám. Hér er lagt til að lögfest verði í 2. gr. laganna að heimilt verði að lána til sérnáms sem er undirbúningur að námi í listaháskóla. Slíkt nám fer nú fram við Myndlistaskólann í Reykjavík og er því á framhaldsskólastigi þó svo að innihald námsins sé sambærilegt við það sem kennt er á háskólastigi.

Um 2. gr.

Lagðar eru til ýmsar breytingar á 6. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að námslán verði veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir þá fjárhagserfiðleika sem nemendur lenda í við upphaf háskólanáms. Verði námsframvinda ekki með eðlilegum hætti samkvæmt reglum viðkomandi skóla stöðvast greiðslur námslána, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna. Í öðru lagi er lögð til frekari skilgreining á því hvað sé eðlileg námsframvinda og miðast ákvörðun þess við reglur skóla þar sem nám er stundað. Að lokum eru lagðar til breytingar á reglum um ábyrgðarmenn. Skv. 1. gr. laganna er það hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Námslán eiga þannig að tryggja jafnrétti til náms. Ekki getur verið um slíkt að ræða meðan krafist er ábyrgðarmanna fyrir námslán. Því er lagt til að hver námsmaður beri sjálfur ábyrgð á sínu námsláni.

Um 3. gr.

Lögð er til grundvallarbreyting á lögunum með því að kveða á um í nýrri grein, 6. gr. a, að 30% af upphæð námsláns verði styrkur ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla. Lagt er til að styrkurinn verði hvorki tekjutengdur né skattskyldur. Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla, og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll, verður ekki um styrkveitingu að ræða og námsmaður þarf þá að endurgreiða lán sitt að fullu. Að lokum er lagt til að stjórn sjóðsins skeri í vafatilvikum úr um hvort námsmaður teljist hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lögð er til breyting á heiti II. kafla laganna svo að það lýsi betur inntaki hans.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

# 73. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um aukna þjónustu við ungbarnafjölskyldur.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga að láta kanna hvernig auka megi þjónustu við ungbarnafjölskyldur frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn kemst á leikskóla. Sérstaklega verði kannaður kostnaður við að lengja fæðingarorlof í áföngum um sex mánuði og að börn komist á leikskóla við 15 mánaða aldur.

Skýrsla með kostnaðaráætlun og tillögur um framkvæmd verkefnis verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi 2007.

## Greinargerð.

Brýnasta hagsmunamál ungbarnafjölskyldna er að ríki og sveitarfélög vinni að frekari framþróun á uppbyggingu dagvistarúrræða á vegum sveitarfélaga annars vegar og lengra fæðingarorlofi hins vegar. Afar mikilvægt er að þessir aðilar taki upp samvinnu um markmið og leiðir til að náð verði heildarsýn og samfellu í þjónustu við ungbarnafjölskyldur þar sem stefnt verði að því í áföngum að brúa það bil sem myndast hefur frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til börn komast á leikskóla.

Staðan nú er sú að margir foreldrar eiga í miklum vandræðum með að brúa bilið fyrir dagvistun barna sinna þegar þeir fara aftur á vinnumarkað að loknu fæðingarorlofi, en fæðingarorlof er nú samtals níu mánuðir hjá hjónum og sambýlisfólki en sex mánuðir hjá einstæðum foreldrum. Í stærstu sveitarfélögunum er algengast að börn fái pláss á leikskóla 18 mánaða gömul, þannig að þarna þarf að brúa níu mánaða bil hjá hjónum og sambýlisfólki og tólf mánaða bil hjá einstæðum foreldrum. Þjónusta dagmæðra við þennan aldurshóp og niðurgreiðsla sveitarfélaga á greiðslum foreldra til dagmæðra hefur vissulega veitt foreldrum ómetanlega aðstoð. Engu að síður er það mat flutningsmanna að huga eigi að framtíðarskipulagi þessara mála, sem felast ætti í samvinnu ríkis og sveitarfélaga til að koma til móts við þarfir ungbarnafjölskyldna á tímabilinu frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskóli tekur við. Í fyrsta lagi með því að kanna möguleika á að lengja fæðingarorlof í áföngum um sex mánuði, þannig að það verði samtals 15 mánuðir, og í öðru lagi að börn komist fyrr á leikskóla eða við 15 mánaða aldur, þ.e. þegar fæðingarorlofi lyki.

Með fæðingarorlofslögunum var stigið stórt skref í málefnum fjölskyldunnar og til að auka jafnrétti milli kynjanna. Jafnvel þótt heimilt sé að veita launalaust leyfi ef foreldrar kjósa að vera lengur með nýfæddu barni sínu en fæðingarorlofslög leyfa, þá hafa fæstir foreldrar efni á því að hverfa af vinnumarkaði strax þegar fæðingarorlofi lýkur. Í VII. kafla laga um fæðingar- og foreldraorlof eru ákvæði um að foreldrar skuli eiga rétt á foreldraorlofi að hámarki í 13 vikur og gert ráð fyrir að heimilt verði að taka það allt þar til barnið nær átta ára aldri. Í lögunum er ekki gert ráð fyrir að foreldraorlofi fylgi réttur til greiðslu launa úr Fæðingarorlofssjóði né að gert sé ráð fyrir að starfsmaður haldi launum meðan á foreldraorlofi stendur. Ekki hefur verið kannað kerfisbundið hve mikið þessi heimild er nýtt en allt bendir til þess að um tiltölulega fá tilfelli sé að ræða, þar sem heimildinni fylgja ekki greiðslur af neinu tagi.

Nokkur sveitarfélög hafa hugað að þessum málum, bæði með beinum mánaðargreiðslum og lækkun á inntökualdri barna á leikskóla. Flutningsmenn telja varhugavert að innleiða mánaðarlegar greiðslur eða styrki eins og ákveðnir hafa verið af bæjaryfirvöldum í Kópavogi frá lokum fæðingarorlofs þar til barn fær leikskólavist. Það gæti seinkað framþróun fæðingarorlofslaganna og tafið fyrir því að sveitarfélög byggi upp leikskóla fyrir börn yngri en 18 mánaða. Sú leið sem hér er lögð til tryggir meira valfrelsi hjá báðum foreldrum, bæði gagnvart vinnumarkaði og umönnun barna. Heimgreiðslur til foreldra ganga einnig gegn þeim mikilvægu jafnréttissjónarmiðum að báðir foreldrar komi að umönnun barna. Hér er um lágar greiðslur að ræða, t.d. 30 þús. kr. á mánuði í Kópavogi, og þær verða enn lægri þegar greiddur hefur verið af þeim skattur, þannig að þær duga í langflestum tilvikum ekki til að foreldrar geti valið þá leið að vera með börnum sínum heima eða haft möguleika að fara aftur á vinnumarkaðinn eftir að fæðingarorlofi lýkur. Svona lágar greiðslur gætu leitt til þess að það væru fyrst og fremst konurnar sem yrðu heima með börnunum.

Mikilvægt er að bæði ríki og sveitarfélög fari sameiginlega yfir þá kosti sem fyrir hendi eru í málinu og meti kostnaðaráhrif þeirra en tillaga þessi gengur út á að félagsmálaráðherra láti kanna í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvernig auka megi þjónustu við ungbarnafjölskyldur. Bent er á tvær leiðir í því sambandi en fleiri gætu samhliða komið til greina eins og að styrkja og efla dagmæðrakerfið. Auk þess að huga að lengra fæðingarorlofi er brýnt að skoða þá annmarka sem upp hafa komið á núverandi fæðingarorlofslögum en um það hafa þingmenn Samfylkingarinnar flutt sérstakt þingmál.

## 74. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um mat á fasteignum og um álagningarstofn fasteignaskatts.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega að skipa nefnd til að gera tillögur um breytingar á reglum um ákvörðun matsverðs íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða og sumarbústaðalóða, samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og á reglum um álagningarstofn og álagningu fasteignaskatts samkvæmt lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Nefndin leiti leiða til að finna nýjan álagningargrundvöll fasteignaskatts svo að álagning endurspegli kostnað sveitarfélaga af þjónustu við íbúðar- og sumarbústaðaeigendur og eigendur sumarbústaðalóða. Þannig verði tengsl álagningarstofns við skyndilegar breytingar á markaðsverði fasteigna rofin en í stað þessi taki álagning fasteignaskatts breytingum í takt við almennar verðlagshækkanir.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. september 2007.

### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var upphaflega lögð fram á 131. löggjafarþingi en komst ekki á dagskrá. Fyrsti flutningsmaður hennar var Atli Gíslason. Hún var endurflutt nokkuð breytt á 132. löggjafarþingi, enda hafði Fasteignamat ríkisins þá kynnt endurmat á sumarbústöðum og sumarbústaðalóðum og tóku breytingarnar mið af því. Tillagan er nú flutt í þriðja sinn,

enda gerðist það sem margir höfðu óttast þegar álagning skatta 2006 var kunngjörð að þeim sem fengu vaxtabætur fækkaði um 10 þúsund einstaklinga og án efa má rekja þá fækkun að flestu leyti til breytinga á verðmati fasteigna. Í fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu (nr. 18/2006) 26. júlí 2006 um helstu niðurstöður skattaálagningar árið 2006 segir:

„Ákvarðaðar vaxtabætur vegna vaxtagjalda af íbúðarlánum, sem einstaklingar greiddu af á árinu 2005, nema 4,5 milljörðum kr. í ár sem er lækkun um rúm 13% frá fyrra ári, eða tæpar 700 millj. kr. Mikil hækkun fasteignamats á íbúðarhúsnæði milli áranna 2004 og 2005 ásamt tekjuaukningu veldur væntanlega mestu um lækkunina, en vaxtabætur skerðast með auknum eignum og tekjum. Vaxtabótaþegum fækkar til muna, eða um 10 þúsund einstaklinga og verða þeir tæplega 44 þúsund talsins. Vaxtabótum er skipt á milli hjóna og sambýlisfólks. Meðalbætur á hvern vaxtabótaþega eru 102 þúsund krónur samanborið við tæpar 96 þúsund krónur í fyrra og hækka því um tæplega 7% milli ára."

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006 til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga, segir eftirfarandi: „Ríkisstjórnin lýsir sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós kemur við niðurstöðu álagningar í ágúst nk. að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefur leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum."

Í ljósi fækkunar vaxtabótaþega við álagningu skatta 2006 og í ljósi yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar hlýtur að teljast eðlilegt að Alþingi grípi til þeirra ráða sem lagt er til í tillögu þessari. Greinargerðin sem birtist með tillögunni á 132. löggjafarþingi fylgir hér með og einu fylgiskjali hefur verið bætt við, þ.e. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006.

Umtalsverðar breytingar voru gerðar á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat á fasteignum, með lögum nr. 47/2000 og í kjölfarið voru þau endurútgefin með áorðnum breytingum. Á sama tíma hófst Fasteignamat ríkisins handa við endurmat á öllu íbúðarhúsnæði í landinu og síðar á mati sumarbústaða og sumarbústaðalóða. Leiddi endurmatið til verulegra hækkana á áður gildandi fasteignamati þessara fasteigna. Bæði ríkisstjórnin og sveitarstjórnir lýstu því yfir að endurmatið mundi ekki leiða til hækkana á eignarskatti og fasteignaskatti. Raunin varð önnur. Við álagningu gjaldárið 2002 greiddu framteljendur sem áttu ekki aðrar eignir en skuldlausar tveggja til fjögurra herbergja íbúðir eignarskatt í fyrsta skipti. Fasteignaskattar hafa einnig hækkað vegna endurmatsins og enn frekar á grundvelli verulegra hækkana á markaðsverði íbúðarhúsnæðis, en skv. 27. gr. laga nr. 6/2001 skal matsverð fasteignar vera gangverð hennar umreiknað til staðgreiðslu. Íbúðaverð hækkaði á öllu landinu, að Vestfjörðum undanskildum, milli áranna 2003 og 2004. Verð á íbúðarhúsnæði á Austurlandi hækkaði mest, um tæp 35%. Í Reykjavík nam hækkunin tæpum 14%, á Norðurlandi vestra 12,1% og á Norðurlandi eystra 10,6%. Í öðrum landshlutum nam hækkunin 9–10%, nema á Vestfjörðum, eins og áður segir, þar sem íbúðaverð lækkaði um 1,7%. Almennt má segja að hækkun matsverðs íbúðarhúsnæðis milli áranna 2003 og 2004 hafi numið að meðaltali rúmum 10% umfram almennar verðlagshækkanir samkvæmt vísitölu neysluverðs og hefur haft í för með sér sambærilega hækkun fasteignaskatta. Allt bendir til þess að matsverð fasteigna muni hækka verulega umfram almennt verðlag á þessu ári vegna mikillar eignaverðbólgu sem hófst á síðasta ári. Það sýna m.a. skýrslur Hagtíðinda Hagstofu Íslands frá 3. maí 2005 og vorskýrsla ASÍ 2005, en þar er að finna tölur um hækkun íbúðaverðs fram til apríl á þessu ári. Upplýsingar liggja fyrir um að fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað um rúm 38% á rúmu ári miðað við maí 2005. Þar af hafi sérbýli hækkað mun meira en fjölbýli, eða um 54% á móti 34%.

Sumarið 2005 lauk Fasteignamat ríkisins endurmati sumarbústaða og óbyggðra sumarbústaðalóða og tók hið nýja mat gildi 1. september sl. Breytingar á matinu eru mjög mismunandi eftir stærð og staðsetningu en meðalhækkun á mati sumarhúsa samkvæmt því er 23,8%. Dæmi eru um 685% hækkun á lóðamati í Eyja- og Miklaholtshreppi (sjá fylgiskjal II).

Fasteignaskattar eru í eðli sínu gjöld sem er ætlað að mæta kostnaði sveitarfélaga við að þjónusta fasteignaeigendur og eru lögð á eignir óháð tekjum. Útsvar er hins vegar lagt á sem hlutfall af tekjum, tekjuskattsstofni. Veruleg hækkun á markaðsverði íbúðarhúsnæðis síðustu mánuði og fyrirsjáanleg hækkun á þessu ári umfram almennar verðlagshækkanir ætti að mati flutningsmanna ekki að hafa áhrif á stofn til álagningar fasteignaskatts. Kostnaður sveitarfélaga af þjónustu við íbúðar- og sumarbústaðaeigendur og eigendur sumarbústaðalóða eykst ekki í réttu hlutfalli við hækkun á markaðsverði þessara fasteigna. Þessi eignaverðbólga hefur bitnað og mun bitna harðast á þeim sem lægstar hafa tekjurnar, svo sem eldri borgurum og einstæðum foreldrum. Þá má halda því fram með gildum rökum að viðmiðun fasteignamats við gangverð, markaðsverð, mismuni sveitarfélögum. Er þannig ljóst að sveitarfélög á Vestfjörðum standa afar höllum fæti og er fjárhagsstaða þeirra þó nógu slæm fyrir vegna fólksfækkunar. Er brýnt að setja nýjar reglur um álagningarstofn fasteignaskatts og styrkja tekjustofna sveitarfélaga með öðrum hætti en síhækkandi fasteignasköttum sem, eins og fyrr segir, eru lagðir á óháð tekjum. Í því skyni þarf að breyta álagningargrundvelli fasteignaskatts fyrir álagningu árið 2007 svo að íbúðar- og sumarbústaðaeigendur og eigendur sumarbústaðalóða þurfi ekki að sæta álögum umfram almennar verðlagshækkanir og að sveitarfélögum sé ekki mismunað.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur fullan skilning á þörfum sveitarfélaganna í landinu til að skjóta styrkari stoðum undir fjárhag sinn. Það sýnir málflutningur þingmanna flokksins á undangengnum þingum. Í því sambandi má t.d. nefna frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem þingflokkurinn flutti á 131. löggjafarþingi (þskj. 194 – 194. mál) og umræðu utan dagskrár um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, sem þingflokkurinn stóð fyrir 16. apríl 2004. Í málflutningi þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa komið fram raunhæfar tillögur sem eru til þess fallnar að efla fjárhagsstöðu sveitarfélaganna til langs tíma, þær tillögur taka heildstætt á vanda sveitarfélaganna og ganga út frá því að ríkisvaldið beri þar talsverða ábyrgð. Það er því mat flutningsmanna að tillögur fjármálaráðuneytisins um skyndihækkun fasteignamats í því skyni að efla fjárhag sveitarfélaganna séu vanhugsaðar og með þeim sé ekki komist að rótum vandans.

---

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Fasteignamat ríkisins hefur endurmetið verðmæti sumarbústaða. Egill Ólafsson. (Morgunblaðið, 30. júlí 2005.)
II. Mikil hækkun á mati sumarhúsa og óbyggðra sumarhúsalóða. (Bændablaðið, 30. ágúst 2005.)
III. Sumarhús sem tekjustofn sveitarfélaga. Hörður Bergmann. (Morgunblaðið, 7. ágúst 2005.)
IV. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. (22. júní 2006.)

# 75. Frumvarp til laga [75. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Í stað tölunnar „50“ í 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: 1.000.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði 2. mgr. 6. gr. um 1.000 íbúa lágmarksíbúatölu í þrjú ár samfleytt skal miðast við íbúafjölda í sveitarfélagi frá og með 1. janúar 2007.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 126., 127., 128. og 130. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Er frumvarpið því flutt að nýju efnislega óbreytt.

Efling sveitarfélaga er afar mikilvægur þáttur í því að tryggja íbúum landsins góð lífsskilyrði. Mikið var fjallað um hlutverk sveitarfélaganna og möguleika þeirra á að sinna því fyrir einum og hálfum áratug. Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félagsmálaráðherra, skipaði „sveitarfélaganefnd“ í febrúar 1992. Nefndin skilaði lokaskýrslu í mars 1993. Í kjölfar aðgerða sem ákveðnar voru af stjórnvöldum í framhaldi af starfi nefndarinnar urðu verulegar breytingar á stærð og fjölda sveitarfélaganna. Sveitarfélög sameinuðust víða og sums staðar urðu þau afar víðáttumikil. Sú ríkisstjórn sem nú situr gekkst fyrir sameiningarátaki þar sem knúnar voru fram atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga. Það átak var að tvennu leyti illa undirbúið. Annars vegar hefði þurft að liggja fyrir sátt um að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Svo var ekki og olli það því að margir fulltrúar í sveitarstjórnum lögðust gegn sameiningu. Þetta hafði mikil áhrif á niðurstöður í einstökum sveitarfélögum. Hitt var ekki síður alvarlegt að Alþingi brást því hlutverki sínu að marka lágmarksstærð sveitarfélaga á grundvelli þeirra verkefna og krafna sem almennt þarf að gera til sveitarfélaga í dag. Ef endurskoðun á lágmarksfjölda í sveitarfélögum hefði legið fyrir og mörkin hefðu verið hækkuð eins og hér er lagt til er ekki vafi á að orðið hefði mikilvæg breyting á stærð og getu sveitarfélaga til að sinna verkefnum sínum. Ekki eru pólitískar deilur í raun meðal þingmanna um það að stækka eigi og efla sveitarfélögin og flytja til þeirra verkefni frá ríkinu. Alþingismönnum er það líka vel ljóst að lítil sveitarfélög geta ekki tekið við nýjum verkefnum frá ríkinu. Þess vegna er illskiljanlegt að þeir með aðgerðarleysi skuli enn viðhalda 50 íbúa lágmarksfjölda í sveitarfélögum. Í umræðum um þessi mál tala þingmenn garnan um að fara lýðræðislegar leiðir. Það getur þó vart verið að mörk lýðræðisins liggi við 50 sálir. Þau rök hafa verið sett fram að með því að hækka nú lágmarksfjölda í sveitarfélögum væri komið aftan að fólki í þeim sveitarfélögum sem yrðu undir hinu nýja lágmarki. Þar hafi fólk tekið þátt í ákvörðunum um sameiningar í góðri trú. Hér er því til að svara að það voru alvarleg mistök Alþingis að sinna ekki þeirri skyldu sinni að marka sveitarfélögunum eðlilegri

stærðarmörk í takt við almennar kröfur sem nú eru gerðar til þeirra um leið og sameiningarátakið fór fram. Þau mistök eiga þó ekki að valda því að Alþingi haldi áfram að forsóma þessa skyldu sína. Fyrir tíu árum voru sveitarfélögin 204 en þau eru nú 79. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist sitja þó víða eftir örsmá sveitarfélög sem geta illa sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað samkvæmt lögum og geta alls ekki tekið að sér ný og mikilvæg hlutverk.

Pólitískur vilji til þess að færa til sveitarfélaganna fleiri verkefni frá hinu opinbera virðist vera almennur. Ástæða er þó til að ætla að sá vilji byggist á þeirri forsendu að flest og helst öll sveitarfélög geti veitt svipaða þjónustu og tekið að sér sambærileg verkefni. Eigi að miða við þessa forsendu mun þróun í þá átt að verkefni verði flutt til sveitarfélaganna frá hinu opinbera stöðvast nema þau smáu sameinist og myndi þannig nægilega öflug samfélög til að standa jafnfætis öðrum. Enginn vafi er á því að efling sveitarfélaganna, skilgreining á þeim búsetuskilyrðum sem þau verða að geta boðið og flutningur verkefna til þeirra er forsenda þess að byggð geti haldist og þróast víða um land. Það er því eitt brýnasta verkefni byggðamálanna að styrkja sveitarfélög á landsbyggðinni.

Ástæður þess að sameining sveitarfélaga hefur gengið hægt eru margvíslegar. Gamlar hefðir og áhrif ráðamanna í héraði valda þessu að hluta til. Mikil breyting hefur þó orðið á afstöðu manna til sameiningarmála á þeim árum sem liðin eru frá því að lokaskýrsla sveitarfélaganefndarinnar kom út og almennt er afstaða til sameiningar jákvæðari en áður. Þó er ekki líklegt að árangur náist í eflingu sveitarfélaga á ýmsum svæðum. Til eru dæmi um að fámenn sveitarfélög á litlum landsvæðum, sem eru óumdeilanlega eitt atvinnusvæði, hafi ítrekað hafnað sameiningu við nágranna sína vegna mismunandi aðstöðu til tekjuöflunar. Þannig hefur misvægi í tekjuöflunarmöguleikum sem ríkið hefur tryggt sveitarfélögunum komið í veg fyrir eðlilega sameiningu sveitarfélaga. Afar brýnt er að hraða almennri þróun í átt til öflugri sveitarfélaga sem geta veitt sambærilega þjónustu og tekið við nýjum og auknum verkefnum. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lágmarksstærð sveitarfélaga verði 1.000 manns. Flutningsmenn telja þó að í raun sé 1.000 manna samfélag lítið og vanmegnugt til þess að tryggja íbúunum þau búsetuskilyrði sem nú eru nauðsynleg til að treysta byggðina til framtíðar. Samþykkt frumvarpsins yrði þó mikilvægt skref til að flýta þróuninni til öflugri sveitarfélaga. Ástæða er til að hafa í huga að í sveitarfélögum sem hafa orðið til við sameiningu undanfarin ár er víða góður jarðvegur fyrir umræðu um að mynda enn stærri og öflugri sveitarfélög. Þannig virðist sameining smæstu sveitarfélaganna við önnur geta rutt úr vegi fyrirstöðum sem nú tefja þróunina í átt til öflugri sveitarfélaga.

Miklar umræður hafa farið fram um þessi mál á undanförnum árum og ýmsar hugmyndir komið fram um hvernig standa skuli að eflingu sveitarfélaganna. Þótt stjórnvöld hafi sýnt viðleitni til að flytja verkefni til sveitarfélaganna frá hinu opinbera virðast þau þó ekki hafa dug til að marka stefnu sem leiði til öflugri sveitarfélaga sem geri þeim almennt fært að taka að sér slík verkefni. Náist ekki að sameina fámennu sveitarfélögin í nægilega stórar einingar hamlar það verulega þróun í þá átt að verkefni verði flutt frá hinu opinbera til sveitarfélaganna. Þetta frumvarp er flutt til að freista þess að koma í veg fyrir að þessi mál staðni í því fari sem þau eru í nú.

# 76. Frumvarp til laga [76. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

## I. KAFLI
## Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 32. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda skv. 2. mgr.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingu.

2. gr.

2. og 3. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra þær ákvarðanir Skipulagsstofnunar sem um getur í 1. mgr.

Enn fremur er öllum heimilt að kæra til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar um að frummatsskýrslan uppfylli eða uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

## III. KAFLI
## Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 132. löggjafarþingi (11. mál). Það byggist á frumvarpi frá 131. löggjafarþingi, en í ljósi breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem gengu í gildi 1. október 2005 var málið útvíkkað og varðar breytingar á tvennum lögum í stað einna áður.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ný málsgrein bætist við 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og að 2. og 3. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, verði breytt. Því er ætlað að taka af öll tvímæli um kærurétt vegna ákvarðana Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi og áréttar það löggjafarvilja við setningu laga nr. 7/1998. Sambærilegur kæruréttur gilti samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, fram að því er Alþingi samþykkti breytingar á þeirri löggjöf með lögum nr. 74 24. maí 2005. Fram til þess tíma hafði niðurlagsmálsgrein 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 hljóðað svo: „Öllum er

heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr.“ Með breytingunni í maí 2005 var málskotsrétturinn þrengdur og hann bundinn við þá eina sem eiga lögvarða hagsmuni tengda viðkomandi ákvörðunum Skipulagsstofnunar. Þá var málskotsrétti vegna 8. og 9. gr. laganna einnig breytt og hann einvörðungu bundinn við framkvæmdaraðila. Þessar þrengingar málskotsréttarins stríða, að mati flutningsmanna, gegn þeirri þróun sem hefur átt sér stað bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Þróunin hefur verið í þá átt að auka aðkomu almennings að ákvörðunum er varða umhverfismál, bæði aðgang að upplýsingum og rétt til málskots. Sá réttur almennings á að vera tryggður í Árósasamningnum, sem íslensk stjórnvöld undirrituðu 1998, en hafa látið undir höfuð leggjast að fullgilda. Árósasamningurinn gerir ráð fyrir að öllum almenningi sé tryggður aðgangur að upplýsingum, þátttaka í ákvörðunum og aðgangur að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Þetta er gert í því skyni að vernda réttindi hvers einstaklings af núlifandi og komandi kynslóðum til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans. Í ljósi þessa má gera ráð fyrir að þrenging málskotsréttarins stríði gegn einu af grundvallaratriðum Árósasamningsins. Ekki verður heldur séð að ákvæði 12. gr. laganna, eins og þau hafa verið fram til 1. október 2005, hafi verið til mikilla trafala í málsmeðferð hingað til og því engin haldbær rök fyrir breyttri afstöðu löggjafans.

Greinargerðin sem fylgdi máli þessu á 131. löggjafarþingi fylgir hér óbreytt:

**„Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur.**

Tilefni þess að frumvarpið er lagt fram er dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. janúar 2005 í málinu nr. E-1288/2003, en það er mál Hjörleifs Guttormssonar gegn Alcoa á Íslandi ehf. (áður Reyðarál ehf.), Fjarðaáli sf., Reyðaráli ehf. (áður Alcoa á Íslandi ehf.), fjármálaráðherra, umhverfisráðherra og íslenska ríkinu. Dómkröfur stefnanda voru í fjórum liðum þar sem hann krafðist ómerkingar á eftirfarandi úrskurðum og ákvörðunum. Í fyrsta lagi úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum 1. og 2. áfanga 420 þús. tonna álvers í Reyðarfirði, í öðru lagi úrskurði umhverfisráðherra að ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu álvers í Reyðarfirði fyrir allt að 322 þús. tonna ársframleiðslu skuli óbreytt standa, í þriðja lagi ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls ehf. og í fjórða lagi ákvörðun umhverfisráðherra um að vísa frá kæru stefnanda á ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls ehf.

Nánar tiltekið er tilefni frumvarps þessa afstaða dómsins til kröfu stefnanda um ómerkingu á ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 14. júlí 2003 um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls ehf. á iðnaðarsvæðinu við Hraun í Reyðarfirði, sbr. þriðja lið hér að framan. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að stefnandi hefði ekki haft stöðu „aðila“ við meðferð og útgáfu Umhverfisstofnunar á starfsleyfi til Reyðaráls ehf. og því hafi honum ekki verið heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar til ráðherra. Meginrökin voru í fyrsta lagi þau að í lögskýringargögnum væri ekki að finna afstöðu löggjafans til þess hvort almenningur, sem gert hefur athugasemdir við auglýsta tillögu Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) um starfsleyfi, skuli hafa rétt til stjórnsýslukæru til ráðherra og þá með hvaða hætti og í öðru lagi að ekki verði ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á stjórnsýsluvenju þess efnis að allir sem gert hafi athugasemd við auglýsingu um starfsleyfi njóti heimildar til stjórnsýslukæru til ráðherra skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998. Á þessum forsendum komst dómarinn að þeirri niðurstöðu að um stjórnsýslukæru skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 skyldi fara samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar. Samkvæmt því sé einungis aðila máls heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis til umhverfisráð-

herra, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og stefnandi í þessu tilfelli hafi ekki þeirra hagsmuna að gæta sem geri hann að aðila máls í skilningi stjórnsýslulaga. Auk þessara atriða telur dómari stefnanda hvorki geta vísað til Árósasamningsins eða tilskipunar 2003/35/EB til að skýra 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998, enda hafi Árósasamningurinn ekki verið fullgiltur af íslenskum stjórnvöldum og tilskipunin ekki verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Til frekari glöggvunar á þessum atriðum er X. kafli dómsins birtur sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

**Vilji löggjafans.**

Þegar náið er rýnt í umfjöllun Alþingis um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem varð að lögum nr. 7/1998, verður ekki betur séð en vilji löggjafans sé alveg skýr. Hann byggist á þeirri meginstefnu, sem innleidd er með nútímalegum umhverfisrétti, að almenningi skuli tryggð aðkoma að málum og hlutdeild í ákvarðanatöku. Sú stefna kemur skýrt fram í ræðu umhverfisráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, þegar hann mælti fyrir frumvarpi til laga um hollustuhætti í október 1997 (194. mál 122. löggjafarþings). Í máli ráðherrans kemur hvað eftir annað fram að hann telur mikilvægt að allur almenningur eigi þess kost að gera athugasemdir við útgáfu starfsleyfa starfsleyfisskyldra framkvæmda. Formaður umhverfisnefndar á þessum tíma var Ólafur Örn Haraldsson og kemur einnig skýrt fram í máli hans hversu mikilvægt sé að aðkoma almennings að starfsleyfisveitingum sé greið. Í annarri umræðu um málið segir hann orðrétt:

„Ég tel líka að kæruferlið hafi verið stórbætt. Þótt endalaust megi segja að það eigi að vera lengra eða annars konar, þá er ljóst hvernig það er núna. Ég vil láta það koma fram hér að átta vikur þurfa að líða frá því að auglýsing Hollustuverndar kemur fram þar til athugasemdafrestur rennur út. Hollustuvernd hefur síðan fjórar vikur til að gaumgæfa og vinna að þeim athugasemdum sem koma fram og kynna mönnum niðurstöður. Síðan hefur sá sem kært hefur eða gert hefur athugasemdir, tvær vikur til að ákveða hvort hann vill kæra áfram og þá til ráðherra og þar tel ég að við séum með mun betri lausn en áður hefur verið á þessum málum, þ.e. að ráðherrann tekur á þessu öllu. Þá hefur ráðherra fjórar vikur til að úrskurða um málið. Ég legg áherslu á að kærandanum er í hag að fá úrskurðinn sem fyrst í stað þess að þurfa að bíða lengi eftir honum. Að vísu hefur ráðherrann lengri tíma ef um stórmál er að ræða. Þetta hvort tveggja er grundvallaratriði í þessum málum og lýtur að almannarétti sem mönnum er mjög kær og hefur einmitt komið til mikillar umræðu núna við útgáfu starfsleyfa og starfrækslu stóriðju og reyndar fleiri tegunda atvinnurekstrar. Það er almannarétturinn, réttur hvers einstaklings, réttur hvers Íslendings, réttur félaga, réttur fyrirtækja og stofnana til að gera athugasemdir og hafa áhrif á umhverfi sitt og þróun atvinnulífsins, sem er tryggður þarna og fram hjá þessum grundvallaratriðum megum við aldrei horfa þó við séum ósammála um ýmis atriði.“

**Fyrirmynd í lögum um mat á umhverfisáhrifum.**

Formaður umhverfisnefndar ítrekar þennan skilning sinn á rétti almennings til kæru í andsvari síðar í annarri umræðu, en þá segir hann:

„Við glímum við grundvallaratriðin, verndun umhverfisins, rétt almennings og uppbyggingu atvinnulífsins. [...] Ég vil þó minna á eitt aðalatriði, eina aðallínu sem við getum fikrað okkur eftir. Við höfum að undanförnu verið að setja lög um áhrif almennings á umhverfismál og ég vil nefna mat á umhverfisáhrifum sem væntanlegt er inn í þingið, bygginga- og skipulagsmál og núna um starfsleyfi. Í öllum þessum lögum er gert ráð fyrir að almenningur komi

að með umsagnarrétti, tillögurétti og afskiptum þannig að áður en til starfsleyfis kemur hafa hin stærri mál og mjög mengandi atvinnurekstur eða þar sem grunur er um mjög mengandi atvinnurekstur, þurft að fara í gegnum þrenns konar ferli þar sem okkur gefst tækifæri, almennum borgurum, til að taka á þessum málum. Þetta er þó verulegur réttur sem við skulum ekki gleyma. Við höfum reynt í starfi okkar að tryggja þennan rétt því þegar við erum farin héðan, hvort sem við erum ráðherrar eða almennir þingmenn þá standa lögin eftir og öllum er okkur kær réttur borgaranna til að móta það umhverfi sem við teljum best í landinu, bæði í umhverfismálum og í atvinnumálum.“

Í þessu síðasta andsvari sínu vísaði formaður umhverfisnefndar til laga um mat á umhverfisáhrifum, sem stóð til að endurnýja. Þegar nýtt frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum kom fram á 125. löggjafarþingi gat þar að líta afar skýrt ákvæði er varðar kærurétt til ráðherra. Það er að finna í 12. gr. laganna, sem fjallar um málskot og hljóðar svo:

„Ágreiningi um framkvæmd laga þessara má skjóta til úrskurðar umhverfisráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka, sbr. 6. gr. laganna, sé matsskyld má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 11. gr. má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann var birtur og fer um kæruna samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, og skal hún vera skrifleg.

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr.“

Til að benda á ósamræmið milli þessarar greinar laga um mat á umhverfisáhrifum og 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, skal sú síðarnefnda einnig birt hér (1. og 2. mgr.):

„Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laganna.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um útgáfu starfsleyfa skv. 6. gr. má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun Umhverfisstofnunar eða heilbrigðisnefnda.“

Í frumvarpi þessu er lagt til að orðalagið úr lögunum um mat á umhverfisáhrifum verði sett inn í lögin um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo að samhljómur sé í því hvernig farið skuli með kærurétt til ráðherra í þessum skyldu lögum.

**Almenningur hefur hlutverki að gegna.**

Við skoðun þessa máls verður að hafa í huga hvernig umhverfisréttur hefur þróast undanfarin ár, í honum hefur ekki hvað síst verið lögð rík áhersla á andmæla- og upplýsingarétt almennings. Má í því sambandi benda á Ríó-yfirlýsinguna, sem er grundvölluð á samstarfi og samvinnu milli ríkja, mikilvægra atvinnugreina samfélagsins og fólks almennt. 10. regla yfirlýsingarinnar fjallar beinlínis um mikilvægi þess að almenningur hafi trygga aðkomu að öllum þáttum er varða umhverfismál. Hún er svohljóðandi:

„Best verður tekist á við umhverfismál með þátttöku allra þegna sem hlut eiga að máli á viðkomandi sviðum. Í hverju ríki skal sérhver einstaklingur hafa aðgang, eftir því sem við á, að upplýsingum um umhverfið sem eru í vörslu opinberra aðila, þar á meðal upplýsingum um hættuleg efni og hættulega starfsemi í samfélagi þeirra, svo og tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku. Ríki skulu auðvelda og örva skilning og þátttöku almennings með því að

veita honum greiðan aðgang að upplýsingum. Raunverulegur aðgangur skal veittur að réttar- og stjórnsýslukerfum, þar á meðal að réttarúrræðum.“

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að líta til Árósasamningsins sem undirritaður var fyrir Íslands hönd 25. júní 1998. Honum er ætlað að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum, aðild að ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum. Einnig er rétt að benda á 5. og 6. gr. tilskipunar 85/337/EBE, sem fjalla um skyldur yfirvalda til að upplýsa um áform framkvæmdaraðila og um að aðgangur almennings að þeim upplýsingum sé tryggður, og einnig má benda á tilskipun 97/11/EB en með henni er verið að tryggja þátttöku almennings í ákvarðanatöku stjórnvalda og aðgang almennings að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Byggjast ákvæði tilskipunarinnar á ákvæðum Árósasamningsins. Anda þeirra tilskipana og samninga sem hér hafa verið nefndir er að finna í lögunum um Evrópska efnahagssvæðið, en þar segir að einstaklingar muni gegna mikilvægu hlutverki á Evrópska efnahagssvæðinu vegna beitingar þeirra réttinda sem þeir öðlast með samningnum. Í sömu lögum eru einnig áminningar til þeirra sem með völdin fara um að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða. Einn veigamikill þáttur í slíku er hið virka samspil stjórnvalda og almennings í landinu, en þá þarf líka að vera tryggt í löggjöf að almenningur hafi raunverulega möguleika á að beita stjórnvöld aðhaldi.“

---

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Úr dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-1288/2003, X. kafli. Sjá samhljóða fylgiskjal með þskj. 11 (11. máli 132. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 508–511.

## 77. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um samvinnu vestnorrænna landa og upplýsingamiðlun í baráttunni gegn reykingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að auka og efla samvinnu og upplýsingamiðlun í baráttunni gegn reykingum. Skorað er á löndin að halda námsstefnu eða ráðstefnu fyrir vestnorrænar heilbrigðisstéttir um málið.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 3/2006 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 21. ágúst 2006 í Þórshöfn í Færeyjum. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að auka og efla samvinnu og upplýsingamiðlun í baráttunni gegn reykingum. Skorað er á löndin að halda námsstefnu eða ráðstefnu fyrir vestnorrænar heilbrigðisstéttir um málið.

**Rökstuðningur.**

Reykingar eru eitt erfiðasta heilsuvandamál sem við er að kljást á Vesturlöndum. Hið sama er uppi á teningnum á Vestur-Norðurlöndum. Eins og kunnugt er valda reykingar mörgum sjúkdómum og leiða í versta falli til ótímabærs dauða. Á Vesturlöndum er eining um að bráða nauðsyn beri til að berjast gegn reykingum íbúanna til að fækka reykingamönnum. Því ber að ná fram með því að koma í veg fyrir að ungmenni byrji að reykja og reyna að fá fólk sem þegar reykir til að hætta. Það tekst aðeins með markvissum aðgerðum.

Takist að draga úr fjölda þeirra sem reykja mun draga úr sjúkdómum sem tengjast reykingum, langlífi aukast og fleiri lifa lífinu lausir við alvarlega sjúkdóma. Við bætist efnahagslegur ávinningur, bæði fyrir Vestur-Norðurlönd og vestnorræn heimili. Það verður efnahagslegur ávinningur fyrir löndin ef færri hafa þörf fyrir meðferð vegna sjúkdóma sem tengjast reykingum. Jafnframt verður það sparnaður fyrir heimilin þegar minna fé er eytt í tóbakskaup.

Vestur-Norðurlönd hafa langa hefð fyrir góðri og víðtækri samvinnu. Það er áríðandi að þau sameinist um að berjast gegn sameiginlegum óvini, tóbakinu. Það geta þau meðal annars með því að miðla hvert öðru af baráttuaðferðum sínum og reynslu.

Reykingar eru vandamál á öllum Vestur-Norðurlöndum. Á heilbrigðisráðstefnu Vestnorræna ráðsins árið 2003 kom fram að reykingar eru eitt mesta heilsuvandamálið á Grænlandi. Reykingar eru einnig of útbreiddar í Færeyjum og á Íslandi. Á Íslandi hefur þó tekist á síðustu 20 árum að draga töluvert úr fjölda reykingamanna. Árið 1985 reyktu 40% Íslendinga á aldrinum 18–69 ára en árið 2005 var hlutfall íslenskra reykingamanna í sama aldursflokki komið niður í 21%. Þetta náðist með markvissum aðgerðum. Beitt hefur verið upplýsingaherferð um reykingar og afleiðingar þeirra, þar sem fléttað hefur verið saman jákvæðum reyklausum fyrirmyndum og vítum til varnaðar, auk þess sem reykingar hafa verið bannaðar á mörgum opinberum stöðum, t.d í öllum opinberum byggingum.

Vestnorræna ráðið skorar á heilbrigðisráðherra Vestur-Norðurlanda að auka og efla samstarf sitt í baráttunni gegn reykingum, bæði með því að skiptast á upplýsingum og miðla af reynslu sinni. Vestnorræna ráðið hvetur til þess að gerð verði grein fyrir því hvaða aðferðir hafa skilað árangri í baráttunni gegn reykingum. Enn fremur er hvatt til þess að löndin þrjú haldi síðan námsstefnu eða ráðstefnu með fólki úr heilbrigðisstéttum, sem vinnur við varnir gegn reykingum, þar sem það deili með sér reynslu, læri hvert af annars baráttuaðferðum og miðli upplýsingum.“

## 78. Tillaga til þingsályktunar [78. mál]

um kennslu vestnorrænnar menningar í grunnskólum.

Flm.: Halldór Blöndal, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason,
Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að skora á ríkisstjórn Íslands, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að tekin verði upp kennsla í grunnskólum landsins um sögu, þjóðfélagsgerð, menningu og tungumál vestnorrænna nágrannaþjóða.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 5/2006 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 21. ágúst 2006 í Þórshöfn í Færeyjum. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að tekin verði upp kennsla í grunnskólum um sögu, þjóðfélagsgerð, menningu og tungumál vestnorrænna nágrannalanda og verði kennslan fastur liður í námskrá á mismunandi og viðeigandi aldursstigum. Löndin eru hvött til að útbúa sameiginlegt kennsluefni á öllum málunum þremur í þessum tilgangi.

**Rökstuðningur.**

Ísland, Færeyjar og Grænland mynda Vestur-Norðurlönd og eiga þau margt sameiginlegt, bæði frá náttúrunnar hendi og hvað varðar sögu, menningu og þjóðfélagsgerð. En jafnframt hefur hvert land og þjóð eigið tungumál, eigin menningu, eigin sögu og eigin framtíðartækifæri.

Þó að við séum næstu nágrannar og Vestur-Norðurlönd hafi möguleika á að þróa öflugt samstarf á svæðinu, lærum við tiltölulega lítið um nágrannalönd okkar og íbúa þeirra í grunnskóla. Í færeyskum grunnskóla er kannski minnst á Ísland og Grænland á einu aldursstigi og ef kennarar og skólar taka ekki vestnorrænu nágrannalöndin fyrir sem sérstakt þema lenda þau utangarðs í kennslu í grunnskóla. Það ætti að vera vandalítið að taka upp viðeigandi kennslu á mismunandi aldursstigum um sögu, menningu og þjóðfélagsgerð vestnorrænna nágranna okkar og flétta sameiginlega sögu okkar inn í.

Á tungumálasviðinu eiga Íslendingar og Færeyingar að minnsta kosti að geta lært að skilja og lesa mál hinna vandræðalaust. Einnig ætti að vera hægt að kenna þeim grundvallaratriðin í uppbyggingu grænlensku og sögulega þróun tungumáls inúíta. Fordómar og viljaleysi eiga efalaust mestan þátt í því ef Íslendingar og Færeyingar kunna ekki svo mikið sem fáein orð og setningar á grænlensku.

Ein besta fjárfesting sem yfirvöld geta gert til að styrkja vestnorræna samvinnu er að kenna strax í grunnskóla um þjóðfélagsgerð landanna.“

# 79. Frumvarp til laga [79. mál]

um sameignarfélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Almenn ákvæði.

### 1. gr.
*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um:

1. sameignarfélög sem skráð eru samkvæmt lögum þessum;
2. sameignarfélög þar sem meiri hluti félagsmanna (félagsaðila) býr hér á landi nema meginhluti starfsemi félagsins sé rekinn í öðru landi.

Viðskiptaráðherra fer með mál sem varða sameignarfélög samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

*Hugtakið sameignarfélag.*

Sameignarfélag samkvæmt lögum þessum er samstarfsform sem byggist á samningi tveggja eða fleiri aðila um sameiginlega fjárhagslega starfsemi þar sem allir félagsmenn bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

3. gr.

*Frávíkjanleg ákvæði.*

Ákvæði III. kafla um stjórnkerfi og réttarstöðu félagsmanna eiga við nema kveðið sé á um annað í félagssamningi. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram í lögunum.

4. gr.

*Heiti.*

Sameignarfélög, sem skráð eru í firmaskrá, skulu hafa orðið sameignarfélag í heiti sínu eða skammstöfunina sf. Að öðru leyti fer um heiti sameignarfélaga eftir ákvæðum laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903 (firmalögum), eftir því sem við á.

5. gr.

*Réttþæfi.*

Skráð sameignarfélög eru hæf til að eiga réttindi og bera skyldur.

## II. KAFLI
## Stofnun sameignarfélaga og ábyrgð félagsmanna.

6. gr.

*Stofnendur.*

Stofnendur og síðar félagsmenn í sameignarfélagi geta verið lögráða einstaklingar og lögaðilar, þar á meðal íslenska ríkið og stofnanir þess.

7. gr.

*Félagssamningur.*

Skylt er að gera skriflegan félagssamning um sameignarfélög sem eru skráð samkvæmt lögum þessum. Samningurinn skal undirritaður af öllum stofnendum og þeim er síðar ganga í félagið.

Í félagssamningi skal a.m.k. greina:

1. heiti félagsins;
2. sveitarfélagið þar sem heimilisfang félagsins er;
3. nöfn, kennitölur og heimilisföng félagsmanna;
4. tilgang félagsins;
5. hvort félagið skuli vera sjálfstæður skattaðili;
6. hvort félagsmenn skuli greiða framlag til félagsins og þá verðmæti þess;
7. dagsetningu undirritunar.

Félagssamningi verður breytt með samþykki allra félagsmanna og skriflegri undirritun þeirra nema kveðið sé á um annað í samningnum.

8. gr.

*Ábyrgð á skuldbindingum félags.*

Félagsmenn í sameignarfélagi bera einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Nýr félagsmaður, sem gengur inn í sameignarfélag eftir stofnun þess, ber einnig ábyrgð á eldri skuldbindingum félagsins. Heimilt er að kveða á um annað í félagssamningi skráðs sameignarfélags. Slíkur samningur öðlast ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hann fyrr en samningurinn hefur verið tilkynntur firmaskrá og fyrirvari um takmörkun ábyrgðar nýrra félagsmanna verið birtur í Lögbirtingablaði skv. 50. gr.

Áður en félagsmaður er krafinn um greiðslu skulda skráðs sameignarfélags skal krefja félagið um greiðslu. Greiði félagið skuldina ekki innan fimmtán daga frá því að krafa barst félaginu getur kröfuhafi félagsins krafið félagsmann um greiðslu skuldarinnar. Krefja má félagsmann beint um greiðslu skuldar ef ekki er unnt að finna félagið eða þegar augljóst er að félagið getur ekki greitt.

Kröfur á hendur félagsmönnum á grundvelli ábyrgðar þeirra á skuldum eða öðrum kröfum á hendur félaginu lúta sömu reglum um fyrningu og kröfur á hendur félaginu.

## III. KAFLI

## **Stjórnkerfi og réttarstaða félagsmanna.**

9. gr.

*Félagsfundur.*

Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum sameignarfélags samkvæmt því sem lög og félagssamningur kveða á um.

Félagsfundur skal haldinn í sveitarfélaginu sem heimilisfang félagsins er í. Heimilt er að halda félagsfund annars staðar ef nauðsynlegt er af sérstökum ástæðum eða með samþykki allra félagsmanna.

Allir félagsmenn eiga rétt á að sækja félagsfund og taka þar til máls.

Félagsstjórn, ef kosin hefur verið, eða framkvæmdastjóra, ef ráðinn hefur verið, er skylt að sækja félagsfund.

10. gr.

*Boðun félagsfundar o.fl.*

Boða skal til félagsfundar með tryggum hætti og hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði skal greina málefni sem taka á til meðferðar á fundinum.

Einstakir félagsmenn, stjórnarmenn og framkvæmdastjórar geta boðað til félagsfundar í því skyni að fá tiltekið mál tekið til meðferðar.

Falla má frá formreglum 1. og 2. mgr. ef allir félagsmenn sækja félagsfund og eru sammála um það.

Heimilt er að taka ákvörðun utan félagsfundar ef ekki er unnt að bíða með ákvörðun félagsfundar, þar til frestur til að boða fundinn er liðinn, án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Sama gildir ef allir félagsmenn eru sammála um að taka ákvörðun utan félagsfundar.

11. gr.

*Umboð, rafrænir félagsfundir og rafræn samskipti.*

Sé félagsmaður forfallaður af gildum ástæðum, t.d. vegna veikinda eða ferðalaga, getur hann látið umboðsmann sækja félagsfund fyrir sína hönd samkvæmt skriflegu umboði eða

gert grein fyrir afstöðu sinni til málefna fundarins skriflega. Í síðarnefnda tilvikinu skal félagsmanninum tilkynnt um ákvarðanir fundarins svo fljótt sem kostur er.

Í félagssamningi má kveða nánar á um heimildir til að veita öðrum umboð til að sækja félagsfund eða að óheimilt sé að veita umboð til þátttöku í félagsfundi. Ákveða má að félagsmenn geti veitt umboð og tekið þátt í félagsfundum með rafrænum hætti og að unnt sé að halda félagsfundi alfarið með rafrænum hætti. Þá skal tekið fram um nánari skilyrði rafrænnar þátttöku félagsmanna eða rafrænna félagsfunda hvernig nota á rafræna miðla í tengslum við þátttöku í félagsfundinum og hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar sem notaður er.

Í félagssamningi má einnig kveða á um notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og félagsmanna í stað þess að senda eða leggja fram skjöl, rituð á pappír. Tekið skal fram í félagssamningi til hvaða tilkynninga og samskipta ákvörðunin nær og hvernig heimilt eða skylt er að nota rafræn samskipti. Einnig skulu þar vera upplýsingar um framkvæmd rafrænna samskipta og kröfur sem gerðar eru til tæknibúnaðar. Þótt ekki sé að finna ákvæði í félagssamningi um rafræn samskipti milli félagsins og félagsmanna skv. 1. málsl. er heimilt að nota rafræn samskipti á milli félagsins og þeirra félagsmanna sem samið hafa um það.

12. gr.

*Ákvarðanir á félagsfundi.*

Allir félagsmenn hafa atkvæðisrétt á félagsfundi.

Ákvörðun á félagsfundi skal tekin með samþykki allra félagsmanna.

Ráði meiri hluti atkvæða úrslitum á félagsfundi samkvæmt félagssamningi merkir það meiri hluta atkvæða miðað við fjölda félagsmanna.

Félagsfundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir félagsfundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna nema annað sé ákveðið á fundinum. Einnig skal bóka í fundargerðabók ákvarðanir sem teknar eru utan félagsfundar skv. 4. mgr. 10. gr. Félagsmenn, sem eru ekki sammála niðurstöðu fundarins, eiga rétt á að fá afstöðu sína skráða í fundargerðabók. Skrá yfir viðstadda félagsmenn og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni.

13. gr.

*Félagsstjórn.*

Félagsfundur getur ákveðið að skipuð skuli stjórn í sameignarfélagi. Stjórnarmenn skulu kosnir á félagsfundi.

Félagsstjórn ber að sjá til þess að rekstur félagsins og meðferð fjármuna þess sé á hverjum tíma í réttu og góðu horfi.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga við um varamenn eftir því sem við á.

14. gr.

*Starfstími stjórnarmanna.*

Umboð stjórnarmanns gildir í fjögur ár nema annað sé ákveðið á félagsfundi.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Hann skal senda stjórn félagsins og félagsmönnum tilkynningu um það með hæfilegum fyrirvara.

Sá sem kosið hefur stjórnarmann getur vikið honum frá störfum. Félagsfundur getur ávallt vikið frá öllum þeim stjórnarmönnum, sem hann kaus, og látið stjórnarkjör fara fram að nýju.

Ef starfi stjórnarmanns lýkur áður en kjörtímabili er lokið og enginn varamaður er til að koma í hans stað skulu aðrir stjórnarmenn í sameiningu boða til félagsfundar til að kjósa

nýjan stjórnarmann fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Heimilt er að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta félagsfundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram ef stjórnin er ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.

15. gr.
*Starfshættir stjórnar.*

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema annað sé ákveðið á félagsfundi.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Fund skal halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Hafi verið ráðinn framkvæmdastjóri á hann sæti á fundum félagsstjórnar og nýtur þar málfrelsis og tillöguréttar nema stjórnin ákveði annað í einstökum tilvikum.

Heimilt er að halda stjórnarfundi með aðstoð rafrænna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna félagsstjórnar. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar getur stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti. Að öðru leyti gilda ákvæði laganna um stjórnarfundi og notkun rafrænna skjala eftir því sem við á um rafræna stjórnarfundi og samskipti í tengslum við þá.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim sem fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

16. gr.
*Ákvarðanir stjórnar.*

Stjórn er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir fund. Ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru og þess háttar og valinn hefur verið varamaður skal honum veittur kostur á að taka þátt í stjórnarfundum meðan forföllin vara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Atkvæði formanns ræður úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

17. gr.
*Framkvæmdastjóri.*

Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra samkvæmt ákvörðun félagsfundar, eða félagsstjórnar ef kosin er, til að annast daglegan rekstur félagsins.

Framkvæmdastjóri skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn eða félagsfundur hefur gefið honum.

Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn eða félagsfundi nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar eða félagsfundar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins.

18. gr.
*Vanhæfi.*

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls eða ákvörðun um málefni sem varðar hann eða þriðja mann hafi hann verulegra persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í ákvörðun um lánveitingu til hans eða setningu tryggingar fyrir hann.

19. gr.

*Stjórnunarheimildir félagsmanna.*

Sé stjórn ekki kosin og framkvæmdastjóri ekki ráðinn getur hver og einn félagsmaður gert ráðstafanir sem eru eðlilegur þáttur í rekstri félagsins og enginn félagsmanna hefur lýst sig mótfallinn.

Sé stjórn kosin eða framkvæmdastjóri ráðinn er einstökum félagsmönnum óheimilt að gera nokkuð sem heyrir undir verksvið stjórnar eða framkvæmdastjóra. Einstökum félagsmönnum er þó ávallt heimilt að gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir tap eða tjón fyrir félagið.

20. gr.

*Upplýsingaskylda gagnvart félagsmönnum.*

Félagsmönnum er skylt að veita öðrum félagsmönnum án ástæðulauss dráttar upplýsingar sem þeir búa yfir um starfsemi félagsins.

Hafi stjórn verið kosin eða framkvæmdastjóri ráðinn hvílir upplýsingaskylda skv. 1. mgr. á þeim.

Félagsmaður getur með hæfilegum fyrirvara krafist þess að fá að skoða hvers konar gögn félagsins, þar á meðal rannsaka reikninga félagsins og gögn sem tengjast reikningsgerð og bókhaldi. Félagsmaður á rétt á að fela sérfróðum manni að afla upplýsinga skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

21. gr.

*Hagnaður og tap.*

Félagsfundur tekur ákvörðun um hvort greiða skuli félagsmönnum hlut þeirra í hagnaði félagsins.

Hagnaði og tapi skal skipt milli félagsmanna eftir eignarhlutföllum. Ef eignarhlutföll verða ekki ráðin af félagssamningi skal hagnaði og tapi skipt jafnt á milli félagsmanna.

22. gr.

*Endurkröfuréttur.*

Félagsmaður, sem hefur þurft að greiða félagsskuld, getur krafist endurgreiðslu hennar af félaginu auk kostnaðar.

Fái félagsmaður ekki greitt frá félaginu getur hann krafist greiðslu þess hluta félagsskuldarinnar af hverjum og einum félagsmanni sem honum ber að greiða samkvæmt félagssamningi. Ef félagsmaður er ekki fær um að greiða sinn hluta skuldarinnar skiptist sá hluti milli annarra félagsmanna. Um endurkröfu samkvæmt þessu ákvæði gilda ákvæði 8. gr.

23. gr.

*Framlög.*

Félagsmanni er ekki skylt að inna af hendi önnur framlög til félagsins en kveðið er á um í félagssamningi eða lögum.

Skylda til framlaga gjaldfellur strax.

24. gr.

*Samkeppnisbann.*

Félagsmanni er óheimilt að taka þátt í annarri starfsemi sem er í samkeppni við rekstur félagsins nema með skriflegu samþykki allra félagsmanna.

Félagsmaður, sem brýtur gegn ákvæðum 1. mgr., er skaðabótaskyldur gagnvart félaginu skv. 44. gr.

## IV. KAFLI
## **Meðferð fjármuna og fyrirsvar.**

25. gr.

*Eignir félagsins.*

Eignum skráðra sameignarfélaga skal haldið aðskildum frá eignum félagsmanna.

26. gr.

*Úthlutun fjármuna til félagsmanna.*

Félagsmaður, sem tekur þátt í stjórnun félagsins eða innir með öðrum hætti af hendi vinnuframlag í þágu þess, á rétt á þóknun fyrir það sé ekki um annað samið.

Félagsmaður, sem með réttu hefur greitt kostnað í þágu félagsins, á rétt á endurgreiðslu sé ekki um annað samið. Geti félagið eigi greitt fer um endurkröfu skv. 22. gr.

Ekki má úthluta félagsmönnum af eignum skráðs sameignarfélags ef það mundi augljóslega skaða hagsmuni félagsins eða kröfuhafa þess. Úthlutun, sem er andstæð þessu ákvæði, ber að endurgreiða félaginu.

27. gr.

*Bókhald og meðferð eigna félagsins.*

Sé stjórn ekki kosin eða framkvæmdastjóri ekki ráðinn bera einstakir félagsmenn ábyrgð á að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Sé stjórn kosin en framkvæmdastjóri ekki ráðinn hvílir skylda skv. 1. mgr. á stjórninni.

Sé framkvæmdastjóri ráðinn hvílir skylda skv. 1. mgr. á honum en stjórn er skylt að hafa nægilegt eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

28. gr.

*Fyrirsvar.*

Sé stjórn ekki kosin eða framkvæmdastjóri ekki ráðinn og ekki er um annað samið og það tilkynnt til firmaskrár er hver einstakur félagsmaður í fyrirsvari fyrir félagið og ritar firma þess. Í félagssamningi má kveða á um að einungis einn eða fleiri félagsmenn hafi heimild til að rita firma félagsins.

Félagsfundur getur veitt einstökum stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins nema kveðið sé á um annað í félagssamningi.

Sé félagsstjórn kosin kemur hún fram út á við fyrir hönd félagsins og ritar firma þess. Stjórnin getur veitt einstökum stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins nema kveðið sé á um annað í félagssamningi.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

Sá sem hefur rétt til að rita firma félagsins getur veitt prókúruumboð.

Sé framkvæmdastjóri ráðinn getur hann ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan verksviðs hans skv. 17. gr.

29. gr.

*Heimildarskortur.*

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd sameignarfélags samkvæmt ákvæðum 1., 2., 3. og 6. mgr. 28. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum;
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 50. gr. um tilgang skráðs félags telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr.

Eftir að kjör stjórnarmanna eða ráðning framkvæmdastjóra í skráðu félagi hefur verið birt í Lögbirtingablaði í samræmi við 50. gr. getur félagið ekki borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila ágalla við kjörið eða ráðninguna nema félagið sýni fram á að hann hafi vitað um ágallann.

## V. KAFLI
## **Breytingar á félagsaðild.**

30. gr.

*Framsal félagsaðildar.*

Eignarhlutur í sameignarfélagi verður ekki framseldur án skriflegs samþykkis allra félagsmanna. Heimilt er að kveða á um annað í félagssamningi.

Við eigendaskipti á hlut í sameignarfélagi tekur nýi félagsmaðurinn (framsalshafi) við réttindum og skyldum gamla félagsmannsins (framseljanda) gagnvart öðrum félagsmönnum. Hann verður með sama hætti og framsalshafi bundinn af ákvörðunum og gerningum félagsins.

Framseljandi og framsalshafi eignarhlutar í sameignarfélagi bera óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast á hendur félaginu við eigendaskiptin nema kveðið sé á um annað í félagssamningi, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. Framseljandi eignarhlutar ber ábyrgðina þar til kröfuhafi telst hafa leyst hann undan ábyrgð. Greiði framseljandinn skuld félagsins eiga ákvæði 22. gr. við en sá hluti skuldarinnar, sem framsalshafa ber að greiða, verður einvörðungu krafinn frá honum.

Framseljandi eignarhlutar í sameignarfélagi getur með skriflegum og sannanlegum hætti óskað eftir því við kröfuhafa félagsins að verða leystur undan ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Berist ekki svar frá kröfuhafa með sama hætti innan þriggja mánaða eftir að honum barst erindið telst kröfuhafinn hafa leyst framseljandann undan ábyrgð. Með sama hætti getur framseljandi eignarhlutarins óskað eftir því að verða leystur undan ábyrgð gagnvart félagsmönnunum.

31. gr.

*Andlát félagsmanns.*

Félagsaðild erfist ekki við andlát félagsmanns.

Þegar félagsaðild lýkur vegna andláts skal innleysa hlut hins látna. Innlausnarverð skal ákveða á grundvelli verðmætis félagsins við andlátið og gjaldfellur það sex mánuðum seinna. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. og 35. gr. eftir því sem við á.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi.

32. gr.

*Úrsögn (innlausn).*

Félagsmaður getur með sex mánaða fyrirvara sagt upp félagsaðild skriflega og krafist innlausnar af félaginu. Innlausnarverð er verðmæti eignarhlutar á þeim tíma er uppsagnarfresturinn rennur út.

Félagsmaður getur krafist innlausnar fyrirvaralaust:

a. hafi verið brotið gegn réttindum hans með verulegri vanefnd á félagssamningi;
b. hafi hann orðið undir í atkvæðagreiðslu þar sem meiri hluti hefur ráðið úrslitum í mikilvægu máli;
c. þegar innlausn af öðrum ástæðum telst heimil af augljósum sanngirnisástæðum.

Innlausnarverð skv. 2. mgr. er verðmæti eignarhlutar á þeim tíma er innlausnarheimildin lá fyrir.

Úrsögn skv. 1. og 2. mgr. skal tilkynnt öllum félagsmönnum. Stjórn, hafi hún verið kosin, skal einnig tilkynnt um úrsögn.

Ef ekki er gerð krafa um innlausn skv. 2. mgr. innan hæfilegs frests frá því að innlausnarheimildin lá fyrir fellur heimildin brott.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi.

33. gr.

*Ákvörðun innlausnarverðs.*

Innlausnarverð er ákveðið á grundvelli verðmætis félagsins á þeim tíma sem miða ber við skv. 32. gr. Við mat á eignum félagsins skal taka tillit til þess hvort félagið heldur starfsemi áfram. Gera skal upp höfuðstólsreikninga félagsmanna samkvæmt síðasta ársreikningi að teknu tilliti til síðari framlaga þeirra og úttekta úr félaginu og skal niðurstaðan færð sem eign eða skuld félagsins.

Eigin fé félagsins skv. 1. mgr. skal skipt milli félagsmanna eftir sömu reglu og gildir um skiptingu hagnaðar og taps skv. 21. gr.

Hlutdeild félagsmanna í eigin fé félagsins leggst við eða dregst frá höfuðstólsreikningum þeirra miðað við efnahagsstöðu í síðasta ársreikningi eftir að höfuðstólsreikningarnir hafa verið leiðréttir miðað við framlög þeirra til félagsins og úthlutun fjármuna úr félaginu. Ef í ljós kemur að höfuðstólsreikningur þess er gengur út úr félaginu er jákvæður telst það hans eign. Sé hann neikvæður telst það hlutdeild hans í tapi.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi.

34. gr.

*Greiðsla eignarhluta og taps við innlausn.*

Eignarhlut félagsmanns, sem gengur út úr félagi, skal greiða þegar innlausnarverð hefur verið ákveðið. Sé eigi greitt innan tveggja vikna bera aðrir félagsmenn ótakmarkaða og óskipta ábyrgð á greiðslunni.

Félagsmaður, sem gengur út úr félagi, skal greiða hlut sinn í tapi félagsins þegar innlausnarverð hefur verið ákveðið.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi.

35. gr.

*Ábyrgð félagsmanns sem gengur úr félaginu.*

Félagsmaður, sem genginn er úr sameignarfélagi, ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins sem stofnast höfðu áður en hann gekk úr félaginu nema kröfuhafar félagsins verði taldir hafa leyst hann undan ábyrgð.

Félagsmaður, sem gengur úr sameignarfélagi, getur með skriflegum og sannanlegum hætti óskað eftir því við kröfuhafa félagsins að verða leystur undan ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Berist ekki svar frá kröfuhafa innan þriggja mánaða með sama hætti eftir að honum barst erindið telst kröfuhafinn hafa leyst hann undan ábyrgð. Með sama hætti getur félagsmaður, sem er genginn úr félaginu, óskað eftir því að verða leystur undan ábyrgð gagnvart félagsmönnunum.

Greiði félagsmaður, sem genginn er úr félaginu, skuld félagsins eiga ákvæði 22. gr. við.

36. gr.

*Brottvikning.*

Heimilt er að víkja félagsmanni úr félaginu með skriflegri tilkynningu ef:

a. bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða hann er af öðrum ástæðum ófær um að standa við skuldbindingar sínar;
b. félagsmaður hefur gerst sekur um verulega vanefnd á félagssamningi;
c. mikilvægar ástæður krefjast brottvikningar hans.

Ákvörðun um brottvikningu skal tekin á félagsfundi að kröfu félagsmanns. Sá sem kröfu um brottvikningu er beint að má ekki taka þátt í ákvörðuninni. Krafa um brottvikningu skal sett fram innan hæfilegs frests frá því að tilefni hennar lá fyrir en annars fellur rétturinn til brottvikningar niður.

Fallist félagsfundur ekki á kröfu um brottvikningu getur sá sem gerði kröfuna gert kröfu um brottvikningu fyrir dómstólum.

Félagsmaður, sem félagsfundur hefur samþykkt að vikið skuli úr félaginu, nýtur ekki lengur réttar til að taka þátt í stjórn félagsins og hafi hann verið stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri skal hann þegar láta af störfum. Sama gildir hafi brottvikning hans verið staðfest með dómi, sbr. 3. mgr.

Ákvæði 33.–35. gr. gilda eftir því sem við á.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi.

## VI. KAFLI
## **Félagsslit og skipti.**

37. gr.

*Félagsslit þegar aðeins einn félagsmaður er eftir.*

Verði félagsmenn í óskráðu sameignarfélagi færri en tveir telst félaginu þegar slitið.

Hafi félagsmenn í skráðu sameignarfélagi verið færri en tveir í sex mánuði telst félaginu slitið. Skal sýslumaður þá afskrá félagið.

38. gr.

*Ákvarðanir um félagsslit.*

Félagsmaður getur krafist þess að félagsfundur slíti félaginu strax:

a. hafi verið brotið gegn réttindum hans með verulegri vanefnd á félagssamningi og úrsögn skv. 32. gr. telst ekki sanngjarnt úrræði fyrir hann;
b. þegar aðrar mikilvægar ástæður krefjast félagsslita;
c. samkvæmt ákvæðum félagssamnings.

Fallist félagsfundur ekki á kröfu um slit félagsins getur sá sem krafist hefur slita krafist dóms um að félaginu skuli slitið.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi. Sé í félagssamningi kveðið á um heimild félagsmanns til að krefjast félagsslita með uppsögn félagssamnings skal uppsögn send skriflega til allra félagsmanna og stjórnar, hafi hún verið kosin, með minnst sex mánaða fyrirvara sé ekki um annað samið.

Ákvörðun um slit skráðs félags skal þegar tilkynnt firmaskrá.

39. gr.

*Ákvarðanir um skipti.*

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um félagsslit skal félagsfundur taka ákvarðanir um skipti. Félagsmaður getur krafist þess að félagsfundur kjósi skilanefnd með einum eða fleiri mönnum til óákveðins tíma en með þriggja mánaða uppsagnarfresti eða öðrum fresti sem félagsfundur ákveður. Heimilt er velja félagsstjórn sem skilanefnd en félagsmaður getur krafist þess að félagsfundur velji aðra í skilanefnd.

Fallist félagsfundur ekki á kröfu um kosningu skilanefndar skv. 1. mgr. skal héraðsdómur skipa skilanefnd að kröfu stjórnarmanns eða félagsmanns sem ekki hefur greitt atkvæði með ákvörðun félagsfundar. Félagsmaður eða stjórnarmaður getur einnig borið kjör á skilanefndarmönnum undir héraðsdóm sem getur skipað aðra menn í skilanefnd sé ástæða til þess. Félagsmaður getur krafist opinberra skipta skv. XV. kafla laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl.

40. gr.

*Skilanefnd.*

Sé skilanefnd kosin skulu stjórn og framkvæmdastjórar láta af störfum hafi komið til kjörs stjórnar eða ráðningar framkvæmdastjóra.

Skilanefnd hefur heimild til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að slíta félaginu. Ákvæði 14.–16. gr. og 18. gr. gilda eftir því sem við á.

Meðan á félagsslitum stendur er skilanefnd í fyrirsvari fyrir félagið og hefur heimild til að rita firma þess nema annað sé ákveðið.

41. gr.

*Framkvæmd skipta.*

Skilanefnd eða annar sá sem annast skipti skráðs sameignarfélags skal tilkynna firmaskrá að ákveðið hafi verið að slíta félaginu og láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni.

Skilanefnd eða annar sá sem annast skipti félagsins skal gera skrá yfir eignir og skuldir félagsins. Jafnframt skal gert sjálfstætt slitauppgjör frá síðasta ársreikningi.

Heimilt er halda áfram rekstri félagsins að því marki sem æskilegt er með hliðsjón af uppgjöri eigna félagsins og skiptum þess.

42. gr.

*Úthlutun eigna.*

Ef félagsmenn eru ekki sammála um skiptingu eigna innbyrðis skal eignum félagsins komið í verð og þeim úthlutað í reiðufé.

Félagsmaður getur krafist þess að skuldir félagsins séu greiddar eða að tekið sé frá fé til að tryggja greiðslu þeirra og umdeildra krafna.

Milli félagsmanna gilda ákvæði 33. og 34. gr. eftir því sem við á.

Ákvæði 1.–3. mgr. eru frávíkjanleg með félagssamningi.

Þegar allar skuldir félagsins hafa verið greiddar eða settar tryggingar fyrir greiðslu þeirra og hagnaður og tap hefur verið gert upp skal sá sem annast skiptin leggja fram á félagsfundi til staðfestingar skriflega úthlutunargerð og lokareikninga félagsins.

Þegar úthlutunargerðin hefur verið staðfest á félagsfundi skráðs sameignarfélags skal sá sem annast skiptin tilkynna firmaskrá að skiptum sé lokið og félaginu hafi verið slitið.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar eða annarra sem annast skipti félagsins getur skilanefnd eða aðrir, er annast skipti, beint ágreiningsefninu til héraðsdómara í samræmi við reglur XVII. kafla laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

43. gr.

*Ábyrgð eftir félagsslit.*

Eftir slit sameignarfélags bera félagsmenn sömu ábyrgð og áður gagnvart kröfuhöfum félagsins sem ekki hafa fengið kröfur sínar greiddar við skipti. Endurkröfuréttur félagsmanns skv. 22. gr. gildir áfram.

## VII. KAFLI
## **Skaðabótaábyrgð.**

44. gr.

*Skaðabótaábyrgð.*

Félagsmaður, stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða skilanefndarmaður er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hann veldur félaginu, einstökum félagsmönnum eða öðrum í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar félagsmaður eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða félagssamningi.

Bótafjárhæð á grundvelli skaðabótaábyrgðar skv. 1. mgr. má lækka með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

## VIII. KAFLI
## **Skráning.**

45. gr.

*Skráning sameignarfélaga í firmaskrá.*

Sýslumenn skrá sameignarfélög í firmaskrá í samræmi við firmalög.

Sameignarfélag, sem stundar atvinnurekstur, skal tilkynnt til skráningar í firmaskrá í umdæmi sýslumanns þar sem heimilisfang félagsins er áður en atvinnureksturinn hefst.

Sameignarfélag telst stunda atvinnurekstur ef það:

1. hefur tekjur af sölu á vörum og þjónustu og því um líku eða stundar starfsemi sem er í meginatriðum hliðstæð starfsemi annarra félaga eða einstaklinga í atvinnurekstri;
2. fer með meiri hluta atkvæða í félagi sem stundar atvinnurekstur eða fer með öðrum hætti með sambærileg yfirráð í því.

Sameignarfélag, þar sem allir félagsmenn eru lögaðilar, skal tilkynnt til skráningar í firmaskrá í umdæmi sýslumanns þar sem heimilisfang félagsins er áður en það hefur starfsemi.

Krefjast má skráningar sameignarfélags í firmaskrá þótt það stundi ekki atvinnurekstur enda uppfylli félagið að öðru leyti skilyrði laganna fyrir skráningu.

Sýslumaður eða ráðherra ákveður að tilkynningar megi vera á rafrænu formi.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu sameignarfélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur firmaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku, m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem firmaskrá hefur á tölvutæku formi.

46. gr.

*Tilkynning um stofnun sameignarfélags.*

Tilkynning um stofnun sameignarfélags skal greina:

1. heiti félagsins;
2. heimilisfang félagsins;
3. tilgang félagsins;
4. hvenær það var stofnað;
5. nöfn, kennitölu og heimilisföng félagsmanna;
6. nöfn, kennitölu og heimilisföng stjórnarmanna, hafi þeir verið kosnir, framkvæmdastjóra, hafi hann verið ráðinn, og allra þeirra er hafa heimild til að rita firma félagsins, svo og nöfn, kennitölu og heimilisföng endurskoðenda eða skoðunarmanna hafi þeir verið kosnir. Sama gildir um varamenn.

Tilkynningu skal fylgja félagssamningur og jafnframt samþykktir sé um þær að ræða. Sé stjórn kosin, framkvæmdastjóri ráðinn og endurskoðendur eða skoðunarmenn kosnir skal fylgja með staðfest endurrit af fundargerð um kjör þeirra ásamt yfirlýsingu þeirra um að þeir taki starfið að sér.

Firmaskrá getur auk þess krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að taka afstöðu til þess hvort við stofnun félagsins hafi verið farið eftir lögum og félagssamningi.

47. gr.

*Breytingar á félagssamningi eða öðru því sem tilkynnt hefur verið.*

Breytingar á félagssamningi eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skal tilkynna svo fljótt sem unnt er í samræmi við 21. gr. firmalaga, og eigi síðar en innan mánaðar.

Hætti skráð sameignarfélag starfsemi eða uppfylli það ekki lengur af öðrum ástæðum skilyrði skráningar í firmaskrá skal það tilkynnt firmaskrá og afskráð.

Félagsmaður, sem hefur gengið úr félaginu, getur sjálfur tilkynnt um það. Sama gildir um stjórnarmann, framkvæmdastjóra, þá er hafa rétt til að rita firma félagsins, endurskoðanda eða skoðunarmann ef þeir láta af störfum fyrir félagið.

Ákvæði 3. mgr. 46. gr. eiga við eftir því sem við á.

Þegar breytingar á félagssamningi eða samþykktum að öðru leyti eru tilkynntar skal leggja fram nýjan heildartexta með innfelldum breytingum.

48. gr.

*Tilkynningarskyldir aðilar.*

Skylda til að senda tilkynningar samkvæmt ákvæðum kafla þessa hvílir á öllum félagsmönnum nema stjórn hafi verið kosin en þá hvílir skyldan á henni. Allir félagsmenn skulu undirrita tilkynningu eða allir stjórnarmenn eftir því sem við á.

Við framsal á eignarhlut í sameignarfélagi og aðrar breytingar á því sem er skráð hvílir tilkynningarskylda skv. 1. mgr. á þeim sem eftir breytinguna eru félagsmenn eða stjórnarmenn.

49. gr.

*Ágallar á tilkynningum o.fl.*

Ef tilkynningar uppfylla ekki fyrirmæli laga þessara eða félagssamnings eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem kveðið er á um í lögum eða félagssamningi skal synja skráningar.

Ef bæta má úr göllum á einfaldan hátt með ákvörðun félagsfundar eða samþykkt stjórnar skal gefa félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er bætt úr innan frestsins skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og um ástæður hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal firmaskrá gera þeim aðila viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum skv. 1. og 2. mgr. getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Ef einhver telur rétti sínum hallað með skráningu getur hann borið málið undir dómstóla enda sé mál höfðað innan sex mánaða frá því að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í firmaskrá og birta síðan skv. 50. gr.

50. gr.

*Birting í Lögbirtingablaði.*

Firmaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði tilkynningar um sameignarfélög í samræmi við ákvæði firmalaga.

Um réttaráhrif birtingar tilkynninga skv. 1. mgr. gilda ákvæði firmalaga.

51. gr.

*Refsingar vegna vanrækslu á tilkynningum.*

Sá sem vanrækir tilkynningar til firmaskrár samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum. Einnig má gera sameignarfélagi sekt vegna vanrækslu forsvarsmanna á tilkynningum skv. II. kafla A í almennum hegningarlögum.

52. gr.

*Reglugerðarheimild.*

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, sbr. 7. mgr. 45. gr.

IX. KAFLI
**Gildistaka.**
53. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, verða svofelldar breytingar:

1. Í stað orðanna „verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað“ í 8. gr. laganna kemur: atvinnurekstur.
2. 2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:
   Í firma sameignarfélags skal tilgreint að félagið sé sameignarfélag.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Reglur laganna um stofnun sameignarfélaga gilda ekki um sameignarfélög sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku þeirra.

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 30. gr. um ábyrgð nýs félagsmanns á eldri skuldbindingum félagsins gildir ekki um félagsmenn er hafa gengið í sameignarfélag fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**1. Inngangur.**

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið fól Áslaugu Björgvinsdóttur, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, að semja frumvarp til nýrra laga um sameignarfélög. Það var síðan yfirfarið í ráðuneytinu og nauðsynlegt samráð haft við nokkra aðila.

Engin heildarlöggjöf hefur gilt hér á landi um sameignarfélög. Þróun löggjafar á sviði félagaréttar hefur undanfarin ár einkum verið á sviði hlutafélagaréttar og í umræðu um viðskiptalagaumhverfið hefur sjónum lítt verið beint að sameignarfélögum. Þótt vægi þeirra hafi minnkað nokkuð samhliða mikilli fjölgun einkahlutafélaga er þörf á að skýra reglur um innbyrðis samband félagsmanna (félagsaðila) í sameignarfélögum og stöðu viðsemjenda þeirra.

Á vettvangi Evrópusambandsins hefur ekki verið lögð áhersla á samhæfingu reglna um sameignarfélög. Engar Evróputilskipanir eða reglugerðir hafa verið settar um sameignarfélög að því undanskildu að með lögum nr. 159/1994 var lögfest hér á landi reglugerð um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög sem eru ein tegund sameignarfélaga, ætluð fyrir visst samstarf fyrirtækja í ríkjum Evrópusambandsins og nú einnig á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í áliti nefndar, sem viðskiptaráðherra skipaði 27. janúar 2004 til að skoða m.a. með hvaða hætti skyldi þróa reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts, er m.a. bent á að engin heildstæð löggjöf gildi um sameignarfélög og samlagsfélög og því velti réttarstaða aðila fyrst og fremst á félagssamningnum. Í tillögum nefndarinnar, sem einkum sneru að stjórnháttum hlutafélaga, segir m.a. að nefndin telji tímabært að leggja í vinnu við að skoða laga- og rekstrarumhverfi fyrirtækja- og félagsforma sem eru ekki hlutafélög (Íslenskt viðskiptaumhverfi, nefndarálit, september 2004, bls. 79 og 83). Með þessu frumvarpi er stigið skref í þá átt. Sameignarfélagsformið varð fyrir valinu þar sem umtalsverður fjöldi sameignarfélaga er skráður hér á landi eins og fram kemur á töflunni hér að neðan um fjölda ólíkra félagsforma og nýskráninga þeirra hér á landi sl. tíu ár.

| | 1994 | | 1995 | | 1996 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Nýskr. | Heild | Nýskr. | Heild | Nýskr. | Heild |
| Sameignarfélög | 98 | 2.686 | 129 | 2.703 | 82 | 2.678 |
| Samlagsfélög | - | - | - | - | - | - |
| Hlutafélög | 826 | 8.142 | 86 | 7.426 | 32 | 856 |
| Samvinnufélög | 1 | 115 | 0 | 112 | 1 | 109 |
| Einkahlutafélög | 0 | 0 | 733 | 1.381 | 1.142 | 8.766 |

| | 1997 | | 1998 | | 1999 | | 2000 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Nýskr. | Heild | Nýskr. | Heild | Nýskr. | Heild | Nýskr. | Heild |
| Sameignarfélög | 55 | 2.591 | 63 | 2.568 | 55 | 2.461 | 73 | 2.446 |
| Samlagsfélög | - | - | - | - | - | - | - | - |
| Hlutafélög | 43 | 869 | 54 | 889 | 63 | 882 | 80 | 965 |
| Samvinnufélög | 0 | 104 | 0 | 103 | 1 | 94 | 2 | 94 |
| Einkahlutafélög | 1.419 | 9.913 | 1.448 | 10.954 | 1.802 | 12.031 | 1.997 | 13.680 |

| | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Nýskr. | Heild | Nýskr. | Heild | Nýskr. | Heild | Nýskr. | Heild |
| Sameignarfélög | 49 | 2.406 | 125 | 2.449 | 76 | 2.463 | 69 | 2.447 |
| Samlagsfélög | 1 | 1 | 35 | 36 | 53 | 89 | 46 | 134 |
| Hlutafélög | 30 | 959 | 27 | 931 | 19 | 898 | 13 | 883 |
| Samvinnufélög | 2 | 94 | 1 | 93 | 1 | 92 | 1 | 92 |
| Einkahlutafélög | 1.841 | 15.037 | 3.093 | 17.588 | 2.370 | 19.262 | 2.504 | 21.179 |

**2. Einkenni sameignarfélaga og samanburður við önnur félagsform.**

Hér á landi, eins og í nágrannalöndum okkar, hafa þróast ólík félagsform um mismunandi gerðir samstarfs. Helstu félagsformin, sem þekkt eru í lögum og stofnuð verða í hvers konar löglegum tilgangi, eru hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, sameignarfélög, samlagshlutafélög og samlagsfélög sem öll teljast fjárhagsleg félög, svo og almenn félög eða félagasamtök þar sem félagsmenn öðlast ekki fjárhagsleg réttindi með þátttöku í félaginu. Sérstök lög hafa verið sett um hlutafélög, nr. 2/1995, einkahlutafélög, nr. 138/1994, og samvinnufélög, nr. 22/1991. Þá taka hlutafélagalögin einnig til samlagshlutafélaga eftir því sem við á, sbr. XX. kafla hlutafélagalaga. Um sameignarfélög, samlagsfélög og félagasamtök hefur hins vegar ekki verið sett almenn löggjöf.

Sameignarfélög eru í grundvallaratriðum ólík hlutafélögum, einkahlutafélögum og samvinnufélögum. Um er að ræða félagsform þar sem samstarfið byggist almennt á persónulegum forsendum og gjarnan nánu sambandi milli félagsmanna enda bera þeir beina, ótakmarkaða og óskipta ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins. Þar sem félagsmenn bera ábyrgð á rekstri sameignarfélaga eru reglur um stofnun þeirra og starfsemi mun einfaldari en t.d. um einkahlutafélög og hlutafélög en um þau gilda strangar reglur sem miða að því að vernda hagsmuni hluthafa og viðsemjenda. Fyrir vikið er sameignarfélagsformið mun sveigjanlegra rekstrarform en fyrrgreind félagsform. Svigrúmið til að sníða reglur um samstarfið að þeirri starfsemi sem félaginu er ætlað að sinna, og jafnvel persónulegum þörfum og aðstæðum félagsmanna, er mun meira í sameignarfélögum en öðrum fjárhagslegum félögum. Á móti kemur að þátttaka í sameignarfélagi krefst almennt meira framlags af félags-

mönnum en t.d. hluthöfum í hlutafélagi þar sem eina framlagið er iðulega fjármagn í formi hlutafjár.

Ólíkar grundvallarreglur gilda um sameignarfélög annars vegar og hlutafélög og einkahlutafélög hins vegar. Þátttöku í sameignarfélögum fylgja almennt rík stjórnunarréttindi og ekki verður aðskilnaður milli eignaraðildar og áhrifa eins og gerist í hlutafélögum. Að meginreglu til er sameignarfélagsmönnum rétt og skylt að taka þátt í störfum félagsins, ekki er þörf á formlegu stjórnkerfi þar sem félagsmenn sjálfir taka ákvarðanir með samþykki allra og geta verið í forsvari auk þess sem ríkar trúnaðarskyldur hvíla á félagsmönnum innbyrðis og gagnvart félaginu. Um viðskipti með eignarhluti í sameignarfélagi gilda allt aðrar reglur en t.d. um viðskipti með hlutabréf en um þau síðarnefndu gilda reglur um viðskiptabréf. Samþykki allra félagsmanna þarf til að nýr félagsmaður geti gengið inn í sameignarfélag. Gangi félagsmaður úr sameignarfélagi kann það jafnvel að leiða til slita félagsins þar eð samstarfið er iðulega reist á einstaklingsbundnum forsendum. Sameignarfélagsformið hentar því t.d. ekki fyrir skráningu í kauphöll eða á skipulegum verðbréfamarkaði. Með tímanum hefur þróunin hins vegar orðið sú að sameignarfélög hafa öðlast meira sjálfstæði, hvað skipulag snertir, og færst nær skipulagsbundnum félögum eins og einkahlutafélögum og hlutafélögum. Þótt engin lagaskylda sé til þess er gjarnan mynduð sérstök stjórn í sameignarfélögum og sjálfstæður fjárhagur í félaginu. Sameignarfélagsformið er sérstakt samstarfsform sem veitir möguleika á nánu og sveigjanlegu samstarfi.

Þar eð tilvist sameignarfélaga og fjárhagur þeirra er svo nátengd félagsmönnunum eru sameignarfélög í raun á mörkum þess að geta talist sjálfstæðir lögaðilar. Á hinn bóginn njóta hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög réttarlegs sjálfstæðis gagnvart félagsmönnum sínum. Þau eru sjálfstæðir lögaðilar þar sem sérstakir stjórnendur eru valdir til að ráða málefnum þeirra og félagsmenn bera ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirra. Af þeim sökum hafa hlutafélög þótt áhættusamari fyrir viðskiptalífið og jafnvel félagsmennina sjálfa. Sérstök og ítarleg löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög á rætur að rekja til sjónarmiða um að rík þörf sé á skýrum reglum til verndar hagsmunum lánardrottna þessara félaga og félagsmanna þeirra. Skipulag þeirra er njörvað niður í lögum og löggjöf um þessi félagsform er að meginstefnu til ófrávíkjanleg. Að þessu leyti er réttarstaða sameignarfélaga gerólík en heildarlöggjöf er ekki til um þau. Að vísu hafa firmalögin, lög nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, að geyma ákvæði sem taka til sameignarfélaga en þau hafa einvörðungu að geyma reglur sem snúa að stöðu þeirra út á við, þ.e. skráningu tiltekinna upplýsinga í firmaskrá. Tilgangur firmalaga var að tryggja vitneskju manna um „hag og ástand“ félaga, sérstaklega um það hverjir hefðu með höndum reksturinn, hverjir gætu skuldbundið þau og hvernig ábyrgð á skuldbindingum væri háttað. Eins og fram kemur í frumvarpinu til þeirra taka þau ekki til réttinda félagsmanna innbyrðis heldur var í þeim efnum látið sitja við gildandi lög og grundvallarreglur þeirra. Við skýringu á réttarstöðu sameignarfélaga og félagsmanna þeirra gegnir félagssamningur um þau því grundvallarhlutverki, auk meginreglna félagaréttar um sameignarfélög, venja og dómafordæma sem skapast hafa í réttarframkvæmd. Ljóst er hins vegar að reglur um mörg álitaefni sem varða sameignarfélög eru óljósar og erfitt getur verið að fullyrða um réttarstöðu þeirra í mörgum tilvikum.

**3. Löggjöf um sameignarfélög í nágrannalöndum.**

Norðurlöndin hafa ekki átt samstarf um lagasetningu um sameignarfélög eins og t.d. átti sér stað um hlutafélagalöggjöf á 20. öld. Svíþjóð var fyrst Norðurlandanna til að setja lög um sameignarfélög árið 1895 (Lagen om handelsbolag och enkla bolag av 1895). Á áttunda áratug síðustu aldar fór fram endurskoðun á þeim og núgildandi lög eru frá 1980, nr. 1102. Finnsku sameignarfélagalögin eru frá 1988. Allt til ársins 1985 var engin sérstök löggjöf í Noregi um sameignarfélög en þá voru sett ný lög, Lov 1985-06-21 nr. 83 om ansvarlige selskaper og kommandittselskaper (Selskapsloven), hér eftir kölluð norsku félagalögin. Í Þýskalandi er sérstakur bálkur um sameignarfélög í Viðskiptalögbókinni (Handelsgesetzbuch) frá 1897. Í Englandi eru í gildi lög um sameignarfélög sem voru sett árið 1890 (The Partnership Act 1890) en þau hafa verið til endurskoðunar á vegum laganefnda Bretlands og Skotlands sem sendu frá sér viðamikla skýrslu með breytingartillögum sem var kynnt löggjafarþingum Bretlands og Skotlands í nóvember 2003. Meðal þess sem nefndirnar lögðu áherslu á var að gera breytingar sem miðuðu að því að efla sjálfstæði sameignarfélaga og sveigjanleika rekstrarformsins þannig að stór hluti lagareglna um þau séu frávíkjanlegur. Í Danmörku eins og hér á landi er sameignarfélagsformið ekki lögákveðið heldur hafa reglur um sameignarfélög þróast í réttarframkvæmd og fræðum með sama hætti og hér á landi. Danskar meginreglur um sameignarfélög eru í megindráttum hinar sömu og telja verður að gildi hér á landi.

**4. Markmið lagasetningar.**

Það hefur verið talinn einn höfuðkostur sameignarfélagsformsins að um stofnun þeirra, skipulag og innri málefni hefur lítil reglusetning gilt og að menn hafi fyrir vikið notið ríks samningsfrelsis hvað þessa þætti varðar. Það skal tekið skýrt fram að með þessu frumvarpi er ekki stefnt að því að draga úr kostum sameignarfélaga að þessu leyti. Á hinn bóginn verður ekki horft fram hjá því að á meðan meginreglur, sem gilda um sameignarfélög, eru ólögfestar hlýtur að ríkja meiri óvissa meðal þátttakenda í slíku félagi um réttarstöðu félagsins og þeirra sjálfra, sérstaklega í þeim tilvikum er menn hafa ekki gert skriflegan félagssamning eða látið undir höfuð leggjast að taka þar afstöðu til einhverra atriða, t.d. um réttindi og skyldur félagsmanna og stöðu þeirra gagnvart félaginu. Við val á félagsformi kann það að ráða einhverju hvort menn geta kynnt sér lagareglurnar sem gilda um tiltekið félagsform eða ekki. Það kann að hafa einhverja þýðingu um vinsældir einkahlutafélagsformsins umfram sameignarfélagsformsins að menn geta gengið að skráðum lagareglum um einkahlutafélög, þar á meðal um stjórnkerfi þeirra og réttarstöðu félagsmanna, enda þótt þarna ráði eflaust miklu möguleikinn á að takmarka ábyrgð hluthafa og skattaleg sjónarmið. Óvissa um þær reglur, sem gilda um sameignarfélög, kann að leiða til þess að sumir telja þetta rekstrarform ekki vænlegan kost og þá ekki síst erlendir aðilar. Það getur verið erfiðleikum bundið að gera erlendum samstarfsaðilum grein fyrir ólögákveðnum reglum um sameignarfélög og það getur leitt til þess að menn velji þá fremur lögákveðið félagsform enda þótt sameignarfélagið hefði e.t.v. hentað best fyrir fyrirhugað samstarf.

Ljóst er að skortur á heildarlöggjöf um sameignarfélög skapar ekki bara óvissu fyrir þátttakendur í þessu samstarfsformi heldur einnig fyrir viðsemjendur. Álitaefni hafa verið lögð fyrir dómstóla um ábyrgð félagsmanna, bæði ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum, sem stofnast hefur til áður en þeir gengu í sameignarfélag, en einnig eftir að þeir gengu úr sameignarfélagi. Þá hefur oftar en einu sinni verið lagður fyrir dómstóla ágreiningur um fyrningu

krafna á hendur félagsmönnum á grundvelli ábyrgðar þeirra á skuldbindingum sameignarfélags.

Markmiðið með þessu frumvarpi er að setja reglur um sameignarfélög sem eru til þess fallnar að skýra réttarstöðu þeirra, einkum í þeim tilvikum er ekki liggja fyrir ákvæði í samningi sem taka á viðkomandi álitaefni. Gert er ráð fyrir að lögin verði að meginreglu til frávíkjanleg, þ.e. reglurnar sem lúta að innra skipulagi og sambandi félagsmanna innbyrðis og gagnvart félaginu. Reglur sem varða réttarsamband félagsins út á við, m.a. ábyrgð félagsins og félagsmanna á skuldbindingum þess, og skráningu í firmaskrá eru hins vegar almennt ófrávíkjanlegar. Ekki er stefnt að því að setja tæmandi reglur um hvert einasta álitaefni sem hugsanlega getur risið heldur miðað við að löggjöfin takmarkist við ákveðin grundvallarefni, þ.e. grundvallarreglur um einkenni sameignarfélaga, stofnun þeirra, ábyrgð, ákvarðanatöku, réttarstöðu félagsmanna, meðferð fjármuna, breytingar á félagsaðild, félagsslit, skaðabótaábyrgð og skráningu sameignarfélaga.

## 5. Meginefni frumvarpsins (og helstu breytingar frá gildandi rétti).

### 5.1. Almennt um samningu og efni frumvarpsins.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af norsku félagalögunum en einnig kom til skoðunar sameignarfélagalöggjöf annarra nágrannalanda sem fyrr var nefnd. Einnig var sérstaklega litið til dansks sameignarfélagsréttar sem byggist að mestu á ólögfestum meginreglum eins og sá íslenski hingað til en náinn skyldleiki er á milli íslensks og dansks félagaréttar.

Enda þótt norsku félagalögin séu fyrirmynd þessa frumvarps hefur þeim þó ekki verið fylgt alfarið. Meðal annars má nefna að gildissvið norsku félagalaganna er víðtækara. Þau taka ekki bara til sameignarfélaga heldur líka einkafyrirtækja að tiltekinni stærð, samlagsfélaga og svokallaðra innri félaga. Norsku lögunum var ætlað að ná til allra félaga sem ekki giltu sérlög um. Hér er heldur ekki gert ráð fyrir að innleiða ákvæði um þátttöku starfsmanna í stjórn fyrirtækja eins í norsku félagalögunum og m.a. var það tilefni lagasetningarinnar. Auk þessa er ekki ætlunin að lögfesta ýmsar aðrar reglur sem er að finna í norsku lögunum, t.d. skilgreiningar á móður- og dótturfélögum, og gerðar tillögur um aðrar sem ekki er þar að finna, t.d. fyrningarreglu 3. mgr. 8. gr. og reglu um félagsslit þegar aðeins einn félagsmaður er eftir, sbr. 37. gr.

#### 5.1.1. Frávíkjanlegar reglur.

Eitt af markmiðum þessa frumvarps er að tryggja áfram samningsfrelsi um innri málefni sameignarfélaga og sveigjanleika þessa rekstrarforms. Meginregla frumvarpsins er sú að reglur um innra skipulag og innbyrðis réttarsamband félagsmanna eru frávíkjanlegar. Í samræmi við það er kveðið á um það í 3. gr. frumvarpsins að ákvæði III. kafla um stjórnkerfi og réttarstöðu félagsmanna séu frávíkjanlegar. Sum ákvæði í frumvarpinu er varða innra réttarsamband félagsmanna eru einnig frávíkjanleg en þá er það tekið fram hverju sinni. Hér má t.d. nefna 20. gr. um upplýsingaskyldu gagnvart félagsmönnum og 24. gr. um samkeppnisbann auk ýmissa ákvæða í V. og VI. kafla sem varða innri málefni í tengslum við breytingar á félagsaðild og félagsslit. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg eins og segir í lokamálslið 3. gr. frumvarpsins.

**5.1.2. Skráð og óskráð sameignarfélög.**

Þá er rétt að benda á að í þessu frumvarpi er gerður greinarmunur á skráðum og óskráðum sameignarfélögum. Hér á landi og í Danmörku er ekki hefð fyrir því að greina á milli sameignarfélaga og svo annars konar einfaldari félagsskapar sem kallaður er á sænsku enkla bolag, indre selskap i norskum rétti og Gesellschaft bürgerlichen Rechts í þýskum rétti. Samkvæmt norsku lögunum eru sameignarfélög ávallt ytri félög, þ.e. koma fram gagnvart þriðja manni eins og það er orðað í grein 1-2, en eins áður hefur komið fram taka lögin einnig til innri félaga og hafa að geyma sérreglur um þau. Þetta frumvarp byggist á hinn bóginn á því að sameignarfélög geti hvort heldur sem er verið ytri og innri félög í samræmi við gildandi rétt. Í þessu frumvarpi er hins vegar gert er ráð fyrir nýjum reglum um skráningu sameignarfélaga og að skylt verði að skrá sameignarfélög sem stunda atvinnurekstur eða eru alfarið í eigu lögaðila í firmaskrá auk þess sem ávallt er heimilt að óska skráningar fyrir önnur sameignarfélög. Þá er mælt er fyrir um nokkrar sérreglur um skráð sameignarfélög sem ætlað er að styrkja réttarlegt sjálfstæði þeirra, sbr. 5. gr., 7. gr., 8. gr., 25. gr. og 3. mgr. 26. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að skráð sameignarfélög njóti skilyrðislauss rétthæfis, þ.e. teljist lögaðilar, svigrúmið til að semja um að nýr félagsmaður beri ekki ábyrgð á eldri skuldbindingum taki einvörðungu til skráðra félaga, aðskilnaður sé á milli eigna skráðra félaga og félagsmanna í þeim og þeirri sérreglu að ekki megi úthluta félagsmönnum af eignum skráðs félags ef það mundi augljóslega skaða hagsmuni félagsins og kröfuhafa þess. Þessar reglur eru nýmæli en engin almenn skráningarskylda hefur hvílt á sameignarfélögum, ólíkt því sem gildir um hlutafélög og einkahlutafélög, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Samkvæmt lögum nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð (firmalögum), er þó skylt að skrá sameignarfélög sem reka verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað í firmaskrá.

Tilvist skráðra og óskráðra sameignarfélaga er hins vegar þekkt í íslenskum rétti en bæði í löggjöf og réttarframkvæmd hefur verið gert ráð fyrir að stofnast geti til sameignarfélaga enda þótt þau séu ekki skráð. Í löggjöf er víða gert ráð fyrir að til séu bæði skráð og óskráð sameignarfélög, sbr. t.d. 117. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl., 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, 4. tölul. 1. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og 3. mgr. 3. gr. hlutafélagalaga og einkahlutafélagalaga. Að sama skapi verður ráðið af dómaframkvæmd að skráning félags sem sameignarfélags ræður ekki úrslitum um hvort félag telst sameignarfélag, sbr. t.d. Hrd. 1961, bls. 324, þar sem Hæstiréttur tók þá afstöðu að viðkomandi félag, sem virðist hafa verið óskráð, væri sameignarfélag enda þótt það væri samkvæmt félagslögum kallað samlagsfélag. Í VIII. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir reglum um skráningu sameignarfélaga, þar á meðal er kveðið á um hvaða félög eru skráningarskyld.

**5.2. Yfirlit um efni einstakra kafla frumvarpsins.**

Frumvarp þetta er í ellefu köflum og hér á eftir er gerð grein fyrir efni þeirra. Nánari umfjöllun um einstakar reglur og nýmæli er að finna í athugasemdum við einstök ákvæði frumvarpsins.

Í I. kafla er að finna almenn ákvæði, um gildissvið laganna og að hvaða marki þau eru frávíkjanleg, hugtakið sameignarfélag er skilgreint og kveðið er á um skilyrðislaust rétthæfi skráðra sameignarfélaga.

Í II. kafla eru ófrávíkjanlegar reglur um stofnun sameignarfélaga, hverjir geta verið stofnendur og félagsmenn, lágmarksskilyrði um skriflegt form og efni félagssamninga skráðra sameignarfélaga og inntak ábyrgðar félagsmanna á skuldbindingum sameignarfélaga. Þarna eru tvær reglur sem eru nýmæli í íslenskum rétti, annars vegar regla um fyrningu og hins vegar regla um ábyrgð nýrra félagsmanna á eldri skuldbindingum.

Reglur III. kafla eru ákvæði um stjórnkerfi sameignarfélaga og réttarstöðu félagsmanna, þ.e. innbyrðis afstöðu þeirra og gagnvart félaginu. Í þessum kafla er að finna reglur um hverjir hafi á hendi rekstur félagsins, fari með heimildir til ákvarðanatöku og skuldbindi félagið. Hér eru frávíkjanlegar meginreglur um félagsfund, innbyrðis tengsl félagsmanna, stjórnunarheimildir þeirra og auk þess reglur um skipan og valdsvið mögulegra stjórnareininga, eins og stjórnar og framkvæmdastjórnar. Gert er ráð fyrir að ákvæði III. kafla séu alfarið frávíkjanleg þar eð ekki verður gerð sú krafa til sameignarfélaga að stofnað sé til formlegs stjórnkerfis eins og t.d. gildir um hlutafélög og einkahlutafélög. Meginreglan um stjórnun sameignarfélaga er að félagsmenn (félagsfundur) taki í sameiningu ákvarðanir um málefni félagsins nema þeir kjósi að hafa þar aðra skipan. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að lögfesta reglur um skyldu til að kjósa stjórn eða ráða framkvæmdastjóra í sameignarfélögum. Á hinn bóginn geta félagsmenn samið um formlegra stjórnkerfi, kjör stjórnar og jafnvel ráðningu framkvæmdastjóra og þykir þá mikilvægt að til sé lagarammi um störf þeirra sé ekki nánar kveðið á um þau í félagssamningi. Við samningu þessara reglna var höfð hliðsjón af norsku félagalögunum en þó ekki að öllu leyti enda er þar m.a. jafnframt kveðið á um aðild starfsmanna að stjórnun félagsins. Einnig var horft til reglna IX. og X. kafla hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og hluthafafund að því marki sem þær geta átt við um sameignarfélög.

Í IV. kafla eru ákvæði sem lúta að meðferð fjármuna sameignarfélaga og fyrirsvar. Þarna er að finna m.a. sérreglur um meðferð eigna skráðra sameignarfélaga sem eru nýmæli og er þeim ætlað er að styrkja sjálfstæði sameignarfélaga og stöðu þeirra sem lögaðila í viðskiptalífinu. Þá eru þarna reglur um úthlutun fjármuna til félagsmanna og hverjir geti skuldbundið sameignarfélög.

Í V. kafla eru ákvæði um breytingar á félagsaðild. Áður fyrr var litið svo á í norrænum rétti að sameignarfélag gæti ekki talist lögaðili og því hefðu hvers konar breytingar á félagsaðild, t.d. andlát eða úrsögn, í för með sér slit á félaginu og að nýtt félag yrði stofnað. Eins og fram hefur komið byggist frumvarp þetta á því að skráð sameignarfélög séu lögaðilar. Breytingar á félagsaðild þurfa almennt ekki að gefa tilefni til slita á félaginu en um þetta efni gilda þó önnur sjónarmið og þar með aðrar reglur en t.d. breytingar á félagsaðild í hlutafélögum þar eð þátttakan er ekki eins persónubundin og í sameignarfélögum. Sameignarfélög eru eðli sínu samkvæmt yfirleitt lokuð félög. Bæði vegna ábyrgðar félagsmanns, sbr. 8. gr., og neitunarvalds einstakra félagsmanna, sbr. 2. mgr. 12. gr., skiptir það félagsmenn öllu máli hverjir eru félagsmenn. Innganga nýrra félagsmanna eða framsal félagsaðildar til utanaðkomandi aðila þarfnast því að meginreglu til samþykkis allra félagsmanna. Að þessu leyti eru sameignarfélög ólík hlutafélögum sem almennt eru opin félög þar sem hluthafahópurinn getur tekið breytingum án samþykkis allra hluthafa. Gangi nýr félagsmaður inn í sameignarfélag þarf hann að undirrita félagssamninginn, sbr. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Ávallt þarf að tilkynna nýja félagsmenn í skráðum sameignarfélögum, sbr. 47. gr. frumvarpsins. Í þessum kafla eru nánari reglur um framsal félagsaðildar, andlát félagsmanns, heimildir til úrsagnar og brottvikningar og fjárhagslegt uppgjör og ábyrgð í tengslum við þessar breytingar á félagsaðild.

Í VI. kafla eru reglur um slit sameignarfélaga og hvernig fara skuli um skipti á þeim, þ.e. þegar réttindi og skyldur félagsins eru gerð upp í tengslum við slit félagsins. Í raun getur komið til slita sameignarfélags án þess að eiginleg skipti eigi sér stað, t.d. ef félagsmenn ákveða að breyta sameignarfélagi í hlutafélag eða einkahlutafélag, sameina það öðru félagi og ef einn félagsmaður verður eftir í félaginu. Sú sérregla gildir einnig um sameignarfélög að þau verða því aðeins tekin til gjaldþrotaskipta að allir félagsmenn hafi áður verið úrskurðaðir gjaldþrota, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Um gjaldþrotaskipti sameignarfélaga gilda lögin um gjaldþrotaskipti.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um slit félagsins tekur við skiptameðferð en í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum ófrávíkjanlegum reglum um framkvæmd skipta þegar formleg ákvörðun hefur verið tekin um slit þeirra auk sérreglna um skráð sameignarfélög. Við samningu þessara reglna hefur verið horft til ákvæða 2-37 til 2-43 í norsku félagalögunum, sænsku laganna um sameignarfélög og enn fremur XIII. kafla einkahlutafélaga- og hlutafélagalaga um félagsslit enda þótt ákvæði síðastnefndu laganna henti ekki sem bein fyrirmynd þar eð um svo ólík félagsform er að ræða. Auk þess hefur verið tekið tillit til XV. kafla laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, þar sem fjallað er um opinber skipti til slita á sameignarfélögum. Rétt er að nefna að ekki er nauðsynlegt að gera upp skuldir sameignarfélaga við slit þeirra, ólíkt því þegar félögum með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna er slitið. Slit sameignarfélags leiða ekki til þess að kröfur á hendur félaginu eða félagsmönnum falli brott og breyta engu um ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins. Slit sameignarfélags gera því stöðu kröfuhafa félagsins ekki verri en t.d. ákvörðun um að færa eignir félagsins endurgjaldslaust til félagsmanna. Því er ekki þörf á sérstökum reglum til verndar kröfuhöfum eins og þegar um slit hlutafélaga er að ræða.

Í VII. kafla er kveðið á um skaðabótaábyrgð félagsmanna, stjórnenda og skilanefndarmanna. Um er að ræða reglur sem byggjast á almennu skaðabótareglunni og eru svipaðar skaðabótareglum hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga.

Í VIII. kafla er mælt fyrir um skráningu sameignarfélaga. Í dag gilda firmalögin, nr. 42/1903, um skráningu sameignarfélaga. Samkvæmt orðanna hljóðan í 8. gr. firmalaga er skráningarskylda sameignarfélaga bundin við sameignarfélög sem reka verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað. Sameignarfélög í annarri atvinnustarfsemi en tilgreind er í 8. gr. hafa einnig verið skráð í firmaskrá enda geta félög, sem rétt hafa til að versla, krafist skráningar í firmaskrá samkvæmt heimild í 3. mgr. 35. gr. firmalaga. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á skráningu sameignarfélaga. Með reglum þessa kafla er markmiðið að færa reglur um skráningu sameignarfélaga meira að núverandi aðstæðum og samræma þær meira reglum um skráningu annarra félaga sem stunda almennt atvinnustarfsemi, eins og hlutafélög og einkahlutafélög. Samkvæmt firmalögum eru einkafyrirtæki, sameignarfélög og mögulega samlagsfélög skráð í firmaskrá hjá sýslumanni í því umdæmi sem þau reka atvinnu í. Vissulega kæmi vel til greina að halda eina landsskrá um sameignarfélög með svipuðum hætti og gert er um hlutafélög og einkahlutafélög. Í þessu frumvarpi er þó ekki gerð tillaga um slíka breytingu heldur byggist frumvarpið á því skráningarfyrirkomulagi sem þegar gildir samkvæmt firmalögum, nánar tiltekið að sameignarfélög séu skráð í firmaskrá í umdæmi hvers og eins sýslumanns. Heildaryfirlit yfir skráð sameignarfélög, sem hafa fengið kennitölu samkvæmt lögum nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá, er haldið hjá ríkisskattstjóra.

Loks eru í IX. kafla gildistökuákvæði og ákvæði til bráðabirgða.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er efnislegt og landfræðilegt gildissvið laganna afmarkað. Miðað er við að lögin gildi almennt um hvers konar sameignarfélög, sbr. skilgreiningu á því hvaða félög teljist sameignarfélög í 2. gr. Hvorki er ætlunin að takmarka gildissvið laganna við sameignarfélög, sem stunda atvinnurekstur, né skráð sameignarfélög heldur er gert ráð fyrir að reglur frumvarpsins taki til hvers konar sameignarfélaga sem á annað borð geta talist íslensk samkvæmt ákvæðinu. Reglum frumvarpsins verður þar með bæði beitt um óskráð og skráð sameignarfélög eins og nánar var vikið að í inngangi almennra athugasemda. Sameignarfélag í skilningi 2. gr. frumvarpsins getur því bæði tekið til sameignarfélags, sem kemur fram út á við, og félags sem ekki er ætlað að koma fram gagnvart þriðja manni, svokallaðs innra félags.

Ólíkar reglur gilda í alþjóðlegum einkamálarétti nágrannalanda okkar um það hvaða viðmið skuli ráða um mat á því hvers lensk félög skuli teljast og þar með löggjöf hvaða ríkis skuli gilda um þau. Almennt má segja að annaðhvort sé byggt á svokallaðri höfuðstöðvakenningu, þ.e. að reglur þess lands sem viðkomandi félag hefur höfuðstöðvar í (real seat doctrine) eru lagðar til grundvallar, eða stofnunar- og skráningarkenningunni, þ.e. að reglur þess lands sem félagið er stofnað og skráð í gildi um starfsemina (incorporation doctrine). Regla 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. byggist á síðarnefndu meginreglunni, þ.e. að lögin gildi a.m.k. ávallt um sameignarfélög sem eru skráð hér á landi skv. VIII. kafla frumvarpsins, þar á meðal sameignarfélög sem alfarið eru í eigu erlendra aðila. Með reglu 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. er einnig gert ráð fyrir að sameignarfélög, sem eru í meirihlutaeigu aðila sem búa hér á landi, heyri ávallt undir lögin svo framarlega sem meginhluti starfsemi félagsins er ekki rekinn í öðru landi. Á grundvelli þessarar reglu væri skylt að tilkynna til skráningar slík sameignarfélög ef þau stunda atvinnurekstur, sbr. 2. mgr. 45. gr.

Norsku félagalögin (grein 1-3) afmarka einnig landfræðilegt gildissvið norsku laganna en þar er kveðið á um að miða skuli við að höfuðstarfsemi félagsins sé á norsku yfirráðasvæði (fyrrgreind höfuðstöðvakenning). Ekki þykir heppilegt að byggja á höfuðastöðvakenningunni þar eð gengið hafa dómar í Evrópudómstólnum sem benda til þess að beiting hennar geti verið andstæð staðfesturétti (stofnsetningarrétti) Rómarsáttmálans og þar með EES-samningsins auk þess sem mat samkvæmt henni er erfiðara í framkvæmd. Þess vegna er t.d. ekki alfarið tekið mið af skilgreiningu 2. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, á því hvað telst íslenskt atvinnufyrirtæki en hún hljóðar svo: „Atvinnufyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi og á heimili hér á landi, án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi viðkomandi atvinnufyrirtækis er háttað. Atvinnufyrirtæki telst eiga heimili hér á landi ef það er skráð hér á landi, ef það telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi."

Um 2. gr.

Hér er hugtakið sameignarfélag skilgreint sem hefur grundvallarþýðingu við mat á því til hvers konar samstarfs lögin taka, sbr. 1. gr. Einkum myndi reyna á þessa skilgreiningu þegar aðilar deila um hvort stofnast hafi til óskráðs sameignarfélags milli þeirra, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar, Hrd. 1984, bls. 1373. Þetta ákvæði er nýmæli þar eð enga almenna skilgreiningu er nú að finna í lögum á hugtakinu sameignarfélag, að frátöldu ákvæði 33. gr. a í firmalögum sem segir að félag, þar sem eru fleiri en einn félagsmaður með ótakmarkaðri ábyrgð, sé félag

með ótakmarkaðri ábyrgð. Félög, sem þar eru nefnd, hafa iðulega verið kölluð sameignarfélög.

Sameignarfélag er samstarfsform sem byggist á samningi tveggja eða fleiri aðila um sameiginlega fjárhagslega starfsemi. Við gerð félagssamnings skuldbinda félagsmenn sig til að vinna í sameiningu að framgangi tilgangs félagsins. Sem dæmi má nefna að sameiginlegt eignarhald eða leiga þriggja lögmanna á húsnæði, þar sem þeir reka hver sína lögmannsstofu og deila sameiginlegum starfsmanni, mundi ekki teljast sameignarfélag ef þeir að öðru leyti ynnu ekki saman að lögmannsstörfum og skiptu ekki með sér hagnaði og tapi af rekstrinum. Það sem réði þá úrslitum væri að hið leigða húsnæði væri ekki nýtt í sameiginlegum rekstri. Á hinn bóginn væri ekki útilokað að samstarf sem þetta, t.d. ef lögmennirnir kæmu fram út á við undir sameiginlegu heiti, kynni að gefa viðsemjanda ástæðu til að ætla að þeir ræku saman lögmannsstofu og að þeir bæru því ábyrgð gagnvart þriðja manni eins og um sameignarfélag væri að ræða.

Eitt helsta einkenni sameignarfélaga er enn fremur að félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Nánar tiltekið er ábyrgð félagsmanna bein, ótakmörkuð og óskipt, eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar, Hrd. 1993, bls. 204, en í forsendum héraðsdóms, sem var staðfestur í Hæstarétti, segir m.a.: „Samkvæmt viðurkenndum fræðikenningum og dómaframkvæmd bera félagsmenn í sameignarfélagi persónulega og „sólidaríska“ ábyrgð á skuldbindingum félagsins með öllum eignum sínum án tillits til þess, hvernig skuldbindingin er til orðin. Skuldheimtumaður getur því gengið að hvaða félagsmanni sem er til lúkningar kröfu sinni, einum, fleiri eða öllum saman og jafnt að þeim eignum, sem félagsmenn eiga saman, félagseigninni, sem og að séreign þeirra hvers um sig.“

Með ákvæðum 2. gr. er stefnt að lögfestingu þessara einkenna ábyrgðar félagsmanna í sameignarfélögum. Það að ábyrgðin er ótakmörkuð þýðir að félagsmaður í sameignarfélagi ber persónulega ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins. Með því að hún er óskipt getur kröfuhafi félagsins krafist greiðslu heildarskuldarinnar af hverjum og einum félagsmanni og greiði einn félagsmaður skuldina er félagið og aðrir félagsmenn lausir gagnvart kröfuhafanum. Félagsmaður, sem greiðir skuld sameignarfélags, eignast þó endurkröfurétt, sbr. 22. gr. Þá hefur jafnframt verið talið og viðurkennt í dómaframkvæmd að ábyrgð félagsmanns í sameignarfélagi sé bein, þ.e. að kröfuhafar félagsins geti krafist greiðslu skulda félagsins beint af félagsmanni og honum sé þá skylt að greiða skuld félagsins. Óbein ábyrgð mundi þýða að það væri aðeins félagið eða þrotabú þess sem gæti krafist greiðslu skulda félagsins af félagsmanni. Hér er gert ráð fyrir að lögfesta þá reglu að ábyrgðin sé bein. Í 2. mgr. 8. gr. er þó gert ráð fyrir að innleiða þá reglu um ábyrgð félagsmanns að kröfuhafa beri ávallt að krefja félagið fyrst um greiðslu áður en hann krefst greiðslu skuldar félagsins hjá félagsmanni eins og nánar greinir í ákvæðinu og athugasemdum með því. Ábyrgðin yrði eftir sem áður bein en að nokkru til vara. Loks má nefna að eðli sínu samkvæmt er ábyrgð félagsmanna í sameignarfélögum persónuleg og því bera þeir ábyrgð með öllum eignum sínum.

Samkvæmt skilgreiningu 2. gr. á sér stað í sameignarfélagi samstarf um sameiginlega fjárhagslega starfsemi. Í sumum nágrannalöndum okkar er það skilyrði að þau stundi atvinnustarfsemi eða a.m.k. fjárhagslega starfsemi eins og t.d. í norsku félagalögunum, sbr. 1. mgr. 1. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. þar sem gerð er krafa um „ökonomisk virksomhet“. Þar segir að lögin eigi við um fjárhagslega starfsemi sem er rekin fyrir sameiginlegan reikning og á ábyrgð tveggja eða fleiri þátttakenda. Í grein 1-2 er sameignarfélag skilgreint nánar sem félag þar sem allir félagsmenn bera ótakmarkaða og persónulega ábyrgð og kemur fram út á við. Sænsku lögin um sameignarfélög (Lagen om handelsbolag och enkla bolag frá 1895,

1. gr.) gera atvinnustarfsemi að skilyrði sameignarfélags (Et handelsbolag föreligger, om två eller flera har avtalat at gemensamt utöva näringsverksamhet i bolag och bolaget har förts in i handelsregistret). Samsvarandi krafa um atvinnustarfsemi er gerð í enskum lögum um sameignarfélög (Partnership Act, 1890, 1. mgr. 1. gr.). Samkvæmt þeim er sameignarfélag (general partnership) samband milli aðila sem reka sameiginlega atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni (Partnership is the relation which subsists between persons carrying on a business in common with a view of profit). Með sama hætti var gerð sú krafa samkvæmt þýskum rétti að sameignarfélag ræki atvinnustarfsemi (Handelsgesetzbuch frá 1897, 1. mgr. 105. gr.) en árið 1998 var innleitt ákvæði í 2. mgr. 105. gr. sem heimilar skráningu félags í firmaskrá enda þótt það reki ekki atvinnustarfsemi. Í skilgreiningu danskra laga um skráningu ákveðinna fyrirtækja (Lov om visse erhvervsdrivende virksomheder frá 2002, 2. gr.) er sameignarfélag skilgreint sem fyrirtæki þar sem allir þátttakendur bera persónulega, ótakmarkaða og óskipta ábyrgð á skuldbindingum félagsins (Ved et interessentskab forstås i denne lov en virksomhed, hvor alle deltagerne hæfter personligt, uden begrænsning og solidarisk for virksomhedens forpligtelser). Í dönskum fræðum er byggt á því að jafnframt sé það skilyrði um sameignarfélög að þau stundi atvinnustarfsemi eða stefni a.m.k. að fjárhagslegum ávinningi með starfsemi sinni.

Í íslenskum rétti hefur ekki verið gerð sú krafa til sameignarfélaga að þau stundi atvinnurekstur. Hvorki er slíkan áskilnað að finna í löggjöf né verður kröfu um atvinnustarfsemi fundin stoð í réttarframkvæmd þótt raunin sé vissulega sú að íslensk sameignarfélög stunda oftast atvinnurekstur í hagnaðarskyni. Dæmi eru hins vegar um að í firmaskrá hafi verið skráð sameignarfélög sem samkvæmt tilgangi sínum stunda ekki atvinnustarfsemi. T.d hafa verið skráð sameignarfélög í firmaskrá sem halda utan um umsýslu og sölu einnar fasteignar. Einnig má a.m.k. með óbeinum hætti ráða af dómi Hæstaréttar, Hrd. 1999, bls. 158, þar sem deilt var um hvort skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu sameignarfélags væri að það stundaði atvinnurekstur, að viðurkennd séu sameignarfélög sem hafa ekki atvinnurekstur með höndum. Með þessu frumvarpi er ekki ætlunin að breyta réttarstöðu sameignarfélaga að þessu leyti og er því gert ráð fyrir að sameignarfélög verði eftir sem áður stofnuð í öðrum tilgangi og um aðra starfsemi en beinan eða óbeinan atvinnurekstur. Á hinn bóginn er sú krafa gerð að starfsemi sameignarfélags sé fjárhagslegs eðlis, þ.e. að með starfsemi sameignarfélaga sé stefnt að fjárhagslegum ávinningi eða til fjárhagslegra réttinda stofnist milli félagsins og félagsmanna hvort heldur sem er í þágu félagsmanna eða annarra með svipuðum hætti og í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Gildissvið hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga er hins vegar ekki bundið við að félögin stundi atvinnustarfsemi eins og t.d. í danskri löggjöf um þessi félög. Eins og almennt gildir um hlutafélög og einkahlutafélög hljóta fjárhagslegar forsendur, atvinnustarfsemi eða umsýsla eigna ávallt að liggja til grundvallar stofnun sameignarfélaga auk þess sem þátttaka í sameignarfélögum felur í sér eignarréttarlegt tilkall, svo sem til arðs og hlutdeildar í eignum félagsins við slit. Hins vegar er það eitt megineinkenni ófjárhagslegra félaga, eins og almennra félaga sem oft eru kölluð félagasamtök, að með félagsaðild er hvorki stefnt að fjárhagslegum ávinningi né stofnast eignarréttarlegt tilkall til eigna félagsins á grundvelli hennar.

Um 3. gr.

Þar eð engin heildarlöggjöf hefur hingað til verið sett um sameignarfélög er ljóst að ríkt hefur mikið samningsfrelsi um innri málefni sameignarfélaga, skipan samstarfsins og afstöðu félagsmanna innbyrðis og gagnvart félaginu. Fyrir vikið er sameignarfélagsformið mjög

sveigjanlegt rekstrarform þar sem þátttakendur njóta svigrúms til að haga samstarfinu og skipulagi félagsins eins og best hentar með hliðsjón af þörfum félagsmanna. Eins og fram hefur komið er með þessu frumvarpi ekki ætlað að draga úr þessum kostum sameignarfélagsformsins. Reglur frumvarpsins eru því að stórum hluta frávíkjanlegar og þá einkum reglur sem varða innri mál félagsins og innbyrðis tengsl félagsmanna og kveðið er á um í III. kafla. Auk þess er mikill hluti ákvæða V. kafla um breytingar á félagsaðild frávíkjanlegur og að nokkru reglur VI. kafla um félagsslit. Á hinn bóginn eru reglur, sem kveða á um réttarsamband félagsins og félagsmanna út á við, almennt ófrávíkjanlegar. Frávik frá þessu er þó t.d. að finna í 1. mgr. 8. gr. þar sem gert er ráð fyrir að í félagssamningi sé unnt að víkja frá almennri reglu um ábyrgð nýrra félagsmanna á eldri skuldbindingum félagsins. Unnt er að víkja frá frávíkjanlegum reglum með félagssamningi, þ.e. þegar hann kveður á um aðra skipan með afdráttarlausum hætti. Þá er ekki útilokað að föst venja, sem skapast hefur í sameignarfélagi, geti talist til félagssamnings. Einkum getur reynt á það þegar um óskráð sameignarfélög er að ræða og ekki er fyrir hendi skriflegur félagssamningur. Einnig er hugsanlegt að aðrir samningar og samkomulag geti verið grundvöllur annarrar skipanar en frávíkjanlegar reglur kveða á um, sbr. þau ákvæði frumvarpsins sem kveða á um að víkja megi frá reglum þeirra með „samningi“. Í þeim tilvikum, þegar lögin kveða afdráttarlaust á um að regla sé frávíkjanleg með félagssamningi, er ekki unnt að byggja á öðrum gerningum.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða svipaða reglu og gildir skv. 9. gr. firmalaga sem ætlað er að tryggja að af heiti félagsins verði ráðið hvers konar rekstrarform sé um að ræða. Þetta er sambærileg regla og gildir um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Um heiti eða svokölluð firmu sameignarfélaga gilda að öðru leyti ákvæði firmalaga með sama hætti og um firmanöfn annarra rekstrarforma. Í 2. mgr. 9. gr. firmalaga er einnig kveðið á um að jafnframt skuli í firmanu vera nafn eins félagsmanns. Í framkvæmd hefur þessari kröfu ekki verið fylgt eftir og ekki verður betur séð en að sjaldnast beri firma sameignarfélaga heiti eins félagsmanns. Því er lagt til í 52. gr. frumvarpsins að 2. mgr. 9. gr. firmalaga verði breytt til samræmis við framkvæmd, þ.e. að felld verði niður krafan um að nafn eins félagsmanns sé í firmanu. Verður þá nægilegt að orðið sameignarfélag komi fram í heiti sameignarfélags. Einnig verður heimilt skv. 4. gr. frumvarpsins að nota skammstöfunina sf.

Um 5. gr.

Í íslenskum rétti er almennt gert ráð fyrir að sameignarfélög geti átt réttindi og borið skyldur. Félögin hafa verið talin hæf til að öðlast ýmis réttindi og skyldur í eigin nafni, t.d. vera skráð fyrir fasteignum og bifreiðum í eigin nafni og bera t.d. skaðabótaábyrgð auk þess sem aðildarhæfi þeirra, þ.e. hæfi til að eiga aðild að dómsmálum, er viðurkennt á grundvelli 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Þá er í löggjöf víða að finna ákvæði sem gera ráð fyrir réttþæfi sameignarfélaga, sbr. t.d. 19. gr. b í almennum hegningarlögum þar sem sameignarfélög eru talin upp ásamt öðrum félögum sem geta átt réttindi og borið skyldur að íslenskum lögum og þar með borið refsiábyrgð samkvæmt sérlögum um refsiábyrgð lögaðila. Á hinn bóginn viðurkennir íslenskur gjaldþrotaréttur ekki sameignarfélög sem sjálfstæða lögaðila, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., sem kveður á um að sameignarfélag verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta nema bú félagsmanns sé áður tekið til skipta. Að sama skapi verður sameignarfélögum ekki veitt heimild til greiðslu-

stöðvunar eða til að leita nauðasamninga nema félagsmönnum sé jafnframt veitt slík heimild. Þannig er útilokað að gjaldþrotalögin geti tekið sjálfstætt til sameignarfélaga.

Að frátalinni fyrrgreindri reglu gjaldþrotalaga hefur rétthæfi sameignarfélaga þó verið viðurkennt á flestum sviðum íslensks réttar. Sérstakra ráðstafana er hins vegar þörf til að þau geti talist sjálfstæður skattaðili skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Samkvæmt núgildandi rétti er skráning sameignarfélaga ekki almennt skilyrði þess að þau geti átt réttindi og borið skyldur heldur er það háð sjálfstæðu mati hverju sinni hvort óskráð sameignarfélag geti á grundvelli skipulags þess talist hafa öðlast slíkt sjálfstæði frá félagsmönnum, t.d. hvað varðar fjárhag og ákvarðanatöku, að það geti talist hæft til að eiga réttindi og bera skyldur í eigin nafni. Á hinn bóginn virðist að sameignarfélög, sem eru skráð í firmaskrá, hafi í réttarframkvæmd að fyrra bragði verið talin rétthæf. Víða í löggjöf er skráning sameignarfélaga þó gerð að skilyrði aðildar þeirra að tilteknum löggerningum, sbr. t.d. 3. mgr. 3. gr. hlutafélagalaga, 3. mgr. 3. gr. einkahlutafélagalaga og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingarstarfsemi, þar sem m.a. er kveðið á um að skráð sameignarfélög geti verið stofnendur þessara félaga.

Eðlilegt er að skipulagi og starfsemi fjárhagslegra félaga eins og sameignarfélaga, sem ætlað er að vera í sjálfstæðum viðskiptum út á við, sé markaður ákveðinn rammi í löggjöf, m.a. um fjárreiður og upplýsingagjöf. Hér er því gert ráð fyrir að lögfest verði sú regla að skráning sameignarfélaga, sbr. VIII. kafla, sé skilyrði rétthæfis þeirra. Jafnframt er gert ráð fyrir einstaka sérreglum í frumvarpinu um skráð félög til að tryggja enn frekar sjálfstæði þeirra gagnvart félagsmönnum. Um skráð félög gildi m.a. sú regla skv. 25. gr. að skylt væri að halda eignum félagsins aðskildum frá eignum félagsmanna og þar með að kröfuhafar félagsins nytu forgangs til fullnustu krafna sinna af eignum félagsins fram yfir sérkröfuhafa einstakra félagsmanna. Þar með gilti skilyrðislaust sú regla um sameignarfélög sem njóta rétthæfis að slíkur aðskilnaður hafi orðið milli eigna félagsins og eigna félagsmanna að við stofnun þeirra verði til aðili sem geti sjálfstætt átt réttindi og borið skyldur. Hafi félaginu verið kosin stjórn væri hún í fyrirsvari fyrir félagið en annars einstakir félagsmenn í samræmi við reglur 25. gr. Með skráningu í firmaskrá er einnig tryggt að lágmarksupplýsingar um skipulag sameignarfélaga og forsvarsmenn séu skráðar og aðgengilegar öllum sem viðskipti eiga við þau. Samkvæmt þessu ættu sameignarfélög, sem vilja koma fram út á við undir sérstöku heiti, og fá útgefna sjálfstæða kennitölu hjá fyrirtækjaskrá, einvörðungu að eiga kost á skráningu í firmaskrá skv. VIII. kafla en ekki beint í fyrirtækjaskrá á grundvelli laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá. Sú framkvæmd að skrá í fyrirtækjaskrá svokölluð „rekstrarfélög“ sem „sameignarfélög sem ekki eru skráð í firmaskrá“ væri því ekki lengur heimil og mundi líða undir lok.

Um óskráð sameignarfélög mundi almennt gilda að þau nytu ekki rétthæfis en þó væri ekki útilokað að óskráð sameignarfélag gæti á grundvelli skipulags síns talist hafa öðlast rétthæfi eða a.m.k. aðildarhæfi með svipuðum hætti og raunin er samkvæmt gildandi rétti. Það væri þó væntanlega í undantekningartilvikum sem reyndi á þetta en ekki þykir rétt að útiloka það með lögum. Í flestum tilvikum verður hins vegar að ætla að félagsmennirnir ættu réttindi og bæru skyldur sem kunna að verða til í rekstri þeirra þegar um óskráð sameignarfélög væri að ræða. Að jafnaði hlytu því félagsmenn í óskráðum sameignarfélögum t.d. sjálfir að vera aðilar dómsmáls sem varðar félagið. Fullnustuaðgerðum vegna skuldbindinga, sem til stofnast vegna starfsemi óskráðra sameignarfélaga, yrði jafnframt einvörðungu beint að félagsmönnunum. Sérregla 2. mgr. 8. gr. um skyldu kröfuhafa til að krefja félagið fyrst um

greiðslur tekur enn fremur eingöngu til skráðra félaga eins og þar segir og nánar er fjallað um í athugasemdum við 8. gr.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um hverjir geta verið aðilar að sameignarfélagi. Samkvæmt ákvæðinu geta lögráða einstaklingar og hvers konar lögaðilar tekið þátt í sameignarfélagi, þar á meðal félög í atvinnurekstri, t.d. önnur sameignarfélög, og félagasamtök svo framarlega sem þau fullnægja skilyrðum til að teljast lögaðilar. Hér er gert ráð fyrir svipaðri reglu og gildir samkvæmt grein 2-2 í norsku félagalögunum en ekki talið upp með tæmandi hætti hvaða lögaðilar geta verið stofnendur eins og gert er í 3. mgr. 3. gr. hlutafélagalaga og 3. mgr. 3. gr. einkahlutafélagalaga. Hér er ekki um að ræða breytingu á gildandi rétti varðandi lögaðila enda ekki óalgengt að hlutafélög og einkahlutafélög taki þátt í stofnun sameignarfélaga. Einnig má nefna að í 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, er t.d. að finna sérreglu um sameignarfélög sem alfarið eru í eigu félaga þar sem ábyrgð félagsmanna er takmörkuð.

Í ljósi hinnar ríku persónulegu ábyrgðar félagsmanna á skuldbindingum félagsins er gert ráð fyrir því nýmæli að lögræði sé skilyrði þátttöku einstaklinga í sameignarfélagi. Samkvæmt núgildandi rétti fer það eftir ákvæðum lögræðislaga hvort og hvernig ólögráða einstaklingur verður skuldbundinn til aðildar að sameignarfélagi. Eðli sínu samkvæmt felst í aðild að sameignarfélagi ábyrgð á skuldbindingum fyrir þriðja aðila og því gildir væntanlega ákvæði 71. gr. lögræðislaga um þetta en þar er kveðið á um að óheimilt sé að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann. Skv. 2. mgr. 71. gr. lögræðislaga getur yfirlögráðandi veitt undanþágu frá 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða. Þar eð möguleg ábyrgð og umfang hennar á skuldbindingum sameignarfélags í atvinnurekstri getur verið ófyrirsjáanleg þykir það samræmast best hagsmunum ólögráða að útiloka aðild þeirra að sameignarfélögum. Þar með er komið í veg fyrir hættu á t.d. ótímabæru gjaldþroti barna vegna aðildar að sameignarfélagi og er sú vernd í samræmi við reglur 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Við þær aðstæður þar sem æskilegt þætti, t.d. í tengslum við arfskipti, að ólögráða einstaklingur gerðist aðili að fyrirtæki í sameignarfélagsformi gæti komið til greina að breyta félaginu í samlagsfélag þar sem hinn ólögráða yrði samlagsmaður með tiltekið framlag sem ábyrgð hans takmarkaðist við.

Sú almenna regla að lögráða einstaklingar og lögaðilar geti verið aðilar að sameignarfélagi getur auðvitað sætt takmörkunum á grundvelli sérlaga eins og sérákvæða í löggjöf um takmarkanir á rétti útlendinga til að eiga fasteignir og fjárfesta hér á landi, sbr. 2. tölul. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, og enn fremur lög nr. 34/1991, um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri. Í lögum er þeim aðilum, sem eru heimilisfastir í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, sérstaklega tryggður réttur til að stofna m.a. sameignarfélög hér á landi, sbr. 2. kafla laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og lög nr. 76/2002, um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Það má nefna að þess eru dæmi að skráð hafi verið sameignarfélög hér á landi í firmaskrá Reykjavíkur þar sem stofnendur eru einvörðungu útlendingar, þar á meðal sameignarfélög stofnuð af erlendum aðilum sem tengjast hvorki EES-ríkjum né EFTA-ríkjum.

Um 7. gr.

Grundvöllur sameignarfélaga er samningur um stofnun félagsins, svokallaður stofnsamningur eða félagssamningur. Síðarnefnda hugtakið verður notað hér. Á stofnfundi sameignarfélaga er unnt, eins og í öðrum félögum, að samþykkja sérstakar samþykktir fyrir félagið. Í framkvæmd virðist almenna reglan vera sú að láta félagssamning duga. Hér er miðað við að til grundvallar sameignarfélögum liggi almennt aðeins félagssamningur en ákvæði frumvarpsins eru því ekki til fyrirstöðu að sameignarfélagi verði settar sérstakar samþykktir sem teljast þá hluti félagssamningsins. Með öðrum orðum telst til félagssamnings hvers konar samkomulag félagsmanna sem varðar grundvöll samstarfs í viðkomandi félagi, t.d. breytingar á tilgangi félagsins og félagsaðild.

Að meginreglu til njóta menn sjálfræðis um það hvernig þeir haga stofnun og skipulagi sameignarfélaga en engar almennar formkröfur eru í lögum um stofnun sameignarfélaga og því er ekki nauðsynlegt að samningurinn sé skriflegur, ólíkt því sem t.d. gildir um hlutafélög og einkahlutafélög. Í framkvæmd er raunin þó sú að yfirleitt eru gerðir skriflegir félagssamningar um sameignarfélög, sem ætlunin er að skrá í firmaskrá, og þeir afhentir sýslumanni við skráningu félagsins. Skv. 1. mgr. 18. gr. firmalaga ber við skráningu sameignarfélaga í firmaskrá að tilkynna um nafn og heimili félagsmanna, tegund atvinnunnar, sveitarfélagið þar sem skrifstofa atvinnunnar er og hver hafi rétt til að rita firma svo framarlega sem hver einstakur félagsmaður hefur ekki rétt til að rita firmað. Eins og í fyrrnefndu ákvæði firmalaga og grein 2-3 í norsku félagalögunum er í 2. tölul. miðað við skráningu sveitarfélagsins þar sem félagið er með heimilisfang en ekki skráningu sjálfs heimilisfangsins eins og gert er í 2. tölul. 2. mgr. 9. gr. laga um hlutafélög og 2. tölul. 2. mgr. laga um einkahlutafélög þar sem fjallað er um efni samþykkta. Kosturinn við fyrrgreinda reglu er að breyting á heimilisfangi innan sama sveitarfélags krefst þá ekki breytinga á félagssamningi. Í framkvæmd eru iðulega gerðir skriflegir félagssamningar um sameignarfélög sem ætlunin er að skrá í firmaskrá og þeir afhentir sýslumanni við skráningu. Auk þess eru gerðar sérstakar kröfur til efnis félagssamninga í 3. tölul. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sé ætlast til þess að félagið verði sjálfstæður skattaðili. Þá ber við skráningu þeirra að afhenda félagssamning þar sem getið er eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár og hvernig félagsslitum skuli háttað.

Hér er gert ráð fyrir að lögfesta reglu um skyldu til að undirrita skriflegan félagssamning um skráð sameignarfélög og að lágmarkskröfur verði gerðar um efni hans. Höfð er hliðsjón af grein 2-3 í norsku félagalögunum. Eins og fram hefur komið er þó í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að stofnast geti til sameignarfélaga á grundvelli munnlegs samnings eða jafnvel þegjandi samkomulags, t.d. einfaldlega með því að menn hefja sameiginlega starfsemi, enda þótt félagið sé ekki skráð.

Krafa um skriflegan félagssamning fyrir sameignarfélög sem stunda atvinnurekstur og önnur skráð sameignarfélög hefur bæði þýðingu fyrir félagsmennina sjálfa og aðra sem eigi viðskipti við félagið. Þetta gefur félagsmönnum tilefni til að skoða og taka afstöðu til þess hvaða reglur eigi að gilda um samstarf þeirra, þ.e. hvernig þeir skipi réttarsambandinu sín á milli og innan félagsins. Þá geta viðsemjendur og aðrir aflað sér upplýsinga um efni félagssamningsins hjá firmaskrá.

Í 2. mgr. er einvörðungu kveðið á um lágmarksupplýsingar sem félagssamningur skal hafa að geyma og eru þær að mestu samsvarandi þeim upplýsingum sem ber að tilkynna um við skráningu félagsins skv. 1. mgr. 46. gr. Synja ber um skráningu sameignarfélags ef félagssamningur fullnægir ekki kröfum 7. gr. Varðandi tilgreiningu á framlagi félagsmanna, sbr.

6. tölul., ber að hafa í huga að skv. 23. gr. hvílir engin almenn skylda á stofnendum að inna af hendi framlag til félagsins.

Enda þótt ekki sé gert ráð fyrir miklum efniskröfum til félagssamninga sameignarfélaga er vert að benda á að mjög mikilvægt er fyrir stofnendur að vanda vel til gerðar hans og útfæra efni hans í samræmi við þá starfsemi og samstarf sem félaginu er ætlað að mynda ramma um. Auk þeirra atriða, sem nefnd eru í 2. mgr. 7. gr., er t.d. mikilvægt að fjalla um og taka afstöðu til skipulags félagsins með hliðsjón af starfsemi þess og eðli samstarfsins, þar á meðal hvernig haga skuli ákvarðanatöku og hvort kjósa eigi stjórn, útfæra réttindi og skyldur félagsmanna, t.d. hvort þeim er skylt að inna vinnuframlag af hendi, eignarhlutföll þeirra og hvernig haga eigi skiptingu hagnaðar og taps. Loks er æskilegt að ákvæði séu í félagssamningi um viðurlög við vanefndum, úrsögn eða brottvikningu félagsmanna og skiptingu eigna við félagsslit. Ákvæði frumvarpsins eru að mestu frávíkjanleg hvað þessa þætti varðar.

Í 3. mgr. er regla um hvernig félagssamningi verður breytt. Í félagssamningi má kveða á um skilyrði breytinga á félagssamningi, bæði hvað varðar form ákvörðunar og efni. Ef ekki eru ákvæði í félagssamningi um breytingar á honum er hér gert ráð fyrir að lögfesta þá reglu að allir félagsmenn þurfi að samþykkja breytingu með skriflegri undirritun sinni.

Um 8. gr.

Skráð sameignarfélög eru lögaðilar og sem slík bera þau ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast á hendur þeim. Jafnframt bera félagsmenn í sameignarfélögum persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Hér er áréttuð reglan um beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð félagsmanna, sbr. 2. gr. Samkvæmt gildandi rétti virðist sú almenna regla gilda um ábyrgð nýrra félagsmanna að þeir beri ekki ábyrgð á skuldum sem stofnast hafa fyrir inngöngu þeirra í félagið nema þeir hafi gengist undir slíka ábyrgð með sérstakri yfirlýsingu. Hafi nýr félagsmaður ekki gefið slíka yfirlýsingu hefur verið talið að ábyrgð hans taki einvörðungu til skulda sem stofnast hafa eftir inngöngu hans. Á þessu er t.d. byggt í dómi Hæstaréttar, Hrd. 2002, bls. 3392. Þar hafði nýr aðili gerst aðili að sameignarfélagi og tilkynning verið send firmaskrá um að hann ræki félagið með ótakmarkaðri ábyrgð frá þeim degi er hann gekk í félagið. Um þetta sagði í dóminum að ekki yrði litið svo á að nýi félagsmaðurinn hefði með efni tilkynningarinnar vikið frá því sem leiðir af almennum reglum og gengist þannig undir ábyrgð á þeim skuldbindingum sameignarfélagsins sem stofnað hafði verið til fyrir inngöngu hans í félagið.

Með reglu 2. málsl. 1. mgr. er gert ráð fyrir breytingu á fyrrgreindri réttarframkvæmd og að sú regla gildi frá gildistöku laganna að þeir sem ganga inn í þegar stofnað sameignarfélag beri einnig ábyrgð á eldri skuldbindingum félagsins. Heimilt verði þó að víkja frá reglunni í félagssamningi þegar um skráð sameignarfélög er að ræða. Þessi breyting á ábyrgð nýrra félagsmanna á sér hliðstæðu í norskum rétti en slík regla var innleidd þar með lögfestingu félagalaganna frá 1985, sbr. grein 2-4 í þeim lögum. Í norskum rétti gilti sama regla og hér á landi, þ.e. að nýr félagsmaður bæri almennt ekki ábyrgð á gömlum skuldbindingum. Almenn regla um að nýr félagsmaður beri einnig ábyrgð á eldri skuldbindingum þykir fremur í samræmi við regluna um ótakmarkaða og óskipta ábyrgð félagsmanna og henta betur í viðskiptalífinu. Sambærileg regla gildir enn fremur um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar um þau, sbr. lög nr. 159/1994, um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög. Eins og gildir um evrópsku fjárhagslegu hagsmunafélögin og í norskum rétti er þó gert

ráð fyrir að félagsmenn í sameignarfélögum geti samið um annað og er kveðið á um skilyrði þess í lok ákvæðisins.

Eins og fram kom í athugasemdum við 2. gr. er ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins talin bein samkvæmt íslenskum rétti, þ.e. kröfuhafar félagsins geti beint kröfu um greiðslu skulda félagsins beint að einstökum félagsmönnum en ábyrgð félagsmanna sé ekki aðeins gagnvart félaginu eða þrotabúi þess. Þá virðist sú regla gilda nú samkvæmt íslenskum rétti að kröfuhafar sameignarfélags geti krafist greiðslu skulda félagsins hjá félagsmanni án þess að krefja félagið fyrst um greiðslu.

Eðlilegt þykir hins vegar í ljósi þess að skráð sameignarfélög verða skilyrðislaust talin lögaðilar að kröfum vegna skuldbindinga þeirra sé kröfum beint að félaginu áður en leitað er fullnustu hjá félagsmönnum. Ekki er krafa um form kröfu í þessu sambandi. Hún getur verið munnleg en slíkt getur valdið sönnunarvandkvæðum vegna kröfugerðar á hendur félagsmönnum í framhaldinu og aðstæður geta verið þannig að öruggara sé að setja kröfuna fram með skrifegum og sannanlegum hætti. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. felur í sér eins konar vara-ábyrgð félagsmanna í skráðum sameignarfélögum á skuldum félagsins. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum er félagið finnst ekki eða augljóst er að það getur ekki greitt, t.d. ef gert hefur verið árangurslaust fjárnám hjá félaginu. Gert er ráð fyrir fimmtán daga fresti svipað og í grein 2-4 í norsku félagalögunum, þar sem kveðið er á um 14 daga. Greinarmunur er gerður á réttarstöðu félagsmanna í skráðum og óskráðum sameignarfélögum. Unnt er að krefja félagsmenn í óskráðu sameignarfélagi beint um greiðslu skuldar félagsins.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að lögfesta þá reglu að kröfur á hendur félagsmönnum í sameignarfélagi vegna ábyrgðar þeirra á skuldbindingum félagsins fyrnist ekki sjálfstætt. Sé krafa á hendur félaginu fyrnd getur félagsmaður borið fyrningu hennar fyrir sig og er ekki skylt að greiða hana. Að sama skapi getur félagsmaður ekki borið fyrir sig fyrningu sé krafan á hendur félaginu ekki fyrnd. Að öðru leyti fer um fyrningu og fyrningarfrest eftir almennum reglum kröfuréttar um fyrningu og fyrningarfrestur kröfu á hendur sameignarfélagi og þar með félagsmönnum þess verður rofinn, t.d. með því að maður, sem hefur heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, viðurkennir hana, sbr. 6. gr. laga nr. 14/1905, um fyrninga skulda og annarra kröfuréttinda. Krafa á hendur félagsmanni á grundvelli ábyrgðar hans á skuldbindingum félagsins er eðli sínu samkvæmt ekki sjálfstæð heldur stendur og fellur með því hvort fyrir hendi sé krafa á hendur félaginu. Þetta leiðir af eðli sameignarfélagsformsins sem er félag þar sem ekki er krafist lágmarksstofnfjár og engar reglur gilda sem tryggja að fjármunir renni ekki til félagsmanns mögulega á kostnað félagsins og viðsemjenda, ólíkt t.d. fjármagnsfélögum eins og hlutafélögum og einkahlutafélögum. Að þessu leyti er staða félagsmanns í sameignarfélagi svipuð og eiganda einkafyrirtækis. Að vísu er í 3. mgr. 26. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir lögfestingu matskenndrar reglu sem takmarkar svigrúm félagsmanna til úthlutunar af fjármunum félagsins. Með sama hætti og í einkafyrirtækjum er þó ekki útilokað að félagsmenn geti tekið fjármuni úr félaginu enda þótt eignir dugi ekki fyrir skuldum enda má segja að ábyrgð þeirra á skuldbindingum félagsins mundi í reynd fjárhagslegan grundvöll starfsemi félagsins. Tilgangur ábyrgðarinnar er að félagsmenn séu ábyrgir ef krafa er á annað borð fyrir hendi á félagið. Með lögfestingu reglu 3. mgr. yrði vikið frá dómaframkvæmd Hæstaréttar, sbr. Hrd. 1995, bls. 911, Hrd. 1996, bls. 455, og Hrd. 1999, bls. 2824. Í þeim dómum var byggt á því að rof fyrningar gagnvart sameignarfélagi hefði ekki í för með sér að fyrningarfrestur rofnaði gagnvart félagsmönnum og að ábyrgð félagsmanns sé sams konar og að fyrning kröfu á hendur félagsmanns á grundvelli ábyrgðar

hans á skuldum félagsins ráðist af ákvæði 4. tölul. 3. gr. fyrningarlaga, nr. 14/1905, sbr. síðastnefnda dóminn.

Um 9. gr.

Eins og áður sagði fara félagsmenn sameiginlega með æðsta vald í sameignarfélagi enda eiga þeir félagið og bera persónulega ábyrgð á rekstri þess. Iðulega er fundur eigenda sameignarfélags (félagsmanna), þegar þeir koma saman til að taka ákvarðanir í málefnum félagsins, kallaður félagsfundur. Skv. 2. mgr. er almenna reglan sú að félagsfundur sé haldinn í sveitarfélaginu þar sem heimilisfang félagsins er nema kveðið sé á um annað í félagssamningi, nauðsyn beri til að halda hann annars staðar eða allir félagsmenn séu sammála um það. Engin lagaskylda hefur hvílt á sameignarfélögum að halda félagsfundi með reglulegu millibili og hér er ekki gert ráð fyrir að innleiða slíka skyldu. Slík ákvæði kunna þó að vera í félagssamningi. Að sama skapi hafa ekki gilt sérstakar reglur um form félagsfunda. Félagsfundir í sameignarfélögum geta því verið mjög óformlegir, t.d. þannig að félagsmenn, sem reka í sameiningu fyrirtæki, hittist allir einu sinni í viku og taki ákvarðanir um starfsemi félagsins. Með þessu ákvæði er ekki gert ráð fyrir breytingu á þessu heldur einmitt að ekki sé útilokað að félagsfundur í skilningi 1. mgr. verði talinn fundur þar sem allir félagsmenn hittast, taka ákvörðun um málefni félagsins og eru sammála um að víkja frá formkröfum, sbr. lok 2. mgr. og 3. mgr. 10. gr. Einstakar ákvarðanir þarf hins vegar að meginreglu til að taka á félagsfundi samkvæmt frumvarpinu, sbr. ákvæði 1. mgr. 13. gr. um að félagsfundur skuli kjósa stjórn ef hún er skipuð, 1. mgr. 17. gr. um ráðningu framkvæmdastjóra, 36. gr. um brottvikningu félagsmanns og 1. mgr. 38. gr. um félagsslit.

Allir félagsmenn eiga skv. 3. mgr. rétt á að sækja félagsfund og taka þar til máls. Almenn regla um mætingarskyldu félagsmanna á félagsfund gildir ekki en vanræksla á því að taka þátt í félagsfundum getur falið í sér vanefnd á félagssamningi og þar með t.d. leitt til brottvikningar skv. b-lið 1. mgr. 36. gr.

Samkvæmt 4. mgr. er kveðið á um skyldu stjórnarmanna, ef kosnir hafa verið, og framkvæmdastjóra, ef ráðinn hefur verið, til að sækja félagsfund. Að baki þeirri skyldu liggur það sjónarmið að nauðsynlegt sé að viðkomandi séu til staðar á fundinum og veiti nauðsynlegar upplýsingar. Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hafa hins vegar ekki atkvæðisrétt nema þeir séu einnig félagsmenn. Loks má nefna að ákvæði 1. og 4. mgr. taka mið af norsku félagalögunum (grein 2-8) og ákvæði 3. mgr. af grein 2-12. Ákvæði 2. mgr. samsvara 58. gr. einkahlutafélagalaga.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um boðun félagsfundar, m.a. hverjir hafi heimild til að boða hann. Hér er höfð hliðsjón af norsku félagalögunum (grein 2-11, 1. málsl.) og 2. mgr. 63. gr. einkahlutafélagalaga hvað varðar fyrirvarann um að boða megi fundinn með þeim hætti sem félagssamningur kveður á um. Meginreglan er að hver og einn sameignarfélagsmaður á rétt á að boða til félagsfundar í því skyni að fá tiltekið mál tekið til meðferðar eins og kveðið er á um í 2. mgr. Að þessu leyti njóta félagsmenn í sameignarfélagi ríkari réttinda en hluthafar í einkahlutafélögum, sbr. 60. og 61. gr. einkahlutafélagalaga þar sem reglan er að hluthafar þurfa að ráða yfir 10% hlutafjár til að geta krafist þess að stjórn boði til hluthafafundar. Eðlilegt er að einstakir félagsmenn njóti að meginreglu til þessa réttar að boða til félagsfundar til að ræða tiltekið mál í ljósi þeirrar ríku ábyrgðar sem á þeim hvílir á rekstri félagsins.

Í 3. mgr. er að finna sömu reglu og gildir um einkahlutafélög, sbr. 5. mgr. 63. gr. einkahlutafélagalaga, um að falla megi frá formreglum 1. og 2. mgr. ef allir félagsmenn sækja félagsfund og eru sammála um það.

Í 4. mgr. er að finna undantekningu til að taka ákvörðun utan félagsfundar ef ekki er unnt að boða til fundar með hæfilegum fyrirvara og geta þá félagsmenn tekið ákvörðun símleiðis eða bréflega. Fyrirmynd reglunnar er 4. mgr. greinar 2-11 í norsku félagalögunum.

Um 11. gr.

Meginreglan er að félagsmenn sæki sjálfir félagsfund enda byggist samstarf í sameignarfélögum á trausti þar sem félagsmenn bera allir ábyrgð á rekstrinum. Yfirleitt hlýtur það því að vera ein forsenda samstarfs í sameignarfélagi að allir félagsmenn sæki félagsfundi til að ræða og taka afstöðu til þeirra mála sem eru á dagskrá. Þrátt fyrir það geta komið upp aðstæður þar sem félagsmaður getur ekki sótt fund og eðlilegt þykir að hann eigi þess kost að senda umboðsmann í sinn stað. Hér er því gert ráð fyrir heimild félagsmanns til að veita öðrum skriflegt umboð til að sækja fundinn fyrir sig eða gera skriflega grein fyrir afstöðu sinni til einstakra málefna sem eru á dagskrá fundarins hafi þeir ekki tök á að sækja fundinn af gildum ástæðum. Í síðarnefnda tilvikinu ber að tilkynna félagsmanninum um niðurstöður fundarins eins fljótt og unnt er. Fyrirmynd þessarar reglu er 3. mgr. greinar 2-11 í norsku félagalögunum.

Samkvæmt 2. mgr. er þó gert ráð fyrir að félagsmenn hafi fullt svigrúm til að kveða nánar á um skilyrði umboðsveitingar og jafnvel ákveða í félagssamningi að félagsmanni sé óheimilt að láta umboðsmann sækja félagsfund í sinn stað. Regla 1. mgr. um heimildina til að fela umboðsmanni að sækja félagsfund við þargreindar aðstæður verði með öðrum orðum frávíkjanleg. Að þessu leyti mundi gilda önnur regla en um hlutafélög og einkahlutafélög þar sem heimildin til að fela umboðsmanni að sækja hluthafafund er ófrávíkjanleg, sbr. 56. gr. einkahlutafélagalaga og 81. gr. hlutafélagalaga.

Með svipuðum hætti og í nýlegum reglum hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga, sbr. lög um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 89/2006, og lögum um einkahlutafélög, nr. 93/2006, er loks í 2. og 3. mgr. að finna ákvæði þar sem sérstaklega er áréttað að heimilt sé í félagssamingi að kveða á um rafræn samskipti félagsmanna og félagsins í formi rafrænna skjala og tölvupósts, þar á meðal rafræn umboð, rafræna þátttöku í félagsfundum og rafræna félagsfundi í félagssamningi. Hér getur t.d. verið um að ræða heimildir til að veita rafræn umboð og senda fundarboð með rafrænum hætti. Það leiðir af kröfunni um að heimildir til þessa þurfi að vera fyrir hendi í félagssamningi að meginreglan er að samþykki allra félagsmanna sé nauðsynlegt til að tekin verði upp rafræn samskipti og rafrænir félagsfundir. Á hinn bóginn er heimilt að nota rafræn samskipti á milli félagsins og þeirra félagsmanna sem samið hafa um það eins og segir í lokamálslið ákvæðisins.

Um 12. gr.

Allir félagsmenn hafa atkvæðisrétt á félagsfundi en þessi regla er frávíkjanleg eins og segir í ákvæðinu. Þannig mætti í félagssamningi kveða á um að atkvæðisréttur væri í samræmi við eignarhlutföll félagsmanna, ákveða að einn eða fleiri félagsmenn hefðu aukinn atkvæðisrétt eða að þeir færu jafnvel ekki með atkvæðisrétt.

Í 2. mgr. er lögfest meginreglan um samþykki allra félagsmanna fyrir ákvörðunum sem teknar eru á félagsfundi. Einstakir félagsmenn hafa því neitunarvald í málefnum félagsins. Í norsku félagalögunum gildir sama regla, sbr. grein 2-12, og einnig samkvæmt þýskum rétti,

sbr. 119. gr. þýsku viðskiptalögbókarinnar. Rökin að baki neitunarvaldi einstakra félagsmanna er ábyrgð þeirra á skuldbindingum félagsins en annars ættu þeir á hættu að bera fjárhagslega ábyrgð á ákvörðunum sem væru í andstöðu við forsendur þeirra fyrir þátttöku í félaginu og afstöðu þeirra til málefna. Hins vegar er reglan frávíkjanleg og skipan þessa getur alfarið verið samningsatriði milli félagsmanna. Ýmsar útfærslur eru því mögulegar á ákvarðanatöku félagsfundar með ákvæðum í félagssamningi, t.d. að kveða á um að samþykki einfalds eða aukins meiri hluta dugi almennt eða í tilteknum málum og að samþykki allra þurfi aðeins í tilteknum málum. Slík skipan getur verið heppileg í félögum með mörgum félagsmönnum sem e.t.v. taka ekki allir virkan þátt í starfsemi félagsins.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir lögfestingu meginreglu sem tekur til þess þegar kveðið er á um meirihlutaákvarðanir í félagssamningi án þess þó að ákvæði sé að finna um atkvæðisrétt félagsmanna. Við þær aðstæður fer hver félagsmaður með eitt ákvæði án tillits til eignarhluta hans eða framlags í félaginu. Meginreglan er þá að atkvæði eru reiknuð eftir fjölda félagsmanna og ákvörðun þarf því að hljóta samþykki meiri hluta allra félagsmanna en í samningi væri unnt að kveða á um aðra skipan, t.d. framlag eða eignarhluta í félaginu, sbr. 3. gr.

Ákvæði 5. mgr. um fundargerðarbók taka mið af 2. mgr. greinar 2-12 í norsku félagalögunum og einnig 65. gr. einkahlutafélagalaga. Almennt hlýtur að vera æskilegt að skjalfesta ákvarðanir félagsfundar en með samþykki allra félagsmanna, sbr. 2. mgr., er unnt að víkja frá reglum 5. mgr.

Um 13. gr.

Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að menn hafi frjálst val um það í sameignarfélögum hvort skipuð sé stjórn í félögunum í samræmi við ólögfestar reglur um þau. Ekki er ástæða til að íþyngja sameignarfélögum með því að þvinga þau til að setja upp þyngra stjórnkerfi en nauðsynlegt er miðað við þarfir viðkomandi félags, samstarfið og starfsemina sem því er ætlað að skapa ramma um. Í tveggja manna félagi er t.d. sjaldnast þörf á skipun sérstakrar stjórnar.

Oft kann þó að vera þörf á formlegra stjórnkerfi í sameignarfélögum og við skipun stjórnar. Hér er því gert ráð fyrir að félagsfundur geti ákveðið að skipa stjórn í félaginu. Til þess þyrfti samþykki allra félagsmanna nema kveðið væri á um annað í félagssamningi, sbr. meginreglu 2. mgr. 12. gr. Meginreglan er að félagsfundur kýs stjórnarmenn en skv. 3. gr. er það ekki ófrávíkjanleg regla þar eð semja má um aðra skipan, t.d. tilnefningarrétt annarra. Þetta er sama regla og gildir skv. 2. mgr. 39. gr. einkahlutafélagalaga. Í ljósi hinnar ríku ábyrgðar, sem hvílir á félagsmönnum, má gera ráð fyrir að tilnefningarréttur annarra muni heyra til undantekninga. Engin skilyrði eru um lágmarks- eða hámarksfjölda stjórnarmanna eða almennt hæfi stjórnarmanna, eins og t.d. í 42. gr. einkahlutafélagalaga og 66. gr. hlutafélagalaga. Vegna ábyrgðar félagsmanna á skuldbindingum sameignarfélaga er ekki sama þörf á lagareglum um hæfi stjórnarmanna og í löggjöf um félög með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna. Hér er farin sama leið og í norsku félagalögunum þar sem engar hæfiskröfur eru gerðar til stjórnarmanna en aðeins kveðið á um að ekki megi velja lögaðila sem stjórnarmenn. Það er hins vegar almenn regla í íslenskum félagarétti að aðeins einstaklingar geta setið í stjórnum félaga. Loks má nefna að stjórnarmaður eða stjórnarformaður getur einnig gegnt starfi framkvæmdastjóra.

Í 2. mgr. er kveðið á um hlutverk stjórnar. Stjórn ber að sjá til þess að rekstur félagsins og meðferð fjármuna þess sé á hverjum tíma í réttu og góðu horfi. Enda þótt ekki sé notað sama orðalag hér og í 44. gr. einkahlutafélagalaga og 68. gr. hlutafélagalaga um hlutverk

félagsstjórnar samsvarar hlutverk stjórnar í sameignarfélögum hlutverki stjórnar í einkahlutafélögum og hlutafélögum. Hlutverk félagsstjórnar er með öðrum orðum yfirstjórn félagsins og eftirlit með rekstri þess, t.d. störfum framkvæmdastjóra ef hann er ráðinn. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri félagsins og getur tekið ákvarðanir sem varða rekstur félagsins nema um sé að ræða ákvarðanir sem heyra undir félagsfund. Ljóst er að á stjórnarmönnum hvílir rík trúnaðarskylda og að þeim ber að stýra félaginu í þágu hagsmuna félagsmanna og í samræmi við félagssamninginn, lög um sameignarfélög og önnur lög sem gilda um starfsemi félagsins.

Ákvæði 3. mgr. um varamenn er sambærilegt við 9. mgr. 39. gr. einkahlutafélagalaga og 9. mgr. 63. gr. hlutafélagalaga og enn fremur 3. mgr. greinar 2-14 í norsku félagalögunum. Svipað ákvæði um svigrúm til að skipa stjórn í sameignarfélögum er í norsku félagalögunum (grein 2-13).

Um 14. gr.

Hér eru ákvæði um starfstíma stjórnarmanna sem svipar til ákvæðis 2-14 í norsku félagalögunum. Hér er lagt til að umboð stjórnarmanns gildi í fjögur ár nema annað sé ákveðið í félagssamningi eða á félagsfundi. Er höfð hliðsjón af reglu 7. mgr. 39. gr. einkahlutafélagalaga en í norsku félagalögunum (1. mgr. í grein 2-14) er miðað við tvö ár í samræmi við norsku einkahlutafélagalögin. Félagsmenn geta með öðrum orðum samið um styttri eða lengri umboðstíma stjórnarmanna. Ólíkt 8. mgr. 39. gr. einkahlutafélagalaga er þó ekki kveðið á um hámarkstíma sem umboð stjórnarmanns geti gilt. Er því unnt að semja um að umboð stjórnarmanns gildi til ótiltekins tíma.

Ákvæði 2. mgr. taka mið af norsku félagalögunum og 1. mgr. 40. gr. einkahlutafélagalaganna, þ.e. að stjórnarmaður geti hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Honum ber að tilkynna stjórninni og félagsmönnum um það. Í norsku einkahlutafélagalögunum og félagalögunum er reyndar kveðið á um að stjórnarmaður þurfi að hafa sérstaka ástæðu til að láta af starfinu en með hliðsjón af því að slík krafa er ekki gerð í 1. mgr. 40. gr. einkahlutafélagalaga verður ekki séð að ástæða sé til að gera slíka kröfu um stjórnarmenn sameignarfélaga samkvæmt íslenskum rétti.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir svipaðri reglu og er að finna í 1. mgr. 40. gr. einkahlutafélagalaga, þess efnis að sá sem hefur kosið eða tilnefnt stjórnarmann, sbr. 1. mgr. 13. gr., geti vikið honum frá störfum og að félagsfundur geti ávallt látið fara fram nýtt stjórnarkjör.

Í 4. mgr. er svipað ákvæði og í 1. mgr. 40. gr. einkahlutafélagalaga. Ákvæðið tekur einnig mið af 2. mgr. greinar 2-14 í norsku félagalögunum sem vísar til svipaðrar reglu í norsku einkahlutafélagalögunum.

Um 15. gr.

Hér er gert ráð fyrir að valinn sé stjórnarformaður og verkefnum hans lýst. Hliðsjón var höfð af grein 2-15 í norsku félagalögunum og 46. gr. einkahlutafélagalaga en varðandi þátttöku framkvæmdastjóra í stjórnarfundum er gert ráð fyrir ríkara samningsfrelsi en í fyrrgreindum lagaákvæðum. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir sérstakri lagaheimild til að halda rafræna stjórnarfundi.

Um 16. gr.

Hér er höfð hliðsjón af norsku félagalögunum (grein 2-16) og 47. gr. einkahlutafélagalaga. Allir stjórnarmenn þurfa að hafa haft tök á að fjalla um mál til að unnt sé að taka hvers konar ákvarðanir á stjórnarfundi en ekki bara mikilvæg mál eins og kveðið er á um í 47. gr.

einkahlutafélagalaga. Þessi regla felur í sér skyldu til að boða alla stjórnarmenn á fundi, sbr. reglu 2. mgr. 15. gr. sem kveður á um skyldu formanns til að boða til stjórnarfunda.

Um 17. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ráða megi framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins. Svipað ákvæði er í norsku félagalögunum (grein 2-18) og ákvæði 2. og 3. mgr. um valdsvið framkvæmdastjóra taka mið af 44. gr. einkahlutafélagalaga og 68. gr. hlutafélagalaga.

Um 18. gr.

Hér er höfð hliðsjón af vanhæfisreglu 48. gr. einkahlutafélagalaga og 72. gr. hlutafélagalaga og ákvæði norsku félagalaganna (grein 2-17) en líkt og í norska ákvæðinu eru ekki með tæmandi hætti taldar upp aðstæður sem valda vanhæfi stjórnenda eins og í fyrrgreindum ákvæðum hlutafélagalaga sem taka einvörðungu til samningsgerðar eða málshöfðunar. Undir ákvæðið gæti því ekki aðeins fallið samningur sem til stæði að gera við stjórnanda heldur einnig ákvarðanir sem hefði þýðingu fyrir lögaðila sem hann er starfsmaður hjá eða gegnir trúnaðarstarfi fyrir. Samkvæmt reglunni er það skilyrði að um sé að ræða verulega hagsmuni. Hagsmunirnir þurfa að vera svo verulegir að unnt sé að gera ráð fyrir að þeir geti haft áhrif á afstöðu hans og sjónarmið og geti verið til þess fallnir að ýta undir ákvarðanatöku sem geti verið andstæð hagsmunum félagsins.

Í 2. mgr. er sérregla um vanhæfi stjórnenda til að taka þátt í ákvörðunum um lánveitingu eða setningu trygginga til þeirra sjálfra. Hér er ekki um að ræða matskennda reglu eins og í 1. mgr. heldur skilyrðislausa bannreglu sem tekur til hvers konar lánveitinga eða setningar trygginga til stjórnenda sem þeim er ávallt óheimilt að taka þátt í ákvörðun um. Að baki reglunni er það sjónarmið að óeðlilegt er að menn taki ákvörðun um gerð slíkra samninga fyrir hönd félagsins við sjálfa sig. Ekki er þó gert ráð fyrir að lánveitingar til stjórnenda eða félagsmanna séu almennt bannaðar eins og reglan er um hlutafélög og einkahlutafélög, sbr. 79. gr. einkahlutafélagalaga og 104. gr. hlutafélagalaga, enda þótt gera megi ráð fyrir að sama hætta sé fyrir hendi í hvers konar félagsformum, að ákvarðanir um lán og tryggingar til stjórnenda og félagsmanna sameignarfélaga sæti oft ófullnægjandi athugun og ákvarðanir þar um séu teknar gagnrýnislítið enda þótt þeir er málið snertir eigi ekki þátt í þeim. Rökin að baki banni við lánum til hluthafa, stjórnenda og annarra tengdra aðila í hlutafélögum eru á hinn bóginn þau að slíkar lánveitingar skapi sérstaka áhættu vegna takmarkaðrar ábyrgðar hluthafa. Þau rök eiga hins vegar ekki við um sameignarfélög þar sem félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins og því þykir ekki ástæða til að lögfesta skorður við lánveitingum félagsins til félagsmanna og stjórnenda. Ekkert væri því hins vegar til fyrirstöðu að leggja bann við slíkum lánveitingum í félagssamningi.

Um 19. gr.

Eins og fram hefur komið er ekki skylt að velja sérstaka stjórnendur í sameignarfélögum. Í þeim tilvikum er það meginreglan að félagsmenn fara í sameiningu með heimildir til að fara með málefni félagsins og taka ákvörðun um ráðstafanir fyrir hönd þess, sbr. t.d. 2. mgr. 16. gr. firmalaga, sem kveður á um að skylda til að tilkynna sameignarfélag til skráningar hvíli á öllum félagsmönnum, og 4. tölul. 18. gr. sömu laga þar sem segir að í tilkynningu um sameignarfélag skuli m.a. greina, svo framarlega sem hver einstakur félagsmaður hefur ekki rétt til að rita firmað, hver hafi þá rétt til þess og hvort það séu þá einvörðungu fleiri í sam-

einingu. Enda þótt þannig sé að meginreglu til gert ráð fyrir að félagsmenn taki ákvarðanir og ráðstafi málefnum félagsins í sameiningu hefur þó verið gert ráð fyrir því að hver og einn félagsmaður njóti einstaklingsbundins réttar til að taka ákvarðanir og gera ráðstafanir sem eru eðlilegur þáttur í rekstri félagsins og enginn félagsmanna hefur lýst sig mótfallinn.

Á grundvelli fyrrnefndra meginreglna er hér mælt fyrir um lögfestingu frávíkjanlegrar reglu um stjórnunarheimildir einstakra félagsmanna í þeim tilvikum er ekki hefur verið kosin stjórn eða ráðinn framkvæmdastjóri og ekki hefur verið samið um annað. Stjórnunarheimildir einstakra félagsmanna í einstökum málefnum takmarkast við að annar félagsmaður hafi ekki lýst sig andsnúinn tiltekinni ráðstöfun. Þetta neitunarvald er í samræmi við meginregluna um samþykki allra skv. 2. mgr. 12. gr. Hér er um sömu reglu að ræða og í norsku félagalögunum (grein 2-20) en sambærilega reglu um stjórnunarheimildir einstakra félagsmanna er einnig að finna í sænskum og þýskum lögum um sameignarfélög. Jafnframt er í dönskum fræðum gert ráð fyrir að sama regla gildi um einstaklingsbundnar stjórnunarheimildir félagsmanna í sameignarfélögum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir þeirri reglu að í þeim tilvikum er í félaginu hefur verið kjörin stjórn eða ráðinn framkvæmdastjóri njóti félagsmenn ekki stjórnunarheimilda skv. 1. mgr. Fullt samningsfrelsi ríkir þó um aðra skipan. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. er þó gert ráð fyrir að einstakir félagsmenn njóti ávallt réttar til að grípa til ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að félagið verði fyrir tjóni.

Um 20. gr.

Það leiðir af ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins að þeir eiga að meginreglu til ríkan rétt á upplýsingum um málefni félagsins. Það leiðir enn fremur af trúnaðarskyldu félagsmanna innbyrðis og gagnvart félaginu að þeim ber að eigin frumkvæði að veita öðrum félagsmönnum upplýsingar sem þeir búa yfir og hafa þýðingu fyrir starfsemi félagsins. Hér má t.d. benda á að skv. 19. gr. fara einstakir félagsmenn með ríkar stjórnunarheimildir hafi stjórn ekki verið kosin og hafa að sama skapi að meginreglu til rétt til að skuldbinda félagið skv. 28. gr. Það er því ljóst að skyldan til að veita félagsmönnum upplýsingar er mjög þýðingarmikil. Að þessu leyti er staða félagsmanna í sameignarfélögum talsvert ólík stöðu hluthafa sem hvorki fara með beinar stjórnunarheimildir né bera persónulega ábyrgð á skuldbindingum hlutafélaga enda er réttur hluthafa til upplýsinga takmarkaður, sbr. 66. gr. einkahlutafélagalaga og 91. gr. hlutafélagalaga. Hér eru lögfestar frávíkjanlegar reglur um upplýsingaskyldu félagsmanna og stjórnenda þegar það á við. Í 3. mgr. er jafnframt kveðið á um rétt einstakra félagsmanna til að skoða sjálfir eða með aðstoð sérfróðra manna gögn félagsins, m.a. rannsaka reikninga félagsins og gögn sem tengjast reikningsgerð og bókhaldi, auk þess sem þeir geta krafist upplýsinga um önnur málefni félagsins.

Um 21. gr.

Það er meginregla um sameignarfélög að félagsmönnum er í sjálfsvald sett hvernig þeir skipta hagnaði af rekstri félagsins. Ráðstöfun hagnaðar og meðferð taps er nokkuð sem iðulega er tekin afstaða til í félagssamningi. Samkvæmt norsku félagalögunum (grein 2-25) er reglan sú að hagnaði og tapi er skipt jafnt eða eftir höfðatölu. Sú regla er eðlileg í ljósi þess að allir félagsmenn bera sömu ábyrgð á skuldbindingum félagsins og að félagsmenn inna iðulega ekki af hendi fjárframlag til félagsins. Í stærri sameignarfélögum með fleiri félagsmönnum, sem hafa innt af hendi mismunandi stofnfjárframlag, væri þó eðlilegra að skipta hagnaði og tapi í samræmi við eignarhlutföll.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá meginreglu að félagsfundur taki ákvörðun um arðgreiðslur.

Hér á landi hefur verið byggt á því að í þeim tilvikum, er félagssamningur tekur ekki afstöðu til skiptingar hagnaðar og taps, gildi sama regla og um skiptingu tekna og eigna sameignarfélaga sem eru ekki sjálfstæðir skattaðilar, skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Þar segir að sé þess ekki óskað við skráningu sameignarfélags að félagið sé sjálfstæður skattaðili skuli tekjum þess og eignum skipt milli félagsmanna í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum tekjum og eignum félagsmannanna. Kveði félagssamningur eigi á um skiptingu tekna og eigna skal þeim skipt milli félagsmanna eftir eignarhlutföllum. Ef eignarhlutföll eru ekki fyrir hendi eða þau óljós skal tekjum og eignum skipt jafnt milli félagsmanna. Enda þótt sterk rök séu fyrir þeirri reglu sem norsku lögin byggjast á þykir að sinni ekki ástæða til að innleiða hana sem meginreglu um skiptingu hagnaðar og taps í sameignarfélögum. Því er gert ráð fyrir að lögfesta hér sömu meginreglu og gildir samkvæmt skattalögum.

Um 22. gr.

Í greininni er mælt fyrir um endurkröfurétt félagsmanna sem hafa þurft að greiða skuld félagsins. Ákvæði 1. mgr. veita rétt til að endurkrefja félagið en 2. mgr. kveður á um heimild félagsmanns til að krefja hina félagsmennina um greiðslu greiði félagið ekki. Endurkröfurétturinn nær einnig til vaxta og kostnaðar sem félagsmaður hefur þurft að greiða fyrir félagið. Ætla verður að ákvæðin séu a.m.k. að mestu í samræmi við gildandi rétt en ekki er við beinar dómsúrlausnir að styðjast í því sambandi, sbr. þó dóm Hæstaréttar, Hrd. 1984, bls. 1373, þar sem leyst var úr því hvort stofnast hefði til sameignarfélags með málsaðilum og þar með jafnrar ábyrgðar þeirra á skuldbindingum gjaldþrota fyrirtækis. Reglan er til þess fallin að skýra réttarstöðuna þegar ekki er tekið á álitaefninu í félagssamningi. Ákvæðin samsvara reglu 2-5 í norsku félagalögunum.

Endurkrafa skv. 1. mgr. er skilyrðislaus. Endurkrafan stofnast um leið og félagsmaður greiðir skuld félagsins og fjárhæð hennar er í samræmi við greiðsluna sem hann innti af hendi, þar á meðal vexti vegna dráttar á greiðslu af hálfu félagsins. Endurkrafa félagsmanns á hendur öðrum félagsmönnum skv. 2. mgr. er til vara, sbr. tilvísun ákvæðisins um að ákvæði 2. mgr. 8. gr. gildi um endurkröfuna. Það þýðir að félagsmaður getur fyrst að liðnum fimmtán dögum, frá því að hann krafði félagið, krafið hina félagsmennina um greiðslu fái hann ekki greitt frá félaginu, og þá að frádregnum þeim hluta sem honum ber að greiða sjálfur. Ábyrgð félagsmanna er skipt. Greiði einhver eða einhverjir félagsmanna ekki sinn hluta skuldarinnar skiptist sá hluti milli annarra félagsmanna en samkvæmt því er um að ræða til vara óskipta ábyrgð félagsmanna á þeim hluta er einstakir félagsmenn geta ekki greitt. Helgast það af því að telja yrði ósanngjarnt ef greiðsluvangeta eins félagsmanns ætti að bitna aðeins á einum félagsmanni þegar e.t.v. tilviljun ein hefur ráðið því að hann hafi þurft að greiða skuldina. Gera verður þá kröfu að sýnt sé fram á ógjaldfærni félagsmanns, með árangurslausu fjárnámi eða öðrum sannanlegum hætti, áður en unnt er að krefja aðra félagsmenn um greiðslu hans hlutar. Um skiptingu greiðslunnar milli félagsmanna gildir regla 21. gr. um skiptingu hagnaðar og taps, þ.e. greiðslan skiptist jafnt á milli þeirra nema um annað sé samið í félagssamningi. Félagsmenn hafa með öðrum orðum fullt svigrúm til að semja um hvort og hvernig eigi að haga endurkröfurétti félagsmanns gagnvart félaginu og félagsmönnum og skiptingu innbyrðis.

Um 23. gr.

Þar sem félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins er ekki þörf á skilyrðislausum reglum um myndun stofnfjár og vernd eigin fjár sameignarfélags. Í sameignarfélögum skiptir fjárhagsgrundvöllur félagsmanna oft á tíðum höfuðmáli við mat á greiðslufærni félagsins. Að þessu leyti eru sameignarfélög gerólík hlutafélögum og einkahlutafélögum þar sem félagsmenn bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins og litið er á hlutaféð sem meginfjárhagsgrundvöll félagsins, sem m.a. viðsemjendur geti reitt sig á, auk eigin fjár félagsins.

Regla þessarar greinar, sem á sér fyrirmynd í grein 2-6 í norsku félagalögunum, endurspeglar þá ólögfestu meginreglu um sameignarfélög að ekki er skylt að mynda stofnfé nema slíka skyldu leiði af félagssamningi. Heimilt er að kveða á um slíka skyldu í félagssamningi enda getur oft verið þörf á að félagsmenn inni af hendi fjármuni til félagsins til að hefja reksturinn. Af þessum sökum er í 6. tölul. 2. mgr. 7. gr. kveðið á um að félagsmenn skuli taki afstöðu til þess í félagssamningi hvort þeim beri að greiða framlag til félagsins og þá verðmæti þess. Félagsmönnum er enn fremur í sjálfsvald sett í hvaða formi framlagið er, ólíkt því sem gildir um hlutafélög og einkahlutafélög. Reiðufé er væntanlega algengast en einnig er heimilt að inna af hendi framlög t.d. í formi fasteigna, vinnuframlags eða viðskiptavildar.

Ákvæði 2. mgr. hafa þýðingu í þeim tilvikum þegar félagssamningur kveður á um að einn eða fleiri félagsmenn skuli inna af hendi framlag til félagsins. Skv. 2. mgr. gjaldfellur skyldan til að greiða framlagið strax, þ.e. við stofnun félagsins, nema um annað sé samið. Hér er ekki sérstaklega fjallað um afleiðingar vanefnda á þessari skyldu en um það gilda almennar vanefndareglur kröfuréttar. Eftir aðstæðum gæti vanefnd á þessari skyldu leitt til brottvikningar skv. 36. gr.

Um 24. gr.

Við stofnun sameignarfélaga er almennt stofnað til náins samstarfs með félagsmönnum, m.a. út af ábyrgðinni sem þeir bera, og einnig sökum þess að iðulega skuldbinda félagsmenn sig til að taka sjálfir þátt í starfseminni, t.d. með því að inna af hendi vinnuframlag. Bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar er það því grundvallarregla um sameignarfélög að rík trúnaðarskylda hvíli á félagsmönnum, bæði gagnvart félaginu og félagsmönnum. Eins og fram hefur komið felur félagssamningurinn almennt í sér skuldbindingu félagsmanna til að starfa saman og vinna sameiginlega að framgangi tilgangs félagsins. Þeim er almennt talið skylt að vinna að tilgangi félagsins og láta allt það ógert sem skaðað getur félagið.

Af trúnaðarskyldunni leiðir m.a. að þagnarskylda hvílir á félagsmönnum um starfsemi félagsins og enn fremur að hömlur hljóta að vera á frelsi félagsmanna til að stunda samkeppni við rekstur félagsins eins og gert er ráð fyrir að lögfest verði hér sem meginregla, sbr. 1. mgr. Hér er ekki um að ræða almennt bann við þátttöku í öðrum atvinnurekstri, svo sem einkafyrirtæki, aðild að öðru sameignarfélagi eða einkahlutafélagi, heldur því aðeins að um sé að ræða samkeppnisrekstur, þ.e. rekstur á sama sviði og markaði. Eignarhald á hlutabréfum í hlutafélagi í samkeppnisrekstri félli almennt utan 1. mgr. nema félagsmaðurinn færi með svo stóran hlut eða önnur réttindi í hinu skráða félagi að hann færi með yfirráð í því. Annars er matið á því hvort um samkeppnisrekstur sé að ræða háð sérstöku mati í hverju tilviki.

Í 2. mgr. er kveðið á um að brot gegn samkeppnisbanninu geti leitt til skaðabótaskyldu skv. 44. gr. Þessi ákvæði eru að hluta þau sömu og kveðið er á um í reglu 2-24 í norsku félagalögunum en hér er þó ekki gert ráð fyrir að lögfest sé regla um skyldu félagsmanns til

að greiða félaginu þann ávinning sem hann hefur haft af brotinu eins og þar er jafnframt gert og einnig t.d. í þýskum lögum um sameignarfélög. Slík regla virðist ekki vera fyrir hendi í gildandi rétti og ekki þykir ástæða til að innleiða hana. Önnur úrræði en skaðabætur eru þó fyrir hendi vegna samkeppnisbrots en það mundi að jafnaði teljast veruleg vanefnd á félagssamningi og getur því einnig verið grundvöllur að heimild til brottvikningar hins brotlega félagsmanns, sbr. b-lið 1. mgr. 36. gr., úrsögn þess félagsmanns sem brotið er gegn, sbr. a-lið 2. mgr. 32. gr., eða slitum félags, sbr. a-lið 1. mgr. 38. gr.

Um 25. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skráð sameignarfélög njóti rétthæfis. Nauðsynlegt er, þegar um lögaðila er að ræða, að þeir njóti fjárhagslegs sjálfstæðis. Eðlilegt er að lögfesta skyldu til að aðgreina eignir félagsins frá eignum félagsmanna. Sama regla er í norsku félagalögunum (grein 2-7). Sem lögaðili verður skráð sameignarfélag m.a. eigandi þeirra eigna sem félagsmenn hafa látið af hendi rakna til félagsins. Þessi regla þjónar bæði hagsmunum félagsmanna og kröfuhöfum félagsins. Nokkur óvissa hefur t.d. ríkt um stöðu kröfuhafa félagsins gagnvart kröfuhöfum einstakra félagsmanna (svokallaðra sérkröfuhafa), nánar tiltekið hvort félagsmaður í sameignarfélagi teljist beinn eigandi eigna félagsins í samræmi við eignarhlutdeild sína í félaginu eða hvort eignarréttur hans nái einvörðungu til svokallaðrar nettóhlutdeildar hans í eignum félagsins, þ.e. verðmæta eigna félagsins að frádregnum skuldum þess. Með því að lögfesta rétthæfi skráðra sameignarfélaga og skyldu til að halda eignum félagsmanna og félagsins aðgreindum verður reglan sú að sérkröfuhafar félagsmanna geta einungis leitað fullnustu í réttindum félagsmanna á hendur félaginu. Sérkröfuhafar geta því t.d. ekki gert fjárnám í eignum félagsins.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um það hvenær félagsmaður getur krafist úthlutunar af fjármunum félagsins og takmarkanir á því. Ákvæði 1. og 2. mgr. eru frávíkjanlegar reglur um rétt félagsmanns til greiðslu fyrir vinnuframlag og endurgreiðslu hafi hann með réttu greitt kostnað í þágu félagsins en annars fer það eftir félagssamningi að hve miklu leyti félagsmenn eiga rétt til úthlutunar af fjármunum félagsins. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að lögfest verði ný ófrávíkjanleg regla um skráð sameignarfélög sem takmarkar svigrúm til úthlutunar fjármuna félagsins til félagsmanna. Þótt ekki sé skylt að mynda stofnfé í sameignarfélögum þar eð persónuleg ábyrgð félagmanna þykir almennt fullnægjandi vernd fyrir þá er eiga kröfu á hendur félaginu er eðlilegt að gera þá kröfu til sameignarfélaga, sem stunda atvinnurekstur, að úthlutun fjármuna úr þeim stríði ekki beinlínis gegn hagsmunum kröfuhafa. Hér er þó ekki um meiri háttar breytingu á gildandi rétti að ræða þar eð bann við úthlutun til félagsmanna ætti aðeins við í undantekningartilvikum, sbr. orðalagið „augljóslega skaða hagsmuni félagsins eða kröfuhafa þess“. Reglan tekur til hvers konar yfirfærslu fjármuna til félagsmanna sem á sér stað án endurgjalds. Félagsmanni, sem væri úthlutað fjármunum andstætt reglunni, væri skylt að endurgreiða félaginu en einnig gæti brot gegn reglunni í einhverjum tilvikum leitt til skaðabótaskyldu skv. 44. gr. Reglan er einnig í þágu hagsmuna félagsmanna, t.d. minni hluta sem sættir sig ekki við ákvörðun meiri hluta um úthlutun fjármuna sem hefði í för með sér hættu á að endurkrafa, sem þeir ættu á hendur félaginu, tapaðist. Hér er höfð hliðsjón af norsku félagalögunum (grein 2-26).

Um 27. gr.

Hér að finna reglu um hverjir annist bókhald og meðferð eigna félagsins. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 19. gr. ber hver og einn félagsmaður ábyrgð á fjárreiðum félags en hafi sérstakir stjórnendur verið valdir kemur það í hlut þeirra. Reglan er svipuð grein 2-24 í norsku félagalögunum en einnig var horft til 3. mgr. 44. gr. einkahlutafélagalaga og 3. mgr. 68. gr. hlutafélagalaga hvað varðar skyldur stjórnenda í þessum efnum.

Um 28. gr.

Hér er að finna reglur um hverjir geta skuldbundið sameignarfélög. Hér er höfð hliðsjón af norsku félagalögunum (grein 2-21) og einnig 49. og 50. gr. einkahlutafélagalaga og 74. og 75. gr. hlutafélagalaga. Regla 1. mgr. er enn fremur í samræmi við áðurnefnda meginreglu 4. tölul. 18. gr. firmalaga um að einstakir sameignarfélagsmenn geti skuldbundið félagið nema annað sé tilkynnt í firmaskrá. Í félagssamningi má ákveða aðra skipan en nauðsynlegt er að tilkynna hverjir séu í fyrirsvari fyrir félagið. Sé stjórn kosin fer hún með rétt til að rita firma félagsins. Bæði félagsfundur og stjórn geta veitt einstökum mönnum, einum eða fleiri í sameiningu, rétt til að rita firma. Í 5. mgr. er kveðið á um veitingu prókúruumboðs en um þau umboð gilda að öðru leyti reglur firmalaga.

Um 29. gr.

Hér eru reglur sem taka til þeirra tilvika þegar einhver, sem hefur umboð skv. 28. gr., fer út fyrir heimild sína gagnvart félaginu, nánar tiltekið hvenær félagið getur borið fyrir sig heimildarskortinn með þeim afleiðingum að félagið verði ekki bundið gagnvart þriðja manni. Hér er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um þetta og einkahlutafélög og hlutafélög, sbr. 52.–53. gr. einkahlutafélagalaga og 77.–78. gr. hlutafélagalaga, en 2. og 3. mgr. taka eðli sínu samkvæmt aðeins til skráðra sameignarfélaga.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir lögfestingu frávíkjanlegrar meginreglu um að félagsmaður geti ekki framselt eignarhlut sinn til annars aðila nema með samþykki allra félagsmanna. Þörf félagsmanna á að geta gengið úr félaginu við tilteknar aðstæður er mætt með sérstökum reglum um heimildir til úrsagnar, sbr. 32. gr. Bann við framsali tekur til hvers konar yfirfærslu eignarhluta, svo sem sölu, skipta, gjafar og arfs. Félagsmanni væri hins vegar heimilt að framselja tiltekin réttindi sem fylgja félagsaðildinni, t.d. rétt til arðs og rétt til eignarhlutar við skipti eða úrsögn. Framsalsbann kemur heldur ekki í veg fyrir að unnt sé að veðsetja eignarhluta í sameignarfélagi og t.d. verður fjárnám gert í eignarhluta í sameignarfélagi. Ákvæði 30. gr. er svipað grein 2-28 í norsku félagalögunum.

Í 2.–4. mgr. er fjallað um réttarstöðu gamla og nýja félagsmannsins (framseljanda og framsalshafa) við framsal á félagsaðild. Ákvæðið er svipað grein 2-30 í norsku félagalögunum. Í 1. mgr. er fjallað um réttindi og skyldur framsalshafans og í 2. mgr. um ábyrgð framsalshafa og framseljanda gagnvart kröfuhöfum félagsins, sbr. enn fremur 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. Skv. 2. mgr. öðlast framsalshafinn bæði fjárhagsleg réttindi og stjórnunarréttindi framseljanda auk þess sem hann gengst undir þær skyldur sem hvíldu á framseljandanum á grundvelli félagsaðildarinnar samkvæmt lögunum, félagssamningi og almennum reglum. Við framsal tekur þannig framsalshafi almennt á sig allar skyldur sem hvíldu áður á framseljandanum. Framseljandi og framsalshafi bera óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu á hendur félaginu við eigendaskiptin, sbr. þó að ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. heimila að

samið sé um að nýr félagsmaður beri ekki ábyrgð á eldri skuldbindingum þegar um skráð sameignarfélag er að ræða. Meginreglan er að félagsmaður, sem er genginn úr sameignarfélagi, ber áfram ábyrgð á þeim skuldbindingum félagsins sem stofnað var til áður en hann gekk úr félaginu. Hann ber hins vegar ekki ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað er til eftir úrsögnina. Hann verður þó að gæta þess að lok félagsaðildar séu tilkynnt til firmaskrár þegar um skráð félag er að ræða vilji hann gæta réttar síns gagnvart viðsemjendum félagsins sem annars gætu verið í góðri trú um að hann væri áfram félagsmaður og þar með ábyrgur fyrir starfsemi þess.

Hér er enn fremur gert ráð fyrir þeim möguleika að framseljandi geti leitað eftir því við kröfuhafa félagsins að þeir leysi hann undan ábyrgð. Sá sem genginn er úr félaginu hefur ríka hagsmuni af því að fá afstöðu kröfuhafa til þess hvort eða að hverju marki hann beri áfram ábyrgð á einstökum skuldbindingum félagsins. Á það sérstaklega við þegar út frá því er gengið við lok félagsaðildar og ákvörðun söluverðs eða innlausnarverðs að framseljandi muni ekki þurfa síðar að greiða skuldir félagsins. Kröfuhafar geta leyst framseljandann undan ábyrgð hvort heldur sem er með yfirlýsingu eða með þegjandi samkomulagi eftir að framseljandi hefur með skriflegum og sannanlegum hætti farið fram á lausn undan ábyrgðinni, sbr. 4. mgr. Greiði framseljandi skuld félagsins á hann endurkröfu á félagið skv. 1. mgr. 22. gr. og eftir atvikum á aðra félagsmenn skv. 2. mgr. 22. gr., en þann hluta skuldarinnar, sem framsalshafa ber að greiða samkvæmt innbyrðis samningi aðila, getur framseljandi einvörðungu krafið framsalshafa um endurgreiðslu á. Hvorki félagið né aðrir félagsmenn verða krafðir um hans hluta.

Um 31. gr.

Eins og áður hefur komið fram er þátttaka í sameignarfélagi þess eðlis að það getur skipt öllu máli fyrir félagsmenn hverjir samstarfsaðilar þeirra eru í félaginu. Ýmsar persónulegar aðstæður, eins og fjárhagur og samstarfshæfni hins látna, hafa getað ráðið því að aðrir félagsmenn stofnuðu sameignarfélag með honum. Með tilliti til hagsmuna þeirra er reglan sú að án sérstakrar heimildar í félagssamningi getur eignarhluti í sameignarfélagi ekki gengið að erfðum til annars aðila. Þess í stað á dánarbú hins látna rétt til greiðslu eignarhluta hans í félaginu nema um annað sé samið. Hér er einnig vísað til 33. og 35. gr., þ.e. reglna um ákvörðun innlausnarverðs og ábyrgð félagsmanns sem gengur úr félaginu sem gilda eftir því sem við á þegar félagsmaður deyr. Skv. 3. mgr. eru reglur 1. og 2. mgr. frávíkjanlegar ef annað er ákveðið í samningi sem þýðir að samþykki allra þyrfti til að félagsaðild gengi að erfðum.

Um 32. gr.

Í þessu ákvæði eru frávíkjanlegar reglur um úrsögn, þ.e. rétt einstakra félagsmanna til að ganga úr félaginu, án þess að framsal til annars aðila, sbr. 30. gr., þurfi að koma til, og krefjast þess að félagið leysi til sín eignarhlut þeirra. Með úrsögn er nánar tiltekið átt við þær aðstæður þegar félagsmaður lýsir því einhliða yfir að hann hætti þátttöku í félaginu án þess að félaginu sjálfu sé slitið. Fyrirmynd reglunnar er grein 2-32 í norsku félagalögunum.

Almennt hefur verið talið að sú meginregla gildi um sameignarfélag að félagsmenn geti gengið úr félaginu með hæfilegum fyrirvara. Þá hefur einnig verið talið að brot gegn félagssamningi, þ.e. veruleg vanefnd hans, veiti félagsmanni rétt til að krefjast slita félagsins en þó með þeim fyrirvara að stundum yrði hann að sætta sig við að vera leystur út. Með reglum

32. gr. er ætlunin að skýra réttarstöðuna hér á landi hvað snertir heimildir félagsmanns til að segja sig úr sameignarfélagi þegar ákvæði í félagssamningi skortir.

Í 1. mgr. er kveðið á um almenna heimild til að segja upp þátttöku í félaginu með sex mánaða fyrirvara en í 2. mgr. er að finna reglur um sérstakar ástæður sem veita rétt til fyrirvaralausrar úrsagnar. Í 3. mgr. er að finna reglu um tímamarkið sem verðmæti eignarhluta félagsmanns skal miðað við, þ.e. svokallað innlausnarverð sem fjallað er um í næstu grein. Í 4. mgr. er kveðið á um tilkynningu úrsagnar en í 5. mgr. að félagsmaður þurfi að nýta rétt til fyrirvaralausrar innlausnar innan hæfilegs frests frá því innlausnarheimild lá fyrir ætli hann að nýta réttinn. Loks segir í 6. mgr. að reglurnar séu frávíkjanlegar, eins og áður sagði, með samningi.

Rökin fyrir meginreglu um heimild til skilyrðislausrar úrsagnar skv. 1. mgr. eru þau að félagsmaður nýtur ekki almenns réttar til að framselja aðild sína til annars aðila, sbr. 30. gr. Með ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er skýrlega kveðið á um rétt félagsmanns til að ganga úr félaginu með sanngjörnum fyrirvara, sé ekki kveðið á um bann eða takmarkanir á úrsögn í félagssamningi. Ákvæði 2. mgr. um rétt félagsmanns til fyrirvaralausrar uppsagnar í þeim tilvikum sem þar eru talin upp tengjast hagsmunum hans af því að hætta þátttöku í félaginu þegar fyrir liggja ástæður sem gera áframhaldandi þátttöku hans erfiða eða jafnvel ómögulega. Þetta er í samræmi við það sem menn hafa talið að gildi samkvæmt íslenskum rétti, þ.e. að aðstæður, sem geta talist leiða til þess að brostnar séu forsendur fyrir áframhaldandi samstarfi í sameignarfélagi, veiti heimildir til úrsagnar. Ástæður, sem veita rétt til fyrirvaralausrar úrsagnar, eru tæmandi taldar í 2. mgr. Til að taka af allan vafa er kveðið á um það í 4. mgr. að öllum félagsmönnum skuli send tilkynning um úrsögn úr félaginu auk þess sem stjórn skal tilkynnt um það hafi hún verið kosin.

Sem dæmi um verulega vanefnd, sbr. a-lið 2. mgr., má nefna ef einn félagsmaður gerir eitthvað í nafni félagsins þrátt fyrir að annar félagsmaður hafi lagt bann við því á grundvelli neitunarvalds síns, sbr. 2. mgr. 12. gr., félagsmaður tekur þátt í samkeppnisrekstri skv. 24. gr. eða fullnægir ekki upplýsingaskyldu sinni skv. 20. gr. Mat á því hvort um verulega vanefnd sé að ræða er þó ávallt háð sjálfstæðu mati með hliðsjón af aðstæðum í því félagi sem um ræðir. Skilyrði b-liðar 2. mgr. á við þegar menn hafa í félagssamningi vikið frá meginreglunni um að samþykki allra sé nauðsynlegt en við þær aðstæður hefur félagsmaður ríka hagsmuni af því að geta gengið úr félaginu verði hann undir í atkvæðagreiðslu í mikilvægu máli, m.a. með tilliti til ábyrgðar félagsmanns. Hér þarf hins vegar að vera um mikilvægt mál að ræða. Matið á því hvað telst mikilvægt mál verður að taka á grundvelli sérstaks mats þar sem fleiri sjónarmið geta skipt máli, þar á meðal fjárhagslegar afleiðingar og áhætta sem tekin er fyrir félagið og þátttakendur. Að meginreglu til á hér að vera um hlutlaust mat að ræða sem þýðir að skoðun þess sem vill ganga út á ekki að ráða úrslitum. Skilyrði c-liðar 2. mgr. er í samræmi við almennar reglur kröfuréttar um brostnar forsendur. Í 5. mgr. er að finna tómlætisreglu þar sem kveðið er á um að sé ekki gerð krafa um innlausn skv. 2. mgr. innan hæfilegs frests falli heimildin brott. Gera verður ráð fyrir að þessi regla sé þegar í gildi að íslenskum rétti en hana er einnig að finna í fyrrgreindu ákvæði norsku félagalaganna og hún er jafnframt viðurkennd í danskri réttarframkvæmd. Ekki þykir rétt að kveða á um tiltekinn afmarkaðan frest með skilyrðislausum hætti þar sem gera verður ráð fyrir mismiklu svigrúmi til mats á aðstæðum og jafnframt möguleika félagsmanns að leita ráða, t.d. hjá lögmanni.

Réttaráhrif úrsagnar eru m.a. þau að sá er gengur úr félaginu afsalar sér þar með réttindum samkvæmt félagssamningnum en fær í staðinn greitt svokallað innlausnarverð skv. 33. gr.

Tímamark þess hvenær þessi réttaráhrif taka gildi er mismunandi eftir því hvort um er að ræða úrsögn skv. 1. eða 2. mgr. Skv. 1. mgr. taka þau fyrst gildi sex mánuðum eftir að skrifleg úrsögn var send félagsmönnum. Réttaráhrif úrsagnar skv. 2. mgr. taka hins vegar gildi strax eða „fyrirvaralaust" eins og það er orðað í ákvæðinu, nánar tiltekið þegar krafan um úrsögn hefur borist félagsmönnum. Ekki er áskilið í 2. mgr. að krafan sé sett fram skriflega en út frá sönnunarsjónarmiðum er mælt með því eða að úrsögn sé færð í gerðabók á félagsfundi.

Í lokamálslið 1. mgr. er kveðið á um að mat á verðmæti eignarhluta skuli miðað við tímann er uppsagnarfresturinn rennur út. Innlausnarverð eftir 2. mgr. er verðmæti eignarhlutarins á þeim tíma er innlausnarheimildin lá fyrir. Fjallað er um ákvörðun innlausnarverðsins í 33. gr.

Eins og leiðir af lokamálsgreininni þar sem fram kemur að ákvæði greinarinnar séu frávíkjanleg geta félagsmenn t.d. samið um styttri eða lengri uppsagnarfrest en sex mánuði, jafnvel að félagsmenn njóti ekki réttar til úrsagnar, aðrar aðstæður sem veita rétt til fyrirvaralausrar úrsagnar en um getur í 2. mgr. og tímamark ákvörðunar innlausnarverðsins. Þótt heimilt sé í félagssamningi að leggja bann við úrsögn án samþykkis annarra félagsmanna, einnig þótt ríkar ástæður kunni að vera fyrir úrsögn, sbr. 2. mgr., getur það ekki útilokað kröfu um slit félags skv. 38. gr. eða kröfur á grundvelli almennra reglna fjármunaréttar um rétt til að krefjast ógildingar samninga.

Um 33. gr.

Hér er að finna reglur um hvernig reikna skuli verðmæti eignarhluta (innlausnarverð) þegar félagsmaður gengur úr félaginu, sbr. 32. gr., eða við andlát, sbr. 31. gr. Einnig getur komið til beitingar ákvæðisins í tengslum við brottvikningu félagsmanns skv. 36. gr. en hann á þá rétt á greiðslu eignarhluta. Við innlausn þarf að verðmeta allar eignir félagsins. Ákvæðið á við ef félagsmenn hafa ekki samið um annað enda eru reglurnar frávíkjanlegar, sbr. 4. mgr.

Reglur 33. gr. miða að því að finna út nettóeignarhluta félagsmanns, þ.e. eignarhluta hans í eignum félagsins að frádregnum skuldum. Ákvæðið er samið með hliðsjón af grein 2-33 í norsku félagalögunum. Sá sem gengur úr félaginu á skv. 32. gr. rétt á því að eignarhlutur hans sé gerður upp á grundvelli raunvirðis eigna félagsins á þeim tíma er innlausnarheimildin lá fyrir. Samkvæmt ákvæðinu þarf að gera sérstakt milliuppgjör (efnahags- og rekstrarreikning) frá síðasta ársreikningi til þess dags sem miða ber við skv. 32. gr. Milliuppgjörið á því að sýna allar eignir og skuldir félagsins á uppgjörsdegi,

Ekki er gert ráð fyrir að lögin kveði á um tiltekinn reiknigrundvöll sem miða beri við þegar lagt er mat á verðmæti eigna félagsins en val á aðferð skiptir miklu máli um niðurstöðuna. Þó er gert ráð fyrir að við matið sé tekið mið af meginreglu reikningsskilareglna og verðmatið sé miðað við að félagið haldi áfram starfsemi („going concern"), sbr. einnig 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Ef ekki er gert ráð fyrir að félagið haldi starfsemi áfram hlýtur grundvöllur mats á verðmæti eigna félagsins jafnan að vera söluverðmæti eignanna en ekki bókfært virði. Áætlað söluverð hlýtur þó að vera mismunandi eftir því hvort gera má ráð fyrir að finna megi kaupanda að öllum eignum félagsins eða hvort nauðsynlegt sé að meta einstakar eignir félagsins til verðs þar eð ekki sé grundvöllur fyrir sölu á rekstri og eignum félagsins. Í síðarnefnda tilvikinu yrði t.d. viðskiptavild ekki metin til verðs en hún yrði að jafnaði metin til verðs í fyrrnefndu tilvikunum.

Um skiptingu eigin fjár félagsins gildir sama meginregla og mælt er fyrir um í 21. gr. um skiptingu hagnaðar og taps, þ.e. skiptingin fer eftir eignarhlutföllum.

Samkvæmt 3. mgr. ræðst niðurstaðan um það hvort sá er gengur úr félaginu eigi kröfu á hendur félaginu eða félagið á hendur honum af því hvort höfuðstólsreikningur hans er jákvæður eða ekki þegar hlutdeild hans í eigin fé félagsins eða tapi þess hefur verið færð á höfuðstólsreikninginn. Ef tap hefur með öðrum orðum orðið á rekstri félagsins þarf sá er gengur úr félaginu að taka á sig hlutdeild í því eins og kveðið er skýrlega á um í 21. gr.

Um 34. gr.

Hér er kveðið á um gjalddaga innlausnarfjárhæðarinnar, eins og hún er ákveðin skv. 33. gr., og enn fremur kröfu félagsins á hendur þeim er gengur úr félaginu um hlutdeild hans í tapi félagsins. Forsenda þess að félagsmaður verði þegar krafinn um greiðslu hlutdeildar hans í tapi félagsins er að uppgjör liggi fyrir skv. 33. gr.

Um 35. gr.

Hér er kveðið á um ábyrgð félagsmanns sem er genginn úr félaginu en eins og sagði í athugasemdum við 30. gr. er meginreglan sú að félagsmaður, sem er genginn úr sameignarfélagi, beri áfram ábyrgð á þeim skuldbindingum félagsins sem stofnað var til áður en hann gekk úr félaginu. Með sama hætti og kveðið er á um í 30. gr. er í þessu ákvæði þó gert ráð fyrir að kröfuhafar félagsins geti leyst þann sem genginn er úr félaginu undan ábyrgð á skuldbindingum hans. Um þessa skipan og rök fyrir henni er nánar fjallað í athugasemdum við 30. gr. Fyrirmynd þessa ákvæðis er grein 2-35 í norsku félagalögunum.

Um 36. gr.

Hér er mælt fyrir um heimild félagsfundar til að taka ákvörðun um brottvikningu félagsmanns ef mikilvægar ástæður krefjast þess. Ákvæðið er sambærilegt og ákvæði greinar 2-36 í norsku félagalögunum. Ákvæði greinarinnar eru frávíkjanleg eins og segir í 6. mgr.

Skilyrði brottvikningar er veruleg vanefnd á félagssamningi eða aðrar mikilvægar ástæður eins og nánar greinir í 1. mgr. ákvæðisins. Þau tilvik, sem talin eru upp þar, eru í samræmi við gildandi meginreglur um rétt til að krefjast brottvikningar. Brjóti félagsmaður verulega gegn félagssamningi eða aðrar alvarlegar aðstæður koma upp sem getið er í a–c-lið 1. mgr. getur sú staða komið upp að annar félagsmaður geti valið á milli þess að krefjast sjálfur úrsagnar skv. a-lið 2. mgr. 32. gr. frumvarpsins eða krefjast þess að hinum brotlega verði vikið úr félaginu. Séu skilyrði til brottvikningar fyrir hendi á hinn brotlegi ekki rétt á því að félaginu verði slitið skv. 38. gr.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. veitir gjaldþrot félagsmanns eða fjárhagsörðugleikar, sem fela það í sér að hann er ófær um að standa við skuldbindingar sínar, rétt til að krefjast brottvikningar hans. Gjaldfærni félagsmanns verður almennt að teljast forsenda annarra félagsmanna fyrir aðild hans að félaginu. Mat á því, hvort félagsmaður sé ógjaldfær, er það sama og skv. 1. mgr. 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Hér getur t.d. árangurslaust fjárnám hjá félagsmanni veitt rétt til að krefjast brottvikningar hans. Skv. b-lið 1. mgr. veitir veruleg vanefnd á félagssamningi rétt til brottvikningar. Hér getur verið um að ræða brot á skyldum samkvæmt félagssamningi, sem leiðir beinlínis af ákvæðum hans um tilteknar skyldur, eða samkvæmt lögum eða öðrum almennum meginreglum sem gilda um félagssamninginn. Hér þarf að vera um verulega vanefnd að ræða eins og segir í ákvæðinu. Um ástæður, sem talist geta verulega vanefnd, má benda á atvik sem nefnd eru í athugasemdum við 32. gr. Eins og í 32. gr. verður að fara fram heildarmat en þó má gera ráð fyrir að mat á því hvort um verulega vanefnd sé að ræða geti verið strangara en skv. a-lið 2. mgr. 32. gr. Jafnalvarlegar

ástæður þurfa að vera fyrir hendi og skv. a-lið 1. mgr. 38. gr. Skilyrði c-liðar, þ.e. að aðrar mikilvægar ástæður geti réttlætt brottvikningu, eru einnig ástæður sem talist geta brostnar forsendur fyrir áframhaldandi þátttöku félagsmanns í félaginu. Hér þarf að vera um að ræða aðstæður sem varða félagsmann sem gera það að verkum að augljóslega væri bæði ósanngjarnt og til tjóns fyrir félagið ef félagsmaðurinn ætti áfram aðild að félaginu. Dæmi væri langvarandi alvarleg veikindi sem gerðu það að verkum að hann gæti ekki starfað áfram í félaginu.

Í 2. mgr. er eins og í 5. mgr. 32. gr. gert ráð fyrir að rétturinn til að krefjast brottvikningar geti fallið niður fyrir tómlæti, þ.e. ef ekki er gerð krafa um brottvikningu innan hæfilegs frests frá því tilefnið gafst. Matið á því hvað telst hæfilegur frestur ræðst af aðstæðum hverju sinni en almennt má gera ráð fyrir að menn hafi eitthvað lengri umhugsunarfrest en skv. 5. mgr. 32. gr. þar eð skoða getur þurft vandlega þær aðstæður sem kunna að veita rétt til brottrekstrar.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að skýrlega verði kveðið á um rétt þess er krefst brottvikningar félagsmanns að bera mál undir dómstóla fallist félagsfundur ekki á kröfu hans um brottvikningu. Rökin að baki því eru þau að félagsmaður eigi rétt á því að félagsfundur taki ákvörðun um brottvikningu séu skilyrði brottvikningar fyrir hendi. Samkvæmt almennum reglum á sá sem vikið er úr félaginu rétt á að leita réttar síns fyrir dómstólum.

Samkvæmt 4. mgr. falla réttindi og skyldur félagsmanns niður um leið og félagsfundur hefur tekið ákvörðun um brottvikningu hans.

Sömu reglur gilda um fjárhagslegt uppgjör við brottvikningu og þegar um úrsögn er að ræða, sbr. 5. mgr.

Um 37. gr.

Til að sameignarfélag geti talist vera fyrir hendi skv. 2. gr. þurfa að lágmarki að vera tveir félagsmenn í félaginu. Það er almenn forsenda þess að unnt sé að tala um félag að tveir eða fleiri félagsmenn standi að félaginu, nema sérstök lagaheimild sé til annars eins og t.d. í lögum um einkahlutafélög, sem heimila einkahlutafélag eins aðila, eða í sérlögum um félög í eigu ríkisins. Ef sú staða kemur upp að allir félagsmenn nema einn eru gengnir úr félaginu er samstarfinu í félaginu í raun lokið og félagið hættir að vera til án þess að til formlegra skipta þurfi að koma. Hér er gert ráð fyrir að lögfesta þessa meginreglu um óskráð sameignarfélög en að sérregla gildi um skráð sameignarfélög, þ.e. að þeim teljist fyrst slitið að sex mánuðum liðnum frá því að einn félagsmaður varð eftir í félaginu.

Eins og fram hefur komið er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að skráð sameignarfélög teljist lögaðilar og þau eigi sjálfstætt réttindi og beri skyldur félagsins óháð félagsmönnum. Rétt þykir að veita nokkurt svigrúm til að skráð sameignarfélag geti haldið áfram að vera til enda þótt fjöldi félagsmanna hafi farið niður fyrir tvo og gefa kost á að afla nýrra félagsmanna án þess að slíta þurfi félaginu. Þess vegna er hér gert ráð fyrir sex mánaða fresti án þess að til slita skráðs sameignarfélags þurfi að koma.

Norsku félagalögin hafa ekki að geyma reglu um þetta en í réttarframkvæmd er litið svo að sameignarfélagi teljist slitið ef félagsmenn verða færri en tveir er og sama regla er talin gilda í danskri réttarframkvæmd. Í sænsku sameignarfélagalögunum (Lagen om handelsbolag) er sérstakt ákvæði í 28. gr. laganna um að félagið skuli teljast hafa verið tekið til skipta hafi einn félagsmaður verið í sameignarfélagi í sex mánuði. Hér má einnig nefna að um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög gildir sú regla skv. 3. mgr. 31. gr. reglugerðar um þau að slíta beri félaginu ef færri en tveir aðilar eru í því, sbr. lög nr. 159/1994, um evrópsk fjár-

hagsleg hagsmunafélög. Loks má benda á að í 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. hlutafélagalaga er gert ráð fyrir að bú hlutafélags skuli tekið til skipta að kröfu ráðherra ef hluthafar verða færri en tveir og ekki hefur verið bætt úr innan þriggja mánaða. Sú regla er þó ekki sambærileg þeirri sem hér er gert ráð fyrir að lögfesta þar eð ekki væri þörf sérstakra ráðstafana eða inngripa af hálfu opinberra aðila til að félaginu teljist slitið. Þar sem félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins er ekki sama þörf á íhlutun opinberra aðila til að tryggja að formleg skipti fari fram eins þegar í hlut eiga hlutafélög og einkahlutafélög.

Á síðasta félagsmanni hvílir sú skylda skv. 47., sbr. 48. gr. frumvarpsins að tilkynna að hann sé orðinn einn eftir í skráðu sameignarfélagi. Hafi félagsmaður ekki óskað eftir afskráningu innan sex mánaða kæmi í hlut sýslumanns að afskrá félagið af sjálfsdáðum.

Að sex mánaða frestinum liðnum mundu eignir og skuldir sameignarfélagsins a.m.k. að formi til tilheyra síðasta félagsmanninum án þess að til sérstakrar skiptameðferðar þyrfti að koma. Síðasti félagsmaðurinn teldist ekki lengur félagsmaður heldur beinn rétthafi fyrrum eigna og skulda félagsins. Skv. 12. gr. firmalaga er mögulegt að síðasti félagsmaðurinn haldi rekstrinum áfram í formi einkafyrirtækis og leiti skráningar á því undir sama firmaheiti en auðvitað væri óheimilt að hafa orðið sameignarfélag í heitinu. Tilkynna yrði um það skv. 47. gr. frumvarpsins. Ólíkt fyrrnefndri reglu sænsku sameignarfélagalaganna er hér til einföldunar gert ráð fyrir að telja skuli að félaginu hafi þegar verið slitið en ekki að skipti hefjist en vissulega á næstsíðasti félagsmaðurinn eða dánarbú hans kröfu á greiðslu nettóhlutdeildar í félaginu, sbr. ákvæði V. kafla. Þeirri kröfu yrði hins vegar að beina að síðasta félagsmanninum sem tók við réttindum og skyldum félagsins eftir að félagið hætti að vera til. Þar sem fyrrum félagsmenn bera áfram ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað var til á meðan þeir voru félagsmenn, sbr. 8. gr. og 3. mgr. 30. gr., felur það ekki í sér neina áhættu fyrir skuldheimtumenn hvort formleg ákvörðun um slit og í framhaldinu skipti hefur verið tekin.

Um 38. gr.

Hér er kveðið á um skilyrði þess að félagsmaður geti krafist þess að sameignarfélagi verði slitið. Það er almennt á valdsviði félagsfundar að taka ákvörðun um slit félags og fundurinn getur hvenær sem er tekið ákvörðun um slit enda þótt ástæðurnar, sem tilgreindar eru í 1. mgr., séu ekki fyrir hendi.

Regla 1. mgr. veitir félagsmanni rétt til að krefjast þess að félagsfundur taki ákvörðun um slit félagsins við þær aðstæður sem þar eru greindar og getur hann krafist dóms fyrir því fallist félagsfundur ekki á kröfu hans skv. 2. mgr. séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Í grundvallaratriðum er hér um að ræða sömu skilyrði og veita rétt til úrsagnar skv. 32. gr. eða brottvikningar skv. 36. gr. og er því vísað til athugasemda við þau ákvæði hér að framan. Almennt má þó ætla að mat á því hvort fyrir liggi verulega vanefnd sem réttlæti félagsslit sé strangara en mat á verulegri vanefnd skv. 32. gr. Matið á verulegri vanefnd er hins vegar svipað og skv. 36. gr. Þá er það skilyrði skv. a-lið 1. mgr. að ekki væri sanngjarnt að ætlast til að félagsmaðurinn segði sig úr félaginu skv. 32. gr. Sem dæmi um mikilvæga ástæðu, sem réttlætt getur félagsslit skv. b-lið, má nefna samstarfsörðugleika milli félagsmanna án þess að fyrir liggi vanefndir af þeirra hálfu, að tilgangi félagsins verði ekki náð eða að tilganginum með stofnun félagsins hafi verið náð. Með b-lið er með öðrum orðum reynt að mæta aðstæðum sem kunna að koma upp og fela í sér brostnar forsendur fyrir samstarfinu. Ætla verður að meira þurfi til að koma til að félagsslit verði réttlætt skv. b-lið en brottvikning skv.

c-lið 1. mgr. 36. gr. Þá er rétt að benda á að samkvæmt orðalagi c-liðar 2. mgr. 32. gr. eru gerðar minni kröfur til úrsagnar, þegar fyrir liggja brostnar forsendur fyrir samstarfi, en samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum 36. og 38. gr.

Samkvæmt c-lið er gert ráð fyrir að félagsmaður geti krafist félagsslita samkvæmt ákvæðum félagssamnings en í 3. mgr. er gert ráð fyrir að áfram ríki fullt samningsfrelsi félagsmanna til að kveða á um aðrar aðstæður en í a- og b-lið sem geta veitt rétt til að krefjast slita félagsins. T.d. ætti félagsmaður rétt á því að félaginu yrði slitið skv. c-lið 1. mgr. ef liðinn er sá tími, sem félaginu var ætlað að starfa samkvæmt félagssamningi, eða fyrir liggur önnur ástæða til slita á því sem samningurinn kveður á um. Skv. 3. mgr. er einnig svigrúm til að þrengja heimildir til félagsslita skv. 2. mgr. Einnig er unnt að semja sérstaklega um tiltekið atkvæðamagn eða hlutfall til að samþykkja félagsslit og víkja þannig frá meginreglunni um samþykki allra. Þá er mælt fyrir um það í 3. mgr. að heimilt sé að kveða á um það í félagssamningi að einstakir félagsmenn geti krafist slita félagsins með uppsögn félagssamningsins. Í lokamálslið 3. mgr. er gert ráð fyrir reglu um sex mánaða uppsagnarfrest sé í félagssamningi kveðið á um heimild til að slíta félaginu með uppsögn án þess að sérstakur uppsagnarfrestur sé tilgreindur.

Í 4. mgr. er mælt fyrir að þegar skuli tilkynna firmaskrá ákvörðun um slit sameignarfélags þegar um skráð félag er að ræða.

Um 39. gr.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um slit skráðs sameignarfélags þarf yfirleitt að gera félagið upp fjárhagslega og skipta eignum þess á milli félagsmanna ef einhverjar eru. Almennt má segja að skipti séu mál félagsmanna. Þeir geta annast þau sjálfir eða tilnefnt einn eða fleiri skilanefndarmenn. Hér er kveðið á um þá meginreglu að félagsfundur, þ.e. félagsmenn sjálfir, annist skipti félagsins sem yrði eflaust aðalreglan í minni félögum. Þá er mælt fyrir um ófrávíkjanlegan rétt félagsmanna til að krefjast þess að félagsfundur kjósi skilanefnd til að annast uppgjör eigna félagsins og slit þess. Heimilt er að velja stjórnina sem skilanefnd ef allir félagsmenn eru sammála um það, sbr. lokamálslið 1. mgr.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að félagsmaður eða stjórnarmaður geti krafist þess fyrir dómstólum að skipuð verði skilanefnd verði félagsfundur ekki við kröfu hans skv. 1. mgr. Er þá dómstólum skylt að verða við kröfunni. Jafnframt er gert ráð fyrir að unnt verði að bera val á mönnum í skilanefnd undir dómstóla sem geta þá skipað nýja menn ef ástæða er til. Þessi staða gæti komið upp í félögum þar sem vikið hefur verið frá meginreglunni um samþykki allra félagsmanna fyrir ákvörðunum og felur þannig í sér vernd minni hluta fyrir því að ómálefnaleg sjónarmið ráði vali skilanefndarmanna og hætta sé á að þeir sem kosnir hafa verið gæti ekki hlutleysis við skiptin.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um rétt félagsmanns til að krefjast opinberra skipta í samræmi við reglur XV. kafla laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl., en skv. 116. gr. þeirra laga á félagsmaður rétt á að krefjast opinberra skipta til slita á félaginu ef félagssamþykkt eða aðrir löggerningar standa því ekki í vegi. Í félagssamningi mætti t.d. setja sérstök ákvæði um skilyrði þess að krafist verði opinberra skipta við slit félagsins. Gert er ráð fyrir að í lögum um sameignarfélög verði aðeins reglur um framkvæmd einkaskipta og þá hvort heldur sem skilanefnd hefur verið valin eða ekki en framkvæmd opinberra skipta fer eftir reglum XV. kafla laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl., eins og áður sagði.

Um 40. gr.

Þegar skilanefnd hefur verið valin tekur hún við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra hafi slíkar stjórnareiningar verið skipaðar í félaginu. Þar til tilkynnt hefur verið um kosningu skilanefndar til firmaskrár hefur stjórn og/eða framkvæmdastjóri að formi til rétt til að skuldbinda félagið og því gæti félagið orðið bundið af gerningum þeirra við grandlausan viðsemjanda.

Um 41. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er eitt fyrsta verk skilanefndar eða annarra, sem annast skipti skráðs félags, að tilkynna firmaskrá um félagsslitin og birta síðan innköllun til skuldheimtumanna í Lögbirtingablaði með sama hætti og skilanefnd í einkahlutafélagi ber að gera skv. 1. mgr. 87. gr. einkahlutafélagalaga, sbr. og 1. mgr. 112. gr. hlutafélagalaga. Ólíkt því sem gildir um einkahlutafélög, sbr. 5. mgr. 88. gr. einkahlutafélagalaga og 5. mgr. 113. gr. hlutafélagalaga, er ekki nauðsynlegt að afhenda bú sameignarfélags til gjaldþrotaskipta þótt á daginn komi að eignir félagsins dugi ekki fyrir skuldum þar eð félagsmenn bera ábyrgð. Þess vegna er heldur ekki gert ráð fyrir reglu um að skylt sé að greiða skuldir félagsins við félagsslit en félagsmenn bera einnig ábyrgð á skuldbindingum félagsins eftir félagsslit, sbr. 43. gr. Fyrirmynd að ákvæðum 2. og 3. mgr. er grein 2-40 í norsku félagalögunum. Loks er í 3. mgr. gert ráð fyrir að heimilt sé að halda áfram rekstri félagsins að því marki sem æskilegt er.

Um 42. gr.

Við skipti er eignum félagsins komið í verð og þeim úthlutað í reiðufé nema félagsmenn séu sammála um aðra tilhögun. Félagsmaður þarf með öðrum orðum ekki að sætta sig við annað uppgjör en í peningum. Félagsmenn ráða því hvaða leiðir eru farnar við að koma eignum félagsins í verð, hvort reksturinn félagsins sé seldur eða hvort einstakar eignir félagsins séu seldar.

Í 2. mgr. er kveðið á um rétt félagsmanns til að krefjast þess að skuldir félagsins, þ.e. þær sem eru gjaldfallnar, séu greiddar af félagseignum áður en úthlutun til félagsmanns á sér stað. Ekki er skylt að borga skuldir félagsins nema þær séu gjaldfallnar. Félagsmaður á hins vegar rétt á því að haldið sé eftir fjármunum til greiðslu krafna, sem enn eru ekki gjaldfallnar eða eru umdeildar, og greiðsla þeirra þannig tryggð með eignum félagsins. Þennan rétt félagsmanna leiðir af ábyrgð þeirra á skuldbindingum félagsins.

Samkvæmt 3. mgr. gilda sömu reglur við skiptingu hagnaðar og taps milli félagsmanna og við úrsögn og brottvikningu.

Félagsmönnum er heimilt að semja um aðrar uppgjörsreglur í félagssamningi en hér er kveðið á um eins og segir í 4. mgr. T.d. má semja upp að uppgjör skuli ekki fara fram í reiðufé og hvaða leiðir skuli fara til að koma eignum í verð.

Samkvæmt 5. og 6. mgr. lýkur skiptum með því að tillaga að úthlutunargerð og lokareikningum félagsins er lögð fram á félagsfundi til staðfestingar. Þegar um skráð sameignarfélög er að ræða ber að tilkynna firmaskrá að skiptum sé lokið.

Í 7. mgr. er gert ráð fyrir að sama regla gildi um heimildir til að bera ágreining, sem varðar skiptin, undir héraðsdómara og þegar um einkahlutafélög er að ræða, sbr. 2. mgr. 90. gr. einkahlutafélagalaga.

Um 43. gr.

Hér er áréttað að félagsmenn beri áfram ábyrgð á skuldbindingum félagsins gagnvart kröfuhöfum þótt sameignarfélagi sé slitið og skipti hafi farið fram enda er ekki skylt að greiða skuldir félagsins í tengslum við skipti. Þó er ekki útilokað að menn geti bakað sér skaðabótaábyrgð ef saknæmar ráðstafanir í tengslum við skipti leiða til þess að kröfuhafar félagsins fái ekki greiddar kröfur sínar. Ábyrgðin er, eins og áður sagði, bein, óskipt og ótakmörkuð, sbr. 2. gr. Kröfuhafar, sem hafa ekki fengið greiddar kröfur sínar við skiptin, geta því eftir sem áður gert kröfu á hendur félagsmönnum og það þrátt fyrir að þeir hafi ekki lýst kröfum innan tveggja mánaða frestsins skv. 1. mgr. 41. gr.

Um 44. gr.

Með svipuðum hætti og í 108. gr. einkahlutafélagalaga og 134. gr. hlutafélagalaga er hér kveðið á um skaðabótaábyrgð félagsmanna, stjórnenda og skilanefndarmanna. Hér er í raun um að ræða lögfestingu almennu skaðabótareglunnar sem annars mundi gilda um ábyrgð þessara aðila á saknæmu hátterni (athöfnum eða athafnaleysi) í störfum sínum fyrir félagið og til viðbótar þessari reglu gilda almennar skaðabótareglur, t.d. um mögulega skaðabótaábyrgð félagsins á tjóni sem menn í störfum fyrir það kunna að valda utanaðkomandi aðilum. Heimildin til að lækka skaðabætur skv. 2. mgr. samsvarar lækkunarheimild 3. mgr. 108. gr. einkahlutafélagalaga og 3. mgr. 134. gr. hlutafélagalaga. Sambærileg ákvæði um skaðabótaábyrgð eru í norsku félagalögunum, grein 2-43.

Um 45. gr.

Hér er kveðið á um að sýslumenn haldi skrá yfir sameignarfélög eins og verið hefur í samræmi við firmalög. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sameignarfélög, sem hafa í hyggju að stunda atvinnurekstur, verði skilyrðislaust að tilkynna til skráningar í firmaskrá. Í 4. mgr. er kveðið á um að skylt verði að skrá sameignarfélög þar sem allir félagsmenn eru lögaðilar. Samsvarandi regla er t.d. í 3. mgr. 2. gr. danskra laga um fyrirtæki í atvinnurekstri (Lov om visse erhvervsdrivende virksomheder). Sjálfsagt er að gera þá kröfu til lögaðila sem stofna sameignarfélag að það sé skráð og þar með ljóst út á við að lögaðilar, jafnvel með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna, standi að baki því. Í 5. mgr. er gert ráð fyrir heimild til að skrá önnur sameignarfélög en þau er stunda atvinnurekstur. Aðilar að sameignarfélögum kunna að hafa ýmsa hagsmuni af því að fá þau skráð í firmaskrá, t.d. ef þau vilja öðlast rétthæfi, fá kennitölu og almennt auka trúverðugleika félagsins út á við með því að skrá upplýsingar um þau og félagsmenn þeirra í opinbera skrá. Í samræmi við 1. mgr. 16. gr. firmalaga er mælt fyrir um það í 2. mgr. að tilkynna skuli um sameignarfélag í firmaskrá í því umdæmi þar sem heimili félagsins er. Í fyrrgreindu ákvæði firmalaga er reyndar talað um „skrifstofu atvinnunnar“ en eðlilegra þykir að tala um heimilisfang félagsins enda hlýtur það oftast að fara saman skrifstofa og heimilisfang. Með sama hætti er í 2. tölul. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins kveðið á um að greina skuli í félagssamningi sveitarfélagið þar sem heimilisfang félagsins er.

Í 3. mgr. er hugtakið atvinnurekstur skilgreint og er þar byggt á sömu skilgreiningu á hugtakinu og er að finna í 3. gr. laga nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Einnig var horft til sambærilegs ákvæðis 3. mgr. 1. gr. dönsku laganna um ákveðin fyrirtæki í atvinnurekstri (Lov om visse erhvervsdrivende virksomheder).

Í samræmi við þá þróun sem hefur orðið í þá átt að auka rafræna stjórnsýslu og með hliðsjón af 2. mgr. 5. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá, er í 6. mgr. kveðið á um heimild til að veita kost á rafrænum tilkynningum til firmaskrár. Gert er ráð fyrir að hver og einn

sýslumaður geti tekið ákvörðun um bjóða upp á þessa þjónustu hjá sínu embætti en einnig að viðskiptaráðherra geti í nauðsynlegu samstarfi við dóms- og kirkjumálaráðuneytið tekið slíka ákvörðun fyrir allar firmaskrár. Almennt fer fjármálaráðherra með yfirstjórn skráningar fyrirtækja og félaga og hann hefur heimild til að setja reglur um fyrirtækjaskrá, hlutafélagaskrá (fyrir hlutafélög og einkahlutafélög), samvinnufélagaskrá og skrá um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur samkvæmt þeim lögum sem um fyrrgreind rekstrarform gilda. Skv. 1. gr. frumvarpsins fer viðskiptaráðherra með mál samkvæmt frumvarpinu og samkvæmt firmalögum er það einnig viðskiptaráðherra sem hefur heimild til að setja reglur um hvernig skuli halda firmaskrá, sbr. 5. gr. laganna. Að sinni þykir ekki ástæða til að gera breytingar hér á enda þótt það gæti horft til frekara samræmis félaga- og fyrirtækjaskráningar í landinu að fjármálaráðherra færi með almenna heimild til að setja reglur um skráningu sameignarfélaga.

Í 7. mgr. er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu sameignarfélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur firmaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku, m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem firmaskrá hefur á tölvutæku formi. Ákvæðin samsvara ákvæðum í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög en miðast hér við viðskiptaráðherra. Aðeins er um heimild að ræða sem ólíklegt er að verði notuð nema firmaskrár yrðu sameinaðar öðrum félagaskrám. Gjaldtaka firmaskráa er nú byggð á lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Um 46. gr.

Hér er mælt fyrir um efni tilkynningar um skráningu sameignarfélaga en jafnframt gildir 18. gr. firmalaga. Þá var einnig höfð hliðsjón af 122. gr. einkahlutafélagalaga og 148. gr. hlutafélagalaga. Tilkynningarskyldan hvílir á öllum félagsmönnum samkvæmt reglu 2. mgr., sbr. 3. mgr. 16. gr. firmalaga, auk þess sem í 48. gr. er gert ráð fyrir að sérstökum reglum um hvaða aðilar annist tilkynningar til firmaskrár. Loks er kveðið á um heimildir firmaskrár til að krefjast gagna til að staðreyna lögmæti stofnunar félagsins eins og gildir um einkahlutafélög og hlutafélög.

Um 47. gr.

Hér eru áréttaðar reglur firmalaga um skyldu til að tilkynna um breytingar á félagssamningi eða öðru sem hefur verið tilkynnt til firmaskrár. Hér er vísað til 21. gr. firmalaga en þar er enn fremur vísað til 11.–13. gr. og 15. gr. firmalaga. Það leiðir m.a. af þessum ákvæðum að skylt er að tilkynna um breytingar á félagsaðild, þar á meðal um inngöngu nýrra félagsmanna og andlát félagsmanna. Þar sem nýir félagsmenn þurfa að undirrita félagssamninginn, skv. 3. mgr. 7. gr., bæri að senda firmaskrá nýtt eintak af honum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að tilkynnt skuli til firmaskrár hætti sameignarfélag starfsemi eða það uppfyllir ekki lengur skilyrði skráningar í firmaskrá og félagið skuli afskráð. Samkvæmt þessu væri t.d. skylt að tilkynna til skrárinnar ef skráð sameignarfélag hættir að vera til skv. 37. gr. Ákvæði 2. mgr. tekur mið af 83. gr. einkahlutafélagalaga og grein 4-1 í norsku lögunum um skráningu fyrirtækja (Lov 1986-06-21 nr. 78: Lov om registering av foretak).

Samkvæmt 3. mgr. er mælt fyrir um rétt stjórnenda og annarra tilgreindra manna til að tilkynna sjálfir að þeir hafi látið af störfum fyrir félagið. Það getur skipt sköpum fyrir menn, sem ganga úr félagi, og aðra sem gegna ábyrgðarstörfum fyrir það að skráð sé að þeir tengist ekki lengur rekstri félagsins. Ljúki aðild vegna andláts félagsmanns nær heimildin einnig til

dánarbús hans. Í 48. gr. er hins vegar mælt fyrir um á hverjum tilkynningarskylda hvílir samkvæmt lögunum.

Ákvæði 4. og 5. mgr. taka mið af 123. gr. einkahlutafélagalaga. Ekki er tekið upp samsvarandi lokaákvæði og þar greinir um skyldu stjórnar eða þess aðila, sem í hennar stað kemur, til að tilkynna upphaf og lok félagsslitameðferðar þar eð ákvæði um slíka skyldu er að finna í 41. og 42. gr. frumvarpsins.

Um 48. gr.

Hér er kveðið á um það á hverjum hvíli skylda til að tilkynna stofnun sameignarfélags og breytingar á félagssamningi eða öðru því sem tilkynnt hefur verið. Meginreglan er að tilkynningarskyldan hvíli á öllum félagsmönnum eins og kveðið er á um í 2. mgr. 16. gr. firmalaga en hér er þó gert ráð fyrir nýrri reglu um tilkynningarskyldu stjórnar hafi hún verið kosin. Ákvæði 2. mgr. tekur mið af norsku lögunum um skráningu fyrirtækja (grein 4-2, 2. mgr.).

Um 49. gr.

Þetta ákvæði samsvarar 124. gr. einkahlutafélagalaga og 150. gr. hlutafélagalaga.

Um 50. gr.

Hér er áréttuð skylda firmaskrár til að láta birta tilkynningar um sameignarfélög í Lögbirtingablaði og réttaráhrif skrásetningar og birtingar í Lögbirtingablaði samkvæmt ákvæðum firmalaga. Hér er nánar tiltekið um að ræða tilvísun í 4., 6. og 7. gr. firmalaga. Hér er að mestu um svipaðar reglur að ræða og gilda skv. 125. gr. einkahlutafélagalaga og 151. gr. hlutafélagalaga.

Um 51. gr.

Í 1. málsl. er að finna refsiheimild vegna vanrækslu á tilkynningum til firmaskrár samkvæmt frumvarpinu eins og er í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Um fjárhæð sektar vísast til 51. gr. almennra hegningarlaga.

Í 2. málsl. er gert ráð fyrir sérstakri heimild til að sekta sameignarfélag vegna brota forsvarsmanna þess gegn ákvæðum laganna um tilkynningar en til þess þarf sérstaka lagaheimild, sbr. 19. gr. a í almennum hegningarlögum um refsiábyrgð lögaðila þar sem mælt er fyrir um að lögaðila verði gerð fésekt þegar lög mæla svo fyrir.

Um 52. gr.

Í greininni er almenn reglugerðarheimild, sbr. 7. mgr. 45. gr. um reglugerð vegna gjaldtöku o.fl.

Um 53. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku laganna og gert er ráð fyrir að þau öðlist gildi 1. janúar 2008.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um sameignarfélög.**

Með frumvarpinu er verið að setja reglur um sameignarfélög sem er ætlað að skýra réttarstöðu þeirra.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för fyrir ríkissjóð.

## 80. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fullgilda samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali sem undirritaður var í Varsjá í Póllandi 16. maí 2005.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að fullgilda samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali var samþykktur og lagður fram til undirritunar á þriðja leiðtogafundi ráðsins í Varsjá 16. maí 2005. Ísland var í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu samninginn sama dag. Samningurinn liggur til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins, ríki utan ráðsins sem tóku þátt í samningu hans og Evrópusambandið. Í september 2006 hafði 31 ríki undirritað samninginn og tvö þeirra, Moldóva og Rúmenía, jafnframt fullgilt hann. Samningurinn öðlast gildi þegar tíu ríki hafa fullgilt hann, þar á meðal a.m.k. átta aðildarríki Evrópuráðsins.

Mansal er mikið vandamál í Evrópu. Árlega eru þúsundir manna, aðallega ungar konur og börn, seldar mansali og neydd út í kynlífsþrælkun og vændi eða aðra nauðungarvinnu. Þessi þrælasala nútímans á sér stað jafnt milli landa sem innan þeirra og vex tala fórnarlamba frá ári til árs. Þekktasta birtingarmynd þessa vanda er innflutningur á ungum stúlkum frá Austur-Evrópu til ríkari landa vestar í álfunni. Oftar en ekki eru þessar stúlkur lokkaðar frá heimalöndum sínum með loforðum um starf og betra líf en eru svo hnepptar í kynlífsánauð og þvingaðar út í vændi. Skemmst er að minnast þess að tugþúsundir ungra kvenna voru seldar mansali til Þýskalands til kynlífsþrælkunar á meðan á HM í knattspyrnu stóð síðastliðið sumar. Skipulagðir glæpahringir standa að baki mansali í Evrópu og að mati Europol er mansal þriðja ábatasamasta starfsemi alþjóðlegra glæpahringja á eftir fíkniefnasölu og vopnaviðskiptum.

Baráttan gegn mansali er nú háð af auknum þunga á alþjóðavettvangi. Hér er um að ræða einhverja verstu skuggahlið hnattvæðingar og opinna landamæra sem ógnar mannréttindum

og öðrum grunngildum lýðræðislegra samfélaga. Til þess að baráttan skili árangri þarf að leggja áherslu á verndun mannréttinda fórnarlamba, sækja skipuleggjendur til saka og jafnframt samræma löggjöf ríkja um mansal.

Hinni svokölluðu Palermó-bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi frá 15. nóvember 2000 er beint gegn mansali. Bókuninni er ætlað að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Bókunin er grunnur alþjóðlegs samstarfs gegn mansali þar sem hún inniheldur fyrstu skilgreininguna á mansali sem alþjóðasamfélagið hefur komið sér saman um. Í því sambandi er mikilvægt að gerður sé skýr greinarmunur á mansali annars vegar og smygli á fólki hins vegar. Tilgangur smygls á fólki er að flytja það ólöglega yfir landamæri til að fá beina eða óbeina efnahagslega umbun. Í mansali felst hins vegar flutningur, vistun eða móttaka einstaklinga sem með ógnum, valdbeitingu eða öðrum kúgunaraðferðum, svikum og blekkingum eru hagnýttir í þágu geranda. Hagnýting felst oft í þvinguðu vændi eða öðrum kynferðislegum tilgangi, nauðungarvinnu, þrældómi eða brottnámi líffæra. Samningurinn og bókunin voru undirrituð af Íslands hálfu 13. desember 2000, en hafa ekki verið fullgilt.

Evrópuráðið stendur vörð um hugsjónir aðildarríkjanna um mannréttindi, réttarríkið og lýðræði. Þar sem mansal grefur undan grunngildum Evrópuráðsins um mannlega reisn hefur ráðið lagt ríka áherslu á baráttuna gegn mansali í starfi sínu og verið í fararbroddi á alþjóðavettvangi í þeirri baráttu. Þessi vandi snýr sérstaklega að ráðinu því á meðal aðildarríkjanna 46 er að finna ríki sem eru viðtökulönd jafnt sem upprunalönd fólks sem selt er mansali auk ríkja þar sem fórnarlömb hafa viðkomu á leið sinni til viðtökulands.

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali var eins og fyrr sagði samþykktur og lagður fram til undirritunar á þriðja leiðtogafundi ráðsins í Varsjá 16. maí 2005. Bakgrunnur hans er sá að ráðið taldi nauðsynlegt að semja bindandi samning sem tæki einkum til verndunar fórnarlamba mansals og tryggði mannréttindi þeirra jafnframt því sem gerendur yrðu saksóttir. Í samanburði við Palermó-bókunina, eða aðra alþjóðasamninga til höfuðs mansali, gengur sáttmáli Evrópuráðsins skrefi langra í ákvæðum um verndun fórnarlamba. Tekið er fram að samningnum er ekki ætlað að keppa við eða leysa af hólmi fyrri alþjóðasamninga á þessu sviði heldur auka og þróa þá verndun sem þeir veita fórnarlömbum mansals. Bent er á að oft er auðveldara að ná samkomulagi með samningum sem gilda á tilteknum svæðum, eins og innan Evrópuráðsins, en þegar nauðsynlegt er að sætta sjónarmið ríkja með ólík stjórnkerfi og gildi, eins og á við samningagerð á vegum Sameinuðu þjóðanna. Vægi og nýbreytni samninga Evrópuráðsins felst í fyrsta lagi í staðfestingu þess að mansal er brot á mannréttindum og ógn við mannlega reisn og að aukinnar lagalegrar verndar sé því þörf fyrir fórnarlömb mansals. Í öðru lagi nær samningurinn til hvers konar mansals, hvort sem það er innan lands eða milli landa og hvort sem það tengist skipulagðri glæpastarfsemi eða ekki, og tekur til hvers konar misnotkunar, svo sem kynlífsþrælkunar, nauðungarvinnu o.s.frv. Í þriðja lagi er með samningnum komið á fót eftirlitskerfi til að tryggja að aðilar sáttmálans framfylgi ákvæðum hans á skilvirkan hátt. Í fjórða lagi er í samningnum lögð áhersla á að jafnrétti kynjanna sé ætíð í forgrunni.

**Stutt yfirlit yfir efni samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali.**

Í fyrsta kafla samningsins er gerð grein fyrir markmiðum hans um aukna verndun fórnarlamba, eins og getið er um hér að framan, skilgreiningu á mansali úr Palermó-bókuninni er fylgt og áhersla lögð á að samningurinn taki til hvers konar mansals.

Annar kafli hefur að geyma ítarleg ákvæði um fyrirbyggjandi aðgerðir og aðrar ráðstafanir gegn mansali. Þar eru m.a. ákvæði um stefnumótun sem gæti falið í sér rannsóknir, upplýsingaherferðir, fræðslu, þjálfun og félagsleg- og efnahagsleg úrræði sem beinist að þeim þjóðfélagshópum sem eru veikastir fyrir gagnvart mansali og þeim starfsmönnum sem berjast gegn því. Þá eru sérstök ákvæði sem miða að því að draga úr eftirspurn eftir mansali m.a. með upplýsingaherferðum og fræðslu. Styrking landamæravörslu og aukið öryggi ferðaskjala eru einnig hluti af fyrirbyggjandi aðgerðum.

Þriðji kafli fjallar um verndun réttinda fórnarlamba. Fórnarlömbum undir 18 ára aldri er veitt sérstaklega rík vernd. Vernda skal persónuupplýsingar fórnarlamba. Kveðið er á um ýmiss konar aðstoð við fórnarlömb, svo sem lögfræðiaðstoð, ráðgjöf og upplýsingar um réttindi, túlkaþjónustu þar sem þess er þörf, aðgang að heilsugæslu og aðgang að menntun fyrir börn. Aðstoð við fórnarlömb skal ekki vera veitt með því skilyrði að fórnarlömb beri vitni gegn skipuleggjendum mansals. Einnig eru ákvæði sem lúta að dvalarleyfi fórnarlamba og hvernig standa skal að heimför þeirra til upprunalands.

Fjórði kafli snýr að refsilöggjöf og hvernig gera skal mansal og ólíka þætti sem snúa að mansali saknæma í hegningarlögum aðildarríkjanna samkvæmt skilgreiningu samningsins á mansali. Ríkin eru hvött til að íhuga hvort gera skuli nýtingu þjónustu fórnarlamba saknæma. Áhersla er lögð á að það leiði til þyngingar refsingar þegar lífi fórnarlamba er stefnt í voða, þegar brot eru framin gagnvart börnum, þegar brot eru framin af opinberum starfsmönnum í starfi og þegar skipulagðir glæpahringir standa að baki brotum.

Fimmti kafli snýr að rannsókn mála, saksókn og réttarfari. Þar er sérstaklega kveðið á um vernd vitna og fjölskyldna þeirra gegn hugsanlegum hefndarráðstöfunum. Þá er fjallað um lögsögu ríkja vegna brota á landsvæði þeirra, um borð í skipum eða flugvélum undir fána viðkomandi ríkis, og vegna brota ríkisborgara þess í öðrum ríkjum.

Sjötti kafli felur í sér ákvæði um eflingu alþjóðlegrar samvinnu til þess að koma í veg fyrir mansal og vernda og veita fórnarlömbum aðstoð. Sjöundi kafli kveður á um eftirlitskerfi þar sem sérstökum sérfræðingahópi verður komið á fót til þess að fylgjast með framkvæmd samningsins. Áttundi kafli fjallar um stöðu samningsins gagnvart öðrum alþjóðlegum samningum á þessu sviði. Kveðið er á um að samningurinn hafi ekki áhrif á þau réttindi og skyldur sem aðildarríki hans hafa tekist á herðar í öðrum samningum.

## 81. Frumvarp til laga [81. mál]

um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðsins „framkvæmdaraðila“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. og sama orðs hvarvetna í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: Tryggingastofnun ríkisins. Í stað orðsins „hans“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: hennar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem verður 3. málsl., svohljóðandi: Með samfelldu starfi teljast einnig þau tilvik er foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, sjúkradagpeninga eða endurhæfingarlífeyri.
b. Við 3. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Þarfnist barn áframhaldandi umönnunar foreldris og önnur úrræði eru ekki í boði að þeim níu mánuðum liðnum sem foreldri á rétt á greiðslum í samkvæmt lögum þessum og foreldri kemst sannanlega ekki út á vinnumarkað af þeim sökum er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra. Foreldri skal sanna tekjuleysi sitt með skattframtali. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna.

a. 1. mgr. orðast svo:

Mánaðarleg greiðsla til foreldris, sbr. 8. gr., skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum áður en greiðslur hefjast. Mánaðarleg greiðsla skal þó að hámarki nema 480.000 kr. Mánaðarleg greiðsla skal aldrei nema lægri fjárhæð en 96.000 kr. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Foreldri utan vinnumarkaðar á rétt á greiðslu að fjárhæð 42.000 kr. á mánuði.

b. Orðin „sem og greiðslur úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags vegna veikinda eða fötlunar barns“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
c. Orðin „og staðfestingu sjúkra- eða styrktarsjóðs um að það hafi nýtt sér réttindi sín þar“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna.

a. Í stað hlutfallstölunnar 6% í 1 málsl. 1. mgr. kemur: 7%.
b. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: og greiðir ríkissjóður þá lögbundið framlag á móti.

6. gr.

Við 3. mgr. 12. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Þarfnist barn áframhaldandi umönnunar foreldris og önnur úrræði eru ekki í boði að þeim níu mánuðum liðnum sem foreldri á rétt á greiðslum í samkvæmt lögum þessum og foreldri getur ekki stundað nám sitt af þeim sökum er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra. Foreldri skal sanna tekjuleysi sitt með skattframtali. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Orðin „sbr. þó 2.–4. mgr.“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað 2.–4. mgr. kemur ein ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur foreldri sem á barn með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun sem greinst hefur fyrir 1. janúar 2006 átt rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum. Skilyrðin eru þau að foreldri hafi sannanlega ekki komist út á vinnumarkað sökum verulegrar umönnunar barnsins og skal foreldri sanna tekjuleysi sitt með skattframtali.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Áratugum saman hafa hagsmunasamtök langveikra og alvarlegra fatlaðra barna barist fyrir því að lög verði sett um greiðslur til foreldra. Foreldrar þessara barna þurfa iðulega að vera burt frá vinnumarkaði langtímum saman til að annast þau. Árið 2002 var samþykkt þingsályktunartillaga sem flutt var undir forystu þingmanna Samfylkingarinnar um þetta efni. Það var því fagnaðarefni að á 132. löggjafarþingi var samþykkt frumvarp félagsmálaráðherra um greiðslur til foreldra langveikra barna (lög nr. 22/2006). Lögfesting þessa réttlætismáls var vissulega viðurkenning á þörfinni og áfangasigur í réttindabaráttu hagsmunasamtaka foreldra langveikra og alvarlegra fatlaðra barna. Þó að með því hafi náðst fram ákveðinn áfangasigur, þá var málið afgreitt á Alþingi með verulegum annmörkum. Það olli verulegum vonbrigðum hve skammt var gengið og hve metnaðarlaus lögin eru í raun. Ekki síst er ámælisvert að mismunað er foreldrum langveikra og alvarlega fatlaðra barna sem eru í svipaðri stöðu og er líklegt að það gangi gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Það frumvarp sem hér er flutt tekur á þessum annmörkum og mun, ef að lögum verður, vera veruleg réttarbót fyrir foreldra langveikra barna og taka á þeirri mismunun sem felst í þeim lögum sem Alþingi samþykkti á síðasta löggjafarþingi.

Samkvæmt lögunum taka þessar réttarbætur gildi í áföngum og verða að fullu komnar til framkvæmda árið 2008. Gert var ráð fyrir að foreldrar 250–300 barna gætu átt rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði en foreldrar 30–40 barna gætu átt rétt í lengri tíma, í sex mánuði, þegar um mjög alvarleg veikindi er að ræða. Við meðferð málsins á Alþingi var það mjög gagnrýnt af Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum, Þroskahjálp og landlæknisembættinu að lögin ættu ekki að koma að fullu til framkvæmda fyrr en eftir þrjú ár. Fram kom að með þessu skapaðist mismunandi réttarstaða í annars sambærilegum tilvikum langveikra eða fatlaðra barna. Þannig getur skipt máli hvort barn veikist t.d. í desember 2007 eða janúar 2008. Ef barn veikist í desember 2007 fá foreldrar þess greiðslur í tvo mánuði en komi veikindin upp í janúar 2008 fá þau þriggja mánaða greiðslur. Með því að lögin komi til framkvæmda í einum áfanga, eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, er komið í veg fyrir þetta misrétti.

Margir sem fjölluðu um frumvarpið síðasta vetur gagnrýndu að lögin skyldu aðeins eiga að gilda um börn sem hefðu verið greind fyrir 1. janúar 2006 og að þau kæmu ekki að fullu til framkvæmda fyrr en árið 2008. Þeir sem gagnrýndu þetta eru velferðarsvið Reykjavíkurborgar, BSRB, Þroskahjálp, Heimili og skóli, umboðsmaður barna og Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð. ASÍ gagnrýndi þetta einnig og sagði það skapa óásættanlega mismunun. Landlæknisembættið sagði hættu á að börnum yrði mismunað í sambærilegum tilvikum, þ.e. jafn-

öldrum með meðfædda sjúkdóma eða fötlun sem greinist, eða kemur fram, á mismunandi tímum.

Í umsögn Umhyggju kemur fram að félaginu þyki ástæðulaust að lögin komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 2008. Þeim virðist ástæðan einungis fjárhagsleg. Umhyggju finnst óásættanlegt að barn sem greinist með sjúkdóm eða fötlun í janúar 2007 eigi annan og betri rétt en barn sem greinist í desember 2006. Fram kom í máli fulltrúa Umhyggju sem kom á fund hjá félagsmálanefnd að margir foreldrar væru mjög reiðir yfir þessu ákvæði, þ.e. þeir sem hafa ekki getað unnið til að afla tekna í langan tíma vegna veikinda eða fötlunar barns. Foreldrar væru óánægðir með að kveðið væri á um að gildistakan væri áfangaskipt og einnig að foreldrar barna með langvinna sjúkdóma, sem hafa sannarlega ekki komist út á vinnumarkaðinn, fái engan rétt til greiðslna ef börnin eru greind fyrir 1. janúar 2006. Það fólk hefur beðið lengi eftir því að sjá slíka réttarbót sem hér er um að ræða. Umhyggja hefur t.d. lagt til að foreldrar barna sem greindust fyrir 1. janúar 2006 gætu fallið undir lögin hafi þeir sannanlega ekki verið á vinnumarkaði.

Réttur til greiðslna eru þrír mánuðir og heimild til framlengingar um allt að sex mánuði þegar barn þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegra veikinda eða fötlunar. Þar sem lögin taka gildi í áföngum getur t.d. foreldri alvarlega fatlaðs eða langveiks barns sem greindist í desember á sl. ári fengið greiðslur þremur mánuðum skemur en barn sem greinist í janúar 2007. Þetta er óviðunandi mismunur á greiðslum til foreldra sem búa við algjörlega sambærilegar aðstæður. Fráleitt er að þessi mikli mismunur á greiðslum skýrist af nokkurra daga millibili, kannski bara eins dags, í greiningu á fötlun barns. Með því að áfangaskipta framkvæmdinni er verið að spara nokkra tugi milljóna króna á næstu tveimur árum, en heildarkostnaður þegar lögin eru að fullu komin til framkvæmda er einungis um 130 millj. kr.

Samkvæmt umsögn fjármálaráðuneytisins, sem fylgdi frumvarpinu að lögunum, var áætlað að foreldrar 30–40 barna fengju rétt til greiðslna í allt að níu mánuði. Foreldrar langveikra barna þurfa í sumum tilvikum á stuðningi að halda miklu lengur en níu mánuði, þó að ekki sé ástæða til að ætla að um mjög mörg tilvik sé að ræða miðað við áætlun ráðuneytisins.

Í frumvarpinu sem nú er lagt fram er tekið á ágalla laganna og lagt til að þarfnist barn áframhaldandi umönnunar foreldris og önnur úrræði séu ekki í boði að níu mánuðum liðnum og foreldri komist sannanlega ekki út á vinnumarkað af þeim sökum verði heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra. Foreldri skuli sanna tekjuleysi sitt með skattframtali. Félagsmálaráðherra verði heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð.

Annar veigamikill annmarki núgildandi laga er að foreldrar langveikra barna sem greinst hafa fyrir 1. janúar 2006 eiga engan rétt samkvæmt lögunum. Það er mjög alvarlegt að foreldrum sem búa við sambærilegar aðstæður er verulega mismunað, þannig að það jaðrar við brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Umhyggja hefur lagt mikla áherslu á að lögin heimili einnig greiðslur til foreldra langveikra barna sem greindust fyrir 1. janúar 2006, enda hefur nokkur hópur foreldra lengi verið utan vinnumarkaðar vegna umönnunar barna sinna. Í þessu sambandi er athyglisvert að benda á að umboðsmaður barna gerði athugasemd við þessa mismunun á réttarstöðu foreldra langveikra barna eftir því hvenær þau greindust langveik. Í umsögn umboðsmanns kom fram að æskilegt væri að allir foreldrar, og þar með börn þeirra, sem uppfylla skilyrði laganna hverju sinni njóti jafnræðis og þar með sama réttar til greiðslu án tillits til þess hvenær börnin fæðast eða greinast.

Í þessu frumvarpi er kveðið á um breytt fyrirkomulag greiðslna frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum. Gildandi lög gera ráð fyrir að 93 þús. kr. greiðslu á mánuði, sem er afar lág fjárhæð og heldur ekki einu sinni í við atvinnuleysisbætur, sem eru um 97 þús. kr. á mánuði. Atvinnuleysisbætur eru líka tekjutengdar og geta að hámarki numið 70% af meðaltali heildarlauna miðað við sex mánaða tímabil og þó aldrei hærri fjárhæð en 180.000 þús. kr.

Umhyggja hefur bent á að skoða ætti að reikna greiðslur til foreldra langveikra barna á sama hátt og fæðingarorlofsgreiðslur. Bent er á að umönnunarþörf langveikra barna er ekki minni en nýfæddra barna og erfitt er að sjá að munur eigi því að vera á opinberum greiðslum í því sambandi. Flutningsmenn taka undir þessi sjónarmið og telja sterk rök fyrir því að sama greiðslufyrirkomulagið gildi annars vegar í fæðingarorlofi og hins vegar þann tíma þegar foreldrar fá greiðslur vegna langveikra barna sinna. Í báðum tilvikum er um að ræða greiðslur vegna fjarveru frá vinnumarkaði.

Lagt er til að greiðslurnar verði með sams konar hætti og í fæðingarorlofi. Þeir sem eru heimavinnandi og ekki á vinnumarkaði fái einnig ákveðnar greiðslur til samræmis við fæðingarorlofslög. Hugsunin á bak við fæðingarorlofsgreiðslur og þessar greiðslur er af sama toga. Foreldrum er bættur upp tekjumissir á vinnumarkaðinum, í öðru tilvikinu vegna fæðingar barns og í hinu tilvikinu vegna sjúkleika barns. Í báðum tilvikum er um að ræða vinnutap sem bætt er upp með ákveðnum hætti. Áætla má að greiðslur sem væru 80% launa, eins og hámark á greiðslum í fæðingarorlofi, kosti um 270 millj. kr. en þegar gildandi lög verða að fullu komin til framkvæmda er áætlaður kostnaður eins og áður segir um 130 millj. kr.

Í þessu frumvarpi er lagt til kveðið verði á um að Tryggingastofnun ríkisins hafi með höndum framkvæmd laganna. Það var mjög gagnrýnt þegar frumvarp til gildandi laga var til umfjöllunar á Alþingi að fram kom í greinargerð að stefnt væri að því að Vinnumálastofnun annaðist greiðslur til foreldra. Hér er um að ræða viðkvæmar upplýsingar, sem Tryggingastofnun er með í sinni umsjá hvort sem er vegna þeirra umönnunargreiðslna sem greiddar hafa um árabil vegna fatlaðra eða langveikra barna. Engin rök standa til þess að fleiri stofnanir fái þessar upplýsingar. Engin ástæða er heldur til að fjölga þeim aðilum í heilbrigðiskerfinu og félagslega kerfinu sem foreldrar fatlaðs eða langveiks barns þurfa að leita til. Þeir sem eignast heilbrigt barn þurfa einungis að leita til tveggja eða þriggja aðila en foreldrar fatlaðs barns til u.þ.b. 14. Má þar m.a. nefna félagsþjónustu sveitarfélaga, Tryggingastofnun og svæðisskrifstofur fatlaðra, ásamt þjónustuaðilum, svo sem heilsugæslu, sjúkrahúsum og Greiningarstöð. Í þessu sambandi er ástæða til að minna á það markmið stjórnvalda að samræma og einfalda þjónustu við barnafjölskyldur.

Um 1. og 2. gr.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna kom fram að stefnt væri að því að Vinnumálastofnun yrði framkvæmdaraðili laganna.

Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins sjái um framkvæmd laganna. Þykir flutningsmönnnum það eðlilegt og rökrétt þar sem Tryggingastofnun sér um að greiða út umönnunarbætur og hefur stofnunin þegar upplýsingar um veikindi barna. Með þessu fyrirkomulagi yrði foreldrum einnig auðveldað ferlið og stjórnsýslan verður einfaldari.

Um 3. gr.

Samkvæmt a-lið er gert ráð fyrir að foreldrar sem fá atvinnuleysisbætur, sjúkradagpeninga og endurhæfingarlífeyri falli undir skilgreiningu hugtaksins „samfellt starf“. Þannig munu nefndir hópar eiga rétt á greiðslum samkvæmt lögunum, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Mikilvægt að ótvíræður réttur atvinnulausra sé tryggður í lögunum, sem og þeirra sem fá endurhæfingarlífeyri. Foreldri sem fær endurhæfingarlífeyri getur ekki sinnt endurhæfingu sinnni meðan barn er mjög veikt en þeir sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri þurfa að taka þátt í ákveðnu prógrammi og ef því er ekki sinnt fæst skertur eða enginn endurhæfingarlífeyrir. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að þeir sem fá endurhæfingarlífeyri og þeir sem fá atvinnuleysisbætur öðlist rétt í samræmi við ákvæði laganna ef þeir eignast alvarlega fatlað eða langveikt barn.

Ákvæði b-liðar er ætlað að koma til móts við þá foreldra sem eru verst settir og geta ekki farið aftur út á vinnumarkað vegna veikinda eða fötlunar barns. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur en ávallt er skilyrði að önnur úrræði séu ekki í boði og að foreldri sanni tekjuleysi sitt með framvísun skattframtals.

Um 4. gr.

Samkvæmt breytingu á 1. mgr. 9. gr. er mælt fyrir um að fjárhæð greiðslu miðist við hlutfall af launum foreldris. Sett er þak á fjárhæðina, þannig að greiðslur geti að hámarki numið 480.000 kr. á mánuði, og einnig ákveðið lágmark, þ.e. greiðslur geti ekki orðið lægri en 96.000 kr. Þá er mælt fyrir um rétt þeirra sem ekki eru á vinnumarkaði. Fyrirmyndin er sótt í fæðingarorlofslöggjöfina, enda verður ekki séð að munur sé á því að annast annars vegar nýfætt barn og hins vegar alvarlega veikt eða fatlað barn.

Í b- og c-lið er lagt er til að því fyrirkomulagi verði breytt að foreldri skuli fyrst sækja rétt sinn í sjúkra- og styrktarsjóði stéttarfélags áður en það á rétt á greiðslum samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er annars vegar mælt fyrir um það að framlag ríkissjóðs í lífeyrissjóð verði 7% og hins vegar að ríkissjóður greiði mótframlag í séreignarsjóð.

Um 6. gr.

Ákvæðið er samhljóða b-lið 3. gr.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta fjallar um gildistöku laganna. Með því að fella brott 2.–4. mgr. 19. gr. laganna verða þau ekki innleidd í áföngum heldur koma strax að fullu til framkvæmda. Með nýju ákvæði er mælt fyrir um að þeir sem eiga barn sem hefur greinst fyrir það tímamark sem lögin taka til, 1. janúar 2006, geti átt rétt á greiðslum hafi foreldri enn ekki komist út á vinnumarkað vegna veikinda barnsins eða fötlunar.

Um 8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

# 82. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum samgönguráðuneytis, umhverfisráðuneytis, Vegagerðarinnar, Umferðarstofu, samtaka sveitarfélaga og samtaka hjólreiðafólks. Hlutverk nefndarinnar verði að undirbúa áætlun og lagabreytingar sem geri ráð fyrir hjólreiðum sem viðurkenndum og fullgildum kosti í samgöngumálum. Hjólreiðabrautir verði sérstaklega skilgreindar og þeim fundinn staður í vegalögum auk þess sem kveðið verði á um ábyrgð eða þátttöku ríkisvaldsins í gerð þeirra. Þannig verði komið upp sérstöku stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar sem ríkisvaldið sjái um eða taki þátt í að kosta í samstarfi við sveitarfélögin. Hjólreiðabrautakerfið skal tengja saman þéttbýlisstaði og hjólreiðastíga einstakra sveitarfélaga við þjóðvegakerfið. Einnig skal gert ráð fyrir stofnbrautum gegnum þéttbýlisstaði með svipuðu fyrirkomulagi og gildir um þjóðvegi í þéttbýli.

Samgönguráðherra leggi fyrir Alþingi frumvarp í samræmi við niðurstöður nefndarinnar eigi síðar en ári eftir samþykkt tillögunnar.

## Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 130., 131. og 132. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú endurflutt óbreytt. Á 130. löggjafarþingi bárust umsagnir frá eftirtöldum ellefu aðilum: Árvekni (átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga), Eyþingi, Hjólreiðafélagi Reykjavíkur, Íslenska fjallahjólaklúbbnum, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Landssamtökum hjólreiðamanna, Landvernd, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Umferðarráði og Umferðarstofu. Umsagnir voru afar jákvæðar og var lýst öflugum stuðningi við efni tillögunnar, auk þess sem fróðlegar upplýsingar komu fram í umsögnum, t.d. Landssamtaka hjólreiðamanna og Íslenska fjallahjólaklúbbsins. Brýnt er að þessi tillaga og umsagnir um hana verði teknar til umfjöllunar samhliða.

Tillagan styðst við hugmyndafræði um sjálfbærar samgöngur sem byggist á því að skipulagning og stjórn samgangna taki mið af markmiðum um sjálfbæra þróun samfélagsins, og að við alla áætlunargerð sé meginhersla lögð á að leita leiða til að halda neikvæðum þáttum samgangna í lágmarki. Þannig verði við skipulagningu þéttbýliskjarna samþætt í auknum mæli íbúðarsvæði, þjónustusvæði og atvinnusvæði og frá upphafi verði gert ráð fyrir hjóla- og göngustígum í hverfum ásamt öruggum almenningssamgöngum þegar samgöngunet eru skipulögð. Varðandi hlut hjólreiða sérstaklega í stefnumörkun um sjálfbærar samgöngur þarf að huga að möguleikum samgöngukerfisins til að taka við auknum fjölda hjólreiðafólks. Því ber að leggja áherslu á hjólreiðabrautir í þéttbýli og tengingar milli þéttbýliskjarna.

Stefna þessi er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar eins og henni er lýst í útgefinni stefnumörkun stjórnvalda til 2020 „Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“. Í stefnumörkuninni segir að sjálfbærar samgöngur séu eitt af fjórum höfuðmarkmiðum samgönguáætlunar stjórnvalda.

Í nýrri stefnu fyrir Norðurlönd um sjálfbæra þróun, sem gefin var út 2001 og hefur verið samþykkt á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar, kemur fram í kaflanum um samgöngumál að þjóðunum beri að stuðla að umhverfis- og heilbrigðisvænum samgönguháttum, ekki síst í þéttbýli þar sem einkum beri að styðja við almenningssamgöngur, hjólreiðar og göngu.

Þar er einnig lögð áhersla á umferðaröryggi samfara breytingum í samgönguháttum, því að öryggisleysi í umferðinni hafi letjandi áhrif á notkun þessara samgönguhátta. Þá beri sérstaklega að stuðla að hjólreiðum í stærstu bæjum og borgum Norðurlandanna með því að skapa samfelld grunnkerfi fyrir hjólreiðar.

Loks má geta þess að samgönguráðherrar Evrópusambandsríkjanna samþykktu árið 1999 áætlun sem miðar að því að tekið verði tillit til sjónarmiða umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar í stefnu í samgöngumálum. Í þeim kafla sem ber yfirskriftina „Aðrar nauðsynlegar aðgerðir“ í áætluninni er bent á nokkur svið þar sem aðgerða er þörf. Þar er getið um nauðsyn þess að styrkja almenningssamgöngur og leggja áherslu á fjölþættar og samsettar samgöngur og samgönguhætti sem menga minna en nú er.

Af því sem nú hefur verið upp talið sést að tillaga þessi er í fullu samræmi við stefnumörkun hér innan lands og einnig er í henni samhljómur við skuldbindingar Íslendinga á alþjóðavettvangi.

**Hjólreiðastígar í vegalögum.**

Vegalögum var breytt á 125. löggjafarþingi með stjórnarfrumvarpi sem fjallaði um reiðvegi og girðingar (þskj. 572, 322. mál). Í meðförum samgöngunefndar tók málið nokkrum breytingum. Þannig lagði nefndin til í áliti sínu á þskj. 990 að hjólreiða- og göngustígar yrðu sérstaklega skilgreindir í lögunum og að sams konar heimild yrði til eignarnáms til lagningar þeirra og til lagningar reiðvega. Einnig lagði nefndin til að þar sem slíkir stígar væru í þéttbýli kæmi það í hlut viðkomandi sveitarfélags að greiða kostnað af þeim. Að öðru leyti fjallaði nefndin ekki efnislega um þýðingu hjólreiðastíga og ekki heldur þingið þar sem engar umræður urðu um breytingartillögur nefndarinnar. Vegna þessara breytinga er hjólreiðastíga getið í vegalögum en án alls rökstuðnings. Enda hafa málefni hjólreiðamanna í umferðinni ekki verið fyrirferðarmikil við vegalagningu eða gerð umferðarmannvirkja. Má halda því fram að þótt hjólreiðastíga sé getið í vegalögum, þá séu þeir hálfmunaðarlausir í kerfinu.

Á 121. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um breytingu á vegalögum þar sem gert var ráð fyrir því að hjólreiðastígar yrðu teknir inn í vegalög og þar með tekið fyrsta skrefið í þá átt að koma á samfelldu neti hjólreiðastíga. Samgöngunefnd fjallaði um frumvarpið og taldi ljóst að huga þyrfti að öryggi hjólreiðamanna utan þéttbýlis. Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari umfjöllunar í tengslum við endurskoðun vegalaga (þskj. 1159, 197. mál) og þess óskað að Vegagerðinni yrði falið að meta kostnað við þær breytingar sem frumvarpið gerði ráð fyrir auk þess kostnaðar sem sveitarfélögin yrðu að bera. Ekki er vitað til að slíkt kostnaðarmat hafi farið fram.

Á síðasta kjörtímabili flutti umhverfisnefnd Alþingis að frumkvæði Ísólfs Gylfa Pálmasonar tillögu til þingsályktunar um hönnun og merkingu hjólreiðabrauta (126. löggjafarþing, þskj. 771, 485. mál, og 127. löggjafarþing, þskj. 284, 248. mál). Var tillögunni vísað til samgöngunefndar og send út til umsagnar vorið 2001. Umsagnir bárust frá Hjólreiðafélagi Reykjavíkur, Íslenska fjallahjólaklúbbnum, Landssamtökum hjólreiðamanna, ÍFA – Íþróttir fyrir alla, Umferðarráði, Vegagerðinni og samgönguráðuneytinu.

**Stefna stjórnvalda.**

Samgönguáætlun 2003–2014 var samþykkt á 128. löggjafarþingi og tekur hún mið af vinnu stýrihóps samgönguráðherra sem skipaður var í maí 2000. Í skýrslu stýrihópsins, sem gefin var út af ráðuneyti samgöngumála í desember 2001, kemur fram mjög ákveðinn vilji til að móta stefnu um sjálfbærar samgöngur og er beinlínis tekið fram að stjórnvöldum beri að tryggja það að samgöngugeirinn leggi sitt af mörkum til að ná markmiðum um sjálfbæra

þróun. Í kaflanum um umhverfismál eru talin upp markmið sem leiða eiga til sjálfbærra samgangna og segir þar að til að takmarka megi $CO_2$-losun frá samgöngum þurfi að beina umferð inn á umhverfisvænni svið og eru þar nefndar almenningssamgöngur og hjólreiðar. Í kaflanum um val á samgöngumáta er tekið fram að ekki sé völ á vistvænni samgöngumáta en þeim að hjóla eða ganga. Og í framhaldinu segir að með góðri skipulagningu og gerð stíga megi auka vægi hjólreiða í samgöngum. Þannig gerir skýrslan beinlínis ráð fyrir því að hjólreiðar séu raunverulegur valkostur í samgöngumálum, þótt ekki sé farið dýpra í að fjalla um hjólreiðar í henni en hér greinir.

Þáttur hjólreiðanna er nokkuð meiri í skýrslu sem samgönguráðuneytið og Vegagerðin gáfu út í maí 2001 og fjallar um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Þar er m.a. fjallað um sérstakar aðgerðir í skipulagsmálum og gert ráð fyrir að samspil samgöngumála og orkusparnaðar sé haft ofarlega í huga í svæðis- og aðalskipulagsvinnu með það að markmiði að stytta akstursleiðir og draga úr akstursþörf. Þess er sérstaklega getið að hjólreiða- og göngustígar séu hluti þessarar vinnu og lagt til að viðkomandi yfirvöld fjalli um þetta álitaefni sérstaklega sem fyrst.

Í riti samgönguráðuneytisins „Samgöngur á nýrri öld“, sem gefið var út vorið 2003, er að finna yfirlýsingu þess efnis að bæta þurfi aðstöðu hjólreiðamanna eins og kostur er og huga verði að gerð hjólreiðastíga samhliða fjölförnustu umferðaræðunum (bls. 33). Að öðru leyti er ekki fjallað um þátt hjólreiða í samgöngum á nýrri öld. Hins vegar kemur skýrt fram hvert skilgreint hlutverk Vegagerðarinnar sé, nefnilega að „sjá samfélaginu fyrir vegakerfi í samræmi við þarfir þess og veita þjónustu sem miðar að greiðri og öruggri umferð“. Enn fremur segir að það sé brýnasta verkefni Vegagerðarinnar að bæta úr ágöllum vegakerfisins, viðhalda því og bæta þjónustu þess. Í ljósi þessara yfirlýsinga verður að telja fremur dapurlegt hversu lítið er horft til hjólreiða í framtíðarstefnu stjórnvalda í þessum málaflokki.

**Hjólreiðar verði alvöruvalkostur.**

Sjálfbærar samgöngur eru til umræðu í öllum nágrannalöndum okkar í tengslum við skuldbindingar landanna vegna Kyoto-bókunarinnar. Bókunin hefur að geyma bindandi töluleg markmið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þótt íslensk stjórnvöld hafi fengið gífurlegar ívilnanir í Kyoto, þá er útlit fyrir að búið sé að ráðstafa þeim öllum í þágu stóriðju. Eins og málum er háttað um þessar mundir má gera ráð fyrir að ⅓ CO2-losunar okkar komi frá samgöngum. Úr þeirri losun verður ekki dregið nema að til komi sérstakt átak til að auka hlut þeirra samgöngutækja sem ekki losa $CO_2$. Það er því augljóst að í hjólreiðum er fólgið eitt öflugasta sóknarfærið á leið til sjálfbærra samgangna, en til þess að nýta megi það sóknarfæri er nauðsynlegt að fara að líta á reiðhjól sem samgöngutæki.

Hingað til hafa hjólreiðar fremur verið flokkaðar með útivist og heilsusamlegri hreyfingu en síður verið litið svo á að reiðhjól sé samgöngutæki. Þess vegna hefur verið talið eðlilegt að hjólreiðamenn nýttu sér útivistarstíga til að stunda hjólreiðar. Það er gott svo langt sem það nær, en í því sambandi verður að hafa í huga að slíkir stígar hafa fremur verið lagðir með hliðsjón af útivistargildi en gildi þeirra sem tenginga milli staða. Þess utan finnast slíkir stígar nær eingöngu á höfuðborgarsvæðinu og þá helst innan borgarmarkanna. Það kemur til af því að litið hefur verið á það sem hlutverk sveitarfélaganna að sjá borgurunum fyrir stígum af þessu tagi. Að hluta til má telja það réttlætanlegt, en að öðru leyti er það óásættanlegt út frá sjónarmiði þeirra sem vilja nota reiðhjól sem samgöngutæki. Þannig er það til vansa að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skuli ekki tengd með hjólreiðabrautum. Sem dæmi má nefna að hjólreiðamenn, sem eiga heima á Álftanesi og sækja vinnu í Mjódd, geta með engu móti nýtt reiðhjólið til að fara til vinnu. Þótt samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu

sé nokkuð öflugt þá má heita óraunhæft að þau taki upp hjá sér að leggja í nauðsynlegan kostnað við að tengja sveitarfélögin þannig að hjólreiðamenn eigi greiða leið milli þeirra. Til að svo megi verða þarf ríkisvaldið að koma inn í stefnumótunina og taka ábyrgð á framkvæmdunum eins og um akbrautir væri að ræða. Sama má segja um umferð hjólreiðamanna um stofnbrautir í þéttbýli, það þarf að vera skilgreint hlutverk ríkisvaldsins að slíkar brautir séu aðgengilegar fyrir hjólreiðamenn. Nauðsynlegt er að taka þessa þætti til rækilegrar skoðunar og gera raunhæfa áætlun um úrbætur. Þegar slík áætlun liggur fyrir verður hægt að segja að hjólreiðar séu viðurkenndur og fullgildur kostur í samgöngumálum og fyrst þá verður stefnan á sjálfbærar samgöngur trúverðug.

## 83. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands (Hoyvíkur-samningsins).

Flm.: Halldór Blöndal, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að ræða möguleikann á því að löndin geri með sér samkomulag um að útvíkka fríverslunarsamninginn sem Færeyjar og Ísland hafa gert með sér (Hoyvíkur-samninginn).

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 1/2006 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 21. ágúst 2006 í Þórshöfn í Færeyjum. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að ræða möguleikann á því að löndin geri með sér samkomulag um að útvíkka fríverslunarsamninginn sem Færeyjar og Ísland hafa gert með sér (Hoyvíkur-samninginn).

**Rökstuðningur.**

Löng hefð er fyrir nánu og víðtæku samstarfi vestnorrænna þjóða. Vestur-Norðurlönd ná yfir gríðarstórt land- og hafsvæði en þjóðirnar sem þau byggja eru fámennar. Fríverslunarsvæði eyjanna í Norður-Atlantshafi kæmi sér mjög vel fyrir viðkomandi lönd og þar með fyrir íbúa landanna, yfirvöld og atvinnulíf.

Fríverslunarsamningurinn sem Færeyingar og Íslendingar hafa gert með sér tryggir ekki einungis frjálsa vöruverslun milli landanna, heldur veitir hann borgurum landanna næstum sömu réttindi í báðum löndunum á sviðum eins og heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu og þátttöku í sveitarstjórnarkosningum. Markmiðið með samningnum er að fjarlægja eftir því sem kostur er þær landamærahindranir sem eru milli landanna.

Það er einkar mikilvægt fyrir smáþjóðir eins og vestnorrænar þjóðir að standa saman og styðja hver við aðra, jafnframt því að hafa árangursríkt og gott samstarf. Fríverslunarsamningurinn getur átt þátt í því. Hann mun stuðla að því að hið nána og jákvæða samstarf sem þessi lönd hafa átt öldum saman haldi áfram og eflist. Jafnframt mun vestnorrænn fríverslunarsamningur að líkindum hafa í för með sér að Færeyingar og Grænlendingar verði ekki jafnháðir Dönum fjárhagslega og nú.

Vestnorræna ráðið álítur afar brýnt að ríkisstjórnir landanna skoði samninginn vel og ræði um leið möguleikana á að Grænland geti átt aðild að honum. Útvíkkun fríverslunarsamningsins mun stækka talsvert heimamarkað landanna þriggja og hafa í för með sér enn fleiri viðskipta- og atvinnutækifæri fyrir borgara og fyrirtæki landanna.

Fríverslunarsamningur sem nær til allra Vestur-Norðurlanda mun auk þess treysta enn betur þau vináttu- og nágrannabönd sem þegar eru fyrir hendi milli Færeyja, Grænlands og Íslands.

Með Hoyvíkur-samningnum hefur í raun orðið til færeyskt-íslenskt efnahagssvæði. Vestnorræna ráðið telur afar brýnt að Grænland verði einnig aðili að Hoyvíkur-samningnum og að þannig verði til vestnorrænt efnahagssvæði.

Í Hoyvíkur-samningnum er grein sem gerir ráð fyrir því að fleiri aðilar konungsveldisins Danmerkur geti fengið hlutdeild í samningnum. Vestnorræna ráðið hvetur ríkisstjórnir Vestur-Norðurlanda til að kanna möguleikann á því að notfæra sér þessa grein og hefja eins fljótt og hægt er viðræður um möguleikann á aðild Grænlands að samningnum.“

## 84. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd.

Flm.: Halldór Blöndal, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, móti sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 4/2006 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 21. ágúst 2006 í Þórshöfn í Færeyjum. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið beinir þeim tilmælum til landstjórnar Færeyja, landstjórnar Grænlands og ríkisstjórnar Íslands að þær móti sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd sem svæði. Ráðið beinir þeim tilmælum til stjórnvalda landanna að hin sameiginlega stefna feli meðal annars í sér að sameiginleg markaðssetning Vestur-Norðurlanda sem ferðamannasvæðis verði efld. Vestnorræna ráðið mælist jafnframt til að stjórnir landanna geri áætlun um aukið samstarf um ferðamálamenntun á Vestur-Norðurlöndum.

Á ferðamálaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Maniitsoq 6.–9. júní 2006 ríkti mikill einhugur meðal þátttakenda um að Vestur-Norðurlönd ættu eftir megni að vinna saman að því að auka fjölda ferðamanna í löndunum. Jafnframt var eining um að mikilvægt væri að skilgreina á hvaða sviðum ferðamála væri hagkvæmt fyrir löndin að vinna saman.

Sameiginleg stefna vestnorrænu landanna í ferðamálum mun tryggja aukna athygli alþjóðlegra ferðamálafrömuða og stuðla að því að tryggja að markaðshlutdeild Vestur-Norðurlanda í ferðamálum minnki ekki heldur vaxi. Vestur-Norðurlönd geta boðið ferðamönnum upp á margs konar einstæða upplifun sem ekki er að finna annars staðar í heiminum, en nauðsynlegt er að Vestur-Norðurlönd komi því á framfæri við umheiminn hvað þau hafa að bjóða ferðamönnum framtíðarinnar.

Vestnorræna ráðið álítur mikilvægt að einn liður í sameiginlegri vestnorrænni stefnu og markaðssetningu í ferðamálum verði samstarf um menntun starfsfólks í ferðaþjónustu, m.a. með því að gefa því kost á því að sækja sér menntun gegnum fjarkennslu. Ráðið álítur að slík samvinna tryggi starfsfólki í vestnorrænni ferðaþjónustu bestu skilyrði í daglegu starfi sem kostur er á.

Löng hefð er fyrir samvinnu Vestur-Norðurlanda. Löndin geta haft hag af því að miðla hvert öðru af reynslu sinni í ferðaþjónustu. Ferðamannaþjónusta er að öllum líkindum sá markaður sem mun vaxa hvað hraðast á heimsvísu á 21. öld. Það er því afar mikilvægt að Vestur-Norðurlönd noti sér nú þegar þá kosti sem vinnast með samstarfi og verði reiðubúin að taka á móti stöðugt fleiri ferðamönnum í framtíðinni.“

## 85. Beiðni um skýrslu [85. mál]

frá félagsmálaráðherra um kjör einstæðra og forsjárlausra foreldra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Mörður Árnason, Valdimar L. Friðriksson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að félagsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um kjör og aðbúnað einstæðra og forsjárlausra foreldra og barna þeirra þar sem fram komi upplýsingar um eftirtalin atriði:

1. Hver er fjöldi forsjárlausra foreldra annars vegar og einstæðra foreldra hins vegar, skipt eftir kyni, tekjum og fjölda barna?
2. Hve margir forsjárlausir foreldrar annars vegar og einstæðir foreldrar hins vegar, skipt eftir kyni þeirra og fjölda barna, búa
   a. í eigin húsnæði,
   b. í almennu leiguhúsnæði,
   c. í félagslegu leiguhúsnæði,
   d. í annars konar húsnæði, t.d. hjá foreldrum eða ættingjum?

   Hvað má ætla að meðalhúsnæðiskostnaður forsjárlausra foreldra og einstæðra foreldra á mánuði sé hár, annars vegar í leiguhúsnæði og hins vegar í eigin húsnæði?
3. Hve margir foreldrar, skipt eftir kyni, fjölda meðlagsgreiðslna og launatekjum
   a. greiða meðlag,
   b. fá greitt meðlag,
   c. bæði greiða meðlag og fá greitt meðlag?
4. Hvað má áætla að framfærslukostnaður forsjárlausra foreldra og einstæðra foreldra sé hár, skipt eftir barnafjölda og aldri barna?
5. Hve mörg börn einstæðra og forsjárlausra foreldra taka þátt í tómstundastarfi utan skóla, svo sem tónlistarnámi, íþróttum o.fl., skipt eftir aldri barnanna, og hve hátt hlutfall er það af heildarfjölda þátttakenda í tómstundastarfi barna?
6. Hverjar voru meðaltekjur og hvernig var eigna- og skuldastaða einstæðra foreldra annars vegar og forsjárlausra foreldra hins vegar á árinu 2005, skipt eftir kyni þeirra og fjölda

barna? Hver var tekjuþróunin miðað við aðra hópa og hvernig skiptust skuldir í meðlagsskuldir, námslán og húsnæðislán?
7. Hverjar voru meðalráðstöfunartekjur einstæðra foreldra annars vegar og forsjárlausra hins vegar árið 2005 samanborið við aðra þjóðfélagshópa og hvernig skiptust ráðstöfunartekjurnar?
8. Hvað má áætla að meðlagsgreiðslur til einstæðra foreldra séu hátt hlutfall af áætluðum framfærslukostnaði barna 0–5, 6–15 og 16–18 ára?
9. Hve margir einstæðir foreldrar annars vegar og forsjárlausir hins vegar fengu árlega fjárhagsaðstoð hjá stærstu sveitarfélögunum á árunum 2000–2005 og hvernig var fjöldinn í samanburði við aðra hópa sem leitað hafa eftir fjárhagsaðstoð?
10. Hve margir og hve hátt hlutfall einstæðra foreldra annars vegar og forsjárlausra foreldra hins vegar, skipt eftir kyni, fá:
    a. barnabætur,
    b. húsaleigubætur,
    c. námslán,
    d. vaxtabætur,
    e. bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og þá hverjar?
11. Hverjar voru meðalskattgreiðslur forsjárlausra foreldra annars vegar og einstæðra foreldra hins vegar árlega tekjuárin 2000–2005 og hve margir þeirra voru skattlausir?
12. Hve margir foreldrar fengu mæðra- og feðralaun árin 1995 og 2005 og hvaða breytingar hafa orðið á fjárhæð greiðslna á þessu tímabili?
13. Hvernig hefur samráði stjórnvalda verið háttað við Félag einstæðra foreldra og Félag ábyrgra feðra um hagsmunamál þeirra?
14. Eru uppi áform af hálfu ráðherra eða ríkisstjórnarinnar um að bæta kjör, aðbúnað eða stöðu einstæðra foreldra annars vegar og forsjárlausra foreldra hins vegar, sem og barna þeirra?

## Greinargerð.

Í beiðninni er óskað eftir upplýsingum um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra. Með einstæðum foreldrum er átt við foreldra sem eftir skilnað eða sambúðarslit teljast opinberlega búa einir með börnum sínum en hitt foreldrið býr annars staðar. Með forsjárlausum foreldrum er átt við foreldra sem ekki búa með börnum sínum samkvæmt opinberum gögnum og hafa ekki forsjá barns síns ellegar barnið hefur lögheimili annars staðar. Fólk í síðarnefnda hópnum fellur stundum jafnvel í hóp barnlausra af því að ekkert barn hefur lögheimili hjá því.

Eftir lagabreytingu í júní 2006 skal forsjá vera sameiginleg við skilnað eða sambúðarslit nema foreldrar semji um annað eða úrskurður sé á annan veg. Þess vegna er tæpast lengur rétt að tala um forsjárlausa foreldra, en vegna venju hér á landi er í beiðni þessari notast við þetta orð. Engu að síður liggur fyrir að héðan í frá hljóta skilgreiningarnar að byggjast á lögheimili barnanna en ekki eru enn komin fram góð orð.

Nauðsynlegt er að kanna stöðu þessara hópa en fjöldi fólks í þeim býr við afar bág kjör og lélega húsnæðisaðstöðu. Á 125. löggjafarþingi gaf félagsmálaráðherra Alþingi skýrslu um kjör einstæðra foreldra. Í þeirri skýrslu kom fram að framfærslukostnaður einstæðra foreldra væri verulega hár og að einungis um 58% einstæðra foreldra byggju í eigin íbúð en yfir 90% hjóna og sambýlisfólks. Framfærslukostnaður einstæðra foreldra er líka mjög hár. Í skýrslu Hagstofunnar um meðalneyslu einstæðra foreldra á árunum 2002–2004 (á meðalverðlagi 2004) kom fram að meðalneysluútgjöld þeirra væru tæplega 3,4 millj. kr. á ári eða 282 þús.

kr. á mánuði. Ætla má að stór hluti einstæðra foreldra sé undir þeim viðmiðunarmörkum í tekjum. Einnig er líklegt að stór hluti forsjárlausra foreldra búi við bága stöðu en þeir eru æ stærra hlutfall þeirra sem leita eftir félagslegri þjónustu sveitarfélaganna samkvæmt upplýsingum frá þeim og almennri umræðu síðustu missiri. Sömuleiðis má draga ályktanir af því hve stór hópur meðlagsgreiðenda er í vanskilum eða 7000 af 12 þúsund meðlagsgreiðendum sem skulda 14 milljarða kr. Af þessum 7000 einstaklingum eru 4000 í alvarlegum vanskilum og skulda um 11 milljarða kr. Brýnt er orðið að gera heildarúttekt á stöðu þessa hóps og að stjórnvöld og Alþingi meti hvernig best er að bæta stöðu þeirra.

Þær upplýsingar sem hér er beðið um ættu að gefa allgóða mynd af stöðu bæði einstæðra og forsjárlausra foreldra og gagnast vel til að fá samanburð á aðstöðu og kjörum þessara hópa. Af þeim væri líka hægt að fá glögga mynd af því til hvaða úrræða væri hægt að grípa til að bæta stöðu þeirra.

## 86. Frumvarp til laga [86. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson,
Guðjón A. Kristjánsson, Ágúst Ólafur Ágústsson.

1. gr.

Við 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Framlög og styrkir til einstaklinga úr styrktar- og sjúkrasjóðum stéttarfélaga teljast ekki til tekna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 132. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því flutt á ný óbreytt.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á 7. gr. laga um tekjuskatt að framlög og styrkir til einstaklinga úr styrktar- og sjúkrasjóðum stéttarfélaga teljist ekki til tekna samkvæmt lögunum og verði því skattfrjáls.

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns á 132. löggjafarþingi (644. mál) kemur fram að nærri ellefu þúsund einstaklingar hafi greitt samanlagt 263 millj. kr. í tekjuskatt og útsvar af styrkjum úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaganna árið 2004. Alls námu styrkirnir 852 millj. kr. árið 2004, en veittar voru skattalegar ívilnanir sem námu 122 millj. kr. á grundvelli 65. gr. laga um tekjuskatt, en sú grein heimilar skattyfirvöldum að lækka greiðslur, t.d. vegna skerðingar á gjaldþoli framteljanda vegna veikinda. Forsendur slíkra ívilnana eru þær að viðkomandi sýni fram á að hann hafi orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna veikinda sinna og geti ekki séð fyrir sér.

Einnig kom fram í svari fjármálaráðherra að styrkirnir hafi ætíð verið skattskyldir, en frá 1. júlí 2001 hafi þeir verið staðgreiðsluskyldir, og að með auknum styrkjum stéttarfélaga og betri forskráningu á framtöl hafi skattlagning vegna þeirra aukist hin síðari ár.

Flutningsmenn telja skattlagninguna óréttláta og telja eðlilegt að sjúkrastyrkirnir séu skattfrjálsir þar sem sjóðirnir séu í raun sameiginlegur sparnaður sem fólk hafi komið sér upp. Þá geti það ekki talist eðlilegt að fólk sé skattlagt vegna greiðslna sem það fær upp í kostnað vegna veikinda. Flutningsmenn benda jafnframt á að ýmis stéttarfélög telja skattlagninguna fráleita, m.a. vegna þess að þeir fjármunir sem þau verja í sjúkrastyrki spara samfélaginu mikinn kostnað.

## 87. Frumvarp til laga [87. mál]

um breytingu á lögum, nr. 66/1995, um grunnskóla.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Mörður Árnason,
Katrín Júlíusdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Helgi Hjörvar, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlist gildi 1. janúar 2007.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu leggja flutningsmenn til að samræmd lokapróf í grunnskólum verði lögð af.

Samræmd lokapróf í grunnskólum eru að mati flutningsmanna tímaskekkja. Allt of mikil áhersla er lögð á þau í kennslunni og áhrif þeirra á skólastarf og nemendur eru neikvæð. Samfylkingin telur að endurskoða þurfi fyrirkomulag samræmdra lokaprófa í grunnskólum með það að markmiði að leggja þau af. Þess í stað ætti að auka verulega vægi verklegra greina og þeirra greina sem þjálfa börn í mannlegum samskiptum.

Samræmd lokapróf í mörgum greinum er mikil miðstýring í skólastarfi. Þangað færist meginþungi kennslunnar og skólastarfið snýst í of miklum mæli um samræmdu greinarnar. Aðrar greinar sitja eftir og þar með margir nemendur.

Prófin skapa álag sem mörg ungmenni ráða illa við eða ekki. Fram hafa komið sláandi dæmi um börn sem hafa ekki ráðið við álagið og hlotið af því mikinn skaða. Börn taka þann óvægna samanburð sem samræmd lokapróf eru mörg hver afar nærri sér enda er um að ræða afgerandi flokkun og röðun á börnum á viðkvæmasta aldri. Sérstaklega kemur þetta illa við viðkvæmari börn með laka félagslega stöðu sem þarf sérstaklega að vernda og halda hlífiskildi yfir. Bestu nemendurnir og sterkustu einstaklingarnir fara sem betur fer auðveldlega í gegnum þetta ferli. Það eru hin sem bíða skaðann og það eru oft börn sem síðar hætta í framhaldsskóla án þess að ljúka námi og lenda mörg hver utan garðs í lífinu, sum hver af því að menntakerfið veitti þeim ekki þann stuðning sem þurfti. Þarna valda samræmd próf miklu. Aðrar og mildari leiðir eru færar til að kanna árangur barna og skóla en samræmd lokapróf. Þær leiðir ætti að fara.

Með samræmdu prófunum eru börn flokkuð í hópa eftir árangri. Sum lenda í fyrsta flokki, önnur í öðrum og þriðja. Þannig upplifa börnin þessa flokkun sem svo fylgir þeim út í lífið.

Skaðinn er oft umtalsverður og á engan hátt réttlætanlegur í þágu þeirrar miðstýringarárattu menntamálayfirvalda að allir skuli vera eins.

Samræmd lokapróf hafa tíðkast lengi en lítið hefur borið á gagnrýnni umræðu um gildi þeirra, tilgang og árangur af notkun þeirra sem mælitækis á færni nemenda þegar þeir ljúka skyldunámi grunnskólans.

Í rauninni er einn helsti tilgangur samræmdu prófanna að vera eins konar inntökupróf í framhaldsskólana. Sem slík eru þau vafasamt tæki og til eru betri og sanngjarnari leiðir til að velja nemendur í þá skóla. Það er einnig mál framhaldsskólanna sjálfra, rétt eins og það er mál háskólanna að velja og takmarka inn í þá. Í reglugerð nr. 98/2000 er kveðið á um innritun nemenda í framhaldsskóla. Við niðurfellingu samræmdra prófa á lokaári í grunnskóla þarf að breyta þeim ákvæðum reglugerðarinnar sem gerir þær kröfur til nemenda að hafa lokið samræmdum prófum með tiltekinni lágmarkseinkunn. Jafnframt verði felld brott reglugerð nr. 414/2000, sbr. 333/2005, um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum.

Með þessari tillögu leggja flutningsmenn til að aðrar leiðir verði farnar til kanna stöðu og getu nemenda á lokaári grunnskóla í stað samræmdra lokaprófa en sú breyting er eitt af grundvallaratriðum framsækinnar skólastefnu.

## 88. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um háhraðanettengingar í dreifbýli og á smærri þéttbýlisstöðum.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Kristján L. Möller, Jón Gunnarsson,
Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir,
Valdimar L. Friðriksson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa frumvarp til laga sem tryggi að allir landsmenn eigi kost á háhraðanettengingu óháð búsetu. Málið verði afgreitt fyrir þinglok í vor.

Greinargerð.

Háhraðanettenging flokkast sem grunnþjónusta í nútímasamfélagi að mati flutningsmanna þessarar tillögu, rétt eins orkuveita og símaþjónusta. Í skriflegu svari samgönguráðherra við fyrirspurn um háhraðatengingar á 130. löggjafarþingi kemur fram að yfir 22.000 Íslendingar hafa ekki slíka tengingu (sjá fylgiskjal). Síminn og fjarskiptafyrirtækin meta það svo að ekki sé arðvænlegt að leggja ADSL-tengingar í byggðarlögum þar sem íbúar eru færri en 150. Þarna ráða gróðasjónarmiðin för en inntak þessarar tillögu er hins vegar að það sé skylda samfélagsins að tryggja öllum Íslendingum háhraðanettengingu óháð búsetu. Án þess er ekki um að ræða jafnstöðu við aðra um þátttöku í nútímasamfélagi. Því eiga stjórnvöld að semja við fjarskiptafyrirtækin um að veita, eða hafa milligöngu um að veita, slíka þjónustu.

Á meðan svo háttar til að mikill fjöldi Íslendinga hefur ekki háhraðanettengingu og góðan aðgang að upplýsingahraðbrautinni eru heimabyggðir þeirra ósamkeppnishæfar þegar kemur að vali fólks og fyrirtækja til búsetu. Byggðirnar eru annars flokks í þessu tilliti og íbúum þeirra er mismunað af hálfu samfélagsins.

Sprottið hafa upp nokkur öflug fyrirtæki sem veita háhraðanettengingar í dreifbýli í gegnum örbylgju. Þau hafa veitt þessa þjónustu í mörgum byggðarlögum sem ekki hafa háhraðanettengingu og gefst íbúum þar þá í raun og veru í fyrsta sinn kostur á að kaupa sér ágæta háhraðanettengingu. Þó að það jafnist ekki á við fullkomna háhraðanettengingu og þá sítengingu sem hún býður upp á er þetta samt að einhverju leyti sambærilegt við það. Þjónustu þessara fyrirtækja á að nýta til að tryggja öllum heimilum landsins möguleika á háhraðanettengingu enda mikil þekking og færni til hjá þessum fyrirtækjum.

Kostur á háhraðanettengingu snýst um sanngirni og jöfn tækifæri allra landsmanna til búsetu. Háhraðanettengingar eru grunnþjónusta sem sker úr um hvort svæði telst búsetukostur fyrir fólk eða ekki. Með háhraðanettengingu er verið að veita íbúum dreifbýlisins og smærri þéttbýlisstaða jafnstöðu, jöfn tækifæri á við aðra íbúa Íslands til að nýta sér þá ótal möguleika sem samskiptabyltingin hefur fært okkur nútímamönnum til menntunar, jöfn tækifæri til að afla upplýsinga, skapa atvinnutækifæri og eiginlega vinna við hvað sem er, að heiman að hluta. Fjarvinnsla, fjarnám og aðrir slíkir möguleikar nýtast ekki þeim sem ekki hafa öfluga nettengingu.

Þá er það stór þáttur í menntun, uppeldi og þátttöku barna og unglinga í nútímasamfélagi að hafa fyrsta flokks tengingu við netið til að þau megi nýta það til góðra hluta sér til afþreyingar, upplýsingaöflunar og sjálfsmenntunar hvers konar. Netið býður upp á ótal leiðir til símenntunar með býsna einföldum hætti. Í þessari byltingu og þróun þurfa allir landsmenn að geta tekið þátt. Því er brýnt að stjórnvöld hafi forustu um að tryggja að allir eigi þess kost að hafa háhraðanettengingu, óháð búsetu.

---

Með tillögunni var fylgiskjal: Svar samgönguráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um háhraðatengingar (592. mál á 130. löggjafarþingi). Sjá þskj. 972 í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 3785–3788.

## 89. Frumvarp til laga [89. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson,
Kristján L. Möller, Jón Gunnarsson, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vextir sem greiddir eru af yfirdráttarheimild af tékkareikningi, svo og sambærilegum neytendalánssamningum með breytilegum höfuðstól, skulu aldrei vera hærri en samtala gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana (grunnur yfirdráttarlána) auk sjö hundraðshluta álags (yfirdráttarálag).

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ellefu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: níu.

b. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Seðlabankanum er heimilt að ákveða lægra vanefndaálag, þó að lágmarki sjö hundraðshlutar.

3. gr.

Á eftir orðunum „óverðtryggðum og verðtryggðum útlánum“ í 1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna bætist við: og yfirdráttarlánum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 2. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en við birtingu ákvörðunar Seðlabanka Íslands um dráttarvexti sem tekur gildi 1. janúar 2007.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 132. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Markmið þess er að draga úr kostnaði skuldugra fyrirtækja og heimila vegna óhóflega hárra dráttarvaxta, sem leitt getur til mikilla greiðsluerfiðleika og raunar komið í veg fyrir að einstaklingar og lögaðilar geti komið sér út úr tímabundnum eða langvarandi fjárhagsvanda.

Með vaxtalögum, nr. 25/1987, var staðfest almennt frelsi til samninga manna á milli um vexti, þó ekki um dráttarvexti sem áfram voru ákveðnir af Seðlabanka. Með lögunum var Seðlabanka gert að birta opinberlega upplýsingar um vexti hjá bönkum og sparisjóðum og ákveða dráttarvexti innan tiltekinna marka. Vaxtalögunum var nokkrum sinnum breytt og árið 2001 komu ný lög í stað þeirra, lög um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Með þeim lögum varð sú breyting að í stað þess að Seðlabankinn ákvæði einhliða dráttarvexti af öllum peningakröfum varð aðilum heimilt að semja um dráttarvexti upp að vissu marki í lánssamningum. Þeim varð heimilt að semja um tiltekinn fastan hundraðshluta sem vanefndaálag ofan á ákveðinn grunn dráttarvaxta sem tæki mið af vöxtum algengra skammtímalána Seðlabankans til lánastofnana, auk þess að geta samið um fasta dráttarvexti. Með þessum lögum var stefnt að því að hægt væri í ríkari mæli en áður að semja um vexti í stað þess að nota almennar vaxtaviðmiðanir á markaðnum. Samkvæmt núgildandi lögum eru dráttarvextir myndaðir af grunni dráttarvaxta, sem eru nú stýrivextir Seðlabankans, og við bætist vanefndaálag sem ákveðið er af Seðlabanka Íslands.

Þegar ákvæðum laga var breytt árið 2001 og heimilað ákveðið frjálsræði í töku dráttarvaxta upp að vissu marki, treysti enginn sér til að hafa skoðun á því hvaða áhrif breytingin hefði á dráttarvaxtatöku. Nokkuð víst má þó telja að aukið frjálsræði í ákvörðun dráttarvaxta gagnaðist mest stórum fyrirtækjum og fjárfestum, sem og betur stæðum einstaklingum, sem eru í góðri aðstöðu til að semja niður dráttarvexti. Dráttarvextir sem Seðlabankinn ákveður eru trúlega í flestum tilvikum notaðir gagnvart þeim sem eru í lakari samningsstöðu eins og smærri fyrirtækjum og einstaklingum með lágar tekjur eða meðaltekjur. Frá júlí 2001, þegar breytingarnar tóku gildi, hafa dráttarvextir lækkað en síðan hækkað á ný og eru nú, 2. október 2006, 23,50%, eða þeir sömu og þeir voru þegar lögin tóku gildi. Vanefndaálag er í lögum ákveðið ellefu hundraðshlutar en Seðlabankinn hefur þó heimild til að ákveða annað vanefndaálag, að lágmarki sjö hundraðshluta en að hámarki fimmtán hundraðshluta. Vanefndaálag hefur frá júlí 2001 til október 2006 verið á bilinu 11–12,60% og er nú 11,25%. Að undanförnu hafa dráttarvextir hækkað verulega frá því sem þeir voru í ágúst 2003 eða úr 17% í 23,5% í október 2006.

Núgildandi lagaákvæði um dráttarvexti byggjast m.a. á tilskipun Evrópusambandsins 2000/35/EB um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum. Í d-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar segir:

„Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjárhæð vaxta af greiðsludrætti („lögboðnir vextir"), sem skuldunaut ber að greiða, skuli vera samtala vaxta sem Seðlabanki Evrópu notaði við síðustu mikilvægu skuldbreytingaraðgerð sem átti sér stað fyrir fyrsta almanaksdag á umræddu missiri („viðmiðunarvextir"), að viðbættum a.m.k. sjö prósentustigum („vaxtaálag"), nema kveðið sé á um annað í samningum."

Athyglisvert er að í þessari tilskipun er einungis kveðið á um lágmark en ekki hámark, en frá 2001 hefur vanefndaálagið hér á landi ekki farið niður fyrir 11%. Þegar bornir eru saman dráttarvextir hérlendis og annars staðar á Norðurlöndum kemur í ljós að vanefndaálagið í Danmörku og Noregi er 7% og í Svíþjóð 8%. Á Íslandi er því vanefndaálag nú 3–5 prósentustigum hærra en í þessum löndum. Dráttarvextir hér á landi eru nú 23,5%. Í Danmörku eru þeir 9,75%, í Noregi 9,75% og í Svíþjóð 10,50%. Dráttarvextir hér á landi, sem ekki er samið um sérstaklega, eru því meira en helmingi hærri hér en í þessum samanburðarlöndum. Einnig vekur athygli að í dönsku lögunum er kveðið á um að vanefndaálagið sé 7% og í sænsku lögunum 8%. Í þessum löndum er ekki heimild til hærra vanefndaálags og því ekki sett efri mörk líkt og hér á landi.

Ljóst er að á umliðnum árum hafa dráttarvextir vegið þungt í fjárhag skuldugra heimila og iðulega komið í veg fyrir að þau gætu unnið sig út úr fjárhagskröggum, því að dráttarvextirnir skapa ákveðinn vítahring. Þannig hefur fjöldi skuldugra heimila í miklum fjárhagserfiðleikum lent í því að geta ekkert greitt niður af höfuðstól skulda og einungis getað með striti og erfiði greitt niður dráttarvexti, en hlutfall dráttarvaxta af höfuðstól lána er oft gríðarlega hátt.

Vextir hér á landi eru háir í samanburði við nágrannaríkin og hefur nokkur umræða orðið um það á síðustu missirum. En vaxtamunur innan lands er einnig mjög mikill. 2. október sl. voru almennir vextir verðtryggðra lána lægstir 5,35% og vextir óverðtryggðra lána um 16–18%. Dráttarvextir eru aftur á móti 23,5% og hæstu vextir yfirdráttarlána banka til neytenda eru, samkvæmt vaxtatöflum bankanna, 15,3–23,7% en gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana eru 14,0%.

Ótrúlegur munur er líka á hæstu og lægstu óverðtryggðum vöxtum, en þeir lægstu voru 1. júlí 2005 15,70% og þeir hæstu 23,70%. Þetta er ótrúlegur munur á vöxtum, eða 8 prósentustig, þar sem viðskiptavinum er raðað í einhvers konar kjörvaxtaflokka eftir mati bankans á greiðsluþoli og ábyrgðum sem lántakendur leggja fram. Samkvæmt upplýsingum Samtaka banka og verðbréfasjóða er ákvörðun um álag á kjörvexti m.a. tekin af viðskiptasögu, öðrum viðskiptum við bankana, tryggingum, greiðslugetu og eignastöðu. Erfitt er að skilja að þetta séu réttlætanleg rök fyrir svo gífurlegum vaxtamun á óverðtryggðum skuldabréfum og raunar óþolandi að þeir sem verr eru settir í þjóðfélaginu skuli þurfa að sæta allt að 8 prósentustiga hærri vöxtum en þeir sem betur eru settir.

Með þeirri leið sem lögð er til í frumvarpi þessu er reynt að stilla dráttarvöxtum í hóf en um leið er skapað ákveðið svigrúm til vanefndaálags sem t.d. er ekki að finna í dönskum og sænskum lagaákvæðum um dráttarvexti. Þrátt fyrir þessa breytingu er skoðun flutningsmanna að áfram sé skapaður nægjanlegur hvati til skilvísi, sem stuðlar að lægri fjármagnskostnaði fyrir alla. Með þessari leið er reynt að koma í veg fyrir að dráttarvextir séu svo óhóflegir að tímabundnir greiðsluerfiðleikar hjá einstaklingum eða lögaðilum setji þá sem lenda í vanskilum í óleysanlegan vítahring.

Jafnframt því sem lagt er til lægra vanefndaálag en núgildandi lög kveða á um er skoðun flutningsmanna að mikilvægt sé að ná niður vöxtum yfirdráttarlána, en hæstu yfirdráttarvextir, 23,7%, eru nú hærri en dráttarvextir sem Seðlabanki ákveður.

Frá lokum ágúst 2004 til loka ágúst 2006, eða á tveimur árum, hafa yfirdráttarlán heimilanna hækkað um rúm 16% eða um tæplega 10 milljarða kr. Í lok ágúst 2004 voru þau um 60,5 milljarðar kr. en tveimur árum síðar, í lok ágúst 2006, voru þau rúmir 70 milljarðar kr. Á þessum tíma hafa vextir af yfirdráttarlánum hækkað um 3 pósentustig en hæstu yfirdráttarvextir eru eins og áður er getið 23,5%. Áætla má, miðað við 17% meðalvexti, að vaxtataka bankanna á 12 mánaða tímabili, frá ágúst 2004 til ágúst 2005 hafi verið um 10 milljarðar kr. vegna yfirdráttarlána heimilanna og tæpir 13 milljarðar miðað við 21% meðalvexti frá ágúst 2005 til ágúst 2006.

Í ágúst sl. voru yfirdráttarlán fyrirtækja um 110,2 milljarðar kr. og má áætla að yfirdráttarvextir af þeim lánum á undanförnu 12 mánaða tímabili hafi verið um 20 milljarðar kr., en fyrirtæki eru almennt með lægri yfirdráttarvexti en einstaklingar. Líkt og hjá einstaklingum fer það þó eftir áhættu lánveitandans og viðskiptum viðkomandi fyrirtækis við innlánsstofnunina. Bankarnir ákveða sjálfir yfirdráttarvextina og hafa haldið þeim mjög háum. Eðlilegt er að bönkunum verði settar ákveðnar skorður í töku yfirdráttarvaxta, enda svo komið að mikill fjöldi fólks hefur lent í vítahring með fjárhag sinn og er illmögulegt að losna við yfirdráttarlánin vegna mikillar vaxtabyrði. Að meðaltali var íslenska kjarnafjölskyldan með um 850 þús. kr. í yfirdrátt í ágúst eða um 315 þús. kr. á mann, miðað við hvern Íslending á aldrinum 18–67 ára. Ef reiknað er með 23,5% yfirdráttarvöxtum þarf að greiða um 74 þús. kr. á ári af 315 þús. kr. yfirdráttarláni.

Mikilvægt er að það markmið verði sett að ná niður vöxtum yfirdráttarlána. Eðlilegt er að þeir vextir séu nær hæstu vöxtum óverðtryggðra skuldabréfa enda ljóst að bæði bankar og neytendur líta gjarnan á slík lán á svipaðan hátt. Eðlilegt er að samhliða lækkun á vanefndaálagi vegna dráttarvaxta sé töku yfirdráttarlána settar ákveðnar skorður en hæstu vextir yfirdráttarlána hafa verið nálægt dráttarvöxtum og eðlilegt að samræmis sé gætt þar á milli.

Í fyrstu grein frumvarpsins er lagt til að lögfest verði hámark vaxta af yfirdráttarlánum og öðrum sambærilegum lánum til neytenda. Við ákvörðun þess hámarks er tekið mið af ákvörðun dráttarvaxta, skv. 6. gr. laganna þannig að miðað er við samtölu gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana auk álags sem ákveðið er í lögunum að hámarki sjö hundraðshlutar. Til aðgreiningar frá ákvörðun dráttarvaxta er lagt til að grunnur vaxta yfirdráttarlána verði hér kallaður grunnur yfirdráttarlána þó svo að um sama grunn sé að ræða og þann sem stuðst er við þegar dráttarvextir eru ákvarðaðir.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru sammála því að samningsfrelsi skuli áfram vera meginregla í gildandi vaxtalögum, en í frumvarpinu er lögð til sama leið og í Danmörku og Svíþjóð, þ.e. að kveðið verði á um í lögum að vanefndaálag dráttarvaxta skuli vera 7% sem er til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins 2000/35/EB. Engu að síður er gengið skemur og lagt til að lögfest verði efri mörk sem stillt yrðu við 9% í stað 15% hámarks í núgildandi lögum. Með þessari leið yrði áfram heimild í lögum til að semja um dráttarvexti, sem eins og áður er getið hefur fyrst og fremst gagnast stórfyrirtækjum og betur stæðum einstaklingum. Þessi breyting mundi því fyrst og fremst gagnast smærri skuldsettum fyrirtækjum og skuldugum einstaklingum og fjölskyldum sem minna hafa milli handanna og eru í erfiðri samningsstöðu til að semja um lægri dráttarvexti en Seðlabankinn ákvarðar.

Seðlabanki Íslands birtir ákvörðun um dráttarvexti tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Grunnur dráttarvaxta er gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana en við bætist vanefndaálag, sem nú er ákveðið 11 hundraðshlutar nema um annað sé samið og er bankanum heimilt að ákveða það annað, eða á bilinu 7–15 hundraðshlutar. Í frumvarpinu er lagt til að heimild bankans til að ákveða vanefndaálag verði þrengd og það miðist almennt við níu hundraðshluta en bankanum verði heimilt að ákveða það lægra

eða niður að sjö hundraðshlutum. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en 2. gr. þeirra komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2007 þegar Seðlabanki Íslands birtir nýtt viðmið dráttarvaxta.

Áætlað er að ákvæðin sem lögð eru til með frumvarpinu geti leitt til þess að dráttarvextir og vextir yfirdráttarlána lækki um tvö prósentustig. Það hefði þau áhrif að vextir af yfirdráttarlánum heimilanna eins og þau voru í ágúst sl. mundu á 12 mánaða tímabili lækka um 1 milljarð kr. og af lánum fyrirtækja um 1,3 milljarða kr. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu voru álag og dráttarvextir af staðgreiðslusköttum, virðisaukaskatti, vörugjaldi og öðrum skattgreiðslum liðlega 3 milljarðar kr. á árinu 2004. Áætla má að dráttarvextir séu um tveir þriðju hlutar þeirra fjárhæðar eða um 2 milljarðar kr. Þá eru ótaldir dráttarvextir hjá stórum aðilum eins og sveitarfélögunum, greiðslukortafyrirtækjum o.fl. að ógleymdum lánastofnunum. Hjá KB-banka, Íslandsbanka og Landsbanka voru hreinar vaxtatekjur tæplega 67 milljarðar kr. á fyrstu sex mánuðum þessa árs og höfðu aukist frá fyrstu sex mánuðum ársins 2005 um nærri 100%. Bankarnir gefa ekki upp hve stór hluti þessara vaxtatekna er dráttarvextir, en reikna má með að þeir séu umtalsverðir. Tveggja prósentustiga lækkun á dráttarvöxtum gæti skipt sköpum fyrir smærri fyrirtæki og heimili í fjárhagserfiðleikum.

## 90. Frumvarp til laga [90. mál]

um breytingu á lögum nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal, Drífa Hjartardóttir.

1. gr.

98. gr. laganna orðast svo:

Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Skattstjóri skal senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. og 132. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Ákvæði um birtingu slíkra skráa er að finna í 98. gr. núgildandi laga um tekjuskatt, nr. 90 7. maí 2003. Þar segir í 1. mgr.:

„Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið

lagðir samkvæmt lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Hafi skattaðili annað reikningsár en almanaksárið skal skattstjóri í stað auglýsingar skv. 3. málsl. senda honum tilkynningu um álagninguna með ábyrgðarbréfi og birta álagninguna í næstu útgáfu á álagningar- og skattskrá. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.“

Í 2. mgr. 98. gr. núgildandi laga segir síðan:

„Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi. Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.“

Eins og sjá má af framangreindum lagaákvæðum leggur núgildandi löggjöf þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar liggi frammi. Jafnframt heimila núgildandi lög opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa þeirra upplýsinga sem fram koma í skattskrám í heild eða að hluta er heimil.

**Forsaga birtingar álagningar- og skattskráa.**

Skattyfirvöldum hefur um áratugaskeið verið skylt að lögum að leggja skattskrár einstaklinga fram til birtingar og að auglýsa framlagningu þeirra sérstaklega. Af orðalagi eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt er ljóst að tilgangurinn með framlagningu skattskrár hefur verið sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins, en jafnframt að tryggja gjaldendum heimild til að fá upplýst hjá skattyfirvöldum um grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimildir vegna slíkra ákvarðana. Enn fremur tryggðu ákvæði eldri laga sérhverjum gjaldanda kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatts. Með öðrum orðum var tilgangur laganna í öndverðu sá að gefa almenningi tækifæri til að kynna sér álagningu á samborgara sína enda var slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja að mögulegt væri að ganga úr skugga um að allir skattborgarar landsins greiddu þá skatta sem þeim bæri í samræmi við greiðslugetu og að skattálagning annarra gengi ekki gegn hagsmunum almennings. Voru almenningi því heimilaðar svokallaðar samanburðarkærur ef grunsemdir voru um að tekjur og eignir tiltekinna einstaklinga væru of lágt taldar eða ótaldar. Þannig segir í 35. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 74 27. júní 1921:

„Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignaskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sjerhver gjaldandi getur snúið sjer til skattanefndar og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna.“

Í 36. gr. laganna er síðan að finna þær kæruheimildir sem gerð er grein fyrir hér að framan, en þar segir:

„Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert viðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.“

Sambærileg ákvæði var síðan að finna í 36. gr. og 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. janúar 1935, og í 37. gr. og 38. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 46 14. apríl 1954.

Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 70 28. apríl 1962, var gerð veigamikil breyting á fyrrgreindum ákvæðum. Samkvæmt ákvæðum 39. gr. og 40. gr. laganna var skattstjórum eftir sem áður gert að leggja skattskrár fram í umdæmum sínum. Hins vegar var felld niður sú kæruheimild sem gjaldendur höfðu vegna ákvörðunar skatta á tekjur og eignir þriðja manns. Í greinargerð með frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem varð að lögum nr. 70 28. apríl 1962, kemur fram rökstuðningur fyrir breytingunni, en þar segir:

„Fellt er niður ákvæði 2. málsl. 38. gr. núgildandi laga um heimild gjaldenda til þess að kæra út af því, að tekjur og eign annarra gjaldenda sé of lágt ákveðin o.s.frv. Þessu ákvæði mun sjaldan eða aldrei hafa verið beitt, og verður því að teljast óþarft. Auðvitað getur hver gjaldþegn eftir sem áður komið á framfæri við skattstjóra eða umboðsmann hans hverjum þeim upplýsingum og ábendingum, sem hann telur ástæðu til.“

Fram til ársins 1979 lögðu skattyfirvöld einungis fram skattskrár, m.a. samkvæmt þeim ákvæðum sem vikið er að hér að framan. Fram að þeim tíma var ekki gerður lagalegur munur á skattskrám annars vegar og álagningarskrám hins vegar. Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, var slíkur greinarmunur gerður og skattstjórum gert skylt að leggja bæði álagningar- og skattskrár fram árlega, samkvæmt ákvæðum 98. gr. laganna. Með 8. gr. laga nr. 7/1984 var opinber birting og útgáfa álagningar- og skattskráa síðan heimiluð og hefur verið það síðan. Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem fylgdi lagabreytingunni árið 1984 kom fram það álit meiri hluta nefndarinnar að ótvírætt væri að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar væri í heild til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og að slík birting gegndi að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Framlagning álagningar- og skattskráa væri þannig hugsuð sem þáttur í virku skatteftirliti og ætlað að koma í veg fyrir undanskot frá skatti.

Frá því að síðastnefndu breytingarnar á skattalögum voru gerðar hefur framkvæmd laganna verið sú að skattstjórar hafa árlega lagt fram álagningar- og skattskrár í hverju umdæmi og jafnframt hefur efni þeirra verið gerð ítarleg skil í fjölmiðlum. Með frumvarpi þessu er lagt til að breyting verði gerð þar á.

**Löggjöf á Norðurlöndum.**

Reglur um birtingu upplýsinga um skattgreiðslur einstaklinga eru ekki samræmdar á Norðurlöndum. Ákvæði norskra laga munu vera sambærileg núgildandi ákvæðum íslenskra laga hvað varðar birtingu upplýsinga úr skattskrám. Samkvæmt sænskum lögum hafa þarlend

skattyfirvöld víðtækar heimildir til að birta upplýsingar um skattgreiðslur einstaklinga. Í dönskum lögum er hins vegar kveðið á um algera leynd um skattgreiðslur einstaklinga.

**Annmarkar á núgildandi löggjöf.**

Ýmsa annmarka má nefna á núgildandi löggjöf hvað varðar álagningar- og skattskrár einstaklinga. Tölvutæknin gerir það að verkum að álagningar- og skattskrár eru unnar á tölvutæku formi. Með afhendingu skránna kunna að rísa fjölmörg álitamál. Þannig má nefna að með samtengingu slíkra skráa við aðrar skrár er hægt að kalla fram nákvæmar persónuupplýsingar um alla landsmenn. Slíkar upplýsingar má nota í ýmsu skyni og sú hætta er fyrir hendi að þær kunni að verða notaðar í annarlegum tilgangi.

Núgildandi löggjöf leysir þennan vanda ekki að öllu leyti. Samkvæmt lögum ber að leggja álagningarskrár fram síðsumars en endanleg skattskrá er ekki lögð fram fyrr en í janúarmánuði. Ólík ákvæði gilda reyndar um birtingu skránna. Þannig er ótvírætt tekið fram að skattskrá megi birta og gefa út í heild eða að hluta. Um álagningarskrána segir hins vegar einvörðungu að hún skuli liggja frammi til sýnis í tiltekinn tíma. Ekki er hins vegar kveðið á um í núgildandi skattalögum hvort afhenda megi skrárnar á tölvutæku formi eða hvort vinna megi úr þeim líkt og tíðkast í fjölmiðlum, þó að vera kunni að lög um meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, kunni að setja slíkri meðferð einhverjar skorður.

**Helstu rök fyrir frumvarpinu.**

Eins og áður segir er ljóst að tilgangurinn með því að skylda skattyfirvöld að lögum til að leggja fram skattskrár einstaklinga var í fyrsta lagi sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins og grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimild vegna slíkra ákvarðana. Í öðru lagi var tilgangurinn sá að tryggja almenningi kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatt. Af orðalagi eldri lagaákvæða má ljóst vera að forsenda þess að gjaldendur gætu neytt kæruheimildar sinnar gagnvart þriðja manni var sú að skattskrárnar lægju frammi. Að öðrum kosti hefði almenningi verið ómögulegt að beita kæruheimild sinni. Þegar lögfest var breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með lögum nr. 70 28. apríl 1962 og áðurnefnd kæruheimild gjaldenda vegna skattákvörðunar þriðja manns var felld niður, brustu þær forsendur sem lágu að baki framlagningu skattskráa einstaklinga.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003 hvílir á skattstjórum sú skylda að senda hverjum gjaldanda sérstaka tilkynningu eða álagningarseðla með upplýsingum um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir á viðkomandi skattári. Í slíkum tilkynningum koma fram sömu upplýsingar og birtar eru í framlögðum álagningar- og skattskrám. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir að breyting verði gerð á þeirri framkvæmd. Í ljósi hennar verður hins vegar ekki séð að framlagning álagningar- og skattskráa samkvæmt núgildandi löggjöf feli í sér annan tilgang en að gefa almenningi kost á að kynna sér fjárhagsleg málefni náungans.

Veigamestu rökin að baki frumvarpinu eru þau að telja verði að birting álagningar- og skattskráa samkvæmt ákvæðum núgildandi laga brjóti gegn rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs. Fjárhagsmálefni einstaklinga eru meðal viðkvæmustu persónuupplýsinga í nútímasamfélagi sem eðlilegt og sanngjarnt er að fari leynt. Ljóst má vera að með framlagningu álagningar- og skattskráa fer fram birting á upplýsingum sem gefa glögga mynd af tekjum nafngreindra einstaklinga. Færa má rök fyrir því að notkun upplýsinganna hafi breyst verulega frá því að tryggja kærurétt gjaldenda gagnvart samborgurum sínum til þess að vera orðnar að þaulskipulagðri markaðsvöru. Í framkvæmd hefur þróunin orðið sú á síðustu árum að

framlagning álagningar- og skattskránna hefur orðið uppspretta frétta um fjárhagsleg málefni einstaklinga. Það er orðinn árlegur viðburður að fjölmiðlar vinni upplýsingar upp úr álagningar- og skattskrám um tekjur manna. Birtir eru listar yfir tekjuhæstu einstaklingana í hverri starfsgrein, gjarnan með samanburði frá ári til árs. Leiða má líkur að því að fjölmiðlaumræða af slíku tagi feli í sér hættu á að einstaklingar verði fyrir óverðskuldaðri áreitni vegna tekna sinna, ýmist vegna þess að þær þyki of háar eða of lágar.

Framlagning álagningar- og skattskráa getur haft fleiri ókosti í för með sér. Birting upplýsinga um tekjur einstaklinga er til þess fallin að grafa undan því trúnaðarsambandi sem viðgengist hefur á vinnumarkaði um launakjör í frjálsum vinnusamningum. Á flestum vinnustöðum eru launakjör starfsmanna trúnaðarmál launþega og vinnuveitanda. Með því að skylda skattstjóra til að leggja álagningar- og skattskrár fram gerir ríkisvaldið þennan trúnað að engu.

Allt frá því að lögfest voru lagaákvæði um framlagningu álagningar- og skattskráa fyrir áratugum síðan hafa gríðarlegar umbætur átt sér stað hvað varðar réttarstöðu einstaklinga gagnvart ríkisvaldinu og réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs hefur verið bættur verulega. Má í því sambandi nefna setningu laga nr. 92 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, laga nr. 121 28. desember 1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, stjórnsýslulaga, nr. 37 30. apríl 1993, og upplýsingalaga, nr. 50 24. maí 1996. Þá hefur í íslenskri löggjöf verið lögð aukin áhersla á vernd mannréttinda meðal annars með lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu með lögum nr. 62 19. maí 1994 og með endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar 1995 og 1997. Á sama tíma hefur réttarvitund almennings tekið breytingum og ætla má að almennir borgarar geri sér betur grein fyrir réttindum sínum en áður og þeim takmörkunum sem ríkisvaldinu eru sett gagnvart þeim, þar á meðal hvað varðar meðferð ríkisvaldsins og annarra aðila á viðkvæmum persónuupplýsingum. Nægir þar að nefna þær umræður sem sköpuðust um meðferð heilsufarsupplýsinga einstaklinga í aðdraganda setningar laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139 22. desember 1998.

Víða í íslenskri löggjöf er réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs tryggður og hömlur settar við meðferð, birtingu eða opinberun á viðkvæmum persónuupplýsingum einstaklinga. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 17. júní 1944, er friðhelgi einkalífs einstaklinga vernduð. Sambærilega reglu er að finna í 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig má nefna að í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, er kveðið á um friðhelgi einkalífs en skv. 1. gr. laganna er þeim meðal annars ætlað að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Þá er víða í löggjöfinni kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna um einkahagi einstaklinga, svo sem um fjárhagsmálefni þeirra. Þannig er skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila, samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt. Hið sama gildir um þá sem veita áðurnefndum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl.

Í 22. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, er lögð þagnarskylda á lögreglumenn og annað starfslið lögreglu um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þagnarskyldan meðal annars til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari.

Í 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161 20. desember 2002, um fjármálafyrirtæki, er ákvæði um bankaleynd fjármálafyrirtækja. Þar er mælt fyrir um að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu slíkra fyrirtækja séu bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þeirra, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Skv. 2. mgr. 58. gr. laganna gildir þagnarskyldan jafnframt um hvern þann sem veitir viðtöku upplýsingum sem getið er um í 1. mgr. 58. gr. Sambærileg ákvæði um þagnarskyldu um persónuleg málefni einstaklinga, þar á meðal fjárhagsleg málefni þeirra, gilda samkvæmt lögum um endurskoðendur, nr. 18 17. apríl 1997, og lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998.

Telja verður að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, um framlagningu álagningar- og skattskráa séu í verulegu ósamræmi við framangreind ákvæði og þær meginreglur sem lögfestar hafa verið í sérlögum um þagnarskyldu um upplýsingar sem varða fjárhagsleg málefni einstaklinga. Auk þess verður að telja að framlagningin brjóti í bága við meginreglur 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, um friðhelgi einkalífs.

Gildar ástæður þurfa að liggja til grundvallar löggjöf sem mælir fyrir um svo yfirgripsmikla röskun á friðhelgi einkalífs einstaklinga sem núgildandi löggjöf kveður á um. Með vísan til þess sem að framan greinir verður ekki talið að slíkar ástæður séu fyrir hendi og því sé nauðsynlegt að gera þær breytingar á núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, sem frumvarp þetta kveður á um.

Að lokum er rétt að geta þess að frumvarp þetta felur það ekki í sér að neinu leyti að dregið verði úr þeim úrræðum sem skattyfirvöldum er veitt í núgildandi löggjöf til að sinna virku skatteftirliti, bregðast við undanskotum frá skatti eða til að beita öðrum þeim heimildum sem núgildandi löggjöf kveður á um. Gerir frumvarpið því ráð fyrir að núverandi eftirlit verði eftir sem áður í höndum skattyfirvalda. Verði frumvarpið að lögum lýkur einkaskattrannsóknum borgaranna á hverjum öðrum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, verði breytt þannig að opinber birting álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Núgildandi ákvæði 98. gr. leggur þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar muni liggja frammi. Jafnframt heimilar núgildandi ákvæði 98. gr. opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa og birting upplýsinga úr skattskrám er heimiluð hvort sem er í heild eða að hluta. Gerir breytingin á ákvæðinu sem frumvarp þetta kveður á um ráð fyrir að framlagning álagningar- og skattskráa verði lögð af. Af því leiðir að útgáfa þeirra í heild eða að hluta verður ekki lengur heimiluð. Verði frumvarpið að lögum verður einungis lögð sú skylda á skattstjóra landsins að senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila. Jafnframt verði lögð sú skylda á skattstjóra að auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Verður skattstjórum síðan gert skylt að senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## 91. Frumvarp til laga [91. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Örlygsson, Guðjón Hjörleifsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Með sterku áfengi er í lögum þessum átt við neysluhæfan vökva sem í er að rúmmáli meira en 22% af hreinum vínanda.

2. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Við auglýsingar á áfengi og aðrar markaðssetningaraðferðir sem beinast að almenningi er skylt að vara við skaðlegum áhrifum áfengis á heilsu manna. Auglýsingar og aðrar aðferðir við markaðssetningu áfengis mega ekki á neinn hátt höfða til barna og ungmenna eða hvetja til óhóflegrar neyslu áfengis.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannað er með öllu að auglýsa sterkt áfengi samkvæmt lögum þessum, sbr. 2. mgr. 2. gr. Bannið tekur einnig til auglýsinga á vörum sem bera sömu merki eða einkenni og sterkt áfengi. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins eru undanþegnar þessu banni, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.

Auglýsing og aðrar markaðssetningaraðferðir áfengis skv. 2. mgr. sæta enn fremur eftirfarandi takmörkunum:

1. Óheimilt er að auglýsa áfengi í ljósvakamiðlum frá klukkan 5 að morgni til klukkan 20 að kvöldi.
2. Óheimilt er að auglýsa áfengi á stöðum þar sem ungt fólk kemur saman, svo sem íþróttasvæðum, í félagsheimilum, mennta- og menningarstofnunum, á útivistarstöðum og í opinberum byggingum.
3. Óheimilt er að auglýsa áfengi á íslenskum vefsíðum frá klukkan 5 að morgni til klukkan 20 að kvöldi. Framleiðendum og innflytjendum áfengis er þó heimilt að halda skrá yfir vörur sínar á eigin heimasíðum og kynna þar eiginleika varanna. Skylt er að birta notendum fyrirvara áður en þeir fara á síðuna um að þar sé að finna efni sem ekki er ætlað börnum eða ungmennum undir 20 ára aldri.

Fjölmiðlar, samtök auglýsenda, áfengisframleiðendur og innflytjendur áfengis skulu setja sér siðareglur um auglýsingar á áfengi sem byggjast skulu á ákvæðum laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fjölmiðlar, samtök auglýsenda, áfengisframleiðendur og innflytjendur áfengis skulu innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara setja sér siðareglur skv. 5. efnismgr. 2. gr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. og 132. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Er frumvarpið því endurflutt.

Samkvæmt 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, sem er samhljóða 16. gr. a í eldri gerð áfengislaga, nr. 82/1969, sbr. 8. gr. laga nr. 94/1995, eru hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum bannaðar. Í 2. mgr. greinarinnar er auglýsing meðal annars skilgreind svo að átt sé við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar séu í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni. Í 2. gr. áfengislaga er áfengi skilgreint sem hver sá neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda. Bann við áfengisauglýsingum í innlendum fjölmiðlum hefur verið í lögum hér á landi allt frá 1928, en þá gilti hér áfengisbann. Eftir að innflutningur áfengis var leyfður á ný árið 1935 hélt auglýsingabannið áfram gildi sínu. Lengst af var einungis skilgreint í reglugerð hvað teljast skyldi áfengisauglýsing. Þegar núgildandi ákvæði var fyrst lögfest með lögum nr. 94/1995 var ekki gert ráð fyrir slíkri skilgreiningu í upphaflegu frumvarpi heldur var hugtakið skilgreint að tillögu meiri hluta allsherjarnefndar í meðförum Alþings. Til að eyða réttaróvissu þótti nauðsynlegt að taka slíka skilgreiningu í lög en hún var nær samhljóða þeirri sem áður hafði verið að finna í reglugerð. Var ákvæðið tekið óbreytt upp við setningu núgildandi laga og hafa engar breytingar verið gerðar á því eftir gildistöku þeirra laga.

Á ákvæði 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, sem og tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu, reyndi fyrir Hæstarétti í máli nr. 415/1998. Í dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 25. febrúar 1999, var ekki fallist á að bann gegn auglýsingum sem þessum fæli í sér brot gegn 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi né sambærilegu ákvæði 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Sagði rétturinn að ljóst væri að tilgangur bannsins væri að vinna gegn misnotkun áfengis og þeim vandamálum sem af henni hlytust. Þau rök sem byggju að baki banninu ættu sér því efnislega stoð í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans, en þar er fjallað um skilyrði þess að tjáningarfrelsið sé skert.

Í marsmánuði árið 2000 setti ríkislögreglustjóri á fót vinnuhóp til að gera úttekt á brotum gegn 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998. Niðurstöður úttektarinnar er að finna í skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra um viðbrögð við áfengisauglýsingum sem kom út í nóvember 2001. Skýrslan er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Segir í skýrslunni að auglýsendur séu mjög ósáttir við þau ákvæði áfengislaganna sem banna auglýsingar á áfengi. Einnig kemur fram í skýrslunni að handhöfum rannsóknar- og ákæruvalds þyki ákvæði 20. gr. áfengislaga ekki nægilega ítarlegt og ótvírætt og reynslan hafi sýnt að mál vegna áfengisauglýsinga hafi reynst lögreglu og ákæruvaldi nokkuð erfið. Helsta niðurstaða vinnuhópsins var sú að taka þyrfti 20. gr. áfengislaga til skoðunar og gera ákvæðið ítarlegra, nákvæmara og ótvíræðara. Virðist sú niðurstaða í fullu samræmi við sjónarmið bæði lögregluyfirvalda og auglýsenda, enda óþolandi fyrir þessa aðila að búa við þá réttaróvissu sem skortur á skýrleika núgildandi refsiákvæðis 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, virðist valda.

Með frumvarpi þessu er lögð til grundvallarbreyting á ákvæðum áfengislaga um auglýsingar á áfengi. Í stað auglýsingabanns núgildandi laga og ónákvæmra og tvíræðra undantekninga á því banni er lagt til að auglýsingar á áfengi verði frjálsar með ítarlegum, nákvæmum og ótvíræðum undantekningum. Þrátt fyrir þessa grundvallarbreytingu er áfram byggt á þeirri meginreglu að auglýsing og önnur markaðssetning áfengis sæti verulegum takmörkunum í þeim tilgangi að vinna gegn skaðlegum áhrifum áfengis. Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um sérstakar ráðstafanir til að hindra að auglýsingum og annars konar markaðssetningu sé beint að börnum og ungmennum. Rétt er að taka fram að auglýsingar á léttöli, þ.e. sem er að rúmmáli minna en 2,25% af hreinum vínanda, eru nú leyfðar á öllum tímum dags og í öllum fjölmiðlum. Börn og ungmenni gera lítinn greinarmun á slíku léttöli og því sem óheimilt er að auglýsa. Samkvæmt frumvarpi þessu verður þessi greinarmunur afnuminn og verulegar hömlur lagðar við auglýsingum á áfengi sem einkum er ætlað að koma í veg fyrir að þær komi fyrir sjónir barna og ungmenna án þess að þau séu undir eftirliti foreldra eða annarra forráðamanna. Til þess að koma til móts við þau sjónarmið leggja flutningsmenn frumvarpsins til að óheimilt verði að auglýsa léttöl með þeim hætti sem nú er gert á ákveðnum tímum dags og í ákveðnum fjölmiðlum. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að þær áfengisauglýsingar sem heimilaðar eru samkvæmt lögunum verði ekki birtar milli klukkan 5 að morgni og 20 að kvöldi. Markmið núgildandi auglýsingabanns er að sporna við óæskilegum áhrifum sem neysla áfengis kann að hafa í för með sér. Þetta markmið var lagt til grundvallar þegar Hæstiréttur sagði í áðurnefndum dómi í máli nr. 415/1998 að auglýsingabannið bryti ekki í bága við stjórnarskrá. Í frumvarpi þessu er áfram byggt á þessu markmiði og í raun gengið lengra í því að koma í veg að hvers kyns auglýsingar á áfengi komi fyrir sjónir barna og ungmenna.

Önnur meginbreytingin með frumvarpi þessu er sú að gerður verður skýr greinarmunur í lögum á því sem kallað er „sterkt“ áfengi og því sem nefnt er „létt“ áfengi, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þessi breyting endurspeglar fyrst og fremst þá þróun sem átt hefur sér stað í neysluvenjum Íslendinga síðustu árin. Frá því að sala á áfengu öli hér á landi var leyfð með lögum nr. 38/1988, sem tóku gildi 1. mars 1989, hefur neyslumynstur Íslendinga gjörbreyst. Léttvín og bjór skipa mun ríkari sess í matarmenningunni en áður tíðkaðist og verulega hefur dregið úr hlutfallslegri neyslu sterkara áfengis. Samkvæmt frumvarpi þessu verður áfram óheimilt með öllu að auglýsa sterkt áfengi. Farin hefur verið sú leið í frumvarpi þessu að miða við að sterkt áfengi teljist sá neysluhæfi vökvi sem í er að rúmmáli meira en 22% af hreinum vínanda, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, er gerður greinarmunur á öli og víni með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli og öðru áfengi. Í finnskum lögum er hins vegar gerður sá greinarmunur á sterku og léttu áfengi þegar kemur að auglýsingum að markið er sett við 22% af hreinum vínanda. Eins og fyrr segir hafa neysluvenjur Íslendinga tekið miklum breytingum frá því að sala á áfengu öli var leyfð hér á landi árið 1989. Verulega hefur dregið úr hlutfallslegri neyslu á sterku áfengi en neysla á léttvíni og bjór hefur farið vaxandi. Hafa stjórnvöld stutt við þessa þróun, m.a. með því að gera greinarmun á sterku áfengi og léttu áfengi þegar kemur að álagningu gjalda. Með breytingu á lögum nr. 96/1995, sem tók gildi 29. nóvember 2004, var gjald á sterkt áfengi skv. 3. gr. laganna hækkað um 7% en engin hækkun varð á gjöldum á létt áfengi, þ.e. öli og víni með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli. Kom fram í athugasemdum með frumvarpinu að gjald á léttvín hefði ekki hækkað síðan 1998. Er það ótvíræð vísbending um þann vilja löggjafans að fyrrgreind þróun haldi áfram og nýtt neyslumynstur festi sig í sessi. Sambærileg rök eru fyrir því að leyfa auglýsingar á léttu áfengi en banna alfarið og undantekningarlaust auglýsingar á sterku áfengi, eins og gert er ráð fyrir með frumvarpi þessu. Í frumvarpi 23 þingmanna úr fjórum af fimm þingflokkum sem lagt var fram á 131. löggjafarþingi er

gerður sá greinarmunur á léttu og sterku áfengi að létt áfengi telst vera sá neysluhæfi vökvi sem inniheldur allt að 22% af hreinum vínanda að rúmmáli. Þykir eðlilegt að sambærilegt viðmið gildi um auglýsingar á áfengi.

Ísland er eitt örfárra Evrópulanda þar sem almennt bann gildir við auglýsingum á áfengi en í flestum Evrópuríkjum eru þó í gildi einhvers konar takmarkanir á áfengisauglýsingum. Þar sem áfengisauglýsingar eru ekki bannaðar er meginefni áfengislaga og reglna þar að lútandi að mæla fyrir um hvað má koma fram í áfengisauglýsingum og að hverjum þær mega beinast, að því er fram kemur í áðurnefndri skýrslu vinnhóps ríkislögreglustjóra. Norðurlöndin, að Finnlandi frátöldu, skera sig nokkuð úr í hópi Evrópuríkja og eru takmarkanir þar mun strangari en annars staðar í Evrópu. Nýlega hefur reynt á bannákvæði norsku og sænsku áfengislaganna gagnvart skuldbindingum þessara ríkja samkvæmt EES-samningnum í tilviki Noregs og gagnvart ESB-sáttmálanum í tilviki Svíþjóðar. Þann 8. mars 2001 kvað Evrópudómstóllinn upp forúrskurð sinn í máli sem undirréttur í Svíþjóð (Stockholms Tingsrätt) skaut til hans og varðaði gildi auglýsingabanns gagnvart reglum Evrópusambandsins um frjálst flæði vöru og þjónustu innan sambandsins. Bannákvæði sænsku laganna er svipaðs efnis og 20. gr. áfengislaganna íslensku. Niðurstaða Evrópudómstólsins var sú að reglur um frjálst flæði á vörum og þjónustu komi ekki í veg fyrir auglýsingabann nema hægt sé að ná markmiðum bannsins, sem eru heilsuverndarmarkmið, með aðferðum sem hafi minni áhrif á markaðsfrelsið. Dómstóllinn eftirlét síðan sænskum dómstólum að meta hvort meðalhófs væri gætt með þágildandi bannákvæði. Í nóvember árið 2003 féll síðan dómur í þessu sama máli í Svíþjóð. Komst yfirréttur að þeirri niðurstöðu að áfengisbannið bryti gegn reglum um frjálst flæði vöru og þjónustu. Taldi rétturinn að hægt væri að halda áfengisneyslu niðri með aðferðum sem hefðu minni áhrif á markaðsfrelsi. Auglýsingabannið væri með öðrum orðum brot á reglunni um meðalhóf.

Þann 25. febrúar 2004 komst EFTA-dómstóllinn að sömu niðurstöðu og Evrópudómstóllinn í máli nr. E-4/04 (Pedicel AS vs. Sosial- og helsedirektoratet) er dómstóllinn veitti norskum undirrétti ráðgefandi álit um sömu álitaefni og uppi voru í sænska málinu. Niðurstaðan var sú að reglur um frjálst flæði á vörum og þjónustu komi ekki í veg fyrir auglýsingabann nema hægt sé að ná markmiðum bannsins, sem eru heilsuverndarmarkmið, með aðferðum sem hafi minni áhrif á markaðsfrelsið og það kæmi síðan í hlut dómstóla í einstökum aðildarríkjunum að úrskurða um hvort meðalhófi væri fylgt í landslögum. Gekk EFTA-dómstóllinn lengra en Evrópudómstóllinn að því leyti að hann setti fram nokkur viðmið sem dómstólar aðildarríkjanna ættu að hafa leiðarljósi við slíkt mat. Í fyrsta lagi benti dómstóllinn á að samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólsins væri það ekki brot á meðalhófi að banna auglýsingar á áfengi sem væri sterkara en 23%. Í öðru lagi benti dómstóllinn á að talið yrði heimilt að banna auglýsingar sem beindust að ungmennum eða ökumönnum. Í þriðja lagi var bent á að Evrópudómstóllinn hefði nýlega fallist á að bann við áfengisauglýsingum í sjónvarpi væri ekki brot á meðalhófsreglunni. Í frumvarpi þess er tekið mið af þessum viðmiðum EFTA-dómstólsins.

Í áðurnefndri skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra er vísað til þess álits Evrópudómstólsins um hvort hægt sé að ná markmiðum auglýsingabannsins um að vernda heilsu almennings fyrir skaðvænlegum afleiðingum áfengisneyslu með öðrum aðferðum sem minni áhrif hafi á innri markað aðildarríkjanna. Segir um þetta í skýrslunni: „Þessi spurning er allrar athygli verð og fyllsta ástæða fyrir löggjafann að skoða málið frá þessari hlið ef til endurskoðunar ákvæðis laga um bann við áfengisauglýsingum kemur.“ Telja flutningsmenn frumvarpsins mikilvægt í ljósi tilvitnaðra orða úr áðurnefndri skýrslu ríkislögreglustjóra, þeirra dóma sem gengið hafa í nágrannalöndunum um málið og þeirra álita Evrópudómstólsins sem fyrir liggja

að núgildandi reglur um auglýsingar á áfengi í íslenskum fjölmiðlum verði teknar til endurskoðunar á Alþingi Íslendinga.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa umfram það sem fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að ný grein komi í stað 20. gr. núgildandi laga þar sem nú er kveðið á um bann við auglýsingum á áfengi.

Með 1. mgr. er lagt til að bann við auglýsingum á áfengi verði afnumið að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem fram koma í 4. mgr. Samkvæmt ákvæðinu er lögð sú skylda á herðar þeirra sem auglýsa áfengi að í þeim auglýsingum sé ávallt og undantekningarlaust varað við skaðlegum áhrifum sem neysla áfengis getur haft. Þar er í öðru lagi skýrt kveðið á um að auglýsingar og aðrar markaðssetningaraðferðir skuli ekki beinast að börnum og ungmennum. Er það í samræmi við löggjöf annarra Evrópuþjóða sem leyfa takmarkaðar auglýsingar á áfengi.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 20. gr. núgildandi laga. Ekki er talin þörf á því að endurskoða þessa skilgreiningu þar sem sú grundvallarbreyting sem lögð er til í 1. mgr. kemur í veg fyrir að vafi leiki á því hvort verið sé að auglýsa óáfengt eða áfengt öl, en mest hefur reynt á þessi mörk í tíð núgildandi laga og um þetta hefur ríkt hvað mest óvissa.

Í 3. mgr. kemur fram sú fortakslausa regla að bannað er að auglýsa sterkt áfengi sem skilgreint verður í 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þá eru enn fremur teknar upp í þetta ákvæði tillögur vinnuhóps ríkislögreglustjóra sem vitnað er til hér að framan og lagt til bann við auglýsingum á vörum sem bera sömu merki eða einkenni og sterkt áfengi til þess að ekki sé hætta á ruglingi á milli áfengis sem óheimilt er samkvæmt lögum þessum að auglýsa og þeirrar vöru sem auglýst er vegna nafns á vörunni, umbúða og annarra einkenna.

Í 4. mgr. koma fram veigamiklar takmarkanir við auglýsingum á áfengi umfram meginreglur 1. mgr. Hefur við samningu þessara takmarkana verið tekið mið af reglum sem gilda í þeim Evrópulöndum þar sem áfengisauglýsingar eru leyfðar að einhverju marki. Miðast takmarkanirnar almennt við að halda áfengisauglýsingum frá börnum og ungmennum. Í 1. tölul. er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi í ljósvakamiðlum, þ.e. útvarpi og sjónvarpi, frá klukkan 5 að morgni til klukkan 20 að kvöldi. Í 2. tölul. er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi á stöðum þar sem ungt fólk kemur saman, svo sem íþróttasvæðum, félagsheimilum, mennta- og menningarstofnunum, útivistarstöðum og opinberum byggingum. Er þessi upptalning ekki tæmandi. Markmið þessa ákvæðis er að koma enn frekar í veg fyrir að auglýsingar á áfengi nái til barna og ungmenna. Í 3. tölul. er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi á íslenskum vefsíðum innan þeirra tímamarka sem gilda um áfengisauglýsingar í sjónvarpi. Ástæðan fyrir þessu er sú að aðgengi barna og ungmenna að netinu er mjög mikið og afar erfitt að stjórna því hvaða síður þau geta skoðað. Með íslenskum vefsíðum er átt við vefsíður sem hýstar eru hér á landi eða síður sem með öðrum hætti heyra undir íslensk lög. Með fjöldatölvupósti er átt við póst sem sendur er á fjölda netfanga í þeim tilgangi að koma á framfæri kynningu eða annars konar auglýsingu á tiltekinni vöru eða þjónustu.

Í 5. mgr. er lagt til að fjölmiðlar, samtök auglýsenda, áfengisframleiðendur og innflytjendur áfengis setji sér siðareglur um auglýsingar á áfengi sem byggist á ákvæðum laga þessara. Víðast hvar í Evrópu þar sem áfengisauglýsingar eru að einhverju marki leyfðar er kveðið

á um slíkar siðareglur viðkomandi aðila í lögum. Markmiðið með slíkum reglum er að þeir aðilar sem í hlut eiga komi sér saman um viðmið sem gilda um áfengisauglýsingar þannig að leikreglurnar á markaði séu skýrar. Er það til hagsbóta fyrir alla sem að málum koma. Í slíkum siðareglum mætti vitaskuld ekki víkja frá lágmarksákvæðum laga þessara en fyrrgreindir aðilar mundu með siðareglunum setja sér ítarlegri viðmið.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

---

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjórans um viðbrögð við áfengisauglýsingum. (Nóvember 2001.)

## 92. Frumvarp til laga [92. mál]

um breytingu á lögum nr. 5 6. mars 1998, um kosningar til sveitarstjórna, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Guðmundur Hallvarðsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Bjarni Benediktsson, Sólveig Pétursdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Hjörleifsson, Ásta Möller, Gunnar Örlygsson.

1. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Tilnefni kjósandi engan til þess að veita honum aðstoð til þess að kjósa í kjörklefa, en er engu síður eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf, skal honum heimilt að fá aðstoð þess úr kjörstjórninni sem hann nefnir til þess að veita sér slíka aðstoð, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Slíka aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 132. löggjafarþingi en varð ekki afgreitt og er því endurflutt. Með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á núgildandi lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Samkvæmt ákvæði 63. gr. núgildandi laga um kosningar til sveitarstjórna er þeim sem ekki er fær um að neyta kosningarréttar síns með þeim hætti sem önnur ákvæði laganna kveða á um sakir sjónleysis eða þess að hendur kjósenda eru ónothæfar tryggður réttur til þess að nefna sér til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn til þess að aðstoða sig við að kjósa. Sá sem aðstoðina veitir er samkvæmt gildandi lögum bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem á milli hans og kjósandans fer þegar kosið er. Þá gerir núgildandi löggjöf ráð fyrir að um aðstoðina og ástæður hennar sé bókað í kjörbók ásamt því að það skilyrði er sett að sá sem aðstoðina hlýtur geti með ótvíræðum hætti greint frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt.

Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að sá réttur sem felst í ákvæði núgildandi 63. gr. laganna verði skertur heldur verði meginregla ákvæðisins sú að þeim sem vegna sjónleysis eða vegna þess að hendur þeirra eru ónothæfar til þess að þeir geti án aðstoðar kosið á þann hátt sem ákvæði laganna kveða á um skuli heimilað að nefna hvern þann sem þeir kjósa að nefna til þess að aðstoða sig við kosningar til sveitarstjórna, svo sem maka, afkomendur eða aðra nákomna aðila, svo dæmi séu nefnd.

Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er kjósendum úr þeim hópi sem hér um ræðir óheimilt að ráða því sjálfir hver aðstoðar þá við að neyta kosningarréttar síns. Gerir löggjöfin ráð fyrir því að þeir kjósendur sem um ræðir geti einungis nefnt til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir því að hafi kjósandi ekki uppi neinar sérstakar kröfur eða óskir um það hvaða aðili aðstoði sig við að neyta kosningarréttar síns sé honum engu síður tryggður sami réttur til aðstoðar og núgildandi ákvæði 63. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna mælir fyrir um. Felur frumvarpið því í sér aukin réttindi fyrir þá borgara sem ýmist vegna sjónleysis eða fötlunar er ókleift að neyta kosningarréttar síns án aðstoðar.

Kosningarréttur felur í sér einhver mikilvægustu einstaklingsbundnu og borgaralegu réttindi í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þá er það jafnframt viðurkennt að eðlilegt og sanngjarnt sé að stjórnmálaskoðanir borgaranna fari leynt. Með frumvarpi þessu telja flutningsmenn að þessi réttindi séu tryggð umfram það sem núgildandi löggjöf gerir.

Gert er ráð fyrir að verði frumvarp þetta að lögum öðlist þau þegar gildi.

# 93. Frumvarp til laga [93. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Í stað orðanna „Norðurál hf.“ í 2. og 4. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Norðurál ehf.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. B-liður 1. tölul. fellur brott.
b. Við bætist nýr töluliður sem orðast svo: Félagið skal undanþegið breytingum sem kunna að verða á ákvæðum um frádrátt vaxtakostnaðar í lögum um tekjuskatt eftir undirritun samninga skv. 1. gr.

3. gr.

Fyrirsögn 9. gr. laganna orðast svo: *Innflutningur.*

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 62/1997 var iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um álver á Grundartanga. Eftir viðræður íslenskra stjórnvalda og fulltrúa Norðuráls hf. var ljóst að þörf var á tvenns konar breytingum á lögunum, annars vegar ákveðnum breytingum vegna ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í tengslum við stækkun álvers Norðuráls hf., og hins vegar lögðu fulltrúar Norðuráls hf. til breytingar á samningi sínum við ríkið sem kynnu að fela í sér breytingar á lögunum.

Með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 1. júní 2005, vegna eftirgjafar á sköttum og öðrum gjöldum í þágu álvers Norðuráls ehf. á Grundartanga, kom fram að stofnunin teldi að íslenskum stjórnvöldum bæri að grípa til viðeigandi aðgerða til að gæta þess að samningar við Norðurál ehf. fælu ekki í sér óeðlilega mismunun á ríkisstyrkjum til aðila. Stofnunin taldi að breytinga væri þörf bæði á fjárfestingasamningi íslenskra stjórnvalda og Norðuráls ehf. sem og á lögum nr. 62/1997. Tilgangur frumvarps þessa er að verða við tilmælum stofnunarinnar í framangreindri ákvörðun.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með hlutabréfakaupum Century Aluminum Company á 100% hlut Columbia Ventures Corporation í Norðuráli hf. 28. mars 2004 urðu til Nordural Holdings I ehf. og Nordural Holdings II ehf., sem bæði eru dótturfélög Century Aluminum Company og að fullu í eigu þess. Hluthafar í Norðuráli hf. samþykktu 31. ágúst 2004 að breyta Norðuráli hf. úr hlutafélagi í einkahlutafélag, Norðurál ehf., frá og með 1. september 2004. Með greininni er heiti fyrirtækisins í lögunum breytt í samræmi við þessa breytingu á formi þess, þ.e. úr hlutafélagi í einkahlutafélag.

Um 2. gr.

Í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 1. júní 2005 er lagt til að fella brott svohljóðandi ákvæði b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga: „Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og A-liðar 2. gr., 6. tölul. 5. gr., sbr. og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal 5% tekjuskattur lagður á arð sem greiddur er hluthöfum í félögunum að því tilskildu að þeir séu búsettir í OECD-ríki og að 25% af hlutafé í félaginu séu í eigu hluthafans á skattári fyrir greiðslu arðs".

Enn fremur er lagt til að bætt verði við lögin ákvæði um að félagið skuli undanþegið breytingum sem kunna að verða á lagaákvæðum um frádrátt vaxtakostnaðar frá undiritun samninga skv. 1. gr laganna. Með breytingu þessari eru lögin samræmd öðrum lögum og samningum sem gerðir voru um álverksmiðju í Reyðarfirði, en sambærilegt ákvæði er að finna í 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, nr. 12/2003.

Þegar fulltrúar íslenskra stjórnvalda undirrituðu samninga við Norðurál og Columbia Ventures voru í gildi lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en ákvæði núgildandi laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, eru efnislega samhljóða ákvæðum þeirra að því er varðar frádrátt vaxtakostnaðar.

Um 3. gr.

Lagt er til að fyrirsögn 9. gr. laganna verði breytt í „Innflutningur" og að tilvísun til útflutnings verði þar með felld brott. Er breyting þessi til samræmis við efnislegt inntak ákvæðisins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um breytingar vegna tekjuskatts á arði og frádráttar vegna vaxtagjalda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð og óveraleg áhrif á tekjur til hækkunar.

# 94. Frumvarp til laga [94. mál]

um breytingu á lögum nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Guðmundur Hallvarðsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Bjarni Benediktsson, Sólveig Pétursdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Hjörleifsson, Ásta Möller, Gunnar Örlygsson.

1. gr.

86. gr. laganna orðast svo:

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Tilnefni kjósandi engan til þess að veita honum aðstoð til þess að kjósa í kjörklefa, en er engu síður eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf, skal honum heimilt að fá aðstoð þess úr kjörstjórninni sem hann nefnir til þess að veita sér slíka aðstoð, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Slíka aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á núgildandi lögum um kosningar til Alþingis. Frumvarpið var áður flutt á 132. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Samkvæmt ákvæði 86. gr. núgildandi laga um kosningar til Alþingis er þeim sem ekki er fær um að neyta kosningarréttar síns með þeim hætti sem önnur ákvæði laganna kveða á um sakir sjónleysis eða þess að hendur kjósenda eru ónothæfar tryggður réttur til þess að nefna sér til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn til þess að aðstoða sig við að kjósa. Sá sem aðstoðina veitir er samkvæmt gildandi lögum bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem á milli hans og kjósandans fer þegar kosið er. Þá gerir núgildandi löggjöf ráð fyrir að um aðstoðina og ástæður hennar sé bókað í kjörbók ásamt því að það skilyrði er sett að sá sem aðstoðina hlýtur geti með ótvíræðum hætti greint frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt.

Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að réttur samkvæmt núgildandi 86. gr. laganna verði skertur heldur verði meginregla ákvæðisins sú að þeim sem vegna sjónleysis eða vegna þess að hendur þeirra eru ónothæfar til þess að þeir geti án aðstoðar kosið á þann hátt sem ákvæði laganna kveða á um skuli heimilað að nefna hvern þann sem þeir kjósa að nefna til þess að

aðstoða sig við kosningar til Alþingis, svo sem maka, afkomendur eða aðra nákomna aðila, svo dæmi séu nefnd.

Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er kjósendum úr þeim hópi sem hér um ræðir óheimilt að ráða því sjálfir hver aðstoðar þá við að neyta kosningarréttar síns. Gerir löggjöfin ráð fyrir því að þeir kjósendur sem um ræðir geti einungis nefnt til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir því að hafi kjósandi ekki uppi neinar sérstakar kröfur eða óskir um það hvaða aðili aðstoði sig við að neyta kosningarréttar síns sé honum engu síður tryggður sami réttur til aðstoðar og núgildandi ákvæði 86. gr. laga um kosningar til Alþingis mælir fyrir um. Felur frumvarpið því í sér aukin réttindi fyrir þá borgara sem ýmist vegna sjónleysis eða fötlunar er ókleift að neyta kosningarréttar síns án aðstoðar.

Kosningarréttur felur í sér einhver mikilvægustu einstaklingsbundnu og borgaralegu réttindi í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þá er það jafnframt viðurkennt að eðlilegt og sanngjarnt sé að stjórnmálaskoðanir borgaranna fari leynt. Með frumvarpi þessu telja flutningsmenn að þessi réttindi séu tryggð umfram það sem núgildandi löggjöf gerir.

Gert er ráð fyrir að verði frumvarp þetta að lögum öðlist þau þegar gildi.

# 95. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Við mat á því hvort endurgreiða skuli hlutfall af framleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt:

a. að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að koma íslenskri menningu á framfæri og kynna sögu lands og náttúru,
b. að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að stuðla að aukinni reynslu, þekkingu og listrænum metnaði þeirra sem að framleiðslunni standa,
c. að stofnað sé sérstakt félag um framleiðsluna á Íslandi; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið telst sérstakt félag,
d. að fyrir liggi upplýsingar um helstu aðstandendur kvikmyndar eða sjónvarpsefnis,
e. að fyrir liggi upplýsingar um innlenda aðila og hlutdeild þeirra við framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis,
f. að fyrir liggi sundurliðuð áætlun um framleiðslukostnað og fjármögnun, auk staðfestingar fjármögnunaraðila, ásamt greinargerð umsækjanda um að framleiðslan falli að markmiðum laganna,
g. að fyrir liggi upplýsingar um efni fyrirhugaðrar framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis, svo sem handrit og upplýsingar um tökustaði,
h. að fyrir liggi að hið framleidda efni sé ætlað til almennrar dreifingar í kvikmyndahús eða til sjónvarpsstöðva,

i. að efni kvikmyndar eða sjónvarpsefnis stríði hvorki gegn ákvæðum laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum né ákvæðum almennra hegningarlaga um klám.

Verði breyting á áætluðum framleiðslukostnaði, sbr. f-lið 1. mgr., eftir að framleiðsla hefst skal iðnaðarráðuneyti send ný kostnaðaráætlun.

Við mat á umsókn um endurgreiðslu skal nefnd skv. 3. gr. hafa heimild til þess að afla álits sérfróðra aðila um ætlað listrænt gildi viðkomandi framleiðslu.

Auglýsinga- og fréttatengt efni, stuttmyndir, upptökur af íþróttaviðburðum og skemmtunum, svo og framleiðsla efnis sem fyrst og fremst er ætlað til sýninga í eigin dreifikerfi, telst ekki til efnis skv. h-lið 1. mgr.

Nú er framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis ekki lokið innan þriggja ára frá dagsetningu vilyrðis fyrir endurgreiðslu sem veitt er á grundvelli 3. gr. og fellur þá vilyrðið úr gildi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 5. gr. laganna:

a. Við bætist nýr málsliður, sem verður fyrsti málsliður, svohljóðandi: Beiðni um útborgun skal send iðnaðarráðuneytinu.
b. Á eftir 1. málsl., sem verður 2. málsl., kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Berist beiðnin eftir að sex mánuðir hafa liðið frá lokum framleiðslu kvikmyndar- eða sjónvarpsefnis skal hafna henni.
c. Við 3. málsl., sem verður 5. málsl., bætist: sem skal jafnframt staðfesta að kostnaðaruppgjör sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar er á grundvelli þeirra.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Hinn 31. desember 2011 falla úr gildi lög nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum. Endurgreiðslubeiðnir sem samþykktar hafa verið fyrir þau tímamörk halda þó gildi sínu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum (endurgreiðslulögin). Umrædd lög voru samþykkt á Alþingi 11. mars 1999. Í kjölfarið gerði Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir við lögin og var því unnið að breytingum á þeim. Voru þær breytingar samþykktar á Alþingi í lok árs 2000. Fram að þeim tíma höfðu lögin ekki komist til framkvæmda. Athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA lutu að tilteknum atriðum laganna sem stofnunin taldi stangast á við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins. Þannig gerði stofnunin athugasemdir við að lögin væru ekki nægilega markviss hvað varðaði menningarlega skírskotun. Þá lutu athugasemdirnar að hækkandi stuðningshlutfalli eftir upphæð framleiðslukostnaðar og að lögin samrýmdust ekki meginreglu EES-samningsins um frjáls þjónustuviðskipti, þ.e. hinni svokölluðu 80%/20% reglu, sbr. 2. mgr. 2. gr. gildandi laga. Í 8. gr. gildandi

laga er kveðið á um að þau falli úr gildi 31. desember 2006. Endurgreiðsluvilyrði sem gefin hafa verið fyrir þann tíma haldi þó gildi sínu.

Samkvæmt endurgreiðslulögunum er heimilt að greiða úr ríkissjóði tiltekið hlutfall framleiðslukostnaðar sem til fellur við framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis hér á landi samkvæmt nánari skilyrðum laganna og reglugerðar sem sett hefur verið á grundvelli þeirra. Iðnaðarráðherra tekur ákvörðun um hvort veitt skuli vilyrði til endurgreiðslu að fenginni tillögu fjögurra manna nefndar sem fer yfir endurgreiðsluumsóknir. Fyrsta vilyrðið á grundvelli laganna var veitt 5. apríl 2001. Frá þeim tíma hafa verið veitt 58 vilyrði. Nú hafa verið greiddar samtals 628.262.685 kr. vegna 33 verkefna. Greitt var vegna fyrsta verkefnisins 15. júní 2001.

Iðnaðarráðherra skipaði á síðastliðnu ári nefnd til þess að undirbúa ákvörðun um hvort framlengja skyldi gildistíma endurgreiðslulaganna. Nefndin var skipuð fulltrúum frá iðnaðar-, fjármála- og menntamálaráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Nefndin fékk Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að skoða áhrif laganna á íslenskan kvikmyndaiðnað í ljósi þeirra fjárhæða sem ríkisvaldið hefur lagt fram til að styrkja greinina. Að beiðni nefndarinnar var í skýrslu Hagfræðistofnunar reynt að meta efnahagsleg áhrif laganna og áhrif þeirra á ríkissjóð. Í skýrslunni segir að ríkissjóður beri að öllum líkindum ekki byrði vegna endurgreiðslnanna og er þar horft til þess að skatttekjur ríkissjóðs vegna kvikmyndagerðar eru hærri en sem nemur endurgreiðslunum.

Í skýrslunni eru settir fram tvenns konar margfaldarar, framleiðslumargfaldari og atvinnumargfaldari. Niðurstaðan er sú að framleiðslumargfaldarinn er 2,40 og atvinnumargfaldarinn er 2,94. Þetta þýðir að fyrir hverja krónu sem fellur til framleiðslu kvikmynda verða til 2,40 krónur í framleiðslu um allt hagkerfið, að kvikmyndagerðinni meðtalinni. Atvinnumargfaldarinn lýsir því að fyrir hvert ársverk sem aukið er í kvikmyndagerð mun heildarfjöldi ársverka vaxa um 2,94 ársverk, að kvikmyndagerðinni meðtalinni. Árið 2004 nam heildarvelta í kvikmynda- og myndbandagerð rúmum 3 milljörðum króna sem svarar til rúmra 200 ársverka. Þau ársverk teljast til beinna áhrifa greinarinnar. Með því að beita atvinnumargfaldaranum kemur í ljós að bein, óbein og afleidd áhrif svara til um 600 ársverka.

Í skýrslunni segir síðan: „Árið 2004 lætur nærri að tengja megi 600–900 ársverk við gerð kvikmynda og myndbanda hér á landi, en oft eru tengslin óbein og afleidd. Þetta eru 0,5–0,8% ársverka hér á landi. Um 350 ársstörf eru í kvikmyndagerð og ýmissi þjónustu henni tengdri, u.þ.b. 200 af þeim svara til beinna áhrifa. Alls má tengja launagreiðslur að upphæð 1.500 milljónir kr. við kvikmyndagerð árið 2004 (bein, óbein og afleidd áhrif). Þá hefur kvikmyndagerð jákvæð áhrif á rekstur ferðaþjónustu hér á landi þar sem hún lendir oft utan mesta annatíma þegar hótel- og veitingaaðstaða er vannýtt. Tengja má 280–400 ársverk þeim kvikmyndum sem hlutu endurgreiðslur árið 2004. Þetta eru bein, óbein og afleidd störf. Launagreiðslur sem tengja má myndunum, beint og óbeint, námu nálægt 700 milljónum kr. sama ár. Virðisaukaskattur af þessum sömu umsvifum, reiknaður á sambærilegan hátt, nemur tæpum 200 milljónum kr. og tekjuskattur nálægt 100 milljónum kr. til viðbótar. Árið 2004 námu kostnaðarendurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar hér á landi tæplega 170 milljónum kr. Ríkissjóður er því að öllum líkindum ekki að bera byrði vegna fyrrgreindra styrkja. Þessar tölur sýna fyrirferð myndanna í hagkerfinu og tengsl við heildarlaunagreiðslur í landinu og skatttekjur ríkissjóðs."

Á undanförnum árum hafa endurgreiðslur eða annars konar ívilnanir til kvikmyndaframleiðenda aukist til muna á Vesturlöndum. Taldi nefndin að ein rökin fyrir áframhaldandi endurgreiðslu væri samkeppnishæfni við önnur lönd. Þannig liggur fyrir að Norðmenn vinna að frumvarpi um endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar. Fyrirhugað er að efni þess verði

sambærilegt við gildandi löggjöf hér á landi. Þó verður væntanlega gerð tillaga um hærra endurgreiðsluhlutfall en hérlendis. Þá taldi nefndin að ekki væri komin sú reynsla á áhrif laganna sem gert hafði verið ráð fyrir í upphafi þar sem lögin komu ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2001, eins og áður hefur komið fram.

Á grundvelli framangreinds gerði nefndin þá tillögu að gildistími laganna yrði framlengdur til 31. desember 2011, eða um fimm ár.

Í skýrslu nefndarinnar eru ekki gerðar tillögur um grundvallarbreytingar á lögunum, einungis að nokkur atriði verði betur skilgreind þar sem og í reglugerðinni. Um er að ræða eftirfarandi atriði:

- Betur verði skilgreint í reglugerðinni hvað teljist til kvikmynda og sjónvarpsefnis og hverjir teljist sjálfstæðir framleiðendur í skilningi laganna. Þá komi fram skilyrðið um að löggiltur endurskoðandi staðfesti með áritun sinni að kostnaðaruppgjör sé í samræmi við lögin og reglugerðina.
- Betur verði skilgreint að lögin taki til framleiðslu einstakra verkefna.
- Kveðið verði með skýrum hætti á um hver aðild sjónvarpsstöðva megi vera að framleiðslufyrirtæki til þess að framleiðslan geti notið endurgreiðslu á grundvelli laganna.
- Skýrt komi fram að sé framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis ekki lokið innan þriggja ára frá móttöku endurgreiðslubeiðni falli vilyrði til endurgreiðslu sjálfkrafa úr gildi.
- Fellt verði niður skilyrði um að félagi skuli slitið innan 6 mánaða frá því endurgreiðsla á sér stað.

Nefndin skilaði af sér skýrslu til ráðherra 14. júní sl. og byggist frumvarp þetta á niðurstöðum nefndarinnar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Við samþykkt laganna á árinu 1999 var um nýjung að ræða. Á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur er lagt til að lagastoð tiltekinna skilyrða fyrir endurgreiðslu verði styrkt. Er m.a. lögð til nýjung í 5. mgr. ákvæðisins um þriggja ára gildistíma vilyrða. Lögin eru tímabundin í eðli sínu og af þeim sökum þykir rétt að marka þeim verkefnum sem hljóta vilyrði fyrir endurgreiðslu ákveðinn tíma. Þykja þrjú ár eðlileg í því sambandi líkt og getið var um í f-lið 4. gr. núgildandi laga sem lagt er til að falli brott. Felur þessi breyting það í sér að dragist framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis þarf að sækja um vilyrði fyrir endurgreiðslu á nýjan leik.

Um 2. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á 5. gr. laganna er fjallar um endurgreiðslu. Lagt er til að tiltekin atriði við framkvæmd endurgreiðslu verði skýrari en verið hefur. Þá er lagt til að takmarkaður sé sá tími sem framleiðandi hefur til að óska eftir útborgun á endurgreiðslunni. Kemur það einkum til af því að um tímabundnar aðgerðir stjórnvalda er að ræða og í ljósi þess er óeðlilegt að vilyrði séu útistandandi löngu eftir að framleiðslu er lokið og lögin jafnvel fallin úr gildi. Að jafnaði yrði miðað við að framleiðslu sé lokið í síðasta lagi við frumsýningu/forsýningu myndar/þáttar. Ákvæðinu er enn fremur ætlað að auðvelda vinnslu fjárlaga.

Loks er lagt til að áréttuð verði ábyrgð endurskoðenda. Við framkvæmd laganna hefur verið miðað við að endurskoðendur staðfesti að kostnaðaruppgjör sé í samræmi við lögin og reglugerð sem sett er á grundvelli þeirra. Þykir rétt að taka af allan vafa um þá skyldu.

Um 3. gr.

Ákvæðið fjallar um gildistíma laganna, en lagt er til að hann verði framlengdur til 31. desember 2011. Um frekari umfjöllun er vísað til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 31. desember 2006.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum.**

Markmiðið með frumvarpinu er að framlengja tímabundin lög um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi til lok árs 2011.

Fyrsta vilyrði fyrir endurgreiðslum var veitt á árinu 2001. Frá þeim tíma hafa 33 verkefni fengið greiddar samtals kr. 628 m.kr. Auk þess eru útistandandi vilyrði fyrir 24 verkefnum. Árlegar greiðslur hafa verið misháar eða allt frá 13 m.kr. og upp í rúmar 300 m.kr. Í fjárlögum 2006 er gert ráð fyrir 75 m.kr. til endurgreiðslna og er gert ráð fyrir því að sú upphæð standi óbreytt í fjárlögum næsta árs. Nefndin sem sér um vilyrði og endurgreiðslur verður í starfi sínu að miða endurgreiðslur til kvikmyndagerðar við fjárheimild í fjárlögum hverju sinni, þó þannig að tekið verði tillit til hugsanlegra inneiga eða skulda á fjárlagaliðnum um áramót. Miðað er við að viðkomandi fjárlagaliður verði án skuldbindinga í árslok 2011.

## 96. Frumvarp til laga [96. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Hjálmar Árnason, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ökumanni sem hyggst beygja til hægri við gatnamót á umferðarljósum er heimilt að beygja á móti rauðu ljósi nema sérstaklega sé tekið fram að það sé óheimilt. Hann skal þó ætíð stöðva ökutæki eins og við stöðvunarskyldu og veita umferð sem kemur úr öðrum áttum forgang.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögur um heimild til hægri beygju á móti rauðu ljósi voru fluttar á 121. og 122. löggjafarþingi en náðu ekki fram að ganga. Á 127. löggjafarþingi var málið flutt sem frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, en náði ekki fram að ganga. Sömu örlög hlaut frumvarpið er það var endurflutt á 128. og 130. þingi. Frumvarpið er nú endurflutt óbreytt.

Markmið frumvarpsins er að taka upp þá meginreglu að bifreiðastjórum verði heimilt að beygja til hægri á umferðarljósum á móti rauðu ljósi. Að öðru leyti skulu almenn umferðarlög gilda, svo sem um stöðvunarskyldu og forgang umferðar úr öðrum áttum. Þessi regla hefur um langt skeið verið gildandi í Bandaríkjunum og Kanada og gefið góða raun. Oft neyðist bifreiðastjóri, sem hyggst taka hægri beygju, til að bíða á móti rauðu ljósi þótt engin umferð sé í þá aksturssstefnu. Mikið hagræði væri að því að bifreiðastjórinn gæti haldið för sinni áfram án þess að bíða eftir grænu ljósi. Það stytti biðtíma margra bílstjóra, losaði um umferðarteppu á álagstímum og greiddi almennt fyrir umferð. Þá er ónefndur sá þáttur að slík heimild drægi úr kostnaði við lagningu afreina í sumum tilvikum.

Áhersla er lögð á að bifreiðastjóra ber að meta aðstæður og virða almennar umferðarreglur þegar ákvörðun um hægri beygju móti rauðu ljósi er tekin. Í raun er um svipaða ábyrgð og ákvörðun að ræða og þegar bifreiðastjóri tekur ákvörðun um að aka úr aðrein inn á aðalbraut. Í einhverjum tilvikum getur verið óheppilegt að leyfa hægri beygju móti rauðu ljósi og skal þá tekið sérstaklega fram með þar til gerðum merkingum að slík beygja sé óheimil. Meginreglan á að vera sú að hægri beygja móti rauðu ljósi sé heimil nema annað sé tekið fram sérstaklega.

## 97. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um útvarp frá Alþingi.

Flm.: Magnús Þór Hafsteinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela forseta að hefja undirbúning þess að útvarpa þingfundum beint um allt land á sérstakri útvarpsrás. Stefnt verði að því að útvarp frá Alþingi hefjist þegar þing kemur saman haustið 2007.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður flutt á 131. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

„Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.“ Þannig hljóðar 57. gr. stjórnarskrárinnar.

Tilgangur þessarar tillögu er að tryggja að landsmönnum verði gert kleift að fylgjast með þingfundum með hjálp nútímaútvarpstækni. Þingfundum yrði útvarpað beint með því að nota dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Þannig gætu Íslendingar heyrt þingfundi um leið og þeir færu fram.

Þingfundum hefur verið sjónvarpað með dreifikerfi sjónvarps Ríkisútvarpsins um árabil. Þessar sendingar hafa verið í beinni útsendingu þegar engin önnur dagskrá er í sjónvarpinu. Þegar þingfundir hafa verið á sama tíma og dagskrárliðir sjónvarps hefur bein útsending þeirra fallið niður. Þeir eru svo sendir út síðar í sjónvarpi þegar tími leyfir. Þingfundum hefur einnig verið sjónvarpað beint um breiðbandskerfi Landssímans. Síðustu ár hafa áhugasamir einstaklingar með öflugar nettengingar getað fylgst með beinum útsendingum þingfunda hvar sem þeir eru staddir í heiminum.

Öll þessi miðlun er þó með ýmsum annmörkum. Beinar útsendingar um kerfi Ríkisútvarpsins eru háðar því að aðrir liðir séu ekki á dagskrá, en þeir hafa undantekningarlaust forgang fram yfir útsendingar frá þingfundum. Breiðband Landssímans er einungis hjá takmörkuðum fjölda áskrifenda á Reykjavíkursvæðinu. Að fylgjast með þingfundum gegnum tölvu er háð góðri nettengingu, auk þess sem mynd- og hljóðgæðin eru lítil.

Enginn vafi er á að beint útvarp frá þingfundum mundi gera stærstum hluta landsmanna kleift að fylgjast með. Útvarpstæki eru mjög víða og mun auðveldara er að fylgjast með útsendingum í hljóðvarpi á meðan öðrum verkefnum er sinnt en sjónvarpi.

Beinar útvarpssendingar frá Alþingi ættu að vera sjálfsagður hlutur í nútímalýðræðisþjóðfélagi, á öld upplýsinga og fjölmiðlunar. Þær væru og í samræmi við anda fyrsta málsliðar 57. gr. stjórnarskrárinnar um að fundir Alþingis skuli haldnir „í heyranda hljóði“.

## 98. Frumvarp til laga [98. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (Framkvæmdasjóður aldraðra).

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Jón Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

4. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum, sbr. 14. gr., enda hafi þörf fyrir hjúkrunarrými verið fullnægt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra verði ekki varið til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða nema þörf fyrir hjúkrunarrými hafi verið fullnægt. Sé það aftur á móti vilji stjórnvalda að nota hluta af sjóðnum í rekstur þrátt fyrir skort á hjúkrunarrýmum, eins og gert hefur verið undanfarin ár, þarf Alþingi að gera breytingar á lögunum.

Fyrir liggur að á fimmta hundrað manns bíða nú í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum, flestir á höfuðborgarsvæðinu. Þær upplýsingar koma fram í áliti nefndar fulltrúa ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara frá 19. júlí 2006 og lítur ekki út fyrir að þeirri þörf verði fullnægt á næstu þremur árum samkvæmt álitinu og svari heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns um Framkvæmdasjóð aldraðra frá 132. löggjafarþingi

(367. mál). Þar kemur m.a. fram hvaða framkvæmdir og uppbygging á hjúkrunarheimilum eru fyrirhugaðar (sjá fylgiskjal).

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara frá 19. júlí 2006 er lagt til að heimaþjónusta verði stóraukin og áhersla færð frá stofnanaþjónustu. Flutningsmenn eru sammála þeim áherslum. Engu að síður verður að tryggja næg hjúkrunarrými og gera átak til að stytta bið eftir þeim. Margir sem nú bíða eftir hjúkrunarplássi geta ekki nýtt sér heimaþjónustu nema að mjög takmörkuðu leyti, nema um sólarhringsþjónustu sé að ræða, og má þar nefna sem dæmi aldraða með heilabilun.

Fari það fé til uppbyggingar sem nú fer úr sjóðnum til rekstrar eykst fjármagn til uppbyggingar um rúmar 200 millj. kr. á ári. Verði framkvæmdin eins og yfirlýsing ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara gerir ráð fyrir mun þessi ráðstöfun fjármagna hlut ríkisins á 60–65 rýmum á næstu fjórum árum.

---

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um Framkvæmdasjóð aldraðra, þskj. 686, 367. mál 132. löggjafarþings. Sjá A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 2726–2727.

## 99. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman, Gunnar Örlygsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd til að undibúa að hreyfing geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustu, sem lækning og í fyrirbyggjandi tilgangi, þannig að læknar geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og vísað er á lyf eða læknisaðgerðir. Nefndin kanni kostnað og ávinning af fyrirkomulaginu. Hún meti hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem hafa umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum.

Nefndin verði skipuð sjö manns. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Samtök sjúkraþjálfara, heilsugæslan, Íþróttasamband Íslands og Lýðheilsustofnun tilnefni einn hver. Nefndin skili tillögum sínum í júní 2007.

Greinargerð.

Þessi tillaga er nú flutt í þriðja sinn, nú undir heitinu tillaga til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu, en hét áður tillaga til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu.

Þar sem hreyfiseðlar hafa verið teknir upp í tilraunaskyni í a.m.k. einni heilsugæslustöð síðan málið var síðast flutt á Alþingi telja flutningsmenn mikilvægt að farið verði í þá vinnu sem hér er lögð til. Í nefndarvinnu sem farið hefur fram á vegum heilbrigðisráðuneytisins undanfarið hefur verið tekið undir þessar hugmyndir.

Á tímum síhækkandi útgjalda til heilbrigðiskerfisins, þar sem lyfjanotkun eykst stöðugt og aðgerðum á sjúkrahúsum fjölgar ár frá ári, hefur vægi hreyfingar og leiðbeininga um mataræði í meðferð sjúklinga í grannlöndum okkar aukist. Í stað þess að læknir skrifi lyfseðil eða sendi sjúkling í aðgerð á sjúkrahúsi skrifar hann upp á ráðgjafar- og hreyfingaráætlun, svokallaða „hreyfiseðla“. Þannig getur sjúklingurinn tekist á við heilsuleysið með eigin atorku.

Útgjöld heilbrigðiskerfisins aukast stöðugt hér á landi. Ný, dýrari og fullkomnari lyf koma á markað sem kalla á notkun og launakostnaður heilbrigðisstofnana verður sífellt meiri. Eftir því sem tækninni fleygir fram verða aðgerðir sífellt dýrari og heilbrigðisstofnunum reynist erfitt að halda sig innan fjárlaga. Leita þarf leiða til að breyta þeirri hugsun að eina lækningin við kvillum sé lyf eða læknisaðgerð því að sjúklingar geta oft breytt heilsufari sínu sjálfir með breyttu líferni, mataræði og hreyfingu.

Ýmsir menningarsjúkdómar sem orsakast af óheilbrigðu líferni kosta samfélagið sífellt hærri fjárhæðir og það er ekki aðeins vandamál einstaklinga heldur samfélagsins alls. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er rúmlega 1 milljarður manna of þungur, þar af þjást 300 milljónir þeirra af offitu (BMI > 30) og telur stofnunin offitu vera annað stærsta heilbrigðisvandamálið í heiminum, næst á eftir reykingum.

Hér á landi hefur offita meðal fullorðinna tvöfaldast á 20 árum og er komin yfir 20% og hjá 9 ára börnum fjórfaldaðist hún á tímabilinu 1978–2002. Ofþyngd hefur líka aukist, en 65% fullorðinna hér á landi eru yfir æskilegri þyngd og fylgir því fjöldi sjúkdóma.

**Verkefni nefndarinnar.**

Nefndin, sem hér er lagt til að verði skipuð, þyrfti að leita eftir upplýsingum um hvernig hreyfimeðferð var komið á í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og hver reynslan hefur verið af þessu fyrirkomulagi þar. Þá þarf nefndin að meta hvort almannatryggingarnar eigi að taka þátt í hreyfingaráætlun sem læknar vísa á og hvernig eftirliti og eftirfylgni skuli háttað. Einnig þarf að athuga hvort mennta þurfi sérstaka hreyfingarráðgjafa og þá hvernig þeirri menntun skuli háttað. Hún gæti verið viðbótarmenntun við ýmsa aðra menntun, svo sem sjúkraþjálfun, líkamsræktar- og íþróttanám, félagsráðgjöf, næringarfræði og hjúkrun, svo að dæmi séu tekin. Annars staðar á Norðurlöndunum er farið að bjóða nám fyrir þá sem vilja starfa við stuðning, eftirfylgni og ráðgjöf þeirra sjúklinga sem fara þessa leið. Að auki þarf nefndin að koma með tillögur um það hvernig auðvelda skuli læknum að vísa á hreyfingu í stað lyfja, svo sem með stöðluðum formum eða rafrænum lausnum. Þá gætu stofnanir eins og landlæknisembættið, Lýðheilsustöð eða heilsugæslan gefið út handbók með leiðbeiningum.

Nefndin meti hvort sú leið sem hér er lögð til er ákjósanleg eða hvort aðrar leiðir skuli farnar til að koma á hreyfingu sem valkosti í heilbrigðisþjónustunni. Þá meti nefndin hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem sinna umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum.

**Afleiðingar samfélagsbreytinga.**

Miklar samfélagslegar breytingar á síðustu áratugum, tækninýjungar og líkamlega léttari störf hafa leitt til minni hreyfingar og orkuþarfar fólks. Þessi þróun hefur síðan leitt til þess að ofþyngd og offita hefur aukist. Í heimsókn heilbrigðisnefndar Alþingis á Reykjalund í nóvember 2005, þar sem árangursrík meðferð við offitu býðst, bentu forsvarsmenn stofnunarinnar á alvarlegar afleiðingar þessa ástands. Dánartíðni vegna offitu hefur tvöfaldast, kæfisvefn og sykursýki tífaldast, hjarta- og æðasjúkdómar þrefaldast, og sama á við um stoð-

kerfisverki og slitgigt. Ýmsar gerðir krabbameins eru nú allt að tvöfalt algengari en áður og ófrjósemi hefur aukist. Algengir andlegir fylgikvillar eru síðan þunglyndi, vanmetakennd, kvíði og félagsfælni.

Offita hefur einnig ýmsar félagslegar afleiðingar, svo sem einelti, einangrun og fordóma sem síðan leiða til minni möguleika til náms, atvinnu og til að stofna fjölskyldu. Oftar en ekki er félagsleg staða þessa fólks slæm og líkleg til að leiða til örorku.

Offita veldur miklum kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Marga algengustu sjúkdómana má rekja til óheilbrigðra lífshátta, svo sem hjarta- og æðasjúkdóma, háan blóðþrýsting, sykursýki eldra fólks og áunna sykursýki sem hefur aukist hjá börnum. Offita er ekki aðeins vandi fullorðinna heldur fer tíðni hennar vaxandi hjá börnum þannig að sá vandi er raunverulegt heilbrigðisvandamál sem á eftir að verða baggi á velferðarkerfinu í heild ef ekkert verður að gert. Hreyfing og hollusta er leið til að sporna við þeirri þróun.

**Reynsla annarra þjóða.**

Svíar, Danir og Norðmenn hafa í nokkur ár gert tilraunir með að vísa á hreyfingu sem úrræði í stað þess að vísa á lyf. Í leiðbeiningabók sem nefnd um aukna upplýsingagjöf um heilbrigðismál gaf út í Danmörku kemur fram að þessi leið gagnist best sem meðferð við æða-, stoðkerfis-, efnaskipta-, lungna- og geðsjúkdómum. Rannsóknir sýna að þetta er raunhæfur kostur en læknar verða að meta í hverju tilfelli hvort þessi leið gagnist viðkomandi sjúklingi þar sem ekki er hægt að alhæfa að hreyfing henti öllum. Bandarísk rannsókn þar sem eldra fólki með stoðkerfisvandamál var boðið upp á vatnsleikfimi í stað liðskiptaaðgerðar sýndi að helmingur þeirra sem völdu þá leið fengu bót meina sinna og þurfti ekki að fara í skurðaðgerð sem kemur sér vel fyrir sjúkling þar sem skurðaðgerðir hafa alltaf einhverja hættu í för með sér, auk þess sem það sparar samfélaginu mikla fjármuni þegar unnt er að ná heilsu á þennan hátt. Þessi leið hefur einhvern kostnað í för með sér, en þó mun minni en dýr lyf og skurðaðgerðir.

Frá árinu 2002 hafa dönsku ömtin hvert af öðru boðið íbúum sínum, sem hafa átt við heilsuleysi að stríða, að takast á við sjúkdóm sinn með því að læknir ávísi á hreyfingu („motion på recept"). Tilboðið hefur yfirleitt verið til hópa með lífsstílssjúkdóma, svo sem sykursýki eldra fólks, lungnasjúkdóma vegna reykinga, háan blóðþrýsting og þunglyndi. Vísað var á fjögurra mánaða þjálfun hjá sjúkraþjálfara. Í tengslum við þetta átak tóku íþróttaog líkamsræktarfyrirtæki upp samstarf og svo fyrirtæki og stofnanir sem buðu starfsmönnum sínum að taka þátt í átakinu. Mest hefur þetta verið líkamsrækt innan dyra en einnig hefur verið boðið upp á stafgöngu í þessu átaki.

Í upplýsingariti frá því í ágúst 2004 um stöðu átaksins segir að árangurinn hafi verið mjög góður. Þeir sem hafa boðið þessa leið hvað lengst eru í samstarfi við heilbrigðisstarfsmenn, íþróttahreyfinguna og líkamsræktarstöðvar til að tryggja framboð við hæfi sem flestra. Einnig hafa þeir verið í samstarfi við stéttarfélög og fyrirtæki sem styðja félaga og starfsmenn sína til að fara þessa leið. Hreyfingaráætlanirnar eru misvíðtækar eftir ömtum, en víða eru þær boðnar í nokkra mánuði og síðan halda menn áfram á eigin vegum.

Sumir hafa tekið upp hreyfingaráætlun fyrir almenning í forvarnaskyni, bæði fyrir börn og fullorðna, eins og Árhus-amtið sem er með þriggja ára átak undir heitinu „Líkami, matur og hreyfing". Einnig eru læknar hvattir til að láta fólk í áhættuhópum hreyfa sig.

Árið 2003 tóku gildi í Noregi lög um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu þannig að læknar gætu vísað á hreyfingu ásamt matarleiðbeiningum ef þeir teldu ástæðu til, á sama hátt og lyfja- eða læknismeðferð. Þessi lagabreyting hefur gengið undir heitinu „grænn ávísun" þar í landi. Náði heimildin þar í fyrstu til sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóma. Til-

gangurinn var að minnka lyfjanotkun og auka áherslu á að hvetja sjúklinga til að bera ábyrgð á eigin heilbrigði og ýta undir getu þeirra til að hafa áhrif á hana með eigin atorku þar sem það var talið forsvaranlegt út frá læknisfræðilegu mati. Heimilaðar voru greiðslur til lækna fyrir grænar ávísanir sambærilegar við greiðslur fyrir lyfseðla eða aðrar tilvísanir. Nú hefur sjúklingum með áunna sykursýki, sykursýki 2, verið bætt við þann hóp sem getur fengið ávísun á hreyfingu. Fyrsta árið, þ.e. 2003, voru gefnar út 24.000 grænar ávísanir í Noregi.

Svíar hófu að beita þessu úrræði 2001 og hefur það gefist vel.

**Kjöraðstæður á Íslandi.**

Hér á landi eru kjöraðstæður til að bjóða þennan valkost. Hvergi eru fleiri sundlaugar en hérlendis og íþróttaaðstaða góð og ekki fullnýtt alls staðar. Hér er vel menntað fagfólk sem getur tekið að sér að veita þá fjölbreyttu þjónustu sem þyrfti að standa til boða auk þess sem hér eru margar vel búnar líkamsræktarstöðvar.

**Hreyfiseðill – ávísun á hreyfingu.**

Þingmál þetta kom fyrst fram á 131. löggjafarþingi og aftur á 132. þingi. Nú þegar þingmálið er flutt í þriðja sinn þykir flutningsmönnum ástæða að vekja athygli á vinnu sem hefur farið fram í því að gera hreyfingu að valkosti í heilbrigðisþjónustunni frá því að þingmálið kom fyrst fram.

Veturinn 2004–2005 gerðu nemendur í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands lokaverkefni um hreyfingu sem meðferð í heilbrigðisþjónustunni. Verkefnið nefndu þau „Hreyfiseðill“ – ávísun á hreyfingu, og lauk því með skýrslu um hvernig unnt væri að koma á tilraunaverkefni á þessu sviði.

Hugmyndir nemendanna gengu út á að hefjast handa hið fyrsta við undirbúning og öflun fjármagns til að setja tilraunaverkefnið af stað hjá fjórum heilsugæslustöðvum, tveimur í dreifbýli og tveimur í þéttbýli. Í viðauka við skýrsluna er áætlun fyrir verkefnið sem sett hefur verið upp fyrir Heilsugæsluna í Garðabæ en hvaða heilsugæslustöð sem er getur í raun tekið þá áætlun og aðlagað hana að sínu starfsumhverfi.

Stutt samantekt höfunda á verkefninu er á fylgiskjali með tillögunni. Vinnan sem að baki þessu verkefni liggur ætti að auðvelda til muna vinnuna sem tillaga þessi um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu gerir ráð fyrir og leggja flutningsmenn til að nefnd ráðherra nýti sér skýrsluna við vinnu sína. Að síðustu ber að geta þess að heilsugæslan í Garðabæ hefur undirbúið notkun hreyfiseðla þar. Stefnt er að því að læknar byrji á að gefa út hreyfiseðla nú í vetur. Búið er að kortleggja úrræði sem til staðar eru í bænum og undirbúningur að fleiri úrræðum er í burðarliðnum en íþróttafulltrúi bæjarins heldur utan um málið. Læknar þar munu skrifa út hreyfiseðlana og vísa á sjúkraþjálfara sem meta í samráði við læknana hvaða úrræði hentar hverjum og einum best. Þeir munu síðan sinna eftirfylgd. Tilvalið er að nefndin sem lagt er til að undirbúi það að hreyfing verði raunverulegur valkostur í heilbrigðisþjónustunni með útgáfu „hreyfiseðla“ horfi til reynslunnar í Garðabæ við vinnu sína.

**Fylgiskjal.**

## „HREYFISEÐILL“ – ávísun á hreyfingu.

(Reykjavík, 20. september 2005.)

Undirritaðir nemendur í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands veturinn 2004–2005 völdu sem viðfangsefni „Motion på recept“, sem hlotið hefur íslenska heitið „Hreyfiseðill – ávísun á hreyfingu“. Hreyfiseðill er ákveðið meðferðarform við tilgreindum sjúkdómum sem getur komið að hluta til eða alveg í stað lyfja.

Í náminu var nemendum ætlað að taka fyrir raunverulegt verkefni sem hægt væri að setja af stað og framkvæma. Markmiðið með verkefni þessa hóps var að móta tillögu og gera líkan að tilraunaverkefni sem hægt verður að koma af stað hér á landi. Leitað var til Tryggingastofnunar ríkisins um að verða bakhjarl þessa verkefnis og samþykkti stofnunin það.

Í tengslum við verkefnið fór fram mikil upplýsingaöflun. Leitað var fanga víða á Norðurlöndum þar sem þessi aðferðafræði hefur verið í gangi í nokkur ár. Jafnframt var rætt við fjölmarga innlenda aðila sem koma að heilbrigðismálum með einum eða öðrum hætti, svo sem Lýðheilsustöð, landlæknisembættið, Hjartavernd, Reykjalund, lækna, sjúkraþjálfara, starfsmenn heilsugæslustöðva og fleiri. Sýndu þessir aðilar mikinn áhuga og eru jákvæðir gagnvart tilraunaverkefni um hreyfiseðil enda sú þekking og reynsla sem þarf til að koma slíku verkefni á hér á landi fyrir hendi. Niðurstöður rannsókna sýna að hreyfing er árangursrík bæði sem forvörn og sem meðferð við fjölmörgum sjúkdómum. Meðal annars við því sem nefnt hefur verið efnaskiptavilla eða „Metabolic Syndrome“, þ.e. þegar saman er komin fullorðinssykursýki, hár blóðþrýstingur, offita, og röskun á blóðfitu.

Skýrslan, sem hópurinn hefur lagt fram, er vörðuð leið til að koma af stað tilraunaverkefni á þessu sviði hér á landi, þannig að sjúklingum sé ávísað á hreyfingu í stað lyfja eða ásamt lyfjum. Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að ráðherra skipi nefnd til að kanna hvort hægt sé að koma á slíku meðferðarformi hér á landi. Hér er gengið skrefi lengra en þingsályktunartillagan gerir með því að mótuð er tillaga að tilraunaverkefni, „Hreyfiseðill“, sem við teljum mögulegt að framkvæma hér á landi. Þeir sem hafa áhuga á skýrslunni er beðnir um að hafa samband við einhvern undirritaðra.

Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun er 15 eininga nám við Endurmenntun Háskóla Íslands. Nemendur hafa notið liðsinnis hæfustu leiðbeinenda í faginu sem hafa lagt metnað sinn í kennsluna og að þau verkefni sem unnin eru uppfylli strängustu kröfur um aðferðafræði verkefnastjórnunar.

Með bestu kveðjum,

| | | |
|---|---|---|
| Anna K. Vilhjálmsdóttir, frkvstj. fræðslu- og útbreiðslusviðs ÍF. | Elísabet Einarsdóttir, starfsmannastjóri Ölgerðar Egils Skallagrímssonar. | Hulda Finnbogadóttir, tryggingafulltrúi, Tryggingastofnun ríkisins. |
| Jóhannes Bekk Ingason, verkefnisstjóri UST, Grunnskóla Seltjarnarness. | Júlíana Guðmundsdóttir, almannatengslafulltrúi, Orkuveitu Reykjavíkur. | Þórunn Sveinsdóttir, deildarstjóri, Vinnueftirliti Ríkisins. |

## 100. Frumvarp til laga [100. mál]

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir,
Guðjón A. Kristjánsson, Gunnar Örlygsson, Sæunn Stefánsdóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson, Dagný Jónsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga er hafa vígsluheimild, sbr. 17. gr. hjúskaparlaga, er heimilt að staðfesta samvist.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga er hafa vígsluheimild samkvæmt hjúskaparlögum verði heimilt að staðfesta samvist.

Samkvæmt lögum um staðfesta samvist geta einungis sýslumenn og fulltrúar þeirra staðfest samvist. Prestum og forstöðumönnum trúfélaga er það ekki heimilt en skiptar skoðanir eru meðal þeirra um hvort heimila eigi slíkt. Staðfest samvist er hliðstæður löggerningur við giftingu, en hún er einungis heimil í borgaralegri athöfn eins og lögin eru nú. Mikilvægt er að söfnuðir og trúfélög hafi einnig heimild til þess að framkvæma staðfestingu á samvist til jafns við giftingar gagnkynhneigðra.

Til þess að ná fullu jafnrétti eins og mælt er fyrir um í 65. gr. stjórnarskrárinnar þarf prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga sem þess óska að vera heimilt að staðfesta samvist samkynhneigðra. Í því felst ekki nein nauðung heldur yrði valið á hendi safnaðanna sjálfra. Eins og lögin um staðfesta samvist eru nú má hins vegar telja að ákveðin nauðung felist í því að heimila ekki þeim söfnuðum sem það kjósa að staðfesta samvist. Við slíkt verður ekki unað og er því þetta frumvarp flutt til að tryggt verði fullt jafnrétti milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra hvað varðar giftingu og staðfesta samvist.

## 101. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um rannsóknir á áhrifum rafmagnsveitulína orkuveitna, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson, Dagný Jónsdóttir,
Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum rafmagnsveitulína orkuveitna, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2017.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.

## Greinargerð.

Tillaga um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann var lögð fram á 126., 127., 128., 130., 131. og að nýju á 132. löggjafarþingi nokkuð breytt en var ekki útrædd.

Flutningsmenn telja mikilvægt nú á tímum ört vaxandi tæknivæðingar að fram fari upplýst umræða um áhrif rafmagnsmannvirkja á fólk og telja að rannsóknir séu mikilvæg forsenda þess. Erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að hvers konar rafsegulsvið geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks og jafnvel valdið krabbameini o.fl. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfinu til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, þ.e. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa í nágrenni þeirra. Þá hefur einnig farið fram mikil umræða um aðstæður á vinnustöðum.

Opinber bresk stofnun hefur viðurkennt opinberlega að tengsl geti verið milli krabbameinstilfella og háspennulína. Rannsóknir framkvæmdar af faraldsfræðingnum Richard Doll leiddu í ljós að börn sem búa í grennd við háspennulínur eiga frekar á hættu að fá krabbamein en önnur börn. Rannsóknarhópur í háskólanum í Toronto í Kanada og Hospital for Sick Children tilkynnti að rannsóknir hefðu sýnt að börn sem búa við há gildi rafsegulsviðs eiga frekar á hættu að fá hvítblæði en börn sem búa ekki við slík skilyrði. Mælingar á heimahögum veikra barna leiddu í ljós að 2–4 sinnum meiri líkur væru á að börn með hvítblæði hefðu búið við há gildi rafsegulsviðs.

Jafnframt hafa faraldsfræðilegar rannsóknir Dana og Svía sýnt fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki. Hið sama kann að gilda um fullorðna, en það er ekki vitað fyrir víst.

Flutningsmenn benda á að á Íslandi hafa ekki verið settar neinar reglur um leyfilegan styrk rafsegulsviðs en í Noregi hafa verið gerðar ákveðnar varúðarráðstafanir meðan beðið er eftir skýrari niðurstöðum vísindarannsókna. Því er í norskri reglugerð um raforkuvirki kveðið á um að heimili, barnaheimili, barnaskólar eða aðrir staðir þar sem búast má við langvarandi dvöl barna, séu ekki nær 400 kV línu en 18 m. Hugsanlegt væri að gera skipulegar mælingar, t.d. í skólahúsnæði þar sem yngsta og væntanlega viðkvæmasta kynslóðin er langtímum saman, hugsanlega í óæskilega sterku rafsegulsviði.

Í október 2005 kom út skýrsla á vegum breskrar heilbrigðisstofnunar (e.„Health Protection Agency“) þar sem leitast var við að skilgreina rafsegulóþol og greina það faraldsfræðilega. Niðurstaða skýrslunnar er að rafsegulóþol sé líkamleg veikindi en ekki andleg eins og talið hafði verið og er viðurkennt í henni að rafsegulsvið farsíma, háspennumastra og tölvuskjáa kunni að valda t.d. ógleði, svima, höfuðverk, hjartsláttartruflunum, minnisleysi og vöðvaverkjum. Í skýrslunni var leitast við að safna saman og meta gögn frá erlendum stofnunum og sjálfshjálparhópum vegna rafsegulóþols og voru mestar upplýsingar fengnar frá Svíþjóð. Svíar eru komnir lengst í að rannsaka rafsegulóþol en þar var viðurkennt árið 2000 að rafsegulóþol væri líkamleg veikindi. Talið er að fjöldi þeirra sem þjást af veikindunum þar sé um 300.000 manns. Rafsegulóþol getur bæði lýst sér í vandamálum tengdum húð og innvortis áhrifum, svo sem ógleði, höfuðverk, vöðvaverkjum, svima, óreglulegum hjartslætti, einbeitingarskorti, þreytu o.fl.

Breska skýrslan er viðurkenning á nauðsyn þess að rannsaka rafsegulóþol ekki eingöngu með tilliti til orsaka veikindanna heldur einnig með tilliti til meðhöndlunar og lækninga. Fram kom að rannsóknir Breta muni á næstunni snúast um að lýsa rafsegulóþoli og skilja það og finna staði sem eru hentugir til að meðhöndla einkennin, en talið er að fjöldi þeirra Breta sem telja sig þjást af óþolinu hafi aukist mjög síðustu ár.

Þegar skoðað var hvort og hvernig þeir sem töldu sig þjást af rafsegulóþoli vissu það kom fram að þeir fundu hvernig einkenni breyttust við að skipta um umhverfi. Þá kom fram að reynt hefði verið að minnka rafsegulsvið á heimilum fólks með sérstökum rafmagnslögnum, auk þess sem gaseldavélar hefðu tekið við af rafmagnseldavélum og álþynnur jafnvel verið lagðar á veggi, gólf, þök og glugga. Sérstaklega var talin þörf á að huga að farsímaneti, möstrum og grunnstöðvum, ekki síst ef grunnstöðvar eru í grennd við skóla eða sjúkrahús.

Flutningsmenn telja mikilvægt fyrir heilsu þeirra sem þjást af rafsegulóþoli hér á landi að það verði viðurkennt sem sjúkdómur og rannsakað til þess að hægt sé að leggja áherslu á meðhöndlun og forvarnir. Þá telja flutningsmenn að starfsmenn geti jafnvel þurft að fá aðstoð hjá vinnuveitanda til að fá mælingar á rafsegulsviði og breytingar á skipulagi eða önnur tæki sem hafa minna rafsegulsvið. Þá geti þeir sjálfir látið gera mælingar heima fyrir og tilraunir með að breyta skipulagi þar og færa til tæki.

Flutningsmenn telja tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum rafmagnsveitulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins og jafnvel út frá mismunandi hverfum eftir rafkerfum. Sum hverfi og byggðir hafa tveggja fasa rafkerfi og önnur þriggja fasa en mælingar hafa yfirleitt sýnt hærri gildi rafsegulsviðs þar sem þriggja fasa kerfi er. Ástæðan eru svokallaðir flökkustraumar sem geta myndast í þriggja fasa kerfi sem gera það að verkum að hitaveitulagnir geta verið með bullandi rafstraum og þar af leiðandi mjög hátt rafsegulsvið.

Hér á landi eru á margan hátt kjöraðstæður til að gera faraldsfræðilegar rannsóknir á tengslum umhverfisþátta og hugsanlegri krabbameinshættu. Er þetta að þakka nákvæmum lýðskrám, sem geyma upplýsingar um búsetu og nýgengi krabbameins, og hugsanlegt er að rannsóknin geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2017. Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins, hugsanlega í samvinnu við fyrirtæki og opinberar stofnanir svo sem Geislavarnir ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins, Löggildingarstofu og Orkustofnun. Þá telja þeir æskilegt að við rannsókn sem þessa sé leitað samstarfs við stjórnvöld og vísindamenn í öðrum ríkjum, t.d. innan Evrópusambandsins, og að rannsóknin verði hluti af fjölþjóðlegri rannsókn. Slíkt skyti styrkari stoðum bæði undir fjárhagslegan grundvöll verkefnisins og niðurstöðurnar.

## 102. Fyrirspurn [102. mál]

til viðskiptaráðherra um neyslustaðal.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Má vænta þess að frumvarp um gerð neyslustaðals hérlendis verði lagt fram á yfirstandandi þingi?

2. Er fyrirhugað að neyslustaðall nái til allra opinberra aðila sem byggja bætur, lán, styrki eða aðrar greiðslur á neysluviðmiðum?
3. Hver er kostnaðurinn við gerð slíks neyslustaðals og hvað má áætla að það kosti að viðhalda honum?

## 103. Fyrirspurn [103. mál]

til félagsmálaráðherra um fötluð grunnskólabörn.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvernig hyggst ráðherra leysa þá deilu sem verið hefur milli ríkis og sveitarfélaga um lengda viðveru fatlaðra barna í grunnskólum?

## 104. Fyrirspurn [104. mál]

til félagsmálaráðherra um fæðingarorlofsgreiðslur og umönnunarbætur.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða rök eru fyrir því að umönnunargreiðslur eru ekki greiddar samtímis fæðingarorlofsgreiðslum?
2. Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir lagabreytingu sem tryggi að foreldrar fatlaðra barna geti fengið umönnunargreiðslur samtímis greiðslum í fæðingarorlofi?

## 105. Fyrirspurn [105. mál]

til félagsmálaráðherra um lánveitingar Íbúðalánasjóðs.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur

1. Hvaða áhrif hefur það haft á þann hóp með lágar tekjur sem áður fékk viðbótarlán til húsnæðiskaupa hjá Íbúðalánasjóði að hámarkslánin voru lækkuð í 80% og telur ráðherra að aðgerða sé þörf til að þeir sem áður fengu viðbótarlán geti eignast húsnæði?
2. Hve stór hópur er það sem ekki hefur staðist greiðslumat eftir að hámarkslán voru lækkuð í 80%?
3. Hvað má ætla að margir í fyrrgreindum hópi þurfi að fjármagna íbúðarkaup með skammtímalánum eða yfirdráttarlánum eftir að hámarkslánin voru lækkuð?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á hámarkslánum eða skilyrðum um veðhæfi eigna hjá Íbúðalánasjóði og þá hvenær? Ef ekki eru áform uppi um hækkun hámarkslána, kæmi til greina að hækka þau strax hjá þeim tekjuhópi sem áður fékk viðbótarlán?

## 106. Fyrirspurn [106. mál]

til fjármálaráðherra um aðgerðir gegn skattsvikum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað af tillögum skattsvikanefndar, sem skilaði skýrslu í desember 2004, telur ráðherra æskilegt að komi til framkvæmda? Eru áform á yfirstandandi þingi um að leggja fram tillögur um aðgerðir gegn skattsvikum og þá hvaða?

## 107. Fyrirspurn [107. mál]

til viðskiptaráðherra um stöðuna á viðskiptabankamarkaði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur

1. Hver er afstaða viðskiptaráðherra til tillagna Samkeppnisstofnunar til að auka samkeppni á viðskiptabankamarkaði, sem fram komu í ágúst sl. í tengslum við útgáfu skýrslu norrænna samkeppnisyfirvalda um viðskiptabanka? Hyggst ráðherra beita sér fyrir framgangi tillagnanna með því að koma í veg fyrir aðgangshindranir að markaðnum, m.a. með niðurfellingu stimpilgjalds og afnámi uppgreiðslugjalds til að auðvelda að færa viðskipti milli banka?
2. Er ráðherra sammála því mati Samkeppnisstofnunar að nauðsynlegt sé að hugað verði að aðgangshindrunum að greiðslukerfum bankanna og sameiginlegu eignarhaldi banka og sparisjóða á greiðslukortafyrirtækjum?
3. Hvaða leiðir telur ráðherra færar til að koma í veg fyrir vaxandi samþjöppun á íslenskum bankamarkaði sem orðið hefur sl. áratug og hyggst ráðherra eða Samkeppnisstofnun grípa til aðgerða sem auka samkeppni á viðskiptabankamarkaði?

## 108. Fyrirspurn [108. mál]

til félagsmálaráðherra um húsaleigubætur.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur

1. Hver er ástæða þess að ráðherra hefur ekki breytt reglugerð og hækkað grunnfjárhæðir húsaleigubóta sl. sex ár?
2. Hve mikið hefðu grunnfjárhæðirnar hækkað ef þær hefðu fylgt vísitölu greiddrar húsaleigu samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands frá því í árslok 2000 til október 2006 og hve háar fjárhæðir hafa sparast árlega á tímabilinu með því að hafa grunnfjárhæðirnar óbreyttar?

3. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því í samráði við sveitarfélögin að grunnfjárhæðir húsaleigubóta verði hækkaðar í samræmi við breytingar á vísitölu greiddrar húsaleigu frá því í árslok 2000?

## 109. Fyrirspurn [109. mál]

til heilbrigðisráðherra um öndunarvélaþjónustu við MND-sjúklinga.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvaða áform hefur ráðherra um öndunarvélaþjónustu við MND-sjúklinga?

## 110. Fyrirspurn [110. mál]

til samgönguráðherra um Sundabraut.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvað líður undirbúningi að gerð Sundabrautar?

## 111. Fyrirspurn [111. mál]

til samgönguráðherra um gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvað líður gerð mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík?

## 112. Fyrirspurn [112. mál]

til heilbrigðisráðherra um endurgreiðslu á tannlæknakostnaði barna og unglinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu há var endurgreiðsla vegna tannlæknakostnaðar barna og unglinga á árinu 2005 sundurliðað eftir þessum aldurshópum:
   a. að 6 ára aldri,
   b. 7–12 ára,
   c. 13–17 ára?

Hve hátt er hlutfallið af heildartannlæknakostnaði?
2. Liggur fyrir rannsókn á tannheilsu barna og unglinga sem hófst á skólaárinu 2004–2005 en boðað var að niðurstaða hennar mundi liggja fyrir um sl. áramót? Ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður?
3. Eru uppi áform hjá ráðherra um breytingar á núverandi endurgreiðslukerfi vegna tannlækninga barna og unglinga?

**Skriflegt svar óskast.**

## 113. Fyrirspurn [113. mál]

til dómsmálaráðherra um fíkniefni.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mikið magn fíkniefna hafa lögregla og tollgæsla lagt hald á árin 2004 og 2005 og það sem af er árinu 2006, og hvert er áætlað götuverðmæti þeirra? Er um að ræða aukningu á þessu ári samanborið við 2003 og 2004 og þá hve mikla?
2. Hve margir hlutu dóm fyrir innflutning eða dreifingu fíkniefna árin 2004 og 2005?
3. Hver er fjöldi þeirra sem talinn er hafa ánetjast fíkniefnum, skipt eftir aldri og kyni?
4. Telur ráðherra að það fé sem varið er til toll- og löggæslu, þ.m.t. fíkniefnadeildar lögreglunnar, sé nægjanlegt til að halda uppi öflugum forvörnum og eftirliti með innflutningi, dreifingu og neyslu fíkniefna? Hve miklu fé var varið til þess árin 2005 og 2006?
5. Eru uppi áform um að efla fíkniefnavarnir og þá hvernig?

**Skriflegt svar óskast.**

## 114. Fyrirspurn [114. mál]

til viðskiptaráðherra um eignarhluta og þátttöku viðskiptabankanna í annarri starfsemi.

Frá Jóhannu Sigurðardóttur.

1. Hver var eignarhlutur annars vegar og hins vegar þátttaka bankanna í óskyldum rekstri, sbr. ákvæði 21. og 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sundurliðað eftir atvinnugreinum og árunum 2003 til 1. júlí 2006? Hve lengi hefur þátttaka bankanna í óskyldri starfsemi staðið?
2. Hver er reynsla Fjármálaeftirlitsins af leiðbeinandi tilmælum sem sett voru 2001 um þátttöku viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja í atvinnustarfsemi?

3. Hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við viðskiptabankana um að starfsemi þeirra skv. 21.–23. gr. laga um fjármálafyrirtæki feli í sér hagsmunaárekstra eða gangi gegn ákvæðum laga og reglna sem um slíka starfsemi gilda?
4. Er ástæða til að mati ráðherra eða Fjármálaeftirlitsins að setja í löggjöf hert ákvæði um eignarhluta eða þátttöku banka í óskyldri starfsemi, þ.m.t. ákvæði um hve lengi slík þátttaka eða eignaraðild bankanna getur varað?

**Skriflegt svar óskast.**

## 115. Fyrirspurn [115. mál]

til félagsmálaráðherra um nýbyggingar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu margar nýbyggingar, sérbýli annars vegar og fjölbýli hins vegar, voru byggðar árlega árin 2000–2005, að báðum árum meðtöldum, og hvað má áætla að margar verði byggðar á yfirstandandi ári?
2. Hver hefur þróunin orðið á verði nýbygginga, sérbýla annars vegar og fjölbýla hins vegar, á þessu tímabili?
3. Hver hefur þróunin orðið á verði eldra húsnæðis, sérbýla annars vegar og fjölbýla hins vegar, á þessu tímabili?
4. Hver var áætluð þörf fyrir nýbyggingar árin 2000–2006, að báðum árum meðtöldum, annars vegar sérbýli og hins vegar fjölbýli, og hvað liggur fyrir um áætlaða þörf fyrir nýbyggingar árlega fram til ársins 2010?

**Skriflegt svar óskast.**

## 116. Fyrirspurn [116. mál]

til dómsmálaráðherra um meðlagsgreiðslur.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig er fyrirkomulag meðlagsgreiðslna og upphæð lágmarksmeðlags hér á landi samanborið við önnur ríki á Norðurlöndum?
2. Hver er skattaleg staða meðlagsgreiðenda gagnvart meðlagi og bótagreiðslum, svo sem barnabótum og vaxtabótum, hér á landi samanborið við önnur ríki á Norðurlöndum?
3. Hvaða reglur gilda um skyldu meðlagsgreiðenda til að greiða aukameðlag, hvaða rök liggja að baki þeim reglum, og telur ráðherra ástæðu til að endurskoða þær reglur sem gilda um meðlagsgreiðslur almennt?

4. Hve margir meðlagsgreiðendur greiddu aukameðlag árlega frá árinu 2000 til 1. október 2006, annars vegar aukameðlag samkvæmt úrskurðum sýslumannsembættanna og hins vegar sérstakt meðlag, sundurliðað eftir tegundum greiðslna? Hvert er hlutfall hvors hóps um sig af heildarfjölda meðlagsgreiðenda?
5. Telur ráðherra ástæðu til að breyta fjárhæð meðlagsgreiðslna þannig að þær taki meira mið af raunverulegri framfærsluþörf barna?

**Skriflegt svar óskast.**

## 117. Fyrirspurn [117. mál]

til heilbrigðisráðherra um stækkun hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

Frá Ástu Möller.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður við rekstraraðila hjúkrunarheimilisins Sóltúns um viðbyggingu fyrir þjónustu við aldraða sem þarfnast vistunar á hjúkrunarheimili?

## 118. Fyrirspurn [118. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustu á öldrunarstofnunum.

Frá Ástu Möller.

1. Hvaða þjónustu, utan skilgreindrar heilbrigðisþjónustu, er öldrunarstofnunum skylt að veita vistmönnum?
2. Eiga öldrunarstofnanir að sjá um þvott vistmanna þeim að kostnaðarlausu? Ef svo er, hvernig er því fylgt eftir að þjónustan sé veitt?
3. Hvaða öldrunarstofnanir sjá ekki um þvott vistmanna?
4. Hver er talinn árlegur kostnaður öldrunarstofnana við þvott vistmanna?

## 119. Fyrirspurn [119. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hefur áætlun heilbrigðisráðuneytis um uppbyggingu öldrunarþjónustu 2002–2007 þar sem gert var ráð fyrir 100 millj. kr. í uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ verið fylgt eftir? Ef ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ? Hvenær munu þá framkvæmdir hefjast og hvenær er áætlað að það taki til starfa?

## 120. Fyrirspurn [120. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að framhaldsskóli rísi í Mosfellsbæ eins og nefnd á vegum ráðuneytisins hefur mælt með samkvæmt svari ráðherra við fyrirspurn frá Rannveigu Guðmundsdóttur í vor (775. mál á 132. löggjafarþingi)? Ef svo er, hvenær er áætlað að skólinn taki til starfa?

## 121. Fyrirspurn [121. mál]

til samgönguráðherra um gerð mislægra gatnamóta á mótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegar.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Stendur til að gera mislæg gatnamót eða hringtorg á mótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegar? Ef svo er hvenær er áætlað að þeim framkvæmdum ljúki?

## 122. Fyrirspurn [122. mál]

til samgönguráðherra um fjarskiptasjóð.

Frá Kristjáni L. Möller.

Verður fjarskiptasjóði heimilt að endurgreiða sveitarfélögum útlagðan kostnað við að koma upp háhraðatengingum ef þau kjósa að gera það fyrir eigin reikning?

## 123. Fyrirspurn [123. mál]

til dómsmálaráðherra um myndatökur fyrir vegabréf.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Er nauðsynlegt að teknar séu myndir á umsóknarstað af öllum umsækjendum um vegabréf?
2. Er fullnægjandi aðstaða til slíkrar myndatöku á öllum umsóknarstöðum?
3. Hver hefur kostnaðurinn verið við þetta fyrirkomulag?

## 124. Fyrirspurn [124. mál]

til samgönguráðherra um Norðfjarðargöng.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvenær er áætlað að hefja rannsóknarboranir vegna fyrirhugaðra Norðfjarðarganga?
2. Hvað má áætla að rannsóknarboranir og umhverfismat vegna þessara ganga taki langan tíma?

## 125. Fyrirspurn [125. mál]

til menntamálaráðherra um útsendingar svæðisútvarpsins á Austurlandi.

Frá Kristjáni L. Möller.

Eru uppi áform um að sent verði út og sagðar fréttir alla virka daga hjá svæðisútvarpinu á Austurlandi?

## 126. Fyrirspurn [126. mál]

til samgönguráðherra um styttingu þjóðleiðarinnar milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvaða vegaframkvæmdir eru nú í athugun við endurskoðun samgönguáætlunar til styttingar á þjóðleiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur?

**Skriflegt svar óskast.**

## 127. Fyrirspurn [127. mál]

til samgönguráðherra um brúargerð yfir Jökulsá á Fjöllum.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja vegasamgöngur ef til eldgoss kemur í Kötlu?
2. Telur ráðherra skynsamlegt að flýta brúargerð yfir Jökulsá á Fjöllum vegna hættu á að vegasamband um Suðurland rofni í slíkum eldsumbrotum?
3. Hvenær má búast við að undirbúningi og hönnun nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum ljúki?

## 128. Fyrirspurn [128. mál]

til menntamálaráðherra um Hlíðarskóla á Akureyri.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu margir nemendur stunda nám við Hlíðarskóla á Akureyri?
2. Hver er árlegur rekstrarkostnaður skólans?
3. Hvernig kemur ríkið að rekstri skólans?
4. Hverjir bera ábyrgð á rekstri og fjármögnun skólans?

**Skriflegt svar óskast.**

## 129. Fyrirspurn [129. mál]

til menntamálaráðherra um ferðasjóð íþróttafélaga

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvað líður vinnu nefndar um úttekt á kostnaði við ferðalög íþróttafélaga á viðurkennd mót? Er áætlað að hún skili tillögum um sérstakan sjóð til að taka þátt í þeim kostnaði og ef svo er, hvenær?

**Skriflegt svar óskast.**

## 130. Fyrirspurn [130. mál]

til heilbrigðisráðherra um löggildingu starfsheitis áfengisráðgjafa.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvað kom út úr könnun sem ráðherra fól landlæknisembættinu að gera, sbr. svar við fyrirspurn á síðasta þingi (535. mál), um hvort löggilda ætti starfsheiti áfengisráðgjafa?

**Skriflegt svar óskast.**

## 131. Fyrirspurn [131. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um heimilislækna í Suðvesturkjördæmi.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu margir heimilislæknar eru starfandi í Suðvesturkjördæmi, skipt eftir sveitarfélögum?
2. Hversu margir íbúar í Suðvesturkjördæmi eru án heimilislæknis, skipt eftir sveitarfélögum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 132. Fyrirspurn [132. mál]

til menntamálaráðherra um fjárframlög til Fjölmenntar.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hver hafa verið heildarfjárframlög til Fjölmenntar, fullorðinsfræðslu fyrir fatlaða, frá stofnun hennar og hvernig skiptast þau eftir árum, sundurliðað eftir sveitarfélögum og kjördæmum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 133. Fyrirspurn [133. mál]

til heilbrigðisráðherra um bráðaþjónustu á Suðurnesjum.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að unnt verði að starfrækja sólarhringsbráðavakt á skurðstofum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja á næsta ári?
2. Hver er áætlaður viðbótarkostnaður við það?

## 134. Fyrirspurn [134. mál]

til menntamálaráðherra um menningarsamninga.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Sér ráðherra eitthvað því til fyrirstöðu að gerður verði menningarsamningur við sveitarfélögin á Suðurnesjum leiti þau eftir slíkum samningi?
2. Hvað má ætla að gerð slíks samnings taki langan tíma?
3. Hvar eru slíkir samningar í gildi nú og hver er áætlaður kostnaður ríkissjóðs við þá?

## 135. Fyrirspurn [135. mál]

til iðnaðarráðherra um vaxtarsamninga.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Sér ráðherra eitthvað því til fyrirstöðu að gerður verði vaxtarsamningur við sveitarfélögin á Suðurnesjum, leiti þau eftir slíkum samningi?
2. Hvað má ætla að gerð slíks samnings taki langan tíma?
3. Hvar eru slíkir samningar í gildi nú og hver er áætlaður kostnaður ríkissjóðs við þá?

## 136. Fyrirspurn [136. mál]

til utanríkisráðherra um starfslok starfsmanna varnarliðsins.

Frá Jóni Gunnarssyni.

Telur ráðherra koma til greina að hlutafélag um eignir á varnarsvæðum komi að gerð samninga um starfslok við fyrrverandi starfsmenn varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli?

## 137. Fyrirspurn [137. mál]

til samgönguráðherra um Suðurlandsveg.

Frá Jóni Gunnarssyni og Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hyggst ráðherra heimila nýstofnuðu einkahlutafélagi, Suðurlandsvegi ehf., einkaframkvæmd við tvöföldun Suðurlandsvegar?
2. Hvaða leiðir telur ráðherra færar til að fjármagna framkvæmdina?

## 138. Fyrirspurn [138. mál]

til menntamálaráðherra um framlög til íþróttamála.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hver voru heildarframlög ríkisins til íþróttamála á árunum 1995–2005, skipt eftir árum á verðlagi ársins 2005?
2. Hvernig skiptust framlögin á íþróttagreinar?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aukningu framlaga til akstursíþrótta?

**Skriflegt svar óskast.**

## 139. Fyrirspurn [139. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við viðhald og endurbætur á vegum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Hver hefur verið kostnaður við endurbætur og viðhald á:

a. Vestfjarðagöngum sl. 10 ár,
b. Hvalfjarðargöngum frá því að þau voru tekin í notkun,
c. Óshlíðarvegi sl. 20 ár, þ.m.t. bygging vegskála,
d. veginum fyrir Ólafsvíkurenni sl. 20 ár,
e. Ólafsfjarðargöngum sl. 20 ár?

Óskað er eftir upplýsingum um heildarkostnað annars vegar og hins vegar kostnað eftir árum.

**Skriflegt svar óskast.**

## 140. Fyrirspurn [140. mál]

til iðnaðarráðherra um útræðisrétt strandjarða.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að útræðisréttur strandjarða verði virtur að nýju?

## 141. Fyrirspurn [141. mál]

til umhverfisráðherra um kjarnorkuendurvinnslustöðina í Sellafield.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hefur skýrsla breskra stjórnvalda, sem ráðherra óskaði eftir í bréfi til breskra yfirvalda þar sem lýst var yfir miklum áhyggjum af starfrækslu kjarnorkuendurvinnslustöðvarinnar í Sellafield og leka geislavirkra efna frá henni, borist íslenskum stjórnvöldum?
2. Hyggst ráðherra fylgja málinu frekar eftir, og þá hvernig?

## 142. Fyrirspurn [142. mál]

til félagsmálaráðherra um starfsmannaleigur.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hver er reynslan af lögum um starfsmannaleigur sem sett voru í fyrra?
2. Hversu margar starfsmannaleigur starfa í tengslum við íslenskan vinnumarkað?
3. Hversu margir erlendir starfsmenn á vegum starfsmannaleigna starfa hérlendis, hvernig skiptast þeir eftir starfsgreinum og hversu margir þeirra eru með viðurkenningu á menntun frá heimalandi sínu?

## 143. Fyrirspurn [143. mál]

til félagsmálaráðherra um leiðbeiningarreglur í anda ILO-samþykktar nr. 158.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvað líður tillögum Rannsóknaseturs vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst að leiðbeiningarreglum í anda samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr.

158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, sem ráðherra boðaði í svari við fyrirspurn á síðasta þingi (756. mál)?

**Skriflegt svar óskast.**

## 144. Fyrirspurn [144. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Ekron-starfsþjálfun.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Telur ráðherra að hugmyndafræði Ekron, og starfsþjálfun og endurhæfing þar, geti reynst vel við að aðstoða óvirka alkóhólista, fíkniefnaneytendur og öryrkja til að komast aftur út á vinnumarkaðinn?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Ekron-starfsþjálfun fái rekstrarstyrki frá ríkinu?

## 145. Fyrirspurn [145. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarrými.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvað eru margir aldraðir á biðlista á landinu öllu, skipt eftir kjördæmum, annars vegar í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými og hins vegar í mjög brýnni þörf?
2. Hvað eru mörg hjúkrunarrými í landinu á hverja þúsund íbúa, skipt eftir sveitarfélögum og hvert er landsmeðaltalið?

**Skriflegt svar óskast.**

## 146. Fyrirspurn [146. mál]

til menntamálaráðherra um aðgang að háskólum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hve mörgum sem sóttu um skólavist nú í haust var vísað frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Háskólann á Hólum og Kennaraháskóla

Íslands, sundurliðað eftir deildum og skorum? Hve margir fengu ekki inngöngu í einkareknu háskólana, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst? Liggur fyrir hve margir umsækjendur fengu hvergi vist í háskóla?

## 147. Fyrirspurn [147. mál]

til samgönguráðherra um háhraðanettengingar.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er áætlað að tryggja þeim rúmlega 20.000 íbúum landsbyggðarinnar, sem eru án háhraðanettengingar, aðgang að slíkri tengingu á næsta fjárlagaári? Ef svo er, hver er sú áætlun, skipt eftir landsvæðum?

## 148. Fyrirspurn [148. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimili og öldrunarþjónustu.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hver er áætlaður kostnaður við að mæta þörfinni fyrir hjúkrunarrými á landinu öllu?
2. Hversu mörg rými á landinu öllu er um að ræða?
3. Hve margir aldraðir eru á dvalarheimilum annars vegar og hjúkrunarheimilum hins vegar?
4. Hve margir deila herbergi með öðrum, ef hjón eða sambýlisfólk er frátalið, og hve margir eru í einkaherbergjum?

## 149. Fyrirspurn [149. mál]

til heilbrigðisráðherra um forvarnir í fíkniefnamálum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Stendur til að auka útgjöld til forvarna í fíkniefnamálum, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn um framlög til forvarna (407. mál 130. löggjafarþings)?
2. Hvernig stendur til að verja þeim fjármunum?

## 150. Fyrirspurn [150. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuverð til garðyrkjubænda.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er til skoðunar hjá ráðherra að mæta þörf garðyrkjubænda fyrir ódýrara rafmagn, m.a. í tengslum við að í nýlegum raforkulögum var einingum í raforkusölu skipt upp í framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu?

## 151. Fyrirspurn [151. mál]

til félagsmálaráðherra um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er undirbúningur hafinn á vegum ríkisstjórnarinnar að
a. frekari flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga, t.d. rekstur framhaldsskóla eða löggæslu,
b. endurskoðun tekjuskiptingar á milli ríkis og sveitarfélaga í ljósi breyttrar verkaskiptingar stjórnsýslustiganna?

## 152. Fyrirspurn [152. mál]

til menntamálaráðherra um skólagjöld í opinberum háskólum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er til athugunar í ráðuneytinu að veita opinberum háskólum heimild til innheimtu skólagjalda? Ef svo er, hve há gjöld og fyrir nám í hvaða greinum? Ef svo er ekki, hvernig stendur til að mæta mæta fjárþörf skólanna og fjármögnun þeirra?

## 153. Fyrirspurn [153. mál]

til umhverfisráðherra um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvað líður áformum um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs í ljósi þess að fengin er niðurstaða um þjóðlendur á svæðinu?

2. Er rekstur Jöklasetursins á Hornafirði sem miðstöðvar þjóðgarðsins til skoðunar í því samhengi?

## 154. Fyrirspurn [154. mál]

til heilbrigðisráðherra um forvarnir gegn fíkniefnum og meðferð ungra fíkniefnaneytenda.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hver eru framlög hins opinbera til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum nú og hver voru árleg framlög 1995–2005 á núvirði? Hverjir hafa fengið framlögin og hversu mikið hefur hver um sig fengið?
2. Hver eru framlög hins opinbera til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda á yfirstandandi ári, hver voru framlögin árin 1998–2005 og hver eru áætluð framlög árið 2007?

**Skriflegt svar óskast.**

## 155. Fyrirspurn [155. mál]

til menntamálaráðherra um brottfall úr framhaldsskólum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvert var brottfall úr íslenskum framhaldsskólum á síðasta ári
a. sundurliðað eftir kynjum og skólum á vorönn og haustönn, og
b. sundurliðað eftir bóknámi og verknámi?

**Skriflegt svar óskast.**

## 156. Fyrirspurn [156. mál]

til landbúnaðarráðherra um Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hefur verið tekin ákvörðun um framtíð starfsemi Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi eftir sameiningu hans við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri? Verður hann áfram starfræktur á Reykjum?

## 157. Fyrirspurn [157. mál]

til menntamálaráðherra um staðbundið háskólanám á landsbyggðinni.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Stendur til að auka framboð á staðbundu háskólanámi á landsbyggðinni? Ef svo er, hvar og hvers konar nám verður í boði? Tengist það starfsemi símenntunarmiðstöðva og fræðsluneta á landsbyggðinni?

## 158. Fyrirspurn [158. mál]

til samgönguráðherra um veðurathuganir á Stórasandi.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvenær hóf Vegagerðin veðurathuganir á Stórasandi með tilliti til vegagerðar um sandinn og hvaða upplýsingar liggja nú fyrir?

**Skriflegt svar óskast.**

## 159. Fyrirspurn [159. mál]

til samgönguráðherra um Hvalsnes- og Þvottárskriður.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvaða tillögur liggja fyrir um að tryggja öryggi vegfarenda sem fara um Hvalsnes- og Þvottárskriður?

**Skriflegt svar óskast.**

## 160. Fyrirspurn [160. mál]

til umhverfisráðherra um rannsóknarboranir á háhitasvæðum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða umsagnir hefur ráðuneytið gefið iðnaðarráðuneytinu vegna umsókna um rannsóknarleyfi vegna orkuöflunar á háhitasvæðum á tímabilinu 2004–2006?
2. Hver er stefna ráðuneytisins varðandi orkuöflun á háhitasvæðum sem jafnframt hafa mikið verndargildi?

## 161. Fyrirspurn [161. mál]

til umhverfisráðherra um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er háttað eftirliti með losun mengunarefna frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga (Íslenska járnblendifélaginu ehf.)?
2. Hvað veldur því að ryklosun frá verksmiðjunni hefur aukist mikið undanfarið?
3. Hefur fjölgað kvörtunum um sýnilega mengun frá verksmiðjunni á þessu ári?
4. Hversu mikið ryk sleppur gegnum hreinsivirki verksmiðjunnar og hversu mikið sleppur út fram hjá því?
5. Hvers vegna er ekki skylt að tilkynna um ryklosun sem varir skemur en þrjár klukkustundir?
6. Hvað hefur úttekt á þungmálmum frá hráefni og framleiðsluferli leitt í ljós?
7. Hvernig samræmist staðfest losun mengandi efna starfsleyfi verksmiðjunnar?
8. Hvernig verður staðið að undirbúningi fyrir endurnýjun starfsleyfis verksmiðjunnar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999?
9. Hvaða áform eru uppi um stækkun verksmiðjunnar og/eða breytingu á framleiðslu hennar?
10. Hverjir koma að ákvörðun um hugsanlega stækkun verksmiðjunnar eða breytingu á framleiðslu hennar?

**Skriflegt svar óskast.**

## 162. Fyrirspurn [162. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um réttargeðdeildina að Sogni.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hver eru framtíðaráform ráðherra um rekstur og uppbyggingu starfsemi réttargeðdeildarinnar að Sogni í Ölfusi?

## 163. Fyrirspurn [163. mál]

til heilbrigðisráðherra um reiknilíkan heilbrigðisstofnana.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig eru einstakir veigamiklir þættir sem hafa áhrif á rekstur heilbrigðisstofnana, t.d. fjölmennar frístundabyggðir í umdæmi þeirra, teknir inn í reiknilíkan stofnananna?
2. Hefur verið gerð úttekt á fólksfjölda í frístundabyggð á þjónustusvæði hverrar heilbrigðisstofnunar og hlutfalli þeirra í veittri þjónustu viðkomandi stofnunar?
3. Munu heilbrigðisstofnanir fá leiðrétt rekstrarframlög undangenginna 2–5 ára í samræmi við niðurstöður reiknilíkansins?

## 164. Fyrirspurn [164. mál]

til heilbrigðisráðherra um Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvenær eru áætluð verklok einstakra verkáfanga viðbyggingar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi?
2. Hvenær má vænta að hægt verði að taka í notkun húsnæði fyrir þá einstaklinga sem nú dvelja á hjúkrunardeildinni Ljósheimum á Selfossi?
3. Hver er áætluð þörf fyrir hjúkrunarpláss fyrir aldraða og langlegusjúklinga á svæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á næstu fimm árum?
4. Hvaða áform eru uppi um áframhaldandi byggingu hjúkrunarheimila á svæðinu?

## 165. Fyrirspurn [165. mál]

til heilbrigðisráðherra um rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur verið leiðréttur sá rekstrarhalli sem var til staðar þegar heilsugæslustöðvar á Suðurlandi voru sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Suðurlands?
2. Hve mikill var rekstrarhallinn á núvirði? Ef hann var ekki bættur, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að það verði gert?

## 166. Fyrirspurn [166. mál]

til heilbrigðisráðherra um áhrif gengisþróunar á rekstrarafkomu heilbrigðisstofnana.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hver voru áhrif gengisþróunar á rekstrarafkomu heilbrigðisstofnana á Suðurlandi og Suðurnesjum árið 2005 og það sem af er 2006? Á hvern hátt hyggst ráðuneytið bregðast við áhrifum gengisþróunar á rekstur heilbrigðisstofnana?

## 167. Fyrirspurn [167. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sjálfsvíg.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hversu margir Íslendingar eru taldir hafa látist af völdum sjálfsvígs árlega á tímabilinu 1990–2005 í hverjum aldursflokki, 15 ára og yngri, 16–20 ára, 21–30 ára og svo áfram á 10 ára aldursbili?

**Skriflegt svar óskast.**

## 168. Fyrirspurn [168. mál]

til sjávarútvegsráðherra um sóknarmark skipa.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða skip fengu eða völdu sóknarmark árið 1984, hver var afli þeirra það ár í hverri tegund sem sætti takmörkunum á heildarafla og hvert hefði aflamark þeirra orðið ef þeim hefði verið gert að sæta því?
2. Hver urðu áhrif sóknarmarksins, sem gilti frá 1984 til úthlutunar aflaheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990, á ákvarðaða aflahlutdeild þeirra skipa sem sættu aflamarki á þeim tíma, sundurliðað eftir botnfisktegundum?
3. Hversu mikil breyting hefur orðið samtals á þeirri skiptingu aflahlutdeilda milli skipa sem ákvörðuð var í kjölfar laga nr. 38/1990 með því að taka mið af nýrri veiðireynslu, sundurliðað eftir botnfisktegundum? Hvert var viðmiðunartímabilið og hve mikil var breytingin hverju sinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 169. Fyrirspurn [169. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ákvörðun aflamarks 1984.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvert var úthlutað aflamark til hvers skips árið 1984, sundurliðað eftir tegundum, þegar úthlutun var endanlega lokið það ár og hvert hefði aflamarkið orðið ef það hefði eingöngu verið ákvarðað út frá veiðireynslu skipsins, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 44/1984?
2. Hversu miklu hlutfalli af heildaraflamarki hverrar botnfisktegundar var úthlutað í samræmi við veiðireynslu á viðmiðunartímabilinu?
3. Hvaða skip urðu fyrir skerðingu á aflamarki í botnfisktegundum vegna veiða samkvæmt sérstökum veiðileyfum, þ.e. loðnu-, skelfisk-, rækju-, humar- og síldveiðileyfum, á viðmiðunartímabilinu, sem var frá 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, og hve mikil var skerðingin í hverri tegund hjá hverju skipi?
4. Hve mikil var skerðingin samtals í hverri botnfisktegund og hverjum flokki skipa sem tilgreindur var í 6. gr. reglugerðar nr. 44/1984?
5. Hvaða skip voru í 1. flokki fiskiskipa skv. 6. gr. reglugerðar nr. 44/1984 og hvaða aflamark í hverri botnfisktegund fengu þau hvert um sig og samtals?
6. Hversu miklu aflamarki samtals í hverri botnfisktegund var bætt við skip, sem höfðu tafist frá veiðum á viðmiðunartímabilinu, skv. 7. gr. reglugerðar nr. 44/1984 og hvernig skiptist sú viðbót eftir skipum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 170. Fyrirspurn [170. mál]

til félagsmálaráðherra um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu löng bið er eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins:
   a. fyrir börn í leikskóla
   b. fyrir börn á grunnskólaaldri?
2. Hvernig er samstarfi Greiningarstöðvarinnar og BUGL háttað hvað varðar greiningu á börnum með einhverfueinkenni og geðræn vandamál?
3. Hvað þarf barn sem hefur fengið greiningu á BUGL og þarf nánari greiningu á Greiningarstöðinni að bíða lengi eftir henni?

## 171. Fyrirspurn [171. mál]

til heilbrigðisráðherra um barna- og unglingageðdeildina.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvenær má búast við að bið eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildarinnar verði komin í viðunandi horf? Hvenær er gert ráð fyrir að biðin verði komin niður í sex mánuði og hvenær undir þrjá mánuði?
2. Hvað þarf barn sem hefur fengið fötlunargreiningu á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og þarf aðstoð barna- og unglingageðdeildarinnar eða innlögn vegna geðrænna vandamála að bíða lengi?
3. Hvernig er samstarfi Greiningarstöðvarinnar og barna- og unglingageðdeildarinnar háttað hvað varðar þjónustu við börn með einhverfueinkenni og geðræn vandamál?

## 172. Fyrirspurn [172. mál]

til viðskiptaráðherra um kröfur tryggingafélaga um upplýsingar.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Telur ráðherra að bregðast þurfi við því að tryggingafélög leggi hærri iðgjöld á þá sem eiga foreldra eða systkini sem hafa fengið ákveðna sjúkdóma og mismuni þannig neytendum á grundvelli persónuupplýsinga um aðra en tryggingartaka?
2. Kemur til greina að mati ráðherra að gera lagabreytingar þannig að tryggingafélögum verði ekki heimilt að krefja umsækjendur um tryggingar upplýsinga um heilsufar foreldra og systkina?

## 173. Fyrirspurn [173. mál]

til fjármálaráðherra um Gini-stuðul.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks árið 2005?

**Skriflegt svar óskast.**

## 174. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um sérstaka heilbrigðisáætlun fyrir ungt fólk að 25 ára aldri.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Anna Kristín Gunnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að gera sértæka heilbrigðisáætlun fyrir ungt fólk að 25 ára aldri. Stuðst verði við gildandi heilbrigðisáætlun. Slík sértæk áætlun verði tilbúin ekki seinna en á haustmánuðum 2007.

Greinargerð.

Mikilvægt er að huga sérstaklega að heilsufari ungs fólks á öllum sviðum. Þetta er ekki síst mikilvægt þegar hugað er að forvörnum til lengri tíma, unga fólkið er framtíð landsins. Sértæk heilbrigðisáætlun getur haft mikið fræðslu- og forvarnagildi. Mikilvægt er jafnframt að virkja unga fólkið sjálft, svo og hagsmunasamtök, foreldra, skóla, fagaðila o.fl. sem að þessum málum koma.

Það sem mikilvægt er að gera sértæka áætlun um og koma með tillögur að aðgerðum um er m.a. eftirfarandi:

- Hvernig draga má enn frekar úr áfengis- og vímuefnaneyslu ungs fólks. Mikilvægt er að í áætluninni komi fram með hvaða hætti það verði gert, hvaða hópa eigi að skoða sérstaklega og hvaða samstarfsaðilar að slíku verkefni skuli vera inni í myndinni (skólar, foreldrar, áhugasamtök, opinberir aðilar o.s.frv.).
- Á sama hátt og framangreint hvernig draga megi úr reykingum þessa hóps.
- Sjálfsvíg ungs fólks. Nauðsynlegt er að opna þá umræðu enn frekar. Skoða þarf sérstaklega allar ástæður fyrir tilraunum til sjálfsvíga þannig að það geti gefið okkur vísbendingar um þá áhættuhópa sem sérstaklega þarf að ná til. Mikilvægt er að virkja enn frekar skólana, fagfólk, félagasamtök og aðra sem þekkja vel til þessarar umræðu og leggja ber aukna áherslu á mikilvægi fræðslu í þessum efnum. Forvarnaáætlun taki sérstaklega mið af ungu fólki og hvernig ná megi til þeirra til að koma í veg fyrir sjálfsvíg.
- Kynlíf, fræðsla og ótímabærar þunganir. Nauðsynlegt er að búa til markvissa áætlun í þessum málum. Talsvert hefur orðið ágengt með takmarkanir á þungun unglingsstúlkna.

Þar kemur neyðargetnaðarvörnin inn í myndina. Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut með meiri fræðslu, opinni umræðu, samstarfi við félög og fagaðila sem að málaflokknum koma. Hins vegar hefur ekki orðið vart við fækkun kynsjúkdómatilfella, eins og klamydíu, og því er nauðsynlegt að gera sérstaka áætlun um hvernig megi fækka þeim. Mikilvægt er að kanna notkun á smokkum í þessum tilgangi og möguleika á því að auka aðgengi að þeim. Skoða þarf hvort kostnaður við kaup á þeim sé of mikill miðað við það forvarnagildi sem þeir hafa. Enn er mikil þörf á að ræða um alnæmi og hvernig hægt er að auka enn frekar forvarnir og fræðslu um þau mál til að fyrirbyggja ný smit.

- Skoða þarf sérstaklega hvernig allar heilsugæslustöðvar geti boðið upp á sérstaka móttöku fyrir ungt fólk þar sem aðgengi væri mjög gott og opnunartímar miðuðust við þarfir ungs fólks.
- Mikilvægt er að fara yfir þjónustu við þá sem eru með átröskun af einhverjum toga, hvort sem um er að ræða lotugræðgi, lystarstol eða offitu. Mikilvægt er að bjóða upp á þverfaglega sérhæfða þjónustu fyrir þennan hóp þar sem talið er að átröskunartilfellum fari fjölgandi meðal ungs fólks. Þess vegna er jafnframt nauðsynlegt að bregðast við með skipulögðum og markvissum hætti og gera áætlanir í samræmi við það.

Hér er einungis stiklað á helstu þáttum en margt fleira þyrfti að vera í sértækri heilbrigðisáætlun eins og t.d. hvernig bæta megi geðheilbrigði, kanna hvort ekki sé löngu tímabært að skólaheilsugæsla verði í framhaldsskólum og síðast en ekki síst að taka sérstaklega fyrir slys á ungu fólki og þá helst í umferðinni, en þau mál hafa verið mjög til umræðu nú á síðustu dögum vegna öldu umferðarslysa og aukins hraðaksturs hjá ungu fólki. Nauðsynlegt er að fara yfir gildandi heilbrigðisáætlun og taka út úr henni allt sem beinist sérstaklega að ungu fólki og setja í sérstaka áætlun. Jafnframt er nauðsynlegt að kanna hvernig háttar til á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu og hvernig besta árangri hefur verið náð með fræðslu fyrir ungt fólk.

## 175. Frumvarp til laga [175. mál]

um brottfall laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Lög um búnaðargjald, nr. 84/1997, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995:

a. B-liður 5. gr. laganna fellur brott.
b. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   1. Í stað „c-lið“ í a-lið kemur: b-lið.
   2. Orðin „allt framlag skv. b-lið 5. gr“ í b-lið falla brott.
   3. Í stað „c-lið“ í b-lið kemur: b-lið.

c. 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.
d. 2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Flutningsmaður hefur notið aðstoðar Snorra Stefánssonar lögfræðings og nefndasviðs Alþingis við samningu frumvarpsins.

Tilgangur frumvarpsins er að fella niður skyldu bænda til að greiða búnaðargjald, sem er annars vegar félagsgjald til lögbundinna stéttarfélaga bænda, Bændasamtaka Íslands, ýmissa búnaðarsambanda og búgreinasambanda og hins vegar iðgjald til sérstaks tryggingasjóðs, Bjargráðasjóðs.

Búnaðargjaldið var ákveðið 2,65% frá ársbyrjun 1998 og tók við af flóknu kerfi gjalda. Það lækkaði í 2,55% í ársbyrjun 2000 þegar Framleiðsluráð landbúnaðarins var lagt niður og aftur í 2,00% frá ársbyrjun 2003. Enn var það lækkað á síðasta þingi í 1,20% þar sem Lánasjóður landbúnaðarins hafði verið seldur.

Afkoma bænda hefur því miður ekki verið góð undanfarna áratugi og því hefðu bændur flestir vel getað ráðstafað þessum fjármunum sjálfir. Búnaðargjaldið nemur 1,2% af heildartekjum bús óháð afkomu. Það getur því verið miklu hærra hlutfall af tekjum hvers einstaks bónda og mjög erfitt tekjulágum bændum. Ef þetta frumvarp yrði samþykkt mundi samt ekkert banna bændum að greiða félagsgjald til þeirra stéttarfélaga sem þeir vilja vera félagar í eða greiða iðgjald til Bjargráðasjóðs kæri þeir sig um.

Eftirfarandi rök eru fyrir því að afnema skyldu bænda til að greiða búnaðargjald og eru þau rædd ítarlegar seinna í greinargerðinni:

- Innheimta ríkissjóðs á búnaðargjaldi og kvöð á fjármálaráðherra að standa skil á því skv. 6. gr. laganna brýtur gegn 41. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“
- Búvörugjaldið hefur öll einkenni skatts þótt það renni til félags einstaklinga. Það er lagt á og innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og ríkisvaldið stendur með fullum þunga að baki innheimtunni.
- Skyldugreiðsla félagsgjalds vekur upp spurningar um tjáningarfrelsið sem tryggt er í 73. gr. stjórnarskrárinnar.
- Lögin skylda bændur óbeint til að taka þátt í félagi öndvert við ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um frelsi til að standa utan félaga.
- Spurningar vakna varðandi jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Bændum er gert skylt að greiða gjald af þessu tagi en ekki öðrum stéttum, t.d. vörubílstjórum. Hvers á bóndi að gjalda sem vinnur við hlið vörubílstjóra?
- Gjaldið er 1,2% af heildartekjum búsins óháð afkomu þannig að ekki er jafnræði á milli bænda með góða afkomu og mjög laka.
- Upplýsingagjöf ríkisskattstjóra til Bændasamtaka Íslands skv. 5. mgr. 5. gr. laganna vekur upp spurningar um friðhelgi einkalífsins sem tryggð er í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.
- Miklar breytingar hafa orðið í landbúnaði og afnám búnaðargjaldsins væri liður í þeirri þróun.

**Markaðir tekjustofnar og stjórnarskráin.**

41. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“ Lög sem kveða á um greiðslu úr ríkissjóði, önnur en fjárlög

eða fjáraukalög, hljóta því að vera í andstöðu við þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og því ógild. Þing sem setur slík lög um árlega ráðstöfun á fjármunum ríkissjóðs er búið að binda hendur allra þinga þaðan í frá hvað varðar greiðslur þessara gjalda því lögin hljóta að eiga að gilda eins og önnur lög frá Alþingi. Síðari þing þurfa árlega að taka fram í fjárlögum að þetta gjald skuli renna til verkefnisins og hafa því ekki óskorað fjárveitingarvald. Farist fyrir að geta um útgjöldin í fjárlögum kemur upp sú staða að lögin kveða á um að greiða skuli fé úr ríkissjóði sem stjórnarskráin bannar.

Lagasafnið hefur að geyma fjölmörg lög af þessu tagi. Oft er um að ræða skatta, tekjur, sem renna eiga til ákveðinna verkefna eða aðila og eru slíkar tekjur ríkissjóðs oft nefndar „markaðar tekjur“. Dæmi um slíkar tekjur eru búnaðargjaldið, sem rennur aðallega til stéttarsamtaka bænda, iðnaðarmálagjald, sem rennur til Samtaka iðnaðarins, fiskiræktargjald sem rennur til Fiskiræktarsjóðs, sem veitir m.a. styrki til fiskeldis og fiskiræktar, höfundaréttargjöld (t.d. 1% af verði tölva), STEF-gjöld, sem renna til einstaklinga (tónskálda).

Þegar litið er á lög um markaða tekjustofna virðist sem hópur manna hafi fengið löggjafann til þess að innheimta fyrir sig gjöld og nota þannig ægivald ríkisins til að ná fénu skilyrðislaust. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um búnaðargjald skuli 0,5% af óskiptum tekjum af búnaðargjaldi renna í ríkissjóð sem undirstrikar að litið hefur verið á þessa starfsemi sem innheimtu og þessi 0,5% eru eins konar innheimtuþóknun. Í því sambandi er rétt að benda á að umrædd gjöld verða að skatti og skil á gjöldunum verða að ríkisútgjöldum með því að lögbinda innheimtuna og fela hana ríkinu. Um hvort tveggja hefur stjórnarskráin mjög nákvæmar leiðbeiningar eins og hér hefur verið drepið á.

Í 2. og 3. mgr. 6. gr. laganna um búnaðargjald segir að fjármálaráðherra standi skil á gjaldinu mánaðarlega, þó aldrei lægri fjárhæð en nemur 6,67% af álagningu næstliðins árs, og að af óskiptum tekjum búnaðargjalds skuli 0,5% renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna. Af þessum ákvæðum er greinilegt að þessar tekjur ríkisins eru ekki til ráðstöfunar fyrir ríkið, þrátt fyrir fyrrnefnt ákvæði 41. gr. stjórnarskrárinnar. 6. gr. laganna brýtur því greinilega gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, sérstaklega sú kvöð á fjármálaráðherra að standa skil á gjaldinu mánaðarlega.

**Skattur.**

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi að þeim lögum sem hér er lagt til að felld verði úr gildi segir: „Helstu kostir þessa nýja fyrirkomulags samkvæmt frumvarpinu eru að innheimtan verður einföld, fellur inn í hið opinbera skattkerfi og snertir eingöngu hagsmunaaðila. Gjaldstofninn liggur þegar fyrir hjá greiðendum og kostnaður þeirra er óverulegur.“

Hér er sagt beinum orðum að innheimtan falli inn í hið opinbera skattkerfi. Skattheimta ríkisins er sem sagt notuð til að innheimta gjöld fyrir félagasamtök einstaklinga með þeim ofurúrræðum gagnvart einstaklingum sem skattheimtu ríkisins eru gefin. Þetta innheimtuhlutverk ríkisins er undirstrikað í 1. og 3. mgr. 6. gr. laganna þar sem fram kemur að tekjum af búnaðargjaldi skuli skipt í samræmi við viðauka við lögin og að af óskiptum tekjum búnaðargjalds skuli 0,5% renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna.

Það getur varla verið hlutverk ríkisins að innheimta gjöld fyrir einstaklinga eða félög þeirra eins og 6. gr. gefur tilefni til að ætla.

Í 1. umræðu um frumvarpið á Alþingi 4. apríl 1997 svaraði þáverandi landbúnaðarráðherra, Guðmundur Bjarnason, aðspurður hvort hann teldi að búnaðargjaldið væri skattur eða þjónustugjald: „Hæstv. forseti. Varðandi fyrri spurningu hv. þm. er ljóst að þessi framkvæmd mun flokkast sem skattur. Þetta innheimtuform á þessum sjóðagjöldum eða búnaðargjaldi

eins og við köllum það, mun flokkast sem skattur.“ Nú eru skattar almennt taldir fé sem greiða beri til opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga. Búnaðargjaldið rennur hins vegar til félaga sem stofnuð eru af einstaklingum. Það fær vart staðist að einstaklingar og félög þeirra geti notað ríkisvaldið til að innheimta fyrir sig fé. Ef greiðandinn sættir sig ekki við að láta af hendi fé til félags sem hann er jafnvel andvígur verður féð innheimt með öllum tiltækum ráðum ríkisvaldsins, þar á meðal með lögregluvaldi.

Það styður svo enn þennan skatta- og innheimtueiginleika gjaldsins að landbúnaðarnefnd fékk samþykkta breytingartillögu sem kvað á um þungar refsingar (20% vanskilaálag) á þá bændur sem ekki stæðu skil á gjaldinu á réttum tíma. Í viðauka með lögum um búnaðargjald var eftirfarandi tafla sem sýnir hvernig á að skipta innheimtu gjaldi á milli búgreina, Lánasjóðsins og Framleiðsluráðs sem og eldri skiptingu:

| | Búnaðarsjóður | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Afurðir | Bændasamtök Íslands | Búnaðar-sambönd | Búgreina-sambönd | Bjargráða-sjóður | Lánasjóður landbúnaðarins | Framleiðsluráð landbúnaðarins | Alls |
| **Nautgripaafurðir** | 0,325 | 0,50 | 0,10 | 0,3 | 1,15 | 0,275 | **2,65** |
| **Sauðfjárafurðir** | 0,325 | 0,50 | 0,10 | 0,3 | 1,15 | 0,275 | **2,65** |
| **Hrossaafurðir** | 0,325 | 0,50 | 0,55 | 0,2 | 0,80 | 0,275 | **2,65** |
| **Svínaafurðir** | 0,125 | 0,25 | 0,90 | 0,3 | 0,80 | 0,275 | **2,65** |
| **Alifuglakjöt** | 0,125 | 0,25 | 0,20 | 1,0 | 0,80 | 0,275 | **2,65** |
| **Egg** | 0,125 | 0,25 | 0,90 | 0,3 | 0,80 | 0,275 | **2,65** |
| **Kartöflur, gulrófur** | 0,325 | 0,50 | 0,45 | 0,3 | 0,80 | 0,275 | **2,65** |
| **Annað grænmeti og blóm** | 0,325 | 0,50 | 0,75 | 0,0 | 0,80 | 0,275 | **2,65** |
| **Grávara** | 0,325 | 0,50 | 0,45 | 0,3 | 0,80 | 0,275 | **2,65** |
| **Æðardúnn** | 0,325 | 0,50 | 0,45 | 0,3 | 0,80 | 0,275 | **2,65** |
| **Skógarafurðir** | 0,325 | 0,50 | 0,45 | 0,3 | 0,80 | 0,275 | **2,65** |

## Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Það er ljóst að ekki er mikið svigrúm fyrir fjárveitingarvaldið með slíka lagasetningu í gildi.

Haustið 1997 var einnig samþykkt breyting á lögunum þar sem segir m.a: „Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um fyrirframgreiðslur, álagningu, innheimtu og annað er varðar skattalega framkvæmd laga þessara.“ Þetta undirstrikar enn frekar að gjaldið er skattur á bændur enda segir í greinargerð: „Hægt er að nýta álagningar- og innheimtukerfi fyrir sérstakan tekjuskatt manna (hátekjuskatt) með tiltölulega litlum breytingum til að leggja á og innheimta fyrirframgreiðslu búnaðargjalds.“ Nú hefur hátekjuskattur reyndar verið aflagður en kannski lifir innheimtukerfi hans enn góðu lífi við innheimtu á búnaðargjaldinu?

Búnaðargjald er til þess fallið að auka flækjustig skattkerfisins. Skattaleg meðferð þess er sérstök með tilheyrandi vandræðagangi og flókinni framtalsgerð. Þá hefur heldur ekki verið tekið tillit til kostnaðarins sem innheimta og útdeiling fjármuna veldur hinu opinbera.

## Tjáningarfrelsi.

Með lögum um búnaðargjald er bóndi skyldaður til að greiða til félags, sem hann kann að vera andsnúinn og telur jafnvel að vinni gegn hagmunum hans eða útbreiði sjónarmið og skoðanir sem eru andsnúin sjónarmiðum hans og lífsýn. Það fær vart staðist að hann sé látinn greiða fyrir slíka starfsemi með hliðsjón af 73. gr. stjórnarskrárinnar. T.d. gæti hann verið þeirrar skoðunar að ekki eigi að leggja búnaðargjald á bændur og að landbúnaðarstefnan, sem

11. Hver er opinber stuðningur við barnafjölskyldur (barnabætur og aðrar greiðslur) hér á landi sem hlutfall af landsframleiðslu í samanburði við önnur OECD-ríki?
12. Hafa verið gerðar rannsóknir á orsökum fátæktar barna og ef svo er, hverjar eru niðurstöður þeirra?
13. Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um að draga úr fátækt barna?

## Greinargerð.

Vaxandi misskipting í iðnríkjum hefur leitt til þess að stærri hluti barna elst upp við fátækt. Svo virðist sem draga megi úr fátækt meðal barna og neikvæðum afleiðingum hennar án þess að auka ríkisútgjöld. Margvíslegar rannsóknir hafa farið fram á þessu mikilvæga efni í nágrannalöndum okkar og samanburðarlöndum innan OECD en samanburðarupplýsingar skortir fyrir Ísland. Forsenda þess að skapa megi jöfn tækifæri til allra í samfélaginu er að dregið sé úr fátækt barna og er það því eitthvert brýnasta verkefni stjórnmálamanna. Þá valda endurteknar fréttir af slæmu heilsufari, einkum andlegu, meðal barna og unglinga áhyggjum og vert er að skoða efnalegar aðstæður þeirra með það í huga að fátækt er algeng orsök heilsubrests.

Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem fullgiltur var hér á landi árið 1992 (sjá C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1992), skal tryggja börnum borgaraleg, stjórnmálaleg, fjárhagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Í nýlegri skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, *Child Poverty in Rich Countries 2005,* er fjallað um hagi barna í 24 aðildarlöndum Efnahags- og framfararstofnunarinnar, OECD. Þar kemur fram að í sautján þessara landa hafi hlutfall barna sem búa undir fátæktarmörkum hækkað síðasta áratuginn. Fram kemur einnig að fátækt barna er minnst meðal frændþjóða okkar á Norðurlöndunum. Ekki eru birtar sambærilegar tölur fyrir Ísland.

Annars staðar á Norðurlöndunum hafa verið gerðar skýrslur um fátækt barna sem rétt er að hafa til hliðsjónar, sbr. dönsku skýrslurnar *Børnefattigdom i danske kommuner 1984–2001* (Soacialforskningsinstituttet 2003) og *Børnefattigdom i Danmark 2002* (Soacialforskningsinstituttet 2004), norsku skýrsluna *Fattige barn i Norge. Hvem er de og hvor bor de?* (Fafo 2004) og sænsku skýrsluna *Barns ekonomiska utsatthet* (Rädda Barnen, 2003). Þá benda flutningsmenn einnig á danska skýrslu sem gerð hefur verið um fátækt og félagslega einangrun, *Fattigdom og social eksklusion* (Soacialforskningsinstituttet 2004).

Eina rannsóknin sem gerð hefur verið á fátækt almennt og fátækt barna sérstaklega hér á landi og byggist á svipaðri aðferð og notuð er hjá UNICEF og OECD er rannsókn Stefáns Ólafssonar og Karls Sigurðssonar og var hún birt í bókinni *Poverty and Low Income in the Nordic Countries,* í ritstjórn Björn Gustafsson og Peder J. Pedersen (Aldershot: Ashgate Publishers, 2000), sjá einnig bók Stefáns Ólafssonar (1999), *Íslenska leiðin,* en þar er umfjöllun um fátækt og lífskjör í fjölþjóðlegum samanburði. Í þessum verkum eru vísbendingar um að fátækt meðal barna sé ívið algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum og að fátækt barna einstæðra foreldra sé mun algengari en barna sem alast upp hjá fjölskyldum með tvær fyrirvinnur. Rannsókn Hörpu Njáls (*Fátækt á Íslandi,* 2003) byggist á annarri aðferð en notuð er hjá UNICEF og OECD. Mikilvægt er að fá nýrri tölur sem eru sambærilegar við nýjustu tölur áðurnefndra fjölþjóðastofnana og einnig til að meta þróun fátæktar meðal barna á Íslandi hin síðari ár og áhrif hennar á heilsufar og félagslega og menningarlega stöðu.

## 186. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um bættar samgöngur milli lands og Vestmannaeyja.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Hjálmar Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Jón Gunnarsson, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á kaupum, smíði eða útvegun skips sem ekki er lengur en eina til tvær klukkustundir í ferðum milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Skipið hefji siglingar sem fyrst, helst á næsta ári, og uppfylli allar kröfur sem gerðar eru til siglinga á þessari leið, beri mun fleiri farþega en núverandi skip og geti flutt fleiri bíla.

Enn fremur ályktar Alþingi að hefja skuli rannsókn á möguleika um að gera innsiglingarennu gegnum Eiðið með það að markmiði að höfnin geti tekið á móti stærri skipum en nú.

Greinargerð.

Undanfarin missiri hefur mikil umræða farið fram um nauðsyn á bættum samgöngur milli lands og Eyja. Bættar samgöngur eru forsenda áframhaldandi þróunar í Eyjum. Margvíslegar hugmyndir um samgöngubætur hafa litið dagsins ljós á undanförnum árum. Jarðgöng, ferjulægi, loftbelgur, loftpúðaskip og jafnvel brú eru meðal hugmynda sem ræddar hafa verið. Allar eiga þessar hugrenningar það sammerkt að vera tilraunir til að setja fram hugmyndir um „varanlegar" lausnir í samgöngumálum Vestmannaeyja – þó óvíst sé hvort og þá hverjar eru framkvæmanlegar eða fjárhagslega mögulegar. Öllum er ljóst að engin þessara hugmynda verður að veruleika fyrr en í fyrsta lagi eftir 5–10 ár – ef nokkurn tíma.



**Tíminn og tækifærin.**

Vestmannaeyjar eiga ógrynni tækifæra. Með sjávarútveg sem grunn liggja sóknarfæri í uppbyggingu ferðaþjónustu en þótt tækifærin séu til staðar verða þau ekki nýtt nema úrbætur fáist í samgöngum og ráðist verði í nauðsynlegar endurbætur á höfninni. Tíminn er verðmætur. Bygging stórskipahafnar með möguleika á að taka á móti skemmtiferðaskipum yrði bylting í möguleikum Vestmannaeyja í ferðaþjónustu. Margir hafa velt því fyrir sér hvernig megi koma þessu fyrir. Einn þeirra er Sigmund Jóhannsson. Hugmynd hans, Friðriks Ásmundssonar o.fl. um stórskipahöfn og nýja innsiglingu gegnum Eiðið er einföld, framsýn og stórsnjöll. Hugmyndina má rekja til umræðna og hugleiðinga í gosinu en þá höfðu menn áhyggjur af því að höfnin kynni að lokast. Hugmyndin felur í sér að opna Eiðið með 100–120 m breiðri og u.þ.b. 250 m langri innsiglingarrennu. Þá er gert ráð fyrir því að núverandi innsiglingu að austanverðu verði lokað. Með því að stytta hafnargarðinn norðanmegin geta skip allt að 240 m löng snúið í höfninni, en snúningsrýmið í Klettsvík yrði um 350 m. Stærri skip gætu auðveldlega lagst í rennuna. Þar með væri komin lausn fyrir skemmtiferðaskip sem vildu sækja Vestmannaeyjar heim, en nú er talið að yfir 100 þúsund farþegar á skemmtiferðaskipum sigli framhjá Eyjum á hverju ári. Nú getur höfnin tekið á móti skipum sem eru u.þ.b. 130–150 m að lengd. Kostnaður við gerð rennunnar og lokun hafnarinnar að austanverðu liggur ekki fyrir, en mat þeirra sem mesta hafa þekkingu er á þá leið að kostnaður sé undir einum milljarði kr. Framkvæmdatími yrði ekki langur, 4–5 mánuðir. Þessar breytingar gerðu það að verkum að höfnin gæti tekið á móti skemmtiferðaskipum, auk þess sem næsta kynslóð flutningaskipa ætti ekki í nokkrum vanda með að sigla til Eyja. Það er lykilatriði. Endurheimta má 60–70% af því landi sem tapast mundi við gerð rennunnar með því að flytja efnið

úr henni norður fyrir Eiðið. Sú hugmynd sem hér er sett fram yrði aðeins fyrsta skrefið í endurbótum hafnarinnar. Síðar mætti byggja garð að austan- og norðanverðu við rennuna og gera viðlegukant á norðanverðu Eiðinu. Möguleikarnir yrðu því miklir.

**Ný ferja.**

Herjólfur uppfyllir ekki lengur þær kröfur um hraða og flutningsgetu sem gerðar eru til samgangna í dag. Ferjan er fjórtán ára gömul og barn síns tíma. Þróun í smíði og hönnun hraðskreiðra ferja hefur verið ör síðan Herjólfur var tekinn í notkun árið 1992.

Undanfarin ár hefur landsbyggðin átt undir högg að sækja, ef mælikvarði fólksfjölgunar er notaður sem viðmið um viðgang og vöxt byggða. Lykilatriðið í því að byggðirnar fái áfram vaxið og dafnað er að þeim verði sköpuð þannig umgjörð að þær geti keppt um fólk, fyrirtæki og atvinnutækifæri. Þar skipta samgöngur meginmáli. Ljóst er að núverandi samgöngur við Vestmannaeyjar uppfylla ekki kröfur sem fólk gerir til þeirra samgangna. Það er því enginn vafi að nú þegar verður að leita leiða til að fá skip til að leysa núverandi Herjólf af hólmi. Nýverið tóku Færeyingar í notkun ferju sem gengur 21 mílu. Slík ferja yrði um 1,40 klst. milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, eftir að breytingar hefðu verið gerðar á innsiglingunni. Það er ekki ástæða til að gera minni kröfur til nýs skips. Slík ferja ætti að sigla að lágmarki þrisvar á dag og taka mun fleiri farþega og bíla en Herjólfur gerir. Ferðatími til Reykjavíkur yrði nálægt því að vera tvær og hálf klukkustund. Sá ferðatími er samkeppnishæfur við Bakkafjöru- og gangnahugmyndir varðandi ferðatíma til Reykjavíkur. Munurinn á hugmyndunum er sá að þessi kæmi til framkvæmda mun fyrr. Það skiptir miklu máli. Því er nauðsynlegt að hefjast þegar handa með að rannsaka þann möguleika að gera rennu í gegnum Eiðið.

# 187. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI

## Breyting á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, með síðari breytingu.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lög þessi taka til sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af sýslumanni samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra eða forseta Íslands eða konungi, sbr. þó 2. mgr. Dómsmálaráðherra ákveður hvaða sýslumaður fer með framkvæmd laga þessara.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir sýslumanns samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til dómsmálaráðuneytis.

2. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. og 3. mgr. 2. gr., 1. og 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr., 5. gr. og í 1. mgr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. og orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 2. málsl. 7. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumaður.

## II. KAFLI
## Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

86. gr. laganna orðast svo:

Halda skal allsherjarskrá um kaupmála, sem skráðir hafa verið, hjá sýslumanni sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur falið að halda slíka skrá. Sýslumanni ber, þegar eftir að kaupmáli hefur verið skráður, að senda hlutaðeigandi sýslumanni tilkynningu um kaupmálann þar sem greina skal nöfn aðila, kennitölur þeirra og heimili og enn fremur viðtökudag kaupmála.

Í lok hvers mánaðar skal auglýsa í Lögbirtingablaði það sem þann mánuð hefur verið tekið á kaupmálaskrá sýslumanns.

## III. KAFLI
## Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

4. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Útfararþjónustu mega þeir einir reka sem hafa til þess leyfi sýslumanns. Dóms- og kirkjumálaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns. Synjun sýslumanns um veitingu leyfis er kæranleg til dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Ráðherra setur nánari reglur um leyfisveitinguna í reglugerð.

## IV. KAFLI
## Breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 19. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Bótanefnd tekur ákvörðun um hvort endurkrefja skuli tjónvald vegna bóta sem ríkissjóður hefur greitt.

## V. KAFLI
## Breyting á lögum um öryggisþjónustu, nr. 58/1997, með síðari breytingu.

6. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

7. gr.

Í stað orðsins „ráðuneytinu“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: embætti ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. mgr. kemur: Ríkislögreglustjóri.
b. 2. mgr. orðast svo:

Ríkislögreglustjóri hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa sem ber að veita ríkislögreglustjóra allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi sína og önnur atriði sem þýðingu hafa. Til að sinna eftirliti hafa starfsmenn ríkislögreglustjóra án dómsúrskurðar aðgang að starfsstöð leyfishafa.

9. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:

Ákvarðanir ríkislögreglustjóra samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til dómsmálaráðuneytis.

VI. KAFLI

**Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999.**

10. gr.

1. gr. laganna orðast svo :

Sýslumaður veitir leyfi til ættleiðingar. Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar skv. II.–VI. kafla laga þessara verði á hendi eins sýslumanns.

11. gr.

Í stað orðanna „dómsmálaráðuneytisins eða sýslumanni“ í 1. mgr. 8. gr. og 9. gr. laganna kemur: sýslumanns.

12. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 15. gr. og í 2. málsl. 1. mgr. 30. gr., orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 18. gr., 1. mgr. 19. gr., 21. gr., 1. og 3. mgr. 22. gr., 29. gr., 1. mgr. 32. gr., 2. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 38. gr., orðsins „ráðherra“ í 2. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 32. gr. og orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 1. málsl. 1. mgr. 30. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumaður.

13. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd sem veitir umsagnir í ættleiðingarmálum sem sýslumaður eða ráðuneytið leggur fyrir hana. Ráðherra getur falið nefndinni fleiri verkefni og sett nánari reglur um störf hennar.

14. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Aðilum máls er heimilt að kæra synjun sýslumanns um ættleiðingu til dómsmálaráðherra innan tveggja mánaða frá dagsetningu úrskurðar.

15. gr.

Við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Aðilum máls er heimilt að kæra synjun sýslumanns um forsamþykki til dómsmálaráðherra innan tveggja mánaða frá dagsetningu úrskurðar.

## VII. KAFLI
## Breyting á lögum um dómtúlka og skjalaþýðendur, nr. 148/2000.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Umsókn um löggildingu skal beint til sýslumanns. Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að löggilding skuli vera á hendi eins sýslumanns. Umsækjandi skal leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum 2. gr. Hann skal vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem dómtúlki eða skjalaþýðanda og gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptamönnum sínum. Fyrir útgáfu löggildingar skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. kemur: Sýslumaður.

c. 4. mgr. orðast svo:

Dómtúlkar og skjalaþýðendur skulu tilkynna sýslumanni hvar starfsstöð þeirra er og breytingar á henni. Hlutaðeigandi sýslumaður skal halda skrá um þá sem hafa löggildingu samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: sýslumaður.

18. gr.

Á eftir 6. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:

Ákvarðanir sýslumanns samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til dómsmálaráðuneytis.

## VIII. KAFLI
## Breyting á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: sýslumanns.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að löggilding fasteignasala verði á hendi eins sýslumanns.

c. Orðið „ráðherra“ í 3. mgr., sem verður 4. mgr., fellur brott.

20. gr.

Orðið „ráðherra“ í 1. og 4. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sýslumaður gefur út löggildingarskírteini fyrir fasteignasala. Synjun sýslumanns um útgáfu löggildingarskírteinis er kæranleg til dómsmálaráðuneytis.

b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 6. mgr. kemur: Hlutaðeigandi sýslumaður.

c. Í stað orðanna „Í dómsmálaráðuneyti“ í 7. mgr. kemur: Hjá hlutaðeigandi sýslumanni.

22. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 4. mgr. 7. gr., 7. mgr. 22. gr., 2. mgr. 24. gr. og 25. gr. og orðsins „ráðuneytisins“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumaður.

## IX. KAFLI
## Breyting á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005.

23. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Dómsmálaráðherra er heimilt að fela sýslumanni að annast útgáfu Lögbirtingablaðs.

## X. KAFLI
## Breyting á lögum um happdrætti, nr. 38/2005.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Til þess að halda uppi allsherjarreglu og hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning er óheimilt að reka happdrætti nema með leyfi sýslumanns eða öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum þessum. Ráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns. Happdrættisleyfið skal bundið nánari skilyrðum í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Þá eru hlutaveltur óheimilar nema með leyfi lögreglustjóra.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir sýslumanns um leyfi samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til dómsmálaráðuneytis.

25. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Sýslumaður.

26. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Eftirlit með framkvæmd laga þessara er í höndum sýslumanns. Þó skal dóms- og kirkjumálaráðuneyti fara með eftirlit með happdrættum skv. 2. mgr. 2. gr. Nú er stofnað til sérstaks kostnaðar vegna eftirlitsins með þátttöku sérfróðra manna til að fara yfir skýrslur eða reikninga leyfishafa, sbr. 9. gr., til að fara yfir hugbúnað eða tækjakost leyfishafa eða athuga sérstaklega hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, og er þá heimilt að krefja viðkomandi leyfishafa um greiðslu á kostnaði sem stofnað er til í þessu skyni.

## XI. KAFLI
## Gildistaka.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og er það liður í áformum dóms- og kirkjumálaráðherra um að efla og styrkja sýslumannsembætti utan höfuðborgarsvæðisins með flutningi verkefna og starfa frá ráðuneytum og stofnunum til embættanna. Lagt er til að eftirfarandi verkefni verði flutt:

- Sjóðir og skipulagsskrár.
- Allsherjarskrá um kaupmála.
- Leyfi til að reka útfararþjónustu.
- Málefni bótanefndar.
- Leyfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni.
- Leyfi til ættleiðingar.
- Löggilding dómtúlka og skjalaþýðenda.
- Löggilding fasteignasala.
- Útgáfa Lögbirtingablaðs.
- Happdrættisleyfi og eftirlit.

Auk þess að efla og styrkja sýslumannsembættin er ætlunin að flýta fyrir afgreiðslu mála og létta af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu verkefnum sem teljast til svokallaðra afgreiðsluverkefna ráðuneytisins. Þannig verður ráðuneytið betur í stakk búið til að sinna öðrum verkefnum, svo sem stefnumótun, setningu reglugerða, úrskurðum sem æðra stjórnvald, alþjóðlegu samstarfi o.fl. Ráðuneytið mun eftir sem áður fara með yfirstjórn þeirra málaflokka sem í frumvarpinu greinir.

Vegna smæðar sumra sýslumannsembætta og takmarkaðs málafjölda í sumum málaflokkum er nauðsynlegt að dóms- og kirkjumálaráðherra geti falið einum sýslumanni að annast tiltekinn málaflokk. Er það fyrirkomulag því almennt lagt til í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir veigamikilli breytingu varðandi úrræði aðila máls til að fá stjórnvaldsákvörðun endurskoðaða. Almennt eru ákvarðanir lægra setts stjórnvalds kæranlegar til æðra stjórnvalds. Ákvarðanir sýslumanna í þeim málum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að þeim verði falin verða því samkvæmt almennum reglum kæranlegar til dómsmálaráðuneytisins. Til að taka af allan vafa um að ákvarðanirnar séu kæranlegar er lagt til að mælt verða sérstaklega fyrir um kæruheimild til ráðuneytisins. Er þetta fyrirkomulag um tvö stjórnsýslustig í samræmi við þau meginviðhorf í stjórnsýslurétti að aðili stjórnsýslumáls geti fengið stjórnvaldsákvörðun endurskoðaða hjá öðru stjórnvaldi en því sem ákvörðunina tók. Eðli máls samkvæmt sæta þau mál sem ráðuneytið tekur nú ákvarðanir í ekki endurskoðun annars stjórnvalds. Flutningur verkefna til sýslumanna og kæruheimild til ráðuneytisins stuðlar þannig að auknu réttaröryggi í stjórnsýslunni. Um stjórnsýslukærur, svo sem um kærufrest o.fl., fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, nema lög kveði á um annað. Þá girðir slík kæruheimild ekki fyrir það að aðila máls er almennt heimilt að bera stjórnvaldsákvörðun undir dómstóla, án þess að kæruleið sé tæmd, nema lög mæli fyrir um annað.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum staðfestir dómsmálaráðuneytið skipulagsskrár fyrir sjóði og sjálfseignarstofnanir að uppfylltum skilyrðum laganna og heldur skrá yfir slíkar stofnanir. Þá tekur ráðuneytið ákvörðun um hvort breyta megi staðfestri skipulagsskrá eða hvort sjóður/stofnun verði lögð niður eða sameinuð annarri. Jafnframt tekur það ákvörðun um hvort heimila eigi veðsetningu eða sölu á fasteign í eigu sjóðs eða stofnunar. Ráðuneytið getur óskað eftir við lögreglustjóra að hann taki í sínar vörslur skjöl og eignir sjóðs eða stofnunar ef reikningum og skýrslum er ekki skilað til Ríkisendurskoðunar á tilskildum tíma.

Fjöldi mála af þessu tagi sem berst ráðuneytinu á ári er á bilinu 40 til 50. Verkefni þetta hentar vel til að ná þeim markmiðum sem gerð var grein fyrir í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Er því lagt til að dómsmálaráðherra feli ákveðnum sýslumanni að fara með framkvæmd laganna. Lögin taka eftir sem áður til sjóða og stofnana sem starfa skv.

skipulagsskrá sem staðfest hefur verið af dómsmálaráðherra frá 1. janúar 1989 eða forseta Íslands eða konungi fyrir þann tíma.

Þá er í samræmi við það sem fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins, um aukið réttaröryggi og stjórnsýslukærur, lagt til að ákvarðanir sýslumanns verði kæranlegar til dómsmálaráðuneytis eftir almennum reglum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum eru kaupmálar skráðir í kaupmálabók sem sýslumenn halda. Allsherjarskrá um skráða kaupmála hjá sýslumönnum hefur verið haldin í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Verkefni þetta hentar afar vel til að ná markmiðum frumvarpsins. Er því lagt til að ráðherra feli sýslumannsembætti að halda slíka skrá. Ber sýslumanni, eftir að kaupmáli hefur verið skráður, því að senda hlutaðeigandi sýslumanni tilkynningu um kaupmálann í stað ráðuneytisins nú. Með sama hætti verður sýslumanni falið að auglýsa í Lögbirtingablaði í lok hvers mánaðar það sem þann mánuð hefur verið tekið á kaupmálaskrá hans.

Um 4. gr.

Þeir einir mega reka útfararþjónustu sem hafa til þess leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Nánari reglur um leyfisveitinguna er að finna í reglugerð þar sem kveðið er á um umsóknir um leyfi, skilyrði o.fl.

Lagt er til að leyfisveitingar þessar verði fluttar til sýslumanna. Æskilegt er þær verði á hendi eins sýslumannsembættis og gerir frumvarpið því ráð fyrir heimild ráðherra til að ákveða að þær verði á hendi eins sýslumanns á landsvísu.

Þá er gert ráð fyrir að synjun sýslumanns um útgáfu leyfis verði kæranleg til ráðuneytisins.

Um 5. gr.

Ákvörðun um greiðslu bóta til þolenda afbrota er tekin af sérstakri nefnd, bótanefnd. Nefndin ákveður hvort skilyrði bótagreiðslu séu til staðar og ákveður fjárhæð bóta. Þegar dómur hefur gengið um bótakröfuna er almennt miðað við að bætur verði greiddar í samræmi við niðurstöður hans.

Almennt er gert ráð fyrir að málsmeðferð fyrir nefndinni sé skrifleg og byggir nefndin á þeim gögnum sem tjónþoli leggur fram með umsókn. Hingað til hefur dómsmálaráðuneytið annast umsýslu vegna nefndarinnar. Töluverð samskipti eru milli nefndarinnar og ráðuneytisins. Það tekur á móti öllum umsóknum og tilkynningum um bætur og þegar nefndin hefur tekið ákvörðun í máli annast ráðuneytið tilkynningar til tjónþola um niðurstöðu máls. Þegar ákvörðun lýtur að greiðslu bóta felur ráðuneytið Fjársýslu ríkisins að greiða bæturnar og þegar ráðuneytið hefur ákveðið hvort endurkrefja skuli tjónvald, felur það einnig fjársýslunni að endurkrefja tjónvald.

Undirfarin ár hefur fjöldi umsókna um bætur til þolenda afbrota farið sívaxandi. Bótanefnd hefur verið yfirhlaðin störfum, þar sem nefndarmenn sinna störfum í bótanefnd sem aukastarf til hliðar við föst störf sín á öðrum vettvangi. Mikilvægt er að tryggja nefndinni betra starfsumhverfi. Því hefur þótt ákjósanlegt að flytja þetta verkefni til sýslumanns. Núgildandi lög mæla ekki sérstaklega fyrir um hver skuli fara með umsýslu vegna nefndarinnar. Til þess að geta tekið yfir það hlutverk sem dómsmálaráðuneytið hefur gegnt þarf því ekki

að koma til breytinga á lögunum og hefur öll umsýsla varðandi mál hjá nefndinni og afgreiðsla þeirra þegar verið flutt til embættis sýslumannsins á Siglufirði.

Í greininni er lagt til að bótanefnd verið falið að ákveða hvort og í hvaða mæli eigi að endurkrefja tjónvald fyrir bætur, sem ríkissjóður hefur greitt tjónþola, en ráðuneytið hefur hingað til tekið ákvörðun um endurkröfur. Eðlilegt er að þetta verði frekar í höndum bótanefndar.

Um 6. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum um öryggisþjónustu þarf leyfi dómsmálaráðherra til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni. Ráðuneytið metur hvort umsækjandi uppfylli sett skilyrði og mælir fyrir um að fella skuli úr gildi leyfi til að annast öryggisþjónustu ef leyfishafi fullnægir ekki lengur settum skilyrðum. Sama gildir ef verulegur misbrestur hefur orðið á þjónustunni eða ekki hefur verið gætt skilyrða, sem leyfi er bundið við. Þá hefur ráðuneytið eftirlit með starfsemi leyfishafa og hafa starfsmenn ráðuneytisins í því skyni, án dómsúrskurðar, aðgang að starfsstöð leyfishafa.

Öryggisþjónustustarfsemi er um margt áþekk hlutverki lögreglu. Er því lagt til að ríkislögreglustjóra verði falið að veita leyfi til að annast öryggisþjónustu.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin mælir fyrir um að ákvarðanir ríkislögreglustjóra séu kæranlegar til dómsmálaráðuneytis. Hér vísast til þess sem segir í almennum athugasemdum um stjórnsýslukærur.

Um 10. gr.

Ættleiðingamálum hefur fjölgað talsvert hin síðari ár. Á árinu 2005 voru stjúpættleiðingar 28, ættleiðingar íslenskra fósturbarna 7 og ættleiðingar erlendra barna 39. Vinnsla þessara mála er alfarið skrifleg, ef undan er skilin staðfesting á samþykki ásamt leiðbeiningu um réttaráhrif hennar, en slíkrar staðfestingar hefur um árabil mátt leita, hvort sem er hjá dómsmálaráðuneytinu eða sýslumönnum. Fer vel á því að þessari stjórnsýslu sé sinnt utan höfuðborgarsvæðisins. Málaflokkurinn fellur vel að þeim verkefnum sem sýslumenn fara þegar með, en þeir hafa með höndum margvísleg sifjamál. Mikilvægt er hins vegar að þessi mál séu á einni hendi vegna þess hve sérhæfð þau eru og vegna takmarkaðs málafjölda. Er því lagt til að dómsmálaráðherra geti falið einum sýslumanni leyfisveitingar.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að vottun og leiðbeining skv. 8. gr. laganna verði einungis í höndum starfsmanna sýslumannsembætta, en ekki jafnframt hjá ráðuneytinu, í ljósi þess að það verður nú æðra stjórnvald þegar kemur að leyfisveitingum í ættleiðingarmálum. Tekið skal fram að heimild ráðherra til að fela einum sýslumanni leyfisveitingar tekur ekki til þeirrar leiðbeiningar og vottunar sem mælt er fyrir um í 8. gr. laganna, enda hagræði af því að borgararnir geti leitað til næsta embættis í þessu skyni.

Um 12. gr.

Ein þeirra breytinga sem gerð er tillaga um í fumvarpinu lýtur að 22. gr. laganna. Þar er ákvæði um dómsmál vegna ákvörðunar um veitingu ættleiðingarleyfis þótt samþykki lögbærra manna liggi ekki fyrir, sbr. 19. gr. laganna. Þeir geta þá innan 30 daga frá því að þeim

barst ákvörðunin borið fram kröfu fyrir héraðsdómi um að ákvörðunin verði felld úr gildi. Hefur þótt nauðsynlegt að hafa hér skamman málshöfðunarfrest í því skyni að hraða niðurstöðu máls. Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að ákvarðanir sýslumanns um veitingu leyfis skv. 19. gr. laganna verði kæranlegar til dómsmálaráðuneytis. Er þetta fyrirkomulag í samræmi við þau sjónarmið að mikilvægt er að hraðað málum þessum.

Jafnframt er hér lagt til með breytingu á 30. gr. laganna að heimild sýslumanns nái bæði til þess að gefa út ættleiðingarleyfi og forsamþykki til ættleiðinga.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 13. gr.

Við það er miðað að dómsmálaráðherra fari áfram með skipunarvald í ættleiðingarnefnd, en nefndin mun samkvæmt frumvarpi þessu veita sýslumanni umsagnir í ættleiðingarmálum ekki síður en ráðuneytinu.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir því að ákvarðanir sýslumanns um synjun ættleiðingar verði kæranlegar til dómsmálaráðherra. Mælt er fyrir um að kærufrestur verði tveir mánuðir þar sem miklu skiptir fyrir hagsmuni aðila að mál verði leidd til lykta skjótt. Í sifjarétti eru dæmi þess að kveðið sé á um styttri kærufrest en samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, sbr. 78. gr. barnalaga, 76/2003.

Um 15. gr.

Hér er mælt fyrir um að synjun sýslumanns um forsamþykki sé kæranleg til dómsmálaráðuneytis, með sama hætti og 14. gr. frumvarpsins kveður á um heimild til að kæra synjun ættleiðingar.

Um 16. gr.

Í greininni er lagt til að löggilding dómtúlka og skjalaþýðenda verði flutt til sýslumanna eða verði á hendi eins embættis samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Í samræmi við það sem fram kemur í almennum athugasemdum er mælt fyrir um að ákvarðanir sýslumanns verði kæranlegar til dómsmálaráðuneytis.

Um 19. gr.

Með lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, sem gildi tóku 1. október 2004, var eftirlit með starfsemi fasteignasala flutt úr ráðuneytinu til sjálfstæðrar stjórnsýslunefndar, eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með því að fasteignasalar starfi í samræmi við fyrirmæli laganna, siðareglur Félags fasteignasala og góðar venjur í fasteignasölu. Reglubundið eftirlit með fasteignasölum er því ekki lengur í ráðuneytinu og hefur reynslan af fyrirkomulagi þessu verið góð.

Hlutverk ráðuneytisins nú varðandi starfsemi fasteignasala er eftirfarandi:

- Ráðuneytið veitir fasteignasala löggildingu. Þegar beiðni kemur um löggildingu eða endurveitingu löggildingar skoðar ráðuneytið hvort skilyrði til veitingar eru uppfyllt og

veitir eða synjar um löggildingu. Þá tilkynnir fasteignasali til ráðuneytisins ef hann hættir starfsemi og afhendir þá ráðuneytinu löggildingu sína.
- Ráðuneytið heldur skrá yfir þá sem hafa löggildingu fasteignasala og tekur við tilkynningum um starfsstöð þeirra.
- Fasteignasali getur skotið til ráðuneytisins ákvörðunum eftirlitsnefndarinnar um að veita honum áminningu, svipta hann tímabundið réttindum, loka starfsstöð hans og gera honum að greiða málskostnað. Eftirlitsnefndin getur skotið til ráðuneytisins máli fasteignasala sem sviptur hefur verið tímabundið löggildingu og krafist ótímabundinnar löggildingar.
- Þá getur eftirlitsnefndin óskað eftir því við ráðuneytið að starfsstöð þess er stundar fasteignasölu án löggildingar sé lokað.

Lagt er til að veiting og endurveiting löggildingar fasteignasala verði flutt til sýslumanna. Á liðnum árum hefur fjöldi slíkra mála aðallega farið eftir fjölda þeirra sem útskrifast úr námi fyrir fasteignasala. Þannig luku 48 námi í júní á þessu ári. Þá fer fjöldi mála eftir því hvort fasteignasali hættir starfsemi eða tekur hana upp. Gera má ráð fyrir að málafjöldi sé um 60 mál á ári. Hingað til hefur aðeins tveimur málum vegna ákvarðana eftirlitsnefndar verið skotið til ráðuneytisins.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á því að dómsmálaráðherra setji skilyrði um prófraun og tryggingar fyrir þá sem hafa í öðru EES-ríki fengið löggildingu til að starfa sem fasteignasalar eða leyfi til málflutnings.

Um 20. gr.

Í 19. gr. frumvarpsins, sem á við 1. gr. laganna, er mælt sérstaklega fyrir um að sýslumaður veiti löggildingu til að annast sölu fyrirtækja og skipa. Óþarfi er því að kveða á um í 2. gr. laganna, um skilyrði löggildingar, að sýslumaður veiti löggildingu í stað ráðherra nú.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Hér er m.a. gerð tillaga um breytingu á 25. gr. laganna, en nokkuð hefur verið um beiðnir frá eftirlitsnefnd um að dómsmálaráðuneytið hlutist til um að starfstöð sé lokað í þeim tilvikum sem fasteignasala er stunduð af ólöggiltum aðila. Þessar beiðnir ættu að fara beint til sýslumanns. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 23. gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra verði heimilað að fela sýslumanni að annast útgáfu Lögbirtingablaðs. Er þetta liður í flutningi verkefna frá ráðuneytinu til sýslumannsembætta. Hér vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 24. gr.

Með lögum um happdrætti, nr. 38/2005, sem öðluðust gildi 1. júlí 2005, var dómsmálaráðherra heimilað að ákveða með reglugerð að sýslumenn annist leyfisveitingar fyrir minni háttar happdrættum þar sem heildarfjárhæð vinninga fer eigi fram úr nánar tilteknum fjárhæðum. Þá gat ráðherra heimilað að sýslumenn veittu leyfi fyrir staðbundnum veðmálahappdrættum. Sett hefur verið reglugerð, nr. 530 frá 12. júní 2006, um leyfisskyld happdrætti.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fluttar verði aðrar leyfisveitingar happdrætta samkvæmt lögunum og eftirlit með happdrættum til sýslumanna eða það verði á hendi eins sýslumanns sem ráðherra ákveður. Eftirlit með lögbundnum happdrættum, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna, verður þó áfram í höndum dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Mælt er fyrir um að ákvarðanir sýslumanns um leyfi verði kæranlegar til dómsmálaráðuneytisins.

Um 25.–27. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta.**

Markmið frumvarpsins er að heimilt verði að flytja tiltekin verkefni til smærri sýslumannsembætta utan höfuðborgarsvæðisins frá aðalskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Um er að ræða svokölluð afgreiðsluverkefni, t.d. útgáfa á tilteknum leyfum, og verður flutningur þeirra því til þess að ráðuneytið verður betur í stakk búið til að fást við meginverkefni sín á borð við stefnumörkun og æðri stjórnsýslu. Gera má ráð fyrir að við flutning verkefna geti fallið til stofnkostnaður og aukinn rekstrarkostnaður hjá viðkomandi sýslumannsembættum en að rekstrargjöld aðalskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins lækki einnig í kjölfarið. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir 15 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna flutnings verkefna af þessum toga. Að öðru leyti verða þessar breytingar ákveðnar og útfærðar nánar fyrir einstök verkefni í samræmi við það útgjaldasvigrúm sem ráðuneytið hefur í langtímaáætlun fjárlaga.

## 188. Tillaga til þingsályktunar [187. mál]

um skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Gunnarsson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða fyrirkomulag á skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins í því skyni að skilja pólitísk störf frá faglega skipuðum embættum Stjórnarráðsins.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 132. löggjafarþingi (10. mál).

Í fyrsta bindi sögu Stjórnarráðs Íslands 1964–2004 kemur fram að í stjórnskipulagi Vesturlanda sé að jafnaði gerður skýr greinarmunur á pólitískri yfirstjórn annars vegar og æðstu stjórn embættismannakerfis hins vegar.[1] Með sama hætti er skipunar- eða ráðningafyrirkomulag tvenns konar. Þeir sem tilheyra hinni pólitísku forustu eru valdir af ráðherra án auglýsingar eða sérstakra hæfnisskilyrða. Hér getur verið um að ræða aðstoðarráðherra, aðstoðarmenn og ráðgjafa ráðherra. Aðrir starfsmenn ráðuneyta og annarra stjórnarskrifstofa sem tilheyra svokölluðu embættismannakerfi skulu eingöngu skipaðir eða ráðnir á grundvelli verðleika, svo sem starfsreynslu, menntunar eða annarrar skilgreindrar hæfni. Þessi greinarmunur er talinn vera forsenda fyrir vönduðum vinnubrögðum stjórnsýslunnar sem skulu m.a. endurspeglast í kunnáttu, jafnræði, hlutleysi, ráðvendni og ábyrgð.

Í áðurnefndri bók kemur fram að á Íslandi hafi skilin milli embættismanna og stjórnmálamanna verið óljós allt frá stofnun Stjórnarráðsins. Bent er á að staða embættismannavaldsins hafi veikst þegar Íslendingar fengu heimastjórn. Takmarkaður áhugi hafi verið fyrir því hjá Alþingi og ráðherra að efla veg innlendrar embættismannastéttar.[2] Ekki hafi reynst áhugi fyrir því að innleiða danskar hefðir við ráðningar og framgang embættismanna. Í stað þess hafi ráðningar pólitískra samherja orðið áberandi. Ýmsar heimildir styðja þá fullyrðingu að á þeim hundrað árum sem Stjórnarráðið hefur starfað hafi ekki tekist að skilja pólitískar skipanir frá faglegum.[3] Ísland virðist hafa nokkra sérstöðu í alþjóðlegum samanburði hvað varðar mikil ítök ráðherra við skipanir embættismanna.

Með setningu núgildandi laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, var heimilað að ráðherra gæti kvatt mann utan ráðuneytis sér til aðstoðar enda hverfi hann úr starfi um leið og ráðherra. Með þessari heimild skapaðist forsenda til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna. Ekki eru þó vísbendingar um að þetta fyrirkomulag hafi dregið úr afskiptum ráðherra af skipunum ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins.

Líkur eru á að umtalsverðar framfarir hafi orðið í vinnubrögðum stjórnsýslunnar á undanförnum tveimur áratugum. Hér skiptir mestu setning stjórnsýslu- og upplýsingalaga, aukin hagnýting upplýsingakerfa innan Stjórnarráðsins og vaxandi aðhald umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar. Það skýtur því skökku við að á sama tíma hafi ekki verið teknir upp vandaðri starfshættir við skipan embættismanna. Á allra síðustu árum virðist umdeildum skipunum í embætti jafnvel hafa farið fjölgandi.

Gera verður þá kröfu til kjörinna fulltrúa þjóðarinnar að þeir tryggi að ávallt sé skipaður hæfasti umsækjandinn í störf æðstu embættismanna þjóðarinnar. Óvenjufáar umsóknir um stöður ráðuneytisstjóra og önnur sambærileg embætti benda til þess að það almenna viðhorf ríki að embætti séu eingöngu auglýst til málamynda og almennt ráði ekki fagleg sjónarmið við stöðuveitingar sem þessar.

Nauðsynlegt er að skoða leiðir til að skýra skilin milli pólitískrar forustu og faglegrar. Í grein sem birtist í Morgunblaðinu 11. september 2004 er bent á þrjár leiðir sem komi til álita.[4]

---

[1] Ásmundur Helgason og Ómar H. Kristmundsson. Stjórnarráð Íslands 1964–2004. Fyrsta bindi. Skipulag og starfshættir. Reykjavík: Sögufélag, 2004, bls. 417–418.

[2] Sama heimild, bls. 422. Tilvitnun í Gunnar Helga Kristinsson. Embættismenn og stjórnmálamenn. Reykjavík: Heimskringla, 1994, bls. 82.

[3] Sama heimild. Sjá tilvísanir bls. 439.

[4] Ómar H. Kristmundsson. Um skipanir ráðuneytisstjóra. Morgunblaðið 11. september 2004.

„1. Óbreytt fyrirkomulag en ráðuneytisstjóri hætti störfum um leið og ráðherra. Þessari leið svipar til fyrirkomulags á flestum stjórnsýslustigum í Bandaríkjunum, þar sem æðstu stjórnendur eru pólitískt ráðnir en fara úr embætti um leið og ráðherra. Gallinn við þetta fyrirkomulag felst í að mikilvæg þekking og reynsla geta farið forgörðum við ráðherraskipti en meginkostur hennar er að pólitísk skilvirkni er betur tryggð en í öðrum kerfum.
2. Pólitísk forusta verði styrkt með því að bæta við pólitískt skipuðum yfirmanni ráðuneytis sem hafi fullt boðvald yfir embættismönnum þess en jafnframt sé starfandi faglegur yfirmaður sem sé æðsti maður stjórnsýslunnar. Þetta fyrirkomulag tíðkast í Noregi og Svíþjóð. Þannig var 1947 sett á laggirnar í Noregi sérstakt embætti „statssekretær“ til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna sem þá var talið nauðsynlegt til að vega upp á móti öflugu embættismannakerfi. Starfstími „statssekretær“ er sá sami og ráðherra. Æðsti embættismaður/menn ráðuneytisins (í Noregi „departementsråd“ og í Svíþjóð „expeditions- og rättschefen“ – oftar en ekki tveir eða jafnvel fleiri) sinnir daglegum stjórnsýsluverkefnum og er skipaður með faglegum hætti. Kostur þessarar leiðar er að með því er pólitísk forusta efld án þess að það komi niður á styrk embættismannakerfisins. Galli aðferðar felst í hættu á að skörun verði milli ábyrgðarsviðs þessara æðstu stjórnenda.
3. Ráðuneytisstjórar verði eingöngu skipaðir á grundvelli hæfni („merita“) þar sem tekið yrði tillit til faglegrar þekkingar, stjórnunarreynslu og annarra þátta sem skilgreindir væru til hlítar og væru opinberir. Það virðist vera almenn skoðun fræðimanna að í Danmörku sé slíkt fyrirkomulag í gildi, þ.e.a.s. ráðherra skipi ráðuneytisstjóra fyrst og fremst á grundvelli faglegra þátta en ekki pólitískra. Ástæðan er m.a. sú samstöðuáhersla sem einkennir dönsk stjórnmál. Ef íslenskir ráðamenn færu þessa leið gæti verið skynsamlegt að sérstök ráðninganefnd sérfræðinga svo sem þekkist í Bretlandi hefði með mat á umsóknum að gera og gæfi ráðherra álit. Með þessari leið verður pólitísk forusta ráðuneyta hins vegar ekki jafn öflug og með leiðum 1 og 2.“

Flutningsmenn leggja til að ríkisstjórnin kanni hvernig reynslan er af þeim leiðum sem lýst er hér að framan og láti meta hvaða leið henti best Stjórnarráði Íslands. Sömuleiðis verði skoðað hvort ástæða sé til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna og þá með hvaða hætti. Að lokum verði metið með hliðsjón af fyrirkomulagi í nágrannaríkjunum hvernig best sé að standa að faglegum skipunum embættismanna ráðuneytanna.

## 189. Tillaga til þingsályktunar [188. mál]

um sýslur.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að fjalla um stöðu sýslna í íslenskri löggjöf, landfræðileg mörk þeirra og hvort festa skuli þau í sessi með löggjöf. Að starfi nefndarinnar loknu leggi ráðherra málið fyrir Alþingi til upplýsinga og ákvörðunar um framtíðarstöðu sýslna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 123. löggjafarþingi 1999 af Hjörleifi Guttormssyni en þá náðist ekki að mæla fyrir henni. Tillagan var endurflutt á 126., 128., 130. og 132. löggjafarþingi. Fylgiskjöl sem fylgdu tillögunni þegar hún var fyrst flutt fylgja einnig nú.

Eftir breytingu á sveitarstjórnarlögum 1986 (lög nr. 8/1986) og aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði með lögum nr. 92/1989 heyra sýslur í íslenskri stjórnsýslu að mestu eða öllu sögunni til. Orðið sýslumaður vísar ekki lengur til landfræðilegs umdæmis og fylgja stjórnsýsluumdæmi þeirra nú ekki þeim mörkum sem áður voru hefðbundin sýslumörk heldur miðast við mörk og heiti sveitarfélaga. Um þetta vísast til skriflegs svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn um sýslur á 122. löggjafarþingi, 668. máli, sem birt er sem fylgiskjal I með tillögunni. Stjórnskipuleg staða einstakra sýslna er þar sögð mismunandi eftir því hvort mörk þeirra falla saman við mörk stjórnsýsluumdæmis einstaks sýslumanns.

Almenningur er almennt ekki meðvitaður um þessar breytingar á stöðu sýslna og jafnvel embættismenn og stjórnmálamenn velkjast í vafa um stöðu þeirra. Um það vísast meðal annars til fyrrgreinds svars ráðherra á Alþingi og til auglýsinga ráðuneyta, sbr. meðfylgjandi frásögn úr Morgunblaðinu 9. maí 1996 í fylgiskjali II. Skýrt dæmi um þetta er að finna í nýlegum bæklingi, Um hálendi Íslands – fjársjóður þjóðarinnar, gefnum út af ríkisstjórn Íslands. Þar er birtur uppdráttur af Íslandi sem í texta er sagður sýna sýslumörk, en í skýringum kemur fram að um er að ræða umdæmamörk sýslumanna!

Í máli almennings, handbókum og kennsluefni fyrir skóla og víðar lifa sýslur áfram góðu lífi. Þá er í lögum enn vísað til sýslna í nokkrum tilvikum. Sýslumörk eru hins vegar farin á flot í meðförum manna, eins og að framan greinir, þar eð ruglað er saman umdæmum sýslumanna og sýslum sem landfræðilegum einingum. Að mati flutningsmanna er full ástæða til að varpa ljósi á þetta samhengi og að Alþingi taki síðan afstöðu til stöðu sýslna framvegis. Þetta er bæði menningarsögulegt og hagnýtt viðfangsefni. Það sýnir sig að þörf er á stærri landfræðilegum einingum að vísa til en sveitarfélögum. Þótt þau fari stækkandi með sameiningu getur orðið bið á að þau fylli út í sýslurnar í landfræðilegum skilningi og með öllu óvíst að mörk yrðu hin sömu. Allt eru þetta rök fyrir því að rýna þurfi í málið af vísum mönnum.

Um tilurð og þróun sýslna hérlendis má meðal annars vísa í fróðlega ritgerð Axels Kristinssonar, Embættismenn konungs fyrir 1400 (Saga XXXVI (1998), bls. 113–152), þar sem nefndar eru ýmsar heimildir. Í ritgerð þessari segir m.a. (bls. 121–122):

„Á síðari tímum hafa sýslur verið fastar landfræðilegar einingar með ákveðin nöfn. Þannig var það ekki á miðöldum. Sýsla merkti þá það svæði sem embættismaður hafði til yfirsóknar. Áherslan var á embættismanninn en ekki landsvæðið. Sýsluheitið var heldur ekki einskorðað við veraldlega valdsmenn því oft var talað um sýslur biskupa framan af. Sýsla var embætti valdsmannsins og það svæði sem hann stjórnaði, hversu stórt eða lítið sem það var. Flest bendir til að stærð sýslna og mörk þeirra hafi verið mjög á reiki og farið mest eftir því samkomulagi sem hver sýslumaður náði við konung eða hirðstjóra.

Landshættir hafa þó oft sett sýslum eðlileg mörk sem gátu haldist þótt nýir sýslumenn kæmu til. Einnig hafði þinga- og fjórðungaskipanin áhrif á sýsluskiptinguna og smám saman mynduðust hefðir um það hvar sýslumörk skyldu vera. Það er þó ekki fyrr en eftir lok miðalda að sýslurnar verða að föstum landfræðilegum einingum. Þetta sést vel á því að sýslunöfn þau sem við þekkjum koma ekki til sögunnar fyrr en á 16. öld – þau elstu eru frá fyrri hluta aldarinnar en flest birtast ekki í heimildum fyrr en um miðja öldina, þegar konungsvald var mjög að eflast og má þannig setja þau í samband við skilvirkara stjórnkerfi konungs á þeim tíma.“

Eðlilegt þykir að forsætisráðherra skipi þá nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir þar eð málið er ekki sérstaklega á borði dómsmálaráðherra og varðar stjórnsýslu og menningarsögu í víðu samhengi. Vonandi verður tillagan til þess að óvissu um mörk og stöðu sýslna verði eytt og staða þeirra verði lýðum ljós.

Það skal tekið fram vegna svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur, sbr. fylgiskjal I með máli þessu, að skv. 2. gr. núgildandi laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, skiptist landið í 25 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, sbr. einnig reglugerð nr. 102/2001, um breyting á reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992. Þá skal jafnframt tekið fram að nöfn á sýslum og sýslumörk er ekki lengur að finna í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, né lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nú lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989.

---

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur. Sjá þskj. 1251 (668. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 5382–5383.

II. Forsætisráðuneytið vísar til sýslumarka í auglýsingu en sýslur „eru ekki til lengur“. (Mbl. 9. maí 1996).

## 190. Frumvarp til laga [189. mál]

um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til menntastofnana landbúnaðarins sem eru Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.

2. gr.

Í stað „nr. 136/1997“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: nr. 63/2006.

3. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Yfirstjórn hverrar stofnunar tekur ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, náms, námsmats og rannsókna og aðra þætti er lúta að málefnum hennar, enda sé ákvörðunin í samræmi við markmið laga þessara skv. 3. gr.

5. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Nemendur sem hefja háskólanám við menntastofnanir landbúnaðarins skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar háskólans. Háskólaráð getur ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði fyrir hverja skilgreinda námsbraut háskólanámsins.

Inntökuskilyrði í háskólanám við menntastofnanir landbúnaðarins og námskröfur svari til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

6. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra gefur út skrá um prófgráður.

7. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Nú er í almennum framhaldsskóla stofnað til búnaðarnámsbrautar, og skal þá námskrá slíkrar kennslu, fyrirkomulag á verknámi og námsmat hljóta samþykki menntamálaráðherra að fenginni umsögn landbúnaðarráðherra.

8. gr.

Á eftir 2. mgr. 15. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Menntastofnunum landbúnaðarins er heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem þeim er skylt að veita. Þeim er enn fremur heimilt að taka gjöld fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Háskólaráð hvors skóla skal setja nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt ákvæði þessu.

9. gr.

2. mgr. 23 gr. laganna orðast svo:

Tilnefna skal og skipa bæði aðal- og varamenn í háskólaráð. Landbúnaðarráðherra skipar háskólaráð til þriggja ára í senn.

10. gr.

VI. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Stjórn og starfslið**, orðast svo:

a. (29. gr.)

Hólaskóli er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræði- og rannsóknastörf á sérsviðum skólans.

Hólaskóli er miðstöð fyrir kennslu og rannsóknir í hrossarækt og hestamennsku, fiskeldi og ferðaþjónustu í dreifbýli.

Við skólann er heimilt að starfrækja alþjóðlega deild í hrossarækt og hestamennsku þar sem innheimta má skólagjöld.

b. (30. gr.)

Stjórn Hólaskóla er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar stefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag skólans.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og ber ábyrgð á rekstri hans. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Rektor er æðsti fulltrúi Hólaskóla gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans. Verkefni rektors skulu skilgreind í erindisbréfi hans.

c. (31. gr.)

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem jafnframt er formaður ráðsins.
2. Einn fulltrúi tilnefndur af landbúnaðarráðherra.
3. Einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra.
4. Einn fulltrúi tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands.
5. Einn fulltrúi tilnefndur af sjávarútvegsráðherra.
6. Einn fulltrúi tilnefndur af samgönguráðherra.
7. Einn fulltrúi tilnefndur af Félagi tamningamanna.
8. Einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.
9. Einn fulltrúi tilnefndum af nemendum.

Tilnefna skal og skipa bæði aðal- og varamenn í háskólaráð. Landbúnaðarráðherra skipar háskólaráð til þriggja ára í senn.

d. (31. gr. a.)

Rektor boðar til funda í háskólaráði. Óski þrír háskólaráðsmenn eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum háskólaráðs. Fundur háskólaráðs er ályktunarbær ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði rektors úr. Varamenn sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

e. (32. gr.)

Landbúnaðarráðherra skipar í stöðu rektors Hólaskóla til fimm ára að fenginni umsögn háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast stjórnunarreynslu.

f. (33. gr.)

Kennarar við Hólaskóla eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjunktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Um kröfur til menntunar kennara sem kenna á framhaldsskólastigi fer samkvæmt ákvæðum laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur fastráðinna kennara.

g. (34. gr.)

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjunkta og stundakennara. Umsækjendur um prófessors-, dósents- og lektorsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni upplýsingar um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir.

Kennarar við Hólaskóla skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 33. gr. er heimilt að ráða kennara í verklegum greinum sem hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og starfsþjálfunar á viðkomandi sviði að mati rektors og háskólaráðs.

Skipa skal þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfni umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Rektor skipar dómnefnd, einn mann eftir tilnefningu landbúnaðarráðherra, og tvo menn eftir tilnefningu háskólaráðs og skipar rektor annan þeirra formann nefndarinnar. Skal hann hafa sama eða æðra hæfi og um er fjallað, verði því við komið. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa a.m.k. meistaraprófi úr háskóla og skulu a.m.k. tveir nefndarmanna starfa utan skólans.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu.

Engum manni má veita prófessors-, dósents- eða lektorsstöðu nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Störf hjá Hólaskóla eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki stofnunarinnar skulu boðin störf hjá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga þessara skal skipa rektor Hólaskóla og háskólaráð frá 1. janúar 2007 og skal háskólarektor og háskólaráð frá þeim tíma undirbúa framkvæmd laga þessara.

Við gildistöku laga þessara tekur Hólaskóli – Háskólinn á Hólum við öllum eignum og skuldbindingum Hólaskóla, Hólum í Hjaltadal.

Nemendur sem við gildistöku laganna stunda nám í Hólaskóla eiga rétt á því að ljúka námi samkvæmt gildandi námsskipulagi skólans við gildistöku laganna. Nemendur geta þó lokið prófum samkvæmt nýju skipulagi ef þeir kjósa svo.

Fyrir 1. júní 2008 skulu lög þessi endurskoðuð til að samræma og auka samvinnu við gæðaeftirlit og námsframboð á háskólastigi, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um háskóla, nr. 63/2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, var sú breyting gerð að Bændaskólinn á Hvanneyri, sem allt frá árinu 1947 hafði starfrækt búvísindadeild og útskrifað nemendur með BS- gráðu í búvísindum, fékk formlega stöðu háskóla. Með lögum nr. 71/2004, um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, og með lögum nr. 79/2004, um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, var stigið annað skref í endurskoðun á stofnanaskipan landbúnaðarins á sviði rannsókna og fræðslu með sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins í eina stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmiðið með þessum breytingum var að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með það fyrir augum að þær þjónuðu betur þörfum landbúnaðarins í breyttu starfsumhverfi. Í áliti meiri hluta landbúnaðarnefndar Alþingis við breytingu á lögum sem leiddu til stofnunar Landbúnaðarháskóla Íslands vorið 2004 kemur fram að mikilvægt sé að fara jafnframt yfir stöðu og málefni Hólaskóla. Hinn 14. júní 2004 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að yfirfara stöðu skólans. Í skipunarbréfi nefndarinnar

kemur m.a. fram að nefndin skuli gera tillögur um mögulegan þátt Hólaskóla í frekara samrunaferli meðal mennta- og rannsóknastofnana landbúnaðarins og í því ljósi sérstaklega skoða lagalega stöðu skólans. Nefndin skilaði áliti sínu 1. október 2004. Hólaskóli hefur á undanförnum árum eflst sem vísindaleg kennslu- og rannsóknastofnun á sviði fiskeldis, hrossaræktar og hestamennsku og ferðamála. Með reglugerð nr. 244/2003 fékk skólinn formlega heimild til kennslu á háskólastigi og með frumvarpi þessu er lagt til að skrefið verði stigið til fulls og Hólaskóli gerður að háskóla er starfi á afmörkuðum sviðum landbúnaðar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin felur það í sér að menntastofnanir landbúnaðarins, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, starfa báðar á háskólastigi verði frumvarpið að lögum.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um að gæði menntunar sem menntastofnanir landbúnaðarins veita samkvæmt lögum þessum skuli uppfylla skilyrði nýsamþykktra háskólalaga, nr. 63/2006, og laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

Um 3. gr.

Með greininni er lögð til sú breyting að ákvæði laganna um búfræðsluráð verði felld niður. Samkvæmt núgildandi ákvæði er hlutverk búfræðsluráðs að vera landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um mörkun heildarstefnu í búfræðslumálum og samræmingu starfa þeirra er að þeim vinna. Verði frumvarpið samþykkt verða eftirleiðis tvær rannsókna- og kennslustofnanir á háskólastigi starfandi á sviði landbúnaðarins sem hvor um sig lýtur stjórn háskólaráðs sem er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans ásamt rektor, markar stefnu, m.a. í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag skólans og samþykkir starfs- og rekstraráætlanir. Það er mat ráðuneytisins að við slíka skipan mála hafi hlutverk búfræðsluráðs færst til háskólaráðanna og sé því óþarft.

Um 4. gr.

Greinin er til samræmis við ákvæði 3. gr. um niðurfellingu búfræðsluráðs og vísar til ákvæða 3. gr. laganna um markmið búnaðarfræðslu.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um kröfur sem gerðar eru til menntunar þeirra sem hefja nám við menntastofnanir landbúnaðarins.

Um 6. gr.

Breytingin er til samræmis við ákvæði 3. gr. um niðurfellingu ákvæðanna um búfræðsluráð.

Um 7. gr.

Breytingin er til samræmis við ákvæði 3. gr. um niðurfellingu ákvæðanna um búfræðsluráð. Lagt er til að menntamálaráðherra samþykki námskrár búnaðarnámsbrauta við almenna framhaldsskóla að fenginni umsögn landbúnaðarráðherra.

Um 8. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að menntastofnunum landbúnaðarins sé heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem þeim er skylt að veita. Ákvæðið er hliðstætt ákvæðum í 18. gr. laga um Háskóla Íslands

Um 9. gr.

Meginbreytingin sem greinin felur í sér er að háskólaráð skuli skipuð til þriggja ára í senn í stað fimm ára eins og núgildandi ákvæði mæla fyrir um.

Um 10. gr.

*Um a-lið (29. gr.).*

Greinin fjallar um stöðu og hlutverk Hólaskóla. Í greininni er kveðið á um að skólinn starfi á þremur afmörkuðum sviðum kennslu og rannsókna, þ.e. á sviði hrossaræktar og hestamennsku, á sviði fiskeldis og á sviði ferðaþjónustu í dreifbýli. Nýjung er að kveðið er á um að við skólann sé heimilt að starfrækja alþjóðlega deild í hrossarækt og hestamennsku. Mikil eftirspurn er eftir slíku námi erlendis frá og brýn þörf að efla alþjóðlega þekkingu á þjálfun og meðferð íslenska hestsins. Miðað er við að kennsla fari fram á ensku og meginhluti nemendanna verði erlendir. Lagt er til að heimilt verði að innheimta skólagjöld fyrir slíkt nám.

*Um b-lið (30. gr.).*

Greinin fjallar um stjórnskipan skólans og hvernig hlutverkum er skipt milli rektors og háskólaráðs. Háskólaráði er fyrst og fremst ætlað að móta stefnu skólans í kennslu og rannsóknum. Rektor ber hins vegar ábyrgð á allri stjórnsýslu skólans, starfsmannahaldi og rekstri stofnunarinnar. Rektor er jafnframt embættismaður í skilningi 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og ber því ábyrgð á að útgjöld séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

*Um c-lið (31. gr.).*

Greinin fjallar um skipan háskólaráðs. Lagt er til að í háskólaráði eigi sæti, auk rektors og fulltrúa landbúnaðarráðuneytisins, fulltrúar annarra ráðuneyta sem tengjast starfssviði skólans, sjávarútvegsráðuneytis og samgönguráðuneytis. Einnig er gert ráð fyrir að tryggð séu tengsl við háskólaumhverfið í landinu með setu fulltrúa menntamálaráðuneytisins og fulltrúa háskólaráðs Háskóla Íslands í háskólaráði. Þá er gert ráð fyrir að Félag tamningamanna og starfsmenn og nemendur skólans tilnefni fulltrúa í háskólaráð.

*Um d- og e-lið (31. gr. a og 32. gr.).*

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

*Um f-lið (33. gr.).*

Í greininni er kveðið á um að kennsla á vegum Hólaskóla geti verið á háskólastigi og framhaldsskólastigi og fjallað er um kröfur sem gerðar eru til kennara á mismunandi skólastigum.

*Um g-lið (34. gr.).*

Greinin fjallar um ráðningu, prófessora, dósenta, lektora og stundakennara og kröfur sem gerðar eru um menntun og starfsreynslu slíkra starfsmanna. Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum núgildandi 27. gr. laganna.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir að störf hjá Hólaskóla verði lögð niður við gildistöku laganna en starfsfólki stofnunarinnar boðin störf hjá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum. Ákvæði þetta er hliðstætt þeim ákvæðum sem sett voru í lögin um stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ljóst er að það kallar á nokkra vinnu að undirbúa framkvæmd laganna og því er lagt til að rektor og háskólaráð taki til starfa 1. janúar 2007 til að undirbúa starfsemi hinnar nýju stofnunar.

Eðlilegt þykir að nemendur geti haldið áfram námi óháð því að þeir flytjist til nýrrar stofnunar og því er þeim gefinn kostur á því að ljúka núverandi námi samkvæmt gildandi námsskrá.

Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í nýsamþykktum lögum um háskóla, nr. 63/2006, er kveðið á um endurskoðun laga um búnaðarfræðslu fyrir 1. júní 2008 til þess að samræma og auka samvinnu við gæðaeftirlit og námsframboð á háskólastigi.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er mælt fyrir breytingum á skipulagi búnaðarfræðslu í landinu. Meginefni frumvarpsins felst í því að gera Hólaskóla að háskóla og er skólanum ætlað að starfa á þremur sviðum kennslu og rannsókna, þ.e. á sviði hrossaræktar og hestamennsku, á sviði fiskeldis og á sviði ferðaþjónustu í dreifbýli. Heiti skólans er breytt og verður það: Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Verði frumvarpið að lögum verða því tvær vísindalegar fræðslu- og rannsóknastofnanir á háskólastigi á sviði landbúnaðar starfandi í landinu, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Til viðbótar því meginefni frumvarpsins að gera Hólaskóla að háskóla er tekjugrundvöllur menntastofnana landbúnaðarins styrktur með ótvíræðri lagaheimild til gjaldtöku fyrir þjónustu aðra en þá sem þeim er skylt að veita. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða verða störf hjá Hólaskóla lögð niður og starfsfólki skólans boðin störf hjá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum. Sú breyting kann að skapa rétt á biðlaunum en fjárhæð er óviss.

Eins og áður segir er í frumvarpinu lagt til að Hólaskóli verði formlega gerður að háskóla. Í því felst m.a. að kennarar við skólann fá stöður prófessora, dósenta og lektora, auk stundakennara, og skulu þeir er skipa þrjár fyrstnefndu stöðurnar hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Auknar menntunarkröfur eru auk þess gerðar til kennara við skólann frá því sem er í gildandi lögum og skulu þeir hafa meistaragráðu hið minnsta eða jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Reikna má með að auknar menntunarkröfur kunni að geta leitt til hærri launa, en samkvæmt upplýsingum landbúnaðarráðuneytis er ekki búist við að þær verði umtalsverðar.

Samkvæmt framansögðu er því reiknað með að lögfesting frumvarpsins hafi óveruleg bein áhrif á kostnað ríkissjóðs þar sem frumvarpið felur aðeins í sér formbreytingu, en nú þegar er kennt við Hólaskóla á háskólastigi. Líklegt má hins vegar telja að óbein áhrif geti orðið töluverð, ekki síst ef skólinn hyggst hljóta viðurkenningu sem háskóli samkvæmt lögum um

háskóla, nr. 63/2006. Það er skoðun fjármálaráðuneytisins að því fylgi óhjákvæmilega kostnaður að bjóða upp á viðurkennt háskólanám. Með hliðsjón af frumvarpinu, núverandi stöðu Hólaskóla, nýjum háskólalögum og öðrum fyrirliggjandi gögnum er það mat ráðuneytisins að í tilviki Hólaskóla kunni viðbótarkostnaður að geta legið á bilinu 70 til 80 m.kr. á heilu ári. Munar þar mest um aukið námsframboð og rannsóknir ásamt aðfararnámi og kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna. Útgjöld skólans og þróun þessara mála ræðst af fjárveitingu fjárlaga hverju sinni.

## 191. Frumvarp til laga [190. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „6.075“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 6.314.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2007 vegna tekna ársins 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 3,94% eða 239 kr. og nemi 6.314 kr. á hvern gjaldanda í stað 6.075 kr. samkvæmt gildandi lögum. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga á tímabilinu desember 2004 til desember 2005. Byggingarvísitalan hækkaði á þessu tímabili um 3,94%.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og rennur í Framkvæmdasjóð aldraðra skuli nema 6.314 kr. á hvern gjaldanda í stað 6.075 kr. í gildandi lögum. Á árinu 2007 er gert ráð fyrir að gjaldendur verði um 172.350 og tekjur sjóðsins hækki um 61,9 m.kr. á greiðslugrunni.

# 192. Frumvarp til laga [191. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004.

Flm.: Jón Bjarnason, Þuríður Backman.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Óheimilt er hverjum þeim sem fyrir á jörð eða jarðarhluta að ⅕ eða meira að kaupa, þiggja að gjöf eða taka sem greiðslu skuldar aðra jörð eða hluta annarrar jarðar ef stysta loftlína milli íbúðarhúsa á viðkomandi jörðum er lengri en hámarksvegalengd sem ráðherra ákveður með reglugerð. Óheimilt er hverjum þeim sem fyrir á ⅕ hluta í fleiri en þremur jörðum að kaupa, þiggja að gjöf eða taka sem greiðslu skuldar jörð eða jarðarhluta.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein sem verður 10. gr. a og orðast svo:

Hlutafélagi er því aðeins heimilt að kaupa jörð eða jarðarhluta að einstaklingur sem á að lágmarki 10% hlutafjár hafi fasta búsetu á viðkomandi jörð og uppfylli önnur ákvæði þessara laga um aðilaskipti að jörðum, og að hann fari með að lágmarki 50% atkvæða í félaginu.

3. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þegar selja á ríkisjörð öðrum en ábúendum skal sveitarfélag, sem viðkomandi jörð er í, hafa forkaupsrétt að jörðinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. og 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Á síðustu árum hafa fjársterkir aðilar keypt bújarðir um allt land í ört vaxandi mæli. Ljóst er að í mörgum tilfellum eru jarðirnar fyrst og fremst keyptar í því augnamiði að selja þær á hærra verði síðar meir. Sums staðar hefur búskap verið haldið áfram eða búrekstur af mörgum jörðum sameinaður á einni jörð og greiðslumark fært til að sama skapi. Eftir standa jarðir, sem áður voru vel setnar, í eyði og sumar jafnvel komnar í niðurníðslu eftir fáein ár.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þau áhrif sem slík uppkaup hafa á byggð í viðkomandi sveitum. Í hvert einasta sinn sem jörð fer úr ábúð, búskapur leggst af og fólk flytur á brott stendur samfélagið veikara eftir. Þegar slíkt gerist fyrir tilstilli kaupsýslumanna sem hugsa fyrst og fremst um að fjárfesta í jörðum en horfa til búrekstrar sem aukagetu eða líta á hann einungis sem leið til að fá fyrr arð af fjárfestingunni, verður að spyrna við fæti. Þetta er líka alvarlegt mál fyrir sveitarfélögin sem hafa ekki bolmagn til að kaupa jarðirnar í því skyni að halda þeim í byggð þar eð útsvarstekjur þeirra minnka yfirleitt vegna þessa. Á hinn bóginn er ekki hægt að áfellast þá sem jarðirnar selja. Það er skiljanlegt að bændur eigi erfitt með að hafna því þegar þeim eru boðnar háar fjárhæðir fyrir jarðir með öllu því sem þeim fylgir, bæði eignum og skuldum. Þar geta líka lífeyrismál fólks haft sitt að segja.

Hluti af þeirri sátt sem ríkt hefur um landbúnað á Íslandi í seinni tíð á rætur í þeirri sýn að bændur séu eins konar vörslumenn landsins sem nytji það til framleiðslu á hollum matvæl-

um. Jarðnæði á Íslandi er í dreifðri eign og víðast hvar hefur sambúð landeigenda og þeirra sem vilja ferðast um landið, skoða það og njóta útivistar, verið góð. Uppkaup fjársterkra aðila á jörðum vítt og breitt um landið stefna þessari stöðu mála í voða.

Samþjöppun jarðeigna á fáar hendur mun augljóslega gerbreyta ásýnd sveitanna í mörgu tilliti. Fyrir liggur að það verður afar erfitt, ef ekki útilokað, að snúa til baka ef þessi uppkaup halda áfram með sama hætti og verið hefur. Verð á bújörðum og greiðslumarki, sem nú eru orðin eins og hver önnur markaðsvara, er þannig að ólíklegt er að búskapur verði endurreistur á jörðum þar sem hann hefur einu sinni verið lagður af í tengslum við þau viðskipti sem hér eru til umfjöllunar.

Markmið þeirra lagabreytinga sem hér eru lagðar til er að koma í veg fyrir að einstakir lögaðilar safni að sér jarðeignum víða um land og láti jafnvel reka þar fyrir sig bú án þess að koma þar að sjálfir. Hins vegar er ekki ætlunin að hindra að bændur geti sameinað aðliggjandi jarðir eða stundað heildstæðan búrekstur á fleiri en einni jörð ef þær jarðir liggja það nærri hver annarri að slíkt sé mögulegt og önnur skilyrði fyrir eignarhaldi og slíkum rekstri eru uppfyllt.

Við gerð frumvarpsins voru höfð til hliðsjónar nokkur ákvæði dönsku jarðalaganna. Danir hafa nokkuð aðra skipan á þessum málum en tíðkast hefur hér á landi eins og rakið er í meðfylgjandi grein Ernu Bjarnadóttur sem birtist í Bændablaðinu 11. janúar 2005.

---

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Hvaða reglur eiga að gilda um viðskipti með bújarðir? Erna Bjarnadóttir. (Bændablaðið 11. janúar 2005)
II. Sjálfseignarbóndi eða réttlaus leiguliði. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið 3. nóvember 2004.)
III. Ásókn auðmanna í bújarðir hefur víðtæk áhrif. Fjársterkir aðilar safna hlunnindajörðum. Sunna Ósk Logadóttir. (Morgunblaðið, innlendar fréttir, 10. mars 2006.)

## 193. Frumvarp til laga [192. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Flm.: Jón Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sami aðili getur að hámarki verið handhafi réttar til beingreiðslna sem svara til 1% af heildargreiðslumarki. Einkahlutafélag getur því aðeins verið handhafi réttar til beingreiðslna samkvæmt greiðslumarki að ábúandi á viðkomandi lögbýli eigi að minnsta kosti 10% hlutafjár og fari með að minnsta kosti 50% atkvæða í félaginu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 132. þingi (þskj. 21, 21. mál) og er nú lagt fram að nýju. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Á árunum 1996–2004 fækkaði kúabúum á Íslandi úr 1.291 í 854 eða um 34%. Meðalframleiðsla á bú jókst á sama tíma um 67%. Þessari þróun hefur fylgt mikil tilfærsla á greiðslumarki í mjólkurframleiðslu og verð á greiðslumarki hefur að sama skapi hækkað gífurlega á síðustu árum. Mesta hreyfingin á greiðslumarkinu er hjá stærri búunum, eins og sést á því að í árslok 2003 voru þau 140 kúabú sem höfðu hvorki keypt né selt greiðslumark frá árinu 1992 að meðaltali með rúmlega 65.000 lítra, sem er rétt rúmlega helmingur af framleiðslu meðalbúsins árið 2003. Þá var enn um fjórðungur kúabænda í landinu með greiðslumark innan við 100.000 lítra. Af þessu sést greinilega að það eru stærri búin sem stækka mest.

Margar ástæður eru fyrir samþjöppun undanfarinna 10–12 ára á greiðslumarki í mjólk. Þar má nefna kröfur um hagræðingu, ný viðhorf til aðbúnaðar búfjár, auknar gæðakröfur til mjólkurframleiðenda, fólksfækkun í sveitum, fækkun mjólkursamlaga, vélvæðingu í búskap og, síðast en ekki síst, hið geysiháa verð á greiðslumarki og hækkandi verð á bújörðum á frjálsum markaði.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að réttur til beingreiðslna vegna mjólkurframleiðslu er takmörkuð auðlind. Mikil eftirspurn og hátt verð hafa að undanförnu breytt miklu um möguleika þeirra sem vilja starfa við kúabúskap til að hasla sér völl í greininni. Ekki er einungis að nýliðun sé nær útilokuð, svo mikið fjármagn þarf til að bæta verulega við greiðslumark hvers starfandi bús að sífellt færri eiga þess kost nema með mikilli skuldsetningu. Þróunin minnir því óneitanlega sífellt meir á framvindu mála í sjávarútvegi eftir að verslun með aflamark var gefin frjáls. Ekki þarf að tíunda hér þær harðvítugu deilur sem urðu um eignarhald á veiðiheimildum í sjávarútvegi og eru í raun enn óleystar.

Ljóst er að viðlíka ástand í landbúnaði mundi gerbreyta viðhorfum landsmanna til stuðnings við innlenda framleiðslu. Sú bærilega sátt sem hefur til þessa ríkt um íslenskan landbúnað vegna atvinnu-, byggða- og öryggissjónarmiða hvílir fyrst og síðast á þeim grunni að framleiðslan sé á höndum fjölskyldubúa en ekki verksmiðjubúa, sem þekkt eru frá öðrum löndum.

Jafnframt liggur í augum uppi að þróun mjólkurframleiðslunnar í átt til færri og stærri búa fylgir vaxandi áhætta eftir því sem hún gengur lengra. Áföll af einhverju tagi hjá örfáum stórframleiðendum geta sett framboð á innlendum mjólkurvörum í uppnám þegar einstök bú standa undir mjög stórum hluta mjólkurframleiðslunnar í landinu.

Hér er lagt til að sami handhafi geti að hámarki farið með 1% af heildargreiðslumarki. Velta má fyrir sér hversu hátt slíkt hlutfall á að vera. Markmið frumvarpsins er að takmarka samþjöppun á rétti til beingreiðslna og koma í veg fyrir að hátt verð á greiðslumarki geri minni framleiðendum ókleift að stækka við sig. Enn fremur að stuðla að því að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til að treysta undirstöður búvöruframleiðslunnar, byggð og atvinnulíf í dreifbýli skili sér til starfandi bænda en séu ekki teknir til annarra nota af kaupsýslumönnum.

Þessi mál hafa mjög verið til umræðu meðal bænda og má í því sambandi benda á erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga og Svínaræktarfélags Íslands til búnaðarþings árið 2004. Búnaðarþing ályktaði þá sérstaklega um ákveðna þætti þessa máls. Landssamband sauðfjárbænda og búnaðarþing ályktuðu einnig um málið vorið 2005, sbr. fylgiskjöl.

Meða frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Erindi til búnaðarþings. Búnaðarsamband Skagfirðinga. (Janúar 2004.)
II. Svínaræktarfélag Íslands. Erindi til búnaðarþings. (Mars 2004.)
III. Ályktun um framleiðsluöryggi í íslenskum landbúnaði. Búnaðarþing 2004. (Mars 2004.)
IV. Úr samþykkt aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda, 7.–8. apríl 2005.
V. Samþjöppun á eignarhaldi bújarða og greiðslumarks. Ályktun búnaðarþings 6.–10. maí 2005.

## 194. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um friðlýsingu Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði.

Flm.: Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu vatnasvæðisins norðan Hofsjökuls, þ.e. Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði ásamt þverám þeirra.

Friðlýsingin taki til vatnasviðs ánna að meðtöldum þverám og skal hvers kyns röskun á náttúrulegum rennslisháttum ánna vera óheimil. Skal svæðið friðað og stjórnað til varðveislu landslags þess, náttúrufars og menningarminja ásamt því að það verði notað til útivistar, ferðaþjónustu og hefðbundins landbúnaðar. Sérstaklega skal hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing vatnasvæðanna norðan Hofsjökuls geti tengst framtíðaráformum um Hofsjökulsþjóðgarð og fallið að stækkuðu friðlandi Þjórsárvera sunnan jökulsins.

Greinargerð.

Frá Hofsjökli renna árnar Austari- og Vestari-Jökulsár. Þegar þær koma saman kallast þær Héraðsvötn en þau eru meginvatnsfallið í Skagafirði. Koma jökulsárnar saman við bæinn Kelduland. Báðar árnar renna í gljúfrum og er gljúfur Austari-Jökulsár öllu hrikalegra en þeirrar vestari. Náttúrufegurð jökulsárgljúfranna er einstök, svo og gróður, landslag og náttúrufar á vatnasvæði ánna.

Hér er gert að tillögu að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi frumvarp til laga þess efnis að árnar og vatnasvið þeirra verði friðlýst með lögum.

Með hliðsjón af flokkunarkerfi hinna alþjóðlegu náttúruverndarsamtaka IUCN er lagt til að svæðið geti fallið að V. friðlýsingarflokki. Nánari skilgreining þessa verndarstigs er á þessa leið: „Landsvæði, ásamt strönd eða sjó eftir því sem við á, þar sem samskipti manns og náttúru í gegnum tíðina hafa gert svæðið sérstætt, fagurfræðilega, vistfræðilega og/eða menningarlega, og gjarnan með mjög fjölbreyttu lífríki. Varðveisla þessara hefðbundnu samskipta í heild sinni er nauðsynleg fyrir verndun, viðhald og þróun slíks svæðis.“

Segja má að viðhorf þeirra sem vilja vernda vatnasvæði ánna speglist vel í ljóðlínum Stefáns Vagnssonar frá Hjaltastöðum (1889–1963) úr kvæðinu Blönduhlíð:

Meðan „Vötnin“ ólgandi að ósum sínum renna,
iðgrænn breiðist gróður um sléttur, hæð og laut,
geislar árdagssólar á bröttum tindum brenna,
blessun Drottins ríkulega falli þér í skaut.

Í ályktun félagsfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Skagafirði frá 8. júní 2005 segir:

„Héraðsvötnin og jökulárnar móta ásýnd og ímynd Skagafjarðar og eru undirstaða hins síkvika lífkerfis héraðsins allt frá jöklum til hafs. Tækifæri framtíðarinnar felast í að vernda þau og nýta óspjölluð í tengslum við fjölþætta útivist, veiði, ferðaþjónustu, landbúnað og aðra umhverfisvæna atvinnustarfsemi. Þýðing Vatnanna fyrir uppeldi fiskseiða, bæði ferskvatnsfiska og sjávarfiska er einnig ómetanleg. Félagsfundur VG í Skagafirði leggst því alfarið gegn öllum hugmyndum um virkjanir í Jökulsánum í Skagafirði.“

Ferðaþjónusta í Skagafirði er í örum vexti og hafa fljótasiglingar skapað svæðinu mikla sérstöðu.

Með þingsályktunartillögu þessari eru í fylgiskjölum ályktanir og sýnishorn af greinaskrifum Skagfirðinga sem undirstrika hug þeirra til svæðisins. Augu æ fleiri eru að opnast fyrir verðmæti ósnortinnar náttúru og ábyrgð okkar gagnvart komandi kynslóðum. Náttúran á sinn eigin sjálfstæða rétt. Við höfum hana að láni frá komandi kynslóðum. Jökulsárnar í Skagafirði eru mikilvægar fyrir lífkerfi héraðsins frá jöklum til sjávar. Vötnin hafa ekki aðeins mótað skagfirska náttúru heldur einnig skagfirska menningu og daglegt líf. Þau eru lífæð Skagafjarðar.

Í ljósi þessa er þingsályktunartillagan um friðun Austari- og Vestari-Jökulsár flutt.

**Viðhorf heimamanna.**

Rétt er að gera grein fyrir viðhorfum heimamanna til virkjunar Jökulvatnanna. Í grein í Morgunblaðinu eftir Sigurlaugu Kr. Konráðsdóttur (25. maí 2006) kemur fram að Skagfirðingar vilji ekki fórna ánum og vatnasvæðum þeirra í þágu virkjana og háspennulagna. Í greininni nefnir hún árnar „dýrustu perlur Skagafjarðar“. Ólafur Þ. Hallgrímsson, sóknarprestur á Mælifelli, ritar grein um önnur virkjunaráform við Skatastaði í sama blaði (20. maí 2006) og segir: „... verði af virkjun við Skatastaði verður ásýnd dalsins stórlega spillt, m.a. nokkrar af fegurstu þverám hans eyðilagðar. Einnig munu siglingar á jökulánum leggjast af.“

Undir þessi orð taka flutningsmenn tillögu þessarar og leggja áherslu á að unnt er að samræma þetta tvennt, eflingu atvinnutækifæra og náttúru- og umhverfisvernd. Er þetta í samræmi við málefnaskrá Vinstri hreyfingarinnar en þar segir: „Nýting orkulindanna er mikilvæg og nauðsynleg en stóriðja og stórvirkjanir í þágu mengandi iðnaðar sem ganga á náttúruna eru andstæð sjálfbærri þróun. Ríkulegt tillit þarf að taka til umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.“

---

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Lífæð Skagafjarðar. Ingibjörg Jónsdóttir Kolka. (Morgunblaðið, 16. janúar 2005.)
II. Virkjunum í Jökulsánum í Skagafirði hafnað. (Opinn fundur á Sauðárkróki, 25. september 2006.)
III. Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Skagafirði. Ályktun félagsfundar um verndun Jökulsánna. (8. júní 2005.)

IV. Skatastaðavirkjun líka. (Morgunblaðið, 27. október 2004.)
V. Dauðadómur yfir starfsemi okkar. (Morgunblaðið, 23. september 2004.)
VI. Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Skagafirði. Ályktun gegn frekari stórvirkjunum og álbræðslum. (29. janúar 2006.)
VII. Áskorun frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. Náttúruverndarsamtök Íslands. (5. október 2006.)
VIII. Ályktun frá Náttúruvaktinni vegna fyrirhugaðra virkjana Héraðsvatna í Skagafirði. Stjórn Náttúruvaktarinnar. (5. október 2006.)
IX. Ólík sjónarmið. Sigríður Sigurðardóttir. (Feykir, 10. nóvember 2004.)
X. Virkjum frekar mannauðinn. Valgeir Kárason. (Feykir, 3 40/2004.)
XI. Til varnar. Þórarinn Magnússon. (Feykir, 5 34/2004.)

## 195. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

Flm.: Katrín Júlíusdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Mörður Árnason.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef annað foreldrið getur ekki nýtt fæðingarorlofsrétt sinn vegna sérstakra aðstæðna getur einstætt foreldri lengt fæðingarorlof sitt um þrjá mánuði til viðbótar þeim sex mánuðum sem um ræðir í 1. mgr. Einstæðar mæður ófeðraðra barna hafa rétt til níu mánaða fæðingarorlofs. Þá getur einstaklingur sem ættleiðir barn lengt fæðingarorlof sitt um þrjá mánuði til viðbótar þeim sex mánuðum sem um ræðir í 1. mgr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við 18 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Við útreikning á meðaltali heildarlauna skv. 1. málsl. skal taka tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu.
b. Í stað orðanna „launa, verðlags og efnahagsmála“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: launavísitölu.

3. gr.

Í stað 3.–5. mgr. 15. gr. laganna kemur ein málsgrein, svohljóðandi:

Útreikningar á greiðslum til foreldris í fæðingarorlofi skulu byggjast á upplýsingum sem Tryggingastofnun ríkisins aflar um tekjur starfsmanns eða sjálfstætt starfandi foreldris úr

staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattyfirvalda. Telji foreldri upplýsingar úr viðkomandi skrá ekki réttar skal það leggja fram gögn því til staðfestingar.

4. gr.

15. gr. a laganna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað síðari málsliðar 2. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Að jafnaði skal foreldri eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir þann tíma. Heimilt er þó að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms maka erlendis, sbr. 2. mgr. 19. gr., enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning. Njóti foreldri greiðslu vegna sömu fæðingar, ættleiðingar eða varanlegs fósturs í búsetulandinu kemur hún til frádráttar fæðingarstyrknum, sbr. 3. mgr. 33. gr.
b. Í stað orðanna „launa, verðlags og efnahagsmála“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: launavísitölu.

6. gr.

Í stað orðanna „launa, verðlags og efnahagsmála“ í 1. málsl. 3. mgr. 19. gr. laganna kemur: launavísitölu.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 132. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt efnislega óbreytt.

Með lögum nr. 90/2004 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Þær fólu m.a. í sér að viðmiðunartímabil tekna var lengt og miðað við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða. Einnig var lögheimilisskilyrði hert í 18. gr. laganna, en sú grein fjallar um fæðingarstyrk til foreldris utan vinnumarkaðar.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til fjórar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að viðmiðunartímabili tekna verði breytt þannig að miðað verði við 18 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Í öðru lagi er lagt til að við útreikning á meðaltali heildarlauna skuli taka tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu. Í þriðja lagi er lagt til að einstæðir foreldrar geti við ákveðnar aðstæður framlengt fæðingarorlof í allt að níu mánuði og í fjórða lagi að heimilt verði að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms maka erlendis. Samsvarandi undanþágu er að finna í 3. málsl. 2. mgr. 19. gr., en sú grein fjallar um fæðingarstyrk til foreldra í fullu námi.

Í meðförum þingsins á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, o.fl. á 130. löggjafarþingi lagði minni hlutinn til breytingu á 33. gr. laganna sem miðaði að því að minnka skerðingu á tekjum öryrkja í tengslum við töku fæðingarorlofs. Þáverandi félagsmálaráðherra lýsti því yfir þá að þetta mál yrði skoðað sérstaklega. Engin niðurstaða hefur

enn fengist og hvetja flutningsmenn til þess að málið verði skoðað sérstaklega í meðförum félagsmálanefndar á frumvarpi þessu.

Með lögum nr. 95/2000 varð sú breyting að mati flutningsmanna að viðmiðið við ákvörðun á rétti til töku fæðingarorlofs færðist frá barninu sjálfu, þ.e. rétti þess til samvista við foreldra eða foreldri, yfir á sjálfstæðan rétt foreldranna sjálfra. Núgildandi lög taka sökum þessa ekki nægjanlegt tillit til margbreytilegra aðstæðna sem börn fæðast inn í. Þessu frumvarpi er því ætlað að jafna rétt barna til samvista við foreldra óháð aðstæðum þeirra.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof getur annað foreldri einungis fengið mest sex mánaða orlof vegna fæðingar barns. Börn einstæðra foreldra fá sökum þessa ekki í öllum tilvikum notið samvista við foreldra, annað eða bæði, fyrstu níu mánuði ævi sinnar líkt og börn sambúðarfólks eiga rétt á. Flutningsmenn telja eðlilegt að við sérstakar aðstæður sé einstæðu foreldri heimilt að sækja um níu mánaða orlof vegna fæðingar barns, þ.e. ef foreldrar eru ekki í sambúð og annað foreldrið hefur ekki tök á því að taka fæðingarorlof líkt og núgildandi lög kveða á um sökum alvarlegra veikinda, fangelsisvistar eða búsetu erlendis. Flutningsmenn vilja að jafnræði ríki milli barna óháð aðstæðum foreldranna og að öllum börnum verði tryggður réttur til samvista við foreldra í níu mánuði.

Í svari ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ófeðruð börn á 130. löggjafarþingi (989. mál), sem er fylgiskjal með frumvarpi þessu, kemur fram að Hagstofa Íslands hafi á árinu 1999 gert könnun á því hvernig faðerni barna var háttað á árunum 1996–1998. Þar kemur fram að afar fá börn eru ekki feðruð. Á ofangreindu árabili voru þetta 13–14 börn árlega. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins sem Félag einstæðra foreldra aflaði og gat um í umsögn sinni til félagsmálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um tryggingagjald (síðar lög nr. 90/2004) kemur fram að árið 2002 hafi ófeðruð börn á aldrinum 0–18 ára verið samtals 148. Það er því ljóst að ekki er um mörg börn að ræða en flutningsmenn telja að þessum börnum eigi að tryggja með lögum níu mánaða orlof með foreldri til jafns við önnur börn.

Einhleypum eintaklingi er samkvæmt gildandi lögum um ættleiðingar, nr. 30/1999, heimilt að ættleiða barn. Flutningsmenn telja að börnum sem ættleidd eru af einhleypum skuli tryggð níu mánaða samvera með foreldri samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, líkt og börnum sem ættleidd eru af hjónum eða sambúðarfólki.

Um 2. gr.

Með lögum nr. 90/2004 var gerð sú breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, að viðmiðunartímabil tekna var lengt og miðað við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða. Þessar breytingar hafa komið sér afar illa fyrir margar fjölskyldur af ýmsum ástæðum, auk þess að vera í eðli sínu óréttlátar þar sem viðmiðunartími verður mislangur eftir því hvenær ársins börn fæðast. Flutningsmenn telja að rétt sé að breyta viðmiðunartímanum aftur til tiltekins fjölda mánaða í stað tekjuára svo að viðmiðunartímabilið verði réttlátara og nær rauntekjum foreldra þegar barn fæðist.

Þegar miðað er við tekjuár eins og nú er gert getur munað töluverðu hvort barn er fætt í desember eða janúar. Þannig getur viðmiðunartíminn orðið frá 24 mánuðum upp í 36 mánuði fyrir fæðingu barns.

Þetta fyrirkomulag getur haft veruleg áhrif á tekjur. Þar má m.a. nefna að þetta kemur í fyrsta lagi illa niður á fjölskyldum þar sem foreldrar hafa verið í námi allan eða hluta af viðmiðunartímanum og reiknast því með lágar tekjur. Í öðru lagi kemur þetta illa niður á foreldrum sem eignast börn með skömmu millibili og hafa þannig fengið skertar tekjur í fæðingarorlofi með fyrra barni og reiknast sú skerðing inn í skerðingu á tekjum í fæðingarorlofi með því seinna. Í þriðja lagi getur margt gerst hjá ungu fólki á svo löngum tíma, svo sem stöðuhækkun, launahækkun eða tímabundið atvinnuleysi. Ungt fólk á barneignaraldri er oft að stíga fyrstu skrefin á starfsferli og því framgangur og breytingar á launum oft nokkrar.

Flutningsmenn telja að skoða beri sérstaklega stöðu þeirra sem eru nýkomnir úr námi út á vinnumarkaðinn og kanna hvort ástæða sé til að setja inn heimild til styttingar á viðmiðunartíma af þeim sökum.

Í meðförum málsins árið 2004 í félagsmálanefnd komu þónokkrar athugasemdir við þetta fyrirkomulag fram hjá umsagnaraðilum:

Í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins frá 16. apríl 2004 segir m.a.: „Sem framkvæmdaraðili fagnar Tryggingastofnun þeim breytingum sem felast í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Ætla má að breytingar þessar verði bæði til að einfalda störf Fæðingarorlofssjóðs og leiða til þess að auðveldara verði að miða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði við rauntekjur umsækjenda, en borið hefur á því að umsækjendur reyni að sýna laun sín sem hæst á viðmiðunartímabilinu. Á hinn bóginn telur Tryggingastofnun sér jafnframt skylt að benda á að bæði 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins geti falið í sér mismunun eftir því hvenær árs barn fæðist. Þá er ástæða til að benda á að 2. mgr. 4. gr. getur leitt til lækkunar greiðslna til foreldra í fæðingarorlofi þar sem ekki virðist vera gert ráð fyrir að tekið verði tillit til launaþróunar frá því viðmiðunartímabili lýkur og þar til að barn fæðist, en sá tími getur orðið allt að einu ári. Þá mun lenging viðmiðunartímabilsins væntanlega einnig leiða til lækkunar á greiðslum í fæðingarorlofi. Með lengingu viðmiðunartímabilsins eru einnig líkur á skörun fæðingarorlofa sem myndi hafa áhrif til lækkunar greiðslna í fæðingarorlofi fyrir tiltekna hópa foreldra en ekki aðra og myndi þannig skapast aukin mismunun á milli þessara hópa.“

Í umsögn Bandalags háskólamanna frá 16. apríl 2004 segir m.a.: „Að því er varðar lengingu viðmiðunartímabils er ljóst að með því er rofið samráð við samtök launafólks um því sem næst 80% heildartekna í fæðingarorlofi – en BHM, BSRB og KÍ gerðu kröfu um 100% heildartekna í viðræðum við fjármálaráðherra 1999–2000. Með tvöföldun viðmiðunartímabils er víst að margir háskólamenn, sem eru að koma úr námi og hefja starfsframa ná ekki réttri viðmiðun til að fá bættan tekjumissi þar sem algengt er að laun þeirra og staða hækki hlutfallslega hraðast á þessum tíma – sem er oft sá sami og þegar fólk ákveður að eignast börn.“

Minni hluti félagsmálanefndar skilaði séráliti um ofangreint frumvarp og gagnrýndi harðlega breytinguna á viðmiðunartímanum. Í álitinu (þskj. 1518 á 130. löggjafarþingi) sagði m.a.: „Eitt af helstu gagnrýnisatriðum umsagnaraðila, einkum ASÍ, BSRB, BHM og SÍB, var breytt viðmiðunartímabil tekna sem fæðingarorlofsgreiðslur miðast við. Lagt er til í frumvarpinu að viðmiðunartímabilið verði lengt, miðað verði við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða og að viðmiðunartímabilið standi yfir í tvö tekjuár á undan fæðingarári í stað þess að miðað sé við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Einnig er lagt til að greiðslur úr sjóðnum verði miðaðar við upplýsingar úr skattkerfinu og fæðingarorlofsgreiðslur verði því tengdar eldri tekjum samkvæmt skattframtölum á viðmiðunartímabilinu.

Ljóst er að lengt viðmiðunartímabil getur leitt til skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum og áætla ASÍ, BSRB og BHM að í mörgum tilvikum geti hlutfall fæðingarorlofs af tekjum

á viðmiðunartímabilinu farið úr 80% af tekjum niður í allt að 70% í mörgum tilvikum. Ástæðan er sú að miðað verður við tekjur í tvö tekjuár á undan fæðingarári og því taka fæðingarorlofsgreiðslur að verulegu leyti mið af 2–3 ára gömlum tekjum. Þannig getur viðmiðunartímabilið orðið nálægt þremur árum því að ein helsta breytingin sem lögð er til á fæðingarorlofskerfinu er samstilling þess við skattkerfið og því miðað við heil tekjuár í stað 12 mánaða samfellds tímabils. Þannig verða fæðingarorlofsgreiðslur þess sem fæðir barn í lok þessa árs miðaðar við tekjuárin 2002 og 2003, en t.d. ekki þær tekjur sem viðkomandi hafði á árinu þegar barnið fæðist. Þessar tekjur, sem nálgast að vera þriggja ára gamlar, eru ekki uppfærðar miðað við launavísitölu eða verðlagsbreytingar á viðmiðunartímabilinu. Það leiðir til skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum sem ASÍ metur 5–7% en BHM meira en 10% í ýmsum tilvikum.

ASÍ segir þetta alvarlegasta ágallann á þeim sparnaðartillögum sem er að finna í frumvarpinu og BSRB segir að ljóst sé að þetta muni skerða greiðslur úr sjóðnum vegna launaskriðs sem stöðugt eigi sér stað. Eftir því sem viðmiðunartímabilið nær lengra aftur í tímann, þeim mun lægri verða greiðslur úr sjóðnum. Í umsögn BHM segir að rofið sé samráð við samtök launafólks um því sem næst 80% heildartekna í fæðingarorlofi.“

Áður en breytingin var gerð árið 2004 var miðað við 12 mánaða samfellt tímabil. Flutningsmenn leggja með frumvarpi þessu til að viðmiðunartíminn verði 18 mánuðir eða sem svarar tveim meðgöngum. Með þessu vilja flutningsmenn koma til móts við sjónarmið Tryggingastofnunar sem lýsti áhyggjum af því að umsækjendur hefðu fyrir breytinguna reynt að sýna laun sín sem hæst á 12 mánaða viðmiðunartímabilinu.

Flutningsmenn telja mikilvægt að greiðslur úr fæðingarorlofssjóði endurspegli sem best rauntekjur orlofsþega. Því er lögð til sú breyting að við útreikning á meðaltali heildarlauna skuli taka tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu.

Um 3. og 4. gr.

Í tengslum við breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt að gera breytingar á 15. gr. laganna og fella brott 15. gr. a laganna.

Um 5. gr.

Með lögum nr. 90/2004 var gerð sú breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, að lögheimilisskilyrði í 18. gr. laganna var hert, en sú grein fjallar um fæðingarstyrk til foreldris utan vinnumarkaðar. Fjölmargir foreldrar sem búsettir eru tímabundið erlendis vegna náms maka hafa lent í því að fá ekki fæðingarstyrk vegna þessarar breytingar. Flutningsmenn vilja tryggja börnum þeirra foreldra sem búsettir eru erlendis tímabundið vegna náms sama rétt til samvista við foreldra sína og börnum foreldra sem eru í námi hérlendis. Mismunandi er eftir þeim ríkjum þar sem foreldrar stunda nám hvort maki námsmanns á rétt til fæðingarstyrks í viðkomandi ríki og þá hvort upphæðin er í samræmi við greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Með þessari breytingu vilja flutningsmenn tryggja íslenskum ríkisborgurum sem búsettir eru tímabundið erlendis samsvarandi fæðingarstyrk og fengist ef nám væri stundað hér á landi.

Í b-lið er lögð til breyting til samræmis við 2. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Hér er lögð til sama breyting og í b-lið 5. gr.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

---

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Svar ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ófeðruð börn. Sjá þskj. 1774 (989. mál 130. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 7062.

## 196. Frumvarp til laga [195. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Þuríður Backman, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Þá skal hver sá sem er á bifhjóli nota viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað ætlaðan til slíkra nota. Sama er um þann sem er á hliðarvagni, eftirvagni eða tengitæki bifhjóls.

b. 2. mgr. orðast svo:
Ökumaður á bifhjóli eða torfærutæki skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm. Þá skal ökumaður á bifhjóli sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað.

c. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ráðherra setur reglur um hvað teljist viðurkenndur lágmarkshlífðarfatnaður. Í þeim reglum skal m.a. kveðið á um hvaða kröfur gerðar eru til hlífðarfatnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur bifhjólum fjölgað mjög hér á landi sem annars staðar. Landsmenn eiga nú 5461 hjól og þar af eru létt bifhjól 1237.

Með bættu vegakerfi og auknum hraða hefur alvarlegum slysum og banaslysum fjölgað í umferðinni. Við þessu þarf að bregðast með öllum tiltækum ráðum.

Slys á ökumönnum og farþegum bifhjóla geta orðið mjög alvarleg. Vörn sem bifhjól veita í slysum er ekki í líkingu við þá vörn sem ökumenn og farþegar bifreiða hljóta af sínum ökutækjum. Þegar bifhjólaslys verður kastast bifhjólafólk nær undantekningarlaust af bifhjólinu og lendir á götunni eða í nánasta umhverfi. Af þessu leiðir að hlífðarfatnaður er mikilvægasti öryggisbúnaður bifhjólafólks og getur skipt sköpum um meiðsli ef slys verður.

Erlendar rannsóknir sýna að meðallækniskostnaður á hvern slasaðan bifhjólamann er tvöfalt hærri en aðra ökumenn. Bifhjólafólk sem lágmarkar skaða sinn með notkun hlífðarfatn-

aðar sparar ekki bara sjálfu sér mikinn sársauka heldur atvinnurekendum, tryggingafélögum og ríkinu umtalsverðar fjárhæðir.

Í samantekt sem Bifhjólasamtökin Sniglar hafa tekið saman um niðurstöður ýmissa rannsókna kemur fram að bresk rannsókn gerð 2004 sýnir að í 90% tilvika kemur hlífðarfatnaður í veg fyrir eða dregur úr alvarlegum áverkum í bifhjólaslysum. Önnur erlend rannsókn sýnir að hlífðarfatnaður gerði það að verkum að 40% þeirra sem lentu í alvarlegum bifhjólaslysum fengu minni varanlegan skaða en þeir sem notuðu hann ekki. Fram kom einnig að flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið sýni fram á víðtækan ávinning sem hlífðarfatnaður veitir gegn þeim skaða sem bifhjólaslys valda. Í samantekt Sniglanna kemur fram að það sé áhyggjuefni að stór hluti ökumanna léttra bifhjóla séu börn undir lögaldri, 15–18 ára, og fæst klædd hlífðarfatnaði. Benda þeir á að þar sem allar rannsóknir benda til að slys þar sem hægt er að lágmarka skaða með hlífðarfatnaði, verði á undir 60 km hraða þurfi ökumenn léttra bifhjóla greinilega á hlífðarfatnaði að halda.

Það hefur sýnt sig að hlífðarfatnaður dregur mjög úr meiðslum bifhjólamanna þegar slys hafa orðið. Nú þegar er að finna í umferðarlögum ákvæði um að hver sá sem er á bifhjóli skuli nota viðurkenndan hlífðarhjálm ætlaðan til slíkra nota. Þá hefur nýlega verið sett regla um að hver sá sem situr í sæti bifhjóls sem búið er öryggisbelti skuli nota beltið þegar bifhjólið er á ferð. Hins vegar er ekki að finna í lögum nein ákvæði um hlífðarfatnað sem bifhjólamenn skuli nota.

Bifhjólasamtökin Sniglar hafa barist mjög fyrir því að lögleiddur verði hlífðarfatnaður fyrir bifhjólafólk. Á umliðnum vikum hafa forsvarsmenn samtakanna fengið umsagnir ýmissa aðila hvað varðar lögfestingu hlífðarfatnaðar. Þar koma fram sterk rök fyrir lögfestingu og verða þau rakin hér. Þannig kemur fram hjá Rannsóknarnefnd umferðarslysa að hlífðarfatnaður geti skipt sköpum. Nefndin styður heilshugar að leitað verði leiða til þess að skýrt verði kveðið á um notkun hlífðarfatnaðar í umferðarlögum.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins segir í sinni umsögn að slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn hafi séð í starfi sínu að góður hlífðarfatnaður hafi takmarkað og jafnvel komið í veg fyrir alvarlega áverka sem annars hefðu orðið. Því styðji þeir heilshugar baráttu Sniglanna fyrir því að lögleiða notkun á hlífðarfatnaði fyrir ökumenn og farþega bifhjóla.

Í umsögn Sjóvár kemur fram að fyrirtækið telji nauðsynlegt að allir ökumenn og farþegar bifhjóla, hvort sem um er að ræða létt eða þung bifhjól noti viðurkenndan hlífðar- og öryggisfatnað. Jafnframt kom fram í umsögninni að á meðan þessi notkun sé ekki lögbundin sé ekki hægt að stöðva ökumenn og farþega sem ekki eru klæddir þessum öryggisbúnaði. Verði umferðarslys þar sem óvarðir bifhjólamenn lenda í óhöppum eru afleiðingarnar oftar en ekki mun alvarlegri en í þeim tilfellum þegar viðkomandi hefur verið klæddur viðurkenndum hlífðarbúnaði.

Í umsögn fræðisviðs Barnaspítala Hringsins kemur fram að á spítalanum hafi fólk umtalsverðar áhyggjur af slysum á börnum er tengjast vélhjólum, stórum sem smáum, þríhjólum og fjórhjólum. Svo virðist sem foreldrar og aðstandendur þekki ekki eða hunsi þær stórkostlegu hættur sem þessu fylgja. Allmörg slys á börnum og unglingum eru til marks um það.

Í umsögn hjúkrunarfræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi kemur fram að bifhjólafólk sem klæðist viðeigandi hlífðarfatnaði er það lendir í slysi eða óhappi hafi að jafnaði ekki eins alvarlega áverka og þeir sem nota ekki viðeigandi hlíðarfatnað. Megi þar fyrst og fremst nefna skrapsár og brunasár, fleiðusár, beinbrot og liðhlaup í útlimum.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að bifhjólamönnum verði skylt að nota viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um hvaða kröfur eru gerðar til hlífðarfatnaðar. Verði frumvarp þetta að lögum þarf að gera breytingar á reglugerð nr.

575/2001 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.

Með hlífðarfatnaði samkvæmt frumvarpinu er átt við jakka, buxur, hanska og skó. Í staðinn fyrir jakka og buxur getur komið heill samfestingur úr leðri eða öðru slitsterku efni sem hefur mikið álags- og slitþol, og framleiddur er fyrir notkun á bifhjólum. Um er að ræða lágmarksalfatnað sem merktur er sérstaklega til bifhjólanotkunar. Flestur hlífðarfatnaður fyrir bifhjól nú á dögum inniheldur oftar en ekki öryggishlífar sem draga úr höggi á ákveðnum svæðum líkamans.

Hlífðarfatnaður bifhjólafólks er nú tollflokkaður sem tískuvara. Sem tískuvara ber fatnaðurinn hærri tolla en fatnaður sem ætlaður væri sem hlífðarfatnaður/öryggisfatnaður og tollflokkaður í innflutningi sem slíkur. Eðlilegt er að þessi tollflokkun verði endurskoðuð. Afar brýnt er að reyna að stýra sem flestum inn á að kaupa góðan hlífðarfatnað. Verðlækkun á slíkum fatnaði ætti að skila fleiri vel búnum bifhjólamönnum á götur landsins.

## 197. Fyrirspurn [196. mál]

til sjávarútvegsráðherra um bann við botnvörpuveiðum.

Frá Guðjóni Hjörleifssyni.

1. Telur ráðherra að hugsanlegt bann við botnvörpuveiðum á úthafinu gæti aukið líkur á að stjórn fiskveiða færðist til alþjóðastofnana, svo sem Sameinuðu þjóðanna?
2. Telur ráðherra líklegt að ef botnvörpuveiðar verða bannaðar á úthafinu verði þær fljótlega bannaðar alls staðar?

## 198. Fyrirspurn [197. mál]

til samgönguráðherra um safn- og tengivegi.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hver er samanlögð vegalengd safn- og tengivega landsins og hve mikið hefur verið lagt af bundnu slitlagi á þá?
2. Hver er kostnaðurinn við að ljúka við að leggja bundið slitlag á alla safn- og tengivegi landsins, skipt eftir kjördæmum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 199. Fyrirspurn [198. mál]

til umhverfisráðherra um eldfjallagarð á Reykjanesi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig hefur verið brugðist við hugmyndum Landverndar o.fl. um stofnun eldfjallagarðs á Reykjanesi?
2. Hvernig fellur hugmyndin að tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að slíkur garður verði að veruleika?

## 200. Fyrirspurn [199. mál]

til menntamálaráðherra um nám á framhaldsskólastigi á suðursvæði Vestfjarða.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra koma til móts við óskir íbúa á suðursvæði Vestfjarða, þ.e. í Vesturbyggð og Tálknafirði, um nám á framhaldsskólastigi í heimabyggð?

## 201. Fyrirspurn [200. mál]

til umhverfisráðherra um sjófuglarannsóknir og breytingar á náttúrufari.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað líður samstarfi Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar og Háskóla Íslands um sjófuglarannsóknir?
2. Hver er staða þeirra stofna sem helst hefur hallað á undanfarin sumur, svo sem kríu, stuttnefju og langvíu?
3. Kunna fræðimenn í undirstofnunum ráðuneytisins skýringar á bágu ástandi toppskarfs í Breiðafirði nú í haust?
4. Telur ráðherra að breytingar á stofnum sjófugla tengist yfirstandandi loftslagsbreytingum, en þeir eru sagðir breytast hratt við helstu grannlönd okkar á líkan hátt og hér virðist raunin?

## 202. Fyrirspurn [201. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á sandsíli.

Frá Merði Árnasyni.

Hverjar eru helstu niðurstöður sandsílisrannsókna þeirra sem hafnar voru í sumar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar?

## 203. Fyrirspurn [202. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afkomu lunda og annarra sjófugla.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hefur verið athugað hvort tengja megi afkomu lunda og annarra sjófugla við útbreiðslu og afkomu ýsustofnsins?

## 204. Fyrirspurn [203. mál]

til umhverfisráðherra um nefnd um lagabreytingar sem fullgilding Árósasamningsins hefði í för með sér.

Frá Merði Árnasyni.

Hvað líður störfum nefndar sem umhverfisráðherra skipaði í febrúar 2005 til að gera úttekt á þeim lagabreytingum sem fullgilding Árósasamningsins frá 1998 hefði í för með sér?

## 205. Fyrirspurn [204. mál]

til félagsmálaráðherra um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað hefur verið gert til að framfylgja tillögum nefndar um aðgerðir til að að bæta stöðu eldra fólks á vinnumarkaði, sbr. skýrslu sem nefndin gaf ráðherra í nóvember 2004? Hvernig verður framfylgt fimm ára áætlun um aðgerðir sem nefndin lagði til?
2. Hversu miklu fé hefur verið varið til þessa verkefnis á árunum 2005, 2006 og hver eru áformin fyrir næsta ár? Hefur verið lagt sérstakt fjármagn í starfsmenntasjóð vegna þessa?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir að sett verði rammalöggjöf gegn mismunun vegna aldurs í starfi og á vinnumarkaði?

## 206. Fyrirspurn [205. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvenær má vænta þess að framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna taki gildi, en samþykkt var á Alþingi 28. maí 2004 að hún yrði gerð? Hvernig hefur verið unnið að undirbúningi hennar og hefur verið haft samráð við heildarsamtök opinberra starfsmanna og sveitarfélaga?
2. Hafa verið teknar upp viðræður við aðila vinnumarkaðarins um að gerðar verði sambærilegar framkvæmdaáætlanir um launajafnrétti kynjanna sem taki til almenna vinnumarkaðarins og hvenær má vænta niðurstöðu úr þeim viðræðum?

## 207. Fyrirspurn [206. mál]

til utanríkisráðherra um sprengjuleit.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Er vitað á hvaða svæðum virkar sprengjur liggja eftir æfingar Bandaríkjahers á Íslandi? Ef svo er, hver eru þessi svæði og hver er stærð þeirra?
2. Hver mun sjá um sprengjuleit og eyðingu á þessum svæðum?
3. Hvenær er áætlað að hreinsun verði lokið og hver er áætlaður kostnaður við leit og eyðingu?

## 208. Fyrirspurn [207. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslur fyrir fylgdarmenn langveikra barna.

Frá Gunnari Örlygssyni.

1. Stendur til að foreldrar langveikra barna fái greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tvo fylgdarmenn þegar barn þarf að fara utan í erfiða aðgerð? Ef svo er, hvenær má vænta þess?
2. Hversu mikill kostnaður yrði þessu fylgjandi fyrir Tryggingastofnun?

**Skriflegt svar óskast.**

## 209. Fyrirspurn [208. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um skuldir eftir aldri.

Frá Helga Hjörvar.

Hverjar voru meðalskuldir landsmanna árið 2005 og hve stór hluti þeirra var vegna húsnæðisöflunar, skipt eftir aldri sem hér segir: 20 ára og yngri, 21–25 ára og áfram í fimm ára aldursbilum upp í 75 ára, og 76 ára og eldri?

**Skriflegt svar óskast.**

## 210. Fyrirspurn [209. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hver var bifreiða-, ferða- og risnukostnaður ríkisins árið 2005, sundurliðaður eftir ráðuneytum og stofnunum, og hvaða breytingar urðu milli áranna 2004 og 2005, sundurliðaðar á sama hátt?

**Skriflegt svar óskast.**

## 211. Fyrirspurn [210. mál]

til samgönguráðherra um umferðaröryggi á Kjalarnesi.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

1. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að auka umferðaröryggi á Vesturlandsvegi um Kjalarnes?
2. Hvenær er framkvæmda að vænta og hvenær má búast við að þeim ljúki?

## 212. Fyrirspurn [211. mál]

til menntamálaráðherra um sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvaða skilgreiningu á „efni frá sjálfstæðum framleiðendum“ er stuðst við í 3. gr. draga að samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem ráðherra kynnti í september?
2. Hve miklu fé varði Ríkisútvarpið, sjónvarp árlega árin 1999–2005 til slíks efnis frá sjálfstæðum framleiðendum, annaðhvort með kaupum eða meðframleiðslu?

**Skriflegt svar óskast.**

## 213. Fyrirspurn [212. mál]

til menntamálaráðherra um íslenskt efni á dagskrá Ríkisútvarpsins, sjónvarps.

Frá Merði Árnasyni.

1. Við hvaða skilgreiningu er miðað þegar rætt er um „íslenskt sjónvarpsefni“ í 3. gr. draga að samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem ráðherra kynnti í september?
2. Hvernig skiptist „íslenskt sjónvarpsefni“ á kjörtíma (kl. 19–23) hlutfallslega í efnisflokka á árunum 1999–2005 (fréttir, frétta- og viðburðatengt efni, heimildarmyndir, kynningarmyndir frá fyrirtækjum, leikið efni o.s.frv.)?

**Skriflegt svar óskast.**

## 214. Fyrirspurn [213. mál]

til félagsmálaráðherra um foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Frá Gunnari Örlygssyni.

1. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir lagasetningu sem tryggir öllum foreldrum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sömu réttindi og felast í lögum nr. 22 12. apríl 2006?
2. Hvenær má búast við aðgerðum af hálfu ráðherra í þessu máli?

**Skriflegt svar óskast.**

## 215. Fyrirspurn [214. mál]

til samgönguráðherra um umferðaröryggismál.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er ökuleyfisaldurinn í löndum innan OECD?
2. Telur ráðherra koma til greina að hækka ökuleyfisaldurinn hér á landi í 18 ár?
3. Hver er skoðun ráðherra á því að takmarka leyfi ungra ökumanna t.d. fyrstu 2–3 árin eftir að þeir fá ökupróf við akstur á kraftminni bílum?
4. Telur ráðherra rétt að breyta þeim reglum sem gilda um vínandamagn í blóði ökumanns og hvaða reglur gilda um það annars staðar á Norðurlöndunum?
5. Eru uppi áform um að herða sektir eða refsingu vegna alvarlegra umferðarlagabrota og hvernig er þeim háttað hér á landi samanborið við önnur ríki á Norðurlöndum?
6. Hvaða áhrif hefur það haft á umferðaröryggi að allir þungaflutningar eru nú á þjóðvegum?
7. Telur ráðherra koma til greina til forvarna gegn umferðarslysum að merkja sérstaklega þá staði þar sem banaslys verða í umferðinni eins og sums staðar er gert erlendis?

**Skriflegt svar óskast.**

## 216. Fyrirspurn [215. mál]

til samgönguráðherra um Flugmálastjórn Íslands.

Frá Þórdísi Sigurðardóttur.

Hvenær er þess að vænta að Flugmálastjórn Íslands taki yfir flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar?

## 217. Fyrirspurn [216. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu vegna umferðaröryggis.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu margir lögreglumenn starfa nú hjá ríkislögreglustjóra eingöngu:
   a. við umferðaröryggismál,
   b. við efnahagsbrot,
   c. í sérsveitum og greiningardeildum?
2. Hvert var hlutfall lögreglumanna af heildarfjölda þeirra sem eingöngu störfuðu við umferðaröryggisgæslu árin 1990, 2000 og 2006?

3. Hver var bílaeign landsmanna árin 1975, 1985, 1995 og 2006 og hve margir löggæslumenn störfuðu eingöngu að umferðaröryggismálum á þessum árum?
4. Hversu mörg stöðugildi eru nú í umferðardeild ríkislögreglustjóra og hve hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda embættisins?
5. Hversu hátt hlutfall af öllum kærum vegna umferðarlagabrota er tilkomið vegna löggæslumyndavéla annars vegar og hins vegar vegna umferðargæslu lögreglunnar?
6. Hver var fjöldi og hlutfall alvarlegra umferðarlagabrota, þ.e. ölvunaraksturs annars vegar og hraðaksturs hins vegar, samanborið við minni háttar umferðarlagabrot árin 1990, 2000 og 2006?

**Skriflegt svar óskast.**

## 218. Fyrirspurn [217. mál]

til menntamálaráðherra um stuðning atvinnulífsins við háskóla.

Frá Sæunni Stefánsdóttur.

Hver er afstaða ráðherra til þeirrar hugmyndar að auka stuðning atvinnulífsins við háskóla með því að gera slík framlög frádráttarbær frá skatti?

## 219. Fyrirspurn [218. mál]

til menntamálaráðherra um framboð verk- og tækninám.

Frá Sæunni Stefánsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að framboð verk- og tækninám verði bætt?

# 220. Frumvarp til laga [219. mál]

um gatnagerðargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

*Markmið laganna.*

Markmið laga þessara er að lögbinda gjaldstofn fyrir sveitarfélög til töku sérstaks skatts, gatnagerðargjalds, af fasteignum og rétt sveitarfélaga til að ákveða innan marka laganna hvernig sá gjaldstofn er nýttur.

2. gr.

*Gjaldskylda.*

Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum og ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

3. gr.

*Gjaldstofn gatnagerðargjalds.*

Sveitarstjórn skal innheimta gatnagerðargjald af fasteignum í þéttbýli eins og það er afmarkað hverju sinni samkvæmt staðfestri skipulagsáætlun.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð og getur sveitarstjórn ákveðið hann á eftirfarandi hátt í samþykkt, sbr. 12. gr.:

a. Þegar sveitarstjórn úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð skal leggja á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirra bygginga sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
b. Verði ekki lagt á gatnagerðargjald skv. a-lið, eða ef veitt er byggingarleyfi fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, skal við útgáfu byggingarleyfis leggja á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Gatnagerðargjald skal innheimt vegna stækkunar byggingar sem nemur fermetrafjölda stækkunar, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 5. gr.

Gatnagerðargjald skal innheimt ef reist er ný og stærri bygging í stað annarrar á sömu lóð sem stækkuninni nemur. Gildir þessi regla um byggingar sem samþykkt er byggingarleyfi fyrir allt að fimm árum eftir að leyfi er gefið fyrir niðurrifi byggingar. Að öðrum kosti skal greiða fullt gatnagerðargjald. Ef hin nýja bygging er annarrar tegundar eða til annarrar notkunar en hið eldra húsnæði gilda ákvæði 5. mgr. þessarar greinar.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun byggingar þannig að hún færist í hærri gjaldflokk samkvæmt samþykkt sveitarfélagsins, sbr. 4. gr., skal greiða gatnagerðargjald að því marki sem það er ekki innifalið í því gatnagerðargjaldi sem þegar hefur verið greitt. Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færist í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

4. gr.

*Fjárhæð gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald er 15% af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987,

um vísitölu byggingarkostnaðar, nema sveitarstjórn hafi mælt fyrir um lægra gjald í samþykkt sinni, sbr. 2. mgr.

Sveitarstjórn skal í samþykkt sinni, sbr. 12. gr., ákveða hundraðshluta gatnagerðargjalds sem leggst á gjaldstofn þann sem mælt er fyrir um í 3. gr. Gjaldið má aldrei vera hærra en mælt er fyrir um í 1. mgr.

5. gr.

*Almenn lækkunarheimild.*

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt sinni um gatnagerðargjald, sbr. 12. gr., að mishátt gatnagerðargjald skuli greiða vegna eftirtalinna bygginga eftir notkun:

1. Íbúðarhúsnæðis.
2. Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæðis.
3. Iðnaðar- og geymsluhúsnæðis og annars atvinnuhúsnæðis.
4. Annarra bygginga.

Sveitarstjórn er einnig heimilt að ákveða í samþykkt sinni um gatnagerðargjald að gjald af íbúðarhúsnæði megi vera mishátt eftir því hvort um er að ræða:

1. Einbýlishús.
2. Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús.
3. Fjölbýlishús.

Sveitarstjórn er einnig heimilt að ákveða í samþykkt sinni um gatnagerðargjald að lækka eða fella niður gatnagerðargjald:

1. Þegar grafið er út kjallararými íbúðarhúsa enda sé húsrýmið gluggalaust og aðeins gengt í það innan frá.
2. Af yfirbyggðum göngugötum eða léttum tengibyggingum í eða á milli verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæðis sem teljast til sameignar viðkomandi húsnæðis og eru til almenningsnota á afgreiðslutíma. Skilyrði þessa er þó að húsnæði sem yfirbygging eða tengibygging er byggð við sé svo sjálfstætt að það fullnægi kröfum byggingarlaga og byggingarreglugerðar án hennar og jafnframt að yfirbyggingin eða tengibyggingin sé þannig úr garði gerð að hún fullnægi ekki ein og sér kröfum byggingarlaga og byggingarreglugerðar.
3. Vegna stækkunar íbúðarhúss sem er a.m.k. 15 ára enda nemi stækkunin ekki meira en 30 fermetrum á hverja íbúð á hverju 10 ára tímabili. Tilheyri stækkunin sameign fjöleignarhúss skal meta hana eins og ef um stækkun vegna einnar íbúðar væri að ræða.
4. Svalaskýla íbúðarhúsa sem eru 20 fermetrar eða minni.
5. Sameiginlegra bifreiðageymslna fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar.
6. Óeinangraðra smáhýsa sem eru minni en 6 fermetrar.

6. gr.

*Sérstök lækkunarheimild.*

Sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði.

Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að lækka eða fella niður gjöld vegna sérhæfðs félagslegs húsnæðis, svo sem sambýla fyrir fatlaða, þjónustuíbúða fyrir aldraða og félagslegs leiguhúsnæðis enda sé slíkt húsnæði í eigu stofnana, félagasamtaka eða félaga sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Þinglýsa skal kvöð á umrætt húsnæði um að greiða skuli gatnagerðargjald af því ef það fellur af einhverjum ástæðum ekki lengur undir ákvæði þetta, til dæmis vegna sölu

þess til annarra nota. Skal þá gjaldagi gatnagerðargjalds miðast við afhendingu húsnæðis til annarra nota.

Sveitarstjórn er heimilt að mæla nánar fyrir um skilyrði framangreindra lækkunarheimilda í samþykkt sinni um gatnagerðargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr.

7. gr.

*Gjalddagi og eindagi gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald skv. a-lið 2. mgr. 3. gr. fellur í gjalddaga við úthlutun lóðar eða sölu byggingarréttar sem er í eigu sveitarfélags eða sveitarfélagið hefur ráðstöfunarrétt á. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Gatnagerðargjald skv. b-lið 2. mgr. 3. gr. og 5. mgr. 3. gr. fellur í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis. Eindagi er hinn sami og gjalddagi.

Sveitarstjórn getur í samþykkt sinni um gatnagerðargjald ákveðið gjalddaga og eindaga gatnagerðargjalds með öðrum hætti. Sveitarstjórn er heimilt að mæla svo fyrir í samþykkt sinni að gjaldið skuli innheimt á fleiri en einum gjalddaga.

8. gr.

*Innheimta vangreidds gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald ber dráttarvexti samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

Gatnagerðargjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga. Gatnagerðargjald er aðfararhæft án undangengins dóms eða stjórnvaldsúrskurðar.

Sveitarstjórn er heimilt að afturkalla lóðarúthlutun ef lóðarhafi greiðir ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma, enda sé kveðið á um það í úthlutunar- eða byggingarskilmálum. Sveitarstjórn skal með 30 daga fyrirvara senda lóðarhafa með sannanlegum hætti viðvörun um hina fyrirhuguðu afturköllun áður en lóðarúthlutun er afturkölluð.

9. gr.

*Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

Sveitarfélagi ber að endurgreiða gatnagerðargjald innan 30 daga ef lóðarúthlutun er afturkölluð eða ógilt eða lóð er skilað. Fjárhæð gatnagerðargjalds sem greidd var skal verðbætt miðað við vísitölu neysluverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags. Við greiðsludrátt reiknast dráttarvextir á fjárhæðina samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

10. gr.

*Um ráðstöfun gatnagerðargjalds.*

Sveitarstjórn skal verja gatnagerðargjaldi til gatnagerðar í sveitarfélaginu og til viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja. Ráðstöfun til viðhalds er óháð eignarhaldi gatna.

Um skyldu sveitarstjórnar til gatnagerðar og viðhalds gatna fer eftir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

11. gr.
*Kæruheimild.*

Aðili máls getur skotið ákvörðun sveitarstjórnar samkvæmt lögum þessum til úrskurðar félagsmálaráðherra. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðunina. Kæruheimild þessi skerðir þó eigi rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

Komist ráðherra að þeirri niðurstöðu að ákvörðun sveitarfélags hafi ekki verið í samræmi við lög getur hann ógilt ákvörðunina og eftir atvikum lagt fyrir sveitarstjórn að taka nýja ákvörðun.

12. gr.
*Samþykkt sveitarfélags um gatnagerðargjald og birting hennar.*

Sveitarstjórn skal setja samþykkt um gatnagerðargjald fyrir sveitarfélagið þar sem eftir atvikum er kveðið á um álagningu gjaldsins, undanþágur frá því og afslætti, gjalddaga og eindaga gjaldsins, greiðslufyrirkomulag og annað er varðar innheimtu þess.

Samþykktina skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

13. gr.
*Gildistaka og lagaskil.*

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2007. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 17/1996, um gatnagerðargjald.

Um álagningu og innheimtu gatnagerðargjalds sem gjaldfallið er í tíð eldri laga fer samkvæmt þeim lögum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Samningar um gatnagerðargjald af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarstjórnir, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald sem sveitarstjórn hefur sett og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði laga þessara, nema aðilar séu um annað sáttir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**1. Inngangur.**

Frumvarp þetta er samið fyrir tilstuðlan félagsmálaráðherra. Með erindisbréfi, dags. 30. október 2003, skipaði félagsmálaráðherra fjögurra manna nefnd til að endurskoða lög nr. 17/1996, um gatnagerðargjald. Í nefndinni áttu sæti Sigurður Óli Kolbeinsson, sviðsstjóri lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kristbjörg Stephensen, skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu Reykjavíkurborgar, Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneyti, og Guðmundur Ómar Hafsteinsson héraðsdómslögmaður sem var formaður. Einnig störfuðu fyrir nefndina Lárus Bollason, deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, Dýrleif Kristjánsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, og Lárus M. Ólafsson, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu. Nefndin aflaði sér einnig álits Páls Hreinssonar prófessors á einstökum þáttum frumvarpsins. Þá studdist nefndin jafnframt við ráðgjöf frá sérfræðingum hinna ýmsu sveitarfélaga varðandi tæknileg atriði og kannaði sérstaklega framkvæmd álagningar gatnagerðargjalds hjá einstökum sveitarfélögum.

**2. Þróun laga um gatnagerðargjald.**

Almenn lög um gatnagerðargjald voru fyrst sett með lögum nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld, en fyrir setningu laganna höfðu hins vegar verið í gildi einstaka lög sem tryggðu til-

teknum sveitarfélögum fjármagn til slíkra framkvæmda, til dæmis lög nr. 42/1911, um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl. Megineinkenni laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, var skilgreining gatnagerðargjalds sem þjónustugjalds og skipting gatnagerðargjalds í svokölluð A- og B-gatnagerðargjöld.

Lög um gatnagerðargjald voru endurskoðuð um miðjan tíunda áratug síðustu aldar og árið 1996 voru lögfest ný lög um gatnagerðargjald, nr. 17/1996. Lög nr. 17/1996 fólu í sér nokkrar grundvallarbreytingar frá því réttarástandi sem lögfest var með lögum nr. 51/1974. Í fyrsta lagi var aflögð tvískipting gatnagerðargjalds og voru B-gatnagerðargjöld að mestu lögð niður. Í öðru lagi var ráðstöfun gatnagerðagjalds ekki lengur bundin við gerð gatna við þær lóðir eða mannvirki sem gatnagerðargjald var innheimt af. Í þriðja lagi var hámark gatnagerðargjalds afmarkað með þeim hætti að það gat numið allt að 15% af heildarbyggingarkostnaði samsvarandi einingar í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann var hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Loks var mælt fyrir um að ein reglugerð um gatnagerðargjald skyldi gilda fyrir landið allt en ekki reglugerð eða samþykkt fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig.

**3. Meginmarkmið frumvarpsins.**

Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar var markmið endurskoðunar laga nr. 17/1996 að eyða óvissuþáttum sem upp höfðu komið við framkvæmd laganna, ekki síst um það hvort gatnagerðargjald teldist þjónustugjald eða skattur.

Í lögum nr. 17/1996, um gatnagerðargjald, og lögskýringargögnum með þeim er gengið út frá því að gatnagerðargjald teljist til þjónustugjalda. Studdist sú túlkun einnig við eldri réttarframkvæmd. Á undanförnum árum hefur hins vegar verið á það bent, meðal annars í skrifum fræðimanna, að gatnagerðargjald beri viss einkenni skatta. Jafnframt hefur á þetta reynt í úrskurðum félagsmálaráðuneytisins og fyrir dómstólum, meðal annars í dómi Hæstaréttar í máli nr. 415/2005 þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun um fjárhæð gatnagerðargjalds lyti hefðbundnum skattalegum sjónarmiðum. Er brýnt að skýrt sé ákvarðað í lögum um gatnagerðargjald á hvaða grunni gjaldtökuheimildin er reist. Það er markmið frumvarps þessa að eyða allri óvissu um slíkt og skjóta styrkari stoðum undir innheimtu gatnagerðargjalds. Þá hefur einnig reynt á það fyrir dómstólum og í úrskurðum félagsmálaráðuneytisins hvort heimilt sé að innheimta gatnagerðargjald í dreifbýli, en ekki er kveðið með skýrum hætti á um hvort slíkt sé heimilt eða óheimilt í núgildandi lögum. Með frumvarpi þessu er tekinn af allur vafi um það að gatnagerðargjald verði aðeins lagt á byggingar í þéttbýli sem er í samræmi við dómaframkvæmd.

Að lokum er það einnig markmið með frumvarpi þessu að einfalda útreikninga á gatnagerðargjaldi, meðal annars með það fyrir augum að samræma gjaldtökuna milli einstakra sveitarfélaga og auðvelda samanburð.

**4. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.**

**4.1 Gatnagerðargjald telst skattur.**

Í frumvarpi þessu er sett fram sú grundvallarskilgreining að gatnagerðargjald teljist skattur. Eftir gildistöku laga nr. 17/1996 hefur ríkt ákveðin óvissa um grundvöll innheimtu gatnagerðargjalds, nánar tiltekið hvort gatnagerðargjald sé þjónustugjald eða skattur. Þeirri óvissu hefur nú að mestu verið eytt með dómi Hæstaréttar í máli nr. 415/2005. Er því ekki um grundvallarbreytingu að ræða á gildandi réttarástandi, en rétt þykir þó að skilgreina gatnagerðargjald í lögum með skýrum hætti sem skatt og treysta stoðir álagningar gatna-

gerðargjalds þannig að þær uppfylli fyllilega kröfur sem gerðar eru til skattlagningarheimilda.

**4.2. Flatarmál húsnæðis og heimilt byggingarmagn.**

Með frumvarpinu er lagt til að eingöngu verði miðað við flatarmál byggingar við útreikning gatnagerðargjalds, í stað þess að veita sveitarstjórnum val milli flatarmáls lóðar, rúmmáls húss og fermetrafjölda húss eða blöndu af þessum leiðum, líkt og gert er í núgildandi lögum. Það er markmið með frumvarpi þessu að einfalda álagningu gatnagerðargjalds en um leið viðhalda því svigrúmi sem sveitarfélög hafa haft til álagningar gatnagerðargjalds. Var það ekki talið skerða svigrúm til álagningar gatnagerðargjalds þótt fyrrnefnt val væri aflagt. Þvert á móti gerir frumvarpið ráð fyrir að sveitarfélög hafi rúmar heimildir til reglusetningar um gatnagerðargjald, meðal annars með tilliti til heimildar sveitarfélaga til ákvörðunar álagningarprósentu, sem og almennum og sérstökum lækkunarheimildum. Afmarkaðri grunnur gatnagerðargjalda mun hins vegar einfalda til muna alla álagningu gatnagerðargjalds, auka fyrirsjáanleika og gegnsæi og auðvelda samanburð á milli sveitarfélaga.

Þá er lögð til sú breyting að við úthlutun lóðar eða sölu byggingarréttar skuli gatnagerðargjald miðast við flatarmál þeirrar byggingar sem heimilt er að byggja á viðkomandi lóð, eða heimilt byggingarmagn, í stað flatarmáls samkvæmt byggingarleyfi eins og gert er í núgildandi lögum. Markmið þessarar breytingar er fyrst og fremst að einfalda álagningu gatnagerðargjalds. Þegar ekki er um að ræða úthlutun lóðar eða sölu byggingarréttar skal miða við fermetrafjölda samkvæmt samþykktu byggingarleyfi.

**4.3. Meginregla frumvarpsins um gjaldtöku og almennar og sérstakar lækkunarheimildir.**

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að fjárhæð gatnagerðargjalds nemi 15% af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar. Er þetta sama hlutfall og markar hámark gatnagerðargjalds í núgildandi lögum. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að hverju sveitarfélagi beri að setja sér sérstaka samþykkt eða gjaldskrá þar sem fjárhæð gatnagerðargjalds er afmörkuð sem hlutfall af fyrrnefndum grunni. Að öðrum kosti standi lögin sem sjálfstæð skattlagningarheimild.

Í samræmi við gildandi réttarástand heimilar frumvarpið einnig að sveitarfélög ákveði mishátt gatnagerðargjald fyrir einstakar tegundir húsnæðis á grundvelli almennra lækkunarheimilda. Að lokum heimilar frumvarpið sveitarfélögum einnig að lækka innheimt gatnagerðargjald í einstökum tilvikum.

**4.4. Innheimta gatnagerðargjalds verði bundin við þéttbýli.**

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er tekið af skarið um að innheimta gatnagerðargjalds sé bundin við þéttbýli sveitarfélags eins og það er skilgreint hverju sinni samkvæmt samþykktri skipulagsáætlun. Ákvæði þetta felur ekki sér efnisbreytingu frá því sem talinn hefur verið gildandi réttur, en hefur það að markmiði eins og áður segir að taka af öll tvímæli um þetta atriði.

**4.5. Aðrar breytingar.**

Að lokum má nefna nokkrar minni háttar breytingar. Í frumvarpi þessu er kveðið á um reglu um innheimtu gatnagerðargjalds vegna byggingar húss á lóð þar sem eldra hús hefur áður verið rifið. Um þetta atriði vísast til umfjöllunar um 4. mgr. 3. gr.

Kæruheimild til ráðherra er óbreytt, en kveðið er sérstaklega á um heimild félagsmálaráðherra til að ógilda ákvörðun um álagningu gatnagerðargjalds og heimild til að leggja það fyrir sveitarstjórn að taka nýja ákvörðun.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er að finna markmið laganna. Í ákvæðinu er kveðið á um að gatnagerðargjald teljist skattur. Sömuleiðis kemur þar fram að ráðstöfun gatnagerðargjalds sé háð tilteknum takmörkunum, þ.e. að gatnagerðargjald sé svonefndur markaður tekjustofn.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um hver sé greiðandi gatnagerðargjalds eða gjaldskyldur aðili samkvæmt lögunum. Eins og gerð verður nánar grein fyrir í umfjöllun um 3. gr. eru gjaldskyldir aðilar annars vegar lóðarhafi, nánar tiltekið sá aðili sem hefur verið úthlutað lóð eða keypt byggingarrétt á lóð, og hins vegar aðilar sem sótt hafa um byggingarleyfi til dæmis fyrir stækkun húss eða byggingu nýs húss þar sem áður stóð gamalt.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um hver sé gjaldstofn gatnagerðargjalds.

Samkvæmt 1. mgr. er í fyrsta lagi afmarkað af hvaða fasteignum landsins innheimta skuli gatnagerðargjald. Er þar tekið af skarið um að eingöngu skuli innheimta gatnagerðargjald af lóðum og húsum í þéttbýli eins og það er afmarkað samkvæmt samþykktri skipulagsáætlun hverju sinni. Meðal markmiða með þessari málsgrein er að lögfesta með skýrum hætti að ekki sé heimilt að leggja á gatnagerðargjald í dreifbýli. Varðandi skil dreifbýlis og þéttbýlis afmarkast þau af ákvæðum skipulags- og byggingarlaga á hverjum tíma, en samkvæmt núgildandi lögum er þéttbýli skilgreint sem þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Í 2. mgr. er skilgreint hver sé stofn til álagningar gatnagerðargjalds, en hann er fermetrafjöldi þeirrar byggingar sem fyrirhugað er að reisa á viðkomandi lóð. Ákvæðið felur í sér þá grundvallarbreytingu frá núverandi réttarástandi að eingöngu skuli miða við fermetrafjölda byggingar, en þegar hefur verið gerð grein fyrir þeirri breytingu og forsendum hennar í umfjöllun í kafla 4.2 í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Samkvæmt ákvæðinu skal fermetrafjöldi byggingar ákvarðaður með tvennum hætti. Annars vegar skal líta til fermetrafjölda þeirra byggingar sem samkvæmt deiliskipulagi er heimilt að reisa á viðkomandi lóð, oft nefnt heimilt byggingarmagn. Hins vegar skal í þeim tilvikum sem ekki hefur verið úthlutað lóð eða seldur byggingarréttur miða við fermetrafjölda samkvæmt byggingarleyfi. Er hér til dæmis átt við breytingar og viðbyggingar við eldri hús þegar byggingarleyfi er gefið út í eldra hverfi án undangenginnar lóðarúthlutunar og sambærileg tilvik.

Í 3.–5. mgr. er að finna nánari útfærslu á reglum um gjaldstofn gatnagerðargjalds. Samkvæmt 3. mgr. skal innheimta gatnagerðargjald af stækkun húss, til dæmis vegna viðbyggingar. Þó ber til þess að líta að í þeim tilvikum þegar greitt hefur verið gatnagerðargjald samkvæmt heimilu byggingarmagni skal eingöngu innheimta gatnagerðargjald vegna stækkunar byggingar, sbr. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins, eða nýbyggingar, sbr. 4. mgr. 3. gr., að því marki sem það er ekki innifalið í því gatnagerðargjaldi sem þegar hefur verið greitt fyrir viðkomandi byggingu. Sem dæmi um hið fyrrnefnda má nefna þegar eingöngu hefur verið byggður hluti þess fermetrafjölda sem heimilt var að byggja á viðkomandi lóð. Komi til þess

að sótt verði um byggingarleyfi fyrir stækkun umræddds húss yrði ekki innheimt gatnagerðargjald vegna stækkunarinnar svo lengi sem hún rúmaðist innan þess fermetrafjölda, eða byggingarmagns sem upphaflega var heimilt að byggja á lóðinni.

Loks skal vakin athygli á reglu 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins þar sem sveitarfélögum er heimilað að undanskilja tiltekin rými og tegundir húsnæðis gjaldskyldu, að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum.

Í 4. mgr. er byggt á því sem meginreglu að þegar hús hefur verið rifið og sótt er um byggingarleyfi fyrir stærra húsnæði á sömu lóð verði eingöngu innheimt gatnagerðargjald sem stækkuninni nemur. Til dæmis felur ákvæðið í sér að ef hús er keypt til niðurrifs eigi viðkomandi eigandi eða lóðarhafi „inneign“ sem nemur stærð hins fjarlægða húss þegar kemur að álagningu gatnagerðargjalds vegna nýbyggingarinnar. Ef sveitarfélag kýs að nýta sér heimildir 5. gr. frumvarpsins og ákvarða mismunandi álagningu gatnagerðargjalds á einstakar tegundir húsnæðis er jafnframt gert ráð fyrir að eigandi húsnæðisins eigi inneign sem nemur gatnagerðargjaldi af sams konar húsnæði og rifið var, miðað við gildandi gjaldskrá þess tíma þegar nýtt byggingarleyfi er gefið út. Ef gatnagerðargjald af nýju húsnæði er hærra en framangreind inneign skal mismunur innheimtur. Gildir þessi inneign í fimm ár frá því að leyfi var gefið fyrir niðurrifi hins fjarlægða húss en fellur niður að þeim tíma liðnum.

Í 5. mgr. er fjallað um gjaldtöku vegna breytinga á notkun húsnæðis. Hér er til dæmis átt við breytingu húsnæðis úr verslunar- og skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði, en um flokkun húsnæðis vísast til umfjöllunar um 5. gr. Er gert ráð fyrir að í þeim tilvikum þegar sótt er um byggingarleyfi fyrir breytingu á notkun húsnæðis, sem leiðir til þess að húsnæðið færist í hærri gjaldflokk samkvæmt samþykkt sveitarfélags, stofnist krafa um greiðslu gatnagerðargjalds. Gjalddagi gatnagerðargjalds samkvæmt ákvæðinu skal almennt vera við samþykki byggingarleyfis fyrir breyttum notum viðkomandi húsnæðis.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna reglu sem afmarkar grunnálagningu gatnagerðargjalds. Ákvæðið gerir ráð fyrir að gatnagerðargjald skuli vera 15% af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar. Er þetta sama viðmiðun gatnagerðargjalds og í núgildandi lögum, en þar er þessi viðmiðun sett fram sem hámark gatnagerðargjalds. Í frumvarpi þessu er hins vegar gert ráð fyrir annarri nálgun við álagningu gatnagerðargjaldsins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að fyrrnefnd viðmiðunarfjárhæð sé grunnfjárhæð gatnagerðargjalds fyrir hvern fermetra, en í 2. mgr. er síðan lögð sú skylda á sveitarfélög að ákveða hvert fyrir sig, með sérstakri samþykkt, gatnagerðargjald af einstökum flokkum húsnæðis í sveitarfélaginu. Er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin ákveði gatnagerðargjald sem hlutfall af fyrrnefndri grunnfjárhæð.

Þrátt fyrir skyldu sveitarfélaga til ákvörðunar álagningarprósentu gerir frumvarpið engu síður ráð fyrir að lögin geti staðið sem sjálfstæð skattlagningarheimild, til dæmis þar sem misbrestur er á að samþykkt sé sett eða á annarri ákvarðanatöku um gatnagerðargjald í viðkomandi sveitarfélagi.

Um 5. gr.

Í greininni er að finna almenna heimild til lækkunar á gatnagerðargjaldi frá grunngatnagerðargjaldi skv. 4. gr. Eru þar settir fram einstakir flokkar húsnæðis. Flokkun húsnæðis er að mestu í samræmi við gildandi lög og þær venjur sem skapast hafa um flokkun húsnæðis í gjaldskrám einstakra sveitarfélaga. Jafnframt er í ákvæðinu sett fram heimild til lækkunar

eða niðurfellingar gatnagerðargjalds í einstökum tilvikum. Við afmörkun þessara undanþágureglna var einnig stuðst við venjur í réttarframkvæmd.

Í 1. mgr. er sett fram grunnflokkun húsnæðis samkvæmt frumvarpinu. Flokkunin gerir ráð fyrir að heimilt sé að leggja mismunandi gatnagerðargjald á íbúðarhúsnæði, verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæði, iðnaðar- og geymsluhúsnæði og annað atvinnuhúsnæði og að lokum aðrar byggingar. Orðið íbúðarhúsnæði í 1. tölul. þarfnast ekki skýringa. Sama gildir um verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sbr. 2. tölul., en með þjónustuhúsnæði er til dæmis átt við hárgreiðslustofur og líkamsræktarstöðvar. Iðnaðar- og geymsluhúsnæði og annað atvinnuhúsnæði tekur til húsnæðis sem hýsir annars konar iðnaðarstarfsemi, til dæmis verkstæði, verksmiðjur, vöruskemmur, olíutankar og húsnæði sem hýsir annan atvinnurekstur sem ekki fellur undir 2. tölul. 1. mgr. Flokkurinn aðrar byggingar, sbr. 4. tölul., felur í sér safnhugtak fyrir húsnæði sem ekki fellur undir 1.–3. tölul. 1. mgr. Er hér meðal annars átt við ýmiss konar húsnæði sem hýsir almannaþjónustu, svo sem skóla, íþróttahús, kirkjur og þess háttar.

Önnur málsgreinin geymir heimild til frekari flokkunar íbúðarhúsnæðis í samþykkt sveitarfélags, þ.e. í einbýlishús, sbr. 1. tölul., par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús, sbr. 2. tölul., og að lokum fjölbýlishús, sbr. 3. tölul.

Í 3. mgr. er að finna heimild til að lækka eða fella niður gatnagerðargjald vegna tiltekinna aðstæðna. Við val á þeim tilvikum sem tilgreind eru í ákvæðinu var einkum stuðst við áþreifanleg dæmi sem komið hafa upp við álagningu gatnagerðargjalds, en einstakir töluliðir þarfnast ekki skýringa. Rétt er þó að taka fram að í 6. tölul. er einkum átt við frístandandi smáhýsi á lóð annars húss, svo sem litla geymsluskúra.

Um 6. gr.

Í greininni er að finna sérstaka lækkunarheimild þar sem sveitarfélögum er veitt heimild til þess að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður. Er gert ráð fyrir að ákvarðanir um slíkt verði teknar með sérstökum stjórnvaldsákvörðunum hverju sinni.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að sveitarfélögum sé veitt tiltekið svigrúm til lækkunar eða niðurfellingar gatnagerðargjalds af skipulagsástæðum.

Í 2. mgr. er lagt til að sveitarfélögum verði heimilað að lækka eða fella niður gjöld vegna sérhæfðs félagslegs húsnæðis sem ekki er rekið í ágóðaskyni. Sem dæmi um slíkt húsnæði má nefna sambýli fyrir fatlaða, þjónustuíbúðir fyrir aldraða og félagslegt leiguhúsnæði. Ákvæðið gerir ráð fyrir að í kjölfar samþykktar slíkrar undanþágu verði þinglýst sérstakri kvöð á viðkomandi húsnæði um undanþágu frá gatnagerðargjaldi. Komi til þess að umrætt húsnæði verði tekið til annarra nota, sem ekki falla undir ákvæði 2. mgr., er gert ráð fyrir að kvöðinni verði aflýst og eigendur húsnæðisins greiði gatnagerðargjald vegna þess. Miðað er við að gjalddagi gatnagerðargjalds samkvæmt ákvæðinu sé afhendingardagur eignarinnar til breyttra nota.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að einstakar ákvarðanir um niðurfellingu eða lækkun samkvæmt þessari grein verði teknar með sérstakri stjórnvaldsákvörðun, er skv. 3. mgr. gert ráð fyrir að sveitarfélög setji reglur í samþykkt sína um nánari útfærslu slíkra undanþáguheimilda. Er tilgangur þessa meðal annars að auka gegnsæi og samræmi við ákvarðanatöku um lækkun eða niðurfellingu í viðkomandi sveitarfélagi.

Um 7. gr.

Í greininni er að finna ákvæði varðandi gjalddaga og eindaga gatnagerðargjalds.

Í 1. mgr. er kveðið á um að gjalddagi gatnagerðargjalds skv. a-lið 2. mgr. 3. gr. sé við úthlutun lóðar eða sölu byggingarréttar sem er í eigu sveitarfélags eða sveitarfélagið hefur ráðstöfunarrétt yfir. Eindagi gatnagerðargjalds sem lagt er á skv. a-lið 2. mgr. 3. gr. er 30 dögum eftir gjalddaga.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að gatnagerðargjald sem lagt er á skv. b-lið 2. mgr. og 5. mgr. 3. gr. falli í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis. Greinarmunur þessi á milli gjalddaga er gerður þar sem forsendur álagningar gatnagerðargjalds skv. a-lið 2. mgr. 3. gr. annars vegar og b-lið 2. mgr. og 5. mgr. 3. gr. hins vegar eru ólíkar. Er greinarmunur þessi einnig í samræmi við ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, þar sem kveðið er á um að byggingarleyfi verði ekki gefið út nema eftir greiðslu meðal annars á gatnagerðargjaldi. Eindagi gatnagerðargjalds sem lagt er á skv. b-lið 2. mgr. og 5. mgr. 3. gr. er hinn sami og gjalddagi.

Í 3. mgr. kemur fram að sveitarfélögum sé heimilt að víkja í samþykkt sinni um gatnagerðargjald frá 1. mgr. ákvæðisins og ákveða gjalddaga og eindaga gatnagerðargjalds með öðrum hætti. Þá er sveitarfélögum jafnframt heimilt að mæla svo fyrir í samþykkt sinni að gjaldið skuli innheimt á fleiri en einum gjalddaga. Með þessu er stefnt að því að sveitarfélög hafi ákveðið svigrúm innan ramma laganna til að ákveða gjalddaga og eindaga gatnagerðargjalds í samþykktum um gatnagerðargjald sem sveitastjórn setur.

Um 8. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um innheimtu vangreidds eða ógreidds gatnagerðargjalds.

Í 1. mgr. er kveðið á um að gatnagerðargjald beri dráttarvexti samkvæmt ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá gjalddaga. Ákvæði þetta verður að skoða í samræmi við 7. gr. þar sem mælt er fyrir um eindaga gatnagerðargjalds í 1. og 2. mgr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að gatnagerðargjald ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði sé tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Samkvæmt ákvæðinu er lögveðsrétturinn tryggður í tvö ár frá gjalddaga. Ákvæði þetta er ítarlegra en ákvæði gildandi laga hvað varðar lögveðsrétt og aðfararrétt. Loks er í 2. mgr. kveðið á um að gatnagerðargjald sé aðfararhæft án undangengis dóms eða stjórnvaldsúrskurðar, en rétt þykir að kveða með skýrum hætti á um slíkt í lögum.

Í 3. mgr. er sveitarstjórnum veitt heimild til að afturkalla lóðarúthlutun greiði lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma, enda sé kveðið um það í úthlutunar- eða byggingarskilmálum. Ákvæði þetta ber að túlka í samræmi við ákvæði a-liðar 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 7. gr. þar sem nánar er getið um úthlutun lóðar og gjalddaga gatnagerðargjalds við slíka úthlutun. Málsgrein þessi setur sveitarstjórnum tvö skilyrði vegna afturköllunar á lóðarúthlutun, annars vegar að um sé að ræða drátt á greiðslu gatnagerðargjalds fram yfir tilskilinn tíma og hins vegar að kveðið hafi verið á um slíkt úrræði í úthlutunar- eða byggingarskilmálum. Í 3. mgr. er einnig kveðið á um að sveitarstjórn beri skylda til að tilkynna lóðarhafa um yfirvofandi afturköllun með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Skal það gert með sannanlegum hætti, til dæmis með ábyrgðarbréfi eða símskeyti.

Um 9. gr.

Samkvæmt greininni ber sveitarfélagi að endurgreiða áður innheimt gatnagerðargjald ef lóðarúthlutun er afturkölluð eða ógilt eða lóð skilað. Gjalddagi endurgreiðslunnar er 30 dögum síðar. Í ákvæðinu er jafnframt tekið á því hvernig beri að verðbæta þá fjárhæð sem greidd

var vegna gatnagerðargjalds og skal miðað við vísitölu neysluverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags. Loks skal við drátt á endurgreiðslu sveitarfélags reikna dráttarvexti frá gjalddaga samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðbætur.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er kveðið á um ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Samkvæmt þessari grein frumvarpsins telst gatnagerðargjald markaður tekjustofn fyrir sveitarfélög til að standa straum af gatnagerð sveitarfélagsins. Með orðinu gatnagerð er átt við undirbyggingu gatna, með tilheyrandi lögnum, meðal annars vegna götulýsingar, lagningar bundins slitlags og gangstétta, byggingar umferðareyja og hljóðmana og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir slíku í skipulagi. Er þetta í meginatriðum í samræmi við gildandi lög.

Í greininni er jafnframt lagt til að lögfest verði heimild til að láta gatnagerðargjald standa straum af viðhaldskostnaði gatna í sveitarfélaginu. Ákvæðið felur ekki í sér breytingu frá framkvæmd gildandi laga en rétt þykir að taka af allan vafa hvað þetta snertir. Að lokum er kveðið á um að sveitarfélögum sé heimilt að ráðstafa gatnagerðargerðargjaldi til viðhalds án tillits til eignarhalds gatna.

Loks er í 2. mgr. tekið fram að skylda sveitarstjórna til gatnagerðar og viðhalds gatna fari eftir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Um 11. gr.

Líkt og í núgildandi lögum um gatnagerðargjald er í frumvarpi þessu að finna ákvæði um kæruheimild til félagsmálaráðherra. Í 1. mgr. segir að aðili máls geti skotið stjórnvaldsákvörðun sveitarstjórnar samkvæmt lögum um gatnagerðargjald til úrskurðar félagsmálaráðherra, en kæruheimild þessi skerði þó ekki rétt aðila til þess að höfða mál fyrir dómstólum. Ákvæði þetta er samhljóða ákvæði gildandi laga, sbr. 5. gr. laga nr. 17/1996.

Í 2. mgr. er kveðið nánar á um heimildir félagsmálaráðherra til aðgerða vegna kærumála. Kemur þar fram að komist ráðherra að þeirri niðurstöðu að stjórnvaldsákvörðun sveitarfélags hafi ekki verið í samræmi við lög geti hann ógilt ákvörðunina og eftir atvikum lagt fyrir sveitarstjórn að taka nýja ákvörðun. Eru hlutverk og heimildir félagsmálaráðherra því skilgreind með ítarlegri hætti en áður.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um samþykktir sveitarfélaga um gatnagerðargjald og birtingu þeirra.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarfélags til að setja samþykkt um gatnagerðargjald fyrir sveitarfélagið. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. mgr. 6. gr. gildandi laga um gatnagerðargjald, nr. 17/1996, en í ákvæðinu er mælt með ítarlegri hætti en áður fyrir um það hvaða atriði samþykktin skuli hafi að geyma.

Í 2. mgr. er nánar kveðið á um birtingu samþykktar sveitarstjórnar um gatnagerðargjald en slíka samþykkt ber að birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um gildistöku og lagaskil. Er þar kveðið á um að gildistaka laganna miðist við 1. júlí 2007 og að frá sama tíma falli lög nr. 17/1996, um gatnagerðargjald, jafnframt úr gildi.

Í 2. mgr. er kveðið nánar á um lagaskil en ákvæðið gerir ráð fyrir að gjalddagi gatnagerðargjalda ráði því hvort um álagningu og innheimtu gatnagerðargjalds fari samkvæmt núgildandi lögum eða frumvarpi þessu. Falli gatnagerðargjald í gjalddaga fyrir 1. júlí 2007

samkvæmt núgildandi lögum skal því fara samkvæmt ákvæðum þeirra laga um álagningu gjaldsins og innheimtu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í núgildandi lögum. Í ákvæðinu er kveðið á um að þeir skilmálar um gatnagerðargjald, sem sveitarstjórn hefur ákveðið við úthlutun lóðar og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur fallist á, skuli ekki víkja fyrir ákvæðum nýrra laga ef þeir eru þeim ósamrýmanlegir. Sama gildir um gerða samninga um gatnagerðargjald af tilteknum lóðum og samninga um greiðsluskilmála. Lóðarhafa og sveitarstjórn er hins vegar heimilt samkvæmt ákvæðinu að semja um að álagning og innheimta gatnagerðargjalds fari samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa.

## Fylgiskjal I.

*Félagsmálaráðuneyti,*
*skrifstofa sveitarstjórnarmála:*

**Mat á áhrifum frumvarps til laga um gatnagerðargjald.**
(Gert í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 31. desember 2005.)

Þær breytingar frá gildandi lögum um gatnagerðargjald, nr. 17/1996, sem lagðar eru til í frumvarpinu miða einkum að því að eyða óvissuþáttum sem upp hafa komið við framkvæmd laganna, einkum um það hvort gatnagerðargjald teljist þjónustugjald eða skattur. Í frumvarpinu er sett fram sú grundvallarskilgreining að gatnagerðargjald teljist skattur og sömuleiðis kemur þar fram að ráðstöfun gatnagerðargjalds sé háð tilteknum takmörkunum, þ.e. að gatnagerðargjald sé markaður tekjustofn. Frumvarpið miðar jafnframt að því að að einfalda útreikninga á gatnagerðargjaldi, meðal annars með það fyrir augum að samræma gjaldtökuna milli einstakra sveitarfélaga og auðvelda samanburð.

Með frumvarpinu er lagt til að eingöngu verði miðað við flatarmál byggingar við útreikning gatnagerðargjalds, í stað þess að veita sveitarstjórnum val milli flatarmáls lóðar, rúmmáls húss og fermetrafjölda húss eða blöndu af þessum leiðum, líkt og gert er í núgildandi lögum. Breytingin er ekki talin skerða svigrúm sveitarfélaga til álagningar gatnagerðargjalds þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarfélög hafi rúmar heimildir til reglusetningar um gatnagerðargjald, meðal annars með tilliti til heimildar til ákvörðunar álagningarprósentu, sem og almennum og sérstökum lækkunarheimildum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fjárhæð gatnagerðargjalds nemi 15% af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar. Er þetta sama hlutfall og markar hámark gatnagerðargjalds í núgildandi lögum. Til að auka fyrirsjáanleika og gegnsæi er í frumvarpinu hins vegar gert ráð fyrir því að hvert sveitarfélag setji sér sérstaka samþykkt eða gjaldskrá þar sem fjárhæð gatnagerðargjalds er afmörkuð sem hlutfall af fyrrnefndum grunni.

Í samræmi við gildandi réttarástand heimilar frumvarpið einnig að sveitarfélög ákveði mishátt gatnagerðargjald fyrir einstakar tegundir húsnæðis á grundvelli almennra lækkunar

heimilda. Að lokum heimilar frumvarpið sveitarfélögum einnig að lækka innheimt gatnagerðargjald í einstökum tilvikum.

Að framansögðu verður ekki séð að frumvarpið skerði möguleika sveitarfélaga til að innheimta gatnagerðargjöld né að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin.

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um gatnagerðargjald.**

Í frumvarpinu er gatnagerðargjald skilgreint sem skattur af fasteignum í þéttbýli sem er í samræmi við dómaframkvæmd. Þá er lagt til í frumvarpinu að álagning gatnagerðargjalds verði einfölduð og leitast við að auðvelda samanburð á álagningu gjaldsins á milli sveitarfélaga en um leið að viðhalda því svigrúmi sem þau hafa í gildandi lögum til að ákvarða álagningarhlutfall og beitingu lækkunarheimilda við sérstakar aðstæður.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs þar sem það felur ekki í sér neinar breytingar á skyldum ríkissjóðs eða stofnana þess til greiðslu gatnagerðargjalds.

# 221. Frumvarp til laga [220. mál]

um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI

**Breytingar á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 3. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Sama gildir um húsnæði í skipulagðri frístundabyggð.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Síðari málsliður 3. mgr. 1. gr. laganna raskar ekki skráningu lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem færð hefur verið í Þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007.

II. KAFLI

**Breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðskýringunni *Framkvæmdaleyfi* kemur ný orðskýring er hljóðar svo: *Frístundabyggð:* Svæði fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til fastrar búsetu.

b. Á eftir orðinu „íbúðir“ í orðskýringunni *Landnotkun* kemur: frístundahús.

4. gr.

Á eftir orðinu „íbúðarbyggð“ í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: frístundabyggð.

III. KAFLI

**Gildistaka og lagaskil.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. laganna gildir þó ekki um afgreiðslu tilkynninga um flutning lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem berast Þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**I.**

Hinn 14. apríl 2005 var kveðinn upp í Hæstarétti dómur í máli nr. 474/2004. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að sveitarfélaginu Bláskógabyggð hefði ekki verið heimilt að synja tiltekinni fjölskyldu um skráningu lögheimilis í sumarhúsi. Vísaði Hæstiréttur til þess að í skjóli 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar nytu einstaklingar réttar til að ráða búsetu sinni, enda stangaðist slík ákvörðun ekki á við lög og þeir hefðu að einkarétti yfirráð yfir þeim stað. Í dóminum kemur enn fremur fram að ekki hafi verið vísað til haldbærra heimilda, hvorki í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, né öðrum lögum, sem sett gætu skorður við skráningu lögheimilis í sumarhúsi á svæði sem ætlað væri fyrir frístundabyggð eða fælu í sér að búsetu mætti ekki taka upp í húsi nema það fullnægði nánar tilgreindum kröfum um frágang eða búnað.

Grundvöllurinn að niðurstöðu Hæstaréttar er því sá að ekki hafi í lögum verið að finna ákvæði sem takmarkað gæti rétt einstaklings til að skrá lögheimili sitt í sumarhúsi, enda hefði hann þar raunverulega búsetu í skilningi laga um lögheimili.

**II.**

Umræddur dómur hefur orðið tilefni erinda sem félagsmálaráðuneytinu hafa borist frá sveitarfélögum og samtökum þeirra. Má nefna að stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga skoraði í kjölfar dóms Hæstaréttar á félagsmálaráðherra að beita sér fyrir því að lög um lögheimili, nr. 21/1990, verði endurskoðuð með það í huga að komið verði í veg fyrir að hægt sé að skrá lögheimili í skipulagðri frístundabyggð. Þessi áskorun var ítrekuð á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 25. og 26. nóvember 2005. Vísar aðalfundurinn til þess að ef lögin standi óhögguð muni það kalla á verulega aukna þjónustu og kostnað fyrir sveitarfélögin og einnig sé með því litið fram hjá rétti þeirra mörgu sem hafi reist sér sumarhús á þar til skipulögðum svæðum.

**III.**

Félagsmálaráðherra skipaði 28. júní 2005 starfshóp til að meta áhrif dóms Hæstaréttar frá 14. apríl 2005 í máli nr. 474/2004 varðandi búsetu í frístundabyggð á þjónustuhlutverk sveitarfélaga. Starfshópnum var m.a. falið að fara yfir tengsl lögheimilislaga við ákvæði annarra laga og reglugerða sem kveða á um skyldur sveitarfélaga gagnvart íbúum sínum, kröfur til mannvirkja og skipulag búsetu.

Í starfshópnum áttu sæti Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneyti, Stefán Thors skipulagsstjóri, Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri á Hagstofu Íslands, Sveinn

A. Sæland, oddviti Bláskógabyggðar, Trausti Fannar Valsson, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Guðjón Bragason, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, sem var formaður starfshópsins. Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur hjá Skipulagsstofnun, tók virkan þátt í starfi starfshópsins sem varamaður Stefáns Thors. Einnig sat Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps, þrjá fundi starfshópsins sem varamaður Sveins A. Sælands. Starfshópurinn fékk á sinn fund Pál Þórhallsson, lögfræðing í forsætisráðuneytinu, til að ræða hugsanleg álitamál er tengdust mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu.

Tillögur starfshópsins voru lagðar fram í formi þessa frumvarps.

## IV.

Skipulags- og byggingarlög fela sveitarstjórnum gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Í slíkum áætlunum skal marka stefnu um landnotkun og þróun byggðar, setja fram markmið um einstaka þætti vegna íbúðarbyggðar, atvinnusvæða, náttúruverndar, samgangna o.fl. Í skipulags- og byggingarlögum er þannig gert ráð fyrir að skipulagsáætlanir séu stjórntæki á forræði sveitarfélaga innan þess ramma sem markaður er í lögum hverju sinni.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 14. apríl 2005, þar sem fjallað var um rétt til lögheimilisskráningar í húsi sem samkvæmt skipulagi taldist frístundahúsnæði, byggist á því að lagaákvæði skorti til að hægt væri að synja um skráningu lögheimilis. Veitir 66. gr. stjórnarskrárinnar löggjafanum svigrúm til að setja í lög ákvæði sem takmarka rétt til búsetu og verður dómur Hæstaréttar ekki skilinn á þann veg að hann útiloki löggjöf sem hafi það að markmiði að gera sveitarfélögum mögulegt að framfylgja skipulagi. Vegna fyrirmæla 66. gr. stjórnarskrárinnar um rétt manna til að ráða búsetu sinni geta ákvæði í skipulagi hins vegar ekki ein og sér haft áhrif á rétt manna til skráningar á lögheimili í húsnæði sem þeir sannanlega búa í og telst íbúðarhæft. Í þessu felst að úrræði sveitarstjórna til að marka stefnu um þróun íbúðarbyggðar eru takmarkaðri en áður var talið.

Í nútímasamfélagi eru áætlanir um framkvæmdir og uppbyggingu mikilvægar. Bæði einstaklingar og opinberir aðilar þurfa að geta séð fyrir nýtingu og ráðstöfun fasteigna, uppbyggingu á þjónustu, þjónustustig og fleiri atriði. Út frá skipulagssjónarmiði skiptir miklu máli hvort heimilt verður að nýta tiltekið húsnæði til fastrar búsetu eða ekki. Áðurnefndur dómur hefur leitt í ljós að skipulagsforsendur veita ekki fullkomna leiðsögn í þeim efnum.

Dómur Hæstaréttar hefur ekki enn þá leitt til mikilla breytinga á búsetu fólks hér á landi eða haft veruleg áhrif á starfsemi sveitarfélaganna. Ef slíkir flutningar fólks færast í vöxt verður á hinn bóginn að telja að áhrifin gætu orðið víðtæk. Opinber þjónusta getur til að mynda orðið dýrari og af þeim sökum gæti þurft að draga úr þjónustu þar sem tekjustofnar sveitarfélaganna eru takmarkaðir. Það er mikilvægur þáttur í sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga að þau geti innan marka laga forgangsraðað verkefnum og ákveðið útfærslu þeirrar þjónustu sem þau veita, m.a. í þeim tilgangi að nýta tekjustofna sína af hagkvæmni. Algert frjálsræði í vali á búsetu innan sveitarfélags getur þannig ekki aðeins grafið undan forræði sveitarfélaga í skipulagsmálum heldur getur það einnig haft áhrif á rekstrargrundvöll þeirra. Eru slíkar afleiðingar sérstaklega nærtækar í víðfeðmum sveitarfélögum þar sem stórar sumarhúsabyggðir eru og eigendur sumarhúsa jafnvel margfalt fleiri en íbúar viðkomandi sveitarfélags. Auk þess eru aðstæður víða þannig í frístundabyggðum að erfitt er að tryggja þjónustu allt árið um kring vegna þess að aðgengi er erfitt og til dæmis er snjómokstur nánast útilokaður nema með óheyrilegum tilkostnaði.

Starfshópurinn skoðaði einkum fjóra mögulega kosti til að bregðast við dómi Hæstaréttar:

1. Að breyta lögheimilislögum, og/eða skipulags- og byggingarlögum, þannig að þar verði skýrt tekið fram að óheimilt sé að skrá lögheimili í húsnæði sem byggt er á svæði sem skipulagt er sem frístundabyggð.
2. Að breyta skipulags- og byggingarlögum með þeim hætti að dvöl í húsnæði sem byggt er á svæði sem skipulagt er sem frístundabyggð verði takmörkuð við tiltekin tímabil. Afleiðing þessa yrði sú að föst búseta, og þar með skráning lögheimilis, yrði ekki heimil í slíku húsnæði.
3. Að leyfa fasta búsetu og skráningu lögheimilis í húsnæði sem byggt er á svæði sem skipulagt er sem frístundabyggð, en breyta lögum þannig að íbúar á slíkum svæðum nytu minni þjónustu en aðrir íbúar viðkomandi sveitarfélags.
4. Að aðhafast ekkert.

Eftir ítarlega umræðu varð það niðurstaða starfshópsins að einungis fyrsti kosturinn hentaði þeim markmiðum sem nauðsynlegt væri að ná fram, án þess að takmarka um of réttindi borgaranna, sbr. 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar. Í tillögunni felst að bætt er við 1. gr. lögheimilislaga ákvæði um að dvöl í húsnæði sem byggt er á svæði sem skipulagt er sem frístundabyggð geti ekki talist ígildi fastrar búsetu og að skráning lögheimilis í slíku húsnæði verði af þeirri ástæðu óheimil. Til að tryggja skýrleika laga telur starfshópurinn jafnframt nauðsynlegt að gera breytingar á skipulags- og byggingarlögum, í samræmi við 4. gr. frumvarpsins.

Þessi leið tekur aðeins á skráningu lögheimilis en ekki því hvar viðkomandi raunverulega býr. Má segja að tillagan gangi að því leyti gegn þeirri meginreglu laga um lögheimili að lögheimilisskráning endurspegli raunverulega búsetu. Sú meginregla er þó ekki fortakslaus og má nefna sem dæmi ákvæði lögheimilislaga um lögheimilisskráningu námsmanna og alþingismanna, sbr. 4. og 9. gr. laganna.

Starfshópurinn var hins vegar sammála um að leggja ekki til takmarkanir sem til dæmis heimiluðu einungis dvöl hluta úr ári í frístundabyggð. Sú leið hefur m.a. annars verið farin í Danmörku en ekki verður séð að þörf sé á svo róttækum aðgerðum hér á landi sem m.a. fælu í sér að miklar takmarkanir yrðu settar á nýtingu sumarhúsa sem þegar hafa verið byggð. Hugsanlegur ókostur við þá leið sem starfshópurinn leggur til er sá að hún veitir enga tryggingu fyrir því að fólk setjist ekki að í frístundabyggðum, enda ekki í lögum úrræði til að bera fólk út eða beita öðrum þvingunarúrræðum dveljist það „of lengi“ í slíku húsnæði ef slík búseta telst ekki ógna öryggi þess. Tillagan útilokar þannig ekki að einstakir sumarhúsaeigendur þurfi að sæta því að í húsnæði í nágrenni þeirra, sem þeir máttu vænta að aðeins yrði nýtt sem frístundahús, sé í raun föst búseta. Á hinn bóginn má benda á að ef óheimilt er að skrá lögheimili í frístundabyggð felst þegar í því ákveðin en óbein takmörkun á flutningi fólks í frístundahúsnæði. Viðkomandi mun þá ekki teljast íbúi viðkomandi sveitarfélags og njóta þar sömu réttinda og aðrir íbúar til ýmiss konar þjónustu sem sveitarfélagið veitir. Má ætla að þegar af þeirri ástæðu muni færri en ella flytja búferlum í frístundahúsnæði.

Sá valkostur að skilgreina í lögum mismunandi rétt íbúa sveitarfélags til þjónustu eftir tegund búsetu var rædd nokkuð í starfshópnum. Hægt er að nefna ýmis rök gegn því að fara þá leið. Fyrst og fremst yrði slíkt fyrirkomulag að öllum líkindum of flókið í framkvæmd auk þess sem erfitt yrði að taka í lögum á öllum þeim álitamálum sem upp kunna að koma, svo sem um stjórnarskrárvarinn rétt borgaranna til ýmissar grunnþjónustu.

Loks ber að nefna þann valkost að gera engar breytingar á lögum. Ljóst er af dómi Hæstaréttar að möguleikar sveitarfélaga til að hafa áhrif á búsetu fólks eru minni en áður var talið, að óbreyttum lögum. Nú þegar er nokkuð um að sveitarfélögum berist óskir um skrán-

ingu í frístundabyggð. Haldi sú þróun áfram í einhverjum mæli mun það óhjákvæmilega hafa áhrif á þjónustuhlutverk sveitarfélaganna. Á öðrum Norðurlöndum hefur ásókn í búsetu í sumarhúsum aukist hin síðari ár. Engin ástæða er til að ætla að sama þróun muni ekki eiga sér stað hér á landi og er hún raunar þegar hafin. Af ástæðum sem þegar hafa verið raktar er það mat starfshópsins að aðgerðaleysi sé ekki góður kostur út frá hagsmunum sveitarfélaga. Ef einnig er litið til réttinda og hagsmuna annarra aðila en sveitarfélaganna, svo sem einstaklinga sem hafa komið sér upp sumarhúsi í þeirri vissu að í nágrenni þeirra yrði ekki fólk með fasta búsetu, virðist ljóst að dómur Hæstaréttar kallar á atbeina löggjafans. Loks má benda á að ef beðið er með aðgerðir getur staða þeirra sem fengið hafa lögheimilisskráningu í frístundahúsnæði orðið enn vandmeðfarnari en ella.

## V.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við 1. gr. lögheimilislaga ákvæði um að dvöl í húsnæði sem byggt er á svæði sem skipulagt er sem frístundabyggð geti ekki talist ígildi fastrar búsetu og að skráning lögheimilis í slíku húsnæði verði af þeirri ástæðu óheimil. Til að tryggja skýrleika laga eru jafnframt lagðar til breytingar á skipulags- og byggingarlögum þar sem einkum er fjölgað orðskýringum. Í raun felst í þessari tillögu að fest verði í sessi það réttarástand sem menn töldu að væri fyrir hendi þar til dómur Hæstaréttar féll 14. apríl 2005 í máli nr. 474/2004.

Rétt er að benda á að framangreind lagabreyting mun ekki hafa þau áhrif að útilokað verði að fá samþykki fyrir lögheimilisskráningu í skipulagðri frístundabyggð ef viðkomandi einstaklingur á þar fasta búsetu. Slík skráning getur hins vegar ekki farið fram fyrr en sveitarstjórn hefur samþykkt breytingu á skipulagi fyrir viðkomandi svæði. Jafnframt skal bent á að breytingin útilokar ekki skráningu lögheimilis í sumarhúsum sem standa utan skipulagðrar frístundabyggðar ef viðkomandi einstaklingur á þar fasta búsetu.

Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu er fremur hentug og einföld í framkvæmd þrátt fyrir að hún gangi gegn meginreglu lögheimilislaga eins og áður var nefnt. Má jafnframt benda á að með þessari breytingu yrðu reglur um skráningu lögheimilis og búsetu í frístundabyggð færðar í sama horf og almennt var talið að væri við lýði áður en fyrrnefndur dómur Hæstaréttar féll í apríl 2005. Verði frumvarpið að lögum mun það efla skipulagsvald sveitarfélaga. Skipulags- og byggingarlög byggjast á þeirri grundvallarreglu að skipulag sé bindandi og nýting húsnæðis þurfi að vera í samræmi við heimila landnotkun. Þegar sumarhús er byggt í skipulagðri frístundabyggð á raunar strangt til tekið að sækja um byggingarleyfi til að breyta notkun húsnæðisins til heilsársbúsetu. Í þessu sambandi má benda á að nýjum eignum er ekki bætt í húsaskrá Þjóðskrár nema með samþykki viðkomandi sveitarfélags. Loks ber að hafa í huga að sú lagabreyting sem hér er lögð til mun á engan hátt girða fyrir að sveitarstjórn geti fallist á að breyta skipulagi þannig að frístundabyggð verði skilgreind sem íbúðarbyggð komi til dæmis fram um það ósk frá eigendum sumarhúsa í frístundabyggð eða landeigendum.

## VI.

Á fundum starfshópsins var ítarlega rætt hvort sú leið sem lögð er til í frumvarpinu gæti talist brot á mannréttindum þeirra sem vilja skrá lögheimili í frístundahúsi. Í dómi Hæstaréttar frá 14. apríl sl. segir m.a. svo:

„Stefndu njóta í skjóli 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar réttar til að ráða búsetu sinni, enda stangist slík ákvörðun ekki á við lög og þau hafi að einkarétti yfirráð yfir þeim stað. Áfrýjendur hafa ekki vísað til haldbærra heimilda, hvorki í skipulags- og byggingarlögum nr.

73/1997 né öðrum lögum, sem sett geta skorður við því að stefndu eigi heimili í sumarhúsi á svæði, sem ætlað er fyrir frístundabyggð, eða fela í sér að búsetu megi ekki taka upp í húsi nema það fullnægi nánar tilgreindum kröfum um frágang eða búnað. Geta áfrýjendur af þessum sökum ekki að lögum staðið því í vegi að stefndu haldi heimili á þeim stað, sem greinir í dómkröfu þeirra."

Meginröksemdin að baki niðurstöðu Hæstaréttar er því 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 4. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, en þar segir svo:

„Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum."

Í ritinu Stjórnskipunarréttur (1997) eftir Gunnar G. Schram segir svo um þetta ákvæði, á bls. 487:

„Í ferðafrelsinu felst fyrst og fremst að menn eiga að geta ferðast innan íslensks yfirráðasvæðis án takmarkana og án þess að vera undir sérstöku eftirliti. Með sama hætti eiga menn rétt á að velja sér dvalarstað á landinu án afskipta frá stjórnvöldum. Í 4. mgr. 66. gr. kemur fram að þessi réttur er þó ekki án undantekninga, því heimilt er að setja honum takmarkanir með lögum. Í ákvæðinu er ekki nánar skýrt hvert megi vera efni slíkra undantekninga, en gera verður þá kröfu að þær hafi réttmætan tilgang og séu nauðsynlegar. Í þessu sambandi má m.a. taka mið af 3. mgr. 2. gr. 4. samningsviðauka við MSE."

Áðurnefnd 2. gr. 4. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu hljóðar svo:

„1. Allir þeir sem á löglegan hátt eru staddir á landi einhvers ríkis skulu frjálsir ferða og dvalarstaðar þar í landi.

2. Öllum ber réttur til brottfarar úr landi, einnig úr eigin landi.

3. Eigi má leggja nokkrar hömlur á vernd slíkra réttinda, umfram það sem lög standa til og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, í þágu allsherjarreglu, til að firra glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

4. Réttindi þau, er greinir í 1. mgr., geta á tilteknum landsvæðum sætt takmörkunum, svo fremi að þeim sé beitt að lögum og séu réttlætanlegar vegna almennra hagsmuna í lýðræðislegu þjóðfélagi."

Í ljósi framangreindra ákvæða vaknar sú spurning hvaða takmarkanir verða lagðar á rétt manna til að ráða búsetu sinni og með hvaða hætti slíkt verður gert. Telja verður að upptalningin á þeim takmörkunum í 3. og 4. mgr. 2. gr. 4. viðauka mannréttindasáttmálans sé tæmandi, en hins vegar eru þær takmarkanir ekki alveg skýrar, svo sem um það hvað telst nauðsynlegt í þágu almannaheilla.

Að mati starfshópsins hefur takmörkun á skráningu lögheimilis í húsnæði sem stendur á svæði sem ætlað er til frístundabyggðar réttmætan tilgang og einnig er hún nauðsynleg í þágu almannahagsmuna, eins og ætla má að stjórnarskráin geri kröfu um. Ekki er þá eingöngu átt við hagsmuni sveitarfélaganna og almannahagsmuni af því að nýting lands og landsgæða fari að tilteknum fyrir fram settum áætlunum sem miða að því að landnýting sé sem hagkvæmust til langtíma litið. Hér skipta einnig máli hagsmunir þeirra fjölmörgu einstaklinga sem aflað hafa sér lóða í frístundabyggðum og reist þar frístundahús með væntingar um að þar verði til framtíðar sumarhúsabyggð með takmarkaðri búsetu en ekki heilsársbúseta margra manna. Ber í þessu sambandi að hafa í huga að skipulag er ekki aðeins stjórntæki yfirvalda heldur taka borgararnir oft mið af því að nýting lands og fasteigna verði með tilteknum hætti þegar þeir gera sínar eigin áætlanir.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstaka kafla frumvarpsins.

*Athugasemdir við einstaka kafla frumvarpsins.*

Um I. kafla.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við 3. mgr. 1. gr. lögheimilislaga verði bætt ákvæði um að skráning á lögheimili sé óheimil í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð. Í raun felst í þessari tillögu að það réttarástand, sem menn töldu að væri fyrir hendi þar til dómur Hæstaréttar féll 14. apríl 2005 í máli nr. 474/2004, verði fest í sessi. Eins og rakið er í almennum athugasemdum með frumvarpinu verður að gera þá kröfu að takmörkun á skráningu lögheimilis í húsnæði, sem stendur á svæði sem skipulagt er fyrir frístundabyggð, hafi réttmætan tilgang og einnig sé hún nauðsynleg í þágu almannahagsmuna. Lagabreyting sem uppfylli þessi skilyrði fari þar af leiðandi ekki í bága við 66. gr. stjórnarskrárinnar eða aðrar skuldbindingar Íslands samkvæmt mannréttindasáttmálum.

Rétt er að benda á að sú lagabreyting sem lögð er til í frumvarpinu hefur ekki þau áhrif að með öllu verði útilokað að fá samþykki fyrir lögheimilisskráningu í skipulagðri frístundabyggð ef viðkomandi einstaklingur á þar fasta búsetu. Slík skráning getur hins vegar ekki farið fram fyrr en sveitarstjórn hefur samþykkt breytingu á skipulagi fyrir viðkomandi svæði þannig að það sé skilgreint sem íbúðarbyggð. Jafnframt skal bent á að breytingin útilokar ekki skráningu lögheimilis í sumarhúsum sem standa utan skipulagðrar frístundabyggðar.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að við lögheimilislögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir hugsanleg álitamál um afturvirkni lagabreytingarinnar. Líta verður á heimild til að skrá lögheimili í húsnæði sem tiltekin réttindi, sbr. 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar og fyrrnefndan dóm Hæstaréttar frá 14. apríl 2005. Með því að taka sérstaklega af skarið um lagaskil með þeim hætti sem hér er lagt til er komist hjá því að taka sérstaka afstöðu til þess hvort og hvernig væri heimilt að takmarka slík réttindi með afturvirkum hætti. Sú tilhögun sem hér er lögð til horfir til einföldunar en tryggir jafnframt réttindi þeirra einstaklinga sem eiga húsnæði sem frumvarpið hefur áhrif á og hafa þegar fengið skráð þar lögheimili eða gert ráðstafanir til að fá lögheimili skráð þar.

Í greininni er miðað við að skráning lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem skráð hefur verið í Þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007 raskist ekki verði frumvarpið að lögum. Einnig er í 3. gr. frumvarpsins miðað við að óafgreiddar umsóknir, sem hafa borist Þjóðskrá fyrir sama tíma en hafa enn ekki hlotið endanlega afgreiðslu, verði meðhöndlaðar eftir ákvæðum gildandi laga sem skýrð verði í samræmi við áður nefndan dóm Hæstaréttar frá 14. apríl 2005.

Rétt er að benda sérstaklega á að í orðalagi ákvæðisins um að síðari málsliður 3. mgr. 1. gr. laganna raski ekki skráningu lögheimilis felst að réttur til að skrá lögheimili verður framvegis bundinn við það hús sem um ræðir, en ekki þann eða þá einstaklinga sem hafa þar skráð lögheimili 1. janúar 2007. Er þá horft til þess að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir að aðrir en eigandi húsnæðis eða núverandi íbúi eigi þess kost að skrá þar lögheimili í framtíðinni, svo sem maki og eða börn viðkomandi. Þess er tæplega að vænta að um mörg slík tilvik verði að ræða.

Um II. kafla.

Í 3.–4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 2. og 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Lagt er til að við 2. gr. laganna bætist ný orðskýring þar sem tekið er fram að frístundabyggð sé svæði fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til fastrar búsetu. Einnig er lagt til að við skilgreiningu á „landnotkun“ í 6. mgr. sömu greinar bætist orðið frístundahús. Loks er sams konar breyting lögð til í 9. gr. laganna.

Um III. kafla.

Fimmta grein frumvarpsins þarfnast ekki skýringa en um lagaskil vísast til athugasemda varðandi 2. gr. frumvarpsins.

## Fylgiskjal I.

*Félagsmálaráðuneyti,*
*skrifstofa sveitarstjórnarmála:*

**Mat á áhrifum frumvarps til laga um breytingu á lögum um lögheimili og skipulags- og byggingarlögum.**

(Gert í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 31. desember 2005.)

Frumvarpið byggist á tillögu starfshóps sem félagsmálaráðherra skipaði hinn 28. júní 2005 til að meta áhrif dóms Hæstaréttar frá 14. apríl 2005 í máli nr. 474/2004 varðandi búsetu í frístundabyggð á þjónustuhlutverk sveitarfélaga. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar frá umhverfisráðuneyti, Skipulagsstofnun, Þjóðskrá, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneyti en auk þess var óformlegt samráð haft við fulltrúa Landssamtaka sumarhúsaeigenda um efni frumvarpsins.

Niðurstaða Hæstaréttar í áðurnefndum dómi var sú að sveitarfélaginu Bláskógabyggð hefði ekki verið heimilt að synja fjölskyldu um skráningu lögheimilis í sumarhúsi. Ef slík breyting á búsetu fólks færist í vöxt má reikna með að áhrifin gætu orðið víðtæk. Þjónusta sveitarfélaga getur til að mynda orðið dýrari og af þeim sökum gæti þurft að draga úr þjónustu þar sem tekjustofnar sveitarfélaganna eru takmarkaðir. Það er mikilvægur þáttur í sjálfsforræði sveitarfélaga að þau geti innan þeirra marka sem lög ákveða forgangsraðað verkefnum og ákveðið útfærslu þeirrar þjónustu sem þau veita, m.a. í þeim tilgangi að nýta tekjustofna sína á hagkvæman hátt. Algert frjálsræði í vali á búsetu innan sveitarfélags getur þannig ekki aðeins grafið undan forræði sveitarfélaga í skipulagsmálum heldur getur það einnig haft áhrif á rekstrargrundvöll þeirra. Eru slíkar afleiðingar sérstaklega nærtækar í víðfeðmum sveitarfélögum þar sem stórar sumarhúsabyggðir eru og eigendur sumarhúsa jafnvel margfalt fleiri en íbúar viðkomandi sveitarfélags.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við 1. gr. lögheimilislaga ákvæði um að dvöl í húsnæði sem byggt er á svæði sem skipulagt er sem frístundabyggð geti ekki talist ígildi fastrar búsetu og að skráning lögheimilis í slíku húsnæði verði af þeirri ástæðu óheimil. Til að tryggja skýrleika laga eru jafnframt lagðar til breytingar á skipulags- og byggingarlögum þar sem einkum er fjölgað orðskýringum. Í raun felst í þessari tillögu að fest verði í sessi það réttarástand sem menn töldu að væri fyrir hendi þar til dómur Hæstaréttar féll 14. apríl 2005 í máli nr. 474/2004.

Rétt er að benda á að sú lagabreyting sem lögð er til í frumvarpinu hefur ekki þau áhrif að útilokað verði að fá samþykki fyrir lögheimilisskráningu í skipulagðri frístundabyggð ef viðkomandi einstaklingur á þar fasta búsetu. Slík skráning getur hins vegar ekki farið fram fyrr en sveitarstjórn hefur samþykkt breytingu á skipulagi fyrir viðkomandi svæði. Jafnframt skal bent á að breytingin útilokar ekki skráningu lögheimilis í sumarhúsum sem standa utan skipulagðrar frístundabyggðar ef viðkomandi einstaklingur á þar fasta búsetu.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög.

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 37/1997.**

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við 1. gr. lögheimilislaga ákvæði um að dvöl í húsnæði á svæði sem skipulagt er sem frístundabyggð geti ekki talist ígildi fastrar búsetu og að skráning lögheimilis í slíku húsnæði verði af þeirri ástæðu óheimil. Þá er lögð til breyting á skipulags- og byggingarlögum sem aðallega felur í sér frekari skýringu á því hvað felist í orðinu frístundabyggð.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

## 222. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um skipulagða leit að krabbameini í ristli.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson, Halldór Blöndal, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í samráði við landlækni að hefja undirbúning að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi þannig að skipuleg leit hefjist 1. júlí 2007.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var fyrst flutt á 131. löggjafarþingi og að nýju á 132. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Tillagan var send til umsagnar á 132. löggjafarþingi og voru umsagnir sem um málið bárust mjög jákvæðar. Tillagan er nú lögð fram að nýju óbreytt.

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem samþykkt var af Alþingi og gefin út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 2001, er fjallað um krabbameinsvarnir. Þar segir m.a. að aðalmarkmiðið sé að dánartíðni vegna krabbameina hjá fólki yngra en 75 ára lækki um 10%.

Þá er fjallað almennt um krabbamein en um þriðjungur þjóðarinnar fær krabbamein á lífsleiðinni og nálægt fjórðungur landsmanna deyr af völdum þess. Tíðni krabbameina fer vaxandi upp að ákveðnum aldri. Rannsóknir benda til þess að tengsl séu á milli lífshátta og krabbameina. Einnig eru ýmis efni í umhverfinu krabbameinsvaldandi. Að öllu óbreyttu er búist við áframhaldandi hækkun á tíðni (nýgengi) krabbameina og dánartíðni vegna þeirra umfram eðlilegar aldurshækkanir. Miklar framfarir hafa orðið í meðferð ýmissa tegunda krabbameina þannig að margir fá nú bót meina sinna og öðrum er gert mögulegt að lifa lengur með sjúkdóm sinn en áður þekktist. Þá er að lokum getið þeirra leiða sem beita skal til að ná fyrrgreindum markmiðum:

1. Fræðsla um áhættuþætti krabbameina.
2. Aðgerðir sem hvetja til heilbrigðra lífshátta.
3. Gerð klínískra leiðbeininga er lúta að greiningu og meðferð krabbameina.

4. Skipulögð krabbameinsleit og eftirlit með áhættuþáttum.
5. Efling rannsókna á tengslum krabbameina og lífshátta, umhverfishátta og þjóðfélagsstöðu.

Hér á landi hefur skipulögð leit að leghálskrabbameini verið framkvæmd um 40 ára skeið og leit að brjóstakrabbameini hófst 1986.

Krabbamein í ristli og endaþarmi er annað algengasta krabbameinið meðal Íslendinga og önnur algengasta dánarorsökin af völdum krabbameina en fram til þessa hefur fræðsla og forvarnir gegn því ekki verið forgangsverkefni. Á vegum landlæknisembættisins var þó lögð mikil vinna í gerð klínískra leiðbeininga um ristilkrabbamein með yfirskriftinni: *Skimun fyrir krabbameinum í ristli og endaþarmi*. Leiðbeiningarnar voru birtar sem drög 11. janúar 2002 og var leitað eftir faglegum ábendingum/breytingartillögum, studdum heimildum. Leiðbeiningarnar voru síðan uppfærðar 1. janúar 2003 á vefsíðu landlæknisembættisins (www.landlaeknir.is) með svohljóðandi inngangi:

**Skimun fyrir krabbameinum í ristli og endaþarmi**

**Inngangur**

Mikilvægi þess að geta fækkað dauðsföllum af völdum krabbameina er öllum ljóst. Krabbamein í ristli og endaþarmi eru í dag orsök mikils heilsutjóns og eru þriðja algengasta dánarorsök af völdum krabbameina meðal Íslendinga. Nokkrar mjög stórar rannsóknir þar sem einstaklingum hefur verið fylgt eftir í nálægt tvo áratugi hafa sýnt óyggjandi að fækka má dauðsföllum af völdum þessara krabbameina með skimun þar sem leitað er að blóði í hægðum. Þar sem bein áhætta er lítil og minnkun áhættu með skimun tekur fjölda ára að koma fram er ekki óeðlilegt að enn hefur ekki verið sýnt fram á minnkun heildardánartíðni vegna skimunar.

Þann 8. mars 2000 skipaði Sigurður Guðmundsson landlæknir starfshóp sem fékk það hlutverk að gera tillögur að leiðbeiningum um skimun fyrir ristilkrabbameini á Íslandi. Hópinn skipuðu Ásgeir Theodórs læknir, sérfræðingur í meltingarsjúkdómum (formaður), Friðbjörn Sigurðsson læknir, sérfræðingur í krabbameinslækningum (ritari), Jón Steinar Jónsson læknir, sérfræðingur í heimilislækningum, Nick Cariglia læknir, sérfræðingur í meltingarsjúkdómum, Sigurður Ólafsson læknir, sérfræðingur í meltingarsjúkdómum, og Tryggvi Stefánsson læknir, sérfræðingur í almennum skurðlækningum. Hópurinn hefur nú skilað áliti sínu til landlæknis.

Leiðbeiningarnar voru birtar sem drög 11. janúar 2002 og var leitað eftir faglegum ábendingum/breytingartillögum, studdum heimildum. Umsagnir bárust m.a. frá Félagi meltingarsérfræðinga og Félagi íslenskra heimilislækna og voru þær sendar Ásgeiri Theodórs. Hefur hann ásamt starfshópnum og stýrihópi um klínískar leiðbeiningar tekið afstöðu til þeirra. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar var sú að ekki væri ástæða til breytinga á ráðleggingunum.

Hafa verður í huga að leiðbeiningar sem þessar þurfa að vera í sífelldri endurskoðun í ljósi nýrrar þekkingar og mun landlæknisembættið sjá til þess að þær verði endurskoðaðar reglulega.

Fyrir hönd starfshóps og stýrihóps um klínískar leiðbeiningar:

Ásgeir Theodórs, formaður starfshóps.
Ari Jóhannesson, formaður stýrihóps.
Sigurður Guðmundsson landlæknir.
Sigurður Helgason, ritstjóri klínískra leiðbeininga.

**Niðurstaða starfshópsins var eftirfarandi:**

Starfshópurinn mælir með því að hafin verði skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi á Íslandi.

Slík skimun á að beinast að:

A. Einstaklingum, körlum og konum, 50 ára og eldri, sem eru án einkenna og teljast í meðaláhættu.
B. Einstaklingum, körlum og konum, með aukna áhættu á krabbameinum í ristli eða endaþarmi.

**A. Einstaklingar, karlar og konur, 50 ára og eldri, sem eru án einkenna og teljast í meðaláhættu.**

Eftirfarandi leitaraðferð verði beitt:

- *Leit að blóði í hægðum einu sinni á ári.* Þrjár slembirannsóknir hafa sýnt fram á lækkun á dánartíðni af völdum krabbameins í ristli og endaþarmi. Mælt er með ristilspeglun (total colonoscopy) hjá þeim einstaklingum sem greinast með blóð í hægðum.

Skimunarhópurinn telur að nú þegar liggi fyrir óyggjandi niðurstöður rannsókna sem sýna að skimun fækkar dauðsföllum af völdum krabbameina í ristli og endaþarmi. Sú skimunaraðferð sem mest hefur verið rannsökuð er leit að blóði í hægðum. Hlutfallsleg lækkun á dánartíðni (relative risk reduction) er 0,84. Því er mælt með að sú skimunarleið verði valin. Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til hvort eigi að hafa eldri aldurstakmörk við skimunina og telur að meta eigi í hverju tilfelli hvort aldraður einstaklingur hafi gagn af skimun.

Líklegt er að aðrar skimunaraðferðir eigi eftir að reynast áhrifaríkari við að lækka dánartíðni þótt enn liggi niðurstöður slembirannsókna ekki fyrir. Þær skimunaraðferðir sem lofa mestu eru:

- *Stutt ristilspeglun (flexible sigmoidoscopy).* Engar góðar slembirannsóknir liggja enn fyrir, en tilfella viðmiðunarrannsóknir (case control studies) benda til 30–40% lægri dánartíðni af völdum krabbameina í ristli og endaþarmi hjá sjúklingum sem hafa farið í stutta ristilspeglun. Stutta ristilspeglun ætti líklega að gera á 5 ára fresti. Ekki liggja fyrir góðar rannsóknir sem sameina leit að blóði í hægðum og stutta ristilspeglun.
- *Ristilspeglun.* Engar slembaðar rannsóknir liggja fyrir, en líklegt er að við ristilspeglun finnist stór hluti forstiga krabbameina í ristli og endaþarmi. Meiri fylgikvillar eru við ristilspeglun en við aðrar skimunaraðferðir og hún er kostnaðarsamari. Ef einstaklingur hefur farið í ristilspeglun sem var eðlileg á hann ekki að þurfa að fara í skimun næstu 7–10 árin.

Ekki er tímabært að mæla með almennri notkun þessara aðferða við skimun þjóðarinnar en þó geta verið ýmsar ástæður fyrir því að velja þær sem skimunaraðferð hjá vissum hluta fólks. Á það t.d. við þá sem ekki vilja láta skoða saur árlega eða þá sem hafa farið í ristilspeglun vegna annarrar ábendingar. Það má nefna að í ráðleggingum Bandaríkjamanna eru gefnir upp valkostir um hvaða skimunaraðferð skuli nota. Mikilvægara er að skimun verði framkvæmd en hvaða leitaraðferð er notuð. Finna verður betri skimunaraðferðir en leit að blóði í hægðum og er hugsanlegt að Íslendingar geti hér lagt sitt af mörkum til alþjóðasamfélagsins með því framkvæma slembirannsókn þar sem hjá öðrum hópnum yrði leitað að blóði í hægðum en ristilspeglun gerð hjá hinum hópnum. Því er lagt til:

- *Að kannaður verði betur grundvöllur þess að gera slembirannsókn þar sem leit að blóði í hægðum er borin saman við ristilspeglun.* Ýmislegt bendir til þess að með ristilspeglun verði unnt að finna stóran hluta af forstigum krabbameina í ristli og endaþarmi, en rann-

sókn vantar þar sem þessar tvær skimunarleiðir eru bornar saman til að meta lækkun á dánartíðni af völdum krabbameina í ristli og endaþarmi.

**B. Einstaklingar, karlar og konur, með aukna áhættu á krabbameinum í ristli eða endaþarmi.**

*1) Þeir sem eiga náinn ættingja (foreldra, systkin eða barn) með krabbamein í ristli eða endaþarmi.*

Ef einn fyrsta stigs ættingi hefur greinst eftir 55 ára aldur með krabbamein.

- Sama skimun og við meðaláhættu, en hefja skimunina við 40 ára aldur.

Ef fyrsta stigs ættingi hefur greinst yngri en 55 ára eða tveir fyrsta stigs ættingjar greinast.

- Ristilspeglun (á 5–7 ára fresti ) og fyrsta speglun við 40 ára aldur eða 10 árum yngri en sá ættingi var þegar hann greindist með sjúkdóminn.

Ef þrír fyrsta stigs ættingjar hafa greinst.

- Sama eftirlit og greiningaraðferðir og ráðlagt varðandi HNPCC.

*2) Þeir sem hafa fjölskyldusögu um HNPCC (Hereditary Nonpolyposis Colorectal Cancer).*

- Erfðaráðgjöf.
- Erfðarannsókn (gene testing) fyrir HNPCC.
- Ristilspeglun á 1–2 ára fresti, fyrsta speglun við 25 ára aldur eða við 5 ára yngri aldur en yngsti meðlimur fjölskyldunnar sem hefur greinst með ristilkrabbamein.

*3) Þeir sem hafa fjölskyldusögu um FAP (Separistill – Familial Adenomatous Polyposis).*

- Erfðaráðgjöf.
- Erfðarannsókn. Ef erfðagalli finnst ekki útilokar það ekki FAP nema ættinginn með sjúkdóminn hafi þekktan erfðagalla.
- Stutt ristilspeglun á 1 árs fresti frá 10–12 aldri ef erfðagalli finnst eða ef ekki er hægt að finna erfðagalla hjá sjúklingi.
- Ef FAP greinist, er ráðlagt að fjarlægja ristilinn við 18–20 ára aldur.

*4) Þeir sem hafa fyrri sögu um bólgusjúkdóm (Colitis ulcerosa eða Crohn's sjúkdóm) í ristli.*

Bólga í öllum ristlinum:

- Ristilspeglun með sýnatöku árlega eða annað hvert ár, sem hefst 8–10 árum eftir greiningu.

Bólga aðeins í vinstri hluta ristilsins:

- Ristilspeglun með sýnatöku árlega eða annað hvert ár, sem hefst 15 árum eftir greiningu.

*5) Þeir sem hafa fyrri sögu um kirtilæxli (adenomatous polyp).*

Ef kirtilæxli er > 1 sm eða 3 kirtilæxli eða fleiri:

- Ristilspeglun á 3ja ára fresti.

Ef ristill er án kirtilæxla eða eitt til tvö lítil finnast (< 1 cm):

- Ristilspeglun á 5 ára fresti

Ef ristilhreinsun er ófullnægjandi, eða kirtilæxli eru mörg, eru með ífarandi illkynja vexti, stór eða flöt:

- Ristilspeglun eftir 3–12 mánuði, háð mati læknis.

*6) Þeir sem hafa fyrri sögu um krabbamein í ristli eða endaþarmi og hafa farið í aðgerð með lækningu í huga.*

- Ristilspeglun innan 3 mánaða frá aðgerð, ef hún var ekki framkvæmd fyrir skurðaðgerðina. Síðan ristilspeglun eftir 3 ár og síðan á 5 ára fresti.

Hér liggja því fyrir mjög nákvæmar ráðleggingar („evidence based“) um forvarnaaðgerðir fyrir einstaklinga sem eru 50 ára og eldri. Einnig eru ítarlegar leiðbeiningar um forvarnaaðgerðir fyrir þá sem teljast í aukinni áhættu svo og sjúklinga sem hafa greindan sjúkdóm sem þarfnast reglulegs eftirlits.

Mikilvægt er að fylgja þessum leiðbeiningum eftir með markvissum aðgerðum að hálfu heilbrigðisyfirvalda.

Þá hefur farið fram skipulagt fræðsluátak undir yfirskriftinni *Vitundarvakning gegn ristilkrabbameini* (október 2002). Átak þetta var alfarið kostað af fyrirtækjum sem sýndu málefninu skilning og velvild. Öll undirbúningsvinna var unnin í sjálfboðavinnu, svo sem gerð fræðslubæklinga, sjónvarpsþáttar og fyrirlestra og gerð vefsíðu (www.vitundarvakning.is).

Vert er að minnast ómetanlegs stuðnings Árna heitins Ragnars Árnasonar alþingismanns sem sýndi þessu verkefni brennandi áhuga vegna skilnings hans á aukinni fræðslu um þennan sjúkdóm og mikilvægi þess að fólk hafi góða þekkingu á tilurð og fyrstu einkennum hans. Hann var fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um auknar forvarnir gegn krabbameinum í meltingarvegi. Góð samstaða fékkst um tillöguna meðal alþingismanna allra stjórnmálaflokkanna og 3. maí 2002 var samþykkt á Alþingi eftirfarandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að gera tillögur um hvernig staðið skuli að forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi fyrir þá sem teljast vera í áhættuhópi og undirbúa framkvæmd starfsins. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttunni við aðrar algengustu tegundir krabbameina hér á landi.“

**Niðurstöður erlendra rannsókna.**

Í mörg ár hefur verið deilt um réttmæti skimunar (kembileitar) og markvissra forvarna gegn krabbameini í ristli og endaþarmi. Ítarlegar og vandaðar rannsóknir hafa nú verið gerðar með þátttöku nokkur hundruð þúsund einkennalausra einstaklinga á aldrinum 45–75 ára. Niðurstöður þessara rannsókna benda eindregið til að með skipulagðri skimun fyrir ristilkrabbameini megi fækka dauðsföllum vegna þessa sjúkdóms um 15% til 33%.

Með aðferðum sem er beitt í heilsuhagfræðinni hefur jafnframt verið sýnt fram á að kostnaðarvirknihlutfall (cost-effectiveness ratio) fyrir leit að þessu krabbameini er hagkvæm forvarnaíhlutun. Þessum sömu aðferðum beita heilbrigðisyfirvöld víða í vaxandi mæli þegar teknar eru ákvarðanir um forgangsröðun í heilbrigðismálum.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur birt skýrslu um kostnað og ábata kerfisbundinnar skimunar eftir krabbameini í ristli og endaþarmi í nóvember 2002. Í samantekt skýrslunnar segir: „Mikilvægar vísbendingar eru til þess að skimun dragi úr nýgengi og dánartíðni vegna krabbameina í endaþarmi og ristli.“


**Krabbamein í ristli og endaþarmi.**
Rannsóknir.

| | Minnesota 1975–1992 | Nottingham 1981–1995 | Funen 1985–1995 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi | 46.551 (50–80 ára) | 152.850 (50–75 ára) | 61.933 (45–75 ára) |
| Skimun | Hvert eða annað hvert ár | Annað hvert ár | Annað hvert ár |
| Eftirfylgd | 13 ár | 7–8 ár | 10 ár |
| Jákvætt FOBT | 9,8% | 2,3–1% | 1,8–0,8% |
| Þátttaka | 90,2% | 54% | 67% |
| Ristilspeglun | 38% | 4,3% | 4% |
| Hlutf. dánartíðni | 0,67 (0,50–0,87) | 0,85 (0,74–0,98) | 0,82 (0,68–0,99) |
| Hlutf. lækk. dánartíðni | 33% | 15% | 18% |

**Staðreyndir um krabbamein í ristli og endaþarmi.**
*Hve algengur er sjúkdómurinn?*

Krabbamein í ristli (og endaþarmi) er annað algengasta krabbameinið sem greint er hjá Íslendingum og önnur algengasta dánarorsök af völdum krabbameina. Það greinast um 120 einstaklingar árlega með þetta krabbamein og um 50 Íslendingar deyja árlega af völdum þessa sjúkdóms. Nýgengi (ný tilfelli sem greinast á ári) sjúkdómsins fer vaxandi samkvæmt nýlegri spá um nýgengi krabbameina á Norðurlöndum fram til ársins 2020 og vegna hækkandi aldurs er spáð verulegri fjölgun tilvika eða 46% hjá körlum en 22,6% hjá konum. Hér á landi er spáð fjölgun greindra tilvika um 85% hjá körlum en um 70% hjá konum ef miðað er við meðaltal áranna 1993–97 til meðaltals áranna 2018–2020.

DAUÐSFÖLLUM FÆKKAÐ UM 15%–33% HJÁ EINKENNALAUSUM EINSTAKLINGUM SEM LEITAÐ ER HJÁ BORIÐ SAMAN VIÐ EINSTAKLINGA ÞAR SEM EKKI ER LEITAÐ AÐ BLÓÐI Í HÆGÐUM.




Ristilkrabbamein er nú algengasta krabbameinið (304.687 tilfelli) í Evrópu samkvæmt nýjustu upplýsingum frá WHO Globocan, þegar austurhlutinn og EFTA-löndin eru tekin með, þ.e. hærra nýgengi en nýgengi lungnakrabbameins (301.090 tilfelli).

*Hverjir fá þetta krabbamein?*

Áhættuþættir þessa sjúkdóms eru vel þekktir en þeir vega ekki allir jafnþungt. Meira en ¾ hlutar (75%) þessara krabbameina greinast hjá fólki með meðaláhættu, þar sem hækkandi aldur skiptir mestu máli. Flest krabbameinanna greinast hjá einstaklingum sem eru komnir yfir fimmtugt. Margir þeirra eru engu að síður á „besta" aldri þegar áfallið kemur.

Hér á Íslandi greinast 67% fólks fyrir 75 ára aldur, 56% fyrir 70 ára aldur og tæp 40% fyrir 65 ára aldurinn. Árlega greinast um 50 einstaklingar með sjúkdóminn á aldrinum 45–65 ára.

*Er mögulegt að fyrirbyggja ristilkrabbamein?*

Þessari spurningu er hægt að svara játandi og ekki er deilt um það lengur. Flest þessara krabbameina hafa góðkynja forstig, sem nefnt er kirtilæxli eða ristilsepi. Um 20–25% þeirra sem eru 50 ára og eldri hafa þegar myndað þessa sepa, en ekki nema lítill hluti þeirra (4–6%) verður illkynja. Þar sem þetta forstig er oftast einkennalaust, eins og reyndar byrjandi krabbamein í ristli, þarf að leita að þessum meinsemdum hjá einkennalausu fólki. Það skiptir sköpum að greina meinsemdina snemma og þarna skilur á milli lækningar og alvarlegra veikinda vegna krabbameins með meinvörpum (hefur náð að sá sér) þar sem fimm ára lífslíkur eru verulega skertar.

Í baráttunni við þennan sjúkdóm er mikilvægt að þekkja fyrstu einkenni hans, en ef verulegur árangur á að nást verður að greina hann hjá einstaklingum sem eru einkennalausir. Nú greinast yfir 60% Íslendinga með sjúkdóminn með staðbundna útbreiðslu (í eitla) eða útbreiðslu til fjarlægari líffæra (t.d. lifrar).

*Eru greiningaraðferðir flóknar og hættulegar?*

Þessu er hægt að svara neitandi. Rannsóknaraðferðirnar eru aðallega tvenns konar: leit að blóði í hægðum og ristilspeglun.


Athugun á blóði í hægðum er einföld, ódýr og hættulaus rannsókn. Eins og margar skimunarrannsóknir er hún ekki fullkomin og mikilvægt að endurtaka hana með reglulegum hætti (helst einu sinni á ári). Margar aðrar ástæður geta verið fyrir því að blóð finnst í hægðum (t.d. gyllinæð), en mikilvægt er að gera frekari rannsókn á ristlinum aðeins til að útiloka að um illkynja mein eða forstig þess sé að ræða. Landlæknisembættið hefur gefið út leiðbeiningar (sjá að framan) þar sem mælt er með þessari rannsókn hjá einkennalausu fólki á aldrinum 50–75 ára. Í nær öllum apótekum landsins er hægt að kaupa hægðaspjöld til að framkvæma þessa rannsókn.

Ristilspeglun er nákvæmari, en flóknari og fyrirhafnarmeiri, en að sama skapi nákvæmari rannsókn til að greina þessi mein. Þá er oftast hægt að fjarlægja sepa og byrjandi illkynja mein með þessari tækni. En er þessi rannsókn hættuleg? Allar rannsóknir og aðgerðir sem hafa nokkurt inngrip geta valdið fylgikvillum. Þannig er því einnig farið með ristilspeglun, en samkvæmt nýlegum athugunum er rannsóknin og brottnám sepa áhættulítið inngrip og dauðsföllum lýst í 0,01–0,03% tilvika. Þetta inngrip er því öruggara en flestar skurðaðgerðir. Holgötun (gat á ristli) og blæðing geta átt sér stað, en meðferð er yfirleitt auðveld.

*Hverju skilar skimun?*

Flestir sem hafa skoðað þetta mál til hlítar eru sammála um að það sé mjög skynsamlegt að hvetja til skimunar fyrir þessu krabbameini. Rannsóknirnar þrjár, sem áður er vitnað til, leiddu í ljós að ýmist þurfti að leita hjá 360, 470 eða 747 einstaklingum í 13, 10 og 7,8 ár, til að koma í veg fyrir eitt dauðsfall af völdum ristilkrabbameins. Samnorræn rannsókn (Hristova og Hakama, 1997) spáði að hægt væri að lækka dánartíðni af völdum ristilkrabbameins um 15–20% með kembileit sem framkvæmd væri frá 1993 til 2017.

Forkönnun á skimun var framkvæmd á vegum Krabbameinsfélags Íslands 1986 og 1988. Þá fundust þrír einstaklingar með krabbamein, eða eitt tilfelli af hverjum 800 sem tóku þátt í rannsókninni. Þá fannst líka fjöldi ristilsepa (forstig flestra krabbameina í ristli), en brottnám þeirra mun skila árangri í fækkun krabbameinstilfella þegar til lengri tíma er litið (7–20 ár). Þessi ávinningur skimunar er oftast vanmetinn þegar íhlutun sem þessi er til skoðunar.




*Er skimun „góð kaup"?*

Fáir illkynja sjúkdómar fullnægja nær öllum settum skilyrðum fyrir skimun eins og raunin er með krabbamein í ristli. Þess vegna er oft á tíðum fullyrt að koma megi í veg fyrir þetta krabbamein með réttum aðgerðum. En það kostar fyrirhöfn og fjármuni. Áður hefur verið minnst á aðferðir eins og kostnaðarvirknigreiningu (cost-effectiveness analysis) sem notuð er til að meta afleiðingar og kostnað aðgerða sem ætlað er að bæta heilsu almennings.

Nýleg skýrsla hagfræðideildar Háskóla Íslands staðfestir hagstætt eða lágt kostnaðarvirknihlutfall á skimun fyrir krabbameini í ristli. Íhlutun sem hefur lágt hlutfall mundi því í þessu samhengi teljast góð kaup og njóta forgangs við ráðstöfun heilbrigðisútgjalda. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri og viðameiri erlendar athuganir á kostnaðarvirknigreiningu skimunar fyrir ristilkrabbameini og er hlutfallið lágt. Þar gildir einu hvaða þekktri leitaraðferð er beitt og kostnaðarvirknihlutfallið er lægra en við margar aðrar íhlutanir sem við nú beitum og greiðum fyrir í heilbrigðisþjónustunni.

*Vinnuhópur landlæknis. Álit dags. 23 mars 2004.*

Í ákvæðinu er mælt fyrir um heimild atvinnurekenda til að láta ekki upplýsingar af hendi og hafa ekki samráð við fulltrúa starfsmanna í vissum undantekningartilvikum. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/14/EB er slíkt aðeins heimilt þegar slíkar upplýsingar og samráð eru þess eðlis, samkvæmt hlutlægum viðmiðum, að það geti valdið alvarlegu tjóni eða röskun á starfsemi fyrirtækisins. Undir ákvæðið fellur t.d. ef upplýsingagjöf mundi geta haft áhrif á stöðu fyrirtækis á markaði. Heimildina verður að skýra fremur þröngt, meðal annars með vísan til þess að skv. 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimilt sé að binda upplýsingar trúnaði. Unnt er að bera ágreining um lögmæti ákvörðunar samkvæmt þessari grein undir almenna dómstóla, sbr. almennar athugasemdir hér að framan. Einnig getur varðað sektum að undanskilja upplýsingar sem skylt er að láta af hendi, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Ákvæðið á sér samsvörun í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/14/EB. Mælt er fyrir um þagnarskyldu fulltrúa starfsmanna og eftir atvikum sérfræðinga sem koma þeim til aðstoðar varðandi þær upplýsingar sem fyrirtækið hefur bundið trúnaði á grundvelli lögmætra hagsmuna fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að fulltrúar starfsmanna geti leitað aðstoðar sérfræðinga þegar þörf krefur, en ekki er gert ráð fyrir að þeir taki þátt í hinu eiginlega samráði sem fer fram milli fulltrúa starfsmanna og atvinnurekanda. Með lögmætum hagsmunum fyrirtækisins er fyrst og fremst átt við sjónarmið viðskiptalegs eðlis og samkeppnissjónarmið. Sem dæmi má nefna upplýsingar um að fyrirtæki eigi í fjárhagslegum örðugleikum eða um væntanlega sölu þess. Slíkar upplýsingar geta eftir aðstæðum verið þess eðlis að eðlilegt sé að krefjast þess að farið sé með þær sem trúnaðarmál.

Í samræmi við framangreint ákvæði 6. gr. tilskipunarinnar er í 2. mgr. mælt fyrir um að þagnarskyldan hvíli áfram á fulltrúum starfsmanna og sérfræðingum sem aðstoða þá eftir að látið er af störfum.

Um 9. gr.

Í greininni er mælt fyrir um á hvern hátt fulltrúar starfsmanna sem annast fyrirsvar samkvæmt lögunum skuli njóta verndar og trygginga við störf sín og þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 10. gr.

Samkvæmt greininni liggja fésektir við þeirri háttsemi sem þar er tilgreind, en skv. 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/14/EB ber aðildarríkjunum að kveða á um að unnt sé að beita hæfilegum viðurlögum ef atvinnurekandi eða fulltrúar starfsmanna brjóta gegn ákvæðum tilskipunarinnar. Skulu viðurlögin vera áhrifarík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt til viðurlagaákvæða 22. gr. laga nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, og 34.–35. gr. laga nr. 61/1999, um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum. Í 1. mgr. er að finna refsiákvæði sem einkum getur varðað fulltrúa starfsmanna. Er þar kveðið á um að það varði fésektum að láta af hendi trúnaðarupplýsingar. Rétt er að minna hér á að unnt er að skjóta ágreiningi um hvort heimilt sé að binda upplýsingar trúnaði til dómstóla, sbr. almennar athugasemdir við frumvarpið.

Í 2. mgr. er kveðið á um refsiábyrgð og mælt fyrir um að brot gegn ákvæðum um upplýsingar og samráð varði fésektum. Dæmi um slíkt er ef atvinnurekandi leynir fulltrúa starfsmanna upplýsingum eða gefur þeim rangar upplýsingar sem hafa áhrif á samráð skv. 5. gr. Sama máli gegnir ef brotið er gegn reglum um vernd fulltrúa starfsmanna skv. 9. gr.

Um 11. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2002/14/EB, þar sem segir að þegar aðildarríkin samþykki ráðstafanir til að hrinda henni í framkvæmd skuli vera í þeim tilvísun í tilskipunina eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og vísað hefur verið til áður felur frumvarpið í sér nýtt fyrirkomulag hér á landi um skyldu atvinnurekenda til að veita starfsmönnum upplýsingar og hafa við þá samráð um tiltekin efni sem varða rekstur, starfsemi og ákvarðanatöku innan fyrirtækja. Þykir því rétt að nýta þær aðlögunarheimildir sem tilskipun 2002/14/EB heimilar varðandi fjölda starfsmanna í fyrirtækjum er falli undir gildissvið efnisreglna hennar, sbr. bráðabirgðaákvæði 10. gr. tilskipunarinnar. Er þar heimilað að miða gildissviðið fram til 23. mars 2007 við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 150 starfsmenn og næsta ár þar á eftir við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn. Í samræmi við þessar heimildir er lagt til að aðlögunin hér á landi verði þannig að miðað verði við að efni frumvarpsins takmarkist við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn fram til 1. mars 2008.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum.**

Með frumvarpi þessu er lagt til að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/14/EB, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna innan Evrópubandalagsins og samráð við þá. Tilskipunin var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002. Frumvarpið fylgir í öllum meginatriðum efni tilskipunarinnar en markmið hennar er að tryggja rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn. Gert er þó ráð fyrir að fram til 1. mars 2008 takmarkist gildissvið laganna við fyrirtæki þar sem starfa a.m.k. 100 starfsmenn að jafnaði.

Meginreglur frumvarpsins fjalla um skyldu fyrirtækja til að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar og samráð sem skal við þá haft varðandi tiltekin málefni er lúta t.d. að fjárhagsstöðu fyrirtækisins, breytingu á vinnuskipulagi og starfsmannafjölda eða á ráðningarsamningum starfsmanna.

Ekki er gert ráð fyrir að löggilding frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

# 235. Frumvarp til laga [232. mál]

um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlagaákvæði).

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Breytingar á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

1. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist eftirfarandi málsliður: Þá er Fiskistofu heimilt, að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað, að veita einstökum aðilum leyfi til að vigta afla, enda hafi hann áður verið veginn á hafnarvog.

2. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim.

Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en tvær vikur og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en sex vikur og ekki lengur en eitt ár.

Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu.

3. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal afturkalla leyfi aðila til vigtunar sjávarafla skv. 2. mgr. 6. gr. ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim.

Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað skv. 1. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en 12 vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis. Hafi ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá því að leyfi var síðast afturkallað.

Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu.

Brjóti aðili sem hefur vigtunarleyfi eða þeir sem í þágu hans starfa gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim þannig að bersýnilega leiði til þess að afli verði ranglega skráður skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hlutaðeigandi aðila. Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað samkvæmt þessari málsgrein skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun, enda geri aðili þá í umsókn um leyfi fullnægjandi grein fyrir hvernig hann hyggst tryggja að framkvæmd vigtunar verði í samræmi við lög og reglur. Heimavigtunarleyfi, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 6. gr., skal þó ekki veitt aðila fyrr en eitt ár er liðið frá afturköllun fyrra leyfis.

Hafi ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skv. 4. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en tvö ár eru liðin frá því að leyfi var síðast afturkallað.

4. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Áminningar, sviptingar veiðileyfa og afturkallanir vigtunarleyfa, sem ákveðnar eru skv. 15. og 17. gr. laga þessara eða 24. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár.

5. gr.

Í stað orðanna „skv. 17. og 19. gr. laga þessara“ í 3. málsl. 21. gr. laganna kemur: skv. 17. gr. laga þessara.

## II. KAFLI
## Breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

6. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. laganna bætist eftirfarandi málsliður: Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna vanskila á afladagbókum og skal leyfissvipting standa þar til skil hafa verið gerð eða skýringar hafa verið gefnar á ástæðum vanskila.

7. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Ákvörðunum Fiskistofu um áminningar og veiðileyfissviptingar verður skotið til sjávarútvegsráðuneytisins, enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

## III. KAFLI
## Breytingar á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingu.

8. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Við brot gegn 3.–5. gr. laga þessara er heimilt að gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmætum hætti. Sama gildir sé skip staðið að veiðum á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar með stoð í 1. mgr. 8. gr. og 9.–11. gr. Upptöku má framkvæma án tillits til þess hvort jafnframt er krafist refsingar.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 1. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

9. gr.

Orðið „öðrum“ í 1. málsl. 17. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 16. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: 2. mgr. 16. gr.

11. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að gera ólögleg veiðarfæri upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

12. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Fiskistofa skal svipta skip leyfi, sem veitt hefur verið skv. 6. eða 7. gr. laga þessara, ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim.

Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en tvær vikur og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en sex vikur og ekki lengur en eitt ár.

Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu.

Áminningar og sviptingar veiðileyfa, sem ákveðnar eru samkvæmt þessari grein, skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár.

Ákvörðunum Fiskistofu um áminningar og veiðileyfissviptingar samkvæmt þessari grein verður skotið til sjávarútvegsráðuneytisins, enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

IV. KAFLI

**Breytingar á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingu.**

13. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Við brot gegn reglum, sem settar hafa verið skv. 2. málsl. 7. gr. laga þessara, er heimilt að gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmætum hætti. Upptöku má framkvæma án tillits til þess hvort jafnframt er krafist refsingar.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 1. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

14. gr.

Orðið „öðrum“ í 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 13. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: 2. mgr. 13. gr.

16. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að gera ólögleg veiðarfæri upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

V. KAFLI

**Breytingar á lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.**

17. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Ólögmætur er sá sjávarafli sem er umfram það aflamark sem veiðiskip hefur og afli sem 2. mgr. 7. gr. tekur til.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sjávarútvegsráðherra skipaði nefnd í janúarmánuði 2006 til þess að fara yfir viðurlagaákvæði laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, og gera eftir atvikum og að höfðu viðeigandi samráði við hagsmunaaðila tillögur um breytingar á þeim. Í nefndinni voru Árni Múli Jónasson aðstoðarfiskistofustjóri, Guðjón Þorbjörnsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Vísis hf., og Steinar Ingi Matthíasson, sérfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu.

Í skilabréfi og skýrslu, sem nefndin hefur skilað til sjávarútvegsáðherra, kemur fram að hún telji að viðurlagaúrræði þau sem nú eru í framangreindum lögum séu nægileg og hafi almennt reynst vel. Nefndin leggur þó til að nokkrar breytingar verði gerðar á viðurlagaákvæðum laganna og byggist frumvarp þetta að mestu á þeim tillögum. Eftirfarandi eru helstu breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu:

- Lagt er til að ákvæði um lágmark og hámark sekta vegna tiltekinna brota gegn lögum nr. 79/1997 og lögum nr. 151/1996 verði samræmd öðrum sektarákvæðum þeirra laga sem og sektarákvæðum laga nr. 116/2006 og laga nr. 57/1996 þannig að fyrstu brot gegn öllum ákvæðum allra þessara laga varði ekki neinni tiltekinni lágmarkssekt en 4.000.000 kr. sekt að hámarki en ítrekuð brot varði að lágmarki 400.000 kr. og að hámarki 8.000.000 kr. sekt.
- Lagt er til að í stað skyldu til að gera afla og/eða veiðarfæri upptæk vegna brota gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 79/1997 og laga nr. 151/1996 verði mælt fyrir um heimild til að ákveða upptöku í þessum tilvikum. Vegna breytinga sem orðið hafa á lögum og reglum varðandi stjórn fiskveiða og til samræmingar við upptökuákvæði laga nr. 79/1997 og laga nr. 151/1996 er einnig lögð til smávægileg breyting á lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.
- Lagt er til að við fyrsta minni háttar brot gegn ákvæðum laga nr. 57/1996 og laga nr. 116/2006 beri Fiskistofu að veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu í stað þess að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni eins og núgildandi reglur gera ráð fyrir. Samkvæmt frumvarpinu mundu ítrekuð slík brot hins vegar varða sviptingu veiðileyfis.
- Lagt er til að í lög nr. 79/1997 verði tekin ákvæði um áminningar og sviptingar sérveiðileyfa, sem veitt hafa verið samkvæmt lögunum, vegna brota gegn ákvæðum laganna eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim.
- Lagt er til að við fyrsta minni háttar brot gegn reglum er varða vigtun sjávarafla verði vigtunarleyfi aðila ekki afturkallað, eins og núgildandi reglur gera ráð fyrir, heldur beri Fiskistofu í slíkum tilvikum að veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu. Þá er gert

ráð fyrir að komi til afturköllunar vigtunarleyfis geti hlutaðeigandi aðili ekki fengið slíkt leyfi að nýju fyrr en eftir tiltekinn tíma.
- Lagt er til að áminningar, veiðileyfissviptingar og afturkallanir vigtunarleyfa samkvæmt lögum nr. 57/1996, lögum nr. 116/2006 og lögum nr. 79/1997 verði látnar hafa ítrekunaráhrif í tvö ár.
- Lagt er til að felld verði úr lögum nr. 57/1996 heimild til að svipta uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla rekstrarleyfi vegna brota gegn reglum um vigtun sjávarafla.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lagt til að styrkari stoðum verði skotið undir reglur um veitingu og afturköllun svonefndra endurvigtunarleyfa með því að bæta við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 ákvæði þess efnis að Fiskistofa geti, að fenginni umsögn hafnaryfirvalda, veitt einstökum aðilum leyfi til að endurvigta afla, þ.e. til að vigta afla á ný eftir að hann hefur verið veginn á hafnarvog.

Um 2. gr.

Í 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, er kveðið á um að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna. Það þýðir að ef Fiskistofa kemst að þeirri niðurstöðu að umræddir aðilar hafi brotið gegn ákvæðum laganna ber henni að svipta hlutaðeigandi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni og gildir það jafnvel þótt telja verði að um minni háttar brot sé að ræða.

Ljóst er að svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni, jafnvel þótt um lágmarkstíma sé að ræða, þ.e. tvær vikur, getur verið mjög íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi útgerð og þá sem í hennar þágu starfa. Með vísan til þess er hér lagt til að 15. gr. laga nr. 57/1996 og 24. gr. laga nr. 116/2006 verði breytt þannig að þar verði kveðið á um að þegar um minni háttar brot er að ræða og hlutaðeigandi útgerð hefur ekki áður gerst brotleg við ákvæði laganna eða reglur settar samkvæmt þeim skuli Fiskistofa bregðast við með öðrum og ekki eins íþyngjandi hætti, þ.e. með því að veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu. Við ákvörðun þess hvort um minni háttar brot telst vera að ræða, í skilningi þessara lagaákvæða, er eðlilegt að litið verði m.a. til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Í þessu sambandi er þó rétt að taka fram að brot gegn reglum varðandi veiðar, afla og aflaheimildir eru oft þannig að afar erfitt er að skera með óyggjandi hætti úr um hvort þau hafi verið framin af ásetningi eða gáleysi. Það atriði eitt og sér getur því almennt ekki ráðið ákvörðun þess hvort brot telst vera minni háttar.

Á hinn bóginn þykir eðlilegt að láta ítrekuð brot gegn umræddum lögum og reglum varða sviptingu veiðileyfis, enda þótt um minni háttar brot í skilningi laganna kunni að vera að ræða.

Um 3. gr.

Leyfi til að vigta sjávarafla geta skipt miklu fyrir rekstur fiskvinnslustöðva og fiskmarkaða. Afturköllun slíkra leyfa getur því verið afar íþyngjandi fyrir þau fyrirtæki sem í hlut eiga. Það er því nauðsynlegt að reglur varðandi afturköllun vigtunarleyfa, svo sem um það hvenær aðili sem misst hefur leyfi getur fengið það að nýju, séu skýrar og samræmdar.

Í þessu sambandi þarf þó einnig að líta til þess að vigtunarleyfishafa er treyst til að annast

mjög mikilvægan þátt í fiskveiðistjórnunarkerfi þar sem einstakar útgerðir og fiskiskip hafa takmarkaðar aflaheimildir. Því er sanngjarnt og eðlilegt að þær kröfur séu gerðar til leyfishafa að þeir sýni í verki að þeir séu traustsins verðir. Þá þarf og að hafa í huga að í mörgum tilvikum eiga og/eða gera vigtunarleyfishafar út þau fiskiskip sem landa þeim afla sem þeir vigta, og í öðrum tilvikum, svo sem þegar um fiskmarkaði er að ræða, annast þeir vigtun á afla mjög margra skipa og báta. Þá þarf ekki að fjölyrða um að sú hætta er fyrir hendi að menn freistist til að brjóta og fara á svig við reglur um vigtun og skráningu sjávarafla, einkum þegar um kvótabundnar tegundir er að ræða. Í ljósi alls þessa er nauðsynlegt að hafa reglur um afturköllun vigtunarleyfa þannig að þær veiti þeim sem ábyrgð bera á vigtun afla nægilegt aðhald. Þá er eðlilegt og sanngjarnt að harðar sé tekið á brotum, sem bersýnilega leiða til að afli verði ranglega skráður, en brotum þar sem vikið hefur verið frá reglum að einhverju leyti án þess þó að það leiði bersýnilega til rangskráningar á afla.

Í 17. gr. laga nr. 57/1996 er mælt fyrir um að Fiskistofa skuli afturkalla leyfi til vigtunar ef hlutaðeigandi aðili, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn reglum sem gilda um vigtun sjávarafla. Fiskistofu er því ekki heimilt að bregðast við slíkum brotum með öðrum og vægari hætti, svo sem með því að veita hlutaðeigandi leyfishafa áminningu. Af því leiðir að fyrsta minni háttar brot aðila gegn vigtunarreglum varðar afturköllun vigtunarleyfis, jafnvel þótt ekki verði séð að það hafi getað leitt til rangskráningar á afla. Í slíkum tilvikum hlýtur afturköllun vigtunarleyfis að teljast nokkuð hörð viðurlög þegar haft er í huga hve miklir hagsmunir geta hér verið í húfi eins og fyrr var nefnt.

Með vísan til framangreinds er hér lagt til að ákvæðum 17. gr. verði breytt þannig að við fyrsta minni háttar brot, sem ekki leiðir bersýnilega til rangskráningar á afla, skuli Fiskistofa ekki afturkalla vigtunarleyfi hlutaðeigandi aðila heldur veita honum skriflega áminningu. Við ákvörðun þess hvort um minni háttar brot telst vera að ræða er eðlilegt að litið verði m.a. til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Í þessu sambandi er þó rétt að taka fram að brot gegn reglum um vigtun og skráningu sjávarafla eru oft þannig að afar erfitt er að skera með óyggjandi hætti úr um hvort þau hafi verið framin af ásetningi eða gáleysi. Það atriði eitt og sér getur því almennt ekki ráðið ákvörðun þess hvort brot telst vera minni háttar.

Samkvæmt tillögu þeirri sem hér er gerð um breytingu á 17. gr. laganna er hins vegar gert ráð fyrir að ef brot leiðir bersýnilega til rangskráningar á afla skuli vigtunarleyfi hlutaðeigandi aðila afturkallað án undanfarandi áminningar.

Í 17. gr. laga nr. 57/1996 er ekki mælt fyrir um hvenær aðili geti fengið vigtunarleyfi að nýju hafi vigtunarleyfi hans verið afturkallað. Augljóst er hins vegar að aðili getur haft af því verulega hagsmuni að réttarstaða hans að þessu leyti sé skýr til að hann geti metið hana og tekið ákvarðanir samkvæmt því, til að mynda um hvort hann vill una afturköllun leyfis eða freista þess að fá henni hnekkt með stjórnsýslukæru eða málshöfðun. Því er hér lagt til að í 17. gr. laganna verði kveðið á um hvenær aðili geti vænst þess að fá vigtunarleyfi að nýju hafi leyfi hans verið afturkallað, enda sé þá fullnægt öðrum skilyrðum fyrir leyfisveitingu.

Um 4. gr.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/1996 geta vigtunarleyfishafar, hvort heldur um fiskvinnslustöðvar eða fiskmarkaði er að ræða, misst vigtunarleyfi vegna brota gegn reglum um vigtun sjávarafla. Í 19. gr. laganna er síðan ákvæði þess efnis að sjávarútvegsráðuneytinu sé heimilt, að fengnum tillögum Fiskistofu, að svipta uppboðsmarkað fyrir sjávarafla rekstrarleyfi, sam-

kvæmt lögum um það efni, ef markaður eða þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna varðandi vigtun sjávarafla eða reglum settum samkvæmt þeim.

Hvorki í lögum nr. 57/1996 né í öðrum lögum er að finna sambærilegt ákvæði varðandi fiskvinnslustöðvar, enda er rekstur þeirra ekki háður sérstökum rekstrarleyfum. Ekki verður séð að málefnaleg rök eða nauðsyn réttlæti að þessi munur sé gerður á fiskmörkuðum og fiskvinnslustöðvum að þessu leyti. Hér er því lagt til að umrætt ákvæði í 19. gr. laga nr. 57/1996 um sviptingu rekstrarleyfa uppboðsmarkaða vegna brota gegn reglum um vigtun sjávarafla verði fellt úr lögunum.

Þá er lagt til að í stað umræddsákvæðis í 19. gr. komi ákvæði um að áminningar, veiðileyfissviptingar og afturkallanir vigtunarleyfa skuli hafa ítrekunaráhrif í tvö.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er kveðið á um að skipstjórnarmenn skipa, sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, skuli halda sérstakar afladagbækur. Samkvæmt heimild í því sama lagaákvæði hefur sjávarútvegsráðherra sett reglugerð þar sem m.a. er mælt fyrir um að í afladagbækur skuli skrá tilteknar upplýsingar varðandi veiðar og afla og skila bókunum með tilteknum og reglubundnum hætti til Fiskistofu. Í reglugerðinni er jafnframt kveðið á um að upplýsingar sem skráðar eru í afladagbækur skuli „nýtast í vísindalegum tilgangi fyrir Hafrannsóknastofnun, sem eftirlitsgögn fyrir Fiskistofu og Landhelgisgæslu og til annarra verkefna er varða stjórnun fiskveiða". Réttilega færðar afladagbækur og söfnun þeirra hljóta að teljast vera mikilvægur liður í þeirri upplýsingaöflun sem nauðsynleg er til að stjórnvöld geti tekið skynsamlegar ákvarðanir varðandi nýtingu fiskistofna. Því er það málefnaleg og sanngjörn krafa að þeir sem hafa leyfi til að stunda veiðar í atvinnuskyni færi réttar upplýsingar í afladagbækur og skili þeim í samræmi við settar reglur. Þó að flestir fari að þeim reglum sýnir reynslan að nauðsynlegt er að hafa virkt úrræði til að knýja vanskilamenn til að gera skil. Skv. 15. gr. laga nr. 57/1996 skal veiðileyfissvipting sem ákveðin er á grundvelli þeirra laga standa um tiltekinn tíma og ekki skemur en tvær vikur. Þrátt fyrir það hefur framkvæmdin hjá Fiskistofu verið sú að hafi skip verið svipt veiðileyfi vegna vanskila á afladagbókum hefur því verið veitt leyfi að nýju þegar skil hafa verið gerð, jafnvel þótt veiðileyfissvipting hafi þá staðið skemur en tvær vikur. Hér er lagt til að lagagrundvöllur undir þessari framkvæmd verði styrktur með því að kveða á um að vegna vanskila á afladagbókum skuli hlutaðeigandi skip svipt veiðileyfi þar til skil hafa verið gerð eða skýringar verið gefnar á ástæðum vanskila. Gert er ráð fyrir því að leyfissviptingu skuli þegar aflétt hafi verið bætt úr vanskilum og á það einnig við hafi komið fram skýringar á ástæðum vanskila, svo sem að afladagbók hafi glatast. Í þessu sambandi er þó rétt að taka skýrt fram að skýringar sem gefnar kunna að vera á vanskilum geta verið þess efnis eða eðlis að rétt sé að um mál verði fjallað sem brotamál. Þá er rétt að benda á að samkvæmt þeirri tillögu sem hér er gerð um breytingu á 17. gr. getur veiðileyfissvipting staðið lengur en í tvær vikur ef skil eru ekki gerð eða skýringar gefnar innan þess tíma.

Um 7. gr.

Í 24. gr. laga 116/2006 segir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögunum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Hér er lagt til að þessi vísun til umgengnislaga verði óbreytt en jafnframt verði kveðið

á um að það sama eigi við um veitingu áminninga vegna brota gegn lögunum. Þá er í greininni áréttað að sama regla gildi um kærur ákvarðana Fiskistofu um áminningar og veiðileyfissviptingar og gildir um kærur á slíkum ákvörðunum samkvæmt lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

Um 8. gr.

Með lögum nr. 22/2005 var gerð breyting á ákvæðum um lágmarkssektir í lögum nr. 116/2006 (þá nr. 38/1990), lögum nr. 57/1996, lögum nr. 79/1997 og lögum nr. 151/1196. Eftir þá breytingu er ekkert sektarlágmark við fyrstu brot gegn ákvæðum laga nr. 116/2006 og laga nr. 57/1996 og gildir það sama um tiltekin brot gegn ákvæðum laga nr. 79/1997 og laga nr. 151/1996.

Með lögum nr. 22/2005 var hins vegar ekki breytt þeim sektarákvæðum sem er að finna í 1. mgr. 16. gr. laga nr. 79/1997 og í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 151/1996 en samkvæmt þeim ákvæðum varða brot gegn tilteknum ákvæðum þessara laga 600.000 kr. sekt að lágmarki og 6.000.000 kr. að hámarki og gildir það hvort sem um fyrsta eða ítrekað brot er að ræða.

Með breytingum þeim sem í frumvarpinu er lagt til að verði gerðar á 16. og 17. gr. laga nr. 79/1997 og 13. og 14. gr. laga nr. 151/1996 verða umrædd sektarákvæði þeirra laga samræmd öðrum sektarákvæðum laganna sem og sektarákvæðum laga nr. 57/1996 og laga nr. 116/2006 þannig að við fyrstu brot gegn öllum ákvæðum þessara laga verður engin tiltekin lágmarkssekt en 4.000.000 kr. sekt að hámarki en ítrekuð brot varða að lágmarki 400.000 kr. og að hámarki 8.000.000 kr. sekt.

Í 16. og 20. gr. laga nr. 79/1997 og í 13. gr. og 17. gr. laga nr. 151/1996 er kveðið á um að við brot gegn tilteknum ákvæðum laganna skuli gera afla og/eða veiðarfæri skips upptæk. Af orðalagi umræddra ákvæða leiðir að falli tilvik undir þau ber að gera afla og/eða veiðarfæri skips upptæk og gildir það jafnvel þótt telja verði að um minni háttar brot sé að ræða.

Ýmsar tegundir veiðarfæra kosta mjög mikla peninga. Upptaka þeirra getur því komið mjög við hagsmuni hlutaðeigandi útgerða og jafnvel verið þeim þungbærari en viðurlög sem dómstólar og/eða stjórnvöld kunna að beita vegna sömu mála. Þegar um minni háttar brot er að ræða getur upptakan því leitt til þess að ekki verði eðlilegt samræmi með alvarleika brots og þeim fjárhagslegu afleiðingum sem brotið hefur fyrir hlutaðeigandi útgerð. Hér er því lagt til að umræddum upptökuákvæðum í lögum nr. 79/1997 og lögum nr. 151/1996 verði breytt þannig að í stað skyldu til að gera afla og/eða veiðarfæri upptæk verði heimild fyrir dómstóla til að ákveða upptöku. Þrátt fyrir breytingu þessa verður að gera ráð fyrir að ólögmætur afli og/eða ólögmæt veiðarfæri verði almennt gerð upptæk ef skilyrði eru til þess en ákæruvaldi og dómstólum verður ætlað að meta þetta í hverju einstöku tilviki og gætu því ákveðið, ef rétt og sanngjarnt sýndist, að beita upptökuákvæðunum ekki.

Um 9. gr.

Hér vísast til þess sem segir um sektarákvæði í skýringum við 8. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Hér vísast til þess sem segir um upptökuákvæði í skýringum við 8. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 12. gr.

Í 6. og 7. gr. laga nr. 79/1997 er að finna ákvæði varðandi leyfi til svonefndra sérveiða, svo sem til grásleppuveiða og til veiða með dragnót. Í þeim lögum er hins vegar ekki kveðið á um sviptingu sérveiðileyfa hafi við nýtingu þeirra verið brotið gegn ákvæðum laganna. Eðlilegt er hins vegar að gera þá kröfu til leyfishafa að hann nýti leyfið í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 79/1997 og reglur sem hafa verið settar samkvæmt þeim. Hér er því lagt til að í lög nr. 79/1997 verði sett skýr ákvæði um að skip skuli svipt sérveiðileyfi hafi verið brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Þá er lagt til að um sviptingar sérveiðileyfa gildi reglur samhljóða þeim sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins varðandi áminningar og sviptingar leyfa til veiða í atvinnuskyni vegna brota gegn lögum nr. 57/1996 og lögum nr. 116/2006.

Um 13. gr.

Hér vísast til þess sem segir um sektar- og upptökuákvæði í skýringum við 8. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 14. gr.

Hér vísast til þess sem segir um sektarákvæði í skýringum við 8. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Hér vísast til þess sem segir um upptökuákvæði í skýringum við 8. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, er í sjö töluliðum skilgreindur sá afli sem telst ólögmætur í skilningi laganna og leiðir því til álagningar gjalds samkvæmt ákvæðum þeirra. Vegna breytinga sem orðið hafa á lögum og reglum varðandi stjórn fiskveiða eiga 1. og 3. tölul. ekki lengur við. Tilvik þau sem falla undir 4., 5. og 6. tölul. falla hins vegar einnig undir upptökuákvæði laga nr. 79/1997 og laga nr. 151/1996 en í frumvarpinu eru lagðar til tilteknar breytingar á þeim ákvæðum eins og nánar er lýst í skýringum við 7. gr. frumvarpsins. Með vísan til þessa er hér lagt til að 1. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992 verði breytt þannig að ólögmætur, í skilningi þeirra laga, teljist aðeins sá afli sem er nú skilgreindur í 1. og 7. tölulið, þ.e. afli sem er umfram það aflamark sem veiðiskip hefur og afli sem 2. mgr. 7. gr. laganna tekur til.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlagaákvæði).**

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á viðurlagaákvæðum nokkurra laga er varða stjórn fiskveiða og eru viðurlög ýmist hert eða milduð.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Áhrif á tekjur eru óveruleg og munu að einhverju leyti ráðast af dómaframkvæmd.

# 236. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 12%.

2. gr.

Við 51. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Lífeyrissjóði, skv. 1. málsl., er þó heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 54. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Lífeyrissjóði, skv. 1. málsl., er þó heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Nú er í gildandi kjarasamningi kveðið á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera 10% og skal þá heimilt að miða áfram við hlutfallstöluna 10% í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga þessara þar til nýr kjarasamningur öðlast gildi.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 1. og 3. málsl. 4. mgr. 13. gr. laganna kemur: 8%.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. kemur: 8%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: 12%.

7. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. 25. gr. laganna kemur: 8%.

8. gr.

2. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld í sama hlutfalli og heildariðgjöld hvers sjóðfélaga eru á hverjum tíma. Iðgjöld skulu miðuð við þau laun er sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður en iðgjaldsstofninn skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

## III. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. kemur: 8%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: 12%.

10. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: 8%.

11. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld í sama hlutfalli og heildariðgjöld hvers sjóðfélaga eru á hverjum tíma. Iðgjöld skulu miðuð við þau laun er sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður en iðgjaldsstofninn skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 8. gr.

IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.**

12. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Iðgjald til sjóðsins skal að lágmarki nema 12% af iðgjaldsstofni, sbr. 2. mgr., sem skiptist þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi að lágmarki 8%.

V. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.**

13. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 8%.

14. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „10%“ og hlutfallstölunnar „4%“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 12%; og: 8%.

VI. KAFLI

**Gildistaka.**

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvíþættar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og fleiri lögum um lífeyrissjóði. Annars vegar er lögð til breyting á lagaumhverfi lífeyrissjóða þess eðlis að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað til samræmis við það sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði, eða úr 10% í 12%. Hins vegar er lögð til breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem varðar möguleika lífeyrissjóða sem njóta, eða nutu, bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. þeirra laga.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna tillögur um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem fela í sér hækkun á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóða úr 10% í 12%. Til að raska ekki gildandi kjarasamningum er jafnframt lagt til bráðabirgðaákvæði við lögin um að þar sem kveðið er á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera 10% í núgildandi kjarasamningi skuli heimilt að miða áfram við hlutfallstöluna 10% í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna þar til nýr kjarasamningur öðlast gildi.

Í II.–V. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á sérlögum um einstaka lífeyrissjóði til samræmis við þá hækkun á lágmarksiðgjaldi sem fjallað er um í I. kafla frumvarpsins. Snúa þær að því að hækka hlutföll þartilgreindra lagagreina til samræmis. Auk þess er lagt til að framangreind hækkun á lágmarksiðgjaldinu taki einnig til þeirra sjóðfélaga sem óska eftir að greiða áfram iðgjald eftir að starf þeirra eða staða er lögð niður.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni. Hér er um lág-

marksiðgjald að ræða og því heimilt að semja um hærra hlutfall. Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um hækkun á þessu lágmarksiðgjaldi úr 10% í 12%.

Samið hefur verið samið um 2% hækkun á mótframlagi vinnuveitanda á almennum vinnumarkaði í tveimur áföngum, eða úr 6% í 7% frá og með 1. janúar 2005 og síðan úr 7% í 8% frá og með 1. janúar 2007. Þessi hækkun á lögbundnu lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóða, sem lögð er til hér er til samræmis við þær breytingar. Í frumvarpi sem lagt var fyrir 132. löggjafarþing var gert ráð fyrir að lágmarksiðgjaldið hækkaði fyrst í 11% 1. janúar 2006 og í 12% þann 1. janúar 2007. Þar sem það frumvarp varð ekki að lögum fyrir 1. janúar 2006, eins og að var stefnt, og æskilegt þykir að hækkanir á iðgjöldum komi til framkvæmda um áramót er lagt til að hækkun lágmarksiðgjaldsins miðist við 1. janúar 2007, og hækki þá í einu lagi í 12%.

Um 2. gr.

Vísað er til athugasemda við 3. gr. frumvarpsins. Samhengis vegna þykir rétt að sams konar ákvæði og lagt er til í 3. gr. frumvarpsins gildi um lífeyrissjóði sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að lífeyrissjóði sem starfar í samræmi við staðfesta reglugerð samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, og nýtur bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags eða banka, eða naut slíkrar ábyrgðar 31. desember 1997, sé heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997. Samkvæmt núgildandi lögum eru slíkir lífeyrissjóðir undanþegnir 39. gr. laganna en sú grein kveður á um að leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur sé á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga, skv. 1. mgr. 39. gr., er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Í ljós hefur komið að þegar 39., 51. og 54. gr. laganna eru lesnar saman þá virðist sem tilteknir lífeyrissjóðir eigi að halda sig innan þeirra marka sem sett eru í 2. mgr. 39. gr. laganna en sé hins vegar óheimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins þar sem slíkt stangist á við ákvæði 54. gr. laganna. M.ö.o. er viðkomandi lífeyrissjóði þá óheimilt að skerða réttindi þrátt fyrir að mismunur eigna og skuldbindinga sé umfram þau mörk sem fram koma í 2. mgr. 39. gr. Um nokkurs konar þversögn er því að ræða innan laganna. Þessi lagalega óvissa hefur haft ýmisleg vandkvæði í för með sér og er því með frumvarpi þessu lagt til að leyst verði úr þeirri óvissu og umræddum lífeyrissjóðum gert heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til að kveðið verði á um í bráðabirgðaákvæði við lögin að á meðan núgildandi kjarasamningar eru enn í gildi sé heimilt að miða lágmarksiðgjaldið við 10%, sé um það kveðið í viðkomandi kjarasamningi. Eftir það beri að miða lágmarksiðgjald við 12%. Er þetta lagt til með það fyrir augum að verði frumvarpið að lögum hafi það ekki bein áhrif á þá kjarasamninga sem í gildi eru við gildistöku frumvarpsins.

Um 5.–14. gr.

Í 5.–13. gr. frumvarpsins er lögð til hækkun á mótframlagi á móti iðgjaldi sjóðfélaga í samræmi við 1. gr. Miða ákvæðin að því að 1. janúar 2007 verði mótframlag launagreiðanda hækkað úr 6% í 8%.

Auk þess er í 12. gr. frumvarpsins lögð til orðalagsbreyting sem miðar að því að gera ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.**

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Annars vegar er lagt til að lögfest verði hækkun á lágmarksiðgjaldi í lífeyrissjóði um 2%, úr 10% í 12%, sem verði komin að fullu til framkvæmda 1. janúar 2007, eins og almennt hefur verið samið um í kjarasamningum. Hins vegar er lögð til breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem varðar möguleika lífeyrissjóða sem njóta, eða nutu, bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka, til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

## 237. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]

um óháð áhættumat vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framkvæma nýtt og óháð áhættumat vegna Kárahnjúkavirkjunar. Allar stíflur virkjunarinnar verði metnar með tilliti til hættu á stíflurofi auk þess sem lagt verði mat á hvort fyrirliggjandi viðbragðsáætlanir séu fullnægjandi. Til verksins verði skipaður starfshópur óháðra sérfræðinga á sviði jarðvísinda, mannvirkjagerðar og áhættumatsgerðar. Áskilið verði að enginn sem velst í sérfræðingahópinn hafi áður komið að vinnu við gerð hættumats vegna virkjunarinnar, hönnun mannvirkja á svæðinu eða átt hagsmuna að gæta af framkvæmdinni á annan hátt. Landsvirkjun verði skylt að leggja starfshópnum til allar nauðsynlegar upplýsingar og aðstoða hann eins og þörf krefur.

Kostnaður við starf hópsins greiðist úr ríkissjóði. Heimilt verði að ráða hópnum starfsmann og kalla til sérfræðinga erlendis frá telji hópurinn nauðsyn á slíku.

Starfshópurinn skili áliti í síðasta lagi 15. febrúar 2007.

Greinargerð.

Eftir mikla umfjöllun um álitamál er varða öryggi stíflumannvirkja Kárahnjúkavirkjunar leggur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fram þingsályktunartillögu sem gerir ráð fyrir að fram fari óháð og gagnsæ rannsókn á áhættuþáttum virkjunarinnar. Það er mat þingflokksins að slíkt sé nauðsynlegt, m.a. á grundvelli upplýsinga sem fram komu í skýrslum um sprungur á svæði Hálslóns eftir Kristján Sæmundsson og Hauk Jóhannesson í nóvember 2004, janúar og febrúar 2005 og nóvember 2005. Eftir að sú skýrsla leit dagsins ljós, sem var raunar talsvert löngu eftir að hún var kynnt innan Landsvirkjunar, áttuðu menn sig á því að hún studdi við áður fram komnar efasemdir um ástand berggrunnsins á stíflustæðum og í lónstæði Hálslóns. Áður höfðu afar færir jarðvísindamenn sett fram rökstuddar efasemdir um að berggrunnurinn væri jafn traustur og höfundar matsskýrslunnar og Landsvirkjun vildu vera láta. Hér er átt við Guðmund Sigvaldason (nóvember 1998) og Grím Björnsson (febrúar 2002). Lítið var gert með álit þeirra þegar þau komu fram og í umfjöllun fjölmiðla nú í sumar kom fram að orkumálastjóri, ásamt embættismönnum í iðnaðarráðuneytinu, ákvað að ekki væri sérstök ástæða til að sýna iðnaðarráðherra álitsgerð Gríms Björnssonar um málið á þeim tíma þegar um Kárahnjúkavirkjun var fjallað á Alþingi. Það mál vakti heitar umræður sl. sumar og átti sinn þátt í að magna almenna andstöðu við stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.

Starfshópur sá sem hér er lagt til að settur verði á laggirnar þarf að hafa fjármuni sem gera honum kleift að ráða til sín starfsmann og kalla til sérfræðinga erlendis frá, auk þess sem nauðsynlegt er fyrir hópinn að hafa aðgang að öllum tiltækum gögnum um jarðfræðilegar forsendur og hönnun mannvirkja virkjunarinnar. Tillagan gerir ekki ráð fyrir ákveðnum fjölda sérfræðinga í starfshópinn, en flutningsmenn telja raunhæft að ætla að þrír til fimm sérfræðingar mundu nægja og réðist af framboði óháðra sérfræðinga á þeim sviðum sem um ræðir.

**Mat á umhverfisáhrifum.**

Í tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar, sem lögð var fram í júlí 2000 var kveðið á um að gera skyldi hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þar segir í kafla 4.7 Hættur (bls. 19):

> „Unnið verður hættumat fyrir fyrirhugaða framkvæmd. Við gerð áhættumats þarf að huga að hættum vegna veðurfars, flóða, jarðskjálfta, eldgosa, skriðufalla og framskriðs jökla. Þá verður sérstök athugun og umfjöllun gerð vegna hugsanlegra stíflubrota og flóða sem yrðu vegna þeirra.“

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen (VST) var fengin til að gera hættumatið og með umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar sem lögð var fram ári síðar, eða í júní 2001, voru kynntar tvær skýrslur VST; annars vegar um stíflurof og hins vegar mat á áhættu vegna mannvirkja. Í stuttu máli var niðurstaða VST sú að stíflurof væri „mjög ólíklegur atburður ef rétt er staðið að hönnun á stíflunum og eftirliti með byggingu þeirra.“ Þar segir:

> „Stíflurof er mjög ólíklegur atburður ef rétt er staðið að hönnun á stíflum og eftirliti með byggingu þeirra. Slíkur atburður gerist ekki einn og sér heldur sem afleiðing margra ólíklegra atburða sem gerast samhliða. Til að mynda gætu náttúruhamfarir valdið skyndilega stórauknu innrennsli til lóna eða veikt stíflur ef um jarðhræringar er að ræða eða mistök við byggingu þeirra. Samhliða slíkum hamförum þurfa stíflurnar að vera

undir miklu álagi sem er mest þegar lónin eru full. Ef stíflurof ætti sér stað yrðu alvarlegustu áhrifin af flóðum vegna rofs einnar af stíflunum þremur við Hálslón. Nokkur áhrif yrðu vegna rofs á stíflum við Ufsar- og Kelduárlón. Rof stíflna í Laugarfells- eða Hraunaveitu yllu ekki stórflóðum. Ef ein af stíflunum við Hálslón rofnar mun vatnsborð hækka mikið í farvegi Jökulsár á Dal, sem skapar hættu fyrir umhverfi, fólk og mannvirki á Jökuldal og Úthéraði. Rof á stíflum við Ufsar- eða Kelduárlón hefðu mest áhrif í Norðurdal og Suðurdal en áhrifin mundu dvína mjög þegar flóðið bærist í Lagarfljót. Þar mundi það valda tiltölulega lítilli vatnsborðshækkun. Eins og fram hefur komið eru mjög litlar líkur á atburði sem þessum. Engu að síður þarf að fylgjast vel með og er gert ráð fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum sem miða að því að tryggja öryggi mannvirkja sem best þannig að engum stafi hætta af slíkum atburði. Lögð verður áhersla á að eftirlit við hönnun, framkvæmd og rekstur fyrirhugaðrar virkjunar verði með sem bestum hætti. Eftirlit með leka í gegnum stíflur og hæð vatnsborðs verður samfellt og tengt stjórnstöð Landsvirkjunar til að sem lengstur tími fáist til aðgerða ef á þarf að halda. Gerðar verða viðbragðsáætlanir til að tryggja að aðvörun berist til allra, sem í hættu kunna að vera á sem skemmstum tíma, ef slíkt ástand skapast. Að þessu uppfylltu er talið að í öllum tilvikum gefist nægur tími til að bjarga mannslífum."

Þetta er eina umfjöllunin um áhættu sem tengist mannvirkjum virkjunarinnar í matsskýrslunni. Hvergi er fjallað nánar um aðra áhættu eða viðbrögð við mögulegri hættu og ekkert er frekar um áhættuna í niðurstöðu eða samantekt skýrslunnar.

**Náttúruverndarsamtök Íslands.**

Náttúruverndarsamtök Íslands settu fram ígrundaða kröfu um óháða rannsókn á Kárahnjúkastíflu 16. ágúst sl. Krafa samtakanna var send fjölmiðlum í þessum búningi:

*„Alvarlegur galli á hönnun Kárahnjúkavirkjunar? – krafa um óháða rannsókn.*

Eftir að risastíflan Campos Novos í Brasilíu (202 metra há) eyðilagðist í júní sl. skömmu eftir að hún var tekin í notkun vöknuðu spurningar um hvort eins gæti farið fyrir Kárahnjúkavirkjun.

Kárahnjúkastifla er grjóthleðslustífla með steyptri kápu líkt og Campos Novos. Komið hefur fram að slíkar stíflur leka meira en góðu hófi gegnir. Fyrir utan stífluna í Campos Novos hafa tvær aðrar stíflur sömu gerðar, ein í Brasilíu og hin í Suður-Afríku lekið umtalsvert vegna sprungna í steypukápunni.

Í ljósi þessa og alvarlegrar gagnrýni jarðfræðinga að undanförnu vegna skorts á jarðfræðilegum rannsóknum við undirbúning Kárahnjúkavirkjunar er það krafa Náttúruverndarsamtaka Íslands að fram fari óháð og gagnsæ rannsókn á þeirri áhættu sem tekin er með byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Jarðfræðingar hafa staðfest að Kárahnjúkastífla er byggð á virku sprungusvæði og því var frá upphafi rík ástæða til að rannsaka ítarlega alla áhættuþætti er lúta að stíflumannvirkjum svo hægt sé að fullyrða að öryggi þeirra sem búa neðan þeirra sé á engan hátt ógnað. Það er enn fremur krafa Náttúruverndarsamtaka Íslands að ekki verði hleypt vatni á Hálslón fyrr en ítarleg rannsókn á þessum áhættuþáttum hefur farið fram og óvefengjanlegar niðurstöður liggja fyrir.

Þegar er vitað að umtalsvert vatnsmagn mun leka undir stíflur Kárahnjúkavirkjunar vegna sprungna í lónbotninum. Bætist við leki vegna sprungna í steypukápu Kárahnjúkastíflu er ljóst að arðsemi virkjunarinnar versnar enn og var hún þó ekki beysin fyrir.

Af ofangreindum ástæðum er algjör nauðsyn á að allir þættir málsins verði gerðir opinberir undanbragðalaust.“

**Vinstri hreyfingin – grænt framboð.**

16. ágúst sendi þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá sér eftirfarandi ályktun:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur frá upphafi haldið fram þeim sjónarmiðum að mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar hafi verið ábótavant að ýmsu leyti og undirbúningi og rannsóknum í aðdraganda framkvæmdanna hafi sömuleiðis verið áfátt. Þingflokkurinn hefur tekið undir varnaðarorð þeirra sérfræðinga sem beint hafa sjónum manna að áhættunni sem er samfara byggingu Kárahnjúkavirkjunar, staðarvali hennar og hönnun. Þær ábendingar hafa ekki hvað síst varðað ótryggan berggrunn undir stíflu- og lónstæðinu og hafa verið kunnar allt frá þeim tíma er mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna fór fram. Þingflokkurinn minnir á að hann krafðist þess á síðasta ári að nýtt og óháð áhættumat væri unnið. Það hefur sýnt sig að aðvaranir um jarðfræðilega áhættu hafa verið fyllilega réttmætar og í því tekur þingflokkurinn undir kröfu Náttúruverndarsamtaka Íslands um að nú þegar fari fram óháð og gagnsæ rannsókn á þeirri áhættu sem tekin er með byggingu virkjunarinnar áður en byrjað verður að safna vatni í Hálslón.“

22. ágúst sendi stjórn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík frá sér ályktun um sama efni, hún var svohljóðandi:

„Nú er að koma á daginn að mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar hefur að mörgu leyti verið ábótavant og enn fremur hefur undirbúningi og rannsóknum í aðdraganda framkvæmdanna verið áfátt, eins og sérfræðingar á sviði jarðvísinda hafa áður haldið fram. Ítrekað hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð tekið undir varnaðarorð þeirra sérfræðinga sem beint hafa sjónum manna að áhættunni sem er samfara byggingu virkjunarinnar, staðarvali hennar og hönnun mannvirkja. Ljóst er að varnaðarorðin væru enn fleiri ef sérfræðingar fengju að tjá sig á opinn og lýðræðislegan hátt en væru ekki beittir þrýstingi til að halda upplýsingum leyndum fyrir almenningi. Stjórn VGR telur að nú sé mikilvægt að fram fari óháð og gagnsæ rannsókn á þeirri áhættu sem tekin er með byggingu virkjunarinnar áður en vatni verður veitt í Hálslón og tekur þannig undir kröfu náttúruverndarsamtaka þar að lútandi. Minnt er á ábyrgð þeirra er greiddu atkvæði með Kárahnjúkavirkjun á vettvangi Alþingis og borgarstjórnar Reykjavíkur.“

**Borgarstjórn Reykjavíkur.**

Fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í borgarstjórn Reykjavíkur og fulltrúi Frjálslynda flokksins lögðu fram tillögu um málið á fundi borgarstjórnar 5. september 2006:

„Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að mælast til þess við stjórn Landsvirkjunar að settur verði á fót óháður starfshópur jarðvísindamanna og verkfræðinga sem rannsaki hvað fór úrskeiðis við hönnun og byggingu þeirra stíflna sem telja má sambærilegar við Kárahnjúkastíflu. Auk þess verði honum falið að yfirfara öll gögn um hættuna sem stafað getur af fyllingu Hálslóns. Jafnframt samþykkir borgarstjórn Reykjavíkur að óska eftir því við stjórn Landsvirkjunar að fyrirhugaðri fyllingu lónsins verði frestað þar til niðurstöður þessarar óháðu úttektar liggja fyrir.“

Tillögunni var vísað frá með átta atkvæðum gegn þremur.

**Stjórn Landsvirkjunar.**

Í stjórn Landsvirkjunar hefur Álfheiður Ingadóttir, varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, beitt sér fyrir því að áhættumat Kárahnjúkavirkjunar verði endurskoðað og unnið af aðilum óháðum framkvæmdaraðila. 7. mars 2005, þegar stjórninni höfðu verið kynntar nýjar upplýsingar um virkar sprungur í stíflustæðum og lónstæði Hálslóns, lagði Álfheiður fram tillögu um að gert yrði nýtt áhættumat. Tillagan er svohljóðandi:

„Stjórn Landsvirkjunar samþykkir að láta fara fram greiningu áhættuþátta og áhættumat (þ.e. líkindamat á atburðum og verðmætum í húfi) í ljósi nýrra upplýsinga um möguleg tengsl jarðhita og sprungna í lónstæði og stíflustæðum Kárahnjúkavirkjunar. Skilgreina skal áhættuþætti, svo sem hættu á eldgosum, jarðhræringum og gikkskjálftum og meta möguleg áhrif þeirra og fargsins af lóni og stíflum, m.a. lekt vegna opnunar sprungna í lónstæði Hálslóns og/eða stíflurof eða stíflubroti undir stíflum.

Leggja skal mat á hugsanlegar afleiðingar áhættunnar fyrir starfsemi fyrirtækisins og viðskiptavina þess sem og aðra starfsemi á því landsvæði sem í húfi kann að vera.

Jafnframt samþykkir stjórn Landsvirkjunar að gera Almannavörnum ríkisins viðvart og endurskoða eldri viðbragðsáætlanir og aðlaga þær nýrri áhættugreiningu og áhættumati."

Stjórn Landsvirkjunar samþykkti tillöguna einróma 4. apríl 2005 en nokkuð breytta, þ.e. í stað nýs áhættumats skyldi gerð endurskoðun á því eldra og í stað þess að gera Almannavörnum viðvart var látið við það sitja að endurskoða eldri viðbragðsáætlanir:

„Stjórn Landsvirkjunar samþykkir að láta fara fram endurskoðun á greiningu áhættuþátta og áhættumats (þ.e. líkindamat á atburðum og verðmætum í húfi) í ljósi nýrra upplýsinga um möguleg tengsl jarðhita og sprungna í lónstæði og stíflustæðum Kárahnjúkavirkjunar. Skilgreina skal áhættuþætti, svo sem hættu á eldgosum, jarðhræringum og gikkskjálftum og meta möguleg áhrif þeirra og fargsins af lóni og stíflum, m.a. lekt vegna opnunar sprungna í lónstæði Hálslóns og/eða stíflurof eða stíflubroti undir stíflum.

Leggja skal mat á hugsanlegar afleiðingar áhættunnar fyrir starfsemi fyrirtækisins og viðskiptavina þess sem og aðra starfsemi á því landsvæði sem í húfi kann að vera.

Jafnframt samþykkir stjórn Landsvirkjunar að endurskoða eldri viðbragðsáætlanir og aðlaga þær nýrri áhættugreiningu og áhættumati."

Þegar skýrsla VST um endurskoðað áhættumat var lögð fram í stjórn Landsvirkjunar, 28. ágúst 2006, lagði Álfheiður fram svohljóðandi tillögu varðandi endurskoðun á áhættumati:

„Stjórn Landsvirkjunar samþykkir að setja á fót óháðan hóp jarðvísindamanna og verkfræðinga sem fari og kynni sér af eigin raun og áður en byrjað verður að fylla í Hálslón, systurstíflur Kárahnjúkastíflu í Campos Novos í Brasilíu og Mohale í Lesoto og hvað fór úrskeiðis þar við fyllingu í lónin. Síðan endurmeti hópurinn áhættuna af fyllingu í Hálslón."

Tillagan var felld, hlaut einungis eitt atkvæði. Þá gerði Álfheiður eftirfarandi bókun:

„Ég lýsi miklum vonbrigðum með fyrirliggjandi skýrslu frá VST um endurmat á áhættu af Kárahnjúkavirkjun. Skýrslan stenst ekki kröfur sem gera verður til óhæðis við gerð áhættumats, þar sem hún er unnin af sömu einstaklingum og fyrirtækjum og þeim sem hanna stíflurnar og hafa eftirlit með framkvæmdum á Kárahnjúkum. Skýrslan er því miður ekki trúverðug fyrir vikið.

Ég tel einnig ábyrgðarlaust í ljósi efasemda sem færustu jarðvísindamenn hafa sett fram að vísa frá öllum tilmælum um að fresta fyllingu í Hálslón þar til óháð mat á raunverulegri áhættu liggur fyrir. Tilmæli þingflokks og stjórnar VG þess efnis er studd af öllum stjórnarandstöðuflokkum á þingi auk þess sem Náttúruverndarsamtök Íslands hafa sett sömu kröfu fram.“

---

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Áhættumati fyrir Kárahnjúkavirkjun er ábótavant. Oddur Benediktsson. (Morgunblaðið, 1. október 2006.)

II. Áhættumat Kárahnjúkavirkjunar er ekki pappírsins virði. Álfheiður Ingadóttir. (Morgunblaðið, 11. október 2006.)

## 238. Fyrirspurn [235. mál]

til iðnaðarráðherra um teikningu af legu raflínu frá Skagafirði til Húsavíkur.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Er til teikning í ráðuneytinu af legu raflínu frá virkjun í jökulám Skagafjarðar til Húsavíkur? Ef svo er, hver var tilgangurinn með gerð hennar?

## 239. Frumvarp til laga [236. mál]

um breyting á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er ráðherra að setja reglur um nýtingu deilistofna, sbr. 5. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, þannig að sömu reglur gildi hvort sem veiðar úr þeim eru stundaðar innan eða utan fiskveiðilandhelginnar. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að afli sem fæst á ákveðnu svæði, tilteknum tíma eða í ákveðna gerð veiðarfæra skuli teljast til tiltekins deilistofns.

2. gr

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 9. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. bætist: og varðveislu viðkvæmra hafsvæða.

b. 2. málsl. hljóðar svo: Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með öllum eða tilteknum veiðarfærum eru bannaðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði tvær breytingar á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands, með síðari breytingum. Lýtur fyrri breytingin að því að kveða með skýrum hætti á um heimild til að samræma reglur um nýtingu á íslenskum deilistofnum, hvort sem veiðar fara fram í íslenskri fisveiðilögsögu eða utan hennar. Jafnframt verði heimilt að skilgreina nákvæmar með hliðsjón af veiðisvæði, veiðarfæri eða tíma hvenær um veiðar úr tilteknum deilistofni er að ræða. Hin síðari miðar að því að styrkja heimildir ráðherra til að friða viðkvæm hafsvæði í því skyni að vernda fyrst og fremst hafsbotninn sjálfan og það líf sem á honum þrífst.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Um stjórn veiða hér við land gilda fyrst og fremst eftirgreind lög: Lög nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, lög nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Á grundvelli þessara laga eru settar ýmsar reglur um veiðar íslenskra skipa, t.d. veiðarfæri og veiðisvæði, meðferð og nýtingu afla og atriði sem lúta að eftirliti með nýtingu þeirra.

Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, taka til nýtingar á nytjastofnum innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, taka hins vegar til veiða íslenskra skipa utan lögsögu Íslands. Í athugasemd við 5. gr. frumvarpsins, sem varð að lögum nr. 151/1996, segir að ákvæði laga um stjórn fiskveiða gildi eftir því sem við geti átt um veiðar íslenskra skipa utan íslensku lögsögunnar úr íslenskum deilistofnum, þ.e. stofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögumarkanna, enda verði að telja mjög æskilegt að samræmd stjórn gildi um veiðar úr slíkum stofnum hvort sem þær fara fram innan eða utan lögsögu. Þannig hafi þessu verið varið með nýtingu loðnustofnsins til þessa. Þar hefur kvóta verið úthlutað til skipa án tillits til þess hvort hann er veiddur innan eða utan lögsögumarka og gilda allar sömu reglur um veiðarnar án tillits til þess hvar þær fara fram, að teknu tilliti til samningsákvæða um tilkynningaskyldu o.fl. Tilvísun í 5. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, í lög um stjórn fiskveiða leggur að vísu meginreglur í þessu efni en hins vegar er það svo að ýmsar reglur eru setttar með stoð í lögum nr. 79/1997 og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Þykir því rétt að kveða með ótvíræðum hætti á um að ráðherra sé heimilt tryggja samræmingu reglna um veiðar úr íslenskum deilistofnum þannig að ekki gildi mismunandi reglur eftir því hvort veiðar fara fram innan eða utan fiskveiðilandhelginnar og miðar fyrri málsliður greinarinnar að því. Í seinni málslið greinarinnar segir að ráðherra sé heimilt að ákveða að afli sem fæst á ákveðnu svæði, tilteknum tíma eða í ákveðna gerð veiðarfæra skuli teljast til tiltekins deilistofns. Eins og áður segir þá eru deilistofnar þeir stofnar sem veiðast bæði innan og utan lögsögunnar. Nokkuð er breytilegt hvar þeir veiðast innan lögsögunnar og í hve miklum mæli. Má í þessu sambandi t.d. nefna kolmunna, úthafskarfa og loðnu. Því er nauðsynlegt að hafa heimild til að skilgreina veiðisvæði hverju sinni og jafnframt hafa möguleika til þess að líta til tíma og veiðarfæra í því sambandi. Við skoðun á þessu máli kom bæði til álita að hafa þessa heimild i í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og lögum nr.

151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, en niðurstaðan varð sú að leggja til að heimildin yrði sett í lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Um 2. gr.

Í október 2004 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að kanna forsendur fyrir friðun viðkvæmra hafsvæða. Nefndin skilaði tillögum sínum í lok maí 2005. Nefndin skoðaði þau svæði sem friðuð hafa verið hér við land og forsendur þeirra. Má almennt segja að flest friðunarsvæði í fiskveiðilandhelgi Íslands séu friðuð með heimild í 9. gr. laga nr. 79/1997 en tveir fyrri málsliðir 1. mgr. hennar hljóða svo: „Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með tilteknum veiðarfærum eru bannaðar.“ Nefndin taldi að friðun svæða hefði fyrst og fremst verið beitt til að ná sértækum markmiðum í fiskvernd eins og t.d. verndun hrygningarfisks eða ungfisks. Á undanförnum árum hefði athyglin beinst í ríkari mæli að hafsbotninum sjálfum og lagði nefndin því til í skýrslu sinni að breytingar yrðu gerðar á heimild ráðherra þannig að verndun hafsbotnsins fengi meira vægi og rúmaðist betur innan lagaheimildarinnar. Með því móti mundi hún endurspegla skýrar markmið og inntak friðunar viðkvæmra hafsvæða.

Með breytingu þeirri sem lagt er til að gerð verði með b-lið er aðeins verið að árétta að unnt er að láta friðun taka til allra veiða þannig að ekki þurfi að telja þær allar í reglugerð ef bannið á að vera altækt.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu eru gerðar tvær breytingar. Fyrri breytingin er að kveða á með skýrum hætti um heimild til að samræma reglur um nýtingu á íslenskum deilistofnum utan sem og innan íslensku fiskveiðilögsögunni. Hin síðari miðar af því að styrkja heimildir ráðherra til að friða viðkvæm hafsvæði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

## 240. Fyrirspurn [237. mál]

til dómsmálaráðherra um merkingu varðskipa.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvers vegna er varðskipið Týr merkt „Coast Guard“ á báðum síðum skipsins í stað „Landhelgisgæslan“ eftir nýlegar endurbætur á skipinu í Póllandi?

2. Verða önnur varðskip Landhelgisgæslunnar merkt á ensku í stað íslensku eins og verið hefur?
3. Verða tæki og búnaður löggæslunnar, svo sem lögreglubílar og lögreglustöðvar, framvegis merkt á ensku en ekki íslensku?

# 241. Frumvarp til laga [238. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Markmið og gildissvið.*

Markmið laga þessara er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

Lög þessi gilda um eftirgreindar gerðir skipa ef þau eru notuð í millilandasiglingum:

a. farþegaskip, þ.m.t. háhraðaför,
b. flutningaskip 500 brúttótonn eða stærri og
c. færanlega borpalla.

Lög þessi gilda einnig um farþegaskip og flutningaskip í innanlandssiglingum. Undanskilja má ákveðnar tegundir og flokka skipa í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur.

Lög þessi gilda um útgerðir þeirra skipa sem nefnd eru í 1. og 2. mgr. og um hafnaraðstöðu þar sem slíkum skipum er þjónað.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:

9. *Umboðsmaður:* Sá sem annast milligöngu útgerðar eða leigutaka skips og stjórnvalda.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Landhelgisgæslu“ í 1. mgr. kemur: vaktstöð siglinga.
b. Í stað orðsins „útgerðarfélögum“ í 1. mgr., orðsins „útgerðarfélaga“ í a- og b-lið 3. mgr. og orðsins „Útgerðarfélög“ í 9. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: útgerðir.
c. Við 3. mgr. bætast tveir liðir og orðast svo:
   h. gert sé áhættumat vegna siglinga innan íslenskrar efnahagslögsögu,
   i. gerð sé og viðhaldið Siglingaverndaráætlun Íslands.
d. Við bætist ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:

   Siglingastofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Við framkvæmd eftirlits með siglingavernd skal fulltrúum Siglingastofnunar heimill aðgangur að skipum, hafnarsvæðum, mannvirkjum, búnaði, gögnum og skjölum, eftir því sem telja má nauðsynlegt vegna eftirlitsins. Fulltrúar hafna, skipa og útgerða, sem lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim taka til, skulu veita

stofnuninni þá aðstoð sem þörf er á vegna eftirlits í þágu siglingaverndar. Samgönguráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirlits í þágu siglingaverndar.

e. 1. málsl. 5. mgr., sem verður 6. mgr., orðast svo: Ríkislögreglustjóri ákveður vástig um borð í íslenskum skipum og í höfnum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Útgerðarfélög“ og orðsins „útgerðarfélagið“ í 1. mgr. kemur í viðeigandi tölu og beygingarfalli: útgerð.

b. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar, sem orðast svo:

Skipstjóri og útgerð skips skulu halda skrá yfir nauðsynlegar upplýsingar vegna siglingaverndar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Áður en skip skv. 2. gr. laganna kemur til hafnar skal höfn, útgerð, umboðsmaður eða skipstjóri skips veita upplýsingar skv. 1. mgr. sem að mati Siglingastofnunar eru nauðsynlegar vegna siglingaverndar og verndar íslenskra hafna.

Ef skip uppfyllir ekki reglur um siglingavernd er Siglingastofnun heimilt að leggja farbann á skip, vísa því frá höfn, krefjast þess að það verði fært innan hafnar eða á milli hafna og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir brot á reglum um siglingavernd. Útgerð og skipstjóra skips er skylt að verða við fyrirmælum Siglingastofnunar samkvæmt þessari málsgrein.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um skráningu upplýsinga vegna siglingaverndar, upplýsingaskyldu útgerða og skipstjóra og frekari aðgerðir Siglingastofnunar til framkvæmdar eftirlits í þágu siglingaverndar.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Aðgangur að hafnarsvæðum**, með einni grein, 8. gr. sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Aðgangur að hafnarsvæðum.*

Siglingastofnun Íslands er heimilt að takmarka aðgang að höfnum og hafnarsvæðum, umferð um þær og dvöl skipa í þeim, svo og að banna umgengni eða dvöl á slíkum svæðum, ef slíkt er talið nauðsynlegt vegna siglingaverndar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna, sem verður 10. gr.:

a. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald, farmverndargjald, af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða landað í höfn.

b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald, hafnarverndargjald, fyrir hvert skip sem fellur undir lög þessi og getur gjaldið tekið mið af stærð skips, komufjölda skipa og/eða dvalartíma við hafnaraðstöðu í rekstri þeirra.

c. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir hvern farþega sem kemur til eða fer frá landinu með skipi.

7. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein sem verður 11. gr. og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Þagnarskylda.*

Þeim aðilum sem starfa að siglingavernd ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna eða hagsmuna í þágu siglingaverndar. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti vegna siglingaverndar og fyrirhugaðar aðgerðir vegna siglingaverndar og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglum eða eðli máls.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna sem verður 13. gr.:

a. Í stað orðsins „útgerðarfélags“ tvívegis í 2. mgr. kemur: útgerðar.
b. Í stað orðanna „og um kennslu, þjálfun og æfingar vegna skipaverndar“ í 2. mgr. kemur: um kennslu, þjálfun og æfingar vegna skipaverndar, meðhöndlun trúnaðarskjala og eftirlit og skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila.
c. Á eftir orðinu „hafnaverndar“ í 3. mgr. kemur: vöktun og afmörkun hafnaraðstöðu og haftasvæða, meðhöndlun trúnaðarskjala og eftirlit og skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila.

9. gr.

Á eftir 11. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr., sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Afturköllun skipunar.*

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila á grundvelli laga þessara, tímabundið eða að fullu, vegna brota gegn lögum og reglum ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hins brotlega, varhugavert að hann sé skipaður. Ákvörðun um afturköllun skal rökstudd og starfsmanni gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin, í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Sé um að ræða alvarlegt brot í starfi, þar á meðal brot á trúnaðarskyldum, er Siglingastofnun heimilt að afturkalla skipan viðkomandi þegar í stað.

10. gr.

12. gr. laganna, sem verður 15. gr., orðast svo:

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga. Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

11. gr.

Við 13. gr. laganna, sem verður 16. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með lögum þessum eru innleiddar í íslenskan rétt eftirtaldar gerðir Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í XIII. viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði:

a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um aukið öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII.viðauka við EES-samninginn nr. 14/2005 frá 8. febrúar 2005.
b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar, sam-

kvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 34/2006 frá 10. mars 2006.

c. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnavernd, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 65/2006 frá 2. júní 2006.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru gerðar breytingar á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, einkum með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um aukið öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnavernd. Framangreindar gerðir Evrópusambandsins voru teknar inn í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2005 frá 8. febrúar 2005, 34/2006 frá 10. mars 2006 og 65/2006 frá 2. júní 2006. Gera þarf breytingar á lögunum til að unnt sé að innleiða framangreindar gerðir í íslenskan rétt með setningu reglugerða þar að lútandi.

Hinn 12. desember 2002 var samþykkt innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) að gera breytingar á alþjóðasamþykktinni um öryggi mannslífa á hafinu, SOLAS, og taka inn í hana ákvæði til að fyrirbyggja hryðjuverk og aðrar ógnanir á höfunum. Til þess að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar á sviði siglingaverndar voru á Alþingi sett lög nr. 50/2004, um siglingavernd, sem komu til framkvæmda 1. júlí 2004.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í meginatriðum þessar:

**Útvíkkun á gildissvið laganna.**

Lagt er til að gildissvið laganna verði útvíkkað til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 725/2004/EB. Þannig munu lögin eftir lagabreytinguna jafnframt taka til ákveðinna farþegaskipa og flutningaskipa í innanlandssiglingum auk útgerða.

**Áhættumat.**

Lagt er til að kveðið verði á um það í lögunum að áhættumat verði gert fyrir íslensk skip, hafnaraðstöðu og siglingar innan lögsögunnar. Samkvæmt reglugerð 725/2004/EB skulu aðildarríkin vera búin að ákveða fyrir 1. júlí 2007 hvort ákvæði reglugerðarinnar, sem tekur til farþegaskipa í innanlandssiglingum, skuli gilda um önnur skip sem veita þjónustu innan lands, útgerðir og hafnaraðstöðu sem þeim tengjast. Siglingastofnun Íslands ber ábyrgð á því samkvæmt frumvarpinu að gert sé áhættumat vegna siglinga innan íslensku efnahagslögsögunnar.

**Heimildir Siglingastofnunar og aðila á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).**

Reglugerð 725/2004/EB kveður á um skoðanir og eftirlit á framkvæmd siglingaverndar í aðildarríkjunum og reglugerð 884/2005/EB hefur að geyma nánari útlistun á framkvæmd og yfirgrip þessa eftirlits. Þar er m.a. kveðið á um að aðildarríkin skuli tryggja eftirlitsaðilum aðgang að skipum, hafnaraðstöðu og fleiri stöðum, aðgang að öllum skjölum sem tengjast

siglingavernd og heimildir til að krefja fulltrúa hafna, skipa og útgerða um nauðsynlega aðstoð við eftirlitið.

Einnig er í frumvarpinu kveðið á um heimildir Siglingastofnunar til þess að bregðast við brotum á reglum um siglingavernd, t.d. með því að leggja farbann á skip, og aukið er við viðurlagaákvæði laganna til samræmis við það.

**Gjaldtökuheimildir.**

Lagðar eru til breytingar á gjaldtöku vegna innheimtu siglingaverndargjalds. Tekin eru upp heimildarákvæði til töku gjalda í stað skylduákvæða og þar með stuðlað að auknu aðhaldi í kostnaði við siglingavernd.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til að breytingar verði gerðar á 2. mgr. 2. gr. laganna og nýrri málsgrein bætt við greinina.

Ákvæði 1. mgr. um markmið laganna er efnislega samhljóða 3. mgr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er nýtt ákvæði, sem víkkar gildissvið laganna frá því sem nú er, með því að bæta við farþegaskipum og flutningaskipum í innanlandssiglingum. Lagt er til að undanskilja megi ákveðna flokka skipa í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur. Þannig teljast farþegaskip í flokki A samkvæmt reglugerðinni falla undir gildissvið laganna en flokkunin fer eftir því á hvaða hafsvæðum skipin sigla. Núverandi reglugerð er nr. 666/2001 og skilgreininguna sem um ræðir má finna í 4. gr. hennar hvað varðar farþegaskipin.

Ákvæði 4. mgr. er að stofni til óbreytt frá gildandi lögum, en útgerðum skipa hefur verið bætt við, í samræmi við ákvæði reglugerða framkvæmdastjórnarinnar, sem innleiða á í íslenskan rétt. Í sama skyni er búið að fella orðin „sem stunda millilandasiglingar“ brott úr málsgreininni.

Um 2. gr.

Lögð er til skilgreining á hugtakinu umboðsmaður sem er nýtt hugtak í lögunum samkvæmt 4. gr. frumvarpsins. Notuð er sama skilgreining og í lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

Um 3. gr.

Lagt er til að vaktstöð siglinga sem sett var á fót með lögum nr. 41/2003 sé bætt við upptalningu þeirra aðila sem fara með framkvæmd siglingaverndar. Er þetta einkum gert vegna mikilvægs hlutverks vaktstöðvar siglinga við að tryggja öruggar siglingar í íslenskri efnahagslögsögu, öryggi skipa, farþega og áhafna og efla varnir gegn mengun sjávar.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á hugtakanotkun í lögunum á nokkrum stöðum, þess efnis að í stað hugtaksins *útgerðarfélag* verði notað hugtakið *útgerð*. Er þetta einkum gert til að tryggja að hugtakanotkun sé í samræmi við önnur lög á sviði siglinga.

Lögð er til breyting á 3. mgr. 4. gr. laganna þar sem aukið er við ábyrgðarsvið Siglingastofnunar og henni falin gerð áhættumats vegna siglinga innan íslenskrar efnahagslögsögu. Jafnframt er Siglingastofnun ætlað að sjá um að útbúa Siglingaverndaráætlun Íslands og tryggja að henni sé viðhaldið með fullnægjandi hætti í samræmi við reglur á sviði hins Evrópska efnahagssvæðis.

Í nýrri 5. mgr. er lagt til að Siglingastofnun séu eftirlátnar vissar heimildir, innan þeirra takmarkana sem leiða af lögum um siglingavernd og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra, m.a. með hliðsjón af reglugerð 884/2005/EB.

Um 4. gr.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að sett verði heimild fyrir Siglingastofnun til þess að beita tilteknum ráðstöfunum þegar talið er að brotið hafi verið gegn reglum um siglingavernd og til almenns eftirlits, t.d. með því að um borð séu gild siglingaverndarskírteini.

Í 1. mgr. er gerð krafa um að útgerð skips skuli halda skrá yfir nauðsynlegar upplýsingar vegna siglingaverndar. Með nauðsynlegum upplýsingum er m.a. átt við upplýsingar um vástig skips, tíu síðustu viðkomuhafnir, tengsl skips við önnur skip, verndarráðstafanir og skírteini.

Í 2. mgr. er lögð til heimild fyrir Siglingastofnun til að krefja útgerð, umboðsmann eða skipstjóra skips upplýsinga sem varða siglingavernd. Samkvæmt gildandi reglum um vaktstöð siglinga skulu öll erlend skip tilkynna komu sína þegar þau halda inn í íslenska efnahagslögsögu, og íslensk skip skulu tilkynna staðsetningu sína með vissu millibili gegnum sjálfvirkt tilkynningarkerfi. Gert er ráð fyrir að krafið verði um upplýsingar eftir að skip tilkynnir um sig með þessum hætti.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um hversu langt má ganga í beitingu ráðstafana þegar grunur leikur á um ófullnægjandi siglingaverndarráðstafanir skips. Útgerð skips og skipstjóra er skylt að verða við fyrirmælum Siglingastofnunar samkvæmt málsgreininni.

Um 5. gr.

Breytingin sem lögð er til hér er nýmæli og tekur mið af 2. mgr. 70. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum. Talið er nauðsynlegt að taka upp ítarlegri ákvæði og heimildir inn í lög um siglingavernd sem leiðir af verulega hertum kröfum á þessu sviði. Þá þykir nauðsynlegt að taka af allan vafa um skýrar lagaheimildir til ýmiss konar aðgerða er tengjast siglingavernd og sem þrengja að réttindum einstaklinga eða leggja kvaðir á rekstraraðila og Ísland hefur skuldbundið sig til að taka upp. Markmiðið með breytingunum er m.a. að láta eftirlit vegna siglingaverndar ná til allra þeirra sem hafa með höndum starfsemi innan siglingaverndarsvæða. Það eftirlit verður að hluta til hjá Siglingastofnun Íslands en í öðrum tilvikum hjá tollyfirvöldum, ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslu Íslands.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að höfnum sé heimilt að innheimta siglingaverndargjald, sem nánar er skilgreint sem farmverndargjald af vörum og hafnarverndargjald fyrir hvert skip, en í gildandi lögum er gert ráð fyrir að höfnum sé þetta skylt. Með þessari breytingu er stefnt að auknu aðhaldi í kostnaði við farmvernd. Ljóst er að kostnaður vegna eftirlits eins og hér um ræðir getur haft áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja annars staðar í heiminum. Lögð er áhersla á það að slíkt fyrirkomulag verði ekki meira íþyngjandi hér á landi en erlendis og feli ekki í sér meiri kostnað en þörf er á. Mikilvægt er að hafnir leggi til grundvallar við ákvörðun gjaldsins að um er að ræða þjónustugjald sem endurspegla skal raunverulega veitta þjónustu.

Um 7. gr.

Ákvæðið er nýmæli og varðar þagnarskyldu þeirra aðila sem starfa að siglingavernd. Ýmis atriði er lúta að siglingavernd varða öryggi íslenska ríkisins og almannahagsmuni og ber því að fara leynt með þau. Hugsanlegt er jafnframt að einhver atriði varði einkahagsmuni og er

talið eðlilegt að trúnaður gildi um slíka hagsmuni einnig. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 22. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

Um 8. gr.

Lagt er til að bætt verði við heimildir ráðherra til þess að setja í reglugerð nánari útfærslu á ákvæðum um siglingavernd til innleiðingar þeirra reglugerða Evrópusambandsins sem nefndar eru í 11. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að Siglingastofnun verði heimilt að afturkalla skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila á grundvelli laganna. Er hér vísað til skipunar verndarfulltrúa skv. c-lið 3. mgr. 4. gr. laganna og skipunar eftirlitsaðila skv. d-lið sama ákvæðis. Áskilið er að viðkomandi aðili hafi gerst sekur um brot gegn lögum og reglum ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hins brotlega, varhugavert að hann sé skipaður.

Í 2. mgr. er lagt til að þegar um alvarlegt brot í starfi er að ræða, eða viðkomandi hefur með öðrum hætti hagað sér á þann hátt að óásættanlegt verður að telja að hann sé skipaður, geti Siglingastofnun afturkallað skipan hans samstundis.

Um afturköllun skipunar til að gegna framangreindum störfum gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

Um 10. gr.

Lagt er til í frumvarpinu að refsiákvæðum verði beitt til samræmis við þau viðurlög sem eru í öðrum sérlögum.

Um 11. gr.

Hér eru taldar upp þær gerðir Evrópusambandsins sem innleiddar verða við gildistöku laga þessara, sbr. ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd.**

Lagðar eru til breytingar með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/65. Markmiðið með frumvarpinu er að ná fram auknu öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu. Frumvarpið felur m.a. í sér að höfnum verði heimilt að innheimta sérstakt gjald, siglingarverndargjald.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu útgjöld ríkissjóðs aukast óverulega og gert er ráð fyrir að það muni rúmast innan fjárlagaramma samgönguráðuneytisins.

## 242. Fyrirspurn [239. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við þjóðlendumál.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hver hefur heildarkostnaður við þjóðlendumál verið, annars vegar hjá ríkinu og hins vegar hjá sveitarfélögum?
2. Hvernig skiptist kostnaður opinberra aðila á einstök verkefni í þjóðlendumálum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 243. Fyrirspurn [240. mál]

til fjármálaráðherra um ófaglært starfsfólk í heilbrigðisþjónustu.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Mun ráðherra gera forráðamönnum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) kleift að standa við yfirýsingu sem þeir gáfu ófaglærðu starfsfólki sl. vor?

## 244. Fyrirspurn [241. mál]

til landbúnaðarráðherra um námsframboð í loðdýrarækt.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hvaða námsframboð er í loðdýrarækt í landbúnaðarháskólunum?
2. Stendur til að auka möguleika á slíkri menntun?

## 245. Fyrirspurn [242. mál]

til samgönguráðherra um þjóðveg á Akranesi.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvað líður undirbúningi framkvæmda við nýjan þjóðveg (Þjóðbraut) inn í þéttbýli á Akranesi?

## 246. Fyrirspurn [243. mál]

til samgönguráðherra um tvöföldun Hvalfjarðarganga.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hafa samgönguyfirvöld með einhverjum hætti hafið undirbúning þess að tvöfalda Hvalfjarðargöng? Ef svo er, hvað hefur verið gert?

## 247. Fyrirspurn [244. mál]

til samgönguráðherra um strætisvagnaferðir milli Akraness og Reykjavíkur.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Telur ráðherra ásættanlegt að strætisvagnar fari milli Akraness og Reykjavíkur fullskipaðir fólki þannig að farþegar standi jafnvel í vögnunum á leiðinni?

## 248. Fyrirspurn [245. mál]

til samgönguráðherra um farþegaflug milli Vestmannaeyja og lands.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hyggjast samgönguyfirvöld greiða niður allt farþegaflug milli Vestmannaeyja og lands?

## 249. Fyrirspurn [246. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aflagningu dagabátakerfisins.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Telur ráðherra að aflagning dagabátakerfisins árið 2004 hafi orðið sjávarbyggðum landsins til góðs?

## 250. Fyrirspurn [247. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni fatlaðra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða starfsemi fyrir fatlaða, annarri en þeirri sem tilkomin er vegna átaks í málefnum geðfatlaðra, er áætlað að hleypa af stokkunum árið 2007 og hve margir sem ekki njóta þjónustu nú munu fá hana, sundurgreint samkvæmt neðangreindu:
   a. búsetu,
   b. atvinnu/dagþjónustu,
   c. öðrum stuðningsúrræðum?
2. Hve margir eru á biðlista eftir þjónustu, sbr. 1. lið fyrirspurnarinnar, sundurliðað á sama hátt?
3. Hve margar nýjar umsóknir bárust svæðisskrifstofum og öðrum þjónustuaðilum vegna þeirra þjónustuþarfa sem fram koma í 1. lið, skipt eftir svæðum og þjónustuúrræðum, og hvað má áætla að þeim berist margar nýjar umsóknir um þjónustu árið 2007 ef tekið er mið af nýliðun síðustu ára?
4. Hversu miklu fé verður varið til að bæta þjónustu við fatlaða árið 2007, ef frá er talið það fé sem ætlað er til átaks í málefnum geðfatlaðra sérstaklega og til almennra launa- og verðlagsbreytinga?

**Skriflegt svar óskast.**

## 251. Fyrirspurn [248. mál]

til utanríkisráðherra um fangabúðir Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er afstaða ráðherra til reksturs fangabúða Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa á Kúbu?

## 252. Fyrirspurn [249. mál]

til menntamálaráðherra um sendingar Ríkisútvarpsins um gervitungl.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hefur Ríkisútvarpið áform um að senda dagskrár hljóðvarps og sjónvarps um gervitungl, svo að sjómenn á hafi úti og Íslendingar erlendis fái notið?

**Skriflegt svar óskast.**

## 253. Fyrirspurn [250. mál]

til umhverfisráðherra um reglur um aflífun og flutning búfjár.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvað líður endurskoðun reglna um aflífun og flutning búfjár sem eru frá árunum 1957 og 1958?

## 254. Fyrirspurn [251. mál]

til dómsmálaráðherra um eftirgrennslana-, öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvenær lauk eftirgrennslana-, öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi þeirri sem upplýst hefur verið að hófst hjá lögreglu um miðbik síðustu aldar eða hefur einhver slík eftirgrennslana-, greiningar-, öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi farið fram hjá lögreglunni allt til þessa dags?
2. Hvert var umfang þessarar starfsemi á hverjum tíma, eða er nú? Hvers konar upplýsingum hefur verið safnað, hverjir hafa vitað af starfseminni og hverjir hafa haft aðgang að upplýsingunum?

## 255. Fyrirspurn [252. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á ýsustofni.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á mögulegum tengslum stórs ýsustofns umhverfis landið við niðursveiflu í sandsílastofninum?

# 256. Tillaga til þingsályktunar [253. mál]

um legu þjóðvegar nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera samanburð á bestu kostum á legu þjóðvegar nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Skýrslu um samanburðinn verði lokið á hausti komanda og verði höfð til hliðsjónar við næstu endurskoðun samgönguáætlunar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 130., 131. og 132. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Er tillagan flutt að nýju óbreytt.

Samgöngur á landi eru einn mikilvægasti þátturinn í að tryggja búsetu og jákvæða byggðaþróun í landinu öllu og þjóðvegur nr. 1 gegnir þar lykilhlutverki.

Breytingar á legu þjóðvegar nr. 1 í Austur-Húnavatnssýslu hafa verið til umfjöllunar hjá Vegagerðinni. Þær breytingar hafa allar miðað að því að vegurinn liggi áfram um sömu héruð og hann gerir nú.

Uppbygging vegar yfir Þverárfjall hefur beint sjónum manna að því hvort ekki sé skynsamlegt að láta aðalþjóðveginn liggja um Þverárfjall, um Hegranes og Hjaltadal og loks í gegnum Tröllaskaga með jarðgöngum. Þessir kostir hafa verið nokkuð skoðaðir af heimamönnum. Athuganir þeirra benda til að viðlíka stytting næðist og nú er fyrirhuguð samkvæmt hugmyndum Vegagerðarinnar. Aðalkostir Þverárfjallsleiðarinnar eru að hún liggur í námunda við alla stærstu þéttbýlisstaðina á þessum slóðum og mjög nærri mikilvægum stöðum, t.d. háskólanum á Hólum. Þá liggur leiðin um Blönduós, umtalsvert nær Skagaströnd en nú er og í gegnum Sauðárkrók. Með henni mundu þessi byggðarlög tengjast betur en áður og styrkjast vegna áhrifa af meiri umferð og greiðari samgöngum. Byggðaleg áhrif þessarar leiðar yrðu og mikil og þarf að meta þau sérstaklega sem mikilvægan þátt málsins. Sú leið sem fyrirhuguð hefur verið fram að þessu liggur í öllum tilvikum fjær nefndum stöðum og auk þess yfir Vatnsskarð og Öxnadalsheiði. Jarðgöng hljóta síðar meir að leysa veginn af hólmi á þeim fjallvegum. Þverárfjallsvegur liggur miklu lægra en Öxnadalsheiði og líka lægra en Vatnsskarð. Þjóðhagslegur arður af þessari framkvæmd þarf einnig að metast og er eðlilegur hluti þess samanburðar á leiðunum sem hér er lagður til.

---

Með tillögunni var fylgiskjal: Varðar veggöng í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar frá Lendisskipulagi ehf. Sjá samhljóða fylgiskjal með þskj. 880 (588. mál 131. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2004–2005, bls. 4211–4214.

## 257. Fyrirspurn [254. mál]

til umhverfisráðherra um rannsóknir á sjófuglum.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar undanfarin fimm ár á lífsháttum og ástandi sjófugla sem verpa í Vestmannaeyjum?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum rannsóknum á þessum fuglastofnum og þá hvaða?

## 258. Fyrirspurn [255. mál]

til dómsmálaráðherra um umferðaröryggismál.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig er þjóðvegaeftirliti nú háttað og telur ráðherra ástæðu til að auka forvarnir á þjóðvegum með því að taka upp sérstakt eftirlit með sérmerktum bílum á vegum lögreglunnar?
2. Hve mörg ökutæki og bifhjól eru starfrækt við þjóðvegaeftirlit, hve margir lögreglumenn starfa að því eftirliti nú og hve margir voru þeir árin 1990, 2000 og 2005?
3. Hve mörg banaslys urðu í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á þjóðvegum hins vegar sl. 10 ár?
4. Telur ráðherra ástæðu til að fjölga löggæslumönnum sem starfa við umferðaröryggismál, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar við þjóðvegaeftirlit?
5. Hefur verið gerð úttekt á lágmarksþörf fyrir löggæslu á landinu skipt eftir löggæsluumdæmum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 259. Tillaga til þingsályktunar [256. mál]

um Loftslagsráð.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á fót Loftslagsráð sem hafi eftirtalin verkefni:

– að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra efna sem haft geta skaðleg áhrif á andrúmsloft og loftslagsþróun,

- að meta líkleg áhrif loftslagsbreytinga á þjóðarhag og þjóðaröryggi,
- að vera til ráðgjafar um rannsóknaþörf og viðbrögð á sviðum sem mestu varða, m.a. um mannvirkjagerð, skipulag byggðar, samgöngur, atvinnuhætti og þróun lífríkis,
- að miðla fræðslu og rækja alþjóðatengsl sem orðið geti viðfangsefnum ráðsins til framdráttar,
- að beina að eigin frumkvæði tilmælum til opinberra aðila og annarra eftir því sem tilefni þykja til.

Í Loftslagsráði eigi sæti, samkvæmt tilnefningu, fulltrúar þingflokka á Alþingi, Sambands íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyta, opinberra stofnana, samtaka á vinnumarkaði og umhverfisverndar- og neytendasamtaka. Umhverfisráðherra skipi formann ráðsins og veiti því nauðsynlega aðstöðu. Kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

Eigi sjaldnar en annað hvert ár skili Loftslagsráð skýrslu um störf sín sem verði kynnt Alþingi.

Skipan og starfshættir Loftslagsráðs skulu endurmetin ekki síðar en að fimm árum liðnum.

## Greinargerð.

*Brýnasta verkefni alþjóðasamfélagsins.*

Loftslagsbreytingar af mannavöldum vegna mengunar lofthjúpsins með gróðurhúsalofttegundum eru nú af flestum taldar staðreynd og brýnasta viðfangsefni alþjóðasamfélagsins í umhverfismálum. Um það vitna aðgerðir á vegum Sameinuðu þjóðanna undanfarinn hálfan annan áratug og ákall fjölmargra vísindamanna, stjórnmálamanna, þjóðhöfðingja og forráðamanna í atvinnurekstri að undanförnu. Orsökin er að miklu leyti brennsla jarðefnaeldsneytis, en ýmsir iðnaðarferlar og gróðureyðing leggjast á sömu sveif. Hækkun meðalhita á Jörðinni sem rakin er til losunar koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda nam á síðustu öld að meðaltali um 0,7°C en nokkru meira, eða 0,95°C, í Evrópu. Þessi hækkun hitastigs er þegar farin að hafa veruleg áhrif sem m.a. koma fram í fjölgun fellibylja og auknum styrk þeirra, hitabylgjum og þurrkum, stækkandi eyðimörkum, uppskerubresti og margháttuðum breytingum á vistkerfum. Einna örastar virðast breytingarnar á norðlægum slóðum. Takist ekki með samræmdum aðgerðum ríkja heims að koma mengun lofthjúpsins niður fyrir hættumörk verða það náttúruöflin sem taka í taumana með ófyrisjáanlegum og sársaukafullum hætti.

*Draga þarf úr heildarlosun um nær 100%.*

Mælanleg hækkun sjávarborðs vegna bráðnunar jökla er þegar staðreynd og forboði annars og meira. Fari svo að Grænlandsjökull bráðni hefði það um 5 m hækkun sjávarborðs í för með sér. Evrópusambandið hefur skilgreint 2°C hækkun meðalhita frá upphafi iðnbyltingar sem augljós hættumörk. Eigi að takast að verjast stórfelldum ófarnaði sem leitt gæti til hruns samfélaga og siðmenningar þarf að draga úr losun gróðurhúslofttegunda á 21. öldinni um allt að 100% frá því sem nú er. Lofthjúpurinn er sameign mannkyns og eðlilegt að jafnræði ríki um nýtingu hans (sjá fskj. II). Á vettvangi loftslagssamnings Sameinuðu Þjóðanna er samkomulag um að iðnríkin gangi á undan í aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en þróunarríki fái enn um skeið nokkurt svigrúm til aukningar. Þetta endurspeglast m.a. í Kyoto-bókuninni frá 1997 sem tók loks gildi árið 2005. Utan við bókunina standa iðnríki eins og Bandaríkin og Ástralía og hefur afstaða stjórnvalda þessara ríkja verið gagnrýnd harðlega. Fyrr en seinna þurfa einnig þróunarríkin að taka á sig skuldbindingar um að hamla gegn losun. Í því sambandi munar eðlilega mest um fjölmennustu ríkin, Kína og Indland. Ör fjölgun jarðarbúa, sem gert er ráð fyrir að verði 9 milljarðar talsins

upp úr 2040, veldur því að torveldara mun reynast en ella að ná tökum á nauðsynlegum samdrætti í mengun andrúmsloftsins.

*Tillagan um Loftslagsráð.*

Íslendingar hafa eins og aðrar þjóðir til mikils að vinna að náð verði tökum á loftslagsbreytingunum. Hugsanleg afleiðing hlýnunar á veraldarvísu er að breyting verði á hafstraumum sem leitt gæti til kólnunar við norðanvert Atlantshaf. Í Kyoto-ferlinu fengum við sérmeðhöndlun eins og síðar er að vikið en stjórnvöld sem aðrir hafa fram að þessu ekki tekið loftslagsmálin þeim tökum sem vera ber. Víða erlendis eru markvissar aðgerðir hafnar til að komast á rétt spor, stöðva aukingu í losun og hefja niðurskurð. Virkja þarf allt samfélagið til að árangri verði náð, stjórnkerfi, samtök á vinnumarkaði, fræðslukerfi og almenning. Sporna þarf gegn ósjálfbærum hagvexti og ná fram breyttum neysluvenjum. Þingsályktunartillaga þessi um Loftslagsráð er flutt til að tryggja samræmdar aðgerðir og samhæfingu sem flestra. Verður hér gerð nánari grein fyrir einstökum atriðum tillögunnar.

Verkefni ráðsins eru sett fram í fimm liðum.

1. Almennt og brýnt verkefni er að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Ráðið getur haft margvísleg áhrif í þá átt þótt aðrir beri þar meginábyrgð, svo sem ríkisstjórn og einstök ráðuneyti, Alþingi sem löggjafi, stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og almenningur með neyslumynstri sínu. Rétt þykir að ráðið fylgist einnig með öðrum efnum sem valdið geta óæskilegum breytingum á lofthjúpnum og lífríki, eins og díoxíni og PAH-efnum, svo og ósoneyðandi efnum og köfnunarefnis- og brennisteinssamböndum.
2. Loftslagsbreytingar snerta óhjákvæmilega þjóðarhag og þjóðaröryggi í víðtækri merkingu. Tímabundin áhrif þeirra á þjóðarhag einstakra landa geta verið jákvæð eða neikvæð eftir framvindu breytinganna. Augljóst dæmi eru breytingar á hitastigi sjávar, hafstraumum og vistkerfi sjávar að lífsskilyrðum nytjastofna meðtöldum. Náttúrulegar sveiflur eru vel þekktar í Íslandssögunni en nú er af vísindamönnum farið að tengja vissa sveiflukennda þætti við loftslagsbreytingar af mannavöldum. Niðurskurður í losun gróðurhúsalofttegunda snertir náið efnahagsstarfsemi og framleiðsluferli og kallar á aðlögun og róttækar breytingar sem sumar hverjar geta falið í sér jákvæð tækifæri.
3. Áhrif verulegra loftslagsbreytinga verða fyrr en varir víðtæk og nánast altæk. Því er þörf á markvissum rannsóknum til að leggja á ráðin um hversu við skuli brugðist á einstökum sviðum. Áhrif umhverfisbreytinga, eins og hækkun sjávarborðs, snúa að hvers kyns mannvirkjagerð og þróun byggðar. Tíðari og magnaðri stormar valda álagi á mannvirki og auka hættu af sjávarflóðum. Trjágróður getur fallið og áhrifin á skógrækt geta orðið veruleg. Samgöngur valda miklu útstreymi gróðurhúsalofttegunda og nú beinast sjónir víða öðru fremur að flugsamgöngum sem eru sá einstaki þáttur sem leggur hvað mest til í mengun lofthjúpsins, – auk gróðurhúsalofttegunda einnig mengun af losun köfnunarefnisoxíðs og vatnsgufu.
4. Staðgóð fræðsla er á þessu sviði sem öðrum lykilatriði, ekki síst til að auðvelda almenningi skilning á loftslagsbreytingum og nauðsyn á viðbrögðum, sem í ýmsum tilvikum geta kallað á breyttan lífsstíl. Á fáum sviðum er jafnmikil þörf á alþjóðlegu samstarfi og alþjóðvitund eigi að takast að knýja fram þær fjölþættu breytingar sem þurfa að koma til.
5. Loftslagsráð þarf að hafa svigrúm til þess að hafa að eigin frumkvæði áhrif á þróun mála með tilmælum og tillögugerð sem m.a. geta varðað niðurskurð í losun.

Vel þarf að vanda til skipunar í Loftslagsráð og hafa í senn í huga að þar séu þeir aðilar með fulltrúa sem mestu geta ráðið um framvindu á starfssviði ráðsins en einnig fulltrúar almannasamtaka sem láta sig öðru fremur varða umhverfismál, svo og neytendamálefni.

Þannig kæmu ef til vill til með að sitja í ráðinu 15–20 manns. Eðlilegt er að Loftslagsráð verði vistað hjá umhverfisráðuneytinu og umhverfisráðherra skipi formann ráðsins. Umhverfisstofnun heldur utan um mengunarmál og m.a. það sem snýr að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna.

Gert er ráð fyrir að Alþingi verði kynnt yfirlitsskýrsla Loftslagsráðs um störf ráðsins, a.m.k. annað hvert ár en það geti þess utan beint tilmælum til þingsins hvenær sem það telur tilefni til. – Eðlilegt er að skipan ráðsins og starfshættir verði endurmetin eftir því sem reynsla fæst af starfi þess og ekki síðar en að fimm árum liðnum.

*Sameiginlegt markmið að draga úr útstreymi.*

Upphaf markvissrar vinnu við að ná tökum á losun gróðurhúsalofttegunda má rekja til ferlis sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu forgöngu um og hófst fyrir alvöru með umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi 1972 og náði hámarki með. leiðtogafundinum í Ríó de Janeró 1992 sem sendi m.a. frá sér Rammasamninginn um loftslagsbreytingar (Framework Convention on Climate Change – FCCC, hér nefndur loftslagssamningurinn).Markmið hans er að koma í veg fyrir frekari loftslagsbreytingar af mannavöldum með því að þjóðríki skuldbindi sig til að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda. Aðildarríkin skuldbinda sig til að koma upp bókhaldi yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda og í samningnum er sett það almenna markmið að útblástur gróðurhúsalofttegunda aukist ekki frá því sem var árið 1990. Árið 1997 var skrifað undir bókun við samninginn, Kyoto-bókunina, þar sem sett eru fram töluleg markmið varðandi samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og sett ákveðin tímamörk til að ná fram þeim markmiðum. Fyrsta skuldbindingartímabil bókunarinnar stendur frá 2008 til 2012. Ísland undirritaði loftslagssamninginn í Ríó og Alþingi staðfesti hann á árinu 1994. Lengri tíma tók að fá Kyoto-bókunina fullgilta, það gerðist ekki fyrr en 23. maí 2002 eftir að ljóst var að „sérstaða Íslands", sem stjórnvöld kölluðu svo, hafði hlotið viðurkenningu á vettvangi samningsins. Það gerðist í Marrakesh í Marokkó í nóvember 2001 en þar var samþykkt sérstakt ákvæði þar að lútandi, – íslenska ákvæðið. Skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum og bókuninni fela í sér að útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá landinu muni ekki aukast meira en sem nemur 10% frá árinu 1990, þ.e. vera innan við 3.650 þúsund tonn koldíoxíðsígilda árlega að meðaltali á tímabilinu 2008–2012. Og í öðru lagi að koldíoxíðsútstreymi frá stóriðju sem hóf starfsemi eftir árið 1990 og fellur undir „íslenska ákvæðið" fari ekki yfir 1.600 þús. tonn að meðaltali árin 2008–2012. Rétt er að taka fram að Ísland var það aðildarríki Kyoto-bókunarinnar sem fékk heimild til að auka losun sína mest, eða sem nemur 10% miðað við viðmiðunarárið 1990, en langflest önnur iðnríki tóku á sig niðurskurð.

Samkvæmt Kyoto-bókunni skuldbinda 30 iðnríki sig til að halda útstreymi sex gróðurhúsalofttegunda á árunum 2008–2012 innan útstreymisheimilda sem eru 5,2% lægri en útstreymið á árinu 1990. Mestu mengunarvaldarnir, Bandaríkin og Ástralía, ákváðu að snúa bakinu við þessari viðleitni, svo það var ekki fyrr en rússnesk stjórnvöld ákváðu að staðfesta bókunina að ljóst var að hún gengi í gildi. Það gerðist16. febrúar 2005. Margt bendir til að erfitt verði fyrir aðildarríki bókunarinnar að uppfylla þær skuldbindingar sem þau hafa tekist á herðar. Kyoto-bókunin er bara fyrsta skrefið til að náð verði tökum á hlýnun andrúmsloftsins af mannavöldum. Til þess að það gerist er talið að draga þurfi úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum öllum um hátt í 100% í lok 21. aldarinnar.

*Um þátt Íslands hingað til og losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis.*

Birna Sigrún Hallsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, gerði grein fyrir stöðu losunarmála á Íslandi og greindi frá losunarbókhaldi stofnunarinnar í erindi sem hún hélt á Orkuþingi Samorku 12. og 13. október 2006. Í erindinu, sem birt er í heild sinni, sem fskj. I með tillögu þessari, kemur fram að heildarútstreymi gróðuhúsalofttegunda hérlendis hefur aukist um 10,6% frá viðmiðunarári Kyoto-bókunarinnar 1990 til ársins 2004. Útstreymið nam 3.631 þúsund koltvíoxíðsígildum miðað við 3.282 þúsund koltvíoxíðsígildi viðmiðunarárið 1990. Brennsla jarðefnaeldsneytis veldur stærstum hluta heildarútstreymisins eða 54%, en næst kemur útstreymi vegna iðnaðarferla, 26%. Samtals standa þessar uppsprettur því fyrir 80% af útstreyminu hérlendis. Skiptingin árið 2004 er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Iðnaðarferlar | 26% |
| Eldsneytisbrennsla frá iðnaði | 13% |
| Vegasamgöngur | 18% |
| Fiskiskip | 20% |
| Önnur eldsneytisbrennsla | 3% |
| Landbúnaður | 14% |
| Úrgangur | 6% |

Í erindinu gerði Birna grein fyrir losunarspá Umhverfisstofnunar til ársins 2020. Þar voru reifaðir þrír möguleikar, sem hver um sig mundi valda mismikilu útstreymi, allt eftir því hvaða stóriðjuverkefni hugsanlega yrðu að veruleika á tímabilinu. Allar eiga þessir kostir það þó sameiginlegt að sýna mikla aukningu útstreymis fram til ársins 2020.

Í spá Umhverfisstofnunar er einnig gerð grein fyrir mögulegri þróun losunar tveggja flokka þrávirkra lífrænna efna, þ.e. díoxína og PAH-efna. Stofnunin hefur ekki útbúið sérstaka spá um útstreymi díoxíns en gerir ráð fyrir að útstreymi PAH4-efna eigi eftir að aukast mikið á næstu árum verði framhald á stóriðjuframkvæmdum, en málmframleiðsla veldur 76% af núverandi losun þessara efna.

Af þeim upplýsingum sem lesa má úr losunarbókhaldi Umhverfisstofnunar blasir við að þörf er á róttækum breytingum til að draga úr útstreymi, eigi að takast að standa við skuldbindingar Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni.Rétt er að geta þess að losun PFC frá álverum fellur innan almennra skuldbindinga Íslands. Einnig er ljóst að þrátt fyrir íslenska stóriðjuákvæðið verður losun frá stóriðju tilkominni eftir 1990 komin talsvert yfir heimiluð mörk, 1.600 þúsund tonn, við lok ársins 2012 ef hugmyndir núverandi stjórnvalda ganga eftir.

*Lagasetningu hefur verið ábótavant.*

Vinna á vegum íslenskra stjórnvalda við stefnumótun í málaflokknum hefur um of markast áherslu á undanþáguheimildir. Lagasetningu hefur verið ábótavant, sem sést best á því að það var ekki fyrr en 3. júní 2006 sem samþykkt voru á Alþingi lög um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda, nr. 107/2006. Þau lög voru sett í kjölfar athugasemda frá eftirlitsnefnd loftslagssamningsins sem kom hingað til lands í september 2004. Nefndin gerði m.a. athugasemdir við það hversu óformlegt fyrirkomulag væri á losunarbókhaldi Umhverfisstofnunar, það væri ekki skilgreint í lögum eða reglugerðum auk þess sem aðferðafræði bókhaldsins og nákvæmni áætlana um útstreymi frá landbúnaði og urðunarstöðum væri ábótavant. Loks fór nefndin fram á að gerð væri grein fyrir óvissumörkum í tölum varðandi einstaka liði í bókhaldinu og að komið verði upp gæðaeftirliti á því. Í því augnamiði að

lagfæra þessi atriði og þróa losunarbókhald okkar samþykkti Alþingi 15 millj. kr. fjárheimild til umhverfisráðuneytisins.

Þegar áðurgreint frumvarp um skráningu á losun gróðurhúsalofttegunda var til umfjöllunar í umhverfisnefnd Alþingis á síðasta vetri bárust nefndinni tvær athyglisverðar umsagnir. Í fyrsta lagi umsögn frá Orkustofnun sem lagði það til að sameinað yrði í eitt mál frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda og upplýsingagjöf um innflutning, sölu og geymslu eldsneytis. Umsögninni fylgdi uppkast að frumvarpi og til skýringa segir í umsögninni:

„Orkustofnun hefur þann 24. apríl 2006 borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 6. sama mánaðar, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er Orkustofnun lögð sú skylda á herðar að safna upplýsingum um orkumál sem frumvarpinu tengjast og skila þeim upplýsingum til Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt athugasemdum við lagafrumvarpið, 6. mgr., er stefnt að því að iðnaðarráðherra leggi fram frumvarp sem ætlað er að tryggja heimildir Orkustofnunar til að krefja aðila um upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir gerð orkuspáa og skil á gögnum til Umhverfisstofnunar. Erfiðlega hefur gengið að fá nauðsynlegar upplýsingar frá öllum olíufélögunum að undanförnu. Orkustofnun leggur til að slíkt frumvarp verði lagt fram sem fyrst svo stofnuninni verði unnt að rækja skyldur sínar samkvæmt frumvarpi þessu er nú liggur fyrir Alþingi, eða að þessi tvö frumvörp verði sameinuð samkvæmt eftirfarandi tillögum."

Í öðru lagi er ástæða til að nefna umsögn Umhverfisstofnunar, þar sem athygli nefndarinnar er vakin á því að frumvarpið hafi ekki að geyma tillögur um stjórnvaldsaðgerðir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Orkustofnun bendir á að gangi fyrirliggjandi hugmyndir um orkufrekan iðnað eftir muni losun aukast verulega á næstu árum. Líkanreikningar Umhverfisstofnunar gefi til kynna að hugsanlegt sé að útstreymi gróðurhúsalofttegunda muni aukast það mikið á tímabilinu 2008–2012, sem er fyrsta bókhaldstímabil Kyoto-bókunarinnar, að stjórnvöld verði að setja hömlur á losun þeirra til að tryggt sé að losunin verði undir þeim heimildum sem Ísland hefur fengið samkvæmt bókuninni. Umhverfisstofnun telur því brýnt að unnið verði að slíkri lagasetningu sem fyrst og þannig tryggð lagastoð fyrir veitingu heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda og viðskipti með losunarheimildir bæði innan lands og utan.

Flutningsmenn þessarar tillögu taka undir með Umhverfisstofnun hvað þetta varðar og telja afar brýnt að ráðist verði í markvissa vinnu sem miði að því að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með því að setja lagalega bindandi losunarmörk ásamt því að útfæra reglur um losunarheimildir.

*Ábyrg afstaða um mótun framtíðarstefnu.*

Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld móti stefnu í loftslagsmálum og geri þjóðinni ljósa grein fyrir því hvert stefna beri í nánustu framtíð. Enn hefur ríkisstjórnin ekki gefið út neina yfirlýsingu um hvað hún sér fyrir sér að loknu fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar eftir 2012, þó að allt bendi til þess að sækja eigi um frekari undanþáguheimildir á vettvangi loftslagssamningsins. Fyrrverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, svaraði því aðspurður í þingræðu 6. febrúar 2006 að farið yrði fram á auknar heimildir til losunar vegna stóriðju. Slíkt viðhorf lýsir mikilli skammsýni og segja má að trúverðugleiki Íslands á alþjóðavettvangi sé í húfi haldi fram sem horfir í þeim efnum.

Samningaviðræður um það hvað við taki eru hafnar á vettvangi loftslagssamningsins. Þær fara fram í tvennu lagi, annars vegar er um að ræða samræðu allra sem aðild eiga að samningnum og hins vegar viðræður aðildarríkja Kyoto-bókunarinnar. Þar eru Bandaríkin og

Ástralía ekki með og virðist sem menn óttist að þessar þjóðir komi ekki að samningaborðinu fyrr en byrjað verður að ræða þriðja skuldbindingartímabilið, sem gert er ráð fyrir að hefjist 2017.

Samningaviðræðurnar vegna næsta skuldbindingartímabils munu taka mið af því markmiði loftslagssamningsins að koma í veg fyrir hættulegar loftslagsbreytingar. Ljóst er að verkefnið er ærið og tíminn naumur til að ná tökum á vandanum. Stefnt er að því að niðurstaða í samningum varðandi annað skuldbindingatímabil verði tilbúin árið 2008, en þá og til 2012 kemur til uppgjörs vegna yfistandandi tímabils. Umhverfisverndarsamtök hafa skilgreint verkefnið framundan þannig að halda þurfi hlýnun andrúmslofts jarðar innan við 2°C að meðaltali miðað við það sem var fyrir iðnbyltingu. Leiðtogar Evrópusambandsins hafa lýst stuðningi sínum við þetta markmið og leggja Evrópulöndin sig fram um að gera áætlanir um samdrátt í útstreymi, setja lagalega bindandi losunarmörk ásamt því að útfæra reglur um losunarheimildir.

Við upphaf yfirstandandi löggjafarþings var kunngjört að umhverfisráðherra hygðist leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 107/2006, um skráningu á losun gróðurhúsalofttegunda. Frumvarpinu mun vera ætlað að tryggja að stjórnvöld hafi skýrar heimildir til að takmarka losun frá fyrirtækjum með það að markmiði að Ísland geti staðið við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar. Ljóst er að Samtök atvinnulífsins eru mótfallin slíkum hugmyndum, en þau kynntu nýverið áherslur sínar í loftslagsmálum.. Af þeim má ráða að þar á bæ eigi hugmyndir um lagalega bindandi losunarmörk og ákveðnar reglur um losunarheimildir lítinn hljómgrunn.

*Lokaorð.*

Loftslagsráði sem hér er gerð tillaga um er m.a. ætlað að verða umræðu- og samráðsvettvangur um leiðir til að draga úr losun gróðurhúslofttegunda. Þar ber ekki að útiloka neinar hugmyndir fyrirfram sem líklegar geta verið til að skila árangri. Nú og á næstu árum er það samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda hjá iðnríkjunum sem sker úr um hvort aðilar að loftslagssamningnum eru á réttri leið. Loftslagsráðið getur orðið mikilvægur vettvangur til að stuðla að því að velmegunarríkið Ísland skili sínu í glímunni við mestu umhverfisvá sem steðjað hefur að mannkyninu frá því að sögur hófust.

## Fylgiskjal I.

*Birna Sigrún Hallsdóttir,*
*sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.*

### Orka, iðnaður, útstreymi.

(Erindi flutt á Orkuþingi Samorku 12. og 13. október 2006.)

### Inngangur.

Mengandi efni sem berast út í andrúmsloftið eða sjóinn frá starfsemi og athöfnum manna geta auðveldlega valdið skaðlegum áhrifum fjarri mengunarvaldinum. Ýmist berast mengandi efni með loft- eða hafstraumum milli landa og heimsálfa og safnast fyrir í umhverfi og lífríki, eða safnast fyrir í lofthjúpnum þar sem þau geta t.d. aukið gróðurhúsaáhrif eða haft áhrif á ósónlagið. Alþjóðlegir samningar hafa verið gerðir til þess að sporna við áhrifum af

völdum efna af þessu tagi og er Ísland aðili bæði að loftslagssamningum og samningum um takmörkun á útbreiðslu þrávirkra lífrænna efna.

Sem hluti af þessum alþjóðlegu skuldbindingum Íslands heldur Umhverfisstofnun bókhald yfir útstreymi mengandi efna út í andrúmsloft. Nær bókhaldið yfir 20 loftmengunarefni frá flestum þáttum athafna og starfsemi í landinu.

Í þessu erindi verður fjallað um útstreymi gróðurhúsalofttegunda og tveggja flokka þrávirkra lífrænna efna (díoxína og PAH) vegna orkunotkunar og iðnaðar á Íslandi. Litið verður á hvernig þessi mál munu þróast fram til ársins 2020.


*Skýring.*

Gróðurhúsalofttegundir: Köfnunarefni ($N_2$) og súrefni ($O_2$) mynda samanlagt 99% lofthjúpsins, en gleypa ekki varmageislun frá jörðu. Það gera hins vegar lofttegundir sem er að finna í litlu magni í andrúmsloftinu, svo sem koldíoxíð ($CO_2$), metan ($CH_4$), díköfnunarefnisoxíð ($N_2O$), brennisteinshexaflúoríð ($SF_6$) og ýmis halógenkolefni. Þessar lofttegundir eru kallaðar gróðurhúsalofttegundir vegna gróðurhúsaáhrifa sem þær valda og eiga það sameiginlegt að hafa langan líftíma í andrúmslofti. Lofttegundirnar hafa mismunandi upphitunarstuðla, t.d. hefur metan upphitunarstuðulinn 21, sem þýðir að 1 tonn af metani hefur sömu áhrif og 21 tonn af koldíoxíði.


Díoxín er samheiti fyrir polychlorinated dibenzo-p-dioxins (PCDD) og polychlorinated dibenzofurans (PCDF), sem tilheyra þeim flokki þrávirkra lífrænna efna sem innihalda klór. Þessi eitruðu efni hafa ekki verið framleidd af ásetningi en myndast, t.d. við brennslu á sorpi og í ákveðnum iðnaði, og berast þannig út í umhverfið. Þessi efni hafa m.a. áhrif á ónæmiskerfið, hormónajafnvægi og þroska barna í móðurkviði.

PAH stendur fyrir Polycyclic Aromatic Hydrocarbons, sem eru fjölhringa arómatísk efni úr kolefni og vetni. Um er að ræða flokk efna sem eru mismunandi varðandi hættulega eiginleika og útbreiðslu. PAH-efni eru krabbameinsvaldandi. PAH4 eru fjögur tiltekin PAH-efni sem notuð eru sem vísir um útstreymi PAH. Þessi efni eru: Benzo[a]pyren, Benzo[b]fluoranthren, Benzo[k]fluoranthren og Indeno[1,2,3,-cd]pyren.


Það á við um bæði díoxín og PAH að efnin eru þrávirk og berast langar leiðir með loftstraumum. Gerðir hafar verið alþjóðlegir samningar til þess að takmarka losun og dreifingu efnanna; Stokkhólmssamningurinn gildir um díoxín og Genfarsamningurinn um loftmengun sem berst langar leiðir tekur bæði til díoxína og PAH.



***2,3,7,8-TCDD***
***(eitraðasta díxoínið)***



***Dibenzofuran***
***(almenn bygging)***




***Benzo[a]pyrene***
***(krabbameinsvaldandi PAH)***

## Útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda[1] árið 2004 var 3631 Gg (Gg: eitt gígagramm, g x $10^9$, jafngildir þúsund tonnum). Árið 1990 var útstreymið 3282 Gg og hefur útstreymi gróðurhúsalofttegunda því aukist um 10,6% á þessu tímabili. Árið 2003 var heildarútstreymi 3534 Gg og jókst því útstreymi um 3% milli áranna 2003 og 2004. Útstreymi vegna eldsneytisbrennslu jókst um 5% milli ára en útstreymi vegna iðnaðarferla dróst saman um

[1] Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til bindingar koldíoxíðs með landgræðslu og skógrækt.


1%. Mynd 1 sýnir skiptingu útstreymis eftir uppsprettum árið 2004. Eins og sést á myndinni var útstreymi vegna brennslu eldsneytis 54% af heildarútstreyminu en 26% útstreymisins var vegna iðnaðarferla. Samtals standa þessar uppsprettur því fyrir 80% af útstreyminu hérlendis.




Mynd 1. Skipting útstreymis GHL árið 2004 eftir greinum.


Vorið 2006 gerði Umhverfisstofnun spá um útstreymi gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020. Mikil umræða hefur verið um hugsanlega nýja stóriðjukosti og er haustið 2006 unnið að tveimur verkefnum á því sviði, byggingu Fjarðaáls (346.000 tonna ársframleiðsla) og stækkun Norðuráls í 260.000 tonna ársframleiðslu. Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fjögur stóriðjuverkefni í viðbót: stækkun Norðuráls í 300.000 tonna ársframleiðslu, stækkun álvers í Straumsvík úr 178.000 tonnum í 460.000 tonn, stækkun Járnblendiverksmiðjunnar úr 120.000 tonnum í 190.000 tonn og byggingu rafskautaverksmiðju á Katanesi með 340.000 tonna ársframleiðslu. Þá hafa verið til umræðu bygging álvera með 250.000 tonna afkastagetu bæði á Húsavík og í Helguvík. Til þess að geta metið útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna hinna ýmsu mögleika á uppbyggingu stóriðju í landinu vann Umhverfisstofnun spálíkan þar sem hægt er að stilla upp kostunum og með því skoða áhrif einstakra framkvæmda á útstreymið. Varðandi brennslu eldsneytis og framleiðslu sements var byggt á eldsneytisspá Orkuspárnefndar sem kom út í september 2005. Sú spá gerir eingöngu ráð fyrir stækkun Norðuráls í 260.000 tonna ársframleiðslu og byggingu Fjarðaáls (346.000 tonn). Þar sem ný stóriðjufyrirtæki og stækkun starfandi fyrirtækja hefur einnig áhrif út fyrir verksmiðjuveggina, með auknum hagvexti og auknum umsvifum m.a. í flutninga- og byggingastarfsemi, vann Orkuspárnefnd aukatilvik við eldsneytisspána að beiðni Umhverfisstofnunar. Þessi hliðaráhrif eru því tekin með í spálíkani stofunarinnar. Í líkaninu er hægt að skoða mörg hundruð mismunandi möguleika, en hér verða þrjú tilvik athuguð sérstaklega fram til ársins 2020:

1. Ekki verði af frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar en sem nemur núverandi framkvæmdum og orkusölusamingar liggja fyrir; þ.e. Fjarðaál 346.000 tonn og Norðurál 260.000 tonn. Sjá mynd 2.
2. Ofangreind fyrirtæki framleiði það magn sem starfsleyfi þeirra segja til um; Alcan 460.000 tonn, Járnblendifélagið 190.000 tonn, Norðurál 300.000 tonn, Fjarðaál 346.000 tonn, Kapla 340.000 tonn. Sjá mynd 3.
3. Að starfandi álver verði stækkuð sbr. heimildir í starfsleyfi, að álver verði reist á Húsavík og í Helguvík, að Járnblendiverksmiðjan verði ekki stækkuð og að rafskautaverksmiðja verði ekki reist; Alcan 460.000 tonn, Norðurál 300.000 tonn, Fjarðaál 346.000 tonn, Járnblendifélagið 120.000 tonn, Kapla 0, Helguvík 250.000 tonn, Húsavík 250.000 tonn. Sjá mynd 4.





Mynd 2. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda fram til 2020 – tilvik 1.

Ef þróun stóriðju yrði eins og gert er ráð fyrir í spátilviki 1 yrði heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda við lok spátímabilsins samtals 4519 Gg. Þar af yrði útstreymi vegna eldsneytisbrennslu um 2019 Gg (45%) og vegna iðnaðar um 1705 Gg (38%) eða samtals um 83%.




Mynd 3. útstreymi gróðurhúsalofttegunda fram til 2020 – tilvik 2.

Ef þróun stóriðju yrði eins og gert er ráð fyrir í spátilviki 2 yrði heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda við lok spátímabilsins samtals 5536 Gg. Þar af yrði útstreymi vegna eldsneytisbrennslu um 2217 Gg (40%) og vegna iðnaðar um 2524 Gg (46%) eða samtals um 86%.




Mynd 4. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda fram til 2020 – tilvik 3.


Ef þróun stóriðju yrði eins og gert er ráð fyrir í spátilviki 3 yrði heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda við lok spátímabilsins samtals 5992 Gg. Þar af yrði útstreymi vegna eldsneytisbrennslu um 2138 Gg (36%) og vegna iðnaðar um 3056 Gg (51%) eða samtals um 87%.

Í þessum útreikningum er ekki tekið tillit til útstreymis frá jarðhitavirkjunum. Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun gæti útstreymi þeirra aukist um 700–800 Gg ef tilvik 3 yrði að veruleika í stóriðjuuppbyggingu.

**Útstreymi þrávirkra lífrænna efna.**

Heildarútstreymi díoxíns á Íslandi hefur minnkað úr rúmum 10 g I-TEQ árið 1990 í rúm 2 g árið 2004. Minnkunin er að langmestu leyti tilkomin vegna minna útstreymi díoxíns frá sorpbrennslu. Frá 1990 hefur magn brennds úrgangs minnkað talsvert og eins hefur opin brennsla úrgangs nú nánast verið aflögð. Enn eru þó starfandi brennslustöðvar með lítilli stýringu og litlum eða jafnvel engum mengunarvarnabúnaði og er díoxínútstreymi frá þessum brennslustöðvum töluvert miðað við umfang rekstrarins.

Á mynd 5 má sjá skiptingu útstreymis díoxíns eftir greinum árið 2004. Athyglisvert er að útstreymi díoxíns frá fiskiskipaflotanum er talsvert, en útstreymi díoxíns vegna eldsneytisbrennslu úti á sjó þar sem brennsluloftið inniheldur salt (og þar með klór), er mun meira en vegna eldsneytisbrennslu í landi.





Mynd 5. Skipting díoxínútstreymis árið 2004 eftir helstu uppsprettum.

Ekki hefur verið gerð sérstök spá um útstreymi díoxíns, en búast má við að útstreymið muni haldast nokkuð stöðugt á næstu árum. Útstreymi vegna brennslu úrgangs mun væntanlega koma til með að lækka áfram eftir því sem meðferð úrgangs batnar en á móti kemur aukning útstreymis vegna stóriðju sem verður væntanlega í takt við aukna framleiðslu.

Útstreymi PAH4 hefur aukist talsvert á Íslandi frá 1990 eða úr tæpum 50 kg árið 1990 í tæp 75 kg árið 2004. Aukninguna má rekja til framleiðsluaukningar bæði á kísiljárni og í áliðnaðinum á síðustu árum.


Helstu uppsprettur PAH4 eru sýndar á mynd 6, þar sem fram kemur að málmframleiðsla orsakar 76% af ústreyminu. Útstreymi PAH4 hérlendis er nánast eingöngu tilkomið vegna eldsneytisbrennslu og málmframleiðslu.





Mynd 6. Skipting útstreymis PAH4 árið 2004 eftir helstu uppsprettum.

Uppbygging stóriðju á næstu árum mun því hafa veruleg áhrif á útstreymi PAH4. Með líkani Umhverfisstofnunar má spá fyrir um útstreymi PAH4 miðað við mismunandi forsendur í uppbyggingu stóriðju á næstu árum. Alls er hægt að skoða 64 mismunandi möguleika en hér verða sýnd þrjú tilvik. Í þeim tilvikum sem hér eru skoðuð er gert ráð fyrir að útstreymi PAH4 á hvert framleitt tonn haldist óbreytt út spátímabilið.


1. Ekki verði af frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar en þar sem framkvæmdir eru í gangi og orkusölusamningar liggja fyrir; Fjarðaál 346.000 tonn og Norðurál 260.000 tonn. Sjá mynd 7.
2. Fyrirtæki framleiði það magn sem starfsleyfi þeirra segja til um; Alcan 460.000 tonn, Járnblendifélagið 190.000 tonn, Norðurál 300.000 tonn, Fjarðaál 346.000 tonn, Kapla 340.000 tonn. Sjá mynd 8.
3. Að starfandi álver verði stækkuð sbr. heimildir í starfsleyfi, að álver verði reist á Húsavík og í Helguvík, að Járnblendiverksmiðjan verði ekki stækkuð og að rafskautaverksmiðja verði ekki reist; Alcan 460.000 tonn, Norðurál 300.000 tonn, Fjarðaál 346.000 tonn, Járnblendifélagið 120.000 tonn, Kapla 0, Helguvík 250.000 tonn, Húsavík 250.000 tonn. Sjá mynd 9.




Mynd 7. Útstreymi PAH4 fram til 2020 – tilvik 1.




Mynd 8. Útstreymi PAH4 fram til 2020 – tilvik 2.




Mynd 9. Útstreymi PAH4 fram til 2020 – tilvik 3.

Eins og sést á þessum myndum mun útstreymi PAH4 hér á landi aukast á næstu árum. Heildarútstreymið árið 2020 gæti orðið um 90 kg (tilvik 1), 160 kg (tilvik 2) en það myndi þýða rúma þreföldun miðað við útstreymi árið 1990, eða um 115 kg (tilvik 3).

**Lokaorð.**

Í þessari grein er ekki ætlunin að spá fyrir um af hvaða stóriðjuáformun mun verða á næstunni, heldur eingöngu benda á það samhengi sem óhjákvæmilega er á milli framleiðsluaukningar og aukins útstreymis loftmengandi efna.

---

Með tillögunni var einnig fylgiskjal II: Ósjálfbær hagvöxtur og loftslagsbreytingar. Hjörleifur Guttormsson. (Lesbók Morgunblaðsins 30. september 2006.)

## 260. Fyrirspurn [257. mál]

til sjávarútvegsráðherra um tilmæli samkeppnisráðs í áliti um jafnræði fiskvinnslu í landi og á sjó

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvernig hefur ráðherra brugðist við tilmælum samkeppnisráðs sem komu fram í áliti nr. 2/2000 um jafnræði fiskvinnslu í landi og á sjó?

## 261. Frumvarp til laga [258. mál]

um niðurlagningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

**Breyting á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum.**

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Ákvörðunum Siglingastofnunar Íslands samkvæmt lögum þessum má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

**Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.**

2. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Útgerðarmaður og skipstjóri geta kært farbann til samgönguráðherra. Telji ráðherra að sérkunnáttu þurfi til að skera úr um málið getur hann kvatt til einn eða tvo ráðgjafa sem hafa slíka sérkunnáttu. Um málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Málshöfðun til ógildingar á úrskurði ráðuneytis frestar ekki réttaráhrifum hans.

3. gr.

25. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Í frumvarpinu er lagt til að tvær sjálfstæðar úrskurðarnefndir á sviði siglingamála verði lagðar niður en það er liður í framkvæmd þeirrar stefnu að fækkað skuli sjálfstæðum úrskurðarnefndum. Það horfir til aukinnar ráðdeildar í meðferð ríkisfjármuna auk þess sem það er í samræmi við meginreglu um að ráðherrar fari með yfirstjórn stjórnarmálefna.

Í frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á 13. gr. laga nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, og hins vegar á 24. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum. Í báðum tilvikum eru breytingarnar þess efnis að kæruheimild vegna ákvarðana Siglingastofnunar Íslands er flutt frá sjálfstæðri úrskurðarnefnd til ráðuneytisins. Báðar úrskurðarnefndirnar eiga það sameiginlegt að hafa verið verkefnalausar síðan á árinu 2002 en fengið afar fá mál til úrlausnar fram að þeim tíma.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lögð er til breyting á 13. gr. laganna þess efnis að ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands samkvæmt lögunum verði kæranlegar til samgönguráðherra í stað úrskurðarnefndar siglingamála. Í núgildandi lögum er kærufrestur fjórar vikur frá því að aðila var var tilkynnt um ákvörðunina. Með breytingu á lögunum er framangreindur kærufrestur lengdur til samræmis við ákvæði stjórnsýslulaga. Vísast að öðru leyti til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 2. og 3. gr.

Lögð er til breyting á 24. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, þess efnis að ákvörðun Siglingastofnunar um farbann megi skjóta til samgönguráðherra til úrskurðar. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að nefndarmenn búi yfir sérþekkingu á sviði siglinga eða skipatækni og því er lagt til að ráðherra verði heimilað að leita til slíkra ráðgjafa við úrlausn ágreinings um farbann. Þá er talin ástæða til að halda inni reglunni um að málshöfðun til ógildingar á úrskurði um farbann fresti ekki réttaráhrifum hans.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um niðurlagningu úrskurðarnefnda á sviði siglingarmála**

Með frumvarpinu er lagt til að tvær úrskurðarnefndir á sviði siglingamála verði lagðar niður. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 13. gr. laga nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, og hins vegar á 24 gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það í för með sér óverulega lækkun á útgjöldum ríkissjóðs.

## 262. Fyrirspurn [259. mál]

dómsmálaráðherra um skráningu nafna í þjóðskrá.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

Hefur skráningu nafna í þjóðskrá verið breytt þannig að allir geti fengið nafn sitt skráð í fullri lengd?

## 263. Fyrirspurn [260. mál]

til viðskiptaráðherra um líf- og sjúkdómatryggingar.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hversu mörgum var synjað um líf- og/eða sjúkdómatryggingu hjá íslenskum tryggingafélögum á árunum 2000–2005, sundurliðað eftir árum og tegund trygginga?
2. Hversu mörgum, sundurliðað á sama hátt, hefur verið gert að greiða álag á iðgjöld líf- og/eða sjúkdómatrygginga hjá íslenskum tryggingafélögum vegna:
   a. heilsufarssögu tryggingataka,
   b. metinnar áhættu vegna heilsufarsupplýsinga um nána fjölskyldumeðlimi tryggingataka?

**Skriflegt svar óskast.**

## 264. Frumvarp til laga [261. mál]

um breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson, Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Mörður Árnason.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða skal á hverjum tíma taka mið af bestu þekkingu sem til er um afrakstursgetu veiðistofna, áhrif veiða á einstökum tegundum á viðkomu annarra tegunda og á vistkerfi hafsins í heild og mismunandi áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsins og viðkomu fiskstofna. Jafnframt skal við úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða taka mið af þjóðhagslegri hagkvæmni af nýtingu einstakra veiðistofna.

2. gr.

Á eftir 5. mgr. 11. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið í samræmi við markmið laganna skv. 1. gr. að afli sem veiddur er með tilteknum veiðarfærum, úr tilteknum fiskstofnum eða á tilteknum svæðum skuli reiknaður með álagi allt að 10% þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. og 132. löggjafarþingi (239. og 85. mál) en varð ekki útrætt. Lög um stjórn fiskveiða hafa verið endurútgefin sem lög nr. 116/2006 en frumvarpið er nú flutt að nýju efnislega óbreytt.

Lífríki hafsins og fiskstofnarnir sem þar þrífast eru mesta auðsuppspretta Íslendinga. Nýting þessara auðlinda í sem mestri sátt við lífríkið með mesta þjóðhagslegan ávinning að leiðarljósi ætti að vera hafin yfir deilur í landinu. Er ákvæði 1. gr. laganna sniðið að þessu en þar segir m.a. að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Íslensk stjórnvöld hafa undanfarin ár rekið þá stefnu að úthluta skuli veiðirétti til útgerða eingöngu á grundvelli aflahlutdeilda. Ekkert tillit er tekið til mismunandi áhrifa veiðiaðferða á viðkomandi nytjastofna og á lífríki hafsins að öðru leyti. Því síður er við úthlutun á veiðirétti tekið mið af þjóðhagslegri hagkvæmni við nýtingu stofna.

Þessi stefna stjórnvalda stríðir í eðli sínu gegn framangreindu markmiði 1. gr. laganna þar sem kveðið er á um verndun og hagkvæma nýtingu. Öllum ætti að vera ljóst að það er mögulegt að gera betur að þessu leyti.

Með frumvarpi þessu vilja flutningsmenn leita atbeina Alþingis til að beina stjórnvöldum inn á skynsamlegri brautir við úthlutun fiskveiðiheimilda og stjórn veiða. Eðlilegt hlýtur að teljast að þeim sé umbunað sem veiða með vistvænum veiðarfærum, ganga vel um fiskimiðin og hafa minnst óæskileg áhrif á nytjastofnana og vistkerfi hafsins. Til að fylgja slíkri stefnu fram til fulls þurfa að fara fram margvíslegar rannsóknir á áhrifum veiðarfæra og umgengni við lífríki hafsins á nytjastofna sem og þjóðhagsleg áhrif mismunandi nýtingar og veiðiaðferða. Mikið vantar á að slíkar rannsóknir hafi verið gerðar. Fjármunir til rannsókna á áhrifum veiðarfæra og áhrifum mismunandi nýtingar einstakra stofna hafa verið skornir við nögl og möguleikar Hafrannsóknastofnunarinnar til að takast á við verkefni af þessu tagi hafa engan veginn verið nýttir eins og skyldi. Ástæður þessa háskalega sinnuleysis stjórnvalda við að afla slíkra upplýsinga verður að skoða í ljósi þeirrar stefnu sem þau hafa fylgt.

Þó að mikið vanti á að nægilegar rannsóknir hafi verið gerðar sem nýst gætu til að meta hvernig unnt sé að ná fram bestri nýtingu fiskstofna eru engu að síður til upplýsingar sem unnt er að styðjast við til bráðabirgða þegar áhrif veiðarfæra og mismunandi nýtingaraðferða eru metnar. Má ætla að unnt sé að byggja úthlutun veiðiheimilda og stjórnun veiða á þeim grundvelli að nokkru á meðan frekari rannsóknir eru gerðar. Við slíka ákvarðanatöku verður þó ávallt að leggja áherslu á að nytjastofnarnir og vistkerfi hafsins fái að njóta vafans þar sem slíkur vafi er á annað borð uppi.

Það er eðli stjórnunaraðferða af því tagi sem hér um ræðir að vera í sífelldri þróun, einkum vegna breytileika í lífkerfinu, þróunar veiðarfæra og breytinga sem orðið geta á hagkvæmni nýtingar einstakra stofna vegna verðþróunar á mörkuðum. Flutningsmenn leggja

áherslu á að varlega verði farið við upptöku þessara stjórnunaraðferða þó að markvisst skuli stefnt að eðlilegri mismunun milli veiðarfæra á grundvelli bestu þekkingar á hverjum tíma.

## 265. Fyrirspurn [262. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hrefnuveiðar.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvaða afurðir féllu til við hrefnuveiðar árin 2003–2006, sundurliðað eftir árum? Óskað er upplýsinga um magn kjöts, rengis o.s.frv.
2. Hversu margir hvalir voru veiddir hvert ár?
3. Hver hefur kostnaður Hafrannsóknastofnunarinnar verið af veiðunum á hverju ári og hve mikill hluti hans hafa laun til áhafna á hvalveiðibátunum verið?

**Skriflegt svar óskast.**

## 266. Fyrirspurn [263. mál]

til menntamálaráðherra um menntun blindra og sjónskertra.

Frá Helga Hjörvar.

Hvað líður framkvæmd tillagna samráðshóps um bætt aðgengi blindra og sjónskertra að menntakerfinu frá því í ágúst 2004?

# 267. Tillaga til þingsályktunar [264. mál]

um endurmat á störfum láglaunahópa og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Gunnarsson, Valdimar L. Friðriksson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta gera hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa, svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingunni. Könnuð verði tekjuþróun þessara hópa og hlutdeild þeirra í heildartekjum, sundurliðað eftir kyni, aldri, búsetu, menntun og hjúskaparstöðu á sl. tíu árum, í samanburði við aðra launþega. Úttektin endurspegli einnig kjör sambærilegra hópa á almenna vinnumarkaðnum og hinum opinbera.

Í þessu skyni skipi félagsmálaráðherra fimm manna nefnd sérfróðra aðila á sviði vinnumarkaðsmála, sem kveðji sér til ráðuneytis eins og þörf krefur aðila vinnumarkaðarins.

Markmiðið er að skilgreina hvað láglaunahópur sé og hverjir skipi slíka hópa. Einnig að greina hvað skýri lök kjör láglaunafólks og hvernig auka megi hlut þess í tekjuskiptingunni og bæta kjör þess og aðbúnað með stjórnvaldsaðgerðum og í kjarasamningum.

Ráðherra flytji Alþingi skýrslu um niðurstöðu nefndarinnar sem ljúki störfum eigi síðar en í upphafi næsta þings.

## Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 132. þingi (70. mál.)

Með aukinni markaðs- og alþjóðavæðingu og miklum breytingum í atvinnulífi, ekki síst á fjármálamarkaðnum, hafa orðið miklar breytingar á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Þetta hefur líkt og hjá mörgum vestrænum þjóðfélögum leitt til aukins ójafnaðar og aukinnar fátæktar. Aukin fátækt, hvort sem er hjá láglaunahópum á vinnumarkaði eða fólki sem lifir á lífeyristekjum og bótum velferðarkerfisins, er víða mikið áhyggjuefni. Margir tengja þessa þróun við aukna samkeppni, aukið flæði fjármagns, fyrirtækja og vinnuafls á tímum hnattvæðingar og aukinnar markaðsvæðingar. Þá er einnig sums staðar þrengt að velferðarkerfum sem eiga þar með erfiðara með að bæta hag skjólstæðinga sinna til samræmis við bættan hag á vinnumarkaði. Ljóst virðist að staða sumra þjóðfélagshópa, t.d. fólks með minni menntun og starfsþjálfun, hefur versnað verulega.

Breytingarnar má m.a. rekja til þess að eftirspurn eftir menntuðu vinnuafli hefur aukist verulega og ör tækniþróun hefur haft í för með sér hagræðingu og breytta starfshætti í atvinnulífinu sem bitnað hefur mjög á tekjulægri hópunum. Bilið á milli ríkra og fátækra hefur því breikkað og m.a. komið fram í meiri stéttaskiptingu og barnafátækt.

Þessari þróun hefur ekki verið fylgt eftir sem skyldi af stjórnvöldum með auknum möguleikum tekjulægstu hópanna til endurmenntunar og aðlögunar að breyttum starfsháttum á vinnumarkaði. Oft hefur kostnaður við endurmenntun og starfsþjálfun líka komið í veg fyrir að lágtekjuhópar geti nýtt sér námsframboðið. Ljóst er einnig að öryggisnet velferðarkerfisins hefur gliðnað og ójöfnuður vaxið mikið þrátt fyrir efnahagsuppsveiflu á liðnum árum, m.a. vegna þess að skattbyrði lágtekjufólks- og millitekjufólks hefur aukist.

Áhrif þessarar þróunar hafa glöggt komið fram að undanförnu því að mjög illa hefur gengið að manna láglaunastörfin í þjóðfélaginu og á það ekki síst við um umönnunar- og uppeldisstörf. Mannekla hefur háð m.a. leikskólum, frístundaheimilum grunnskóla og illa

hefur líka gengið að ráða í umönnunarstörf við aldraða og í störf ófaglærðra á sjúkrahúsum, enda eru þessi störf allt of lágt launuð og vanmatið mikið miðað við það álag sem þessar stéttir búa við og þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Á það bæði við um faglærða og ófaglærða starfsmenn. Áætla má að í almennum umönnunarstörfum séu nú um 1200 manns á höfuðborgarsvæðinu og er talið að félagsmenn Eflingar á leikskólum séu um 1000 manns.

Umönnunar- og uppeldisstörfum fylgir líka mikið álag og ábyrgð, enda um að ræða umönnun barna, aldraða og sjúkra. Íslendingar vinna langan vinnudag og oftast eru báðir foreldrar á vinnumarkaðnum. Vinnuálag á foreldrum barna er oft gífurlega mikið og það ræður iðulega úrslitum um afkomu heimilanna að báðir foreldrar hafi möguleika til að vera á vinnumarkaðnum. Hinu opinbera ber skylda til að búa vel að umönnunar- og uppeldisstörfum og greiða mannsæmandi laun fyrir þau svo að þar geti ríkt öryggi og festa. Ljóst er að langur vegur er frá því að laun og kjör endurspegli það mikla álag og ábyrgð sem störfunum fylgja eða hve mikil verðmæti felast í þeim fyrir þjóðfélagið. Laun og kjör umönnunarstétta eru í raun til skammar og langt undir öllum velsæmismörkum. Skattgreiðslur þessara hópa hafa líka aukist verulega á umliðnum árum líkt og annarra hópa með lágar eða meðaltekjur.

Fram hefur komið í umræðunni um manneklu sem nú hefur ríkt að kröfur sem gerðar eru til fólks í umönnunarstörfum séu sífellt að aukast en það sé ekki metið í launum. Um miðjan septembermánuð sl. vantaði um 200 starfsmenn á leikskóla og frístundaheimili borgarinnar. Þar hafa myndast langir biðlistar, en á Reykjavíkursvæðinu voru um miðjan september um 400 börn á biðlista. Á sumum leikskólum hefur þurft að senda börn heim þannig að þau hafa ekki fengið fulla þjónustu. Mikið vantar af menntuðu starfsfólki á leikskólana, leikskólakennarar eru allt of fáir og eru nú einkum ráðnir ófaglærðir starfsmenn í þeirra störf. Staðan er sú að um 60% starfsmanna á leikskólum er ófaglært starfsfólk og er nauðsynlegt að gert verði sérstakt átak til að fjölga leikskólakennurum. Stjórn Eflingar hefur nýverið bent á að það sé orðið staðreynd sem ekki verði litið fram hjá að almennir starfsmenn leikskólanna halda uppi starfsemi þeirra í ríkum mæli og starfsemin væri nánast lömuð ef ekki kæmi til vinnuframlags þessara starfsmanna. Ljóst er að ekki væri hægt að halda úti starfsemi leikskóla ef ekki kæmi til starfskraftar ófaglærðs fólks, sem svo mjög er vanmetið til launa.

Ástæða er til að nefna að Efling – stéttarfélag hefur beitt sér fyrir átaki til að auka menntun almennra starfsmanna leikskóla. Boðið er upp á starfsnám fyrir leikskólastarfsmenn sem er athyglisvert. Markmið þessa verkefnis, eins og fram kom í yfirlýsingu Eflingar nýverið, er að ná til þess hóps sem hefur lengstan starfsaldur og þar með reynslu og þekkingu af starfi á leikskólum. Efling hefur líka lagt áherslu á að meginatriðið nú sé að taka strax á launakjörum og réttindum almennra starfsmanna leikskólanna þannig að starfið verði eftirsóknarverðara og metið að þeim verðleikum sem eiga að felast í menntunar- og uppeldisstörfum.

Fram hefur komið að mannabreytingar eru mjög tíðar ekki síst á leikskólum en til marks um hve illa starfsfólk helst á leikskólum hefur verið nefnt að hvert barn umgangist að jafnaði á milli 25–30 starfsmenn á aðeins fjögurra ára leikskólaferli. Foreldrar sem bæði þurfa að vinna langan vinnudag setja allt traust sitt á leikskólana og brýnt er að öryggi og festa ríki í öllu starfi og uppbyggingu á leikskólunum.

Neyðarástand hefur líka myndast á dvalarheimilum aldraðra vegna manneklu, en fólk flýr þessi lágt launuðu umönnunarstörf þegar betur árar á vinnumarkaði. Fram hefur komið opinberlega að dvalarheimili aldraðra hafi skert þjónustu sína, innlagnir hafi verið stöðvaðar og biðlistar lengst. Lágu launin eru meginskýring þess að fólk fæst ekki til starfa. Ljóst er að það þarf að ráðast í endurmat á störfum láglaunahópanna og auka hlut þeirra í tekjuskiptingunni. Fram hefur komið í Morgunblaðinu, og var þar byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands, að jafnvel þótt átak hafi verið gert til að hækka kjör lægst launaða fólksins og lægstu

launin hafi hækkað talsvert, m.a. umtalsvert umfram lífeyri almannatrygginga, hafa laun almenns verkafólks ekki haldið í við launaskriðið í þjóðfélaginu og almenna launaþróun. Ef skoðuð er t.d. launaþróun verkafólks frá 1998–2004, eða á sex ára tímabili, kemur í ljós að meðallaun verkafólks hafa hækkað minna en annarra stétta. Byrjunarlaun á leikskólum, svo að dæmi sé tekið, hafa þó hækkað umfram launavísitölu á árunum 2000–2005. Vinnutími verkafólks hefur líka staðið í stað en meðalvinnutími hefur almennt styst.

Annað sem breytt hefur tekjuskiptingunni og ráðstöfunartekjum á vinnumarkaði eru gífurlegar breytingar á skattbyrðinni þar sem hún hefur í auknum mæli færst frá fyrirtækjum og fjármagni yfir á laun og lífeyrisgreiðslur. Á stuttum tíma hefur orðið til hópur nýríkra Íslendinga sem algengt er að hafi í tekjur 2–6 millj. kr. á mánuði og sumir hverjir töluvert meira á sama tíma og lágmarkslaunin í landinu eru um 103.000 kr. Stór hluti þeirra efnameiri í þjóðfélaginu hefur líka verulegan hluta tekna sinna af fjármagni og arði og skatthlutfall þeirra er verulega lægra en lágtekjuhópanna. Allt þetta hefur leitt til þess að þeir fátæku hafa orðið fátækari og þeir ríku ríkari, enda hefur myndast hyldýpisgjá milli lágtekju- og meðaltekjuhópanna og þeirra sem fylla hóp þeirra efnuðu í þjóðfélaginu.

Nýleg skýrsla forsætisráðherra um fátækt sýnir að tekjur í lægsta tekjuhópnum hafa hækkað hlutfallslega mun minna en hjá hinum efnameiri. Tekjur þeirra lægst launuðu hækkuðu á tímabilinu 1995–2002 um 17% á meðan hækkunin var 45% meðal hinna tekjuhæstu. Bilið milli ríkra og fátækra fer því sívaxandi í þjóðfélaginu og hópur þeirra sem lifa þurfa á tekjum sem eru langt undir kostnaði við brýnustu nauðþurftir hefur farið stækkandi. Á sama tíma eykst skattbyrði láglaunafólks. Í dag greiðir fólk með 110.000 kr. í mánaðartekjur tæplega 14% skatt en greiddi 2–3% af samsvarandi tekjum árið 1995.

Markmið þessarar tillögu er að stjórnvöld láti vinna hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa, svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingunni, þ.e. að athugað verði hvert er hlutfall láglaunahópa í heildartekjum allra, sundurliðað eftir kjördæmum, atvinnugreinum, kyni og aldri. Lögð er áhersla á að umönnunar- og uppeldisstörf verði skoðuð sérstaklega. Markmiðið er að skilgeina hverjir skipa láglaunahópana, jafnframt því að koma með tillögur um hvernig auka megi hlut þeirra í tekjuskiptingunni og launakjörum og bæta aðbúnað þeirra í þjóðfélaginu. Hlutlaus úttekt og endurmat er nauðsyn fyrir stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins til að geta lagt sanngjarnt mat á vinnuframlag láglaunahópa og eðlilega hlutdeild þeirra í tekjuskiptingunni. Auk þess er sú rannsókn, sem hér er gerð tillaga um, forsenda þess að á raunhæfan hátt sé hægt að auka tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Slíkar upplýsingar eru líka mikilvægar fyrir stjórnvöld, því að á grundvelli þeirra mætti gera sér betri grein fyrir því hvaða aðferðum er hægt að beita til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir. Hér er þó á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda til þess ætlast að þeir verði kallaðir til ráðuneytis í slíkri rannsókn.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að rannsóknin verði bæði fljótvirkari og síður hlutdræg ef hún er í höndum sérfróðra aðila sem hafa betri aðstöðu til þess að leggja hlutlægt mat á verkið. Væri það eingöngu í höndum aðila vinnumarkaðarins er ákveðin hætta á að hlutlægar niðurstöður fengjust. Þessi úttekt gæti síðan orðið grundvöllur aðgerða af hálfu bæði ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins til að bæta kjör lágtekjuhópa og færa laun umönnunar- og uppeldisstétta í það horf að mannsæmandi geti talist.

## 268. Tillaga til þingsályktunar [265. mál]

um hjólreiðabraut meðfram Þingvallavegi.

Flm.: Mörður Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa lögn hjólreiðabrautar meðfram Þingvallavegi. Samgönguráðherra leggi haustið 2007 fyrir Alþingi skýrslu um hvernig heppilegast sé að leggja slíka braut og hver sé líklegur kostnaður við verkið.

Greinargerð.

Hjólreiðar hafa mjög aukist í landinu að undanförnu og sveitarfélög mörg hver tekið aukið tillit til þeirra með hjólreiðastígum. Skort hefur á slíkt tillit við framkvæmdir hins opinbera, og raunar hafar hjólreiðamenn verið gerðir útlægir við stórvirki í vegamálum að undanförnu, sbr. bæði Hvalfjarðargöng og Reykjanesbraut. Haldi svo fram sem horfir er ekki líklegt að innlendir menn hefji að ráði hjólreiðar á þjóðvegum, og einnig má gera ráð fyrir að þeim erlendu ferðamönnum fækki sem vekja sér þann faramáta. Þó skortir ekki yfirlýsingar um hollustu og nytsemi hjólreiða fyrir einstaklinginn, fjölskylduna og samfélagið allt, m.a. í ritum frá samgönguráðuneytinu og í samgönguáætlun.

Fyrir Alþingi liggur nú í fjórða sinn þingsályktunartillaga Kolbrúnar Halldórsdóttur o.fl. þingmanna, úr öllum þingflokkum, um stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar (82. mál, þskj. 82). Hér er lagt til að samgönguráðherra reki af sér slyðruorð gagnvart hjólreiðum með því að hefja undirbúning einnar tiltekinnar hjólreiðabrautar, í þeirri von að reynsla sem fengist af þeirri ráðagerð – og framkvæmd síðar – gæti létt Vegagerðinni og öðrum framkvæmdaraðilum róðurinn síðar við verkefni á borð við það sem ráð er fyrir gert í fyrrnefndri tillögu.

Leiðin frá Vesturlandsvegi að Þingvöllum varð fyrir valinu vegna ábendingar frá reyndum hjólreiðamanni. Þar er allajafna ekki mikil umferð en oft ekið hratt. Prófa mætti eftir atvikum sérstaka hjólreiðabraut til hliðar við veginn eða sérmerkta braut á veginum sjálfum. Leiðin er talsvert hjóluð, enda eru Þingvellir í ágætri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu fyrir sæmilega hjólreiðamenn, t.d. til helgarferðar, og staðurinn er að vonum ákjósanlegur áfangastaður erlendra ferðamanna. Vegna sögu staðarins og sérstakrar stöðu þjóðgarðsins þar er við hæfi að greiða sem flestum för á Þingvöll. Þá er hjólreiðabraut sem tengir Þingvelli við mesta þéttbýli landsins í góðu samræmi við skuldbindingar Íslendinga í tengslum við skráningu Þingvalla á heimsminjaskrá UNESCO.

## 269. Svar [113. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fíkniefni.

1. *Hve mikið magn fíkniefna hafa lögregla og tollgæsla lagt hald á árin 2004 og 2005 og það sem af er árinu 2006, og hvert er áætlað götuverðmæti þeirra? Er um að ræða aukningu á þessu ári samanborið við 2003 og 2004 og þá hve mikla?*

Í meðfylgjandi töflu er að finna upplýsingar um magn fíkniefna sem lögregla og tollgæsla hafa lagt hald á árin 2003, 2004, 2005 og fyrstu níu mánuði ársins 2006. Hvað varðar aukningu á tilteknum efnum vísast til þeirra upplýsinga sem fram koma í töflunni.

**Fíkniefni sem lagt hefur verið hald á 2003–2006.**

| | jan.–sept 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|
| Hass (g) | 28.388,5 | 20.772,2 | 36.944,79 | 54.967,69 |
| Fræ (g) | 4,8 | 123,7 | 62,98 | 64,15 |
| Fræ (stk.) | 0 | 15,9 | 428 | 857 |
| Plöntur (stk.) | 884 | 892 | 1.195 | 1.794 |
| Maríjúana (g) | 2.277,3 | 4.831,7 | 2.373,10 | 3.361,81 |
| Tóbaksblandað hass (g) | 294,8 | 405,8 | 303,22 | 320,28 |
| Kannabislauf (g) | 19.858,4 | 11.138,9 | 1.755,67 | 9.875,32 |
| Kannabisstönglar (g) | 7.544,9 | 3.171,1 | 1.681,48 | 3.677,70 |
| Amfetamín (g) | 45.013,5 | 8.931,9 | 15.783,04 | 2.945,40 |
| Amfetamín (stk.) | 133,3 | 986,3 | 75 | 309,5 |
| Metamfetamín | 0,9 | 3.987,2 | | |
| Kókaín (g) | 5.325,0 | 1.138,8 | 6.159,97 | 1.192,09 |
| E-töflur (g) | 27,4 | 136,22 | 22,01 | 21,22 |
| E-töflur (stk.) | 950,5 | 1.518,5 | 7.532,4 | 3.189,75 |
| Heróín (g) | 5,6 | 0 | 0,05 | 2,89 |
| LSD (stk.) | 27 | 4.346 | 2.032 | 1 |
| LSD (ml) | 0 | 0 | 0 | 0 |

Nákvæmt götuverðmæti þessara efna liggur ekki fyrir, en samkvæmt upplýsingum sem Lögreglan í Reykjavík hefur aflað má ætla að eftirfarandi götuverð gildi nú um eftirfarandi efni:

| | | |
|---|---|---|
| Hass | 1 g | 2.000–2.500 kr. |
| Amfetamín | 1 g | 5.000–7.000 kr. |
| Kókaín | 1 g | 13.000–17.000 kr. |
| Maríjúana | 1 g | 2.000 kr. |

Miðað við þessar upplýsingar má ætla að götuverðmæti þessara efna það sem af er á þessu ári sé:

Hass: 56.777.000 – 70.971.250 kr. ( m.v. 2.000–2.500 kr./g).
Amfetamín: 225.065.000 – 315.091.000 kr. (m.v. kr. 5.000– 7.000 kr./g).
Kókaín: kr. 69.225.000 – 90.525.000 kr. (m.v. 13.000–17.000 kr./g).
Maríjúana: 4.554.000 kr.

2. *Hve margir hlutu dóm fyrir innflutning eða dreifingu fíkniefna árin 2004 og 2005?*

Hér eru teknar saman upplýsingar um fjölda einstaklinga sem fóru fyrir dómstóla vegna innflutnings fíkniefna og/eða sölu eða dreifingar fíkniefna á árunum 2001 til 2005. Annars vegar er um að ræða brot á 173. gr. a. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og hins vegar brot á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974.

**Dómsmál vegna innflutnings, sölu eða dreifingar fíkniefna 2001–2005.**

| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Máli lokið með héraðsdómi | 81 | 64 | 74 | 104 | 57 |
| Hæstaréttardómur | 8 | 1 | 3 | 8 | 8 |
| Samtals | 89 | 65 | 77 | 112 | 65 |

Þessu til samanburðar er mikilvægt að skoða hvernig fjöldi fíkniefnabrota hefur þróast á tímabilinu. Þessar upplýsingar má sjá í næstu töflu. Þar kemur fram að á síðasta ári fjölgaði brotum vegna dreifingar eða sölu fíkniefna en brotum vegna innflutnings fækkaði hins vegar á sama tíma.

**Skráð fíkniefnabrot 2000–2005.**

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | Meðaltal | Frávik |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dreifing, sala | 114 | 104 | 117 | 70 | 63 | 46 | 80,0 | 42,5 |
| Innflutningur | 95 | 165 | 149 | 121 | 117 | 103 | 131,0 | –27,5 |
| Varsla, neysla | 1.388 | 1.197 | 947 | 632 | 593 | 507 | 775,2 | 79,1 |
| Framleiðsla | 26 | 31 | 31 | 26 | 14 | 8 | 22,0 | 18,2 |
| Ýmis fíkniefnabrot | 193 | 174 | 141 | 145 | 124 | 117 | 140,2 | 37,7 |
| Samtals | 1.816 | 1.671 | 1.385 | 994 | 911 | 781 | 1.148,4 | 58,1 |

3. *Hver er fjöldi þeirra sem talinn er hafa ánetjast fíkniefnum, skipt eftir aldri og kyni?*

Hér er óskað eftir upplýsingum sem ráðuneytið hefur ekki og var því leitað eftir upplýsingum hjá landlæknisembættinu. Landlæknisembættið vísaði á SÁÁ sem svaraði ráðuneytinu á þennan veg:

„Í fyrirspurninni eru ekki gefin upp nein tímamörk. Því er ekki vitað hvort spurt er um þá sem ánetjast hafa á síðasta ári eða á síðustu tíu árum. Einnig er erfitt að átta sig á hvað fíkniefni merkja í fyrirspurninni. Hér er sú leið valin að tala um ólögleg vímuefni í stað fíkniefna og telja að spurt sé um þau. Ólöglegum vímuefnum er skipt hér til hægðarauka í þrjá meginflokka: a. örvandi vímuefni, b. morfín og skyld efni þ.m.t. heróín, og c. kannabisefni. Í svörunum hér á eftir er stuðst við tölulegar upplýsingar úr gagnagrunni sjúkrahússins Vogs og ályktað út frá þeim. Til frekari upplýsinga og glöggvunar er ennfremur bent á Ársrit SÁÁ 2005–2006.

*Kannabisefni:*

Kannabis er algengasta ólöglega vímuefnið og flestir sem ánetjast því gera það á ungum aldri. Það veldur mestum skaða meðal unglinga og ungs fólks sem er yngra en 25 ára. Um 2500 einstaklingar hafa ánetjast þessum efnum á síðustu 10 árum. Hlutfall kvenna er 26% og meðalaldur þegar vandinn er greindur er um 22 ár. Síðustu þrjú árin hafa um 250 nýir ánetjast þessum efnum á hverju ári.

*Örvandi ólögleg vímuefni:*

Örvandi vímuefni eru yfirleitt talin hættulegri en kannabisefni, einkum vegna þess að þeirra er oft neytt með því að sprauta þeim í æð. Um 60% fíklanna sprauta efninu einhvern tíma í æð og 40% gera það reglulega og lengur en eitt ár. Hlutfallslega fleiri fíklar sem ánetjast hafa örvandi vímuefnum leita sér meðferðar en kannabisfíklar. Um 2500 einstakling-

ar hafa ánetjast og orðið fíknir í örvandi ólögleg vímuefni (amfetamín og/eða kókaín og/eða E-pillu) á síðustu tíu árum. Hlutfall kvenna er um 30% og meðalaldur þegar vandinn er greindur í fyrsta sinni er um 23,5 ár. Síðustu fjögur árin hafa um 300 nýir ánetjast þessum efnum á hverju ári.

*Morfín og skyld efni þar með talið heróín:*

Heróín er lítið notað hér á landi. Íslendingar sem ánetjast því gera það erlendis og koma gjarnan heim og nota morfín þess í stað. Á síðustu 10 árum hafa 300 einstaklingar ánetjast morfíni og skyldum efnum og farið að sprauta þeim í æð. Hlutfall kvenna er 32% og meðalaldur þegar vandinn er greindur í fyrsta sinn er 32 ár. Síðustu fjögur árin hafa um 40 nýir ánetjast morfíni og farið að sprauta því í æð á hverju ári.

*Hóparnir skarast:*

Hópar framantalinna vímuefnafíkla skarast. Einkum er þetta augljóst ef litið er til lengri tíma. Segja má að um 4000 einstaklingar hafi ánetjast ólöglegum vímuefnum á síðustu 10 árum. Meðalaldur þeirra við greiningu er um 23 ár og hlutfall kvenna er um 26%. Um 400 einstaklingar ánetjast ólöglegum vímuefnum á hverju ári. Meðal þessara einstaklinga er áfengisfíkn og mikil áfengisneysla mjög algeng.“

4. *Telur ráðherra að það fé sem varið er til toll- og löggæslu, þ.m.t. fíkniefnadeildar lögreglunnar, sé nægjanlegt til að halda uppi öflugum forvörnum og eftirliti með innflutningi, dreifingu og neyslu fíkniefna? Hve miklu fé var varið til þess árin 2005 og 2006?*

Árið 2005 runnu 7,3 milljarðar kr. til toll- og löggæslu. Leitast er við að halda uppi öflugum forvörnum og eftirliti með innflutningi, dreifingu og neyslu fíkniefna. Samsvarandi upphæð fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2006 eru 5,6 milljarðar kr.

Lögreglan í Reykjavík er stærsta lögregluembætti landsins og rekur öfluga fíkniefnadeild sem er aðgreind í bókhaldi stofnunarinnar. Umfang þeirrar starfsemi getur veitt vísbendingu um umfang forvarna og eftirlit hjá lögreglu, en er ekki tæmandi yfirlit yfir það fé sem embættið veitir í forvarnir og eftirlit með fíkniefnamálum. Á árinu 2005 ráðstafaði embættið um 212 millj. kr. til þessa verkefna. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2006 er upphæðin u.þ.b. 177 millj. kr.

5. *Eru uppi áform um að efla fíkniefnavarnir og þá hvernig?*

Um næstu áramót taka gildi breytingar á skipulagi löggæslumála í landinu sem samþykktar voru á síðasta löggjafarþingi. Þær breytingar fela í sér eflingu og styrkingu löggæslu hringinn í kringum landið. Birtast þær einkum í því að lögregluumdæmi eru stækkuð og þeim fækkað úr 26 í 15. Af þessum fimmtán bera sjö ábyrgð á rannsókn í stærri og flóknari málum innan síns umdæmis eða annars skilgreinds svæðis. Á suðvesturhorni landsins eru lögregluliðin efld sérstaklega, annars vegar með sameiningu lögregluliðanna á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar með sameiningu lögregluliðanna á Suðurnesjum í eitt lið.

Þessi breyting á skipulagi lögreglumála felur í sér að lögreglan verður betur í stakk búin til að takast á við aðsteðjandi vanda, þar á meðal vegna innflutnings og sölu fíkniefna. Skipulag og helstu áhersluatriði nýs embættis á höfuðborgarsvæðinu voru kynnt fyrir skömmu en þar verður m.a. lögð áhersla á aukna sýnilega löggæslu, eflda hverfa og grenndarlöggæslu og forvarnastarf í samvinnu við sveitarfélög o.fl., og betri og skilvirkari rannsóknir sakamála. Sérstaklega var kynnt að í skipulagi hins nýja embættis er gert ráð fyrir því að tekið verði

með öflugum hætti á fíkniefnavanda, m.a. með stofnun sérstaks aðgerðahóps og eflingu götueftirlits fíkniefna.

Þá er í lögunum jafnframt mælt fyrir um um starfrækslu greiningardeildar hjá embætti ríkislögreglustjóra og öðrum lögregluembættum. 5. október sl. setti starfshópur skipaður af dómsmálaráðherra fram tillögur um stofnun öryggis- og greiningarþjónustu hjá embætti ríkislögreglustjóra, sbr. ákvæði 1. gr. I. kafla laga nr. 46/2006, og er þjónustunni m.a. ætlað að kortleggja hættu af skipulagðri glæpastarfsemi, þar á meðal vegna innflutnings fíkniefna.


Lögregla og tollgæsla hafa lagt aukna áherslu á aðgerðir í fíkniefnamálum og má t.d. nefna samstarfssamning þessara aðila frá árinu 1999. Þá hefur verið náið samstarf milli lögreglu og tollgæslu við þjálfun og uppbyggingu nets fíkniefnaleitarhunda, sem skilað hefur miklum árangri við að upplýsa fíkniefnamál. Einnig hefur embætti ríkislögreglustjóra í samvinnu við lögreglustjórana og tollgæsluna eflt mjög aðgerðir til aðstoðar lögreglustjórum á útihátíðum í því skyni að sporna við fíkniefnaneðhöndlun. Árangur þeirra aðgerða er mikill sem m.a. má sjá á umfjöllun um þær um og eftir síðustu verslunarmannahelgi.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli hefur lagt aukna áherslu á þennan málaflokk og hefur það skilað miklum árangri. Sömu sögu er að segja um embættið á Seyðisfirði sem hefur vegna ferjunnar Norrænu fengið aðstoð frá ríkislögreglustjóra, fíkniefnadeild lögreglustjórans í Reykjavík, embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli og á Eskifirði, auk tollstjórans í Reykjavík.

Embætti ríkislögreglustjóra lét framkvæma ítarlega fræðilega rannsókn á skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi haustið 2004 og hefur því verki verið fylgt eftir með margvíslegum hætti. Í því sambandi má nefna heildræna greiningu á skipulagðri glæpastarfsemi, m.a. með þróun á aðferðafræði sem gerir mögulegt að skoða gögn lögreglu út frá netkerfisnálgun, þ.e. tengslamyndanir afbrotamanna. Þessi vinna er vel á veg komin og mun auka enn úrræði gegn skipulagðri glæpastarfsemi, þar á meðal fíkniefnabrotum. Einnig skal hér nefna undirbúning embættis ríkislögreglustjóra að innleiðingu svonefndrar verkefnamiðaðrar löggæslu, sem auðvelda á lögreglu að takast á við afbrot.

Þá má nefna umburðarbréf ríkislögreglustjóra til lögreglustjóranna í desember 2003 um auknar aðgerðir en því var fylgt eftir með heimsóknum til lögregluembættanna. Í því sambandi þarf að hafa í huga að aðgerðir til að sporna t.d. við sölu og dreifingu fíkniefna og upplýstrun slíkra brota eru frumkvæðisverkefni. Árangur þessa kemur vel í ljós þegar skoðaður er fjöldi fíkniefnabrota og haldlagning fíkniefna hjá lögreglu og tollgæslu. Þannig fjölgaði skráðum fíkniefnabrotum milli áranna 2003 og 2005 úr 1.385 í 1.816 á öllu landinu og fjöldi tilvika þar sem lagt var hald á fíkniefni sama tímabil jókst úr 1.686 í 2.484.

Þetta má sjá eftir efnistegundum á meðfylgjandi mynd:




## 270. Svar [225. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um ráðstöfun ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu.

1. *Hver hefur heimild til að ráðstafa ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu til funda og veisluhalda?*

Forsætisráðuneytið fer með eignarforræði yfir ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu, sbr. 7. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 3/2004, um Stjórnarráð Íslands, og eru afnot af bústaðnum eingöngu heimil að fengnu leyfi þess.

2. *Er slík ráðstöfun takmörkuð við viðburði á vegum ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra? Ef ekki, hvaða reglur gilda þá um ráðstöfun bústaðarins?*

Ráðuneytum eru heimil afnot af ráðherrabústaðnum með því skilyrði að gestaboð eða fundir séu haldnir af ráðherra.

3. *Hvað kostar að fá ráðherrabústaðinn til fundar eða veislu – t.d. til tveggja stunda blaðamannafundar og til kvöldverðarboðs? Sjá þeir sem afnot hafa af bústaðnum sjálfir um að útvega veitingar eða sér tiltekinn veitingamaður um þær?*

Ráðuneyti greiða ekki sérstaklega fyrir afnot af ráðherrabústaðnum, en kostnaður við almennan rekstur bústaðarins og viðhald greiðist af forsætisráðuneyti. Sérstakur kostnaður,

sem til er stofnað vegna afnota ráðuneyta af bústaðnum, greiðist af viðkomandi ráðuneyti. Ráðuneytin ákveða hvert fyrir sig hvaðan þau kaupa veitingar til gestaboða eða funda.

## 271. Svar [214. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um umferðaröryggismál.

1. *Hver er ökuleyfisaldurinn í löndum innan OECD?*

Aðildarlönd Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD, eru nú 30 talsins. Reglur um ökuleyfisaldur eru mjög mismunandi í þessum löndum og einnig hvernig reglum um bráðabirgðaökuskírteini er háttað. Almennt má segja að innan OECD sé ökuleyfisaldur fyrir bráðabirgðaökuskírteini 15–18 ár, en lágmarksaldur til að fá fullnaðarökuskírteini er 17–21 árs.

2. *Telur ráðherra koma til greina að hækka ökuleyfisaldurinn hér á landi í 18 ár?*

Mikið hefur verið rætt hvort æskilegt sé að hækka ökuleyfisaldur hér á landi úr 17 árum í 18 ár. Þetta var sérstaklega skoðað í skýrslu dómsmálaráðherra frá árinu 2001. Niðurstaðan var sú að fyrsta árið sem ungur ökumaður hefur ökuskírteini er jafnan það hættulegasta og skiptir þá ekki öllu máli hvort aldurinn er 17 eða 18 ár. Með breytingu á umferðarlögum árið 2002 var tekin upp sú regla að gefa út bráðabirgðaökuskírteini sem gildir í tvö ár. Ef handhafi slíks skírteinis hefur ekki fengið punkta vegna umferðarlagabrota samfellt í 12 mánuði er heimilt að gefa út fullnaðarökuskírteini. Þannig má segja að fyrsta árið með ökuskírteini sé eins konar reynslutími áður en fullnaðarskírteini er fengið og að lágmarksaldur til að fá fullnaðarskírteini sé við 18 ára aldurinn. Ráðuneytið hefur ekki tekið afstöðu til hækkunar ökuleyfisaldurs en mun gera það í frumvarpi sem er til meðferðar.

3. *Hver er skoðun ráðherra á því að takmarka leyfi ungra ökumanna t.d. fyrstu 2–3 árin eftir að þeir fá ökupróf við akstur á kraftminni bílum?*

Nú stendur yfir í ráðuneytinu endurskoðun á nokkrum köflum umferðarlaganna. Þar hefur m.a. verið tekið til skoðunar að setja heimild í umferðarlög fyrir ráðherra að setja reglugerð um takmarkanir á akstursleyfi ungra ökumanna, m.a. við afl hreyfils í ökutæki.

4. *Telur ráðherra rétt að breyta þeim reglum sem gilda um vínandamagn í blóði ökumanns og hvaða reglur gilda um það annars staðar á Norðurlöndunum?*

Reglur hér á landi um leyfilegt hámarksvínandamagn í blóði ökumanns eru svipaðar gildandi reglum í Danmörku. Hins vegar hafa Svíar og Norðmenn hert á þessum kröfum og er hámark í þeim löndum nú 0,2 prómill. Stefnt er að heildarendurskoðun á umferðarlögum á næsta ári og verða þessar reglur þá teknar til skoðunar jafnhliða öðrum ákvæðum umferðarlaga.

5. *Eru uppi áform um að herða sektir eða refsingu vegna alvarlegra umferðarlagabrota og hvernig er þeim háttað hér á landi samanborið við önnur ríki á Norðurlöndum?*

Við núverandi endurskoðun á umferðarlögum og reglugerð um sektir vegna umferðarlagabrota hefur verið tekið að nokkru leyti mið af norrænni löggjöf, einkum danskri. Verði þær hugmyndir sem eru fram komnar að veruleika má segja að sektir verði að mestu leyti sambærilegar hér á landi að því fráskildu að heimild er í dönskum lögum til að miða sekt vegna

ölvunarakstursbrots við nettómánaðarlaun hins brotlega, en þessi leið hefur ekki verið farin hér á landi.

6. *Hvaða áhrif hefur það haft á umferðaröryggi að allir þungaflutningar eru nú á þjóðvegum?*

Reynt hefur verið eins og unnt er að tryggja að þungaflutningar á þjóðvegum séu ekki á kostnað umferðaröryggis, m.a. með því að beina akstri slíkra ökutækja á ákveðinn tíma sólarhrings eins og unnt er og setja reglur um þyngd og stærð slíkra ökutækja. Tölur sýna að umferðarslys þar sem vöruflutningabifreiðar eiga hlut að máli eru fá og hefur ekki fjölgað marktækt á seinni árum.

7. *Telur ráðherra koma til greina til forvarna gegn umferðarslysum að merkja sérstaklega þá staði þar sem banaslys verða í umferðinni eins og sums staðar er gert erlendis?*

Þetta hefur ekki verið sérstaklega rætt í ráðuneytinu, en hugmyndin er allrar athygli verð.

## 272. Svar [159. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um Hvalsnes- og Þvottárskriður.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvaða tillögur liggja fyrir um að tryggja öryggi vegfarenda sem fara um Hvalsnes- og Þvottárskriður?*

Í vegáætlun 2007 er 207 millj. kr. fjárveiting til vegagerðar í Hvalsnes- og Þvottárskriðum. Vegagerðin hyggst nota þessa fjárveitingu til lagfæringa á veginum sambærilegar þeim sem gerðar voru í Kambaskriðum fyrir nokkrum árum síðan. Gerðir verða varnargarðar ofan vegar sem taka við mestu af grjóthruni og sett verða vegrið framan við veg. Á tveimur eða þremur stöðum verða sérstakar breikkanir. Á veginn verður síðan lagt bundið slitlag.

## 273. Svar [126. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndal um styttingu þjóðleiðarinnar milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvaða vegaframkvæmdir eru nú í athugun við endurskoðun samgönguáætlunar til styttingar á þjóðleiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur?*

Við endurskoðun samgönguáætlunar fyrir árin 2007–2018 koma einkum þrír staðir á leiðinni milli Reykjavíkur og Akureyrar til skoðunar vegna hugsanlegrar styttingar á hringveginum. Staðir þessir eru um Grunnafjörð nálægt Akranesi þar sem stytting gæti orðið um 1 km, um Svínavatn í Austur-Húnavatnssýslu þar sem stytting gæti orðið 15–16 km og loks í Skagafirði þar sem stytting gæti orðið 2–3 km.

# 274. Svar [208. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Helga Hjörvars um skuldir eftir aldri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hverjar voru meðalskuldir landsmanna árið 2005 og hve stór hluti þeirra var vegna húsnæðisöflunar, skipt eftir aldri sem hér segir: 20 ára og yngri, 21–25 ára og áfram í fimm ára aldursbilum upp í 75 ára, og 76 ára og eldri?*

Eftirfarandi tafla sýnir meðalskuldir landsmanna og hversu stór hluti þeirra er vegna íbúðarhúsnæðis í árslok 2005.

**Meðalskuldir í árslok 2005.**

| Fjárhæðir í millj. kr. | Meðalskuldir | Hlutfall skulda vegna húsnæðis |
|---|---|---|
| *Hjón og sambýlisfólk* | | |
| 16–20 ára | 9,2 | 90,9% |
| 21–25 ára | 10,0 | 80,2% |
| 26–30 ára | 12,9 | 74,5% |
| 31–35 ára | 15,0 | 71,1% |
| 36–40 ára | 15,9 | 65,9% |
| 41–45 ára | 14,2 | 64,8% |
| 46–50 ára | 12,2 | 62,9% |
| 51–55 ára | 10,4 | 59,4% |
| 56–60 ára | 8,6 | 54,8% |
| 61–65 ára | 6,5 | 55,6% |
| 66–70 ára | 4,7 | 56,9% |
| 71–75 ára | 3,1 | 59,8% |
| 76 ára og eldri | 1,9 | 66,4% |
| **Alls** | **10,4** | **64,4%** |
| *Einhleypir og einstæðir foreldrar* | | |
| 16–20 ára | 0,2 | 60,5% |
| 21–25 ára | 2,0 | 64,2% |
| 26–30 ára | 4,6 | 66,1% |
| 31–35 ára | 6,1 | 67,9% |
| 36–40 ára | 6,9 | 64,5% |
| 41–45 ára | 6,9 | 64,9% |
| 46–50 ára | 5,7 | 69,5% |
| 51–55 ára | 5,3 | 66,3% |
| 56–60 ára | 4,4 | 68,6% |
| 61–65 ára | 3,5 | 67,8% |
| 66–70 ára | 2,5 | 72,1% |
| 71–75 ára | 1,7 | 74,2% |
| 76 ára og eldri | 0,8 | 76,1% |
| **Alls** | **3,2** | **66,7%** |

# 275. Frumvarp til laga [266. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að mynda varasjóð sem samsvarar rekstrarafgangi umfram áætlun. Eigið fé sem haldið hefur verið eftir skv. 1. málsl. skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark eigin fjár sem heimilt er að halda eftir samkvæmt þessari málsgrein er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs. Heimilt er að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða 0,00667% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,382% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,073% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,009% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hlut endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,147% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 300.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,05% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,05% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,01021% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,63% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,0083% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 525.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 840.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 1.470.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum króna til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.740.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum króna til eitthundrað milljarða króna og 3.160.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,86% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.

9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,022% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,00203% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjalds, samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú vill eftirlitsskyldur aðili ekki una ákvörðun um álagningu, gjaldstofn og útreikning eftirlitsgjalds, og ákvörðun um greiðslur fyrir sértækar aðgerðir, sbr. 7. gr., og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan eins mánaðar frá því að aðila var gerð grein fyrir álagningunni með bréfi Fjármálaeftirlitsins. Málshöfðun frestar ekki innheimtuaðgerðum Fjármálaeftirlitsins né heimildum til aðfarar vegna krafnanna. Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um álagningu eftirlitsgjalds verður ekki skotið til ráðherra.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að mynda varasjóð í samræmi við ákvæði 1. gr. verði rekstrarafgangur á árinu 2006 umfram áætlun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum segir:

„Fyrir 1. júlí ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júní ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.“

Áætlað álagt eftirlitsgjald á árinu 2006 er 435 millj. kr. en frumvarpið gerir ráð fyrir 580 millj. kr. árið 2007 og nemur hækkunin 145 millj. kr. eða 33,2%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins árið 2006 er 410,5 millj. kr. en áætlaður rekstrarkostnaður á árinu 2007 verður 601,1 millj. kr. sem er hækkun um 190,6 millj. kr. eða 46,4%. Lægri hlutfallsleg aukning á eftirlitsgjaldinu en á rekstrarkostnaðinum skýrist annars vegar af hærra álögðu eftirlitsgjaldi á árinu 2006 en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir og hins vegar af áhrifum af yfirfærslu á eigin fé milli ára sem jafna þarf með eftirlitsgjaldi næsta árs. Af 190,6 millj. kr. heildaraukningu rekstrarkostnaðar milli þessara ára er aukning launakostnaðar 127 millj. kr. og aukning annars rekstrarkostnaðar um 63 millj. kr.

Aukning launakostnaðar milli ára skýrist nánar af fyrirséðum samningsbundnum launahækkunum og áhrifum launahækkana í samræmi við áætlun ársins 2006 sem nema alls 29 millj. kr., 16,4 millj. kr. eru vegna fjölgunar starfsmanna að meðaltali úr 39,7 samkvæmt áætlun fyrir árið 2006 í 41,8 samkvæmt áætlun fyrir árið 2007, 25,9 millj. kr. skýrast af áætluðu svigrúmi til að bregðast við óvæntum útgjöldum og launaskriði vegna þenslu í launakostnaði á fjármálamarkaði, og 22,7 millj. kr. eru vegna samninga við starfsmenn um „kælitíma“ í 2–3 mánuði eftir starfslok hjá stofnuninni. Framangreindir liðir nema alls 93,9 millj. kr. Til viðbótar teljast með í hækkun launakostnaðar 33,4 millj. kr. sem er áætluð sérstök eingreiðsla á árinu 2007 vegna samkomulags um uppgjör skuldbindinga við Lífeyrissjóð bankamanna.

Í 64 millj. kr. áætlaðri hækkun annars rekstrarkostnaðar milli áranna 2006 og 2007 er gert ráð fyrir 35,3 millj. kr. vegna kostnaðar við tölvubúnað og sérfræðiþjónustu vegna tölvumála, en áætlað er að gera umtalsvert átak í rafrænum gagnaskilum til stofnunarinnar og rafvæðingu ferla, auk evrópskra verkefna um upplýsingasamskipti. Þá eru alls 14,7 millj. kr. áætlaðar í tengslum við aukinn húsnæðiskostnað og kostnað við áætlaða flutninga stofnunarinnar í rúmbetra húsnæði þegar líða tekur á árið 2007.

Með frumvarpi þessu eru birt sem fylgiskjöl gögn sem tilheyra rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007, auk kostnaðarumsagnar fjárlagadeildar fjármálaráðuneytis. Þau eru eftirfarandi í númeraröð:

I. Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2007, skv. 2. gr. l. nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
II. Sérstök skýrsla, „Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár.“ Fylgiskjal með skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2007.
III. Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila „Um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007.“
IV. Bréf til viðskiptaráðherra um breytingar á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007 (samkomulag við lífeyrissjóð bankamanna).

Í þessum gögnum er að finna rekstrar- og tekjuáætlun stofnunarinnar fyrir árið 2007 auk margvíslegra upplýsinga er varða verkefni og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins og varpa nánara ljósi á rekstrartölurnar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Nýju ákvæði er ætlað að tryggja Fjármálaeftirlitinu rekstrarfjármögnun vegna lausafjárvanda sem kann að skapast vegna óvæntra útgjalda og tímamismunar á inngreiðslum og útgreiðslum á einhverjum tímabilum rekstrarársins.

Miklum vexti, hraðri þróun og útrás á fjármálamörkuðum fylgir óhjákvæmilega aukin óvissa í rekstrarumfangi Fjármálaeftirlitsins en rekstraráætlun er lokið 6–18 mánuðum áður en útgjöld falla til. Fyrirvaralítið kann að reynast óhjákvæmilegt að kaupa utanaðkomandi sérfræðiaðstoð vegna eftirlitsúttekta, greiða kostnað vegna málarekstrar, eða framkvæma kostnaðarsamar eftirlitsaðgerðir erlendis í samstarfi við erlendar systurstofnanir vegna starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja. Í ýmsum tilvikum væri ekki unnt að gera viðkomandi fyrirtækjum reikning vegna þessa. Þörfin fyrir þessa sjóðsmyndun byggist á því að stofnuninni er ekki heimilt að mynda skuld á viðskiptareikningi sínum við Seðlabankann og telja verður óheppilegt að hún þurfi að sækja slíka fyrirgreiðslu til eftirlitsskylds aðila kæmi til lausafjárvanda vegna framangreinds. Ákvæðið felur í sér að uppsafnað eigið fé þannig myndað geti mest numið 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs.

Um 2. gr.

Með frumvarpinu eru álagningarhlutföll fjármálafyrirtækja, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, rekstrarfélaga, verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana, lækkuð, en álagningarhlutföll vátryggingafélaga, vátryggingamiðlana, lífeyrissjóða og annarra eftirlitsskyldra aðila hækkuð. Mismunur breytinga hvað þetta varðar skýrist af mismunandi þróun álagningarstofna einstakra flokka eftirlitsskyldra aðila. Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007 er hlutur lánastofnana, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja, auk lífeyrissjóða, nú aukinn lítillega í hlutfallslegri skiptingu eftirlitsgjalds milli stofnanaflokka.

Hækkanir eru gerðar á lágmarks- og fastagjöldum samkvæmt frumvarpinu. Lágmarksgjöldum lánastofnana og vátryggingafélaga hefur ekki verið breytt frá því í ársbyrjun 2002. Þessi gjöld hafa ekki breyst í takt við aukið rekstrarumfang Fjármálaeftirlitsins og fer kostnaðarþátttaka þeirra eftirlitsskyldu aðila sem þau greiða því sífellt lækkandi. Gert er ráð fyrir nokkuð mismunandi hlutfallshækkun gjaldanna með hliðsjón af eðli viðkomandi starfsemi, tíma frá síðustu breytingu, og fyrri fjárhæð gjaldsins hvað lægstu fjárhæðir varðar. Lágmarksgjöld viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, vátryggingafélaga og Íbúðalánasjóðs hækka samkvæmt frumvarpinu úr 400.000 kr. í 600.000 kr. Þá er lágmarksgjald á kauphallir og verðbréfamiðstöðvar hækkað úr 250.000 kr. í 350.000 kr., verðbréfamiðlanir úr 250.000 kr. í 350.000 kr. og lágmarksgjöld á vátryggingamiðlara úr 200.000 kr. í 300.000 kr. Þá hækka fastagjöld á innlánsdeildir samvinnufélaga úr 250.000 kr. í 300.000 kr. og fastagjöld á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og Tryggingarsjóð sparisjóða úr 150.000 kr. í 300.000 kr. Breytingar eru einnig gerðar á fastagjöldum lífeyrissjóða en þau varða innbyrðis skiptingu álagðs eftirlitsgjalds milli lífeyrissjóðanna, og byggjast á tilögum Landssamtaka lífeyrissjóða og óskum samtakanna um að þáttur fastagjaldanna í heildarálagningu á lífeyrissjóði nemi hverju sinni um 60% af heildarálagningunni á lífeyrissjóðina. Fastagjaldið á lífeyrissjóðina er eins og fyrr í fimm þrepum og er lægsta þrepið samkvæmt frumvarpinu nú 525.000 kr. en það hæsta 3.160.000 kr. en þessar fjárhæðir hafa verið 250.000 kr. og 1.500.000 kr.

Fjórða málsgrein greinarinnar er ný. Í 97. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og 7. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi eru ákvæði um ýmsar tegundir eignarhaldsfélaga sem eiga það sameiginlegt að a.m.k. eitt dótturfélag er starfsleyfisskylt fjármálafyrir-

tæki eða vátryggingafélag. Eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eignarhaldi og tengslum þessara eignarhaldsfélaga við dótturfélögin er hluti af viðvarandi eftirliti með viðkomandi fjármálastarfsemi, hvort sem er á fjármálasviði eða vátryggingasviði. Eðlilegt er því að slík félög taki þátt í kostnaði við starfsemi Fjármálaeftirlitsins og er talið hæfilegt að eftirlitsgjaldið verði fastagjald sem hverju sinni nemi sömu fjárhæð og lágmarksgjöld á fjármálafyrirtæki og vátryggingafélög.

Um 3. gr.

Með breytingu á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem samþykkt var á Alþingi 13. júní 2006 var starfsemi kærunefndar lögð niður. Heimildir til að bera ákvarðanir um álagningu eftirlitsgjalds undir nefndina, sem áður voru í þessari grein, falla því niður. Í staðinn er eftirlitsskyldum aðilum nú beint til dómstóla vilji þeir ekki una ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um álagningu gjaldsins. Talið er hæfilegt að kærufrestur sé 30 dagar frá því að gerð var grein fyrir álagningu eftirlitsgjalds eða leiðréttingu þess með bréfi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðinu er ætlað að tryggja heimild Fjármálaeftirlitsins til sjóðsmyndunar, sbr. 1. gr. miðað við afkomu ársins 2006.

## Fylgiskjal I.

*Fjármálaeftirlitið:*

### Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2007, skv. 2. gr. l. nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, er viðskiptaráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2007. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júlí ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2007. Átti Fjármálaeftirlitið fundi með nefndinni þann 1. júní s.l. þar sem kynnt voru drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum og drög að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu á árinu 2007. Samráðsnefndin skilaði drögum að skriflegu áliti til Fjármálaeftirlitsins um drögin að rekstraráætluninni þann 26. júní sl. Stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallaði um álit nefndarinnar á stjórnarfundi þann 27. júní sl. og staðfesti meðfylgjandi rekstraráætlun. Samráðsnefndin skilaði síðan endanlegu áliti sínu á rekstraráætluninni þann 30. júní sem fylgir hjálagt með skýrslunni.

Í skýrslu þessari er að finna stutta greinargerð um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2005 og umfjöllun um rekstraráætlun vegna ársins 2006. Þá er í skýrslunni gerð grein fyrir forsendum rekstraráætlunar stofnunarinnar fyrir árið 2007 og tillögum um álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2007.

Skýrslunni fylgja einnig þrjár töflur þar sem gerð er grein fyrir rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2005 og samanburði við rekstraráætlun fyrir það ár (tafla 1), áætluðu rekstrarumfangi næsta árs og rekstri Fjármálaeftirlitsins á yfirstandandi ári (tafla 2) og áætlaðri álagningu eftirlitsgjalds miðað við áætlað rekstrarumfang 2007 (tafla 3). Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2005 er einnig meðfylgjandi.

**1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2005.**

Tekjur af eftirlitsgjaldi, sem eftirlitsskyldir aðilar greiða, námu á árinu 2005 299,9 m.kr. Ýmsar tekjur námu 5,5 m.kr. og fjármunatekjur nettó námu 4,8 m.kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 329,2 m.kr. Tekjuafgangur samkvæmt rekstrarreikningi nam –19,0 m.kr. Eignir í árslok 2005 námu samtals um 8,7 m.kr. og skuldir 18,9 m.kr. þannig að eigið fé í árslok nam –10,1 m.kr. Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2005 var gert ráð fyrir að eigið fé í árslok yrði 0 kr. Megin skýringin á 10,1 m.kr. fráviki er aukning á stöðugildum hjá eftirlitinu.

Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2005 var gert ráð fyrir tekjuhalla að fjárhæð 8,5 m.kr. til að jafna út áætlaða 8,5 m.kr. jákvæða stöðu eigin fjár í ársbyrjun 2005. Tekjuhallinn reyndist hins vegar verða –19,0 m.kr. eða 10,5 m.kr. hærri en áætlunin, sem skiptist í 15,1 m.kr. hærri rekstrargjöld og 4,6 m.kr. hærri tekjur. Helstu frávik rekstrargjalda frá áætluninni voru 11,3 m.kr. hærri laun og launatengd gjöld 1,1 m.kr. hærri gjöld vegna útgáfu, auglýsinga og prentunar, 1,0 m.kr. hærri ferðakostnaður erlendis, 0,9 m.kr. hærri sérfræðikostnaður og aðrir rekstrarliðir samtals hærri um 1,6 m.kr. Hækkun á launakostnaði skýrist m.a. af fjölgun stöðugilda frá því sem áætlunin gerði ráð fyrir. Meginskýringin á því er að eftir að áætlunin var staðfest þá samþykkti Alþingi lög. nr. 31/2005, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum. Lög þessi höfðu í för með sér ráðningu tveggja starfsmanna sem ekki var gert ráð fyrir í áætluninni. Helstu frávik í tekjum voru að tekjur af eftirlitsgjaldi reyndust 1,9 m.kr. hærri en samkvæmt áætluninni sem skýrist af breytingum á starfsleyfum eftirlitsskyldra aðila, 1,8 m.kr. hærri nettó vaxtatekjur og 0,9 m.kr. hærri aðrar tekjur. Í töflu 1 er sýnd nánari sundurliðun á rekstrarliðum samkvæmt áætluninni annars vegar og rauntölum fyrir árið 2005 hins vegar.

Um rekstur FME á árinu 2005 er að öðru leyti vísað til ársreiknings Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2005.

**2. Rekstraráætlun vegna ársins 2006.**

Í tengslum við gerð rekstraráætlunar næsta árs hefur Fjármálaeftirlitið á hverju ári skoðað hvort ástæða sé til að endurskoða upphaflega rekstraráætlun yfirstandandi árs í því skyni að áætla eins nákvæmlega og kostur er stöðu í lok árs sem yfirfærist til næsta árs og hefur áhrif á ákvörðun um álagningarhlutföll þess árs. Með hliðsjón af bráðabirgða rekstraruppgjöri fyrir fyrstu fimm mánuði ársins sér Fjármálaeftirlitið ekki ástæðu til að endurskoða upphaflega áætlun um rekstrarkostnað fyrir árið 2006. Hins vegar reyndist álagt eftirlitsgjald, sem lagt var á í ársbyrjun 2006, verða 11,3 m.kr. hærra en áætlunin fyrir árið 2006 gerði ráð fyrir eða 435,4 m.kr. í stað 424,1 m.kr. Hærra eftirlitsgjald skýrist fyrst og fremst af áhrifum af samruna Burðaráss hf. við Landsbanka Íslands hf. annars vegar og Straum Fjárfestingarbanka hf. hins vegar á seinni hluta ársins 2005. Þá reyndist eigið fé sem yfirfærist í ársbyrjun 2006

frá fyrra ári 6,4 m.kr. hærra en gert var ráð fyrir í áætluninni eða –10,1 m.kr. í stað –16,6 m.kr. Eigið fé í árslok 2006 verður því samtals 17,7 m.kr. (11,3+6,4) í stað 0 kr. eins og upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

**3. Rekstraráætlun fyrir árið 2007.**

Í töflu 2 er sýnd rekstraráætlun fyrir árið 2007 í samanburði við rekstraráætlun fyrir árið 2006. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu forsendum hennar.

*Launakostnaður.*

Fjöldi starfsmanna er ráðandi þáttur í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Af fjölda starfsmanna ráðast helstu rekstrarstærðir, þ.e. laun og launatengd gjöld, húsnæðisþörf og umfang tölvubúnaðar. Gert er ráð fyrir aukningu í meðalfjölda stöðugilda milli ára um 2,1 stöðugildi eða úr 39,7 í 41,8 og eru inni í þessum tölum einnig starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið. Nánar er fjallað um rökin fyrir þessu í fylgiskjali (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár).

Í töflu 2 kemur fram að laun og launatengd gjöld eru áætluð 401,4 m.kr. árið 2007 samanborið við 307,5 m.kr. samkvæmt áætlun 2006. Hækkun launakostnaðar milli ára er því 93,9 m.kr. eða 30,5%. Nánari sundurgreining á hækkuninni er eftirfarandi: 1) fyrirséðar samningsbundnar launahækkanir og áhrif launahækkana í samræmi við áætlun 2006 reiknast vera 29 m.kr., 2) 16,4 m.kr. vegna fjölgunar starfsmanna eins og gerð er grein fyrir hér að ofan, og 3) 8% af launakostnaði, eða 25,9 m.kr., sem áætlað svigrúm til að bregðast við óvæntum útgjöldum og launaskriði vegna þenslu í launakostnaði á fjármálamarkaði, 4) 7% eða 22,7 m.kr. vegna samninga við starfsmenn um „kælitíma“ í 2 til 3 mánuði eftir starfslok hjá FME.

Laun stjórnarmanna, sem eru hluti af ofangreindri heildartölu um laun og launatengd gjöld, eru ákveðin af ráðherra og eru þau áætluð óbreytt frá fyrra ári.

*Rekstur á húsnæði.*

Húsaleiga byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Áætlun vegna rafmagns, hita og húsfélags er byggð á reynslu. Samtals kostnaður vegna þessara liða er áætlaður 24,9 m.kr. á árinu 2007 samanborið við 20,2 m.kr. samkvæmt áætlun fyrir árið 2006 eða hækkun um 23,3%. Hækkunin skýrist af því að eftirlitið hyggst flytja seinnihluta árs 2007 í hentugra húsnæði eins og fram kemur í fylgiskjali (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár). Fyrirvari er þó gerður um að viðunandi kjör náist um leigu á nýju húsnæði og aðgengilegt samkomulag við núverandi leigusala um lok gildandi leigusamnings stofnunarinnar.

*Kostnaður vegna flutninga.*

Gert er ráð fyrir 10 m.kr. áætluðum kostnaði vegna flutninga í hentugra húsnæði á seinni hluta ársins 2007 sbr. einnig umfjöllun hér á undan.

*Rekstur tölvubúnaðar.*

Gert er ráð fyrir að rekstur tölvubúnaðar og sérfræðiþjónusta vegna tölvumála hækki um 35,3 m.kr., eða um 107,6%, úr 32,8 m.kr. áætlun fyrir árið 2006 í 68,1 m.kr. á árinu 2007. Af 35,3 m.kr. hækkun eru 24 m.kr. eyrnamerktar rafrænum gagnaskilum og rafvæðingu ferla. Sjá nánar í kaflanum um nútímavæðingu í fylgiskjali (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár).

*Ferðakostnaður, kostnaður vegna funda og þátttökugjöld vegna erlends samstarfs.*

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður erlendis hækki um 25% milli ára og verði 17,5 m.kr. Gert er ráð fyrir 120 ferðum á næsta ári á móti rúmum 100 árið 2006. Aukningin skýrist af samstarfi eftirlita á evrópska efnahagssvæðinu og auknum umsvifum íslenskra viðskiptabanka erlendis, sbr. ennfremur umfjöllun um þessa þætti í fylgiskjali (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár) Rétt er að nefna að ítarlegt yfirlit yfir erlent samstarf Fjármálaeftirlitsins er birt á heimasíðu þess.

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður vegna funda innanlands verði 2,0 m.kr. á árinu 2007 sem er hækkun upp á 200 þús. milli ára.

Fjármálaeftirlitinu ber í nokkrum tilvikum að greiða þátttökugjöld í erlendu samstarfi. Hæstu þátttökugjöldin eru vegna þriggja samevrópskra nefnda þ.e. reksturs Samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlita, Committee of European Securities Regulators (CESR), Samstarfsnefndar Evrópskra vátryggingaeftirlita og lífeyrissjóðaeftirlita, Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervisors (CEIOPS) og Samstarfsnefndar evrópskra bankaeftirlita, Committee of European Banking Supervisiors (CEBS). Starfsemi þessara nefnda er kostuð af þátttakendum í tilteknum stærðarhlutföllum. Þátttökugjöld vegna þessara þriggja nefnda eru áætluð 4,9 m.kr. Þá má nefna þátttökugjald í Alþjóðasamtökum vátryggingaeftirlita (IAIS) 0,6 m.kr. Samtals þátttökugjöld samkvæmt framangreindu eru 5,5 m.kr. af 6,0 m.kr. áætluðum þátttökugjöldum í heild vegna erlends samstarfs og funda erlendis á árinu 2007 og er um að ræða 1,5 m.kr. hækkun frá fyrra ári. Innifalið í þessum gjaldalið er jafnframt gert ráð fyrir erlendum námskeiðakostnaði.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna funda innanlands lækki úr 1,4 m.kr. í 1,0 m.kr. eða um 0,4 m.kr. Lækkunin skýrist af óvenju háum áætluðum kostnaði Fjármálaeftirlitsins vegna funda í norrænu samstarfi á árinu 2006 sem haldnir eru hér á landi á fimm ára fresti.

*Eignakaup.*

Á liðinn eignakaup er færður kostnaður vegna kaupa á húsgögnum og tækjum og viðhaldi á innréttingum, tækjum og búnaði vegna skrifstofuhalds (tölvubúnaður undanskilinn). Þessi kostnaðarliður er áætlaður 4 m.kr. fyrir árið 2007 sem er það sama og árið á undan.

*Ýmis gjöld og þjónusta.*

Gert er ráð fyrir að liðurinn hækki um 3,4 m.kr. Annars vegar 2,4 m.kr. vegna ADSL heimatengingar starfsmanna og er með því opnað fyrir mögluleika starfsmanna á að vinna heima og að komast í tölvupóst, dagbók og þess háttar utan starfsstöðvar. Hins vegar hækkar liðurinn um kr. 0,9 m.kr. vegna yfirtökunefndar en Fjármálaeftirlitið er einn af stofnaðilum nefndarinnar og borgar hluta af rekstrarkostnaði hennar.

*Annar kostnaður.*

Samtala kostnaðarliða sem ekki hefur verið gerð grein fyrir hér á undan er áætluð 27,4 m.kr. á árinu 2007 samanborið við 22,3 m.kr. fyrir árið 2006 og nemur hækkunin 5,1 m.kr. eða 23%. Að hluta til stafar hækkunin á þessum kostnaðarliðum af áhrifum af fjölgun starfsmanna. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt símenntunarstefnu Fjármálaeftirlitsins er stefnt að því að kostnaður vegna símenntunar nemi 3% af launum og launatengdum gjöldum. Ekki er gert ráð fyrir sérgreindum lið vegna þessa heldur fellur þessi kostnaður undir liði 5, 6, 11, 15, 16 og 17.

*Rekstrarkostnaður samtals.*

Samtala gjaldaliða án úrskurðarnefnda er áætluð 567,6 m.kr. á árinu 2007 samanborið við 410,5 m.kr. samkvæmt áætlun ársins 2006 eða 38,3% hækkun milli ára. Rétt er að taka fram að ekki er gert ráð fyrir sérstökum kostnaði vegna Lífeyrissjóðs bankamanna en niðurstöður í óútkljáðu dómsmáli sjóðsins gegn Landsbanka Íslands hf. kynnu að hafa áhrif á Fjármálaeftirlitið.

*Aðrar tekjur, vaxtatekjur.*

Fjármálaeftirlitið fær vexti af innstæðu á reikningi í Seðlabanka Íslands. Vaxtatekjurnar eru byggðar á áætlaðri meðalstöðu innstæðu m.v. álagningu sem miðast við drög að rekstraráætlun. Aðrar tekjur eru óverulegar eða um 0,4 m.kr. vegna yfirlestrar á útboðslýsingum félaga sem ekki eru skráð á Kauphöll Íslands hf. en um er að ræða tilfallandi tekjur sem óvarlegt er að reikna með í áætlun fyrir næsta ár. Fjármálaeftirlitið áskilur sér jafnframt rétt til að nýta heimildir í 7. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, og 3. mgr 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, til að innheimta sérstaklega útlagðan kostnað vegna umframeftirlits eða aðkeyptrar sérfræðiþjónustu vegna ákveðinna aðila. Er þar til dæmis haft í huga innleiðing á nýjum eiginfjárreglum.

**4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2007.**

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 skal Fjármálaeftirlitið í skýrslu þessari leggja fram mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila. Þannig skal hliðsjón höfð af tímaskiptingunni á tilgreindu tímabili samhliða mati á þróun þessarar skiptingar fyrir líðandi ár og næsta fjárhagsár.

Með tilvísun til framangreinds hefur Fjármálaeftirlitið athugað hvort tilefni sé til að leggja fram tillögur um breytingar á skiptingu eftirlitsgjaldsins á árinu 2007, sem breyst hefur fremur lítið á síðustu árum. Á árinu 2005 varð nokkur breyting á skiptingu vinnustunda hjá Fjármálaeftirlitinu milli eftirlitsskyldra aðila þar sem þáttur lánastofnana jókst í tæp 55% en hafði verið um 47% á árinu 2004. Með hliðsjón af því og áherslum á áframhaldandi aukið vægi eftirlits á lánamarkaði á árinu 2006 og áfram á árinu 2007 telur Fjármálaeftirlitið eðlilegt að leggja til að auka hlutdeild lánastofnana í álagningu eftirlitsgjalds á árinu 2007 nokkuð frá því sem var við álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2006. Í töflu 3A, sem fylgir með skýrslunni, má sjá hvernig skipting eftirlitsgjaldsins er áætluð á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila með hliðsjón af nefndum breytingum og hvernig skipting gjaldsins var við álagningu á árinu 2006.

Þá telur Fjármálaeftirlitið einnig tímabært að leggja til breytingar á lágmarks- og fastagjöldum. Lágmarksgjöldum lánastofnana og vátryggingafélaga hefur ekki verið breytt frá því í ársbyrjun 2002. Þessi gjöld hafa ekki breyst í takt við aukið rekstrarumfang Fjármálaeftirlitsins og fer kostnaðarþátttaka þeirra eftirlitsskyldu aðila sem þau greiða því sífellt lækkandi. Í breytingartillögunum er hins vegar gert ráð fyrir nokkuð mismunandi hlutfallshækkun gjaldanna með hliðsjón af eðli viðkomandi starfsemi, tíma frá síðustu breytingu, og fyrri fjárhæð gjaldsins hvað lægstu fjárhæðir varðar. Lagt er til að lágmarksgjöld viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, vátryggingafélaga og Íbúðalánasjóðs verði hækkuð úr 400 þús.kr. í 600 þús.kr. Þá verði lágmarksgjald á kauphallir og verðbréfamiðstöðvar hækkað úr 250 þús.kr. í 350 þús.kr., verðbréfamiðlanir úr 250 þús.kr. í 350 þús.kr. og lágmarksgjöld á vátryggingamiðlara úr 200

þús.kr. í 300 þús.kr. Þá er lagt til að fastagjöld á innlánsdeildir samvinnufélaga hækki úr 250 þús.kr. í 300 þús.kr. og á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og Tryggingarsjóð sparisjóða úr 150 þús.kr. í 300 þús.kr. Tillögur um breytingar fastagjöldum lífeyrissjóða, sem varða innbyrðis skiptingu álagðs eftirlitsgjalds milli lífeyrissjóðanna, eru hins vegar ekki frágengnar þar sem Fjármálaeftirlitið bíður álits Landssamtaka lífeyrissjóða hvað það varðar. Tillögunum verður komið á framfæri við ráðuneytið þegar þær liggja fyrir sé tilefni til þess. Í töflu 3B sem fylgir með skýrslunni, er sýnt yfirlit yfir þróun þessara gjalda frá því að Fjármálaeftirlitið tók til starfa.

Eins og fram kemur í rekstraráætluninni fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald á því ári verði 546,5 m.kr. samanborið við 435,4 m.kr. álagt eftirlitsgjald á árinu 2006 sem er 25,5% hækkun milli ára. Lægri hlutfallsleg aukning á eftirlitsgjaldinu en á rekstrarkostnaðinum skýrist annars vegar af hærra álögðu eftirlitsgjaldi á árinu 2006 en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir og hins vegar af áhrifum af yfirfærslu á eigin fé milli ára sem jafna þarf með eftirlitsgjaldi næsta árs. Í meðfylgjandi töflu 3A eru áætluð álagningarhlutföll vegna ársins 2007 sýnd með hliðsjón af rekstraráætluninni fyrir það ár.

## 5. Óvissuálag.

Samhliða undirbúningi að tillögum til breytinga á álagningarhlutföllum í lögum nr. 99/1999, með áorðnum breytingum, til samræmis við ofangreinda rekstraráætlun fyrir árið 2007 telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að hugað verði að breytingum á sömu lögum til að tryggja stofnuninni rekstrarfjármögnun komi upp sú staða að hana skorti rekstrarfé vegna tímamismunar á inngreiðslum og útgreiðslum.

## 6. Uppfærsla á lögum nr. 99/1999 vegna breytingar á lögum nr. 87/1998.

Með breytingu á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem samþykkt var á Alþingi þann 3. júní 2006 er fellt niður ákvæði um starfrækslu kærunefndar. Í 8. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er kveðið á um kæruleið til þessarar nefndar vegna ákvarðana um álagningu eftirlitsgjalds. Nauðsynlegt er að breyta þessu ákvæði til samræmis við breytinguna á fyrrnefndu lögunum.

**Tafla 1: Rekstrarkostnaður ársins 2005.**

(Í þús. kr.)

| GJÖLD | Áætlun 2005 | Rauntölur 2005 | Mismunur | Rauntölur í hlutfalli af áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 219.757 | 231.837 | -12.080 | 5,5% |
| Stjórnarlaun | 6.400 | 6.150 | 250 | -3,9% |
| Gisti og íþróttastyrkur | 2.000 | 1.469 | 531 | 26,6% |
| *Laun og launatengd gjöld samtals* | *228.157* | *239.456* | *-11.299* | *5,0%* |
| Starfsmannaþj., kaffi, fundir | 3.000 | 3.074 | -74 | 2,5% |
| Endurm.kostnaður og skólakostnaður | 2.400 | 2.602 | -202 | 8,4% |
| Húsaleiga | 17.850 | 17.366 | 484 | -2,7% |
| Rafmagn, hiti, húsfélag | 2.000 | 1.887 | 113 | -5,7% |
| Símakostnaður | 2.000 | 2.037 | -37 | 1,9% |
| Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl. | 2.750 | 3.864 | -1.114 | 40,5% |
| Bækur og ritföng | 2.900 | 3.260 | -360 | 12,4% |
| Póstkostnaður | 540 | 550 | -10 | 1,9% |

| GJÖLD | Áætlun 2005 | Rauntölur 2005 | Mismunur | Rauntölur í hlutfalli af áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Rekstur tölvubúnaðar og sérfr. v. tölvumála | 18.000 | 17.505 | 495 | -2,8% |
| Sérfræðikostnaður | 3.000 | 3.906 | -906 | 30,2% |
| Ferðakostnaður erlendis | 11.750 | 12.741 | -991 | 8,4% |
| Ferðakostnaður innanlands | 1.800 | 1.934 | -134 | 7,4% |
| Þátttökugjöld funda erlendis | 4.000 | 4.010 | -10 | 0,2% |
| Kostnaður vegna funda hér á landi | 350 | 835 | -485 | 138,6% |
| Eignakaup | 3.000 | 3.703 | -703 | 23,4% |
| Öryggisgæsla | 700 | 565 | 135 | -19,3% |
| Ræsting, ræstingarvörur | 3.000 | 3.025 | -25 | 0,8% |
| Ýmis gjöld og þjónusta | 2.300 | 2.276 | 24 | 1,0% |
| **Gjöld alls** | **309.497** | **324.596** | **-15.099** | **4,9%** |
| | | | | |
| **TEKJUR** | | | | |
| Álagt eftirlitsgjald 2005 | 297.968 | 299.903 | | 0,6% |
| Vaxtatekjur (netto) | 3.000 | 4.783 | | 59,4% |
| Aðrar tekjur | 0 | 887 | | |
| **Tekjur alls** | **300.968** | **305.573** | | **1,6%** |
| | | | | |
| **Úrskurðarnefndir** | | | | |
| Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda | 5.500 | 4.624 | | -15,9% |
| Aðrar tekjur úrskurðarnefnda | 5.500 | 4.624 | | -15,9% |
| | | | | |
| **Tekjuafgangur** | **-8.529** | **-19.023** | | |
| Yfirfært frá fyrra ári | 8.529 | 8.878 | | |
| **Eigið fé í árslok** | **0** | **-10.145** | | |

## Tafla 2: Rekstrarkostnaður.

(Í þús. kr.)

| | | Áætlun vegna 2006 1 | Áætlun vegna 2007 2 | Breyting % D1 til D2 |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Laun og launatengd gjöld | 298.800 | 392.025 | 31,2% |
| 2 | Íþrótta- og gististyrkur | 2.300 | 3.000 | 30,4% |
| 3 | Stjórnarlaun | 6.400 | 6.400 | 0,0% |
| 4 | *Laun og launatengd gjöld samtals* | *307.500* | *401.425* | *30,5%* |
| 5 | Starfsmannaþj., kaffi, fundir | 3.400 | 3.800 | 11,8% |
| 6 | Endurm.kostnaður og skólakostnaður | 2.800 | 3.700 | 32,1% |
| 7 | Húsaleiga | 18.100 | 22.700 | 25,4% |
| 8 | Rafmagn, hiti, húsfélag | 2.100 | 2.200 | 4,8% |
| 9 | Símakostnaður | 2.100 | 2.500 | 19,0% |
| 10 | Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl. | 3.000 | 4.000 | 33,3% |
| 11 | Bækur og ritföng | 3.100 | 3.500 | 12,9% |
| 12 | Póstkostnaður | 550 | 600 | 9,1% |

| | | Áætlun vegna 2006 1 | Áætlun vegna 2007 2 | Breyting % D1 til D2 |
|---|---|---|---|---|
| 13 | Rekstur tölvub., sérfrþj. v. tölvumála og eignak. v. tölvumála | 32.800 | 68.100 | 107,6% |
| 14 | Sérfræðikostnaður | 3.000 | 4.000 | 33,3% |
| 15 | Ferðakostnaður erlendis | 14.000 | 17.500 | 25,0% |
| 16 | Ferðakostnaður innanlands | 1.800 | 2.000 | 11,1% |
| 17 | Þátttökugj. vegna erl. samstarfs og funda erlendis | 4.500 | 6.000 | 33,3% |
| 18 | Kostnaður vegna funda innanlands | 1.400 | 1.000 | -28,6% |
| 19 | Eignakaup | 4.000 | 4.000 | 0,0% |
| 20 | Öryggisgæsla | 700 | 1.000 | 42,9% |
| 21 | Ræsting, ræstingarvörur | 3.100 | 3.500 | 12,9% |
| 22 | Styrkur til starfsmannafélags | 580 | 750 | 29,3% |
| 23 | Kostnaður vegna flutninga | 0 | 10.000 | |
| 24 | Ýmis gjöld og þjónusta | 1.950 | 5.400 | 176,9% |
| 25 | *Önnur gjöld samtals* | *102.980* | *166.250* | *61,4%* |
| **26** | **Gjöld alls án úrskurðarnefnda** | **410.480** | **567.675** | **38,3%** |
| | **Tekjur** | | | |
| 27 | Álagt eftirlisgj. m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999 | 435.352 | 546.548 | 25,5% |
| 28 | Vaxtatekjur netto | 3.000 | 3.000 | 0,0% |
| 29 | Aðrar tekjur | 0 | 400 | |
| 30 | Tekjur alls án úrskurðarnefnda | 438.352 | 549.948 | 25,5% |
| | **Úrskurðarnefndir** | | | |
| 31 | Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda | 6.000 | 6.000 | |
| 32 | Tekjur úrskurðarnefnda | 6.000 | 6.000 | |
| **33** | **Tekjuafgangur** | **27.872** | **-17.727** | |
| 34 | Yfirfært frá fyrra ári, áætlað | -10.145 | 17.727 | |
| **35** | **Eigið fé í árslok** | **17.727** | **0** | |

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaeftirlitið:*

**Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár.**
Fylgiskjal með skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2007.

## 1. Inngangur.

Samhliða rekstraráætlun sinni og greinargerð með henni leggur Fjármálaeftirlitið fram skýrslu um rekstur og starfsumhverfi sitt næstu ár, en efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis beindi þeim tilmælum til eftirlitsins á árinu 2001.

## 2. Áherslur í starfi fjármálaeftirlitsins og þróun markaðarins.

Íslensk fjármálaþjónustufyrirtæki héldu áfram að stækka og auka hlutdeild erlendrar starfsemi á árinu 2005. Þannig jukust heildareignir viðskiptabankanna þriggja um rúmlega 80% á árinu en frá árinu 2002 hafa eignir þeirra á móðurfélagsgrunni tæplega fjórfaldast og 5,3 faldast á samstæðugrunni. Hrein eign lífeyrissjóða var í árslok 2005 um 1.200 milljarðar króna og jókst um 22% á árinu. Eignir vátryggingafélaga jukust um 34%. Þá jukust viðskipti með hlutabréf í kauphöll um 67%. Viðskipti með skuldabréf í kauphöll drógust hins vegar saman um 12%, sem skýrist m.a. af breytingum á húsnæðislánamarkaðnum.

*2.1 Lánamarkaður.*

Lánamarkaður hefur einkennst af mikilli útlánaaukningu, hárri arðsemi og aukinni alþjóðavæðingu. Alþjóðavæðingin hefur bæði komið fram í aukinni starfsemi viðskiptabankanna erlendis og í aukinni umræðu og greiningum erlendra aðila á stöðu þeirra.

Eiginfjárstaða viðskiptabanka og stærstu sparisjóða er sterk og hafa þeir allir staðist álagspróf FME. Fjármögnun viðskiptabankanna er að stærstum hluta háð erlendum lánsfjármörkuðum sem er einn stærsti áhættuþátturinn í rekstri þeirra.

Áherslur í starfi Fjármálaeftirlitsins á undanförnu ári hafa snúið að því að takmarka áhættu á áföllum með athugunum á innra eftirliti, áhættustýringu, eiginfjárstöðu og stórum áhættuskuldbindingum. Jafnframt hafa athuganir verið gerðar á útlánaáhættu, markaðsverðbréfaáhættu, fastvaxtaáhættu og framkvæmd lausafjárstýringar. Samhliða þessu hafa mál er snúa að eftirliti með virkum eignarhlutum, starfsháttum stjórna (s.s. við útlánaákvarðanir) og þátttöku fjármálafyrirtækja í atvinnustarfsemi verið ofarlega á baugi.

Á næstu árum má ætla að þau verkefni sem talin hafa verið upp að framan muni áfram vega þungt í starfi eftirlitsins, bæði með úttektum og upplýsingasöfnun. Til viðbótar mun innleiðing á Basel II eiginfjárreglum taka umtalsverðan tíma.

Ný lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem samþykkt voru á Alþingi þann 2. júní 2006, leggja auknar skyldur á Fjármálaeftirlitið auk þess sem æskilegt er vegna alþjóðlegra skuldbindinga að leggja meiri áherslu á þennan málaflokk. Er ljóst að eftirlitið mun þurfa á nýju stöðugildi að halda vegna þessa á árinu 2007. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið koma þessi sjónarmið einnig fram.

Frekari mannaflaþörf á þessu sviði fyrir árið 2008 mun ráðast af þróun í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Að undanförnu hafa verið opnuð 7 ný útibú í 5 löndum og ef svo heldur fram

sem horfir þarf líklegast að bæta við einu stöðugildi vegna þessa enda ber Fjármálaeftirlitið ábyrgð á eftirliti með útibúum íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis.

*2.2 Lífeyrismarkaður.*

Áherslur í eftirliti með lífeyrissjóðum hefur snúið að athugunum á fjárfestingum, fjárfestingarstefnum og skuldbindingum einstakra sjóða auk þess sem gerðar eru heildarúttektir á starfseminni.

Fjármálaeftirlitið fær til umsagnar tillögur að breytingum á samþykktum sjóðanna, svo sem vegna breytinga á réttindakerfum og vegna sameininga, og var vinna slíkra verkefna umtalsverð á síðasta ári. Má búast við að svo verði áfram á þessu ári og næsta.

Unnið er að gæða- og áhættuflokkunarkerfi fyrir lífeyrissjóðina sem nýtt verður til að forgangsraða sjóðum í eftirliti og öðlast betri yfirsýn yfir áhættur sjóðanna.

Auk þessara verkefna verður á næstu árum stefnt að því að auka áherslu á eftirlit með umgjörð rekstrar lífeyrissjóðanna s.s. innra eftirliti og áhættustýringu.

Með sameiningum lífeyrissjóða verða til færri en stærri öflugir sjóðir. Jafnframt hafa fjárfestingarheimildir verið rýmkaðar og aukinn hluti fjárfestinga er í erlendum verðbréfum. Rekstur stórra sjóða og rýmkaðar fjárfestingarheimildir kalla á aukna ábyrgð stjórnenda, auknar kröfur um innra eftirlit og áhættustýringu og aukna þekkingu starfsfólks. Jafnframt eykst kerfislæg áhætta vegna einstakra sjóða.

Þrjú og hálft stöðugildi sinna eftirliti á þessu sviði. Miðað við reynsluna er mögulegt að gera fjárfestinga- eða heildarúttekt á hverjum sjóði á 6 ára fresti en eingöngu heildarúttektir á 15 ára fresti. Slíkt er vart viðunandi og í framhaldi af gerð gæða- og áhættumatskerfis verður metin mannaflaþörf vegna þessa eftirlits.

*2.3 Vátryggingamarkaður.*

Ný lög um vátryggingasamninga gengu í gildi í ársbyrjun 2006 og um vátryggingamiðlara í maí 2005. Fjármálaeftirlitið hefur lagt áherslu á það að eyða óvissu um túlkun á ákvæðum laganna og að framkvæmd þeirra sé í góðu horfi, svo sem að vátryggingaskilmálar séu í samræmi við lögin.

Fjármálaeftirlitið heimsækir vátryggingafélög og vátryggingamiðlara reglulega. Í heimsóknum til vátryggingafélaga að undanförnu hefur m.a. verið fjallað um skipurit, fjárhagsstöðu, álagspróf, áhættustýringu, gagnaskil, iðgjaldagrundvöll, lög um vátryggingarsamninga, lög um miðlun vátrygginga og lög um peningaþvætti og Solvency II. Að undanförnu hefur og verið unnið við athugun á framkvæmd vátryggingamiðlara á lögum um miðlun vátrygginga.

Á þessu sviði er einnig fylgst með framkvæmd reglna um virka eignarhluti og þátttöku í atvinnustarfsemi eins og á lánasviði.

Sett hafa verið leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu og álagspróf sem mun koma til framkvæmda á árinu 2007. Má vænta að nokkur vinna fari í framkvæmd þess og frekari þróun á því ári. Tengt þessu er aðkoma Fjármálaeftirlitsins að vinnu á Evrópuvettvangi við gerð svokallaðrar Solvency II tilskipunar um gjaldþol vátryggingafélaga, sem eftirlitsskyldir aðilar á þessu sviði verða varir við vegna áhrifagreininga á ýmsum útfærslum á tillögum (quantitative impact studies).

*2.4 Verðbréfamarkaður.*

Umfangsmiklar breytingar urðu á verðbréfaviðskiptalöggjöfinni á miðju ári 2005 og hefur kynning, túlkanir og beiting á reglunum einkennt starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Áhersla hefur

verið lögð á að formreglum á markaði sé fylgt, að rannsaka tilkynningar frá Kauphöll og öðrum aðilum um hugsanleg brot og þar sem óvissa hefur ríkt um túlkun, að setja fram skoðanir til að eyða óvissu og beina framkvæmdinni í æskilegan farveg. Samhliða þessu hefur Fjármálaeftirlitið hafið birtingu ákvarðana er snúa að verðbréfamarkaðnum í samræmi við gagnsæisstefnu þess og nýja heimild í lögunum.

Framundan eru frekari breytingar á löggjöf með innleiðingu nýrra tilskipana s.s. um gegnsæi upplýsinga (transparency) og um markaði með fjármálagerninga („Markets in financial instruments") (MIFID).

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt, einkum í framhaldi af innleiðingu MIFID tilskipunarinnar, að auka áherslu á frumkvæðiseftirlit og vettvangsathuganir hjá útgefendum verðbréfa auk staðlaðra eftirlitsaðgerða í tengslum við tiltekna atburði á verðbréfamarkaði. Í því skyni gerir eftirlitið ráð fyrir því að á árinu 2008 muni þurfa a.m.k. tvö ný stöðugildi á þessu sviði. Auk þess þarf að meta á árinu vinnuálag vegna móttöku og staðfestingar á útboðslýsingum ásamt tilkynningum til lögbærra yfirvalda um staðfestar lýsingar (Evrópupassa) auk verkefna vegna gegnsæistilskipunarinnar.

Verðbréfa- og fjárfestingasjóðir starfa samkvæmt lögum nr. 30/2003 og hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með fjárfestingum, eignastöðu og áhættustýringu þessara sjóða auk úttekta á starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Fjármálaeftirlitið staðfestir sjóði og hefur eftirlit með markaðssetningu á þjónustu þeirra. Í dag er rúmlega eitt stöðugildi sem sinnir þessu eftirliti.

*2.5 Almennt.*

Að síðustu er rétt að geta þess að ýmis verkefni eru sameiginleg fyrir hina ýmsu markaði þar sem samlegðaráhrif í starfseminni koma fram. Má þar sem dæmi nefna:

- Framkvæmd á hæfismati stjórnenda eftirlitsskyldra aðila.
- Viðbúnaðaráætlun vegna áfalla í fjármálakerfinu.
- Framkvæmd eftirlits með peningaþvætti.
- Framkvæmd eftirlits með upplýsingatækni.

**3. Stefnumótun, nútímavæðing og alþjóðavæðing Fjármálaeftirlitsins.**

Til að skerpa áherslur, forgangsraða verkefnum og auka skilvirkni hefur Fjármálaeftirlitið sett niður stefnumótun til næstu ára. Stefnumótunin er unnin í formi stefnumiðaðs árangursmats (Balanced Scorecard) og er unnið að innleiðingu þess á árinu 2006. Jafnframt hefur verið unnið að upplýsingatæknistefnu til þriggja ára og verklagi vegna aðkomu Fjármálaeftirlitsins að alþjóðlegri starfsemi íslenskra fjármálaþjónustufyrirtækja.

*3.1 Stefnumótun.*

Fjármálaeftirlitið lítur á það sem meginhlutverk sitt að stuðla að traustri fjármálastarfsemi, en í því felst að undirstöður fjármálamarkaðar séu tryggar og starfsemi heilbrigð og í samræmi við lög.


Fjármálaeftirlitið telur að öflugur fjármálamarkaður sé þjóðfélagslega mikilvægur og að á næstu árum megi búast við örum breytingum, frekari vexti og aukinni alþjóðavæðingu. Fjármálaeftirlitið vill hafa jákvæð áhrif á þróun markaðarins og stuðla að traustri fjármálastarfsemi. Til þess þarf skýra stefnu, skilvirka innri ferla, hæft starfsfólk og fyrirmyndar upplýsingarkerfi. Fjármálaeftirlitið ætlar sér:

- Að vera mótandi og stuðla að traustri fjármálastarfsemi.
- Að vera þekkt fyrir fagmennsku, áreiðanleika og árangur.

- Að njóta virðingar og trausts.
- Að vera góður og eftirsóknarverður vinnustaður.
- Að gera gagnaskil og bréfaskipti við eftirlitsskylda aðila rafræn.

Stefnumiðað árangursmat er ekki eingöngu mælikerfi heldur einnig stjórnunarkerfi sem auðveldar fyrirtækjum og stofnunum að setja fram stefnumótun og framtíðarsýn og tengja hana beint við daglega starfsemi. Fjármálaeftirlitið hefur skilgreint 15 markmið sem unnið verður að á næstu árum og skilgreint 1–2 mælikvarða til að meta hvort að það nær árangri í starfsemi sinni. Settar voru af stað tíu meginaðgerðir í verkáætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006 til þess að ná settum markmiðum. Markmið og mælikvarðar verða endurskoðuð í lok árs 2006 eftir „prófun". Frá og með lokum ársins 2007 verða birtar niðurstöður árangursmælinga. Markmiðin koma fram í stefnukorti Fjármálaeftirlitsins.

**Mynd 1 – Stefnukort FME.**




*3.2 Nútímavæðing.*

Þekkingarstarfsemi byggir á söfnun og greiningu upplýsinga, og síðan ákvarðanatöku í kjölfar þess. Góð upplýsingakerfi geta bæði hraðað og bætt ákvarðanatöku og þar með aukið skilvirkni og árangur í starfseminni. Með öflugum upplýsingakerfum er einnig auðveldara að viðhalda þekkingu innan stofnunar óháð mannabreytingum og jafnframt tryggja samkvæmni í ákvarðanatöku með góðri yfirsýn yfir fordæmi.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að upplýsingakerfi þess séu ávallt til fyrirmyndar og stuðli að því að sett markmið náist á skilvirkan hátt. Í því augnamiði hefur Fjármálaeftirlitið sett sér sérstaka upplýsingatæknistefnu til þriggja ára. Helstu atriði þeirrar stefnu eru eftirfarandi:

- Öll samskipti við eftirlitsskylda aðila verði rafræn.
- Úrvinnslukerfi verði fyrir hendi sem vinni frumgreiningu á upplýsingum og geri viðvart um frávik (early warning).
- Gagnagrunnar og málaskráningarkerfi séu samhæfð og tryggi auðvelda geymslu, úrvinnslu og notkun upplýsinga.
- Öryggi upplýsinga sé tryggt og eftirlitið fái vottun skv. ISO 27001.
- Vefumsjónarbúnaður og heimasíða styðji við öfluga og markvissa upplýsingamiðlun, þess vegna í mismunandi víddum, þ.e. á innra neti (innan stofnunar), á ytra neti (skilgreind vefsvæði fyrir einstaka eftirlitsskylda aðila eða systurstofnanir) og interneti (almenningur).
- Hugbúnaður og vélbúnaður uppfylli þarfir hvers tíma.
- Eftirlitið geti uppfyllt alþjóðlegar skuldbindingar um upplýsingasamskipti.

Lykilmarkmiðið í stefnumörkun Fjármálaeftirlitsins er að öll samskipti við eftirlitsskylda aðila verði rafræn og að rafvæðing verði almennt aukin í starfsemi eftirlitsins.

Á hverju ári safnar Fjármálaeftirlitið um 3500 skýrslueintökum frá eftirlitsskyldum aðilum um ýmsa þætti í rekstri þeirra. Markmiðið er almennt eftirlit með ýmsum reglum og greining á hugsanlegum veikleikum í starfsemi þeirra (sjá nánar viðauka við skýrslu þessa). Skýrslurnar berast ýmist á pappír eða með tölvupósti og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins sjá um villuleit og að færa gögnin í gagnagrunna, þar sem þeir hafa verið hannaðir.

Það mun spara mikla vinnu, auka skilvirkin eftirlits og jafnframt leiða til hagræðingar hjá eftirlitsskyldum aðilum að gera öll slík skil rafræn. Með því er átt við að gögn frá eftirlitsskyldum aðilum verði villuleituð sjálfvirkt áður en mótttaka er samþykkt og gögnin fari sjálfkrafa í gagnagrunn. Auk þessa ætlar Fjármálaeftirlitið að búa yfir úrvinnslukerfi sem vinnur vélrænt frumgreiningar úr þeim gögnum sem skilað er frá eftirlitsskyldum aðilum. Slíkt myndi gera úrvinnslu skjótvirkari og eftirlit markvissara.

Fjármálaeftirlitið hefur kynnt verkefnið um rafræn skil fyrir rýnihópi eftirlitsskyldra aðila sem lét í ljós milkla ánægju með verkefnið Telur hópurinn að rafræn gagnaskil muni tvímælalaust einnig auka skilvirkni hjá eftirlitsskyldum aðilum hvað þetta varðar. Fram hefur komið ósk frá eftirlitsskyldum aðilum að tryggja betur öryggi þeirra gagna sem þeir senda til Fjármálaeftirlitsins og er þetta m.a. liður í því. Nú þegar er byrjað frumherjaverkefni („pilot“) sem miðar að rafrænum skilum á innherjalistum.

Fjármálaeftirlitið stefnir að því að ljúka vinnu við gerð gagnagrunna fyrir starfsemina, koma á rafrænum skilum og úrvinnslu á árunum 2007 og 2008. Með aukinni notkun upplýsingatækni má ná umtalsverðri hagræðingu í rekstri en slíkt krefst fjárfestingarkostnaðar í upphafi. Má segja að stefna Fjármálaeftirlitsins sé í góðu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið, „Auðlindir í allra þágu“.

Verkefnið um rafræn skil er einnig mikilvægt í ljósi alþjóðavæðingar íslenskra fjármálafyrirtækja, en ýmsir aðilar, svo sem erlendar systurstofnanir Fjármálaeftirlitsins, Evrópusamtök eftirlita, alþjóðlegar stofnanir (svo sem IMF og FATF) og matsfyrirtæki fara í auknum mæli fram á ýmsar tölfræðilegar upplýsingar og greiningar.

Að síðustu má nefna að nú þegar liggja fyrir formlegar kröfur í Evróputilskipunum um rafræn upplýsingasamskipti á milli eftirlitsaðila og má vænta þess að slíkt muni aukast (sjá t.d. yfirlýsingu Ráðherraráðs Evrópusambandsins þann 5. maí 2006). Í því sambandi er rétt að vekja athygli á vinnu við MIFID tilskipunina en hún gerir ráð fyrir því að eftirlitsaðilar í aðildarríkjum EES skiptist á upplýsingum um verðbréfaviðskipti (transaction reporting). Fjármálaeftirlitið þarf að koma á tilkynningakerfi sem safnar upplýsingum um fjármálagern-

inga á Íslandi sem nánar er kveðið á um í 25. gr. MIFID. Eftirlitsskyldum aðilum ber að láta Fjármálaeftirlitinu þessar upplýsingar í té daglega. Fjármálaeftilitið mun miðla þeim færslum sem snerta aðila sem eru undir eftirliti annarra fjármálaeftirlita innan EES til viðeigandi eftirlita í gegnum sameiginlegt kerfi til gagnaskipta sem CESR (samtök verðbréfaeftirlita) mun sjá um að reka.

Undirbúningsvinna er hafin vegna slíks tilkynningakerfis (Transaction Reporting) sem taka verður upp við innleiðingu MIFID. Fjármálaeftirlitinu hefur verið boðin þátttaka í samvinnu um kerfi með eftirlitum á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum, Verið er að skoða þann kost og er ljóst að það muni leiða til sparnaðar ef af verður. Lögð er áhersla á að notendaskil við tilkynningakerfi verði eins hjá framannefndum aðilum, til að auðvelda þeim eftirlitsskyldum aðilum sem starfa á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum að skila samskonar gögnum til allra eftirlita. Með kerfinu mun Fjármálaeftirlitið fá kost á að útbúa öflugt rafrænt eftirlitskerfi og hefur Fjármálaeftirlitið kynnt hugmyndir í þá veru. Vinnuhópur hefur verið settur á laggirnar með þátttöku Kauphallar, Verðbréfaskráningar og fulltrúa frá viðskiptabönkum. Þá hefur verið samið við upplýsingatæknirágjafa.

Á árinu 2005 voru sett leiðbeinandi tilmæli um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Þá ber Fjármálaeftirlitinu að fylgjast með því að greiðslu- og uppgjörskerfi eftirlitsskyldra aðila séu fullnægjandi. Nauðsynlegt er að fylgja þessu eftir með reglulegum könnunum á öryggi upplýsinga- og greiðslukerfa.


Nú eru tvö stöðugildi við upplýsingatæknimál hjá Fjármálaeftirlitinu sem er ekki nægjanlegt miðað við núverandi stöðu. Með aukinni áherslu á upplýsingatækni í starfsemi eftirlitsins er bráðnauðsynlegt að bæta við stöðugildi á þessu sviði og þá einkum vegna vefmála og gagnagrunna.

### 3.3 Alþjóðavæðing.

Íslensku viðskiptabankarnir hafa á síðustu árum breyst úr innlendum innlánsstofnunum í alþjóðleg fjármálafyrirtæki sem bjóða þróaða fjármálaþjónustu. Í árslok 2005 námu eignir erlendra dótturfélaga bankanna samtals 2.448 ma.kr. eða 45% af 5.418 ma.kr. heildareignum bankanna á samtæðugrunni. Tekjur bankanna af starfsemi erlendis voru 50% af heildartekjum á seinni hluta ársins 2005 samanborið við 25% á árinu 2003. Þessi hlutföll munu væntanlega hækka enn frekar í nánustu framtíð.

## Mynd 2.

**Rekstrartekjur 3 viðskiptabanka af erlendri starfsemi sem hlutfall af heildarrekstrartekjum**




Meginstarfsemi íslensku bankanna erlendis er í dótturfélögum og útibúum í 8 löndum. Frá því að síðasta sambærileg skýrsla var skrifuð hafa dótturfélög banka bæst við í tveimur nýjum löndum (Frakklandi og Írlandi) og einnig 7 ný útibú í 5 löndum. Þessu til viðbótar hafa íslensku vátryggingafélögin hafið útrás með kaupum á hlut í erlendum vátryggingafélögum eða í formi náinnar samvinnu við erlenda vátryggjendur.

### Heildareignir erlendra dótturfyrirtækja viðskiptabankanna í árslok 2005.

*Fjárhæðir eru í ma.kr.*

| *Kaupþing banki hf.* | | *Glitnir banki hf.* | | *Landsbanki Íslands hf.* | |
|---|---|---|---|---|---|
| FI Holding AS (FIH) | 817 | BNbank | 437 | Landsbanki Luxembourg S.A. | 199 |
| Kaupthing UK – Group (S&F) | 338 | ISB-Luxembourg | 94 | Heritable Bank | 68 |
| Kaupthing Bank Luxembourg S.A. | 210 | KredittBanken | 43 | Kepler Equities | 20 |
| Kaupthing Sverige AB | 112 | | | Teather & Greenwood | 11 |
| Kaupthing Finance Ltd. | 32 | | | Merrion Capital | 3 |
| Norvestia Oyj | 12 | | | Landsbanki Asset Management Holding | 3 |
| Kaupthing bank Oyj | 11 | | | LI Investment Ltd. | 3 |
| Önnur fyrirtæki | 35 | | | | |
| Erlend dótturfélög, alls | 1.567 | Erlend dótturfélög, alls | 574 | Erlend dótturfélög, alls | 307 |
| Heildareignir samstæðu | 2.541 | Heildareignir samstæðu | 1.472 | Heildareignir samstæðu | 1.405 |
| Hlutdeild dótturfélaga | 62% | Hlutdeild dótturfélaga | 39% | Hlutdeild dótturfélaga | 22% |

Þrír stærstu viðskiptabankar. Gengi m.v. sl. áramót. Erlend útibú ekki meðtalin.

Aukin alþjóðavæðing íslenskra fjármálaþjónustufyrirtækja og aukið Evrópusamstarf eftirlitsaðila hafa kallað á umtalsverða aukningu í erlendum samskiptum Fjármálaeftirlitsins. Sú starfsemi er í meginatriðum þríþætt.

Í fyrsta lagi á Fjármálaeftirlitið í samskiptum við systurstofnanir í þeim löndum sem íslensku fyrirtækin eru með starfsemi. Fjármálaeftirlitið sem eftirlitsaðili með útibúum og á samstæðugrundvelli (þ.e. fyrir móður- og dótturfélög) hefur skyldum að gegna sem erlendir

samstarfsaðilar treysta á að sé sinnt með trúverðugum hætti. Hér er um að ræða upplýsingasamskipti og eftirlitsheimsóknir.

Í öðru lagi tekur Fjármálaeftirlitið þátt í norrænu- og Evrópusamstarfi eftirlitsaðila með fjármálaþjónustu. Á þessum vettvangi er m.a. unnið að leiðbeinandi reglusetningu fyrir fjármálaþjónustufyrirtæki og unnið að samræmingu eftirlitsframkvæmdar, s.s. vegna upplýsingaskipta og þjálfunar starfsfólks. Hefur Ráðherraráð Evrópusambandsins ítrekað mikilvægi einsleitrar framkvæmdar Evrópureglna og samvinnu eftirlitsstjórnvalda til þess að ná megi ávinningi innri markaðarins í fjármálaþjónustu (fundur 5. maí 2006).

Í þriðja lagi hafa beiðnir um upplýsingagjöf um íslenska fjármálamarkaðinn aukist mikið frá ýmsum erlendum aðilum, svo sem matsfyrirtækjum og greiningardeildum. Að auki má nefna heimsóknir frá alþjóðlegum stofnunum svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) og Framkvæmdahópi um aðgerðir gegn peningaþvætti (FATF). Þannig má nefna að frá ársbyrjun og til 1. júní 2006 höfðu fulltrúar yfir 30 erlendra aðila átt fundi með Fjármálaeftirlitinu eða samtals um 100 manns.

**4. Starfsfólkið er grunnur öflugs eftirlits.**

Forsenda þess að Fjármálaeftirlitið geti sinnt hlutverki sínu á trúverðugan hátt er að stofnunin búi yfir reynslu, þekkingu og nægum mannafla til að takast á við þau margbreytilegu og flóknu mál sem upp koma á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið hefur átt því láni að fagna að búa yfir hæfu starfsfólki til að takast á við umrædd verkefni, en ströng hæfnisskilyrði við nýráðningar og öflug símenntunarstefna gegna þar lykilhlutverki.

Fjármálaeftirlitið hefur fundið fyrir því í meiri mæli en áður að starfsfólk þess er eftirsóknarvert vegna þekkingar sinnar og hæfni. Þannig hafa eftirlitsskyldir aðilar, aðilar sem þjónusta þá eða eigendur þeirra og fjárfestingarfélög sóst eftir starfskröftum þess. Það má reyndar telja ágætis mælikvarða á hæfni starfsfólks Fjármálaeftirlitsins og einnig má halda því fram að mannabreytingar geti verið af hinu góða á meðan þær eru ekki of örar eða of miklar á skömmun tíma.

Á síðustu 12 mánuðum hafa um 21% háskólamenntaðra sérfræðinga horfið til starfa hjá þeim aðilum sem nefndir eru hér að ofan, en tímafrekt hefur reynst að manna á fullnægjandi hátt lausar stöður. Sé litið á meðalstarfstíma þeirra starfsmanna sem hafa ráðið sig til Fjármálaeftirlitsins eftir 1 janúar 2000 (fyrsta starfsár eftirlitsins var 1999) kemur í ljós að meðalstarfstími þeirra sem annars vegar hafa látið af störfum eða hins vegar eru enn við störf er um tvö og hálft ár.

Halda má því fram að hröð starfsmannavelta hjá Fjármálaeftirlitinu hafi ýmsa ókosti s.s.

- Ýmsan beinan og óbeinan kostnað, svo sem viðtöl, auglýsingar og þjálfun starfsmanna vegna nýráðninga.
- Óbeinan kostnað vegna minni framleiðni þegar td. reynsla, þekking og tengsl starfsmanna tapast og áður en nýr starfsmaður er að fullu þjálfaður.
- Eftirlitsskyldir aðilar geta haft áhrif á skilvirkni í starfi Fjármálaeftirlitsins með því að laða til sín starfsfólk.
- Gagnrýni kann að koma upp frá keppinautum þeirra fjármálafyritækja sem ráða til sín starfsmenn Fjármálaeftirlitsins um að of skammur tími líði milli starfa eða frá því að þeir hætta hjá eftirlitinu.

Af „burtfarar"viðtölum við starfsmenn sem hafa látið af störfum má ætla að laun hafi ráðið mestu um að starfstilboðum var tekið og virðast um 25–40% betri kjör vera í boði (án bónusa). Í því sambandi má nefna að David Ulrich, virtur sérfræðingur í mannauðsstjórnun,

hefur haldið því fram að þegar munur á launum og tilboði nær 25% þá verði tilboðinu tekið (sbr. ráðstefna á vegum HR þann 2. mars 2006: „The HR value proposition").

Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hafa mikil samskipti við sérfræðinga á vegum eftirlitsskyldra aðila. Þessir aðilar eru því eðlilegur viðmiðunarhópur varðandi kröfur um hæfni og jafnframt laun. Ekki er hægt að ætlast til að viðmiðun um gæði starfsfólks sé lakari hjá eftirlitsaðilanum en þeim sem hafa á eftirlit með.

Á undanförnum árum hefur átt sér umtalsvert launaskrið á vinnumarkaði, ekki síst hjá sérfræðingum fjármálafyrirtækja. Má sem dæmi nefna að samkvæmt skýrslu Háskólans í Reykjavík fyrir Samtök banka og verðbréfafyrirtæki hækkuðu meðallaun í viðskiptabönkunum þremur um 52% á milli áranna 2002 og 2004 en á sama tíma hækkuðu meðallaun hjá Fjármálaeftirlitinu um 15%. Samanburður á áætluðum meðallaunum sérfræðinga hjá Fjármálaeftirlitinu og viðskiptabankanna þriggja sem gerður var af starfsmannafélagi Fjármálaeftirlitsins bendir til þess að munurinn sé nú á milli 15–50%.

Ef meðallaunakostnaður á stöðugildi hjá Kauphöll Íslands og Fjármálaeftirlitinu er borinn saman sést að launakostnaður Fjármálaeftirlitsins hefur á síðustu þremur árum verið 7,3–8,5% lægri á stöðugildi.

Rétt er að hafa í huga að launakjör eru ekki eina atriðið sem skiptir máli til að halda starfsfólki og þættir eins og áhugaverð og fjölbreytt verkefni, góður starfsandi og góð vinnuaðstaða eru mikilvæg. Þó ber að hafa í huga að starfsmannavelta í fyrirtækjum og stofnunum er nauðsynleg til að tryggja endurnýjun. Þess vegna er mikilvægt fyrir stjórnendur að geta stýrt starfsmannaveltunni. Þeir þurfa að geta tryggt að hún sé hæfilega mikil og jákvæð fyrir starfsemina. Hefur mikið verið lagt í það að sinna þessum þáttum með innra skipulagi, starfsmannastefnu og reglulegum mælingum í samræmi við þau markmið sem sett eru í stefnumörkun Fjármálaeftirlitsins.

Með hliðsjón af framansögðu er mikilvægt að Fjármálaeftirlitið verði samkeppnishæft um starfsfólk og dregið verði úr starfsmannaveltu. Það er lagt til að þessu verði mætt á tvennan hátt. Annars vegar að Fjármálaeftirlitið fái svigrúm til þess að mæta almennri launaþróun, einkum í fjármálageiranum er nemi um 8% af heildarlaunum. Hins vegar að Fjármálaeftirlitið fái svigrúm er nemi um 7% af heildarlaunum til að gera samninga um 2–3 mánaða ólaunaðan „kælitíma" þegar þeir láti af störfum hjá eftirlitinu.

**5. Húsnæðismál.**

Fjármálaeftirlitið þarf að búa við viðunandi húsnæðisaðstöðu fyrir starfsemi sína. Þróun í margskonar samskiptum vegna starfseminnar síðustu misserin, ekki síst við erlenda aðila, hefur enn aukið þörfina fyrir frambærilegt húsnæði.

Við blasir að húsnæði Fjármálaeftirlitsins er fullnýtt og reyndar þegar orðið þröngt um ýmsa sameiginlega aðstöðu. Stærstur hluti þess var tekinn á leigu snemma á árinu 1999 þegar reksturinn var í mótun og þarfir voru óljósar hvað aðstöðuna snertir. Fljótlega kom líka í ljós að verulega skorti á einkum varðandi ýmsa sameiginlega aðstöðu og aðstöðu til fundarhalda. Á því var ráðin nokkur bót seint á árinu 2001 með leigu á viðbótarhæð í húsinu og þriðjungsstækkun. Þróun eftirlitsstarfseminnar frá þeim tíma hefur hins vegar reynst hröð og nú þrengir enn að, bæði vegna fjölgunar starfsfólks síðustu árin og einnig hafa þarfir starfseminnar breyst í takt við tímann. Þannig er aðstaða fyrir fundi, ýmsa sameiginlega þjónustu og móttöku gesta ekki lengur fullnægjandi og geymsluaðstaða af skornum skammti. Tíminn hefur einnig leitt í ljós að æskilegt er að tryggja ytra öryggi starfseminnar betur en nú þar sem húsvarsla er í lágmarki í núverandi húsnæði.

Útlit og aðkoma að húsnæði Fjármálaeftirlitsins skiptir ótvírætt meira máli en áður, en rekstrarleg hagkvæmissjónarmið fyrri ára hafa kannski sett of mikið mark á þá mynd. Mikil og hröð aukning, sem ekki sér fyrir endann á, hefur t.d. orðið á heimsóknum fulltrúa erlendra fjármálafyrirtækja, matsfyrirtækja og alþjóðastofnana til landsins til að kynna sér innlenda fjármálastarfsemi. Þessir aðilar leggja langflestir leið sína til Fjármáleftirlitsins og er því mikilvægt að aðstaða stofnunarinnar sé til fyrirmyndar.


Húsnæði Fjármálaeftirlitsins er nú á þremur hæðum, alls um 1.300 $m^2$, að meðtalinni sameign, og er ársleigan um 18 m.kr. á gildandi verðlagi. Leigutími rennur út í febrúar 2011 en samkomulag þarf við leigusala til að losna undan samingnum komi til flutnings stofnunarinnar. Ljóst er að leiguverðið er hagkvæmt og sambærilegt leiguverð býðst tæplega í nýju húsnæði. Í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2007 hefur verið gert ráð fyrir að komið geti til flutnings hennar í byrjun september 2007. Þá verði flutt í húsnæði sem verði allt að 30% stærra en það sem nú er til umráða. Ætla má að húsaleiga, ef af þessu verður, hækki um 5,4 m.kr. á árinu 2007 en geti síðan allt að því tvöfaldast á ársgrundvelli miðað við leiguverð í núverandi húsnæði og lauslega athugun á leiguverðum sem nú eru í boði. Formleg húsnæðisleit er ekki hafin en núverandi leigusala hafa verið kynntar hugmyndir um húsnæðisbreytingar. Benda verður einnig á að komi til flutnings kallar það á margvísleg útgjöld vegna húsbúnaðar og annars búnaðar sem óhjákvæmilega þarf að endurnýja fyrir nýja aðstöðu. Þessa liði er erfitt að áætla í núverandi stöðu en í rekstraráætlun fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 10 m.kr. vegna slíkra liða.

**6. Stöðugildi, hagræðing og kostnaður vegna verðbréfamarkaðar.**

Á síðustu rúmlega tíu árum, eða frá 1995 til 2006, hefur stöðugildum/ársverkum í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi fjölgað úr tæplega 32 í tæplega 40, sbr. ennfremur mynd 3. Á því tímabili hafa stöðugildi fæst orðið um 24 árið 1999, en þá fækkun má að mestu rekja til óvissu í aðdraganda að stofnun Fjármálaeftirlitsins. Rétt er að hafa í huga að í upphafi þessa tímabils var eftirlit með lífeyrissjóðum takmarkað. Það sama má segja um eftirlit með verðbréfamarkaði og alþjóðavæðing bankanna var ekki hafin. Af því leiðir að hlutfall ársverka af heildarumfangi eftirlits og stærðar fjármagnsmarkaðar er mun minna nú en var í upphafi þessa tímabils.

## Mynd 3.

**Meðalstöðugildi hjá FME og forverum**





*) Tölur frá 1995 og 1998 eru árslokatölur.
Meðtalin er hlutdeild í yfirstjórn og ýmsum deildum S.Í.
Bankaeftirlit og Vátryggingaeftirlit sameinuð í FME 1.1. 1999.

Á umræddu tímabili hafa verkefni eftirlits stóraukist í takt við aukna alþjóðavæðingu íslensks fjármálamarkaðar, vöxt á fjármálamarkaði og auknar áhættur þessu samfara. Vöxtur rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins hefur ekki haldist í hendur við aukin verkefni og vöxt eftirlitsskyldra aðila. Á mynd 4 er að finna samanburð á vexti í álagningarstofnum helstu flokka eftirlitsskyldra aðila við þróun rekstrarkostnaðar hjá Fjármálaeftirlitinu. Það athugist að álagningarstofnar miðast við tölur úr ársreikningum eftirlitsskyldra aðila 2 árum fyrir álagningarár.

## Mynd 4.


**Vöxtur í álagningarstofnum helstu flokka eftirlitsskyldra aðila og samanburður við þróun rekstrarkostnaðar hjá FME (3 helstu flokkar eftirlitsskyldra aðila standa undir u.þ.b. 90% af heildareftirlitsgjaldi)**



Þróun í álagningarstofnum annars vegar og rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins samkvæmt mynd 4 endurspeglast síðan í þróun á álagningarhlutföllum sbr. mynd 5. Þar kemur fram að veruleg lækkun hefur orðið á álagningarhlutfalli á lánastofnanir og er það áætlað á árinu 2007 einungis 33% af því sem það var á árinu 1999. Álagningarhlutfall á lífeyrissjóði á árinu 2007 er áætlað 74% af því sem það var í byrjun tímabilsins. Áætlað álagningarhlutfall á vátryggingafélög fyrir árið 2006 í samanburði við fyrri ár sker sig talsvert úr framangreindri þróun sem skýrist af því að álagningarstofn fyrir vátryggingafélög hefur lítið hækkað undanfarin ár samtímis því sem gert er ráð fyrir talsverðri hækkun í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins.

**Mynd 5.**

Þróun álagningarhlutfalla vegna helstu flokka eftirlitsskyldra aðila frá 1999-2007




Auknu umfangi í eftirliti hefur að miklu leyti verið mætt með aukinni skilvirkni í starfseminni en til þess að svo megi verða áfram er mikilvægt að auka nýtingu upplýsingatækninnar. Fjármálaeftirlitið mun verða vakandi fyrir hagræðingarmöguleikum í starfsmannahaldi bæði með endurskoðun verkefna og nýtingu tímabundinna/sumarstarfsmanna við ákveðin verkefni. Jafnframt áskilur eftirlitið sér rétt til þess að krefjast sérstaklega greiðslu fyrir ákveðin verkefni, sbr. 7 gr. laga nr. 99/1999 og 3. mgr. 9 gr. laga nr. 87/1988.

Verkefni Fjármálaeftirlitsins sem tengjast almennu utanumhaldi um starfsemi á verðbréfamarkaði, starfsemi kauphallaraðila og viðskiptum skráðra félaga á markaði hafa farið vaxandi á undanförnum misserum. Vilji hefur verið til að reyna að aðgreina þann tíma eða kostnað sem fylgir þessum verkefnum og jafnframt þátt einstakra markaðsaðila bæði vegna almenns utanumhalds um verkefnin og einnig vegna sjónarmiða er lúta að kostnaðarþátttöku. Sundurgreining í þessa veru er hins vegar ekki auðveld. Mörg stærstu verkefnin þessu tengd eru almenns eðlis, s.s. markaðsvakt, almennt eftirlit með innherjaviðskiptum og reglukynningar svo eitthvað sé nefnt. Kostnaðarþátttöku markaðsaðila í þessari vinnu er þó að einhverju leyti misskipt. Eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki eru ekki öll kauphallaraðilar og mörg skráð félög í kauphöll eru heldur ekki eftirlitsskyldir aðilar og taka því engan þátt í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Smávægileg undantekning á þessu er gjaldtaka fyrir yfirferð á útboðslýsingum óskráðra félaga.

Gerð var tilraun til að aðgreina tímafjölda sem fór í eftirlit með kauphallaraðilum og skráðum félögum á árinu 2005. Niðurstaðan af grófri könnun var að um 5000 vinnustundir

eða 10% af heildarvinnustundafjölda á árinu og janfgildi um 3,5 stöðugilda voru nýtt í þessi verkefni. Gert er ráð fyrir að á árinu 2007 fari fram áframhaldandi athugun og greining þessara mála og skoðun á mögulegri aðkomu skráðra félaga að þátttöku í kostnaði, m.a. samhliða vinnu við MIFID tilskipunina og tilkynningarskyldukerfið.

**7. Niðurstöður.**

Á tiltölulega stuttum tíma hefur stærð og efnahagsleg áhrif íslensks fjármálamarkaðar aukist gríðarlega. Stærstu fjármálafyrirtækin eru orðin alþjóðleg fyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi, vátryggingafélögin eru byrjuð að líta til starfsemi utan landssteinanna og sífellt stærri hluti af eignum lífeyrissjóðanna er ávaxtaður erlendis. Hefur þessi þróun vakið bæði jákvæða og neikvæða athygli erlendis.

Aukið umfang og flóknari starfsemi eftirlitsskyldra aðila hefur óhjákvæmilega áhrif hjá Fjármálaeftirlitinu sem uppfylla þarf kröfur sem gerðar eru til þess í íslenskri löggjöf, í alþjóðlegri samvinnu og vegna fyrirspurna erlendra aðila sem vilja meta stöðu einstakra fyrirtækja eða íslenska fjármálamarkaðarins.

Rekstraráætlun fyrir árið 2006 gerði ráð fyrir nokkurri hækkun á rekstrarútgjöldum Fjármálaeftirlitsins sem fyrst og fremst skýrðist af þörf fyrir fjölgun starfsfólks í ljósi lagabreytinga og aukins umfangs eftirlitsskyldra aðila.

Við gerð rekstaráætlunar fyrir árið 2007 hefur komið í ljós að enn er þörf á að hækka rekstrarútgjöld til að mæta auknum kröfum til eftirlitsins. Skýrist það fyrst og fremst af eftirfarandi:

1. Nauðsynlegt er að bæta við tveimur föstum stöðugildum. Annars vegar vegna breytinga á lögum og skuldbindingum á alþjóðavettvangi hvað varðar peningaþvætti og hins vegar til að mæta þörfum á sviði upplýsingatækni, bæði fyrir innri starfsemi og vegna úttekta á starfsemi eftirlitsskyldra aðila.
2. Mikilvægt er að minnka starfsmannaveltu og gera Fjármálaeftirlitið samkeppnishæfara um starfsfólk. Því er lögð til 15% hækkun til annars vegar að mæta launaskriði á almennum markaði (einkum í fjármálageiranum) og hins vegar til að gera samninga við starfsmenn um ólaunaðan „kælitíma“ í 2–3 mánuði er þeir láta af störfum hjá eftirlitinu.
3. Fjármálaeftirlitið hyggst auka skilvirkni í eftirliti og í samskiptum við eftirlitsskylda aðila með aukinni notkun upplýsingatækninnar. Jafnframt eru fyrirsjáanlegar kröfur á alþjóðavettvangi um rafræna upplýsingamiðlun. Á árinu 2007 mun Fjármálaeftirlitið vinna að því að öll gagnaskil eftirlitsskyldra aðila verði rafræn á árinu 2008. Jafnframt hyggst eftirlitið koma sér upp úrvinnslukerfi til að frumgreina upplýsingar úr þeim gögnum sem skilað er frá eftirlitsskyldum aðilum auk annarra breytinga á upplýsingatæknikerfi sem þessu fylgir. Ljóst er að hér er um verulega aukningu í kostnaði á einu ári að ræða sem líta verður á sem fjárfestingakostnað, en kostnaður þessi ætti að lækka strax á árinu 2008.
4. Húsnæði Fjármálaeftirlitsins er orðið of lítið og óhentugt eins og rakið er í skýrslu þessari. Eftirlitið hyggst því leita sér að nýju húsnæði með það að markmiði að flytja á haustdögum 2007, en það er þó háð ýmsum óvissuþáttum s.s. að hentugt húsnæði finnist á viðunandi kjörum og að eftirlitið geti losnað úr núverandi leigusamningi án verulegs aukakostnaðar.

Ef litið er fram til ársins 2008 má að öllu óbreyttu búast við einhverri fjárfestingu vegna upplýsingatækni en þó í verulega minni mæli en á árinu 2007. Einnig er ljóst að ef breyting verður á húsnæði mun leigukostnaður hækka eins og getið er að framan. Jafnframt má gera

ráð fyrir því að þörf verði á a.m.k. þremur nýjum stöðugildum, vegna eftirlits með verðbréfamarkaði og lífeyrissjóðum eins og rakið er í skýrslunni. Fyrirvara verður einnig að setja um þróun í umsvifum fyrirtækja á lánamarkaði og vátryggingamarkaði einkum erlendis.

Öflugt Fjármálaeftirlit eru samgæði sem nýtast öllum markaðnum og er til þess fallið að tryggja trúverðugleika og samkeppnishæfni íslenskra fjárfesta og efnahagslífs erlendis. Fjármálaeftirlitið verður því að vera í stakk búið, hvort heldur er með tilliti til starfsmanna, upplýsingatæknikerfis, húsnæðis eða annarra atriða til að geta staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til þess bæði af innlendum og erlendum aðilum.

**Viðauki.**

**Fjöldi skýrslna sem eftirlitsskyldum aðilum ber að skila árlega til Fjármálaeftirlitsins.**[1]

| Fjármálafyrirtæki: | Fjöldi skýrslna |
|---|---|
| Lánastofnanir (38)[2] | 1.925 |
| Verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir (9) | 202 |
| Rekstrarfélög verðbréfasjóða (6) | 551[3] |
| Lífeyrissjóðir (45) | 574[4] |
| Vátryggingafélög (12) | 144[5] |
| Vátryggingamiðlarar (8) | 16 |
| Ýmsir aðilar (8) | 54 |
| Samtals | 3.466 |

[1] Skýrslur og gögn sem bundið er í lögum eða reglum að beri að skila FME reglulega. Skilatíðni einstakra skýrslna er mismunandi eða allt frá mánaðarlegum skilum til skila einu sinni á ári. Yfilit yfir skýrslurnar eru birt á vefsíðunni www.fme.is

[2] Svigatölur sýna fjölda eftirlitsskyldra aðila í maí 2006.

[3] Meðtalin eru skýsluskil einstakra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og sjóðsdeilda.

[4] Meðtaldar skýrslur fyrir einstakar fjárhagslega aðskildar deildir í ákveðnum tilvikum.

[5] Í nokkrum tilvikum eru aðgreind skjöl talin sem ein skýrsla.

**Helstu skýrslur sem ber að skila til FME** (heildaryfirlit er birt á www.fme.is).
*Fjármálafyrirtæki* (eftir því sem við á):

- Ársskýrsla; skýrsla vegna ársreiknings; árshlutauppgjör.
- Eiginfjárskýrsla.
- Stórar áhættuskuldbindingar.
- Útlán og vanskil.
- Fyrirgreiðsla við venslaða aðila.
- Viðskipti við tengda aðila.
- Kröfur/skuldir við erlenda aðila sundurliðaðar eftir löndum.
- Skýrsla endurskoðanda um endurskoðun ársreiknings.
- Yfirlit yfir starfsemi skv. 21. og 22. gr. l. nr. 161/2002.
- Yfirlit yfir fastvaxtaáhættu.
- Yfirlit yfir útlán með veði í íbúðarhúsnæði.

- Yfirlit yfir útlán með veði í hlutabréfum og öðrum verðbréfum.
- *Verðbréfasjóðir, sérstaklega:*
  - Ársfjórðungsl. efnahagsyfirlit verðbréfasjóðs.
  - Sundurliðun fjárfestinga verðbréfasjóðs.

*Lífeyrissjóðir:*
- Ársskýrsla.
- Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna.
- Skýrsla um árlega tryggingarfræðilega athugun.
- Skýrsla um sundurliðun fjárfestinga lífeyrissjóðs.
- Fjárfestingarstefna.
- Endurskoðunarskýrsla vegna ársreiknings.

*Vátryggingarfélög:*
- Ársreikningur, fundargerð aðalfundar og endurskoðunarskýrsla.
- Eyðublöð til skýringar á efnahagsreikningi.
- Eignir til jöfnunar vátryggingaskuld.
- Sundurliðun rekstrarreiknings eftir vátryggingagreinum.
- Skýrsla um gjaldþol, aðlagað gjaldþol og lágmarksgjaldþol.
- Aldursgreining tjóna og tjónaskuldar.
- Áhættumælingar- og áhættustýringaraðferðir.

## Fylgiskjal III.

*Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila:*

### Um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007.

Meðfylgjandi er álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, sbr. 2. mgr. 2. gr. l. nr. 99/1999 og 4. gr. rgl. nr. 562/2001, við rekstraráætlun FME fyrir árið 2007 og skýrslu FME til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað, en endanleg áætlun og skýrsla um hana voru send nefndinni þann 28. júní sl.

**Rekstur ársins 2006.**

1. Samráðsnefnd hefur undanfarin ár í áliti sínu fjallað sérstaklega um rekstur líðandi árs, með tilliti til þess hálfsársuppgjörs sem þá hefur legið fyrir frá FME. Þar sem álitsferlið hefur nú verið fært frá ágúst fram í júní er ekki kostur á því að þessu sinni. Hins vegar er mikilvægt að FME haldi nefndinni upplýstri um rekstrarþróunina þegar milliuppgjör liggja fyrir, sérstaklega ef stefnir í verulega hækkun einstakra liða.

**Áætlaður rekstur 2007.**

2. Í rekstraráætlun fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 31% hækkun launakostnaðar, eða um 93,2 millj. kr. Í skýringum kemur fram að hækkunin liggi í almennri launahækkun núverandi starfsmanna og fjölgun stöðugilda um 2,1. Samráðsnefnd vill byrja á að vekja


athygli á að þessi mikla hækkun kemur beint í kjölfar 29% hækkunar milli áranna 2005 og 2006 (sem var 5,5% umfram þá áætlun sem FME kynnti fyrir samráðsnefnd) og 19% milli áranna 2004 og 2005. Ljóst er að launaþátturinn er lang veigamestur í kostnaði af rekstri FME. Samráðsnefndin hefur ekki nægilegar forsendur til að leggja mat á hvort fjölgun stöðugilda sé réttlætanleg. Hins vegar telur nefndin þörf á að ræða nánar þá almennu hækkun á launum sem ráðgerð er í áætluninni. Nefndin telur miklu skipta að FME sé í stakk búið að halda í lykilsérfræðinga, þannig að starfsmannavelta lykilfólks sé ekki of hröð. Að mati samráðsnefndar eiga þannig ráðgerðar launahækkanir að beinast að framangreindum lykilsérfræðingum en í þeim hópi er mest hreyfing á starfsmönnum FME. Nefndin telur ekki þörf á sérstökum almennum launahækkunum allra starfsmanna FME umfram það sem þegar hefur verið samið um af stéttarfélögum. Nefndin ítrekar einnig ábendingu sína frá fyrri árum um að FME hafi heimild til að kaupa sérfræðiaðstoð utanfrá, sbr. umfjöllun um þriggja ára áætlun hér á eftir.

3. Gert er ráð fyrir 107% (35,3 millj. kr.) hækkun á kostnaði við upplýsingatækni, sem er rökstudd með vísun til rafvæðingar ferla. Samráðsnefndin gerir ekki athugasemdir við áform um frekari tæknivæðingu eftirlitsins, enda gerir nefndin ráð fyrir að slíkar breytingar spari bæði FME og eftirlitsskyldum aðilum bæði tíma og fjármuni. Hins vegar er mikilvægt að leitast við að innleiða þær lausnir sem telja verður að hagkvæmastar séu. Í þeim efnum má benda á að FME hefur áður fengið ábendingar um það frá eftirlitsskyldum aðilum að hægt sé að nota núverandi viðskiptakerfi (Saxess) til þeirrar upplýsingagjafar sem hin nýja MIFID tilskipun gerir kröfur um.
4. Þá gerir rekstraráætlun ráð fyrir 10 millj. kr. framlagi vegna flutninga FME í annað húsnæði árið 2007. Samráðsnefndin telur þetta lága fjárhæð, raunhæfara sé að ráðgera að beinn og óbeinn kostnaður vegna flutninga nemi ca. 25.000 kr. á fermetra Sérstaklega þarf að gera ráð fyrir kostnaðarsamri lagnavinnu í nýju húsnæði auk þess sem erfitt getur reynst að standa gegn fjölbreytilegum óskum um búnað.sem ávallt koma upp í tengslum við flutninga. Því má gera ráð fyrir að heildarkostnaður við flutning á starfsemi geti orðið stórum hærri en þær 10 milljónir sem koma fram í áætlun FME. Í ljósi þess telur samráðsnefndin mikilvægt að fyrst verði fullkannað hvort ekki sé hægt að leysa húsnæðismálin með fullnægjandi hætti á Suðurlandsbraut 32. Benda má á að skv. upplýsingum FME hefur hver starfsmaður yfir að ráða um 38 fermetrum samanborið við 15 fermetra pr./starfsmann eða minna hjá mörgum af stærstu eftirlitsskyldu aðilunum. Ef niðurstaðan verður sú að ekki verði hægt að leysa húsnæðismál FME til framtíðar í núverandi húseign leggur samráðsnefndin áherslu á að fá að fylgjast með þróun mála, enda mikilvægt að gætt verði eðlilegs aðhalds ef til flutninga kemur. FME þarf að hafa yfir að ráða öflugu starfsfólki og húsakynnum sem henta þeirri starfsemi sem eftirlitinu er ætlað að stunda. Hagnýt sjónarmið hljóta þar ávallt að koma framar ytri ásýnd og íburði.

**Rekstraráætlun til þriggja ára.**

5. Á undanförnum árum hefur fylgt skýrslu Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra nokkur samantekt FME um áætlað rekstrarumfang næstu þrjú árin. Er svo einnig að þessu sinni. Í þeirri áætlun er eðlilega mestu rými varið til að ræða stærstu kostnaðarþætti FME, starfsmanna- og launamál auk húsnæðismála. Um þau atriði skal vísað til 2. og 4. töluliða þessarar álitsgerðar samráðsnefndar. Almennt má segja um þessa þriggja ára áætlun, að FME virðist hafa mótað ákveðna stefnu varðandi meginhlutverk sitt. Jafnframt virðist FME hafa skilgreint mælikvarða, til að meta, hvort FME sé að ná árangri í starfsemi sinni. Samráðsnefndin fagnar þessu. Á hinn bóginn er þessi þriggja

ára áætlun því sama marki brennd og hinar fyrri, að þar er út frá því gengið að stöðugt þurfi að fjölga starfsmönnum FME. Þessi afstaða FME hefur jafnan verið innbyggð í þessar þriggja ára áætlanir. Á fyrsta starfsári FME, sem var árið 1999, voru stöðugildin 24. Á þessu ári verða þau 40, á árinu 2007 verða þau 42 og árinu 2008 er enn boðuð fjölgun um a.m.k. þrjú stöðugildi. Gangi það eftir, verður fjöldi stöðugilda FME þá orðinn 45. Eðli máls samkvæmt endurspeglast þessi starfsmannafjölgun í hratt vaxandi kostnaðarumfangi eftirlitsins, eins og meðfylgjandi mynd sýnir.




Samráðsnefndin telur slíka þróun kostnaðar hjá FME ekki vera óumbreytanlegt lögmál, heldur verði stjórnendur FME að gæta fyllsta aðhalds í rekstrinum eins og ætlast er til hjá öðrum sambærilegum stofnunum

Þessi áætlaða þróun rímar heldur ekki við eftirfarandi staðhæfingu í þriggja ára áætlun FME þar sem segir: „Fjármáleftirlitið mun verða vakandi fyrir hagræðingarmöguleikum í starfsmannahaldi bæði með endurskoðun verkefna og nýtingu tímabundinna/sumarstarfsmanna við ákveðin verkefni. Jafnframt áskilur eftirlitið sér rétt til þess að krefjast sérstaklega greiðslu fyrir ákveðin verkefni, sbr. 7. gr. laga nr. 99/1999 og 3. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1988“ Hér hefur FME mótað í orð meginsjónarmið samráðsnefndar frá upphafi nema að því leyti, að FME þarf ekki að áskilja sér rétt til sérstakra greiðslna, sá réttur er nú þegar skýlaus samkvæmt lögum.

**Skipting eftirlitsgjaldsins.**

6. Í töflu 3 kemur fram áætlun um skiptingu eftirlitsgjaldsins. Mjög mikilvægt er að tímaskipting starfa FME milli einstakra hópa eftirlitsskyldra aðila sé sem skýrust, svo kostnaðarskipting greiðist í réttum hlutföllum. Samráðsnefndin hefur ár eftir ár bent FME á heimildir þess skv. 7. gr. laganna, þ.e. til að láta einstaka aðila greiða fyrir umframeftirlit þegar óvenju mikill tími fer í einstaka aðila af sérstökum ástæðum.

Samráðsnefndin fékk á fundi með FME þann 1. júní afhent minnisblað um skiptingu tíma eftirlitsins eftir vinnu við einstakar greinar eftirlitsskyldra aðila. Áður hafði nefndin fengið sams konar minnisblað í hendur 19. ágúst 2005. Slík samantekt varpar ljósi á raunverulegan tímafjölda sem eftirlitið eyðir í einstaka aðila. Nefndin saknar reyndar þess að jafnstór eftirlitsskyldur aðili og Íbúðalánasjóður sé ekki tilgreindur sérstaklega, heldur hafður undir liðnum ýmsir aðilar.

Úttekt á tímaskiptingu nær til þriggja síðastliðinna ára, en jafnframt er birt hlutfallsleg skipting eftirlitsgjaldsins milli sömu aðila fyrir árin 2005 og 2006. Samráðsnefndin hefur frá upphafi lagt áherslu á að álagningarhlutfall á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila endurspegli þær vinnustundir sem fara í eftirlit með viðkomandi flokkum. Samstaða hefur verið um að í þeim efnum sé ekki skynsamlegt að horfa einungis til eins árs aftur í tímann, heldur horfa til einhverra ára aftur í tímann, nema sérstakar málefnalegar ástæður kalli á annað. Nú þegar fyrir liggur slík samantekt með meðaltalstölum síðustu þriggja ára, er eðlilegt að til þeirra sé horft við skiptingu eftirlitsgjaldsins við ákvörðun og álagningu þess, enda skýtur 2. málsl. 2. gr. laga nr. 99/1999 ótvírætt stoðum undir þetta viðhorf samráðsnefndar. Þrjú ár eru raunhæfur viðmiðunartími á sama hátt og Alþingi hefur farið þess á leit að FME hafi á hverjum tíma fyrirliggjandi áætlað umfang rekstrarins til næstu þriggja ára. Í rekstraráætlun ársins 2007 má þó greina aðra afstöðu FME í þessu efnum þar sem boðuð er hækkun á tiltekinn flokk eftirlitsskyldra aðila (lánamarkað) umfram þriggja ára meðaltal þar sem síðastliðið ár hafi þar verið nokkuð hærra í tímafjölda þess flokks en árin tvö á undan.

7. Samráðsnefndin vill að lokum enn og aftur árétta mikilvægi þess að sem fyrst verði farið að huga að því að ríkið greiði fyrir þá þætti í starfsemi FME sem hafa ekki með hefðbundið eftirlit að gera. Er þar jafnt átt við vinnu vegna setningar löggjafar og önnur þau verkefni sem FME er falið og hafa ekkert með eiginlega eftirlitsstarfsemi að gera. Vísast nánar til umsagnar samráðsnefndar frá síðasta ári í þessu efni.

Reykjavík 30. júní 2006,
f.h. samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila,

Guðjón Rúnarsson
formaður

**Fylgiskjal IV.**

*Fjármálaeftirlitið:*

**Bréf til viðskiptaráðherra um breytingar á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007 (samkomulag við lífeyrissjóð bankamanna).**
(28. júlí 2006.)

**Breytingar á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007.**

Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að gera breytingu á rekstaráætlun sinni fyrir árið 2007, en gerð var grein fyrir áætluninni með bréfi og skýrslu til viðskiptaráðherra, dags. 30. júní sl.

Í nefndri skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2007 er að finna eftirgreinda ábendingu (bls. 5. undir liðnum „Rekstarkostnaður samtals"): „Rétt er að taka fram að ekki er gert ráð fyrir sérstökum kostnaði vegna Lífeyrissjóðs bankamanna en niðurstöður í óútkljáðu dómsmáli sjóðsins gegn Landsbanka Íslands hf. kynnu að hafa áhrif á Fjármálaeftirlitið."

Forsaga málsins er í stuttu máli sú að Lífeyrissjóður bankamanna, hlutfallsdeild, stefndi Landsbanka Íslands hf. og íslenska ríkinu þann 30. júní 2005 með þeirri meginkröfu að bakábyrgð Landsbankans og til vara ríkisins hafi aldrei fallið niður en samkvæmt breytingum á reglugerð sjóðsins sem tóku gildi í árbyrjun 1998 var slík ábyrgð ekki lengur til staðar. Ýmsar forsendur í rekstri sjóðsdeildarinnar hafa síðan þróast á nokkuð annan hátt en gert var ráð fyrir við afnám þessarar ábyrgðar, einkum hækkun launa, með þeim afleiðingum að skuldbindingar sjóðsdeildarinnar umfram eignir í árslok 2005 voru verulegar eða ríflega 10% halli hvað það varðar.

Unnið hefur verið að því að ná sátt varandi málefni lífeyrissjóðsins á undanförnum vikum. Formleg sáttargjörð liggur ekki enn fyrir en samkomulag er um viljayfirlýsingu til lausnar málsins að hálfu þeirra aðila sem að lífeyrissjóðnum standa sem þegar hefur verið kynnt viðskipta- og fjármálaráðuneyti og ríkisendurskoðun. Þess er vænst að gengið verði frá formlegu samkomulagi síðar í haust.

Nokkrir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins greiða til hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna. Miðað við forsendur væntanlegrar sáttargerðar verður hlutur Fjármálaeftirlitsins til greiðslu í lífeyrissjóðinn 33,4 milljónir króna. Þar til viðbótar kann síðar að koma krafa um ákveðinn hlut í rekstrarkostnaði sjóðsdeildarinnar en sú fjárhæð verður þó væntanlega óverulegs.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur fjallað um framangreint mál og er niðurstaðan sú að rétt sé að taka upp áðurgerða rekstaráætlun Fjármálaeftirlisins fyrir árið 2007 og bæta þar við sérstökum kostnaðarlið „Samkomulag vegna Lífeyrissjóðs bankamanna" að fjárhæð 33.4 m.kr. með samsvarandi breytingu á heildarniðurstöðutölu áætlunarinnar og tekjuáætlun ársins. Meðfylgjandi eru því endurgerðar töflur 2 og 3A, sem eru fylgiskjöl með skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2007.

Framangreindar breytingar á rekstraráætlun Fjármáleftirlitsins hafa verið kynntar fyrir formanni og varaformanni samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila en fyrirhugað er að funda með nefndinni í ágúst nk.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
*Jónas Fr. Jónsson*
*Kristbjörn Bjarnason*

**Rekstraráætlun FME**

(Í þús. kr.)

| | Rekstrarkostnaður: | Áætlun vegna 2006 1 | Áætlun vegna 2007 2 | Breyting % D1 til D2 |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Laun og launatengd gjöld | 298.800 | 392.025 | 31,2% |
| 2 | Samkomulag vegna Lífeyrissjóðs bankamanna | 0 | 33.400 | |
| 3 | Íþrótta- og gististyrkur | 2.300 | 3.000 | 30,4% |
| 4 | Stjórnarlaun | 6.400 | 6.400 | 0,0% |
| 5 | *Laun og launatengd gjöld samtals* | *307.500* | *434.825* | *41,4%* |
| 6 | Starfsmannaþj., kaffi, fundir | 3.400 | 3.800 | 11,8% |
| 7 | Endurm.kostnaður og skólakostnaður | 2.800 | 3.700 | 32,1% |
| 8 | Húsaleiga | 18.100 | 22.700 | 25,4% |
| 9 | Rafmagn, hiti, húsfélag | 2.100 | 2.200 | 4,8% |
| 10 | Símakostnaður | 2.100 | 2.500 | 19,0% |
| 11 | Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl. | 3.000 | 4.000 | 33,3% |
| 12 | Bækur og ritföng | 3.100 | 3.500 | 12,9% |
| 13 | Póstkostnaður | 550 | 600 | 9,1% |
| 14 | Rekstur tölvub.,sérfr.þj. v. tölvumála og eignk. v. tölvumála | 32.800 | 68.100 | 107,6% |
| 15 | Sérfræðikostnaður | 3.000 | 4.000 | 33,3% |
| 16 | Ferðakostnaður erlendis | 14.000 | 17.500 | 25,0% |
| 17 | Ferðakostnaður innanlands | 1.800 | 2.000 | 11,1% |
| 18 | Þátttökugj. vegna erl. samstarfs og funda erlendis | 4.500 | 6.000 | 33,3% |
| 19 | Kostnaður vegna funda innanlands | 1.400 | 1.000 | -28,6% |
| 20 | Eignakaup | 4.000 | 4.000 | 0,0% |
| 21 | Öryggisgæsla | 700 | 1.000 | 42,9% |
| 22 | Ræsting, ræstingarvörur | 3.100 | 3.500 | 12,9% |
| 23 | Styrkur til starfsmannafélags | 580 | 750 | 29,3% |
| 24 | Kostnaður vegna flutninga | 0 | 10.000 | |
| 25 | Ýmis gjöld og þjónusta | 1.950 | 5.400 | 176,9% |
| 26 | *Önnur gjöld samtals* | *102.980* | *166.250* | *61,4%* |
| **27** | **Gjöld alls án úrskurðarnefnda** | **410.480** | **601.075** | **46,4%** |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **Tekjur** | | | |
| 28 | Álagt eftirlisgj. m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999 | 435.352 | 579.948 | 33,2% |
| 29 | Vaxtatekjur netto | 3.000 | 3.000 | 0,0% |
| 30 | Aðrar tekjur | 0 | 400 | |
| 31 | Tekjur alls án úrskurðarnefnda | 438.352 | 583.348 | 33,1% |
| | | | | |
| **32** | **Úrskurðarnefndir** | | | |
| 33 | Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda | 6.000 | 6.000 | |
| 34 | Tekjur úrskurðarnefnda | 6.000 | 6.000 | |
| | | | | |
| **35** | **Tekjuafgangur** | **27.872** | **–17.727** | |
| 36 | Yfirfært frá fyrra ári, áætlað | –10.145 | 17.727 | |
| **37** | **Eigið fé í árslok** | **17.727** | **0** | |

# Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2007 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld

**Tafla 3 A** **Miðað er við álagningarþörf 579.948 þús.kr. skv. rekstrarætlun Fjármálaeftirlitsins vegna 2007**

| Í þús. kr. | Tilvís. í lög nr. 99/1999 5. gr. Liður nr. | Útr.-stofn *) | Álagt eftirlits-gjald 2006 | Álagningar-stofnar samkvæmt ársreikningum ársins 2005 | Áætluð lám.- og fasta-gjöld 2007 | Gildandi lám.- og fasta-gjöld 2006 | Áætluð álagningar hlutföll - % vegna ársins 2007 | Gildandi álagningar-hlutföll - % og fastagjöld | Áætluð álagning vegna ársins 2007 *1)* | Hlutfl. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álagn. 2007 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lánastofnanir - *töluliður 1. samtals* | | | *220.896* | *4.528.084.905* | | | | | *307.103* | *52,95* |
| *Viðskiptabankar* | *1* | e | 173.703 | 3.771.226.564 | 600 | 400 | 0,00667 | 0,00792 | 251.506 | 43,37 |
| *Sparisjóðir* | *1* | e | 21.613 | 312.824.801 | 600 | 400 | 0,00667 | 0,00792 | 27.609 | 4,76 |
| *Lánafyrirtæki* **) | *1* | e | 25.580 | 444.033.540 | 600 | 400 | 0,00667 | 0,00792 | 27.988 | 4,83 |
| Vátryggingafélög: - *töluliður 2. samtals* | | | *91.735* | | 600 | 400 | | | *109.965* | *18,96* |
| Af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum | *2* | i | 91.616 | 28.179.510 | | | 0,38200 | 0,34100 | 109.765 | 18,93 |
| Af bókf. fengnum endurtryggingariðgj. | *2* | i | 118 | 274.554 | | | 0,07300 | 0,06500 | 200 | 0,03 |
| Vegna sõfnunarlíftrygginga | *2* | i | 1 | 1.774 | | | 0,00900 | 0,00800 | 0 | 0,00 |
| Vátryggingamiðlarar | *3* | i | 1.657 | | 300 | 200 | 0,14700 | 0,13100 | 2.425 | 0,42 |
| Verðbréfafyrirtæki | *4* | e | 2.853 | 3.978.808 | 600 | 400 | 0,05000 | 0,07000 | 4.767 | 0,82 |
| Verðbréfamiðlanir | *4* | e | 750 | 181.519 | 350 | 250 | 0,05000 | 0,07000 | 1.050 | 0,18 |
| Rekstrarfélög | *4* | e | 30.934 | 365.678.162 | 600 | 400 | 0,01021 | 0,01092 | 37.687 | 6,50 |
| - *töluliður 4. samtals* | | | *34.536* | | | | | | *43.504* | *7,50* |
| Kauphallir | *5* | t | 2.523 | 464.909 | 350 | 250 | 0,63000 | 0,60000 | 2.929 | 0,51 |
| Lífeyrissjóðir | *6* | el | 73.497 | 1.219.250.661 | 250-1500 | 250-1500 | 0,00830 | 0,00745 | 101.198 | 17,45 |
| Verðbréfamiðstöðvar | *7* | t | 1.600 | 219.063 | 350 | 250 | 0,86000 | 0,81000 | 1.884 | 0,32 |
| Aðrir eftirlitsskyldir aðilar: | | | | | | | | | | |
| Innlánsdeildir samvinnufélaga | *8* | f | 500 | | 300 | 250 | | 250 | 300 | 0,05 |
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins **) | *9* | e | 640 | | | 400 | | 0,01700 | | |
| Íbúðalánasjóður | *9* | e | 7.467 | 494.587.458 | 600 | 400 | 0,00203 | 0,00150 | 10.040 | 1,73 |
| Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf. | *10* | f | 150 | | 300 | 150 | | 150 | 300 | 0,05 |
| Tryggingarsjóður sparisjóða | *10* | f | 150 | | 300 | 150 | | 150 | 300 | 0,05 |
| | | | | | | | | | | |
| *Samtals* | | | 435.352 | | | | | | **579.948** | 100,00 |

**) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur; el= hrein eign til greiðslu lífeyris; i=tryggingariðgjöld; f=fastagjald*

*1) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda og ákvæðis í 10. tl. 5. gr. l. 99/1999 er varðar 9/10 hluta eignaraðild.*

**) Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóður ekki meðtalinn með tilvísun til væntanlegra stjórnarfrumvarpa um Nýsköpunarmiðstöð Íslands annars vegar og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins hins vegar.

**Fylgiskjal V.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.**

Tilgangurinn með frumvarpinu er að kveða á um álagningarstofna eftirlitsskyldra fjármálastofnana. Ár hvert skal Fjármálaeftirlitið og samráðsnefnd eftirlitskyldra aðila skila viðskiptaráðherra skýrslu um umfang og útgjöld eftirlitsins. Með frumvarpinu eru álagningarhlutföll fjármálafyrirtækja lækkuð, en álagningarhlutföll vátryggingafélaga, vátryggingamiðlana, lífeyrissjóða og annarra eftirlitsskyldra aðila hækkuð. Þá eru hækkanir gerðar á lágmarks- og fastagjöldum samkvæmt frumvarpinu. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald á árinu 2006 verði samtals 435 m.kr. en 580 m.kr. á næsta ári. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á þessi ári nemur 411 m.kr. en 607 m.kr. á því næsta, sem er um 48% hækkun. Hækkun á rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins felst fyrst og fremst í auknum launakostnaði, bæði vegna fjölgunar starfsmanna og hærri launa. Einnig er gert ráð fyrir 33 m.kr. greiðslu vegna samkomulags við Lífeyrissjóð bankamanna. Mismunurinn á áætluðum tekjum og gjöldum árið 2007 greiðist af uppsöfnuðum tekjuafgangi stofnunarinnar ásamt sértekjum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

## 276. Fyrirspurn [267. mál]

til menntamálaráðherra um réttarstöðu íslenskrar tungu og stöðu annarra tungumála í löggjöf og stjórnkerfi.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hefur ríkisstjórnin aðhafst til að styrkja réttarstöðu íslenskrar tungu eftir að Alþingi vísaði til hennar þingsályktunartillögu um það efni vorið 2004 (387. mál á 130. löggjafarþingi)?
2. Hvaða ráðagerðir eru uppi af hálfu menntamálaráðherra um stöðu alþjóðatungna, norrænna mála og tungumála nýbúa og innflytjenda í löggjöf og stjórnkerfi?

## 277. Fyrirspurn [268. mál]

til dómsmálaráðherra um skipan áfrýjunarstigs dómsmála.

Frá Eiríki Jónssyni.

1. Telur ráðherra að ástæða sé til að kanna upptöku nýs millidómsstigs í ljósi þess hve áfrýjuðum málum hefur fjölgað hjá Hæstarétti Íslands og með tilliti til þeirrar deildarskiptingar réttarins sem fjölguninni hefur fylgt?

2. Telur ráðherra rétt að huga fremur að einhverjum öðrum breytingum á skipan áfrýjunarstigsins og, ef svo er, hverjum?

## 278. Fyrirspurn [269. mál]

til heilbrigðisráðherra um slysavarnir aldraðra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða vinna hefur farið fram til að fyrirbyggja slys á öldruðum í heimahúsum, á heilbrigðisstofnunum og á hjúkrunarheimilum?
2. Telur ráðherra þörf á lagabreytingum til að ná betri árangri í slysavörnum aldraðra, og ef svo er, þá hverjar?

## 279. Fyrirspurn [270. mál]

til menntamálaráðherra um nám í listdansi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig verður fyrirkomulag náms í listdansi nú eftir að Listdansskóli Íslands hefur verið lagður niður? Óskað er eftir upplýsingum um öll námsstigin þrjú, þ.e. grunn-, mið- og framhaldsstig, og um samninga við einstaka skóla.
2. Hver voru framlög úr ríkissjóði til Listdansskóla Íslands á árunum 2000–2005 og hver eru áform stjórnvalda um fjárveitingar til náms á öllum þremur stigum listdansnámsins næstu fimm ár?

**Skriflegt svar óskast.**

## 280. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]

um skattaívilnanir vegna gjafa og framlaga til mannúðar- og menningarmála.

Flm.: Mörður Árnason, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lagareglur um skattaívilnanir vegna gjafa til mannúðar- og menningarmála. Í tillögum sínum hafi nefndin að markmiði að heimilaður verði frádráttur frá tekjum einstaklinga vegna gjafa og framlaga

til líknar- og hjálparstarfs, menningarmála, þar á meðal náttúruverndar- og umhverfismála, rannsókna og íþróttastarfs, og að rýmkaðar verði núgildandi heimildir til frádráttar í svipuðu skyni frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Nefndin skoði sérstaklega hvort æskilegt er að veita meiri ívilnanir þegar um er að ræða framlög í styrktarsjóði sem gefandinn hefur ekki umráð yfir. Höfð verði hliðsjón af lögum og reglum sem gilda um skattaívilnanir vegna gjafa til menningar- og mannúðarmála í helstu viðmiðunarlöndum Íslands.

## Greinargerð.

Í flestum ríkjum hvetja stjórnvöld bæði einstaklinga og fyrirtæki til þess að gefa til mannúðar- og menningarmála með margs konar skattaívilnunum. Viðurkennt er að líknar- og hjálparsamtök, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og starfa jafnt á innlendum og alþjóðlegum vettvangi, hafa mikilvægu hlutverki að gegna og hvarvetna þykir ástæða til þess að styðja óeigingjarnt starf þeirra með þessum hætti. Hið sama gildir um framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa. Á Íslandi er sérstök ástæða til að styrkja íþróttastarf einnig með þessum hætti.

Samkvæmt íslenskum skattareglum hafa einstaklingar ekki heimild til að draga gjafir til mannúðar- og menningarmála frá skattskyldum tekjum og verður ekki séð að sérstök rök séu fyrir þeirri sérstöðu. Allar gjafir eru í raun skattskyldar, hvort sem um er að ræða beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum. Þá leiddi lausleg könnun nokkurra starfsmanna íslenskra hjálparsamtaka í ljós að Ísland var fyrir nokkrum árum það ríki þar sem minnstar skattaívilnanir voru veittar til fyrirtækja vegna framlaga til mannúðarmála af þeim sjö ríkjum sem tekin voru til athugunar. Í skýrslu sem Jónas Guðmundsson samdi árið 2004 er niðurstaðan á sömu nótum: Íslensk góðgerðarfélög búa við erfiðara skattaumhverfi en sambærileg félög í samanburðarlöndunum. Skattbyrði íslenskra fyrirtækja hefur hins vegar verið lækkuð til muna á undanförnum árum.

Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má, samkvæmt lögum um tekjuskatt (nr. 90/2003, 31. gr.), draga einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga og viðurkenndrar líknarstarfsemi, þó ekki yfir 0,5% af tekjum á því ári sem gjöf er afhent. Hið sama gildir um gjafir og framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa, og einnig um framlög til stjórnmálaflokka. Fjármálaráðherra hefur ákveðið með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir hér um ræðir.

Á allmörgum þingum, síðast á 128. löggjafarþingi, hefur verið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem Ágúst Einarsson var fyrsti flutningsmaður að. Þar var gerð tillaga um lögfestingu þess að lögaðilar mættu draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sem þeir verja til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindastarfsemi. Ef fyrirtæki gæfi 100 þús. kr. til menningar- og vísindastarfsemi hefði það samkvæmt frumvarpinu mátt draga 200 þús. kr. frá útgjöldum en einungis 100 þús. kr. samkvæmt núgildandi lögum. Þetta frumvarp hafði talsverðan hljómgrunn á þingi og fékk jákvæðar umsagnir aðila sem þekkja vel til mála. Tvöföldunarreglan mundi hvetja fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækkuðu skattskyldar tekjur þeirra þar með. Væri slík regla lögfest ætti hún skýlaust einnig að gilda um framlög til mannúðarmála og íþróttastarfs.

Miðað við það sem þekkist meðal annarra þjóða væri ekki heldur úr vegi, að dómi flutningsmanna, að lögaðilar sem gefa til mannúðar- og menningarmála hefðu heimild til þess að draga hærri prósentu en 0,5% frá tekjum, eins og kveðið er á um í núgildandi lögum, áður

en byrjað er að greiða skatt. Í því sambandi má benda á að í Bandaríkjunum er frádráttarprósentan 10% og 15% í Danmörku.

Enda þótt víðast séu í gildi reglur um skattaívilnanir til einstaklinga sem gefa til mannúðar- og menningarmála þá eru þær mjög mismunandi eftir löndum. Mismunandi er hvort skattafslátturinn kemur fram hjá samtökunum, eða verkefninu sem um ræðir, einstaklingnum eða báðum aðilum. Mestu skiptir hér að finna leið sem hentar við íslenskar aðstæður. Ekki er fjarri lagi, frá sjónarhóli flutningsmanna, að gera ráð fyrir heimild fyrir einstaklinga til þess að draga allt að 100–200 þús. kr. frá tekjum vegna gjafa til mannúðar-, menningar- og íþróttamála, áður en byrjað er að greiða skatt.

Lagt er til að nefndin hafi til hliðsjónar lög og reglur í helstu viðmiðunarlöndum Íslands við samningu tillagna sinna og taki afstöðu til þess hvort skilgreina þurfi og flokka hjálpar- og líknarsamtök nánar en nú er gert og gera skilsmun á skattafslætti til menningarmála eftir því hvers eðlis starfsemin er.

Sem kunnugt er hafa fyrirtæki og einstakir auðugir kaupsýslumenn hérlendis stóraukið framlög sín til menningarmála að undanförnu. Það er þróun sem allir fagna, enda eðlilegt að fyrirtækin veiti samfélagi því sem þau eru sprottin úr og styðjast við slíkan stuðning. Einnig hafa fyrirtækin verið gjöful þegar kemur að einstökum mannúðarmálum. Sá galli getur fylgt þessum framlögum að smekkur og jafnvel geðþótti gefendanna ráði um of fjármagni til lista, menningar og einstakra mannúðarverkefna. Nefnd hefur verið sú tilhneiging hjá fjársterkum listvinum vestan hafs og austan að ganga fram hjá því sem ferskast er í menningarsköpun og beita sér einkum að hinum viðurkenndu og sígildum greinum. Þótt raunar séu dæmi hérlendis um hið gagnstæða á síðari árum mælir margt með því að gefendur séu hvattir til framlaga án þess að þeim fylgi bein áhrif á þá starfsemi sem styrkt er. Því er lagt til að nefnd fjármálaráðherra kanni hvort æskilegt er að veita þeim gefendum aukna ívilnun sem láta fé sitt renna í styrktarsjóði sem eru þeim óháðir og þar sem tryggt er að einungis fagleg viðhorf ráða úthutun. Má hugsa sér að slíkir sjóðir fengju vegna þessa sérstaka vottun á vegum menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.

Almennt er talið æskilegt markmið að hjálpar- og líknarsamtök fái aflafé sitt úr sem flestum áttum og séu ekki um of háð neinum einum aðila, hvort sem um er að ræða ríki, trúfélög, fyrirtæki eða einstaklinga. Endurskoðun á lagareglum um skattaívilnanir vegna gjafa til mannúðarmála þjónar þeim tilgangi að skjóta fleiri og styrkari stoðum undir starfsemi frjálsra félagasamtaka sem slíkum málum sinna. Reynslan sýnir að Íslendingar eru síst eftirbátar annarra þjóða í frjálsum gjöfum til hjálparsamtaka. Því má ætla að frekari hvatning frá ríkisvaldinu muni skila sér í myndarlegu framlagi frá almenningi og fyrirtækjum til mannúðarmála á næstu árum.

Mikill sköpunarkraftur er fólginn í íslenskri menningarstarfsemi og má ætla að hlutur hennar í landsframleiðslu sé um 4% um þessar mundir (Ágúst Einarsson: „Menning og tónlist í hagkerfinu.“ Hagmál 44 (2005), bls. 6–10). Skattaívilnun á þessu sviði, eins og hér er gert ráð fyrir, yrði lyftistöng fyrir frjálsa leikhópa, kvikmyndagerð, tónleikahald og aðra menningarstarfsemi, og leiddi til aukinna umsvifa sem síðar skila tekjum í ríkissjóð, m.a. í formi virðisaukaskatts og tekjuskatts einstaklinga.

Íþróttastarfsemi á Íslandi byggist enn mjög á sjálfboðnu starfi og framlögum stuðningsmanna, þótt ýmsar framfarir hafi orðið í fjármálum íþróttahreyfingarinnar og opinberum stuðningi við hana á síðari árum. Samstarf hreyfingarinnar við einstök fyrirtæki myndar þó víðast hryggjarstykkið við úthald keppenda og keppnisliða í fremstu röð, en þar er oftast um viðskiptasamninga að ræða þar sem framlögin eru goldin t.d. með auglýsingum. Skatta-

ívilnun vegna venjulegra framlaga mundi auðvelda íþróttahreyfingunni mjög að útvega fé til sinnar starfsemi, sérstaklega barna- og unglingastarfs.

Ástæða er til þess að hvetja fyrirtæki og einstaklinga til þess að styrkja vísindastarfsemi með skattaívilnun vegna þess hvað slík starfsemi skiptir miklu máli um framtíðarvelferð í þekkingarþjóðfélagi. Starfsemi innan æðri menntastofnana þarf að efla með ráðum og dáð og gildir það jafnt um öll meginfræðasvið háskóla, hugvísindi, raunvísindi, félagsvísindi og heilbrigðisvísindi.

Í íslenskri löggjöf er farið með framlög og gjafir til stjórnmálaflokka á sama hátt og til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa. Hér er ekkert hreyft við þeim framlögum og gjöfum, enda sérstök nefnd að störfum um fjármál stjórnmálaflokkanna.

Þessi þingsályktunartillaga er byggð á svipaðri þingsályktunartillögu Einars Karls Haraldssonar o.fl. þingmanna Samfylkingarinnar frá haustþingi 2003, með þeim efnisbreytingum einum sem varða aukna ívilnun vegna framlaga í einstaka sjóði og framlaga til íþróttastarfs. Sú tillaga komst aldrei til umræðu en vakti athygli bæði meðal menningarfólks og áhugamanna um mannúðarmál. Rétt er að geta þess að í þingsályktunartillögu Söndru Franks frá vorþingi 2006 um skattaumhverfi líknarfélaga var fjallað um gjafir og framlög til líknarfélaga með svipuðum hætti og hér.

## Fylgiskjal.

*Jónas Guðmundsson,*
*hagfræðingur:*

**Kafli úr skýrslunni Skattaumhverfi félagasamtaka á Íslandi og í öðrum löndum – með sérstöku tilliti til góðgerðasamtaka.**
(Útg.: Samvinnuhópur ABC-barnahjálpar, Barnaheilla, Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða kross Íslands og SOS-barnaþorpanna, 2004.)

**Tekjuskattur gefenda: lækkun eigin skatta.**

Í flestum aðildarríkjum OECD þekkist að styðjendur og styrkjendur félagasamtaka eigi rétt á lækkun á eigin skattgreiðslum vegna gjafa[1] sem þeir láta af hendi rakna.[2] Reglan er sú að eingöngu stuðningur við valda hópa almannaheillasamtaka veiti rétt til slíks frádráttar gefanda. Slík frádráttarákvæði hafa víða reynst félagasamtökum mikilvægt tæki til öflunar tekna, vegna þess að þau hvetja til gjafa. Í Bandaríkjunum er viðurkennt að þessi skattaákvæði séu mikilvægari en öll önnur fyrir þau félög sem njóta góðs af. Er eftirsótt fyrir samtök og stofnanir að fá skráningu skattayfirvalda sem viðurkenndra aðila til að taka á móti frádráttarbærum gjöfum.

Víðast hvar eru frádráttarákvæðin þess efnis að viðkomandi gefanda er heimilt að draga verðmæti gjafar beint frá skattskyldum tekjum sínum. Þannig lækkar gjöfin skattstofn ein-

[1] Gjöfin má ekki vera endurgjald fyrir þjónustu eða vörur sem félagið lætur viðkomandi í té.
[2] Er stundum rætt um að gjöfum sem þessum fylgi tvöföld tekjuskattsundanþága, annars vegar hjá þiggjanda, eins og rætt var um í kaflanum á undan, og hins vegar hjá gefandanum. Sjá The Tax Treatment of Nongovernmental Organizations 1998:4.

staklingsins eða fyrirtækisins. Á móti gjöfinni sparar greiðandinn því skattgreiðslur til ríkisins;[3] lækkun skattgreiðslna er því meiri sem skattþrep viðkomandi er hærra. Ennfremur þekkist að í stað frádráttar frá skattskyldum tekjum veiti gjafir til góðra málefna beinan afslátt af álögðum eða reiknuðum tekjuskattsgreiðslum. Kosturinn við þessa aðferð er að mismunandi skattþrep hafa ekki áhrif á upphæð skattaafsláttarins.[4] Þriðja aðferðin er sú að á móti gjöfum skattgreiðenda sendi skattayfirvöld mótframlag til viðkomandi félags.[5] Í öllum tilfellum er þátttaka opinbera aðilans í réttu hlutfalli við þann stuðning sem skattgreiðandinn veitir.

Í afslætti af greiðslum skattgreiðanda (eða mótframlagi) felst skýrasti stuðningur opinberra aðila við starfsemi almannaheilla- eða góðgerðarsamtaka. Sumir hafa nefnt þetta „niðurgreiðslur" á starfsemi samtakanna.

Hér á landi eru takmarkaðir möguleikar fyrirtækja til að veita slíkar gjafir. Núgildandi skattalög heimila frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, að hámarki 0,5% af skattskyldum tekjum þessara lögaðila, vegna gjafa til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknastarfa.[6] Engin heimild er til frádráttar frá skattskyldum tekjum einstaklinga.

Svo vill til að heimild til skattafrádráttar var eitt sinn mun rýmri hér á landi. Allt til ársins 1979 gátu gjafir bæði einstaklinga og fyrirtækja að ákveðnu marki komið til lækkunar á tekjuskatti þeirra sem gáfu. Gefendurnir gátu dregið þessar gjafir frá skattskyldum tekjum sínum, og lækkað þannig skattstofn sinn. Í tekju- og eignarskattslögum var þá eitt ákvæði um frádrátt frá skattskyldum tekjum þannig:

Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastofnana, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattskyldum tekjum gefenda, enda sé hver gjöf ekki undir 300 kr. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð, hvaða málaflokkar og stofnanir komi til greina samkvæmt þessum staflið.[7]

Þetta ákvæði var afnumið með lögum nr. 40/1978.

---

[3] Gefandinn getur látið ákveðna upphæð renna til samtaka að eigin vali, en þarf í raun ekki að fórna allri þeirri upphæð af eigin tekjum sínum; hluta upphæðinnar fær hann til baka frá hinu opinbera í lægri skattgreiðslu; 10 þúsund króna gjöf kostar gefandann e.t.v. aðeins 7 þúsund krónur. Í Ungverjalandi mun vera hægt að ráðstafa þannig 1% af skatttekjum sínum til góðra málefna.

[4] Salamon 1999:179.

[5] Segja má að þessi aðferð komi í sama stað niður og aðferð tvö, viðkomandi skattgreiðandi gefur einungis minna til að byrja með, vitandi að hið opinbera bætir við framlag hans.

[6] Í 16. gr. Reglugerðar fjármálaráðherra nr. 483/1994 er nánar skilgreind sú starfsemi sem fyrirtæki geta gefið til og notið frádráttar frá skattskyldum tekjum fyrir:

- Hvers konar menningarmálastarfsemi fyrir almenning, svo sem byggingar skólahúsa og íþróttamannvirkja, rekstur skóla, íþróttastarfsemi, fræðiritaútgáfa, fræðslukvikmyndagerð, bóka-, skjala-, lista og minjasöfnun, bókmennta- og listastarfsemi, verndum fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða, skóggræðsla, sandgræðsla, verndun fiskimiða o.fl. sem til menningarmála heyrir.
- Hvers konar vísindaleg rannsóknarstarfsemi, hvort heldur er á sviði hugvísinda eða raunvísinda.
- Hvers konar viðurkennd líknarstarfsemi. Hér til telst m.a. bygging og rekstur sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, elliheimila, vöggustofa, barnaheimila, stofnana fyrir drykkjusjúklinga og lamaða og fatlaða og annarra hliðstæðra stofnana. Hér til teljast enn fremur slysavarnir á landi, sjó og lofti.
- Starfsemi þjóðkirkjunnar og annarra opinberlega viðukenndra trúfélaga, er söfnuði hafa hér á landi, starfsemi deilda innan slíkra safnaða, svo og hver önnur viðurkennd kirkjuleg starfsemi.
- Stjórnmálaflokkar.

[7] D-liður, 12. gr. laga nr. 68/1971.

**Ísland:** Einungis fyrirtæki geta dregið að hámarki 0,5% af skattskyldum tekjum vegna gjafa til skilgreindra almannaheillamálefna.[8] Einstaklingar geta ekki nýtt sér slíkan frádrátt.

**Bandaríkin:** Einstaklingar og fyrirtæki geta dregið gjafir til viðurkenndra góðgerðarfélaga[9] (svonefndra 501(c)(3) félaga, eftir grein í skattalögum) frá tekjum sem taldar eru fram til skatts.[10] Félögin geta starfað að trúarlegum, góðgerðarlegum, vísindalegum, bókmenntalegum og menntunarlegum tilgangi. Á lista skattayfirvalda eru einnig staðbundnar opinberar stofnanir, bræðra- og systrafélög, félög sem berjast fyrir velferð barna og gegn illri meðferð á dýrum, og önnur samfélagslega bætandi félög. Félögin verða að starfa sem „nonprofit" félög og þurfa að hlýta öðrum takmörkunum. Gjafir geta verið í ýmsu formi, t.d. peningar, fasteignir eða föt. Frádráttur vegna peningagjafa getur að hámarki numið 50% af tekjum einstaklings en 30% vegna eignagjafa. Frádráttarbærar gjafir fyrirtækja mega ekki vera hærri en sem nemur 10% af hagnaði þeirra fyrir skatta.[11]

**Bretland:** Einstaklingar geta dregið einstakar gjafir til góðgerðarfélaga að lágmarki 250 sterlingspund frá skattskyldum tekjum. Geri einstaklingar samninga til a.m.k. þriggja ára um stuðning við félag dregur hann upphæðina hins vegar ekki frá skattskyldum tekjum sínum; skattayfirvöld senda þess í stað fjárupphæð sem svarar til skattgreiðslu af gjafaupphæðinni til viðtakandi félags. Þetta felur í sér að yfirvöldin senda félögunum mótframlög við gjafir einstaklinganna.

**Danmörk:** Skattayfirvöld birta árlega lista yfir félög sem geta tekið við frádráttarbærum gjöfum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Frádráttarbærar gjafir einstaklinga þurfa að vera á bilinu 500 til 5000 danskar krónur. Séu gjafir samkvæmt langtímasamningi (tíu ára) á milli félaga og einstaklinga, getur hámarksupphæðin þó verið 15 þús. dkr. á ári, eða allt að 15% af tekjum einstaklingsins. Frádráttarbærar gjafir fyrirtækja geta numið allt að 15 þús. dkr. eða 15% af hagnaði viðkomandi fyrirtækja.

**ESB:** Öll aðildarríki veita gefendum, fyrirtækjum og einstaklingum, skattaafslátt. Í sumum ríkjum er það aðeins skilgreindur hópur félaga sem getur veitt þannig gjöfum viðtöku.

---

[8] Erfitt er að bera saman vægi þessa 0,5% ákvæðis og fyrra 10% ákvæðis, þar sem nú er hlutfallið reiknað af heildartekjum (veltu) en áður af nettótekjum (hagnaði).

[9] Athyglisvert er að neytendafélög, sem leitast við að veita almenningi réttar upplýsingar og ýta undir öryggi í daglegu lífi, eru almennt viðurkennd sem góðgerðarfélög en njóta samt ekki réttinda til að taka við frádráttarbærum gjöfum. Sjá Hopkins 2001: 44.

[10] Slíkur tekjuskattsfrádráttur einstaklinga til bandarískra alríkisins hefur verið í gildi frá 1917; skattafrádráttur fyrirtækja frá 1935. Sjá Urban Institute 2004.

[11] Bandarísk þingnefnd, Joint Committee on Taxation, áætlaði að frádráttur vegna gjafa til góðgerðarfélaga lækkaði skatttekjur alríkisins um 181,7 milljarða dollara á árunum 2000–2004 (Hopkins 2001:308). Lauslega reiknað, með tilliti til þess að íslenska þjóðin er aðeins einn þúsundasti hinnar bandarísku, svaraði þetta til þess að skatttekjur íslenska ríkisins væru 3,3 milljörðum lægri fyrir vikið.

# 281. Frumvarp til laga [272. mál]

um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Gildissvið, stefnumörkun og skilgreiningar.

### 1. gr.
*Gildissvið og markmið.*

Lög þessi taka til skipulags heilbrigðisþjónustu. Markmið þeirra er að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði í samræmi við ákvæði laga þessara, lög um almannatryggingar, lög um réttindi sjúklinga og önnur lög eftir því sem við á.

### 2. gr.
*Yfirstjórn.*

Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála fer með yfirstjórn heilbrigðismála.

### 3. gr.
*Stefnumörkun.*

Ráðherra markar stefnu um heilbrigðisþjónustu innan ramma laga þessara. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni.

Við skipulag heilbrigðisþjónustu skal stefnt að því að hún sé ávallt veitt á viðeigandi þjónustustigi og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga.

### 4. gr.
*Skilgreiningar.*

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Heilbrigðisþjónusta:* Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.
2. *Almenn heilbrigðisþjónusta:* Heilsugæsluþjónusta, þjónusta og hjúkrun á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum stofnana og almenn sjúkrahúsþjónusta.
3. *Sérhæfð heilbrigðisþjónusta:* Heilbrigðisþjónusta sem fellur ekki undir almenna heilbrigðisþjónustu skv. 2. tölul.
4. *Heilsugæsluþjónusta:* Almennar lækningar, hjúkrun, heilsuvernd og forvarnir, bráða- og slysamóttaka og önnur heilbrigðisþjónusta sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva.
5. *Almenn sjúkrahúsþjónusta:* Almennar lyflækningar, hjúkrun, slysamóttaka, endurhæfing og nauðsynleg stoðdeildarþjónusta.
6. *Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta:* Sjúkrahúsþjónusta sem fellur ekki undir almenna sjúkrahúsþjónustu skv. 5. tölul.
7. *Heilbrigðisstarfsmaður:* Einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlot-

ið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.

8. *Heilbrigðisstofnun:* Stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt.
9. *Hjúkrunarrými:* Rými á hjúkrunarheimili eða sjúkrahúsi þar sem hjúkrað er þeim sem þarfnast umönnunar og meðferðar sem hægt er að veita utan sjúkrahúsa.
10. *Háskólasjúkrahús:* Sjúkrahús sem veitir þjónustu í nær öllum viðurkenndum sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði, með áherslu á rannsóknir, þróun og kennslu. Sjúkrahúsið er í nánu samstarfi við háskóla sem sinnir kennslu og rannsóknum í læknisfræði og flestum öðrum greinum heilbrigðisvísinda. Starfsmenn sjúkrahússins, sem uppfylla tilteknar hæfiskröfur háskóla, gegna störfum bæði á sjúkrahúsinu og við háskólann eða hafa önnur starfstengsl við háskólann. Meðferð sjúklinga, kennsla og rannsóknir eru samþætt í daglegum störfum á sjúkrahúsinu.
11. *Kennslusjúkrahús:* Sjúkrahús sem veitir þjónustu í helstu sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði og hefur tengsl við háskóla sem sinnir kennslu og rannsóknum í læknisfræði og fleiri greinum heilbrigðisvísinda. Starfsmenn sjúkrahússins, sem sinna kennslu og rannsóknum, starfa náið með þeim háskóladeildum er sjúkrahúsinu tengjast.
12. *Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna:* Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.

## II. KAFLI
## Skipulag heilbrigðisþjónustu.

### 5. gr.
*Heilbrigðisumdæmi.*

Landinu skal skipt í heilbrigðisumdæmi og skal kveðið á um skiptinguna í reglugerð. Heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í hverju umdæmi skulu hafa með sér samstarf um skipulag heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Ráðherra getur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið að sameina heilbrigðisstofnanir innan heilbrigðisumdæmis með reglugerð.

Þrátt fyrir skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi skulu sjúklingar jafnan eiga rétt á að leita til þeirrar heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

### 6. gr.
*Almenn heilbrigðisþjónusta.*

Í hverju heilbrigðisumdæmi skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um starfsemi heilbrigðisstofnana í hverju umdæmi og þá heilbrigðisþjónustu sem þar er veitt.

### 7. gr.
*Sérhæfð heilbrigðisþjónusta.*

Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta skal veitt á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri og öðrum sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum samkvæmt ákvörðun ráðherra eða samningum sem gerðir eru í samræmi við ákvæði VII. kafla.

Önnur sérhæfð heilbrigðisþjónusta skal veitt á sérhæfðum heilbrigðisstofnunum og öðrum heilbrigðisstofnunum samkvæmt ákvörðun ráðherra eða á grundvelli samninga skv. VII. kafla.

Á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna er veitt sérhæfð heilbrigðisþjónusta í samræmi við samninga sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum VII. kafla ef við á.

## III. KAFLI
## **Stjórn heilbrigðisstofnana.**

### 8. gr.
*Gildissvið.*

Ákvæði þessa kafla eiga við um heilbrigðisstofnanir sem ríkið rekur.

### 9. gr.
*Forstjórar heilbrigðisstofnana.*

Forstjórar heilbrigðisstofnana eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn.

Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan.

Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma.

Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 3. mgr. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Forstjórar heilbrigðisstofnana ráða starfslið heilbrigðisstofnana. Heimilt er að ráða starfsmenn sem gegna stjórnunarstöðum tímabundið til allt að fimm ára.

### 10. gr.
*Fagleg ábyrgð.*

Framkvæmdastjórar lækninga og hjúkrunar bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra. Á helstu fagsviðum heilbrigðisstofnunar skulu vera fagstjórnendur, samkvæmt nánari ákvörðun í skipuriti, sem bera faglega ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni á þeirri þjónustu sem undir þá heyrir.

### 11. gr.
*Skipurit heilbrigðisstofnana.*

Forstjóri heilbrigðisstofnunar skal í samráði við framkvæmdastjórn gera tillögu að skipuriti stofnunarinnar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

### 12. gr.
*Framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana.*

Á heilbrigðisstofnun skal starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Þar sem ekki starfa framkvæmdastjórar lækninga eða hjúkrunar skulu aðrir faglegir yfirmenn stofnunar skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra og bera faglega ábyrgð gagnvart honum á þjónustu sem undir þá heyrir eftir því sem nánar er kveðið á um í skipuriti stofnunar. Fulltrúar í framkvæmdastjórn geta verið fleiri en þrír sé gert ráð fyrir því í skipuriti stofnunar.

Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur stofnunar skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits stjórnarmanna.

Framkvæmdastjórn skal boða til upplýsinga- og samráðsfunda með starfsmönnum stofnunar eftir þörfum og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana í umdæmum og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins skulu leitast við að upplýsa sveitarstjórnir í sínu umdæmi um starfsemi stofnunar sinnar og hafa samráð við þær eftir þörfum.

13. gr.

*Fagráð, læknaráð, hjúkrunarráð.*

Sé starfandi fagráð heilbrigðisstarfsmanna innan heilbrigðisstofnunar skal það vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri stofnunarinnar og ber þeim að leita álits fagráðs eftir því sem við á um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar.

Sé starfandi læknaráð innan heilbrigðisstofnunar skal það vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um læknisfræðileg atriði í rekstri stofnunarinnar og ber þeim að leita álits læknaráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða læknisþjónustu stofnunarinnar.

Sé starfandi hjúkrunarráð innan heilbrigðisstofnunar skal það vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um atriði í rekstri stofnunarinnar sem varða hjúkrunarþjónustu og ber þeim að leita álits hjúkrunarráðs um mikilvægar ákvarðanir varðandi hjúkrunarþjónustu stofnunarinnar.

Með samþykki meiri hluta lækna og meiri hluta hjúkrunarfræðinga á stofnun er heimilt að fella starfsemi læknaráðs skv. 2. mgr. og starfsemi hjúkrunarráðs skv. 3. mgr. undir fagráð.

Fagráð, læknaráð og hjúkrunarráð setja sér starfsreglur og skulu þær staðfestar af forstjóra.

## IV. KAFLI
## **Almenn heilbrigðisþjónusta.**

14. gr.

*Heilbrigðisstofnanir í heilbrigðisumdæmum*

Í hverju heilbrigðisumdæmi skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem hafa með höndum starfrækslu heilsugæslustöðva og umdæmissjúkrahúsa sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu.

Heilbrigðisstofnanir skv. 1. mgr. skulu taka að sér kennslu heilbrigðisstétta á grundvelli samninga við menntastofnanir, kennslusjúkrahús eða háskólasjúkrahús.

15. gr.

*Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.*

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins veitir heilsugæsluþjónustu í heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins skal taka að sér kennslu heilbrigðisstétta á grundvelli samninga við háskóla og aðrar menntastofnanir, háskólasjúkrahús eða kennslusjúkrahús og stunda vísindarannsóknir á sviði heilsugæslu.

16. gr.

*Hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými.*

Í hjúkrunarrýmum umdæmissjúkrahúsa skv. 1. mgr. 14. gr. og á hjúkrunarheimilum, eða hjúkrunarrýmum dvalarheimila, skal veitt hjúkrunarþjónusta fyrir þá sem metnir hafa verið í þörf fyrir vistun í hjúkrunarrými, sbr. ákvæði laga um málefni aldraða.

17. gr.

*Heilsugæslustöðvar.*

Á heilsugæslustöðvum skal veitt heilsugæsluþjónusta.

Forstjórar og framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana skulu hafa samráð við yfirlækni og yfirhjúkrunarfræðing heilsugæslustöðvar þegar sérmál hennar er til ákvörðunar.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi heilsugæslustöðva og þá þjónustu sem þeim ber að veita.

18. gr.

*Umdæmissjúkrahús.*

Á umdæmissjúkrahúsum skal veitt almenn sjúkrahúsþjónusta, m.a. á göngu- og dagdeildum eftir því sem við á. Í tengslum við þau skulu einnig að jafnaði vera hjúkrunarrými. Á umdæmissjúkrahúsum skal að jafnaði vera fæðingarhjálp, séu faglegar kröfur uppfylltar, og önnur heilbrigðisþjónusta sem sjúkrahúsinu er falið að veita eða samið hefur verið um samkvæmt ákvæðum VII. kafla, enda uppfylli sjúkrahúsið faglegar kröfur til að veita þá þjónustu.

Á heilbrigðisstofnunum sem veita bæði almenna sjúkrahúsþjónustu og heilsugæsluþjónustu skal starfsemi samtvinnuð og starfsmenn ráðnir til að sinna báðum þáttum eftir því sem við á.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um starfsemi og þjónustu umdæmissjúkrahúsa.

## V. KAFLI

## **Sérhæfð heilbrigðisþjónusta.**

19. gr.

*Veitendur sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu.*

Sérhæfð heilbrigðisþjónusta er veitt á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri, sérhæfðum heilbrigðisstofnunum, öðrum heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, sbr. 7. gr.

20. gr.

*Landspítali.*

Landspítali er aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús. Hann veitir sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, m.a. á göngu- og dagdeildum, fyrir alla landsmenn og almenna sjúkrahúsþjónustu fyrir íbúa heilbrigðisumdæmis höfuðborgarsvæðisins. Hlutverk hans er að:

1. veita heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma samræmist skyldu slíks sjúkrahúss, m.a. sérfræðiþjónustu í nær öllum viðurkenndum greinum læknisfræði og hjúkrunarfræði sem stundaðar eru hér á landi, með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknadeildum,
2. annast starfsnám háskólanema og framhaldsskólanema í heilbrigðisgreinum í grunn- og framhaldsnámi,
3. stunda vísindarannsóknir á heilbrigðissviði,
4. gera fagfólki kleift að sinna fræðastörfum við Háskóla Íslands eða aðra háskóla og veita

háskólamönnum aðstöðu til þess að sinna rannsóknum og öðrum störfum á eða við sjúkrahúsið,
5. starfrækja blóðbanka sem hefur með höndum blóðbankaþjónustu á landsvísu.

Ráðherra skipar ráðgjafarnefnd Landspítala til fimm ára í senn. Nefndin skal veita forstjóra og framkvæmdastjórn ráðgjöf og álit um starfsemi spítalans. Forstjóri skal boða til upplýsinga- og samráðsfunda með ráðgjafarnefndinni eftir þörfum en eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Landspítali og Háskóli Íslands skulu gera með sér samning um samstarf sem kveði m.a. á um rétt fulltrúa háskólans til setu á fundum framkvæmdastjórnar. Landspítali og Háskóli Íslands skulu setja verklagsreglur um málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur gagnvart báðum stofnununum. Reglurnar skulu staðfestar af ráðherra og birtar.

Landspítala er heimilt með samþykki ráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem spítalinn vinnur að hverju sinni. Forstjóri Landspítala fer með eignarhlut spítalans í slíkum fyrirtækjum.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um starfsemi Landspítala og þá þjónustu sem honum ber að veita.

21. gr.

*Sjúkrahúsið á Akureyri.*

Sjúkrahúsið á Akureyri er kennslusjúkrahús. Það veitir sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, m.a. á göngu- og dagdeildum, fyrir landsmenn og almenna sjúkrahúsþjónustu í sínu heilbrigðisumdæmi. Hlutverk þess er að:

1. veita heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma samræmist skyldu slíks sjúkrahúss, m.a. sérfræðiþjónustu í helstu greinum læknisfræði og hjúkrunarfræði með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknadeildum,
2. annast starfsnám háskólanema í heilbrigðisvísindagreinum við Háskólann á Akureyri,
3. taka þátt í grunn- og framhaldsnámi annarra háskólanema og framhaldsskólanema á heilbrigðissviði í samvinnu við Landspítala, Háskóla Íslands og aðrar heilbrigðisstofnanir og skóla, og stunda vísindarannsóknir á heilbrigðissviði,
4. gera fagfólki kleift að sinna fræðastörfum við Háskólann á Akureyri eða eftir atvikum aðra háskóla,
5. vera varasjúkrahús Landspítala.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri, m.a. hvaða sérhæfða þjónusta skuli veitt á sjúkrahúsinu.

22. gr.

*Sérhæfðar heilbrigðisstofnanir.*

Til sérhæfðra heilbrigðisstofnana teljast heilbrigðisstofnanir sem veita sérhæfða heilbrigðisþjónustu og reknar eru samkvæmt ákvæðum sérlaga, ákvörðun ráðherra eða samningi skv. VII. kafla.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um starfsemi sérhæfðra heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu eða á grundvelli samnings skv. VII. kafla.

Ráðherra getur veitt sjúkrahúsum og öðrum sérhæfðum heilbrigðisstofnunum, sem reknar eru af ríkinu, heimild til að skipuleggja heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli fyrir ósjúkratryggða einstaklinga sem koma til landsins gagngert í því skyni að gangast undir

tiltekna aðgerð eða meðferð, enda skerði það ekki lögbundna þjónustu stofnunarinnar. Um gjaldtöku af ósjúkratryggðum einstaklingum fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt ákvæði þessu fer skv. 3. mgr. 33. gr.

## VI. KAFLI
## Gæði heilbrigðisþjónustu.

### 23. gr.
*Gildissvið.*

Ákvæði þessa kafla um faglegar kröfur til heilbrigðisþjónustu og eftirlit með henni gilda um heilbrigðisþjónustu sem veitt er hér á landi án tillits til þess hvort hún er veitt af ríkinu eða öðrum aðilum með eða án greiðsluþátttöku ríkisins. Um eftirlit landlæknis með heilbrigðisþjónustu gilda jafnframt ákvæði laga um landlækni.

### 24. gr.
*Faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu.*

Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, kveða í reglugerð á um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum. Reglugerðin skal byggð á þekkingu og aðstæðum á hverjum tíma og skal hún endurskoðuð reglulega. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um lágmarkskröfur um mönnun, húsnæði, aðstöðu, tæki og búnað til reksturs heilbrigðisþjónustu.

### 25. gr.
*Eftirlit með faglegum rekstri heilbrigðisþjónustu.*

Landlæknir hefur eftirlit með að heilbrigðisþjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma. Telji landlæknir að heilbrigðisþjónusta uppfylli ekki faglegar kröfur skv. 24. gr. eða önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf skal hann beina tilmælum um úrbætur til rekstraraðila. Verði rekstraraðili ekki við slíkum tilmælum ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá tekið ákvörðun um að stöðva rekstur tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkum, eða að fullu.

### 26. gr.
*Skilyrði fyrir starfrækslu heilbrigðisþjónustu.*

Þeir sem hyggjast hefja rekstur heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. ríkið og sveitarfélög, skulu tilkynna fyrirhugaðan rekstur til landlæknis. Með tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfsemina, svo sem um tegund heilbrigðisþjónustu, starfsmenn, búnað, tæki og húsnæði. Landlæknir getur óskað eftir frekari upplýsingum og gert úttekt á væntanlegri starfsemi telji hann þörf á því. Með sama hætti skal tilkynna landlækni ef meiri háttar breytingar verða á mönnun, búnaði, starfsemi og þjónustu rekstraraðila. Sé rekstri heilbrigðisþjónustu hætt skal tilkynna landlækni um það.

Landlæknir staðfestir hvort fyrirhugaður rekstur heilbrigðisþjónustu uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf. Óheimilt er að hefja starfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu nema staðfesting landlæknis liggi fyrir. Landlækni er heimilt að gera frekari kröfur sé það talið nauðsynlegt vegna eðlis þeirrar starfsemi sem um er að ræða. Staðfesting landlæknis verður jafnframt að liggja fyrir við meiri háttar breytingar skv. 1. mgr.

Heimilt er að skjóta synjun landlæknis um staðfestingu skv. 2. mgr. til ráðherra. Sama á við um ákvörðun landlæknis um að gera frekari kröfur skv. 2. mgr. Sé um að ræða heilbrigð-

isþjónustu sem ríkið hyggst reka hefur ráðherra þó ávallt úrskurðarvald um það hvort skilyrði laga og faglegar kröfur séu uppfylltar.

Landlæknir heldur skrá yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu og skal hann tilkynna ráðherra um allar breytingar sem verða á skránni.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um skilyrði fyrir rekstri heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum, framkvæmd eftirlits o.fl. í reglugerð.

Fyrir úttekt landlæknis skv. 1. mgr. og staðfestingu hans á því að faglegar kröfur séu uppfylltar, sbr. 2. mgr., er heimilt að taka gjald samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

Greiðsluþátttaka ríkisins í kostnaði við heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem ríkið rekur er háð því að um hana hafi tekist samningur milli rekstraraðila og ríkisins samkvæmt ákvæðum VII. kafla, nema fyrir liggi einhliða ákvörðun ráðherra um greiðsluþátttöku á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum.

## VII. KAFLI
## **Samningar um heilbrigðisþjónustu.**

### 27. gr.
### *Samningsumboð ráðherra.*

Ráðherra fer með umboð ríkisins til samningsgerðar um veitingu heilbrigðisþjónustu og greiðsluþátttöku ríkisins vegna hennar. Ráðherra skipar nefnd sem annast samningsgerð um heilbrigðisþjónustu fyrir hans hönd samkvæmt nánari ákvörðun hans.

### 28. gr.
### *Samningar um heilbrigðisþjónustu og greiðsluþátttöku vegna hennar.*

Samningar um heilbrigðisþjónustu skulu gerðir í samræmi við stefnumörkun skv. 3. gr., m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni og gæði þjónustunnar og aðgengi að henni. Samningarnir skulu m.a. kveða á um magn og tegund þjónustu, hvar hún skuli veitt og af hverjum. Um mat á hagkvæmni þjónustu stofnana, fyrirtækja og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skal taka tillit til alls þess kostnaðar sem til fellur vegna þeirrar starfsemi sem samið er um.

Reynist framboð af tiltekinni heilbrigðisþjónustu meira en þörf er á eða unnt er að semja um með hliðsjón af fjárheimildum er ráðherra heimilt á grundvelli hlutlægra og málefnalegra sjónarmiða, m.a. um hagkvæmni og gæði þjónustunnar, að takmarka samningsgerð við hluta þeirra aðila sem veitt geta þjónustuna.

Aðili sem hyggst hefja sjálfstæðan rekstur heilbrigðisþjónustu þar sem gert er ráð fyrir að ríkið greiði kostnað sjúklings að hluta eða öllu leyti skal hafa gert samning við ráðherra eða samninganefnd hans áður en hann hefur rekstur, nema fyrir liggi einhliða ákvörðun ráðherra um greiðsluþátttöku á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum.

Ráðherra er heimilt að ákveða nánar í reglugerð forsendur fyrir samningsgerð um greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði við heilbrigðisþjónustu, sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem ríkið rekur, í samræmi við stefnumörkun skv. 3. gr. og að hún skuli takmarkast við gagnreynda meðferð á sviði heilbrigðisþjónustu.

### 29. gr.
### *Samningar um framkvæmdir eða rekstur.*

Ráðherra getur samið við sveitarfélög, eða aðra aðila en þá sem falinn er rekstur heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum þessum, um framkvæmdir og rekstur ákveðinna þátta þeirrar

heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt lögum þessum. Ráðherra gerir jafnframt verksamninga og samninga um rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins.

Ráðherra er heimilt að bjóða út rekstur heilbrigðisþjónustu og kaup á heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum þessum.

30. gr.

*Samningar stofnana.*

Heilbrigðisstofnunum sem ríkið rekur er heimilt að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins.

Heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu og reknar eru af ríkinu geta, með leyfi ráðherra, falið öðrum heilbrigðisstofnunum eða heilbrigðisstarfsmönnum með samningum að sinna ákveðnum þáttum þeirrar heilbrigðisþjónustu sem þeim ber að veita samkvæmt lögum þessum.

Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og öðrum sérhæfðum heilbrigðisstofnunum sem ríkið rekur er heimilt, með leyfi ráðherra, að semja við aðrar heilbrigðisstofnanir eða heilbrigðisstarfsmenn um að ákveðnir þættir þeirrar sérhæfðu heilbrigðisþjónustu sem þeim er ætlað að veita séu veittir á viðkomandi heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna

## VIII. KAFLI
## **Ýmis ákvæði.**

31. gr.

*Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga.*

Kostnaður við byggingu og búnað sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði. Þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila skal ekki vera minni en nemur 15% af stofnkostnaði. Meiri háttar viðhald og tækjakaup teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja telst ekki til stofnkostnaðar.

Sveitarfélög láta í té lóðir undir byggingar skv. 1. mgr., þ.m.t. íbúðarhúsnæði sem ætlað er starfsmönnum, ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda og lóðarleigu.

Eignarhlutur hvors aðila um sig skal vera í samræmi við kostnaðarhlutdeild skv. 1. mgr. Hvorugur aðili á kröfu á hinn um leigu vegna eignar eða eignarhluta.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um skiptingu kostnaðar samkvæmt þessari grein.

32. gr.

*Sjúkraflutningar.*

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd og skipulagningu sjúkraflutninga.

33. gr.

*Gjaldtaka fyrir heilbrigðisþjónustu.*

Fyrir eftirtalda heilbrigðisþjónustu sem sjúkratryggðir einstaklingar samkvæmt lögum um almannatryggingar eiga rétt á á grundvelli laga eða samninga skv. VII. kafla er heimilt að taka gjald samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur:

1. Heilsugæsluþjónustu á heilsugæslustöðvum. Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir mæðra- og ungbarnavernd á heilsugæslustöðvum og heilsugæslu í skólum.
2. Almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu á göngudeild, dagdeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa sem veitt er án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða.

3. Vitjun heilsugæslulæknis. Gjald fyrir vitjun skal vera hærra fyrir vitjanir utan dagvinnutíma.
4. Krabbameinsleit.
5. Læknisvottorð.
6. Þjónustu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna sem samið hefur verið við samkvæmt ákvæðum VII. kafla. Gjald fyrir þjónustu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð.
7. Rannsóknir.
8. Sjúkraflutninga.

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um almannatryggingar skulu greiða gjald sem nemur kostnaði við veitta heilbrigðisþjónustu í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá.

Þeim heilbrigðisstofnunum sem fengið hafa heimild ráðherra til að veita ósjúkratryggðum einstaklingum heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli skv. 3. mgr. 22. gr. er heimilt er að taka hærra gjald fyrir þjónustuna en nemur kostnaði af veitingu hennar. Þetta á við nema annað leiði af samningum sem í gildi eru um þjónustuna við það ríki sem hinn ósjúkratryggði einstaklingur kemur frá.

Um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga og laga um almannatryggingar eftir því sem við á.

34. gr.

*Stöðunefnd lækna.*

Ráðherra skipar þrjá lækna í nefnd, samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands, Háskóla Íslands og landlæknis, er metur faglega hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra lækninga og annarra stjórnenda lækninga á heilbrigðisstofnunum sem ríkið rekur. Nefndarmaður sem skipaður er samkvæmt tilnefningu landlæknis skal vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skal skipuð til þriggja ára.

Nefndin skal skila rökstuddu áliti til þess sem ræður í stöðuna innan sex vikna frá því að umsóknarfresti lýkur.

Ráða má hvern þann lækni til starfa samkvæmt þessari grein sem hæfur hefur verið talinn.

Ráðherra setur stöðunefnd lækna starfsreglur að fengnum tillögum hennar.

35. gr.

*Stöðunefnd framkvæmdastjóra hjúkrunar.*

Ráðherra skipar þrjá hjúkrunarfræðinga í nefnd, samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Háskóla Íslands og landlæknis, er metur faglega hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra hjúkrunar. Nefndarmaður sem skipaður er samkvæmt tilnefningu landlæknis skal vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skal skipuð til þriggja ára.

Nefndin skal skila rökstuddu áliti til þess sem ræður í stöðuna innan sex vikna frá því að umsóknarfresti lýkur.

Ráða má hvern þann hjúkrunarfræðing til starfa samkvæmt þessari grein sem hæfur hefur verið talinn.

Ráðherra setur stöðunefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar.

36. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laganna.

37. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 21/1955, um lækningaferðir.

38. gr.

*Breytingar á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Við 14. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 1. mgr. er heimilt að vista einstaklinga sem eru yngri en 67 ára á hjúkrunarheimilum og í hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana enda hafi þeir verið metnir í þörf fyrir vistun skv. 15. gr.
2. Í stað orðanna „skv. 3. gr.“ í 2. málsl. 10. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breytingum, kemur: samkvæmt ákvæðum VI. kafla.
3. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, orðast svo:

   Ráðherra setur reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu. Tryggingastofnun ríkisins sér um framkvæmd greiðslnanna að því marki sem öðrum stofnunum eða einkaaðilum hefur ekki verið falin framkvæmd þeirra með ákvörðun ráðherra eða samningi skv. VII. kafla laga um heilbrigðisþjónustu. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnun ríkisins, eða þeim aðila öðrum sem sér um framkvæmd viðkomandi greiðslna, fyrir fram. Að jafnaði skal áskilja vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis, þjálfunar, næringarefnis og sérfæðis áður en greiðsluheimild er veitt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**1. Inngangur.**

Frumvarp það sem hér er lagt fram er samið af nefnd sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jóni Kristjánssyni, 8. október 2003, til að endurskoða lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi auk fulltrúa Læknafélags Íslands og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, fulltrúa sjúklingasamtaka, fulltrúa aðila vinnumarkaðarins o.fl. Guðríður Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, var skipuð formaður nefndarinnar en aðrir nefndarmenn voru Ásta Möller alþingismaður, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Jónína Bjartmarz alþingismaður, fulltrúi Framsóknarflokksins, Margrét Frímannsdóttir alþingismaður, fulltrúi Samfylkingarinnar, Ólafur Þór Gunnarsson læknir, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Pétur Bjarnason, framkvæmdastjóri SÍBS, fulltrúi Frjálslynda flokksins, Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, Sigurður Guðmundsson landlæknir, Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Þorbjörn Guðmundsson, fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags

Íslands, fulltrúi BSRB, Garðar Ó. Sverrisson, fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands, og Dögg Káradóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju. Hinn 1. mars 2005 tók Emil Thoroddsen sæti Garðars Sverrissonar í nefndinni. Starfsmenn nefndarinnar voru Anna Kristín Úlfarsdóttir lögfræðingur, Guðrún W. Jensdóttir deildarstjóri og Ágúst Geir Ágústsson lögfræðingur.

Nefndin hefur haldið fjölmarga fundi frá því að hún kom fyrst saman 27. október 2003 auk fjölda funda undirnefnda sem falið var að ræða og vinna að einstökum hlutum frumvarpsins.

Hinn 3. febrúar 2006 sendi nefndin drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu út til umsagnar og barst alls 101 umsögn. Umsagnirnar voru almennt jákvæðar þó að gerðar væru athugasemdir við einstök atriði. Nefndin fór yfir frumvarpið með tilliti til umsagnanna og gerði á því nokkrar breytingar og skilaði tillögum sínum til ráðherra 12. apríl 2006.

Auk þess frumvarps sem hér er lagt fram samdi nefndin drög að frumvarpi til nýrra laga um embætti landlæknis, sem lagt er fram á Alþingi samhliða því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Frumvarpi þessu, ásamt frumvarpi til laga um embætti landlæknis og frumvarpi til laga um Heyrnar- og talmeinastöð, er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, en jafnframt eru í frumvörpunum lagðar til nokkrar breytingar á öðrum lögum á sviði heilbrigðismála sem tengjast þeim breytingum sem felast í þessum frumvörpum.

**2. Núgildandi lög um heilbrigðisþjónustu.**

Núgildandi lög um heilbrigðisþjónustu eru að stofni til frá árinu 1973. Lög nr. 56/1973 voru endurútgefin með breytingum sem lög nr. 59/1983. Þau voru síðan gefin út á ný, með breytingum, sem lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sem nú gilda. Þótt ýmsar breytingar hafi verið gerðar á lögunum frá þeim tíma má ljóst vera að lögin þarfnast heildstæðrar endurskoðunar, einkum hvað varðar ákvæði laganna um skipulag heilbrigðisþjónustunnar, stjórn heilbrigðisstofnana, eftirlit með rekstri heilbrigðisþjónustu og samninga um heilbrigðisþjónustu svo að eitthvað sé nefnt. Þannig hafa ákvæði laganna sem lúta að skipulagi heilbrigðisþjónustunnar að sumu leyti þótt of ítarleg og eftir atvikum úrelt. Má í þessu sambandi benda á ákvæði 1. mgr. 13. gr. laganna þar sem heilsugæslustöðvar eru flokkaðar í þrennt, 19. gr. laganna þar sem finna má ítarlega upptalningu á þeirri þjónustu sem heilsugæslustöðvum er ætlað að veita og 24. gr. laganna þar sem skilgreindir eru sjö flokkar sjúkrahúsa. Þá eru ákvæði laganna um Landspítala mjög fábreytt, þannig er ekki að finna nein ákvæði um hlutverk spítalans sem aðalsjúkrahúss landsins og háskólasjúkrahúss. Þá hafa ákvæði laganna sem lúta að stjórnun heilsugæslustöðva annars vegar og sjúkrahúsa hins vegar að sumu leyti þótt ósamstæð og óskýr, t.d. hvað varðar ábyrgð framkvæmdastjóra (forstjóra) annars vegar og faglegra yfirmanna hins vegar. Loks má nefna að ákvæði laganna um eftirlit með heilbrigðisþjónustu, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, hafa þótt fábrotin og ákvæði 26. og 27. gr. um útgáfu rekstrarleyfa úrelt. Er frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar m.a. ætlað að bæta úr þessum annmörkum.

**3. Meginmarkmið við endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu.**

Meginmarkmið frumvarpsins eru: Í fyrsta lagi að mæla með skýrum hætti fyrir um grunnskipulag hins opinberra heilbrigðisþjónustukerfis. Í öðru lagi að setja ráðherra og öðrum heilbrigðisyfirvöldum og einstökum heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu skýran lagaramma til að starfa eftir. Í þriðja lagi að tryggja virkt eftirlit með heilbrigðisþjónustu og gæðum hennar og í fjórða lagi að skilgreina nánar stefnumótunarhlutverk ráðherra innan marka laganna og tryggja að hann hafi á hverjum tíma fullnægjandi valdheimildir til að framfylgja

stefnu sinni, m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hvar hún skuli veitt og af hverjum.

**4. Helstu breytingar sem lagðar eru til frá núgildandi lögum.**

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Landinu verði skipt í heilbrigðisumdæmi sem ákveðin verði með reglugerð.
2. Í hverju heilbrigðisumdæmi verði starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem beri ábyrgð á veitingu almennrar heilbrigðisþjónustu í umdæminu.
3. Stefnumótunarhlutverk ráðherra og heimildir hans til að hrinda stefnu sinni í framkvæmd eru styrkt.
4. Mælt er fyrir um að við skipulagningu heilbrigðisþjónustu verði stefnt að því að þjónustan sé ávallt veitt á viðeigandi þjónustustigi og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga.
5. Heilbrigðisþjónusta er flokkuð annars vegar í almenna heilbrigðisþjónustu eða grunnþjónustu og hins vegar sérhæfða heilbrigðisþjónustu.
6. Ákvæði um stjórn heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu eru samræmd.
7. Skýrt er kveðið á um stöðu og ábyrgð forstjóra heilbrigðisstofnana sem æðstu yfirmanna hverrar stofnunar.
8. Kveðið er á um faglega ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar á þjónustu stofnunarinnar gagnvart forstjóra.
9. Kveðið er á um starfsemi hjúkrunarráða innan heilbrigðisstofnana með sambærilegum hætti og um læknaráð.
10. Veitt er heimild til stofnunar fagráðs innan heilbrigðisstofnana sem geti komið í stað læknaráðs og hjúkrunarráðs.
11. Hlutverk heilbrigðisstofnana í umdæmum og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við kennslu og þjálfun heilbrigðisstétta er lögfest.
12. Hugtökin háskólasjúkrahús og kennslusjúkrahús eru skilgreind.
13. Staða og hlutverk Landspítala sem aðalsjúkrahúss landsins og háskólasjúkrahúss er skilgreint.
14. Stjórnarnefnd Landspítala er lögð niður, en þess í stað kveðið á um ráðgjafarnefnd Landspítala.
15. Staða og hlutverk Sjúkrahússins á Akureyri sem kennslusjúkrahúss og sérhæfðs sjúkrahúss er skilgreint.
16. Kveðið er á um að ráðherra geti heimilað sjúkrahúsum og sérhæfðum heilbrigðisstofnunum að skipuleggja og veita ósjúkratryggðum einstaklingum heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli. Felur heimildin í sér möguleika til útrásar eða „útflutnings“ þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er hér á landi innan hins opinbera heilbrigðisþjónustukerfis.
17. Mælt er fyrir um útgáfu reglugerðar þar sem gerðar eru faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu.
18. Skýrt er kveðið á um að landlæknir skuli hafa eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta uppfylli faglegar kröfur á hverjum tíma.
19. Kveðið er á um að óheimilt sé að hefja rekstur heilbrigðisþjónustu nema fyrir liggi staðfesting landlæknis á því að fyrirhugaður rekstur uppfylli skilyrði heilbrigðislöggjafar og faglegar kröfur.
20. Skýrt er kveðið á um að ráðherra fari með umboð ríkisins til samningsgerðar um heilbrigðisþjónustu.

21. Skýrar er kveðið á um form og efni samninga um heilbrigðisþjónustu og samningsheimildir ráðherra.
22. Ráðherra er veitt sérstök heimild til að takmarka samningsgerð við hluta þeirra aðila sem veitt geta þá þjónustu sem samið er um ef framboð af henni reynist meira en þörf er á eða unnt er að semja um með hliðsjón af fjárheimildum.
23. Sérstaklega er kveðið á um heimild heilbrigðisstofnana til að gera samninga við aðrar stofnanir eða heilbrigðisstarfsmenn, með leyfi ráðherra, um ákveðna þætti í þeirri almennu heilbrigðisþjónustu sem þeim ber að veita.
24. Kveðið er á um heimild Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri og annarra sérhæfðra heilbrigðisstofnana til að gera samninga, með leyfi ráðherra, við aðrar heilbrigðisstofnanir eða heilbrigðisstarfsmenn um að veita tiltekna sérhæfða heilbrigðisþjónustu sem þeim bæri ella að veita.
25. Skýrar er kveðið á um heimild ráðherra til að bjóða út bæði rekstur og kaup á heilbrigðisþjónustu.

**5. Uppbygging frumvarpsins.**

Frumvarpið skiptist í átta kafla og eru heiti kaflanna þessi:

I. Gildissvið, stefnumörkun og skilgreiningar.
II. Skipulag heilbrigðisþjónustu.
III. Stjórn heilbrigðisstofnana.
IV. Almenn heilbrigðisþjónusta.
V. Sérhæfð heilbrigðisþjónusta.
VI. Gæði heilbrigðisþjónustu.
VII. Samningar um heilbrigðisþjónustu.
VIII. Ýmis ákvæði.

Verður nú fjallað með almennum hætti um efni hvers kafla en umfjöllun um einstakar greinar fylgir í kjölfarið.

*I. Gildissvið, stefnumörkun og skilgreiningar.*

Í ákvæðum I. kafla er kveðið á gildissvið laganna og markmið, mælt fyrir um yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með heilbrigðismálum, kveðið á um stefnumótunarhlutverk ráðherra og helstu hugtök sem notuð eru í frumvarpinu skilgreind. Um nánari umfjöllun um þessi efnisatriði frumvarpsins vísast til athugasemda við einstök ákvæði kaflans hér á eftir.

*II. Skipulag heilbrigðisþjónustu.*

Heilbrigðisþjónustu er skipt í tvo meginflokka samkvæmt frumvarpinu, þ.e. almenna heilbrigðisþjónustu annars vegar og sérhæfða heilbrigðisþjónustu hins vegar. Almennri heilbrigðisþjónustu er síðan skipt niður í þrjá undirflokka, þ.e. heilsugæsluþjónustu, almenna sjúkrahúsþjónustu og hjúkrunarþjónustu í hjúkrunarrýmum stofnana, en þessir þrír flokkar heilbrigðisþjónustu mynda það sem kalla má grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins samkvæmt frumvarpinu. Til sérhæfðrar heilbrigðisþjónusta telst hins vegar öll heilbrigðisþjónusta sem ekki fellur undir almenna heilbrigðisþjónustu. Undir sérhæfða heilbrigðisþjónustu flokkast m.a. sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, þjónusta sérhæfðra heilbrigðisstofnana og þjónusta sem veitt er á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna eftir atvikum samkvæmt samningum sem gerðir eru samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna.

Samkvæmt frumvarpinu skal landinu skipt í heilbrigðisumdæmi og skal skiptingin ákveðin með reglugerð. Innan hvers heilbrigðisumdæmis skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem hafi það hlutverk að sjá íbúum viðkomandi umdæmis fyrir almennri heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í sama umdæmi skulu hafa með sér samstarf um skipulag heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Samkvæmt frumvarpinu getur ráðherra ákveðið sameiningu heilbrigðisstofnana með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Eru heimildir ráðherra í þessu efni þær sömu og í núgildandi lögum að öðru leyti en því að í frumvarpinu er nú mælt fyrir um samráðsskyldu ráðherra við sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Með lögum nr. 140/1996, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, var ráðherra fyrst heimilað að sameina heilbrigðisstofnanir með reglugerð. Síðan hafa verið settar alls fimm reglugerðir um sameiningu heilbrigðisstofnana, m.a. um sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala í Landspítala – háskólasjúkrahús, sameiningu heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu í Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sameiningu heilbrigðisstofnana á Austurlandi í Heilbrigðisstofnun Austurlands og heilbrigðisstofnana á Suðurlandi í Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Reynsla af sameiningu stofnana hefur verið góð en meginávinningurinn af sameiningu hefur verið talinn felast í betri, öruggari og sveigjanlegri þjónustu við íbúana og meiri möguleikum á að fá vel menntað starfsfólk til starfa. Á það ekki síst við í jaðarbyggðum þar sem heilsugæslustöðvar og sjúkrahús verða hluti af stærri og öflugri heilbrigðisstofnun sem ber ábyrgð á að tryggja fullnægjandi þjónustu fyrir íbúana og er þannig ákveðinn bakhjarl fyrir minni þjónustueiningar innan stofnunarinnar. Þá hefur sjálfstæði þessara stofnana aukist, stjórn þeirra styrkst og upplýsingaöryggi innan þeirra aukist. Ávallt hefur verið haft samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög áður en sameining hefur verið ákveðin og er sérstaklega kveðið á um slíkt samráð í frumvarpinu eins og áður segir.

Setning reglugerðar um skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi samkvæmt frumvarpinu hefur því ekki áhrif á fjölda þeirra heilbrigðisstofnana sem nú eru starfræktar í landinu. Þannig er ekkert í frumvarpinu sem knýr á um sameiningu heilbrigðisstofnana heldur verða slíkar breytingar einungis gerðar með reglugerð eða reglugerðum og er það óbreytt fyrirkomulag frá núgildandi lögum. Mikilvægt er að undirbúa sameiningu heilbrigðisstofnana af kostgæfni. Gott samstarf og samráð við heimamenn er afar mikilvægt í því sambandi og getur ráðið úrslitum um hvernig til tekst um sameiningu ef í hana er ráðist.

Í frumvarpinu er skýrt tekið fram að skipting landsins í heilbrigðisumdæmi skuli ekki takmarka rétt sjúklinga til að leita sér heilbrigðisþjónustu þar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hennar hverju sinni. Ákvæðið tryggir m.a. að hver landsmaður geti nýtt sér þá heilbrigðisþjónustu sem næst er heimili hans, óháð umdæmismörkum heilbrigðisumdæma, en jafnframt tryggir ákvæðið almennt rétt landsmanna til að sækja sér heilbrigðisþjónustu þangað sem þeir eigi auðveldast með að ná til hennar á hverjum tíma, t.d. þegar þeir ferðast um landið.

Gert er ráð fyrir að sérhæfð heilbrigðisþjónusta verði veitt á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri og á öðrum sérhæfðum heilbrigðisstofnunum sem starfa á landsvísu óháð umdæmismörkum heilbrigðisumdæmanna. Sérhæfð heilbrigðisþjónusta verði jafnframt veitt á öðrum heilbrigðisstofnunum samkvæmt ákvörðun ráðherra og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta samkvæmt samningum við Landspítala eða Sjúkrahúsið á Akureyri. Loks verði sérhæfð heilbrigðisþjónusta veitt á starfsstofum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna samkvæmt samningum sem gerðir eru við þá samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna, auk sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna án greiðsluþátttöku

ríkisins, svo sem þjónusta tannlækna. Ljóst er að stóru sjúkrahúsin, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri, gegna meginhlutverki við veitingu sérhæfðrar sjúkrahúsþjónustu í landinu og gerir frumvarpið ráð fyrir að svo verði áfram. Fjallað er sérstaklega um þessi sjúkrahús í 20. og 21. gr. frumvarpsins og hlutverk þeirra skilgreint.

*III. Stjórn heilbrigðisstofnana.*

Í ákvæðum kaflans er mælt fyrir um stjórnun heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu. Á undanförnum árum hafa verið gerðar talsverðar breytingar á stjórnun opinberra stofnana og á það einnig við um heilbrigðisstofnanir. Fyrst er að geta þeirra breytinga sem gerðar voru á stöðu og hlutverki forstöðumanna ríkisstofnana með lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, þar sem valdsvið og ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana, þ.m.t. heilbrigðisstofnana, var aukið og vald og ábyrgð stjórna ríkisstofnana að sama skapi minnkað. Skv. 38. gr. starfsmannalaganna ber forstöðumaður ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og getur hann þurft að sæta áminningu eða lausn frá störfum ef út af bregður. Er staða forstöðumanna ríkisstofnana sem æðstu yfirmanna hverrar stofnunar undirstrikuð með því að þeir einir eru skipaðir af ráðherra og bera því ábyrgð gagnvart honum. Í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gerir frumvarpið ráð fyrir því að forstjórar ráði aðra starfsmenn og er ákvæði núgildandi laga þar sem mælt er fyrir um að ráðherra ráði þá sem sæti eiga í framkvæmdastjórn Landspítala fellt brott. Í samræmi við þetta og jafnframt í framhaldi af samkomulagi ríkisins og sveitarfélaga um niðurfellingu á 15% þátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva voru stjórnir heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu lagðar niður með lögum nr. 78/2003, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, að frátalinni stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss, sbr. 1. mgr. 30. gr. gildandi laga, en þær breytingar miðuðu að því að gera stjórnkerfi heilbrigðisstofnana skýrara og einfaldara. Nú er lagt til að stjórnarnefnd Landspítala verði jafnframt lögð niður, en þess í stað verði skipuð ráðgjafarnefnd Landspítala, sem hafi eingöngu ráðgjafar- og stuðningshlutverk. Með þeim tillögum sem gerðar eru í frumvarpinu má segja að verið sé að stíga skrefið til fulls hvað heilbrigðisstofnanir varðar og undirstrika að staða forstöðumanna þeirra, þ.m.t. forstjóra Landspítala, sé sú sama og almennt gildir um forstöðumenn ríkisstofnana, sbr. lög nr. 70/1996. Þannig beri forstöðumenn, eða forstjórar eins og þeir eru nefndir í frumvarpinu, allra heilbrigðisstofnana ótvírætt óskipta ábyrgð gagnvart ráðherra, bæði á rekstri og þjónustu sinnar stofnunar, en faglegir yfirstjórnendur beri ábyrgð á faglegri þjónustu gagnvart forstjóra.

Áfram er gert ráð fyrir að á heilbrigðisstofnunum, þar sem við á, verði starfandi ráðgefandi framkvæmdastjórn sem í eigi sæti framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar ásamt forstjóra.

Ekki er mælt nánar fyrir um stjórnskipulag heilbrigðisstofnana að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að skipurit sem forstjóri gerir tillögu um í samráði við framkvæmdastjórn sé lagt fyrir ráðherra til staðfestingar.

Loks eru í II. kafla frumvarpsins ákvæði um fagráð heilbrigðisstarfsmanna, læknaráð og hjúkrunarráð heilbrigðisstofnana. Læknaráð heilbrigðisstofnana eiga sér langa sögu og ríka hefð en kveðið hefur verið á um læknaráð í lögum um heilbrigðisþjónustu allt frá setningu laga nr. 56/1973. Ákvæði frumvarpsins um fagráð og hjúkrunarráð eru hins vegar nýmæli.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið mælt fyrir um starfsemi hjúkrunarráða í lögum hafa þau engu að síður verið að ryðja sér til rúms innan heilbrigðisstofnana á undanförnum árum, einkum

á stærri stofnunum, og þykir í því ljósi m.a. rétt að kveða á um starfrækslu þeirra í frumvarpinu með sama hætti og gert er hvað varðar læknaráð.

Fagráð hafa hins vegar ekki svo vitað sé verið starfrækt innan heilbrigðisstofnana hér á landi. Ýmis veigamikil rök mæla þó með starfrækslu fagráða innan heilbrigðisstofnana. Í því sambandi má í fyrsta lagi nefna að starfræksla fagráða tryggir að allar heilbrigðisstéttir innan viðkomandi heilbrigðisstofnunar eigi eftir atvikum hlut í mikilvægum ákvörðunum um heilbrigðisþjónustu stofnunar en ekki einungis læknar og hjúkrunarfræðingar. Í öðru lagi má ætla að fagráð geti verið góður vettvangur fyrir umræðu, samráð og samvinnu milli heilbrigðisstétta og í þriðja lagi má ætla að fagráð geti að ýmsu leyti verið færara en sérráð einstakra fagstétta um að veita forstjóra og framkvæmdastjórn heildstæða og eftir atvikum þverfaglega ráðgjöf og álit um fagleg málefni stofnunar. Því er lagt til að kveðið verði á um starfrækslu fagráða heilbrigðisstofnana með sama hætti og gert er hvað varðar læknaráð og hjúkrunarráð. Rétt er að taka það fram að þótt starfrækt sé læknaráð og hjúkrunarráð innan heilbrigðisstofnunar kemur það ekki í veg fyrir þátttöku lækna og hjúkrunarfræðinga í fagráði.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að meiri hluti lækna og meiri hluti hjúkrunarfræðinga á stofnun geti ákveðið að fella starfsemi læknaráðs og hjúkrunarráðs undir fagráð og yrði þá einungis um fagráð að ræða á viðkomandi stofnun, en það kann í mörgum tilvikum að vera fýsilegur kostur, ekki síst á minni stofnunum þar sem fáir læknar og hjúkrunarfræðingar starfa, og því styrkur fyrir alla aðila að sameinast á einum vettvangi í því skyni að efla samstarf og faglega starfsemi. Það getur reyndar einnig átt við um aðrar stofnanir. Það er hins vegar eins og áður segir undir ákvörðun læknanna og hjúkrunarfræðinganna sjálfra komið hvort þeir kjósa að fella starfsemi sinna ráða undir sameiginlegt fagráð.

*IV. Almenn heilbrigðisþjónusta.*

Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir því að innan hvers heilbrigðisumdæmis verði starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu á svæðinu og að þær stofnanir hafi með höndum rekstur heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa í umdæminu. Í ákvæðum IV. kafla er nánar kveðið á um starfsemi þessara grunnþátta heilbrigðisþjónustunnar. Sérstaklega er mælt fyrir um að innan heilbrigðisumdæmis höfuðborgarsvæðisins skuli Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins annast heilsugæsluþjónustu en almenn sjúkrahúsþjónusta í heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins verður í höndum Landspítala, sbr. 20. gr. frumvarpsins. Í hjúkrunarrýmum umdæmissjúkrahúsa skv. 1. mgr. 14. gr. og á hjúkrunarheimilum, eða hjúkrunarrýmum dvalarheimila, skal veitt hjúkrunarþjónusta fyrir þá sem metnir hafa verið í þörf fyrir vistun í hjúkrunarrými, sbr. ákvæði laga um málefni aldraða.

*V. Sérhæfð heilbrigðisþjónusta.*

Í ákvæðum V. kafla frumvarpsins er fjallað nánar um veitingu sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu. Sérstaklega er kveðið á um starfsemi Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri, en þessar stofnanir bera meginþunga af veitingu sérhæfðrar sjúkrahúsþjónustu auk þess sem þær veita aðra sérhæfða heilbrigðisþjónustu á göngu- og dagdeildum. Að öðru leyti gerir frumvarpið ráð fyrir að sérhæfð heilbrigðisþjónusta sé veitt á sérhæfðum heilbrigðisstofnunum, eins og þær eru skilgreindar í 22. gr. frumvarpsins, og á öðrum heilbrigðisstofnunum samkvæmt ákvörðun ráðherra eða á grundvelli samninga skv. VII. kafla frumvarpsins sem og á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við samninga sem gerðir eru við þá. Loks er sérhæfð heilbrigðisþjónusta að einhverju marki veitt á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna án greiðsluþátttöku ríkisins.

*VI. Gæði heilbrigðisþjónustu.*

Í ákvæðum VI. kafla er fjallað um faglegar kröfur sem gerðar verða til reksturs heilbrigðisþjónustu, skilyrði fyrir starfrækslu heilbrigðisþjónustu hér á landi og eftirlit með slíkum rekstri.

Til að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu mælir frumvarpið fyrir um að ráðherra setji, að fengnum tillögum landlæknis, reglugerð um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum. Jafnframt er ráðherra í 5. mgr. 26. gr. frumvarpsins veitt heimild til að kveða nánar á um skilyrði fyrir rekstri heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum, framkvæmd eftirlits af hálfu landlæknis o.fl. í reglugerð. Þannig munu ákvæði þessa kafla og reglugerðir sem settar verða samkvæmt þeim að meginstefnu mynda þann lagaramma sem rekstraraðilar heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum verða að starfa innan. Eftirlit með því að skilyrði séu uppfyllt er í höndum landlæknis og ber honum að beina tilmælum til rekstraraðila um úrbætur telji hann að misbrestur hafi orðið á því. Verði rekstraraðili hins vegar ekki við tilmælum um úrbætur ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögu um hvað gera skuli. Getur ráðherra ákveðið í slíkum tilvikum að stöðva rekstur að fullu eða tímabundið.

Gert er ráð fyrir að allir, þ.m.t. opinberir aðilar, sem hyggjast hefja rekstur heilbrigðisþjónustu, tilkynni landlækni um fyrirhugaðan rekstur og láti honum í té nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina. Skal landlæknir á grundvelli þessara upplýsinga staðfesta hvort fyrirhugaður rekstur uppfylli faglegar lágmarkskröfur og skilyrði heilbrigðislöggjafar sem um starfsemina gilda. Óheimilt er að hefja rekstur heilbrigðisþjónustu nema staðfesting landlæknis liggi fyrir. Þegar um ríkisrekna heilbrigðisþjónustu er að ræða hefur ráðherra þó ávallt úrskurðarvald um það hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt.

Til að eyða öllum vafa sem uppi kann að vera er tekið skýrt fram í 6. mgr. 26. gr. frumvarpsins að greiðsluþátttaka ríkisins í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu, er háð því að um hana hafi tekist samningur milli rekstraraðila og ríkisins samkvæmt ákvæðum VII. kafla. Þetta þýðir með öðrum orðum að þótt rekstraraðili fái staðfestingu landlæknis á því að hann uppfylli skilyrði heilbrigðislöggjafar og faglegar kröfur til reksturs tiltekinnar heilbrigðisþjónustu þá veltur greiðsluþátttaka ríkisins í kostnaði vegna þjónustunnar á því að um hana takist samningur samkvæmt ákvæðum VII. kafla frumvarpsins og aðild hans að þeim samningi.

*VII. Samningar um heilbrigðisþjónustu.*

Samkvæmt ákvæðum VII. kafla fer ráðherra með umboð ríkisins til samningsgerðar um heilbrigðisþjónustu og greiðsluþátttöku ríkisins vegna hennar og er það óbreytt frá því sem nú er. Ljóst er að heimild ráðherra til að semja við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðra rekstraraðila um veitingu heilbrigðisþjónustu er afar mikilvægt stjórntæki í höndum ráðherra er kemur að skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar og forgangsröðun verkefna. Svo að þetta stjórntæki ráðherra sé virkt verður að tryggja að hann hafi á hverjum tíma fullnægjandi lagaheimildir til að haga samningsgerð sinni þannig að hann geti hrundið í framkvæmd stefnumörkun sinni í heilbrigðismálum, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Ber þannig að skoða samningsheimildir ráðherra í samhengi við stefnumörkunarhlutverk hans og almenna heimild hans til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu sinni. Í grófum dráttum má skilgreina samningsheimildir ráðherra samkvæmt frumvarpinu með eftirfarandi hætti:

1. Heimild til að ákveða hvort tiltekin heilbrigðisþjónusta sé falin sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum eða öðrum sjálfstæðum rekstraraðilum með samningum. Í þessu felst jafnframt að ráðherra getur ákveðið að tiltekin heilbrigðisþjónusta, með greiðslu-

þátttöku ríkisins, skuli einungis veitt innan heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu.
2. Heimild til að ákveða magn þeirrar heilbrigðisþjónustu sem samið er um.
3. Heimild til að ákveða í samningi hvar umsamin heilbrigðisþjónusta skuli veitt.
4. Heimild til þess, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að takmarka samningsgerð við hluta þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem veitt geta þá þjónustu sem samið er um.
5. Heimild til þess að fela sveitarfélögum og öðrum aðilum en þeim sem falinn er rekstur heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögunum að sjá um framkvæmd og rekstur tiltekinna þátta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem heilbrigðisstofnunum ríkisins er ætlað að veita samkvæmt lögunum.

Aðrar stjórnunarheimildir ráðherra sem skoða ber í tengslum við samningsheimildir hans, þ.m.t. heimild hans til að ákveða að ganga ekki til samninga um veitingu tiltekinnar heilbrigðisþjónustu, eru helstar eftirfarandi:

1. Ráðherra getur ákveðið að tiltekin sérhæfð heilbrigðisþjónusta skuli veitt á heilsugæslustöðvum og umdæmissjúkrahúsum.
2. Ráðherra getur kveðið nánar á um það hvaða heilbrigðisþjónusta skuli veitt á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og sérhæfðum heilbrigðisstofnunum.

Loks er í VII. kafla frumvarpsins mælt fyrir um sjálfstæða heimild heilbrigðisstofnana til að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni. Heimild heilbrigðisstofnana til að gera samninga um stærri rekstrarverkefni er hins vegar háð sérstöku leyfi ráðherra hverju sinni.

*VIII. Ýmis ákvæði.*

Í kaflanum eru eins og heiti hans ber með sér tekin upp ýmis ákvæði sem ekki eiga samkvæmt efni sínu heima í framangreindum köflum frumvarpsins. Er hér um að ræða ákvæði um skiptingu stofnkostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna hjúkrunarheimila, gjaldtökuheimildir ráðherra vegna heilbrigðisþjónustu, ákvæði um stöðunefnd lækna og framkvæmdastjóra hjúkrunar, almenna reglugerðarheimild ráðherra, gildistökuákvæði og loks ákvæði sem mælir fyrir um breytingar á öðrum lögum sem gera þarf samhliða lögfestingu frumvarpsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að lögin taki til skipulags heilbrigðisþjónustu og að markmið þeirra sé að stuðla að gæðum og hagkvæmni þjónustunnar, þannig að unnt sé að ná því markmiði laganna að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Um inntak þessa réttar er vísað til laga um almannatryggingar og laga um réttindi sjúklinga, og annarra laga eftir því sem við á. Framangreind markmiðslýsing er annars að mestu samhljóða markmiðslýsingu 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga en þar segir: „Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.“ Ákvæði þessa efnis var fyrst lögfest með lögum nr. 56/1973, um heilbrigðisþjónustu, en í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til þeirra laga kom fram að hér væri um að ræða stefnuyfirlýsingu þess eðlis að landsbúar allir skyldu eiga kost á eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og kostur væri að veita á hverjum tíma. Kemur þar jafnframt fram að markmiðslýsingin sé í samræmi við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á heilbrigði. Framangreind markmiðslýsing er samkvæmt orðalagi sínu ákaflega metnaðarfull og til þess fallin að stuðla að framþróun heilbrigðisþjónustunnar hér á landi. Þannig er ljóst að heilbrigðisyfirvöldum ber að hafa þetta markmið að leiðarljósi við framkvæmd laganna. Á hinn bóginn er rétt að taka það fram að ákvæðið er ekki þess eðlis

að menn geti byggt á því sjálfstæðan rétt til heilbrigðisþjónustu af tilteknu tagi heldur er ákvæðið fyrst og fremst markmiðslýsing sem líta ber til við framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu og til fyllingar við skýringu einstakra ákvæða laganna og annarra laga sem veita beinan rétt til heilbrigðisþjónustu samkvæmt efni sínu. Í þessu sambandi verður jafnframt að hafa í huga að möguleikar heilbrigðisyfirvalda til að vinna að framangreindu markmiði eru ávallt að stórum hluta háðir fjárveitingum til málaflokksins samkvæmt ákvörðunum löggjafans í fjárlögum hverju sinni en heilbrigðisyfirvöld hafa, eins og önnur stjórnvöld landsins, á hverjum tíma skyldu til að gæta þess að kostnaður við veitingu þjónustu sé innan þess fjárlagaramma sem þar er markaður.

Um 2. gr.

Samkvæmt ákvæðinu fer ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála með yfirstjórn heilbrigðismála svo sem nánar er kveðið á um í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins markar ráðherra stefnu um heilbrigðisþjónustu innan ramma laganna. Jafnframt er honum veitt heimild til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni. Ákvæðið ber að skoða í samhengi við ákvæði VII. kafla þar sem fjallað er um samninga um heilbrigðisþjónustu. Umrætt ákvæði 1. mgr. er að nokkru byggt á ákvæði 3. mgr. 42. gr. gildandi laga um heilbrigðisþjónustu en er víðtækara að því leyti að nú er ekki einungis tekið fram að ráðherra marki stefnu um forgangsröðun verkefna innan heilbrigðisþjónustunnar heldur skal hann marka stefnu um heilbrigðisþjónustu almennt og er honum heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni. Miða þessara breytingar að því að styrkja stefnumótunarhlutverk ráðherra og heimildir hans til að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd.

Framangreint ákvæði 3. mgr. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu var lögfest með lögum nr. 154/2001, en í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga sagði m.a.:

„Nauðsynlegt er að tryggja að heilbrigðisyfirvöld geti stýrt því hve mikla heilbrigðisþjónustu af tiltekinni tegund þau vilja kaupa, fyrir hvaða verð og hvar slík heilbrigðisþjónusta skuli veitt. Mikilvægt er að fagleg rök og hagkvæmni ráði því hvar þjónusta er veitt en ekki ákvarðanir einstakra heilbrigðisstarfsmanna eða hópa. Sama gildir í þeim tilvikum sem sérhæfð starfsemi er þess eðlis að heppilegra er að hún fari fram á sjúkrahúsum eða hagkvæmara að hún sé á einum stað. Loks er nauðsynlegt vegna kennslu- og fræðahlutverks sjúkrahúsa að þar fari fram sem allra fjölbreyttust starfsemi. Ráðherra þarf því, með vísan til framangreinds, að geta hafnað greiðsluþátttöku í þjónustu sem fer í bága við framangreind markmið.“

Tilgangur ákvæðisins hefur ekki breyst að þessu leyti en hann er eins og áður segir að veita ráðherra nauðsynlegar valdheimildir svo honum sé unnt að stýra heilbrigðiskerfinu og skipuleggja það innan ramma laganna og ákveða hvort og þá í hvaða mæli tiltekin heilbrigðisþjónusta sé veitt með greiðsluþátttöku ríkisins, hvar hún sé veitt og af hverjum.

Í 2. mgr. kemur fram að ráðherra skuli haga stefnumótun sinni um skipulag heilbrigðisþjónustu á þann veg að heilbrigðisþjónusta sé ávallt veitt á viðeigandi þjónustustigi og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Ákvæðið leggur þá skyldu á ráðherra að haga stefnumörkun sinni skv. 1. mgr. með tilliti til þessara sjónarmiða. Það hlýtur

ávallt að vera hagfelldast, bæði með tilliti til kostnaðar og gæða, að heilbrigðisþjónusta sé veitt á viðeigandi þjónustustigi. Í samræmi við það hefur það verið stefna heilbrigðisyfirvalda til margra ára að byggja upp heilsugæsluþjónustu í landinu enda er litið svo á að heilsugæslulæknar séu almennt hæfastir til að leggja mat á það, þegar sjúklingur leitar sér heilbrigðisþjónustu vegna óskilgreinds sjúkdóms eða meins í fyrsta skiptið, á hvaða þjónustustigi rétt sé að meðhöndla hann og leiðbeina honum í því sambandi. Í þessu ljósi verður það að teljast eðlilegt markmið laga um heilbrigðisþjónustu að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Þá hefur mikið starf verið unnið í uppbyggingu heilsugæslunnar á undanförnum árum og sýna athuganir sem landlæknir hefur gert að einstökum heilsugæslustöðvum gangi almennt vel að anna eftirspurn og að biðtími sjúklinga sé að jafnaði innan marka sem telja má viðunandi. Með áframhaldandi uppbyggingu heilsugæslunnar er því ekki óraunhæft að ætla að unnt sé að auka hlutverk hennar í framtíðinni.

Um 4. gr.

Hér er að finna skilgreiningar á þeim meginhugtökum sem notuð eru í frumvarpinu. Flest þessara hugtaka hafa ekki verið skilgreind áður í lögum.

Í 1. tölul. er *heilbrigðisþjónusta* skilgreind sem hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma eða endurhæfa sjúklinga. Skilgreiningin er eins og sjá má afar víðtæk en er þó ætlað að marka tiltekinn ramma um það hvaða þjónusta teljist heilbrigðisþjónusta í skilningi laganna.

Í 2. tölul. er *almenn heilbrigðisþjónusta* skilgreind sem heilsugæsluþjónusta, þjónusta og hjúkrun á hjúkrunarheimilum og í hjúkrunarrýmum stofnana og almenn sjúkrahúsþjónusta. Með hugtakinu er afmörkuð sú heilbrigðisþjónusta sem skylt er að veita í hverju heilbrigðisumdæmi, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Í skilgreiningunni eru notuð hugtök sem jafnframt eru skilgreind í ákvæðinu, þ.e. heilsugæsluþjónusta, hjúkrunarrými og almenn sjúkrahúsþjónusta, og ber að líta til þeirra skilgreininga við afmörkun á efnisinntaki hugtaksins.

Í 3. tölul. er *sérhæfð heilbrigðisþjónusta* skilgreind sem heilbrigðisþjónusta sem ekki fellur undir almenna heilbrigðisþjónustu, skv. 2. tölul. Skilgreiningin er þannig neikvæð og vísar í raun til allrar heilbrigðisþjónustu, sbr. 1. tölul., sem ekki telst almenn heilbrigðisþjónusta.

Í 4. tölul. er *heilsugæsluþjónusta* skilgreind sem almennar lækningar, hjúkrun, heilsuvernd, forvarnir, bráða- og slysamóttaka og önnur heilbrigðisþjónusta, sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva. Eins og sjá má er orðalag þessarar skilgreiningar nokkuð vítt enda er henni ekki ætlað að mæla nákvæmlega fyrir um það hvaða heilbrigðisþjónusta skuli veitt á heilsugæslustöðvum heldur gerir frumvarpið ráð fyrir því að ráðherra kveði nánar á um það í reglugerð, sbr. 3. mgr. 17. gr. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að stjórnendur viðkomandi heilbrigðisstofnunar hafi nokkurt svigrúm til að ákveða hvaða þjónusta skuli veitt á heilsugæslustöð umfram þá lágmarksþjónustu sem kveðið er á um í reglugerð. Loks er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að heilsugæsluþjónusta geti verið veitt annars staðar en á heilsugæslustöðvum á grundvelli samninga, sbr. VII. kafla laganna. Þar gæti t.d. verið um að ræða samninga heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmum við aðra heilbrigðisstofnun, sveitarfélag eða sjálfstætt starfandi heimilislækna eða aðra heilbrigðisstarfsmenn um að veita heilsugæsluþjónustu. Einnig gæti verið um að ræða samninga ráðherra, t.d. við sveitarfélög eða sjálfstætt starfandi heimilislækna.

Í 5. tölul. er *almenn sjúkrahúsþjónusta* skilgreind sem almennar lyflækningar, hjúkrun, slysamóttaka, endurhæfing og nauðsynleg stoðdeildarþjónusta. Með skilgreiningunni er

markaður rammi um þá grunnþjónustu sem umdæmissjúkrahúsum, sem verða hluti af heilbrigðisstofnunum umdæma, er ætlað að veita.

Í 6. tölul. er *sérhæfð sjúkrahúsþjónusta* skilgreind sem sjúkrahúsþjónusta sem ekki fellur undir almenna sjúkrahúsþjónustu. Skilgreiningin er með öðrum orðum neikvæð í þeim skilningi að öll sjúkrahúsþjónusta sem ekki telst almenn sjúkrahúsþjónusta skv. 5. tölul. fellur hér undir.

Í 7. tölul. er hugtakið *heilbrigðisstarfsmaður* skilgreint sem einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar. Um löggildingu heilbrigðisstétta fer samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, og ákvæðum sérlaga um einstakar heilbrigðisstéttir, t.d. læknalaga.

Í 8. tölul. er *heilbrigðisstofnun* skilgreind sem stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt. Tekur hugtakið þannig til allra stofnana sem veita heilbrigðisþjónustu án tillits til þess hver rekur hana eða rekstrarforms þeirra. Skýra ber hugtakið þannig að það taki til stofnana sem veita einstaklingum heilbrigðisþjónustu. Stofnanir eins og embætti landlæknis, Tryggingastofnun ríkisins, Lýðheilsustöð og Geislavarnir ríkisins falla því ekki hér undir en um starfsemi þessara stofnana gilda ákvæði sérlaga. Þá er hugtakinu heilbrigðisstofnun ekki ætlað að taka til lyfjabúða, en um starfsemi þeirra fer samkvæmt lyfjalögum. Loks ber að afmarka hugtakið heilbrigðisstofnun í frumvarpinu með hliðsjón af skilgreiningu á hugtakinu „starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna“ í 12. tölul.

Í 9. tölul. er *hjúkrunarrými* skilgreint sem rými á hjúkrunarheimili eða sjúkrahúsi þar sem hjúkrað er þeim sem þarfnast umönnunar og meðferðar sem hægt er að veita utan sjúkrahúsa. Hugtakið hjúkrunarrými tekur ekki til sjúkrarýma þar sem veitt er hjúkrun í tengslum við sjúkrahúsmeðferð. Meginákvæði laga um hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými og þá þjónustu sem þar er veitt er hins vegar að finna í lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, sbr. 16. gr. frumvarpsins.

Í 10. tölul. er *háskólasjúkrahús* skilgreint sem sjúkrahús sem veitir þjónustu í nær öllum viðurkenndum sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði, með áherslu á rannsóknir, þróun og kennslu, er í nánu samstarfi við háskóla þar sem stunduð er kennsla og rannsóknir í læknisfræði og flestum öðrum greinum heilbrigðisvísinda, þar sem starfsmenn sjúkrahússins, sem uppfylla tilteknar hæfiskröfur háskóla, gegna störfum bæði á sjúkrahúsinu og við háskólann eða hafa önnur starfstengsl við háskólann og þar sem meðferð sjúklinga, kennsla og rannsóknir eru samþætt í daglegum störfum á sjúkrahúsinu. Í skilgreiningunni eru tilgreind almenn skilyrði þess að sjúkrahús geti talist háskólasjúkrahús. Ljóst er að Landspítali er nú eina sjúkrahúsið hér á landi sem uppfyllir þessi skilyrði.

Í 11. tölul. er *kennslusjúkrahús* skilgreint sem sjúkrahús sem veitir þjónustu í helstu sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði og hefur tengsl við háskóla þar sem stunduð er kennsla og rannsóknir í læknisfræði og fleiri greinum heilbrigðisvísinda og starfsmenn sjúkrahússins, sem sinna kennslu og rannsóknum, starfa náið með þeim háskóladeildum er sjúkrahúsinu tengjast. Eins og skilgreiningin ber með sér eru ekki gerðar eins ríkar kröfur til kennslusjúkrahúsa og gerðar eru til háskólasjúkrahúsa. Að frátöldum Landspítala er Sjúkrahúsið á Akureyri, sbr. 21. gr., eina sjúkrahúsið á landinu sem nú uppfyllir framangreind skilyrði til að geta talist kennslusjúkrahús.

Í 12. tölul. eru *starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna* skilgreindar sem starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins. Er hugtakinu ætlað að taka til starfsstöðva heilbrigðisstarfsmanna utan stofnana þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt hvort sem það er með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra skuli kveða á um skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi með reglugerð. Þá er kveðið á um að heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í hverju umdæmi skuli hafa með sér samstarf um skipulag heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Loks er kveðið á um að ráðherra geti ákveðið sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæmis með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Heimild ráðherra til að sameina heilbrigðisstofnanir með reglugerð kom fyrst inn í lög um heilbrigðisþjónustu með lögum nr. 140/1996 og var þá kveðið á um samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Ákvæði um slíkt samráð var hins vegar fellt úr lögunum með lögum nr. 78/2003 en um þá breytingu sagði svo í athugasemdum við frumvarpið:

„Í 2. mgr. 24. gr. laganna er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið slíka sameiningu án samráðs og er það talið eðlilegt í ljósi samkomulags um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga en þar er gert ráð fyrir að ríkið beri kostnað af sjúkrastofnunum að öllu leyti.“

Hér lagt til að ákvæði um samráð við sveitarfélög verði tekið aftur inn í lögin, enda er mikilvægt að breytingar á skipulagi heilbrigðisþjónustu séu gerðar að höfðu samráði við heimamenn og hefur sú verið raunin við þær sameiningar sem þegar hafa farið fram.

Í 2. mgr. kemur fram að þrátt fyrir skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi skuli sjúklingar jafnan eiga rétt á að leita til þeirrar heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni. Samkvæmt ákvæðinu er það tryggt að skipting landsins í heilbrigðisumdæmi takmarkar ekki rétt sjúklinga til að fá heilbrigðisþjónustu utan þess heilbrigðisumdæmis þar sem þeir búa.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er vikið almennt að skipulagi almennrar heilbrigðisþjónustu samkvæmt frumvarpinu en um þjónustuna er nánar fjallað í IV. kafla frumvarpsins.

Í 1. mgr. kemur fram að í hverju heilbrigðisumdæmi skuli starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um starfsemi heilbrigðisstofnana í hverju umdæmi og þá heilbrigðisþjónustu sem þar ber að veita.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skipulag sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu. Gert er ráð fyrir því að sérhæfð sjúkrahúsþjónusta verði aðallega veitt á tveimur sjúkrahúsum á landinu, Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Áfram er þó gert ráð fyrir því að sérhæfð sjúkrahúsþjónusta á einstökum sviðum verði veitt á öðrum sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum samkvæmt ákvörðun ráðherra eða samningum sem gerðir hafa verið í samræmi við ákvæði VII. kafla frumvarpsins. Sérstök heimild er jafnframt í VII. kafla til handa Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri til að semja við aðrar heilbrigðisstofnanir um að tiltekinn hluti þeirrar sérhæfðu sjúkrahúsþjónustu sem sérhæfðu sjúkrahúsunum er ætlað að veita verði veittur á viðkomandi heilbrigðisstofnunum.

Þá er gert ráð fyrir að önnur sérhæfð heilbrigðisþjónusta verði veitt á sérhæfðum heilbrigðisstofnunum eins og þær eru skilgreindar í 22. gr. frumvarpsins og öðrum heilbrigðisstofnunum, þá einkum heilbrigðisstofnunum umdæma, samkvæmt ákvörðun ráðherra eða á grundvelli samninga samkvæmt VII. kafla frumvarpsins.

Loks er gert ráð fyrir að sérhæfð heilbrigðisþjónusta sé veitt á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, eftir atvikum með greiðsluþátttöku ríkisins eftir því sem um er samið á hverjum tíma.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er tekið fram að ákvæði III. kafla um stjórn heilbrigðisstofnana eigi einvörðungu við um heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af ríkinu. Ekki þykir ástæða til að binda hendur einkaaðila og félagasamtaka að þessu leyti umfram það sem gildir um ólíkar tegundir rekstrarforma almennt.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um forstjóra heilbrigðisstofnana og skipun þeirra. Samkvæmt núgildandi lögum eru forstöðumenn heilbrigðisstofnana, sbr. lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ýmist nefndir framkvæmdastjórar eða forstjórar. Þá er starfsheitið framkvæmdastjóri einnig notað um millistjórnendur á heilbrigðisstofnunum, svo sem framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar. Því er lagt til að starfsheiti forstöðumanna heilbrigðisstofnana verði samræmt og þeir nefndir forstjórar. Forstjórar skulu skipaðir af ráðherra og eru þeir æðstu yfirmenn hverrar stofnunar. Einungis þeir sem metnir hafa verið hæfir af sérstakri matsnefnd sem kveðið er á um í ákvæðinu verða skipaðir til að gegna stöðu forstjóra. Samkvæmt ákvæðinu skulu fulltrúar í nefndinni hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Ákvæðið er að þessu leyti óbreytt frá gildandi lögum fyrir utan að lagt er til að bætt verði við áskilnaði um þekkingu á heilbrigðisþjónustu. Ráðherra ber því að sjá til þess að innan nefndarinnar sé þekking á öllum þessum sviðum. Hins vegar er ekki gerð krafa um að hver einstakur nefndarmaður hafi þekkingu á öllum sviðunum. Ekki er lagt til að kröfur um tiltekna menntun eða reynslu forstjóra verði lögbundnar, hins vegar gefur ákvæði um þekkingu fulltrúa í matsnefndinni ákveðna vísbendingu um að horft skuli til þessara þátta við mat á hæfi umsækjenda um stöðu forstjóra. Um kröfur til að gegna stöðu landlæknis fer hins vegar samkvæmt lögum um landlækni.

Í 3. mgr. kemur fram að ráðherra setji forstjóra erindisbréf.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um þá ábyrgð og skyldur sem á forstjóra hvíla en ákvæðið er sniðið að sambærilegum ákvæðum starfsmannalaga, nr. 70/1996. Samkvæmt ákvæðinu ber forstjóri bæði ábyrgð á þjónustu og rekstri stofnunarinnar gagnvart ráðherra og getur þurft að sæta ábyrgð samkvæmt starfsmannalögum ef þjónusta og rekstur er ekki í samræmi við ákvæði laga, stjórnvaldsákvæða og erindisbréfs. Faglegir stjórnendur bera síðan ábyrgð gagnvart forstjóra á þjónustu stofnunar hver á sínu sviði eða í sinni sérgrein, allt í samræmi við stöðu sína í skipuriti stofnunarinnar, sbr. 10. gr.

Í 5. mgr. er tiltekið að forstjóri ráði annað starfslið heilbrigðisstofnana og er það óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að fellt er niður núgildandi ákvæði þess efnis að ráðherra ráði meðlimi framkvæmdastjórnar Landspítala, sbr. 1. mgr. 30. gr. núgildandi laga um heilbrigðisþjónustu. Þá er í málsgreininni veitt heimild til að ráða starfsmenn sem gegna stjórnunarstöðum tímabundið til allt að fimm ára. Er hér um að ræða frávik frá almennri reglu starfsmannalaganna en samkvæmt henni er óheimilt að gera tímabundna ráðningarsamninga við ríkisstarfsmenn lengur en í tvö ár. Ástæður fyrir þessari tillögu eru annars

vegar þörf Landspítala til að ráða yfirmenn á spítalann, sem jafnframt hafa á hendi starf kennara við Háskóla Íslands, tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára en í slíkum tilvikum getur mismunandi form ráðningar, þar sem ráðið er tímabundið í kennarastarfið en ótímabundið í yfirmannsstarfið, valdið vandkvæðum. Hins vegar er almennt talið að heppilegt geti verið að heimilt sé að skipta reglulega um stjórnendur á einstökum sviðum innan heilbrigðisstofnana, m.a. til að tryggja endurnýjun og framþróun í faglegu starfi innan viðkomandi stofnunar. Gert er ráð fyrir að leitast verði við að tryggja að starfsmenn sem taka að sér að gegna störfum yfirmanna tímabundið getið snúið aftur til fyrri starfa að því loknu. Rétt er að taka fram að þetta ákvæði felur ekki í sér undantekningu frá ákvæðum starfsmannalaga um skyldu til að auglýsa laus störf hjá ríkinu, né ákvæðum 34. og 35. gr. frumvarpsins um hæfnismat við ráðningu í stjórnunarstöður.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um að framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar beri faglega ábyrgð á þjónustu stofnunarinnar gagnvart forstjóra. Jafnframt er kveðið á um að faglegir stjórnendur helstu fagsviða heilbrigðisstofnunar beri faglega ábyrgð, gagnvart næsta yfirmanni, á þeirri þjónustu sem undir þá heyrir. Um ábyrgð fyrrgreindra yfirmanna á öðrum þáttum, svo sem starfsmannamálum og rekstri, fer samkvæmt skipuriti og starfslýsingum.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að forstjóri skuli gera tillögur um skipurit viðkomandi stofnunar í samráði við framkvæmdastjórn og að það skuli lagt fyrir ráðherra til staðfestingar. Er það því verkefni forstjóra og framkvæmdastjórna á hverri heilbrigðisstofnun að skipuleggja starfsemi hennar að því leyti sem ekki er mælt fyrir um hana í lögum. Við staðfestingu á skipuriti stofnunar ber ráðherra fyrst og fremst að sannreyna hvort skipulagið sé í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og eftir atvikum erindisbréf sem hann hefur sett forstjóra. Þá er eðlilegt að ráðherra gæti þess við staðfestingu skipurita að samræmi sé á milli skipurita heilbrigðisstofnana með svipaða starfsemi, að stöðuheiti séu samræmd milli stofnana og að tekið sé tillit til ólíkra heilbrigðisstétta með hliðsjón af vægi þeirra innan viðkomandi heilbrigðisstofnunar, m.a. við skipan í framkvæmdastjórn og stjórnun að öðru leyti.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana, skipun þeirra, verkefni o.fl. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórnir verði skipaðar á öllum heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu. Samkvæmt ákvæðinu skulu framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar á heilbrigðisstofnun eiga sæti í framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Þetta á þó eðli málsins samkvæmt ekki við á þeim heilbrigðisstofnunum þar sem ekki eru slíkir faglegir yfirmenn, svo sem á stofnunum þar sem enginn læknir eða hjúkrunarfræðingur er í fullu starfi. Þar sem ekki er framkvæmdastjóri lækninga eða framkvæmdastjóri hjúkrunar skulu aðrir faglegir yfirmenn á viðkomandi stofnun skipa framkvæmdastjórn eftir því sem mælt er fyrir um í skipuriti stofnunarinnar og bera þeir þá faglega ábyrgð gagnvart forstjóra á þeirri þjónustu sem undir þá heyrir. Gert er ráð fyrir því að stjórnarmenn séu að lágmarki þrír en geti verið fleiri ef mælt er fyrir um það í skipuriti viðkomandi stofnunar. Þar gæti verið um að ræða aðra faglega stjórnendur en lækna og hjúkrunarfræðinga eða aðra stjórnendur, svo sem fjármálastjóra, eða starfsmannastjóra.

Ekki er gert ráð fyrir því hér, frekar en í gildandi lögum, að framkvæmdastjórn heilbrigðisstofnunar hafi ákvörðunarvald í málefnum stofnunarinnar heldur er henni fyrst og

fremst ætlað að vera forstjóra til ráðgjafar og skal hann hafa samráð við hana um allar mikilvægar ákvarðanir varðandi þjónustu og rekstur stofnunarinnar. Auk þess er það hlutverk framkvæmdastjórna að boða til upplýsinga- og samráðsfunda með starfsmönnum stofnunarinnar þegar þess gerist þörf, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Loks er í 4. mgr. ákvæði um skyldu framkvæmdastjórna heilbrigðisstofnana í umdæmum og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að leitast við að upplýsa sveitarstjórnir á starfssvæði viðkomandi stofnunar um starfsemi hennar og hafa samráð við þær eftir þörfum.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um starfsemi fagráðs, læknaráðs og hjúkrunarráðs innan heilbrigðisstofnana.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um starfsemi fagráðs heilbrigðisstarfsmanna innan heilbrigðisstofnunar. Sé fagráð starfandi á heilbrigðisstofnun skal það vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri stofnunarinnar og ber þeim jafnframt að leita álits fagráðs eftir því sem við á um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar. Eins og fram er komið er hér um nýmæli að ræða sem hefur það að markmiði að tryggja að allar stéttir heilbrigðisstarfsmanna hafi sömu möguleika á að koma að mikilvægum ákvörðunum er varða þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er á stofnun. Þá er það jafnframt markmið ákvæðisins að skapa vettvang fyrir umræðu, samráð og samvinnu milli heilbrigðisstétta og að til verði aðili innan heilbrigðisstofnana sem veitt getur forstjóra og framkvæmdastjórn þverfaglega ráðgjöf og álit um fagleg málefni stofnunarinnar. Ákvæðið felur, með sama hætti og á við um læknaráð og hjúkrunarráð, einungis í sér heimild til starfrækslu fagráðs en gert er ráð fyrir því að það sé komið undir ákvörðun heilbrigðisstarfsmannanna sjálfra hvort fagráð sé starfrækt á stofnun.

Í 2. mgr. er kveðið á um starfsemi læknaráðs innan heilbrigðisstofnana. Eins og fram er komið eiga læknaráð heilbrigðisstofnana sér langa sögu og ríka hefð, einkum á stærri heilbrigðisstofnunum. Samkvæmt gildandi lögum skal starfrækja læknaráð á öllum heilsugæslustöðvum þar sem tveir eða fleiri læknar starfa og á öllum sjúkrahúsum þar sem þrír læknar eða fleiri starfa. Lagt er til að framangreind skylda til starfrækslu læknaráða verði felld niður, en ákvörðun um það hvort læknaráð sé starfrækt innan stofnunar sé í höndum þeirra lækna sem þar starfa. Ekki eru hins vegar gerðar tillögur um neinar grundvallarbreytingar á hlutverki læknaráðs innan heilbrigðisstofnunar. Þannig er áfram gert ráð fyrir því að læknaráð skuli vera forstjóra og framkvæmdastjórn viðkomandi heilbrigðisstofnunar til ráðuneytis um læknisfræðileg atriði sem upp koma í rekstri stofnunarinnar og að forstjóra og framkvæmdastjórn sé skylt til að leita álits læknaráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða læknisþjónustu stofnunarinnar. Í 1. mgr. 32. gr. gildandi laga um heilbrigðisþjónustu segir að stjórnendum beri að leita álits læknaráðs um allt sem varðar læknisþjónustu sjúkrahússins. Samkvæmt orðanna hljóðan er því skylt að leita álits læknaráðs um öll atriði, jafnvel hin smæstu, sem varða læknisþjónustu. Slíkt fyrirkomulag getur varla talist raunhæft eða skynsamlegt og er því lagt til að skylda til að leita álits læknaráðs nái einungis til mikilvægra ákvarðana sem varða læknisþjónustu stofnunarinnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um starfsemi hjúkrunarráða innan heilbrigðisstofnana. Ekki eru ákvæði um hjúkrunarráð í gildandi lögum, en slík ráð hafa þó um skeið verið starfandi á stærri heilbrigðisstofnunum. Þykir því rétt að kveða á um starfsemi hjúkrunarráða í lögum um heilbrigðisþjónustu með sama hætti og gert er varðandi læknaráð. Skyldur hjúkrunarráða gagnvart stjórnendum sem og skyldur stjórnenda gagnvart þeim eru afmarkaðar með sama hætti og gert er varðandi læknaráð.

Í 4. mgr. kemur fram að með samþykki meiri hluta lækna og meiri hluta hjúkrunarfræðinga á stofnun sé heimilt að fella starfsemi læknaráðs skv. 2. mgr. og starfsemi hjúkrunarráðs skv. 3. mgr. undir fagráð.

Gert er ráð fyrir því að fagráð, læknaráð og hjúkrunarráð setji sér starfsreglur og skulu þær staðfestar af forstjóra.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að í hverju heilbrigðisumdæmi skuli starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem hafi með höndum starfrækslu heilsugæslustöðva og umdæmissjúkrahúsa sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Þá er í ákvæðinu tekið fram að þessar heilbrigðisstofnanir skuli taka að sér kennslu heilbrigðisstétta á grundvelli samninga við kennslustofnanir, kennslusjúkrahús og háskólasjúkrahús.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Með sama hætti og á við um aðrar heilbrigðisstofnanir í umdæmum, sbr. 14. gr., er sú skylda lögð á stofnunina að hún taki að sér kennslu heilbrigðisstétta á grundvelli samninga við háskóla og aðrar menntastofnanir, kennslusjúkrahús og háskólasjúkrahús. Einnig er kveðið á um að stofnunin skuli stunda vísindarannsóknir á sviði heilsugæslu.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um veitingu þjónustu við hjúkrunarsjúklinga á stofnunum. Gerir frumvarpið ráð fyrir að slík þjónusta verði veitt í hjúkrunarrýmum umdæmissjúkrahúsa, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins, og á hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum dvalarheimila í samræmi við ákvæði laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Meginákvæði laga er varða hjúkrun á stofnunum er að finna í lögum um málefni aldraðra, en þau taka samkvæmt efni sínu einungis til þjónustu sem veitt er einstaklingum 67 ára og eldri. Í frumvarpinu er hins vegar ekki, frekar en á við um aðra þjóðfélagshópa, vikið sérstaklega að veitingu heilbrigðisþjónustu til aldraðra. Byggist það á því sjónarmiði að hver þjóðfélagshópur og hver einstaklingur eigi einfaldlega að eiga kost á þeirri heilbrigðisþjónustu sem honum er nauðsynleg og að þjónusta sem veitt er innan hins opinbera heilbrigðisþjónustukerfis eigi að standa öllum sjúkratryggðum, sem hafa þörf fyrir hana, til boða án tillits til almennra atriða eins og aldurs. Á grundvelli þessa er í 1. tölul. 38. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 14. gr. laga um málefni aldraðra sem fjallar um hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum. Felur breytingin í sér að heimilt verði að vista einstaklinga yngri en 67 ára á hjúkrunarheimilum og í hjúkrunarrýmum heilbrigðisstofnana og öldrunarstofnana enda hafi þeir verið metnir í þörf fyrir vistun skv. 15. gr. þeirra laga. Að öðru leyti eru ekki lagðar til breytingar á lagaákvæðum sem varða veitingu hjúkrunarþjónustu á stofnunum samkvæmt lögum um málefni aldraðra. Tekur ákvæðið sem hér er rætt um mið af þessari breytingu á lögum um málefni aldraðra.

Um 17. gr.

Hér er kveðið á um starfsemi heilsugæslustöðva. Á heilsugæslustöðvum skal veita heilsugæsluþjónustu eins og hún er skilgreind í 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Skal ráðherra kveða nánar á um starfsemi heilsugæslustöðva og þá þjónustu sem þeim ber að veita með reglugerð. Eins og áður segir er orðalag í skilgreiningu hugtaksins heilsugæsluþjónusta nokkuð víðtækt og gerir frumvarpið ráð fyrir því að nánar verði mælt fyrir um það í reglugerð hvaða þjónusta

skuli almennt veitt á heilsugæslustöðvum en ráðherra er jafnframt heimilt að ákveða að tiltekin sérhæfð heilbrigðisþjónusta skuli veitt á einstökum heilsugæslustöðvum, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Í þeim tilvikum þar sem heilsugæslustöð er hluti stærri stofnunar gerir frumvarpið ráð fyrir að á heilsugæslustöðvum sé starfandi yfirlæknir og yfirhjúkrunarfræðingur sem fari með faglega stjórn stöðvarinnar hvor á sínu sviði undir yfirstjórn forstjóra og framkvæmdastjórnar viðkomandi stofnunar. Er sú skylda lögð á forstjóra og framkvæmdastjórn í ákvæðinu að haft sé samráð við þessa faglegu stjórnendur þegar sérmál einstakra heilsugæslustöðva innan stofnunarinnar eru til ákvörðunar.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um starfsemi umdæmissjúkrahúsa. Á umdæmissjúkrahúsum skal veita almenna sjúkrahúsþjónustu eins og hún er skilgreind í 5. tölul. 4. gr. frumvarpsins. Skal þjónustan veitt á legudeildum og göngu- og dagdeildum eftir því sem við á og hagkvæmast er. Auk þess er kveðið á um það í greininni að í tengslum við umdæmissjúkrahús skuli að jafnaði vera hjúkrunarrými, sbr. skilgreiningu í 9. tölul. 4. gr. frumvarpsins. Þá er tekið fram í ákvæðinu að á umdæmissjúkrahúsum skuli að jafnaði vera fæðingarhjálp, séu faglegar kröfur uppfylltar, og eftir atvikum önnur þjónusta sem viðkomandi sjúkrahúsi hefur verið falið að veita eða samið hefur verið um samkvæmt ákvæðum VII. kafla. Þar sem fjarlægðir eru miklar eða samgöngur erfiðar af öðrum ástæðum geta verið fleiri en eitt sjúkrahús í sama heilbrigðisumdæmi og þar getur eftir atvikum verið fæðingarhjálp og önnur sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, enda séu faglegar kröfur uppfylltar. Samkvæmt þessu getur verið um að ræða sérhæfða sjúkrahúsþjónustu á umdæmissjúkrahúsum, annaðhvort samkvæmt ákvörðun ráðherra eða samkvæmt samningi við Landspítala eða Sjúkrahúsið á Akureyri, sbr. 3. mgr. 30. gr. frumvarpsins.

Lögð er áhersla á að á heilbrigðisstofnunum sem veita bæði almenna sjúkrahúsþjónustu og heilsugæsluþjónustu skuli starfsemi vera samtvinnuð og starfsmenn ráðnir til að sinna báðum þáttum eftir því sem við á. Tilgangur þessa er auka samfellu í þjónustu og öryggi sjúklinga, m.a. með því að gera starfsmönnum heilsugæslu kleift að fylgja sjúklingum sínum eftir meðan á sjúkrahúsvist stendur í samræmi við þarfir sjúklingsins.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um starfsemi umdæmissjúkrahúsa og þá þjónustu sem þar er veitt.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um veitendur sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt frumvarpinu má skipta veitendum sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu í fimm flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða stóru sérhæfðu sjúkrahúsin, þ.e. Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri, en fjallað er sérstaklega um starfsemi þeirra í 20. og 21. gr. Í öðru lagi er um að ræða sérhæfðar heilbrigðisstofnanir, en um slíkar stofnanir er almennt fjallað í 22. gr. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir því að unnt sé að veita sérhæfða heilbrigðisþjónustu innan heilbrigðisstofnana umdæma, bæði á umdæmissjúkrahúsum og á heilsugæslustöðvum, samkvæmt ákvörðun ráðherra eða á grundvelli samninga sem gerðir eru við stofnanirnar samkvæmt ákvæðum VII. kafla eða á milli einstakra stofnana og Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að sérhæfð heilbrigðisþjónusta verði veitt af sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum á starfsstofum þeirra í samræmi við samninga sem gerðir eru við þá samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna. Í fimmta og síðasta lagi er sér-

hæfð heilbrigðisþjónusta veitt á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna utan samninga, þ.e. án greiðsluþátttöku ríkisins, sbr. t.d. þjónustu tannlækna.

Um 20. gr.

Í þessari grein er kveðið á um starfsemi Landspítala og hann skilgreindur í samræmi við stöðu sína í heilbrigðiskerfinu sem aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús.

Við sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík árið 2000 þótti ástæða til að undirstrika sérstaklega hlutverk spítalans sem háskólasjúkrahúss með því að taka hugtakið háskólasjúkrahús upp í heiti spítalans og hefur spítalinn frá þeim tíma borið heitið Landspítali – háskólasjúkrahús. Hefur sú nafngift þjónað því hlutverki að festa í sessi stöðu spítalans sem háskólasjúkrahúss. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að þetta heiti er óþjált í notkun og ekki fer vel á því að í nafni spítalans sé hann bæði nefndur sjúkrahús og spítali. Heiti spítalans er því gjarnan skammstafað sem LSH eða hann einfaldlega nefndur Landspítali, sem lýsir vel stöðu hans sem spítala allra landsmanna. Af þeim sökum þykir nú rétt að fella viðskeytið háskólasjúkrahús brott úr heiti spítalans og nefna hinn sameinaða spítala einfaldlega Landspítala en það heiti á sér langa sögu og verður að teljast mjög rótgróið í hugum manna. Rétt er að það komi skýrt fram að með þessu er ekki með neinum hætti verið að draga úr hlutverki eða vægi spítalans sem háskólasjúkrahúss, en það er og verður eitt af hans meginhlutverkum að sinna þeim skyldum sem í því eru fólgnar og tilgreindar eru í ákvæðinu og í skilgreiningu hugtaksins háskólasjúkrahús, sbr. 10. tölul. 4. gr. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að spítalinn bæti viðskeytinu háskólasjúkrahús við heiti hans þegar sérstök ástæða er talin til, þótt opinbera heitið verði Landspítali. Loks er eðlilegt að það komi fram í heiti spítalans á erlendum málum að hann sé háskólaspítali. Þannig verði enska heitið áfram: „Landspítali – University Hospital.“

Landspítali veitir sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, m.a. á göngu- og dagdeildum, fyrir alla landsmenn og almenna sjúkrahúsþjónustu fyrir íbúa heilbrigðisumdæmis höfuðborgarsvæðisins. Hlutverk spítalans er nánar tilgreint í fimm töluliðum í ákvæðinu en þar kemur m.a. fram að spítalanum beri að veita sérfræðiþjónustu í nær öllum viðurkenndum greinum læknisfræði og hjúkrunarfræði sem stundaðar eru hér á landi með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknadeildum. Þessi krafa er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í skilgreiningu 10. tölul. 4. gr. á háskólasjúkrahúsi. Ákvæðið felur í sér lágmarkskröfu sem gerð verður til spítalans en hins vegar verður að líta til þess að það er ekki óeðlilegt markmið af hálfu heilbrigðisyfirvalda og stjórnenda spítalans að þjónusta sé veitt í öllum viðurkenndum greinum læknisfræði og eftir atvikum hjúkrunarfræði á hverjum tíma. Slíku markmiði kunna þó að vera settar skorður vegna smæðar þjóðarinnar og með hliðsjón af fjárheimildum og þeirri aðstöðu sem spítalinn hefur yfir að ráða.

Hugtakið háskólasjúkrahús er, eins og áður segir, skilgreint í 10. tölul. 4. gr. frumvarpsins, en slík skilgreining hefur ekki áður verið í íslenskum lögum. Í 2.–4. tölul. 1. mgr. eru nánar tilgreindar skyldur spítalans sem standa í nánum tengslum við hlutverk hans sem háskólasjúkrahús og með því lögð áhersla á mikilvægi þess hlutverks. Þar er m.a. kveðið á um skyldu spítalans til að annast starfsnám háskólanema og framhaldsskólanema í heilbrigðisgreinum bæði í grunn- og framhaldsnámi, um skyldu spítalans til að sinna vísindarannsóknum á heilbrigðissviði og til að gera fagfólki kleift að sinna fræðastörfum við Háskóla Íslands eða aðra háskóla og jafnframt til að veita háskólamönnum aðstöðu til þess að sinna rannsóknum og öðrum störfum á eða við sjúkrahúsið.

Í 5. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að spítalinn skuli starfrækja blóðbanka sem hafi með höndum blóðbankaþjónustu á landsvísu. Ákvæði þessa efnis var tekið upp í núgildandi lög

um heilbrigðisþjónustu með lögum nr. 58/2005 og var það þáttur í innleiðingu tilskipana Evrópubandalagsins sem fela í sér kröfur um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta. Í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir því að ráðherra setji nánari ákvæði um starfsemi blóðbanka Landspítala í reglugerð á grundvelli 5. mgr. ákvæðisins, en jafnframt er gert ráð að settar verði almennar reglur um skilyrði fyrir rekstri blóðbanka á grundvelli reglugerðarheimildar í 5. mgr. 26. gr. frumvarpsins, sbr. einnig reglugerðarheimild í 10. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli skipa Landspítala sérstaka ráðgjafarnefnd til fimm ára í senn sem hafi það hlutverk að tryggja tengsl spítalans við þjóðfélagið og styðja starfsemi hans. Er nefndinni ætlað að veita forstjóra og framkvæmdastjórn ráðgjöf og álit um starfsemi spítalans og skal forstjóri í þessu skyni boða til upplýsinga- og samráðsfunda með ráðgjafarnefndinni eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Segja má að ráðgjafarnefndinni sé að þessu leyti ætlað að taka við hlutverki núverandi stjórnarnefndar spítalans en skýrt er kveðið á um að nefndin hafi ekkert stjórnunarhlutverk heldur sé hlutverk hennar eingöngu að veita ráðgjöf. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi ráðgjafarnefndina án tilnefninga en ljóst er að honum ber að hafa framangreint hlutverk nefndarinnar í huga þegar kemur að vali á nefndarmönnum. Ekki er kveðið á um það hversu margir skuli skipa nefndina og kemur því í hlut ráðherra að taka ákvörðun um það.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að Landspítali og Háskóli Íslands skuli gera samstarfssamning, þar sem m.a. skuli kveðið á um rétt fulltrúa háskólans til setu á fundum framkvæmdastjórnar spítalans. Jafnframt er kveðið á um að Landspítali og Háskóli Íslands skuli setja verklagsreglur um málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur gagnvart báðum stofnununum. Skulu reglurnar staðfestar af ráðherra og birtar. Spítalinn getur síðan eftir atvikum gert samstarfssamning við aðra háskóla.

Í 4. mgr. er lagt til að Landspítali geti átt aðild að fyrirtækjum sem sinna rannsóknar- og þróunarstarfi og að forstjóri fari með eignarhlut spítalans í slíkum fyrirtækjum. Ákvæðið er hliðstætt ákvæði 22. gr. laga nr. 136/1997, um háskóla, og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að það sé í höndum yfirstjórnar spítalans hvort hann gerist aðili að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, en að leyfi eða samþykki ráðherra þurfi til þess að spítalinn geti nýtt sér þessa heimild.

Loks er í 5. mgr. mælt fyrir um heimild ráðherra til að kveða nánar á um starfsemi spítalans og þá þjónustu sem honum ber að veita í reglugerð.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, eða Sjúkrahússins á Akureyri eins og það er nefnt í frumvarpinu. Sjúkrahúsið er skilgreint sem kennslusjúkrahús. Ber því að veita sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, m.a. á göngu- og dagdeildum, fyrir landsmenn og almenna sjúkrahúsþjónustu fyrir íbúa í sínu heilbrigðisumdæmi. Sjúkrahúsið er því ekki lengur fjórðungssjúkrahús og þykir því rétt að breyta nafni sjúkrahússins í Sjúkrahúsið á Akureyri.

Sem kennslusjúkrahús er gert ráð fyrir að sjúkrahúsið veiti á hverjum tíma sérfræðiþjónustu í helstu greinum læknisfræði og hjúkrunarfræði með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknadeildum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. Samkvæmt þessu er ákveðinn stigsmunur á þeim kröfum sem gerðar eru til Sjúkrahússins á Akureyri annars vegar og Landspítala hins vegar, en eins og áður segir er Landspítala ætlað að veita sérfræðiþjónustu í nær öllum viðurkenndum greinum læknisfræði og hjúkrunar. Framangreindar kröfur eru í samræmi við þær almennu

kröfur sem settar eru fram í skilgreiningu 11. tölul. 4. gr. um kennslusjúkrahús. Að öðru leyti er hlutverk sjúkrahússins skilgreint með sambærilegum hætti og hlutverk Landspítala. Sérstaklega er þó vikið að skyldum sjúkrahússins til að annast starfsnám háskólanema sem stunda grunnnám í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri auk þess sem tekið er fram að sjúkrahúsið skuli vera varasjúkrahús fyrir Landspítala.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild ráðherra til að kveða nánar á um starfsemi sjúkrahússins og þá þjónustu sem því ber að veita í reglugerð. Sérstaklega er áréttuð heimild ráðherra til að ákveða með reglugerð hvaða sérhæfða sjúkrahúsþjónusta skuli veitt á Sjúkrahúsinu á Akureyri, en gert er ráð fyrir að sérhæfðasta og flóknasta þjónustan sé að jafnaði einungis veitt á Landspítala.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um sérhæfðar heilbrigðisstofnanir. Til sérhæfðra heilbrigðisstofnana samkvæmt frumvarpinu teljast allar heilbrigðisstofnanir sem veita sérhæfða heilbrigðisþjónustu og eru reknar samkvæmt ákvæðum sérlaga, ákvörðun ráðherra eða samningi skv. VII. kafla. Í þessu felst að allar heilbrigðisstofnanir sem veita sérhæfða heilbrigðisþjónustu, aðrar en heilbrigðisstofnanir í heilbrigðisumdæmum skv. IV. kafla, teljast sérhæfðar heilbrigðisstofnanir. Hjúkrunarheimili teljast þá ekki til sérhæfðra heilbrigðisstofnana þar sem hjúkrun á hjúkrunarheimilum fellur undir almenna heilbrigðisþjónustu, sbr. skilgreiningu í 2. tölul. 4. gr. Dæmi um sérhæfðar heilbrigðisstofnanir eru endurhæfingarstofnanir, meðferðarstofnanir og sérhæfð sjúkrahús.

Í 2. mgr. greinarinnar er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um starfsemi sérhæfðra heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu eða á grundvelli samnings VII. kafla.

Samkvæmt 3. mgr. getur ráðherra veitt sjúkrahúsum og öðrum sérhæfðum heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu heimild til að skipuleggja heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli fyrir ósjúkratryggða einstaklinga sem koma til landsins gagngert í því skyni að gangast undir tiltekna aðgerð eða meðferð, enda skerði það ekki lögbundna þjónustu stofnunarinnar. Hér er um nýmæli að ræða sem ætlað er að veita sjúkrahúsum og sérhæfðum heilbrigðisstofnunum tækifæri til útrásar og „útflutnings“ á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu sem veitt er hér á landi. Gæði og hagkvæmni íslenskrar heilbrigðisþjónustu þykja á mörgum sviðum til fyrirmyndar og má ætla að ýmis tækifæri geti verið fyrir hendi á þessu sviði sem rétt sé að nýta til hagsbóta fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi og samfélagið í heild sinni. Þá má ætla að starfsemi af þessu tagi geti styrkt og eflt læknavísindi hér á landi m.a. á þeim sviðum þar sem óraunhæft hefur talist að halda uppi öflugri lækningastarfssemi vegna fámennis. Um gjaldtöku af ósjúkratryggðum einstaklingum fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt ákvæðinu fer skv. 3. mgr. 33. gr. og vísast til umfjöllunar um það ákvæði hér að neðan. Gerir heimildin þannig ráð fyrir að heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af ríkinu geti markaðssett tiltekna heilbrigðisþjónustu, svo sem sérhæfðar skurðaðgerðir o.fl., fyrir ósjúkratryggða á einkaréttarlegum grundvelli og veitt hana í hagnaðarskyni. Sé heimildin nýtt verður að gera þá kröfu að veiting þjónustunnar hafi ekki áhrif á þá þjónustu sem sjúkratryggðum stendur til boða.

Um 23. gr.

Í ákvæðinu eru tekin af tvímæli um að ákvæði VI. kafla skuli gilda um rekstur heilbrigðisþjónustu hér á landi án tillits til þess hvort hún er veitt af ríkinu eða öðrum aðilum og þá jafnframt án tillits til þess hvort hún er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins. Um eftirlit landlæknis með heilbrigðisþjónustu gilda að öðru leyti ákvæði laga um landlækni, sbr. frumvarp til laga um embætti landlæknis, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Þá kunna

ákvæði sérlaga um eftirlit og leyfisveitingar vegna heilbrigðisþjónustu að ganga framar ákvæðum kaflans, sbr. t.d. ákvæði lyfjalaga um lyfjabúðir.

Um 24. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að ráðherra skuli, að fengnum tillögum landlæknis, kveða á um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum í reglugerð. Skal reglugerðin byggð á þekkingu og aðstæðum á hverjum tíma og skal hún endurskoðuð reglulega. Í reglugerðinni skal m.a. gera kröfur um mönnun, þ.e. fjölda starfsmanna og menntun þeirra, húsnæði, aðstöðu fyrir sjúklinga og starfsfólk, tæki og búnað.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um að landlæknir hafi eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma. Landlæknir hefur sambærilegt eftirlitshlutverk samkvæmt gildandi lögum, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um viðbrögð landlæknis verði hann var við að heilbrigðisþjónusta uppfylli ekki faglegar kröfur eða sé ekki í samræmi við ákvæði heilbrigðislöggjafar. Ber honum þá að beina tilmælum um úrbætur til rekstraraðila. Verði rekstraraðili ekki við tilmælum landlæknis, eftir atvikum innan þess frest sem landlæknir kann að setja, ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra í framhaldi af slíku erindi landlæknis og að lokinni meðferð málsins af sinni hálfu ákveðið að svipta rekstraraðila leyfi til rekstrar heilbrigðisþjónustu tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkunum, eða að fullu. Er ákvæðinu að þessu leyti ætlað að styrkja stöðu landlæknis sem eftirlitsaðila með rekstri heilbrigðisþjónustu og tryggja honum og ráðherra virk úrræði í því sambandi.

Um 26. gr.

Samkvæmt ákvæðinu verða allir, þ.m.t. opinberir aðilar, sem hyggjast hefja rekstur heilbrigðisþjónustu að tilkynna það landlækni. Með tilkynningu skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi, svo sem um tegund heilbrigðisþjónustu, starfsmenn, búnað, tæki og húsnæði. Landlæknir getur óskað eftir frekari upplýsingum og gert úttekt á væntanlegri starfsemi telji hann þörf á því. Með sama hætti skal tilkynna landlækni ef meiri háttar breytingar verða á mönnun, búnaði, starfsemi eða þjónustu rekstraraðila. Þegar rekstri heilbrigðisþjónustu er hætt skal tilkynna landlækni um það.

Landlæknir staðfestir síðan hvort fyrirhugaður rekstur heilbrigðisþjónustu uppfyllir faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf og er óheimilt að hefja rekstur heilbrigðisþjónustu nema staðfesting landlæknis liggi fyrir.

Framangreind tilkynningarskylda til landlæknis og skilyrðið um staðfestingu landlæknis tekur til þeirra sem hefja rekstur heilbrigðisþjónustu eftir gildistöku laganna. Fyrirmæli ákvæðisins, um staðfestingu landlæknis þegar meiri háttar breytingar verða á rekstri heilbrigðisþjónustu, gilda sömuleiðis um allar slíkar breytingar sem gerðar eru eftir gildistöku laganna.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að landlæknir geti gert frekari kröfur en beinlínis leiðir af lögum eða þeim faglegu lágmarkskröfum sem settar hafa verið, enda sé það talið nauðsynlegt vegna eðlis þeirrar starfsemi sem um er að ræða. Beiting þessarar heimildar kemur fyrst og fremst til greina í þeim tilvikum þar sem til stendur að hefja rekstur heilbrigðisþjónustu þar sem reglur um faglegar lágmarkskröfur hafa ekki verið settar.

Í 3. mgr. kemur fram að heimilt sé að skjóta synjun landlæknis um staðfestingu til ráðherra með kæru. Sama á við um ákvörðun landlæknis um að gera frekari kröfur. Um kærufrest, málsmeðferð o.fl. fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Þetta á þó eðli málsins samkvæmt ekki við þegar ríkið hyggst hefja rekstur heilbrigðisþjónustu og er því tekið fram í ákvæðinu að ráðherra hafi ávallt úrskurðarvald um það hvort skilyrði laga og faglegar kröfur séu uppfylltar í slíkum tilvikum.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að landlæknir skuli halda skrá yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu og ber honum að tilkynna ráðherra um allar breytingar sem verða á skránni.

Í 5. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um nánari skilyrði fyrir rekstri heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum, framkvæmd eftirlits o.fl.

Í 6. mgr. er kveðið á um að fyrir úttekt landlæknis samkvæmt 1. mgr. og staðfestingu hans á því að faglegar kröfur séu uppfylltar, sbr. 2. mgr., sé heimilt að taka gjald samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

Í 7. mgr. er áréttað að greiðsluþátttaka ríkisins í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu, sé háð því að um hana hafi tekist samningur milli rekstraraðila og ríkisins samkvæmt ákvæðum VII. kafla frumvarpsins. Á þetta við nema fyrir liggi einhliða ákvörðun ráðherra um greiðsluþátttöku á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum. Staðfesting landlæknis á því að rekstur uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu hefur því enga þýðingu varðandi greiðsluþátttöku ríkisins, hvorki hvað varðar rétt sjúklings til greiðsluþátttöku ríkisins vegna þeirrar heilbrigðisþjónustu sem hann fær hjá rekstraraðila né rétt rekstraraðila til niðurgreiðslu af hálfu ríkisins. Réttur til greiðsluþátttöku veltur alfarið á því að um þjónustuna hafi tekist samningur samkvæmt ákvæðum VII. kafla og að rekstraraðili eigi aðild að þeim samningi.

Um 27. gr.

Samkvæmt ákvæðinu fer heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með umboð ríkisins til samningsgerðar um veitingu heilbrigðisþjónustu og greiðsluþátttöku ríkisins vegna hennar.

Eins og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að ráðherra skipi sérstaka samninganefnd til að annast samningsgerð um heilbrigðisþjónustu fyrir sína hönd samkvæmt nánari ákvörðun hans. Starfssvið nefndarinnar er ekki afmarkað frekar í ákvæðinu heldur er gert ráð fyrir því að samninganefndin sinni þeirri samningsgerð sem ráðherra felur henni hverju sinni. Lagt er til að ráðherra skipi nefndina án tilnefninga en í því felst breyting frá gildandi lögum þar sem mælt er fyrir um að tveir nefndarmenn skuli skipaðir samkvæmt tilnefningu Tryggingastofnunar ríkisins og einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra. Samninganefndin starfar alfarið í umboði og á ábyrgð ráðherra og hún sinnir einungis þeim verkefnum sem ráðherra felur henni. Því verður að telja eðlilegt að hann hafi fullt forræði á því hvernig hún er skipuð. Er ráðherra eftir sem áður frjálst að óska eftir tilnefningum framangreindra aðila í nefndina sem og annarra kjósi hann það.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið nánar á um form og efni samninga um heilbrigðisþjónustu sem ráðherra gerir eða samninganefndin í umboði hans. Ákvæðið ber að skoða í nánum tengslum við ákvæði 3. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um stefnumótunarhlutverk ráðherra og heimildir hans til þess að hrinda þeirri stefnumörkun í framkvæmd enda er samningsumboð ráðherra veigamikið stjórntæki í þeim efnum. Þannig skulu samningar um heilbrigðisþjónustu vera í samræmi við stefnumörkun ráðherra á grundvelli 3. gr., m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, en ráðherra ber, eins og áður er rakið, að haga skipulagi, og þar með

samningum, með þeim hætti að heilbrigðisþjónusta sé ávallt veitt á viðeigandi þjónustustigi og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Samningar um heilbrigðisþjónustu skulu jafnframt vera í samræmi við stefnu um forgangsröðun verkefna, hagkvæmni og gæði þjónustunnar og aðgengi að henni. Þá skal í samningum um heilbrigðisþjónustu m.a. kveða á um magn og tegund þjónustu, hvar hún skuli veitt og af hverjum. Við mat á hagkvæmni skal við gerð samninga taka tillit til alls þess kostnaðar sem til fellur vegna þeirrar starfsemi sem samið er um.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að takmarka samningsgerð sína við hluta þeirra aðila sem veitt geta tiltekna heilbrigðisþjónustu sé framboð af henni er meira en þörf er á eða unnt er að semja um með hliðsjón af fjárheimildum. Sé heimildin notuð má ætla að tvær aðferðir komi helst til greina við beitingu hennar. Annars vegar sú að auglýsa eftir aðilum á samning til að veita þá tilteknu heilbrigðisþjónustu sem um ræðir, eftir atvikum að undangenginni rammasamningsgerð við hagsmunafélag viðkomandi heilbrigðisstarfsmanna. Samningsaðilar yrðu þá valdir úr hópi umsækjanda. Hins vegar kemur til greina að leita tilboða frá þeim sem veitt geta þjónustuna og að samningsaðilar séu síðan valdir á grundvelli þeirra tilboða sem berast. Aðrar aðferðir kunna jafnframt að koma til greina en í öllum tilvikum verða ákvarðanir ráðherra við val á samningsaðilum að byggjast á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum, m.a. um hagkvæmni og gæði þjónustunnar eins og fram er tekið í ákvæðinu. Felur þetta m.a. í sér að ráðherra ber að jafnaði að velja þá aðila sem teljast hæfastir til að veita þjónustuna samkvæmt þeim sjónarmiðum sem lögð eru til grundvallar. Miðar ákvæðið fyrst og fremst að því að tryggja að ráðherra hafi fullnægjandi valdheimildir til að bregðast við þeim aðstæðum sem lýst er í ákvæðinu og skipuleggja og stjórna heilbrigðiskerfinu á sem hagkvæmastan hátt með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi.

Í 3. mgr. er tekið fram að rekstraraðili sem hyggst hefja sjálfstæðan rekstur heilbrigðisþjónustu þar sem gert er ráð fyrir að ríkið greiði kostnað sjúklings að hluta eða öllu leyti skuli hafa gert samning við ráðherra eða samninganefnd hans áður en hann hefur rekstur, nema fyrir liggi einhliða ákvörðun ráðherra um greiðsluþátttöku á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum. Miðar ákvæðið að því að tryggja að rekstur heilbrigðisþjónustu á þessum grundvelli sé almennt ekki hafinn nema samningur um greiðsluþátttöku liggi fyrir. Felur ákvæðið í sér, eins og skýrt er tekið fram í 6. mgr. 26. gr., að sé rekstur heilbrigðisþjónustu hafinn án þess að samningur liggi fyrir verði ekki um greiðsluþátttöku að ræða vegna þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er. Framangreint kemur þó ekki í veg fyrir að ráðherra geti síðar á grundvelli 27. gr. frumvarpsins ákveðið að ganga til samninga við viðkomandi rekstraraðila um greiðsluþátttöku vegna heilbrigðisþjónustu sem rekstraraðili veitir eftir að samningur er gerður.

Í 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til að ákveða nánar í reglugerð forsendur fyrir samningsgerð um greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði við heilbrigðisþjónustu, sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem ríkið rekur, í samræmi við stefnumörkun skv. 3. gr. og að hún skuli takmarkast við gagnreynda meðferð á sviði heilbrigðisþjónustu. Með reglugerð af þessu tagi gefst ráðherra kostur á að setja almennar verklagsreglur og viðmiðanir sem gilda við samningsgerð um greiðsluþátttöku ríkisins í heilbrigðisþjónustu væntanlegum samningsaðilum til leiðbeiningar sem og samninganefnd ráðherra skv. 27. gr. Geta verklagsreglur og viðmiðanir af þessu tagi jafnframt verið til þess fallnar að tryggja jafnræði í málsmeðferð milli viðsemjenda ráðherra.

Við túlkun og beitingu framangreindra samningsheimilda ráðherra ber að hafa í huga að frumvarpið, verði það að lögum, hefur stöðu sérlaga gagnvart ákvæðum samkeppnislaga en í því felst að ákvæði þess ganga framar ákvæðum samkeppnislaga þegar umrædd ákvæði telj-

ast ósamrýmanleg. Þetta hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfest í úrskurðum sínum, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 19/2005, en þar sagði m.a. um þetta atriði: „Í b-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er Samkeppniseftirlitinu heimilað að grípa til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni og að því tilskildu að „sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna." Ákvæðið í fyrrnefndri 3. mgr. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur ótvírætt að geyma sérstök fyrirmæli, sem ganga framar ákvæðum samkeppnislaga, með þeim hætti sem samkeppnislögin sjálf gera ráð fyrir og hér er rakið." Leiðir framangreind niðurstaða jafnframt af þeirri almennu lögskýringarreglu að sérlög gangi framar almennum lögum en telja verður ótvírætt að lög um heilbrigðisþjónustu hafi stöðu sérlaga gagnvart samkeppnislögum.

Um 29. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild ráðherra til að fela sveitarfélagi, eða öðrum aðilum sem ekki er falinn rekstur heilbrigðisþjónustu samkvæmt frumvarpinu, að sjá um framkvæmdir og rekstur ákveðinna þátta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt frumvarpinu. Á grundvelli þessa ákvæðis getur ráðherra til dæmis ákveðið að fela sveitarfélagi eða öðrum aðilum rekstur tiltekinnar heilsugæslustöðvar eða heilsugæslustöðva sem annars væri hluti heilbrigðisstofnunar í umdæmi. Sem dæmi um samninga af þessu tagi má nefna samning ráðherra við Akureyrarbæ um rekstur Heilsugæslunnar á Akureyri og samning við sveitarfélagið Hornafjörð um rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands.

Þá er í ákvæðinu tekið fram að ráðherra geri verksamninga og samninga um rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins og að heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu sé jafnframt heimilt að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum sömu laga. Er hér vísað til 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, einkum 1. og 3. mgr. Eru heimildir ráðherra samkvæmt þessu ákvæði til nánari fyllingar heimildum hans samkvæmt frumvarpinu til að beita samningum við stjórn heilbrigðiskerfisins, skipulagningu þess, forgangsröðun verkefna o.s.frv.

Í 3. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að ráðherra sé heimilt að bjóða út rekstur heilbrigðisþjónustu og kaup á heilbrigðisþjónustu.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er vísað til laga um fjárreiður ríkisins um heimild heilbrigðisstofnana til að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni. Nánar tiltekið er hér um að ræða 3. mgr. 30. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, en samkvæmt ákvæðinu er það afmarkað rekstrarverkefni þegar kostnaður við það telst ekki vera umtalsverður hluti heildarútgjalda stofnunar. Þá mega afmörkuð rekstrarverkefni ekki fela í sér framsal á valdi til að taka ákvarðanir varðandi réttindi eða skyldur manna.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu og reknar eru af ríkinu geti, með leyfi ráðherra, falið öðrum heilbrigðisstofnunum eða heilbrigðisstarfsmönnum með samningum að sinna ákveðnum þáttum þeirrar almennu heilbrigðisþjónustu sem þeim ber að veita samkvæmt frumvarpinu. Ákvæði þetta ber að skoða í samhengi við framangreint ákvæði fjárreiðulaganna um afmörkuð rekstrarverkefni en samninga um slík verkefni geta heilbrigðisstofnanir gert án leyfis ráðherra. Umrætt ákvæði felur með öðrum orðum í sér heimild til gera rekstrarsamninga, með leyfi ráðherra, sem fara út fyrir þann ramma sem mælt er fyrir um í fjárreiðulögunum um afmörkuð rekstrarverkefni.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að Landspítali, Sjúkrahúsið á Akureyri og sérhæfðar heilbrigðisstofnanir geti, með leyfi ráðherra, samið við aðrar heilbrigðisstofnanir eða heilbrigðisstarfsmenn um að ákveðnir þættir þeirrar sérhæfðu heilbrigðisþjónustu sem stofnunum er ætlað að veita sé veitt á viðkomandi heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna. Í samningum af þessu tagi felst heimild til handa þessum stofnunum til þess að hafa frumkvæði að tilfærslu verkefna sem af einhverjum ástæðum má ætla að séu betur komin hjá viðkomandi samningsaðila. Í þessu sambandi er rétt að taka skýrt fram að heilbrigðisstofnanir umdæma eru ekki háðar samningsvilja stóru sjúkrahúsanna að þessu leyti því ráðherra hefur heimild, sbr. 1. mgr. 7. gr., til að semja beint við þær um veitingu sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu auk þess sem hann getur ákveðið einhliða að tiltekin sérhæfð þjónusta skuli veitt þar. Umrædda heimild stóru sjúkrahúsanna verður jafnframt að skoða í samræmi við sjálfstæða heimild þeirra til að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni skv. 1. mgr.

Um 31. gr.

Með lögum nr. 78/2003, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, var ákvæðum 1. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 34. gr. laganna breytt þannig að 15% þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 24. gr. laganna var felld niður. Ákvæði um 15% framlag sveitarfélaga til kostnaðar við byggingu og búnað hjúkrunarheimila var hins vegar ekki fellt niður.

Þá kom inn nýtt ákvæði 4. mgr. 34. gr., svohljóðandi: „Fari fram blönduð starfsemi á sjúkrahúsi, sbr. flokkun sjúkrahúsa í 24. gr. og heilsugæslustöðva í 13. gr., skal skipting kostnaðar fara eftir umfangi hverrar starfsemi. Við skiptingu kostnaðar skal hafa til hliðsjónar stærð húsnæðis og áætlaðan fjölda rýma undir hverja starfsemi fyrir sig.“

Á flestum heilbrigðisstofnunum utan höfuðborgarsvæðisins fer fram blönduð starfsemi, þ.e. þar er heilsugæsla, sjúkrarými og hjúkrunarrými.

Fljótlega eftir setningu laga nr. 78/2003 kom upp deila milli ríkis og sveitarfélaga um hvort sveitarfélögum bæri að greiða 15% stofnkostnaðar hjúkrunarrýma eða hjúkrunardeilda, sem eru reknar sem hluti af sjúkrastofnun. Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið gerðu með sér samkomulag um að vísa deilunni til gerðardóms. Dómur var kveðinn upp hinn 8. september 2006 og var dómsorð svohljóðandi: „Með breytingu á 34. gr. laga nr. 97/1999, sem gerð var með 11. gr. laga nr. 78/2003 voru sveitarfélög að fullu losuð undan skyldu til að greiða hlutdeild í kostnaði við stofnun, meiri háttar viðhald og tækjakaup vegna heilsugæslustöðva og svæðis- deildar- og almennra sjúkrahúsa þar með talið kostnaði vegna hjúkrunarrýma.“

Í samræmi við niðurstöðu gerðardómsins er hér lagt til að einungis verði kveðið á um þátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði hjúkrunarheimila. Þá er lagt til að ákvæði 4. mgr. 34. gr. um skiptingu kostnaðar, þegar um er ræða blandaða starfsemi á sjúkrahúsi, verði fellt niður enda verður ekki séð að það hafi neina þýðingu eftir fyrrgreinda niðurstöðu gerðardóms.

Sveitarfélög hafa iðulega samið við ríkið um meiri kostnaðarþátttöku í byggingu hjúkrunarheimila en 15%, eða að eigin frumkvæði lagt meira til uppbyggingar en lögin gera ráð fyrir. Hér má nefna Droplaugarstaði í Reykjavík og nýbyggingu við Hlíð á Akureyri. Í samræmi við þá framkvæmd og með vísan til laga nr. 38/2004, um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, er hér lagt til að kveðið verði á um að framlag sveitarfélaga skuli ekki vera minna en nemur 15% af stofnkostnaði.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, voru „sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum“ og lóðir þeirra undanþegnar fasteignaskatti. Fyrrgreind undanþága var afnumin með lögum frá 9. desember 2005 um breytingu á lögum um tekju-

stofna sveitarfélaga og tók breytingin gildi 1. janúar 2006 og munu heilbrigðisstofnanir því framvegis greiða fasteignaskatt.

Ákvæði 18. og 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, um að sveitarfélög láti í té lóðir undir heilbrigðisstofnanir „ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda“ og að hvorugur aðili eigi „kröfu á hinn um leigu vegna eignar eða eignarhluta“ eru hins vegar óbreytt.

Ráðuneytið telur að túlka beri framangreind ákvæði þannig að ekki skuli innheimt lóðarleiga vegna heilbrigðisstofnana. Samband íslenskra sveitarfélaga telur hins vegar að heilbrigðisstofnunum beri að greiða lóðarleigu. Framkvæmd hefur verið mismunandi eftir sveitarfélögum. Ráðuneytið sendi fyrirspurn um framkvæmd þessa til heilbrigðisstofnana sl. sumar. Samtals bárust svör frá 19 heilbrigðisstofnunum, níu þeirra greiddu enga lóðarleigu, þ.m.t. Landspítali – háskólasjúkrahús, þrjár höfðu fengið kröfu um greiðslu en ekki greitt, þ.m.t. Heilsugæslan í Reykjavík og sjö stofnanir greiddu lóðarleigu. Þar sem langstærstu heilbrigðisstofnanirnar, þ.e. Landspítali og Heilsugæslan í Reykjavík, eru í hópi þeirra heilbrigðisstofnana sem ekki greiða lóðarleigu má ætla að einungis sé greidd lóðarleiga af litlum hluta lóða heilbrigðisstofnana. Í ljósi þeirra deilna sem hafa verið og eru um innheimtu lóðarleigu af heilbrigðisstofnunum er nauðsynlegt að tekin verði af öll tvímæli um þetta og er því lagt til að tilgreint verði sérstaklega í lögum um heilbrigðisþjónustu að heilbrigðisstofnanir skuli ekki greiða lóðarleigu.

Um 32. gr.

Kveðið er á um að ráðherra setji, að höfðu samráði við landlækni og önnur stjórnvöld eftir því sem við á, reglugerð um framkvæmd og skipulagningu sjúkraflutninga. Sambærileg heimild er í núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir ráðherra til að mæla fyrir um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu með setningu reglugerðar.

Gjaldtökuheimildir ráðherra eru þríþættar. Í fyrsta lagi er heimild hans til að mæla fyrir um gjaldtöku af þeim einstaklingum sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar, en það eru allir sem hafa átt lögheimili hér á landi í sex mánuði eða lengur. Þessar gjaldtökuheimildir eru óbreyttar frá ákvæðum núgildandi laga, sbr. 20. gr. og 35. gr. a laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og 36. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Í öðru lagi er kveðið á um að þeir einstaklingar sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi skuli greiða gjald fyrir veitta heilbrigðisþjónustu, sem nemur þeim kostnaði sem hlýst af því að veita hana, í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur. Á þetta við nema í gildi sé samningur um þjónustuna við ríki sem sjúklingurinn kemur frá, þ.e. ríki þar sem sjúklingur er sjúkratryggður. Þetta er einnig óbreytt frá núgildandi lögum.

Í þriðja lagi er þeim heilbrigðisstofnunum sem fengið hafa heimild ráðherra til að veita ósjúkratryggðum einstaklingum heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli skv. 3. mgr. 22. gr. veitt heimild til að taka hærra gjald fyrir þjónustuna en nemur kostnaði af veitingu hennar. Gerir heimildin ráð fyrir því að heilbrigðisstofnanir sem fengið hafa slíka heimild geti skipulagt og markaðssett tiltekna heilbrigðisþjónustu, svo sem sérhæfðar skurðaðgerðir o.fl., fyrir ósjúkratryggða á einkaréttarlegum grundvelli og veitt hana í hagnaðarskyni. Nánar er fjallað um þennan möguleika í rekstri heilbrigðisstofnana í umfjöllun um 3. mgr. 22. gr. hér að framan. Í ákvæðinu er tekið fram að þessi heimild sé til staðar svo fremi

að ekki sé í gildi samningur um þjónustuna við ríki sem sjúklingurinn kemur frá, þ.e. ríki þar sem sjúklingur er sjúkratryggður.

Að öðru leyti en að framan greinir fer um gjaldtöku vegna heilbrigðisþjónustu eftir ákvæðum sérlaga og laga um almannatryggingar eftir því sem við á.

Um 34. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um skipun stöðunefndar lækna sem hafi það hlutverk að meta faglega hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra lækninga og annarra stjórnenda lækninga á heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu. Samkvæmt núgildandi ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga um heilbrigðisþjónustu metur stöðunefnd lækna hins vegar hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga og lækna heilsugæslustofnana. Samkvæmt þessu er hlutverk stöðunefndar nokkuð breytt frá núgildandi lögum, þ.e. það er bundið við mat á umsækjendum um stöður framkvæmdastjóra lækninga og annarra stjórnenda lækninga á heilbrigðisstofnunum. Með stöðu framkvæmdastjóra lækninga er átt við stöðu yfirmanns lækninga, hvort sem starfsheiti hans er framkvæmdastjóri lækninga, lækningaforstjóri, forstöðulæknir, yfirlæknir eða annað. Með öðrum stjórnendum lækninga er átt við stöður sviðsstjóra og yfirlækna sem og annarra stjórnenda lækninga á heilbrigðisstofnunum, hverju nafni sem þær kunna að nefnast. Samkvæmt þessu gerir frumvarpið ráð fyrir að mat á hæfni umsækjenda um stöður sérfræðinga á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum og stöður heilsugæslulækna sem ekki gegna stjórnunarstörfum, verði alfarið á ábyrgð forstjóra viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Það kæmi þá í hlut forstjóra að ákveða, í samráði við framkvæmdastjórn og eftir atvikum að fengnu áliti læknaráðs, hvernig staðið væri að slíku mati hjá stofnuninni.

Ráðherra skipar þrjá lækna og varamenn þeirra í stöðunefndina til þriggja ára samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands, Háskóla Íslands og landlæknis og er það óbreytt frá því sem nú er. Skal nefndin skila rökstuddu áliti til þess sem ræður í stöðuna innan sex vikna frá því að umsóknarfresti lauk. Er forstjóra heimilt, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að ráða til starfa hvern þann lækni sem stöðunefndin hefur metið hæfan.

Ráðherra setur stöðunefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar.

Um 35. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um skipun stöðunefndar framkvæmdastjóra hjúkrunar á heilbrigðisstofnunum. Samkvæmt ákvæðinu skipar ráðherra þrjá hjúkrunarfræðinga og varamenn þeirra í stöðunefndina til þriggja ára samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Háskóla Íslands og landlæknis. Ákvæðið er að öðru leyti sambærilegt ákvæði 34. gr. frumvarpsins um stöðunefnd lækna fyrir utan að hlutverk hennar er bundið við mat á faglegri hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra hjúkrunar. Skv. 4. mgr. 31. gr. núgildandi laga fjallar hjúkrunarráð, samkvæmt hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, um umsækjendur um stöðu hjúkrunarforstjóra, þ.e. stöðu framkvæmdastjóra hjúkrunar samkvæmt þessu frumvarpi. Hér er gert ráð fyrir að sérstök nefnd sem skipuð er með hliðstæðum hætti og stöðunefnd lækna annist þetta mat.

Um 36. gr.

Hér er mælt fyrir um heimild ráðherra til að kveða nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð.

Um 37. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir að nauðsynlegt sé að a.m.k. sex mánuðir líði frá samþykkt frumvarpsins til gildistöku laganna til að gefa svigrúm til að undirbúa þær breytingar sem í þeim felast. Samhliða gildistöku nýrra laga er gert ráð fyrir að núgildandi lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, falli úr gildi. Einnig er gert ráð fyrir því að lög nr. 21/1955, um lækningaferðir, falli úr gildi. Skipulag heilbrigðisþjónustu hefur gjörbreyst frá því lög um lækningaferðir voru sett fyrir hálfri öld. Gert er ráð fyrir að það verði á ábyrgð heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmum að sú sérfræðiþjónusta sem lög um lækningaferðir kveða á um verði veitt.

Um 38. gr.

Hér er kveðið á um breytingar sem lagt er til að gerðar verði á ákvæðum annarra laga við gildistöku nýrra laga um heilbrigðisþjónustu.

Í fyrsta lagi er lagt til að við 14. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, bætist ný málsgrein, sem felur í sér að heimilt verður að vista einstaklinga sem eru yngri en 67 ára á hjúkrunarheimilum og í hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana, enda hafi viðkomandi verið metinn í þörf fyrir vistun skv. 15. gr. laganna. Þessi breyting byggist á því sjónarmiði að ekki sé eðlilegt að takmarka aðgang að almennri heilbrigðisþjónustu, eins og hjúkrun á stofnunum, með vísan til aldurs sjúklinga heldur hljóti menn fyrst og fremst að líta til þess hvort viðkomandi einstaklingur hafi þörf fyrir þjónustuna óháð almennum atriðum eins og aldri.

Í öðru lagi er tilvísun í lyfjalögum, nr. 93/1994, til laga um heilbrigðisþjónustu breytt í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á ákvæði 3. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Breytingin er í samræmi við breytingu sem gerð var á 1. mgr. ákvæðisins á síðasta löggjafarþingi, sbr. lög nr. 82/2006. Með breytingunni verður unnt að fella styrki sem veittir eru samkvæmt öðrum lögum, t.d. lögum um Heyrnar- og talmeinastöð, undir ákvæðið.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frumvarpið felur í sér endurskoðun á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Í því er mælt fyrir um grunnskipulag heilbrigðiskerfisins, auk þess sem endurskoðuð eru ýmis lagaákvæði sem kveða á um starfshætti opinberra heilbrigðisstofnana og eftir því sem við á um sjálfstætt starfandi heilbrigðisþjónustu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kostnaður við byggingu og búnað sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði og að þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila skuli að lágmarki nema 15% og eru þau ákvæði óbreytt frá gildandi lögum. Hins vegar er lagt til að felld verði niður greiðsluþátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði hjúkrunarrýma þar sem um er að ræða blandaða starfsemi á sjúkrahúsi og er það í samræmi við nýlega niðurstöðu gerðardóms.

Þótt í frumvarpinu felist umfangsmikil endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðiskerfisins verður ekki séð að það leiði með beinum hætti til nýrra verkefna eða útgjalda fyrir ríkissjóð.

# 282. Frumvarp til laga [273. mál]

um embætti landlæknis.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Markmið, skipun landlæknis og skilgreiningar.

### 1. gr.
*Embætti landlæknis.*

Starfrækja skal embætti landlæknis undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með það að markmiði að tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að heilbrigði landsmanna.

### 2. gr.
*Skipun landlæknis.*

Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hann skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar. Landlæknir ræður starfsfólk embættisins. Við embættið skal starfa aðstoðarlandlæknir og skal gera sömu kröfur til hans um menntun og starfsreynslu og gerðar eru til landlæknis.

### 3. gr.
*Skilgreiningar.*

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Heilbrigðisþjónusta:* Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma eða endurhæfa sjúklinga.
2. *Heilbrigðisstarfsmaður:* Einstaklingur sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.
3. *Heilbrigðisstofnun:* Stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt.
4. *Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna:* Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.

## II. KAFLI
## Hlutverk landlæknis.

### 4. gr.
*Hlutverk landlæknis.*

Hlutverk landlæknis er m.a.:

a. að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, heilbrigðisstarfsfólki og almenningi ráðgjöf um heilbrigðismál,
b. að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu,
c. að hafa eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum,
d. að hafa eftirlit með lyfjaávísunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna,

e. að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu,
f. að fylgjast með heilbrigði landsmanna,
g. að vinna að gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustu,
h. að sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu,
i. að stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma,
j. að stuðla að rannsóknum á sviði heilbrigðisþjónustu,
k. að sinna öðrum verkefnum sem honum eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

5. gr.

*Fyrirmæli, leiðbeiningar og ábendingar.*

Landlæknir getur gefið heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum almenn fagleg fyrirmæli um vinnulag, aðgerðir og viðbrögð af ýmsu tagi sem þeim er skylt að fylgja. Fyrirmælin skulu lögð fyrir ráðherra til staðfestingar og birt.

Landlæknir getur gefið út faglegar leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana, þar á meðal leiðbeiningar sem miða að nálgun og lausn vandamála í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma. Leiðbeiningar landlæknis skulu kynntar heilbrigðisstarfsmönnum og vera aðgengilegar almenningi.

Landlæknir getur komið á framfæri við almenning ábendingum og ráðgjöf um mál er snerta heilbrigði og heilbrigðisþjónustu.

6. gr.

*Faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu.*

Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, kveða í reglugerð á um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum. Reglugerðin skal byggjast á þekkingu og aðstæðum á hverjum tíma og skal hún endurskoðuð reglulega. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um lágmarkskröfur um mönnun, húsnæði, aðstöðu, tæki og búnað til reksturs heilbrigðisþjónustu.

Þeir sem hyggjast hefja rekstur heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. ríkið og sveitarfélög, skulu tilkynna fyrirhugaðan rekstur til landlæknis. Með tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfsemina, svo sem um tegund heilbrigðisþjónustu, starfsmenn, búnað, tæki og húsnæði. Landlæknir getur óskað eftir frekari upplýsingum og gert úttekt á væntanlegri starfsemi telji hann þörf á því. Með sama hætti skal tilkynna landlækni ef meiri háttar breytingar verða á mönnun, búnaði, starfsemi og þjónustu rekstraraðila. Sé rekstri heilbrigðisþjónustu hætt skal tilkynna landlækni um það.

Landlæknir staðfestir hvort fyrirhugaður rekstur heilbrigðisþjónustu uppfyllir faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf. Óheimilt er að hefja starfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu nema staðfesting landlæknis liggi fyrir. Landlækni er heimilt að gera frekari kröfur sé það talið nauðsynlegt vegna eðlis þeirrar starfsemi sem um er að ræða. Staðfesting landlæknis verður jafnframt að liggja fyrir við meiri háttar breytingar skv. 2. mgr.

Heimilt er að skjóta synjun landlæknis um staðfestingu skv. 3. mgr. til ráðherra. Sama á við um ákvörðun landlæknis um að gera frekari kröfur skv. 3. mgr. Sé um að ræða heilbrigðisþjónustu sem ríkið hyggst reka hefur ráðherra þó ávallt úrskurðarvald um það hvort skilyrði laga og faglegar kröfur skv. 1. mgr. eru uppfylltar.

Landlæknir heldur skrá yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu og skal hann tilkynna ráðherra um allar breytingar sem verða á skránni.

Fyrir úttekt landlæknis skv. 2. mgr. og staðfestingu hans á því að faglegar kröfur séu uppfylltar, sbr. 3. mgr., er heimilt að taka gjald samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

Greiðsluþátttaka ríkisins í kostnaði við heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem ríkið rekur er háð því að um hana hafi tekist samningur milli rekstraraðila og ríkisins samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um heilbrigðisþjónustu, nema fyrir liggi einhliða ákvörðun ráðherra um greiðsluþátttöku á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum.

7. gr.

*Eftirlit með heilbrigðisþjónustu.*

Landlæknir skal hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma. Landlæknir hefur heimild til að krefja heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og aðra sem veita heilbrigðisþjónustu um upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg til að sinna eftirlitshlutverki sínu og er þeim skylt að verða við slíkri kröfu. Landlæknir skal eiga greiðan aðgang að heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna til eftirlits samkvæmt lögum þessum.

Telji landlæknir að heilbrigðisþjónusta uppfylli ekki faglegar kröfur skv. 6. gr. eða önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf skal hann beina tilmælum um úrbætur til rekstraraðila. Verði rekstraraðili ekki við slíkum tilmælum ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá tekið ákvörðun um að stöðva rekstur tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkum, eða stöðva rekstur að fullu.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits af hálfu landlæknis.

8. gr.

*Skýrslugerð og heilbrigðisskrár.*

Landlæknir skal, í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, skipuleggja og halda skrár á landsvísu um heilsufar, sjúkdóma, slys, lyfjaávísanir, fæðingar og starfsemi og árangur heilbrigðisþjónustunnar. Tilgangur skránna er að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með þjónustunni og tryggja gæði hennar og meta árangur þjónustunnar og nota við gerð áætlana um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu og í vísindarannsóknum. Hann skal einnig, í samráði við ráðuneytið, vinna upplýsingar úr heilbrigðisskrám til notkunar við áætlanagerð, stefnumótun og önnur verkefni ráðuneytisins og gefa út heilbrigðisskýrslur. Upplýsingar í skrám landlæknis skulu vera ópersónugreinanlegar, sbr. þó 2. mgr., nema fyrir liggi samþykki hinna skráðu.

Í eftirtaldar heilbrigðisskrár sem landlæknir skipuleggur er heimilt að færa upplýsingar um nöfn sjúklinga, kennitölur og önnur tiltekin persónuauðkenni án samþykkis sjúklinga:

1. Fæðingaskrá.
2. Skrá um hjarta- og æðasjúkdóma.
3. Krabbameinsskrá.
4. Slysaskrá.
5. Vistunarskrá heilbrigðisstofnana.
6. Samskiptaskrá heilsugæslustöðva.
7. Samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Persónuauðkenni í skrám landlæknis skv. 2. mgr. skulu dulkóðuð. Ráðherra mælir nánar fyrir um það í reglugerð, að fenginni umsögn Persónuverndar, hvaða persónuupplýsingar og

heilsufarsupplýsingar megi færa í skrárnar og um dulkóðun þeirra og í hvaða tilvikum heimilt sé að afkóða þær.

Landlæknir er ábyrgðarmaður þeirra skráa sem hann skipuleggur.

Heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu skulu veita landlækni þær upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til að halda heilbrigðisskrár skv. 1. og 2. mgr. Landlæknir gefur heilbrigðisstofnunum, heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu fyrirmæli um lágmarksskráningu upplýsinga í þessu skyni og hvernig staðið skuli að skráningu og miðlun upplýsinganna til embættisins. Fyrirmæli landlæknis skulu lögð fyrir ráðherra til staðfestingar og birt. Aðrar stofnanir sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og safna upplýsingum á heilbrigðissviði, svo sem Lyfjastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Lýðheilsustöð skulu jafnframt veita landlækni aðgang að upplýsingum sem aflað er í starfsemi þeirra og eru nauðsynlegar til að halda heilbrigðisskrár skv. 1. og 2. mgr. eða til að sinna eftirliti samkvæmt lögum þessum. Skulu þessar stofnanir hafa samráð við landlækni við söfnun og skráningu þessara upplýsinga og miðlun þeirra til landlæknis. Upplýsingar samkvæmt ákvæði þessu skulu veittar landlækni án endurgjalds.

Landlæknir getur, með leyfi ráðherra, falið heilbrigðisstofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, eða öðrum aðilum, umsjón tiltekinna skráa sem hann skipuleggur skv. 1. og 2. mgr. Gera skal skriflegan samning um slíkar skrár, þar sem m.a. er kveðið á um hver sé umsjónarmaður skrárinnar, starfsreglur og öryggiskröfur, innihald, úrvinnslu, ráðstöfunarrétt, notkun og dreifingu upplýsinga, gildistíma samnings svo og endurskoðunarákvæði. Umsjónarmanni ber að upplýsa landlækni um öll atriði er varða rekstur skrár þegar þess er óskað og veita honum allar upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna lögboðins hlutverks síns. Skulu þær upplýsingar veittar landlækni án endurgjalds.

Landlækni er heimilt að taka gjald fyrir úrvinnslu og afhendingu upplýsinga úr heilbrigðisskrám samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Um aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr heilbrigðisskrám skv. 2. mgr. vegna vísindarannsókna fer skv. 3. mgr. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga.

Söfnun og meðferð upplýsinga samkvæmt ákvæði þessu skal vera í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og skal uppfylla kröfur Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga í skrám á heilbrigðissviði.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð og vinnslu heilbrigðisskráa, miðlun upplýsinga og útgáfu heilbrigðisskýrslna.

9. gr.

*Skráning óvæntra atvika.*

Heilbrigðisstofnanir, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu skulu halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki. Með óvæntu atviki er átt við óhappatilvik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni.

Heilbrigðisstarfsmönnum sem hlut eiga að máli, faglegum yfirmönnum þeirra og öðru starfsfólki heilbrigðisstofnana, eftir því sem við á, er skylt að skrá öll óvænt atvik skv. 1. mgr.

Heilbrigðisstofnanir, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu skulu reglulega senda landlækni yfirlit um öll óvænt atvik skv. 1. mgr. eftir nánari ákvörðun landlæknis.

Ráðherra getur sett nánari reglur um skráningu óvæntra atvika með reglugerð.

10. gr.

*Tilkynningarskylda.*

Heilbrigðisstofnununum, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu ber að tilkynna landlækni án tafar um óvænt atvik sem valdið hefur sjúklingi alvarlegu tjóni eða hefði getað valdið alvarlegu tjóni. Jafnframt skal upplýsa sjúkling um hið óvænta atvik án ástæðulausra tafa og nánustu aðstandendur hans þegar það á við.

Landlæknir skal rannsaka slík mál til að finna á þeim skýringar og tryggja eftir því sem kostur er að atvik eigi sér ekki aftur stað. Veita skal landlækni þær upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg við rannsókn málsins. Landlæknir skal jafnframt eiga greiðan aðgang að heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna í þágu rannsóknar.

Verði óvænt dauðsfall á heilbrigðisstofnun eða annars staðar þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt, sem ætla má að rekja megi til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við meðferð eða forvarnir vegna sjúkdóms, skal auk tilkynningar til landlæknis skv. 1. mgr. tilkynna það til lögreglu í samræmi við ákvæði laga um dánarvottorð.

Landlæknir skal halda samtímaskrá um óvænt atvik skv. 9. gr.

Landlæknir skal árlega senda ráðherra samantekt um óvænt atvik, niðurstöður rannsókna og afdrif mála.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um tilkynningarskyldu, viðbrögð, rannsókn mála, skrá landlæknis um óvænt atvik og birtingu slíkra upplýsinga.

11. gr.

*Áætlun um gæðaþróun.*

Landlæknir gerir áætlun um gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar. Áætlun um gæðaþróun skal miða að því að efla gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að framþróun hennar.

Heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn skulu við gerð gæðaáætlana taka mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðaþróun.

Landlæknir metur gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt mælikvörðum sem settir eru og skulu samanburðarhæfar niðurstöður gæða- og árangursmælinga birtar í heilbrigðisskýrslum skv. 8. gr.

12. gr.

*Kvörtun til landlæknis.*

Landlækni er skylt að sinna erindum er varða samskipti almennings við veitendur heilbrigðisþjónustu og leiðbeina þeim sem til hans leita um málefni heilbrigðisþjónustunnar.

Heimilt er að beina formlegri kvörtun til landlæknis vegna meintrar vanrækslu og mistaka við veitingu heilbrigðisþjónustu. Þá er notendum heilbrigðisþjónustunnar jafnframt heimilt að bera fram formlega kvörtun til landlæknis telji þeir að framkoma heilbrigðisstarfsmanna við veitingu heilbrigðisþjónustu hafi verið ótilhlýðileg.

Kvörtun skal vera skrifleg og þar skal koma skýrt fram hvert sé tilefni hennar.

Kvörtun skal borin fram við landlækni án ástæðulauss dráttar. Séu meira en tíu ár liðin frá því að þau atvik gerðust sem eru tilefni kvörtunar er landlækni rétt að vísa kvörtun frá nema sérstakar ástæður mæli með því að hans mati að kvörtun sé tekin til meðferðar.

Landlæknir skal að jafnaði afla umsagnar frá óháðum sérfræðingi eða sérfræðingum þegar kvörtun lýtur að meintri vanrækslu eða mistökum við sjúkdómsgreiningu eða meðferð. Um

meðferð kvartana gilda að öðru leyti ákvæði stjórnsýslulaga eftir því sem við getur átt. Að lokinni málsmeðferð gefur landlæknir skriflegt álit. Landlæknir skal í áliti sínu tilgreina efni kvörtunarinnar, málsatvik og rök fyrir niðurstöðu sinni. Aðalniðurstöðu skal draga saman í lok álits.

Heimilt er að kæra málsmeðferð landlæknis samkvæmt ákvæði þessu til ráðherra.

## III. KAFLI
## **Eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum.**

### 13. gr.
*Eftirlit landlæknis með heilbrigðisstarfsmönnum.*

Landlæknir hefur eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna og að þeir haldi ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins.

Landlæknir getur krafist þess að heilbrigðisstarfsmaður gangist undir rannsókn sérfræðinga telji hann það nauðsynlegt til að meta hvort hann sé hæfur til að gegna starfi sínu. Leiki grunur á að heilbrigðisstarfsmaður sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna við störf sín er landlækni heimilt að krefjast þess að hann gangist þegar í stað undir nauðsynlegar rannsóknir til að ganga úr skugga um hvort svo sé.

### 14. gr.
*Áminning.*

Nú verður landlæknir var við að heilbrigðisstarfsmaður vanrækir starfsskyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins og skal hann þá beina tilmælum til hans um úrbætur og áminna hann eftir atvikum. Verði heilbrigðisstarfsmaður ekki við tilmælum landlæknis, sem veitt eru án áminningar, skal landlæknir áminna hann.

Við veitingu áminningar skal gætt ákvæða stjórnsýslulaga. Áminning skal vera skrifleg og rökstudd og ætíð veitt vegna tilgreinds atviks eða tilgreindra atvika. Áminning skal veitt án ástæðulauss dráttar. Landlæknir sendir afrit áminningar til ráðherra.

Ákvörðun landlæknis um veitingu áminningar sætir kæru til ráðherra.

### 15. gr.
*Svipting starfsleyfis.*

Komi áminning heilbrigðisstarfsmanns skv. 14. gr. ekki að haldi ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá ákveðið að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi að fullu eða tímabundið.

Ráðherra getur svipt heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi, án undangenginnar áminningar að fenginni tillögu landlæknis, ef viðkomandi er talinn ófær um að stunda starf sitt svo forsvaranlegt sé, svo sem vegna alvarlegra andlegra erfiðleika, andlegs eða líkamlegs heilsubrests, neyslu fíkniefna eða sambærilegra efna, misnotkunar áfengis eða skorts á faglegri hæfni. Sama gildir ef heilbrigðisstarfsmaður brýtur alvarlega gegn starfsskyldum sínum, svo sem með því að gefa út röng og villandi vottorð, með því að veita umsagnir að órannsökuðu máli, með því að gefa út ranga og villandi reikninga, með því að rjúfa þagnarskyldu sem á honum hvílir, með því að sýna alvarlegt hirðuleysi í störfum sínum eða með öðru atferli sem fer í bága við lög.

Málsmeðferð við töku ákvörðunar um sviptingu starfsleyfis eða takmörkun starfsleyfis fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Séu ríkar ástæður til að ætla að skilyrði fyrir sviptingu starfsleyfis séu fyrir hendi og að töf á sviptingu geti haft hættu í för með sér fyrir sjúklinga er landlækni þó heimilt að svipta heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi þegar í stað þar til endanleg ákvörðun í málinu skv. 1. og 2. mgr. hefur verið tekin. Landlæknir skal tilkynna ráðherra um bráðabirgðasviptingu án tafar. Hafi ráðherra ekki tekið endanlega ákvörðun um sviptingu skv. 1. mgr. innan þriggja mánaða fellur bráðabirgðasvipting niður.

Byggi heilbrigðisstarfsmaður starfsréttindi sín hér á landi á starfsleyfi sem útgefið er í öðru landi falla starfsréttindi hans hér á landi niður ef hann er sviptur starfsleyfi í því landi.

Starfsréttindi heilbrigðisstarfsmanns falla niður sé hann sviptur lögræði eða hann uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem krafist var þegar hann fékk starfsréttindi.

Séu skilyrði sviptingar starfsleyfis fyrir hendi er ráðherra heimilt að fenginni tillögu landlæknis að takmarka starfsréttindi tímabundið. Gera skal skýra grein fyrir í hverju takmarkanir eru fólgnar, hver gildistíminn skuli vera og hvernig eftirliti skuli háttað.

16. gr.

*Afsal starfsleyfis.*

Heilbrigðisstarfsmaður getur afsalað sér starfsleyfi með skriflegri tilkynningu til ráðherra. Það kemur þó ekki í veg fyrir að veitt sé áminning skv. 14. gr., þegar það á við, né formlega sviptingu skv. 15. gr. ef um er að ræða brot í starfi sem varðað geta sviptingu.

17. gr.

*Endurveiting starfsleyfis.*

Ráðherra getur að tillögu landlæknis veitt heilbrigðisstarfsmanni, sem sviptur hefur verið starfsleyfi eða hefur afsalað sér því, starfsleyfi að nýju enda hafi viðkomandi sýnt fram á að hann uppfylli skilyrði laga fyrir endurveitingu starfsleyfis og að þær ástæður sem leiddu til sviptingar eða afsals eigi ekki lengur við. Ráðherra getur ákveðið að endurveitt starfsleyfi skuli vera tímabundið eða takmarkað, sbr. 15. gr.

## IV. KAFLI
## **Ávísanir lyfja.**

18. gr.

*Eftirlit með ávísunum lyfja.*

Landlæknir hefur almennt eftirlit með ávísun lyfja og fylgist með þróun lyfjanotkunar.

Landlæknir skal hafa sérstakt eftirlit með ávísunum lækna og tannlækna á ávana- og fíknilyf, þar á meðal ávísunum þeirra á ávana- og fíknilyf til eigin nota. Landlæknir skal hafa samráð við Lyfjastofnun við framkvæmd eftirlits með ávísunum lyfja. Lyfjastofnun skal tilkynna landlækni telji hún rökstudda ástæðu til sérstaks eftirlits með ávísunum á lyf og þá einkum á ávana- og fíknilyf. Um aðgang landlæknis að upplýsingum í lyfjagagnagrunni, vegna eftirlits með ávísunum lyfja, fer samkvæmt lyfjalögum.

19. gr.

*Svipting réttar til að ávísa lyfjum.*

Verði læknir eða tannlæknir uppvís að því að ávísa lyfjum í bága við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eða þannig að óhæfilegt megi teljast skal landlæknir áminna hann. Komi áminning landlæknis skv. 14. gr. ekki að haldi ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá ákveðið að svipta lækninn eða tannlækninn leyfi

til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að svipta hann starfsleyfi skv. 15. gr.

Málsmeðferð við töku ákvörðunar um sviptingu leyfis til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga. Séu ríkar ástæður til að ætla að skilyrði fyrir sviptingu réttar til að ávísa lyfjum séu fyrir hendi og talið að töf á sviptingu geti haft hættu í för með sér fyrir sjúklinga er landlækni heimilt, án undangenginnar áminningar, að svipta lækni eða tannlækni leyfi til að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, þegar í stað, þar til tekin hefur verið endanleg ákvörðun í málinu skv. 1. mgr. Landlæknir skal tilkynna ráðherra um bráðabirgðasviptingu án tafar. Hafi ráðherra ekki tekið endanlega ákvörðun um sviptingu skv. 1. mgr. innan þriggja mánaða fellur bráðabirgðasvipting niður.

20. gr.

*Endurveiting réttar til að ávísa lyfjum.*

Ráðherra getur að tillögu landlæknis afturkallað sviptingu skv. 19. gr. til að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda hafi viðkomandi sýnt fram á að þær ástæður sem leiddu til sviptingar eigi ekki við lengur.

## V. KAFLI
## **Ýmis ákvæði.**

21. gr.

*Tilkynningar.*

Tilkynna skal sviptingu, afsal eða takmörkun starfsleyfis og sviptingu réttar til að ávísa lyfjum, svo og endurveitingu þessara réttinda, sbr. 15.–17. gr. og 19. og 20. gr., til landlæknis, Tryggingastofnunar ríkisins, Lyfjastofnunar, vinnuveitenda og annarra þeirra sem málið kann að varða, svo og til þeirra ríkja sem Íslandi er að þjóðarétti skylt að tilkynna.

22. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

23. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

24. gr.

*Breytingar á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Læknalög, nr. 53/1988, með síðari breytingum.*
   a. 18. gr. laganna orðast svo:
      Læknir er háður eftirliti landlæknis í samræmi við ákvæði laga um embætti landlæknis.
   b. 18. gr. a laganna fellur brott.
   c. IV. kafli laganna, **Ávísanir lyfja,** fellur brott.
   d. 27. gr. laganna orðast svo:
      Um áminningu og sviptingu starfsleyfa, sem veitt eru á grundvelli laga þessara, fer samkvæmt ákvæðum laga um embætti landlæknis.
   e. 28. og 29. gr. laganna falla brott.

2. *Hjúkrunarlög, nr. 8/1974, með síðari breytingum.*
   7. gr. laganna orðast svo:
   Um eftirlit með hjúkrunarfræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis. Sama á við um þá sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á hjúkrunarleyfi skv. 2. tölul. 1. gr.
3. *Lög nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, með síðari breytingum.*
   a. 10. gr. laganna orðast svo:
      Um eftirlit með iðjuþjálfum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis.
   b. Orðin „um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis“ í 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna falla brott.
4. *Lög um þroskaþjálfa, nr. 18/1978.*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
      1. 1. mgr. orðast svo:
         Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hafa prófi frá þroskaþjálfabraut Kennaraháskóla Íslands.
      2. Í stað orðanna „Þroskaþjálfaskóla Íslands“ í 2. mgr. kemur: þroskaþjálfabrautar Kennaraháskóla Íslands.
   b. 7. gr. laganna orðast svo:
      Um eftirlit með þroskaþjálfum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis.
      Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um þroskaþjálfa og um refsingar fyrir brot í starfi.
5. *Lög um lífeindafræðinga, nr. 99/1980, með síðari breytingum.*
   8. gr. laganna orðast svo:
   Um eftirlit með lífeindafræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis.
   Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um lífeindafræðinga og um refsingar fyrir brot í starfi.
6. *Lög um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, með síðari breytingum.*
   Í stað 1. mgr. 9. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
   Um eftirlit með sjóntækjafræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis.
   Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um sjóntækjafræðinga og um refsingar fyrir brot í starfi.
7. *Ljósmæðralög, nr. 67/1984, með síðari breytingum.*
   8. gr. laganna orðast svo:
   Um eftirlit með ljósmæðrum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis. Sama á við um þá sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á ljósmæðraleyfi skv. 2. tölul. 1. gr.

Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um ljósmæður og um refsingar fyrir brot í starfi.

8. *Lög um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum.*
   a. 12. gr. laganna orðast svo:
      Um eftirlit með tannlæknum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis. Sama á við um þá sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á tannlækningaleyfi skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.
   b. 2. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.
   c. Orðin „nr. 80 frá 23. júní 1969“ í 16. gr. laganna falla brott.
9. *Lög um félagsráðgjöf, nr. 95/1990.*
   8. gr. laganna orðast svo:
   Um eftirlit með félagsráðgjöfum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis.
   Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um félagsráðgjafa og um refsingar fyrir brot í starfi.
10. *Lög um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976, með síðari breytingum.*
    a. 10. gr. laganna orðast svo:
       Um eftirlit með sjúkraþjálfurum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis.
    b. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:
       Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um sjúkraþjálfara og um refsingar fyrir brot í starfi.
11. *Lög um sálfræðinga, nr. 40/1976, með síðari breytingum.*
    Í stað 4.–6. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:
    Um eftirlit með sálfræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis.
    Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um sálfræðinga.
12. *Lög um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum.*
    7. gr. laganna orðast svo:
    Um eftirlit með sjúkraliðum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis.
    Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um sjúkraliða og um refsingar fyrir brot í starfi.
13. *Lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum.*
    Í stað 13. og 14. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:
    Um eftirlit með lyfjafræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis.
    Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um lyfjafræðinga og um refsingar fyrir brot í starfi.

14. *Lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, með síðari breytingum.*

6. gr. laganna orðast svo:

Um eftirlit með þeim starfsstéttum sem falla undir lög þessi, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis.

Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um þær starfsstéttir sem falla undir lög þessi og um refsingar fyrir brot í starfi.

15. *Lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum.*

a. 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

*Heilbrigðisstarfsmaður:* Einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.

b. 2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Vilji sjúklingur kvarta yfir meðferð getur hann beint kvörtun til landlæknis.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I. Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu. Er frumvarpið eins og hið fyrrnefnda samið af nefnd sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jóni Kristjánssyni, 8. október 2003, til að endurskoða lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi auk fulltrúa stærstu fagstétta heilbrigðisstarfsmanna, fulltrúa sjúklingasamtaka, fulltrúa aðila vinnumarkaðarins o.fl. Guðríður Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, var skipuð formaður nefndarinnar, en aðrir nefndarmenn voru Ásta Möller alþingismaður, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Jónína Bjartmarz alþingismaður, fulltrúi Framsóknarflokksins, Margrét Frímannsdóttir alþingismaður, fulltrúi Samfylkingarinnar, Ólafur Þór Gunnarsson læknir, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Pétur Bjarnason, framkvæmdastjóri SÍBS, fulltrúi Frjálslynda flokksins, Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, Sigurður Guðmundsson landlæknir, Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Þorbjörn Guðmundsson, fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, fulltrúi BSRB, Garðar Ó. Sverrisson, fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands, og Dögg Káradóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju. Hinn 1. mars 2005 tók Emil Thoroddsen sæti Garðars Sverrissonar í nefndinni. Starfsmenn nefndarinnar voru þau Anna Kristín Úlfarsdóttir lögfræðingur, Guðrún W. Jensdóttir deildarstjóri og Ágúst Geir Ágústsson lögfræðingur.

Nefndin hefur haldið fjölmarga fundi frá því að hún kom fyrst saman 27. október 2003. Nefndin skilaði tillögum sínum um frumvarp til laga um embætti landlæknis og frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu til ráðherra 12. apríl 2006.

Frumvarpið var sent út til umsagnar í júní 2006. Umsagnir bárust frá 30 þeirra 141 sem fengu frumvarpið til umsagnar. Umsagnirnar voru almennt mjög jákvæðar og litlar athugasemdir gerðar við efni frumvarpsins. Persónuvernd gerði þó nokkrar athugasemdir við ákvæði um skrár á heilbrigðissviði. Farið var yfir þær á fundi með fulltrúum Persónuverndar og hefur ákvæðið verið endurskoðað með tilliti til athugasemda stofnunarinnar. Einnig hafa verið gerðar nokkrar breytingar vegna athugasemda annarra aðila.

Grundvallarákvæði núgildandi laga um embætti landlæknis og verkefni hans er nú að finna í 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Þá eru ákvæði um eftirlit landlæknis með heilbrigðisstéttum í lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, læknalögum, nr. 53/1988, og öðrum sérlögum um heilbrigðisstéttir. Loks eru landlækni falin ýmis verkefni í fjölmörgum öðrum lögum. Með frumvarpinu er lagt til að helstu ákvæði framangreindra laga um verkefni landlæknis verði útfærð nánar og felld í sérstakan lagabálk um embætti landlæknis.

## II. Megintilgangur frumvarpsins og helstu breytingar frá núgildandi lögum.

Þótt embætti landlæknis standi á gömlum merg eru ákvæði gildandi laga sem lúta beint að embættinu og hlutverki þess tiltölulega fábrotin. Meginlagastoð fyrir starfrækslu landlæknisembættisins er nú að finna í 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Þar er getið um meginverkefni og hlutverk landlæknis, þ.e. um ráðgjafarhlutverk hans, eftirlit með heilbrigðisstarfsfólki og heilbrigðisþjónustu, upplýsingasöfnum og skýrslugerð á heilbrigðissviði sem og meðferð kvartana og kæra almennings vegna heilbrigðisþjónustu. Miðar frumvarpið fyrst og fremst að því að kveða skýrar á um þessi hlutverk landlæknis og ekki síst að styrkja og skerpa á hlutverki landlæknisembættisins sem eftirlits- og stjórnsýslustofnunar á sviði heilbrigðismála undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Landlæknisembættinu eru falin tiltekin verkefni í lögum um sóttvarnir, lögum um almannavarnir, og lögum um Lýðheilsustöð og er ekki gert ráð fyrir breytingum á þeim lögum í frumvarpi þessu. Loks eru landlækni falin afmörkuð verkefni í fjölmörgum öðrum lögum, svo sem starfræksla lyfjagagnagrunns samkvæmt lyfjalögum.

Helstu breytingar frá núgildandi lögum sem lagðar eru til í frumvarpinu má draga saman með eftirfarandi hætti:

1. Kveðið er skýrar á um stöðu og hlutverk landlæknisembættisins sem eftirlits- og stjórnsýslustofnunar undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
2. Skýrar er kveðið á um heimildir landlæknis til að halda heilbrigðisskrár á landsvísu og til skýrslugerðar á heilbrigðissviði.
3. Skýrt er kveðið á um að landlæknir skuli hafa eftirlit með heilbrigðiþjónustu og að hún uppfylli á hverjum tíma faglegar kröfur.
4. Heimildir almennings til að beina kvörtunum til landlæknis vegna heilbrigðisþjónustu eru útfærðar nánar og styrktar.
5. Kveðið er á um skyldu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu til að skrá óvænt atvik sem verða við veitingu þjónustunnar og um tilkynningarskyldu til landlæknis þegar alvarleg atvik verða.
6. Kveðið er á um hlutverk landlæknis við gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar.
7. Ákvæði læknalaga og laga um aðrar heilbrigðisstéttir um eftirlit landlæknis með heilbrigðisstarfsmönnum eru endurskoðuð og samræmd.

## III. Helstu ákvæði núgildandi laga um embætti landlæknis.

*1. Ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu.*

Meginákvæði núgildandi laga um landlækni er að finna í 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Ákvæðið hefur í meginatriðum staðið óbreytt frá árinu 1973 en það er nú svohljóðandi:

> „Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f.h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta.

Hann hefur jafnframt eftirlit með þeim hluta af starfi sjálfstætt starfandi tannsmiða, sem öðlast hafa meistararéttindi, sem unninn skal í samstarfi við tannlækni. Aðstoðarlandlæknir skal vera landlækni til aðstoðar og staðgengill hans.

Landlæknir skipuleggur skýrslugerð heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisstofnana og innheimtir þær. Ráðuneytið og landlæknir annast útgáfu heilbrigðisskýrslna.

Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn. Hann skal vera embættislæknir eða hafa aðra sérfræðimenntun ásamt víðtækri reynslu á sviði stjórnunar. Ráðherra ræður aðstoðarlandlækni og skal gera sömu kröfur um menntun hans og starfsreynslu og gert er til landlæknis.

Ráðherra setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans að höfðu samráði við samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnarráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til þess að sinna þeim verkefnum.

Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Heimilt er að vísa ágreiningsmálum til sérstakrar nefndar, sem í eiga sæti 3 menn, tilnefndir af Hæstarétti og ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar, og einn skal vera embættisgengur lögfræðingur og jafnframt formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Landlæknir og nefndin gera ráðherra árlega grein fyrir þeim kvörtunum sem borist hafa og afdrifum mála.“

Samkvæmt framangreindu ákvæði má eins og áður greinir skipta hlutverki landlæknis í þrennt. Í fyrsta lagi ber honum að vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar heilbrigðismál, í öðru lagi að hafa eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum, heilbrigðisstofnunum og lyfjanotkun landsmanna og í þriðja lagi að skipuleggja skýrslugerð heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisstofnana og safna upplýsingum úr þeim. Þá ber landlækni einnig að sinna kvörtunum og kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar en sú skylda felur í sér tiltekið eftirlit með heilbrigðisþjónustunni og er þannig þáttur í eftirlitshlutverki hans.

*2. Ákvæði læknalaga, nr. 53/1988, og annarra laga um heilbrigðisstéttir.*

Í læknalögum eru allmörg ákvæði um hlutverk landlæknis, m.a. umsagnarhlutverk við veitingu sérfræðileyfis, sbr. 5. gr. læknalaga. Þá er ákvæði um skyldu lækna til að skila skýrslum um störf sín til landlæknis, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna, en þar segir: „Landlæknir heimtir skýrslur af lækni viðvíkjandi störfum hans að heilbrigðismálum í samræmi við reglur þar að lútandi sem ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.“ Í læknalögum er einnig ákvæði um eftirlit landlæknis með læknum í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 18. gr., en þar segir: „Læknir er háður eftirliti landlæknis. Ber landlækni að gæta þess að læknir haldi ákvæði laga þessara og önnur ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins.“ Þá eru ákvæði í 18. gr. a um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að tilkynna landlækni ef meðferð heilbrigðisstarfsmanns hefur í för með sér óvæntan skaða. Einnig eru í læknalögum ákvæði um eftirlit landlæknis með ávísunum lyfja og viðurlög vegna brota á ákvæðum um lyfjaávísanir, sbr. 19.–21. gr. læknalaga. Loks eru þar ákvæði um heimildir landlæknis til að áminna heilbrigðisstarfsmenn og til að gera tillögu til ráðherra um sviptingu lækningaleyfis vegna brota þeirra á ákvæðum laganna.

Í lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, eru ákvæði um umsögn landlæknis um nám og menntunarskilyrði og leyfisveitingar og í 6. gr. laganna kemur fram að um þær starfsstéttir sem undir lögin falli gildi „að öðru leyti og eftir því sem við á ákvæði læknalaga“. Þá segir í 2. mgr.: „Reglur læknalaga gilda og um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu löggildingar starfsréttinda og endurveitingu þeirra.“ Auk læknalaga eru í gildi 12 sérlög um heilbrigðisstéttir og í flestum þeirra eru hliðstæð ákvæði um hlutverk landlæknis og tilvísun til ákvæða læknalaga.

*3. Hlutverk landlæknis samkvæmt öðrum lögum.*

Auk ákvæða í lögum um heilbrigðisþjónustu, læknalögum og öðrum lögum um heilbrigðisstéttir eru embætti landlæknis falin tiltekin verkefni í ýmsum sérlögum. Má þar m.a. nefna sóttvarnalög, nr. 19/1997, lög um almannavarnir, nr. 94/1962, lög um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003, og lyfjalög, nr. 93/1994.

**IV. Hlutverk landlæknis samkvæmt frumvarpinu.**

Frumvarpið gerir ráð fyrir að meginhlutverk landlæknis verði áfram ráðgjöf, eftirlit, upplýsingasöfnun og skýrslugerð. Í frumvarpinu eru þessum hlutverkum hins vegar gerð mun ítarlegri skil en í núgildandi lögum. Verður nú gerð grein fyrir hinu þríþætta hlutverki embættis landlæknis samkvæmt frumvarpinu og þeim breytingum sem gerðar eru frá núgildandi lögum.

*1. Ráðgjafarhlutverk landlæknis.*

Samkvæmt núgildandi lögum er landlæknir ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál. Í frumvarpinu er ráðgjafarhlutverk landlæknis aukið með þeim hætti að gert er ráð fyrir því að hann veiti einnig öðrum stjórnvöldum, svo sem ráðuneytum og ríkisstofnunum, eftir því sem við á og tilefni gefst til, ráðgjöf um heilbrigðismál. Þá ber honum jafnframt samkvæmt frumvarpinu að veita heilbrigðisstarfsfólki og almenningi ráðgjöf um heilbrigðismál. Ekki er kveðið á um slíkt í núgildandi lögum, en landlæknir hefur engu síður sinnt faglegri ráðgjöf og gefið heilbrigðisstarfsmönnum leiðbeiningar í formi ýmiss konar tilmæla og klínískra leiðbeininga auk þess sem hann hefur gefið út leiðbeiningar til almennings um heilbrigðismál. Ráðgjafarhlutverk landlæknis er nátengt hlutverki hans við framkvæmd eftirlits með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum og hlutverki hans við söfnun upplýsinga um heilbrigðisþjónustu og heilbrigðismál. Við framkvæmd þessara starfa verður til mikil þekking á innviðum heilbrigðisþjónustunnar sem mikilvægt er að heilbrigðisráðherra og önnur stjórnvöld eigi aðgang að. Þá er ekki síður mikilvægt að embætti landlæknis miðli upplýsingum til heilbrigðisstarfsmanna og almennings þegar ástæða er til. Hefur ráðgjafarhlutverkið verið veigamikill þáttur í starfi landlæknis um langa hríð en ákvæði um ráðgjafarhlutverk landlæknis voru fyrst lögfest með lögum nr. 44/1932.

*2. Eftirlitshlutverk landlæknis.*

Samkvæmt núgildandi lögum beinist eftirlit landlæknis fyrst og fremst að starfsemi heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna auk þess sem landlæknir hefur tiltekið eftirlit með lyfjanotkun landsmanna samkvæmt lyfjalögum. Er afmörkun á eftirlitshlutverki landlæknis í frumvarpinu óbreytt þótt það sé nánar útfært eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar. Ekki er hins vegar í frumvarpinu vikið að hlutverki landlæknisembættisins vegna sóttvarna enda ræðst það af ákvæðum sóttvarnalaga eins og áður segir.

Eftirlitshlutverk landlæknis með heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisstofnunum hefur fengið aukið vægi á undanförnum árum eftir því sem heilbrigðisþjónustan hefur orðið flóknari og stéttum heilbrigðistarfsmanna hefur fjölgað. Í frumvarpinu er lagt til að endurskoðuð ákvæði læknalaga og ákvæði annarra laga um heilbrigðisstéttir um eftirlit landlæknis með heilbrigðisstéttum verði felld inn í lög um embætti landlæknis.

Umfjöllun um kvartanir og kærur er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustuna, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, hefur verið vaxandi þáttur í starfsemi landlæknisembættisins. Hér er lagt til að sett verði ítarlegri ákvæði um meðferð slíkra mála hjá embættinu og jafnframt er lagt til að fellt verði brott ákvæði um sérstaka nefnd sem fjallar um ágreiningsmál, sbr. núgildandi ákvæði 5. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Þá er í frumvarpinu ákvæði um skyldu heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna til að skrá upplýsingar um óvænt atvik sem verða við veitingu heilbrigðisþjónustu og um tilkynningarskyldu þeirra til landlæknis vegna þeirra. Ákvæði þetta kemur í stað ákvæðis 18. gr. a í læknalögum, nr. 53/1988, um óvæntan skaða. Loks er í frumvarpinu mælt fyrir um hlutverk landlæknis við gerð áætlana um gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar og um gæða- og árangursmælingar af hálfu landlæknis sem hvort tveggja er jafnframt til þess fallið að styrkja eftirlit landlæknis með heilbrigðisþjónustu og það aðhald sem í því er fólgið.

*3. Upplýsingasöfnun.*

Þótt heilbrigðisskýrslur hafi verið gefnar út af landlækni allt frá 19. öld er það fyrst með lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, sem kveðið er á um það í lögum að hann skuli hafa það hlutverk. Núgildandi ákvæði um hlutverk landlæknis við söfnun upplýsinga og skýrslugerð er að finna í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, en þar kemur fram að landlæknir skipuleggi skýrslugerð heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisstofnana og innheimti þær.

Í frumvarpinu er kveðið með mun ítarlegri hætti á um þetta hlutverk landlæknis, þ.e. um þær heilbrigðisskrár sem honum ber að skipuleggja og halda og um útgáfu heilbrigðisskýrslna. Miða ákvæði frumvarpsins að því að styrkja heimildir landlæknis til að safna upplýsingum um heilbrigðismál í þeim tilgangi að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með heilsufari og heilbrigðisþjónustu, meta árangur þjónustunnar og gera áætlanir um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu. Er söfnun upplýsinga jafnframt tiltekin forsenda eða tæki í höndum landlæknis við framkvæmd eftirlits með heilbrigðisþjónustu og ráðgjafarstörf. Þá er upplýsingasöfnun landlæknis og úrvinnsla mikilvæg forsenda fyrir stefnumótun og áætlanagerð heilbrigðisráðuneytisins.

Reynsla undanfarinna ára og áratuga hefur leitt í ljós að heilbrigðisskrár á landsvísu hafa ómetanlegt gildi fyrir heilbrigðisyfirvöld til að meta hvaða þættir hafa áhrif á heilsu og til að gera langtímaáætlanir fyrir heilbrigðisþjónustuna. Slíkar skrár eru þegar til hér á landi á einstökum sviðum, sbr. krabbameinsskrá, skrár Hjartaverndar, skrá um notkun lyfja og dánarmeinaskrá sem haldin er af Hagstofunni. Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um heimildir til að halda slíkar skrár í lögum, svo sem lagt er til í frumvarpinu, m.a. til að tryggja öryggi persónuupplýsinga.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skal starfrækja embætti landlæknis undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með það að markmiði að tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar og

stuðla að heilbrigði landsmanna. Með ákvæðinu er lagður lögformlegur grunnur að embætti landlæknis um leið og meginmarkmið með starfrækslu þess eru skilgreind.

Um 2. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skipar ráðherra landlækni til fimm ára í senn og er það óbreytt frá gildandi lögum. Sá sem skipaður er í embætti landlæknis skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar.

Áður en skipað er í embættið skal hæfni umsækjenda um stöðuna metin af nefnd samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Er hér vísað til nefndar skv. 2. mgr. 9. gr. frumvarps til laga um heilbrigðisþjónustu sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi en umræddri nefnd er jafnframt ætlað að meta hæfni forstjóra heilbrigðisstofnana. Samkvæmt núgildandi lögum skal nefnd (stöðunefnd lækna) skv. 31. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, meta umsækjendur um stöðu landlæknis. Með hliðsjón af stöðu landlæknis sem forstöðumanns landlæknisembættisins, í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þykir nú eðlilegra að umsækjendur um stöðu landlæknis sæti mati nefndar skv. 2. mgr. 9. gr. frumvarps til laga um heilbrigðisþjónustu með sama hætti og forstjórar heilbrigðisstofnana, enda verði að ætla sú nefnd sé betur í stakk búin til að meta hæfni umsækjenda til að stýra stjórnsýslu, rekstri og starfsmannamálum embættisins en stöðunefnd lækna sem er fyrst og fremst ætlað að meta faglega hæfni umsækjenda um stöður stjórnenda lækninga á heilbrigðisstofnunum.

Samkvæmt núgildandi lögum ræður ráðherra jafnframt aðstoðarlandlækni og skal gera sömu kröfur til hans og gerðar eru til landlæknis. Ekki eru lagðar til breytingar á því að öðru leyti en því að lagt er til að aðstoðarlandlæknir verði ráðinn af landlækni með sama hætti og aðrir starfsmenn embættisins en ekki af ráðherra. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið í rekstri og stjórnun ríkisstofnana, sbr. lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og hefur það að markmiði að skerpa og skýra stöðu forstöðumanna sem æðstu stjórnenda hverrar stofnunar fyrir sig með óskipta ábyrgð gagnvart ráðherra. Með breytingunni er undirstrikað að aðstoðarlandlæknir starfar í umboði landlæknis og á ábyrgð hans eins og aðrir starfsmenn embættisins.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er að finna skilgreiningar á fjórum hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu og þörf er talin á að skilgreina. Skilgreiningarnar eru í öllum tilvikum samhljóða skilgreiningum á sömu hugtökum í frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu.

Í 1. tölul. er hugtakið *heilbrigðisþjónusta* skilgreint sem hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma eða endurhæfa sjúklinga. Skilgreiningin er eins og sjá má afar víðtæk en er þó ætlað að marka tiltekinn ramma um það hvaða þjónusta teljist heilbrigðisþjónusta í skilningi laganna.

Í 2. tölul. er hugtakið *heilbrigðisstarfsmaður* skilgreint sem einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar. Um veitingu starfsleyfa til heilbrigðisstarfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, og ákvæðum sérlaga, t.d. læknalaga.

Í 3. tölul. er hugtakið *heilbrigðisstofnun* skilgreint sem stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt. Tekur hugtakið þannig til allra stofnana sem veita heilbrigðisþjónustu án tillits

til þess hver rekur hana eða rekstrarforms þeirra. Skýra ber hugtakið þannig að það taki til stofnana sem veita einstaklingum heilbrigðisþjónustu. Stofnanir eins og embætti landlæknis,Tryggingastofnun ríkisins, Lýðheilsustöð og Geislavarnir ríkisins falla því ekki hér undir en um starfsemi þessara stofnana gilda ákvæði sérlaga. Þá ber að afmarka hugtakið heilbrigðisstofnun í frumvarpinu með hliðsjón af skilgreiningu á hugtakinu *starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna* í 4. tölul.

Í 4. tölul. er hugtakið *starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna* skilgreint sem starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins. Er hugtakinu ætlað að taka til starfsstöðva heilbrigðisstarfsmanna utan stofnana þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt hvort sem það er með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um hlutverk landlæknis í ellefu stafliðum.

Samkvæmt a-lið er það hlutverk landlæknis að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, heilbrigðisstarfsfólki og almenningi ráðgjöf um heilbrigðismál. Þetta hlutverk landlæknis stendur í nánum tengslum við eftirlitshlutverk hans og söfnum upplýsinga um heilbrigðismál. Við framkvæmd þessara starfa verður til mikil reynsla og þekking sem mikilvægt er að ráðherra og stjórnvöld, heilbrigðisstarfsmenn og almenningur eftir atvikum hafi aðgang að. Um ráðgjöf landlæknis til heilbrigðisstarfsmanna og almennings er fjallað nánar í 5. gr.

Samkvæmt b-lið er það hlutverk landlæknis að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Nánar er kveðið á um eftirlit landlæknis með heilbrigðisþjónustu í 7. gr. og er vísað til umfjöllunar um það ákvæði hér á eftir.

Samkvæmt c-lið skal landlæknir hafa eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum. Nánar er kveðið á um eftirlit landlæknis að þessu leyti í III. kafla frumvarpsins og er vísað til umfjöllunar um einstök ákvæði þess kafla hér á eftir.

Samkvæmt d-lið er það hlutverk landlæknis að hafa eftirlit með lyfjaávísunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna. Um eftirlit og eftirlitsheimildir landlæknis með ávísunum lyfja er fjallað í IV. kafla frumvarpsins og er vísað til umfjöllunar um ákvæði þess kafla hér á eftir. Tilgangur eftirlits landlæknis með lyfjanotkun landsmanna er annars vegar að hafa almennt eftirlit með þróun lyfjanotkunar í þeim tilgangi að greina aukningu og eftir atvikum samdrátt í notkun einstakra lyfja og lyfjaflokka og vekja athygli ráðherra og annarra stjórnvalda á breytingum og veita ráðgjöf og gera tillögur til úrbóta ef við á. Þá er landlækni jafnframt ætlað í störfum sínum, samhliða eftirliti með lyfjanotkun, að stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna. Geta fagleg fyrirmæli og leiðbeiningar landlæknis til heilbrigðisstarfsmanna skv. 5. gr. m.a. lotið að þessu, sem og ábendingar og ráðgjöf sem landlæknir beinir til almennings. Ekki er kveðið nánar á um þetta hlutverk landlæknis í frumvarpinu að öðru leyti en því að fram er tekið í 1. mgr. 18. gr. að landlæknir skuli fylgjast með þróun lyfjanotkunar. Við framkvæmd þessa eftirlits sækir landlæknir upplýsingar úr lyfjagagnagrunni sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum lyfjalaga.

Samkvæmt e-lið er það hlutverk landlæknis að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu. Nánar er kveðið á um upplýsingasöfnun landlæknis í 8. gr. frumvarpsins og er vísað til umfjöllunar um það ákvæði hér á eftir.

Samkvæmt f-lið er það hlutverk landlæknis að fylgjast með heilbrigði landsmanna. Hlutverk landlæknis að þessu leyti er almenns eðlis og lýtur að því að greina breytingar sem verða á heilsufari landsmanna og vekja athygli ráðherra og annarra stjórnvalda á þeim og veita ráðgjöf og gera tillögur til úrbóta ef við á. Landlæknir sækir upplýsingar í heilbrigðis-

skrár sem hann skipuleggur skv. 8. gr. í þessu skyni og vinnur heilbrigðisskýrslur í samvinnu við ráðherra.

Samkvæmt g-lið er það hlutverk landlæknis að vinna að gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustu. Nánar er kveðið á um vinnu landlæknis að gæðaþróun í 11. gr. frumvarpsins og er vísað til umfjöllunar um það ákvæði hér á eftir.

Samkvæmt h-lið er það hlutverk landlæknis að sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu. Nánar er kveðið á um kvartanir til landlæknis og meðferð landlæknis á slíkum erindum í 12. gr. frumvarpsins og er vísað til umfjöllunar um það ákvæði.

Samkvæmt i-lið er það hlutverk landlæknis að stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma.

Samkvæmt j-lið er það hlutverk landlæknis að stuðla að rannsóknum á sviði heilbrigðismála. Í frumvarpinu er ekki kveðið frekar á um þetta hlutverk landlæknis en segja má að framangreind hlutverkalýsing feli í sér yfirlýsingu um að landlæknir skuli beita sér fyrir því að rannsóknir séu gerðar á sviði heilbrigðismála, að hann skuli veita rannsóknaraðilum þann stuðning og aðstöðu sem hann er fær um að veita og eftir atvikum aðgang að upplýsingum úr heilbrigðisskrám í samræmi við þær reglur sem um slíkan aðgang gilda.

Að lokum er tekið fram í k-lið að landlæknir skuli sinna öðrum verkefnum sem embættinu eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Um 5. gr.

Það hefur lengi tíðkast að landlæknir gefi út ýmis tilmæli, svo sem fyrirmæli og leiðbeiningar, þ.m.t. svonefndar „klínískar leiðbeiningar“ og ráðgjöf. Lagaleg staða þessara tilmæla hefur hins vegar verið óskýr og er hér leitast við að flokka þessi tilmæli og mæla fyrir um stöðu þeirra.

Í 1. mgr. kemur fram að landlæknir geti gefið heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum almenn fagleg fyrirmæli um vinnulag, aðgerðir og viðbrögð af ýmsu tagi sem þeim er skylt að fylgja. Skulu slík fyrirmæli lögð fyrir ráðherra til staðfestingar og birt. Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að landlæknir hafi virk úrræði til að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að gæðaþróun. Fagleg fyrirmæli sem sett eru með þessum hætti gilda jafnt um heilbrigðisstofnanir og einstaka heilbrigðisstarfsmenn eftir því sem við getur átt. Fyrirmæli landlæknis eru eins og fram er komið háð staðfestingu ráðherra og ber honum meðal annars að gæta þess að ekki sé gengið lengra en þörf er á við setningu slíkra fyrirmæla en í því sambandi kann að vera þörf á að meta hvort faglegar leiðbeiningar skv. 2. mgr. séu nægjanlegar.

Í 2. mgr. kemur fram að landlæknir geti gefið út faglegar leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana, þar á meðal leiðbeiningar sem miða að nálgun og lausn vandamála í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma. Hér er átt við svonefndar „klínískar leiðbeiningar“. Munur á faglegum fyrirmælum skv. 1. mgr. og faglegum leiðbeiningum skv. 2. mgr. er sá að þær fyrrnefndu eru bindandi gagnvart heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisstofnunum, en faglegar leiðbeiningar miða hins vegar fyrst og fremst að því að vera heilbrigðisstarfsfólki til stuðnings við ákvarðanatöku við meðferð og umönnun sjúklinga við tilteknar aðstæður án þess þó að binda hendur þeirra. Þær geta þó haft verulega þýðingu, t.d. þegar metið er hvort um hafi verið að ræða mistök eða vanrækslu við meðferð sjúklings. Leiðbeiningar landlæknis samkvæmt ákvæði þessu skulu kynntar heilbrigðisstarfsmönnum og vera aðgengilegar almenningi.

Í 3. mgr. er tekið fram að landlæknir geti komið á framfæri við almenning ábendingum og ráðgjöf um mál sem snerta heilbrigði og heilbrigðisþjónustu. Er þetta í samræmi við hlut-

verk landlæknis skv. a-lið 4. gr. frumvarpsins en ábendingar og ráðgjöf af þessu tagi hafa í reynd verið þáttur í starfi landlæknis um langt skeið.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um setningu reglugerðar um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu. Mælt er fyrir um að ráðherra skuli, að fengnum tillögum landlæknis, setja reglugerð um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu. Reglugerðin skal byggjast á þekkingu og aðstæðum á hverjum tíma og skal hún endurskoðuð reglulega. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um lágmarkskröfur um mönnun, þ.e. fjölda starfsmanna og menntun þeirra, húsnæði, aðstöðu, tæki og búnað til reksturs heilbrigðisþjónustu. Ákvæði sama efnis er að finna í frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Ákvæði 2.–7. mgr., þar sem m.a. er fjallað um tilkynningu til landlæknis um fyrirhugaðan rekstur heilbrigðisþjónustu, staðfestingu landlæknis á að fyrirhugaður rekstur uppfylli faglegar kröfur og gjaldtökuheimild, eru samhljóða 1.–4. mgr. og 6. og 7. mgr. 26. gr. frumvarps til laga um heilbrigðisþjónustu sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Rétt þykir að taka þessi ákvæði jafnframt upp í frumvarp um embætti landlæknis til þess að það gefi fyllri mynd af verkefnum embættisins. Um nánari umfjöllun um þessi atriði vísast til frumvarps til laga um heilbrigðisþjónustu.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um eftirlit landlæknis með heilbrigðisþjónustu. Kemur fram að landlæknir skuli hafa reglulegt eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði í heilbrigðislöggjöf á hverjum tíma. Er landlækni veitt heimild til að krefja veitendur heilbrigðisþjónustu um upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Í sama tilgangi skal landlæknir eiga greiðan aðgang að heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna til eftirlits samkvæmt lögum þessum.

Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um viðbrögð landlæknis verði hann var við að heilbrigðisþjónusta uppfylli ekki faglegar kröfur eða sé ekki í samræmi við ákvæði heilbrigðislöggjafar. Ber honum þá að beina tilmælum um úrbætur til rekstraraðila. Verði rekstraraðili ekki við tilmælum landlæknis, eftir atvikum innan þess frest sem landlæknir kann að setja, ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra í framhaldi af slíku erindi landlæknis og að lokinni meðferð málsins af sinni hálfu ákveðið að stöðva rekstur heilbrigðisþjónustu tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkunum, eða að stöðva rekstur að fullu. Er ákvæðinu að þessu leyti ætlað að styrkja stöðu landlæknis sem eftirlitsaðila með rekstri heilbrigðisþjónustu og tryggja honum og ráðherra virk úrræði í því sambandi. Sambærilegt ákvæði er jafnframt í 25. gr. frumvarps til laga um heilbrigðisþjónustu. Auk framangreindra úrræða sem heimilt er að beita gagnvart rekstraraðila geta sömu atvik leitt til þess að landlæknir og ráðherra beiti úrræðum III. kafla gagnvart einstökum heilbrigðisstarfsmönnum.

Í 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd eftirlits af hálfu landlæknis.

Um 8. gr.

Núgildandi ákvæði um hlutverk landlæknis við söfnun upplýsinga og skýrslugerð er að finna í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, en þar kemur fram að land-

læknir skipuleggi skýrslugerð heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisstofnana og innheimti þær, og í 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. læknalaga, nr. 53/1988, en þar segir: Landlæknir heimtir skýrslur af lækni viðvíkjandi störfum hans að heilbrigðismálum í samræmi við reglur þar að lútandi sem ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands. Um þessa skýrslugerð gilda nú ákvæði reglugerðar nr. 227/1991 um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál.

Í frumvarpinu er kveðið með mun ítarlegri hætti á um þetta hlutverk landlæknis að þessu leyti, þ.e. um þær heilbrigðisskrár sem honum ber að skipuleggja og halda og um útgáfu heilbrigðisskýrslna. Miða ákvæði frumvarpsins að því að styrkja heimildir landlæknis til að safna upplýsingum um heilbrigðismál í þeim tilgangi að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með heilsufari og heilbrigðisþjónustu, meta árangur þjónustunnar og gera áætlanir um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu. Er söfnun upplýsinga þannig jafnframt tiltekin forsenda eða tæki í höndum landlæknis við framkvæmd eftirlits með heilbrigðisþjónustu og ráðgjafarstörf. Þá er upplýsingasöfnun landlæknis og úrvinnsla úr þeim mikilvæg forsenda fyrir stefnumótun og áætlanagerð heilbrigðisráðuneytisins.

Samkvæmt frumvarpinu skal landlæknir, í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, skipuleggja og halda skrár á landsvísu um heilsufar, sjúkdóma, slys, lyfjaávísanir, fæðingar og starfsemi og árangur heilbrigðisþjónustunnar í þeim tilgangi að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með þjónustunni og tryggja gæði hennar, meta árangur þjónustunnar, gera áætlanir um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu og til nota í vísindarannsóknum. Þá er í ákvæðinu jafnframt mælt fyrir um að landlæknir skuli í samráði við ráðuneytið vinna upplýsingar úr heilbrigðisskrám til notkunar við áætlanagerð, stefnumótun og önnur verkefni ráðuneytisins og gefa út heilbrigðisskýrslur. Er meginreglan sú að upplýsingar í skrám landlæknis skuli vera ópersónugreinanlegar nema samþykki hinna skráðu standi til annars. Á þetta við um allar skrár sem landlæknir heldur aðrar en þær sem taldar eru upp í 2. mgr. ákvæðisins. Reynsla undanfarinna ára og áratuga hefur leitt í ljós að heilbrigðisskrár á landsvísu hafa ómetanlegt gildi fyrir heilbrigðisyfirvöld til að meta hvaða þættir hafa áhrif á heilsu og til að gera langtímaáætlanir fyrir heilbrigðisþjónustuna. Í sumum tilvikum er talin rík þörf á að halda slíkar skrár á persónugreinanlegu formi. Slíkar persónugreinanlegar heilbrigðisskrár eru þegar haldnar hér á landi á einstökum sviðum, svo sem krabbameinsskrá, vistunarskrá sjúkrahúsa, skrá um notkun lyfja og dánarmeinaskrá, sem haldin er af Hagstofunni samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 10. gr. laga um dánarvottorð, krufningar o.fl. Með hliðsjón af persónuverndarsjónarmiðum er nauðsynlegt að afmarka með skýrum hætti í lögum þær heimildir sem heilbrigðisyfirvöld hafa til að halda slíkar skrár. Í samræmi við þetta eru í 2. mgr. 8. gr. tilgreindar sérstaklega þær heilbrigðisskrár sem landlækni er heimilt að halda með persónuauðkennum einstaklinga án þeirra samþykkis. Upptalning skránna í ákvæðinu er tæmandi og verða því ekki teknar upp nýjar heilbrigðisskrár með persónugreinanlegum upplýsingum nema Alþingi samþykki lagabreytingu þar um.

Persónuauðkenni í framangreindum skrám landlæknis, sbr. 2. mgr., skulu dulkóðuð og er gert ráð fyrir að jafnan skuli unnið með upplýsingar úr þeim á dulkóðuðu formi. Í reglugerðum sem ráðherra setur, að fenginni umsögn Persónuverndar, verður mælt nánar fyrir um innihald skránna, dulkóðun þeirra, í hvaða tilvikum megi afkóða þær og aðrar reglur sem snúa að meðhöndlun skránna. Umræddar skrár eiga það sameiginlegt að vera grundvöllur reglulegrar tölfræðivinnslu og birtingar sem hefur m.a. þann tilgang að sjá viðeigandi stjórnvöldum fyrir nauðsynlegum upplýsingum til skipulagningar og áætlanagerðar og að veita tækifæri til samanburðar milli tímabila og á milli landa. Þá eru þær undirstaða vöktunr á tíðni mismunandi sjúkdóma og meðferða. Skrárnar skapa grundvöll fyrir vísindarannsóknir t.d. á or-

sökum sjúkdóma, einkum faraldsfræðilegar rannsóknir. Loks eru þær mikilvæg undirstaða þess að tryggja gæði og árangur heilbrigðisþjónustu. Hér á eftir er gerð almenn grein fyrir efni og innihaldi þeirra skráa sem taldar eru upp í ákvæðinu.

1. *Fæðingaskrá:* Í skrána fara upplýsingar um allar fæðingar í landinu. Skráð eru ýmis atriði sem tengjast meðgöngu og fæðingum, svo sem um fæðingarstað, fæðingarmáta, inngrip við fæðingar, fæðingarþyngd og tæknifrjóvganir. Upplýsingar í fæðingaskrá koma frá heilbrigðisstofnunum, og heilbrigðisstarfsmönnum vegna heimafæðinga, og frá þeim sem hafa rekstrarleyfi til að framkvæma tæknifrjóvganir. Úr fæðingaskrá eru unnar tölfræðiupplýsingar um fæðingar og nýbura, m.a. um burðarmáls-, ungbarna- og mæðradauða. Fæðingaskrá sendir tilkynningar um fæðingar til þjóðskrár.
2. *Skrá um hjarta- og æðasjúkdóma:* Í skrána fara upplýsingar um öll tilvik hjarta- og æðasjúkdóma sem greinast í sjúklingum á Íslandi. Skráðar eru upplýsingar m.a. um sjúkdóminn, meðferð og árangur meðferðar og afdrif sjúklinga. Upplýsingar í skrána koma frá heilbrigðisstofnunum, rannsóknarstofum og sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum auk þess sem upplýsingar eru unnar upp úr dánarvottorðum. Úr skránni eru m.a. unnar upplýsingar um algengi og nýgengi kransæðastíflu og hjartasjúkdóma.
3. *Krabbameinsskrá:* Í skrána fara upplýsingar um öll krabbamein sem greinast á Íslandi. M.a. eru skráðar upplýsingar um sjúkdóminn, meðferð og árangur meðferðar og afdrif sjúklinga. Upplýsingar í skrána koma frá heilbrigðisstofnunum, rannsóknarstofum og sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum auk þess sem upplýsingar eru unnar upp úr dánarvottorðum. Úr krabbameinsskrá eru m.a. unnar upplýsingar um algengi og nýgengi krabbameina.
4. *Slysaskrá:* Skráðar eru lágmarksupplýsingar um slys, um slasaða og um eignatjón. Meginmarkmið skrárinnar er að safna upplýsingum um öll slys og að komast hjá tvískráningu slysa þannig að raunhæft yfirlit fáist yfir slysatíðni á Íslandi. Upplýsingar í slysaskrá koma frá öllum sem meðhöndla upplýsingar um slys, þ.e. frá heilbrigðisstofnunum, frá lögreglu, vinnueftirliti og frá tryggingafélögum. Úr slysaskrá eru unnar upplýsingar um fjölda slysa eftir því hvers eðlis þau eru og hvar þau eiga sér stað, eftir aldri og kyni þeirra sem lenda í þeim o.fl.
5. *Vistunarskrá heilbrigðisstofnana:* Í skrána er safnað lágmarksupplýsingum um allar innlagnir á íslenskar heilbrigðisstofnanir, komur á dagdeildir- og göngudeildir og upplýsingar um biðlista eftir þjónustu. Skráin inniheldur m.a. upplýsingar um stofnunina sem komið er á, innlagnar- og útskriftardag, sjúkdómagreiningu og meðferðarkóða. Úr vistunarskrá eru unnar upplýsingar um fjölda lega og legudaga, meðallegutíma, algengustu aðgerðir og sjúkdómaflokka.
6. *Samskiptaskrá heilsugæslustöðva:* Í skrána fara lágmarksupplýsingar um öll samskipti við heilsugæslustöðvar. Skráin inniheldur m.a. upplýsingar um heilsugæslustöðina sem einstaklingur kemur á, dagsetningu komu og tilefni hennar, greiningu og meðferðarkóða. Meginmarkmið skrárinnar er að fylgjast með umfangi og notkun heilsugæsluþjónustu og að fylgjast með tíðni sjúkdóma og meðferða. Úr samskiptaskrá heilsugæslustöðva eru unnar upplýsingar um fjölda samskipta, algengustu tilefni samskipta, algengustu sjúkdómaflokka og aðgerðir.
7. *Samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga:* Í skrána er safnað lágmarksupplýsingum um komur einstaklinga á starfsstofur sjálfstætt starfandi sérfræðinga og samskipti við þá. Skráin inniheldur m.a. upplýsingar um hvaða starfsstofu um er að ræða, dagsetningu samskipta og tilefni þeirra, greiningu og meðferðarkóða. Úr samskiptaskrá sjálfstætt

starfandi sérfræðinga eru unnar upplýsingar um fjölda samskipta, algengustu tilefni samskipta, algengustu sjúkdómaflokka og aðgerðir.

Eins og fram er komið skulu persónuupplýsingar í framangreindum skrám landlæknis vera dulkóðaðar. Þá skulu heilbrigðisskýrslur sem unnar eru og gefnar út á grundvelli upplýsinga úr skránum ávallt vera ópersónugreinanlegar

Skýrt er tekið fram að allir heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu skuli veita landlækni þær upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að halda heilbrigðisskrár skv. 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Gert er ráð fyrir að landlæknir gefi heilbrigðisstarfsmönnum fyrirmæli um lágmarksskráningu upplýsinga í þessu skyni og hvernig staðið skuli að skráningu og miðlun upplýsinganna til embættisins. Skulu þessi fyrirmæli lögð fyrir ráðherra til staðfestingar og birt. Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um að aðrar stofnanir sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og safna upplýsingum á heilbrigðissviði, svo sem Lyfjastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Lýðheilsustöð, skuli jafnframt veita landlækni aðgang að upplýsingum sem aflað er í starfsemi þeirra og eru nauðsynlegar til að halda heilbrigðisskrár skv. 1. og 2. mgr. eða til að sinna eftirliti samkvæmt lögunum. Skulu þessar stofnanir hafa samráð við landlækni við söfnun og skráningu þessara upplýsinga og miðlun þeirra til landlæknis en upplýsingarnar skulu veittar landlækni án endurgjalds. Miða framangreind ákvæði m.a. að því að efla samstarf þessara stofnana og koma í veg fyrir ósamræmi og tvíverknað í skráningu og söfnun upplýsinga. Þá er ákvæðið sett til að auðvelda yfirsýn yfir söfnun heilbrigðisupplýsinga hjá stofnunum sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti þannig að auðveldara sé að tryggja að gagnasöfnun sé nægjanleg, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er.

Samkvæmt 6. mgr. ákvæðisins getur landlæknir, með leyfi ráðherra, falið heilbrigðisstofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, eða öðrum aðilum, umsjón tiltekinna skráa sem hann skipuleggur skv. 1. og 2. mgr. Sé tekin ákvörðun um þetta skal gera skriflegan samning um slíkar skrár þar sem m.a. er kveðið á um hver sé umsjónarmaður skrárinnar, starfsreglur og öryggiskröfur, innihald, úrvinnslu, ráðstöfunarrétt, notkun og dreifingu upplýsinga og gildistíma samnings, svo og endurskoðunarákvæði. Skal umsjónarmaður skrár upplýsa landlækni um öll atriði er varða rekstur skrárinnar þegar þess er óskað og veita honum þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna lögboðins hlutverks síns. Skulu þær upplýsingar veittar landlækni án endurgjalds.

Í 7. mgr. er landlækni veitt heimild að taka gjald fyrir úrvinnslu og afhendingu upplýsinga úr heilbrigðisskrám samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Í 8. mgr. er tekið fram að um aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr heilbrigðisskrám skv. 2. mgr. vegna vísindarannsókna skuli fara samkvæmt ákvæði 3. mgr. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga. Samkvæmt þessu gilda sömu reglur um aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr heilbrigðisskrám vegna vísindarannsókna og gilda um aðgang að sjúkraskrám vegna vísindarannsókna. Þarf með öðrum orðum sérstakt leyfi Persónuverndar fyrir slíkum aðgangi og getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem metin eru nauðsynleg hverju sinni. Þá er áskilið að sú rannsókn sem um ræðir í hverju tilviki uppfylli skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga.

Í 9. mgr. er tekið fram að söfnun og meðferð upplýsinga samkvæmt ákvæðinu skuli vera í samræmi við ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og uppfylla kröfur Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga í skrám á heilbrigðissviði.

Í 10. mgr. er ráðherra veitt almenn heimild til að setja nánari ákvæði í reglugerð um gerð og vinnslu heilbrigðisskráa, miðlun upplýsinga og útgáfu heilbrigðisskýrslna.

Um 9. gr.

Í 18. gr. a læknalaga, nr. 53/1988, er að finna ákvæði þar sem mælt er fyrir um skráningu, viðbrögð og tilkynningu til landlæknis þegar óvæntur skaði verður við veitingu heilbrigðisþjónustu. Er ákvæðum 9. og 10. gr. frumvarpsins ætlað að leysa þetta ákvæði læknalaganna af hólmi. Þykir nauðsynlegt að endurskoða ákvæðið þar eð það hefur ekki þótt nægilega skýrt. Þannig hefur þótt óljóst hvað telst vera „óvæntur skaði“ í skilningi ákvæðisins auk þess sem óljóst hefur þótt í hvaða tilvikum beri að tilkynna atvik til landlæknis. Miðar ákvæði þetta og ákvæði 10. gr. um tilkynningarskyldu til landlæknis að því að bæta úr þessum ágöllum.

Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins ber þeim sem veita heilbrigðisþjónustu að halda skrá um óvænt atvik sem eiga sér stað við veitingu heilbrigðisþjónustunnar. Með óvæntu atviki er samkvæmt ákvæðinu átt við óhappatilvik, vanrækslu, mistök eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni. Við skýringu og framkvæmd ákvæðisins ber að leggja áherslu á að þegar upp koma tilvik þar sem vafi leikur á hvort um óvænt atvik í skilningi ákvæðisins sé að ræða beri almennt að líta svo á að svo sé og skrá atvikið. Með þessu móti er betur tryggt að markmið skráningarinnar náist, þ.e. að fá heildaryfirsýn yfir þau atvik sem betur hefðu mátt fara við veitingu þjónustunnar og finna á þeim skýringar og leiðir til að tryggja að þau endurtaki sig ekki.

Samkvæmt 2. mgr. hvílir skráningarskylda skv. 1. mgr. á þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem hlut eiga að máli í hverju tilviki, faglegum yfirmönnum þeirra og öðru starfsfólki heilbrigðisstofnana eftir því sem við á.

Í 3. mgr. er sú skylda lögð á skráningaraðila skv. 1. mgr. að senda landlækni reglulega yfirlit yfir öll óvænt atvik skv. 1. mgr. eftir nánari ákvörðun landlæknis.

Í 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur um skráningu óvæntra atvika með reglugerð.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og annarra sem veita heilbrigðisþjónustu til að tilkynna landlækni skriflega og án tafar um atvik sem valdið hafa sjúklingi alvarlegu tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni. Með sama hætti og á við um skráningu óvæntra atvika skv. 9. gr. er rétt að leggja áherslu á að þegar upp koma tilvik þar sem vafi leikur á um hvort um tilkynningarskylt atvik er að ræða skuli almennt litið svo á að svo sé og tilkynna atvikið. Auk tilkynningar til landlæknis er tekið fram í ákvæðinu að jafnframt skuli upplýsa sjúkling um hið óvænta atvik án ástæðulausra tafa og eftir atvikum nánustu aðstandendur hans.

Samkvæmt 2. mgr. ber landlækni að rannsaka þau atvik sem tilkynnt eru með þessum hætti með það að markmiði að finna á þeim skýringar og tryggja eftir því sem kostur er að sambærilegt atvik eigi sér ekki stað aftur. Ber landlækni jafnframt að kanna hvort atvik gefi tilefni til að beita úrræðum skv. III. kafla frumvarpsins. Þá er tekið fram í 2. mgr. að veita skuli landlækni þær upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynlegar við rannsókn málsins auk þess sem hann skuli eiga greiðan aðgang að heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna í þágu rannsóknar.

Í 3. mgr. ákvæðisins er áréttað að verði óvænt dauðsfall á heilbrigðisstofnun eða annars staðar þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt, sem ætla má að rekja megi til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við meðferð eða forvarnir vegna sjúkdóms, skuli auk tilkynningar til landlæknis tilkynna það til lögreglu í samræmi við ákvæði laga um dánarvottorð.

Í 4. mgr. er kveðið á um að landlæknir skuli halda samtímaskrá um óvænt atvik skv. 9. gr.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að landlæknir skuli árlega senda ráðherra samantekt um slík atvik, niðurstöðu rannsókna og afdrif mála.

Í 6. mgr. er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um tilkynningarskyldu, viðbrögð og rannsókn mála í reglugerð.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um hlutverk landlæknis við gerð áætlana um gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í núgildandi lögum og er því um nýmæli að ræða. Samkvæmt ákvæðinu skal landlæknir gera áætlun um gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar. Skal áætlun um gæðaþróun miða að því að efla gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að framþróun innan hennar. Þá skulu heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn við gerð gæðaáætlana innan einstakra stofnana eða á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna taka mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðaþróun.

Í 3. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að landlæknir skuli meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt tilteknum mælikvörðum sem settir eru og skulu samanburðarhæfar niðurstöður gæða- og árangursmælinga birtar í heilbrigðisskýrslum skv. 8. gr. frumvarpsins. Markmið birtingar gæða- og árangursmælinga er að veita heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisstofnunum aðhald við veitingu heilbrigðisþjónustu, auka gæðavitund þeirra og skapa samkeppni á milli þeirra um árangur og gæði.

Um 12. gr.

Eins og rakið hefur verið ber landlækni samkvæmt núgildandi lögum að sinna kvörtunum sem varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Í ákvæðinu er framangreint hlutverk landlæknis útfært nánar. Gerður er greinarmunur á almennum erindum annars vegar og skyldu landlæknis til að sinna þeim og formlegum kvörtunum hins vegar. Skilgreint er nánar en áður vegna hvaða atriða í samskiptum almennings við heilbrigðisþjónustuna unnt sé að beina formlegri kvörtun til landlæknis. Þá er ítarlega mælt fyrir um málsmeðferð landlæknis vegna formlegra kvartana sem berast honum.

Í 5. mgr. 3. gr. núgildandi laga um heilbrigðisþjónustu er mælt fyrir um að heimilt sé að vísa ágreiningsmálum til sérstakrar nefndar. Hefur ákvæðið verið túlkað svo að ágreiningsnefndin sé hliðsett stjórnvald við landlækni með þeim hætti að einstaklingar hafi val um það hvort þeir beini kvörtunum til nefndarinnar eða landlæknis. Við framkvæmd laganna hefur raunin orðið sú að landlæknir fær langflestar kvartanir til úrlausnar og fá mál koma til úrlausnar hjá nefndinni. Er því lagt til að ákvæði um nefndina verði felld niður. Er breytingin jafnframt til þess fallin að einfalda og skýra stjórnsýslu á þessu sviði.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um eftirlitsskyldu landlæknis með störfum heilbrigðisstarfsmanna og að þeir haldi ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Við afmörkun á eftirlitsskyldunni ber að líta til skilgreiningar á hugtakinu heilbrigðisstarfsmaður í 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins en samkvæmt henni eru heilbrigðisstarfsmenn þeir einstaklingar sem starfa við heilbrigðisþjónustu og hlotið hafa leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að starfa innan löggiltrar heilbrigðisstéttar. Tekur eftirlit landlæknis þannig einungis til þessara einstaklinga að þeir starfi við heilbrigðisþjónustu eins og hún er skilgreind í 1. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. ákvæðisins er landlækni veitt heimild til að krefjast þess að heilbrigðisstarfsmaður gangist undir rannsókn sérfræðinga telji hann það nauðsynlegt til að meta hvort hann sé hæfur til að gegna starfi sínu. Leiki grunur á að heilbrigðisstarfsmaður sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna við störf sín er landlækni veitt sérstök heimild til að krefjast þess að hann gangist þegar í stað undir nauðsynlegar rannsóknir til að ganga úr skugga um hvort svo sé.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild og eftir atvikum skyldu landlæknis til að áminna heilbrigðisstarfsmenn. Samkvæmt ákvæðinu ber landlækni, verði hann var við að heilbrigðisstarfsmaður vanræki skyldur sínar, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti í bága við fyrirmæli laga eða stjórnvaldsfyrirmæli, t.d. fagleg fyrirmæli landlæknis, að beina tilmælum til hans um úrbætur og áminna hann eftir atvikum. Hafi landlæknir einungis beint tilmælum til heilbrigðisstarfsmanns skv. 1. málsl. og heilbrigðisstarfsmaður verður ekki við þeim er landlækni skylt að áminna viðkomandi heilbrigðisstarfsmann. Núgildandi ákvæði um skyldu landlæknis til að áminna heilbrigðisstarfsmenn er að finna í læknalögum, nr. 53/1988, sbr. 1. mgr. 28. gr. þeirra laga. Er ákvæði frumvarpsins frábrugðið núgildandi ákvæði læknalaga að því leyti að það gerir ráð fyrir því að landlæknir geti, áður en til áminningar kemur og þegar það á við, beint tilmælum til viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns og þannig gefið honum kost á að bæta ráð sitt. Hefur framangreint ákvæði læknalaga í reynd verið framkvæmt með þessum hætti en réttara þykir að þetta komi skýrt fram í lagatextanum. Tekið er fram í ákvæðinu að við veitingu áminningar skuli gætt ákvæða stjórnsýslulaga. Áminningar skulu vera skriflegar og rökstuddar og gefnar vegna tiltekins atviks og veittar án ástæðulauss dráttar. Loks er tekið fram að ákvörðun landlæknis um veitingu áminningar sé kæranleg til ráðherra. Rétt er að árétta að samhliða þessu ákvæði gilda áfram, að því er varðar ríkisstarfsmenn, ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um áminningu forstöðumanns. Brot sem varða áminningu samkvæmt lögum um embætti landlæknis gætu því eftir atvikum jafnframt varðað áminningu forstjóra samkvæmt ákvæðum starfsmannalaga eða eftir atvikum ráðningarsamningum eða kjarasamningum.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimildir til að svipta heilbrigðisstarfsmenn starfsleyfi sínu. Meginákvæði núgildandi laga um sviptingu starfsleyfa heilbrigðisstarfsmanna er að finna í 2. mgr. 28. gr. læknalaga.

Samkvæmt 1. mgr. ber landlækni, komi áminning heilbrigðisstarfsmanns ekki að haldi, að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá ákveðið að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi að fullu eða tímabundið. Er ákvæði 1. mgr. að mestu í samræmi við núgildandi ákvæði 2. mgr. 28. gr. læknalaga að öðru leyti en því að 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins tekur eingöngu til tilfella þar sem áminning hefur ekki komið að haldi. Um sviptingu starfsleyfis án undangenginnar áminningar er hins vegar fjallað í 2. mgr.

Þótt meginreglan sé sú að áminning skuli vera undanfari sviptingar starfsréttinda geta aðstæður heilbrigðisstarfsmanns verið þannig að óforsvaranlegt sé að hann haldi áfram störfum, m.a. vegna öryggis sjúklinga. Þá geta aðstæður verið með þeim hætti að áminning sé bersýnilega tilgangslaus, svo sem ef heilbrigðisstarfsmaður er ófær um að stunda starf sitt vegna andlegra eða líkamlegra erfiðleika. Ákvæði 2. mgr. frumvarpsins byggjast á 1. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 28. gr., sbr. 2. mgr. læknalaga. Þegar þau atvik sem talin eru í greininni eiga við um heilbrigðisstarfsmann getur landlæknir lagt til við ráðherra að heilbrigðisstarfsmaður

verði tafarlaust sviptur starfsleyfi að fullu eða tímabundið. Ekki er um að ræða tæmandi talningu á ástæðum sem valdið geta því að heilbrigðisstarfsmaður sé talinn ófær um að stunda starf sitt svo forsvaranlegt sé eða að brot sé þess eðlis að það teljist sérstaklega ósamboðið viðkomandi heilbrigðisstétt og verður því eftir atvikum að meta það í hverju tilviki fyrir sig.

Í 3. mgr. er tekið fram að um töku ákvörðunar um sviptingu starfsleyfis eða takmörkun starfsleyfis fari samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga. Séu hins vegar ríkar ástæður til að ætla að skilyrði sviptingar séu fyrir hendi og að töf á sviptingu geti haft hættu í för með sér fyrir sjúklinga er landlækni veitt heimild til að svipta heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi þegar í stað, þar til endanleg ákvörðun í málinu, skv. 1. og 2. mgr., hefur verið tekin. Séu aðstæður með þessum hætti felur ákvæðið í sér heimild til handa landlækni til að víkja að einhverju leyti eða eftir því sem þörf krefur frá málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga, t.d. frá reglum um andmælarétt, við töku ákvörðunar um bráðabirgðasviptingu starfsleyfis. Beiti landlæknir þessari heimild ber honum að tilkynna ráðherra um það án tafar og hafi ráðherra ekki tekið endanlega ákvörðun um sviptingu skv. 1. mgr. innan þriggja mánaða fellur bráðabirgðasvipting landlæknis niður. Sambærilega heimild er ekki að finna í núgildandi lögum. Brýnt þykir hins vegar að til staðar sé heimild til að grípa til skjótra aðgerða í einstökum tilvikum til verndar sjúklingum. Á hinn bóginn er ljóst að beita verður þessari heimild að mikilli varfærni og ekki nema önnur úrræði teljist ekki tiltæk eða líkleg til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Í 5. mgr. kemur fram að ef heilbrigðisstarfsmaður byggir starfsréttindi sín hér á landi á starfsleyfi sem útgefið er í öðru landi falli starfsréttindi hans niður hér á landi ef hann er sviptur starfsleyfi í því landi.

Í 6. mgr. kemur fram að starfsréttindi heilbrigðisstarfsmanns falli niður missi hann lögræði eða ef hann uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem krafist var þegar hann fékk starfsréttindi.

Í 7. mgr. kemur fram að séu skilyrði sviptingar starfsleyfis fyrir hendi sé ráðherra heimilt, að fenginni tillögu landlæknis, að takmarka starfsréttindi tímabundið í stað þess að svipta viðkomandi heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi. Heimild þessa efnis er ekki til staðar í núgildandi lögum að öðru leyti en því að heimilt er að svipta lækna heimild til að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, sbr. jafnframt ákvæði IV. kafla frumvarpsins. Veitir heimildin tiltekið svigrúm til að grípa til vægari úrræða en sviptingar í þeim tilvikum sem það er talið nægjanlegt til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Ber í þessu sambandi að hafa í huga að svipting starfsleyfis telst veigamikil skerðing á réttindum leyfishafa sem verður ekki beitt nema önnur úrræði séu ekki tiltæk. Sé heimildinni beitt skal gera skýra grein fyrir því í hverju takmarkanir eru fólgnar, hvernig eftirliti skuli háttað og hver gildistími þeirra skuli vera.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild heilbrigðisstarfsmanns til að afsala sér starfsleyfi. Ákvæði þessa efnis er ekki að finna í núgildandi lögum þótt mönnum hafi í reynd verið heimilað það í undantekningartilvikum. Það á einkum við þegar starfsmaður er af einhverjum ástæðum ófær um að gegna starfi sínu, án þess að um hafi verið að ræða brot í starfi. Þykir eðlilegt að kveðið sé á um þetta í lögum. Samkvæmt ákvæðinu skal heilbrigðisstarfsmaður sem vill afsala sér starfsleyfi beina tilkynningu um það til ráðherra. Í ákvæðinu er tekið fram að afsal starfsleyfis komi ekki í veg fyrir að veitt sé áminning skv. 14. gr. þegar það á við né formlega sviptingu skv. 15. gr., enda er ákvæðinu ekki ætlað að gefa starfsmönnum sem brotið hafa af sér færi á að komast undan viðurlögum.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimildir til að veita heilbrigðisstarfsmanni, sem sviptur hefur verið starfsleyfi eða afsalað sér því, starfsleyfi að nýju. Samkvæmt ákvæðinu er það skilyrði fyrir endurveitingu starfsleyfis að viðkomandi sýni fram á að hann uppfylli skilyrði laga fyrir endurveitingu starfsleyfis og að þær ástæður sem leiddu til sviptingar eða afsals eigi ekki lengur við. Þá er tekið fram að ráðherra geti ákveðið að endurveitt starfsleyfi skuli vera tímabundið eða takmarkað, sbr. 15. gr. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 29. gr. læknalaga.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að landlæknir skuli hafa almennt eftirlit með lyfjaávísunum lækna og tannlækna og fylgjast með þróun lyfjanotkunar. Skal landlæknir hafa sérstakt eftirlit með ávísunum á ávana- og fíknilyf, þar á meðal ávísunum lækna og tannlækna á ávana- og fíknilyf til eigin nota. Þá kemur fram í ákvæðinu að landlæknir skuli hafa samráð við Lyfjastofnun við framkvæmd eftirlits með ávísunum lyfja og að Lyfjastofnun skuli tilkynna landlækni telji hún rökstudda ástæðu til sérstaks eftirlits með ávísunum lækna eða tannlækna á lyf og þá einkum á ávana- og fíknilyf. Um aðgang landlæknis að upplýsingum í lyfjagagnagrunni, vegna eftirlits með ávísunum lyfja, fer samkvæmt lyfjalögum. Er ákvæðið efnislega sambærilegt núgildandi ákvæði 19. gr. læknalaga.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimildir til að svipta lækna og tannlækna rétti til að ávísa lyfjum verði þeir uppvísir að því að ávísa lyfjum í bága við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eða þannig að óhæfilegt megi teljast. Eins og á við um sviptingu starfsleyfis gerir frumvarpið ráð fyrir að læknir eða tannlæknir sé að jafnaði áminntur áður til sviptingar kemur. Komi áminning hins vegar ekki að haldi ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá ákveðið að svipta viðkomandi leyfi til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að svipta hann starfsleyfi skv. 15. gr. Er ákvæðið að þessu leyti efnislega eins og núgildandi ákvæði 20. gr. læknalaga.

Í 2. mgr. er tekið fram að um ákvörðun um sviptingu réttar til að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, fari samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga. Séu hins vegar ríkar ástæður til að ætla að skilyrði fyrir sviptingu réttar til að ávísa lyfjum séu fyrir hendi og að töf á sviptingu geti haft hættu í för með sér fyrir sjúklinga er landlækni veitt heimild til að svipta heilbrigðisstarfsmann leyfi til að ávísa lyfjum þegar í stað þar til endanleg ákvörðun í málinu hefur verið tekin. Séu aðstæður með þessum hætti felur ákvæðið í sér heimild til handa landlækni til að víkja að einhverju leyti eða eftir því sem þörf krefur frá málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga, t.d. frá reglum um andmælarétt, við töku ákvörðunar um bráðabirgðasviptingu leyfis til að ávísa lyfjum. Beiti landlæknir þessari heimild ber honum að tilkynna ráðherra um það án tafar og hafi ráðherra ekki tekið endanlega ákvörðun um sviptingu skv. 1. mgr. innan þriggja mánaða fellur bráðabirgðasvipting niður. Sambærilega heimild er ekki að finna í núgildandi lögum. Brýnt þykir hins vegar að til staðar sé heimild til að grípa til skjótra aðgerða í einstökum tilvikum til verndar sjúklingum. Á hinn bóginn er ljóst að beita verður þessari heimild af mikilli varfærni og ekki nema önnur úrræði séu ekki tiltæk eða líkleg til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um heimild ráðherra til að afturkalla sviptingu réttar til að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, að tillögu landlæknis, enda hafi viðkomandi sýnt fram

á að þær ástæður sem leiddu til sviptingar eigi ekki við lengur. Hliðstætt ákvæði er að finna í 3. mgr. 21. gr. læknalaga.

Um 21. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skal tilkynna sviptingu, afsal eða takmörkun starfsleyfis og sviptingu réttar til að ávísa lyfjum, svo og endurveitingu þessara réttinda, sbr. 15.–17. gr. og 19. og 20. gr., til landlæknis, Tryggingastofnunar ríkisins, Lyfjastofnunar, vinnuveitenda og annarra þeirra sem málið kann að varða, svo og til þeirra ríkja sem Íslandi er að þjóðarétti skylt að tilkynna um slíkt. Miðar ákvæðið að því að tryggja að þessar stofnanir og aðilar hafi ávallt réttar upplýsingar að þessu leyti.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um almenna reglugerðarheimild ráðherra.

Um 23. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júlí 2007. Gert er ráð fyrir að nauðsynlegt sé að a.m.k. sex mánuðir líði frá samþykkt frumvarpsins til gildistöku laganna til að gefa svigrúm til að undirbúa þær breytingar sem í þeim felast.

Um 24. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á öðrum lögum sem leiðir beint af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Í 1. tölul. eru lagðar til breytingar á læknalögum, nr. 53/1988. Þar er í fyrsta lagi lagt til að 18. gr. a læknalaga um skráningu, viðbrögð og tilkynningu til landlæknis þegar óvæntur skaði verður við veitingu heilbrigðisþjónustu falli brott, en eins og fram kemur í umfjöllun um 9. og 10. gr. frumvarps þessa er þeim ætlað að leysa 18. gr. a af hólmi.

Í III. kafla frumvarpsins eru ítarleg ákvæði um eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum. Þeim er ætlað að koma í stað hliðstæðra ákvæða læknalaga og er því lagt til að þau ákvæði verði felld úr læknalögum.

Í 6. gr. laga um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, kemur fram að um þær starfsstéttir sem undir lögin falli gildi „að öðru leyti og eftir því sem við á ákvæði læknalaga“. Þá segir í 2. mgr. 6. gr.: „Reglur læknalaga gilda og um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu löggildingar starfsréttinda og endurveitingu þeirra.“ Auk læknalaga eru í gildi tólf sérlög um heilbrigðisstéttir og í flestum þeirra eru hliðstæð ákvæði um hlutverk landlæknis og tilvísun til ákvæða læknalaga. Í 2.–14. tölul. eru gerðar breytingar sem leiðir af flutningi þessara ákvæða um eftirlit með læknum í lög um embætti landlæknis.

Loks er gerðar tvær breytingar á lögum, nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. Annars vegar er lagt til að skilgreiningu laganna á hugtakinu *heilbrigðisstarfsmaður* verði breytt til samræmis við skilgreiningu hugtaksins í þessu frumvarpi og frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu. Breytt orðalag skilgreiningar felur ekki í sér breytingar á efnisinntaki hugtaksins. Þá er 2. mgr. 28. gr. laganna breytt til samræmis við ákvæði 12. gr. frumvarpsins um kvörtun til landlæknis.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um embætti landlæknis.**

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu. Lagt er til að ýmis efnisákvæði laga um heilbrigðisþjónustu og fleiri laga er kveða á um hlutverk landlæknis verði færð yfir í lög um embætti landlæknis.

Helstu ákvæði gildandi laga er lúta að embætti landlæknis og verkefnum hans er að finna í 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Þar er mælt fyrir um meginverkefni og hlutverk landlæknis, svo sem ráðgjafarhlutverk hans fyrir ráðherra og ríkisstjórn um allt er varðar heilbrigðismál, eftirlit með heilbrigðisstarfsfólki og heilbrigðisþjónustu, söfnun, skráningu og miðlun upplýsinga á heilbrigðissviði og meðferð kvartana, sem varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Frumvarpið miðar fyrst og fremst að því að útfæra nánar og styrkja heimildir á framangreindum sviðum. Að meginstefnu er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir breytingum á verkefnum og hlutverki embættis landlæknis en kveðið skýrar á um eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk þess, skráningu gagna, eftirlit og önnur verkefni sem embættið hefur annast til þessa.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð enda felur það hvorki í sér breytingu á hlutverki embættisins né verkefnum svo heitið geti.

# 283. Frumvarp til laga [274. mál]

um Heyrnar- og talmeinastöð.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Starfrækja skal Heyrnar- og talmeinastöð undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð annast þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með heyrnar- og talmein. Hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar er m.a.:

1. Að sjá um heyrnarmælingar, greiningu og meðferð á heyrnar- og talmeinum.
2. Að veita faglega ráðgjöf og annast þjálfun og endurhæfingu heyrnarlausra, heyrnarskertra og þeirra sem eru með heyrnar- og talmein.
3. Að sinna forvörnum á starfssviði sínu í samvinnu við aðrar stofnanir eftir því sem við á.
4. Að útvega hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausa og þá sem eru með heyrnar- og talmein og veita fræðslu og þjálfun í notkun þeirra. Stofnunin skal enn fremur sjá um viðhald og uppsetningu hjálpartækjanna.
5. Að stunda rannsóknir og sinna fræðslu á starfssviði sínu. Stofnunin skal safna upplýsingum um alla þá sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir eða eru með heyrnar- og talmein

og öðrum tölfræðilegum upplýsingum sem nýtast við rannsóknar- og þróunarstörf. Um söfnun upplýsinga skal fara samkvæmt lögum um persónuvernd og reglum settum með stoð í þeim lögum og lögum um embætti landlæknis eftir því sem við á.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Heyrnar- og talmeinastöðvar til fimm ára í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og skulu þeir hafa viðeigandi menntun á starfssviði stofnunarinnar. Heimilt er að kveða nánar á um menntunarskilyrði starfsmanna í reglugerð.

4. gr.

Við Heyrnar- og talmeinastöð skal vera fimm manna fagráð sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Fagráðið skal skipað þremur mönnum með menntun eða sérþekkingu á verksviði stofnunarinnar og tveimur fulltrúum notenda þjónustunnar. Fagráðið skal vera forstjóra til ráðuneytis um fagleg málefni og stefnumótun.

5. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina að höfðu samráði við Heyrnar- og talmeinastöð.

6. gr

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald fyrir þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar sem hér segir:

1. fyrir viðgerð á hjálpartækjum,
2. fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar, með síðari breytingum, og reglum settum með stoð í þeim lögum,
3. fyrir greiningu á máltruflun, komu vegna endurmats hjá talmeinafræðingi og aðrar talrannsóknir.

Fyrir heyrnarrannsókn á vinnustað skal greiða gjald sem standa skal undir kostnaði stofnunarinnar við rannsóknina.

Ráðherra setur reglugerð um gjaldtöku samkvæmt grein þessari að höfðu samráði við forstjóra og fagráð Heyrnar- og talmeinastöðvar. Skal gjaldskráin taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Heyrnar- og talmeinastöð innheimtir gjöld þessi.

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um almannatryggingar skulu greiða gjald sem nemur kostnaði við veitta þjónustu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá.

7. gr.

Ráðherra er heimilt, í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu, að fela öðrum aðilum með samningi að annast þá þjónustu sem greinir í 2. gr. eða hluta þeirrar þjónustu.

8. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu. Á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um Heyrnar-, tal- og sjónstöð en með frumvarpinu var gert ráð fyrir að Heyrnar- og talmeinastöð og Sjónstöð yrðu sameinaðar. Eins og kunnugt er náði frumvarpið ekki fram að ganga í þinginu. Núgildandi ákvæði laga um Heyrnar- og talmeinastöð eru í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. 37. gr. a. og 37. gr. b. Við endurskoðun þeirra laga nú, sbr. fyrirliggjandi frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, þykir hins vegar ekki fara vel á því að hafa svo ítarleg ákvæði sem hér um ræðir um eina heilbrigðisstofnun í löggjöf sem ætlað er að vera rammalöggjöf um skipulag heilbrigðisþjónustu. Er því lagt til að efnisákvæði laganna um Heyrnar- og talmeinastöð verði tekin upp í sérlög um stofnunina. Slík sérlög voru í gildi fram til ársins 2001, sbr. lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð, en þá voru ákvæði þeirra felld inn í lög um heilbrigðisþjónustu. Felur frumvarpið því í sér afturhvarf til þess fyrirkomulags.

Engar efnislegar breytingar eru gerðar á starfsgrundvelli eða hlutverki Heyrnar- og talmeinastöðvar í frumvarpinu og eru ákvæði um gjaldtöku jafnframt óbreytt. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að ákvæði núgildandi laga um útgáfu rekstrarleyfa til annarra sem veita þjónustu á sama sviði og Heyrnar- og talmeinastöð verði felld niður. Er breytingin í samræmi við niðurfellingu ákvæða um útgáfu rekstrarleyfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, sbr. frumvarp til þeirra laga. Hins vegar er gert ráð fyrir að landlæknir taki út og staðfesti, á grundvelli laga um heilbrigðisþjónustu, að aðilar sem hyggjast veita þjónustu á þessu sviði uppfylli faglegar kröfur. Þá er ráðherra veitt heimild til fela öðrum aðilum með samningum, í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu, að annast þá þjónustu sem greinir í 2. gr. frumvarpsins eða hluta hennar. Um samningsheimild ráðherra er fjallað nánar í umfjöllun um 7. gr. frumvarpsins hér að neðan

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skal starfrækja Heyrnar- og talmeinastöð undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Um 2. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er það hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar að annast þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með heyrnar- og talmein. Er hlutverk stofnunarinnar nánar skilgreint í fimm liðum og er hlutverkalýsingin efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 3. gr.

Samkvæmt 3. gr. skipar ráðherra forstjóra Heyrnar- og talmeinastöðvar til fimm ára í senn í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Er hér vísað til 9. gr. frumvarps til laga um heilbrigðisþjónustu en þar kemur m.a. fram að hæfni umsækjenda um stöðu forstjóra heilbrigðisstofnunar skuli metin af sérstakri nefnd sem ráðherra skipar og er ráðherra óheimilt að skipa aðra í slíkar stöður en þá sem nefndin hefur metið hæfa. Þykir eðlilegt að sömu reglur gildi að þessu leyti um umsækjendur um stöðu forstjóra Heyrnar- og talmeinastöðvar og um umsækjendur um stöðu forstjóra annarra heilbrigðisstofnana.

Um 4. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skipar ráðherra fimm manna fagráð við Heyrnar- og talmeinastöð sem skal vera forstjóra til ráðuneytis um fagleg málefni stofnunarinnar og stefnumótun innan hennar. Fagráðið skal skipað þremur mönnum með menntun eða sérþekkingu á verksviði stofnunarinnar og tveimur fulltrúum notenda þjónustunnar. Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skal ráðherra setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina að höfðu samráði við Heyrnar- og talmeinastöð. Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi lögum og felur fyrst og fremst í sér heimild til handa ráðherra til að setja reglugerð um greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja sem Heyrnar- og talmeinastöð útvegar. Ákvæðið felur þó jafnframt í sér heimild til handa ráðherra til að ákveða greiðsluþátttöku vegna hjálpartækja sem einstaklingar kaupa hjá einkaaðilum. Slík ákvörðun um greiðsluþátttöku getur verið byggð á samningi ráðherra við einkaaðila skv. 7. gr. frumvarpsins, um að þeir taki að sér útvegun niðurgreiddra hjálpartækja, eða falið í sér einhliða ákvörðun ráðherra um styrkveitingar til þeirra sem kjósa að kaupa hjálpartæki hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinastöð enda uppfylli þeir almenn skilyrði um greiðsluþátttöku í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinastöð útvegar.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimildir til gjaldtöku vegna þjónustu sem Heyrnar- og talmeinastöð veitir. Eins og fram er komið eru gjaldtökuheimildirnar óbreyttar frá núgildandi lögum að öðru leyti en því að tekið er fram að þeir sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar og þiggja þjónustu stofnunarinnar skuli greiða gjald sem nemur kostnaði við veitingu hennar, í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá. Er þetta í samræmi við það sem almennt gildir um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er ósjúkratryggðum einstaklingum hér á landi.

7. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að ráðherra sé heimilt, í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu, að fela öðrum aðilum en Heyrnar- og talmeinastöð að annast þá þjónustu sem greinir í 2. gr. eða hluta þeirrar þjónustu með samningum. Með tilvísun til ákvæða laga um heilbrigðisþjónustu er fyrst og fremst vísað til ákvæða VII. kafla í frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu þar sem kveðið er á um heimildir ráðherra til að gera samninga um heilbrigðisþjónustu. Um samningsheimildir ráðherra er ítarlega fjallað í frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu og er vísað til þess sem þar segir. Þá gilda ákvæði VI. kafla frumvarps til laga um heilbrigðisþjónustu, þar sem fjallað er um faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og staðfestingu landlæknis á því að þær séu uppfylltar, um þá sem hyggjast veita heyrnarlausum, heyrnarskertum og þeim sem eru með heyrnar- og talmein þjónustu með sama hætti og um aðra rekstraraðila heilbrigðisþjónustu. Er ráðherra óheimilt að fela öðrum en þeim sem uppfylla framangreindar kröfur, með samningi, að annast þá þjónustu sem greinir í 2. gr. eða hluta hennar.

Um 8. gr.

Með ákvæðinu er ráðherra veitt almenn heimild til að kveða nánar á um framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júlí 2007 en þá er jafnframt gert ráð fyrir að ný lög um heilbrigðisþjónustu taki gildi, sbr. fyrirliggjandi frumvarp þess efnis. Við gildistöku nýrra heilbrigðisþjónustulaga falla lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, niður og þar með núgildandi ákvæði laga um Heyrnar- og talmeinastöð.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um Heyrnar- og talmeinastöð.**

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu. Við endurskoðun þess frumvarps komu fram sjónarmiðum að ekki færi vel á því að hafa ítarleg efnisákvæði einnar heilbrigðisstofnunar í löggjöf sem ætti að vera rammalöggjöf um skipulag heilbrigðisþjónustu. Er því lagt til að efnisákvæði gildandi laga um heilbrigðisþjónustu varðandi Heyrnar- og talmeinastöð verði tekin upp í sérlög um stofnunina. Hvorki eru gerðar breytingar á starfsgrundvelli og hlutverki Heyrnar- og talmeinastöðvar né ákvæðum um gjaldtöku breytt. Hins vegar er gert ráð fyrir að felld verði niður ákvæði gildandi laga um útgáfu rekstrarleyfa til annarra sem veita þjónustu á sama sviði og Heyrnar- og talmeinastöð. Er breytingin í samræmi við hliðstæð efnisatriði í frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu um niðurfellingu ákvæða um útgáfu rekstrarleyfa.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

## 284. Frumvarp til laga [275. mál]

um breytingu á lögum nr. 4 19. febrúar 1963, um ráðherraábyrgð.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Helgi Hjörvar, Jón Gunnarsson, Mörður Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo:

c. ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að styrkja lög um ráðherraábyrgð og veita með því ráðherrum nauðsynlegt aðhald, en mikilvægt er að hægt sé að treysta upplýsingum sem ráðherrar gefa Alþingi og einnig að ráðherrar leyni ekki Alþingi upplýsingum sem verulega þýðingu hafa við umfjöllun og meðferð mála. Það er grundvallaratriði til að styrkja þingræði í landinu og eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu.

Staðfesting þess hve brýnt er að þetta ákvæði verði sett í lögin um ráðherraábyrgð er nýlegt dæmi þar sem iðnaðarráðuneytið leyndi Alþingi mikilvægum upplýsingum og fyrrverandi iðnaðarráðherra lagði ekki fyrir Alþingi mikilvægar upplýsingar sem höfðu verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi og komu fram í greinargerð Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings til forstjóra Orkustofnunar fyrir rúmum fjórum árum.

Ákvæði frumvarpsins tekur til ábyrgðar ráðherra gagnvart Alþingi greini hann rangt frá, gefi þingmönnum og þinginu villandi upplýsingar eða leyni upplýsingum sem mikilvægar eru fyrir meðferð mála á Alþingi. Þannig skulu tekin af öll tvímæli um að lög um ráðherraábyrgð nái yfir framangreind tilvik, sem og ef ráðherrar veita rangar eða villandi upplýsingar í svörum við fyrirspurnum frá alþingismönnum eða við meðferð mála á Alþingi eða í einstökum þingnefndum við umfjöllun stjórnarfrumvarpa eða annarra mála. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og finna má í dönskum lögum um ráðherraábyrgð, en núgildandi lög um ráðherraábyrgð taka ekki sérstaklega til ábyrgðar ráðherra gagnvart Alþingi.

Of oft hefur það komið fyrir að ráðherrar hafa legið undir ámæli fyrir að veita Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða hafi leynt Alþingi upplýsingum, eins og fyrrgreint dæmi sýnir. Slíkt getur leitt til trúnaðarbrests milli þings og ráðherra. Ef vafi leikur á að ráðherrar gefi Alþingi réttar upplýsingar er auk þess hætta á að það gæti leitt til óvandaðrar málsmeðferðar og lagasetningar sem byggist ekki á staðreyndum um efni máls. Eigi lög um ráðherraábyrgð að taka til rangra og villandi upplýsinga sem ráðherra gefur Alþingi eða ef ráðherra leynir upplýsingum sem hafa verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi er nauðsynlegt að bæta slíku ákvæði í lögin, eins og gert var við dönsku lögin um ráðherraábyrgð. Með því verður það refsivert verði ráðherra uppvís að slíku athæfi.

Lög um ráðherraábyrgð eru að stofni til frá 1963 og hefur lítið verið breytt frá þeim tíma. Þau kveða á um ábyrgð ráðherra á stjórnarframkvæmdum og hvenær megi krefja ráðherra ábyrgðar og er meginreglan sú að það skuli gert ef ráðherra hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu. Séu embættisathafnir, sem atbeina forseta þarf til, vanræktar, hvílir ábyrgð vegna þeirrar vanrækslu á ráðherra þeim sem málefnið heyrir undir auk þess sem ábyrgð hvílir á hverjum þeim ráðherra sem stuðlað hefur að þeirri vanrækslu. Sé um að ræða embættisathöfn í ríkisráði eða á ráðherrafundi bera allir viðstaddir ráðherrar, sem með ráðum, fortölum, atkvæði eða á annan hátt hafa stuðlað að þeirri athöfn, ábyrgð á henni. Hver ráðherra ber síðan ábyrgð á stjórnarerindum þeim sem út eru gefin í hans nafni, nema ákvörðun sé án hans atbeina tekin af undirmanni sem til þess hefur heimild samkvæmt venju, eða eðli máls, eða starfsmaður hafi vanrækt að leggja erindi fyrir ráðherra. Ráðherra verður þó einnig sóttur til ábyrgðar fyrir þvílíkar ákvarðanir ef honum hefur verið um þær kunnugt og hann látið þær viðgangast án þess að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þær.

Samkvæmt 8. gr. laga um ráðherraábyrgð varða eftirtalin tilvik ráðherra ábyrgð eftir lögunum:

„a. ef hann sjálfur gefur út fyrirmæli eða veitir atbeina sinn til, að út séu gefin fyrirmæli forseta um málefni, sem eftir stjórnarskránni verður aðeins skipað með lögum eða heyrir undir dómstóla;
b. ef hann leitar eigi samþykkis Alþingis, þegar skylt er samkvæmt stjórnarskránni;
c. ef hann framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað ella veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir;
d. ef hann verður þess valdandi að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.“

Samkvæmt 9. gr. laganna varðar það ráðherra einnig ábyrgð eftir lögunum ef hann veldur því að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnskipunarlögum þess með því að leggja fyrir forseta til undirskriftar ályktanir, tilskipanir eða erindi er fara í bága við lögin, eða með því að láta farast fyrir að útvega forsetaundirskrift undir ályktun, tilskipun eða erindi þar sem hún er lögmælt; eða með því annars að framkvæma eða valda því að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógert sem heimtað er í lögum, eða verða þess valdur að slík framkvæmd farist fyrir.

Samkvæmt 10. gr. laganna verður ráðherra sekur samkvæmt lögunum ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín, svo og ef hann stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum.

Í 11. gr. laganna segir að brot gegn þeim varði, eftir málavöxtum, embættismissi, sektum eða fangelsi allt að tveimur árum og í 13. gr. laganna kemur fram að hafi ráðherra bakað almenningi eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu sem refsiverð er eftir lögunum, skal og þegar þess er krafist jafnframt hegningunni dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum.

Á það skal jafnframt bent að löngu er orðið tímabært að fram fari heildarendurskoðun á lögum um landsdóm, sem orðin eru nær 40 ára gömul, en þau lög eru bæði flókin og þunglamaleg í framkvæmd.

## 285. Svar [168. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um sóknarmark skipa.

*1. Hvaða skip fengu eða völdu sóknarmark árið 1984, hver var afli þeirra það ár í hverri tegund sem sætti takmörkunum á heildarafla og hvert hefði aflamark þeirra orðið ef þeim hefði verið gert að sæta því?*

Samkvæmt gögnum ráðuneytisins völdu 11 bátar sóknarmark árið 1984. Einn þeirra var loðnuskip, einn rækjubátur og níu bátar voru án sérveiða. Í efstu línu eftirfarandi töflu kemur fram þorskaflahámark viðkomandi báts í sóknarmarki. Í annarri línu kemur fram hvert aflamark viðkomandi báts hefði orðið sundurliðað eftir tegundum. Í neðstu línu kemur fram hvað viðkomandi bátur fiskaði árið 1984 samkvæmt upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands.

## Sóknarmarksskip 1984.

| **Loðnuskip** | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 962 Óskar Halldórsson | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi | Skarkoli | Grálúða | Steinbítur |
| Sóknarmark | 304,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ef aflamark | 79,0 | 17,0 | 26,0 | 5,6 | 0,9 | 0,0 | 0,9 |
| Afli 1984 | 60,0 | 104,0 | 11,0 | 21,0 | 24,0 | 5,0 | 2,0 |

| **Rækjubátar** | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 950 Árný | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi | Skarkoli | Grálúða | Steinbítur |
| Sóknarmark | 57,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ef aflamark | 35,7 | 4,9 | 0,6 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,0 |
| Afli 1984 | 28,0 | 10,0 | 0,0 | 0,0 | 1,0 | 0,0 | 32,0 |

| **Bátar án sérveiða** | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 76 Helgi S | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi | Skarkoli | Grálúða | Steinbítur |
| Sóknarmark | 304,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ef aflamark | 320,3 | 514,0 | 441,3 | 248,2 | 46,2 | 0,0 | 242,0 |
| Afli 1984 | 320,0 | 514,0 | 441,0 | 248,0 | 46,0 | 0,0 | 0,0 |

| 325 Dröfn | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi | Skarkoli | Grálúða | Steinbítur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sóknarmark | 60,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ef aflamark | 36,4 | 9,5 | 7,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Afli 1984 | 67,0 | 38,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,0 |

| 524 Hafliði | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi | Skarkoli | Grálúða | Steinbítur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sóknarmark | 60,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ef aflamark | 15,1 | 8,1 | 12,9 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Afli 1984 | 43,0 | 14,0 | 28,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |

| 1091 Helgi Magnússon | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi | Skarkoli | Grálúða | Steinbítur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sóknarmark | 60,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ef aflamark | 36,4 | 9,5 | 2,3 | 0,0 | 1,6 | 0,0 | 0,0 |
| Afli 1984 | 187,0 | 67,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |

| 1190 Máni | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi | Skarkoli | Grálúða | Steinbítur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sóknarmark | 60,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ef aflamark | 5,0 | 0,0 | 2,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Afli 1984 | 59,0 | 0,0 | 4,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |

| 1311 Rúna | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi | Skarkoli | Grálúða | Steinbítur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sóknarmark | 60,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ef aflamark | 36,4 | 9,5 | 7,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 2,0 |
| Afli 1984 | 37,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 23,0 | 0,0 | 57,0 |

| 1350 Oddur Jónsson | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi | Skarkoli | Grálúða | Steinbítur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sóknarmark | 60,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ef aflamark | 36,4 | 9,5 | 7,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 2,0 |
| Afli 1984 | 69,0 | 27,0 | 5,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |

| 1364 Sóley | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi | Skarkoli | Grálúða | Steinbítur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sóknarmark | 80,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ef aflamark | 58,5 | 4,2 | 7,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Afli 1984 | 56,0 | 23,0 | 5,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |

| 1666 Stakkur | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi | Skarkoli | Grálúða | Steinbítur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sóknarmark | 60,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Ef aflamark | 36,4 | 9,5 | 7,3 | 12,5 | 1,6 | 0,0 | 2,0 |
| Afli 1984 | 11,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |

2. *Hver urðu áhrif sóknarmarksins, sem gilti frá 1984 til úthlutunar aflaheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990, á ákvarðaða aflahlutdeild þeirra skipa sem sættu aflamarki á þeim tíma, sundurliðað eftir botnfisktegundum?*

Þegar kvótakerfinu var komið á 1984 var útgerðum gefinn kostur á að velja á milli sóknarmarks, aflamarks og meðalkvóta til þeirra skipa sem uppfylltu skilyrði sem áskilin voru um meðalkvóta. Sóknarmarkið var hugsað sem útgönguleið fyrir þau skip sem höfðu mjög lítið aflamark. Eins og fram kemur í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar höfðu útvegsmenn hins vegar lítinn áhuga á að velja sóknarmark í upphafi kvótakerfisins og töldu það óásættanlegt. Á árunum fram til 1988 voru sóknarmarksreglurnar nokkuð rýmkaðar í því skyni að gera sóknarmarkið að raunhæfari valkosti fyrir þau skip sem höfðu lítið aflamark, m.a. var sóknarmarksskipum heimilað að velja það sem hærra reyndist, meðalþorskaflamark í sínum stærðarflokki með 20% álagi eða reiknað þorskaflahámark viðkomandi skips með 20% álagi. Þetta leiddi til þess að fleiri skip völdu sóknarmarkið, jafnvel skip með tiltölulega hátt aflamark og þau fengu þar af leiðandi 20% álag á þorskaflamark sitt. Með lögum nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, voru gerðar umtalsverðar breytingar á sóknarmarkskerfinu. Álag það sem áður er getið var lækkað úr 20% í 10%. Enn fremur var kveðið á um það í lögunum að endurreikningur á aflamarki sóknarmarksskipa yrði ekki látinn hafa áhrif á veiðiheimildir þeirra skipa sem völdu aflamark. Þar sem skip völdu ýmist sóknarmark eða aflamark og e.t.v. sóknarmark annað árið og aflamark hitt eða öfugt og þar sem veiðar í sóknarmarki höfðu enn fremur áhrif til hækkunar eða lækkunnar á aflamarki þeirra liggja því miður ekki fyrir tölulegar upplýsingar um hvað sóknarmarksskipin rýrðu hlut aflamarksskipanna á árunum fram til 1988 en ætla má að veiðar í sóknarmarki hafi skert hlut aflamarksskipanna nokkuð. Ítarlegar útskýringar á áðurnefndum breytingum komu fram í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990.

3. *Hversu mikil breyting hefur orðið samtals á þeirri skiptingu aflahlutdeilda milli skipa sem ákvörðuð var í kjölfar laga nr. 38/1990 með því að taka mið af nýrri veiðireynslu, sundurliðað eftir botnfisktegundum? Hvert var viðmiðunartímabilið og hve mikil var breytingin hverju sinni?*

Óskað var upplýsinga hjá Fiskistofu um þennan lið. Meðfylgjandi eru töflur sem geyma upplýsingar um leyfilegan afla hvert fiskveiðiár eins og aflinn var ákveðinn með reglugerð

um veiðar í atvinnuskyni hvert ár á fiskveiðiárunum 1991/1991–2006/2007. Í töflunum er sett fram upphafleg viðmiðun krókaleyfisbáta sem miðað var við í lögum nr. 38/1990, viðmiðanir krókabáta samkvæmt breytingum á lögum nr. 38/1990, sem giltu fiskveiðiárin 1994/1995–2000/2001, eins og þær birtast í reglugerðum hvert ár og hlutdeild krókaaflamarksbáta samkvæmt gagnagrunnum Fiskistofu frá fiskveiðiárinu 2001/2002 þegar þessum bátum var fyrst ákvörðuð aflahlutdeild (krókaaflahlutdeild). Auk krókaaflamarksbáta var ákvörðuð viðmiðun á sóknardagabáta í reglugerðum um leyfilegan afla fiskveiðiárin 2001/2002–2003/2004. Frá fiskveiðiárinu 2004/2005 voru allir krókabátar settir undir magnstjórn fiskveiða þótt nokkrir bátar hafi verið gerðir út á sóknardögum næstu tvö fiskveiðiár samkvæmt undanþáguákvæði.

Skv. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í frumvarpi um breytingu á lögum nr. 38/1990, sem borið var fram á Alþingi 1993 (þskj. 360, 283. mál á 117. löggjafarþingi), var aflaviðmiðun krókaleyfisbáta sem miðað var við í lögunum eftirfarandi:

| Fisktegund | Aflahlutdeild |
|---|---|
| Þorskur | 2,18% |
| Ýsa | 0,55% |
| Ufsi | 0,81% |
| Karfi | 0,0002% |
| Skarkoli | 0,09% |

Aflahlutdeild krókabáta á fiskveiðiárinu 2006/2007 var þessi samkvæmt gagnagrunni Fiskistofu:

| Fisktegund | Aflahlutdeild |
|---|---|
| Þorskur | 17,4986723 |
| Ýsa | 14,6746351 |
| Ufsi | 7,3175038 |
| Steinbítur | 38,5237593 |
| Karfi | 0,5932921 |
| Grálúða | 0,0000074 |
| Skarkoli | 0,000083 |
| Langlúra | 0,0000015 |
| Keila | 12,5932333 |
| Langa | 10,4938332 |

Rétt er að hafa í huga þegar skoðaðar eru upplýsingar um leyfilegan afla krókabáta í reglugerðum um veiðar í atvinnuskyni hvert ár að aflinn var öll fiskveiðiárin meiri en miðað var við í reglugerð – stundum margfaldur viðmiðunaraflinn. Það var vegna þess að í reglum um stjórn fiskveiða voru engar hömlur á aflanum aðrar en sóknarstýringin og Alþingi dró úr hömlum sóknarstýringarinnar jafnóðum og sóknargeta veiðiflotans og nýting leyfilegrar sóknar óx.

Það eru ekki aðeins ákvarðanir Alþingis um viðmiðun krókabáta af leyfilegum afla hvert fiskveiðiár sem hafa áhrif á aflahlutdeild skipa sem ákvörðuð var aflahlutdeild með lögum nr. 38/1990. Sama gildir um ákvarðanir Alþingis um annan afla sem gert er ráð fyrir að dreginn sé frá leyfilegum afla áður en kemur til úthlutunar aflamarks á grundvelli aflahlutdeildar.

Í meðfylgjandi töflum eru þær ákvarðanir raktar og áhrif þeirra á aflahlutdeild sýnd með því að draga fram hlutfall aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar af leyfilegum afla og hlutfall viðmiðunar krókabáta af leyfilegum afla hvert ár.

Um viðmiðunartímabilið og hve mikil breytingin var hverju sinni er það að segja að ákvarðanir Alþingis, þ.m.t. viðmiðunartímabil, eru í eftirtöldum lögum um breytingar á lögum nr. 38/1990 og breytingar sem þær leiddu af sér koma fram í meðfylgjandi töflum. Í töflunum kemur m.a. fram að aflaviðmiðun í lögum nr. 38/1990 gilti um krókabáta fiskveiðiárin 1991/1991–2000/2001 og um sóknardagabáta 2001/2002–2003/2004 en krókaaflahlutdeild um aðra krókabáta en sóknardagabáta 2001/2002–2003/2004 og krókaaflahlutdeild um alla krókabáta frá og með fiskveiðiárinu 2004/2005:

| Fiskveiðiárin | Reglan |
|---|---|
| 1991/1991–1993/1994 | Aflaviðmiðun laga nr. 38/1990, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpi um breytingu á lögum nr. 38/1990 (þskj. 360 á 117. löggjafarþingi). |
| 1994/1995–2000/2001 | Aflaviðmiðun laga nr. 38/1990, ákveðin með lögum nr. 87/1994, lögum nr. 111/1995, nr. 105/1996, nr. 144/1997 og nr. 1/1999. |
| 2001/2002–2003/2004 | Krókaaflahlutdeild skv. lögum 38/1990, breytt með lögum 1/1999, 93/2000 og 129/2001 og dagabátar skv. sömu lögum og lögum nr. 9/1999 og 3/2002. |
| 2004/2005–2005/2006 | Krókaaflahlutdeild skv. lögum 38/1990, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 74/2004. Endurúthlutun skv. lögum nr. 41/2006. |
| 2006/2007 | Aflahlutdeild/krókaaflahlutdeild, lög nr. 116/2006,um stjórn fiskveiða – endurútgáfa laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. |

**Leyfilegur botnfiskafli, sérstakar úthlutanir og úthlutað aflamark/krókaaflamark, aflahlutdeildir/krókaaflahlutdeild og reiknuð aflahlutdeild og hlutdeild krókabáta af leyfilegum heildarafla fiskveiðiárin 1991/1991 – 2006/2007.**

**Fiskveiðiárið 2006/2007**

| | 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | Afli | Krókaafli | Aflamark af leyfilegum afla | Krókaaflamark af leyfilegum afla | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tegund | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Hlutdeild | Hlutdeild | Hlutfall | Hlutfall | Hlutfall |
| Þorskur | 193.000 | 2.371 | 3.133 | 3.375 | 184.121 | 82,50 | 17,50 | 78,7% | 16,7% | 95,4% |
| Ýsa | 105.000 | 1.290 | 1.705 | 1.722 | 100.283 | 85,33 | 14,67 | 81,5% | 14,0% | 95,5% |
| Ufsi | 80.000 | 983 | 1.299 | | 77.718 | 92,68 | 7,32 | 90,0% | 7,1% | 97,1% |
| Steinbítur | 13.000 | 160 | 211 | 894 | 11.735 | 61,48 | 38,52 | 55,5% | 34,8% | 90,3% |
| Karfi | 57.000 | | | | 57.000 | 99,41 | 0,59 | 99,4% | 0,6% | 100,0% |
| Grálúða | 15.000 | | | | 15.000 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Sandkoli | 2.000 | | | | 2.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skrápflúra | 1.500 | | | | 1.500 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skarkoli | 6.000 | | | | 6.000 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Þykkvalúra | 2.000 | | | | 2.000 | 99,98 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Langlúra | 2.400 | | | | 2.400 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Keila | 5.000 | | | | 5.000 | 87,40 | 12,59 | 87,4% | 12,6% | 100,0% |
| Langa | 5.000 | | | | 5.000 | 89,45 | 10,49 | 89,5% | 10,5% | 99,9% |
| Skötuselur | 3.000 | | | | 3.000 | 99,90 | | 99,9% | 0,0% | 99,9% |

*Skýringar á töflu:*

1) Leyfilegur heildarafli.

2) Til uppbóta skv. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (skel- og rækjubætur).

3) Til ráðstöfunar skv. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (til stuðnings byggðarlögum).

4) Til línuívilnunar skv. 8. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990.

5) Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar.

**Fiskveiðiárið 2005/2006**

| Tegund | 1) Lestir | 2) Lestir | 3) Lestir | 4) Lestir | 5) Lestir | 6) Lestir | 7) Lestir | 8) Lestir | Afli Hlutdeild | Krókaafli Hlutdeild | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaaflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 198.000 | 3.000 | 280 | 2.311 | 2.993 | | 3.375 | 186.041 | 82,58 | 17,43 | 77,6% | 16,4% | 94,0% |
| Ýsa | 105.000 | | 148 | 1.225 | 1.587 | 250 | 1.472 | 100.318 | 85,53 | 14,47 | 81,7% | 13,8% | 95,5% |
| Ufsi | 80.000 | | 113 | 934 | 1.209 | 75 | | 77.669 | 92,69 | 7,31 | 90,0% | 7,1% | 97,1% |
| Steinbítur | 13.000 | | 18 | 152 | 197 | 250 | 644 | 11.739 | 61,48 | 38,52 | 55,5% | 34,8% | 90,3% |
| Karfi | 57.000 | | | | | | | 57.000 | 99,44 | 0,56 | 99,4% | 0,6% | 100,0% |
| Grálúða | 15.000 | | | | | | | 15.000 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Sandkoli | 4.000 | | | | | | | 4.000 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skrápflúra | 3.500 | | | | | | | 3.500 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skarkoli | 5.000 | | | | | | | 5.000 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Þykkvalúra | 1.800 | | | | | | | 1.800 | 99,98 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Langlúra | 2.400 | | | | | | | 2.400 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Keila | 3.500 | | | | | | | 3.500 | 87,40 | 12,59 | 87,4% | 12,6% | 100,0% |
| Langa | 5.000 | | | | | | | 5.000 | 89,48 | 10,47 | 89,5% | 10,5% | 99,9% |
| Skötuselur | 2.500 | | | | | | | 2.500 | 99,91 | | 99,9% | 0,0% | 99,9% |

*Skýringar á töflu:*

1) Leyfilegur heildarafli.

2) Til jöfnunar skv. 9. gr. a. laga nr. 38/1990.

3) Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákvæði til bráðabirgða XXVI við lög nr. 38/1990.

4) Til uppbóta skv. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (skel- og rækjubætur).

5) Til ráðstöfunar skv. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (til stuðnings byggðarlögum)

6) Til ráðstöfunar skv. ákvæði til bráðbirgða XXXIII við lög nr. 38/1990 (krókaaflamarksbátar).

7) Til línuívilnunar skv. 8. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990.

8) Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar.

**Fiskveiðiárið 2004/2005**

| | 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) | 8) | Afli | Krókaafli | Aflamark af leyfilegum afla | Krókaaflamark af leyfilegum afla | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tegund | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Hlutdeild | Hlutdeild | Hlutfall | Hlutfall | Hlutfall |
| Þorskur | 205.000 | 3.000 | 610 | 2.915 | 2.603 | | 3.375 | 192.497 | 82,62 | 17,25 | 77,6% | 16,2% | 93,8% |
| Ýsa | 90.000 | | 268 | 1.280 | 1.143 | 500 | 750 | 86.059 | 85,59 | 14,41 | 81,8% | 13,8% | 95,6% |
| Ufsi | 70.000 | | 208 | 995 | 889 | 150 | | 67.758 | 92,68 | 7,29 | 89,7% | 7,1% | 96,8% |
| Steinbítur | 13.000 | | 39 | 185 | 165 | 500 | 900 | 11.211 | 61,42 | 38,57 | 53,0% | 33,3% | 86,2% |
| Karfi | 57.000 | | | | | | | 57.000 | 99,44 | 0,56 | 99,4% | 0,6% | 100,0% |
| Grálúða | 15.000 | | | | | | | 15.000 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Sandkoli | 5.000 | | | | | | | 5.000 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skrápflúra | 5.000 | | | | | | | 5.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skarkoli | 5.000 | | | | | | | 5.000 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Þykkvalúra | 1.600 | | | | | | | 1.600 | 99,98 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Langlúra | 2.000 | | | | | | | 2.000 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Keila | 3.500 | | | | | | | 3.500 | 87,66 | 12,31 | 87,7% | 12,3% | 100,0% |
| Langa | 4.000 | | | | | | | 4.000 | 90,19 | 9,74 | 90,2% | 9,7% | 99,9% |
| Skötuselur | 2.000 | | | | | | | 2.000 | 99,92 | 0,00 | 99,9% | 0,0% | 99,9% |

*Skýringar á töflu:*

1) Leyfilegur heildarafli.

2) Til jöfnunar skv. 9. gr. a laga nr. 38/1990.

3) Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákvæði til brb. XXVI laga nr. 38/1990.

4) Til uppbóta skv. 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (skel- og rækjubætur).

5) Til ráðstöfunar skv. 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (til stuðnings byggðarlögum).

6) Til ráðstöfunar samkvæmt b. lið 2. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003 (krókaaflamarksbátar).

7) Til línuívilnunar samkvæmt b. lið 3. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003.

8) Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar.

**Fiskveiðiárið 2003/2004**

| | 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) | 8) | Afli | Krókaafli | Aflamark af leyfilegum afla | Krókaaflamark af leyfilegum afla | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tegund | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Hlutdeild | Hlutdeild | Hlutfall | Hlutfall | Hlutfall |
| Þorskur | 209.000 | 2.100 | 3.000 | 1.194 | 3.436 | 1.194 | | 198.076 | 86,93 | 13,07 | 82,4% | 12,4% | 94,8% |
| Ýsa | 75.000 | | | 428 | 1.233 | 428 | 1.000 | 71.911 | 85,54 | 14,45 | 82,0% | 13,9% | 95,9% |
| Ufsi | 50.000 | | | 286 | 822 | 286 | 300 | 48.306 | 93,93 | 6,07 | 90,7% | 5,9% | 96,6% |
| Steinbítur | 16.000 | | | 91 | 263 | 91 | 1.000 | 14.555 | 61,62 | 38,37 | 56,1% | 34,9% | 91,0% |
| Karfi | 57.000 | | | | | | | 57.000 | 99,58 | 0,42 | 99,6% | 0,4% | 100,0% |
| Grálúða | 23.000 | | | | | | | 23.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Sandkoli | 7.000 | | | | | | | 7.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skrápflúra | 5.000 | | | | | | | 5.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skarkoli | 4.500 | | | | | | | 4.500 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Þykkvalúra | 1.600 | | | | | | | 1.600 | 99,98 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Langlúra | 1.500 | | | | | | | 1.500 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Keila | 3.500 | | | | | | | 3.500 | 88,38 | 11,61 | 88,4% | 11,6% | 100,0% |
| Langa | 3.000 | | | | | | | 3.000 | 91,10 | 8,90 | 91,1% | 8,9% | 100,0% |
| Skötuselur | 2.000 | | | | | | | 2.000 | 99,96 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |

*Skýringar á töflu:*

1) Leyfilegur heildarafli.

2) Viðmiðunarafli dagabáta skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 38/1990.

3) Til jöfnunar skv. 9. gr. a. laga nr. 38/1990.

4) Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákvæði til bráðabirgða XXVI laga nr. 38/1990.

5) Til uppbóta skv. 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (skel- og rækjubætur).

6) Til ráðstöfunar skv. 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (til stuðnings byggðarlögum).

7) Til ráðstöfunar samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (krókaaflamarksbátar).

8) Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar.

**Fiskveiðiárið 2002/2003**

| Tegund | 1) Lestir | 2) Lestir | 3) Lestir | 4) Lestir | 5) Lestir | 6) Lestir | Afli Hlutdeild | Krókaafli Hlutdeild | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaaflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 179.000 | 1.798 | 3.000 | 1.164 | 3.176 | 169.862 | 86,90 | 13,10 | 82,5% | 12,4% | 94,9% |
| Ýsa | 55.000 | | | 358 | 1.976 | 52.666 | 85,53 | 14,47 | 81,9% | 13,9% | 95,8% |
| Ufsi | 37.000 | | | 241 | 957 | 35.802 | 93,93 | 6,07 | 90,9% | 5,9% | 96,8% |
| Steinbítur | 16.000 | | | 104 | 1.284 | 14.612 | 61,60 | 38,39 | 56,3% | 35,1% | 91,3% |
| Karfi | 60.000 | | | | | 60.000 | 99,58 | 0,42 | 99,6% | 0,4% | 100,0% |
| Grálúða | 23.000 | | | | | 23.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Sandkoli | 4.000 | | | | | 4.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skrápflúra | 5.000 | | | | | 5.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skarkoli | 5.000 | | | | | 5.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Þykkvalúra | 1.600 | | | | | 1.600 | 99,98 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Langlúra | 1.500 | | | | | 1.500 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Keila | 3.500 | | | | | 3.500 | 88,59 | 11,41 | 88,6% | 11,4% | 100,0% |
| Langa | 3.000 | | | | | 3.000 | 91,22 | 8,78 | 91,2% | 8,8% | 100,0% |
| Skötuselur | 1.500 | | | | | 1.500 | 99,97 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |

*Skýringar á töflu:*
1) Leyfilegur afli.
2) Dagabátar.
3) Til jöfnunar skv. ákv. til brb. XXV í l.38/1990.
4) Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákv. til brb. XXVI í l. nr. 38/1990.
5) Til ráðstöfunar skv. 1.–3. mgr. 9. gr. l. nr. 38/1990.
6) Úthlutað aflamark 2002/2003.

**Fiskveiðiárið 2001/2002**

| Tegund | 1) Lestir | 2) Lestir | 3) Lestir | 4) Lestir | 5) Lestir | 6) Lestir | Afli Hlutdeild | Krókaafli Hlutdeild | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaaflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 190.000 | 1.273 | 3.000 | 1.365 | 1.830 | 182.532 | 86,92 | 13,08 | 83,5% | 12,6% | 96,1% |
| Ýsa | 30.000 | | | 216 | 289 | 29.495 | 85,51 | 14,47 | 84,1% | 14,2% | 98,3% |
| Ufsi | 30.000 | | | 216 | 289 | 29.495 | 93,93 | 6,07 | 92,3% | 6,0% | 98,3% |
| Steinbítur | 13.000 | | | 93 | 125 | 12.782 | 61,60 | 38,39 | 60,6% | 37,7% | 98,3% |
| Karfi | 65.000 | | | | | 65.000 | 99,58 | 0,42 | 99,6% | 0,4% | 100,0% |
| Grálúða | 20.000 | | | | | 20.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Sandkoli | 3.000 | | | | | 3.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skrápflúra | 5.000 | | | | | 5.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skarkoli | 4.000 | | | | | 4.000 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Þykkvalúra | 1.400 | | | | | 1.400 | 99,99 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Langlúra | 1.350 | | | | | 1.350 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Keila | 4.500 | | | | | 4.500 | 88,56 | 11,44 | 88,6% | 11,4% | 100,0% |
| Langa | 3.000 | | | | | 3.000 | 91,17 | 8,83 | 91,2% | 8,8% | 100,0% |
| Skötuselur | 1.500 | | | | | 1.500 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |

*Skýringar á töflu:*
1) Leyfilegur afli.
2) Dagabátar.
3) Til jöfnunar skv. ákv. til brb. XXV í l.38/1990.
4) Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákv. til brb. XXVI í l. nr. 38/1990.
5) Bætur skerðingar í innfjarðarækju skv. 9. gr. l. nr. 38/1990.
6) Úthlutað aflamark 2001/2002.

**Fiskveiðiárið 2000/2001**

| Tegund | 1) Lestir | 2) Lestir | 3) Lestir | 4) Lestir | 5) Lestir | 6) Lestir | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Viðmiðun krókabáta af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 220.000 | 30.355 | 3.000 | 1.406 | 1.211 | 184.028 | 83,6% | 13,8% | 97,4% |
| Ýsa | 30.000 | 3.000 | | 192 | 165 | 26.643 | 88,8% | 10,0% | 98,8% |
| Ufsi | 30.000 | 1.000 | | 192 | 165 | 28.643 | 95,5% | 3,3% | 98,8% |
| Steinbítur | 13.000 | 3.000 | | 78 | 67 | 9.855 | 75,8% | 23,1% | 98,9% |
| Karfi | 57.000 | | | | | 57.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Grálúða | 20.000 | | | | | 20.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Sandkoli | 5.500 | | | | | 5.500 | 100,0% | | 100,0% |
| Skrápflúra | 5.000 | | | | | 5.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Skarkoli | 4.000 | | | | | 4.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Þykkvalúra | 1.400 | | | | | 1.400 | 100,0% | | 100,0% |
| Langlúra | 1.100 | | | | | 1.100 | 100,0% | | 100,0% |

*Skýringar á töflu:*
1) Leyfilegur heildarafli.
2) Krókabátar.
3) Til jöfnunar skv. ákv. til brb. XXV Í 1. nr. 38/1990.
4) Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákv. til brb. XXVI í 1. nr. 38/1990.
5) Bætur vegna innfjarðarrækju skv. 9. gr. 1. nr. 38/1990.
6) Úthlutað aflamark 2000/2001.

**Fiskveiðiárið 1999/2000**

| | 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | Aflamark af leyfilegum afla | Viðmiðun krókabáta af leyfilegum afla | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tegund | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Hlutfall | Hlutfall | Hlutfall |
| Þorskur | 250.000 | 34.976 | 3.000 | 1.397 | 1.929 | 208.698 | 83,5% | 14,0% | 97,5% |
| Ýsa | 35.000 | 2.500 | | 196 | 270 | 32.034 | 91,5% | 7,1% | 98,7% |
| Ufsi | 30.000 | 2.000 | | 168 | 232 | 27.600 | 92,0% | 6,7% | 98,7% |
| Steinbítur | 13.000 | 3.000 | | 73 | 100 | 9.827 | 75,6% | 23,1% | 98,7% |
| Karfi | 60.000 | | | | | 60.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Grálúða | 10.000 | | | | | 10.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Sandkoli | 7.000 | | | | | 7.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Skrápflúra | 5.000 | | | | | 5.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Skarkoli | 3.000 | | | | | 3.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Þykkvalúra | 1.400 | | | | | 1.400 | 100,0% | | 100,0% |
| Langlúra | 1.100 | | | | | 1.100 | 100,0% | | 100,0% |

*Skýringar á töflu:*
1) Leyfilegur heildarafli.
2) Krókabátar.
3) Til jöfnunar skv. ákv til brb. XXV Í 1. nr. 38/1990.
4) Til ráðstöfunar Byggðastofunar skv. ákv. til brb. XXVI í 1. nr. 38/1990.
5) Bætur skerðingar í innfjarðarækju skv. 9. gr. l. nr. 38/1990.
6) Úthlutað aflamark 1999/2000.

**Fiskveiðiárið 1998/1999**

| Tegund | Leyfilegur heildarafli Lestir | Til jöfnunar Lestir | Krókabátar Lestir | Úthlutað aflamark 1998/1999 Lestir | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Viðmiðun krókabáta af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 250.000 | 5.000 | 34.375 | 210.625 | 84,3% | 13,8% | 98,0% |
| Ýsa | 35.000 | | 2.500 | 32.500 | 92,9% | 7,1% | 100,0% |
| Ufsi | 30.000 | | 2.000 | 28.000 | 93,3% | 6,7% | 100,0% |
| Steinbítur | 13.000 | | 3.000 | 10.000 | 76,9% | 23,1% | 100,0% |
| Karfi | 65.000 | | | 65.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Grálúða | 10.000 | | | 10.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Sandkoli | 7.000 | | | 7.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Skrápflúra | 5.000 | | | 5.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Skarkoli | 7.000 | | | 7.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Langlúra | 1.100 | | | 1.100 | 100,0% | | 100,0% |

**Fiskveiðiárið 1997/1998**

| Tegund | Leyfilegur heildarafli Lestir | Til jöfnunar Lestir | Krókabátar Lestir | Úthlutað aflamark 1997/1998 Lestir | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Viðmiðun krókabáta af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 218.000 | 5.000 | 30.302 | 182.698 | 83,8% | 13,9% | 97,7% |
| Ýsa | 45.000 | | 2.200 | 42.800 | 95,1% | 4,9% | 100,0% |
| Ufsi | 30.000 | | 1.500 | 28.500 | 95,0% | 5,0% | 100,0% |
| Steinbítur | 13.000 | | 2.500 | 10.500 | 80,8% | 19,2% | 100,0% |
| Karfi | 65.000 | | | 65.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Grálúða | 10.000 | | | 10.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Sandkoli | 7.000 | | | 7.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Skrápflúra | 5.000 | | | 5.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Skarkoli | 9.000 | | | 9.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Langlúra | 1.100 | | | 1.100 | 100,0% | | 100,0% |

**Fiskveiðiárið 1996/1997**

| Tegund | Leyfilegur heildarafli Lestir | Til jöfnunar Lestir | Krókabátar Lestir | Úthlutað aflamark 1996/1997 Lestir | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Viðmiðun krókabáta af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 186.000 | 5.000 | 25.854 | 155.146 | 83,4% | 13,9% | 97,3% |
| Ýsa | 45.000 | | 2.200 | 42.800 | 95,1% | 4,9% | 100,0% |
| Ufsi | 50.000 | | 1.900 | 48.100 | 96,2% | 3,8% | 100,0% |
| Steinbítur | 13.000 | | 2.500 | 10.500 | 80,8% | 19,2% | 100,0% |
| Karfi | 65.000 | | | 65.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Grálúða | 15.000 | | | 15.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Skarkoli | 12.000 | | | 12.000 | 100,0% | | 100,0% |
| Langlúra | 1.200 | | | 1.200 | 100,0% | | 100,0% |

**Fiskveiðiárið 1995/1996**

| Tegund | Leyfilegur heildarafli Lestir | Línuafli Lestir | Til jöfnunar Lestir | Krókabátar Lestir | Úthlutað aflamark 1995/1996 Lestir | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Viðmiðun krókabáta af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 155.000 | 13.810 | 11.070 | 21.500 | 108.620 | 70,1% | 13,9% | 83,9% |
| Ýsa | 60.000 | 3.190 | 2.350 | 2.000 | 52.460 | 87,4% | 3,3% | 90,8% |
| Ufsi | 70.000 | | 2.741 | 1.500 | 65.759 | 93,9% | 2,1% | 96,1% |
| Karfi | 65.000 | | 2.545 | | 62.455 | 96,1% | | 96,1% |
| Grálúða | 20.000 | | 785 | | 19.215 | 96,1% | | 96,1% |
| Skarkoli | 13.000 | | 511 | | 12.489 | 96,1% | | 96,1% |

**Fiskveiðiárið 1994/1995**

| Tegund | Leyfilegur heildarafli Lestir | Línuafli Lestir | Til jöfnunar Lestir | Krókabátar Lestir | Úthlutað aflamark 1994/1995 Lestir | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Viðmiðun krókabáta af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 155.000 | 14.211 | 6.458 | 21.500 | 112.831 | 72,8% | 13,9% | 86,7% |
| Ýsa | 65.000 | 2.789 | 2.708 | 2.000 | 57.503 | 88,5% | 3,1% | 91,5% |
| Ufsi | 75.000 | | 3.125 | 2.300 | 69.575 | 92,8% | 3,1% | 95,8% |
| Karfi | 77.000 | | 3.208 | | 73.792 | 95,8% | | 95,8% |
| Grálúða | 30.000 | | 1.253 | | 28.747 | 95,8% | | 95,8% |
| Skarkoli | 13.000 | | 543 | | 12.457 | 95,8% | | 95,8% |

**Fiskveiðiárið 1993/1994**

| Tegund | Leyfilegur heildarafli Lestir | Línuafli Lestir | Hagræðinga-sjóður Lestir | Úthlutað aflamark 1993/1994 Lestir | Veiðireynsla krókabáta skv. þskj. 360 á 117. þingi % af úthl. | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 155.000 | 12.500 | 6.400 | 136.100 | 2,2% | 87,8% | 87,8% |
| Ýsa | 65.000 | 1.500 | 2.700 | 60.800 | 0,6% | 93,5% | 93,5% |
| Ufsi | 85.000 | | 3.500 | 81.500 | 0,8% | 95,9% | 95,9% |
| Karfi | 90.000 | | 3.700 | 86.300 | 0,0% | 95,9% | 95,9% |
| Grálúða | 30.000 | | 1.200 | 28.800 | | 96,0% | 96,0% |
| Skarkoli | 13.000 | | 500 | 12.500 | 0,0% | 96,2% | 96,2% |

**Fiskveiðiárið 1992/1993**

| Tegund | Leyfilegur heildarafli Lestir | Línuafli Lestir | Hagræðinga-sjóður Lestir | Úthlutað aflamark 1992/1993 Lestir | Veiðireynsla krókabáta skv. þskj. 360 á 117. þingi % af úthl. | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 205.000 | 15.000 | 7.400 | 182.600 | 2,2% | 89,1% | 89,1% |
| Ýsa | 65.000 | 2.000 | 2.300 | 60.700 | 0,6% | 93,4% | 93,4% |
| Ufsi | 92.000 | | 3.300 | 88.700 | 0,8% | 96,4% | 96,4% |
| Karfi | 104.000 | | 3.700 | 100.300 | 0,0% | 96,4% | 96,4% |
| Grálúða | 30.000 | | 1.100 | 28.900 | | 96,3% | 96,3% |
| Skarkoli | 13.000 | | 500 | 12.500 | 0,0% | 96,2% | 96,2% |

**Fiskveiðiárið 1991/1992**

| Tegund | Leyfilegur heildarafli Lestir | Línuafli Lestir | Úthlutað aflamark 1991/1992 Lestir | Veiðireynsla krókabáta skv. þskj. 360 á 117. þingi % af úthl. | Aflamark af leyfilegum afla Hlutfall | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 265.000 | 15.000 | 250.000 | 2,2% | 94,3% | 94,3% |
| Ýsa | 50.000 | 2.000 | 48.000 | 0,6% | 96,0% | 96,0% |
| Ufsi | 75.000 | | 75.000 | 0,8% | 100,0% | 100,0% |
| Karfi | 90.000 | | 90.000 | 0,0% | 100,0% | 100,0% |
| Grálúða | 25.000 | | 25.000 | | 100,0% | 100,0% |
| Skarkoli | 11.000 | | 11.000 | 0,0% | 100,0% | 100,0% |

**Fiskveiðiárið 1991/1991**

| Tegund | Leyfilegur afli | Línuafli utan aflamarks | Úthlutað aflamark | Veiðireynsla krókabáta skv. þskj. 360 á 117. þingi | Aflamark af leyfilegum afla | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 245.000 | 7.000 | 238.000 | 2,2% | 97,1% | 97,1% |
| Ýsa | 40.000 | 1.000 | 39.000 | 0,6% | 97,5% | 97,5% |
| Ufsi | 65.000 | | 65.000 | 0,8% | 100,0% | 100,0% |
| Karfi | 55.000 | | 55.000 | 0,0% | 100,0% | 100,0% |
| Grálúða | 30.000 | | 30.000 | | 100,0% | 100,0% |
| Skarkoli | 7.000 | | 7.000 | 0,0% | 100,0% | 100,0% |

**Leyfilegur botnfiskafli, sérstakar úthlutanir og úthlutað aflamark á grundvelli aflahlutdeilda.**

**Fiskveiðiárið 2006/2007**

| | 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | Aflamark | Krókaafla-mark | Aflamark | Krókaafla-mark | Aflamark af leyfilegum afla | Krókaaflamark af leyfilegum afla | Krókaafla- og aflamark af leyfilegum afla |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tegund | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Lestir | Hlutdeild | Hlutdeild | Hlutfall | Hlutfall | Hlutfall |
| Þorskur | 193.000 | 2.371 | 3.133 | 3.375 | 184.121 | 151.901 | 32.218 | 82,50 | 17,50 | 78,7% | 16,7% | 95,4% |
| Ýsa | 105.000 | 1.290 | 1.705 | 1.722 | 100.283 | 85.567 | 14.716 | 85,33 | 14,67 | 81,5% | 14,0% | 95,5% |
| Ufsi | 80.000 | 983 | 1.299 | | 77.718 | 72.030 | 5.683 | 92,68 | 7,32 | 90,0% | 7,1% | 97,1% |
| Steinbítur | 13.000 | 160 | 211 | 894 | 11.735 | 7.214 | 4.521 | 61,48 | 38,52 | 55,5% | 34,8% | 90,3% |
| Karfi | 57.000 | | | | 57.000 | 56.662 | 338 | 99,41 | 0,59 | 99,4% | 0,6% | 100,0% |
| Grálúða | 15.000 | | | | 15.000 | 15.000 | 0 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Sandkoli | 2.000 | | | | 2.000 | 2.000 | 0 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skrápflúra | 1.500 | | | | 1.500 | 1.500 | 0 | 100,00 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Skarkoli | 6.000 | | | | 6.000 | 6.000 | 0 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Þykkvalúra | 2.000 | | | | 2.000 | 2.000 | 0 | 99,98 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Langlúra | 2.400 | | | | 2.400 | 2.400 | 0 | 100,00 | 0,00 | 100,0% | 0,0% | 100,0% |
| Keila | 5.000 | | | | 5.000 | 4.370 | 630 | 87,40 | 12,59 | 87,4% | 12,6% | 100,0% |
| Langa | 5.000 | | | | 5.000 | 4.475 | 525 | 89,45 | 10,49 | 89,5% | 10,5% | 100,0% |
| Skötuselur | 3.000 | | | | 3.000 | 3.000 | 0 | 99,90 | | 100,0% | 0,0% | 100,0% |

*Skýringar á töflu:*

1) Leyfilegur heildarafli.

2) Til uppbóta skv. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (skel- og rækjubætur).

3) Til ráðstöfunar skv. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (til stuðnings byggðarlögum).

4) Til línuívilnunar skv. 8. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990.

5) Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar.

**Fiskveiðiárið 1991/1991**

| Tegund | Leyfilegur afli | Línuafli utan aflamarks | Úthlutað aflamark | Veiðireynsla krókabáta skv. þskj. 360 á 117. þingi | Aflamark af leyfilegum afla |
|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 245.000 | 7.000 | 238.000 | 2,2% | 97,1% |
| Ýsa | 40.000 | 1.000 | 39.000 | 0,6% | 97,5% |
| Ufsi | 65.000 | | 65.000 | 0,8% | 100,0% |
| Karfi | 55.000 | | 55.000 | 0,0% | 100,0% |
| Grálúða | 30.000 | | 30.000 | | 100,0% |
| Skarkoli | 7.000 | | 7.000 | 0,0% | 100,0% |

# 286. Frumvarp til laga [276. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 6. tölul. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði þetta tekur þó ekki til tekna af leigu loftfara og skipa sem notuð eru til flutninga á alþjóðaleiðum.

2. gr.

Við 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barns fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima, frá lokum fæðingarorlofs fram til þess að það hefur leikskólavistun eða grunnskólanám, teljast ekki til tekna hjá móttakanda.

3. gr.

Við 3. málsl. 9. tölul. 31. gr. laganna bætist: eða aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

4. gr.

Í stað tölunnar „16“ í 4. tölul. 1. mgr. 65. gr. laganna kemur: 18.

5. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „21,75%“ í 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: 22,75%.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 67. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „356.180“ í 1. mgr. kemur: 385.800.
b. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Persónuafsláttur skal í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils. Fjárhæð persónuafsláttar skal birta með auglýsingu fjármálaráðherra fyrir upphaf staðgreiðsluárs.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „787“ í 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. laganna kemur: 834.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað tölunnar „16“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. A-liðar kemur: 18.
b. Í stað fjárhæðanna „494.782“, „649.544“ og „804.304“ í 3. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: 524.469; 688.517; og: 852.562.
c. Í stað fjárhæðanna „4.651.927“, „7.711.371“, „169.541“, „218.042“, „280.372“ og „618“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 4.931.043; 8.174.053; 179.713; 231.125; 297.194; og: 655.

II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.**

9. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. laganna bætist: að undanteknum arði sem úthlutað er á milli aðila sem samskattaðir eru skv. 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

III. KAFLI

**Gildistaka.**

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr., 3. gr., 5. gr., a-liðar 6. gr., 7. gr., b- og c-liðar 8. gr. og 9. gr. öðlast gildi 1. janúar 2007 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2007 og álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007.

Ákvæði b-liðar 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008.

Ákvæði 4. gr. og a-liðar 8. gr. koma til framkvæmda við ákvörðun barnabóta og álagningu gjalda á árinu 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Í fyrsta lagi er lagt til að frá og með 1. janúar 2007 lækki tekjuskattur einstaklinga um 1% í stað 2% lækkunar sem áður var fyrirhuguð, þ.e. úr 23,75% í 22,75%. Er þessi tillaga í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006 og er hluti af aðgerðum sem ætlað er að stuðla að áframhaldandi stöðugleika á vinnumarkaði. Verði frumvarpið að lögum kemur breytingin til framkvæmda við staðgreiðslu á næsta ári og við endanlega álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna á árinu 2007.

Í öðru lagi er lögð til breyting á aldursmarki barnabóta. Er sú tillaga í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006 þar sem segir að „um næstu áramót verði teknar upp greiðslur barnabóta til 18 ára aldurs í stað 16 ára aldurs". Þessi breyting kemur til viðbótar við áður ákveðna 25% hækkun skerðingarmarka barnabóta og lækkun skerðingarhlutfalla. Áætlað er að greiðslur barnabóta muni aukast um 500 til 600 millj. kr. verði frumvarpið að lögum. Þá er í frumvarpinu lagt til að aldursmark ívilnunar vegna útgjalda til menntunar barna verði hækkað til samræmis í 18 ár.

Í þriðja lagi er lögð til hækkun á persónuafslætti, sjómannaafslætti og vaxtabótum frá 1. janúar 2007. Verði frumvarpið að lögum mun persónuafsláttur einstaklinga hækka úr 356.180 kr. í 385.800 kr. á ári. Með þessari hækkun, og breytingu tekjuskatthlutfalls, hækka skattleysismörk einstaklinga úr 79 þús. kr. í 90 þús. kr. á mánuði, eða um 14%. Áætlað er að lögfesting þessara ákvæða leiði til þess að tekjur ríkissjóðs verði 800 millj. kr. hærri en annars hefði orðið. Er þá miðað við að núgildandi ákvæði tekjuskattslaganna gera ráð fyrir annarri útfærslu á lækkun tekjuskatts einstaklinga, þ.e. að skatthlutfallið lækki um 2% um næstu áramót, en áætlað er að tekjutap ríkissjóðs samkvæmt þessu frumvarpi verði heldur minna en samkvæmt þeirri útfærslu eða um 12,2 milljarðar kr. í stað um 13 milljarða kr. Fjárhæð sjómannaafsláttar mun hækka um 6%, þ.e. úr 787 kr. í 834 kr. á dag og viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta munu hækka um 6%. Er það í samræmi við áætlaðar launahækkanir á almennum vinnumarkaði á miðju þessu ári og í byrjun næsta árs. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs vegna hækkunar viðmiðunarfjárhæða vaxtabóta verði um 350 millj. kr.

Í fjórða lagi er með frumvarpinu lagt til að persónuafsláttur verði endurskoðaður árlega, í fyrsta sinn frá 1. janúar 2008, og breytist fjárhæð hans þannig í samræmi við breytingar á gildandi vísitölu neysluverðs næstliðinna tólf mánaða, þ.e. annars vegar gildandi vísitölu 31. desember 2006 og hins vegar 31. desember 2007.

Í fimmta lagi er með frumvarpinu lagt til að undanþegnar verði frá skattskyldu leigugreiðslur til erlendra leigusala vegna tekna af leigu loftfara og skipa.

Í sjötta lagi er með frumvarpinu lagt til að styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barns fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima verði undanþegnir skattskyldu. Undanþágunni er ætlað að taka til greiðslna frá því er fæðingarorlofi lýkur og allt til þess er leikskólavistun eða grunnskólanám hefst.

Í sjöunda lagi er með frumvarpinu lagt til að arður sem úthlutað er á milli aðila sem samskattaðir eru skv. 55. gr. laganna verði undanþeginn staðgreiðslu meðan samsköttunin varir.

Í áttunda lagi er með frumvarpinu lagt til að það skilyrði arðsfrádráttar frá tekjum af atvinnurekstri hlutafélaga sem skráð eru erlendis, að skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), taki einnig til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 3. gr. laga um tekjuskatt kemur fram hverjir beri takmarkaða skattskyldu hér á landi. Samkvæmt 6. tölul. 3. gr. bera allir aðilar sem hafa hér á landi m.a. tekjur af leigu lausafjár takmarkaða skattskyldu. Með ákvæði því sem hér er sett fram er lagt til að leigusali, sem heimilisfastur er eða rekur fasta starfsstöð erlendis, verði undanþeginn skattskyldu hér á landi af leigutekjum af loftförum og skipum sem rekin eru af íslenskum aðilum og notuð eru til flutninga á alþjóðaleiðum.

Undanfarna áratugi hefur rutt sér til rúms nýtt form eignarhalds flugfélaga á flugvélum þar sem leiga flugvéla hefur aukist í stað þess að flugfélög eigi flugvélakost sinn. Þetta hefur haft það í för með sér að meiri hluti flugvéla í rekstri íslenskra flugfélaga er ekki í eigu þeirra heldur á leigu frá erlendum leigusölum. Hinir erlendu leigusalar leigja flugvélakost sinn út frá starfsstöðvum víðs vegar um heim og rekur enginn þeirra eiginlega flugstarfsemi á Íslandi. Sú breyting sem hér er lögð til mun enga tekjuskerðingu hafa í för með sér fyrir ríkissjóð þar sem slíkar leigugreiðslur hafa hingað til ekki verið skattlagðar. Ákvæðið er til þess fallið að auka og styrkja samkeppnishæfni Íslands á sviði flugmála og skipasamgangna og gera þessum atvinnugreinum fært að vera fyllilega samkeppnisfærar við sambærilegar atvinnugreinar í nágrannalöndum okkar en víðast hvar í nágrannalöndum okkar eru leigugreiðslur sem þessar undanþegnar skattskyldu.

Með orðunum „flutninga á alþjóðaleiðum“ er átt við flutningastarfsemi sem bæði getur eingöngu verið utan Íslands eða milli Íslands og annarra landa. Með hliðsjón af því að eðli máls samkvæmt eru skip og flugvélar í mörgum tilvikum í nokkurs konar blandaðri starfsemi, þ.e. eru ýmist í flutningum utan lögsögu Íslands eða til og frá Íslandi, er ekki unnt í framkvæmd að gera greinarmun á því hvort flutningurinn sé einvörðungu utan íslenskrar lögsögu eða til og frá Íslandi. Það sem ræður úrslitum um skattskylduna er staðsetning starfsstöðvarinnar.

Viðbótarmálsliðurinn sem hér er lagður til tekur eingöngu til þess að undanþiggja skattskyldu hér á landi slíkar leigugreiðslur, en tekur ekki til annarra tekna skv. 6. tölul. 3. gr. laganna. Verði þetta ákvæði frumvarpsins að lögum munu slíkar leigugreiðslur samkvæmt framansögðu eingöngu skattleggjast hér á landi þegar erlendur leigusali skipa og loftfara er

jafnframt með fasta starfsstöð hérlendis. Í málsliðnum er notað hugtakið loftfar þar sem það nær ekki einungis til flugvéla heldur einnig annarra loftfara, svo sem þyrlna.

Um 2. gr.

Í 2. tölul. A-liðs 7. gr. tekjuskattslaga er að finna tegundir greiðslna sem ekki teljast til skattskyldra tekna og er með frumvarpi þessu lagt til að skýrt sé að styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barna fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima séu undanþegnir skattskyldu. Nokkur sveitarfélög hafa kynnt áform um slíka styrki og eru með ákvæðinu tekin af öll tvímæli um hugsanlega skattskyldu slíkra greiðslna. Tilgangurinn með greiðslum sem þessum er að styðja við foreldra sem leggja áherslu á að vera með börnum sínum eftir að fæðingarorlofi lýkur. Niðurgreiðslur sveitarfélaga á leikskólagjöldum og daggæslugjöldum í heimahúsum eru ekki skattskyldar hjá foreldrum eða forráðamönnum barna. Með tilliti til jafnræðis er því lagt til að framangreindir styrkir verði ekki taldir til skattskyldra tekna.

Um 3. gr.

Í 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga er m.a. mælt fyrir um arðsfrádrátt frá tekjum af atvinnurekstri hlutafélaga sem skráð eru erlendis. Þykir eðlilegt að það skilyrði ákvæðisins að skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) taki einnig til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Þau ríki sem ekki eru aðilar að OECD en eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu eru Eistland, Kýpur, Lichtenstein, Litháen, Malta og Slóvenía.

Um 4. gr.

Í 65. gr. tekjuskattslaga er að finna heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni. Samkvæmt 4. tölul. 65. gr. skal skattstjóri taka til greina umsókn manns um lækkun á tekjuskattsstofni ef hann hefur haft veruleg útgjöld af menntun barna sinna 16 ára og eldri. Í samræmi við breytingu á aldursmarki barnabóta er hér lagt til að aldursmarki ívilnunar vegna menntunarkostnaðar barna verði breytt úr 16 árum í 18 ár.

Um 5. gr.

Í 66. gr. tekjuskattslaga er kveðið á um skatthlutfall manna. Búið var að lögfesta að hlutfallstala tekjuskatts skyldi lækka um fjögur prósentustig á þremur árum og hefur lækkun um 2% þegar tekið gildi. 1. janúar 2007 átti að taka gildi 2% lækkun til viðbótar. Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006 er hér lagt til að lækkunin verði 1% í stað 2% frá 1. janúar 2007, þ.e. að skatthlutfallið verði 22,75% í stað 21,75%.

Um 6. gr.

Í A-lið 67. gr. tekjuskattslaganna er mælt fyrir um fjárhæð persónuafsláttar. Búið var að lögfesta hækkun á persónuafslætti 1. janúar 2007. Persónuafsláttur átti þá að hækka um 2,25% og persónuafsláttur því að verða 356.180 krónur. Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006 er með frumvarpinu lagt til að persónuafsláttur einstaklinga verði hækkaður í 385.800 krónur frá 1. janúar 2007. Jafnframt verður persónuafsláttur endurskoðaður árlega, í fyrsta sinn frá 1. janúar 2008, og breytist hann í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs næstliðinna tólf mánaða miðað við gildandi vísitölu í upphafi og lok viðmiðunartímabilsins, þ.e. frá desember til desember. Fjárhæð persónuafsláttar skal birta með auglýsingu fjármálaráðherra.

Um 7. gr.

Í B-lið 67. gr. laganna er mælt fyrir um fjárhæð sjómannaafsláttar. Hér er lagt til að grunnfjárhæð sjómannaafsláttar verði hækkuð um 6% frá 1. janúar 2007 sem komi til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2007.

Um 8. gr.

Í a-lið greinarinnar er lögð til breyting á aldursmarki barnabóta í 68. gr. laganna. Er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006 þar sem kemur fram að frá og með 1. janúar 2007 verði teknar upp greiðslur barnabóta til 18 ára aldurs í stað 16 ára aldurs.

Í b- og c-liðum greinarinnar er lögð til 6% hækkun á viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2007 vegna vaxtagjalda á árinu 2006. Er sú hækkun í samræmi við áætlaðar launahækkanir á almennum vinnumarkaði.

Um 9. gr.

Í 4. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er fjallað um skattstofna. Breytingin sem hér er lögð til á 3. mgr. 4. gr. þeirra laga hefur í för með sér að ekki verður þörf á að halda eftir fjármagnstekjuskatti af arði sem úthlutað er á milli þeirra félaga sem samsköttuð eru í samræmi við heimild 55. gr. laga um tekjuskatt.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.**

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt og fjármagnstekjuskatt. Flestar breytingarnar snúa að tekjuhlið ríkissjóðs og eru þær helstar í fyrsta lagi að lagt er til að tekjuskattur einstaklinga lækki um 1% um næstu áramót. Í öðru lagi er lagt til að persónuafsláttur hækki í 385.800 kr. á ári en við það hækka skattleysismörk einstaklinga um 14%. Auk þess er gert ráð fyrir að persónuafsláttur hækki framvegis í byrjun hvers árs miðað við hækkun á vísitölu neysluverðs undangengna tólf mánuði. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að sjómannaafsláttur hækki um 6%. Í fjórða lagi er lagt til að styrkir frá sveitarfélögum til foreldra barna þar til þau hefja leikskólavistun eða grunnskólanám teljist ekki til skattskyldra tekna. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er áætlað að lögfesting þessara ákvæða leiði til þess að tekjur ríkissjóðs verði 800 m.kr. hærri en annars hefði orðið. Er þá miðað við að núgildandi ákvæði tekjuskattslaganna gera ráð fyrir annarri útfærslu á lækkun tekjuskatts einstaklinga, þ.e. að skatthlutfallið lækki um 2% um næstu áramót. Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs samkvæmt þessu frumvarpi verði heldur minna en samkvæmt þeirri útfærslu eða um 12,2 milljarðar kr. í stað um 13 milljarða kr. Þá eru í frumvarpinu gerðar tillögur um tvö

ákvæði sem hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Annars vegar er um það að ræða að frá næstu áramótum verði greiddar barnabætur til 18 ára aldurs í stað 16 ára aldurs áður. Áætlað er að við þá breytingu aukist útgjöld vegna barnabóta um 500–600 m.kr. Hins vegar er lagt til að allar viðmiðunarfjárhæðir til útreiknings vaxtabóta verði hækkaðar um 6% en það svarar til launabreytinga á almennum vinnumarkaði frá síðustu áramótum. Áætlað er að sú hækkun hafi í för með sér að greiddar vaxtabætur verði 350 m.kr. hærri en ella hefði orðið. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 hefur verið gert ráð fyrir að framangreindar breytingar verði leiddar í lög, bæði þær sem snerta tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs. Ekki er ástæða til þess að ætla að sjálf framkvæmd laganna í skattkerfinu leiði til teljandi útgjalda.

# 287. Frumvarp til laga [277. mál]

um opinber innkaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. ÞÁTTUR
**Almenn ákvæði.**
I. KAFLI
**Tilgangur, orðskýringar og gildissvið.**
1. gr.
*Tilgangur laganna.*

Tilgangur laga þessara er að tryggja jafnræði fyrirtækja við opinber innkaup, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu.

2. gr.
*Orðskýringar.*

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Almenn fjarskiptaþjónusta:* Fjarskiptaþjónusta sem yfirvöld hafa sérstaklega falið einu eða fleiri fjarskipafyrirtækjum að veita.
2. *Almennt fjarskiptanet:* Kerfi fyrir almenn fjarskipti sem gerir kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstækniaðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.
3. *Almennt útboð:* Innkaupaferli þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð.
4. *Bjóðandi:* Fyrirtæki sem lagt hefur fram tilboð í útboði, svo sem í almennu eða lokuðu útboði, samningskaupum eða samkeppnisviðræðum.
5. *Fjarskiptaþjónusta:* Þjónusta sem að hluta eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um almenna fjarskiptanetið með fjarskiptaaðferðum öðrum en hljóðvarpi eða sjó
6. *Fyrirtæki:* Samheiti, notað til einföldunar, yfir verktaka, seljanda vöru og veitanda þjónustu.
7. *Gagnvirkt innkaupakerfi:* Fyllilega rafrænt ferli við algeng innkaup sem mögulegt er að gera á almennum markaði þannig að kröfum kaupanda sé fullnægt, enda sé ferlið tímabundið og, meðan á því stendur, opið öllum fyrirtækum sem fullnægja skilyrðum fyrir þátttöku í kerfinu og lagt hafa fram kynningarboð í samræmi við skilmála.
8. *Hönnunarsamkeppni:* Ferli sem gerir kaupanda kleift að afla áætlunar eða hönnunar, einkum á sviði skipulags lands og bæja, húsagerðarlistar og verkfræði eða gagnavinnslu, sem valin hefur verið af dómnefnd eftir samkeppni sem farið hefur fram með eða án verðlauna.
9. *Lokað útboð:* Innkaupaferli þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur sótt um taka þátt í, en þar sem aðeins þau fyrirtæki sem valin hafa verið af kaupanda geta lagt fram tilboð.
10. *Miðlæg innkaupastofnun:* Opinber aðili skv. 3. gr. sem aflar vöru og/eða þjónustu fyrir aðra kaupendur eða gerir verksamninga eða rammasamninga um verk, vörur eða þjónustu ætlaða öðrum kaupendum.
11. *Nettengipunktur:* Allar efnislegar tengingar og tækniforskriftir varðandi aðgang að þeim sem eru hluti af almenna fjarskiptanetinu og nauðsynlegar eru fyrir aðgang og skilvirk fjarskipti um viðkomandi net.

12. *Opinber aðili eða kaupandi:* Ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og samtök og aðrir opinberir aðilar skv. 3. gr.
13. *Opinberir samningar:* Allir samningar sem falla undir 1. mgr. 4 gr.
14. *Rafrænar aðferðir:* Notkun rafræns búnaðar til að vinna (þar á meðal með stafrænni samþjöppun) og geyma gögn sem eru send, er miðlað og tekið við með rafþræði, útvarpi, ljóstækniaðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.
15. *Rafrænt uppboð:* Endurtekið ferli þar sem ný og lægri verð, og/eða ný verðgildi fyrir ákveðin atriði í tilboðum, eru sett fram með rafrænum hætti, eftir að kaupandi hefur tekið fulla afstöðu til þeirra í upphafi, þannig að unnt er að meta þau með sjálfvirkum aðferðum.
16. *Rammasamningur:* Samningar við einn eða fleiri bjóðendur þar sem magn og umfang samnings er að meira eða minna leyti ótilgreint, en kaupendur, einn eða fleiri, skuldbinda sig til að kaupa af þeim þá vöru, þjónustu eða verk sem samningurinn kveður á um, m.a. hvað varðar gæði, tækni, þjónustu, afhendingartíma og verð á samningstímanum.
17. *Ritaður eða skriflegur:* Hvers konar tjáning sem samanstendur af orðum eða tölum sem lesa má, kalla má fram og miðla, þar á meðal upplýsingar sem miðlað er og varðveittar eru með rafrænum aðferðum.
18. *Sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV):* Tilvísunarflokkunarkerfi sem gildir um opinbera samninga og var samþykkt með reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (EB) nr. 2195/2002 ásamt því sem samræmi við aðrar gildandi skrár var tryggt. Ef upp kemur mismunandi túlkun um gildissvið laga þessara vegna ósamræmis milli þessarar skrár og NACE-skrárinnar, sbr. I. viðauka tilskipunarinnar, eða vegna ósamræmis milli skrárinnar og CPC-skrárinnar, sbr. II. viðauka tilskipunarinnar, skulu NACE-skráin og CPC-skráin hafa forgang.
19. *Samkeppnisviðræður:* Innkaupaferli sem hvaða fyrirtæki sem er getur sótt um að taka þátt í og felst í því að kaupandi stýrir viðræðum við þau fyrirtæki sem valin hafa verið til að taka þátt í ferlinu, allt með það að markmiði að þróa einn eða fleiri valkosti sem mætt geta kröfum hans, enda séu þessar kröfur lagðar til grundvallar þegar umsækjendum er boðið að leggja fram tilboð.
20. *Samningskaup:* Þegar kaupandi ræðir við fyrirtæki sem hann hefur valið samkvæmt fyrirframákveðnu ferli og semur um skilmála samnings við eitt eða fleiri fyrirtæki.
21. *Sérleyfissamningur um verk:* Verksamningur þar sem endurgjald fyrir verk felst annaðhvort eingöngu í rétti til að nýta sér verkið eða í rétti til að nýta sér verkið ásamt fjárgreiðslu frá kaupanda.
22. *Sérleyfissamningur um þjónustu:* Þjónustusamningur þar sem endurgjald fyrir þjónustu felst annaðhvort eingöngu í rétti til að nýta sér þjónustuna eða í rétti til að nýta sér þjónustuna ásamt fjárgreiðslu frá kaupanda.
23. *Staðall:* Forskrift sem samþykkt er af viðurkenndri staðlastofnun og beita má endurtekið og að staðaldri án þess að skylt sé að fara eftir henni. Staðall er opinbert skjal og ætlaður til frjálsra afnota.
24. *Tilskipunin:* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga frá 31. mars 2004, eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 sem birt var 7. september 2006 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandins nr. 44/2006.

25. *Verksamningar eða opinberir verksamningar:* Allir samningar sem falla undir 2. mgr. 4. gr.
26. *Verktaki, seljandi vöru og veitandi þjónustu:* Einstaklingur eða lögaðili, þar á meðal opinberir aðilar, eða hópur slíkra einstaklinga og/eða aðila sem bjóða fram á markaði framkvæmd verks, vöru og/eða þjónustu.
27. *Vörusamningar eða opinberir vörusamningar:* Allir samningar sem falla undir 3. mgr. 4. gr.
28. *Þátttakandi:* Fyrirtæki sem leitar eftir því að taka þátt í lokuðu útboði, samningskaupum eða samkeppnisviðræðum.
29. *Þjónustusamningar eða opinberir þjónustusamningar:* Allir samningar sem falla undir 4. mgr. 4. gr.
30. *Örútboð:* Innkaupaferli þar sem kaupandi leitar, með hæfilegum fyrirvara, skriflegra tilboða meðal tiltekinna rammasamningshafa um skilmála sem ekki hefur verið mælt fyrir um í viðkomandi rammasamningi og lýkur jafnan með samningi við þann bjóðanda sem leggur fram besta tilboðið á grundvelli þeirra valforsendna sem fram koma í útboðsskilmálum rammasamningsins.

3. gr.

*Opinberir aðilar sem lögin taka til.*

Lög þessi taka til ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra opinberra aðila, sbr. 2. mgr. Lögin taka einnig til samtaka sem þessir aðilar, einn eða fleiri, kunna að hafa með sér.

Aðili telst opinber ef hann getur borið réttindi og skyldur að lögum og sérstaklega hefur verið stofnað til hans í því skyni að þjóna almannahagsmunum, enda reki hann ekki starfsemi sem jafnað verður til starfsemi einkaaðila, svo sem á sviði viðskipta eða iðnaðar. Auk þess skal eitthvert eftirfarandi atriða eiga við um hann:

a. Starfsemi hans er að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila. Miðað skal við að aðili sé að mestu leyti rekinn á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila ef opinber fjármögnun nemur meira en 50% af árlegum rekstrarkostnaði.
b. Hann lýtur yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila.
c. Hann lýtur sérstakri stjórn sem ríki eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða aðrir opinberir aðilar skipa að meiri hluta.

Þeir opinberu aðilar sem taldir eru upp í 1. viðbæti ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006, sem birt var 7. september 2006 í EES-viðbæti Stjórnartíðinda ESB nr. 44/2006, skulu allir teljast opinberir aðilar í skilningi þessarar greinar.

4. gr.

*Samningar sem lögin taka til.*

Lög þessi taka til skriflegra samninga um fjárhagslegt endurgjald sem einn eða fleiri kaupendur skv. 3. gr. gera við eitt eða fleiri fyrirtæki og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu vara eða veitingu þjónustu í skilningi laganna.

Til verksamninga teljast samningar sem hafa að markmiði framkvæmd, eða framkvæmd og hönnun, á þeim verkum sem annars vegar greinir í I. viðauka tilskipunarinnar en hins vegar verkum, eða framkvæmd verks, með hvers konar aðferðum sem svara eiga til krafna sem kaupandi hefur sett fram. Með verki í þessum skilningi er átt við afrakstur mannvirkjagerðar eða verkfræðilegra aðferða sem getur, sem slíkur, þjónað efnahagslegu eða tæknilegu hlutverki.

Til vörusamninga teljast aðrir samningar en ræðir um í 2. mgr. sem hafa að markmiði kaup, leigu eða fjármögnunarleigu, með eða án kaupréttar, á vörum. Samningur sem felur í sér tilfallandi ísetningu eða uppsetningu vöru telst vörusamningur.

Til þjónustusamninga teljast samningar sem ekki eru verk- eða vörusamningar og hafa að markmiði veitingu þjónustu sem tilgreind er í II. viðauka tilskipunarinnar. Ef samningur nær bæði til kaupa á vöru og þjónustu í skilningi II. viðauka tilskipunarinnar skal hann teljast þjónustusamningur ef sá þáttur samningsins sem lýtur að þjónustu nemur hærri fjárhæð en vöruþátturinn. Samningur sem hefur að markmiði veitingu þjónustu í skilningi II. viðauka tilskipunarinnar og felur í sér tilfallandi verk í skilningi I. viðauka tilskipunarinnar, með hliðsjón af meginmarkmiði samningsins, skal teljast þjónustusamningur.

5. gr.

*Samningar á sviði varnarmála.*

Lög þessi gilda um samninga á sviði varnarmála skv. 123. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ef ekki er kveðið á um annað í lögum.

6. gr.

*Samningar sem sérstaklega eru undanskildir gildissviði laganna.*

Lögin taka ekki til þjónustusamninga er varða:

a. Kaup eða leigu, gegn hvers konar fjárhagslegu endurgjaldi, á jörð, byggingum sem þegar hafa verið reistar eða öðrum fasteignum eða réttindum yfir þeim. Samningar um fjármálaþjónustu sem gerðir eru fyrir, eftir eða samhliða samningnum um kaup eða leigu á fasteign falla þó undir gildissvið laganna.
b. Kaup, þróun og framleiðslu á dagskrárefni fyrir útvarp og sjónvarp eða samninga um útsendingartíma.
c. Gerðardóma og sáttameðferðir.
d. Fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum sambærilegum gögnum og þjónustu seðlabanka.
e. Vinnusamninga.
f. Rannsókn og þróun á þjónustu, að frátöldum samningum þar sem kaupendur bera allan kostnað af þjónustunni og hafa einkarétt á að njóta góðs af árangrinum í starfsemi sinni.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki hagi innkaupum sínum samkvæmt lögum þessum einnig við gerð þeirra samninga sem greinir í 1. mgr.

7. gr.

*Samningar stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu.*

Lögin taka ekki til samninga sem undanþegnir eru tilskipun nr. 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu, sbr. 3.–7. gr. þeirrar tilskipunar, eins og hún hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæði, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006, sem birt var 7. september 2006 í EES-viðbæti Stjórnartíðinda ESB nr. 44/2006, sbr. 2. mgr. 5. gr., 19. gr., 26. gr. og 30. gr. þeirrar tilskipunar.

Ákvæði XIV. og XV. kafla laga þessara gilda um samninga sem þeir kaupendur gera sem reka eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 3.–7. gr. þeirrar tilskipunar sem um ræðir í 1. mgr. og eru gerðir vegna reksturs þeirrar starfsemi. Að öðru leyti taka lögin ekki til innkaupa þessara aðila.

Ráðherra skal í reglugerð mæla fyrir um innkaup þeirra aðila sem greinir í 1. mgr., til samræmis við skuldbindingar íslenska ríkisins á sviði opinberra innkaupa samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum milliríkjasamningum.

8. gr.

*Samningar á sviði fjarskipta.*

Lögin taka ekki til samninga sem hafa það að meginmarkmiði að stofna til eða reka almennt fjarskiptanet eða sjá almenningi fyrir einni eða fleiri fjarskiptaþjónustu.

9. gr.

*Leynilegir samningar og samningar sem krefjast sérstakra öryggisráðstafana.*

Lögin taka ekki til samninga sem lýstir eru leynilegir eða ef sérstökum öryggisráðstöfunum verður að beita við framkvæmd þeirra í samræmi við gildandi lög og stjórnvaldsfyrirmæli eða ef grundvallarhagsmunir ríkisins krefjast þess.

10. gr.

*Samningar sem gerðir eru á grundvelli milliríkjasamninga.*

Lögin taka ekki til samninga sem lúta öðrum reglum um opinber innkaup og gerðir eru á grundvelli milliríkjasamnings íslenska ríkisins við eitt eða fleiri ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, um kaup á vörum eða verkum til sameiginlegra framkvæmda eða hagnýtingar verka ríkjanna eða kaup á þjónustu sem ætluð er til sameiginlegra framkvæmda eða hagnýtingar áætlunar ríkjanna, enda sé slíkur samningur tilkynntur Eftirlitsstofnun EFTA.

Lögin taka ekki til samninga á grundvelli milliríkjasamnings um setu herliðs þegar í hlut eiga fyrirtæki með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í öðrum ríkjum.

Lögin taka ekki til samninga sem gerðir eru samkvæmt sérstökum reglum alþjóðlegra stofnana um innkaup.

11. gr.

*Sérleyfissamningar um þjónustu.*

Að undanskilinni 14. gr. laganna gilda þau ekki um sérleyfissamninga um þjónustu. Ráðherra er þó heimilt með reglugerð að setja reglur um gerð sérleyfissamninga um þjónustu að því er varðar ríkið og ríkisstofnanir.

12. gr.

*Samningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar.*

Lögin taka ekki til þjónustusamninga sem gerðir eru við aðila eða félag aðila sem sjálfir teljast kaupendur eða á grundvelli einkaréttar sem þeir njóta samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem eru í samræmi við reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

13. gr.

*Kostnaðarþátttaka opinberra aðila.*

Fylgja skal ákvæðum laga þessara við gerð samninga að jafnvirði 6.242.000 evra eða meira, án virðisaukaskatts, sem kaupendur niðurgreiða meira en 50% þegar um er að ræða samninga um húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð í skilningi I. viðauka tilskipunarinnar og einnig þegar samningur felur í sér byggingarframkvæmdir fyrir sjúkrahús, íþrótta- og tómstundaiðkun, skóla og háskóla og opinbera stjórnsýslu.

Þegar um er að ræða þjónustusamninga að jafnviði 249.000 evra eða meira, án virðisaukaskatts, sem kaupendur niðurgreiða meira en 50% og tengjast verksamningi sem fellur undir 1. mgr. skal einnig fylgja ákvæðum laga þessara.

Hlutaðeigandi opinber aðili skal tryggja að farið sé að lögum þessum þegar annar aðili gerir samning sem fellur undir 1. eða 2. mgr. Sama á við ef opinber aðili gerir samning fyrir hönd slíks aðila eða hefur umsjón með gerð samnings.

## II. KAFLI
## **Almennar reglur.**

### 14. gr.
*Jafnræði fyrirtækja við gerð samninga.*

Gæta skal jafnræðis og gagnsæis við opinber innkaup. Óheimilt er að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

Það telst ekki andstætt jafnræði að áskilja að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á málefnalegum ástæðum.

### 15. gr.
*Þeir sem njóta réttar samkvæmt lögunum.*

Réttar samkvæmt lögum þessum njóta fyrirtæki með staðfestu í einhverju ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Þessi fyrirtæki skulu þó aldrei njóta lakari réttar en fyrirtæki frá öðrum ríkjum. Réttar samkvæmt lögum þessum njóta einnig fyrirtæki frá öðrum ríkjum að því marki sem þau eiga að njóta slíkra réttinda á grundvelli milliríkjasamnings sem íslenska ríkið hefur gert.

Í reglugerð er heimilt að setja reglur til innleiðingar samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup og annarra milliríkjasamninga um opinber innkaup sem íslenska ríkið kann að gerast aðili að.

### 16. gr.
*Bann við mismunun við veitingu sérréttar.*

Ef öðrum aðila en kaupanda í skilningi laga þessara er veittur sér- eða einkaréttur til að veita opinbera þjónustu skal tryggja með þeirri athöfn sem kveður á um réttinn, svo sem í viðkomandi lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða stjórnsýslusamningi, að aðilinn virði regluna um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis við gerð vörusamninga í tengslum við starfsrækslu þjónustunnar.

### 17. gr.
*Trúnaðarskylda.*

Kaupanda er óheimilt að láta af hendi upplýsingar sem fyrirtæki hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljast einkum tækni- og viðskiptaleyndarmál auk þeirra atriða í tilboði sem leynt skulu fara.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef annað leiðir af fyrirmælum laganna, sbr. einkum þau ákvæði sem kveða á um skyldu til að birta opinberlega tilkynningu um gerð samnings á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 4. mgr. 35. gr. tilskipunarinnar, og upplýsa þátttakendur og bjóðendur um tiltekin atriði, sbr. 41. og 71. gr. tilskipunarinnar, sem og skyldu til að veita kærunefnd útboðsmála upplýsingar, sbr. 5. mgr. 95. gr.

Ákvæði 1. mgr. hefur ekki áhrif á skyldu opinbers aðila til að leggja fram upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga.

18. gr.

*Samningar bundnir við ákveðna hópa.*

Heimilt er að takmarka rétt til þátttöku í útboði við verndaða vinnustaði eða miða samning við að framkvæmd samningsins fari fram samkvæmt áætlun um verndaða vinnustaði þar sem flestir starfsmenn eru fatlaðir þannig að þeir geta ekki sinnt starfi á venjulegum vinnumarkaði vegna starfsorkuskerðingar.

Ef innkaup eru yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 3. þátt, skal vísa til 19. gr. tilskipunarinnar í tilkynningu um innkaup.

## 2. ÞÁTTUR
## Opinber innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins.

### III. KAFLI
### Gildissvið þessa þáttar.

19. gr.

Ákvæði þessa þáttar taka til opinberra innkaupa undir þeim viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins sem birtar eru í reglugerð skv. 78. gr.

Ákvæði þessa þáttar taka ekki til innkaupa sveitarfélaga, stofnana þeirra, annarra opinberra aðila á þeirra vegum, sbr. 2. mgr. 3. gr., eða samtaka sem þessir aðilar kunna að hafa með sér. Ákvæði þessa þáttar taka ekki til gerðar sérleyfissamninga undir þeim viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins sem birtar eru í reglugerð skv. 78. gr. Ráðherra er þó heimilt í reglugerð að setja reglur um gerð sérleyfissamninga undir þessum viðmiðunarfjárhæðum, m.a. ákveða að þá skuli gera að undangengnu tilteknu innkaupaferli. Um gerð sérleyfissamninga yfir framangreindum viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins gilda ákvæði 80. gr. og þær reglur sem þar er vísað til.

Um framkvæmd hönnunarsamkeppni gilda ákvæði 37. gr.

### IV. KAFLI
### Innlendar viðmiðunarfjárhæðir.

20. gr.

*Viðmiðunarfjárhæðir.*

Öll innkaup á vörum yfir 5.000.000 kr. og kaup á þjónustu og verkum yfir 10.000.000 kr. skal bjóða út eða gera í samræmi við þau innkaupaferli sem nánar er kveðið á um í V. kafla.

Fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu breytast annað hvert ár í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, í fyrsta sinn 1. janúar 2009. Heimilt skal að færa fjárhæðir þessar upp þannig að þær standi á heilu þúsundi. Ráðherra skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa opinberlega þær breytingar sem verða á viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt þessari grein.

21. gr.

*Þjónusta sem undanskilin er útboðsskyldu.*

Samninga um kaup á þjónustu sem tilgreind er í I. viðauka B tilskipunarinnar er ekki skylt að bjóða út eða gera í samræmi við þau innkaupaferli sem kveðið er á um í V. kafla laganna. Við kaup á þessari þjónustu skal þó ávallt gæta jafnræðisreglu 14. gr. svo og ákvæða 40. gr. um tækniforskriftir.

Nú hefur samningur það að markmiði að afla þjónustu sem tilgreind er bæði í I. viðauka B tilskipunarinnar og í I. viðauka A tilskipunarinnar og er þá skylt að fylgja ákvæðum laga þessara um útboð og aðrar innkaupsaðferðir ef sá þáttur samningsins sem fellur undir I. viðauka A tilskipunarinnar er verðmætari en sá þáttur samningsins sem fellur undir I. viðauka

B tilskipunarinnar. Að öðrum kosti er aðeins skylt að gæta ákvæða 40. gr. um tækniforskriftir svo og jafnræðisreglu 14. gr.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum sé skylt að bjóða út innkaup sín eða gera þau í samræmi við þau innkaupaferli sem kveðið er á um V. kafla laganna.

22. gr.

*Innkaup undir innlendum viðmiðunarfjárhæðum.*

Við innkaup undir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem birtar eru í auglýsingu skv. 20. gr. skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja. Slíkur samanburður skal jafnan gerður bréflega eða með rafrænum hætti. Við þessi innkaup skal virða jafnræðisreglu 14. gr. svo og ákvæði 40. gr. um tækniforskriftir.

23. gr.

*Útreikningur virðis samninga, rammasamninga og gagnvirkra innkaupakerfa.*

Við útreikning á áætluðu virði samnings skal miða við þá heildarfjárhæð sem kaupandi kemur til með að greiða fyrir innkaup, að frátöldum virðisaukaskatti. Við þennan útreikning skal taka tillit til heildarfjárhæðar, þar á meðal hvers konar valfrjálsra ákvæða og hugsanlegrar endurnýjunar samnings.

Ef kaupandi gerir ráð fyrir því að inna af hendi viðbótargreiðslu (bónus) eða greiða þátttakendum eða bjóðendum aukalega skal taka tillit til þess við útreikning á áætluðu virði samnings.

Útreikningur skal miðast við þann tíma þegar tilkynning er send til opinberrar birtingar eða þegar kaupandi hefst handa við innkaupaferli við þær aðstæður að ekki er skylt að tilkynna opinberlega um innkaup.

Óheimilt er að skipta upp verki eða innkaupum á vöru og/eða þjónustu í því skyni að innkaup verði undir viðmiðunarfjárhæðum.

24. gr.

*Útreikningur virðis verksamninga.*

Við útreikning á áætluðu virði verksamnings skal miða við kostnað við verkið auk verðmætis aðfanga sem kaupandi lætur bjóðanda í té við verkið.

25. gr.

*Útreikningur virðis vörusamninga.*

Við útreikning á áætluðu virði vörusamnings skal telja kostnað vegna flutnings vöru með í vöruverði. Ef vara er keypt „frí á skipsfjöl“ (fob) í erlendri höfn skal þó ekki telja flutning með í vöruverði.

Þegar um er að ræða samninga um fjármögnunarleigu, leigu eða kaupleigu á vörum skal reikna virði með eftirfarandi hætti:

a. Þegar samningur er tímabundinn til 12 mánaða eða skemur skal miða við heildarsamningsfjárhæð. Þegar samningur er bundinn til lengri tíma skal miðað við heildarfjárhæð auk virðis varanna við lok samningstímans.
b. Þegar samningur er ótímabundinn eða óvíst er hver samningstíminn verður skal miða við heildargreiðslur samkvæmt samningnum í 48 mánuði.

26. gr.

*Útreikningur virðis þjónustusamninga.*

Þegar um er að ræða tryggingarþjónustu skal miða virði samnings við fjárhæð iðgjalda og aðra þóknun sem greidd er. Þegar um er að ræða banka- og fjármálaþjónustu skal miða við fjárhæð gjalda, umboðslauna og vaxta auk annarrar þóknunar. Þegar um er að ræða samninga um hönnun skal miðað við fjárhæð gjalda, umboðslauna og aðra þóknun sem greidd er.

Þegar um er að ræða samninga þar sem heildarfjárhæð er ótilgreind skal reikna virði út með eftirfarandi hætti:

a. Þegar samningur er gerður til 48 mánaða eða skemmri tíma skal miða við áætlaða samningsfjárhæð allan gildistíma samningsins.
b. Þegar samningur er ótímabundinn eða óvíst er hver samningstíminn verður skal miða við heildargreiðslur samkvæmt samningnum í 48 mánuði.

27. gr.

*Innkaup sem skipt er upp.*

Þar sem innkaupum á verki eða þjónustu er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga, sem gerðir eru samtímis, skal miða við samanlagt virði allra samninganna. Sama á við þegar innkaupum á vöru af sömu tegund er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga sem gerðir eru samtímis. Sé samanlagt virði allra samninganna yfir viðmiðunarfjárhæðum skal líta svo á að verðgildi hvers og eins samnings sé einnig yfir viðmiðunarmörkum.

Þegar heildarvirði samninga sem greinir í 1. mgr. er yfir viðmiðunarfjárhæðum er þrátt fyrir ákvæði málsgreinarinnar heimilt að gera einstaka samninga án útboðs fyrir allt að 20% af samanlagðri heildarfjárhæð samnings.

28. gr.

*Útreikningur virðis viðvarandi eða endurnýjanlegra vöru- og þjónustusamninga.*

Þegar um er að ræða viðvarandi samninga eða samninga sem endurnýja á innan tiltekins tíma skal reikna áætlað virði út með eftirfarandi hætti:

a. Annaðhvort með hliðsjón af heildarfjárhæð áþekkra samninga á undangengnu fjárhagsári eða síðustu 12 mánuðum að teknu tilliti til breytinga á magni og verði fyrir næstkomandi 12 mánuði.
b. Eða með hliðsjón af áætluðum kostnaði fyrir næstu 12 mánuði, eða lengra tímabil ef því er að skipta, frá því að vara eða þjónusta er fyrst innt af hendi.

Óheimilt er að nota sérstakar aðferðir við útreikning í því skyni að komast hjá útboðsskyldu.

29. gr.

*Áætlun virðis rammasamninga og gagnvirkra innkaupakerfa.*

Þegar um er að ræða rammasamning eða gagnvirkt innkaupakerfi skal miða virði við heildarfjárhæð allra samninga, án virðisaukaskatts, sem gert er ráð fyrir að gera á gildistíma rammasamnings eða gagnvirks innkaupakerfis.

V. KAFLI

**Innkaupaferli.**

30. gr.

*Meginreglan um almennt eða lokað útboð.*

Í öllum öðrum tilvikum en greinir í 31.–33. gr. skulu innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum 20. gr. fara fram á grundvelli almenns eða lokaðs útboðs samkvæmt nánari reglum VI., VII., VIII. og IX. kafla. Einnig er heimilt að kaupa inn á grundvelli rammasamnings skv. 34. gr. og gagnvirks innkaupakerfis skv. 35. gr. þótt innkaup séu yfir viðmiðunarfjárhæðum.

31. gr.

*Samkeppnisviðræður.*

Þegar um er að ræða sérlega flókna samninga og kaupandi telur að notkun almenns eða lokaðs útboðs sé því til fyrirstöðu að unnt sé að gera samning er heimilt að beita ákvæðum þessarar greinar. Um „sérlega flókinn samning“ í skilningi þessarar greinar er að ræða þegar ekki er mögulegt með hlutlægum hætti að skilgreina þau tæknilegu atriði sem fullnægt geta þörfum eða markmiðum kaupanda, sbr. b-, c- og d-lið 3. mgr. 40. gr., og/eða kaupandi getur ekki skilgreint lagalega eða fjárhagslega gerð framkvæmdar. Ákvörðun um gerð samnings skal eingöngu tekin á grundvelli forsendna fyrir vali fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs.

Kaupandi skal birta opinberlega útboðsauglýsingu þar sem fram koma þarfir og kröfur kaupanda, en þessi atriði skal skilgreina nánar í auglýsingunni sjálfri og/eða skýringargögnum.

Kaupandi hefur viðræður við þátttakendur, sem valdir hafa verið til þátttöku í samræmi við ákvæði VII. kafla og 56. gr., með það fyrir augum að slá föstu með hvaða hætti þörfum hans verður best fullnægt. Í þessum viðræðum er heimilt að ræða öll atriði væntanlegs samnings við útvalda þátttakendur.

Meðan á viðræðum stendur skal kaupandi tryggja að jafnræðis sé gætt meðal þátttakenda, sérstaklega að þátttakendum sé ekki mismunað með því að veita upplýsingar sem gera stöðu sumra þátttakenda betri en annarra. Kaupanda er óheimilt að upplýsa þátttakanda um lausnir eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem annar þátttakandi hefur sett fram, án samþykkis viðkomandi.

Kaupandi getur ákveðið að ferlið muni fara fram í fleiri áföngum til þess að fækka fjölda þeirra lausna sem fjallað er um. Slík fækkun lausna skal grundvallast á forsendum fyrir vali tilboðs sem settar hafa verið fram í útboðsauglýsingu eða skýringargögnum. Taka skal fram í tilkynningu eða skýringargögnum að þessi háttur kunni að vera hafður á.

Kaupandi skal halda viðræðum áfram þar til hann hefur afmarkað þá lausn eða þær lausnir sem geta fullnægt þörfum hans, eftir atvikum eftir að hafa borið þær saman, ef það reynist nauðsynlegt.

Þegar kaupandi hefur lýst því yfir að viðræðum sé lokið og tilkynnt það þátttakendum skal hann gefa þátttakendum kost á að leggja fram endanleg tilboð með hliðsjón af þeirri lausn eða lausnum sem kynntar hafa verið og skýrðar meðan á viðræðum stóð. Þessi tilboð skulu hafa að geyma öll þau atriði sem nauðsynleg eru til að hrinda samningi í framkvæmd. Heimilt er þátttakendum að skýra, skilgreina og laga til tilboð sín eftir beiðni kaupanda. Slíkar skýringar, skilgreiningar og lagfæringar eða viðbótarupplýsingar mega þó ekki fela í sér breytingar á grundvallarþáttum tilboðs, eða tilkynningu til bjóðenda um að gera tilboð, þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða.

Kaupandi skal meta tilboð á grundvelli þeirra forsendna fyrir vali tilboðs sem fram komu í upphaflegri útboðsauglýsingu eða skýringargögnum og skal velja hagkvæmasta tilboð í

samræmi við ákvæði 72. gr. Kaupanda er heimilt að óska eftir því að sá þátttakandi sem átt hefur hagkvæmasta boð skýri atriði í tilboði sínu eða staðfesti tilteknar skuldbindingar sem þar hafa komið fram, enda leiði það ekki til þess að grundvallarþáttum í tilboðinu, eða útboðsauglýsingu, sé breytt þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða.

Kaupanda er heimilt að kveða á um verðlaun eða greiða þátttakendum fyrir þátttöku sína í viðræðum.

32. gr.

*Samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu.*

Ef ekkert lögmætt tilboð berst í almennu eða lokuðu útboði eða samkeppnisviðræðum, öll tilboð eru óaðgengileg eða þátttakendum eða bjóðendum er vísað frá á grundvelli ákvæða VII. kafla er heimilt að viðhafa samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu, enda sé upphaflegum skilmálum útboðsins ekki breytt í verulegum atriðum. Þó þarf ekki að birta útboðsauglýsingu ef öllum þátttakendum eða bjóðendum, sem uppfylltu skilyrði VII. kafla og lögðu fram gild tilboð í áður auglýstu útboði, er boðið að taka þátt í samningskaupum.

Samningskaup að undangenginni opinberri birtingu útboðsauglýsingar eru einnig heimil í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar ómögulegt er að áætla heildarkostnað fyrir fram vegna eðlis verks, þjónustu eða vöru eða áhættu samfara innkaupum sem gera áætlun kostnaðar ómögulega.
b. Þegar um er að ræða þjónustu, einkum þjónustu á sviði hugverka eða rannsókna og þróunar, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að skilgreina kröfur til hins keypta með það mikilli nákvæmni að mögulegt sé að gera upp á milli tilboða samkvæmt þeim reglum sem gilda í almennu eða lokuðu útboði.
c. Þegar um er að ræða verk sem eingöngu eru unnin vegna rannsókna, tilrauna eða þróunar og ekki í ágóðaskyni eða til þess að mæta kostnaði vegna rannsókna og þróunarverkefna.

Þegar um er að ræða samningskaup sem grundvallast á 1. eða 2. mgr. skal kaupandi ræða við þátttakendur um þau tilboð sem þeir hafa lagt fram með það fyrir augum að laga þau að þeim kröfum sem gerðar eru í tilkynningu, tækniforskriftum og öðrum útboðsgögnum, ef um þau er að ræða, og velja hagkvæmasta tilboð í samræmi við ákvæði 72. gr.

Meðan á viðræðum stendur skal kaupandi tryggja að jafnræðis sé gætt milli þátttakenda, sérstaklega að þátttakendum sé ekki mismunað með því að veita upplýsingar sem gera stöðu ákveðinna þátttakenda betri en annarra.

Kaupandi getur ákveðið að samningskaupaferlið muni fara fram í fleiri áföngum til þess að fækka þátttakendum. Slík fækkun skal grundvallast á forsendum fyrir vali tilboðs sem settar hafa verið fram í útboðsauglýsingu eða útboðsskilmálum. Taka skal fram í útboðsauglýsingu eða útboðsskilmálum að þessi háttur kunni að vera hafður á.

33. gr.

*Samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar.*

Samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar eru heimil í eftirfarandi tilvikum án tillits til þess hvort um er að ræða innkaup á verki, vöru eða þjónustu:

a. Þegar engin tilboð, engin gild tilboð eða engar tilkynningar um þátttöku berast vegna almenns eða lokaðs útboðs, enda sé í endanlegum samningi ekki vikið í verulegum atriðum frá upphaflegum skilmálum útboðsgagna.
b. Þegar aðeins eitt fyrirtæki kemur til greina af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess að um lögverndaðan einkarétt er að ræða.

c. Þegar innkaup eru algerlega nauðsynleg vegna aðkallandi neyðarástands sem stafar af ófyrirsjáanlegum atburðum og ekki er unnt að standa við fresti í almennu útboði, lokuðu útboði eða samningskaupum skv. 32. gr. Þær aðstæður sem vísað er til sem aðkallandi neyðarástands mega ekki undir neinum kringumstæðum vera á ábyrgð kaupanda.

Þegar um er að ræða innkaup á vörum eru samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar heimil í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar um er að ræða vörur sem eingöngu eru framleiddar vegna rannsókna, tilrauna, athugana eða þróunar. Þetta nær þó ekki til fjöldaframleiðslu sem ætlað er að skila hagnaði eða endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað.
b. Þegar um er að ræða viðbótarvörur sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta til í stað venjulegra birgða eða búnaðar eða eru aukning á venjulegum birgðum eða búnaði og val á nýjum bjóðanda mundi skuldbinda kaupanda til að kaupa efni sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og samræmdust illa eldri tæknibúnaði eða leiddu til óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald. Slíkir samningar, svo og endurnýjaðir samningar, skulu að jafnaði ekki gilda lengur en þrjú ár.
c. Þegar um er að ræða vörur sem skráðar eru og keyptar í kauphöll.
d. Þegar um er að ræða vörur sem eru á sérlega góðum kjörum, annaðhvort frá seljanda sem er að hætta starfsemi eða frá skiptastjóra þrotabús eða fyrirtæki sem er í greiðslustöðvun eða nauðasamningum.

Þegar um er að ræða innkaup á þjónustu eru samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar heimil þegar gera á samning eftir samkeppni um hönnun þar sem kveðið var á um að skylt væri að semja við þá þátttakendur, einn eða fleiri, sem sigruðu í keppninni. Ef um fleiri sigurvegara er að ræða er skylt að bjóða öllum sem sigra í hönnunarsamkeppni að taka þátt í viðræðum.

Þegar um er að ræða innkaup á verki eða þjónustu eru samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar heimil í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar um er að ræða viðbótarverk eða viðbótarþjónustu sem ekki var gert ráð fyrir í áður umsömdu verki og nauðsynlegt er, vegna áður ófyrirsjáanlegra aðstæðna, að sami aðili sjái um, enda sé ekki unnt að skilja verkið eða þjónustuna frá áður umsömdu verki af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum án stórfelldra vandkvæða fyrir kaupanda. Sama á við ef viðbótarverk eða viðbótarþjónusta er óhjákvæmileg til að ljúka áður umsömdu verki eða þjónustu. Samanlagt verðgildi samninga um viðbótarverk eða viðbótarþjónustu skal ekki nema hærri fjárhæð en helmingi af upphaflegri samningsfjárhæð.
b. Þegar um er að ræða nýtt verk eða þjónustu sem felur í sér endurtekningu á sambærilegu verki eða þjónustu og sami kaupandi hefur áður samið um við fyrirtæki í almennu eða lokuðu útboði, enda séu þessi verk eða þjónusta í samræmi við þá upprunalegu áætlun sem upphaflegi samningurinn kvað á um. Þegar útboð fer fram á grundvelli upprunalegrar áætlunar skal taka fram að þessari aðferð við innkaup kunni að verða beitt og skal taka mið af áætluðum kostnaði við þessi verk eða þjónustu þegar viðmiðunarfjárhæð er reiknuð út, sbr. IV. kafla. Þessari innkaupsaðferð má aðeins beita innan þriggja ára frá því að upphaflegur samningur var gerður.

34. gr.

*Rammasamningar.*

Rammasamninga skal gera í samræmi við þau innkaupaferli sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Val á samningsaðilum í rammasamningsútboði skal grundvallast á forsendum fyrir vali tilboðs, sbr. 72. gr. Í rammasamningi er heimilt að ákveða að kaupendur séu ekki skuld-

bundnir til að skipta eingöngu við aðila rammasamnings við þau innkaup sem samningur tekur til, enda séu slík frávik tilgreind í útboðsgögnum.

Við einstök innkaup á grundvelli rammasamnings skal fylgja ákvæðum 3. og 4. mgr. Aðeins er heimilt að gera einstaka samninga á grundvelli rammasamnings við þau fyrirtæki sem upphaflega voru aðilar rammasamnings. Við gerð einstakra samninga á grundvelli rammasamnings er óheimilt að gera verulegar breytingar á skilmálum rammasamnings, einkum þegar um er að ræða rammasamning sem um ræðir í 4. mgr.

Gildistími rammasamnings má ekki vera lengri en fjögur ár nema í undantekningartilvikum sem helgast af málefnalegum ástæðum, einkum þeim sem tengjast efni rammasamningsins. Kaupanda er óheimilt að misnota rammasamning eða nota hann til að koma í veg fyrir, takmarka eða hindra samkeppni.

Ef rammasamningur er gerður við eitt fyrirtæki skulu einstakir samningar á grundvelli rammasamnings rúmast innan skilmála rammasamningsins. Við gerð einstakra samninga er kaupanda heimilt að ráðfæra sig skriflega við rammasamningshafa og óska eftir viðbótum við tilboð hans ef það er nauðsynlegt.

Ef rammasamningur er gerður við fleiri en eitt fyrirtæki skulu rammasamningshafar vera a.m.k. þrír, enda séu fyrir hendi nægilega mörg fyrirtæki í rammasamningsútboði sem fullnægja hæfisskilyrðum og/eða tilboð sem fullnægja skilmálum rammasamningsútboðsins.

Ef skilmálar rammasamnings eru ákveðnir er heimilt að gera einstaka samninga við rammasamningshafa í samræmi við ákvæði rammasamnings. Ef skilmálar rammasamnings eru að einhverju leyti óákveðnir skal fara fram örútboð milli rammasamningshafa, eftir atvikum eftir að skilmálar eða tæknilegar kröfur hafa verið skýrðar nánar, allt í samræmi við eftirfarandi reglur:

a. Við gerð hvers einstaks samnings skal kaupandi ráðfæra sig skriflega við þá rammasamningshafa sem efnt gætu samninginn.
b. Kaupandi skal ákveða tilboðsfrest sem er nægilega langur til að rammasamningshafar geti gert tilboð vegna þess samnings sem um er ræða. Við mat á lengd frests skal taka tillit til hversu flókið efni samningsins er svo og sendingartíma.
c. Tilboð rammasamningshafa skulu vera skrifleg og efni þeirra skal vera trúnaðarmál þar til tilboðsfrestur hefur runnið út.
d. Kaupandi skal velja á milli tilboða rammasamningshafa á grundvelli valforsendna sem fram hafa komið í skilmálum rammasamnings.

35. gr.

*Gagnvirk innkaupakerfi.*

Gagnvirku innkaupakerfi skal einungis koma á fót að undangengnu almennu útboði í samræmi við þær reglur sem um slík útboð gilda. Allir bjóðendur sem fullnægt hafa skilyrðum skv. VII. kafla og sett hafa fram kynningarboð í samræmi við útboðsskilmála og önnur hugsanleg útboðsgögn skulu eiga rétt á aðild að gagnvirku innkaupakerfi. Lagfæra má kynningarboð hvenær sem er, enda fullnægi það útboðsskilmálum. Þegar gagnvirku innkaupakerfi er komið á fót skal eingöngu stuðst við rafrænar aðferðir í samræmi við 2.–5. mgr. 68. gr.

Þegar gagnvirku innkaupakerfi er komið á fót skal kaupandi:

a. Birta opinberlega útboðsauglýsingu þar sem fram kemur að um gagnvirkt innkaupakerfi sé að ræða.
b. Tilgreina m.a. í útboðsskilmálum eðli innkaupa samkvæmt kerfinu auk nauðsynlegra upplýsinga um kerfið, þann rafræna búnað sem nota á ásamt tæknilegu fyrirkomulagi varðandi tengingu við kerfið og tækniforskriftir í því sambandi.

c. Veita með rafrænum hætti ótakmarkaðan, beinan og fullan aðgang að útboðsskilmálum og öðrum hugsanlegum útboðsgögnum frá og með birtingu útboðsauglýsingar til og með þess tíma er kerfið fellur úr gildi. Kaupandi skal í tilkynningu tilgreina vefslóð þar sem hægt er að nálgast umrædd gögn.

Meðan á gildistíma gagnvirks innkaupakerfis stendur skal kaupandi gefa öllum fyrirtækjum kost á að setja fram kynningarboð og fá aðgang að innkaupakerfi með þeim skilyrðum sem um ræðir í 1. mgr. Kaupandi skal hafa tekið afstöðu til bjóðanda innan 15 daga frá því að kynningarboð var sett fram. Heimilt er að framlengja þennan frest svo framarlega sem engin tilboð berist á sama tíma. Kaupandi skal tilkynna bjóðanda sem sækir um aðild að innkaupakerfi eins fljótt og kostur er um aðild hans að kerfinu eða höfnun á kynningarboði hans.

Gerð sérhvers samnings í gagnvirku innkaupakerfi skal fara fram á grundvelli tilkynningar þar sem óskað er eftir tilboðum. Áður en endanleg útboðsauglýsing er gefin út skal kaupandi gefa út einfaldaða útboðsauglýsingu þar sem öllum áhugasömum fyrirtækjum er boðið að leggja fram kynningarboð skv. 3. mgr. innan frests sem skal ekki vera skemmri en 15 dagar frá sendingardegi. Kaupandi skal ekki halda útboði áfram fyrr en afstaða hefur verið tekin til allra kynningarboða sem borist hafa innan þessa frests.

Kaupandi skal gefa öllum bjóðendum sem aðild hafa fengið að gagnvirku innkaupakerfi kost á að leggja fram tilboð vegna tiltekins samnings sem gera á innan kerfisins. Kaupandi skal í þessu skyni tiltaka frest til að leggja fram tilboð. Kaupandi skal grundvalla val tilboðs á hagkvæmasta tilboði samkvæmt forsendum fyrir vali tilboðs sem fram komu í útboðstilkynningu vegna stofnunar innkaupakerfisins. Þessar forsendur má skilgreina nánar í sérstakri útboðsauglýsingu vegna tiltekins samnings.

Gildistími gagnvirks innkaupakerfis má ekki vera lengri en fjögur ár nema í undantekningartilvikum sem helgast af málefnalegum ástæðum. Kaupanda er óheimilt að misnota gagnvirkt innkaupakerfi eða nota það til að koma í veg fyrir, takmarka eða hindra samkeppni. Ekki er heimilt að heimta gjald vegna umsókna um aðild að innkaupakerfi eða aðildar að því.

36. gr.

*Samningar um hönnun og byggingu félagslegs húsnæðis á vegum hins opinbera.*

Þegar um er að ræða hönnun og byggingu félagslegs húsnæðis, þar sem umfang, tími og eðli verksins gerir það nauðsynlegt að skipulagning sé frá upphafi byggð á nánu samstarfi innan verkefnahóps, sem í eiga sæti fulltrúar hins opinbera, sérfræðingar og verktakar, er heimilt að velja bjóðanda samkvæmt sérstöku útboðsferli sem hafi það að markmiði að sá sem best fellur inn í verkefnahópinn verði fyrir valinu.

Kaupandi skal setja fram lýsingu á verki í útboðsauglýsingu með eins nákvæmum hætti og unnt er með það fyrir augum að áhugasöm fyrirtæki geti gert sér raunhæfa hugmynd um framkvæmdina. Jafnframt skal kaupandi, í samræmi við ákvæði VII. kafla um val á bjóðendum, setja fram kröfur um persónulegt, tæknilegt, efnahagslegt og fjárhagslegt hæfi þátttakenda.

37. gr.

*Tilhögun hönnunarsamkeppni.*

Ákvæði þessarar greinar gilda um hönnunarsamkeppni þar sem samanlagt virði verðlauna og/eða annarra greiðslna til þátttakanda er yfir viðmiðunarfjárhæðum vegna þjónustukaupa skv. 20. gr.

Þegar hönnunarsamkeppni er haldin sem liður í kaupum á þjónustu skal taka tillit til heildarvirðis samnings, án virðisaukaskatts, auk þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. mgr. Þegar

hönnunarsamkeppni er haldin og kaupandi hefur ekki afsalað sér heimild til að gera þjónustusamning með samningskaupum skv. a-lið 2. mgr. 33. gr. að aflokinni hönnunarsamkeppni skal einnig taka tillit til heildarvirðis mögulegs þjónustusamnings, án virðisaukaskatts, auk þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. mgr. Um hönnunarsamkeppni yfir viðmiðunarfjárhæðum, sem fram koma í reglugerð skv. 78. gr., fer skv. 81. gr. og þeim reglum sem þar er vísað til.

Óheimilt er að takmarka aðgang að hönnunarsamkeppni með vísan til þjóðernis eða búsetu á ákveðnu svæði eða einskorða aðgang við annaðhvort lögaðila eða einstaklinga.

Kaupandi sem hyggst halda hönnunarsamkeppni skal birta opinberlega auglýsingu um hana. Í auglýsingu eða skýringargögnum, sem vísað er til í auglýsingu, skulu koma fram upplýsingar um tilhögun keppninnar, forsendur fyrir vali þátttakenda, ef fjöldi þeirra er takmarkaður, og forsendur fyrir vali áætlunar eða tillögu. Við gerð auglýsingar og birtingu skal að öðru leyti farið eftir reglum um útboðsauglýsingar og birtingu þeirra, eftir því sem við á.

Tilkynna skal þátttakendum í hönnunarsamkeppni um niðurstöður keppninnar. Ef birting upplýsinga mundi hindra löggæslu, vera andstæð almannahagsmunum eða stofna í hættu lögmætum viðskiptahagsmunum tiltekins fyrirtækis, hvort heldur er einkarekins eða í opinberri eigu, eða gæti hindrað samkeppni milli veitenda þjónustu er ekki skylt að birta upplýsingar.

Ef ákveðið er að takmarka fjölda þátttakenda í hönnunarsamkeppni við ákveðinn fjölda skal gæta jafnræðis með því setja fram málefnalegar forsendur fyrir vali þátttakenda. Fjöldi þátttakenda skal alltaf vera nægilegur til að tryggja raunhæfa samkeppni.

Dómnefnd skal aðeins skipuð einstaklingum sem eru óháðir þátttakendum í samkeppni. Þar sem tiltekinnar menntunar eða starfshæfni er krafist af þátttakendum skal a.m.k. einn þriðji hluti dómnefndarmanna hafa þá menntun eða sambærilega starfshæfni.

Dómnefnd skal vera sjálfstæð í ákvörðunum og áliti sínu. Hún skal kanna áætlanir og tillögur, sem þátttakendur leggja fram, eingöngu á grundvelli forsendna sem eru tilgreindar í tilkynningu um samkeppni, sbr. 3. mgr. Dómnefnd skal færa fundargerð, sem allir dómnefndarmenn skulu undirrita, þar sem fram kemur mat á hverri tillögu ásamt athugasemdum eða atriðum sem talin eru þarfnast skýringar. Heimilt er að gefa þátttakendum kost á að svara spurningum sem dómnefnd hefur áður fært til bókar í því skyni að skýra atriði í tillögu. Spurningar dómnefndar og svör þátttakenda skulu koma fram í endanlegri fundargerð dómnefndar.

## VI. KAFLI
## **Útboðsgögn.**

### 38. gr.
*Almennir skilmálar.*

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til að bjóðanda sé unnt að gera tilboð. Eftirfarandi atriði skulu koma fram í útboðsgögnum eftir því sem við á:

a. Lýsing á útboðinu þar sem kveðið er á um magn og annað sem máli skiptir.
b. Nafn kaupanda og allar upplýsingar um samskipti við umsjónaraðila útboðsins.
c. Framsetning tilboða.
d. Upptalning á útboðsgögnum.
e. Tilboðstími og hvar og hvenær tilboð verða opnuð.
f. Afhendingar- eða framkvæmdatími.
g. Gildistími tilboða.
h. Greiðslur, verðbætur og tryggingar ef því er að skipta.
i. Gögn til sönnunar á fjárhagslegri og tæknilegri getu sem bjóðandi skal leggja fram eða kann að verða krafinn um, sbr. 49. og 50. gr.

j. Meðhöndlun fyrirspurna frá væntanlegum bjóðendum.
k. Afhendingarskilmálar.
l. Á hvaða tungumáli eða tungumálum skila skuli tilboðum.
m. Forsendur fyrir vali tilboða.
n. Hvort leyfilegt sé að bjóða í aðeins hluta af fyrirhuguðum innkaupum.
o. Hvort frávikstilboð séu heimil og þá hver séu skilyrði fyrir gerð þeirra, þar á meðal hverjar séu þær lágmarkskröfur sem slík tilboð þurfi að fullnægja.
p. Frestur kaupanda til að taka tilboði.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari reglur um gerð og frágang útboðsgagna.

39. gr.

*Tilboðsblað.*

Tilboðsblað skal vera hluti útboðsgagna og skal það vera þannig úr garði gert að tilboð séu sett fram á sama hátt og þannig samanburðarhæf.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari reglur um gerð og frágang tilboðsblaða.

40. gr.

*Tækniforskriftir.*

Tækniforskriftir eins og þær eru nánar skilgreindar í 1. lið VI. viðauka tilskipunarinnar skulu koma fram í útboðsgögnum, svo sem útboðsauglýsingu eða útboðsauglýsingu, útboðsskilmálum eða fylgigögnum með þeim. Þar sem því verður við komið skal skilgreina þessar forskriftir þannig að tekið sé tillit til viðmiða um aðgengi fatlaðra eða miðað við hönnun fyrir hvers konar notendur.

Tækniforskriftir skulu veita bjóðendum jöfn tækifæri. Þær mega ekki leiða til ómálefnalegra hindrana á samkeppni við opinber innkaup.

Að svo miklu leyti sem annað kemur ekki fram í óundanþægum innlendum reglum, sem eru í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum, skal kveða á um tækniforskriftir á einhvern eftirgreindan hátt:

a. Með tækniforskrift eins og það hugtak er skilgreint í VI. viðauka tilskipunarinnar ásamt tilvísun til einhvers af eftirfarandi í þeirri forgangsröð sem hér greinir:
   1. innlendra staðla sem fela í sér innleiðingu á evrópskum stöðlum,
   2. evrópsks tæknisamþykkis,
   3. sameiginlegra tækniforskrifta,
   4. alþjóðlegra staðla,
   5. annarra tæknilegra tilvísunarkerfa sem evrópskar staðlastofnanir hafa komið á fót.

   Ef framangreind gögn eru ekki fyrir hendi er heimilt að vísa til íslenskra staðla, íslensks tæknisamþykkis eða íslenskra tækniforskrifta sem tengjast hönnun, útreikningi og framkvæmd verks og notkun vöru. Hverri tilvísun skal fylgja orðalagið „eða jafngildur“ eða sambærilegt orðalag.
b. Með lýsingu á virkni eða kröfum til hagnýtingar, þar á meðal kröfum til eiginleika sem tengjast umhverfinu. Slík viðmið verða þó að vera nægilega nákvæm til að gera bjóðendum kleift að gera sér grein fyrir efni samnings og gera kaupanda mögulegt að gera upp á milli tilboða.
c. Með lýsingu á virkni eða kröfum til hagnýtingar, sbr. b-lið, þó þannig að tækniforskriftir sem fjallað er um í a-lið séu notaðar til að kanna hvort kröfum um þessi atriði sé fullnægt.

d. Með því að vísa til forskrifta, sbr. a-lið, um suma eiginleika og með því að vísa til frammistöðu eða krafna til hagnýtingar, sbr. b-lið, um aðra.

Ef kaupandi nýtir heimild í a-lið 3. mgr. getur hann ekki vísað frá tilboði á þeim grundvelli að vara eða þjónusta sem boðin er fram sé í ósamræmi við tækniforskriftir, enda sýni bjóðandi fram á, með einhverjum viðeigandi hætti, að lausnir hans fullnægi með sambærilegum hætti þeim kröfum sem leitast er við að fullnægja með hlutaðeigandi tækniforskriftum. Sönnun með viðeigandi hætti í framangreindum skilningi gæti falist í tæknilegri lýsingu framleiðanda eða prófunarskýrslu frá viðurkenndri stofnun.

Ef kaupandi nýtir sér heimild í 3. mgr. til að slá föstum tækniforskriftum með lýsingu á virkni eða kröfum til hagnýtingar getur hann ekki vísað frá tilboði í verk eða þjónustu sem er í samræmi við innlenda staðla sem innleiða evrópska staðla eða í samræmi við evrópskt tæknisamþykki, sameiginlegar tækniforskriftir, alþjóðlegan staðal eða önnur tæknileg tilvísunarkerfi sem evrópskar staðlastofnanir hafa komið á fót, enda fjalli þessar forskriftir um þá virkni eða kröfur um hagnýtingu sem kaupandi hefur slegið fastri. Í tilboði sínu verður bjóðandi að sýna fram á það með viðeigandi hætti, þannig að kaupandi telji það fullnægjandi, að verk, vara eða þjónusta sem er í samræmi við staðal fullnægi kröfum kaupanda um frammistöðu og hagnýtingu. Sönnun með viðeigandi hætti í framangreindum skilningi gæti falist í tæknilegri lýsingu framleiðanda eða prófunarskýrslu frá viðurkenndri stofnun.

Ef kaupandi gerir kröfu um eiginleika sem tengjast umhverfinu með tilliti til virkni eða krafna til hagnýtingar, sbr. b-lið 3. mgr., getur hann notast við sérstakar tækniforskriftir, eða hluta slíkra forskrifta, sem skilgreindar eru með evrópskum, alþjóðlegum eða innlendum umhverfismerkjum eða öðrum umhverfismerkingum, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

a. Að þessar forskriftir séu til þess fallnar að skilgreina eiginleika vöru eða þjónustu sem er efni samnings.
b. Að þær kröfur sem liggja til grundvallar umhverfismerki byggist á vísindalegum upplýsingum.
c. Að umhverfismerking sé veitt á grundvelli málsmeðferðar sem allir sem eiga hagsmuna að gæta, svo sem ríkisstofnanir, neytendur, framleiðendur, dreifendur og umhverfissamtök, geta tekið þátt í.
d. Að umhverfismerking sé aðgengileg öllum hlutaðeigandi aðilum.

Kaupandi getur kveðið svo á að gert sé ráð fyrir að vara og þjónusta sem hefur umhverfismerkingu fullnægi tækniforskrift sem fram kemur í útboðsskilmálum. Kaupandi verður þó einnig að taka til greina aðra sönnun um að þessum kröfum sé fullnægt, svo sem tæknilega lýsingu framleiðanda eða prófunarskýrslu frá viðurkenndri stofnun.

Með viðurkenndum stofnunum í skilningi þessarar greinar er átt við rannsóknar- og kvörðunarstofur og vottunar- og eftirlitsstofnanir sem fullnægja þeim evrópsku stöðlum sem við eiga. Kaupandi skal taka til greina vottorð frá viðurkenndri stofnun í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Tækniforskriftir skulu ekki vísa til sérstakrar gerðar, framleiðanda, sérstakrar vinnslu, vörumerkja, einkaleyfa, tegundar, uppruna eða framleiðslu með þeim afleiðingum að hlutur ákveðinna fyrirtækja er gerður betri en annarra eða ákveðin fyrirtæki eru útilokuð frá þátttöku í opinberum innkaupum, enda helgist slík tilvísun ekki beinlínis af efni samnings. Í undantekningartilvikum er tilvísun sem þessi heimil þegar lýsing á efni samnings er ekki möguleg skv. 3. og 4. mgr., enda fylgi slíkri tilvísun orðalagið „eða jafngildur“ eða sambærilegt orðalag.

41. gr.

*Frávikstilboð.*

Ef kaupandi hyggst meta tilboð á grundvelli fjárhagslegrar hagkvæmni, en ekki eingöngu verðs, er kaupanda heimilt að leyfa bjóðendum að gera frávikstilboð.

Kaupandi skal taka fram í útboðsauglýsingu hvort frávikstilboð eru heimil, sbr. einnig o-lið 38. gr., en að öðrum kosti eru frávikstilboð óheimil. Aðeins frávikstilboð sem fullnægja lágmarkskröfum kaupanda samkvæmt útboðsgögnum, sbr. o-lið 38. gr., er heimilt að taka til umfjöllunar.

Þegar um er að ræða vöru og þjónustukaup er kaupanda sem hefur leyft frávikstilboð óheimilt að hafna frávikstilboði á þeirri forsendu einni að samningur, ef hann yrði gerður, yrði þjónustusamningur í stað vörusamnings eða vörusamningur í stað þjónustusamnings.

42. gr.

*Undirverktaka.*

Heimilt er að krefjast þess í útboðsgögnum að bjóðandi upplýsi hvaða hluta samnings hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka og hvaða undirverktaka sá aðili hyggst nota. Upplýsingar bjóðanda um undirverktaka skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð bjóðanda gagnvart kaupanda.

43. gr.

*Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings.*

Kaupanda er heimilt að kveða á um sérstök skilyrði, einkum varðandi félagsleg og umhverfisleg atriði, sem tengjast framkvæmd samnings, enda séu þessi skilyrði í samræmi við reglur EES-samningsins og hafi verið tilgreind í útboðsauglýsingu eða útboðsskilmálum.

44. gr.

*Skyldur sem tengjast sköttum, umhverfisvernd, réttindum launþega og vinnuvernd.*

Kaupanda er heimilt að upplýsa í útboðsskilmálum hjá hvaða stofnun eða stofnunum þátttakendur eða bjóðendur geta aflað sér upplýsinga um skyldur sínar varðandi skatta, umhverfisvernd, réttindi launþega og vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða því sveitarfélagi þar sem verk á að vinnast eða þjónustu á að inna af hendi á samningstímanum.

Kaupandi sem veitt hefur þær upplýsingar sem greinir í 1. mgr. skal óska eftir því við þátttakendur eða bjóðendur að þeir taki fram að þeir hafi tekið tillit til skyldna sinna varðandi réttindi launþega, vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða því sveitarfélagi þar sem verk á að vinnast eða þjónustu á að inna af hendi þegar þeir gerðu tilboð sitt.

Ákvæði 1. mgr. er ekki því til fyrirstöðu að beitt sé ákvæðum 73. gr. um óeðlilega lág tilboð.

45. gr.

*Forsendur kaupanda fyrir vali tilboðs.*

Forsendur fyrir vali tilboðs skulu annaðhvort miðast eingöngu við lægsta verð eða fjárhagslega hagkvæmni frá sjónarhóli kaupanda. Forsendur sem liggja til grundvallar mati á fjárhagslegri hagkvæmni skulu tengjast efni samnings, t.d. gæðum, verði, tæknilegum eiginleikum, útliti, notkunareiginleikum, umhverfislegum eiginleikum, rekstrarkostnaði, rekstrarhagkvæmni, viðhaldsþjónustu, afhendingardegi og afhendingartímabili eða lokum framkvæmdar samnings.

Í útboðsauglýsingu, útboðsgögnum eða skýringargögnum, eða þegar um er að ræða samkeppnisviðræður, skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs eins nákvæmlega og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti.

Í þeim gögnum sem greinir í 2. mgr. skal tilgreina hlutfallslegt vægi hvers viðmiðs sem vísað er til sem forsendu fyrir vali tilboðs. Þetta vægi má setja fram sem ákveðið bil með hæfilegum hámarksvikmörkum. Ef ómögulegt er að tilgreina tiltekið vægi forsendna af ástæðum sem hægt er að sýna fram á skal raða forsendum í röð eftir mikilvægi.

## VII. KAFLI
## **Hæfi þátttakenda og bjóðenda í opinberum innkaupum.**

### 46. gr.
*Almennar reglur um fyrirtæki.*

Óheimilt er að vísa frá þátttakanda eða bjóðanda með vísan til þess að innlendar reglur áskilji að veitandi þjónustu þurfi að vera annaðhvort einstaklingur eða lögaðili, enda sé þátttakandanum eða bjóðandanum heimilt að veita þá þjónustu sem til stendur að kaupa samkvæmt lögum staðfesturíkis síns. Þegar um er að ræða þjónustusamninga, eða verksamninga ásamt vörusamningum sem fela einnig í sér þjónustu og/eða eftirlit og uppsetningu, er heimilt að krefjast þess af lögaðila að hann tilgreini í tilboði eða þátttökutilkynningu nöfn og starfsmenntun þeirra starfsmanna sem munu sjá um framkvæmd samningsins.

Fleiri fyrirtækjum er heimilt að standa að tilboði eða þátttökutilkynningu sameiginlega, enda teljast þau þá bera sameiginlega ábyrgð á efndum samnings. Óheimilt er kaupanda að krefjast þess að slíkur hópur fyrirtækja stofni til sérstaks lögákveðins rekstrarforms nema það sé nauðsynlegt fyrir fullnægjandi framkvæmd samnings. Kaupanda er þó heimilt að krefjast þess að eitt fyrirtæki komi fram fyrir hönd hinna við framkvæmd samnings og standi kaupanda öll skil.

### 47. gr.
*Persónulegar aðstæður þátttakanda eða bjóðanda.*

Þátttakandi eða bjóðandi sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skal útilokaður frá gerð opinbers samnings:

a. þátttöku í skipulögðum brotasamtökum,
b. spillingu,
c. sviksemi,
d. peningaþvætti.

Eftir því sem við á skulu kaupendur óska eftir því að þátttakendur eða bjóðendur leggi fram gögn um þau atriði sem greinir í a–d-lið. Hafi kaupandi efasemdir um persónulegar aðstæður þátttakanda eða bjóðanda er honum heimilt að beina fyrirspurn til þar til bærra yfirvalda í því skyni að fá nauðsynlegar upplýsingar um þessi atriði. Ef upplýsingar varða þátttakanda eða bjóðanda frá öðru ríki er heimilt að óska eftir samvinnu við þar til bær yfirvöld í viðkomandi ríki. Með hliðsjón af lögum þess ríkis skal fyrirspurn beinast að einstaklingum og/eða lögaðilum, þar á meðal, ef við á, forstjórum fyrirtækja og hvers konar einstaklingum sem hafa heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða stjórnunar viðkomandi þátttakanda eða bjóðanda.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá opinberum samningi sem eitthvað af eftirfarandi á við:

a. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.

b. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
c. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
d. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
e. Fyrirtæki er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
f. Fyrirtæki er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
g. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort a–g-liður á við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Ef fyrirtæki er krafið um sönnun um þau atriði sem greinir í 1. mgr. eða a-, b-, c-, e- eða f-lið 2. mgr. skal eftirfarandi metið sem fullnægjandi sönnun:

a. Að því er varðar skilyrði 1. mgr. og a-, b- og c-liðar 2. mgr., framlagning sakavottorðs, vottorðs dómstóls eða, ef þessi vottorð eru ekki tiltæk, sambærilegs vottorðs frá stjórnvaldi eða dómstóli í uppruna- eða heimaríki viðkomandi fyrirtækis sem sýnir að umræddum skilyrðum sé fullnægt.
b. Að því er varðar e- og f-lið 2. mgr., vottorð gefið út af þar til bæru stjórnvaldi í viðkomandi ríki.

Ef heimaríki fyrirtækis gefur ekki út skjöl eða vottorð sem þessi, eða slík skjöl og vottorð ná ekki yfir öll þau tilvik sem greinir í 1. mgr. og a-, b- og c-lið 2. mgr., skal þess í stað meta fullgildan eið eða drengskaparheit sem bjóðandi hefur unnið um umrædd atriði fyrir dómara eða yfirvaldi, lögbókanda eða þar til bæru fagfélagi í heimaríki sínu.

Fjármálaráðuneytið skal útbúa skrá yfir þau innlendu stjórnvöld og stofnanir sem bær eru til að gefa út þau skjöl, vottorð eða yfirlýsingar sem um ræðir í 3. mgr. og senda hana Eftirlitsstofnun EFTA. Slík tilkynning skal ekki fara í bága við lög um persónuvernd.

48. gr.

*Starfsréttindi.*

Þess má krefjast að innlent fyrirtæki sýni fram á að það sé skráð í fyrirtækjaskrá. Þegar um er að ræða fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu má krefjast þess að fyrirtæki sýni fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki sínu með eiði eða vottorði skv. IX. viðauka A tilskipunarinnar þegar um er að ræða verksamninga, IX. viðauka B tilskipunarinnar þegar um er að ræða vörusamninga og IX. viðauka C tilskipunarinnar þegar um er að ræða þjónustusamninga.

Þegar um er að ræða gerð þjónustusamninga og bjóðendur eða þátttakendur þurfa að hafa sérstakt leyfi eða vera meðlimir í tilteknum samtökum til að mega veita hlutaðeigandi þjónustu í heimaríki sínu er heimilt að krefjast þess að þeir sýni fram á að þeir hafi viðeigandi leyfi eða séu félagar í viðeigandi samtökum.

49. gr.

*Fjárhagsstaða bjóðanda.*

Fjárhagsstaða fyrirtækis skal vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Ekki skal krefjast frekari gagna um sönnun á fjárhagslegri getu en nauðsynlegt er með hliðsjón af eðli og umfangi fyrirhugaðra innkaupa. Að jafnaði getur fyrirtæki fært sönnur á fjárhagslega getu sína með því að leggja fram eitt eða fleiri eftirfarandi gagna:

a. Viðeigandi upplýsingar frá bönkum eða, þar sem það á við, gögn um verktryggingu eða aðra tryggingu fyrir skaðleysi kaupanda af hugsanlegum vanefndum fyrirtækis.
b. Endurskoðaða ársreikninga fyrri ára eða útdrátt úr þeim ef krafist er birtingar efnahagsreiknings samkvæmt lögum staðfesturíkis fyrirtækis.
c. Yfirlýsingu um heildarveltu fyrirtækis og, eftir því sem við á, hlutdeild þeirrar vöru, þjónustu eða verks sem fellur undir samning, vegna þriggja undangenginna fjárhagsára, þó þannig að taka ber tillit til þess hvenær fyrirtæki var stofnsett eða hvenær það hóf starfsemi og að hvaða marki þessar upplýsingar eru aðgengilegar.

Fyrirtæki getur, eftir því sem við á og vegna gerðar tiltekins samnings, byggt á fjárhagslegri getu annarra aðila án tillits til lagalegra tengsla fyrirtækisins við þessa aðila. Ef þetta er gert skal fyrirtæki sýna kaupanda fram á að það muni hafa nauðsynlega fjármuni til ráðstöfunar, t.d. með þeim hætti að hlutaðeigandi fyrirtæki stofni sameiginlega sérstakt félag í þessu skyni.

Með sömu skilyrðum og greinir í 46. gr. geta fleiri fyrirtæki sem standa að þátttökutilkynningu eða tilboði byggt sameiginlega á fjárhagslegri getu þeirra.

Í útboðsauglýsingu eða útboðsgögnum skal koma fram hvaða gögn skv. 1. mgr. krafist er að fyrirtæki leggi fram eða kunni á síðari stigum að verða beðið um að leggja fram. Einnig skal tilgreina önnur gögn um fjárhagslega getu ef því er að skipta.

Þegar bjóðandi er ófær um að leggja fram þau gögn sem greinir í 1. mgr. er honum heimilt að sýna fram á fjárhagslega getu sína með öðrum gögnum sem kaupandi telur fullnægjandi.

50. gr.

*Tæknileg geta.*

Tæknileg geta fyrirtækis skal vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Eftir því sem nauðsynlegt er vegna eðlis, umfangs, mikilvægis eða ætlaðrar notkunar verks, þjónustu eða vöru getur fyrirtæki fært sönnur á tæknilega getu sína með eftirfarandi gögnum:

a. i. Með lista yfir þau verk sem fyrirtæki hefur annast síðastliðin fimm ár ásamt vottorðum um fullnægjandi efndir stærstu verksamninga þegar um er að ræða innkaup á verki. Í þessum vottorðum skal koma fram virði, dagsetning og staðsetning verks ásamt upplýsingum um hvort verk var unnið fagmannlega og lokið með fullnægjandi hætti. Þar sem við á skal það stjórnvald sem gefur út vottorð senda það milliliðalaust til kaupanda.
   ii. Með lista yfir helstu vörusendingar eða þjónustu sem veitt hefur verið síðastliðin þrjú ár ásamt upplýsingum um virði vöru eða þjónustu, viðtakendur, hvort sem þeir eru opinberir eða einkaaðilar, þegar um er að ræða innkaup á þjónustu og vörum. Þegar viðtakandi vöru eða þjónustu hefur verið opinber aðili skal sönnun um afhendingu vörunnar eða þjónustunnar gefin með vottorði sem viðkomandi kaupandi gefur út eða staðfestir með áritun sinni. Þegar viðtakandi vöru eða þjónustu hefur verið einkaaðili skal sönnun um afhendingu vörunnar eða þjónustunnar gefin með vottorði viðkomandi einkaaðila eða, ef þetta er ekki unnt, yfirlýsingu fyrirtækisins sjálfs.
b. Með tilvísun til þeirra tæknimanna eða tæknilegu aðila, hvort sem þeir heyra beinlínis undir fyrirtæki eða ekki, sem koma munu að framkvæmd samnings, einkum þeirra sem bera ábyrgð á gæðaeftirliti og framkvæmd verks þegar um er að ræða verksamninga.
c. Með lýsingu á tæknibúnaði, aðferðum til að tryggja gæði og aðstöðu til athugana og rannsókna.

d. Þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem er margbrotin eða sem aflað er í sérstökum tilgangi: með skoðun kaupanda á framleiðslugetu seljanda vöru eða tæknilegri getu veitanda þjónustu ásamt skoðun á rannsóknaraðstöðu og gæðaeftirliti bjóðanda ef nauðsyn ber til. Þar til bær opinber aðili í staðfesturíki fyrirtækis getur annast umrædda skoðun fyrir hönd kaupanda í samræmi við þær reglur sem gilda um slíkan aðila.
e. Með upplýsingum um menntun og starfsréttindi þjónustuveitanda eða verktaka og/eða starfsmanna fyrirtækis, einkum þeirra sem bera munu ábyrgð á viðkomandi þjónustu eða vinnu við verk.
f. Þegar um er ræða verksamninga og þjónustusamninga í þeim tilvikum þar sem það á við: með upplýsingum um þær umhverfisstjórnunaraðgerðir sem fyrirtæki getur beitt við framkvæmd samnings.
g. Með yfirlýsingu um meðalfjölda starfsmanna og fjölda manna í stjórnunarstöðum hjá þjónustuveitanda eða verktaka síðastliðin þrjú ár.
h. Með yfirlýsingu um þau tæki, verksmiðju eða tæknibúnað sem þjónustuveitandi eða verktaki hefur aðgang að til framkvæmdar samnings.
i. Með upplýsingum um það hlutfall samnings sem þjónustuveitandi eða verktaki hyggst fela öðrum aðila.
j. Þegar um er að ræða vöru: með sýnishornum, lýsingum eða ljósmyndum þannig að unnt sé að staðreyna að vara sé fullnægjandi eða með vottun frá opinberri gæðaeftirlitsstofnun eða viðurkenndri stofnun um að vara sé í samræmi við þær tækniforskriftir eða staðla sem vísað hefur verið til.

Fyrirtæki getur, eftir því sem við á og vegna gerðar tiltekins samnings, byggt á tæknilegri getu annarra aðila án tillits til lagalegra tengsla fyrirtækisins við þessa aðila. Ef þetta er gert skal fyrirtæki sýna kaupanda fram á að það muni hafa aðgang að nauðsynlegri tækni fyrir framkvæmd samningsins, t.d. með þeim hætti að hlutaðeigandi fyrirtæki stofni sameiginlega sérstakt félag í þessu skyni.

Með sömu skilyrðum og greinir í 46. gr. geta fleiri fyrirtæki sem standa að þátttökutilkynningu eða tilboði byggt sameiginlega á tæknilegri getu þeirra.

Þegar um er að ræða vörusamninga sem fela í sér ísetningu og uppsetningu, veitingu þjónustu og/eða framkvæmd verks er heimilt að meta sérstaklega getu fyrirtækis til þess að veita þjónustuna, sjá um uppsetninguna eða vinna verkið, einkum með hliðsjón af hæfni, skilvirkni, reynslu og áreiðanleika.

Í útboðsauglýsingu eða útboðsgögnum skal koma fram hvaða gögn skv. 1. mgr. krafist er að fyrirtæki leggi fram eða kunni á síðari stigum að verða beðið um að leggja fram.

51. gr.

*Gæðastaðlar.*

Þar sem kaupandi krefst þess að gefið sé út vottorð af óháðum aðila til staðfestingar á því að fyrirtæki fullnægi ákveðnum gæðavottunarstöðlum skal vísað til evrópskra gæðavottunarkerfa sem grundvallast á viðeigandi evrópskum stöðlum, enda hafi þessir staðlar verið staðfestir af stofnun sem fullnægir skilyrðum evrópskra staðla til slíkrar staðfestingar. Kaupendur skulu taka gild sambærileg vottorð sem gefin eru út af stofnunum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og ríkjum stofnsamnings EFTA. Þeir skulu einnig taka gild önnur gögn, sem fyrirtæki leggur fram, sem veita sambærilega sönnun fyrir því að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar með tilliti til gæðakrafna.

52. gr.

*Umhverfisstaðlar.*

Þar sem kaupandi krefst þess að gefið sé út vottorð af óháðum aðila til staðfestingar á því að fyrirtæki fullnægi ákveðnum umhverfisstjórnunarstöðlum, sbr. f-lið 2. mgr. 50. gr., skal vísað til umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS) eða til umhverfisstjórnunarstaðla sem grundvallast á viðeigandi evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum, sem staðfestir hafa verið af stofnunum sem samræmast reglum EES-samningsins, eða viðeigandi evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum um vottun. Kaupendur skulu taka gild sambærileg vottorð sem gefin eru út af stofnunum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og ríkjum stofnsamnings EFTA. Þeir skulu einnig taka gild önnur gögn, sem fyrirtæki leggur fram, sem veita sambærilega sönnun fyrir því að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar með tilliti til umhverfisstjórnunar.

53. gr.

*Framlagning viðbótargagna og upplýsinga.*

Kaupanda er heimilt að gefa fyrirtæki færi á því að auka við framkomin gögn skv. 47.–52. gr. eða skýra þau á hvaða stigi útboðs sem er.

54. gr.

*Opinberir listar um viðurkennd fyrirtæki og vottorð opinberra og einkaréttarlegra stofnana.*

Fyrirtæki, sem skráð eru á opinberum listum yfir viðurkennda verktaka, seljendur eða þjónustuveitendur eða vottuð sem slík af opinberum eða einkaréttarlegum stofnunum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða ríkjum stofnsamnings EFTA, geta, með staðfestri skráningu á viðkomandi lista eða vottorði, fært sönnur á að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt, enda sé ekki annað leitt í ljós:

a. Að fyrirtæki fullnægi skilyrðum 1. mgr. og a-, d- og g-liðar 2. mgr. 47. gr.
b. Að fyrirtæki fullnægi skilyrðum 48. gr.
c. Að fyrirtæki fullnægi skilyrðum b- og c-liðar 49. gr.
d. Að fyrirtæki fullnægi skilyrðum 1. málsl. a-liðar og b-, e- og g-liðar 2. mgr. 50. gr. svo og h-liðar sömu málsgreinar að því er varðar verktaka.
e. Að fyrirtæki fullnægi skilyrðum 2. málsl. a-liðar og b-, c-, d- og j-liðar 2. mgr. 50. gr. að því er varðar seljendur vöru.
f. Að fyrirtæki fullnægi skilyrðum 2. málsl. a-liðar og c–i-liðar 2. mgr. 50. gr. að því er varðar veitendur þjónustu.

Óheimilt er að vefengja upplýsingar sem skráning á lista eða vottorð ber með sér án sérstakrar ástæðu. Að því er varðar greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda og skatta má þó hvenær sem er krefjast viðbótarvottorðs af skráðu fyrirtæki.

Kaupendur skulu beita 1. og 2. mgr. til hagsbóta þeim fyrirtækjum sem staðfestu hafa í einhverju ríki Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og skráð eru á lista þar.

## VIII. KAFLI
## Framkvæmd opinberra innkaupa.

### 55. gr.
*Auglýsing útboða.*

Skylt er að auglýsa almennt útboð, þar á meðal almennt rammasamningsútboð, með áberandi hætti þannig að öll áhugasöm fyrirtæki geti tekið þátt í útboði. Í útboðsauglýsingu skulu koma fram nægilega miklar upplýsingar til að fyrirtæki geti tekið afstöðu til þess hvort þau hyggjast taka þátt í útboði.

Samtímis því, eða eftir að auglýst er, getur kaupandi hvatt tiltekna aðila til þátttöku í útboði. Ekki má þó veita slíkum aðilum aðrar upplýsingar en fram koma í tilkynningu um útboð.

### 56. gr.
*Forval við lokuð útboð, samkeppnisviðræður og samningskaup.*

Við lokað útboð, samkeppnisviðræður og samningskaup að undangenginni opinberri auglýsingu skal velja þátttakendur með forvali í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Auglýsa skal tilkynningu um forval með áberandi hætti þannig að öll áhugasöm fyrirtæki geti tekið þátt í forvali. Í auglýsingu skulu koma fram nægilega miklar upplýsingar til að fyrirtæki geti tekið afstöðu til þess hvort þau hyggjast taka þátt í forvali og eftirfarandi útboði.

Í forvali er heimilt að takmarka fjölda þeirra sem valdir eru til að taka þátt í útboði, samkeppnisviðræðum eða samningskaupum, enda hafi nægilega margir þátttakendur tekið þátt í forvali. Í tilkynningu um forval skulu koma fram þau málefnalegu og óhlutdrægu skilyrði eða reglur sem leggja á til grundvallar við val þátttakenda í forvali, lágmarksfjölda þeirra svo og hámarksfjölda þeirra ef það á við.

Í forvali vegna lokaðs útboðs skulu þátttakendur sem valdir eru til að leggja fram tilboð ekki vera færri en fimm. Í forvali vegna samningskaupa eftir opinbera birtingu útboðsauglýsingar og vegna samkeppnisviðræðna skulu þátttakendur ekki vera færri en þrír. Fjöldi þátttakenda sem valdir eru skal ætíð vera nægilegur til að tryggja raunverulega samkeppni.

Kaupandi skal gefa a.m.k. jafnmörgum þátttakendum kost á að taka þátt í útboði og svarar til þess lágmarksfjölda sem hann hefur áður tiltekið. Ef ekki er fyrir hendi nægjanlegur fjöldi þátttakenda sem fullnægir skilyrðum forvals til að vera valinn, eða ekki er fyrir hendi nægjanlegur fjöldi þátttakenda sem fullnægir kröfum um getu, er kaupanda heimilt að halda útboði áfram með því að gefa þeim sem fullnægðu þessum kröfum kost á að taka þátt í útboði. Ekki er heimilt að gefa fyrirtækjum sem ekki tóku þátt í forvali kost á að taka þátt í útboði á þessu stigi. Sama á við um þá þátttakendur sem ekki fullnægðu kröfum um hæfi.

Þegar kaupendur nýta sér heimildir til að fækka tilboðum eða fjölda þátttakenda í samkeppnisviðræðum eða samningskaupum að undangenginni opinberri birtingu tilkynningar, sbr. 31. og 32. gr., skal ákvörðun um slíkt grundvallast á valforsendum sem fram hafa komið í útboðsauglýsingu, skilmálum eða skýringargögnum. Á lokastigi slíkra innkaupa skal fjöldi þátttakenda vera nægilega mikill til að tryggja raunhæfa samkeppni að svo miklu leyti sem um nægilegan fjölda tilboða eða hæfra þátttakenda er að ræða.

### 57. gr.
*Frestur til að skila tilboðum.*

Tilboðstími skal vera nægjanlega langur til að bjóðendur geti undirbúið tilboð.

58. gr.

*Frestur í almennu útboði.*

Frestur til að leggja fram tilboð í almennu útboði skal vera minnst fimmtán almanaksdagar. Frestur reiknast frá deginum eftir að útboðsauglýsing er birt að meðtöldum opnunardegi. Allir almanaksdagar eru taldir með.

59. gr.

*Frestir í lokuðu útboði, samkeppnisviðræðum og samningskaupum.*

Frestur til að skila þátttökubeiðnum í forvali vegna lokaðs útboðs, samkeppnisviðræðna eða samningskaupa að undangenginni opinberri birtingu útboðsauglýsingar skal vera minnst fimmtán almanaksdagar. Frestur reiknast frá deginum eftir að útboðsauglýsing er birt að meðtöldum opnunardegi.

Þeim sem valdir hafa verið í forvali vegna lokaðs útboðs skal gefa minnst tíu almanaksdaga frest til að leggja fram tilboð. Frestur reiknast frá þeim degi þegar útboðsgögn eru send út. Að öðru leyti gilda sömu reglur um ákvörðun frests og við almenn útboð.

60. gr.

*Hraðútboð.*

Ef nauðsynlegt er að hraða útboði af ástæðum sem kaupanda verður ekki um kennt er heimilt að víkja frá þeim frestum sem greinir í 58. og 59. gr. Frestur til að skila tilboðum skal þó aldrei vera skemmri en sjö almanaksdagar frá birtingu auglýsingar.

61. gr.

*Afhending gagna.*

Útboðsgögn skulu vera tilbúin til afhendingar innan þriggja daga frá birtingu útboðsauglýsingar.

62. gr.

*Vettvangsskoðun.*

Ef ekki er unnt að gera tilboð án þess að bjóðendur eða þátttakendur skoði vettvang, eða ef boðið er upp á vettvangsskoðun, skal lengja tilboðsfrest sem nemur eðlilegum tíma til vettvangsskoðunar ef þess er óskað af bjóðendum eða þátttakendum.

63. gr.

*Fyrirspurnir og athugasemdir á tilboðstíma.*

Ef óskað er eftir ítarlegri gögnum eða nánari skilgreiningu á útboðsgögnum eða öðrum gögnum tengdu útboði skal fyrirspurn vera komin til kaupanda eða umsjónarmanns útboðs, ef um hann er að ræða, eigi síðar en sjö almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

Telji kaupandi tilefni til að senda ný gögn eða svara fyrirspurn skv. 1. mgr. skal senda gögnin eða fyrirspurnina ásamt svörum við henni til allra sem hafa óskað eftir og fengið send útboðsgögn. Ný gögn eða skýringar skulu vera komin til bjóðenda eða þátttakenda eigi síðar en fjórum almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

Allar fyrirspurnir, athugasemdir við útboð og tilkynningar skulu vera skriflegar, sbr. þó 68. gr.

64. gr.

*Tilboð afturkölluð.*

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

65. gr.

*Opnun tilboða frestað.*

Þurfi að fresta opnun tilboða skal það gert með að minnsta kosti fjögurra almanaksdaga fyrirvara. Séu færri en fjórir dagar fram að opnun er óheimilt að boða frestun heldur skal haldinn opnunarfundur og skráð hverjir skila inn tilboði, án þess að opna tilboðin. Þeim sem skiluðu tilboði verður einum boðin áframhaldandi þátttaka.

66. gr.

*Afhending tilboða.*

Skriflegum tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi og þarf nafn og aðsetur bjóðanda að koma fram á umslaginu ásamt heiti útboðs og númeri ef því er að skipta. Um tilboð sem gerð eru með rafrænum aðferðum fer skv. 68. gr.

Séu tilboð send með pósti eða í símbréfi er bjóðandi ábyrgur fyrir því að þau komist í réttar hendur fyrir opnun tilboða.

Leyfilegt er að skila eingöngu inn heildartilboðsupphæð ef einingarverð og önnur tilskilin gögn fylgja í lokuðu umslagi eða eru sannanlega komin í póst degi áður en tilboð eru opnuð. Bjóðandi getur síðan óskað eftir því að einingarverð verði ekki tekin til skoðunar nema tilboð hans komi til álita.

Tilboð skal vera undirritað af þar til bærum aðila.

67. gr.

*Gerð frávikstilboða.*

Sé frávikstilboð gert skal geta þess sérstaklega á tilboðsblaði að um slíkt tilboð sé að ræða. Með frávikstilboði skal fylgja skýr og greinargóð lýsing á því í hvaða atriðum vikið sé frá tæknilegri lýsingu útboðsgagna.

68. gr.

*Form tilboða og annarra samskipta kaupanda og bjóðenda.*

Öll samskipti og upplýsingagjöf sem vísað er til í þessari grein má fara fram með pósti, símbréfi, rafrænum aðferðum skv. 4. og 5. mgr., símleiðis við þær aðstæður sem um ræðir í 6. mgr. eða með samsetningu þessara miðla, allt eftir ákvörðun kaupanda.

Þær samskiptaaðferðir sem kaupandi velur skulu vera almennt aðgengilegar og ekki hindra aðgang fyrirtækis að útboði.

Samskipti, miðlun og geymsla upplýsinga skal fara fram með þeim hætti að tryggt sé að gögn séu óbreytt frá upprunalegri gerð. Auk þess skal tryggt að nafnleynd tilboða eða tilkynninga um þátttöku sé ekki rofin og kaupandi geti aðeins kynnt sér efni tilboða eða þátttökutilkynninga eftir að tilboðsfrestur eða frestur til að leggja fram þátttökutilkynningu er liðinn.

Sá búnaður sem notaður er við rafræn samskipti, svo og tæknilegir eiginleikar búnaðar, skal vera almennt aðgengilegur og samhæfður við þá upplýsinga- og miðlunartækni sem er í almennri notkun. Búnaðurinn má ekki vera þess eðlis að hann leiði til mismununar fyrirtækja.

Eftirfarandi reglur gilda um tæki sem notuð eru fyrir rafræna sendingu og móttöku tilboða og þátttökutilkynninga:

a. Upplýsingar um skilyrði fyrir rafrænni sendingu tilboða og þátttökutilkynninga, þar á meðal upplýsingar um dulkóðun, skulu vera aðgengilegar öllum áhugasömum aðilum. Þessi tæki skulu einnig fullnægja þeim kröfum sem fram koma í X. viðauka tilskipunarinnar.
b. Heimilt er í samræmi við lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, að gera kröfu um að tilboði fylgi fullgild rafræn undirskrift.
c. Áður en tilboðsfrestur eða frestur til að skila þátttökutilkynningu rennur út skulu bjóðendur eða þátttakendur leggja fram þau gögn sem greinir í 47.–52. gr. og 54. gr. ef þau eru ekki til í rafrænu formi.

Eftirfarandi reglur gilda um sendingu þátttökutilkynningar:

a. Tilkynningu um þátttöku í útboði má gera skriflega eða símleiðis.
b. Ef tilkynning um þátttöku er gerð símleiðis skal senda skriflega staðfestingu áður en frestur fyrir móttöku tilkynningar er liðinn.
c. Kaupandi getur krafist að þátttökutilkynning sem berst með símbréfi eða rafrænum hætti sé staðfest þegar slíkt er nauðsynlegt til þess að fyrir liggi lögfull sönnun að þessu leyti. Allar slíkar kröfur, ásamt frestum til að senda staðfestingu með pósti eða rafrænum hætti, skulu koma fram í útboðsauglýsingu.

69. gr.

*Opnun tilboða.*

Bjóðendum skal vera heimilt að vera við opnun tilboða og eiga þeir rétt á að eftirfarandi upplýsingar séu lesnar upp eftir því sem þær koma fram í tilboðum:

a. Nafn bjóðanda.
b. Heildartilboðsupphæð.
c. Hvort tilboð sé sett fram sem frávikstilboð.

Nú eru tilboð lögð fram með rafrænum hætti og er þá nægilegt að bjóðendum sé tilkynnt um þau atriði sem greinir í 1. mgr. eftir lok tilboðsfrests.

Tilboð sem berast of seint skulu send bjóðendum óopnuð ásamt skýringu á ástæðum þess að þau eru endursend.

Ráðherra getur með reglugerð sett sérstakar reglur um opnun tilboða sem sett eru fram með rafrænum hætti, enda sé gætt þeirra reglna sem fram koma í 68. gr.

70. gr.

*Rafræn uppboð.*

Kaupanda er heimilt að kaupa inn með rafrænu uppboði samkvæmt nánari ákvæðum þessarar greinar.

Þegar um er að ræða almennt eða lokað útboð eða samningskaup skv. 1. mgr. 32. gr. og unnt er að slá útboðsskilmálum föstum með nákvæmni getur kaupandi ákveðið að samningur verði gerður með rafrænu uppboði. Að uppfylltum sömu skilyrðum er heimilt að notast við rafrænt uppboð þegar samkeppni fer fram milli fleiri rammasamningshafa skv. 4. mgr. 34. gr. og við útboð í gagnvirku innkaupakerfi skv. 35. gr. Rafrænt uppboð skal miðast annaðhvort við verð, þegar forsendur fyrir vali tilboðs eru lægsta verð, eða verð og/eða önnur atriði í tilboði sem fram hafa komið í útboðsskilmálum, þegar forsendur fyrir vali tilboðs eru fjárhagslega hagkvæmasta boð.

Kaupandi sem ákveður að halda rafrænt uppboð skal lýsa þeirri fyrirætlun sinni í útboðsauglýsingu. Í útboðsskilmálum skulu m.a. koma fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a. Verðgildi þeirra atriða sem uppboðið lýtur að, enda séu þessi atriði þess eðlis að unnt sé að meta vægi þeirra með tölum eða hlutföllum.
b. Hvers konar takmörk á verðgildi þeirra atriða sem heimilt er að vísa til í tilboði samkvæmt útboðsskilmálum varðandi hið keypta.
c. Upplýsingar sem bjóðendum munu verða veittar meðan á rafrænu uppboði stendur og hvenær þær verða veittar, eftir því sem við á.
d. Viðeigandi upplýsingar um hið rafræna uppboðskerfi.
e. Skilyrði fyrir tilboðum bjóðenda, einkum varðandi lágmarksbreytingu á nýju tilboði bjóðanda ef um slíkt skilyrði er að ræða.
f. Viðeigandi upplýsingar um þann rafræna búnað sem notaður er ásamt upplýsingum um hvernig og að uppfylltum hvaða tæknilegum kröfum bjóðandi getur tengst rafrænu uppboðskerfi.

Áður en rafrænt uppboð hefst skal kaupandi að fullu taka afstöðu til framkominna tilboða bjóðenda í samræmi við forsendur fyrir vali tilboðs og vægi þeirra. Öllum bjóðendum sem lagt hafa fram gild tilboð skal samtímis gefinn kostur á því að leggja fram ný verð og/eða verðgildi. Í tilkynningu til bjóðenda skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um hvernig viðkomandi bjóðandi skal tengjast rafrænu uppboðskerfi ásamt upplýsingum um upphafsdag og upphafstíma rafræns uppboðs. Rafrænu uppboði má skipta í fleiri áfanga. Rafrænt uppboð skal ekki hefjast fyrr en tveimur virkum dögum eftir að tilkynning var send bjóðendum.

Þegar gera á samning á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs skal fylgja tilkynningu til bjóðanda mat á tilboði hans sem fram hefur farið í samræmi við 72. gr. Í tilkynningu skal einnig koma fram reiknilíkan sem nota á í rafrænu uppboði til að ákveða sjálfkrafa röð tilboða á grundvelli nýrra verða og/eða verðgilda sem boðin hafa verið. Reiknilíkan skal taka tillit til vægis allra forsendna sem skilgreina fjárhagslega hagkvæmasta tilboð eins og þessar forsendur hafa verið tilgreindar í útboðsauglýsingu eða útboðsgögnum. Hugsanleg vikmörk vægis við mat verðgildis sem fram hafa komið í útboðsauglýsingu eða útboðsgögnum skal skilgreina sem fast verðgildi. Ef frávikstilboð eru heimil skal setja fram sérstakt reiknilíkan fyrir hvert leyfilegt frávik.

Í hverjum áfanga rafræns uppboðs skal kaupandi láta bjóðendum í té nægilegar upplýsingar svo að þeir geti metið niðurröðun tilboðs síns á hvaða tímamarki sem er. Kaupendur geta einnig upplýst bjóðendur um önnur atriði sem varða verð eða verðgildi sem sett hafa verið fram, enda hafi þetta komið fram í útboðsskilmálum. Kaupendur geta einnig upplýst um fjölda bjóðenda í viðkomandi áfanga uppboðs. Kaupanda er þó ekki undir neinum kringumstæðum heimilt að upplýsa um nafn bjóðenda á hvaða stigi uppboðs sem er.

Kaupandi skal ljúka rafrænu uppboði á einn eða fleiri eftirfarandi hátta:

a. Með því að tilgreina fyrir fram ákveðinn dag og tíma um lok uppboðs í tilkynningu þar sem bjóðanda var gefinn kostur á að taka þátt í uppboði,
b. Þegar ekki berast fleiri verð eða verðgildi sem fullnægja kröfum um lágmarksbreytingar. Við þessar aðstæður skal taka fram í tilkynningu, þar sem bjóðanda var gefinn kostur á að taka þátt í uppboði, þann frest sem látinn verður líða frá því að síðasta tilboð barst þar til uppboði er lokið.
c. Þegar þeim áföngum uppboðs sem kveðið var á um í tilkynningu, þar sem bjóðanda var gefinn kostur á að taka þátt í uppboði, hefur verið lokið.

Þegar kaupandi ákveður að ljúka uppboði í samræmi við c-lið, eftir atvikum einnig með vísan til þeirrar aðferðar sem um getur í b-lið, skal tímaáætlun fyrir hvern áfanga uppboðs koma fram í tilkynningu þar sem bjóðanda var gefinn kostur á að taka þátt í uppboði.

Þegar rafrænu uppboði hefur verið lokið skal kaupandi velja hagkvæmasta tilboð sem fram hefur komið við uppboðið í samræmi við 72. gr. Kaupanda er óheimilt að misnota rafrænt uppboð eða beita því í því skyni að koma í veg fyrir, hindra eða hafa áhrif á samkeppni eða til þess að breyta andlagi samnings eins og það var kynnt bjóðendum í útboðsauglýsingu og skilgreint í útboðsskilmálum.

## IX. KAFLI
## **Val tilboðs.**

### 71. gr.
*Þau tilboð sem koma til greina.*

Við ákvörðun kaupanda um gerð samnings skal eingöngu litið til gildra tilboða, þar á meðal gildra frávikstilboða, frá fyrirtækjum, sem ekki hefur verið vísað frá skv. 47. og 48. gr., sem fullnægja kröfum um fjárhagslega stöðu og faglega og tæknilega getu og önnur atriði, sbr. 49.–54. gr., og valin hafa verið til að gera tilboð í samræmi við reglur 56. gr. ef um forval hefur verið að ræða.

### 72. gr.
*Mat á hagkvæmasta boði.*

Við val á tilboði skal gengið út frá fjárhagslega hagkvæmasta boði. Hagkvæmasta tilboð er það boð sem er lægst að fjárhæð eða það boð sem fullnægir þörfum kaupanda best samkvæmt þeim forsendum sem settar hafa verið fram í útboðsgögnum, sbr. 45. gr.

Óheimilt er að meta tilboð á grundvelli annarra forsendna en fram koma í útboðsgögnum, sbr. 45. gr.

Heimilt er að velja fleiri en eitt tilboð sé kaupum skipt í fleiri sjálfstæða hluta í útboðsgögnum.

### 73. gr.
*Óeðlilega lág tilboð.*

Þegar tilboð virðist óeðlilega lágt með hliðsjón af vöru, verki eða þjónustu sem kaupa á skal kaupandi óska skriflega eftir nánari upplýsingum um grundvöll tilboðs sem hann telur skipta máli. Þessar upplýsingar geta einkum varðað eftirfarandi:

a. Fjárhagslegar forsendur mannvirkjagerðar, vöruframleiðslu eða þjónustu.
b. Tæknilegar lausnir sem valdar hafa verið og/eða hvers konar óvenjulega hagstæðar aðstæður bjóðanda við framkvæmd verks, sölu vöru eða veitingu þjónustu.
c. Frumleika lausna bjóðanda við framkvæmd verks, sölu vöru eða veitingu þjónustu.
d. Samræmi við reglur um réttindi launþega og vinnuvernd á þeim stað þar sem framkvæmd verks, sala vöru eða veiting þjónustu fer fram.
e. Möguleika bjóðanda á því að öðlast ríkisstyrki.

Kaupandi skal ganga úr skugga um forsendur tilboðs á grundvelli þeirra gagna sem bjóðandi hefur lagt fram eftir að hafa ráðfært sig við bjóðanda.

Þegar kaupandi kemst að þeirri niðurstöðu að tilboð sé óeðlilega lágt vegna þess að bjóðandi njóti ríkisstyrkja verður boði hans því aðeins hafnað að bjóðanda hafi ekki tekist, innan hæfilegs frests sem ákveðinn var eftir að bjóðanda var gefinn kostur á að tjá sig, að sýna fram

á að ríkisstyrkur hafi verið löglega veittur. Ef tilboði er hafnað af þessum ástæðum skal kaupandi tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um ákvörðun sína.

Kaupanda er skylt að rökstyðja ákvörðun um að hafna tilboði á þeim grundvelli að það sé óeðlilega lágt. Upplýsingar sem kaupandi fær samkvæmt þessari grein skal fara með sem trúnaðarmál.

74. gr.

*Höfnun tilboðs.*

Kaupandi telst hafa hafnað tilboði ef hann er búinn að semja við annan aðila, gildistími tilboðs er liðinn án þess að óskað hafi verið eftir framlengingu tilboðs eða öllum tilboðum hefur verið hafnað formlega.

Kaupanda er óheimilt að nýta hugmyndir eða tilboð bjóðanda á nokkurn hátt eftir að því hefur verið hafnað.

75. gr.

*Tilkynning og rökstuðningur höfnunar tilboðs og annarra ákvarðana.*

Kaupandi skal tilkynna þátttakendum eða bjóðendum um ákvarðanir um gerð rammasamnings, val tilboðs eða aðgang að gagnvirku innkaupakerfi, eins fljótt og mögulegt er. Í tilkynningu skal koma fram, eftir því sem við á, rökstuðningur fyrir ákvörðun um að gera ekki rammasamning, taka engu tilboði þrátt fyrir útboð eða hefja að nýju útboð eða stofna til gagnvirks innkaupakerfis. Þennan rökstuðning skal kaupandi veita skriflega ef þess er óskað.

Eftir beiðni skal kaupandi, eins fljótt og mögulegt er, veita rökstuðning fyrir ákvörðun sinni sem hér segir:

a. Upplýsa ber þátttakanda, sem ekki hefur verið valinn til að gera tilboð, um ástæður þess að umsókn hans var hafnað.
b. Upplýsa ber bjóðanda um ástæður þess að tilboði hans var hafnað. Ef tilboði hefur verið hafnað með vísan til þess að tilboð var í ósamræmi við tækniforskriftir, sbr. 4. og 5. mgr. 40. gr., skal rökstyðja hvers vegna tilboð telst ekki fullnægja kröfum tækniforskrifta eða hvers vegna það er ófullnægjandi með tilliti til krafna um virkni og hagnýtingu.
c. Upplýsa skal bjóðanda, sem lagt hefur fram gilt tilboð, um eiginleika og kosti þess tilboðs sem kaupandi valdi og nafn bjóðanda sem var valinn eða rammasamningshafa.

Beiðni um rökstuðning skv. 2. mgr. skal bera fram innan 14 daga frá því að bjóðanda var tilkynnt ákvörðun og skal rökstuðningur liggja fyrir eigi síðar en fimmtán dögum eftir að beiðni um það barst kaupanda eða umsjónarmanni útboðs. Í rökstuðningi skal þó ekki upplýsa um atriði sem vísað er til í 1. mgr. varðandi val tilboðs, gerð rammasamnings eða aðgengi að gagnvirku innkaupakerfi ef upplýsingagjöf gæti torveldað löggæslu. Sama á við ef upplýsingagjöf gengur að öðru leyti gegn almannahagsmunum eða mundi skaða lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, einkarekinna eða opinberra, eða samkeppni milli þeirra.

76. gr.

*Samþykki tilboðs.*

Þegar um er að ræða innkaupaferli sem lýkur með vali kaupanda á tilboði skulu líða a.m.k. tíu dagar frá því að ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt þar til tilboð er endanlega samþykkt.

Stytta má þennan frest við hraðútboð skv. 60. gr. og falla frá honum ef mjög brýnt er að gera samning þegar í stað.

Tilboð skal samþykkja endanlega með skriflegum hætti innan gildistíma þess og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

Heimilt er að gera sérstakan samning um kaup á vöru, þjónustu eða verki á grundvelli útboðsins eftir að tilboð hefur verið samþykkt, en ekki skal þá breyta grundvallarþáttum tilboðs þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða.

Þegar kominn er á samningur skv. 1. mgr. skal það tilkynnt öllum bjóðendum án tafar.

77. gr.

*Gerviverktaka.*

Verktaka og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar sem um ráðningarsamband er að ræða eða það á við samkvæmt venju og eðli máls.

## 3. ÞÁTTUR
## Opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

### X. KAFLI
### Gildissvið þessa þáttar, heimild til setningar stjórnvaldsfyrirmæla o.fl.

78. gr.

*Viðmiðunarfjárhæðir fyrir opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.*

Ákvæði þessa þáttar og stjórnvaldsfyrirmæli sem sett hafa verið með heimild í ákvæðum hans gilda um opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum sem ráðherra skal birta í íslenskum krónum í reglugerð í samræmi við 7., 8. og 9. gr. tilskipunarinnar. Einnig skal í reglugerð birta þær viðmiðunarfjárhæðir sem um ræðir í 1. mgr. 35. gr. tilskipunarinnar svo og viðmiðunarfjárhæðir vegna gerðar sérleyfissamninga um verk, sbr. 56. og 63. gr. tilskipunarinnar, og viðmiðunarfjárhæðir vegna hönnunarsamkeppni, sbr. 67. gr. tilskipunarinnar. Við ákvörðun viðmiðunarfjárhæða skal taka tillit til breytinga sem kunna að hafa verið gerðar skv. 78. gr. tilskipunarinnar, enda hafi hlutaðeigandi gerðir verið teknar upp í EES-samninginn. Endurskoða skal viðmiðunarfjárhæðir á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn 31. janúar 2008.

Ráðherra setur með reglugerð reglur um útboðsauglýsingar og aðrar tilkynningar vegna innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu til samræmis við þær gerðir sem vísað er til í XVI. viðauka við EES-samninginn. Ráðherra er einnig heimilt með reglugerð að setja nánari reglur um opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 1. mgr., enda samræmist þær ákvæðum tilskipunarinnar og öðrum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum.

79. gr.

*Framkvæmd opinberra innkaupa yfir viðmiðunarfjárhæðum EES.*

Við framkvæmd opinberra innkaupa yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 78. gr. skal fylgja ákvæðum 35.–43. gr. tilskipunarinnar og þeim reglum sem þar er vísað til, eftir atvikum eins og þeim kann að hafa verið breytt skv. 79. gr. tilskipunarinnar. Að öðru leyti skal farið að reglum 2. þáttar laganna með eftirtöldum frávikum:

a. Ef nýta á heimild 2. mgr. 27. gr. til að gera samninga fyrir hluta af innkaupum án útboðs fyrir allt að 20% af samanlagðri heildarfjárhæð samnings skal verðgildi hlutans ekki vera hærra en jafngildi 80.000 evra að því er varðar vöru- og þjónustusamninga og 1 milljónar evra að því er varðar verksamninga.

b. Þegar um er að ræða innkaup á þjónustu skv. II. viðauka B tilskipunarinnar, sbr. 21. og 22. gr. tilskipunarinnar, skal senda skýrslu um gerð samnings samkvæmt nánari ákvæðum 4. mgr. 35. gr. tilskipunarinnar.
c. Skilyrði þess að samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar fari fram, sbr. a-lið 1. mgr. 33. gr., er að tilkynning um notkun þessarar heimildar sé send Eftirlitsstofnun EFTA ef þess er óskað.
d. Ef nýta á heimild 36. gr. vegna samninga um hönnun og byggingu húsnæðis á vegum hins opinbera skal fylgja ákvæðum 35., 36., 38., 39., 41., 42. og 43. gr. tilskipunarinnar.
e. Ef skilyrðum er fullnægt til að stytta fresti skv. 8. mgr. 38. gr. tilskipunarinnar er heimilt að stytta frest skv. 1. mgr. 76. gr. eða falla alfarið frá honum þegar mjög brýnt er að gera samning þegar í stað.

Þegar um er að ræða samninga sem ekki falla undir 1. mgr. er kaupanda allt að einu heimilt að láta birta útboðsauglýsingu.

## XI. KAFLI
## Reglur um gerð sérleyfissamninga um verk og hönnunarsamkeppni.

### 80. gr.
*Sérleyfissamningar um verk yfir viðmiðunarfjárhæðum EES.*

Við gerð sérleyfissamninga um verk að áætluðu verðgildi sem er jafnt eða yfir viðmiðunarfjárhæð vegna slíkra samninga, sbr. reglugerð um viðmiðunarfjárhæðir sem sett er skv. 78. gr., skal fylgja ákvæðum 56.–65. gr. tilskipunarinnar.

### 81. gr.
*Hönnunarsamkeppni yfir viðmiðunarfjárhæðum EES.*

Við framkvæmd hönnunarsamkeppni sem varðar verðgildi sem er jafnt eða yfir viðmiðunarfjárhæð vegna slíkrar samkeppni, sbr. reglugerð um viðmiðunarfjárhæðir sem sett er skv. 78. gr., skal fylgja ákvæðum 66.–74. gr. tilskipunarinnar.

## XII. KAFLI
## Skýrslur, Eftirlitsstofnun EFTA o.fl.

### 82. gr.
*Skýrslur um opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum EES.*

Fjármálaráðuneytið skal útbúa skýrslu í samræmi við 75. og 76. gr. tilskipunarinnar og senda hana Eftirlitsstofnun EFTA. Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um hvaða aðilar skuli senda fjármálaráðuneytinu skýrslur um innkaup sín og hvaða upplýsingar skuli koma fram í skýrslunum.

### 83. gr.
*Rannsókn Eftirlitsstofnunar EFTA.*

Telji Eftirlitsstofnun EFTA að um augljóst brot á reglum Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup sé að ræða getur hún hafið rannsókn á ætluðu broti. Innan 30 daga frá tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um ástæður fyrir því áliti að augljóst brot hafi átt sér stað skal kaupandi senda Eftirlitsstofnuninni staðfestingu á því að bætt hafi verið úr brotinu, greinargerð um ástæður þess að engar úrbætur hafi verið gerðar eða tilkynningu um að innkaupaferli og gerð samnings hafi verið stöðvuð um stundarsakir. Fjármálaráðherra getur stöðvað um stundarsakir útboð eða gerð samnings í tilefni af tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt þessari grein.

Þegar kaupandi hefur tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA um að innkaupaferli hafi verið stöðvað um stundarsakir skal kaupandi tilkynna stofnuninni um það þegar stöðvun er aflétt eða innkaupaferli vegna sömu innkaupa, að hluta eða í heild, er hafið á ný. Í þessari tilkynningu skal greint frá því að úrbætur hafi verið gerðar eða færðar fram ástæður fyrir því hvers vegna það hefur ekki verið gert.

## 4. ÞÁTTUR
## Stjórnsýsla, meðferð kærumála, o.fl.
## XIII. KAFLI
## Yfirstjórn opinberra innkaupa og starfsemi innkaupastofnunar.

### 84. gr.
*Yfirstjórn opinberra innkaupa.*

Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðherra sem fer með framkvæmd laga þessara.

### 85. gr.
*Ríkiskaup.*

Á vegum ríkisins skal rekin miðlæg innkaupastofnun, Ríkiskaup. Stofnunin annast innkaup fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum til þarfa ríkisins. Einnig skal stofnunin láta í té aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur. Komi upp ágreiningur um ákvörðun við val á tilboðum milli Ríkiskaupa sem umsjónaraðila útboðs og kaupanda er heimilt að vísa ágreiningnum til fjármálaráðuneytisins.

Ríkiskaup ráðstafa eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Ríkiskaup gera rammasamninga fyrir hönd ríkisins og annast útboð og önnur innkaupaferli sem fram fara á vegum ríkisstofnana vegna innkaupa, hvort heldur er yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 20. eða 78. gr. Fjármálaráðherra getur þó heimilað einstökum ríkisstofnunum að annast eigin innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum.

### 86. gr.
*Lögmæti innkaupa og ábyrgð á innkaupum sem fram fara á vegum Ríkiskaupa.*

Kaupandi sem aflað hefur verks, vöru eða þjónustu í gegnum Ríkiskaup telst hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem Ríkiskaup hafa gert það.

Áður en innkaupaferli hefst á vegum Ríkiskaupa er stofnuninni heimilt að krefjast þess að fyrir liggi samningur þar sem m.a. er kveðið á um ákvörðunartöku og skaðabótaábyrgð vegna innkaupaferlis.

### 87. gr.
*Markmið í rekstri Ríkiskaupa.*

Ríkiskaup skulu leitast við að tryggja hagkvæmni við innkaup ríkisins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. þróa hágæða þjónustustofnun á sviði opinberra innkaupa með starfsfólki sem býr yfir þekkingu og reynslu á sviði innkaupa fyrir ríkisstofnanir,
b. þróa verklag við útboð og innkaup sem tryggir jafnræði bjóðenda og virka samkeppni,
c. auka framleiðni og einföldun í opinberum innkaupum með nútímalegu innkaupakerfi, útboðum og samræmdum innkaupum,
d. auðvelda viðskiptatengsl milli birgja og ríkisstofnana,

e. miðla þekkingu og reynslu til ríkisstofnana til að fullnægja sem best viðskiptalegum þörfum ríkisins.

88. gr.

*Forstjóri Ríkiskaupa.*

Fjármálaráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri annast daglegan rekstur Ríkiskaupa, ber ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar og reikningshaldi. Forstjóri gerir fjárhagsáætlun stofnunarinnar og mótar stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar. Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar.

89. gr.

*Gjaldskrá Ríkiskaupa.*

Ríkiskaup selur ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur, að fengnum tillögum forstjóra Ríkiskaupa. Gjaldskráin skal miðast við að tekjur standi undir rekstri stofnunarinnar.

90. gr.

*Ábyrgðarmaður innkaupa.*

Ráðuneyti og stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins skulu skipa sérstakan starfsmann sem skal vera ábyrgðarmaður innkaupa. Honum ber að fylgjast með að innkaup viðkomandi ráðuneytis, stofnunar eða fyrirtækis séu í samræmi við gildandi lög og reglur um opinber innkaup og innkaupastefnu ríkisins. Ábyrgðarmaður innkaupa heyrir beint undir forstöðumann.

## XIV. KAFLI
## **Kærunefnd útboðsmála.**

91. gr.

*Hlutverk og skipan kærunefndar útboðsmála.*

Í kærunefnd útboðsmála eiga sæti þrír menn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum laga til að gegna embætti héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn skulu hafa alhliða reynslu og þekkingu á viðskiptum. Nefndarmenn skulu vera óháðir hagsmunum ríkis eða annarra opinberra aðila. Við skipan nefndarinnar skal ráðherra hafa samráð við helstu samtök sem hafa hagsmuna að gæta við framkvæmd laganna.

Hlutverk kærunefndar útboðsmála er að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærum fyrirtækja vegna ætlaðra brota á lögum þessum, þar á meðal þeim ákvæðum tilskipunarinnar sem vísað er til í lögunum, og reglum settum samkvæmt þeim.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Úrskurðum hennar og ákvörðunum samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Að beiðni fjármálaráðuneytis eða tiltekins kaupanda er kærunefnd útboðsmála heimilt að gefa ráðgefandi álit á tilteknum innkaupum þótt engin kæra hafi borist.

92. gr.

*Sérfræðileg ráðgjöf.*

Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með kærunefndinni eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns sem ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

93. gr.

*Málskotsréttur.*

Heimild til að skjóta málum til nefndarinnar hafa þau fyrirtæki sem njóta réttinda samkvæmt lögum þessum og hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls.

Heimilt er kæranda að framselja kæruheimild sína til félags eða samtaka sem gæta hagsmuna hans.

94. gr.

*Kærufrestur.*

Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan fjögurra vikna frá því að kærandi vissi eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Alltaf er þó heimilt að bera kæru undir kærunefnd útboðsmála innan 15 daga frá því að rökstuðningur skv. 75. gr. er veittur. Fyrir hverja kæru skal kærandi greiða kærugjald að fjárhæð 50.000 kr.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar skv. 96. og 97. gr.

Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. skal kærunefndin beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal kærunefndin vísa kærunni frá.

Kærunefnd er jafnan heimilt að beina því til kæranda að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja honum ákveðinn frest í því skyni.

95. gr.

*Meðferð kæru og gagnaöflun.*

Nú er kæra tæk til efnismeðferðar skv. 94. gr. og gefur nefndin þá varnaraðila kost á að tjá sig um efni kærunnar. Ef Ríkiskaup eða önnur miðlæg innkaupastofnun í skilningi laga þessara hefur annast innkaup telst sú stofnun varnaraðili við meðferð máls fyrir nefndinni.

Nú hefur annað fyrirtæki, svo sem annar bjóðandi í útboði eða þátttakandi í forvali vegna lokaðs útboðs, samkeppnisviðræðum eða samningskaupum, beinna og verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu máls hjá nefndinni og skal þá einnig gefa þessum aðila kost á að tjá sig um efni kærunnar.

Kæranda skal jafnan gefinn stuttur frestur til að tjá sig um athugasemdir varnaraðila og annarra sem gefinn hefur verið kostur á að tjá sig.

Málflutningur skal vera skriflegur, en heimilt er nefndinni að gefa aðilum kost á að færa fram athugasemdir munnlega.

Nefndin getur krafist þess að málsaðilar leggi fram öll þau gögn og aðrar upplýsingar sem málið varðar. Sinni kærandi ekki slíkri kröfu er heimilt að vísa kæru hans frá þegar í stað. Sinni varnaraðili ekki slíkri kröfu má meta tómlæti hans honum í óhag við úrlausn málsins.

Afl atkvæða nefndarmanna ræður niðurstöðu máls. Minnihlutaatkvæði skal fylgja nefndaráliti ef því er að skipta. Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni, eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni, ræður atkvæði formanns.

Kærunefnd skal kveða upp úrskurð um kæru eins fljótt og auðið er og eigi síðar en einum mánuði eftir að henni hafa borist athugasemdir kæranda skv. 3. mgr. ef því er að skipta.

Um meðferð kærumála fyrir nefndinni fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

96. gr.

*Stöðvun innkaupaferlis eða samningsgerðar um stundarsakir.*

Nú telur nefndin að verulegar líkur séu á því að brotið hafi verið gegn lögum þessum, þar á meðal þeim ákvæðum tilskipunarinnar sem vísað er til í lögunum, eða reglum settum samkvæmt þeim við tiltekin innkaup, og getur hún þá, eftir kröfu kæranda, stöðvað innkaupaferli eða gerð samnings þar til endanlega hefur verið skorið úr kæru.

Varnaraðila skal að jafnaði gefinn skammur frestur til að tjá sig um hugsanlega stöðvun innkaupaferlis eða stöðvun samningsgerðar um stundarsakir. Víkja má frá þessu ef um er að ræða skýrt og augljóst brot.

Aðili máls getur krafist þess að nefndin rökstyðji ákvörðun samkvæmt þessari grein skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

97. gr.

*Úrræði kærunefndar útboðsmála.*

Nefndin getur með úrskurði fellt úr gildi ákvörðun kaupanda vegna opinberra innkaupa að hluta eða í heild, sbr. þó 100. gr. Nefndin getur lagt fyrir kaupanda að bjóða út tiltekin innkaup, auglýsa útboð á nýjan leik eða að fella niður tiltekna ólögmæta skilmála í útboðsgögnum.

Nefndin getur látið uppi álit sitt á skaðabótaskyldu varnaraðila gagnvart kæranda, en tjáir sig ekki um fjárhæð skaðabóta.

Nefndin getur ákveðið að varnaraðili greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi. Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus eða höfð uppi í þeim tilgangi að tefja fyrir framgangi opinberra innkaupa getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða málskostnað sem rennur í ríkissjóð.

Ef ekki er farið að úrskurði nefndarinnar skv. 1. mgr. er henni heimilt að ákveða að leggja dagsektir á þann sem úrskurður beinist að. Sektir geta numið allt að 500.000 kr. fyrir hvern dag sem líður án þess að farið sé að úrskurði nefndarinnar. Ef úrskurði er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur.

Dagsektir skv. 4. mgr. renna í ríkissjóð. Gera má aðför, án undangengins dóms, til fullnustu dagsekta og úrskurðar um málskostnað skv. 3. mgr.

98. gr.

*Dómsmál til ógildingar á úrskurðum kærunefndar útboðsmála.*

Nú vill kærandi, varnaraðili eða annar aðili sem lögvarinna hagsmuna á að gæta ekki una úrskurði kærunefndar útboðsmála og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðilinn fékk eða mátti fá vitneskju um ákvörðun kærunefndar.

Ef mál er höfðað til ógildingar á úrskurði kærunefnd útboðsmála skal kærunefndinni ekki stefnt til varnar. Að öðru leyti fer um varnaraðild að slíkum málum samkvæmt almennum reglum.

99. gr.

*Starfsreglur fyrir kærunefnd útboðsmála o.fl.*

Kærunefnd útboðsmála getur sett nánari reglur, sem ráðherra staðfestir, um framlagningu gagna, málsmeðferð fyrir nefndinni og birtingu úrskurða.

## XV. KAFLI
## Gildi samninga og skaðabætur.

100. gr.

*Ógilding samninga.*

Eftir að bindandi samningur skv. 76. gr. er kominn á verður hann ekki felldur úr gildi eða honum breytt þótt ákvörðun kaupanda um framkvæmd útboðs eða gerð samnings hafi verið ólögmæt.

Nú gerir kaupandi samning þótt innkaupaferli, útboð eða samningsgerð hafi verið stöðvuð skv. 96. gr. og er þá allt að einu heimilt að ógilda samninginn og beita þeim úrræðum sem greinir í 97. gr.

Um gildi samninga, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum, fer að öðru leyti eftir almennum reglum fjármunaréttar.

101. gr.

*Skaðabótaskylda.*

Kaupandi er skaðabótaskyldur vegna þess tjóns sem brot á lögum þessum, þar á meðal þeim ákvæðum tilskipunarinnar sem vísað er til í lögunum, og reglum settum samkvæmt þeim hefur í för með sér fyrir fyrirtæki. Fyrirtæki þarf einungis að sanna að það hafi átt raunhæfa möguleika á að verða valið af kaupanda og möguleikar þess hafi skerst við brotið. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og taka þátt í útboði.

Um skaðabætur vegna brota á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim fer að öðru leyti eftir almennum reglum.

## XVI. KAFLI
## Lagaskil, gildistaka, brottfall laga o.fl.

102. gr.

*Innleiðing tilskipunarinnar.*

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 sem birt var 7. september 2006 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44/2006.

103. gr.

*Afstaða stjórnsýslulaga til opinberra innkaupa.*

Ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um hæfi gilda um ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt lögum þessum. Að öðru leyti gilda stjórnsýslulög ekki um ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt lögum þessum.

104. gr.

*Almenn heimild til setningar stjórnvaldsfyrirmæla.*

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

105. gr.

*Lagaskil vegna opinberra innkaupa.*

Um innkaup sem hafa verið auglýst fyrir gildistöku laga þessara fer samkvæmt lögum nr. 94/2001, um opinber innkaup. Miða skal við opinbera birtingu útboðsauglýsingar eða áætlaða móttöku þátttakenda á tilkynningu ef um er að ræða innkaupaferli þar sem útboðsauglýsingar eru ekki birtar opinberlega.

106. gr.

*Lagaskil vegna starfsemi kærunefndar útboðsmála.*

Lög þessi gilda um meðferð kærunefndar útboðsmála á kærum sem berast nefndinni eftir gildistöku laga þessara.

Skipanir núverandi nefndarmanna í kærunefnd útboðsmála skulu haldast þrátt fyrir gildistöku laga þessara. Starfsreglur kærunefndar útboðsmála skulu einnig halda gildi sínu þar til nýjar starfsreglur kærunefndarinnar hafa tekið gildi.

107. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi lög nr. 94/2001, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

## Fylgiskjal.

### TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/18/EB

**frá 31. mars 2004**

**um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 47. gr. (2. mgr.), 55. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]) á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 9. desember 2003,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í tengslum við nýjar breytingar sem gera þarf á tilskipunum ráðsins 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð

([1]) Stjtíð. EB C 29 E, 30.1.2001, bls. 11 og Stjtíð. EB C 203 E, 27.8.2002, bls. 210.
([2]) Stjtíð. EB C 193, 10.7.2001, bls. 7.
([3]) Stjtíð. EB C 144, 16.5.2001, bls. 23.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 17. janúar 2002 (Stjtíð. EB C 271 E, 7.11.2002, bls. 176), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20 mars 2003 (Stjtíð. ESB C 147 E, 24.6.2003, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 2. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 29. janúar 2004 og ákvörðun ráðsins frá 2. febrúar 2004.

opinberra samninga um kaup á þjónustu ([5]), 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup ([6]) og 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga ([7]), en þessar breytingar eru nauðsynlegar til að mæta kröfum þeim um einföldun og nútímavæðingu sem bæði samningsyfirvöld og rekstraraðilar settu fram í andsvörum sínum við grænbókinni sem framkvæmdastjórnin samþykkti 27. nóvember 1996, skal, til glöggvunar, endursemja tilskipanirnar og steypa þeim saman í einn texta. Þessi tilskipun er byggð á dómaframkvæmd dómstólsins, einkum að því er varðar forsendur fyrir vali tilboðs, sem skýrir möguleika samningsyfirvalda á því að uppfylla þarfir almennings sem málið varðar, t.d. á sviði umhverfis- og/eða félagsmála, að því tilskildu að slíkar forsendur tengist efni samningsins, veiti samningsyfirvaldi ekki ótakmarkað valfrelsi, séu skýrt orðaðar og í samræmi við grundvallarreglurnar sem nefndar eru í 2. forsendu.

2) Samningar, sem eru gerðir í aðildarríkjunum fyrir hönd ríkisins eða svæðis- eða staðaryfirvalda og annarra aðila sem lúta stjórn opinberra lögaðila, falla undir meginreglur sáttmálans, einkum meginregluna um frjálsa vöruflutninga, meginregluna um staðfesturétt og meginregluna um frelsi til að veita þjónustu og reglur sem af þeim leiða, t.d. meginreglurnar um jafna meðferð, bann við mismunun, gagnkvæma viðurkenningu, meðalhófsregluna og meginregluna um gagnsæi. Sé um að ræða opinbera samninga sem fara yfir tiltekið verðmæti er þó rétt að setja ákvæði, sem eru byggð á þessum meginreglum, um að samræma, á vettvangi Bandalagsins, reglur um útboð og gerð samninga í einstökum ríkjum í Bandalaginu til að tryggja áhrif meginreglnanna og sjá til þess að opnað sé fyrir samkeppni í opinberum innkaupum. Þessi samræmingarákvæði ber því að túlka bæði samkvæmt fyrrgreindum meginreglum og öðrum reglum sáttmálans.

3) Slík samræmingarákvæði skal laga, eftir því sem unnt er, að núgildandi reglum og starfsvenjum í hverju einstöku aðildarríki.

4) Ef aðili, sem heyrir undir opinberan rétt, tekur þátt í útboðsferli opinbers samnings sem bjóðandi skulu aðildarríkin tryggja að það valdi engri röskun á samkeppni gagnvart einkaaðilum sem eru jafnframt bjóðendur.

5) Samkvæmt 6. gr. sáttmálans ber að fella kröfur um umhverfisvernd inn í skilgreiningu og framkvæmd á stefnu Bandalagsins og starfsemi, sem um getur í 3. gr. sáttmálans, einkum með það fyrir augum að efla sjálfbæra þróun. Í þessari tilskipun er því skýrt hvernig samningsyfirvöld geta stuðlað að vernd umhverfisins og sjálfbærri þróun og jafnframt tryggt að besta hlutfall milli gæða og verðs náist í samningum.

6) Ekkert í þessari tilskipun á að koma í veg fyrir að gerðar verði ráðstafanir eða framfylgt verði ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda allsherjarreglu, almennt siðgæði, almannaöryggi, heilbrigði, líf manna og dýra eða varðveita plöntur, einkum með tilliti til sjálfbærrar þróunar, að því tilskildu að þessar ráðstafanir samrýmist sáttmálanum.

7) Með ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) ([8]) var einkum samþykktur samningurinn um opinber innkaup, sem gerður var innan vébanda Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, hér á eftir nefndur „samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar“, en hann er gerður í þeim tilgangi að setja marghliða ramma um jafnvæg réttindi og skyldur í tengslum við opinbera samninga með það fyrir augum að auka frelsi í alþjóðaviðskiptum og efla þau.

Í ljósi alþjóðlegra réttinda og skuldbindinga Bandalagsins, sem leiðir af samþykkt samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, gildir það fyrirkomulag sem þar er skilgreint um bjóðendur og vörur frá þriðju löndum sem hafa undirritað þann samning. Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur ekki bein áhrif. Samningsyfirvöld, sem eru bundin af samningi

([5]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB (Stjtíð. EB L 285, 29.10.2001, bls. 1).

([6]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB.

([7]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 54. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB.

([8]) Stjtíð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 1.

Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem fara að þessari tilskipun og beita ákvæðum hennar gagnvart rekstraraðilum í þriðju löndum sem hafa undirritað samninginn, skulu því uppfylla ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Einnig er rétt að þessi samræmingarákvæði tryggi rekstraraðilum í Bandalaginu þátttökuskilyrði í opinberum innkaupum sem eru allt eins hagstæð og þau skilyrði sem bjóðast rekstraraðilum í þriðju löndum sem hafa undirritað samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

8) Áður en útboðsferli samnings hefst geta samningsyfirvöld, með tæknilegum skoðanaskiptum, leitað ráða eða þegið ráð sem geta komið að gagni við gerð útboðsskilmála en þó því aðeins að slík ráðgjöf verði ekki til þess að hindra samkeppni.

9) Í ljósi þess hve opinberir verksamningar eru fjölbreytilegir skulu samningsyfirvöld geta valið um hvort þau gera samning um hönnun og framkvæmd verks aðgreint eða sameiginlega. Þessari tilskipun er ekki ætlað að segja fyrir um hvort gera skuli samning sameiginlega eða aðgreint. Ákvörðun um hvort samningur skuli gerður aðgreint eða sameiginlega skal tekin með tilliti til gæðaviðmiðana og hagrænna viðmiðana sem kunna að vera ákveðnar í landslögum.

10) Samningur skal því aðeins teljast opinber verksamningur að efni hans varði sérstaklega framkvæmd þeirra verka sem tilgreind eru í I. viðauka, jafnvel þótt samningurinn taki til annarrar þjónustu sem er nauðsynleg til að unnt sé að vinna þessi verk. Opinberir þjónustusamningar geta við ákveðnar aðstæður náð yfir verk, einkum þegar um er að ræða rekstur fasteigna. Ef slík verk tengjast meginefni samningsins, og eru því hugsanlega afleiðing af eða viðbót við hann, telst það þó ekki gild ástæða fyrir því að flokka samninginn sem opinberan verksamning að hann taki til slíkra verka.

11) Setja skal fram skilgreiningu Bandalagsins á rammasamningum ásamt sérstökum reglum um rammasamninga sem eru gerðir í tengslum við samninga sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar. Þegar samningsyfirvald gerir rammasamning í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar auglýsingar, tímafresti og skilyrði fyrir framlagningu tilboða, getur það, samkvæmt þessum reglum, gengið til samninga á grundvelli og innan gildistíma slíks rammasamnings, annaðhvort með því að nota skilmála rammasamningsins eða, ef ekki hafa allir skilmálar verið ákveðnir fyrir fram í rammasamningnum, með því að bjóða aðilum að rammasamningnum að leggja á ný fram tilboð varðandi þá skilmála sem ekki voru ákveðnir áður. Ef óskað er eftir nýjum tilboðum skal fara að ákveðnum reglum sem hafa þann tilgang að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og að almennar meginreglur séu virtar, einkum meginreglan um jafna meðferð. Af sömu ástæðu gilda skilmálar rammasamningsins ekki lengur en í fjögur ár nema í tilvikum sem samningsyfirvöld geta fært gild rök fyrir.

12) Stöðugt er unnið að því að þróa nýja rafræna innkaupatækni. Slík tækni stuðlar að aukinni samkeppni og hagræðingu í opinberum innkaupum, einkum vegna þess að notkun hennar sparar bæði tíma og fjármuni. Samningsyfirvöld geta nýtt sér rafræna innkaupatækni, að því tilskildu að slík not samrýmist reglunum sem settar eru með þessari tilskipun og meginreglunum um jafna meðferð, bann við mismunun og gagnsæi. Í því samhengi getur tilboð, sem bjóðandi leggur fram, einkum þegar óskað er eftir nýjum tilboðum í tengslum við rammasamning eða virkt innkaupakerfi, verið í formi rafræns vörulista bjóðanda ef bjóðandinn nýtir sér þær samskiptaaðferðir sem samningsyfirvald hefur valið í samræmi við 42. gr.

13) Í ljósi hinnar öru útbreiðslu rafrænna innkaupakerfa ber að setja viðeigandi reglur nú þegar til að gera samningsyfirvöldum kleift að nýta til fulls þá möguleika sem slík kerfi bjóða upp á. Með þetta í huga er nauðsynlegt að skilgreina fyllilega rafrænt, virkt innkaupakerfi fyrir algeng innkaup og mæla fyrir um sérstakar reglur um uppsetningu og rekstur slíks kerfis til að tryggja réttláta meðferð allra rekstraraðila sem vilja taka þátt. Sérhverjum rekstraraðila, sem leggur fram kynningarboð í samræmi við útboðsskilmála og uppfyllir forsendur fyrir vali, skal vera heimilt að nýta sér slíkt kerfi. Þessi innkaupatækni gerir samningsyfirvaldi kleift, með því að koma upp skrá yfir bjóðendur sem þegar hafa verið valdir og gefa nýjum bjóðendum kost á því að taka þátt, að velja úr sérlega breiðum hópi bjóðenda með notkun hins rafræna búnaðar og tryggja um leið hámarksnýtingu opinbers fjármagns með víðtækri samkeppni.

14) Þar sem líkur eru á því að notkun rafrænna uppboða fari vaxandi er rétt að setja fram skilgreiningu Bandalagsins á þeim þau og að um

þau gildi sérstakar reglur til að tryggja að þau fari fram í fullu samræmi við meginreglurnar um jafna meðferð, bann við mismunun og gagnsæi. Því er æskilegt að sett verði ákvæði um að slík rafræn uppboð verði aðeins notuð þegar um er að ræða verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga sem hægt er að ákvarða nákvæmar forskriftir fyrir. Þetta á einkum við um endurnýjaða vöru- verk- og þjónustusamninga. Af sömu ástæðu skal einnig vera hægt að ákveða viðeigandi flokkun bjóðenda á öllum stigum rafræns uppboðs. Þegar kostur gefst á því að nota rafræn uppboð gerir það samningsyfirvöldum kleift að hvetja bjóðendur til að bjóða nýtt og lægra verð og, þegar tilboð er valið á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs, að fara fram á úrbætur í öðrum þáttum tilboðsins en verðinu. Til að tryggja samræmi við meginregluna um gagnsæi má einungis taka með í rafrænt uppboð þá þætti sem hægt er að meta sjálfvirkt með rafrænum aðferðum án allra afskipta og/eða samþykkis samningsyfirvalds, þ.e. aðeins þá þætti sem setja má fram sem magn svo að unnt sé að tilgreina þá í tölum eða sem hlutfall. Hins vegar skal ekki taka með í rafrænum uppboðum þau svið tilboða sem varða þætti sem ekki er hægt að setja fram í tölum. Þar af leiðandi skal ekki halda rafræn uppboð þegar um er að ræða tiltekna verksamninga og þjónustusamninga sem fela í sér framkvæmd á sviði hugverka, s.s. hönnun verka.

15) Í aðildarríkjunum hafa þróast tilteknar, miðstýrðar innkaupaaðferðir. Ýmis samningsyfirvöld hafa það hlutverk að annast innkaup og gerð opinberra samninga eða rammasamninga fyrir önnur samningsyfirvöld. Vegna hins mikla innkaupamagns ættu þessar aðferðir að leiða til aukinnar samkeppni og hagræðingar í opinberum innkaupum. Þess vegna ber að ákveða skilgreiningu Bandalagsins á miðlægum innkaupastofnunum sem samningsyfirvöld nýta sér. Einnig ber að skilgreina hvaða skilyrði samningsyfirvöld, sem kaupa verk vörur og/eða þjónustu með milligöngu miðlægrar innkaupastofnunar, skulu uppfylla svo að þau teljist hafa farið að ákvæðum þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til meginreglnanna um bann við mismunun og jafna meðferð.

16) Svo að tekið sé tillit til mismunandi aðstæðna í aðildarríkjunum er aðildarríkjunum það í sjálfsvald sett hvort þau veita samningsyfirvöldum heimild til að nýta sér rammasamninga, miðlægar innkaupastofnanir, virk innkaupakerfi, rafræn uppboð eða samkeppnisviðræður eins og skilgreint er og kveðið á um í þessari tilskipun.

17) Því fleiri viðmiðunarfjárhæðir sem notaðar eru við beitingu samræmingarákvæðanna, því meiri vandkvæði hefur það í för með sér fyrir samningsyfirvöld. Með tilliti til myntbandalagsins skal enn fremur setja þessar viðmiðunarfjárhæðir fram í evrum. Í samræmi við það skal setja viðmiðunarfjárhæðir fram í evrum á þann hátt að það einfaldi beitingu slíkra ákvæða og tryggi um leið að farið sé að ákvæðum um viðmiðunarfjárhæðir sem mælt er fyrir um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og tilgreindar eru sem sérstök dráttarréttindi (SDR). Í þessu sambandi er einnig rétt að setja ákvæði um reglubundna endurskoðun á viðmiðunarfjárhæðum sem eru settar fram í evrum til að laga þær, eftir atvikum, að hugsanlegum breytingum á gengi evru gagnvart sérstökum dráttarréttindum.

18) Með tilliti til beitingar útboðsreglna þessarar tilskipunar og vegna eftirlits er best að skipta þjónustusviðinu í flokka sem svara til tiltekinnar flokkunar í sameiginlegu flokkunarkerfi og raða þeim í tvo viðauka, II. viðauka A og II. viðauka B, eftir því hvaða kerfi þeir falla undir. Að því er varðar þjónustu í II. viðauka B skulu ákvæði þessarar tilskipunar ekki hafa áhrif á beitingu Bandalagsreglna sem gilda sérstaklega um viðkomandi þjónustu.

19) Að því er varðar opinbera þjónustusamninga skal full beiting þessarar tilskipunar takmarkast, á aðlögunartímabili, við samninga þar sem ákvæði tilskipunarinnar gera kleift að nýta alla möguleika á auknum viðskiptum yfir landamæri. Fylgjast skal með samningum um aðra þjónustu á þessu aðlögunartímabili áður en ákvörðun er tekin um að beita þessari tilskipun til fulls. Því er nauðsynlegt að skilgreina fyrirkomulag á slíku eftirliti. Það fyrirkomulag skal jafnframt gera hlutaðeigandi aðilum kleift að fá aðgang að viðeigandi upplýsingum.

20) Opinberir samningar, gerðir af samningsyfirvöldum sem starfa á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og sem varða slíka starfsemi, falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orku-

veitu, flutninga og póstþjónustu ([9]). Samningar, sem samningsyfirvöld gera í tengslum við þjónustustarfsemi vegna sjó- og strandflutninga og flutninga á ám og vötnum, skulu þó falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

21) Vegna virkrar markaðssamkeppni í fjarskiptageiranum í kjölfar þess að Bandalagsreglur, sem miða að því að auka frelsi í þeim geira, eru komnar til framkvæmda skal undanskilja opinbera samninga á því sviði frá gildissviði þessarar tilskipunar svo fremi að þeir séu fyrst og fremst gerðir til að samningsyfirvöld geti stundað tiltekna starfsemi í fjarskiptageiranum. Slík starfsemi er skilgreind í samræmi við skilgreiningar sem notaðar eru í 1., 2. og 8. gr. tilskipunar ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti ([10]), á þann hátt að þessi tilskipun gildir ekki um samninga sem hafa verið undanþegnir gildissviði tilskipunar 93/38/EBE skv. 8. gr. hennar.

22) Gera þarf ráð fyrir tilvikum þar sem hægt er að láta hjá líða að beita samræmingaraðgerðum af ástæðum sem tengjast ríkisöryggi eða ríkisleynd eða vegna sérstakra reglna um gerð samninga, sem byggja á milliríkjasamningum varðandi herstöðvar, eða reglna sem gilda sérstaklega um alþjóðastofnanir.

23) Samkvæmt 163. gr. sáttmálans ber að hvetja til rannsókna og tækniþróunar til að renna stoðum undir vísinda- og tæknigrundvöll iðnaðar í Bandalaginu og með því að opna aðgang að opinberum þjónustusamningum er stuðlað að því að þetta markmið náist. Þessi tilskipun gildir ekki um sameiginlega fjármögnun rannsóknar- og þróunarverkefna: rannsóknar- og þróunarsamningar falla því ekki undir þessa tilskipun nema þeir komi einungis samningsyfirvöldum til góða í eigin starfsemi og að því tilskildu að þjónustan, sem er veitt, sé að öllu leyti launuð af samningsyfirvaldinu.

24) Á sviði þjónustu hafa samningar um kaup eða leigu á fasteignum, eða rétt til slíkrar eignar, séreinkenni sem valda því að óheppilegt er að beita reglum um opinber innkaup.

25) Við gerð opinberra samninga um tiltekna hljóð- og myndmiðlunarþjónustu fyrir hljóðvarp og sjónvarp skal taka tillit til menningarlegra og félagslegra þátta sem valda því að ekki er heppilegt að beita reglum um opinber innkaup. Af þeim sökum skal gera undantekningu vegna opinberra þjónustusamninga um kaup, þróun, framleiðslu eða sameiginlega framleiðslu á efni sem er tilbúið til notkunar og aðra undirbúningsþjónustu, t.d. varðandi handrit eða listræna framkvæmd, sem nauðsynleg er fyrir framleiðslu efnisins, svo og vegna samninga varðandi útsendingartíma. Þessi undantekning skal þó ekki gilda um afhendingu tæknilegs búnaðar sem er nauðsynlegur fyrir framleiðslu, sameiginlega framleiðslu og útsendingu slíks efnis. Með útsendingu er átt við sendingu og miðlun um einhvers konar rafrænt net.

26) Gerðardóms- og sáttameðferð er vanalega veitt af aðilum eða einstaklingum sem eru tilnefndir eða valdir á einhvern þann hátt sem ekki getur fallið undir reglur um innkaup.

27) Í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar nær fjármálaþjónusta, sem fellur undir þessa tilskipun, ekki til gerninga sem varða peninga- eða gengisstefnu, ríkisskuldir, stjórnun opinberra sjóða eða annað sem varðar viðskipti í verðbréfum eða aðra fjármálagerninga; einkum á það við um viðskipti samningsyfirvalda í því skyni að afla fjár eða eiginfjár. Samningar, sem tengjast útgáfu, kaupum, sölu eða framsali verðbréfa eða annarra fjármálagerninga, falla því ekki undir hana. Þjónusta seðlabanka er einnig undanþegin gildissviði hennar.

28) Atvinna og störf eru grundvallaratriði þegar tryggja á jöfn tækifæri fyrir alla og stuðla að félagslegum samruna. Í því sambandi eru verndaðir vinnustaðir og áætlanir um verndaða vinnu mikill stuðningur við aðlögun eða enduraðlögun fatlaðs fólks á vinnumarkaðnum. Hins vegar er hugsanlegt að slíkir vinnustaðir nái ekki samningum við venjulegar samkeppnisaðstæður. Þess vegna er rétt að setja ákvæði um að aðildarríkin geti bundið réttinn til þátttöku í útboði vegna opinberra samninga slíkum vinnustöðum eða bundið framkvæmd samninga áætlunum um verndaða vinnu.

29) Tækniforskriftirnar, sem opinberir innkaupsaðilar setja fram, skulu veita ráðrúm til þess að opna fyrir samkeppni í opinberum innkaupum. Þess vegna á að vera hægt að leggja fram til-

([9]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1.

([10]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 84. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB (Stjtíð. EB L 285, 29.10.2001, bls. 1).

boð þar sem gefinn er kostur á fjölbreyttum, tæknilegum lausnum. Því ætti að vera unnt að setja fram tækniforskriftir sem kröfur um nothæfi og hagnýtingu og samningsyfirvöld skulu, þegar vísað er til Evrópustaðla eða, þegar þeir eru ekki til, landsstaðla, taka gild tilboð sem eru byggð á jafngildu fyrirkomulagi. Leyfa skal bjóðendum að leggja fram hvers konar sönnunargögn til að sýna að tilboð séu jafngild. Samningsyfirvöld skulu geta rökstutt allar ályktanir þess efnis að ekki hafi verið um jafngild tilboð að ræða í tilteknu tilviki. Samningsyfirvöld, sem vilja hafa ákveðnar umhverfiskröfur í tækniforskriftum tiltekins samnings, geta mælt fyrir um eiginleika er varða umhverfið, s.s. tiltekna framleiðsluaðferð, og/eða tiltekin umhverfisáhrif vöru- eða þjónustuhópa. Þau geta notað, en eru ekki skyldug til þess að nota, viðeigandi forskriftir sem eru skilgreindar í umhverfismerkjum á borð við evrópska umhverfismerkið, (fjöl-)þjóðleg umhverfismerki eða hvaða önnur umhverfismerki sem er, að því tilskildu að kröfur varðandi merkið séu settar fram og samþykktar á grundvelli vísindalegra gagna og notuð málsmeðferð sem hagsmunaaðilar, s.s. stofnanir ríkisins, neytendur, framleiðendur, dreifingaraðilar og umhverfisstofnanir, geta nýtt sér og að því tilskildu að merkið sé aðgengilegt og tiltækt öllum hlutaðeigandi aðilum. Samningsyfirvöld skulu, þegar unnt er, mæla fyrir um tækniforskriftir á þann hátt að tekið sé tillit til viðmiðana um aðgang fatlaðra eða hönnun sem hæfir öllum notendum. Tækniforskriftirnar skulu settar fram á skýran hátt svo að öllum bjóðendum sé það ljóst hvað felst í þeim kröfum sem samningsyfirvöld gera.

30) Frekari upplýsingar varðandi samninga skulu, samkvæmt venju í aðildarríkjum, veittar í útboðsgögnum fyrir hvern samning eða í jafngildu skjali.

31) Það getur reynst ógerlegt fyrir samningsyfirvöld, sem vinna að mjög flóknum verkefnum, án þess að þau hafi gert nokkur mistök, að skilgreina leiðir til að uppfylla þarfir sínar eða meta hvað í boði er á markaðnum af tæknilegum og/eða fjárhagslegum og lagalegum lausnum. Þessi staða getur einkum komið upp við framkvæmd mikilvægra, samþættra verkefna á sviði grunnvirkja í flutningum, stórra tölvuneta eða verkefna sem fela í sér flókna og skipulagsbundna fjármögnum þar sem ekki er hægt að skilgreina fjármálahliðina og lagalegu hliðina fyrir fram. Sé ekki hægt að gera slíka samninga sem almenna eða lokaða útboðssamninga skal kveða á um sveigjanlega útboðsaðferð sem bæði tryggir samkeppni á milli rekstraraðila og kemur einnig til móts við þá þörf að samningsyfirvöld ræði allar hliðar samningsins við hvern og einn þátttakanda. Þessa aðferð má þó ekki nota á þann hátt að það takmarki eða raski samkeppni, t.d. með því að breyta einhverjum grunnþáttum tilboðanna, setja fram nýjar, mikilvægar kröfur á hendur bjóðandanum, sem verður fyrir valinu, eða með því að velja einhvern annan bjóðanda en þann sem leggur fram fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið.

32) Rétt er að setja ákvæði um undirverktöku til að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að taka þátt í opinberum innkaupum.

33) Skilyrði varðandi framkvæmd samnings eru samrýmanleg þessari tilskipun að því tilskildu að þau hafi ekki, beint eða óbeint, mismunun í för með sér og séu tilgreind í útboðstilkynningu eða í útboðsgögnum. Þau geta m.a. verið sett í þeim tilgangi að stuðla að starfsþjálfun á vinnustað, ráðningu starfsfólks sem á í sérstökum erfiðleikum með að komast á vinnumarkaðinn, baráttu gegn atvinnuleysi eða umhverfisvernd. Til dæmis má nefna kröfur, sem gilda meðan á framkvæmd samningsins stendur, um að ráða umsækjendur sem hafa verið lengi atvinnulausir eða gera ráðstafanir til að þjálfa atvinnulaust eða ungt fólk, um að fylgja í meginatriðum ákvæðum grundvallarsamninga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), að því gefnu að slík ákvæði hafi ekki verið leidd í landslög, og að ráða fleiri fatlaða einstaklinga en kveðið er á um í landslögum.

34) Gildandi lög, reglur og kjarasamningar, bæði innanlands og á vettvangi Bandalagsins, á sviði ráðningarskilmála og öryggis í starfi, gilda meðan á framkvæmd opinbers samnings stendur, að því tilskildu að slíkar reglur og beiting þeirra sé í samræmi við lög Bandalagsins. Varðandi starfsemi, sem teygir sig yfir landamæri, þar sem starfsmenn frá einu aðildarríki veita þjónustu í öðru aðildarríki í tengslum við framkvæmd opinbers samnings er mælt fyrir um lágmarksskilyrði, sem gistilandið þarf að virða í tengslum við slíka útsenda starfsmenn, í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu ([11]). Ef

([11]) Stjtíð. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1.

ákvæði eru um þetta í innlendum lögum má líta á það sem alvarlegt misferli eða brot á siðareglum af hálfu viðkomandi rekstraraðila ef ákvæðin eru ekki virt og getur það valdið því að hann verði útilokaður frá útboðsferli opinbers samnings.

35) Í ljósi nýrrar þróunar í upplýsinga- og fjarskiptatækni og þess að hún getur einfaldað birtingu samninga og aukið skilvirkni og gagnsæi innkaupaferlisins skulu rafrænar aðferðir settar jafnfætis hefðbundnum aðferðum í fjarskiptum og upplýsingaskiptum. Þær aðferðir og sú tækni, sem valið er að nota, skal, eftir því sem unnt er, vera samrýmanleg þeirri tækni sem notuð er í öðrum aðildarríkjum.

36) Til að tryggja þróun virkrar samkeppni á sviði opinberra samninga er nauðsynlegt að útboðstilkynningar samningsyfirvalda aðildarríkja séu birtar alls staðar í Bandalaginu. Upplýsingarnar í þessum tilkynningum skulu gera rekstraraðilum í Bandalaginu kleift að meta hvort þeir hafi áhuga á fyrirhuguðum samningum. Þess vegna ber að veita þeim nægilegar upplýsingar um viðfang samningsins og skilyrði sem honum fylgja. Því ber að tryggja á viðeigandi hátt að opinberar tilkynningar verði sýnilegri, t.d. með því að nota stöðluð eyðublöð fyrir útboðstilkynningar og sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV) sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 ([12]) að skuli vera tilvísunarflokkunarkerfi fyrir opinbera samninga. Í lokuðum útboðum er tilgangur auglýsinga einkum sá að gera verktökum í aðildarríkjum kleift að lýsa áhuga sínum á samningum með því að leita eftir boði samningsyfirvalda um að leggja fram tilboð samkvæmt settum skilyrðum.

37) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir ([13]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti") ([14]) skulu, í samhengi þessarar tilskipunar, gilda um flutning upplýsinga með rafrænum aðferðum. Í reglum um opinber innkaup og gildandi reglum um þjónustusamkeppni eru gerðar strangari kröfur um öryggi og þagnarskyldu en í þessum tilskipunum. Samkvæmt því skal búnaður fyrir rafræna móttöku tilboða, þátttökutilkynninga, áætlana og verkefna uppfylla tilteknar viðbótarkröfur. Af þeim sökum ber að hvetja til notkunar rafrænna undirskrifta, einkum háþróaðra, rafrænna undirskrifta, eftir því sem unnt er. Auk þess geta valfrjáls faggildingarkerfi myndað heppilegan ramma um bætta vottunarþjónustu fyrir þennan búnað.

38) Notkun rafrænna aðferða sparar tíma. Þess vegna ber að setja ákvæði um styttingu lágmarksfrests ef rafrænum aðferðum er beitt, þó með því skilyrði að þau samrýmist sérstökum ákvæðum um flutningsaðferðir sem notaðar verða í Bandalaginu.

39) Athugun á hæfi bjóðenda í almennum útboðum, og þátttakenda í lokuðum útboðum og samningskaupum að undangenginni birtingu útboðstilkynningar og í samkeppnisviðræðum og við val bjóðenda og þátttakenda, skal fara fram við gagnsæ skilyrði. Þess vegna skal tilgreina hvaða viðmiðanir um bann við mismunun samningsyfirvöld geta stuðst við þegar þau velja samkeppnisaðila og hvaða aðferðir rekstraraðilar geta notað til að sanna að þeir hafi uppfyllt þessar viðmiðanir. Með tilliti til gagnsæis skal einnig krefjast þess að samningsyfirvöld tilgreini, um leið og samningur er boðinn út, hvaða valforsendur þau muni nota og þá sérstöku hæfni sem hugsanlegt er að þau krefjist af rekstraraðilum svo að þeir geti tekið þátt í útboðinu.

40) Samningsyfirvöld geta takmarkað fjölda þátttakenda í lokuðum útboðum og samningskaupum, að undangenginni birtingu útboðstilkynningar, og einnig í samkeppnisviðræðum. Slík takmörkun á fjölda þátttakenda skal vera á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem eru tilgreindar í útboðstilkynningunni. Þessar hlutlægu viðmiðanir gefa ekki endilega til kynna vægi. Þegar um er að ræða viðmiðanir, sem tengjast persónulegri stöðu rekstraraðila, getur nægt að í útboðstilkynningunni sé almennt vísað til þeirra atriða sem um getur í 45. gr.

41) Í samkeppnisviðræðum og samningskaupum, að undangenginni birtingu útboðstilkynningar, skulu samningsyfirvöld, í ljósi þess sveigjanleika sem kann að vera þörf á og mikils kostnaðar við slíkar innkaupaaðferðir, hafa leyfi til að láta innkaupin fara fram í nokkrum áföngum til að fækka smám saman, á grundvelli fyrir

([12]) Stjtíð. EB L 340, 16.12.2002, bls. 1.
([13]) Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.
([14]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

fram tilgreindra valforsendna, þeim tilboðum sem þau þurfa áfram að ræða eða semja um. Þessi fækkun skal, að svo miklu leyti sem fjöldi viðeigandi tilboða eða þátttakenda leyfir, tryggja raunverulega samkeppni.

42) Viðeigandi Bandalagsreglur um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina, vottorða eða annarra sönnunargagna um formlega menntun og hæfi gilda þegar krafist er sönnunar á sérstakri menntun og hæfi vegna þátttöku í innkaupaferli eða hönnunarsamkeppni.

43) Forðast skal að gera opinbera samninga við rekstraraðila sem hafa tekið þátt í glæpasamtökum eða hafa verið fundnir sekir um spillingu eða sviksemi, sem hefur beinst gegn fjárhagslegum hagsmunum Evrópubandalaganna, eða fundnir sekir um peningaþvætti. Ef við á skulu samningsyfirvöld krefjast þess að þátttakendur eða bjóðendur leggi fram viðeigandi skjöl og ef þau hafa efasemdir varðandi persónulega stöðu þátttakanda eða bjóðanda geta þau leitað eftir samstarfi við þar til bær yfirvöld í viðkomandi aðildarríki. Slíkir rekstraraðilar skulu útilokaðir um leið og samningsyfirvöld fá vitneskju um úrskurð sem hefur fallið vegna slíkra brota í samræmi við innlend lög og hefur því dómsígildi. Ef ákvæði eru um það í landslögum má líta á það sem brot á siðareglum af hálfu viðkomandi rekstraraðila eða alvarlegt misferli ef hann fer ekki að umhverfislögum eða lögum um ólögmætt samkomulag í opinberum samningum og það hefur verið staðfest með endanlegum úrskurði eða jafngildri ákvörðun.

Sé ekki farið að innlendum ákvæðum til framkvæmdar tilskipunum ráðsins 2000/78/EB ([15]) og 76/207/EBE ([16]) um jafna meðferð starfsmanna, og það hefur verið staðfest með endanlegum úrskurði eða jafngildri ákvörðun, getur það talist brot á siðareglum af hálfu viðkomandi rekstraraðila eða alvarlegt misferli.

44) Í tilvikum þar sem verkið eða þjónustan er þess eðlis að það gefur ástæðu til að beita ráðstöfunum eða kerfum umhverfisstjórnar á meðan á framkvæmd opinbers samnings stendur er hægt að krefjast þess að slíkum ráðstöfunum eða kerfum sé beitt. Umhverfisstjórnunarkerfi, hvort sem þau eru skráð samkvæmt Bandalagsgerningum, eins og t.d. reglugerð (EB) nr. 761/2001 ([17]) (EMAS) eða ekki, geta sýnt hvort rekstraraðilinn hefur tæknilega getu til að framkvæma samninginn. Auk þess skal samþykkja lýsingu á þeim ráðstöfunum, sem rekstraraðili framkvæmir til að tryggja sama stig umhverfisverndar, sem sönnun sem kemur í stað skráðra umhverfisstjórnunarkerfa.

45) Þessi tilskipun gerir aðildarríkjunum kleift að koma upp opinberri skrá yfir verktaka, birgja og þjónustuveitendur eða vottunarkerfi opinberra aðila eða einkaaðila og þar eru sett ákvæði um áhrif slíkrar skráningar eða vottunar í útboðsferli í öðru aðildarríki. Að því er varðar opinberar skrár yfir samþykkta rekstraraðila er mikilvægt að taka tillit til dómaframkvæmdar dómstólsins í tilvikum þar sem rekstraraðili, sem tilheyrir ákveðnum hópi, vitnar til efnahagslegrar, fjárhagslegrar eða tæknilegrar getu annarra fyrirtækja í hópnum til stuðnings umsókn sinni um skráningu. Í því tilviki þarf rekstraraðilinn að sanna að hann hafi í raun aðgang að þessum tilföngum allan gildistíma skráningarinnar. Að því er þessa skráningu varðar getur aðildarríki því ákveðið hvaða kröfur þurfi að uppfylla og einkum, ef verktakinn vitnar t.d. til fjárhagsstöðu annars fyrirtækis í hópnum, getur aðildarríkið krafist þess að það fyrirtæki taki á sig ábyrgð, ef nauðsyn krefur einn fyrir alla og allir fyrir einn.

46) Val tilboða skal fara fram á grundvelli hlutlægra forsendna sem tryggja að farið sé að meginreglunum um gagnsæi, bann við mismunun og jafna meðferð og sem tryggja að tilboð séu metin á grundvelli virkrar samkeppni. Þess vegna er rétt að leyfa aðeins notkun tveggja valforsendna: „lægsta verð“ og „fjárhagslega hagkvæmasta tilboð“.

Til að tryggja að farið sé að meginreglunni um jafna meðferð við val á tilboði ber að mæla fyrir um þá skyldu – í samræmi við dómaframkvæmd – að tryggja nauðsynlegt gagnsæi svo

([15]) Tilskipun ráðsins 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um almennan ramma um jafna meðferð með tilliti til atvinnu og starfa (Stjtíð. EB L 303, 2.12.2000, bls. 16).

([16]) Tilskipun ráðsins 76/207/EBE frá 9. febrúar 1976 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkun, sem og varðandi starfskjör (Stjtíð. EB L 39, 14.2.1976, bls. 40). Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/73/EB (Stjtíð. EB L 269, 5.10.2002, bls. 15).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtíð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1).

að unnt sé að veita öllum bjóðendum eðlilegar upplýsingar um forsendur og fyrirkomulag við mat á því hvaða tilboð sé fjárhagslega hagkvæmast. Það er því skylda samningsyfirvalda að gefa upp forsendur fyrir vali á tilboði og hlutfallslegt vægi hverrar forsendu með nægilegum fyrirvara svo að bjóðendur viti af því þegar þeir semja tilboð sín. Samningsyfirvöld geta gert undantekningu frá því að tilgreina vægi forsendna fyrir vali á tilboði þegar gildar ástæður eru fyrir því, sem þau verða að geta rökstutt, og ekki er unnt að meta vægið fyrir fram, einkum þegar um er að ræða flókna samninga. Í slíkum tilvikum verða þau að tilgreina forgangsröð forsendna eftir mikilvægi þeirra.

Ef samningsyfirvöld ákveða að gera samning við þann sem leggur fram fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið skulu þau meta tilboðin með tilliti til þess hvaða tilboð felur í sér besta hlutfallið á milli gæða og verðs. Með þetta í huga skulu þau ákvarða fjárhagslegar forsendur og gæðaforsendur sem eiga að gera kleift að ákvarða hvaða tilboð sé fjárhagslega hagkvæmast fyrir samningsyfirvöld, á heildina litið. Ákvörðun þessara forsendna er háð efni samningsins því að á grundvelli þeirra á að vera hægt að meta þá framkvæmd sem felst í hverju tilboði í ljósi þess hvert efni samningsins er, eins og skilgreint er í tækniforskriftunum, og einnig að ákvarða hlutfallið milli gæða og verðs hjá hverjum bjóðanda.

Til að tryggja jafna meðferð skulu forsendur fyrir vali tilboðs vera þannig að hægt sé að bera saman tilboð og meta þau hlutlægt. Ef þessi skilyrði eru uppfyllt geta fjárhagslegar forsendur og gæðaforsendur fyrir vali tilboðs, t.d. það að uppfylla umhverfiskröfur, gert samningyfirvaldi kleift að uppfylla þarfir almennra borgara, sem málið varðar, eins og tekið er fram í skilmálum samningsins. Samkvæmt sömu skilyrðum getur samningsyfirvald notað forsendur, einkum til að koma til móts við þarfir sem eru skilgreindar í skilmálum samningsins, sem eiga að uppfylla félagslegar kröfur sérlega illa settra hópa fólks sem viðtakendur eða notendur verksins, vörunnar eða þjónustunnar, sem samningurinn er gerður um, tilheyra.

47) Þegar um er að ræða opinbera þjónustusamninga mega valforsendur ekki hafa áhrif á beitingu innlendra ákvæða um þóknun fyrir tiltekna þjónustu, t.d. þjónustu sem arkitektar, verkfræðingar eða lögfræðingar veita og, að því er opinbera vörusamninga varðar, beitingu innlendra ákvæða um fast verð á skólabókum.

48) Samþykkja þarf tiltekin tæknileg skilyrði, einkum að því er varðar tilkynningar og tölulegar skýrslur og einnig flokkunarkerfið sem er notað og skilyrði fyrir tilvísun í það flokkunarkerfi, og breyta þeim í samræmi við breyttar tæknikröfur. Einnig þarf að uppfæra skrána yfir samningsyfirvöld í viðaukunum. Því er rétt að komið verði á fót sveigjanlegu og hröðu samþykktarferli í þessum tilgangi.

49) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu gerðar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([18]).

50) Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti ([19]) gildir við útreikning á frestum sem fjallað er um í þessari tilskipun.

51) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skyldur aðildarríkjanna að því er varðar fresti, sem settir eru í XI. viðauka, til lögleiðingar og beitingar tilskipunum 92/50/EBE, 93/36/EBE og 93/37/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

---

([18]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([19]) Stjtíð. EB L 124, 8.6.1971, bls. 1.

## EFNISYFIRLIT

**I. BÁLKUR**

**Skilgreiningar og meginreglur**

1. gr. — Skilgreiningar

2. gr. — Meginreglur um val tilboða

3. gr. — Veiting sérstakra réttinda eða einkaréttar: ákvæðið um bann við mismunun

**II. BÁLKUR**

**Reglur um opinbera samninga**

I. KAFLI

*Almenn ákvæði*

4. gr. — Rekstraraðilar

5. gr. — Skilyrði í tengslum við samninga sem eru gerðir á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar

6. gr. — Trúnaðarkvaðir

II. KAFLI

*Gildissvið*

1. þáttur — Viðmiðunarfjárhæðir

7. gr. — Viðmiðunarfjárhæðir fyrir opinbera samninga

8. gr. — Samningar sem samningsyfirvöld niðurgreiða um meira en 50%

9. gr. — Aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti opinberra samninga, rammasamninga og virkra innkaupakerfa

2. þáttur — Sérstakar aðstæður

10. gr. — Innkaup til varnarmála

11. gr. — Opinberir samningar og rammasamningar, gerðir af miðlægum innkaupastofnunum

3. þáttur — Samningar sem falla ekki undir tilskipunina

12. gr. — Samningar á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu

13. gr. — Sérstakar undantekningar á fjarskiptasviðinu

14. gr. — Leynilegir samningar og samningar sem krefjast sérstakra öryggisráðstafana

15. gr. — Samningar sem eru gerðir samkvæmt alþjóðareglum

16. gr. — Sérstakar undantekningar

17. gr. — Sérleyfissamningar um þjónustu

18. gr. — Þjónustusamningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar

4. þáttur — Sérstakt fyrirkomulag

19. gr. — Samningar sem eru bundnir við ákveðna hópa

III. KAFLI

*Reglur um opinbera þjónustusamninga*

20. gr. — Þjónustusamningar sem eru skráðir í II. viðauka A

21. gr. — Þjónustusamningar sem eru skráðir í II. viðauka B

22. gr. — Blandaðir þjónustusamningar sem varða bæði þjónustu sem er tilgreind í II. viðauka A og II. viðauka B

IV. KAFLI
*Sérstakar reglur sem gilda um útboðsskilmála og útboðsgögn*
23. gr. — Tækniforskriftir
24. gr. — Frávikstilboð
25. gr. — Undirverktaka
26. gr. — Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings
27. gr. — Skyldur varðandi skatta, umhverfisvernd, vinnuvernd og vinnuskilyrði
V. KAFLI
*Útboðsaðferðir*
28. gr. — Almennt útboð, lokað útboð, samningskaup og samkeppnisviðræður
29. gr. — Samkeppnisviðræður
30. gr. — Samningskaup að undangenginni birtingu útboðstilkynningar
31. gr. — Samningskaup án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar
32. gr. — Rammasamningar
33. gr. — Virk innkaupakerfi
34. gr. — Opinberir verksamningar: sérstakar reglur um byggingu félagslegs húsnæðis
VI. KAFLI
*Reglur um birtingu og gagnsæi*
1. þáttur — Birting tilkynninga
35. gr. — Tilkynningar
36. gr. — Form og aðferð við birtingu tilkynninga
37. gr. — Birting án skyldu
2. þáttur — Frestur
38. gr. — Tilboðsfrestur og frestur til að leggja fram þátttökutilkynningu
39. gr. — Almenn útboð: útboðsskilmálar, viðbótargögn og upplýsingar
3. þáttur — Efni upplýsinga og sendingaraðferðir
40. gr. — Boð um að leggja fram tilboð, taka þátt í viðræðum eða gera samning
41. gr. — Upplýsingar til þátttakenda og bjóðenda
4. þáttur — Samskipti
42. gr. — Reglur um samskipti
5. þáttur — Skýrslur
43. gr. — Efni skýrslna
VII. KAFLI
*Framkvæmd útboðs*
1. þáttur — Almenn ákvæði
44. gr. — Athugun á hæfi og vali þátttakenda og vali tilboða
2. þáttur — Forsendur fyrir hæfismiðuðu vali
45. gr. — Persónulegar aðstæður þátttakanda eða bjóðanda
46. gr. — Starfsréttindi
47. gr. — Efnahagsleg og fjárhagsleg staða

48. gr. — Tæknileg og fagleg geta
49. gr. — Gæðastaðlar
50. gr. — Umhverfisstjórnunarstaðlar
51. gr. — Viðbótargögn og upplýsingar
52. gr. — Opinber skrá yfir samþykkta rekstraraðila og vottun frá opinberum og einkaréttarlegum stofnunum
3. þáttur — Val tilboðs
53. gr. — Forsendur fyrir vali tilboðs.
54. gr. — Rafræn uppboð
55. gr. — Óeðlilega lág tilboð
**III. BÁLKUR**
**Reglur um opinbera sérleyfissamninga um verk**
I. KAFLI
*Gildandi reglur um opinbera sérleyfissamninga um verk*
56. gr. — Gildissvið
57. gr. — Samningar sem eru undanþegnir gildissviði tilskipunarinnar
58. gr. — Birting tilkynninga um opinbera sérleyfissamninga um verk
59. gr. — Frestur
60. gr. — Undirverktaka
61. gr. — Viðbótarverk sem samið er um við sérleyfishafa
II. KAFLI
*Reglur um samninga, gerða af sérleyfishafa sem er samningsyfirvald*
62. gr. — Gildandi reglur
III. KAFLI
*Reglur um samninga, gerða af sérleyfishafa sem er ekki samningsyfirvald*
63. gr. — Reglur um birtingu: viðmiðunarfjárhæðir og undantekningar
64. gr. — Birting tilkynninga
65. gr. — Tilboðsfrestur og frestur til að leggja fram þátttökutilkynningu
**IV. BÁLKUR**
**Reglur um hönnunarsamkeppni**
66. gr. — Almenn ákvæði
67. gr. — Gildissvið
68. gr. — Starfsemi sem er undanþegin gildissviði tilskipunarinnar
69. gr. — Tilkynningar
70. gr. — Form og aðferð við birtingu tilkynninga um samkeppni
71. gr. — Samskiptaaðferðir
72. gr. — Val samkeppnisaðila
73. gr. — Samsetning dómnefndar
74. gr. — Ákvarðanir dómnefndar

**V. BÁLKUR**

**Skyldan að veita tölulegar upplýsingar, framkvæmdavald og lokaákvæði**


| | | |
|---|---|---|
| 75. gr. | — | Skyldan að veita tölulegar upplýsingar |
| 76. gr. | — | Efni tölulegra skýrslna |
| 77. gr. | — | Ráðgjafarnefnd |
| 78. gr. | — | Endurskoðun viðmiðunarfjárhæða |
| 79. gr. | — | Breytingar |
| 80. gr. | — | Framkvæmd |
| 81. gr. | — | Eftirlitskerfi |
| 82. gr. | — | Niðurfelling |
| 83. gr. | — | Gildistaka. |
| 84. gr. | — | Viðtakendur |


**VIÐAUKAR**


| | | |
|---|---|---|
| I. viðauki | — | Skrá yfir starfsemi sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. |
| II. viðauki | — | Þjónusta sem um getur í d-lið 2 mgr. 1. gr. |
| II. viðauki A | | |
| II. viðauki B | | |
| III. viðauki | — | Skrá yfir stofnanir og flokka stofnana sem heyra undir opinberan rétt eins og um getur í annarri undirgrein 9. mgr. 1. gr. |
| IV. viðauki | — | Yfirvöld á vegum ríkisins |
| V. viðauki | — | Skrá yfir vörur sem um getur í 7. gr. með tilliti til samninga sem samningsyfirvöld gera á sviði varnarmála |
| VI. viðauki | — | Skilgreining tiltekinna tækniforskrifta |
| VII. viðauki: | — | Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningum |
| VII. viðauki A | — | Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningum um opinber útboð |
| VII. viðauki B | — | Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningum um sérleyfi varðandi opinber verk |
| VII. viðauki C | — | Upplýsingar sem eiga að koma fram í útboðstilkynningum sérleyfishafa, sem eru ekki samningsyfirvöld, vegna verksamninga |
| VII. viðauki D | — | Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningum um hönnunarsamkeppni |
| VIII. viðauki | — | Atriði varðandi birtingu |
| IX. viðauki | — | Skrár |
| IX. viðauki A | — | Opinberir verksamningar |
| IX. viðauki B | — | Opinberir vörusamningar |
| IX. viðauki C | — | Opinberir þjónustusamningar |
| X. viðauki | — | Kröfur varðandi búnað fyrir rafræna móttöku tilboða, þátttökutilkynninga og áætlana og verkefna í hönnunarsamkeppni |
| XI. viðauki | — | Frestur til lögleiðingar og beitingar (80. gr.) |
| XII. viðauki | — | Samsvörunartafla |

## I. BÁLKUR

### SKILGREININGAR OG MEGINREGLUR

*1. gr.*

**Skilgreiningar**

1. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 2.–15. mgr.

2. a) „opinberir samningar“: skriflegir samningar, fjárhagslegs eðlis, sem einn eða fleiri rekstraraðilar og eitt eða fleiri samningsyfirvöld gera sín á milli og eru verksamningar, vörusamningar eða þjónustusamningar í skilningi þessarar tilskipunar,

b) „opinberir verksamningar“: opinberir samningar sem fjalla annaðhvort um framkvæmd eða bæði hönnun og framkvæmd verka sem tengjast einhverri þeirri starfsemi sem um getur í I. viðauka eða verk eða hvers konar framkvæmd verks sem svarar til þeirra krafna sem samningsyfirvaldið setur fram. „Verk“ er heildarafrakstur af byggingarframkvæmdum eða mannvirkjagerð sem getur, sem slíkt, þjónað fjárhagslegu eða tæknilegu hlutverki,

c) „opinberir vörusamningar“: opinberir samningar, aðrir en þeir sem um getur í b-lið, um kaup, langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu á vörum, með eða án kaupréttar.

Opinber samningur um vöruafhendingu, sem einnig felur í sér tilfallandi ísetningu og uppsetningu, skal teljast „opinber vörusamningur“,

d) „opinberir þjónustusamningar“: opinberir samningar, aðrir en opinberir verk- og vörusamningar, sem varða veitingu þeirrar þjónustu sem um getur í II. viðauka.

Opinber samningur, sem varðar bæði vörur og þjónustu í skilningi II. viðauka, skal teljast „opinber þjónustusamningur“ ef verðmæti viðkomandi þjónustu er meira en verðmæti vörunnar sem samningurinn nær til.

Opinber samningur, sem varðar þjónustu skv. II. viðauka og felur í sér starfsemi skv. I. viðauka, sem er einungis tilfallandi viðbót við meginefni samningsins, skal teljast opinber þjónustusamningur.

3. „Opinber sérleyfissamningur um verk“: samningur sömu tegundar og opinber verksamningur, að því undanskildu að endurgjald fyrir verk, sem á að vinna, felst annaðhvort eingöngu í rétti til að hagnýta verkið eða í þeim rétti ásamt greiðslu fjár.

4. „Sérleyfissamningur um þjónustu“: samningur sömu tegundar og opinber þjónustusamningur, að því undanskildu að endurgjald fyrir þjónustu, sem á að veita, felst annaðhvort eingöngu í rétti til að hagnýta þjónustuna eða í þeim rétti ásamt greiðslu fjár.

5. „Rammasamningur“: samningur eins eða fleiri samningsyfirvalda við einn eða fleiri rekstraraðila sem er gerður í þeim tilgangi að ákveða skilmála samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili, einkum að því er varðar verð og, ef við á, fyrirhugað magn.

6. „Virkt innkaupakerfi“: fyllilega rafrænt ferli við algeng innkaup, búið eiginleikum sem almennt eru fyrir hendi á markaðnum og uppfylla kröfur samningsyfirvaldsins, sem er tímabundið og allan gildistímann opið öllum rekstraraðilum sem uppfylla valforsendur og hafa lagt fram kynningarboð í samræmi við skilmála.

7. „Rafrænt uppboð“: endurtekið ferli þar sem nýtt og lægra verð og/eða nýtt verðmæti tiltekinna þátta í tilboðum er sett fram með rafrænum hætti, sem hefst eftir að full afstaða hefur verið tekin til tilboðanna í upphafi og gerir mögulegt að flokka þau með sjálfvirkum matsaðferðum.

Þar af leiðandi skal ekki halda rafræn uppboð þegar um er að ræða tiltekna þjónustusamninga og verksamninga sem fela í sér framkvæmd á sviði hugverka, s.s. hönnun verka.

8. Hugtökin „verktaki“, „birgir“ og „þjónustuveitandi“ merkja hvern þann einstakling, lögaðila eða opinberan aðila eða hóp slíkra aðila og/eða stofnana sem bjóða framkvæmd verka og/eða verk, vörur og þjónustu á markaðnum.

Hugtakið „rekstraraðili“ er notað jafnt um verktaka, birgja og þjónustuveitendur. Það er einungis notað til einföldunar.

Rekstraraðili, sem hefur lagt fram tilboð, nefnist „bjóðandi“. Sá sem hefur leitað eftir boði um að taka þátt í lokuðu útboði, samningskaupum eða samkeppnisviðræðum nefnist „þátttakandi“.

9. „Samningsyfirvöld“: ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöld, stofnanir, sem heyra undir opinberan rétt og samtök sem eru mynduð af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einni eða fleiri stofnunum sem heyra undir opinberan rétt.

„Stofnun, sem heyrir undir opinberan rétt,“ er stofnun:

a) sem komið er á fót í þeim sérstaka tilgangi að fullnægja þörfum almennings en starfar hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta,

b) sem hefur réttarstöðu lögaðila og

c) er fjármögnuð að mestu leyti af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum, eða öðrum stofnunum sem heyra undir opinberan rétt, eða stofnunum þar sem starfsemin er undir eftirliti slíkra stofnana, eða stofnunin hefur stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða öðrum stofnunum sem heyra undir opinberan rétt.

Í III. viðauka er að finna skrár, þó ekki tæmandi, yfir stofnanir og flokka stofnana sem heyra undir opinberan rétt og uppfylla forsendurnar sem um getur í a-, b- og c-lið annarrar undirgreinar. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni reglulega um allar breytingar á skrám sínum yfir stofnanir og flokka stofnana.

10. „Miðlæg innkaupastofnun“: samningsyfirvald sem:

— aflar vöru og/eða þjónustu fyrir samningsyfirvöld eða

— gerir opinbera samninga eða rammasamninga um verk, vöru eða þjónustu fyrir samningsyfirvöld.

11. a) „Almennt útboð“: ferli þar sem öllum rekstraraðilum, sem hafa áhuga, er heimilt að gera tilboð.

b) „Lokað útboð“: ferli þar sem allir rekstraraðilar geta óskað eftir þátttöku en aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsyfirvald býður þátttöku, geta lagt fram tilboð.

c) „Samkeppnisviðræður“: ferli, þar sem allir rekstraraðilar geta tilkynnt um þátttöku, þar sem samningsyfirvald á viðræður við þá þátttakendur sem hafa fengið aðgang að ferlinu með það fyrir augum að finna einn eða fleiri heppilega kosti, sem uppfylla kröfur þess, sem lagðir eru til grundvallar þegar völdum þátttakendum er boðið að leggja fram tilboð.

Varðandi notkun ferlisins, sem nefnt er í fyrstu undirgrein, telst opinber samningur vera „sérlega flókinn“ þegar samningsyfirvöld:

— geta ekki á hlutlægan hátt skilgreint tæknilegar leiðir í samræmi við b-, c- eða d-lið 3. mgr. 23. gr. sem geta uppfyllt þarfir þeirra eða markmið, og/eða

— geta ekki á hlutlægan hátt ákvarðað lagalegan og/eða fjárhagslegan ramma um verkefnið.

d) „Samningskaup“: ferli þar sem samningsyfirvöld hafa samráð við rekstraraðila sem þau hafa valið og semja um samningsskilmála við einn eða fleiri þeirra.

e) „Hönnunarsamkeppni“: ferli sem gerir samningsyfirvaldi kleift að fá til afnota áætlun eða hönnun, einkum á sviði borgar- og landsbyggðarskipulags, byggingarlistar og mannvirkjagerðar eða gagnavinnslu, sem valin er af dómnefnd eftir að efnt hefur verið til samkeppni með eða án verðlauna.

12. „Skriflegt“: hvers konar tjáning með orðum eða tölum sem hægt er að lesa, endurgera og miðla. Þar með má telja upplýsingar sem hægt er að senda og geyma með rafrænum aðferðum.

13. „Rafrænar aðferðir“: notkun rafræns búnaðar til vinnslu (þ.m.t. með stafrænni samþjöppun) og geymslu gagna sem eru send, flutt og móttekin með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

14. „Sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV)“: tilvísunarflokkunarkerfi sem gildir fyrir opinbera samninga eins og það var samþykkt með reglugerð (EB) nr. 2195/2002 en jafnframt gætt samsvörunar við önnur flokkunarkerfi sem fyrir eru.

Ef upp kemur mismunandi túlkun á gildissviði þessarar tilskipunar vegna ósamræmis á milli flokkunarkerfanna CPV og NACE, (atvinnugreinaflokkun EB), sem fjallað er um í I. viðauka, eða á milli flokkunarkerfanna CPV og CPC (aðalvöruflokkun Sameinuðu þjóðanna) (bráðabirgðaútgáfa), sem tilgreind eru í II. viðauka, skulu NACE-kerfið og CPC-kerfið hafa forgang.

15. Í 13. gr., a-lið 57. gr. og b-lið 68. gr. er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „almennt fjarskiptanet“: grunnvirki almennra fjarskipta sem gerir kleift að flytja merki á milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum,

b) „nettengipunktur“ allar efnislegar tengingar og tækniforskriftir varðandi aðgang að þeim sem eru hluti af almenna fjarskiptanetinu og nauðsynlegar fyrir aðgang og skilvirk fjarskipti um viðkomandi net,

c) „almenn fjarskiptaþjónusta“: fjarskiptaþjónusta sem aðildarríkin hafa sérstaklega falið einni eða fleiri fjarskiptastofnunum,

d) „fjarskiptaþjónusta“: þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að senda og beina merkjum um almenna fjarskiptanetið með fjarskiptaaðferðum, öðrum en hljóðvarpi eða sjónvarpi.

*2. gr.*

**Meginreglur um val tilboða**

Rekstraraðilar skulu fá jafna meðferð, án mismununar og á gagnsæjan hátt, hjá samningsyfirvöldum.

*3. gr.*

**Veiting sérstakra réttinda eða einkaréttar: ákvæði um bann við mismunun**

Ef samningsyfirvald veitir öðrum aðila en samningsyfirvaldi sérstök réttindi eða einkarétt til að veita opinbera þjónustu skal kveðið á um það í þeim lögum, sem slíkur réttur er byggður á, að sá aðili fari að meginreglunni um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis þegar hann gerir samning við þriðja aðila í tengslum við þá þjónustu.

## II. BÁLKUR

## REGLUR UM OPINBERA SAMNINGA

### I. KAFLI

### *Almenn ákvæði*

*4. gr.*

**Rekstraraðilar**

1. Ekki skal hafna þátttakendum eða bjóðendum, sem eiga rétt á að veita viðeigandi þjónustu samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu, af þeirri ástæðu einni að þess er krafist í lögum aðildarríkisins þar sem samningurinn er gerður að þátttakendur eða bjóðendur einskorðist við annaðhvort einstaklinga eða lögaðila.

Ef um er að ræða opinbera þjónustu- og verksamninga svo og opinbera vörusamninga, sem taka að auki til þjónustu og/eða ísetningar- eða uppsetningarstarfs, er hægt að krefjast þess að lögaðilar tilgreini, í tilboði eða þátttökutilkynningu, nöfn og faglegt hæfi starfsmanna sem eiga að bera ábyrgð á framkvæmd viðkomandi samnings.

2. Hópar rekstraraðila geta lagt fram tilboð eða leitað eftir þátttöku. Samningsyfirvöld geta ekki krafist þess að þessir hópar taki upp ákveðið rekstrarform að lögum til að geta lagt fram tilboð eða þátttökutilkynningu en þó er hægt að krefjast þess að hópur, sem hefur verið valinn og gerður við hann samningur, taki upp ákveðið rekstrarform að lögum ef það er nauðsynlegt til að unnt sé að framkvæma samninginn á fullnægjandi hátt.

*5. gr.*

**Skilyrði í tengslum við samninga sem eru gerðir á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar**

Þegar samningsyfirvöld velja úr tilboðum skulu aðildarríkin beita skilyrðum sín á milli sem eru jafn hagstæð þeim skilyrðum sem þau setja rekstraraðilum í þriðju löndum við framkvæmd samningsins um opinber innkaup (hér á eftir nefndur samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar) sem gerður var í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna. Í því skyni skulu aðildarríkin hafa samráð sín á milli, innan ráðgjafarnefndarinnar um opinbera samninga sem um getur í 77. gr., um það hvaða ráðstafanir beri að gera samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

*6. gr.*

**Trúnaðarkvaðir**

Með fyrirvara um ákvæði þessarar tilskipunar, einkum ákvæði um tilkynningaskyldu í tengslum við niðurstöður útboðs og upplýsingar til þátttakenda og bjóðenda, sem getið er í 4. mgr. 35. gr. og 41. gr., og í samræmi við landslög sem samningsyfirvaldið heyrir undir, skal samningsyfirvaldið ekki afhenda upplýsingar sem það hefur fengið frá rekstraraðilum ef þeir hafa merkt þær sem trúnaðarmál. Slíkar upplýsingar fela einkum í sér tæknileg leyndarmál eða viðskiptaleyndarmál og þá þætti tilboða sem eru trúnaðarmál.

### II. KAFLI

### *Gildissvið*

1. þáttur

Viðmiðunarfjárhæðir

*7. gr.*

**Viðmiðunarfjárhæðir fyrir opinbera samninga**

Þessi tilskipun gildir um opinbera samninga sem falla ekki undir undantekningarákvæðin, sem kveðið er á um í 10. og 11. gr. og 12.–18. gr., og þar sem áætlað verðmæti án virðisaukaskatts er jafnt eða meira en eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðir:

a) 162 000 evrur þegar um er að ræða opinbera vöru- og þjónustusamninga, aðra en þá sem falla undir þriðja undirlið b-liðar, gerða af samningsyfirvöldum sem eru skráð sem yfirvöld á vegum

ríkisins í IV. viðauka en sé um að ræða opinbera vörusamninga, gerða af samningsyfirvöldum sem starfa á sviði varnarmála, skal þetta aðeins gilda um samninga varðandi vörur sem falla undir V. viðauka,

b) 249 000 evrur

— þegar um er að ræða opinbera vöru- og þjónustusamninga sem eru gerðir af öðrum samningsyfirvöldum en þeim sem eru tilgreind í IV. viðauka,

— þegar um er að ræða opinbera vörusamninga sem eru gerðir af samningsyfirvöldum, sem eru tilgreind í IV. viðauka og starfa á sviði varnarmála, ef þessir samningar varða vörur sem eru ekki tilgreindar í V. viðauka,

— þegar um er að ræða opinbera þjónustusamninga sem eru gerðir af samningsyfirvaldi og varða þjónustu sem tilgreind er í 8. flokki í II. viðauka A, fjarskiptaþjónustu í 5. flokki, sem hefur samsvarandi stöðu í CPV-flokkuninni og CPC-tilvísunarnúmerin 7524, 7525 og 7526, og/eða þjónustu sem er tilgreind í II. viðauka B,

c) 6 242 000 evrur þegar um er að ræða opinbera verksamninga.

*8. gr.*

**Samningar sem samningsyfirvöld niðurgreiða um meira en 50%**

Tilskipun þessi gildir um útboð og gerð:

a) samninga sem eru niðurgreiddir beint af samningsyfirvöldum um meira en 50% og áætlað verðmæti þeirra, án virðisaukaskatts, er 6 242 000 evrur eða meira,

— ef mannvirkjagerð í skilningi I. viðauka er innifalin í þessum samningum,

— ef þessir samningar ná til byggingaframkvæmda sem eru sjúkrahús, íþrótta- og tómstundamannvirki, skólar og háskólar og opinberar byggingar,

b) þjónustusamninga sem eru niðurgreiddir beint af samningsyfirvöldum um meira en 50% og áætlað verðmæti þeirra, án virðisaukaskatts, er 249 000 evrur eða meira og sem tengjast verksamningi í skilningi a-liðar.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samningsyfirvöld, sem niðurgreiða slíka samninga, tryggi að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar ef einn eða fleiri aðrir aðilar gera samning og að samningsyfirvöld hlíti jafnframt sjálf ákvæðum þessarar tilskipunar ef þau gera samning fyrir hönd annars aðila.

*9. gr.*

**Aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti opinberra samninga, rammasamninga og virkra innkaupakerfa**

1. Útreikningur á áætluðu verðmæti opinbers samnings skal byggjast á heildarfjárhæð, sem samningsyfirvald áætlar að beri að greiða, án virðisaukaskatts. Við þennan útreikning skal taka tillit til áætlaðrar heildarfjárhæðar, þ.m.t. til hvers konar valréttar og hugsanlegra ákvæða um endurnýjun samningsins.

Þegar samningsyfirvald ákveður verðlaun eða greiðslur til þátttakenda eða bjóðenda skal það taka tillit til þeirra við útreikning á áætluðu verðmæti samningsins.

2. Þessi áætlun skal vera í gildi á þeim tíma þegar útboðstilkynning er send, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 35. gr., eða, í tilvikum þar sem slíkrar tilkynningar er ekki krafist, á þeim tíma þegar samningsyfirvaldið hefur útboðsferlið.

3. Óheimilt er að skipta upp framkvæmdum eða fyrirhuguðum innkaupum á tilteknu magni vöru og/eða þjónustu til að komast hjá beitingu þessarar tilskipunar.

4. Varðandi opinbera verksamninga skal, við útreikning á áætluðu verðmæti, taka tillit bæði til kostnaðar við verkið og áætlaðs heildarverðmætis vara sem eru nauðsynlegar til að framkvæma verkið og samningsyfirvöld fá verktakanum til ráðstöfunar.

5. a) Þegar hægt er að skipta fyrirhugaðri framkvæmd eða fyrirhuguðum kaupum á þjónustu í aðgreinda hlutasamninga, sem eru gerðir samtímis, skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis allra slíkra hlutasamninga.

Ef samanlagt verðmæti hlutasamninganna er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni, sem mælt er fyrir um í 7. gr., eða meira skal þessi tilskipun gilda um hvern samningshluta.

Samningsyfirvöld geta þó gert undanþágu frá slíkri beitingu ef áætlað verðmæti hlutasamninganna, án virðisaukaskatts, er minna en 80 000 evrur fyrir þjónustu eða 1 milljón evrur fyrir framkvæmdir, að því tilskildu að samanlagt verðmæti þessara hlutasamninga fari ekki yfir 20% af samanlögðu verðmæti allra hlutasamninganna.

b) Þegar hægt er að skipta tilboði um kaup á líkum vörum í aðgreinda hlutasamninga, sem eru gerðir samtímis, skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis allra slíkra hlutasamninga við beitingu a- og b-liðar 7. gr.

Ef samanlagt verðmæti hlutasamninganna er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni, sem mælt er fyrir um í 7. gr., eða meira skal þessi tilskipun gilda um hvern samningshluta.

Samningsyfirvöld geta þó gert undanþágu frá slíkri beitingu ef áætlað verðmæti hlutasamninganna, án virðisaukaskatts, er minna en 80 000 evrur, að því tilskildu að samanlagt verðmæti þessara hlutasamninga fari ekki yfir 20% af samanlögðu verðmæti allra hlutasamninganna.

6. Varðandi opinbera vörusamninga í tengslum við, langtíma- eða skammtímaleigu, eða kaupleigu á vörum skal leggja eftirfarandi verðmæti til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

a) þegar um er að ræða tímabundna samninga, áætlað heildarverðmæti opinberra samninga, sem gilda í 12 mánuði eða skemur, eða, ef samningur gildir lengur en í 12 mánuði, heildarverðmætið auk áætlaðs verðmætis eftirstöðva,

b) verðmæti hvers mánaðar, margfaldað með 48, þegar um er að ræða ótímabundna, opinbera samninga eða samninga sem ekki er hægt að tímasetja nákvæmlega.

7. Sé um að ræða opinbera vöru- eða þjónustusamninga, sem eru gerðir með reglulegu millibili eða sem á að endurnýja innan tiltekins tíma, skal leggja eftirfarandi til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

a) annaðhvort samanlagt raunvirði sams konar samninga, sem hafa verið gerðir í áföngum á síðustu 12 mánuðum eða á síðasta fjárhagsári, leiðrétt, ef unnt er, með tilliti til magn- eða verðbreytinga sem gætu orðið á 12 mánuðum eftir að fyrsti samningurinn er gerður,

b) eða áætlað heildarverðmæti síðari samninga sem eru gerðir á 12 mánuðum eftir fyrstu afhendingu eða á fjárhagsárinu ef það er lengra en 12 mánuðir.

Ekki má velja aðferð við útreikning áætlaðs verðmætis opinbers samnings í þeim tilgangi að samningurinn verði undanþeginn gildissviði þessarar tilskipunar.

8. Varðandi opinbera þjónustusamninga skal leggja eftirfarandi verðmæti til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

a) fyrir þjónustu á eftirfarandi sviðum:

i) vátryggingaþjónusta: greidd iðgjöld og aðrar greiðslur,

ii) bankastarfsemi og önnur fjármálaþjónusta: þóknun, umboðslaun, vextir og aðrar greiðslur,

iii) hönnunarsamningar: þóknun, umboðslaun og aðrar greiðslur,

b) fyrir þjónustusamninga þar sem heildarfjárhæð er ótilgreind:

i) ef um er að ræða tímabundinn samning sem er gerður til 48 mánaða eða skemmri tíma: heildarverðmæti samningsins allan gildistímann,

ii) þegar um er að ræða ótímabundna samninga eða samninga sem gilda lengur en í 48 mánuði: verðmæti hvers mánaðar, margfaldað með 48.

9. Varðandi rammasamninga og virk innkaupakerfi skal verðmætið, sem miðað er við, vera áætlað hámarksverðmæti allra samninga, án virðisaukaskatts, sem fyrirhugað er að gera á gildistíma rammasamningsins eða virka innkaupakerfisins.

2. þáttur

Sérstakar aðstæður

*10. gr.*

**Innkaup til varnarmála**

Tilskipun þessi gildir um opinbera samninga sem samningsyfirvöld gera á sviði varnarmála, sbr. þó 296. gr. sáttmálans.

*11. gr.*

**Opinberir samningar og rammasamningar, gerðir af miðlægum innkaupastofnunum**

1. Aðildarríkin geta mælt fyrir um að samningsyfirvöldum sé heimilt að kaupa verk, vörur og/eða þjónustu frá miðlægri innkaupastofnun eða með milligöngu hennar.

2. Samningsyfirvöld, sem kaupa verk, vörur og/eða þjónustu frá miðlægri innkaupastofnun eða með milligöngu hennar, í tilvikum sem um getur í 10. mgr. 1. gr., teljast hafa farið að ákvæðum þessarar

tilskipunar svo fremi að miðlæga innkaupastofnunin hafi farið að ákvæðum hennar.

3. þáttur

Samningar sem falla ekki undir tilskipunina

*12. gr.*

**Samningar á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu**

Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga, sem eru gerðir samkvæmt tilskipun 2004/17/EB af samningsyfirvöldum, sem reka eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 3.–7. gr. þeirrar tilskipunar, og eru gerðir vegna reksturs þeirrar starfsemi, og ekki heldur um opinbera samninga sem eru undanþegnir gildissviði þeirrar tilskipunar skv. 5. gr. (2. mgr.) og 19., 26. og 30. gr. hennar.

Þessi tilskipun gildir þó áfram um opinbera samninga, sem gerðir eru af samningsyfirvöldum sem stunda eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 6. gr. tilskipunar 2004/17/EB, og sem eru gerðir vegna þeirrar starfsemi, svo fremi að viðkomandi aðildarríki nýti sér þann kost, sem um getur í annarri undirgrein 71. gr. tilskipunarinnar, að fresta beitingu hennar.

*13. gr.*

**Sérstakar undantekningar á fjarskiptasviðinu**

Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga þar sem megintilgangurinn er að veita samningsyfirvöldum leyfi til að bjóða fram almenn fjarskiptanet eða nýta sér þau eða veita almenningi eina eða fleiri tegundir fjarskiptaþjónustu.

*14. gr.*

**Leynilegir samningar og samningar sem krefjast sérstakra öryggisráðstafana**

Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga sem aðildarríki lýsir yfir að séu leynilegir, þegar beita verður sérstökum öryggisráðstöfunum við framkvæmd þeirra í samræmi við gildandi lög og stjórnsýslufyrirmæli í viðkomandi aðildarríki eða þegar þess er krafist til að vernda grundvallarhagsmuni í því aðildarríki.

*15. gr.*

**Samningar sem eru gerðir samkvæmt alþjóðareglum**

Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga sem falla undir aðrar útboðsreglur og eru gerðir:

a) á grundvelli milliríkjasamnings á milli aðildarríkis og eins eða fleiri þriðju landa, sem gerður er í samræmi við sáttmálann og tekur til vöru eða verks, sem áformað er að undirritunarlöndin noti við sameiginlega framkvæmd eða hagnýtingu verks, eða þjónustu, sem áformað er að undirritunarlöndin noti við sameiginlega framkvæmd eða hagnýtingu verkefnis; tilkynna skal um alla samninga til framkvæmdastjórnarinnar sem getur ráðfært sig við ráðgjafarnefndina um opinbera samninga sem um getur í 77. gr.,

b) á grundvelli milliríkjasamnings í tengslum við setu herliðs þegar í hlut eiga fyrirtæki í aðildarríki eða þriðja landi,

c) á grundvelli sérstakra reglna alþjóðastofnunar.

*16. gr.*

**Sérstakar undantekningar**

Tilskipun þessi gildir ekki um opinbera þjónustusamninga sem varða:

a) kaup eða leigu lands, bygginga eða annarra fasteigna, óháð fjármögnunarleiðum, eða rétt til þeirra; tilskipun þessi gildir þó um samninga um fjármálaþjónustu, í hvaða formi sem er, sem eru gerðir fyrir, eftir eða samhliða samningi um kaup eða leigu,

b) kaup, þróun, framleiðslu eða sameiginlega framleiðslu útvarpsrekenda á dagskrárefni til útsendingar né heldur um samninga sem varða útsendingartíma,

c) gerðardóms- og sáttagerðarþjónustu,

d) fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða framsal verðbréfa eða annarra fjármálagerninga, einkum þegar um er að ræða viðskipti samningsyfirvalda í því skyni að afla fjár eða eigin fjár og þjónustu seðlabanka,

e) ráðningarsamninga og

f) aðra rannsóknar- og þróunarþjónustu en þá sem er eingöngu til hagsbóta fyrir samningsyfirvöld í þeirra eigin starfsemi, að því tilskildu að þjónustan, sem er veitt, sé að öllu leyti launuð af samningsyfirvaldinu.

*17. gr.*

**Sérleyfissamningar um þjónustu**

Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfissamninga um þjónustu skv. 4. mgr. 1. gr., sbr. þó 3. gr.

*18. gr.*

**Þjónustusamningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar**

Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera þjónustusamninga sem samningsyfirvald gerir við annað samningsyfirvald eða við samtök samningsyfirvalda á grundvelli einkaréttar sem þessir aðilar hafa samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum sem hafa verið birt og samrýmast sáttmálanum.

4. þáttur

Sérstakt fyrirkomulag.

*19. gr.*

**Samningar sem eru bundnir við ákveðna hópa**

Aðildarríkin geta bundið réttinn til að taka þátt í opinberu útboðsferli við verndaða vinnustaði eða kveðið á um að slíkir samningar skuli framkvæmdir innan ramma áætlana um verndaða vinnu ef flestir starfsmennirnir eru fatlaðir einstaklingar sem geta ekki, vegna þess hvers eðlis eða hve alvarleg fötlunin er, stundað störf við venjulegar aðstæður.

Vísa skal í þetta ákvæði í útboðstilkynningu.

III. KAFLI

***Reglur um opinbera þjónustusamninga***

*20. gr.*

**Þjónustusamningar sem eru skráðir í II. viðauka A**

Samningar þar sem markmiðið er að veita þjónustu, sem tilgreind er í II. viðauka A, skulu gerðir í samræmi við 23.–55. gr.

*21. gr.*

**Þjónustusamningar sem eru skráðir í II. viðauka B**

Samningar þar sem markmiðið er að veita þjónustu, sem tilgreind er í II. viðauka B, skulu einungis heyra undir 23. gr. og 4. mgr. 35. gr.

*22. gr.*

**Blandaðir þjónustusamningar sem varða bæði *þjónustu sem er tilgreind í* II. viðauka A og II. viðauka B**

Samningar, sem varða bæði þjónustu sem er tilgreind í II. viðauka A og II. viðauka B, skulu gerðir skv. 23.–55. gr. þegar verðmæti þjónustunnar, sem tilgreind er í II. viðauka A, er meira en verðmæti þjónustunnar sem tilgreind er í II. viðauka B. Í öðrum tilvikum skulu samningar gerðir skv. 23. gr. og 4. mgr. 35. gr.

IV. KAFLI

***Sérstakar reglur sem gilda um útboðsskilmála og útboðsgögn***

*23. gr.*

**Tækniforskriftir**

1. Tækniforskriftirnar, sem eru skilgreindar í 1. lið VI. viðauka, skulu koma fram í útboðsskjölum, s.s. útboðstilkynningum, útboðsgögnum eða viðbótargögnum. Þegar unnt er skal skilgreina þessar tækniforskriftir á þann hátt að tekið sé tillit til forsendna um aðgang fatlaðra eða hönnun sem hæfir öllum notendum.

2. Tækniforskriftir skulu veita bjóðendum jafna aðgangsmöguleika og skulu ekki fela í sér órökstuddar hindranir í vegi fyrir því að opinber innkaup séu opnuð fyrir samkeppni.

3. Með fyrirvara um lögboðnar, innlendar tæknireglur, svo fremi að þær samrýmist lögum Bandalagsins, skulu tækniforskriftirnar settar fram á eftirfarandi hátt:

a) með tilvísun til tækniforskrifta, sem eru skilgreindar í VI. viðauka, og, í eftirfarandi forgangsröð, til landsstaðla sem hafa verið settir til lögleiðingar Evrópustöðlum, evrópsks tæknisamþykkis, sameiginlegra tækniforskrifta, alþjóðlegra staðla, annarra tæknilegra tilvísunarkerfa, sem evrópskar staðlastofnanir hafa komið á fót, eða, þegar ekkert af þessu er fyrir hendi, til landsstaðla, innlends tæknisamþykkis eða innlendra tækniforskrifta um hönnun, útreikning og framkvæmd verks og notkun vöru. Orðin „eða jafngilt“ skulu fylgja hverri tilvísun,

b) eða sem kröfur um nothæfi eða hagnýtingu; hið síðarnefnda getur náð til umhverfiseiginleika. Slíkar breytur verða þó að vera nægilega nákvæmar til að bjóðendur geti gert sér grein fyrir inntaki samningsins og samningsyfirvöld geti gert samning,

c) eða sem kröfur um nothæfi eða hagnýtingu, eins og getið er um í b-lið, og vísað til forskriftanna, sem getið er um í a-lið, til að sýna að reiknað sé með að þessar kröfur um nothæfi eða hagnýtingu hafi verið uppfylltar,

d) eða með því að vísa til forskriftanna, sem getið er um í a-lið, fyrir tiltekna eiginleika og til krafna um nothæfi eða hagnýtingu, sem getið er um í b-lið, fyrir aðra eiginleika.

4. Ef samningsyfirvald nýtir þann kost að vísa til forskriftanna, sem um getur í a-lið 3. mgr., getur það ekki vísað frá tilboði af þeirri ástæðu að varan og þjónustan, sem er boðin, sé í ósamræmi við forskriftirnar, sem það vísaði til, ef bjóðandinn færir sönnur á það í tilboði sínu, með einhverjum viðeigandi hætti sem er fullnægjandi að mati samningsyfirvaldsins, að lausnir þær sem hann leggur til uppfylli á jafngildan hátt kröfurnar sem eru ákvarðaðar í tækniforskriftunum.

Sönnun með viðeigandi hætti getur falist í tækniskjölum frá framleiðanda eða prófunarskýrslu frá viðurkenndri stofnun.

5. Ef samningsyfirvald nýtir þann kost, sem kveðið er á um í 3. mgr., að mæla fyrir um kröfur um nothæfi eða hagnýtingu getur það ekki vísað frá tilboði um verk, vörur eða þjónustu sem er í samræmi við landsstaðal til lögleiðingar Evrópustaðli, evrópskt tæknisamþykki, sameiginlega tækniforskrift, alþjóðlegan staðal eða tæknilegt tilvísunarkerfi sem evrópsk staðlastofnun hefur komið á fót ef þessar forskriftir varða kröfurnar um nothæfi eða hagnýtingu sem yfirvaldið hefur mælt fyrir um.

Í tilboði sínu verður bjóðandi að sanna, með einhverjum viðeigandi hætti sem er fullnægjandi að mati samningsyfirvaldsins, að verkið, varan eða þjónustan, sem er í samræmi við staðalinn, uppfylli kröfur samningsyfirvaldsins um nothæfi eða hagnýtingu.

Sönnun með viðeigandi hætti getur talist vera tækniskjöl frá framleiðanda eða prófunarskýrsla frá viðurkenndri stofnun.

6. Ef samningsyfirvöld mæla fyrir um umhverfiseiginleika í formi krafna um nothæfi eða hagnýtingu, eins og um getur í b-lið 3. mgr., geta þau notað nákvæmar forskriftir eða, ef nauðsyn krefur, hluta þeirra eins og skilgreint er fyrir evrópsk eða (fjöl-)þjóðleg umhverfismerki eða einhver önnur umhverfismerki, að því tilskildu:

— að þessar forskriftir séu til þess fallnar að skilgreina eiginleika vöru eða þjónustu sem samningurinn fjallar um,

— að kröfur, sem liggja að baki merkinu, byggist á vísindalegum upplýsingum,

— að umhverfismerkin séu samþykkt á grundvelli málsmeðferðar sem allir hagsmunaaðilar, s.s. ríkisstofnanir, neytendur, framleiðendur, dreifingaraðilar og umhverfisstofnanir, geta tekið þátt í og

— að umhverfismerkin séu aðgengileg öllum hlutaðeigandi aðilum.

Samningsyfirvöld geta mælt fyrir um að vörur og þjónusta, sem hafa fengið umhverfismerki, teljist uppfylla tækniforskriftirnar sem mælt er fyrir um í útboðsgögnum; þau skulu samþykkja hvers konar önnur viðeigandi sönnunargögn, s.s. tæknileg skjöl frá framleiðanda eða prófunarskýrslur frá viðurkenndri stofnun.

7. „Viðurkenndar stofnanir“ í skilningi þessarar greinar eru prófunar- og kvörðunarstofur og vottunar- og skoðunaraðilar sem fullnægja gildandi Evrópustöðlum.

Samningsyfirvöld skulu samþykkja vottorð frá viðurkenndum stofnunum með staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

8. Tækniforskriftir skulu ekki vísa til sérstakrar tegundar eða grunns eða tiltekins vinnsluferlis né heldur til vörumerkja, einkaleyfa, gerða eða sérstaks uppruna eða framleiðslu með það fyrir augum að halda fram eða útiloka tiltekin fyrirtæki eða tilteknar vörur, sé ekki rökstuðningur fyrir því í efni samningsins. Í undantekningartilvikum er slík tilvísun leyfð ef nægilega nákvæm og skiljanleg lýsing á efni samningsins skv. 3. og 4. mgr. er ekki möguleg; orðin „eða jafngilt“ skulu fylgja slíkri tilvísun.

*24. gr.*

**Frávikstilboð**

1. Ef forsenda fyrir samningsgerð er fjárhagslega hagstæðasta tilboðið geta samningsyfirvöld heimilað bjóðendum að leggja fram frávikstilboð.

2. Samningsyfirvöld skulu geta þess í útboðstilkynningu hvort þau heimila frávikstilboð eða ekki: sé það ekki gert eru frávikstilboð óheimil.

3. Samningsyfirvöld, sem heimila frávikstilboð, skulu, í útboðsgögnum, gera grein fyrir lágmarkskröfum sem þarf að uppfylla í frávikstilboðum og öllum sérkröfum varðandi framlagningu þeirra.

4. Samningsyfirvöld skulu einungis taka til greina frávikstilboð sem uppfylla tilskildar lágmarkskröfur.

Í útboðum vegna opinberra vöru- eða þjónustusamninga geta samningsyfirvöld, sem hafa heimilað frávikstilboð, ekki vísað frávikstilboði frá af þeirri ástæðu einni að ef það tilboð yrði fyrir valinu yrði annaðhvort gerður þjónustusamningur fremur en vörusamningur eða vörusamningur fremur en þjónustusamningur.

*25. gr.*

**Undirverktaka**

Í útboðsgögnum getur samningyfirvald óskað eftir því, eða óskað eftir því að kröfu aðildarríkis, að bjóðandi tilgreini í tilboði sínu hvaða hluta samningsins hann hyggst láta þriðju aðila framkvæma sem undirverktaka og hverjir það eru.

Þessar upplýsingar skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð rekstraraðilans sem er aðalverktaki.

*26. gr.*

**Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings**

Samningsyfirvöld geta mælt fyrir um sérstök skilyrði varðandi framkvæmd samnings, að því tilskildu að þau samrýmist lögum Bandalagsins og séu tilgreind í útboðstilkynningu eða útboðsskilmálum. Skilyrði um framkvæmd samnings geta einkum varðað félagsleg málefni og umhverfismál.

*27. gr.*

**Skyldur varðandi skatta, umhverfisvernd, vinnuvernd og vinnuskilyrði**

1. Samningsyfirvald getur tilgreint í útboðsgögnum, eða tilgreint að kröfu aðildarríkis, þá stofnun eða stofnanir sem þátttakandi eða bjóðandi getur fengið viðeigandi upplýsingar hjá um skyldur varðandi skatta, umhverfisvernd, ákvæði um vinnuvernd og vinnuskilyrði sem gilda í aðildarríkinu, á svæðinu eða á staðnum þar sem framkvæma á verkið eða veita þjónustuna og sem eiga að gilda um verk sem eru framkvæmd á byggingarstað eða um þjónustu sem er veitt meðan á framkvæmd samningsins stendur.

2. Samningsyfirvald, sem veitir upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., skal óska eftir því við bjóðendur eða þátttakendur í útboðsferli að þeir staðfesti að þeir hafi, í tilboði sínu, tekið tillit til skyldna varðandi ákvæði um vinnuvernd og vinnuskilyrði, sem gilda á staðnum þar sem verkið verður framkvæmt eða þjónustan veitt.

Fyrsta undirgreinin er með fyrirvara um beitingu ákvæða 55. gr. um rannsókn á óeðlilega lágum tilboðum.

V. KAFLI

***Útboðsaðferðir***

*28. gr.*

**Almennt útboð, lokað útboð, samningskaup og samkeppnisviðræður**

Þegar gera á opinberra samninga skulu samningsyfirvöld beita innlendum útboðsaðferðum sem eru lagaðar að efni þessarar tilskipunar.

Þau skulu gera þessa samninga á grundvelli almennra eða lokaðra útboða. Við sérstakar aðstæður, sem skýrt er kveðið á um í 29. gr., geta samningsyfirvöld gert opinbera samninga á grundvelli samkeppnisviðræðna. Í þeim sérstöku tilvikum og við þær aðstæður sem sérstaklega er getið um í 30. og 31. gr. geta þau gengið til samningskaupa með eða án útboðstilkynningar.

*29. gr.*

**Samkeppnisviðræður**

1. Ef um er að ræða sérlega flókna samninga geta aðildarríkin kveðið á um að samningsyfirvöldum sé heimilt, ef þau telja að ekki sé hægt að gera samning á grundvelli almenns eða lokaðs útboðs, að gera hann á grundvelli samkeppnisviðræðna í samræmi við þessa grein.

Opinber samningur skal gerður eingöngu á grundvelli valforsendu um fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið.

2. Samningsyfirvöld skulu birta útboðstilkynningu þar sem fram koma þarfir þeirra og kröfur sem þau skulu skilgreina í tilkynningunni og/eða í skýringargögnum.

3. Samningsyfirvöld skulu hefja viðræður við þátttakendur, sem valdir hafa verið í samræmi við viðeigandi ákvæði 44.–52. gr., með það að markmiði að finna og skilgreina heppilegustu aðferðirnar við að uppfylla þarfir sínar. Í þessum viðræðum geta þau rætt öll atriði samningsins við valda þátttakendur.

Í viðræðunum skulu samningsyfirvöld tryggja að allir bjóðendur fái jafna meðferð. Einkum skulu þau gæta þess að veita ekki upplýsingar á þann hátt að bjóðendum sé mismunað þannig að staða sumra þeirra verði betri en annarra.

Samningsyfirvöldum er óheimilt að upplýsa aðra þátttakendur um fyrirhugaðar lausnir eða aðrar trúnaðarupplýsingar, sem þátttakandi í viðræðunum hefur veitt, án samþykkis hans.

4. Samningsyfirvöld geta ákveðið að samningsferlið fari fram í nokkrum áföngum til að fækka þeim lausnum sem fjalla þarf um í samningsviðræðum; það má gera á grundvelli valforsendna í útboðstilkynningu eða skýringargögnum. Tekið skal fram, í útboðstilkynningu eða skýringargögnum, að unnt sé að nýta þennan kost.

5. Samningsyfirvaldið skal halda áfram slíkum viðræðum þar til fundist hefur lausn eða lausnir sem geta uppfyllt þarfir þeirra og lausnirnar hafa verið bornar saman ef það er nauðsynlegt.

6. Þegar samningsyfirvöld hafa lýst því yfir að viðræðum sé lokið og tilkynnt þátttakendum um það skulu þau gefa þátttakendum kost á að leggja fram endanleg tilboð á grundvelli þeirrar lausnar eða lausna sem kynntar hafa verið og skýrðar meðan á viðræðum stóð. Þessi tilboð skulu hafa að geyma öll atriði sem krafist er og eru nauðsynleg fyrir framkvæmd verkefnisins.

Þessi tilboð má skýra, skilgreina og lagfæra ef samningsyfirvaldið fer þess á leit. Slíkar skýringar, skilgreiningar, lagfæringar eða viðbótarupplýsingar mega þó ekki fela í sér breytingar á grundvallarþáttum tilboðs eða boðs um að leggja fram tilboð þar eð slík frávik eru líkleg til að raska samkeppni eða ýta undir mismunun.

7. Samningsyfirvöld skulu meta tilboð, sem þeim berast á grundvelli valforsendna, sem mælt er fyrir um í útboðstilkynningu eða skýringargögnum og skulu þau velja fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið í samræmi við 53. gr.

Samningsyfirvaldi er heimilt að óska eftir því að bjóðandi, sem hefur lagt fram fjárhagslega hagstæðasta tilboðið, skýri ákveðin atriði í tilboðinu eða staðfesti skuldbindingar sem felast í tilboðinu, að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér breytingar á veigamiklum atriðum í tilboðinu eða boðinu um að leggja fram tilboð og að ekki sé hætta á að það raski samkeppni eða ýti undir mismunun.

8. Samningsyfirvöldum er heimilt að ákveða verðlaun eða greiðslur til þátttakenda í viðræðunum.

*30. gr.*

**Samningskaup að undangenginni birtingu útboðstilkynningar**

1. Samningsyfirvöld geta gert opinbera samninga á þann hátt að ganga til samningskaupa að undangenginni birtingu útboðstilkynningar í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar um er að ræða ófullnægjandi tilboð, sem lögð eru fram í tengslum við almenn eða lokuð útboð eða samkeppnisviðræður, eða tilboð sem eru óviðunandi samkvæmt innlendum ákvæðum, sem samrýmast 4., 24., 25., 27. gr. og VII. kafla, að því tilskildu að upphaflegum skilmálum samningsins sé ekki breytt í veigamiklum atriðum.

Samningsyfirvöld þurfa ekki að birta útboðstilkynningu ef þau taka með í samningskaupum alla þá bjóðendur, og enga aðra, sem uppfylla forsendur 45.–52. gr. og sem lögðu fram tilboð í samræmi við formlegar kröfur um tilboðsferli í undanfarandi almennu eða lokuðu útboði eða samkeppnisviðræðum,

b) í undantekningartilvikum, þegar verk, vara eða þjónusta er af því tagi eða fylgir slík áhætta að ekki reynist unnt að áætla heildarkostnað fyrir fram,

c) þegar um er að ræða þjónustu, m.a. þjónustu í 6. flokki II. viðauka A og hugverk, t.d. hönnun verka, ef þjónustan, sem veita á, er þess eðlis að ekki er unnt að skilgreina útboðsskilmála af nægilegri nákvæmni til að hægt sé að gera samning á grundvelli besta tilboðs samkvæmt reglum um almenn eða lokuð útboð,

d) þegar um er að ræða opinbera verksamninga um verk sem eru eingöngu unnin vegna rannsókna, tilrauna eða þróunar og ekki í ágóðaskyni eða til þess að mæta kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.

2. Í tilvikum, sem um getur í 1. mgr., skulu samningsyfirvöld ræða við bjóðendur um þau tilboð sem þeir hafa lagt fram með það fyrir augum að laga þau að kröfunum sem samningsyfirvöld hafa sett fram í útboðstilkynningu, útboðsskilmálum og viðbótargögnum, ef einhver eru, og leita besta tilboðsins í samræmi við 1. mgr. 53. gr.

3. Í viðræðunum skulu samningsyfirvöld tryggja að jafnræðis sé gætt meðal allra bjóðenda. Einkum skulu þau gæta þess að veita ekki upplýsingar á þann hátt að bjóðendum sé mismunað þannig að staða sumra þeirra verði betri en annarra.

4. Samningsyfirvöld geta ákveðið að samningsferlið fari fram í nokkrum áföngum til að fækka þeim tilboðum, sem fjalla þarf um í samningsviðræðum, með því að beita valforsendunum í útboðstilkynningu eða útboðsskilmálum. Taka skal fram í útboðstilkynningu eða útboðsskilmálum hvort unnt sé að nýta þennan kost.

*31. gr.*

**Samningskaup án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar**

Samningsyfirvöld geta gert opinbera samninga með samningskaupum án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar í eftirfarandi tilvikum:

1) að því er varðar opinbera verksamninga, opinbera vörusamninga og opinbera þjónustusamninga:

   a) ef engin tilboð eða engin gild tilboð eða engar umsóknir hafa borist vegna almenns eða lokaðs útboðs, að því tilskildu að ekki hafi verið vikið frá upphaflegum samningsskilmálum í veigamiklum atriðum og að framkvæmdastjórninni sé send skýrsla, ef hún óskar eftir því,

   b) þegar aðeins er unnt að gera samning við einn tiltekinn rekstraraðila af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða þegar vernda þarf einkarétt,

   c) ef það er algerlega nauðsynlegt og ekki er hægt, af knýjandi ástæðum sem viðkomandi samningsyfirvöld gátu ekki séð fyrir, að standa við fresti sem gilda við almenn eða lokuð útboð eða samningkaup, að undangenginni birtingu útboðstilkynningar, eins og um getur í 30. gr. Aðstæðurnar, sem skírskotað er til sem knýjandi, mega ekki undir neinum kringumstæðum skrifast á reikning samningsyfirvalds,

2) að því er varðar opinbera vörusamninga:

   a) þegar um er að ræða vörur sem eru eingöngu framleiddar vegna rannsókna, tilrauna, athugana eða þróunar; þetta ákvæði nær ekki til fjöldaframleiðslu sem er ætlað að skila hagnaði eða mæta kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna,

   b) þegar um er að ræða viðbótarvörur frá upphaflegum birgi sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta til í stað venjulegra birgða eða búnaðar eða eru viðbót við venjulegar birgðir eða búnað og val á nýjum birgi myndi skuldbinda samningsyfirvald til að kaupa efni sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og leiddu því til ósamhæfis eða óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald; slíkir samningar, svo og endurnýjaðir samningar, skulu að jafnaði ekki gilda lengur en í þrjú ár,

   c) þegar um er að ræða vörur sem eru skráðar og keyptar á vörumarkaði,

   d) þegar um er að ræða kaup á vörum á sérlega góðum kjörum, annaðhvort hjá birgi sem er að hætta starfsemi sinni eða bústjóra eða skiptastjóra við þrotabúsmeðferð, nauðasamninga eða svipaða málsmeðferð samkvæmt innlendum lögum eða reglum,

3) að því er varðar opinbera þjónustusamninga, þegar viðkomandi samningur er gerður að lokinni samkeppni um hönnun og skylt er, samkvæmt gildandi reglum, að semja við sigurvegarann eða einn sigurvegaranna í keppninni verður, í síðarnefnda tilvikinu, að bjóða öllum sigurvegurunum að taka þátt í samningaviðræðum,

4) að því er varðar opinbera verksamninga og opinbera þjónustusamninga:

   a) þegar um er að ræða viðbótarverk eða -þjónustu sem ekki var gert ráð fyrir í verkefninu sem var upphaflega áætlað eða í upphaflegum samningi en sem hafa, vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna, orðið nauðsynleg fyrir framkvæmd verksins eða þjónustunnar sem þar er lýst, að því tilskildu að samningurinn sé gerður við rekstraraðilann sem annast framkvæmd þessa verks eða þjónustu:

      — þegar ekki er unnt að aðskilja slíkt viðbótarverk eða –þjónustu frá upphaflega samningnum af tæknilegum eða fjárhagslegum ástæðum án þess að valda samningsyfirvöldum miklum óþægindum,

      eða

      — þegar slík viðbótarverk eða þjónusta eru alveg nauðsynleg fyrir framkvæmd upphaflega samningsins þótt unnt sé að aðskilja verkið eða þjónustuna frá honum.

   Samanlagt verðmæti samninga, sem gerðir eru vegna viðbótarverka eða viðbótarþjónustu, má þó ekki fara yfir 50% af verðmæti upphaflega samningsins,

   b) þegar um er að ræða nýtt verk eða þjónustu sem felur í sér endurtekningu á svipuðu verki eða þjónustu og sama samningsyfirvald samdi upphaflega um við sama rekstraraðila, að því tilskildu að slíkt verk eða þjónusta sé í samræmi við grunnverkefnið sem upphaflegi samningurinn var gerður um á grundvelli almenns eða lokaðs útboðs.

Þegar fyrra verkefnið er boðið út skal taka fram að þessari aðferð kunni að verða beitt og samningsyfirvöld skulu taka tillit til áætlaðs heildarkostnaðar síðari verka eða þjónustu þegar þau beita ákvæðum 7. gr.

Þessari aðferð má aðeins beita innan þriggja ára frá gerð upphaflega samningsins.

*32. gr.*

**Rammasamningar**

1. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsyfirvöldum sé heimilt að gera rammasamninga.

2. Hafi samningsyfirvöld í hyggju að gera rammasamning skulu þau fylgja starfsreglunum, sem um getur í þessari tilskipun, á öllum stigum fram að gerð samnings sem er byggður á rammasamningnum. Við val á aðilum að rammasamningum skal beita valforsendunum sem eru ákveðnar í samræmi við 53. gr.

Samningar, sem eru byggðir á rammasamningi, skulu gerðir í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. Einungis má beita þessum aðferðum í samningum á milli samningsyfirvalda og rekstraraðila sem voru upphaflega aðilar að rammasamningnum.

Þegar gerðir eru samningar á grundvelli rammasamnings mega samningsaðilar undir engum kringumstæðum gera verulegar breytingar á skilmálunum, sem mælt er fyrir um í þeim rammasamningi, og alls ekki í tilvikum sem um getur í 3. mgr.

Gildistími rammasamnings má ekki vera lengri en fjögur ár nema í undantekningartilvikum sem eiga sér m.a. gilda stoð í efni rammasamningsins.

Samningsyfirvöld mega ekki misnota rammasamninga eða nota þá á þann hátt að það komi í veg fyrir, takmarki eða raski samkeppni.

3. Ef rammasamningur er gerður við einn rekstraraðila skulu samningar, sem eru byggðir á þeim samningi, gerðir innan ramma þeirra skilmála sem mælt er fyrir um í rammasamningnum.

Við gerð slíkra samninga geta samningsyfirvöld ráðfært sig skriflega við rekstraraðila rammasamningsins og óskað eftir viðbótum við tilboð hans ef þörf krefur.

4. Ef rammasamningur er gerður við fleiri en einn rekstraraðila verða þeir að vera a.m.k. þrír talsins, að því tilskildu að fyrir hendi séu nægilega margir rekstraraðilar sem uppfylla valforsendur og/eða nægilega mörg fullnægjandi tilboð.

Samninga, sem eru byggðir á rammasamningi við fleiri en einn rekstraraðila, má gera annaðhvort:

— með þeim skilmálum, sem mælt er fyrir um í rammasamningnum, án þess að nýtt boð um að leggja fram tilboð sé sent eða

— ef ekki hefur verið mælt fyrir um alla skilmála í rammasamningnum, eftir að aðilarnir hafa lagt fram ný tilboð á grundvelli sömu skilmála, sem skulu skýrðir nánar ef það er nauðsynlegt, og, eftir atvikum, á grundvelli annarra skilyrða sem um getur í útboðsskilmálum rammasamningsins í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) við gerð hvers samnings skulu samningsyfirvöld ráðfæra sig skriflega við þá rekstraraðila sem hafa burði til að framkvæma samninginn,

b) samningsyfirvöld skulu ákveða tilboðsfrest sem er hæfilega langur til að bjóðendur geti lagt fram tilboð vegna hvers einstaks samnings, að teknu tilliti til þess hve flókið efni samningsins er, hve langan tíma það tekur að leggja fram tilboð og annarra slíkra þátta,

c) tilboð skulu vera skrifleg og efni þeirra skal vera trúnaðarmál þar til tilgreindur frestur til að svara þeim er útrunninn,

d) samningsyfirvöld skulu gera samning við þann bjóðanda sem leggur fram besta tilboðið á grundvelli þeirra valforsendna sem koma fram í útboðsskilmálum rammasamningsins.

*33. gr.*

**Virk innkaupakerfi**

1. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsyfirvöldum sé heimilt að nýta sér virk innkaupakerfi.

2. Þegar samningsyfirvöld koma á fót virku innkaupakerfi skulu þau fara að reglum um almenn útboð á öllum stigum fram til þess að gerður er samningur samkvæmt því kerfi. Allir bjóðendur, sem uppfylla valforsendur og hafa lagt fram kynningarboð í samræmi við útboðsskilmála og önnur möguleg viðbótargögn, skulu hafa aðgang að kerfinu; endurbæta má kynningarboð hvenær sem er, að því tilskildu að þau samrýmist áfram útboðsskilmálum. Þegar kerfinu er komið á fót og gerðir samningar samkvæmt því skulu samningsyfirvöld eingöngu nýta sér rafrænar aðferðir í samræmi við 2.–5. mgr. 42. gr.

3. Þegar virku innkaupakerfi er komið á fót skulu samningsyfirvöld:

a) birta útboðstilkynningu þar sem skýrt er tekið fram að um virkt innkaupakerfi sé að ræða,

b) tilgreina m.a. í útboðsskilmálum hvers konar innkaup séu fyrirhuguð samkvæmt þessu innkaupakerfi og einnig nauðsynlegar upplýsingar um kerfið, rafeindabúnaðinn sem er notaður og tæknilegt fyrirkomulag og forskriftir varðandi tengingar við kerfið,

c) veita með rafrænum hætti, ótakmarkaðan, beinan og fullan aðgang að útboðsskilmálum og öllum viðbótargögnum frá og með birtingu útboðstilkynningar og fram að þeim tíma þegar kerfinu er lokað og skulu tilgreina, í tilkynningunni, veffang þar sem hægt er að nálgast umrædd gögn.

4. Samningsyfirvöld skulu, allan þann tíma sem aðgangur að virka innkaupakerfinu er opinn, gefa öllum rekstraraðilum kost á því að leggja fram kynningartilboð og fá aðgang að kerfinu með þeim skilyrðum sem um getur í 2. mgr. Þau skulu ljúka mati sínu innan 15. daga frá því að kynningarboðið er lagt fram. Þau geta þó framlengt frestinn, að því tilskildu að ekkert útboð fari fram á meðan.

Samningsyfirvöld skulu upplýsa bjóðandann, sem um getur í fyrstu undirgrein, eins fljótt og unnt er, um það hvort hann hafi fengið aðgang að virka innkaupakerfinu eða hvort kynningarboði hans hafi verið hafnað.

5. Hver einstakur samningur skal gerður á grundvelli útboðs. Áður en útboð fer fram skulu samningsyfirvöld birta einfaldaða útboðstilkynningu þar sem öllum hlutaðeigandi rekstraraðilum er boðið að leggja fram kynningarboð í samræmi við 4. mgr. innan frests sem má ekki vera skemmri en 15 dagar, reiknað frá þeim degi er einfaldaða tilkynningin var send út. Samningsyfirvöld geta ekki haldiðáfram með tilboðið fyrr en þau hafa lokið mati á öllum kynningarboðum sem hafa borist fyrir þann tíma.

6. Samningsyfirvöld skulu bjóða öllum bjóðendum, sem hafa fengið aðgang að kerfinu, að leggja fram tilboð fyrir hvern einstakan samning sem gera á innan kerfisins. Í þessu skyni skulu þau setja frest til að leggja fram tilboð.

Þau skulu gera samning við þann bjóðanda sem leggur fram besta tilboðið á grundvelli valforsendna, sem koma fram í útboðstilkynningunni, þar sem tilkynnt er að virku innkaupakerfi hafi verið komið á fót. Þessar forsendur má skilgreina nánar, ef við á, í boðinu sem um getur í fyrstu undirgrein.

7. Virkt innkaupakerfi má ekki hafa lengri gildistíma en fjögur ár nema í vel rökstuddum undantekningartilvikum.

Samningsyfirvöld mega ekki nota þetta kerfi til að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni.

Ekki má leggja nein gjöld á hlutaðeigandi rekstraraðila eða þá sem eiga aðild að kerfinu.

*34. gr.*

**Opinberir verksamningar: sérstakar reglur um byggingu félagslegs húsnæðis**

Þegar um er að ræða opinbera samninga í tengslum við hönnun og byggingu félagslegs húsnæðis og nauðsynlegt er, vegna þess hve verkið er umfangsmikið, flókið og tekur langan tíma, að áætlanir séu frá upphafi byggðar á nánu samstarfi hóps, sem í eru fulltrúar samningsyfirvalda, sérfræðingar og verktakinn sem á að bera ábyrgð á framkvæmd verksins, er hægt að samþykkja sérstakt útboðsferli svo að unnt sé að velja þann verktaka sem er líklegastur til að falla inn í hópinn.

Í útboðstilkynningunni skulu samningsyfirvöld einkum lýsa verkinu, sem á að framkvæma, eins nákvæmlega og unnt er til að áhugasamir verktakar geti gert sér rétta hugmynd um framkvæmdina. Enn fremur skulu samningsyfirvöld setja fram kröfur um persónulegt, tæknilegt, efnahagslegt og fjárhagslegt hæfi þátttakenda í útboðstilkynningu í samræmi við forsendur fyrir hæfismiðuðu vali sem um getur í 45.–52. gr.

Þegar slíkt ferli er samþykkt skulu samningsyfirvöld beita 2., 35., 36., 38., 39., 41., 42., 43. og 45.–52. gr.

VI. KAFLI

***Reglur um birtingu og gagnsæi***

1. þáttur

Birting tilkynninga

*35. gr.*

**Tilkynningar**

1. Samningsyfirvöld skulu veita upplýsingar um eftirfarandi í kynningartilkynningu, sem framkvæmdastjórnin birtir eða samningsyfirvöld birta sjálf í „upplýsingaskrá kaupanda“, eins og lýst er í blið 2. liðar VIII. viðauka:

a) varðandi vörur, áætlað heildarverðmæti samninganna eða rammasamninganna fyrir hvert vörusvið sem þau hyggjast gera samning um næstu 12 mánuði þar sem áætlað heildarverðmæti, að teknu tilliti til ákvæða 7. og 9. gr., er 750 000 evrur eða meira.

Samningsyfirvöld ákvarða vörusvið með tilvísun til CPV-flokkunarkerfisins,

b) varðandi þjónustu, áætlað heildarverðmæti samninganna eða rammasamninganna fyrir hvern þjónustuflokk, sem er skráður í II. viðauka A, sem þau hyggjast gera samning um næstu 12 mánuði, þar sem áætlað heildarverðmæti, að teknu tilliti til ákvæða 7. og 9. gr., er 750 000 evrur eða meira,

c) varðandi verk, helstu einkenni samnings eða rammasamnings, sem þau hyggjast gera, þar sem áætlað verðmæti er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni sem er tilgreind í 7. gr. eða meira, að teknu tilliti til 9. gr.

Senda skal tilkynningarnar, sem um getur í a- og b-lið, til framkvæmdastjórnarinnar eða birta þær í upplýsingaskrá kaupanda eins fljótt og unnt er eftir að nýtt fjárhagsár er hafið.

Senda skal tilkynninguna, sem um getur í c-lið, til framkvæmdastjórnarinnar eða birta hana í upplýsingaskrá kaupanda eins fljótt og unnt er eftir að samþykkt hefur verið áætlun um fyrirhugaða verksamninga eða rammasamninga samningsyfirvalda.

Samningsyfirvöld, sem birta kynningartilkynningu í upplýsingaskrá kaupanda, skulu senda framkvæmdastjórninni rafræna tilkynningu um birtingu kynningartilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda í samræmi við það snið og þær sérstöku aðferðir við sendingu tilkynninga sem settar eru fram í 3. lið VIII. viðauka.

Birting tilkynninga, sem um getur í a-, b- og c-lið, er einungis skyldubundin þegar samningsyfirvöld nýta heimild sína til að stytta tilboðsfrest eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 38. gr.

Þessi málsgrein gildir ekki um samningskaup án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar.

2. Samningsyfirvöld, sem hyggjast gera opinberan samning eða rammasamning á grundvelli almenns útboðs, lokaðs útboðs eða, við aðstæður sem mælt er fyrir um í 30. gr., á grundvelli samningskaupa, að undangenginni birtingu útboðstilkynningar eða á grundvelli samkeppnisviðræðna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 29. gr., skulu láta vita af fyrirætlun sinni með útboðstilkynningu.

3. Samningsyfirvöld, sem hyggjast koma á fót virku innkaupakerfi, skulu láta vita af fyrirætlun sinni með útboðstilkynningu.

Samningsyfirvöld, sem hyggjast gera samning á grundvelli virks innkaupakerfis, skulu láta vita af fyrirætlun sinni með einfaldaðri útboðstilkynningu.

4. Samningsyfirvöld, sem hafa gert opinberan samning eða rammasamning, skulu senda tilkynningu um niðurstöður útboðs eigi síðar en 48 dögum eftir að tilboð er valið eða rammasamningur gerður.

Þegar um er að ræða rammasamning, sem er gerður í samræmi við 32. gr., ber samningsyfirvöldum ekki skylda til að senda tilkynningu um niðurstöður útboðs fyrir hvern samning sem er byggður á þeim rammasamningi.

Samningsyfirvöld skulu senda tilkynningu um niðurstöður útboðs, sem grundvallast á virku innkaupakerfi, innan 48 daga frá því að niðurstöður liggja fyrir. Þau hafa þó heimild til að safna slíkum tilkynningum saman og senda þær ársfjórðungslega. Í því tilviki skulu þau senda samsafnaðar tilkynningar innan 48 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

Þegar um er að ræða opinbera samninga um þjónustu, sem er tilgreind í II. viðauka B, skulu samningsyfirvöld tilgreina, í tilkynningunni, hvort þau samþykkja birtingu þeirra. Þegar um slíka þjónustusamninga er að ræða skal framkvæmdastjórnin setja reglur um vinnslu tölulegra skýrslna á grundvelli slíkra tilkynninga og um birtingu slíkra skýrslna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 77. gr.

Heimilt er að halda eftir tilteknum upplýsingum um gerð samnings eða rammasamnings ef birting slíkra upplýsinga kynni að hindra framkvæmd laga eða ganga á annan hátt gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni opinberra eða einkarekinna rekstraraðila eða réttmæta samkeppni þeirra á milli.

*36. gr.*

**Form og aðferð við birtingu tilkynninga**

1. Í tilkynningum skulu koma fram upplýsingarnar, sem getið er um í VII. viðauka A, og, eftir því sem við á, hvers konar upplýsingar aðrar, sem samningsyfirvöld telja gagnlegar, á stöðluðu eyðublaði sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

2. Tilkynningar, sem samningsyfirvöld senda framkvæmdastjórninni, skulu sendar annaðhvort með rafrænum aðferðum, í samræmi við það snið og þær sendingaraðferðir sem eru tilgreindar í 3. lið VIII. viðauka, eða á annan hátt. Þegar um er að ræða hraðútboð, sem fjallað er um í 8. mgr. 38. gr., skal senda tilkynningar annaðhvort með símbréfi eða með rafrænum aðferðum í samræmi við það snið og þær sendingaraðferðir sem eru tilgreindar í 3. lið VIII. viðauka.

Tilkynningar skulu birtar í samræmi við tæknilegar kröfur um birtingu sem settar eru fram í a- og b-lið 1. liðar VIII. viðauka.

3. Tilkynningar, sem eru samdar og sendar með rafrænum aðferðum, í samræmi við það snið og þær sendingaraðferðir sem eru tilgreindar í 3. lið VIII. viðauka, skulu birtar eigi síðar en fimm dögum eftir að þær eru sendar.

Tilkynningar, sem eru ekki sendar með rafrænum aðferðum í samræmi við það snið og þær sendingaraðferðir sem eru tilgreindar í 3. lið VIII. viðauka, skulu birtar eigi síðar en 12 dögum eftir að þær eru sendar eða, þegar um er að ræða hraðútboð sem um getur í 8. gr. 38. gr., eigi síðar en fimm dögum eftir að þær eru sendar.

4. Útboðsatilkynningar skulu birtar í fullri lengd á opinberu tungumáli Bandalagsins sem samningsyfirvald velur og skal einungis sá texti, sem er birtur á þessu upprunalega tungumáli, vera gildur texti. Birta skal samantekt á mikilvægum þáttum hverrar tilkynningar á öðrum, opinberum tungumálum Bandalagsins.

Bandalagið ber kostnað af birtingu framkvæmdastjórnarinnar á slíkum tilkynningum.

5. Óheimilt er að birta tilkynningar og efni þeirra á innlendum vettvangi fyrir þann dag sem þær eru sendar til framkvæmdastjórnarinnar.

Tilkynningar, sem eru birtar á innlendum vettvangi, skulu ekki innihalda aðrar upplýsingar en þær sem koma fram í tilkynningum, sem eru sendar til framkvæmdastjórnarinnar, eða í upplýsingaskrá kaupanda samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. 35. gr. en í þeim skal getið um það hvaða dag tilkynningin er send til framkvæmdastjórnarinnar eða hvenær hún birtist í upplýsingaskrá kaupanda.

Ekki má birta kynningartilkynningu í upplýsingaskrá kaupanda fyrr en tilkynning hefur verið send til framkvæmdastjórnarinnar um að birting verði í því formi; í henni skal getið um sendingardag.

6. Tilkynningar, sem eru ekki sendar með rafrænum aðferðum, í samræmi við það snið og þær sendingaraðferðir sem eru tilgreindar í 3. lið VIII. viðauka, skulu ekki vera lengri en u.þ.b. 650 orð.

7. Samningsyfirvöld verða að geta sannað hvaða dag tilkynningar eru sendar.

8. Framkvæmdastjórnin skal gefa samningsyfirvöldum staðfestingu á því að upplýsingarnar, sem sendar voru, hafi verið birtar og tiltaka daginn sem þær birtust. Slík staðfesting skal vera sönnunargagn um birtingu.

*37. gr.*

**Birting án skyldu**

Samningsyfirvöld geta, í samræmi við 36. gr., birt tilkynningar um opinbera samninga sem falla ekki undir kröfur um birtingu sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. þáttur

Frestur

*38. gr.*

**Tilboðsfrestur og frestur til að leggja fram þátttökutilkynningu**

1. Þegar samningsyfirvöld setja tilboðsfrest og frest til að leggja fram þátttökutilkynningar skulu þau einkum taka tillit til þess hve flókið efni samningsins er og hve langan tíma þarf til að semja tilboð, sbr. þó lágmarksfrest sem kveðið er á um í þessari grein.

2. Þegar um er að ræða almenn útboð skal tilboðsfrestur vera að lágmarki 52 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar.

3. Þegar um er að ræða lokuð útboð, samningskaup, að undangenginni birtingu útboðstilkynningar sem um getur í 30. gr., og samkeppnisviðræður:

a) skal skilafrestur þátttökutilkynninga vera að lágmarki 37 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar.

b) skal tilboðsfrestur í lokuðu útboði vera að lágmarki 40 dagar frá sendingardegi boðs um að leggja fram tilboð.

4. Ef samningsyfirvöld hafa birt kynningartilkynningu er almenna reglan sú að heimilt er að stytta lágmarksfrest til að leggja fram tilboð skv. 2. mgr. og b-lið 3. mgr. í 36 daga en aldrei svo mikið að hann verði styttri en 22 dagar.

Í almennu útboði reiknast frestur frá sendingardegi útboðstilkynningar og í lokuðu útboði frá sendingardegi boðs um að leggja fram tilboð.

Leyfa skal styttan frest, sem um getur í fyrstu undirgrein, að því tilskildu að kynningartilkynningin hafi að geyma allar upplýsingar, sem krafist er í VII. viðauka A að séu í útboðstilkynningunni, svo fremi að þær upplýsingar séu tiltækar á þeim tíma sem tilkynningin er birt og að kynningartilkynningin hafi verið send til birtingar minnst 52 dögum og mest 12

mánuðum fyrir sendingardag útboðstilkynningarinnar.

5. Ef tilkynningar eru samdar og sendar með rafrænum aðferðum í samræmi við það snið og þær sendingaraðferðir, sem eru tilgreindar í 3. lið VIII. viðauka, er heimilt að stytta tilboðsfrest í almennum útboðum, sem um getur í 2. og 4. mgr., og frest til að leggja fram þátttökutilkynningu, sem um getur í a-lið 3. mgr., í lokuðum útboðum, samningskaupum og samkeppnisviðræðum, um sjö daga.

6. Heimilt er að stytta tilboðsfrest, sem um getur í 2. mgr. og b-lið 3. mgr., um fimm daga ef samningsyfirvald býður ótakmarkaðan, beinan og fullan, rafrænan aðgang að útboðsgögnum og öllum viðbótargögnum frá og með birtingardegi tilkynningarinnar, í samræmi við VIII. viðauka, og í texta tilkynningarinnar kemur fram veffangið þar sem hægt er að nálgast þessi gögn.

Heimilt er að bæta þessari styttingu á fresti við styttinguna sem um getur í 5. mgr.

7. Ef útboðsskilmálar og fylgiskjöl eða viðbótarupplýsingar eru af einhverjum ástæðum ekki afhent innan þeirra tímamarka, sem eru sett í 39. og 40. gr., þótt beðið hafi verið um þessi gögn með góðum fyrirvara, eða, ef ekki er unnt að gera tilboð fyrr en að lokinni vettvangsskoðun eða athugun á fylgiskjölum útboðsgagna á vettvangi, skal lengja tilboðsfrest svo að allir viðkomandi rekstraraðilar geti kynnt sér allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við gerð tilboðs.

8. Þegar um að ræða lokuð útboð og samningskaup, að undangenginni birtingu útboðstilkynningar sem um getur í 30. gr., og ógerlegt er að veita frest sem mælt er fyrir um í þessari grein, vegna tímaskorts, geta samningsyfirvöld sett:

a) frest til að leggja fram þátttökutilkynningu, sem má ekki vera styttri en 15 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningarinnar og ekki styttri en 10 dagar ef tilkynningin er send með rafrænum aðferðum, í samræmi við það snið og þær sendingaraðferðir sem eru tilgreindar í 3. lið VIII. viðauka,

b) og, ef um er að ræða lokuð útboð, tilboðsfrest sem skal ekki vera skemmri en 10 dagar, reiknað frá dagsetningu boðs um að leggja fram tilboð.

*39. gr.*

**Almenn útboð: útboðsskilmálar, viðbótargögn og upplýsingar**

1. Í almennum útboðum, þar sem samningsyfirvöld veita ekki ótakmarkaðan, beinan og fullan, rafrænan aðgang, í samræmi við 6. mgr. 38. gr., að útboðsskilmálum og fylgiskjölum, skal senda útboðsskilmála og fylgiskjöl til rekstraraðila innan sex daga frá því að þátttökutilkynning berst, að því tilskildu að tilkynningin hafi verið lögð fram hæfilega löngu fyrir síðasta skiladag tilboða.

2. Samningsyfirvöld eða þar til bærar stofnanir skulu láta í té viðbótarupplýsingar sem tengjast útboðsskilmálum og öll fylgiskjöl eigi síðar en sex dögum fyrir síðasta skiladag tilboða, að því tilskildu að beðið hafi verið um þessar upplýsingar með góðum fyrirvara.

3. þáttur

Efni upplýsinga og sendingaraðferðir

*40. gr.*

**Boð um að leggja fram tilboð, taka þátt í viðræðum eða gera samning**

1. Í lokuðum útboðum, samkeppnisviðræðum og samningskaupum, að undangenginni birtingu útboðstilkynningar í skilningi 30. gr., skulu samningsyfirvöld bjóða völdum þátttakendum, samtímis og skriflega, að leggja fram tilboð sín eða ganga til samninga eða, þegar um er að ræða samkeppnisviðræður, að taka þátt í viðræðunum.

2. Boð til þátttakenda skal hafa að geyma annaðhvort:

— afrit af útboðsskilmálum eða skýringargögnum ásamt öllum fylgiskjölum eða

— vísun í aðgang að útboðsskilmálum og öðrum gögnum sem eru tilgreind í fyrsta undirlið ef beinn aðgangur er veittur að þeim með rafrænum aðferðum í samræmi við 6. mgr. 38. gr.

3. Ef annar aðili en samningsyfirvaldið, sem ber ábyrgð á útboðinu, hefur útboðsskilmála, skýringargögn og/eða fylgiskjöl af einhverju tagi undir höndum skal koma fram, í boðinu, hvar hægt er að fá þessa skilmála, skýringargögn og fylgiskjöl og, ef við á, frestur til að leggja fram beiðni um þessi gögn og hvaða fjárhæð ber að greiða fyrir þau, svo og greiðsluskilmálar. Þar til bær stofnun skal þegar í stað senda þessi gögn til rekstraraðilans sem óskar eftir þeim.

4. Samningsyfirvöld eða þar til bær stofnun skal senda viðbótarupplýsingar um útboðsskilmála, skýringargögn eða fylgiskjöl eigi síðar en sex dögum fyrir síðasta skiladag tilboða, að því tilskildu að beðið hafi verið um þessar upplýsingar með góðum fyrirvara. Sé um að ræða lokað útboð eða hraðútboð skal þessi frestur vera fjórir dagar.

5. Auk þess verður a.m.k. að koma fram í boði um að leggja fram tilboð, taka þátt í viðræðum eða ganga til samninga:

a) tilvísun til útboðstilkynningar sem hefur verið birt,

b) síðasti skiladagur tilboða, heimilisfangið sem senda á tilboðin til og upplýsingar um á hvaða tungumáli eða tungumálum þau skuli vera,

c) sé um að ræða samkeppnisviðræður, dagsetning og heimilisfangið þar sem viðræður hefjast og tungumálið eða tungumálin sem eru notuð,

d) upplýsingar um það hvaða skjöl eigi hugsanlega að láta fylgja með, annaðhvort til stuðnings yfirlýsingum, sem unnt er að sannreyna og sem bjóðandi hefur sett fram, í samræmi við 44. gr., eða til að auka við upplýsingar, sem um getur í þeirri grein, og samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í 47. og 48. gr.,

e) hlutfallslegt vægi forsendna fyrir gerð samnings eða, ef við á, forgangsröð slíkra forsendna ef það er ekki tilgreint í útboðstilkynningu, útboðsskilmálum eða skýringargögnum.

Ef samningur er gerður samkvæmt reglunum, sem mælt er fyrir um í 29. gr., skulu upplýsingarnar, sem um getur í b-lið hér að framan, þó ekki koma fram í boði um að taka þátt í viðræðum en þær skulu koma fram í boði um að leggja fram tilboð.

*41. gr.*

**Upplýsingar til þátttakenda og bjóðenda**

1. Samningsyfirvöld skulu, eins fljótt og unnt er, upplýsa þátttakendur og bjóðendur um ákvarðanir sem hafa verið teknar varðandi gerð rammasamnings, val tilboðs eða aðgang að virku innkaupakerfi, þ.m.t. ástæður fyrir ákvörðun um að gera ekki rammasamning eða samning þótt útboð hafi farið fram eða hefja útboðsferli á nýjan leik eða að koma á fót virku innkaupakerfi; samningsyfirvöld skulu veita þessar upplýsingar skriflega að fenginni beiðni.

2. Að fenginni beiðni viðkomandi aðila skal samningsyfirvald, eins fljótt og unnt er, upplýsa:

— hvern og einn þátttakanda um ástæður fyrir því ef umsókn hans er hafnað,

— hvern og einn bjóðanda um ástæður fyrir því ef tilboði hans er hafnað, þ.m.t., í tilvikum sem um getur í 4. og 5. mgr. 23. gr., ástæður fyrir því ef það ákvarðar að jafngildisákvæðið sé ekki uppfyllt eða að verk, vörur eða þjónusta uppfylli ekki kröfur er varða nothæfi eða hagnýtingu,

— hvern og einn bjóðanda sem hefur gert fullnægjandi tilboð, um eiginleika og hlutfallslega kosti tilboðsins sem er valið og einnig nafn þess bjóðanda sem varð fyrir valinu eða nöfn aðila að rammasamningnum.

Þetta má undir engum kringumstæðum taka lengri tíma en 15 daga frá móttöku skriflegrar beiðni.

3. Samningsyfirvöld geta þó ákveðið að halda eftir tilteknum upplýsingum, sem um getur í 1. gr., um gerð samnings eða rammasamnings eða aðgang að virku innkaupakerfi ef birting slíkra upplýsinga kynni að hindra framkvæmd laga eða ganga á annan hátt gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni opinberra eða einkarekinna rekstraraðila eða réttmæta samkeppni á milli þeirra.

4. þáttur

Samskipti

*42. gr.*

**Reglur um samskipti**

1. Öll samskipti og upplýsingaskipti, sem um getur í þessum bálki, mega fara fram með pósti, símbréfum, rafrænum aðferðum skv. 4. og 5. mgr., símleiðis, í þeim tilvikum og við þær aðstæður sem um getur í 6. mgr., eða með samsetningu þessara miðla að vali samningsyfirvalds.

2. Samskiptamiðlarnir, sem valdir eru, skulu vera almennt aðgengilegir og skulu ekki hindra aðgang rekstraraðila að útboðsferlinu.

3. Samskipti og miðlun og geymsla upplýsinga skal vera með þeim hætti að heilleiki gagna og leynd tilboða og þátttökutilkynninga sé varðveitt og að samningsyfirvöld kanni ekki efni tilboða og þátttökutilkynninga fyrr en fresturinn til að leggja þau fram er runninn út.

4. Búnaður, sem er notaður í rafrænum samskiptum, svo og tæknilegir eiginleikar hans, skal vera þannig að engum sé mismunað og vera almennt aðgengilegur og innbyrðis samhæfður þeirri upplýsinga- og fjarskiptatækni sem er almennt í notkun.

5. Eftirfarandi reglur gilda um tæki sem notuð eru fyrir rafræna sendingu og móttöku tilboða og um tæki fyrir rafræna móttöku þátttökutilkynninga:

a) Upplýsingar um forskriftir, sem eru nauðsynlegar fyrir rafræna framlagningu tilboða og þátttökutilkynninga, þ.m.t. dulkóðun, skulu vera aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum. Tæki fyrir rafræna móttöku tilboða og þátttökutilkynninga

skulu enn fremur vera í samræmi við kröfur sem koma fram í X. viðauka.

b) Aðildarríkjum er heimilt, samkvæmt 5. gr. tilskipunar 1999/93/EB, að krefjast þess að rafrænum tilboðum fylgi fullgild rafræn undirskrift í samræmi við 1. mgr. þeirrar greinar.

c) Aðildarríkin geta innleitt valfrjáls faggildingarkerfi eða viðhaldið þeim með það fyrir augum að bæta vottunarþjónustu fyrir þessi tæki.

d) Áður en tilboðsfrestur eða frestur til að skila þátttökutilkynningu rennur út skulu bjóðendur eða þátttakendur leggja fram skjöl, vottorð og yfirlýsingar sem um getur í 45.–50. gr. og 52. gr. ef þau eru ekki til í rafrænu formi.

6. Eftirfarandi reglur gilda um sendingu þátttökutilkynninga:

a) tilkynna má skriflega eða símleiðis um þátttöku í opinberu útboði,

b) ef tilkynnt er um þátttöku í síma skal senda skriflega staðfestingu áður en skilafrestur tilkynninga er útrunninn,

c) samningsyfirvöld geta krafist þess að þátttökutilkynning, sem berst með símbréfi, sé staðfest með pósti eða með rafrænum hætti ef það er nauðsynlegt vegna lögfullrar sönnunar. Samningsyfirvald skal láta vita um allar slíkar kröfur í útboðstilkynningu og um frest til að senda staðfestingu með pósti eða með rafrænum hætti.

5. þáttur

Skýrslur

*43. gr.*

**Efni skýrslna**

Fyrir hvern samning, hvern rammasamning og hvert virkt innkaupakerfi, sem er komið á fót, skulu samningsyfirvöld semja skriflega skýrslu þar sem koma skal fram a.m.k. eftirfarandi:

a) nafn og heimilisfang samningsyfirvalds og efni og verðmæti samningsins, rammasamningsins eða virka innkaupakerfisins,

b) nöfn þeirra þátttakenda eða bjóðenda sem urðu fyrir valinu og ástæðurnar fyrir vali þeirra,

c) nöfn þeirra þátttakenda eða bjóðenda sem vísað var frá og ástæðurnar fyrir frávísun þeirra,

d) ástæður fyrir frávísun tilboða sem reynast vera óeðlilega lág,

e) nafn þess bjóðanda sem varð fyrir valinu og ástæðurnar fyrir því að tilboð hans var valið og hvaða hluta samningsins eða rammasamningsins bjóðandinn, sem valinn var, hyggst fá þriðju aðila til að vinna sem undirverktaka, ef það er vitað,

f) við samningskaup, aðstæðurnar sem um getur í 30. og 31. gr. og eru rökstuðningur fyrir notkun þessa innkaupaferlis,

g) að því er varðar samkeppnisviðræður, aðstæðurnar sem mælt er fyrir um í 29. gr. og eru rökstuðningur fyrir notkun þessa innkaupaferlis,

h) ef nauðsyn krefur, ástæðurnar fyrir því að samningsyfirvöld hafa ákveðið að gera ekki samning eða rammasamning eða koma á fót virku innkaupakerfi.

Samningsyfirvöld skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að skrá framkvæmd rafrænna aðferða við val tilboða.

Skýrslan eða meginefni hennar skal send til framkvæmdastjórnarinnar ef hún óskar eftir því.

VII. KAFLI

***Framkvæmd útboðs***

1. þáttur

Almenn ákvæði

*44. gr.*

**Athugun á hæfi og vali þátttakenda og vali tilboða**

1. Tilboð skulu valin á grundvelli forsendna, sem mælt er fyrir um í 53. og 55. gr., að teknu tilliti til 24. gr., eftir að samningsyfirvöld hafa athugað hæfi rekstraraðilanna, sem voru ekki undanskildir skv. 45. og 46. gr., í samræmi við forsendur um efnahagslega og fjárhagslega stöðu, faglega og tæknilega þekkingu eða getu sem um getur í 47.–52. gr. og, þar sem við á, reglur um bann við mismunun og forsendur sem um getur í 3. mgr.

2. Samningsyfirvöld geta krafist þess að þátttakendur og bjóðendur uppfylli kröfur um lágmarksgetu í samræmi við 47. og 48. gr.

Umfang upplýsinganna, sem um getur í 47. og 48. gr., og sú lágmarksgeta sem krafist er vegna tiltekins samnings, skal vera í tengslum við og í réttu hlutfalli við efni samningsins.

Þetta lágmark skal tilgreint í útboðstilkynningunni.

3. Við lokað útboð, samningskaup að undangenginni birtingu útboðstilkynningar og samkeppnisviðræður geta samningsyfirvöld takmarkað fjölda hæfra þátttakenda sem þau bjóða að leggja fram tilboð eða að ganga til samninga eða viðræðna, að því tilskildu að hæfir þátttakendur séu nógu margir. Í útboðstilkynningu skulu samningsyfirvöld tilgreina þær hlutlægu og óhlutdrægu forsendur eða reglur sem þau hyggjast beita, lágmarksfjölda þátttakenda sem þau hyggjast bjóða og, ef við á, hámarksfjölda. Í lokuðu útboði skulu þátttakendur ekki vera færri en fimm. Við samningskaup, að undangenginni birtingu útboðstilkynningar, og í samkeppnisviðræðum skulu þátttakendur ekki vera færri en þrír. Þátttakendur skulu ætíð vera nægilega margir til að tryggja raunverulega samkeppni.

Samningsyfirvöld skulu bjóða a.m.k. jafnmörgum aðilum þátttöku í útboði og sá lágmarksfjöldi er sem áður var tiltekinn. Ef þátttakendur, sem standast valforsendur og lágmarkskröfur um getu, eru færri en tiltekinn lágmarksfjöldi þátttakenda geta samningsyfirvöld haldið útboðsferli áfram á þann hátt að gefa þeim þátttakanda eða þátttakendum, sem uppfylla kröfur, kost á að leggja fram tilboð. Samningsyfirvöldum er óheimilt að gefa fyrirtækjum, sem óskuðu ekki eftir þátttöku í útboðsferli eða uppfylla ekki kröfur um getu, kost á að leggja fram tilboð í því sama útboðsferli.

4. Ef samningsyfirvöld nýta sér heimild til að fækka þeim lausnum sem ræða þarf, eða tilboðum sem samið er um, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 29. gr. og 4. mgr. 30. gr., skulu þau gera það með því að beita valforsendum sem koma fram í útboðstilkynningu, útboðsskilmálum eða skýringargögnum. Á lokastigi ferlisins skal fjöldi þátttakenda vera nægilega mikill til að tryggja raunverulega samkeppni að svo miklu leyti sem um er að ræða nægilegan fjölda tilboða eða hæfra þátttakenda.

2. þáttur

Forsendur fyrir hæfismiðuðu vali

*45. gr.*

**Persónulegar aðstæður þátttakanda eða bjóðanda**

1. Þátttakandi eða bjóðandi, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi sem samningsyfirvaldi er kunnugt um, af einni eða fleiri af þeim ástæðum sem fram koma hér á eftir, skal útilokaður frá því að gerður sé við hann opinber samningur:

a) þátttöku í glæpasamtökum eins og skilgreint er í 1. mgr. 2. gr. sameiginlegrar aðgerðar ráðsins 98/733/DIM ([20]),

b) spillingu eins og skilgreint er í 3. gr. gerðar ráðsins frá 26. maí 1997 ([21]) annars vegar og 1. mgr. 3. gr. sameiginlegrar gerðar ráðsins 98/742/DIM ([22]) hins vegar,

c) sviksemi í skilningi 1. gr. samningsins um vernd fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna ([23]),

d) peningaþvætti eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/308/EBE frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til að stunda peningaþvætti ([24]).

Aðildarríkin skulu skilgreina framkvæmdarákvæði fyrir þessa grein í samræmi við landslög og með hliðsjón af lögum Bandalagsins.

Þau geta ákveðið undanþágur frá kröfunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, vegna forgangskrafna í þágu almennings.

Varðandi þessa málsgrein skulu samningsyfirvöld, ef við á, biðja þátttakendur eða bjóðendur um að leggja fram skjölin, sem um getur í 3. mgr., og geta einnig, ef þau hafa efasemdir um persónulegar aðstæður þátttakendanna eða bjóðendanna, leitað til þar til bærra yfirvalda um upplýsingar, sem þau telja nauðsynlegar og sem varða persónulegar aðstæður viðkomandi þátttakenda eða bjóðenda. Ef upplýsingarnar varða þátttakanda eða bjóðanda, sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki en samningsyfirvaldið, getur samningsyfirvaldið leitað eftir samstarfi við þar til bær yfirvöld í því ríki. Með hliðsjón af landslögum í aðildarríkinu þar sem þátttakendur eða bjóðendur hafa staðfestu varða slíkar fyrirspurnir lögaðila og/eða einstaklinga, þ.m.t., ef við á, forstjóra fyrirtækja og aðra aðila sem hafa heimild til fyrirsvars, ákvarðanatöku eða stjórnunar í fyrirtæki þátttakanda eða bjóðanda.

2. Heimilt er að útiloka rekstraraðila frá þátttöku í útboði:

---

([20]) Stjtíð. EB L 351, 29.12.1998, bls. 1.
([21]) Stjtíð. EB C 195, 25.6.1997, bls. 1.
([22]) Stjtíð. EB L 358, 31.12.1998, bls. 2.
([23]) Stjtíð. EB C 316, 27.11.1995, bls. 48.
([24]) Stjtíð. EB L 166, 28.6.1991, bls. 77. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001 (Stjtíð. EB L 344, 28.12.2001, bls. 76).

a) ef fyrirtæki rekstraraðila er gjaldþrota eða félagi hefur verið slitið, ef bú þess hefur verið tekið til skiptameðferðar, ef það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, ef það hefur lagt niður starfsemi tímabundið eða er í sambærilegri stöðu vegna álíka meðferðar samkvæmt innlendum lögum og reglum,

b) ef óskað hefur verið gjaldþrotaskipta, slita á fyrirtæki eða skiptameðferðar eða ef leitað hefur verið eftir heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða ef óskað er eftir álíka meðferð samkvæmt innlendum lögum eða reglum,

c) ef fyrirtækið hefur verið fundið sekt um refsivert brot á siðareglum í starfsgreininni með úrskurði, sem hefur dómsígildi, í samræmi við lagaákvæði í landinu þar sem brotið er framið,

d) ef fyrirtækið hefur gerst sekt um alvarlegt misferli í starfgrein sinni sem samningsyfirvaldi er unnt að sýna fram á,

e) ef fyrirtækið hefur ekki staðið skil á greiðslum til almannatrygginga eins og því ber samkvæmt lögum landsins þar sem það hefur staðfestu eða lögum í landi samningsyfirvalds,

f) ef fyrirtækið hefur ekki staðið skil á skattgreiðslum samkvæmt lögum landsins þar sem það hefur staðfestu eða lögum í landi samningsyfirvalds,

g) ef fyrirtækið hefur gerst sekt um alvarlegar rangfærslur við veitingu upplýsinganna sem krafist er samkvæmt þessum þætti eða hefur ekki veitt upplýsingarnar. Aðildarríkin skulu skilgreina framkvæmdarákvæði fyrir þessa grein í samræmi við landslög og með hliðsjón af lögum Bandalagsins.

3. Samningsyfirvöld skulu samþykkja eftirfarandi sem fullnægjandi sönnun þess að ekkert af þeim tilvikum, sem eru tilgreind í 1. mgr. eða a-, b-, c-, e- eða f-lið 2. mgr., eigi við um fyrirtæki rekstraraðila:

a) að því er varðar 1. mgr. og a-, b-, og c-lið 2. mgr., framlagning sakavottorðs eða, að öðrum kosti, jafngilds skjals sem er gefið út af þar til bæru dóms- eða stjórnvaldi í upprunalandi eða heimalandi fyrirtækisins, sem sýnir að þessum kröfum er fullnægt,

b) að því er varðar e- og f-lið 2. mgr., vottorð sem þar til bært yfirvald í viðkomandi aðildarríki gefur út.

Ef slík skjöl eða vottorð eru ekki gefin út í viðkomandi ríki, eða ef þau ná ekki yfir öll þau tilvik sem tilgreind eru í 1. mgr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. getur eiðsvarin yfirlýsing viðkomandi aðila komið í stað þeirra eða, í þeim aðildarríkjum þar sem ekki er kveðið á um slíka eiðsvarna yfirlýsingu, drengskaparheit sem viðkomandi gefur í viðurvist þar til bærs dóms- eða stjórnvalds eða, þar sem við á, lögbókanda eða hjá þar til bærri fag- eða viðskiptastofnun í heimalandi eða síðasta dvalarlandi þess aðila.

4. Aðildarríkin skulu tilnefna þar til bær yfirvöld og stofnanir til að gefa út skjölin, vottorðin og yfirlýsingarnar, sem um getur í 3. mgr., og tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Slíkar tilkynningar eru með fyrirvara um lög um gagnavernd.

*46. gr.*

**Starfsréttindi**

Heimilt er að krefjast þess að hver rekstraraðili, sem hyggst taka þátt í opinberu útboði, sýni fram á að hann sé skráður í firmaskrá eða verslunarskrá, eins og mælt er fyrir um í aðildarríkinu þar sem það hefur staðfestu, eða gefi eiðsvarna yfirlýsingu eða vottorð eins og lýst er í IX. viðauka A varðandi opinbera verksamninga, í IX. viðauka B varðandi opinbera vörusamninga og í IX. viðauka C varðandi opinbera þjónustusamninga.

Þegar um er að ræða opinberra þjónustusamninga, og þátttakendur og bjóðendur þurfa að hafa sérstaka heimild eða vera félagar í tilteknum samtökum til að mega veita viðkomandi þjónustu í heimalandi sínu, getur samningsyfirvaldið krafist þess að þeir sýni fram á að þeir hafi slíka heimild eða séu félagar í slíkum samtökum.

*47. gr.*

**Efnahagsleg og fjárhagsleg staða**

1. Að jafnaði skal vera hægt að færa sönnur á efnahagslega og fjárhagslega stöðu rekstraraðila með einni eða fleiri eftirfarandi aðferðum:

a) með viðeigandi yfirlýsingu frá bönkum eða, þar sem við á, sönnunargögnum um viðeigandi starfsábyrgðartryggingu,

b) með því að framvísa efnahagsreikningi eða útdrætti úr honum ef krafist er birtingar efnahagsreiknings samkvæmt landslögum í landinu þar sem rekstraraðilinn hefur staðfestu,

c) með yfirlýsingu um heildarveltu fyrirtækisins og, eftir því sem við á, veltuna á því sviði sem fellur undir samninginn á síðustu þremur fjárhagsárum að hámarki, eftir því hvaða dag fyrirtækið var stofnað eða rekstur hafinn, ef þessar upplýsingar um veltu eru tiltækar.

2. Rekstraraðili getur, eftir því sem við á og vegna tiltekins samnings, byggt á getu annarra aðila án tillits til þess hver lagaleg tengsl hans eru við þessa aðila. Í því tilviki skal rekstraraðilinn sýna samningsyfirvaldinu fram á að hann muni hafa yfir að ráða nauðsynlegum tilföngum, t.d. með því að leggja fram skuldbindingu frá þessum aðilum þar að lútandi.

3. Með sömu skilyrðum getur hópur rekstraraðila, sem um getur í 4. gr., byggt á getu þátttakenda í hópnum eða annarra aðila.

4. Samningsyfirvöld skulu tilgreina, í útboðstilkynningu eða boði um að leggja fram tilboð, hvaða gögn skv. 1. mgr. þau gera kröfu um og hvaða annarra gagna kunni að verða krafist.

5. Ef rekstraraðili getur ekki, af einhverri gildri ástæðu, lagt fram þau gögn sem samningsyfirvöld krefjast getur hann sýnt fram á efnahagslega og fjárhagslega stöðu sína með öðrum gögnum sem samningsyfirvaldið telur fullnægjandi.

*48. gr.*

**Tæknileg og fagleg geta**

1. Tæknileg og fagleg geta fyrirtækja skal metin og prófuð í samræmi við 2. og 3. mgr.

2. Rekstraraðili getur sannað tæknilega getu sína með einni eða fleiri af eftirfarandi aðferðum, allt eftir eðli, magni, mikilvægi eða fyrirhugaðri notkun verksins, vörunnar eða þjónustunnar:

a) i) með skrá yfir þau verk sem unnin hafa verið á undanförnum fimm árum ásamt vottorðum um fullnægjandi efndir mikilvægustu verksamninganna. Í þessum vottorðum skal koma fram verðmæti, dagsetning og staðsetning verka ásamt upplýsingum um hvort þau hafi verið unnin í samræmi við faglegar reglur og lokið með fullnægjandi hætti. Þar sem við á skal þar til bært yfirvald afhenda samningsyfirvaldi þessi vottorð milliliðalaust,

ii) með skrá yfir helstu vörusendingar eða þjónustu sem veitt hefur verið á þremur undanförnum árum ásamt upplýsingum um fjárhæðir, dagsetningar og viðtakendur, hvort heldur um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila. Sönnun um afhendingu vöru og þjónustu skal veitt:

— ef viðtakandinn er opinbert samningsyfirvald, í formi vottorðs sem þar til bært yfirvald gefur út eða staðfestir með áritun,

— ef viðtakandinn er kaupandi sem er einkaaðili, með vottorði kaupanda eða, ef það er ekki unnt, með yfirlýsingu rekstraraðilans sjálfs,

b) með tilvísun til tæknimanna eða þeirra tæknilegu aðila sem koma að málinu, hvort sem þeir heyra beint undir fyrirtæki rekstraraðilans eða ekki, einkum þeirra sem bera ábyrgð á gæðaeftirliti og, þegar um er að ræða opinbera verksamninga, þeirra sem verktaki getur leitað til vegna framkvæmdar verksins,

c) með lýsingu á tæknibúnaði og þeim ráðstöfunum sem birgir eða þjónustuveitandi hefur gert til að tryggja gæði ásamt lýsingu á aðstöðu fyrirtækisins til athugana og rannsókna,

d) þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem er margbrotin eða, í undantekningartilvikum, er veitt í sérstökum tilgangi, með athugun á framleiðslugetu birgis eða tæknilegri getu þjónustuveitanda og, ef þörf krefur, á aðstöðu hans til athugana og rannsókna og ráðstöfunum hans til gæðaeftirlits og annast samningsyfirvöld þessa athugun eða, fyrir hönd þeirra, þar til bær, opinber aðili í landinu þar sem birgir eða þjónustuveitandi hefur staðfestu, með fyrirvara um samþykki þess aðila,

e) með upplýsingum um menntun og faglegt hæfi þjónustuveitandans eða verktakans og/eða stjórnenda fyrirtækisins, einkum hæfi þess eða þeirra aðila sem bera ábyrgð á veitingu þjónustunnar eða stjórn verksins,

f) þegar um er að ræða opinbera verksamninga og þjónustusamninga, og einungis þegar það á við, með tilvísun til þeirra umhverfisstjórnunaraðgerða sem rekstraraðilinn getur beitt við framkvæmd samningsins,

g) með yfirlýsingu um árlegan meðalfjölda starfsmanna hjá þjónustuveitanda eða verktaka og fjölda manna í stjórnunarstöðum á undanförnum þremur árum,

h) með yfirlýsingu um þau tæki, vélakost og tæknibúnað sem þjónustuveitandi eða verktaki hefur til umráða við framkvæmd samnings,

i) með tilvísun til þess hlutfalls samnings sem þjónustuveitandi mun hugsanlega fela undirverktaka,

j) að því er varðar vöru:

i) með sýnishornum, lýsingum og/eða ljósmyndum sem unnt á að vera að votta ef samningsyfirvald krefst þess,

ii) með vottorðum frá opinberri gæðaeftirlitsstofnun eða viðurkenndri stofnun sem staðfestir að varan, sem er skýrt skilgreind með tilvísunum í tilteknar forskriftir og staðla, sé í samræmi við þessar forskriftir og staðla.

3. Rekstraraðili getur, eftir því sem við á og vegna tiltekins samnings, byggt á getu annarra aðila án tillits til þess hver lagaleg tengsl hans eru við þessa aðila. Í því tilviki skal hann sýna samningsyfirvaldinu fram á að hann muni hafa yfir að ráða þeim tilföngum sem eru nauðsynleg fyrir framkvæmd samningsins, t.d. með þeim hætti að aðilarnir stofni sameiginlega sérstakt fyrirtæki til að rekstraraðilinn hafi aðgang að nauðsynlegum tilföngum.

4. Með sömu skilyrðum getur hópur rekstraraðila byggt á getu þátttakenda í hópnum eða annarra aðila eins og um getur í 4. gr.

5. Þegar um er að ræða opinbera vörusamninga sem fela í sér ísetningu eða uppsetningu, þjónustu og/eða framkvæmd verks er heimilt að meta getu rekstraraðila, til að veita þjónustuna eða annast uppsetninguna eða verkið, einkum með hliðsjón af færni þeirra, skilvirkni, reynslu og áreiðanleika.

6. Samningsyfirvöld skulu tiltaka, í útboðstilkynningu eða boði um að leggja fram tilboð, hvaða gögn skv. 2. mgr. þau óska að lögð verði fram.

*49. gr.*

**Gæðastaðlar**

Ef samningsyfirvöld krefjast þess að lögð séu fram vottorð frá óháðum aðila, sem staðfestir að rekstraraðilinn uppfylli tiltekna gæðastaðla, skulu þau vísa til gæðakerfa sem grundvallast á viðeigandi kerfi Evrópustaðla sem hefur fengið vottun stofnunar sem stenst kröfur um vottun samkvæmt Evrópustaðlakerfinu. Samningsyfirvöld skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum. Þau skulu einnig samþykkja önnur sönnunargögn frá rekstraraðilum um sambærilegar ráðstafanir til að tryggja gæði.

*50. gr.*

**Umhverfisstjórnunarstaðlar**

Ef samningsyfirvöld krefjast þess, í tilvikum sem um getur í f-lið 2. mgr. 48. gr., að lögð séu fram vottorð frá óháðum aðila, sem staðfestir að rekstraraðilinn uppfylli tiltekna umhverfisstjórnunarstaðla, skulu þau vísa til umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS) eða til umhverfisstjórnunarstaðla sem grundvallast á viðeigandi evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum sem eru vottaðir af stofnunum sem starfa í samræmi við lög Bandalagsins eða viðeigandi evrópska eða alþjóðlega vottunarstaðla. Þau skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum. Samningsyfirvöld skulu einnig samþykkja önnur sönnunargögn um sambærilegar ráðstafanir varðandi umhverfisstjórnun, sem rekstraraðilar leggja fram.

*51. gr.*

**Viðbótargögn og upplýsingar**

Samningsyfirvald getur krafist þess að rekstraraðilinn bæti við eða skýri vottorð og skjöl sem eru lögð fram samkvæmt 45.–50. gr.

*52. gr.*

**Opinber skrá yfir samþykkta rekstraraðila og vottun frá opinberum og einkaréttarlegum stofnunum**

1. Aðildarríkin geta innleitt annaðhvort opinberar skrár yfir samþykkta verktaka, birgja eða þjónustuveitendur eða vottun frá opinberum eða einkaréttarlegum vottunaraðilum.

Aðildarríkin skulu laga skilyrðin fyrir skráningu í þessar skrár, ásamt skilyrðum fyrir útgáfu vottorða frá vottunaraðilum, að ákvæðum 45. gr. (1. mgr.), 45. gr. (a–d-liðar og g-liðar 2. mgr.), 46. gr., 47. gr. (1., 4. og 5. mgr.), 48. gr. (1., 2. 5. og 6. mgr.), 49. gr. og, ef við á, 50. gr.

Aðildarríkin skulu einnig laga þau að 47. gr. (2. mgr.) og 48. gr. (3. mgr.) þegar um er að ræða skráningarumsóknir frá rekstraraðilum sem eru hluti af hópi og sem sýna fram á að þeir ráði yfir tilföngum sem hin fyrirtækin í hópnum hafa fengið þeim til ráðstöfunar. Í þeim tilvikum skulu þessir rekstraraðilar sanna fyrir yfirvaldinu, sem innleiðir opinberu skrána, að þeir ráði yfir þessum tilföngum út allan gildistíma vottorðs sem staðfestir að þeir séu skráðir í opinberu skrána og að allt það tímabil muni þessi fyrirtæki uppfylla áfram kröfur um hæfismiðað val sem mælt er fyrir um í greinunum, sem um getur í annarri undirgrein, sem rekstraraðilar bera fyrir sig í tengslum við skráningu sína.

2. Rekstraraðilar, sem eru skráðir í opinberar skrár eða hafa fengið vottorð, geta, í hverju útboði, afhent samningsyfirvaldi vottorð um skráningu sem er gefið út af þar til bæru yfirvaldi eða vottorð sem þar til bær vottunaraðili gefur út. Í þessum vottorðum skulu koma fram þær upplýsingar sem gerðu þeim kleift að fá skráningu eða vottorð og flokkun samkvæmt skránni.

3. Samningsyfirvöld annarra aðildaríkja skulu ekki ganga út frá því að vottuð skráning þar til bærra aðila í opinberum skrám eða vottorð, gefið út af vottunaraðila, sé til marks um hæfi nema að því er varðar 45. gr. (1. mgr. og a–d-lið og g-lið 2. mgr.), 46. gr. 47. gr. (b- og c-lið 1. mgr.) og 48. gr. (i-lið a-liðar, b-lið, e-lið, g-lið og h-lið 2. mgr.) þegar um er að ræða verktaka, (ii-lið a-liðar, b-lið, c-lið, d-lið og j-lið 2. mgr.), þegar um er að ræða birgja og (ii-lið a-liðar og c–i-lið 2. mgr.) þegar um er að ræða þjónustuveitendur.

4. Ekki er hægt að vefengja upplýsingar, sem rekja má til skráningar í opinberum skrám eða vottunarskráningar, án rökstuðnings. Að því er varðar greiðslu iðgjalda til almannatrygginga og skatta er þó heimilt að krefjast viðbótarvottorðs frá skráðum rekstraraðilum við hvert útboð.

Samningsyfirvöld hinna aðildarríkjanna skulu einungis beita 3. mgr. og fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar til hagsbóta þeim rekstraraðilum sem hafa staðfestu í aðildarríkinu þar sem opinbera skráin er haldin.

5. Ekki er heimilt, varðandi skráningu rekstraraðila frá öðrum aðildarríkjum í opinberri skrá eða vottun sem þeir fá hjá stofnunum sem um getur í 1. mgr. að krefjast frekari sannana eða yfirlýsinga, annarra en þeirra sem innlendir rekstraraðilar eru krafðir um og skulu þær ávallt miðast við það sem kveðið er á um skv. 45.–49. gr. og, ef við á, 50. gr.

Þó er ekki hægt að skylda rekstraraðila frá öðrum aðildarríkjum til að fá slíka skráningu eða vottun til að geta tekið þátt í opinberu útboði. Samningsyfirvöld skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum. Þau skulu einnig samþykkja annars konar jafngild sönnunargögn.

6. Rekstraraðilar geta, hvenær sem er, óskað eftir því að fá skráningu í opinbera skrá eða vottorð. Þeir skulu látnir vita, áður en langt um líður, um ákvörðun yfirvaldsins, sem heldur skrána, eða þar til bærs vottunaraðila.

7. Vottunaraðilarnir, sem um getur í 1. mgr., skulu fara að evrópskum vottunarstöðlum.

8. Aðildarríkjum, sem halda opinberar skrár, og vottunaraðilum, sem um getur í 1. mgr., ber skylda til að upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um heimilisfang stofnunarinnar sem senda á umsóknir til.

3. þáttur

Val tilboðs

*53. gr.*

**Forsendur fyrir vali tilboðs.**

1. Með fyrirvara um innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli er varða þóknun fyrir tiltekna þjónustu skulu forsendur, sem samningsyfirvöld byggja á við val þess aðila sem opinber samningur er gerður við, vera annaðhvort:

a) þegar fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið er valið að mati samningsyfirvaldsins, ýmsar forsendur sem tengjast efni viðkomandi opinbers samnings, t.d. gæði, verð, tæknileg atriði, útlit og notagildi, umhverfiseiginleikar, rekstrarkostnaður, kostnaðarhagkvæmni, þjónusta eftir verklok og tæknileg aðstoð, afhendingardagur og afhendingartími eða frestur til að ljúka verki, eða

b) lægsta verð eingöngu.

2. Samningsyfirvöld skulu tilgreina í útboðstilkynningu eða útboðsgögnum, í tilvikum sem um getur í a-lið 1. mgr., eða, þegar um er að ræða samkeppnisviðræður, í skýringargögnum, hvert mat þeirra er á hlutfallslegu vægi hverrar forsendu sem valin er til að ákvarða fjárhagslega hagstæðasta tilboðið, sbr. þó ákvæði þriðju undirgreinar.

Þetta vægi má setja fram sem ákveðið bil með hæfilegum hámarksvikmörkum.

Ef samningsyfirvald telur að ekki sé unnt að styðjast við vægi vegna skorts á sönnunum skal yfirvaldið tilgreina forsendurnar í forgangsröð eftir mikilvægi þeirra í útboðstilkynningu eða útboðsgögnum eða, þegar um er að ræða samkeppnisviðræður, í skýringargögnum.

*54. gr.*

**Rafræn uppboð**

1. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsyfirvöldum sé heimilt að nota rafræn uppboð.

2. Þegar um er að ræða almenn eða lokuð útboð eða samningskaup skv. a-lið 1. mgr. 30. gr. geta samningsyfirvöld ákveðið að opinber samningur skuli gerður að undangengnu rafrænu uppboði þegar unnt er að ákvarða útboðsskilmála af nákvæmni.

Við sömu aðstæður er heimilt að halda rafrænt uppboð þegar aðilar að rammasamningi fá nýtt boð um að leggja fram tilboð eins og kveðið er á um í öðrum undirlið annarrar undirgreinar 4. mgr. 32. gr., og í

útboðum þar sem gera á samning samkvæmt virka innkaupakerfinu sem um getur í 33. gr.

Rafrænt uppboð skal grundvallast:

— annaðhvort eingöngu á verði, ef samningur er gerður á grundvelli lægsta verðs,

— eða á verði og/eða nýju verðmæti tilboðsþátta sem tilgreint er í útboðsskilmálum, ef samningur er gerður á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs.

3. Samningsyfirvöld, sem ákveða að halda rafrænt uppboð, skulu geta þess í útboðstilkynningu.

Í útboðsskilmálum skulu meðal annars koma fram upplýsingar um eftirtalin atriði:

a) þá þætti þar sem verðmætið liggur til grundvallar í rafrænu uppboði, að því tilskildu að slíkir þættir séu mælanlegir og hægt sé að setja þá fram í tölum eða hundraðshlutum,

b) hvers konar takmarkanir sem hægt er að setja á verðmæti á grundvelli mats á skilmálum er varða efni samningsins,

c) upplýsingarnar sem bjóðendur eiga að hafa aðgang að á meðan rafræna uppboðið stendur yfir og, eftir því sem við á, hvenær þeir fá aðgang að þeim,

d) viðeigandi upplýsingar um rafræna uppboðsferlið,

e) skilyrði sem bjóðendur verða að uppfylla til að geta lagt fram tilboð og einkum hvaða lágmarksmunar sé krafist á milli tilboða, eftir því sem við á,

f) viðeigandi upplýsingar um rafræna búnaðinn sem notaður er og um fyrirkomulag og tækniforskriftir fyrir tengingu við hann.

4. Áður en rafrænt uppboð hefst skulu samningsyfirvöld leggja fullt, fyrsta mat á tilboðin í samræmi við forsendu eða forsendur fyrir vali tilboðs og það vægi sem er ákveðið fyrir þær.

Öllum bjóðendum, sem hafa lagt fram gild tilboð, skal samtímis boðið, með rafrænum hætti, að bjóða nýtt verð og/eða verðmæti; í boðinu skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar varðandi tengingu hvers og eins við rafeindabúnaðinn, sem er notaður, ásamt upplýsingum um upphafsdag og upphafstíma rafræna uppboðsins. Rafræna uppboðinu má skipta í nokkra áfanga sem eru teknir fyrir hver á fætur öðrum. Rafræna uppboðið getur ekki hafist fyrr en tveimur virkum dögum eftir að boðin eru send út.

5. Ef gera á samning á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs skulu fylgja boðinu niðurstöður úr fullu mati á viðkomandi tilboði sem fer fram í samræmi við það vægi sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 2. mgr. 53. gr.

Í boðinu skal einnig koma fram hvaða reiknilíkan á að nota í rafrænu uppboði til að ákvarða sjálfkrafa endurflokkun tilboða á grundvelli nýs verðs og/eða verðmætis. Þetta líkan skal taka tillit til vægis allra forsendna sem eru settar til að ákvarða fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið eins og tilgreint er í útboðstilkynningu eða útboðsskilmálum; í því augnamiði skulu þó hugsanleg vikmörk skilgreind fyrir fram sem föst gildi.

Ef frávikstilboð eru heimiluð skal hafa sérstakt líkan fyrir hvert frávik.

6. Í hverjum áfanga rafræns uppboðs skulu samningsyfirvöld þegar í stað láta öllum bjóðendum í té a.m.k. nægilegar upplýsingar til að þeir hafi vitneskju um stöðu sína í flokkuninni hverju sinni. Samningsyfirvöld geta einnig veitt aðrar upplýsingar sem hafa komið fram um önnur atriði varðandi verð og verðmæti, að því tilskildu að þær upplýsingar komi fram í útboðsskilmálum. Þau geta einnig, hvenær sem er, tilkynnt um fjölda bjóðenda í viðkomandi áfanga uppboðs. Þeim er þó aldrei heimilt að upplýsa um nafn bjóðenda á neinu stigi rafræns uppboðs.

7. Samningsyfirvöld skulu loka rafrænu uppboði með einhverju af eftirfarandi:

a) í boði um að taka þátt í uppboði er tilgreindur fyrir fram ákveðinn dagur og tími fyrir lok uppboðs,

b) þegar ekki berst lengur nýtt verð eða verðmæti sem uppfyllir kröfur um lágmarksmun. Í því tilviki skulu samningsyfirvöld tiltaka, í boði um að taka þátt í uppboði, þann tíma sem látinn verður líða frá því að tekið er á móti síðasta tilboði og þar til rafræna uppboðinu er lokað,

c) þegar þeim áföngum uppboðs, sem hafa verið tilteknir í boði um að taka þátt í uppboði, er lokið.

Ef samningsyfirvöld hafa ákveðið að loka rafrænu uppboði í samræmi við c-lið, og hugsanlega einnig samkvæmt þeirri aðferð sem mælt er fyrir um í b-lið, skal tímaáætlun fyrir hvern áfanga uppboðsins koma fram í boði um að taka þátt í uppboðinu.

8. Þegar rafrænu uppboði hefur verið lokað skulu samningsyfirvöld gera samning í samræmi við 53. gr. á grundvelli niðurstaðna úr rafræna uppboðinu.

Samningsyfirvöld mega ekki nota rafrænt uppboð á ótilhlýðilegan hátt og ekki heldur á þann hátt að það komi í veg fyrir, takmarki eða raski samkeppni eða breyti efni samningsins eins og það var sett fram í birtri útboðstilkynningu og skilgreint í útboðsskilmálum.

*55. gr.*

**Óeðlilega lág tilboð**

1. Ef tilboð vegna tiltekins samnings virðast óeðlilega lág miðað við vöru, verk eða þjónustu skal samningsyfirvald, áður en það getur vísað þessum tilboðum frá, óska eftir nákvæmri, skriflegri lýsingu á þeim efnisþáttum tilboðsins sem það telur skipta máli.

Þessar upplýsingar geta einkum varðað:

a) hagkvæmni byggingaraðferðar, framleiðsluferlis eða þjónustu,

b) tæknilegar lausnir, sem hafa verið valdar, og/eða hvers konar óvenjulega hagstæðar aðstæður bjóðanda við framkvæmd verks, afhendingu vöru eða veitingu þjónustu,

c) frumleika í tillögum bjóðanda varðandi verk, vöru eða þjónustu,

d) samræmi við gildandi ákvæði um vinnuvernd og vinnuskilyrði á staðnum þar sem framkvæmd verks, afhending vöru eða veiting þjónustu fer fram,

e) möguleika bjóðanda á því að fá ríkisstyrki.

2. Samningsyfirvöld skulu sannreyna þessa efnisþætti með viðræðum við bjóðanda, að teknu tilliti til þeirra gagna sem hafa verið lögð fram.

3. Ef samningsyfirvald kemst að raun um að tilboð sé óeðlilega lágt vegna þess að bjóðandi hafi fengið ríkisstyrk er ekki hægt að vísa tilboðinu frá af þeirri ástæðu einni fyrr en samningsyfirvaldið hefur átt viðræður við bjóðanda og hann reynist, að loknum hæfilegum fresti sem samningsyfirvaldið setur, ófær um að sanna að viðkomandi styrkur hafi verið veittur lögum samkvæmt. Ef samningsyfirvald vísar tilboði frá við þessar aðstæður skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

## III. BÁLKUR

## REGLUR UM OPINBERA SÉRLEYFISSAMNINGA UM VERK

### I. KAFLI

### *Gildandi reglur um opinbera sérleyfissamninga um verk*

*56. gr.*

**Gildissvið**

Þessi kafli gildir um alla opinbera sérleyfissamninga um verk sem samningsyfirvöld gera þar sem verðmæti samningsins er 6 242 000 evrur eða meira.

Verðmætið skal reiknað í samræmi við gildandi reglur um opinbera verksamninga sem skilgreindir eru í 9. gr.

*57. gr.*

**Samningar sem eru undanþegnir gildissviði tilskipunarinnar**

Þessi bálkur gildir ekki um opinbera sérleyfissamninga um verk:

a) sem eru gerðir í tilvikum sem um getur í 13., 14. og 15. gr. þessarar tilskipunar varðandi opinbera verksamninga,

b) sem eru gerðir af samningsyfirvöldum sem stunda eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi, sem um getur í 3.–7. gr. tilskipunar 2004/17/EB, þegar þessi sérleyfi eru veitt til að stunda þá starfsemi.

Þessi tilskipun gildir þó áfram um opinbera sérleyfissamninga um verk, sem eru gerðir af samningsyfirvöldum, sem stunda eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 6. gr. tilskipunar 2004/17/EB, og eru gerðir vegna þeirrar starfsemi, svo fremi að viðkomandi aðildarríki nýti sér þann kost sem um getur í annarri undirgrein 71. gr. hennar til að fresta beitingu hennar.

*58. gr.*

**Birting tilkynninga um opinbera sérleyfissamninga um verk**

1. Samningsyfirvöld, sem hyggjast gera opinberan sérleyfissamning um verk, skulu láta vita af fyrirætlun sinni með tilkynningu.

2. Í tilkynningum um opinbera sérleyfissamninga um verk skulu koma fram upplýsingarnar, sem um getur í VII. viðauka C, og, eftir því sem við á, hvers konar upplýsingar aðrar, sem samningsyfirvöld telja gagnlegar, í samræmi við stöðluð eyðublöð sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samkvæmt málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

3. Tilkynningar skulu birtar í samræmi við 2.–8. mgr. 36. gr.

4. Ákvæði 37. gr. um birtingu tilkynninga gilda einnig um opinbera sérleyfissamninga um verk.

*59. gr.*

**Frestur**

Þegar samningyfirvöld hyggjast gera opinbera sérleyfissamninga um verk skal skilafrestur umsókna um sérleyfi ekki vera styttri en 52 dagar, reiknað frá sendingardegi tilkynningarinnar, að undanteknum þeim tilvikum sem fjallað er um í 5. mgr. 38. gr.

Beita skal ákvæði 7. mgr. 38. gr.

*60. gr.*

**Undirverktaka**

Samningsyfirvaldið getur annaðhvort:

a) krafist þess að sérleyfishafi geri samninga við þriðja aðila, sem samsvara minnst 30% af heildarverðmæti verksins sem væntanlegur sérleyfissamningur tekur til, og gefa um leið umsækjendum færi á að hækka það hlutfall; þetta lágmarkshlutfall skal tilgreina í sérleyfissamningnum,

b) eða farið fram á að umsækjendur um sérleyfissamninga tilgreini, í tilboði sínu, þann hundraðshluta heildarverðmætis verks þess sem gera á sérleyfissamning um og sem þeir hyggjast fela þriðja aðila.

*61. gr.*

**Viðbótarverk sem samið er um við sérleyfishafa**

Þessi tilskipun gildir ekki um viðbótarverk sem hvorki var gert ráð fyrir í upphaflega sérleyfisverkefninu né í upphaflegum samningi en sem hafa, vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna, orðið nauðsynleg fyrir framkvæmd verksins sem þar er lýst og sem samningsyfirvaldið hefur samið um við sérleyfishafann, að því tilskildu að samningurinn sé gerður við rekstraraðilann sem annast framkvæmd slíks verks:

— þegar ekki er unnt að aðskilja slík viðbótarverk frá upphaflega samningnum af tæknilegum eða fjárhagslegum ástæðum án þess að valda samningsyfirvöldum miklum óþægindum,

— þegar slík verk eru alveg nauðsynleg fyrir framkvæmd upphaflega samningsins þótt unnt sé að aðskilja þau frá honum.

Samanlagt verðmæti samninga, sem gerðir eru vegna viðbótarverka, má þó ekki fara yfir 50% af fjárupphæð upphaflega sérleyfissamningsins um verk.

II. KAFLI

***Reglur um samninga, gerða af sérleyfishafa sem er samningsyfirvald***

*62. gr.*

**Gildandi reglur**

Ef sérleyfishafi er samningsyfirvald, eins og um getur í 9. mgr. 1. gr., skal hann fara að ákvæðum um opinbera verksamninga, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, þegar um er að ræða verk sem þriðju aðilar framkvæma.

III. KAFLI

***Reglur um samninga, gerða af sérleyfishafa sem er ekki samningsyfirvald***

*63. gr.*

**Reglur um birtingu: viðmiðunarfjárhæðir og undantekningar**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að opinberir sérleyfishafar, sem eru ekki samningsyfirvöld, beiti þeim reglum um birtingu sem skilgreindar eru í 64. gr. þegar þeir gera verksamninga við þriðju aðila ef verðmæti slíkra samninga er 6 242 000 evrur eða meira.

Birting er þó ekki nauðsynleg þegar samningur um opinberar framkvæmdir fullnægir þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 31. gr. þessa samnings.

Verðmæti samninga skal reiknað í samræmi við gildandi reglur um opinbera verksamninga sem mælt er fyrir um í 9. gr.

2. Fyrirtækjahópar, sem hafa verið myndaðir með það fyrir augum að fá sérleyfi, eða fyrirtæki í tengslum við þá, skulu ekki teljast til þriðju aðila.

„Tengt fyrirtæki" er fyrirtæki sem sérleyfishafi getur haft bein eða óbein yfirráð yfir eða fyrirtæki sem getur öðlast yfirráð yfir sérleyfishafanum eða sem er, ásamt sérleyfishafa, undir yfirráðum annars fyrirtækis á grundvelli eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða gildandi reglna. Fyrirtæki telst hafa yfirráð yfir öðru fyrirtæki þegar það, beint eða óbeint:

a) á meirihluta skráðs hlutafjár í hlutaðeigandi fyrirtæki,

b) ræður yfir meirihluta atkvæða sem fylgja hlutabréfum sem fyrirtækið gefur út eða

c) hefur rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins.

Tæmandi skrá yfir slík fyrirtæki skal fylgja umsókn um sérleyfi. Skrána skal uppfæra í samræmi við síðari breytingar á tengslum milli fyrirtækjanna.

*64. gr.*

**Birting tilkynninga**

1. Sérleyfishafar verksamnings, sem eru ekki samningsyfirvöld en hyggjast gera verksamninga við þriðju aðila, skulu láta vita af fyrirætlun sinni með tilkynningu.

2. Í tilkynningum skulu koma fram upplýsingarnar, sem um getur í VII. viðauka C, og, eftir því sem við á, hvers konar aðrar upplýsingar, sem sérleyfishafar verksamnings telja gagnlegar, í samræmi við stöðluð eyðublöð sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samkvæmt málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

3. Tilkynningin skal birt í samræmi við 2.–8. mgr. 36. gr.

4. Einnig skal beita ákvæðum 37. gr. um valfrjálsa birtingu tilkynninga.

*65. gr.*

**Tilboðsfrestur og frestur til að leggja fram þátttökutilkynningu**

Í verksamningum, gerðum af sérleyfishöfum sem eru ekki samningsyfirvöld, skal frestur til að leggja fram þátttökutilkynningu, sem sérleyfishafi ákveður, ekki vera skemmri en 37 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar og tilboðsfrestur ekki skemmri en 40 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar eða boðs um að leggja fram tilboð.

Beita skal ákvæðum 5., 6. og 7. mgr. 38. gr.

**IV. BÁLKUR**

REGLUR UM HÖNNUNARSAMKEPPNI

*66. gr.*

**Almenn ákvæði**

1. Reglur um tilhögun hönnunarsamkeppni skulu vera í samræmi við 66.–74. gr. og skulu sendar þeim sem hafa áhuga á því að taka þátt í keppninni.

2. Aðgangur að hönnunarsamkeppni má ekki takmarkast við:

a) yfirráðasvæði eða hluta af yfirráðasvæði aðildarríkis,

b) það að þátttakendur séu annaðhvort einstaklingar eða lögaðilar þótt þess kunni að vera krafist í lögum aðildarríkisins þar sem samkeppnin er haldin.

*67. gr.*

**Gildissvið**

1. Eftirtaldir aðilar halda hönnunarsamkeppni í samræmi við ákvæði þessa bálks:

a) samningsyfirvöld sem eru skráð sem yfirvöld á vegum ríkisins í IV. viðauka, frá og með viðmiðunarfjárhæð sem skal vera 162 000 evrur eða meira,

b) samningsyfirvöld sem eru ekki skráð í IV. viðauka, frá og með viðmiðunarfjárhæð sem skal vera 249 000 evrur eða meira,

c) öll samningsyfirvöld, frá og með viðmiðunarfjárhæð sem skal vera 249 000 evrur eða meira þar sem samkeppnin varðar þjónustu í 8. flokki II. viðauka A, fjarskiptaþjónustu í 5. flokki, þar sem CPV-númerin samsvara CPC-tilvísunarnúmerunum 7524, 7525 og 7526. og/eða þjónustu sem er tilgreind í II. viðauka B,

2. Þessi bálkur gildir um:

a) hönnunarsamkeppni sem efnt er til með það fyrir augum að gera opinberan þjónustusamning,

b) hönnunarsamkeppni þar sem þátttakendur fá verðlaun og/eða greiðslur.

Í tilvikum, sem um getur í a-lið, merkir viðmiðunarfjárhæð áætlað verðmæti opinbera þjónustusamningsins án virðisaukaskatts, þ.m.t. öll verðlaun og/eða greiðslur til þátttakenda.

Í tilvikum, sem um getur í b-lið, merkir viðmiðunarfjárhæð heildarfjárhæð verðlauna og greiðslna, þ.m.t. áætlað verðmæti opinbers þjónustusamnings án virðisaukaskatts sem kynni að vera gerður síðar skv. 3. mgr. 31. gr. ef samningsyfirvaldið undanskilur ekki slíkan samning í tilkynningu um samkeppnina.

*68. gr.*

**Starfsemi sem er undanþegin gildissviði tilskipunarinnar**

Þessi bálkur gildir ekki um:

a) hönnunarsamkeppni í skilningi tilskipunar 2004/17/EB sem er haldin af samningsyfirvöldum, sem stunda eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 3.–7. gr. þeirrar tilskipunar, og er haldin með tilliti til áframhaldandi rekstrar þeirrar starfsemi, og ekki heldur um samkeppni sem er undanþegin gildissviði þessarar tilskipunar.

Þessi tilskipun gildir þó áfram um hönnunarsamkeppni sem haldin er af samningsyfirvöldum, sem stunda eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 6. gr. tilskipunar 2004/17/EB, og er haldin vegna þeirrar starfsemi, svo fremi að viðkomandi aðildarríki nýti sér þann kost sem um getur í annarri undirgrein 71. gr. hennar til að fresta beitingu hennar,

b) samkeppni sem er haldin í sömu tilvikum og um getur í 13., 14. og 15. gr. þessarar tilskipunar varðandi opinbera þjónustusamninga.

*69. gr.*

**Tilkynningar**

1. Samningsyfirvöld, sem hyggjast halda hönnunarsamkeppni, skulu láta vita af fyrirætlun sinni með tilkynningu um samkeppnina.

2. Samningsyfirvöld, sem hafa haldið hönnunarsamkeppni, skulu senda tilkynningu um úrslit samkeppninnar í samræmi við 36. gr. og þau skulu geta fært sönnur á sendingardaginn.

Ef afhending upplýsinga um niðurstöður hönnunarsamkeppni kynni að hindra framkvæmd laga, ganga gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekinna, opinberra eða einkarekinna fyrirtækja eða réttmæta samkeppni milli þjónustuveitenda er ekki skylt að birta slíkar upplýsingar.

3. Ákvæði 37. gr. um birtingu tilkynninga gilda einnig um samkeppni.

*70. gr.*

**Form og aðferð við birtingu tilkynninga um samkeppni**

1. Í tilkynningum, sem um getur í 69. gr., skulu koma fram upplýsingarnar, sem um getur í VII. viðauka D, í samræmi við staðlað eyðublað tilkynninga sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við málsmeðferð skv. 2. mgr. 77. gr.

2. Tilkynningarnar skulu birtar í samræmi við 2.–8. mgr. 36. gr.

*71. gr.*

**Samskiptaaðferðir**

1. Ákvæði 1., 2. og 4. mgr. 42. gr. gilda um öll samskipti sem tengjast hönnunarsamkeppni.

2. Samskipti, upplýsingaskipti og geymsla upplýsinga skulu vera með þeim hætti að tryggður sé heilleiki og leynd allra upplýsinga, sem þátttakendur í samkeppni láta í té, og að dómnefnd athugi ekki efni áætlana og tillagna fyrr en eftir að frestur til að leggja þær fram er útrunninn.

3. Eftirfarandi reglur gilda um búnað til rafrænnar móttöku áætlana og tillagna:

a) upplýsingar um forskriftir, sem eru nauðsynlegar fyrir rafræna framlagningu áætlana og tillagna, þ.m.t. dulkóðun, skulu vera aðgengilegar öllum aðilum sem málið varðar, tæki fyrir rafræna móttöku áætlana og tillagna skulu enn fremur vera í samræmi við kröfur sem koma fram í X. viðauka,

b) aðildarríkin geta innleitt valfrjáls faggildingarkerfi eða viðhaldið þeim með það fyrir augum að bæta vottunarþjónustu fyrir þessi tæki,

*72. gr.*

**Val samkeppnisaðila**

Ef hönnunarsamkeppni er bundin við takmarkaðan fjölda þátttakenda skulu samningsyfirvöld mæla fyrir um skýrar valforsendur án mismununar. Þátttakendur skulu ætíð vera nægilega margir til að tryggja raunverulega samkeppni.

*73. gr.*

**Samsetning dómnefndar**

Dómnefnd skal aðeins skipuð einstaklingum sem eru óháðir þátttakendum í samkeppninni. Ef tiltekinnar, faglegrar menntunar og hæfis er krafist af þátttakendum í samkeppni skal a.m.k. einn þriðji hluti dómnefndarmanna hafa þá sömu eða sambærilega menntun og hæfi.

*74. gr.*

**Ákvarðanir dómnefndar**

1. Dómnefndin skal vera sjálfstæð í ákvörðunum og áliti sínu.

2. Hún skal rannsaka áætlanir og tillögur, sem þátttakendur leggja fram, undir nafnleynd og eingöngu á grundvelli forsendna sem eru tilgreindar í tilkynningu um samkeppni.

3. Dómnefndin skal skrá flokkun sína á tillögum eftir kostum þeirra í skýrslu, sem nefndarmenn undirrita, ásamt athugasemdum nefndarinnar og þeim atriðum sem kunna að þarfnast skýringar.

4. Halda verður nafnleynd þar til álit eða ákvörðun dómnefndar liggur fyrir.

5. Þátttakendum kann að vera boðið, ef þörf krefur, að svara spurningum sem dómnefndin hefur skráð í fundargerð til að skýra einhverja þætti tillagnanna.

6. Rita skal ítarlega fundargerð af viðræðum dómnefndarmanna og þátttakenda.

## V. BÁLKUR

## SKYLDAN AÐ VEITA TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR, FRAMKVÆMDAVALD OG LOKAÁKVÆÐI

*75. gr.*

**Skyldan að veita tölulegar upplýsingar**

Til að unnt sé að meta árangurinn af beitingu þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin, eigi síðar en 31. október ár hvert, senda framkvæmdastjórninni tölulega skýrslu sem, í samræmi við 76. gr., er samin sérstaklega fyrir hverja tegund samnings, opinbera

vörusamninga, þjónustusamninga og verksamninga sem samningsyfirvöld hafa gert árið áður.

*76. gr.*

**Efni tölulegra skýrslna**

1. Í tölulegri skýrslu skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar varðandi hvert og eitt samningsyfirvald sem tilgreint er í IV. viðauka:

a) fjöldi og verðmæti samninga sem eru gerðir og falla undir þessa tilskipun,

b) fjöldi og heildarverðmæti samninga sem eru gerðir á grundvelli undanþágu frá samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Sundurliða skal liðina, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, á eftirfarandi hátt ef unnt er:

a) útboðsferli sem notuð eru og

b) fyrir hvert ferli, verk sem tilgreind eru í I. viðauka og vörur og þjónusta sem tilgreind er í II. viðauka, sett fram samkvæmt flokkun CPV-flokkunarkerfisins,

c) þjóðerni rekstraraðilans sem samningur er gerður við.

Ef samningarnir hafa verið gerðir á grundvelli samningskaupa skulu upplýsingarnar, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, einnig sundurliðaðar eftir aðstæðum sem um getur í 30. og 31. gr. og þar skal tilgreina fjölda og verðmæti samninga sem eru gerðir í því aðildarríki eða þriðja landi sem er heimaland verktakans sem varð fyrir valinu.

2. Í tölulegri skýrslu skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar um hvern flokk samningsyfirvalda sem er ekki tilgreindur í IV. viðauka:

a) fjöldi og verðmæti þeirra samninga sem eru gerðir, sundurliðað í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr.,

b) heildarverðmæti samninga sem eru gerðir á grundvelli undanþágu frá samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

3. Í tölulegri skýrslu skulu koma fram allar aðrar tölulegar upplýsingar sem krafist er samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu ákvarðaðar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 77. gr.

*77. gr.*

**Ráðgjafarnefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndarinnar um opinbera samninga sem stofnuð var með 1. gr. ákvörðunar 71/306/EBE ([25]) (hér á eftir kölluð „nefndin").

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB í samræmi við ákvæði 8. gr. hennar.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

*78. gr.*

**Endurskoðun viðmiðunarfjárhæða**

1. Framkvæmdastjórnin skal sannreyna viðmiðunarfjárhæðirnar, sem ákveðnar eru í 7. gr., annað hvert ár eftir gildistöku þessarar tilskipunar og skal, ef þörf krefur, endurskoða þær í samræmi við ákvæði 2. mgr. 77. gr.

Útreikningur á þessum viðmiðunarfjárhæðum skal byggjast á meðaldaggengi evrunnar, tilgreint sem sérstök dráttarréttindi (SDR), á 24 mánaða tímabili sem lýkur á síðasta degi ágústmánaðarins næst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar. Viðmiðunarfjárhæðir, sem eru endurskoðaðar þannig, skulu, ef þörf krefur, jafnaðar niður að næsta þúsundi evra til að tryggja að tekið sé tillit til gildandi viðmiðunarfjárhæða samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem eru tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.

2. Samtímis endurskoðuninni skv. 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 77. gr., aðlaga:

a) viðmiðunarfjárhæðirnar, sem ákveðnar eru í a-lið fyrstu undirgreinar 8. gr., í 56. gr. og í fyrstu undirgrein 1. mgr. 63. gr., að endurskoðuðum viðmiðunarfjárhæðum fyrir opinbera verksamninga,

b) viðmiðunarfjárhæðirnar, sem ákveðnar eru í b-lið fyrstu undirgreinar 8. gr. og í a-lið 1. mgr. 67. gr., að endurskoðuðum viðmiðunarfjárhæðum fyrir opinbera þjónustusamninga sem gerðir eru af samningsyfirvöldum sem um getur í IV. viðauka,

---

([25]) Stjtíð. EB L 185, 16.8.1971, bls. 15. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 77/63/EBE (Stjtíð. EB L 13, 15.1.1977, bls. 15).

c) viðmiðunarfjárhæðirnar, sem ákveðnar eru í b- og c-lið 1. mgr. 67. gr., að endurskoðuðum viðmiðunarfjárhæðum fyrir opinbera þjónustusamninga sem eru gerðir af samningsyfirvöldum sem eru ekki talin með í IV. viðauka.

3. Viðmiðunarfjárhæðirnar, sem eru ákveðnar skv. 1. mgr. í innlendum gjaldmiðli aðildarríkis, sem er ekki aðili að myntbandalaginu, skulu að jafnaði leiðréttar annað hvert ár frá 1. janúar 2004 að telja. Útreikningur á slíkum viðmiðunarfjárhæðum skal byggjast á meðaldaggengi þess sama gjaldmiðils, tilgreint í evrum, á 24 mánaða tímabili sem lýkur á síðasta degi ágústmánaðarins næst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðirnar, sem um getur í 1. mgr., og verðmæti þeirra í innlendum gjaldmiðli, sem um getur í 3. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í upphafi næsta nóvembermánaðar eftir endurskoðun.

*79. gr.*

**Breytingar**

1. Framkvæmdastjórnin getur breytt eftirfarandi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 77. gr.:

a) tæknilegri útfærslu á reikniaðferðum sem eru settar fram í annarri undirgrein 1. mgr. 78. gr. og í 3. mgr. 78. gr.,

b) reglum um samningu, sendingu, móttöku, þýðingu, söfnun og dreifingu tilkynninga sem um getur í 35., 58., 64. og 69. gr. og tölulegra skýrslna sem kveðið er á um í fjórðu undirgrein 4. mgr. 35. gr. og í 75. og 76. gr.,

   c) Tungumál, eitt eða fleiri, sem þær skulu ritaðar á
5. Hvers konar kröfur um tryggingarfé eða aðrar ábyrgðir
6. Efnahagsleg og tæknileg skilyrði sem verktaki verður að uppfylla
7. Forsendur sem verða notaðar við val tilboðs
8. Sendingardagur tilkynningarinnar

*VII. VIÐAUKI D*

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM HÖNNUNARSAMKEPPNI**

TILKYNNING UM SAMKEPPNI

1. Nafn, heimilisfang, bréfasímanúmer og tölvupóstfang samningsyfirvalds og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótargögn
2. Lýsing á verkefninu
3. Tegund samkeppni: almenn eða lokuð
4. Þegar um er að ræða almenna samkeppni: frestur til að skila verkefnum
5. Þegar um er að ræða lokaða samkeppni:
   a) fjöldi þátttakenda sem reiknað er með
   b) nöfn þátttakenda sem þegar hafa verið valdir, ef einhverjir eru
   c) forsendur fyrir vali þátttakenda
   d) frestur fyrir þátttökutilkynningu

6. Ef við á skal tilgreina hvort þátttaka takmarkist við sérstaka starfsgrein
7. Forsendur sem nota á við mat á verkefnunum
8. Nöfn þeirra sem hafa verið valdir í dómnefnd
9. Tilgreina skal hvort ákvörðun dómnefndar er bindandi fyrir samningsyfirvald
10. Fjöldi og verðmæti verðlauna
11. Greiðslur sem allir þátttakendur fá, ef einhverjar eru
12. Tilgreina skal hvort einhverjir samningar verða gerðir við sigurvegara að lokinni keppni
13. Sendingardagur tilkynningarinnar

TILKYNNING UM ÚRSLIT SAMKEPPNI

1. Nafn, heimilisfang, bréfasímanúmer og tölvupóstfang samningsyfirvalda
2. Lýsing á verkefninu
3. Heildarfjöldi þátttakenda
4. Fjöldi útlendra þátttakenda
5. Sigurvegari eða sigurvegarar í samkeppninni
6. Verðlaun, ef einhver eru
7. Tilvísun í tilkynningu um samkeppni
8. Sendingardagur tilkynningarinnar

*VIII. VIÐAUKI*

**ATRIÐI VARÐANDI BIRTINGU**

1. **Birting tilkynninga**

   a) Samningsyfirvöld senda tilkynningar, sem um getur í 35., 58., 64. og 69. gr., til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna með því sniði sem krafist er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB frá 13. september 2001 um notkun staðlaðra eyðublaða við birtingu opinberra útboðstilkynninga ([1]). Kynningartilkynning, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 35. gr., sem er birt í upplýsingaskrá kaupanda, eins og lýst er í b-lið 2. liðar, skal vera með sama sniði, svo og tilkynning um slíka birtingu.

   b) Skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna birtir tilkynningar sem um getur í 35., 58., 64. og 69. gr. en ef um er að ræða kynningartilkynningu, sem birtist í upplýsingaskrá kaupanda í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 35. gr., skulu samningsyfirvöld birta hana.

      Auk þess geta samningsyfirvöld birt þessar upplýsingar á Netinu í „upplýsingaskrá kaupanda“ eins og um getur í b-lið 2. liðar.

   c) Skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalagsins sendir samningsyfirvöldum staðfestingu á birtingu sem um getur í 8. mgr. 36. gr.

2. **Birting viðbótarupplýsinga**

   a) Samningsyfirvöld eru hvött til að birta útboðsskilmála og öll viðbótarskjöl á Netinu.

---

([1]) Stjtíð. EB L 285, 29.10.2001, bls. 1.

b) Í upplýsingaskrá kaupanda geta komið fram kynningartilkynningar eins og um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 35. gr., upplýsingar um yfirstandandi boð um að leggja fram tilboð, áformuð innkaup, gerða samninga, útboð sem er aflýst og allar gagnlegar, almennar upplýsingar, s.s. um tengiliði, síma- og bréfasímanúmer, póstföng og tölvupóstföng.

3. **Snið tilkynninga og reglur um sendingu þeirra með rafrænum aðferðum**

Upplýsingar um snið tilkynninga og reglur um rafræna sendingu þeirra fást á netfanginu „http://simap.eu.int".

*IX. VIÐAUKI*

**SKRÁR**

*IX. VIÐAUKI A ([1])*

**OPINBERIR VERKSAMNINGAR**

Firmaskrár og samsvarandi yfirlýsingar og vottorð fyrir hvert aðildarríki eru:

— í Belgíu: „Registre du commerce"/„Handelsregister",

— í Danmörku: „Erhvervs-og Selskabsstyrelsen",

— í Þýskalandi: „Handelsregister" og „Handwerksrolle",

— í Grikklandi: „Μητρώο Εργοληπτικών Επιχειρήσεων", ΜΕΕΠ, sem heyrir undir ráðuneyti umhverfismála, borgar og landsbyggðarskipulags og opinberra framkvæmda (ΥΠΕΧΩΔΕ),

— á Spáni: „Registro Oficial de Empresas Clasificadas del Ministerio de Hacienda",

— í Frakklandi: „Registre du commerce et des sociétés" og „Répertoire des métiers",

— á Írlandi: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies" eða „Registrar of Friendly Societies" eða, að öðrum kosti, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni,

— á Ítalíu: „Registro della Camera di commercio, industria, agricoltura e artigianato",

— í Lúxemborg: „Registre aux firmes" og „Rôle de la chambre des métiers",

— í Hollandi: „Handelsregister",

— Í Austurríki: „Firmenbuch", „Gewerberegister", og „Mitgliederverzeichnisse der Landeskammern",

— í Portúgal: „Instituto dos Mercados de Obras Públicas e Particulares e do Imobiliário" (IMOPPI),

— í Finnlandi: „Kaupparekisteri"/„Handelsregistret",

— í Svíþjóð: „aktiebolags-, handels- eller föreningsregistren",

— í Breska konungsríkinu: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies" eða, að öðrum kosti, vottorði sem stafestir að viðkomandi aðili hafi gefið eðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni.

---

([1]) Að því er varðar 46. gr. eru „firma- og viðskiptaskrár" skrárnar sem eru tilgreinar í þessum viðauka og, ef breytingar hafa verið gerðar í viðkomandi löndum, skrárnar sem hafa komið í þeirra stað.

*IX. VIÐAUKI B*

**OPINBERIR VÖRUSAMNINGAR**

Viðeigandi firma- og viðskiptaskrár og yfirlýsingar og vottorð þar að lútandi eru:

— í Belgíu: „Registre du commerce"/„Handelsregister",

— í Danmörku: „Erhvervs-og Selskabsstyrelsen",

— í Þýskalandi: „Handelsregister" og „Handwerksrolle",

— í Grikklandi: „Βιοτεχνικό ή Εμπορικό ή Βιομηχανικό Επιμελητήριο",

— á Spáni: „Registro Mercantil" eða, ef um er að ræða óskráða einstaklinga, vottorð sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein,

— í Frakklandi: „Registre du commerce et des sociétés" og „Répertoire des métiers",

— á Írlandi: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies" eða „Registrar of Friendly Societies" um að hann sé skráður þar eða, ef hann er ekki skráður, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni og sérstöku viðskiptaheiti,

— á Ítalíu: „Registro della Camera di commercio, industria, agricoltura e artigianato" og „Registro delle commissioni provinciali per l'artigianato",

— í Lúxemborg: „Registre aux firmes" og „Rôle de la chambre des métiers",

— í Hollandi: „Handelsregister",

— Í Austurríki: „Firmenbuch", „Gewerberegister", og „Mitgliederverzeichnisse der Landeskammern",

— í Portúgal: „Registo Nacional das Pessoas Colectivas",

— í Finnlandi: „Kaupparekisteri"/„Handelsregistret",

— í Svíþjóð: „aktiebolags-, handels- eller föreningsregistren",

— í Breska konungsríkinu: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies" um að hann sé skráður þar eða, ef hann er ekki skráður þar, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni og sérstöku viðskiptaheiti.

*IX. VIÐAUKI C*

**OPINBERIR ÞJÓNUSTUSAMNINGAR**

Viðeigandi firma- og viðskiptaskrár eða yfirlýsingar og vottorð eru:

— í Belgíu: „Registre du commerce"/„Handelsregister" og „Ordres professionels/Beroepsorden",

— í Danmörku: „Erhvervs-og Selskabsstyrelsen",

— í Þýskalandi: „Handelsregister", „Handwerksrolle", „Vereinsregister", „Partnerschaftsregister" og „Mitgliedsverzeichnisse de Berufskammern der Ländern",

— í Grikklandi: verktakinn kann að verða beðinn að leggja fram eiðsvarna yfirlýsingu hjá lögbókanda um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein; í tilvikum sem kveðið er á um í gildandi landslögum, vegna veitingar rannsóknarþjónustu eins og getið er í I. viðauka A, firmaskráin „Μητρώο Μελετητών" og „Μητρώο Γραφείων Μελετών",

— á Spáni: „Registro Oficial de Empresas Clasificadas del Ministerio de Hacienda",

— í Frakklandi: „Registre du commerce" og „Répertoire des métiers",

— á Írlandi: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies“ eða „Registrar of Friendly Societies“ eða, að öðrum kosti, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni og sérstöku viðskiptaheiti,

— á Ítalíu: „Registro della Camera di commercio, industria, agricoltura e artigianato“, „Registro delle commissioni provinciali per l'artigianato“ eða „Consiglio nazionale degli ordini professionali“,

— í Lúxemborg: „Registre aux firmes“ og „Rôle de la chambre des métiers“,

— í Hollandi: „Handelsregister“,

— Í Austurríki: „Firmenbuch“, „Gewerberegister“, og „Mitgliederverzeichnisse der Landeskammern“,

— í Portúgal: „Registo Nacional das Pessoas Colectivas“,

— í Finnlandi: „Kaupparekisteri“/„Handelsregistret“,

— í Svíþjóð: „aktiebolags-, handels- eller föreningsregistren“,

— í Breska konungsríkinu: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies“ eða, að öðrum kosti, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni.

*X. VIÐAUKI*

**KRÖFUR VARÐANDI BÚNAÐ FYRIR RAFRÆNA MÓTTÖKU TILBOÐA, ÞÁTTTÖKUTILKYNNINGA OG ÁÆTLANA OG VERKEFNA Í HÖNNUNARSAMKEPPNI**

Búnaður fyrir rafræna móttöku tilboða, þátttökutilkynninga og áætlana og samkeppnisverkefna skal a.m.k. tryggja, að því er varðar tækni og viðeigandi aðferðir, að:

a) rafrænar undirskriftir varðandi tilboð, þátttökutilkynningar og framsendingu áætlana og verkefna séu í samræmi við innlend ákvæði sem eru samþykkt samkvæmt tilskipun 1999/93/EB,

b) unnt sé að ákvarða nákvæmlega tímasetningu og dagsetningu fyrir móttöku tilboða, þátttökutilkynninga og fyrir afhendingu áætlana og verkefna,

c) unnt sé að tryggja með nokkurri vissu að enginn geti fengið aðgang að gögnum, sem eru flutt samkvæmt þessum kröfum, áður en tilgreindur frestur rennur út,

d) ef aðgangsbann er brotið sé unnt að tryggja með nokkurri vissu að auðvelt sé að sjá það,

e) aðeins aðilar, sem hafa til þess heimild, geti sett eða breytt dagsetningu á opnun gagna sem berast,

f) á hinum ýmsu stigum útboðsferlis eða samkeppni verði einungis hægt að fá aðgang að öllum gögnum sem eru afhent, eða hluta þeirra, með aðgerðum sem aðilar, sem hafa til þess heimild, framkvæma samtímis,

g) aðilar, sem hafa heimild til samtímis aðgerða, veiti einungis aðgang að gögnum, sem eru flutt, eftir tilgreinda dagsetningu,

h) gögn, sem eru móttekin og opnuð í samræmi við þessar kröfur, verði ekki aðgengileg öðrum aðilum en þeim sem hafa heimild til að kynna sér þau.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**I. Aðdragandi frumvarpsins.**

Hinn 31. mars 2004 var samþykkt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (útboðstilskipunin) svo og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB um

samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu (veitutilskipunin). Þessar tilskipanir voru teknar upp í XVI. viðauka við EES-samninginn 2. júní 2006 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006. Við aðlögun tilskipananna að EES-samningnum var gert ráð fyrir því að þær hefðu verið leiddar í lög aðildarríkjanna fyrir 1. janúar 2007. Þær breytingar sem frumvarpið felur í sér koma því fyrst og fremst til af breytingum á áðurgreindum reglum EES-samningsins.

Skúla Magnússyni héraðsdómara og dósent við lagadeild Háskóla Íslands var falið að semja uppkast að frumvarpi til nýrra laga um opinber innkaup í samstarfi við Stefán Jón Friðriksson deildarstjóra í fjármálaráðuneyti og Ingva Má Pálsson deildarstjóra í fjármálaráðuneyti. Þá hefur ráðuneytið leitað aðstoðar Eiríks Elísar Þorlákssonar hdl., sem jafnframt er ritari kærunefndar útboðsmála, við samningu frumvarpsins.

Leitað hefur verið umsagnar um frumvarpið af hálfu helstu aðila sem koma að opinberum innkaupum. Umsagnir bárust frá Ríkiskaupum, Vegagerðinni, Reykjavíkurborg, Framkvæmdasýslu ríkisins, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Félagi íslenskra stórkaupmanna og kærunefnd útboðsmála. Ýmsar gagnlegar ábendingar og tillögur voru settar fram af hálfu þessara aðila og var leitast við að taka tillit til þeirra í meginatriðum.

## II. Reynslan af lögum nr. 94/2001, um opinber innkaup.

Með setningu laga nr. 94/2001 fór fram heildarendurskoðun á reglum um opinber innkaup, en slík endurskoðun var þá löngu orðin tímabær vegna skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Með setningu laganna var efnisreglum um opinber innkaup skipað í einn heildstæðan lagabálk í stað þess að þessar reglur væri að finna í fleiri lagabálkum, svo og umfangsmikilli reglugerð um opinber innkaup. Um nánari þróun íslenskra reglna um opinber innkaup má vísa til athugasemda við það frumvarp sem varð að lögum nr. 94/2001.

Samhliða setningu laga nr. 94/2001 fór fram endurskoðun á reglum viðvíkjandi stjórnsýslu ríkisins á sviði verklegra framkvæmda, sbr. lög nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, en þessi lög tóku gildi 15. júní 2001 líkt og lög nr. 94/2001. Á grundvelli 6. gr. laga nr. 94/2001 var sett reglugerð nr. 75/2001 um innkaup veitustofnana. Þá var sett reglugerð nr. 655/2003 um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem m.a. var brugðist við ýmsum athugasemdum sem Eftirlitsstofnun EFTA hafði gert við innleiðingu EES-reglna um opinber innkaup.

Sú stefna var mörkuð með lögum nr. 94/2001 að skapa samræmi milli reglna um opinber innkaup undir innlendum viðmiðunarfjárhæðum annars vegar (innkaup innanlands) og reglna um innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum EES hins vegar (innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu). Með þessari samræmingu var m.a. útilokað að aðili teldist útboðsskyldur innanlands án þess að vera útboðsskyldur á Evrópska efnahagssvæðinu eða öfugt. Með þessu voru einnig heimildir til ýmissa innkaupaferla við innkaup innanlands, t.d. samningskaupa, skýrðar og færðar til samræmis við EES-reglur. Þá fólu lögin í sér þá mikilvægu breytingu að sett var á fót sjálfstæð úrskurðarnefnd, kærunefnd útboðsmála.

Framangreind stefnumótun gerði það vissulega að verkum að reglur um opinber innkaup urðu talsvert flóknari að framsetningu en áður hafði tíðkast. Nánar tiltekið gerðu lögin ráð fyrir því að um opinber innkaup innanlands giltu sambærilegar efnisreglur og giltu um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu, þó þannig að reglur um auglýsingar og fresti voru eðli málsins samkvæmt aðrar og einfaldari. Þetta atriði virðist ekki hafa valdið vandræðum í framkvæmd. Þvert á móti telja þeir aðilar sem koma að opinberum innkaupum að lög nr. 94/2001 hafi leitt til þess að reglur um opinber innkaup hafi orðið skýrari og aðgengilegri.

Reynslan af núgildandi lögum gefur því ekki tilefni til þess að hvika frá þeirri meginstefnu að nota EES-reglur sem fyrirmynd þegar kveðið er á um opinber innkaup innanlands.

Reynslan af kærunefnd útboðsmála er almennt góð, enda þótt allir verði eðli málsins samkvæmt seint sáttir um hverja einustu úrlausn nefndarinnar. Málafjöldi hjá nefndinni, sem fór vaxandi á árunum 2002 (37 mál), 2003 (40 mál) og 2004 (49), virðist hafa náð nokkrum stöðugleika. Á árinu 2005 voru þannig 40 kærur mótteknar hjá kærunefndinni sem er fækkun frá árinu þar á undan. Kröfum um stöðvun útboðs eða samningsgerðar um stundarsakir hefur hins vegar fjölgað (2002: 3 beiðnir, 2003: 12 beiðnir, 2004: 10 beiðnir og 2005: 21 beiðni). Fyrirliggjandi tölur um mál þar sem fallist hefur verið að einhverju leyti eða öllu á sjónarmið kæranda benda til þess að eitthvað sé um tilefnislitlar kærur (2002: 9 mál, 2003: 11 mál, 2004: 14 mál og 2005:10 mál). Er því talið æskilegt að lagt sé á hóflegt gjald fyrir kæru til nefndarinnar með það að markmiði að kærur séu einungis lagðar fram að vel athuguðu máli. Á þeim tíma sem liðinn er frá því nefndin tók til starfa hefur aðeins eitt mál verið höfðað beinlínis til ógildingar á úrskurði nefndarinnar. Í tveimur öðrum tilvikum hafa kærendur höfðað dómsmál eftir að hafa aflað álits kærunefndarinnar á skaðabótaskyldu viðkomandi opinbers aðila, sbr. dóm Hæstaréttar 26. febrúar 2004 í máli nr. 347/200 (Nýherji hf.) og dóm Hæstaréttar 17. nóvember 2005 í máli nr. 182/2005 (Íslenskir aðalverktakar hf.). Þessar tölur benda til þess að fyrirtæki uni í yfirgnæfandi fjölda tilvika við úrskurði kærunefndar útboðsmála. Það meginmarkmið að skapa fyrirtækjum skilvirkt réttarúrræði á sviði opinberra innkaupa, án óhóflegs kostnaðar fyrir fyrirtæki eða hið opinbera, virðist því hafa náðst.

Kvartanir hagsmunaaðila varðandi réttarúrræði á sviði opinberra innkaupa hafa fyrst og fremst beinst að úrræðum nefndarinnar, þ.e. takmörkuðum möguleikum hennar til að fella úr gildi samninga sem þegar hafa verið gerðir, en ekki að málsmeðferð nefndarinnar sjálfrar. Við þessu atriði er brugðist í frumvarpinu eins og síðar greinir. Einnig er reynt að bregðast við nokkrum álitaefnum um skýringu á reglum um málsmeðferð nefndarinnar, eins og einnig verður vikið að síðar. Þessi atriði teljast þó öll minni háttar. Reynslan af lögum nr. 94/2001 gefur því ekki tilefni til annars en að viðhalda svipuðu fyrirkomulagi og verið hefur við eftirlit og úrlausn á kærum á sviði opinberra innkaupa.

Að því er varðar innleiðingu á EES-reglum hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert nokkrar athugasemdir við lög nr. 94/2001. Eins og áður segir var reynt að bregðast við þessum athugasemdum, sem flestar vörðuðu formlega framsetningu á reglum, en sjaldnast atriði með efnislega þýðingu, með setningu reglugerðar nr. 655/2003 um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu. Við núverandi endurskoðun laga um opinber innkaup er sjálfsagt að bregðast við þessum athugasemdum stofnunarinnar sem flestar beinast að því að orðalagi í tilskipunum hafi ekki verið fylgt eftir með nægilega mikilli nákvæmni. Í þessu sambandi skal á það minnt að sú stefna var mörkuð með gildandi lögum að færa efnisákvæði um opinber innkaup almennt úr reglugerðum og yfir í sett lög.

Samkvæmt framangreindu er reynslan af lögum nr. 94/2001 að meginstefnu jákvæð. Með fáum undantekningum er því ekki ástæða til að víkja frá þeirri stefnu sem mótuð var með setningu laganna, nema að því marki sem það er nauðsynlegt vegna breytinga sem leiðir af útboðstilskipuninni.

**III. Helstu breytingar á reglum um opinber innkaup sem leiðir af útboðstilskipuninni.**

Um þróun reglna Evrópubandalagsins um opinber innkaup má vísa til athugasemda við það frumvarp sem varð að lögum nr. 94/2001. Hér skal þó rifjað upp að fyrir setningu tilskipunar nr. 2004/18/EB gilti sín hver tilskipunin um opinber innkaup á þjónustu, vörum og verkum (tilskipanir ráðsins nr. 92/50/EBE, nr. 93/36/EBE og nr. 93/37/EBE), en þessum þremur

tilskipunum hafði verið breytt með tilskipun nr. 97/52/EB. Í stað þessara þriggja tilskipana gildir tilskipun nr. 2004/18/EB, útboðstilskipunin, nú um öll opinber innkaup sem ekki falla undir tilskipun nr. 2004/17/EB (veitutilskipunin), en sú tilskipun tekur við af tilskipun nr. 93/38/EBE. Áfram gilda svokallaðar eftirlitstilskipanir, þ.e. annars vegar tilskipun nr. 89/665/EBE sem lýtur að eftirliti og réttarúræðum vegna vöru-, þjónustu- og verksamninga og hins vegar tilskipun nr. 92/13/EBE sem lýtur að samningu veitustofnana. Endurskoðun á þessum tilskipunum á vettvangi EB hefur raunar þegar verið hafin (sjá tillögu framkvæmdastjórnarinnar, COM [2006] 195). Verði umræddum tilskipunum breytt kann að verða nauðsynlegt að breyta í einhverjum atriðum ákvæðum laganna um kærunefnd útboðsmála, án þess þó að um grundvallarbreytingar verði að ræða.

Samkvæmt framangreindu leiðir þá meginbreytingu af tilskipun nr. 2004/18/EB að í stað þriggja útboðstilskipana gildir nú ein heildstæð tilskipun fyrir öll innkaup á vettvangi EB sem ekki falla undir veitutilskipunina svonefndu. Þessi breyting á framsetningu hefur minni áhrif á íslenska löggjöf um opinber innkaup en ella þar sem það skref hafði þegar verið stigið með lögum nr. 94/2001 að steypa öllum reglum um opinber innkaup saman í einn heildstæðan lagabálk.

Helstu efnislegu breytingar á reglum EB um opinber innkaup sem leiðir af tilskipun nr. 2004/18/EB eru eftirfarandi:

1. Reglur um opinber innkaup taka að fullu til innkaupa á fjarskiptaþjónustu andstætt tilskipun nr. 92/50/EBE (sjá II. viðauka B tilskipunar).
2. Skýrt kemur fram að innkaup á sviði varnarmála falli undir reglur um opinber innkaup (sjá 10. gr. tilskipunar).
3. Reglur um viðmiðunarfjárhæðir eru einfaldaðar og allar fjárhæðir settar fram í evrum (sjá 9. gr. tilskipunar).
4. Settar hafa verið reglur um miðlægar innkaupastofnanir og því slegið föstu að opinberum aðila sé heimilt að kaupa inn í gegnum slíkar stofnanir svo lengi sem þær fylgja sjálfar reglum um opinber innkaup (sjá 11. gr. tilskipunar).
5. Ítarlegri reglur hafa verið settar um veitingu sérleyfis á verkum (sjá 56.–61. gr.) og því slegið föstu að veiting sérleyfis á þjónustu falli utan tilskipunarinnar (sjá 17. gr. tilskipunar).
6. Kveðið hefur verið á um heimildir til að taka frá ákveðna samninga fyrir verndaða vinnustaði (19. gr. tilskipunar).
7. Reglur um tækniforskriftir eru nú afdráttarlausari um skyldu til að nota staðla, en í stað tilvísunar til staðla má nú einnig vísa til krafna um virkni eða hagnýtingu (sjá 23. gr. tilskipunar).
8. Aðeins er nú heimilt að leggja fram frávikstilboð ef tekið er fram í útboðsgögnum að þetta sé heimilt (sjá 24. gr. tilskipunar).
9. Heimilt er nú að gera kröfur til þess að samningur, t.d. um verk, sé framkvæmdur með ákveðnum hætti, t.d. með tilliti til umhverfisverndar eða samfélagslegra sjónarmiða (sjá 10. gr. tilskipunar).
10. Settar hafa verið reglur um heimild til svokallaðra samkeppnisviðræðna þegar um er að ræða flókna samninga. Um er að ræða nýja tegund innkaupaferlis sem svipar um margt til samningskaupa að undangenginni auglýsingu, án þess þó að skilyrðin fyrir því að nota þetta innkaupaferli séu jafnströng (sjá 29. gr. tilskipunar).
11. Skýrari reglur hafa verið settar um kröfur um að þátttakendur í opinberum innkaupum fari að reglum viðkomandi ríkis um skatta, umhverfisvernd, öryggismál og kjaramál (sjá 27. gr. tilskipunar).

12. Ítarlegri reglur hafa verið settar um framkvæmd samningskaupa og rýmkaðar heimildir til samningskaupa vegna viðskipta í kauphöll eða vegna kaupa af þrotabúum á óvenjulega góðum kjörum o.þ.h. (sjá c- og d-lið 1. mgr. 31. gr. tilskipunar).
13. Slegið hefur verið föstum heimildum til að nota rammasamninga og nánari reglur settar um gerð og framkvæmd slíkra samninga (sjá 32. gr. tilskipunar).
14. Kveðið á um heimildir til að kaupa inn á grundvelli svokallaðs gagnvirks innkaupakerfis (sjá 33. gr. tilskipunar).
15. Afdráttarlausari reglur hafa verið settar um tilkynningar og rökstuðning (sjá 41. gr. tilskipunar).
16. Rýmri heimildir hafa verið markaðar til notkunar rafrænna miðla við opinber innkaup (sjá 42. gr. tilskipunar).
17. Skýrari reglur hafa verið settar um val á þátttakendum í forvali (sjá 3. mgr. 44. gr. tilskipunar).
18. Ítarlegri reglur um hvaða kröfur heimilt er að gera til þátttakenda í opinberum innkaupum (sjá 45.–52. gr. tilskipunar) auk þess sem reglur hafa verið settar sem skylda opinberan aðila til að vísa fyrirtæki frá útboði (sjá 1. mgr. 45. gr. tilskipunar)
19. Skýrari reglur hafa verið settar um leyfilegar forsendur fyrir vali tilboðs og tengsl þeirra við efni samnings. Nú er skylt að kveða á um vægi þegar um fleiri valforsendur er að ræða (53. gr. tilskipunar).
20. Kveðið á um heimildir til að nota svokölluð rafræn uppboð við opinber innkaup, en þar er um að ræða innkaup sem fram fara sjálfvirkt með aðstoð rafrænna miðla (sjá 54. gr. tilskipunar).
21. Afdráttarlausari reglur hafa verið settar um heimild til að hafna óeðlilega lágum tilboðum vegna ólögmætra ríkisstyrkja (55. gr. tilskipunar).

Sú breyting sem gæti haft hvað mesta þýðingu fyrir framkvæmd opinberra innkaupa hér á landi er framangreind heimild til samkeppnisviðræðna. Hér er um að ræða innkaupaferli sem er mun sveigjanlegra en almennt eða lokað útboð. Eina skilyrðið fyrir notkun samkeppnisviðræðna er að um sé að ræða „sérlega flókinn samning“ og að það sé mat kaupanda að ekki sé unnt að gera samning á grundvelli almenns eða lokaðs útboðs. Hér er því um að ræða nokkuð almenna heimild til að víkja frá kröfunni um almennt eða lokað útboð með það að markmiði að skapa aukinn sveigjanleika við opinber innkaup.

Tilskipanir nr. 2004/17/EB og nr. 2004/18/EB voru teknar upp í XVI. viðauka við EES-samninginn 2. júní 2006 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006. Að því er varðar tilskipun nr. 2004/18/EB var tilskipunin tekin upp í samninginn án þess að um væri að ræða efnisleg frávik á ákvæðum hennar vegna aðlögunar hennar að EES-samningnum. Um aðlögun tilskipananna að EES-samningnum vísast að öðru leyti til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem birt var 7. september 2006 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 44/2006.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar voru einnig teknar upp í XVI. viðauka reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1874/2004 sem lýtur að viðmiðunarfjárhæðum, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1564/2005 sem lýtur að stöðluðum eyðublöðum við auglýsingar og tilkynningar og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/51/EB sem felur í sér breytingu á XX. viðauka veitutilskipunarinnar og VIII. viðauka útboðstilskipunarinnar. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2006 (sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 44/2006, útg. 7. september 2006) voru teknar upp í XVI.viðauka tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/75/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr.

2083/2005 þar sem gerðar voru smávægilegar leiðréttingar á ákvæðum útboðstilskipunarinnar og veitutilskipunarinnar.

**IV. Helstu efnisatriði frumvarpsins og breytingar frá gildandi lögum.**

*1. Eitt heildstætt regluverk fyrir innkaup yfir og undir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins.*

Áfram er fylgt þeirri löggjafarstefnu að láta efnisreglur EES-samningsins um opinber innkaup einnig gilda um opinber innkaup yfir innlendum viðmiðunarfjárhæðum. Með frumvarpinu er þannig innkaupastefnu íslenska ríkisins markaður lagalegur farvegur auk þess sem leiddar eru í íslensk lög reglur EES-réttar um opinber innkaup. Af þessum sökum er hugtakanotkun, gildissvið og undanþágur frá reglum um opinber innkaup (sbr. 1. þátt frumvarpsins) hið sama hvort heldur er um að ræða innkaup yfir eða undir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins. Af sömu ástæðum eru þær reglur um opinber innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins sem er að finna í 2. þætti frumvarpsins að langmestu leyti sóttar í útboðstilskipunina. Allar þær breytingar á innkaupareglum EES-samningsins sem leiðir af útboðstilskipuninni verða þannig hluti að íslenskum rétti, hvort heldur er um að ræða innkaup yfir eða undir viðmiðunarfjárhæðum samningsins. Eru það því fyrst og fremst þau ákvæði 2. þáttar sem snúa að auglýsingum og frestum sem eru, eðli málsins samkvæmt, frábrugðin reglum tilskipunarinnar. Samkvæmt frumvarpinu er veiting sérleyfissamninga um verk þó undanþegin ákvæðum 2. þáttar frumvarpsins og reglur um hönnunarsamkeppni eru nokkuð einfaldaðar frá ákvæðum tilskipunarinnar. Að þessum frávikum frátöldum má hins vegar almennt ganga út frá því að sömu efnisreglur gildi um innkaup yfir og undir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins. Af þessum sökum er einnig mögulegt að vísa til ákvæða 2. þáttar að því er varðar innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins, sbr. 3. þátt, en vísa að öðru leyti til hlutaðeigandi ákvæða tilskipunarinnar. Er þar einkum um að ræða þau ákvæði tilskipunarinnar sem lúta að tilkynningum, auglýsingum og skýrslum.

*2. Reglur um innkaup veitustofnana.*

Líkt og í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir því að þeir aðilar sem falla undir veitutilskipunina (tilskipun nr. 2004/17/EB) séu gerðir útboðsskyldir umfram það sem leiðir af reglum EES-samningsins. Að því er varðar þessa aðila þarf því eingöngu að leiða veitutilskipunina í íslensk lög, en ekki þarf að móta sérstakar reglur um innkaup þessara aðila undir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins. Því er gert ráð fyrir því að tilskipun nr. 2004/17/EB verði leidd í lög með setningu reglugerðar. Það eru því eingöngu XIV. og XV. kafli frumvarpsins sem gilda um innkaup þessara aðila en þessir kaflar fela m.a. í sér innleiðingu tilskipunar nr. 92/13/EBE sem lýtur að eftirliti og réttarúrræðum við gerð samninga veitustofnana. Athygli er vakin á því að lög nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, heimila að vísað sé til birtingar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Er því heimilt að vísa beint til ákvæða tilskipunar nr. 2004/17/EB í reglugerð í stað þess að umrita ákvæði hennar í reglugerð, líkt og gert er nú.

*3. Reglur um innkaup sveitarfélaga.*

Líkt og í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir því að ríkari skyldur séu lagðar á sveitarfélög en leiðir af skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Svo sem verið hefur er sveitarfélögunum þannig í sjálfsvald sett hvort þau undirgangast þær auknu skyldur við opinber innkaup sem felast í 2. þætti frumvarpsins sem gildir um innkaup ríkis og ríkisstofnana.

*4. Fyrirkomulag opinberra innkaupa.*

Reglur um aðferðir við opinber innkaup, eða innkaupaferli eins og það er nefnt í frumvarpinu, eru að meginstefnu óbreyttar. Meginreglan er þannig áfram sú að opinber innkaup fari fram á grundvelli útboða, annaðhvort lokaðs útboðs að undangengnu forvali eða almenns útboðs. Mikilvæg breyting á innkaupaferlum felst hins vegar í áðurlýstum reglum um svonefndar samkeppnisviðræður. Tilskipunin felur einnig í sér nýjar reglur um rammasamninga, en ekki er gert ráð fyrir því að þessar reglur muni fela í sér óhjákvæmilegar breytingar á rammasamningskerfi Ríkiskaupa. Í frumvarpinu er að finna reglur um gagnvirk innkaupakerfi svo og rafræn uppboð sem má að vissu leyti telja til sérstakra innkaupaferla. Verði frumvarpið að lögum verðum íslenskum aðilum heimilt að nota þessar nýju tegundir innkaupaferla. Tíminn verður að leiða í ljós hvort þessar heimildir verða nýttar.

*5. Samningar undanþegnir útboðsskyldu.*

Ekki er um að ræða neinar verulegar breytingar frá gildandi lögum að því er varðar þá samninga sem reglur um opinber innkaup taka til. Af tilskipuninni leiðir að reglurnar taka nú að fullu til innkaupa á fjarskiptaþjónustu, en samkvæmt gildandi lögum fellur þessi þjónusta undir I. viðauka B. Sérleyfissamningar um verk eru áfram undanþegnir þegar um er að ræða innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins. Ef um er að ræða veitingu sérleyfissamninga um verk yfir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins gilda hins vegar nokkuð ítarlegri reglur en áður, sbr. XI. kafla frumvarpsins. Sérleyfissamningar á sviði þjónustu falla að meginstefnu ekki undir reglur um opinber innkaup. Ráðherra er sem fyrr heimilt að setja reglur um gerð þessara samninga að því er varðar ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki og leggja þannig á þau ríkari skyldur en leiðir af almennum reglum frumvarpsins.

*6. Útboðsgögn, framkvæmd útboða og val tilboðs.*

Reglur frumvarpsins um útboðsgögn, framkvæmd útboða og val tilboðs eru í nokkrum atriðum ítarlegri en samkvæmt gildandi lögum. Vísast um þetta til umfjöllunar um þær breytingar sem felast í útboðstilskipuninni og raktar eru hér að framan. Í frumvarpinu er þannig að finna nokkuð ítarlegar reglur um framkvæmd hönnunarsamkeppni sem að meginstefnu svara til reglna tilskipunarinnar um þetta efni. Ef hönnunarsamkeppni er yfir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins ber hins vegar að fylgja beint reglum tilskipunarinnar, sbr. XI. kafla frumvarpsins. Þá mikilvægu breytingu er að finna í 76. gr. frumvarpsins að frá því að ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt þar til tilboð er endanlega samþykkt skulu almennt líða a.m.k. 10 dagar. Með þessu gefst bjóðendum kostur á að koma á framfæri kæru hjá kærunefnd útboðsmála og krefjast þess að samningsgerð verði stöðvuð um stundarsakir. Er bjóðendum þannig betur en áður tryggt raunhæft úrræði til þess að fá ákvörðun kaupanda um val á tilboði hnekkt. Er nánar fjallað um efni þessarar reglu og rökin að baki henni í athugasemdum við 76. gr. frumvarpsins.

*7. Sérreglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.*

Líkt og í gildandi lögum er við það miðað að ráðherra birti viðmiðunarfjárhæðir samkvæmt EES-samningnum í reglugerð, en þessar fjárhæðir ber að uppfæra á tveggja ára fresti til samræmis við gengi íslensku krónunnar gagnvart evrunni. Að því er varðar þessi innkaup er kveðið á um að við þessi innkaup skuli fara að ákvæðum 35.–43. gr. tilskipunarinnar, en hér er fyrst og fremst um að ræða reglur um tilkynningar, auglýsingar og fresti. Að öðru leyti fer um þessi innkaup samkvæmt sömu reglum og gilda um innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins, þó með nokkrum frávikum sem nánar eru tilgreind í 79. gr.

frumvarpsins. Gert er ráð fyrir því að ráðherra innleiði reglur um viðmiðunarfjárhæðir, stöðluð eyðublöð vegna auglýsinga o.þ.h. með reglugerð (sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1874/2004, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1564/2005 og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/51/EB). Gert er ráð fyrir því að tilskipunin verði birt í heild í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal við frumvarpið, verði það að lögum.

*8. Ríkiskaup.*

Ákvæði frumvarpsins um Ríkiskaup svara til ákvæða gildandi laga, þó þannig að tekið hefur verið tilliti til ákvæða tilskipunarinnar um miðlægar innkaupastofnanir og sérstök stjórn Ríkiskaupa hefur verið lögð niður. Ekki verður séð að þessi ákvæði hafi í för með sér efnislegar breytingar fyrir starfsemi Ríkiskaupa.

*9. Réttarúrræði og skaðabætur.*

Ákvæði XIV. kafla um kærunefnd útboðsmála eru að meginstefnu efnislega sambærileg og í gildandi lögum. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir því að tekið verði upp hóflegt kærugjald, eins og áður greinir. Þá eru reglur um fresti skýrðar til samræmis við framkvæmd nefndarinnar. Reglur XV. kafla um gildi samninga og skaðabætur eru óbreyttar. Hér skal þó rifjað upp að þá mikilvægu breytingu er að finna í frumvarpinu að frá því að ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt þar til tilboð er endanlega samþykkt skulu almennt líða a.m.k. 10 dagar. Kemur þannig mun síður upp sú staða að bjóðandi sem telur á sig hallað standi frammi fyrir því að samningur hafi þegar verið gerður. Samkvæmt reglum frumvarpsins hefur hann a.m.k. 10 daga til að koma á framfæri kæru hjá kærunefnd útboðsmála og krefjast þess að samningsgerð verði stöðvuð um stundarsakir. Ef fallist er á þá kröfu hans og ákvörðun um val á tilboði er felld úr gildi í framhaldinu hefur bjóðandinn raunhæfa möguleika á að verða valinn til samningsgerðar. Er þetta nýmæli frumvarpsins í samræmi við nýlega lagasetningu í Danmörku. Þá má búast við því að regla sem þessi verði sett á vettvangi Evrópubandalagsins við þá endurskoðun á eftirlitstilskipununum sem áður greinir. Að öðru leyti er vísað til skýringa við 76. gr. frumvarpsins.

*10. Afstaða frumvarpsins til annarra laga.*

Eftir að núgildandi lög tóku gildi hefur risið vafi um það atriði hvort og þá að hvaða marki stjórnsýslulög, nr. 37/1993, gilda um ákvarðanir og aðrar athafnir kaupenda á sviði opinberra innkaupa. Núverandi ástand felur í sér óþolandi óvissu um réttarreglur á sviði opinberra innkaupa þar sem ýmsar reglur, sem eru sérsniðnar að framkvæmd opinberra innkaupa og þeim hagsmunum sem þar eru í húfi, rekast á við reglur stjórnsýslulaga um rannsóknarskyldu stjórnvalds, andmælarétt, leiðbeiningaskyldu o.s.frv. Í ljósi tæmandi reglna um réttindi fyrirtækja gagnvart kaupanda á sviði opinberra innkaupa þykir engin ástæða til þess að almenn stjórnsýslulög gildi um það svið sem hér er um að ræða. Er einnig ljóst að önnur niðurstaða leiðir til óvissu og óæskilegra tafa við opinber innkaup. Á þetta því frekar við nú þegar tekið hefur gildi umrædd tilskipun um opinber innkaup sem hefur að geyma enn ítarlegri ákvæði en fyrri tilskipanir um þau innkaupaferli sem um er að ræða og réttarstöðu fyrirtækja gagnvart kaupendum. Að lokum má rifja upp að við setningu laga nr. 94/2001 var litið svo á að stjórnsýslulög tækju ekki til opinberra innkaupa ef frá væri talinn II. kafli laganna. Af þessum sökum er lagt til að tekin séu af tvímæli um að stjórnsýslulög gildi ekki um ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt frumvarpinu að frátöldum ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um sérstakt hæfi. Skal áréttað að með þessari reglu frumvarpsins er stefnt að því

að skýra réttarreglur á sviði opinberra innkaupa en ekki skerða rétt fyrirtækja á þessu mikilvæga sviði.

*Athugasemdir við einstaka þætti, kafla og greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er rætt um „fyrirtæki“ í stað „bjóðanda“, sbr. 1. gr. núgildandi laga. Er þetta í samræmi við breytta hugtakanotkun í tilskipuninni, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Eins og þar kemur fram er heitið „fyrirtæki“ notað til einföldunar sem samheiti yfir verktaka, seljanda vöru og veitanda þjónustu, en „bjóðandi“ aðeins yfir fyrirtæki sem lagt hefur fram tilboð í opinberum innkaupum. Að öðru leyti má vísa til almennra athugasemda við það frumvarp sem varð að núgildandi lögum.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna skilgreiningar á hugtökum sem svarar efnislega til 1. gr. tilskipunarinnar. Vakin er athygli á því að í nokkrum tilvikum er um að ræða ný hugtök sem ekki koma fyrir í gildandi lögum. Hér má einkum nefna hugtökin „gagnvirkt innkaupakerfi“ og „rafrænt uppboð“ sem bæði vísa til nýrra innkaupaferla. Í samræmi við hugtakanotkun tilskipunarinnar er hugtakið „bjóðandi“ nú aðeins notað yfir aðila sem leggur fram endanlegt tilboð. Aðili sem tekur þátt í forvali eða öðrum aðdraganda opinberra innkaupa án þess að leggja fram tilboð mundi yfirleitt teljast „þátttakandi“ í skilningi frumvarpsins. Þá er hugtakið „fyrirtæki“ notað til einföldunar yfir verktaka, seljanda vöru og veitanda þjónustu, en hér er í raun um að ræða alla þá sem hugsanlega gætu tekið þátt í opinberum innkaupum, án tillits til þess hvort þeir hafa gert það í raun og veru.

Ólíkt því sem fram kemur í 1. gr. tilskipunarinnar eru nokkur hugtök skilgreind til fullnustu í efnisákvæðum en ekki í orðskýringagrein frumvarpsins og er hér fylgt þeirri uppbyggingu sem fram kemur í gildandi lögum. Um hugtökin „opinberir samningar“, „verksamningar eða opinberir verksamningar“, „vörusamningar eða opinberir vörusamningar“ og „þjónustusamningar eða opinberir þjónustusamningar“ vísar greinin þannig til ákvæða 4. gr. frumvarpsins þar sem skilgreint er til hvaða samninga lögin taki.

Í tilskipuninni er hugtakið „samningsaðili“ (e. Contracting authority) notað um þá sem skyldir eru til að kaupa inn samkvæmt reglum tilskipunarinnar. Í samræmi við hugtakanotkun gildandi laga er orðið „kaupandi“ notað í frumvarpinu yfir þessa aðila. Greinin vísar í þessu sambandi til 3. gr. frumvarpsins þar sem nánar er tilgreint hverjir teljist slíkir aðilar, m.a. hverjir teljist til „annarra opinberra aðila“ sem svarar efnislega til enska hugtaksins „a body governed by public law“, sbr. 9. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Í 10. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar er að finna skilgreiningu á „miðlægri innkaupastofnun“ sem tekin er upp í frumvarpið. Í XIII. kafla frumvarpsins er að finna nánari reglur um rekstur miðlægrar innkaupastofnunar á vegum ríkisins, Ríkiskaupa. Í frumvarpinu er ekki að finna sérstaka heimild fyrir ýmsa sjálfstæða opinbera aðila, t.d. sveitarfélög, til að setja fót miðlægar innkaupastofnanir enda er slík heimild óþörf með hliðsjón af almennum valdheimildum þeirra. Tekið skal fram að miðlæg innkaupastofnun verður að vera til þess hæf að bera réttindi og skyldur að lögum. Þá er það skilgreiningaratriði að hún þjóni fleiri opinberum aðilum. Innkaupadeildir stofnana eða innkaupastofnanir einstakra sveitarfélaga geta af þessari ástæðu ekki talist „miðlægar innkaupastofnanir“ í skilningi frumvarpsins.

Í c-lið 11. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar er skilgreint hugtakið „sérlega flókinn samningur“ (e. particularly complex contracts), sem vísar til ákvæða tilskipunarinnar um samkeppnisviðræður. Við samningu frumvarpsins þótti hentugra að þetta hugtak væri skilgreint í því ákvæði

frumvarpsins sem fjallar um samkeppnisviðræður. Að því er varðar skilgreiningu á hugtakinu „rafrænt uppboð“ er vakin athygli á því að ákveðnir verk- og þjónustusamningar, eins og þeir sem fela í sér sköpun hugverks, t.d. hönnun verks, geta eðli málsins samkvæmt ekki verið andlag rafrænna uppboða, eins og skýrlega er tekið fram í 7. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Í gildandi lögum er að finna sérstakar skilgreiningar á hugtökunum „forval“, „frávikstilboð“ og „útboð“ sem er sleppt í frumvarpinu. Þessi breyting helgast í fyrsta lagi af því að í tilskipuninni er ekki að finna skilgreiningar á þessum hugtökum. Í samræmi við þá almennu stefnumörkun sem liggur frumvarpinu til grundvallar þykir heppilegt að samræmi sé á milli íslenskra laga og tilskipunarinnar að þessu leyti. Þá er á það bent á að í frumvarpinu er að finna ítarleg fyrirmæli um „forval“, „frávikstilboð“ og „útboð“ sem gera sjálfstæðar skilgreiningar á þessum ferlum óþarfar og í raun óheppilegar.

Hugtakið „örútboð“ er ekki skilgreint sérstaklega í tilskipuninni, en hér er um það að ræða að kaupandi láti fara fram samkeppni meðal a.m.k. þriggja rammasamningshafa á grundvelli rammasamnings, sbr. nánari ákvæði 5. mgr. 34. gr. frumvarpsins. Skilgreiningin á örútboði er sett fram til hagræðis og er með henni í engu vikið frá fyrirmælum 34. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hér er um að ræða efnislega óbreytt ákvæði frá 3. gr. gildandi laga, þó þannig að fellt er út ákvæði um að tekjur aðila á grundvelli gagnkvæms viðskiptasamnings við opinberan aðila teljast ekki opinber fjármögnun. Ástæðulaust þykir að árétta sérstaklega að greiðslur til aðila samkvæmt gagnkvæmum viðskiptasamningum teljist ekki fjármögnun í skilningi a-liðar 2. mgr. líkt og gert er í núgildandi lögum, enda leiðir þetta skýrlega af orðalagi málsgreinarinnar. Leggja ber áherslu á að með greininni er lögfest sú skilgreining á opinberum aðila sem fram kemur í 9. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Vísast að öðru leyti til ítarlegra athugasemda við 3. gr. þess frumvarps sem varð að lögum nr. 94/2001 um nánara efni greinarinnar.

Um 4. gr.

Hér er að meginstefnu um að ræða óbreytt ákvæði frá 4. gr. gildandi laga, þó þannig að fylgt er þeirri nánari framsetningu sem fram kemur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Í samræmi við þetta falla „sérleyfissamningar um verk“ ekki lengur undir hugtakið „verksamningur“ líkt og í gildandi lögum, en um slíka samninga eru sérstök ákvæði í XI. kafla frumvarpsins. Þá er vakin athygli á því að í lokamálsgrein greinarinnar er að finna nokkuð ítarlegri leiðbeiningar um afmörkun þjónustusamninga gagnvart verksamningum sem þó er í samræmi við ólögfest sjónarmið á þessu sviði, sbr. athugasemdir við 4. gr. þess frumvarps sem varð að lögum nr. 94/2001. Í 4. gr. gildandi laga eru taldar upp ýmsar undantekningar frá þeirri almennu reglu að innkaupasamningar opinberra aðila falli undir gildissvið laganna. Við samningu frumvarpsins þótti hentugra að fylgja tilskipuninni í þessu efni. Koma þannig fram í 6.–12. gr. frumvarpsins ýmsar undantekningar frá þeirri almennu reglu sem fram kemur í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Rétt er að rifja upp að af 1. mgr. leiðir að frumvarpið tekur aðeins til samninga sem opinberir aðilar skv. 3. gr. gera við fyrirtæki. Reglur frumvarpsins taka því ekki til ráðstafana sem gerðar eru „innanhúss“ (e. in-house), þ.e. ráðstafanir sem hinn opinberi aðili tekst á hendur sjálfur án afskipta utanaðkomandi. Ákveði opinber aðili að framleiða vöru sjálfur, annast þjónustu eða framkvæma verk er ekki um að ræða opinber innkaup í skilningi frumvarpsins. Samningar milli tveggja sjálfstæðra opinberra aðila, t.d. tveggja sveitarfélaga, mundu jafnan ekki vera undanþegnir lögunum samkvæmt þessu. Tengsl milli tveggja sjálfstæðra opinberra aðila geta þó verið svo náin að litið sé svo á að um sé að ræða mismunandi hluta sama aðil-

ans, sbr. t.d. dóm Evrópudómstólsins í máli Teckal (mál nr. C-107/98, ECR [1999] I 8121). Hér kæmu einkum stofnanir ríkisins til greina, sbr. t.d. úrskurð kærunefndar útboðsmála 4. júní 2002 í máli nr. 9/2002.

Um 5. gr.

Ólíkt eldri útboðstilskipunum hefur tilskipunin að geyma í 10. gr. sinni jákvæða skilgreiningu á gildissviði sínu gagnvart samningum um innkaup á sviði varnarmála. Með öðrum orðum kveður tilskipunin á um að þessir samningar falli innan gildissviðs tilskipunarinnar að því marki sem ákvæði 296. gr. EB-sáttmálans (sbr. 123. gr. EES-samningsins) leiði ekki til annarrar niðurstöðu. Eldri reglur kváðu hins vegar á um að slíkir samningar féllu utan gildissviðs útboðstilskipananna, en af því mátti þó gagnálykta að um gerð annarra samninga færi samkvæmt tilskipunum. Ekkert bendir til þess að 10. gr. tilskipunarinnar feli í sér verulega efnislega breytingu á gildissviði innkaupareglna EB með tilliti til innkaupa á sviði varnarmála. Má einnig benda á í því sambandi að í 14. gr. tilskipunarinnar, sbr. 9. gr. frumvarpsins, er að finna reglu um leynilega samninga og samninga sem krefjast öryggisráðstafana sem mundi yfirleitt einnig koma til skoðunar við opinber innkaup á svið varnarmála.

Grein frumvarpsins svarar til 10. gr. tilskipunarinnar, þó þannig að ákvæðið gerir ráð fyrir því að í sérlögum kunni í framtíðinni að verða settar heimildir til að víkja frá innkaupareglum, að einhverju eða öllu leyti, með vísan til þeirra hagsmuna sem nánar greinir í 123. gr. meginmáls EES-samningsins. Þannig má hugsa sér að í sérlögum um tiltekna starfsemi, t.d. Landhelgisgæsluna, sé að finna sveigjanlega heimild til að víkja frá innkaupareglum vegna innkaupa sem varða verulega öryggishagsmuni íslenska ríkisins. Einnig mætti hugsa sér að sett séu sérlög um tiltekin innkaup á sviði öryggis- og varnarmála.

Hafa ber í huga að 123. gr. meginmáls EES-samningsins er undantekningarákvæði sem almennt ber að skýra þröngt. Af þessu leiðir að meta verður í hverju og einu tilviki hvort greinin réttlæti að vikið sé frá almennum innkaupareglum. Ef festar eru í lög heimildir til að víkja frá reglum frumvarpsins um opinber innkaup ber að hafa í huga að slíkar heimildir geta ekki verið almennar eða sjálfvirkar. Verður heimildin því að vera þannig úr garði gerð að unnt sé að meta í hvert og eitt skipti hvort þeir hagsmunir sem greinir í 123. gr. meginmáls EES-samningsins réttlæti að vikið sé frá innkaupareglum. Í gildandi lögum er ekki að finna heimildir sem þessar en við samningu frumvarpsins þótti ekki rétt að útiloka að slíkar heimildir kynnu að verða settar í lög í framtíðinni.

Um 6. gr.

Greinin svarar til 16. gr. tilskipunarinnar og er efnislega sambærileg 5. mgr. 4. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir því, líkt og í gildandi lögum, að ráðherra hafi svigrúm til að ákveða að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki hagi innkaupum sínum samkvæmt reglum frumvarpsins þegar um er að ræða innkaup sem að öðrum kosti teldust undanþegin gildissviði laganna.

Um 7. gr.

Með greininni eru samningar sem falla undir tilskipun nr. 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu felldir undan gildissviði laganna með sambærilegum hætti og gert er í 12. gr. tilskipunarinnar. Líkt og í gildandi lögum er þó gert ráð fyrir því að XIV. og XV. kafli frumvarpsins, þ.e. ákvæði frumvarpsins um málskot til kærunefndar útboðsmála og um gildi samninga og skaðabætur, gildi einnig um þau innkaup sem falla undir tilskipun nr. 2004/17/EB.

Gert er ráð fyrir því í 3. mgr. greinarinnar að tilskipun nr. 2004/17/EB verði innleidd með reglugerð. Vekja ber athygli á því að á umræddu sviði er í gildi sérstök eftirlitstilskipun nr. 92/13/EBE sem mundi einnig teljast innleidd með umræddri reglugerð og tilvísun reglugerðarinnar til XIV. og XV. kafla þessa frumvarps, verði það að lögum. Þá er rétt að nefna að við innleiðingu tilskipunar nr. 2004/17/EB með reglugerð ber að taka afstöðu til þess hvort nýtt verði heimild 71. gr. tilskipunarinnar til að fresta gildistöku 6. gr. hennar um innkaup aðila sem reka póstþjónustu. Sé sú heimild nýtt eiga reglur frumvarpsins að gilda um þessi innkaup, sbr. 2. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar.

Um 8. gr.

Greinin svarar til 13. gr. tilskipunarinnar sem á rætur sína í þeirri afstöðu framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA til 8. gr. tilskipunar nr. 38/93/EBE að líta svo á að fyrirtæki sem sinna almennri fjarskiptaþjónustu falli utan innkaupareglna í kjölfar markaðsvæðingar fjarskiptamarkaðarins. Minnt skal á að þau hugtök sem koma fram í greininni eru nánar skýrð í 1. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 14. gr. tilskipunarinnar og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 15. gr. tilskipunarinnar og þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin svarar til 17. gr. tilskipunarinnar sem er nýmæli, en hefur þó verið talin felast í gildandi tilskipunum, sbr. álit framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins 12. apríl 2000. Minnt er á að hugtakið „sérleyfissamningur um þjónustu“ er skýrt í orðskýringagrein frumvarpsins, en hér er fyrst og fremst um það að ræða að endurgjald sérleyfishafa felist í rétti til að nýta þjónustu sem hann hefur tekið að sér að veita með tilteknum hætti, t.d. með því að taka gjald af notendum hennar. Sérleyfishafinn tekur þá fjárhagslega áhættu með tilliti til þess hversu margir nýta sér þá þjónustu sem hann hefði tekið að sér að veita fyrir hið opinbera. Almennt mundi þurfa heimild í lögum til þess að heimilt væri að fela einkaaðila að veita þjónustu sem að öðrum kosti væri í höndum ríkisins og taka fyrir hana gjald af neytendum. Rétt er talið að ráðherra hafi heimild til að setja reglur um gerð sérleyfissamninga um þjónustu að því er varðar ríkið og ríkisstofnanir, t.d. kveða á um að fylgja skuli reglum frumvarpsins að meira eða minna leyti. Minnt er á að reglan um bann við mismunun gildir um veitingu á sérleyfum á þjónustu. Þá ber að árétta að grunnreglur EES-samningsins gilda sem fyrr um þessi viðskipti.

Um 12. gr.

Ákvæði 12. gr. frumvarpsins svarar til 18. gr. tilskipunarinnar. Reglan er skyld reglunni um samninga „innanhúss“ sem gerð er grein fyrir í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins en er þó víðtækari. Vakin er athygli á því að reglan á aðeins við um þjónustusamninga. Þau fyrirtæki sem keypt er frá verða sjálf að lúta innkaupareglum frumvarpsins svo að heimilt sé að víkja frá innkaupareglum.

Um 13. gr.

Ákvæði 13. gr. frumvarpsins svarar til 8. gr. tilskipunarinnar. Vakin er athygli á því að aðili sem fjármagnaður er af opinberu fé getur hugsanlega talist til kaupanda í skilningi 3. gr. frumvarpsins og er þá skyldur til að fylgja reglum frumvarpsins án tillits til ákvæða 13. gr. þess.

Um 14. gr.

Greinin svarar til 2. gr. tilskipunarinnar og felur í sér eina af grunnreglum opinberra innkaupa, sbr. 11. gr. gildandi laga. Rifja má upp að almenn jafnræðisrök liggja til grundvallar fjölmörgum ákvæðum reglna um opinber innkaup, eins og m.a. má álykta af 1. gr. frumvarpsins. Hin almenna jafnræðisregla getur því haft þýðingu við lögskýringu annarra ákvæða frumvarpsins. Í öðrum tilvikum getur hún einnig haft sjálfstæða þýðingu við úrlausn um lögmæti ákvarðana kaupanda. Sem dæmi um þetta má nefna álitaefni um heimildir ráðgefandi aðila, sem aðstoðað hafa kaupanda við innkaup, til að taka þátt í útboði á þeim innkaupum (ráðgjafavanhæfi), sbr. t.d. álit kærunefndar útboðsmála 11. september 2002 í máli nr. 14/2002 og úrskurði nefndarinnar 17. febrúar 2005 í máli nr. 46/2004 og 9. desember 2005 í máli nr. 38/2005.

2. mgr. greinarinnar felur í sér áréttingu á því að það teljist ekki andstætt jafnræði að áskilja að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á málefnalegum ástæðum, sbr. 2. mgr. 11. gr. gildandi laga. Kaupandi sem staðsettur er á ákveðnum stað getur þannig alla jafnan gert kröfu til þess að vara sé afhent honum á viðkomandi stað eða þjónusta innt af hendi þar án þess að um mismunun sé að ræða. Gildir þá einu þótt þeir aðilar sem eru með starfsstöð eða útibú á viðkomandi stað njóti hagræðis þegar kemur að því að setja fram tilboð.

Um 15. gr.

Í samræmi við 5. gr. tilskipunarinnar er því slegið föstu í greininni að einstaklingar og lögaðilar með staðfestu í einhverju ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skuli ekki njóta lakari réttar en fyrirtæki frá öðrum ríkjum, sbr. einkum samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup. Þá er í greininni veitt heimild til að innleiða með reglugerð umræddan samning WTO og aðra milliríkjasamninga um opinber innkaup, ef þeim er að skipta. Er þetta í samræmi við 8. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Greinin svarar til 3. gr. tilskipunarinnar og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 6. gr. tilskipunarinnar að öðru leyti en því að tekið hefur verið fram að ákvæði um trúnaðarskyldu haggi ekki skyldu aðila til að afhenda kærunefnd útboðsmála upplýsingar skv. 95. gr. Einnig er tekið fram að þetta ákvæði hafi ekki áhrif á skyldu aðila til að leggja fram gögn samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga, nr. 50/1996, en slíka niðurstöðu leiðir raunar einnig af 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga.

Um 18. gr.

Ákvæði 18. gr. frumvarpsins svarar til 19. gr. tilskipunarinnar. Vakin er athygli á því að greinin veitir ekki heimild til að víkja alfarið frá innkaupareglum heldur gerir ráð fyrir því

að þátttaka í einhverju því innkaupaferli sem lögin kveða á um sé takmörkuð við verndaða vinnustaði eða þá að samningur miði við að framkvæmd hans fari fram í samræmi við áætlanir um verndaða vinnustaði.

Um 2. þátt.

Í þessum þætti er kveðið á um fyrirkomulag opinberra innkaupa undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins. Í samræmi við þá almennu stefnumörkum sem greint er frá í almennum athugasemdum taka ákvæði þáttarins að meginstefnu mið af ákvæðum tilskipunarinnar. Sömu reglur eiga því við áætlun samningsfjárhæða vegna innkaupa innanlands, enda þótt viðmiðunarfjárhæðir vegna þessara innkaupa séu að sjálfsögðu aðrar og lægri en vegna innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá gilda sömu reglur um nánari framkvæmd innkaupa, t.d. með tilliti til heimilda til samningskaupa eða beitingar á öðrum innkaupaferlum, gerð útboðsgagna og val á tilboðum. Samkvæmt þessu eru það fyrst og fremst reglur um tilkynningar og auglýsingar sem eru aðrar vegna innkaupa sem fram fara á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 3. þátt frumvarpsins.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar svara að mestu til ákvæða í 9., 10. og 12. gr. gildandi laga. Rétt er að árétta að ekki er gert ráð fyrir því að gerð sérleyfissamninga um verk undir viðmiðunarfjárhæðum EES verði háð sérstökum reglum nema sérstaklega verði kveðið á um það í reglugerð sem veitt er heimild fyrir í 2. mgr. greinarinnar. Í 80. gr. frumvarpsins eru hins vegar innleiddar reglur tilskipunarinnar um gerð sérleyfissamninga um verk yfir viðmiðunarfjárhæðum EES. Sérleyfissamningar um þjónustu eru að meginstefnu undanskildir reglum frumvarpsins, sbr. 11. gr. Hönnunarsamkeppni er í raun réttri ekki innkaupaferli. Þar sem hönnunarsamkeppni getur hins vegar verið undanfari opinberra innkaupa er nauðsynlegt að í þessum þætti frumvarpsins séu ákvæði um hönnunarsamkeppni, sbr. athugasemdir við 37. gr.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin tekur mið af 22. gr. tilskipunarinnar sem felur í sér óbreytta reglu frá gildandi tilskipunum. Minnt skal á að fjarskiptaþjónusta er ekki lengur skilgreind sem „B-þjónusta“. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 22. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 13. gr. gildandi laga. Nauðsynlegt er að árétta að þótt innkaup séu undir viðmiðunarfjárhæðum eiga grunnreglur EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, allt að einu við. Því þykir rétt að taka af tvímæli um að virða skuli jafnræði fyrirtækja og fara að reglum frumvarpsins um tækniforskriftir þannig að ekki sé um tæknilegar viðskiptahindranir að ræða við þessi opinberu innkaup. Þótt ekki sé kveðið á um skyldu til að auglýsa innkaup í greininni gæti slík skylda allt að einu falist í kröfunni um jafnræði eins og hún verður skýrð með hliðsjón af grunnreglum EES-samningsins. Þannig verður kaupandi að meta í hvert og eitt skipti hvort samningur kunni að vera þess eðlis (fyrst og fremst vegna verðgildis) að hann kynni að vekja áhuga fleiri fyrirtækja þannig að eðlilegt sé að auglýsa hann (t.d. á vefsíðu sinni) eða þá hvort hann ákveður að bjóða tilteknum hópi bjóðenda að leggja fram tilboð þannig að samkeppni sé tryggð. Við slíkar aðstæður verður kaupandi

einnig að beita hlutrænum aðferðum við mat á tilboðum þannig að jafnræði sé tryggt. Hér má til hliðsjónar vísa til leiðbeininga framkvæmdastjórnarinnar um innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum frá 1. ágúst 2006 (2006/C 179/02).

Um 23.–29 gr.

Í þessum greinum frumvarpsins er að finna ákvæði sem svara í flestum tilvikum efnislega til ákvæða 9. gr. tilskipunarinnar, þó þannig að forðast hefur verið að breyta þeirri framsetningu sem er að finna í gildandi lögum, sbr. 14.–17. gr. laga nr. 94/2001, þegar umrædd ákvæði tilskipunarinnar hafa ekki kallað á breytingar. Hér er sem fyrr fylgt þeirri stefnu að nota reglur tilskipunarinnar jafnvel þótt um sé að ræða innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES. Minnt skal á að verk-, vöru- og þjónustusamningar eru skilgreindir í 4. gr. frumvarpsins. Í 27. gr. frumvarpsins er að finna sérreglu um innkaup sem skipt er upp í fleiri áfanga. Þessi regla er efnislega sú sama og fram kemur í 5. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar, þó þannig að ekki er kveðið á um hámarksfjárhæð einstakra áfanga. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til sérstakra skýringa við þessar greinar frumvarpsins.

Um V. kafla.

Í kaflanum er safnað saman reglum um þau innkaupaferli sem til greina koma við framkvæmd opinberra innkaupa, en þessi fyrirmæli er að finna í 18.–22. gr. gildandi laga. Með tilkomu tilskipunarinnar eru þessi fyrirmæli nú orðin svo umfangsmikil að hentugast þykir að skipa þeim í sérstakan kafla. Eins og í gildandi lögum er meginreglan sú að opinber innkaup eiga að fara fram með almennu eða lokuðu útboði að undangengnu forvali. Einnig er heimilt að kaupa inn á grundvelli rammasamnings eða samkvæmt svokölluðu gagnvirku innkaupakerfi, enda er rammasamningum og gagnvirkum innkaupakerfum komið á fót með ferlum sem jafna má til útboðs. Samkvæmt þessu eru heimildir til þess að nota önnur innkaupaferli, þ.e. samkeppnisviðræður og samningskaup, undantekningar sem alla jafnan ber að skýra þrengjandi. Í kaflanum er einnig að finna ákvæði um hönnunarsamkeppni. Þótt hönnunarsamkeppni sé í raun réttri ekki innkaupaferli eru tengslin við innkaup þó svo náin að rétt þykir að hafa þessi ákvæði í þessum kafla.

Um 30. gr.

Greinin svarar efnislega til 28. gr. tilskipunarinnar. Í greininni er þannig lögfest sú meginregla að opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum skuli fara fram með almennu eða lokuðu útboði, en aðeins sé heimilt að nota aðra innkaupaferla, þ.e. samkeppnisviðræður eða samningskaup, þegar sérstök heimild sé til þess í lögunum. Til áréttingar er tekið fram að einnig sé heimilt að kaupa inn á grundvelli rammasamnings og gagnvirks innkaupakerfis þótt innkaup séu yfir viðmiðunarfjárhæðum, en slíka niðurstöðu leiðir þó einnig af samræmisskýringu við 34. og 35. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 29. gr. tilskipunarinnar sem er nýmæli, eins og rakið er í almennum athugasemdum. Með þessu útboði er leitast við að skapa meiri sveigjanleika við gerð stærri og flóknari samninga þar sem almennt eða lokað útboð hentar illa þörfum kaupanda, en heimildir til samningskaupa eru allt að einu ekki fyrir hendi. Heimild til samkeppnisviðræðna er bundin við „sérlega flókna samninga“, eins og þeir eru nánar skilgreindir í 1. mgr. greinarinnar sem svarar til c-liðar 11. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Um sérlega flókna samninga er annars vegar að ræða þegar ekki er mögulegt með hlutlægum hætti að

skilgreina þau tæknilegu atriði sem fullnægt geta þörfum eða markmiðum kaupanda. Hér er átt við að kaupandi geti ekki, án þess að honum verði um það kennt, áttað sig á því hvort og með hvaða hætti fyrirtæki á markaði geti fullnægt þörfum og markmiðum hans, t.d. þegar um er að ræða flókin samgöngumannvirki eða tölvukerfi. Honum er því erfitt eða ómögulegt að setja fram nákvæma útboðslýsingu. Hins vegar er um sérlega flókna samninga að ræða þegar kaupandi getur ekki skilgreint lagalega eða fjárhagslega gerð samnings. Þetta mundi eiga við þegar um er að ræða flókin fjárhagsleg og lagaleg atriði í samningi sem erfitt eða ómögulegt er að slá föstum í upphafi, t.d. þegar óljóst er hver eigi að reka mannvirki sem á að reisa. Ákvörðun um hvort um sérlega flókinn samning er að ræða verður að byggjast á heildarmati á innkaupum hverju sinni. Nánari viðmið um hvenær samningur telst sérlega flókinn munu vafalaust þróast í stjórnsýslu- og dómaframkvæmd næstu ár.

Eins og áður greinir er heimild til samkeppnisviðræðna undantekning frá þeirri meginreglu að innkaup skuli fara fram með almennu eða lokuðu útboði. Þótt reglan sé þannig strangt til tekið undantekningarregla ber að hafa í huga að með ákvæðum tilskipunarinnar um samkeppnisviðræður er verið að skapa aukinn sveigjanleika í opinberum innkaupum við aðstæður þar sem unnt hefði verið að viðhafa almennt eða lokað útboð, andstætt því sem venjulega á við um samningskaup. Ganga því rök ekki endilega í þá átt að skýra heimildir til samkeppnisviðræðna eins strangt og heimildir til samningskaupa, sbr. 32. og 33. gr. frumvarpsins. Er því líklegt að samkeppnisviðræður verði oft notaðar þegar vafi er um hvort heimilt sé að viðhafa samningskaup. Minnt er á að þegar samkeppnisviðræður eru notaðar við innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu er skylt að greina frá ástæðum þess að samkeppnisviðræður voru notaðar við innkaup, sbr. h-lið 43. gr. tilskipunarinnar.

Reglur 2.–9. mgr. um framkvæmd samningskaupa hafa það að leiðarljósi að jafnræði þátttakenda sé virt, sbr. einkum ákvæði 4. mgr. Í stað þess að kaupandi gangi frá útboðsgögnum er gert ráð fyrir því í 2. mgr. að hann skilgreini þarfir sínar og aðrar kröfur í útboðsauglýsingu og/eða skýringargögnum. Í þessum gögnum verða forsendur fyrir vali tilboðs einnig að koma fram, sbr. 8. mgr. Gilda um þessar forsendur almennar reglur, sbr. 45. gr. frumvarpsins. Í upphafi tekur kaupandi afstöðu til þess hverjir fái að taka þátt í samkeppnisviðræðum. Er þessi áfangi samningskaupa fyllilega sambærilegur við forval vegna lokaðs útboðs, sbr. 56. gr. frumvarpsins. Að loknum þessum áfanga taka hinar eiginlegu samkeppnisviðræður við. Kaupandi getur ákveðið að þetta ferli fari fram í fleiri áföngum, sbr. 5. mgr. Við þessar aðstæður verður að gæta þess vandlega að forsendum fyrir tilboðum sé ekki raskað svo að gengið sé gegn jafnræði, sbr. til hliðsjónar þau viðmið sem fram koma í lokaorðum 7. mgr. Val á þátttakendum á milli áfanga verður að byggjast á þeim valforsendum sem tilkynntar voru í upphafi. Þegar kaupandi hefur afmarkað þá lausn sem hann telur geta fullnægt þörfum sínum, sbr. 6. mgr., lýsir hann viðræðum lokið og þátttakendur leggja fram tilboð. Um þennan síðasta áfanga innkaupaferilsins gilda sambærilegar reglur og um útboð almennt, sbr. 7. og 8. mgr. Þátttakendum er þó heimilt að skýra, skilgreina og laga til tilboð sín eftir beiðni kaupanda, en slíkar athugasemdir mega ekki fela í sér breytingar á grundvallarþáttum tilboðs þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða. Velja ber tilboð á grundvelli upphaflegra valforsendna í samræmi við 72. gr. frumvarpsins, sbr. 8. mgr. Eiga þannig sömu reglur við um val tilboðs í samkeppnisviðræðum og almennum og lokuðum útboðum.

Við framkvæmd samkeppnisviðræðna væri það í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að halda sérstaka fundargerð um alla fundi þar sem fram kæmu upplýsingar t.d. um hverjir hafi setið fundi, efni fundarins og hvaða gögn og upplýsingar hafi verið kynnt fundarmönnum. Vanræksla á að halda slíka fundargerð gæti haft það í för með sér að sönnunarstaða opinbers aðila yrði erfið ef lögmæti framkvæmdar samkeppnisviðræðna yrði vefengd.

Um 32. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 30. gr. tilskipunarinnar, en 1. mgr. þeirrar greinar er efnislega óbreytt frá gildandi reglum. Samkvæmt þessu eru þær reglur sem fram koma í 1. og 2. mgr. greinarinnar efnislega sambærilegar því sem fram kemur í 19. gr. gildandi laga. Má vísa til athugasemda við það frumvarp sem varð að lögum nr. 94/2001 um nánari skýringar á heimildum til samningskaupa að undangenginni útboðsauglýsingu.

Um 33. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 31. gr. tilskipunarinnar, en þar hefur verið safnað saman heimildum úr gildandi tilskipunum til samningskaupa án undanfarandi birtingar útboðsauglýsingar. Eru fyrirmæli greinarinnar því að mestu efnislega sambærileg 20. gr. gildandi laga. Í nokkrum tilvikum er þó um að ræða nýjar heimildir til samningskaupa, sbr. c- og d-liði 2. mgr. Að öðru leyti má vísa til athugasemda við það frumvarp sem varð að lögum nr. 94/2001.

Um 34. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 32. gr. tilskipunarinnar sem er nýmæli í rétti EB. Í 22. gr. gildandi laga hafa hins vegar verið fyrir hendi ákvæði um rammasamninga. Í 3. málsl. 1. mgr. er þó tekið upp efnislega óbreytt ákvæði 3. mgr. 22. gildandi laga. Hið nýja ákvæði tilskipunarinnar gerir ráð fyrir mjög svipuðu fyrirkomulagi og tíðkast hefur samkvæmt gildandi íslenskum rétti. Þannig felur greinin í sér þá grunnhugsun að þar sem rammasamningar séu gerðir að undangengnu almennu eða lokuðu útboði sé hægt að líta svo á að fullnægt hafi verið útboðsskyldu við gerð einstakra samninga sem gerðir eru á grundvelli þeirra. Ekki verður séð að gera þurfi grundvallarbreytingar á því rammasamningskerfi sem rekið hefur verið hér á landi af Ríkiskaupum. Hins vegar eru reglur frumvarpsins með ýmsum hætti rýmri en gildandi reglur og gefa því möguleika á sveigjanlegri rammasamningum en tíðkast hefur. Rammasamninga má gera um kaup á vörum, þjónustu eða verkum og má gera að undangengnu hvaða útboðsferli sem er að fullnægðum þeim skilyrðum sem við eiga.

Samkvæmt greininni er heimilt að gera rammasamning við einn aðila eða fleiri, en þá skuli þeir vera að lágmarki þrír. Rammasamningur við fleiri aðila getur verið tvenns konar. Annars vegar getur rammasamningur verið með fastákveðnum skilmálum. Kaupendur samkvæmt rammasamningi geta þá valið um það til hverra rammasamningshafa þeir leita. Hér má t.d. hugsa sér að samið sé við fleiri aðila með það að markmiði að unnt sé að nálgast tiltekna vöru eða þjónustu á sem flestum stöðum á landinu. Hins vegar kann rammasamningur við fleiri aðila að vera óákveðinn um tiltekin atriði, t.d. verð eða tiltekna eiginleika. Við þessar aðstæður gilda reglur lokamálsgreinarinnar. Verður kaupandi þannig að láta fara fram svokallað örútboð milli rammasamningshafa. Leggja ber áherslu á að í þessu örútboði ber að meta tilboð á grundvelli þeirra skilmála og valforsendna sem fram koma í rammasamningi. Það athugast að með þessu er ekki átt við að tilboð í rammasamningsútboði verði nauðsynlega að meta á sama grundvelli og tilboð í örútboði. Til dæmis má hugsa sér að í rammasamningsútboði séu tilboð metin með hliðsjón af gæðum og afhendingartíma, en verð sé látið vera óákveðið og verði valforsenda í örútboði. Unnt er að láta slík útboð fara fram með rafrænum hætti í samræmi við 2. mgr. 70. gr. um rafræn uppboð og skv. 35. gr. um útboð í gagnvirku innkaupakerfi.

Í samræmi við meginreglur íslensks samningaréttar hefur verið litið svo á að aðilar rammasamnings ættu ekki sjálfdæmi um hvort þeir keyptu inn samkvæmt rammasamningi eða skiptu við aðra aðila. Þeir opinberu aðilar sem á annað borð eru aðilar að rammasamningi

eða kerfi fleiri rammasamninga verða samkvæmt þessu að kaupa inn á grundvelli rammasamnings og geta t.d. ekki farið í sjálfstætt útboð vegna vöru eða þjónustu sem fellur undir rammasamning. Af þessum sökum verður seint lögð of mikil áhersla á það að það sé skýrt til hvaða vöru eða þjónustu rammasamningur tekur. Samkvæmt almennum reglum verður einnig að telja heimilt að í rammasamningi sé áskilinn réttur til að kaupa af öðrum en rammasamningshöfum, án þess að það þurfi sérstaklega að taka fram í lagatexta.

Um 35. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 33. gr. tilskipunarinnar sem er nýmæli. Rétt þykir að taka þessa heimild tilskipunarinnar upp í íslensk lög, enda þótt ekkert liggi fyrir um það á þessari stundu að hún verði nýtt.

Um 36. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 34. gr. tilskipunarinnar sem felur í sér efnislega óbreytta reglu frá gildandi tilskipunum, sbr. 58. gr. gildandi laga.

Um 37. gr.

Ákvæði greinarinnar eiga sér fyrirmynd í 66.–74. gr. tilskipunarinnar, en þó er vikið frá reglum tilskipunarinnar á nokkrum stöðum til einföldunar. Í 81. gr. frumvarpsins er vísað til beint reglna tilskipunarinnar varðandi hönnunarsamkeppni yfir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins. Þegar um er að ræða hönnunarsamkeppnir yfir viðmiðunarfjárhæðum EES ber því að fara beint eftir umræddum reglum tilskipunarinnar en ekki ákvæðum þessarar greinar.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 23. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa. Minnt skal á að því aðeins er heimilt að leggja fram frávikstilboð að tekið sé fram í útboðsgögnum að það sé leyfilegt.

Um 39. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 25. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Hér eru tekin upp ákvæði 23. gr. tilskipunarinnar um tækniforskriftir. Með fáum undantekningum er um að ræða sömu reglur og fram koma í gildandi tilskipunum, sbr. 24. gr. gildandi laga, þó þannig að í nokkrum tilvikum er framsetning önnur.

Um 41. gr.

Greinin svarar til 24. gr. tilskipunarinnar sem felur í sér nokkuð breyttar reglur um frávikstilboð, sbr. 27. gr. gildandi laga. Meginbreytingin er sú að kaupandi verður nú að taka það skýrt fram ef hann hyggst leyfa frávikstilboð, en samkvæmt gildandi reglum væri litið svo á að frávikstilboð væru leyfð nema annað kæmi fram af hálfu kaupanda.

Líkt og samkvæmt gildandi reglum koma frávikstilboð aðeins til greina þegar tilboð er metið á grundvelli fjárhagslegrar hagkvæmni, t.d. endingar, magns og gæða, en ekki eingöngu verðs. Eigi að meta tilboð eingöngu á grundvelli verðs leiða hvers konar frávik frá útboðsskilmálum til þess að tilboð verða í raun ósamanburðarhæf. Er því ekki um að ræða breytingu á reglum hvað þetta varðar. Í annan stað verða frávikstilboð ætíð að fullnægja þeim lágmarkskröfum sem kaupandi gerir til þess sem óskað er kaupa á, t.d. hvað varðar öryggi,

notagildi og endingu, og tilgreindar eru í útboðsgögnum. Tilboð sem ekki fullnægir þessum efnislegu kröfum mundi því teljast í verulegu ósamræmi við útboðsgögn. Taka ber fram að hér er ekki átt við þá aðstöðu að vara sé að einhverju leyti í ósamræmi við þá staðla sem vísað er til en fullnægi allt að einu þeim öryggiskröfum sem stöðlunum er ætlað að tryggja, sbr. nánar 4. mgr. 40. gr. Þegar frávikstilboð eru leyfð verður því að liggja skýrt fyrir frá hvaða kröfum útboðslýsingar má víkja með frávikstilboði og frá hvaða kröfum má ekki víkja (þ.e. hverjar lágmarkskröfur til hins keypta eru).

Um 42. gr.

Greinin svarar til 25. gr. tilskipunarinnar sem er í samræmi við gildandi reglur og þarfnast ekki skýringar.

Um 43. gr.

Greinin svarar til 26. gr. tilskipunarinnar sem er nýmæli.

Um 44. gr.

Greinin svarar til 27. gr. tilskipunarinnar sem felur í sér nokkrar breytingar frá gildandi reglum tilskipananna um þetta efni.

Um 45. gr.

Þessi grein ásamt 72. gr. frumvarpsins fela sameiginlega í sér reglur sem svara til 53. gr. tilskipunarinnar. Um er að ræða nokkrar breytingar frá gildandi reglum, sbr. 26. gr. gildandi laga. Í fyrsta lagi er orðalagi tilskipunarinnar fylgt og taldar upp þær forsendur sem geta komið til greina þegar miðað er við fjárhagslega hagkvæmni, en ekki aðeins verð. Ekki er um tæmandi talningu að ræða. Um leyfilegar forsendur að þessu leyti liggur fyrir talsverð dómaframkvæmd Evrópudómstólsins sem getur verið til leiðbeiningar en ekki er unnt að rekja hér (hér skal þó vísað til dóms Evrópudómstólsins 17. september 2002 í máli nr. C-513/99, Concordia Bus Finland Oy). Einnig liggja fyrir leiðbeiningar framkvæmdastjórnar EB um notkun á félagslegum atriðum við opinber innkaup og um beitingu umhverfisverndarsjónarmiða við opinber innkaup þar sem fjallað er um leyfilegar forsendur fyrir vali á tilboðum (sbr. COM/2001/0566 og COM/2001/0274). Meginsjónarmið er að forsendur fyrir vali tilboðs verða ávallt að tengjast hinu keypta, eins og kemur fram í frumvarpstextanum. Þannig er t.d. ekki leyfilegt við innkaup á bifreið að velja tilboð með hliðsjón af því hvaða bjóðandi styrkir skógrækt hvað mest. Hins vegar mundi vera heimilt að líta til þess hvort hin keypta bifreið losi meira eða minna af mengandi lofttegundum o.s.frv. Vakin er athygli á því að almennt er skylt að tilgreina hlutfallslegt vægi hvers viðmiðs sem vísað er til sem forsendu fyrir vali tilboðs, en samkvæmt gildandi reglum hefur einungis verið skylt að raða þeim eftir mikilvægi. Með hliðsjón af þeirri kröfu að forsendur séu tilgreindar eins nákvæmlega og framast er unnt er kaupanda þröngur stakkur skorinn við að ákveða vikmörk hlutfallslegs vægis forsendna, sbr. 3. mgr. Hér má einnig nefna að notkun á vikmörkum má ekki leiða til þeirrar niðurstöðu að vægi forsendna verði óljósara en þegar þeim er raðað upp eftir mikilvægi. Í öllu falli mega vikmörk ekki leiða til þeirrar niðurstöðu að í raun sé hugsanlegum bjóðendum ógerningur að átta sig á því hvert hlutfallslegt vægi fleiri forsendna fyrir vali tilboðs er.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglur sem lúta að skilyrðum fyrir því að fyrirtæki geti tekið þátt í útboði. Í tilskipuninni ber sá þáttur þar sem þessar reglur er að finna yfirskriftina „forsendur fyrir hæfismiðuðu vali“ (e. criteria for qualitative selection). Er þá vísað til þess að um er að ræða reglur sem lúta að vali á þeim sem leggja eða kunna síðar að leggja fram tilboð án tillits til þess hver tilboð þeirra eru eða munu verða. Hér er orðið „hæfi“ notað yfir þessar kröfur, svo sem gert er í gildandi lögum. Ástæða er til að árétta að skylt er að halda hæfiskröfum annars vegar og forsendum fyrir vali tilboðs hins vegar vandlega aðskildum í útboðsgögnum og við yfirferð tilboða (sbr. einkum dóm Evrópudómstólsins 20. september 1998 í máli nr. C-31/87, Beentjes BV). Ef þátttakandi eða bjóðandi telst á annað borð hæfur til að leggja fram tilboð verður að meta tilboð hans sjálfstætt í samræmi við forsendur fyrir vali tilboðs. Ekki er heimilt að meta tilboð með hliðsjón af kröfum til hæfis bjóðanda, t.d. kröfum varðandi fjárhagslega og tæknilega getu.

Um 46. gr.

Greinin svarar til 4. gr. tilskipunarinnar sem þykir hentugt að skipa í þennan kafla frumvarpsins vegna efnis síns. Í 2. mgr. er þó bætt við þeirri afmörkun að þegar fleiri fyrirtæki standa saman að tilboði teljist þau bera ábyrgð eitt fyrir öll og öll fyrir eitt á efndum samnings. Jafnframt er sérstaklega áréttað að kaupanda sé heimilt að krefjast þess að eitt fyrirtæki komi fram fyrir hönd hinna við framkvæmd samnings og standi kaupanda öll skil. Er þessi afmörkun í samræmi við 46. gr. gildandi laga sem telja verður fyllilega samrýmanlega tilskipuninni.

Um 47. gr.

Greinin svarar til 45. gr. tilskipunarinnar og er hér um að ræða nokkrar breytingar frá gildandi reglum, sbr. 28. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er að finna það nýmæli að skylt sé að vísa fyrirtæki frá innkaupaferli sem kaupanda er kunnugt um að hafi verið sakfellt með endanlegum dómi fyrir ákveðin brot sem talin eru upp. Í 1. mgr. 45. gr. tilskipunarinnar er vísað til tveggja sameiginlegra aðgerða ráðsins, eins milliríkjasamnings og tilskipunar nr. 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis um nánari afmörkun á þessum brotum (til 1. mgr. 2. gr. sameiginlegrar aðgerðar ráðsins nr. 98/733 að því er varðar hugtakið „þátttaka í skipulögðum brotasamtökum“; til 3. gr. sameiginlegrar aðgerðar ráðsins nr. 98/742 að því er varðar hugtakið „spilling“; til 1. gr. samnings um vernd fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna að því er varðar hugtakið „sviksemi“ og til tilskipunar nr. 91/308/EBE að því er varðar hugtakið „peningaþvætti“). Kemur fram í 1. mgr. 45. gr. tilskipunarinnar að ríkin skuli ákveða hvernig ákvæði málsgreinarinnar séu leidd í innlend lög. Aðeins ein þessara gerða er hluti af EES-samningnum, þ.e. tilskipun nr. 91/308/EBE sem einkum er leidd í íslensk lög með lögum nr. 80/1993, um peningaþvætti, en hugtakið peningaþvætti er þar skilgreint í 2. gr. Önnur brot sem vísað er til í 1. mgr. eru hins vegar ekki sérstaklega afmörkuð í íslenskri refsilöggjöf. Verður því að taka afstöðu til þess hverju sinni hvort fyrirtæki hafi verið sakfellt með endanlegum dómi fyrir brot sem svara til „þátttöku í skipulögðum brotasamtökum“, „spillingar“ eða „sviksemi“. Í vafatilvikum mætti hafa hliðsjón af þeirri nánari afmörkun sem fram kemur í framangreindum yfirlýsingum ráðherraráðsins og milliríkjasamningi. Í 2.–5. mgr. er að finna reglur sem svara að mestu til 28. gr. núgildandi laga. Er þar aðeins kveðið á um heimild til að vísa fyrirtæki frá opinberum innkaupum en ekki skyldu, svo sem leiðir af 1. mgr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 48. gr.

Greinin svarar til 46. gr. tilskipunarinnar.

Um 49. gr.

Greinin svarar til 47. gr. tilskipunarinnar og felur í sér nokkrar breytingar á gildandi reglum, sbr. 30. gr. gildandi laga. Í tilskipuninni er ekki að finna reglu um hvaða kröfur sé leyfilegt að gera til fjárhagslegrar getu fyrirtækja, heldur er einungis kveðið á um með hvaða hætti, þ.e. með hvers konar gögnum, fyrirtæki getur sýnt fram á getu sína. Í upphafi greinarinnar er því að finna þá nánari afmörkun að fjárhagsstaða fyrirtækis skuli vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda og að ekki skuli krefjast frekari gagna um sönnun á fjárhagslegri getu en nauðsynlegt er með hliðsjón af eðli og umfangi fyrirhugaðra innkaupa. Er hér um að ræða óbreyttar reglur frá gildandi lögum sem telja verður að samrýmist fyllilega tilskipuninni.

Um 50. gr.

Greinin svarar til 48. gr. tilskipunarinnar og felur í sér nokkrar breytingar á gildandi reglum, sbr. 31. gr. gildandi laga. Í tilskipuninni er ekki að finna reglu um hvaða kröfur sé leyfilegt að gera til tæknilegrar getu fyrirtækja, heldur er einungis kveðið á um með hvaða hætti, þ.e. með hvers konar gögnum, fyrirtæki getur sýnt fram á getu sína. Í upphafi greinarinnar er því að finna þá nánari afmörkun að tæknileg geta fyrirtækis skuli vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Er hér um að ræða óbreyttar reglur frá gildandi lögum sem telja verður að samrýmist fyllilega tilskipuninni.

Um 51. gr.

Greinin svarar til 49. gr. tilskipunarinnar sem þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 52. gr.

Greinin svarar til 50. gr. tilskipunarinnar sem er nýmæli, en þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um 53. gr.

Greinin svarar til 51. gr. tilskipunarinnar, en þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um 54. gr.

Í greininni er fjallað um opinbera lista yfir viðurkennd fyrirtæki og vottorð opinberra og einkaréttarlegra stofnana, sbr. 52. gr. tilskipunarinnar. Ekki er um slíka lista eða vottorð að ræða hér á landi og er því ekki nauðsynlegt að taka upp ákvæði tilskipunarinnar um tilurð slíkra lista og vottorða.

Um 55. gr.

Hér er um að ræða reglu sem ekki er vísað til í 3. þætti laganna, þ.e. á ekki við um innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum EES. Greinin felur í sér óbreytta reglu frá 33. gr. gildandi laga.

Um 56. gr.

Í greininni er að finna ítarlegri reglur um forval en eru í gildandi lögum, sbr. 34. Í 1. mgr. greinarinnar er áréttað að við lokað útboð, samkeppnisviðræður og samningskaup að undangenginni opinberri tilkynningu skuli velja þátttakendur með forvali í samræmi við nánari

ákvæði greinarinnar. Í 2. mgr. kemur fram sú regla um auglýsingu forvals sem einungis á við um innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES. Ákvæði 3.–6. mgr. greinarinnar svara til 2.–4. mgr. 44. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. er heimilt að takmarka fjölda þeirra sem valdir eru í forvali. Ekki er ljóst af ákvæðum tilskipunarinnar hvernig standa ber að þessu vali þátttakenda að öðru leyti en því að valið verður að byggjast á málefnalegum og óhlutdrægum skilyrðum sem fram koma í auglýsingu, forvals- eða skýringargögnum. Hér má hugsa sér að fjárhagsleg og tæknileg geta sé látin ráða vali. Slíkar valforsendur í forvali geta verið vafasamar með tilliti til hagsmuna smærri fyrirtækja sem allt að einu hafa nægilega fjárhagslega og tæknilega burði til að framkvæma samning. Í annan stað má hugsa sér að kaupandi leitist við að ná ákveðinni fjölbreytni í hóp þátttakenda með vísan til einhverra hlutrænna atriða. Þá kemur til greina að notað sé hlutkesti við að velja þann fjölda sem kveðið hefur verið á um í auglýsingu eða öðrum gögnum. Slík aðferð getur þó vart talist heppileg með vísan til kröfunnar um að valið fari fram á málefnalegum grundvelli. Samkvæmt framangreindu eru heimildir til að takmarka fjölda í forvali vandmeðfarnar. Vart er ástæða til að nýta þessa heimild nema fyrirsjáanlegt sé að fjöldi þátttakenda verði úr hófi íþyngjandi fyrir innkaupaferlið.

Um 57.–67. gr.

Í þessum greinum er að finna óbreyttar reglur frá gildandi lögum, sbr. VII. kafla þeirra. Í 66. gr. er þó nú tekið fram að tilboð skuli vera undirritað af þar til bærum aðila. Þegar um er að ræða tilboð einstaklings mundi hann þannig sjálfur undirrita tilboð. Þegar um er að ræða tilboð lögaðila, t.d. hlutafélags, fer það eftir samþykktum aðilans og almennum reglum félagaréttar hverjir teljast hafa heimild til þess að skuldbinda hann.

Um 68. gr.

Greinin kemur í stað 48. gr. gildandi laga og fylgir 42. gr. tilskipunarinnar. Það athugast að í c-lið 5. mgr. þeirrar greinar er aðildarríkjunum veitt heimild til að koma fót sérstöku vottunarkerfi, en ekki þykir ástæða til að nýta þá heimild, sbr. þá almennu stefnu sem mörkuð hefur verið um rafræna stjórnsýslu, sbr. lög nr. 51/2003, um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993 (rafræn stjórnsýsla).

Um 69. gr.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um hvernig skuli standa að kynningu tilboða sem gerð hafa verið með rafrænum hætti. Minnt er á að skv. 68. gr. frumvarpsins skal tryggja nafnleynd tilboða og ganga þannig frá rafrænum útboðum að kaupandi geti ekki kynnt sér tilboð fyrr en að loknum tilboðsfresti.

Um 70. gr.

Greinin svarar til 54. gr. tilskipunarinnar. Rétt þykir að festa í íslensk lög heimild tilskipunarinnar til rafræns uppboðs þótt ekkert liggi fyrir á þessari stundu um hvort og að hvaða marki þessi heimild verði nýtt.

Um 71. gr.

Greinin kemur í stað 49. gr. gildandi laga. Í greininni er nú orðalagi 1. mgr. 44. gr. tilskipunarinnar fylgt í stað þess að láta sitja við hið einfalda orðalag 49. gr. gildandi laga. Ekki er þó um að ræða efnislega breytingu á gildandi lögum, eins og marka má af athugasemdum við 49. gr. þess frumvarps sem varð að lögum nr. 94/2001. Til þess að tilboð komi til efnislegrar

skoðunar þarf það þannig í fyrsta lagi að vera í samræmi við útboðsskilmála eða fela í sér í sér gilt frávikstilboð, sbr. 41. gr. frumvarpsins og hafa borist borist innan fresta. Í annan stað verður það að hafa borist frá bjóðanda sem ekki bar eða var heimilt að vísa frá, sbr. VII. kafla. Í þriðja lagi verður tilboð að hafa borist frá þeim sem valdir voru til að leggja fram tilboð, ef um forval var að ræða.

Um 72. gr.

Þessi grein ásamt 45. gr. frumvarpsins leiðir í íslensk lög efnisreglur 53. gr. tilskipunarinnar. Hér er um efnislega óbreyttar reglur að ræða frá gildandi lögum, en vakin er athygli á því að 45. gr. felur í sér breytingar á orðalagi að því er varðar leyfilegar forsendur fyrir vali. Sem fyrr þykir eðlilegt að ákvæði um tilgreiningu á forsendum fyrir vali sé komið fyrir í þeim kafla frumvarpsins þar sem fjallað er um útboðsgögn, líkt og í gildandi lögum. Ákvæði 45. gr. á að tryggja að kaupandi tilgreini forsendur við mat á hagkvæmasta tilboði í útboðsgögnum. Mat kaupanda á hagkvæmasta boði á því alltaf að vera fyrirsjáanlegt og byggt á hlutrænum sjónarmiðum sem tengjast fjárhagslegri hagkvæmni og gildir þá einu hvort tilboð eru eingöngu metin með hliðsjón af verði eða hvort um er að ræða fleiri forsendur sem kaupandi hefur tilgreint í samræmi við ákvæði 45. gr. frumvarpsins. Ítrekað er að halda ber kröfum til hæfis þátttakenda og bjóðenda aðskildum frá forsendum fyrir vali tilboðs. Ef bjóðandi telst á annað borð hæfur til að leggja fram tilboð ber að meta tilboð hans sjálfstætt með hliðsjón af valforsendum. Það athugast að ákvæði 3. mgr. 72. gr. útilokar ekki að samið sé við fleiri aðila í rammasamningsútboði samkvæmt nánari fyrirmælum 34. gr. Er með þessu gert ráð fyrir breytingu á því að rammasamningshafar skuli vera a.m.k. þrír, sbr. 5. mgr. 34. gr.

Um 73. gr.

Þessi grein svarar til 55. gr. tilskipunarinnar, ef frá er talin lokamálsgrein greinarinnar. Minnt skal á að almennt er óheimilt að notast við fastan mælikvarða við mat á óeðlilega lágum tilboðum, enda útilokar slík aðferð í raun að bjóðandi geti fært rök fyrir tilboðsfjárhæðinni. Þannig væri t.d. óheimilt að telja öll tilboð, sem viku meira en 10% frá meðaltalsverði allra framkominna tilboða, óeðlilega lág án frekari skoðunar. Með lokamálsgrein greinarinnar er kaupanda gert skylt að rökstyðja sjálfkrafa þá ákvörðun að hafna tilboði með vísan til þess að það sé óeðlilega lágt, en með þessu eru lagðar ríkari skyldur á kaupanda en leiðir af 74. gr. frumvarpsins. Athygli skal vakin á því að skv. 43. gr. tilskipunarinnar er skylt í skýrslu um opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum EES að tilgreina ástæður þess að tilboðum var hafnað á þeim grundvelli sem hér um ræðir.

Um 74. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá 1. og 2. mgr. 52. gr. gildandi laga. Með hliðsjón af ákvæðum 18. gr. frumvarpsins þykir rétt að fella niður ákvæði sem svarar til 3. mgr. 52. gr. gildandi laga. Að öðru leyti kallar tilskipunin hins vegar ekki á breytingar. Athygli er vakin á því að í 76. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á reglum um það hvernig staðið er að tilkynningu um val tilboðs og endanlegri gerð samnings. Að lokum má vekja athygli á því að litið hefur verið svo á að kaupanda væri heimilt að hafna öllum framkomnum boðum. Telja verður að þessi heimild eigi fyrst og fremst við þegar valforsendur (t.d. allt of hátt verð miðað við kostnaðaráætlun) eða önnur ákvæði í útboðsgögnum helga slíka niðurstöðu eða þá að almennar forsendur fyrir útboði hafa brostið, sbr. dóm Hæstaréttar 17. nóvember 2005 í máli nr. 182/2005 (Íslenskir aðalverktakar hf.).

Um 75. gr.

Í greininni er að finna nokkuð ítarlegri ákvæði um tilkynningu höfnunar og rökstuðning sem fylgja ákvæðum 41. gr. tilskipunarinnar.

Um 76. gr.

1. mgr. felur í sér mikilvæga breytingu á því hvernig staðið er að tilkynningu um val á tilboði og samþykkt tilboðs og gerð samnings. Í framkvæmd er algengt að kaupandi (eða umsjónarmaður útboðs) tilkynni þeim bjóðanda, sem valinn hefur verið í útboði, að tilboð hans hafi verið samþykkt á sama tíma og úrslit útboðs eru tilkynnt öðrum bjóðendum. Samkvæmt almennum reglum samningaréttar hefur verið litið svo á að þegar þetta samþykki hefur borist bjóðandanum sé kominn á samningur sem óheimilt er að fella úr gildi, sbr. 83. gr. gildandi laga. Í framkvæmd hafa því möguleikar bjóðenda til þess að fá ákvörðun um val tilboðs endurskoðað af kærunefnd útboðsmála verið takmarkaðir. Hafa því hagsmunir bjóðenda í þessari stöðu eingöngu verið tryggðir með reglum um skaðabætur.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 98. gr. frumvarpsins er ekki gerð tillaga um það í frumvarpinu að vikið verði frá þeirri grunnreglu íslensks innkauparéttar að samningur verði almennt ekki felldur úr gildi eftir að hann hefur verið gerður. Þeir opinberu og einkaréttarlegu hagsmunir sem liggja til grundvallar þeirri reglu réttlæta þó ekki að möguleikar bjóðenda á því að fá ákvörðun um val á tilboði hnekkt séu í raun engir. Er því gert ráð fyrir því að a.m.k. 10 dagar líði frá því að ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt þar til samningur í skilningi 98. gr. frumvarpsins er gerður. Gefst þátttakendum þannig kostur á því að skjóta máli til kærunefndar útboðsmála sem getur stöðvað samningsgerð til bráðabirgða ef hún telur ástæðu til. Eru bjóðendum þannig fengin í hendur raunhæfi úrræði til að fá ákvörðun kaupanda endurskoðaða, sbr. til hliðsjónar þær kröfur sem fram koma í dómi Evrópudómstólsins 28. október 1999 í máli nr. 81/98, Alcatel Austria AG o.fl. gegn Bundesministerium für Wissenschaft und Verkehr. Ef kærunefnd útboðsmála hafnar því hins vegar að stöðva samningsgerð getur hinn opinberi aðili gert samning sem ekki verður felldur úr gildi. Með því tekur hann þó áhættuna af því að hann verði síðar talinn bótaskyldur að meira eða minna leyti. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er í stuttu máli leitast við að finna eðlilegt jafnvægi milli annars vegar hagsmuna hins opinberra og viðsemjanda þess af því að unnt sé að hrinda samningi í framkvæmd og hins vegar hagsmuna bjóðanda af því að á hann sé ekki hallað við val tilboðs. Er þetta nýmæli frumvarpsins einnig í samræmi við nýlegar reglur í Danmörku. Að lokum má búast við því að regla sem þessi verði sett á vettvangi Evrópubandalagsins við þá endurskoðun á eftirlitstilskipununum sem greint er frá í almennum athugasemdum.

Hafa ber í huga að regla 1. mgr. greinarinnar á aðeins við þegar um eiginlegt val tilboðs er að ræða. Reglan á þannig ekki við ef um er að ræða samningskaup við einn aðila, innkaup á grundvelli rammasamnings, innkaup á grundvelli gagnvirks innkaupakerfis eða innkaup með rafrænu uppboði.

Í 2. mgr. kemur fram sú viðbót við gildandi reglur að ekki sé heimilt að breyta grundvallarþáttum tilboðs þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða. Með þessu er vísað til þess að við gerð endanlegs samnings getur verið ástæða til þess að gera einhverjar breytingar frá því sem kveðið var á um í útboðsskilmálum. Slíkar breytingar mega þó aldrei vera þess eðlis að það kynni að hafa breytt niðurstöðu útboðs ef þær hefðu komið fram í útboðsgögnum. Verður að telja að þessi regla sé í samræmi við þau viðhorf sem koma fram í tilskipuninni, sbr. t.d. 6. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 32. gr., og einnig þau vinnubrögð sem tíðkast hafa athugasemdalaust í framkvæmd.

Um 77. gr.

Greinin svarar til 55. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. þátt.

Í þessum þætti laganna er að finna ákvæði sem einungis gilda um innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum á Evrópska efnahagssvæðinu. Með ákvæðum þáttarins er leitast við að laga íslenskan rétt að skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt tilskipuninni sem ítarlega er greint frá í almennum athugasemdum. Innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu, sbr. tilskipun nr. 2004/17/EB, falla hins vegar utan gildissviðs frumvarpsins nema að því er varðar XIII. og XIV. kafla, eins og nánar greinir í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins. Er gert ráð fyrir því að sú tilskipun verði innleidd með sérstakri reglugerð.

Eins og áður greinir liggur sú almenna stefnumörkun til grundvallar frumvarpinu að leggja til grundvallar sömu efnisreglur við innkaup innanlands og innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum EES. Af þessu leiðir í fyrsta lagi að gildissvið frumvarpsins er það sama hvort sem um er að ræða innkaup innanlands eða innkaup á EES, enda eiga reglur 1. þáttar frumvarpsins jafnt við um báðar tegundir innkaupa. Athygli er vakin á því að innkaup sveitarfélaga, stofnana þeirra og samtaka eru þar af leiðandi ekki undanskilin ákvæðum 3. þáttar. Í annan stað fer um framkvæmd þessara innkaupa að verulegu leyti samkvæmt sömu reglum vegna þess að reglur 2. þáttar frumvarpsins eru að meginstefnu samdar eftir fyrirmynd tilskipunarinnar.

Af þessu leiðir að ákvæði 3. þáttar frumvarpsins eru einföld í sniðum. Vísað er til reglna 2. þáttar um þessi innkaup nema að því marki sem þessar reglur víkja frá reglum tilskipunarinnar og öðrum EES-reglum. Hér er einkum um að ræða ákvæði tilskipunarinnar sem lúta að tilkynningum, auglýsingum, frestum og skýrslugerð. Í frumvarpinu hefur sú leið verið valin að vísa til viðeigandi reglna tilskipunarinnar í stað þess að leitast við að taka þær upp í frumvarpstextann, sbr. heimild í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Er að þessu leyti fylgt danskri fyrirmynd við innleiðingu tilskipunarinnar og annarra gerða sem henni tengjast. Tekið skal fram að gert er ráð fyrir því að tilskipunin verði birt í heild með frumvarpinu í Stjórnartíðindum.

Um 78. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um viðmiðunarfjárhæðir fyrir innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. einkum 7., 8. og 9. gr. tilskipunarinnar. Framkvæmdastjórnin getur endurskoðað þessar fjárhæðir samkvæmt þeirri málsmeðferð sem um ræðir í 78. gr. tilskipunarinnar, sbr. nú reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2083/2005 sem tekin var upp í XVI. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2006 (sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB 7. september 2006 nr. 44/2006). Skal þessi endurskoðun fara fram á tveggja ára fresti frá og með gildistöku tilskipunarinnar, þ.e. í fyrsta sinn fyrir 31. janúar 2008. Er því kveðið á um það í 1. mgr. að slík endurskoðun skuli einnig fara fram að því er varðar þessar fjárhæðir eins og þær eru birtar í íslenskum krónum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1564/2005 um stöðluð eyðublöð fyrir birtingu á tilkynningum á sviði opinberra innkaupa samkvæmt tilskipuninni verði innleidd með reglugerð, sbr. einnig tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/51/EB sem breytir VIII. viðauka við tilskipunina. Þá er í 2. málsl. 2. mgr. að finna almenna reglugerðarheimild til að setja nánari reglur um opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum EES til samræmis við EES-reglur ef nauðsyn krefur.

Um 79. gr.

Eins og áður greinir grundvallast frumvarpið á þeirri aðferð að sömu efnisreglur gildi um innkaup yfir innlendum viðmiðunarfjárhæðum annars vegar og yfir viðmiðunarfjárhæðum EES hins vegar. Ólíkar reglur hljóta hins vegar, eðli málsins samkvæmt, að gilda um ýmsar tilkynningar, auglýsingar, fresti og ýmis atriði sem varða fjárhæðir. Í þessari grein frumvarpsins er safnað saman þeim reglum tilskipunarinnar sem víkja með einhverjum hætti frá ákvæðum 2. þáttar frumvarpsins og fela þannig í sér frávik frá reglum þess þáttar. Við opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum EES má þannig ganga út frá því að reglur 2. þáttar gildi nema frávik leiði af þeim reglum tilskipunarinnar sem vísað er til í greininni.

Í fyrsta lagi er tekið fram að reglur 35.–43. gr. tilskipunarinnar gildi um þessi innkaup. Hér er um að ræða allar reglur tilskipunarinnar um tilkynningar, auglýsingar tilkynninga, fresti, efni tilkynninga, aðferðir við tilkynningar, miðlun upplýsinga og efni skýrslna, sbr. VI. kafla 2. hluta tilskipunarinnar. Er hér um svo afmörkuð atriði að ræða að ekki verður talin hætta á vafa um það að hvaða marki reglur 2. þáttar gilda um innkaup yfir viðmiðunarmörkum EES. Athugast í þessu sambandi að gert er ráð fyrir því að tilskipunin muni verða birt í heild í Stjórnartíðindum í ásamt lögunum.

Í annan stað er vikið að nokkrum öðrum atriðum þar sem reglur 2. þáttar gilda ekki eða gilda með afbrigðum, sbr. a–d-lið greinarinnar. Með a-lið eru innleidd fyrirmæli 5. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar um hámark sem svarar til 80.000 evra að því er varðar vöru- og þjónustusamninga og 1 milljónar evra að því er varðar verksamninga, en ekki þykir ástæða til að hafa þetta hámark þegar um er að ræða innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES.

Í lokamálsgrein greinarinnar er tekin upp regla 37. gr. tilskipunarinnar um heimild til að birta tilkynningar um innkaup sem falla ekki undir innkaupareglur EES. Hafa ber í huga að notkun á þessari heimild kynni að jafngilda skuldbindingu kaupanda um að virða innkaupareglur EES. Ef kaupandi hyggst nýta sér þessa heimild en hyggst þó ekki fylgja innkaupareglum EES til hins ítrasta væri eðlilegast að hann tæki það skýrt fram í auglýsingu.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um sérleyfissamninga um verk og hönnunarsamkeppni yfir viðmiðunarfjárhæðum EES. Þegar um er að ræða sérleyfissamninga eða hönnunarsamkeppni undir þessum viðmiðunarfjárhæðum gilda ákvæði 2. þáttar. Af þeim leiðir að sérleyfissamningar um verk undir viðmiðunarfjárhæðum EES eru ekki útboðsskyldir, en ráðherra er heimilt að setja um þetta efni sérstakar reglur með reglugerð að því er varðar ríkið og stofnanir þess, sbr. 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Um hönnunarsamkeppni undir viðmiðunarfjárhæðum gilda sambærileg ákvæði og samkvæmt tilskipuninni, þó í nokkuð einfaldaðri mynd, sbr. 37. gr. frumvarpsins. Af þessum sökum þykir hentugast að vísa beint til reglna tilskipunarinnar þegar um er að ræða hönnunarsamkeppni yfir viðmiðunarfjárhæðum þannig að þessum ákvæðum verði fylgt millilíðalaust þegar það á við. Um heimild til að innleiða reglur tilskipunarinnar með tilvísun vísast sem fyrr til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Hins vegar skal áréttað að gert er ráð fyrir því að tilskipunin í heild verði birt sem fylgiskjal við lögin.

Um 82. gr.

Greinin felur í sér innleiðingu á 75. og 76. gr. tilskipun. Áréttað er að ráðherra geti með reglugerð kveðið á um skyldu kaupenda til að senda ráðuneytið skýrslur ákveðins efnis svo að unnt sé að fullnægja skyldum ríkisins skv. 76. gr. tilskipunarinnar.

Um 83. gr.

Greinin felur í sér innleiðingu á 3. gr. tilskipunar nr. 89/665/EBE og 8. gr. tilskipunar nr. 92/13/EBE sem greint er frá í almennum athugasemdum. Greinin svarar til 68. gr. gildandi laga, þó þannig að orðalag er afdráttarlausara í samræmi við umræddar tilskipanir. Þá er sú breyting lögð til að kaupandi sendi Eftirlitsstofnun EFTA milliliðalaust þau gögn sem um ræðir í greininni í stað þess að fjármálaráðuneytið hafi um þetta milligöngu.

Um XIII. kafla.

Ákvæði kaflans eru að meginstefnu óbreytt frá XII. kafla gildandi laga, þó þannig að tekið er mið af breyttri notkun hugtaka sem leiðir af tilskipuninni. Ríkiskaup teljast ótvírætt „miðlæg innkaupastofnun“ í skilningi 10. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Með ákvæðum laganna um Ríkiskaup er þannig heimild 11. gr. tilskipunarinnar nýtt, en þar kemur fram að kaupandi teljist hafa fullnægt skyldum samkvæmt innkaupareglum að því marki sem miðlæg innkaupastofnun sem hefur séð um innkaup hans hefur gert það. Er þessi regla tilskipunarinnar áréttuð í 86. gr. frumvarpsins. Þar er einnig áréttuð heimild Ríkiskaupa til að gera samninga um þau störf sem stofnunin tekur að sér fyrir aðra opinbera aðila. Í slíkum samningum væri hægt að taka af skarið um hver tæki hvaða ákvarðanir, t.d. um val tilboðs, og hver bæri skaðabótaábyrgð við tilteknar aðstæður, t.d. ef val á tilboði væri síðar talið ólögmætt. Í frumvarpinu er ekki að finna sérstaka heimild fyrir ýmsa sjálfstæða opinbera aðila, t.d. sveitarfélög, til að setja á fót miðlægar innkaupastofnanir enda er slík heimild óþörf með hliðsjón af almennum valdheimildum þeirra. Að öðru leyti vísast til athugasemda við það frumvarp sem varð að lögum nr. 94/2001.

Um 90. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að sérhvert ráðuneyti, stofnun eða fyrirtæki í eigu ríkisins, skipi sérstakan tilsjónarmann með innkaupum viðkomandi ráðuneytis, stofnunar eða fyrirtækis. Með fyrirtæki í eigu ríkisins er átt við fyrirtæki þar sem eignarhluti ríkisins er a.m.k. 50%. Með þessari ráðstöfun má ætla að meiri festa og ábyrgð skapist í kringum innkaup, enda svara útgjöld til innkaupa jafnan til stórs hluta af fjárheimildum ráðuneyta, stofnana eða fyrirtækja. Forstöðumaður skal fela tilgreindum starfsmanni viðkomandi ráðuneytis, stofnunar eða fyrirtækis, jafnan þeim sem með innkaup fer, að fylgjast með innkaupum og úrbótum á því sviði ef þörf er á og er gert ráð fyrir að þetta ábyrgðarsvið viðkomandi starfsmanns rúmist innan þeirrar starfslýsingar sem um hann gildir. Haft skal í huga að ákvarðanir um innkaup falla undir ábyrgð og skyldur forstöðumanna, sbr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um XIV. kafla.

Ákvæði kaflans eru að meginstefnu efnislega óbreytt frá XIII. kafla gildandi laga. Í fáeinum tilvikum hefur þó verið aukið við ákvæði kaflans með hliðsjón af túlkun sem fram hefur komið í framkvæmd kærunefndar útboðsmála eða dómum Hæstaréttar. Þá hefur verið tekið tillit til breyttrar hugtakanotkunar tilskipunarinnar, t.d. er nú rætt um „fyrirtæki“ en ekki „bjóðendur“ sem aðila kærumáls. Er með því lögð áhersla á að fyrirtæki sem ekki hefur verið aðili að formlegu innkaupaferli geti verið aðili að máli fyrir nefndinni, t.d. við þær aðstæður að skylda til útboðs hefur alfarið verið sniðgengin. Loks er í 1. mgr. 93. gr. að finna ákvæði um greiðslu kærugjalds, en hafa ber í huga að ef kærandi vinnur málið yrði honum úrskurðaður málskostnaður skv. 96. gr. frumvarpsins þar sem m.a. yrði tekið tillit til þessa kostnaðar hans. Með ákvæðum kaflans um kærunefnd útboðsmála er, líkt og í núgildandi lögum, brugð-

ist við kröfum 1. og 2. gr. tilskipana nr. 89/665/EBE og nr. 92/13/EBE um að tryggja fyrirtækjum skjót og virk réttarúrræði vegna ætlaðra brota á reglum um opinber innkaup. Þau verkefni sem um ræðir í umræddum greinum tilskipananna falla þó að hluta undir almenna dómstóla, einkum það hlutverk að dæma fyrirtækjum skaðabætur vegna brota á reglum um opinber innkaup.

Um 91. gr.

Greinin svarar til 75. gr. gildandi laga. Í framkvæmd hefur kærunefnd útboðsmála skýrt 2. mgr. greinarinnar svo að innkaup sveitarfélaga undir viðmiðunarfjárhæðum EES falli ekki undir lögsögu nefndarinnar, þ.e. að í þeim tilvikum sé ekki um að ræða ætluð brot gegn lögunum. Felur frumvarpið ekki í sér breytingu á þessari túlkun nefndarinnar. Eiga fyrirtæki sem telja á sér brotið við innkaup sveitarfélaga undir viðmiðunarfjárhæðum EES það úrræði að leita til almennra dómstóla með kröfur sínar. Þá hefur nefndin almennt litið svo á að það falli utan lögsögu nefndarinnar að fjalla um brot á ýmsum reglum stjórnsýsluréttar, t.d. brot á reglum II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, varðandi hæfi. Úr slíkum álitaefnum væri hins vegar almennt unnt að fá skorið með stjórnsýslukæru, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga.

Um 92. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 76. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 93. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 77. gr. gildandi laga. Samkvæmt greininni er ótvírætt að heimild til kæru er ekki bundin við það að fyrirtæki sé formlegur aðili að útboði. Ef kaupandi sniðgengur algerlega reglur um opinber innkaup gæti hver sá sem hugsanlega hefði boðið fram þá vöru, þjónustu eða verk, sem um er að ræða, haft heimild til kæru. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 94. gr.

Greinin svarar til 78. gr. gildandi laga. Í framkvæmd hefur kærunefnd útboðsmála skýrt ákvæði 1. mgr. 78. gr. samkvæmt orðanna hljóðan þannig að kærufrestur byrji að líða þegar kærandi veit eða má vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur ólögmæta. Hefur því verið talið að hér væri um sérákvæði að ræða sem gengi framar 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um upphaf kærufrests. Ef kaupandi hefur t.d. ákveðið að notast við samningskaup verður fyrirtæki að skjóta þessari ákvörðun til kærunefndarinnar innan fjögurra vikna frá því að fyrirtækinu verður kunnugt um þessa ákvörðun. Það væri hins vegar bagalegt með tilliti til opinberra og einkaréttarlegra hagsmuna ef ákvörðun kaupanda um að notast við samningskaup kynni að vera felld úr gildi á síðustu stigum samningskaupaferlisins sem ættu sér stað löngu síðar.

Ljóst er að í opinberum innkaupum er oft og tíðum sérlega mikilvægt að ekki sé fyrir hendi óvissa um gildi tiltekinna ákvarðana, jafnvel þótt vera kunni að ákvarðanir séu ólögmætar og leiði til bótaskyldu. Í opinberum innkaupum standa því sérstök rök til þess að fyrirtæki bregðist skjótt við ætluðum brotum, ef þau óska eftir því að úrræðum kærunefndar útboðsmála sé beitt. Þykir þetta ekki óeðlilega íþyngjandi þegar litið er til þess að þau fyrirtæki sem taka þátt í innkaupaferlum búa yfirleitt yfir reynslu og þekkingu á því sviði sem hér er um að ræða. Hafa ber í huga að fyrirtæki getur ávallt leitað til almennra dómstóla þótt sá frestur sem kveðið er á um í greininni sé runninn út.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. er alltaf heimilt að bera kæru undir kærunefnd útboðsmála innan 15 daga frá því að rökstuðningur skv. 75. gr. er veittur. Með þessu er komið í veg fyrir að vanræksla kaupanda á því að veita lögákveðinn rökstuðning hindri fyrirtæki í að leggja fram kæru fyrir kærunefnd útboðsmála.

Sem fyrr segir er í 3. málsl. gert ráð fyrir kærugjaldi, en hafa ber í huga að ef greiðandi kærumáls vinnur málið yrði honum úrskurðaður málskostnaður skv. 96. gr. frumvarpsins sem m.a. ætti að gera hann skaðlausan af þessum kostnaði.

Um 95. gr.

Í síðari málslið 1. mgr. er að finna nýtt ákvæði þess efnis að hafi miðlæg innkaupastofnun í skilningi frumvarpsins annast innkaup teljist sú stofnun varnaraðili við meðferð málsins fyrir kærunefnd útboðsmála. Þetta ákvæði er í samræmi við framkvæmd kærunefndar útboðsmála og þjónar þeim tilgangi að málsmeðferð sé skjót og skilvirk þegar um fleiri kaupendur er að ræða og samband þeirra innbyrðis er óljóst, en miðlæg innkaupastofnun (Ríkiskaup) hefur haft umsjón með innkaupum. Rétt er að hafa í huga að þegar kærunefnd útboðsmála lætur uppi álit um skaðabótaskyldu við þessar aðstæður er alls ekki sjálfgefið að það sé hin miðlæga innkaupastofnun sem eigi að bera hina endanlegu skaðabótaskyldu. Fer það eftir atvikum hverju sinni hver ber ábyrgð á þeirri ákvörðun sem talin er leiða til skaðabótaskyldu. Getur t.d. vel hugsast að kaupandi hafi gefið miðlægri innkaupastofnun fyrirmæli um tiltekið val á tilboði og verði því alfarið sjálfur að bera ábyrgð á þeirri ákvörðun sinni. Æskilegt verður að teljast að miðlæg innkaupastofnun og kaupandi skýri atriði sem þessi í samningi sín á milli, sbr. 2. mgr. 86. gr. frumvarpsins að því er varðar Ríkiskaup.

Í 2. mgr. greinarinnar er að finna ákvæði um að skylt sé að gefa öðrum fyrirtækjum kost á því að tjá sig í máli ef þau hafa beinna og verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu máls. Er þetta í samræmi við forsendur í dómi Hæstaréttar 26. febrúar 2004 í máli nr. 347/200 (Nýherji hf.). Samkvæmt þessu verður að meta það í hvert og eitt sinn hvort ástæða sé til þess að gefa öðrum fyrirtækjum, t.d. öðrum bjóðendum, kost á því að tjá sig um framkomna kæru.

Að því er varðar 3. mgr. ber að hafa í huga að ef andsvör kæranda hafa að geyma nýjar málsástæður eða staðhæfingar um önnur atvik málsins, svo að einhverju skipti fyrir úrlausn, getur verið skylt að gefa varnaraðila kost á því að tjá sig um þessi atriði. Leiðir þetta af ólögfestum reglum sem óþarft er að festa í lög, sbr. dóm Hæstaréttar 17. nóvember 2005 í máli nr. 182/2005 (Íslenskir aðalverktakar hf.).

Í 4. mgr. er rýmkuð heimild kærunefndar útboðsmála til að láta fara fram munnlegan málflutning miðað við samsvarandi ákvæði gildandi laga.

Um 96. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 80. gr. gildandi laga. Af framsetningu laganna og framkvæmd er ljóst að ekkert er því til fyrirstöðu að fyrirtæki krefjist bæði stöðvunar innkaupaferlis eða samningsgerðar og hafi uppi kröfu um skaðabætur eða áskilji sér rétt til slíkra bóta. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 97. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 81. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 98. gr.

Í greininni er kveðið á um frest til að skjóta úrskurði kæruefndar útboðsmála til dómstóla. Áréttað er að m.a. opinberir aðilar sem hafa verið varnarmegin við rekstur máls fyrir nefnd-

inni geti krafist ógildingar á úrskurðum nefndarinnar. Þykir eðlilegt að tekin séu af tvímæli um þessa heimild opinbers aðila með hliðsjón af því að hlutverki kærunefndar útboðsmála verður fremur jafnað til hlutverks sjálfstæðs dómstóls á 1. dómstigi en æðra stjórnvalds með stjórnunar- og eftirlitsheimildir með hinum opinbera aðila.

Í 2. mgr. greinarinnar felst að kærunefnd útboðsmála á ekki að vera varnaraðili að dómsmálum þar sem krafist er ógildingar á úrskurðum nefndarinnar. Í dómaframkvæmd er talsvert á reiki hvernig varnaraðild að málum, þar sem krafist er ógildingar stjórnvaldsákvarðana, er háttað. Í þeim dómsmálum, þar sem skorið hefur verið úr gildi úrskurða kærunefndar útboðsmála, hefur kærunefndinni þó ekki verið stefnt til varnar án þess að athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu dómstóla. Engu að síður þykir rétt að taka af allan vafa um þetta atriði og slá því föstu að óþarft sé að stefna kærunefndinni til varnar í þessum málum. Athygli er vakin á því að almennt mundu ekki vera fyrir hendi lögvarðir hagsmunir til að fá áliti nefndarinnar um skaðabótaskyldu hnekkt, sbr. dóm Hæstaréttar 17. nóvember 2005 í máli nr. 182/2005 (Íslenskir aðalverktakar hf.).

Um 99. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 82. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Skv. 104. gr. frumvarpsins skulu gildandi starfsreglur kærunefndar útboðsmála halda gildi sínu þar til nýjar starfsreglur kærunefndarinnar hafa tekið gildi.

Um XV. kafla.

Ákvæði kaflans eru efnislega óbreytt frá 83. og 84. gr. gildandi laga. Vísast til athugasemda við það frumvarp sem varð að lögum nr. 94/2001 um nánari skýringar þessara greina. Einnig má hér benda á umfjöllun um þessi ákvæði í dómi Hæstaréttar 17. nóvember 2005 í máli nr. 182/2005 (Íslenskir aðalverktakar hf.). Athygli er þó vakin á því að möguleikar bjóðanda á því að fá ákvörðun um val tilboðs aukast til muna með 76. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir því að frá vali tilboðs til gerðar samnings í skilningi 99. gr. líði a.m.k. 10 dagar. Með þessum hætti á miklu síður að koma upp sú staða að ekki sé unnt að krefjast þess að ákvörðun kaupanda um framkvæmd útboðs, eða gerð samnings, verði felld úr gild vegna þess að samningur hefur þegar verið gerður.

Um 102. gr.

Með greininni er fullnægt skyldu skv. 1. mgr. 80. gr. tilskipunarinnar til að vísa til tilskipunarinnar í hlutaðeigandi innleiðingarlögum. Með lögunum er íslenskur réttur einnig lagaður að kröfum svokallaðra eftirlitstilskipana nr. 89/665/EBE og nr. 92/13/EBE en ekki þykir ástæða til þess að tilgreina þessar gerðir í lagatextanum. Eins og fram kemur í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins gerir frumvarpið ráð fyrir því að tilskipun nr. 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu verði innleidd með reglugerð að öðru leyti en því að ákvæði XIV. og XV. kafla frumvarpsins gilda um innkaup sem falla undir þessa tilskipun.

Um 103. gr.

Eftir að lög nr. 94/2001 tóku gildi hefur risið vafi um það atriði hvort og þá að hvaða marki stjórnsýslulög, nr. 37/1993, gilda um ákvarðanir og aðrar athafnir kaupenda á sviði opinberra innkaupa, sbr. einkum álit umboðsmanns Alþingis 31. desember 2003 í máli nr. 3712/2003 og 8. júlí 2005 í máli nr. 4095/2004. Í núgildandi lögum er aðeins tekið fram í 5. mgr. 79. gr. að um meðferð mála fyrir kærunefnd útboðsmála fari samkvæmt stjórnsýslulög-

um. Af þessu ákvæði, sem fjallar um málsmeðferð sjálfstæðrar úrskurðarnefndar, kærunefndar útboðsmála, verður að sjálfsögðu ekki dregin sú ályktun að ákvarðanir kaupenda á sviði opinberra innkaupa lúti stjórnsýslulögum. Þegar það frumvarp sem varð að núgildandi lögum var samið var gengið út frá því að stjórnsýslulög tækju ekki til opinberra innkaupa að frátöldum reglum II. kafla laganna, sbr. 3. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga (sjá í þessu sambandi athugasemdir við 1. gr. þess frumvarps sem varð að lögum nr. 37/1993). Hins vegar var ljóst að í því frumvarpi sem varð að núgildandi lögum voru ýmis ákvæði sem þjónuðu svipuðum markmiðum og tiltekin ákvæði stjórnsýslulaga, t.d. ákvæði um jafnræði, upplýsingaskyldu og rökstuðning ákvarðana. Þessi ákvæði voru þó sérsniðin að opinberum innkaupum og þeim innkaupaferlum sem nánar er kveðið á um í lögunum.

Sú óvissa sem hefur skapast um samband stjórnsýslulaga og laga um opinber innkaup er óæskileg. Rekast hér á reglur sem eru sérsniðnar að framkvæmd opinberra innkaupa og þeim hagsmunum sem þar eru í húfi og almennar reglur stjórnsýslulaga um rannsóknarskyldu stjórnvalds, andmælarétt, leiðbeiningarskyldu o.s.frv.

Með ítarlegum ákvæðum tilskipunarinnar og reglum eftirlitstilskipana EB má segja að kveðið sé með svo tæmandi hætti á um réttindi fyrirtækja gagnvart kaupanda á sviði opinberra innkaupa að ekkert rúm sé fyrir almennar reglur stjórnsýslulaga. Þykir því engin ástæða til þess að almenn stjórnsýslulög gildi um það svið sem hér er um að ræða með þeirri óvissu og töfum á málsmeðferð sem það kann að valda. Á þetta við þótt við skýringu reglna um opinber innkaup kunni m.a. að verða litið til stjórnsýslulaga og ólögfestra reglna stjórnsýsluréttar að því leyti er vafi kann að koma upp um efni þessara reglna. Þá verður að telja eðlilegt að ólögfestum meginreglum stjórnsýsluréttar (eftir atvikum, eins og ályktað verður um þær með vísan til ákvæða stjórnsýslulaga) verði beitt við þær aðstæður að reglur um opinber innkaup taka ekki til álitaefnis. Þetta breytir þó ekki þeirri meginniðurstöðu að æskilegt er að taka af tvímæli um samband stjórnsýslulaga og reglna um opinber innkaup svo sem lagt er til í greininni. Er lögð áhersla á að með ákvæðinu er umfram allt stefnt að því að skýra reglur um opinber innkaup en ekki skerða réttindi fyrirtækja gagnvart kaupendum frá því sem verið hefur.

Um 104. og 105. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 106. gr.

Miðað er við að kærunefndin fylgi ákvæðum XIV. kafla laganna við úrlausn á kæru sem berst eftir að frumvarpið tekur gildi, jafnvel þótt um efnislega úrlausn kærunnar fari samkvæmt lögum nr. 94/2001. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 107. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um opinber innkaup.**

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja jafnræði fyrirtækja við opinber innkaup, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lög nr. 94/2001, um opinber innkaup, verði felld úr gildi, sem og eftirfarandi reglugerðir og auglýsingar: Reglugerð um opinber innkaup á EES-svæðinu nr. 655/2003, reglugerð um viðmiðunarfjárhæðir nr. 1012/2003, auglýsing nr. 30/2004 um breytingar á viðmiðunarfjárhæðum fyrir útboðsskyld kaup á vörum, þjónustu og verkum, sbr. 12. gr. laga nr. 94/2001, reglugerð um notkun staðlaðra eyðublaða nr. 239/2003 og reglugerð um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti nr. 705/2001. Einnig er gert ráð fyrir að ákvæði tilskipana Efnahagsbandalags Evrópu á þessu sviði sem Íslendingar undirgengust með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verði leidd í lög með frumvarpinu. Ekki er um að ræða miklar efnislegar breytingar varðandi framkvæmd opinberra innkaupa fyrir ríkisstofnanir frá núgildandi lögum og er ekki ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi aukinn kostnað í för með sér.

# 288. Frumvarp til laga [278. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

5. mgr. 38. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, skal heimila framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í byggðarráð að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 40. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, skal heimila framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í nefndir og ráð skv. 1. mgr. að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi þeirra nefnda og ráða með málfrelsi og tillögurétti. Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykktum sínum, sbr. 10. gr., að ákvæði 1. málsl. gildi um fleiri nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins.

3. gr.

Í stað tilvísunar í „2. mgr. 40. gr.“ í 4. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna komi: 3. mgr. 40. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að framboðsaðili sem á fulltrúa í sveitarstjórn geti ákveðið að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins, þ.m.t. byggðarráði, eigi hann ekki kjörinn fulltrúa í viðkomandi nefnd eða ráði. Samkvæmt gildandi lögum er sveitarstjórn í sjálfsvald sett hvort hún heimilar slíka áheyrnarfulltrúa. Reynslan sýnir að óvíða eru áheyrnarfulltrúar heimilaðir nema í byggðarráði en það er þó ekki sjálfgefið. Í Reykjavík hefur þó verið farin sú leið sem hér er lögð til, að framboðsaðilinn sjálfur ákveði hvort hann tilnefnir áheyrnarfulltrúa en er ekki háður samþykki sveitarstjórnar. Í samþykktum um stjórn og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að heimildin nær til borgarráðs og fagráða, en það eru átta helstu málefnaráð borgarinnar. 48. gr. samþykkta um stjórn og fundarsköp Reykjavíkurborgar hljóðar svo: „Borgarstjórn kýs fulltrúa í borgarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir og leysir þá frá störfum ef því er að skipta samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar og öðrum samþykktum borgarráðs. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver borgarfulltrúa óskar þess. Framboðslista, sem fulltrúa á í borgarstjórn, er heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs eða fagráða skv. 61. gr. með málfrelsi og tillögurétt, enda eigi hann ekki fulltrúa í viðkomandi ráði. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana Reykjavíkurborgar eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Borgarstjórn getur vikið frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.“

Tillögunni sem hér er flutt er ætlað að auka lýðræði í sveitarfélögunum. Ljóst er að sú staða getur hæglega komið upp að framboðslisti sem fær t.d. 10% atkvæða eigi engan fulltrúa í byggðarráði eða öðrum ráðum og nefndum sveitarfélagsins ef viðkomandi aðili er í minni hluta í sveitarstjórn. Á sama tíma getur framboðslisti með mun minna fylgi hæglega átt sæti í öllum nefndum í gegnum meirihlutasamstarf. Þessi staða leiðir til lýðræðishalla sem full ástæða er til að vinna gegn. Fyrir kjósendur sem í hlut eiga á ekki að skipta máli hvort listinn sem þeir kjósa er í meirihlutasamstarfi eða ekki. Þeir eiga sama rétt og kjósendur annarra lista. Þessu er auðvelt að breyta með því að tryggja öllum sem á annað borð fá fulltrúa kjörinn í sveitarstjórn, rétt til að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti í byggðarráð, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og önnur ráð og nefndir sveitarfélaga, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Til nánari skýringar er í 2. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 40. gr. laganna en í þeirri grein er fjallað um nefndir og ráð á fremur víðum grunni. Því er lagt til að ákvæðið um áheyrnaraðild einskorðist við nefndir og ráð skv. 1. mgr. 40. gr. laganna en þó geti sveitarstjórn ákveðið í samþykktum sínum, sbr. 10. gr. laganna, að það gildi um fleiri nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins. Rétt er að taka fram að ákvæðið á ekki við um stjórnir skv. 40. gr. laganna. Í 3. gr. frumvarpsins er aðeins um lagatæknilega breytingu að ræða.

# 289. Svar [161. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga.

1. *Hvernig er háttað eftirliti með losun mengunarefna frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga (Íslenska járnblendifélaginu ehf.)?*

Hinn 24. nóvember 1988 gaf Hollustuvernd ríkisins út starfsleyfi fyrir Íslenska járnblendifélagið fyrir járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Starfsleyfið tók gildi 1. júní 1999 og gildir í tíu ár. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd leyfisins.

Í grein 3.1 í starfsleyfinu eru gerðar kröfur um eftirfarandi mælingar:

| Kröfur | Framkvæmd | Árangur |
|---|---|---|
| Ryk í útblæstri frá ofni | Mælt í upphafi | Í lagi |
| Ryk frá töppunarreykháf | Mælt árlega | Í lagi |
| Ryk frá óhreinsuðu skálalofti | Mælt árlega | Í lagi |
| Brennisteinsdíoxíð í ofngasi | Mælt árlega | Í lagi |
| Vöktun í sjó vegna urðunarstaðar | Sex staðir | Ekki mælanleg áhrif |
| Úttekt á þungmálmum í hráefni, framleiðslu og úrgangi | Gera úttekt einu sinni á starfsleyfistíma | Útreiknuð losun |
| PAH-efni í ryki | Gera úttekt einu sinni á starfsleyfistíma | Losun 180 kg/ári (norsk skýrsla) |
| Svifefni, pH og olía í frárennsli, mæla árlega | Hefur ekki verið mælt | Losun óveruleg |


Mælingar voru gerðar í útblæstri frá hreinsivirki verksmiðjunnar við upphaf starfsemi hennar og sýndu þær að mengun var langt undir mörkum. Útstreymið er leitt út í gegnum síuhús en ekki skorstein og var ekki talin ástæða til að endurtaka mælingarnar.

Árlegar mælingar á útblásturslofti frá ofnhúsi eru gerðar af Iðntæknistofnun. Rykmælingar hafa verið innan marka starfsleyfis, sbr. ákvæði gr. 2.1.7 í leyfinu. Brennisteinsdíoxíð er mælt árlega í útblæstri frá hreinsivirki og er losun innan marka starfsleyfis.

Nú er eina frárennslið frá verksmiðjunni frá setþró fyrir vætingu á forskiljuryki. Samkvæmt ákvæði starfsleyfis á að mæla gildi svifagna. Vegna breytinga á frárennslislögnum í tengslum við Grundartangahöfn hefur þessu ekki verið komið í framkvæmd. Að mati Umhverfisstofnunar er engin ástæða til að ætla að gildi svifagna sé yfir viðmiðunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi (100mg/l).

2. *Hvað veldur því að ryklosun frá verksmiðjunni hefur aukist mikið undanfarið?*

Í grein 2.1.5 er kveðið á um að hámarksreyklosun fyrir viðkomandi ofn sé innan við 2% af rekstrartíma miðað við eitt ár en 1,5% miðað við þriggja ára tímabil. Eftirfarandi reyklosun (%) hefur verið frá verksmiðjunni síðustu þrjú ár og er verksmiðjan því vel innan settra marka í starfsleyfi:




Í starfsleyfi er kveðið á um að tilkynna skuli um reyklosun sem varir lengur en 3 klst. Alls hefur verið tilkynnt um eftirfarandi reyklosun á þessu ári:

| Dags. | Tími, mín. |
|---|---|
| 21. febrúar | 200 |
| 25. apríl | 540 |
| 18. maí | 240 |
| 19. maí | 90 |
| 8.–10. júlí | 511 |
| | **1.581 =26 klst. 20 mín.** |

Samkvæmt ákvæði greinar 3.2 í starfsleyfi skal fyrirtækið skila umhverfisskýrslu fyrra árs fyrir 1. mars ár hvert þar sem m.a. skal gerð grein fyrir rekstri reykhreinsivirkja og fjölda og lengd reyklosa. Við útreikning á heildarlengd reyklosa er bæði miðað við full og takmörkuð reyklos. Fyrirtækið hefur þó skilað yfirliti til Umhverfisstofnunar um reyklos það sem af er þessu ári og voru þau fleiri á fyrri hluta þessa árs en þeim síðari og tengdust erfiðleikum við rekstur ofns 2 eftir að hann var fóðraður í lok síðasta árs. Fjöldi á þessu ári eru þó vel innan viðmiðunarmarka starfsleyfis.

Helstu orsakir reyklosa er hár hiti í útblásturslofti og vandamál vegna fasvika í rafskautum í ofnum. Ef hiti í útblásturslofti fer yfir ákveðin mörk slær reykhreinsivirki út og útblásturslofti er hleypt út um skorstein án hreinsunar. Þetta er gert til að verja ofnapoka í reykhreinsivirki sem hafa takmarkað hitaþol. Tekið er fram að tíðni reyklosa tengist rekstarerfiðleikum verksmiðjunnar og er það því kappsmál fyrirtækisins að fækka þeim.

3. *Hefur fjölgað kvörtunum um sýnilega mengun frá verksmiðjunni á þessu ári?*

Formlegum kvörtunum hefur ekki fjölgað á þessu ári en hins vegar hafa borist ýmsar ábendingar um að reyklos hafi verið tíð, einkum á fyrri hluta ársins.

4. *Hversu mikið ryk sleppur gegnum hreinsivirki verksmiðjunnar og hversu mikið sleppur út fram hjá því?*

Hámarksmagn sem leyfilegt er að sleppa út samkvæmt starfsleyfi er 20 mg/m$^3$ að ársmeðaltali. Þar sem verksmiðjan hefur haldið þessi mörk má áætla að losun miðað við heildarútblástursloft sé að hámarki 100 tonn á ári. Ryklosun við reyklos er áætluð að hámarki 100 tonn, svo alls losar verksmiðjan innan við 200 tonn á ári af ryki í andrúmsloftið.

5. *Hvers vegna er ekki skylt að tilkynna um ryklosun sem varir skemur en þrjár klukkustundir?*

Þetta er samkvæmt ákvæði í starfsleyfi og er byggt á fyrirmyndum í tilsvarandi starfsleyfum bæði innlendum og erlendum (norskum). Eðli rekstursins er með þeim hætti að tíðar truflanir eru á ofnrekstri og þarf að taka tillit til þess í starfsleyfi.

6. *Hvað hefur úttekt á þungmálmum frá hráefni og framleiðsluferli leitt í ljós?*

Útreikningar á losun þungmálma sýna eftirfarandi losun í ryki:

| Málmur | Í gasfasa kg/ári | Í ryki kg/ári | Í útblæstri alls kg/ári |
|---|---|---|---|
| Hg | 0,78 | 0,02 | 0,78 |
| As | 6,8 | 5,4 | 6,85 |
| Cd | 0 | 1,5 | 0,02 |
| Zn | 0 | 67 | 0,67 |
| Pb | 0 | 41 | 0,41 |
| Cu | 0 | 12 | 0,12 |
| Cr | 0 | 24 | 0,24 |

Ryk í útblæstri er um 1% af heildarmagni og er heildarlosun áætluð á grundvelli þess. Meiri hluti kísilryksins er seldur sem hráefni í sementsframleiðslu o.fl.

7. *Hvernig samræmist staðfest losun mengandi efna starfsleyfi verksmiðjunnar?*

Vísað er í svar við 1. lið fyrirspurnarinnar.

8. *Hvernig verður staðið að undirbúningi fyrir endurnýjun starfsleyfis verksmiðjunnar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999?*

Verði gerð krafa um nýtt starfsleyfi vegna breytts reksturs þarf fyrirtækið að sækja um það til Umhverfisstofnunar, sbr. ákvæði 10. gr. í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Við veitingu starfsleyfisins er tekið mið af ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 og öðrum reglugerðum sem heyra undir lög nr. 7/1998, um mengunarvarnir og hollustuhætti.

9. *Hvaða áform eru uppi um stækkun verksmiðjunnar og/eða breytingu á framleiðslu hennar?*

Samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins er ekki fyrirhuguð aukning í grunnframleiðslu en samkvæmt ákvæði starfsleyfis er heimild til framleiðslu 190.000 tonn af 75% FeSi (kísiljárni) í fjórum ofnum en núna framleiðir fyrirtækið 120.000 tonn í þremur ofnum. Þær breytingar sem fyrirhugaðar eru felast í framhaldsvinnslu á kísiljárni með íblöndun magnesíums og fleiri málma til framleiðslu á sérhæfðari afurðum. Þessi íblöndun mun fara fram í nýjum biðofnum. Við stækkun eykst ekki heildarlosun í andrúmsloft en bætt er við mölunar- og pökkunarbúnaði.

10. *Hverjir koma að ákvörðun um hugsanlega stækkun verksmiðjunnar eða breytingu á framleiðslu hennar?*

Ákvörðun um stækkun verksmiðjunnar eða breytingu á framleiðslu er eðlilega í höndum eigenda hennar. Hins vegar eru breytingar á framleiðslu verksmiðjunnar tilkynningarskyldar

samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Tekin er ákvörðun um matsskyldu eftir lögbundið umsagnarferli og eru umsagnaraðilar m.a. Umhverfisstofnun, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og aðrir opinberir aðilar. Verði niðurstaðan sú að framkvæmdin sé ekki matsskyld er samt hugsanlegt að fyrirtækið þurfi að sækja um nýtt starfsleyfi en það er ákvörðun sem Umhverfisstofnun þarf að taka í framhaldi af ákvörðun Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum.

## 290. Svar [132. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um fjárframlög til Fjölmenntar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver hafa verið heildarfjárframlög til Fjölmenntar, fullorðinsfræðslu fyrir fatlaða, frá stofnun hennar og hvernig skiptast þau eftir árum, sundurliðað eftir sveitarfélögum og kjördæmum?*

Sjálfseignarstofnunin Fjölmennt yfirtók þau verkefni sem áður voru unnin á vegum fullorðinsfræðslu fatlaðra með samningi við menntamálaráðuneytið sem tók gildi 1. ágúst 2002.

Heildarfjárframlög menntamálaráðuneytisins hafa verið eftirfarandi frá stofnun Fjölmenntar á verðlagi hvers árs:

| Ár | Framlög |
|---|---|
| 2002 | 77.256.601 |
| 2003 | 156.349.039 |
| 2004 | 175.765.780 |
| 2005 | 188.062.198 |
| 2006 | 192.477.088 |

Fjárframlögin samanstanda af greiðslum samkvæmt samningi, vegna forfalla og orlofa, sérkennslu og samstarfsverkefnis Fjölmenntar og Geðhjálpar, auk sérstaks þróunarverkefnis.

Í samningnum eru engin ákvæði um skiptingu fjárframlaga milli landshluta eða aðra skiptingu. Skipting fjárframlags er alfarið á forræði Fjölmenntar.

## 291. Svar [173. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um Gini-stuðul.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver er Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks árið 2005?*

Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks fyrir tekjuárið 2005 er 0,357. Til ráðstöfunartekna teljast heildartekjur að viðbættum fjármagnstekjum samkvæmt skattframtali ásamt barna- og vaxtabótum að frádregnum tekju-, eignar- og fjármagnstekjuskatti. Gagnagrunnur sem Gini-stuðullinn er reiknaður út frá er nákvæmari nú en við fyrri útreikn-

inga. Ef sambærileg gögn eru notuð til að reikna Gini-stuðul fyrir tekjuárið 2004 mælist hann 0,312, en var í fyrri mælingu 0,308.

Ef fjármagnstekjur og skattar af þeim teljast ekki með í ráðstöfunartekjum hjóna og sambúðarfólks er Gini-stuðullinn fyrir tekjuárið 2005 0,218 en var 0,219 tekjuárið 2004.

## 292. Frumvarp til laga [279. mál]

um reyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Orðin „sbr. þó II. kafla“ í 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Þá er sjóðnum heimilt að veita lán og ábyrgðir, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Í starfsemi sinni skal Nýsköpunarsjóður taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „Sjóðnum“ í 2. mgr. kemur: Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

4. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Engan skal þó skipa oftar en fimm sinnum í stjórnina.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: Ákvarðanir um þátttöku sjóðsins í fjárfestingum, veitingu lána og ábyrgða, auk ákvarðana um tryggingar og kjör.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skal setja sér reglur um mat á fjárfestingartækifærum, auk umsókna um lán og ábyrgðir, sem ráðherra staðfestir.

Ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um fjárfestingar og veitingu lána og ábyrgða.
b. 2. mgr. orðast svo:

Nýsköpunarsjóði er heimilt að semja við aðra aðila um tiltekna þjónustu honum til handa.

7. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skal að lágmarki vera 3.000 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé, sem ekki er bundið í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr., skal ávaxtað samkvæmt fjárfestingarstefnu sem mælt er fyrir um í reglugerð. Nýsköpunarsjóður skal semja við aðila, sem hefur leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um vörslu og ávöxtun eigin fjár sem ekki er bundið í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr. Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins setur nánari reglur um fjárfestingarstefnu, sem ráðherra staðfestir.

Nú nær eigið fé ekki lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. og skal þá ávaxta eigið fé samkvæmt fjárfestingarstefnu þar til lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. er náð.

8. gr.

Við 8. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Nýsköpunarsjóði er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%. Leita skal samþykkis iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra fyrir þátttöku Nýsköpunarsjóðs í samlagssjóðum eða samlagshlutafélögum, sé hluta af söluandvirði Landssíma Íslands, sbr. lög nr. 133/2005, ráðstafað til að standa undir hlutdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í slíkum sjóðum.

Þegar ekki er talið mögulegt að mati stjórnar Nýsköpunarsjóðs að taka þátt í verkefni með hlutafjárkaupum er sjóðnum heimilt að veita lán til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja með breytirétti í hlutafé eða með kauprétti hlutafjár. Þá er Nýsköpunarsjóði heimilt að veita ábyrgðir til þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn hefur þegar fjárfest í eða veitt lán, enda sé slík ábyrgðarveiting liður í sameiginlegri ákvörðun meðfjárfesta um slíka fjármögnun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Samhliða ákvörðunum um fjárfestingar, lán eða ábyrgðir skal ákveða framlög á afskriftareikninginn.
b. Í stað orðanna „eigið fé hans“ í síðari málslið 2. mgr. kemur: lágmarks eigið fé, sbr. 7. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nýsköpunarsjóði er heimilt að gera afleiðusamninga til að verjast gengisáhættu.
b. 2. mgr. fellur brott.

11. gr.

II. kafli laganna, **Tryggingardeild útflutningslána,** 11.–13. gr., fellur brott og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því.

12. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Ársreikningi skal fylgja skrá yfir hlutafjárkaup Nýsköpunarsjóðs, þátttöku í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, lán og ábyrgðir.

13. gr.

15. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

14. gr.

19. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði 11. gr. þeirra taka gildi 1. ágúst 2007.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs skal teljast hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs, sbr. 7. gr. laganna.

Útboðnar einingar af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. skulu leystar upp innan tíu ára eftir að þær eru boðnar út og telst andvirði þeirra til eigin fjár Nýsköpunarsjóðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**1. Almennt.**

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur gegnt veigamiklu hlutverki í fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja með því að vera einna fyrstur fjárfesta til að kaupa hluti í þeim. Með því hefur sjóðurinn reynt að bregðast við alvarlegum markaðsbresti í fjármögnun nýsköpunar, en verulegur skortur hefur verið á framboði fjármagns til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum. Sjóðurinn hefur þannig gegnt lykilhlutverki í umbreytingu tæknilegra lausna og annarrar nýrrar þekkingar í arðvænleg fyrirtæki. Þetta hlutverk sjóðsins er ein helsta forsenda tilvistar hans og nýlegrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að leggja aukið fjármagn til vaxtar og viðgangs hans.

Nýsköpunarsjóður er hluti af stærri heild, en hann er veigamikill þáttur í stuðningskerfi atvinnulífsins. Starfsemi hans þarf því að taka mið af heildstæðri stefnumótun um nýsköpun og atvinnuþróun. Í þessu felst m.a. að áherslur í starfsemi hans verði til þess að samfella sé á milli hans og annarra fjármögnunaraðila. Þannig þarf að tryggja samfellu við starfsemi Tækniþróunarsjóðs sem veitir styrki til þróunar nýsköpunarverkefna og einnig þarf að taka mið af starfsemi annarra framtaksfjárfesta sem gætu tekið við eignum sjóðsins þegar fyrirtækin hafa náð að tryggja sig betur í sessi.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um opinberan stuðning við tækniannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun og frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Vísinda- og tækniráð. Með því er Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tengdur við stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar. Einnig fær sjóðurinn tækifæri til að tengjast starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og nýta öflugan hóp sérfræðinga sem þar verður að finna. Við þetta breikkar faglegt bakland sjóðsins og geta hans til að meta tæknileg verkefni hverju sinni. Einnig gefst tækifæri til að nýta hvers konar stoðþjónustu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem mun leiða til almennrar hagræðingar.

Frumvarp til breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins var lagt fram á síðasta löggjafarþingi, en náði þá ekki fram að ganga. Frumvarp þetta er efnislega samhljóða því frumvarpi. Þó er nú lagt til að einungis þurfi að leita samþykkis iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra, hyggist Nýsköpunarsjóður fjárfesta í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum með fjármagni sem á rætur að rekja til söluandvirðis Landssíma Íslands, sbr. lög nr.

133/2005. Í öðrum tilvikum þurfi ekki samþykki ráðherranna. Einnig er nú lögð til sú breyting að brot gegn lögunum varði ekki refsingu.

**2. Helstu breytingar.**

Helstu breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu eru:

1. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins mun að meginstefnu til einungis taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Sjóðurinn mun veita lán og ábyrgðir í tilteknum tilfellum, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Sjóðurinn mun ekki veita styrki eins og heimild er fyrir samkvæmt gildandi lögum. Kveðið er á um að Nýsköpunarsjóður skuli taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs í störfum sínum.
2. Kveðið er á um heimild til handa Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, sbr. 5. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.
3. Kveðið er á um að ekki skuli skipa stjórnarmann til lengri tíma en fimm ára. Stjórnin skal setja sér reglur um sjónarmið við mat á fjárfestingartækifærum og umsóknum um lán og ábyrgðir sem ráðherra staðfestir. Áréttað er að ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs séu endanlegar á stjórnsýslustigi.
4. Í frumvarpi þessu er lagt til að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3.000 millj. kr., sem muni taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Eigið fé, sem ekki er bundið í fjárfestingarverkefnum eða lánum, skal ávaxta í samræmi við fjárfestingarstefnu sem kveðið verður á um í reglugerð og starfsreglum stjórnar. Skylda er lögð á Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins að útvista ávöxtun framangreinds eigin fjár.
5. Ákvæði um tryggingardeild útflutnings, sem verið hefur sérstök deild innan Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, eru felld úr gildi. Í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að tryggingardeild útflutnings verði vistuð innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.
6. Vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er lögð niður. Eigið fé hennar verður hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs, sbr. ákvæði til bráðabirgða.
7. Kveðið er á um heimild til handa Nýsköpunarsjóði að gera afleiðusamninga til að verjast gengisáhættu.
8. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið muni ekki hafa eftirlit með framkvæmd laganna, eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Talið er fullnægjandi að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með reikningum sjóðsins og hvernig hún ver eignum sínum.
9. Lagt er til að ákvæði um refsinæmi brota gegn lögunum verði fellt brott.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Þar sem lagt er til að tryggingardeild útflutnings flytjist til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er gert ráð fyrir að tilvísun í 1. gr. til II. kafla laganna falli niður. Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins verði áfram sjálfstæð stofnun, sem gerir það að verkum að ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs eru ekki kæranlegar til ráðuneytisins. Hins vegar verður Nýsköpunarsjóður, sem stofnun í eigu ríkisins sem grundvölluð er á lögum, að fylgja stjórnsýslulögum við framkvæmd laganna, eins og við á.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði takmarkað við fjárfestingar, þ.e. beinar fjárfestingar í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, og óbeinar í gegnum samlagssjóði og samlagshlutafélög. Einnig sé Nýsköpunarsjóði heimilt að veita lán og ábyrgðir í tilteknum tilfellum, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Með sprotafyrirtækjum er átt við fyrirtæki með innan við 50 starfsmenn og ársveltu innan við 500 millj. kr. sem byggir starfsemi sína á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi og ver meira en 10% af veltu í viðurkennda rannsókna- og þróunarstarfsemi, sbr. athugasemdir með 5. gr. frumvarps til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Einnig er tekið fram að Nýsköpunarsjóður skuli taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs.

Um 3. gr.

Þar sem kveðið er á um heimildir Nýsköpunarsjóðs til að veita lán og ábyrgðir í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 3. gr. verði felld brott.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Telja verður æskilegt að nokkur endurnýjun verði í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og er í greininni lagt til að stjórnarmenn verði að hámarki skipaðir fimm sinnum í stjórn sjóðsins.

Um 5. gr.

Ákvæði a-liðar leiðir af þeirri breytingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að Nýsköpunarsjóður veiti ekki styrki.

Í ákvæði b-liðar er gert ráð fyrir að stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins setji sér reglur um sjónarmið við mat á fjárfestingartækifærum, og veitingu lána og ábyrgða, sem ráðherra staðfesti. Telja verður eðlilegt að skýrar reglur liggi fyrir um hvernig meta beri fjárfestingartækifæri og umsóknir um lán og ábyrgðir, t. d. hvaða upplýsingar eigi að liggja fyrir við mat, hvernig matið fer fram, hvaða sjónarmið séu lögð til grundvallar o.s.frv.

Þá er áréttað að ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs séu endanlegar á stjórnsýslustigi. Ákvarðanir sjóðsins um í hvaða fyrirtækjum skal fjárfest eru því ekki kæranlegar til ráðuneytisins. Telja verður að regla þessi leiði af ákvæðum 1. gr. um að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sé sjálfstæð stofnun. Hins vegar er talið rétt að árétta þennan skilning í þessari grein.

Um 6. gr.

Tillögur sem felast í a-lið greinarinnar leiða af þeirri tillögu að Nýsköpunarsjóður veiti ekki styrki.

Í b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að heimilt sé að útvista verkefnum. Til dæmis kæmi til greina að Nýsköpunarmiðstöð Íslands tæki að sér afmörkuð verkefni fyrir Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sbr. frumvarp um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Um 7. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um lágmarks eigið fé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Einungis megi ávaxta eigið fé, sem ekki er bundið í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr., í samræmi við fjárfestingarstefnu sem ráðherra mælir fyrir um í reglugerð. Stjórn sjóðsins setji síðan frekari reglur um útfærslu á þeirri fjárfestingarstefnu. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og þar

sem ekki er gert ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður hafi marga starfsmenn er mælt fyrir um að útvista skuli fjárvörslu eigin fjár, sem ekki er bundið í verkefnum skv. 2. gr. laganna.

Þrátt fyrir ákvæði um fjárfestingarstefnu og ákvæði 9. gr. um rekstraráætlun er mögulegt að ávöxtun eigin fjár verði neikvæð. Því er mælt fyrir um að verði eigið fé minna en þrír milljarðar skuli ávaxta eigið fé samkvæmt fjárfestingarstefnu þar til lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. er náð. Í slíkum tilfellum getur sjóðurinn því ekki tekið þátt í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr. laganna, fyrr en lágmarksfjárhæð eigin fjár er náð.

Um 8. gr.

Með 5. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., var kveðið á um að Nýsköpunarsjóður skyldi fá 1.500 millj. kr. viðbótarframlag á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur annarra en Nýsköpunarsjóðs í slíkum sjóði a.m.k. 50%. Er ákvæðinu ætlað að skjóta stoðum undir slíka starfsemi Nýsköpunarsjóðs. Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fái samþykki iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra til að fjárfesta í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum þegar til þess er nýtt hluti af söluandvirði Landssíma Íslands hf., sbr. lög nr. 133/2005. Í öðrum tilvikum þurfi ekki samþykki ráðherranna.

Þá er mælt fyrir um heimildir Nýsköpunarsjóðs til að veita lán með breytirétti í hlutafé og lán með kauprétti hlutafjár og ábyrgðir. Gert er ráð fyrir að meginstarfsemi Nýsköpunarsjóðs verði að fjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Í tilteknum afmörkuðum tilfellum verði þó heimilt að veita lán og ábyrgðir. Er stofnuninni einungis heimilt að veita lán með breytirétti í hlutafé eða með kauprétti hlutafjár. Einnig er ábyrgðarveiting háð þeim takmörkunum að hún sé til aðila sem þegar eru viðskiptavinir stofnunarinnar og að hún sé liður í sameiginlegri ákvörðun meðfjárfesta um slíka fjármögnun.

Um 9. gr.

Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í a-lið ákvæðisins leiða af þeirri tillögu að starfsemi Nýsköpunarsjóðs verði takmörkuð við fjárfestingar, ábyrgðir og lán.

Ákvæði b-liðar ákvæðisins er í samræmi við þær breytingar sem gert er ráð fyrir í 7. gr. frumvarpsins, þ.e. að lágmarksfjárhæð eigin fjár verði þrír milljarðar króna.

Um 10. gr.

Í a-lið ákvæðisins er gert ráð fyrir að Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði heimilt að gera afleiðusamninga til að verjast gengisáhættu. Sá möguleiki er fyrir hendi að í tengslum við ávöxtun eigin fjár og þátttöku í fjárfestingum verði talið skynsamlegt að verja sjóðinn fyrir gengisáhættu með afleiðusamningum. Því er gerð tillaga um að Nýsköpunarsjóður hafi slíka heimild.

Í b-lið ákvæðisins er gert ráð fyrir að 2. mgr. 10. gr. verði felld brott. Talið er að ákvæðið sé óþarft þar sem samkvæmt frumvarpinu er mælt fyrir um heimild Nýsköpunarsjóðs til að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum í 8. gr.

Um 11. gr.

Ákvæðið mun hafa þær afleiðingar, ef að lögum verður, að tryggingardeild útflutnings flytjist frá Nýsköpunarsjóði. Í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að starfsemi tryggingardeildar útflutnings verði vistuð innan þeirrar stofnunar.

Um 12. gr.

Tillagan leiðir af þeirri breytingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að Nýsköpunarsjóður veiti ekki styrki.

Um 13. gr.

Lagt er til í greininni að 15. gr. laganna falli brott. Verði frumvarp þetta að lögum mun Fjármálaeftirlitið ekki hafa eftirlit með Nýsköpunarsjóði eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Í frumvarpi til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sem varð að lögum nr. 61/1997, var kveðið á um að Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefði eftirlit með starfsemi Nýsköpunarsjóðs. Í athugasemdum við 15. gr. sagði í frumvarpinu: „Starfsemi sjóðsins byggist á nákvæmu mati á afskriftum, en skv. 9. gr. frumvarpsins skal varðveita eigið fé hans. Bankaeftirlitið býr yfir þekkingu á slíku mati. Jafnframt eru ýmsir þættir í starfsemi og stjórnun sjóðsins sambærilegir starfsemi þeirra stofnana sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með.“ Framangreind rök fyrir eftirliti bankaeftirlitsins á sínum tíma eiga ekki við í ljósi breytinga í frumvarpi þessu á hlutverki sjóðsins sem verður hér eftir einungis heimilt að veita lán og ábyrgðir í tilteknum tilfellum. Starfsemi Nýsköpunarsjóðs er að mörgu leyti ólík annarri starfsemi sem fellur undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Auk þess reynir ekki á neytendavernd eða fjármálastöðugleika með sama hætti og í eftirliti með fjármálafyrirtækjum.

Afnám 15. gr. núgildandi laga ásamt því að heimild sjóðsins til lánveitinga verður takmörkuð við undantekningartilvik leiðir af sér að Nýsköpunarsjóður fellur ekki lengur undir eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins heldur verður eftirlits- og endurskoðunarskylda Ríkisendurskoðunar talin fullnægjandi, sbr. 2. mgr. 14. gr. núgildandi laga. Verði frumvarpið að lögum mun aðeins Ríkisendurskoðun hafa eftirlit með Nýsköpunarsjóði. Það byggist á því að Ríkisendurskoðun þarf að leggja mat á þá liði sem fram kom í ársreikningi og þær matsaðferðir sem notaðar eru í reikningsskilunum, þar með taldar afskriftir sem um er getið í 9. gr. núgildandi laga.

Samkvæmt 3. tölul. 8. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, skal fjárhagsendurskoðun stofnunarinnar miða að því að reikningar séu í samræmi við heimildir laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni. Undir hlutverk Ríkisendurskoðunar fellur því m.a. að kanna hvort reikningar Nýsköpunarsjóðs séu í samræmi við ákvæði þessara laga, reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra og reglur sem stjórn sjóðsins setur. Undir störf Ríkisendurskoðunar fellur því m.a. að kanna hvort ávöxtun eigin fjár, mat á afskriftum og þátttaka í fjárfestingarverkefnum sé í samræmi við lög og reglur.

Um 14. gr.

Í 19. gr. gildandi laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er kveðið á um að brot gegn lögunum varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við samkvæmt öðrum lögum. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er opinber stofnun, sem lýtur eftirliti Ríkisendurskoðunar. Ekki hefur tíðkast að kveða sérstaklega á um refsinæmi við brotum gegn lögum sem kveða á um starfsemi ríkisstofnanna, en almenn hegningarlög geta átt við um starfsemi innan þeirra. Í ljósi þessa er lagt til að 19. gr. gildandi laga verði felld á brott.

Um 15. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun að þau lög taki gildi 1. ágúst 2007 er lagt til að ákvæði sem miðar að því að fella brott kafla laganna um tryggingardeild útflutnings taki gildi 1. ágúst 2007. Að

öðru leyti taki lögin gildi við birtingu. Gefur það Nýsköpunarsjóði tækifæri til að nýta strax þær heimildir sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 3. mgr. 7. gr. gildandi laga um Nýsköpunarsjóð er kveðið á um vöruþróunar- og markaðsdeild. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að sú deild falli niður og eigið fé hennar teljist hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs. Einnig er með frumvarpi þessu gert ráð fyrir að stofnsjóður Nýsköpunarsjóðs teljist til eigin fjár hans. Í gildandi lögum er mælt fyrir um að útboðnar einingar skv. 2. mgr. 7. gr. skuli leystar upp innan tíu ára eftir að þær voru boðnar út og andvirðið renni til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Slíkt hefur enn ekki átt sér stað. Því er mælt fyrir um að slíkar einingar skuli teljast til eigin fjár Nýsköpunarsjóðs.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu er m.a. kveðið á um hlutverk sjóðsins og að hann muni einungis taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum en veiti ekki lán, ábyrgðir og styrki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnsjóður skuli vera að lágmarki vera 3 milljarðar kr., en eigð fé Nýsköpunarsjóðs nam 4 milljörðum kr. í árslok 2005. Ríkissjóður lagði sjóðnum til 1 milljarð kr. í stofnfé til fjárfestingar í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum í samræmi 5. gr. laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands. Er framlagið meðtalið í eigin fé sjóðsins í árslok 2005. Þar til viðbótar er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi Nýsköpunarsjóði til 1,5 milljarð kr. af söluandvirði Landssímans á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sjóðsins í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og örðum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

# 293. Frumvarp til laga [280. mál]

um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI
**Nýsköpunarmiðstöð Íslands.**
1. gr.
*Stjórnsýsla.*

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

*Hlutverk og starfsemi.*

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði í landinu. Í þessu felst að:

a. miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki,
b. greina stöðu og þróun búsetuskilyrða og atvinnulífs og vinna áætlanir sem hafa það að markmiði að stuðla að samkeppnishæfni atvinnulífs og treysta byggð í landinu,
c. stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar, prófanir, mælingar og vottanir,
d. fara með málefni sérstakra sjóða eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal enn fremur annast önnur stjórnsýsluverkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er heimilt að gera samninga við fyrirtæki eða stofnanir um framkvæmd skilgreindra verkefna skv. a–d-lið 1. mgr.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal í starfsemi sinni taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs.

3. gr.

*Forstjóri og aðrir starfsmenn.*

Ráðherra skipar forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur. Hann ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og ákveður starfssvið þeirra.

Hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands skulu, auk annarra verkefna, starfrækt tvö meginfagsvið, ráðgjafarsvið, sbr. 4. gr., og Íslenskar tæknirannsóknir, sbr. 5. gr. Stjórnun þessara sviða skal vera á hendi sérstakra framkvæmdastjóra sem forstjóri ræður.

4. gr.

*Ráðgjafarsvið.*

Á ráðgjafarsviðinu skal rekin þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki, sbr. a.-lið 2. gr., og unnar áætlanir sem stuðla eiga að jöfnun lífskjara á landinu, sbr. b-lið 2. gr.

Þar skulu veittar upplýsingar og leiðsögn er varðar stofnun og rekstur sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Í boði skal vera fjölbreytt þjónusta og stuðningsverkefni sem hvetja til vöruþróunar, nýsköpunar, hagnýtingar hönnunar og mótunar viðskiptahugmynda. Greining á búsetuþróun og gerð áætlana, t.d. svæðisbundinna áætlana, um starfsskilyrði og samkeppnisstöðu atvinnulífsins er hluti starfseminnar, svo og ráðgjöf til stjórnvalda um þróun og úrbætur á sömu sviðum.

Ráðgjafarsviðið veitir þjónustu fyrir landið allt og skal í staðbundinni starfsemi hafa samráð við atvinnuþróunarfélög. Starfsemin skal m.a. stuðla að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Ráðgjafarsviðið skal sinna eftirfarandi verkefnum:

a. eiga frumkvæði að samstarfi þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi nýsköpunar fyrir atvinnulífið,
b. móta sértæk stuðningsverkefni sem stuðla að bættum rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja og framgangi nýrra viðskiptahugmynda sem spretta af hugkvæmni einstaklinga eða rannsóknum og þróunarstarfi háskóla, stofnana og fyrirtækja,
c. starfrækja frumkvöðlasetur,
d. annast miðlun hvers konar hagnýtrar þekkingar um stofnun og rekstur fyrirtækja,

e. auka veg hönnunar í íslensku efnahagslífi og vekja fyrirtæki til vitundar um mikilvægi hönnunar í nýsköpun og vexti,
f. vera tengiliður við þá sem stunda grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir er leitt geta til nýsköpunar í atvinnulífinu,
g. efla samstarf á milli rannsóknastofnana, háskóla, fyrirtækja, fjárfesta og atvinnuþróunarfélaga,
h. miðla þekkingu um innlendar og erlendar tækninýjungar og aðgerðir sem auka framleiðni,
i. safna og vinna úr tölfræðilegum gögnum um byggðaþróun,
j. vinna landshlutaáætlanir,
k. vinna þróunaráætlanir fyrir landsvæði þar sem atvinnulíf stendur höllum fæti, t.d. vegna viðvarandi samdráttar,
l. annast samstarf við innlendar og erlendar stofnanir sem gegna sambærilegu hlutverki.

5. gr.

*Íslenskar tæknirannsóknir.*

Rannsóknastarfsemi á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, sbr. c.-lið 2. gr., skal starfrækt undir heitinu Íslenskar tæknirannsóknir. Starfsemin skal taka mið af ályktunum Vísinda- og nýsköpunarráðs en áhersla skal vera á hagnýtar rannsóknir og vöruþróun í þágu nýsköpunar atvinnulífsins og grunnrannsóknir á afmörkuðum sviðum sem hafa þjóðhagslega þýðingu. Starfsemin skal stuðla að tækniyfirfærslu og aðlögun þekkingar til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf.

Íslenskar tæknirannsóknir skulu sinna eftirfarandi verkefnum:

a. tæknirannsóknum sem leitt geta til aukinnar nýsköpunar, aukinnar framleiðni og betri samkeppnisstöðu atvinnulífsins,
b. tækniþróun, tækniyfirfærslu og aðlögun tækni í nánu samstarfi við fyrirtæki og atvinnugreinar,
c. hafa yfir að ráða aðstöðu og færni til að takast á við rannsóknir á nýjum fræðasviðum sem hafa eða munu hafa afgerandi áhrif á framþróun íslensks atvinnulífs,
d. ráðgjöf, mælingum, prófunum og vottunarstarfsemi.

6. gr.

*Ráðgjafarnefnd.*

Við Íslenskar tæknirannsóknir skal vera starfandi átta manna ráðgjafarnefnd sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Einn nefndarmanna skal vera tilnefndur af Samtökum iðnaðarins, einn af Samtökum atvinnulífsins, einn af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af Alþýðusambandi Íslands, einn af nýsköpunarnefnd Vísinda- og nýsköpunarráðs, einn af Verkfræðingafélagi Íslands, einn af menntamálaráðherra og loks skipar ráðherra einn án tilnefningar. Nefndin kýs sér formann. Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og framkvæmdastjóri Íslenskra tæknirannsókna skulu sitja fundi nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra og forstjóra ráðgefandi um fagleg málefni sem tengjast stefnumótun í tæknirannsóknum og vali á helstu verkefnum, ásamt því að vera tengiliður hennar við hagsmunaaðila.

7. gr.

*Eignarhlutir í rannsókna- og þróunarfyrirtækjum.*

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er heimilt, að stofna, eiga, reka og selja félög sem stunda ráðgjöf, rannsóknir, þróun og framleiðslu á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði. Heimildin er takmörkuð við hlutafélög eða annars konar form með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

8. gr.

*Heimildir til gjaldtöku.*

Til að standa straum af kostnaði við starfsemi skv. a- og c-lið 2. gr., þ.m.t. við rannsóknir, ráðgjöf, námskeiðahald og vottun, er Nýsköpunarmiðstöð Íslands heimilt að innheimta þjónustugjald.

9. gr.

*Tekjur.*

Tekjur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eru:

a. framlög úr ríkissjóði eins og ákveðin eru á fjárlögum hverju sinni,
b. þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar,
c. fjármagnstekjur,
d. tekjur af sölu hlutdeildar í félögum,
e. aðrar tekjur.

10. gr.

*Staðsetning.*

Iðnaðarráðherra ákveður staðsetningu einstakra starfsstöðva Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

## II. KAFLI
## **Byggðasjóður.**

11. gr.

*Hlutverk.*

Byggðasjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra. Fagleg umsýsla sjóðsins skal vera hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, samkvæmt sérstökum samningi þar um.

Hlutverk Byggðasjóðs skal vera að efla samkeppnishæfni atvinnulífs og bregðast við sérstökum áföllum á þeim landsvæðum sem heimildir hans takmarkast við.

Sjóðnum er heimilt að veita ábyrgðir á lán til:

a. endurnýjunar, þróunar og nýsköpunar,
b. eigendaskipta,
c. stofnunar fyrirtækja,
d. fjárfestinga,
e. uppbyggingar atvinnulífs á svæðum þar sem sérstök áföll valda verulegu atvinnuleysi.

Byggðasjóði er heimilt að veita ábyrgðir á lán með allt að 75% ábyrgðarþátttöku sjóðsins.

Heimildir Byggðasjóðs til að veita ábyrgðir takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og skal sjóðurinn einungis veita ábyrgðir til skilgreindrar starfsemi á þeim svæðum á landinu þar sem heimilt er að veita styrki í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um byggðakort fyrir Ísland.

12. gr.
*Stjórn og framkvæmdastjóri.*

Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra fyrir Byggðasjóð sem fer með daglegan rekstur sjóðsins.

Með stjórn Byggðasjóðs fer fimm manna stjórn sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn og skulu tveir stjórnarmenn tilnefndir af fjármálaráðherra.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Iðnaðarráðherra velur formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Stjórn Byggðasjóðs tekur ákvarðanir um veitingu lánsábyrgða. Stjórninni er heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal setja reglur um starfsemi hans sem háðar eru samþykki fjármálaráðherra. Í reglunum skal mæla fyrir um ábyrgðargjöld og önnur skilyrði fyrir veitingu ábyrgða. Þar skal m.a. kveðið á um upphæð lána sem ábyrgð getur tekið til, árlegt ábyrgðargjald og aðra gjaldtöku, mögulega nýtingu láns með ábyrgð og aðra skilmála ábyrgðar. Þá skal einnig kveðið á um afskriftasjóð og reikningshald.

Heildarumfang lánsábyrgða Byggðasjóðs getur að hámarki numið fimmföldu eigin fé sjóðsins.

Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins. Sjóðurinn er undanþeginn gjaldtöku samkvæmt lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

Ákvarðanir sem teknar eru um að veita lánsábyrgðir af hálfu Byggðasjóðs eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

13. gr.
*Tekjur.*

Tekjur Byggðasjóðs eru:

a. tekjur af ábyrgðargjöldum,
b. fjármagnstekjur og önnur framlög.

14. gr.
*Undanþága frá gjöldum.*

Byggðasjóður er undanþeginn stimpilgjaldi.

## III. KAFLI
## **Tækniþróunarsjóður.**

15. gr.
*Hlutverk.*

Tækniþróunarsjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra. Fagleg umsýsla Tækniþróunarsjóðs skal falin óháðum aðila samkvæmt samningi.

Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Tækniþróunarsjóði er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs með því að:

a. styrkja tækniþróun og tengdar rannsóknir í þágu nýsköpunar atvinnulífsins, m.a. í samstarfi við stofnanir, háskóla og fyrirtæki,
b. styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja og eiga aðild að þeim á frumstigi nýsköpunar,
c. fjármagna átaksverkefni og markáætlanir á einstökum tæknisviðum til að treysta tæknilegar undirstöður atvinnuveganna, einstakar greinar þeirra eða þvert á greinaskiptingu þeirra,

d. styrkja lítil verkefni á vegum einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að verða atvinnu- og tekjuskapandi og arðbær þrátt fyrir áhættu í upphafi,
e. greiða kostnað við greiningu á stöðu nýsköpunar og gerð áætlana til styrktar henni.

16. gr.
*Tekjur.*

Tekjur Tækniþróunarsjóðs eru:
a. fjárveitingar í fjárlögum,
b. tekjur af sölu hlutdeildar í sprotafyrirtækjum sem sjóðurinn hefur eignast aðild að,
c. framlög frá innlendum og erlendum samstarfsaðilum,
d. önnur framlög.

17. gr.
*Stjórn.*

Í stjórn Tækniþróunarsjóðs sitja sjö menn sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu nýsköpunarnefndar Vísinda- og nýsköpunarráðs, einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins, en ráðherra skipar einn án tilnefningar.

Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Iðnaðarráðherra velur formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

18. gr.
*Hlutverk stjórnar og fagráða Tækniþróunarsjóðs.*

Stjórn Tækniþróunarsjóðs ákveður áherslur sjóðsins samkvæmt skilgreindu hlutverki hans, sbr. 15. gr. Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráða sem nýsköpunarnefnd Vísinda- og nýsköpunarráðs skipar til tveggja ára í senn. Fagráðin eru ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir úr Tækniþróunarsjóði. Jafnframt eru fagráðin ráðgefandi fyrir Vísinda- og nýsköpunarráð og undirnefndir þess eftir því sem óskað er.

Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins geta veitt ef henni þykir þurfa. Þeir sem skipaðir eru í fagráð skulu hafa víðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Þeir skulu hvorki sitja í Vísinda- og nýsköpunarráði né stjórn Tækniþróunarsjóðs.

Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar Tækniþróunarsjóðs og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Kostnaður við mat á umsóknum og rekstur sjóðsins skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé hans.

Ákvarðanir sem teknar eru um að veita styrki úr Tækniþróunarsjóði eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

19. gr.
*Úthlutunarreglur.*

Úthlutunarstefna Tækniþróunarsjóðs skal fylgja áherslum Vísinda- og nýsköpunarráðs. Stjórn Tækniþróunarsjóðs setur reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og nýsköpunarráðs.

20. gr.
*Reglugerð.*

Iðnaðarráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfsemi Tækniþróunarsjóðs í reglugerð, þ.m.t. um vörslu sjóðsins, umsýslu og rekstur.

## IV. KAFLI
## Tryggingarsjóður útflutnings.

21. gr.
*Hlutverk.*

Tryggingarsjóður útflutnings er sérstakur sjóður sem skal vistaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands samkvæmt sérstökum samningi þar um.

Hlutverk Tryggingarsjóðs útflutnings skal vera að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

Hlutverk sitt rækir Tryggingarsjóður útflutnings með því að:

a. taka að sér að tryggja útflutningslán sem lánastofnun veitir útflytjanda eða kaupanda, enda hafi lánið verið veitt til fjármögnunar í tengslum við íslenskan útflutning á vöru eða þjónustu,
b. taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgðir vegna samnings á milli útflytjanda og kaupanda sem gerður hefur verið vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu,
c. taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgð fyrir efndum á þjónustu- eða verksamningi sem gerður er vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu,
d. gefa út verkábyrgðir eða tryggja verkábyrgð innlends aðila vegna framkvæmdar sem fer að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gerir opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu,
e. tryggja fjárfestingar innlends fjárfestis erlendis vegna stjórnmálalegrar áhættu,
f. tryggja búnað sem innlendur aðili flytur til útlanda í tengslum við verkefni þar vegna stjórnmálalegrar áhættu,
g. gefa út annars konar ábyrgð eða tryggingu en að framan greinir, enda falli hún undir hlutverk Tryggingarsjóðs útflutnings.

Heimildir Tryggingarsjóðs útflutnings til að veita ábyrgð eða tryggingu takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og skal sjóðurinn að jafnaði hvorki veita ábyrgð né tryggingu vegna viðskiptalegrar eða stjórnmálalegrar áhættu til skemmri tíma en tveggja ára í viðskiptum við aðila sem hafa staðfestu í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eða öðrum ríkjum sem eru aðilar að Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) og tilgreind eru í starfsreglum stjórnarnefndar sjóðsins.

22. gr.
*Stjórnarnefnd Tryggingarsjóðs útflutnings.*

Með stjórn sjóðsins fer stjórnarnefnd sem í eiga sæti fimm menn. Einn þeirra skal skipaður samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu utanríkisráðherra og einn samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins.

Stjórnarnefnd Tryggingarsjóðs útflutnings ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll sjóðsins en þau skulu háð samþykki fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal miðað við að þau standi undir rekstri sjóðsins, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið.

Ákvarðanir sem teknar eru um tryggingar og ábyrgðir af hálfu Tryggingarsjóðs útflutnings eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé sjóðsins, þ.m.t. varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði.

Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar sjóðsins.

23. gr.

*Greiðsluskilmálar o.fl.*

Greiðsluskilmálar lána sem Tryggingarsjóður útflutnings tryggir skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis, með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

Heildarskuldbindingar Tryggingarsjóðs útflutnings vegna trygginga og ábyrgða mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 130 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Stjórnarnefnd Tryggingarsjóðs útflutnings setur sjóðnum nánari starfsreglur sem háðar skulu samþykki fjármálaráðherra.

## V. KAFLI
## **Önnur ákvæði.**

24. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og framkvæmd laga þessara.

25. gr.

*Gildistaka og brottfall laga.*

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2007. Á sama tíma falla úr gildi VII. kafli laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingum, lög um Iðntæknistofnun Íslands, nr. 41/1978, með síðari breytingum, lög um Byggðastofnun, nr. 106/1999, og lög um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 4/2003.

26. gr.

*Breytingar á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna:* Orðin „Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins“ í 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott.
2. *Lög um skattskyldu lánastofnana, nr. 65/1982:* Orðið „Byggðastofnunar“ í 2. gr. laganna fellur brott.
3. *Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996:* Í stað orðsins „Byggðastofnun“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Byggðasjóður.
4. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003:* Í stað orðsins „Byggðastofnun“ í 1. tölul. 5. mgr. 71. gr. laganna kemur: Byggðasjóður.
5. *Lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006:* Í stað orðsins „Byggðastofnun“ í 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
6. *Lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002:* Í stað orðanna „Byggðastofnunar, Ferðamálaráðs, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Iðntæknistofnunar“ í 2. mgr. 1. gr. laganna

kemur: Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Ferðamálaráðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

7. *Lög um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 42/1987:* Í stað orðanna „Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins“ í 1. gr. laganna kemur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
8. *Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997:* Í stað orðanna „Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins“ í 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
9. *Lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53/1980:* 10. gr. laganna fellur brott.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### I.

Starfsmenn Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins sem eru í starfi við gildistöku laganna skulu eiga rétt á starfi hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði. Hafi starfsmaður átt aðild að öðrum sjóði en Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna starfs síns hjá Byggðastofnun er hann undanþeginn skylduaðild skv. 1. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, vegna starfs hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

### II.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands tekur við eignum, réttindum og skyldum Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Byggðasjóður tekur við útlánasafni, hlutafjáreign, handbæru fé og fullnustueignum Byggðastofnunar. Þá yfirtekur Byggðasjóður innlend og erlend lán sem stofnunin hefur tekið og útgefin láns- og hlutafjárloforð. Að öðru leyti tekur Nýsköpunarmiðstöð Íslands við eignum, réttindum og skyldum Byggðastofnunar.

Tryggingarsjóður útflutnings heldur eignum og skuldbindingum tryggingardeildar útflutnings, sem starfrækt er skv. II. kafla laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Tækniþróunarsjóður heldur eignum og skuldbindingum Tækniþróunarsjóðs, sem starfræktur er skv. 4.–8. gr. laga nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

### III.

Þrátt fyrir ákvæði 25. gr. er ráðherra heimilt að skipa nú þegar forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og skal forstjórinn hafa heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins starf hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands frá 1. ágúst 2007, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.

### IV.

Iðnaðarráðherra skal skipa nefnd sem meta skal rekstrarform Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, þ.e. hvort annað rekstrarform en beinn ríkisrekstur kunni að vera heppilegra fyrir starfsemi stofnunarinnar í heild eða að hluta. Nefndin skal ljúka störfum fyrir árslok 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**I. Aðdragandi.**

Hinn 15. september 2004 skipaði Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra starfshóp til að gera tillögur um endurskipulagningu tæknirannsókna. Skipun nefndarinnar var hluti af víðtækri vinnu á vegum Vísinda- og tækniráðs er beindist að því að endurskilgreina skipulag og starfshætti opinberra rannsóknastofnana. Meginmarkmið slíkra skipulagsbreytinga skyldi vera að auka bolmagn íslenskra rannsóknareininga, efla árangur af starfi þeirra og tryggja að starfskraftar og fjármunir nýttust sem best. Einkum skyldu kannaðir möguleikar á samþættingu eða sameiningu skyldrar starfsemi einstakra stofnana þar sem unnt væri að ná sérstökum áhrifum með skipulagsbreytingum.

Í starfshópi iðnaðarráðherra sátu Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti, sem var formaður hópsins, Edda Lilja Sveinsdóttir, deildarstjóri á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og Ingólfur Örn Þorbjörnsson, forstöðumaður á Iðntæknistofnun. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra 5. nóvember 2004. Það var niðurstaða hópsins að unnt væri að efla opinberar tæknirannsóknir með því að sameina starfsemi Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Starfshópurinn taldi að sameiningin mundi leiða til samlegðaráhrifa sem væri ein veigamesta forsenda þess að aukinn árangur næðist í alþjóðlegri samkeppni á sviði tæknirannsókna og nýsköpunar sem leitt gæti til bættrar samkeppnisstöðu Íslands.

Vísinda- og tækniráð tók undir niðurstöðu starfshópsins í ályktun ráðsins frá 17. desember 2004, en þar segir: „Vísinda- og tækniráð styður sameiningu Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og beinir því til iðnaðarráðherra að vinna áfram að þeirri sameiningu á grundvelli greinargerðar starfshóps iðnaðarráðherra um tæknirannsóknir með áherslu á náin tengsl við háskóla.“

Á grundvelli þessa skipaði iðnaðarráðherra, 2. febrúar 2005, nefnd sem skyldi m.a. gera tillögur um verkefni og innra skipulag nýrrar stofnunar um tæknirannsóknir. Mikilvægi samfélagslegs hlutverks tæknirannsókna skyldi lagt til grundvallar með sérstakri tilvísun til þýðingar þeirra fyrir framþróun íslensks atvinnulífs og bætta samkeppnisstöðu Íslands. M.a. ætti reksturinn að stuðla að heilbrigðri samkeppni og uppfylla kröfur samkeppnislaga. Bréf framkvæmdanefndar um stofnanakerfi og rekstur verkefna á vegum ríkisins frá 10. janúar 2005 var einnig lagt til grundvallar í starfi nefndarinnar. Í þeirri nefnd sátu Magnús G. Friðgeirsson, formaður stjórna Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem var formaður nefndarinnar, Hallgrímur Jónasson, forstjóri Iðntæknistofnunar Íslands, Hákon Ólafsson, forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Ingólfur Þorbjörnsson, forstöðumaður á Iðntæknistofnun, Ólafur Wallevik, deildarstjóri á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum til ráðherra með greinargerð dagsettri 30. september 2005. Á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu nefndarinnar ákvað iðnaðarráðherra að undirbúa sameiningu stofnananna. Þeirri ákvörðun var þó frestað þegar nánari skoðun leiddi í ljós að enn meiri ávinningi mætti ná með víðtækari sameiningu á allri starfsemi ráðuneytisins að nýsköpun og atvinnuþróun.

Byggðastofnun gegnir veigamiklu hlutverki í atvinnuþróun. Hlutverk hennar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Þessu hlutverki má skipta í tvennt: sérfræðihlutverk og fjármögnunarhlutverk. Undir sérfræðihlutverkið fellur þátttaka í gerð byggðaáætlunar, rannsóknir á atvinnu- og byggðaþróun og atvinnuráðgjöf. Undir fjármögnunarhlutverkið fellur fjármögnun verkefna, veiting lána og ábyrgðir og fjármögnun þróunarverkefna. Sá hluti starfseminnar sem fjallar um atvinnuþróun er nátengdur starfsemi nýsköp-

unarmiðstöðvarinnar Impru á Iðntæknistofnun sem aðstoðað hefur frumkvöðla og fyrirtæki við nýsköpun.

Á síðustu missirum hafa átt sér stað miklar breytingar á starfsumhverfi og stöðu Byggðastofnunar. Meginástæðan er sú að aðgangur fyrirtækja að lánsfjármagni hefur aukist og vextir lækkað. Þessar breytingar hafa haft neikvæðar afleiðingar fyrir lánastarfsemi og afkomu stofnunarinnar. Þá hefur stofnunin þurft að afskrifa verulegar upphæðir á undanförnum árum og hefur eiginfjárstaða hennar versnað. Fjármálastarfsemi Byggðastofnunar fellur undir lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en samkvæmt þeim má eigið fé stofnunarinnar að lágmarki vera 8% af áhættugrunni. Eiginfjárhlutfallið var 18,7% árið 1999 og var komið í 9,6% 2004. Tímabundið fór hlutfallið niður fyrir 8% markið á árinu 2005.

Í ljósi þessarar stöðu fól iðnaðarráðuneytið ráðgjafafyrirtækinu Stjórnhættir ehf. að greina helstu valkosti varðandi framtíðarþróun Byggðastofnunar. Í skýrslu fyrirtækisins: Framtíðarþróun Byggðastofnunar – Greining á meginvalkostum, frá 5. maí 2005, segir m.a.: „Meginniðurstaða greiningar á stöðu Byggðastofnunar er að þrátt fyrir að ýmsar jákvæðar umbætur hafi verið gerðar á undanförnum árum á stofnunin samt sem áður við alvarlegan vanda að stríða. Stofnunin er ekki það forustuafl í málaflokknum sem ætla mætti og sinnir ýmsum grundvallarhlutverkum ekki nægilega vel. Fjárhagsstaðan er mjög erfið og fátt bendir til þess að fjármögnunarstarfsemin geti orðið fjárhagslega sjálfbær. Vafi leikur á hvort stefnan í atvinnuþróun og fjármögnun sé skynsamleg og hafi leitt til tilætlaðs árangurs."

Í júní 2005 skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til að fjalla um fjárhagsvanda Byggðastofnunar og móta tillögur um framtíðarstarfsemi hennar og þeirra málaflokka sem hún hefur sinnt. Í starfshópnum voru Páll Magnússon, aðstoðarmaður ráðherra, sem jafnframt var formaður, Berglind Svavarsdóttir hdl., Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, Magnús Stefánsson alþingismaður og Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti. Einar K. Guðfinnsson lét af setu í starfshópnum þegar hann tók við embætti sjávarútvegsráðherra og tók Einar Oddur Kristjánsson sæti hans. Tillögur starfshópsins voru m.a. um eftirfarandi efnisatriði:

- Grundvallarbreytingar verði á fjármögnunarstarfsemi Byggðastofnunar þannig að hún verði fjárhagslega sjálfbær.
- Fjármögnunartæki og vinnubrögð verði þróuð sem miða að því að efla samstarf við fjármálafyrirtæki sem geri fjármögnun atvinnustarfsemi á landsbyggðinni auðveldari.
- Árangur á sviði byggðamála verði aukinn með skýrri stefnumótun stjórnvalda, ásamt bættri og skýrari forgangsröðun verkefna.
- Sérstaklega verði hugað að frekari samhæfingu eða samþættingu starfsemi Byggðastofnunar, Impru og Iðntæknistofnunar með það að markmiði að tryggja sterka stöðu og sýnileika byggðamála í þeirri starfsemi sem ætlað er að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun.

Við vinnslu frumvarpsins var unnið eftir þessum tillögum starfshópsins.

Frumvarpið var lagt fram á vorþingi 2006 en varð ekki að lögum. Það hefur verið rækilega yfirfarið og gerðar á því ýmsar breytingar m.a. tekið tillit til breytingartillagna sem meiri hluti iðnaðarnefndar Alþingis samþykkti við meðferð frumvarpsins í þinginu.

## II. Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður til við samruna Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Öll aðkoma iðnaðarráðuneytis að tæknirannsóknum, nýsköpun og atvinnuþróun verður þar með samræmd og felld í eina stofnun í þeim tilgangi að efla sóknarkraft og tryggja hámarksárangur starfseminnar.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður þekkingarsetur þar sem saman koma tæknirannsóknir með tengsl við rannsóknir í háskólum og háskólasetrum annars vegar og þróunarstarfsemi fyrirtækja hins vegar. Þar verður miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem fást við hvers konar nýsköpunarvinnu. Þar verður að finna frumkvöðlasetur sem aðstoðar sprotafyrirtæki og frumkvöðla við þróun nýsköpunarhugmynda og veitir þeim aðstoð við að vaxa fyrstu rekstrarárin. Þá verður unnið að greiningum á stöðu og þróun atvinnulífs og byggðalaga, m.a. til að unnt verði að bregðast við aðsteðjandi vanda hverju sinni með öllum þeim tækjum sem stofnunin býr yfir.

Efling starfseminnar úti á landi er ein af forsendum þessara breytinga. Þekkingarsetur á landsbyggðinni verður þungamiðja atvinnusóknar sem einkum byggist á helstu styrkleikum atvinnulífsins á viðkomandi svæði og getu þess til að ná árangri á alþjóðlegum samkeppnismarkaði. Samstarf stofnunarinnar við aðila á einstökum svæðum mun aðallega verða mótað í vaxtarsamningum þar sem ábyrgð á stefnumótun og framkvæmd verður í höndum heimamanna.

## III. Forsendur nýrrar stefnumótunar, Vísinda- og nýsköpunarráð.

Atvinnulífið hefur tekið stórstígum breytingum á síðustu árum. Samstarf um rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun er orðið alþjóðlegt og hafa íslensk fyrirtæki haslað sér völl á erlendum vettvangi með mjög góðum árangri. Tæknivæðing í hefðbundnum atvinnugreinum hefur leitt til hagræðingar og bættrar afkomu fyrirtækja en störfum hefur fækkað. Ný vel launuð störf hafa orðið til í þekkingargreinum sem gera aðrar kröfur til þekkingar og reynslu starfsmanna en þau störf sem horfið hafa. Þessara breytinga hefur gætt um allt land en með mismunandi móti. Samdráttur hefur verið í sjávarútvegi og landbúnaði en uppbygging þekkingargreina hefur aðallega verið á höfuðborgarsvæðinu og ekki nýst landsbyggðinni að sama skapi.

Nýjar atvinnugreinar sem þannig hafa orðið til hafa í mörgum tilfellum staðið utan við það stuðningskerfi sem atvinnulífinu var mótað fyrir allt að fjórum áratugum með tilkomu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Þessar stofnanir hafa kröftuglega reynt að aðlaga sig þessum breytingum en fram hjá því verður ekki horft að sú starfsemi og þau tæki sem ríkið hefur tiltæk á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar hafa ekki náð að fylgja þróuninni eftir.

Vegna breytinga undanfarinna ára og þeirra áskorana sem fram undan eru þykir full ástæða fyrir stjórnvöld til að huga að víðtækri stefnumótun á sviði atvinnuþróunar sem næði yfir markalínur flokkunar atvinnugreina. Markmið slíkrar stefnumótunar væri að auka samkeppnishæfni, nýsköpun og hagvöxt, jafna lífskjör og stuðla að bættu byggðajafnvægi. Hér er því um að ræða samþættingu áherslna er lúta að rannsóknum og tækniþróun annars vegar og atvinnu- og búsetuþróun hins vegar.

Langtímamarkmið slíkrar stefnumótunar er að treysta menningar- og efnahagslega stöðu Íslands í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi þannig að efnahagur og lífsgæði Íslendinga skipi þeim áfram í fremstu röð meðal þjóða.

Vísinda- og tækniráð tók til starfa árið 2003. Markmiðið með stofnun ráðsins var að samhæfa stefnumótun margra ráðuneyta og stofnana sem almennt höfðu lítið tillit tekið til áherslna eða verkefna hvert annars. Á þeim þremur árum sem ráðið hefur starfað hefur það stuðlað að heildstæðri stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum vísinda, tæknirannsókna og nýsköpunar, auk þess sem veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á stofnunum ríkisins. Þannig er sameining tæknirannsókna, sem er veigamikill hluti þessa frumvarps, byggð á vinnu og ályktunum Vísinda- og tækniráðs.

Í ljósi reynslunnar af starfi Vísinda- og tækniráðs er talið rétt að útvíkka starfsemi ráðsins og fela því einnig að fjalla um atvinnuþróunarmál. Hér er átt við málefni er tengjast vexti og viðgangi atvinnulífs og þá þætti sem áhrif hafa á þróun þess. Á margan hátt er umfjöllunarefnið í eðli sínu svipað og nú er hjá tækninefnd Vísinda- og tækniráðs en þó mun víðtækara. Með því að ráðið fái þetta hlutverk næst góð samfella í stefnumótandi umfjöllun um málaflokka sem falla hver að öðrum. Slík stefna yrði leiðbeinandi fyrir starfsemi og áherslur í vísindum, tæknirannsóknum, fjármögnun nýsköpunar og atvinnuþróunar, aðgerðum til að jafna lífsgæði og til að ná efnahagslegum markmiðum ríkisstjórnarinnar með beitingu þessara tækja.

Samstaða hefur náðst um þessa breytingu á starfsemi ráðsins og samhliða frumvarpi þessu er af hálfu forsætisráðherra lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 2/2003, um Vísinda- og tækniráð. Þar er lagt til að nafni ráðsins verði breytt í Vísinda- og nýsköpunarráð og að tækninefnd þess verði kölluð nýsköpunarnefnd. Vegna aukinnar áherslu á atvinnuþróun er lagt til að fulltrúum atvinnulífsins í ráðinu verði fjölgað.

## IV. Samkeppnisstaða atvinnulífsins, sameining tæknirannsókna.

Breyttar ytri aðstæður og auknar kröfur um meiri árangur liggja til grundvallar ákvörðun um sameiningu rannsóknastarfsemi Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna var í meginatriðum mótuð árið 1965, eða fyrir 40 árum, þegar rannsóknastofnanir iðnaðar, landbúnaðar, byggingariðnaðar og fiskiðnaðar voru settar á stofn. Þar með hófst mikilvægt uppbyggingarskeið í rannsóknum með tilsvarandi framförum í nýsköpun atvinnulífsins, enda voru rannsóknir annarra litlar sem engar á þeim tíma. Þessar rannsóknastofnanirnar hafa síðan skilað drjúgu dagsverki og lagt mikið af mörkum til þróunar atvinnulífsins og efnahagslegra framfara á Íslandi.

Fram hjá því verður þó ekki litið að starfsemi stofnananna hefur verið miðuð við þrönga skilgreiningu atvinnuvega sem ekki hefur staðist tímans tönn og hefur það hamlað þróun greinanna. Nýjar atvinugreinar hafa ekki fylgt þessari afmörkun og í raun hefur krafturinn verið hvað mestur í greinum sem gengið hafa þvert á þessa skiptingu, eins og upplýsingatækniiðnaður og líftækniiðnaður eru dæmi um.

Fjórar meginástæður kalla einkum á sameiningu stofnananna:

1. Þörf er fyrir nýjar áherslur í rannsóknum og tækniþróun. Bráðnauðsynlegt er að skapa svigrúm fyrir rannsóknir á nýjum fræðasviðum sem munu hafa afgerandi áhrif á tækni- og atvinnuþróun næstu ára, eins og í efnis- og örtækni. Til að mæta þessu verður að vera unnt að hætta starfsemi sem lendir aftar í forgangsröðinni eða sem aðrir geta sinnt, t.d. einkaaðilar.
2. Mikilvægt er að tengja saman rannsóknir sem nú eru dreifðar en gætu skapað samlegðaráhrif í meiri nálægð eða með sameiningu. Sameining matvælarannsókna fjögurra opinberra rannsóknastofnana í eitt fyrirtæki er dæmi um slík samlegðaráhrif. Sameining Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins mundi einnig leiða til þverfaglegrar starfsemi og aukins árangurs fyrir framsæknar rannsóknir, auk almennrar hagræðingar.
3. Þátttöku okkar í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum er stefnt í hættu að óbreyttum aðstæðum, t.d. þátttöku í vísinda- og tækniþróunaráætlunum Evrópusambandsins, ef við eflum ekki rannsóknastofnanir okkar og gerum þær að áhugaverðari samstarfsaðila fyrir sambærilega erlenda rannsóknaraðila og fyrirtæki. Sameiningin mun skapa meira afl til sóknar og getu til að takast á við stærri og umfangsmeiri verkefni.

4. Kröfur íslensks atvinnulífs eru nú aðrar en áður var og þarf að taka tillit til þess í opinberri stefnumótun og verkefnavali.

**V. Framgangur nýsköpunarhugmynda, Impra.**

Nýjungar, t.d. afrakstur tæknirannsókna, þurfa að hafa greiða framrás til hagnýtingar í atvinnulífinu. Það gerist ekki af sjálfu sér. Impra er miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á Íslandi. Verkefni hennar er í hnotskurn að hlúa að nýsköpun í atvinnulífinu og vera tengiliður þeirra sem starfa að nýsköpun og atvinnuþróun innan stoðkerfisins.

Hjá Impru er megináhersla lögð á að styrkja atvinnulífið með því að auka þekkingu og hæfni. Þar hafa frumkvöðlar og stjórnendur sprotafyrirtækja aðgang að fjölbreyttri þjónustu og stuðningsverkefnum sem hvetja til nýsköpunar og framgangs nýrra viðskiptahugmynda. Árlega eru veitt um 4.000 handleiðsluviðtöl þar sem frumkvöðlar og stofnendur lítilla fyrirtækja fá leiðsögn um þróun viðskiptahugmynda og stofnun og rekstur fyrirtækja, auk þess sem um 4.500 fyrirspurnum er svarað.

Impra rekur frumkvöðlasetur, en hlutverk þess er að fóstra fyrirtæki sem vinna að þróun nýsköpunarhugmyndar í upphafi og hjálpa þeim að vaxa fyrstu rekstrarárin. Impra veitir margvíslega ráðgjöf, t.d. um vöruþróun, og býður upp á fjölbreytt úrval námskeiða sem mörg hver eru sniðin að þörfum svæða eða atvinnugreina. Verkefnið Brautargengi er eitt þeirra, en það er 15 vikna námskeið fyrir athafnakonur sem hyggjast stofna eða reka fyrirtæki.

Impra starfar í nánu sambandi við atvinnuþróunarfélög og atvinnuráðgjafa og myndar faglegt bakland fyrir starfsemi þeirra. Stefnt er að því að styrkja þessi tengsl enn frekar m.a. með áherslu á tækniyfirfærslu frá rannsóknastofnunum til fyrirtækja úti á landi. Þá eru náin tengsl við þróunarstarfsemi Byggðastofnunar, m.a. um þróun og innleiðingu klasasamstarfs í íslenskt atvinnulíf á landsbyggðinni. Starfsemi Impru er þannig nokkurs konar miðlægt tengi á milli starfssviða Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands þar sem hún á snertifleti við þau öll.

**VI. Svæða- og byggðarannsóknir, jöfnun lífsgæða.**

Byggðaáætlun er eitt tækja stjórnvalda til að jafna atvinnuskilyrði og bæta samkeppnishæfni byggða. Megináherslan er nú lögð á almennar aðgerðir, sérstaklega á sviði tækniþróunar og nýsköpunar, sem ætlað er að efla samkeppnisstöðu atvinnugreina sem grundvallast á styrkleikum viðkomandi svæða.

Rannsóknir á þróun búsetuskilyrða og atvinnulífs eru meðal þeirra grunnþátta sem til staðar þurfa að vera við stefnumótun og ákvörðunartöku. Upplýsingar um íbúaþróun, atvinnuþátttöku, tekjuþróun, afkomu atvinnugreina, nýsköpun og áhrif þessa á hagkerfi og samfélag þurfa því að vera tiltækar og samhæfðar við alþjóðlegar samanburðarrannsóknir, en enn vantar nokkuð á að svo sé.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er ætlað aukið hlutverk í byggðarannsóknum og að leggja mat á framtíðarþróun þeirra mála. Það tengist m.a. undirbúningi að gerð landshlutaáætlana, þar sem fram á að koma sameiginleg framtíðarsýn og stefnumótun um þróun atvinnulífs og samfélagsins í heild sinni. Þetta tengist einnig gerð vaxtarsamninga og eftirfylgni þeirra sem flutt verður frá ráðuneytinu til stofnunarinnar.

Nýjar áherslur felast í hnotskurn í því að geta horfið frá því að þurfa stöðugt að fást við vandamál sem urðu til í fortíðinni í það að beita fyrirbyggjandi aðgerðum til þess að minnka vandamálin í framtíðinni. Í þessu felst m.a. að meta hvernig framtíðin verður og hvað muni hverfa. Til þess að þetta sé unnt er brýnt að rannsóknastarfsemin fái sterkari tengsl við aðra starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Að því er stefnt að afurðir þessa þáttar í starfsemi stofnunarinnar geti orðið framlegð til annarrar áætlunargerðar og stefnumótunar sem tengist þróun byggða og landsvæða, þ.m.t. starfsemi Vísinda- og nýsköpunarráðs og mótun áætlana um uppbyggingu og rekstur innviða landsins.

**VII. Þekkingarsetur, afl til atvinnuþróunar.**

Orðið þekkingarsetur vísar til nábýlis og samstarfs háskólakennslu og rannsókna, rannsóknastofnana, þjónustu við nýsköpunarstarfsemi og frumkvöðla, atvinnuþróunarstarfsemi, starfsemi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja og ekki síst þekkingarfyrirtækja. Vísinda- og tækniráð hefur haldið þessu samstarfsformi á lofti og bent á kosti þess. Það kallar fram samlegðaráhrif með betri nýtingu á mannauði og fjárfestingum og stuðlar að meiri árangri en unnt væri að ná ef starfsemin væri aðskilin.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður að grunni til þekkingarsetur og stefnt er að því að hún tengist betur rannsóknastarfsemi háskóla og starfsemi þekkingarfyrirtækja. Starfsemi stofnunarinnar mun á sama hátt tengjast þekkingarsetrum úti á landi og mun hún stuðla að vexti og viðgangi þeirra. Gert er ráð fyrir að aðgerðir stjórnvalda er lúta að jöfnun lífsgæða verði í auknum mæli tengdar við vaxtarsamninga og starfsemi sem hafi tengsl við svæðaisbundin þekkingarsetur þar sem rannsóknir eru stundaðar og aðgerðum stýrt. Mótun aðgerða og ábyrgð á framkvæmd þeirra verði þannig fyrst og fremst í höndum heimamanna.

Einkum er horft til uppbyggingar þekkingarsetra á Ísafirði, Akureyri og á Egilsstöðum (Miðausturlandi), enda hefur styrking landshlutakjarna á þessum stöðum verið eitt af markmiðum byggðaáætlunar stjórnvalda. Háskólasetur Vestfjarða og Þekkingarnet Austurlands mynda nú þegar kjarna vaxtar í þekkingarsetrum á þessum stöðum. Háskólinn á Akureyri og sú starfsemi sem fer fram í Rannsókna- og nýsköpunarhúsinu og enn frekari vöxtur rannsókna og nýsköpunarstarfsemi í væntanlegum Tæknigarði er sú umgerð sem mun mynda kjarna starfseminnar á Norðurlandi.

**VIII. Samstarf og nábýli við háskóla.**

Staða háskólarannsókna hefur eflst mikið á undanförnum árum sem m.a. tengist auknum fjölda nemenda í framhaldsnámi, bæði í meistara- og doktorsnámi. Mikilvægt er að rannsóknastofnanirnar efli tengsl sín við fremstu rannsóknaháskóla hér á landi og erlendis. Á sama hátt er mikilvægt að háskólarnir auki samstarf sitt við atvinnulífið og þá sem vinna að framgangi nýsköpunar og atvinnuþróunar. Hér mun Nýsköpunarmiðstöð Íslands gegna lykilhlutverki en í því sambandi er grundvallaratriði að ytri aðstæður hamli ekki þeirri þróun.

Mikilvægt er að horfa til framtíðaruppbyggingar opinberra rannsókna í nábýli við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík í Vatnsmýrinni. Mikils ávinnings er að vænta af nánara samstarfi með háskólarannsóknum og samnýtingu vísindamanna og sérfræðinga og með sameiginlegum rekstri í tæknigarði eða -görðum. Auk rannsóknastarfseminnar yrði þar þungamiðja stuðnings við nýsköpun og atvinnuþróun á öllu landinu. Gangi þetta eftir skapast þar þekkingarsetur af alþjóðlegum styrkleika í sérstaklega frjósömu umhverfi sem gæfi væntingar um meiri árangur en annars gæti fengist.

**IX. Byggðasjóður.**

Gert er ráð fyrir því að Byggðasjóður verði stofnaður á grunni fjármálastarfsemi Byggðastofnunar. Sjóðurinn heyri undir iðnaðarráðherra og annist lánsábyrgðir vegna lána fyrirtækja á landsbyggðinni. Reksturinn verði í höndum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands samkvæmt sérstökum samningi þar um. Lánsábyrgðir sem tæki í atvinnuþróun er vel þekkt aðferð og eru

starfræktir lánsábyrgðarsjóðir í nær öllum Evrópulöndum, sem gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja fyrirtækjum aðgang að fjármagni. Opinberir aðilar í nágrannalöndunum veita slíka þjónustu og hefur hún þótt gefa góða raun.

Lánsábyrgðir fela í sér að veittar eru ábyrgðir vegna lána banka og annarra fjármálafyrirtækja. Það er lykilatriði að ábyrgðin er ávallt skipt, þannig að fjármálafyrirtækið ber eftir sem áður hluta áhættunnar. Þetta tryggir að fjármálafyrirtæki hafi hvata til að auka fyrirgreiðslu til viðskiptavina með hærri áhættu og lækka vexti af lánum, en jafnframt til að stunda ábyrga lánastarfsemi.

Lánsábyrgð er almennt veitt þannig að fyrirtæki leitar eftir þjónustu fjármálafyrirtækis, venjulega viðskiptabanka. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir því að Byggðasjóður geti einnig átt frumkvæði að slíkum viðskiptum. Meti fjármálafyrirtækið umsóknina þannig að viðskiptahugmynd eða áætluð fjárfesting sé vænleg en áhættan of mikil er hægt að sækja um ábyrgð á láninu. Gera þarf samstarfssamninga við einstök fjármálafyrirtæki þar sem leikreglur vegna lánsábyrgða eru skilgreindar. Meðal annars þarf að tryggja að fjármálafyrirtæki leggi jafna áherslu á innheimtu lána með lánsábyrgð og annarra lána.

Þótt meginhugmyndin að baki lánsábyrgðum sé einföld þarf að útfæra hana nánar og er gert ráð fyrir að slíkt verði gert í reglum stjórnar sjóðsins og í samningum við fjármálafyrirtæki. Reglur stjórnar sjóðsins skulu háðar samþykki fjármálaráðherra.

Gert er ráð fyrir að lán með ábyrgð verði að jafnaði nýtt til endurnýjunar, þróunar og nýsköpunar, endurskipulagningar, eigendaskipta, stofnunar nýs fyrirtækis og fjárfestinga. Þó er einnig lagt til að í undantekningartilvikum geti verið um að ræða lán sem tekin eru vegna sérstakra áfalla á tilteknum svæðum. Ábyrgðir eigi því almennt ekki við þegar um er að ræða fjármögnun hefðbundins rekstrarkostnaðar eða vanskil.

Nauðsynlegt er að Byggðasjóður leggi sjálfstætt mat á umsóknir og móti verklag og viðmiðanir um slíkt mat. Sérstaklega þarf að huga að ákvæðum sem tryggja ábyrga lánastarfsemi og að lán með ábyrgð verði ekki látið mæta afgangi við innheimtu krafna. Ábyrgðin nær aðeins til eftirstöðva láns og þarf lánveitandi að gefa Byggðasjóði ákveðnar upplýsingar um stöðu lánsins og lántaka þannig að hægt sé að endurskoða áhættumat og verja hagsmuni sjóðsins.

Heildarumfang lánsábyrgða ræðst af eiginfjárstöðu Byggðasjóðs og geta þær að hámarki numið fimmföldu eigin fé. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að eigið fé sjóðsins geti numið um 1 milljarði kr. í upphafi en það er það eigið fé sem til var í Byggðastofnun 31. desember 2005. Miðað við það eigið fé má gera ráð fyrir að útgefnar ábyrgðir geti numið allt að 5 milljörðum kr.

Við undirbúning frumvarpsins hefur verið haft samráð við banka og önnur fjármálafyrirtæki og hafa undirtektir við tillögur um lánsábyrgðir verið mjög jákvæðar. Er því útlit fyrir að fjármálafyrirtæki verði reiðubúin til samstarfs um þetta fyrirkomulag.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður til við sameiningu Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Fjármálastarfsemi Byggðastofnunar mun þó ekki flytjast til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands heldur mun sérstakur sjóður; Byggðasjóður, starfræktur í því skyni að veita ábyrgðir á lán á landsbyggðinni.

Starfssvið þessara þriggja stofnana er hliðstætt og skarast að nokkru leyti, enda er hlutverk þeirra allra að vinna að nýsköpun og atvinnuþróun í þágu bættrar samkeppnisstöðu landsins

og bættra lífskjara. Hvatinn að sameiningunni er fyrst og fremst þörf fyrir sterkari rannsókna- og starfseiningar og almennt vaxandi krafa um sveigjanleika og meiri árangur.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður kröftug nýsköpunar- og atvinnuþróunarstofnun, sem í grunninn byggist á tæknirannsóknum sem stundaðar hafa verið hjá Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Tækniþekkingin sem fylgir rannsóknastarfseminni myndar sterkt bakland fyrir aðra starfsemi stofnunarinnar. Hún nýtist m.a. í þjónustu við fyrirtæki, t.d. vegna tækniyfirfærslu eða innleiðingar nýjunga í framleiðsluferli, og sama gildir um mat á atvinnustarfsemi og nýjum tækifærum víðs vegar um land. Stuðningsþjónusta Impru og þróunarsviðs Byggðastofnunar verður samþætt og við það eflist stuðningurinn við atvinnuþróunarfélög og ráðgjafa. Rannsóknir á þróun atvinnulífs og búsetuskilyrða styrkjast og þar með stoðir áætlanagerðar og skipulagning aðgerða.

Um 2. gr.

Í greininni er meginhlutverki Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands lýst auk þess sem helstu verkefni stofnunarinnar eru rakin í a-d-lið 1. mgr. Hafa verður í huga við túlkun á hlutverki stofnunarinnar að henni er ekki ætlað að starfa á samkeppnismarkaði að því frátöldu að lagt er til að stofnuninni verði heimilt að stofna, eiga, reka og selja félög sem stofnuð eru utan um einstök verkefni sem starfrækt verða á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði. Sú heimild nær eingöngu til félaga með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

Í a-lið er tekið á því hlutverki Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands að hún verði miðstöð upplýsingar og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á Íslandi. Nú er þessu hlutverki sinnt á Iðntæknistofnun í þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki, sem ber heitið Impra, og er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á því. Hjá Impru hafa frumkvöðlar og stjórnendur sprota- og nýsköpunarfyrirtækja aðgang að fjölbreyttri þjónustu og stuðningsverkefnum sem hafa þann megintilgang að hvetja til nýsköpunar og framgangs nýrra viðskiptahugmynda. Áfram verður tryggt fjármagn til starfsemi atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni á grundvelli samninga líkt og nú er milli Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaga.

Í b-lið er fjallað um greiningu á stöðu og þróun atvinnu- og mannlífs, sem er þungamiðja þróunarsviðs Byggðastofnunar. Nýjar áherslur eru settar um starfsemi þessa eins og fram kemur t.d. í ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009. Stofnuninni er ætlað aukið hlutverk í byggðarannsóknum og að leggja mat á framtíðarþróun þeirra mála. Það tengist m.a. undirbúningi að gerð landshlutaáætlana, svo og gerð og eftirfylgni með vaxtarsamningum, sem flutt verður frá ráðuneytinu til stofnunarinnar. Samstarf við byggða- og svæðisbundnar rannsóknir háskóla, t.d. Byggðarannsóknarstofnun Íslands, er mikilvægt svo að sem mestur árangur náist.

Í c-lið er kveðið á um það hlutverk stofnunarinnar að sinna tæknirannsóknum, þróun, greiningum, prófunum, mælingum og vottunum. Hér er vísað til þeirrar rannsókna- og tæknitengdu starfsemi sem stunduð hefur verið hjá Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og verður nú sameinuð með nýjum og sveigjanlegri áherslum. Reiknað er með að áherslur verði aðallega tvenns konar. Annars vegar svokölluð kjarnastarfsemi á völdum sviðum sem hafa mikla þjóðhagslega þýðingu, sbr. rannsóknir og þróun byggingariðnaðar. Hins vegar verði áherslur sveigjanlegri og tengdar markaðsþörfum og kröfum fyrirtækja um þjónustu sem aðrir veita ekki. Slíkar áherslur verða reglulega endurskoðaðar í kjölfar stefnumótunar, en þar verður m.a. tekið mið af því að ekki verði um samkeppnisrekstur að ræða nema í formi sérstakra félaga með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

Í d-lið er vísað til þeirrar fjármálastarfsemi sem nánar er fjallað um í athugasemdum við II.–IV. kafla hér á eftir.

Í 2. mgr. segir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands skuli enn fremur annast önnur stjórnsýsluverkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Í 3. mgr. er lagt til að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði heimilt að gera samninga við fyrirtæki eða stofnanir um framkvæmd skilgreindra verkefna skv. a–d-lið 1. mgr.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Vísinda- og tækniráðs verði víkkuð út og taki einnig til atvinnuþróunar. Við það breytist nafn þess í Vísinda- og nýsköpunarráð og munu ályktanir þess verða leiðandi í mótun á starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Um 3. gr.

Lagt er til að iðnaðarráðherra skipi forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn og að verkefni hans verði stjórn stofnunarinnar og daglegur rekstur, auk þess sem hann ráði starfsfólk og skipti með því verkum. Er á því byggt að hlutverk hans verði í samræmi við það hlutverk sem forstöðumenn ríkisstofnana almennt hafa.

Þá er einnig lagt til að starfsemi stofnunarinnar skiptist í meginatriðum í tvö fagsvið þ.e. Íslenskar tæknirannsóknir og ráðgjafasvið sem hvoru um sig verði stýrt af sérstökum framkvæmdastjóra sem forstjóri ræður.

Um 4. gr.

Ráðgjafarsviðið tekur við verkefnum sem nú eru unnin hjá nýsköpunarmiðstöðinni Impru, sem rekin er hjá Iðntæknistofnun Íslands, og verkefnum þróunarsviðs Byggðastofnunar.

Á ráðgjafarsviðinu skal rekin þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Starfsemi Impru er fyrirmynd þessa og er gert ráð fyrir að það heiti haldi sér áfram hjá hinni nýju stofnun. Núverandi starfsemi Impru verður að mestu leyti óbreytt en mun þó taka þeim breytingum sem fylgja samþættingu starfseminnar við sambærilega starfsemi sem nú er á þróunarsviði Byggðastofnunar.

Ráðgjafarsviðiðið skal veita þjónustu um allt land og hafa samráð við atvinnuþróunarfélög í staðbundinni starfsemi. Þá ber því í störfum sínum að stuðla að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Ráðgjararsviðið mun veita upplýsingar og sinna leiðsögn fyrir allar atvinnugreinar, m.a. um undirbúning viðskiptahugmynda og um stofnun og rekstur lítilla sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Sviðið mun bjóða fjölbreytta þjónustu, m.a. með stuðningsverkefnum sem hvetja til hvers konar nýsköpunar. Verkefni þess endurspegla hið víðtæka starfssvið, svo sem að stuðla að samstarfi opinberra aðila um nýsköpun, standa fyrir stuðningsverkefnum, starfrækja frumkvöðlasetur, miðla þekkingu, stuðla að yfirfærslu vísinda- og rannsóknaniðurstaðna og hvetja til hagnýtingar hönnunar í þágu atvinnulífsins auk alþjóðlegs samstarfs. Þá mun sviðið efla söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra gagna um byggðaþróun sem m.a. getur lagt nýjan grunn að gerð landshlutaáætlana og þróunaráætlana fyrir landssvæði þar sem atvinnulíf stendur höllum fæti, t.d. vegna atvinnubrests. Með þessari víðtæku stuðningsþjónustu verður ráðgjafarsviðið sterkur bakhjarl atvinnuþróunarfélaga og atvinnuráðgjafa um allt land og mikilvægur samstarfsaðili fyrir atvinnulífið bæði varðandi innleiðingu nýjunga hjá starfandi fyrirtækjum og þróun viðskiptahugmynda sem leitt geta til nýs atvinnureksturs.

Stofnuninni er falið að annast greiningu á samkeppnisstöðu atvinnulífsins, m.a. í samanburði við önnur lönd. Mikilvægt er að til séu upplýsingar um stöðu atvinnulífs og einstakra

greina þess og að stjórnvöld, m.a. Vísinda- og nýsköpunarráð, hafi aðgang að slíkum upplýsingum og geti beitt þeim í stefnumótun og við gerð aðgerðaáætlana.

Um 5. gr.

Hjá Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hafa um fjörutíu ára skeið verið stundaðar umfangsmiklar rannsóknir og þróunarstarf. Þessi starfsemi hefur notið alþjóðlegrar viðurkenningar og er mikilvægt að sú jákvæða ímynd nýtist stofnuninni áfram. Því er lagt til að tæknirannsóknir Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verði reknar undir heitinu Íslenskar tæknirannsóknir. Sú nafngift hefur m.a. skírskotun til nafna sem stofnanirnar hafa kynnt sig með erlendis (IceTec, IBRI).

Eins og önnur starfsemi á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands mun starfsemi á sviði tæknirannsókna taka mið af ályktunum Vísinda- og nýsköpunarráðs, með áherslu á hagnýtar rannsóknir og vöruþróun í þágu íslensks atvinnulífs. Grunnrannsóknir munu einnig gegna mikilvægu hlutverki áfram, þó með nýjum áherslum á tiltekin kjarnasvið sem talin eru hafa sérstaka þjóðhagslega þýðingu. Um er að ræða verkefni sem aðrir hafa ekki getu til að sinna, en almannahagsmunir kalla eftir að sé sinnt, eins og gildir um ýmsar byggingarannsóknir.

Mikilvægt er að Íslenskar tæknirannsóknir fylgist vel með tækninýjungum sem unnt er að hagnýta í íslensku atvinnulífi eða laga að þörfum þess. Því er lögð áhersla á tækniyfirfærslu og þátttöku í alþjóðlegu verkefnasamstarfi.

Áhersla er á verkefni sem leitt geta til nýsköpunar og aukinnar verðmætasköpunar. Taka þarf mið af þörfum atvinnulífsins og þróunar markaða og þarf því að setja áherslur og velja verkefni í nánu samstarfi við það. Þá þarf að vera til staðar þekking og búnaður til að takast á við rannsóknir á nýjum fræðasviðum.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að við Íslenskar tæknirannsóknir verði starfandi átta manna ráðgjafarnefnd um fagleg málefni. Hlutverk hennar verði eingöngu að vera ráðherra, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og framkvæmdastjóra Íslenskra tæknirannsókna ráðgefandi um stefnumótun og val á verkefnum.

Um 7. gr.

Starfsemi sem ætlað er að stuðla að nýsköpun og framþróun í atvinnulífinu verður að hafa mikinn sveigjanleika til að bjóða þjónustu sína og koma á framfæri þekkingu sinni. Því er lagt til að stofnunin hafi svigrúm innan fjárheimilda fjárlaga til að taka þátt í nýjum félögum með takmarkaða ábyrgð. Ekki er gert ráð fyrir að stofnunin standi að verkefnum þar sem einungis er um að ræða fjárfestingu, heldur leggi fram þekkingu, vinnu, aðstöðu og fjármuni til félaga, sem vinna að sömu markmiðum og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Þátttaka í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum hefur verið mikilvægur þáttur í starfi þeirra stofnana sem sameinaðar verða í Nýsköpunarmiðstöð Íslands, meðal annars í tengslum við rannsókna- og þróunarverkefni þar sem sprotar hafa orðið til og ekki síður í tengslum við rekstur frumkvöðlaseturs og tæknigarða. Rannsókna- og þrónarverkefni eru í vaxandi mæli unnin í þróunarfélögum til þess að auðvelda eignarhald og stjórnun á verkefnunum og nauðsynlegt er talið að Nýsköpunarmiðstöðin hafi tækifæri til að eiga frumkvæði að slíkum rekstri auk þess að verða þátttakandi í fyrirtækjum með öðrum.

Í rekstri rannsókna- og þjónustustofnana vex upp þekking og aðstaða sem ástæða reynist á síðari stigum að reka á almennum markaðsforsendum. Stofnunin þarf því að eiga möguleika á að flytja slíka starfsemi inn í rekstur félaga þannig að starfsemin skekki ekki sam-

keppnisstöðu á markaði. Þau félög mega þó aldrei njóta fjárhagslegs stuðnings frá stofnuninni.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu felst þjónustugjaldaheimild vegna þeirrar þjónustu sem veitt er skv. a- og c-lið 2. gr. Vert er að taka fram að þjónustustarfsemin er að hluta til nánar útfærð í 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Um þjónustugjaldaheimild er að ræða, þannig að stofnuninni er ekki heimilt að taka hærra gjald fyrir þjónustu sína en nemur raunkostnaði við að veita hana. Þannig er einungis unnt að innheimta gjald fyrir kostnað sem er í nánum og efnislegum tengslum við að veita þjónustuna. Heimilt verður samkvæmt framansögðu að innheimta gjald fyrir launakostnaði, sem er í beinum og efnislegum tengslum við veitta þjónustu. Sama gildir um efniskostnað, ferðakostnað og annan útlagðan kostnað, ef við á. Þá verður heimilt að innheimta hlutdeild í venjulegum stjórnunarkostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna húsnæðis og afnota af nauðsynlegum tækjum og búnaði, enda sé slíkur kostnaður í nánum og efnislegum tengslum við veitingu þjónustunnar.

Umboðsmaður Alþingis hefur litið svo á að sá er greiðir þjónustugjald geti yfirleitt ekki vænst þess að sá kostnaður sem hlýst af því að veita honum þjónustu sé nákvæmlega reiknaður út og honum gert að greiða gjald sem því nemur. Verði gjaldendur oftast að sæta því að greiða þjónustugjald sem nemur þeirri fjárhæð sem almennt kostar að veita viðkomandi þjónustu.

Í ljósi framangreinds er nauðsynlegt að stofnunin reikni út með traustum og vönduðum hætti einstaka kostnaðarliði sem þjónustugjaldi er ætlað að standa undir áður en gjaldskrá er gefin út. Mat þarf að liggja fyrir á umfangi og eðli þeirrar þjónustu sem gjaldskráin á að ná til, auk afstöðu til þess hvaða kostnaðarliðir teljast falla undir ákvæðið.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er rakið hverjar verði tekjur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Gert er ráð fyrir að stofnunin fái framlög úr ríkissjóði í fjárlögum eins og nú gildir um Byggðastofnun, Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Þá er stofnuninni heimilt að innheimta gjald fyrir veitta þjónustu, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir að stofnunin fái framlög úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum, eins og verið hefur hjá Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Einnig er lagt til að tekjur af sölu hlutdeildar í félögum sem stofnunin á renni til starfseminnar.

Um 10. gr.

Í greininni er áréttuð heimild ráðherra til að ákveða staðsetningu starfsstöðva Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, kveður ráðherra á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir nema á annan veg sé mælt í lögum.

Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eru núna til húsa hvor í sínu húsinu á Keldnaholti í Reykjavík og Byggðastofnun á Sauðárkróki.

Um II. kafla.

Hér er lagt til að sérstakur sjóður er nefnist Byggðasjóður, og heyrir undir iðnaðarráðherra, muni hafa heimildir til að veita ábyrgðir á lán á landsbyggðinni. Um starfsemi hans er nánar fjallað í skýringum við einstök ákvæði II. kafla.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk Byggðasjóðs og tilgreint að það verði að efla samkeppnishæfni atvinnulífs og bregðast við sérstökum áföllum á þeim landsvæðum sem heimildir hans takmarkast við. Til að sinna þessu hlutverki sínu er sjóðnum heimilt að veita ábyrgðir á lán til starfsemi á landsbyggðinni með allt að 75% ábyrgðarþátttöku sjóðsins. Í þessu felst að sjóðnum er heimilt að eiga frumkvæði að því að samningar um lánsábyrðir komist á.

Lánsábyrgðir eru hagkvæm og einföld leið til að auðvelda fyrirtækjum á landsbyggðinni aðgang að lánsfjármagni. Meginkosturinn er að þær tryggja samþættingu opinberrar aðstoðar við starfsemi fjármálafyrirtækja og stuðla því að eðlilegri þróun fyrirtækis frá því að þurfa á opinberri aðstoð að halda og til þess að geta stundað eðlileg viðskipti við banka og aðrar fjármálastofnanir.

Hlutverk opinberrar aðstoðar við fyrirtæki á landsbyggðinni er ekki síst að stuðla að aukinni fjölbreytni atvinnulífs og sköpun starfa sem gefa mikinn virðisauka. Því er ábyrgðum ætlað að beinast að lánum sem stuðla að þessum markmiðum og er lagt til að þær verði aðallega veittar til lána vegna endurnýjunar, þróunar og nýsköpunar, eigendaskipta, stofnunar fyrirtækja og fjárfestinga. Ekki gert ráð fyrir að ábyrgðir verði veittar til að fjármagna hefðbundinn rekstrarkostnað eða vanskil, nema um umfangsmikla fjárhagslega endurskipulagningu og umbreytingar á starfsemi fyrirtækis sé að ræða. Hins vegar er sjóðnum heimilt í undantekningartilvikum að veita ábyrgðir á lán til almennrar uppbyggingar atvinnulífs á ákveðnum svæðum þar sem sérstök áföll valda verulegu atvinnuleysi.

Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands annist faglega umsýslu Byggðasjóðs samkvæmt sérstökum samningi þar um. Þetta þýðir að stofnunin veitir sjóðnum alla nauðsynlega þjónustu, tekur við umsóknum um lánsábyrgðir, leggur mat á þær, annast áhættumat, reikningshald og aðra umsýslu. Byggðasjóður skal vera fjárhagslega aðgreindur frá annarri starfsemi stofnunarinnar enda sérstakur sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra.

Lagt er til að heimildir Byggðasjóðs takmarkist við veitingu ábyrgða á lán til starfsemi á landsbyggðinni, nánar tiltekið til starfsemi í þeim landshlutum sem hið svokallaða byggðakort nær yfir. Á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, er aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins heimilað að veita ríkisaðstoð í formi byggðastyrkja til skilgreindra styrkjasvæða í samræmi við byggðakort sem viðkomandi eftirlitsstofnanir (ESA eða framkvæmdastjórn ESB) samþykkja fyrir hvert og eitt aðildarríkjanna. Eru byggðakort einstakra aðildarríkja, og þar með styrkheimildir, því mismunandi eftir efnahags-, félags- og landfræðilegum aðstæðum í hverju aðildarríki fyrir sig.

Ákvörðun um núgildandi byggðakort fyrir Ísland var tekin af eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í ágúst 2001 og gildir það til ársloka 2006. Íslenska byggðakortið er byggt á mannfjöldaviðmiði og á því svæði sem má styrkja bjuggu árið 2001 u.þ.b. 0,9 íbúar á hvern ferkílómetra, eða um 33,2% landsmanna. Við ákvörðun ESA árið 2001 var farið eftir mörkum sveitarfélaga við afmörkun svæðisins og samkvæmt núgildandi byggðakorti má veita byggðastyrki í öllum sveitarfélögum landsins nema Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Bessastaðahreppi (nú Álftanesi), Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Gerðahreppi (nú Garði) og Vatnsleysustrandarhreppi. Önnur sveitarfélög í landinu falla undir núgildandi byggðakort. Hámark styrks má nema allt að 17% af stofnkostnaði einstakra fjárfestinga en u.þ.b. 10% mega koma til viðbótar þegar um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki.

Framkvæmdastjórn ESB lauk í desember 2005 endurskoðun á leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð (Staff Working Document – Draft Guidelines on National Regional Aid for

2007–2013). Þær reglur munu koma í stað núgildandi 25.–28. kafla í leiðbeinandi reglum ESA um ríkisaðstoð (en þeir kaflar fjalla um byggðaaðstoð) og er gildistími þeirra frá 1. janúar 2007 til loka árs 2013. Á grundvelli þessara nýju reglna þurfa aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins að tilkynna ný byggðakort til viðkomandi eftirlitsstofnunar.

Hafin er vinna við undirbúning að gerð nýs byggðakorts. Sú vinna er á forræði fjármálaráðuneytisins og unnin í samstarfi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti ásamt Byggðastofnun.

Um 12. gr.

Lagt er til að rekstur Byggðasjóðs verði í höndum framkvæmdastjóri sem ráðherra skipar.

Þá er lagt til að stjórn Byggðasjóðs verði í höndum sérstakrar fimm manna stjórnar sem skipuð verður til þriggja ára í senn. Iðnaðarráðherra skipar þrjá stjórnarmenn og fjármálaráðherra tvo.

Stjórn sjóðsins setur starfsreglur sjóðsins en þær skulu háðar samþykki fjármálaráðherra. Í reglunum þarf að útfæra framkvæmd lánsábyrgða, m.a. með ákvæðum um upphæð lána sem ábyrgð getur tekið til, árlegt ábyrgðargjald og aðra gjaldtöku, mögulega nýtingu láns með ábyrgð og aðra skilmála ábyrgðar. Í reglunum þarf einnig að kveða á um afskriftasjóð og reikningshald.

Tekið er fram að stjórninni sé heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sjóðsins.

Í greininni er einnig að finna ákvæði um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum sjóðsins. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði undanþeginn gjaldtöku samkvæmt lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir. Þar sem viðskiptavinir Byggðasjóðs greiða sérstakt ábyrgðargjald til sjóðsins mundi sérstök gjaldtaka í ríkissjóð auka kostnað þeirra mjög og rýra gildi lánsábyrgða sem fjármögnunartækis.

Loks kemur fram að ákvarðanir um veitingu ábyrgða á lán verða endanlegar á stjórnsýslustigi og þar með ekki kæranlegar til ráðherra.

Um 13. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að Byggðasjóður njóti beinna framlaga úr ríkissjóði. Sjóðurinn fær tekjur af ábyrgðargjöldum og fjármagnstekjur af eigin fé. Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða II tekur Byggðasjóður við útlánasafni, hlutafjáreign, handbæru fé og fullnustueignum Byggðastofnunar. Þá yfirtekur Byggðasjóður innlend og erlend lán sem stofnunin hefur tekið og útgefin láns- og hlutafjárloforð. Hinn 31. desember 2005 nam eigið fé Byggðastofnunar um 1 milljarði kr. og mun umfang starfseminnar takmarkast af eigin fé, ávöxtun þess og þeim tekjum sem sjóðurinn mun hafa af ábyrgðargjöldum.

Um 14. gr.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, er stofnunin undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum í ríkissjóð. Í ákvæðinu er lagt til að Byggðasjóður verði undanþeginn stimpilgjöldum. Þá er lagt til að hann verði undanþeginn fjármagnstekjuskatti líkt og Byggðastofnun, sbr. 26. gr.

Um 15.–20. gr.

Tækniþróunarsjóður starfar á grundvelli 4.–8. gr. laga nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, en þau lög munu falla úr gildi verði frumvarpið að lögum.

Með frumvarpinu eru ekki lagðar til miklar breytingar á ákvæðum um Tækniþróunarsjóð og ekki eru lagðar til breytingar á hlutverki sjóðsins eða úthlutunarreglum. Sú breyting er þó lögð til að ekki verði lengur bundið í lög að Rannsóknamiðstöð Íslands annist umsýslu og rekstur Tækniþróunarsjóðs heldur skuli semja um það við óskilgreindan óvilhallan aðila. Skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, er varsla sjóðsins, umsýsla og rekstur hjá Rannsóknamiðstöð Íslands samkvæmt samningi við iðnaðarráðherra. Ekki er fyrirséð breyting á því fyrirkomulagi.

Þá er lögð til breyting á tilnefningum í stjórn Tækniþróunarsjóðs. Það nýmæli er lagt til að samtök atvinnulífsins tilnefni tvo menn í stjórn af þeim sjö sem í henni sitja. Talin er ástæða til að auka hlutdeild atvinnulífsins í stjórn sjóðsins og njóta reynslu þess í störfum hans. Á móti falli niður að formaður tækninefndar sitji í stjórn sjóðsins, auk þess sem ekki er gert ráð fyrir tilnefningu frá rannsóknastofnunum atvinnulífsins. Loks er kveðið á um að ákvarðanir um veitingu styrkja séu endanlegar á stjórnsýslustigi og þar með ekki kæranlegar til ráðherra.

Um 21.–23. gr.

Í IV. kafla er lagt til að starfræksla tryggingardeildar útflutnings verði færð frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Tryggingardeild útflutnings starfar á grundvelli II. kafla laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Lagt er til að heiti sjóðsins verði breytt og hann kallaður „Tryggingarsjóður útflutnings“ í stað „tryggingardeildar útflutnings“. Ekki er með flutningnum lagt til að gerðar verði breytingar á hlutverki og starfsemi sjóðsins að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins tilnefni einn mann af fimm í stjórnarnefnd sjóðsins heldur verði einn stjórnarmanna tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Sjóðurinn flytur eigið fé með sér og heldur skyldum sínum gagnvart viðsemjendum sínum.

Á 131. löggjafarþingi (2004–2005) lagði iðnaðar- og viðskiptaráðherra fram frumvarp þar sem lagðar voru til breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins þess efnis að Nýsköpunarsjóði væri ekki lengur skylt að starfrækja tryggingardeild útflutningslána. Breytingarnar voru lagðar til í ljósi þess að rekstur tryggingardeildarinnar hafði ekki gengið sem skyldi og afkoma deildarinnar hafði verið slæm. Þá höfðu miklar ábyrgðir fallið á tryggingardeild útflutningslána á undangengnum missirum sem ríkissjóður hafði þurft að greiða. Því var ekki talið réttlætanlegt að viðhalda rekstri tryggingardeildarinnar. Þetta frumvarp varð ekki að lögum.

Sá samningur sem nú er í gildi, um rekstur tryggingardeildar útflutnings, tók gildi 15. ágúst 2005 og rennur út 15. ágúst 2008. Aðilar að honum eru; iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Samtök iðnaðarins, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Útflutningsráð Íslands.

Um 24. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. ágúst 2007, og á sama tíma falli úr gildi sérstök lög um Byggðastofnun og Iðntæknistofnun Íslands. Auk þess falli úr gildi sérstakur kafli í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna þar sem mælt er fyrir um starfsemi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Loks falli úr gildi lög nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á öðrum lögum. Gert er ráð fyrir að Byggðasjóður verði með sama hætti og Byggðastofnun undanþeginn fjármagnstekjuskatti. Þá taki Nýsköpunarmiðstöð Íslands við hlutverki Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í öðrum lögum. Loks er lagt til að ákvæði 10. gr. laga nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar falli brott. Í því er Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gert skylt að halda námskeið um þætti er varða hagkvæma orkunýtingu í húshitun. Ekki er lagt til að sú skylda hvíli á Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðum til bráðabirgða er tekið á ýmsum atriðum er varða þá sameiningu stofnana sem mun eiga sér stað við gildistöku laganna og stofnun Byggðasjóðs, þ.m.t. um réttindi starfsmanna Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, og yfirtöku eigna, réttinda og skyldna. Þá er ráðherra veitt heimild til að ráða nú þegar forstjóra stofnunarinnar og fela honum að annast undirbúning gildistöku laganna. Loks er lagt til að skipuð verði nefnd sem hafi það hlutverk að meta hvort annað rekstrarform en beinn ríkisrekstur henti fyrir starfsemi stofnunarinnar í heild eða að hluta.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.**

Í frumvarpinu er lagt til að þrjár stofnanir verði sameinaðar í eina stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Stofnanirnar sem sameinaðar verða eru Byggðastofnun, Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verður að taka við hlutverki framangreindra stofnana og stuðla að nýsköpun og atvinnuþróun á Íslandi. Einnig er gert ráð fyrir að hin nýja stofnunin veiti Byggðasjóði og Tryggingadeild útflutnings rekstrarþjónustu samkvæmt samningi þar um. Gert er ráð fyrir að Byggðasjóður hætti útlánastarfsemi og að hann ásamt Tryggingadeild útflutnings og Tækniþróunarsjóði starfi sem sjálfstæðar einingar með eigin stjórn. Hjá Nýsköpunarmiðstöð munu starfa um 125 manns þar sem gert er ráð fyrir að öllum starfsmönnum verði boðin störf hjá stofnuninni. Samkvæmt fjárlögum 2006 verður kostnaður við rekstur sameinaðrar stofnunar um 1,1 milljarður kr. Gera má ráð fyrir einhverjum biðlaunum við breytinga en sá kostnaður er óviss. Á móti kemur að gera má ráð fyrir samlegðaráhrifum af sameiningu stofnanna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð umfram hugsanleg biðlaun.

# 294. Frumvarp til laga [281. mál]

um Náttúruminjasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Markmið og hlutverk.

1. gr.

Náttúruminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Safnið er höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Kostnaður af rekstri Náttúruminjasafnsins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

2. gr.

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Náttúruminjasafnið safnar, skráir og varðveitir sýningarmuni. Safnið aflar upplýsinga er veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan, rannsakar og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings.

Náttúruminjasafn Íslands veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða.

Náttúruminjasafnið skal leitast við að eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á vegum ríkisins og annarra aðila á sviði náttúrufræða.

3. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands er vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins og annast að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sbr. lög nr. 60/1992. Stofnanirnar skulu hafa með sér náið samstarf sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra.

Safnkostur Náttúruminjasafns Íslands ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar er undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess og annarra aðila.

## II. KAFLI
## Skipulag og yfirstjórn.

4. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn Náttúruminjasafns Íslands.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. Skal safnstjóri hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins. Safnstjóri situr í safnaráði samkvæmt stöðu sinni.

Safnstjóri er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins.

III. KAFLI
**Ýmis ákvæði.**

6. gr.

Safninu er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er safninu heimilt að taka gjald fyrir lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu og fjölföldun hvers konar til þess að standa straum af kostnaði. Gjaldskrá fyrir þessa þjónustu skal háð samþykki menntamálaráðherra.

7. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á safnalögum, nr. 106/2001: Í stað orðanna „og sýningar“ í 2. málsl. 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: sýningar og rannsóknir.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Gripir, sem við gildistöku laga þessara tilheyra Náttúrufræðistofnun Íslands og hafa fyrst og fremst sýningargildi en ekki vísindagildi, skulu eftir gildistöku laga þessara vera á forræði Náttúruminjasafns Íslands samkvæmt samkomulagi stofnananna, sbr. 3. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forsaga Náttúruminjasafns Íslands er að í júlí árið 1884 hvatti Björn Bjarnarson, síðar sýslumaður í Dalasýslu, til þess í riti sínu Heimdalli að stofnað yrði Náttúrusafn. Árið 1887 var stofnað íslenskt náttúrufræðifélag í Kaupmannahöfn, Hafnarfélagið, og voru aðalhvatamenn þess Björn og Stefán Stefánsson, síðar skólameistari á Akureyri, en félagið lognaðist út af þegar þeir félagar fóru heim til Íslands. Á vegum þessa félags var safnað nokkrum gripum er runnu til Hins íslenska náttúrufræðifélags sem stofnað var 16. júlí árið 1889. Tilgangur þess félags var „að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi, sem sé eign landsins og geymt í Reykjavík“ eins og sagt er í lögum félagsins. Fyrsti formaður var Benedikt Gröndal yngri, ritstjóri og rithöfundur, sem veitti safninu forstöðu út öldina en þá tók Helgi Pjeturs jarðfræðingur við (1900–1905) og síðar Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur (1905–1940). Í fyrstu átti Hið íslenska náttúrufræðifélag ekki völ á neinu húsnæði fyrir muni sína og var safnið þá vistað heima hjá Benedikt Gröndal á Vesturgötu í Reykjavík, en vorið 1890 var leigt herbergi handa safninu í einu af Thomsenshúsum við Hlíðarhúsastíg í Reykjavík (núna Vesturgata 38). Vorið 1892 var safnið flutt í tvö herbergi í húsi Kristjáns Ó. Þorgrímssonar bóksala, sem nú er Kirkjustræti 10 og í eigu Alþingis, en í þeim húsakynnum var safnið til sumarsins 1895. Á þessum fyrstu árum safnsins var það ekki formlega opið almenningi, en „samt getur hver sem vill fengið að sjá það, ef menn snúa sér til formannsins, en það er allt í óreglu“ (úr skýrslu Benedikts Gröndals fyrir árið 1890). Í ágúst 1895 var safnið flutt í húsið Glasgow við Vesturgötu, skömmu áður en Einar Benediktsson keypti það. Þar fékk safnið til umráða stóran sal og var opnað almenningi á hverjum sunnudegi eftir messu. Húsnæði Náttúrugripasafnsins í Glasgow þótti ekki nógu gott og fóru þá að heyrast kröfur um að safnið yrði viðurkennt sem opinber eign landsins, þjóðareign sem þyrfti fullnægjandi húsnæði. Glasgow brann til kaldra kola árið 1903, en áður hafði Náttúrugripasafnið verið flutt (1899) í Doktorshúsið þar sem Stýrimannaskólinn gamli var. Árið 1903 var enn flutt, að

þessu sinni í nýtt hús sem Geir Zoëga hafði látið byggja á Vesturgötu 10 í Reykjavík. Þar fékk safnið þokkalega aðstöðu og í skýrslu Hins íslenska náttúrufræðifélags fyrir árið 1905 segir m.a.: „Þótt safnið sé eigi stórt, þá er það farið að njóta töluverðrar alþýðuhylli, því aðsóknin er mikil að því þegar það er opið. Það verður því að líkindum smámsaman merkilegur þáttur í alþýðufræðslu vorri."

Þegar Safnahúsið við Hverfisgötu var teiknað árið 1906 var Náttúrugripasafninu markaður þar staður. Í félagsskýrslu ársins 1907 kemur fram að ánægja hefur ríkt yfir þessari ákvörðun stjórnvalda: „Það er sómi og ánægja fyrir oss ef vér getum komið upp góðu safni; söfn eru mikils verð menntatæki og að eiga góð söfn er vottur um menningu." Ánægjan var þó blandin efa: „Því miður lítur ekki út fyrir að safnið fái að nota þetta húsnæði lengur en 10 ár, því það er ætlað bókasafninu; en vonandi verður það þá einnig orðið of lítið en landið þess megandi að geta þá látið safninu það húsnæði í té sem geti orðið til frambúðar fyrir það og sérstaklega gert handa því." Árið 1908 var safnið flutt í hið nýreista safnahús. Þar fékk það til afnota 130 fm sýningarsal ásamt 50 fm geymslu. Árið 1926 þótti aðstaðan í Safnahúsinu vera orðin ófullnægjandi og þá hafði landsbókavörður einnig óskað eftir að fá húsnæði þess til umráða. Þá var ákveðið að byggja hús sem orðið gæti aðsetur safnsins til frambúðar og komst nokkur skriður á það mál.

Á næstu áratugum voru uppi ýmsar hugmyndir um staðsetningu og byggingu húsnæðis fyrir náttúrugripasafn en engar þeirra urðu að veruleika. Árið 1946 náðist samkomulag um að Háskóli Íslands léti byggja hús fyrir Náttúrugripasafnið fyrir ágóða af happdrætti sínu, en einkaleyfi skólans á happdrættinu var bundið því skilyrði. Ári síðar afhenti Hið íslenska náttúrufræðifélag ríkinu safnið til eignar ásamt byggingarsjóði félagsins gegn loforði um að byggja yfir safnið. Unnið var ötullega að undirbúningi byggingarinnar og voru allar teikningar tilbúnar árið 1950 ásamt líkani af húsinu og lóð undir það. Árið 1951 voru fyrstu lög um náttúrugripasafnið sett, nr. 17/1951. Til að hefja framkvæmdir við húsbygginguna þurfti á þessum tíma svokallað fjárfestingarleyfi frá Innflutningsskrifstofu ríkisins. Sótt var um fjárfestingarleyfi í nóvember 1948, desember 1952, febrúar 1954, janúar 1955, desember 1956 og í janúar 1958. Í umsóknum kemur fram að búið var að tryggja fé til að greiða allan byggingarkostnað og ljúka verkinu. En þrátt fyrir það og þá staðreynd að ríkisstjórn og háskólaráð höfðu samþykkt framkvæmdina, lóð tilbúin og allar teikningar, fékkst fjárfestingarleyfið ekki frá Innflutningsskrifstofu ríkisins og ekkert varð af framkvæmdum.

Náttúrugripasafnið var til húsa í safnahúsinu til ársins 1960 þegar því var lokað og öllum munum þess pakkað í kassa. Með lögum um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, nr. 48/1965, sem tóku við af lögunum frá 1951, um náttúrugripasafn, er kveðið á um að meðal aðalverkefna hinnar nýju stofnunar sé að koma upp sýningarsafni sem veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi. Kom að því árið 1967 að Náttúrugripasafn Íslands var opnað í 100 fm bráðabirgðahúsnæði við Hlemmtorg í Reykjavík. Þegar byggingarmálið var strandað 1958 var talið óumflýjanlegt að leysa húsnæðismálið með einhverjum hætti til bráðabirgða. Var þá afráðið að Háskóli Íslands keypti fyrir happdrættisfé heila hæð í þessu húsi við Hlemmtorg sem safnið og starfsmenn þess fengju til umráða. Starfsfólkið flutti þangað 1959, en sýningarsafnið var ekki sett þar upp fyrr en 1967 þegar aðstandendur þess voru orðnir úrkula vonar um fjárfestingarleyfi fyrir nýtt hús. Safnið hefur verið í þessu bráðabirgðahúsnæði allar götur síðan.

Snemma á 9. áratug síðustu aldar urðu allnokkrar umræður í þjóðfélaginu að frumkvæði Hins íslenska náttúrufræðifélags um framtíð safnsins og framtíðarhúsnæði þess. Umræðan leiddi til þess að árið 1985 fluttu 12 þingmenn úr öllum flokkum þingsályktunartillögu um málið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða, m.a. í samráði við hóp áhugamanna og Náttúrufræðistofnun Íslands, undirbúningi að byggingu yfir nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu.

Byggingarundirbúningur og fjárframlög til framkvæmda verði við það miðuð að unnt verði að opna safnið almenningi á árinu 1989 þegar 100 ár verða liðin frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags og náttúrugripasafns á þess vegum.“

Í kjölfar tillögunnar skipaði menntamálaráðherra nefnd til að vinna að málinu, en í meirihlutaáliti hennar, sem skilað var í árslok 1987, er lagt til að Náttúrufræðisafnið verði sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Menntamálaráðherra skipaði nýja nefnd árið 1989 til að semja drög að frumvarpi til nýrra laga um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, kanna möguleika að samkomulagi um byggingu náttúrufræðihúss á höfuðborgarsvæðinu og að athuga stöðu náttúrugripasafna í öðrum landshlutum. Þessi nefnd tók í öllum veigamiklum atriðum undir álit fyrri nefndar og skilaði tvíþættu áliti í mars árið 1990, annars vegar um náttúruhús í Reykjavík og hins vegar nýja lagasetningu um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Árið 1990 verða kaflaskil þegar umhverfisráðuneyti er sett á fót og Náttúrufræðistofnun Íslands er færð frá menntamálaráðuneyti til hins nýja ráðuneytis. Það kom því í hlut umhverfisráðherra að fylgja tillögum nefndarinnar eftir og í nóvember 1991 var lögð fram ítarleg skýrsla samstarfshóps um byggingu náttúruhúss í Reykjavík og 1. júní 1992 samþykkti Alþingi ný lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Nýju lögin tóku mið af því samkomulagi sem náðst hafði um stofnun og rekstur náttúrugripasafns á milli ríkisins, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Samkvæmt lagabreytingunni var það ekki lengur lagaleg skylda Náttúrufræðistofnunar Íslands að koma upp sýningarsafni og reka það, heldur fékk stofnunin heimild til að gerast aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu. Með þessu var verið að greiða fyrir stofnun náttúrugripasafns í sameiginlegri eign Náttúrufræðistofnunar, Háskólans og Reykjavíkurborgar í samræmi við staðfest samkomulag þessara aðila. Unnið var á vegum umhverfisráðuneytis að undirbúningi hins nýja safns 1990–1992 með það fyrir augum að starfsemi gæti hafist í nýju húsi árið 1995, húsi sem hýsti bæði sýningar- og vísindasöfn, með öðrum orðum bæði Náttúruminjasafnið og Náttúrufræðistofnun. Málið strandaði þegar fjárlaganefnd Alþingis samþykkti ekki tillögu ríkisstjórnarinnar um fjárframlag á fjárlögum til verkefnisins þegar hrinda átti því af stað. Reykjavíkurborg og Háskólinn töldu að með því hefði ríkið sagt sig frá gerðu samkomulagi um stofnun og rekstur safnsins og samstarfið lagðist af. Næstu ár var ítrekað reynt að leita leiða til að koma veglegu náttúruminjasafni á fót og voru nokkrar nefndir skipaðar af umhverfisráðherra og ríkisstjórn í þeim tilgangi, en án árangurs.

Náttúrugripasafnið heyrði til umhverfisráðuneytis frá stofnun þess 1990, en árið 2001 verða þáttaskil þegar Alþingi setur safnalög. Með safnalögum, nr. 106/2001, voru í fyrsta sinn sett rammalög um safnastarfsemi hér á landi. Samkvæmt lögunum taka þau til minja- og listasafna í þeim tilgangi að varðveita og kynna menningarsögu íslensku þjóðarinnar og náttúrusögu Íslands. Í 2. gr. laganna segir að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn safnamála og að til minjasafna teljist menningarminjasöfn og náttúruminjasöfn. Í lögunum er fjallað um höfuðsöfn sem eiga að hafa forustu í safnamálum hvert á sínu sviði. Þar er Náttúruminjasafn Íslands tilgreint sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Í bráðabirgðaákvæði laganna segir orðrétt: „Ákvæði 5. mgr. 5. gr. sem kveður á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns kemur ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands.“ Af framangreindu er ljóst að setja þarf sérlög um starfsemi Nátttúruminjasafns Íslands. Til að vinna að undirbúningi lagasetningarinnar skipaði menntamálaráðherra 21.

janúar 2002 þriggja manna nefnd sem hafði það verkefni að gera tillögu til ráðherra um lagafrumvarp um Náttúruminjasafn Íslands. Átti nefndin samkvæmt skipunarbréfi að skila tillögum sínum í apríl sama ár. Í nefndinni sátu Gunnar Jóhann Birgisson, hrl., formaður, Karitas H. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála í menntamálaráðuneyti, og Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, tilnefndur af umhverfisráðherra. Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, sérfræðingur í menntamálaráðuneyti á sviði menningararfsmála, starfaði einnig með nefndinni.

Það sem fyrst og fremst hefur tafið framlagningu frumvarps þessa er að vandasamt reyndist að leysa úr þeim vandamálum sem fylgja aðskilnaði og verkaskiptingu Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar sem starfar samkvæmt lögum nr. 60/1992. Í safnalögum er að finna nokkur ákvæði um Náttúruminjasafn Íslands, þ.e. að forstöðumaður situr í safnaráði, safnið er miðstöð safnastarfsemi á sínu verksviði og á að vera öðrum söfnum til ráðgjafar. Safnið á að stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu og kalla eftir safnastefnu safna sem starfa á sviði þess og semja stefnuyfirlýsingu. Ekki síst er hlutverk safnsins sem höfuðsafns á sviði náttúrufræða að annast söfnun, skrásetningu, varðveislu, kynningu og sýningar á náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði safnalaga hefur forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands setið í safnaráði. Mörg þau verkefni sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur á sinni könnu eiga einnig við um Náttúruminjasafn sem höfuðsafn. Þau verkefni Náttúrufræðistofnunar sem helst varða verkefni Náttúruminjasafns er skylda stofnunarinnar að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands, varðveita náttúrugripi, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum, byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru, skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru, sjá um gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda, styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Stofnunin getur enn fremur gerst aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu, hún aðstoðar við gerð sýninga og er heimilt að lána gripi úr söfnum sínum.

Einnig þurfti að skoða hlutverk náttúrustofa sem sveitarfélögum er heimilt að stofna og starfa á þeirra vegum, því þær sinna einnig mörgum verkefnum sem varða Náttúruminjasafn Íslands. Af þessu leiddi að við gerð frumvarps um Náttúruminjasafn Íslands varð að horfa til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að Náttúrufræðistofnun Íslands verði vísindalegur og faglegur bakhjarl safnsins og annist að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sbr. lög nr. 60/1992. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir að aðrar vísinda- og rannsóknastofnanir á vegum ríkisins á sviði náttúrufræða verði nánir samstarfsaðilar Náttúruminjasafns þar sem safnið hefur víðtækar skyldur gagnvart öðrum þáttum náttúrusögunnar, t.d. á sviði veðurfræði, haffræði og jarðskjálftafræði svo eitthvað sé nefnt. Með frumvarpi þessu er lagt til að starfsemi Náttúruminjasafns Íslands verði skipað með sambærilegum hætti og starfsemi annarra höfuðsafna og í því felst m.a. að Náttúruminjasafn Íslands verði að sjálfstæðri stofnun í stað þess að vera deild hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, allt í samræmi við ákvæði safnalaga, nr. 106/2001. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nánu samstarfi Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Æskilegt væri því að kanna möguleika þess að stofnanirnar tvær sameinist um húsnæði og aðstöðu fyrir þessa starfsemi.

Frumvarp þetta er nær samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi (688. mál 132. löggjafarþings). Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérlög um Náttúruminjasafn Íslands sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða í samræmi við ákvæði safnalaga, nr. 106/2001. Í frumvarpinu er hlutverk Náttúruminjasafns Íslands skilgreint og gerð grein fyrir skipulagi

þess og yfirstjórn. Auk almenns hlutverks safnsins sem höfuðsafns er gert ráð fyrir að safnið hafi jafnframt rannsóknarhlutverk eins og önnur höfuðsöfn samkvæmt safnalögum þó svo að Náttúrufræðistofnun Íslands verði vísindalegur og faglegur bakhjarl safnsins og annist að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sbr. lög nr. 60/1992. Frumvarpið kveður á um að þessar stofnanir skuli hafa náið samstarf sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Samkvæmt núgildandi safnalögum hefur Náttúruminjasafn Íslands eitt höfuðsafna ekki rannsóknarskyldu, en þar sem öðrum höfuðsöfnum samkvæmt lögunum er ætlað slíkt hlutverk er í frumvarpinu jafnframt lögð til breyting á safnalögum til að samræmis sé gætt milli höfuðsafnanna að þessu leyti.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að Náttúruminjasafn Íslands sé eign íslenska ríkisins og að það sé höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Er þetta í samræmi við ákvæði 1. mgr., sbr. 5. mgr. 5. gr. safnalaga sem fjallar um höfuðsöfn, en þar segir í 1. mgr. að höfuðsöfn séu í eigu íslenska ríkisins og séu miðstöð safnastarfsemi hvert á sínu verksviði. Þar segir jafnframt að höfuðsöfn skuli stofna með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra. Þá segir í ákvæðinu að kostnaður við reksturinn greiðist úr ríkissjóði.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Náttúruminjasafns Íslands og starfsemi þess. Þannig er í 1. mgr. gert ráð fyrir að hlutverk Náttúruminjasafns sé að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi. Saga þjóðarinnar er samofin náttúruöflunum og landsmenn hafa gegnum aldirnar sótt viðurværi sitt til náttúrunnar í lofti, á láði og legi. Hlutverk safnsins er ekki síður að lýsa náttúrusögu landsins óháð veru mannsins í landinu og því nauðsynlegt að starfsemin hafi sem víðtækasta skírskotun hvað varðar náttúrusögu. Þá er í málsgreininni undirstrikuð nauðsyn þess að líta á starfsemi safnsins í alþjóðlegu samhengi, m.a. í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á hendur.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Náttúruminjasafnið safni, skrái og varðveiti sýningarmuni. Þá afli safnið upplýsinga er veiti yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan, rannsaki og annist kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Gert er ráð fyrir að safnið vinni með tengsl náttúru og menningarsögu, m.a. þar sem íslensk tunga og menning eru mjög mótuð af náttúrunni. Þá er lögð áhersla á fræðsluhlutverk safnsins hvað varðar miðlun fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings.

Í 4. gr. safnalaga er hugtakið safn skilgreint sem stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk af safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar. Skilgreiningin er m.a. byggð á skilgreiningu sem fram kemur í siðareglum ICOM, Alþjóðaráðs safna. Í safnalögum er ekki samræmi milli safna og höfuðsafna hvað verkefni og verksvið snertir. Þannig hefur Náttúruminjasafn eitt höfuðsafna ekki rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 5. gr. safnalaga. Ljóst þykir að höfuðsafn verður að uppfylla grundvallarskilyrði safna samkvæmt safnalögum og því er nú lagt til að Náttúruminjasafn hafi rannsóknarhlutverk. Eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins mun Náttúrufræðistofnun Íslands annast að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sbr. lög

nr. 60/1992, en lagt er til að stofnanirnar skuli hafa með sér náið samstarf sem grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra.

Í 3. mgr. er lagt til að Náttúruminjasafn Íslands veiti öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðli að samvinnu þeirra hér á landi og vinni að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða. Safninu ber því nú að sinna öllum þeim meginskyldum sem höfuðsöfnum ber samkvæmt safnalögum.

Að lokum er kveðið á um í 4. mgr. að Náttúruminjasafnið skuli leitast við að eiga samstarf við aðrar vísinda- og rannsóknastofnanir á vegum ríkisins og annarra aðila á sviði náttúrufræða. Til að Náttúruminjasafnið geti sinnt hlutverki sínu svo vel sé er nauðsynlegt að það hafi gott samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða, en með því er m.a. átt við Háskóla Íslands og aðra háskóla, Hafrannsóknastofnunina, Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnun og Íslenskar orkurannsóknir. Einkum er hér miðað við að samstarfið grundvallist á samningum, sbr. 3. mgr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um tengsl Náttúruminjasafns Íslands við Náttúrufræðistofnun Íslands. Þannig segir í 1. mgr. að Náttúrufræðistofnun Íslands verði vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins og annist að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992. Hnykkt er á nánum tengslum Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins og mikilvægi þess að stofnanirnar eigi náið samstarf sín á milli sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi á milli þeirra. Lagt er til í frumvarpinu að Náttúruminjasafnið hafi líkt og önnur höfuðsöfn rannsóknarskyldu, en gert er ráð fyrir að henni verði sinnt að verulegu leyti af Náttúrufræðistofnun Íslands sem vísindalegum og faglegum bakhjarli safnsins, svo sem fyrr greinir. Þannig er t.d. ekki gert ráð fyrir að Náttúruminjasafnið sinni almennt grunnrannsóknum á sviði náttúruvísinda heldur eru slíkar rannsóknir á verksviði Náttúrufræðistofnunar. Því munu rannsóknir safnsins snúa fyrst og fremst að náttúruminjum hvers konar og varðveislu þeirra sem safnið nýtur síðan aðstoðar Náttúrufræðistofnunar við eftir því sem um semst.

Í 2. mgr. segir að safnkostur Náttúruminjasafns Íslands ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar verði undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess og annarra aðila. Með safnkosti er hér átt við muni og minjar sem varðveitt eru á safninu. Gert er ráð fyrir að safnið geti nýtt gripi úr vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar í tengslum við sýningarhald ásamt með aðstoð og þekkingu sérfræðinga stofnunarinnar. Til að tryggja nána samvinnu milli Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er mikilvægt að stefna að samnýtingu á geymslu gripa, forvörslu og rannsóknaraðstöðu.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn Náttúruminjasafns Íslands og þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands sem hafi starfsheitið safnstjóri og verði hann skipaður til fimm ára í senn í samræmi við ákvæði 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Lagt er til að forstöðumaður hafi háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins. Um sambærileg starfsgengisskilyrði forstöðumanns er að ræða og í lögum um Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands. Reyndar er í þjóðminjalögum auk þess kveðið á um stjórnunarreynslu

en í þeim síðari reynslu af rekstri listasafna. Ekki er talið nauðsynlegt að lögbinda slík skilyrði hér, enda verður að telja að litið sé m.a. til slíkra þátta sem og annarra sem teljast skipta máli við mat á hæfi umsækjenda um starf forstöðumanns. Þá skal safnstjórinn sitja í safnaráði samkvæmt stöðu sinni og er það í samræmi við ákvæði 2. mgr. 2. gr. safnalaga. Safnstjóri er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins. Er þetta í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laga um fjárreiður ríkisins.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild safnsins til að taka aðgangseyri. Þá er safninu heimilt að taka gjald fyrir ákveðna þætti þjónustunnar, þ.e. fyrir lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu og fjölföldun hvers konar til þess að standa straum af kostnaði. Lagt er til að gjaldskrá vegna þessarar þjónustu skuli háð samþykki menntamálaráðherra.

Um 7. gr.

Í greininni er almenn heimild til handa menntamálaráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Um 8. gr.

Lagt er til að verði frumvarp þetta, sem byggist á safnalögum, nr. 106/2001, að lögum öðlist þau þegar gildi.

Þá er lögð til breyting á safnalögum samfara því að lagt er til að Náttúruminjasafn hafi nú rannsóknarhlutverk, sbr. athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða kemur fram að gripir sem við gildistöku laganna, verði frumvarp þetta að lögum, tilheyra Náttúrufræðistofnun Íslands og hafa fyrst og fremst sýningargildi en ekki vísindagildi skuli renna til Náttúruminjasafns Íslands. Fjölmargir gripir í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands koma frá Náttúrugripasafni því sem Hið íslenska náttúrufræðifélag stofnaði til árið 1889 og eru fyrst og fremst sýningargripir en ekki vísinda- og rannsóknargripir. Ekki er óeðlilegt að gert sé ráð fyrir að flestir þeirra renni til hins nýja Náttúruminjasafns. Lagt er til að stofnanirnar sjálfar komist að samkomulagi um skiptingu gripanna sín á milli á grundvelli samnings, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands.

Tilgangur frumvarpsins er að stofna nýja ríkisstofnun, Náttúruminjasafn Íslands, sem verður höfuðsafn samkvæmt safnalögum, nr. 106/2001. Verkefni stofnunarinnar verða samkvæmt frumvarpinu að safna, skrá og varðveita sýningarmuni, afla upplýsinga er veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan, rannsaka og annast kynn-

ingu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi, miðla fræðslu um íslenska náttúru, veita öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðla að samvinnu þeirra og vinna að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða.

Hlutverk og verkefni Náttúruminjasafns Íslands verða samkvæmt þessu hliðstæð og hjá Listasafni Íslands og Þjóðminjasafni Íslands samkvæmt safnalögum, nr. 106/2001. Í þeim lögum er Náttúruminjasafninu ekki ætlað rannsóknarhlutverk og eru boðaðar breytingar á því í athugasemdum með frumvarpinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands er ætlað að vera vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafns Íslands og annast að verulegu leyti rannsóknarskyldur þess. Skulu stofnanirnar hafa náið samstarf á grundvelli sérstaks samkomulags milli þeirra. Náttúrminjasafninu er jafnframt ætlað að eiga samstarf við aðrar vísinda- og rannsóknastofnanir og aðra aðila á sviði náttúrufræða. Í athugasemdum kemur fram að gert er ráð fyrir að samstarf við þessa aðila grundvallist á formlegum samningum sem uppfylla skilyrði 30. gr. fjárreiðulaga, það er að segja að safnið geri samninga um kaup á þjónustu af þessum aðilum. Samkvæmt þessu má draga þá ályktun að ekki sé gert ráð fyrir að safnið komi upp rannsóknaraðstöðu og ráði fólk í rannsóknarvinnu heldur kaupi það rannsóknarþjónustu að.

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpi því sem varð að safnalögum kemur fram það mat að stofnun Náttúruminjasafns muni hafa í för með sér töluverð útgjöld. Útgjöldin voru þó ekki áætluð í umsögninni þar sem það þótti ekki tímabært.

Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins liggja engar áætlanir fyrir um uppbyggingu og rekstur Náttúruminjasafnsins. Frumvarpið veitir takmarkaðar upplýsingar sem hægt er að byggja kostnaðarmat á. Þó kemur fram að ráðinn verður forstöðumaður, að gripir sem tilheyra Náttúrufræðistofnun Íslands og hafa fyrst og fremst sýningargildi verði á forræði safnsins og að æskilegt sé að kanna möguleika á að stofnanirnar tvær sameinist um húsnæði og aðstöðu geri með sér samkomulag um ýmis atriði svo sem varðandi sýningu á gripum í vísindasafni Náttúrufræðistofnunar, aðstoð og sérþekkingu starfsmanna Náttúrufræðistofnunar, geymslu gripa, forvörslu og rannsóknaraðstöðu. Að lokum er ekki gert ráð fyrir að Náttúruminjasafn stundi sjálfstæðar rannsóknir nema að litlu leyti heldur geri um þær samninga við ýmsa aðila á sviði náttúrufræða.

Vegna þess að engar áætlanir liggja fyrir um hið nýja safn gefur fjármálaráðuneytið sér einfaldar forsendur við gerð þessa kostnaðarmats til að gefa grófar hugmyndir um hugsanlegan kostnað. Áætla má að ráðning forstöðumanns valdi 7–8 m.kr. launakostnaði á ári. Útgjöld vegna kaupa á lágmarksskrifstofubúnaði fyrir safnið gætu verið 1–3 m.kr. og lágmarkshúsnæðis- og rekstrarkostnaður sem tengist stofnun safnsins gæti verið á bilinu 1–3 m.kr. Verði fleira fólk ráðið má vænta þess að útgjöld aukist um 3–10 m.kr. fyrir hvert starf sem bætist við og er þá einnig gert ráð fyrir almennum rekstrarkostnaði. Ekkert liggur fyrir um fjölda og samsetningu starfsliðs og því ekki forsendur til að áætla kostnað en reikna má með að safnið verði ekki rekið með færri en 4–6 starfsmönnum að lágmarki og gæti árlegur rekstrarkostnaður þá numið 30–50 m.kr. Náttúrufræðistofnun hefur rekið náttúrugripasafn það sem færist til Náttúruminjasafns í tveimur herbergjum og innheimt aðgangseyri til að standa undir rekstrarkostnaði. Geymsluaðstöðu mun vera ábótavant. Náttúrufræðistofnun gæti, samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar, ef til vill hýst forstöðumann Náttúrufræðisafns í stuttan tíma meðan hann vinnur að áætlunum um stefnu, húsnæði og uppbyggingu þess. Fjármálaráðuneytið hefur litlar forsendur til að meta kostnað við þessa áætlanagerð sem gæti hlaupið á milljónum króna. Engar forsendur eru til að meta rekstrarkostnað safnsins eftir að það er hefur fengið framtíðarhúsnæði en hugsanlega gefa fjárveitingar til hinna höfuðsafnanna vísbendingu. Þjóðminjasafn Íslands fær 304 m.kr. fjárveitingu til rekstrar í fjárlögum 2006 og

Listasafn Íslands 124 m.kr. en báðar þessar stofnanir greiða húsaleigu til Fasteigna ríkissjóðs sem stendur undir hluta af kostnaði við húsnæði stofnananna en það er í eigu ríkisins. Bygging nýs húsnæðis, uppsetning grunnsýningar, flutningur og öflun fleiri sýningargripa gæti kostað tugi eða hundruð milljóna króna.

Verkefnin sem lagt er til að Náttúruminjasafni verði falin eru, að því sem næst verður komist, ekki með fjárveitingu í fjárlögum. Verði frumvarpið að lögum gerir fjármálaráðuneyti ráð fyrir að menntamálaráðuneytið greiði útgjöld sem af því leiða á árinu 2006 af óskiptum liðum ráðuneytisins. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur safnsins og uppbyggingu verði í samræmi við það sem ákveðið er í fjárlögum á næstu árum. Fjármálaráðuneytið gerir í því sambandi ráð fyrir að menntamálaráðuneytið láti útbúa vandaða áætlun um uppbyggingu og rekstur safnsins og geri ráð fyrir kostnaði við starfsemi þess við gerð fjárlaga, líkt og gildir um aðrar stofnanir, innan þess hluta langtímaáætlunar í ríkisfjármálum sem lýtur að menntamálaráðuneytinu.

## 295. Skýrsla [282. mál]

menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 2001–2002, 2002–2003 og 2003–2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

### Inngangur.

Í 9. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, er kveðið á um að menntamálaráðherra skuli gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í grunnskólum á þriggja ára fresti. Fyrsta skýrslan um skólahald í grunnskólum var lögð fram á Alþingi vorið 1999 og fjallaði um skólaárin 1995–1996, 1996–1997 og 1997–1998. Önnur skýrsla kom út í mars 2003 og var í henni fjallað um skólaárin 1998–1999, 1999–2000 og 2000–2001. Sú skýrsla sem nú er lögð fram samkvæmt fyrrnefndri 9. gr. grunnskólalaga nær til skólaáranna 2001–2002, 2002–2003 og 2003–2004. Í skýrslunni er að finna ýmsar upplýsingar um skólahald, m.a. um skóla, nemendur og starfsfólk, námsgögn, úttektir á ýmsum þáttum skólastarfs, árangur á samræmdum prófum og útgjöld til grunnskóla. Upplýsingarnar sem skýrslan er byggð á eru aðallega fengnar frá Hagstofu Íslands, Námsmatsstofnun, Námsgagnastofnun og menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt vann úr upplýsingunum til birtingar í skýrslunni.

Ríkið ber kostnað af og ábyrgist nokkra þætti er lúta að grunnskólum, svo sem samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk, kennaramenntun og námsgögn. Námsmatsstofnun hefur með samningi við menntamálaráðuneytið verið falin öll framkvæmd samræmdra prófa. Auk þess ber stofnunin ábyrgð á framkvæmd umfangsmikilla alþjóðlegra rannsókna í skólakerfinu. Ein slík rannsókn er PISA-könnunin sem fjallað er um í skýrslunni. Námsgagnastofnun sér um útgáfu og dreifingu námsgagna til grunnskóla í skyldunámsgreinum, nemendum og foreldrum þeirra að kostnaðarlausu. Einnig leggur ríkið fram fjármagn til rannsókna og í þróunarsjóð grunnskóla og endurmenntunarsjóð grunnskóla en nánar er fjallað um sjóðina í skýrslunni.

### I. Skólar.

Fjöldi grunnskóla í landinu hefur verið svipaður undanfarin ár. Helst ber á breytingum í þá veru að skólum fjölgi á höfuðborgarsvæðinu og að mjög fámennir skólar á landsbyggðinni

séu sameinaðir eða þeir lagðir niður. Fjölmennasti skóli landsins skólaárið 2003–2004 var Vallaskóli í Árborg með 914 nemendur. Vallaskóli varð til 1. ágúst 2002 við sameiningu tveggja skóla, Sólvallaskóla og Sandvíkurskóla. Fámennasti grunnskólinn var sem fyrr Grunnskólinn í Mjóafirði með þrjá til fimm nemendur á tímabilinu. Fámennum skólum, þ.e. skólum með færri en 100 nemendur, hefur fækkað um fimm eins og sjá má í töflu 1.1 og er það í samræmi við þróun fyrri ára.

**Tafla 1.1 Fjöldi grunnskóla 2001–2004.**

| | Skólaár | | |
|---|---|---|---|
| | 2001–02 | 2002–03 | 2003–04 |
| Grunnskólar alls | 193 | 192 | 187 |
| Almennir grunnskólar reknir af opinberum aðilum | 179 | 178 | 174 |
| — Sérskólar | 8 | 8 | 5 |
| — Einkaskólar | 6 | 6 | 8 |
| Fámennir skólar* | 77 | 78 | 72 |
| Einsetnir skólar** | 178 | 191 | 186 |

* *Skólar með 100 nemendur eða færri, þ.m.t. sérskólar.*

** *Allar bekkjardeildir skólans geta byrjað skóladaginn á sama tíma.*

Heimildir: Menntamálaráðuneyti og Hagstofa Íslands.

Einkaskólum hefur fjölgað um tvo á tímabilinu. Barnaskóli Hjallastefnunnar tók til starfa haustið 2003 og skólinn á meðferðarheimilinu að Torfastöðum var talinn til einkaskóla þetta ár samkvæmt viðmiðum Hagstofunnar. Aðrir einkaskólar árið 2003 voru: Ísaksskóli, Landakotsskóli, Suðurhlíðarskóli, Tjarnarskóli, Waldorfskólinn í Lækjarbotnum og Waldorfskólinn Sólstafir, sem allir eru á höfuðborgarsvæðinu.

Sérskólum hefur á síðastliðnum þremur árum fækkað úr átta í fimm. Eftirfarandi sérskólar voru starfandi árið 2003: Brúarskóli, Dalbrautarskóli, Hlíðarskóli, Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli. Bröttuhlíðarskóli á Akureyri hefur verið lagður niður og sinnir Hlíðarskóli á Akureyri sambærilegum verkefnum. Einholtsskóli var lagður niður en Brúarskóli sinnir nú nemendum með geð- og hegðunarraskanir. Einnig var Vesturhlíðarskóli lagður niður þegar stofnað var táknmálssvið við Hlíðaskóla í Reykjavík.

Haustið 1998 voru 92% skóla einsetnir, haustið 2003 hafði einsetnum skólum fjölgað og voru þá 99% grunnskóla einsetnir. Aðeins einn skóli stóð út af en hann telst vera einsetinn að hluta.

Aðeins í einum grunnskóla á landinu var starfrækt heimavist á tímabilinu. Heimavistin var fyrir nemendur í 8.–10. bekk og þar bjuggu fimm til sjö nemendur.

Þrír skólar fengu undanþágu menntamálaráðuneytisins frá níu mánaða starfstíma skólaárin 2001–2002 og 2002–2003 en tveir skólar 2003–2004.

## II. Nemendur.

Skólaárið 2001–2002 voru nemendur í grunnskólum landsins 44.103. Í lok tímabilsins voru nemendur í grunnskólum alls 44.809. Á þessum þremur skólaárum hefur nemendum því fjölgað um 706, eða um 1,5%, eins og sjá má í töflu 2.1.

**Tafla 2.1. Fjöldi nemenda í grunnskólum eftir árgöngum 2001–2004.**

| | Alls | Dr. | St. | 1. b. | 2. b. | 3. b. | 4. b. | 5. b. | 6. b. | 7. b. | 8. b. | 9. b. | 10. b. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2001–02** | 44.103 | 22.782 | 21.321 | 4.305 | 4.428 | 4.538 | 4.557 | 4.443 | 4.753 | 4.444 | 4.601 | 4.156 | 3.878 |
| **2002–03** | 44.695 | 23.093 | 21.602 | 4.341 | 4.296 | 4.424 | 4.592 | 4.598 | 4.451 | 4.768 | 4.461 | 4.609 | 4.155 |
| **2003–04** | 44.809 | 23.093 | 21.716 | 4.178 | 4.376 | 4.315 | 4.484 | 4.585 | 4.609 | 4.437 | 4.773 | 4.443 | 4.609 |

*Nemendur sem ekki er raðað í bekki af skólum eru flokkaðir í bekki eftir aldri.*
*2001: Að auki 102 nemendur í 5 ára bekk.*
*2002: Að auki 114 nemendur í 5 ára bekk.*
*2003: Að auki 118 nemendur í 5 ára bekk.*
Heimild: Hagstofa Íslands.

Til samanburðar má geta þess að á fyrra þriggja ára tímabili, þ.e. 1998–2001, fjölgaði nemendum um 1.223, eða um 3%. Á tímabilinu 1995–1998 fækkaði nemendum um 164, eða um tæplega 0,5%.

Í töflu 2.2 má sjá fjölda nemenda í sérskólum og einkaskólum. Nemendum í sérskólum fækkar lítillega og nemendum í einkaskólum sömuleiðis.

**Tafla 2.2 Fjöldi nemenda í sérskólum og einkaskólum 2001–2004.**

| | Skólaár | | |
|---|---|---|---|
| | **2001–02** | **2002–03** | **2003–04** |
| Í sérskólum | 204 | 192 | 173 |
| Í einkaskólum | 529 | 453 | 452 |

Heimild: Hagstofa Íslands.

## 2.1 Nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Í 36. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, er kveðið á um rétt nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku til sérstakrar íslenskukennslu. Í reglugerð nr. 391/1996, um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, er nánar kveðið á um íslenskukennslu fyrir þessa nemendur og einnig er sérstök umfjöllun um íslensku sem annað tungumál í aðalnámskrá grunnskóla frá 1999.

Alls eru tilgreind 37 tungumál sem móðurmál nemenda í grunnskólum landsins. Við talningu nemenda með erlent móðurmál er miðað við að forráðamenn nemandans, annar eða báðir, hafi annað tungumál að móðurmáli en íslensku og noti það mál að staðaldri í daglegum samskiptum sínum við barnið. Eins og sjá má í töflu 2.3 fjölgaði nemendum með erlent móðurmál um 148, eða um 11%, frá skólaárinu 2001–2002 til skólaársins 2003–2004. Einnig má sjá í töflu 2.3 hlutfallslega skiptingu nemenda með erlent móðurmál á höfuðborgarsvæðinu og utan þess haustið 2003.

**Tafla 2.3 Nemendur með erlent móðurmál 2001–2003.**

| | | | | Höfuðborgarsvæðið | Utan höfuðborgarsvæðis |
|---|---|---|---|---|---|
| | **2001** | **2002** | **2003** | **2003, %** | **2003, %** |
| **Heildarfjöldi** | **1192** | **1266** | **1340** | **57,9** | **42,1** |
| Albanska | 33 | 34 | 42 | 81 | 19 |
| Arabíska | 9 | 8 | 14 | 100 | 0 |
| Búlgarska | 9 | 15 | 14 | 57,1 | 42,9 |
| Danska | 52 | 58 | 46 | 34,8 | 65,2 |
| Eistneska | 6 | 11 | 14 | 28,6 | 71,4 |
| Enska | 175 | 177 | 157 | 57,3 | 42,7 |

| | 2001 | 2002 | 2003 | Höfuðborgarsvæðið 2003, % | Utan höfuðborgarsvæðis 2003, % |
|---|---|---|---|---|---|
| Filippseysk mál | 94 | 107 | 129 | 66,7 | 33,3 |
| Finnska | 9 | 7 | 5 | 100 | 0 |
| Franska | 14 | 16 | 14 | 71,4 | 28,6 |
| Færeyska | 23 | 18 | 22 | 40,9 | 59,1 |
| Grænlenska | 2 | 1 | 3 | 66,7 | 33,3 |
| Hindí | 2 | 1 | 4 | 50 | 50 |
| Hollenska | 16 | 19 | 10 | 40 | 60 |
| Indónesíska | 2 | 4 | 3 | 100 | 0 |
| Ítalska | 6 | 4 | 4 | 75 | 25 |
| Japanska | 6 | 6 | 11 | 100 | 0 |
| Kínverska | 20 | 20 | 25 | 88 | 12 |
| Kóreska | 1 | 0 | 0 | | |
| Litháíska | 20 | 33 | 46 | 73,9 | 26,1 |
| Mongólska | 0 | 2 | 2 | 50 | 50 |
| Norska | 42 | 39 | 42 | 50 | 50 |
| Portúgalska | 25 | 25 | 26 | 61,5 | 38,5 |
| Pólska | 150 | 182 | 191 | 33 | 67 |
| Rúmenska | 5 | 4 | 4 | 100 | 0 |
| Rússneska | 42 | 43 | 52 | 76,9 | 23,1 |
| Serbókróatíska | 84 | 89 | 108 | 45,4 | 54,6 |
| Singalíska | 7 | 5 | 8 | 87,5 | 12,5 |
| Spænska | 48 | 53 | 54 | 51,9 | 48,1 |
| Sænska | 46 | 31 | 30 | 40 | 60 |
| Tékkneska | 3 | 4 | 6 | 100 | 0 |
| Tyrkneska | 1 | 3 | 3 | 66,7 | 33,3 |
| Taílenska | 107 | 105 | 94 | 50 | 50 |
| Ungverska | 15 | 13 | 13 | 38,5 | 61,5 |
| Úkraínska | 8 | 5 | 3 | 33,3 | 66,7 |
| Úrdú | 0 | 4 | 4 | 100 | 0 |
| Víetnamska | 58 | 57 | 67 | 91 | 9 |
| Þýska | 28 | 30 | 25 | 64 | 36 |
| Ótilgreint | 24 | 33 | 45 | 80 | 20 |

Heimild: Hagstofa Íslands.

## 2.2 Nemendur og tungumálanám.

Ár hvert lærir mikill fjöldi grunnskólanema erlend tungumál. Samkvæmt námskrá skal enska kennd frá og með 5. bekk grunnskóla og dönskukennsla á að hefjast í 6. bekk. Nemendum sem hafa sérstök tengsl við Noreg eða Svíþjóð stendur til boða kennsla í norsku eða sænsku sem kemur þá í staðinn fyrir dönsku. Tafla 2.4 sýnir hve margir nemendur læra ensku og Norðurlandamálin.

Tafla 2.4 sýnir einnig hvernig skipting er milli tungumála sem algengast er að nemendur taki sem valgreinar á unglingastigi í grunnskóla. Þýska er vinsælasta tungumálið samkvæmt þessu þó að nemendum hafi fækkað nokkuð í þýsku á tímabilinu.

**Tafla 2.4 Fjöldi grunnskólanema sem lærir hvert erlent tungumál 2001–2004.**

| | 2001–2002 | 2002–2003 | 2003–2004 |
|---|---|---|---|
| Enska | 25.634 | 27.038 | 27.796 |
| Danska | 17.021 | 17.784 | 18.052 |
| Sænska | 241 | 225 | 170 |
| Norska | 108 | 110 | 126 |
| Þýska | 1.338 | 1.008 | 945 |
| Franska | 169 | 307 | 354 |
| Spænska | 134 | 208 | 176 |
| Ítalska | 12 | 0 | 44 |

*Tölum um nemendur í erlendum tungumálum er safnað frá grunnskólum á vorin fyrir yfirstandandi skólaár.*
Heimild: Hagstofa Íslands.

## 2.3 Skóladagar nemenda.

Samkvæmt grunnskólalögum skal lágmarksfjöldi skóladaga nemenda vera 170 á ári. Hagstofa Íslands safnar árlega upplýsingum um skóladaga í grunnskólum (þ.e. kennslu- og prófadaga samtals). Ef í ljós kemur að skóladagar eru færri en 170 gerir menntamálaráðuneytið athugasemdir við viðkomandi sveitarstjórn og óskar eftir að úr verði bætt. Skóladagar í langflestum skólum eru um og yfir lögbundnu viðmiði um 170 daga. Í töflu 2.5 má sjá hvernig fjöldi skóladaga skiptist hlutfallslega milli árganga þau þrjú skólaár sem skýrslan nær yfir.

**Tafla 2.5 Fjöldi skóladaga 2001–02, 2002–03 og 2003–04.**

| | 169 eða færri – % | | | 170–179 – % | | | 180 eða fleiri – % | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skólaár** | **01–02** | **02–03** | **03–04** | **01–02** | **02–03** | **03–04** | **01–02** | **02–03** | **03–04** |
| **1. bekkur** | 5 | 6 | 2 | 28 | 20 | 26 | 66 | 74 | 72 |
| **2. bekkur** | 5 | 4 | 4 | 27 | 21 | 24 | 68 | 75 | 73 |
| **3. bekkur** | 4 | 5 | 3 | 27 | 21 | 24 | 69 | 74 | 73 |
| **4. bekkur** | 3 | 3 | 2 | 27 | 21 | 25 | 70 | 76 | 74 |
| **5. bekkur** | 2 | 2 | 0 | 27 | 23 | 26 | 71 | 74 | 74 |
| **6. bekkur** | 3 | 2 | 1 | 25 | 22 | 26 | 73 | 75 | 74 |
| **7. bekkur** | 4 | 2 | 1 | 25 | 22 | 25 | 71 | 77 | 74 |
| **8. bekkur** | 1 | 2 | 1 | 24 | 20 | 24 | 75 | 78 | 75 |
| **9. bekkur** | 1 | 1 | 1 | 24 | 19 | 24 | 75 | 81 | 75 |
| **10. bekkur** | 0 | 1 | 0 | 25 | 18 | 24 | 75 | 80 | 76 |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.


Til fróðleiks má geta þess að á tímabilinu 1998–2001 voru skóladagar að meðaltali 169–170 en þá voru skólar með undanþágu menntamálaráðuneytis frá níu mánaða skóla ekki taldir með. Nú er það hins vegar gert enda hefur undanþáguskólum fækkað verulega og voru þeir aðeins tveir skólaárið 2003–2004 eins og fram hefur komið. Rétt er að geta þess að undanþáguskólarnir voru ekki alltaf þeir skólar sem voru með fæsta skóladaga. Uppgefnir skóladagar á því tímabili sem skýrslan nær til hafa verið á bilinu 133–192. Skýringar sem skólastjórarnir gáfu vegna of fárra skóladaga eru af ýmsum toga, t.d. að kennt hafi verið fjóra daga vikunnar í stað fimm, veður hafi verið slæmt og ófærð, viðgerðir á húsnæði og fleira.

Á mynd 2.1 má sjá meðalfjölda skóladaga frá árinu 1996. Þar kemur fram töluverð fjölgun skóladaga en einna mest varð fjölgunin hjá yngstu árgöngunum. Mikil aukning kemur fram milli áranna 2000–2001 og 2001–2002 eða um 7–10 dagar. Nýr kjarasamningur við kennara

var undirritaður í janúar 2001 og hafði hann áhrif á fjölgunina en þar var gert ráð fyrir 180 skóladögum.

**Mynd 2.1 Skóladagar að meðaltali 1996–2004.**

Heimild: Menntamálaráðuneyti.




## 2.4 Viðmiðunarstundaskrá.

Í töflu 2.6. má sjá meðaltal kenndra stunda á viku eftir árgöngum frá 2001–2004 og lögbundnar stundir samkvæmt grunnskólalögum. Samkvæmt þessu yfirliti hafa nemendur að jafnaði fengið tilskilinn kennslustundafjölda. Ráðuneytið hefur þurft að gera athugasemdir við stundafjölda nemenda í einstökum árgöngum í einstökum skólum á umræddum árum. Sem dæmi má nefna að gerðar voru athugasemdir vegna kennslustundafjölda í 19 grunnskólum skólaárið 2003–2004 en þeim skólum hefur fækkað á undanförnum árum sem fá athugasemdir vegna of fárra kennslustunda að jafnaði á viku.

**Tafla 2.6 Lögbundnar vikulegar kennslustundir og meðaltal kenndra stunda á viku 2001–2004.**

| | 1. bekkur | 2. bekkur | 3. bekkur | 4. bekkur | 5. bekkur | 6. bekkur | 7. bekkur | 8. bekkur | 9. bekkur | 10. bekkur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Lögbundnar stundir* | | | | | | | | | | |
| 2001–02 | 30 | 30 | 30 | 30 | 35 | 35 | 35 | 37 | 37 | 37 |
| *Kennt á viku að meðaltali* | | | | | | | | | | |
| 2001–02 | 30 | 30 | 30 | 31 | 35 | 35 | 35 | 37 | 37 | 37 |
| 2002–03 | 30 | 31 | 31 | 31 | 35 | 35 | 35 | 37 | 37 | 37 |
| 2003–04 | 30 | 30 | 30 | 31 | 35 | 35 | 35 | 37 | 37 | 37 |

Heimildir: Menntamálaráðuneyti og Hagstofa Íslands.

## III. Starfsfólk í grunnskólum.

Starfsfólki í grunnskólum fjölgaði um tæplega 500, eða um 7%, frá hausti 2001 til hausts-ins 2003. Eins og sjá má í töflu 3.1 eru konur mun fleiri en karlar í starfsliði grunnskólanna, eða um 80%.

**Tafla 3.1 Starfsfólk í grunnskólum eftir kyni 2001–2004.**

| | Fjöldi | | | Stöðugildi | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur |
| **2001–2002** | 6.975 | 1.402 | 5.573 | 6.119 | 1.318 | 4.801 |
| **2002–2003** | 7.299 | 1.440 | 5.859 | 6.530 | 1.373 | 5.157 |
| **2003–2004** | 7.472 | 1.470 | 6.002 | 6.616 | 1.380 | 5.236 |

*Til starfsliðs grunnskóla telst allt starfsfólk skólans en ekki verktakar. Sinni starfsmaður störfum sem falla á fleiri en eitt starfssvið vísar starfssvið til aðalstarfs.*
Heimild: Hagstofa Íslands.

### 3.1 Starfsfólk við kennslu.

Starfsfólk við kennslu er langfjölmennasti hópurinn innan grunnskólanna. Nokkuð hefur fjölgað í þeim hópi frá hausti 2001 til hausts 2003, eða um tæp 6%. Í töflu 3.2 má sjá fjölda starfsfólks við kennslu og þar kemur m.a. fram að hlutfall réttindakennara á landinu öllu var 80% árið 2001 og 2002, en 82% árið 2003. Hlutfall leiðbeinenda hefur því lækkað lítillega á tímabilinu. Vestfirðir voru með hæsta hlutfall leiðbeinenda öll árin eða frá 42–47%.

**Tafla 3.2 Starfsfólk við kennslu í grunnskólum eftir kennsluréttindum og landshlutum að hausti 2001, 2002 og 2003.**

| | 2001–2002 | | | | | 2002–2003 | | | | | 2003–2004 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Með kennslu-réttindi | | Án kennslu-réttinda | | | Með kennslu-réttindi | | Án kennslu-réttinda | | | Með kennslu-réttindi | | Án kennslu-réttinda | |
| | Alls við kennslu | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Alls við kennslu | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Alls við kennslu | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| **Landið allt** | **4.491** | **3.586** | **80** | **905** | **20** | **4.697** | **3.766** | **80** | **931** | **20** | **4.743** | **3.873** | **82** | **870** | **18** |
| Höfuðborgar-svæði | 2.366 | 2.094 | 89 | 272 | 12 | 2.513 | 2.226 | 89 | 287 | 11 | 2.562 | 2.328 | 91 | 234 | 9 |
| Reykjavík | 1.399 | 1.231 | 88 | 168 | 12 | 1.483 | 1.305 | 88 | 178 | 12 | 1.486 | 1.333 | 90 | 153 | 10 |
| Utan Reykja-víkur | 967 | 863 | 89 | 104 | 11 | 1.030 | 921 | 89 | 109 | 11 | 1.076 | 995 | 93 | 81 | 8 |
| Suðurnes | 237 | 165 | 70 | 72 | 30 | 242 | 174 | 72 | 68 | 28 | 248 | 182 | 73 | 66 | 27 |
| Vesturland | 294 | 214 | 73 | 80 | 27 | 315 | 238 | 76 | 77 | 24 | 315 | 235 | 75 | 80 | 25 |
| Vestfirðir | 180 | 104 | 58 | 76 | 42 | 184 | 98 | 53 | 86 | 47 | 176 | 99 | 56 | 77 | 44 |
| Norðurland vestra | 195 | 120 | 62 | 75 | 39 | 193 | 125 | 65 | 68 | 35 | 184 | 117 | 64 | 67 | 36 |
| Norðurland eystra | 498 | 352 | 71 | 146 | 29 | 515 | 373 | 72 | 142 | 28 | 525 | 385 | 73 | 140 | 27 |
| Austurland | 282 | 175 | 62 | 107 | 38 | 280 | 172 | 61 | 108 | 39 | 278 | 182 | 66 | 96 | 35 |
| Suðurland | 439 | 362 | 83 | 77 | 18 | 455 | 360 | 79 | 95 | 21 | 455 | 345 | 76 | 110 | 24 |

*Meðtaldir: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, kennarar og leiðbeinendur.*
**Lögheimili starfsfólks við kennslu 1. desember er notað við ákvörðun búsetu.*
Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 3.3 má sjá skiptingu starfsfólks við kennslu eftir starfssviði. Þar kemur fram að við grunnskólana störfuðu m.a. skólastjórar og aðstoðarskólastjórar án kennsluréttinda. Hlutfall

kvenna meðal kennara er um 78% en meðal skólastjóra um 40%. Meðal aðstoðarskólastjóra eru konur rúm 60%.

**Tafla 3.3 Starfsfólk við kennslu í grunnskólum að hausti 2001, 2002 og 2003, eftir starfssviði.**

| | | Starfsfólk | | | Stöðugildi | | | Hlutfall kynja í stöðugildum | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Alls | Með kennslu-réttindi | Án kennslu-réttinda | Alls | Með kennslu-réttindi | Án kennslu-réttinda | Karlar | Konur |
| **2001** | **Alls** | **4.491** | **3.586** | **905** | **4.270** | **3.519** | **751** | **25** | **75** |
| Skólastjórar | | 194 | 191 | 3 | 202 | 199 | 3 | 61 | 39 |
| Aðstoðarskólastjórar | | 144 | 143 | 1 | 141 | 140 | 1 | 36 | 64 |
| Kennarar[1)] | | 4.153 | 3.252 | 901 | 3.927 | 3.180 | 747 | 22 | 78 |
| **2002** | **Alls** | **4.697** | **3.766** | **931** | **4.437** | **3.671** | **766** | **24** | **76** |
| Skólastjórar | | 194 | 192 | 2 | 190 | 188 | 2 | 61 | 39 |
| Aðstoðarskólastjórar | | 145 | 143 | 2 | 143 | 141 | 2 | 37 | 63 |
| Kennarar[1)] | | 4.358 | 3.431 | 927 | 4.104 | 3.342 | 762 | 22 | 78 |
| **2003** | **Alls** | **4.743** | **3.873** | **870** | **4.440** | **3.727** | **713** | **24** | **76** |
| Skólastjórar | | 189 | 188 | 1 | 191 | 190 | 1 | 58 | 42 |
| Aðstoðarskólastjórar | | 141 | 140 | 1 | 141 | 140 | 1 | 38 | 62 |
| Kennarar[1)] | | 4.413 | 3.545 | 868 | 4.108 | 3.397 | 711 | 22 | 78 |


[1)] *Grunnskólakennarar, sérkennarar og leiðbeinendur.*

Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar aldursdreifing starfsfólks við kennslu haustið 2003 er skoðuð má sjá að um 7% starfsfólks við kennslu eru 60 ára og eldri. Konur eru fjölmennari en karlar í öllum aldurshópum en minnsti munur milli kynjanna er í yngsta og elsta aldurshópnum.

**Mynd 3.1 Hlutfallsleg skipting grunnskólakennara eftir aldurshópum haustið 2003.**

Heimild: Hagstofa Íslands.




Mikill meiri hluti starfsfólks við kennslu árið 2003 var í fullu starfi eða meira eða rúmlega 70%. Um 25% eru í hálfu starfi og allt að heilu starfi en rúmlega 5% eru í minna en hálfu starfi. Árin 2002 og 2001 var hlutfallið nokkuð svipað.

### 3.2 Brautskráðir kennarar.

Á mynd 3.2 má sjá fjölda brautskráðra kennara frá Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands á tímabilinu 1995–2004. Taldir eru með allir þeir sem útskrifast úr kennaranámi, bæði úr BEd-námi og uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda. Þótt þessi skýrsla nái yfir þrjú skólaár er valið að birta hér til fróðleiks upplýsingar um útskrifaða kennara til lengri tíma.

**Mynd 3.2 Brautskráðir kennarar 1995–2004.**

Heimildir: Hagstofa Íslands og upplýsingar frá einstökum skólum fyrir árin 1995–1998.




Í heild hefur brautskráðum kennurum fjölgað umtalsvert á tímabilinu. Nokkur fjölgun brautskráðra kemur fram hjá Kennaraháskóla Íslands árið 1995–96 en þá voru í fyrsta sinn útskrifaðir nemendur í fjarnámi frá skólanum. Frá árinu 1999 hefur verið nokkuð jöfn fjölgun útskrifaðra kennara frá Kennaraháskóla Íslands. Nokkrar sveiflur hafa verið í fjölda brautskráðra frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands á þessu tímabili eins og sjá má nánar í töflu 3.4. Listaháskóli Íslands útskrifaði fyrst kennara skólaárið 2001–2002.

**Tafla 3.4 Fjöldi brautskráðra kennara 1995–2004.**

| | 1994–95 | 1995–96 | 1996–97 | 1997–98 | 1998–99 | 1999–00 | 2000–01 | 2001–02 | 2002–03 | 2003–04 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kennaraháskóli Íslands | 170 | 236 | 181 | 168 | 202 | 157 | 179 | 230 | 264 | 334 |
| Háskólinn á Akureyri | 0 | 66 | 23 | 10 | 44 | 27 | 46 | 35 | 66 | 73 |
| Háskóli Íslands | 73 | 52 | 58 | 39 | 40 | 50 | 28 | 30 | 64 | 72 |
| Listaháskóli Íslands | – | – | – | – | – | – | – | 6 | 16 | 21 |
| Samtals | 243 | 354 | 262 | 217 | 286 | 234 | 253 | 301 | 410 | 500 |

Heimildir: Hagstofa Íslands og upplýsingar frá einstökum skólum fyrir árin 1995–1998.

Þeir sem útskrifast með kennsluréttindi frá Háskóla Íslands geta sótt sér leyfisbréf fyrir annaðhvort grunn- eða framhaldsskólastig eða bæði skólastigin. Árin 2001, 2002 og 2003 gaf menntamálaráðuneytið út leyfisbréf fyrir 832 grunnskólakennara.

**Tafla 3.5 Útgefin leyfisbréf 2001–2003.**

| Ár | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi | 227 | 257 | 348 |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

### 3.3 Undanþágunefnd grunnskóla.

Undanþágunefnd grunnskóla er skipuð samkvæmt lögum nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Nefndin metur umsóknir skólastjóra um heimild til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi menntamálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, kennaramenntunarstofnunum og Kennarasambandi Íslands. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga er áheyrnarfulltrúi. Þegar undanþágunefnd hafnar umsókn um undanþágu hefur skólastjóri heimild til að vísa umsókninni til ráðherra. Ráðherra getur þrátt fyrir niðurstöðu nefndarinnar ákveðið að veita undanþágu. Í töflu 3.6 má sjá yfirlit yfir fjölda umsókna og afgreiðslu þeirra þau þrjú skólaár sem skýrslan nær til.

**Tafla 3.6 Umsóknir um undanþágur til að lausráða leiðbeinendur til kennslustarfa í grunnskólum.**

| | 2001–2002 | 2002–2003 | 2003–2004 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi umsókna | 867 | 893 | 819 |
| Samþykktar af undanþágunefnd | 644 | 718 | 667 |
| Samþykktar af ráðherra | 193 | 160 | 134 |
| Hafnað eða vísað frá | 30 | 15 | 18 |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Grunnmenntun umsækjenda er greind í 11 flokka og í töflu 3.7 má sjá flokkunina og fjölda karla og kvenna í hverjum flokki skólaárið 2003–2004.

**Tafla 3.7 Menntun leiðbeinenda við kennslustörf í grunnskólum skólaárið 2003–2004.**

| Menntun | Fjöldi | | | |
|---|---|---|---|---|
| | kk. | | kvk. | |
| 1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun | 1 | 0,5% | 14 | 2,9% |
| 2. Nám í framhaldsskóla án lokaprófs | 5 | 2,7% | 5 | 1,0% |
| 3. Stúdentspróf | 0 | 0,0% | 7 | 1,5% |
| 4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi | 21 | 11,4% | 38 | 7,9% |
| 5. Listnám | 10 | 5,4% | 18 | 3,7% |
| 6. Meistaranám, menntun leikskólakennara, þroskaþjálfanám, iðjuþjálfun, afmörkuð kennsluréttindi í listgrein | 25 | 13,5% | 71 | 14,7% |
| 7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum | 23 | 12,4% | 30 | 6,2% |
| 8. Nám til kennsluréttinda | 52 | 28,1% | 197 | 40,9% |
| 9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar o.fl. | 2 | 1,1% | 12 | 2,5% |

| Menntun | Fjöldi | | | |
|---|---|---|---|---|
| | kk. | | kvk. | |
| 10. BA, BS, Phil. cand., MA, cand. mag., cand. phil., cand psyk. og dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum | 44 | 23,8% | 88 | 18,3% |
| 11. Prestar | 2 | 1,1% | 2 | 0,4% |
| **Samtals** | **185** | | **482** | |

Heimildir: Menntamálaráðuneyti og Hagstofa Íslands.

### 3.4 Starfsfólk og starfssvið.

Starfsfólki hefur fjölgað í flestum hópum innan skóla. Tafla 3.8 sýnir fjölda starfsfólks skóla að frátöldum skólastjórum, aðstoðarskólastjórum og kennurum frá 1998–2003.

**Tafla 3.8 Starfsfólk grunnskóla að frátöldum skólastjórum, aðstoðarskólastjórum og grunnskólakennurum frá 1998–2003.**

| Ár | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bókasafnsfræðingar, bókaverðir | 67 | 69 | 73 | 69 | 76 | 76 |
| Skólasálfræðingar, námsráðgjafar | 38 | 49 | 58 | 74 | 73 | 74 |
| Skólahjúkrunarfræðingar | 34 | 39 | 48 | 51 | 35 | 35 |
| Þroskaþjálfar | 29 | 41 | 44 | 58 | 72 | 80 |
| Stuðningfulltrúar, uppeldisfulltrúar | 247 | 287 | 345 | 408 | 489 | 546 |
| Skólaritarar, tölvuumsjón | 131 | 143 | 168 | 185 | 184 | 181 |
| Tómstunda- og íþróttafulltrúar | 22 | 20 | 20 | 10 | 7 | 8 |
| Starfsfólk í mötuneytum | 210 | 218 | 238 | 242 | 263 | 264 |
| Húsverðir | 189 | 152 | 141 | 146 | 134 | 141 |
| Starfslið við ganga- og baðvörslu, þrif og aðstoð við nemendur | 1040 | 1156 | 1137 | 1195 | 1237 | 1286 |
| Annað | 40 | 75 | 70 | 47 | 32 | 38 |
| **Alls** | **2047** | **2249** | **2342** | **2485** | **2602** | **2729** |

Heimild: Hagstofa Íslands.

Þroskaþjálfum hefur fjölgað hlutfallslega mest frá 1998 til 2003, eða um nær 65%. Þá hefur skólasálfræðingum og námsráðgjöfum fjölgað um tæp 50%. Stuðnings- og uppeldisfulltrúum hefur fjölgað um 55% og þótt það sé ekki hlutfallslega mesta fjölgunin er þar um að ræða mesta fjölgun starfsmanna því að stuðnings- og uppeldisfulltrúar voru 247 árið 1998 en 546 árið 2003.

### 3.5 Fjöldi nemenda á kennara.

Nemendum á hvern kennara hefur fækkað lítillega frá 2001–2003. Haustið 2001 voru 10,6 nemendur á hvern kennara en 10,2 haustið 2003. Nemendum á hvert stöðugildi kennara hefur einnig fækkað en haustið 2001 voru 11,3 nemendur á hvert stöðugildi kennara en haustið 2003 voru 10,9 nemendur á hvert stöðugildi.

## IV. Námsgögn.

Samkvæmt lögum nr. 23/1990 hefur Námsgagnastofnun það hlutverk að sjá grunnskólum fyrir náms- og kennslugögnum í samræmi við uppeldis- og kennslufræðileg markmið laga um grunnskóla og aðalnámskrár. Með gildistöku aðalnámskrár 1999 fylgdu aukin verkefni, m.a. vegna tilkomu lífsleikni og upplýsinga- og tæknimenntar sem sjálfstæðra námsgreina.

Auk þess hefur m.a. verið unnið að endurnýjun alls stærðfræðinámsefnis grunnskólans og síaukin áhersla hefur verið lögð á útgáfu efnis á vef stofnunarinnar, www.nams.is.

Á hverju ári starfa 140–150 verktakar á vegum Námsgagnastofnunar að samningu efnis, myndgerð, forritun eða sem ráðgjafar. Nánast öll framleiðsla fer fram utan stofnunarinnar og sinna allt að 20 prentsmiðjur og myndvinnslufyrirtæki þeim þætti á ári hverju. Hér fara á eftir upplýsingar um umfang útgáfu Námsgagnastofnunar á árunum 2001–2004.

**Tafla 4.1 Útgefið og endurútgefið kennsluefni.**

| | Fjöldi titla | Upplag |
|---|---|---|
| **Námsgagnastofnun 2001** | | |
| *Frumútgáfur* | | |
| Prentað efni | 46 | 123.250 |
| Prentað efni, aðkeypt | 23 | 14.169 |
| Hljóðefni | 19 | 3.150 |
| Fræðslumyndir | 38 | 1.947 |
| Kennsluforrit | 7 | 5.060 |
| Vefefni | 12 | |
| **Samtals** | **145** | **147.576** |
| *Endurútgáfur* | | |
| Prentað efni | 186 | 528.385 |
| Prentað efni, aðkeypt | 31 | 12.670 |
| Hljóðefni | 56 | 3.275 |
| Kennsluforrit | 18 | 3.510 |
| Annað | 3 | 8.750 |
| Samtals | 294 | 556.590 |
| **Alls útgefið 2001** | **439** | **704.166** |
| **Námsgagnastofnun 2002** | | |
| *Frumútgáfur* | | |
| Prentað efni | 47 | 112.595 |
| Hljóðefni | 7 | 1.338 |
| Fræðslumyndir | 14 | 766 |
| Kennsluforrit | 1 | 300 |
| Vefefni | 45 | |
| **Samtals** | **114** | **114.999** |
| *Endurútgáfur* | | |
| Prentað efni | 198 | 599.750 |
| Prentað efni, aðkeypt | 22 | 27.960 |
| Hljóðefni | 39 | 4.683 |
| Kennsluforrit | 15 | 1.050 |
| Annað | 2 | 2.250 |
| Samtals | 276 | 635.693 |
| **Alls útgefið 2002** | **390** | **750.692** |

| | Fjöldi titla | Upplag |
|---|---|---|
| **Námsgagnastofnun 2003** | | |
| *Frumútgáfur* | | |
| Prentað efni | 53 | 205.717 |
| Prentað efni, aðkeypt | 1 | 100 |
| Hljóðefni | 15 | 1.250 |
| Fræðslumyndir | 16 | 584 |
| Kennsluforrit | 3 | 700 |
| Vefefni | 20 | |
| **Samtals** | **108** | **208.351** |
| *Endurútgáfur* | | |
| Prentað efni | 180 | 515.590 |
| Prentað efni, aðkeypt | 16 | 22.005 |
| Hljóðefni | 41 | 104.845 |
| Kennsluforrit | 10 | 210 |
| Annað | 1 | 400 |
| Samtals | 248 | 643.050 |
| **Alls útgefið 2003** | **356** | **861.401** |
| **Námsgagnastofnun 2004** | | |
| *Frumútgáfur* | | |
| Prentað efni | 48 | 191.200 |
| Prentað efni, aðkeypt | 28 | 1.727 |
| Hljóðefni | 21 | 8.350 |
| Fræðslumyndir | 7 | 450 |
| Vefefni | 52 | |
| **Samtals** | **156** | **201.727** |
| *Endurútgáfur* | | |
| Prentað efni | 193 | 565.315 |
| Prentað efni, aðkeypt | 17 | 31.156 |
| Hljóðefni | 42 | 5.455 |
| Kennsluforrit | 8 | 150 |
| Samtals | 260 | 602.076 |
| **Alls útgefið 2004** | **416** | **803.813** |

Heimild: Námsgagnastofnun.

## V. Úttektir, próf og kannanir.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir úttektum á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla, niðurstöðum úr samræmdum prófum, könnunum og úttektum á einstökum skólum og/eða þáttum skólastarfs sem menntamálaráðuneytið hefur látið gera á því tímabili sem skýrslan nær yfir. Jafnframt er hér gerð grein fyrir niðurstöðum PISA frá 2003, en PISA stendur fyrir Programme for International Student Assessment.

### 5.1 Sjálfsmatsaðferðir grunnskóla.

Helstu niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum 184 grunnskóla á tímabilinu 2001–2003 voru að 69 grunnskólar höfðu unnið kerfisbundið að sjálfsmati, eða um 37,5% skólanna. Þar af hafði kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum skólastarfsins farið fram í 29 skólum. 71 skóli hafði gert einstakar tilraunir við sjálfsmat og 27 skólar höfðu hafið undirbúning að kerfisbundnu sjálfsmati. Tíu skólar höfðu ekkert unnið við sjálfsmat, eða rúm 5% skólanna.

Í töflu 5.1 má sjá samantekt á niðurstöðum úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla 2001–2003.

**Tafla 5.1 Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla 2001–2003.**

| Sjálfmatsaðferðir skólans teljast: | Fjöldi skóla | Hlutfall, % |
|---|---|---|
| Fullnægjandi | 29 | 16 |
| Fullnægjandi að hluta | 37 | 20 |
| Ófullnægjandi | 118 | 64 |
| **Alls** | **184** | **100** |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Eins og sjá má töldust 36% skólanna beita sjálfsmatsaðferðum sem voru fullnægjandi eða fullnægjandi að hluta en 64% skólanna töldust vera með ófullnægjandi sjálfsmatsaðferðir.

Þegar lagt var mat á framkvæmd sjálfsmats þeirra 69 skóla sem höfðu unnið kerfisbundið sjálfsmat eru niðurstöðurnar eftirfarandi:

**Tafla 5.2 Framkvæmd sjálfsmats grunnskóla.**

| Framkvæmd sjálfsmats telst: | Fjöldi skóla | Hlutfall, % |
|---|---|---|
| Fullnægjandi | 24 | 35 |
| Fullnægjandi að hluta | 41 | 59 |
| Ófullnægjandi | 4 | 6 |
| **Alls** | **69** | **100** |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Af þeim 184 grunnskólum sem voru teknir út á þessu tímabili uppfylltu 19 skólar, eða um 10%, að öllu leyti bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats.

Ljóst er að langflestir skólanna hafa unnið að sjálfsmati en voru mislangt á veg komnir á þeim tíma er úttektir voru gerðar. Þróunin á tímabilinu var sú að niðurstöður urðu jákvæðari er á leið þannig að hlutfall skóla er höfðu lokið kerfisbundnu sjálfsmati hækkaði.

## 5.2 Samræmd próf.

Undanfarin ár hefur Námsmatsstofnun þróað leiðir til að nýta niðurstöður samræmdra prófa betur með það að markmiði að gera þær aðgengilegri fyrir nemendur, foreldra og kennara. Er það m.a. gert með því að draga saman upplýsingar fyrir nemendur hvers skóla sem byggjast á breytingum á stöðu nemenda. Við útreikning meðaltala eru notaðar normaldreifðar einkunnir með meðaltal 30 og staðalfrávik 10. Þessi einkunnastigi var tekinn upp til að draga úr misskilningi sem tengdist því að eldri normaldreifðum einkunnum var ruglað við hefðbundnar skólaeinkunnir. Jafnframt voru teknar upp framfaratölur sem segja til um hvort nemendur í einstökum skólum sýni svipaðar, meiri eða minni framfarir milli samræmdra prófa en almennt gerist á landsvísu. Framfaratölur eru nú birtar ásamt meðaltölum skóla í skýrslum um samræmd próf.

*5.2.1 Samræmd próf í 10. bekk.*

Árin 2001–2003 komu til framkvæmda tvenns konar breytingar á samræmdum prófum í 10. bekk. Árið 2001 voru prófin gerð valfrjáls og ákveðið að fjölga þeim úr fjórum í sex.

Var þá bætt við prófum í samfélagsfræði og náttúrufræði og sem fyrr var prófað í íslensku, stærðfræði, dönsku og ensku. Fjölgunin varð í tveim áföngum. Samræmt próf í náttúrufræði var fyrst haldið vorið 2002 og samræmt próf í samfélagsgreinum vorið 2003. Tafla 5.3 sýnir meðaltöl á samræmdum prófum í 10. bekk eftir kjördæmum á tímabilinu 2002–2004. Tafla 5.4 sýnir meðaltöl eftir kyni.

**Tafla 5.3 Meðaleinkunn í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum í 10. bekk eftir kjördæmum árin 2002 til 2004.**

| | | Íslenska | Stærðfræði | Enska | Danska | Náttúru-fræði | Samfélags-greinar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2002** | Reykjavík | 31,6 | 31,3 | 32,0 | 31,1 | 33,4 | – |
| | Suðvesturkjördæmi | 30,8 | 31,4 | 30,9 | 31,6 | 31,1 | – |
| | Vesturkjördæmi | 29,0 | 28,9 | 28,0 | 28,3 | 27,0 | – |
| | Austurkjördæmi | 29,5 | 28,6 | 28,7 | 28,3 | 27,9 | – |
| | Suðurkjördæmi | 27,1 | 27,5 | 26,9 | 28,0 | 26,6 | – |
| | *Landsmeðaltal* | *30,0* | *30,0* | *30,0* | *30,0* | *30,0* | *30,0* |
| **2003** | Reykjavík | 31,7 | 31,4 | 32,1 | 32,0 | 34,1 | 32,3 |
| | Suðvesturkjördæmi | 30,4 | 31,1 | 30,1 | 30,5 | 30,3 | 30,4 |
| | Vesturkjördæmi | 28,3 | 28,6 | 27,8 | 28,2 | 26,9 | 28,2 |
| | Austurkjördæmi | 29,2 | 29,0 | 28,1 | 27,9 | 28,4 | 29,8 |
| | Suðurkjördæmi | 27,9 | 27,3 | 28,5 | 28,5 | 26,7 | 27,6 |
| | *Landsmeðaltal* | *30,0* | *30,0* | *30,0* | *30,0* | *30,0* | *30,0* |
| **2004** | Reykjavík | 31,2 | 31,3 | 31,9 | 32,1 | 33,3 | 32,3 |
| | Suðvesturkjördæmi | 30,4 | 31,2 | 30,7 | 30,8 | 31,3 | 31,1 |
| | Vesturkjördæmi | 27,9 | 27,9 | 26,9 | 27,6 | 26,6 | 27,5 |
| | Austurkjördæmi | 29,7 | 29,0 | 27,9 | 28,9 | 28,8 | 29,4 |
| | Suðurkjördæmi | 28,9 | 27,5 | 28,3 | 27,2 | 25,7 | 27,3 |
| | *Landsmeðaltal* | *30,0* | *30,0* | *30,0* | *30,0* | *30,0* | *30,0* |

Heimild: Námsmatsstofnun.

**Tafla 5.4 Árangur á samræmdum prófum í 10. bekk eftir kyni árin 2002–2004.**

| | Ár | Piltar | Stúlkur | Landsmeðaltal |
|---|---|---|---|---|
| **Íslenska** | 2002 | 27,8 | 32,4 | 30,0 |
| | 2003 | 27,5 | 32,7 | 30,0 |
| | 2004 | 28,2 | 32,1 | 30,0 |
| **Stærðfræði** | 2002 | 29,5 | 30,5 | 30,0 |
| | 2003 | 29,0 | 31,0 | 30,0 |
| | 2004 | 29,6 | 30,4 | 30,0 |
| **Enska** | 2002 | 29,7 | 30,3 | 30,0 |
| | 2003 | 29,5 | 30,4 | 30,0 |
| | 2004 | 30,3 | 29,5 | 30,0 |
| **Danska** | 2002 | 27,1 | 32,6 | 30,0 |
| | 2003 | 27,1 | 32,7 | 30,0 |
| | 2004 | 27,8 | 32,0 | 30,0 |

| | Ár | Piltar | Stúlkur | Landsmeðaltal |
|---|---|---|---|---|
| **Náttúrufræði** | 2002 | 29,7 | 30,5 | 30,0 |
| | 2003 | 30,1 | 29,9 | 30,0 |
| | 2004 | 30,7 | 29,3 | 30,0 |
| **Samfélagsgreinar** | 2002 | – | – | |
| | 2003 | 30,5 | 29,6 | 30,0 |
| | 2004 | 30,6 | 29,3 | 30,0 |

Heimild: Námsmatsstofnun.

Tafla 5.5. sýnir breytingar á hlutfalli nemenda í 10. bekk sem þreytir hvert próf. Árið 2001 er haft með til samanburðar við hlutföll nemenda sem þreyttu próf áður en prófin urðu valfrjáls árið 2002. Þegar á heildina er litið verða ekki breytingar á hlutfalli nemenda sem þreyta próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Á hinn bóginn fækkar þeim nemendum sem þreyta próf í dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum. Bent skal á að meðaltal í dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði er ekki sambærilegt milli kjördæma eða námsgreina vegna þess að hlutfall nemenda, sem þreytir þessi próf, er breytilegt.

**Tafla 5.5 Hlutfall nemenda sem þreyta próf í hverri námsgrein í 10. bekk 2001–2004.**

| | | Íslenska | Stærðfræði | Enska | Danska | Náttúru-fræði | Samfélags-greinar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2001** | Reykjavík | 97,4 | 96,6 | 96,6 | 89,1 | – | – |
| | Suðvesturkjördæmi | 98,0 | 97,4 | 97,2 | 92,7 | – | – |
| | Vesturkjördæmi | 95,5 | 94,6 | 94,6 | 89,7 | – | – |
| | Austurkjördæmi | 95,0 | 94,7 | 94,5 | 88,6 | – | – |
| | Suðurkjördæmi | 96,3 | 95,6 | 94,7 | 87,8 | – | – |
| | *Landið allt* | *96,8* | *96,1* | *95,9* | *89,7* | – | – |
| **2002** | Reykjavík | 96,3 | 95,7 | 95,9 | 81,7 | 62,4 | – |
| | Suðvesturkjördæmi | 98,2 | 98,2 | 97,2 | 88,4 | 78,2 | – |
| | Vesturkjördæmi | 97,6 | 97,4 | 95,8 | 90,3 | 74,9 | – |
| | Austurkjördæmi | 95,2 | 94,0 | 95,2 | 86,3 | 74,4 | – |
| | Suðurkjördæmi | 93,0 | 93,0 | 92,1 | 78,9 | 68,5 | – |
| | *Landið allt* | *96,2* | *95,8* | *95,5* | *84,5* | *70,3* | – |
| **2003** | Reykjavík | 96,6 | 95,4 | 95,9 | 79,1 | 57,5 | 50,9 |
| | Suðvesturkjördæmi | 97,2 | 97,3 | 97,2 | 85,3 | 76,0 | 67,8 |
| | Vesturkjördæmi | 97,3 | 95,9 | 95,0 | 85,7 | 76,9 | 70,9 |
| | Austurkjördæmi | 97,1 | 93,3 | 95,8 | 83,5 | 73,6 | 71,0 |
| | Suðurkjördæmi | 95,4 | 94,6 | 94,3 | 85,6 | 75,7 | 68,0 |
| | *Landið allt* | *96,7* | *95,5* | *95,8* | *83,0* | *69,5* | *62,9* |
| **2004** | Reykjavík | 96,7 | 96,6 | 96,9 | 77,4 | 61,0 | 45,8 |
| | Suðvesturkjördæmi | 97,7 | 96,5 | 97,3 | 82,7 | 65,8 | 59,3 |
| | Vesturkjördæmi | 96,6 | 95,9 | 95,6 | 83,9 | 72,4 | 69,4 |
| | Austurkjördæmi | 96,0 | 94,1 | 93,4 | 80,4 | 58,7 | 66,9 |
| | Suðurkjördæmi | 93,6 | 94,7 | 93,6 | 84,0 | 70,2 | 67,1 |
| | *Landið allt* | *96,4* | *95,9* | *95,8* | *80,9* | *64,7* | *58,2* |

Heimild: Námsmatsstofnun.

Tafla 5.6 sýnir hlutfall nemenda sem þreyttu próf með frávikum árin 2002–2004 greint eftir kyni. Ekki þarf lengur að sækja um frávik ef nemandi þarfnast einungis lengri tíma í próftöku. Þessi breyting skýrir lækkun á hlutfalli nemenda með frávik milli áranna 2003 og 2004.

**Tafla 5.6 Frávik á samræmdum prófum í 10. bekk 2002–2004 eftir kyni.**

| | Íslenska | | Stærðfræði | | Enska | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | piltar, % | stúlkur, % | piltar, % | stúlkur, % | piltar, % | stúlkur, % |
| **2002** | 19,7 | 12,2 | 18,9 | 11,3 | 14,5 | 15,7 |
| **2003** | 22,6 | 14,6 | 20,5 | 14,1 | 21,1 | 13,8 |
| **2004** | 14,6 | 9,2 | 12,3 | 9,2 | 13,8 | 9,5 |

| | Danska | | Náttúrufræði | | Samfélagsgreinar | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | piltar, % | stúlkur, % | piltar, % | stúlkur, % | piltar, % | stúlkur, % |
| **2002** | 17,7 | 11,6 | 15,3 | 9,9 | – | – |
| **2003** | 17,6 | 11,8 | 16,8 | 10,3 | 16,4 | 11,3 |
| **2004** | 10,4 | 8 | 8,5 | 6,7 | 9,8 | 7,9 |

Heimild: Námsmatsstofnun.

### 5.2.1 Samræmd próf í 4. og 7. bekk.

Í grunnskólalögum og reglugerð nr. 415/2000 er kveðið á um samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og hafa þau verið haldin frá því 1996. Öllum nemendum er skylt að þreyta prófin njóti þeir ekki undanþágu skv. 48. gr. grunnskólalaga eða hafi annað móðurmál en íslensku. Í töflu 5.7 má sjá meðaleinkunn eftir landshlutum og í töflu 5.8 eftir kyni.

**Tafla 5.7 Meðaleinkunn í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk eftir landshlutum 2001–2003.**

| | | 4. bekkur | | 7. bekkur | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Íslenska | Stærðfræði | Íslenska | Stærðfræði |
| **2001** | Reykjavík | 31,0 | 30,2 | 30,8 | 30,6 |
| | Suðvesturkjördæmi | 30,0 | 29,8 | 30,6 | 30,6 |
| | Vesturkjördæmi | 28,0 | 28,7 | 29,5 | 29,2 |
| | Austurkjördæmi | 31,9 | 31,3 | 29,8 | 29,2 |
| | Suðurkjördæmi | 27,8 | 29,9 | 28,0 | 28,9 |
| | Landsmeðaltal | 30,0 | 30,0 | 30,0 | 30,0 |
| **2002** | Reykjavík | 30,7 | 30,0 | 30,5 | 30,2 |
| | Suðvesturkjördæmi | 29,8 | 30,4 | 31,0 | 30,5 |
| | Vesturkjördæmi | 29,3 | 29,3 | 28,6 | 29,4 |
| | Austurkjördæmi | 30,8 | 30,6 | 30,6 | 30,2 |
| | Suðurkjördæmi | 28,6 | 29,2 | 27,9 | 28,6 |
| | Landsmeðaltal | 30,0 | 30,0 | 30,0 | 30,0 |

| | | 4. bekkur | | 7. bekkur | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Íslenska | Stærðfræði | Íslenska | Stærðfræði |
| 2003 | Reykjavík | 30,4 | 29,5 | 30,5 | 30,3 |
| | Suðvesturkjördæmi | 30,8 | 31,5 | 31,1 | 30,7 |
| | Vesturkjördæmi | 28,7 | 29,0 | 29,0 | 29,0 |
| | Austurkjördæmi | 31,1 | 30,3 | 30,9 | 30,0 |
| | Suðurkjördæmi | 27,9 | 28,8 | 27,2 | 28,6 |
| | Landsmeðaltal | 30,0 | 30,0 | 30,0 | 30,0 |

Heimild: Námsmatsstofnun.

**Tafla 5.8 Meðaleinkunn í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk eftir kyni 2001–2003.**

| | Íslenska | | | Stærðfræði | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Piltar | Stúlkur | Landsmeðaltal | Piltar | Stúlkur | Landsmeðaltal |
| **4. bekkur** | | | | | | |
| 2001 | 28,2 | 31,8 | 30,0 | 29,9 | 30,0 | 30,0 |
| 2002 | 28,4 | 31,5 | 30,0 | 30,1 | 29,9 | 30,0 |
| 2003 | 28,4 | 31,7 | 30,0 | 30,3 | 29,5 | 30,0 |
| **7. bekkur** | | | | | | |
| 2001 | 27,8 | 32,2 | 30,0 | 29,7 | 30,3 | 30,0 |
| 2002 | 28,2 | 31,9 | 30,0 | 29,3 | 30,5 | 30,0 |
| 2003 | 28,3 | 31,7 | 30,0 | 30,0 | 29,9 | 30,0 |

Heimild: Námsmatsstofnun.

Nánari upplýsingar um samræmd próf eru aðgengilegar á heimasíðu Námsmatsstofnunar, www.namsmat.is.

### 5.3 Könnun á sérfræðiþjónustu sveitarfélaga vegna grunnskóla.

Markmiðið með könnun menntamálaráðuneytisins á sérfræðiþjónustu sveitarfélaga vegna grunnskóla var að fá upplýsingar um skipulag, inntak og framkvæmd sérfræðiþjónustu í grunnskólum en sveitarfélögum ber að sinna þessari þjónustu samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, og reglugerð nr. 386/1996, um sérfræðiþjónustu skóla. Einnig var könnuð afstaða til þess hvort þörf væri á að endurskoða ofangreinda reglugerð. Könnunin var send sveitarfélögum í nóvember 2001. Svör bárust frá 87 sveitarfélögum, eða um 70%. Í nokkrum tilfellum barst svar frá byggðarsamlögum fyrir hönd sveitarfélaga.

Í reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla er sveitarfélögum lögð sú skylda á herðar að bjóða kennurum og skólastjórnendum upp á ráðgjöf og stuðning sérfræðiþjónustu vegna skólastarfs. Þjónustan á m.a. að felast í faglegri ráðgjöf vegna almennrar kennslu einstakra námsgreina og aðstoð og leiðbeiningum við kennara sem sinna sérkennslu. Í ljós kom í könnuninni að í 73% tilvika var veitt almenn kennsluráðgjöf á vegum sveitarfélaga. Mun lægra hlutfall sveitarfélaga veitti námsgreinabundna kennsluráðgjöf en eins og sjá má í töflu 5.9 veittu flestir námsgreinabundna kennsluráðgjöf í stærðfræði og íslensku.

**Tafla 5.9 Námsgreinabundin kennsluráðgjöf.**

| Námsgrein: | |
|---|---|
| Erlend tungumál | 22% |
| Heimilisfræði | 15% |
| Íslenska | 28% |
| Kristin fræði | 17% |
| Listgreinar | 20% |
| Lífsleikni | 17% |
| Náttúrufræði | 19% |
| Samfélagsfræði | 16% |
| Skólaíþróttir | 21% |
| Stærðfræði | 30% |
| Upplýsinga- og tæknimennt | 26% |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Skýrslan *Sérfræðiþjónusta sveitarfélaga vegna grunnskóla* er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

### 5.3 Námsráðgjöf.

Í símakönnun sem menntamálaráðuneytið gerði meðal skólaskrifstofa sveitarfélaganna í upphafi ársins 2002 svöruðu 19 af 25 því játandi að námsráðgjöf væri veitt í skólum sveitarfélagsins/svæðisins, eða 76% svarenda. Um helmingur þeirra sagði að námsráðgjöf væri veitt í öllum árgöngum, aðrir sögðu námsráðgjöf vera veitta í 8.–10. bekk.

### 5.4 Úrræði grunnskóla fyrir afburðanemendur.

Nemendur í 10. bekk á Íslandi skólaárið 2000–2001 tóku þátt í PISA-rannsókn. Niðurstöðurnar voru kynntar í desember 2001 og er m.a. gerð grein fyrir þeim í skýrslu menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í grunnskólum sem kom út í mars 2003. Niðurstöðurnar bentu til þess að í íslenskum grunnskólum væri allstór hópur nemenda sem ekki fengi nægilega verðug verkefni eða sem fullnýttu ekki getu sína. Í ljósi þessara niðurstaðna ákvað þáverandi menntamálaráðherra að aflað skyldi upplýsinga um úrræði grunnskóla fyrir afburðanemendur. Markmiðið var að fá fram upplýsingar um hvort skólarnir hefðu einhver úrræði fyrir afburðanemendur, þ.e. nemendur sem skara fram úr jafnöldrum sínum í námi, og hver þau væru. Könnun á úrræðum grunnskóla fyrir afburðanemendur var send til grunnskóla í febrúar 2002. Svör bárust frá 134 grunnskólum, eða 68% skóla.

Niðurstöður könnunarinnar bentu til þess að í fáum grunnskólum hefði verið mótuð sérstök stefna um úrræði fyrir afburðanemendur. Hins vegar buðu flestir skólar upp á einhver úrræði fyrir þennan hóp. Algengast var að boðið væri upp á sérstakt viðbótarnámsefni eða einstaklingsmiðað nám. Flestir skólastjórar töldu einstaklingsmiðað nám skila bestum árangri en sérstakt viðbótarnámsefni hefði einnig skilað góðum árangri. Fram kom að rúmlega helmingur skólastjóra taldi að úrræðin sem afburðanemendum buðust skiluðu einungis að nokkru leyti tilætluðum árangri. Sérstökum úrræðum fyrir afburðanemendur var helst beitt í íslensku og stærðfræði en síður í náttúru- og samfélagsfræði. Í þessu samhengi má benda á að árangur íslenskra nemenda í PISA árið 2001 var lakari í náttúrufræði en í lestri og stærðfræði.

Í flestum skólum var haft samráð við foreldra nemendanna um úrræði og sátt ríkti um þau meðal kennara, nemenda og foreldra, að mati skólastjóra. Skýrslan *Úrræði grunnskóla fyrir afburðanemendur* er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

### 5.5 Tónmenntakennsla í grunnskólum.

Menntamálaráðuneytið lét í febrúar 2003 gera könnun á tónmenntakennslu í grunnskólum skólaárið 2002–2003. Var könnunin gerð í framhaldi af umfjöllun samstarfsnefndar tónlistarfræðslunnar um málefni tónmenntakennslu í grunnskólum. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um hvernig staðið er að tónmenntakennslu í grunnskólum. Aðaláhersla var á öflun upplýsinga um tímafjölda í hverjum árgangi og menntun þeirra sem kenna tónmennt í grunnskólum. Svör bárust frá 137 grunnskólum, eða 74,1% þeirra skóla sem fengu hana í hendur.

Í könnuninni kom fram að tónmennt var kennd í rúmlega 80% þeirra grunnskóla sem svöruðu. Tónmennt var kennd í meira mæli á Reykjanesi, Norðurlandi vestra og í Reykjavík en í öðrum landshlutum. Að jafnaði var tónmennt kennd í um eina kennslustund á viku og fengu neðri bekkir grunnskólans fleiri kennslustundir en efri bekkirnir.

Í flestum tilvikum voru það grunnskólakennarar með sérmenntun í tónmennt sem kenndu tónmennt í grunnskólum landsins. Í skólum á Reykjanesi, Vestfjörðum, Suðurlandi, Reykjavík og í einkaskólum var hlutfall grunnskólakennara með sérmenntun í tónlist hæst. Hlutfall leiðbeinenda sem kenna tónmennt var hæst á Vestfjörðum og á Suðurlandi. Skýrslan *Tónmenntakennsla í grunnskólum* er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

### 5.6 Íþróttakennsla í grunnskólum 2003–2004.

Upplýsingaöflun um stundafjölda í sundi og íþróttum í grunnskólum skólaárið 2003–2004 var að vissu leyti sambærileg athugun sem gerð var árið 2000 fyrir skólaárið 1999–2000. Markmiðið nú sem fyrr var að kanna hvernig staðið væri að kennslu í skólaíþróttum, einkum hvað varðaði stundafjölda í íþróttum og fyrirkomulag sundkennslu. Svör bárust frá 160 skólum, eða 87% grunnskóla.

Gefnir voru þrír svarmöguleikar um kennsluform í sundkennslu, þ.e. vikulega, á námskeiði og annað. Í ljós kom að vikuleg sundkennsla er algengasta kennsluformið í 3.–10. bekk. Námskeiðsformið er gjarnan notað í tveimur fyrstu bekkjum grunnskóla, eða í um 40% tilfella, eins og sjá má í töflu 5.10.

**Tafla 5.10 Kennsluform sundkennslu í 1.–10. bekk.**

| | Sund kennt vikulega | Sund kennt á námskeiðum | Annað kennsluform |
|---|---|---|---|
| **1. bekkur** | 46% | 40% | 14% |
| **2. bekkur** | 50% | 37% | 13% |
| **3. bekkur** | 57% | 31% | 11% |
| **4. bekkur** | 64% | 25% | 11% |
| **5. bekkur** | 61% | 23% | 17% |
| **6. bekkur** | 59% | 23% | 15% |
| **7. bekkur** | 65% | 20% | 15% |
| **8. bekkur** | 64% | 21% | 15% |
| **9. bekkur** | 63% | 23% | 15% |
| **10. bekkur** | 58% | 23% | 23% |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Í aðalnámskrá er fjallað um nemendafjölda í hverjum sundtíma og er miðað við að 15 nemendur séu að jafnaði í hverjum 40 mínútna sundtíma. Til að kanna hvernig að þessu er staðið í skólunum var spurt um fjölda nemenda í sundtímum að jafnaði. Í töflu 5.11 má sjá

að í fyrsta bekk eru nemendur 10 eða færri í sundtímum í 63% skóla en í 10. bekk eru 28% skóla með 16 nemendur eða fleiri í sundtíma að jafnaði.

**Tafla 5.11 Fjöldi nemenda að jafnaði í sundtímum eftir bekkjum í 1.–10. bekk.**

| | Skólar í úrvinnslu* | 1–10 nemendur | 11–15 nemendur | 16–20 nemendur | > 21 nemandi |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. bekkur** | 140 | 88 | 46 | 6 | 0 |
| **2. bekkur** | 137 | 64 | 64 | 8 | 1 |
| **3. bekkur** | 155 | 71 | 71 | 13 | 0 |
| **4. bekkur** | 174 | 79 | 79 | 11 | 5 |
| **5. bekkur** | 171 | 72 | 72 | 23 | 4 |
| **6. bekkur** | 175 | 73 | 73 | 24 | 5 |
| **7. bekkur** | 134 | 61 | 61 | 6 | 6 |
| **8. bekkur** | 130 | 54 | 54 | 11 | 11 |
| **9. bekkur** | 100 | 42 | 42 | 8 | 8 |
| **10. bekkur** | 132 | 48 | 48 | 18 | 18 |

* *Hér eru fleiri skólar í úrvinnslu en í töflum um sundkennslu vegna þess að svör allnokkurra skóla um fyrirkomulag sundkennslu voru því miður ekki nýtileg í úrvinnslu könnunarinnar.*
Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Ekki er tekið fram í aðalnámskrá um íþróttir, líkams- og heilsurækt hve margar stundir skuli kenna sérstaklega í skólaíþróttum. Hins vegar er stundafjöldinn tilgreindur í viðmiðunarstundaskrá undir liðnum íþróttir, þ.e. þrjár stundir á viku í 1.–10. bekk. Þar af leiðir að ef sund er kennt að lágmarki eina stund á viku ættu stundir í skólaíþróttum að vera að lágmarki tvær á viku allt skólaárið, eða 68 miðað við 34 vikur. Þegar stundafjöldi í skólaíþróttum er skoðaður kemur í ljós að í flestum skólum eru kenndar 68 stundir eða fleiri í skólaíþróttum árlega í einstökum bekkjum eins og sýnt er í töflu 5.12. Hæst er hlutfallið í 10. bekk eða 93% en lægst í 2. bekk, eða 80%.

**Tafla 5.12 Stundafjöldi í skólaíþróttum í 1.–10. bekk.**

| | Skólar í úrvinnslu* | 68 stundir eða fleiri | 67 stundir eða færri |
|---|---|---|---|
| **1. bekkur** | 143 | 122 | 21 |
| **2. bekkur** | 147 | 118 | 29 |
| **3. bekkur** | 142 | 119 | 23 |
| **4. bekkur** | 146 | 131 | 15 |
| **5. bekkur** | 145 | 122 | 23 |
| **6. bekkur** | 143 | 124 | 19 |
| **7. bekkur** | 150 | 123 | 27 |
| **8. bekkur** | 129 | 112 | 17 |
| **9. bekkur** | 120 | 110 | 10 |
| **10. bekkur** | 121 | 112 | 9 |

* *Hér eru fleiri skólar í úrvinnslu en í töflum um sundkennslu vegna þess að svör all nokkurra skóla um fyrirkomulag sundkennslu voru því miður ekki nýtileg í úrvinnslu könnunarinnar.*
Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Skýrslan *Íþróttakennsla í grunnskólum 2003–2004, skólasund og skólaíþróttir* er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

**5.7 Menntun kennara í stærðfræði- og náttúrufræðigreinum í grunnskólum 2003–2004.**

Veturinn 2003–2004 urðu töluverðar umræður á opinberum vettvangi um hvernig staðið væri að kennslu í stærðfræði og náttúrufræðigreinum í grunn- og framhaldsskólum. Í kjölfar þeirra umræðna ákvað menntamálaráðuneytið að afla upplýsinga frá skólum um menntun kennara í stærðfræði og náttúrufræðigreinum á grunn- og framhaldsskólastigi. Hér á eftir verður eingöngu gerð grein fyrir niðurstöðum er varða grunnskóla. Aflað var upplýsinga um menntun kennara sem kenndu stærðfræði og náttúrufræði í 7.–10. bekk. Alls bárust svör frá 160 skólum, eða um 87%.

Í könnuninni kom m.a. fram að um þriðjungur þeirra sem kenndu stærðfræði í 8.–10. bekk voru grunnskólakennarar með sérhæfingu í stærðfræði. Ef 7.–10. bekkur eru skoðaðir saman lækkar þetta hlutfall nokkuð, eins og sjá má í töflu 5.13.

**Tafla 5.13 Menntun kennara í stærðfræði í 8.–10. og 7.–10. bekk, 2003–2004.**

| | 8.–10. bekkur | | 7.–10. bekkur | |
|---|---|---|---|---|
| **Menntun** | **Fjöldi** | **Hlutfall, %** | **Fjöldi** | **Hlutfall, %** |
| Grunnskólakennari með BEd-próf og stærðfræði sem valgrein | 121 | 33% | 152 | 30% |
| Grunnskólakennari með almennt kennarapróf | 179 | 49% | 241 | 49% |
| Grunnskólakennari með BS-próf í stærðfræði | 9 | 2% | 9 | 2% |
| Leiðbeinendur sem kenna stærðfræði | 39 | 11% | 63 | 13% |
| Aðrir sem kenna stærðfræði | 21 | 6% | 31 | 6% |
| **Alls** | **369** | **100%** | **496** | **100%** |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Við kennslu í náttúrufræði í grunnskólum í 8.–10. bekk voru 40% kennara með BEd-próf og náttúrufræði sem valgrein og í 7. bekk var hlutfallið svipað.

**Tafla 5.14 Menntun kennara í náttúrufræði í 8.–10. og 7.–10. bekk, 2003–2004.**

| | 8.–10. bekkur | | 7.–10. bekkur | |
|---|---|---|---|---|
| **Menntun** | **Fjöldi** | **Hlutfall %** | **Fjöldi** | **Hlutfall %** |
| Grunnskólakennari með BEd-próf og náttúrufræði sem valgrein | 105 | 40% | 155 | 38% |
| Grunnskólakennari með almennt kennarapróf | 85 | 32% | 138 | 34% |
| Grunnskólakennari með BS-próf í náttúrufræði | 24 | 9% | 31 | 8% |
| Leiðbeinendur sem kenna náttúrufræði | 29 | 11% | 47 | 12% |
| Aðrir sem kenna náttúrufræði | 20 | 8% | 32 | 8% |
| **Alls** | **263** | **100%** | **403** | **100%** |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Skýrslan *Menntun kennara í stærðfræði og náttúrufræðigreinum í grunn- og framhaldsskólum 2003–2004* er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

**5.8 Mat á Seyðisfjarðarskóla og Hallormsstaðaskóla.**

Í febrúar 2003 fól menntamálaráðuneytið Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands að gera úttekt á starfsemi Seyðisfjarðarskóla og Hallormsstaðaskóla. Leggja átti mat á stjórnun, kennsluhætti, námsmat, aðstöðu, samskipti innan skóla og við aðila utan skólans, þjónustu við nemendur og starfsfólk, þróunarstarf og umbætur í skólastarfi.

Niðurstöður þessara tveggja úttekta er að finna í tveimur ítarlegum skýrslum, *Mat á Hallormsstaðaskóla* og *Mat á Seyðisfjarðarskóla*, á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

**5.9 Stóra upplestrarkeppnin.**

Stóra upplestrarkeppnin var fyrst haldin haustið 1996 í samstarfi við fimm grunnskóla og hefur undirbúningsnefnd rekið hana frá upphafi. Markmið Stóru upplestrarkeppninnar er að vekja athygli og áhuga á vönduðum upplestri og framburði. Þessi markmið falla að stefnu aðalnámskrár grunnskóla þar sem fjallað er um upplestur og vandaðan og skýran framburð.

Haustið 2003 fól menntamálaráðuneytið skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri að leggja mat á hvort framkvæmd Stóru upplestrarkeppninnar væri samkvæmt yfirlýstum markmiðum hennar. Upplýsinga var aflað með því að senda út spurningalista til allra skóla sem starfrækja 7. bekk. Einnig var rætt við úrtak kennara, nemendahópa, fulltrúa frá skólaskrifstofum og foreldra. Skýrslan *Stóra upplestrarkeppnin* er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

**5.10 Skýrsla um lesskimunarprófið Læsi.**

Forsaga verkefnisins er sú að í skýrslu starfshóps menntamálaráðuneytis um nemendur með sértæka lestrar- og réttritunarerfiðleika í grunnskólum og framhaldsskólum (1997) var lögð áhersla á forvarnastarf í formi lesskimunar með hjálp prófa sem almennir kennarar legðu fyrir í samráði við sérkennara og námsráðgjafa. Í kjölfar skimunar færi síðan fram nánari greining á þeim nemendum sem virtust geta átt við lestrarerfiðleika að etja. Undir þessa hugmynd um lesskimun var tekið í skólastefnu menntamálaráðuneytis í ritinu *Enn betri skóli* (1998) og í íslenskuhluta *Aðalnámskrár grunnskóla* (1999:16). Í kjölfarið stóð menntamálaráðuneytið fyrir gerð prófs til notkunar við lesskimun í fyrstu árgöngum grunnskóla. Skimunarprófið heitir *Læsi* og er byggt á norskri fyrirmynd. Íslenskir höfundar *Læsis* eru Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir.

Skýrslan um lesskimunarprófið *Læsi* var unnin af skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri fyrir menntamálaráðuneytið. Markmiðið með verkefninu var m.a. að svara því hvort Læsi stæðist kröfur um að greina stöðu nemenda í lestri, að kanna hvort og hvernig það er notað og skoða hvort notkun þess hafi áhrif á skipulag lestrarkennslu. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.


**5.11 PISA 2003.**

PISA er alþjóðleg könnun á vegum OECD sem 40 þjóðir taka þátt í og er hún endurtekin á þriggja ára fresti. PISA er ætlað að kanna þekkingu og hæfni 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Að auki er leitast við að meta aðra þætti skólagöngunnar en námsframvindu, t.d. námsvenjur, skólaumhverfi og lestrarvenjur. Á Íslandi tóku allir grunnskólar, sem hafa 10. bekk, þátt í rannsókninni og var þátttakendafjöldinn hér á landi 3.350 nemendur úr 129 skólum.

PISA 2003 raðar frammistöðu eftir sex hæfnisþrepum. Lítill hluti nemenda ræður við flóknustu verkefnin sem tilheyra þrepi 6. Aðeins 5% nemenda í OECD-löndunum, en meira en 10% nemenda í Belgíu, Tékklandi, Japan, Kóreu og Sviss ráða við hin flóknu verkefni sem tilheyra hæfnisþrepi 6. Á Íslandi náðu tæp 4% nemenda þessu þrepi eins og sjá má töflu 5.15.

**Tafla 5.15 Frammistaða eftir hæfnisþrepum, Ísland og OECD.**

| Hæfnis-þrep | Heildarkvarði í stærðfræði<br>Lýsing á hæfnisþrepi | Allir nemendur<br>Ísland | <br>OECD |
|---|---|---|---|
| 6 | Nemandi getur myndað hugtök, alhæft og notað upplýsingar fengnar frá eigin athugunum og líkönum af flóknum aðstæðum. | 4 | 4 |
| 5 | Nemandi getur þróað og unnið með líkön af flóknum aðstæðum, þekkt takmarkanir þeirra og gert sér grein fyrir forsendum þeirra. | 12 | 11 |
| 4 | Nemandi getur unnið skilvirkt með skýrt fram sett líkön af hlutlægum aðstæðum sem geta falið í sér takmarkanir eða kallað á að nemandinn gefi sér ákveðnar forsendur. | 26 | 24 |
| 3 | Nemandi getur framkvæmt aðgerðir sem eru skýrt skilgreindar, þar með taldar þær sem krefjast ákvarðana í ákveðinni röð. | 20 | 21 |
| 2 | Nemandi getur túlkað og þekkt aðstæður í samhengi sem krefst einungis beinna ályktana. | 11 | 13 |
| 1 | Nemandi getur svarað spurningum sem fela í sér kunnuglegar aðstæður þar sem allar viðeigandi upplýsingar koma fram og spurt er beinna spurninga. | | |
| 0 | Nemandi þekkir ekki þær upplýsingar sem lagðar eru fram og getur ekki framkvæmt einföldustu aðgerðir samkvæmt beinum fyrirmælum við skýrar aðstæður. | | |




Heimild: Námsmatsstofnun.

Tafla 5.16 sýnir að Ísland er í 10.–14. sæti allra OECD-landanna, en í 13.–17. sæti allra þátttökuþjóðanna. Íslenskir nemendur eru almennt álíka góðir í stærðfræði og jafnaldrar þeirra á Nýja-Sjálandi, í Tékklandi, Danmörku, Frakklandi, Svíþjóð, Bretlandi og Austurríki. Þeir eru að meðaltali marktækt betri í stærðfræði en jafnaldrar þeirra í 18 af þeim 40 löndum sem tóku þátt í PISA 2003.

**Tafla 5.16 Stærðfræðikunnátta 15 ára nemenda á Íslandi borin saman við jafnaldra í þátttökulöndum, PISA 2003**

| | | | Heildarkvarði | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | PISA Meðaltal | SE[1] | Sæti m.v. OECD | Sæti m.v. alla | ÍSLAND (p<0,01) |
| Hong Kong – Kína | 550 | (4,5) | | 1–5 | ▲ |
| **Finnland** | **544** | **(1,8)** | **1–3** | **1–5** | ▲ |
| Kórea | 542 | (3,3) | 1–4 | 1–6 | ▲ |
| Holland | 538 | (3,2) | 1–6 | 1–8 | ▲ |
| Liechtenstein | 536 | (3,4) | | 1–11 | ▲ |
| Japan | 534 | (4,0) | 1–9 | 2–12 | ▲ |
| Kanada | 532 | (1,8) | 3–7 | 4–10 | ▲ |
| Belgía | 529 | (2,3) | 3–9 | 4–11 | ▲ |
| Makaó | 529 | (3,3) | | 5–13 | ▲ |
| Sviss | 528 | (3,4) | 3–10 | 5–13 | ▲ |

| | PISA Meðaltal | SE[1] | Heildarkvarði Sæti m.v. OECD | Sæti m.v. alla | ÍSLAND (p<0,01) |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástralía | 524 | (2,1) | 6–10 | 8–13 | ▲ |
| Nýja-Sjáland | 524 | (2,2) | 6–10 | 8–13 | – |
| Tékkland | 516 | (3,6) | 8–15 | 10–18 | – |
| **ÍSLAND** | **515** | **(1,5)** | **10–14** | **13–17** | – |
| **Danmörk** | **514** | **(2,7)** | **10–14** | **13–17** | – |
| Frakkland | 511 | (2,4) | 9–15 | 12–18 | – |
| **Svíþjóð** | **509** | **(2,5)** | **10–16** | **13–19** | – |
| Bretland[2] | 508 | (2,4) | 10–17 | 13–20 | – |
| Austurríki | 506 | (3,2) | 11–18 | 14–21 | – |
| Þýskaland | 502 | (3,3) | 12–19 | 15–22 | ▼ |
| Írland | 502 | (2,4) | 14–19 | 16–21 | ▼ |
| Slóvakía | 498 | (3,4) | 15–22 | 18–25 | ▼ |
| **Noregur** | **495** | **(2,4)** | **17–22** | **20–25** | ▼ |
| Lúxemborg | 493 | (1,1) | 18–22 | 21–25 | ▼ |
| Pólland | 490 | (2,5) | 18–24 | 21–27 | ▼ |
| Ungverjaland | 490 | (2,8) | 18–24 | 21–28 | ▼ |
| Spánn | 485 | (2,4) | 21–24 | 24–28 | ▼ |
| Lettland | 483 | (3,8) | | 23–29 | ▼ |
| Bandaríkin | 483 | (3,0) | 21–24 | 24–28 | ▼ |
| Rússland | 468 | (4,2) | | 28–31 | ▼ |
| Portúgal | 466 | (3,5) | 25–26 | 29–31 | ▼ |
| Ítalía | 465 | (3,0) | 25–26 | 29–31 | ▼ |
| Grikkland | 444 | (3,9) | 27–27 | 32–33 | ▼ |
| Serbía | 437 | (3,7) | | 32–33 | ▼ |
| Tyrkland | 424 | (6,8) | 28–28 | 33–36 | ▼ |
| Úrúgvæ | 422 | (3,4) | | 34–36 | ▼ |
| Taíland | 417 | (2,9) | | 34–36 | ▼ |
| Mexíkó | 386 | (3,7) | 29–29 | 37–37 | ▼ |
| Indónesía | 360 | (3,9) | | 38–40 | ▼ |
| Túnis | 359 | (2,6) | | 38–40 | ▼ |

[1] SE: Staðalvilla mælingar (Standard Error). [2]Uppfyllti ekki skilyrði um lágmarksþátttöku nemenda.
▲ Nemendur eru að meðaltali betri en íslenskir nemendur.
– Nemendur eru að meðaltali jafngóðir og íslenskir nemendur.
▼ Nemendur eru að meðaltali slakari en íslenskir nemendur.

Heimild: Námsmatsstofnun.

Frammistaða íslenskra nemenda í stærðfræði í PISA-rannsókninni 2003 er betri en fyrri alþjóðlegar samanburðarrannsóknir hafa sýnt. Þegar Norðurlöndin eru skoðuð sérstaklega sést að íslenskir nemendur standa sig að meðaltali töluvert betur í stærðfræði en jafnaldrar þeirra í Noregi (20 stigum að meðaltali) en mun verr en jafnaldrar í Finnlandi (29 stigum að meðaltali). Ekki er marktækur munur á íslenskum nemendum og jafnöldrum þeirra í Danmörku og Svíþjóð. Á Íslandi er dreifingin frekar lítil og er meðalframmistaða íslenskra nemenda að jafnaði neðarlega í hæfnisþrepi 3 en finnskir nemendur nálgast að vera að meðaltali á þrepi 4.

Þegar frammistaða kynjanna undanfarin ár í stærðfræði er skoðuð sést að stúlkur hafa verið að sækja í sig veðrið miðað við pilta í öllum löndum. Munurinn á stærðfræðikunnáttu meðal flestra þátttökuþjóða PISA 2003 er á þá leið að piltar standa sig betur en stúlkur. Á Íslandi, einu þátttökulanda, eru stúlkur töluvert betri en piltar í stærðfræði og nemur munurinn 15 stigum. Tafla 5.17 sýnir að þegar allir nemendur eru skoðaðir eru íslenskir nemendur í 13.–17. sæti af 40.

**Tafla 5.17 Frammistaða pilta og stúlkna. Röðun eftir meðaleinkunn.**

| | Nemendur í öðrum löndum | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Stúlkur* | | *Drengir* | | *Allir nemendur* | |
| **Íslenskir nemendur** | **OECD** | **ALLIR** | **OECD** | **ALLIR** | **OECD** | **ALLIR** |
| Stúlkur | 8. | 8. | 12. | 14. | 10. | 12. |
| Drengir | 13. | 14. | 18. | 20. | 16. | 18. |
| **Allir** | **12.** | **14.** | **13.** | **15.** | **10.–14.** | **13.–17.** |

Heimild: Námsmatsstofnun.

Í töflu 5.17 má einnig sjá að frammistaða íslenskra drengja í stærðfræði miðað við drengi í öðrum löndum er í meðallagi. Þeir eru í 20. sæti af 40 þátttökuþjóðum þegar borið er saman við aðra drengi og í 18. sæti á lista OECD-ríkjanna 30. Íslenskar stúlkur standa sig hins vegar mun betur og eru í 8. sæti miðað við stúlkur í öllum öðrum þátttökulöndum. Til þess að varpa frekara ljósi á kynjamuninn var ákveðið að skoða hann á samræmdu prófi í stærðfræði í 10. bekk, hjá sama árgangi og tók þátt í PISA-rannsókninni. Viðvarandi munur hefur verið í nokkur ár stúlkum í hag í stærðfræði en það er fyrst nú með tilkomu PISA-rannsóknanna að fyllilega verður ljóst hversu mikill þessi munur er og að hann er örugglega ekki tilviljun. Samræmt próf í stærðfræði í 10. bekk vorið 2003 staðfestir þann kynjamun sem PISA-rannsóknin sýnir. Stúlkur standa sig betur en piltar bæði á PISA 2003 og á samræmdu prófi 2003 á heildarkvörðum og á sjö af átta undirkvörðum þeirra.

Hluti PISA-rannsóknarinnar 2003 var endurtekning á hluta lestrarprófsins frá árinu 2000 ásamt stuttu prófi í náttúrufræði. Frammistaða í lestri er að meðaltali nokkuð lakari en í PISA 2000 rannsókninni (492 stig). Þá voru íslenskir nemendur marktækt rétt yfir meðallagi OECD-þjóðanna (507 stig) og marktækt betri en Noregur og Danmörk. Í náttúrufræði reyndist frammistaðan að meðaltali vera nærri því nákvæmlega eins og hún var árið 2000 en Ísland er á mörkum þess að vera marktækt frábrugðið meðaltali OECD-landanna. Meðaleinkunnin 2003 í náttúrufræði var 495 stig en var 496 stig árið 2000.

## VI. Styrkir.

Menntamálaráðherra hefur umsjón með Þróunarsjóði grunnskóla og Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Úthlutað er úr sjóðunum samkvæmt nánari reglum er um þá gilda.

### 6.1. Þróunarsjóður grunnskóla 2001–2004.

Þróunarsjóður grunnskóla starfar samkvæmt 52. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, og reglum um Þróunarsjóð grunnskóla, nr. 657/1996. Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum í Þróunarsjóð grunnskóla. Menntamálaráðherra hefur umsjón með sjóðnum og setur reglur um styrkveitingar. Auglýst er eftir skólum til að taka að sér skilgreind þróunarverkefni í janúar ár hvert og geta skólastjórar grunnskóla fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara sent inn þátttökutilkynningu. Viðkomandi sveitarstjórn, eða þeir aðilar sem sveitarstjórn gefur umboð sitt (t.d. skólanefnd, skólamálaskrifstofa, skólamálafulltrúi), skulu staðfesta þátttökutilkynningu skóla. Aðrir aðilar en grunnskólar geta tekið að sér auglýst verkefni. Krefjast slík verkefni beinna tengsla við starfandi skóla og skal staðfesting á þátttöku skóla fylgja umsókn. Auglýst er eftir umsóknum í janúar ár hvert. Umrætt tímabil var auglýst eftir almennum þróunarverkefnum en lögð var áhersla á tiltekin forgangssvið. Tafla 6.1 sýnir þau forgangssvið sem auglýst voru 2002, 2003 og 2004.

**Tafla 6.1 Forgangssvið við úthlutun úr Þróunarsjóði grunnskóla 2002, 2003 og 2004.**

| Ár | Forgangssvið: |
|---|---|
| 2002 | A. Menntun tvítyngdra nemenda – fjölmenningarleg kennsla |
| | B. Sveigjanlegir kennsluhættir á unglingastigi (5.–10. bekkur) |
| 2003 | A. Menntun tvítyngdra nemenda – fjölmenningarleg kennsla |
| | B. Læsi til menntunar |
| 2004 | A. Læsi til menntunar |
| | B. Fjölbreytt námsmat |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Á töflu 6.2 má sjá yfirlit yfir fjölda styrktra verkefna og heildarstyrkveitingar í millj. kr. á tímabilinu 2002–2004. Heildarupphæð styrkveitinga á tímabilinu var 35,5 millj. kr.

**Tafla 6.2 Fjöldi styrktra verkefna og heildarstyrkveitingar 2001–2004.**

| | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi styrktra verkefna | 27 | 27 | 33 |
| Heildarstyrkveiting í millj. kr. | 11,2 | 12,2 | 12,1 |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Menntamálaráðuneytið samdi árið 2002 við Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands um umsýslu Þróunarsjóðs grunnskóla í tilraunaskyni til þriggja ára, frá 2002–2004, og var samningurinn síðan framlengdur um eitt ár. Sjóðurinn var áður í vörslu ráðuneytisins í samræmi við reglur um sjóðinn. Menntamálaráðuneytið skipar eftir sem áður ráðgjafarnefnd Þróunarsjóðs grunnskóla samkvæmt reglum um sjóðinn, skilgreinir forgangsverkefni hvers árs, auglýsir eftir umsóknum og tekur formlega ákvörðun um úthlutun styrkja úr sjóðnum. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands hefur umsjón með störfum framangreindra nefnda og annast öll formleg tengsl við styrkþega, m.a. gerð samninga og fylgist með framgangi verkefna og leggur mat á lokaskýrslur um einstök verkefni.

### 6.2 Endurmenntunarsjóður grunnskólakennara.

Árið 1999 setti menntamálaráðherra á stofn Endurmenntunarsjóð grunnskóla til að fylgja eftir nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Sérstakar reglur voru settar um Endurmenntunarsjóð grunnskóla og stjórn hans en í henni sitja fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambandi Íslands. Þess má geta að Kennaraháskóla Íslands er einnig úthlutað árlega sambærilegri upphæð til endurmenntunar. Við mat á umsóknum úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla er miðað við að verkefnin séu til þess fallin að mæta þörfum grunnskólans, að með þeim sé fylgt eftir skólastefnu og aðalnámskrá grunnskóla og að verkefnin fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Einnig er tekið tillit til þess hver þörfin er á hverjum stað, forgangsröðunar skólaskrifstofa í verkefnavali, fjölda kennara o.fl.

**Tafla 6.2 Fjöldi verkefna og styrkveitingar úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2002–2004.**

| | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi styrktra verkefna | 109 | 100 | 132 |
| Heildarstyrkveiting í millj. kr. | 22,6 | 23,9 | 21,2 |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Meðal styrkþega eru skólaskrifstofur, einstakir grunnskólar og félagasamtök. Hægt er að nálgast upplýsingar um úthlutanir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

*6.2.1 Olweusar-verkefni gegn einelti.*

Svokallað Olweusar-verkefni gegn einelti hlaut styrki úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla öll umrædd ár, samtals 6 millj. kr. Forsaga málsins er sú að menntamálaráðuneytið lét rannsaka umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum árið 1998. Í framhaldi af þeirri rannsókn var gerð rannsókn á úrræðum skóla við lausn á eineltisvandamálum og lágu niðurstöður fyrir í september 2000. Í desember 2000 skipaði samráðsnefnd grunnskóla að beiðni menntamálaráðherra starfshóp um aðgerðir gegn einelti. Hlutverk starfshópsins var að gera tillögur að samræmdri aðgerðaáætlun fyrir grunnskóla um hvernig skuli bregðast við einelti.

Í tillögum starfshópsins var m.a. gerð grein fyrir hugmyndum norska prófessorsins Dans Olweusar sem hefur þróað aðgerðaáætlun gegn einelti í grunnskólum. Olweusar-verkefnið hófst síðan á Íslandi haustið 2002 með þátttöku 43 skóla og aðild nokkurra skólaskrifstofa og Háskólans á Akureyri. Haustið 2003 bættust svo tveir skólar við. Af þessum 45 skólum eru tíu skólar í Reykjavík, fjórir skólar á Vesturlandi, sjö skólar á Vestfjörðum, þrír skólar á Norðurlandi vestra, tíu skólar á Norðurlandi eystra, tveir á Austurlandi, einn á Suðurlandi, fjórir á Reykjanesi og fjórir í Kópavogi. Samtals eru í þessum skólum á fjórtánda þúsund nemenda, eða þriðjungur allra grunnskólanemenda í landinu. Þá eru allir starfsmenn skólanna og starfsfólk tengdra stofnana þátttakendur og hafa um 2.400 starfsmenn tekið markvisst þátt í Olweusar-verkefninu.

Verkefnið felst m.a. í því að allir starfsmenn skólanna eru þátttakendur og fá leiðsögn og fræðslu um viðbrögð við einelti allan tímann auk þess sem náið samstarf er við foreldra. Gefinn hefur verið út bæklingur fyrir foreldra þar sem m.a. er fjallað um hvernig bregðast eigi við einelti. Gert er ráð fyrir að það taki hvern skóla tvö ár að innleiða kerfið en eftir það á kerfið að vera eðlilegur hluti af skólastarfi viðkomandi skóla. Verkefnið hefur reynst vel og greiðlega hefur gengið að laga það að íslenskum aðstæðum. Það er nú þegar orðið eitt umfangsmesta endurmenntunarverkefni í íslenskum grunnskólum.

## VII. Útgjöld til grunnskóla.

Eins og kunnugt er komu lög um grunnskóla, nr. 66/1995, að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, þ.e. frá þeim tíma hafa sveitarfélögin fjármagnað starfsemi grunnskólanna. Á árinu 2005 var ráðist í endurskoðun flokkunar útgjalda ríkisins samkvæmt svokölluðum COFOG-staðli (Classification of the Functions of Government). COFOG er alþjóðlegur staðall og hluti af þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna, SNA (System of National Accounts). Á þjóðhagsreikningasviði Hagstofunnar er stuðst við COFOG-staðalinn við flokkun útgjalda hins opinbera. Í töflu 7.1 hér á eftir má sjá útgjöld á verðlagi ársins 2003 til grunnskóla (stofn- og rekstrarkostnað) á tímabilinu 1998–2003 samkvæmt nýrri flokkun COFOG. Á grunnskólastiginu eru framlög ríkisins vegna m.a. námsgagna, samræmdra prófa, endurmenntunar kennara og þróunarstarfs í grunnskólum.

Eins og sjá má í töflu 7.1 hafa framlög hins opinbera til grunnskóla hækkað nokkuð frá árinu 1998, eða úr um 3,0% af vergri landsframleiðslu árið 1998 í um 3,9% árið 2003. Hækkunin nemur 0,29% á tímabilinu. Kostnaður á hvern nemenda árið 1998 var 612.000 kr. en árið 2003 var hann orðinn 723.000 kr. Opinber útgjöld koma annars vegar frá ríkissjóði og hins vegar frá sveitarfélögum. Framlag ríkissjóðs til grunnskólastigsins var árið 1998 0,07% af vergri landsframleiðslu en 0,06% árið 2003. Töluverð lækkun varð árið 2002 á útgjöldum

ríkisins til skólastigsins, eða 0,05% af vergri landsframleiðslu, en það var síðasta árið sem framlög komu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna einsetningar grunnskóla. Útgjöld sveitarfélaga til grunnskóla voru rúmir 6 milljarðar kr. árið 1996 eða 1,29% af vergri landsframleiðslu en árið 2003 voru útgjöldin tæpir 32 milljarðar kr., eða um 3,93% af vergri landsframleiðslu. Í töflu 7.1 má einnig sjá útgjöld heimila vegna grunnskóla. Þau voru talin nema um 0,11% af vergri landsframleiðslu árið 1998 og helst það hlutfall óbreytt allt til ársins 2003.

**Tafla 7.1 Útgjöld vegna grunnskóla.**

| | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Útgjöld hins opinbera í millj. kr.** | 25.972 | 27.045 | 28.497 | 30.856 | 33.354 | 32.384 |
| Hlutfall af vergri landsframleiðslu | 3,70% | 3,61% | 3,71% | 3,94% | 4,26% | 3,99% |
| Kostnaður hins opinbera á nemanda í þús. kr. | 612 | 629 | 653 | 700 | 746 | 723 |
| **Útgjöld ríkissjóðs í millj. kr.** | 514 | 539 | 421 | 510 | 484 | 478 |
| Hlutfall af vergri landsframleiðslu | 0,07% | 0,07% | 0,05% | 0,07% | 0,06% | 0,06% |
| Kostnaður ríkissjóðs á nemanda í þús. kr. | 12 | 13 | 10 | 12 | 11 | 11 |
| **Útgjöld sveitarfélaga í millj. kr.** | 25.458 | 26.506 | 28.075 | 30.345 | 32.870 | 31.906 |
| Hlutfall af vergri landsframleiðslu | 3,63% | 3,54% | 3,66% | 3,83% | 4,20% | 3,93% |
| Kostnaður sveitarfélaga á nemanda í þús. kr. | 600 | 616 | 643 | 688 | 735 | 712 |
| **Útgjöld heimila í millj. kr.** | 792 | 811 | 874 | 855 | 878 | 921 |
| Hlutfall af vergri landsframleiðslu | 0,11% | 0,11% | 0,11% | 0,11% | 0,11% | 0,11% |
| Kostnaður heimila á nemanda í þús. kr. | 19 | 19 | 20 | 19 | 20 | 21 |
| *Fjöldi nemenda* | *42.421* | *43.030* | *43.644* | *44.103* | *44.695* | *44.809* |
| Verðvísitala samneyslu 2003=100 | 72,73 | 77,32 | 82,11 | 89,13 | 96,25 | 100,00 |
| Verðvísitala VLF 2003=100 | 81,60 | 82,17 | 87,18 | 94,62 | 99,90 | 100,00 |

Heimild: Hagstofa Íslands.

## 296. Fyrirspurn [283. mál]

til sjávarútvegsráðherra um vísindaveiðar á hval.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hvert verður framhald vísindaveiða á hvalastofnum við Ísland?
2. Hvaða vísindarannsóknir eru gerðar á þeim hvölum sem veiddir verða í atvinnuskyni á þessu fiskveiðiári?

## 297. Fyrirspurn [284. mál]

til félagsmálaráðherra um búsetumál geðfatlaðra í Reykjavík.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hver er staðan í búsetumálum geðfatlaðra í Reykjavík?

2. Hvenær má búast við að búið verði að lagfæra húsnæðið á Flókagötu í samræmi við nýju hugmyndafræðina sem ráðherra kynnti 9. október sl.?
3. Hversu mörg búsetuúrræði verða tekin í notkun á þessu ári og árlega næstu þrjú ár?
4. Hve margir geðfatlaðir bíða nú eftir að komast í sjálfstæða búsetu í Reykjavík?
5. Hversu margir þeirra búa nú á stofnunum, og þá hvaða stofnunum, og hve margir búa í heimahúsum?

## 298. Fyrirspurn [285. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsskóla í Rangárvallasýslu.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Stendur til að kanna möguleika á stofnun framhaldsskóla í Rangárvallasýslu?

## 299. Fyrirspurn [286. mál]

til heilbrigðisráðherra um kaup og sölu heyrnartækja.

Frá Ástu Möller.

1. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að íbúar á landsbyggðinni hafi jafna aðstöðu og íbúar höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar til kaupa á heyrnartækjum með kostnaðarþátttöku ríkisins?
2. Hvernig er háttað eftirliti með því að þeir sem selja heyrnartæki hafi viðeigandi menntun og faglega hæfni?
3. Hvað hefur verið gert til þess að tryggja óhlutdrægni og jafna rekstrarstöðu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands gagnvart einkaaðilum með rekstrarleyfi til þess að annast þá þjónustu eða hluta þeirrar þjónustu sem Heyrnar- og talmeinastöðinni er falið að annast lögum samkvæmt, sbr. 1. mgr. 37. gr. b laga nr. 97/1990?

## 300. Fyrirspurn [287. mál]

til menntamálaráðherra um fjölgun hjúkrunarfræðinema.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra hrinda í framkvæmd samkomulagi Landspítala – háskólasjúkrahúss, rektors Háskólans á Akureyri og rektors Háskóla Íslands um að fjölga hjúkrunarfræðinemum, meðal annars við Háskólann á Akureyri?

## 301. Fyrirspurn [288. mál]

til forsætisráðherra um veiðiheimildir úr sameiginlegri fiskveiðiauðlind þjóðarinnar.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvernig hyggst ráðherra, sbr. ræðu hans á þingi LÍÚ 20. október sl., eyða óvissu um að ekki verði gerðar breytingar á veiðiheimildum úr sameiginlegri fiskveiðiauðlind þjóðarinnar?

## 302. Fyrirspurn [289. mál]

til menntamálaráðherra um jafnrétti til tónlistarnáms.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hyggst ráðherra tryggja kennslu og kostnað við tónlistarnám á grunn- og framhaldsstigi og með því jafnrétti til tónlistarnáms óháð búsetu og efnahag til jafns við annað nám samkvæmt opinberum námskrám?

## 303. Fyrirspurn [290. mál]

til félagsmálaráðherra um rétt nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvenær er að vænta leiðréttingar á stöðu þeirra nemenda í framhalds- og háskólanámi sem verða að búa á heimavist eða leigja sér húsnæði vegna fjarlægðar heimilis frá skóla, en eiga lögheimili innan sama sveitarfélags og eiga því ekki rétt til húsaleigubóta samkvæmt þeim reglum sem nú gilda?

## 304. Frumvarp til laga [291. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Jón Gunnarsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 14 ára aldri.

2. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á 130. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Það var lagt fram að nýju á 131. löggjafarþingi á þskj. 72 í 72. máli. Frumvarpið hlaut þá afgreiðslu í allsherjarnefnd en nefndin klofnaði í afstöðu sinni til þess. Meiri hluti nefndarinnar lagði til þá breytingu að fyrningarfrestur brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga teldist frá þeim degi er brotaþoli næði 18 ára aldri í stað 14 ára aldurs en einn nefndarmanna lagði til að alvarlegustu brotin yrðu gerð ófyrnanleg. Minni hlutinn lagði hins vegar til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt. Þrátt fyrir afgreiðslu allsherjarnefndar á málinu hlaut það ekki afgreiðslu í þingsal. Frumvarpið var því lagt fram að nýju á síðasta þingi en var ekki afgreitt úr allsherjarnefnd. Frumvarpið er því enn á ný lagt fram lítið breytt. Fjöldi umsagna hafa borist málinu. Umboðsmaður barna lýsti m.a. yfir stuðningi við frumvarpið í umsögn sinni frá 30. mars 2004. Umboðsmaður hefur lengi hvatt Alþingi til að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisafbrota gegn börnum og kom sú hvatning fyrst fram í skýrslu hans árið 1997. Með þessu frumvarpi er farið að tilmælum hans. Barnaverndarstofa studdi frumvarpið eindregið og barnaverndarnefnd Reykjavíkur fagnaði því og telur nauðsynlegt að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisafbrota gegn börnum. Stjórn Barnaheilla fagnaði sömuleiðis frumvarpinu í sinni umsögn. Samtök um kvennaathvarf hvöttu til að frumvarpið yrði samþykkt og telur Femínistafélag Íslands einnig að afnema eigi þessa fyrningarfresti. Mannréttindaskrifstofa Íslands taldi í umsögn sinni að sterkar röksemdir væru fyrir samþykkt þessa frumvarps.

Átakshópurinn Blátt áfram er verkefni unnið í samvinnu við Ungmennafélag Íslands og felst í að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi. Á heimasíðu þessa hóps, www.blattafram.is, er fólk hvatt til að senda ráðherrum bréf með áskorun um að samþykkja frumvarpið. Skemmst er frá því að segja að um 22.000 manns hafa skrifað undir slíka áskorun og voru undirskriftirnar afhentar allsherjarnefnd. Ungliðahreyfingar allra stjórnmálaflokka ályktuðu einnig til stuðnings frumvarpinu. Þing unga fólksins með þátttöku fólks úr öllum stjórnmálaflokkum ályktaði sömuleiðis um að fara bæri þessa leið. Það er því ljóst að frumvarpið nýtur víðtæks stuðnings, jafnt á meðal fagaðila og stjórnmálahreyfinga sem almennings.

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins skrifaði 7. febrúar 2004 að frumvarpið væri „því án efa mikilvægt skref í þá átt að koma lögum yfir sem flesta þeirra sem gerst hafa sekir um jafn alvarlegan og afdrifaríkan glæp og að beita börn kynferðisofbeldi.“ Þar stóð enn fremur: „fyrningarfrestir, eins og þeim er nú háttað, eru iðulega of skammir fyrir þennan viðkvæma hóp brotaþola, sem oft áttar sig ekki á brotinu eða treystir sér til að kæra það fyrr en langt er um liðið. Dómar þar sem einstaklingar hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisafbrot gegn börnum, þrátt fyrir að sekt þeirra hafi verið sönnuð, eru staðfesting á því.“

**Sérstaða kynferðisafbrota gegn börnum.**

Kynferðisafbrot gegn börnum eru í eðli sínu ólík öðrum ofbeldisbrotum og er nauðsynlegt að viðurkenna sérstöðu þeirra. Sakir þessarar sérstöðu vilja flutningsmenn afnema fyrningarfrest brota skv. 194.–202. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, sem framin eru gegn einstaklingum yngri en 14 ára.

Aðstöðumunur geranda og þolanda er eðli máls samkvæmt gríðarlegur. Brotaþoli er hvorki í aðstöðu til að skynja að um lögbrot sé að ræða né þekkir hann leiðir til að losna undan oki gerandans. Þolandinn áttar sig e.t.v. ekki fyrr en mörgum árum síðar á að brotið hafi verið gegn honum eða bælir minninguna um ofbeldið í langan tíma og telur sig jafnvel sjálfan bera sök. Þess vegna geta liðið mörg ár og jafnvel áratugir þar til kæra er lögð fram í slíkum málum. Gerandi á ekki að hagnast á þeim mikla aðstöðumun sem er á honum og brotaþola.

Oft koma þessi brot ekki fram í dagsljósið fyrr en mörgum árum eftir að þau voru framin og jafnvel ekki fyrr en brotaþolar hafa náð fullorðinsaldri. Þetta á ekki síst við þegar gerandi er í fjölskyldutengslum við brotaþola.

Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2004 líður oft mjög langur tími frá því að brot gegn barni er framið þar til brotaþolinn er reiðubúinn að ræða málið og leita sér aðstoðar. Um 50% þeirra sem leituðu til Stígamóta höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á aldrinum 0–10 ára en tæplega 63% á aldrinum 0–15 ára. Sé hins vegar litið á hvenær fólk leitar sér aðstoðar hjá Stígamótum kemur í ljós að rúmlega 40% eru 30 ára eða eldri. Samkvæmt núverandi fyrningarreglum eru öll kynferðisafbrot gegn barni sem er 14 ára eða yngra fyrnd þegar viðkomandi fórnarlamb hefur náð 29 ára aldri.

Um 47% þeirra sem leita til Stígamóta eru á aldursbilinu 19–29 ára en sé um kynferðisbrot gegn barni að ræða eru sum slík brot fyrnd þá þegar þar sem fyrningarfrestir vegna þeirra eru frá 5 árum til 15 ára og byrjar fresturinn að líða á 14 ára afmæli brotaþolans. Ljóst er því að fyrningarfrestir eru of skammir fyrir stóran hóp brotaþola. Dómar þar sem menn hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisbrot gegn börnum jafnvel þótt sekt hafi verið sönnuð staðfesta þetta.

Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta bárust einungis 6% af þeim málum sem komu til kasta Stígamóta til opinberra aðila. Í skýrslunni er tekið fram að gildandi fyrningarreglur séu ein af ástæðunum fyrir því að svo fá mál komast til umfjöllunar opinberra aðila.

Flutningsmenn telja rétt að miða við afnám fyrningarfrests í kynferðisafbrotum gegn börnum við 14 ára aldur barnsins í ljósi þeirrar staðreyndar að skv. 202. gr. almennra hegningarlaga eru lögleg aldursmörk samræðis og annarra kynferðismaka miðuð við 14 ára aldur. Þær röksemdir sem eru að baki afnáms fyrningarfrests eiga sömuleiðis fyrst og fremst við einstaklinga undir 14 ára aldri fremur en brotaþola á aldursbilinu 14–18 ára. Þolendur á aldrinum 14–18 ára eru í mun betri aðstöðu til að skilja að um afbrot sé að ræða. Þeir eru jafnframt líklegri til að þekkja þau úrræði sem þolendum kynferðisbrota bjóðast en brotaþoli sem er yngri en 14 ára. Brotaþolar á aldrinum 14–18 ára njóta því áfram óbreyttra fyrningarfresta verði frumvarpið samþykkt óbreytt.

**Kynferðisafbrot þar sem barn er snert í kynferðislegum tilgangi.**

Flutningsmenn telja rétt að afnema fyrningu í öllum kynferðisbrotum gegn börnum sakir þess að hér er um sérlega viðkvæman hóp brotaþola að ræða. Ekki er talið rétt að gera greinarmun á kynferðisafbrotum gegn börnum eftir verknaðaraðferð þegar kemur að fyrningarreglum. Kynferðisbrot gegn börnum eru í öllum tilvikum alvarleg og fela í sér gróft brot á þeim verndarhagsmunum sem um ræðir.

Sömuleiðis hefur dómaframkvæmd leitt í ljós að gróf kynferðisafbrot gegn barni geta átt við þau ákvæði almennra hegningarlaga sem lögð er vægari refsing við og má þar nefna 2. mgr. 200. gr. og 2. mgr. 201. gr. um kynferðislega áreitni.

Breyting á 200.–202. gr. laganna frá árinu 1991 fjallaði um kynferðislega áreitni sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt, þ.e. „önnur kynferðismök“.

Hugtakið önnur kynferðismök ber að skýra fremur þannig að átt sé við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt. Þar er átt við athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu. Með kynferðislegri áreitni er hins vegar átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga.

Í greinargerð með frumvarpinu frá árinu 1991 segir að rétt þyki að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður með þessu sérákvæði og taka harðar á brotum. Vilji löggjafans stóð því til þess að minnka þann greinarmun sem var gerður á samræði og annars konar kynferðislegri áreitni gegn barni.

Ef kynferðisathafnir falla ekki undir neina af framangreindum verknaðarlýsingum, þ.e. samræði, önnur kynferðismök eða aðra kynferðislega áreitni, kann 209. gr. að eiga við um þær (brot gegn blygðunarsemi). Frumvarp þetta tekur ekki til 209. gr. almennra hegningarlaga. Á 115. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Af skýringum í greinargerð sem fylgdi því frumvarpi (þskj. 59 í máli 58) má gera ráð fyrir að undir ákvæði 209. gr. laganna falli háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð, og klúrt orðbragð í síma. Við samþykkt þessa frumvarps mundu slík brot því eftir sem áður fyrnast.

Flutningsmenn telja að kynferðisafbrot þar sem gerandi snertir barn með kynferðislegum hætti eða ljósmyndar það í kynferðislegum tilgangi, sbr. 200.–202. gr., skuli eftir sem áður aðgreinast frá þeirri háttsemi sem fellur undir ákvæði 209. gr. almennra hegningarlaga með tilliti til fyrningar.

**Sömu verndarhagsmunir að baki kynferðislegri áreitni og kynferðismökum.**

Af dómum má ráða að mörkin milli annarra kynferðismaka og kynferðislegrar áreitni séu oft óljós og verður engan veginn ætlað að á þessum brotum sé slíkur grundvallarmunur að réttlætanlegt sé að gera þar greinarmun með tilliti til fyrningar. Þannig hafa mismunandi dómar fallið í málum þar sem gerandi hefur gerst sekur um að sleikja kynfæri stúlkubarna. Sú háttsemi að sleikja kynfæri stúlkubarns utanverð hefur verið talin til kynferðislegrar áreitni en sú háttsemi að sleikja innanverð kynfæri stúlku hins vegar talin til annarra kynferðismaka. Telja verður þennan greinarmun hæpinn og afar óeðlilegt að aðskilja þessi brot með tilliti til fyrningar.

Ljóst er því að afar erfitt er að setja skýr mörk milli svokallaðra vægra kynferðisafbrota annars vegar og grófra hins vegar. Reyndin er sú að kynferðisafbrot gegn börnum brjóta gegn sömu verndarhagsmunum og eru líkleg til að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þolanda, hvort sem um samræði, önnur kynferðismök eða kynferðislega áreitni er að ræða. Í öllum tilvikum snertir hinn brotlegi barn á kynferðislegan hátt.

Breytingartillögur meiri hlutans á 131. löggjafarþingi lutu að því að láta fyrningarfrestinn hefjast við 18 ára aldur í stað 14 ára aldurs. Dómsmálaráðherra hefur sömuleiðis lagt fram frumvarp sem gerir ráð fyrir sambærilegri lagabreytingu.

Slík lagabreyting lengir fyrningarfrest kynferðisbrota þó einungis um 4 ár. Verði slík tillaga samþykkt munu því öll kynferðisafbrot gegn börnum vera fyrnd við 33 ára aldur en af

upplýsingum úr ársskýrslu Stígamóta má ráða að fjölmargir þolendur leita sér hjálpar eftir þann aldur.

Ljóst er að frumvarp ráðherrans mun ekki mæta þörfum stórs hóps þolenda. Enn munu margir þolendur ekki geta leitað réttar síns fyrir dómstólum sakir þess að brotin verða fyrnd. Eftir sem áður verður sú hætta fyrir hendi að dómstólar munu sýkna gerendur í kynferðisbrotamálum gegn börnum, jafnvel þótt sekt þeirra sé talin sönnuð. Af þessum sökum telja flutningsmenn að frumvarp ráðherrans muni ekki vinna gegn þeim aðstöðumun sem er á þolanda og geranda kynferðisbrota. Tillögurnar mundu ekki ná fram markmiði frumvarpsins, sem er að auka refsivernd barna sem verða fyrir kynferðisbrotum.

**Fyrningarfrestir.**

Í núverandi refsilöggjöf fer lengd fyrningarfrests eftir lengd hámarksrefsingar sem lögð er við viðkomandi broti. Aðeins þeir glæpir þar sem hámarksrefsing er ævilangt fangelsi fyrnast aldrei skv. IX. kafla almennra hegningarlaga. Þetta eru landráð skv. 86. og 87. gr. laganna, brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess skv. 98. og 100. gr., hryðjuverk skv. 100. gr. a, manndráp skv. 211. gr., mannrán skv. 226. gr. og ítrekuð rán skv. 255. gr.

Samkvæmt 81. gr. almennra hegningarlaga fyrnist sök á 2 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 1 árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum. Sök fyrnist á 5 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi. Þetta á t.d. við um 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um kynferðislega áreitni gagnvart barni sínu eða öðrum niðja undir 16 ára aldri. Sama má segja um kynferðislega áreitni skv. 2. mgr. 201. gr. við barn eða ungmenni sem er kjörbarn geranda, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis og er undir 16 ára aldri.

Fimm ára fyrningarfrestur á einnig við um kynferðislega áreitni við barn undir 14 ára aldri, sbr. 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, og þegar blekkingum, gjöfum og öðru slíku er beitt til að tæla barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka, sbr. 3. mgr. 202. gr. laganna. Sé barni undir 18 ára aldri greitt endurgjald fyrir samræði eða önnur kynferðismök skv. 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga er fyrningarfresturinn einnig 5 ár.

Sök fyrnist á 10 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 10 ára fangelsi. Þessi fyrningarfrestur á t.d. við það sem fram kemur í 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja sem kominn er yfir 16 ára aldur. Samkvæmt því sem fram kemur í 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga gildir sami fyrningarfrestur um samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni sem er kjörbarn geranda, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis og er á aldursbilinu 16–18 ára.

Að lokum fyrnist sök á 15 árum þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi. Þetta er lengsti tímabundni fyrningarfresturinn og á hann t.d. við það sem tilgreint er í 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja undir 16 ára aldri. Sama má segja um samræði eða önnur kynferðismök, samkvæmt því sem tilgreint er í 1. mgr. 201. gr. laganna, við barn eða ungmenni, sem er kjörbarn geranda, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, og er undir 16 ára aldri. Þessi fyrningarfrestur á einnig við nauðgun skv. 194. gr. almennra hegningarlaga og við samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára skv. 1. mgr. 202. gr. laganna. Í stuttu máli sagt fyrnast kyn-

ferðisafbrot gegn börnum frá 5 árum til 15 ára og fer lengd fyrningarfrestsins eftir alvarleika brotsins.

Í núgildandi ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga segir að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. teljist ekki fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri. Fyrningarfrestur telst því frá þeim degi er refsiverðum verknaði lauk nema brotaþoli hafi ekki náð 14 ára aldri en þá telst fresturinn frá þeim degi er brotaþoli nær þeim aldri.

Þetta ákvæði var lögfest árið 1998 í kjölfar tillögu þingmanna jafnaðarmanna um að fyrningarfrestur brota á 200., 201. og 202. gr. laganna hæfist ekki fyrr en þolandi brots hefði náð sjálfræðisaldri. Þótt lögfesting þessa ákvæðis hafi verið til bóta telja flutningsmenn að dómar og tölfræði um aldur brotaþola þegar hann sækir sér hjálp sýni að ekki er nóg að gert. Því er lagt til í frumvarpi þessu að fyrning kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri verði afnumin með öllu í ljósi sérstöðu þessara brota og hagsmuna barnanna. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að löggjafinn hefur nú þegar tekið þá pólitísku ákvörðun að hafa sum afbrot ófyrnanleg.

Í norrænum rétti hefur verið gengið út frá því að brot geti verið ófyrnanleg þegar um er að ræða alvarlegustu brotin samkvæmt refsimati löggjafans. Flutningsmenn telja að kynferðisafbrot gegn börnum eigi heima í þessum flokki alvarlegustu afbrota hvað varðar fyrningu.

**Réttarstaða barna verði tryggð.**

Hugtakið fyrning í refsirétti felur í sér að réttur ríkisvaldsins til að koma fram refsingu eða öðrum viðurlögum við broti fellur niður að ákveðnum tíma liðnum. Fyrning getur verið af tvennum toga, fyrning sakar annars vegar og hins vegar fyrning refsingar. Til eru margs konar röksemdir fyrir reglum um fyrningu, svo sem hagkvæmnis- og sanngirnisrök, auk þess sem það liggur í hlutarins eðli að erfiðara verður að sanna brot eftir því sem lengri tími líður frá framningu þess.

Það getur hins vegar ekki talist vera sjálfstæð röksemd gegn afnámi fyrningarfrests vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri að erfiðara verður að sanna brotið eftir því sem lengri tími líður. Sönnun í slíkum málum hefur hingað til verið erfið og verður erfið þrátt fyrir afnám fyrningarfrests. Sönnunarbyrðin verður eftir sem áður á ábyrgð hins opinbera ákæruvalds, sbr. 45. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem metur hvort það sem fram er komið sé nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 112. gr. sömu laga. Ákæruvaldið hefur ekki heimild til þess að ákæra í málum þar sem ekki er talið líklegt að sakfelling náist fram. Þessi regla ætti að koma í veg fyrir að ákært sé í málum þar sem fá sönnunargögn eru fyrir hendi.

Hins vegar má telja að sú vitneskja að sönnun verði erfiðari eftir sem lengri tími líður hvetji brotaþola til að leita úrræða sem fyrst en dragi það ekki í óþarflega langan tíma. Það er þó vert að minnast þess að þessi mál komast oft ekki á yfirborðið fyrr en talsvert langur tími er liðinn frá verknaðinum. Vandamálin við sönnun verða því áfram til staðar burtséð frá hvort 2–5 ár eru liðin frá brotin eða talsvert lengri tími. Jafnframt verður það að teljast hæpin röksemd gegn afnámi fyrningarfrests að slíkir frestir virki sem aðhald fyrir rannsóknaraðila og ákæruvald um hröð vinnubrögð. Brotaþoli undir 14 ára aldri á ekki að líða fyrir slíkt markmið fyrningarreglna. Sömuleiðis er nú þegar lagalegur áskilnaður um málshraða á rannsóknaraðilum og ákæruvaldinu. Það er einnig fráleitt að telja að löggæsluaðilar muni ekki sinna þessum afbrotum af sama krafti og þeim er ætlað verði þau ófyrnanleg. Eins og áður hefur verið nefnt eru mörg afbrot í íslenskum rétti ófyrnanleg, svo sem manndráp, og ekki er hægt að benda á að löggæsluaðilar sinni þeim málum verr vegna fyrningarreglna þeirra.

Víða í löggjöfinni er tekið tillit til sérstöðu barna og telja flutningsmenn að svo beri einnig að gera í þessu tilviki. Alls staðar á Norðurlöndum, nema í Finnlandi, hafa verið teknar upp sérreglur er varða fyrningu kynferðisafbrota gegn börnum. Því yrði jafnvægi eða meginreglum almennra hegningarlaga ekki raskað með nokkru móti með samþykkt þessa frumvarps. Flutningsmenn telja hins vegar að taka verði aukið tillit til barna sem þolenda kynferðisbrota svo að unnt sé að tryggja börnum tilhlýðilega refsivernd að þessu leyti.

Flutningsmenn telja að sérstaða kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri og hagsmunir þeirra vegi þyngra en þau hagkvæmnis- og sanngirnisrök sem búa að baki reglum um fyrningarfrest. Flutningsmenn álíta að rangt sé að kynferðisbrot gegn börnum geti fyrnst. Vegna eðlis og sérstöðu þessara brota verður að telja að með fyrningarfresti sé börnum ekki tryggð nægjanleg réttarvernd og réttlæti samkvæmt lögum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Ákvæðið miðar að því að fyrningarfrestir vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga verði afnumdir með öllu með vísan í sérstöðu þessara brota og hagsmuna barna.

Um 2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga er svohljóðandi: „Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri.“ Með afnámi fyrningarfrests vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. sem eru framin gagnvart brotaþola undir 14 ára aldri, sbr. 1. gr. þessa frumvarps, verður þessi málsliður óþarfur.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi. Rétt er að taka fram að ákvæði frumvarpsins geta einungis átt við þau brot sem eru framin eftir gildistöku þessara lagabreytinga og er það í samræmi við ákvæði 2. gr. almennra hegningarlaga um bann við afturvirkni refsilöggjafar og 69. gr. stjórnarskrárinnar.

## 305. Fyrirspurn [292. mál]

til samgönguráðherra um vegrið.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hafa samgönguyfirvöld einhver áform um að fjölga víravegriðum á þjóðvegum landsins og ef svo er, hver eru þau áform?
2. Hvernig metur samgönguráðherra þá reynslu sem komin er af notkun þessara vegriða hér á landi?

## 306. Fyrirspurn [293. mál]

til umhverfisráðherra um loftslagsmál.

Frá Helga Hjörvar.

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum?

## 307. Tillaga til þingsályktunar [294. mál]

um afnám refsiákvæða vegna ærumeiðinga.

Flm.: Eiríkur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að vinna að endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, er miði að því að refsingar vegna ærumeiðinga verði aflagðar. Markmið breytinganna verði að réttarúrræði vegna ærumeiðinga færist alfarið af sviði refsiréttar yfir á svið einkaréttar.

Greinargerð.

Ákvæði XXV. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, um ærumeiðingar hafa staðið nánast óbreytt frá því að þau voru sett árið 1940. Á þessum rúmu 65 árum hafa orðið stórkostlegar breytingar á sviði mannréttinda sem og þjóðfélagsins almennt. Þar má nefna að Ísland hefur undirgengist Mannréttindasáttmála Evrópu og fjölmarga aðra alþjóðlega mannréttindasáttmála, auk þess sem mannréttindakafli íslensku stjórnarskrárinnar hefur verið endurskoðaður og vernd mannréttinda þar aukin. Meðal megineinkenna þessarar mannréttindaþróunar er sú verulega aukna vernd sem tjáningarfrelsið nýtur. Ákvæði XXV. kafla hegningarlaga um ærumeiðingar eru að ýmsu leyti í ósamræmi við þessi breyttu viðhorf og sum efnisatriði ákvæðanna fá tæpast staðist stjórnarskrána eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði mannréttinda. Telja verður eðlilegra að réttarúrræði vegna ærumeiðinga séu alfarið á sviði einkaréttar en ekki refsiréttar, enda vaxandi þrýstingur í alþjóðasamfélaginu á að refsingar við ærumeiðingum verði aflagðar. Því er lagt til að hafin verði vinna við að afnema ærumeiðingarákvæði hegningarlaga og flytja réttarúrræði æruverndar yfir á svið einkaréttarins, eftir atvikum með nánari útfærslu á 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993.

**Ósamræmi XXV. kafla hegningarlaga og mannréttindaviðhorfa nútímans.**

Ýmis dæmi mætti nefna um efnisatriði XXV. kafla hegningarlaga sem tæplega eða engan veginn fást staðist nútímaleg mannréttindaviðhorf, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Skal hér í fyrsta lagi nefnt að ákvæðin mæla berum orðum fyrir um það að hægt sé að varpa einstaklingum í fangelsi fyrir ærumeiðingar. Þannig getur einföld móðgun varðað allt að eins árs fangelsi skv. 234. gr. hegningarlaga og sé um aðdróttun að ræða getur hún varðað tveggja ára fangelsi, sbr. 236. gr. Af 101. gr. hegningarlaga leiðir raunar að fangelsisvistin getur orðið allt að fjögur ár ef aðdróttunin beinist að forseta Íslands. Vart þarf að taka fram að þessi ákvæði eru í engu samræmi við nútímaviðhorf og mannréttindavernd, enda hafa al-

þjóðlegar stofnanir og samtök á sviði mannréttinda beitt sér mjög gegn fangelsisvist sem úrræði vegna ærumeiðinga og Mannréttindadómstóll Evrópu ítrekað kveðið upp áfellisdóma í málum þar sem einstaklingar hafa verið settir í fangelsi vegna ærumeiðinga.

Ekki verður heldur annað séð en að það fyrirkomulag sem kveðið er á um í 234. og 235. gr., að refsa fyrir útbreiðslu ummæla sem sjálfstætt brot, lagt að jöfnu við frummeiðinguna, brjóti gegn dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Um þetta má m.a. vísa til máls Þorgeirs Þorgeirsonar gegn Íslandi frá 25. júní 1992, en þar var lögð áhersla á það í áfellisdómi yfir íslenska ríkinu að Þorgeir hefði í raun verið að skýra frá því sem aðrir sögðu um ofbeldi af hálfu lögreglu. Í nýlegum dómi, Salov gegn Úkraínu, frá 6. september 2005, kvað Mannréttindadómstóllinn raunar mjög fast að orði í þá veru að 10. gr. Mannréttindasáttmálans bannaði ekki dreifingu upplýsinga, jafnvel þótt fyrir lægi sterkur grunur um að upplýsingarnar væru ekki réttar.

Því má einnig halda fram með góðum rökum að fyrirkomulag 237. gr., þ.e. að lýsa meiðandi ummæli refsiverð þótt sönnuð séu, fái ekki samræmst nútímaviðhorfum um tjáningarfrelsi. Eins og Páll Sigurðsson prófessor hefur bent á í riti sínu um fjölmiðlarétt má einnig færa að því rök að það fyrirkomulag 234. gr. að leggja refsingu við einföldum móðgunum sé andstætt stjórnarskránni og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Fleiri dæmi mætti nefna í þessa veruna en hér verður látið staðar numið. Kjarni málsins er sá að ákvæði hegningarlaga um ærumeiðingar eru úrelt og samrýmast að ýmsu leyti illa nútímaviðhorfum til mannréttinda. Þessi ákvæði þarf að endurskoða og þá vaknar sú spurning hvernig það skuli gert. Eins og nánar verður rakið er lagt til að endurskoðuðum ákvæðum verði skipað í skaðabótalög eða önnur lög á sviði einkaréttar, en ekki á sviði refsiréttarins.

**Æruverndin á betur heima utan almennra hegningarlaga.**

Fullyrða má að á alþjóðasviðinu hafi sífellt aukinn þrýstingur myndast á að ríki leggi af refsingar vegna ærumeiðinga, en mæti ærumeiðingum frekar með skaðabótum eða öðrum einkaréttarlegum úrræðum. Þannig hafa ýmsar stofnanir og samtök á sviði mannréttinda barist mjög fyrir afnámi refsinga á þessu sviði. Í þessu samhengi mætti t.d. nefna sameiginlega yfirlýsingu fulltrúa Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (OSCE) og Samtaka Ameríkuríkja[1] (OAS) frá 10. desember 2002 þar sem segir m.a.: "Criminal defamation is not a justifiable restriction on freedom of expression; all criminal defamation laws should be abolished and replaced, where necessary, with appropriate civil defamation laws." Virðist Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu sem og tjáningarfrelsisfulltrúi Sameinuðu þjóðanna raunar hafa beitt sér mjög einarðlega í þessum efnum og ítrekað lýst yfir andstöðu sinni við refsingar vegna ærumeiðinga. Svipaðar yfirlýsingar hafa komið frá ýmsum öðrum svæðisbundnum stofnunum og samtökum á sviði mannréttinda, þar á meðal frá Mannréttindanefnd Afríku. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur ekki lýst því yfir að refsiákvæði vegna ærumeiðinga séu sem slík ósamþýðanleg Mannréttindasáttmála Evrópu, en virðist þó í auknum mæli gagnrýna notkun refsinga sem úrræðis á þessu sviði. Þing Evrópuráðsins hefur einnig lýst yfir áhyggjum af misnotkun slíkra úrræða og hvatt tiltekin ríki til að fella úr gildi eða endurskoða refsiákvæði sín um ærumeiðingar.

Til samræmis við þessa kröfu ýmissa alþjóðasamtaka og stofnana hefur síaukinn fjöldi ríkja aflagt refsingar við ærumeiðingum. Til dæmis virðast eftirtalin lönd hafa afnumið þær

---

[1] Nánar tiltekið eru fulltrúarnir United Nations Special Rapporteur on Freedom of Opinion and Expression, OSCE Representative on Freedom of the Media og OAS Special Rapporteur on Freedom of Expression.

að hluta eða öllu leyti á undanförnum árum: Albanía, Argentína, Bosnía og Hersegóvenía, El Salvador, Gana, Georgía, Hondúras, Ítalía, Kambódía (vinna við slíka breytingu stendur yfir), Króatía, Kýpur, Mið-Afríkulýðveldið, Moldavía, Perú, Rúmenía, Sri Lanka, Tógó, Úganda og Úkraína.

Telja verður eðlilegt að Íslendingar taki ofangreinda þróun og kröfur mannréttindastofnana til alvarlegrar athugunar og er hér lagt til að Íslendingar gangi í hóp með þeim þjóðum sem afnumið hafa refsiákvæði vegna ærumeiðinga. Slík breyting yrði ekki eingöngu mikilvæg sem liður í því að Íslendingar leggi sig fram um að haga löggjöf sinni til samræmis við nútímamannréttindaviðhorf. Hún yrði einnig mikilvægt fordæmi í samfélagi þjóðanna. Refsingar vegna ærumeiðinga eru misnotaðar víða um heim af valdhöfum, m.a. til að þagga niður í pólitískum andstæðingum og loka þá inni. Því miður eru núgildandi ákvæði íslenskra laga notuð sem röksemd fyrir því að slíkar aðgerðir teljist í lagi. Þessu kynntist flutningsmaður tillögunnar nýverið af eigin raun þar sem hann vann að verkefni á þessu sviði í landi þar sem pólitískum andstæðingum stjórnarinnar hafði nýverið verið varpað í fangelsi. Rökstuðningur þeirra sem mæltu slíkum aðgerðum bót var áhugaverður, en þeir bentu á vestrænu lýðræðisríki þar sem slík refsiákvæði væru í gildi, þar á meðal á Ísland. Þar mætti refsa og fangelsa vegna ærumeiðinga.

**Lokaorð.**

Á það skal lögð sérstök áhersla að hér er með engum hætti lagt til að vernd ærunnar verði aflögð. Enginn vafi er á því að æran er varin af 71. gr. stjórnarskrárinnar, sem og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Sú vernd er mikilvæg og við þá endurskoðun sem gerð er tillaga um þyrfti að sjálfsögðu að tryggja æru fólks þá vernd sem henni ber samkvæmt tilnefndum ákvæðum og eðlilegar teljast. Tillagan felur einfaldlega í sér að núgildandi ærumeiðingarákvæði verði endurskoðuð þannig að tryggt verði að þau uppfylli nútíma mannréttindakröfur um tjáningarfrelsi, og þau flutt að fullu úr hegningarlögum allsherjarréttarins yfir í skaðabótalög eða aðra löggjöf einkaréttarins.

Það samrýmist einfaldlega hvorki nútímalegum mannréttindaviðhorfum né almennum viðhorfum í samfélaginu að lögin mæli berum orðum fyrir um að varpa megi borgurunum í fangelsi fyrir það eitt að móðga hver annan.

# 308. Frumvarp til laga [295. mál]

um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun, tækniþróun og nýsköpun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði í landinu öllu.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Stefna stjórnvalda í vísindum, tækni, nýsköpun og atvinnuþróun skal mörkuð af Vísinda- og nýsköpunarráði til þriggja ára í senn. Umfjöllun á þessum sviðum skal undirbúin af vísindanefnd og nýsköpunarnefnd.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Forsætisráðherra skipar 16 menn í Vísinda- og nýsköpunarráð til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir án tilnefningar en 14 samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila.
b. Í stað orðsins „tvo“ í 2. mgr. kemur: fjóra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. og 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Vísinda- og tækniráð“ kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Vísinda- og nýsköpunarráð.
b. Í stað orðsins „tækninefnd“ kemur (í viðeigandi beygingarfalli): nýsköpunarnefnd.

5. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Vísinda- og nýsköpunarráð**.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

7. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994:* Í stað orðanna „Vísinda- og tækniráðs“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Vísinda- og nýsköpunarráðs.
2. *Lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003:* Í stað orðanna „Vísinda- og tækniráð“ í 1. mgr. 2. gr., 1. og 7. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og 10. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Vísinda- og nýsköpunarráð.
3. *Lög um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 4/2003:*

a. Í stað orðanna „Vísinda- og tækniráð“ í 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Vísinda- og nýsköpunarráð.
b. Í stað orðanna „tækninefndar Vísinda- og tækniráðs“ í a- og b-lið 1. mgr. 6. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): nýsköpunarnefndar Vísinda- og nýsköpunarráðs.
c. Í stað orðsins „tækninefnd“ í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: nýsköpunarnefnd.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Forsætisráðherra skipar tvo menn í Vísinda- og nýsköpunarráð frá 1. janúar 2007 til 31. mars 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð eigi útrætt.

Vísinda- og tækniráð varð til með lögum nr. 2/2003. Markmiðið með stofnun stefnumótandi ráðs um vísindi, tækniþróun og nýsköpun undir forustu forsætisráðherra og með þátttöku fleiri ráðherra var að samhæfa stefnumótun sem um langt skeið hafði verið á ábyrgð einstakra fagráðuneyta. Sú stefnumótun hafði að mestu leyti verið án heildarsamræmingar þeirra á milli.

Á þeim þremur árum sem ráðið hefur starfað hefur komið ótvírætt í ljós að starfsemi þess hefur leitt til raunverulegrar samhæfingar og veigamikilla breytinga. Meðal annars hefur skilningur aukist á mikilvægi vísindarannsókna fyrir efnahagslegar framfarir. Tekist hefur að samræma ólík sjónarmið ráðuneyta og skapa aukinn skilning og tengsl milli háskóla og fyrirtækja. Þá hefur samhæfing opinberra samkeppnissjóða verið árangursrík.

Að frumkvæði Vísinda- og tækniráðs hefur verið unnið að sameiningu rannsóknastofnana. Forsætisráðherra hefur lagt fram frumvarp um stofnun Matvælarannsókna hf. sem á að geta leyst af hendi verkefni sem nú eru hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og Matvælarannsóknum Keldnaholti. Einnig var fyrirkomulag stofnana iðnaðarráðuneytisins tekið til endurmats og er niðurstaðan sú að sameina beri Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Byggðastofnun í nýja stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Með sameiningunni er stigið skref til að sameina og samþætta tæknirannsókir og stuðningsumhverfi atvinnulífsins.

Atvinnuþróunarstarfsemi nær aftur á móti út fyrir verksvið iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og krefst því samstöðu fleiri ráðuneyta sem koma að atvinnu- og efnahagsþróun. Því er lagt til í frumvarpi þessu að víkka út starfsemi Vísinda- og tækniráðs þannig að það taki til umfjöllunar málefni atvinnuþróunar auk málefna vísinda, tækni og nýsköpunar eins og nú. Útvíkkun starfsemi Vísinda- og tækniráðs með þessum hætti eykur þýðingu þess í stefnumótun ríkisstjórnarinnar í atvinnuþróun. Vegna þessarar viðbótar við verksvið ráðsins er lagt til að nafn þess taki breytingum til samræmis og það nefnt Vísinda- og nýsköpunarráð.

Þá er gerð tillaga um að fulltrúum í ráðinu verði fjölgað um tvo sem forsætisráðherra skipi án tilnefningar. Jafnframt er gert ráð fyrir að forsætisráðherra verði heimilt að kveðja allt að fjóra ráðherra til setu í ráðinu í stað tveggja nú.

Ef hugmyndir þessar ná fram að ganga verða tvær nefndir, eftir sem áður, starfandi á vegum ráðsins sem undirbúa málefni á milli funda þess. Annars vegar er vísindanefnd sem undirbýr stefnu stjórnvalda á sviði grunnvísindarannsókna og hagkvæmra vísindarannsókna. Hins vegar verður nýsköpunarnefnd sem undirbýr stefnu á sviði tækni, nýsköpunar og atvinnuþróunar. Náið samstarf þarf að vera á milli þeirra, enda um eina samfellda stefnu að

ræða. Sú stefna þarf að taka til þátta sem fram til þessa hafa ekki verið á dagskrá ráðsins. Markmiðið er að vísinda- og nýsköpunarstefna ríkisstjórnarinnar geti orðið svo heildstæð að ýmiss konar sértækari stefnumótun væri samræmd við hana eða félli jafnvel inn í hana. Hér er m.a. vísað til stefnumótandi byggðaáætlunar sem er á verksviði iðnaðarráðuneytis. Byggðaáætlunin byggist nú þegar að talsverðu leyti á stefnu Vísinda- og tækniráðs og tekið er tillit til fjarskiptaáætlunar og stefnu í sveitarstjórnarmálum, svo dæmi séu nefnd. Atvinnupólitísk stefnumótun Vísinda- og nýsköpunarráðs gæti orðið samnefnari slíkrar afmarkaðri stefnumótunar.

Gert er ráð fyrir að ákvæði þessa frumvarps taki gildi 1. janúar 2007 og skipi þá forsætisráðherra tvo nýja fulltrúa, svo sem áður var nefnt, til setu í ráðinu til loka mars 2009. Vísinda- og tækniráð samþykkti vorið 2006 vísinda- og tæknistefnu til ársins 2009. Á fyrri hluta árs 2007 mun ráðið væntanlega fara yfir stefnu sína með hliðsjón af útvíkkuðu hlutverki þess.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lagt til að markmiðum laganna verði breytt þannig að þeim verði framvegis einnig ætlað að efla nýsköpun og með því móti verði samkeppnisstaða atvinnulífsins styrkt og stuðlað að auknum lífsgæðum í landinu öllu.

Um 2. gr.

Vísinda- og nýsköpunarráði er ætlað að marka stefnu stjórnvalda í vísindum, tækni, nýsköpun og atvinnuþróun. Nýsköpun og atvinnuþróun bætast við þau mál sem ráðinu er ætlað að móta stefnu um. Er þetta í samræmi við ný markmið laganna.

Um 3. gr.

Til samræmis við það að málaflokkurinn sem Vísinda- og nýsköpunarráði er ætlað að móta stefnu um er umfangsmeiri en sá málaflokkur sem Vísinda- og tækniráð mótar stefnu um samkvæmt gildandi lögum er lagt til að nefndarmenn í Vísinda- og nýsköpunarráði verði fleiri en nú eru í Vísinda- og tækniráði. Er lagt til að nefndarmönnum verði fjölgað úr 14 í 16. Lagt er til að forsætisráðherra skipi þá tvo er bætast við án tilnefningar. Er við það miðað að þeir komi úr atvinnulífinu og hafi reynslu eða sérþekkingu sem nýst getur við hagnýtingu rannsókna. Með þessu opnast sá möguleiki að skipa í ráðið menn sem eru starfandi í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Þá er forsætisráðherra heimilt að kveðja allt að fjóra ráðherra til setu í ráðinu í stað tveggja nú, til viðbótar þeim ráðherrum sem eiga fasta setu í ráðinu.

Um 4. gr.

Lagt er til að heiti tækninefndar verði breytt í nýsköpunarnefnd. Er það í samræmi við stærra hlutverk nefndarinnar.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að heiti laganna verði breytt. Vísinda- og tækniráð mun eftir gildistöku laganna heita Vísinda- og nýsköpunarráð. Eru breytingarnar á heiti laganna og heiti ráðsins í samræmi við það viðbótarhlutverk sem ráðinu er ætlað með lagabreytingunni.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/2003, um Vísinda- og tækniráð.**

Með frumvarpinu er lagt til að verksvið núverandi Vísinda- og tækniráðs samkvæmt lögum nr. 2/2003 verði útvíkkað svo það nái einnig til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Jafnframt eru tillögur um nafnabreytingar, sem undirstrika útvíkkað svið, og fjölgun í ráðinu um tvo fulltrúa. Seta í ráðinu er ólaunuð og gerir fjármálaráðuneytið því ekki ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á kostnað ríkisins verði það að lögum.

# 309. Frumvarp til laga [296. mál]

um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna hljóðar svo:

Stjórnvöldum er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál með þeim takmörkunum sem greinir í 4.–6. gr. Stjórnvöldum er þó ekki skylt að útbúa ný skjöl eða önnur gögn í ríkari mæli en leiðir af 7. gr.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna hljóðar svo:

Sá sem fer fram á aðgang að gögnum skal tilgreina þau gögn máls sem hann óskar að kynna sér. Þá getur hann óskað eftir að fá að kynna sér öll gögn um tiltekið mál án þess að tilgreina einstök gögn sem málið varða.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og hljóðar svo:

Þegar veittur er aðgangur að gögnum, sem þriðji maður á lögvarin réttindi yfir samkvæmt höfundalögum, skal veita upplýsingar um nafn rétthafa, liggi þær fyrir.

4. gr.

12. gr. laganna hljóðar svo:

*Ljósrit eða afrit af gögnum.*

Stjórnvöld taka ákvörðun um hvort gögn, sem heimilt er að veita aðgang að, skuli sýnd eða veitt af þeim ljósrit eða afrit.

Eftir því sem við verður komið er stjórnvöldum þó skylt, sé þess óskað, að láta í té ljósrit eða afrit af gögnum á því formi eða sniði og á þeim tungumálum, sem þau eru varðveitt á,

nema þau séu þegar aðgengileg almenningi á rafrænu formi. Þegar skjöl eru eingöngu varðveitt á rafrænu formi getur aðili krafist þess að fá þau prentuð á pappír, nema 3. mgr. eigi við.

Þegar fjöldi skjala er mikill getur stjórnvald ákveðið að fela öðrum að sjá um ljósritun þeirra. Hið sama á við hafi stjórnvald ekki aðstöðu til að ljósrita skjöl. Aðili skal þá greiða þann kostnað sem hlýst af ljósritun skjalanna. Hið sama gildir um afrit af öðrum gögnum en skjölum eftir því sem við á.

Forsætisráðherra ákveður með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Heimilt er að mæta öllum þeim kostnaði sem af því hlýst.

5. gr.

Við lögin bætist nýr kafli er verður VIII. kafli, **Um endurnot opinberra upplýsinga**, með fimm nýjum greinum, 24.–28. gr., svohljóðandi:

a. (24. gr.)

*Markmið og gildissvið.*

Markmið þessa kafla er að auka endurnot opinberra upplýsinga til hagsbóta fyrir samfélagið í heild. Jafnframt eru lögleiddar samræmdar lágmarksreglur um endurnot opinberra upplýsinga, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005 um að fella inn í IX. viðauka við EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera.

Endurnot opinberra upplýsinga vísar til þess að einkaaðili noti slíkar upplýsingar í öðrum tilgangi en ætlunin var þegar þeirra var aflað af hálfu stjórnvalda. Miðlun upplýsinga á milli stjórnvalda í þágu starfa þeirra telst ekki til endurnota á upplýsingum í þessum skilningi.

Ákvæði kaflans gilda einvörðungu um endurnot á fyrirliggjandi upplýsingum sem eru í vörslum stjórnvalda og almenningur á rétt til aðgangs að á grundvelli 3. gr. laga þessara eða annarra ákvæða laga sem veita almenningi slíkan rétt.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:

1. Upplýsingar sem teknar eru saman af stjórnvöldum í viðskiptalegum tilgangi.
2. Gögn, skrár og upplýsingar úr gagnagrunnum sem þriðji maður á lögvarinn réttindi yfir samkvæmt höfundalögum. Ákvæði kaflans gilda hins vegar eigi ríki, sveitarfélög eða stofnanir þeirra í skilningi 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. ein slík réttindi yfir upplýsingum, enda falli það stjórnvald sem fer með fyrirsvar réttindanna ekki undir 3. mgr. 25. gr.

b. (25. gr.)

*Skilgreining á opinberum aðilum sem falla undir ákvæði þessa kafla.*

Ákvæði þessa kafla taka til ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra opinberra aðila, sbr. 2. mgr. Lögin taka einnig til samtaka sem þessir aðilar, einn eða fleiri, kunna að hafa með sér.

Aðili telst opinber ef hann getur borið réttindi og skyldur að lögum og sérstaklega hefur verið stofnað til hans í því skyni að þjóna almannahagsmunum, enda reki hann ekki starfsemi sem jafnað verður til starfsemi einkaaðila, svo sem á sviði viðskipta eða iðnaðar. Auk þess skal eitthvert eftirfarandi atriða eiga við um hann:

a. Starfsemi hans er að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila. Miðað skal við að aðili sé að mestu leyti rekinn á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila ef opinber fjármögnun nemur meira en 50% af rekstrarkostnaði. Tekjur aðila á grundvelli gagnkvæms viðskiptasamnings við opinberan aðila teljast ekki opinber fjármögnun.

b. Hann lýtur yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila.
c. Hann lýtur sérstakri stjórn sem ríki eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða aðrir opinberir aðilar skipa að meiri hluta.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ákvæði þessa kafla þó ekki um:

a. Ríkisútvarpið.
b. Skóla, bóka- og skjalasöfn eða rannsóknastofnanir.
c. Menningarstofnanir.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. getur hlutaðeigandi ráðherra mælt svo fyrir í reglugerð að starfsemi stjórnvalds, sem undir hann heyrir og ákvæðið tekur til, falli engu að síður undir ákvæði þessa kafla í heild eða að hluta.

c. (26. gr.)

*Almennir skilmálar fyrir endurnotum opinberra upplýsinga.*

Heimilt er að endurnota opinberar upplýsingar sem eru almenningi aðgengilegar lögum samkvæmt, enda séu eftirfarandi skilyrði ávallt uppfyllt:

a. Endurnot upplýsinganna mega ekki brjóta í bága við lög, þ.m.t. ákvæði almennra hegningarlaga, höfundalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eða réttindi þriðja manns.
b. Geta skal uppruna upplýsinganna.
c. Skýrt skal koma fram hver ber ábyrgð á vinnslu upplýsinganna þegar þær eru gerðar öðrum aðgengilegar.

d. (27. gr.)

*Endurnot upplýsinga úr opinberum skrám.*

Þegar veittur er aðgangur að upplýsingum úr opinberum skrám skv. 3. mgr. 3. gr. eða ákvæðum sérlaga er stjórnvaldi heimilt að áskilja að endurnot upplýsinganna séu leyfisskyld og uppfylli sérstök skilyrði, svo sem um gæði upplýsinga, uppfærslu þeirra o.fl. Gæta skal samræmis og jafnréttis við útfærslu slíkra skilyrða og mega þau ekki takmarka möguleika á endurnotum upplýsinganna eða samkeppni óhóflega.

Stjórnvöld skulu birta á heimasíðu sinni lista yfir þær skrár sem hafa að geyma upplýsingar í þeirra vörslum sem heimilt er að endurnota, svo og þau skilyrði sem slík endurnot eru bundin.

Umsókn um leyfi fyrir endurnotum á upplýsingum úr opinberum skrám skal beint til þess stjórnvalds sem lögum samkvæmt ber ábyrgð á færslu og vinnslu upplýsinganna í hlutaðeigandi skrá.

Stjórnvald skal afgreiða umsókn um leyfi til endurnota á upplýsingum úr opinberum skrám svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan 20 daga frá því umsókn barst skal skýra frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Synji stjórnvald að veita leyfi fyrir endurnotum á upplýsingum á grundvelli 2. tölul. 4. mgr. 24. gr. skal tilgreina nafn rétthafa eða umboðsmanns hans.

Heimilt er að taka gjald fyrir að veita aðgang að upplýsingum úr opinberum skrám á grundvelli 3. og 4. mgr. 12. gr. Skal hlutaðeigandi stjórnvald setja sér gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda auk þess sem hún skal vera aðgengileg á heimasíðu stjórnvaldsins.

Ekki þarf að greiða fyrir endurnot á upplýsingum, sem falla undir ákvæði þessa kafla og eru háðar höfundarétti ríkis og sveitarfélaga, umfram það sem segir í 6. mgr., nema lög mæli sérstaklega svo fyrir.

Tilgreina skal nafn rétthafa þegar stjórnvöld gera upplýsingar almenningi aðgengilegar á netinu á grundvelli samnings við þriðja mann sem á lögvarin réttindi yfir þeim samkvæmt höfundalögum.

e. (28. gr.)

*Bann við samningum um sérleyfi.*

Stjórnvöld mega ekki gera samninga um sérleyfi um endurnot opinberra upplýsinga sem ákvæði þessa kafla taka til, sbr. þó 2. mgr.

Ef ætla má að opinberar upplýsingar verði ekki endurnotaðar í þágu almannahagsmuna nema á grundvelli sérleyfis er heimilt að gera slíkan samning enda komi fram í honum rökstuðningur fyrir því. Endurmeta ber rök fyrir sérleyfissamningnum reglubundið og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

6. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Sérleyfissamningar um endurnot opinberra upplýsinga sem ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. 28. gr. skulu renna út eigi síðar en 31. desember 2008.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, 132. löggjafarþingi (690. mál), en varð þá ekki útrætt. Frumvarp þetta er samið í því skyni að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og gera þeim kleift að hagnýta möguleika þeirra og stuðla að hagvexti og atvinnusköpun. Einnig eru með frumvarpinu uppfylltar skyldur íslenska ríkisins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005 frá 8. júlí 2005, um að fella tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera inn í IX. viðauka við EES-samninginn. Frumvarpið gengur þó að hluta til lengra en tilskipun ESB með víðtækari stefnumótun um endurnot opinberra upplýsinga sem m.a. felur í sér þrengri gjaldtökuheimildir af upplýsingum úr opinberum skrám. Einnig er kveðið á um að ríkið taki ekki gjald af höfundarétti sínum af þessum upplýsingum. Er þetta til þess gert að reyna að auka enn frekar endurnot opinberra upplýsinga.

Fjármálaráðherra skipaði nefnd hinn 6. febrúar 2001 til þess að móta almenna stefnu um verðlagningu fyrir notkun opinberra upplýsinga. Skyldi nefndin kanna núverandi stöðu í verðlagsmálum og gera tillögur um samræmingu. Starf nefndarinnar beindist að því að skoða stöðu mála í öðrum löndum ásamt því að skoða stöðuna hér á landi. Í ljós kom að ekki eru til samræmdar reglur hér á landi um verðlagningu á notkun opinberra upplýsinga. Nefndin ákvað í kjölfarið að skoða nánar 40 ríkisstofnanir. Afrakstur starfs nefndarinnar birtist í skýrslu er ber heitið „Verðlagning opinberra upplýsinga“ sem út kom í desember 2002 þar sem farið var yfir stöðuna, áhrif breytinga metin og gerðar tillögur. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að sett yrðu lög um endurgjald fyrir notkun opinberra upplýsinga sem byggðust á þeirri meginreglu að verðlagning tæki mið af frjálsu aðgengi allra aðila gegn sanngjörnum þjónustugjöldum. Áhersla er lögð á að verðlagningu á opinberum upplýsingum verði stillt í hóf þannig að heildartekjur af sölu upplýsinga væru ekki hærri en nemur kostnaðinum við að framreiða, afrita eða dreifa þeim auk hóflegra afskrifta. Hverju stjórnvaldi væri þó heimilt

að taka lægra gjald fyrir upplýsingar eða veita þær ókeypis. Voru rökin m.a. þau að allir, ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar, nytu þess ávinnings sem opinberar upplýsingar hafa að geyma samfélaginu til heilla. Nefndin lagði áherslu á að opinberar upplýsingar verði skilgreindar sem eign almennings og ekki væri tekið sérstakt gjald á grunvelli laga um höfundarétt af upplýsingum sem háðar eru höfundarétti ríkis og sveitarfélaga. Þá lagði nefndin til að stefnt yrði að því að koma sem mestum opinberum upplýsingum í rafræna gagnabanka á netinu með fullkomnum lýsigögnum til þess að auðvelda aðgengi að þeim.

Fjármálaráðherra kynnti skýrslu nefndarinnar í ríkisstjórn 13. desember 2002 og tók þá forsætisráðherra við meðferð málsins á grunni þeirrar stefnumörkunar sem þar kom fram.

Forsætisráðherra skipaði 3. september 2003 starfshóp til þess að undirbúa lagasetningu um verðlagningu á notkun opinberra upplýsinga sem byggðist á niðurstöðum nefndar fjármálaráðherra. Halldór Árnason skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu var formaður starfshópsins. Aðrir í starfshópnum voru Arnar Þór Másson sérfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson skrifstofustjóri, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Sigríður Auður Arnardóttir skrifstofustjóri, tilnefnd af umhverfisráðuneyti, Gunnar Eydal skrifstofustjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Guðrún Johnsen hagfræðingur, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins. Guðrún Björk Bjarnadóttir lögmaður tók sæti Guðrúnar Johnsen á árinu 2005.

Það lagafrumvarp sem hér er lagt fram er sameiginleg niðurstaða starfshópsins. Starfshópurinn fékk þá dr. Pál Hreinsson lagaprófessor og Kristján Andra Stefánsson, fv. skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu, til liðs við sig við samningu lagafrumvarpsins. Enn fremur fékk starfshópurinn Jón Vilberg Guðjónsson, lögfræðing í menntamálaráðuneytinu, til að gera athugun á eignarhaldi ráðuneyta og stofnana á gögnum og upplýsingum og þeim takmörkunum sem endurnýting opinberra upplýsinga kann að vera háð vegna höfundaréttar þriðja aðila að gögnum eða hluta þeirra.

## II.

Stefnumörkun stjórnvalda sem fram kemur í þessu frumvarpi tekur einnig tillit til tilskipunar (EB) nr. 2003/98. Stefnumörkun stjórnvalda og tilskipunin eru byggð á þeirri forsendu að miklir möguleikar geti verið fólgnir í að skapa ný verðmæti úr upplýsingum sem eru í vörslum stjórnvalda, t.d. með því að tengja þær við aðrar upplýsingar og búa þannig til nýjar afurðir. Markmið er því að setja samræmdar lágmarksreglur um heimil endurnot þeirra opinberu upplýsinga sem almenningur á rétt til aðgangs að. Áherslu ber hins vegar að leggja á að tilskipunin skapar ekki sjálf neinn rétt til aðgangs að opinberum upplýsingum. Það er áfram komið undir hverju ríki um sig hvaða reglur það setur um rétt til aðgangs að upplýsingum. Þar sem aðgangur að opinberum upplýsingum er á annað borð heimill á hins vegar að vera hægt að endurnota þær í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar með þeim undantekningum sem þar er mælt fyrir um.

Hornsteinn tilskipunarinnar er að jafnrétti eigi að ríkja við endurnot opinberra upplýsinga, sbr. 10. og 11. gr. tilskipunarinnar. Þannig á að afgreiða sambærilegar umsóknir um endurnot opinberra upplýsinga á sambærilegan hátt. Þessi skylda hvílir nú þegar á íslenskum stjórnvöldum vegna ákvæða jafnræðisreglna 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og 65. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 11. gr. tilskipunarinnar eru sérleyfissamningar um endurnot opinberra upplýsinga, sem öllum eru aðgengilegar, að meginstefnu til bannaðir.

Að því leyti sem endurnot opinberra upplýsinga eru háð leyfi stjórnvalda ber þeim að afgreiða umsóknir um þau innan 20 virkra daga, sbr. 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Stjórnvöld skulu veita aðgang að upplýsingum þar sem því verður við komið á því formi eða með því

sniði og á þeim tungumálum, sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi skal aðili geta valið á milli þess að fá aðgang að þeim á því formi eða prentaðar á pappír. Stjórnvöld skulu birta á heimasíðum sínum lista yfir þær skrár sem hafa að geyma upplýsingar í þeirra vörslum sem heimilt er að endurnota, svo og upplýsingar um þau skilyrði sem endurnotin eru bundin. Þá dregur tilskipunin því ákveðin mörk hversu há gjöld er heimilt að taka fyrir að veita aðgang að opinberum upplýsingum í þágu endurnotkunar þeirra, sbr. 6. gr. tilskipunarinnar.

Endurnot opinberra upplýsinga eru þó ekki leyfileg með hvaða hætti sem er. Ekki má endurnota þær þannig að það fari í bága við önnur lög eða réttindi þriðja manns. Í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98 er sérstaklega áréttað að slík endurnot megi ekki brjóta í bága við tilskipun nr. 95/46/EB, sbr. lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Öll vinnsla persónuupplýsinga við endurnot opinberra upplýsinga verður því í hvívetna að uppfylla ákvæði laga nr. 77/2000. Þá er í 5. mgr. 1. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98 tekið af skarið um að endurnot opinberra upplýsinga megi ekki brjóta á bága við alþjóðlega samninga um vernd hugverkaréttar.

Vakin er athygli á því að sérlög og reglugerðir um verkefni ákveðinna stofnana veita nú rýmri heimildir til gjaldtöku fyrir upplýsingar úr opinberum skrám en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Má þar nefna Fasteignamat ríkisins, Landmælingar Íslands og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

## III.

Með setningu upplýsingalaga, nr. 50/1996, var á Alþingi mörkuð sú löggjafarstefna að endurgjald fyrir aðgang að upplýsingum í vörslum hins opinbera skyldi almennt lúta réttarreglum um töku þjónustugjalda í þágu hins opinbera. Sama ár markaði ríkisstjórnin framsækna stefnu um málefni upplýsingasamfélagsins undir því metnaðarfulla formerki að *„Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar“*.[1]

Þessu stefnumiði skyldi náð með því að vinna að framgangi fimm meginmarkmiða sem birt voru í ritinu *Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið*. Þau voru:

1. Landsmenn hafi greiðan aðgang að upplýsingasamfélaginu. Kostir þess verði nýttir til þess að efla lýðræði og auka lífsgæði til hagsbóta fyrir almenning og íslenskt atvinnulíf. Upplýsingatækni verði beitt á öllum sviðum, hvort sem er við nýsköpun, heilbrigðismál, vísindi, listir og menningu eða á öðrum sviðum daglegs lífs.
2. Tryggt verði fullt jafnræði milli opinbers reksturs og einkareksturs á sviði upplýsingatækni og upplýsingaiðnaðar. Stjórnvöld auðveldi, með hjálp upplýsingatækninnar, aðgang að opinberum upplýsingum og þjónustu, til að jafna stöðu einstaklinga og fyrirtækja óháð búsetu eða efnahag.
3. Upplýsinga- og fjarskiptatækni verði virkjuð til að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, auka framleiðni, örva atvinnu og fjölga möguleikum til útflutnings á íslensku hugviti.
4. Menntakerfið lagi sig að breyttri þjóðfélagsmynd og miði almenna menntun og símenntun við kosti upplýsingasamfélagsins um leið og það stendur vörð um tungu okkar og menningu.

---

[1] Ríkisstjórn Íslands. *Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið*. Október 1996.

5. Löggjöf, reglur og vinnubrögð verði endurskoðuð með tilliti til upplýsingatækni til að örva tæknilegar framfarir og til að vernda réttindi einstaklinga og fyrirtækja.

Í framhaldi af þessari markmiðssetningu voru reifaðar leiðir til þess að ná þessum markmiðum. Nokkrar þeirra tengjast miðlun opinberra upplýsinga og verðlagningu þeirra.

- Sérstaklega verði hugað að nýtingu upplýsingatækninnar við miðlun opinberra upplýsinga og að gera þurfi öll upplýsingakerfi ríkisstofnana þannig úr garði að hægt verði að sækja þangað upplýsingar um lög, reglur, réttindi, skyldur o.þ.h. um tölvunet og jafnframt verði hægt að reka erindi sín, fylgjast með framgangi mikilvægra mála og fá alla þá þjónustu sem mögulegt er að veita með þessum hætti.
- Bættur verði aðgangur landsmanna að upplýsingum um samfélagsþjónustu ríkis og sveitarfélaga og samskipti þeirra á milli.
- Lögð verði áhersla á friðhelgi einkalífs og verndun upplýsinga um einstaklinga.
- Eðlileg og sanngjörn samkeppni fái að ríkja á sviði upplýsingaþjónustu sem leiða mun til lægra verðs og betri þjónustu.
- Stjórnarráð, stofnanir og fyrirtæki ríkisins skulu ávallt nýta markaðslausnir þar sem þær bjóðast og þær eiga við.

Framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar var afrakstur af víðtæku samráði um stefnumótun á þessu sviði sem fram fór í nokkrum starfshópum. Álitsgerðir þeirra voru einnig birtar samhliða áðurnefndri framtíðarsýn og til hennar vitnað í skipunarbréfi nefndarinnar:[2]

- Móta þarf samræmda stefnu og ákvarða hvaða upplýsingar frá hinu opinbera skuli aðgengilegar almenningi, t.d. vegna nýrra upplýsingalaga, og hvort eða hvernig greitt verði fyrir aðgang að þeim.
- Við verðlagningu þarf að þræða þann gullna meðalveg sem hvetur til samnýtingar, markvissrar notkunar og hagkvæms reksturs. Stjórnvöld þurfa að marka almenna verðlagningarstefnu í takt við ofangreind markmið. Samræma skal gagna- og upplýsingaöflun og skipuleggja samnýtingu stofnana á tiltækum stafrænum gögnum. Einnig þarf að samræma skráningu gagna, koma í veg fyrir margskráningu og skilgreina umsýslu- og ábyrgðaraðila hvers gagnasafns.

Áðurnefnd markmið tilskipunar (EB) nr. 2003/98 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera eru í fullu samræmi við þessa stefnu.

## IV.

Meginregla höfundalaga er sú að höfundur verks er eigandi þess, sbr. 1. mgr. 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972. Þegar rætt er um verk sem verndað er samkvæmt höfundalögum er átt við verk sem uppfyllir verndarskilyrði höfundalaga hvað varðar frumleika, þ.e. að verkið beri með sér tiltekin höfundareinkenni og sé eigin sköpun höfundar. Áskilið er að höfundur sé lifandi persóna eða hópur einstaklinga (samhöfundar). Lögpersónur geta því ekki talist höfundar í skilningi 1. mgr. 1. gr. laganna, en geta þó öðlast réttindi þeirra með framsali. Af því er ljóst að verk sem verður til í vinnuréttarsambandi er í fyrstu eign þess starfsmanns eða hóps starfsmanna sem unnu verkið. Það ræðst af sambandi starfsmanns og atvinnurekanda hvort og með hvaða hætti höfundaréttur að verki, sem unnið er í þágu atvinnurekanda, yfirfærist frá starfsmanni til atvinnurekanda. Í höfundalögum eru engar reglur um réttarstöðu atvinnurekanda og starfsmanns vegna verka sem unnin eru í ráðningarsambandi, að undanskil-

---

[2] Ríkisstjórn Íslands. *Íslenska upplýsingasamfélagið: Álitsgerð starfshópa.* Október 1996 og skipunarbréf nefndarinnar dagsett 6. febrúar 2001.

inni sérreglu 42. gr. b í höfundalögum. Þar er kveðið á um það að þegar gerð tölvuforrits er liður í ráðningarskilmálum eignist atvinnurekandi höfundarétt að forritinu nema áskilnaður sé gerður á annan veg. Að öðru leyti er einkum við réttarvenju í vinnuréttarsambandi að styðjast.

Miklu skiptir við túlkun réttarstöðu starfsmanns að þessu leyti hvort hann er ráðinn gagngert til þess að skapa hugverk í starfi sínu. Í sumum tilvikum má ætla að höfundaréttur að verki yfirfærist frá starfsmanni til atvinnurekanda með þegjandi samkomulagi beggja aðila, ef ekki er samið á annan veg. Í öðrum tilvikum má ætla að starfsmaður og atvinnurekandi verði samhöfundar að verki.[3] Í þriðja lagi má gera ráð fyrir því að starfsmaður haldi höfundarétti að verki en atvinnurekandi öðlist nauðsynlegan nýtingarrétt á verkinu ef ekki er samið á annan veg. Þegar starfsmenn eru ráðnir sem verktakar til að framleiða hugverk verður hins vegar ekki um framsal höfundaréttar að ræða nema gerður sé sérstakur skriflegur framsalssamningur.

Af þessu er ljóst að engin einhlít regla gildir um höfundarétt að verkum sem kunna að falla undir endurnýtingarheimild frumvarpsins. Að lágmarki verður þó að ætla að stofnun öðlist óheftan nýtingarrétt á þeim verkum sem starfsmenn stofnunar hafa skilað af sér. Þannig má t.d. ætla að höfundaréttur að greinum, skýrslum, ljósmyndum og þess háttar efni sem starfsmaður hefur gagngert unnið að til birtingar á vegum stofnunar yfirfærist til hennar, að svo miklu leyti sem slíkt er stofnuninni nauðsynlegt til starfsemi sinnar. Hins vegar kann að reyna á höfundarétt starfsmanns að viðkomandi efni ef til kemur ný og áður ófyrirséð notkun efnisins sem ekki yrði talin rúmast innan vinnuréttarsambandsins. Dæmi um slíkt er tilkoma nýrrar tækni við birtingu upplýsinga og eftirvinnsla og endurbirting áður birtra upplýsinga.[4]

Þrátt fyrir hugsanlegt framsal höfundaréttar frá starfsmanni til atvinnurekanda verður aldrei um framsal á sæmdarrétti að ræða og því ber atvinnurekanda að taka tillit til þess, þar á meðal réttar starfsmanns til að vera nafngreindur sem höfundur verks, sbr. 4. gr. höfundalaga. Þegar talið er að um sameign atvinnurekanda og starfsmanns sé að ræða á verki sem unnið er í þágu atvinnurekanda kemur það þó ekki í veg fyrir hagnýtingu verks eftir að starfsmaður hættir störfum hjá viðkomandi stofnun. Hins vegar verður starfsemi atvinnurekanda og þar með höfundaréttur að verki sem þannig er til orðið ekki framseldur nema með samkomulagi við starfsmanninn, sbr. 2. mgr. 28. gr. höfundalaga. Verndartími höfundaverka er ævi höfundar að viðbættum 70 árum frá lokum andlátsárs höfundar.

Að því er varðar hugverk, sem ekki uppfylla lágmarksfrumleikaskilyrði höfundalaga til þess að teljast vera afrakstur eigin sköpunar höfundar, kunna þau engu að síður að vera vernduð með sinnar tegundar rétti (sui generis), sbr. 50. gr. höfundalaga. Ákvæðið verndar í 15 ár þá fjárfestingu sem lögð er í að framleiða, viðhalda og birta upplýsingar í gagnagrunn-

---

[3] Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli ákæruvaldsins gegn tveimur vísindamönnum við Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá (sakamál nr. 239/1992, dags. 17. febrúar 1993) reyndi á hvort stofnunin eða starfsmennirnir ættu rannsóknargögn sem hinir síðarnefndu tóku með sér í mótmælaskyni við flutning stofnunarinnar austur á land. Í forsendum dómsins kom fram að sýkna byggðist á því að ekki yrði loku skotið fyrir það að stofnunin og starfsmennirnir væru sameigendur gagnanna. Varð því ekki sannað að um heimildarlaust brottnám gagna í eigu ríkisstofnunar væri að ræða.

2. Ef einkaréttur er hins vegar nauðsynlegur til að veita þjónustu í þágu almennings skal réttmæti ástæðunnar til að veita slíkan einkarétt vera háð reglulegri endurskoðun og skal a.m.k. endurskoðuð á þriggja ára fresti. Einkanytjafyrirkomulag sem komið er á fót eftir að tilskipun þessi tekur gildi skal vera gagnsætt og birt opinberlega.

3. Einkanytjafyrirkomulagi, sem uppfyllir ekki skilyrðið um undantekningu skv. 2. mgr., skal slitið í lok samningsins eða eigi síðar en 31. desember 2008.

V. KAFLI

**LOKAÁKVÆÐI**

*12. gr.*

**Framkvæmd**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*13. gr.*

**Endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun á beitingu þessarar tilskipunar fyrir 1. júlí 2008 og skal tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um niðurstöður þessarar endurskoðunar ásamt tillögum um breytingar á tilskipuninni.

2. Endurskoðunin skal einkum taka til gildissviðs og áhrifa þessarar tilskipunar, þ.m.t. aukningar á endurnotkun gagna frá hinu opinbera, áhrifa meginreglnanna sem gilda um gjaldtöku og endurnotkunar opinberra laga- og stjórnsýslutexta, sem og frekari möguleika á að bæta eðlilega starfsemi innri markaðarins og þróunar evrópsks efnisiðnaðar.

*14. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

*15. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2003.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | G. ALEMANNO |
| *forseti.* | *forseti.* |

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996.**

Í frumvarpinu er lagt til að lögleidd verði ákvæði um endurnot opinberra upplýsinga. Frumvarpið er byggt á tilskipun Evrópusambandsins um endurnot opinberra upplýsinga þótt í því sé lagt til að gengið sé lengra í að þrengja gjaldtökuheimildir af upplýsingum úr opinberum skrám og af höfundarétti ríkisins á þessum upplýsingum en í tilskipuninni.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins verður stjórnvöldum skylt, með ýmsum takmörkunum þó, að veita aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál. Stjórnvöld ákveða hvort gögn, sem heimilt er að veita aðgang að, skuli sýnd eða veitt af þeim ljósrit eða afrit. Í þeim tilvikum sem stjórnvald ljósritar eða afritar gögn og lætur einkaaðila í té ber að taka gjald samkvæmt gjaldskrá sem forsætisráðherra ákveður. Vakin er athygli á að í lögum um aukatekjur ríkissjóðs er einnig kveðið á um gjaldtöku fyrir ljósritun, endurritun eða eftirgerð upplýsinga á pappír ásamt hljóð- og myndupptökum. Fjármálaráðuneytið telur að traustar gjaldtökuheimildir séu þegar fyrir hendi þannig að 4. gr. hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði hún lögfest en að gæta þurfi að samræmi í gjaldtöku.

Í 5. gr. frumvarpsins er kafli um endurnot opinberra upplýsinga þar sem lagt er til að einkaaðilar geti fengið upplýsingar sem stjórnvöld hafa aflað til að nota þær í öðrum tilgangi en hið opinbera gerir. Stjórnvöld meta hvort heimilt er að endurnota upplýsingar og geta sett ýmis skilyrði um meðferð og notkun þeirra. Í frumvarpinu er kveðið á um málsmeðferð vegna aðgangs að upplýsingum m.a. um afgreiðslufresti, rökstuðning, áskilnað um leyfisskyldu, gerð samninga og upplýsingagjöf á vefsíðum. Gera má ráð fyrir að opinberir aðilar þurfi að taka á sig minni háttar stjórnsýslukostnað vegna þessa en ekki eru forsendur til að áætla fjárhæðir í því sambandi.

Sé heimilað að endurnota upplýsingar er samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu val um að taka gjald fyrir ljósritun og afritun samkvæmt fyrrnefndri gjaldskrá forsætisráðherra eða ekki. Hins vegar verður óheimilt að taka gjald fyrir söfnun upplýsinga í opinberum tilgangi og fyrir höfundarétt opinberra aðila á upplýsingum, nema kveðið sé sérstaklega á um slíkt í sérlögum. Miðlun upplýsinga á milli stjórnvalda í þágu starfs þeirra telst ekki til endurnota í skilningi frumvarpsins. Hugtakið stjórnvald er skilgreint mun víðtækara í 5. gr. en í 4. gr. frumvarpsins og nær til velflestra aðila sem starfa á vegum hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga. Undanþága er veitt fyrir skóla, rannsóknastofnanir og menningarstofnanir þótt hlutaðeigandi ráðherra verði heimilað að fella starfsemi stofnana á þessu sviði undir kaflann í heild eða að hluta til. Frumvarpið veitir takmarkaðar leiðbeiningar um flokkun aðila sem njóta undanþágu frá ákvæðum kaflans. Í athugasemdum eru nefnd dæmi um flokkun stofnana sem stunda rannsóknir án þess að fram komi hvaða munur er á stofnunum í hvorum flokki og að Iðntæknistofnun Íslands, Veiðimálastofnun, Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir falli ekki undir kaflann en það geri Landmælingar Íslands, Náttúrfræðistofnun Íslands og Veðurstofa Íslands. Óskýrar flokkunarreglur valda ákveðnum vanda við kostnaðarmat frumvarpsins.

Í skýrslu nefndar fjármálaráðherra um mótun almennrar stefnu um verðlagningu fyrir notkun opinberra upplýsinga, sem kom út í desember 2002 og heitir Verðlagning opinberra upplýsinga, er gerð grein fyrir mati nefndarinnar á áhrifum þess að setja almenna verðlagn-

ingarstefnu. Haft var samband við 40 stofnanir í þessu sambandi og eftirfarandi fjórar skoðaðar sérstaklega: Hagstofa Íslands, sem hafði árið 2002 um 75 m.kr. tekjur af aðgangi að þjóðskrá og 16 m.kr. af aðgangi að fyrirtækjaskrá, Fasteignamat ríkisins sem hafði nálægt 20 m.kr. tekjur frá einkaaðilum af upplýsingum úr Landskrá fasteigna en liðlega 100 m.kr. frá stjórnvöldum í skilningi 5. gr. þessa frumvarps, Skráningarstofan hf. sem hafði 28 m.kr. tekjur af sölu upplýsinga og Landmælingar Íslands sem var með 11 m.kr. tekjur af sölu upplýsinga árið 2002. Samtals gerir þetta 150 m.kr. í tekjur af sölu upplýsinga til einkaaðila. Í skýrslunni er sérstakur kafli um mat á kostnaði við breytta verðlagningarstefnu og það sagt afar flókið. Fram kemur að flestir forstöðumenn stofnana sem haft hafði verið samband við hafi talið að breytt stefna hefði engin áhrif á stofnunina, nema þá helst að sumir töldu sig geta krafist hærra verðs fyrir upplýsingar sem voru til sölu. Eingöngu forstöðumenn Landmælinga og Fasteignamats töldu tekjur lækka.

Fjármálaráðuneytið hefur við gerð þessarar kostnaðarumsagnar ekki betri upplýsingar að byggja á og gengur út frá því að tekjur sem ríkisstofnanir hafa aflað sér með sölu upplýsinga séu annaðhvort innheimtar í samræmi við lagaheimild í sérlögum og flokkast því sem ríkistekjur samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, eða sem sértekjur sem stofnanir afla á markaðslegum forsendum, sem færast til lækkunar á gjöldum hlutaðeigandi stofnana og hafa ekki áhrif á fjárveitingar þeirra eða útgjöld ríkissjóðs eins og þau eru skilgreind í fjárlögunum. Á þessari forsendu telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið hafi óveruleg áhrif á útgjöld ríkisins.

## 310. Frumvarp til laga [297. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „15 km á klst.“ í 1. málsl. c-liðar undir liðnum *Reiðhjól* í 2. gr. laganna kemur: 25 km á klst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á skilgreiningu á hugtakinu *reiðhjól* í umferðarlögum, nr. 50/1987. Tillagan felur í sér að efri hraðamörk lítilla vél- eða rafknúinna ökutækja, sbr. c-lið skilgreiningar, verði hækkuð upp í 25 km á klst.

Með lögum nr. 84/2004 voru gerðar breytingar á umferðarlögum, nr. 50/1987, þar sem skilgreiningu á *reiðhjóli* í 2. gr. laganna var breytt þannig að lítil vél- eða rafknúin farartæki, hvort sem þau eru knúin með rafmótor eða sprengihreyfli, sem ekki eru hönnuð til hraðari aksturs en 15 km á klst. voru skilgreind sem reiðhjól. Undir þá skilgreiningu féllu m.a. vélknúin hlaupahjól sem þá höfðu rutt sér mjög til rúms. Þegar lagafrumvarpið var til meðferðar á Alþingi komu fram hugmyndir um að efri hraðamörkin (15 km á klst.) væru e.t.v. of lág.

Þegar skoðuð eru sambærileg lög annars staðar á Norðurlöndunum kemur í ljós að skilgreiningarnar eru mjög ólíkar frá einu landi til annars og er samanburður því vart raunhæfur.

Í dönskum umferðarlögum er t.d. ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu *reiðhjól* þó að þar gildi sérstök ákvæði um hjólreiðabrautir. Í dönsku lögunum kemur fram að aka megi litlum skellinöðrum, sem ná að hámarki 30 km á klst., á slíkum brautum. Í norskum umferðarlögum er hugtakið ekki skilgreint. Í sænskum umferðarlögum eru skilgreiningar margþættar og þar er líkt og í dönsku lögunum ákvæði um hjólreiðabrautir. Gert er ráð fyrir að aka megi litlum skellinöðrum sem ná að hámarki 30 km/klst. á slíkum brautum. Í finnsku umferðarlögunum eru pedaldrifin hjól sem knúin eru með rafmótor allt að 250 W og fara ekki yfir 25 km á klst. flokkuð sem reiðhjól. Í þessu frumvarpi er lagt til að notuð verði sama viðmiðun og er í finnsku lögunum.

Framleiðendur vél- og rafknúinna reiðhjóla gefa þau oft upp fyrir 20–24 km á klst. og eru mótorarnir þannig útbúnir að þeim verður ekki ekið hraðar. Hjólum af þessu tagi hefur fjölgað mjög í Evrópu á seinni árum. Kemur þar tvennt til, annars vegar fjölgar þeim sem kjósa að nota hjól sem samgöngutæki í evrópskum borgum og hins vegar kýs eldra fólk í auknum mæli að njóta útivistar á reiðhjólum en hafa oft ekki nægan líkamsstyrk til að hefðbundið fótstigið reiðhjól gagnist þeim. Einnig hafa rafknúin reiðhjól reynst þeim vel sem vegna einhvers konar fötlunar skortir líkamlegan styrk til að nota fótstigið reiðhjól.

Í ljósi aukinnar mengunar frá bifreiðum í þéttbýli er mikilvægt að lagaákvæði hvetji fólk til að nýta reiðhjól sem samgöngutæki í auknum mæli. Þá þarf að gæta þess að vél- og rafknúin reiðhjól séu ekki útilokuð. Nauðsynlegt er að sem flestir geti tekið þátt í þeirri samgöngubyltingu sem þarf að eiga sér stað svo að við náum tökum á samdrætti í útstreymi koldíoxíðs frá samgöngutækjum. Lagafrumvarp þetta er liður í slíkri viðleitni.

Lagt er til að lítil vél- eða rafknúin ökutæki, hvort sem þau eru knúin með rafmótor eða sprengihreyfli, sem ekki eru hönnuð til hraðari aksturs en 24 km á klst., verði skilgreind sem reiðhjól. Undir þá skilgreiningu falli m.a. vél- og rafknúin reiðhjól. Rökin eru þau sömu og notuð voru í með lagabreytingunni 2004, þ.e. ef þau verða skilgreind sem létt bifhjól þurfa þau að uppfylla skilyrði reglugerðar 308/2003 um gerð og búnað ökutækja. Það þýðir að taka þyrfti ökupróf til að stjórna þessum hjólum auk þess sem óheimilt væri að nota þau annars staðar en á götum í almennri umferð, þ.e. ekki væri heimilt að aka þeim á gangstéttum, göngustígum og hjólreiðastígum. Vél- eða rafknúin reiðhjól (sem og hlaupahjól) sem ekki eru hönnuð til hraðari aksturs en 20–24 km á klst. eru of veigalítil tæki til að vera innan um bifreiðar í almennri umferð, enda ekki hugsuð sem slík, og getur það skapað almenna slysahættu að skilgreina þau sem létt bifhjól. Verður því að telja skynsamlegra að skilgreina þau sem reiðhjól.

## 311. Fyrirspurn [298. mál]

til landbúnaðarráðherra um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur ráðherra beitt sér fyrir endurskoðun á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998?
2. Hver er afstaða ráðherra til skiptingar landsins í 14 umdæmi héraðsdýralækna með 17 stöðugildum? Hefur ráðherra í hyggju að leggja til breytingar á fjölda héraðsdýralækna?
3. Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á 12. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr þar sem fjallað er um vaktsvæði dýralækna?

4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að ráðið verði í stöðugildi tveggja héraðsdýralækna í Austurlandsumdæmi nyrðra?

## 312. Fyrirspurn [299. mál]

til umhverfisráðherra um þátt flugsamgangna í losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver hefur losun gróðurhúsalofttegunda frá innanlandsflugi verið frá árinu 1990, þ.e. árin 1995, 2000 og 2005?
2. Hvaða sambærilegar tölur liggja fyrir um losun gróðurhúsalofttegunda íslenskra flugfélaga sem fljúga á alþjóðaflugleiðum?
3. Hvernig er líklegt að þróunin verði á þessu sviði á næstu árum, bæði í innanlands- og alþjóðaflugi?
4. Hvernig hyggjast íslensk stjórnvöld stuðla að því að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum?

**Skriflegt svar óskast.**

Greinargerð.

Mikið hefur borið á áhyggjum erlendis, m.a. innan Evrópusambandsins, af ört vaxandi þætti flugsamgangna í losun gróðurhúsalofttegunda á sama tíma og stefnt er að því að draga stórlega úr losun þessara lofttegunda á flestum öðrum sviðum.

## 313. Svar [129. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um ferðasjóð íþróttafélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað líður vinnu nefndar um úttekt á kostnaði við ferðalög íþróttafélaga á viðurkennd mót? Er áætlað að hún skili tillögum um sérstakan sjóð til að taka þátt í þeim kostnaði og ef svo er, hvenær?*

Í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var frá 3. júní sl. (789. mál 132. löggjafarþings) hefur verið skipuð nefnd sem gera á úttekt á kostnaði við ferðalög íþróttafélaga á viðurkennd mót. Nefndinni er jafnframt ætlað að setja fram tillögur um hvort rétt sé að koma á sérstökum sjóði til að taka þátt í þeim kostnaði, og þá einnig hugmyndir um hvernig fjármögnun hans skuli háttað og eftir hvaða reglum úthluta skuli úr honum. Enn fremur skal nefndin gera tillögu um úthlutun úr sjóðnum til íþróttagreina, m.a. með tilliti til einstakra

landssvæða, aldurshópa og kynja. Nefndin hefur þegar tekið til starfa en henni var í erindisbréfi veittur frestur til 1. febrúar nk. til að ljúka ætlunarverki sínu.

Nefndin er þannig skipuð:

- Gísli Þór Magnússon skrifstofustjóri, formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti,
- Nökkvi Bragason hagfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneyti,
- Svanfríður Jónasdóttir bæjarstjóri, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands,
- Helga Steinunn Guðmundsdóttir, tilnefnd af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands fyrir Norðurland,
- Jóhann Króknes, tilnefndur af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands fyrir Vestfirði,
- Árni Ólason, tilnefndur af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands fyrir Austurland,
- Þór Ísfeld Vilhjálmsson, tilnefndur af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands fyrir Suðurland.

Starfsmaður nefndarinnar verður Líney Rut Halldórsdóttir deildarstjóri.

## 314. Svar [128. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um Hlíðarskóla á Akureyri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir nemendur stunda nám við Hlíðarskóla á Akureyri?*
2. *Hver er árlegur rekstrarkostnaður skólans?*
3. *Hvernig kemur ríkið að rekstri skólans?*
4. *Hverjir bera ábyrgð á rekstri og fjármögnun skólans?*

Svar við fyrirspurninni er m.a. byggt á upplýsingum frá skólaskrifstofu Akureyrarbæjar.

Hlíðarskóli í Varpholti, áður Bröttuhlíðarskóli, var stofnaður árið 2001. Skólinn er ætlaður börnum með alvarleg hegðunarfrávik og geðfatlanir.

Skólaárið 2006–2007 stundar 21 nemandi á grunnskólaaldri nám við skólann og einn á framhaldsskólaaldri, samtals 22 nemendur. Nemendahópnum er skipt í þrjár deildir. Í strákadeild eru 13 en í stúlknadeild 6. Þriðja deildin, Skjöldur, er fyrir geðfatlaða nemendur. Þar eru tveir nemendur á grunnskólaaldri og einn á framhaldsskólaaldri.

Samkvæmt upplýsingum frá skólaskrifstofu Akureyrarbæjar nam rekstrarkostnaður skólans árið 2005 48,8 millj. kr. Endurskoðuð fjárhagsáætlun ársins 2006 gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaðurinn nemi 78,9 millj. kr.

Skólaárið 2006–2007 greiðir ríkið nám eins nemanda á framhaldsskólaaldri sem er í sérstöku úrræði við skólann.

Skólinn heyrir undir grunnskóla Akureyrar og annast bærinn alla fjármögnun og rekstur hans, ef frá er talin fjármögnun ríkisins sem getið er í svari við 3. tölulið hér að framan.

# 315. Tillaga til þingsályktunar [300. mál]

um heildarstefnu í nýsköpun og atvinnuþróun.

Flm.: Sigríður Ingvarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra og iðnaðarráðherra að skipa nefnd til þess að móta heildarstefnu í nýsköpun og þróun og skila framkvæmdaáætlun í formi skýrslu til forsætisráðherra.

Nefndin skal skipuð sjö fulltrúum. Skal einn tilnefndur af forsætisráðherra sem jafnframt verði formaður, einn tilnefndur af iðnaðarráðherra, einn tilnefndur fyrir hönd opinberra stofnana, einn tilnefndur af samtökum fyrirtækja, tveir frá háskólum og einn frá frumkvöðlum tilnefndur af iðnaðarráðherra.

Forsætisráherra skal skila Alþingi skýrslu fyrir árslok 2007.

## Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að forsætisráðherra og iðnaðarráðherra verði falið að skipa nefnd til þess að móta heildarstefnu í nýsköpun og þróun og gera framkvæmdaáætlun í formi skýrslu sem skila eigi til Alþingis fyrir árslok 2007.

Samkeppnishæfni þjóða er breytingum háð og stöðugt þarf að huga að því hvernig unnt er að efla hana fyrir þjóðfélagið í heild. Samkvæmt nýlegri skýrslu Alþjóðlegu efnahagsstofnunarinnar (e. „World Economic Forum“) er Ísland í 14. sæti af 125 hagkerfum heimsins. Skýrslur stofnunarinnar eru taldar til mikilvægustu heimilda um styrk og veikleika hagkerfa einstakra landa og byggist á því að meta hagvaxtarhorfur einstakra landa til næstu fimm til átta ára. Samkeppnishæfni þjóða er þar skilgreind sem geta til að ná viðvarandi vexti þjóðartekna á mann.

Samkvæmt skýrslunni kemur Ísland vel út hvað varðar opinberar grunnstoðir og grunnstoðir fyrirtækja, sérstaklega þegar litið er til heilsugæslu og menntunar. Ísland fær ágæta einkunn í skilvirkni en veikleikar eru sérstaklega taldir vera í samkeppni og útflutningi. Almenn efnahagsskilyrði sem tilheyra grunnstoðum fyrirtækja eru helsti veikleiki í samkeppnishæfni okkar og einnig flest atriði er varða nýsköpun og þróunarþætti. Nýsköpun er undirstaða hagvaxtar og því mikilvægt að hugað sé að því hvers vegna staða Íslands er ekki betri en raun ber vitni í nýsköpun og þróun í samanburði við aðrar þjóðir og enn fremur hvernig unnt sé að ýta undir og styrkja nýsköpun til framtíðar. Samkvæmt skýrslunni er vægi hátækniútflutnings einungis 7% hér á landi en Finnland og Svíþjóð eru með um og yfir 20% og Írland yfir 40%.

Í heildarstefnu í nýsköpun og atvinnuþróun er mikilvægt að skoðaðar séu leiðir til að efla rannsóknastarf innan háskólanna og tengja það fyrirtækjum. Þá þarf einnig að skoða hvernig unnt sé að auka framboð fjármagns til nýsköpunar, t.d. hvernig nota megi skattkerfið til að koma til móts við fyrirtæki á sviði þróunar og nýsköpunar og skoða hvernig skattaumhverfi nýsköpunarfyrirtækja er hjá þeim þjóðum sem koma best út á lista stofnunarinnar.

Víða í nágrannalöndum okkar fjárfestir hið opinbera ríkulega í nýsköpun með langtímaaðgerðum. Ágóðinn kemur síðan fram í formi öflugs, fjölbreytts atvinnulífs, bættrar samkeppnishæfni og skatttekna í framtíðinni. Þar sem hins vegar er ekki fjárfest í nýsköpun verður atvinnulíf einsleitara, samfélög staðna og verða viðkvæmari fyrir sveiflum. Það leiðir af sér að láglaunastörfum fjölgar sem getur þýtt byggðaröskun og atgervisflótta. Nýsköpun, menntun og símenntun sporna við slíkri þróun.

Hér á landi hefur verið unnið nokkuð í nýsköpunar- og þróunarmálum, m.a. með stofnun Tækniþróunarsjóðs og einnig hefur framboð fjármagns aukist nokkuð. Þá hefur Vísinda- og tækniráð samþykkt vísinda- og tæknistefnu 2006–2009 þar sem fram kemur ákveðin framtíðarsýn og lagðar til leiðir til þess að ná henni. Flutningsmenn telja þó að þessi tillaga sé mun víðtækari og feli í sér meiri heildarsýn þar sem lögð er áhersla á að skoða hvers vegna staða Íslands í nýsköpun og þróun er ekki betri og hvernig aðrar þjóðir hafa snúið þessa þróun sér í hag. Þannig er nauðsynlegt að auka framboð fjármagns til nýsköpunar til framtíðar litið. Þá er einnig nauðsynlegt að skoða hvernig hægt er að hvetja til aukinnar samvinnu þvert á atvinnugreinar og styrkja rannsóknar- og fræðslustarf með það að markmiði að koma betur til móts við þarfir fyrirtækja og frumkvöðla. Flutningsmenn telja þess vegna mikilvægt að mótuð verði heildarstefna og tekin saman sú vinna sem fram hefur farið á þessu sviði. Þá telja þeir mikilvægt að litið verði til þess hvernig aðrar þjóðir sem eru ofarlega á listanum styðja við nýsköpun og þróun og hvernig það hefur reynst. Sviss er t.d. í fyrsta sæti á listanum yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims en þar hefur tekist að byggja upp öruggt stofnanakerfi, styrkja innviði og skilvirka markaði, tækninýsköpun er á afar háu stigi og fyrirtæki þar verja miklum fjármunum í þróunarkostnað. Finnland er í öðru sæti en á sl. sjö árum hefur það verið fimm sinnum í efsta sæti. Finnar lögðu á sínum tíma áherslu á menntun vinnuafls og nýsköpun og komust út úr kreppu. Hagkerfi þeirra breyttist frá því að vera hráefnadrifið yfir í að vera þekkingadrifið og frá árinu 1990 til ársins 2006 fór útflutningur hátæknivara frá því að vera 6% yfir í 20%.

Flutningsmenn telja mikilvægt að stjórnvöld, opinberar stofnanir, fyrirtæki, frumkvöðlar og háskólar taki höndum saman til að virkja þá hugmyndaauðgi og áræðni sem býr í nýsköpun með því að styðja við hana með virkum hætti og leggja fram í formi skýrslu raunhæfar tillögur um langtímaaðgerðir til þess að auka samkeppnisforskot þjóðarinnar og breyta úr hráefnadrifnu hagkerfi í að vera þekkingadrifið.

## 316. Tillaga til þingsályktunar [301. mál]

um starfshóp um skapandi starfsgreinar.

Flm.: Sigríður Ingvarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa starfshóp til að taka saman upplýsingar um eðli og umfang skapandi starfsgreina og móta tillögu að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki.

Starfshópurinn skili iðnaðarráðherra tillögum sínum fyrir árslok 2007.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að iðnaðarráðherra verði falið að setja saman starfshóp til að taka saman upplýsingar um eðli og umfang skapandi starfsgreina og móta tillögu að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar þessum málaflokki hér á landi.

Til skapandi starfsgreina teljast svo dæmi séu tekin:

a. menningartengd starfsemi hvers konar,
b. afþreyingariðnaður,
c. hátækniiðnaður,

d. rafræn skráning, úrvinnsla og miðlun upplýsinga,
e. hönnun,
f. þekkingarstarfsemi hvers konar,
g. útgáfa á rituðu og rafrænu formi,
h. menningartengd ferðaþjónusta.

Í nágrannalöndum okkar hefur hið opinbera markað stefnu í þessum málaflokki og fylgt henni eftir. Í fjarlægum löndum, t.d. Ástralíu, hefur verið mörkuð opinber stefna um uppbyggingu á rafrænni skráningu, vinnslu, dreifingu og miðlun upplýsinga í tengslum við skapandi starfsgreinar. Samkvæmt athugun sem Ágúst Einarsson prófessor hefur kynnt er umfang skapandi starfsgreina hér á landi u.þ.b. 4% af landsframleiðslu. Dæmi um slíka starfsemi hér er framleiðsla sjónvarpsþátta um Latabæ í hátæknimyndveri sem komið var upp í Garðabæ.

Framtíðarhagvöxtur mun að verulegu leyti koma frá þekkingarstarfsemi, skapandi starfsgreinum og afþreyingu. Því er brýnt að taka þennan málaflokk föstum tökum.

**Skapandi starfsgreinar.**

Á undanförnum árum hafa rannsóknir hagfræðinga í vaxandi mæli beinst að skapandi starfsgreinum. Dæmi um slíkar rannsóknir koma fram í verki bandarísku fræðimannsins Richard Florida „The Rise of The Creative Class". Þar kemur m.a. fram sú tilgáta að skapandi atvinna muni valda álíka þjóðfélagsumbreytingum á 21. öldinni og iðnbyltingin á 18. og 19. öld.

Skapandi atvinna einkennist af því að meginviðfangsefnið er að skapa nýja þekkingu eða efni sem hægt er að vernda með höfundarrétti eða einkaleyfi. Áhrif og árangur slíkra starfsgreina felst ekki hvað síst í samvinnu og samstarfi fólks með ólíkan bakgrunn og menntun. Hin nýja skapandi stétt, segir Florida, muni ráða úrslitum um velferð, vöxt og viðgang efnahagsþróunar á Vesturlöndum. Florida bendir á að eftirfarandi þrír þættir þurfi að vera til staðar til þess að skapandi störf auki hagvöxt.

- Tækniþekking, þ.e. rannsóknir, tækniyfirfærsla og hagnýting tækniþekkingar til efnahagslegra framfara.
- Hæfni og þekking mannauðs sem flokkast innan skapandi stétta.
- Umburðarlyndi gagnvart fjölbreytni mannlífs, svo og framboð á menningartengdu efni og afþreyingu.

Þar sem þessir þrír þættir eru til staðar má búast við efnahagslegum framförum samkvæmt Florida. Þetta kemur m.a. fram í staðarvali stórfyrirtækja í þekkingargreinum. Þau leita að stöðum þar sem þessir þrír þættir eru fyrir hendi vegna þess að þar kemur saman sá mannauður sem þau leita að og umhverfi sem viðkomandi aðilar geta þrifist í.

**Upplifunariðnaðurinn og Jenka verkefnið – tenging við Iðntæknistofnun.**

Upplifunariðnaður, sem er hluti af skapandi starfsgreinum, samanstendur af menningartengdri starfsemi sem tengist miðlun og upplifun. Þessir þættir skipa sífellt stærri sess í efnahagslífi vestrænna þjóða. Nokkur dæmi þessu til skýringar eru: Norðmenn verja meiri fjármunum í menningu og afþreyingu en í mat. Bandaríkjamenn verja þrefalt meiri fjármunum í menningu en bíla. Í Danmörku starfa um 60 þús. manns í þessari starfsgrein sem veltir um 75 milljörðum d.kr. Íslendingar verja rúmlega 4% af landsframleiðslu í menningartengda starfsemi.

Til að vinna að framgangi upplifunariðnaðarins og stuðla að framþróun atvinnulífsins, stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja í upplifunariðnaði og efla atvinnuþróun almennt var samstarfsvettvangurinn *Jenka* stofnaður og á Iðntæknistofnun aðild að verkefninu.

Jenka er norrænt samstarfsnet aðila sem vilja stuðla að framþróun atvinnulífs og efla norrænan upplifunariðnað með því að:

- Auka þekkingu þeirra sem eiga aðild að netinu á upplifunariðnaði með miðlun og þróun upplýsinga um starfsgreinina.
- Styrkja og efla norræna þekkingu á menningu, listum og hátækni sem tengist þessum málaflokkum með þverfaglegu samstarfi.
- Skapa tengsl og samstarfsvettvang fyrir þá sem starfa í og tengjast upplifunariðnaðinum, t.d. með reynsluhópum, sérhæfðum samstarfsnetum, ráðstefnum og námskeiðum.
- Stuðla að margföldunaráhrifum með samvinnu og upplýsingamiðlun milli aðila.
- Auka samkeppnishæfni aðila með sameiginlegri þróun aðferða við sköpun og þróun þekkingar innan upplifunariðnaðarins.
- Vera tengiliður og miðla upplýsingum milli ungs fólks á Norðurlöndunum með því að auðvelda samskipti og tengsl.

## 317. Frumvarp til laga [302. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

121. gr. laganna orðast svo:

Ef stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar félaga, sem falla undir 1. tölul., 2. tölul. eða 2. málsl. 4. tölul. 1. gr., vanrækja að semja ársreikning eða samstæðureikning er lög þessi kveða á um eða vanrækja að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar, telst sú háttsemi vera meiri háttar brot gegn lögunum.

Ef stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar félaga skv. 1. gr. rangfæra ársreikning, samstæðureikning eða einstaka hluta þeirra, byggja ekki samningu þeirra á niðurstöðu bókhalds eða láta rangar eða villandi skýringar fylgja, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga, telst sú háttsemi vera meiri háttar brot gegn lögunum.

Sama á við ef maður aðstoðar stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra félaga við þau brot sem lýst er í þessari grein eða stuðlar að þeim á annan hátt.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 122. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar félaga, sem falla undir 3. tölul. eða 1. málsl. 4. tölul. 1. gr., vanrækja að semja ársreikning eða samstæðureikning er lög þessi kveða á um, telst sú háttsemi vera brot gegn lögum þessum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 126. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „skv. 1. mgr.“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: sbr. þó 3. mgr.
b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er ársreikningaskrá heimilt að leggja sektir á þau félög sem falla undir 3. tölul. eða 1. málsl. 4. tölul. 1. gr. og vanrækja að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar. Við mat á því hvort félög falla undir 3. tölul. eða 1. málsl. 4. tölul. 1. gr. er ársreikningaskrá heimilt að nýta sér upplýsingar frá ríkisskattstjóra skv. 2. mgr. 117. gr. Þá er ársreikningaskrá heimilt að leggja sektir á félög sem falla undir 1. gr. laganna og vanrækja að leggja fram fullnægjandi upplýsingar eða skýringar með ársreikningi eða samstæðureikningi sem lagður hefur verið fram til opinberrar birtingar. Heimild ársreikningaskrár til að leggja á sektir samkvæmt þessari málsgrein er óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Sektarfjárhæðin nemur allt að 500.000 kr. og rennur í ríkissjóð. Sektin er aðfararhæf. Sektarákvörðun ársreikningaskrár er kæranleg til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

Fjármálaráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd á sektarheimild ársreikningaskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2006 eða síðar.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, ber þeim félögum sem falla undir gildissvið laganna að semja og senda ársreikningaskrá ársreikning sinn til opinberrar birtingar innan nánar tilgreindra tímamarka en hlutverk ársreikningaskrár er m.a. að taka á móti, geyma og birta ársreikninga skilaskyldra félaga. Framangreindar reglur eru í samræmi við skuldbindingar okkar að Evrópurétti, sbr. tilskipun ráðsins 68/151/EBE, sbr. einnig tilskipun ráðsins 78/660/EBE.

Þrátt fyrir skýra lagaskyldu um skil á ársreikningi er ávallt nokkur fjöldi félaga sem hvorki semur né skilar ársreikningum til ársreikningaskrár en samkvæmt núgildandi lögum um ársreikninga telst til meiri háttar brota sú háttsemi stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félaga sem skilaskyld eru samkvæmt lögunum að láta undir höfuð leggjast að semja ársreikning eða samstæðureikning. Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem miða að því að auka skil félaga á ársreikningum til ársreikningaskrár.

Þegar upp kemur sú staða að ársreikningi er ekki skilað til ársreikningaskrár eru úrræði hennar til að bregðast við afar takmörkuð. Ársreikningaskrá getur einungis sent ítrekaðar áskoranir um skil á ársreikningi til stjórnar eða framkvæmdastjóra og ef þeim er ekki sinnt er eina úrræði ársreikningaskrár að vísa málinu til skattrannsóknarstjóra ríkisins. Skattrannsóknarstjóra ber að rannsaka hvað veldur því að ársreikningur félags er ekki lagður fram, sem leiðir til skýrslutöku hjá embættinu. Slík rannsókn getur verið nokkuð tímafrek þrátt fyrir að ástæða vanskila geti oft verið einföld.

Reynslan sýnir að í flestum tilfellum er bókhaldsóreiða ástæða fyrir vanskilum á ársreikningi til ársreikningaskrár en þá hefur ársreikningur viðkomandi félags ekki verið saminn. Einnig eru í undantekningartilfellum félög sem kjósa að leggja ekki fram ársreikning þrátt fyrir að hann hafi verið saminn. Ef ársreikningur hefur ekki verið saminn og sendur ársreikningaskrá er úrræði skattrannsóknarstjóra að senda málið til ríkislögreglustjóra, ef slík vanræksla telst vera meiri háttar brot samkvæmt lögunum, en ef vanskil á ársreikningi til ársreikningaskrár eru tilkomin vegna annarra ástæðna má vísa málinu til yfirskattanefndar til sektarmeðferðar. Þessi úrræði eru seinfarin og hafa hingað til ekki haft tilætluð áhrif.

Með frumvarpinu er lagðar til tvær breytingar. Sú fyrri snýr að því að gera greinarmun eftir stærð félagsins á alvöru þess að semja ekki eða skila ekki ársreikningi. Samkvæmt frumvarpinu teljast slík brot stjórnarmanna og framkvæmdastjóra stærri félaga, sem falla undir 1. tölul., 2. tölul. og 2. málsl. 4. tölul. 1. gr. laganna, áfram til meiri háttar brota en lagt er til að sams konar brot stjórnarmanna og framkvæmdastjóra minni félaga, sem falla undir 3. tölul. eða 1. málsl. 4. tölul. 1. gr., teljist ekki til meiri háttar brota en varði engu að síður viðurlögum. Með þessari aðgreiningu munu umrædd brot stjórnarmanna og framkvæmdastjóra minni félaga varða sektum sem heimilt er að leggja á félögin. Leiddar eru líkur að því að þessar breytingar geri það að verkum að rannsókn mála og álagning viðurlaga verði skilvirkari.

Síðari breytingin sem felst í frumvarpinu er að ársreikningaskrá verði veitt heimild til að leggja sektir á félög sem falla undir 3. tölul. eða 1. málsl. 4. tölul. 1. gr. sem vanrækja að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar. Gert er ráð fyrir því að ársreikningaskrá hafi heimild til þess að nýta sér upplýsingar um félögin samkvæmt 2. mgr. 117. gr. laga nr. 90/2003. Ástæðan fyrir þessu er að gera ársreikningaskrá kleift að meta hvort einhver rekstur er í viðkomandi félögum, sem og ákvarða hvort félögin teljast til stærri eða minni félaga í skilningi ársreikningalaga. Eins er lagt til að ársreikningaskrá geti lagt sektir á öll félög sem ekki skila fullnægjandi upplýsingum eða skýringum með ársreikningi eða samstæðureikningi. Gert er ráð fyrir því að þessi heimild ársreikningaskrár sé óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans, þ.e. hlutlæg ábyrgð.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. mgr., sem kemur í stað 1. tölul. 1. mgr. 121. gr. laganna, kemur fram að sú háttsemi stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félaga sem falla undir 1. tölul., 2. tölul. eða 2. málsl. 4. tölul. 1. gr. laganna að láta undir höfuð leggjast að semja ársreikning eða samstæðureikning teljist ætíð meiri háttar brot gegn lögunum, eins og er í núgildandi 1. tölul. greinarinnar hvað þessi félög varðar. Sama gildir varðandi þessi félög ef þau skila ekki ársreikningi til opinberrar birtingar skv. 109. gr. Þau félög sem hér um ræðir eru hlutafélög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, svo og dótturfélög sem eru innifalin í samstæðureikningsskilum þeirra. Einnig eru um að ræða hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, samvinnufélög og samvinnusambönd og gagnkvæm vátrygginga- og ábyrgðarfélög ef félögin fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð: a. eignir nema 230.000.000 kr., b. rekstrartekjur nema 460.000.000 kr., c. fjöldi ársverka á reikningsári er 50. Enn fremur er um að ræða sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, enda skráð í firmaskrá, ef félögin fara fram úr framangreindum stærðarmörkum.

Í 2. mgr. er aðeins breyting á framsetningu 2. tölul. 1. mgr. 121. gr. laganna vegna framangreindra breytinga á 1. mgr. Sú háttsemi stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félaga sem falla undir 1. gr. laganna sem felst í því að rangfæra ársreikning, samstæðureikning eða einstaka hluta þeirra, byggja ekki samningu þeirra á niðurstöðu bókhalds eða láta rangar eða villandi skýringar fylgja telst vera meiri háttar brot gegn lögunum, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.

3. mgr. er nú 2. mgr. 121. gr. laganna.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að bæta nýrri málsgrein við 122. gr. laganna sem felur það í sér að ef stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar félaga sem falla undir 3. tölul. eða 1. málsl. 4. tölul. 1. gr. láta undir höfuð leggjast að semja ársreikning eða samstæðureikning, teljist sú háttsemi vera brot gegn lögum þessum en er nú meiri háttar brot skv. 1. tölul. 121. gr. sem breytt er með 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins í brot sem beita má fésektum við. Ákvæðið tekur meðal annars til hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga sem eru undir stæðamörkum 2. tölul. 1. gr. laganna og teljast til minni félaga og sameignarfélaga í eigu annarra skilaskyldra félaga.

Um 3. gr.

Í a-lið er um tilvísun til nýrrar málsgreinar, sbr. b-lið.

Í b-lið er lagt til að lögfest verði það nýmæli að ársreikningaskrá verði veitt heimild til þess að leggja sektir á félög sem falla undir 3. tölul. eða 1. málsl. 4. tölul. 1. gr. laganna vegna vanskila þeirra á ársreikningi til ársreikningaskrár. Skiptir ekki máli hvort reikningurinn hefur verið saminn eða ekki. Þetta ákvæði nær einnig til framlagðra ársreikninga og samstæðureikninga allra félaga hafi þeir ekki að geyma þær upplýsingar og skýringar er lög þessi kveða á um, m.a. með því að lagðir hafi verið fram samandregnir ársreikningar og samstæðureikningar. Heimild ársreikningaskrár til að leggja á sekt nær því til brota sem varða við 1. tölul. 122. gr. laganna, samanber fyrirmæli X. kafla. Lagt er til að ársreikningaskrá geti í þessu skyni leitað upplýsinga hjá ríkisskattstjóra varðandi stærðarmörk félaga. sbr. 2. mgr. 117. gr. laganna, sem heimilar ársreikningaskrá að sannreyna að félagið uppfylli kröfur um stærðarmörk til að mega leggja fram samandregna ársreikninga. Um er að ræða sektargreiðslu allt að fjárhæð 500.000 kr. og er sú sekt aðfararhæf. Ákvörðun ársreikningaskrár um að leggja á sekt og/eða fjárhæð hennar má gjaldandi kæra til yfirskattanefndar.

Sektarheimild þessi er ekki bundin við sök fyrirsvarsmanna og ekki er gert skilyrði að fyrirsvarsmanni sé jafnframt gerð refsing vegna brotsins. Sé grunur uppi um meiri háttar brot gegn lögunum er ekki gert ráð fyrir því að ársreikningaskrá beiti sektarheimild sinni, heldur vísi þeim málum til skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin taki til ársreikninga sem samdir eru fyrir rekstrarár sem hefst á árinu 2006. Gildir heimildin því vegna vanskila ársreikninga á árinu 2007 vegna rekstrarárs 2006 og síðar.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.**

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar. Fyrri breytingin er skilgreining á hversu alvarlegt það er eftir stærð fyrirtækja að semja ekki eða skila ekki ársreikningi. Í annan stað er lögð fram breyting er veitir ársreikningaskrá heimild til að leggja sektir á fyrirtæki sem vanrækja skil á ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar. Sektir geta numið allt að 500 þús. kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

## 318. Svar [197. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um safn- og tengivegi.

1. *Hver er samanlögð vegalengd safn- og tengivega landsins og hve mikið hefur verið lagt af bundnu slitlagi á þá?*

**Lengd tengi- og safnvega 30. júní 2006, km.**

| | Tengivegir | | | Safnvegir | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kjördæmi | Alls | Malbik | Möl | Alls | Malbik | Möl |
| Suður | 1.105 | 420 | 685 | 558 | 61 | 497 |
| Suðvestur | 111 | 54 | 57 | 56 | 7 | 49 |
| Norðvestur | 1.753 | 195 | 1.558 | 956 | 44 | 912 |
| Norðaustur | 1.037 | 253 | 784 | 655 | 23 | 632 |
| | **4.006** | **922** | **3.084** | **2.225** | **135** | **2.090** |

2. *Hver er kostnaðurinn við að ljúka við að leggja bundið slitlag á alla safn- og tengivegi landsins, skipt eftir kjördæmum?*

Þessari spurningu er ekki hægt að svara með neinni vissu en eftirfarandi tölur gætu gefið einhverja hugmynd um það.

Síðustu 10 ár hefur fjárveiting til tengivega verið að meðaltali um 560 millj. kr. á ári (skv. verðlagi í apríl 2006). Fyrir þetta fé hefur verið lagt malbik á 47 km af tengivegum á ári.

Á sama tíma hafa safnvegir fengið um 310 millj. kr. árlega að jafnaði.

Rétt er að geta þess að það sem malbikað hefur verið af safnvegum, um 12 km á ári, hefur nær eingöngu verið á kostnað viðkomandi sveitarfélags, þ.e. Vegagerðin hefur kostað burðarlagið en sveitarfélagið slitlagið.

Miðað við sömu forsendur og verið hafa síðastliðin 10 ár má ímynda sér að kostnaður við að ljúka við að malbika það sem eftir er af tengivegum kosti 10–15 millj. kr. á hvern kílómetra og 6–10 á hvern kílómetra safnvega.

Niðurstaða úr þessu dæmi er sú að um 45–65 milljarða króna gæti kostað að malbika þá tæplega 5.200 km safn- og tengivega sem eftir eru.

## 319. Svar [158. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um veðurathuganir á Stórasandi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvenær hóf Vegagerðin veðurathuganir á Stórasandi með tilliti til vegagerðar um sandinn og hvaða upplýsingar liggja nú fyrir?*

Tveimur litlum, sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum var komið fyrir á „Stórasandsleið“ seint í september 2004. Önnur stöðin er á Stórasandi skammt norðaustan af Bláfelli (norðan

Langjökuls). Hin stöðin er upp af Gilhagadal í Skagafirði, sunnan við Háheiði. Fyrstu gögn frá henni komu um tveimur vikum síðar.

Mældir eru, og geymdir, nokkrir veðurfarsþættir, vindstefna og -styrkur, lofthiti og -raki. Úr þessu gagnasafni verður unnið þegar fyrir liggja upplýsingar yfir nógu langan tíma og gæði gagnanna reynast viðunandi.

Vegna bilana í annarri stöðinni síðastliðinn vetur hefur verið ákveðið að hafa þær uppi fram á næsta vor, að minnsta kosti.

Stefnt er að því að gera bráðabirgðaskýrslu um þau gögn sem þegar liggja fyrir nú á þessu ári og koma gögnum á frambærilegt form á því næsta.

## 320. Fyrirspurn [303. mál]

til sjávarútvegsráðherra um byggðakvóta.

Frá Sigríði Ingvarsdóttur.

1. Stendur til að breyta reglum um byggðakvóta?
2. Hversu stór hluti byggðakvóta hefur verið veiddur af þeim sem honum hefur verið úthlutað til sl. þrjú ár?
3. Hversu stórum hluta byggðakvóta hefur verið landað í þeim byggðum sem honum hefur verið úthlutað til sl. þrjú ár?
4. Hversu stór hluti byggðakvóta hefur verið unninn í þeim byggðarlögum sem honum hefur verið úthlutað til sl. þrjú ár?

**Skriflegt svar óskast.**

## 321. Fyrirspurn [304. mál]

til dómsmálaráðherra um könnun á sakaferli erlends vinnuafls.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Kanna yfirvöld að einhverju leyti hugsanlegan sakaferil fólks sem komið hefur hingað til lands frá ýmsum Evrópulöndum eftir að lög um frjálst flæði vinnuafls tóku gildi 1. maí sl.? Ef svo er, hvernig er þetta gert?

## 322. Fyrirspurn [305. mál]

til ráðherra norrænna samstarfsmála um kjör framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Með hvaða hætti stóðu íslensk stjórnvöld að kjöri framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar?
2. Var haft samstarf við norsk stjórnvöld í þessu máli og þá hvernig?
3. Telur ráðherra að vinnubrögð í málinu muni hafa áhrif á starfsemi Norðurlandaráðs í framtíðinni?

## 323. Fyrirspurn [306. mál]

til félagsmálaráðherra um stuðningsforeldra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða skilyrði þurfa þeir sem gerast stuðningsforeldrar að uppfylla?
2. Hvernig er eftirliti með stuðningsforeldrum háttað? Fer það fram reglulega?
3. Hvernig er greiðslum til stuðningsforeldra háttað, hversu háar eru þær og hvað er innifalið í þeim? Er litið á greiðslurnar sem laun eða kostnað við barnið? Eru þær skattlagðar eins og hverjar aðrar tekjur?

## 324. Frumvarp til laga [307. mál]

um rannsóknarnefndir.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Valdimar L. Friðriksson, Katrín Júlíusdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján L. Möller.

I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Alþingi getur ályktað að skipa skuli rannsóknarnefnd til að rannsaka og gefa skýrslu um mikilvæg mál eða stjórnvaldsathafnir er varða almannahag.

2. gr.

Hlutverk rannsóknarnefndar er að varpa ljósi á tiltekið mál eða stjórnvaldsathöfn sem hefur mikla og almenna þýðingu. Nefndin gerir grein fyrir störfum sínum og niðurstöðu í skýrslu til Alþingis.

Rannsóknarnefnd fer ekki með dómsvald.

## II. KAFLI
## Skipulag rannsóknarnefndar.

3. gr.

Alþingi ákveður fjölda nefndarmanna í hverju máli.

Hæstiréttur tilnefnir nefndarmenn og ákveður hver skuli vera formaður nefndar. Nefndarmenn skulu hafa menntun eða starfsreynslu á sviðum sem nýtast í hverju máli fyrir sig.

Nefndin setur sér starfsreglur.

4. gr.

Formaður rannsóknarnefndar skal uppfylla skilyrði laga til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við á.

5. gr.

Formaður rannsóknarnefndar stýrir störfum hennar.

Rannsóknarnefnd skal að jafnaði hafa aðsetur í Reykjavík og sér Alþingi henni fyrir aðstöðu.

Kostnaður vegna starfa rannsóknarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

Rannsóknarnefnd skal starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum.

6. gr.

Rannsóknarnefnd ræður sér til aðstoðar starfsmann sem undirbýr fundi nefndar, ritar fundargerð, aðstoðar við gagnaöflun og gerð skýrslu og hvað annað sem nefndin felur honum.

Nefndin skal halda gerðabók og skulu nefndarmenn árita allar fundargerðir.

Rannsóknarnefnd er heimilt að kalla eftir aðstoð sérfræðinga eða annarri aðstoð við einstaka þætti rannsóknar.

## III. KAFLI
## Störf rannsóknarnefndar.

7. gr.

Rannsóknarnefnd er heimilt að kalla á sinn fund hvern þann sem hún telur geta veitt upplýsingar sem nýst geta við rannsókn máls. Hverjum sem nefndin kallar til fundar við sig er skylt að verða við því kalli og gefa skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni.

Um skýrslutökur rannsóknarnefndar sbr. 1. mgr. og rétt þeirra sem fyrir nefndina koma gilda ákvæði VIII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eftir því sem við á.

Þeim sem gefur skýrslu fyrir nefndinni er rétt að skorast undan því að svara spurningu nefndarinnar ef ætla má að sá möguleiki sé fyrir hendi að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni.

Þeir sem geta skorast undan því að gefa vitnaskýrslu skv. 5. mgr. 52. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og þeir sem án leyfis hlutaðeigandi ráðherra er óheimilt að svara tilteknum spurningum skv. 1. mgr. 53. gr. sömu laga og einnig þeir sem óheimilt er án leyfis þess sem á í hlut að svara spurningum skv. c- og d-lið 2. mgr. 53. gr. sömu laga skulu þrátt fyrir þessi lagaákvæði gefa skýrslu fyrir rannsóknarnefnd og svara spurningum hennar ef nefndin krefst þess og framburður þeirra er talinn hafa umtalsverða þýðingu fyrir rannsóknina og gildi hennar fyrir samfélagið réttlætir það.

Verði einhver sá sem rannsóknarnefnd vill kalla á sinn fund ekki við því má nefndin fara þess skriflega á leit við héraðsdómara að hlutaðeigandi verði kvaddur fyrir dóm til að gefa skýrslu um málið sem vitni. Þegar skýrslutaka fer fram fyrir dómi gilda ákvæði 4. mgr. en að öðru leyti skal farið eftir reglum um meðferð einkamála í héraði um kvaðningu vitnis, skyldu til vitnisburðar, viðurlög á hendur vitni og skýrslutökuna sjálfa, eftir því sem átt getur við.

8. gr.

Rannsóknarnefnd er heimilt að leita eftir gögnum og upplýsingum sem kunna að skipta máli varðandi rannsóknina, m.a. hjá stjórnvöldum.

Skylt er að afhenda rannsóknarnefnd öll gögn sem hún telur nauðsynleg við rannsókn máls, óháð því hvort gögnin kunna að vera undanþegin upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum, nr. 50/1996. Gögn skv. 4. gr. upplýsingalaga er þó ekki skylt að afhenda.

9. gr.

Nefndarmenn og starfsmenn rannsóknarnefndar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum fyrir rannsóknarnefndina.

10. gr.

Fundir rannsóknarnefndar skv. 7. gr. eru opnir en aðrir fundir rannsóknarnefndar eru lokaðir.

Rannsóknarnefnd getur ákveðið að fundur skuli fara fram fyrir luktum dyrum ef það þykir nauðsynlegt:

a. til að tryggja starfsfrið nefndarinnar,
b. til að verja rannsóknarhagsmuni,
c. til að vernda þá sem gefa skýrslu fyrir nefndinni,
d. til að vernda hagsmuni íslenska ríkisins gagnvart erlendum ríkjum, vegna þjóðaröryggis eða sambærilegra atvika,
e. ef aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Aðgangur að gerðabók nefndarinnar og gögnum sem nefndin fær eða aflar við rannsókn máls er óheimill öðrum en nefndinni og starfsmönnum hennar.

Ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, gilda ekki um rannsóknarnefnd.

## IV. KAFLI
## **Skýrsla rannsóknarnefndar.**

11. gr.

Rannsóknarnefnd skilar niðurstöðu í skýrslu sem afhent skal forseta Alþingis. Í skýrslunni skal nefndin greina skilmerkilega frá störfum sínum og rannsókn, hvað upplýst hefur verið og, ef tilefni er til, gera tillögur um lyktir máls, um breytingar á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum, höfðun refsimáls eða hvað annað sem nefndin telur viðeigandi.

Nefndarmönnum er heimilt að greina frá sérálitum í skýrslunni.

12. gr.

Forseti Alþingis leggur skýrslu rannsóknarnefndar fram á þingfundi og kynnir Alþingi niðurstöðu hennar.

Skýrslan telst opinber frá því að hún hefur verið kynnt á Alþingi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 132. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt óbreytt.

Með þessu frumvarpi er lagt til að sett verði sérstök lög um rannsóknarnefndir. Í íslenskum rétti er ekki gert ráð fyrir skipun almennra rannsóknarnefnda sem rannsakað geta mál sem varða mikilvæg mál eða stjórnvaldsathafnir er varða almannahag og á þetta frumvarp að bæta úr því.

Víða í nágrannaríkjum okkar er skipun rannsóknarnefnda í einstökum málum vel þekkt. Í Danmörku getur þingið t.d. samþykkt að skipuð skuli sérstök nefnd til að skoða mikilvæg mál er varða almenning og um störf slíkra nefnda gilda sérstök lög. Dönsku lögin eru að nokkru leyti fyrirmynd þessa frumvarps.

| **14** | | **Umhverfisráðuneyti** | **10.926** | **16.155** | **-5.229** | **26.134** | **29.963** | **-3.829** | **98.153** | **105.829** | **-7.677** |
| 14 | 101 | Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa | 3.795 | 7.096 | -3.302 | 2.465 | 2.552 | -87 | 17.961 | 22.088 | -4.127 |
| 14 | 190 | Ýmis verkefni | 269 | 2.013 | -1.744 | 2.423 | 2.534 | -112 | 3.218 | 3.072 | 147 |
| 14 | 202 | Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn | 7 | 23 | -16 | 220 | 147 | 73 | 456 | 282 | 174 |
| 14 | 205 | Náttúruvernd ríkisins | - | - | - | - | - | - | - | - | - |
| 14 | 211 | Umhverfisstofnun | 2.624 | 2.313 | 311 | 5.206 | 7.191 | -1.985 | 26.247 | 28.511 | -2.263 |
| 14 | 221 | Hollustuvernd ríkisins | - | - | - | - | - | - | - | - | - |
| 14 | 281 | Styrkir til fráveitna sveitarfélaga | - | - | - | 65 | 17 | 48 | 137 | - | 137 |
| 14 | 287 | Úrvinnslusjóður | 556 | 36 | 520 | 904 | 297 | 606 | 1.826 | 2.216 | -390 |
| 14 | 301 | Skipulagsstofnun | 310 | 588 | -278 | 2.943 | 2.817 | 126 | 2.785 | 3.858 | -1.073 |
| 14 | 310 | Landmælingar Íslands | 383 | 1.030 | -646 | 1.981 | 6.357 | -4.375 | 3.360 | 7.339 | -3.979 |
| 14 | 321 | Brunamálastofnun ríkisins | 836 | 838 | -2 | 3.138 | 2.613 | 525 | 11.345 | 7.254 | 4.091 |
| 14 | 381 | Ofanflóðasjóður | 8 | 107 | -99 | 264 | 278 | -14 | 506 | 1.211 | -705 |
| 14 | 401 | Náttúrufræðistofnun Íslands | 701 | 803 | -102 | 2.140 | 1.504 | 636 | 9.387 | 11.862 | -2.475 |
| 14 | 407 | Stofnun Vilhjálms Stefánssonar | 2 | 91 | -89 | 129 | 99 | 30 | 2.002 | 4.523 | -2.521 |
| 14 | 410 | Veðurstofa Íslands | 1.434 | 1.216 | 218 | 4.256 | 3.557 | 699 | 18.923 | 13.613 | 5.309 |
| **99** | | **Samtals** | **298.479** | **326.706** | **-28.227** | **1.191.877** | **1.202.050** | **-10.172** | **2.298.503** | **2.299.500** | **-997** |

# 326. Frumvarp til laga [308. mál]

um breytingu á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Flm.: Jón Bjarnason.

1. gr.

Við 43. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þegar svo ber undir skal fjármálaráðherra leggja slíkt frumvarp fyrir Alþingi bæði þegar er það kemur saman að hausti og áður en því er slitið að vori.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 127. þingi og er nú endurflutt óbreytt.

Í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er gert ráð fyrir því að með frumvarpi til fjáraukalaga sé leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir ef nauðsyn krefur. Meginákvæði laganna hvað þetta varðar kveða á um að heimilda til slíkra útgjalda skuli leitað fyrir fram, þ.e. áður en skuldbindandi ákvörðun er tekin, nema í undantekningartilvikum, sbr. 33. gr. og 1. mgr. 44. gr. laganna.

Hvergi í lögunum er kveðið á um hversu oft eða hvenær skuli leggja fram frumvarp til fjáraukalaga. Þó segir í 44. gr. að heimilda fyrir ófyrirséðum fjárráðstöfunum sem grípa þurfi til eftir samþykkt fjáraukalaga skuli leitað í lokafjárlögum. Það gæti vísað til þess að fjáraukalög skuli aðeins vera ein á árinu, enda virðist sú hefð hafa mótast að frumvarp til fjáraukalaga sé lagt fram einu sinni á ári, þ.e. að hausti, og taki til fjárráðstafana sem nauðsynlegt hefur þótt að grípa til án þess að heimild hafi verið fyrir þeim á fjárlögum. Fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár hafa svo verið afgreidd og samþykkt frá Alþingi í desember eða um líkt leyti og fjárlög næsta árs.

Það vinnulag að stofna til útgjalda fyrst og leita svo heimilda eftir á er ekki í anda laga um fjárreiður ríkisins. Frumvarp þetta miðar að því að frumvarp til fjáraukalaga verði lagt fyrir Alþingi tvisvar á ári ef þörf krefur, að vori áður en þingi er slitið og svo aftur að hausti í upphafi þings. Frá áramótum til vors geta aðstæður breyst þannig að forsendur verði fyrir breytingum á útgjöldum ríkisins. Ný lög sem hafa í för með sér fjárútlát geta hafa verið samþykkt eða aðrar ástæður verið fyrir breytingum á fjárheimildum sem krefjast afgreiðslu þingsins. Flutningsmaður telur að með þeirri breytingu sem hér er lögð til sé um að ræða eðlilegan og nauðsynlegan þátt í ábyrgð og aðkomu Alþingis að fjármálum ríkisins.

Annars gilda almennt ákvæði 33. gr. laganna þar sem segir: „Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún enga bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“

## 327. Fyrirspurn [309. mál]

til forsætisráðherra um stuðning við smá og meðalstór fyrirtæki.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvenær er þess að vænta að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, sbr. ályktun Alþingis frá 16. mars 2004 (þskj. 1135 í máli nr. 33 á 130. löggjafarþingi)?

## 328. Fyrirspurn [310. mál]

til félagsmálaráðherra um erlent starfsfólk.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hversu margir karlar og konur með erlent ríkisfang voru starfandi á Íslandi 1. nóvember sl.?
2. Hvernig skiptist þessi fjöldi eftir atvinnugeirum (frumvinnsla, iðngreinar, þjónustugreinar)?
3. Hvernig skiptust starfandi erlendir ríkisborgarar eftir ríkisfangi?
4. Hversu margir starfsmenn hafa verið skráðir mánaðarlega á vegum starfsmannaleigna frá 1. janúar 2005?
5. Hvernig skiptust þessir starfsmenn eftir ríkisfangi?

**Skriflegt svar óskast.**

## 329. Svar [143. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um leiðbeiningarreglur í anda ILO-samþykktar nr. 158.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað líður tillögum Rannsóknaseturs vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst að leiðbeiningarreglum í anda samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, sem ráðherra boðaði í svari við fyrirspurn á síðasta þingi (756. mál)?*

Alþýðusamband Íslands hefur á undanförnum árum ítrekað beint áskorun til ráðherra um að hann beiti sér fyrir fullgildingu alþjóðasamþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Um fullgildingu nefndrar alþjóðasamþykktar hefur verið fjallað á vettvangi ráðuneytisins, m.a. í samstarfsnefnd þess og helstu samtaka á vinnumarkaði sem fjallar um samskipti Íslands við ILO. Í samstarfsnefndinni eiga

sæti fulltrúar ASÍ og SA auk fulltrúa ráðherra sem er formaður nefndarinnar. Ekki hefur tekist samstaða innan nefndarinnar um að mæla með fullgildingu samþykktar nr. 158.

Í framhaldi af ítrekun Alþýðusambands Íslands á því að alþjóðasamþykktin verði fullgilt ákvað félagsmálaráðherra með bréfi dags. 5. maí 2006 að fela Rannsóknarsetri í vinnurétti og jafnréttismálum við Viðskiptaháskólann að Bifröst að semja tillögu að leiðbeiningarreglum varðandi uppsagnir starfsmanna í anda samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158. Í bréfinu er á það lögð áhersla að við smíði leiðbeiningareglnanna verði m.a. litið til reglna sem gilda um þetta efni í ríkjum sem standa Íslendingum næst í efnahagslegu og félagslegu tilliti. Lagt er fyrir rannsóknarsetrið að tillaga að reglum berist ráðuneytinu fyrir lok þessa árs. Fram kemur að tillagan verður lögð fyrir framangreinda samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til frekari umfjöllunar.

## 330. Frumvarp til laga [311. mál]

um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðla og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

I. KAFLI

**Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað 1. mgr. 53. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Starfsmönnum fjölmiðla er ekki skylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé heimildarmaður eða höfundur að riti, grein, frásögn, tilkynningu eða öðru efni, hvort sem það hefur birst eða ekki, hafi heimildarmaður eða höfundur óskað nafnleyndar. Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna alvarlegs afbrots sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en þriggja ára fangelsi eða vegna brots á þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður um hver sé höfundur eða heimildarmaður nauðsynlegur fyrir rannsókn máls og hagsmunir af því að upplýsa mál vegi ótvírætt þyngra en hagsmunir almennings af því að fá umræddar upplýsingar í hendur.

Undanþága skv. 1. mgr. gildir einnig um þá sem vegna tengsla við fjölmiðil eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur þess er.

Óheimilt er með sömu takmörkunum og greinir í 1. mgr. að nota sönnunargögn fyrir dómi sem aflað hefur verið á grundvelli X. og XI. kafla laganna og hafa að geyma upplýsingar um höfund eða heimildarmann efnis.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. A-liður 2. mgr. fellur brott.

b. Í stað orðanna „b- til d-lið 2. mgr.“ í fyrri málslið 3. mgr. kemur: 2. mgr.
c. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Starfsmönnum fjölmiðla er ekki skylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé heimildarmaður eða höfundur að riti, grein, frásögn, tilkynningu eða öðru efni, hvort sem það hefur birst eða ekki, hafi heimildarmaður eða höfundur óskað nafnleyndar.

Undanþága skv. 4. mgr. gildir einnig um þá sem vegna tengsla við fjölmiðil eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur þess er.

Með sömu takmörkunum og í 4. mgr. er starfsmönnum fjölmiðla heimilt að neita að leggja fram sönnunargögn fyrir dómi sem hafa að geyma upplýsingar um hver er höfundur eða heimildarmaður efnis.

## III. KAFLI
## Breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmanni er heimilt að víkja frá þagnarskyldu skv. 1. mgr. ef málefni varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings.

## IV. KAFLI
## Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmanni er heimilt að víkja frá þagnarskyldu skv. 1. mgr. ef málefni varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings.

## V. KAFLI
## Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 136. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. verið gefnar í þágu almannaheilla og ríkir hagsmunir í húfi skal það refsilaust.

## VI. KAFLI
## Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 130. löggjafarþingi af Bryndísi Hlöðversdóttur og fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar og síðan að nýju nokkuð breytt á 132. löggjafarþingi þar sem tekið var tillit til umsagna er bárust um málið. Frumvarpið varð ekki útrætt og er því endurflutt óbreytt.

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að lögfestar verði strangari reglur til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Hins vegar er lagt til í frumvarpinu að opinberum starfsmönnum og sveitarstjórnarmönnum verði heimilað að víkja frá

þagnarskyldu þegar málefni varðar mikilsverða almenna hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings.

**Markmiðið með aukinni heimildavernd.**

Markmið reglna um heimildavernd, þ.e. reglna sem tryggja nafnleynd höfunda og heimildarmanna fjölmiðlamanna, er að tryggja möguleika fjölmiðla til upplýsinga- og fréttaöflunar um hvert það efni sem varðar hagsmuni almennings. Frjálsir og óháðir fjölmiðlar mynda eina af meginstoðum hvers lýðræðisríkis og reglur um heimildavernd eru eitt veigamesta skilyrðið fyrir fullnægjandi starfrækslu þeirra.

Samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu sem varða brot á tjáningarfrelsi hefur verið staðfest að hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi felst ekki eingöngu í því að veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald með gagnrýnni umræðu heldur ekki síður í að tryggja almenningi upplýsingar um hvers konar mál er varða almannahagsmuni.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Goodwins gegn Bretlandi frá 27. mars 1996 kemur fram að sé ekki fyrir hendi vernd heimildarmanna blaðamanna kunni það að aftra heimildarmönnum frá því að aðstoða fjölmiðla við að veita almenningi upplýsingar um málefni sem varða almannahag.

Páll Þórhallsson lögfræðingur skrifar eftirfarandi í grein í Blaðamanninum, félagstíðindum Blaðamannafélags Íslands, 1. tbl. 2004: „Ríkinu ber skylda til að virða trúnaðarsamband milli blaðamanna og heimildarmanna. Að krefjast þess að trúnaður sé rofinn jafngildir því að eyðileggja þetta trúnaðarsamband.“

Til þess að fjölmiðlar geti rækt hið mikilvæga hlutverk sitt er nauðsynlegt að tryggja þeim nægilega vernd og starfsfrið til þeir geti stundað frjálsa blaðamennsku og notið trausts almennings. Annars er hætta á að þeir upplýsi einungis um það sem stjórnvöld vilja að þeir upplýsi. Reglur um heimildavernd eru meðal grundvallarskilyrða þess að fjölmiðlar geti lagt sitt af mörkum til lýðræðisþjóðfélags.

Evrópuráðið hefur sent frá sér tilmæli nr. 7/2000 hvað varðar heimildavernd. Þar kemur m.a. fram að ekki eigi að skylda blaðamann til að greina frá heimildum sínum nema sýnt hafi verið fram á með óhyggjandi hætti að ekki séu fyrir hendi aðrar leiðir til að ná sama markmiði og að hagsmunir af því að upplýsa um heimildina séu augljóslega ríkari en almannahagsmunirnir af því að trúnaður verði haldinn.

Í hugtakinu heimildavernd eins og það er notað hér felst jafnframt að óheimilt er að nota sönnunargögn sem hafa að geyma upplýsingar um nafn heimildarmanns eða höfundar og aflað er með leit eða haldlagningu, hvort sem efnið hefur verið birt eða ekki. Á þetta reyndi m.a. í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Roemen og Schmit gegn Lúxemborg frá 25. febrúar 2003.

Ef fullnægjandi heimildavernd er ekki tryggð getur það orðið til þess að upplýsingar sem erindi eiga til almennings, svo sem um spillingu innan stjórnkerfis, verði ekki látnar í té vegna ótta heimildarmanna um að þeir geti átt yfir höfði sér hefndaraðgerðir atvinnurekenda, stjórnvalda eða annarra sem hagsmuni hafa af því að upplýsingunum sé haldið leyndum. Þá getur heimildarmaðurinn verið öðrum háður á einhvern hátt eða hann vill ekki blanda sér opinberlega í deilur en telur sér engu að síður siðferðilega skylt að koma á framfæri upplýsingum sem varða almannahagsmuni.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sunday Times frá árinu 1979 var tekið fram að tjáningarfrelsi sé ekki einungis frelsi til að veita upplýsingar sem eru óumdeildar heldur

nái það einnig til upplýsinga sem eru móðgandi eða truflandi fyrir ríkisvaldið eða hvaða hluta samfélagsins sem er.

**Ábyrgjast þarf skoðanir fyrir dómum.**

Í 73. gr. stjórnarskrárinnar er enn fremur kveðið á um að menn eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar en verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Þannig er ákveðið samhengi milli ábyrgðarreglu fjölmiðla samkvæmt útvarpslögum og prentlögum og verndar höfundar eða heimildarmanns, en ritstjórar blaða og útvarpsstjórar bera hlutlæga ábyrgð á því efni sem birt er í fjölmiðlum sem þeir fara fyrir. Ábyrgðarreglurnar veita fjölmiðlum og öðrum sem skrifa greinar og efni nauðsynlegt aðhald í umfjöllun um mál.

Innan fjölmiðlastéttarinnar gilda auk þess ákveðnar siðareglur sem ætlað er að vernda notendur gegn ónákvæmum, hlutdrægum eða ósönnum fréttum, tryggja nafnleynd heimildarmanna hafi trúnaði verið heitið og vernda þann mann eða lögaðila sem rannsókn eða umfjöllun fjölmiðlamanns beinist að hverju sinni þannig að ekki sé gengið nær persónu hans, æru, einkalífi eða viðskiptavild en góðu hófi gegnir. Þá eiga fjölmiðlar allt undir því að ávinna sér traust almennings og gegna siðareglurnar mikilvægu hlutverki í því.

**Trúnaðarsamband fjölmiðla og heimildarmanna fyrir dómstólum.**

Á síðustu árum hafa komið upp mál þar sem reynt hefur á slíkt trúnaðarsamband fjölmiðla og heimildarmanna fyrir dómstólum. Á 120. löggjafarþingi fluttu fimm þingmenn tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaákvæðum um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra en tillagan náði ekki fram að ganga.

Tillagan var lögð fram í kjölfar niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í dómsmáli sem höfðað var gegn Morgunblaðinu vegna greinaskrifa um endalok Sambands íslenskra samvinnufélaga og viðskipti þess við Landsbanka Íslands. Niðurstaða Héraðsdóms var á þann veg að blaðamanni blaðsins var talið skylt að bera vitni í málinu. Í Hæstarétti frá 10. janúar 1996 var blaðamanninum talið óskylt að svara því á hvaða heimildum hann hefði byggt skrif sín eða hverjir heimildarmenn hans hefðu verið. En í þessum dómi var niðurstaða Hæstaréttar ekki byggð á skilyrðislausum rétti blaðamannsins til að vernda heimildarmenn sína heldur á mati dómstólsins á þeim hagsmunum sem stefnandi hafði af því að fá umræddar upplýsingar.

**Aukin heimildavernd í opinberum málum.**

Með frumvarpi þessu er lögð til lögfesting á strangari reglum um heimildavernd en nú eru í gildi í einkamálum og opinberum málum. Fyrirmyndin að ákvæðunum er að nokkru fengin úr dönsku réttarfarslögunum.

Samkvæmt gildandi ákvæðum um heimildavernd njóta heimildarmenn nú meiri verndar í einkamálum en í opinberum málum þó að ekki verði séð að hagsmunirnir þar séu minni.

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, nær heimildaverndin einungis til mála þar sem ætla má að refsing fyrir meint afbrot verði fésektir eða minni en eitt ár í fangelsi. En í lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, er heimildaverndin mun víðtækari, samkvæmt þeim er vitni í einkamáli í raun óheimilt án leyfis þess sem á í hlut að svara spurningum um hver sé höfundur eða heimildarmaður rits, greinar, frásagnar eða tilkynningar sem hefur birst án þess að hann sé nafngreindur, ef vitnið ber að lögum ábyrgð á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birtist opinberlega eða það hefur öðlast vitneskju um höfund eða heimildarmann í starfi hjá ábyrgðarmanni.

Í frumvarpinu er því lagt til að sama efnisreglan gildi um opinber mál og einkamál, þó með þeirri undantekningu að víkja megi heimildaverndinni til hliðar í opinberum málum þar sem vitnisburðar er krafist vegna alvarlegs afbrots sem ætla má að varði þyngri refsingu en þriggja ára fangelsi. Mat á slíku verður í höndum dómstóla og er það sambærilegt við dönsk lög.

**Breyting á þagnarskyldu opinberra starfsmanna.**

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er opinberum starfsmönnum skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls og helst þagnarskyldan þó látið sé af starfi.

Í sveitastjórnarlögum, nr. 45/1998, er sambærilegt ákvæði en þar segir að sveitarstjórnarmenn skuli gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Helst þagnarskyldan áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af störfum.

**Ríkari skyldur opinberra starfsmanna nú.**

Ríkari skyldur eru lagðar á opinbera starfsmenn og sveitarstjórnarmenn samkvæmt lögum en t.d. starfsmenn á hinum almenna markaði sem þó geta verið bundnir þagnarskyldu samkvæmt samningum við launagreiðendur sína. Þegar litið er til þess að opinberir starfsmenn geta búið yfir upplýsingum um spillingu í stjórnkerfinu verður að telja nauðsynlegt að gera þeim kleift samkvæmt lögum að víkja frá hinni lögbundnu þagnarskyldu ef málefni varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings.

Réttur almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni á valdhafa, stofnanir og mál sem varða almannahagsmuni er enda mjög ríkur og gegna fjölmiðlar þar lykilhlutverki. Skemmst er að minnast uppljóstrunar um spillingu og misferli hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem leiddi til afsagnar allrar framkvæmdastjórnarinnar.

Sömuleiðis geta starfsmenn einkafyrirtækja áfram verið samningsbundnir af þagnarskyldu og þar með skapað sér bótaábyrgð vegna brota á henni. Í því sambandi er þó minnt á 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936.

**Bótaréttur heimildarmanna.**

Þá er nauðsynlegt að þeim sem aðstoða, t.d. fjölmiðla, við að upplýsa mál sem varða almannahagsmuni og jafnvel spillingu valdhafa verði tryggður bótaréttur verði þeir fyrir tjóni af þeim sökum, svo sem uppsögn eða missi réttinda.

Samhliða frumvarpi þessu er því lagt fram frumvarp til laga um bótarétt heimildarmanna og gildir þá einu hvort í hlut eiga opinberir starfsmenn, sveitarstjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða fyrirtækja.

Hins vegar er ljóst að heimildarmaður sem rýfur þagnarskyldu tekur með því áhættu þar sem mat hans á gildi upplýsinganna getur verið rangt og hann því refsi- og bótaábyrgur fyrir uppljóstrunina og án bótaréttar vegna uppsagnar, missis réttinda eða annarra aðgerða af hálfu vinnuveitanda.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að reglur um heimildavernd verði hertar verulega. Í 1. mgr. 53. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, segir að þeim sem ber ábyrgð að lögum á

efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega sé óskylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé höfundur að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess að höfundur sé nafngreindur. Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots sem ætla má að varði þyngri refsingu en fésektum eða fangelsi allt að einu ári, eða brots á þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þessu ákvæði.

Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæðið nái til allra starfsmanna fjölmiðla, auk þeirra sem vegna tengsla við fjölmiðla, gerð eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur er. Í gildandi lögum er einungis átt við þann sem ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega.

Almennt er skylt að mæta fyrir dóm þó að gerðar séu nokkrar undanþágur á því varðandi afmarkaðan hóp manna. Ekki er ætlunin að undanþiggja starfsmenn fjölmiðla því að mæta fyrir dóm heldur einungis undanþiggja þá því að skýra frá því hver sé heimildamaður eða höfundur að riti, grein, frásögn, tilkynningu eða öðru efni. Heimildaverndin nær aðeins til hvers konar gagna og mynda sem hægt er að rekja beint til heimildarmanns en ekki til annarra upplýsinga, svo sem um magn fíkniefna í smyglmáli, svo að dæmi sé tekið, eða upplýsinga um hvar eftirlýst persóna dvelst.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að einungis verði heimilt að víkja frá heimildaverndinni ef vitnisburðar er krafist vegna alvarlegs afbrots sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en þriggja ára fangelsi, í stað eins árs fangelsis samkvæmt gildandi lögum, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og hagsmunirnir af því að upplýsa málið vegi þyngra en hagsmunir almennings af því að fá umræddar upplýsingar í hendur.

Þá er áskilið hagsmunamat dómstóla á því hvort vegi þyngra, hagsmunir af því að upplýsa einstakt mál fyrir dómstólum annars vegar og hins vegar þeir hagsmunir af trúnaðarsambandi fjölmiðla og heimildarmanna sem leiðir af hagsmunum almennings af því að fá faglega umfjöllun og réttar upplýsingar um mikilvæg fjárhagsleg, viðskiptaleg og stjórnmálaleg málefni sem varða almannahagsmuni.

Eins og áður sagði er að nánari skilyrðum uppfylltum unnt að víkja heimildaverndinni til hliðar ef ætla má að afbrot varði þyngri refsingu en þriggja ára fangelsi. Sömuleiðis þarf afbrotið að vera alvarlegs eðlis og er það svipað og í dönsku réttarfarslögunum en þar er m.a. sagt að afbrotið þurfi að vera alvarlegs eðlis (af alvorlig karakter) til að hægt sé að aflétta heimildarverndinni. Í þessu felst að ekki er nægilegt að refsiramminn geti rúmað þriggja ára fangelsi heldur þarf brotið sjálft að vera það alvarlegt að líklegt megi telja að þriggja ára fangelsi yrði í reynd dæmt fyrir það. Þannig koma einungis alvarlegustu brot til greina, svo sem manndráp, meiri háttar líkamsmeiðingar, eiturlyfjadreifing í stórum stíl, meiri háttar auðgunarbrot, alvarleg kynferðisafbrot og almannahættubrot.

Þá er dómara heimilt að víkja heimildaverndinni til hliðar með sömu skilyrðum ef um er að ræða brot gegn þagnarskyldu í opinberu starfi. Sem dæmi má nefna ef viðkomandi heimildarmaður er opinber starfsmaður sem hefur misnotað aðstöðu sína gróflega og veitir upplýsingar um einstaklinga úr opinberum skrám eða upplýsir um mikilvæg rekstrarleyndarmál sem hann hefur haft aðgang að. Skoða verður þessa heimild í samhengi við þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sveitarstjórnarlögum og almennum hegningarlögum.

Í þriðja lagi verður heimildaverndin ekki bundin við að viðkomandi upplýsingar hafi verið birtar. Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og höfunda og heimildarmanna er verndað með

ákvæðinu þó að efnið hafi ekki verið birt en svo er ekki samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu þarf heimildarmaður eða höfundur að hafa óskað nafnleyndar.

Í fjórða lagi er lagt til það nýmæli að heimildaverndin verði látin ná til sönnunargagna sem aflað er með leit og haldlagningu og hafa að geyma upplýsingar um það hver er höfundur efnis eða heimildarmaður. Í þessu felst að óheimilt er með sömu takmörkunum og greinir í 1. mgr. ákvæðisins að nota fyrir dómi sönnunargögn sem aflað hefur verið á grundvelli heimilda í X. og XI. kafla laganna um leit og haldlagningu hjá starfsmönnum fjölmiðla eða öðrum sem vegna tengsla við fjölmiðil eða framleiðslu efnis hafa undir höndum efni sem hefur að geyma upplýsingar um nöfn heimildarmanna eða höfunda hvort sem efnið hefur verið birt eða ekki.

Um 2. gr.

Í a-lið 2. mgr. 53. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, segir að vitni sé óheimilt án leyfis þess sem á í hlut að svara spurningum um hver sé höfundur eða heimildarmaður að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess að hann væri nafngreindur, ef vitnið ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birtist opinberlega eða það hefur öðlast vitneskju um höfund eða heimildarmann í starfi hjá ábyrgðarmanni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þrjár nýjar málsgreinar komi í staðinn fyrir þennan lið en þær eru efnislega samhljóða þeim sem koma fram 1. gr. frumvarpsins og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3.–5. gr.

Í 3. og 4. gr. er lagt til að lögfest verði heimild til handa starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga til að víkja frá þagnarskyldu þegar veigamiklir almannahagsmunir eru í húfi.

5. gr. á að tryggja að ef opinberir starfsmenn sem bundnir eru þagnarskyldu víkja frá henni af framangreindum ástæðum skuli það vera refsilaust.

Ljóst er að starfsmenn þurfa að fara mjög varlega þegar þeir meta hvort þær aðstæður séu uppi að réttlætanlegt sé að víkja frá þagnarskyldu, enda meta dómstólar það eftir á hvort mat þeirra hafi verið rétt og því refsilaust. Ætla má að dómstólar geri miklar kröfur í því efni.

Áskilnaður er gerður um að veigamiklir almannahagsmunir séu í húfi og er það dómstóla að meta hvort svo hafi verið. Sem dæmi um málefni sem eiga erindi til almennings eða varða ríka hagsmuni má nefna spillingu valdhafa, misbeitingu valds og hvers konar misnotkun á almannafé eða misbrest á því að staðinn sé vörður um almannahagsmuni.

Hins vegar er ljóst að heimildarmaður sem rýfur þagnarskyldu tekur með því áhættu þar sem mat hans á gildi upplýsinganna getur verið rangt og hann því refsiábyrgur.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

---

Með frumvarpinu var fylgiskjal, Siðareglur Blaðamannafélags Íslands, samþykktar með síðustu breytingum á aðalfundi BÍ 1991. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 41 (41. mál 130. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 610–611.

## 331. Frumvarp til laga [312. mál]

um bótarétt heimildarmanna.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Starfsmaður ríkis eða sveitarfélags sem rýfur þagnarskyldu með því að greina frá upplýsingum sem varða ríka hagsmuni og telja verður að eigi erindi til almennings á rétt til bóta úr hendi vinnuveitanda fyrir tjón sem hann verður fyrir vegna uppsagnar, missis réttinda eða annarra aðgerða af hálfu vinnuveitanda, enda þyki sýnt að aðgerðir vinnuveitanda séu viðbrögð við rofi á þagnarskyldu. Sama á við um starfsmenn annarra fyrirtækja, félaga eða stofnana, hvernig sem eignarhaldi þeirra er háttað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 130. löggjafarþingi af Bryndísi Hlöðversdóttur og fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar samhliða frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðla og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla. Síðan var það lagt fram á 132. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt óbreytt.

Með frumvarpinu er lagt til að starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga, sem og starfsmönnum fyrirtækja, félaga og stofnana óháð eignarhaldi, þ.e. hvort sem þau eru almenningshlutafélög, í eigu ríkisins að hluta eða öllu leyti eða annarra fyrirtækja, verði tryggðar bætur bíði þeir tjón af því að láta fjölmiðlum í té upplýsingar eða koma á framfæri með skrifum eða öðrum flutningi efni, upplýsingum, mynd eða verki sem varðar ríka hagsmuni og erindi á til almennings.

Tilgangur frumvarpsins er að tryggja bótagrundvöll jafnvel þótt sýnt hafi verið fram á að upplýsingagjöf feli í sér brot á þagnarskyldu.

Dómstólar meta hvort viðkomandi upplýsingar hafi varðað ríka hagsmuni og átt erindi til almennings svo að bótaréttur hafi myndast. Hins vegar er ljóst að heimildarmaður sem rýfur þagnarskyldu tekur áhættu með því þar sem mat hans á gildi upplýsinganna getur verið rangt og hann því bæði refsiábyrgur fyrir slíka uppljóstrun og án réttar á bótum vegna uppsagnar, missis réttinda eða annarra aðgerða af hálfu vinnuveitanda.

Um nánari skilyrði bótaréttar og mat á bótafjárhæðum fer samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

## 332. Svar [239. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um kostnað við þjóðlendumál.

1. *Hver hefur heildarkostnaður við þjóðlendumál verið, annars vegar hjá ríkinu og hins vegar hjá sveitarfélögum?*

Heildarkostnaður ríkisins af þjóðlendumálum til áramóta 2005 hefur verið eftirfarandi, skipt eftir árum:

| Ár | Fjárhæð í þús. kr. |
|---|---|
| 1988 | 3.444 |
| 1999 | 19.869 |
| 2000 | 33.168 |
| 2001 | 44.303 |
| 2002 | 51.088 |
| 2003 | 68.288 |
| 2004 | 84.393 |
| 2005 | 79.962 |
| **Samtals** | **384.516** |

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um kostnað sveitarfélaga af þjóðlendumálum og getur því ekki svarað spurningum þar um.

Auk þessa leggur embætti ríkislögmanns til vinnu við málflutning fyrir dómstólum vegna þjóðlendumála, en sá kostnaður er inn í fjárveitingum til þess embættis og eykur ekki útgjöld ríkissjóðs sérstaklega.

2. *Hvernig skiptist kostnaður opinberra aðila á einstök verkefni í þjóðlendumálum?*
Kostnaður við þjóðlendumál skiptist þannig, í þús. kr.:

| Ár | Kostnaður ráðuneytisins vegna undirbúnings mála | Almennur kostnaður óbyggðanefndar | Kostnaður við úrskurði |
|---|---|---|---|
| 1999 | 1.526 | 16.787 | 1.555 |
| 2000 | 4.408 | 22.554 | 6.239 |
| 2001 | 3.526 | 27.637 | 13.228 |
| 2002 | 2.039 | 35.045 | 19.881 |
| 2003 | 5.434 | 36.889 | 25.965 |
| 2004 | 8.561 | 45.328 | 30.504 |
| 2005 | 4.722 | 36.309 | 38.931 |

Með kostnaði ráðuneytisins er átt við vinnu lögmanna og annarra sérfræðinga og kostnað við gagnaöflun.

Með almennum kostnaði óbyggðanefndar er átt við laun starfsfólks nefndarinnar og launatengd gjöld auk alls almenns rekstrarkostnaðar nefndarinnar.

Með kostnaði við úrskurði óbyggðanefndar er átt við eftirtalin atriði:

- Kynningu á þjóðlendukröfum íslenska ríkisins.
- Gerð og prentun korta.
- Gagnaöflun.
- Aðkeypt ljósritun gagna og tilheyrandi frágangur.
- Aðalmeðferð, þ.e. málflutningu lögmanna fyrir óbyggðanefnd og skýrslutökur af málsaðilum og/eða öðrum þeim sem til þekkja.
- Greiðslur til nefndarmanna fyrir vinnu við úrskurði.
- Þóknun til lögmanna sem gæta hagsmuna málsaðila, annarra er íslenska ríkisins.

## 333. Svar [216. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um löggæslu vegna umferðaröryggis.

1. *Hversu margir lögreglumenn starfa nú hjá ríkislögreglustjóra eingöngu:*
   *a. við umferðaröryggismál,*
   *b. við efnahagsbrot,*
   *c. í sérsveitum og greiningardeildum?*

a. Tveir lögreglumenn sinna sérstaklega umferðarlöggæslu hjá embætti ríkislögreglustjóra. Fleiri starfsmenn koma þó að umferðaröryggismálum samhliða öðrum verkefnum.
b. Nú sinna 16 starfsmenn rannsókn skatta- og efnahagsbrota, þar af eru 11 lögreglumenn.
c. Í sérsveit eru alls 37 lögreglumenn, þar af fjórir á Akureyri og fimm sem eru starfsmenn lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli. Greiningardeild hefur ekki verið sett á fót hjá embætti ríkislögreglustjóra en það verður um næstu áramót þegar ákvæði lögreglulaga um slíka deild taka gildi.

2. *Hvert var hlutfall lögreglumanna af heildarfjölda þeirra sem eingöngu störfuðu við umferðaröryggisgæslu árin 1990, 2000 og 2006?*

Hér á eftir er hlutfall lögreglumanna af heildarfjölda sem eingöngu sinntu umferðaröryggismálum eftir árum:

1990 6,4%
2000 5,9%
2006 3,2%

Hér ber að hafa í huga að samanburður sem byggist á fjölda eða hlutfalli þeirra sem eingöngu starfa við umferðarlöggæslu gefur ekki rétta mynd af þróun mála. Á síðustu árum hefur aukin áhersla verið lögð á að virkja alla almenna lögreglumenn við umferðarlöggæslu, þar á meðal sérsveit. Þetta hefur tekist mjög vel, m.a. vegna betri og almennari búnaðar í lögreglubifreiðunum og með nútímatæknibúnaði. Þá hefur viðurlagameðferð vegna umferðarlagabrota orðið skilvirkari og skilað meiri árangri en áður. Umferðarmálum er því betur sinnt af hálfu lögreglunnar en áður var.

3. *Hver var bílaeign landsmanna árin 1975, 1985, 1995 og 2006 og hve margir löggæslumenn störfuðu eingöngu að umferðaröryggismálum á þessum árum?*

| Ár | Heildarfjöldi bifreiða | Heildarfjöldi lögreglumanna* |
|---|---|---|
| 1975 | 71.459 | Ekki vitað |
| 1985 | 117.117 | 46 |
| 1995 | 135.284 | 34 |
| 2005 | 214.885 | 18 |
| 2006** | 226.137 | 23 |

* Starfsmenn hjá slysarannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík (SRD) eru ekki taldir með og ekki heldur lögreglumenn sem sinna umferðarfræðslu.
** 1. janúar til 22. október.

4. *Hversu mörg stöðugildi eru nú í umferðardeild ríkislögreglustjóra og hve hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda embættisins?*

Ekki er lengur rekin sérstök umferðardeild hjá embætti ríkislögreglustjóra. Umferðardeildin var lögð niður í árslok 2004 þegar Vegagerðin sagði upp samstarfssamningi við embættið um sameiginlegt umferðareftirlit. Hins vegar sinnir sérsveitin umferðareftirliti samhliða öðrum störfum.

5. *Hversu hátt hlutfall af öllum kærum vegna umferðarlagabrota er tilkomið vegna löggæslumyndavéla annars vegar og hins vegar vegna umferðargæslu lögreglunnar?*

Árið 2006 voru 95,6% af öllum kærum um umferðarlagabrot tilkomin við umferðarlöggæslu lögreglumanna en 4,4%vegna löggæslumyndavéla.

6. *Hver var fjöldi og hlutfall alvarlegra umferðarlagabrota, þ.e. ölvunaraksturs annars vegar og hraðaksturs hins vegar, samanborið við minni háttar umferðarlagabrot árin 1990, 2000 og 2006?*

Taflan sýnir fjölda umferðarlagabrota, annarra en umferðaróhappa.

| | **2006*** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** | **2000** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ölvun við akstur | 1.758 | 1.946 | 1.772 | 1.764 | 1.859 | 2.081 | 2.482 |
| Of hraður akstur | 25.880 | 23.494 | 24.205 | 25.342 | 27.561 | 23.586 | 19.718 |
| *Samtals* | *27.638* | *25.440* | *25.977* | *27.106* | *29.420* | *25.667* | *22.200* |
| Önnur umferðarlagabrot | 22.200 | 18.048 | 29.774 | 29.711 | 36.625 | 33.301 | 37.072 |
| **Öll umferðarlagabrot** | **49.838** | **43.488** | **55.751** | **56.817** | **66.045** | **58.968** | **59.272** |


* 1. janúar til 26. október.

Tölur um umferðarlagabrot árið 1990 liggja ekki fyrir.

Hafa verður þann fyrirvara á við samanburð heildarfjölda umferðarlagabrota milli ára að ríkislögreglustjóri tók í notkun nýtt skráningarkerfi fyrir lögregluna í febrúar 2005 sem getur haft áhrif á fjölda skráðra brota það ár. Í tíð eldra kerfis gat hver atburður leitt til fleiri en einnar skráningar þannig að þótt um eitt brot væri að ræða gátu skráningar orðið fleiri í málaskrá.

Þá athugist einnig að heildartölur sem birtast hér eru aðrar en þær sem áður hafa birst í tölfræðiskýrslum ríkislögreglustjóra en það stafar af því að umferðaróhöpp eru ekki lengur talin til umferðarlagabrota eins og áður var. Taflan er í samræmi við þessa breyttu framkvæmd.

Hlutfall hraðaksturs-, ölvunaraksturs- og annarra umferðarlagabrota af heildarfjölda umferðarlagabrota 1. janúar 2000 til 26. október 2006:



Samkvæmt framangreindum upplýsingum voru alvarleg umferðarlagabrot, þ.e. hraðaksturs- og ölvunarakstursbrot, samtals 22.200 árið 2000 og er það 37,5% allra umferðarlagabrota það ár. Árið 2006 voru brot þessi samtals 27.638, eða 55,5% allra brota það ár.

## 334. Svar [255. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um umferðaröryggismál.

1. *Hvernig er þjóðvegaeftirliti nú háttað og telur ráðherra ástæðu til að auka forvarnir á þjóðvegum með því að taka upp sérstakt eftirlit með sérmerktum bílum á vegum lögreglunnar?*

Einstök lögreglulið sinna þjóðvegaeftirliti innan sinna umdæma. Því til viðbótar var gerður samstarfssamningur milli ríkislögreglustjóra og umferðarstofu af hálfu ráðuneytisins í febrúar 2006. Markmiðið samstarfssamningsins var að auka umferðareftirlit á þjóðvegum landsins og er hann með svipuðu sniði og samningur sem gerður var vegna ársins 2005. Á grundvelli samstarfssamningsins skipulagði ríkislögreglustjóri sérstakt þjóðvegaeftirlit sem lagt var fyrir lögreglustjórana að framkvæma til viðbótar hefðbundnu eftirliti embættanna og er aukið eftirlit fjármagnað af Umferðarstofu á grundvelli samningsins. Fimmtán lögregluembætti tóku þátt í verkefninu sem hófst 22. maí sl. og átti að standa til 1. október en var framlengt til áramóta. Skipulag er með þeim hætti að ein lögreglubifreið frá hverju embætti er á ferðinni á misjöfnum tímum sólarhringsins og er það samræmt milli umdæma. Þau embætti sem komu að þessu verkefni í ár eru Vík, Hvolsvöllur, Selfoss, Kópavogur, Keflavík, Reykjavík, Akranes, Borgarnes, Búðardalur, Hólmavík, Blönduós, Sauðárkrókur, Akureyri, Seyðisfjörður og Eskifjörður.

Áfram verður fylgt fram á markvissan hátt aðgerðum til eftirlits og til að bæta umferðarmenningu.

2. *Hve mörg ökutæki og bifhjól eru starfrækt við þjóðvegaeftirlit, hve margir lögreglumenn starfa að því eftirliti nú og hve margir voru þeir árin 1990, 2000 og 2005?*

Á grundvelli samstarfssamningsins eru 16 ökutæki við umferðareftirlit samhliða því hefðbundna umferðareftirliti sem er skipulagt af lögregluumdæmunum. Sex lögreglubifhjól eru hjá lögreglunni í Reykjavík og eru þau notuð samhliða við eftirlit innanbæjar og á þjóðvegum við Reykjavík. Samkvæmt samstarfssamningnum starfa 16 lögreglumenn við umferðareftirlit. Því til viðbótar eru skipulagðar sérstakar vaktir vegna eftirlits með ölvunarakstri. Þá sinnir sérsveit ríkislögreglustjóra umferðareftirliti samhliða öðrum störfum. Nú eru í sérsveit 37 lögreglumenn og gerðar eru út lögreglubifreiðar á vegum sérsveitar frá höfuðborgarsvæðinu, Keflavíkurflugvelli og Akureyri þannig að eftirlit sem fram fer af hálfu ríkislögreglustjóra hefur aukist.

Árið 1990 voru gerðar út fjórar þjóðvegaeftirlitsbifreiðar hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, tvær í nágrenni höfuðborgarinnar og tvær á landsbyggðinni. Um þetta eftirlit sáu átta lögreglumenn. Á árunum 1992–1995 voru þjóðvegaeftirlitsbifreiðarnar tvær og þær að mestu notaðar á þjóðvegunum á löggæslusvæði lögreglunnar í Reykjavík. Um þetta eftirlit sáu fjórir lögreglumenn. Árið 1995 var þjóðvegaeftirlitið sem slíkt lagt niður hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Hins vegar höfðu flest lögregluumdæmi landsins þá fengið ratsjártæki í lögreglubifreiðar og sinntu í auknum mæli þjóðvegaeftirliti. Árið 2000 voru sex lögreglumenn

hjá ríkislögreglustjóra sem sinntu umferðareftirliti á þjóðvegunum eftir að samningur var gerður við Vegagerðina um sameiginlegt umferðareftirlit. Það eftirlit lagðist niður í lok árs 2004 þegar Vegagerðin sagði upp samningnum.

Í dag eru allar eftirlitsbifreiðar lögreglu búnar ratsjártækjum og hjá öllum lögregluliðum er fyrir hendi að lágmarki ein eftirlitsbifreið búin ratsjártæki með upptökubúnaði. Árið 2005 var fyrsta árið sem samstarfssamningur var gerður milli ríkislögreglustjóra og Umferðarstofu og komu að því 12 lögregluembætti það ár.

3. *Hve mörg banaslys urðu í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á þjóðvegum hins vegar sl. 10 ár?*

Upplýsingar um fjölda banaslysa í umferðinni eru í eftirfarandi töflu.

**Banaslys í umferðinni 1997–2006.**

| Ár | Höfuðborgarsvæðið* | Landsbyggðin | Alls |
|---|---|---|---|
| 1997 | 7 | 8 | 15 |
| 1998 | 8 | 19 | 27 |
| 1999 | 6 | 15 | 21 |
| 2000 | 5 | 18 | 23 |
| 2001 | 8 | 11 | 19 |
| 2002 | 2 | 20 | 22 |
| 2003 | 3 | 17 | 20 |
| 2004 | 5 | 15 | 20 |
| 2005 | 3 | 13 | 16 |
| 2006** | 9 | 11 | 20 |
| **Alls** | **56** | **147** | **203** |
| *Alls %* | *28%* | *72%* | *100%* |

*Umdæmi lögreglunnar í Reykjavík, Kópavogi, og Hafnarfirði.
**1. janúar til 19. október.

4. *Telur ráðherra ástæðu til að fjölga löggæslumönnum sem starfa við umferðaröryggismál, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar við þjóðvegaeftirlit?*

Umferð á þjóðvegum landsins hefur aukist undanfarna áratugi og alvarleg slys verða flest utan þéttbýlis. Lögregluumdæmi sem hafa hvað lengsta þjóðvegakafla eru hins vegar fámenn og að mestu bundin við að sinna löggæslu í byggð.

Með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á skipan lögregluumdæma og taka gildi 1. janúar nk. skapast svigrúm til að hagræða og skipuleggja löggæslu á hagkvæmari hátt en verið hefur. Sú skipulagsvinna sem fram fer vegna fyrirhugaðra breytinga á lögregluumdæmum mun taka mið af því hvort efling löggæslu í formi fjölgunar lögreglumanna við umferðareftirlit á höfuðborgarsvæðinu og á þjóðvegum landsins sé nauðsynleg til að bæta umferðaröryggi.

5. *Hefur verið gerð úttekt á lágmarksþörf fyrir löggæslu á landinu skipt eftir löggæsluumdæmum?*

Ríkislögreglustjóri hefur hafið slíka úttekt og er ætlunin að setja fram langtímamarkmið til a.m.k. fimm ára með tillögum um fjölgun lögreglumanna. Þess konar úttekt hefur ekki verið gerð áður.

# 335. Frumvarp til laga [313. mál]

um breyting á lögum nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Nú tekur sá sem nýtur eftirlauna samkvæmt lögum þessum við nýju föstu starfi sem er hálft starf eða meira, og koma þá launagreiðslur fyrir það starf til frádráttar eftirlaununum fram til 65 ára aldurs. Sama skerðing verður á eftirlaunum þess sem er í starfi er hann öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum. Sama gildir þótt eftirlaunin séu greidd samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. mgr. 22. gr. Skerðing greiðslna samkvæmt þessari grein fellur þó niður þegar látið er af starfi.

2. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Skerðing sú sem ákveðin er með 19. gr. gildir um þá sem hafa hafið töku eftirlauna samkvæmt lögum þessum eða eldri lögum og eru í starfi sem er fast starf, að hálfu eða meira.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Þó skal ákvæði til bráðabirgða skv. 2 gr. taka gildi 1. júní 2007.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að réttur þingmanna og ráðherra til þess að njóta eftirlaunagreiðslna fyrir 65 ára aldur lækki ef þeir gegna starfi sem er fast starf að hálfu eða meira, hvort sem það er hjá hinu opinbera eða einkaaðila. Lagt er til að laungreiðslurnar komi þá til frádráttar þeim eftirlaunum sem ákvörðuð eru samkvæmt lögunum og eldri lögum til 65 ára aldurs. Sama gildi um þá sem taka við nýju starfi á meðan þeir njóta lífeyrisgreiðslna og hafa ekki náð 65 ára aldri.

Með breytingunum sem voru gerðar í lok árs 2003 er fyrrverandi þingmönnum og ráðherrum unnt að hefja töku lífeyris enn fyrr en áður, eða allt frá 55 ára aldri hafi þeir setið á Alþingi í sextán ár eða gegnt ráðherraembætti í sex ár. Ólíklegt verður að telja að ætlunin hafi verið að gera þeim unnt að tvöfalda jafnvel fjárhæð launa sinna eftir að hafa setið á þingi með því að fara t.d. í launað starf hjá hinu opinbera og njóta jafnframt greiðslna úr lífeyrissjóði eða ríkissjóði, eins og gildandi lög gera ráð fyrir allt frá 55 ára aldri. Flutningsmenn draga í efa að sú breyting hafi í raun verið að vilja Alþingis. Miklu líklegra er að þegar aldur til töku lífeyris var lækkaður niður fyrir 61 árs aldur eins og reglan var áður, en tilgangur laganna var að auðvelda þingmönnum að hætta fyrr í stjórnmálum, þá hafi þingheimi yfirsést að um leið öðluðust þingmenn rétt til eftirlaunagreiðslna samhliða launagreiðslum en það var réttur sem þeir höfðu notið frá 61 árs aldri. Tvöfalt kerfi á borð við þetta telja flutningsmenn að geti ekki samrýmst tilgangi laganna.

Almennt gildir sú regla að opinberir starfsmenn eiga rétt á að taka ellilífeyri frá 65 ára aldri en þeir geta verið í föstu starfi og áunnið sér frekari rétt til lífeyrisgreiðslna sem eru þá endurreiknaðar við 70 ára aldur eða þegar starfstíma lýkur. Sama gildir um eftirlaun á al-

menna markaðnum. Með frumvarpinu er því lagt til að sama regla gildi um þingmenn til þess að samræmis sé gætt. Þannig geti þeir ekki verið launþegar fyrir 65 ára aldur í hálfu föstu starfi eða meira og jafnframt verið á eftirlaunum samkvæmt lögunum, nema launin skerði eftirlaunin.

Flutningsmenn telja mikilvægt að jafnræðis sé gætt á meðal þegna landsins varðandi rétt til lífeyrisgreiðslna og leggja því til að reglan verði afturvirk, þ.e. gildi einnig um þá sem þegar hafa hafið töku eftirlauna samkvæmt lögunum eða eldri lögum en gera jafnframt ráð fyrir ákveðnum aðlögunartíma þannig að sú regla taki gildi 1. júní 2007, þ.e. fimm mánuðum eftir gildistöku laganna samkvæmt frumvarpinu sem miðast við 1. janúar 2007. Eftirlaunagreiðslur til þeirra lækka því eða falla niður eftir gildistöku laganna. Þau sjónarmið hafa komið fram að ekki væri ótvírætt heimilt að lögum að skerða virk réttindi þeirra aðila sem þegar hefðu hafið töku eftirlauna á grundvelli laganna frá 2003. Flutningsmenn telja hins vegar svo þýðingarmikið að afnema kerfi tvöfaldra greiðslna til fyrrverandi þingmanna og ráðherra að réttlætanlegt sé eins og á stendur að láta reyna á þetta atriði. Sú skoðun hefur einnig að nokkru stoð í dómi Hæstaréttar frá 25. október 2005 í máli nr. 105/2005 en af honum má ráða að heimilt sé að breyta greiðslum lífeyrisþega svo framarlega sem áunnin réttindi séu ekki skert og breytingarnar séu gerðar eftir almennum efnislegum mælikvarða. Flutningsmenn líta svo á að greiðslurnar gangi gegn velsæmi og jafnræðisvitund þjóðarinnar og þeim verði því að linna.

Flutningsmenn eru einnig þeirrar skoðunar að við meðferð málsins á Alþingi eigi að skoða hvort rétt sé að samkvæmt lögum geti tvöfalt launakerfi orðið virkt við 65 ára aldurinn. Rökin með því eru að opinberir starfsmenn geta þegið eftirlaun samhliða fullum launum við 65 ára aldur. Á móti vegur að réttindi þingmanna og ráðherra eru mun betri og vafasamt af þeim sökum að tvöfalt launakerfi kjörinna fulltrúa þjóðarinnar verði virkt við 65 ára aldurinn.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 19. gr. laganna, sem frumvarpinu er ætlað að breyta, er kveðið á um reglur um frádrátt frá eftirlaunum ráðherra og þingmanna sem gilda ef viðkomandi eftirlaunaþegi er í fullu starfi samhliða töku eftirlauna. Í frumvarpsgreininni eru lagðar til frekari frádráttarreglur vegna launagreiðslna þeirra sem eru í föstu starfi að hálfu eða meira og njóta eftirlauna samkvæmt lögunum fyrir 65 ára aldur. Með starfi er átt við fast starf sem föst mánaðarlaun koma fyrir. Í skýringum sem fylgdu frumvarpinu er varð að lögum þeim sem frumvarpi þessu er ætlað að breyta kemur fram að með starfi sé átt við aðalstarf sem jöfn mánaðarlaun koma fyrir og með nýju starfi sé ekki gerður munur á hvort starfið er opinbert eða á einkamarkaði. Þannig falla utan þeirrar skilgreiningar tekjur af setu í stjórnum, nefndum og ráðum, auk tilfallandi kennslu eða fyrirlestra, ritstarfa, annarrar listrænnar starfsemi eða þess háttar. Hér er lagt til að eftirlaun lækki sem nemur launagreiðslum ef starfið er fast starf að hálfu eða meira.

Frádráttarreglurnar skulu gilda sem áður til 65 ára aldurs þingmanna og ráðherra en eftir að þeim aldri er náð geta þeir notið greiðslna úr lífeyrissjóði samhliða launagreiðslum eins og launþegar á almennum markaði og í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Í 22. gr. laganna er kveðið á um lagaskil en við setningu laga nr. 141/2003 var lagaákvæðum um eftirlaun æðstu handhafa þriggja þátta ríkisvaldsins, framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds steypt saman í einn lagabálk og eftirlaunagreiðslur fyrir þessi æðstu störf koma beint úr ríkissjóði í stað Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Iðgjaldagreiðslur voru hækkaðar og réttindaávinnslu breytt. Þannig er hugsanlegt að einhverjir hefðu átt betri rétt

samkvæmt eldri lögum og var með lögunum tryggt að þeir sem svo væri ástatt um gætu notið hans ef þeir kysu það en jafnframt tryggt að þeir sem þegar hefðu hafið töku samkvæmt eldri lögum gætu ekki tekið lífeyri samkvæmt lögum nr. 141/2003 þó að þeir ættu hugsanlega betri rétt samkvæmt þeim. Í greininni er því lagt til að sama skerðingarregla eigi við þó að eftirlaun séu greidd samkvæmt eldri lögum, þ.e. samsteypulögunum fyrrnefndu, sbr. 1. mgr. 22. gr. þeirra.

Þá er þeirri reglu haldið óbreyttri að skerðing eftirlaunagreiðslna samkvæmt greininni falli niður þegar látið er af starfi.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að breyting sú á 19. gr. laganna sem 1. gr. frumvarpsins kveður á um og skerðir eftirlaunarétt gildi einnig um þá sem þegar hafa hafið töku eftirlauna samkvæmt lögunum eða eldri lögum og eru í starfi sem er fast starf að hálfu eða meira.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistöku og lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2007. Enn fremur er lagt til að ákvæði til bráðabirgða skv. 2. gr. taki gildi 1. júní 2007. Með því er talið að þeim sem ákvæðið á við sé gefið sé nægilegt svigrúm til þess að verða viðbúnir breytingunni.

## 336. Fyrirspurn [314. mál]

til menntamálaráðherra um starf trúfélaga í grunnskólum og framhaldsskólum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Í hverju felst sálgæslustarfsemi svokallaðrar vinaleiðar á vegum hinnar evangelísku lútersku þjóðkirkju í nokkrum grunnskólum?
2. Hver kostar þetta starf?
3. Hefur öðrum trúfélögum boðist svipuð starfsaðstaða í grunn- og framhaldsskólum landsins?
4. Hefur svokölluðum lífsskoðunarfélögum verið boðið að taka að sér svipaða starfsemi?
5. Stendur þjónusta ámóta vinaleiðinni til boða í skólunum hjá sálfræðingum eða félagsráðgjöfum?
6. Fylgjast sálfræðingar eða félagsráðgjafar á vegum skólanna, sveitarfélaganna eða ríkisins með þessu starfi í skólunum?
7. Þykir ráðherra eðlilegt að trúfélag annist sálræn störf í opinberum skólum?
8. Þykir ráðherra eðlilegt að aðeins eitt trú- eða lífsskoðunarfélag annist slík störf í opinberum skólum?

## 337. Fyrirspurn [315. mál]

til heilbrigðisráðherra um rekstur dvalar- og hjúkrunarrýma.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fram fari útboð á rekstri þeirra dvalar- og hjúkrunarrýma sem ráðherra hefur boðað á næsta kjörtímabili og að þjónusta sem þar á að veita verði skilgreind með þjónustusamningum við viðkomandi stofnanir?

## 338. Fyrirspurn [316. mál]

til viðskiptaráðherra um framboð talsmanns neytenda til Alþingis.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Telur ráðherra það samræmast starfi talsmanns neytenda á Íslandi að sá sem því gegnir sé í framboði fyrir stjórnmálaflokk til Alþingis?

## 339. Tillaga til þingsályktunar [317. mál]

um stofnun háskólaseturs á Akranesi.

Flm.: Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun háskólaseturs á Akranesi með áherslu á iðn- og tæknigreinar auk almennra grunngreina háskólanáms. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir undirbúningsstarfinu og tillögum sínum um uppbyggingu háskólanáms á Akranesi fyrir 1. mars 2007.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur lítið breytt.

Efling menntastofnana og rannsóknasetra sem víðast um landið er eitt brýnasta mál landsbyggðarinnar. Reynslan hefur sýnt fram á kosti þess að heimamenn stjórni slíkri starfsemi að sem mestu leyti sjálfir og byggi þá á tækniþekkingu, menningu, atvinnulífi og auðlindum hvers héraðs um sig. Nægir í því sambandi að horfa til háskólanna á Hvanneyri, Bifröst og Hólum sem hafa með sjálfstæði sínu, frumkvæði og sveigjanleika fyllilega staðist þær kröfur sem gerðar eru til háskólanáms. Fáir efast heldur um það nú orðið að sjálfstæði Háskólans á Akureyri var ein meginforsenda þess að hann næði að vaxa og dafna. Hins vegar er samstarf sjálfstæðra menntastofnana ávallt af hinu góða, hvort heldur er samstarf við skóla í öðrum landshlutum eða erlendis.

Blómlegt mannlíf byggist á menntun, fjölbreyttri atvinnu og góðri almannaþjónustu. Enginn einn þessara þátta nægir þar til. Íbúum Akraness fjölgaði um 650 á árunum 1997–2005 og voru þá um 5.786. Ef með eru taldir íbúar nærliggjandi svæða er heildarfólksfjöldinn á svæðinu um 6.250 manns. Uppbygging atvinnulífs þar hefur að mestu hvílt á aukinni stóriðju og því er afar mikilvægt að auka fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu, efla menntunarmöguleika og almenna þjónustu við íbúana.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum könnunar sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi létu gera á viðhorfum fólks til búsetuskilyrða á Vesturlandi er ljóst að menntamálin eru mörgum þar ofarlega í huga. Á svæðinu sunnan Skarðsheiðar lentu möguleikar á að afla sér háskólamenntunar í öðru sæti yfir þá þætti sem íbúarnir töldu helst ábótavant á svæðinu. Sama könnun leiddi í ljós brýna þörf fyrir iðnaðarmenn með framhaldsmenntun og ákveðnar vísbendingar um að skortur á iðn- og tæknimenntuðu fólki hamlaði vexti almenns iðnaðar á Akranesi.

Þótt ekki sé orðið ýkja langt að fara milli Akraness og Reykjavíkur, þar sem þegar eru starfræktar deildir sem bjóða upp á háskólanám í iðn- og tæknigreinum, má ætla að aðstæður fólks til að sækja slíkt nám þangað séu alls ekki alltaf nógu góðar. Það á einkum við um fólk sem þegar er starfandi í iðnaðinum, hefur verið á vinnumarkaði um allnokkurt skeið og komið sér þar fyrir til frambúðar. Það gefur augaleið að háskólasetur, sem mundi færa námið til fólksins í stað hefðbundinnar skólasóknar sem hugsanlega hefði atvinnumissi og daglegan akstur frá heimili til skóla, ef ekki búferlaflutninga, í för með sér, mundi gerbreyta aðstæðum fólks til að sækja sér slíka menntun.

Ekki er vafi á því að stofnun háskólaseturs á Akranesi yrði kærkomin viðbót við Fjölbrautaskóla Vesturlands sem þar er fyrir. Slíkar menntastofnanir mundu styðja vel hvor við aðra, og ekki bara á sviði menntunar þótt sú samvinna yrði hvað dýrmætust. Ásókn fólks, sem komið er af framhaldsskólaaldri, í nám við Fjölbrautarskólann fer stöðugt vaxandi. Vel má hugsa sér að háskólasetur á Akranesi gæti samnýtt ýmiss konar húsnæði með Fjölbrautaskólanum og þannig mætti dreifa stofn- og rekstrarkostnaðinum á fleiri hendur. Áratugahefð er fyrir öflugri og fjölbreyttri iðnmenntun á Akranesi. Iðnnámið hefur þó átt undir högg að sækja síðustu missiri vegna þess að slíkt nám krefst almennt meiri kostnaðar á hvern nemanda en hefðbundið bóknám. Fjölbrautaskólinn hefur einmitt þurft að heyja stöðuga baráttu fyrir iðnnámi sínu og þeirri sérstöðu sem hann hefur haft á því sviði.

Sókn er besta vörnin og áðurnefnd könnun sýnir mjög sterka löngun íbúanna á svæðinu eftir auknu framboði á háskólamenntun í heimabyggð. Háskólarnir á Bifröst og Hvanneyri hafa náð sterkri stöðu á sínum sviðum. Háskólasetur með kennslu og rannsóknir á þeim sviðum sem hér eru lögð til mundi auka enn fjölbreytni í tækni- og háskólanámi í héraðinu. Háskólasetur á Akranesi mundi styrkja þessa heildarmynd menntunar og bæta enn frekar búsetuskilyrðin og koma þar með til móts við eindregnar óskir íbúanna í þessu ört vaxandi byggðarlagi. Því er lagt til að menntamálaráðherra skipi nú þegar nefnd með heimamönnum sem vinni tillögur að stofnun háskólaseturs á Akranesi og skili hún áliti fyrir 1. mars 2007 svo að hægt sé að taka tillögur hennar inn í gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008.

---

Með tillögunni var fylgiskjal, Háskólasetur á Akranes. Jón Bjarnason. (Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Akranesi, 1. tbl. 2. árg., janúar 2006.)

# 340. Tillaga til þingsályktunar [318. mál]

um stofnun háskólaseturs á Selfossi.

Flm.: Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun háskólaseturs á Selfossi í samvinnu við heimamenn og háskóla- og rannsóknastofnanir í héraði. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir undirbúningsstarfinu og tillögum sínum um uppbyggingu háskólanáms á Selfossi fyrir 1. mars 2007.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur.

Eitt brýnasta mál landsbyggðarinnar er efling menntastofnana og rannsóknasetra sem víðast um landið. Reynslan hefur sýnt fram á kosti þess að heimamenn stjórni slíkri starfsemi að sem mestu leyti sjálfir og byggi þá á tækniþekkingu, menningu, atvinnulífi og auðlindum hvers héraðs um sig. Nægir í því sambandi að horfa til háskólanna á Hvanneyri, Bifröst og Hólum sem hafa með sjálfstæði sínu, frumkvæði og sveigjanleika staðist fyllilega þær kröfur sem gerðar eru til háskóla. Fáir efast heldur um það nú orðið að sjálfstæði Háskólans á Akureyri var ein meginforsenda þess að hann næði að vaxa og dafna. Hins vegar er samstarf sjálfstæðra menntastofnana ávallt af hinu góða, hvort heldur er samstarf við skóla í öðrum landshlutum eða erlendis.

Blómlegt mannlíf byggist á menntun, fjölbreyttri atvinnu og góðri almannaþjónustu. Enginn einn þessara þátta nægir. Íbúum á Suðurlandi hefur fjölgað umtalsvert á umliðnum árum og útlit er fyrir áframhaldandi fjölgun íbúa á næstu árum. Afar mikilvægt er því að auka fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu, efla menntunarmöguleika og almenna þjónustu við íbúana.

Sunnlendingar hafa ekki fengið sams konar framlög til uppbyggingar og miðlunar háskólanáms og Vestfirðir, Norðurland og Austurland á umliðnum árum. Eins og víðar á landsbyggðinni er lægra hlutfall háskólamenntaðra í landshlutanum en á höfuðborgarsvæðinu.

Á aðalfundi Sambands sunnlenskra sveitarfélaga dagana 25. og 26. nóvember 2005 var samþykkt ályktun þar sem áhersla er lögð á að efling háskólamenntunar og bætt aðgengi almennings að henni sé eitt brýnasta hagsmunamál landshlutans í framtíðinni. Ákveðið var á fundinum að 80 millj. kr., sem sveitarfélög á Suðurlandi eiga í sjóði hjá Atvinnuþróunarsjóði og ætlunin var að setja í sérstakan sjóð til eflingar atvinnulífi á svæðinu, verði varið til að treysta undirstöður háskólanáms í landshlutanum. Á aðalfundinum var jafnframt skorað á ríkisvaldið að koma myndarlega að uppbyggingu háskólanáms á Suðurlandi enda er málaflokkurinn á verksviði þess samkvæmt lögum.

Sú ákvörðun sveitarfélaganna í landshlutanum að verja 80 millj. kr. til uppbyggingar háskólanáms á svæðinu sýnir áhuga þeirra á málinu. Í framhaldinu er mikilvægt að ríkisvaldið komi að þessari uppbyggingu með framlögum til jafns við aðra landshluta.

Þótt ekki sé orðið ýkja langt að fara milli Selfoss og Reykjavíkur, þar sem þegar eru starfræktir háskólar, má ætla að aðstæður fólks til að sækja slíkt nám þangað séu alls ekki alltaf nógu góðar, auk þess sem benda má á að fjarlægðir frá Reykjavík í uppsveitir Árnessýslu og austur í Skaftafellssýslu eru alls ekki boðlegar til daglegs aksturs fram og til baka. Það gefur augaleið að háskólasetur, sem mundi færa námið til fólksins, gerbreytti aðstæðum fólks til að sækja sér frekari menntun.

Ekki er vafi á því að stofnun háskólaseturs á Selfossi yrði kærkomin viðbót við Fjölbrautaskóla Suðurlands sem þar er fyrir. Slíkar menntastofnanir mundu styðja vel hvor við aðra, og ekki bara á sviði menntunar þótt sú samvinna yrði hvað dýrmætust.

Á meðal íbúa á Suðurlandi er mikil eftirspurn eftir háskólamenntun í heimabyggð. Íbúafjöldi á þessu svæði er gróflega áætlaður um 20.000 manns. Háskólasetur á Selfossi mundi styrkja þessa heildarmynd menntunar og bæta enn frekar búsetuskilyrðin á svæðinu og koma þar með til móts við eindregnar óskir íbúanna. Því er lagt til að menntamálaráðherra skipi nú þegar nefnd með heimamönnum sem vinni tillögur að stofnun háskólaseturs á Selfossi og að hún skili áliti fyrir 1. mars 2007 svo að hægt sé að hafa hliðsjón af tillögum hennar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008.

## 341. Svar [262. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um hrefnuveiðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo;

1. *Hvaða afurðir féllu til við hrefnuveiðar árin 2003–2006, sundurliðað eftir árum? Óskað er upplýsinga um magn kjöts, rengis o.s.frv.*
2. *Hversu margir hvalir voru veiddir hvert ár?*
3. *Hver hefur kostnaður Hafrannsóknastofnunarinnar verið af veiðunum á hverju ári og hve mikill hluti hans hafa laun til áhafna á hvalveiðibátunum verið?*

1. Upplýsingar liggja ekki fyrir. Samkvæmt samningi Hafrannsóknastofnunarinnar við Félag hrefnuveiðimanna annast félagið vinnslu, markaðssetningu og sölu á afurðum. Allar ákvarðanir varðandi þau málefni eru í höndum Félags hrefnuveiðimanna og Hafrannsóknastofnuninni óviðkomandi.

2. Árið 2006 voru veidd 60 dýr, árið 2005 39 dýr, árið 2004 25 dýr og árið 2003 36 dýr.

3. Á árinu 2003 gerði sjávarútvegsráðuneytið samning við Félag hrefnuveiðimanna um veiðar á hrefnu í vísindaskyni. Frá árinu 2004 hefur Hafrannsóknastofnunin gert slíkan samning. Félagið skuldbindur sig til að veiða hrefnur undir yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og í samræmi við rannsókna- og framkvæmdaáætlanir stofnunarinnar. Kostnaður Félags hrefnuveiðimanna vegna launa áhafna er ekki sundurliðaður í samningi félagsins og stjórnvalda.

| | |
|---|---|
| **2003** | |
| Hafrannsóknastofnunin – hrefnurannsóknir | 20,7 millj. kr. |
| Sjávarútvegsráðuneyti vegna samnings um veiðarnar við Félag hrefnuveiðimanna | 8,5 millj. kr. |
| **Samtals:** | **29,2 millj. kr.** |
| **2004** | |
| Hafrannsóknastofnunin – hrefnurannsóknir | 41,8 millj. kr. |
| þar af 10,3 millj. kr. vegna flugtalningar | |
| Hafrannsóknastofnunin vegna samnings um veiðarnar við Félag hrefnuveiðimanna | 15,1 millj. kr. |
| **Samtals:** | **56,9 millj. kr.** |

| | |
|---|---|
| **2005** | |
| Hafrannsóknastofnunin – hrefnurannsóknir | 29,1 millj. kr. |
| Hafrannsóknastofnunin vegna samnings um veiðarnar við Félag hrefnuveiðimanna | 26,5 millj. kr. |
| **Samtals:** | **55,6 millj. kr.** |
| **2006 *** | |
| Hafrannsóknastofnunin – hrefnurannsóknir | 35,0 millj. kr. |
| Hafrannsóknastofnunin vegna samnings um veiðarnar við Félag hrefnuveiðimanna | 43,9 millj. kr. |
| **Samtals:** | **78,9 millj. kr.** |

* Áætlun.

## 342. Fyrirspurn [319. mál]

til dómsmálaráðherra um fangelsi á Hólmsheiði.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvað líður undirbúningi að byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði í Reykjavík?

## 343. Fyrirspurn [320. mál]

til dómsmálaráðherra um agaviðurlög í fangelsum.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

1. Hversu margir fangar sættu agaviðurlögum í fangelsum hér á landi árin 2003–2006, sundurliðað eftir árum og fangelsum?
2. Hvert var tilefni þess að agaviðurlögum var beitt í hvert skipti?
3. Hvaða agarviðurlögum var beitt í hvert skipti?

**Skriflegt svar óskast.**

## 344. Fyrirspurn [321. mál]

til utanríkisráðherra um Íslendinga í fangelsum erlendis.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

1. Hvað er ráðuneytinu kunnugt um marga íslenska ríkisborgara sem sitja í gæsluvarðhaldi eða afplána refsivist í fangelsum erlendis? Hvar sitja viðkomandi í fangelsi og fyrir hvaða sakir og hvenær má vænta að þeir losni úr fangelsi? Svarið óskast sundurliðað eftir aldri og kyni viðkomandi.
2. Hvað hefur utanríkisráðuneytið aðstoðað marga þeirra sem getið er um í 1. tölul. og í hverju hefur sú aðstoð falist?
3. Hvað hefur utanríkisráðuneytið á árunum 2002–2006 haft milligöngu um lausn margra íslenskra ríkisborgara, sem setið hafa í fangelsum erlendis, eða flutning þeirra hingað til lands til afplánunar? Óskað er eftir að í svarinu komi fram sams konar upplýsingar og beðið er um í 1. tölul.

**Skriflegt svar óskast.**

## 345. Fyrirspurn [322. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilsugæslu í Grafarholti.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hver eru áform ráðherra um framtíðarskipulag heilsugæslu í Grafarholti í Reykjavík?

## 346. Fyrirspurn [323. mál]

til félagsmálaráðherra um fæðingarorlof.

Frá Birni Inga Hrafnssyni.

1. Hver er skoðun ráðherra á hugmyndum um lengingu fæðingarorlofs foreldra upp í tólf mánuði?
2. Hafa kostir þess og gallar að lengja fæðingarorlof verið kannaðir af hálfu ráðuneytisins?
3. Hvernig telur ráðherra unnt að bregðast við vanda foreldra barna á aldrinum 9–18 mánaða, þ.e. frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til börn komast á leikskóla?

## 347. Fyrirspurn [324. mál]

til forsætisráðherra um kjördæmaskipan.

Frá Birni Inga Hrafnssyni.

1. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir breytingu á þeirri skipan sem skiptir höfuðborg landsins upp í tvö kjördæmi?
2. Hver var reynslan af umræddri skiptingu í alþingiskosningunum 2003?

**Skriflegt svar óskast.**

## 348. Fyrirspurn [325. mál]

til dómsmálaráðherra um sameiningu lögregluembætta.

Frá Birni Inga Hrafnssyni.

1. Hvernig er háttað undirbúningi að sameiningu lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu?
2. Hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu höfuðstöðva hins nýja embættis?

**Skriflegt svar óskast.**

## 349. Fyrirspurn [326. mál]

til umhverfisráðherra um almenningssamgöngur.

Frá Birni Inga Hrafnssyni.

Telur ráðherra koma til greina að ríkið taki þátt í kostnaði sveitarfélaga við rekstur almenningssamgangna og þá hvernig?

**Skriflegt svar óskast.**

## 350. Fyrirspurn [327. mál]

til fjármálaráðherra um almenningssamgöngur.

Frá Birni Inga Hrafnssyni.

Telur ráðherra koma til greina að fella niður opinber gjöld á rekstur almenningssamgangna?

**Skriflegt svar óskast.**

## 351. Fyrirspurn [328. mál]

til fjármálaráðherra um styrki til íþróttaiðkunar og heilsuræktar.

Frá Birni Inga Hrafnssyni.

1. Telur ráðherra koma til greina að styrkir starfsmanna fyrirtækja og stofnana til íþróttaiðkunar og heilsu- og líkamsræktar verði ekki skilgreindir sem hlunnindi og því ekki skattskyldir?
2. Telur ráðherra koma til greina að slíkir heilsuræktarstyrkir af hálfu fyrirtækja og stofnana verði að fullu frádráttarbærir frá skatti?
3. Eru niðurgreiðslur sveitarfélaga til íþróttaiðkunar barna og unglinga skattskyldar, að mati fjármálaráðuneytisins?

**Skriflegt svar óskast.**

## 352. Frumvarp til laga [329. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/1992, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

1., 2., 3. og 4. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

2. gr.

Orðin „sinubrennu eða“ í 6. gr. laganna, er verður 2. gr., falla brott.

3. gr.

Orðin „sinubrennur og“ í heiti laganna falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fyrir á 126. löggjafarþingi (þskj. 186, 178. mál) og á 132. löggjafarþingi (þskj. 1082, 746. mál) en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt óbreytt.

Ár hvert verður verulegt tjón á gróðri og mannvirkjum af völdum elda sem kveiktir hafa verið til að brenna sinu. Hætta á óbætanlegum umhverfisspjöllum hefur oft vofað yfir vegna elda sem hafa verið kveiktir til að eyða sinu.

Hætta á umhverfistjóni eykst ár frá ári vegna stækkandi skógarreita. Einnig hefur hætta á skemmdum á mannvirkjum aukist mikið vegna fjölgunar sumarhúsa og mannvirkja sem tengd eru notkun þeirra og útivist. Menn hefur nokkuð greint á um nytsemi þess að brenna sinu. Rannsóknir á áhrifum sinubruna á gróðurfar hafa ekki verið miklar en þó eru til rannsóknir sem gefa vísbendingar um að einhver jákvæð áhrif verði af sinubruna. Fækkun sauðfjár og þar af leiðandi minna beitarálag á högum hefur dregið úr þörf bænda fyrir því að flýta grassprettu og engin þörf er fyrir sinubrennur á löndum sem notuð eru til hrossabeitar.

Hagur bænda af sinubrennslu virðist ekki vera augljós en hætta sú sem stafar af þeim eldum sem loga víðs vegar um sveitir landsins á hverju vori er afar mikil og vaxandi. Þess vegna er lagt til að sinubrennur verði bannaðar.

---

Með frumvarpinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Sinubruni og rannsóknir á áhrifum hans. *Sturla Friðriksson,* Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

II. Áhrif sinubruna á gróður og jarðvegshita, tilraun á Hvanneyri árin 1965–1969. Árni Snæbjörnsson, Búnaðarfélagi Íslands.

III. Áhrif sinubruna á smádýralíf. Guðmundur Halldórsson, Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins, Mógilsá.

IV. Athugun á vistfræðilegum áhrifum sinubruna. Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Magnús H. Jóhannsson, Líffræðistofnun Háskólans.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þingskjali 186, 178. mál 126. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2000–2001, bls. 1024–1038.

## 353. Frumvarp til laga [330. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraða.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.**

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, aldurstengdrar örorkuuppbótar, tekjutryggingar, örorkustyrks og barnalífeyris.

Til tekna skv. II. kafla laga þessara teljast tekjur skv. II. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skal eftirfarandi gilda við ákvörðun tekjugrundvallar:

a. Tekjur skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk og tekjutryggingu skv. 11.–13. gr. og 17. gr. þessara laga. Ef um hjón er að ræða skiptast tekjur skv. 1. málsl. til helminga milli hjóna við útreikning bótanna. Skiptir ekki máli hvort hjónanna er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða.
b. Tekjur örorkulífeyrisþega af atvinnu skulu metnar að 60 hundraðshlutum við útreikning á tekjutryggingu skv. 17. gr. Ef um hjón er að ræða skulu atvinnutekjur lífeyrisþegans, sbr. 1. málsl., hafa 75% vægi og atvinnutekjur maka hafa 25% vægi.
c. Tekjur ellilífeyrisþega af atvinnu, umfram 300.000 kr. á ári, skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. Ef um hjón er að ræða skulu atvinnutekjur lífeyrisþegans, sbr. 1. málsl., hafa 75% vægi og atvinnutekjur maka hafa 25% vægi.
d. Við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. skal ekki reikna með lífeyrisgreiðslum maka lífeyrisþega úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
e. Við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. skulu aðrar tekjur lífeyrisþegans en tilgreindar eru í a–d-liðum þessarar málsgreinar hafa 75% vægi við ákvörðun tekjugrundvallar og aðrar tekjur maka hafa 25% vægi.

Þegar um er að ræða elli- og örorkulífeyri skv. 11. og 12. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum þessum og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Þegar um er að ræða tekjutryggingu skv. 17. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum þessum og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skal leggja $1/12$ af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins. Bótagreiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. Ef um nýja umsókn um bætur er að ræða skulu tekjur áætlaðar á grundvelli upplýsinga frá þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. og bótaréttur reiknaður út frá þeim tekjum umsækjanda og eftir atvikum maka hans sem aflað er frá þeim tíma sem bótaréttur stofnaðist.

Tryggingastofnun ríkisins skal hafa eftirlit með því að áætlaðar tekjur séu í samræmi við upplýsingar sem stofnunin aflar úr staðgreiðsluskrá skattyfirvalda eða frá öðrum þeim aðilum sem getið er um í 47. gr.

Eftir að endanlegar upplýsingar um tekjur bótagreiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna bótafjárhæð-

ir á grundvelli tekna samkvæmt þessari grein. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem ætlaðar tekjur tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða.

Komi í ljós við endurreikning bóta að bætur hafa verið vangreiddar eða ofgreiddar fer um það skv. 50. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum. Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur og þagnarskyldu starfsmanna Tryggingastofnunar fer skv. 47. gr.

Við útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar, sbr. 12. og 17. gr., er ráðherra heimilt að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Orðin „5.–7. mgr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. og 1. málsl. 5. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

3. gr.

17. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Tekjutrygging.*

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða þeim tekjutryggingu sem fá greiddan elli-, örorku- eða slysalífeyri samkvæmt lögum þessum. Tekjutrygging greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Rétt til tekjutryggingar eiga þeir sem hafa verið búsettir hér á landi, sbr. I. kafla A, sbr. og 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. og 2. málsl. 4. mgr. 12. gr. Um útreikning á tekjutryggingu gildir 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 12. gr.

Greiða skal ellilífeyrisþega tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að fjárhæð 942.504 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi tekjur skv. 2. og 4. mgr. 10. gr. skal skerða tekjutrygginguna um 38,35% þeirra tekna uns hún fellur niður.

Greiða skal örorku-, slysa- eða endurhæfingarlífeyrisþega tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að fjárhæð 956.088 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi tekjur skv. 2. og 4. mgr. 10. gr. skal skerða tekjutrygginguna um 38,35% þeirra tekna uns hún fellur niður.

Samanlögð skerðing elli-, örorku-, slysa- eða endurhæfingarlífeyris og tekjutryggingar skal aldrei fara umfram 38,35% af tekjum. Komi samtímis til skerðingar þessara bóta skal lífeyrir fyrst skertur og samsvarandi dregið úr skerðingu tekjutryggingar. Ákvæði þessarar málsgreinar um skerðingu gilda ekki um heimilisuppbót skv. 9. gr. laga um félagslega aðstoð.

Ef annað hjóna nýtur lífeyris og ⅔ tekna þess nema lægri fjárhæð en 446.736 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.

Nú sinnir maður ekki lagaskyldu um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Er þá heimilt að áætla honum tekjur sem koma til frádráttar greiðslu tekjutryggingar.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

4. gr.

18. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Frestun á töku lífeyris.*

Þeir sem eiga rétt á ellilífeyri skv. 11. gr. en hafa ekki lagt inn umsókn eða fengið greiddan ellilífeyri geta frestað töku lífeyris til 72 ára aldurs. Frestunin tekur til bóta skv. 11., 14. og 17. gr.

Eftir að bótaréttur hefur verið reiknaður út skal hækka ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót, sbr. 11. og 17. gr. laga þessara og 9. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, um 0,5% fyrir hvern frestunarmánuð fram til 72 ára aldurs eða að hámarki 30%.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Við 3. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Enn fremur tekur tryggingin til allra slysa sem verða á friðargæsluliðum íslenska ríkisins sem verða þegar þeir eru staddir erlendis vegna friðargæslustarfa.

6. gr.

B-liður 1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Nemendur við iðnnám í löggiltum iðngreinum og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum og háskólanemar þegar þeir sinna verklegu námi.

7. gr.

Í stað orðanna „tekjumörk tekjutryggingar skv. 17. gr.“ í 5. og 6. málsl. 8. mgr. 43. gr. laganna kemur: 680.350 kr. á ári.

8. gr.

7. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna orðast svo: Umsækjanda og bótaþega er skylt að tilkynna Tryggingastofnun um breytingar á tekjum eða öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á greiðslur.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „úrskurðaðar“ og „úrskurðaðir“ í 1. og 2. mgr. kemur: ákvarðaðar, og: ákvarðaðir.
b. Við 2. mgr. bætist: frá því að umsókn og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt og fjárhæð bóta berast stofnuninni.

10. gr.

Í stað orðanna „úrskurðaðar“ og „úrskurða“ í 2. mgr. 49. gr laganna kemur: ákvarðaðar, og: ákvarða.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

a. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður er verður 1. málsl. og orðast svo: Hafi Tryggingastofnun ríkisins vangreitt bótaþega bætur skal stofnunin greiða honum það sem upp á vantar.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, t.d. um innheimtu á ofgreiddum bótum, undanþágur frá innheimtu ofgreiddra bóta og afskriftir krafna.

12. gr.

Við lögin bætast sex ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

22. Ákvæði 1. málsl. c-liðar 2. mgr. 10. gr. laganna skal koma til framkvæmda 1. janúar 2009 og skal fjárhæðin vera 200.000 kr. á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2009.
23. Í ákvæðum 2. málsl. b-liðar, 2. málsl. c-liðar og e-liðar 2. mgr. 10. gr. laganna skulu hlutföllin 75% og 25% vera 50% og 50% á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 og 65% og 35% á tímabilinu 1. janúar 2009 til og með 31. desember 2009.
24. Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 2. mgr. 10. gr. laganna skulu lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega hafa 50% vægi og lífeyrisgreiðslur makans 50% vægi við útreikning á fjárhæð tekjutrygginga á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008. Á tímabilinu 1. janúar 2009 til og með 31. desember 2009 skulu lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega hafa 80% vægi og lífeyrisgreiðslur makans hafa 20% vægi.
25. Þrátt fyrir ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 17. gr. laganna skal skerðingarhlutfallið vera 39,95% á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2007.
26. Þrátt fyrir ákvæði 65. gr. laganna skulu elli- og örorkulífeyrir og tekjutrygging skv. 11., 12. og 17. gr. laganna hækka um 2,9% á árinu 2007 í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við Landssamband eldri borgara frá 19. júlí 2006.
27. Á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 er hægt að óska eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins að gerður verði samanburður á útreikningi elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar fyrir og eftir gildistöku þessara laga. Ef samanburðurinn leiðir til hærri bóta samkvæmt eldri lögum skal stofnunin greiða hærri bæturnar á því tímabili.

II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.**

13. gr.

4. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

15. gr.

1. málsl. 3. tölul. 2. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Nú á vistmaður maka og fer þá um skiptingu tekna vistmanns og makans skv. 26. gr.

16. gr.

26. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Skilgreining á tekjum o.fl.*

Til tekna skv. II. kafla laga þessara teljast tekjur skv. II. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skal eftirfarandi gilda við ákvörðun tekjugrundvallar:

a. Tekjur skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á vistunarframlagi skv. 21. gr., sbr. og 22. gr. þessara laga. Ef um hjón er að ræða skiptast tekjur skv. 1. málsl. til helminga milli hjóna við útreikning bótanna. Skiptir ekki máli hvort hjónanna er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða.
b. Tekjur ellilífeyrisþega af atvinnu, umfram 300.000 kr. á ári, skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21., sbr. 22. gr. Ef um hjón er að ræða skulu atvinnutekjur vistmannsins, sbr. 1. málsl., hafa 75% vægi og atvinnutekjur maka hafa 25% vægi.
c. Við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21., sbr. 22. gr., skal ekki reikna með lífeyrisgreiðslum maka vistmanns úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
d. Við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21., sbr. 22. gr., skulu aðrar tekjur vistmannsins en tilgreindar eru í a–c-liðum þessarar málsgreinar hafa 75% vægi við ákvörðun tekjugrundvallar og aðrar tekjur maka hafa 25% vægi.

Þrátt fyrir 1. mgr. teljast ekki til tekna bætur frá lífeyristryggingum almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast framkvæmd útreiknings á tekjum skv. 21. og 22. gr. og þessari grein og greiðir stofnunum vistunarframlag skv. 1. mgr. 21. gr.

Tekjumörk skv. 22. gr. breytast í samræmi við breytingar á tekjumörkum ellilífeyris skv. 11. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Til grundvallar útreikningi á vistunarframlagi hvers mánaðar skal leggja 1/12 af áætluðum tekjum greiðsluársins. Greiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá skattyfirvöldum, umsækjanda, vistmanni eða öðrum þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Ef um nýja umsókn um vistunarframlag er að ræða skulu tekjur áætlaðar á grundvelli upplýsinga frá framangreindum aðilum og réttur til vistunarframlags reiknaður út frá þeim tekjum vistmanns og eftir atvikum maka hans sem aflað er frá þeim tíma sem réttur stofnaðist.

Tryggingastofnun skal hafa eftirlit með því að áætlaðar tekjur séu í samræmi við upplýsingar sem stofnunin aflar úr staðgreiðsluskrá skattyfirvalda eða frá öðrum þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Eftir að endanlegar upplýsingar um tekjur greiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna fjárhæð vistunarframlags á grundvelli tekna samkvæmt þessari grein. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem ætlaðar tekjur vistmanns tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða.

Komi í ljós við endurreikning að vistunarframlag hafi verið vangreitt af Tryggingastofnun ríkisins skal Tryggingastofnun greiða stofnun það sem upp á vantar. Ef vistunarframlag hefur verið ofgreitt skal um endurheimtu fara skv. 1., 2. og 5. mgr. 50. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Stofnun skal leiðrétta greiðslur til vistmanns í framhaldi af endurreikningi Tryggingastofnunar.

Tryggingastofnun skal upplýsa umsækjanda eða vistmann um forsendur útreiknings og gefa kost á að koma að athugasemdum. Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur fer skv. 47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Þegar nýr vistmaður kemur til dvalar á stofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 23. gr.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

17. gr.

Við lögin bætast fimm ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (I.)

Ákvæði 1. málsl. b-liðar 1. mgr. 26. gr. laganna skal koma til framkvæmda 1. janúar 2009 og skal fjárhæðin vera 200.000 kr. á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2009.

b. (II.)

Í 2. málsl. b-liðar og d-lið 1. mgr. 26. gr. laganna skulu hlutföllin 75% og 25% vera 50% og 50% á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 og 65% og 35% á tímabilinu 1. janúar 2009 til og með 31. desember 2009.

c. (III.)

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. 26. gr. laganna skulu lífeyrisgreiðslur vistmanns hafa 50% vægi og lífeyrisgreiðslur makans 50% vægi við útreikning á fjárhæð vistunarframlags á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008. Á tímabilinu 1. janúar 2009 til og með 31. desember 2009 skulu lífeyrisgreiðslur vistmanns hafa 80% vægi og lífeyrisgreiðslur makans 20% vægi.

d. (IV.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 9. gr. laganna skal fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra einnig varið til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum á árinu 2007.

e. (V.)

Vegna útreiknings á vistunarframlagi skv. 21. gr. laganna er hægt að óska eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 að gerður verði samanburður á útreikningi elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar fyrir og eftir gildistöku þessara laga. Ef samanburðurinn leiðir til hærri bóta samkvæmt eldri lögum skal leiðrétta vistunarframlag vegna framangreinds tímabils.

18. gr.

*Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.*

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í lög nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og meginmál II. kafla þeirra inn í lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi. Við útgáfuna skulu allar fjárhæðir og tekjumörk sem breytt hefur verið með reglugerðum uppfærð og miðast við útgáfudag laganna.

Á sama tíma skal gefa út lög nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, með samfelldri greinatölu og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi. Við útgáfuna skulu allar fjárhæðir sem breytt hefur verið með reglugerðum uppfærðar og miðast við útgáfudag laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í framhaldi af tillögum nefndar sem skipuð var af forsætisráðherra til þess annars vegar að fjalla um búsetu- og þjónustumál aldraða með tilliti til fjölbreyttari búsetuforma, stoðþjónustu og samþættingar heimahjúkrunar og félagslegrar heimilisþjónustu og hins vegar að skoða fyrirkomulag tekjutengingar bóta með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar þar sem jafnframt yrði þó horft til tekjujöfnunarhlutverks tekjutengingar bóta. Nefndin var skipuð 16. janúar 2006 og skilaði tillögum til forsætisráðherra 19. júlí 2006 sem birtar eru sem fylgiskjal II með frumvarpi þessu. Nefndin var skipuð Ólafi Ólafssyni, Einari Árnasyni, Helga K. Hjálmssyni, Margréti Margeirsdóttur og Pétri Guðmundssyni sem tilnefnd voru af Landssambandi eldri borgara, Ragnhildi Arnljótsdóttur sem tilnefnd var af félagsmálaráðherra, Ólafi Hjálmarssyni sem tilnefndur var af fjármálaráðherra, Steingrími Ara Arasyni sem tilnefndur var af utanríkisráðherra, Vilborgu Þ. Hauksdóttur og Vilborgu Ingólfsdóttur sem tilnefndar voru af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Ásmundi Stefánssyni sem tilnefndur var af forsætisráðherra en hann var jafnframt formaður nefndarinnar. Fjóla Agnarsdóttir, starfsmaður forsætisráðuneytisins, Eyþór Benediktsson, starfsmaður fjármálaráðuneytisins, Sigurður M. Grétarsson, starfsmaður Tryggingastofnunar ríkisins, og Borgþór Kjærnested, framkvæmdastjóri Landssambands eldri borgara, störfuðu með nefndinni.

Nefndin gerði m.a. tillögur um eftirfarandi að því er varðar almannatryggingar og Framkvæmdasjóð aldraðra:

- Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga verði hækkaðar.
- Bótaflokkum verði fækkað og lífeyristryggingakerfið þar með einfaldað.
- Dregið verði úr áhrifum tekna maka.
- Skerðingarhlutföll vegna annarra tekna verði lækkuð.
- Fjárhæð vasapeninga verði hækkuð.
- Heimiluð verði sveigjanleg starfslok þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun á töku ellilífeyris.
- Sett verði frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Það fjármagn sem nú gangi til reksturs stofnana úr Framkvæmdasjóði aldraðra gangi til uppbyggingar öldrunarstofnana.

Sem fyrsta skref breytinganna lagði nefndin til að ellilífeyrir hækkaði um 5,5% frá 1. júlí 2006 (þar af 1,7% flýting verðbóta um áramótin 2006/2007) og til bráðabirgða yrðu greiddar sérstakar uppbætur á lífeyri á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2006. Uppbætur til bráðabirgða skyldu samsvara því í grófum dráttum að heildarhækkun greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins yrði um 15.000 kr. á mánuði. Tillögur nefndarinnar um bætur almannatrygginga gera ráð fyrir hækkun launa um 2,9% og verðlags um 4,6% á árinu 2007. Endanleg ákvörðun bóta á árinu 2007 ræðst á hinn bóginn af ákvæðum laga um almannatryggingar.

Þessum tillögum nefndarinnar um fyrsta skref breytinganna var komið í framkvæmd með setningu reglugerða. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setti þrjár reglugerðir 21. júlí 2006 sem stoð hafa í lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, og lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð. Reglugerðirnar eru nr. 638/2006, 639/2006 og 640/2006 og hækka bætur almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, hækka frítekjumörk elli- og örorkulífeyris og skylda Tryggingastofnun ríkisins til að greiða sérstaka viðbótarfjárhæð til elli- og örorkulífeyrisþega á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember 2006. Samtals er áætlað að kostnaður vegna reglugerðanna verði 1.930 millj. kr. frá 1. ágúst til 31. desember 2006 og tæpar 3.900 millj. kr. á ári frá og með 1. janúar 2007.

Öðrum tillögum nefndarinnar um bætur almannatrygginga verður eingöngu komið í framkvæmd með breytingum á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, og lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Þetta á við tillögur um fækkun bótaflokka og einföldun lífeyristryggingakerfisins, að draga úr áhrifum tekna maka á bætur frá lífeyristryggingum, setningu frítekjumarks fyrir atvinnutekjur ellilífeyrisþega, lækkun á skerðingarhlutföllum vegna tekna úr 45% í 38,35% og heimild til sveigjanlegra starfsloka. Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við þessar tillögur.

Eins og að framan greinir lagði nefndin einnig til að það fé sem nú fer úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða færðist til uppbyggingar öldrunarþjónustu. Með því ykist fjármagn til uppbyggingar um rúmlega 200 millj. kr. á ári. Tilfærslan yrði þó aðeins að hálfu á árinu 2007. Taldi nefndin að þessi ráðstöfun mundi fjármagna hlut ríkisins af byggingarkostnaði 60–65 hjúkrunarrýma á næstu fjórum árum. Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við þessa tillögu.

Nefndin kannaði tekjuþróun aldraðra með hliðsjón af þróun verðlags og tekjuþróun annarra hópa. Upplýsingar um tekjuþróun aldraðra eru í fylgiskjali III með frumvarpi þessu og settar fram með sama hætti og gert var í álitsgerð starfshóps stjórnvalda og Landssambands eldri borgara frá árinu 2002 en álitsgerð starfshópsins fylgdi frumvarpi sem varð að lögum nr. 149/2002.


Nefndin taldi að með tillögunum sem eru í fylgiskjali II með frumvarpi þessu væri lagður grunnur að áætlun um fjögurra ára samkomulag stjórnvalda og Landssambands eldri borgara en lagði jafnframt áherslu á áframhaldandi samráð þessara aðila.

Heildarkostnaður ríkissjóðs, uppsafnað, vegna lífeyristrygginga til ársins 2010 vegna samkomulags ríkisstjórnarinnar og fulltrúa aldraðra er áætlaður 26,7 milljarðar króna. Tekur sá kostnaður bæði til elli- og örorkulífeyrsþega og einnig sérstakra hækkana lífeyris á árinu 2006. Stærsti hluti kostnaðarins fellur þó til ellilífeyrisþega eða samtals 18 milljarðar króna til ársins 2010. Nánar má sjá þennan kostnað í eftirfarandi töflu:

**Samantekt um kostnað vegna samkomulags við eldri borgara.**
(millj. kr.)

| **Lífeyrishluti** | **2006** | **2007** | **2008** | **2009** | **2010** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Ellilífeyrisþegar* | | | | | | |
| Kjarasamn.+ sameining flokka | 1.203 | 2.405 | 2.405 | 2.405 | 2.405 | 10.824 |
| Frestun töku lífeyris | 0 | 0 | 0 | 100 | 200 | 300 |
| Lækkun skerðingarhlutfalls | 0 | 1.164 | 1.503 | 1.503 | 1.503 | 5.673 |
| Lækkun tengingar við tekjur maka | 0 | 0 | 0 | 92 | 329 | 420 |
| Frádráttur frá atvinnutekjum | 0 | 0 | 0 | 142 | 208 | 350 |
| 25% hækkun vasapeninga | 0 | 119 | 119 | 119 | 119 | 476 |
| **Samtals** | **1.203** | **3.688** | **4.027** | **4.361** | **4.764** | **18.044** |
| *Örorkulífeyrisþegar* | | | | | | |
| Kjarasamn.+ sameining flokka | 731 | 1.462 | 1.462 | 1.462 | 1.462 | 6.580 |
| Frestun töku lífeyris | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lækkun skerðingarhlutfalls | 0 | 368 | 465 | 465 | 465 | 1.763 |
| Lækkun tengingar við tekjur maka | 0 | 0 | 0 | 14 | 234 | 247 |
| Frádráttur frá atvinnutekjum | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 25% hækkun vasapeninga | 0 | 16 | 16 | 16 | 16 | 64 |
| **Samtals** | **731** | **1.846** | **1.943** | **1.957** | **2.177** | **8.655** |
| **Samtals hækkun lífeyrisgreiðslna** | **1.934** | **5.534** | **5.971** | **6.319** | **6.941** | **26.699** |

Samkvæmt fjárlögum 2006 eru útgjöld ríkissjóðs til lífeyristrygginga ásamt vasapeningum og heimilisuppbót áætluð 32,2 milljarðar króna en sú tala hækkar nú um tæpa tvo milljarða króna vegna samkomulagsins við Landssamband eldri borgara. Á næsta ári er áætlað að útgjöldin hækki í samtals 42,4 milljarða króna. Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig útgjöld ríkissjóðs til lífeyristrygginga hafa þróast á föstu verðlagi 2006.





Þær breytingar sem fylgja samkomulaginu við Landssamband eldri borgara munu færa elli- og örorkulífeyrisþegum mikla kaupmáttaraukningu. Um áramótin 2006/2007 er gert ráð fyrir að óskertur lífeyrir og tekjutrygging ásamt heimilisuppbót verði 127 þús. kr. á mánuði hjá einhleypingum og óskertur lífeyrir og tekjutrygging verði 103 þús. kr. á mánuði hjá lífeyrisþega sem á maka. Nánar má sjá fjárhæðirnar á árinu 2007 í eftirfarandi töflu í samanburði við fjárhæðirnar á árinu 2005.

| | **2005** | **2007** | **Mism. kr.** | **Mism. %** | **Verðbólga** | **Laun** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Einhleypingur | 107.880 | 126.537 | 18.657 | **17%** | 12% | 15% |
| Sambúðarfólk | 84.678 | 103.372 | 18.694 | **22%** | | |

Bætur til einhleypinga hækka því um 17% og bætur lífeyrisþega sem eiga maka um 22% á milli áranna 2005 og 2007. Á sama tímabili er áætlað að neysluverðsvísitala hækki um tæp 12% og að launavísitala hækki um 15%. Því er um að ræða talsverða kaupmáttaraukningu á lífeyri sem auk þess er áætluð meiri en nemur kaupmáttaraukningu launa.

Eftirfarandi mynd sýnir kaupmáttarþróun á árunum 1995–2007 miðað við spá um hækkun neysluverðs- og launavísitölu. Á tímabilinu er áætlað að kaupmáttur lífeyrisþega sem á maka hækki um 80% og um 50% hjá einhleypingi. Á sama tíma er áætlað að kaupmáttur launa hækki um rúmlega 40%. Þróun á kaupmætti örorkulífeyrisþega yrði mjög svipaður.




Framangreindur mælikvarði tekur þó ekki tillit til þeirrar mikilvægu staðreyndar að skerðingarhlutfall vegna annarra tekna mun lækka umtalsvert. Hér á eftir eru tekin nokkur dæmi sem sýna hvernig áhrifin verða þegar allar breytingar eru komnar í framkvæmd. Viðmiðunartölurnar miðast við lífeyriskerfið og fjárhæðir í byrjun árs 2006 en fjárhæðirnar sem sýna breytingarnar eru á verðlagi 2007. Til einföldunar eru þó aðrar tekjur látnar standa óbreyttar, þ.e. ekki er tekið tillit til verðlags- og launabreytinga. Dæmi 1–4 eiga við um ellilífeyrisþega og dæmi 5–8 eru samsvarandi fyrir örorkulífeyrisþega.

**Dæmi 1: Einhleypur ellilífeyrisþegi með mismunandi lífeyrissjóðstekjur.**

| | Heildartekjur á mán. | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Lífeyrissjóðstekjur** | **Fyrir** | **Eftir** | **Mism. kr.** | **Mism. %** |
| 0 | 108.623 | 126.537 | 17.914 | 16% |
| 50.000 | 136.514 | 151.707 | 15.193 | 11% |
| 100.000 | 154.996 | 176.877 | 21.881 | 14% |
| 150.000 | 173.061 | 202.046 | 28.985 | 17% |
| 200.000 | 222.873 | 227.216 | 4.343 | 2% |
| 250.000 | 272.873 | 274.831 | 1.958 | 1% |

Dæmi 1 sýnir hvernig breytingarnar koma þeim til góða sem lægstu tekjurnar hafa. Þeir sem eru með það háar tekjur að tekjutrygging (nýr sameinaður bótaflokkur) skerðist að fullu fá minnst þar sem ellilífeyrir (grunnlífeyrir) hækkar ekki mikið við beytingarnar. Jaðaráhrif

þess að sameina bótaflokka koma þeim best sem hafa verið með um 150 þús. kr. á mánuði í lífeyrissjóðstekjur.

**Dæmi 2: Einhleypur ellilífeyrisþegi með mimundandi atvinnutekjur.**

| | Heildartekjur á mán. | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Atvinnutekjur** | **Fyrir** | **Eftir** | **Mism. kr.** | **Mism. %** |
| 0 | 108.623 | 126.537 | 17.914 | 16% |
| 50.000 | 136.514 | 164.122 | 27.608 | 20% |
| 100.000 | 154.996 | 189.292 | 34.296 | 22% |
| 150.000 | 173.061 | 214.462 | 41.401 | 24% |
| 200.000 | 210.230 | 239.631 | 29.401 | 14% |
| 250.000 | 250.000 | 267.086 | 17.086 | 7% |

Í dæmi 2 gætir áhrifa lækkunar skerðingarhlutfalls og frítekjumarks vegna atvinnutekna. Sem fyrr skila breytingarnar sér fyrst og fremst til þeirra sem eru með lægri tekjurnar. Einnig er sýnt hvernig frítekjumark atvinnutekna hefur áhrif til hækkunar þar sem 50 þús. kr. atvinnutekjur gefa samtals 20% en 11% ef ekkert frítekjumark væri.

**Dæmi 3: Ellilífeyrisþegi í sambúð – maki ekki lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. í atvinnutekjur og lífeyrisþeginn sjálfur með mismunandi atvinnutekjur.**

| | Heildartekjur á mán. | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Atvinnutekjur** | **Fyrir** | **Eftir** | **Mism. kr.** | **Mism. %** |
| 0 | 67.711 | 96.182 | 28.471 | 42% |
| 50.000 | 111.196 | 131.801 | 20.605 | 19% |
| 100.000 | 149.946 | 167.420 | 17.474 | 12% |
| 150.000 | 188.696 | 203.039 | 14.343 | 8% |
| 200.000 | 214.802 | 238.657 | 23.855 | 11% |
| 250.000 | 250.000 | 274.276 | 24.276 | 10% |

Í dæmi 3 er sýnt hversu mikla kjarabót (42% hækkun) ellilífeyrisþegi sem hefur engar tekjur fær en við breytingarnar munu einungis 25% af atvinnutekjum makans koma til skerðingar á tekjutryggingu í stað 50%.

**Dæmi 4: Ellilífeyrisþegi í sambúð – maki lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. í lífeyrissjóðstekjur og lífeyrisþeginn sjálfur með mismunandi atvinnutekjur.**

| | Heildartekjur á mán. | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Atvinnutekjur** | **Fyrir** | **Eftir** | **Mism. kr.** | **Mism. %** |
| 0 | 56.715 | 110.564 | 53.849 | 95% |
| 50.000 | 95.465 | 146.182 | 50.717 | 53% |
| 100.000 | 134.215 | 181.801 | 47.586 | 35% |
| 150.000 | 172.965 | 217.420 | 44.455 | 26% |
| 200.000 | 210.230 | 253.039 | 42.809 | 20% |
| 250.000 | 250.000 | 288.657 | 38.657 | 15% |

Í dæmi 4 koma fram mjög miklar kjarabætur hjá lífeyrisþegum þar sem breytingarnar hafa í för með sér að greiðslur maka úr lífeyrissjóðum hafa engin áhrif á tekjutryggingu. Auk þess hækka bætur hins makans, sem er með 150 þús. kr. í lífeyrissjóðstekjur, umtalsvert þar sem einungis 25% af atvinnutekjum makans í dæminu koma til skerðingar í stað 50%.

Hér á eftir fylgja svo samasvarandi dæmi fyrir örorkulífeyrisþega.

**Dæmi 5: Einhleypur örorkulífeyrisþegi með mismunandi lífeyrssjóðstekjur.**

| | Heildartekjur á mán. | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Lífeyrissjóðstekjur** | **Fyrir** | **Eftir** | **Mism. kr.** | **Mism. %** |
| 0 | 109.724 | 127.638 | 17.914 | 16% |
| 50.000 | 137.615 | 152.886 | 15.271 | 11% |
| 100.000 | 157.366 | 178.134 | 20.768 | 13% |
| 150.000 | 175.656 | 203.382 | 27.726 | 16% |
| 200.000 | 222.873 | 228.630 | 5.757 | 3% |
| 250.000 | 272.873 | 274.831 | 1.958 | 1% |

**Dæmi 6: Einhleypur örorkulífeyrisþegi með mismundandi atvinnutekjur.**

| | Heildartekjur á mán. | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Atvinnutekjur** | **Fyrir** | **Eftir** | **Mism. kr.** | **Mism. %** |
| 0 | 109.724 | 127.638 | 17.914 | 16% |
| 50.000 | 137.615 | 162.787 | 25.172 | 18% |
| 100.000 | 182.733 | 197.936 | 15.203 | 8% |
| 150.000 | 213.707 | 233.084 | 19.377 | 9% |
| 200.000 | 234.896 | 268.233 | 33.337 | 14% |
| 250.000 | 253.370 | 303.382 | 50.012 | 20% |

**Dæmi 7: Örorkulífeyrisþegi í sambúð – maki ekki lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. í atvinnutekjur og lífeyrisþeginn sjálfur með mismunandi atvinnutekjur.**

| | Heildartekjur á mán. | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Atvinnutekjur** | **Fyrir** | **Eftir** | **Mism. kr.** | **Mism. %** |
| 0 | 68.812 | 90.093 | 21.281 | 31% |
| 50.000 | 118.812 | 131.464 | 12.652 | 11% |
| 100.000 | 168.634 | 172.835 | 4.201 | 2% |
| 150.000 | 211.884 | 214.207 | 2.323 | 1% |
| 200.000 | 245.349 | 255.578 | 10.229 | 4% |
| 250.000 | 276.099 | 296.949 | 20.850 | 8% |

**Dæmi 8: Örorkulífeyrisþegi í sambúð – maki lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. í lífeyrissjóðstekjur og lífeyrisþeginn sjálfur með mismunandi atvinnutekjur.**

| | Heildartekjur á mán. | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Atvinnutekjur** | **Fyrir** | **Eftir** | **Mism. kr.** | **Mism. %** |
| 0 | 58.598 | 90.093 | 31.495 | 54% |
| 50.000 | 97.348 | 120.918 | 23.570 | 24% |
| 100.000 | 136.098 | 151.743 | 15.645 | 11% |
| 150.000 | 174.848 | 182.568 | 7.720 | 4% |
| 200.000 | 222.873 | 224.831 | 1.958 | 1% |
| 250.000 | 272.873 | 274.831 | 1.958 | 1% |

Í frumvarpi þessu er einnig gert ráð fyrir að bæta réttarstöðu friðargæsluliða íslenska ríkisins erlendis og háskólanema í starfsnámi að því er varðar vinnuslysatryggingar skv. III. kafla laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu eru eftirfarandi:

- Tekjutryggingarauki og tekjutrygging felld saman í einn bótaflokk, tekjutryggingu. Grunnfjárhæð er hækkuð og verður óháð hjúskaparstöðu.
- Skerðingarhlutfall vegna tekna er lækkað úr 45% í 38,35% við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar.
- Samanlögð skerðing lífeyris og tekjutryggingar er takmörkuð við 38,35% af tekjum.
- Lífeyrissjóðstekjum, þ.m.t. séreignarlífeyrissparnaði, hjóna er haldið aðgreindum þannig að lífeyrissjóðstekjur annars þeirra hafa ekki áhrif á viðmiðunartekjur hins við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar.
- Dregið er úr tengingu vegna atvinnutekna þannig að vægi atvinnutekna lífeyrisþegans verði 75% og atvinnutekna makans 25% við útreikning á tekjutryggingu.
- Frestun á töku ellilífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins leiði til allt að 30% hækkunar bóta.
- Frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega er sett og verður 300.000 kr. á ári.
- Fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra fer eingöngu í uppbyggingu á öldrunarstofnunum og hættir að fara í rekstur þeirra.
- Friðargæsluliðar íslenska ríkisins sem staddir eru erlendis vegna friðargæslustarfa eru slysatryggðir allan sólarhringinn hvort sem þeir eru við störf eða ekki.
- Allir háskólanemar í starfsnámi eru slysatryggðir.
- Lög um almannatryggingar, lög um félagslega aðstoð og lög um málefni aldraðra verða endurútgefin þar sem breytingar eru felldar inn í meginmál laganna og fjárhæðir og tekjumörk uppfærð til samræmis við gildandi reglugerðir.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 10. gr. núgildandi laga eru tilgreindar þær tekjur sem lagðar eru til grundvallar við útreikning á tekjutengdum bótum almannatrygginga. Með lögum nr. 74/2002 var tekjuhugtak laga um almannatryggingar samræmt í öllum bótaflokkum lífeyristrygginga og talið að notkun tekjuhugtaks skattalaga væri auðveldast í framkvæmd þar sem viðskiptavinir Tryggingastofnunar ríkisins þekki það hugtak af áratugalangri reynslu í almannatryggingalögum og skattalögum. Tekjuhugtakið er skilgreint með sama hætti í frumvarpi þessu og í núgildandi

10. gr. laganna. Í 10. gr. er kveðið á um mikilvæg atriði er tengjast réttindum og því er nauðsynlegt að ákvæðin séu skýr til að auðvelda viðskiptavinum og starfsmönnum Tryggingastofnunar að gera sér grein fyrir hvaða tekjur hafi áhrif á bætur frá stofnuninni. Því er gert ráð fyrir í frumvarpi þessu að 10. gr. laganna verði tekin upp í heild sinni og jafnframt skipt niður í fleiri málsgreinar til að gera greinina enn skýrari.

Eins og að framan segir er hugtakið tekjur skilgreint í 10. gr. núgildandi laga og er í öðrum ákvæðum laganna vísað til þeirrar greinar ef um tekjutengdar bætur er að ræða. Í frumvarpinu er þetta með sama hætti en þó gert ráð fyrir að í a–e-liðum 2. mgr., 3. og 4. mgr. 10. gr. séu skýringar og undantekningar frá tekjuhugtakinu.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að tekjutrygging og tekjutryggingarauki verði felld saman í einn bótaflokk og af þeim sökum þarf að fella út orðið tekjutryggingarauki í 1. og 2. mgr. 10. gr. Einnig þarf í 2. mgr. 10. gr. að lagfæra tilvísanir í töluliði A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, en þegar lög um tekjuskatt voru endurútgefin breyttust númer á töluliðum.

A-liður 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er efnislega óbreyttur frá núgildandi lögum. Gert er ráð fyrir að ákvæði um fjármagnstekjur hjóna sem nú eru í 4. gr. reglugerðar nr. 939/2003, um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins, verði tekið inn í lögin og er það í samræmi við niðurstöður nefndar forsætisráðherra að öll ákvæði um skiptingu tekna milli hjóna verði í 10. gr. laganna.

1. málsl. b-liðar 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er óbreyttur frá núgildandi lögum.

Í 2. málsl. b-liðar 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þegar um hjón er að ræða skuli atvinnutekjur örorkulífeyrisþegans hafa 75% vægi við útreikning tekjutryggingar og atvinnutekjur makans hafa 25% vægi. Gert er ráð fyrir að skipting atvinnutekna með þessum hætti þegar um hjón er að ræða komi til framkvæmda 1. janúar 2010. Á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 skulu atvinnutekjur skiptast til helminga milli hjóna en á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2009 skulu hlutföllin vera 65% hjá lífeyrisþeganum en 35% hjá makanum, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Slík skipting tekna þegar um hjón er að ræða er í samræmi við það sem lagt er til í 2. málsl. c-liðar 2. mgr. þegar um ellilífeyrisþega í hjúskap er að ræða og er vísað til þess sem segir hér að neðan um þann málslið. Var talið eðlilegt að láta örorkulífeyrisþega njóta sömu reglu og nefnd forsætisráðherra gerði tillögu um að gilti fyrir ellilífeyrisþega, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi þessu.

Í 1. málsl. c-liðar 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því nýmæli að við útreikning á tekjutryggingu skuli meta tekjur ellilífeyrisþega af atvinnu umfram 300.000 kr. á ári. Með þessu er ellilífeyrisþegum gert kleift að stunda atvinnu og fá 300.000 kr. á ári í laun án þess að það skerði tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að hið sérstaka frítekjumark vegna atvinnutekna komi til framkvæmda 1. janúar 2009 og að á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2009 sé fjárhæðin 200.000 kr. á ári, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Ákvæðin eru í samræmi við tillögur nefndar sem forsætisráðherra skipaði 16. janúar 2006, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi þessu.

Í 2. málsl. c-liðar 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þegar um hjón er að ræða skuli atvinnutekjur ellilífeyrisþegans hafa 75% vægi við útreikning tekjutryggingar og atvinnutekjur maka hafa 25% vægi. Gert er ráð fyrir að ákvæðin komi til framkvæmda 1. janúar 2010. Á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 skulu atvinnutekjur skiptast til helminga milli hjóna en á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2009 skulu hlutföllin vera 65% hjá lífeyrisþeganum og 35% hjá makanum, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Ákvæðin eru í samræmi við tillögur nefndar sem forsætisráðherra skipaði 16. janúar 2006, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi þessu, en nefndin lagði til að dregið yrði úr áhrifum atvinnutekna

makans við útreikning á tekjutryggingu lífeyrisþegans. Samkvæmt núgildandi lögum hafa tekjur maka ekki áhrif á ellilífeyri en þær hafa áhrif á tekjutryggingu ellilífeyrisþegans. Skiptast sameiginlegar tekjur hjóna til helminga við útreikning á tekjutryggingu. Í 2. málsl. c-liðar 2. mgr. er gert ráð fyrir að hverfa frá þessari helmingaskiptareglu í áföngum og láta atvinnutekjur maka ellilífeyrisþega hafa 25% vægi í stað 50% við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar.

D-liður 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins fjallar um hvernig skuli við útreikning á tekjutryggingu fara með lífeyrisgreiðslur maka úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur maka elli- og örorkulífeyrisþega hafi ekki áhrif á viðmiðunartekjur lífeyrisþegans og að ákvæðin komi til framkvæmda 1. janúar 2010. Á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 skulu lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega og makans skiptast til helminga en á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2009 skulu hlutföllin vera 80% hjá lífeyrisþeganum og 20% hjá makanum. Nefnd forsætisráðherra, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi þessu, lagði til að lífeyrissjóðstekjum yrði haldið aðgreindum með framangreindum hætti við útreikning á ellilífeyrisgreiðslum almannatrygginga. Samkvæmt núgildandi lögum um almannatryggingar hafa tekjur maka ekki áhrif á elli- og örorkulífeyri en þær hafa áhrif á tekjutryggingu. Skiptast sameiginlegar tekjur hjóna til helminga og útreikningur tekjutryggingar miðast við þá fjárhæð. Í d-lið 2. mgr. er eins og að framan segir gert ráð fyrir að hverfa frá þessari helmingaskiptareglu í áföngum og láta lífeyrisgreiðslur maka elli- og örorkulífeyrisþega hætta að hafa áhrif á útreikning á fjárhæð tekjutryggingar.

Í e-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er fjallað um hvernig skuli við útreikning á tekjutryggingu fara með aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en fjármagnstekjur, atvinnutekjur og lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum og séreignarlífeyrissparnaði. Gert er ráð fyrir að við útreikning á tekjutryggingu skuli aðrar tekjur lífeyrisþegans hafa 75% vægi við ákvörðun tekjugrundvallar og aðrar tekjur makans hafa 25% vægi. Gert er ráð fyrir að ákvæðin komi til framkvæmda 1. janúar 2010. Á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 skulu aðrar tekjur skiptast til helminga milli hjóna en á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2009 skulu hlutföllin vera 65% hjá lífeyrisþeganum og 35% hjá makanum, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Ákvæðin eru í samræmi við niðurstöður nefndar forsætisráðherra, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi þessu, en nefndin lagði til að dregið yrði úr áhrifum tekna makans við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar ellilífeyrisþegans. Núgildandi lög kveða á um að tekjur maka hafi ekki áhrif á elli- og örorkulífeyri en þær hafa áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega. Skiptast aðrar tekjur hjóna til helminga milli þeirra við útreikning á tekjutryggingu en í e-lið 2. mgr. er gert ráð fyrir að horfið verði frá þessari helmingaskiptareglu í áföngum og aðrar tekjur makans látnar hafa 25% vægi við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar.

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, hafi með sama hætti og greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum ekki áhrif á útreikning elli- og örorkulífeyris. Er um að ræða ívilnandi ákvæði þar sem núgildandi lög gera ráð fyrir að séreignarsparnaður teljist tekjur sem komi til skerðingar á elli- og örorkulífeyri. Að öðru leyti er málsgreinin óbreytt frá núgildandi lögum.

4.–5. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru óbreyttar frá núgildandi lögum að öðru leyti en því að lokamálsliður 5. mgr. sem fjallar um nýja umsókn um bætur er fluttur úr 6. mgr. 10. gr. núgildandi laga og orðalagi hans breytt lítillega.

Í 6. mgr. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til að hafa eftirlit með því að áætlaðar tekjur séu í samræmi við upplýsingar sem stofnunin aflar um tekjur úr staðgreiðsluskrá skattyfirvalda eða frá öðrum þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. laganna. Með eftirliti getur stofnunin brugðist fyrr við og má gera ráð fyrir að dragi úr erfiðleikum vegna ofgreiðslna þar sem fyrr er hægt að leiðrétta hvort sem um of- eða vangreiðslur er að ræða. Tryggingastofnun getur hafið leiðréttingar þegar frá og með næsta mánuði eftir að aðstæður breytast. Til innheimtu á ofgreiddum bótum kemur þó ekki fyrr en innheimta hefst eftir árlegt uppgjör tekjutengdra bóta. Ákvæði 6. mgr. eru í samræmi við tillögur starfshóps sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði hinn 5. janúar 2006 til þess að fara yfir eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins með endurreikningi á tekjutengdum bótum. Formaður starfshópsins var Þórir Haraldsson lögfræðingur en í hópnum voru fulltrúar frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, Tryggingastofnun ríkisins, ríkisskattstjóra, Landssambandi eldri borgara og Öryrkjabandalagi Íslands. Einnig var leitað álits Ásmundar Stefánssonar, formanns nefndar sem skipuð var af forsætisráðherra, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi þessu, um nánari útfærslu á framkvæmd og eftirliti með tekjutengdum bótum Tryggingastofnunar. Framangreindur starfshópur fór ítarlega yfir framkvæmd Tryggingastofnunar á eftirliti og árlegu uppgjöri tekjutengdra bóta til lífeyrisþega. Þá fór starfshópurinn yfir upplýsingar frá Tryggingastofnun um endurreikning bótagreiðslna, fjölda bótaþega sem voru endurreiknaðir og skiptingu inneigna og krafna. Í áliti starfshópsins kom fram að framkvæmd eftirlits, endurreiknings bóta og uppgjörs hefði leitt í ljós að bæta þyrfti núverandi kerfi og gera það sveigjanlegra. Starfshópurinn var sammála um mikilvægi þess að útreikningur Tryggingastofnunar á bótarétti lífeyrisþega væri byggður á réttum upplýsingum og lífeyrisþegar ættu að tryggja sem best að upplýsingar sem bótaréttur þeirra væri byggður á væru sem réttastar á hverjum tíma. Starfshópurinn taldi að efling samtímaeftirlits af hálfu Tryggingastofnunar væri brýn nauðsyn þar sem með því móti gæti Tryggingastofnun betur sinnt því grundvallarhlutverki sínu að greiða réttar bætur á réttum tíma. Starfshópurinn taldi að með eflingu slíks eftirlits og innleiðingu skýrra reglna um aðgerðir í tengslum við það ætti að vera mögulegt að draga verulega úr van- og ofgreiðslum bóta og þar fari saman hagsmunir Tryggingastofnunar og viðskiptavina hennar.

Í samræmi við ábendingar starfshópsins hefur í frumvarpi til fjáraukalaga á árinu 2006 verið óskað eftir 50 millj. kr. viðbótarframlagi til reksturs Tryggingastofnunar ríkisins. Af þessum 50 millj. kr. eru 20 millj. kr. tímabundið fjárframlag vegna breytinga á tölvukerfi stofnunarinnar. Þá er jafnframt óskað eftir að á fjárlögum fyrir árið 2007 fái stofnunin 60 millj. kr. varanlegt rekstrarframlag vegna framkvæmdar við tekjutengdar bætur.

7.–11. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru efnislega óbreyttar frá núgildandi lögum.

Um 2. gr.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að 10. gr. laganna verði skipt í fleiri málsgreinar er tilvísun breytt í almenna tilvísun í 10. gr.

Um 3. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að farið verði að tillögum nefndar, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi þessu, um að tekjutryggingarauki og tekjutrygging verði felld saman í einn bótaflokk, tekjutryggingu, og að grunnfjárhæðin verði hækkuð og verði óháð hjúskaparstöðu. Tillögur nefndarinnar ná eingöngu til ellilífeyrisþega en ákvæðið gerir ráð fyrir að sömu reglur séu látnar gilda um örorkulífeyrisþega. Breytingin felur í sér verulega einföldun á reglum sem gilda um tekjutryggingu, tveimur bótaflokkum er slegið saman, fjárhæð tekjutryggingar hækkuð og

ekki er gerður greinarmunur á því hvort um einhleyping eða hjón er að ræða. Enn fremur eru öll ákvæði um tekjur og skiptingu þeirra milli hjóna færð í 10. gr. laganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er kveðið skýrar á um búsetuskilyrði vegna tekjutryggingar en réttur til tekjutryggingar er bundinn við búsetu hér á landi í tiltekinn tíma og felast ekki í því breytingar frá núgildandi lögum. Í næstsíðustu málsgrein núgildandi 17. gr. er kveðið á um að ákvæði 11. gr. gildi eftir því sem við á en með þeirri tilvísun er m.a. átt við búsetuskilyrðið.

Í 2.–4. mgr. er gert ráð fyrir að skerðingarhlutfall tekjutryggingar verði 38,35% frá 1. janúar 2008 en 39,95% á árinu 2007, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir óbreyttum reglum frá núgildandi 17. gr. að því er varðar lágmarksréttindi til tekjutryggingar þegar um hjón er að ræða.

Ákvæði 6. og 7. mgr. eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er kveðið á um frestun á töku lífeyris en þar er gert ráð fyrir að þeir sem eigi rétt á ellilífeyri skv. 11. gr. núgilandi laga en hafa ekki lagt inn umsókn eða fengið greiddan ellilífeyri geti frestað töku lífeyris til 72 ára aldurs. Frestunin tekur til ellilífeyris og bóta sem tengjast honum samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Einnig er gert ráð fyrir því að eftir að bótaréttur hafi verið reiknaður út leiði frestunin til hækkunar á ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót um 0,5% fyrir hvern frestunarmánuð fram til 72 ára aldurs eða að hámarki 30%. Þá er einnig gert ráð fyrir að nánari útfærsla verði í reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Forsaga 4. gr. er að 9. maí 2000 samykkti Alþingi þingsályktun þar sem skorað var á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um að auka sveigjanleika íslenskra launamanna við starfslok. Skipuð var nefnd 12. janúar 2001 sem Guðmundur Hallvarðsson alþingismaður stýrði og í voru fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytinu. Verkefni nefndarinnar voru að

- gera grein fyrir lögum, reglum og venjum er gilda um starfslok launþega, bæði hjá opinberum aðilum og á almennum vinnumarkaði,
- gera grein fyrir því hvernig starfslokum er háttað í þeim nágrannalöndum sem gjarnan eru höfð til viðmiðunar hér á landi,
- gera grein fyrir vandkvæðum og álitamálum sem uppi eru varðandi fyrirkomulag starfsloka og
- fjalla um valkosti og mögulegar breytingar varðandi fyrirkomulag starfsloka og ráðstafanir sem slíkar breytingar mundu útheimta, t.a.m. varðandi iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði og lífeyrisgreiðslur.

Í tillögum nefndarinnar frá árinu 2001 um starfslok og almannatryggingar segir m.a.:

„Nýlega lauk störfum vinnuhópur á vegum ríkisstjórnarinnar um endurskoðun almannatrygginga og samspil þeirra við skattkerfið og lífeyrissjóði. Í áliti vinnuhópsins frá því í maí 2001 er vikið að málefnum er tengjast starfslokum en lagt er til að í almannatryggingum verði tekin upp heimild til frestunar á töku lífeyris. Í álitinu segir orðrétt:

> Vinnuhópurinn leggur til að heimilt verði að fresta töku lífeyris til allt að 72 ára aldrus gegn hækkun grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar er gæti numið allt að 0,5% á mánuði. Frestun á töku lífeyris til 72 ára aldurs gæti þannig falið í sér allt að 30% hækkun lífeyris og tryggt einhleypum ellilífeyrisþega 99 þúsund krónur á mánuði.

Þetta er til þess að gera starfslok sveigjanlegri og tekur enn fremur mið af reglum flestra lífeyrissjóða sem bjóða upp á töku lífeyris á aldrinum 65–70 ára. Einnig er horft til reglna um viðbótarlífeyrissparnað. Um langt skeið var heimild í lögum til frestunar á töku ellilífeyris allt til 72 ára aldurs gegn hækkun greiðslu sem var byggð á tryggingafræðilegu mati. Fáir nýttu sér þetta enda kom hækkunin eingöngu á grunnlífeyri. Með tillögunni opnast raunhæfari möguleikar til frestunar gegn hækkun. Margt mælir með þessari tillögu. Nefna má að reglur um lífeyrissparnað kveða á um að hann geti orðið til ráðstöfunar samkvæmt ákveðnum reglum þegar einstaklingur nær 60 ára aldri. Athugun á vegum vinnuhópsins sýnir að ekki þarf að vera um aukin útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð. Huga þarf nánar að útfærslu þessa þáttar á tryggingafræðilegan hátt.

Ljóst er að þessar tillögur eru fallnar til þess að auka sveigjanleika í starfslokum og þær gefa fólki aukið svigrúm og möguleika á að hafa nokkur áhrif á eigin lífeyristekjur, bæði hvað varðar tímasetningar og fjárhæðir. Æskilegt er að reglur lífeyrissjóða á almennum markaði og hjá opinberum starfsmönnum verði samræmdar nýjum reglum um töku lífeyris úr almannatryggingakerfinu.“

Þá lagði nefndin um starfslok og almannatryggingar frá árinu 2001 til að einstaklingum yrði heimilað að fresta töku almannatrygginga til 72 ára aldurs og að réttindaávinningur ykist í takt við frestun greiðslna. Ávinningur í formi ellilífeyris frá Tryggingastofnun yrði tekjutengdur líkt og tíðkast hafi enda væru bætur stofnunarinnar fyrst og fremst ætlaðar til grunnframfærslu þeim sem ekki njóta fullra réttinda í almenna lífeyrissjóðakerfinu og muni í framtíðinni einungis verða ætlaðar þeim sem ekki hafi verið á vinnumarkaði nægjanlega lengi.

Í tillögum starfshóps stjórnvalda og Landssambands eldri borgara sem forsætisráðherra skipaði 25. september 2002 var tekið undir framangreindar tillögur nefndarinnar frá 2001 og mælt með því að lögum um almannatryggingar yrði breytt á þann veg að fólk hefði af því skýran ávinning að fresta töku lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, eigi það þess kost og kjósi. Var lagt til að lífeyrisþegi sem frestað hefði töku ellilífeyris og tengdra bóta almannatrygginga, fengi álag á lífeyri sem svaraði 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris væri frestað fram yfir 67 ára aldur. Álagið mundi reiknast á alla bótaflokka sem viðkomandi ætti rétt á við lífeyristöku en greiddist sérstaklega. Til að frestunin hefði örugglega þýðingu þyrfti að taka mið af henni við útreikning á áhrifum annarra tekna og var því lagt til að frítekjumörk hlutaðeigandi mundu hækka sem því svaraði þannig að ekki kæmi til skerðingar annarra bóta vegna áunnins álags á lífeyri.

Starfshópur forsætisráðherra frá 25. september 2002 skilaði álitsgerð og tillögum 19. nóvember 2002. Í yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands og Landssambands eldri borgara þann sama dag kom fram að það væri sameiginleg afstaða ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara að tillögur starfshópsins vitnuðu um gagnlegt samstarf og samráð aðila og endurspeglaði samkomulag um aðgerðir ríkisvaldsins í málefnum aldraða næstu tvö til þrjú árin. Þar kemur fram að ríkisstjórnin hefði samþykkt að beita sér fyrir því að tillögurnar næðu fram að ganga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði 31. maí 2005 samráðsnefnd til að fara yfir efndir á samkomulaginu frá 19. nóvember 2002. Samráðsnefndin var skipuð fulltrúum frá Landssambandi eldri borgara, fjármálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og skilaði skýrslu 8. nóvember 2005. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að framangreindar tillögur um sveigjanleg starfslok hafi ekki gengið eftir. Einnig lagði nefndin til að stofnaður yrði vinnuhópur til að gera tillögur um lagabreytingar og í þeim vinnuhópi ættu að vera fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra, Tryggingastofnunar ríkisins og Landssambands eldri borgara.

Nefnd sem forsætisráðherra skiptaði 16. janúar 2006, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi þessu, tók málið upp og gerði tillögur um að heimila frestun á töku ellilífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins og byggist 4. gr. frumvarpsins á tillögum þeirrar nefndar.

Um 5. gr.

Vaknað hafa spurningar um réttarstöðu friðargæsluliða íslenska ríkisins að því er varðar vinnuslysatryggingar skv. III. kafla laganna þar sem ákvæði 2. mgr. 22. gr. þeirra kveður á um að þeir einir séu slysatryggðir við vinnu sem slasast við vinnu á vinnustað eða á leið til eða frá vinnu. Íslenskir friðargæsluliðar sem starfa erlendis, t.d. í Afganistan, eru því einungis tryggðir ef þeir slasast þegar þeir eru að sinna starfi sínu. Þeir eru því ekki tryggðir allan tímann sem þeir eru staddir á ófriðarsvæði.

Samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laganna telst slys ekki verða við vinnu ef það hlýst af athöfnum slasaða sjálfs sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Í sömu málsgrein er gerð undantekning á þessari reglu en þar segir að tryggingin taki þó til allra slysa á sjómanni sem verða um borð í skipi hans eða þegar hann ásamt skipinu er staddur utan heimahafnar skips eða útgerðarstaðar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að persónulegt gildissvið slysatryggingarinnar verði víkkað út og að íslenskir friðargæsluliðar fái sömu réttarstöðu og sjómenn og verði tryggðir allan sólarhringinn hvort sem þeir séu beinlínis við störf eða ekki.

Um 6. gr.

Með lögum nr. 74/2002 var ákvæðum b-liðar 1. mgr. 24. gr. laganna breytt og persónulegt gildissvið slysatryggingarinnar víkkað út þannig að fyrir utan nemendur við iðnnám í löggiltum iðngreinum urðu einnig slysatryggðir háskólanemar og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum þegar þeir sinna verklegu námi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæðið verði víkkað enn frekar út þannig að allir háskólanemar sem stunda verklegt nám verði slysatryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Um 7. gr.

Núgildandi ákvæði 8. mgr. 43. gr. laganna vísa til tekjumarka tekjutryggingar í 17. gr. laganna. Gert er ráð fyrir því í frumvarpi þessu að tekjumörk tekjutryggingar verði felld brott, sbr. athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins, og þarf því að setja sérstök tekjumörk í ákvæði 8. mgr. 43. gr. laganna. Við ákvörðun fjárhæðarinnar var miðað við núverandi tekjumark tekjutryggingar örorkulífeyrisþega og þau hækkuð um 8,4%.

Um 8. gr.

Ákvæði 7. málsl. 2. mgr. 47. gr. núgildandi laga skyldar umsækjanda og bótaþega að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um breytingar á tekjum sem verða á yfirstandandi tekjuári. Orðalag ákvæðisins er lagfært þannig að umsækjanda og bótaþega ber ekki aðeins að tilkynna um breytingar á tekjum heldur einnig um breytingar á öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Með öðrum aðstæðum er m.a. átt við breytta hjúskapar- eða sambúðarstöðu og búsetu hér á landi en þessi atriði geta haft áhrif á bótarétt samkvæmt almannatryggingalögum.

Um 9. og 10. gr.

Í a-lið 9. gr. og 10. gr. frumvarpsins er orðinu „úrskurðaðar“ breytt í orðið „ákvarðaðar“ en ekki er um úrskurð um bætur af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins að ræða heldur ákvörðun um bætur.

Ákvæði b-liðar 9. gr. frumvarpsins skýra betur frá hvaða tímamarki skuli ákvarða bætur aftur í tímann. Óvissa hefur verið um þessi tímamörk og þykir eðlilegt að miða við tímann frá því að umsókn og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt og fjárhæð bóta berast stofnuninni.

Um 11. gr.

Í a-lið er gert ráð fyrir að ákvæði sem eru í núgildandi 5. mgr. 10. gr. laganna séu flutt í 4. mgr. 50. gr. Ákvæði um að hafi Tryggingastofnun vangreitt bótaþega bætur skuli stofnunin greiða honum það sem upp á vantar á ekki eingöngu við um tekjutengdar bætur. Af þeim sökum er gert ráð fyrir að ákvæðið verði flutt í 50. gr. laganna og taki til allra bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Í b-lið er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett reglugerð um framkvæmd 50. gr., t.d. um innheimtu á ofgreiddum bótum, undanþágur frá innheimtu ofgreiddra bóta og afskriftir krafna.

Um 12. gr.

Við lögin bætast sex ný ákvæði til bráðabirgða en þar er kveðið á um hvenær tiltekin ákvæði í 2. mgr. 10. gr. og 2.–4. mgr. 17. gr. laganna komi til framkæmda. Einnig er kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 65. gr. laganna skuli elli- og örorkulífeyrir og tekjutrygging hækka um 2,9% á árinu 2007 og er það í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við Landssamband eldri borgara frá 19. júlí 2006. Forsendur samkomulagsins voru að laun mundu hækka um 2,9% og verðlag um 4,6% á árinu 2007 en að endanleg ákvörðun bóta á árinu 2007 réðist af ákvæðum laga um almannatryggingar. Þá er í bráðabirgðaákvæði kveðið á um að á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 sé hægt að óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að gerður verði samanburður á útreikningi elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar fyrir og eftir gildistöku laganna. Ef samanburðurinn leiði til hærri bóta samkvæmt eldri lögum sé heimilt að greiða hærri bæturnar. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 1. og 3. gr. frumvarpsins til skýringar.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að 4. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna verði felldur brott. Með því er felld brott heimild til að verja fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða. Ákvæðið er í samræmi við tillögur nefndar forsætisráðherra, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi þessu, um að það fé sem í dag fer úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða færist til uppbyggingar öldrunarþjónustu. Með því taldi nefndin að fjármagn til uppbyggingar aukist um rúmlega 200 millj. kr. á ári. Á árinu 2007 verði tilfærslan þó aðeins að hálfu en 1. janúar 2008 komi hún að fullu til framkvæmda, sbr. 4. tölul. 17. gr. frumvarpsins. Telur nefndin að þessi ráðstöfun fjármagni hlut ríkisins af byggingarkostnaði 60–65 rýma á næstu fjórum árum.

Um 14. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna er kveðið á um að Framkvæmdasjóður aldaðra skuli vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sjóðurinn verði frá 1. janúar 2007 í vörslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í stað Tryggingastofnunar og varsla færist með því nær þeim aðila sem tekur ákvörðun um veitingu fjármagns úr sjóðnum.

Um 15. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að öll ákvæði með skilgreiningum á tekjum og skiptingu þeirra milli hjóna við útreikning á vistunarframlagi verði í 26. gr. laganna. Ákvæði 26. gr. laganna eru sambærileg ákvæðum 10. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og er því gert ráð fyrir í frumvarpinu að sami háttur verði hafður á og í lögum um almannatryggingar. Í núgildandi 3. tölul. 2. mgr. 22. gr. laganna er kveðið á um að tekjur vistmanns og maka skiptist að jöfnu milli vistmanns og makans. Frumvarpið gerir ráð fyrir að skiptingin á tekjum hjóna verði með sama hætti og gerð er grein fyrir í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins. Er vísað til þeirra athugasemda til frekari skýringar.

Um 16. gr.

Vísað er til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Við lögin er bætt fimm nýjum ákvæðum til bráðabirgða sem kveða á um hvenær ákvæði 1. mgr. 26. gr. laganna komi til framkvæmda. Einnig er kveðið á um að á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 sé hægt að óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að stofnunin geri samanburð á útreikningi elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingu fyrir og eftir gildistöku laganna. Ef samanburðurinn leiði til hærri bóta samkvæmt eldri lögum er heimilt að leiðrétta vistunarframlag samkvæmt því.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2007.

Í 2. og 3. mgr. er gert ráð fyrir endurútgáfu laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

## Fylgiskjal I.

### Yfirlýsing ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara.

(Reykjavík 19. júlí 2006.)

Hinn 16. janúar síðastliðinn skipaði forsætisráðherra nefnd með fulltrúum ráðuneyta og Landssambands eldri borgara til að fjalla um aðbúnað og afkomu ellilífeyrisþega. Nefndin hefur í dag skilað sameiginlegum tillögum sínum.

Landssamband eldri borgara og ríkisstjórnin fagna því góða samstarfi sem tókst í nefndinni. Það er sameiginleg afstaða ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara að tillögurnar séu til vitnis um gagnlegt samstarf og samráð aðila og endurspegli samkomulag um aðgerðir ríkisvaldsins í málefnum aldraðra sem komi til framkvæmda næstu fjögur árin eins og nánar er lýst í tillögum nefndarinnar.

**Meginatriði tillagnanna eru eftirfarandi:**

- Hækkun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga.
- Einföldun bótakerfisins með fækkun og sameiningu bótaflokka.

- Lækkun skerðingar bóta vegna tekna maka.
- Lækkun skerðingar bóta vegna annarra tekna bótaþega.
- Tekið verði upp frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Hækkun vasapeninga.
- Starfslok verði sveigjanleg þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun á töku lífeyris.
- Heimaþjónusta verði stóraukin og áhersla færð frá stofnanaþjónustu.
- Fjármagn sem nú gengur til reksturs stofnana úr Framkvæmdasjóði aldraðra gangi til uppbyggingar öldrunarstofnana.
- Verulega aukið fjármagn til framkvæmda og reksturs til átaks vegna biðlista eftir hjúkrunarrými.
- Aukin áhersla verði lögð á fullnægjandi framboð þjónustu- og öryggisíbúða.

Ríkisstjórnin hefur þegar fjallað um framangreindar tillögur og samþykkt að beita sér fyrir framkvæmd þeirra.

Jafnframt árétta aðilar vilja til áframhaldandi samráðs um þau viðfangsefni sem tillögurnar taka til og annað það sem upp kann að verða tekið í samráðsnefnd aðila. Sérstaklega verður árangurinn metinn á miðju umræddu tímabili í ljósi þróunar verðlags, launa og efnahagsmála almennt.

## Fylgiskjal II.

### Álit nefndar fulltrúa ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara.

Reykjavík 19. júlí 2006

Hr. forsætisráðherra
Geir Haarde
Stjórnarráðshúsinu
Lækjartorgi

Hinn 16. janúar 2006 skipaði forsætisráðherra nefnd til að fjalla um lífeyrismál svo og búsetu- og þjónustumál aldraðra.


Nefndina skipa:
Tilnefnd af Landssambandi eldri borgara: Ólafur Ólafsson, Einar Árnason, Helgi K. Hjálmsson, Margrét Margeirsdóttir og Pétur Guðmundsson.
Ólafur Hjálmarsson, tilnefndur af fjármálaráðherra, Steingrímur Ari Arason tilnefndur af utanríkisráðherra, Ragnhildur Arnljótsdóttir tilnefnd af félagsmálaráðherra, Vilborg Hauksdóttir og Vilborg Ingólfsdóttir tilnefndar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Ásmundur Stefánsson tilnefndur af forsætisráðherra og var hann skipaður formaður nefndarinnar.
Fjóla Agnarsdóttir, starfsmaður forsætisráðuneytisins, var ritari nefndarinnar en auk hennar hafa Eyþór Benediktsson, starfsmaður fjármálaráðuneytisins, Sigurður Grétarsson, starfsmaður tryggingastofnunar og Borgþór Kjærnested, framkvæmdastjóri Landssambands eldri borgara starfað með nefndinni.

Nefndin hefur átt 25 formlega fundi og leitað upplýsinga víða um viðfangsefni sitt. Upphaflega var stefnt að því að nefndin skilaði af sér á komandi hausti en þegar á reyndi þótti óhjákvæmilegt að flýta niðurstöðum og koma breytingum á lífeyriskjörum í framkvæmd nú á miðju ári.

Niðurstöður nefndarinnar fylgja þessu bréfi en þar er m.a. fjallað um eftirtalin atriði:

- hækkun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga
- einföldun kerfisins með fækkun bótaflokka
- dregið er úr áhrifum tekna maka
- lækkun skerðingar vegna annarra tekna
- vasapeningar hækka
- sveigjanleg starfslok þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun á töku lífeyris
- frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega
- heimaþjónusta verði stóraukin og áhersla færð frá stofnanaþjónustu
- það fjármagn sem nú gengur til rekstrar stofnana úr Framkvæmdasjóði aldraðra gangi til uppbyggingar öldrunarstofnana
- verulegt fjármagn til framkvæmda og rekstrar til átaks vegna biðlista eftir hjúkrunarrýmum
- áhersla á fullnægjandi framboð þjónustu- og öryggisíbúða.

Nefndin leggur áherslu á að tillögur hennar nái sem fyrst fram að ganga.



**Lífeyrismál**

**Tillögurnar eru eftirfarandi:**

1. Útfærsla nýgerðra kjarasamninga á almennum markaði, þ.e. útfærsla á 15 þ.kr. hækkuninni, tekur mið af tillögum nefndarinnar um sameiningu bótaflokka. Allir sem ekki njóta annarra tekna en greiðslna frá TR hækka um 15 þ.kr. á mánuði. Um áramót hækka bætur sem svarar almennri hækkun launa á vinnumarkaði eða um 2,9%.

2. Tekjutryggingarauki hjóna og einstaklinga verður samræmdur og fjárhæð tekjutryggingarauka hækkuð þannig að tekjutryggingarauki og tekjutrygging geti falli saman í einn bótaflokk, tekjutryggingu.

3. Heimilisuppbót einstaklings sem býr einn á eigin vegum hækkar um kr. 4.361 á mánuði miðað við þær tölur sem í gildi eru í dag og skerðist á sama tekjubili og hinn sameinaði flokkur, tekjutrygging.

4. Skerðingarhlutfall hins sameinaða lífeyrisflokks, tekjutryggingar, verði lækkað í 38,35% en skerðingarhlutfall tekjutryggingar og tekjutryggingarauka er það sama í báðum flokkum í dag, 45%.

5. Hækkun lífeyrisgreiðslna og lækkun skerðingarhlutfalls leiðir til þess að núllmark tekjutryggingar (efra tekjumark) verður hærra en frítekjumark (neðra tekjumark) ellilífeyris. Til að ekki verði um tvöfalda skerðingu tekjutryggingar og ellilífeyris að ræða er gerð tillaga um að samanlögð skerðing verði takmörkuð við 38,35%.

6. Þar sem fast hlutfallslegt álag á tekjutryggingu kemur í stað heimilisuppbótar og núllmark hækkar með hækkun ellilífeyris og lækkun skerðingarhlutfalls verður samanlögð skerðing tekjutryggingar og álags þeirra sem búa einir á eigin vegum tæplega 50% miðað við þær tölur sem felast í tillögum nefndarinnar í stað 64% í dag. Um leið fellur burt sérstakt frítekjumark heimilisuppbótar þannig að hún skerðist strax með fyrstu tekjum. Samspil lækkunar skerðingarhlutfalls og hækkunar bóta leiðir hins vegar til þess að allir hækka við breytingarnar.

7. Næstu tvö árin verður í gildi sérregla til að tryggja að þar sem tekjur við frítekjumörk verða hærri samkvæmt gildandi kerfi en eftir breytingu sé viðkomandi tryggður óverðtryggður réttur samkvæmt eldra kerfi.

8. Við ákvörðun lífeyrisgreiðslna er í dag tekið mið af meðaltekjum hjóna og sambúðarfólks. Lagt er til að þessum reglum verði breytt. Í fyrsta lagi verði lífeyrissjóðstekjum hjónanna haldið aðgreindum þannig að lífeyrissjóðstekjur annars þeirra hafi ekki áhrif á viðmiðunartekjur hins. Í öðru lagi verði dregið úr tengingu vegna atvinnutekna þannig að í tekjuuppgjöri telji eigin atvinnutekjur 75% og atvinnutekjur maka 25% í stað 50% í dag.

9. Þeir einstaklingar sem ekki hafa hafið töku ellilífeyris 1. janúar 2007 geta með frestun lífeyristöku hjá TR tryggt sér hækkun allra bótafjárhæða um 0,5% fyrir hvern mánuð fram til 72 ára aldurs. Hækkun vegna frestunar getur þannig mest orðið 30%.

10. Frá og með 1. janúar 2009 verði frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega 200 þ.kr. á ári og frá 1. janúar 2010 verði frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega 300 þ.kr.

11. Ráðstöfunarfé (vasapeningar) við dvöl á stofnun hækki um 25%.

12. Sem fyrsta skref breytinganna er lagt til að ellilífeyrir hækki um 5,5% frá 1. júlí 2006 (þar af eru 1,7% flýting verðbóta um áramótin 2006/2007) og til bráðabirgða verði greiddar sérstakar uppbætur á lífeyri á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2006. Uppbætur til bráðabirgða skulu samsvara því í grófum dráttum að heildarhækkun greiðslna frá TR verði um 15 þ.kr. á mánuði.

13. Öðrum áföngum verði skipt þannig að kostnaður sem er áætlaður 4.250 m.kr. þegar öll atriði eru komin til framkvæmda verði orðinn um 3.650 m.kr. á árinu 2007 og síðan bætist við 200 m.kr. á ári næstu þrjú ár.

14. Tillögur um bætur almannatrygginga gera ráð fyrir hækkun launa um 2,9% og verðlags um 4,6% á árinu 2007. Endanleg ákvörðun bóta á árinu 2007 ræðst á hinn bóginn af ákvæðum laga um almannatryggingar.

15. Mikilvægt er að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga í haust þannig að þær geti tekið gildi um næstu áramót.

16. Með þessum tillögum nefndarinnar og þeim tillögum sem fylgja um úrbætur í húsnæðis- og þjónustumálum aldraðra er lagður grunnur að áætlun um fjögurra ára samkomulag stjórnvalda og Landssambands eldri borgara. Jafnframt er lögð áhersla á áframhaldandi samráð samningsaðila.

**Búsetumál- og þjónustumál aldraðra**

Þjónusta og aðgerðir í húsnæðismálum aldraðra hljóta að taka mið af því að flestir vilja búa heima svo lengi sem þeir hafa heilsu til.

**Nefndin leggur til:**

- Að félagsmálaráðuneytið fylgi því eftir að ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga varðandi framboð á húsnæði sé framfylgt og að sveitarfélögin séu á hverjum tíma með markvissar áætlanir og aðgerðir til að tryggja fullnægjandi framboð íbúða.

- Jafnframt að sveitarfélögin tryggi framboð á þjónustuíbúðum þar sem auðveldara er að nálgast þjónustuna en þar sem byggð er dreifð auk þess sem búseta í þjónustuíbúðaklösum getur dregið úr félagslegri einangrun aldraðra. Einhver hluti þess húsnæðis verður að vera leiguhúsnæði en fyrir flesta er eignarhald ekki óyfirstíganlegur þröskuldur heldur eðlilegur tilflutningur úr einni eign í aðra.

- Öryggisíbúðir eru sérstakt form þjónustuíbúða og almennt miðað við að þær séu í þjónustutengslum við hjúkrunarheimili. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tryggi að ljóst sé hvaða þjónustuviðmiðanir gildi um það íbúðaform.

**Stuðningur við aldraða sem búa heima**

Meginhluti aldraðra býr í eigin húsnæði án heimilisaðstoðar og á ekki önnur samskipti við heilbrigðiskerfið en hefðbundnar læknisheimsóknir eins og aðrir landsmenn. Ef vinna á að því markmiði að styðja aldraða við að vera heima sem lengst þrátt fyrir veikindi og minnkaða færni þarf að auka verulega ýmis konar þjónustu við aldraða sem búa heima frá því sem nú er. Það er skoðun nefndarinnar að aukin heimaþjónusta geri hvort tveggja í senn að bæta lífsgæði aldraðra og draga úr útgjöldum vegna stofnanaþjónustu.

**Nefndin leggur til:**

- Að heimahjúkrun verði aukin verulega og stefnt að því að kvöld og næturþjónusta heimahjúkrunar standi til boða um allt land og að sú fjárhæð sem nú fer til heimahjúkr-

unar aldraðra, um 540 m.kr. árlega verði á næstu þremur árum aukin í 1.440 m.kr. Aukningin verði í þeim skrefum að 200 m.kr. bætist við árið 2007, 300 m.kr. árið 2008 (samtals 500 m.kr.) og 400 m.kr. árið 2009 (samtals 900 m.kr. aukning).

- Að yfirvöld menntamála vinni markvisst að því að mennta ófaglærðra starfsmenn til aðstoðar við aðhlynningu um leið og áhersla er lögð á að fjölga hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum og öðrum faghópum til að mæta aukinni þörf.

- Að heilsugæslan styrki tengslin á milli heilsugæslulækna og heimahjúkrunar og læknar vitji reglulega sjúklinga sem þess þarfnast og heimahjúkrun sinnir.

- Að félagsleg heimaþjónusta og önnur þjónusta sem sveitarfélögum ber að veita öldruðum samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga verði stórefld til muna og félagsmálaráðuneytið setji leiðbeinandi reglur um þessa þjónustu þannig að fyrir liggi skýr viðmiðun um það hvað sé eðlileg þjónusta.

- Að tryggð verði aukin samþætting heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu. Aukin heimaþjónusta nær ekki fram að ganga nema sveitarfélögin auki verulega sinn þátt í þjónustunni.

- Að hvíldarrýmum á heilbrigðisstofnunum og dagvistarrýmum verði fjölgað til að mæta þeirri þörf sem nú er og þeirri aukningu sem leiða mun af fjölgun aldraðra í heimahúsum sem þurfa á mikilli aðhlynningu að halda.

- Að ársframlag til hjálpartækjaþjónustu TR við aldraða, sérstaklega varðandi öryggishnappa, verði aukið um 20 m.kr. eða 80 m.kr. á næstu fjórum árum til að auðvelda fólki sjálfstæða búsetu.

**Hjúkrunarheimili**

Hjúkrunarrýmum hefur fjölgað verulega á undanförnum árum og á þessu ári eru hjúkrunarrými á hjúkrunarheimilum eða heilbrigðisstofnunum um 2.500. Á biðlista eftir innlögn eru yfir 400 einstaklingar í brýnni þörf, flestir á höfuðborgarsvæðinu.
Að óbreyttu nær langtímaáætlun heilbrigðisráðuneytisins ekki að tryggja að framkvæmdafé fjármagni að fullu fjölgun rýma til að mæta fjölgun aldraðra næstu árin.

**Nefndin leggur til:**

- Að framlög til bygginga hjúkrunarheimila verði aukin til að mæta fjölgun aldraðra og ná biðlistum niður þannig að markmiðsetning heilbrigðisráðuneytisins um að biðtími verði ekki að meðaltali yfir þrír mánuðir náist.

- Að áætlanir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um uppbyggingu hjúkrunarheimila verði endurskoðaðar með reglubundnum hætti með hag aldraðra og hagkvæmni í framkvæmdum og rekstri í huga. Sérstaklega verði metið hvort líklegt sé að tilfærsla fjármuna frá framkvæmdum og rekstri hjúkrunarheimila til aukinnar heimaþjónustu frá því sem tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir sé líkleg til að bæta öldrunarþjónustuna. Tillögurnar verði jafnframt kynntar hagsmunafélögum aldraðra, almenningi, sveitarfélög-

um og þeim sem nú reka hjúkrunarheimili þannig að áætlunum og frumkvæði ráðuneytisins verði komið vel á framfæri.

- Að það fé sem í dag fer úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða færist til uppbyggingar öldrunarþjónustu. Með því eykst fjármagn til uppbyggingar um rúmlega 200 m.kr. á ári. Á árinu 2007 verði tilfærslan þó aðeins að hálfu. Þessi ráðstöfun fjármagnar hlut ríkisins af byggingarkostnaði 60–65 rýma á næstu fjórum árum.

- Að sérstök 1.300 m.kr fjárveiting verði til framkvæmda sem sérstaklega er ætluð til að stytta biðlista eftir hjúkrunarrýmum. Þar af komi 700 m.kr. á árinu 2008 og 600 m.kr. á árinu 2009. Með fjárveitingunni greiðist kostnaðarhlutdeild ríkisins við 130 rými. Með þeim, uppbyggingu samkvæmt núverandi langtímaáætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, auknu fjármagni til uppbyggingar úr Framkvæmdasjóði aldraðra og aukinni heimaþjónustu er áætlað að ná megi biðlistum í ásættanlegt horf.

- Að til viðbótar komi framlag sem nemi 100 m.kr. á ári árin 2008, 2009 og 2010 sem gangi sérstaklega til breytinga og endurbygginga hjúkrunarheimila umfram það sem nú er gert ráð fyrir í langtímaáætlun ráðuneytisins til að breyta eldri hjúkrunarrýmum úr fjölbýli í einbýli og færa að breyttum kröfum. Heildarviðbót fjárveitinga til framkvæmda er þannig 800 m.kr. árið 2008, 700 m.kr. árið 2009 og 100 m.kr. árið 2010.

- Að dvalarrýmum verði breytt í hjúkrunarrými þar sem það er talið æskilegt og hagkvæmt. Þessi breyting verði framkvæmd í takt við aukna þjónustu og fjölgun öryggisíbúða.

- Að kostnaði vegna fjölgunar hjúkrunarrýma og dagvista verði mætt með sérstöku rekstrarframlagi. Fjárhæðin verði 100 m.kr. árið 2008, 580 m.kr. árið 2009 og 1.060 m.kr. árið 2010. Það samsvarar kostnaði við um rekstur 200 rýma til viðbótar því sem nú er gert ráð fyrir í langtímaáætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

- Að vistunarmat á hjúkrunarheimilum verði samræmt og því flýtt að RAI-mat fyrir heimaþjónustu verði tekið í notkun.

- Að hjúkrunarþyngd ráði meiru en nú er um rekstarfjármögnun hjúkrunarheimila. Til að RAI-mat geti verið traustur og ásættanlegur grunnur til ákvörðunar á greiðslu til hjúkrunarheimilanna þarf að tryggja samræmt mat og að það endurspegli hjúkrunarkostnaðinn rétt. Því þarf að styrkja eftirlit með RAI-matinu.

- Að greiðsla daggjalda á hjúkrunarheimilum taki mið af RAI-mati og sé RAI-stuðull aldraðs einstaklings 0,95 eða lægri greiðist daggjald eins og um dvalarheimilisvist væri að ræða.

- Að stefnt verði að því að fyrirkomulagi greiðslna aldraðra á dvalar- og hjúkrunarheimilum verði breytt þannig að greiðslunni verði skipt í kostnað við húsnæði, mat, þvotta og ræstingu og umönnun. Samkvæmt núgildandi lögum greiða vistmenn allt að 190 þ.kr. á mánuði, þar af 90–100 þ.kr. vegna umönnunar á dvalar- og hjúkrunarheimilunum. Jafnframt verði kannað með hag aldraðra og hagkvæmni í rekstri í huga hvernig breyta megi greiðslufyrirkomulagi lífeyrisgreiðslna TR þannig að þær verði ekki felldar niður

eins og nú er gert heldur gangi þær til einstaklingsins sem greiði til stofnunarinnar af tekjum sínum í samræmi við greiðslugetu. Við kerfisbreytingu yrði að tryggja að ekki þrengi að persónulegum fjárhag íbúa frá því sem nú er. Breytt kerfi gæti opnað möguleika á því að íbúar fjármagni húsnæðisfjárfestinguna ef eignastaða leyfir. Ef þjónustan er færð frá stofnunum inn á heimilin er rökrétt að skoða greiðslur þeirra sem njóta þjónustu heima í ljósi aukinnar þjónustu. Til greina kemur að gera þjónustusamninga við notendur þjónustunnar hvort sem er á dvalar- og hjúkrunarheimilum eða utan stofnana. Ítreka verður að slíkir samningar mættu þó aldrei ganga nærri framfærslumöguleikum viðkomandi einstaklinga.

- Að hjúkrunarheimilin gefi sjúkrahúsunum meiri forgang en nú er varðandi innlagnir þannig að aldraðir fái notið eðlilegs aðbúnaðar og bætt verði úr þeirri röskun sem fjöldi aldraðra sem betur væri kominn á hjúkrunarheimili en sjúkrahúsi hefur valdið í starfsemi Landsspítala – háskólasjúkrahúss. Sú röskun hefur ekki aðeins haft áhrif á almenna starfsemi sjúkrahússins heldur einnig aðstöðu þess til endurhæfingar aldraðra og hvíldarinnlagna.

**Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga**

Í almennri umræðu hefur mikið verið fjallað um ófullnægjandi samstarf heimahjúkrunar sem ríkið rekur og félagslegrar heimaþjónustu sem sveitarfélögin sjá um. Samningar hafa verið gerðir í einstökum sveitarfélögum um að sveitarfélagið yfirtaki heimahjúkrunina og heilsugæsluna á svæðinu til að verkefnin séu undir einum hatti og í öðrum sveitarfélögum hefur verið leitast við með skipulegum hætti að samræma þjónustuna.

Stærstu stökkin í kostnaði öldrunarþjónustunnar eru þegar þjónustan færist á milli þjónustustiga, þ.e. frá félagslegri heimaþjónustu og heimahjúkrun í eigin íbúð eða þjónustuíbúð til dvalar á hjúkrunarheimili. Í fyrra tilvikinu er hluti kostnaðar hjá sveitarfélaginu en í því síðar færist hann allur á ríkið (og íbúinn). Tilflutningur verkefna þarf að hafa það að markmiði að framkvæmd, ábyrgð og fjármögnun séu á sömu hendi. Tilfærsla á hjúkrunarþjónustu er því aðeins rökrétt að heilsugæslan fylgi og tilflutningur heimahjúkrunar og heilsugæslu því aðeins að dvalar- og hjúkrunarheimilin fylgi. Kerfið verður að vera í því samræmi að það verði ekki stórhagsmunamál einhvers ákvörðunaraðila að einstaklingar flytjist milli þjónustustiga. Með þeirri tillögu sem gerð er hér að framan er gert ráð fyrir því að kostnaðargreiðslur endurspegli RAI-mat og að lágmarksviðmiðun verði sett í RAI-mati gagnvart greiðslu daggjalds hjúkrunarheimilis. Þannig reglur kunna að gera kleift að skipta verkefnum á faglegum grundvelli sem ekki býður hagsmunaágreiningi heim.

Í stjórnmálaumræðum síðasta misserið hafa flestir lýst þeirri skoðun að öldrunarmál eigi að flytjast frá ríkinu til sveitarfélaganna. Skipulagsbreyting af því tagi kallar á vandlega umfjöllun allra aðila þar sem ekki er aðeins fjallað um verkefnin heldur einnig tekjustofna. Sú umræða mun taka tíma og því er nauðsynlegt að þegar verði brugðist við en verkefnum ekki slegið á frest með tilvísun til væntanlegar breytingar á verkaskiptingu.

**Nefndin leggur til:**

Að ríkisvaldið og Samband íslenskra sveitarfélaga endurskoði verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi þjónustu og búsetumál aldraðra sem fyrst.

Fulltrúar ráðuneytanna telja að ganga eigi til endurskoðunarinnar með opnum huga en Landssamband eldri borgara leggur þunga áherslu á þá kröfu að markmið endurskoðunarinnar verði að málefni aldraðra flytjist í heild frá ríki til sveitarfélaganna svo fljótt sem unnt er því ekki sé að vænta ásættanlegrar niðurstöðu fyrr en verkefnin séu á einni hendi. Þessi mismunandi sjónarmið gera enn mikilvægara en ella að gengið sé hratt í verkefnið.

Nefndin leggur mikla áherslu á að sú vinna sem hér er gert ráð fyrir verði ekki til að tefja framgang þeirra tillagna sem nefndin er sammála um.

**Samantekt á kostnaði (m.kr.)**

| ***Lífeyrishluti*** | ***2006*** | ***2007*** | ***2008*** | ***2009*** | ***2010*** |
|---|---|---|---|---|---|
| *Ellilífeyrisþegar* | | | | | |
| Kjarasamn.+ sameining flokka | 1.203 | 2.405 | 2.405 | 2.405 | 2.405 |
| Frestun töku lífeyris | 0 | 0 | 0 | 100 | 200 |
| Lækkun skerðingarhlutfalls | 0 | 1.164 | 1.503 | 1.503 | 1.503 |
| Lækkun tengingar við tekjur maka | 0 | 0 | 0 | 92 | 329 |
| Frádráttur frá atvinnutekjum | 0 | 0 | 0 | 142 | 208 |
| 25% hækkun vasapeninga | 0 | 119 | 119 | 119 | 119 |
| **Samtals** | **1.203** | **3.688** | **4.027** | **4.361** | **4.764** |
| ***Þjónustuhluti*** | | | | | |
| *Rekstur* | | | | | |
| Efling heimahjúkrunar | 0 | 200 | 500 | 900 | 900 |
| Bætt rekstraraðstaða hj.heimila | 0 | 500 | 500 | 500 | 500 |
| Rekstur nýrra hjúkrunarheimila | 0 | | 100 | 580 | 1.060 |
| Hjálpartæki | 0 | 20 | 20 | 20 | 20 |
| **Samtals** | **0** | **720** | **1.120** | **2.000** | **2.480** |
| *Framkvæmdir* | | | | | |
| Framkvæmdasjóður aldraðra | 0 | 100 | 200 | 200 | 200 |
| Sérstök viðbótarfjárveiting | 0 | 0 | 800 | 700 | 100 |
| **Samtals** | **0** | **100** | **1.000** | **900** | **300** |
| **Rekstur + framkvæmdir** | **0** | **820** | **2.120** | **2.900** | **2.780** |
| Heildarkostnaður v/ellilífeyrisþega | 1.203 | 4.508 | 6.147 | 7.261 | 7.544 |
| ***Örorkulífeyrisþegar*** | | | | | |
| Kjarasamn.+ sameining flokka | 731 | 1.462 | 1.462 | 1.462 | 1.462 |
| Frestun töku lífeyris | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lækkun skerðingarhlutfalls | 0 | 368 | 465 | 465 | 465 |
| Lækkun tengingar við tekjur maka | 0 | 0 | 0 | 14 | 234 |
| Frádráttur frá atvinnutekjum | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 25% hækkun vasapeninga | 0 | 16 | 16 | 16 | 16 |
| **Samtals** | **731** | **1.846** | **1.943** | **1.957** | **2.177** |
| **Heildarkostnaður** | **1.934** | **6.354** | **8.091** | **9.219** | **9.721** |

## Fylgiskjal III.

### Töflur og myndir sem sýna tekjuþróun aldraða.

**Tafla 1. Samsetning meðaltekna einhleyps lífeyrisþega 1991, 1996, 2001 og 2004.**
% af heildartekjum

| | 1991 | 1996 | 2001 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Atvinnutekjur | 17,7 | 14,3 | 11,0 | 9,2 |
| Aðrar tekjur | 0,5 | 1,0 | 0,7 | 0,4 |
| Greiðslur frá Tryggingastofnun | 45,3 | 43,9 | 33,5 | 33,2 |
| Greiðslur úr lífeyrissjóði | 26,0 | 32,1 | 34,5 | 35,8 |
| Fjármagnstekjur | 10,5 | 8,8 | 20,3 | 21,4 |
| **Samtals** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** |

**Tafla 2. Samsetning meðaltekna hjóna þar sem bæði eru lífeyrisþegar 1991, 1996, 2001 og 2004.**
% af heildartekjum

| | 1991 | 1996 | 2001 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Atvinnutekjur | 30,4 | 27,1 | 18,0 | 13,4 |
| Aðrar tekjur | 0,6 | 0,9 | 0,6 | 0,4 |
| Greiðslur frá Tryggingastofnun | 33,6 | 33,0 | 27,1 | 26,4 |
| Greiðslur úr lífeyrissjóði | 22,2 | 27,9 | 31,1 | 31,1 |
| Fjármagnstekjur | 13,2 | 11,1 | 23,2 | 28,6 |
| **Samtals** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** |

**Tafla 3. Samsetning meðaltekna 70 ára lífeyrisþega.**
% af heildartekjum

| | 1991 | 1996 | 2001 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Atvinnutekjur | 39,4 | 38,1 | 26,6 | 21,3 |
| Aðrar tekjur | 0,9 | 1,4 | 0,6 | 0,5 |
| Greiðslur frá Tryggingastofnun | 29,2 | 28,0 | 23,7 | 22,2 |
| Greiðslur úr lífeyrissjóði | 19,5 | 25,6 | 29,6 | 29,5 |
| Fjármagnstekjur | 11,0 | 6,9 | 19,5 | 26,4 |
| **Samtals** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** |


**Tafla 4. Þróun heildartekna einhleypra lífeyrisþega 1991, 1996, 2001 og 2004.**
Vísitölur 1991=100

| | 1991 | 1996 | 2001 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur án fjármagnstekna | 100,0 | 116,4 | 165,2 | 205,5 |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar | 100,0 | 114,3 | 185,6 | 234,2 |

**Tafla 5. Þróun heildartekna hjóna þar sem bæði eru lífeyrisþegar 1991, 1996, 2001 og 2004.**
Vísitölur 1991=100

| | 1991 | 1996 | 2001 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur án fjármagnstekna | 100,0 | 115,2 | 164,3 | 203,9 |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar | 100,0 | 112,6 | 185,7 | 248,0 |

**Mynd 1 Þróun meðaltekna eftir aldurshópum 1991, 1996, 2001 og 2004**
Vísitölur 1991=100




**Tafla 6. Þróun vísitalna 1991, 1996, 2001 og 2004.**
Vísitölur 1991=100

| | 1991 | 1996 | 2001 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Launavísitala á almennum markaði | 100,0 | 114,6 | 156,7 | - |
| Almenn launavísitala | 100,0 | 117,5 | 168,0 | 199,0 |
| Neysluverðsvísitala | 100,0 | 114,0 | 136,7 | 151,0 |

**Tafla 7. Breyting á heildartekjum einhleyps lífeyrisþega, eftir fimmtungum 1991 til 2004.**
Skipting eftir heildartekjum

| | Tekju-lægstu | 2 | 3 | 4 | Tekju-hæstu | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur án fjármagnstekna 1991 | 567,9 | 704,9 | 771,9 | 890,9 | 1.340,0 | 855,3 |
| Heildartekjur án fjármagnstekna 2004 | 1.030,8 | 1.397,5 | 1.537,9 | 1.725,6 | 3.095,2 | 1.757,7 |
| **Breyting 1991 til 2004** | **82%** | **98%** | **99%** | **94%** | **131%** | **106%** |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar 1991 | 577,4 | 716,6 | 807,7 | 973,5 | 1.698,9 | 955,1 |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar 2004 | 1.866,4 | 1.586,0 | 1.689,4 | 1.980,4 | 4.061,2 | 2.237,2 |
| **Breyting 1991 til 2004** | **223%** | **121%** | **109%** | **103%** | **139%** | **134%** |

**Tafla 8. Breyting á heildartekjum hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar, eftir fimmtungum 1991 til 2004.**
Skipting eftir heildartekjum

| | Tekju-lægstu | 2 | 3 | 4 | Tekju-hæstu | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur án fjármagnstekna 1991 ..... | 986,3 | 1.200,6 | 1.382,1 | 1.666,2 | 2.766,0 | 1.601,0 |
| Heildartekjur án fjármagnstekna 2004 ..... | 1.921,3 | 2.432,7 | 2.772,0 | 3.308,2 | 5.886,0 | 3.265,1 |
| **Breyting 1991 til 2004 ..... ** | **95%** | **103%** | **101%** | **99%** | **113%** | **104%** |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar 1991 | 1.008,0 | 1.253,5 | 1.487,7 | 1.857,3 | 3.605,8 | 1.843,6 |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar 2004 | 4.087,8 | 3.352,2 | 3.669,5 | 4.278,3 | 7.470,0 | 4.572,8 |
| **Breyting 1991 til 2004 ..... ** | **306%** | **167%** | **147%** | **130%** | **107%** | **148%** |

**Tafla 9. Dreifing heildartekna einhleyps lífeyrisþega og hjóna með fjármagnstekjum, 1991.**
% hlutfall

| | Tekju-lægstu | 2 | 3 | 4 | Tekju-hæstu | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Einhleypur** | | | | | | |
| Heildartekjur án fjármagnstekna ..... | 13,3 | 16,5 | 18,0 | 20,8 | 31,4 | 100,0 |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar ..... | 12,1 | 15,0 | 16,9 | 20,4 | 35,6 | 100,0 |
| **Hjón, bæði lífeyrisþegar** | | | | | | |
| Heildartekjur án fjármagnstekna ..... | 12,3 | 15,0 | 17,3 | 20,8 | 34,6 | 100,0 |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar ..... | 10,9 | 13,6 | 16,1 | 20,1 | 39,3 | 100,0 |

**Tafla 10. Dreifing heildartekna einhleyps lífeyrisþega og hjóna með fjármagnstekjum, 2001.**
% hlutfall

| | Tekju-lægstu | 2 | 3 | 4 | Tekju-hæstu | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Einhleypur** | | | | | | |
| Heildartekjur án fjármagnstekna ..... | 13,1 | 16,1 | 18,0 | 20,0 | 32,8 | 100,0 |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar ..... | 10,9 | 13,5 | 15,4 | 18,8 | 41,4 | 100,0 |
| **Hjón, bæði lífeyrisþegar** | | | | | | |
| Heildartekjur án fjármagnstekna ..... | 12,1 | 15,1 | 17,2 | 21,1 | 34,5 | 100,0 |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar ..... | 9,8 | 12,4 | 14,8 | 19,2 | 43,8 | 100,0 |

**Tafla 11. Dreifing heildartekna einhleyps lífeyrisþega og hjóna með fjármagnstekjum, 2004.**
% hlutfall

| | Tekju-lægstu | 2 | 3 | 4 | Tekju-hæstu | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Einhleypur** | | | | | | |
| Heildartekjur án fjármagnstekna ..... | 11,7 | 15,9 | 17,5 | 19,6 | 35,3 | 100,0 |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar ..... | 16,7 | 14,2 | 15,1 | 17,7 | 36,3 | 100,0 |

| | Tekju-lægstu | 2 | 3 | 4 | Tekju-hæstu | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hjón, bæði lífeyrisþegar** | | | | | | |
| Heildartekjur án fjármagnstekna ..... | 11,8 | 14,9 | 17,0 | 20,3 | 36,1 | 100,0 |
| Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar ..... | 17,9 | 14,7 | 16,0 | 18,7 | 32,7 | 100,0 |

**Tafla 12. Hækkun hámarksbóta einhleyps lífeyrisþega frá 1991.**
Verðlag hvers árs

| | Ellilífeyrir | Tekju-trygging | Eingr. | Heimilis-uppbót | Eingr. | Tekjutr.-auki | Eingr. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1991 | 11.943 | 21.973 | 1.376 | 7.469 | 468 | 5.137 | 322 | 48.688 |
| 1992 | 12.260 | 22.558 | 1.475 | 7.668 | 501 | 5.274 | 345 | 50.081 |
| 1993 | 12.329 | 22.684 | 2.533 | 7.711 | 861 | 5.304 | 592 | 52.014 |
| 1994 | 12.329 | 22.684 | 2.321 | 7.711 | 789 | 5.304 | 543 | 51.681 |
| 1995 | 12.822 | 23.592 | 2.021 | 8.019 | 687 | 5.517 | 473 | 53.131 |
| 1996 | 13.373 | 24.605 | 2.009 | 8.364 | 683 | 5.754 | 470 | 55.258 |
| 1997 | 14.243 | 26.206 | 1.104 | 11.050 | 528 | 6.129 | 258 | 59.518 |
| 1998 | 15.123 | 27.824 | 1.159 | 13.304 | 554 | 6.507 | 271 | 64.742 |
| 1999 | 16.554 | 28.937 | 1.206 | 13.836 | 577 | 6.767 | 282 | 68.159 |
| 2000 | 17.594 | 30.252 | 1.266 | 14.464 | 605 | 7.075 | 296 | 71.552 |
| 2001 | 18.424 | 31.679 | 1.320 | 15.147 | 631 | 10.736 | 586 | 78.523 |
| 2002 | 19.990 | 34.372 | 1.432 | 16.434 | 685 | 15.257 | 636 | 88.806 |
| 2003 | 20.630 | 38.500 | 1.604 | 16.960 | 707 | 18.000 | 750 | 97.151 |
| 2004 | 21.249 | 41.655 | 1.736 | 17.469 | 728 | 20.540 | 856 | 104.233 |

**Tafla 13. Hækkun hámarksbóta hjóna þar sem bæði eru lífeyrisþegar, frá 1991.**
Verðlag hvers árs

| | Ellilífeyrir | Tekju-trygging | Eingr. | Heimilis-uppbót | Eingr. | Tekjutr.-auki | Eingr. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1991 | 10.749 | 21.973 | 1.376 | 0 | 0 | 0 | 0 | 34.098 |
| 1992 | 11.034 | 22.558 | 1.475 | 0 | 0 | 0 | 0 | 35.067 |
| 1993 | 11.096 | 22.684 | 2.533 | 0 | 0 | 0 | 0 | 36.313 |
| 1994 | 11.096 | 22.684 | 2.321 | 0 | 0 | 0 | 0 | 36.101 |
| 1995 | 11.540 | 23.592 | 2.021 | 0 | 0 | 0 | 0 | 37.153 |
| 1996 | 12.036 | 24.605 | 2.009 | 0 | 0 | 0 | 0 | 38.650 |
| 1997 | 12.819 | 26.206 | 1.104 | 0 | 0 | 0 | 0 | 40.129 |
| 1998 | 13.611 | 27.824 | 1.159 | 0 | 0 | 0 | 0 | 42.594 |
| 1999 | 14.898 | 28.937 | 1.206 | 0 | 0 | 0 | 0 | 45.041 |
| 2000 | 15.835 | 30.252 | 1.266 | 0 | 0 | 0 | 0 | 47.353 |
| 2001 | 17.503 | 31.679 | 1.320 | 0 | 0 | 5.274 | 440 | 56.216 |
| 2002 | 19.990 | 34.372 | 1.432 | 0 | 0 | 11.445 | 477 | 67.716 |
| 2003 | 20.630 | 38.500 | 1.604 | 0 | 0 | 14.066 | 586 | 75.386 |
| 2004 | 21.249 | 41.655 | 1.736 | 0 | 0 | 16.488 | 687 | 81.815 |

**Tafla 14. Laun greiðslur og verðlag 1991 til 2004.**
Vísitölur 1991=100

| | | | | Hæstu mögulegar bætur | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Verðlag | Almenn launavísitala | Launavísitala á alm. markaði | Einhleypir | Hjón bæði lífeyrisþegar |
| 1991 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| 1992 | 103,7 | 103,0 | 102,6 | 102,9 | 102,8 |
| 1993 | 108,0 | 104,4 | 103,5 | 106,8 | 106,5 |
| 1994 | 109,6 | 105,6 | 104,4 | 106,1 | 105,9 |
| 1995 | 111,5 | 110,4 | 108,8 | 109,1 | 109,0 |
| 1996 | 114,0 | 117,4 | 114,6 | 113,5 | 113,3 |
| 1997 | 116,0 | 123,8 | 121,2 | 122,2 | 117,7 |
| 1998 | 118,0 | 135,4 | 129,8 | 133,0 | 124,9 |
| 1999 | 122,0 | 144,7 | 136,8 | 140,0 | 132,1 |
| 2000 | 128,1 | 154,3 | 144,6 | 147,0 | 138,9 |
| 2001 | 136,7 | 167,9 | 157,4 | 161,3 | 164,9 |
| 2002 | 142,9 | 179,5 | 168,6 | 182,4 | 198,6 |
| 2003 | 146,3 | 190,1 | 178,0 | 199,5 | 221,1 |
| 2004 | 151,0 | 199,0 | 186,4 | 214,1 | 239,9 |

## Fylgiskjal IV.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraða.

Með frumvarpinu eru gerðar ýmsar breytingar sem taka mið af samkomulagi stjórnvalda og Landsambands eldri borgara. Breytingarnar á lögunum hafa í flestum tilvikum áhrif á lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi er skerðingarhlutfall vegna annarra tekna lækkað úr 45% í 38,35%. Fyrsta skrefið í þessari breytingu verður tekið á árinu 2007 en þá fer skerðingarhlutfallið í 39,95% og verður svo lækkað í 38,35% á árinu 2008. Í öðru lagi eru áhrif lífeyrissjóðstekna maka til skerðingar afnumin en áður komu 50% af lífeyrissjóðstekjum makans til skerðingar á lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar. Í þriðja lagi er dregið úr áhrifum atvinnutekna maka til skerðingar en áður kom 50% af atvinnutekjum makans til skerðingar en nú 25%. Fyrsta skrefið við að draga úr áhrifum tekna maka verður stigið á árinu 2009 og að fullu árið 2010. Í þriðja lagi eru sett frítekjumörk á atvinnutekjur ellilífeyrisþega. Á árinu 2009 verður 200 þús. kr. frítekjumark á ári sem verður hækkað í 300 þús. kr. árið 2010. Í fjórða lagi eru gerðar breytingar sem fela í sér hækkun á lífeyrisgreiðslum ef viðkomandi frestar töku lífeyris. Getur þá viðkomandi fengið 0,5% hækkun fyrir hvern frestunarmánuð til 72 ára aldurs eða að hámarki 30% hækkun. Í fimmta lagi er felld á brott heimild í lögum til að verja fjármagni úr framkvæmdasjóði aldraða til reksturs stofnanaþjónustu við aldraða. Verður breytingin í tveimur áföngum árin 2007 og 2008. Í sjötta lagi felur frumvarpið í sér einföldun á lífeyriskerfi

Tryggingastofnunar þannig að bótaflokkum verði fækkað. Bótaflokkarnir tekjutrygging og tekjutryggingarauki verða sameinaðir í einn bótaflokk sem mun nefnast tekjutrygging.

Kostnaður við allar tillögur nefndarinnar er snúa að lífeyrismálum er áætlaður samtals um 7 milljarðar króna. Þar af er áætlað að um 3 milljarðar falli til í vegna breytinga í frumvarpinu. Annar kostnaður, um 4 milljarðar, fellur til vegna reglugerða um hækkun lífeyris til samræmis við samkomulag þar um. Kostnaðaraukning ríkissjóðs vegna breytinga í frumvarpinu á tímabilinu 2007 til 2010 er áætluð tæpar 3.200 m.kr. Fellur kostnaðaraukningin þannig að 1.630 m.kr. falla til á árinu 2007, 540 m.kr. á árinu 2008, 430 m.kr. á árinu 2009 og 540 m.kr. á árinu 2010. Kostnaðarmatið byggist á verðlagi ársins 2006.

## 354. Fyrirspurn [331. mál]

til menntamálaráðherra um hlutfall verknámsnemenda.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvert var meðalhlutfall nemenda á verknámsbrautum af heildarfjölda framhaldsskólanemenda árin 2000–2005 á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar?
2. Hvert var sama meðalhlutfall á fimm ára tímabili fyrir uppsetningu svonefndra móðurskóla verknámsgreina á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar?

## 355. Fyrirspurn [332. mál]

til samgönguráðherra um viðhald þjóðvega.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hverjar hafa fjárveitingar til viðhalds þjóðvega verið árin 2003–2006?
2. Hver er áætluð fjárþörf til viðhalds þjóðvega næstu fimm árin?
3. Hve mikið er áætlað að viðhaldsþörf aukist vegna aukinnar þungaumferðar? Verður tekið tillit til hennar við áætlun viðhaldskostnaðar næstu fimm árin?

## 356. Fyrirspurn [333. mál]

til umhverfisráðherra um skilgreiningu vega og utanvegaakstur.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra draga úr þeirri óvissu sem ríkir um skilgreiningu vega vegna banns við utanvegaakstri?

## 357. Fyrirspurn [334. mál]

til menntamálaráðherra um nám langveikra ungmenna o.fl.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir skipulögðu framhaldsskólanámi inni á sjúkra- og/eða endurhæfingarstofnunum fyrir langveik ungmenni eða ungmenni sem þurfa af öðrum ástæðum, t.d. vegna slysa, að dvelja langdvölum á sjúkrahúsum eða í endurhæfingu?

## 358. Fyrirspurn [335. mál]

til dómsmálaráðherra um afdrif hælisleitenda.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu margir hafa sótt um pólitískt hæli hérlendis árlega frá 2001 til miðs árs 2006 og hversu mörg börn yngri en 16 ára voru þar á meðal? Hver urðu afdrif umsóknanna og hversu mörgum var veitt hæli?
2. Hversu mörg börn hafa hælisleitendum fæðst hér á landi á umræddu tímabili? Hvaða breytingar verða á réttarstöðu hælisleitenda við að eignast barn hérlendis?

**Skriflegt svar óskast.**

## 359. Fyrirspurn [336. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu greiðslna til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp til samræmis við 2. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt (þskj. 286, 276. mál) þannig að umönnunarbætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna teljist ekki til tekna hjá móttakanda?

## 360. Fyrirspurn [337. mál]

til iðnaðarráðherra um opinber störf á landsbyggðinni.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað hurfu mörg opinber störf af landsbyggðinni á árunum 1995–2000 annars vegar og 2001–2005 hins vegar, skipt eftir gömlu kjördæmunum? Hve mörg opinber störf voru flutt til sömu svæða á sömu tímabilum?
2. Hvað hurfu mörg opinber störf frá a) Ísafirði, b) Akureyri og c) Egilsstöðum á sömu tímabilum og hve mörg opinber störf voru flutt þangað?

**Skriflegt svar óskast.**

## 361. Frumvarp til laga [338. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Kolbrún Halldórsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason.

1. gr.

3. málsl. ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 130. og 131. löggjafarþingi en varð í hvorugt skiptið útrætt. Það er því endurflutt óbreytt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að kaupendur almenningsvagna sitji við sama borð og kaupendur annarra hópferðabifreiða og njóti endurgreiðslu á ⅔ hlutum virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2006.

Með lögum nr. 57/2001 var bundin í lög heimild til að endurgreiða þeim sem hafa leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003. Með lögum nr. 72/2005 var heimildin framlengd til 31. desember 2006.

Niðurfelling virðisaukaskatts vegna kaupa á almenningsvögnum er hins vegar óheimil samkvæmt lögum nr. 50/1988 og hafa þeir sem reka almenningssamgöngur, en það eru einkum sveitarfélög og fyrirtæki þeirra, engrar endurgreiðslu notið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fyrirtæki sem reka almenningssamgöngur sitji við sama borð og þeir sem reka hópferðabifreiðar í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Jafngild rök liggja að baki nauðsynlegrar endurnýjunar á flota almenningsvagna og flota hópferðabifreiða. Stærsta fyrirtækið á þessu sviði er Strætó bs., sem er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustusvæði þess er dreifbýli á Kjalarnesi og í Mosfellsdal, þéttbýli í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi, Álftanesi og í Reykjanesbæ. Í ársbyrjun var þjónustusvæðið útvíkkað til Akraness í tilraunaskyni í tvö ár. Þá hafa Árborg, Hveragerði og Reykjanesbær lýst áhuga á samstarfi við Strætó bs. þannig að svipuð þjónusta verði veitt þessum sveitarfélögum og Akranesi.

Strætó bs. heldur nú úti akstri með 115–120 vögnum á þjónustusvæði sínu, þar af 50–55 á vegum verktaka. Í bílaflota Strætó bs. eru tveir metanknúnir vagnar og þrír vetnisvagnar sem komu til landsins 2003 en Strætó bs. var meðal fyrstu almenningsvagnafyrirtækja í heiminum til að taka slíka vagna í notkun. Frá stofnun byggðasamlagsins 1. júlí 2001 hefur fyrirtækið keypt 45 nýja vagna og nemur álagður virðisaukaskattur vegna þeirra kaupa 161,6 millj. króna. ⅔ hlutar fjárhæðarinnar, þ.e. það sem endurgreiðslan tæki til, nemur því 107,3 millj. kr. Stærsti undirverktaki Strætó bs., Hagvagnar hf., hefur frá sama tíma keypt 21 strætisvagn til aksturs á áðurgreindu þjónustusvæði og nemur álagður virðisaukaskattur vegna þeirra kaupa u.þ.b. 64 millj. kr. og reiknuð endurgreiðsla ef jafnræði væri með almenningssamgöngum og öðrum hópferðum, tæplega 43 millj. kr.

Utan höfuðborgarsvæðisins er haldið uppi reglubundnum almenningssamgöngum á Akureyri, Ísafirði, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ og innan Akraness. Ætla má að endurgreiðsla ⅔ hluta virðisaukaskatts vegna kaupa á almenningsvögnum til allra þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir gæti numið um 170 millj. kr. vegna tímabilsins 1. september 2000 til 31. desember 2006.

Loftmengun, svifrik og sót af völdum samgangna er helsta umhverfisvandamálið á höfuðborgarsvæðinu enda byggjast samgöngur nær allar á notkun innflutts jarðefnaeldsneytis. Jafnframt því að styðja við þróun vistvænna orkugjafa í samgöngum er nauðsynlegt að auka hlut almenningssamgangna stórlega til að draga úr loftmengun. Fyrsta skrefið er að tryggja að almenningssamgöngur sitji a.m.k. við sama borð og hópferðaakstur við innkaup á nýjum farartækjum til fólksflutninga. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.

## 362. Frumvarp til laga [339. mál]

um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Björn Ingi Hrafnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson,
Guðjón Ólafur Jónsson, Sæunn Stefánsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. falla brott.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Telji prestur, forstöðumaður trúfélags eða Þjóðskrá að eiginnafn eða millinafn gangi gegn lögum þessum skal vísa málinu til dómsmálaráðherra, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

2. gr.

Í stað orðsins „mannanafnanefndar“ í 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: dómsmálaráðherra.

3. gr.

5. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Það er skilyrði nafnbreytingar að hin nýju nöfn séu samþykkt af dómsmálaráðherra, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

4. gr.

Orðin „að höfðu samráði við mannanafnanefnd“ í 20. gr. laganna falla brott.

5. gr.

VIII. kafli laganna, **Mannanafnanefnd**, fellur brott.

6. gr.

Við 27. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skal vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Þjóðskrá og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn samkvæmt lögum þessum.

Dómsmálaráðherra skal skera úr öðrum álita- og ágreiningmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Dómsmálaráðherra kveður upp úrskurði í þeim málum sem til hans er vísað skv. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr. Úrskurðir skulu kveðnir upp svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan fjögurra vikna frá því að mál berst til ráðuneytisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nafn manna hefur löngum verið talið einn mikilvægasti þáttur sjálfsmyndar þeirra og margir hafa litið svo á að það varðaði fremur einkahagi fólks og persónurétt þess en hagsmuni alls almennings. Enn á við það sjónarmið dómsmálaráðherra, sem kom fram við setningu mannanafnalaga á sínum tíma, að þótt brýnt sé að sjálfsögðu að unnið sé að varðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra nafnasiða sé yfirleitt farsælla að vinna að því markmiði með fræðslu og upplýsingu en með beinu lagaboði.

Þetta frumvarp er samið með það í huga að réttur foreldra til að ráða nafni barns síns sé mikill og óumdeildur, en veikari stoðir standi undir beinum afskiptum ríkisins eða löggjafans af slíkum ákvörðunum. Þá er þess og að geta að núgildandi lög hafa sætt mikilli gagnrýni, einkum hvað varðar mannanafnanefnd og úrskurði hennar. Þess eru jafnvel dæmi að nöfnum hafi verið hafnað, enda þótt þau eigi sér langa sögu í íslensku samfélagi og tungu og hafi jafnvel tíðkast innan sömu fjölskyldu í margar kynslóðir. Hefur þetta orðið tilefni mikilla sáraukinda og deilna, svo sem ítarlega hefur verið greint frá á opinberum vettvangi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að mannanafnanefnd verði lögð niður og öll ákvæði um hana felld brott úr lögum um mannanöfn, nr. 45/1996. Lögboðið hlutverk mannanafnanefndar verði flutt til dómsmálaráðherra sem fer með mál er varða mannanöfn, sbr. 27. gr. laganna, og það verði hlutverk hans að skera úr álitamálum sem upp kunna að koma í sambandi við

nafngiftir, nafnritun o.fl. Jafnframt verði mannanafnaskrá sem mannanafnanefnd hefur samið og gefið út lögð niður.

Markmið frumvarpsins er að undirstrika þá meginreglu varðandi nöfn og nafngiftir fólks að almennt skuli gert ráð fyrir að nöfn séu leyfð og aðeins sérstakar aðstæður í undantekningartilfellum geti orðið til þess að ríkisvaldið komi í veg fyrir slíkt. Slíkar aðstæður geti t.d. verið hreinar nafnleysur eða að ljóst sé að nafn geti orðið nafnbera til ama, sbr. ákvæði núgildandi laga.

Helstu verkefni mannanafnanefndar sem nú starfar, eru þessi:

1. Að semja skrá um eiginnöfn og millinöfn sem teljast heimil skv. 5. og 6. gr. laga um mannanöfn og er hún nefnd mannanafnaskrá.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Þjóðskrá, dómsmálaráðherra og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.
3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Úrskurðum mannanafnanefndar er ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds.

Með því að mannanafnanefnd verði lögð niður hættir hið opinbera að gefa út samræmda skrá um þau nöfn sem unnt er að gefa einstaklingum hér á landi. Áfram verði í gildi meginreglur um fullt nafn, eiginnöfn, millinöfn, kenninöfn og nafngjöf, svo og reglur um nafnrétt manna af erlendum uppruna, nafnbreytingar og skráningu og notkun nafns.

## 363. Tillaga til þingsályktunar [340. mál]

um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis.

Flm.: Jón Bjarnason, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að kanna orsakir mikils útflutnings á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis og mögulegar leiðir til að draga úr honum og auka í staðinn fullvinnslu innan lands. Ráðherra birti Alþingi niðurstöður sínar og tillögur eins fljótt og unnt er.

### Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 132. löggjafarþingi og er nú lögð fram lítið breytt en fylgiskjöl hafa verið uppfærð. Flestar umsagnir sem borist hafa um tillöguna hafa verið jákvæðar.

Útflutningur á óunnum fiski í gámum á fiskmarkaði erlendis jókst frá árinu 2002 úr rúmlega 21 þús. tonnum í rúm 47 þús. tonn árið 2005 og nam á fyrstu sex mánuðum þessa árs tæpum 27 þús. tonnum. Útflutningur þessi hefur verulega neikvæð áhrif á þjóðarbúið enda ljóst að unnt væri að auka útflutningsverðmæti þessa afla umtalsvert ef hann væri unninn hér á landi. Hráefnisskortur er viðvarandi vandamál í íslenskri fiskvinnslu, ekki síst hjá þeim fyrirtækjum sem reka fiskvinnslu án útgerðar og treysta því algjörlega á nægt framboð af fiski á íslenskum fiskmörkuðum. Þegar fiskur er fluttur óunninn á fiskmarkaði erlendis hafa íslenskir fiskverkendur enga möguleika til að bjóða í hann. Segja má að jafnræði íslenskra fiskkaupenda gagnvart erlendum fiskkaupendum, sem og samkeppnisstaða þeirra, sé skert að þessu leyti. Þegar útflutningur á óunnum fiski er orðinn eins mikill og raun ber vitni hefur

hann mjög neikvæð áhrif á möguleika fiskvinnslufyrirtækja til viðgangs og vaxtar. Þetta er sérstaklega bagalegt í því ljósi að virðisauki í vinnslu sjávarafurða hefur verið með mesta móti hjá þeim fyrirtækjum sem stunda fiskvinnslu án útgerðar auk þess sem þessi fyrirtæki hafa í mörgum tilvikum verið í fararbroddi við að vinna nýja markaði fyrir hágæða íslenskan fisk í hæsta verðflokki.

Spyrja má hvað valdi því að óunninn fiskur sé fluttur úr landi í þessum mæli. Margir hafa haldið því fram að orsakanna megi leita í ólíkum vigtunarreglum og svokallaðri yfirvigt sem tíðkast á erlendum fiskmörkuðum. Að minnsta kosti virðist ekki eingöngu unnt að skýra hinn mikla útflutning með vísan til þess að hærra verð fáist fyrir fiskinn á erlendum mörkuðum enda hefur fiskverð verið mjög hátt á fiskmörkuðum hérlendis undanfarin ár. Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ráðherra kanni hvaða undirliggjandi ástæður og orsakir séu fyrir þessum mikla útflutningi og komi með tillögur til úrbóta.

Í sjávarútvegsstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er komið inn á þetta, m.a. með eftirfarandi hætti: „Auk þess sem hér er talið upp má nefna að skoða þarf sérstaklega aðstöðumun landvinnslu og sjóvinnslu með það fyrir augum að finna leiðir til að jafna þann mun, auka alhliða menntun á sviði sjósóknar og fiskvinnslu og stuðla að fullvinnslu alls sjávarfangs. Þá þarf að tryggja nýliðun í greininni og huga sérstaklega að þjálfun verðandi sjómanna. Einnig ber að setja reglur um að allur afli, sem ekki fer beint til vinnslu hjá sama aðila og veiðarnar stundar, skuli fara á markað til að auðvelda aðgang innlendrar fiskvinnslu að öllu því hráefni."

Íslenskur fiskmarkaður hefur verið í mikilli framþróun á síðustu árum. Með upptöku fullkomins uppboðskerfis er nú unnt að stunda viðskipti á honum með hjálp netsins, hvar sem er í heiminum. Þannig standa kaupendur erlendis jafnfætis öðrum þegar uppboð fara fram. Er það álit flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að eðlilegast væri að allur sá fiskur sem nú er fluttur á erlenda fiskmarkaði færi þess í stað á íslenskan fiskmarkað enda væru möguleikar erlendra fiskkaupenda til að bjóða í og kaupa íslenskan fisk og flytja hann út óunninn til vinnslu eða sölu ekki skertir. Hins vegar hefðu íslenskir fiskkaupendur þá alltaf möguleika á að bjóða í fiskinn í samkeppni við aðra.

Ótvírætt er að það þjónar hagsmunum Íslendinga að sem mest af þeim fiski sem veiddur er hér við land sé jafnframt unninn hér á landi. Alþingi og stjórnvöldum ber að haga lögum og reglum þannig að jafnræði og samkeppnisstaða íslenskra fiskverkenda sé trygg til að svo geti orðið.

## Fylgiskjal I.

*Hagstofa Íslands:*

### Verðmæti sjávarafla janúar–júní 2006.

(www.hagstofa.is.)

**Aflaverðmæti 40 milljarðar króna.**

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 40 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins 2006 samanborið við 37,3 milljarða á sama tímabili 2005. Aflaverðmæti hefur aukist um 2,7 milljarða eða 7,3%. Aflaverðmæti júnímánaðar nam 6,3 milljörðum en í júní í fyrra var verðmæti afla 5,4 milljarðar.

Aflaverðmæti botnfisks var í lok júní orðið 30,1 milljarðar miðað við 25,5 á sama tíma árið 2005 og er því um 18% aukningu að ræða. Verðmæti þorskafla var 14,6 milljarðar og

jókst um 3,1%. Aflaverðmæti ýsu nam 5,7 milljörðum sem er 20,2% aukning og ufsaaflinn jókst að verðmætum um 63,7%, var 1,9 milljarðar. Verðmæti flatfiskafla jókst um 4,7% milli ára, nam 3 milljörðum. Aflaverðmæti kolmunna í júnílok var orðið 3,1 milljarðar samanborið við tæpa 1,3 milljarða í fyrra.

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu var 16,1 milljarðar króna sem er samdráttur um 4,2% milli ára, en verðmæti afla sem keyptur er á markaði til vinnslu innan lands jókst um 22,7%, var 6,4 milljarðar. Aflaverðmæti sjófrystingar var 12,4 milljarðar og jókst um 13,9% frá fyrra ári. Verðmæti afla sem fluttur er út óunninn nam 4,1 milljörðum sem er 15,6% aukning.[1]

**Verðmæti afla janúar–júní 2006**

| Millj. kr. | Júní | | Janúar–júní | | Breytingar frá fyrra ári í % |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 | Jan.–júní |
| **Verðmæti alls** | **5.453,5** | **6.315,3** | **37.315,4** | **40.029,8** | **7,3** |
| **Botnfiskur** | **2.826,8** | **4.225,4** | **25.542,1** | **30.146,8** | **18,0** |
| Þorskur | 1.400,8 | 1.323,9 | 14.190,9 | 14.626,7 | 3,1 |
| Ýsa | 389,4 | 757,6 | 4.700,7 | 5.650,8 | 20,2 |
| Ufsi | 140,9 | 308,3 | 1.164,5 | 1.906,3 | 63,7 |
| Karfi | 278,0 | 358,8 | 3.000,3 | 3.765,7 | 25,5 |
| Úthafskarfi | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - |
| Annar botnfiskur | 617,7 | 1.476,8 | 2.485,6 | 4.197,3 | 68,9 |
| **Flatfiskur** | **853,9** | **527,1** | **2.877,5** | **3.011,5** | **4,7** |
| **Uppsjávarafli** | **1.512,6** | **1.323,4** | **8.007,4** | **6.171,3** | **-22,9** |
| Síld | 1.038,1 | 387,5 | 1.550,3 | 516,4 | -66,7 |
| Loðna | 0,5 | 0,0 | 4.746,8 | 2.155,3 | -54,6 |
| Kolmunni | 474,0 | 935,9 | 1.260,9 | 3.142,1 | 149,2 |
| Annar uppsjávarafli | 0,0 | 0,0 | 449,4 | 357,5 | -20,5 |
| **Skel- og krabbadýraafli** | **260,0** | **239,5** | **886,5** | **697,7** | **-21,3** |
| Rækja | 108,8 | 55,6 | 395,5 | 257,3 | -34,9 |
| Annar skel- og krabbadýraafli | 151,2 | 183,9 | 491,0 | 440,4 | -10,3 |
| **Annar afli** | **0,2** | **0,0** | **2,0** | **2,5** | **24,3** |

[1] Þessar upplýsingar byggjast á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem Fiskistofa safnar frá fiskkaupendum. Fyrir árið 2006 er stuðst við bráðabirgðatölur en endanlegar tölur liggja að baki talna fyrir árið 2005. Athuganir benda til þess að endanlegar tölur séu að hámarki 1–2% hærri en bráðabirgðatölur þegar á heildina er litið en fyrir örfáar fisktegundir getur munurinn þó orðið meiri.

**Verðmæti afla eftir tegund löndunar janúar–júní 2006**

| Millj. kr. | Júní | | Janúar–júní | | Breytingar frá fyrra ári í % |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 | Jan.–júní |
| **Verðmæti alls** | **5.453,5** | **6.315,3** | **37.315,4** | **40.029,8** | **7,3** |
| Til vinnslu innanlands | 2.095,4 | 2.419,0 | 16.788,5 | 16.078,5 | -4,2 |
| Í gáma til útflutnings | 494,0 | 665,1 | 3.560,8 | 4.114,9 | 15,6 |
| Landað erlendis í bræðslu | 2,0 | 54,7 | 45,8 | 121,2 | 164,7 |
| Sjófryst | 2.127,0 | 2.085,7 | 10.907,7 | 12.426,4 | 13,9 |
| Á markað til vinnslu innanlands | 631,3 | 980,7 | 5.232,8 | 6.420,1 | 22,7 |
| Á markað, í gáma til útflutnings | 91,2 | 88,3 | 576,7 | 693,4 | 20,2 |
| Sjófryst til endurvinnslu innanlands | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - |
| Selt úr skipi erlendis | 0,0 | 0,0 | 54,6 | 25,6 | -53,2 |
| Fiskeldi | 2,9 | 0,2 | 20,8 | 8,4 | -59,7 |
| Aðrar löndunartegundir | 9,9 | 21,6 | 127,8 | 141,4 | 10,7 |

**Verðmæti afla eftir staðsetningu verkunarstaðar janúar–júní 2006**

| Millj. kr. | Júní | | Janúar–júní | | Breytingar frá fyrra ári í % |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 | Jan.–júní |
| **Verðmæti alls** | **5.453,5** | **6.315,3** | **37.315,4** | **40.029,8** | **7,3** |
| Höfuðborgarsvæði | 876,7 | 1.353,2 | 6.255,7 | 7.873,2 | 25,9 |
| Suðurnes | 698,0 | 922,6 | 6.723,3 | 7.020,1 | 4,4 |
| Vesturland | 178,1 | 145,9 | 1.490,2 | 1.847,4 | 24,0 |
| Vestfirðir | 290,3 | 291,2 | 1.988,2 | 2.125,2 | 6,9 |
| Norðurland vestra | 431,4 | 430,6 | 2.610,5 | 2.939,8 | 12,6 |
| Norðurland eystra | 1.184,9 | 859,6 | 5.811,1 | 4.903,7 | -15,6 |
| Austurland | 715,6 | 1.072,7 | 4.697,6 | 5.035,4 | 7,2 |
| Suðurland | 616,9 | 532,1 | 4.192,0 | 4.136,5 | -1,3 |
| Útlönd | 461,8 | 707,4 | 3.546,7 | 4.148,5 | 17,0 |

## Fylgiskjal II.

*Hagstofa Íslands:*

**Afli af Íslandsmiðum eftir tegund löndunar og fisktegundum.**
(Heimild: Vigtarskýrslur.)

| | Í gáma til útflutnings | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tonn** | **2001** | **2002** | **2003** | **2004** | **2005** | **2006[1]** |
| **Heildarafli** | **28.943** | **21.114** | **27.832** | **43.430** | **47.594** | **26.765** |
| **Botnfiskafli** | **26.884** | **19.084** | **24.919** | **39.900** | **44.383** | **24.561** |
| Þorskur | 8.239 | 3.485 | 4.944 | 7.498 | 6.998 | 4.675 |
| Ýsa | 6.722 | 3.447 | 8.208 | 16.410 | 17.951 | 10.194 |
| Ufsi | 270 | 117 | 219 | 1.399 | 885 | 518 |
| Karfi | 6.561 | 9.031 | 8.085 | 9.532 | 12.564 | 7.064 |
| Úthafskarfi | 1.751 | 53 | 417 | 83 | 173 | 0 |
| Steinbítur | 1.763 | 1.355 | 1.521 | 2.649 | 3.254 | 1.234 |

| | Í gáma til útflutnings | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tonn** | **2001** | **2002** | **2003** | **2004** | **2005** | **2006[1]** |
| Hlýri | 92 | 32 | 63 | 309 | 325 | 48 |
| Langa | 138 | 142 | 176 | 268 | 357 | 177 |
| Blálanga | 158 | 217 | 125 | 284 | 358 | 119 |
| Keila | 28 | 17 | 26 | 33 | 65 | 11 |
| Langhali | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 |
| Tindaskata | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 |
| Skötuselur | 266 | 173 | 474 | 719 | 956 | 238 |
| Skata | 3 | 3 | 2 | 12 | 25 | 12 |
| Lýsa | 735 | 732 | 442 | 526 | 384 | 226 |
| Gulllax | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| Háfur | 121 | 253 | 192 | 132 | 58 | 15 |
| Hákarl | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Annar botnfiskur | 38 | 26 | 22 | 45 | 30 | 28 |
| **Flatfiskafli** | **2.046** | **2.030** | **2.912** | **3.530** | **3.211** | **2.204** |
| Lúða | 113 | 108 | 120 | 104 | 113 | 54 |
| Grálúða | 74 | 283 | 1.121 | 1.176 | 716 | 367 |
| Skarkoli | 1.290 | 1.224 | 1.313 | 1.536 | 1.407 | 1.222 |
| Þykkvalúra | 497 | 324 | 319 | 678 | 930 | 541 |
| Langlúra | 9 | 7 | 4 | 18 | 26 | 10 |
| Stórkjafta | 18 | 5 | 9 | 12 | 15 | 7 |
| Sandkoli | 42 | 78 | 23 | 5 | 2 | 1 |
| Skrápflúra | 1 | 0 | 2 | 1 | 2 | 0 |
| Annar flatfiskur | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| **Uppsjávarafli** | **13** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| **Skel- og krabbadýraafli** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| **Annar afli** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |

[1]Tölur fyrir árið 2006 eru fyrir sex fyrstu mánuði ársins.

## Fylgiskjal III.

*Hagstofa Íslands:*

**Verðmæti afla af Íslandsmiðum eftir tegund löndunar og fisktegundum.**
(Heimild: Vigtarskýrslur.)

| | Í gáma til útflutnings | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þús. kr.** | **2001** | **2002** | **2003** | **2004** | **2005** | **2006[1]** |
| **Heildarafli** | **5.084.623** | **3.608.606** | **4.127.199** | **6.378.577** | **6.611.759** | **4.114.863** |
| **Botnfiskafli** | **4.535.516** | **3.070.503** | **3.409.401** | **5.429.284** | **5.843.990** | **3.586.738** |
| Þorskur | 1.654.686 | 680.446 | 929.170 | 1.395.707 | 1.248.573 | 940.713 |
| Ýsa | 1.206.168 | 566.385 | 967.832 | 2.024.559 | 2.200.103 | 1.419.644 |
| Ufsi | 21.042 | 8.755 | 13.399 | 89.460 | 69.417 | **36.407** |
| Karfi | 991.865 | 1.385.263 | 1.011.941 | 1.251.233 | 1.511.086 | 916.464 |
| Úthafskarfi | 186.257 | 6.879 | 44.184 | 9.242 | 17.290 | **0** |
| Steinbítur | 245.585 | 221.732 | 215.532 | 337.167 | 403.955 | 141.323 |

| | Í gáma til útflutnings | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þús. kr. | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006[1] |
| Hlýri | 16.767 | 5.621 | 11.152 | 46.339 | 40.446 | 6.176 |
| Langa | 14.422 | 15.428 | 14.704 | 20.653 | 25.937 | 16.726 |
| Blálanga | 17.804 | 21.274 | 11.539 | 26.539 | 31.258 | 11.269 |
| Keila | 2.081 | 1.241 | 1.505 | 2.128 | 3.227 | 743 |
| Langhali | 0 | 2 | 88 | 0 | 0 | 0 |
| Tindaskata | 0 | 9 | 57 | 0 | 0 | 0 |
| Skötuselur | 92.126 | 55.446 | 126.219 | 164.014 | 249.312 | 70.863 |
| Skata | 415 | 246 | 244 | 1.857 | 4.130 | 2.093 |
| Lýsa | 65.978 | 53.704 | 30.606 | 36.790 | 28.643 | 18.734 |
| Gulllax | 0 | 0 | 0 | 0 | 91 | 0 |
| Háfur | 16.311 | 44.993 | 29.399 | 17.872 | 7.351 | 2.567 |
| Hákarl | 1 | 8 | 0 | 0 | 4 | 0 |
| Annar botnfiskur | 4.010 | 3.073 | 1.828 | 5.726 | 3.168 | 3.016 |
| **Flatfiskafli** | **547.686** | **538.103** | **717.798** | **949.293** | **767.758** | 528.124 |
| Lúða | 65.811 | 58.084 | 58.938 | 59.446 | 57.626 | 31.157 |
| Grálúða | 16.916 | 69.596 | 275.149 | 338.431 | 193.967 | 109.919 |
| Skarkoli | 306.295 | 296.404 | 276.203 | 361.285 | 295.421 | 247.700 |
| Þykkvalúra | 154.285 | 107.075 | 104.835 | 186.290 | 216.005 | 137.343 |
| Langlúra | 465 | 543 | 436 | 2.023 | 2.727 | 1.264 |
| Stórkjafta | 1.412 | 677 | 701 | 1.300 | 1.402 | 583 |
| Sandkoli | 2.276 | 5.698 | 1.390 | 255 | 78 | 114 |
| Skrápflúra | 30 | 0 | 105 | 73 | 475 | 8 |
| Annar flatfiskur | 194 | 27 | 41 | 191 | 58 | 37 |
| **Uppsjávarafli** | **1.421** | **0** | **0** | **0** | **11** | **0** |
| **Skel- og krabbadýraafli** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| **Annar afli** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |

[1]Tölur fyrir árið 2006 eru fyrir sex fyrstu mánuði ársins.

Með tillögunni var einnig fylgiskjal IV, Útflutningur á óunnum fiski hefur aukist mikið. (Morgunblaðið 11. október, 2005.)

## 364. Tillaga til þingsályktunar [341. mál]

um átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmi.

Flm.: Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að hefja skuli stórátak til uppbyggingar á grunnstoðum sjálfbærrar ferðaþjónustu í Norðvesturkjördæmi og verja til þess umtalsverðu fjármagni ár hvert næstu fimm árin. Samgönguráðherra skipi fimm manna faghóp sem beri ábyrgð á framgangi átaksins og úthlutunum styrkja til verkefna undir merkjum þess. Skal einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), einn af Fjórðungssambandi Vestfjarða (FSV), einn af Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), einn af ferðamálabraut Hólaskóla og einn skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 132. löggjafarþingi og er nú lögð fram að nýju. Flestar umsagnir sem borist hafa um tillöguna hafa verið jákvæðar. Ferðaþjónustan er sá atvinnuvegur landsmanna sem nú vex hvað hraðast og skilar mestri aukningu gjaldeyristekna til þjóðarbúsins ár hvert. Á undanförnum árum hefur erlendum ferðamönnum fjölgað umtalsvert. Á næstu árum er búist við að fjöldi þeirra margfaldist.

Enginn vafi leikur á því að ef ferðaþjónustan á að geta brugðist við svo mikilli fjölgun erlendra gesta á svo skömmum tíma verður að dreifa ferðamannastraumnum um landið í mun meiri mæli en nú gerist. Það kallar á víðtæka uppbyggingu, aukna afþreyingarmöguleika og öflugra markaðsstarf í öðrum landshlutum en þeim sem hingað til hafa státað af fjölsóttustu áfangastöðum ferðamanna. Þau landsvæði sem eru til umfjöllunar í þessari tillögu hafa samanlagt einungis litla markaðshlutdeild þegar litið er til heildarfjölda skráðra gistinátta á umliðnum árum og aðeins lítið brot ef litið er til erlendra ferðamanna eingöngu. Það gefur því augaleið að álagið á byggðir Norðvesturkjördæmis er lítið í þessu tilliti og mælir það mjög með því að ráðist verði í aðgerðir svo að þessi hluti landsins geti með góðu móti tekið við umtalsverðum hluta ferðamannastraumsins á komandi árum.

Skagafjörður, Húnavatnssýslur, Vestfirðir allir suður um Breiðafjörð, Dalir, Snæfellsnes og Borgarfjörður hafa upp á mikla möguleika að bjóða í þjónustu við ferðamenn. Margir þeirra hafa lítið sem ekkert verið nýttir þótt annars staðar sé uppbyggingin lengra á veg komin. Svæðið státar af fjölbreyttri náttúru og lífríki sem laðar nú þegar til sín ferðafólk í vaxandi mæli. Jafnframt er þar að finna fjölmarga merka sögustaði og menningarlandslag sem ekki á sína líka í öðrum landshlutum. Til þess að þessar auðlindir geti nýst svæðinu sem best á sjálfbæran hátt er nauðsynlegt að gera samræmda úttekt á möguleikunum. Skilgreina þarf gildi og aðdráttarafl einstakra sögustaða eða náttúruvætta og þolmörk þeirra til að taka á móti gestum, búa þá staði út og markaðssetja á samræmdan, fyrir fram ákveðinn hátt. Lenging ferðamannatímans er sérstakt átaksverkefni á þessu svæði.

Mikil vinna hefur þegar verið unnin af samtökum og einstaklingum á svæðinu þannig að hægt er að ráðast í aðgerðir þegar á næsta ári ef ákvörðun er tekin um það. Ferðaþjónusta á dreifbýlum svæðum eins og Norðvesturlandi byggist á mörgum en smáum einingum, oft hlutastörfum eða sem árstíðabundin viðfangsefni. Ekki er því hægt að ætlast til að einstaklingar eða lítil fyrirtæki geti lagt fram fjármagn til slíks grunnstarfs sem er þó forsenda fyrir heildina til að byggja upp atvinnuveginn. Má minna á að grónir atvinnuvegir eins og sjávarútvegur og landbúnaður búa að gríðarlegum höfuðstól í markaðsstarfi, vöruþróun, rannsóknum og annarri stoðþjónustu sem samfélagið í heild hefur byggt upp með þessum atvinnugreinum. Sama má segja um ýmsar iðngreinar, svo sem stóriðju, þar sem miklir fjármunir hafa verið lagðir til af hálfu hins opinbera og fyrirtækja í eigu þess til að byggja upp þann atvinnuveg.

Ýmsir hlutar Norðvesturkjördæmis standa höllum fæti í hinum hefðbundnu atvinnugreinum og er ekki séð að þangað verði sótt veruleg aukning tækifæra. Hins vegar er ljóst að ferðaþjónustan á mikla ónýtta möguleika á svæðinu. Efling hennar er því nærtækasta úrræðið til að auka staðbundna fjölbreytni í atvinnulífi sem og svæðisins í heild. Í þessu sambandi má vitna til skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, *Flug og ferðaþjónusta á Íslandi: Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækkun gjalda á Keflavíkurflugvelli*, en þar segir: „Ferðaþjónustan skapar aukna fjölbreytni í bæði afþreyingu og atvinnulífi fyrir þjóðina sjálfa, sér í lagi á landsbyggðinni. ... Um leið og ferðamönnum fjölgar skapast aukið svigrúm að þessu leyti og verslunar- og þjónustufyrirtæki spretta upp sem þjóna heimamönnum en ættu samt ekki tilverugrundvöll ef ferðamenn væru ekki til staðar. Þessi áhrif ferðamennsk-


unnar hafa byggst upp á undanförnum árum og eru mjög auðsjáanleg um leið og komið er út fyrir Reykjavík, með veitingastöðum, kaffihúsum, söfnum og ýmsum afþreyingarfyrirtækjum sem hafa auðgað mannlífið með ýmsum hætti jafnframt því að skapa fjölbreytni í atvinnulífi. Ferðaþjónustan er í þessu tilliti mjög mikilvæg fyrir landsbyggðina vegna þess að hún byggir á notkun staðbundinna aðfanga sem ekki er hægt að flytja úr stað, svo sem náttúrufegurð. Búseta á landsbyggðinni var upphaflega grundvölluð á einhverju hagræði í nýtingu staðbundinna framleiðsluhátta.“

Vægi þessara staðbundnu framleiðsluhátta, svo sem fengsælla fiskimiða og blómlegra landbúnaðarhéraða, hefur minnkað allmikið í seinni tíð samfara aukinni vélvæðingu og bættum samgöngum. Framtíð margra þéttbýliskjarna sem byggðust upp í kringum landbúnað og sjávarútveg á sínum tíma veltur á því að þeir nái að nýta og varðveita sérstöðu af einhverju tagi. Um þetta segir í fyrrnefndri skýrslu: „Lausnirnar hljóta að felast í því að styrkja hlutfallsyfirburði viðkomandi staða með aðgerðum sem hvorki fela í sér nauðung eða óhagkvæmni. Þetta er hægt að gera með því að auðvelda stöðunum að færa sér í nyt staðbundna framleiðsluþætti og styðja við sérhæfingu. Ferðaþjónusta er eitt það fyrsta sem kemur upp í hugann en náttúrufegurð, sögulegar minjar og svo framvegis verður að telja til mjög mikilvægra staðbundinna gæða sem geta staðið undir byggð víða um landið. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr mun hefðbundin vinnsla og atvinnulíf í tengslum við landbúnað og sjávarútveg ekki nægja ein og sér til þess að fólki fjölgi aftur á landsbyggðinni.“

Það er niðurstaða skýrsluhöfunda að það gæti verið „verjandi fyrir hagkvæmnissakir að stjórnvöld niðurgreiddu ferðamannastraum til landsins utan háannar þegar fjárfestingar í greininni eru vannýttar. Og þá einkum til að beina ferðamannastraumnum frá Reykjavík til landsbyggðarinnar. Ef það heppnaðist væri jafnað álagið á innviðum landsins og búsetuskilyrði á landsbyggðinni bætt með hagkvæmum hætti.“

Til þess að svo megi verða þarf að styrkja grunnstoðirnar og markaðsstarfið sem rakið hefur verið hér að framan. Þessari tillögu er ætlað að taka á því máli af alvöru.

**Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til Íslands 1971–2004.**




Heimild: Útlendingaeftirlitið og Kynnisferðir hf.

**Tafla 1. Markaðshlutdeild einstakra landshluta í gistinóttum á Íslandi 2003.**

| Landshluti | Íslendingar | Útlendingar | Alls |
|---|---|---|---|
| Höfuðborg | 22,6% | 59,7% | 51,6% |
| Suðurnes | 4,4% | 2,6% | 3,0% |
| Vesturland | 9,7% | 4,5% | 5,7% |
| Vestfirðir | 6,5% | 1,1% | 2,3% |
| Norðurland vestra | 4,3% | 1,8% | 2,4% |
| Norðurland eystra | 18,3% | 10,1% | 11,9% |
| Austurland | 10,7% | 8,1% | 8,7% |
| Suðurland | 23,4% | 12,0% | 14,5% |

**Tafla 2. Hlutfall útlendinga af gistinóttum 1998–2003.**

| Landshluti | 1998 | 2003 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Landið | 71,90% | 78,20% | 6,30% |
| Höfuðborg | 83,40% | 90,40% | 7,00% |
| Suðurnes | 70,40% | 67,90% | –2,50% |
| Vesturland | 57,00% | 62,60% | 5,60% |
| Vestfirðir | 26,40% | 37,40% | 11,00% |
| Norðurland vestra | 53,30% | 60,50% | 7,10% |
| Norðurland eystra | 61,80% | 66,40% | 4,60% |
| Austurland | 61,20% | 73,10% | 12,00% |
| Suðurland | 57,60% | 64,80% | 7,10% |

**Tafla 3. Tekjur af erlendum ferðamönnum 1985–2003 í millj. kr.**

| Ár | Tekjur alls | Neysla innan lands | Fargjalda-tekjur |
|---|---|---|---|
| 1985 | 3.101 | | |
| 1986 | 4.122 | | |
| 1987 | 5.379 | | |
| 1988 | 7.370 | | |
| 1989 | 9.373 | | |
| 1990 | 13.572 | 8.806 | 4.766 |
| 1991 | 14.157 | 8.684 | 5.473 |
| 1992 | 13.362 | 8.124 | 5.238 |
| 1993 | 15.747 | 9.764 | 5.983 |
| 1994 | 17.804 | 10.595 | 7.209 |
| 1995 | 19.915 | 12.004 | 7.911 |
| 1996 | 20.755 | 11.722 | 9.033 |
| 1997 | 22.006 | 12.021 | 9.985 |
| 1998 | 26.336 | 14.633 | 11.703 |
| 1999 | 27.498 | 16.070 | 11.428 |
| 2000 | 30.459 | 17.967 | 12.492 |
| 2001 | 37.720 | 22.881 | 14.839 |
| 2002 | 37.137 | 22.835 | 14.302 |
| 2003 | 37.305 | 24.531 | 12.774 |
| 2004 | 39.335 | 26.079 | 13.256 |
| 2005 | 39.760 | 25.752 | 14.008 |

Heimild: Samtök ferðaþjónustunnar.

**Tafla 4. Erlendir gestir um Leifsstöð til ársins 2015.**
(Framreikningar miðaðir út frá 3%, 6% og 9% árlegri aukningu að jafnaði.)

| | 9% aukning | 6% aukning | 3% aukning |
|---|---|---|---|
| 2005 | 356.152 | 356.152 | 356.152 |
| 2006 | 388.206 | 377.521 | 366.837 |
| 2007 | 423.145 | 400.172 | 377.842 |
| 2008 | 461.228 | 424.182 | 389.177 |
| 2009 | 502.739 | 449.633 | 400.852 |
| 2010 | 547.986 | 476.611 | 412.878 |
| 2011 | 597.305 | 505.208 | 425.264 |
| 2012 | 651.062 | 535.520 | 438.022 |
| 2013 | 709.658 | 567.651 | 451.163 |
| 2014 | 773.527 | 601.710 | 464.698 |
| 2015 | 843.144 | 637.813 | 478.639 |

## Fylgiskjal.

### Ályktun aðalfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi um ferðamál í Norðvesturkjördæmi.

(30. október 2004.)

Aðalfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi leggur til að hafin verði stórsókn í uppbyggingu á kjördæminu sem sérstöku ferðaþjónustusvæði. Gerð verði sérstök átaksáætlun til næstu 5 ára sem hafi það að markmiði að treysta grunnstoðir ferðaþjónustunnar á svæðinu. Þingið skorar á Alþingi og ríkisstjórn að veita til þessa verkefnis a.m.k. 1 milljarði króna árlega næstu fimm árin.

Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem vex nú hvað hraðast og skilar mestri árlegri aukningu í nettó gjaldeyristekjum til þjóðarbúsins. Ferðaþjónustan er nú orðin ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar og skilar 40–50 milljörðum króna í gjaldeyristekjur á ári.

Gert er ráð fyrir þreföldun ferðamanna til landsins á næstu 10 árum. Skagafjörður, Húnavatnssýslur, Vestfirðir allir suður um Breiðafjörð, Dali, Snæfellsnes og Borgarfjörð eru auðug af náttúruperlum, sögu og menningararfi. Þessa fjölbreyttu kosti má nýta enn betur á sjálfbæran hátt til eflingar þessari atvinnugrein. Þar má nefna Jökulvötnin í Skagafirði með heimsfrægum fljótasiglingum, jöklaferðir, gjöfular veiðiár, eyjar og lífríki Breiðafjarðar, ægifegurð Vestfjarða, Þjóðgarður á Snæfellsnesi svo nokkuð sé nefnt. Hér er vagga sagnaritunar og sögusvið Íslendingasagna.

Styrking ferðaþjónustunnar er eitt nærtækasta verkefnið til að auka fjölbreytta atvinnu á svæðinu sem heild. Til þess að svo megi verða þarf að styrkja grunnstoðirnar og markaðsstarfið, en þar vantar fjármagn sem eðlilegt er að hið opinbera leggi til. Fyrir einn milljarð á ári í fimm ár má lyfta Grettistaki í atvinnumálum þeirra landshluta sem mynda kjördæmið.

# 365. Tillaga til þingsályktunar [342. mál]

um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

Flm.: Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja nú þegar viðræður við bæjarstjórn Mosfellsbæjar um stofnun framhaldsskóla í sveitarfélaginu með það að markmiði að skólinn taki til starfa haustið 2007.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 132. löggjafarþingi (þskj. 176, 176. mál) og er nú lögð fram að nýju.

Á síðustu árum hefur fjöldi framhaldsskólanemenda á höfuðborgarsvæðinu aukist mjög líkt og víðast hvar annars staðar á landinu. Á árunum 2000–2004 fjölgaði nemendum í framhaldsskólum á Íslandi úr 20.332 í 22.629 eða um rúm 11,2% samkvæmt hagtölum frá Hagstofu Íslands. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu að Reykjavík undanskilinni var rétt 18,5% á sama tímabili eða úr 4.593 í 5.443 nemendur. Þessi aukna sókn í menntun er mikið fagnaðarefni en hún leggur stjórnvöldum jafnframt skyldur á herðar í uppbyggingu framhaldsskóla.

Mosfellsbær er tiltölulega ungt en vaxandi bæjarfélag með um 7.200 íbúa og hlutfall ungs fólks í þeim hópi er hátt. Nú eru þar um 130 manns í hverjum árgangi á framhaldsskólaaldri og margir stærri árgangar á grunnskólaaldri. Engum blöðum er um það að fletta að Mosfellsbær er langstærst þeirra sveitarfélaga landsins sem ekki hafa eigin framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldinn nái 10.335 árið 2009 og verði um 13.000 árið 2012.

Án efa er það nálægðin við Reykjavík sem mestu veldur um það að Mosfellsbær hefur setið eftir í uppbyggingu framhaldsskólakerfisins á undanförnum áratugum. Mosfellsbær fer með um 12% af áætluðum stofnkostnaði við Borgarholtsskóla sem er sá framhaldsskóli í Reykjavík sem er næst sveitarfélaginu. Almenningssamgöngur milli Mosfellsbæjar og Borgarholts eru hins vegar ekki nógu góðar til að gera Borgarholtsskóla að ákjósanlegum kosti fyrir framhaldsskólanema í Mosfellsbæ, umfram aðra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Það gefur auga leið að sú staðreynd ýtir undir einkabílanotkun þeirra sem þaðan þurfa að sækja framhaldsskóla til nágrannasveitarfélaganna og eykur umferð um Vesturlandsveg á álagstímum.

Jafnframt er Borgarholtsskóli, sem var þegar með um 1.350 nemendur skólaárið 2004–2005, að mörgu leyti sérskóli þótt þar séu almennar bóknámsbrautir í boði. Borgarholtsskóli státar til dæmis af fjölmenntabraut, félagsþjónustubraut, námsbrautum í margmiðlunarhönnun, bílgreinum, málmiðnum og verslunarþjónustu auk þess að sjá um nám fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum Reykjavíkur. Þetta fjölbreytta námsframboð á tvímælalaust sinn þátt í mikilli aðsókn að skólanum og hefur að öllum líkindum laðað marga til framhaldsnáms sem ella hefðu ekki fundið nám við sitt hæfi.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur nú um nokkurt skeið haft hug á að taka upp viðræður við ríkisvaldið um stofnun framhaldsskóla í bænum eins og fulltrúar hennar hafa greint frá á fundi með fjárlaganefnd. Gert er ráð fyrir framhaldsskóla á aðalskipulagi bæjarins og slíkur skóli mundi vafalaust styrkja innviði sveitarfélagsins verulega. Blómlegt félags- og tómstundastarf byggist jafnan upp í kringum starf einstakra framhaldsskóla sem gefa hverju byggðarlagi um sig tækifæri til að styrkja sína sérstöðu með samstarfi við skólana.

Framhaldsskóli í Mosfellsbæ gæti því hæglega þjónað fleirum en heimamönnum ef þar byggðist upp sérhæft nám að einhverju leyti, t.d. á sviði heilsueflingar og ferðaþjónustu sem nú þegar standa sterkum fótum í bæjarfélaginu. Enn fremur yrði hentugt fyrir íbúa í Grundarhverfi, á Kjalarnesi, á Álfsnesi, í Kjós og nýju hverfi við Úlfarsfell að sækja slíkan skóla vegna nálægðarinnar.

Mikið brottfall úr framhaldsskólum á Íslandi er áhyggjuefni þar sem nálega helmingur fólks á framhaldsskólaaldri lýkur ekki því skólastigi þrátt fyrir að það hefji þar nám. Eitt af því sem taka verður á til að sporna gegn brottfalli er að unglingum bjóðist sem víðast samfellt nám í heimabyggð til 18 ára aldurs. Flutningsmenn telja því einboðið að Alþingi feli menntamálaráðherra að hefjast handa um uppbyggingu framhaldsskóla í svo stóru og vaxandi sveitarfélagi sem Mosfellsbæ með það að markmiði að sá skóli taki til starfa haustið 2007.

# 366. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2006.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar gerir 91 breytingartillögu við frumvarpið sem samtals nema 4.888,9 m.kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Þá gerir 1. minni hluti breytingartillögur við sundurliðun 1, tekjur A-hluta, en endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 4.209,0 m.kr. frá áætlun í frumvarpinu.

Það er álit nefndarinnar að skoða þurfi sérstaklega heilbrigðismál á milli 2. og 3. umræðu fjáraukalaga. Nefndin hefur kallað eftir upplýsingum um stöðu heilbrigðis-, hjúkrunar- og öldrunarstofnana. Nauðsynlegt er að fara heildstætt yfir stöðu viðkomandi stofnana áður en kemur að 3. umræðu.

Þá var einnig ákveðið að fresta afgreiðslu heimildagreina sem falla undir 4. gr. fjáraukalagafrumvarpsins, eða 6. gr. fjárlaga 2006, og fara betur yfir þær heimildir í samvinnu við fjármálaráðuneyti.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

**02 Menntamálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 743,9 m.kr.

**202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.**

*1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.* Lagt er til að 87,2 m.kr. framlag sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu verði millifært af þessu viðfangsefni yfir á 02-269-6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum, en þetta er stofnkostnaðarframlag sem fært hafði verið á almennan rekstur Keldna en á betur heima undir liðnum Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

**234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.**

*1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.* Við úthlutun úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora á árinu 2006 var ekki tekið tillit til launatengdra gjalda, en samkvæmt

hæstaréttardómi er ekki heimilt að draga launatengd gjöld frá styrkfjárhæðum úr sjóðnum. Kjararáð túlkar dóminn með þeim hætti að úthluta beri heildarframlagi til sjóðsins í formi styrkja. Háskólarnir greiða starfsmönnum samkvæmt úthlutunum kjararáðs en bera auk þess kostnað vegna launatengdra gjalda. Fjárveitingar sjóðsins eru millifærðar á einstaka háskóla í samræmi við úthlutanir kjararáðs. Þrátt fyrir dóm Hæstaréttar hefur ekki verið haldið eftir kostnaði vegna launatengdra gjalda við úthlutun úr sjóðnum og því er lagt til að sjóðurinn fái 24 m.kr. aukafjárveitingu sem er áætlaður kostnaður vegna þessa.

**269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.**

*6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.* Lagt er til að 87,2 m.kr. framlag verði millifært af viðfangsefninu 02-202-1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum yfir á þennan lið en eins og áður segir er þetta stofnkostnaðarframlag sem fært hafði verið á almennan rekstur Keldna en á betur heima hér.

**319 Framhaldsskólar, almennt.**

*1.90 Framhaldsskólar, óskipt.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til reksturs Kvikmyndaskóla Íslands.

**902 Þjóðminjasafn Íslands.**

*1.10 Byggða- og minjasöfn.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. styrk til Kolkuóss til uppbyggingar og varðveislu á menningarverðmætum á staðnum.

**971 Ríkisútvarpið.**

*1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld.* Lagt er til að gjaldfærðar verði 625 m.kr. til að létta skuldbindingum af Ríkisútvarpinu. Um er að ræða skuldir Ríkisútvarpsins við ríkissjóð og er markmiðið með aðgerðinni að eiginfjárhutfall í nýju hlutafélagi nái 15%.

**982 Listir, framlög.**

*1.90 Listir.* Gerð er tillaga um að veita Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar 2,5 m.kr. styrk til listdanskennslu.

**988 Æskulýðsmál.**

*1.12 Ungmennafélag Íslands.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Dalasýslu þar sem tekjuliðir hafa brugðist.

**999 Ýmislegt.**

*1.90 Ýmis framlög.* Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. framlag fyrir verkefnið Vestnordens historie, sem felst í því að rita og gefa út sameiginlega sögu vestnorræna svæðisins, þ.e. Íslands, Færeyja og Grænlands.

*1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis.* Gerð er tillaga um 50 m.kr. framlag til að minnast 200 ára afmælis þjóðskáldsins og fræðimannsins Jónasar Hallgrímssonar. Í hugmyndum nefndar, sem skipuð var af þessu tilefni, er m.a. að finna tillögur um gerð sýningar sem yrði sett upp í Amtbókasafninu á Akureyri, á Bryggjunni í Kaupmannahöfn og í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík. Einnig má nefna tillögur um hátíðarsamkomu í Þjóðleikhúsinu 16. nóvember 2007, um að styrkja ráðstefnuhald í Háskóla Íslands af þessu tilefni, efna til ritgerðasamkeppni í skólum um Jónas Hallgrímsson, styrkja hátíðarhöld í Danmörku til kynningar á Jónasi, sem og að styrkja hátíðarhöld í heimasveit Jónasar, Eyjafirði. Þessar og fleiri hugmyndir um verkefni munu tryggja góða kynningu á þjóðskáldinu og fræðimanninum.

*6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög.* Gerð er tillaga um að veita Þingeyjarsveit 15 m.kr. styrk vegna framkvæmda í tengslum við unglingalandsmót sem haldið var sl. sumar að Laugum í Reykjadal.

### 03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 100 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.90 Ýmis verkefni.* Lagt er til að 42 m.kr. framlag til öryggisgæslu á varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll í frumvarpinu á þessu viðfangsefni verði flutt á nýjan lið fyrir þau verkefni, 03-215-1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Fyrirhugað er að sá liður verði jafnframt notaður fyrir fjárveitingar til þessara verkefna í fjárlögum fyrir árið 2007.

**215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.**

*1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.* Gerð er tillaga um 100 m.kr. framlag til umsjónar með varnarsvæðinu. Fjárheimildinni er einkum ætlað að standa undir umsjón með húsnæði á svæðinu, þ.m.t. hita, rafmagni, gæslu og viðhaldi.

Jafnframt er gerð tillaga um að 42 m.kr. framlag til öryggisgæslu á varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll í frumvarpinu á viðfangsefninu 03-190-1.90 Ýmis verkefni verði flutt á þennan nýja lið fyrir þau verkefni. Fyrirhugað er að liðurinn verði jafnframt notaður fyrir fjárveitingar til þessara verkefna í fjárlögum fyrir árið 2007.

**390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.**

*1.11 Þróunaraðstoð.* Lagt er til að 200 m.kr. fjárheimild verði millifærð af þessu viðfangsefni yfir á 03-391-1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt. Um er að ræða breytta forgangsröðun á framlögum til þróunarmála milli tvíhliða verkefna og fjölþjóðlegra verkefna. Áformað er að ráðstafa fénu til skólamáltíðarverkefnis á vegum Sameinuðu þjóðanna.

**391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.**

*1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt.* Lagt er til að 200 m.kr. fjárheimild verði millifærð á þennan lið af viðfangsefninu 03-390-1.11 Þróunarsamvinnustofnun Íslands, þróunaraðstoð eins og þar greinir.

### 04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 222,8 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis.* Gerð er tillaga um þrjár breytingar á þessum lið sem nema alls 322,5 m.kr. til lækkunar. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 5 m.kr. framlag vegna Nytjalands, gagnagrunns um jarðir á Íslandi, svo að ljúka megi úrvinnslu, yfirferð og frágangi gagna fyrir innfærslu þeirra í Landskrá fasteigna.

Þá er lögð til 2,5 m.kr. fjárveiting til ritunar íslenskrar landbúnaðarsögu. Áætlað er að ritið verði gefið út á árinu 2008.

Loks er gerð tillaga um millifærslu á 330 m.kr. fjárveitingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu til að styrkja byggingu reiðhalla, reiðskemma og reiðskála á þessu viðfangsefni. Lagt er til að fjárveitingin verði millifærð á viðfangsefni fyrir stofnkostnað á lið fyrir sérstakar greiðslur í landbúnaði, 04-891-6.92, þar sem sú framsetning samræmist betur tilgangi fjárveitingarinnar.

**221 Veiðimálastofnun.**

*1.01 Veiðimálastofnun.* Gerð er tillaga um 60 m.kr. fjárveitingu vegna uppsafnaðs rekstrarhalla stofnunarinnar. Á undanförnum árum hafa sértekjur Veiðimálastofnunar dregist verulega saman og er það meginskýring rekstrarvandans. Landsvirkjun hefur á undanförnum árum greitt fyrir rannsóknarverkefni í ám og vötnum en verulega hefur

dregið úr þeim greiðslum og eins hefur Fiskræktarsjóður ekki getað styrkt rannsóknastarfsemi stofnunarinnar í sama mæli og áður.

**234 Landbúnaðarstofnun.**

*1.01 Landbúnaðarstofnun.* Lögð er til 98 m.kr. fjárveiting til að jafna tap sem stofnanir þær sem í upphafi árs sameinuðust í Landbúnaðarstofnun fluttu með sér inn í hina nýju stofnun, þ.e. 81 m.kr. halla hjá yfirdýralækni, 12 m.kr. halla hjá aðfangaeftirlitinu, 4 m.kr. halla hjá yfirkjötmati og 1 m.kr. halla hjá veiðimálastjóra.

**811 Bændasamtök Íslands.**

*1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt.* Lögð er til 21,4 m.kr. hækkun á framlagi til Bændasamtaka Íslands. Annars vegar er um að ræða 13,8 m.kr. í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með endurmetnum verðlagsforsendum búnaðarlagasamnings fyrir árið 2006, og hins vegar 7,6 m.kr. vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga á árinu, þar af 3 m.kr. vegna greiðslna Bændasamtaka Íslands og 4,6 m.kr. vegna hlutdeildar ríkissjóðs í greiðslum búnaðarsambanda.

**821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.**

*1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.* Lögð er til 41,9 m.kr. hækkun á fjárheimild sjóðsins án greiðslu úr ríkissjóði. Þegar sjóðurinn var færður úr C-hluta í A-hluta á árinu 2005 tók hann með sér 41,9 m.kr. jákvæðan höfuðstól inn í A-hlutann. Til að fjárheimildastaða sjóðsins verði jöfn höfuðstól þarf því að hækka hana um 41,9 m.kr. Þessi hækkun fjárheimildar er einungis tæknilegs eðlis og miðar að því að hún verði jöfn höfuðstólsstöðu sjóðsins. Ekki er gert ráð fyrir greiðslu úr ríkissjóði vegna þessarar heimildar því sjóðurinn hefur nú þegar yfir fénu að ráða.

**891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.**

*6.92 Bygging reiðhalla, reiðskemma og reiðskála.* Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 330 m.kr. fjárveitingu til að styrkja byggingu reiðhalla, reiðskemma og reiðskála á viðfangsefninu 04-190-1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis. Lagt er til að fjárveitingin verði millifærð á þennan stofnkostnaðarlið þar sem sú framsetning samræmist betur tilgangi fjárveitingarinnar.

## 05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 108,5 m.kr.

**202 Hafrannsóknastofnunin.**

*1.01 Hafrannsóknastofnunin.* Lögð er til 108,5 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar án greiðslu úr ríkissjóði. Í kjölfar þess að stofnunin þurfti að afskrifa 80% af hlutafjáreign sinni í Fiskeldi Eyjafjarðar hf. og alla hlutafjáreign í Máka hf. og Sæbýli hf. á árinu 2005 var ákveðið að lækka stöðu endurmatsreiknings niður í bókfært verð hlutafjáreignar með millifærslu yfir á höfuðstól. Þessi hækkun fjárheimildar er einungis tæknilegs eðlis og miðar að því að fjárheimildastaða stofnunarinnar verði jöfn höfuðstólsstöðu hennar.

## 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 114,5 m.kr.

**101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að veitt verði 2,7 m.kr. fjárheimild til að fjölga starfsmönnum um einn frá 1. desember og vegna ferðakostnaðar á þessu ári. Við brottför varnarliðsins taka íslensk stjórnvöld við nýjum verkefnum. Nauðsynlegt er að bæta við starfsmanni á aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytisins sem

hefur sérþekkingu á sviði varnar- og öryggismála. Á þessu ári hefur jafnframt fallið til nokkur kostnaður vegna viðræðna við Bandaríkin um varnarmál og er það aðallega ferðakostnaður.

**106 Þjóðskrá.**

*1.01 Þjóðskrá.* Lögð er til 71,8 m.kr. hækkun fjárheimildar og er hún af tvennum toga. Annars vegar er lagt til að 64,8 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá Hagstofu Íslands vegna flutnings Þjóðskrár til dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá 1. júlí samkvæmt lögum sem sett voru fyrr á þessu ári. Fjárheimildin svarar til útgjalda í hálft ár samkvæmt áætlun fjárlaga. Áætlað er að ríkistekjur Þjóðskrárinnar til að fjármagna útgjöldin verði 15,9 m.kr. en heildartekjur ársins voru áætlaðar 80,2 m.kr. og höfðu 64,2 m.kr. af því þegar verið færðar til tekna fyrir 1. júlí. Til að fjármagna útgjöldin á árinu að fullu er því einnig gert ráð fyrir 48,9 m.kr. beinu framlagi úr ríkissjóði.

Hins vegar er gert ráð fyrir að fjárheimild Þjóðskrár hækki um 7 m.kr. en að ríkistekjur sem renna til starfseminnar hækki jafnmikið þannig að greiðsla úr ríkissjóði verði óbreytt. Hækkun útgjalda byggist á mati á kostnaði við rekstur Þjóðskrár sem áður var fært til gjalda í almennum rekstri Hagstofu Íslands en ekki á viðfangsefni Þjóðskrár. Rauntekjur á árinu 2005 gefa til kynna svigrúm til hækkunar tekna miðað við áætlun fjárlaga ársins 2006. Samsvarandi tillaga er gerð í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007.
*6.01 Tæki og búnaður.* Lagt er til að veitt verði 40 m.kr. viðbótarframlag til Þjóðskrár. Annars vegar er 25 m.kr. fjárveiting vegna gerðar nýs tölvukerfis Þjóðskrár en núverandi kerfi er meira en tuttugu ára gamalt og ófullnægjandi. Í núverandi tölvukerfi eru t.d. ekki möguleikar á að skrá forsjá barna, breytingar forsjár vegna ættleiðinga eða fóstursamninga og eru slík gögn því einungis varðveitt á pappír. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir möguleika á að skrá nöfn ásamt stafabilum sem eru lengri en 31 stafur og huga þarf að nútímalegri tilhögun við dreifingu þjóðskrár til stjórnvalda og almennra viðskiptavina.

Hins vegar er lagt til að veitt verði 15 m.kr. framlag vegna öryggismála, m.a. til að tryggja megi örugga varðveislu helstu grunngagna Þjóðskrár. Jafnframt er nauðsynlegt að bæta almennar brunavarnir í núverandi húsnæði Þjóðskrár, t.d. hvað varðar sérstök brunahólf.

**426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.**

*1.40 Tollgæsla.* Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 23 m.kr. fjárveitingu til kaupa á tækjum til tolleftirlits á þessu viðfangsefni. Lagt er til að fjárveitingin verði millifærð á sameiginlegan safnlið fyrir stofnkostnað sýslumanna þar sem sú framsetning samræmist betur tilgangi fjárveitingarinnar.

**491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.**

*6.01 Tæki og búnaður.* Framangreind 23 m.kr. fjárveiting til kaupa á tækjum til tolleftirlits á viðfangsefninu 06-426-1.40 er millifærð á þennan sameiginlegan safnlið fyrir stofnkostnað sýslumanna þar sem sú framsetning samræmist betur tilgangi fjárveitingarinnar.

## 07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 136,4 m.kr.

**331 Vinnueftirlit ríkisins.**

*1.01 Vinnueftirlit ríkisins.* Lögð er til samtals 30 m.kr. hækkun fjárveitingar. Þar af eru 20 m.kr. vegna þess að við fjárlagagerð ársins 2006 voru ríkistekjur hækkaðar án þess

að taka tillit til þess kostnaðar sem fellur til við öflun þeirra, en 10 m.kr. eru vegna uppsafnaðs halla á árinu.

**801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.**

*1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 66 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög í sjóðinn árið 2006, en framlögin taka mið af skatttekjum ríkissjóðs og útsvarsstofni. Áætlunin miðast við að innheimtar skatttekjur ríkissjóðs verði 342.209 m.kr. á þessu ári.

**980 Vinnumálastofnun.**

*1.01 Vinnumálastofnun.* Gerð er tillaga um 11 m.kr. fjárheimild til að mæta auknum kostnaði stofnunarinnar við framkvæmd laga um starfsmannaleigur sem tóku gildi 1. janúar 2006.

**989 Fæðingarorlof.**

*1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins.* Gerð er tillaga um 18,5 m.kr. til viðbótar því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu til undirbúnings á yfirtöku Vinnumálastofnunar á starfsemi Fæðingarorlofssjóðs. Stofnunin mun taka yfir umsýslu sjóðsins 1. janúar á næsta ári og verður starfsemin flutt á Hvammstanga. Hanna þarf nýjan hugbúnað, kaupa búnað og tæki og ráða starfsfólk og þjálfa.

**999 Félagsmál, ýmis starfsemi.**

*1.41 Stígamót.* Lögð er til 1,9 m.kr. fjárveiting vegna hallareksturs sem stefnir í hjá Stígamótum á yfirstandandi ári.

*1.90 Ýmis framlög.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. til Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga vegna starfsendurhæfingarverkefnis á Húsavík.

Lagt er til að veita Foreldra- og styrktarfélagi Öskjuhlíðarskóla 4 m.kr. styrk vegna reksturs sumardvalar fyrir nemendur skólans.

## 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.938,4 m.kr.

**206 Sjúkratryggingar.**

*1.11 Lækniskostnaður.* Gerð er tillaga um 68 m.kr. viðbótarfjárveitingu til kaupa á læknisverkum (einingum) hjá sérgreinalæknum vegna aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu ákveðinna sérgreina. Gera má ráð fyrir að þörfin nemi samtals 88 m.kr. en á móti komi 20 m.kr. svigrúm á öðrum útgjaldaliðum viðfangsefnisins. Jafnframt er unnið að endurskoðun reglugerðar nr. 471/2001 og gjaldskrár augnlækna til að auka gagnsæi í notkun taxta og stemma stigu við auknum útgjöldum. Þá er einnig sýnt að eftirspurn eftir rannsóknar- og röntgenþjónustu stefnir í um 7% umfram heimildir ársins 2006.

**358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.**

*1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.* Lagt er til að veita 100 m.kr. framlag til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla sjúkrahússins en höfuðstóll þess var neikvæður um 36 m.kr. árið 2005 samkvæmt ársreikningi. Þá gerir útkomuspá spítalans ráð fyrir nokkrum halla á yfirstandandi ári.

*6.01 Tæki og búnaður.* Gerð er tillaga um 20 m.kr. aukafjárveitingu til endurnýjunar á stofnbúnaði sjúkrahússins.

**373 Landspítali – háskólasjúkrahús.**

*1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús.* Lagt er til að veitt verði 1.000 m.kr. framlag til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla sjúkrahússins en höfuðstóll þess var neikvæður um

487 m.kr. árið 2005 samkvæmt ársreikningi. Þá gerir útkomuspá spítalans ráð fyrir verulegum rekstrarhalla á yfirstandandi ári sem framlaginu er ætlað að mæta.

**386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna.**

*1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna.* Lagt er til 17 m.kr. framlag til að mæta uppsöfnuðum halla réttargeðdeildarinnar að Sogni sem kemur til af því að fleiri einstaklingar eru vistaðir á stofnuninni en upphaflega var gert ráð fyrir. Þá hefur lögboðið eftirlit með útskrifuðum einstaklingum aukist umfram það sem áætlað var.

**401 Öldrunarstofnanir, almennt.**

*1.01 Hjúkrunarheimili, almennt.* Gerð er tillaga um að ráðstafa allt að 500 m.kr. af ónotuðum fjárheimildum öldrunarstofnana til að koma til móts við rekstrarhalla öldrunarheimila á árunum 2005 og útkomuspá ársins 2006. Gert er ráð fyrir að áformaðri hækkun daggjalda hjúkrunarrýma á dvalar- og hjúkrunarheimilum 1. janúar nk. verði flýtt og taki gildi síðari hluta árs 2006. Lagt er til að þeim 500 m.kr. sem færðar verða af liðnum í þessu skyni verði skipt á milli stofnana á grundvelli reiknilíkans sem hér segir:

| | |
|---|---|
| **401 Öldrunarstofnanir, almennt.** | |
| *1.09 Ný hjúkrunarrými.* | 5,3 m.kr. |
| *1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana.* | 11,3 m.kr. |
| **405 Hrafnista, Reykjavík.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 62,5 m.kr. |
| **406 Hrafnista, Hafnarfirði.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 38,1 m.kr. |
| **407 Grund, Reykjavík.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 47,5 m.kr. |
| **408 Sunnuhlíð, Kópavogi.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 18,3 m.kr. |
| **409 Hjúkrunarheimilið Skjól.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 27,9 m.kr. |
| **410 Hjúkrunarheimilið Eir.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 44,0 m.kr. |
| **411 Garðvangur, Garði.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 10,7 m.kr. |
| **412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 18,1 m.kr. |
| **413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 21,3 m.kr. |
| **414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 6,3 m.kr. |
| **415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 4,1 m.kr. |
| **416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 5,0 m.kr. |
| **417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 3,2 m.kr. |
| **418 Seljahlíð, Reykjavík.** | |
| *1.01 Hjúkrunarrými.* | 7,1 m.kr. |

**419 Sólvangur, Hafnarfirði.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 21,7 m.kr.
**421 Víðines.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 9,1 m.kr.
**423 Höfði, Akranesi.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 10,0 m.kr.
**424 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 4,9 m.kr.
**425 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 2,4 m.kr.
**426 Fellaskjól, Grundarfirði.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 2,4 m.kr.
**427 Jaðar, Ólafsvík.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 2,4 m.kr.
**428 Fellsendi, Búðardal.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 6,6 m.kr.
**429 Barmahlíð, Reykhólum.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 3,1 m.kr.
**433 Dalbær, Dalvík.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 5,9 m.kr.
**434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 37,7 m.kr.
**436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 3,2 m.kr.
**437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 6,4 m.kr.
**438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 4,2 m.kr.
**439 Hjallatún, Vík.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 2,8 m.kr.
**440 Kumbaravogur, Stokkseyri.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 10,4 m.kr.
**441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 6,4 m.kr.
**442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 7,0 m.kr.
**443 Holtsbúð, Garðabæ.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 9,7 m.kr.
**444 Vífilsstaðir, Garðabæ.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 12,8 m.kr.

**500 Heilsugæslustöðvar, almennt.**
*1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt.* Lögð er til 7 m.kr. fjárveiting vegna ráðgjafarvinnu við flutning á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í nýtt húsnæði í Mjódd í Reykjavík.
*6.01 Tæki og búnaður.* Gerð er tillaga um 41,5 m.kr. framlag til kaupa á búnaði vegna flutnings Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis í Mjódd.

**501 Sjúkraflutningar.**

*1.15 Sjúkraflug.* Lagt er til að veittar verði 4 m.kr. til að mæta kostnaði við staðsetningu sjúkraflugvélar á Ísafirði í vetur. Þar sem framkvæmdum á Þingeyrarflugvelli hvað varðar aðflugsbúnað er ekki að fullu lokið hefur verið ákveðið að hafa flugvakt á Ísafirði í vetur.

**506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.**

*1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.* Gerð er tillaga um 45 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við flutning Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Mjódd.

**700 Heilbrigðisstofnanir.**

*6.99 Bygging heilbrigðisstofnana, óskipt.* Gerð er tillaga um 107,4 m.kr. til að mæta kostnaði við framkvæmdir nokkurra heilbrigðisstofnana í kjölfar gerðardóms sem var skipaður til að kveða upp úrskurð um ágreining sem upp hafði komið milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ágreiningurinn stóð um túlkun á 3. mgr. 34. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, um skiptingu á stofnkostnaði, meiri háttar viðhaldi á svæðis-, deildar- og almennum sjúkrahúsum vegna hjúkrunarrýma. Í dómsorðum segir að með breytingu sem gerð var með 11. gr. laga nr. 78/2003 á 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hafi sveitarfélögin að fullu verið losuð undan skyldum til að greiða hlutdeild í þeim kostnaði.

**721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.**

*1.11 Sjúkrasvið.* Lagt er til að 2 m.kr. verði veittar til stofnunarinnar vegna uppsafnaðs rekstrarhalla þar sem rekstur stofnunarinnar er nú í jafnvægi innan ársins.

**735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík.**

*1.11 Sjúkrasvið.* Lögð er til 16,3 m.kr. fjárveiting til stofnunarinnar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans en fjárveitingar til heilbrigðisstofnana verða reiknaðar eftir því líkani frá og með næsta ári. Í einstaka tilvikum þar sem umtalsverður munur er á fjárheimildum og niðurstöðu reiknilíkans er lagt til að niðurstöður þess verði látnar ná til nokkurra fyrri ára til að auðvelda stofnunum að laga rekstur sinn að því.

**777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.**

*1.11 Sjúkrasvið.* Lögð er til 93,6 m.kr. fjárveiting til stofnunarinnar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans en fjárveitingar til heilbrigðisstofnana verða reiknaðar eftir því líkani frá og með næsta ári. Í einstaka tilvikum þar sem umtalsverður munur er á fjárheimildum og niðurstöðu reiknilíkans er lagt til að niðurstöður þess verði látnar ná til nokkurra fyrri ára til að auðvelda stofnunum að laga rekstur sinn að því.

**781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.**

*1.11 Sjúkrasvið.* Lagt er til að 23 m.kr. framlag verði veitt til stofnunarinnar vegna uppsafnaðs rekstrarhalla þar sem rekstur stofnunarinnar er nú í jafnvægi innan ársins.

**787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Gerð er tillaga um 8,7 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta hækkun launakostnaðar við sjúkraflutninga. Frá og með síðustu áramótum rann út samningur við sýslumanninn í Árnessýslu um framkvæmd verkefnisins og færðist það þá til heilbrigðisstofnunarinnar. Sjúkraflutningamenn réðust til stofnunarinnar sem fastir starfsmenn á launakjörum samkvæmt kjarasamningi launanefndar ríkisins við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

*1.11 Sjúkrasvið.* Lögð er til 144,7 m.kr. fjárveiting til stofnunarinnar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans en fjárveitingar til heilbrigðisstofnana verða reiknaðar eftir því líkani frá og með næsta ári. Í einstaka tilvikum þar sem umtalsverður munur er á fjár-

heimildum og niðurstöðu reiknilíkans er lagt til að niðurstöður þess verði látnar ná til nokkurra fyrri ára til að auðvelda stofnunum að laga rekstur sinn að því.

**791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum.**

*1.11 Sjúkrasvið.* Lögð er til 167,2 m.kr. fjárveiting til stofnunarinnar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans en fjárveitingar til heilbrigðisstofnana verða reiknaðar eftir því líkani frá og með næsta ári. Í einstaka tilvikum þar sem umtalsverður munur er á fjárheimildum og niðurstöðu reiknilíkans er lagt til að niðurstöður þess verði látnar ná til nokkurra fyrri ára til að auðvelda stofnunum að laga rekstur sinn að því.

**795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.**

*1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.* Lögð er til 73,2 m.kr. fjárveiting til stofnunarinnar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans en fjárveitingar til heilbrigðisstofnana verða reiknaðar eftir því líkani frá og með næsta ári. Í einstaka tilvikum þar sem umtalsverður munur er á fjárheimildum og niðurstöðu reiknilíkans er lagt til að niðurstöður þess verði látnar ná til nokkurra fyrri ára til að auðvelda stofnunum að laga rekstur sinn að því.

## 09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 1.144,2 m.kr.

**262 Tollstjórinn í Reykjavík.**

*6.01 Tæki og búnaður.* Gerð er tillaga um 120 m.kr. framlag til kaupa á gegnumlýsingarbúnaði. Unnið hefur verið að því um nokkurt skeið að kanna grundvöll fyrir því að kaupa gegnumlýsingarbifreið til notkunar við gegnumlýsingu á gámum og stærri einingum við tolleftirlit. Áherslur í tollgæslu hafa breyst þannig að aukin áhersla er á að efla eftirlit með þjóðaröryggi og innflutningi fíkniefna fremur en á tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Auk þess hefur alþjóðasamfélagið gert þær kröfur til tollyfirvalda að þau hafi eftirlit með útflutningi sem lið í baráttunni gegn hryðjuverkum. Íslensk stjórnvöld hafa gefið út viljayfirlýsingu til Alþjóðatollastofnunarinnar um að styðja og innleiða reglur til að vernda og auðvelda alþjóðleg viðskipti en í því felst m.a. að tollyfirvöld hafi yfir að ráða og noti gegnumlýsingartæki og geislamæla til tolleftirlits í tengslum við áhættugreiningu án þess að opna þurfi umbúðir, m.a. gáma. Það tæki sem fyrirhugað er að kaupa getur skoðað sendingar í gámum og er á hjólum þannig að hægt yrði að færa það á milli staða.

**721 Fjármagnstekjuskattur.**

*1.11 Fjármagnstekjuskattur.* Lagt er til að fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts af fengnum arði og vaxatekjum sem gjaldfærður er hjá ríkinu hækki um 783 m.kr. Stærsti hluti hækkunarinnar skýrist af vaxtatekjum af innstæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum sem hefur aukist mikið vegna tekjuafgangs í ríkisrekstrinum og söluandvirðis Landssímans. Skatturinn færist einnig sem tekjur hjá ríkissjóði og hefur því ekki áhrif á afkomu ársins.

**821 Vaxtabætur.**

*1.11 Vaxtabætur.* Lagt er til að fjárheimild til greiðslu vaxtabóta verði aukin um 200 m.kr. Til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í júní á þessu ári lýsti ríkisstjórnin yfir að gerðar yrðu breytingar á ákvæðum laga um vaxtabætur vegna húsnæðislána ef í ljós kæmi við niðurstöðu skattálagningar á árinu að hækkun fasteignaverðs á síðasta ári hefði leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum. Eftir að skattálagning hafði verið yfirfarin var lagt fram á Alþingi lagafrumvarp þar sem lagt er til að eignaviðmiðunarmörk til skerðingar á vaxtabótum verði hækkuð um 25% en það svarar til hækkunar fasteignamatsins að meðaltali á landsvísu. Áætlað er að sú breyting hafi í för með sér að vaxtabætur vegna húsnæðislána verði um 200 m.kr. meiri en áformað var í fjárlögum.

**989 Launa- og verðlagsmál.**

*1.90 Launa- og verðlagsmál.* Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimildir ýmissa fjárlagaliða hækki vegna endurmats á gengisforsendum fjárlaga 2006. Lagt er til að sú fjárheimild hækki um 41,2 m.kr. og verði 1.360,5 m.kr. Fjárhæðin í frumvarpinu byggðist á útreikningi sem gerður var miðað við gengisþróun krónunnar fram til loka ágúst en sá útreikningur hefur nú verið endurskoðaður m.a. í ljósi gengisþróunarinnar til loka október. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum 1. minni hluta og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

## 10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 64 m.kr.

**472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar.**

*6.41 Framkvæmdir.* Samtals er lögð til 64 m.kr. hækkun á liðnum. Í frumvarpinu er lagt til 80 m.kr. framlag til stækkunar flugstöðvarinnar á Egilsstöðum. Ný kostnaðaráætlun hefur nú leitt í ljós að kostnaður hefur verið vanmetinn og að hann verði 111 m.kr. Því er hér lagt til að tillagan í frumvarpinu verði hækkuð um 31 m.kr. Svo sem segir í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umrædd framkvæmd verði fjármögnuð með því að ráðstafa fyrir fram mörkuðum tekjum flugmálaáætlunar og verður þeim skilað í ríkissjóð síðar þegar framkvæmdir við flugvelli verða ákveðnar í ljósi endurskoðaðra áætlana um tekjuáætlun.

Jafnframt er lagt til að veita 15 m.kr. framlag til að unnt verði að uppfylla kröfur um flugvernd meðan á stækkun flugstöðvarinnar á Egilsstöðum stendur. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að bæta aðstöðu til aðskilnaðar innanlands- og millilandafarþega. Þótt þessar ráðstafanir séu einkum til þess að ná fram endurbótum til skamms tíma munu þær að mestu leyti nýtast til frambúðar. Gert er ráð fyrir að verkefni þetta verði fjármagnað með tekjum flugmálaáætlunar.

Loks er gerð tillaga um 18 m.kr. framlag til nauðsynlegra aðgerða í því skyni að lækka aðflugslágmörk blindaðflugs á Akureyrarflugvelli. Í desember 2005 var gerð endurúttekt á aðflugshönnun blindaðflugs flugvallarins. Úttektin leiddi í ljós að hækka þurfti aðflugslágmörk til vallarins. Þetta hefur valdið röskun á flugi til Akureyrar og nauðsynlegt er að lækka þessi mörk m.a. með þéttingu aðflugsljósanna til að draga úr þessari röskun. Gert er ráð fyrir að verkefni þetta verði fjármagnað með tekjum flugmálaáætlunar.

## 11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 31 m.kr.

**299 Iðja og iðnaður, framlög.**

*1.50 Nýsköpun og markaðsmál.* Gerð er tillaga um 1 m.kr. framlag til Árneshrepps á Ströndum til leiðréttingar á greiddum fjárveitingum á yfirstandandi ári, sbr. þingsályktun um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi sem samþykkt var á Alþingi 15. mars 2003.

**301 Orkustofnun.**

*1.01 Orkustofnun.* Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. fjárheimild til að unnt verði að flýta 2. áfanga mats og samanburðar á virkjunarkostum. Stefnt hefur verið að því að þessum áfanga ljúki á fyrri hluta árs 2009. Til að svo megi verða þarf undirbúningsvinna og gagnaöflun að mestu að fara fram á árunum 2006 og 2007. Gagnaöflun er kostnaðarsam-

asti hluti verkefnisins og til að ljúka megi verkefninu á tilsettum tíma þarf að koma til aukafjárveiting á árinu 2006.

### 13 Hagstofa Ísland

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði lækkuð um 52,8 m.kr.

**101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.**

*1.01 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til að bæta Hagstofunni tekjutap sem hún verður fyrir við flutning Þjóðskrár til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, en rekstur hennar hefur skilað Hagstofunni tekjuafgangi sem nýst hefur til annarrar starfsemi Hagstofunnar.

Jafnframt er lögð til 2 m.kr. fjárveiting vegna sérfræðivinnu fyrir matvælaverðsnefnd og vinnu við undirbúning að flutningi hagskýrslugerðar um þjónustujöfnuð frá Seðlabanka Íslands til Hagstofunnar.

*1.50 Þjóðskráin.* Lagt er til að 64,8 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá Hagstofu Íslands vegna flutnings Þjóðskrár til dóms- og kirkjumálaráðuneytis þann 1. júlí sl. samkvæmt lögum sem sett voru fyrr á þessu ári. Fjárheimildin svarar til útgjalda í hálft ár samkvæmt áætlun fjárlaga. Ríkistekjur Þjóðskrárinnar til að fjármagna útgjöldin sem þegar höfðu verið færðar til tekna fyrir 1. júlí námu 64,3 m.kr. en í fjárlögum voru heildartekjur ársins áætlaðar 80,2 m.kr. Fjármögnun útgjaldanna á árinu felur því einnig í sér að gert er ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði lækki um 48,9 m.kr.

### 14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 42 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál.* Gerð er tillaga um 16 m.kr. fjárveitingu til nefndarinnar. Annars vegar eru 9 m.kr. til að leysa úr uppsöfnuðum rekstrarvanda og hins vegar 7 m.kr. til að ráða lögfræðing í eitt ár svo að vinna megi á uppsöfnuðum hala óafgreiddra mála sem hefur myndast bæði vegna mikillar fjölgunar innkominna mála og veikinda forstöðumanns nefndarinnar.

**211 Umhverfisstofnun.**

*1.01 Umhverfisstofnun.* Gerð er tillaga um 11 m.kr. fjárveitingu til kaupa og uppsetningar á tveimur mælistöðvum vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins 2004/107/EB um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkel og fjölhringja arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti. Tilskipunin á að vera komin til framkvæmda 15. febrúar 2007.

**401 Náttúrufræðistofnun Íslands.**

*1.01 Yfirstjórn.* Lagt er til að 15 m.kr. verði varið til að styrkja fjárhagsstöðu Náttúrufræðistofnunar en uppsafnaður rekstrarhalli stofnunarinnar í árslok 2005 nam um 30 m.kr.

### 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði aukin um 290 m.kr.

**801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.**

*1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs.* Gert er ráð fyrir að gjaldfærð og greidd vaxtagjöld hækki um 290 m.kr. frá því sem reiknað er með í frumvarpinu. Í byrjun nóvember var ákveðið að heimila Seðlabanka Íslands að ráðast í opinbera skuldabréfaútgáfu til fimm ára fyrir hönd ríkissjóðs á erlendum markaði. Markmið útgáfunnar er að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Mikilvægt þykir að bregðast með þeim hætti við miklum vexti íslenska

bankakerfisins á síðustu árum og vaxandi starfsemi þess erlendis samhliða því að stöðutaka erlendra aðila í íslenskum krónum hefur vaxið hratt með útgáfu svonefndra jöklabréfa og annarri stöðutöku með krónunni. Gert er ráð fyrir að vaxta- og gjaldmiðlaáhættu af útgáfunni verði eytt með því að kaupa auðseljanleg skuldabréf í samsvarandi tímalengdum. Áætlun um vaxtagjöldin miðast við þau kjör sem í boði eru fyrir þau skuldabréf sem talin eru vera hagstæðust í þessu skyni og að greiða þurfi af skuldinni í einn mánuð á þessu ári. Ríkissjóður mun á móti hafa vaxtatekjur af eignum í Seðlabankanum en þeir vextir taka mið af skuldabréfasafninu sem fjármunirnir verða bundnir í og er reiknað með að þeir geti orðið heldur lægri en af útgefna skuldabréfinu. Þær tekjur eru áætlaðar um 285 m.kr., eða um 5 m.kr. lægri en vaxtagjöldin, og hefur þessi ráðstöfun því lítil áhrif á afkomu ríkissjóðs á þessu ári en eykur veltuna og hækkar stöðu skulda og eigna.

## SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ 2. OG 3. GR.

Hækkun á lántökum ríkissjóðs um 113.900 m.kr. skv. a-lið breytingartillögu við 3. gr. á sér tvær skýringar. Annars vegar er lagt til að ríkissjóði verði heimilt að taka að láni allt að 1 milljarði evra, eða sem nemur 87 milljörðum kr. miðað við gengi um þessar mundir. Lánið er tekið í þeim tilgangi að styrkja gjaldeyrisstöðu Seðlabanka Íslands. Mikilvægt þykir að bregðast við þeim mikla vexti sem verið hefur í íslenska bankakerfinu á síðustu árum og vaxandi starfsemi bankanna erlendis samhliða því að erlendir aðilar hafa í auknum mæli gefið út skuldabréf í íslenskum krónum, svonefnd jöklabréf. Gert er ráð fyrir að afla lánsfjárins með skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs til fimm ára og miðast endanleg fjárhæð í íslenskum krónum við gengi á útgáfudegi. Áformað er að vaxta- og gjaldmiðlaáhættu af útgáfunni verði eytt með því að kaupa auðseljanleg skuldabréf í samsvarandi tímalengdum. Enn fremur er gert ráð fyrir að samsvarandi fjárhæð og nemur lántökunni, eða 87 milljarðar kr., komi sem veitt lán ríkissjóðs til Seðlabanka Íslands, sbr. b- og c-lið, undir fjármunahreyfingum í sjóðstreymi skv. 2. gr. fjárlaga. Þegar hefur verið gert ráð fyrir vaxtatekjum og vaxtagjöldum ríkissjóðs vegna lántökunnar og ráðstöfunar fjárins til Seðlabankans á þessu ári.

Þá er hins vegar í a-lið breytingartillögu við 3. gr. gerð tillaga um heimild fyrir 26,9 milljarða kr. lántöku vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Kaupverðið er samtals 30,3 milljarðar kr. og færist í heild undir fjármunahreyfingar í sjóðstreymi ríkissjóðs skv. 2. gr. fjárlaga. Kaupverðið greiðist annars vegar með 26,9 milljarða kr. skuldabréfi til 28 ára sem er með jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti og hins vegar verður það sem á vantar, eða 3,4 milljarðar kr., greitt í reiðufé um áramótin.

Einnig er gerð tillaga um eiginfjárframlag í nýtt hlutafélag um rekstur TETRA-kerfisins, eða 300 m.kr. Stofnað hefur verið nýtt félag, Öryggisfjarskipti ehf., um fjarskipti á lokuðum rásum fyrir öryggis- og neyðarþjónustu um land allt. Er styrking kerfisins liður í auknum verkefnum stjórnvalda við brotthvarf varnarliðsins og á að gegna lykilhlutverki við leit og björgun. Nauðsynlegt er talið að leggja hinu nýja hlutafélagi til 300 m.kr. eigið fé til að það geti staðið undir þeirri uppbyggingu fjarskipta sem fyrirhuguð er.

Þá er gert ráð fyrir að auka eiginfjárframlög um 100 m.kr. og nýta þau ásamt afgangsheimildum til Matís ohf. o.fl. Matís ohf. er nýtt hlutafélag um matvælarannsóknir en ekki liggur fyrir á þessari stundu hvert eigið fé hins nýja félags þarf að vera. Hlutafélagið var stofnað um Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknarstofu Umhverfisstofnunar sem sameinast í hinu nýja félagi. Unnið er að mati á eignum og skuldum sem tengjast rekstri þeirra stofnana og deilda sem sameinast í félaginu.

Loks ber að nefna að stofnuð hafa verið tvö ný hlutafélög. Annars vegar er hlutafélag um að leiða þróun og umbreytingu á fyrrum varnarsvæðum við Keflavíkurflugvöll, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., og hins vegar Eignarhluti ehf., hlutafélag um eignarhald og umsýslu eignarhluta ríkisins í félögum og fyrirtækjum sem félaginu er falið að fara með. Ráðgert er að leggja til félagsins lítinn hlut í Landsvirkjun.

Í d-lið breytingartillögu við 3. gr. er gerð tillaga um hækkun um 5.000 m.kr. á heimild fyrir ríkisábyrgð á lántökum Landsvirkjunar og er hún vegna uppgjörs á ófyrirséðum kostnaði við aðalverktaka Kárahnjúkavirkjunar.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 10. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Birkir J. Jónsson, form., frsm. | Einar Oddur Kristjánsson. | Guðjón Ólafur Jónsson. |

Bjarni Benediktsson.

# 367. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2006.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (BJJ, EOK, GÓJ, BjarnB).

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| 1. Við **02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum** | | | |
| 1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum ..... | 90,7 | -87,2 | 3,5 |
| 2. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora** | | | |
| 1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora ..... | 0,0 | 24,0 | 24,0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* ..... | *0,0* | *24,0* | *24,0* |
| 3. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður** | | | |
| 6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum ..... | 0,0 | 87,2 | 87,2 |
| *Greitt úr ríkissjóði* ..... | *0,0* | *87,2* | *87,2* |
| 4. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt** | | | |
| 1.90 Framhaldsskólar, óskipt ..... | 240,0 | 10,0 | 250,0 |
| 5. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands** | | | |
| 1.10 Byggða- og minjasöfn ..... | 0,0 | 5,0 | 5,0 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6. Við **02-971 Ríkisútvarpið** | | | |
| 1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld | 50,0 | 625,0 | 675,0 |
| *Viðskiptahreyfingar* | *0,0* | *625,0* | *625,0* |
| 7. Við **02-982 Listir, framlög** | | | |
| 1.90 Listir | 0,0 | 2,5 | 2,5 |
| 8. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **02-988 Æskulýðsmál** | | | |
| 1.12 Ungmennafélag Íslands | 0,0 | 10,0 | 10,0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *10,0* | *10,0* |
| 9. Við **02-999 Ýmislegt** | | | |
| a. 1.90 Ýmis framlög | 5,0 | 2,4 | 7,4 |
| b. 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis | 6,0 | 50,0 | 56,0 |
| c. 6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög | 10,0 | 15,0 | 25,0 |
| 10. Við **03-190 Ýmis verkefni** | | | |
| 1.90 Ýmis verkefni | 67,5 | -42,0 | 25,5 |
| 11. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **03-215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll** | | | |
| 1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll | 0,0 | 142,0 | 142,0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *142,0* | *142,0* |
| 12. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands** | | | |
| 1.11 Þróunaraðstoð | 0,0 | -200,0 | -200,0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *-200,0* | *-200,0* |
| 13. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi** | | | |
| 1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt | 0,0 | 200,0 | 200,0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *200,0* | *200,0* |
| 14. Við **04-190 Ýmis verkefni** | | | |
| 1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis | 354,5 | -322,5 | 32,0 |
| 15. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **04-221 Veiðimálastofnun** | | | |
| 1.01 Veiðimálastofnun | 0,0 | 60,0 | 60,0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *60,0* | *60,0* |
Fjárhagsnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins fjallar um fjármál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hún er eina nefndin þar sem aðgangur er takmarkaður við fulltrúa ríkisstjórna. Í nefndinni er oft tekist hart á um fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Oftast er það forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar eða fulltrúi hans og bandarískí fulltrúinn sem takast á en Bandaríkin greiða um fjórðung árgjalda aðildarríkjanna til stofnunarinnar. Formaður og talsmaður nefndarinnar gagnvart allsherjarþinginu var kosinn J.J. Elmiger, sendiherra Sviss gagnvart alþjóðastofnunum í Genf. Burayzat frá Jórdaníu var kosinn varaformaður. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Juan Somavia, fylgdi fjárshags- og starfsáætluninni úr hlaði í nefndinni. Í ræðu hans kom fram að í fjárhags- og starfsáætlun næstu tveggja ára verði lögð áhersla að fylgja eftir og efla áætlunina um mannsæmandi störf. Hún verði kjarninn í starfi stofnunarinnar. Áætlunin móti þjónustu ILO við einstök aðildarríki. Áætlunin um mannsæm-

andi starf byggi á eftirfarandi: áhrifum alþjóðavæðingar á vinnumarkaðinn, aðgerðum gegn fátækt, jafnrétti kynjanna, þríhliða samstarfinu og framkvæmd alþjóðasamþykkta. Að þessu sinni sveif andi sáttfýsi yfir vötnunum og lítið var um hefðbundin átök í nefndinni. Niðurstaða fjárhagsnefndarinnar var að leggja til við allsherjarþingið að raunhækkun útgjalda ILO verði 1,1 % á tveggja ára tímabilinu 2006–2007 eða 94.310.000 Bandaríkjadalir en það samsvarar 742. 887.500 svissneskum frönkum. Hlutdeild Íslands í heildarárgjöldum aðildarríkjanna er 0,034 hundraðshlutar eða 126.291 svissneskur franki.

## 2.3. ALMENNAR UMRÆÐUR

Almennar umræður á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins fjölluðu um skýrslu forstjórans, Juvan Somavia, um alþjóðlega samstöðu um aðgerðir gegn nauðungarvinnu. Versta myndin sem við blasir nú á tímum af því taginu er mansal og ólöglegt smygl á konum og börnum landa á milli. Markmiðið er að gera þessa óhamingjusömu einstaklinga að kynlífsþrælum í myrkrakompum glæpahringja. Í umræðum á vinnumálaþinginu kom fram hjá fjöldamörgum ræðumönnum að hér er um að ræða þann hóp í samfélaginu sem stendur veikustum fótum og brýnast er að liðsinna. Skiptar skoðanir voru á því hvort þetta væri afleiðingin af alþjóðavæðingu efnahags- og atvinnulífsins. Sumir töldu að þessi tegund nauðungarvinnu væri hvorki ný né afleiðing af alþjóðavæðingunni. Aðrir kváðu þessa nýju mynd nauðungarvinnu, einkum þá sem tengdist mansali, vera kjarnann í því sem kallað væri „alþjóðavæðing þrælahalds“.

Fram kom hjá forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að honum þótti nokkuð vanta upp á að raunveruleg skoðanaskipti ættu sér stað á þinginu um þetta málefni en hann taldi umræðurnar engu síður hafa verið gagnlegan undirbúning fyrir aðgerðir og leiðtogafund um þetta málefni sem fyrirhugað er að halda á árinu 2006. Ræðumenn hafi verið þokkalega sammála um að rætur nauðungarvinnu væru margvíslegar; tíðast væri fátækt, atvinnuleysi og mismunun um að kenna. Hér væri um að ræða sameiginlegt vandamál þróunarríkja og þróaðra ríkja. Samstarf upprunalands mansals og þess sem er ákvörðunarstaður er mjög þýðingarmikið. Aðgerðir ríkja eins Brasilíu, Pakistans, Japans, Afganistans og Malaví væru árangursrík tæki til að takast á við vandann. Hér hafi vilji stjórnvalda afgerðandi þýðingu en samtök aðila vinnumarkaðarins gegni einnig mikilvægu hlutverki.

## 2.4. FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Mikilvægasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins er án efa nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna. Nefndin er jafnframt sú fjölmennasta. Samtals sátu fundi nefndarinnar 205 þingfulltrúar (125 fulltrúar ríkisstjórna, 10 fulltrúar atvinnurekenda og 70 fulltrúar launafólks). Áheyrnarfulltrúar voru samtals 249 (8 fulltrúar ríkisstjórna, 77 fulltrúar atvinnurekenda og 164 fulltrúar launafólks). Að auki áttu fulltrúar 34 alþjóðasamtaka áheyrnaraðild að nefndinni. Nefndin hélt fundi í fundarsal stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og var oft þröngt ekki síst þegar tala fundargesta fór yfir fjórða hundraðið. Formaður nefndarinnar var kosinn Sérgio Paixao Pardo, fulltrúi ríkisstjórnar Brasilíu. Varaformenn voru Edward Potter, fulltrúi bandarískra atvinnurekenda og Luc Cortebeek, fulltrúi launafólks í Belgíu. Edward Potter hefur um skeið verið varamaður Alfred Wisskirchen sem gengdi varaformennsku í nefndinni 22 ár af þeim 35 árum sem hann sótti Alþjóðavinnumálaþingið. Alfred Wisskirchen, sem er farinn á eftirlaun, var heiðraður af fulltrúum vinnumálaþingsins og þökkuð hlutlægni, réttsýni og áhugi sem hann hefur sýnt störfum þingsins á umliðnum áratugum. Þeir sem tjáðu sig voru sammála um að það skarð sem hefur myndast við brotthvarf Alfred Wisskirchen verði vandfyllt.

Önnur tímamót áttu sér stað í þingnefndinni. Jean Claud Cavalier, sem um nokkurra ára skeið hefur verið skrifstofustjóri deildar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta, tók við öðru starfi á vegum ILO nokkru fyrir setningu vinnumálaþingsins. Við starfi hans tók Cleopatra Doumbia-Henry. Hún hefur lengi starfað á alþjóðavinnumálaskrifstofunni, m.a. í þeirri deild sem fjallar um málefni farmanna.

Starf nefndarinnar tók ekki miklum breytingum frá því sem verið hefur undanfarin ár og áratugi. Ein mikilvæg undantekning varð á sem tengist Íslandi eins og síðar er rakið. Nefndarstarfið hefst með almennum umræðum um yfirlitskafla í skýrslu sérfræðinga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Í þessum hluta er fjallað um skil aðildarríkjanna á skýrslum um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Það hefur verið áhyggjuefni að nokkuð hefur vantað upp á að skýrsluskilin hafi verið fullnægjandi. Enn fremur hefur gengið verr að fá skýrslurnar fyrir tilskilin tímamörk. Þetta hefur áhrif á starf sérfræðinganefndarinnar. Nefndin getur ekki sinnt störfum sínum með eðlilegum hætti ef ekki liggja til grundvallar skýrslur frá aðildarríkjunum um framkvæmd þeirra á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Einnig er fjallað í þessum hluta um viðbrögð við athugasemdum og ábendingum sem sérfræðinganefndin setur fram. Þegar á heildina er litið taka aðildarríkin tillit til þessara ábendinga. Ef framkvæmd er ábótavant er brugðist við og gerð bragarbót.

Stærsti hluti starfstíma nefndarinnar um þingtímann snýst um umræður um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum. Í umræðunum er stuðst við umfangsmikla skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins. Í skýrslunni er fjallað um mun fleiri mál en kostur er að taka til umfjöllunar á þinginu. Þar af leiðandi vinnur nefndin eftir málaskrá sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins leggja sameiginlega til að verði tekin til athugunar og umræðu í nefndinni. Umfjöllun um þessa skrá hefur breyst í tímans rás og málafjöldinn aukist ár frá ári. Þetta hefur kallað á breytt vinnulag. Á seinni árum hefur verið greint á milli brota á alþjóðasamþykktum og mála sem tengjast ýmiss konar vanrækslu aðildarríkja varðandi skýrslugjöf eða kynningu á nýjum alþjóðasamþykktum Alþjóðavinnumálaþingsins fyrir löggjafarsamkomu hlutaðeigndi aðildarríkis. Á 93. þinginu var fjallað um málefni 25 aðildarríkja sem lutu að framkvæmd alþjóðasamþykkta.

Eitt af því sem skapaði þessu vinnumálaþingi sérstöðu var að hálfum þingdegi var varið í umfjöllun um aðstæður í einu aðildarríki og framkvæmd þess á alþjóðasamþykktum um nauðungarvinnu. Hér er um að ræða Burma. Heita má að það teljist til undantekninga að slíkt gerist. Hins vegar eru aðstæður í þessu ríki taldar það alvarlegar að þær kalli á hörð viðbrögð alþjóðasamfélagsins.

Í skýrslu sem þessari er ekki hægt að gera ítarlega grein fyrir umræðum um öll mál sem tekin voru á dagskrá nefndarinnar. Einungis er hægt að draga fram þau sem án efa má telja mjög alvarleg. Önnur mál sem telja má alvarleg er framkvæmd Máritaníu á samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu, brot Simbabve á samþykkt um samningafrelsi og framkvæmd Venesúela á samþykkt um félagafrelsi.

Á 92. Alþjóðavinnumálaþinginu 2004 var í fyrsta skipti fjallað í þingnefndinni um framkvæmd Íslands á alþjóðsamþykktum ILO. Tilefnið var kæra Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna setningar laga til lausnar kjaradeilu útgerðarmanna og sjómanna á árinu 2001. Í framhaldi af umfjöllun um málið í nefndinni kom upp ágreiningur um niðurstöðu þingnefndarinnar. Orsakir hans voru raktar til mismunandi orðalags í fundargerð þingnefndarinnar og endanlegri niðurstöðu eins og hún birtist í tíðindum frá þinginu. Að frumkvæði fulltrúa ríkisstjórnar Íslands á 93. Alþjóðavinnumálaþinginu 2005 voru haldnir fundir með hlutaðeigandi aðilum, bæði starfsmönnum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sem og talsmönnum fulltrúa atvinnurekenda og launafólks í þingnefndinni, um

framkvæmd alþjóðasamþykkta þar sem farið var yfir þennan ágreining og ástæður hans. Niðurstaða þessara funda var bréf sem sent var félagsmálaráðherra þar sem íslensk stjórnvöld voru beðin afsökunar á þeim skaða sem umræddur misskilningur hefði valdið. Í framhaldinu var verklagi þingnefndarinnar breytt þannig að eftirleiðis á að vera tryggt að hliðstæðar aðstæður komi ekki aftur upp. Þess skal getið að skýrsla félagsmálaráðherra um 92. Alþjóðavinnumálaþingið hefur að geyma endanlegar niðurstöður í þessu tiltekna máli.

**Burma.**

Málefni Burma hafa verið reglulega til umfjöllunar á vettvangi Alþjóðavinnumálaþingsins undanfarin ár. Rótin eru lög sem veita sveitar- og borgarstjórnum og raunar öðrum stjórnvöldum víðtækar heimildir til að kveðja fólk til vinnu. Ákvæði þessarar löggjafar hafa um áratugaskeið verið misnotuð, einkum af herforingjastjórninni sem hefur setið að völdum í landinu. Árið 1996 var Alþjóðavinnumálastofnuninni send kæra á grundvelli 26. gr. stofnunarinnar. Í henni var herforingjastjórnin kærð fyrir brot á ákvæðum samþykkta ILO, einkum samþykktar nr. 29, um afnám nauðungarvinnu. Í framhaldi af kærunni samþykkti stjórnarnefnd stofnunarinnar að senda rannsóknarnefnd til landsins. Hún skilaði ítarlegri skýrslu um ástand mála. Sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar tók skýrsluna til umfjöllunar og hefur frá þessum tíma fylgst náið með þróuninni í landinu. Nefndin hefur árlega í skýrslu sinni til Alþjóðavinnumálaþingsins gert ástandið í Burma að umfjöllunarefni og margítrekað óskir um úrbætur. Nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins hefur tekið undir óskir sérfræðinganefndarinnar. Í umræðum um þetta mál hafa fulltrúar ríkisstjórnar Burma annaðhvort vísað á bug ásökunum um brot á alþjóðasamþykktum eða lofað bót og betrun. Efndir á gefnum loforðum hafa engar orðið og ástandið í landinu hefur farið sífellt versnandi. Ljóst er að þolinmæði Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og þingfulltrúa á Alþjóðavinnumálaþinginu er þrotin. Ákveðið var að taka málefni þess til umfjöllunar á sérstökum þingfundi. Fulltrúi Lúxemborgar hafði orð fyrir aðildarríkjum Evrópusambandsins og nokkrum öðrum vestrænum ríkjum í umræðunum. Í ræðu hans var dregið fram hversu ástandið er orðið alvarlegt í landinu og að stjórnvöld skelli skollaeyrum við öllum óskum um umbætur og afnám þeirrar nauðungarvinnu sem viðgengst í landinu. Ræður fulltrúa Ástralíu, Bandaríkjanna og Kanada voru í sama anda. Hins vegar kvað við nokkuð annan tón í ræðu fulltrúa Indónesíu sem mælti fyrir mun fulltrúa aðildarríkja að Sambandi ríkja Suðaustur-Asíu (ASEAN). Í henni kom fram að ríkisstjórn Burma hafi sýnt vilja til samstarfs. Fulltrúar nokkurra ríkja studdu málatilbúnað fulltrúa ríkisstjórnar Indónesíu. Í þeim hópi voru fulltrúar Kúbu, Hvíta-Rússlands, Kína, Japans og Rússlands sem öll eru aðildarríki að ASEAN. Ekki kom fram í ræðum annarra ræðumanna að þeir hafi komið auga á þennan samstarfsvilja. Rétt er að geta þess að árið 1997 var Burma veitt aðild að ASEAN þrátt fyrir að lagt hafi verið að aðildarríkjum þess að halda herforingjastjórninni utan dyra.

Nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins samþykkti ítarlega ályktun í máli Burma. Þar er lögð áhersla á að aðstæður í landinu hafi verið alvarlegar um margra ára skeið. Nefndin mælti með því að niðurstöðurnar yrðu sendar ríkisstjórnum og samtökum atvinnurekenda og launafólks. Hún hvetur til þess að efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna taki málið á dagskrá. Skorað er á hlutaðeigandi aðila að taka saman skýrslu um öll samskipti sín við herforingjastjórnina í Burma og senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni þannig að stjórnarnefndin hafi heildarmynd af þeim á fundi sínum í nóvember 2005. Í ályktuninni er því beint til stjórnvalda í Burma að þau verndi einstaklinga sem leggi fram kærur um nauðungarvinnu og taki þessar kærur alvarlega. Enn fremur að þau tryggi eðlilega starfsemi skrifstofu ILO í landinu og að starfsmenn fái dvalarleyfi og njóti frelsis til að ferðast um landið.

**Kólumbía.**

Nefndin fjallaði enn einu sinni um brot Kólumbíu á ákvæðum alþjóðasamþykktar nr. 87, um félagafrelsi. Umfjöllun um þetta málefni er orðin fastur liður á dagskrá þingnefndarinnar. Svo virðist sem stjórnvöldum reynist erfitt að breyta aðstæðum í landinu þannig að þær séu í samræmi við ákvæði samþykktarinnar. Þingnefndin samþykkti umfangsmiklar niðurstöður í málinu þar sem látnar eru í ljós áhyggjur af ástandinu einkum þeim skilyrðum sem samtök launafólks búa við í Kólumbíu. Í ályktuninni kemur fram að nefndin veitir athygli upplýsingum um að stjórnvöld í Kólumbíu hafi boðið sendinefnd frá Alþjóðavinnumálastofnuninni að koma til landsins í því skyni að ræða framkvæmdina á samþykkt nr. 87 ásamt því að kynna sér aðstoð stofnunarinnar við landið. Gert er ráð fyrir að formaður nefndar ILO um félagafrelsi verði formaður sendinefndarinnar.

**Hvíta-Rússland.**

Framkvæmd Hvíta-Rússlands á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi, var tekin til umræðu í nefndinni. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar er dregin upp dökk mynd af ástandi mála í landinu. Skýrslan hefur að geyma hvassa gagnrýni sérfræðinganna á viðvarandi og alvarlegum brotum á rétti fólks til að stofna félög til að berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum. Svo virðist sem erfiðlega gangi að segja skilið við fyrri tíma þegar félagasamtök, ekki síst stéttarfélög launafólk, voru hluti af kerfi ríkjandi afla í Ráðstjórnarríkjunum. Sú spurning var ofarlega í hugum þeirra sem fylgdust með umræðum hvort í raun væru þær aðstæður fyrir hendi í landinu sem geri stéttarfélögum kleift að starfa. Svo virðist sem virðing fyrir lögum og rétti sé mjög takmörkuð. Flestir sem tjáðu sig gagnrýndu ástandið og hvöttu fulltrúa ríkisstjórnar Hvíta-Rússlands, sem var aðstoðarvinnumálaráðherrann, til að beita sér fyrir umbótum. Ekki voru allir sama sinnis. Þann hóp fylltu fulltrúar Kúbu, Burma, Rússlands og Kína. Niðurstaða nefndarinnar var sú að láta í ljós þungar áhyggjur yfir því að engin tilraun er gerð til að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktar nr. 87. Hún kvað nauðsynlegt að ríkisstjórnin tæki á móti nefnd á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og farið yrði yfir stöðuna og þess freistað að leita lausna á þeim alvarlegu vandamálum sem við er etja. Nefndin samþykkti að þessa máls yrði getið í þeim hluta skýrslu hennar til allsherjarþings Alþjóðavinnumálaþingsins sem fjallar um sérstaklega gróf og alvarleg brot á samþykktum stofnunarinnar. Það þótti nokkuð kaldhæðnislegt að fulltrúi ríkisstjórnar Hvíta-Rússlands var kosinn til setu í stjórnarnefnd ILO kjörtímabilið 2005–2008.

**Súdan.**

Ástandið í Súdan er árlegt tilefni til umfjöllunar í þingnefndinni um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Það er framkvæmd stjórnvalda á samþykkt nr. 29, um afnám nauðungarvinnu, sem er ástæðan. Í landinu eru ríkjandi aðstæður sem um margt minna á þrælahald. Konum og börnum er rænt og þau þvinguð til ýmiss konar þjónustustarfa fyrir ríkjandi valdhafa. Grundvallarmannréttindi eru fótumtroðin. Þetta ógnarástand hefur verið viðvarandi um lengri tíma. Það er einkenni á talsmönnum ríkisstjórna af sama tagi og þeirri súdönsku að halda langar innihaldslausar ræður þar sem púðri er eytt í að dásama ástandið og fordæma gróusögur alþjóðasamfélagsins um hlutaðeigandi land. Hins vegar er sjaldnast komið að kjarna málsins. Það reynir á þolrifin að hlýða á slíkar ræður. Á þinginu varð ekki breyting á þessum ræðustíl fulltrúa ríkisstjórnar Súdan. Ræðumenn sem tókum þátt í umræðum um málið gerðu að umtalsefni friðarsamning sem var undirritaður árið 2005 og létu í ljósi von um að með honum sköpuðust aðstæður til að bæta ástandið og hrinda að fullu í framkvæmd ákvæðum samþykktar 29 og afnema með öllu ríkjandi nauðungarvinnu í landinu. Niðurstaða nefndar-

innar endurspeglaði þessi viðhorf ræðumanna. Einnig var samþykkt að fela Alþjóðavinnumálastofnuninni að fylgjast grannt með framvindu mála og gera úttekt á ástandinu sem lögð yrði fyrir stjórnarnefndina.

Ekki er hægt að draga fjöður yfir það að margháttuð vandamál hafa steðjað að stjórnvöldum og borgurum í Súdan í marga áratugi. Á árunum 1962 til 1972 ríkti borgarastyrjöld á milli Norður- og Suður-Súdan. Ný borgarastyrjöld braust út árið 1983 þegar þáverandi forseti hugðist taka upp annað réttarkerfi sem byggðist á trúarritum íslam. Eftir linnulausar skærur voru teknar upp viðræður um friðarsamninga árið 2001 sem eins og áður segir lauk með undirritun friðarsamninga í janúar 2005. Það er talið að um fjórar milljónir manna séu á vergangi í landinu. Upplýsingar benda til þess að um 200 þúsund manns hafi snúið heim frá nágrannalöndunum og 500 þúsund manns til viðbótar fyrir árslok 2005. Það er risavaxið verkefni fyrir veikburða samfélag að takast á við slíkt vandamál og fjöldamörg önnur sem snerta uppbyggingu á stofnunum sem eru forsenda þess að nútímasamfélag fái þrifist.

## 2.5. NEFND UM AÐBÚNAÐ OG ÖRYGGI SJÓMANNA Á FISKISKIPUM

Á Alþjóðavinnumálaþinginu fór fram önnur umræða um vinnuskilyrði sjómanna á fiskiskipum. Fulltrúi ríkisstjórnar Portúgal, F. Ribeiro Lopes, var endurkjörinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kosnir R. Karikari Anang, fulltrúi atvinnurekenda í Gana, og P. Sand Mortensen, fulltrúi launafólks í Danmörku. Nefndin valdi G. Boumbopoulos, fulltrúa ríkisstjórnar Grikklands, sem talsmann sinn gagnvart allsherjarþingi vinnumálaþingsins. Á fyrsta fundi nefndarinnar tóku þátt í starfi hennar 54 fulltrúar ríkisstjórna, 21 fulltrúi atvinnurekenda og 48 fulltrúar launafólks. Fulltrúar Íslands í nefndinni voru Sverrir Konráðsson frá Siglingastofnun, Jón H. Magnússon, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, og Sævar Gunnarsson, forseti Sjómannasambands Íslands. Nefnd hélt samtals 16 fundi yfir þingtímann.

Verkefni nefndarinnar var að ræða drög að alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði fiskimanna. Að hluta til var markmiðið að safna saman í eina samþykkt ákvæðum sem snerta starfsumhverfi fiskimanna, jafnframt að ný samþykkt á þessu sviði taki betur mið af breytingum sem hafa átt sér stað í atvinnugreininni.

Það kom fljótt í ljós að djúpstæður ágreiningur var á meðal fulltrúa í nefndinni til einstakra atriða. Það mikilvægasta laut að ákvæðum um lágmarkskröfur sem gera skyldi til vistarvera farmanna, stærðar skipa sem samþykktin tæki til og almannatrygginga. Mikil vinna var lögð í að ná samkomulagi um reglur um umreikning á lengd skipa í burðargetu eftir tonnum til að endurspegla ólíkt byggingarlag í Asíu og Evrópu. Þótt niðurstaða nefndarinnar fengi yfirgnæfandi stuðning fékk tillagan að nýrri alþjóðasamþykkt um þetta efni ekki tilskilið atkvæðamagn á allsherjarþinginu til að ná fram að ganga. Ástæðan er reglur um lágmarksstuðning við tillögur að alþjóðasamþykktum og tilmælum. Samkvæmt reglunum þurftu 297 fulltrúar að lágmarki að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þar til viðbótar þurfti tillagan að hljóta stuðning tveggja þriðju hluta greiddra atkvæða eða 290. Tillagan að samþykkt hlaut 289 atkvæði og náði því ekki fram að ganga. Tillaga að tilmælum náði hins vegar fram að ganga þar sem báðum framangreindum skilyrðum var fullnægt. Það er hins vegar ljóst að tilmæli án samþykktar eru gagnslaus. Þar af leiðandi samþykkti allsherjarþingið tillögu um að málefnið verði sett að nýju á dagskrá 96. Alþjóðavinnumálaþingsins sem haldið verður sumarið 2007.

## 2.6. NEFND UM VINNUVERND

Á 91. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2003 var í fyrsta skipti ákveðið að gera tilraun með að setja nýja tegund af alþjóðasamþykkt sem mundi hvetja aðildarríkin til markvissra umbóta

á hlutaðeigandi sviði eða í hlutaðeigandi starfsgrein. Það var ákveðið að taka fyrst fyrir vinnuvernd. Þetta var ákveðið með hliðsjón af neikvæðum áhrifum alþjóðavæðingar á virðingu fyrir heilsusamlegu vinnuumhverfi. Ákveðið var að setja málefnið á dagskrá 93. Alþjóðavinnumálaþingsins. Það var undirbúið af alþjóðavinnumálaskrifstofunni á venjulegan hátt með því að aðildarríkjunum var send árið 2004 spurningaskrá til útfyllingar. Jafnframt voru send drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um þetta efni. Drögin þjónuðu því hlutverki að vera grundvöllur umræðu á komandi vinnumálaþingi. Á 93. Alþjóðavinnumálaþinginu var stofnuð nefnd um málefnið. A. Békés, fulltrúi ríkisstjórnar Ungverjalands, var kosinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kosnir C. Lötter, fulltrúi atvinnurekenda í Suður-Afríku, og P. Seminario, fulltrúi launafólks í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Í starfi nefndarinnar tóku þátt 73 fulltrúar ríkisstjórna, 47 fulltrúar atvinnurekenda og 71 fulltrúi launafólks. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Nefndin hélt samtals 11 fundi. Aðildarríki Evrópusambandsins höfðu náið samráð sín í milli og héldu fjölmarga samráðs- og undirbúningsfundi. EFTA/EES-ríkin þáðu boð um að taka þátt í fundunum. Góð samstaða var á milli Evrópusambandsríkjanna og þeirra EFTA-ríkja sem eru skuldbundin af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ástæðan var m.a. sú að öll ríkin fylgja rammatilskipun ESB um öryggi og hollustu á vinnustöðum og tillaga alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að gerð um málefnið var í stórum dráttum í hátt við tilskipunina.

Starf nefndarinnar hófst á ræðu fulltrúa alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf. Í henni kom fram að á hverju ári væru skráðar 270 milljónir vinnuslysa í heiminum, samtals létu tvær milljónir manna lífið af þeirra völdum og 160 milljónir manna hefðu beðið varanlegan skaða. Mælt á fjárhagslegan mælikvarða jafngildir þetta fjögurra prósenta samdrætti á vergri þjóðarframleiðslu. Hér væri því um umtalsverðar fjárhæðir að ræða en að auki bættust við þjáningar og miski einstaklinga og fjölskyldna þeirra.

Nefndin þurfti snemma á starfstímanum að taka afstöðu til þess á hvaða formi tillaga nefndarinnar yrði. Um það var ágreiningur meðal þingfulltrúa. Fulltrúar launafólks og hluti fulltrúa ríkisstjórna var því fylgjandi að nefndin legði til að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi almennt orðaða samþykkt ásamt ítarlegum tilmælum. Þessu voru fulltrúar atvinnurekenda andvígir og nokkur hluti fulltrúa ríkisstjórna sem frekar kusu gerð sem ekki væri jafnskuldbindandi og alþjóðasamþykkt. Kosning leiddi í ljós að meiri hlutinn var fylgjandi samþykkt og tilmælum, þ.e. einkum fulltrúar ríkisstjórna frá ríkjum í Afríku og Evrópu sem studdu málstað fulltrúa launafólks og lögðu því lið að þingið afgreiddi samþykkt og tilmæli um vinnuvernd.

Kjarni samþykktarinnar felst í því að aðildarríki, sem fullgildir hana, skuldbindur sig til þess markvisst að bæta vinnuumhverfi og auka öryggi á vinnustöðum með áætlunum um vinnuvernd á landsvísu. Áætlunina skal semja í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins á grunni rannsókna og gera hlutaðeigandi betur meðvitaða um gildi forvarna að því er varðar öryggi og hollustu á vinnustaðnum. Enn fremur skal koma upp skipulagi einnig á landsvísu sem beri ábyrgð á framkvæmd vinnuverndarreglna. Í áætluninni skal setja viðmið og birta reglulega opinberlega hagtölur um framkvæmd áætlunarinnar. Tryggja skal samræmi við aðrar tengdar áætlanir.

Talsmenn launafólks í nefndinni lögðu áherslu á að efnisgreinar hefðu raunverulegt og skuldbindandi inntak og voru því andvígir að stefnt yrði að almennt orðaðri rammasamþykkt. Atvinnurekendur voru á annarri skoðun og hvöttu til afgreiðslu á almennri samþykkt sem væri þannig orðuð að þróunarríkjum yrði unnt að fullgilda hana. Þar væri mest þörf á umbótum. Ef markið væri sett of hátt mundi það fæla fyrst og fremst þessi ríki frá fullgildingu.

Flestir fulltrúar ríkisstjórna tóku undir sjónarmið fulltrúa atvinnurekenda að þessu leyti og varð það niðurstaða nefndarinnar.

Fulltrúar launafólks voru óánægðir með niðurstöðuna af fyrri umræðunni um þetta málefni á vinnumálaþinginu vegna þess að ekki var að þeirra mati að finna í niðurstöðunum efnislegar kröfur um öryggi og hollustu á vinnustöðum. Fulltrúar flestra ríkisstjórna, sem tóku þátt í starfi nefndarinnar, töldu árangurinn skapa góðan grundvöll fyrir seinni umfjöllun um málið sem fer fram á Alþjóðavinnumálaþinginu sumarið 2006.

### 2.7. ALMENNAR UMRÆÐUR UM ATVINNULEYSI UNGS FÓLKS

Atvinnuleysi ungs fólks er knýjandi vandamál víða um heim sem leiðir af sér beinan og óbeinan kostnað fyrir samfélagið. Augljósasta afleiðingin, bæði til lengri og skemmri tíma litið, er minni hagvöxtur. Þetta málefni var brotið til mergjar í einni af þingnefndum Alþjóðavinnumálaþingsins. Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði undirbúið umræður í nefndinni með skýrslu undir yfirskriftinni: Æska: Braut til mannsæmandi vinnu. Í skýrslunni eru settar fram tillögur um það hvernig megi auka hlut ungs fólks í atvinnulífinu. Markmiðið var að niðurstaða nefndarinnar gæti verið leiðbeinandi fyrir stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins á þessu sviði.

Fulltrúi ríkisstjórnar Alsír, Abdelmoumene, var kosinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kosnir Andersen, fulltrúi atvinnurekenda, og Burrow, fulltrúi launafólks, báðir frá Ástralíu. Í starfi nefndarinnar tóku þátt 75 fulltrúar ríkisstjórna, 53 fulltrúar atvinnurekenda og 54 fulltrúar launafólks.

Umræður í nefndinni snerust fyrst og fremst um það hvað skapi ungu fólki sérstöðu á vinnumarkaðinum og um þætti sem nauðsynlegt er að taka tillit til þegar mótuð er stefna stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins varðandi mannsæmandi störf fyrir ungt fólk. Loks fjallaði nefndin um efnisatriði sem ættu erindi í stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar varðandi atvinnu fyrir ungt fólk.

Nefndin lauk starfi sínu með samningu tillögu til þingsályktunar sem var samþykkt einróma af allsherjarþinginu.

### 2.8. KOSNING STJÓRNARNEFNDAR ALÞJÓÐAVINNUMÁLASKRIFSTOFUNNAR

Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar er kosin til þriggja ára í senn. Nefndin tekur allar meiri háttar ákvarðanir að því er varðar starfsemi ILO annarra en þeirra sem ráðið er til lykta á Alþjóðavinnumálaþinginu. Í henni eiga sæti 14 fulltrúar úr röðum fulltrúa atvinnurekenda og launafólks eða samtals 28 fulltrúar. Að auki sitja í nefndinni 28 kosnir fulltrúar ríkisstjórna og 10 fastafulltrúar helstu iðnríkja heimsins. Samkvæmt venju sitja í stjórnarnefndinni varamenn aðalfulltrúa annarra en þeirra sem eru fastafulltrúar. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki rétt til að greiða atkvæði. Á þinginu voru kosnir fulltrúar til setu í stjórnarnefndinni kjörtímabilið 2005–2008. Skrá yfir fulltrúana er að finna í fylgiskjali með þessari skýrslu.

## 3. 94. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2006

### 3.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

94. Alþjóðavinnumálaþingið var haldið dagana 6. til 23. febrúar 2006 í Genf í Sviss. Stærsti hluti þingsins fór fram í höfuðstöðvum alþjóðavinnumálskrifstofunnar að undanteknum setningar- og lokaathöfnum sem haldnar voru í Þjóðabandalagshöllinni. Hér var um að

ræða aukaþing sem var helgað málefnum farmanna. Þetta var í 12. skiptið sem þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) fjallaði sérstaklega um aðbúnað og vinnuskilyrði þeirra.

Samtals tóku þátt í þinginu 1.135 fulltrúar ríkisstjórna, sjómanna og útgerðarmanna frá 106 af 178 aðildarríkum.

Þingforseti var kosinn J. M. Schindler, fulltrúi ríkisstjórnar Frakklands. Varaþingforsetar voru kjörnir T. Teranishi, fulltrúi ríkisstjórnar Japans, D. Lindemann, fulltrúi útgerðarmanna í Þýskalandi, og B. Orell, fulltrúi sjómanna í Stóra-Bretlandi.

Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu voru: Frá félagsmálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson skrifstofustjóri. Frá samgönguráðuneytinu: Sverrir Konráðsson, sérfræðingur hjá Siglingastofnun. Frá utanríkisráðuneyti: Kristinn Árnason sendiherra og Einar Gunnarsson sendifulltrúi. Fulltrúi útgerðarmanna: Jón H. Magnússon, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi farmanna: Ægir Steinn Sveinþórsson.

Á dagskrá þingsins var einungis eitt málefni; drög að nýrri alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði farmanna. Til undirbúnings umræðum á þinginu hafði alþjóðavinnumálaskrifstofan í Genf tekið saman skýrslur um meginviðfangsefni þingsins sem var að sameina í eina gerð allar eldri samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins um málefni farmanna á flutningaskipum. Einnig lá fyrir þinginu skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um þróunina í starfsgreininni.

### 3.2. FRAMVINDA ÞINGSINS

Formleg þingsetning fór fram 7. febrúar 2006. Undirbúningsfundir voru haldnir 5. og 6. febrúar. Fulltrúar ríkisstjórna héldu fund 5. febrúar. Á þeim fundi var X. Zang frá Kína kosinn talsmaður og G. Smefjell frá Noregi varatalsmaður hópsins. Einnig fóru fram óformlegar umræður um helstu ágreiningsefni. Aðildarríki Evrópusambandins héldu einnig undirbúningsfund daginn fyrir þingsetningu. Auk fulltrúa frá umsóknarríkjunum Búlgaríu og Rúmeníu var fulltrúum EFTA/EES-ríkjanna Íslands og Noregs boðið að taka þátt í þeim fundi og öðrum samráðsfundum sem ESB-ríkin héldu í tengslum við þingið.

### 3.3. TILLAGA AÐ ALÞJÓÐASAMÞYKKT UM VINNUSKILYRÐI FARMANNA

Áður er komið fram að þetta var í tólfta skiptið sem Alþjóðavinnumálaþingið var helgað málefnum sjómanna. Frá árinu 1920 hefur þingið afgreitt 37 alþjóðasamþykktir, eina bókun og ríflega 20 tilmæli. Við yfirferð kom í ljós að margar af eldri samþykktum og tilmælum á þessu sviði voru ekki í hátt við breytta tíma og aðrar kröfur sem gerðar eru til öryggis- og vinnuskilyrða. Margar þeirra höfðu ekki verið fullgiltar af nægilega mörgum ríkjum til að öðlast gildi.

Undirbúningur fyrir þetta aukaalþjóðavinnumálaþing um málefni farmanna hafði staðið um alllangan tíma. Í janúar árið 2001 afgreiddi nefnd um málefni sjómanna tillögu um þörfina fyrir úttekt á gerðum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem sneru að sjómennsku með það að markmiði að efni þeirra yrði uppfært og samræmt og því komið í eina heildstæða og aðgengilega samþykkt. Á fundinum var einnig afgreidd tillaga um stofnun nefndar fulltrúa ríkisstjórna, sjómanna og útgerðarmanna til að undirbúa tillögu með þessu sniði sem yrði lögð fram til umræðu á sérfræðingafundum og síðan á Alþjóðavinnumálaþinginu. Nefndin hélt fjóra undirbúningsfundi; í desember 2001, október 2002, júlí 2003 og í janúar 2004.

Með tillögunni að nýju alþjóðasamþykktinni var að ýmsu leyti farið inn á nýjar brautir. Eldri samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa byggst á aðfararorðum, meginmáli og niðurlagsákvæðum um fullgildingu, endurskoðun og uppsögn. Tillagan að samþykktinni skiptist í aðfararorð en í þrjá ólíka en þó innbyrðis tengda hluta: Efnisgreinar, reglur og kóða.

Hann samanstendur af skuldbindandi (A) viðmiðunum og (B) leiðbeiningarreglum. Ríki sem fullgildir samþykktina er skuldbundið af ákvæðum í efnisgreinunum, reglum og A-hluta kóðanna, þ.e. af viðmiðunum. Einu skuldbindingarnar sem aðildarríki ber samkvæmt leiðbeiningarreglunum er að kanna að hvaða marki það vill eða treystir sér til að fara eftir þeim við framkvæmd á ákvæðum í efnisgreinum, reglum og viðmiðunum. Aðildarríki hefur þannig val um að grípa til annarra aðgerða en felast í leiðbeiningarreglunum til að hrinda í framkvæmd efnisgreinum, reglum og viðmiðunum svo fremi sem efni þeirra er virt. Aðildarríki sem kýs að fara aðrar leiðir við framkvæmdina þarf, ef nauðsyn krefur, að sýna fram á að hún gefi hliðstæða niðurstöðu og ef farið hefði verið eftir ákvæðum leiðbeiningarreglnanna. Nánar er fjallað um þetta efni í skýringum við reglur og kóðana. Þar kemur fram að texti samþykktarinnar verði sveigjanlegri á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að uppfylla kröfur í A-hluta á jafngildan hátt og þær eru skilgreindar í grein VI. Í öðru lagi eru notaðar almennar skilgreiningar í A-hlutanum sem skapa svigrúm til að taka tillit til séraðstæðna í hlutaðeigandi aðildarríki. Í þeim tilvikum er að finna leiðbeiningar um framkvæmd í B-hlutanum sem er óskuldbindandi.

Reglur og kóða er að finna í fimm köflum:

1. kafli. Lágmarkskröfur sem sjómenn þurfa að uppfylla til að mega vinna um borð í skipum.
2. kafli: Skilyrði fyrir ráðningu.
3. kafli: Vistarverur, tómstundaðastaða, matur og veitingarekstur.
4. kafli: Heilsuvernd, læknishjálp, velferð og almannatryggingar.
5. Fullnæging formskilyrða og framfylgd.

Þessi uppbygging felur í sér veruleg frávik frá því sem tíðkast hefur í fyrri samþykktum og tilmælum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í nýju samþykktinni er að finna skuldbindandi ákvæði sem og ákvæði sem fela í sér leiðbeiningar eða ábendingar um framkvæmd. Af því leiðir að ekki er hægt í því tilviki sem hér um ræðir að styðjast við hefð við þýðingu á hugtökunum Regulations, Code, Standards og Guidelines. Niðurstaðan hefur orðið sú að nota reglur, kóða, viðmið og leiðbeiningarreglur. Þess skal getið að við samningu tillögunnar að samþykkt var stuðst við fyrirmyndir í gerðum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

Þrátt fyrir umfangsmikla undirbúningsvinnu tókst ekki á síðustu undirbúningsfundunum að ná samstöðu um tillögu að texta alþjóðasamþykktar. Þetta átti við um nokkur grundvallaratriði eins og um gildistökuákvæðið. Þá höfðu atriði verið lögð hliðar meðan beðið var nýrrar alþjóðasamþykktar um vinnuskilyrði fiskimanna sem var á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins sumarið 2005. Einnig komu fram breytingartillögur við þann tillögutexta sem fyrir lá. Oftast var um að ræða breytingar sem ekki höfðu náð fram að ganga á fyrri undirbúningsfundum, t.d. breytingar á orðskýringum sem flestir töldu afgreiddar. Samningaviðræður um gildistökuákvæðið og tillögur um orðskýringar voru mjög flóknar. Það sama átti við breytingartillögur sem samtals voru 115 – sumar mjög róttækar en aðrar minni háttar.

Tillaga um aðfararorð samþykktarinnar, sem ekki er skuldbindandi, var samþykkt án breytinga. Þau vísa til þýðingarmestu samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og yfirlýsingarinnar frá árinu 1998 um grundvallarréttindi í atvinnulífinu. Einnig er vísað til þriggja samþykkta Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO). Þær eru um menntun, þjálfun, vaktstöður og skírteini sjómanna (STCW), um öryggi mannslífa á höfunum (SOLAS) og um varnir gegn mengun hafsins (MARPOL). Loks er vísað til hafréttarsamningsins Sameinuðu þjóðanna frá 1982, einkum 92. gr. um ábyrgð fánaríkis á vinnuaðstæðum um borð í skipum. Þessar alþjóðasamþykktir og samningar móta starfsumhverfi útgerðarmanna og farmanna annarra en þeirra sem eru á fiskiskipum. Í tillögu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar fólst að hin

nýja samþykktin kæmi í stað 68 eldri gerða sem áður höfðu verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþingum frá og með árinu 1920.

Ekki er rúm til að gera efni hinnar nýju samþykktar tæmandi skil á þessum vettvangi en þess í stað vísað til skýrslna sem gefnar voru út til undirbúnings umræðum á Alþjóðavinnumálaþinginu sem og þingtíðinda vinnumálaþingsins sem geyma ítarlegar upplýsingar um umræður og skýringar sérfræðinga alþjóðavinnumálaskrifstofunnar á ýmsum álitaefnum af lögfræðilegum toga. Hins vegar er ástæða til að fjalla um eitt atriði sem snertir gildistökuákvæði nýju samþykktarinnar í VIII. gr. Þar voru tvö álitaefni. Annað snerti fjölda fullgildinga og hversu hátt hlutfall af heildatonnafjölda skipa þurfi að standa á bak við fullgildingarnar þannig að alþjóðasamþykktin gangi í gildi. Hitt snýr að ákvæðum í greinum XIV og XV um breytingar á texta samþykkarinnar og kóðanna. Bæði þessi atriði kölluðu á langar samningaviðræður jafnt á formlegum sem óformlegum fundum.

Í flestum alþjóðasamþykktum ILO er að finna ákvæði um að hlutaðeigandi samþykkt gangi í gildi þegar tvö aðildarríki hafa afhent forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar fullgildingarskjöl sín. Samþykktir stofnunarinnar sem taka til vinnuskilyrða til sjós eru undantekningar frá þessari reglu. Ströngustu regluna um þetta efni er að finna í alþjóðasamþykkt nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum. Þar er krafist að lágmarki fullgildingar 10 aðildarríkja með fjórðung af skipafjölda heimsins miðað við brúttótonnatölu. Fyrir þrýsting frá fulltrúum útgerðarmanna var þetta mark hækkað. Í nýju samþykktinni er miðað við fullgildingar 30 aðildarríkja og að undir þeirra fána sigli skip sem svari fyrir 33% af brúttótonnatölu í heiminum.

Einnig að því er varðar breytingar á texta samþykktarinnar er markið sett hátt í grein XIV. Óopinber skýring er sú að aðildarríki Evrópusambandsins geti ekki ein staðið fyrir gildistöku samþykktarinnar né gert á henni breytingar. Forsenda þess að hægt sé að leggja fram tillögu um breytingar á kóða er að hún njóti stuðnings að lágmarki fimm aðildarríkja samþykktarinnar eða stuðnings fulltrúa sjómanna eða útgerðarmanna í sjómanna- og útgerðarnefndinni sem skal komið á laggirnar, sbr. grein XIII. Ákvæðin um breytingar eru nýmæli í samþykktum ILO.

### 3.4. AFGREIÐSLA

Skýrsla nefndarinnar og lokatillaga að alþjóðasamþykkt var lögð fyrir allsherjarþingið til afgreiðslu 22. febrúar 2006. Daginn eftir var gengið til atkvæðagreiðslu um samþykktina í samræmi við ákvæði í þingsköpum Alþjóðavinnumálaþingsins. Niðurstaða kosninganna var sú að 314 fulltrúar greiddu atkvæði með en enginn greiddi atkvæði gegn tillögunni. Fjórir fulltrúar sátu hjá. Fulltrúi Líbanon gaf þá skýringu á hjásetunni að slæmur efnahagur kæmi í veg fyrir fullgildingu. Skýring fulltrúa Venesúela var sú að ríkið væri ekki aðili að hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna sem vísar er til í aðfararorðum samþykktarinnar.

Samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, er birt sem fylgiskjal I með þessari skýrslu.

## 4. EVRÓPUÞING ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR Í BÚDAPEST

Dagana 14.–18. febrúar 2005 var haldið 7. Evrópuþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Að jafnaði eru slík þing haldin á fjögurra ára fresti. Þingið var haldið í Búdapest í Ungverjalandi. Fimmtíu og tvö aðildarríki í Evrópu og Mið-Asíu áttu rétt á að senda fulltrúa til Evrópuþingsins og nýttu 50 þann rétt. Samkvæmt stofnskrá ILO skulu fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks skipa sendinefndir aðildarríkjanna á þingum stofnunar-

innar. Rúmlega 600 fulltrúar sátu þingið, þar af voru 30 ráðherrar vinnumála. Fjórir forsætisráðherrar tóku þátt í þinginu. Þeir voru Ferenc Gyurcsány, forsætisráðherra Ungverjalands, Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, en á þessum tíma var hann í forsæti ráðherranefndar Evrópusambandsins, Danial Akhmetow, forsætisráðherra Kazkhstan, og dr. Lawrence Gonzi, forsætisráðherra Möltu.

Fulltrúar Íslands á þinginu voru Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, og Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins.

Forseti þingsins var vinnumálaráðherra Ungverjalands, Gabor Csizmar.

Helstu viðfangsefni þingsins voru samráð stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins, bætt stjórnsýsla og aukin efnahagssamvinna ríkja Evrópu og Mið-Asíu. Einnig var fjallað um nýlega skýrslu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um áhrif alþjóðavæðingar á framvindu félags- og vinnumála, atvinnumál ungs fólks og stöðu miðaldra og eldri starfsmanna á vinnumarkaðnum.

Forsætisráðherra Ungverjalands, Ferenc Gyurcsány, setti þingið með stuttu ávarpi þar sem hann bauð gesti velkomna til þingsins og Ungverjalands. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Juvan Somavia, hélt ræðu á opnunarathöfninni. Í ræðunni lagði hann áherslu á að við ýmsa örðugleika væri að etja í evrópsku atvinnulífi og ekki væru til neinar klæðskerasaumaðar lausnir sem hentuðu öllum jafnvel. Somavia benti á fjögur svið sem hefðu afgerandi áhrif á stöðu og framtíð fólks í atvinnulífinu; tengslin á milli skóla og atvinnulífs, flutningur frá einu starfi til annars eða frá einu landi til annars og breytingar sem eldri starfsmenn standa frammi fyrir. Góðir stjórnarhættir og samræmd stefna á þessum fjórum sviðum getur ráðið úrslitum um framtíð fólks. Eitt atriði skiptir mestu máli fyrir virkri stjórnarstefnu á þessum sviðum, blómlegt atvinnulíf sem skapar nægilega mörg mannsæmandi störf þannig að allir sem vilja fái vinnu við hæfi. Í ræðu Somavia kom fram að nokkru fyrir þingsetninguna hafi komið út á vegum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf skýrsla um þróun atvinnumála í heiminum. Í henni sé dregin upp dapurleg mynd af ástandinu. Þrátt fyrir miklar efnahagsframfarir í flestum ríkjum heimsins hafi verið viðvarandi atvinnuleysi. Samkvæmt skýrslunni hafi hagvöxtur í Evrópu og Asíu verið 3,5% en störfum einungis fjölgað um hálft prósent.

Á þinginu var bryddað upp á ýmsum nýmælum til að stuðla að greiðari skoðanaskiptum á milli þingfulltrúa. Haldnar voru pallborðsumræður sem báru yfirskriftina: *Munu viðræður aðila vinnumarkaðarins um félagslegar umbætur lifa af alþjóðavæðinguna.* Einnig var haldinn sérstakur fundur helgaður framvindu jafnréttis kynjanna á vinnumarkaðnum.

Þinginu lauk með samþykkt yfirlýsingar. Í henni er skorað á ríkisstjórnir að þær svari þörfum ungs launafólks í stefnu á landsvísu í vinnumálum. Alþjóðavinnumálastofnunin er hvött til að fylgja eftir þríhliða samráði um sveigjanleika í atvinnulífinu en jafnframt verði stuðlað að öryggi fyrir launafólk og fyrirtæki þannig að hægt verði að mæta aukinni samkeppni vegna alþjóðavæðingarinnar og sífellt ríkari nauðsynjar á að laga sig að breytilegum markaðsaðstæðum. Jafnframt er lög áhersla á að í alþjóðavæðingu efnahagslífsins felist ögrandi viðfangsefni fyrir aðildarríki ILO, fyrirtæki og launafólk í Evrópu og Mið-Asíu. Hvatt var til þess að sjónarmið yrðu samræmd þannig að hægt yrði að mæta þeim viðfangsefnum sem við blasa á sviði félags- og vinnumála á markvissan hátt innan þess ramma sem grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar setja.

Niðurstöður 7. Evrópuþings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru birt í fylgiskjali III með þessari skýrslu. Ræða sem flutt var á þinginu í nafni félagsmálaráðherra er birt í fylgiskjali IV.

**Fylgiskjal I.**

## SAMÞYKKT UM VINNUSKILYRÐI FARMANNA, 2006

### Inngangsorð.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

er kom saman til 94. þingsetu sinnar í Genf hinn 7. febrúar 2006 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og

hafði hug á að setja saman samræmt skjal sem inniheldur, að því marki sem unnt er, allar uppfærðar viðmiðanir gildandi alþjóðasamþykkta og -tilmæla um vinnuskilyrði farmanna auk grundvallarreglna sem er að finna í öðrum alþjóðavinnumálasamþykktum, einkum:

- samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu, 1930 (nr. 29);
- samþykkt um félagafrelsi og verndun þess, 1948 (nr. 87);
- samþykkt um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949 (nr. 98);
- samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, 1951 (nr. 100);
- samþykkt um afnám nauðungarvinnu, 1957 (nr. 105);
- samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa, 1958 (nr. 111);
- samþykkt um lágmarksaldur, 1973 (nr. 138);
- samþykkt um barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999 (nr. 182); og

hafa í huga grundvallarumboð stofnunarinnar, sem er að stuðla að mannsæmandi vinnuskilyrðum, og

minnast yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu, 1998, og

minnast þess einnig að farmenn njóta verndar ákvæða annarra ILO-gerninga og hafa önnur réttindi sem sett eru á stofn sem grundvallarréttindi og frelsi allra einstaklinga, og

að teknu tilliti til hnattræns eðlis skipaútgerðar þurfa farmenn sérstaka vernd, og

hafa einnig í huga alþjóðaviðmiðanirnar um öryggi skipa, vernd einstaklinga og gæðastjórnun skipa í samþykktinni um öryggi mannslífa á hafinu, 1974, með síðari breytingum, samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, með síðari breytingum, og í kröfum um menntun, þjálfun og hæfni í alþjóðasamþykktinni um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður farmanna, 1978, með síðari breytingum, og

minnast þess að hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna, 1982, kveður á um þann almenna lagaramma sem starfsemi á úthöfum og innhöfum þarf að lúta og hefur úrslitaþýðingu sem grundvöllur aðgerða og samstarfs á sviði siglinga og útvegs innan lands, svæðisbundið og hnattrænt og að nauðsynlegt sé að varðveita áreiðanleika hans, og

minnast þess að í 94. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, 1982, er kveðið á um skyldur fánaríkis, m.a. með tilliti til vinnuskilyrða, þjálfunar áhafna og félagslegra atriða um borð í skipum sem sigla undir fána þess, og

minnast 8. mgr. 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem kveður á um að í engu tilviki skuli samþykkt þingsins á alþjóðasamþykkt eða tilmælum eða fullgilding aðildarríkis á neinni samþykkt teljast hafa áhrif á nokkur lög, úrskurði, venjur eða samninga starfsmanna sem í hlut eiga og sem tryggja þeim betri kjör en kveðið er á um í samþykktinni eða tilmælunum, og

hafa einsett sér að þessi nýi gerningur sé þannig úr garði gerður að sem víðtækast samþykki sé tryggt meðal ríkisstjórna, útgerðarmanna og farmanna, sem vilja halda í heiðri grundvallarreglur um mannsæmandi vinnu, að auðvelt sé að breyta honum og að honum verði hrint í framkvæmd og framfylgt með markvissum hætti, og

eftir að hafa ákveðið að samþykkja tilteknar tillögur þannig að slíkur gerningur verði að veruleika, sem er eina málið á dagskrá þingsins, og

hafa ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi alþjóðasamþykktar;

samþykkja þennan tuttugasta og þriðja dag febrúarmánaðar árið tvö þúsund og sex eftirfarandi samþykkt, sem vísa má til með heitinu samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006.

**Almennar skyldur.**

I. gr.

1. Hvert ríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að hrinda ákvæðum hennar að fullu og öllu leyti í framkvæmd með þeim hætti sem segir í VI. gr. í því skyni að tryggja rétt allra farmanna til mannsæmandi vinnu.

2. Aðildarríki skulu eiga með sér samstarf í þeim tilgangi að tryggja skilvirka framkvæmd og framfylgd þessarar samþykktar.

**Skilgreiningar og gildissvið.**

II. gr.

1. Í þessari samþykkt, nema kveðið sé á um annað samkvæmt tilteknum ákvæðum, er merking eftirtalinna hugtaka sem hér segir:

a) lögbært stjórnvald er ráðherra, ráðuneyti eða annað stjórnvald sem hefur vald til að gefa út og framfylgja reglugerðum, reglum eða öðrum fyrirmælum sem hafa lagagildi hvað varðar viðfangsefni ákvæðanna sem um ræðir;

b) yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna er yfirlýsingin sem um getur í 4. mgr. reglu 5.1.3;

c) brúttótonnatala er sú brúttótonnatala sem er reiknuð í samræmi við reglur um mælingu skipa í 1. viðauka við alþjóðasamninginn um mælingar skipa frá 1969 eða síðari samninga sem kunna að hafa komið í stað hans; brúttótonnatalan fyrir skip sem bráðabirgðaáætlun um mælingar, sem samþykkt er af Alþjóðasiglingamálastofnuninni, tekur til verður brúttótonnatalan sem er að finna í athugasemdadálki alþjóðamælibréfsins (1969);

d) skírteini um vinnuskilyrði farmanna er skírteinið sem um getur í reglu 5.1.3;

e) með kröfum þessarar samþykktar vísast til krafnanna í þessum greinum, í reglunum og A-hluta kóða þessarar samþykktar;

f) farmaður er hver sá einstaklingur sem er starfandi, er ráðinn eða gegnir hvers kyns stöðu um borð í skipi sem þessi samþykkt nær til;

g) ráðningarsamningur farmanna felur í sér bæði samning um ráðningu og samning milli skipstjóra og farmanna um kaup og kjör;

h) fyrirtæki sem sinnir skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna er hver einstaklingur, félag, stofnun, umboðsskrifstofa eða önnur samtök í opinberum rekstri eða einkarekstri sem starfar við að skrá farmenn fyrir hönd útgerðarmanna eða ráða farmenn í störf hjá útgerðarmönnum;

i) skip er skip annað en það sem einungis er siglt á vatnaleiðum eða siglingaleiðum nærri eða í vari eða á svæðum þar sem reglur um siglingar í höfnum gilda;

j) útgerðarmaður er eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri, umboðsmaður eða skipamiðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins úr höndum eiganda, og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem eru lagðar á útgerðarmenn í samræmi við þessa samþykkt burtséð frá því hvort einhverjar aðrar stofnanir eða einstaklingar uppfylli tilteknar skyldur eða ábyrgð fyrir hönd útgerðarmannsins.

2. Nema annað sé sérstaklega tekið fram gildir þessi samþykkt um alla farmenn.

3. Ef vafi leikur á því hvort einhverjir hópar manna skuli teljast farmenn í merkingu þessarar samþykktar skal úr því skorið af lögbæru stjórnvaldi í hverju aðildarríki, að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og farmanna sem hlut eiga að máli.

4. Ef ekki er annað ákveðið tekur þessi samþykkt til allra skipa bæði í einkaeign og eigu hins opinbera, sem stunda að staðaldri einhverja arðbæra starfsemi, annarra en skipa sem stunda fiskveiðar eða aðra sambærilega starfsemi og skipa af frumstæðri gerð svo sem „dhows“ og „junks“.

Þessi samþykkt gildir ekki um herskip eða aðstoðarskip sjóherja.

5. Ef vafi leikur á því hvort þessi samþykkt gildi um skip eða tiltekinn flokk skipa skal lögbært stjórnvald í hverju aðildarríki skera úr um það, að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og farmanna sem hlut eiga að máli.

6. Ef lögbært stjórnvald kemst að því að ekki sé skynsamlegt eða gerlegt á þeirri stundu að beita tilteknum ákvæðum kóðans sem um getur í 1. mgr. VI. gr. um skip eða tiltekna flokka skipa sem sigla undir fána aðildarríkisins skulu viðeigandi ákvæði kóðans ekki gilda að því leyti sem tekið er á viðfangsefninu með öðrum hætti í landslögum, reglugerðum, kjarasamningum eða með öðrum ráðstöfunum. Slíkan úrskurð má aðeins fella í samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna og aðeins að því er varðar skip undir 200 brúttótonnum sem eru ekki í millilandasiglingum.

7. Sérhver ákvörðun sem aðildarríki tekur skv. 3., 5. eða 6. mgr. þessarar greinar skal tilkynnt til forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sem skal tilkynna það til allra aðildarríkja stofnunarinnar.

8. Sé ekki beint kveðið á um annað felur tilvísun til þessarar samþykktar einnig í sér tilvísun til reglnanna og kóðans.

**Grundvallarréttindi og reglur.**

III. gr.

Hvert aðildarríki skal tryggja að í ákvæðum eigin laga og reglugerða séu virt, að því er varðar þessa samþykkt, grundvallarréttindi til:

a) félagafrelsis og virk viðurkenning á réttinum til aðildar að kjarasamningum;
b) afnáms hvers konar nauðungar- og skylduvinnu;
c) afnáms vinnu barna; og
d) afnáms misréttis með tilliti til atvinnu eða starfa.

**Starfsréttindi og félagsleg réttindi farmanna.**

IV. gr.

1. Sérhver farmaður á rétt á öruggum og vernduðum vinnustað sem uppfyllir öryggiskröfur.

2. Sérhver farmaður á rétt á sanngjörnum ráðningarskilmálum.

3. Sérhver farmaður á rétt á mannsæmandi starfsskilyrðum og lífskjörum um borð í skipi.

4. Sérhver farmaður á rétt á heilsuvernd, læknishjálp, ráðstöfunum um velferð og öðrum þáttum félagslegrar verndar.

5. Hvert aðildarríki skal tryggja, innan marka lögsögu sinnar, að starfsréttindi og félagsleg réttindi farmanna sem kveðið er á um í framangreindum málsgreinum þessarar greinar séu framkvæmd í samræmi við kröfur þessarar samþykktar. Hrinda má slíku í framkvæmd með landslögum eða reglugerðum, með viðeigandi kjarasamningum, með öðrum ráðstöfunum eða samkvæmt venju, nema kveðið sé á um það með öðrum hætti í samþykktinni.

**Fullnæging formskilyrða og framfylgd.**

V. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal framkvæma og framfylgja lögum eða reglugerðum eða gera aðrar ráðstafanir sem það hefur samþykkt til að efna skuldbindingar sínar samkvæmt þessari samþykkt hvað varðar skip og farmenn í lögsögu sinni.

2. Af þessum sökum skal hvert aðildarríki með skilvirkum hætti halda uppi lögsögu og eftirliti með skipum sem sigla undir fána þess með því að koma á kerfi til að tryggja að kröfur þessarar samþykktar séu uppfylltar, þar með talið reglulegar skoðanir, tilkynningar, eftirlit og málarekstur samkvæmt gildandi lögum.

3. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að skip sem sigla undir fána þeirra séu með skírteini um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna sem krafist er samkvæmt þessari samþykkt.

4. Aðildarríki, annað en fánaríki, má í samræmi við þjóðarétt skoða skip sem þessi samþykkt nær til þegar það liggur í höfn þess til að meta hvort skipið uppfyllir kröfur þessarar samþykktar.

5. Hvert aðildarríki skal á skilvirkan hátt fara með lögsögu sína og eftirlit með fyrirtækjum sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna, ef þau hafa staðfestu á yfirráðasvæði þess.

6. Hvert aðildarríki skal leggja bann við því að brotið sé gegn kröfum þessarar samþykktar og skal, í samræmi við þjóðarétt, setja viðurlög eða krefjast þess að gerðar séu ráðstafanir til úrbóta samkvæmt landslögum sem nægja til að hafa varnaðaráhrif gegn slíkum brotum.

7. Sérhvert aðildarríki skal framkvæma skyldur sínar samkvæmt þessari samþykkt þannig að tryggt sé að skip sem sigla undir fána ríkis sem hefur ekki fullgilt þessa samþykkt hljóti ekki hagstæðari meðhöndlun en skip sem sigla undir fána ríkja sem hafa fullgilt hana.

**Reglur ásamt A- og B-hlutum kóðans.**

VI. gr.

1. Reglurnar og ákvæði A-hluta kóðans eru skuldbindandi. Ákvæði B-hluta kóðans eru ekki skuldbindandi.

2. Hvert aðildarríki skuldbindur sig til að virða réttindi og grundvallarreglur þær sem mælt er fyrir um í reglunum og innleiða hverja reglu með þeim hætti sem mælt er fyrir um í samsvarandi ákvæðum A-hluta kóðans. Að auki skal aðildarríki íhuga alvarlega að innleiða skyldur sínar með þeim hætti sem kveðið er á um í B-hluta kóðans.

3. Aðildarríki sem er ekki í stakk búið til að innleiða réttindi og grundvallarreglur með þeim hætti sem mælt er fyrir um í A-hluta kóðans má, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari samþykkt, innleiða A-hluta með ákvæðum í lögum og reglugerðum eða öðrum ráðstöfunum sem eru mjög sambærilegar ákvæðum A-hluta.

4. Að því er varðar 3. mgr. þessarar greinar eingöngu skal litið svo á að þau lög, reglugerðir, kjarasamningar eða aðrar ráðstafanir til innleiðingar séu mjög sambærileg, með skírskotun til þessarar samþykktar, ef aðildarríkið gengur úr skugga um að:

a) þær hafi áhrif í þá átt að ná fram almennum markmiðum og tilgangi ákvæða A-hluta kóðans sem um er að ræða; og
b) þær nái að framfylgja ákvæðum A-hluta kóðans sem um er að ræða.

**Samráð við samtök útgerðarmanna og farmanna.**

VII. gr.

Aðildarríki má einungis heimila frávik, undanþágu eða sveigjanleika við beitingu þessarar samþykktar sem samkvæmt henni kallar á samráð samtaka útgerðarmanna og farmanna, ef samtök útgerðarmanna eða farmanna eru ekki fyrir hendi í aðildarríki, að höfðu samráði við nefndina sem um getur í XIII. gr.

**Gildistaka.**

VIII. gr.

1. Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

2. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingar sínar.

3. Þessi samþykkt gengur í gildi tólf mánuðum eftir að skráðar hafa verið fullgildingar a.m.k. 30 aðildarríkja, sem samanlagt hafa 33 prósent af brúttótonnatölu skipaflota heims.

4. Síðar gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

**Uppsögn.**

IX. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, réttinn til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

**Áhrif gildistöku.**

X. gr.

Samþykkt þessi er endurskoðun á eftirtöldum samþykktum:

Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku, 1920 (nr. 7).

Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots, 1920 (nr. 8).

Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm, 1920 (nr. 9).

Samþykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglingum við sjómennsku, 1921 (nr. 16).

Samþykkt um skiprúmssamning sjómanna, 1926 (nr. 22).

Samþykkt um heimsendingu sjómanna, 1926 (nr. 23).

Samþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfirmanna á kaupskipum, 1936 (nr. 53).
Samþykkt um árlegt orlof með launum, 1936 (nr. 54).
Samþykkt um ábyrgð útgerðarmanna á sjúkum og slösuðum sjófarendum, 1936 (nr. 55).
Samþykkt um sjúkratryggingar sjómanna, 1936 (nr. 56).
Samþykkt um vinnutíma á skipum og stærð áhafnar, 1936 (nr. 57).
Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku, 1936 (nr. 58).
Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum, 1946 (nr. 68).
Samþykkt um útgáfu hæfnisskírteina fyrir matsveina á skipum, 1946 (nr. 69).
Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna, 1946 (nr. 70).
Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn, 1946 (nr. 72).
Samþykkt um læknisskoðun farmanna, 1946 (nr. 73).
Samþykkt um útgáfu atvinnuskírteina fyrir háseta, 1946 (nr. 74).
Samþykkt um vistarverur farmanna, 1946, nr. 75).
Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum, 1946 (nr. 76).
Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð), 1949 (nr. 91).
Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð), 1949, (nr. 92).
Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð), 1949 (nr. 93).
Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð), 1958 (nr. 109).
Samþykkt um vistarverur skipverja (viðbótarákvæði), 1970 (nr. 133).
Samþykkt um slysavarnir sjómanna, 1970 (nr. 134).
Samþykkt um atvinnuöryggi farmanna, 1976 (nr. 145).
Samþykkt um árlegt orlof farmanna, 1976 (nr. 146).
Samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum, 1976 (nr. 147).
Bókun frá 1996 við samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum, 1976 (nr. 147).
Samþykkt um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn, 1987 (nr. 163).
Samþykkt um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja, 1987 (nr. 164).
Samþykkt um félagslegt öryggi skipverja (endurskoðuð), 1987 (nr. 165).
Samþykkt um heimsendingu skipverja (endurskoðuð), 1987 (nr. 166).
Samþykkt um vinnueftirlit í þágu farmanna, 1996 (nr. 178).
Samþykkt um skráningu og ráðningu farmanna í skiprúm, 1996 (nr. 179).
Samþykkt um vinnutíma farmanna og mönnun skipa, 1996 (nr. 180).

**Starf vörsluaðila.**

XI. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar skilyrðum 3. mgr. VIII. gr. er fullnægt skal forstjórinn vekja athygli aðildarríkjanna að stofnuninni á hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

XII. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar skv. 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir sem skráðar eru samkvæmt þessari samþykkt.

**Sérstök þríhliða nefnd.**

XIII. gr.

1. Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal hafa stöðugt eftirlit með framkvæmd þessarar samþykktar fyrir milligöngu nefndar sem hún kom á fót og skal hún hafa sérþekkingu á sviði viðmiðana um vinnuskilyrði farmanna.

2. Hvað varðar mál sem fjallað er um samkvæmt þessari samþykkt skulu í nefndinni sitja tveir fulltrúar tilnefndir af ríkisstjórn hvers aðildarríkis sem hefur fullgilt þessa samþykkt og fulltrúar útgerða og farmanna sem stjórnarnefnd tilnefnir að höfðu samráði við siglingamálanefnd.

3. Fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkja sem hafa ekki enn fullgilt þessa samþykkt mega taka þátt starfi nefndarinnar en hafa ekki atkvæðisrétt í neinum málum sem fjallað er um samkvæmt þessari samþykkt. Stjórnarnefndin má bjóða öðrum stofnunum eða aðilum að eiga fulltrúa í nefndinni með stöðu áheyrnarfulltrúa.

4. Atkvæði hvers fulltrúa útgerðarmanna og farmanna í nefndinni skulu vega þannig að tryggt sé að hópur útgerðarmanna og farmanna hafi helming atkvæðavægis á móti heildarfjölda fulltrúa ríkisstjórna sem eiga fulltrúa á viðkomandi fundi og hafa atkvæðisrétt.

**Breytingar á þessari samþykkt.**

XIV. gr.

1. Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar má samþykkja breytingar á ákvæðum þessarar samþykktar innan ramma 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og reglna og málsmeðferðar stofnunarinnar um samþykkt samþykkta. Einnig má samþykkja breytingar á kóðanum eftir málsmeðferðinni í XV. gr.

2. Hvað varðar aðildarríki sem létu skrá fullgildingar sínar á þessari samþykkt áður en breyting var samþykkt skal tilkynna þeim um texta breytinganna til samþykktar.

3. Hvað varðar önnur aðildarríki að stofnuninni skal tilkynna þeim um texta samþykktarinnar, eins og honum var breytt, til fullgildingar í samræmi við 19. gr. stofnskrárinnar.

4. Breyting telst hafa öðlast staðfestingu á þeim degi sem skráðar hafa verið fullgildingar á breytingunum eða samþykktinni með síðari breytingum, eftir atvikum, a.m.k. 30 aðildarríki sem samanlagt hafa 33 prósent af brúttórúmlestatölu skipaflota heims.

5. Breyting sem samþykkt er innan ramma 19. gr. stofnsamþykktarinnar skulu því aðeins vera bindandi fyrir þau aðildarríki stofnunarinnar sem látið hafa forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skrá fullgildingar sínar.

6. Að því er varðar aðildarríki sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skal breyting öðlast gildi tólf mánuðum eftir dagsetningu staðfestingarinnar sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar eða tólf mánuðum eftir þann dag sem breytingin var skráð, eftir því hvor dagsetningin kemur síðar.

7. Með fyrirvara um 9. mgr. þessarar greinar, að því er varðar aðildarríki sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar skal samþykktin með síðari breytingum öðlast gildi tólf mánuðum eftir dagsetningu staðfestingarinnar sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar eða tólf mánuðum eftir fullgildingu þeirra á samþykktinni, eftir því hvor dagsetningin kemur síðar.

8. Að því er varðar þau aðildarríki sem hafa látið skrá fullgildingu sína á þessari samþykkt fyrir breytingu en hafa ekki fullgilt breytinguna skal þessi samþykkt vera áfram í gildi án viðkomandi breytingar.

9. Hvert aðildarríki sem fær fullgildingu þessarar samþykktar skráða eftir að breyting er samþykkt en áður en dagsetningin sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar má, í formi yfirlýsingar sem fylgir fullgildingarskjalinu, tilgreina að fullgilding þess tengist samþykktinni

án viðkomandi breytingar. Ef fullgilding fer fram með slíkri yfirlýsingu skal samþykktin öðlast gildi hvað varðar viðkomandi aðildarríki tólf mánuðum eftir þann dag sem fullgildingin var skráð. Fylgi slík yfirlýsing ekki fullgildingarskjali eða ef fullgildingin er ekki skráð á þeim degi sem um getur í 4. mgr. eða síðar skal samþykktin öðlast gildi hvað varðar viðkomandi aðildarríki tólf mánuðum eftir þann dag sem fullgildingin var skráð og, við gildistöku hennar í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar, skulu breytingarnar vera bindandi hvað varðar viðkomandi aðildarríki nema breytingin kveði á um annað.

**Breytingar á kóðanum.**

XV. gr.

1. Breytingar á kóðanum má annaðhvort gera með málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í XIV. gr. eða, nema annað sé sérstaklega tekið fram, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Ríkisstjórn hvers aðila að stofnuninni eða hópur fulltrúa útgerðarmanna eða hópur fulltrúa farmanna sem hafa verið skipaðir af nefndinni sem um getur í XIII. gr. mega gera tillögu að breytingu á kóðanum hjá forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Breyting sem ríkisstjórn gerir tillögu að skal hafa verið lögð fram eða studd af a.m.k. 5 ríkisstjórnum aðildarríkja sem hafa fullgilt samþykktina eða af hópum fulltrúa útgerðarmanna eða farmanna sem um getur í þessari málsgrein.

3. Eftir að hafa sannreynt að tillaga að breytingu uppfylli kröfur 2. mgr. þessarar greinar skal forstjórinn án tafar tilkynna um slíka tillögu, ásamt hvers kyns athugasemdum eða uppástungum sem teljast viðeigandi, til allra aðildarríkja að stofnuninni með boði um að þau megi senda athugasemdir sínar eða uppástungur um tillöguna innan sex mánaða eða innan annarra tímamarka (sem mega ekki verða skemmri en þrír mánuðir) sem stjórnarnefndin mælir fyrir um.

4. Í lok tímabilsins sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar skulu tillögurnar, ásamt samantekt um athugasemdum eða uppástungum sem gerðar kunna að vera samkvæmt þeirri málsgrein, sendar til nefndarinnar til umfjöllunar á fundi. Breyting skal teljast samþykkt af hálfu nefndarinnar ef:

a) a.m.k. helmingur ríkisstjórna aðildarríkja að samþykktinni á fulltrúa á fundinum þar sem tillögurnar eru til umfjöllunar; og
b) meirihluti a.m.k. tveggja þriðju hluta fulltrúa í nefndinni styður breytinguna; og
c) þessi meirihluti samanstendur af a.m.k. helmingi atkvæðavægis ríkisstjórna, helmingi atkvæðavægis útgerðarmanna og helmingi atkvæðavægis farmanna sem skráðir eru á fundinn þegar gengið er til atkvæða um tillöguna.

5. Breytingar sem eru samþykktar í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar skulu lagðar fram á næsta fundi allsherjarþingsins til samþykktar. Slíkt samþykki skal krefjast meirihluta tveggja þriðju hluta greiddra atkvæða viðstaddra sendifulltrúa. Náist þessi meirihluti ekki skal framlögðum tillögum vísað aftur til nefndarinnar til endurumfjöllunar sé það vilji nefndarinnar.

6. Forstjórinn skal senda tilkynningu um breytingar, sem allsherjarþingið samþykkir, til hvers aðildarríkis sem lét skrá fullgildingu sína á þessari samþykkt áður en breyting var samþykkt af hálfu allsherjarþingsins. Þau aðildarríki sem um getur hér á eftir eru „fullgildingaraðildarríkin“. Í tilkynningunni skal vera tilvísun til þessarar greinar og mæla skal fyrir um frestinn til að koma á framfæri tilkynningu um hvers kyns málefnaágreining. Þessi frestur skal vera tvö ár frá tilkynningardeginum nema þingið hafi sett annan frest, á samþykktardeg-

inum, sem skal vera a.m.k. eitt ár. Afrit af tilkynningunni skal sent til annarra aðildarríkja að stofnuninni þeim til upplýsingar.

7. Breyting sem allsherjarþingið samþykkir telst samþykkt nema forstjóranum hafi borist formleg tilkynning, við lok frestsins sem mælt er fyrir um, um ágreining frá fleiri en 40 prósentum þeirra aðildarríkja sem hafa fullgilt samþykktina og sem samanlagt hafa a.m.k. 40 prósent af brúttórúmlestatölu skipaflota þeirra aðildarríkja sem hafa fullgilt samþykktina.

8. Breyting sem telst samþykkt skal öðlast gildi þegar settur sex mánaða frestur er liðinn fyrir öll fullgildingaraðildarríki nema þau sem höfðu formlega lýst yfir ágreiningi í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar og hafa enn ekki afturkallað yfirlýsingu um slíkan ágreining í samræmi við 11. mgr. Engu að síður:

a) má hvert fullgildingaraðildarríki senda forstjóranum tilkynningu fyrir settan frest þess efnis að það sé því aðeins bundið af breytingu eftir síðari flýtitilkynningu um staðfestingu þess; og
b) áður en breytingin öðlast gildi má hvert fullgildingaraðildarríki senda forstjóranum tilkynningu þess efnis að það muni ekki framfylgja þeirri breytingu í tiltekinn tíma;

9. Breyting sem er háð tilkynningunni sem um getur í a-lið 8. mgr. þessarar greinar skal öðlast gildi að því er varðar aðildarríkið sem sendir inn slíka tilkynningu sex mánuðum eftir að aðildarríkið hefur tilkynnt forstjóranum um staðfestingu þess á breytingunni eða á þeim degi sem breytingin öðlast fyrst gildi, eftir því hvor dagsetningin kemur síðar.

10. Fresturinn sem um getur í b-lið 8. mgr. þessarar greinar skal ekki vera lengri en eitt ár frá þeim degi sem breytingin öðlast gildi eða lengri en eitthvert annað tímabil sem ákveðið er af allsherjarþinginu á þeim tíma sem breytingin er samþykkt.

11. Aðildarríki sem hefur formlega lýst yfir að uppi sé ágreiningur um breytingu má afturkalla slíkan ágreining hvenær sem er. Ef forstjóri fær í hendur slíka afturköllun eftir að breyting hefur öðlast gildi skal breytingin öðlast gildi fyrir aðildarríkið sex mánuðum eftir þann dag sem tilkynningin var skráð.

12. Eftir að breyting hefur öðlast gildi má aðeins fullgilda samþykktina í sinni breyttu mynd.

13. Að svo miklu leyti sem skírteini um vinnuskilyrði farmanna tengist málum sem falla undir breytingu á samþykktinni eftir að hún hefur öðlast gildi:

a) skal aðildarríki sem hefur viðurkennt þessa breytingu ekki vera skuldbundið til að veita réttindi samkvæmt samningnum að því er varðar skírteini um vinnuskilyrði farmanna sem gefið er út til skipa sem hafa rétt til að sigla undir fána annars aðildarríkis sem:
   i) skv. 7. mgr. þessarar greinar hefur formlega lýst yfir að uppi sé ágreiningur um breytingu og hefur ekki afturkallað slíkan ágreining; eða
   ii) hefur skv. a-lið 8. mgr. þessarar greinar tilkynnt um að staðfesting þess sé háð síðari flýtitilkynningu þess um staðfestingu og hafi ekki samþykkt breytinguna; og
b) aðildarríki sem hefur staðfest breytinguna skal veita réttindi samkvæmt samningnum að því er varðar skírteini um vinnuskilyrði farmanna sem var gefið út til skipa sem sigla undir fána annars aðildarríkis sem hefur sent inn tilkynningu skv. b-lið 8. mgr. þessarar greinar um að það muni ekki framfylgja þeirri breytingu fyrir þann frest sem tilgreindur er í samræmi við 10. mgr. þessarar greinar.

**Fullgild tungumál.**

XVI. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar er jafngildur.

## SKÝRINGAR VIÐ REGLUR OG KÓÐA SAMÞYKKTARINNAR UM VINNUSKILYRÐI FARMANNA

1. Þessar skýringar, sem eru ekki hluti af samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna, eru ætlaðar til almennrar leiðbeiningar um samþykktina.

2. Samþykktin samanstendur af þremur mismunandi en tengdum hlutum, greinunum, reglunum og kóðanum.

3. Í greinunum og reglunum er kveðið á um grundvallarréttindi og reglur og helstu skyldur aðildarríkja sem fullgilda samþykktina.

Einungis er hægt að breyta greinunum og reglunum á allsherjarþingi innan ramma 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (sjá XIV. gr. samþykktarinnar).

4. Kóðinn inniheldur nánari upplýsingar um framkvæmd reglnanna. Hann samanstendur af A-hluta (skuldbindandi viðmiðanir) og B-hluta (leiðbeiningar sem eru ekki skuldbindandi). Breyta má kóðanum með einfölduðu málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í XV. gr. af samþykkt.

Þar sem kóðinn tengist ítarlegri framkvæmd þurfa breytingar á honum að vera innan almenns gildissviðs greinanna og reglnanna.

5. Reglurnar og kóðanum er skipt í almenn svið í fimm köflum:

*1. kafli:* Lágmarkskröfur sem farmenn þurfa að uppfylla til að mega vinna um borð í skipum.

*2. kafli:* Skilyrði fyrir ráðningu

*3. kafli:* Vistarverur, tómstundaaðstaða, fæði og þjónusta áhafna

*4. kafli:* Heilsuvernd, læknishjálp, velferð og tryggingavernd

*5. kafli:* Framkvæmd og framfylgd

6. Hver kafli inniheldur flokk ákvæða sem tengjast tilteknum réttindum eða grundvallarreglu (eða ráðstafanir um framfylgd í 5. kafla) með tenginúmerum. Til dæmis inniheldur fyrsti flokkurinn í 1. kafla reglu 1.1, viðmiðun A1.1 og leiðbeiningar B1.1 (tengt lágmarksaldri).

7. Þrjú markmið liggja að baki samþykktinni:

a) að mæla fyrir um afmörkuð réttindi og grundvallarreglur (í greinum hennar og reglum);
b) að heimila (með kóðanum) umtalsverðan sveigjanleika með hvaða hætti aðildarríki hrinda þessum réttindum og grundvallarreglum í framkvæmd; og
c) að tryggja (með 5. kafla) að farið sé í einu og öllu að þeim kröfum sem tryggja rétturinn og grundvallarreglurnar séu hafðar í heiðri og þeim framfylgt.

8. Tvö meginsvið eru fyrir hendi hvað varðar sveigjanleika í framkvæmd: annars vegar getur aðildarríki – ef nauðsyn krefur (sjá 3. mgr. VI. gr.) – framfylgt ítarlegum kröfum í A-hluta kóðans með því að skírskota til ákvæða sem eru jafngild að verulegu leyti (samkvæmt skilgreiningu í 4. gr. VI. gr.).

9. Annar möguleiki á sveigjanleika í framkvæmd er fenginn með því að setja fram skuldbindandi kröfur margra ákvæða A-hlutans með almennari hætti en ella þannig að um fleiri kosti er að ræða hvað varðar nákvæmar aðgerðir sem kveðið verður á um innan lands. Í slíkum tilvikum eru leiðbeiningar um framkvæmd gefnar í B-hluta kóðans sem er ekki skuldbindandi. Þannig geta aðildarríki sem hafa fullgilt þessa samþykkt gengið úr skugga um hvers konar aðgerðum búast mætti við af þeim samkvæmt samsvarandi almennum skyldum í A-hlutanum (auk aðgerða sem ekki væri endilega krafist). Samkvæmt viðmiðun A4.1 er þess t.d. krafist að í öllum skipum sé unnt að veita skjótan aðgang að nauðsynlegum lyfjum til greiningar og meðhöndlunar (b-liður 1. mgr.) og að „um boð sé lyfjakista“ (a-liður 4. mgr.). Það að þessari síðari kröfu sé fullnægt í góðri trú felur greinilega meira í sér en það

að nauðsynlegt sé að hafa lyfjakistu um borð í hverju skipi. Nánar er kveðið á um við hvað er átt í samsvarandi leiðbeiningum B4.1.1 (4. mgr.) til að tryggja að innihald kistunnar sé varðveitt, notað og því viðhaldið með viðeigandi hætti.

10. Aðildarríki sem hafa fullgilt þessa samþykkt eru ekki bundin af viðeigandi leiðbeiningum og, eins og fram kemur í ákvæðunum í 5. kafla um hafnarríkiseftirlit, tækju skoðanir aðeins til viðeigandi krafna þessarar samþykktar (greinanna, reglnanna og viðmiðananna í A-hluta). Samt sem áður skulu aðildarríki – skv. 2. mgr. VI. gr. – íhuga alvarlega að innleiða skyldur sínar skv. A-hluta kóðans með þeim hætti sem kveðið er á um í B-hluta kóðans. Ef aðildarríki ákveður, eftir að hafa skoðað viðkomandi leiðbeiningar, að kveða á um annars konar fyrirkomulag sem tryggir viðhlítandi varðveislu, notkun og viðhald innihalds lyfjakistunnar (svo dæmið hér að framan sé tekið) eins og kveðið er á um í viðmiðunum í A-hluta, þá er það ásættanlegt. Hins vegar með því að fylgja leiðbeiningunum sem kveðið er á um í B-hlutanum getur aðildarríkið sem í hlut á, ásamt stofnunum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem sjá um að meta framkvæmd vinnumálasamþykkta, fullvissað sig um, án frekari skoðunar, að fyrirkomulagið sem aðildarríkið hefur kveðið á um dugi til að hrinda í framkvæmd skyldum þess skv. A-hlutanum sem leiðbeiningarnar tengjast.

## REGLUR OG KÓÐI

## 1. KAFLI – LÁGMARKSKRÖFUR SEM FARMENN ÞURFA AÐ UPPFYLLA TIL AÐ MEGA VINNA UM BORÐ Í SKIPUM

Regla 1.1. – Lágmarksaldur.

**Tilgangur: Að tryggja að enginn undir lögaldri vinni um borð í skipi.**

1. Enginn einstaklingur undir lágmarksaldri skal ráðinn til starfa eða starfa um borð í skipi.

2. Lágmarksaldur þegar þessi samþykkt öðlast fyrst gildi er 16 ár.

3. Krafist skal hærri lágmarksaldurs við þær aðstæður sem mælt er fyrir um í kóðanum.

Viðmiðun A1.1. – Lágmarksaldur.

1. Bannað er að ráða einstakling sem ekki hefur náð 16 ára aldri til starfa um borð í skipi.

2. Næturvinna farmanna sem ekki hafa náð 18 ára aldri skal vera bönnuð. Í þessari viðmiðun skal „nótt“ skilgreind í samræmi við landslög og landsvenju. Hún skal vara í minnst níu klukkustundir og hefst það tímabil ekki síðar en á miðnætti og endar ekki fyrr en kl. 5 að morgni.

3. Lögbært stjórnvald getur veitt undanþágu frá því að uppfylla næturvinnutakmarkanirnar til hins ýtrasta þegar:

a) markviss þjálfun farmannsins að því er varðar fyrirframákveðin verkefni og áætlanir væri skert; eða

b) sérstakt eðli þeirra skyldna eða viðurkennd þjálfunaráætlun kalla á það að farmenn sem falla undir undanþáguna sinni skyldum að nóttu til og stjórnvaldið metur það svo, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, að vinnan muni ekki hafa skaðleg áhrif á heilsu og velferð þeirra.

4. Ráðning eða störf farmanna sem ekki hafa náð 18 ára aldri skulu bönnuð ef líklegt er að vinnan stofni heilsu þeirra eða öryggi í hættu. Mælt skal fyrir um það hver þessi störf séu í landslögum og reglugerðum eða af hálfu lögbærra stjórnvalda, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, í samræmi við alþjóðleg viðmið sem við eiga.

Leiðbeiningar B1.1. – Lágmarksaldur.

1. Þegar reglur eru settar um starfsskilyrði og lífskjör ættu aðildarríki að hafa sérstaklega í huga þarfir ungra einstaklinga undir 18 ára aldri.

Regla 1.2. – Læknisvottorð.

**Tilgangur: Að tryggja að allir farmenn séu heilbrigðir svo þeir geti gegnt skyldum sínum á sjó.**

1. Farmenn skulu ekki starfa um borð í skipi nema þeir geti framvísað læknisvottorði þess efnis að þeir hafi heilsu til að gegna skyldum sínum.

2. Aðeins má veita undanþágur samkvæmt fyrirmælum í kóðanum.

Viðmiðun A1.2. – Læknisvottorð.

1. Lögbært stjórnvald skal krefjast þess, áður en vinna hefst um borð í skipi, að farmenn séu með gilt læknisvottorð til staðfestingar á því að þeir séu nægilega heilsuhraustir til að sinna þeim skyldum sem þeim ber á sjó.

2. Í því skyni að tryggja að læknisvottorð endurspegli sannarlega heilbrigðisástand farmanna, með tilliti til þeirra skyldustarfa sem þeir eiga að gegna, skal lögbært stjórnvald, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, og með tilhlýðilegu tilliti til gildandi alþjóðlegra leiðbeininga sem um getur í B-hluta þessa kóða, mæla fyrir um hvers eðlis læknisskoðun og útgefið vottorð skuli vera.

3. Þessi viðmiðun er með fyrirvara um alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, 1978, með síðari breytingum (STCW). Læknisvottorð sem gefið er út í samræmi við ákvæði STCW-samþykktarinnar skulu viðurkennd af lögbæru stjórnvaldi, að því er varðar reglu 1.2. Læknisvottorð sem uppfyllir þessar kröfur hvað innihald snertir, þegar í hlut eiga farmenn sem STCW-samþykktin nær ekki til, skal viðurkennd með sambærilegum hætti.

4. Læknisvottorðið skal gefið út af viðeigandi hátt af lækni sem er til þess menntaður og hæfur eða, í því tilviki að einungis sé um sjónvottorð að ræða, af einstaklingi sem lögbært stjórnvald viðurkennir að sé hæfur til að gefa út slíkt vottorð. Læknar verða að vera algjörlega sjálfstæðir faglega og beita læknisfræðilegri dómgreind sinni við að framkvæma læknisskoðun sína.

5. Farmönnum sem hefur verið neitað um vottorð eða hafa sætt því að hæfni þeirra til vinnu sé háð takmörkunum, einkum hvað snertir tíma, starfssvið eða farsvið, skal gefið tækifæri til að sæta annarri læknisskoðun af hálfu annars, sjálfstæðs læknis eða af hálfu sjálfstæðs, læknisfræðilegs úrskurðaraðila.

6. Í hverju læknisvottorði skal einkum tilgreina:

a) heyrn og sjón farmannsins sem í hlut á og litskyggni ef farmaðurinn á að gegna stöðu þar sem það kann að hafa áhrif á hæfni hans til starfsins sem hann á að vinna ef litskyggni hans er ábótavant, séu algjörlega fullnægjandi; og

b) ef farmaðurinn sem í hlut á þjáist ekki af neinum sjúkdómi sem líkur eru til að versni við það að starfa á sjó eða valdi því að farmaðurinn sé óhæfur til slíkra starfa eða að hann stofni heilsu annarra einstaklinga um borð í hættu.

7. Nema krafist sé styttri tímabils sökum sérstakra skyldustarfa sem farmanna sem í hlut á ber að inna af hendi eða þess sé krafist samkvæmt STCW-samþykktinni:

a) skal læknisvottorð gilda að hámarki í tvö ár nema farmaðurinn sé undir 18 ára að aldri, en þá skal gildistíminn vera eitt ár;

b) vottorð um litskyggni skal að hámarki gilda í sex ár.

8. Í aðkallandi tilvikum má lögbært stjórnvald heimila farmanna að vinna án gilds læknisvottorðs þar til komið er í næstu viðkomuhöfn þar sem farmaðurinn getur útvegað sér læknisvottorð hjá lækni sem er til þess menntaður og hæfur, að því tilskildu að:

a) slík heimild má ekki gilda lengur en þrjá mánuði; og

b) farmaðurinn sem í hlut á sé handhafi læknisvottorðs sem er nýlega útrunnið.

9. Ef gildistími vottorðs rennur út meðan á sjóferð stendur skal vottorðið halda gildi sínu þar til í næstu viðkomuhöfn þar sem farmaðurinn getur útvegað sér læknisvottorð hjá lækni sem er til þess menntaður og hæfur, að því tilskildu að tímabilið vari ekki lengur en þrjá mánuði.

10. Læknisvottorð farmanna sem starfa um borð í skipum sem eru venjulega í millilandasiglingum skal að minnsta kosti vera á enska.

Leiðbeiningar B1.2. – Læknisvottorð.

*Leiðbeiningar B1.2.1. – Alþjóðlegar leiðbeiningar.*

1. Lögbært stjórnvald, læknar, skoðunarmenn, útgerðarmenn, fulltrúar farmanna og allir aðrir einstaklingar sem hafa með heilbrigðisskoðanir væntanlegra farmanna og farmanna í starfi að gera ættu að fylgja leiðbeiningum ILO/WHO um framkvæmd læknisskoðanir fyrir farmanna áður en þeir fara á sjó og reglulegar heilbrigðisskoðanir, að meðtöldum öllum síðari útgáfum, og öllum öðrum gildandi alþjóðlegum leiðbeiningum gefnum út af Alþjóðavinnumálastofnuninni, Alþjóðasiglingamálastofnuninni eða Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Regla 1.3. – Menntun, þjálfun og hæfni.

**Tilgangur: Til að tryggja að farmenn séu þjálfaðir og hæfir til að gegna skyldum sínum um borð í skipi:**

1. Farmenn skulu ekki starfa um borð í skipi nema þeir hafi hlotið þjálfun, hlotið hæfnisskírteini þar að lútandi eða séu að öðru leyti hæfir til að gegna skyldum sínum.

2. Farmönnum skal ekki heimilað að starfa um borð í skipi nema þeir hafi með fullnægjandi hætti lokið þjálfun í einstaklingsöryggi um borð í skipi.

3. Menntun og útgáfa skírteina í samræmi við skuldbindandi gerðir sem samþykktar hafa verið af Alþjóðasiglingamálastofnuninni skulu teljast uppfylla kröfurnar í 1. og 2. mg. þessarar reglu.

4. Aðildarríki sem var bundið af samþykkt um útgáfu atvinnuskírteina fyrir háseta, 1946 (nr. 74) þegar þessi samþykkt var fullgilt skal halda áfram að rækja skyldur samkvæmt þeirri samþykkt nema því aðeins og þar til skuldbindandi ákvæði sem taka til efnis hennar hafa verið samþykkt af Alþjóðasiglingamálastofnuninni og hafa öðlast gildi, eða þegar fimm ár eru liðin frá því þessi samþykkt hefur öðlast gildi í samræmi við 3. mgr. VIII. gr., eftir því hvor dagsetningin kemur fyrr.

Regla 1.4. – Skráning og ráðning.

**Tilgangur: Til að tryggja að farmenn hafi aðgang að skilvirkum og lögvernduðu kerfi fyrir skráningar- og ráðningar farmanna.**

1. Allir farmenn skulu hafa aðgang að skilvirku, fullnægjandi og áreiðanlegu kerfi til að finna störf um borð í skipi án kostnaðar fyrir farmanninn.

2. Fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna og starfa í aðildarríki skulu fullnægja þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í kóðanum.

3. Hvert aðildarríki skal krefjast þess, að því er varðar farmenn sem starfa um borð í skipum sem sigla undir fána þess, að útgerðir sem nota fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna og eru staðsett í löndum eða á yfirráðasvæðum þar sem þessi samþykkt gildir ekki, tryggja að þessi fyrirtæki uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í kóðanum.

Viðmiðun A1.4. – Skráning og ráðning.

1. Hvert aðildarríki sem starfrækir opinbera skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna skal tryggja að þjónustan sé starfrækt með kerfisbundnum hætti til að tryggja og halda á lofti starfsréttindum farmanna eins og kveðið er á um í þessari samþykkt.

2. Þar sem á yfirráðasvæði aðildarríki eru starfrækt einkarekin fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu, og megintilgangur þeirra er að skrá og ráða umtalsverðan fjölda farmanna, skulu þau einungis starfa í samræmi við staðlað kerfi þar sem krafist er leyfis og vottunar eða annars forms lögverndunar. Þessu kerfi skal einungis komið á eða því breytt að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna. Ef vafi leikur á því hvort þessi samþykkt gildi um einkarekin fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu skal lögbært stjórnvald í hverju aðildarríki skera úr um það, að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og farmanna sem hlut eiga að máli. Ekki skal stuðlað að því að einkareknum fyrirtækjum sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna fjölgi um of. Ákvæði 2. mgr. þessarar viðmiðunar skulu einnig gilda – að svo miklu leyti sem lögbært stjórnvald metur viðeigandi, í samráði við hlutaðeigandi samtök farmanna og útgerðarmanna – um skráningar- og ráðningarþjónustu sem samtök farmanna á yfirráðasvæði aðildarríkis reka til að sjá skipum sem sigla undir fána aðildarríkis fyrir farmönnum sem eru ríkisborgarar í því aðildarríki. Þjónustan sem þessi málsgrein tekur til er sú sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

a) fyrirtækið sem sinnir skráningar- og ráðningarþjónustu er rekið samkvæmt kjarasamningi milli þeirra samtaka og útgerðarmanna;
b) bæði samtök farmanna og útgerðarmaðurinn eru með bækistöð á yfirráðasvæði aðildarríkis;
c) aðildarríki hefur ákvæði í landslögum eða reglugerðum eða málsmeðferð um að heimila eða leyfa skráningu kjarasamningsins sem heimilar starfrækslu fyrirtækis sem sinnir skráningar- og ráðningarþjónustuna; og
d) fyrirtækið sem sinnir skráningar- og ráðningarþjónustu er starfrækt með kerfisbundnum hætti til að tryggja og halda á lofti starfsréttindum farmanna sem eru sambærileg við þau sem kveðið er á um í 4. mgr. þessarar viðmiðunar.

3. Ekkert í þessari viðmiðun eða reglu 1.4 skal teljast:

a) koma í veg fyrir að aðildarríki starfræki frjálsa, opinbera skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna með það að markmiði að mæta þörf farmanna og útgerðarmanna, hvort sem þjónustan er hluti af eða er samhæfð við opinbera ráðningarþjónustu fyrir alla starfsmenn og atvinnurekendur; eða
b) leggja skyldur á aðildarríki um að koma á fót kerfi til að starfrækja einkareknar skráningar- og ráðningarþjónustum farmanna á yfirráðasvæði þess.

4. Aðildarríki sem kemur á kerfi sem um getur í 2. mgr. í þessari viðmiðun skal í lögum þess eða reglugerðum eða með öðrum ráðstöfunum að lágmarki:

a) banna fyrirtækjum sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna að beita ráðum, úrræðum eða skrám sem er ætlað að koma í veg fyrir eða fæla farmenn frá því að komast í störf sem þeir eru hæfir til að gegna;

b) krefjast þess að farmaðurinn þurfi ekki beint eða óbeint að greiða nein gjöld eða aðrar álögur fyrir skráningu eða ráðningu eða fyrir að veita honum vinnu, að öðru leyti en þann kostnað sem farmaður þarf að greiða fyrir lögbundið læknisvottorð í heimalandi sín, sjóferðabók í heimalandi sínu og vegabréf eða önnur sambærileg, persónuleg ferðaskjöl, þó að undanskildum kostnaði við vegabréfsáritanir sem útgerðarmaðurinn skal greiða; og

c) sjá til þess að fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna og starfa á yfirráðasvæði þess:
   i) haldi uppfærða skrá yfir alla farmenn sem eru skráðir eða ráðnir á þeirra vegum og að hún sé aðgengileg til skoðunar af hálfu lögbærra stjórnvalda;
   ii) tryggi að farmenn séu upplýstir um réttindi sín og skyldur samkvæmt ráðningarsamningum þeirra fyrir eða meðan á ráðningu stendur og að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að farmenn fái að skoða ráðningarsamninga sína áður en og eftir að þeir eru undirritaðir og að þeir fái afrit af samningunum;
   iii) staðfesta að farmenn sem eru skráðir eða ráðnir af þeim séu hæfir og séu handhafar þeirra skírteina sem krafist er til viðkomandi starfs og að ráðningarsamningar farmanna séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og þá kjarasamninga sem eru hluti af ráðningarsamningnum;
   iv) tryggja að, eins og við verður komið, að útgerðarmaðurinn hafi úrræði til að koma í veg fyrir að farmenn verði strandaglópar í erlendri höfn;
   v) skoði og sinni hvers kyns kvörtunum sem varða starfsemi þeirra og greini lögbæru stjórnvaldi frá hvers kyns af kvörtunum sem ekki hafa verið leiddar til lykta;
   vi) komi á verndarkerfi með tryggingu eða sambærilegum viðeigandi ráðstöfunum til að bæta farmönnum upp peningalegt tap sem þeir kunna að verða fyrir af völdum þess að skráningar- og ráðningarþjónusta eða hlutaðeigandi útgerðarmaður vanrækir að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ráðningarsamningi farmanna.

5. Lögbært stjórnvald skal hafa náið eftirlit með öllum fyrirtækjum sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna og starfa á yfirráðasvæðis viðkomandi aðildarríkis.

Leyfi, skírteini eða sambærilegar heimildir til starfrækslu einkarekinnar þjónustu á yfirráðasvæðinu eru því aðeins veitt eða endurnýjuð að undangenginni staðfestingu á því að viðkomandi skráningar- og ráðningarþjónusta farmanna uppfylli kröfur landslaga og reglugerða.

6. Lögbært stjórnvald skal tryggja að viðunnandi úrræði og málsmeðferð sé fyrir hendi til að rannsaka, ef þörf er á, kvartanir sem tengjast starfsemi fyrirtækja sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna, með þátttöku, eftir þörfum, fulltrúa útgerðarmanna og farmanna.

7. Hvert aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt skal svo sem unnt er fræða þegna sína um hugsanleg vandamál í sambandi við skráningu á skip sem siglir undir fána ríkis sem ekki hefur fullgilt þessa samþykkt, þar til það hefur fullvissað sig um að fullnægt sé viðmiðunum sem jafnist á við þær sem gerðar eru í þessari samþykkt. Aðgerðir í þessu skyni sem ríki, er fullgilt hefur samþykktina, framkvæmir, skulu ekki vera í mótsögn við meginregluna um frjálsa flutninga launafólks, sem kveðið er á um í samningum, sem hin tvö hlutaðeigandi ríki kunna að vera aðilar að.

8. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að eigendur skipa sem sigla undir fána þess og nýta sér fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna staðsett í löndum eða á yfirráðasvæðum þar sem þessi samþykkt gildir ekki, sjá til þess, eins og við verður komið, að þjónusta af þessu tagi uppfylli kröfur þessarar viðmiðunar.

9. Ekkert í þessari viðmiðun skal teljast draga úr skyldum og ábyrgð útgerðarmanna eða aðildarríkis að því er varðar skip sem sigla undir fána þess.

Leiðbeiningar B1.4. – Skráning og ráðning.

Leiðbeiningar B1.4.1. – Skipulagning og starfsemi.

1. Þegar skyldur skv. 1. mgr. viðmiðunar A1.4 eru uppfylltar ætti lögbært stjórnvald að íhuga:

a) að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á skilvirku samstarfi milli fyrirtækja sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna, hvort sem þau eru á vegum hins opinbera eða í einkaeign;
b) þarfir á sviði siglinga bæði á landsvísu og alþjóðlega þegar innleiddar eru þjálfunaráætlanir fyrir farmenn sem eru hluti af áhöfn skipsins sem ber ábyrgð á siglingu skipsins og mengunarvarnaraðgerðum, með þátttöku útgerðarmanna, farmanna og hlutaðeigandi þjálfunarstofnana;
c) að gera viðeigandi ráðstafanir um samstarf hlutaðeigandi samtaka útgerðarmanna og farmanna að því er varðar skipulagningu og starfsemi opinberra fyrirtækja sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna, ef þau eru fyrir hendi;
d) að ákvarða, með tilhlýðilegu tilliti til réttts á einkalífi og nauðsynjar þess að vernda trúnað, hvernig unnið verður með persónuupplýsingar farmannsins af hálfu fyrirtækja sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna, þ.m.t. söfnun, geymsla, samsetning og sending slíkra upplýsinga til þriðju aðila;
e) að gera ráðstafanir til að safna og greina öll gögn sem máli skipta um vinnumarkað farmanna, þ.m.t. núverandi og fyrirsjáanlegt framboð af farmönnum sem starfa í áhöfn eftir aldri, kynferði, stöðu og hæfni ásamt kröfum greinarinnar, og að söfnun gagna um aldur eða kynferði verði einungis aðgengilegt til tölfræðilegra nota eða ef þau eru notað innan ramma áætlunar til að koma í veg fyrir mismunun af völdum aldurs eða kynferðis; að tryggja að starfslið sem sér um eftirlit með opinberum eða einkareknum fyrirtækjum sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna í áhöfn sem bera ábyrgð á öruggri siglinu og mengunarvörnum hafi fengið viðunandi þjálfun, þ.m.t. viðurkenndan siglingatíma og hafi viðeigandi þekkingu á siglingum, þ.m.t. viðeigandi alþjóðlegum siglingagerningum um þjálfun, skírteini og vinnuskilyrði farmanna;
f) að mæla fyrir um starfsviðmiðanir og samþykkja starfs- og siðareglur fyrir fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna; og
g) hafa eftirlit með útgáfu leyfis- skírteinisútgáfukerfa á grundvelli gæðaeftirlitskerfis.

2. Við uppsetningu kerfisins sem um getur í 2. mgr. viðmiðunar A1.4 ætti hvert aðildarríki að íhuga að krefjast þess að fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna með starfsemi á yfirráðasvæði þess að þróa og viðhalda starfsvenjum sem hægt er að sannreyna. Í þessum starfsreglum fyrir einkarekin fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna og, að því leyti sem þau eiga við, opinber fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna ættu að taka á eftirfarandi málum:

a) læknisskoðunum, persónuskilríkjum farmanna og öðrum þeim atriðum sem kann að vera krafist af farmönnum til að fá starf;
b) halda, með tilhlýðilegu tilliti til friðhelgi einkalífs og nauðsynjar þess að vernda trúnað, heildstæða skrá yfir farmennina sem skráningar- og ráðningarkerfi þeirra nær til er ætti að fela í sér eftirfarandi, en ætti þó ekki að vera tæmandi upptalning:
   i) hæfni farmannanna;
   ii) skrá yfir ráðningar;

iii) persónulegar upplýsingar sem tengjast ráðningu; og
iv) læknisfræðilegar upplýsingar sem tengjast ráðningu;

c) halda uppfærðri skrá yfir skip sem fyrirtækin sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu útvegar farmenn og tryggja að fyrir hendi séu úrræði svo unnt sé að hafa sambandi við þjónustuna hvenær sem er sólarhrings í neyðartilvikum;
d) málsmeðferð til að tryggja að farmenn sæti ekki misnotkunar af hálfu fyrirtækis sem sinnir skráningar- og ráðningarþjónustu eða starfsliðs þeirra hvað varðar boð um ráðningu um borð í tilteknum skipum eða af hálfu tiltekinna félaga;
e) málsmeðferð til að koma í veg fyrir að upp komi sú staða að farmenn sæti misnotkunar sem stafar af fyrirframgreiðslu kostnaðar til að komast til skips eða annarra fjárhagslegra greiðslna milli útgerðarmanna og farmanna með milligöngu fyrirtækisins sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna;
f) tilgreina með skýrum hætti þann kostnað, sé hann fyrir hendi, sem farmanninum er ætlað að bera í tengslum við ráðninguna;
g) að tryggja að farmönnum sé greint frá hvers kyns tilteknum skilyrðum sem eiga við um starfið sem þeir eiga að gegna og um tiltekin markmið sem útgerðarmaðurinn hefur að leiðarljósi í tengslum við starf þeirra;
h) málsmeðferð í samræmi við grundvallarreglur um réttláta málsmeðferð þegar fjallað er um vanhæfni eða agavandamál sem samrýmast landslögum og venju og, eftir atvikum, kjarasamningum;
i) málsmeðferð til að tryggja, eins og við verður komið, að öll lögskyld skírteini og skjöl sem lögð eru fram við ráðningu séu uppfærð og hafi ekki verið fengin með sviksamlegum hætti og að ráðningarmeðmæli séu staðfest;
j) málsmeðferð til að tryggja að beiðnum um upplýsingar eða ráðgjöf af hálfu fjölskyldna farmanna á sjó sé sinnt af tillitssemi, með skjótum hætti og án kostnaðar; og
k) sannreyna að vinnuskilyrði um borð í skipum þangað sem ráða á farmenn séu í samræmi við gildandi kjarasamninga sem gerðir eru milli útgerðarmanna og hlutaðeignandi samtaka farmanna og hafa það að reglu að sjá einungis þeim útgerðarmönnum fyrir farmönnum sem bjóða upp á ráðningarskilmála í samræmi við gildandi lög, reglugerðir eða kjarasamninga.

3. Íhuga ætti að hvetja til alþjóðlegrar samvinnu milli aðildarríkja og viðkomandi stofnana svo sem um:

a) kerfisbundna miðlun upplýsinga um svið siglinga og vinnumarkaðinn með gagnkvæmum, svæðisbundnum og marghliða hætti;
b) miðlun upplýsinga um löggjöf um vinnuskilyrði farmanna;
c) samræmingu stefnu, vinnuaðferða og löggjafar um aðferðir og löggjöf um skráningu og ráðningu farmanna;
d) endurbætur verklagsreglna og skilyrða um alþjóðlega skráningu og ráðningu farmanna; og
e) áætlanagerð m.t.t. vinnuafls, að teknu tilliti til framboðs og eftirspurnar á farmönnum og krafna á sviði siglinga.

## 2. KAFLI – SKILYRÐI FYRIR RÁÐNINGU

Regla 2.1. – Ráðningarsamningar farmanna.

**Tilgangur: Til að tryggja sanngjarna ráðningarsamninga fyrir farmenn.**

1. Skilmálar og skilyrði um ráðningu farmanna skulu sett eða vísað skal til þeirra með skýrum, skriflegum og lagalega aðfararhæfum samningi og þau skulu vera í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í kóðanum.

2. Ráðningarsamningar farmanna skulu samþykktir af farmanninum við aðstæður þar sem tryggt er að farmaðurinn hafi tækifæri til að grandskoða og leita ráðgjafar um skilmála og skilyrði í samningnum og ganga óþvingað að þeim fyrir undirritun.

3. Að því marki sem unnt er í samræmi við landslög eða venju í aðildarríki skulu ráðningarsamningar farmanna teljast fela í sér alla gildandi kjarasamninga.

Viðmiðun A2.1. – Ráðningarsamningar farmanna.

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög eða reglugerðir þar sem þess er krafist að skip sem sigla undir fána þess uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) farmenn sem starfa á skipum sem sigla undir fána þess skulu hafa undir höndum ráðningarsamning sem er undirritaður af bæði farmanninum og útgerðarmanninum eða fulltrúa útgerðarmannsins (eða ef þeir eru ekki atvinnurekendur, sönnun þess að samningur sé við lýði eða annað fyrirkomulag) sem kveður á um mannsæmandi starfsskilyrði og lífskjör um borð í skipinu eins og krafist er samkvæmt þessari samþykkt;

b) farmenn sem undirrita ráðningarsamning farmanna skal veitt tækifæri á að grandskoða og leita ráðgjafar um samninginn áður en hann er undirritaður auk annarra úrræða sem eru nauðsynleg til að tryggja að þeir hafi gengið óþvingað að samningnum og haft nægilegan skilning á réttindum þeirra og skyldum;

c) útgerðarmaðurinn og farmaðurinn sem í hlut eiga skulu hvorir fyrir sig hafa undirritað frumrit af ráðningarsamningi farmanna;

d) grípa skal til ráðstafana til að tryggja að farmenn geti með auðveldum hætti fengið, um borð í skipinu, skýrar upplýsingar um skilmála ráðningar þeirra og að slíkar upplýsingar, þ.m.t. afrit af ráðningarsamningi farmanna sé einnig aðgengilegur til skoðunar af hálfu starfsmanna lögbærs stjórnvalds, þ.m.t. þeirra sem eru í væntanlegum viðkomuhöfnum; og

e) farmenn skulu fá í hendur skjal sem inniheldur færslu um ráðningu þeirra um borð í skipið.

2. Ef kjarasamningur myndar allan eða hluta af ráðningarsamningi farmanna skal afrit af þeim samningi vera aðgengilegur um borð. Ef ráðningarsamningur farmanna og aðrir gildandi kjarasamningar eru ekki á ensku skal eftirfarandi einnig vera tiltækt á ensku (nema um borð í skipum sem eru einungis í innanlandssiglingum):

a) afrit af stöðluðu formi samnings; og

b) þeir hlutar kjarasamningsins þar sem krafist er hafnarríkiseftirlits samkvæmt reglu 5.2.

3. Skjalið sem um getur í e-lið 1. mgr. í þessari viðmiðun skal ekki innihalda yfirlýsingu um gæði þeirrar vinnu sem farmaður innir af hendi eða um laun þeirra. Í landslögum skal kveða á um form skjalsins, þau atriði sem færa skal inn og hvernig þau skulu færð.

4. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög eða reglugerðir þar sem tilgreind eru þau atriði sem koma eiga fram í öllum ráðningarsamningum farmanna sem kveðið er á um í landslögum. Ráðningarsamningar farmanna skulu í öllum tilvikum fela í sér eftirfarandi atriði:

a) fullt nafn farmanns, fæðingardag eða aldur og fæðingarstað;

b) nafn og aðsetur útgerðarmannsins;
c) staður og dagur þegar ráðningarsamningur farmannsins gekk í gildi;
d) staða sem farmaður er ráðinn til að gegna;
e) launafjárhæð farmanns eða, eftir atvikum, regla sem notuð er til að reikna hana út;
f) fjárhæð greidds árlegs orlofs eða, eftir atvikum, regla sem notuð er til að reikna hana út;
g) samningslok og skilmálar þar að lútandi, þar með talið:
   i) sé samningurinn ótímabundinn, skilyrðin sem heimila hvorum aðila fyrir sig að segja honum upp, ásamt tilskildum uppsagnarfresti, sem skal ekki vera styttri fyrir útgerðir en fyrir farmanninn;
   ii) sé gildistími samningsins til tiltekins tíma, gildislokadagur hans; og
   iii) taki samningurinn til einnar ferðar, ákvörðunarhöfn og sá tími sem þarf að líða eftir komu áður en afskrá skuli farmanninn;
h) greiðslur sem útgerðarmanna ber að inna af hendi til farmanns í tengslum við heilsuvernd og tryggingavernd;
i) réttur farmannsins til heimsendingar;
j) tilvísun til kjarasamningsins, ef við á; og
k) önnur atriði sem krafist kann að vera í landslögum.

5. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög og reglugerðir þar sem kveðið er á um lágmarksuppsagnarfresti sem farmenn og útgerðarmenn geta sett um uppsögn ráðningarsamnings farmanna. Lengd þessa lágmarkstíma skal ákveðin að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, en skal ekki vera styttri en sjö dagar.

6. Uppsagnarfrestur má vera styttri en lágmarksfresturinn ef viðurkennt er í landslögum eða reglugerðum eða gildandi kjarasamningum að réttlætanlegt sé að ráðningarsamningi sé rift með styttri fyrirvara eða fyrirvaralaust.

Þegar slík tilvik eru metin skal hvert aðildarríki tryggja að höfð sé til hliðsjónar þörf farmannsins fyrir að segja upp, án viðurlaga, ráðningarsamningnum með skemmri fyrirvara eða fyrirvaralaust sökum tilfinningalegra mála eða annarra aðkallandi ástæðna.

Leiðbeiningar B2.1. – Ráðningarsamningar farmanna.

*Leiðbeiningar B2.1.1 – Skrá yfir ráðningar.*

1. Þegar ákvarða á hvaða atriði á að færa í skrána yfir ráðningar sem um getur í e-lið 1. mgr. viðmiðunar A2.1 ætti hvert aðildarríki að tryggja að skjalið innihaldi fullnægjandi upplýsingar, með þýðingu á ensku, til að auðveldara sé að fá vinnu annars staðar eða að uppfylla kröfur um siglingatíma til uppfærslu eða stöðuhækkunar. Sjóferðabók farmanna kann að uppfylla kröfurnar sem um getur í e-lið 1. mgr. þeirrar viðmiðunar.

Regla 2.2 – Laun.

**Tilgangur: Til að tryggja að farmönnum sé greitt fyrir þjónustu sína.**

Allir farmenn skulu fá greitt reglulega fyrir vinnu sína og í fullu samræmi við ráðningarsamninga þeirra.

Viðmiðun A2.2 – Laun.

1. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að ógreidd laun starfandi farmanna á skipum sem sigla undir fána þeirra séu greidd mánaðarlega hið minnsta og í samræmi við gildandi kjarasamninga.

2. Farmenn skulu fá mánaðarlegt yfirlit yfir ógreidd laun þeirra og þær fjárhæðir sem hafa verið greiddar, þ.m.t. viðbótargreiðslur og gengisskráningu sem notuð er ef greitt hefur verið í mynt eða miðað við gengi sem er annað en það sem samið er um.

3. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að útgerðarmenn geri ráðstafanir, eins og þær sem mælt er fyrir um í 4. mgr. þessarar viðmiðunar, til að gera farmönnum kleift að senda öll eða hluta launa sinna til fjölskyldna sinna, nánustu aðstandenda eða löglegra bótaþega.

4. Ráðstafanir til að tryggja að farmenn geti sent laun sín til fjölskyldna sinna eru meðal annars:

a) kerfi til að gera farmönnum kleift, við upphaf ráðningar eða meðan á henni stendur, að senda, ef þeir óska þess, hluta af launum þeirra reglulega til fjölskyldna þeirra með bankamillifærslu eða svipuðum hætti; og
b) krafa þess efnis að greiðslurnar skuli sendar tímanlega og beint til einstaklings eða einstaklinga sem farmaðurinn tilnefnir.

5. Gjald fyrir þjónustuna sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. þessarar viðmiðunar skal vera hóflegt og gengisskráning, nema kveðið sé á um annað, skal, í samræmi við landslög eða reglugerðir, miðast við gildandi gengi hverju sinni eða opinbert gengi og skal ekki vera farmanninum í óhag.

6. Hvert aðildarríki sem samþykkir landslög eða reglugerðir um laun farmanna skal taka tilhlýðilegt tillit til leiðbeininganna sem kveðið er á um í B-hluta kóðans.

Leiðbeiningar B2.2. – Laun.

*Leiðbeiningar B2.2.1. – Sérstakar skilgreiningar.*

1. Í þessum leiðbeiningum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) fullgildur farmaður er farmaður sem er talinn hæfur til að sinna skyldum sem krafist kann að vera af undirmönnum sem starfa í þilfarsdeild, aðrar en skyldur umsjónar- eða sérhæfðs undirmanns, eða sá sem er skilgreindur sem slíkur í landslögum, reglugerðum, samkvæmt venju eða í kjarasamningum;
b) grunnkaup eða -laun eru laun, hvernig svo sem þau eru samsett, fyrir venjulegan vinnutíma; í því felast þó ekki greiðslur fyrir yfirvinnu, bónusgreiðslur, launauppbót, greitt orlof eða önnur viðbótarlaun;
c) samsett laun eru laun sem fela í sér grunnlaun og aðrar launatengdar bætur; í samsettum launum kann að felast greiðsla fyrir alla unna yfirvinnutíma og allar launatengdar bætur, eða í þeim kunna einungis að felast tilteknar bætur í hlutasamsetningu;
d) vinnutími er tími sem farmönnum er skylt að vinna um borð í skipinu;
e) yfirvinnutími er tími sem unninn er umfram venjulegan vinnutíma.

*Leiðbeiningar B2.2.2. – Útreikningar og greiðslur.*

1. Hvað varðar farmenn með laun sem fela í sér sérstök laun fyrir unna yfirvinnu:

a) hvað varðar launaútreikninga ætti venjulegur vinnutími á sjó og í höfn ekki að fara yfir átta klukkustundir á dag;
b) hvað varðar yfirvinnuútreikninga ætti að mæla fyrir um fjölda venjulegra vinnustunda á viku miðað við grunnlaun í landslögum eða reglugerðum ef þau eru ekki ákvörðuð í kjarasamningum en ættu ekki að fara yfir 48 klukkustundir á viku; kveðið kann að vera á um önnur kjör í kjarasamningum en þó ekki lakari kjör;
c) mæla ætti fyrir um launataxta eða -taxta fyrir yfirvinnu, sem ætti ekki að vera lægri en grunnkaupið eða -launin margfölduð með einum og einum fjórða fyrir hverja klukkustund í landslögum eða reglugerðum eða í kjarasamningum, ef við á; og

d) skipstjórinn, eða annar einstaklingur sem skipstjórinn felur það, skal halda skrá yfir færslur um alla unna yfirvinnu og skal hún samþykkt af farmanninum eigi sjaldnar en mánaðarlega.

2. Hvað varðar farmenn með laun sem eru að hluta eða að öllu leyti samsett:

a) í ráðningarsamningi farmanna skal koma skýrt fram, eftir því sem við á, fjöldi þeirra vinnustunda sem ætlast er til að farmaðurinn skili fyrir laun sín og hvers kyns launauppbót sem hann kann að eiga rétt á til viðbótar samsettum launum og í hvaða tilvikum;
b) ef yfirvinna miðað við klukkustund er greidd fyrir unnar klukkustundir til viðbótar þeim sem felast í samsettu launanum ætti launataxtinn miðað við klukkustund ekki að vera lægri en margfeldi eins og eins fjórða grunntaxtans sem svarar til venjulegs vinnutíma samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. þessara leiðbeininga; sömu reglu ætti að beita við yfirvinnuklukkustundirnar sem felast í samsettu launanum;
c) laun fyrir þann hluta launanna sem eru að hluta eða að öllu leyti samsett laun fyrir venjulegan vinnutíma samkvæmt skilgreiningu í a-lið 1. mgr. þessara leiðbeininga ættu ekki að vera lægri en gildandi lágmarkslaun; og
d) hvað varðar farmenn með laun sem eru að hluta eða að öllu leyti samsett ætti að halda skrá yfir alla unna yfirvinnu og hún samþykkt eins og kveðið er á um í d-lið 1. mgr. þessara leiðbeininga.

3. Í lögum eða reglugerðum hvers lands eða kjarasamningum má kveða á um að í stað greiðslna fyrir yfirvinnu eða vinnu sem fram fer á vikulegum hvíldardegi eða á almennum frídögum geti komið a.m.k. jafnlangur tími á frívakt eða í landi auk leyfis í stað launa eða hvers kyns annarrar greiðslu sem er látin þannig í té.

4. Í ákvæðum landslaga og reglugerða sem samþykktar eru að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna eða, eftir atvikum, kjarasamninga ætti að hafa hliðsjón af eftirtöldum grundvallarreglum:

a) jöfn laun fyrir jafngilda vinnu ætti að eiga við um alla farmenn sem eru ráðnir á sama skip án mismununar á grunni kynþáttar, litar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða félagslegs uppruna;
b) ráðningarsamningur farmanna sem kveður á um gildandi laun eða launataxta ætti að vera tiltækur um borð í skipinu; upplýsingar um launafjárhæðir eða -taxta ættu að vera aðgengilegar hverjum farmanni, annaðhvort með því að sjá farmanninum fyrir a.m.k. einu undirrituðu afriti af viðeigandi upplýsingum á tungumáli sem farmaðurinn skilur, eða með því að birta afrit af samningnum á stað sem er aðgengilegur farmönnum eða með öðrum viðeigandi hætti;
c) greiða ætti laun með löglegum greiðslumiðli; ef við á má greiða þau með bankamillifærslu, bankaávísun, póstávísun eða póstkröfu;
d) við ráðningarlok ætti að greiða öll áunnin laun án ónauðsynlegra tafa;
e) lögbært stjórnvald ætti að leggja hæfileg viðurlög við því, eða beita öðrum viðeigandi úrræðum, ef útgerðarmenn fresta með óviðeigandi hætti eða vanrækja að greiða öll áunninn laun;
f) greiða skal laun beint inn á bankareikning sem farmenn tilgreina nema farið sé fram á annað skriflega;
g) með fyrirvara um h-lið þessarar málsgreinar ætti útgerðarmaðurinn ekki að setja neinar skorður á frelsi farmanna til að ráðstafa launum sínum;
h) einungis ætti að heimila frádrátt frá launum ef:

i) ef skýr ákvæði er að finna í landslögum, reglugerðum eða í gildandi kjarasamningi og ef farmaður hefur verið upplýstur, með þeim hætti sem lögbært stjórnvald telur heppilegast, um skilyrði fyrir slíkum frádrætti; og
ii) ef heildarfrádrátturinn fer ekki yfir þau takmörk sem kunna að hafa verið sett í landslögum, reglugerðum eða kjarasamningum eða í dómum um slíkan frádrátt;

i) ekki ætti að draga frá launum farmanna í tengslum við það að taka starf eða halda vinnu;
j) banna ætti að beita farmenn öðrum fésektum en þeim sem heimild er fyrir í landslögum, reglugerðum, kjarasamningum eða með öðrum úrræðum;
k) lögbært stjórnvald ætti að hafa vald til þess að skoða vistir og þjónustu um borð í skipi til að tryggja að sanngjarnt og hóflegt verð sé í boði í þágu viðkomandi farmanna; og
l) að svo miklu leyti sem kröfur farmanna um laun eða aðrar útistandandi greiðslur fyrir störf þeirra eru ekki tryggðar í samræmi við ákvæðin í alþjóðasamþykkt um veðbönd og veðréttindi, 1993, ættu slíkar greiðslur að vera tryggðar í samræmi við samþykkt um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekenda, 1992 (nr. 173).

5. Hvert aðildarríki ætti, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, að hafa yfir að ráða málsmeðferð til að rannsaka kvartanir í tengslum við mál sem fjallað er um í þessum leiðbeiningum.

*Leiðbeiningar B2.2.3. – Lágmarkslaun.*

1. Með fyrirvara um grundvallarregluna um frjálsa karasamninga ætti hvert aðildarríki, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, að mæla fyrir um málsmeðferð til að ákveða lágmarkslaun farmanna. Hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna ættu að taka þátt í að viðhalda slíkri málsmeðferð.

2. Þegar mælt er fyrir um slíka málsmeðferð og þegar lágmarkslaun eru ákveðin ætti að taka viðhlítandi tillit til alþjóðlegra viðmiðana um vinnuskilyrði og ákvörðun lágmarkslauna auk eftirtalinna grundvallarreglna:

a) m.t.t. fjárhæðar lágmarkslauna ætti að taka mið af eðli starfa á sjó, fjölda í áhöfn skipa og venjulegum vinnutíma farmanna; og
b) miða ætti fjárhæð lágmarkslauna við breytingar sem kunna að verða á framfærslukostnaði og á þörfum farmanna.

3. Lögbært stjórnvald ætti að tryggja:

a) með eftirlits- og viðurlagakerfi að laun séu ekki lægri en sem nemur fasta taxtanum eða föstu töxtunum; og
b) að farmönnum sem hefur verið greitt miðað við taxta sem er lægri en lágmarkstaxtinn sé gert kleift að krefjast endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem vantaði upp á launin með ódýrri og skjótri réttarleið eða annarri málsmeðferð.

*Leiðbeiningar B2.2.4. – Lágmarksgrunnlaun eða -fjárhæð launa til fullgildra farmanna.*

1. Grunnkaup eða -laun fyrir þjónustu fullgilds farmanns í almanaksmánuð eiga ekki að vera lægri en sú fjárhæð sem er ákveðin reglulega af hálfu siglingamálanefndar eða annarrar stofnunar í umboði stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Að fenginni ákvörðun stjórnarnefndarinnar skal forstjóri tilkynna aðildarríkjum stofnunarinnar um endurskoðaða fjárhæð.

2. Ekkert í þessum leiðbeiningum ætti að teljast brjóta í bága við ráðstafanir sem samið hefur verið um milli útgerðarmanna eða samtaka þeirra og samtaka farmanna með tilliti til skipan staðlaðra lágmarskilmála og -skilyrði um ráðningu, að því tilskildu að slíkir skilmálar og skilyrði séu viðurkennd af lögbæru stjórnvaldi.

Regla 2.3. – Vinnutími og hvíldartími.

**Tilgangur: Að sjá til þess að vinnutími eða hvíldartími farmanna sé lögverndaður.**

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að vinnutími eða hvíldartími farmanna sé lögverndaður.

2. Hvert aðildarríki skal ákveða hámarksvinnutíma eða lágmarkshvíldartíma á tilteknu tímabili sem er í samræmi við ákvæðin í kóðanum.

Viðmiðun A2.3. – Vinnutími og hvíldartími.

1. Í þessari viðmiðun er merking eftirtalinna hugtaka sem hér segir:

a) „vinnutími“: sá tími sem farmanni er skylt að vinna um borð;

b) „hvíldartími“: sá tími sem ekki telst til vinnutíma; þetta hugtak tekur ekki til þess þegar stutt hlé er gert á vinnu.

2. Hvert aðildarríki skal, innan þeirra marka sem sett eru í 5. til 8. mgr. í þessari viðmiðun, annaðhvort fastsetja hámarksfjölda vinnustunda sem ekki má fara yfir á fyrirfram tilteknu tímabili eða lágmarkshvíldartíma sem veittur er á tilteknu tímabili.

3. Hvert aðildarríki viðurkennir að viðmiðanir um venjulegan vinnutíma farmanna, eins og hjá öðrum starfsmönnum, skulu byggjast á átta klukkustunda vinnudegi með einum hvíldardegi á viku og hvíld á almennum frídögum. Þó skal þetta ekki koma í veg fyrir að aðildarríkið taki upp málsmeðferð til að leyfa eða skrá kjarasamning sem kveður á um venjulegan vinnutíma farmanna á grunni sem veitir ekki lakari kjör en þessi viðmiðun segir til um.

4. Þegar innanlandsviðmiðanirnar eru ákveðnar skal hvert aðildarríki hafa til hliðsjónar hættuna sem ofþreyta farmanna hefur í för með sér, einkum gagnvart þeim sem gegna skyldum tengdum siglingaöryggi og öryggi og vernd skipsins.

5. Mörk vinnu- eða hvíldartíma skulu vera sem hér segir:

a) hámarksvinnutími skal ekki vera lengri en:
   i) 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili; og
   ii) 72 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili; eða

b) lágmarkshvíldartími skal ekki vera skemmri en:
   i) tíu klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili; og
   ii) 77 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.

6. Hvíldartíma má ekki skipta á fleiri en tvö tímabil og skal annað vara að lágmarki í 6 klst. og skal tímabilið milli tveggja hvíldartíma má ekki vera lengra en 14 klst.

7. Nafnakall, eldvarnar- og björgunaræfingar, og æfingar sem mælt er fyrir um í landslögum og reglugerðum og í alþjóðlegum samningum, skulu fara fram með þeim hætti að hvíldartími raskist eins lítið og hægt er og þannig að þær valdi ekki ofþreytu.

8. Þegar farmaður er á bakvakt, t. d. þegar vélarúm er ómannað, skal hann, ef venjulegum hvíldartíma er raskað með útkalli, fá samfellda viðbótarhvíld í staðinn.

9. Ef hvorki kjarasamningar né gerðardómsúrskurður eru fyrir hendi eða ef lögbært stjórnvald telur að ákvæði kjarasamnings eða gerðardómsúrskurðar með tilliti til 7. eða 8. mgr. þessarar viðmiðunar séu ófullnægjandi getur lögbært stjórnvald sett ákvæði til að tryggja að viðkomandi farmenn fái næga hvíld.

10. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að á aðgengilegum stað skuli vera tafla sem hefur að geyma upplýsingar um skipulag vinnutíma um borð og þar sem birt er að minnsta kosti fyrir hverja stöðu:

a) áætlun um vinnuskyldu á sjó og í höfnum; og

b) hámarksvinnutími eða lágmarkshvíldartími sem krafist er samkvæmt landslögum, reglugerðum eða gildandi kjarasamningum.

11. Taflan, sem um getur í 10. mgr. í þessari viðmiðun, skal gefin út á stöðluðu eyðublaði á því tungumáli eða þeim tungumálum sem notað er/notuð eru við vinnu um borð og á ensku.

12. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að færð sé skrá yfir daglegan vinnutíma farmanna eða daglegan hvíldartíma þeirra til að hægt sé að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum 5. til 11. mgr. þessarar viðmiðunar. Færslurnar skulu vera á stöðluðu formi sem lögbært stjórnvald ákveður, að teknu tilliti til fyrirliggjandi leiðbeininga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða á stöðluðu formi sem stofnunin útbýr. Þær skulu vera á því tungumáli sem krafist er skv. 11. mgr. þessarar viðmiðunar. Farmaðurinn skal fá afrit af þeim skráningum sem varða hann og skulu þær samþykktar af skipstjóranum, eða öðrum þeim sem skipstjórinn hefur veitt til þess umboð, og farmanninum.

13. Ekkert í 5. og 6. mgr. þessarar viðmiðunar skal koma í veg fyrir að aðildarríki kveði á um í landslögum, reglugerðum eða málsmeðferð sem gera lögbæru stjórnvaldi kleift að leyfa eða skrá kjarasamninga sem veita undanþágur frá þeim takmörkunum sem settar eru. Slíkar undanþágur skulu, að því marki sem unnt er, vera í samræmi við ákvæði þessarar viðmiðunar en geta tekið mið af örari eða lengri fríum eða veitt uppbótarleyfi fyrir farmenn sem vinna á vöktum eða farmenn sem vinna um borð í skipum sem eru í stuttum ferðum.

14. Ekkert í þessari viðmiðun skal teljast skerða rétt skipstjóra á skipi til að krefjast þess að farmaður vinni þá tíma án tafar sem nauðsynlegir eru sökum öryggis skipsins, einstaklinga um borð eða farms eða til að veita aðstoð öðrum skipum eða einstaklingum í sjávarháska. Samkvæmt því getur skipstjóri vikið frá skipulagi vinnu- eða hvíldartíma og krafist þess að farmaður vinni þann tíma sem nauðsynlegur er þar til ástandið er orðið eðlilegt aftur. Skipstjóri skal tryggja eins fljótt og auðið er eftir að ástandið er orðið eðlilegt aftur að farmaður, sem hefur sinnt störfum í fyrirfram ákveðnum hvíldartíma sínum, fái næga hvíld.

Leiðbeiningar B2.3. – Vinnutími og hvíldartími.

*Leiðbeiningar B2.3.1. – Ungir farmenn.*

1. Eftirfarandi ákvæði ættu að gilda á sjó og í höfn um alla farmenn undir 18 ára aldri:

a) vinnutími ætti ekki að fara yfir átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku og aðeins ætti að vinna yfirvinnu sé það óhjákvæmilegt af öryggisástæðum;
b) nægur tími skal veittur til máltíða og tryggja ætti a.m.k. klukkustundarlangt hlé fyrir aðalmáltíð dagsins; og
c) heimila ætti 15 mínútna langt hlé eins fljótt og unnt er eftir tveggja klukkustundalanga samfellda vinnu.

2. Í undantekningartilvikum þarf ekki að beita ákvæðum 1. mgr. í þessum leiðbeiningum ef:

a) þær eru óraunhæfar hvað varðar unga farmenn sem starfa í þilfars-, véla- eða þjónustudeild áhafna og er falið vaktskyldur eða starfa í skiptivaktakerfi; eða
b) markviss þjálfun ungra farmanna hvað varðar fyrirframákveðin verkefni og áætlanir væri skert;

3. Skrá ætti slík undantekningartilvik ásamt þeim ástæðum sem liggja að baki og skulu færslurnar samþykktar af skipstjóra.

4. Ákvæði 1. mgr. þessara leiðbeininga undanþiggja ekki unga farmenn frá þeirri almennu skyldu sem öllum farmönnum ber að rækja að vinna þegar neyðarástand ríkir eins og kveðið er á um í 14. mgr. viðmiðunar A2.3.

Regla 2.4. – Orlofsréttur.

**Tilgangur: Að tryggja að farmenn fái nægilegt orlof.**

1. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að farmenn sem starfa um borð í skipum sem sigla undir fána þess fái árlegt orlof á launum undir viðeigandi kringumstæðum, í samræmi við ákvæðin í kóðanum.

2. Farmönnum skal veitt landgönguleyfi þeim til heilsubótar og aukinnar velferð og í samræmi við starfskröfur sem fylgja stöðu þeirra.

Viðmiðun A2.4. – Orlofsréttur.

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög og reglugerðir sem mæla fyrir um lágmarksviðmiðanir um árlegt orlof farmanna sem starfa um borð í skipum sem sigla undir fána þess, að teknu nauðsynlegu tilliti til sérstakra þarfa farmanna að því er varðar slíkt orlof.

2. Með fyrirvara um kjarasamninga, lög eða reglugerðir sem kveða á um viðeigandi reikniaðferðir sem taka mið af sérstökum þörfum farmanna í þessu tilliti skal rétturinn til árlegs orlofs á launum reiknaður á grundvelli 2,5 almanaksdaga hið minnsta fyrir mánuð í starfi. Lögbært stjórnvald eða viðeigandi stofnun í hverju landi skulu ákveða hvernig reikna á út starfsaldur. Rökstudd fjarvera úr vinnu skal ekki talin til árlegs orlofs.

3. Hvers kyns samkomulag um að fella niður launað lágmarksorlof á ári hverju sem mælt er fyrir um í þessari viðmiðun, nema í þeim tilvikum sem lögbært stjórnvald mælir fyrir um slíkt, skal bannað.

Leiðbeiningar B2.4. – Orlofsréttur.

*Leiðbeiningar B2.4.1. – Útreikningur réttar.*

1. Við aðstæður sem lögbært stjórnvald ákveður eða fyrir milligöngu viðeigandi stofnunar í hverju landi ætti að telja störf utan samningsbundins vinnutíma til hluta af starfstíma.

2. Við aðstæður sem lögbært stjórnvald ákveður eða samkvæmt gildandi kjarasamningum, ber að telja fjarvistir frá vinnu til að sækja viðurkennd starfsmenntunarnámskeið eða fjarvistir af völdum veikinda eða meiðsla eða af völdum barnseignar, til starfstíma.

3. Fjárhæð launa í árlegu orlofi ætti að miðast við venjuleg laun sem farmaðurinn fær og kveðið er á um í landslögum, reglugerðum eða í gildandi ráðningarsamningum farmanna. Hvað varðar farmenn sem eru ráðnir til styttri tíma en eins árs eða ef ráðningartengslum er rift ætti orlofsrétturinn að vera reiknaður út miðað við hlutfall.

4. Eftirtalið ætti ekki að teljast til hluta árlegs orlofs á launum:

a) almennir eða venjubundnir frídagar sem eru viðurkenndir sem slíkir í fánaríkinu, hvort sem þeir falla á daga þegar árlegt orlof á launum stendur yfir eða ekki;
b) tímabil vanhæfis til vinnu af völdum veikinda eða meiðsla eða af völdum barnsburðar með skilyrðum sem lögbært stjórnvald ákveður eða veitt er með viðeigandi úrræðum í hverju landi;
c) tímabundið landgönguleyfi sem farmanni er veitt meðan ráðningarsamningur er í gildi; og
d) hvers kyns uppbótarleyfi með skilyrðum sem lögbært stjórnvald ákveður eða veitt er með viðeigandi úrræðum í hverju landi.

*Leiðbeiningar B2.4.2. – Árlegt leyfi tekið.*

1. Tímabil úttektar árlegs orlofs ætti, nema því aðeins að það sé fastákveðið í reglugerðum, kjarasamningum eða gerðardómsúrskurðum eða með öðrum aðferðum sem eru í sam-

ræmi við innanlandsvenjur, skal ákveðið af hálfu útgerðarmanna, að höfðu samráði og, eftir því sem unnt er, að fengnu samþykki farmannanna sem í hlut eiga eða fulltrúa þeirra.

2. Farmenn ættu að jafnaði að eiga rétt á að taka árlegt orlof á þeim stað sem þeir hafa umtalsverð tengsl við sem væri venjulega sami staðurinn og þeir hafa rétt á heimsendingu til. Ekki ætti að krefjast þess að farmenn taki árlegt, áunnið orlof án samþykkis þeirra á öðrum stað nema samkvæmt ákvæðum ráðningarsamnings farmanna eða landslaga eða reglugerða.

3. Sé þess krafist að farmenn taki árlegt orlof á stað sem er annar en heimilaður er skv. 2. mgr. þessarar leiðbeiningar skulu þeir eiga rétt á ókeypis flutningi til staðarins þar sem þeir voru skráðir eða ráðnir eftir því hvor staðurinn er nær heimili þeirra; útgerðarmaðurinn ætti að greiða framfærslu og annan kostnað sem til fellur beint; ekki ætti að draga ferðatímann frá árlegu orlofi á launum sem farmaðurinn á rétt á.

4. Farmaður í árlegu orlofi ætti einungis að kalla til starfa aftur ef um algjört neyðarástand er að ræða og með samþykki farmannsins.

*Leiðbeiningar B2.4.3. – Skipting og uppsöfnun.*

1. Lögbært stjórnvald má ákveða, eða heimila má með viðeigandi úrræðum í hverju landi, skiptingu áunnins árlegs orlofs á launum í tvo hluta eða uppsöfnun slíks árlegs orlofs miðað við eitt ár með síðara orlofstímabili.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. leiðbeininga B2.4.3 og, nema kveðið sé á um annað í samningi sem gildir um útgerðarmanninn og farmanninn sem í hlut eiga, ætti árlegt orlof á launum sem mælt er með í þessum leiðbeiningum að vera órofið tímabil.

*Leiðbeiningar B2.4.4. – Ungir farmenn.*

1. Íhuga ætti að grípa til sérstakra ráðstafana í tengslum við unga farmenn undir 18 ára aldri sem hafa starfað í sex mánuði eða í styttri tíma samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi farmanna án þess að fara í orlof á skipi í millilandasiglingum sem hefur ekki snúið til baka til búsetulands þeirra á þeim tíma og mun ekki snúa aftur næstu þrjá mánuði sjóferðarinnar. Slíkar ráðstafanir gætu verð heimsending þeirra þeim að kostnaðarlausu til þess staðar sem þeir voru ráðnir í upphafi í búsetulandi þeirra í því skyni að nýta áunnið frí sem stofnaðist meðan á sjóferðinni stóð.

Regla 2.5. – Heimsending.

**Tilgangur: Að tryggja að farmenn geti snúið heim.**

1. Farmenn eiga rétt á að vera sendir til síns heima sér að kostnaðarlausu við þær aðstæður og með þeim skilyrðum sem tilgreint er í kóðanum.

2. Hvert aðildarríki skal krefjast þess skip sem sigla undir fána þess leggi fram fjárhagslega tryggingu til að sjá til þess að farmenn njóti viðeigandi heimsendingar í samræmi við kóðann.

Viðmiðun A2.5. – Heimsending.

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að farmenn um borð í skipum sem sigla undir fána þess eigi rétt á heimsendingu í eftirtöldum tilvikum:

a) ef ráðningarsamningur farmanna fellur úr gildi á meðan þeir eru um borð;
b) þegar ráðningarsamningi farmanna er rift:
   i) af hálfu útgerðarmannsins; eða
   ii) af hálfu farmannsins ef gild ástæða liggur að baki; og ennfremur

c) þegar farmenn geta ekki lengur gegnt skyldum sínum samkvæmt ráðningarsamningi sínum eða ef ekki er hægt að ætlast til þess að þeir gegni þeim sökum sérstakra kringumstæðna.

2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að í lögum þess, reglugerðum, eða með öðrum aðgerðum, eða í kjarasamningum séu viðeigandi ákvæði sem mæla fyrir um:

a) þær kringumstæður þegar farmenn eiga rétt á heimsendingu í samræmi við b- og c-lið 1. mgr. þessarar viðmiðunar;
b) það hámarksstarfstímabil um borð í skipi sem veitir farmanni rétt til heimsendingar og að slíkt tímabil sé styttra en tólf mánuðir; og
c) nákvæmir skilmálar um skyldur útgerðarmanns í tengslum við heimsendingu, þ.m.t. um ákvörðunarstað heimsendingar, flutningsmáta, innifalda kostnaðarliði og aðrar ráðstafanir sem útgerðarmanni ber að gera;

3. Hvert aðildarríki skal leggja bann við því að útgerðarmenn krefjist þess að farmenn greiði heimsendingu fyrirfram við upphaf ráðningar þeirra og einnig við því að kostnaður við heimsendingar verði dreginn af launum farmanns eða öðrum réttindum sem honum ber nema í því tilviki að farmaðurinn verði uppvís að því, í samræmi við landslög, reglugerðir, aðrar ráðstafanir eða gildandi kjarasamninga, að brjóta alvarlega gegn skyldum farmannsins í starfi.

4. Landslög og reglugerðir skulu ekki hafa áhrif á rétt útgerðarmanna til að krefjast endurgreiðslu heimsendingarkostnaðar samkvæmt samningsbundnu fyrirkomulagi við þriðja aðila.

5. Vanræki útgerðarmaður að gera viðhlítandi ráðstafanir til að mæta kostnaði við heimsendingu farmanna sem eiga rétt á heimsendingu:

a) skal lögbært stjórnvald aðildarríkis, sem er fánaríki skipsins, gera ráðstafanir um heimsendingu farmanna sem í hlut eiga; vanræki það að gera það má ríkið þaðan sem senda á farmennina heim eða ríkið sem farmennirnir eru ríkisborgarar í gera ráðstafanir um heimsendingu þeirra og krefja aðildarríkið, sem er fánaríki skipsins, um endurgreiðslu tilfallins kostnaðar;
b) aðildarríki sem er fánaríki skipsins skal geta krafið útgerðarmanninn um kostnað sem fellur til við heimsendingu farmanna;
c) farmennirnir skulu í engu tilviki krafðir um heimsendingarkostnað nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar viðmiðunar.

6. Að teknu tilliti til gildandi alþjóðlegra gerninga, þ.m.t. alþjóðasamþykktar um kyrrsetningu skipa, 1999, má aðildarríki sem hefur greitt kostnað af heimsendingu samkvæmt þessum kóða, leggja farbann á skip eða fara fram á að farbann verði lagt á skip útgerðarmannsins sem málið varðar þar til endurgreiðsla hefur farið fram í samræmi við a-lið 5. mgr. þessarar viðmiðunar.

7. Hvert aðildarríki skal greiða fyrir heimsendingu farmanna sem starfa á skipum sem koma til hafna þeirra, sigla um landhelgi þess eða innsævi auk þess að greiða fyrir afleysingu þeirra.

8. Aðildarríki skal gæta þess sérstaklega að réttur sérhvers farmanns til heimsendingar verði ekki brotinn sökum fjárhagslegrar stöðu útgerðarmanns eða sökum þess að útgerðarmaður getur ekki eða vill ekki að farmaður verði leystur af.

9. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að skip sem sigla undir fána þess hafi tiltækt um borð og aðgengilegt farmönnum afrit á viðeigandi tungumáli af gildandi innanlandsreglum um heimsendingu.

Leiðbeiningar B2.5. – Heimsending.

*Leiðbeiningar B2.5.1. – Réttur.*

1. Farmenn ættu að eiga rétt á heimsendingu:

a) í þeim tilvikum sem lýst er í a-lið 1. mgr. viðmiðunar A2.5, þegar uppsagnarfresturinn sem er gefinn í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings farmanna er liðinn;

b) í þeim tilvikum sem lýst er í b- og c-lið 1. mgr. viðmiðunar A2.5:

i) ef um er að ræða veikindi, meiðsli eða sjúkdóm sem veldur því að heimsending er nauðsynleg þegar viðkomandi getur ferðast af heilsufarsástæðum;

ii) við skipbrot;

iii) ef útgerðarmaður getur ekki staðið við lagalegar eða samningsbundnar skuldbindingar sínar sem atvinnurekandi farmannanna af völdum gjaldþrots, sölu á skipi, breytingar á skráningu skips eða annarra svipaðra ástæðna;

iv) ef skip er á leið til stríðssvæðis, samkvæmt skilgreiningu í landslögum, reglugerðum eða ráðningarsamningum farmanna, sem farmaðurinn vill ekki fara til; og

v) verði ráðningarslit eða rof á ráðningu í samræmi við gerðardómsúrskurð eða kjarasamning, eða ráðningarslit af öðrum álíka orsökum.

2. Við ákvörðun hámarksstarfstímabils um borð í skipi og farmaður á rétt á heimsendingu að því loknu í samræmi við þennan kóða ætti að taka tillit til þátta sem hafa áhrif á vinnuumhverfi farmannsins. Hvert aðildarríki ætti þegar unnt er að leitast við að stytta slík tímabil í ljósi tæknibreytinga og -þróunar og gæti notið leiðsagnar af tilmælum sem gerðar hafa verið um málið af hálfu siglingamálanefndar.

3. Sá kostnaður sem útgerðarmanni ber að greiða í tengslum við heimsendingu samkvæmt viðmiðun A2.5 skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) ferðalag til áfangastaðar sem er valinn til heimsendingar í samræmi við 6. mgr. þessara leiðbeininga;

b) fæði og húsnæði frá þeirri stundu sem farmennirnir fara frá borði og þar til þeir koma til ákvörðunarstaðar heimsendingar;

c) laun og dagpeninga frá þeirri stundu sem farmennirnir fara frá borði og þar til þeir koma til ákvörðunarstaðar heimsendingar, ef kveðið er á um slíkt í landslögum, reglugerðum eða kjarasamningum;

d) flutningur 30 kg af persónulegum farangri farmanna til ákvörðunarstaðar heimsendingar; og

e) læknismeðferð ef nauðsyn krefur þar til farmennirnir eru nægilega heilsuhraustir til að ferðast til ákvörðunarstaðar heimsendingar.

4. Tími sem fer í að bíða eftir heimsendingu og ferðatími heimsendingar skal ekki dreginn frá orlofi á launum sem farmenn hafa unnið sér inn.

5. Gera ætti útgerðarmönnum skylt að halda áfram að bera kostnað af heimsendingu þar til farmenn sem í hlut eiga eru komnir til áfangastaðar sem mælt er fyrir um í þessum kóða eða fá hentugt starf um borð í skipi sem er á leið til eins þessara áfangastaða.

6. Hvert aðildarríki ætti að krefjast þess að útgerðarmenn taki ábyrgð á tilhögun heimsendingar eftir viðeigandi og skjótum leiðum. Venjulegur flutningsmáti ætti að vera flug. Aðildarríki ætti að mæla fyrir um áfangastaði sem senda má farmanna til. Þau lönd sem ætla mætti að farmenn hefðu mikil tengsl við ættu að vera meðal áfangastaðanna, þar með talið:

a) staðurinn þar sem farmaðurinn samþykkti ráðninguna;

b) staðurinn sem kveðið er á um í kjarasamningi;

c) búsetuland farmannsins; eða

d) annar staður sem báðir aðilar koma sér saman um við ráðningu.

7. Farmenn ættu að eiga rétt á að velja úr hópi þeirra áfangastaða sem mælt er fyrir um þann stað sem þeir óska eftir að vera sendir til.

8. Rétturinn til heimsendingar kann að falla úr gildi ef farmennirnir sem um er að ræða nýta sér hann ekki innan hæfilegra tímamarka sem skilgreina á í landslögum, reglugerðum eða kjarasamningum.

*Leiðbeiningar B2.5.2. – Framkvæmd af hálfu aðildarríkja.*

1. Veita ætti farmanni sem er vegalaus í erlendri höfn og biður heimsendingar alla mögulega aðstoð og ef töf verður á heimsendingu farmannsins ætti lögbært stjórnvald í erlendu höfninni að sjá til þess að ræðismaður eða fulltrúi fánaríkisins og ríkisins sem farmaðurinn er með ríkisfang eða aðsetur í, eftir því sem við á, séu þegar upplýstir um málið.

2. Hvert aðildarríki ætti að hafa í huga hvort nægilega vel sé séð fyrir því:

a) að farmenn sem eru ráðnir til starfa um borð í skipum sem sigla undir fána erlends ríkis geti snúið til baka, ef þeir eru settir í land í erlendri höfn af ástæðum sem þeir eru ekki ábyrgir fyrir:
   i) til hafnarinnar þar sem farmaðurinn sem í hlut á var ráðinn; eða
   ii) til hafnar í heimalandi farmannsins eða landsins sem farmaðurinn tilheyrir, eftir því sem við á; eða
   iii) til annarrar hafnar sem farmaðurinn og skipstjórinn eða útgerðarmaðurinn koma sér saman um að fengnu samþykki lögbærs stjórnvalds eða samkvæmt viðeigandi verndarráðstöfunum;
b) að læknishjálp farmanna sem starfa á skipi sem siglir undir fána erlends ríkis og eru settir í land í erlendri höfn í kjölfar veikinda eða meiðsla sem orðið hafa við störf í þágu skipsins og eru ekki af ásetningi þeirra.

3. Ef í ljós kemur, eftir að ungir farmenn sem ekki hafa náð 18 ára aldri hafa verið í starfi í a.m.k. fjóra mánuði í sinni fyrstu ferð milli landa, að lífið til sjós hentar þeim ekki ætti að gefa þeim kost á heimsendingu þeim að kostnaðarlausu frá fyrstu hentugu höfninni sem skipið kemur til þar sem fyrir hendi er þjónusta ræðismanns fánaríkisins eða ríkisins sem farmaðurinn á ríkisfang í eða hefur búsetu. Tilkynning um slíka heimsendingu, þar sem ástæða hennar er gefin, skal send til þess stjórnvald sem gaf út skjalið sem gerði unga farmanninum sem í hlut á kleift að hefja störf til sjós.

Regla 2.6. – Bætur til farmanna ef skip tapast eða ferst.

**Tilgangur: Að tryggja að farmenn fá bætur þegar skip tapast eða ferst.**

1. Farmenn eiga rétt á fullnægjandi bótum við meiðsli, missi eða atvinnumissi sem verður við það að skip tapast eða ferst.

Viðmiðun A2.6. – Bætur til farmanna ef skip tapast eða ferst.

1. Hvert aðildarríki skal setja reglur sem tryggja að í hverju því tilviki sem skip tapast eða ferst greiði útgerðarmaðurinn hverjum farmanni um borð bætur sökum atvinnumissis í kjölfar þess að skip tapast eða ferst.

2. Reglurnar sem um getur í 1. mgr. þessarar viðmiðunar skulu ekki hafa áhrif á annan rétt sem farmaður kann að hafa samkvæmt landslögum aðildarríkisins sem í hlut á að því er varðar missi eða meiðsl af völdum þess að skip tapast eða ferst.

Leiðbeiningar B2.6. – Bætur til farmanna ef skip tapast eða ferst.

*Leiðbeiningar B2.6.1. – Útreikningar á bótum sökum atvinnumissis.*

1. Greiða ætti bætur sökum atvinnumissis af völdum þess að skip tapast eða ferst fyrir þá daga sem farmaðurinn er í raun án atvinnu á sama taxta og launin sem greidd eru samkvæmt ráðningarsamningnum en takmarka má heildarbæturnar sem koma eiga í hlut hvers farmanns við tveggja mánaða laun.

2. Hvert aðildarríki ætti sjá til þess að farmenn hafa sömu lagaúrræði til endurkröfu slíkra bóta eins og þeir hafa til endurkröfu launa í vanskilum sem þeir hafa unnið fyrir í störfum sínum.

Regla 2.7. – Mönnun.

**Tilgangur: Að tryggja að farmenn starfi um borð í skipum sem hafa nægt starfslið svo starfrækja megi það með öryggi, skilvirkni og vernd að leiðarljósi.**

Hvert aðildarríki skal krefjast þess að öll skip sem sigla undir fána þess hafi nægilegan fjölda farmanna í áhöfn til að tryggja að skip séu starfrækt með öruggum og skilvirkum hætti og með tilhlýðilegri vernd við allar aðstæður að teknu tilliti til ofþreytu farmanna og sérstaks eðlis sjóferðarinnar og aðstæðna.

Viðmiðun A2.7. – Mönnun.

1. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að öll skip sem sigla undir fána þess hafi nægilegan fjölda farmanna um borð til að tryggja að skipin séu starfrækt með öruggum og skilvirkum hætti og með tilhlýðilegri vernd. Hvert skip skal mannað með áhöfn sem er fullnægjandi með tilliti til stærðar og hæfni svo tryggja megi öryggi og vernd skipsins og starfsliðs þess við allar rekstrarlegar aðstæður í samræmi við öryggisskírteini um lágmarksmönnun eða sambærilegt skjal sem lögbært stjórnvald gefur út og að uppfylla viðmiðanir þessarar samþykktar.

2. Þegar mönnun er ákveðin, viðurkennd eða henni breytt skal lögbært stjórnvald taka tillit til þarfarinnar á að forðast eða draga úr, að svo miklu leyti sem unnt er, óhóflegum vinnutíma, og til að tryggja fullnægjandi hvíld og draga úr hættu á ofþreytu, auk grundvallarreglna í gildandi alþjóðagerningum (einkum á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar) um mönnun.

3. Þegar mönnun er ákveðin skal lögbært stjórnvald taka tillit til allra krafna sem eru í reglu 3.2 og viðmiðun A3.2 um fæði og þjónustu áhafna.

Leiðbeiningar B2.7. – Mönnun.

*Leiðbeiningar B2.7.1. – Lausn ágreiningsmála.*

1. Hvert aðildarríki ætti að hafa yfir að ráða, eða fullvissa sig um að skilvirk úrræði séu fyrir hendi til að rannsaka og leysa ágreiningsmál sem tengjast kvörtunum um mönnun skipa.

2. Fulltrúar samtaka farmanna og útgerðarmanna ættu að eiga hlut að máli þegar gripið er til slíkra úrræða, með eða án annarra einstaklinga eða stjórnvalda.

Regla 2.8. – Auknir möguleikar á starfsframa og fagkunnáttu auk fjölgunar atvinnutækifæra sem standa farmönnum til boða.

**Tilgangur: Að stuðla að auknum möguleikum á starfsframa og bættri fagkunnáttu farmanna og fjölgun atvinnutækifæra.**

Hvert aðildarríki skal móta stefnu sem stuðlar að því að fá fólk til starfa á sviði siglinga og hvetur til starfsframa og bættrar fagkunnáttu auk fjölgunar atvinnutækifæra farmanna sem eru heimilisfastir á yfirráðasvæði þess.

Viðmiðun A2.8. – Auknir möguleikar á starfsframa og fagkunnáttu auk fjölgunar atvinnutækifæra sem standa farmönnum til boða.

1. Hvert aðildarríki skal móta stefnu sem miðar að því að hvetja til starfsframa og bættrar fagkunnáttu auk fjölgunar atvinnutækifæra farmanna í því skyni að sjá fyrir stöðugum og hæfum mannafla á sviði siglinga.

2. Markmiðið með stefnumótuninni sem um getur í 1. mgr. þessarar viðmiðunar skal vera að hjálpa farmönnum að auka reynslu sína og hæfni og fjölga atvinnutækifærum sínum.

3. Hvert aðildarríki skal, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök farmanna og útgerðarmanna, setja skýr markmið um starfsleiðsögn, menntun og þjálfun farmanna sem gegna skyldum um borð sem tengjast aðallega öruggum rekstri og siglingu skipsins, þ.m.t. viðvarandi þjálfun.

Leiðbeiningar B2.8. – Auknir möguleikar á starfsframa og fagkunnáttu auk fjölgunar atvinnutækifæra sem standa farmönnum til boða.

*Leiðbeiningar B2.8.1 – Ráðstafanir til að auka möguleika á starfsframa og fagkunnáttu auk fjölgunar atvinnutækifæra sem standa farmönnum til boða.*

1. Ráðstafanir til að ná þeim markmiðum sem koma fram í viðmiðun A2.8 gætu verið eftirtaldar:

a) samningar, sem kveða á um þróun starfsframa og starfsþjálfunar, við útgerðarmann eða samtök útgerðarmanna; eða
b) ráðstafanir til frekari starfstækifæra með því að koma á fót og viðhalda flokkaskiptum skrám yfir hæfa farmanna; eða
c) kynning á tækifærum, bæði um borð og í landi, til frekari þjálfunar og menntunar farmanna svo fyrir hendi séu kostir til að aukinnar starfsþjálfunar og starfshæfni til að tryggja og halda mannsæmandi starfi, auka starfsmöguleika einstaklingsins og mæta breytingum á tækni vinnumarkaði á sviði siglinga.

2. Hvert aðildarríki ætti, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök farmanna og útgerðarmanna, að setja skýr markmið um starfsleiðsögn, menntun og þjálfun þeirra farmanna sem eru hluti áhafnarinnar sem gegnir skyldum við öruggan rekstur og siglingu skipsins, þ.m.t. viðvarandi þjálfun.

*Leiðbeiningar B2.8.2. – Skrá yfir farmenn.*

1. Þar sem skrár eru notaðar til að ráða farmenn til starfa ættu þær að hafa að geyma upplýsingar um alla starfsflokka farmanna með þeim hætti sem ákveðið er í landslögum, samkvæmt venju eða í kjarasamningi.

2. Farmenn sem eru skráðir á slíkar skrár ættu að ganga fyrir um ráðning í störf á sjó.

3. Farmönnum sem eru skráðir á slíkar skrár ætti að vera gert skylt að vera til reiðu til starfa með þeim hætti sem ákveðið er í landslögum, samkvæmt venju eða í kjarasamningi.

4. Að því marki sem landslög eða reglugerðir heimila ætti að endurskoða reglulega fjölda farmanna á slíkum skrám til að ná fram markmiðum um fjölda miðað við þá þörf sem er fyrir hendi á sviði siglinga.

5. Þegar nauðsynlegt er að fækka farmönnum á slíkum skrám ætti að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að draga úr skaðlegum áhrifum á farmenn, að teknu tilliti til efnahagslegra og félagslegra aðstæðna í viðkomandi landi.

## 3. KAFLI – VISTARVERUR OG TÓMSTUNDAAÐSTAÐA, FÆÐI OG ÞJÓNUSTA ÁHAFNA

Regla 3.1. – Vistarverur og tómstundaaðstaða.

**Tilgangur: Að tryggja að farmenn hafi aðgang að mannsæmandi vistarverum og tómstundaaðstöðu um borð.**

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að í skipum, sem sigla undir fána þess, hafi farmenn, sem annaðhvort starfa eða búa um borð eða hvorttveggja, aðgang að mannsæmandi vistarverum og tómstundaaðstöðu sem samræmist því markmiði að stuðla að betri heilsu og vellíðan farmanna.

2. Kröfur í kóðanum um framkvæmd þessarar reglu, sem varða smíði skips og búnað, gilda einungis um skip sem eru smíðuð á þeim degi eða eftir þann dag sem þessi samþykkt öðlast gildi fyrir hlutaðeigandi aðildarríki. Hvað varðar skip sem eru smíðuð fyrir þennan dag skulu kröfurnar, sem tengjast smíði skips og búnaði þess og kveðið er á um í samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð) 1949 (nr. 92) og samþykkt um vistarverur skipverja (viðbótarákvæði) 1970 (nr. 133), gilda áfram að svo miklu leyti sem þær giltu fyrir framangreindan dag samkvæmt lögum eða venju í hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Nema annað sé sérstaklega tekið fram, skal sérhver krafa samkvæmt breytingu á kóðanum, sem snertir vistarverur og tómstundaaðstöðu farmanna, einungis gilda um skip sem eru smíðuð þegar eða eftir að breytingin öðlast gildi fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.

*Viðmiðun A3.1. – Vistarverur og tómstundaaðstaða.*

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög og reglur þar sem þess er krafist að skip sem sigla undir fána þess:

a) uppfylli lágmarksviðmiðanir til að tryggja að vistarverur farmanna, sem starfa eða búa um borð eða hvorttveggja, séu öruggar, mannsæmandi og í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar viðmiðunar; og
b) séu skoðuð til að tryggja, í upphafi og ætíð síðan, að þessum viðmiðunum sé fylgt.

2. Þegar lög og reglur um framkvæmd þessarar viðmiðunar eru samin og þeim beitt skal lögbært stjórnvald, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök farmanna og útgerðarmanna:

a) taka tillit til reglu 4.3 og tengdra ákvæða kóðans um heilsuvernd, öryggi og slysavarnir í ljósi sérstakra þarfa farmanna, sem búa og starfa um borð í skipi, og
b) taka tilhlýðilegt tillit til leiðbeininganna í B-hluta kóðans.

3. Skoðanirnar, sem krafist er samkvæmt reglu 5.1.4, skulu fara fram þegar:

a) skip er skráð eða endurskráð; eða
b) þegar gerðar hafa verið töluverðar breytingar á vistarverum farmanna í skipi.

4. Lögbært stjórnvald skal leggja sérstaka áherslu á að tryggja framkvæmd krafna samþykktarinnar sem varða:

a) stærð klefa og annarra vistarvera;
b) hitun og loftræstingu;
c) hávaða og titring og aðra umhverfisþætti;
d) hreinlætisaðstöðu;
e) lýsingu; og
f) sjúkrarými.

5. Lögbært stjórnvald hvers aðildarríkis skal krefjast þess að skip, sem siglir undir fána þess, uppfylli lágmarkskröfur um vistarverur og tómstundaaðstöðu um borð sem settar eru fram í 6.–17. mgr. þessarar viðmiðunar.

6. Að því er varðar almennar kröfur um vistarverur:

a) skal lofthæð vera fullnægjandi í öllum vistarverum farmanna; lágmarkslofthæð í öllum vistarverum farmanna, þar sem nauðsynlegt er að unnt sé að hreyfa sig á frjálsan og óþvingaðan hátt, skal ekki vera undir 203 sentímetrum; lögbært stjórnvald má leyfa skerta lofthæð í hvers kyns rými eða hluta rýmis í vistarverum þar sem tryggt er að slík skerðing lofthæðar:
   i) sé réttmæt; og
   ii) hafi ekki í för með sér óþægindi fyrir farmenn;
b) skulu vistarverur vera einangraðar á viðeigandi hátt;
c) skulu svefnklefar, í skipum öðrum en farþegaskipum samkvæmt skilgreiningu í e- og f-lið 2. reglu alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu, 1974, með síðari breytingum („SOLAS-samþykktin“), vera fyrir ofan hleðslulínu miðskipa eða afturá nema í undantekningartilvikum þegar stærð, gerð eða fyrirhuguð þjónusta skipsins veldur því að allir aðrir staðir eru óhentugir en í því tilviki mega svefnklefar vera í framhluta skipsins en í engum tilvikum fyrir framan árekstrarþil;
d) má lögbært stjórnvald, að því tilskildu að tilhögun lýsingar og loftræstingar sé fullnægjandi, leyfa að svefnklefar séu staðsettir fyrir neðan hleðslulínu í farþegaskipum og sérstökum skipum, sem eru smíðuð í samræmi við kóða IMO um öryggi skipa til sérstakra nota, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 1983 ásamt síðari útgáfum (hér á eftir nefnd „skip til sérstakra nota“), en í engum tilvikum skulu þeir staðsettir fyrir neðan vinnuganga;
e) skal ekki vera opið beint inn í svefnklefa frá farmrými og vélarúmi eða frá eldhúsum, geymslum, þurrkherbergjum eða frá sameiginlegri hreinlætisaðstöðu; sá hluti þils sem aðskilur slík rými frá svefnklefum og ytri þiljum skal vera vandlega smíðaður úr stáli eða öðru viðurkenndu efni og vera vatns- og gasþéttur;
f) skulu efni, sem eru notuð til að smíða innri þil, veggklæðningu og klæðningu, gólf og samskeyti, vera hentug til þeirra nota og stuðla að heilsusamlegu umhverfi;
g) skal lýsing vera viðeigandi og séð skal fyrir fullnægjandi frárennsli; og
h) skulu vistarverur og tómstunda- og þjónusta áhafna uppfylla kröfur í reglu 4.3 og tengdum greinum í kóðanum um heilsuvernd, öryggi og slysavarnir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að farmenn eigi á hættu að verða fyrir álagi af völdum hættulegs hávaða og titrings og annarra umhverfisþátta og kemískra efna um borð og farmönnum um borð skal boðið upp á viðunandi starfs- og dvalarumhverfi.

7. Að því er varðar loftræstingu og hitun:

a) skulu svefnklefar og borðsalir vera nægilega vel loftræstir;
b) skulu vera loftræstikerfi í vistarverum farmanna, aðskildum loftskeytaklefa og miðlægum stjórnklefa vélarúms í skipum nema í skipum sem eru í reglulegum ferðum í tempruðu loftslagi þar sem það reynist ekki nauðsynlegt;
c) skal loftræsting í hvers kyns hreinlætisaðstöðu tengd út undir bert loft og vera aðskilin frá öllum öðrum hlutum vistarveranna; og
d) skal séð til þess að viðeigandi hitakerfi tryggi að nægur hiti sé um borð nema í skipum sem sigla eingöngu í hitabeltisloftslagi.

8. Að því er varðar kröfur um lýsingu, með fyrirvara um sérstaka tilhögun sem leyfð er í farþegaskipum, skulu vistarverur og borðsalir njóta dagsbirtu og hafa fullnægjandi gervilýsingu.

9. Þegar krafist er svefnvistarvera um borð í skipum gilda eftirfarandi kröfur um svefnklefa:

a) í skipum öðrum en farþegaskipum skal hver farmaður hafa einkasvefnklefa; ef um er að ræða skip, sem eru undir 3.000 brúttótonnum eða skip til sérstakra nota, má lögbært stjórnvald veita undanþágu frá þessari kröfu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna;
b) aðskildir svefnklefar skulu vera fyrir karla og konur;
c) svefnklefar skulu vera af fullnægjandi stærð og útbúnir á viðeigandi hátt til að tryggja viðunandi þægindi og auðvelda þrif;
d) hver farmaður skal, í öllum tilvikum, hafa einkahvílu;
e) innra mál hvílu skal vera a.m.k. 198 sentímetrar að lengd og 80 sentímetrar að breidd;
f) gólfflötur í svefnklefum farmanna með einni hvílu skal ekki vera undir: i) 4,5 m² í skipum sem eru undir 3.000 brúttótonnum; ii) 5,5 m² í skipum sem eru 3.000 brúttótonn eða stærri en undir 10.000 brúttótonnum; iii) 7 m² í skipum sem eru 10.000 brúttótonn eða stærri;
g) lögbært stjórnvald má þó heimila minni gólfflöt í því skyni að sjá fyrir svefnklefum með einni hvílu í skipum undir 3.000 brúttótonnum, farþegaskipum og skipum til sérstakra nota;
h) ekki fleiri en tveir farmenn mega deila einum svefnklefa í skipum undir 3.000 brúttótonnum nema í farþegaskipum og skipum til sérstakra nota; í slíkum svefnklefum skal gólfflötur ekki vera undir 7 m²;
i) gólfflötur í svefnklefum farmanna, sem sinna skyldum skipstjórnarmanna í farþegaskipum og skipum til sérstakra nota, skal ekki vera undir:
   i) 7,5 m² í klefum sem tveir einstaklingar deila;
   ii) 11,5 m² í klefum sem þrír einstaklingar deila;
   iii) 14,5 m² í klefum sem fjórir einstaklingar deila;
j) gólfflötur svefnklefa í skipum til sérstakra nota, sem fleiri en fjórir einstaklingar mega deila, skal ekki vera undir 3,6 m² fyrir hvern einstakling;
k) í skipum, öðrum en farþegaskipum og skipum til sérstakra nota, skal gólfflötur fyrir hvern einstakling í svefnklefum farmanna, sem sinna skyldum skipstjórnarmanna, þar sem ekki er einkasetustofa eða dagstofa, ekki vera undir:
   i) 7,5 m² í skipum undir 3.000 brúttótonnum;
   ii) 8,5 m² í skipum sem eru 3.000 brúttótonn að stærð eða stærri en undir 10.000 brúttótonnum;
   iii) 10 m² í skipum sem eru 10.000 brúttótonn að stærð eða stærri;
l) í farþegaskipum og skipum til sérstakra nota skal gólfflötur fyrir farmenn sem sinna skyldum yfirmanna, þar sem ekki er einkasetustofa eða dagstofa, ekki vera undir 7,5 m² á mann fyrir lægra setta yfirmenn og ekki undir 8,5 m² fyrir hærra setta yfirmenn; lægra settir yfirmenn teljast vera á rekstrarsviði og hærra settir yfirmenn á stjórnunarsviði;
m) skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður skulu auk svefnklefa hafa samliggjandi setustofu, dagstofu eða sambærilegt viðbótarrými; lögbært stjórnvald má veita skipum, sem eru undir 3.000 brúttótonnum, undanþágu frá þessari kröfu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna;
n) húsgögn hvers farmanns skulu samanstanda af rúmgóðum fataskáp (a.m.k. 475 lítrar) ásamt skúffu eða samsvarandi rými sem er a.m.k. 56 lítrar; ef skúffan er felld inn í fataskápinn skal samanlagt rými fataskápsins vera a.m.k. 500 lítrar; í honum skal vera hilla og farmaðurinn skal geta læst honum til að vernda persónulegar eigur sínar;
o) í hverjum svefnklefa skal vera borð eða skrifborð, sem má vera gólffast, felliborð eða útdregið borð, ásamt þægilegri sætisaðstöðu, eftir þörfum.

10. Að því er varðar kröfur um borðsali:
a) skulu þeir vera í hæfilegri fjarlægð frá svefnklefum og eins nálægt eldhúsi og gerlegt er; lögbært stjórnvald má veita skipum undir 3.000 brúttótonnum undanþágu frá þessari kröfu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna; og
b) skulu þeir vera af fullnægjandi stærð, búnir þægindum og viðeigandi húsgögnum og innréttingum (þ.m.t. viðvarandi drykkjaraðstöðu), að teknu tilliti til fjölda þeirra farmanna sem kunna að nota þá á hverjum tíma; gera skal ráðstafanir til að útbúa aðgreinda eða sameiginlega borðsalsaðstöðu, eftir því sem við á.

11. Að því er varðar kröfur um hreinlætisaðstöðu:
a) skulu allir farmenn hafa hentugan aðgang að hreinlætisaðstöðu um borð þar sem uppfylltar eru lágmarksviðmiðanir um heilbrigðis- og hollustuhætti og viðunandi kröfur um þægindi með aðskildri hreinlætisaðstöðu fyrir karla og konur;
b) skal vera greiður aðgangur að hreinlætisaðstöðu frá stjórnpallinum og vélarúminu eða hún staðsett nálægt miðlægum stjórnklefa vélarúms; lögbært stjórnvald má veita skipi undir 3.000 brúttótonnum undanþágu frá þessari kröfu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna;
c) skulu í öllum skipum vera á hentugum stað a.m.k. eitt vatnssalerni, ein handlaug og eitt baðkar eða sturta eða hvorttveggja fyrir hverja sex einstaklinga eða færri sem hafa ekki einkaaðstöðu;
d) skal í hverjum svefnklefa um borð í skipum öðrum en farþegaskipum vera handlaug með heitu og köldu, rennandi ferskvatni nema þar sem þannig handlaug er til staðar í viðkomandi einkabaðherbergi;
e) má lögbært stjórnvald, að því er varðar farþegaskip sem að öllu jöfnu eru í ferðum sem vara skemur en fjórar klukkustundir í senn, huga að sérstöku fyrirkomulagi eða fækka nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu; og
f) skal vera heitt og kalt, rennandi ferskvatn á öllum þvottastöðum.

12. Að því er varðar kröfur um sjúkrarými skulu skip, sem hafa a.m.k. 15 manns í áhöfn og eru í ferðum sem vara lengur en þrjá daga í senn, hafa aðgreind sjúkrarými sem eingöngu skulu vera til læknisnota; lögbært stjórnvald má slaka á þessari kröfu fyrir strandferðaskip; til að unnt sé að samþykkja sjúkrarými um borð skal lögbært stjórnvald tryggja að greiður aðgangur sé að rýminu í öllum veðrum, að öllum sjúklingum sé séð fyrir þægilegum vistarverum og þeim sinnt tafarlaust og á viðeigandi hátt.

13. Þvottaaðstaða, sem er vel staðsett og búin tækjum, skal vera fyrir hendi.

14. Á opnum þilförum allra skipa skal vera eitt eða fleiri rými, sem farmenn á frívakt hafa aðgang að, og skal flatarmál þeirra miðast við stærð skipsins og fjölda farmanna um borð.

15. Á öllum skipum skulu vera aðskildar skrifstofur eða hefðbundin skrifstofa til nota fyrir farmenn sem starfa á þilfari eða í vélarúmi; lögbært stjórnvald má veita skipum undir 3.000 brúttótonnum undanþágu frá þessari kröfu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna.

16. Skip, sem eru reglulega í ferðum til hafna þar sem moskítóflugan er landlæg, skulu hafa viðeigandi búnað eftir því sem lögbært stjórnvald krefst.

17. Um borð skal vera tómstundaaðstaða, þægindi og þjónusta í þágu allra farmanna með hliðsjón af reglu 4.3 og tengdum ákvæðum kóðans um heilsuvernd, öryggi og slysavarnir eins og þau hafa verið aðlöguð til að uppfylla þarfir farmanna sem búa og starfa um borð í skipum.

18. Lögbært stjórnvald skal krefjast þess að skipstjórinn eða undirmenn hans hafi reglulegt eftirlit með því að vistarverur farmanna séu hreinar, íbúðarhæfar svo mannsæmandi sé

og þeim vel við haldið. Skrá skal niðurstöður slíks eftirlits og skulu þær liggja frammi til skoðunar.

19. Ef um er að ræða skip þar sem nauðsynlegt er að taka tillit, án mismununar, til hagsmuna farmanna, að því er varðar mismunandi og sérstök trúarbrögð og félagslega siði, má lögbært stjórnvald, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, leyfa töluverð frávik frá þessari viðmiðun, að því tilskildu að slík frávik hafi ekki í för með sér að öll aðstaða verði ekki óhagkvæmari en ef þessari viðmiðun hefði verið beitt.

20. Hvert aðildarríki má, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, veita skipi undir 200 brúttótonnum undanþágu, þar sem það þykir réttmætt, að teknu tilliti til stærðar skipsins og fjölda einstaklinga um borð í tengslum við kröfurnar í eftirfarandi ákvæðum þessarar viðmiðunar:

a) b-liðar 7. mgr., d-liðar 11. mgr. og 13. mgr.; og
b) f-, h- til l-liðar 9. mgr. að því er varðar gólfflöt eingöngu.

21. Einungis má veita undanþágur frá kröfum þessarar viðmiðunar þar sem þær eru sérstaklega heimilaðar í þessari viðmiðun og aðeins við tilteknar aðstæður þar sem hægt er að réttlæta slíkar undanþágur með gildum rökum og með það í huga að vernda heilsu og öryggi farmanna.

Leiðbeiningar B3.1. – Vistarverur og tómstundaaðstaða.

*Leiðbeiningar B3.1.1. – Hönnun og smíði.*

1. Ytri þil svefnklefa og borðsala ættu að vera nægilega vel einangruð. Allar vélareisnir og öll þil sem liggja að eldhúsum og öðrum rýmum þar sem hiti myndast og þar sem hitaáhrifa kann að gæta í samliggjandi vistarverum eða göngum ættu að vera nægilega vel einangruð. Einnig skal gera ráðstafanir til að koma fyrir vörn gegn hitaáhrifum frá eim- og/eða hitavatnslögnum.

2. Svefnklefar, borðsalir, tómstundasalir og gangar innan vistarvera ættu að vera nægilega vel einangraðir til að koma í veg fyrir slaga eða of mikinn hita.

3. Yfirborð þilja og neðra byrðis þilfara ætti að vera úr efni sem auðvelt er að þrífa. Smíði þeirra ætti ekki að vera með þeim hætti að líklegt sé að þau hýsi meindýr.

4. Yfirborð þilja og neðra byrðis þilfara í svefnklefum og borðsölum ætti að vera þannig að auðvelt sé að þrífa það, vera ljóst á lit og með slitsterkri áferð sem er ekki eitruð.

5. Þilför allra vistarvera farmanna ættu að vera úr viðurkenndu efni og smíðuð með viðurkenndum hætti, yfirborð þeirra vatnshelt, með hálkuvörn og úr efni sem auðvelt er að halda hreinu.

6. Þar sem gólfefni er samsett ættu hliðarsamskeytin að vera þannig að ekki geti myndast sprungur.

*Leiðbeiningar B3.1.2. – Loftræsting.*

1. Loftræstikerfi fyrir svefnklefa og borðsali ætti að vera þannig stillt að gæði loftsins viðhaldist og tryggt sé að hreyfing lofts sé fullnægjandi við hvers kyns veður- og loftlagsskilyrði.

2. Loftjöfnunarkerfi, hvort sem um er að ræða miðstýrða eða sjálfstæða einingu, ætti að vera þannig hannað:

a) að það viðhaldi fullnægjandi hita- og rakastigi miðað við loftið úti, tryggi fullnægjandi loftskipti í öllum loftjöfnunarrýmum, taki tillit til sérstakra eiginleika aðgerða á hafi úti og þannig úr garði gert að ekki myndist of mikill hávaði eða titringur; og

b) að auðvelt sé að þrífa það og sótthreinsa til að hefta eða hafa stjórn á útbreiðslu sjúkdóma.

3. Orka ætti ætíð að vera tiltæk til að starfrækja loftjöfnunarkerfi og annan hjálparbúnað fyrir loftræstikerfi, sem krafist er samkvæmt framangreindum málsgreinum þessara leiðbeininga, þegar farmenn búa eða starfa um borð og ef aðstæður krefjast þess. Ekki þarf þó að framleiða þessa orku í neyðarorkugjafa.

*Leiðbeiningar B3.1.3. – Hitun.*

1. Kerfi til að hita upp svefnklefa farmanna ætti ætíð að vera í gangi þegar farmenn búa eða starfa um borð og aðstæður krefjast notkunar þess.

2. Í öllum skipum, þar sem krafist er hitunarkerfis, ætti hitagjafinn að vera heitt vatn, heitt loft, rafmagn, gufa eða sambærilegt. Samt sem áður ætti ekki að nota gufu til að hita upp vistarverur áhafnar. Hitunarkerfið ætti að geta viðhaldið viðunandi hita í vistarverum farmanna við þau veður- og loftlagsskilyrði sem líklegt er að ríki þar sem skipið er í ferðum. Lögbært stjórnvald ætti að mæla fyrir um gildandi viðmiðun.

3. Koma ætti ofnum og öðrum hitunarbúnaði þannig fyrir, og verja hann ef nauðsyn krefur, að hann hafi ekki í för með sér eldsvoða, hættu eða óþægindi fyrir farmenn.

*Leiðbeiningar B3.1.4. – Lýsing.*

1. Í öllum skipum ætti að vera rafmagnsljós í vistarverum farmanna. Ef ekki er um að ræða tvo sjálfstæða raforkugjafa til lýsingar ætti að sjá fyrir viðbótarlýsingu með vel smíðuðum lömpum eða neyðarlýsingarbúnaði.

2. Í svefnklefum ættu að vera rafmagnsleslampar við höfðagafl hverrar hvílu.

3. Lögbært stjórnvald ætti að ákveða viðeigandi viðmiðanir fyrir náttúrulega lýsingu og gervilýsingu.

*Leiðbeiningar B3.1.5. – Svefnklefar.*

1. Tilhögun hvíla um borð ætti að vera fullnægjandi þannig að það fari eins vel um farmennina og mögulegt er og hvern þann sem kann að vera í fylgd með þeim.

2. Ef stærð skipsins, starfsemi þess og hönnun gerir það réttmætt og hagkvæmt ætti að skipuleggja og hanna svefnklefa með einkabaðherbergi, þ.m.t. vatnssalerni, til að farmenn búi við viðunandi þægindi og þrifnað.

3. Ef mögulegt er, ætti að koma því þannig fyrir að svefnklefar dagmanna og næturvaktmanna séu aðgreindir og að engir farmenn sem standa einungis dagvakt deili klefa með farmönnum sem standa næturvaktir.

4. Ef um er að ræða farmenn, sem gegna stöðu lágt setts yfirmanns, ættu ekki fleiri en tveir einstaklingar að deila svefnklefa.

5. Ef því verður við komið, ætti að huga að því að stækka aðstöðuna, sem um getur í m-lið 9. mgr. í viðmiðun A3.1, þannig að hún taki einnig til fyrsta vélstjóra.

6. Rými, sem hvílur, skápar, kommóður og sæti taka upp, ætti að vera innifalið í mælingu gólffletarins. Ekki ætti að telja með lítil og óreglulega löguð rými, sem eru ekki veruleg viðbót við rými til frjálslegra athafna, og þar sem ekki er unnt að koma fyrir húsgögnum.

7. Hvílur ættu ekki að vera í meira en tveggja hæða kojum; ef hvílum er komið fyrir meðfram skipshliðinni ætti einungis að vera ein hæð þar sem kýrauga er fyrir ofan hvílu.

8. Fjarlægð neðri hvílu frá þilfari ætti ekki að vera meiri en 30 sentímetrar; efri hvíla ætti að vera u.þ.b. miðja vegu milli botns neðri hvílu og neðri hliðar þilfarsbita.

9. Burðargrind hvílu og fjalar, ef einhver er, skal vera úr viðurkenndu, hörðu og sléttu efni, sem er ekki ryðgjarnt eða líklegt til að hýsa meindýr.

10. Ef hvíla er smíðuð úr rörlaga grind skal hún vera algjörlega þétt og án gata sem meindýr gætu átt greiða leið um.

11. Í hverri hvílu skal vera þægileg dýna með bólstruðum botni eða samsett bólstruð dýna, þ.m.t. gormabotn eða springdýna. Dýnan og bólstrunarefnið ættu að vera úr viðurkenndu efni. Ekki ætti að nota tróð sem líklegt má telja að hýsi meindýr.

12. Ef hvíla er staðsett fyrir ofan aðra hvílu ætti botn efri hvílunnar, sem er undir botndýnunni eða gormabotninum, að vera rykþéttur.

13. Húsgögn ættu að vera úr sléttu, hörðu smíðaefni sem verpist ekki eða tærist auðveldlega.

14. Í svefnklefum ættu að vera gluggatjöld eða annað sambærilegt fyrir kýraugum.

15. Í svefnklefum ætti einnig að vera spegill, lítill skápur fyrir snyrtivörur, bókahilla og nægilega margir fatasnagar.

*Leiðbeiningar B3.1.6. – Borðsalir.*

1. Borðsalir mega annaðhvort vera sameiginlegir eða aðskildir. Taka ætti þessa ákvörðun, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, og að fengnu samþykki lögbærs stjórnvalds. Taka ætti tillit til þátta eins og stærð skipsins og mismunandi menningarlegra, trúarlegra og félagslegra þarfa farmanna.

2. Ef sjá á farmönnum fyrir aðskildri borðsalsaðstöðu ætti hún einnig að vera fyrir:

a) skipstjóra og yfirmenn; og
b) lágt setta yfirmenn og aðra farmenn.

3. Á skipum öðrum en farþegaskipum ætti gólffötur borðsala farmanna að vera a.m.k. 1,5 $m^2$ á hvern einstakling af fyrirhuguðu sætaframboði.

4. Í öllum skipum ættu að vera borð og viðeigandi sæti, föst eða hreyfanleg, í borðsölum, sem nægja fyrir þann fjölda farmanna sem líklegt má telja að noti þau hverju sinni.

5. Eftirfarandi skal ætíð vera til staðar þegar farmenn eru um borð:

a) kæliskápur, sem koma ætti fyrir á hentugum stað og sem er nógu stór fyrir þann fjölda einstaklinga sem notar borðsalinn eða borðsalina;
b) aðstaða fyrir heita drykki; og
c) aðstaða fyrir kalda drykki.

6. Þar sem býtibúr eru ekki aðgengileg frá matsölum ætti að sjá fyrir fullnægjandi skápum fyrir borðbúnað og viðeigandi uppþvottaaðstöðu.

7. Yfirborð borða og sæta ætti að vera úr rakaþolnu efni.

*Leiðbeiningar B3.1.7. – Hreinlætisaðstaða.*

1. Handlaugar og baðkör ættu að vera af fullnægjandi stærð og smíðuð úr viðurkenndu efni með slétt yfirborð sem ekki er líklegt til að springa, flagna eða tærast.

2. Öll vatnssalerni ættu að vera með viðurkenndu sniði og með fullnægjandi vatnsstreymi eða með öðrum viðeigandi búnaði til niðurskolunar, t.d. með lofti, og skulu þau ætíð vera tiltækileg og með sjálfstæðri stýringu.

3. Hreinlætisaðstaða, sem er ætluð fleiri en einum einstaklingi, ætti að uppfylla eftirfarandi:

a) gólf ættu að vera úr slitsterku, rakaþolnu efni og hafa fullnægjandi frárennsli;
b) þil ættu að vera úr stáli eða öðru viðurkenndu efni sem er vatnsþétt í allt að 23 sentímetra hæð miðað við þilfarsbrún;

c) aðstaðan ætti að vera vel upplýst, hituð og loftræst;
d) vatnssalerni ættu að vera í hentugri fjarlægð frá svefnklefum og þvottarými en aðskilin frá þeim án beins aðgangs frá svefnklefum eða gangi milli svefnklefa og vatnssalerna þar sem ekki er um að ræða neinn annan aðgang; þessi krafa gildir ekki þegar vatnssalerni er staðsett í rými á milli tveggja svefnklefa þar sem ekki búa fleiri en fjórir farmenn; og
e) ef fleiri en eitt vatnssalerni eru í rými ættu þau að vera nægilega afskermuð til að tryggja næði.

4. Þvottaaðstaða, sem farmönnum er séð fyrir, ætti að vera búin:
a) þvottavélum;
b) þurrkurum eða nægilega hituðum og loftræstum þurrkrýmum; og
c) straujárnum og straubrettum eða jafngildi þeirra.

*Leiðbeiningar B3.1.8. – Sjúkrarými.*

1. Sjúkrarými ætti að vera þannig hannað að auðvelt sé að veita læknisfræðileg ráð og skyndihjálp og þannig úr garði gert að unnt sé að hefta útbreiðslu smitsjúkdóma.

2. Tilhögun inngangs, hvíla, lýsingar, loftræstingar, hitunar og vatnsveitu ætti að tryggja þægindi og auðvelda meðferð þeirra sem þar dvelja.

3. Lögbært stjórnvald ætti að mæla fyrir um fjölda nauðsynlegra sjúkrahvílna.

4. Sjá ætti þeim, sem dvelja í sjúkrarými, fyrir sérstakri hreinlætisaðstöðu, annaðhvort sem hluta af rýminu eða mjög nálægt því. Slík hreinlætisaðstaða ætti a.m.k. að vera búin vatnssalerni, einni handlaug og einu baðkari eða sturtu.

*Leiðbeiningar B3.1.9. – Önnur aðstaða.*

Ef um er að ræða aðskilda aðstöðu fyrir starfslið véladeildar til að skipta um föt ætti hún að vera:
a) staðsett utan vélarúmsins en með greiðan aðgang að því; og
b) búin einkafataskápum og baðkörum eða sturtum eða hvorutveggja ásamt handlaugum með heitu og köldu, rennandi ferskvatni.

*Leiðbeiningar B3.1.10. – Sængurfatnaður, borðbúnaður og ýmis ákvæði.*

1. Hvert aðildarríki ætti að íhuga að beita eftirfarandi grundvallarreglum:
a) útgerðarmenn ættu að láta öllum farmönnum í té hreinan sængurfatnað og borðbúnað til nota um borð þegar þeir eru í þjónustu skipsins og þessir farmenn ættu að ábyrgjast að skila honum þegar skipstjórinn tilgreinir svo og þegar þeir hverfa úr þjónustu skipsins;
b) sængurfatnaður ætti að vera af miklum gæðum og diskar, bollar og annar borðbúnaður ætti að vera úr viðurkenndu efni sem auðvelt er að hreinsa; og
c) útgerðarmaður ætti að láta öllum farmönnum í té handklæði, sápu og salernispappír.

*Leiðbeiningar B3.1.11. – Tómstundaaðstaða, póstur og tilhögun skipsheimsókna.*

1. Skoða ætti tómstundaaðstöðu og -þjónustu reglulega til að tryggja að hún sé viðeigandi í ljósi breytinga sem verða á þörfum farmanna, sem stafa af tækni- og rekstrarlegum þáttum, ásamt annarri þróun í útgerð.

2. Í aðstöðu til tómstundaiðkunar ætti a.m.k. að vera bókaskápur ásamt aðstöðu til lestrar, skrifta og þar sem því verður við komið, leikja.

3. Lögbært stjórnvald ætti við skipulagningu tómstundaaðstöðu að huga að því að sjá fyrir kaffistofu.

4. Einnig ætti að huga að því að sjá farmönnum fyrir eftirfarandi þeim að kostnaðarlausu, þar sem því verður við komið:

a) herbergi til tóbaksreykinga;
b) aðstöðu til að horfa á sjónvarp og ná útvarpssendingum;
c) aðstöðu til að sýna kvikmyndir sem eru nægilega margar fyrir alla sjóferðina og skipti höfð á þeim með reglulegu millibili ef þörf krefur;
d) íþróttabúnaði, þ.m.t. þjálfunarbúnaður, borð- og þilfarsleikir;
e) sundaðstöðu, ef mögulegt er;
f) bókasafni með starfstengdum bókum ásamt öðrum bókum þar sem bókakostur ætti að nægja alla sjóferðina og skipt er um hann með reglulegu millibili;
g) aðstöðu til handiðnar;
h) rafbúnaði, eins og útvarpstækjum, sjónvarpstækjum, myndbandstækjum, DVD-spilara og geisladiskaspilara, einkatölvu og hugbúnaði ásamt snælduhljóðrita og -spilara;
i) eftir því sem við á, baraðstöðu um borð fyrir farmenn nema það stríði gegn þjóðlegum, trúarlegum eða félagslegum siðvenjum; og
j) góðu aðgengi að símafjarskiptum frá skipi til lands og tölvupóst- og Netaðgangi þar sem hvers kyns gjöld fyrir notkun þessarar þjónustu eru sanngjörn, ef tök eru á.

5. Sjá ætti til þess með öllum tiltækum ráðum að póstsendingar farmanna séu eins ábyggilegar og hraðar og frekast verður unnt. Einnig ætti að kanna hvort komast megi hjá því að farmenn þurfi að borga aukaburðargjald þegar breyta þarf utanáskrift á bréfi af orsökum sem eru þeim óviðráðanlegar.

6. Gera ætti ráðstafanir til að sjá til þess, með fyrirvara um gildandi landslög, þjóðarétt eða reglugerðir og sé það mögulegt og réttmætt, að farmönnum verði með skjótum hætti veitt leyfi til að fá heimsóknir maka, skyldmenna og vina um borð þegar skipið er í höfn. Slíkar ráðstafanir skulu uppfylla kröfur um öryggisheimildir.

7. Huga skal að þeim möguleika að leyfa mökum farmanna að ferðast með þeim um borð öðru hverju, þar sem það er gerlegt og raunhæft. Umræddir makar ættu að hafa fullnægjandi tryggingar gegn slysum og sjúkdómum; útgerðarmenn ættu að veita farmanni alla þá aðstoð sem mögulegt er til að koma á slíkum tryggingum.

*Leiðbeiningar B3.1.12. – Að fyrirbyggja hávaða og titring.*

1. Vistarverur og aðstaða fyrir tómstundir og þjónustu áhafna ætti að vera staðsett eins langt og mögulegt er frá vélum, stýrisbúnaði, þilfarsvindum, loftræsti-, hitunar- og loftjöfnunarbúnaði ásamt öðrum háværum véla- og tækjabúnaði.

2. Nota ætti hljóðeðlisfræðilega einangrun eða önnur viðeigandi hljóðgleypandi efni við smíði og frágang þilja, þilfara og gólfa innan hljóðmyndandi rýma ásamt sjálflokandi, hljóðeinangrandi hurðum sem loka dyrum að vélarýmum.

3. Vélarúm og önnur vélarými ættu að vera útbúin, þar sem því verður við komið, með hljóðeinangrandi miðlægum stjórnklefum vélarúms fyrir starfslið vélarúms. Einangra ætti vinnurými eins og verkstæði, eftir því sem tök eru á, frá almennum hávaða vélarúms og gera ætti ráðstafanir til að draga úr hávaða við rekstur véla.

4. Mörk fyrir hávaðastig vinnurýmis og vistarvera ættu að vera í samræmi við alþjóðlegar starfsvenjur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um álagsstig, þ.m.t. þau mörk sem tilgreind eru í ritinu „Umhverfisþættir á vinnustöðum, 2001“ og, þar sem við á, sérstaka vernd

sem Alþjóðasiglingamálastofnunin leggur til og með öllum síðari breytingum og viðbótarskjölum fyrir viðunandi hávaðamörk um borð í skipum.

5. Vistarverur, tómstunda- eða þjónustuaðstaða áhafna ætti ekki að vera útsett fyrir mikinn hávaða.

Regla 3.2. – Fæði og þjónusta áhafna.

**Tilgangur: Að tryggt sé að farmenn hafi aðgang að gæðamatvælum og -drykkjarvatni sem kveðið er á um í reglum um hollustuhætti.**

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að skip, sem sigla undir fána þess, hafi um borð og að þar sé borinn fram matur og drykkjarvatn af fullnægjandi gæðum, næringarinnihaldi og magni þannig að uppfylltar séu nægilega vel kröfur sem gerðar eru um borð í skipinu, að teknu tilliti til mismunandi þátta sem snerta menningu og trúarbrögð.

2. Farmenn um borð í skipi ættu að eiga rétt á fæði þeim að kostnaðarlausu á ráðningartímabilinu.

3. Farmenn, sem eru ráðnir sem matsveinar og bera ábyrgð á matargerð, þurfa að hafa hlotið menntun og þjálfun og uppfylla hæfnisskilyrði til að gegna starfi sínu um borð í skipi.

Viðmiðun A3.2. – Fæði og þjónusta áhafna.

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög og reglugerðir eða aðrar ráðstafanir til að kveða á um lágmarksviðmiðanir um magn og gæði fæðis og drykkjarvatns og viðmiðanir um þjónustu áhafna sem gilda um málsverði fyrir farmenn um borð í skipum, sem sigla undir fána þess, auk þess sem það skal bjóða upp á menntun til að kynna og hrinda í framkvæmd þeim viðmiðum sem um getur í þessari málsgrein.

2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að skip, sem sigla undir fána þess, uppfylli eftirfarandi lágmarksviðmiðanir:

a) birgðir af matvælum og drykkjarvatni skulu vera hæfilegar, að því er varðar magn, næringargildi, gæði og fjölbreytni, með hliðsjón af fjölda farmanna um borð, trúarlegra þarfa þeirra og menningarlegra siðvenja sem snerta matvæli og lengd og eðli sjóferðarinnar;
b) skipulag og búnaður veitingarekstrardeildar skal vera þannig að unnt sé að sjá farmönnum fyrir fullnægjandi, fjölbreyttum og næringarríkum máltíðum sem eru tilreiddar og framreiddar við heilnæmar aðstæður; og
c) starfslið við þjónustu áhafna skal hafa hlotið viðunandi þjálfun eða fyrirmæli um starf sitt.

3. Útgerðarmenn skulu sjá til þess að farmenn, sem hafa verið ráðnir til að gegna starfi matsveina á skipi, hafi viðeigandi menntun og hæfi og teljist færir um að sinna starfinu í samræmi við kröfur sem mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum viðkomandi aðildarríkis.

4. Kröfur skv. 3. mgr. þessarar viðmiðunar skulu fela í sér námskeið sem lögbært stjórnvald hefur samþykkt eða viðurkennt og sem tekur til hagnýtrar matreiðslu, hreinlætis starfsmanna og meðhöndlun matvæla, geymslu matvæla, eftirlits með birgðum, umhverfisverndar og heilbrigðis og öryggis við þjónustu áhafna.

5. Lögbært stjórnvald má ekki krefjast þess að um borð í skipi, þar sem mælt er fyrir um 10 eða færri í áhöfn eftir eðli og stærð áhafnarinnar eða tegund viðskipta, sé menntaður og hæfur matsveinn en hver sá sem vinnur við matseld í eldhúsi skal hafa hlotið þjálfun og leiðbeiningar um hreinlæti starfsmanna og meðhöndlun matvæla ásamt meðferð og geymslu matvæla um borð í skipi.

6. Við aðstæður þar sem brýn nauðsyn krefur má lögbært stjórnvald veita undanþágu sem heimilar matsveini, sem ekki hefur tilskilda menntun og hæfi, að starfa um borð í tilteknu skipi í takmarkaðan tíma þar til komið er til næstu viðkomuhafnar sem hentar eða í tiltekinn tíma, sem er ekki lengri en einn mánuður, að því tilskildu að einstaklingurinn, sem fær undanþáguna, geti sinnt lausu stöðunni með fullnægjandi hætti að mati stjórnvalda.

7. Í samræmi við málsmeðferð um fullnægingu formskilyrða skv. 5. kafla skal lögbært stjórnvald fara fram á að skipstjórinn eða aðrir undir hans stjórn hafi reglubundið, skjalfest eftirlit með:

a) birgðum af matvælum og drykkjarvatni;
b) öllu rými og búnaði til geymslu og meðhöndlunar matvæla og drykkjarvatns; og
c) eldhúsi og öðrum búnaði fyrir tilreiðslu og framreiðslu máltíða.

8. Enginn farmaður undir 18 ára aldri skal ráðinn til starfa eða vinna sem matsveinn á skipi.

Leiðbeiningar B3.2. – Fæði og þjónusta áhafna.

*Leiðbeiningar B3.2.1. – Eftirlit, menntun, rannsókn og útgáfa.*

1. Lögbært stjórnvald ætti, í samvinnu við aðrar viðeigandi stofnanir og samtök, að safna nýjustu upplýsingum um næringarfræði og aðferðir við að kaupa, geyma, varðveita, elda og framreiða mat með sérstakri tilvísun til krafna um þjónustu áhafna um borð í skipi. Þessi gögn þurfa að vera aðgengileg, ókeypis eða á viðráðanlegu verði fyrir framleiðendur og höndlara matvæla og búnaðar, skipstjóra, þernur og matsveina auk samtaka útgerðarmanna og farmanna sem hlut eiga að máli. Nota ætti viðeigandi útgáfuefni í þessu skyni, svo sem handbækur, bæklinga, veggspjöld, kort eða auglýsingar í viðskiptatímaritum.

2. Lögbært stjórnvald ætti að gefa út tilmæli um að forðast sóun matvæla, stuðla að viðeigandi hreinlæti og tryggja eins góða og þægilega vinnutilhögun og unnt er.

3. Lögbært stjórnvald ætti, í samvinnu við viðkomandi skrifstofur og stofnanir, að semja fræðsluefni og útbúa upplýsingar til notkunar um borð sem snerta aðferðir til að sjá fyrir fullnægjandi matvælabirgðum og þjónustu áhafna.

4. Lögbært stjórnvald ætti að hafa nána samvinnu við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna og við stjórnvöld, sem fást við matvæla- og heilbrigðismál innan lands og í héraði, og mega, ef nauðsyn krefur, nýta sér þjónustu slíkra stjórnvalda.

*Leiðbeiningar B3.2.2. – Matsveinar.*

1. Farmenn ættu því aðeins að teljast hæfir sem matsveinar á skipum ef þeir hafa:

a) að baki lágmarkssiglingatíma að kröfu lögbærs stjórnvalds og mætti vera breytilegur með hliðsjón af menntun þeirra og hæfi eða reynslu;
b) staðist próf sem lögbært stjórnvald mælir fyrir um eða staðist sambærilegt próf að loknu viðurkenndu námskeiði fyrir matsveina.

2. Annaðhvort lögbært stjórnvald eða viðurkenndur skóli fyrir matsveina undir stjórn þess má halda prófið, sem mælt er fyrir um, og gefa út skírteini millilíðalaust.

3. Lögbært stjórnvald ætti að kveða á um viðurkenningu, eftir því sem við á, á skírteinum um menntun og hæfi matsveina á skipum sem önnur aðildarríki, sem hafa staðfest þessa samþykkt eða samþykkt um útgáfu hæfnisskírteina fyrir matsveina á skipum frá 1946 (nr. 69), hafa staðfest eða annar viðurkenndur aðili.

## 4. KAFLI – HEILSUVERND, LÆKNISHJÁLP, VELFERÐ OG TRYGGINGAVERND

Regla 4.1. – Læknishjálp um borð í skipi og í landi.

**Tilgangur: Að vernda heilsu farmanna og tryggja skjótan aðgang þeirra að læknishjálp um borð í skipi og í landi.**

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að öllum farmönnum um borð í skipum sem sigla undir fána þess séu tryggðar fullnægjandi ráðstafanir til heilsuverndar og að þeir hafi aðgang að skjótri og fullnægjandi læknishjálp á meðan þeir starfa um borð.

2. Verndin og hjálpin skv. 1. málsgrein þessarar reglu skal, að meginreglu, vera veitt farmönnunum að kostnaðarlausu.

3. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að farmenn um borð í skipum á yfirráðasvæði þess sem þurfa á tafarlausri læknishjálp að halda fá aðgang að sjúkraaðstöðu í landi.

4. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í kóðanum um heilsuvernd og læknishjálp um borð fela í sér viðmiðanir um ráðstafanir sem miða að því að veita farmönnum heilsuvernd og læknishjálp sem líkasta þeirri sem gengur og gerist í landi.

Viðmiðun A4.1. – Læknishjálp um borð í skipi og í landi.

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að ráðstafanir um heilsuvernd og læknishjálp (þ.m.t. nauðsynlega tannvernd) fyrir farmenn sem starfa um borð í skipi sem siglir undir fána þess séu teknar upp og að þær:

a) tryggi að um farmenn gildi almenn ákvæði um heilsuvernd og læknishjálp sem máli skipta fyrir skyldur þeirra auk sérstakra ákvæða um störf um borð í skipi; b) tryggi að farmenn njóti heilsuverndar og sjúkrahjálpar sem er sem líkustu þeirri sem starfsmenn í landi njóta almennt, þ.m.t. skjótur aðgangur að nauðsynlegum lyfjum, læknisáhöldum og sjúkraaðstöðu til að greina og meðhöndla og að læknisfræðilegum upplýsingum og sérfræðiþekkingu;

b) veiti farmönnum rétt til þess í viðkomuhöfn að fara án tafar til læknis eða tannlæknis með tilskilda menntun og hæfi, eftir því sem við verður komið;

c) tryggi, að svo miklu leyti sem það samræmist landslögum og venju í aðildarríki, að læknis- og heilsuverndarþjónusta sé veitt farmönnum þeim að kostnaðarlausu á meðan þeir eru um borð í skipi eða í erlendri höfn; og

d) takmarkist ekki við meðferð sjúkra eða slasaðra farmanna heldur feli í sér fyrirbyggjandi ráðstafanir svo sem heilsueflingu og menntun á sviði heilbrigðismála.

2. Lögbært stjórnvald skal taka upp staðlað skýrslueyðublað sem skipstjóri og viðkomandi heilsugæslustarfsmaður um borð eða í landi notar. Form og innihald þess, ef það er útfyllt, skal vera háð trúnaðarkvöð og aðeins skal nota það greiða fyrir meðferð farmanna.

3. Hvert aðildarríki skal setja lög og reglugerðir þar sem kveðið er á um kröfur um sjúkrarými og rými til að sinna læknishjálp og um lækningatæki og þjálfun á skipum sem sigla undir fána þeirra.

4. Í landslögum og reglugerðum skal að lágmarki kveðið á um eftirfarandi kröfur:

a) öll skip skulu hafa um borð lyfjakistu, lækningatæki og lækningabók, en mæla skal fyrir um innihald þeirra og það vera háð reglulegu eftirliti lögbærs stjórnvalds; kröfur sem gerðar eru innan lands skulu taka tillit til tegundar skipsins, fjölda einstaklinga um borð og eðlis sjóferðar, ákvörðunarstaðar og lengdar sjóferða auk viðkomandi tilmæla innan lands um heilbrigðisviðmiðanir;

b) skip með fleiri en 100 einstaklinga um borð og stunda millilandasiglingar sem vara lengur en þrjá daga skulu hafa lækni um borð sem er til þess menntaður og hæfur veita læknishjálp; í landslögum eða reglugerðum skal einnig tilgreina hvaða önnur skip skulu hafa lækni um borð, meðal annars að teknu tilliti til þátta eins og lengdar, eðlis og aðstæðna sjóferðar og fjölda farmanna borð;
c) skipum sem hafa ekki lækni um borð skal annað hvort gert skylt að hafa um borð a.m.k. einn farmann sem er falið að veita læknishjálp og gefa lyf sem hluti af reglulegu starfi sínu eða a.m.k. einn farmann sem er hæfur til þess að veita skyndihjálp; einstaklingar sem falið er að veita læknishjálp um borð og eru ekki læknar skulu hafa lokið með fullnægjandi hætti menntun og þjálfun í læknishjálp sem uppfyllir kröfur alþjóðasamþykktar um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW); farmenn sem eru tilnefndir til að veita skyndihjálp skulu hafa lokið með fullnægjandi hætti þjálfun í hjálp í viðlögum sem uppfyllir kröfur STCW; tilgreina skal í landslögum eða reglugerðum það þjálfunarstig sem er viðurkennt, meðal annars að teknu tilliti til þátta eins og lengdar, eðlis og aðstæðna sjóferðar og fjölda farmanna borð; og
d) lögbært stjórnvald skal tryggja með hjálp fyrirframskipulagðs kerfis að læknisfræðileg aðstoð með hjálp almennra fjarskipta eða gervihnattafjarskipta sé tiltæk skipum á sjó, þ.m.t. að sérfræðiaðstoð sé tiltæk allan sólarhringinn; læknisfræðileg aðstoð, þ.m.t. framsending læknisfræðilegra skeyta með hjálp almennra fjarskipta eða gervihnattafjarskipta milli skipa og þeirra aðila í landi sem veita aðstoðina, skal vera tiltæk burtséð frá því undir hvaða fána þeir sigla.

Leiðbeiningar B4.1. – Læknishjálp um borð í skipi og í landi.

*Leiðbeiningar B4.1.1. – Læknishjálp veitt.*

1. Við mat á umfangi læknisfræðilegrar þjálfunar sem veita á um borð í skipum sem þurfa ekki að hafa lækni um borð ætti lögbært stjórnvald að krefjast þess að:

a) skip sem geta að öllu jöfnu leitað læknishjálpar hæfs starfsliðs og komist til sjúkraaðstöðu innan átta klukkustuna ættu að hafa tilgreint a.m.k. einn farmann sem hefur hlotið viðurkennda þjálfun í skyndihjálp sem krafist er samkvæmt STCW, sem gerir þessum einstaklingum kleift að grípa strax til skilvirkra aðgerða ef slys eða veikindi verða um borð í skipi og nýta læknisfræðileg aðstoð með hjálp almennra fjarskipta eða gervihnattafjarskipta; og
b) um borð í öllum öðrum ætti að tilnefna a.m.k. einn farmann sem hefur hlotið viðurkennda þjálfun í skyndihjálp sem krafist er samkvæmt STCW 1978, þ.m.t. starfsþjálfun og þjálfun í björgun mannslífa svo sem meðferð sem felur í sér inndælingu í æð, sem gerir þeim einstaklingum sem málið varðar kleift að taka þátt samræmdum áætlunum um læknisaðstoð til skipa á sjó og að veita sjúkum eða slösuðum fullnægjandi læknishjálp á meðan þeir dvelja um borð.

2. Starfsþjálfunin sem um getur í 1. mgr. þessara leiðbeininga ætti að byggjast á efni í nýjustu útgáfum ritanna Alþjóðleg læknisráðgjöf fyrir skip (International Medical Guide for Ships), Leiðarvísir um hjálp í skyndihjálp til notkunar í slysatilvikum þar sem hættulegur varningur á í hlut (Medical First Aid Guide for Use in Accidents Involving Dangerous Goods), Leiðbeiningarrit um þjálfun sjómanna (Document for Guidance – An International Maritime Training Guide) og læknisfræðilegi hluti Alþjóðamerkjabókarinnar (International Code of Signals) auk annarra álíka innanlandsrita.

3. Einstaklingarnir sem um getur í 1 mgr. þessara leiðbeininga og aðrir farmenn sem lögbært stjórnvald kann að krefjast ættu, á u.þ.b. fimm ára fresti, að sitja endurmenntunar-

námskeið til að gera þeim kleift að viðhalda og auka við þekkingu sína og færni og tileinka sér nýja tækni.

4. Ábyrgir einstaklingar sem tilnefndir eru af lögbæru stjórnvaldi ættu að halda við og skoða lyfjakistuna og innihald hennar, ásamt lækningatækjum og lækningabók sem eru um borð, með reglulegu millibili og ekki sjaldnar en á tólf mánaða fresti og skulu þeir tryggja að merkingar, fyrningardagsetningar og geymsluaðstæður allra lyfja og leiðbeiningar um notkun þeirra séu athugaðar og virkni allra tækja prófuð eftir þörfum. Við útgáfu eða endurskoðun lækningabókar skipsins sem notuð er innan lands og þegar innihald sjúkrakassa og læknisáhöld eru ákveðin ætti lögbært stjórnvald að hafa til hliðsjónar alþjóðleg tilmæli á þessu sviði, þ.m.t. nýjustu útgáfur ritanna Alþjóðleg læknisráðgjöf fyrir skip og aðra leiðarvísa sem um getur í 2. mgr. þessara leiðbeininga.

5. Hafi farmur, sem er flokkaður hættulegur, ekki verið tilgreindur í nýjustu útgáfu Leiðarvísis í skyndihjálp til notkunar í slysatilvikum þar sem hættulegur varningur á í hlut, ætti sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar um eðli efnanna, áhættan sem þeim fylgir, nauðsynlegar persónuhlífar, viðkomandi læknisaðgerðir og sértækt móteitur sé tiltækt farmönnunum. Slíkt sértækt móteitur og persónuhlífar ættu að ætíð að vera um borð þegar slíkur hættulegur farmur er fluttur. Þessar upplýsingar ættu að vera hluti af stefnumótun og áætlanagerð skipsins um heilsuvernd og öryggi sem lýst er í reglu 4.3 og tengdum ákvæðum í kóðanum.

6. Öll skip ættu að hafa um borð uppfærða heildarskrá yfir fjarskiptastöðvar sem geta gegnt hlutverki sem milliliðir læknisfræðilegrar aðstoðar; og, ef þau eru búin gervihnattafjarskiptakerfi, ættu þau að hafa um borð uppfærða heildarskrá yfir jarðstöðvar á landi sem geta gegnt hlutverki sem milliliðir læknisfræðilegrar aðstoðar; Farmenn sem hafa með höndum ábyrgð á læknishjálp eða skyndihjálp um borð ættu að fá leiðsögn í notkun lækningabókar skipsins og læknisfræðilega hluta Alþjóðamerkjabókarinnar svo þeir geti betur gert sér grein fyrir þeim upplýsingum sem leiðbeinandi læknir þarf á að halda og þeim ráðum sem gefin eru.

*Leiðbeiningar B4.1.2. – Eyðublað fyrir læknisskýrslu.*

Staðlað eyðublað fyrir læknaskýrslu farmanna, sem krafist er skv. A-hluta þessa kóða, ætti að hanna þannig að það auðveldi sendingu læknisfræðilegra og tengdra upplýsinga um einstaka farmenn milli skips og lands ef um er að ræða sjúkdóm eða meiðsl.

*Leiðbeiningar B4.1.3. – Læknishjálp í landi.*

1. Sjúkraaðstaða í landi til að meðhöndla farmenn ætti að vera fullnægjandi svo hún þjóni sínu hlutverki. Læknar, tannlæknar og annað hjúkrunarlið ætti að búa yfir nægilegri menntun og hæfi.

2. Gera ætti ráðstafanir til að tryggja að farmenn í höfn fái:

a) meðhöndlun á göngudeild ef um sjúkdóm eða meiðsl er að ræða;
b) að leggjast inn á sjúkrahús ef nauðsyn krefur; og
c) meðhöndlun tannlæknis, sérstaklega ef um bráðatilvik er að ræða.

3. Gera ætti viðhlítandi ráðstafanir til að greiða fyrir meðferð farmanna sem þjást af sjúkdómum. Farmenn ættu ekki síst að hafa skjótan aðgang að heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum í landi, án erfiðleika, óháð þjóðerni eða trúarbrögðum, og þegar því verður við komið ætti að búa svo um hnútana að tryggt sé að, ef nauðsyn krefur, að meðferð verði haldið áfram til viðbótar þeim læknisúrræðum sem þeim stendur til boða.

*Leiðbeiningar B4.1.4. – Læknisaðstoð til annarra skipa og alþjóðleg samvinna.*

1. Hvert aðildarríki ætti að íhuga alvarlega að taka þátt í alþjóðasamstarfi á sviði aðstoðar, áætlana og rannsókna á sviði heilsuverndar og læknishjálpar. Slíkt samstarf gæti falist í því að:

a) að þróa og samhæfa leitar- og björgunarstarf og sjá fyrir skjótri læknishjálp og brottflutningi á sjó fyrir þá sem eru alvarlega sjúkir eða slasaðir um borð í skipum, t.d. með hjálp kerfa reglulegrar tilkynningar um staðarákvörðun skipa, samræmingarstöðva um björgunarstörf og neyðarþjónusta þyrla, í samræmi við alþjóðasamþykkt um leit og björgun á sjó, 1979, með síðari breytingum og Alþjóðlegu handbókina um leit og björgun í lofti og á sjó (IAMSAR);
b) nýta með sem bestum hætti öll skip sem hafa lækni um borð og staðsetja þau skip á sjó sem geta séð fyrir sjúkrahúsaðstöðu eða leit og björgun;
c) setja saman og viðhalda alþjóðlega skrá yfir lækna og aðstöðu til læknishjálpar sem er aðgengileg um allan heim og til að veita farmönnum neyðarlæknishjálp;
d) flytja farmenn í land til neyðarmeðhöndlunar;
e) senda farmenn sem hafa verið lagðir inn á sjúkrahús erlendis heim eins fljótt og auðið er, að höfðu samráði við læknana sem bera ábyrgð í viðkomandi tilfelli og að teknu tilliti til óska og þarfa farmannsins;
f) sjá farmönnum fyrir persónulegri aðstoð við heimsendingu, að höfðu samráði við læknana sem bera ábyrgð í viðkomandi tilfelli og að teknu tilliti til óska og þarfa farmannsins;
g) að leitast við að setja upp heilsugæslustöðvar fyrir farmenn í því skyni að:
   i) standa fyrir rannsóknum á heilbrigði, læknismeðhöndlun og heilsugæslu í forvarnarskyni fyrir farmenn; og
   ii) að þjálfa starfslið læknaþjónustu og heilsugæslu í læknisfræði sjómanna;
h) safna saman og leggja mat á hagtölur um vinnuslys, sjúkdóma og dauðsföll farmanna og samþætta og samræma hagtölurnar við innanlandskerfi sem kunna að vera fyrir hendi um hagtölur um vinnuslys og sjúkdóma sem ná yfir aðra flokka starfsmanna;
i) skipuleggja alþjóðleg skipti á tækniupplýsingum, þjálfunarefni og starfsliði, auk alþjóðlegra námskeiða, málstofa og vinnuhópa;
j) sjá öllum farmönnum fyrir sérstakri heilbrigðis- og læknisþjónustu í landi í læknis- og forvarnarskyni eða veita þeim aðgengi að almennri heilbrigðis-, læknis- og endurhæfingarþjónustu; og
k) gera ráðstafanir um heimsendingu líkamsleifa eða ösku látinni farmanna, í samræmi við óskir nánustu aðstandenda eins fljótt og auðið er.

2. Alþjóðleg samvinna á sviði heilsuverndar og læknishjálpar fyrir farmenn ætti að byggjast á gagnkvæmum eða marghliða samningum eða samráði aðildarríkja.

*Leiðbeiningar B4.1.5. – Nánustu aðstandendur farmanna.*

Hvert aðildarríki ætti að gera ráðstafanir til að tryggja viðhlítandi og næga læknishjálp fyrir nánustu aðstandendur farmanna þar til þróuð hefur verið læknisþjónusta sem næði til starfsmanna almennt og nánustu aðstandenda þeirra þar sem slík þjónusta er ekki fyrir hendi og tilkynna ætti alþjóðavinnumálaskrifstofunni um þær ráðstafanir sem gripið er til í þessum efnum.

Regla 4.2. – Ábyrgð útgerðarmanns.

**Tilgangur: Að tryggja að farmenn njóti verndar gegn fjárhagslegum áföllum af völdum veikinda, meiðsla eða dauðsfalla sem kunna að verða í tengslum við ráðningu þeirra.**

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að ráðstafanir, í samræmi við kóðann, séu gerðar um borð í skipum sem sigla undir fána þeirra til að veita farmönnum sem starfa um borð í skipunum efnislega aðstoð og stuðning af hálfu útgerðarmannsins hvað varðar fjárhagslegar afleiðingar veikinda, meiðsla eða dauðsfalls sem verður á meðan þeir starfa samkvæmt ráðningarsamningi farmanna eða verða af völdum ráðningar samkvæmt slíkum samningi.

2. Þessi regla hefur ekki áhrif á önnur lagaúrræði sem farmaðurinn kann að leita.

Viðmiðun A4.2. – Ábyrgð útgerðarmanna.

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög og reglugerðir þar sem krafist er að útgerðarmenn skipa sem sigla undir fána þess beri ábyrgð á heilsuvernd og læknishjálp allra farmanna sem starfa um borð í skipunum í samræmi við eftirfarandi lágmarksviðmiðanir:

a) útgerðarmenn skulu bera ábyrgð á kostnaði sem fellur til ef farmenn sem starfa um borð í skipum þeirra veikjast eða slasast á því tímabili sem þeir hefja störf og þar til þeir teljast komnir aftur til síns heima eða sem fellur til af völdum ráðningar þeirra milli þessara dagsetninga;

b) útgerðarmenn skulu leggja fram fjárhagslega tryggingu til að tryggja launagreiðslur ef farmenn látast eða verða fyrir langtímafötlun af völdum vinnuslyss, veikinda eða hættu eins og kveðið er á um í landslögum, ráðningarsamningi farmanna eða kjarasamningi;

c) útgerðarmenn skulu vera í ábyrgð fyrir kostnaði við læknishjálp, þ.m.t. læknismeðhöndlun og útvegun nauðsynlegra lyfja og tækja til læknismeðferðar, og fæði og húsnæði fjarri heimilis þar til sjúkur eða slasaður farmaður hefur náð bata eða þar til lýst hefur verið yfir að veikindi eða vanhæfi séu varanleg; og

d) útgerðarmenn skulu bera ábyrgð á að greiða jarðarfararkostnað ef dauðsfall verður um borð eða í landi á meðan á ráðningu stendur.

2. Í landslögum eða reglugerðum má takmarka ábyrgð útgerðarmanns fyrir greiðslu kostnaðar við læknishjálp og fæði og húsnæði við tímabil sem skal ekki vera styttra en 16 vikur frá því að slys verður eða veikindi hefjast.

3. Ef veikindi eða slys veldur vanhæfi til starfa skal útgerðarmaður bera ábyrgð á:

a) að greiða full laun á meðan veikur eða slasaður farmaður dvelur um borð í skipi eða er skilinn eftir á yfirráðasvæði ríkis annars en aðildarríkis; og

b) að greiða laun að öllu leyti eða hluta til samkvæmt fyrirmælum í landslögum eða reglugerðum eða eins og kveðið er á um í kjarasamningum frá þeim tíma sem farmenn hafa verið sendir til síns heima eða eru komnir í land og þar til þeir hafa hlotið bata eða (ef það er fyrr) þar til þeir eiga rétt á fyrirframgreiðslu reiðufjár samkvæmt löggjöf aðildarríkisins sem í hlut á.

4. Í landslögum eða reglugerðum má takmarka ábyrgð útgerðarmanns fyrir greiðslu launa að öllu leyti eða hluta til farmanns sem er ekki lengur um borð við tímabil sem skal ekki vera styttra en 16 vikur frá því að slys verður eða veikindi hefjast.

5. Samkvæmt landslögum eða reglugerðum má undanskilja útgerðarmann frá ábyrgð að því er varðar:

a) slys sem verða með öðrum hætti en í þjónustu við skipið;

b) slys eða veikindi sökum vísvitandi misferlis hins sjúka, slasaða eða látna farmanns; og

c) veikindi eða heilsubrest sem er leynt af ásetningi við ráðningu.

6. Að því marki sem opinber stjórnvöld axla slíka ábyrgð mega landslög eða reglugerðir kveða svo á að útgerðarmaður sé undanþeginn þeirri kvöð að vera ábyrgur fyrir kostnaði við læknishjálp og fæði og húsnæði og jarðarför.

7. Útgerðarmenn eða fulltrúar þeirra skulu gera ráðstafanir til að vernda eignir sem sjúkir, slasaðir eða látnir farmenn skilja eftir um borð og skila þeim til þeirra eða til nánustu aðstandenda þeirra.

Leiðbeiningar B4.2. – Ábyrgð útgerðarmanns.

1. Greiðsla fullra launa sem krafist er skv. a-lið 3. mgr. viðmiðunar A4.2 má vera án bónusgreiðslna.

2. Kveða má á um í landslögum eða reglugerðum að útgerðarmenn skuli hætta að vera í ábyrgð fyrir greiðslu kostnaðar sjúks eða slasaðs farmanns frá þeim tíma sem sá farmaður getur gert kröfu um sjúkrabætur samkvæmt skyldusjúkratryggingu, skylduslysatryggingu eða bætur starfsmanna í slysatilvikum.

3. Kveða má á um í landslögum eða reglugerðum að jarðarfararkostnaður sem útgerðarmaður greiðir verði endurgreiddur af hálfu tryggingastofnunar í þeim tilvikum að jarðarfararbætur koma til greiðslu hvað varðar látinn farmann samkvæmt lögum eða reglugerðum sem tengjast tryggingavernd eða bótum starfsmanna.

Regla 4.3. – Heilsuvernd, öryggi og slysavarnir.

**Tilgangur: Að vinnuumhverfi farmanna um borð í skipum stuðli að vinnu- og heilsuvernd.**

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að farmenn um borð í skipum sem sigla undir fána þess njóti heilsuverndar í starfi og búi, starfi og þjálfi um borð í skipi í öruggu og heilnæmu umhverfi.

2. Hvert aðildarríki skal, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna og að teknu tilliti til gildandi kóða, leiðbeininga og viðmiðana samkvæmt tilmælum alþjóðastofnana, stjórnvalda innan lands og stofnana á sviði siglinga, þróa og koma á framfæri leiðbeiningum innan lands um stjórnun vinnu- og heilsuverndar um borð í skipum sem sigla undir fána þess.

3. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög og reglugerðir og aðrar ráðstafanir sem taka á málum sem tilgreind eru í kóðanum, að teknu tilliti til viðeigandi alþjóðlegra gerninga, og setja viðmiðanir um öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavarnir um borð í skipum sem sigla undir fána þess.

Viðmiðun A4.3. – Heilsuvernd, öryggi og slysavarnir.

1. Lög, reglugerðir og aðrar ráðstafanir sem samþykkja á í samræmi við 3. mgr. reglu 4.3 skulu kveða á um eftirtalin viðfangsefni:

a) samþykkt og skilvirk framkvæmd og kynning á stefnumótum og áætlunum um vinnu- og heilsuvernd um borð í skipum sem sigla undir fána aðildarríkisins, þ.m.t. áhættumat auk þjálfunar og leiðsagnar farmanna;
b) skynsamlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir vinnuslys, meiðsli og sjúkdóma um borð í skipi, þ.m.t. ráðstafanir til að draga úr og koma í veg fyrir hættu á skaðlegu álagi af völdum umhverfisþátta og kemískra efna auk hættu á meiðslum eða sjúkdómum sem gæti stafað af notkun búnaðar og vélbúnaður um borð í skipum;
c) áætlanir um borð til að koma í veg fyrir vinnuslys, meiðsl og sjúkdóma og til að gera stöðugar úrbætur á sviði öryggis á vinnustað og heilsuverndar með þátttöku fulltrúa far-

manna og allra annarra einstaklinga sem hafa áhuga á framkvæmd þeirra, að teknu tilliti til forvarnarráðstafana, þ.m.t. tæknilegt og hönnunarlegt eftirlit, skipti á vinnuferlum og verklagsreglum fyrir sameiginleg og einstaklingsbundin verkefni og notkun persónuhlífa; og

d) kröfur um skoðanir, tilkynningar og úrbætur á óöruggum aðstæðum og um rannsóknir og tilkynningar um vinnuslys sem verða um borð.

2. Í ákvæðunum sem um getur í 1. mgr. þessarar viðmiðunar skal:

a) taka mið af viðeigandi alþjóðlegum gerningum sem taka til öryggis á vinnustað og heilsuverndar almennt og til sérstakrar áhættu og taka á öllum málum sem tengjast verndun gegn vinnuslysum, meiðslum og sjúkdómum sem kunna að eiga við um störf farmanna og einkum þau sem tengjast starfi farmannsins sérstaklega;

b) tilgreina skyldu sem útgerðarmönnum, farmönnum og öðrum sem málið varðar ber til að fara eftir gildandi viðmiðunum og stefnu skipsins og áætlun á sviði öryggis á vinnustað og heilbrigðismála með sérstakri áherslu á öryggi og heilbrigði farmanna undir 18 ára aldri;

c) tilgreina skyldu sem skipstjóra eða einstaklingi sem skipstjóri tilnefnir, eða beggja, til að axla sérstaka ábyrgð á að framkvæma og fara eftir stefnu skipsins og áætlun á sviði öryggis og heilbrigðismála; og

d) tilgreina heimildir farmanna um borð í skipinu sem hafa verið skipaðir eða kosnir öryggisfulltrúar til að sækja fundi öryggisnefndar skipsins. Slík nefnd skal sett á stofn um borð í skipi þar sem eru fimm eða fleiri farmenn.

3. Gera skal reglulega úttekt á lögum, reglugerðum og öðrum ráðstöfunum sem um getur í 3. mgr. reglu 4.3 í samráði við fulltrúa samtaka útgerðarmanna og farmanna og, ef þörf krefur, endurskoða til að taka mið af tæknibreytingum í því skyni að auðvelda stöðugar úrbætur á stefnu og áætlunum á sviði öryggis á vinnustað og heilbrigðismála og að bjóða upp á öruggt vinnuumhverfi fyrir farmenn um borð í skipum sem sigla undir fána aðildarríkisins.

4. Ef farið er að kröfum gildandi alþjóðlegra gerninga um viðunandi stig útsetningar fyrir hættu á vinnustað um borð í skipum og um þróun og framkvæmd stefnu og áætlana á sviði öryggis á vinnustað og heilbrigðismála um borð í skipum skal það teljast uppfylla kröfur þessarar samþykktar.

5. Lögbært stjórnvald skal sjá til þess að:

a) tilkynna vinnuslys, meiðsli og sjúkdóma með viðunandi hætti, að teknu tilliti til leiðbeininga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um tilkynningu og skráningu vinnuslysa og sjúkdóma;

b) haldnar séu hagskýrslur um slík slys og sjúkdóma, þær greindar og birtar og, eftir því sem við á, þeim fylgt eftir með rannsóknum á almennri leitni og á þeim hættum sem í ljós koma; og

c) vinnuslys séu rannsökuð.

6. Tilkynningar og rannsóknir á öryggismálum á vinnustað og heilbrigðismálum skulu þannig úr garði gerðar að tryggt sé að persónuupplýsingar farmanna njóti verndar og tekið skal mið af leiðbeiningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í þeim efnum.

7. Lögbært stjórnvald skal hafa samvinnu við samtök útgerðarmanna og farmanna um ráðstafanir til að beina athygli allra farmanna að upplýsingum um tilteknar hættur um borð í skipum, til að mynda með því að setja upp opinberar tilkynningar með viðeigandi fyrirmælum.

8. Lögbært stjórnvald skal krefjast þess að útgerðarmenn sem láta fara fram áhættumat með tilliti til stjórnunar á öryggi og heilbrigði á vinnustað vísi til viðeigandi hagskýrslna frá skipum þeirra og úr almennum hagskýrslum sem lögbær stjórnvöld leggja fram.

Leiðbeiningar B4.3. – Heilsuvernd, öryggi og slysavarnir.

*Leiðbeiningar B4.3.1. – Ákvæði um vinnuslys, meiðsl og sjúkdóma.*

1. Í ákvæðunum sem krafist er samkvæmt viðmiðun A4.3 ætti að hafa hliðsjón af starfsvenjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um slysavarnir um borð í skipum á hafi úti og í höfnum, 1996 ásamt síðari útgáfum og öðrum tengdum viðmiðunum og leiðbeiningum ILO og öðrum alþjóðlegum viðmiðunum og starfsvenjum um öryggi á vinnustað og heilsuvernd, þ.m.t. stig áraunar sem þau kunna að leiða í ljós.

2. Lögbært stjórnvald ætti að tryggja að í leiðbeiningum innan lands um stjórnun málefna á sviði öryggis á vinnustað og heilsuverndar sé einkum fjallað um eftirtalin mál:

a) almenn grundvallarákvæði;
b) hönnunarleg einkenni skipsins, þ.m.t. aðgengi og áhætta tengd asbesti;
c) vélbúnað;
d) áhrif sem mjög lágur eða hár hiti hvers kyns yfirborðsflata sem farmenn kunna að vera í snertingu við;
e) áhrif hávaða á vinnustað og í vistarverum skipa;
f) áhrif titrings á vinnustað og í vistarverum skipa;
g) áhrif umhverfisþátta, annarra en þeirra sem um getur í e- og f-lið, á vinnustað og í vistarverum skipa, þ.m.t. tóbaksreykur;
h) sérstakar öryggisráðstafanir á þilfari og neðan þilja;
i) lestunar- og losunarbúnað;
j) brunavarnir og slökkvistörf;
k) akkeri, keðjur og taugar;
l) hættulegan farm og kjölfestu;
m) persónuhlífar fyrir farmenn; n) vinnu í lokuðu rými;
n) líkamleg og andleg áhrif ofþreytu;
o) áhrif þess að vera háður lyfjum og áfengi;
p) vernd gegn HIV/AIDS og forvarnir; og
q) viðbrögð í neyðar- og slysatilvikum.

3. Við mat á þeirri hættu og útsetningu sem um getur í 2 mgr. leiðbeininga B4.3.1 ætti að hafa hliðsjón af áhrifum líkamlegra hollustuhátta á vinnustöðum (þ.m.t. handvirk meðhöndlun þungra hluta, hávaði og titringur), áhrif kemískra efna og líffræðilegra þátta á hollustuhætti á vinnustöðum, áhrif andlegra þátta á hollustuhætti á vinnustöðum auk líkamlegra og andlegra áhrifa af völdum ofþreytu og vinnuslysa. Þegar gripið er til nauðsynlegra ráðstafana skulu fyrirbyggjandi ráðstafanir vera í fyrirrúmi þar sem m.a. sú aðgerð að sporna gegn hættu við upptök, laga starfið að einstaklingnum, einkum við hönnun vinnustaða og að skipta á hættulegum fyrir hættulausa eða hættulitla, hefur forgang umfram notkun persónuhlífa fyrir farmenn.

4. Til viðbótar ætti lögbært stjórnvald að tryggja að tekið sé mið af forsendum heilbrigðis og öryggis, einkum hvað varðar eftirtalin svið:

a) viðbrögð í neyðar- og slysatilvikum;
b) áhrif þess að vera háður lyfjum og áfengi; og
c) vernd gegn HIV/AIDS og forvarnir.

*Leiðbeiningar B4.3.2. – Álag af völdum hávaða.*

1. Lögbært stjórnvald, í tengslum við lögbærar alþjóðlegar stofnanir og fulltrúa samtaka farmanna og útgerðarmanna sem málið varðar, ættu að grandskoða vandann sem tengist hávaða um borð í skipum með það að markmiði að auka vernd farmanna, að því marki sem gerlegt er, gegn meinlegum áhrifum hávaða.

2. Skoðunin sem um getur í 1. mgr. þessara leiðbeininga ætti að taka mið af meinlegum áhrifum álags af völdum mikils hávaða á heyrn, heilsu og vellíðan farmanna og þeim ráðstöfunum sem mæla á fyrir um eða mæla með til að draga úr hávaða um borð til verndar farmönnum. Þær ráðstafanir sem verða skoðaðar ættu að felast í eftirfarandi:

a) að fræða farmenn um þá hættu sem það hefur í för með sér fyrir heyrn og heilsu að vera undir langvarandi álagi af völdum mikils hávaða og um notkun varnartækja og -búnaðar gegn hávaða;
b) að farmönnum verði séð fyrir viðurkenndum eyrnahlífum; og
c) að meta áhættu og draga úr útsetningu fyrir hávaða í öllum vistarverum, tómstunda- og þjónustuaðstöðu áhafna auk vélarúms og öðrum vélarýmum.

*Leiðbeiningar B4.3.3. – Álag af völdum titrings.*

1. Lögbært stjórnvald, í tengslum við lögbærar alþjóðlegar stofnanir og fulltrúa samtaka farmanna og útgerðarmanna sem málið varðar, og að teknu tilliti til viðeigandi alþjóðlegra viðmiðana, eftir því sem við á, ættu að grandskoða vandann sem tengist hávaða um borð í skipum með það að markmiði að auka vernd farmanna, að því marki sem gerlegt er, gegn slæmum áhrifum hávaða.

2. Skoðunin sem um getur í 1. mgr. þessarar viðmiðunar ætti að ná til álags af völdum mikils titrings á heilsu og vellíðan farmanna og þeirra ráðstafana sem mæla á fyrir um eða mæla með til að draga úr titringi um borð í skipum til verndar farmönnum. Þær ráðstafanir sem verða skoðaðar ættu að felast í eftirfarandi:

a) að fræða farmenn um þá hættu sem langvarandi álag af völdum titrings hefur á heilsu manna;
b) að farmönnum verði séð fyrir viðurkenndum persónuhlífum; og
c) að meta áhættu og draga úr álagi af völdum titrings í öllum vistarverum, tómstunda- og þjónustuaðstöðu áhafna með því að samþykkja ráðstafanir í samræmi við leiðbeiningar sem kveðið er á um í starfsvenjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) sem nefnast „Umhverfisþættir á vinnustöðum, 2001“ með öllum síðari breytingum, að teknu tilliti til mismun titrings á þessum svæðum og á vinnustað.

*Leiðbeiningar B4.3.4. – Skyldur útgerðarmanna.*

1. Þeim skyldum sem kunna að vera lagðar á útgerðarmanninn um að leggja til hlífðarbúnað eða annar slysavarnabúnaður ættu almennt að fylgja ákvæði þar sem krafist er að farmenn noti hann auk krafna um að farmenn geri viðeigandi ráðstafanir um slysavarnir og heilsuvernd.

2. Einnig ætti að taka mið af 7. og 11. gr. samþykktar um öryggisbúnað véla, 1963 (nr. 119) og hliðstæð ákvæði í tilmælum um öryggisbúnað véla, 1963 (118) en samkvæmt þeim er atvinnurekandanum skylt að tryggja að farið sé að kröfum um að viðeigandi hlífar séu á vélbúnaði og að komið sé í veg fyrir að hann sé notaður án viðeigandi hlífa auk þess sem starfsmanninum er skylt að nota hvorki vélbúnað þar sem hlífar eru ekki á sínum stað né að taka úr sambandi þær hlífar sem eru fyrir hendi.

*Leiðbeiningar B4.3.5. – Skýrslugerð og söfnun hagskýrslna.*

1. Skrá ætti öll vinnuslys, meiðsli í starfi og atvinnusjúkdóma svo unnt sé að rannsaka þá og safna ítarlegum hagtölum um þá, greina og birta, að teknu tilliti til verndar persónuupplýsinga um farmennina sem í hlut eiga. Skýrslur ættu ekki að takmarkast við dauðsföll eða slys tengd skipinu.

2. Í hagskýrslunum sem um getur í 1. mgr. þessara leiðbeininga B4.3.5 ætti að tilgreina fjöldann, eðli, ástæður og áhrif vinnuslysa, meiðsla í starfi og atvinnusjúkdóma þar sem skýrt kemur fram, ef við á, deild um borð í skipi, tegund slyss og hvort það gerðist á hafi úti eða í höfn.

3. Hvert aðildarríki ætti að taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra kerfa eða líkana um skráningu slysa á farmönnum sem kann að hafa verið komið á fót af hálfu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Leiðbeiningar B4.3.6. – Rannsókn.

1. Lögbært stjórnvald ætti að standa fyrir rannsóknum á orsökum og aðstæðum allra vinnuslysa, meiðsla í starfi og atvinnusjúkdóma sem orsaka manntjón eða alvarleg slys á fólki auk annarra mála sem kunna að vera tilgreind í landslögum eða reglugerðum.

2. Huga ætti að því að eftirtalið verði tekið til rannsóknar:

a) vinnuumhverfi svo sem yfirborðsfletir vinnustaða, fyrirkomulag vélbúnaðar, aðgengi, lýsing og vinnuaðferðir;
b) tíðni vinnuslysa, meiðsla í starfi og atvinnusjúkdóma í mismunandi aldurshópum;
c) sérstök lífeðlisfræðileg eða sálfræðing vandamál sem skapast við aðstæður um borð í skipi;
d) vandamál af völdum líkamlegs álags um borð í skipi, einkum af völdum aukins vinnuálags;
e) vandamál af völdum og áhrif tækniþróunar og áhrifa hennar á samsetningu áhafna; og
f) vandamál af völdum hvers kyns mannlegra mistaka.

*Leiðbeiningar B4.3.7. – Verndar- og forvarnaráætlanir innan lands.*

1. Í því skyni að fyrir hendi sé tryggur grunnur ráðstafana til að stuðla að öryggi á vinnustað, heilsuvernd, slysavörnum og vörnum gegn meiðslum og sjúkdómum sem stafa af hættu tengdri farmennsku ætti að standa að rannsóknum á almennri þróun og á þeim hættum sem hagskýrslur leiða í ljós.

2. Skipuleggja ætti framkvæmd verndar- og fyrirbyggjandi áætlanir til að stuðla að auknu öryggi á vinnustað og heilsuvernd með þeim hætti að lögbært stjórnvald, útgerðarmenn og farmenn eða fulltrúar þeirra og aðrar viðeigandi stofnanir gegni virku hlutverki, þ.m.t. með því að standa að upplýsingafundum, fræðslu um borð um stig hámarksútsetningar á umhverfisþáttum á vinnustað sem kunna að vera skaðlegir og aðrar hættur eða niðurstöður kerfisbundins áhættumats. Skipa ætti nefndir, sérstaka vinnuhópa og skipsnefndir innan lands og staðbundið á sviði öryggis á vinnustað, heilsuverndar og slysavarna með fulltrúum frá samtökum útgerðarmanna og farmanna sem í hlut eiga.

3. Ef slík starfsemi fer fram á vettvangi félags ætti að hafa í huga að farmenn eigi fulltrúa í öryggisnefnd um borð í skipum útgerðarmanns.

*Leiðbeiningar B4.3.8. – Viðfangsefni verndar- og forvarnaráætlana.*

1. Huga ætti að því að eftirtalið verði á starfssviði nefnda og annarra stofnana sem um getur í 2. mgr. leiðbeininga B4.3.7:

a) gerð leiðbeininga innan lands og stefnumótun um að setja á fót stjórnkerfi um öryggi á vinnustað og heilsuvernd og um ákvæði, reglur og handbækur um slysavarnir;
b) skipulagning þjálfunar og áætlana um öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavarnir;
c) skipulagning auglýsingaherferða um öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavarnir, þ.m.t. kvikmyndir, veggspjöld, tilkynningar og kynningarrit; og
d) dreifing ritaðs efnis og upplýsinga um öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavarnir í því skyni að koma því til farmanna um borð í skipum.

2. Þeir sem sjá um að útbúa texta um ráðstafanir til öryggis á vinnustað, heilsuverndar og slysavarna eða tilmæli um venjur ættu að hafa til hliðsjónar viðkomandi ákvæði eða tilmæli sem viðeigandi stjórnvöld eða stofnanir innan lands eða alþjóðastofnanir hafa samþykkt.

3. Við áætlanagerð um öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavarnir ætti hvert aðildarríki að taka tilhlýðilegt tillit til starfsvenja um öryggi og heilsa farmanna sem Alþjóðavinnumálastofnunin kann að hafa gefið út.

*Leiðbeiningar B4.3.9. – Fyrirmæli um öryggi á vinnustað, heilsuvernd og vernd gegn vinnuslysum.*

1. Endurskoða ætti reglulega námsefni þjálfunarinnar sem um getur í a-lið 1. mgr. viðmiðunar A4.3 og færa það til nútímahorfs í ljósi þróunar sem orðið hefur á gerðum og stærðum skipa og á búnaði, auk breytinga á mönnunarvenjum, þjóðerni, tungumáli og skipulagi vinnu um borð í skipum.

2. Standa ætti að staðaldri fyrir kynningarstarfi um öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavarnir. Slíkt kynningarstarf gæti verið með eftirfarandi sniði:
a) hljóð- og myndefni á sviði menntunar, svo sem kvikmyndir, til nota í starfsþjálfunarmiðstöðvum fyrir farmenn og ef unnt er til sýningar um borð í skipum;
b) uppsetning veggspjalda um borð skipum;
c) birting greina í tímaritum sem farmenn lesa um hættur sem fylgja farmennsku og um ráðstafanir um öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavarnir; og
d) sérstakt átak með því að nota ýmsa kynningarmiðla til þess að fræða farmenn, þ.m.t. um öruggar vinnuaðferðir.

3. Kynningarstarfsemin sem um getur í 2. mgr. þessara leiðbeininga ætti að vera sniðin með tilliti til mismunandi þjóðernis, ólíkra tungumála og menningu farmanna um borð í skipum.

*Leiðbeiningar B.3.10. – Menntun ungra farmanna um öryggi og heilbrigði.*

1. Í reglugerðum um öryggi og heilsu ætti að vísa til hvers kyns almennra ákvæða um læknisskoðanir fyrir ráðningu og á ráðningartímanum og um slysavarnir og heilsuvernd í starfi sem kunna að gilda um störf farmanna. Í slíkum reglugerðum ætti að kveða á um ráðstafanir sem munu draga úr starfstengdri hættu sem ungir farmenn standa frammi fyrir þegar þeir gegna skyldustörfum sínum.

2. Tilgreina ætti í reglugerðunum takmarkanir ungra farmanna, án viðeigandi eftirlits og leiðbeininga, til að sinna tilteknum störfum sem fela í sér sérstaka hættu á slysum, skaðleg áhrif á heilsu þeirra eða líkamlegan þroska eða krefjast sérstaks þroskastigs, reynslu og færni nema í því tilviki að lögbært stjórnvald hafi staðfest að ungur farmaður hafi til að bera hæfilega fagkunnáttu. Þegar ákveðið er hvaða störf eigi að takmarka í reglugerð gæti lögbært stjórnvald haft í huga störf í tengslum við:
a) að lyfta, hreyfa til eða bera þungar byrðar eða hluti;
b) að fara inn í katla, tanka eða þurrrými;

c) álag af völdum hávaða og titrings;
d) stjórn lyftibúnaðar og annarra aflvéla og -tækja, eða vinna við merkjagjafir til þeirra sem stjórna slíkum búnaði;
e) meðhöndlun landfesta, dráttartóga, eða akkerisbúnaðar;
f) meðhöndlun reiðabúnaðar;
g) vinnu í möstrum eða á þilfari í illviðri;
h) næturvaktir;
i) viðhald rafbúnaðar;
j) álag af völdum efna sem kunna að vera skaðleg eða skaðlegra áhrifavalda svo sem hættulegra eða eitraðra efna og jónandi geislun;
k) hreinsun vélbúnaðar fyrir þjónustu áhafna; og
l) meðhöndlun eða stjórn á skipsbátum.

3. Lögbært stjórnvald eða viðeigandi stofnun ætti að grípa til raunhæfra ráðstafana til að beina athygli ungra farmanna að upplýsingum um slysavarnir og heilsuvernd þeirra um borð í skipum. Slíkar ráðstafanir gætu falist í viðunandi fræðslu á námskeiðum, opinberri kynningu á slysavörnum ætlaðri fyrir unga einstaklinga og fagleg fræðsla og yfirumsjón með ungum farmönnum.

4. Menntun og þjálfun ungra farmanna, bæði í landi og um borð í skipum, ætti að fela í sér leiðbeiningar um skaðleg áhrif misnotkunar áfengis og fíkniefna og annarra hættulegra efna á heilsu þeirra og velferð auk áhættu og varúðar tengdri HIV/AIDS og öðrum athöfnum sem geta verið hættulegar heilsu manna.

Leiðbeiningar B.3.11. – Alþjóðleg samvinna.

1. Aðildarríki ættu með innbyrðis samstarfi að leitast við að ná sem mestu samræmi í aðgerðum sínum, með hjálp viðeigandi milliríkjastofnana og annarra alþjóðastofnana, um að stuðla að öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavörnum.

2. Við gerð áætlana til kynningar á öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavörnum samkvæmt viðmiðun A4.3 ætti hvert aðildarríki að hafa hliðsjón af viðeigandi starfsvenjum sem Alþjóðavinnumálastofnunin gefur út auk viðeigandi viðmiðana alþjóðastofnana.

3. Aðildarríki ættu að hafa hliðsjón af því hvort þörf er á alþjóðlegri samvinnu um samfellda kynningu á starfsemi í tengslum við öryggi á vinnustað, heilsuvernd og varnir gegn vinnuslysum. Slík samvinna gæti verið í formi:

a) gagnkvæms eða marghliða fyrirkomulags um samræmi í viðmiðunum og ráðstöfunum um öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavarnir;
b) upplýsingaskipta um tilteknar hættur sem farmenn standa frammi fyrir og um aðferðir til að stuðla að öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavörnum;
c) aðstoðar við að prófa búnað og skoðanir samkvæmt innanlandsreglum fánaríkisins;
d) samstars um undirbúning og dreifingu ákvæða, reglna, eða handbóka um öryggi á vinnustað, heilsuvernd og slysavarnir;
e) samstarfs um gerð og notkun þjálfunargagna; og
f) sameiginlegrar aðstöðu eða gagnkvæmrar aðstoðar við þjálfun farmanna á sviði öryggis á vinnustað, heilsuverndar, slysavarna og öruggra vinnuaðferða.

Regla 4.4.– Aðgangur að velferðarmiðstöðvum í landi.

**Tilgangur: Að tryggja að farmenn sem starfa um borð skipum hafi aðgang að miðstöðvum og þjónustu í landi til að tryggja heilbrigði þeirra og velferð.**

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að greiður aðgangur sé að velferðarmiðstöðvum í landi. Aðildarríkið skal einnig stuðla að því að settar verði á laggir velferðarmiðstöðvar, svo sem tilgreint er í kóðanum, í tilgreindum höfnum til að sjá farmönnum á skipum sem eru í höfnum þess fyrir aðgangi að fullnægjandi velferðaraðstöðu.

2. Í kóðanum er mælt fyrir um ábyrgð hvers aðildarríkis að því er varðar miðstöðvar í landi, svo sem velferðar-, menningar-, tómstunda- og upplýsingamiðstöðvar og -þjónustu.

Viðmiðun A4.4. – Aðgangur að velferðarmiðstöðvum í landi.

1. Hvert aðildarríki skal krefjast þess, þar sem velferðarmiðstöðvar eru á yfirráðasvæði þess, að þær séu tiltækar öllum farmönnum, óháð þjóðerni, kynþætti, hörundslit kynferði, trúarskoðunum, stjórnmálaskoðunum eða félagslegum uppruna og óháð fánaríki skipsins þar sem þeir eru ráðnir eða gegna starfi.

2. Hvert aðildarríki skal stuðla að því að settar verði á laggir velferðarmiðstöðvar í hentugum höfnum landsins og ákveða, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, hvaða hafnir eiga að teljast hentugar.

3. Hvert aðildarríki skal hvetja til þess að settar séu á laggir velferðarráð sem skulu skoða velferðarmiðstöðvar reglulega til að tryggja að þær séu hentugar í ljósi breytinga á þörfum farmanna af völdum þróunar í tækni, rekstri og annarri þróun á sviði skipaútgerðar.

Leiðbeiningar B4.4. – Aðgangur að velferðarmiðstöðvum í landi.

*Leiðbeiningar B4.4.1. – Skyldur aðildarríkja.*

1. Hvert aðildarríki ætti:

a) að gera ráðstafanir til þess að séð verði fyrir velferðarmiðstöðvum og -þjónustu í nægum mæli í tilgreindum viðkomuhöfnum og að farmenn njóti nægilegrar verndar þegar þeir gegna starfi sínu; og

b) að taka mið af sérstökum þörfum farmanna þegar gripið er til þessara ráðstafana, einkum þegar dvalið er í erlendum ríkjum og þegar farið er inn á stríðssvæði, með tilliti til öryggis þeirra, heilbrigði og athafna í frítíma.

2. Ráðstafanir um eftirlit með velferðarmiðstöðvum og -þjónustu ættu að fela í sér þátttöku fulltrúa hlutaðeigandi samtaka útgerðarmanna og farmanna.

3. Hvert aðildarríki ætti að gera ráðstafanir til að hraða ókeypis dreifingu um borð í skipum, hjá miðlægum birgjum og velferðarstofnunum á efni á sviði velferðamála svo sem kvikmyndum, bókum, fréttablöðum og íþróttabúnaði til nota fyrir farmenn um borð í skipum þeirra og í velferðarmiðstöðvum í landi.

4. Aðildarríki ættu að eiga með sér samstarf við að stuðla að velferð farmanna á sjó og í höfnum. Slíkt samstarf ætti að fela í sér eftirfarandi:

a) samráð lögbærra stjórnvalda sem miða að því að sjá fyrir og bæta velferðarmiðstöðvar og -þjónustu, bæði í höfn og um borð í skipum;

b) samkomulag um að samnýta aðstöðu og mannafla og sjá sameiginlega fyrir velferðarmiðstöðvum í stærri höfnum til að forðast óþarfa tvíverknað;

c) að skipuleggja alþjóðlegar íþróttakeppnir og hvetja farmenn til íþróttaiðkunar; og

d) að skipuleggja alþjóðlegar málstofur um málefnið velferð farmanna á hafi úti og í höfn.

*Leiðbeiningar B4.4.2 – Velferðarmiðstöðvar og -þjónusta í höfnum.*

1. Hvert aðildarríki ætti að sjá fyrir eða tryggja að séð verði fyrir þeim velferðarmiðstöðvum og -þjónustu sem kann að vera krafist í viðeigandi höfnum í landinu.

2. Einn eða fleiri af eftirtöldum aðilum ættu að sjá fyrir velferðarmiðstöðvum og -þjónustu í samræmi við aðstæður innan lands og venju:

a) opinberir aðilar;
b) hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna samkvæmt kjarasamningum eða annarri tilhögun sem samkomulag er um; og
c) sjálfboðaliðasamtök.

3. Koma ætti upp eða þróa nauðsynlega velferðar- og tómstundaaðstöðu í höfnum. Hún ætti að felast í eftirtöldu

a) funda- og tómstundaherbergjum eftir þörfum;
b) aðstöðu til íþróttaiðkana og önnur aðstaða, þ.m.t. keppnisaðstaða;
c) menntunaraðstaða; og
d) eftir því sem við á, aðstaða til helgihalds og persónulegrar ráðgjafar.

4. Sjá má fyrir þessari aðstöðu með því að veita farmönnum aðgang að aðstöðu fyrir almennari notkun.

5. Ef stór hópur farmanna af ólíku þjóðerni þarf á aðstöðu svo sem hótelum, klúbbum og íþróttaaðstöðu að halda í tiltekinni höfn ættu lögbær stjórnvöld eða stofnanir í heimaríkjum og fánaríkjum farmannanna, auk hlutaðeigandi alþjóðlegra samtaka, að leita ráða og eiga samstarf við lögbær stjórnvöld og stofnanir í landinu þar sem höfnin er staðsett og hver við aðra með það að markmiði að samnýta aðstöðu og mannafla og til að forðast óþarfa tvíverknað.

6. Hótel eða gistiheimili sem henta farmönnum ættu að vera aðgengileg þar sem þörf er fyrir þau; í þeim ætti að vera aðstaða sem er sambærileg við það sem gerist á góðum hótelum og ætti þegar það er hægt að vera fjarri næsta nágrenni hafnarsvæðisins. Umsjón slíkra hótela eða gistiheimila ætti að vera með viðunandi hætti, verð sem krafist er ætti að vera sanngjarnt og, ef nauðsyn krefur og unnt er, ætti að sjá til þess að fjölskyldur farmanna fái gistingu.

7. Þessi aðstaða ætti að vera opin öllum farmönnum, óháð þjóðerni, kynþætti, hörundslit, kynferði, trúarskoðunum, stjórnmálaskoðunum eða félagslegum uppruna og óháð fánaríki skipsins þar sem þeir eru ráðnir eða gegna starfi Án þess að brjóta á nokkurn hátt í bága við þessa meginreglu kann að vera nauðsynlegt í tilteknum höfnum að bjóða upp á margs konar aðstöðu, sambærilega að gæðum en lagaða að siðum og þörfum ólíkra hópa farmanna.

8. Gera ætti ráðstafanir til að tryggja, eftir því sem þörf krefur, að einstaklingar með sérfræðikunnáttu séu starfandi í fullu starfi í velferðarmiðstöðvum og -þjónustu farmanna til viðbótar starfsmönnum sem kunna að starfa þar í sjálfboðavinnu.

*Leiðbeiningar B4.4.3. – Velferðarráð.*

1. Setja ætti á stofn velferðarráð á vettvangi hafna, á svæðis- og landsvísu, eftir því sem við á. Starfssvið þeirra ætti m.a. að felast í: a) að hafa eftirlit með því hvort velferðarmiðstöðvar sem fyrir eru séu viðunandi og kanna hvort þörf sé á viðbótaraðstöðu eða hætta starfsemi í aðstöðu sem er vannýtt; og b) að aðstoða og leiðbeina þeim sem hafa með það að gera að sjá fyrir velferðarmiðstöðvum og tryggja samræmingu á milli þeirra.

2. Meðal þeirra sem sitja í velferðarráðum ættu að vera fulltrúar samtaka farmanna og útgerðarmanna, lögbærra stjórnvalda og, eftir því sem við á, sjálfboðaliðasamtaka og félagsþjónustu.

3. Ræðismenn siglingaþjóða og fulltrúar erlendra velferðarstofnana á staðnum ættu, eftir því sem þörf er á og í samræmi við landslög og reglugerðir, að tengjast störfum velferðarráða hafna, innan svæðis og á landsvísu.

*Leiðbeiningar B4.4.4. – Fjármögnun velferðaraðstöðu.*

1. Gera skal kleift að styðja velferðarmiðstöðvar í höfnum fjárhagslega í samræmi við aðstæður og venju innan lands í samræmi við eitt eða fleira af eftirtöldu:

a) með styrkjum úr opinberum sjóðum;
b) með sköttum eða öðrum sérgjöldum aðila í sjóflutningum;
c) með frjálsum framlögum útgerðarmanna, farmanna eða samtaka þeirra; og
d) með frjálsum framlögum frá öðrum aðilum.

2. Ef lagðir eru á velferðarskattar, gjöld og sérgjöld ætti einungis að nota þau í þeim tilgangi sem þeirra er aflað.

*Leiðbeiningar B4.4.5. – Upplýsingamiðlun og ráðstafanir til fyrirgreiðslu.*

1. Miðla ætti upplýsingum meðal farmanna um aðstöðu sem er almenningi opin í viðkomuhöfnum, einkum samgöngu-, velferðar-, skemmti- og menntunaraðstöðu auk staða til tilbeiðslu til viðbótar aðstöðu sem farmönnum er sérstaklega séð fyrir.

2. Viðunandi samgöngur á hóflegu verði ætti að standa til boða á tímum sem eru innan skynsamlegra marka í því skyni að gera farmönnum kleift að ná til þéttbýlissvæða frá hentugum stöðum innan hafnarsvæðisins.

3. Lögbær stjórnvöld ættu að gera allar hæfilegar ráðstafanir til að kynna útgerðarmönnum og farmönnum sem koma í höfn sérstök lög og siði sem kynnu að stofna frelsi þeirra í hættu ef brotið er gegn þeim.

4. Lögbær stjórnvöld ættu að sjá til þess að hafnarsvæði og vegir til þeirra séu búin nægilegri lýsingu, vegvísum og að þar sé regluleg varsla til verndar farmönnum.

*Leiðbeiningar B4.4.6. – Farmenn í erlendri höfn.*

1. Til verndar farmönnum í erlendum höfnum ættu að vera úrræði til að greiða fyrir:

a) aðgengi að ræðismönnum ríkja þar sem þeir eru með ríkisfang eða búsetu; og
b) virku samstarfi milli ræðismanna og stjórnvalda í héraði eða á landsvísu.

2. Mál farmanna sem sæta farbanni í erlendri höfn ætti að taka fyrir með skjótum og lögbundnum hætti og með viðeigandi ræðisvernd.

3. Hvenær sem farmaður sætir farbanns af hvaða ástæðu sem er á yfirráðasvæði aðildarríkis ætti lögbært stjórnvald, óski farmaður þess, að tilkynna það þegar til fánaríkisins og ríkisins þar sem farmaðurinn er með ríkisfang. Lögbært stjórnvald ætti að tilkynna farmanninum strax um rétt hans til slíkrar óskar. Ríkið þar sem farmaðurinn er með ríkisfang ætti þegar að tilkynna nánustu aðstandendum farmannsins um málavexti. Aðildarríki ætti að heimila ræðiserindrekum þessara ríkja að fá þegar að hitta farmanninn og heimsækja hann reglulega eftir það á meðan hann sætir kyrrsetningu.

4. Hvert aðildarríki ætti að grípa til ráðstafana, hvenær sem þörf krefur, til að tryggja öryggi farmanna gegn árásum og öðru ólöglegu athæfi á meðan skip eru í landhelgi þeirra og einkum á aðkomuleiðum til hafna.

5. Allt kapp ætti að leggja á að þeir sem bera ábyrgð á hafnarsvæðum og um borð í skipi heimili farmönnum landgönguleyfi eins fljótt og auðið er eftir að skip kemur til hafnar.

Regla 4.5. – Tryggingavernd.

**Tilgangur: Að tryggja að gripið sé til ráðstafana með það að markmiði að veita farmönnum aðgengi að tryggingavernd.**

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að allir farmenn og, að svo miklu leyti sem kveðið er á um slíkt í landslögum, nánustu aðstandendur þeirra hafi aðgang að tryggingavernd í samræmi við kóðann en þó með fyrirvara um hvers kyns hagstæðari skilyrði sem um getur í 8. mgr. 19. gr. stofnskrárinnar.

2. Hvert aðildarríki skuldbindur sig til að grípa til ráðstafana, í samræmi við aðstæður innan lands, hvert um sig eða í samvinnu á alþjóðavettvangi, til að sjá farmönnum fyrir æ víðtækri tryggingavernd.

3. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að farmenn sem heyra undir löggjöf þess um tryggingavernd og, að svo miklu leyti sem kveðið er á um slíkt í landslögum þess, nánustu skyldmenni þeirra eiga rétt á bótum úr tryggingaverndarkerfi sem veitir ekki lakari kjör en hafnarverkamenn í landi njóta.

Viðmiðun A4.5. – Tryggingavernd.

1. Þeir flokkar sem skoða á með það að markmiði að ná smám saman æ víðtækri tryggingavernd samkvæmt reglu 4.5 eru: læknishjálp, sjúkrabætur, atvinnuleysisbætur, ellilífeyrisbætur, vinnuslysabætur, fjölskyldubætur, mæðralaun, örorkubætur og bætur til skipbrotsmanna til viðbótar verndinni sem kveðið er á samkvæmt reglum 4.1 um læknishjálp og 4.2 um ábyrgð útgerðarmanns og samkvæmt öðrum köflum þessarar samþykktar.

2. Á þeirri stundu sem samþykktin er samþykkt skal verndin sem hver aðili skal veita í samræmi við 1. mgr. reglu 4.5 ná til a.m.k. þriggja af þeim níu bótaflokkum sem taldir eru upp í 1. mgr. þessarar viðmiðunar.

3. Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir með tilliti til aðstæðna innan lands til að veita alla þá tryggingavernd sem um getur í 1. mgr. þessarar viðmiðunar til allra farmanna sem eiga venjulega aðsetur á yfirráðasvæði þess. Til að mynda mætti uppfylla þessa skyldu með viðeigandi gagnkvæmum eða marghliða samningum eða kerfum sem byggjast á framlagi. Sú vernd sem þannig fæst skal ekki fela í sér lakari kjör en sú sem hafnarverkamenn sem hafa aðsetur á yfirráðasvæði þeirra njóta.

4. Þrátt fyrir framsal ábyrgðar skv. 3 mgr. þessarar viðmiðunar mega aðildarríki setja, á grunni gagnkvæmra og marghliða samninga og á grunni ákvæða sem samþykkt eru innan ramma svæðisstofnana um efnahagslega samvinnu, aðrar reglur sem varða þá löggjöf um tryggingavernd sem farmenn heyra undir.

5. Skyldur hvers aðildarríkis að því er varðar farmenn um borð í skipum sem sigla undir fána þess skulu fela í sér þær sem kveðið er á um í reglu 4.1 og 4.2 og tengd ákvæði kóðans, auk þeirra sem felast í almennum skyldum þess að þjóðarétti.

6. Hvert aðildarríki skal taka til athugunar hinar ýmsu leiðir þar sem farmenn fá sambærilegar bætur, í samræmi við landslög og venju, ef þeir njóta ekki nægilegrar verndar samkvæmt flokkunum sem um getur í 1. mgr. þessarar viðmiðunar.

7. Kveða má á um verndina skv. 1. mgr. reglu 4.5, eftir því sem við á, í lögum, reglugerðum, tryggingum á frjálsum markaði, eða í kjarasamningum eða í samsetningu þessa þátta.

8. Að svo miklu leyti sem það samræmist landslögum og venju í aðildarríkjum skulu þau vinna saman fyrir tilverknað gagnkvæms eða marghliða samkomulags eða annars fyrirkomulags til að tryggja að réttindi á grunni tryggingaverndar sem veitt eru á grunni iðgjaldsskyldra

eða iðgjaldsfrjálsra tryggingaverndarreglna sem allir farmenn njóta góðs af eða eru í þann mund að fá án tillits til aðseturs.

9. Hvert aðildarríki skal koma á sanngjarnri og skilvirkri málsmeðferð til lausnar deilumálum.

10. Á þeim tíma sem samþykktin er fullgilt skal hvert aðildarríki tilgreina þá bótaflokka sem verndin nær til í samræmi við 2. mgr. þessarar viðmiðunar. Aðildarríkið skal í framhaldi af því tilkynna forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hvenær það veitir tryggingavernd sem nær til eins eða fleiri bótaflokka sem tilgreindir eru í 1. mgr. þessarar viðmiðunar. Forstjórinn skal halda skrá yfir þessar upplýsingar og hafa hana tiltæka öllum hagsmunaaðilar.

11. Skýrslur til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skv. 22. gr. stofnskrárinnar skulu einnig fela í sér upplýsingar um þær ráðstafanir sem teknar eru í samræmi við 2. mgr. reglu 4.5 um að færa verndina út til annarra bótaflokka.

Leiðbeiningar B4.5. – Tryggingavernd.

1. Sú vernd sem ber að veita á þeim tíma sem samþykktin er fullgilt í samræmi við 2. mgr. viðmiðunar A4.5 ætti a.m.k. að taka til flokkanna um læknishjálp, sjúkrabætur og vinnuslysabætur.

2. Við þær aðstæður sem um getur í 6. mgr. viðmiðunar A4.5 má sjá fyrir sambærilegum bótum með tryggingum, gagnkvæmu eða marghliða samkomulagi eða öðrum skilvirkum aðferðum með hliðsjón af ákvæðum viðeigandi kjarasamninga. Ef slíkar ráðstafanir eru samþykktar ætti að upplýsa farmenn sem njóta góðs af þeim með hvaða hætti séð verður fyrir hinum ýmsu bótaflokkum tryggingaverndar.

3. Ef fleiri en ein innanlandslöggjöf sem nær til tryggingaverndar á við um farmenn ættu aðildarríkin sem í hlut eiga að vinna saman í því skyni að ákvarða með gagnkvæmu samkomulagi hvaða löggjöld eigi að gilda, að teknu tilliti til atriða eins og tegunda og stigs verndar samkvæmt þeirri löggjöf sem er hagstæðari farmanninum sem í hlut á og hann vill frekar njóta góðs af.

4. Málsmeðferðin sem á að koma á skv. 9. mgr. viðmiðunar A4.5 ætti að vera þannig úr garði gerð að hún taki til allra deilna sem tengjast kröfum farmannanna sem í hlut eiga án tillits til þess með hvaða hætti verndin er veitt.

5. Hvert aðildarríki, þar sem eigin ríkisborgarar, ríkisborgarar annarra ríkja eða hvorutveggja starfa um borð í skipum sem sigla undir fána þess, ætti að veita þá tryggingavernd sem kveðið er á um í samþykktinni eftir því sem við á og endurskoða reglulega þá þætti tryggingarverndar sem tilgreindir eru í 1. mgr. viðmiðunar A4.5 með það í huga að tilgreina viðbótarbótaflokka sem kynnu að henta farmönnunum sem í hlut eiga.

6. Í ráðningarsamningi farmanna ætti að koma fram hvernig útgerðarmaður sér farmönnum fyrir hinum ýmsu bótaflokkum tryggingaverndar auk annarra viðeigandi upplýsinga sem útgerðarmaður hefur yfir að ráða svo sem lögboðinn frádráttur af launum farmanna og framlag útgerðarmanns sem má koma til í samræmi við kröfur tilgreindra aðila sem hafa til þess heimild samkvæmt viðeigandi tryggingaverndarkerfum.

7. Aðildarríki, sem er fánaríki skipsins, ætti á skilvirkan hátt að fara með lögsögu sína á sviði félagslegra mála, fullvissa sig um að skyldur útgerðarmanna hvað varðar tryggingavernd séu uppfylltar, þ.m.t. að það framlag sem þeim ber sé greitt til tryggingaverndarkerfa.

## 5. KAFLI – SKYLDUR UM FRAMKVÆMD OG FRAMFYLGD

1. Í reglum þessa kafla er kveðið á um ábyrgð hvers aðildarríkis á að sá réttur og þær grundvallarreglur sem mælt er fyrir um í greinum þessarar samþykktar, auk þeirra tilteknu

skyldna sem kveðið er á um í 1., 2., 3. og 4. kafla hennar, séu hafðar í heiðri og þeim framfylgt.

2. Ákvæði 3. og 4. mgr. Í VI. gr., sem heimila framkvæmd A-hluta kóðans með skírskotun til ákvæða sem eru sambærileg að verulegu leyti, gilda ekki um A-hluta kóðans í þessum kafla.

3. Í samræmi við 2. mgr. VI. gr. skal hvert aðildarríki hrinda í framkvæmd skyldum sínum samkvæmt reglunum með þeim hætti sem segir í samsvarandi viðmiðum í A-hluta kóðans og með tilhlýðilegu tilliti til leiðbeininganna í B-hluta kóðans.

4. Ákvæðum þessa kafla skal hrint í framkvæmd með það í huga að farmenn og útgerðarmenn, eins og allir aðrir einstaklingar, eru jafnir fyrir lögunum, eiga rétt á jafnri lagavernd og skulu ekki sæta mismunun í aðgengi þeirra að dómstólum, dómum eða öðrum úrræðum til að leysa deilumál. Með ákvæðum þessa kafla verður ekki skorið úr um lögsögu eða réttarvettvang.

Regla 5.1. – Skyldur fánaríkisins.

**Tilgangur: Að tryggja að hvert aðildarríki hrindi í framkvæmd skyldum sínum samkvæmt þessari samþykkt að því er varðar skip sem sigla undir fána þess.**

*Regla 5.1.1. – Almennar grundvallarreglur.*

1. Hverju aðildarríki er skylt að tryggja að skyldum þess samkvæmt þessari samþykkt sé hrint í framkvæmd um borð í hverju skipi sem siglir undir fána þess.

2. Hvert aðildarríki skal tryggja að skilvirku kerfi sé komið á um skoðanir og vottun á vinnuskilyrðum í samræmi við reglu 5.1.3 og 5.1.4 og tryggja að starfsskilyrði og lífskjör farmanna um borð í skipum sem sigla undir fána þess séu og verði í samræmi við viðmiðanir þessarar samþykktar.

3. Þegar komið er á skilvirku kerfi fyrir skoðanir og vottun á vinnuskilyrðum farmanna getur aðildarríki, eftir því sem við á, heimilað opinberum stofnunum eða öðrum stofnunum (þ.m.t. frá öðrum aðildarríkjum ef hið síðarnefnda samþykkir það) sem þau viðurkenna að séu hæfar og óháðar að framkvæma skoðanirnar og gefa út skírteini eða sinna hvoru tveggja. Í öllum tilvikum skal aðildarríki bera fulla ábyrgð á að skoða og votta starfsskilyrði og lífskjör farmanna sem í hlut eiga um borð í skipum sem sigla undir fána þess.

4. Skírteini um vinnuskilyrði farmanna, ásamt yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna, skulu teljast full sönnun þess að skip hafi verið skoðað á viðeigandi hátt af hálfu aðildarríkis, sem er fánaríki skipsins, og að kröfur þessarar samþykktar um starfsskilyrði og lífskjör farmannanna hafa verið uppfylltar að því leyti sem vottað er.

5. Upplýsingar um kerfið sem um getur í 2. mgr. þessarar reglu, þ.m.t. þá aðferð sem beitt er til að meta skilvirkni þess, skulu felast í skýrslum aðildarríkis til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skv. 22. gr. stofnskrárinnar.

*Viðmiðun A5.1.1. – Almennar grundvallarreglur.*

1. Hvert aðildarríki skal setja skýr markmið og viðmiðanir um stjórn skoðunar og vottunarkerfa sinna auk viðunandi, almennrar málsmeðferðar um mat á því að hvaða marki þessum markmiðum og viðmiðum sé náð.

2. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að afrit af þessari samþykkt sé tiltækt um borð í öllum skipum sem sigla undir fána þess.

*Leiðbeiningar B5.1.1. – Almennar grundvallarreglur.*

1. Lögbært stjórnvald ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma á skilvirku samstarfi milli opinberra stofnana og annarra fyrirtækja, sem um getur í reglu 5.1.1 og 5.1.2, sem láta sig varða starfsskilyrði og lífskjör farmanna.

2. Til að tryggja betur samstarf milli skoðunarmanna og útgerðarmanna, farmanna og stofnana hvers og eins og í því skyni að viðhalda og bæta starfsskilyrði og lífskjör farmanna ættu lögbær stjórnvöld að ráðfæra sig reglulega við fulltrúa slíkra stofnana um hvernig best sé að ná þessum markmiðum. Lögbær stjórnvöld ættu að mæla fyrir um hvernig hátta eigi slíku samstarfi, að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og farmanna.

*Regla 5.1.2. – Starfsleyfi viðurkenndra stofnana.*

1. Opinberu stofnanirnar eða aðrar stofnanir sem um getur í 3. mgr. reglu 5.1.1 (viðurkenndar stofnanir) skulu hafa hlotið viðurkenningu af hálfu lögbæra stjórnvaldsins þess efnis að þær uppfylli kröfurnar í kóðanum um hæfni og sjálfstæði. Skoðunar- og vottunarstörfin sem viðurkenndu stofnununum kann að vera heimilað að framkvæma skulu vera innan þess verkefnasviðs sem sérstaklega er krafist í kóðanum að lögbæra stjórnvalda eða viðurkennd stofnun hafi með höndum.

2. Skýrslurnar sem um getur í 5. mgr. reglu 5.1.1 skulu fela í sér upplýsingar um allar viðurkenndar stofnanir, hversu víðtækar heimildir þeirra eru og þær ráðstafanir sem aðildarríkið gerir til að tryggja að þau störf sem heimildirnar ná til séu innt af hendi með ítarlegum og skilvirkum hætti.

*Viðmiðun A5.1.2. – Starfsleyfi viðurkenndra stofnana.*

1. Að því er snertir viðurkenninguna skv. 1. mgr. reglu 5.1.2 skal lögbæra stjórnvaldið kanna hæfni og sjálfstæði stofnunarinnar sem í hlut á og meta hvort stofnunin hafi sýnt fram á, að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna þeim störfum sem veitt starfsleyfi nær til, að stofnunin:

a) búi yfir nægilegri sérþekkingu um viðeigandi svið þessarar samþykktar og nægilegri þekkingu á rekstri skipa, þar með talið lágmarkskröfum fyrir farmenn til að mega vinna um borð í skipum, skilyrðum fyrir ráðningu, vistarverur, tómstundaaðstöðu, afþreyingu, fæði og þjónustu áhafna, heilsuvernd, læknishjálp, velferð og tryggingavernd;
b) sé í stakk búin til að viðhalda og endurnýja sérfræðiþekkingu starfsmanna sinna;
c) hafi nægilega þekkingu á kröfum þessarar samþykktar auk gildandi landslaga, reglugerða og viðeigandi þjóðréttarlegum gerningum; og
d) að stærð hennar, uppbygging, reynsla og geta sé í réttu hlutfalli við tegund og umfang starfsleyfis hennar.

2. Hvers kyns heimildir sem veittar eru að því er varðar skoðanir skulu hið minnsta veita viðurkenndu stofnuninni vald til að krefjast þess að ráðið sé bót á ágöllum sem hún finnur á starfsskilyrðum og lífskjörum farmanna og framkvæmi skoðanir í þessu tilliti að beiðni hafnarríkis.

3. Hvert aðildarríki skal koma á fót:

a) kerfi til að tryggja að vinna framkvæmd af viðurkenndum stofnunum sé fullnægjandi sem felur í sér upplýsingar um öll gildandi landslög, reglugerðir og alþjóðlega gerninga sem málið varðar; og
b) málsmeðferð um tengsl við slíkar stofnanir og eftirlit með þeim.

4. Hvert aðildarríki skal senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni gildandi skrá yfir allar viðurkenndar stofnanir sem það hefur heimilað að starfa í sínu umboði og það skal halda

þessari skrá við. Í skránni skal tilgreina þau starfssvið sem viðurkenndu stofnanirnar hafa fengið heimild til að sinna. Skrifstofan skal gera skrána aðgengilega öllum.

*Leiðbeiningar B5.1.2. – Starfsleyfi viðurkenndra stofnana.*

1. Stofnunin sem vill fá viðurkenningu ætti að sýna fram á tæknilega og stjórnunarlega hæfni og getu til að tryggja að unnt sé að veita skjóta þjónustu af fullnægjandi gæðum.

2. Við mat á getu stofnunar ætti lögbært stjórnvald að ákvarða hvort stofnunin:

a) hafi yfir að ráða nægu starfsliði á tækni-, stjórnunar- og stoðsviði;
b) hafi yfir að ráða nægilega hæfu fagstarfsliði til að veita þá þjónustu sem krafist er og að landfræðileg dreifing hennar sé fullnægjandi;
c) hafi sýnt fram á að hún geti veitt skjóta þjónustu af fullnægjandi gæðum; og
d) sé sjálfstæð og áreiðanleg í starfsemi sinni.

3. Lögbæra stjórnvaldið ætti að gera skriflegan samning við þær stofnanir sem það viðurkennir með starfsleyfi í huga. Samningurinn ætti að fela í sér eftirtalda þætti:

a) gildissvið;
b) tilgang;
c) almenn skilyrði;
d) framkvæmd þeirra starfssviða sem starfsleyfi nær til;
e) lagagrunn þeirra starfssviða sem starfsleyfi nær til;
f) skýrslugjöf til lögbærs stjórnvalds;
g) lýsingu á starfsleyfinu frá lögbæra stjórnvaldinu til viðurkenndu stofnunarinnar; og
h) eftirlit lögbæra stjórnvaldsins með starfsemi sem það felur viðurkenndu stofnuninni.

4. Hvert aðildarríki ætti að krefjast þess að viðurkenndar stofnanir setji á laggir kerfi til að viðhalda hæfni þess starfsliðs sem það ræður sem skoðunarmenn til að tryggja að þekkingu þess og sérfræðikunnáttu sé tímanlega haldið við.

5. Hvert aðildarríki ætti að krefjast þess að viðurkenndar stofnanir haldi skrár yfir þá þjónustu sem þær veita þannig að þær geti sýnt fram á að þær hafi náð að uppfylla kröfur um tilskildar viðmiðanir á þeim sviðum sem þjónusta þeirra nær til.

6. Þegar verklagsreglum um eftirlit sem um getur í b-lið 3. mgr. viðmiðunar A5.1.2 er komið á fót ætti hvert aðildarríki hafa til hliðsjónar leiðbeiningar um veitingu starfsleyfa til stofnana sem starfa í umboði stjórnvalda og samþykktar voru á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

*Regla 5.1.3. – Skírteini um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna.*

1. Þessi regla gildir um skip sem eru:

a) 500 brúttótonn eða stærri í millilandasiglingum; og
b) 500 brúttótonn eða stærri og sigla undir fána aðildarríkis sem siglir frá höfn eða milli hafna annars ríkis.

Í þessari reglugerð merkir hugtakið „millilandasigling“ sjóferð frá landi til hafnar utan þess lands.

2. Þessi regla gildir einnig um hvert skip sem siglir undir fána aðildarríkis og tekur ekki til 1. mgr. þessarar reglu, að ósk útgerðarmanns við aðildarríkið.

3. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að skip sem sigla undir fána þess hafi tiltækt vinnuskírteini farmanna sem vottar að starfsskilyrði og lífskjör farmanna á skipinu, þar með talið ráðstafanir um viðvarandi framfylgd samkvæmt yfirlýsingu um samræmi við reglur um

vinnuskilyrði farmanna sem um getur í 4. mgr. þessarar reglu, hafi verið skoðað og sé í samræmi við landslög, reglugerðir og aðrar ráðstafanir til framkvæmdar þessari samþykkt.

4. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að skip sem sigla undir fána þess hafi tiltæka yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna þar sem fram koma þær kröfur innan lands sem hrinda þessari samþykkt í framkvæmd að því er varðar starfsskilyrði og lífskjör farmanna og mælt er fyrir um þær ráðstafanir sem samþykktar eru af hálfu útgerðarmanns til að tryggja að kröfur um borð í skipinu eða skipunum sem um ræðir séu uppfylltar.

5. Skírteini um vinnuskilyrði farmanna og samræmisyfirlýsing um vinnuskilyrði farmanna skulu vera í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í kóðanum.

6. Hafi lögbært stjórnvald aðildarríkis eða viðurkennd stofnun með tilskilið starfsleyfi í þessum tilgangi gengið úr skugga um með skoðun að skip sem siglir undir fána aðildarríkisins samræmist og haldi áfram að samræmast viðmiðunum þessarar samþykktar skal það gefa út eða endurnýja og hafa aðgengilega öllum færslu sem tekur til skírteinis um vinnuskilyrði farmanna.

7. Ítarlegar kröfur um skírteini um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna, þ.m.t. skrá yfir þau atriði sem skoða skal og viðurkenna eru að finna í A-hluta kóðans.

*Viðmiðun A5.1.3. – Skírteini um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna.*

1. Skírteini um vinnuskilyrði farmanna skal gefið út til skips af lögbæru stjórnvaldi eða viðurkenndri stofnun, sem hefur viðeigandi heimildir í þessu skyni, með gildistíma sem skal ekki vera lengri en fimm ár. Í viðbæti A5-I er að finna skrá yfir þau atriði sem skoða skal og sannreyna að fullnægi landslögum, reglugerðum eða séu í samræmi við aðrar ráðstafanir sem hrinda í framkvæmd kröfum þessarar samþykktar um starfsskilyrði og lífskjör farmanna um borð í skipum áður en hægt verður að gefa út skírteini um vinnuskilyrði farmanna.

2. Gildi skírteinis um vinnuskilyrði farmanna skal vera háð milliskoðun af hálfu lögbærs stjórnvalds eða viðurkenndrar stofnunar, sem hefur viðeigandi heimildir í þessu skyni, til að tryggja að stöðugt sé farið eftir innanlandskröfum sem hrinda þessari samþykkt í framkvæmd. Ef einungis ein milliskoðun er framkvæmd og gildistími skírteinisins er fimm ár skal hún fara fram milli annarrar og þriðju árlegu dagsetninganna á skírteininu. Umfang og yfirgrip milliskoðunar skal vera jafnt skoðun til endurnýjunar skírteinisins. Skírteinið skal áritað að lokinni fullnægjandi milliskoðun.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar viðmiðunar, þegar endurnýjunarskoðun er lokið innan þriggja mánaða áður en gildandi skírteini um vinnuskilyrði farmanna rennur út, tekur hið nýja skírteini um vinnuskilyrði farmanna gildi á þeim degi er endurnýjunarskoðun lýkur og gildir í fimm ár hið lengsta frá þeim degi er eldra skírteinið fellur úr gildi.

4. Þegar endurnýjunarskoðun er lokið meira en þremur mánuðum fyrir gildislokadag gildandi skírteinis um vinnuskilyrði farmanna skal hið nýja skírteini um vinnuskilyrði farmanna gilda til tiltekins dags innan fimm ára frá þeim degi sem endurnýjunarsannprófun lýkur.

5. Gefa má út skírteini um vinnuskilyrði farmanna til bráðabirgða:

a) fyrir nýtt skip við afhendingu;
b) þegar skip skiptir um fána; eða
c) þegar útgerðarmaður tekur á sig ábyrgð á rekstri skips sem er útgerðarmanninum nýtt.

6. Lögbært stjórnvald eða viðurkennd stofnun sem hefur viðeigandi heimildir í þessu skyni má gefa út bráðabirgðaskírteini um vinnuskilyrði farmanna með gildistíma sem er ekki lengri en sex mánuðir.

7. Einungis má gefa út bráðabirgðaskírteini um vinnuskilyrði farmanna að fenginni staðfestingu á því að:

a) skipið hafi verið skoðað, að svo miklu leyti sem sanngjarnt og gerlegt er, með tilliti til atriða sem skráð eru í viðbæti A5-I, að fenginni staðfestingu á atriðum skv. b-, c- og d-lið þessarar málsgreinar;
b) útgerðarmaðurinn hafi sýnt fram á við lögbært stjórnvald eða viðurkennda stofnun að um borð í skipinu hafi verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir til að fullnægja þessari samþykkt;
c) skipstjórinn kunni skil á kröfum þessarar samþykktar og skyldum um framkvæmd; og
d) upplýsingar sem máli skipta hafi verið sendar til lögbærs stjórnvalds eða viðurkenndrar stofnunar svo unnt sé að gefa út yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna.

8. Framkvæma skal ítarlega skoðun í samræmi við 1. mgr. þessarar viðmiðunar áður en bráðabirgðaskírteinið fellur úr gildi svo unnt sé að gefa út skírteini um vinnuskilyrði farmanna til heils gildistíma. Ekki má gefa út frekari bráðabirgðaskírteini eftir fyrstu sex mánuðina sem um getur í 6. mgr. þessarar viðmiðunar. Ekki er nauðsynlegt að gefa út yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna til jafnlengdar gildistíma bráðabirgðaskírteinisins.

9. Skírteini um vinnuskilyrði farmanna, bráðabirgðaskírteini um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna skulu á því formi sem sýnt er í viðbæti A5-II.

10. Yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna skal fylgja skírteini um vinnuskilyrði farmanna. Henni skal skipt í tvo hluta:

a) Lögbært stjórnvald skal fylla út I. hluta og skal það:
   i) skrá þau atriði sem skoða á í samræmi við 1. mgr. þessarar viðmiðunar,
   ii) tilgreina þær innanlandskröfur sem fela í sér viðeigandi ákvæði þessarar samþykktar með tilvísun til viðeigandi lagaákvæða og, eftir því sem þurfa þykir, hnitmiðaðar upplýsingar um helstu innanlandskröfur,
   iii) vísa til þeirra krafna sem eiga sérstaklega við tilteknar gerðir skipa samkvæmt landslögum,
   iv) færa inn þau ákvæði sem teljast jafngild að verulegu leyti skv. 3. mgr. VI. gr.; og
   v) tilgreina með skýrum hætti hvers kyns undanþágur sem lögbært stjórnvald veitir svo sem kveðið er á um í 3. kafla, og
b) II. kafli skal fylltur út af útgerðarmanninum sem skal tilgreina þær ráðstafanir sem samþykktar eru til að tryggja að farið verði áfram eftir innanlandskröfum milli skoðana og ráðstafanirnar sem eru fyrirhugaðar eru til að tryggja viðvarandi umbætur. Lögbært stjórnvald, eða viðurkennd stofnun, sem hefur viðeigandi heimildir í þessu skyni, skal votta II. hluta og skal gefa út yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna.

11. Niðurstöður allra síðari skoðana eða annarra sannprófana sem gerðar eru að því er varðar viðkomandi skip og allir umtalsverðir ágallar sem finnast við slíkar sannprófanir skulu skráðar ásamt dagsetningu þegar bætt var úr ágöllunum. Þessi skrá skal, ásamt enskri þýðingu ef hún er ekki á ensku, í samræmi við landslög eða reglugerðir, vera tilgreind í eða fylgja yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna eða gerð aðgengileg farmönnum, skoðunarmönnum fánaríkja, viðurkenndum eftirlitsmönnum hafnaríkja og fulltrúum útgerðarmanna og farmanna með einhverjum öðrum hætti.

12. Gilt skírteini um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna, ásamt enskri þýðingu ef það er ekki á ensku, skal vera um borð í skipinu og afrit af því skal hengt upp á áberandi stað um borð þar sem farmenn hafa aðgang að því. Afrit skal vera aðgengilegt í samræmi við landslög og reglugerðir að kröfu farmanna, skoðunarmanna fánaríkja, viðurkenndra eftirlitsmanna hafnaríkja og fulltrúa útgerðarmanna og farmanna.

13. Krafan um enska þýðingu á 11. og 12. mgr. í þessari viðmiðun á ekki við um skip sem eru ekki í millilandasiglingum.

14. Skírteini sem gefið er út skv. 1. eða 5. mgr. þessarar viðmiðunar er úr gildi fallið ef eitthvert eftirtalinna tilvika koma upp:

a) ef viðeigandi skoðanir eru ekki framkvæmdar innan þess tíma sem tilgreindur er í 2. mgr. þessarar viðmiðunar;
b) ef skírteinið er ekki áritað í samræmi við 2. mgr. þessarar viðmiðunar;
c) þegar skip skiptir um fána;
d) þegar útgerðarmaður hættir að bera ábyrgð á rekstri skipsins; og
e) ef verulegar breytingar hafa verið gerðar á burðarvirki eða búnaðinum sem fjallað er um í 3. kafla.

15. Í þeim tilvikum sem um getur c-, d- og e-lið 14. mgr. þessarar viðmiðunar skal einungis gefa út nýtt skírteini þegar lögbært stjórnvald eða viðurkennd stofnun sem gefur út nýja skírteinið hefur gengið úr skugga um að skipið uppfylli kröfur þessarar viðmiðunar.

16. Lögbært stjórnvald eða viðurkenndar stofnanir sem hafa viðeigandi heimildir í þessu skyni skulu afturkalla skírteini um vinnuskilyrði farmanna ef sannað þykir að hlutaðeigandi skip uppfyllir ekki ákvæði þessarar samþykktar og úrbætur hafa ekki verið gerðar.

17. Þegar fjallað er um það hvort afturkalla eigi skírteini um vinnuskilyrði farmanna í samræmi við 16. mgr. þessarar viðmiðunar skal lögbært stjórnvald eða viðurkennd stofnun hafa hliðsjón af því hve alvarlegur ágallinn er eða hve oft hann hefur komið fram.

*Leiðbeiningar B5.1.3. – Skírteini um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna.*

1. Greinargerðin um innanlandskröfur í I. hluta yfirlýsingarinnar um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna ætti að innihalda eða henni ætti að fylgja tilvísun til lagaákvæða tengdum starfsskilyrðum og lífskjörum farmanna hvað varðar atriðin sem talin eru upp í viðbæti A5-I. Ef innanlandslöggjöf fylgir nákvæmlega kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari samþykkt gæti tilvísun verið nægileg. Ef ákvæði samþykktarinnar er hrint í framkvæmd með skírskotun til ákvæða sem eru verulega jafngild, svo sem kveðið er á um í 3. mgr. IV. greinar, ætti að vekja athygli á þessu ákvæði og einnig ætti að leggja fram gagnorðaða útskýringu. Ef undanþága er veitt af hálfu lögbærs stjórnvalds eins og kveðið er á um í 3. hluta ætti að tilgreina viðeigandi ákvæði með skýrum hætti.

2. Þær ráðstafanir sem um getur í II. kafla yfirlýsingar um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna, sem útgerðarmaður útbýr, ættu einkum að taka til þeirra tilvika þar sem staðfest er að stöðugt sé farið að innanlandskröfum, þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á staðfestingunni, færslurnar sem á að skrá, auk málsmeðferðarinnar sem fara á eftir ef í ljós kemur að ekki er farið að kröfunum. Snið II. kafla getur verið margvísilegt. Í honum er hægt að vísa til annarra viðamikilla skjala sem ná til stefnumótunar og málsmeðferðar í tengslum við aðra þætti siglinga, t.d. skjala sem krafist er samkvæmt alþjóðakóða um öryggisstjórnun (ISM) eða upplýsinganna sem krafist er skv. 5. reglu kafla XI-1 í SOLAS-samþykktinni sem tengist ferilskrá skipsins.

3. Ráðstafanirnar til að tryggja að stöðugt sé farið að kröfunum ættu að fela í sér almennar, alþjóðlegar kröfur fyrir útgerðarmanninn og skipstjórann svo þeir geti fengið upplýsingar um nýjustu tækniframfarir og vísindalegar uppgötvanir um hönnun vinnustaða, að teknu tilliti til þeirrar hættu sem felst í starfi farmanna og í því skyni að upplýsa fulltrúa farmanna um slíkt og tryggja með því betri vernd sem nær til starfsskilyrða og lífskjara farmanna.

4. Yfirlýsingin um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna ætti fyrst og fremst að vera rituð á skýru máli til að hjálpa öllum sem málið varðar, svo sem skoðunarmönnum fánaríkja og viðurkenndum eftirlitsmönnum í fánaríkjum og farmönnum að kanna hvort kröfur séu uppfylltar með fullnægjandi hætti.

5. Dæmi um þá tegund upplýsinga sem gætu verið í yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna er að finna í viðbæti B5-I.

6. Ef skip skiptir um fána eins og vísað er til í c-lið 14. mgr. viðmiðunar A5.1.3 og þar sem bæði ríkin sem í hlut eiga hafa fullgilt þessa samþykkt ætti aðilinn, sem heimilaði skipinu áður að sigla undir fána sínum, að senda lögbæra stjórnvaldi hins aðildarríkisins afrit af skírteininu um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsingunni um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna sem er um borð í skipinu við fyrsta tækifæri áður en skipt er um fána, ef við á, afrit af viðkomandi skoðunarskýrslum ef lögbæra stjórnvaldið óskar þess innan þriggja mánaða eftir að skipt hefur verið um fána.

*Regla 5.1.4. – Skoðun og framfylgd.*

1. Hvert aðildarríki skal staðfesta, með skilvirku og samræmdu kerfi reglubundinna skoðana, eftirlits og annarra eftirlitsráðstafana, að skip sem sigla undir fána þess uppfylli ákvæði þessarar samþykktar eins og henni er hrint í framkvæmd í landslögum og reglugerðum.

2. Nákvæmar kröfur um skoðunar- og framfylgdarkerfið sem um getur í 1. mgr. þessarar reglu eru tilgreindar í A-hluta kóðans.

*Viðmiðun A5.1.4. – Skoðun og framfylgd.*

1. Hvert aðildarríki skal reka kerfi til skoðunar á aðbúnaði farmanna um borð í skipum sem sigla undir fána þess sem skal fela í sér að staðfest er hvort þær ráðstafanir tengdar starfsskilyrðum og lífskjörum sem greint er frá í yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna, ef við á, séu gerðar og hvort þeim kröfum sem kveðið er á um í þessari samþykkt sé fullnægt.

2. Lögbært stjórnvald skal tilnefna nægilegan fjölda hæfra skoðunarmanna til að rækja skyldur þess skv. 1. mgr. þessarar viðmiðunar. Ef viðurkenndum stofnunum hefur verið heimilað að framkvæma skoðanir skal aðildarríkið krefjast þess að starfslið sem framkvæmir skoðanir sé hæft til að gegna þessum skyldum og skal sjá þeim fyrir nægilegu lagalegu valdi til að sinna skyldum sínum.

3. Kveða skal á um með fullnægjandi hætti svo tryggt sé að skoðunarmenn hafi hlotið þjálfun, búi yfir hæfni, hafi til þess umboð, vald, stöðu og sjálfstæði sem er nauðsynleg eða æskileg til að þeir geti sinnt staðfestingunni og tryggt að farið sé eftir þeim kröfum sem gerðar eru skv. 1. mgr. þessarar viðmiðunar.

4. Slíkar skoðanir skulu fara fram með viðeigandi millibili sem krafist er samkvæmt viðmiðun A5.1.3.Millibilið skal aldrei vera lengra en þrjú ár.

5. Ef aðildarríki berst kvörtun, sem að þess mati er ekki augljóslega tilefnislaus, eða fær sannanir fyrir því að skip sem siglir undir fána þess fer ekki að þeim kröfum sem kveðið er á um í þessari samþykkt eða ef alvarlegir annmarkar eru á framkvæmd þeirra ráðstafana sem tilgreindar eru í yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna skal aðildar-

ríkið grípa til þeirra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að rannsaka málið og tryggja að bætt verði úr hvers kyns ágöllum sem í ljós kunna að koma.

6. Hvert aðildarríki skal kveða á um með fullnægjandi hætti og gera ráðstafanir um framfylgd þeirra svo tryggt sé að skoðunarmenn hafi stöðu og skilyrði til þjónustu svo ekki fari milli mála að þeir séu óháðir ríkisstjórnarskiptum og ytri áhrifum.

7. Skoðunarmönnum, sem fengið hafa í hendur skýrar leiðbeiningar um þau verkefni sem sinna á og viðeigandi skilríki, skal veitt umboð:

a) til að fara um borð í skip sem siglir undir fána aðildarríkisins
b) til að framkvæma hvers kyns athugun, prófraun eða eftirgrennslan sem þeir kunna að telja nauðsynlegar til að fullvissa sig um að farið sé strangt eftir viðmiðununum; og
c) til að krefjast þess að bætt sé úr hvers kyns ágöllum og, ef þeir hafa ástæðu til að ætla að ágallarnir feli í sér alvarleg brot á kröfum þessarar samþykktar (þ.m.t. réttindum farmanna) eða skapi umtalsverða hættu hvað varðar öryggi, heilbrigði eða vernd farmanna, að banna skipi að halda úr höfn þar til nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar.

8. Hvers kyns aðgerðir sem gripið er til skv. c-lið 7. mgr. þessarar viðmiðunar skulu verða háð réttinum á að áfrýja til dómstóla eða stjórnvalds.

9. Skoðunarmenn skulu hafa ákvörðunarrétt til ráðgjafar í stað þess að hrinda af stað eða mæla með aðgerðum ef ekki er um að ræða skýrt brot á kröfum þessarar samþykktar sem stofnar öryggi, heilbrigði eða vernd farmannanna sem í hlut eiga í hættu og ef ekki er um fyrri brot af sama toga að ræða.

10. Skoðunarmenn skulu meðhöndla sem trúnaðarmál öll tilvik óánægju eða umkvartana um hættu eða ágalla í tengslum við starfsskilyrði og lífskjör farmanna eða brot á lögum og reglugerðum og gefa aldrei í skyn við útgerðarmanninn, fulltrúa hans eða rekstraraðila skipsins að skoðun hafi farið fram af völdum slíkrar óánægju eða umkvörtunar.

11. Skoðunarmönnum skal ekki falið að sinna skyldum sem kynnu, sökum fjölda og eðlis þeirra, að trufla markvissa skoðun eða skerða umboð þeirra eða hlutleysi gagnvart útgerðarmönnum, farmönnum eða öðrum hagsmunaaðilum. Skoðunarmönnum skal einkum:

a) bannað að hafa beina eða óbeina hagsmuni af hvers kyns starfsemi sem þeir eru fengnir til að skoða; og
b) bannað að uppljóstra, jafnvel eftir að hafa hætt starfsemi, atvinnuleyndarmáli eða trúnaðarmáli um vinnuferli eða upplýsingar af persónulegum toga sem kunna að verða þeim ljósar í starfi, að viðurlögðum hæfilegum refsingum eða ráðstöfunum ef agabrot eiga sér stað.

12. Skoðunarmenn skulu fram skýrslu um hverja skoðun til lögbærra stjórnvalda. Afhenda skal skipstjóra skipsins eitt eintak af skýrslunni á ensku eða á vinnutungumáli skipsins og annað eintak skal hengt upp á tilkynningatöflu skipsins til upplýsingar fyrir farmennina og það sent til trúnaðarmanna þeirra ef þess er óskað.

13. Lögbært stjórnvald skal halda skýrslur um skoðanir á skilyrðum sem farmönnum eru búin um borð í skipum sem sigla undir fána þeirra. Það skal birta ársskýrslu um skoðunarstörf innan skynsamlegra tímamarka eftir áramót og í öllu falli innan sex mánaða.

14. Ef fram fer rannsókn í kjölfar meiriháttar atviks skal leggja skýrsluna fram við lögbært stjórnvald eins fljótt og unnt er en ekki síðar en mánuði eftir að rannsókn lýkur.

15. Þegar skoðun er framkvæmd eða þegar ráðstafanir eru gerðar samkvæmt þessari viðmiðun skal forðast eftir fremsta megni að kyrrsetja eða tefja skip á ótilhlýðilegan hátt.

16. Greiða skal bætur í samræmi við landslög og reglugerðir fyrir tap eða tjón sem hlýst af völdum óréttmætrar framkvæmdar valds hans sem skoðunarmanns. Sönnunarbyrði í hverju máli skal hvíla á þeim sem leggur fram kvörtun.

17. Hvert aðildarríki skal kveða á um og beita hæfilegum viðurlögum og öðrum ráðstöfunum til úrbóta ef farið er gegn kröfum þessarar samþykktar (þ.m.t. gegn réttindum farmanna) og við því að hindra skoðunarmenn í að gegna skyldum sínum.

*Leiðbeiningar B5.1.4. – Skoðun og framfylgd.*

1. Lögbært stjórnvald og önnur þjónusta eða stjórnvald sem hefur að öllu leyti eða að hluta til með að gera að skoða starfsskilyrði og lífskjör farmanna ætti að hafa nauðsynleg tilföng til að inna af hendi starf sitt. Einkum ætti að sjá til þess: a) að hvert aðildarríki geri nauðsynlegar ráðstafanir svo kalla megi til hæfa tæknisérfræðinga og aðra sérfræðinga, ef nauðsyn krefur, til að aðstoða skoðunarmenn við störf sín; og b) að skoðunarmenn fái til afnota hentugar starfstöðvar, búnað og farartæki svo þeir geti leyst störf sín af hendi með fullnægjandi hætti.

2. Lögbært stjórnvald ætti að móta stefnu um að fullnægja formskilyrðum og um eftirlit til að tryggja samræmi og leiðbeina með öðrum hætti um skoðun og framfylgd sem tengist þessari samþykkt. Sjá ætti öllum skoðunarmönnum og viðeigandi löggæslumönnum fyrir afriti af þessari stefnu og hún ætti að vera aðgengileg almenningi, útgerðarmönnum og farmönnum.

3. Lögbært stjórnvald ætti að koma á fót einfaldri málsmeðferð til að gera því kleift að taka á móti trúnaðarupplýsingum um hugsanleg brot gegn kröfum þessarar samþykktar (þ.m.t. gegn réttindum farmanna) lagðar fram af hálfu farmanna eða fulltrúa þeirra og heimila skoðunarmönnum að rannsaka slík mál fljótt, þ.m.t.:

a) gera skipstjórum, farmönnum eða fulltrúum farmanna kleift að óska eftir skoðun þegar þeir telja það nauðsynlegt; og
b) sjá útgerðarmönnum, farmönnum og stofnunum sem í hlut eiga fyrir tæknilegum upplýsingum og ráðgjöf um hvernig megi með sem skilvirkustum hætti uppfylla kröfur þessarar samþykktar og að stöðugar úrbætur verði á aðbúnaði farmanna um borð í skipum.

4. Skoðunarmenn ættu að hafa hlotið ítarlega þjálfun og vera nægilega margir þannig að tryggt sé að þeir framfylgi skyldum sínum með markvissum hætti og með tilhlýðilegu tillit til:

a) mikilvægis þeirra skyldna sem skoðunarmenn gegna, einkum hvað varðar fjölda, tegundir og stærðir skipa sem sæta skoðun og þau fjölmörgu og flóknu lagaákvæði sem þarf að framfylgja;
b) þeirra úrræða sem eru skoðunarmönnum tiltæk; og
c) þeirra skilyrða sem þurfa að liggja að baki skoðunum svo þær gegni tilgangi sínum.

5. Með fyrirvara um skilyrði um ráðningu til opinberrar þjónustu sem mælt kann að vera fyrir um í landslögum og reglugerðum ættu skoðunarmenn að hafa menntun og hæfi til starfans og ef unnt er ættu þeir að hafa að baki menntun á sviði sjómennsku og reynslu sem farmenn. Þeir ættu að hafa nægilega þekkingu á starfsskilyrðum og lífskjörum farmanna og á enskri tungu.

6. Gera ætti ráðstafanir til að sjá skoðunarmönnum fyrir viðeigandi frekari þjálfun á meðan þeir eru í starfi.

7. Allir skoðunarmenn ættu að góðan skilning á því við hvaða aðstæður skoðunar ættu að fara fram við, umfangi skoðana við hinar ýmsu aðstæður sem um getur í almennum reglum um skoðunaraðferðir.

8. Skoðunarmenn sem fá viðhlítandi skilríki samkvæmt landslögum ættu að lágmarki að hafa vald til þess að:

a) fara óhindrað og fyrirvaralaust um borð í skip; þó ættu skoðunarmenn, áður en skipaskoðunin hefst, að tilkynna skipstjóranum eða öðrum einstaklingi sem er í forsvari og, ef við á, farmönnunum um nærveru sína;
b) leggja spurningar fyrir skipstjórann, farmanninn, annan einstakling eða fulltrúa útgerðarmanns um öll mál sem tengjast gildi krafna samkvæmt lögum og reglugerðum, í návist vitna sem óskað kann að hafa verið eftir;
c) krefjast að lagðar verði fram hvers kyns bækur, skipsdagbækur, skrár, skírteini eða önnur skjöl eða upplýsingar sem tengjast beint atriðum sem eru skoðunarskyld í því skyni að staðfesta hvort farið sé eftir landslögum og reglugerðum sem hrinda þessari samþykkt í framkvæmd;
d) framfylgja því að settar séu upp tilkynningar sem krafist er samkvæmt landslögum og reglugerðum sem hrinda þessari samþykkt í framkvæmd;
e) taka eða fjarlægja til greiningar sýni af varningi, farmi, drykkjarvatni, vistum og efnum sem eru notuð eða meðhöndluð;
f) vekja athygli, í kjölfar skoðunar, útgerðarmannsins eða skipstjóra á ágöllum sem kunna að hafa áhrif á heilsu og öryggi þeirra sem eru um borð í skipi;
g) gera lögbæru stjórnvaldi viðvart og, ef við á, viðurkenndri stofnun um alla ágalla eða misnotkun sem ekki er sérstaklega kveðið á um í gildandi lögum eða reglugerðum og leggja fram tillögur til þeirra um hvernig bæta megi lögin og reglugerðirnar; og
h) tilkynna lögbæru stjórnvaldi um hvers kyns vinnuslys eða atvinnusjúkdóma sem hrjá farmenn í þeim tilvikum og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum.

9. Þegar sýni, sem um getur í e-lið 8. mgr. þessara leiðbeininga eru tekin eða fjarlægð ætti að tilkynna útgerðarmanninum eða fulltrúa útgerðarmannsins og, ef við á, farmanninum eða þeir ættu að vera viðstaddir þegar sýnið er tekið eða fjarlægt. Skoðunarmaðurinn ætti að skrá magn slíks sýnis með viðeigandi hætti.

10. Ársskýrsla sem lögbært stjórnvald hvers aðildarríkis gefur út í tengslum við skip sem sigla undir fána aðildarríkis ætti að innihalda:
a) skrá yfir gildandi lög og reglugerðir sem tengjast starfsskilyrðum og lífskjörum farmanna og allar breytingar sem hafa öðlast gildi á árinu;
b) upplýsingar um skipulag skoðunarkerfisins;
c) hagtölur um skip eða önnur athafnasvæði sem kunna að sæta skoðun og skip og önnur athafnasvæði sem eru skoðuð í raun;
d) hagtölur um alla farmenn sem lúta lögum og reglugerðum þess;
e) hagtölur um brot á löggjöf, viðurlög sem beitt er og farbann sem lagt er á skip; og
f) hagtölur um tilkynnt vinnuslys og atvinnusjúkdóma farmanna.

*Regla 5.1.5. – Málsmeðferð um kvartanir um borð.*

1. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að um borð í skipum sem sigla undir fána þess sé fyrir hendi sanngjörn, skilvirk og skjót tilhögun um meðhöndlun kvartana um meint brot gegn kröfum þessarar samþykktar (þ.m.t. gegn réttindum farmanna).

2. Hvert aðildarríki skal banna og refsa fyrir hvers kyns áreitni fyrir að leggja inn kvörtun.

3. Ákvæði þessarar reglu og tengdra hluta kóðans eru með fyrirvara um rétt farmanna til að rétta hlut sinn með hvers kyns lagaúrræðum sem farmaðurinn telur viðeigandi.

*Viðmiðun A5.1.5. – Málsmeðferð um kvartanir um borð.*

1. Með fyrirvara um víðara gildissvið sem kann að vera kveðið á um í landslögum eða reglugerðum eða kjarasamningum, mega farmenn láta reyna á málsmeðferð um að leggja fram kvartanir tengdar hvers kyns málum um meint brot gegn kröfum þessarar samþykktar (þ.m.t. gegn réttindum farmanna).

2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að í lögum þess eða reglugerðum sé viðeigandi málsmeðferð um kvartanir um borð í því skyni að fullnægja kröfum skv. reglu 5.1.5. Með slíkri málsmeðferð skal leitast við að sinna kvörtunum sem fyrst í ferlinu. Farmenn skulu þó í öllum tilvikum hafa rétt á að leggja fram kvörtun beint til skipstjóra og, telji þeir það nauðsynlegt, til viðkomandi, utanaðkomandi stjórnvalda.

3. Í málsmeðferð um kvartanir um borð skal m.a. felast réttur farmannsins til að njóta fylgdar eða að annar aðili komi fram fyrir hans hönd meðan kvörtunarferlið stendur yfir auk verndar til að koma í veg fyrir áreitni fyrir að leggja inn kvörtun. Hugtakið „áreitni“ nær til hvers kyns meinlegs verknaðar sem einstaklingur fremur gegn farmanni fyrir að leggja fram kvörtun sem er ekki augljóslega tilefnislaus eða gerð af meinfýsni.

4. Auk afrits af ráðningarsamningi farmanna skulu allir farmenn fá í hendur afrit af gildandi málsmeðferðarreglum um kvartanir um borð í skipinu. Í því skulu felast tengiupplýsingar fyrir lögbært stjórnvald í fánaríkinu og, ef það er annað, í búsetulandi farmannsins og nafn einstaklings eða einstaklinga um borð í skipinu sem geta í trúnaði veitt farmanninum hlutlausa ráðgjöf um kvörtun þeirra og aðstoðað þá með öðrum hætti við að fylgja kvörtunarmálsmeðferðinni sem er þeim tiltæk um borð í skipinu.

*Leiðbeiningar B5.1.5. – Málsmeðferð um kvartanir um borð.*

1. Með fyrirvara um viðeigandi ákvæði í gildandi kjarasamningi ætti lögbært stjórnvald, að höfðu nánu samráði við samtök útgerðarmanna og farmanna, að semja fyrirmynd að sanngjarnri, skjótri og velskjalfestri málsmeðferð um meðhöndlun kvartana um borð fyrir öll skip sem sigla undir fána aðildarríkisins. Þegar þessi málsmeðferð er í þróun ætti að hafa eftirfarandi atriði í huga:

a) margar kvartanir kunna að tengjast sérstaklega þeim einstaklingum sem beina á kvörtuninni til eða jafnvel skipstjóra skipsins. Í öllum tilvikum ættu farmenn einnig að geta kvartað beint til skipstjórans og til utanaðkomandi aðila; og

b) svo forðast megi vanda tengdan því að farmenn, sem leggja fram kvörtun um mál samkvæmt þessari samþykkt, verði fyrir áreitni ætti málsmeðferðin að hvetja til þess að tilnefndur sé einstaklingur um borð sem getur ráðlagt farmönnum um þá málsmeðferð sem er þeim tiltæk og, ef farmaðurinn sem kvartar óskar eftir því, sækir hvers kyns fundi eða yfirheyrslur um efni kvörtunarinnar.

2. Málsmeðferðin sem ræddar eru meðan á samráðsferlinu sem um getur í 1. mgr. þessara leiðbeininga ætti a.m.k. að fela í sér eftirfarandi:

a) beina ætti kvörtunum til yfirmanns deildar farmannsins sem leggur fram kvörtun eða til æðsta yfirmanns farmannsins;

b) yfirmaður deildar eða æðsti yfirmaður ættu því næst að reyna að leysa málið innan settra tímamarka sem eru í samræmi við alvarleika málanna sem um ræðir;

c) geti yfirmaður deildar eða æðsti yfirmaður ekki leyst úr kvörtuninni þannig að farmanninum líki má hinn síðarnefndi vísa því til skipstjórans sem ætti að meðhöndla málið sjálfur;

d) farmenn ættu ávallt að eiga rétt á að annar farmaður að eign vali fylgi þeim eða sé fulltrúi þeirra um borð í skipinu sem um er að ræða;

e) skrá ætti allar kvartanir og málalyktir þeirra og farmaðurinn sem í hlut á ætti að fá afrit af færslunni í hendur;
f) ef ekki er unnt að leiða kvörtun til lykta um borð ætti að vísa málinu í land til útgerðarmannsins sem ætti að fá hæfilegan frest til að leysa það, ef við á, í samráði við farmennina sem í hlut eiga eða aðra einstaklinga sem þeir kunna að tilnefna sem fulltrúa sína; og
g) í öllum tilvikum ættu farmenn að eiga rétt á að leggja fram kvartanir sínar beint við skipstjóra, útgerðarmann og lögbær stjórnvöld.

*Regla 5.1.6. – Sjóslys.*

1. Hvert aðildarríki skal standa fyrir opinberri rannsókn á öllum alvarlegum sjóslysum, sem hafa meiðsl eða manntjón í för með sér, þar sem skip sem siglir undir fána þess á í hlut. Lokaskýrsla um rannsókn skal venjulega birt opinberlega. 2. Aðildarríki skulu eiga með sér samvinnu til að greiða fyrir rannsókn á alvarlegum sjóslysum sem um getur í 1. mgr. þessarar reglu.

*Viðmiðun B5.1.6. – Sjóslys.*

(Engin ákvæði.)

*Leiðbeiningar B5.1.6. – Sjóslys.*

(Engin ákvæði.)

Regla 5.2. – Hafnarríkisskyldur.

**Tilgangur: Að gera hverju aðildarríki kleift að hrinda í framkvæmd skyldum sínum samkvæmt þessari samþykkt um alþjóðlega samvinnu við að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðmiðunum samþykktarinnar um erlend skip.**

*Regla 5.2.1. – Skoðanir í höfn.*

1. Hvert erlent skip sem kemur til hafnar í aðildarríki í eðlilegum erindagerðum eða af tæknilegum orsökum getur sætt skoðun í samræmi við 4. mgr. V. gr. í því skyni að kanna hvort farið sé að kröfum þessarar samþykktar (þ.m.t. um réttindi farmanna) sem varða starfsskilyrði og lífskjör farmanna um borð í skipinu.

2. Hvert aðildarríki skal viðurkenna skírteinið um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna samkvæmt reglu 5.1.3 sem full sönnun fyrir því að kröfum þessarar samþykktar sé fullnægt (þ.m.t. um réttindi farmanna). Samkvæmt því skulu skoðanirnar takmarkast við úttekt á skírteininu og yfirlýsingunni nema við þær aðstæður sem tilgreindar eru í kóðanum.

3. Viðurkenndir eftirlitsmenn skulu framkvæma skoðanir í höfnum í samræmi við ákvæði kóðans og aðrar gildandi alþjóðlegar reglur sem taka til hafnarríkisskoðana í aðildarríki. Allar slíkar skoðanir skulu takmarkast við að staðfesta hvort skoðunaratriðið sé í samræmi við viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í greinum og reglum þessarar samþykktar og í A-hluta kóðans.

4. Skoðanir sem fara mega fram í samræmi við þessa reglu skulu byggjast á skilvirku hafnarríkisskoðunar- og eftirlitskerfi til að leitast við að tryggja að starfsskilyrði og lífskjör farmanna um borð í skipum sem koma til hafnar í hlutaðeigandi aðildarríki séu í samræmi við kröfur þessarar samþykktar (þ.m.t. um réttindi farmanna).

5. Upplýsingar um kerfið sem um getur í 4. mgr. þessarar reglu, þ.m.t. þá aðferð sem beitt er til að meta skilvirkni þess, skulu felast í skýrslu aðildarríkis til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

*Viðmiðun A.2.1. – Skoðanir í höfn.*

1. Ef viðurkenndur eftirlitsmaður, sem kemur um borð til að framkvæma skoðun og biður um að fá að sjá, ef við á, skírteini um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna, kemst að því að:

a) umbeðin skjöl eru ekki lögð fram, eru ekki haldin, eru fölsk eða ef þau skjöl sem eru lögð fram innihalda ekki þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari samþykkt eða eru að öðru leyti ógild; eða
b) ef gild ástæða er til að ætla að starfsskilyrði og lífskjör um borð í skipinu séu ekki í samræmi við kröfur þessarar samþykktar; eða
c) rökstudd ástæða er til að ætla að skipið hafi skipt um fána í því skyni að forðast að uppfylla kröfur þessarar samþykktar; eða
d) ef kvartanir liggja fyrir þar sem gefið er í skyn að tiltekin starfsskilyrði og lífskjör séu ekki í samræmi við kröfur þessarar samþykktar;

má framkvæma nákvæmari skoðun í því skyni að komast að raun um hvernig starfsskilyrðum og lífskjörum um borð í skipinu sé háttað. Slíkar skoðanir skulu í öllu falli fara fram ef starfsskilyrði og lífskjör sem talið er að sé ábótavant kunni að stofna öryggi, heilsu eða vernd farmanna í hættu eða ef viðurkenndur eftirlitsmaður hefur ástæðu til að ætla að hvers kyns ágallar kunni að fela í sér alvarlegt brot á kröfum þessarar samþykktar (þ.m.t. gegn réttindum farmanna).

2. Ef erlent skip er skoðað ítarlega í höfn aðildarríkis af hálfu viðurkenndra eftirlitsmanna við þær aðstæður sem greinir í a-, b- eða c-lið 1. mgr. þessarar viðmiðunar skulu þær að meginreglu ná til þeirra atriða sem talin eru upp í viðbæti A5-III.

3. Ef um er að ræða kvörtun skv. 1. mgr. þessarar viðmiðunar skal skoðunin almennt takmarkast við atriði innan marka kvörtunarinnar, jafnvel þótt kvörtun, eða rannsókn á henni, kunni að fela í sér gilda ástæðu til að framkvæma nákvæma skoðun í samræmi við b-lið 1. mgr. þessarar viðmiðunar. Að því er tekur til d-liðar 1. mgr. þessarar viðmiðunar er með „kæru“ átt við upplýsingar frá farmanni, fagaðila, félagi, stéttarfélagi eða hverjum þeim, sem hefur hagsmuna að gæta í sambandi við öryggi skipsins þar á meðal varðandi öryggi og heilbrigði áhafnar þess.

4. Ef nákvæmari skoðunar leiðir í ljós að starfsskilyrði og lífskjör um borð í skipinu eru ekki í samræmi við kröfur þessarar samþykktar skal viðurkenndur eftirlitsmaður þegar vekja athygli skipstjóra skipsins á ágöllunum og hvenær ráða eigi bót á þeim í síðasta lagi. Telji viðurkenndur eftirlitsmaður að slíkir ágallar séu verulegir eða tengist kvörtun sem lögð er fram í samræmi við 3. mgr. þessarar viðmiðunar skal viðurkenndur eftirlitsmaður vekja athygli á ágöllunum við viðkomandi samtök farmanna og útgerðarmanna í aðildarríki þar sem skoðunin fer fram og mega:

a) tilkynna fulltrúa fánaríkisins um það,
b) veita lögbærum stjórnvöldum í næstu viðkomuhöfn upplýsingar sem máli skipta.

5. Aðildarríkið þar sem skoðunin fer fram skal eiga rétt á að senda afrit af skýrslu eftirlitsmannsins, en henni þurfa að fylgja öll svör sem kunna að hafa borist innan fyrirskipaða frestsins frá lögbæru stjórnvaldi fánaríkisins, til forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar með aðgerðir í huga sem kunna að teljast viðeigandi og ráðlegar til að tryggja að haldin sé

skrá yfir slíkar upplýsingar og þeim komið á framfæri við aðila sem kynnu að hafa áhuga á að nýta sér viðeigandi málskotsúrræði.

6. Ef skipið uppfyllir ekki kröfur þessarar samþykktar í kjölfar nákvæmari skoðunar viðurkennds eftirlitsmanns og:

a) aðstæður um borð eru augljóslega hættulegar öryggi, heilbrigði eða vernd farmanna; eða
b) frávikið felur í sér alvarlegt eða endurtekið brot á kröfum þessar samþykktar (þ.m.t. á réttindum farmanna);

skal viðurkenndur eftirlitsmaður gera ráðstafanir til að tryggja að skipið haldi ekki til hafs fyrr en ráðin hefur verið bót á frávikunum sem falla innan marka a- eða b-liðar þessarar málsgreinar eða þar til viðurkenndi eftirlitsmaðurinn hefur samþykkt aðgerðaáætlun um að ráða bót á slíkum frávikum og hefur fullvissað sig um að áætlunin verði framkvæmd með skjótum hætti. Ef komið er í veg fyrir að skipið sigli skal viðurkenndur eftirlitsmaður þegar tilkynna fánaríkinu um það og bjóða fulltrúa fánaríkisins til að vera viðstaddur, ef unnt er, með ósk um að fánaríkið svari innan tilskilins frests. Viðurkenndi eftirlitsmaðurinn skal einnig þegar upplýsa viðkomandi samtök útgerðarmanna og farmanna í hafnarríkinu þar sem skoðunin fór fram.

7. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að viðurkenndir eftirlitsmenn fái leiðbeiningar af þeim toga sem lýst er í B-hluta kóðans hvað varðar þær aðstæður sem réttlæta að lagt sé farbann á skip skv. 6. mgr. þessarar viðmiðunar.

8. Hvert aðildarríki skal, við innleiðingu skyldna sinna samkvæmt þessari viðmiðun, forðast eftir fremsta megni að kyrrsetja eða tefja skip á ótilhlýðilegan hátt. Ef skip er þannig kyrrsett eða það tafið á ótilhlýðilegan skal greiða bætur vegna taps eða tjóns sem af því hlýst. Sönnunarbyrði í hverju máli skal hvíla á þeim sem leggur fram kvörtun.

*Leiðbeiningar B5.2.1. – Skoðanir í höfn.*

1. Lögbært stjórnvald ætti að móta stefnu um skoðanir fyrir viðurkennda eftirlitsmenn sem sjá um að framkvæma skoðanir samkvæmt reglu 5.2.1. Markmiðið með stefnunni ætti að vera að tryggja samræmi og að vera til leiðbeiningar við skoðanir og framfylgd sem tengjast kröfum þessarar samþykktar (þ.m.t. réttindi farmanna). Útvega ætti öllum viðurkenndum eftirlitsmönnum afrit af þessari stefnu og hún ætti að vera tiltæk almenningi, útgerðarmönnum og farmönnum.

2. Við stefnumörkum í tengslum við þær aðstæður sem gefa tilefni til að heimila að farbann verði lagt á skipið skv. 6. mgr. viðmiðunar A5.2.1 ætti lögbært stjórnvald að íhuga, með tilliti til brotanna sem um getur í b-lið 6. mgr. viðmiðunar A5.2.1, hvort alvarleikinn gæti stafað af eðli þess vanbúnaður sem um er að ræða. Þetta ætti sérstaklega við ef um er að ræða brot á grundvallarréttindum og -reglum eða starfsréttindum og félagslegum réttindum farmanna skv. III. og IV. gr. Til að mynda ætti að líta svo á að ráðning einstaklings undir aldri sé alvarlegt brot jafnvel þótt aðeins einn slíkur einstaklingur sé um borð. Í öðrum tilvikum ætti að hafa hliðsjón af fjölda hinna ýmsu ágalla sem koma í ljós við tiltekna skoðun: til dæmis gætu þurft að koma til nokkur ágallatilvik sem tengjast vistarverum eða fæði og þjónustu áhafna sem ógna öryggi eða heilbrigði áður en talið er að þau feli í sér alvarlegt brot.

3. Aðildarríki ættu að eiga með sér eins mikið samstarf og auðið er við að fara eftir leiðbeiningum samþykktum á alþjóðavettvangi um stefnumótum á sviði skoðana, einkum þær sem tengjast aðstæðum sem kalla á að skip verði kyrrsett.

*Regla 5.2.2. – Málsmeðferð um kvartanir farmanns í landi.*

Hvert aðildarríki skal sjá til þess að farmenn á skipum sem koma til hafnar á yfirráðasvæði aðildarríkis sem gefa í skyn að brotið sé gegn kröfum þessarar samþykktar (þ.m.t. gegn réttindum farmanna) eigi rétt á að leggja inn kvartanir í því skyni að þeir geti rétt hlut sinn með skjótum og hagnýtum hætti.

*Viðmiðun A5.2.2. – Málsmeðferð um kvartanir farmanns í landi.*

1. Kvörtun farmanns má koma til viðurkennds eftirlitsmanns í höfninni sem skip farmannsins á viðdvöl þar sem gefið er í skyn að brotið sé gegn kröfum þessarar samþykktar (þ.m.t. gegn réttindum farmanna). Í slíkum tilvikum ætti viðurkenndur eftirlitsmaður að sjá um að fram fari frumrannsókn málsins.

2. Eftir því sem við á, með tilliti til eðlis kvörtunarinnar, skal frumrannsóknin fela í sér að metið verði hvort málsmeðferð um kvartanir um borð sem kveðið er á um í reglu 5.1.5 hafi verið könnuð. Viðurkenndi eftirlitsmaðurinn má einnig sjá um að fram fari ítarlegri rannsókn í samræmi við viðmiðun A5.2.1.

3. Viðurkenndur eftirlitsmaður skal, eftir því sem við á, leitast við að fundin verði lausn á kvörtun um borð í skipinu.

4. Í því tilviki að rannsóknin, eða rannsóknin sem kveðið er á um samkvæmt þessari viðmiðun, leiði í ljós frávik sem fellur undir gildissvið 6. mgr. viðmiðunar A5.2.1 skal beita ákvæðum þeirrar málsgreinar.

5. Ef ákvæði 4. mgr. þessarar viðmiðunar eiga ekki við, og ef ekki hefur verið leyst úr kvörtuninni um borð í skipinu, skal viðurkenndi eftirlitsmaðurinn þegar tilkynna fánaríkinu um það og leita, innan fyrirskipaðs frests, ráða og gera áætlun um aðgerðir til úrbóta.

6. Ef ekki hefur verið leyst úr kvörtuninni eftir að gripið hefur verið til aðgerðanna skv. 5. mgr. þessarar viðmiðunar skal hafnarríkið senda afrit af skýrslu viðurkennda eftirlitsmannsins til forstjórans. Skýrslunni þurfa að fylgja öll svör sem kunna að hafa borist innan fyrirskipaða frestsins frá lögbæru stjórnvaldi fánaríkisins. Viðkomandi samtök útgerðarmanna og farmanna í hafnarríkinu skulu upplýst með svipuðum hætti. Auk þess skal hafnarríkið senda forstjóranum reglulega hagskýrslur og gögn um þær kvartanir sem hefur verið leyst úr. Kveðið er á um báðar þessar innsendingar í því skyni að á grunni þeirra aðgerða sem kunna að teljast viðeigandi og ráðlegar sé haldin skrá yfir slíkar upplýsingar og þeim komið á framfæri við aðila, þ.m.t. við samtök útgerðarmanna og farmanna, sem kynnu að hafa áhuga á að nýta sér viðeigandi málskotsúrræði.

7. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé með kvartanir farmanna sem trúnaðarmál.

*Leiðbeiningar B5.2.2. – Málsmeðferð um kvartanir farmanns í landi.*

1. Sinni viðurkenndur eftirlitsmaður kvörtun sem um getur í viðmiðun A5.2.2 ætti eftirlitsmaðurinn fyrst að kanna hvort kvörtunin sé almenns eðlis og varði alla farmenn um borð í skipinu, hóp þeirra eða hvort hún tengist aðeins einstöku máli farmannsins sem í hlut á.

2. Ef kvörtun er almenns eðlis ætti að íhuga hvort fara ætti fram ítarlegri skoðun í samræmi við viðmiðun A5.2.1.

3. Ef kvörtunin tengist einstöku máli ætti að fara fram rannsókn á niðurstöðum málsmeðferðar um kvartanir um borð til lausnar á kvörtuninni sem um ræðir. Ef slík málsmeðferð hefur ekki verið reynd ætti viðurkenndi eftirlitsmaðurinn að leggja til að sá sem kvartar nýti sér þá málsmeðferð sem í boði er. Góðar ástæður ættu að vera fyrir því að taka til athugunar kvörtun áður en hvers kyns málsmeðferð um kvartanir um borð hefur verið könnuð. Í því

kann að felast að ekki sé fyrir hendi innri málsmeðferð, ótilhlýðileg töf á henni eða ótti þess sem kvartar um refsiaðgerðir gegn honum fyrir að leggja inn kvörtun.

4. Við rannsókn á kvörtun ætti viðurkenndur eftirlitsmaður að veita skipstjóra, útgerðarmanna og öðrum einstaklingi sem kann að tengjast kvörtuninni viðeigandi tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

5. Sýni fánaríki fram á, sem svar við tilkynningunni frá hafnarríkinu í samræmi við 5. mgr. viðmiðunar A5.2.2 þess efnis að það muni meðhöndla málið, að það hafi yfir að ráða skilvirkri málsmeðferð í þessu skyni og að það hafi lagt fram fullnægjandi aðgerðaáætlun má viðurkenndi eftirlitsmaðurinn láta af frekari aðild að kvörtuninni.

Regla 5.3. – Skyldur í tengslum við útvegun vinnuafls.

**Tilgangur: Að tryggja að hvert aðildarríki hrindi í framkvæmd skyldum sínum samkvæmt þessari samþykkt að því er varðar skráningu og ráðningu og félagslega vernd farmanna þeirra.**

1. Með fyrirvara um grundvallarregluna um að hvert aðildarríki beri ábyrgð á starfsskilyrðum og lífskjörum farmanna um borð í skipum, sem sigla undir fána þeirra, ber aðildarríkið einnig ábyrgð á að tryggja að kröfum þessarar samþykktar sé hrint í framkvæmd að því er varðar skráningu og ráðningu farmanna auk tryggingaverndar farmanna, sem eru ríkisborgarar þeirra eða eru búsettir eða heimilisfastir, með öðrum hætti á yfirráðasvæði þess, að svo miklu leyti sem kveðið er á um slíka ábyrgð í þessari samþykkt.

2. Nákvæmar kröfur um framkvæmd 1. mgr. þessarar reglu eru að finna í kóðanum.

3. Hvert aðildarríki skal koma á fót skilvirku skoðunar- og eftirlitskerfi til að framfylgja ábyrgð sinni við að leggja til vinnuafl samkvæmt þessari samþykkt.

4. Upplýsingar um kerfið sem um getur í 3. mgr. þessarar reglu, þ.m.t. þá aðferð sem beitt er til að meta skilvirkni þess, skulu felast í skýrslum aðildarríkis skv. 22. gr. stofnskrárinnar.

Viðmiðun B5.3. – Skyldur í tengslum við útvegun vinnuafls.

1. Hvert aðildarríki skal framfylgja kröfum þessarar samþykktar sem gildir um starfsemi og rekstur skráningar- og ráðningarþjónustu farmanna með staðfestu á yfirráðasvæði þess á grundvelli skoðunarkerfis og vöktunar og málsmeðferðar fyrir dómi fyrir brot á leyfisveitingu og aðrar kröfur um rekstur sem kveðið er á um í viðmiðun A1.4.

Leiðbeiningar B5.3. – Skyldur í tengslum við útvegun vinnuafls.

Krefjast ætti þess að einkarekin skráningar- og ráðningarþjónusta farmanna með staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis, sem tryggir þjónustu farmanns í þágu útgerðarmanns hvar sem þeir eru staddir, axli ábyrgð á að tryggja að útgerðarmenn fari eftir skilmálum þeirra í ráðningarsamningum sem gerðir eru við farmenn.

**Viðbætir A5-I.**

Starfsskilyrði og lífskjör farmanna, sem skulu sæta skoðun og vera samþykkt af hálfu fánaríkisins áður en vottað er að skip sé í samræmi við viðmiðun 1. mgr. A5.1.3:

Lágmarksaldur.

Læknisvottorð.

Hæfniskröfur til farmanna.

Ráðningarsamningar farmanna.

Notkun fyrirtækja með starfsleyfi eða vottaða starfsemi sem sinna skráningu og ráðningu.
Vinnu- eða hvíldartími.
Mönnun skipsins.
Vistarverur.
Tómstundaaðstaða um borð.
Fæði og þjónusta áhafna.
Heilsuvernd, öryggi og slysavarnir.
Læknishjálp um borð.
Málsmeðferð um kvartanir um borð.
Greiðsla launa.

**Viðbætir A5-II.**

**Skírteini um vinnuskilyrði farmanna.**
(Athugasemd: Yfirlýsing um samræmi við reglur
um vinnuskilyrði farmanna skal fest við þetta skírteini.)
Gefið út samkvæmt ákvæðum V. gr. og 5. kafla
samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006
(sem vísað er til hér á eftir sem „samþykktin"),
í umboði ríkisstjórnar:

.....
(fullt opinbert heiti á ríkinu sem er fánaríki skipsins)
af.....
(fullt opinbert heiti og aðsetur lögbærs einstaklings eða stofnunar með viðeigandi heimildir samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar)

Upplýsingar um skipið

Nafn skips
Númer eða einkennisstafir
Heimahöfn
Skráningardagur
Brúttótonnatala[1]
IMO-númer
Gerð skips
Nafn og aðsetur útgerðarmanns[2]

---

[1] Fyrir skip sem falla undir bráðarbirgðaáætlun um mælingar sem samþykkt var af Alþjóðasiglingamálastofnuninni er brúttótonnatalan sú sem er að finna í athugasemdadálki alþjóðamælibréfsins (1969). Sjá c-lið 1. mgr. II. gr. samþykktarinnar.

[2] *Útgerðarmaður* er eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri, umboðsmaður eða skipamiðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins úr höndum eiganda, og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem eru lagðar á útgerðarmenn í samræmi við þessa samþykkt burtséð frá því hvort einhverjar aðrar stofnanir eða einstaklingar uppfylli tilteknar skyldur eða ábyrgð fyrir hönd útgerðarmannsins. Sjá j-lið II. gr. samþykktarinnar.

samkvæmt skilgreiningu í j-lið 1. mgr. II. gr. samþykktarinnar)

Það vottast hér með:

1. Að þetta skip hafi verið skoðað og að það hafi verið staðfest að það uppfylli skilyrði samþykktarinnar og ákvæða viðfestrar yfirlýsingar um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna.
2. Að starfsskilyrði og lífskjör farmanna sem tilgreind eru í viðbæti A5-I í samþykktinni töldust samræmast ofangreindum innanlandreglum landsins sem hrinda samþykktinni í framkvæmd. Yfirlit yfir þessar innanlandskröfur er að finna í yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna, I. hluta.

Þetta skírteini gildir til ..... með fyrirvara um skoðanir í samræmi við viðmiðanir A5.1.3 og A5.1.4 í samþykktinni. Þetta skírteini er einungis gilt þegar yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna, sem er gefin út í ..... þann ..... er viðfest.

Dagsetningin þegar skoðun, sem þetta skírteini byggist á, lauk .....
Gefið út í ..... hinn .....

Undirskrift viðurkennds eftirlitsmanns sem gefur út skírteinið

(Innsigli eða stimpill stjórnvaldsins sem gefur út skírteinið, eftir því sem við á)

Áritun um lögskylda milliskoðun og allar viðbótarskoðanir (ef þörf krefur)

Það staðfestist hér með að skipið sætti skoðun í samræmi við viðmiðun A5.1.3 og A5.1.4 í samþykktinni og að starfsskilyrði og lífskjör farmanna sem talin eru upp í viðbæti A5-I í samþykktinni töldust vera í samræmi við ofangreindar innanlandskröfur landsins sem hrindir samþykktinni í framkvæmd.

Milliskoðun:

Undirskrift .....
(útfyllt milli (undirskrift viðurkennds eftirlitsmanns)
annarrar og þriðju árlegu dagsetninganna)
Staður .....
Dags. .....

(Innsigli eða stimpill stjórnvaldsins sem gefur út skírteinið, eftir því sem við á)

Viðbótaráritanir (ef þörf krefur)

Það staðfestist hér með að skipið sætti viðbótarskoðun í þeim tilgangi að sannreyna að skipið uppfyllti áfram innanlandsreglurnar sem hrinda samþykktinni í framkvæmd, eins og krafist er skv. 3. mgr. viðmiðunar A3.1 í samþykktinni (endurskráning eða veruleg breyting á vistarverum) eða af öðrum ástæðum.

Viðbótarskoðun:

Undirskrift (ef þörf krefur) .....
(undirskrift viðurkennds eftirlitsmanns)
Staður .....
Dags. .....
(Innsigli eða stimpill stjórnvaldsins sem gefur út skírteinið, eftir því sem við á)

Viðbótarskoðun:

Undirskrift (ef þörf krefur) .....
(undirskrift viðurkennds eftirlitsmanns)
Staður .....
Dags. .....
(Innsigli eða stimpill stjórnvaldsins sem gefur út skírteinið, eftir því sem við á)

Viðbótarskoðun:

Undirskrift (ef þörf krefur) (undirskrift viðurkennds eftirlitsmanns)

Staður .....
Dags. .....

(Innsigli eða stimpill stjórnvaldsins sem gefur út skírteinið, eftir því sem við á)

**Samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006.**
**Yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna. – I. hluti.**

(Athugasemd: Þessi yfirlýsing skal fest við skírteini skipsins
um vinnuskilyrði farmanna)

Gefið út í umboð: ..... (setjið inn nafn lögbærs stjórnvalds samkvæmt skilgreiningu í a-lið 1. mgr. II. gr. samþykktarinnar)

Með tilliti til ákvæða samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, er eftirtöldu skipi:

| Nafn skips | IMO-númer | Brúttótonnatala |
|---|---|---|
| | | |

viðhaldið í samræmi við viðmiðun A5.1.3 samþykktarinnar.

Undirritaður lýsir því yfir, fyrir hönd ofangreinds lögbærs stjórnvalds, að:

a) ákvæði samþykktar um vinnuskilyrði farmanna koma að fullu fram í þeim innanlandsreglum sem vísað er til hér á eftir;

b) þessar innanlandsreglur er að finna í þeim innanlandsákvæðum sem vísað er til hér á eftir; skýringar á efni þessara ákvæða eru tilgreindar ef nauðsyn krefur;
c) upplýsingar um hvers kyns ákvæði sem teljast verulega jafngild skv. 3. og 4. mgr. VI. gr. sé lagt fram <samkvæmt tilsvarandi kröfum innan lands sem eru tilgreindar í hlutanum hér á eftir> <í hlutanum sem kveðið er á um í þessum tilgangi hér á eftir> (strikið út fullyrðinguna sem á ekki við);
d) hvers kyns undanþágur sem lögbært stjórnvald veitir í samræmi við 3. hluta séu tilgreindar með skýrum hætti í þeim kafla sem kveðið er á um í þessum tilgangi hér á eftir; og
e) einnig sé vísað sé til hvers kyns sérkrafna um skipstegund samkvæmt landslögum samkvæmt viðkomandi kröfum.

1. Lágmarksaldur (regla 1.1)
2. Læknisvottorð (regla 1.2)
3. Hæfniskröfur til farmanna (regla 1.3)
4. Ráðningarsamningar farmanna (regla 2.1)
5. Notkun fyrirtækja með starfsleyfi og vottaða starfsemi sem sinna skráningu og ráðningu 1.4)
6. Vinnu- eða hvíldartími (regla 2.3)
7. Mönnun skipsins (regla 2.7)
8. Vistarverur (regla 3.1)
9. Tómstundaaðstaða um borð (regla 3.1)
10. Fæði og þjónusta áhafna (regla 3.2)
11. Heilsuvernd, öryggi og slysavarnir (regla 4.3)
12. Læknishjálp um borð (regla 4.1)
13. Málsmeðferð um kvartanir um borð (regla 5.1.5)
14. Greiðsla launa (regla 2.2)

Nafn: .....
Kafli: .....
Undirskrift: .....
Staður: .....
Dags.: .....

(Innsigli eða stimpill stjórnvaldsins sem gefur út skírteinið, eftir því sem við á)

Ákvæði sem teljast jafngild að verulegu leyti
*(Athugasemd: Strikið út fullyrðinguna sem á ekki við)*

Eftirtalin ákvæði, sem eru jafngild að verulegu leyti, eins og kveðið er á um skv. 3. og 4. mgr. VI. gr. samþykktarinnar, nema ef getið er um þau hér á undan, eru tilgreind (færið inn lýsingu ef við á)

.....
.....

Engin jafngildi hafa verið veitt

Nafn: .....
Kafli: .....
Undirskrift: .....
Staður: .....
Dags: .....

**Yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna. – II. hluti.**

*Ráðstafanir sem teknar eru upp til að tryggja að ætlað sé farið að reglum milli skoðana.*

Útgerðarmaðurinn, sem tilgreindur er í skírteini um vinnuskilyrði farmanna, hefur sett fram eftirfarandi ráðstafanir til að tryggja að ætlað sé farið að reglum milli skoðana:

*(Tilgreinið hér á eftir þær ráðstafanir sem útgerðarmaður gefur upp til að tryggja að hvert kröfur um hvert atriði í I. hluta séu uppfylltar.)*

1. Lágmarksaldur (regla 1.1)
.....
2. Læknisvottorð (regla 1.2)
.....
3. Hæfniskröfur til farmanna (regla 1.3)
.....
4. Ráðningarsamningar farmanna (regla 2.1)
.....
5. Notkun fyrirtækja með starfsleyfi sem sinna skráningu og ráðningu (regla 1.4)
.....
6. Vinnu- eða hvíldartími (regla 2.3)
.....
7. Mönnun skipsins (regla 2.7)
.....
8. Vistarverur (regla 3.1)
.....
9. Tómstundaaðstaða um borð (regla 3.1)
.....
10. Fæði og þjónusta áhafna (regla 3.2)
.....
11. Heilsuvernd, öryggi og slysavarnir (regla 4.3)
.....

12. Læknishjálp um borð (regla 4.1)
.....
13. Málsmeðferð um kvartanir um borð (regla 5.1.5)
.....
14. Greiðsla launa (regla 2.2)
.....

Ég votta hér með að framangreindar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja að farið sé eftir kröfunum sem taldar eru upp í I. hluta á milli skoðana.

Nafn útgerðarmanns[3]: .....
Aðsetur félags: .....
Nafn lögbærs undirritunaraðila: .....
Titill: .....
Undirskrift lögbærs undirritunaraðila: .....
Dags.: .....
(Innsigli eða stimpill útgerðarmannsins)

Framangreindar ráðstafanir hafa verið yfirfarnar af <*tilgreina nafn lögbærs stjórnvalds eða viðurkenndrar stofnunar*> og, að lokinni skoðun skipsins, hefur það komist að því að tilganginum sem lýst er í b-lið 10. mgr. viðmiðunar A5.1.3 sé náð, en hann felur í sér ráðstafanir til að tryggja, í upphafi og ætíð síðan, að farið sé að kröfunum sem kveðið er á um í I. hluta þessarar yfirlýsingar.

Nafn:
Kafli:
Aðsetur útgerðarfélags:
Undirskrift:
Staður:
(Innsigli eða stimpill stjórnvaldsins sem gefur út skírteinið)

**Bráðabirgðaskírteini um vinnuskilyrði farmanna.**

Gefið út samkvæmt ákvæðum V. gr. og 5. kafla samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (sem vísað er til hér á eftir sem „samþykktin“) í umboði ríkisstjórnar:
.....
(fullt opinbert heiti á ríkinu sem er fánaríki skipsins)
af .....
(fullt opinbert heiti og aðsetur lögbærs einstaklings eða stofnunar með viðeigandi heimildir samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar)

---

[3] *Útgerðarmaður* er eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri, umboðsmaður eða skipamiðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins úr höndum eiganda, og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem eru lagðar á útgerðarmenn í samræmi við þessa samþykkt burtséð frá því hvort einhverjar aðrar stofnanir eða einstaklingar uppfylli tilteknar skyldur eða ábyrgð fyrir hönd útgerðarmannsins. Sjá j-lið II. gr. samþykktarinnar.

Upplýsingar um skipið
Nafn skips
Númer eða einkennisstafir
Heimahöfn
Skráningardagur
Brúttótonnatala[4]
IMO-númer
Gerð skips
Nafn og aðsetur útgerðarmannsins[5]

Það vottast hér með, að því er varðar 7. mgr. viðmiðunar A5.1.3 í samþykktinni, að:

a) skipið hafi verið skoðað, að svo miklu leyti sem skynsamlegt og gerlegt er, með tilliti til atriðanna sem skráð eru í viðbæti A5-I í samþykktinni, að teknu tilliti til staðfestingar á atriðum skv. b-, c- og d-lið hér á eftir;
b) útgerðarmaðurinn hafi sýnt fram á við lögbært stjórnvald eða viðurkennda stofnun að um borð í skipinu hafi verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir til að fullnægja þessari samþykkt;
c) skipstjórinn kunni skil á kröfum þessarar samþykktar og skyldum um framkvæmd;
d) upplýsingar sem máli skipta hafi verið sendar til lögbærs stjórnvalds eða viðurkenndrar stofnunar svo unnt sé að gefa út um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna.

Þetta skírteini gildir til ..... með fyrirvara um skoðanir í samræmi við viðmiðun A5.1.3 og A5.1.4.

Dagsetningin þegar skoðuninni sem um getur í a-lið lauk var .....

Gefið út í .....þann .....

Undirskrift viðurkennds eftirlitsmanns
sem gefur út bráðabirgðaskírteinið .....
(Innsigli eða stimpill stjórnvaldsins sem gefur út skírteinið, eftir því sem við á)

---

[4] Brúttótonnatala fyrir skip sem bráðarbirgðaáætlun um mælingar sem samþykkt af Alþjóðasiglingamálastofnuninni tekur til verður brúttótonnatalan sem er að finna í athugasemdadálki alþjóðamælibréfsins (1969).

[5] *Útgerðarmaður* er eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri, umboðsmaður eða skipamiðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins úr höndum eiganda, og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem eru lagðar á útgerðarmenn í samræmi við þessa samþykkt burtséð frá því hvort einhverjar aðrar stofnanir eða einstaklingar uppfylli tilteknar skyldur eða ábyrgð fyrir hönd útgerðarmannsins. Sjá j-lið II. gr. samþykktarinnar.

**Viðbætir A5-III.**

Almenn svið sem sæta nákvæmri skoðun viðurkennds eftirlitsmanns í höfn aðildarríkisins sem framkvæmir hafnarríkisskoðunina samkvæmt viðmiðun A5.2.1.

Lágmarksaldur
Læknisvottorð
Hæfniskröfur til farmanna
Ráðningarsamningar farmanna
Notkun fyrirtækja með starfsleyfi og vottaða starfsemi sem sinna skráningu og ráðningu
Vinnu- eða hvíldartími
Mönnun skipsins
Vistarverur
Tómstundaaðstaða um borð
Fæði og þjónusta áhafna
Heilsuvernd, öryggi og slysavarnir
Læknishjálp um borð
Málsmeðferð um kvartanir um borð
Greiðsla launa

**Viðbætir B5-I. – Sýnishorn innanlandsyfirlýsingar.**

Sjá 5. mgr. leiðbeininga B5.1.3.

Samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006

Yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna – I. hluti

(Athugasemd: Hún skal fest við skírteini skipsins um vinnuskilyrði farmanna)

Gefið út í umboði: **Ráðuneyti sjóflutninga í Xxxxxx**

Með tilliti til ákvæða samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, er eftirtöldu skipi:

| Nafn skips | IMO-númer | Brúttótonnatala |
|---|---|---|
| M.S. | 123445 | 1.000 |

viðhaldið í samræmi við viðmiðun A5.1.3 samþykktarinnar.

Undirritaður lýsir því yfir, fyrir hönd ofangreinds lögbærs stjórnvalds, að:

a) ákvæði samþykktar um vinnuskilyrði farmanna koma að fullu fram í þeim innanlandsreglum sem vísað er til hér á eftir;
b) þessar innanlandsreglur er að finna í þeim innanlandsákvæðum sem vísað er til hér á eftir; skýringar á efni þessara ákvæða eru tilgreindar ef nauðsyn krefur;

c) upplýsingar um hvers kyns ákvæði sem teljast verulega jafngild skv. 3. og 4. mgr. VI. gr. sé lagt fram <samkvæmt tilsvarandi kröfum innan lands sem eru tilgreindar í hlutanum hér á eftir> <í hlutanum sem kveðið er á um í þessum tilgangi hér á eftir> (*strikið út fullyrðinguna sem á ekki við*);
d) hvers kyns undanþágur sem lögbært stjórnvald veitir í samræmi við 3. hluta séu tilgreindar með skýrum hætti í þeim kafla sem kveðið er á um í þessum tilgangi hér á eftir; og
e) einnig sé vísað sé til hvers kyns sérkrafna um skipstegund samkvæmt landslögum samkvæmt viðkomandi kröfum.

1. Lágmarksaldur (regla 1.1)

*Siglingalög nr. 123 frá 1905, með síðari breytingum („lög"), X. KAFLI; Reglugerð um siglingar („reglur"), 2006, reglur 1111–1222.*

*Lágmarksaldurinn er sá sem um getur í samþykktinni.*

*„Nótt" merkir 9 að kvöldi til 6 að morgni nema ráðuneyti sjóflutninga („ráðuneytið") samþykki annað tímabil.*

*Dæmi um hættulega vinnu sem er aðeins ætluð 18 ára og eldri eru talin upp í viðfastri áætlun A. Ef um er að ræða flutningaskip má enginn undir 18 ára aldri starfa á svæðum sem merkt eru á teikningu af skipinu (sem er fest við þessa yfirlýsingu) sem „hættulegt svæði".*

2. Læknisvottorð (regla 1.2)

*Lög, XI. kafli; Reglugerðir, reglur 1223–1233.*

*Læknisvottorð skal uppfylla kröfur STCW-samþykktarinnar, eftir því sem við á; í öðrum tilvikum er kröfum STCW-samþykktarinnar beitt með nauðsynlegri aðlögun.*

*Hæfir sjóntækjafræðingar sem eru á skrá ráðuneytisins mega gefa út skírteini um sjón.*

*Læknisskoðanir eru samkvæmt Leiðbeiningum ILO/IMO/WHO sem um getur í leiðbeiningum B1.2.1.*

.....

.....

**Yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna. – II. hluti.**

Ráðstafanir sem teknar eru upp til að tryggja
að ætíð sé farið að reglum milli skoðana.

Útgerðarmaðurinn, sem tilgreindur er í skírteini um vinnuskilyrði farmanna, hefur sett fram eftirfarandi ráðstafanir til að tryggja að ætíð sé farið að reglum milli skoðana:

(Tilgreinið hér á eftir þær ráðstafanir sem útgerðarmaður gefur upp til að tryggja að hvert kröfur um hvert atriði í I. hluta séu uppfylltar.)

1. Lágmarksaldur (regla 1.1).
*Fæðingardagur farmanns er tilgreindur andspænis nafni hans/hennar á áhafnaskrá.*
Skipstjóri eða yfirmaður sem kemur fram fyrir hans eða hennar hönd fer yfir skrána í upphafi hverrar sjóferðar („lögbær starfsmaður") sem skráir dagsetningu slíkrar staðfestingar.
*Hver farmaður undir 18 ára aldri fær, við ráðningu, orðsendingu sem bannar honum/henni að stunda næturvinnu eða vinnu sem skráð er hættuleg (sjá 1. undirkafla I. hluta hér á eftir) og alla aðra hættulega vinnu auk þess sem honum/henni er gert að leita ráðgjafar hjá lögbærum starfsmanni í vafatilvikum. Afrit af orðsendingunni ásamt undirskrift farmannsins undir „móttekið og lesið" og dagsetning undirskriftar er varðveitt hjá lögbærum starfsmanni.*

2. Læknisvottorð (regla 1.2).
*Læknisvottorðin eru varðveitt sem trúnaðarmál hjá lögbærum starfsmanni ásamt skránni sem lögbær starfsmaður ber ábyrgð á og þar sem hver farmaður um borð er tilgreindur: starfssvið farmannsins, dagsetning gildandi læknisvottorðs (-vottorða) og heilbrigðisástand sem tilgreint er á umræddu vottorði.*
*Ef vafi leikur á því hvort farmaðurinn sé nægilega heilbrigður til að starfa á tilteknu starfssviði eða starfssviðum ráðfærir lögbær starfsmaður sig við lækni farmannsins eða annan hæfan lækni og skráir helstu niðurstöður læknisins, nafns hans og símanúmers og dagsetningar samtalsins.*

.....

.....

**Fylgiskjal II.**

**Skipan stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kjörtímabilið 2005–2008.**
**Fulltrúar ríkisstjórna.**

*Fastafulltrúar sem eru tilnefndir af eftirtöldum tíu aðaliðnaðaríkjum:*
Bandaríkin
Brasilía
Frakkland
Indland
Ítalía
Japan
Kína
Rússland
Sambandslýðveldið Þýskaland
Stóra-Bretland
*Aðildarríki sem eru kjörin til að nefna aðalfulltrúa:*
Bangladess
Egyptaland
Gínea
Kongó
Kólumbía
Máritíus
Nígería
Kanada
Panama
Pólland
Sádi-Arabía
Síle
Suður-Kórea
Súrínam
Svasíland
Tæland
Tyrkland
Ungverjaland
*Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna varafulltrúa:*
Alsír
Argentína
Austurríki
Eþíópía
Filippseyjar
Finnland
Fílabeinsströndin
Indónesía
Íran
Jórdanía
Kostaríka

Króatía
Kúba
Malasía
Mexíkó
Mið-Afríkulýðveldið
Mongólía
Namibía
Pakistan
Perú
Senegal
Slóvakía
Spánn
Suður-Afríka
Svíþjóð
Sýrland
Úganda
Úkraína

**Fulltrúar atvinnurekenda.**

*Aðalfulltrúar:*
J. Aka Anghui (Fílabeinsströndin)
I.P. Anand (Indland)
A.S. Dahlan (Sádi-Arabía)
J. De Regil Gómez Muriel (Mexíkó)
F. Díaz Garaycoa (Ekvador)
D.A. France (Bretland)
E. Hoff (Noregur)
A. Katz (Bandaríkin)
J.-J. Oechslin (Frakkland)
M.A. Ould Sidi Mohamed (Máritanía)
T.D. Owuor (Kenía)
T. Suzuki (Japan)
A.K. Tan (Filippseyjar)
R. Thüsing (Þýskaland)
*Varafulltrúar:*
Aboughae-Obame (Gabon)
P.I. Beye (Senegal)
J.W. Botha (Suður-Afríka)
N.H. Cho (Kórea)
A.J. Donato (Brasilía)
W. Durling (Panama)
D. Funes de Rioja (Argentína)
I.C. Imoisili (Nígería)
A. Jeetun (Máritíus)
V.P. Kolmogorov (Rússland)
J.M. Lacasa (Spánn)
J. Lawson (Kanada)

S. Marshall (Nýja-Sjáland)
A. M´Kaissi (Túnís)
B. Noakes (Ástralía)
B. Robinson (Jamaíka)
L. Sasso Mazzufferi (Ítalía)
A.W. Tabani (Pakistan)
J. van Holm (Belgía)

**Fulltrúar launafólks.**

*Aðalfulltrúar:*
B. Brett (Bretland)
U. Edström (Svíþjóð)
U. Engelen-Kefer (Þýskaland)
R. Falbr (Tékkland)
C. Gray (Bandaríkin)
S. Ito (Japan)
Kikongi Di Mwinsa (Saír)
W. Mansfield (Ástralía)
S. Mookherjee (Indland)
J.-C. Parrot (Kanada)
F. Ramírez León (Venesúela)
I. Sahbani (Túnis)
S. Sanchez Madariaga (Mexíkó)
G. Sibanda (Simbabve)
*Varafulltrúar:*
E. Abou-Rizki (Líbanon)
C.A. Agyei (Gana)
K. Ahmed (Pakistan)
C. Angco (Filippseyjar)
A. Baldassini (Argentína)
M. Blondel (Frakkland)
Y. Kara (Ísrael)
A. Lettieri (Ítalía)
I. Mayaki (Níger)
D. Mokgalo (Suður-Afríka)
B.P. Mpangala (Tansanía)
P. O´Donovan (Írland)
M. Rozas (Síle)
M.V. Shmakov (Rússland)
L. Sombes (Kamerún)
P. Sundaram (Srí Lanka)
C.L. Trotman (Barbadoseyjar)
T. Wójcik (Pólland)
R. Zainal (Malasía)

**Fylgiskjal III.**

## Niðurstöður sjöunda Evrópuþings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar samþykktar í Búdapest í Ungverjalandi 18. febrúar 2005.

1. Þátttakendur í sjöunda Evrópuþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar tóku með áhuga við skýrslu framkvæmdastjóra um störf stofnunarinnar 2001–2004: Samvinna í umhverfi í mótun (I. bindi) og Að ráða við nýjar aðstæður: Stjórn í þágu mannsæmandi vinnu (II. bindi).
2. Fulltrúar þökkuðu ríkisstjórn Ungverjalands fyrir að halda fundinn í Búdapest og ríkisstjórn Luxemborgar, sem var í forsæti fyrir Evrópubandalagið (ESB) á fyrra árshelmingi 2005, fyrir að gera þingið að lið í starfi sínu á vegum ESB. Fulltrúarnir voru afar ánægðir með fundarstaðinn og gestrisni hinna ungversku þátttakenda.
3. Aðildarríkin og samtök atvinnurekenda og launafólks sem fulltrúa áttu á fundinum veittu athygli þeim mörgu sviðum þar sem skoðanir þeirra fóru saman, og urðu ásátt um eftirfarandi niðurstöður:

*Að stuðla að viðræðum í þágu sameiginlegrar framtíðar:*
*Hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Evrópu og Mið-Asíu.*

4. Evrópuþing Alþjóða vinnumálstofnunarinnar er eina svæðisbundna stofnanasvið sem til er, þar sem aðildarríki ESB, lönd þau sem Samningur um stöðugleika í Suðaustur-Evrópu taka til, Bandalag óháðra ríkja og Evrópuráðið mætast með þríhliða tilhögun til að fjalla um sameiginleg hagsmunamál í heimi vinnunnar. Evrópa í austri og vestri og mið-Asía eru í öllum sínum margbreytileika bundin landfræðilega og sögulega, og með sameiginlegum gildum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ríkisstjórnir og samtök atvinnurekenda og launafólks eru á einu máli um að starfa saman með viðræðum og samvinnu til að stuðla að sameiginlegri framtíð í lýðræði, efnahagslegri velsæld og félagslegu réttlæti.
5. Þátttakendur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um allt svæðið hafa í mörgum grundvallaratriðum sömu framtíðarsýn hvað varðar Evrópu og Mið-Asíu. Meðal þeirra eru vöxtur og bætt samkeppnsstaða, fleiri og betri störf, félagsleg samstaða, jöfnuður og sanngirni, og virðing fyrir grundvallaratriðum og réttindum við vinnu. Með samvinnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við aðildarríki ESB, stöðugleikasamningsins, bandalagsins og framkvæmdanefndar ESB ber að treysta félagslega og efnahagslega stefnu sem veitir tækifæri og vernd í nýjum samsetningum og krefst einstaklningsbundinnar og sameiginlegrar ábyrgðar, þegar vinna manna og lífshlaup breytist með afgerandi hætti.
6. Þátttaka forsætisráðherra Ungverjalands, Kasakstan, Luxemborgar og Möltu, vinnu- og félagsmálastjóra ESB og fjölda vinnumálaráðherra staðfestir enn grundvallarmikilvægi raunverulegrar félagslegrar viðræðu við að mæta kröfum hnattvæðingarinnar.

*Félagsleg þýðing svæðisbundinnar og hnattrænnar efnahagslegrar samþættingar.*

7. Hnattvæðing og hröð efnahagsleg samþætting gerir sameiginlegar kröfur til ríkja, fyrirtækja og launafólks í Evrópu og mið-Asíu. Aukin efnahagsleg samkeppni og hreyfanleiki fjármagns og fyrirtækja kunna að hraða efnahagslegum vexti og samþættingu. Hnattvæðing kann einnig að valda félagslegum kostnaði í formi endurskipulagningar á atvinnugreinum og fyrirtækjum, sem leitt getur til þess að störf tapist, til atvinnuleysis, aukins ójöfnuðar og öryggisleysis.
8. Fjörmikil samkeppnishagkerfi þarfnast aðstæðna sem styðja opinbera fjárfestingu, fjárfestingar einkaaðila og uppbyggingu fyrirtækja, svo að virk atvinnusköpun geti tryggt stöðuga framsókn til fullrar og arðsamrar atvinnu. Raunveruleg félagsleg viðræða og það að gera mannsæmandi vinnu að markmiði um allan heim eru hin nauðsynlegu tæki til að koma á réttlátri hnattvæðingu sem veitir tækifæri öllum til handa.
9. Skýrsla Heimsnefndar um félagslega þætti hnattvæðingar: „Sanngjörn hnattvæðing: Að skapa tækifæri fyrir alla“ er gagnleg hvatning til viðræðna innan landa, og svæða og alþjóðlega, um mannsæmandi vinnu um allan heim sem takmark. Hinir þríhliða þátttakendur á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á Evrópu- og Mið-Asíusvæðinu hafa sameiginlega sýn á nauðsyn meiri samkvæmni í að marka bæði heima fyrir, innan einstakra svæða og hvarvetna um heim stefnu á sviði efnahagsmála, félagsmála, fjármála og viðskipta í þágu mannsæmandi vinnu er byggist á grundvallarreglum og réttindum við vinnu, atvinnuþáttöku, félagslegri vernd, og félagslegum viðræðum.
10. Fundurinn fagnar ályktun Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna þar sem þess er farið á leit við aðalritara að tekið verði tillit til tilmæla heimsnefndarinnar við væntanlega endurskoðun á þúsaldarþróunarmarkmiðum. Alþjóðavinnumálastofnunin,[6] allmargar aðrar alþjóðastofnanir og ESB eru í góðri aðstöðu til að fjalla nánar um þær aðferðir til aðkomu sem heimsnefndin hefur minnst á.
11. Hið gagnlega starfssamband milli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og stofnana ESB getur orðið til að styðja efnanhagslega og félagslega stefnu í fjölhliða kerfi og til að móta þróunarsamvinnu til að stuðla að mannsæmandi vinnu á svæðinu og hvarvetna um heim.

*Samvinna austurs og vesturs í þágu mannsæmandi vinnu.*

12. Í þágu mannsæmandi vinnu ber ríkisstjórnum að vinna að meira samræmi milli þeirrar viðskipta- og fjármálastefnu og þeirrar vinnu- og félagsmálastefnu sem þær fylgja innan Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, Alþjóðabankans, Alþjóða viðskiptastofnunarinnar og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Efla ber samráð milli Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, Alþjóðabankans, stjórnvalda innan lands og landssamtaka atvinnurekenda og launafólks. Alþjóðavinnumálastofnuninni ber að halda áfram náinni samvinnu við Bretton Woods-stofnanir sínar í samræmi við umboð hverrar þeirra um sig.
13. Alþjóðavinnumálastofnuninni ber að styðja áfram samvinnu milli mið-Asíu, austur- og vestur-Evrópu, og hinna ýmsu svæðisbundnu undirhópa. Stofnuninni ber að styrkja sambönd sín við ríki sem aðstoð veita og við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til

[6] Í samræmi við ákvarðanir stjórnarnefndar.

að sjá fyrir tæknilegri samvinnu í þágu mannsæmandi atvinnustefnu í löndum sem slíkrar aðstoðar óska. Náið samráð ber að hafa við samtök atvinnurekenda og launafólks í þeim löndum sem aðstoðina veita og þeim sem þiggja hana.

14. Gera þarf meira til að auka meðvitund og þekkingu almennings á svæðinu um Alþjóðavinnumálastofnunina, gildi hennar, kröfur varðandi vinnu og stefnumið.

*Landsstjórn og stofnanir lýðræðisins.*

15. Góð landsstjórn, efnahagslegar og félagslegar framfarir og barátta gegn spillingu hvíla á lýðræðislegum stofnunum sem leiða réttmæti sitt til frjálsra fulltrúakosninga, virkrar félagslegrar umræðu, grundvallarreglna og réttinda við vinnu, og réttaröryggis.

*Umskipti í ævi og starfi.*

16. Umboð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar tekur til meginbreytinga í lífi fólks og starfi. Eftirfarandi fjórir þættir voru ræddir á fundinum.

*Rétt byrjun.*

17. Góð og víðfeðm menntun er grundvöllur starfsævinnar. Í mörgum löndum á svæðinu eru umskiptin frá skóla til starfs ungu fólki erfið. Mælt er með því að gerðar séu heildstæðar ráðstafanir til að auðvelda atvinnuþátttöku í upphafi, þar sem saman fara þjóðhagsleg stefna og sérstakar rástafanir sem beinast bæði að framboði og eftirspurn og magni jafnt sem eðli atvinnuþátttöku ungmenna. Stuðla ber einnig að varanlegri aðlögun innan vinnumarkaðarins. Iðnnámssamningar og önnur tilhögun þar sem tengt er saman nám og starf getur haft mikla þýðingu fyrir atvinnumöguleika ungs fólks. Þess er sérstaklega óskað að stjórnvöld, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, beini athygli sinni að þörfum ungs fólks þegar hugað er að atvinnumálum innan lands. Alþjóðavinnumálastofnuninni ber að hvetja til þess að skiptst sé á upplýsingum um hvernig tilhögun til að meta og viðurkenna áður fengna reynslu, hæfileika og nám hefur reynst. Fagna ber hinu nýja samstarfi milli Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar innan vébanda Samtaka um atvinnuþáttöku ungmenna. Hvatt er til þess að lönd gangi í samtökin.

*Að ná jöfnuði milli sveigjanleika og öryggis.*

18. Fyrirtæki standa nú andspænis aukinni samkeppni vegna hnattvæðingar og aðlögunar að mörkuðum sem taka örum breytingum. Stefna sveigjanleika og öryggis í þágu fyrirtækja og launafólks, þar sem boðið er upp á ný tækifæri til að verða eftirsóknarverðari á vinnumarkaði og bæta aðstoð við atvinnuleit, fjárhagslegan stuðning og félagslega vernd, hefur gefið góða raun í nokkrum löndum. Þríhliða viðræður innan ramma víðfeðmari stefnu í efnahagsmálum, sameiginlegar kjarasamningaviðræður og virðing fyrir löggjöf um verkalýðsmál eru mikilvægustu atriðin til að ná fram jafnvægi milli sveigjanleika og öryggis. Alþjóðavinnumálastofnuninn er hvött til að leita þríhliða samráðs um sveigjanleika og öryggi og greiða fyrir því að skipst sé á góðum verklagsháttum, um leið og viðurkennt er að í hverju tilviki ber að taka tillit til samhengis.

*Tilflutningur á vinnuafli milli landa.*

19. Athygli hefur verið beint að auknu mikilvægi tilflutnings á vinnuafli innan svæðisins. Sú tilhögun, tvíhliða, svæðisbundin og alþjóðleg, sem nú er fyrir hendi, virðist ekki nægja til að tryggja að höfð sé stjórn á tilflutningi á vinnuafli þannig að gætt sé réttinda fólks sem löglega flyst milli landa. Ákvörðun 92. fundar Alþjóðlegu vinnumálaráðstefnunnar 2004, þar sem mælst var til þess að þríhliða þátttakendur „komi á fót marghliða en óskuldbindandi tilhögun til að huga að tilflutningi vinnuafls þar sem tekið er tillit til ástands á vinnumarkaði í hverju landi“ á einkar vel við um lönd Evrópu og mið-Asíu. Landsbundin stefna varðandi tilflutning á vinnuafli sem byggð er upp í þríhliða samráði ætti að tryggja meðferð án mismununar, í takt við viðeigandi alþjóðlegar kröfur í verkalýðsmálum. Um leið ber Alþjóðavinnumálastofnuninni að auðvelda skipti á góðri vinnutilhögun við að vernda réttindi fólks í millilandaflutningum og vinna gegn gegn verslun með konur, karla og börn sem vinnuafl og gegn ólöglegri vinnu, og berjast gegn kynþáttahyggju, útlendingahatri og mismunun.

*Öryggi á elliárum.*

20. Lengri mannsævi og aðrar lýðfræðilegar breytingar, og þróun í atvinnumálum, gera nýjar kröfur til ellilífeyriskerfa flestra landa á svæðinu. Félagslegar umræður verða að fara fram um stefnuvalkosti varðandi félagslega tilhögun til að greiða eftirlaun til frambúðar. Til að stuðla að því að þessar kröfur verði uppfylltar er mælst til að Alþjóðavinnumálastofnunin veiti þátttakendum á svæðinu tæknilega aðstoð og greiði fyrir því að skiptst sé á reynslu um uppbyggingu og rekstur lífeyriskerfa.

*Góðir stjórnarhættir í heimi vinnunnar.*
*Grundvallarreglur um vinnu og réttindi við vinnu*
*og alþjóðasamþykktir um vinnu.*

21. Full samstaða er um að fylgja til hlítar grundvallarreglum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um réttindi við vinnu hvað snertir rétt til að stofna félög og viðurkenningu í raun á rétti til að semja sameiginlega, útrýmingu á barnavinnu og nauðungarvinnu, og jafnrétti til tækifæra og meðferðar í vinnu og starfi. Evrópu- og mið-Asíusvæðið er nú að verða fyrst til að ná fram fullgildingu allra grundvallarsamþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á svæðinu í heild. Þau aðildarríki sem ekki hafa enn gert það eru hvött til að ljúka fullgildingu hinna átta viðeigandi samþykkta tímanlega fyrir 10 ára afmæli Yfirlýsingarinnar um grundvallarreglur og réttindi við vinnu.
22. Full framkvæmd þeirra samþykkta að lögum og í raun um allt Evrópu- og Mið-Asíusvæðið, og reyndar um heim allan, er nauðsynlegur þáttur í sanngjarnri hnattvæðingu. Mælst er til þess að Alþjóðavinnumálastofnunin hvetji til og aðstoði með virkum hætti við að grundvallarreglum um vinnu og réttindum við vinnu, og alþjóðasamþykktum um vinnu, verði komið að fullu til framkvæmda um allan heim.
23. Framkvæmd alþjóðasamþykkta um vinnu, þar á meðal grundvallarreglna um vinnu og réttinda við vinnu á svæðinu, er enn háð margvíslegum vanda, eins og fram kemur í skýrslum Sérfræðinganefndar um framkvæmd á samþykktum og tilmælum, og í niðurstöðum stofnana sem hafa umsjón með samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Eru aðildarríki hvött til að skila tímanlega fullunnum skýrslum um fulgiltar samþykktir.

Alþjóðavinnumálastofnunin er hvött til að stuðla að viðræðum innan einstakra landa á svæðinu og milli þeirra til að skiptast megi á góðum starfsháttum við að ráða fram úr framkvæmdarvandamálum.

24. Að loknu starfi rannsóknarnefndar þeirrar sem athugað hefur tilvik um brot gegn rétti til að stofna félög og rétt til að semja sameiginlega í Hvíta-Rússlandi ber Alþjóðavinnumálastofnuninni að fylgjast náið með því hvernig tilmælum nefndarinnar er komið í framkvæmd. Skal tafarlaust fylgja tilmælunum eftir og og er skorað á ríkisstjórn Hvíta-Rússlands að veita fullt samstarf við framkvæmd þeirra.

*Umræður á sviði atvinnumála, þríhliða tihögun og umbætur.*

25. Atvinnumál, verkalýðsmál og félagsmálastefna eru kjarni mikilla umbótaviðræðna hvarvetna á svæðinu. Hnattvæðing þrýstir á efnahagslegar og félagslegar umbætur, en engar umbætur verða árangursríkar án gagngerrar félagslegrar umræðu, þar með talið frjálsum og óheftum sameiginlegum samningaumleitunum og tvíhliða og þríhliða samráði. Ráða verður fram úr sameiginlegum vandamálum innan hvers lands, með umræðum og samráði, á grundvelli meginreglna og samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sérstaklega samþykkta nr. 87, 98 og 144.
26. Ríkisstjórnum ber að greiða fyrir starfi samtaka atvinnurekenda og launafólks, og framkvæma af ákveðni meginreglurnar um rétt til að stofna félög og frjálsa félagsaðild, og forðast öll afskipti sem þrengt gætu að réttinum til að ganga í þau félög af frjálsum vilja. Sjálfstæði, lýðræði og fulltrúatilhögun eru nauðsynleg atriði í árangursríkri umræðu á vinnumarkaði.
27. Í ljósi ályktunar þeirrar sem samþykkt var svæðisráðstefnunni í Varsjá 1995 og ítrekuð var á sjötta Evrópusvæðisfundi árið 2000, eru ríkisstjórnir sem enn hafa ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir minntar á að með öllum ráðum (þar á meðal með skattafrádrætti) ber að auðvelda að fleiri gangi í frjáls og sjálfstæð samtök atvinnurekenda og launafólks.
28. Efnahagslegar og félagslegar umbætur og viðleitni til að allir hafi mannsæmandi vinnu heimtar gagngerar félagslegar viðræður, þannig að ná megi fram gagnlegum lausnum sem aðlagaðar eru breytilegum aðstæðum í hnattvæddu efnahagskerfi.

*Jafnrétti og réttindi við vinnu.*

29. Mismunun hvað snertir aðgang að vinnu og í starfi, hvort sem það lýtur að kynferði, þjóðernisuppruna eða stjórnmála- eða trúarskoðunum, og mismunun af öðru tagi, þar á meðal varðandi aldur, fötlun og kynhneigð, er enn vandamál á svæðinu. Skuldbindingin um að virða grundvallarreglur gegn mismunun er eindregið staðfest. Reglunni um sömu laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf verður að halda uppi. Alþjóðavinnumálastofnunin er hvött til að fylgjast vel með mismunun á vinnumarkaði, greiða fyrir því að skiptst sé á jákvæðri reynslu við að stuðla að jafnrétti og réttindum við vinnu, einkum með framkvæmd samþykkta stofnunarinnar.

*Félagsleg vernd fyrir alla.*

30. Skuldbindingin um félagslega vernd fyrir alla, frá vöggu til grafar, er staðfest að nýju. Félagsleg vernd er nauðsynlegur þáttur í að draga úr fátækt, auka öryggi fólks, og jafna út efnahagssveiflur og óstöðugleika í tekjum. Það er háð hærri atvinnuþáttökuhlutfalli

almennt, þó sérstaklega kvenna og yngra og eldra fólks, hvort félagslegum verndarkerfum á svæðinu verður haldið uppi til frambúðar. Í stefnumörkun á svið félagslegrar verndar ber að styðja við hátt atvinnuþátttökuhlutfall, sérstaklega meðal kvenna. Byggja ber betur upp ráðstafanir til að samlaga vinnu og fjölskyldulíf, þar á meðal með mæðravernd og barnaumönnun. Alþjóðavinnumálastofnunin er hvött til að styrkja viðleitni innan einstakra landa og alþjóðlega með samræmi í stefnu, tæknilegri ráðgjöf og reynsluskiptum, einkum hvað snertir félagslega verndarstefnu og atvinnumálastefnu sem veitir hverri annarri gagnkvæman stuðning.

*Stjórn vinnumála.*

31. Um gervallt svæðið þrengir minnkandi mannauður og fjárskortur sífellt meira að möguleikum til stjórnar á vinnumálum. Innan ramma landslaga eru virk stjórn vinnumála og/eða úrskurðarvaldhafar um vinnuaðbúnað, eftirlit með öryggi og heilsu á vinnustað, fylgni við kjarasamninga, vinnueftirlit, starfsnámsþjónusta og atvinnumiðlun ómissandi fyrir heilbrigð samskipti á vinnumarkaði og farsælan árangur á sviði efnahagsmála, félagsmála og vinnumála. Ríkisstjórnir eru minntar á hversu mikilvæg skilvirk stjórn á vinnumála er fyrir mannsæmandi vinnu. Þess er óskað að Alþjóðavinnumálastofnunin styrki stuðning sinn við stjórn vinnumála.

*Föst vinna og verktakavinna.*

32. Mikilvægi þess að sveigja stefnu í efnahags- og félagsmálum eins nálægt fullu atvinnustigi og unnt er, er viðurkennt. Í samræmi við markmið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um atvinnu um allan heim (ILO Global Employment Agenda) ber að hvetja til stefnu á ýmsum sviðum, þar á meðal heilbrigðrar peningamála- og skattastefnu, fjárfestingarhvetjandi umhverfis, uppbyggingar á sviði viðskipta og fyrirtækjastofnunar, einkum hvað varðar smáfyrirtæki og samvinnufélög, mikillar framleiðni sem styðst við heilbrigða efnahagslega starfshætti fyrirtækja, hvatningu til nýsköpunar og samvinnu milli staðbundinna stofnana, þar á meðal með hvatningarlánum til að byrja atvinnu, öflugs stuðnings við byrjunarstarfsnám og framhaldsnám, fullnægjandi stjórnvaldareglna á vinnumarkaði, og félagslegar verndartilhögunar.

*Fjárfestingar, vöxtur og atvinnustig.*

33. Mismunandi framvinda á svæðinu hvað snertir fjárfestingar, efnahagslegan vöxt og atvinnustig krefst þess að mismunandi stefnu sé beitt. Alþjóðavinnumálastofnunin er hvött til að annast, þegar land óskar þess og eftir að þríhliða ákvarðanir hafa verið teknar, landsbundnar athuganir á sennilegum áhrifum viðskipta og stefnu á sviði skattamála, peningamála og verkalýðsmála á mannsæmandi vinnu. Með slíkum athugunum yrði lagður fram skerfur til að móta mætti stefnu á landsvísu, svæðisbundna stefnu og heimsstefnu á sviði mannsæmandi vinnu. Slíkar athuganir yrðu ræddar á þríhliða fundum og myndu auðvelda reynsluskipti á meðal þátttakenda á því svæði.

*Áætlanir á landsvísu á sviði mannsæmandi vinnu.*

34. Aðstoð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við þátttakendur í aðildarríkjunum verður í auknum mæli undirbúin og veitt innan tímasettra áætlana á sviði mannsæmandi vinnu, sem fé verður veitt til. Í þeim áætlunum verður skilgreint, innan ramma sem Sameinuðu þjóðirnar setja, hvernig stofnunin mun stuðla að mannsæmandi vinnu í samræmi við hin sérstöku einkenni og þarfir hvers lands. Alþjóðavinnumálastofnunin er hvött til að styrkja stuðning sinn við reynsluskipti og og góða starfshætti meðal landa og samtaka atvinnurekenda og launafólks á svæðinu.
35. Tímanlega tilbúnar og heildstæðar tölfræðilegar upplýsingar eru nauðsynlegar til stuðnings við stefnu um mannsæmandi vinnu. Alþjóðavinnumálastofnunin er hvött til að byggja upp þekkingargrunn sinn og greiða fyrir skiptum á þekkingu, reynslu og góðum starfsháttum meðal þátttakenda alls staðar á svæðinu.

*Niðurstöðum fundarins fylgt eftir.*

36. Alþjóðavinnumálastofnunin er beðin um að kanna möguleika á þríhliða svæðishlutafundum og svæðisfundum til að fjalla um helstu álitaefni í stefnumótun. Stofnunin mun tryggja að slíkir umfjöllunarfundir samræmist þein ráðstöfunum sem þar kunna þegar að hafa verið gerðar.
37. Í tæknilegri aðstoð Alþjóðlegu vinnumálastofnunarinnar ber að stuðla að því að auka möguleika hinna þríhliða þátttakenda til að koma á samræmdri stefnu um atvinnumál, félagslega vernd og félagslegar viðræður og kröfur. Þess er óskað að stjórnarnefndin standi fyrir umfjöllun á miðjum framkvæmdatíma um hvernig þessum niðurstöðum hefur verið fylgt eftir.

## Fylgiskjal IV.

### Ræða flutt í nafni félagsmálaráðherra við almennar umræður á Evrópuþingi ILO um skýrslur forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf.

Ágæti þingforseti.

Ég flyt þessa ræðu í nafni Árna Magnússonar félagsmálaráðherra Íslands þar sem hann óvænt forfallaðist vegna veikinda.

Ég vil byrja á því að óska yður til hamingju með þann heiður að hafa verið valinn til þess ábyrgðamikila starfs að stjórna sjöunda Evrópuþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ég vil einnig færa varaforsetum þingsins sömu óskir. Á þessu þingi eru til umfjöllunar nokkur tímamótamálefni á sviði vinnumála þannig að það skiptir miklu að það njóti styrkrar stjórnar sem leiði til niðurstöðu sem verði leiðbeinandi fyrir stefnumótun í vinnu- og félagsmálum í Evrópu á næstu árum.

Ég vil einnig færa forstjóra og starfsfólki alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf sem og ungverskum gestgjöfum þakkir fyrir þeirra frábæra undirbúning. Þetta gildir ekki síst um þær tvær skýrslu forstjórans sem liggja fyrir þinginu. Framsetning þeirra er til mikillar fyrirmyndar.

Tími minn leyfir ekki að langar tilvitnanir í skýrslunar enda ekki til þess ætlast. Ég mun því hér á eftir einbeita mér að nokkrum völdum atriðum.

Í skýrslu sinni „Stjórnarhættir fyrir mannsæmandi störf“ vekur forstjórinn athygli á því að evrópska velferðarkerfið er góð fyrirmynd fyrir nýjum stjórnarháttum á sviði efnahags- og félagsmála. Hann réttilega bendir á viðtækt samráð við hagsmuna aðila sem gerir stjórnvöldum kleift að móta samræmda stefnu á sviði vinnumála og að hluta til á öðrum sviðum félagsmála með nákvæmu eftirliti með framkvæmd og umræðu um árangur sem metin er með mælanlegum breytum. Á þennan hátt er hægt að fylgjast með því hvort haldið sé í rétta átt og ef nauðsyn ber til leiðrétta stefnuna þannig að viðtæk sátt sé um þau markmið sem að er stefnt.

Það er rétt að hér er um að ræða nýmæli í Evrópu hins vegar hafa þessir stjórnarhættir um árabil verið grundvöllurinn fyrir því sem kallað er norræna kerfið.

Á síðasta ári á formennsku tíma Íslands samþykkti norræna ráðherranefndin nýja samstarfsáætlun á sviði vinnu- og vinnuverndarmála fyrir árin 2005–2008. Mikilvægast í þessari nýju áætlun er aukin áhersla vinnuafl og framboð vinnu til að mæta breytingum á aldursskiptingu og bæta stöðu þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaðnum. Í samstarfsáætluninni er dregið fram mikilvægi þess að kynin búi við jafnrétti í atvinnulífinu og fjarlæga hindranir sem mismuna hópum sem eiga undir högg að sækja.

Fram til árins 2008 hafa norrænir vinnumálaráðherra ákveðið að leggja höfuðáherslu á tvö aðskild viðfangsefni sem bæði snerta atvinnulífið, vinnurétt og vinnuumhverfi. Stefnu í málefnum atvinnulífsins á Norðurlöndum og hvernig hún tengist framvindunni á Evrópska efnahagssvæðinu og í öðrum alþjóðlegum stofnunum.

Forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gerir að umtalsefni í skýrslu sinni stöðu eldri starfsmanna á vinnumarkaðinum í Evrópu og endurbætur á lífeyrirsjóðakerfinu. Í þessu sambandi vil ég nefna að að í nóvember sl. fékk ég í hendur skýrslu nefndar sem ég skipaði í febrúar 2004. Hlutverk nefndarinar var að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur með uppsögnum eða mismunun í starfi. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi og fulltrúar helstu samtaka á vinnumarkaði.

Nefndin er sammála um, að aðgerða er þörf og leggur til að stjórnvöld hefji nú þegar sérstakt fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Tryggt verði að málefnum þessa hóps verði sinnt sérstaklega á komandi árum, ásamt því að vekja athygli á verkefninu. Verkefninu verði sérstaklega ætlað að skapa jákvæða umræðu um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, bæta ímynd þeirra og skapa farveg fyrir nauðsynlega viðhorfsbreytingu meðal aðila vinnumarkaðarins og í þjóðfélaginu í heild.

Nefndin leggur til að verkefnið hefjist með skipun sjö manna verkefnisstjórnar er starfi undir forystu félagsmálaráðuneytis og að félagsmálaráðherra beri ábyrgð á framkvæmd þess og fjármögnun. Verkefnisstjórn í samstarfi við tilnefningaraðila vinni sérstaklega að fræðslustarfi, rannsóknum og áhrifum á viðhorf til miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Leitað verði eftir norrænu samstarfi á þessu sviði.

Í þriðja kafla skýrslu sinnar fjallar forstjórinn um jafnvægið á milli stöðugleika og félagslegs öryggis á evrópskum vinnumarkaði. Ég tel að í því samhengi sé fróðlegt að nefna tvö atriði sem við gripið hefur verið til á Íslandi.

Á árinu 2000 samþykkti Alþingi lög um fæðingar- og foreldraorlof. Lögin veita karlmönnum sjálfstæðan óframseljanlegan þriggja mánaða rétt til fæðingarorlof. Þessum rétti verður komið á í þremur áföngum á árunum 2001 til 2003. Á árinu 2001 fengu feður rétt til eins

mánaðar fæðingarorlofs. Á árinu 2002 tvo mánuði og þrjá mánuði á árinu 2003 en þá komu lögin að fullu til framkvæmda.

Litið er á lögin sem þýðingarmikið skref í átt jafnréttiskynjanna og vinna gegn misrétti í atvinnulífinu og draga úr kynbundnum launamun. Karlar og konur á Íslandi eru að kynnast efni laganna og laga sig eftir þeim en í þeim felast grundvallarbreytingar að því er varðar fæðingarorlof.

Að síðustu, hr. forseti, langar mig að segja nokkur orð um mansal.

Ríkisstjórn Íslands tók þátt í ætlun Norðurlandanna og ríkisstjórna Eystrasaltsríkjanna gegn mansal. Embættismannanefnd norrænu ráðherranefndarinnar samþykkti 16. janúar sl. ályktun þar sem sett eru fram markmið áætlunarinnar. Nefndin lagði til að áætlunin skyldi beinast að því að upplýsa almenning og gera hann meðvitaðan og stuðla að umræðum um vandamál sem tengjast mansali.

Ég þakka fyrir.

(Ræðuna flutti Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, 15. febrúar 2005).

## Fylgiskjal V.

### Skýrsla um starf nefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd á félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 2005.

Árið 1981 fullgilti Ísland alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 144, um samstarf ríkisvalds og samtaka aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Á grundvelli tilmæla nr. 152 um framkvæmd samþykktarinnar var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefndin. Samþykktin og tilmælin endurspegla það sem skapar Alþjóðavinnnumálastofnuninni sérstöðu meðal annarra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna. Hún er eina stofnunin þar sem fulltrúar samtaka atvinnurekenda og launafólks er tryggð bein aðild að stjórnum, nefndum og ráðum.

Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til hafa eftirtaldir skipað nefndina:

Fulltrúi samtaka atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins.

Fulltrúar samtaka launafólks: Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands til maí 2005. Magnús Norðdal lögfræðingur ASÍ tók aftur sæti sitt í nefndinni í maí 2005.

Fulltrúar félagsmálaráðherra og formaður nefndarinnar: Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Verkefni nefndarinnarinnar beinast fyrst og fremst að málefnum sem tengjast samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina og leiða af aðildinni að stofnuninni. Nefndinni var með sérstöku erindisbréfi félagsmálaráðherra, dagsettu 5. maí 1988, falið að fjalla um framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. Ástæðan er meðal annars sú að ýmis ákvæði félagsmálasáttmálans eiga uppruna að rekja til alþjóðasamþykkta ILO. Það hefur því þótt hagkvæmt að nefndin fjalli einnig um framkvæmd á sáttmálanum og skýrslur Íslands um framkvæmd hans.

Á árinu 2005 hélt nefndin samtals 12 fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

**Málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.**

*a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á svið félags- og vinnumála.*

Í 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja að gefa stofnuninni skýrslu um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem þau hafa fullgilt. Skýrslur skulu teknar saman á tveggja ára fresti um framkvæmd á grundvallarsamþykktunum en yfirleitt eru skýrslutímabilin fjögur ár að því er varðar aðrar samþykktir ILO. Þessu til viðbótar er ákvæði í 19. gr. stofnskrárinnar sem heimilar stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að óska eftir því við aðildarríkin að þau gefi skýrslu um framkvæmd á samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Þessari heimild er beitt reglulega og er tilgangurinn að vekja athygli á umræddri samþykkt og hvetja aðildarríkin til að taka fullgildingu hennar til athugunar. Umfang skýrslanna er mjög mismunandi. Í sumum tilvikum er nægilegt að vísa til fyrri skýrslna. Í öðrum tilvikum er um að ræða margra síðna skýrslur einkum ef sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur beint spurningum til stjórnvalda um tiltekin atriði.

Á skýrslutímabilinu undirbjó ILO-nefndin skýrslu ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

- nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi,
- nr. 87, um félagafrelsi,
- nr. 98, um samingafrelsi,
- nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf,
- nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs,
- nr. 122, um stefnu í atvinnumálum,
- nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnum,
- nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála,
- nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi,
- nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, og
- skýrsla um ófullgilta samþykkt.

*b. Undirbúningur fyrir og þátttaka í Alþjóðavinnumálaþinginu.*

***93. Alþjóðavinnumálaþingið.***

Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til var 93. Alþjóðavinnumálaþingið haldið dagana 31. maí til 16. júní 2005. ILO-nefndin fjallaði um þau málefni sem voru til umfjöllunar á þinginu. Nefndin samdi drög að svörum íslenskra stjórnvalda við spurningaskrám um helstu dagskrármál þingsins sem voru fyrri umræða um rammasamþykkt á sviði vinnuverndar og um drög að samþykkt um vinnuskilyrði um borð í fiskiskipum.

Að venju hélt nefndin fund af afloknu vinnumálaþingi og bar saman bækur sínar um helstu niðurstöður. Eftirfarandi var meðal þess sem kom fram á fundi nefndarinnar:

*Þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta.*

Fram kom að nýr skrifstofustjóri Cleopatra Doumbia-Henry hefur tekið við starfi skrifstofustofustjóra skrifstofu ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Hún flutti ávarp við upphaf starfs þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Var gerður góður rómur af skeleggum málflutningi hennar og bundnar vonir við breytingar til batnaðar á starfi nefndarinnar. Um miðbik nefndarstarfsins voru gerðar þær breytingar að formaður nefndarinnar tók sér meiri frest til að undirbúa niðurstöður í umfjöllun nefndarinnar um framkvæmd einstakra ríka á framkvæmd alþjóðasamþykkta. Með þessum hætti er meira vandað til samningu á niðurstöðum nefndarinnar og þær ekki afgreiddar fyrr en öllum er ljóst efni þeirra. Fram kom að betur má nýta tíma nefndarinnar á fyrstu viku þingsins. Enn fremur þarf að hyggja

að takmörkunum á ræðutíma, fjölda ræða um einstök málefni og ef til vill þann tíma sem varið er í umfjöllun um einstök aðildarríki. Vinnuálag nefndarinnar er ekki í samræmi við viðurkenndar reglur um vinnuvernd en kvöld-, nætur- og helgarfundir eru algengir seinni hluta þingtímans.

*Nefnd um vinnuskilyrði fiskimanna.*

Fram kom óánægja nefndarmanna með að ekki hafi tekist samstaða um að afgreiða samþykkt um vinnuskilyrði fiskimanna. Á það var bent að ef til vill hafi gætt ákveðins misskilnings varðandi starfið að samþykktinni. Markmiðið hafi verið að ná samkomulagi um almenna samþykkt sem yrði fullgilt af sem flestum ríkjum og stuðlaði að því að bæta aðbúnað fiskimanna í þeim löndum sem eru skemmra komin en þróuð iðnríki. Mál hafi hins vegar þróast með þeim hætti að samþykktin hafi orðið of ítarleg og sveigjanleikinn hafi glatast. Það hafi mátt verða ljóst, þegar fulltrúar í Suð-Austur Asíu með Japani í broddi fylkingar lýstu því yfir að þeir gætu ekki fullgilt samþykktina vegna málamiðlunarinnar um gildissviðið, að tvísýnt yrði að samþykktin næði fram að ganga.

Rætt var um viðbrögð við þessari niðurstöðu. Fram kom að það þjóni takmörkuðum tilgangi að þýða tilmælin á íslensku þar sem næsta ljóst er að þeim verður breytt þegar málefnið verður tekið að nýju til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu 2007. Fram kom hjá nefndarmönnum að þeir telja rétt að félagsmálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um þetta vinnumálaþing með venjulegum hætti og í þeirri skýrslu verði greint frá umfjöllun um þetta málefni og efnislegur útdráttur úr tilmælunum sem skv. stofnskrá ILO er skylt að leggja fyrir löggjafarsamkomu hlutaðeigandi aðildarríkis.

*Nefnd um vinnuvernd.*

Starf þingnefndar um vinnuvernd gekk mjög vel. Góð samvinna tókst í nefndinni og fyrir liggja tillögur að alþjóðasamþykkt og tilmælum sem verður til umfjöllunar á næsta vinnumálaþingi að ári. Um er að ræða rammasamþykkt sem felur í sér hvernig meginþáttum vinnuverndarstarfs skuli fyrir komið, þ.e. stefnumótun stjórnvalda, lagaumhverfi og vinnuverndarstarf og áætlanagerð. Í tilmælunum er lagt til að í hverju landi verði komið á fót stöðumati vinnuverndar („national profile“) sem m.a. byggir á tölfræði um vinnuslys og atvinnutengda sjúkdóma.

*Nefnd um atvinnumál ungs fólks.*

Starf nefndar um atvinnumál ungs fólks gekk einnig mjög vel á þinginu. Af hálfu launfólks var lögð áhersla á að ungt fólk úr þeirra röðum tæki þátt í starfi nefndarinnar. Nefndin gekk frá tillögu að þingsályktun um þetta efni sem var samþykkt einum rómi á allsherjarþingi vinnumálaþingsins.

***94. Alþjóðavinnumálaþingið í febrúar 2006.***

Nefndin fór yfir og fjallaði um undirbúning fyrir 94. Alþjóðavinnumálaþingið en á dagskrá þess voru drög að alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði skipverja á öðrum skipum en fiskiskipum. Í samþykktinni er fjallað um málefni sem fyrst og fremst heyra til verksviðs samgönguráðuneytisins, t.d. aðbúnaður og hollusta um borð í skipum en einnig fer dóms- og kirkjumálaráðuneytið með aðra þætti eins og hafnareftirlit og landgöngu skipverja.

### *95. Alþjóðavinnumálaþingið í júní 2006.*

Umtalsverðum tíma var varið til að fjalla um dagskrármálefni 95. Alþjóðavinnumálaþingsins. Nefndin afgreiddi m.a. svör við spurningaskrám um efnisþætti í hugsanleg drög að samþykkt eða tilmæli um ráðningarsamband atvinnurekanda og launamanns.

### *Evrópuþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.*

Sjöunda Evrópuþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið dagana 14.–8. febrúar 2005 í Búdapest í Ungverjalandi. Á dagskrá þess var starfsemi ILO í Evrópu. Enn fremur var fjallað um afmarkaða þætti alþjóðavæðingarinnar, t.d. starfsemi alþjóðastofnana, gildi stöðugrar endurmenntunar, jafnvægið á milli sveigjanleika, stöðugleika og félagslegs öryggis á evrópskum vinnumarkaði, setning reglna um um réttindi og skyldur innflytjenda, öldrun samfélaga Vesturlanda, þátttaka í atvinnulífinu og endurbætur á lífeyrissjóðakerfum. Að afloknu þinginu fór nefndin yfir helstu niðurstöður og skiptist á skoðunum um framvindu þess. Nefndarmenn voru þeirrar skoðunar að margt hafi tekist vel á þinginu. Þannig hafi hringborðs- og pallborðsumræður verið mjög áhugaverðar og stuðlað að gagnkvæmum skoðanaskiptum á milli þátttakenda. Þeir voru hins vegar þeirrar skoðunar að almennar umræður með fyrirfram undirbúnum ræðum hafi mátt missa sín og ekki verið sérlega frjóar. Einnig eigi að stytta þingið og takmarka við þrjá daga. Lögð var áhersla á að lokayfirlýsing þingsins verði þýdd á íslensku og kynnt hérlendis.

*c. Fullgilding alþjóðasamþykkta.*

### *Alþjóðasamþykkt nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.*

Að ósk Alþýðusambands Íslands hóf nefndin í nóvember 2004 umfjöllun um hugsanlega fullgildingu alþjóðasamþykktar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Nefndin hafði á árinu 1994 tekið til umræðu spurninguna um fullgildingu samþykktarinnar. Við það tækifæri tókst ekki samstaða um að mæla með því að samþykktin yrði fullgilt. Á árinu 2005 fjallaði nefndin ítarlega um þetta málefni. Niðurstaðan varð sú að ekki tókst frekar en árið 1994 að ná samstöðu um að mæla með fullgildingu samþykktarinnar. Félagsmálaráðherra var gerð grein fyrir afstöðu heildarsamtakannna í sérstöku minnisblaði dags. 18. október 2005. Í niðurlagi minnisblaðsins er afstaða heildarsamtakanna dregin saman. Þar kemur fram að Alþýðusamband Íslands telur málið fyrst og fremst snúast um rétt starfsmanna til að fá upplýsingar um ástæður uppsagnar og hvort þær byggi á málefnalegum ástæðum. Það fjalli ekki um rétt atvinnurekanda til að segja upp starfsmanni. Fullgilding hafi því hverfandi áhrif á sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði. Alþýðusamband Íslands leggur til að ILO-samþykkt nr. 158 verði fullgilt og kallar eftir afstöðu stjórnvalda til þess. Samtök atvinnulífsins eru öndverðrar skoðunar. Samtök atvinnulífsins telja að samþykkt ILO nr. 158 feli í sér bann við uppsögnum af hálfu atvinnurekenda nema að hann geti sýnt fram á að ástæða uppsagnarinnar sé samdráttur í rekstri eða að fyrir þeim séu gildar ástæður sem varða hæfni eða háttsemi starfsmannsins. Fullgilding drægi því verulega úr sveigjanleika í íslensku atvinnulífi og viðbragðsflýti og snerpu fyrirtækja. Vilji fyrirtækja til nýráðningar yrði einnig minni. Samtök atvinnulífsins eru því andvíg fullgildingu samþykktarinnar.

### *Alþjóðasamþykktir nr. 81 og 12, um vinnuvernd.*

Í tengslum við samantekt á skýrslu um framkvæmd samþykkta nr. 81 og 129 um vinnuvernd ræddi nefndin um hugsanlega fullgildingu Íslands á þeim. Óskað var eftir umsögn Vinnueftirlits ríkisins um þetta atriði. Í bréfi Vinnueftirlitsins frá 25. nóvember 2005 kemur fram að aðstæður á Íslandi séu að flestu leyti í samræmi við ákvæði samþykktarinnar að

undanskildu einu atriði. Í 3. gr. samþykktar nr. 81 og 6. gr. samþykktar nr. 129 er tekið fram að meðal verkefna vinnueftirlits sé að hafa eftirlit með því að laun séu greidd í samræmi við samninga. Á Íslandi er þetta verkefni í höndum samtaka launafólks en ekki Vinnueftirlitsins. Niðurstaða ILO-nefndarinnar var sú að samþykkja að leita nánari skýringar starfsmanna alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf á umræddum ákvæðum.

***Bókun við samþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.***

Á 90. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2002 var afgreidd bókun við alþjóðasamþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi sem Ísland fullgilti árið 1991. Nefndin samþykkti að leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins á því hvort ákvæði laga og reglugerða á Íslandi væru í samræmi við efni bókunarinnar. Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins, dags. 9. febrúar 2005, kemur fram að sú skýring hugtaka í íslenskum lagatexta sé í samræmi við hliðstæðar skýringar í bókuninni. Hins vegar séu ekki í íslenskum lögum ákvæði sem fullnægi skyldum sem fram koma í 5.–7. gr. samþykktarinnar. Í þeim greinum koma fram kröfur um form á tilkynningum um vinnuslys og árlega útgáfu hagtalna um atvinnutengd slys, atvinnutengda sjúkdóma og eftir því sem við á, hættuleg atvik og slys á leið í og úr vinnu.

*d. Skýrsla félagsmálaráðherra um Alþjóðavinnumálaþingið í Genf.*

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin afgreiða. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru britar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tilmæli og ályktanir sem þingin afgreiða. Á árinu 2005 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um Alþjóðavinnumálaþingin sem haldin voru á árunum 2001–2004. Í skýrslunni er birt samþykkt nr. 184 og tilmæli nr. 192, um öryggi og hollustu í landbúnaði sem samþykkt voru á 89. Alþjóðavinnumálaþinginu 2001. Einnig samþykkt nr. 185, um persónuskírteini sjómanna, en hún var afgreidd á 91. þinginu árið 2002. Á því þingi voru einnig afgreidd tilmæli nr. 193, um eflingu samvinnufélaga. Í skýrslunni er enn fremur að finna tilmæli nr. 194, um skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma og tilmæli nr. 195, um þróun mannauðs. Þá eru í skýrslunni birt greinargerð ríkisstjórnar Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar varðandi kæru Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna setningar laga nr. 8/2001 og 34/2001. Niðurstaða nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi í kærumálinu er einnig birt í skýrslunni.

## 373. Fyrirspurn [344. mál]

til félagsmálaráðherra um eftirlit með gasbúnaði í hjólhýsum og húsbílum.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hvernig fer eftirlit og skoðun fram á gasbúnaði í hjólhýsum og húsbílum?
2. Kemur til greina að breyta því fyrirkomulagi sem nú er viðhaft?

## 374. Fyrirspurn [345. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkukaupendur.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Hversu margir raforkukaupendur, fyrirtæki og einstaklingar, hafa skipt um raforkusala síðan raforkusala til fyrirtækja var gefin frjáls 1. janúar 2005 og til einstaklinga 1. janúar 2006, og hversu stór hundraðshluti er það af raforkukaupendum í heild?

**Skriflegt svar óskast.**

## 375. Fyrirspurn [346. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur af olíu- og kílómetragjaldi.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvað er áætlað að olíu- og kílómetragjald á bifreiðar sem vega meira en 10.000 kg skapi ríkissjóði miklar tekjur á árinu 2005 og hverjar eru tekjurnar áætlaðar á árinu 2006?

**Skriflegt svar óskast.**

# 376. Frumvarp til laga [347. mál]

um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu sveitarfélaga á Íslandi. Félagið starfar samkvæmt hlutafélagalögum og sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Eignarhlutir í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í þeirra eigu.

3. gr.

Tilgangur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er að tryggja sveitarfélögum ásamt fyrirtækjum og stofnunum í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs lánsfé á hagstæðum kjörum og takmarkast útlán hans við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 136/2004, um Lánasjóð sveitarfélaga, falla úr gildi þegar Lánasjóður sveitarfélaga ohf. tekur til starfa, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

a. Á eftir orðunum „Lánasjóðs sveitarfélaga“ í 2. gr. laga um skattskyldu lánastofnana, nr. 65/1982, með síðari breytingum, kemur: ohf.
b. Á eftir orðunum „Lánasjóði sveitarfélaga“ og „Lánasjóðs sveitarfélaga“ í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, kemur: ohf.
c. Á eftir orðunum „Lánasjóður sveitarfélaga“ í 3. mgr. 2. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, með síðari breytingum, kemur: ohf.
d. Á eftir orðunum „Lánasjóður sveitarfélaga“ í 5. mgr. 71. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, kemur: ohf.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### I.

Stofna skal hlutafélagið Lánasjóð sveitarfélaga ohf. á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 31. mars 2007. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi, stofnefnahagsreikningi og samþykktum fyrir félagið og kjósa stjórn þess. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skal við stofnun yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Lánasjóðs sveitarfélaga og skal stofnefnahagsreikningur miðast við 1. janúar 2007.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins fyrir hönd eigenda þess og yfirtöku á rekstri Lánasjóðs sveitarfélaga. Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins greiðist af Lánasjóði sveitarfélaga.

Ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 getur ákveðið að eigið fé lánasjóðsins verði fært niður um allt að 3 milljarða kr. enda uppfylli sjóðurinn þrátt fyrir lækkunina skilyrði laga um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja og hafi nægilegt handbært fé til að standa við skuldbindingar sínar.

**II.**

Við yfirtöku Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á Lánasjóði sveitarfélaga skulu eignarhlutir í félaginu skiptast á eftirfarandi hátt:

17,472% Reykjavíkurborg
5,814% Vestmannaeyjabær
5,517% Kópavogsbær
5,458% Akureyrarkaupstaður
4,251% Hafnarfjarðarkaupstaður
4,148% Ísafjarðarbær
3,052% Sveitarfélagið Árborg
3,042% Garðabær
3,030% Reykjanesbær
2,995% Fjarðabyggð
2,410% Akraneskaupstaður
2,394% Fjallabyggð
2,339% Sveitarfélagið Skagafjörður
2,222% Norðurþing
1,853% Stykkishólmsbær
1,781% Borgarbyggð
1,766% Snæfellsbær
1,716% Rangárþing ytra
1,669% Rangárþing eystra
1,587% Fljótsdalshérað
1,489% Mosfellsbær
1,466% Blönduósbær
1,348% Sveitarfélagið Hornafjörður
1,347% Dalvíkurbyggð
1,320% Vesturbyggð
1,159% Seltjarnarneskaupstaður
1,089% Grindavíkurbær
0,977% Seyðisfjarðarkaupstaður
0,960% Hveragerðisbær
0,863% Sveitarfélagið Ölfus
0,857% Húnaþing vestra
0,831% Bolungarvíkurkaupstaður
0,722% Sveitarfélagið Álftanes
0,680% Vopnafjarðarhreppur
0,633% Sandgerðisbær
0,625% Bláskógabyggð
0,612% Dalabyggð
0,597% Grundarfjarðarbær

0,537% Langanesbyggð
0,457% Sveitarfélagið Garður
0,448% Strandabyggð
0,424% Sveitarfélagið Vogar
0,381% Skaftárhreppur
0,369% Mýrdalshreppur
0,367% Eyjafjarðarsveit
0,366% Skeiða- og Gnúpverjahreppur
0,348% Breiðdalshreppur
0,330% Djúpavogshreppur
0,299% Súðavíkurhreppur
0,298% Reykhólahreppur
0,293% Höfðahreppur
0,246% Flóahreppur
0,243% Hrunamannahreppur
0,223% Grímsnes- og Grafningshreppur
0,215% Hvalfjarðarsveit
0,211% Skútustaðahreppur
0,202% Þingeyjarsveit
0,201% Tálknafjarðarhreppur
0,177% Svalbarðsstrandarhreppur
0,153% Húnavatnshreppur
0,136% Aðaldælahreppur
0,129% Grýtubakkahreppur
0,111% Hörgárbyggð
0,092% Borgarfjarðarhreppur
0,081% Kjósarhreppur
0,081% Akrahreppur
0,078% Svalbarðshreppur
0,062% Arnarneshreppur
0,056% Kaldrananeshreppur
0,045% Eyja- og Miklaholtshreppur
0,039% Ásahreppur
0,036% Árneshreppur
0,036% Bæjarhreppur
0,030% Skagabyggð
0,027% Grímseyjarhreppur
0,027% Fljótsdalshreppur
0,020% Tjörneshreppur
0,017% Helgafellssveit
0,017% Skorradalshreppur

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

III.

Ekki mega fara fram viðskipti með hluti í félaginu fyrr en 1. janúar 2009. Sveitarfélögum er þó heimilt að færa eignarhluti sína til stofnunar eða fyrirtækis sem að fullu er í eigu sveitarfélagsins.

IV.

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu afborgana og vaxta af lánum úr Lánasjóði sveitarfélaga, sem tekin voru fyrir 1. janúar 2005, á réttum gjalddaga, og getur félagsmálaráðherra þá greitt vanskilin af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eftir því sem til vinnst. Sama gildir um greiðslur sem Lánasjóður sveitarfélaga kann að hafa innt af hendi vegna ábyrgða sem hann hefur tekist á hendur skv. 10. gr. þágildandi laga, nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu í samráði við Lánasjóð sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Með frumvarpinu er stefnt að því að hrinda í framkvæmd breytingum á félagsformi og skilgreina eignarhald lánasjóðsins ásamt því að skilgreina í lögum hlutverk hans og starfsemi í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins.

Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum nr. 35/1966 en starfar nú samkvæmt lögum nr. 136/2004. Sjóðurinn hefur frá stofnun verið óskipt sameign allra sveitarfélaga á Íslandi og hefur hann það hlutverk að tryggja sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða.

Með setningu laga nr. 136/2004 var lagaumhverfi lánasjóðsins breytt til samræmis við almenn starfsskilyrði fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði eftir því sem fært var, meðal annars með niðurfellingu á ákvæðum um árleg framlög til hans úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og frá ríkissjóði. Í tengslum við niðurfellingu þessara framlaga var beinum afskiptum ríkisins af rekstri lánasjóðsins hætt og öll ábyrgð á stjórn hans og rekstri færð til sveitarfélaganna. Þá var Lánasjóði sveitarfélaga gert að starfa sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki á grundvelli starfsleyfis Fjármálaeftirlitsins og undir eftirliti þess fékk hann starfsleyfi í ágúst 2005. Verði frumvarp þetta að lögum verða tekin frekari skref í átt að aðlögun lánasjóðsins að almennum starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja.

II.

Í framhaldi af lagabreytingunni 2004 mótuðu sveitarfélögin nýja stefnu fyrir lánasjóðinn þar sem ákveðið var að efla starfsemi hans með því að auka hlutdeild hans í lánsfjármögnun sveitarfélaganna til hagsbóta fyrir þau.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur mjög gott lánstraust og getur tryggt sveitarfélögunum lánsfé á kjörum sem eru hagstæðari en þau sem sveitarfélögin geta útvegað sér eftir öðrum leiðum, bæði innan lands og utan. Lánveitingar sjóðsins hafa því aukist verulega eftir breytingarnar og námu þær samtals 26,6 milljörðum kr. 30. júní 2006 samanborið við 14,6 milljarða kr. í árslok 2004. Að sama skapi hafa lántökur sveitarfélaganna hjá öðrum aðilum dregist saman, bæði hjá innlendum og erlendum bönkum og á innlendum skuldabréfamarkaði.

Efnahagur lánasjóðsins er afar traustur. Eigið fé hans var um 11,5 milljarðar kr. 30. júní 2006 og eiginfjárhlutfallið, svonefnt CAD-hlutfall, 206,6% en þarf að vera 8% samkvæmt reglum um eigið fé fjármálafyrirtækja.

Auk traustrar fjárhagsstöðu helgast hið góða lánshæfi lánasjóðsins af því að á grundvelli 73. gr. sveitarstjórnarlaga er sveitarfélögum heimilt að veita sjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar fyrir lánum sem þau taka eða ábyrgðum sem þau veita. Sjóðurinn hefur því aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi sína árið 1967.

Annars staðar á Norðurlöndum er annað fyrirkomulag viðhaft til að ná fram sömu markmiðum. Til að tryggja lánstraust lánasjóða sveitarfélaga þar hafa sveitarfélögin tekið á sig óskipta ábyrgð á skuldbindingum lánasjóðanna til að tryggja þeim hæsta mögulegt lánshæfismat. Þetta á við um Danmörku, Finnland og Svíþjóð. Í Noregi er um að ræða banka sem er 80% í ríkiseigu auk þess sem sérstök yfirlýsing ríkisstjórnar styrkir lánshæfismatið.

Telja verður mikilvægt að ákvæði 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga verði haldið í lögum enda er það forsenda þess að meginmarkmiðið með rekstri sérstaks lánasjóðs sveitarfélaga náist, þ.e. að tryggja þeim sveitarfélögum sem lakar standa aðgang að lánsfé á hagstæðum kjörum. Fjárhagsstaða sveitarfélaga er eins og kunnugt er afar misjöfn. Verst er hún hjá þeim sveitarfélögum sem glíma við fólksfækkun og einhæft atvinnulíf. Það er augljóslega mikið hagsmunamál fyrir þau sveitarfélög sem lakar standa að njóta sömu lánskjara og þau sveitarfélög sem eru vel sett fjárhagslega. Í því ljósi gegnir Lánasjóður sveitarfélaga þýðingarmiklu hlutverki í félagslegu og byggðalegu tilliti. Ef ákvæðisins nyti ekki við yrði mun erfiðara að tryggja umræddum sveitarfélögum hagstæðustu lánakjör því eins og áður er getið skiptir það umtalsverðu máli fyrir lánshæfi sjóðsins að tapsáhætta hans af útlánum er hverfandi. Ákvæðið gefur lánasjóðnum þannig kost á að útvega sér hagstæðara lánsfé til endurlána en annars væri mögulegt.

## III.

Í áliti félagsmálanefndar Alþingis um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga, sem síðar varð að lögum nr. 136/2004, segir meðal annars eftirfarandi:

„Í 1. gr. gildandi laga um Lánasjóð sveitarfélaga kemur fram að sjóðurinn sé sameign allra sveitarfélaga á Íslandi og er ekki gerð breyting hvað þetta varðar í frumvarpinu. Nefndin telur mikilvægt að eignaraðild að sjóðnum verði skilgreind nákvæmar en nú er gert og að eignarhlutur hvers sveitarfélags fyrir sig verði skilgreindur. Slíka vinnu ætti að hefja sem fyrst og stefna að því að henni ljúki innan árs frá gildistöku laga þessara."

Félagsmálanefnd lagði einnig til þá breytingu á fyrirliggjandi frumvarpi að lögin yrðu endurskoðuð eigi síðar en við árslok 2008 í ljósi þróunar á íslenskum fjármálamarkaði.

Í framhaldi af áliti félagsmálanefndar tók stjórn lánasjóðsins skilgreiningu eignarhalds til umfjöllunar og á fundi hennar 2. mars 2005 var gerð svohljóðandi samþykkt:

„Með tilvísan til álits félagsmálanefndar Alþingis frá 8. desember sl., sem fram kom við afgreiðslu frumvarps til laga um Lánasjóð sveitarfélaga, samþykkir stjórnin að leita samninga við Ólaf Nilsson, endurskoðanda hjá KPMG, um að leiða vinnu við nánari skilgreiningu á eignarhaldi lánasjóðsins. Kvaddir verði til aðrir sérfræðingar eftir þörfum og framkvæmdastjóra falið að starfa með þeim. Verkið skal unnið í náinni samvinnu við stjórn lánasjóðsins. Jafnframt skal stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga upplýst um framgang þess og leita skal umsagnar hennar áður en niðurstöður verða lagðar fyrir ársfund lánasjóðsins. Stefnt er að því að nánari niðurstöður um skilgreiningu á eignarhaldi verði lagðar fyrir ársfund lánasjóðsins sem haldinn verður haustið 2006. Formanni var falið að kynna ákvörðun stjórnarinnar á komandi ársfundi."

Í framhaldinu hafa verið gerðar ýmsar kannanir á rekstri og eiginfjármyndun lánasjóðsins allt frá stofnun hans, jafnframt því sem leitað hefur verið hliðstæðna við formbreytingu fyrir-

tækja og stofnana hér á landi á liðnum árum. Þá voru kannaðir kostir og gallar helstu félagsforma á Íslandi og farið yfir starfsemi lánasjóða sveitarfélaga í öðrum norrænum ríkjum. Auk Ólafs hefur framkvæmdastjóri lánasjóðsins komið að verkinu og er endanleg skýrsla þeirra til stjórnar sjóðsins um málið dagsett 12. september 2006.

Á grundvelli þessarar vinnu lagði stjórn lánasjóðsins fram tillögur á ársfundi sjóðsins og var þar samþykkt samhljóða svohljóðandi ályktun:

„Ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga haldinn á Akureyri 28. september 2006 samþykkir að fela stjórn sjóðsins að vinna að breytingum á lagaumgjörð hans með það að markmiði að:

1. Eignarhald sveitarfélaga á sjóðnum verði skilgreint í lögum þannig:
   - Að íbúafjöldi sveitarfélaga á hverju ári frá 1967 til 2004 myndi skiptihlutfall á þeim hluta eigin fjár, sem varð til með framlögum hvers árs úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði.
   - Að lánsviðskipti sveitarfélaga miðað við útistandandi lán í árslok hvers árs frá 1967 til 2004 myndi skiptihlutfall á þeim hluta eigin fjár, sem myndaður var ár hvert með vaxtatekjum af útlánum að frádregnum rekstrarkostnaði.
2. Stofnað verði opinbert hlutafélag um sjóðinn, sem eingöngu verði í eigu sveitarfélaga auk stofnana og fyrirtækja alfarið í þeirra eigu. Atkvæðisréttur einstakra hluthafa takmarkist við 15% af heildarhlutafé.
3. Lagðar verði hömlur á viðskipti með hluti í félaginu með þeim hætti að ekki verði hafin viðskipti með þá fyrr en reynsla er komin á rekstur sjóðsins í nýju félagsformi. Lagt er til að þeim hömlum verði létt af í fyrsta lagi við árslok 2008."

Að fenginni skilgreiningu eignarhalds á lánasjóðnum er ljóst að hann verður ekki áfram í óskiptri sameign allra sveitarfélaga á Íslandi eins og tilgreint er í gildandi lögum. Því var talið nauðsynlegt að lokinni skilgreiningu á eignarhlutum einstakra sveitarfélaga að finna hentugt félagsform fyrir lánasjóðinn til framtíðar. Í fyrrgreindri samþykkt ársfundar lánasjóðsins felst ósk eigenda sjóðsins um að lánasjóðnum verði breytt í hlutafélag. Þar sem félagið verður eingöngu í eigu sveitarfélaga beint eða óbeint verður lánasjóðurinn þá opinbert hlutafélag, sbr. lög nr. 90/2006, um breytingu á hlutafélagalögum.

Er gert ráð fyrir því að við stofnun opinbers hlutafélags um sjóðinn verði eignarhald í samræmi við þau hlutföll sem tilgreind eru í ákvæði til bráðabirgða II. Nánari grein er gerð fyrir því í athugasemdum við það ákvæði frumvarpsins hvaða forsendur liggja til grundvallar skilgreiningu eignarhalds.

Samkvæmt 8. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 136/2004, verður félagsformi lánasjóðsins ekki breytt nema með lögum og er nauðsynlegt að afla samþykkis Alþingis fyrir því að þær breytingar sem eigendur sjóðsins hafa samþykkt að ráðast í geti öðlast gildi. Jafnframt er talið mikilvægt í ljósi þess að sérstök lög gilda um sjóðinn að Alþingi staðfesti þá skiptingu á eignarhaldi sem samþykkt var á ársfundinum og móti að öðru leyti starfsumhverfi sjóðsins til framtíðar þannig að tryggt verði að lánasjóðurinn geti rækt sem best almannaþjónustuhlutverk sitt við sveitarfélögin í landinu.

## IV.

Jafnframt skilgreiningu á eignarhaldi og breytingu á félagsformi er eðlilegt að aðlaga lagaumgjörð sjóðsins að öllu leyti að samkeppnisákvæðum EES-samningsins, en svo var ekki gert að fullu við setningu laga um sjóðinn, nr. 136/2004. Þá var eins og áður er fram komið stigið það mikilvæga skref að fella brott ákvæði í lögum um framlög til sjóðsins úr ríkissjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jafnframt var lánasjóðnum gert að starfa sem lánafyrirtæki

samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og uppfylla þar með almennar kröfur sem gerðar eru til slíkra fyrirtækja.

Þau sérstöku réttindi sem lánasjóðurinn nýtur nú samkvæmt lögum eru eftirfarandi:

- Undanþága frá greiðslu stimpilgjalds af skuldabréfum sem lánasjóðurinn tekur og veitir skv. 9. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 136/2004.
- Undanþága frá greiðslu fjármagnstekjuskatts skv. 2. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, og 5. mgr. 71. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.
- Undanþága frá greiðslu tekjuskatts skv. 2. gr. laga um skattskyldu lánastofnana, nr. 65/1982.
- Heimild til sveitarfélaga til að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka eða ábyrgðum sem þau veita, sbr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Með niðurfellingu núgildandi laga um sjóðinn sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi fellur niður undanþága frá greiðslu stimpilgjalds af lánum sem sjóðurinn tekur og veitir. Sjóðurinn er nú orðinn lánafyrirtæki og greiðir sem slíkur ekki stimpilgjald af lánsfjáröflun sinni skv. 6. gr. laga um skattskyldu lánastofnana, nr. 65/1982. Það mun því ekki hafa áhrif á rekstur sjóðsins eða lántökukostnað sveitarfélaganna hjá honum þótt undanþáguákvæði varðandi greiðslu stimpilgjalds verði afnumið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að önnur sérréttindi lánasjóðsins verði óbreytt í lögum, en við þá breytingu að hann verður opinbert hlutafélag er nauðsynlegt að bæta skammstöfuninni „ohf." aftan við heiti sjóðsins í viðkomandi lagaákvæðum, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Er það ákvæði byggt á þeim rökum að formbreyting af þeim toga sem lögð er til í frumvarpinu eigi ekki að hafa áhrif á skattskyldu lánasjóðsins. Er rétt að ítreka að tilgangur sjóðsins, rekstur hans og eignarhald verða í meginatriðum óbreytt ef frá er talið rekstrarformið.

Eins og fram kemur hér að framan er gert ráð fyrir að félagslegt og byggðalegt hlutverk lánasjóðsins verði fest í sessi með því að halda óbreyttum ákvæðum um heimild sveitarfélaga til að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Reglur EES-réttar um ríkisaðstoð gera ráð fyrir að aðildarríki þurfi að réttlæta sérstök réttindi á borð við skattfrelsi og á meðan lánasjóðurinn nýtur slíkra réttinda sem túlka má sem ríkisaðstoð skv. 61. gr. EES-samningsins er honum óheimilt að lána til annarra verkefna en þeirra sem teljast vera þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Undir þá skilgreiningu falla lögákveðin verkefni sveitarfélaga og stofnana þeirra ef um er að ræða þjónustu sem einkaaðilar veita ekki. Starfsemi fyrirtækja eða félaga í eigu sveitarfélaga sem eru í samkeppnisrekstri eða veita þjónustu sem er í samkeppni við einkaaðila fellur hins vegar utan þeirrar skilgreiningar og verður lánasjóðnum því óheimilt að lána til slíkra aðila eða verkefna. Til þess að taka af allan vafa um að lánasjóðnum er ætlað að starfa í samræmi við reglur EES-samningsins er því nauðsynlegt að setja í lög ákvæði um að starfsemi hans takmarkist við lánveitingar til verkefna sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja sem veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu þannig að hann megi ekki lána til fyrirtækja í samkeppnisrekstri. Gert er ráð fyrir að eftirlit hvað þetta varðar falli undir almennt eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum.

## V.

Í aðdraganda tillögugerðar var á vegum stjórnar lánasjóðsins farið yfir starfsemi sambærilegra sjóða á Norðurlöndum. Lánasjóðir sveitarfélaga í öðrum norrænum ríkjum eiga sér

mjög mismunandi sögu og eru þeir því afar frábrugðnir hver öðrum í uppbyggingu og skipulagi. Þar er því ekki um samræmt skipulag lánasjóða að ræða sem hafa mætti til hliðsjónar hér á landi, en fyrirkomulagið í Finnlandi er næst því sem lagt er til að verði tekið upp á Íslandi. Hér verður gerð stuttlega grein fyrir skipulagi og starfsemi lánasjóða sveitarfélaga á hverju Norðurlandanna fyrir sig.

*Kommunekredit, Danmörku.*

Kommunekredit er stofnað með lögum frá árinu 1898 og er því elsti lánasjóður sveitarfélaga á Norðurlöndum. Félagið var stofnað af dönskum sveitarfélögum sem „kreditforening" sem er algengt samvinnufélagsform í Danmörku.

Kommunekredit er eini lánasjóðurinn á Norðurlöndunum sem ekki starfar sem fjármálafyrirtæki undir eftirliti fjármálaeftirlits. Félagið er undir eftirliti innanríkis- og heilbrigðisráðuneytisins og er það byggt á sérstökum lögum um sjóðinn. Á vordögum 2006 voru samþykkt ný lög um Kommunekredit sem taka gildi 1. janúar 2007. Kommunekredit mun samkvæmt hinum nýju lögum starfa áfram sem „kreditforening". Samþykki ráðuneytisins þarf til að breyta samþykktum félagsins.

Eingöngu er lánað til danskra sveitarfélaga eða til sameignarfélaga þeirra (I/S) eða félaga gegn ábyrgð dansks sveitarfélags. Öll sveitarfélög fá lán með sömu kjörum.

*Municipality Finance PLC, Finnlandi.*

Municipality Finance PLC (f. Kuntarahoitus Oyj.) var upprunalega stofnað árið 1989 af Lífeyrisstofnun sveitarfélaga (Local Government Pension Institution – LGPI) til að útvega finnskum sveitarfélögum hagstætt lánsfé. Municipality Finance PLC tók þá lán með ábyrgð LGPI. Árið 1989 stofnuðu 186 finnsk sveitarfélög Municipal Housing Finance, og var tilgangur þess sjóðs að útvega sveitarfélögum hagstætt lánsfé vegna byggingar félagslegra leiguíbúða en sveitarfélögin tóku þá við því verkefni af ríkinu. Árið 1996 var stofnaður með sérstökum lögum Ábyrgðasjóður sveitarfélaga (Municipal Guarantee Board – MGB) með aðild svo til allra finnskra sveitarfélaga. Tilgangur MGB er að ábyrgjast lántökur sjóða sem fjármagna sveitarfélög til að lækka fjármagnskostnað þeirra. Ef lánasjóðirnir standa ekki við skuldbindingar sínar getur lánardrottinn krafist greiðslu frá MGB sem sendir kröfu á sveitarfélögin sem verða þá að greiða samstundis. Ábyrgð einstakra sveitarfélaga er skipt (pro rata). Með þessum hætti er sjóðunum tryggt hæsta mögulega lánshæfismat og bestu kjör í lántökum. Árið 2001 voru Municipality Finance og Municipality Housing Finance sameinuð í einn sjóð sem ber nafnið Municipality Finance PLC.

Municipality Finance PLC er hlutafélag í eigu finnskra sveitarfélaga og Sambands finnskra sveitarfélaga (57,5%) og LGPI (42,5%). Samkvæmt samþykktum félagsins má enginn eiga hlut í félaginu nema sveitarfélög, stofnanir og félög í þeirra eigu, samtök sveitarfélaga og Lífeyrisstofnun sveitarfélaga nema til komi sérstök heimild félagsins.

Lendi eignarhlutur af einhverjum ástæðum í höndum annarra eiga aðrir eigendur rétt á að leysa hlutinn til sín eftir ákveðnum reglum. Í samþykktum félagsins eru einnig ákvæði um hámark atkvæðisréttar. Hámark atkvæða sem hver einstakur eigandi má fara með á hluthafafundi er 15%. Ekki hafa orðið eigendaskipti á hlutum í Municipality Finance PLC frá því að félagið var stofnað.

Ef eigandi hættir að uppfylla skilyrði um að geta verið eigandi, til dæmis við einkavæðingu félags í eigu sveitarfélags, hefur sá eigandi 60 daga til að koma eignarhlutnum í hendur

aðila sem hefur rétt til að eiga eignarhlut. Verði það ekki gert má félagið sjálft leysa hlutinn til sín á verði sem er einn tíundi hluti nafnverðs.

Municipality Finance PLC er með starfsleyfi sem lánafyrirtæki og er undir eftirliti fjármálaeftirlitsins í Finnlandi. Lög um hlutafélög gilda einnig um starfsemina, en engin sérlög eru um félagið. Húsnæðislán eru 42% af heildarútlánum sjóðsins og önnur lán til sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra nema 58%.

*Kommunalbanken AS, Noregi.*

Kommunalbanken AS er hlutafélag í eigu norska ríkisins (80%) og Lífeyrisstofnunar sveitarfélaga (20%) stofnað árið 1999. Kommunalbanken AS tók við starfsemi Norges kommunalbank sem var stofnaður árið 1926. Norges kommunalbank var ríkisbanki og voru lántökur hans með ríkisábyrgð. Sá banki greiddi ekki tekjuskatt en Kommunalbanken AS greiðir tekjuskatt eftir venjulegum reglum eftir breytingarnar 1999.

Bankinn er lánafyrirtæki undir eftirliti fjármálaeftirlitsins og starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki og laga um hlutafélög.

Markmið ríkisins með Kommunalbanken AS er að viðhalda og efla samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir norsk sveitarfélög. Á síðasta ári voru uppi hugmyndir um að selja hlut ríkisins í bankanum til Eksportfinans sem er keppinautur Kommunalbanken AS í lánveitingum til sveitarfélaga, en horfið var frá þeim hugmyndum þar sem sveitarfélögin höfðu áhyggjur af að kjör þeirra á fjármagnsmarkaði versnuðu ef bankinn yrði seldur.

Bankinn hefur hæsta lánshæfismat frá matsfyrirtækjum. Matið byggist á traustu útlánasafni og skriflegri yfirlýsingu norska ríkisins varðandi eignarhald og markmið með eignarhaldi ríkisins. Ekki er um ábyrgð sveitarfélaga að ræða á skuldbindingum bankans eins og í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð.

Bankinn lánar svo til eingöngu til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu með ábyrgð sveitarfélagsins. Verðlagning á lánum til sveitarfélaga er breytileg frá sveitarfélagi til sveitarfélags eftir fjárhagslegum styrk þeirra.

*Kommuninvest, Svíþjóð.*

Kommuninvest var stofnað árið 1986 af sveitarfélögum í Örebro-léni undir nafninu Kommuninvest i Örebro í þeim tilgangi að útvega sveitarfélögum í léninu hagstætt lánsfé. Sveitarfélögin voru þá beinir eignaraðilar að félaginu. Vegna góðs árangurs var starfssvæðið útvíkkað og nær nú til allra sveitarfélaga í Svíþjóð. Var forminu þá jafnframt breytt þannig að stofnað var samvinnufélag sem sveitarfélögin eru aðilar að og á samvinnufélagið allt hlutafé í Kommuninvest. Verðmæti stofnfjár hvers sveitarfélags er uppreiknað á hverju ári, en hluti af þeim hagnaði sem myndast í Kommuninvest er yfirfærður í samvinnufélagið sem arðgreiðsla. Félagar í samvinnufélaginu eru nú 186 sveitarfélög en samtals eru 290 sveitarfélög og 18 landsþing í Svíþjóð. Félögum fjölgar á ári hverju. Sveitarfélög sem vilja vera félagar fara í sérstaka fjármálalega úttekt áður en þau eru samþykkt. Sveitarfélög sem eru félagar ábyrgjast skuldbindingar Kommuninvest með óskiptri sjálfskuldarábyrgð og er það grundvöllurinn að háu lánshæfismati.

Kommuninvest er hlutafélag og greiðir tekjuskatt samkvæmt almennum reglum. Félagið er undir eftirliti sænska fjármálaeftirlitsins. Um samvinnufélagið fer eftir lögum um samvinnufélög. Engin sérlög eru um starfsemina.

Kommuninvest lánar eingöngu til sveitarfélaga sem eru eignaraðilar og fyrirtækja þeirra sveitarfélaga með ábyrgð þeirra. Ef félag fer úr eigu sveitarfélags er krafist endurgreiðslu

lánsins. Ekki er nægilegt að ábyrgðin haldist heldur er krafist yfirráða sveitarfélags/félaga yfir félaginu. Öll sveitarfélög fá lán á sömu vöxtum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að Lánasjóður sveitarfélaga sé opinbert hlutafélag í eigu sveitarfélaga á Íslandi. Líkt og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að lánasjóðurinn starfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Það felur í sér að lánasjóðurinn hefur starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins og sætir eftirliti þess eftir því sem lög kveða á um. Jafnframt kemur fram í greininni að lánasjóðurinn starfi samkvæmt hlutafélagalögum og gilda ákvæði þeirra laga um innri málefni sjóðsins að því leyti sem ekki eru fyrirmæli á annan veg í lögum um lánasjóðinn eða öðrum lögum.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna takmörkun á meðferð eignarhluta í lánasjóðnum sem felst í því að eignarhlutir geta eingöngu verið í eigu sveitarfélaga. Undantekning er þó gerð varðandi stofnanir og fyrirtæki sem eru að fullu í eigu sveitarfélaga. Einnig er gert ráð fyrir að lánasjóðurinn geti átt hluti í sjálfum sér í samræmi við hlutafélagalög. Ekki er því gert ráð fyrir að eignarhlutir í lánasjóðnum geti gengið kaupum og sölum nema milli einstakra sveitarfélaga eða annarra aðila sem falla undir ákvæðið.

Um 3. gr.

Í greininni kemur fram tilgangur lánasjóðsins en hann er að tryggja sveitarfélögum og skyldum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Jafnframt er tekið fram að útlán lánasjóðsins takmarkist við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Þessi afmörkun á tilgangi lánasjóðsins hefur þannig bein áhrif á útlán hans, bæði varðandi það til hvaða aðila sjóðurinn getur lánað og í hvaða tilgangi. Er ætlunin að tryggja það að lánasjóðurinn láni ekki til aðila eða verkefna sem geta haft áhrif á samkeppni á almennum markaði.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að lögin öðlist þegar gildi. Ekki er þó gert ráð fyrir því að gildandi lög um Lánasjóð sveitarfélaga falli úr gildi fyrr en sú formbreyting sem mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins og ákvæðum til bráðabirgða hefur náð fram að ganga.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að skammstöfuninni „ohf." verði bætt aftan við heiti Lánasjóðs sveitarfélaga í þeim lagaákvæðum sem tilgreind eru í greininni til að taka af allan vafa um að þau sérákvæði sem þar er að finna gildi áfram um lánasjóðinn eftir að honum verður breytt í opinbert hlutafélag. Annars vegar er um að ræða ákvæði skattalaga sem kveða á um skattfrelsi lánasjóðsins og hins vegar ákvæði sveitarstjórnarlaga sem kveður á um að sveitarfélög geti veitt lánasjóðnum veð í tekjum sínum.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um stofnun opinbers hlutafélags til að taka yfir rekstur Lánasjóðs sveitarfélaga ásamt öllum eignum og skuldbindingum hans. Er gert ráð fyrir að stofnfundur

verði haldinn eigi síðar en 31. mars 2007 og að undirbúningur að stofnun hlutafélagsins verði á ábyrgð stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga.

Í 3. mgr. er ársfundi Lánasjóðs sveitarfélaga veitt heimild til að ákveða að eigið fé lánasjóðsins verði fært niður um allt að 3 milljarða kr. Þar sem eigið fé sjóðsins er mun hærra en krafist er samkvæmt reglum um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja er slík niðurfærsla eigin fjár talin skynsamleg. Gert er ráð fyrir að niðurfærslan verði greidd til eigenda á fjórum árum til að lánasjóðurinn hafi ávallt nægilegt handbært fé til að standa við skuldbindingar sínar. Útgreitt eigið fé mun skiptast á milli eigenda lánasjóðsins í þeim hlutföllum sem tilgreind eru í ákvæði til bráðabirgða II. Nauðsynlegt er að fá heimild löggjafans til þessarar ráðstöfunar vegna ákvæðis 7. gr. gildandi laga.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Samkvæmt efnahagsreikningi lánasjóðsins í árslok 2004 nam eigið fé hans 9.913 millj. kr., en fyrsta reikningsár sjóðsins var árið 1967. Ekki var lagt fram eigið fé í upphafi og hefur eiginfjármyndunin því öll orðið til af hagnaði sjóðsins á líftíma hans. Tekjum sjóðsins samkvæmt rekstrarreikningum má skipta í þrjá meginþætti. Þeir eru framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, framlag ríkissjóðs og síðan rekstrartekjur sjóðsins af útlánum umfram rekstrargjöld. Fyrstu árin vó jöfnunarsjóðsframlagið þyngst í tekjum sjóðsins en hin síðari ár eru það fjármunatekjurnar sem hafa myndað meginhluta hagnaðarins.

*Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkissjóðs.*

Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga var ákveðið í lögum um lánasjóðinn frá stofnun hans þar til framlagið var fellt niður með lögum í árslok 2004. Hefur verið litið á það sem framlag sveitarfélaganna til lánasjóðsins þar sem það framlag hefur verið tekið af óskiptu fé jöfnunarsjóðsins og skerti því úthlutunarfé jöfnunarsjóðsins til einstakra sveitarfélaga. Í upphafi var kveðið á um 15 millj. kr. árlegt framlag jöfnunarsjóðsins. Frá upphafi var miðað við að árlegt framlag ríkissjóðs skyldi ákvarðað í fjárlögum hverju sinni.

Vegna verðbólgu rýrnuðu framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkissjóðs til sjóðsins verulega fyrstu árin en þau voru óbreytt árum saman. Stjórn lánasjóðsins beitti sér fyrir breytingu á lögunum árið 1973 og með lögum nr. 99/1974 var 5. gr. þágildandi laga um lánasjóðinn breytt á þá lund að árlegt framlag til sjóðsins úr jöfnunarsjóðnum varð 5% af heildartekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í stað 15 millj. kr. fastrar fjárhæðar. Framlag ríkissjóðs var ákveðið 2,5% af heildartekjum jöfnunarsjóðsins í stað fjárhæðar sem ákveðin var í fjárlögum hverju sinni og hafði til dæmis verið 8 millj. kr. í fjárlögum 1974. Við þessar breytingar hækkuðu framlög til lánasjóðsins verulega næstu ár á eftir. Framlag ríkissjóðs til sjóðsins féll niður að fullu frá og með árinu 1984.

Með lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, var framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til lánasjóðsins ákveðið 6,1% af vergum tekjum jöfnunarsjóðsins. Kom þessi breyting til framkvæmda frá og með árinu 1990. Á næstu árum voru framlögin hins vegar skert verulega með breytingum á lögum. Þannig var framlagið árið 1993 skert um 110 millj. kr. Árin 1997–2002 var framlagið skert um 135 millj. kr. á ári og árin 2002–2004 um 200 millj. kr. á ári. Skýrast þær skerðingar af því að Alþingi ákvað að fjármunum þessum yrði beint til stuðnings við stofnframkvæmdir vegna einsetningar grunnskólans. Eins og fram er komið voru lagaákvæði um framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til lánasjóðsins felld brott í árslok 2004 og hefur lánasjóðurinn ekki notið opinberra fjárframlaga frá þeim tíma.

*Fjármunatekjur.*

Framlög jöfnunarsjóðsins og ríkissjóðs til lánasjóðsins hafa verið færð í rekstrarreikning hans allt frá upphafi, en á þeim árum sem sjóðurinn hefur starfað hefur tekjumyndun hans tekið verulegum breytingum. Þannig hafa tekjur af útlánum aukist verulega og eru nú í raun einu tekjur sjóðsins. Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2004 nam hagnaður sjóðsins 810 millj. kr., þar af nam framlag jöfnunarsjóðsins 78 millj. kr. en aðrar tekjur að frádregnum gjöldum voru því 732 millj. kr.

*Myndun eigin fjár.*

Tekið hefur verið saman yfirlit um afkomu sjóðsins og eiginfjárstöðu frá stofnun hans til ársloka 2004 og fjárhæðir færðar til verðlags í september 2005. Rekstrarniðurstaðan, þ.e. hagnaður hvers árs, hefur verið umreiknuð sem mismunur eigin fjár í ársbyrjun og árslok á verðlagi í september 2005 og myndar samanlögð fjárhæð þannig reiknaðrar afkomu eigið fé í árslok 2004 eða 9.913 millj. kr. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkissjóðs hafa verið framreiknuð sérstaklega án nokkurs frádráttar, en öll rekstrargjöld sjóðsins eru dregin frá fjármunatekjum og hreinar fjármunatekjur eða hreinar tekjur umfram framlög síðan framreiknaðar með sama hætti.

Niðurstaðan er sú að hagnaður sjóðsins greinist þannig í þúsundum króna milli framlaga og annarra tekna að frádregnum rekstrargjöldum:

| | **Tekjur** | **Hlutfall** |
|---|---|---|
| Framlög Jöfnunarsjóðs og ríkissjóðs | 4.330.599 | 43,688% |
| Hreinar tekjur fyrir framlög | 5.581.908 | 56,312% |
| Samtals | **9.912.507** | **100%** |

*Skilgreining eignarhalds.*

Lagt er til að eignarhald á Lánasjóði sveitarfélaga verði ákveðið á grundvelli myndunar eigin fjár sjóðsins allt frá stofnun hans þannig að þeim hluta eigin fjár sem myndast hefur af framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkissjóðs verði skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaga, en að þeim hluta sem myndast hefur af öðrum tekjum að frádregnum rekstrargjöldum verði skipt eftir viðskiptum við sjóðinn.

Framlög hvers árs hafa verið reiknuð til verðlags í september 2005 eftir vísitölu neysluverðs eða samsvarandi eldri vísitölum og er þeim skipt eftir íbúafjölda. Fjármunatekjum, þ.e. tekjum af útlánum sjóðsins að frádregnum rekstrargjöldum sjóðsins á hverju ári, hefur verið skipt eftir viðskiptum, en rekstrargjöld sjóðsins eru talin stafa fyrst og fremst af útlánum hans og því eðlilegt að draga þau frá fjármunatekjum en halda framlögum óskertum að þessu leyti. Hagnaður sjóðsins árin 1967 til og með árinu 1979 og enn fremur árið 1983 er eingöngu vegna framlaga, en á þeim árum voru fjármunatekjur lægri en rekstrargjöld í heild. Skipting eiginfjármyndunar á þeim árum byggist því eingöngu á íbúafjölda en fjármunatekjur umfram rekstrargjöld koma til skiptingar frá og með árinu 1980. Í nokkrum tilvikum voru lán skráð á fyrirtæki eða stofnun sveitarfélaga og var réttindum vegna þeirra skipt á þau sveitarfélög sem voru eignaraðilar að þeim fyrirtækjum og stofnunum.

Með framangreindum aðferðum hefur eignarhlutur hvers sveitarfélags í Lánasjóði sveitarfélaga verið reiknaður eins og greinir í 1. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir að hlutabréf í hlutafélaginu sem gefin eru út í tengslum við stofnun þess verði undanþegin stimpilgjaldi.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í ákvæðinu er lagt til bann við því að viðskipti geti farið fram með hluti í félaginu fyrr en 1. janúar 2009. Talið er nauðsynlegt að reynsla komist á rekstur lánasjóðsins í nýju félagsformi áður er viðskipti með eignarhluti geti hafist. Þó er gert ráð fyrir að sveitarfélögum verði heimilt að færa eignarhluti sína til stofnunar eða fyrirtækis sem er að fullu í eigu sveitarfélagsins. Bent skal á að skv. 2. gr. frumvarpsins munu eignarhlutir í lánasjóðnum ekki geta gengið kaupum og sölum á milli annarra aðila en sveitarfélaga og stofnana eða fyrirtækja þeirra eftir þann tíma sem tilgreindur er í ákvæðinu.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Í ákvæðinu er tekið upp óbreytt ákvæði 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 136/2004. Í ákvæðinu er fjallað um hvernig fara skuli með vanskil eldri lána og ábyrgða sem sjóðurinn hefur veitt sveitarfélögum.

## Fylgiskjal I.

*Félagsmálaráðuneyti,*
*skrifstofa sveitarstjórnarmála:*

### Mat á áhrifum frumvarps til laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frumvarpið er samið í félagsmálaráðuneytinu í samráði við Lánasjóð sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga. Frumvarpið miðar að því að breyta félagsformi og skilgreina eignarhald lánasjóðsins ásamt því að skilgreina í lögum hlutverk hans og starfsemi í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eignarhlutir í lánasjóðnum geti eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í þeirra eigu. Tilgangur lánasjóðsins verður sem fyrr að tryggja sveitarfélögum ásamt fyrirtækjum og stofnunum í eigu sveitarfélaga lánsfé á eins hagstæðum kjörum og kostur er á hverjum tíma en tilgangi og verkefnum sjóðsins verður nánar lýst í samþykktum hans.

Ein mikilvægasta breytingin sem lögð er til í frumvarpinu er skilgreining á eignarhaldi lánasjóðsins en fram til þessa hefur sjóðurinn verið í óskiptri sameign allra sveitarfélaga á landinu. Verði frumvarpið að lögum mun það hafa talsverð áhrif á bókfærðar eignir sveitarfélaga. Eigið fé sjóðsins var um 11,5 milljarðar króna 30. júní 2006. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði I í frumvarpinu getur ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 ákveðið að eigið fé lánasjóðsins verði fært niður um allt að þrjá milljarða króna. Verði sú heimild nýtt verður hlutafé Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 8,5 milljarðar króna sem færist til eignar hjá A-hluta sveitarfélaga. Samanlagðar bókfærðar eignir A-hluta sveitarfélaga í lok árs 2005 voru rúmlega 245,5 milljarðar króna og aukast því um tæplega 3,5% við eignfærslu á hlutafé lánasjóðsins.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að niðurfærslan á eigin fé lánasjóðsins verði greidd til eigenda á fjórum árum og mun útgreitt eigið fé skiptast á milli

eigenda lánasjóðsins í þeim hlutföllum sem tilgreind eru í ákvæði til bráðabirgða II. Ráðstöfunarfé sveitarfélaga verður því 750 m.kr. hærra en ella á árunum 2007 til 2010.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög.

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.**

Með frumvarpinu er stefnt að því að hrinda í framkvæmd breytingum á félagsformi Lánasjóðs sveitarfélaga og skilgreina eignarhald sjóðsins ásamt því að skilgreina í lögum hlutverk hans og starfsemi í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins. Í meginatriðum verður tilgangur og rekstur sjóðsins að öðru leyti óbreyttur.

Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hafi að óbreyttu áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

# 377. Tillaga til þingsályktunar [348. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005 frá 29. apríl 2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

**1. Inngangur.**

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005 frá 29. apríl 2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð

grein fyrir efni þeirrar gerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

**2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE.**

Tilskipun 2004/39/EB er viðamikil tilskipun sem tekur á helstu grunnþáttum verðbréfamarkaða. Tilskipunin byggist á Lamfallussy-ferlinu innan Evrópusambandsins sem miðar að því að evrópskur verðbréfamarkaður verði í fremstu röð í heiminum. Lamfallussy-ferlinu var komið á fót þar sem reglusetningarferli ESB var ekki talið nægjanlega skilvirkt. Felur það í sér að fyrst eru settar meginreglur í formi rammatilskipana en í kjölfarið eru settar nánari reglur (innleiðingargerðir) til fyllingar. Á 3. og 4. stigi ferlisins á sér stað samræming og eftirfylgni. Tilskipunin sem hér um ræðir er rammatilskipun á 1. stigi ferlisins sem kveður á um meginreglur um starfsemi fjármálafyrirtækja sem stunda verðbréfaviðskipti sem og um skipulega verðbréfamarkaði. Framkvæmdastjórnin hefur á öðru stigi ferlisins útfært nánar, með tilskipun og reglugerð, hvernig efni tilskipunarinnar verður framkvæmt. Tilskipunin nemur úr gildi og kemur í stað tilskipunar ráðsins 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

Tilskipunin miðar meðal annars að því að styrkja innri markað ESB á sviði fjárfestingarþjónustu. Fyrirtæki sem stunda fjárfestingarþjónustu þurfa til þess leyfi í heimaríki. Leyfi í einu aðildarríki veitir heimild til að stunda fjárfestingarþjónustu í öðrum aðildarríkjum með eða án stofnunar útibús. Yfirvöld í heimaríki sjá um eftirlit með starfseminni.

Í tilskipuninni eru reglur um upplýsingagjöf hvað varðar kaup- og sölutilboð (pre-trade transparency) sem og upplýsingagjöf að afstöðnum viðskiptum (post-trade transparency) og gilda reglurnar um skipulega verðbréfamarkaði, markaðstorg fjármálagerninga (multilateral trading facility) sem og um fyrirtæki sem stunda kerfisbundin innanhússviðskipti (systematic internalisers).

Í tilskipuninni eru ákvæði um bestu framkvæmd sem felur það í sér að fjármálafyrirtæki skuli ná bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína. Þá er fjallað um fjárfestavernd. Fyrirtæki skulu tryggja að allar upplýsingar séu heiðarlegar og skýrar. Fyrirtæki skulu meta hvort fjárfesting sé við hæfi viðskiptavinar. Kveðið er á um að afgreiðsla fyrirmæla frá fjárfestum skuli vera skjót og í þeirri röð sem þau berast. Fyrirtæki skulu koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli sín og viðskiptavina sem og milli viðskiptavina innbyrðis.

Í tilskipuninni eru reglur um skipulega verðbréfamarkaði, svo sem kauphallir, og taka þær meðal annars til leyfisveitinga, hæfis stjórnenda, hagsmunaárekstra og upplýsingagjafar, svo eitthvað sé nefnt. Þá er í tilskipuninni fjallað um markaðstorg fjármálagerninga (multilateral trading facility) sem er nýjung og felst í því að fjármálafyrirtæki og skipulegir verðbréfamarkaðir geti starfrækt viðskiptakerfi með verðbréf og aðra fjármálagerninga.

Loks eru í tilskipuninni ákvæði um eftirlit lögbærra yfirvalda með fyrirtækjum sem stunda fjárfestingarstarfsemi og samstarf við önnur aðildarríki, sem og þriðju ríki.

**3. Um stjórnskipulegan fyrirvara.**

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

**Fylgiskjal I.**

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 65/2005

**frá 29. apríl 2005**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE ([2]) skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 45, 16.2.2005, bls. 18.

3) Með tilskipun 2004/39/EB er tilskipun 93/22/EBE ([3]) felld úr gildi frá 30. apríl 2006 að telja, en sú gerð er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB), 30. lið (tilskipun ráðsins 85/611/EBE) og lið 30a (tilskipun ráðsins 93/6/EBE):

„- **32004 L 0039:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 45, 16.2.2005, bls. 18."

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.
([2]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 30c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB):

„30ca. **32004 L 0039:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 45, 16.2.2005, bls. 18.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi gildir um tengsl við fjárfestingarfyrirtæki utan bandalagsins sem lýst er í 15. gr. tilskipunarinnar:

1. Með það fyrir augum að samræma eftir föngum framkvæmd reglna um fjárfestingarfyrirtæki í löndum utan bandalagsins skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum svo sem lýst er í 1. og 4. mgr. 15. gr. og halda viðræðufundi um málefni sem um getur í 2. og 3. mgr. 15. gr. á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar og samkvæmt sérstakri málsmeðferð sem samningsaðilar koma sér saman um.

2. Leyfi, sem lögbær yfirvöld samningsaðila veita fjárfestingarfyrirtækjum sem eru, beint eða óbeint, dótturfélög móðurfyrirtækja er heyra undir lög lands utan bandalagsins, skulu gilda á öllu yfirráðasvæði allra samningsaðila í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Þó gilda eftirtalin ákvæði:

   a) Ef land utan bandalagsins takmarkar fjölda þeirra fjárfestingarfyrirtækja frá EFTA-ríki sem hafa heimild til að starfa í því landi eða leggur á slík fjárfestingarfyrirtæki höft sem eru ekki lögð á fjárfestingarfyrirtæki frá bandalagsríkjum, skulu leyfi, sem lögbær yfirvöld bandalagsríkja veita fjárfestingarfyrirtækjum sem eru, beint eða óbeint, dótturfélög móðurfyrirtækja er heyra undir lög þess lands, aðeins gilda í bandalaginu nema EFTA-ríki ákveði annað fyrir sitt lögsagnarumdæmi.

   b) Ef bandalagið ákveður að leyfisveitingar fjárfestingarfyrirtækja, sem eru, beint eða óbeint, dótturfélög móðurfyrirtækja er heyra undir lög lands utan bandalagsins, skuli takmarkaðar eða felldar niður um tíma skulu leyfi, sem lögbært yfirvald EFTA-ríkis veitir slíkum fjárfestingarfyrirtækjum, aðeins gilda í lögsagnarumdæmi þess, nema annar samningsaðili ákveði annað fyrir sitt lögsagnarumdæmi.

   c) Takmörkunum eða niðurfellingu af því tagi, sem um getur í a- og b-lið, má ekki beita gagnvart fjárfestingarfyrirtækjum eða dótturfélögum þeirra sem hafa þegar fengið úthlutað leyfi á yfirráðasvæði eins samningsaðila.

3. Þegar bandalagið leitar samninga við land utan bandalagsins á grundvelli 2. og 3. mgr. 15. gr. til þess að afla fjárfestingarfyrirtækjum sínum sambærilegra kjara og innlend fyrirtæki njóta og markaðsaðgangs í reynd, skal lagt kapp á að afla fjárfestingarfyrirtækjum EFTA-ríkjanna sömu kjara.

3. Liður 30b (tilskipun ráðsins 93/22/EBE) falli brott frá 30. apríl 2006 að telja.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/39/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 45, 16.2.2005, bls. 18, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. apríl 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*R. Wright*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn* *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## Fylgiskjal II.

### TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/39/EB

**frá 21. apríl 2004**

**um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([5]) var leitast við að skapa skilyrði fyrir fjárfestingarfyrirtæki og banka með starfsleyfi til að veita tiltekna þjónustu og stofna útibú í öðrum aðildarríkjum á grundvelli starfsleyfis og eftirlits í heimalandinu. Í þessu skyni var stefnt að því í tilskipuninni að samræma kröfur um upphaflegt starfsleyfi og starfrækslu fyrir fjárfestingarfyrirtæki, þ.m.t. viðskiptareglur. Í henni var einnig kveðið á um samræmingu skilyrða sem stýra starfsemi skipulegra markaða.

2) Á undanförnum árum hafa fleiri fjárfestar orðið virkir á fjármálamörkuðum og þeim stendur til boða stöðugt flóknari og víðtækari þjónusta og gerningar. Með tilliti til þessarar þróunar ætti lagarammi Bandalagsins að ná yfir alla starfsemi sem tengist fjárfestum. Með þetta að markmiði er nauðsynlegt að kveða á um samræmingu sem veitir fjárfestum víðtæka vernd og að heimila fjárfestingarfyrirtækjum að veita þjónustu alls staðar í Bandalaginu á grundvelli eftirlits í heimalandi, þar semfyrir er óskiptur markaður. Í ljósi framangreinds er rétt að ný tilskipun komi í stað tilskipunar 93/22/EBE.

3) Vegna þess að fjárfestar reiða sig í auknum mæli á persónulegar ráðleggingar er viðeigandi að veiting fjárfestingarráðgjafar teljist til fjárfestingarþjónustu sem þarf starfsleyfi.

4) Viðeigandi er að skrá yfir fjármálagerninga innihaldi tilteknar hrávöruafleiður og aðrar afleiður sem eru myndaðar og viðskipti fara fram með þannig að gefi tilefni til reglusetningar á sambærilegan hátt og upp kemur í tengslum við hefðbundna fjármálagerninga.

5) Nauðsynlegt er að koma á heildstæðu reglukerfi fyrir framkvæmd viðskipta með fjármálagerninga án tillits til þeirra viðskiptaaðferða sem notaðar eru við viðskiptin til að tryggja að viðskipti fjárfesta séu vönduð og til að viðhalda heilleika og almennri skilvirkni fjármálakerfisins. Kveða skal á um samfelldan og áhættunæman ramma til að setja reglur um helstu tegundir ráðstafana um framkvæmd fyrirmæla sem stuðst er við á evrópska fjármálamarkaðinum.

Nauðsynlegt er að viðurkenna nýja kynslóð skipulegra viðskiptakerfa, sem fram hefur komið við hlið skipulegra markaða, og ætti að falla undir þá skyldu að varðveita skilvirka og skipulega starfsemi fjármálamarkaða.

---

([1]) Stjtíð. ESB C 71 E, 25.3.2003, bls. 62.
([2]) Stjtíð. ESB C 220, 16.9.2003, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB C 144, 20.6.2003, bls. 6.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 25. september 2003 (hefur enn ekki verið birt íStjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 8. desember 2003 (Stjtíð. ESB C 60 E, 9.3.2004, bls. 1), Afstaða Evrópuþingsins frá 30. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 7. apríl 2004.
([5]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

Í því skyni að koma á sanngjörnum reglurramma skal kveðið á um að ný fjárfestingarþjónusta, sem tengist starfsemi markaðstorgs, skuli innifalin.

6) Setja skal fram skilgreiningar á skipulegum markaði og markaðstorgi sem eru vel samræmdar hver annarri til að endurspegla þá staðreynd að þær sýna sömu skipulegu viðskiptastarfsemina. Skilgreiningarnar skulu útiloka tvíhliða markaðskerfi þar sem fjárfestingarfyrirtæki stofnar til sérhverra viðskipta fyrir eigin reikning en ekki sem áhættulaus mótaðili sem stendur á milli kaupanda og seljanda. Hugtakið „markaðskerfi" nær yfir alla markaði sem samanstanda af reglum og vettvangi til viðskipta sem og þeirra sem aðeins starfa á grundvelli reglna. Skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgum ber ekki skylda til að starfrækja „tæknilegt" markaðskerfi til að samræma fyrirmæli. Markaður, sem samanstendur aðeins af reglum um þætti sem tengjast aðild, að leyfa viðskipti með gerninga, viðskipti milli aðila, tilkynningar og, þar sem við á, kvaðir um gagnsæi, er skipulegur markaður eða markaðstorg í skilningi þessarar tilskipunar og viðskiptin sem fara fram samkvæmt þessum reglum teljast hafa farið fram samkvæmt markaðskerfi sem gildir á skipulegum markaði eða markaðstorgi. Hugtakið „kaup- og söluhagsmunir" ber að túlka í víðum skilningi og nær það yfir fyrirmæli, verðtilboð og sýndan áhuga. Krafan um að kaup- eða söluáhugi sé sameinaður í markaðskerfinu með reglum sem eru ekki valfrjálsar og settar eru af markaðskerfisstjóra þýðir að hann er sameinaður samkvæmt reglum markaðskerfisins eða aðferðarlýsingu markaðskerfisins eða innri verklagsreglum (þ.m.t. verklagsreglur fólgnar í tölvuhugbúnaði). Hugtakið „reglur sem eru ekki valfrjálsar" merkir að samkvæmt þessum reglum starfrækir fjárfestingarfyrirtæki markaðstorg án þess að geta stjórnað samspili þessa áhuga. Í skilgreiningunum er þess krafist að kaup- eða söluáhugi sé sameinaður þannig að það leiði til samnings í þeirri merkingu að framkvæmd fari fram samkvæmt reglum markaðskerfisins eða aðferðarlýsingu markaðskerfisins eða innri verklagsreglum þess.

7) Markmið tilskipunarinnar er að fjalla um fyrirtæki sem starfa að því eða hafa aðallega þá starfsemi að veita fjárfestingarþjónustu og/eða stunda fjárfestingarstarfsemi í atvinnuskyni. Gildissvið hennar tekur því ekki til aðila sem hefur aðra atvinnustarfsemi.

8) Aðilar, sem hafa umsjón með sínum eigin eignum og fyrirtækjum en veita ekki fjárfestingarþjónustu og/eða hafa með höndum fjárfestingarstarfsemi aðra en viðskipti fyrir eigin reikning, nema að þeir séu viðskiptavakar eða stundi viðskipti fyrir eigin reikning utan skipulegs markaðar eða markaðstorgs með skipulegum, tíðum og kerfisbundnum hætti með því að veita þriðju aðilum aðgang að markaðskerfi til að stunda viðskipti við þá, skulu ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

9) Tilvísanir til aðila í textanum ber að skilja svo að þær eigi bæði við einstaklinga og lögaðila.

10) Vátrygginga- eða líftryggingafélög, sem eru háð viðeigandi eftirliti af hálfu lögbærra varfæriseftirlitsyfirvalda og sem lúta tilskipun ráðsins 64/225/EBE frá 25. febrúar 1964 um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu á sviði endurtrygginga ([6]), fyrstu tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og rekja starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga ([7]) og tilskipun ráðsins 2002/83/EB frá 8. nóvember 2002 um líftryggingar ([8]), skulu undanskilin.

11) Tilskipun þessi gildir ekki um aðila ef starfsemi þeirra felst í því að veita eingöngu móðurfélögum sínum, dótturfélögum sínum eða öðrum dótturfélögum móðurfélaga sinna fjárfestingarþjónustu en veita hana ekki þriðja aðila.

12) Aðilar, sem veita einungis tilfallandi fjárfestingarþjónustu í tengslum við atvinnustarfsemi sína, skulu heldur ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar að því tilskildu að starfsemin sé reglufest og viðeigandi reglur banni ekki tilfallandi fjárfestingarþjónustu.

13) Tilskipun þessi ætti ekki að taka til aðila sem veita fjárfestingarþjónustu sem felst eingöngu í því að stjórna fjárfestingarsjóðum starfsmanna og veita því ekki þriðju aðilum fjárfestingarþjónustu.

14) Útiloka ber frá gildissviði þessarar tilskipunar seðlabanka og aðra opinbera aðila sem gegna sambærilegu hlutverki, svo og opinbera aðila

---

([6]) Stjtíð. EB 56, 4.4. 1964, bls. 878/64. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 1972.

([7]) Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/87/EB.

([8]) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1.

sem sjá um stjórnun ríkisskulda eða hafa afskipti af stjórnun þeirra, þetta á einnig við um það hvernig lánsfé er ráðstafað til fjárfestinga, þó ekki þær aðila sem eru að einhverju eða öllu leyti í eigu ríkisins og gegna viðskiptalegu hlutverki eða tengjast öflun eignarhluta.

15) Útiloka ber frá gildissviði þessarar tilskipunar fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu og líftryggingarsjóði, hvort sem þau eru samræmd innan Bandalagsins eða ekki, og vörsluaðila eða rekstraraðila slíkra fyrirtækja þar sem um þau gilda sérstakar reglur sem aðlagaðar hafa verið starfsemi þeirra.

16) Til að geta notið góðs af undanþágunum frá þessari tilskipun skal viðkomandi aðili jafnan fara að skilyrðunum sem mælt er fyrir um vegna slíkra undanþágna. Ef aðili veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi og er undanþeginn þessari tilskipun vegna þess að slík þjónusta eða starfsemi er viðbót við aðalstarfsemi hans þegar hún er metin á grundvelli samstæðu fyrirtækja, skal undanþágan, sem lýtur að viðbótarþjónustu, t.d. ekki ná til hans þegar veiting þessarar þjónustu eða starfsemin hættir að vera viðbót við aðalstarfsemi hans.

17) Í því skyni að vernda fjárfesta og tryggja stöðugleika á sviði fjárfestinga þurfa aðilar sem veita þá fjárfestingarþjónustu og/eða stunda þá fjárfestingarstarfsemi, sem þessi tilskipun tekur til, að fá starfsleyfi í heimaaðildarríkjum sínum.

18) Lánastofnanir, sem hafa starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana ([9]), skulu ekki þurfa annað starfsleyfi til að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi samkvæmt þessari tilskipun. Þegar lánastofnun ákveður að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi skulu lögbær yfirvöld staðfesta að hún fari að viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar áður en starfsleyfi er veitt.

19) Í þeim tilvikum þar sem fjárfestingarfyrirtæki veitir óreglulega fjárfestingarþjónustu, eina tegund eða fleiri, sem fellur ekki undir starfsleyfi þess eða stundar óreglulega fjárfestingarstarfsemi, eina tegund eða fleiri, sem fellur ekki undir starfsleyfi þess þarf það ekki viðbótarstarfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun.

20) Í þessari tilskipun tekur móttaka og miðlun fyrirmæla einnig til þess þegar tveimur eða fleiri fjárfestum er komið í samband hverjum við annan þannig að kostur gefst á viðskiptum á milli þeirra.

21) Samkvæmt væntanlegri endurskoðun á rammanum um eiginfjárkröfur í Basel II-samningnum viðurkenna aðildarríki þörfina á að endurskoða hvort líta beri á fjárfestingarfyrirtæki, sem framfylgir fyrirmælum viðskiptavinar á grundvelli umbjóðendajöfnuðar, sem umbjóðendur og þeir falli þ.a.l. undir viðbótarkröfur um lögbundið eigið fé.

22) Í meginreglunum um gagnkvæma viðurkenningu og eftirlit heimaaðildarríkis er gengið út frá því að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna veiti ekki starfsleyfi eða afturkalli starfsleyfi þegar til að mynda efni starfsáætlana, landfræðileg staðsetning eða starfsemi, sem fer fram þá stundina, bendir ótvírætt til þess að fjárfestingarfyrirtæki hafi valið réttarkerfi tiltekins aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda í aðildarríkinu þar sem það hefur í hyggju að reka eða rekur nú þegar stærstan hluta starfsemi sinnar. Fjárfestingarfyrirtæki, sem er lögaðili, verður að hafa starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem það er með skráða skrifstofu. Fjárfestingarfyrirtæki, sem er ekki lögaðili, verður að hafa starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem það er með aðalskrifstofu. Að auki skulu aðildarríkin krefjast þess að aðalskrifstofa fjárfestingarfyrirtækis sé alltaf í heimaaðildarríkinu og starfi þar í raun og veru.

23) Fjárfestingarfyrirtæki, sem hefur starfsleyfi í heimaaðildarríki sínu, skal eiga rétt á að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi alls staðar í Bandalaginu án þess að þurfa að leita eftir sérstöku starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem það vill veita slíka þjónustu eða stunda slíka starfsemi.

24) Þar sem tiltekin fjárfestingarfyrirtæki eru undanþegin ákveðnum kvöðum, sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana ([10]), skulu þeim skylt að hafa

([9]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/87/EB.

([10]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/87/EB.

annaðhvort lágmarksstofnfé eða starfsábyrgðartryggingu eða blöndu af þessu tvennu. Við leiðréttingar á fjárhæðum tryggingarinnar skal taka tillit til leiðréttinga sem gerðar eru í samræmi við ramma tilskipunar Evrópuráðsins og þingsins frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga ([11]). Þessi tiltekna meðferð að því er varðar eiginfjárkröfur skal vera með fyrirvara um viðeigandi meðferð þessara fyrirtækja samkvæmt framtíðarbreytingum á löggjöf Bandalagsins varðandi eiginfjárkröfur.

25) Þar sem takmarka skal gildissvið varfærnisreglna við þær einingar sem skapa mótaðilaáhættu fyrir aðra þátttakendur á markaði vegna þess að þær halda veltubók í atvinnuskyni skulu einingar, sem stunda viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning, þ.m.t. hrávöruafleiður sem þessi tilskipun tekur til, auk þeirra sem veita viðskiptavinum aðalstarfsemi sinnar fjárfestingarþjónustu fyrir afleidd vöruskuldaskjöl til viðbótar við aðalstarfsemi sína, þegar hún er metin á grundvelli samstæðu fyrirtækja, að því tilskildu að þessi aðalstarfsemi felist ekki í því að veita fjárfestingarþjónustu í skilningi þessarar tilskipunar, ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

26) Til þess að vernda eignarrétt fjárfestis og sambærileg réttindi í tengslum við verðbréf og réttindi hans að því er varðar fjármuni, sem fyrirtæki er trúað fyrir, skal halda þessum réttindum aðskildum frá réttindum fyrirtækisins. Þessi meginregla kemur þó ekki í veg fyrir að fyrirtækið annist viðskipti í eigin nafni fyrir hönd fjárfestis ef eðli viðskiptanna krefst þess og fjárfestir er því samþykkur, t.d. ef um er að ræða hlutabréfalán.

27) Þegar viðskiptavinur, í samræmi við löggjöf Bandalagsins, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir ([12]), afsalar sér að fullu eignarrétti sínum á fjármálagerningum eða fjármunum til fjárfestingarfyrirtækis í þeim tilgangi að tryggja eða vernda með öðrum hætti raunverulegar eða skilyrtar eða væntanlegar kvaðir, núverandi eða í framtíð, skulu slíkir fjármálagerningar eða fjármunir að sama skapi ekki lengur teljast tilheyra viðskipavininum.

28) Reglur í Bandalaginu um starfsleyfi útibúa fjárfestingarfyrirtækja, sem hafa fengið starfsleyfi í þriðju löndum, gilda áfram gagnvart slíkum fyrir tækjum. Þau útibú skulu ekki hafa frelsi til að veita þjónustu samkvæmt annarri málsgrein 49. gr. sáttmálans eða staðfesturétt í öðrum aðildarríkjum en þeim þar sem þau hafa staðfestu. Með tilliti til tilvika þar sem Bandalagið er ekki bundið af tvíhliða eða marghliða skuldbindingum er viðeigandi að kveða á um málsmeðferð sem hefur að markmiði að tryggja að fjárfestingarfyrirtæki innan Bandalagsins njóti á gagnkvæmnisgrundvelli samsvarandi kjara í hlutaðeigandi þriðju löndum.

29) Fjölgun á sviðum starfsemi, sem mörg fjárfestingarfyrirtæki stunda samtímis, hefur aukið líkurnar á hagsmunaárekstrum á milli þessarar mismunandi starfsemi og hagsmuna viðskiptavina þeirra. Því er nauðsynlegt að kveða á um reglur til að tryggja að slíkir árekstrar hafi ekki neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina þeirra.

30) Litið skal svo á að þjónusta sé veitt að frumkvæði viðskiptavinar nema ef viðskiptavinurinn fer fram á hana vegna persónubundinna skilaboða frá fyrirtækinu eða af hálfu þess til þessa tiltekna viðskiptavinar, og þau fela í sér boð eða er ætlað að hafa áhrif á viðskiptavininn að því er varðar tiltekinn fjármálagerning eða tiltekin viðskipti. Hægt er að líta svo á þjónusta sé veitt að frumkvæði viðskiptavinar þrátt fyrir að viðskiptavinurinn fari fram á hana á grundvelli skilaboða sem innihalda hvers kyns kynningu eða tilboð á fjármálagerningum sem eru almenns eðlis og ætluð eru almenningi eða stærri hópi eða flokki viðskiptavina eða hugsanlegum viðskiptavinum.

31) Eitt af markmiðum þessarar tilskipunar er að vernda fjárfesta. Ráðstafanir til að vernda fjárfesta skulu lagaðar að sérkennum hvers flokks fjárfesta (almennir fjárfestar, fagfjárfestar og mótaðilar).

32) Þrátt fyrir meginregluna um starfsleyfi í heimalandinu, eftirlit og fullnustu kvaða varðandi rekstur útibúa er viðeigandi að lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu taki á sig ábyrgð á fullnustu tiltekinna kvaða, sem tilgreindar eru í þessari tilskipun, að því er varðar viðskipti sem fara fram í útibúi innan þess yfirráðasvæðis þar sem útibúið er staðsett vegna þess að yfirvaldið er næst útibúinu og er í betri stöðu til að greina og grípa inn í brot á reglum um rekstur útibúsins.

([11]) Stjtíð. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3.
([12]) Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 43.

33) Nauðsynlegt er að koma á skilvirkri kvöð um „bestu framkvæmd“ til að tryggja að fjárfestingarfyrirtæki framfylgi fyrirmælum viðskiptavina með skilmálum sem eru viðskiptavininum hagstæðastir. Þessi kvöð gildir um fyrirtæki sem hafa samnings- eða stofnanabundnar kvaðir gagnvart viðskiptavini.

34) Til að tryggja heiðarlega samkeppni verða markaðsaðilar og fjárfestar að geta borið saman verð sem krafist er að viðskiptakerfi (þ.e. skipulegir markaðir, markaðstorg og miðlarar) birti. Með þetta að markmiði er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau fjarlægi hindranir sem gætu komið í veg fyrir sameiningu og birtingu viðeigandi upplýsinga á evrópskum vettvangi.

35) Þegar fjárfestingarfyrirtæki kemur á viðskiptatengslum við viðskiptavin gæti það beðið viðskiptavininn eða hugsanlegan viðskiptavin að samþykkja jafnframt framkvæmdastefnuna og einnig möguleikann á því að fyrirmæli hans kunni að vera framkvæmd utan skipulegs markaðar eða markaðstorgs.

36) Ekki skal líta svo á að aðilar, sem veita fjárfestingarþjónustu fyrir hönd fleiri en eins fjárfestingarfyrirtækis, séu fastir umboðsmenn heldur fjárfestingarfyrirtæki þegar þeir falla undir skil greininguna sem kveðið er á um þessari tilskipun, að undanskildum tilteknum aðilum sem kunna að njóta undanþágu.

37) Þessi tilskipun skal vera með fyrirvara um rétt fastra umboðsmanna til að stunda starfsemi sem fellur undir aðrar tilskipanir og tengda starfsemi að því er varðar fjármálaþjónustu eða fjármálaafurðir sem falla ekki undir þessa tilskipun, þar á meðal fyrir hönd annarra hluta sömu fjármálasamstæðu.

38) Þessi tilskipun tekur ekki til skilyrða fyrir starfsemi sem er stunduð utan athafnasvæðis fjárfestingafyrirtækisins (sala við húsdyr).

39) Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu ekki skrá eða afturkalla skráninguna þegar starfsemin, sem fer í reynd fram, bendir ótvírætt til þess að fastur umboðsmaður hafi valið réttarkerfi tiltekins aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda á yfirráðasvæði annars aðildarríkis þar sem hann hefur í hyggju að reka eða rekur nú þegar stærstan hluta starfsemi sinnar.

40) Í þessari tilskipun skal líta svo á að hæfir mótaðilar séu viðskiptavinir.

41) Til að tryggja að viðskiptareglum (þ.m.t. reglur um bestu framkvæmd og meðferð fyrirmæla viðskiptavina) sé framfylgt að því er varðar þá fjárfesta sem helst þarfnast þessarar verndar og til þess að endurspegla almennt viðurkennda markaðsvenju í Bandalaginu er viðeigandi að gera það ljóst að fella má viðskiptareglur niður þegar um er að ræða viðskipti sem gerð eru eða komið er til leiðar á milli hæfra mótaðila.

42) Að því er varðar viðskipti, sem fara fram á milli hæfra mótaðila, skal kvöðin um að birta skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar aðeins gilda þar sem mótaðili sendir afdráttarlaust skilyrt fyrirmæli til fjárfestingarfyrirtækis til framkvæmdar.

43) Aðildarríki skulu vernda rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs við vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([13]).

44) Til að uppfylla þau tvö markmið að vernda fjárfesta og tryggja eðlilega starfsemi verðbréfamarkaða er nauðsynlegt að tryggja að gagnsæi í viðskiptum sé náð og að reglurnar, sem mælt er fyrir um í þeim tilgangi, gildi um fjárfestingarfyrirtæki þegar þau starfa á mörkuðum. Til þess að auðvelda fjárfestum eða markaðsaðilum að meta, hvenær sem er, skilmála viðskipta með hlutabréf, sem þeir eru með í skoðun, og til að sannreyna, eftir á, skilyrðin, sem þau fóru fram í samræmi við, skal sameiginlegum reglum komið á um birtingu upplýsinga um viðskipti með hlutabréf sem lokið er og upplýsingagjöf um núverandi tækifæri til viðskipta með hlutabréf. Þessar reglur eru nauðsynlegar til að tryggja skilvirka samþættingu hlutabréfamarkaða aðildarríkja, auka skilvirkni heildarverðmyndunarferlisins fyrir eiginfjárgerninga og aðstoða við skilvirka uppfyllingu kvaða um „bestu framkvæmd“. Þessi atriði gera kröfu um yfirgripsmiklar reglur um gagnsæi sem gildi um öll viðskipti með hlutabréf óháð framkvæmd þeirra af hálfu fjárfestingarfyrirtækis á tvíhliða grunni eða á skipulegum markaði eða markaðstorgi. Kvaðir fjárfestingarfyrirtækja samkvæmt þessari tilskipun um að gefa upp kauptilboðs- og útboðsverð og að framfylgja fyrirmælum á verðtilboði aflétta

([13]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

ekki þeirri kvöð af fjárfestingarfyrirtækjum að senda fyrirmæli til annars viðskiptakerfis ef slík innmiðlun gæti komið í veg fyrir að fyrirtækið uppfylli kvaðir um „bestu framkvæmd".

45) Aðildarríkin geta beitt þeirri kvöð að tilkynna beri um viðskipti sem varða fjármálagerninga sem ekki er leyfilegt að stunda viðskipti með á skipulegum markaði.

46) Aðildarríki getur ákveðið að beita kröfunum um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti, sem mælt er fyrir um íþessari tilskipun, á fjármálagerninga aðra en hlutabréf. Í því tilviki skulu kröfurnar gilda um öll fjárfestingarfyrirtæki þar sem aðildarríkið er heimaaðildarríki fyrir starfsemi þeirra á yfirráðasvæði þess aðildarríkis og um þá starfsemi sem fram fer yfir landamæri á grundvelli frelsis til að veita þjónustu. Þær skulu líka gilda um starfsemi sem útibú fjárfestingarfyrirtækja, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þess aðildarríkis en hafa starfsleyfi í öðru aðildarríki, stunda innan yfirráðasvæðis þess.

47) Fjárfestingarfyrirtæki skulu öll hafa sömu tækifæri til að komast inn á eða hafa aðgang að skipulegum verðbréfamörkuðum alls staðar í Bandalaginu. Óháð því hvernig viðskipti eru nú skipulögð í aðildarríkjunum er mikilvægt að fella niður tæknilegar og lagalegar hömlur á aðgangi að skipulegum verðbréfamörkuðum.

48) Til að auðvelda lyktir viðskipta milli landa er viðeigandi að veita fjárfestingarfyrirtækjum aðgang að greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfum alls staðar í Bandalaginu óháð því hvort viðskipti hafi farið fram á skipulegum verðbréfamörkuðum í hlutaðeigandi aðildarríki. Fjárfestingarfyrirtæki, sem óska þess að taka beinan þátt í uppgjörskerfum annarra aðildarríkja, skulu uppfylla kröfur varðandi rekstur og viðskipti í tengslum við aðild og varfærnisráðstafanir til að viðhalda snurðulausri og skipulegri starfsemi fjármálamarkaðanna.

49) Starfsleyfi til að starfrækja skipulegan markað skulu ná til allrar starfsemi sem tengist beint birtingu, meðferð, framfylgd, staðfestingu og tilkynningu fyrirmæla frá því að slík fyrirmæli eru móttekin á skipulegum markaði og þangað til að þau eru leidd til lykta, og til starfsemi sem tengist því að leyfa viðskipti með fjármálagerninga. Þetta skal einnig taka til viðskipta sem fara fram í gegnum viðskiptavaka, sem skipulegur markaður tilnefnir, og samkvæmt markaðskerfum hans og í samræmi við reglurnar sem gilda um þau kerfi. Ekki skal líta svo á að öll viðskipti aðila eða þátttakenda á skipulegum markaði eða markaðstorgi fari fram innan markaðskerfis skipulegs markaðar eða markaðstorgs. Viðskipti, sem aðilar eða þátttakendur gera á tvíhliða grunni og samrýmast ekki öllum kvöðum sem settar hafa verið varðandi skipulegan markað eða markaðstorg samkvæmt þessari tilskipun, skulu talin viðskipti sem fara fram utan skipulegs markaðar eða markaðstorgs að því er varðar skilgreiningu á innmiðlara. Í því tilviki skal kvöð fjárfestingarfyrirtækja um að birta bindandi verðtilboð gilda ef skilyrðin, sem sett eru með þessari tilskipun, eru uppfyllt.

50) Innmiðlarar kunna að ákveða að veita aðeins almennum viðskiptavinum eða fagviðskiptavinum aðgang að verðtilboðum sínum eða báðum þessum hópum. Þeim skal ekki heimilt að mismuna viðskiptavinum innan þessara hópa.

51) Í 27. gr. er þess ekki krafist að innmiðlarar birti bindandi verðtilboð fyrir viðskipti sem eru yfir staðlaðri markaðsstærð.

52) Þar sem fjárfestingarfyrirtæki er innmiðlari með bæði hlutabréf og aðra fjármálagerninga skal kvöðin um að gefa upp verðtilboð aðeins eiga við að því er varðar hlutabréf, með fyrirvara um 46. forsendu.

53) Það er ekki markmiðið með þessari tilskipun að gera kröfu um beitingu reglna um gagnsæi áður en viðskipti, sem fara fram utan skipulegra markaða, eiga sér stað en einkenni þeirra eru m.a. þau að þau eru sértæk og óregluleg og eru við mótaðila sem fást við heildsölu, eru hluti af viðskiptatengslum sem einkennast af viðskiptum sem eru yfir staðlaðri markaðsstærð og viðskiptin fara fram utan markaðskerfa sem hlutaðeigandi fyrirtæki notar venjulega fyrir viðskipti sín sem innmiðlari.

54) Stöðluð markaðsstærð í sérhverjum flokki hlutabréfa skal ekki vera í verulegu ósamræmi við einstök hlutabréf í þeim flokki.

55) Í endurskoðaðri tilskipun 93/6/EBE skulu fastsettar lágmarkskröfur um eigið fé, sem skipulegir markaðir verða að uppfylla til að hljóta starfsleyfi, og samhliða því tekið tillit til eðlis áhættunnar sem tengist slíkum mörkuðum.

56) Rekstraraðilar skipulegs markaðar skulu einnig geta starfrækt markaðstorg í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar.

57) Ákvæðin í þessari tilskipun varðandi að leyfa viðskipti með gerninga samkvæmt reglum sem framfylgt er á skipulegum markaði skulu vera með fyrirvara um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf ([14]). Ekki skal komið í veg fyrir að á skipulegum markaði sé beitt strangari kröfum, að því er varðar útgefendur verðbréfa eða gerninga sem til greina kemur að leyfa viðskipti með, en þeim sem gerðar eru samkvæmt þessari tilskipun.

58) Aðildarríki skulu geta tilnefnt mismunandi lögbær yfirvöld til að framfylgja þeim víðtæku kvöðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Slík yfirvöld skulu vera opinber sem tryggir að þau séu óháð rekstraraðilum og kemur í veg fyrir hagsmunaárekstra. Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við innlend lög, að lögbæra yfirvaldið hafi viðeigandi fjármuni til ráðstöfunar. Tilnefning opinbers yfirvalds skal ekki útiloka að ábyrgð lögbæra yfirvaldsins sé deilt.

59) Trúnaðarupplýsingar, sem tengiliður aðildarríkis fær frá tengilið annars aðildarríkis, skulu ekki teljast alfarið innlendar.

60) Nauðsynlegt er að bæta samleitni valdheimilda lögbærra yfirvalda til að leggja grunn að sambærilegri fullnustu á hinum samþætta fjármálamarkaði. Sameiginlegar lágmarksvaldheimildir ásamt nægilegu fjármagni ættu að tryggja skilvirkt eftirlit.

61) Til að vernda viðskiptavini og með fyrirvara um rétt viðskiptavina til að höfða mál fyrir dómstólum er viðeigandi að aðildarríkin hvetji opinbera aðila eða einkaaðila, sem eiga að annast lausn deilumála utan réttar, til samstarfs við að leysa deilur yfir landamæri að teknu tilliti til tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 98/257/EB frá 30. mars 1998 um meginreglur sem gilda um aðila sem annast lausn deilumála á sviði neytendamála utan dómstóla ([15]). Þegar ákvæðum um meðferð fyrir kærur og úrlausn mála utan réttar er hrundið í framkvæmd eru aðildarríkin hvött til að nota það fyrirkomulag um samvinnu yfir landamæri sem þegar er til staðar, einkum kvörtunarnet gegn fjármálaþjónustuaðilum (FIN-Net).

62) Öll upplýsingaskipti eða -miðlun milli lögbærra yfirvalda, annarra yfirvalda, aðila eða einstaklinga skulu vera í samræmi við reglur um flutning persónuupplýsinga til þriðju landa eins og mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB.

63) Nauðsynlegt er að styrkja ákvæði um upplýsingaskipti á milli lögbærra innlendra yfirvalda og að styrkja þá aðstoðar- og samstarfsskyldu sem þau hafa hvert gagnvart öðru. Vegna aukinnar starfsemi yfir landamæri skulu lögbær yfirvöld veita hvert öðru viðeigandi upplýsingar um hvernig þau sinna hlutverki sínu til að tryggja skilvirka framkvæmd þessarar tilskipunar, þ.m.t. við aðstæður þar sem brot eða meint brot kann að varða yfirvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja. Við upplýsingaskipti ber að virða ítrustu þagnarskyldu til að tryggja snurðulausa sendingu upplýsinganna og vernd tiltekinna réttinda.

64) Á fundi sínum 17. júlí 2000 skipaði ráðið vísdómsmannanefnd sem er samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði. Í lokaskýrslu sinni gerði vísdómsmannanefndin tillögu um nýja aðferð við lagasetningu sem byggir á fjögurra þrepa aðferð, þ.e. rammareglum, framkvæmdarráðstöfunum, samstarfi og fullnustu. 1. þrep, tilskipunin, takmarkast við víðan, almennan „ramma" meginreglna en 2. þrep felur í sér tæknilegar framkvæmdarráðstafanir sem framkvæmdastjórnin ákveður með aðstoð nefndar.

65) Með ályktun, sem samþykkt var á fundi leiðtogaráðsins í Stokkhólmi 23. mars 2001, viðurkenndi það lokaskýrslu vísdómsmannanefndarinnar og fyrirhugaða fjögurra þrepa aðferð sem á að gera lagasetningarferli Bandalagsins á sviði verðbréfa skilvirkara og gagnsærra.

66) Samkvæmt fundi leiðtogaráðsins í Stokkhólmi skal beita annars þreps framkvæmdarráðstöfunum oftar til að tryggja að tæknileg ákvæði verði uppfærð til samræmis við þróun markaðs- og eftirlitsmála, einnig að setja skuli frest á öllum stigum þess starfs sem unnið er á öðru þrepi.

67) Með ályktun Evrópuþingsins frá 5. febrúar 2002 um framkvæmd löggjafar um fjármálaþjónustu var skýrsla vísdómsmannanefndarinnar sömuleiðis viðurkennd, á grundvelli drengskaparheits, sem framkvæmdastjórnin gaf þing-

([14]) Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.).

([15]) Stjtíð. EB L 115, 17.4.1998, bls. 31.

inu sama dag, og bréfs frá 2. október 2001, sem framkvæmdastjóri á sviði innri markaðar ESB sendi formanni nefndar á vegum þingsins um efnahags- og peningamál, um að standa vörð um hlutverk Evrópuþingsins í þessu ferli.

68) Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([16]).

69) Evrópuþingið skal hafa þrjá mánuði frá því að fyrstu drög að framkvæmdarráðstöfunum eru send til að kynna sér drögin og láta álit sitt í ljós. Þann tíma er þó heimilt að stytta í áríðandi og tilhlýðilega rökstuddum tilvikum. Fari ályktun í gegnum Evrópuþingið á þessu tímabili skal framkvæmdastjórnin endurskoða drögin að ráð stöfununum.

70) Með það að markmiði að taka tillit til frekari þróunar á fjármálamörkuðum skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslur um beitingu ákvæða sem varða starfsábyrgðartryggingu, gildissvið reglna um gagnsæi og hugsanlegt starfsleyfi sérhæfðra seljenda hrávöruafleiða til að teljast fjárfestingarfyrirtæki.

71) Það markmið að skapa samþættan fjármálamarkað, þar sem fjárfestar eru verndaðir á skilvirkan hátt og skilvirkni og heilleiki markaðarins í heild nýtur verndar, krefst þess að gerðar séu sameiginlegar kröfur um reglur er varða fjárfestingarfyrirtæki hvar sem þau hafa starfsleyfi í Bandalaginu og stjórn á starfsemi skipulegra markaða og annarra viðskiptakerfa til að koma í veg fyrir að ógagnsæi eða röskun á einum markaði grafi undan skilvirkri starfsemi evrópska fjármálakerfisins í heild. Sökum þess að auðveldara er að ná þessu markmiði á vettvangi Bandalagsins getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir sem eru í samræmi við dreifræðisregluna sem sett er fram í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessu markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

([16]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

## I. BÁLKUR

## SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

*1. gr.*

**Gildissvið**

1. Þessi tilskipun gildir um fjárfestingarfyrirtæki og skipulega markaði.

2. Eftirfarandi ákvæði skulu einnig gilda um lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2000/12/EB þegar þær veita fjármálaþjónustu og/eða stunda fjárfestingarstarfsemi sem tilgreind er í:

— 2. gr. (2. mgr.) 11., 13. og 14. gr.,

— II. kafla II. bálks að undanskildum öðrum undirlið 2. mgr. 23. gr.,

— III. kafla II. bálks, að undanskilinni 2.–4. mgr. 31. gr. og 2.–6. mgr., 8. mgr. og 9. mgr. 32. gr.,

— 48.–53. gr., 61. og 62. gr. og

— 1. mgr. 71. gr.

*2. gr.*

**Undanþágur**

1. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) vátryggingafélög eins og þau eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar 73/239/EBE eða líftryggingafélög eins og þau eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar 2002/83/EB eða félög sem stunda endurtryggingastarfsemina sem um getur í tilskipun 64/225/EBE,

b) aðila sem veita aðeins móðurfélögum sínum, dótturfélögum sínum eða öðrum dótturfélögum móðurfélaga sinna fjárfestingarþjónustu,

c) aðila sem veita tilfallandi fjárfestingarþjónustu í tengslum við atvinnustarfsemi sína sem er reglufest með laga- eða reglugerðarákvæðum eða siðareglum sem útiloka ekki að slík þjónusta sé veitt,

d) aðila sem veita ekki fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi aðra en viðskipti fyrir eigin reikning nema að þeir séu viðskiptavakar eða stundi viðskipti fyrir eigin reikning utan skipulegs markaðar eða markaðstorgs með skipulegum, tíðum og kerfisbundnum hætti með því að veita þriðju aðilum aðgang að kerfi til að stunda viðskipti við þá,

e) aðila sem veita aðeins fjárfestingarþjónustu í tengslum við stjórnun á fjárfestingarsjóðum starfsmanna,

f) aðila sem veita aðeins móðurfélögum sínum, dótturfélögum sínum eða öðrum dótturfélögum móðurfélaga sinna fjárfestingarþjónustu sem felst aðeins í að stjórna fjárfestingarsjóðum starfsmanna og að veita fjárfestingarþjónustu,

g) aðila að seðlabankakerfi Evrópu og aðra innlenda aðila sem gegna sambærilegum hlutverkum og aðra opinbera aðila sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun skulda ríkissjóðs,

h) fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu og lífeyrissjóði hvort sem þau eru samræmd innan Bandalagsins eða ekki og vörsluaðila og rekstraraðila slíkra fyrirtækja,

i) aðila sem stunda viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning eða veita viðskiptavinum aðalstarfsemi sinnar fjárfestingarþjónustu í hrávöruafleiðum eða afleiddum samningum, sem er að finna í 10. lið C þáttar I. viðauka, svo fremi sem það er viðbótarstarfsemi við aðalstarfsemi þeirra þegar hún er metin á grundvelli samstæðu fyrirtækja og að aðalstarfsemin felist ekki í því að veita fjárfestingarþjónustu í skilningi þessarar tilskipunar eða bankaþjónustu samkvæmt tilskipun 2000/12/EB,

j) aðila sem veita fjárfestingarráðgjöf meðfram því að veita aðra þjónustu í atvinnuskyni sem ekki fellur undir þessa tilskipun að því tilskildu að ekki sé launað sérstaklega fyrir að veita slíka ráðgjöf,

k) aðila sem hafa þá aðalstarfsemi að stunda viðskipti fyrir eigin reikning með hrávörur og/eða hrávöruafleiður. Þessi undantekning gildir ekki þegar aðilarnir sem stunda viðskipti með hrávörur eða hrávöruafleiður fyrir eigin reikning eru hluti af samstæðu sem hefur þá aðalstarfsemi að veita aðra fjárfestingarþjónustu í skilningi þessarar tilskipunar eða bankaþjónustu samkvæmt tilskipun 2000/12/EB,

l) fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu og/eða stunda fjárfestingarstarfsemi sem felst eingöngu í því að stunda viðskipti fyrir eigin reikning á mörkuðum fyrir framtíðarsamninga eða valréttarsamninga eða aðrar afleiður og á peningamörkuðum eingöngu í þeim tilgangi að baktryggja stöður á afleiðumörkuðum, eða sem stunda viðskipti fyrir reikning annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum eða gefa upp verð til þeirra sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast og þar sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast að staðið sé við samninga sem slík fyrirtæki gera,

m) samtök sem danskir og finnskir lífeyrissjóðir koma á fót í þeim tilgangi einum að stjórna eignum þeirra lífeyrissjóða sem eiga aðild að þessum samtökum,

n) „agenti di cambio“ en starfsemi þeirra og hlutverk fellur undir 201. gr. ítalsks lagaúrskurðar nr. 58 frá 24. febrúar 1998.

2. Þau réttindi sem þessi tilskipun veitir taka ekki til þess að veita þjónustu í hlutverki mótaðila í viðskiptum sem opinberir aðilar, sem fást við skuldir ríkissjóðs, annast eða til aðila að seðlabankakerfi Evrópu sem leysa verkefni sín af hendi eins og kveðið er á um í stofnsáttmála og stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu eða sem gegna sambærilegu hlutverki samkvæmt innlendum ákvæðum.

3. Til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkunum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 64. gr., með fyrirvara um undanþágur c-, i- og k-liðar, skilgreint viðmiðanir um það hvenær unnt er að ákvarða að starfsemi sé viðbót við aðalstarfsemi á grundvelli samstæðu fyrirtækja og einnig um það hvenær starfsemi teljist vera tilfallandi.

*3. gr.*

**Valfrjálsar undanþágur**

1. Aðildarríki geta kosið að beita þessari tilskipun ekki gagnvart aðilum sem þau eru heimaaðildarríki fyrir:

— sem er ekki heimilt að taka til vörslu fjármuni eða verðbréf viðskiptavina og er af þeim ástæðum aldrei heimilt að setja sig í skuldastöðu gagnvart viðskiptavinum sínum og

— sem er ekki heimilt að veita fjárfestingarþjónustu nema þá sem felst í móttöku og miðlun fyrirmæla varðandi framseljanleg verðbréf og hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu og að veita fjárfestingarráðgjöf sem tengist slíkum fjármálagerningum og

— við veitingu þessarar þjónustu er eingöngu heimilt að miðla fyrirmælum til:

i) Fjárfestingarfyrirtækja sem eru með starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun,

ii) lánastofnana sem eru með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2000/12/EB,

iii) útibúa fjárfestingarfyrirtækja eða lánastofnana sem eru með starfsleyfi í þriðja landi og eru háð og fylgja varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja a.m.k. jafnstrangar og reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, tilskipun 2000/12/EB eða tilskipun 93/6/EBE,

iv) fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem eru með starfsleyfi samkvæmt lögum aðildarríkis til að bjóða hlutdeildarskírteini út á almennum markaði og til stjórnenda slíkra fyrirtækja,

v) fjárfestingarfélaga með fastan höfuðstól samkvæmt skilgreiningu 4. mgr. 15. gr. annarrar tilskipunar ráðsins 77/91/EBE frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([17]) þar sem verðbréf þeirra eru skráð eða verslað með þau á skipulegum markaði í aðildarríki,

að því tilskildu að starfsemi slíkra aðila sé reglufest á innlendum vettvangi.

2. Aðilar, sem falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar skv. 1. mgr., njóta ekki réttar til að veita þjónustu og/eða stunda starfsemi eða til að stofna útibú eins og kveðið er á um í 31. og 32. gr., eftir því sem við á.

*4. gr.*

**Skilgreiningar**

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „fjárfestingarfyrirtæki“: lögaðili með reglubundna starfsemi eða viðskipti, sem felast í því að veita þriðja aðila fjárfestingarþjónustu, og/eða sem stundar fjárfestingarþjónustu í atvinnuskyni,

Aðildarríkjum er heimilt að telja til skilgreiningar á fjárfestingarfyrirtækjum fyrirtæki sem eru ekki lögaðilar, að því tilskildu að:

a) lagaleg staða þeirra tryggi þriðja aðila sambærilega vernd og lögaðilar veita og

b) þau séu háð sambærilegu varfærniseftirliti sem hæfir rekstrarformi þeirra að lögum.

Ef slíkir einstaklingar annast þjónustustarfsemi sem felst í því að taka til vörslu fjármuni eða framseljanleg verðbréf þriðju aðila er þó því aðeins heimilt að telja þá til fjárfestingarfyrirtækja í skilningi þessarar tilskipunar með fyrirvara um aðrar kröfur sem eru settar í þessari tilskipun og í tilskipun 93/6/EBE, að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) réttur þriðju aðila til gerninga og fjármuna skal tryggður, einkum ef um er að ræða gjaldþrot fyrirtækisins eða eigenda þess, löghald, skuldajöfnuð eða aðrar aðgerðir af hálfu kröfuhafa fyrirtækisins eða eigenda þess,

b) fyrirtæki skal falla undir reglur sem settar eru til að hafa eftirlit með gjaldhæfi fyrirtækisins og eigenda þess,

c) ársreikningar fyrirtækisins skulu endurskoðaðir af einum eða fleiri aðilum sem hafa leyfi til endurskoðunar samkvæmt landslögum,

d) ef aðeins einn eigandi er að fyrirtækinu verður hann að gera ráðstafanir til að vernda fjárfesta ef fyrirtækið hættir rekstri eftir andlát hans, vegna vanhæfi hans eða annarra sambærilegra ástæðna,

2) „fjárfestingarþjónusta og -starfsemi“: sú þjónusta og starfsemi sem talin er upp í A-þætti I viðauka og tengist einhverjum þeirra gerninga sem taldir eru upp í C-þætti I. viðauka,

Framkvæmdastjórnin skal ákvarða í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 64. gr.:

— afleiðusamningana sem taldir eru upp í 7. lið í C-þætti I. viðauka og hafa einkenni annarra afleiðufjármálagerninga, m.a. með hliðsjón af því hvort verslað er með þá eða þeir gerðir upp í gegnum viðurkennda uppgjörsaðila eða hvort þeir eru háðir reglulegum veðköllum,

— afleiðusamningana sem taldir eru upp í 10. lið í C-þætti I. viðauka og hafa einkenni annarra afleiðufjármálagerninga, m.a. með hliðsjón af því hvort viðskipti eru stunduð með þá á skipulegum markaði eða markaðstorgi, hvort viðskipti eru stunduð með þá eða þeir gerðir upp í gegnum viðurkennda uppgjörs-

([17]) Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

aðila eða hvort þeir séu háðir reglulegum veðköllum,

3) „viðbótarþjónusta“: öll þjónusta sem talin er upp í B-þætti I. viðauka,

4) „fjárfestingarráðgjöf“: að veita viðskiptavini persónulegar ráðleggingar annaðhvort að beiðni hans eða að frumkvæði fjárfestingarfyrirtækisins að því er varðar viðskipti í einu eða fleiri tilvikum sem tengjast fjármálagerningum,

5) „framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina“: að ganga frá samningum um kaup eða sölu eins eða fleiri fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina,

6) „viðskipti fyrir eigin reikning“: viðskipti með eiginfjármagn sem leiða til þess viðskipti fara fram með einn fjármálagerning eða fleiri,

7) „innmiðlari“: fjárfestingarfyrirtæki sem verslar fyrir eigin reikning á skipulegan, tíðan og kerfisbundinn hátt fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan skipulegs markaðar eða markaðstorgs,

8) „viðskiptavaki“ er aðili sem starfar á fjármálamörkuðum og gefur sig jafnan út fyrir að vera viljugur að versla fyrir eigin reikning með því að kaupa og selja fjármálagerninga með eiginfjármagni sínu á verði sem hann ákveður,

9) „eignasafnsstýring“: eignasafnsstýring á grundvelli umboða frá einstökum viðskiptavinum ef slík eignasöfn innihalda einn eða fleiri fjármálagerninga,

10) „viðskiptavinur“: einstaklingur eða lögaðili sem fjárfestingarfyrirtæki lætur í té fjárfestingar- og/eða viðbótarþjónustu,

11) „fagviðskiptavinur“: viðskiptavinur sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka,

12) „almennur viðskiptavinur“: viðskiptavinur sem er ekki fagviðskiptavinur,

13) „markaðsrekandi“: aðili eða aðilar sem stýra og/eða reka skipulegan markað. Markaðsrekandi getur sjálfur verið skipulegi markaðurinn,

14) „skipulegur markaður“: fjölþætt markaðskerfi, sem er starfrækt og/eða stjórnað af markaðsrekanda sem sameinar eða greiðir fyrir því að mismunandi kaup- og söluhagsmunir þriðju aðila varðandi fjármálagerninga séu sameinaðir – innan markaðskerfisins og í samræmi við reglur hans sem eru ófrávíkjanlegar – þannig að það leiði til samnings um fjármálagerninga sem viðskipti eru leyfð með á markaði samkvæmt reglum hans og/eða markaðskerfum, og hefur starfsleyfi og starfar reglulega og í samræmi við ákvæði III. bálks,

15) „markaðstorg“: fjölþætt markaðskerfi sem starfrækt er af fjárfestingarfyrirtæki eða markaðsrekanda sem leiðir saman kaup- og söluhagsmuni þriðju aðila á fjármálagerningum – innan markaðskerfisins og í samræmi við reglur þess sem eru ekki valfrjálsar – á þann hátt að það leiði til samnings í samræmi við ákvæði II. bálks,

16) „skilyrt fyrirmæli“: fyrirmæli hvað varðar kaup eða sölu á fjármálagerningum með fyrirframákveðin verðmörk eða betri og með tilliti til tilgreinds magns,

17) „fjármálagerningur“: þeir gerningar sem tilgreindir eru í C-þætti I. viðauka,

18) „framseljanleg verðbréf“: þeir flokkar verðbréfa sem unnt er að versla með á fjármagnsmarkaði að undanskildum greiðsluskjölum sem eru t.d.:

   a) hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélögum eða öðrum einingum og innlánsskírteini vegna hlutabréfa,

   b) skuldabréf eða tryggð skuldaskjöl, þ.m.t. innlánsskírteini vegna slíkra verðbréfa,

   c) önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja framseljanleg verðbréf eða leiða til uppgjörs í reiðufé sem ákvarðast með tilliti til framseljanlegra verðbréfa, gjaldmiðla, vaxta eða ávöxtunarkrafna, hrávara eða annarra vísitalna eða mælikvarða,

19) „peningamarkaðsgerningar“: þeir flokkar gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, s.s. ríkisvíxlar, innlánskírteini og viðskiptabréf, að undanskildum greiðslugerningum,

20) „heimaaðildarríki“:

   a) þegar um er að ræða fjárfestingarfyrirtæki:

      i) ef fjárfestingarfyrirtækið er einstaklingur, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa hans er,

      ii) ef fjárfestingarfyrirtækið er lögaðili, aðildarríkið þar sem það er með skráða skrifstofu,

      iii) ef fjárfestingarfyrirtækið hefur enga skráða skrifstofu í samræmi við innlend

lög, aðildarríkið þar sem það er með aðalskrifstofu,

b) ef um er að ræða skipulegan markað, aðildarríkið þar sem skipulegi markaðurinn er skráður eða ef hann hefur enga skráða skrifstofu í samræmi við lög þess aðildarríkis, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa skipulega markaðarins er,

21) „gistiaðildarríki“: aðildarríki annað en heimaaðildarríkið þar sem fjárfestingarfyrirtæki er með útibú eða veitir þjónustu og/eða stundar starfsemi eða aðildarríkið þar sem skipulegur markaður sér fyrir viðeigandi ráðstöfunum sem auðvelda aðgang fjaraðila eða þátttakenda sem hafa staðfestu í því aðildarríki að viðskiptum í markaðskerfi markaðarins,

22) „lögbært yfirvald“: yfirvald sem hvert aðildarríki tilnefndir í samræmi við 48. gr. nema annað sé tekið fram í þessari tilskipun,

23) „lánastofnanir“: lánastofnanir eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 2000/12/EB,

24) „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“: rekstrarfélag eins og það er skilgreint í tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum ([18]),

25) „fastur umboðsmaður“: einstaklingur eða lögaðili sem, að fullu og skilyrðislaust, er á ábyrgð eins fjárfestingarfyrirtækis eingöngu, sem hann starfar fyrir og kynnir viðskiptavinum eða líklegum viðskiptavinum fjárfestingar og/eða viðbótarþjónustu, tekur á móti og sendir leiðbeiningar eða fyrirmæli frá viðskiptavini varðandi fjárfestingarþjónustu eða fjármálagerninga, markaðssetur fjármálagerninga og/eða veitir viðskiptavinum eða líklegum viðskiptavinum ráðgjöf varðandi þá fjármálagerninga eða -þjónustu,

26) „útibú“: starfsstöð önnur en aðalskrifstofa sem er hluti af fjárfestingarfyrirtæki, án réttarstöðu lögaðila, og veitir fjárfestingarþjónustu og/eða stundar fjárfestingarstarfsemi og sem er einnig heimilt að veita viðbótarþjónustu sem fjárfestingarfyrirtækið hefur fengið leyfi fyrir. Allar þær starfsstöðvar, sem komið hefur verið á fót í einu aðildarríki á vegum fjárfestingarfyrirtækis sem hefur aðalskrifstofu sína í öðru aðildarríki, ber að telja sem eitt útibú,

27) „virk eignarhlutdeild“: bein eða óbein eignarhlutdeild í fjárfestingarfyrirtæki sem nemur 10% eða meira af höfuðstóli eða atkvæðisrétti, eins og getið er í 92. gr. tilskipunar 2001/34/EB, eða annað sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun fjárfestingarfyrirtækis sem eignarhlutdeildin er í,

28) „móðurfyrirtæki“: móðurfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([19]),

29) „dótturfyrirtæki“: dótturfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE, þ.m.t. dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis endanlegs móðurfélags,

30) „yfirráð“: yfirráð eins og þau eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

31) „náin tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast í gegnum:

a) viðskiptahagsmuni en hér er átt við eignarhald á minnst 20% atkvæðisréttar eða eigin fjár fyrirtækis, beint eða með yfirráðarétti,

b) yfirráð sem eru tengsl á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis í öllum tilvikunum sem um getur í 1. og 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis; einnig skal litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækisins sem fer fyrir þessum fyrirtækjum.

Þegar svo ber undir að tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir sama aðila með yfirráðatengslum skal einnig litið á það sem náin tengsl milli þessara aðila.

2. Til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar er framkvæmdastjórninni, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 64. gr., heimilt að skýra frekar skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar.

([18]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB (Stjtíð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35).

([19]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).

## II. BÁLKUR

### STARFSLEYFI OG SKILYRÐI FYRIR STARFSEMI FJÁRFESTINGARFYRIRTÆKJA

### I. KAFLI

### SKILYRÐI OG MÁLSMEÐFERÐ VIÐ STARFSLEYFISVEITINGU

*5. gr.*

**Kröfur vegna starfsleyfisveitingar**

1. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að það að stunda reglubundna fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi í atvinnuskyni sé ekki heimilt nema fyrir liggi starfsleyfi í samræmi við ákvæði þessa kafla. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis, sem tilnefnt er í samræmi við 48. gr., skulu veita slíkt starfsleyfi.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu aðildarríki heimila sérhverjum markaðsrekanda að starfrækja markaðstorg að því tilskildu að staðfesting hafi fengist á því að hann fylgi ákvæðum þessa kafla, að undanskilinni 11. og 15. gr.

3. Aðildarríki skulu gera skrá yfir öll fjárfestingarfyrirtæki. Þessi skrá skal vera aðgengileg almenningi og fela í sér upplýsingar um þjónustuna og/eða starfsemina sem fjárfestingarfyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir. Hún skal uppfærð reglulega.

4. Hvert aðildarríki um sig skal krefjast þess:

— að fjárfestingarfyrirtæki, sem er lögaðili, hafi aðalskrifstofu sína í sama aðildarríki og það er með skráða skrifstofu,

— að fjárfestingarfyrirtæki, sem er ekki lögaðili, eða fjárfestingarfyrirtæki, sem er lögaðili en hefur ekki skráða skrifstofu samkvæmt innlendum lögum, hafi aðalskrifstofu sína í aðildarríkinu þar sem það er í raun með starfsemi sína.

5. Þegar um er að ræða fjárfestingarfyrirtæki, sem eingöngu veita fjárfestingarráðgjöf eða þá þjónustu að taka á móti og senda fyrirmæli samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. gr., er aðildarríkjunum heimilt að leyfa lögbærum yfirvöldum að fela öðrum stjórnsýslu-, undirbúnings- eða viðbótarverkefni sem tengjast starfsleyfisveitingu í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 48. gr.

*6. gr.*

**Gildissvið starfsleyfis**

1. Heimaaðildarríkið skal tryggja að starfsleyfið tilgreini þá fjárfestingarþjónustu eða starfsemi sem fjárfestingarfyrirtækinu er leyfilegt að veita. Starfsleyfið getur náð til einnar eða fleiri tegundar viðbótarþjónustu sem sett er fram í B-þætti I. viðauka. Starfsleyfi skal aldrei veitt eingöngu til að veita viðbótarþjónustu.

2. Fjárfestingarfyrirtæki, sem leitar eftir leyfi til að rýmka viðskipti sín yfir í frekari fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi eða viðbótarþjónustu sem ekki var fyrirséð við upphaflega starfsleyfisveitingu, skal leggja inn beiðni um rýmkun starfsleyfis síns.

3. Starfsleyfið skal gilda í öllu Bandalaginu og heimila fjárfestingarfyrirtæki að veita þá þjónustu eða stunda þá starfsemi sem það hefur starfsleyfi fyrir alls staðar í Bandalaginu, annaðhvort með stofnun útibús eða frelsi til að veita þjónustu.

*7. gr.*

**Málsmeðferð við að samþykkja og hafna beiðnum um starfsleyfisveitingu**

1. Lögbært yfirvald skal ekki veita starfsleyfi fyrr en það hefur að fullu gengið úr skugga um að umsækjandinn fari að öllum kröfum ákvæða sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

b) þegar hann hefur, í kjölfar samþykkis á yfirtökutilboðinu, keypt eða gert bindandi samninga um kaup á verðbréfum sem eru ekki undir 90% af hlutafé sem ber atkvæðisrétt í félaginu, sem tilboðið tekur til, og 90% af atkvæðisréttinum sem eru innifalin í yfirtökutilboðinu,

Í tilvikinu, sem um getur í a-lið, geta aðildarríkin sett hærri viðmiðunarmörk sem mega þó ekki vera hærri en 95% af hlutafé sem ber atkvæðisrétt og 95% af atkvæðisrétti.

3. Aðildarríki skulu tryggja að í gildi séu reglur sem gera kleift að reikna hvenær viðmiðunarmarkinu er náð.

Þegar félagið, sem tilboðið tekur til, hefur gefið út fleiri en einn flokk verðbréfa geta aðildarríki kveðið á um að aðeins sé hægt að nýta réttinn til uppkaupa í flokknum þar sem viðmiðunarmarkinu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., hefur verið náð.

4. Ef tilboðsgjafinn óskar eftir að nýta réttinn til uppkaupa skal hann gera það innan þriggja mánaða frá lokum frestsins til að samþykkja yfirtökutilboðið sem um getur í 7. gr.

5. Aðildarríki skulu sjá til þess að sanngjarnt verð sé tryggt. Það verð skal vera í sama formi og endurgjaldið sem boðið er í yfirtökutilboðinu eða vera í reiðufé. Aðildarríki geta kveðið á um að í öllum tilvikum verði að bjóða reiðufé, a.m.k. sem valkost.

Í kjölfarið á valfrjálsu yfirtökutilboði, í báðum tilvikunum sem um getur í a- og b-lið 2. mgr., skal endurgjaldið, sem boðið er í yfirtökutilboðinu, teljast vera sanngjarnt þegar tilboðsgjafinn hefur, við samþykki á tilboðinu, eignast verðbréf sem eru ekki undir 90% af hlutafé með atkvæðisrétti sem felst í yfirtökutilboðinu.

Í kjölfar skyldubundins yfirtökutilboðs skal endurgjald, sem felst í tilboðinu, teljast sanngjarnt.

*16. gr.*

**Tilboðsskylda**

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að í kjölfar yfirtökutilboðs í öll verðbréf allra eigenda verðbréfa félagsins, sem tilboðið tekur til, gildi 2. og 3. mgr.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að eigandi eftirstandandi verðbréfa geti krafist þess að tilboðsgjafi kaupi verðbréf sín af honum á sanngjörnu verði við sömu aðstæður og kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr.

3. Ákvæði 3.–5. mgr. 15. gr. gilda að breyttu breytanda.

*17. gr.*

**Viðurlög**

Aðildarríkin skulu ákvarða viðurlög sem setja skal við brotum gegn innlendum ráðstöfunum sem eru samþykktar samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að þeim sé komið í framkvæmd. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir eigi síðar en þann dag, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr., og um síðari breytingar á þeim við fyrsta tækifæri.

*18. gr.*

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku verðbréfanefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun 2001/528/EB (hér á eftir nefnd „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar, að því tilskildu að framkvæmdarráðstafanirnar, sem samþykktar eru samkvæmt þessari málsmeðferð, breyti ekki grundvallarákvæðum þessarar tilskipunar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanir, sem þegar hafa verið samþykktar, skal beiting þeirra ákvæða þessarar tilskipunar, sem krefjast samþykktar tæknireglna og ákvarðana í samræmi við 2. mgr., falla úr gildi fjórum árum eftir gildistöku hennar. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að endurnýja viðkomandi ákvæði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans og skulu þau endurskoða þau áður en tímabilinu, sem um getur hér að framan, lýkur.

*19. gr.*

**Tengslanefnd**

1. Setja skal upp tengslanefnd og skal starfssvið nefndarinnar vera:

a) að auðvelda samræmda beitingu þessarar tilskipunar með reglulegum fundum þar sem fjallað er um framkvæmdarvanda sem upp kann að koma við beitingu hennar, sbr. þó 226. og 227. gr. sáttmálans.

b) að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um viðbætur eða breytingar á þessari tilskipun ef nauðsyn ber til.

2. Það skal ekki vera í verkahring tengslanefndarinnar að leggja mat á ákvarðanir sem eftirlitsyfirvöld taka í einstökum tilvikum.

*20. gr.*

**Endurskoðun**

Fimm árum eftir dagsetninguna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr., skal framkvæmdastjórnin skoða þessa tilskipun í ljósi þeirrar reynslu sem hefur verið aflað við beitingu hennar og leggja til endurskoðun hennar, ef þörf er á. Í þeirri skoðun skal felast könnun á skipulagi yfirráða og hindrunum gegn yfirtökutilboðum sem ekki falla undir þessa tilskipun.

Í því skyni skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni árlegar upplýsingar um yfirtökutilboð sem hafa verið gerð í félög sem hafa verðbréf skráð á skipulegum mörkuðum. Í upplýsingunum skal tilgreina heimaríki viðkomandi félaga, niðurstöðu tilboðanna og allar aðrar upplýsingar sem skipta máli fyrir skilning á framkvæmd yfirtökutilboða.

*21. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. maí 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*22. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

*23. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | DE ROCHE |
| *forseti.* | *forseti.* |

# 379. Frumvarp til laga [350. mál]

um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að halda og þróa Landskrá fasteigna skulu húseigendur greiða til þess sérstakt umsýslugjald á árunum 2007 og 2008. Skal gjald þetta nema 0,1‰ (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar. Skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila því til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar Landskrá fasteigna var sett á laggirnar í ársbyrjun 2001 var stigið þýðingarmikið skref í þá átt að sameina helstu skrár um fasteignir í landinu. Fyrsta skrefið í samræmingunni var myndun samhæfðs gagna- og upplýsingakerfis um allar fasteignir í landinu sem skyldi vera skrá um fasteignir, þinglýsingar fasteigna, mat fasteigna og húsaskrá Hagstofu Íslands, ásamt tengingu við þjóðskrá. Tilgangur laganna var að samræma verklag skráningaraðila við skráningu fasteigna í samhæfðri tölvuvinnslu. Í þessu tilliti var samræming réttindaskráningar sýslumanna og fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins mikilvægust. Þar sem hvert upplýsingaatriði er aðeins fært einu sinni í Landskrána sparast sú margskráning sem áður fór fram hjá ýmsum skráarhöldurum. Það hefur leitt af sér meiri áreiðanleika upplýsinga og aukið öryggi í viðskiptum enda fasteignir mikilvæg stoð viðskipta í landinu. Jafnframt var með Landskrá fasteigna lagður grunnur að skráningu eignamarka lands á tölvutæku formi sem nýtist m.a. til rekstrar landupplýsingakerfa í framtíðinni.

Sérstakt umsýslugjald var tekið upp í tengslum við að brunatryggingar voru gefnar frjálsar árið 1994 og að Fasteignamat ríkisins var falið að halda brunabótamatsskrá og annast framkvæmd brunabótamats að hluta. Nam gjaldið 0,025‰ (prómillum) af brunabótamati hverrar húseignar og rann til stofnunarinnar og ætlað til að standa undir kostnaði hennar við að halda skrá yfir brunabótamat húseigna. Við setningu laga um Landskrá fasteigna haustið 1999 var ákveðið að umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins yrði hækkað úr 0,025 ‰ í 0,1 ‰ vegna hinnar nýju Landskrár fasteigna. Á því var byggt í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar að gerð skrárinnar tæki um fjögur ár og kæmi það í hlut eigenda fasteigna að greiða fyrir gerð hennar. Af þessum sökum var ákveðið að gjaldið skyldi falla niður í árslok 2004 og eftir það yrðu tekjustofnar stofnunarinnar skoðaðir upp á nýtt.

Þegar leið að framangreindri tímasetningu varð ljóst að umræddu takmarki yrði ekki náð innan fjögurra ára. Fasteignamat ríkisins taldi að þrátt fyrir að mikil vinna hefði verið lögð í að færa og bæta Landskrána hefði verkefnið reynst viðameira og tímafrekara en upphaflega var gert ráð fyrir. Þannig var í upphafi áætlað að misræmi í upplýsingum í fasteignaskrá annars vegar og upplýsingum í þinglýsingaskrá hins vegar gæti numið allt að 10% en það reyndist hins vegar liggja á bilinu 15–33% samkvæmt upplýsingum Fasteignamatsins.

Haustið 2004 var lagt fram frumvarp fjármálaráðherra þar sem gert var ráð fyrir að innheimta umsýslugjaldsins yrði framlengd frá 2005–2008 þar sem því takmarki hefði ekki verið náð að ljúka skráningunni. Að þeim tíma liðnum yrði umræddur tekjustofn tekinn til endurskoðunar á nýjan leik. Efnahags- og viðskiptanefnd taldi að leita yrði leiða til að takmarka þann kostnað við verkið sem fasteignaeigendur bæru einir. Því lagði nefndin til að umsýslugjaldið yrði einungis innheimt með þessum hætti í tvö ár til viðbótar. Eftir það skyldi tekna aflað með öðrum hætti.

Ljóst er að mikilvægi fasteignamats fyrir ríkið hefur breyst umtalsvert frá því gerð Landskrárinnar hófst, m.a. með því að eignarskattar hafa verið aflagðir og fasteignamat er því ekki nema að litlu leyti stofn til skattheimtu ríkisins. Að sama skapi má segja að gildi fasteignamats og Landskrár fasteigna hafi aukist til mikilla muna fyrir sveitarfélögin í landinu, enda fasteignamat gjaldstofn til innheimtu fasteignaskatta, auk þess sem þjónusta við sveitarfélög hefur verið efld á þann hátt að álagning fasteignaskatta og fasteignagjalda fer fram í Landskránni frá 1. janúar 2007 og munu sveitarfélög þá jafnframt leggja af sérstakar álagningarskrár. Varðandi brunabótamatið, sem er hinn þátturinn í hinu opinbera mati ríkisins á fasteignum, hafa þau sjónarmið komið fram hvort nægileg rök standi til að halda í skyldutryggingu vegna bruna með hliðsjón af því að hún virðist einsdæmi hérlendis og er t.a.m. ekki að

finna meðal hinna Norðurlandaþjóðanna. Þrátt fyrir að talið verði rétt að viðhalda slíkri vátryggingarskyldu má hins vegar velta upp þeirri spurningu hvort haga megi mati slíkra hagsmuna í viðskiptum aðila á markaði með öðrum og haganlegri hætti en með sérstakri þátttöku opinbers aðila.

Með hliðsjón af ofangreindu og í tengslum við nauðsynlega heildarendurskoðun á fjármögnun Landskrár fasteigna hefur fjármálaráðuneytið skipað starfshóp fulltrúa ráðuneyta og hagsmunaaðila í því skyni að fara heildstætt yfir helstu kosti og galla núverandi tilhögunar í fasteignaskráningu og fasteignamati á vegum hins opinbera og leggja mat á það hvort ástæða sé til að breyta í einhverju núverandi skipan þessara mála. Starfshópurinn er skipaður fulltrúum dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sambands íslenskra tryggingafélaga.

Þrátt fyrir að stefnt sé að því að niðurstöður starfshópsins liggi fyrir eins fljótt og kostur er þykir rétt, með hliðsjón af umfangi starfsins og því að starfshópurinn hefur nýlega verið skipaður, að leggja til að núverandi fjármögnun Fasteignamats ríkisins verði framlengd enn um sinn til tveggja ára. Þegar niðurstöður starfshópsins liggja fyrir mun ráðuneytið gera tillögur um þær breytingar sem nauðsynlegt verður talið að gera á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, þar á meðal varðandi heildarfjármögnun stofnunarinnar til framtíðar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Gerð er tillaga um að framlengja innheimtu umsýslugjalds fyrir árið 2007 og 2008.

Um 2. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2007 þegar núgildandi bráðabirgðaákvæði fellur úr gildi.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.**

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, skulu húseigendur greiða umsýslugjald sem nemur 0,1‰ (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar á árunum 2005 og 2006. Umsýslugjaldinu hefur verið varið til að standa straum af hluta kostnaðar Fasteignamats ríkisins við að byggja upp og halda Landskrá fasteigna. Umsýslugjaldið var upphaflega lagt á tímabundið á árunum 2000–2004 til að fjármagna uppbyggingu Landskrárinnar sem áformað var að tæki fjögur ár. Að þeim tíma liðnum var ennþá talsvert óunnið af verkefninu og með lögum sem sett voru undir lok ársins 2004 var gjaldtakan því framlengd í tvö ár í viðbót. Samkvæmt núgildandi bráðabirgðaákvæði fellur umsýslugjaldið því niður í lok yfirstandandi árs. Skipaður hefur verið starfshópur með fulltrúum ráðuneyta og hagsmunaaðila sem ætlað er að fara heildstætt yfir fjármögnun og fyrirkomulag fasteignaskráningar, fasteignamats og brunabótamats á vegum hins opinbera. Í tengslum við það er í þessu frumvarpi lagt til að þessi þáttur í fjármögnun Landskrárinnar hjá Fasteigna-

mati ríkisins verði framlengdur enn um sinn til tveggja ára. Eftir að niðurstöður starfshópsins liggja fyrir er gert ráð fyrir að lagðar verði fram tillögur um fjármögnun þessa verkefnis og stofnunarinnar í heild til lengri tíma litið. Á tímabilinu 2000–2006 voru tekjur af umsýslugjaldinu til uppbyggingar á Landskránni um 1,6 milljarðar króna. Árlegar tekjur hafa vaxið nokkuð ört enda hefur stofn brunbótamats í landinu stækkað mjög á undanförnum árum og eru tekjurnar áætlaðar 325 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Ef reiknað er með því að tekjurnar verði óbreyttar næstu tvö árin ættu þær þá að skila um 650 m.kr. til viðbótar þannig að alls hafi þá um 2,3 milljarðar króna runnið til verkefnisins.

Fjárreiður Fasteignamats ríkisins eru settar fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 miðað við að umsýslugjaldið falli á brott í samræmi við núgildandi lög. Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir að við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins verði lagðar fram tillögur um að auka fjárheimildir stofnunarinnar um 152,5 m.kr. til að ráðstafa tekjunum af umsýslugjaldinu til að halda og þróa Landskrána. Þær fjárheimildir eru þær sömu og felldar voru niður við undirbúning fjárlagafrumvarpsins og verða fjárveitingar til stofnunarinnar þá óbreyttar að þessu leyti. Munu útgjöld ríkissjóðs þá aukast sem því nemur miðað við núgildandi lagaákvæði.

## 380. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2006.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

**Vanáætluð útgjöld.**

Eins og oft áður kemur nú berlega í ljós að lítið er að marka fjárlög ársins. Bæði gjöld og tekjur fara langt fram úr því sem fjárlögin gerðu ráð fyrir. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um rúmlega 14,3 milljarða kr. Að auki er við 2. umræðu lögð til tæplega 4,9 milljarða kr. aukning útgjalda. Með samþykkt fyrirliggjandi frumvarps og breytingartillagna við það aukast fjárheimildir ársins um 19,2 milljarða kr. á árinu 2006 eða um 6% af fjárlögum.

**Vanáætlaðar tekjur.**

Tekjur ríkissjóðs eru einnig verulega vanáætlaðar og verða mun meiri en gert var ráð fyrir. Þannig er gert ráð fyrir rúmlega 40 milljörðum kr. í auknar tekjur í frumvarpinu og rúmlega 4 milljörðum kr. til viðbótar samkvæmt breytingartillögum 1. minni hluta fjárlaganefndar. Frávikið nemur um 13% af fjárlögum. Stærstan hluta má skýra annars vegar með því að gert er ráð fyrir 26,2 milljörðum kr. í auknar skatttekjur á lögaðila og einstaklinga og hins vegar 12,5 milljörðum kr. í auknar skatttekjur á vörur og þjónustu.

**Brostnar forsendur fjárlaga.**

Þetta er síður en svo í fyrsta skipti sem málum er þannig háttað og vekur upp spurningar um þær forsendur sem tekjuhlið fjárlaga er byggð á. Eins og fyrri daginn eru talsverð frávik á milli þeirra forsendna sem lagt var af stað með og þess sem raunin verður. Ekki síst er alvarlegt að sjá hversu mikið viðskiptahallinn hefur vaxið og hefur hann sjaldan verið meiri enda er útflutningur minni en reiknað var með en innflutningur mun meiri.

| Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar, % | Fjárlög 2006 | Áætluð niðurstaða 2006 | Frávik frá fjárlögum |
|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 4,3 | 4,0 | -0,3 |
| Samneysla | 2,2 | 2,7 | 0,5 |
| Fjárfesting | 0,8 | 8,3 | 7,5 |
| Þjóðarútgjöld alls | 2,9 | 5,2 | 2,3 |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 6,2 | 3,7 | -2,5 |
| Innflutningur vöru og þjónustu | 1,9 | 5,2 | 3,3 |
| Verg landsframleiðsla | 4,6 | 4,2 | -0,4 |
| Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu | -12,2 | -18,7 | -6,5 |

Þótt það liggi í hlutarins eðli að afla þarf tekna til að standa undir meiri útgjöldum skiptir máli hvernig skattbyrðin leggst á almenning og fyrirtæki. Rétt er að benda á í þessu sambandi að þær skattalækkanir sem meiri hlutinn á Alþingi hefur ráðist í hafa einungis skilað sér til þeirra sem mestar hafa tekjurnar. Skattbyrði annarra hefur aukist verulega og þá ekki síst þeirra sem lægstar hafa tekjurnar.

**Lausung í umgengni við lög um fjárreiður ríkisins.**

Í fjáraukalögum fyrir árið 2006 birtist enn og aftur sú lausung sem ríkisstjórnin hefur tamið sér í umgengni við lög um fjárreiður ríkisins. Lögð eru til útgjöld sem ekki eiga heima í fjáraukalögum samkvæmt fjárreiðulögum. Í lögum um fjárreiður ríkisins er skýrt kveðið á um tilgang fjáraukalaga. Þar segir í 44. gr.: „Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.“ Í frumvarpinu nú eru fjölmargir liðir sem alls ekki falla undir þessa grein fjárreiðulaganna og ættu betur heima í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 sem nú liggur fyrir Alþingi. Því miður er það svo að í fjáraukalagafrumvörpum undangenginna ára og nú í ár eru verkefni sem ekki ættu að vera þar. Sem dæmi má nefna að í nokkrum tilfellum er verið að bæta uppsafnaðan rekstrarvanda hjá stofnunum ríkisins sem með réttu ættu að koma inn á fjárlög næsta árs ef rétt væri að málum staðið. Er það afar tilviljanakennt hvaða stofnanir fá slíkar leiðréttingar á fjáraukalögum á hverjum tíma. Þetta vinnulag verður að laga svo að það sama gildi fyrir allar stofnanir ríkisins og einnig svo að hægt sé að taka heildstætt á málum stofnana sem búa við viðvarandi rekstrarvanda. Fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárlaganefnd hafa samþykkt þessar tillögur ríkisstjórnarinnar inn til 2. umræðu sem sýnir að enn ætla þeir að samþykkja þessi slælegu vinnubrögð og þessa kæruleysislegu umgengni við lög um fjárreiður ríkissins. 2. minni hluti gagnrýnir þessi vinnubrögð harðlega eins og undangengin ár.

**Mikil frávik.**

Þegar farið er yfir stöðu einstakra stofnana á vegum ríkisins koma í ljós mikil frávik frá fjárlögum. Er farið vel yfir þetta í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2005 sem kom út í sumar. Þar segir m.a.:

„Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á að fjárlög hvers árs, sem samþykkt eru af Alþingi, feli í sér heimildir sem ráðuneytum og stofnunum beri að virða. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að „ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum“. Þá hefur stofnunin ítrekað bent á að mikil frávik frá fjárlögum ár eftir ár séu til marks um meira agaleysi í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga hér á landi en tíðkast í

löndum sem Ísland er gjarnan borið saman við. Frávikin hafa að meðaltali verið um 15 til 20% undanfarin ár og er fjárlagaárið 2005 engin undantekning. Slík frávik þekkjast ekki í nálægum löndum.“

2. minni hluti telur mikilvægt að á þessu verði tekið í eitt skipti fyrir öll. Verið er að ofeða vanáætla verulega á stofnanir ár eftir ár sem sýnir hve ríkisstjórnin leggur lítinn metnað í fjárlagavinnuna. Síðan er endrum og sinnum skotið inn í fjáraukalög handahófskenndum leiðréttingum á stöðu einstakra stofnana. Árið í ár er engin undantekning.

Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2005 kemur fram að fjárlagaliðir sem farið hafa 4% fram úr heimildum, og fjárlagaliðir sem eiga 4% eða meira ónýtt, séu um 68%. 68% fjárlagaliða eru með 4% eða meira í frávik. Og það sem meira er, u.þ.b. þrír af hverjum fjórum þessara fjárlagaliða hafa farið 10% fram úr eða eiga meira en 10% ónýtt. Þrír af hverjum fjórum þessara 68% eru með meira en 10% frávik.

Þessi samantekt varpar skýru ljósi á hvernig fjárlagagerðin er í höndum ríkisstjórnarmeirihlutans. Svona hefur meiri hlutinn á Alþingi látið hlutina malla í gegnum árin. Fjárheimildir og uppsafnaður vandi er látinn flæða á milli ára þannig að alla yfirsýn vantar og þetta hefur leitt til að fjárlög ríkisins eru marklaust plagg í stað þess að vera skýr rammi um rekstur ríkisins eins og þau eiga að vera. Vegna þessa eru fjárlögin ónýtt verkfæri við stjórn efnahagsmála. Ríkisstjórnin hefur með kæruleysislegri umgengni sinni um fjárlögin sýnt að ekki á að nota ríkisfjármálin sem eitt af stýritækjunum í efnahagslífinu. Fjárlögin geta ekki orðið þetta stýritæki ef heimildir velkjast aftur og aftur á milli ára. Fjárlög eiga að veita skýrt yfirlit yfir hvert ár fyrir sig svo vel megi vera. Sitjandi meiri hluti á Alþingi ætlar engu að breyta í þeim efnum.

**Kaupin á Landsvirkjun.**

Nú á milli 1. og 2. umræðu um fjáraukalög fyrir árið 2006 fer ríkisstjórnin fram á heimild fyrir 26,9 milljarða kr. lántöku vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhlut sveitarfélaga í Landsvirkjun. Samningurinn um kaupin hefur ekki verið lagður fyrir fjárlaganefnd og enn hafa kaupin ekki komið til umræðu innan þingsins með formlegum hætti. Samningurinn á eftir að koma til umræðu á Alþingi og hljóta afgreiðslu þaðan og því má áætla að greiðsla vegna kaupanna muni ekki fara fram fyrr en um áramót. Því telur 2. minni hluti rétt að spyrja hvort umræðan um kaupin og heimild til lántöku vegna þeirra ætti ekki fremur heima í fjárlögum fyrir árið 2007. Óháð því hvort pólitískur ágreiningur sé um kaupin telur 2. minni hluti að réttara væri að samningur um kaupin færi rétta leið í gegnum Alþingi áður en lánsheimildir til kaupanna eru afgreiddar í fjáraukalögum.

**Fyrirséð útgjöld.**

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 er óskað eftir 60 millj. kr. fjárveitingu til Háskólans á Akureyri. Minni hlutinn á Alþingi hefur ítrekað bent á að auka þurfi fjárframlög til háskólastigsins og lögðu fulltrúar minni hlutans til breytingu á framlögum til háskóla við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006. Ein þeirra tillagna var hækkun á framlagi til Háskólans á Akureyri um 100 millj. kr. vegna fyrirséðs vanda sem skólinn var kominn í. Ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi felldi þá breytingartillögu. Þetta er skýrt dæmi um skipulegar vanáætlanir ríkisstjórnarinnar á mikilvægum fjárlagaliðum.

Í frumvarpinu er einnig óskað eftir 240 millj. kr. hækkun á fjárlagaliðinn 1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Kemur þetta ekki á óvart enda lögðu fulltrúar í minni hluta fjárlaganefndar til við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006 að þessi liður yrði hækkaður um 250 millj. kr. með

breytingartillögu. Þá breytingartillögu felldi ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi. Þessi hækkun var því algerlega fyrirséð og undrast 2. minni hluti þessi vinnubrögð og þessar skipulegu og síendurteknu vanáætlanir menntamálayfirvalda á nemendafjölda í framhaldsskólum landsins.

**Mikil skerðing vaxtabóta.**

Í tillögu ríkisstjórnar nú við 2. umræðu um fjáraukalög 2006 er lögð til hækkun um 200 millj. kr. vegna vaxtabóta. Kemur þessi fjárhæð til vegna frumvarps fjármálaráðherra sem liggur fyrir þinginu um hækkun á eignaviðmiði sem liggur til grundvallar útreiknings vaxtabóta. Með þessari fjárhæð er ætlunin að bregðast við þeirri miklu hækkun sem orðið hefur á fasteignaverði sem hefur leitt til hækkunar á eignarhlut fasteignaeigenda í húsnæði.

Mikilvægt er að benda á í þessu samhengi að í sumar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins. Í yfirlýsingunni var kveðið á um aðgerðir til að bæta launafólki upp kaupmáttarskerðingu sem það hefur orðið fyrir, m.a. vegna mikillar verðbólgu. Í yfirlýsingunni var úrbótum á vaxtabótakerfinu lofað vegna þeirrar miklu hækkunar á húsnæðisverði sem hafði leitt til mikilla skerðinga á vaxtabótum hjá íslenskum launþegum. Auk mikilla skerðinga féllu vaxtabætur niður hjá um tíu þúsund launþegum í ár. Áætlað hefur verið að óbreytt ástand færi ríkissjóði um 700 millj. kr. í auknar tekjur. 300 millj. kr. gengu ekki út í sumar og standa því eftir á þessu fjárlagaári óráðstafaðar og er nú gert ráð fyrir að bætt verði við 200 millj. kr. samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar. Upp á vantar því að minnsta kosti 200 millj. kr. miðað við forsendur ársins 2005.

ASÍ hefur mótmælt vinnulagi ríkisstjórnarinnar og í ályktun miðstjórnar ASÍ frá 18. október segir: „Mikil hækkun fasteignaverðs á síðasta ári leiddi til þess að vaxtabætur margra skertust verulega. Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í sumar lofaði ríkisstjórnin að leiðrétta skerðinguna. Jafnframt voru gefin fyrirheit um að haft yrði náið samráð við ASÍ um útfærslu leiðréttinganna.

Nú hefur fjármálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingar á ákvæðum laga um vaxtabætur án samráðs við ASÍ. Frumvarpið, sem er samhljóða tillögum sem ASÍ hafnaði í viðræðum við ríkisstjórn í sumar, tryggir engan veginn leiðréttingu á þeirri skerðingu sem margir urðu fyrir vegna hækkaðs fasteignaverðs. Miðstjórn ASÍ lýsir furðu sinni á þessum vinnubrögðum og krefst þess að ríkisstjórnin standi við gefin loforð."

Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin ætlar enn að halda áfram að skerða vaxtabæturnar. Ef þessar tillögur verða samþykktar hefur hún hefur skert vaxtabætur frá árinu 2003 um 1,2 milljarða kr. á verðlagi dagsins í dag. 2. minni hluti fjárlaganefndar bendir á að líklega hafa vaxtabæturnar aldrei, frá því að vaxtabótakerfið var tekið upp, verið mikilvægari fyrir íslensk heimili en nú þegar há verðbólga hefur lagst á húsnæðislánin í gegnum verðtrygginguna og þyngt verulega róður íslenskra heimila. Mikilvægt er að halda því til haga að fulltrúar minni hlutans lögðu til við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006 að vaxtabætur yrðu hækkaðar um 600 millj. kr. til að mæta framangreindri skerðingu vegna hækkunar á húsnæðisverði. Vandinn var því fyrirséður og hefði verið hægt að koma í veg fyrir þær miklu skerðingar á vaxtabótunum sem mörg þúsund heimili urðu fyrir á þessu ári.

**Lokaorð.**

Ýmislegt fleira í þessu frumvarpi væri ástæða til að gera athugasemdir við. Þær athugasemdir bíða þó 3. umræðu þegar allar breytingartillögur ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar liggja fyrir og heildarmynd er komin á frumvarpið. Margoft hefur verið bent á að til

þess að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verði að tryggja að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok árs. Á þessu hefur verið mikill brestur og hending ein ræður því hvenær og hvort slíkar upplýsingar eru lagðar fyrir nefndina. Slíkar upplýsingar ættu auðvitað að vera fylgiskjal með fjárlagafrumvarpi svo að staða allra stofnana ríkisins liggi fyrir við afgreiðslu þess. Þess í stað er það afar tilviljanakennt hvaða stofnanir fá lagfæringar á stöðu sinni hverju sinni við afgreiðslu fjárauka- og fjárlaga. Eftirlitshlutverk fjárlaganefndar er mikilvægt. Framkvæmd eftirlitsins hefur þó verið lítil sem engin og telur 2. minni hluti það allri fjárlagavinnu Alþingis til mikils vansa. Blekkingarleikur með fjárlög hefur einkennt þá ríkisstjórn sem nú situr og því miður hefur meiri hluti Alþingis ekki viljað efla eftirlitshlutverk þingsins með framkvæmdarvaldinu. Meðan svo er má búast við marklitlum fjárlögum sem einungis er ætlað að bregða upp óraunhæfum glansmyndum af stöðu ríkissjóðs í stað þess að birta raunveruleikann eins og hann er.

Alþingi, 14. nóv. 2006.

Katrín Júlíusdóttir, frsm. Einar Már Sigurðarson. Helgi Hjörvar.

Guðjón A. Kristjánsson. Jón Bjarnason.

## 381. Tillaga til þingsályktunar [351. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni* að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja sem undirritaður var í júní og júlí 2006 á Höfn í Hornafirði, í Genf, Gabarone og Pretoríu.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (European Free Trade Association, EFTA, sem Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss eru aðilar að) og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja (South African Customs Union, SACU, sem Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland eru aðilar að) sem undirritaður var í júní og júlí 2006 á Höfn í Hornafirði, í Genf, Gabarone og Pretoríu. Meginmál samningsins í íslenskri þýðingu og frumtextinn á ensku er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukar og bókanir sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin hafa nú gert 16 fríverslunarsamninga sem ná til 20 ríkja/yfirráðasvæða, að samningnum við SACU-ríkin meðtöldum. Þrátt fyrir að telja samanlagt aðeins um 12 milljónir manns eru EFTA-ríkin níundi stærsti vöruútflytjandi heims. Fríverslunarsamningar EFTA ná til samtals 389 milljóna manna, auk fríverslunarstengslanna við Evrópusambandið sem telur 465 milljónir íbúa.

Samningurinn við SACU-ríkin er sérstakur að ýmsu leyti; þetta er fyrsti fríverslunarsamningurinn sem EFTA-ríkin gera við aðra viðskiptablokk og jafnframt fyrsti samningur slíkrar tegundar sem gerður er við ríki í Afríku, sunnan Sahara. Þetta er enn fremur í fyrsta skipti sem ríki sem telst til fátækustu ríkja heims verður aðili að fríverslunarsamningi við EFTA-ríkin, en Lesótó telst til slíkra ríkja. Í samningnum er tekið tillit til mismunandi þróunarstigs samningsríkjanna. EFTA-ríkin munu lækka og fella niður tolla af sínum vörum hraðar en aðildarríki SACU og samningurinn inniheldur ákvæði um sértæka meðferð í ýmsu tilliti fyrir Botsvana, Lesótó, Namibíu og Svasíland, auk ákvæða um efnahagslega samvinnu og tækniaðstoð. Samningurinn nær til viðskipta með iðnaðarvörur, þar með talið sjávarafurðir, og unnar landbúnaðarvörur. Ísland, Noregur og Sviss hafa jafnframt undirritað tvíhliða samninga við aðildarríki SACU sem munu öðlast gildi á sama tíma og fríverslunarsamningurinn. Samningsaðilar munu enn fremur leitast við að skapa og viðhalda stöðugu og gagnsæju umhverfi fyrir fjárfestingar og hafa lagt grunn að auknu frelsi á sviði þjónustuviðskipta og opinberra útboða. Ákvæði um vernd hugverkaréttinda eru byggð á gildandi alþjóðasamningum og verða tekin til endurskoðunar innan fimm ára. Samningurinn inniheldur að auki reglur um hvernig bregðast eigi við viðskiptaháttum sem vinna gegn virkri samkeppni, stofnanaákvæði og ákvæði um samráð og lausn ágreiningsmála.

## Fylgiskjal.

| | |
|---|---|
| FRÍVERSLUNARSAMNINGUR<br>MILLI<br>EFTA-RÍKJANNA<br>OG<br>TOLLABANDALAGS SUÐUR-AFRÍKURÍKJA | FREE TRADE AGREEMENT<br>BETWEEN<br>THE EFTA STATES<br>AND<br>THE SACU STATES |
| **FORMÁLSORÐ** | **PREAMBLE** |
| Lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss, aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“) | The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation, Members of the European Free Trade Association (hereinafter referred to as “the EFTA States”), |
| og | and |
| Lýðveldið Botsvana, Konungsríkið Lesótó, Lýðveldið Namibía, Lýðveldið Suður-Afríka og Konungsríkið Svasíland, sem mynda Tollabandalag Suður-Afríkuríkja (hér á eftir nefnd „SACU“ sem heild eða „SACU-ríkin“ hvert fyrir sig), | the Republic of Botswana, the Kingdom of Lesotho, the Republic of Namibia, the Republic of South Africa and the Kingdom of Swaziland, together forming the Southern African Customs Union (hereinafter referred to jointly as “SACU” or severally as “the SACU States”), |
| sem hér á eftir eru sameiginlega nefnd „samningsaðilarnir“, | hereinafter collectively referred to as “the Parties”, |
| **HAFA Í HUGA** að EFTA-ríkin og SACU-ríkin eiga þá ósk að efla tengsl sín á milli og koma á nánum og | **CONSIDERING** that the EFTA States and the SACU States wish to further strengthen their links |

varanlegum samskiptum á grundvelli samstarfs og samvinnu,

**VIÐURKENNA** að ríkisstjórnir SACU-ríkjanna hafa gert átak til þess að efla efnahagslega og félagslega þróun með þegnum sínum og að EFTA-ríkin eru fús til þess að styðja það ferli,

**MINNA Á** að samningsaðilarnir leggja ríka áherslu á þær meginreglur sem gilda um milliríkjaviðskipti og nauðsyn þess að beita þeim með gagnsæjum hætti og án mismununar,

**TAKA TILLIT TIL** réttinda og skyldna samningsaðilanna hvað varðar aðild þeirra að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (hér eftir nefnd „WTO“) og hlutdeildar þeirra í að efla enn frekar marghliða viðskiptakerfi,

**VIÐURKENNA** sérstakar þarfir og hagsmuni SACU-ríkjanna, sem þróunarríkja eða landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, og að slíkar þarfir og hagsmunir geri að verkum að um algera gagnkvæmni verði ekki að ræða að því er varðar skuldbindingar á sviði minnkunar útstreymis sem um getur í Dóha-þróunaráætluninni,

**STAÐFESTA** að samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að efla samvinnu milli svæða og efnahagssamvinnu milli landa sunnanverðrar Afríku og Evrópu og stuðla að auknu frelsi í viðskiptum milli samningsaðilanna,

**HAFA Í HUGA** að samningsaðilarnir skuldbinda sig til að tryggja að gagnkvæmt samkomulag þeirra hamli ekki svæðisbundinni samvinnu meðal EFTA-ríkjanna annars vegar og SACU-ríkjanna hins vegar,

**STEFNA AÐ ÞVÍ** að skapa ný atvinnutækifæri og bæta vinnuskilyrði og lífskjör á yfirráðasvæðum sínum og stuðla jafnframt að sjálfbærri þróun,

**ÁRÉTTA** stuðning sinn við þær meginreglur og markmið sem eru sett fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni, og

**ERU SANNFÆRÐIR UM** að þessi samningur muni skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir tengsl samningsaðilanna á sviði efnahagsmála, viðskipta og fjárfestinga,

and to establish close and lasting relations based on partnership and co-operation;

**RECOGNISING** the efforts by the governments of the SACU States to further economic and social development for their people and the willingness of the EFTA States to support this process;

**RECALLING** the importance attached by the Parties to the principles and rules which govern international trade and to the need to apply them in a transparent and non-discriminatory manner;

**TAKING ACCOUNT** of the Parties' rights and obligations in terms of their membership of the World Trade Organisation (hereinafter referred to as "the WTO") and their contribution to the further strengthening of the multilateral trading system;

**RECOGNISING** the special needs and interests of the SACU States as developing or least-developed countries and that such needs and interests be taken care of by less than full reciprocity in reduction commitments as referred to in the Doha Development Agenda;

**CONFIRMING** the commitment of the Parties to promote regional co-operation and economic integration between the countries of Southern Africa and Europe and to encourage the liberalization of trade between the Parties;

**BEARING IN MIND** the Parties' commitment to ensure that their mutual arrangements do not impede the process of regional integration among the EFTA States on the one hand and the SACU States on the other;

**DESIRING** to create new employment opportunities and to improve working conditions and living standards in their respective territories while promoting sustainable development;

**REAFFIRMING** their commitment to the principles and objectives set out in the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights; and

**CONVINCED** that this Agreement will create conditions encouraging economic, trade and investment relations between the Parties;

**HAFA ÁKVEÐIÐ**, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi samning (sem nefnist hér á eftir „þessi samningur"):

**I. KAFLI**
**ALMENN ÁKVÆÐI**

1. gr.
*Markmið.*

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði þessa samnings sem er byggður á viðskiptasamböndum milli markaðshagkerfa.
2. Markmið þessa samnings eru:
a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við hinn almenna samning um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994"),
b) að fjölga svo um munar tækifærum til fjárfestinga á fríverslunarsvæðinu,
c) að stuðla að fullnægjandi og áhrifaríkri vernd hugverkaréttinda,
d) að leggja grundvöll að frekari þróun viðskipta og efnahagstengsla sín á milli í því skyni að færa út og auka ávinninginn af samningi þessum, og
e) að stuðla þannig að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum með því að ryðja viðskiptahindrunum úr vegi.

2. gr.
*Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir þennan samning.*

Ákvæði þessa samnings eiga við um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og einstakra SACU-ríkja hins vegar eða, þar sem sérstaklega er kveðið á um það, SACU-ríkjanna í heild í nafni SACU. Hvað varðar SACU skal skilja hugtökin „samningsaðilar" eða „samningsaðili" hverju sinni út frá viðeigandi ákvæðum þessa samnings og valdsvið SACU og SACU-ríkjanna í samræmi við SACU-samninginn frá 2002 með áorðnum breytingum. Þessi samningur gildir hvorki um viðskiptatengsl milli EFTA-ríkja né viðskiptatengsl milli SACU-ríkja.

3. gr.
*Landfræðilegt gildissvið.*

1. Þessi samningur gildir, með fyrirvara um V. viðauka, um:
a) landsvæði, innhöf og landhelgi samningsaðila og loftrými yfir landsvæðinu í samræmi við reglur þjóðaréttar, svo og

**HAVE AGREED**, in pursuit of the above, to conclude the present Agreement (hereinafter referred to as "this Agreement"):

**CHAPTER I**
**GENERAL PROVISIONS**

ARTICLE 1
***Objectives***

1. The Parties hereby establish a free trade area in accordance with the provisions of this Agreement, which is based on trade relations between market economies.
2. The objectives of this Agreement are to:
(a) achieve the liberalisation of trade in goods in conformity with the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as "the GATT 1994");
(b) substantially increase investment opportunities in the free trade area;
(c) promote adequate and effective protection of intellectual property rights;
(d) establish a framework for the further development of their trade and economic relations with a view to expanding and enhancing the benefits of this Agreement; and
(e) contribute in this way to the harmonious development and expansion of world trade by the removal of barriers to trade.

ARTICLE 2
***Trade and Economic Relations Governed by this Agreement***

The provisions of this Agreement apply to the trade and economic relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, the individual SACU States or, where specifically provided for, the SACU States acting jointly as SACU. In relation to SACU, the meaning to be attributed to "Parties" or "Party" in each case is to be deduced from the relevant provisions of this Agreement and from the respective competencies of SACU and the SACU States as they follow from the SACU Agreement 2002, as amended from time to time. This Agreement applies neither to the trade relations amongst the EFTA States, nor to the trade relations amongst the SACU States.

ARTICLE 3
***Geographical Scope***

1. Without prejudice to Annex V, this Agreement shall apply:
(a) to the land territory, internal waters, and the territorial sea of a Party, and the air-space above the territory in accordance with international law; as well as

b) svæði utan landhelgi með tilliti til ráðstafana sem samningsaðili gerir í krafti fullveldisréttinda sinna eða lögsögu í samræmi við reglur þjóðaréttar.
2. Ákvæði I. viðauka eiga við um Noreg.

4. gr.
*Tengsl við aðra alþjóðasamninga.*

1. Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og öðrum samningum á grundvelli hans (hér á eftir nefndur „WTO-samningurinn“) sem þeir eiga aðild að og samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem eiga við um samskipti samningsaðila.
2. Ekkert ákvæði þessa samnings skal túlka sem undanþágu til handa samningsaðilunum frá þeim skuldbindingum sem á þeim hvíla samkvæmt öðrum alþjóðasamningum.

5. gr.
*Fríðindasamningar við þriðju lönd.*

Samningur þessi útilokar ekki að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum, samningum um landamæraviðskipti og öðrum fríðindasamningum samningsaðilanna sé við haldið, til þeirra stofnað eða þeir færðir út, svo fremi það raski ekki framkvæmd þeirra skuldbindinga sem kveðið er á um í þessum samningi. Samningsaðilarnir skulu upplýsa hverjir aðra, innan sameiginlegu nefndarinnar sem stofnuð er í samræmi við 33. gr. (hér á eftir nefnd „sameiginlega nefndin“), um slíka samninga við þriðju lönd.

## II. KAFLI
## VÖRUVIÐSKIPTI

6. gr.
*Gildissvið.*

1. Þessi kafli gildir um:
a) framleiðsluvörur sem heyra undir 25. til 98. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá (ST), með fyrirvara um ákvæði II. viðauka,

b) framleiðsluvörur, sem tilgreindar eru í III. viðauka, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeim viðauka, og
c) fisk og aðrar sjávarafurðir eins og kveðið er á um í IV. viðauka,

sem eru upprunnar í EFTA-ríki eða innan SACU í samræmi við upprunareglur sem kveðið er á um í V. viðauka.
2. SACU og hvert EFTA-ríki hafa gert með sér tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þeir samningar eru hluti af gerningum um að koma á fót fríverslunarsvæði EFTA-ríkjanna og SACU.

(b) beyond the territorial sea, with respect to measures taken by a Party in the exercise of its sovereign rights or jurisdiction in accordance with international law.
2. Annex I applies with respect to Norway.

ARTICLE 4
***Relation to Other International Agreements***

1. The Parties confirm their rights and obligations under the Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization and the other agreements negotiated thereunder (hereinafter referred to as "the WTO Agreement") to which they are parties and any other international agreement applicable between them.
2. No provision of this Agreement shall be interpreted as exempting the Parties from the obligations which are incumbent on them under other international agreements.

ARTICLE 5
***Preferential Agreements with Third Countries***

This Agreement shall not preclude the maintenance, establishment or enlargement of customs unions, free trade areas, arrangements for frontier trade and other preferential agreements of the Parties to the extent that these do not interfere with the fulfillment of obligations under this Agreement. The Parties shall inform each other in the Joint Committee established in accordance with Article 33 (hereinafter referred to as "the Joint Committee") about such agreements with third countries.

## CHAPTER II
## TRADE IN GOODS

ARTICLE 6
***Scope***

1. This Chapter shall apply to:
(a) products falling within Chapters 25 to 98 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (HS), except as provided for in Annex II;
(b) products specified in Annex III, with due regard to the arrangements provided for in that Annex; and
(c) fish and other marine products as provided for in Annex IV,

originating in an EFTA State or in SACU in accordance with the rules of origin set out in Annex V.

2. SACU and each EFTA State have concluded agreements on trade in agricultural products on a bilateral basis. These agreements form part of the instruments establishing the free trade area between

7. gr.

*Upprunareglur og samvinna stjórnvalda.*

1. Kveðið er á um upprunareglur í V. viðauka.

2. Ákvæði um gagnkvæma stjórnsýslusamvinnu á sviði tollamála er að finna í VI. viðauka.

8. gr.

*Tollar.*

1. Engir nýir tollar skulu innleiddir í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og SACU, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., nema að því marki sem kveðið er á um í þessum samningi.
2. EFTA-ríkin skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvöru sem upprunnin er í SACU.
3. SACU skal í áföngum afnema innflutningstolla á framleiðsluvöru sem upprunnin er í EFTA-ríkjunum, í samræmi við ákvæði IV. og VII. viðauka.

4. Við gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilarnir afnema alla tolla á útfluttar vörur til annarra samningsaðila, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings.
5. Til tolla teljast hvers konar tollar eða gjöld, sem eru lögð á í tengslum við inn- eða útflutning framleiðsluvöru, einnig hvers konar aukaskattar eða aukagjöld að frátöldum gjöldum sem eru lögð á, í samræmi við III., VIII. og XI. gr. GATT-samningsins frá 1994.

9. gr.

*Grunntollar.*

1. Grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi skv. IV. og VII. viðauka, skal samsvara bestukjaratollinum (hér á eftir nefndur „bestukjaratollur“) sem í gildi var 1. júlí 2003.

2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda fyrir, við eða eftir 1. júlí 2003, m.a. lækkanir í samræmi við skuldbindingar sem leiðir af marghliða samningaviðræðum á vegum WTO, skulu lækkuðu tollarnir koma í stað grunntolla, sem um getur í 1. mgr., frá þeim tíma sem lækkanirnar koma til framkvæmda eða frá og með gildistöku þessa samnings, verði hún síðar.
3. Reikna skal lækkuðu tollana í samræmi við IV. og VII. viðauka með einum aukastaf eða, þegar um ræðir sérstaka tolla, með tveimur aukastöfum.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um vörur, sem eru til rannsóknar hjá stjórnsýslunefnd Suður-Afríku um alþjóðaviðskipti, frá og með 1. júlí 2003, og taldar eru upp í VIII. viðauka og vörur sem taldar eru upp

the EFTA States and SACU.

ARTICLE 7

***Rules of Origin and Administrative Co-operation***

1. The provisions on rules of origin are set out in Annex V.
2. The provisions on mutual administrative co-operation in customs matters are set out in Annex VI.

ARTICLE 8

***Customs Duties***

1. No new customs duties shall be introduced in trade between the EFTA States and SACU, covered by paragraph 1 of Article 6, except as provided for in this Agreement.
2. The EFTA States shall, on entry into force of this Agreement, abolish all customs duties on imports of originating products from SACU.
3. SACU shall progressively reduce its customs duties on imports of originating products from the EFTA States as provided for in Annexes IV and VII.

4. The Parties shall, on entry into force of this Agreement, eliminate all customs duties on exports to the other Parties, except as provided for in this Agreement.
5. A customs duty includes any duty or charge of any kind imposed in connection with the importation or exportation of a product, including any form of surtax or surcharge, but does not include any charge imposed in conformity with Articles III, VIII and XI of the GATT 1994.

ARTICLE 9

***Basic Duties***

1. For each product the basic duty, to which the successive reductions set out in Annexes IV and VII are to be applied, shall be the most-favoured-nation (hereinafter referred to as "MFN") rate of duty applied on 1 July 2003.
2. If before, by or after 1 July 2003 any tariff reduction is applied on an erga omnes basis, in particular reductions in accordance with commitments resulting from multilateral negotiations under the WTO, such reduced duties shall replace the basic duties referred to in paragraph 1 as from the date when such reductions are applied, or from the entry into force of this Agreement if this is later.
3. The reduced duties calculated in accordance with Annexes IV and VII shall be applied rounded to the first decimal place or, in case of specific duties, to the second decimal place.
4. Paragraph 1 shall not apply to the products that are under investigation by the International Trade Administration Commission of South Africa as at 1

í töflu 1 og 2 í VII. viðauka og flokkaðar sem skrár 5 og 6.
5. Að undanskildum þeim fríðindamörkum sem eru tilgreind „vélar hluti 1 (motors partials 1)“ og „vélar hluti 2“ í 5. mgr. VII. viðauka, gildir 2. mgr. ekki um vörur sem taldar eru upp í töflu 1 og 2 í viðauka VII, sbr. flokkun í skrá 5 og 6.

10. gr.
*Takmarkanir á inn- og útflutningi.*

Ákvæði IX. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar takmarkanir á inn- og útflutningi og eru hér með felldar inn í þennan samning og eru hluti af honum.

11. gr.
*Innlend meðferð.*

Samningsaðilarnir skulu, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, beita innlendri meðferð, í samræmi við ákvæði III. gr. GATT-samningsins frá 1994, þ.á m. athugasemdum um túlkun, sem er hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

12. gr.
*Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.*

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar ríkisrekin viðskiptafyrirtæki, í samræmi við ákvæði XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulag um túlkun XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem eru hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

13. gr.
*Tæknilegar reglur, staðlar og samræmismat.*

2. For the purpose of the proper implementation of this Agreement, the Parties shall exchange information and, at the request of a Party, shall hold consultations within the Joint Committee on any matter concerning the interpretation or application of this Agreement. The Joint Committee may review the possibility of further removing obstacles to trade between the Parties.
3. The Joint Committee may take decisions in the cases provided for in this Agreement. On other matters, the Joint Committee may make recommendations to the Parties.

### ARTICLE 34
***Procedures of the Joint Committee***

1. The first meeting of the Joint Committee shall be held not later than one year after the entry into force of this Agreement. For the proper implementation of this Agreement, the Joint Committee shall, upon request of a Party, thereafter meet whenever necessary, but at least once every two years.
2. The Joint Committee shall act by consensus.

3. If a representative of a Party in the Joint Committee has accepted a decision subject to the fulfillment of constitutional requirements, the decision shall enter into force, if no later date is contained therein, on the date of receipt of the notification of the fulfillment of the necessary constitutional requirements.
4. For the purpose of this Agreement, the Joint Committee shall adopt its rules of procedure which shall, inter alia, contain provisions for convening meetings and for the designation of the Joint Chairpersons and their term of office.
5. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working parties as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks.

35. gr.
*Samráð.*

1. Samningsaðilarnir skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi. Komi í ljós að túlkun og beiting þessa samnings sé með mismunandi hætti skulu samningsaðilarnir, á grundvelli samvinnu og samráðs, gera sitt ýtrasta til að finna lausn sem hlutaðeigandi aðilar geta sætt sig við.
2. Samningsaðili getur, með skriflegum hætti, farið fram á samráð við annan samningsaðila um ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar eða önnur málefni sem hann telur að geti haft áhrif á rekstur þessa samnings. Samningsaðili, sem fer fram á samráð, skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það og veita allar viðeigandi upplýsingar.
3. Samráð skal fara fram innan sameiginlegu nefndarinnar, ef einhver samningsaðilanna fer fram á það, innan 20 daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem um getur í 2. mgr., í því skyni að finna lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við.

ARTICLE 35
***Consultations***

1. The Parties shall take all necessary measures to ensure the fulfillment of their obligations under this Agreement. Should any divergence with respect to the interpretation and application of this Agreement arise, the Parties shall make every attempt through co-operation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution.
2. A Party may request in writing consultations with another Party regarding any actual or proposed measure or any other matter that it considers might affect the operation of this Agreement. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof and supply all relevant information.

3. The consultations shall take place in the Joint Committee, if a Party so requests, within 20 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, with a view to finding a mutually satisfactory solution.

36. gr.
*Bráðabirgðaráðstafanir.*

Telji samningsaðili að annar samningsaðili hafi ekki uppfyllt skuldbindingu, samkvæmt þessum samningi, og hafi sameiginlega nefndin ekki fundið lausn, sem báðir aðilar geta sætt sig við, innan 90 daga frá því að tekið er á móti beiðni um samráð innan sameiginlegu nefndarinnar, er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera þær bráðabirgðaráðstafanir til endurskipulagningar sem teljast viðeigandi og alveg nauðsynlegar til að jafnvægi komist aftur á. Gera skal þær ráðstafanir helst sem valda sem minnstri röskun á framkvæmd samnings þessa. Tilkynna skal samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um þær ráðstafanirnar sem gerðar hafa verið og skal nefndin halda reglulega samráðsfundi í því skyni að afnema þær. Ráðstöfunum skal hætt þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur eða, ef deilan er lögð í gerð, þegar úrskurður gerðardóms liggur fyrir og honum hefur verið framfylgt.

ARTICLE 36
***Provisional Measures***

If a Party considers that another Party has failed to fulfil an obligation under this Agreement and the Joint Committee has failed to arrive at a mutually satisfactory solution within 90 days from the date of receipt of the request for consultations in the Joint Committee, the Party concerned may take such provisional rebalancing measures as are appropriate and strictly necessary to remedy the imbalance. Priority shall be given to such measures that will least disturb the functioning of this Agreement. The measures taken shall be notified immediately to the other Parties and to the Joint Committee, which shall hold regular consultations with a view to their abolition. The measures shall be abolished when conditions no longer justify their maintenance, or, if the dispute is submitted to arbitration, when an arbitral award has been rendered and complied with.

37. gr.
*Gerðardómsmeðferð.*

1. Einum deiluaðila eða fleirum er heimilt, með skriflegri tilkynningu til þess samningsaðila sem kvörtun beinist gegn, að leggja deilur í gerð sem lúta að túlkun á réttindum og skyldum samningsaðilanna, samkvæmt þessum samningi, og ekki hefur tekist að leysa, skv. 35. gr., í beinum viðræðum eða innan sameiginlegu nefndarinnar innan 90 daga frá við-

ARTICLE 37
***Arbitration***

1. Disputes between Parties, relating to the interpretation of rights and obligations of the Parties under this Agreement, which have not been settled, pursuant to Article 35, through direct consultations or in the Joint Committee within 90 days from the date of the receipt of the written request for consultations, may be referred to arbitration by one or

tökudegi skriflegrar beiðni um samráð. Senda ber öllum samningsaðilum afrit af tilkynningunni.

2. Heimilt er að leysa deilur vegna máls, er varðar bæði þennan samning og WTO-samninginn, á vettvangi annars hvors þeirra að vali kæranda. Sá vettvangur sem þannig er valinn skal notaður eingöngu. Áður en samningsaðili hefur málsmeðferð til lausnar deilumáli samkvæmt WTO-samningnum gegn einum samningsaðila eða fleirum skal hann tilkynna öllum öðrum samningsaðilum um fyrirætlan sína.

3. Gerðardómurinn skal skipaður þremur gerðarmönnum. Hver deiluaðili um sig skal tilnefna gerðarmann, innan 30 daga frá þeim degi þegar tilkynningu er veitt viðtaka, og skulu gerðarmennirnir tveir, innan 30 daga frá þeim degi þegar síðari tilnefningin fer fram, skipa þriðja gerðarmanninn sem skal sitja í forsæti gerðardómsins. Forseti gerðardómsins skal hvorki vera ríkisborgari deiluaðila né hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði hvorugs þeirra. Ef fleiri en eitt EFTA-ríki eða fleiri en eitt SACU-ríki eiga aðild að deilunni skulu þeir aðilar tilnefna einn gerðarmann í sameiningu.
4. Ef annar hvor deiluaðilinn tilnefnir ekki gerðarmann sinn eða komi tilnefndir gerðarmenn sér ekki saman um þriðja gerðarmanninn innan þess frests, sem er tilgreindur í 3. mgr., er hvorum deiluaðila um sig heimilt að fara þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins í Haag að hann annist þá skipun sem nauðsynleg er.
5. Gerðardómurinn skal setja niður deiluna í samræmi við ákvæði þessa samnings og hefðbundnar reglur um túlkun þjóðaréttar.

6. Valkvæðar reglur Alþjóðagerðardómsins í Haag um gerðardómsmeðferð deilna milli tveggja ríkja, sem öðluðust gildi 20. október 1992, gilda, nema annað sé tekið fram í þessum samningi eða deiluaðilar komi sér saman um annað.
7. Samningsaðili, sem á ekki aðild að deilunni, skal, þegar deiluaðilar fá í hendur skriflega tilkynningu, eiga rétt á að fá skriflegar greinargerðir deiluaðila afhentar og vera viðstaddur þinghald sem áheyrnarfulltrúi.
8. Ákvarðanir gerðardómsins skulu teknar með einföldum meirihluta atkvæða.
9. Deiluaðilar skulu, að öllu jöfnu, skipta kostnaði vegna gerðardóms jafnt, þ.m.t. þóknunum til gerðarmanna. Gerðardómurinn getur engu að síður ákveðið að kostnaðarhluti annars deiluaðilans skuli vera hærri, m.a. með hliðsjón af fjárhagsstöðu hlutaðeigandi samningsaðila.

more parties to the dispute by means of a written notification addressed to the Party complained against. A copy of this notification shall be communicated to all Parties.
2. Disputes on the same matter arising under both this Agreement and the WTO Agreement may be settled in either forum at the discretion of the complaining Party. The forum thus selected shall be used to the exclusion of the other. Before a Party initiates dispute settlement proceedings under the WTO Agreement against another Party or Parties, that Party shall notify all other Parties of its intention to do so.
3. The arbitral tribunal shall comprise three members. Each party to the dispute shall, within 30 days from the date of receipt of notification, nominate an arbitrator and the two arbitrators shall, within 30 days from the date of the last nomination, appoint a third arbitrator who will be the Chairperson of the arbitral tribunal. The Chairperson shall not be a national of either party to the dispute, nor permanently reside in the territory of either party to the dispute. If more than one EFTA State or more than one SACU State are parties to a dispute, these parties shall jointly nominate one arbitrator.
4. In case either party to the dispute fails to nominate its arbitrator or the nominated arbitrators fail to agree on a third member within the period specified in paragraph 3, each party to the dispute may request the President of the International Court of Justice to make the necessary appointment.

5. The arbitral tribunal shall settle the dispute in accordance with the provisions of this Agreement and the customary rules of interpretation of public international law.
6. Unless otherwise specified in this Agreement or agreed between the parties to the dispute, the Optional Rules for Arbitrating Disputes between Two States of the Permanent Court of Arbitration, effective 20 October 1992, shall apply.
7. A Party that is not a party to the dispute, on delivery of a written notice to the disputing parties, shall be entitled to receive written submissions of the disputing parties and attend all hearings as observer.
8. The arbitral tribunal shall take its decisions by majority vote.
9. The expenses of the arbitral tribunal, including the remuneration of its members, shall normally be borne by the parties to the dispute in equal shares. The arbitral tribunal may, however, at its discretion decide that a higher proportion of the expenses be paid by one of the parties to the dispute, taking into account, inter alia, the financial situations of the Parties involved.

10. Þessi grein gildir ekki um 15. gr. og III. og IV. kafla.

## VII. KAFLI
## LOKAÁKVÆÐI

38. gr.
*Þróunarákvæði.*

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að endurskoða þennan samning í ljósi frekari þróunar efnahagslegra samskipta á alþjóðavettvangi, m.a. á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, og kanna tækifæri til að þróa og styrkja enn frekar það samstarf sem þessi samningur kveður á um og fella undir hann málefni sem liggja utan við gildissvið hans. Samningsaðilarnir geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna þennan kost og leggja tillögur fyrir þá, eftir því sem við á, einkum í því skyni að hefja samningsviðræður.
2. Endurskoðun þessa samnings, viðbætur við hann og breytingar á honum, sem leiðir af málsmeðferðinni sem um getur í 1. gr., skulu vera í samræmi við ákvæði 40. gr.

39. gr.
*Viðaukar.*

Viðaukarnir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans. Sameiginlegu nefndinni er heimilt, með fyrirvara um stjórnskipuleg skilyrði hvers samningsaðila, að ákveða að breyta viðaukunum.

40. gr.
*Breytingar.*

1. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að gera tillögur um breytingar á þessum samningi til sameiginlegu nefndarinnar til umfjöllunar og samþykktar.
2. Þegar sameiginlega nefndin hefur samþykkt breytingar á þessum samningi skulu þær lagðar fyrir samningsaðila til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis, samkvæmt stjórnskipulegum skilyrðum hvers samningsaðila.
3. Breytingarnar öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu, nema samningsaðilarnir ákveði annað.
4. Texta breytinga skal afhenda vörsluaðila til vörslu.
5. Meðferðin við breytingar, sem um getur í þessari grein, gildir ekki um breytingu á viðaukunum sem um getur í 39. gr.

41. gr.
*Aðild.*

1. Sérhvert ríki, sem verður aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu eða Tollabandalagi Suður-Afríkuríkja, getur gerst aðili að samningi þessum, með þeim kjörum og skilyrðum sem samningsaðilarnir

10. This Article shall not apply to Article 15 and Chapters III and IV.

## CHAPTER VII
## FINAL PROVISIONS

ARTICLE 38
***Evolutionary Clause***

1. The Parties undertake to review this Agreement in light of further developments in international economic relations, inter alia in the framework of the WTO, and to examine the possibility of further developing and deepening the co-operation under this Agreement and to extend it to areas not covered therein. The Parties may instruct the Joint Committee to examine this possibility and, where appropriate, to make recommendations to them, particularly with a view to opening up negotiations.
2. Revisions, additions or amendments to this Agreement resulting from the procedure referred to in paragraph 1 shall be done in accordance with the provisions of Article 40.

ARTICLE 39
***Annexes***

The Annexes to this Agreement are an integral part of it. The Joint Committee may, subject to the respective constitutional requirements of the Parties, decide to amend the Annexes.

ARTICLE 40
***Amendments***

1. Any Party may submit proposals for amendments to this Agreement to the Joint Committee for consideration and approval.
2. Amendments to this Agreement shall, after approval by the Joint Committee, be submitted to the Parties for ratification, acceptance or approval in accordance with their respective constitutional requirements.
3. Unless otherwise agreed by the Parties, amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.
4. The text of the amendments shall be deposited with the Depositary.
5. The amendment procedure provided for in this Article shall not apply to the amendment of Annexes referred to in Article 39.

ARTICLE 41
***Accession***

1. Any State, becoming a Member of the European Free Trade Association, or any State, becoming a Member of the Southern African Customs Union, may accede to this Agreement, on terms and condi-

koma sér saman um. Skjal um aðild skal afhenda vörsluaðila til vörslu.

2. Að því er varðar inngönguríki skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjal þess hefur verið afhent til vörslu eða þeir samningsaðilar sem fyrir eru hafa samþykkt aðildarskilmála, hvort sem síðar verður.

42. gr.
*Uppsögn og samningsslit.*

1. Samningsaðili getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku.

2. Ef EFTA-ríki segir upp samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum niður sama dag og uppsögnin tekur gildi.

3. Ef SACU-ríki segir upp SACU-samningnum fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum niður sama dag og uppsögnin tekur gildi.

4. Ef öll EFTA-ríkin draga aðild sína til baka eða ef SACU dregur aðild sína til baka í samræmi við 1. mgr. fellur samningur þessi úr gildi.

43. gr.
*Gildistaka.*

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers samningsaðila. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.
2. EFTA-ríki eða SACU-ríki er heimilt, ef stjórnskipuleg skilyrði þess heimila það, að beita samningi þessum til bráðabirgða. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu samnings þessa samkvæmt þessari grein.
3. Samningur þessi öðlast gildi 1. júlí 2006, að því tilskildu að allir samningsaðilar hafi afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu, eða tilkynnt honum um beitingu samningsins til bráðabirgða, að minnsta kosti einum mánuði fyrir fyrrnefnda dagsetningu.
4. Ef samningur þessi öðlast ekki gildi 1. júlí 2006 skal hann öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að síðasti samningsaðilinn hefur afhent skjal sitt til vörslu eða tilkynnt um beitingu til bráðabirgða.

tions to be agreed upon by the Parties. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession, or the approval of the terms of accession by the existing Parties, whichever is later.

ARTICLE 42
***Withdrawal and Termination***

1. A Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.
2. Any EFTA State which withdraws from the Convention Establishing the European Free Trade Association shall ipso facto on the same day as the withdrawal takes effect cease to be a Party to this Agreement.
3. Any SACU State which withdraws from the SACU Agreement shall ipso facto on the same day as the withdrawal takes effect cease to be a Party to this Agreement.
4. If all the EFTA States withdraw or if SACU withdraws in accordance with paragraph 1, this Agreement shall be terminated.

ARTICLE 43
***Entry into Force***

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval in accordance with the respective constitutional requirements of the Parties. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. If its constitutional requirements permit, any EFTA State or SACU State may apply this Agreement provisionally. Provisional application of this Agreement under this paragraph shall be notified to the Depositary.
3. This Agreement shall enter into force on 1 July 2006, provided all the Parties have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval with, or notified provisional application to, the Depositary at least one month before this date.

4. In case this Agreement does not enter into force on 1 July 2006 it shall enter into force on the first day of the second month following the date on which the last Party has deposited its instrument or notified provisional application.

44. gr.
*Vörsluaðili.*

1. Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

2. Frumriti af samningi þessum skal komið í geymslu hjá SACU-skrifstofunni.
3. SACU-skrifstofan skal samræma aðgerðir SACU-ríkjanna sem miða að því að fullnægja skilmálum 40. til 43. greinar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gert í tveimur frumritum á ensku, og skal annað þeirra afhent ríkisstjórn Noregs til vörslu en hitt geymt hjá SACU-skrifstofunni. Vörsluaðili skal senda öllum samningsaðilunum staðfest endurrit.

Gjört í
hinn 2006
Fyrir hönd lýðveldisins Íslands

. . . . . .

Gjört í
hinn 2006
Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

. . . . . .

Gjört í
hinn 2006
Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

. . . . . .

Gjört í
hinn 2006
Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

. . . . . .

Gjört í
hinn 2006
Fyrir hönd Lýðveldisins Botsvana

. . . . . .

Gjört í
hinn 2006
Fyrir hönd Konungsríkisins Lesótó

. . . . . .

Gjört í
hinn 2006
Fyrir hönd Lýðveldisins Namibíu

. . . . . .

ARTICLE 44
***Depositary***

1. The Government of Norway shall act as Depositary.
2. An original copy of this Agreement shall be lodged with the SACU Secretariat.
3. The SACU Secretariat shall co-ordinate the actions of the SACU States in fulfilment of the terms of Articles 40 to 43.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done in two originals in the English language, one of which shall be deposited with the Government of Norway and the other shall be lodged with the SACU Secretariat. The Depositary shall transmit certified copies to all the Parties.

Done at
This day of 2006
For the Republic of Iceland

. . . . . .

Done at
This day of 2006
For the Principality of Liechtenstein

. . . . . .

Done at
This day of 2006
For the Kingdom of Norway

. . . . . .

Done at
This day of 2006
For the Swiss Confederation

. . . . . .

Done at
This day of 2006
For the Republic of Botswana

. . . . . .

Done at
This day of 2006
For the Kingdom of Lesotho

. . . . . .

Done at
This day of 2006
For the Republic of Namibia

. . . . . .

Gjört í
hinn 2006
Fyrir hönd Lýðveldisins Suður-Afríku
.....

Gjört í
hinn 2006
Fyrir hönd Konungsríkisins Svasílands
.....

Done at
This day of 2006
For the Republic of South Africa
.....

Done at
This day of 2006
For the Kingdom of Swaziland
.....

## 382. Fyrirspurn [352. mál]

til samgönguráðherra um hættu á vegum á Vestfjörðum.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað hefur oft þurft að loka veginum á milli Bolungavíkur og Ísafjarðar vegna grjóthruns og snjóflóða sl. fimm ár?
2. Hvað hafa á sama tímabili oft verið gefnar úr viðvaranir til vegfarenda um hættu á hruni eða snjóflóðum?
3. Hvað hafa oft fallið snjóflóð á veginn milli Ísafjarðar og Súðavíkur á sama tímabili?

## 383. Fyrirspurn [353. mál]

til samgönguráðherra um slys og umferðaróhöpp á Vestfjörðum.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað hafa á sl. tíu árum orðið mörg umferðaróhöpp annars vegar og slys hins vegar sem rekja má til ástands vegar og/eða veðurfars á leiðunum
   a. Bolungavík – Ísafjörður, og
   b. Ísafjörður – Súðavík?
2. Hvað er talið að tjón á farartækjum og vinnuvélum nemi á sama tímabili hárri upphæð á núvirði?

## 384. Fyrirspurn [354. mál]

til iðnaðarráðherra um olíuleit og rannsóknir á landgrunni Íslands.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hafa félög eða fyrirtæki sótt um leyfi til olíu- og gasleitar í íslenskri lögsögu sl. tvö ár?

2. Ef svo er, hvaða aðilar eru það og hver eru áform þeirra? Hafa íslenskum stjórnvöldum borist niðurstöður rannsókna eða áfangaskýrsla?
3. Hafa erlendir aðilar leitað upplýsinga til ráðuneytisins án þess að sækja formlega um leyfi til leitar?
4. Hvað líður rannsóknum á landgrunni Norðurlands þ.e. frá Öxarfirði yfir í Eyjafjarðarál? Hvaða vísbendingar hafa rannsóknir gefið um möguleika á olíu eða gasi og hverjar eru líkurnar á að olía eða gas finnist?
5. Er fyrirhugað eða talin þörf á að bora rannsóknarholur í Flatey á Skjálfanda eða í Grímsey til frekari rannsóknar setlaga?
6. Að hvaða málum er nú unnið að af hálfu samráðsnefndar um landgrunns- og olíuleitarmál?

**Skriflegt svar óskast.**

## 385. Fyrirspurn [355. mál]

til menntamálaráðherra um námslán fyrir skólagjöldum í íslenskum háskólum og endurgreiðslur námslána.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hve há eru árleg útlán Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna skólagjalda í íslenskum háskólum og hvert er hlutfall þeirra af heildarlánum til nemenda við hérlenda háskóla sem taka skólagjöld?
2. Hver er kostnaður sjóðsins við þessi lán og hversu mikið er talið að muni verða endurgreitt samkvæmt núgildandi reglum sjóðsins?
3. Hver er talin verða árleg útgjaldaaukning sjóðsins ef tekin verða upp skólagjöld í háskólum sem hið opinbera rekur, miðað við nemendafjöldann námsárið 2005–2006, ef skólagjöldin verða:
   a. sambærileg við skólagjöld í íslenskum háskólum sem taka skólagjöld,
   b. 300 þús. kr.,
   c. 500 þús. kr.,
   d. 700 þús. kr.,
   e. 1 millj. kr.?
4. Hversu mikill yrði kostnaður sjóðsins af slíkri útgjaldaaukningu, hversu mikið er talið mundu verða endurgreitt og á hve löngum tíma?
5. Hversu hátt hlutfall af öllum veittum lánum er talið að sjóðurinn fái endurgreitt samkvæmt núgildandi reglum sjóðsins?

**Skriflegt svar óskast.**

# 386. Tillaga til þingsályktunar [356. mál]

um að leggja niður Þjóðhátíðarsjóð.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að bæta svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða við skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, nr. 361/1977, með áorðnum breytingum:

Árlegum úthlutunum styrkja sjóðsins lýkur árið 2011. Fram að þeim tíma skal stjórn sjóðsins ráðstafa öllu fé hans til styrkveitinga í samræmi við tilgang hans.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. ákveður stjórn sjóðsins hve miklu fé skuli varið til styrkveitinga hverju sinni skv. 1. mgr.

Nú kemur í ljós, eftir að öllu fé sjóðsins hefur verið úthlutað, að styrks hefur ekki verið vitjað innan tveggja ára eftir að síðasta úthlutun sjóðsins fór fram eða að styrkur hefur ekki verið greiddur út vegna óuppfylltra skilyrða sem sett hafa verið af stjórn sjóðsins og fellur hann þá niður, sbr. 2. mgr. 7. gr. Skal stjórn sjóðsins, án þess að ákvæði 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. eigi við, ráðstafa slíku fé í samræmi við tilgang sjóðsins og að gættum ákvæðum 2. mgr. 8. gr.

Stjórn sjóðsins lýkur störfum sínum þegar síðasta úthlutun hefur átt sér stað, sbr. 1. mgr. eða við ráðstöfun fjármuna skv. 3. mgr. og þegar lokauppgjör sjóðsins hefur farið fram.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Kveðið var á um stofnun Þjóðhátíðarsjóðs í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi árið 1974, og gefin út skipulagsskrá þremur árum síðar nr. 361/1977. Í samræmi við 11. gr. skipulagsskrárinnar var hún sett samkvæmt ályktun Alþingis og staðfest 30. september 1977.

Tilgangur sjóðsins er, eftir þær breytingar sem gerðar voru á skipulagsskrá sjóðsins árið 2000, að veita styrki til stofnana og annarra aðila sem hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar sem núlifandi kynslóðir hafa tekið í arf. Gert er ráð fyrir að styrkir úr sjóðnum séu viðbótarframlög til þeirra verkefna sem styrkt eru en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

Stofnfé sjóðsins var upphaflega 300 milljónir gamalla króna og var ágóði Seðlabanka Íslands af útgáfu þjóðhátíðarmyntar í tilefni af 1100 ára búsetu hér á landi. Í upphafi var reiknað með að til sjóðsins rynni ágóði af sölu á tilefnismynt. Það hefur á hinn bóginn ekki gengið eftir. Hefur stjórn sjóðsins tilkynnt forsætisráðuneytinu að ráðstöfunartekjur sjóðsins hafi dregist verulega saman, þrátt fyrir að kannaðir hafi verið aðrir tekjumöguleikar á sviði myntútgáfu. Sé upphafleg fjárhæð framreiknuð með lánskjaravísitölu mun hún jafngilda um 345 millj. kr. Eignir sjóðsins í lok síðasta árs voru aftur á móti aðeins um 88 millj. kr. enda tekjum sjóðsins, þ.m.t. verðbótum af verðbréfaeign, verið ráðstafað í styrki á umliðnum árum.

Með því að ekki hafa fundist aðrir tekjumöguleikar fyrir sjóðinn og stjórn hans telur ólíklegt að þeir muni finnast á næstunni, hvort sem er á sviði myntútgáfu eða með öðrum hætti, er í samræmi við 11. gr. skipulagsskrárinnar lagt til að heimilað verði að leggja niður starfsemi sjóðsins. Gangi tillagan eftir munu árlegir fjármunir sjóðsins til styrkveitinga á næstu fimm árum vera um 20 millj. kr. sem er verulega hærri fjárhæð en verið hefur til ráð-

stöfunar á undanförnum árum, en á árinu 2006 úthlutaði stjórn sjóðsins samtals 2,6 millj. kr. í styrki. Með þeim hætti sem hér er lagt til verður unnt að styrkja betur áhugaverð verkefni þar sem óskað er eftir hærri fjárhæðum en sjóðurinn hefur bolmagn til að veita nú.

## 387. Svar [130. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um löggildingu starfsheitis áfengisráðgjafa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað kom út úr könnun sem ráðherra fól landlæknisembættinu að gera, sbr. svar við fyrirspurn á síðasta þingi (535. mál), um hvort löggilda ætti starfsheiti áfengisráðgjafa?*

Ráðherra óskaði eftir því við landlæknisembættið að gerð yrði athugun á því hvort löggilda ætti starfsheiti áfengisráðgjafa. Niðurstaða þeirrar könnunar var sú að embættið mælti með því að starfsheiti og starfssvið áfengisráðgjafa yrði löggilt sem áfengis- og vímuefnaráðgjafi. Landlæknir gerði tillögur til ráðuneytisins um nauðsynlega undirbúningsmenntun áfengis- og vímuefnaráðgjafa sem ráðherra hefur staðfest. Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur áfengis- og vímuefnaráðgjafa liggur fyrir og var undirrituð af ráðherra 14. nóvember sl. og send til birtingar í Stjórnartíðindum sama dag.

## 388. Frumvarp til laga [357. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Gjaldskyldum aðilum skv. 3. gr. er heimilt að selja eða afhenda olíu skv. 1. gr. án innheimtu olíugjalds í eftirtöldum tilvikum.
b. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: til nota á varðskip, kaupskip og önnur skip sem notuð eru í atvinnurekstri og skráð eru 6 metrar eða lengri.
c. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: til nota á önnur skip og báta en greinir í 1. tölul.
d. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Skilyrði sölu eða afhendingar olíu án innheimtu olíugjalds skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. er að í olíuna hafi verið bætt litar- og merkiefnum sbr. 5. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað „528/1998“ í 2. málsl. 7. mgr. kemur: 688/2005.
b. Lokamálsliður 7. mgr. orðast svo: Heildarþyngd ökutækis með farmi má ekki vera umfram gjaldþyngd þess.

3. gr.

14. gr. laganna fellur brott og breytast greinatölur samkvæmt því.

4. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisskattstjóra er heimilt við ákvörðun kílómetragjalds og/eða sérstaks kílómetragjalds að fella gjaldið niður sé það lægra en 200 kr.

5. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Komi í ljós fyrir eða eftir ákvörðun kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds skv. 14. gr. að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, ökumælir hafi verið óvirkur eða talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri af öðrum ástæðum að ökumælir sé ekki nægilega örugg heimild um akstur ökutækis skal hann skriflega skora á eiganda eða umráðamann ökutækis að láta í té skýringar og gögn um aksturinn. Fái ríkisskattstjóri innan tiltekins tíma fullnægjandi skýringar og gögn ákvarðar hann eða endurákvarðar gjald að þeim skýringum og gögnum virtum, að öðrum kosti skal ríkisskattstjóri ákvarða eða endurákvarða gjald skv. 2. mgr. Áður en ríkisskattstjóri hrindir endurákvörðun í framkvæmd skal hann skriflega gera eiganda eða umráðamanni viðvart um fyrirhugaða endurákvörðun og forsendur hennar. Skal eiganda eða umráðamanni veittur a.m.k. 15 daga frestur, frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaða endurákvörðun, til að tjá sig skriflega um efni máls og leggja fram viðbótargögn áður en úrskurður um endurákvörðun er kveðinn upp. Ríkisskattstjóri hefur jafnframt heimild, að framangreindri málsmeðferð virtri, til endurákvörðunar kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds komi í ljós að aðrar forsendur ákvörðunar hafa verið rangar, svo sem að gjaldþyngd hafi verið ranglega skráð í álestrarskrá. Ríkisskattstjóra er heimilt að falla frá endurákvörðun nemi hún lægri fjárhæð en 5.000 kr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
a. Í stað „15. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 14. gr.
b. Í stað „12., 14. og 17. gr.“ í 2. mgr. kemur: 12. og 16. gr.
c. 4. og 5. mgr. falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:
a. Á eftir orðinu „framkvæmd“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: tiltekinna þátta.
b. Í stað orðanna „sýni af eldsneyti sem notað er á skráningarskylt ökutæki“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: sýni úr eldsneytisgeymi ökutækis.
c. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Einnig er eftirlitsmönnum heimilt að taka sýni úr birgðageymum, að beiðni ríkisskattstjóra.

d. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ökumanni ökutækis er skylt að stöðva ökutæki óski eftirlitsmaður þess og heimila eftirlitsmanni að gera nauðsynlegar athuganir til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á ökutækið.
e. 3. mgr. orðast svo:

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með gjaldskyldum aðilum, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., og er heimilt að krefjast þess að fá afhent bókhald og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að starfsstöðvum og birgðastöðvum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt eftir því sem þau geta átt við.

f. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi ríkisskattstjóri grun um skattsvik eða að refsiverð brot á lögum um bókhald hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er ríkisskattstjóra heimilt að ljúka máli án þess að vísa því til skattrannsóknarstjóra ríkisins enda sé einvörðungu um að ræða brot er varðar refsingu skv. 4. eða 5. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 20. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Í stað 4. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sé ökutæki heimildarlaust í umferð án þess að það sé búið ökumæli eða ef ökumælir telur ekki eða akstur er ranglega færður eða ekki færður í akstursbók eða ef heildarþyngd ökutækis með farmi er umfram gjaldþyngd þess varðar það sektum allt að 100.000 kr.

Sé lituð olía notuð á skráningarskylt ökutæki, sbr. 3. mgr. 4. gr., varðar það sektum samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Heildarþyngd ökutækis: | Fjárhæð sektar: |
|---|---|
| 0–3.500 kg | 200.000 kr. |
| 3.501–10.000 kg | 500.000 kr. |
| 10.001–15.000 kg | 750.000 kr. |
| 15.001–20.000 kg | 1.000.000 kr. |
| 20.001 kg og þyngri | 1.250.000 kr. |

Sektarfjárhæðina skal lækka hlutfallslega þegar fyrir liggur að ekki hafi verið unnt að nota litaða olíu á skráningarskylt ökutæki, sbr. 3. mgr. 4. gr., á tveggja ára tímabili, talið frá þeim tíma er brot liggur fyrir. Sektarfjárhæð skal að hámarki lækkuð um helming. Við ítrekuð brot er heimilt að tvöfalda sektarfjárhæðina. Við sérstakar aðstæður er heimilt að lækka eða fella niður sekt samkvæmt ákvæðinu.

Skráðum eiganda ökutækis verður gerð sekt skv. 4. og 5. mgr. óháð því hvort brot megi rekja til saknæmrar háttsemi hans. Hafi umráðamaður ökutækis gerst sekur um brot skv. 4. og 5. mgr. er hann ábyrgur fyrir greiðslu sektarinnar ásamt skráðum eiganda.

b. 7. mgr. fellur brott.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Refsingar.*

9. gr.

Á eftir 20. gr. kemur ný grein og breytast greinatölur samkvæmt því. Hin nýja grein orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Málsmeðferð.*

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir skv. 19. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Um meðferð mála hjá nefndinni fer eftir lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins kemur fram af hálfu hins opinbera þegar nefndin úrskurðar sektir. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunauts ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af yfirskattanefnd skv. 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa sökunaut kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda verður brot ekki talið varða þyngri refsingu en sekt, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ríkisskattstjóra heimilt að ljúka refsimeðferð með ákvörðun sektar við brotum er varða refsingu skv. 4. eða 5. mgr. 19. gr. enda hafi málinu ekki verið vísað til skattrannsóknarstjóra ríkisins til meðferðar. Sé sekt skv. 1. málsl. greidd innan 14 daga frá ákvörðun hennar lækkar sektarfjárhæðin um 20 af hundraði. Sektarákvörðun ríkisskattstjóra er kæranleg til yfirskattanefndar innan þriggja mánaða frá póstlagningu ákvörðunar. Ríkisskattstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni vegna kæru á úrskurði hans.

Skattkröfu má hafa uppi í opinberu máli sem kann að vera höfðað vegna brota gegn lögum þessum.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

Vararefsing fylgir ekki sektarákvörðunum skattyfirvalda. Um innheimtu sekta skattyfirvalda gilda sömu reglur og um innheimtu virðisaukaskatts samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Sök skv. 19. gr. fyrnist á sex árum. Fari fram rannsókn af hálfu skattrannsóknarstjóra ríkisins eða ríkislögreglustjóra gegn aðila sem sökunaut miðast fyrningarfrestur við upphaf rannsóknar enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um sektir skv. 4. og 5. mgr. 19. gr.
b. 8. mgr. orðast svo:

Kílómetragjaldi, sérstöku kílómetragjaldi og sektum skv. 4. og 5. mgr. 19. gr. fylgir lögveðsréttur í viðkomandi ökutæki.

11. gr.

Í stað „15. gr.“ í fyrri málslið 22. gr. laganna kemur: 14. gr.

12. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2006“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum, sbr. lög nr. 81/2006 og lög nr. 70/2005, kemur: 31. desember 2007.

13. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2006“ í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum, sbr. lög nr. 81/2006 kemur: 31. desember 2007.

14. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um olíugjald og kílómetragjald.**

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 1. júlí 2005 komu til framkvæmda ný lög um olíugjald og kílómetragjald o.fl., sem leystu af hólmi eldra kerfi þungaskatts. Um heildarlög var að ræða sem höfðu í för með sér umfangsmikla kerfisbreytingu og því er eðlilegt að í kjölfarið sé farið yfir hvernig til hafi tekist og hvort einhver vandamál séu við framkvæmd hins nýja kerfis. Frá gildistöku laganna hefur þeim verið breytt þrisvar og hafa breytingarnar snúið að fjárhæð olíugjaldsins, auk þess sem breytingar voru gerðar á ákvæðum er lutu að ökutækjum í sérstakri notkun og þau skilgreind nánar ásamt því að lagt var til að vegna notkunar þeirra skyldi greitt sérstakt kílómetragjald til að gæta jafnræðis í skattlagningu þyngri ökutækja sem á er lagt bæði olíugjald og kílómetragjald.

Á vormánuðum 2006 skipaði fjármálaráðherra starfshóp sem falið var að skoða lögin heildstætt með hliðsjón af þeirri reynslu sem komin var á framkvæmd þeirra. Ráðgert er að starfshópurinn ljúki störfum á næstunni. Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er brugðist við þeim vandamálum sem hafa komið upp við framkvæmd laganna og starfshópurinn er sammála um að brýnt sé að taka á nú þegar. Önnur atriði sem komið hafa til umræðu í starfshópnum og varða kerfisbreytinguna í stærra samhengi verða áfram til skoðunar innan ráðuneytisins.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru annars vegar á III. kafla laganna, sem fjallar um kæruheimildir, refsiábyrgð og eftirlit, og hins vegar er lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds verði framlengd um eitt ár.

Í fyrsta lagi er með frumvarpinu lagt til að kveðið verði á með skýrum hætti að sala olíu um borð í varðskip og skip sem notuð eru í atvinnurekstri og skráð eru 6 metrar eða lengri sé undanþegin olíugjaldi. Við slíka afhendingu er ekki gerð krafa um að í olíuna sé bætt litar- eða merkiefnum. Í nefndaráliti fyrsta minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl. (sjá þskj. 1708 í 849. máli á 130. löggjafarþingi) kom fram að litun olíu tæki ekki til skipagasolíu sem notuð væri á kaupskipaflotann og öll stærri fiskiskip. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 283/2005, um litun á gas- og dísilolíu, er að finna ákvæði þessa efnis en rétt þykir að skjóta styrkari stoðum undir það ákvæði.

Í öðru lagi eru í frumvarpinu lagðar til umfangsmiklar breytingar á ákvæðum sem snúa að endurákvörðun, refsingu, kæruheimild, málsmeðferð og eftirliti. Ekki er lagt til að gerð

verði breyting á því hvað teljist vera refsiverð háttsemi frá því sem er í núgildandi lögum. Stefnt er að því að refsiákvæði laganna verði gagnsærri og beiting þeirra skilvirkari.

Í þriðja lagi er lagt til að tímabundin lækkun á fjárhæð olíugjalds verði framlengd. Með lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., var fjárhæð olíugjaldsins ákvörðuð 45 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu. Með lögunum var stefnt að því að útsöluverð á dísilolíu yrði ívið lægra en á bensíni með það að markmiði að gera dísilknúnar fólksbifreiðar ákjósanlegan kost við val á einkabifreið. Vegna óhagstæðrar þróunar á heimsmarkaðsverði á dísilolíu, samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni, var olíugjaldið lækkað tímabundið, úr 45 kr. í 41 kr., með lögum nr. 70/2005. Gilti sú tímabundna lækkun í sex mánuði frá gildistöku laganna um olíugjald og kílómetragjald, þ.e. frá 1. júlí til 31. desember 2005. Með lögum nr. 126/2005, um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald o.fl., var sú tímabundna lækkun framlengd til 1. júlí 2006. Lækkunin var framlengd á ný til 31. desember 2006 með lögum nr. 81/2006, um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Frá því að olíugjald var tekið upp hefur heimsmarkaðsverð á dísilolíu oftar en ekki verið hærra en heimsmarkaðsverð á bensíni. Spár gera ráð fyrir því að heimsmarkaðsverð á dísilolíu verði á næstu missirum að jafnaði hærra en heimsmarkaðsverð á bensíni. Hafa þarf í huga að nokkuð erfitt er að spá fyrir um þróun heimsmarkaðsverðs á bensíni og dísilolíu vegna ótrausts ástands í mörgum af helstu olíuframleiðsluríkjum heims. Mikilvægt er að innbyrðis samræmi sé í skattlagningu á dísilolíu og bensíni þannig að dísilknúnar fólksbifreiðar verði álitlegri kostur fyrir einstaklinga en þær hafa verið hingað til. Með vísan til framangreinds er með frumvarpi þessu lagt til að þessi tímabundna lækkun olíugjalds úr 45 kr. í 41 kr. verði framlengd til 31. desember 2007.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um að seljendum olíu innan lands sé, þrátt fyrir almenna skyldu til innheimtu olíugjalds við afhendingu olíu er fellur undir skattskyldusvið laganna, heimilt að falla frá innheimtunni við afhendingu olíu til nota á varðskip og skip í atvinnurekstri sem skráð eru 6 metrar eða lengri. Með ákvæði þessu er seljendum olíu heimilað að falla frá innheimtu olíugjalds enda er sönnunarbyrði um að uppfyllt séu skilyrði til að falla frá innheimtu gjaldsins á seljanda, þ.e. seljandanum ber að sýna fram á að hann hafi afhent olíuna til nota á skip af þeim toga sem ákvæðið tekur til. Þá er lagt til að framangreind undanþága frá innheimtu olíugjalds verði ekki bundin því skilyrði að í olíuna sé bætt litar- og/eða merkiefnum, líkt og gert er að skilyrði varðandi aðrar undanþágur sem kveðið er á um í 4. gr. laganna, þ.m.t. við afhendingu olíu til nota á önnur skip og báta.

Um 2. gr.

Breytingin í a-lið greinarinnar þarfnast ekki skýringar, en í b-lið er lagt til að skýrt verði kveðið á um að heildarþyngd ökutækis með farmi megi ekki vera umfram gjaldþyngd þess.

Um 3. gr.

Lagt er til að felld verði brott skylda ríkisskattstjóra til að endurákvarða um kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald með tilteknum hætti reynist heildarþyngd ökutækis með farmi vera umfram gjaldþyngd þess. Í stað þess er í 8. gr. frumvarpsins lagt til að við því liggi sektir. Eru þessar breytingar lagðar til vegna ýmissa annmarka sem komið hafa í ljós

við framkvæmd gildandi ákvæða. Fyrir það fyrsta leiðir reikniregla gildandi ákvæða til þess að endurákvarðaðar fjárhæðir geta reynst mjög lágar í þeim tilvikum þegar akstur ökutækis á viðkomandi tímabili hefur verið lítill en núgildandi ákvæði segir að við endurákvörðun skuli miða við akstur síðustu 60 daga. Fjárhæð kílómetragjalds í núgildandi lögum er mun lægra en það var í tíð laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Sem dæmi má nefna að af ökutæki sem við vigtun mælist 26 tonn en er með skráða gjaldþyngd 23 tonn og hefur verið ekið 3.000 kílómetra síðustu 60 daga, næmi endurákvörðun kílómetragjalds 5.400 kr. en fyrir gildistöku núgildandi laga hefði þessi fjárhæð verið mun hærri. Enn fremur er málsmeðferð samkvæmt ákvæðinu mjög þung í vöfum. Sem dæmi má nefna tilvik þegar fullnægjandi gögn um akstur eru ekki fyrir hendi eða þegar ökutækið hefur ekki verið í akstri síðustu 60 daga, t.d. vegna breytinga á eignarhaldi þess.

Um 4. gr.

Lagt er til að ríkisskattstjóra verði heimilað að falla frá álagningu kílómetragjalds og/eða sérstaks kílómetragjalds nái fjárhæð gjaldsins ekki 200 kr. Þar sem kílómetragjaldið er lágt getur það leitt til þess að álagning á eigendur léttustu ökutækjanna sem ekið er lítið verði mjög lág. Sem dæmi má nefna að 10 tonna ökutæki greiðir 0,29 kr. á hvern ekinn kílómetra. Hafi ökutækinu verið ekið um 200 kílómetra á gjaldtímabilinu verður álagningin 58 kr. Í slíkum tilvikum er kostnaður vegna innheimtunnar mun hærri en ávinningur hennar.

Um 5. gr.

Lagt er til að málsmeðferð við ákvörðun og endurákvörðun kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds verði felld að almennum málsmeðferðarreglum skattaréttar, sbr. 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og 26. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Í lokamálslið greinarinnar er lagt til að ríkisskattstjóra verði heimilað að falla frá endurákvörðun nemi hún lægri fjárhæð en 5.000 kr. Rétt þykir að miða við hærri fjárhæð en í 4. gr. frumvarpsins þar sem kostnaður og vinna við endurákvarðanir ríkisskattstjóra er mun meiri en við útsendingu greiðsluseðils vegna álagningar kílómetragjalds.

Um 6. gr.

Brottfelldar málsgreinar eru teknar upp, efnislega samhljóða í nýrri lagagrein, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til ýmsar breytingar á 19. gr. laganna. Í fyrsta lagi er tillaga um orðalagsbreytingu á 1. mgr. þar sem kveðið yrði með skýrari hætti á um að fjármálaráðherra sé heimilt að fela Vegagerðinni framkvæmd tiltekinna þátta eftirlitsins. Þá er lagt til skýrara orðalag til að tryggja eftirlitsaðila aðgang að eldsneytisgeymi ökutækis.

Í c-lið greinarinnar er lagt til að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði heimilt, að beiðni ríkisskattstjóra, að taka sýni úr birgðageymum, öðrum en eldsneytisgeymi ökutækis, t.d. birgðageymum undir eldsneyti á starfsstöðvum. Enn fremur er áréttuð sú skylda ökumanna að stöðva ökutæki að kröfu eftirlitsmanna. Sambærilega heimild er að finna í 68. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. 12. gr. laga nr. 66/2006, um breytingu á umferðarlögum.

Enn fremur er lagt til að skýrar verði kveðið á um inntak eftirlitsheimilda ríkisskattstjóra í 3. mgr. en nú er.

Í f-lið ákvæðisins er gerð tillaga um nýja málsgrein sem er í samræmi við þá meginreglu að tilkynna skuli skattrannsóknarstjóra ríkisins rökstuddan grun um refsiverð brot á skattalögum. Í síðari málslið málsgreinarinnar er lagt til að kveðið verði á um að ríkisskattstjóri geti vikið frá meginreglunni í tilviki brota sem honum er falið að ljúka með sektargerð, sbr. ákvæði 9. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að tilgreind háttsemi varði sektum allt að 100.000 kr. en um er að ræða sömu háttsemi og lýst er refsiverð í lögunum. Gert er ráð fyrir að sektarfjárhæðin verði fjárhæð að ákveðinni krónutölu en ekki afleidd af þeirri ætluðu fjárhæð sem undan er dregin líkt og í gildandi lögum, enda hefur það verið erfiðleikum bundið í framkvæmd og í sumum tilvikum ekki átt við. Með þessari breytingu er gert ráð fyrir að refsingar við þessum brotum verði fyrirsjáanlegri, auk þess sem framkvæmd við beitingu þeirra verður skilvirkari. Sé brotið gegn fleiri en einum lið ákvæðisins er gert ráð fyrir að sektarfjárhæðin sé samanlagðar þær fjárhæðir sem við hverju einstöku broti liggja. Gert er ráð fyrir því að einfalt gáleysi sé skilyrði refsiábyrgðar.

Fjárveitingar til hinnar eiginlegu utanríkisþjónustu hafa undanfarin ár numið innan við 1% af heildarútgjöldum í A-hluta ríkisins. Athygli er vakinn á því að stór hluti af kostnaði við utanríkisþjónustuna er í erlendum gjaldmiðli og fylgja því fjárveitingar gengisþróun íslensku krónunnar. Eftirfarandi tafla sýnir annars vegar framlög til utanríkisþjónustunnar sem hlutfall af ríkisútgjöldum í A-hluta, samkvæmt ríkisreikningi (og fjár- og fjáraukalögum fyrir árin 2001, 2002, 2003, 2004, 2005 og fjárlögum 2006) og hins vegar framlög til utanríkisþjónustunnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (tölur fyrir árið 2006 eru áætlaðar). Hér er aðeins tekið tillit til kostnaður vegna rekstrar og stofnkostnaðar sendiskrifstofa og aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Kostnaður vegna annarra þátta sem tilheyra utanríkisráðuneytinu, m.a. þróunarmála, friðargæslu og undirstofnana ráðuneytisins á Keflavíkurflugvelli, er hér ekki meðtalinn.

| | Framlög til utanríkisþj. millj. kr. | % af ríkisútgjöldum | % af VL |
|---|---|---|---|
| 2001 | 1.901,40 | 0,79% | 0,22% |
| 2002 | 2.263,80 | 0,86% | 0,27% |
| 2003 | 2.465,40 | 0,85% | 0,28% |
| 2004 | 2.380,50 | 0,99% | 0,25% |
| 2005 | 2.873,20 | 0,95% | 0,28% |
| 2006 | 2.505,80 | 0,79% | 0,24% |

*Sendiskrifstofur.*

Sendiskrifstofur eru 29 í 20 löndum, og hafa níu skrifstofur bæst við síðan árið 2004. Nýjar sendiskrifstofur hafa verið opnaðar í Nýju Delhí, Róm og Pretoríu, en einnig gegna sex skrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar Íslands nú hlutverki sendiráða. Í sendiskrifstof-

um Íslands starfa 178 starfsmenn í fullu starfi eða hlutastarfi og eru þar með taldir jafnt útsendir sem staðarráðnir starfsmenn, starfsnemar, starfsfólk annarra ráðuneyta og starfsfólk Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Þá hefur verið ákveðið að opna aðalræðisskrifstofu í Færeyjum á næsta ári en hér yrði um fyrstu sendiskrifstofu erlendis ríkis sem starfrækt yrði í Færeyjum.

Á meðfylgjandi töflu má sjá fjölda útsendra og staðarráðinna starfsmanna sendiskrifstofa Íslands erlendis, sem og umdæmislönd viðkomandi sendiskrifstofa.

| | | *Útsendir starfsmenn* | *Staðarráðnir starfsmenn* | *Umdæmislönd* |
|---|---|---|---|---|
| sr. | Berlín | 3 | 6 | Þýskaland, Króatía, Sviss og Pólland |
| sr. | Brussel | 16 | 4 | Belgía, Lichtenstein, Lúxemborg, Marokkó og stofnanir ESB |
| fn. | Brussel | 6 | 1 | NATO |
| sr. | Colombo | 2 | 2 | Skrifstofa ÞSSÍ |
| fn. | Genf | 4 | 2 | Slóvenía og stofnanir EFTA, WTO, Sþ. – Genf, ITU, WHO, WIPO, WMO og ILO. |
| sr. | Helsinki | 1 | 4 | Finnland, Eistland, Lettland, Litháen og Úkraína |
| sr. | Kampala | 3 | 4 | Skrifstofa ÞSSÍ |
| sr. | Kaupmannahöfn | 4 | 3 | Danmörk, Ísrael, Jórdanía, Rúmenía, Túnis og Tyrkland |
| sr. | Lilongwe | 6 | 2 | Skrifstofa ÞSSÍ |
| sr. | London | 6 | 3 | Bretland, Grikkland, Holland, Írland, Líbanon, Maldavíeyjar, Malta og Nígería |
| sr. | Managua | 1 | 1 | Skrifstofa ÞSSÍ |
| sr. | Mapútó | 6 | 2 | Skrifstofa ÞSSÍ |
| sr. | Moskva | 3 | 4 | Rússland, Armenía, Aserbaídjan, Georgía, Hvíta-Rússland, Kasakstan, Kirgisía, Moldóva, Túrkemenistan og Úsbekistan |
| sr. | Nýja Delhi | 3 | 2 | Indland, Nepal, Sri Lanka, Seychelleseyjar, Bangladesh og Indónesía |
| fn. | New York | 8 | 1 | Stofnanir Sþ., Bahamaeyjar, Barbadoseyjar, Dóminíska lýðveldið, Grenada, Jamaíka og Kúba |
| ars. | New York | 0 | 4 | Viðskiptaskrifstofa |
| sr. | Ottawa | 2 | 2 | Kanada, Ekvador, Kostaríka, Kólumbía, Níkaragva, Panama, Perú og Venesúela |
| sr. | Ósló | 2 | 2 | Noregur, Alsír, Egyptaland, Katar, Kúveit, Kýpur, Makedónía og Sádi Arabía |
| sr. | París | 6 | 2 | Frakkland, Andorra, Portúgal, San Marínó, Spánn og stofnanir OECD og UNESCO |
| sr. | Peking | 3 | 5 | Kína, Ástralía, Mongólía, Nýja-Sjáland, Suður-Kórea og Víetnam |
| sr. | Pretoría | 1 | 2 | Suður-Afríka, Angóla, Kenía, Sambía og Tansanía |
| sr. | Róm | 1 | 1 | Ítalía og stofnanir FAO |
| sr. | Stokkhólmur | 3 | 2 | Svíþjóð, Albanía, Búlgaría, Serbía, Svartfjallaland og Pakistan |
| fn. | Strassborg | 1 | 1 | Evrópuráðið og Páfagarður |
| sr. | Tókýó | 3 | 2 | Japan, Filippseyjar og Austur-Tímor |
| sr. | Vín | 4 | 2 | Austurríki, Bosnía og Hersegóvína, Slóvakía, Ungverjaland, Tékkland og stofnanir Sþ.–Vín, ÖSE og IAEA |

| | | *Útsendir starfsmenn* | *Staðarráðnir starfsmenn* | *Umdæmislönd* |
|---|---|---|---|---|
| sr. | Washington | 5 | 3 | Bandaríkin, Argentína, Brasilía, Chile, El Salvador, Gvatemala, Mexíkó og Úrúgvæ |
| sr. | Windhoek | 2 | 2 | Skrifstofa ÞSSÍ |
| ars. | Winnipeg | 1 | 1 | Ræðisskrifstofa |
| | **Samtals** | **106** | **72** | |

Þess hefur verið gætt að starfsmenn sendiskrifstofa séu ekki fleiri en nauðsyn krefur í hverju tilviki. Í sendiskrifstofunum í Helsinki, Pretoríu, Róm, Strassborg og Winnipeg er aðeins einn útsendur starfsmaður. Aðrir starfsmenn í viðkomandi sendiskrifstofum eru staðarráðnir en kostnaðurinn við staðarráðna starfsmenn er mun minni en við útsenda starfsmenn. Aðalræðisskrifstofa Íslands í New York er eingöngu mönnuð staðarráðnum starfsmönnum. Þannig hefur verið leitast við að halda kostnaði í lágmarki eins og kostur er.

*Notkun upplýsingatækni á sviði utanríkisþjónustunnar.*

Utanríkisþjónustun hefur nú um nokkurra ára skeið notast við svonefnt rafrænt málaskrárkerfi í starfsemi sinni. Málaskrárkerfið hefur auðveldað mjög samskipti milli utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofa Íslands erlendis og aukið þannig mjög á vinnuhagræði í starfi utanríkisþjónustunnar. Þá hefur tekist að lækka árlegan símakostnað utanríkisþjónustunnar með því að nýta svokallað IP-símkerfi. Einnig hefur ráðuneytið hafið uppsetningu fjarfundabúnaðar sem gerir kleift að halda fundi á milli starfsstöðva utanríkisþjónustunnar.

*Árangurstjórnun.*

Í ársbyrjun 2006 kom utanríkisþjónustan á árangursstjórnun í rekstri sendiskrifstofa. Byggist árangursstjórnunin á því að sendiskrifstofum er í upphafi hvers árs sett tiltekin markmið sem þeim er ætlað að ná í starfsemi sinni á árinu. Sendiskrifstofum er gert að skrá í sérstakan gagnagrunn upplýsingar um hvernig þeim miði við að ná fram umræddum markmiðum. Við lok þriðja ársfjórðungs ársins 2006 höfðu verið færðar 3.000 skráningar í gagnagrunninn. Skipaðar hafa verið sérstakar árangursstjórnir sem ætlað er að yfirfara árangursskráningar og meta hvernig sendiskrifstofnunum hefur gengið að ná fram settum markmiðum í starfsemi sinni.

*Starfsþjálfun.*

Á undanförnum árum hefur utanríkisráðuneytið boðið upp á starfsnám í utanríkisþjónustunni. Mikill áhugi hefur verið á starfsnáminu og hefur ráðuneytinu borist fjölmargar umsóknir í hvert sinn sem auglýst hefur verið eftir starfsnemum til starfsþjálfunar á vegum ráðuneytisins. Starfsþjálfunin fer að öllu leyti fram í sendiráðum og fastanefndum Íslands erlendis og stendur í um sex mánuði. Ráðnir hafa verið fjórir starfsnemar á hverju sex mánaða tímabili og starfar hver þeirra í einni af sendiskrifstofum Íslands. Samtals hafa því árlega verið ráðnir átta starfsnemar. Mismunandi er frá ári til árs til hvaða sendiskrifstofa starfsnemar eru sendir til þjálfunar en á yfirstandandi tímabili 2006–2007 munu starfsnemar starfa í sendiskrifstofunum í Vínarborg, London, New York, Berlín, Washington, Brussel, Kaupmannahöfn og Genf. Markmið starfsþjálfunar er að gefa ungu fólki sem er að hefja starfsferil sinn færi á að kynnast störfum utanríkisþjónustunnar. Starfsnemar ganga inn í dagleg störf á sendiskrifstofu og eru falin krefjandi verkefni. Um er að ræða launaða

starfsþjálfun og er miðað við að laun starfsnema dugi þeim til framfærslu að mestu leyti. Gerð er krafa um að starfsnemar hafi lokið BA- eða BS-námi eða samsvarandi námi. Þá er einnig krafist góðrar tungumálakunnáttu.

Reynslan af starfsþjálfun í utanríkisþjónustunni hefur verið góð að undanförnum árum. Með hliðsjón af því var ákveðið að auglýsa eftir starfsnemum sem starfa munu á árinu 2007 að framboði Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það er von ráðuneytisins að þessi nýbreytni komi bæði starfsnemum og ráðuneytinu til góða og gefi ungu fólki möguleika á koma að þessu mikilvæga verkefni.

*Aðstoðarmál.*

Einn mikilvægasti þáttur í starfsemi utanríkisþjónustunnar er að veita íslenskum ríkisborgurum vernd og aðstoð gagnvart erlendum stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum. Þessi þáttur í starfsemi utanríkisráðuneytisins hefur farið vaxandi á undanförmum árum, m.a. vegna aukinnar búsetu Íslendinga erlendis til lengri og skemmri tíma, fjölgun ferðalaga og aukinna umsvifa íslenskra fyrirtækja. Sem dæmi um aðstoð af þessu tagi má nefna hvers konar fyrirgreiðslu til Íslendinga og íslenskra lögaðila, t.d. útgáfa ferðaskilríkja, vottun opinberra skjala, aðstoð við Íslendinga sem lenda í vanda á erlendri grund, fyrirgreiðsla gagnvart erlendum stjórnvöldum o.s.frv. Á ári hverju eru tekin til afgreiðslu liðlega 100 meiri háttar aðstoðarmál, auk fjölda annarra minni háttar mála sem ekki kalla á verulega aðkomu af hálfu utanríkisráðuneytisins. Eru þá ótalin hundruð stefnubirtinga, vottanir skjala og umboða vegna erlendra viðskiptasamninga sem utanríkisráðuneytið hefur milligöngu um.

Utanríkisráðuneytið hefur tvo starfsmenn sem ganga bakvaktir og manna neyðarsíma utanríkisráðuneytisins allan sólarhringinn alla daga ársins. Í sendiráðum Íslands eru starfsmenn einnig til taks árið um kring. Um 246 kjörræðismenn Íslands ganga erinda Íslands á erlendri grund og aðstoða íslenska ríkisborgara ef nauðsyn krefur. Einnig er til staðar samkomulag Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð til borgara í aðstoðarmálum. Samstarf utanríkisráðuneytisins, sendiskrifstofa Íslands erlendis, kjörræðismanna og norrænna sendiskrifstofa tryggir íslenskum ríkisborgum aðgang að nauðsynlegri aðstoð ef eitthvað bjátar á og aðstoðar er þörf.

## 3. ALÞJÓÐAMÁL

### 3.1. Öryggis- og varnarmál.

#### 3.1.1. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna.

Tvíhliða varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna sem grundvallast á varnarsamningi ríkjanna frá 1951, með vísan til Atlantshafssáttmálans, hefur tekið nokkrum breytingum undanfarin 15 ár í ljósi breyttra aðstæðna í varnar- og öryggismálum. Við lok kalda stríðsins varð ljóst að Norður-Atlantshafið yrði ekki lengur það virka núningssvæði milli andstæðra ríkja sem það hafði verið áratugum saman. Íslensk stjórnvöld voru því ekki mótfallin því að viðbúnaði Bandaríkjanna á Íslandi vegna varna landsins var breytt, sem var gert með sameiginlegum bókunum við varnarsamninginn 1994 og 1996. Hið nýja fyrirkomulag aðlagaði viðbúnað varnarliðsins þeim breyttu aðstæðum sem ríktu og miðaðist við sameiginlegan skilning á þörf þess að eftirlit væri haft með lofthelgi umhverfis Ísland og að þess væri gætt með viðeigandi viðbúnaði.

Í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin árið 2001 var enn fremur lögð aukin áhersla á endurskipulagningu bandarísks herafla á erlendri grundu. Breyting á viðbúnaði Banda-

ríkjahers, sem átt hefur sér stað á heimsvísu, hefur í kjölfarið miðað að því að heraflinn sé hreyfanlegur og fær um að takast á við ólíkar og ófyrirsjáanlegar ógnir eftir því sem hægt er. Hinar mannfreku aðgerðir sem Bandaríkin hafa leitt í Afganistan og Írak hafa hraðað þessum skipulagsbreytingum.

Í ljósi vilja bandarískra stjórnvalda til þess að draga úr umsvifum liðs síns á Íslandi og kostnaði í tengslum við veru þess var á síðasta ári hafið viðræðuferli ríkjanna um kostnaðarskiptingu vegna reksturs Keflavíkurflugvallar. Það viðræðuferli var ekki til lykta leitt, þrátt fyrir málefnalegar tillögur íslenskra stjórnvalda, og lauk í raun með tilkynningu bandarískra stjórnvalda, hinn 15. mars 2006, um að allt lið þeirra á Íslandi yrði flutt á brott fyrir 30. september 2006. Bandarísk stjórnvöld lýstu því samhliða yfir að þau hyggðust engu að síður standa við varnarsamninginn frá 1951 og verja Ísland ef þörf krefði.

Í ljósi þessarar ákvörðunar hófust viðræður um varnarsamstarf ríkjanna, svo og um brottflutning og viðskil varnarliðsins, í kjölfarið. Lauk þeim viðræðum með samkomulagi um varnarmál sem undirritað var af forsætisráðherra og utanríkisráðherra Íslands og utanríkisráðherra Bandaríkjanna hinn 11. október sl. í Washington. Samningur um brottflutning Bandaríkjahers frá tilteknum varnarsvæðum og um skil þeirra til Íslands hafði áður verið undirritaður hinn 29. september 2006 af utanríkisráðherra Íslands og aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna.

Hinn 29. september var auk þess undirritað af fulltrúum varnarmálaskrifstofu og bandaríska flotans sérstakt samkomulag um leigu, með lágmarkskostnaði, hluta þess tækjabúnaðar í eigu Bandaríkjanna sem nauðsynlegur er til að starfrækja flugvöllinn. Annar búnaður til rekstrar flugvallarins var afhentur íslenskum stjórnvöldum án endurgjalds með samkomulagi sem undirritað var sama dag. Þessi yfirfærsla búnaðar var lykilatriði í því að tryggja áframhaldandi rekstur flugvallarins.

Samkomulagið um varnarmál, þar sem skuldbinding Bandaríkjanna til þess að verja Ísland samkvæmt varnarsamningnum var áréttuð, tryggir að Bandaríkjaher muni ef þörf krefur verja Ísland gegn árás í samræmi við nýja varnaráætlun Evrópuherstjórnar Bandaríkjahers. Einnig var staðfest að samráð og samskipti ríkjanna um varnar- og öryggismál yrði eflt til muna. Skilvirk samskipti á hættutímum yrðu tryggð og gagnkvæm miðlum upplýsinga og samskipti sérfræðinga mundu eiga sér stað eftir því sem þörf krefði. Reglulegar viðræður háttsettra embættismanna um öryggismál eru fyrirhugaðar, bæði hvað varðar ástand mála í Norður-Atlantshafi og á heimsvísu.

Bein tengsl við Evrópuherstjórn Bandaríkjahers (EUCOM) og Norðurherstjórn NATO verða auk þess efld með skipan sérstaks fulltrúa utanríkisráðuneytisins þannig að tryggt sé öruggt flæði upplýsinga er varða varnir landsins og málefni tengd þeim.

Auk þess eru fyrirhugaðar reglubundnar tvíhliða eða fjölþjóðlegar æfingar Bandaríkjahers á Íslandi sem miða að því að æfa úrræði og aðgerðir í lofti, á láði og legi vegna varna landsins gegn mögulegum ógnum. Fyrstu æfingar af því tagi hafa þegar farið fram. Í tengslum við heimsókn landgönguskipsins USS Wasp til Reykjavíkur 12.–16. október 2006 æfði áhöfn skipsins viðbúnað við hryðjuverkastarfsemi ásamt sprengjudeild Landhelgisgæslunnar og sérsveit ríkislögreglustjóra. Þann 6.–11. nóvember 2006 æfði eftirlitsflugvél bandaríska flotans leit á landi og hafi auk almennrar upplýsingaöflunar samvinnu við Landhelgisgæsluna. Fyrirhugaðar eru fleiri æfingar á næstu mánuðum.


*Brottflutningur varnarliðs og ný verkefni.*

Brottflutningi liðs Bandaríkjahers, tæplega þrjú þúsund manns ef fjölskyldur hermanna eru með taldar, lauk 30. september 2006. Með áðurnefndum samningi um brottflutning

Bandaríkjahers frá tilteknum varnarsvæðum og um skil þeirra til Íslands, sem var undirritaður af utanríkisráðherra og aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, tók Ísland við öllum varnarsvæðum sem Bandaríkjaher hafði haft til afnota nema hvað Bandaríkin annast áfram það svæði þar sem fjarskiptamiðstöð Bandaríkjahers við Grindavík stendur á.

Til að tryggja áframhaldandi snurðulausan rekstur Keflavíkurflugvallar í ljósi þess að Ísland stæði frammi fyrir því að bera nú í fyrsta sinn fulla ábyrgð á rekstri alþjóðaflugvallarins höfðu verið samþykkt lög um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar (nr. 34/2006) sem tóku gildi 1. júní 2006. Með lögum þessum var Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar falið að annast þá flugtengdu starfsemi sem varnarliðið hafði annast.


Öllum starfsmönnum varnarliðsins, alls um 600 manns, var sagt upp störfum þegar ákvörðun um brottflutning þess hafði verið tilkynnt. Margir þeirra, m.a. starfsmenn slökkviliðs og snjóruðnings- og brautadeildar, sinntu flugtengdri starfsemi sem er forsenda áframhaldandi rekstrar Keflavíkurflugvallar. Stofnuninni var, með áðurnefndum lögum, gert skylt að bjóða tilteknum starfsmönnum varnarliðsins vinnu og voru alls ráðnir 137 starfsmenn sem jók starfsmannafjölda stofnunarinar úr 62 í um 200.




Í ljósi góðs atvinnuástands á svæðinu gekk öðrum fyrrverandi starfsmönnum varnarliðsins vel að fá önnur störf. Alls voru þó um eitt hundrað manns enn án vinnu þegar brottflutningi varnarliðsins lauk 30. september 2006.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þann 26. september 2006, um ný verkefni stjórnvalda við brottför varnarliðsins kom fram að skilgreint yrði sérstakt öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli. Svæði þetta, sem hugsað er til frambúðar, verður á forræði utanríkisráðherra og er ætlað að þjóna herafla Bandaríkjanna eða NATO við komu hans til Íslands vegna æfinga og varna landsins. Á svæðinu verður til staðar nauðsynleg aðstaða til að taka á móti flugvélum og liði Bandaríkjahers eða annarra NATO-herja, svo sem flugskýli, gistiaðstaða, fundarsalir, o.fl. Rekstur þessa svæðis er liður í þeim viðbúnaði sem nauðsynlegur er til að sinna ábyrgðarhlutverki okkar Íslendinga hvað varnir landsins varðar. Keflavíkurflugvöllur mun

jafnframt eftir sem áður gegna lykilhlutverki sem varnarmannvirki auk þess borgaralega hlutverks sem hann gegnir.




Mörk svæða: Flugvallarsvæði (A), Öryggissvæði (B), Svæði þróunarfélags (C)

*Hlutafélag og ráðstöfun mannvirkja.*

Við brottför varnarliðsins tók Ísland við öllum mannvirkjum á varnarsvæðum sem áður voru í eigu Bandaríkjahers, 472 að tölu. Ákveðið var, og tilkynnt með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 26. september 2006, að stofna hlutafélag í eigu ríkisins um framtíðarþróun og umbreytingu þess hluta fyrrverandi varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli sem ekki fellur undir flugvallarrekstur eða öryggissvæði. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., sem var stofnað 24. október 2006, lýtur forræði forsætisráðherra og eiga fulltrúar utanríkisráðuneytis, forsætisráðuneytis og sveitarfélaga á Suðurnesjum sæti í stjórn þess. Tilgangur félagsins er að koma svæðinu og mannvirkjum á því í arðbær borgaraleg not eftir því sem við verður komið. Auk þess mun félagið, á grundvelli þjónustusamninga við ríkið, annast rekstur, umsjón og umsýslu tiltekinna eigna íslenska ríkisins á svæðinu, þ.m.t. umsjón með sölu og útleigu eigna, hreinsun svæða og eftir atvikum niðurrifi mannvirkja. Jafnframt var stofnaður starfshópur ráðuneyta sem á að vera félaginu til ráðgjafar í þeirri viðleitni að færa viðkomandi svæði frá varnarlegum í borgaraleg verkefni.

*Mannvirki NATO.*

Auk bandarískra mannvirkja, sem skilað var til íslenskra stjórnvalda með samningi um brottflutning Bandaríkjahers frá tilteknum varnarsvæðum og um skil þeirra til Íslands, eru á Íslandi 145 mannvirki sem mannvirkjasjóður NATO hefur kostað og teljast eign bandalagsins. Dæmi um slík mannvirki eru flugbrautir á Keflavíkurflugvelli sem telst hernaðarmannvirki vegna hlutverks síns hvað varðar sameiginlegar varnir NATO auk varna Íslands. Bandaríkin höfðu gegnt hlutverki gistiríkis (e. host nation) og notendaríkis (e. user nation) gagnvart NATO vegna mannvirkja bandalagsins hér á landi, en með fyrrgreindum samningi var samþykkt að Ísland tæki að sér hlutverk gistiríkis vegna allra mannvirkjanna. Ísland tók auk þess þegar í stað við ábyrgð notendaríkis vegna 63 mannvirkja sem einkum höfðu hlutverki að gegna í rekstri Keflavíkurflugvallar. Bandaríkin munu hafa umsjón með rekstri og viðhaldi annarra mannvirkja NATO í tólf mánuði en að þeim tíma liðnum tekur Ísland við þeim fyrir hönd bandalagsins.

Meðal annars í ljósi þessara breytinga mun Ísland hefja fulla þátttöku í mannvirkjasjóði NATO frá og með árinu 2007. Öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, að Íslandi undanskyldu, taka þátt í mannvirkjasjóðnum sem í dag er að mestu leyti notaður til uppbyggingar varnargetu nýrra aðildarríkja og sameiginlegra aðgerða bandalagsins. Á liðnum árum hefur sjóðurinn fjármagnað ýmsar meiri háttar endurbætur á mannvirkjum bandalagsins á Íslandi

*Ratsjárstofnun og vöktun loftrýmisins.*

Vöktun loftrýmisins umhverfis Íslands gagnvart umferð óþekktra eða óvinveittra loftfara er lykilatriði í vörnum landsins. Ratsjárstofnun hefur rekið fjórar ratsjárstöðvar auk stjórnstöðvar á Miðnesheiði til þess að sinna þessu eftirlitshlutverki um langt árabil og hefur reksturinn verið greiddur af bandaríska flughernum. Ákvörðun um aukna sjálfvirkni ratsjárstöðvanna og þar með fækkun starfsmanna var tekin af flughernum á haustmánuðum 2004 og var nauðsynlegum búnaði til fjareftirlits stöðvanna komið upp. Liðlega tíu ára reynsla er af rekstri slíkra fjarstýrðra ratsjárstöðva víða í Evrópu og Norður-Ameríku og hafa þær gefist vel. Stjórnstöð og miðstöð eftirlits var valinn staður á Miðnesheiði vegna mikilvægis ratsjárstöðvarinnar á Miðnesheiði, nálægðar hennar við stjórnstöð á Keflavíkurflugvelli, samgöngukerfi landsins sem og aðrar rekstrardeildir Ratsjárstofnunar.

Í viðræðum íslenskra stjórnvalda við Bandaríkin um varnarmál lagði Ísland kapp á að halda öllum fjórum ratsjárstöðvunum í rekstri. Áætlanir Bandaríkjamanna um reksturinn gerðu ráð fyrir lokun norðurstöðvanna tveggja sem hefði þegar komið til framkvæmdar ef markmið Íslands í viðræðunum hefðu ekki náðs.

*Fyrirkomulag stjórnsýslu á varnarsvæðunum.*

Stjórnsýsla á varnarsvæðunum hefur heyrt undir utanríkisráðherra samkvæmt lögum nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, frá 26. september 2006, kom fram að við brotthvarf varnarliðsins þætti eðlilegt að yfirstjórn málaflokka og stjórnsýslu á Keflavíkurflugvelli breyttist í samræmi við það sem almennt tíðkaðist í landinu. Jafnframt var þó tekið fram að fyrst um sinn yrði stjórnsýslan á fyrrverandi varnarsvæði óbreytt. Forsætisráðherra setti hinn 29. september 2006 reglugerð nr. 123/2006 sem breytti 10. tölul. 14. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004. Með breytingu var áréttað að utanríkisráðherra færi áfram með stjórnsýslu á svæðinu þar til auglýsing væri birt um annað. Unnið er að undirbúningi þeirra breytinga. Undanskilið þeim verður þó öryggissvæðið við Keflavíkurflugvöll, varnarsvæði Bandaríkjamanna við Grindavík og varnarsvæðin þar sem ratsjárstöðvar Ratsjárstofnunar eru staðsettar.

*Breytt hlutverk sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli.*

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, sem jafnframt fer með lögregluvald, hefur heyrt undir utanríkisráðuneytið á grundvelli laga nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. Þann 13. júní 2006 voru samþykkt á Alþingi lög 46/2006 sem taka gildi 1. janúar 2007. Lögin fela í sér breytingar á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdavald ríkisins í héraði, nr. 92/1989. Meðal annars er stofnað nýtt embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum sem jafnframt er sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Innan varnarsvæða heyrir embættið eftir sem áður undir utanríkisráðuneytið en utan varnarsvæða heyrir það undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Breytingalögin gera ráð fyrir því að ráðuneytin tvö setji sér sameiginlegar leiðbeinandi reglur um starfsemi embættisins. Jafnframt mun hið nýja embætti falla undir þá fjárlagaliði sem varða dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

### 3.1.2. Atlantshafsbandalagið.

Atlantshafsbandalagið er enn kjölfestan í öryggismálum Evrópuríkja. Jafnframt hefur Atlantshafsbandalagið lagað sig að breyttum aðstæðum sem skapað hefur bandalaginu ný og ögrandi verkefni og kallað á nýjar hugmyndir og breytta starfshætti. Nú eiga 26 ríki aðild að Atlantshafsbandalaginu og mun þeim væntanlega fjölga á næstu árum. Á síðustu árum hefur bandalagið ekki einungis tekið þátt í verkefnum í Evrópu, eins og t.d. í Kósóvó þar sem nú starfa um 17.000 friðargæsluliðar undir stjórn bandalagsins, heldur einnig utan álfunnar. Atlantshafsbandalagið ber nú ábyrgð á friðargæslu í Afganistan og sinnir m.a. þjálfun öryggissveita í Írak, aðstoð við loftflutninga til Darfúr, aðstoð í kjölfar flóðahamfaranna í Indónesíu, birgðaflutningum vegna fellibylsins Katarínu í Bandaríkjunum og hjálp við nauðstadda í kjölfar jarðskjálftanna í Pakistan. Óhætt er að fullyrða að aukin eftirspurn er nú eftir aðkomu Atlantshafsbandalagsins að lausn hinna ýmsu vandamála. Bandalagið býr yfir mikilli þekkingu og reynslu og þá nýtist herstjórnarkerfi þess vel við skipulagningu og framkvæmd flókinna aðgerða. Hér er ekki aðeins um að ræða aðgerðir af hernaðarlegum toga heldur einnig margvísleg önnur verkefni, t.d. aðstoð á hamfarasvæðum. Atlantshafsbandalagið hefur ekki skorast undan þegar til þess hefur verið leitað eftir neyðaraðstoð jafnvel þó að slík verkefni falli utan hefðbundins hlutverks bandalagsins.

#### 3.1.2.1. Aðgerðir á vegum Atlantshafsbandalagsins.

Á vegum Atlantshafsbandalagsins er nú unnið að tveimur fjölmennum friðargæsluaðgerðum, annars vegar í Afganistan og hins vegar í Kósóvó. Þá sér bandalagið um þjálfunarverkefni í Írak, eftirlitsaðgerð á Miðjarðarhafinu og aðstoðar við friðargæslu Afríkusambandsins í Darfúr.

*Afganistan.*

Stærsta friðargæsluverkefni bandalagsins er í Afganistan en þar eru nú rúmlega 32.000 friðargæsluliðar á vegum bandalagsins. Atlantshafsbandalagið tók við forystu alþjóðlegu öryggissveitanna í Afganistan (International Security Assistance Force – ISAF) sumarið 2003 að beiðni Sameinuðu þjóðanna. Í fyrstu takmarkaðist starfsemi sveitanna við Kabúl og nágrenni, en nú hafa sveitirnar tekið yfir friðargæslu alls landsins. Auk höfuðstöðvanna í Kabúl starfa svonefnd svæðisbundin endurreisnarteymi (Provincial Reconstruction Teams – PRTs) víðs vegar um landið sem auk öryggisgæslu sinna ýmsum endurreisnarverkefnum á borð við þjálfun lögreglu, uppbyggingu stjórnsýslu og aðstoð við ýmis uppbyggingar- og þróunarverkefni.

*Kósóvó.*

Í Kósóvó eru um 17.000 friðargæsluliðar á vegum Atlantshafsbandalagsins sem er ábyrgt fyrir alþjóðlegu friðargæsluliði í landinu (Kosovo Force – KFOR). Hlutverk KFOR er að tryggja öryggi minnihlutahópa í héraðinu, einkum þeirra u.þ.b. 30.000 Serba sem þar búa.

Um þessar mundir standa yfir viðræður um framtíðarstöðu héraðsins. Leiðtogar Kósóvó-Albana í Pristína hafa farið fram á sjálfstæði héraðsins frá serbneskum stjórnvöldum í Belgrað en þau síðarnefndu hafa hafnað öllum hugmyndum af því tagi. Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands, leiðir samningaviðræður um framtíðarstöðu héraðsins í umboði framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Upphaflega var áætlað að þeim viðræðum yrði lokið fyrir árslok. Mikill ágreiningur er enn milli stjórnvalda í Serbíu og leiðtoga Kósóvó-Albana í Pristína um fjölda málefna, svo sem um stjórnskipulega stöðu héraðsins og hvernig réttindi serbneska minni hlutans verða tryggð.

*Írak.*

Sumarið 2004 samþykkti Atlantshafsbandalagið að koma til móts við beiðni stjórnvalda í Írak um að taka að sér þjálfun öryggissveita. Tæplega 190 manns starfa á vegum NATO að þessu verkefni í Írak og hafa um 700 liðsforingjar verið þjálfaðir til þessa. Á sl. ári var opnuð ný þjálfunarmiðstöð á vegum bandalagsins í Bagdad og er stefnt að því að þar verði þjálfaðir 900 liðsforingjar á ári. Þetta verkefni er liður í að aðstoða írösk stjórnvöld við að taka að sér öryggisgæsluna í landinu.

*Miðjarðarhaf.*

Atlantshafsbandalagið hóf skipulegt eftirlit á Miðjarðarhafi (Operation Active Endeavour – OAE) haustið 2001. Tilgangurinn er að fylgjast með skipaumferð svo koma megi í veg fyrir vopnasmygl og ferðir liðsmanna hryðjuverkahópa. Einnig er skipum veitt fylgd um Gíbraltarsund til að verja þau hugsanlegum hryðjuverkaárásum.

*Darfúr.*

Að beiðni Afríkusambandsins samþykkti Atlantshafsbandalagið sumarið 2005 að aðstoða friðargæslu þess, AMIS, í Darfúr. Aðstoðin felst í loftflutningum á friðargæsluliðum og aðstoð við þjálfun liðsforingja í Eþíópíu.

**3.1.2.2. Þróun samstarfs við ríki utan Atlantshafsbandalagsins.**

*Samstarf í þágu friðar og Evró-Atlantshafsráðið.*

Tíu ríki sem áður voru í Samstarfi í þágu friðar (Partnership for Peace – PfP) og Evró-Atlantshafsráðinu (Euro-Atlantic Partnership Council – EAPC) hafa nú hlotið fulla aðild að Atlantshafsbandalaginu. Engu að síður er ráðið enn mikilvægur samstarfsvettvangur við lönd í Austur-Evrópu og Mið-Asíu og hefur samstarfið aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Hefur þessum ríkjum nú verið gefinn kostur á að gera sérstakar samstarfsáætlanir við bandalagið.

Svartfjallaland hefur í kjölfar sjálfstæðis landsins óskaði eftir aðild að Samstarfi í þágu friðar (PfP). Einnig hafa stjórnvöld í Serbíu og í Bosníu-Hersegóvínu þrýst mjög á um aðild að samstarfinu. Stefna Atlantshafsbandalagsins er hins vegar sú að taka ekki upp formlegt samstarf við þessi tvö ríki fyrr en þau sýna stríðsglæpadómstóli þeim sem stofnaður var fyrir fyrrverandi ríki Júgóslavíu í Haag fullnægjandi samstarfsvilja.

Á undanförnum missirum hafa einstakir atburðir og neikvæð þróun í ákveðnum samstarfsríkjum, svo sem í Hvíta-Rússlandi og Úsbekistan, kallað á umræðu um gildi og viðmið innan samstarfsins. Samstarf Atlantshafsbandalagsins við önnur ríki byggist á að samstarfsríkin virði rétt borgaranna til lýðræðis og tryggi vernd mannréttinda. Þróun mála í þessum ríkjum veldur því vonbrigðum og hefur orðið til þess að þau hafa fjarlægst bandalagið.

*Samstarfið við Rússland – NATO-Rússlandsráðið.*

Stofnun NATO-Rússlandsráðsins (NATO-Russia Council-NRC) var samþykkt á fundi utanríkisráðherra í Reykjavík í maí 2002 og staðfest á leiðtogafundi í Róm sumarið 2002. NATO-Rússlandsráðið fjallar m.a. um viðbrögð við hryðjuverkum, leiðir til að koma í veg fyrir útbreiðslu gereyðingarvopna, afvopnunarmál, samstarf á hermálasviðinu, sameiginlegar friðargæsluaðgerðir og samstarf um leit og björgun á sjó. Sem dæmi má nefna að nýlega tók rússnesk freigáta þátt í eftirlitsaðgerð NATO í Miðjarðarhafi.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að auka pólitískt samráð innan ráðsins. Þannig hefur ráðið m.a. fjallað um ástandið á Balkanskaga, Kákasus-svæðinu, í Afganistan og Mið-Austurlöndum.

*NATO og Úkraína.*

Úkraína undirritaði samstarfssamning við NATO 1997. Stjórnvöld í Úkraínu hafa frá 2002 lýst yfir vilja til að ganga í bandalagið og í kjölfar hinnar svonefndu „appelsínugulu byltingar" árið 2004 jók stjórn Úkraínu enn á samstarfið við NATO. Samþykkt var á utanríkisráðherrafundi NATO-Úkraínu nefndarinnar í Vilníus í apríl 2005 að efla og auka samráð og samstarf, m.a. í því skyni að hraða umbótum í Úkraínu og gera landið betur í stakk búið til þátttöku í aðildaráætlun bandalagsins.

Í kjölfar kosninga í mars 2006 fylgdu erfiðar stjórnarmyndunarviðræður sem lauk með því að fyrrverandi andstæðingar, Viktor Júsenkó, núverandi forseti, og Viktor Janúkóvits, leiðtogi eins af stærstu stjórnmálaflokkum Úkraínu, mynduðu samsteypustjórn ásamt sósíalistum. Forseti Úkraínu hefur samkvæmt stjórnarskrá landsins vald til að móta stefnu í utanríkis- og varnarmálum. Eigi að síður virðist sem ágreiningur sé innan ríkisstjórnarinnar varðandi fyrirhugaða aðild að NATO. Fyrir skömmu lýsti Janúkóvits forsætisráðherra því yfir að Úkraína mundi ekki að svo stöddu sækjast eftir þátttöku í aðildaráætlun bandalagsins sem er forsenda fyrir aðild að bandalaginu. Forsætisráðherrann lýsti yfir áhuga á að halda áfram og styrkja samstarfið á hermálahliðinni og sérstaklega hvað varðaði umbætur og endurskipulagningu á herafla Úkraínu.

*Miðjarðarhafssamstarfið og ICI.*

Frá 1994 hefur NATO átt í samstarfi við lönd við sunnanvert Miðjarðarhaf í því skyni að auka samráð og samskipti á sviði öryggis- og varnarmála við þessi lönd. Nú taka sjö ríki við sunnanvert Miðjarðarhaf þátt í samstarfinu: Alsír, Egyptaland, Ísrael, Jórdanía, Marokkó, Máritanía og Túnis. Með samstarfinu er unnið að því að byggja upp traust og efla samskipti á vettvangi öryggismála, m.a. með ráðstefnum og vinnuhópum þar sem fjallað er um viðbrögð við hryðjuverkum, samvinnu á sviði vísinda og umhverfismála, skipulag almannavarna, hættuástandsstjórnun, landamæraöryggi og umbætur og þjálfun í varnar- og öryggismálum. Í apríl hélt Norður-Atlantshafsráðið fund í Rabat í Marokkó og er það í fyrsta skipti sem ráðið heldur fund í samstarfsríki bandalagsins. Aukinn áhugi hefur verið

á þessu samstarfi á síðustu árum bæði af hálfu bandalagsins og samstarfsríkjanna og aukinn kraftur færst í samstarfið.

Á leiðtogafundi í Istanbúl í júní 2004 var síðan ákveðið að bjóða ríkjum á Arabíuskaganum aukið samstarf og samráð með sérstökum vettvangi (ICI-Istanbul Cooperation Initiative) en nú taka þátt í því samstarfi Barein, Kúveit, Katar og Sameinuðu arabísku furstadæmin. Saudi Arabía og Óman hafa einnig lýst yfir áhuga á að taka þátt í þessu samstarfi. Samstarfið miðar að því að bjóða upp á vettvang til skiptast á skoðunum á sviði öryggismála og skapa ramma utan um hagnýta samvinnu ríkjanna við NATO á sviði öryggismála.

### 3.1.2.3. Stækkun Atlantshafsbandalagsins.

Á síðasta áratug hafa fjölmörg ríki Austur-Evrópu gengið í Atlantshafsbandalagið. Um þessar mundir bíða þrjú ríki til viðbótar eftir aðild að bandalaginu. Þau eru Albanía, Króatía og Makedónía. Öll eru þau aðilar að aðildaráætlun Atlantshafsbandalagsins sem ætlað er að auðvelda ríkjum hagnýtan undirbúning aðildarumsóknar. Þess er vænst að ríkin þrjú fullnægi settum skilyrðum um aðild á komandi árum.

Með væntanlegri aðild framangreindra ríkja er líklegt að nokkuð hægi á stækkunarferli bandalagsins. Stefna bandalagsins verður eftir sem áður að halda dyrunum opnum fyrir Evrópuríki sem óska eftir aðild og uppfylla nauðsynleg skilyrði slíkrar aðildar. Georgía stefnir að aðild að Atlantshafsbandalaginu. Í haust ákvað Atlantshafsbandalagið að auka og efla samráð og samstarf við Georgíu í öryggis- og varnarmálum.

*Viðbragðssveit NATO.*

Aðlögun Atlantshafsbandalagsins að nýjum aðstæðum hefur ekki einungis verið í pólitískum skilningi heldur einnig og ekki síður í hernaðarlegum. Meðal þess sem ástæða er til að geta sérstaklega er uppbygging viðbragðssveitar bandalagsins (NATO Responsive Force – NRF) undanfarin þrjú ár. Vonir standa til þess að á leiðtogafundinum í Riga í lok nóvember verði hægt að lýsa því yfir að uppbyggingu viðbragðssveitarinnar sé lokið. Á síðustu missirum hefur hluta sveitarinnar verið beitt þrisvar sinnum, við hjálparstarf í kjölfar flóðanna í suðurhluta Bandaríkjanna, í kjölfar jarðskjálftanna í Pakistan og við loftflutninga á afrískum friðargæsluliðum til Darfúr. Sveitin hélt árangursríka landtökuæfingu á Grænhöfðaeyjum sl. vor. Framlag Íslands til sveitarinnar felst í greiða fyrir flutninga með fimm breiðþotum með búnað og liðsafla sveitarinnar ef til kemur.

### 3.1.3. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu.

Starfsemi ÖSE hefur að undanförnu einkennst af þíðu í samskiptum Rússlands og Vesturlanda. Enn er þó ágreiningur á milli Rússlands og nokkurra vestrænna ríkja, einkum Bandaríkjanna og Bretlands, um breytingar á ÖSE. Er Rússum umhugað um að ná fram grundvallarbreytingu á starfi ÖSE, sem m.a. felur í sér að stjórnvöld aðildarríkjanna geti haft meiri afskipti af sendinefndum ÖSE á vettvangi lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE (ODIHR). Framangreind ríki geta ekki fallist á slíka grundvallarbreytingu á starfsemi ÖSE þar sem slík afskipti gætu skert sjálfstæði stofnunarinnar. Er vonast til að þokist í rétta átt fyrir fund utanríkisráðherra aðildarríkja ÖSE í byrjun desember 2006 en innan ÖSE þarf samhljóða samþykki allra 56 aðildarríkjanna til að taka ákvarðanir.

ÖSE hefur í starfi sínu lagt áherslu á þrjú meginsvið:

- Vernd mannréttinda og lýðræðislegra stjórnarhátta í þáttökuríkjum ÖSE.
- Samstarf á sviði stjórnmála og hernaðarmála.

– Samvinnu um efnahags- og umhverfismál.

Af þessum þáttum hefur Ísland jafnan lagt megináherslu á þann þátt starfseminnar sem lýtur að vernd mannréttinda. Eigi að síður er rétt að leggja áherslu á að starfsemi ÖSE á öllum þessum sviðum skiptir máli við að tryggja öryggi og stöðugleika á meðal aðildarríkja ÖSE, ekki hvað síst á Balkanskaga, í Kákasuslöndunum og í löndum Mið-Asíu. Nánar er fjallað um starfsemi ÖSE sem lýtur að vernd mannréttinda í kafla 3.2.

Á meðal þeirra málefna sem ÖSE hefur látið til sín taka má nefna deilu Armeníu og Aserbaídsjan um Ngorno-Karabak héraðið, stöðu héraðanna Suður-Ossetíu og Abkahsíu í Georgíu og Trasnistríu í Moldóvu. Fram til þessa hefur lítið þokast í samkomulagsátt í framangreindum deilum.

Á vettvangi ÖSE starfar sérstakur fulltrúi sem hefur það hlutverk að berjast gegn mansali. Áður snerist starf ÖSE einkum um baráttuna gegn mansali almennt og var sérstök áhersla lögð á baráttu gegn verslun með konur í þeim efnum. Fastanefnd Íslands hjá ÖSE átti frumkvæði af því að utanríkisráðherrar ÖSE-ríkjanna samþykktu á fundi sínum í Sofíu í desember 2004 að einnig skyldi lögð sérstök áhersla á að sporna gegn mansali með börn. Þá studdi Ísland mansalsverkefni á vegum sendinefndar ÖSE í Bosníu-Hersegóvínu sem lauk sumarið 2006.

Íslenskir fulltrúar tóku þátt í kosningaeftirliti ÖSE/ODIHR í Úkraínu, Hvíta-Rússlandi, Svartfjallalandi og Bosníu-Hersegóvínu á árinu 2006.

*Framboð Kasakstan til formennsku í ÖSE.*

Kasakstan sækist eftir að gegna formennsku í ÖSE árið 2009. Bandaríkjamenn og Bretar lýstu því yfir haustið 2006 að þeir gætu ekki stutt framboð Kasakstan fyrr en staða lýðræðis og vernd mannréttinda hefði styrkst í landinu en víða mun vera pottur brotinn í Kasakstan í þeim efnum. Sá möguleiki hefur verið nefndur af hálfu framangreindra ríkja að Kasakstan bjóði sig fram árið 2011 ef ástand lýðræðis og mannréttinda batni fyrir þann tíma. Ísland hefur ásamt flestum Norðurlöndunum og fleiri ríkjum tekið þá afstöðu að ekki beri að neita neinu aðildarríki ÖSE um að taka að sér formennsku í stofnuninni ef viðkomandi ríki treystir sér á annað borð til að axla þá ábyrgð sem formennskunni fylgir. Hins vegar hafa þessi ríki áréttað mikilvægi þess að Kasakstan aðlagi sig frekar lýðræðis- og mannréttindastöðlum ÖSE.

### 3.1.4. Utanríkis-, öryggis- og varnarmál Evrópusambandsins.

Nokkuð bakslag kom í frekari þróun í samstarfi aðildarríkja ESB á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála þegar ljóst varð að var nýr stofnsáttmáli ESB kæmi ekki til framkvæmda í bráð. Eitt af markmiðum hins nýja stofnsáttmála var að efla samstarf á milli aðildarríkja ESB á sviði utanríkis-, öryggis og varnarmála og var þar mælt fyrir um ýmsar breytingar á skipulagi þessa samstarfs. Af þeim sökum hefur Evrópusambandið ekki átt annarra kosta völ en að leitast við að efla samstarf sitt á þessu sviði innan ramma núgildandi sáttmála. Þegar hafa verið tekin ýmis skref í þeim efnum. Þannig hafa aðildarríkin aukið samstarf sitt á sviði varnarviðbúnaðar. Samþykkt hefur verið stefnumörkun ESB til 2010 á þessu sviði auk þess sem komið hefur verið á fót sérstakri varnarmálastofnun ESB sem ætlað er að stuðla að auknu hernaðarbolmagni aðildarríkja ESB, sérstaklega á sviði hættuástandsstjórnunar, vinna að samræmingu og samvinnu á hermálasviðinu, efla evrópskan hergagnaiðnað og hvetja til aukinna rannsókna og tækniþróunar.

Auk þess má nefna að aðildarríki ESB hafa leitast við að styrkja samstarf sitt enn frekar á sviði hernaðarlegrar samvinnu. Einn þáttur þess er stofnun svokallaðra átakasveita en þær

geta verið samsettar af mannafla og búnaði frá fleiri en einu aðildarríki (eða samstarfsríki) ESB. Er um að ræða u.þ.b. 1.500 manna sveitir sem ætlast er til að séu til reiðu til verkefna með skömmum fyrirvara. Þessum sveitum er ætlað að geta sinnt verkefnum í skamman tíma, t.d. þegar tryggja þarf stöðugleika á tilteknum svæðum.

*Hættuástandsstjórnun.*

Hlutverk ESB á sviði friðargæslu (eða hættuástandsstjórnunar eins og verkefni af því tagi eru nefnd innan ESB) hefur vaxið verulega undanfarin ár. Þessi þróun innan ESB er í samræmi við þau markmið sem aðildarríki sambandsins hafa sett sér um að efla og styrkja ásýnd ESB á alþjóðavettvangi. Einn þáttur þessa er sívaxandi hlutverk ESB í friðargæsluverkefnum vítt og breytt um heiminn, oft fyrir tilstuðlan eða í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar eða eftir atvikum NATO. Ísland hefur tekið þátt í þremur verkefnum ESB á Balkanskaga.

Þátttaka ESB í þeim verkefnum sem hér um ræðir byggðist í upphafi á þeim breytingum sem gerðar hafa verið á sáttmálum ESB í þá átt að efla samstarf Evrópusambandsríkjanna á sviði öryggis- og varnarmála. Eitt meginmarkmið utanríkis- og öryggismálastefnu ESB er að efla og samræma starf aðildarríkja þess á sviði utanríkis- og varnarmála til þess að gera sambandið betur í stakk búið til þess að bregðast við alþjóðlegu hættuástandi og koma í veg fyrir að slíkt ástand skapist. Þetta markmið hefur legið til grundvallar nánara samstarfi aðildarríkjanna innan ramma ESB á sviði öryggis- og varnarmála, þ.m.t. aukinni þátttöku aðildarríkjanna í einstökum friðargæsluverkefnum. Þau verkefni sem ESB tekur að sér á grunni sáttmála þess eru annars vegar borgaraleg hættuástandsverkefni og hins vegar hernaðarleg hættuástandsverkefni.

Í því skyni að sinna verkefnum á sviði hernaðarlegrar hættuástandsstjórnunar hefur ESB komið á fót 60 þúsund manna herliði sem hægt er að kalla út með 50–60 daga fyrirvara. Þá hefur einnig verið komið á fót sambærilegum borgaralegum liðsafla sem unnt er að kalla til með skömmum fyrirvara í því skyni að sinna borgaralegri hættuástandsstjórnun. Í reynd hefur ESB lagt áherslu á borgaraleg verkefni og er mikill meiri hluti verkefna ESB í þeim flokki.

ESB hefur á stundum boðið ríkjum utan sambandsins að taka þátt í verkefnum sem sambandið hefur ákveðið að taka að sér, einkum og sér í lagi ef um er að ræða stærri verkefni sem krefjast verulegs mannafla og búnaðar. Einkum hefur þeim ríkjum sem hafa verið aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu (VES), þ.e. Noregi, Íslandi og Tyrklandi, verið boðin slík þátttaka en Sviss hefur einnig leikið stórt hlutverk í ýmsum verkefnum ESB. Að sama skapi taka þau ríki sem sótt hafa um aðild að ESB þátt í verkefnum sambandsins, auk Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands o.fl. Hefur Ísland á þessum grunni tekið þátt í tveimur verkefnum ESB: lögregluaðgerðinni í Bosníu-Hersegóvínu og friðargæsluverkefni í Makedóníu.

Evrópusambandið hefur skipulagt tvö hernaðarleg verkefni af þessum toga. Hið fyrra er í Bosníu-Hersegóvínu og hófst árið 2004 þegar ESB tók við friðargæsluhlutverki NATO, en rétt er að geta þess að ESB reiðir sig á styrk og búnað NATO við að sinna þessu verkefni. Síðara verkefnið er í Kongó þar sem ESB tók að sér að styðja við verkefni Sameinuðu þjóðanna í tengslum við kosningar í Kongó. Markmið þess verkefnisins er að tryggja öryggi á svæðinu meðan kosningar standa yfir og er umboð sveitanna bundið við kosningarnar. Um er að ræða sjálfstætt verkefni ESB þar sem ekki er leitað eftir stuðningi NATO.

Evrópusambandið hefur skipulagt alls 16 borgarleg verkefni við hættuástandstjórnun. Áður hefur verið minnst á lögregluaðgerð ESB í Bosníu-Hersegóvínu. Einnig má nefnaráð-

gjöf á sviði lögreglumála í Makedóníu og Palestínu, aðstoð við framkvæmd landamæraeftirlits á landamærum Palestínu og Egyptalands, þjálfun lögreglumanna, dómara og annarra starfsmanna réttarkerfisins í Íraks, verkefni í Darfúr-héraði í Súdan, eftirlit með framkvæmd friðarsamninga milli stjórnvalda í Indónesíu og uppreisnarmanna í Atsjé-héraði, aðstoð við landamæraeftirlit í Moldavíu og Úkraínu, aðstoð við uppbyggingu réttarkerfisins í Georgíu og verkefni í Kósóvó.

### 3.1.5. Afvopnunarmál.

Sameinuðu þjóðirnar, ásamt afvopnunarráðstefnunni í Genf (Conference on Disarmament) eru helsti vettvangur fyrir umræður um afvopnunarmál. Starf Sameinuðu þjóðanna að takmörkun vígbúnaðar og afvopnun skiptist í aðalatriðum á milli allsherjarþingsins í New York og afvopnunarráðstefnunnar í Genf. Fyrsta nefnd allsherjarþingsins fjallar um öll afvopnunarmál á dagskrá þingsins en auk þess fer fram samráð um afmarkaða þætti afvopnunarmála í afvopnunarnefnd Sameinuðu þjóðanna (United Nations Disarmament Commission) sem heyrir einnig undir allsherjarþingið. Alþjóðakjarnorkumálastofnunin gegnir enn fremur lykilhlutverki í þeirri viðleitna að koma í veg fyrir að kjarnorka sé notuð í hernaðarlegum tilgangi. Þá hefur samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu mikla þýðingu fyrir öryggi og stöðugleika í álfunni.

#### 3.1.5.1. Afvopnunarráðstefnan í Genf.

Ísland er ekki aðili að afvopnunarráðstefnunni í Genf en aðildarríki hennar eru 65 að tölu. Ísland styður markmið ráðstefnunnar heils hugar en sem vopnlaust ríki hefur aðild Íslands að ráðstefnunni ekki verið talin forgangsatriði. Af helstu áherslumálum afvopnunarráðstefnunnar má nefna aðgerðir til að koma í veg fyrir kjarnavopnastríð, stöðvun kjarnavopnakapphlaups og afvopnun kjarnorkuveldanna. Þá hefur afvopnunarráðstefnan einnig unnið að gerð samninga sem miða að því að tryggja öryggi ríkja sem ekki ráða yfir kjarnavopnum gegn því að kjarnavopnum sé beitt gegn þeim eða þeim sé hótað slíku. Enn fremur hefur ráðstefnan fjallað um aðgerðir til að koma í veg fyrir að ríki vígbúist í geimnum og að hindra þróun nýrra gereyðingarvopna, þ.m.t. geislavopna, ásamt afvopnunarmálum almennt.

Starf afvopnunarráðstefnunnar í Genf hefur um árabil einkennst af þrátefli. Frá því að samkomulag náðist um efnavopnasamninginn árið 1993 og samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn árið 1996 hefur ekki tekist að ná samkomulagi um dagskrá ráðstefnunnar og gerð nýrra afvopnunarsamninga. Dagskráin er háð samhljóða samkomulagi aðildarríkjanna. Árlegar fundalotur ráðstefnunnar eru þrjár og fór sú síðasta á þessu ári fram dagana 31. júlí til 15. september 2006. Mikilvægustu málin sem fjallað var um í síðustu fundarlotu voru kjarnavopnaáætlanir Norður-Kóreu og Írans. Þá vöktu samningsdrög sem Bandaríkjamenn lögðu fram um stöðvun framleiðslu úrans til nota í kjarnavopn nokkra athygli enda hefur afstaða Bandaríkjamanna í þessum málum ekki legið jafn skýr fyrir áður. Drögum þessum var almennt vel tekið en þó með nokkrum fyrirvara og ekki náðist samstaða um þau.

#### 3.1.5.2. Afvopnunarnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Starf afvopnunarnefndar Sameinuðu þjóðanna hefur einnig reynst erfitt undanfarin ár. Fyrr á árinu 2006 fór fram fyrsta fundalota af þremur á jafnmörgum árum. Umfjöllunarefni á þessum fundum verður afvopnun kjarnavopna og aðgerðir gegn útbreiðslu kjarnavopna annars vegar og hins vegar traustvekjandi aðgerðir á sviði hefðbundinna vopna.

**3.1.5.3. Fyrsta nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.**

Í störfum fyrstu nefndar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna hefur megináherslan verið á umræður um viðleitni til að hefta útbreiðslu og notkun kjarnavopna og lífefna- og efnavopn og takmörkun á viðskiptum með ólögmæt handvopn.

*a) Kjarnavopn.*

Umræða um afvopnun og takmörkun kjarnavopna skipar stóran sess í starfi fyrstu nefndar allsherjarþingsins. Umræður í nefndinni hafa enn fremur endurspeglað áhyggjur af útbreiðslu gereyðingarvopna, einkum að hryðjuverkamenn eða ríki þeim vinveitt komist yfir slík vopn með áður óþekktum og ógnvænlegum afleiðingum.

Í maí 2005 fór fram endurskoðunarráðstefna samningsins um að dreifa ekki kjarnavopnum (Non-Proliferation Treaty, NPT) frá 1968, en hann öðlaðist gildi árið 1970. Ráðstefnunni lauk án þess að samkomulag lægi fyrir um lokayfirlýsingu fundarins. Í almennri umræðu á ráðstefnunni kom fram í máli margra að aðildarríki samningsins stæðu frammi fyrir fjölmörgum erfiðum viðfangsefnum og það væri verkefni ráðstefnunnar að samþykkja leiðir til að takast á við þau vandamál sem við blöstu. Það tókst auðsýnilega ekki og er niðurstaða þessarar ráðstefnu ekki til þess fallin að styrkja framkvæmd samningsins.

Gereyðingarvopn í höndum skálkastjórna og óábyrgra ríkja er mesta öryggisógn sem steðjar að mannkyninu um þessar mundir ásamt hættunni á að hryðjuverkamenn eignist slík vopn. Viðleitni til að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna beið hnekki þegar Indland og Pakistan sprengdu tilraunasprengingar. Nýleg tilraun Norður-Kóreumanna með kjarnavopn hefur enn fremur reynt á þolrifin í þessum efnum. Íran er aðili að samningnum um að dreifa ekki kjarnavopnum og því skuldbundið til að nýta kjarnorku einungis í friðsamlegum tilgangi undir eftirliti Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Undanbrögð íranskra stjórnvalda í þessu efni eru hins vegar staðreynd, eins og nánar er vikið að í umfjöllun um Alþjóðakjarnorkumálastofnunina hér að aftan. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur fordæmt tilraunir Norður-Kóreu með kjarnavopn og krafist þess að þeim verði hætt. Samþykkti ráðið að beita þvingunaraðgerðum gegn Norður-Kóreu. Enn er leitast við að sex ríkja viðræður Norður-Kóreu við nágranna sína og Bandaríkin haldi áfram. Norður-Kóreustjórn hefur nú fallist á að hefja viðræður að nýju. Í ljósi fyrri reynslu og hegðunar stjórnvalda í Norður-Kóreu er hins vegar óvíst að samkomulag náist eða haldist. Á vettvangi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar virðist samstaða um að halda írönskum stjórnvöldum að skuldbindingum sínum en þetta er prófraun fyrir stofnunina og samninginn.

Ísland hefur lagt á það áherslu í umræðum innan fyrstu nefndar allsherjarþingsins að ekki verði komið í veg fyrir frekari útbreiðslu kjarnavopna nema öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna gerist aðilar að samningnum um að dreifa ekki kjarnavopnum og virði að fullu ákvæði hans um að koma sér ekki upp slíkum vopnum. Hin yfirlýsta stefna kjarnorkuveldanna að útrýma kjarnavopnum að fullu er mikilvæg fyrir þróun samningsins og áframhaldandi afvopnun kjarnavopna.

Ísland hefur lýst áhyggjum vegna ákvörðunar Norður-Kóreumanna um að segja sig frá NPT-samningnum og hefja að nýju kjarnorkuáætlun sína. Jafnframt hafa stjórnvöld í Íran verið hvött til að standa við allar skuldbindingar sínar gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni.

*b) Lífefna- og efnavopn.*

Efnavopnasamningurinn (Chemical Weapons Convention – CWC), sem öðlaðist gildi 29. apríl 1997, kveður á um algert bann við framleiðslu og notkun efnavopna. Þau aðildar-

ríki efnavopnasamningsins sem búa yfir efnavopnum skulu hafa lokið eyðingu þeirra tíu árum eftir gildistöku samningsins, eða fyrir lok apríl 2007, en þó með mögulegum fresti til ársins 2012. Samningurinn mælir einnig fyrir um eyðileggingu tækja og tæknibúnaðar til framleiðslu efnavopna. Efnavopnasamningurinn bannar enn fremur öðrum ríkjum að afla sér þessara vopna. Framkvæmd samningsins hefur gengið hægar en gert var ráð fyrir við gildistöku hans. Þetta er áhyggjuefni, einkum vegna þess að ýmis efnavopn eru bæði auðveld og ódýr í framleiðslu og gætu enn komist í hendur hryðjuverkamanna. Í samningnum eru mikilvæg eftirlitsákvæði en eftirlit með framkvæmd hans er í höndum Efnavopnastofnunarinnar sem tók formlega til starfa 1997 og hefur aðsetur í Haag.

Ísland gerðist aðili að efnavopnasamningnum 28. apríl 1997. Aðildarríki samningsins eru nú 179 talsins. Fyrsta endurskoðunarráðstefna samningsins var haldin í Haag 28. apríl til 9. maí 2003.

Lífefnavopnasamningurinn (Biological and Toxin Weapons Convention – BTWC) bannar framleiðslu og notkun lífrænna vopna og öðlaðist hann gildi árið 1975. Nú eiga 155 ríki aðild að samningnum. Sextán ríki til viðbótar hafa undirritað hann en ekki fullgilt. Ísland fullgilti lífefnavopnasamninginn 15. febrúar 1973.

Í lokaskjali fimmtu endurskoðunarráðstefnu lífefnavopnasamningsins, sem haldin var í Genf í nóvember 2002, var ákveðið að halda fundi aðildarríkjanna árlega næstu þrjú árin. Sjötta endurskoðunarráðstefna samningsins verður haldin í Genf í nóvember 2006. Í samræmi við framangreint var á árinu 2003 haldinn í Genf fundur aðildarríkja lífefnavopnasamningsins. Áhersluþættir fundarins voru annars vegar þær ráðstafanir sem aðildarríki þurfa að gera varðandi bönn sem samningurinn mælir fyrir um, þar á meðal breytingar á refsilöggjöf. Hins vegar var fjallað um hvernig aðildarríki skulu standa að öryggisráðstöfunum og umsjón með sjúkdómsvaldandi örverum og eiturefnum.

Ísland hefur lagt á það áherslu að efnavopnasamningurinn gegni lykilhlutverki við eftirlit með því að ríki sem búa yfir efnavopnum eyði þeim öllum. Ísland hefur skorað á viðkomandi ríki að gera slíkt á grundvelli skuldbindinga sem af samningnum leiðir. Þá hefur Ísland vakið athygli á því að lífefnavopn eru auðveldari meðferðar en t.d. kjarnavopn. Í ljósi þess þarf að gera ráðstafanir sem koma í veg fyrir að hryðjuverkahópar komist yfir slík vopn.

*c) Ólögleg viðskipti með handvopn.*

Árið 2001 var haldin í New York alþjóðaráðstefna Sameinuðu þjóðanna um ólögleg viðskipti með handvopn. Framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á ráðstefnunni auðveldar bæði hnattræna og svæðisbundna samvinnu gegn ólöglegri verslun með handvopn og gæti síðar leitt til bindandi alþjóðlegra samninga á þessu sviði.

Endurskoðunarráðstefna var haldin í maí 2006 til þess að meta árangur þeirra aðgerða sem samkomulag náðist um árið 2001. Á þeim fundi kom í ljós að töluvert ósamkomulag ríkir um það með hvaða hætti ber að fylgja framkvæmdaáætluninni eftir. Á grundvelli framkvæmdaáætlunarinnar hefur allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sett á fót starfshóp sem lagt hefur fram drög að samningi sem auðvelda á ríkjum að stemma stigu við ólöglegum viðskiptum með handvopn. Samningurinn verður þó ekki skuldbindandi.

Ísland hefur eindregið lýst yfir stuðningi við aðgerðir gegn ólöglegum viðskiptum með handvopn og staðið að tillögu að ályktun um málið í fyrstu nefnd allsherjarþingsins. Jafnframt hefur Ísland verið fylgjandi gerð alþjóðasamnings um sölu á vopnum (Arms Trade Treaty). Markmið slíks samnings væri að samræma löggjöf og reglur ríkja varðandi kaup og sölu á hefðbundnum vopnum.

**3.1.5.4. Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA).**

Eins og kunnugt er hlaut Alþjóðakjarnorkumálastofnunin og framkvæmdastjóri hennar, dr. Mohamed ElBaradei, friðarverðlaun Nóbels árið 2005. Verðlaunin komu í hlut stofnunarinnar og framkvæmdastjóra hennar fyrir viðleitni þeirra til að koma í veg fyrir að kjarnorka sé notuð í hernaðarlegum tilgangi og til að tryggja að kjarnorka, sem notuð er í friðsamlegum tilgangi, sé hagnýtt með sem öruggustu hætti. Dr. ElBaradei var endurkjörinn sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar þriðja kjörtímabilið í röð í september 2005. Þá var ársfundur stofnunarinnar, sem fram fór dagana 18.–22. september 2006, 50. ársfundurinn frá stofnun IAEA og var þessara tímamóta minnst með margvíslegum hætti.

Að undanförnu hafa málefni Norður-Kóreu og Írans verið efst á baugi í starfi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Ekkert eftirlit hefur verið af hálfu IAEA í Norður-Kóreu síðan í desember 2002 þegar stjórnvöld þar í landi rufu innsigli stofnunarinnar, aftengdu eftirlitsmyndavélar hennar og fyrirskipuðu í kjölfarið að eftirlitsmenn á vegum stofnunarinnar skyldu yfirgefa landið.

Þá hefur kjarnorkuáætlun Írans einnig komið reglulega á borð stofnunarinnar. Í skýrslu framkvæmdastjóra IAEA, sem gerð var vegna ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1696/2006, kemur fram að Íran hefur ekki veitt IAEA fullnægjandi aðgang að gögnum til að stofnunin geti með fullnægjandi hætti rannsakað hvort stjórnvöld í Íran standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum um bann við útbreiðslu kjarnavopna. Jafnframt liggi ljóst fyrir að Íran hafi ekki hætt auðgun úrans. Stjórnvöld í Íran hafa hins vegar lagt á það áherslu að þau standi fyllilega við alþjóðlegar skuldbindingar sínar og að þau hafi rétt til að nýta kjarnorku í friðsamlegum tilgangi. Óvíst er hver næstu skref verða í málinu en hinn 6. október 2006 tilkynntu þau ríki sem eiga fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna ásamt Þýskalandi og erindreka Evrópusambandsins í utanríkismálum, Javier Solana, að samningaleiðin við Íran hefði ekki borið árangur og að ríkin teldu tímabært að hefja viðræður um aðgerðir skv. 41. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, eins og vísað var til í ályktun öryggisráðsins nr. 1696/2006.

*Þátttaka Íslands í starfsemi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.*

Ísland fullgilti í byrjun árs 2006 tvo alþjóðasamninga á vegum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar: Annars vegar samninginn um örugga meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs (Joint Convention on the Safety of Spent Fuel Management and on the Safety of Radioactive Waste Management) og hins vegar samninginn um aðstoð ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar (Convention on Assistance in the Case of a Nuclear Accident or Radiological Emergency). Vegna fullgildingar fyrri samningsins tók Ísland einnig þátt í annarri endurskoðunarráðstefnu um samninginn um örugga meðferð notaðs eldsneytis sem fram fór í Vín í maí 2006.

Ísland hefur einnig tekið aukinn þátt í störfum ráðgjafarnefnda IAEA um öryggisstaðla en á vegum stofnunarinnar eru starfandi fjórar slíkar nefndir sem skipaðar eru fulltrúum aðildarríkja samkvæmt tilnefningu. Ísland á fulltrúa í einni þessara ráðgjafarnefnda, en hún fjallar um öryggisstaðla vegna geislavarna og er Sigurður M. Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins, formaður nefndarinnar fyrir tímabilið 2005–2008. Ráðgjafarnefndirnar eru skipaðar fulltrúum rúmlega 60 aðildarríkja IAEA og átta alþjóðlegra stofnana og er hlutverk þeirra m.a. að veita stofnuninni ráðgjöf um allt er varðar öryggisstaðla um geislavarnir. Þá hefur Sigurður jafnframt tekið sæti í yfirnefnd IAEA um öryggisstaðla en sú nefnd er skipuð af forstjóra stofnunarinnar án tilnefninga og er skipunartíminn einnig þrjú ár. Hlutverk hennar er að veita forstjóra IAEA nauðsynlega ráðgjöf um öryggi á fagsviði stofnunar-

innar, m.a. að yfirfara alla öryggisstaðla áður en þeir eru samþykktir af stjórn IAEA til útgáfu. Í yfirnefndinni eiga sæti fulltrúar rúmlega 20 aðildarríkja IAEA.

Þá hefur Ísland kynnt hinum Norðurlöndunum fyrirhugað framboð til stjórnar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar árin 2011–2012. Stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar er mikilvægur vettvangur umræðu um kjarnavopn og útbreiðslu þeirra. Ísland hefur eitt Norðurlandanna aldrei setið í fastaráði stofnunarinnar allt frá stofnun þess.

Nýlega hóf Ísland greiðslur á ný í tæknisjóð IAEA árið 2005. Er starfsemi sjóðsins afar mikilvægur þáttur í starfi stofnunarinnar þar sem honum er ætlað að veita hagnýta tæknilega aðstoð við aðildarríki stofnunarinnar, einkum þróunarríkin. Starfsemi á vegum tæknisjóðs IAEA byggist á frjálsum fjárframlögum aðildarríkjanna.

### 3.1.5.5. Samningurinn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Haustið 2006 var þess minnst að tíu ár eru liðin síðan opnað var fyrir undirskrift samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjaravopn. Nú þegar hafa 135 ríki fullgilt hann, þ.m.t. Ísland sem fullgilti samninginn árið 2000. Samningurinn tekur hins vegar ekki gildi fyrr en þau ríki sem hafa yfir kjarnaofnum og kjarnavopnum að ráða hafa fullgilt hann og enn eiga tíu ríki í þessum hópi eftir að fullgilda samninginn.[1] Reglulega eru þau ríki sem enn eiga eftir að fullgilda samninginn hvött til þess og var samþykkt ráðherrayfirlýsing um það efni í tengslum við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og var Ísland eitt meðflutningsríkja ályktunarinnar.

Starfandi er undirbúningsnefnd sem ætlað er að koma á fót alþjóðastofnun þeirri sem annast á framkvæmd samningsins þegar hann öðlast gildi. Hefur meginverkefni nefndarinnar verið að þróa alþjóðlegt eftirlitskerfi með hugsanlegum brotum á samningnum. Segja má að eftirlitskerfið hafi sannað gildi sitt þegar Norður-Kórea hóf tilraunir með kjarnavopn. Eftirlitsstöðvar sem nema jarðhræringar námu sprenginguna en ekki liggja enn fyrir niðurstöður rannsókna sem mæla geislun í lofti. Samkvæmt tilkynningu Norður-Kóreu til Kína átti sprengingin að vera 4 kílótonn en samkvæmt mælingum eftirlitskerfisins var sprengikrafturinn aðeins 10% þess og hafa sum ríki dregið þá ályktun af þeim sökum að sprengingin hafi mistekist. Þá er til skoðunar hvort miðla megi upplýsingum úr hinu alþjóðlega eftirlitskerfi til flóðavarnastöðva sem vara við flóðbylgjum (tsunami) í kjölfar hamfaranna í Suðaustur-Asíu í desember 2004 þar sem eftirlitskerfið er mun nákvæmara og net þess þéttriðnara en þau flóðavarnarkefi sem þegar eru fyrir hendi. Verður þetta mál nánar rætt á fundi nefndarinnar í nóvember 2006 og verða þar lagðar fram tillögur vinnuhóps um málið.

### 3.1.5.6. Samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu.

Þriðja endurskoðunarráðstefnan um samninginn um hefðbundinn herafla í Evrópu (Conventional Forces Europe – CFE) var haldin á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) í Vín sumarið 2006. Töluverður árangur hefur náðst síðan samningurinn var gerður árið 1990 og hafa mörg ríki eytt hergögnum að eigin frumkvæði umfram það sem samningurinn segir til um. Samtals hefur nú sextíu þúsund þungum hergögnum (skriðdrekar, önnur brynvarin farartæki, fallbyssur, árásarflugvélar, árásarþyrlur o.fl.) verið eytt, sem er langt umfram ákvæði samningsins. Hermönnum í herliði aðildarríkja samningsins hefur

---

[1] Þau ríki sem enn eiga eftir að fullgilda samninginn eru Bandaríkin, Kína, Kólumbía, Egyptaland, Indland, Indónesía, Íran, Ísrael, Norður-Kórea og Pakistan.

á sama tíma fækkað verulega. Í dag eru hermenn í herliði aðildarríkja samningsins tæplega 3 milljónir en voru um 5,7 milljónir við gerð hans.

Samningurinn var endurskoðaður árið 1999 en endurskoðuð gerð hans hefur enn ekki tekið gildi. Ástæða þess er sú að Rússar hafa ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum upprunalega samningsins um að draga herlið sitt til baka frá Georgíu (m.a. Abkashíu-héraði) og Transnistríu-héraði í Moldóvu. Hafa mörg aðildarríki samningsins, þar á meðal aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, litið svo á að ekki væri hægt að fullgilda endurskoðaða gerð samningsins á meðan svo stæði á. Af þessum sökum hafa aðeins fjögur ríki fullgilt endurskoðaða gerð samningsins, þ.e. Rússland, Úkraína, Hvíta-Rússland og Kasakstan.

### 3.2. Mannréttindi.

Mannréttindi eru í eðli sínu víðtækur málaflokkur og snerta starfssvið margra alþjóðastofnana. Mikilvægustu alþjóðastofnanir sem Ísland á aðild að og fjalla um vernd mannréttinda eru Sameinuðu þjóðirnar, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Evrópuráðið.

#### 3.2.1. Helstu áherslur Íslands á sviði mannréttindamála.

Í samræmi við 55. og 56. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland skuldbundið sig til aðgerða sem stuðla að og efla almenna viðurkenningu á mannréttindum og grundvallarfrelsi. Mannréttindi eru mikilvægur þáttur í utanríkisstefnu Íslands. Oft og tíðum eru mannréttindabrot ein helsta rót óstöðugleika og vopnaðra átaka. Vernd lýðræðis og mannréttinda og virðing fyrir alþjóðalögum skiptir því miklu til að tryggja megi stöðugleika og öryggi. Af þeim sökum er oft talað um mannréttindi og öryggi í sömu andránni. Íslensk stjórnvöld leggja ríka áherslu á að alþjóðalög séu virt, þ.m.t. alþjóðareglur um verndun mannréttinda. Til að efla öryggi og mannréttindi og til að standa vörð um gildandi mannréttindasamninga, stuðla að þróun þeirra og tryggja framkvæmd þeirra hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á eftirfarandi í umfjöllun um mannréttindi á alþjóðlegum vettvangi:

- mannréttindi eru algild og á ábyrgð alþjóðasamfélagsins alls;
- þegnar annarra ríkja skulu einnig njóta þeirrar verndar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum mannréttindasamningum;
- tryggja skal nútímalega túlkun á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem öryggi og mannréttindi eru í brennidepli;
- standa ber vörð um starfsemi Alþjóðlega sakamáladómstólsins (International Criminal Court – ICC);
- stuðla ber að virku eftirlitskerfi með því að alþjóðlegar mannréttindareglur séu virtar.

Ísland hefur einnig beitt sér sérstaklega fyrir afnámi alls ofbeldis og mismununar gegn konum og börnum og bættum réttindum þeirra. Hefur baráttan gegn mansali verið sérstakt forgangsmál. Þá hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á að baráttan gegn alþjóðlegum hryðjuverkum má ekki vera á kostnað mannréttinda, svo sem algers banns við pyntingum, afnáms dauðarefsinga og baráttunnar gegn aftökum án dóms og laga. Íslensk stjórnvöld hafa verið þeirrar skoðunar að ályktanir um ástand mannréttindamála í einstökum ríkjum séu gagnlegar til að þrýsta á um að ríki standi við skuldbindingar sínar á sviði mannréttinda. Í samræmi við þetta sjónarmið hefur Ísland stutt tillögur að ályktunum um mannréttindabrot í einstökum ríkjum þegar slíkar tillögur eru studdar efnislegum rökum.

*Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn (International Criminal Court – ICC).*

Stofnun Alþjóðlega sakamáladómstólsins má tvímælalaust telja meðal mikilvægustu framlaga til mannréttindaverndar og friðar í heiminum frá stofnun Sameinuðu þjóðanna. Hlutverk dómstólsins er að dæma í málum einstaklinga sem grunaðir eru um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu, þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Ísland varð árið 2000 tíunda ríkið til að fullgilda Rómarsamþykktina um stofnun Alþjóðlega sakamáladómstólsins. Hún öðlaðist gildi 1. júlí 2002 þegar 60 ríki höfðu fullgilt hana og eru aðildarríki samþykktarinnar nú 102 talsins. Fyrstu dómarar við Alþjóðlega sakamáladómstólinn voru kjörnir í febrúar 2003 og jafnframt var á því ári kjörinn aðalsaksóknari við dómstólinn. Dómstóllinn hefur nú að fullu tekið til starfa og hefur hann aðsetur í Haag.

*Umfjöllun um vernd mannréttinda á Íslandi á grundvelli mannréttindasamninga.*

Alþjóðlegir mannréttindasamningar hafa að jafnaði að geyma ákvæði um að aðildarríki þeirra skuli skila reglulega skýrslum til Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd viðkomandi samninga. Íslensk stjórnvöld hafa á grundvelli slíkra ákvæða skilað inn skýrslum til Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd þeirra mannréttindasamninga sem Ísland á aðild að.

### 3.2.2. Mannréttindi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

#### 3.2.2.1. Almennt.

Eitt af fjórum grundvallarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er að koma á alþjóðasamvinnu til að efla og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi allra án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða. Að frátaldri mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var af allsherjarþinginu árið 1948 mynda sex alþjóðasamningar[2] um mannréttindi hornstein mannréttindastarfs samtakanna. Helsti vettvangur fyrir umræðu um mannréttindamál innan Sameinuðu þjóðanna er mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna og þriðja nefnd allsherjarþingsins.

Starfsemi Sameinuðu þjóðanna á sviði mannréttinda hefur styrkst á undanförnum árum, m.a. með stofnun sérstaks embættis mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna árið 1993. Starfsemi mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) og mannréttindafulltrúans hefur verið efld verulega hin síðustu ár, auk þess sem öll aðstaða mannréttindaskrifstofunnar hefur verið bætt verulega. Þá hafa verið gerðar gagngerar endurbætur á umfjöllun innan Sameinuðu þjóðanna um mannréttindamál síðustu missirin, ekki síst með ákvörðun

[2] Það eru mannréttindasamningarnir tveir frá árinu 1966: um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (International Covenant on Civil and Political Rights – CCPR) annars vegar og um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights – CESCR) hins vegar. Þessir tveir samningar ásamt tveimur viðbótarbókunum við CCPR mynda svonefndan „International Bill of Human Rights". Aðrir helstu samningar á sviði mannréttinda eru eftirfarandi: alþjóðasamningurinn um afnám alls misréttis gegn konum (Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women – CEDAW), alþjóðasamningurinn um útrýmingu alls kynþáttamisréttis (Convention on the Elimination of All Forms of Racial Discrimination – CERD), alþjóðasamningurinn gegn pyntingum og annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingum (Convention against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment – CAT) og loks alþjóðasamningurinn um réttindi barnsins (Convention on the Rights of the Child – CRC). Ísland á aðild að öllum framangreindum samningum. Að auki eru í gildi sex viðbótarbókanir við fjóra af samningunum.

allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 15. mars 2006 um stofnun nýs mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna (Human Rights Council, HRC), eins og nánar verður vikið að neðan.

### 3.2.2.2. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna.

*Stofnun nýs mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.*

Fyrra mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna (United Nations Commission on Human Rights – UNCHR) starfaði allt frá árinu 1946. Í ráðinu áttu sæti 53 ríki sem kjörin voru af 54 aðildarríkjum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Starfsemi þessa fyrra mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna sætti hins vegar vaxandi gagnrýni á síðustu árum og urðu kröfur um að stofna nýtt mannréttindaráð sífellt háværari. Eigi að síður var djúpstæður ágreiningur meðal aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um hvert hlutverk og skipan slíks nýs mannréttindaráðs ætti að vera. Af þeim sökum voru haldnir margir óformlegir samningafundur haustið 2005 og fyrstu mánuði ársins 2006 um stofnun nýs mannréttindaráðs. Ekki náðist hins vegar samstaða um breytingar á mannréttindaráðinu fyrr en forseti allsherjarþingsins, Jan Eliasson, hjó á hnútinn með því að leggja fram málamiðlunartillögu að ályktun um stofnun nýs mannréttindaráðs. Var tillaga Eliassons samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta í atkvæðagreiðslu á allsherjarþingingu.

Í nýja mannréttindaráðinu eiga sæti 47 ríki sem kosin eru af allsherjarþinginu. Með stofnun nýs ráðs eru vonir bundnar við að auka megi virkni og sveigjanleika í umfjöllun um mannréttindamál þar sem nýja ráðið sé betur í stakk búið en það gamla til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða þegar teikn eru á lofti um að mannréttindabrot séu yfirvofandi. Nýja ráðið fundar þrisvar til fjórum sinnum yfir árið, tíu vikur alls, en ekki aðeins í sex vikur samfleytt eins og áður tíðkaðist. Þá getur einn þriðji aðildarríkja krafist þess að ráðið verði kallað saman með stuttum fyrirvara til að bregðast við mannréttindabrotum. Nýja ráðið heyrir beint undir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna fjallar á fundum sínum m.a. um ástand mannréttindamála í ákveðnum löndum og landsvæðum, borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, pyntingar, mannshvörf, aftökur, tjáningarfrelsi, trúfrelsi og fleira. Einnig er fjallað um kynþáttamisrétti, réttindi minnihlutahópa, réttindi frumbyggja, réttindi kvenna og barna, hryðjuverk, menntun, fátækt, alþjóðavæðingu, stöðu alþjóðlegra mannréttindasamninga og verjendur mannréttinda svo eitthvað sé nefnt.

Fyrsti fundur þessa nýja mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna var haldinn í Genf 19.–30. júní 2006. Á fundinum tókst að útfæra frekar starfsemi nýja mannréttindaráðsins. Samþykkt var vinnulag ráðsins fyrir fyrsta starfsárið svo og að stofna vinnuhóp sem þróa á aðferðafræði við heildaryfirferð um ástand mannréttindamála (Universal Periodic Review – UPR). Er hér um að ræða nýmæli og er ætlunin með þessu fyrirkomulagi að reglulega sé fjallað um ástand mannréttindamála í öllum ríkjum veraldar. Samstaða var um að mikilvægt væri að hraða því sem kostur væri að hefja þetta starf þar sem 14 ríki af þeim 47 sem kjörin voru í mannréttindaráðið í maí sl. munu einungis sitja í eitt ár og þarf að fara yfir ástand mannréttindamála í þeim ríkjum áður en kjörtímabili þeirra lýkur. Þessi má geta að flestir mannréttindasamningar hafa að geyma ákvæði um að reglulega skuli fjallað um hvernig aðildarríki viðkomandi samningsins virða skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Ríkjum sem ekki eru aðilar að tilteknum mannréttindasáttmálum ber hins vegar engin skylda til þess að svara fyrir um hvernig staðið er að vernd þeirra réttinda sem viðkomandi samningur á að tryggja. Heildaryfirferð mannréttindaráðsins yfir ástand mannréttindamála verður því frábrugðin umfjöllun af þessu tagi þar sem fjallað verður um mannréttindaástand í öllum ríkjum veraldar, burtséð frá því hvort ríki eru aðilar að tilteknum alþjóðasamningum á sviði

mannréttindamála. Þá samþykkti ráðið á fyrsta fundi sínum ályktanir um drög að nýjum alþjóðasamningi um mannshvörf og um yfirlýsingu um málefni frumbyggja á fyrsta fundi nýja ráðsins.

Starfsemi mannréttindaráðsins er enn í mótun og er ljóst að starfsemi ráðsins á fyrsta starfsárinu mun einkennast af því að fara yfir starfssvið ráðsins og vinnulag og móta framtíðaráherslur þess. Þegar hafa verið haldnir tveir fundir í mannréttindaráðinu árið 2006 og mun þriðji fundur ráðsins á árinu fara fram í lok nóvember. Bíða þess fundar fjölmörg málefni sem ekki tókst að leiða til lykta á öðrum fundi þess, m.a. ályktun um aðkallandi mannréttindamál á borð við ástandið í Darfúr-héraði í Súdan.

Finnland (framboð Norðurlanda) var kjörið til setu í ráðinu í maí 2006 til eins árs. Danir hafa tilkynnt um framboð sitt (framboð Norðurlanda) fyrir næsta kjörtímabil. Ísland hefur aldrei átt sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Fjallað verður um fundi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna síðar, svo og fundi þriðju nefndar allsherjarþingsins.

*Áherslur Íslands í starfi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.*

Ísland á ekki aðild að mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna og greiða fulltrúar Íslands á þingum þess því ekki atkvæði um ályktunartillögur. Eigi að síður hefur Ísland lagt áherslu á að taka virkan þátt í þingum hins nýstofnaða mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna, rétt eins og Ísland tók virkan þátt í starfsemi fyrra mannréttindaráðsins. Hafa fulltrúar Íslands m.a. lagt áherslu á réttindi barna og tekið virkan þátt í samstarfi Norðurlandanna. Þátttaka fulltrúa Íslands miðast við að taka þátt í umræðunum eins og kostur er hverju sinni, fara yfir allar ályktunartillögur sem lagðar eru fyrir fundi ráðsins og taka þátt í samningaviðræðum um þær eins og kostur er. Í framhaldi er tekin ákvörðun um hvort Ísland er meðal flytjenda að tillögum að ályktunum ráðsins. Þess má geta að fulltrúar Íslands eiga náið samráð við Norðurlöndin og önnur vestræn ríki á mannréttindaþingum Sameinuðu þjóðanna.

**3.2.2.3. Umræða um mannréttindi á vettvangi þriðju nefndar allsherjarþingsins.**

Félags- og mannréttindamál falla undir þriðju nefnd allsherjarþingsins. Ísland hefur tekið virkan þátt í starfsemi nefndarinnar. Hefur Ísland lagt sérstaka áherslu á jafnrétti kynjanna, baráttuna gegn mansali og ofbeldi gegn konum. Náið samráð og samstarf er á meðal norrænu ríkjanna í nefndinni. Hafa einstök ríki Norðurlandanna flutt tillögur fyrir nefndinni með stuðningi hinna, svo sem um pyntingar, aftökur án dóms og laga, skrifstofu flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og afnám alls misréttis gagnvart konum.

Þá hefur þriðja nefnd allsherjarþingsins ályktað um ástand mannréttindamála í Búrma, Austur-Kongó, Íran og Túrkmenistan. Meðal þeirra málefna sem nefndin hefur ályktað um á liðnum árum má nefna útrýmingu svonefndra „heiðursglæpa" gegn konum og stúlkum, baráttuna gegn mansali, stöðu kvenna í alþjóðastarfsliði Sameinuðu þjóðann og verndun mannréttinda í baráttunni gegn hryðjuverkum.

*Drög að nýjum alþjóðasamningi um réttindi fatlaðra.*

Í lok ágúst 2006 var haldinn í New York áttundi fundur vinnuhóps Sameinuðu þjóðanna um gerð alþjóðasamnings um vernd og eflingu réttinda og virðingu einstaklinga með fötlun svo og drög að viðbótarbókun við samninginn (Draft International Convention on the Protection and Promotion of the Rights and Dignity of Persons with Disabilities and Draft Optional Protocol). Vinnuhópurinn samþykkti á umræddum fundi samningsdrögin og er áætlað að drögin verði lögð fyrir yfirstandandi allsherjarþing til samþykktar.

### 3.2.3. Mannréttindamál innan Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Vernd mannréttinda er eitt af helstu verkefnum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Almennt lýtur starf ÖSE á sviði mannréttindamála einkum að vernd mannréttinda í aðildarríkjum ÖSE, sem og hvernig standa megi vörð um réttarríkið og grunnreglur lýðræðislegs stjórnarfars í aðildarríkjunum.

Helstu áherslumál ÖSE á sviði mannréttindamála eru baráttan gegn mansali, að aðstoða aðildarríkin við að byggja upp lýðræðislegt stjórnarfar, fræðslu- og endurmenntunarverkefni í þágu varnar gegn átökum og enduruppbyggingar í kjölfar átaka, kosningaeftirlit og aðstoð við framkvæmd kosninga. ÖSE leggur ríka áherslu á að jafnrétti kynjanna sé órjúfanlegur þáttur lýðræðislegs stjórnarfars og af þeim sökum beri að leggja jafnrétti kynjanna til grundvallar við stefnumótun innan ÖSE og við framkvæmd verkefna á vegum þess. Þá hefur ÖSE lagt áherslu á verndun ferðafrelsis, trúfrelsis, tjáningarfrelsis og frelsis fjölmiðla. Einnig má nefna starf ÖSE sem lýtur að verndun réttinda minnihlutahópa, en deilur sem eiga rætur að rekja til átaka milli mismunandi þjóðernishópa hafa reynst ein helsta uppspretta átaka í Evrópu á síðari tímum. Er hlutverk ÖSE að bera kennsl á og leita skjótra lausna á spennu milli þjóðernishópa og að setja viðmið um hvernig vernda beri réttindi einstaklinga sem tilheyra minnihlutahópum. Þá hefur ÖSE lagt áherslu á hugmyndir um réttarríkið í starfi sínu en í því felst skírskotun til þess að ekki megi eingöngu líta til hins formlega ramma laganna heldur verður réttarkerfið einnig að byggjast á fullri virðingu fyrir mannlegri reisn. Þá hefur ÖSE lagt ríka áherslu á mikilvægi þess að stuðla að umburðarlyndi og leggja bann við hvers konar mismunun almennt, svo sem kynþáttamismunun, mismunun á grundvelli trúarbragða o.s.frv.

Ráðherrafundir ÖSE eru að jafnaði haldnir í desember ár hvert og eru á slíkum fundum að jafnaði samþykktar nokkrar ákvarðanir um mannréttindamál þar sem mælt er fyrir um verkefni og aðgerðir á vegum ÖSE. Þá eru reglulega haldnar ráðstefnur og fundir um hin ýmsu mannréttindamálefni á vegum ÖSE og ber þar hæst ráðstefnu sem haldin er hvert haust á vegum lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE (ODIHR) í Varsjá. Á fundinum er farið yfir framkvæmd skuldbindinga þátttökuríkja ÖSE á sviði mannréttinda. Síðasta ráðstefnan af þessu tagi var haldin í október 2006 og sóttu hana samtals um eitt þúsund fulltrúar, m.a. frá frjálsum félagasamtökum.

Þá eru starfandi á vettvangi ÖSE sérstakir fulltrúar sem vinna eiga að tilteknum málum, svo sem um baráttuna gegn mansali, frjálsa fjölmiðlun, stöðu þjóðernisminnihlutahópa og baráttuna gegn mismunun og fyrir auknu umburðarlyndi. Fylgjast þessir fulltrúar grannt með stöðu þessara málaflokka í aðildarríkjum ÖSE, benda á brotalamir í framkvæmd hjá þátttökuríkjum og leiðir til úrbóta og gefa fastaráði ÖSE reglulega skýrslur um starf sitt.

### 3.2.4. Mannréttindamál innan Evrópuráðsins.

#### 3.2.4.1. Almennt um starf Evrópuráðsins á sviði mannréttinda.

Undanfarin ár hefur Evrópuráðið stækkað ört og nýjar ógnir við frelsi og lýðræði hafa litið dagsins ljós. Evrópuráðið hefur því þurft að endurskoða hlutverk sitt að nokkru leyti og forgangsraða verkefnum í takt við nýja tíma. Í ljósi þessa var þriðji leiðtogafundur Evrópuráðsins haldinn í Varsjá í Póllandi í maí 2005 og var fundinum ætlað að meta stöðu og framtíð Evrópuráðsins meðal stofnana Evrópuríkjanna. Á fundinum var samþykkt framkvæmdaáætlun Evrópuráðsins þar sem tiltekin eru forgangsverkefni Evrópuráðsins í nánustu framtíð.

*Efling sameiginlegra grundvallargilda: mannréttindi, réttarríki og lýðræði.*

Í framkvæmdaáætluninni er áhersla lögð á að tryggja skilvirkni mannréttindasáttmála Evrópu og stuðningi heitið við Mannréttindadómstólinn. Ríki eru hvött til að fullgilda viðauka 14 við mannréttindasáttmálann (sem miðar að því að auka skilvirkni í starfi Mannréttindadómstólsins) og vinna að því að fækka þeim málum sem berast dómstólnum á hverju ári.

Mikilvægt hlutverk annarra stofnana Evrópuráðsins í verndun og eflingu mannréttinda var einnig áréttað, þ.m.t. hlutverk mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins, nefndar um varnir gegn pyntingum og nefndar um aðgerðir gegn kynþáttafordómum og skorti á umburðarlyndi. Töluverð umræða hefur einnig verið um samning Evrópuráðsins um verndun þjóðarbrota. Í framkvæmdaáætluninni er áhersla lögð á fullgildingu samningsins vegna þeirrar verndar sem hann tryggir minnihlutahópum í álfunni.

*Öryggi borgaranna.*

Eitt megináhersluatriði í framkvæmdaáætlun Evrópuráðsins er að auka öryggi allra Evrópubúa. Þar ber einna hæst baráttuna gegn hryðjuverkum og er áhersla lögð á að aðildarríki undirriti og fullgildi nýjan samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn hryðjuverkum. Ísland hefur undirritað samninginn ásamt samningi sem tekur á fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Skipulögð glæpastarfsemi færist sífellt í vöxt innan álfunnar. Evrópuráðið leggur áherslu á mikilvægi samvinnu við aðrar stofnanir á þessu sviði og mun á næstunni auka samvinnu við ÖSE og Sameinuðu þjóðirnar í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi á alþjóðavísu.

Evrópuráðið hefur undanfarin 20 ár beitt sér fyrir aðgerðum gegn mansali. Í framkvæmdaáætluninni eru aðildarríki hvött til þess að undirrita og fullgilda nýjan samning Evrópuráðsins þar að lútandi. Þessi nýi samningur er mikilvægt skref í baráttunni gegn mansali sem er alvarlegt mannréttindabrot og misbýður gróflega mannlegri reisn. Samningurinn mun efla forvarnir og miðar að því að gerendur séu sóttir til saka og mannréttindi fórnarlamba virt. Sjálfstætt eftirlitskerfi verður sett upp samhliða samningnum sem mun hafa eftirlit með því að ríki framfylgi ákvæðum hans. Ísland hefur nú þegar undirritað samninginn.

Evrópuráðið mun á næstu missirum beita sér í baráttunni gegn ofbeldi gegn konum, þ.m.t. heimilisofbeldi. Starfshópur hefur þegar verið settur á fót í þeim tilgangi að fylgjast með aðgerðum í aðildarríkjunum og koma með tillögur að úrbótum í þessum málaflokki. Samevrópskri herferð til að sporna við ofbeldi gegn konum, þ.m.t. heimilisofbeldi, verður hrundið af stað í lok nóvember 2006 með ráðstefnu í Madrid undir yfirskriftinni: Stöðvum ofbeldi gegn konum.

*Mannúðlegri Evrópa fyrir alla.*

Framkvæmdaáætlunin leggur áherslu á mikilvægi félagslegrar samheldni og mikilvægi menntunar og menningar fyrir varðveislu þeirra grundvallargilda sem starf Evrópuráðsins byggist á. Í því samhengi ber að minna sérstaklega á mikilvægi þess að virða og efla réttindi barna og næstu þrjú ár verður lögð sérstök áhersla á að berjast gegn hvers konar ofbeldi gegn börnum. Nú þegar er unnið að samningi um aðgerðir gegn kynferðislegri misnotkun á börnum sem verður lagalega bindandi fyrir þau ríki sem gerast aðilar að samningnum.

Evrópuráðið mun á næstu missirum, í samræmi við framkvæmdaáætlunina, leggja sérstaka áherslu á svonefnda þvermenningarlega umræðu og hafa bæði núverandi og næst-

komandi formaður ráðherranefndarinnar lýst því yfir að slík umræða sé eitt af forgangsmálum í þeirra formennsku. Þvermenningarleg umræða, byggð á alþjóðlegum mannréttindum, gegnir mikilvægu hlutverki í því að efla vitund, skilning og umburðarlyndi og að koma í veg fyrir ágreining og tryggja aðlögun ólíkra hópa og samheldni í samfélaginu. Stefnt er að því að gefa út hvítbók Evrópuráðsins um þvermenningarlega umræðu haustið 2007.

*Samvinna við aðrar alþjóðastofnanir.*

Eitt af forgangsverkefnum Evrópuráðsins um þessar mundir er að efla samvinnu þess við aðrar alþjóðastofnanir á sviði mannréttinda. Unnið er að gerð viljayfirlýsingar milli Evrópuráðsins og Evrópusambandsins í þeim tilgangi að auka samvinnu og pólitískar umræður milli stofnananna. Samvinna við ÖSE hefur einnig aukist undanfarin missiri. Sérstök áhersla er lögð á samvinnu í málaflokkum sem báðar stofnanirnar hafa skilgreint sem sameiginleg forgangsverkefni, en þau eru: barátta gegn hryðjuverkum, vernd réttinda fólks sem tilheyra þjóðarbrotum, aðgerðir gegn mansali og efling umburðarlyndis og banns við mismunun. Jafnframt er unnið er að nánara samstarfi á milli Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna á sviði mannréttinda.

**3.2.4.2. Umfjöllun Evrópuráðsins um vernd mannréttinda í tengslum við baráttu gegn hryðjuverkum.**

Á vettvangi Evrópuráðsins hefur farið fram mikil umræða um mannréttindi og hryðjuverk. Evrópuráðið hefur jafnframt sent frá sér ályktanir þar sem lýst hefur verið áhyggjum vegna þeirra stefnubreytinga í túlkunum á mannréttindasamningum sem fylgt hafa í kjölfar stríðsins gegn hryðjuverkum. Gagnrýnin hefur beinst að mannréttindabrotum á borð við ótímabundið varðhald fólks án saka eða möguleika á að leita til óháðra dómstóla, niðurlægjandi meðferð fanga meðan á varðhaldi stendur og framsal eða flutning fanga til ríkja sem heimila pyntingar, dauðarefsingar og refsivist á grundvelli trúarbragða. Slík vinnubrögð stríða m.a. gegn ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu og Evrópusáttmálans um bann gegn pyntingum, ómannúðlegri og niðurlægjandi meðferð eða refsingum fanga.

*Fangaflug.*

Eitt helsta framlag Evrópuráðsins til þessarar umræðu eru skýrslur framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, Terry Davis, sem byggðar eru á upplýsingum frá aðildarríkjum Evrópuráðsins og áfangaskýrslur sérstaks skýrslugjafa Evrópuráðsins, svissneska þingmannsins Dick Marty, um flutning og tímabundna fangelsun einstaklinga í ríkjum Evrópu án aðkomu dómstóla.

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins sendi öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins bréf í nóvember 2005 og óskaði eftir upplýsingum frá stjórnvöldum á grundvelli 52. gr. mannréttindasáttmála Evrópu vegna gruns um að bandarísk stjórnvöld hefðu flutt fanga með ólögmætum hætti um lofthelgi Evrópuríkja. Það er í áttunda skipti frá gildistöku sáttmálans árið 1953 sem aðildarríki eru beðin um upplýsingar á grundvelli umræddrar greinar. Svarfrestur aðildarríkja var til 21. febrúar 2006.

Á blaðamannafundi 1. mars 2006 kynnti framkvæmdastjórinn áfangaskýrslu sína sem hann sagði byggjast á svörum 45 aðildarríkja Evrópuráðsins. Framkvæmdastjórinn tók fram að nákvæmni skorti í svörum 33 aðildarríkja og verði í þeim tilvikum óskað frekari upplýsinga. Þrettán aðildarríki hafi veitt viðunandi svör og var Ísland í hópi þeirra ríkja. Almennt um svör aðildarríkja sagði framkvæmdastjórinn að draga megi þá ályktun að á nokkrum sviðum sé ástæða til að staldra við og ræða frekar. Í fyrsta lagi sé skortur hjá mörgum að-

ildarríkjum Evrópuráðsins á lagaákvæðum sem tryggja yfirsýn aðildarríkja yfir starfsemi erlendra öryggisþjónusta innan lögsögu viðkomandi ríkja. Í öðru lagi sé lofthelgi Evrópuríkja mjög opin og fá ríki hafi viðunandi aðferð við að fylgjast með allri umferð um flugvelli og lofthelgi sína. Í þriðja lagi sé vert að skoða atriði er tengjast lögsögu, friðhelgi ríkja og verndun mannréttinda.

Hinn 14. júní 2006 kynnti framkvæmdastjóri Evrópuráðsins viðbótarskýrslu sína sem byggist á frekari upplýsingum þeirra aðildarríkja er veittu ófullnægjandi svör áður. Framkvæmdastjórinn sagði að svör viðkomandi ríkja renndu stoðum undir fyrri niðurstöðu sína. Í kjölfarið lagði framkvæmdastjórinn hinn 30. júní 2006 fram tillögur að eftirfylgni við fyrrnefndar skýrslur sínar. Ráðherranefnd Evrópuráðsins ákvað þann 6. september sl. að fjalla áfram um þetta mál á fundum nefndarinnar. Tillögur framkvæmdastjórans er að finna á heimasíðu Evrópuráðsins, ásamt umræddum skýrslum, svo og svörum allra aðildarríkja Evrópuráðsins (sjá vefslóðina http://www.coe.int/).

### 3.2.4.3. Mannréttindadómstóll Evrópu.

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að bæta starfsemi Mannréttindadómstóls Evrópu en gífurleg fjölgun hefur orðið á málum sem berast dómstólnum ár hvert. Í því skyni að hraða afgreiðslu mála fyrir dómstólnum samþykktu utanríkisráðherrar Evrópuráðsins á fundi sínum fyrir tveimur árum samningsviðauka nr. 14 við mannréttindasáttmála Evrópu sem felur í sér mikilvægar breytingar á eftirlitsþáttum samningsins. Meðal þeirra breytinga sem felast í viðaukanum má nefna að gert er ráð fyrir að einn dómari geti nú tekið ákvörðun um hvort kæra sé tæk til efnismeðferðar og dómstóllinn þarf aðeins að fjalla um kærur vegna meintra brota á mannréttindasáttmálanum hafi umrætt brot valdið kæranda umtalsverðu óhagræði. Skilvirkni dómstólsins í framtíðinni veltur m.a. á því að viðauki nr. 14 við mannréttindasáttmálann öðlist gildi sem fyrst en til þess þurfa öll aðildarríki sáttmálans að hafa lokið við að fullgilda hann. Ísland hefur fullgilt samningsviðaukann líkt og nánast allar þjóðir Evrópuráðsins. Rússland er eina ríki ráðsins sem einungis hefur undirritað viðaukann.

### 3.2.4.4. Skýrsla mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins um Ísland.

Fyrrverandi mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, Alvaro Gil-Robles, heimsótti Ísland dagana 4.–6. júlí 2005 ásamt tveimur aðstoðarmönnum. Tilefni heimsóknarinnar var að afla upplýsinga varðandi ástand mannréttindamála á Íslandi til skýrslugerðar. Í byrjun desember 2005 barst lokaeintak skýrslunnar og var hún síðan á dagskrá ráðherranefndar Evrópuráðsins hinn 14. desember 2005. Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að Ísland verðskuldi þann góða orðstír sem landið hafi getið sér á sviði mannréttindamála en jafnframt er þar að finna ábendingar um úrbætur á einstökum sviðum. Skýrsluna má finna á vefslóð Evrópuráðsins (http://www.coe.int/).

## 3.3. Sameinuðu þjóðirnar.

Starf Sameinuðu þjóðanna á árunum 2005–2006 hefur einkennst af viðræðum um hvernig koma megi á nauðsynlegum umbótum á starfsemi samtakanna og undirstofnanna þeirra. Umræður um þetta efni settu m.a. svip sinn á leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var í september 2005. Sérstaklega verður fjallað um niðurstöðu leiðtogafundarins og fyrirhugaðar umbætur á starfi Sameinuðu þjóðanna hér á eftir.

Kjörtímabil Kofi Annans rennur út í lok ársins 2006. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tilnefndi Ban Ki-Moon, utanríkisráðherra Suður-Kóreu, sem eftirmann Annans og var kjör

Moons staðfest einróma af allsherjarþinginu hinn 13. október 2006. Ban Ki-Moon mun taka við starfi aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna 1. janúar 2007.

### 3.3.1. Umbætur á starfsemi Sameinuðu þjóðanna.

*Leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna í september 2005.*

Meginmarkmið leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna, sem haldinn var í New York í september 2005, var að meta hvaða árangur hefði náðst við að ná fram svonefndum þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt var stefnt að því að ná samkomulagi á fundinum um umbætur á starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Til grundvallar umræðum um umbætur á starfi samtakanna lagði Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, fram skýrslu sem byggðist á starfi hóps valinkunnra einstaklinga.

Viðræður í aðdraganda leiðtogafundarins og samningaviðræður um yfirlýsingu leiðtogafundarins reyndust tímafrekar og settu fundir um það efni sterkan svip á allt starf Sameinuðu þjóðanna. Einkum beindust samningaviðræðurnar að stofnun nýs mannréttindaráðs og friðaruppbyggingarnefndar (Peacebuilding Commission – PBC), endurbótum á rekstri skrifstofu Sameinuðu þjóðanna, þróunarmálum og endurbótum á starfsháttum efnahags- og félagsmálaráðsins (ECOSOC), stækkun öryggisráðsins og endurbótum á vinnubrögðum þess, aðgerðum gegn hryðjuverkum, baráttunni gegn útbreiðslu alnæmis, styrkingu allsherjarþingsins, endurbótum á rekstri skrifstofu Sameinuðu þjóðanna og endurskoðun verkefna á sviði umhverfismála.

*Þróunarmál og endurbætur á efnahags- og félagsmálaráðinu (ECOSOC).*

Á leiðtogafundinum voru þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna m.a. ítrekuð. Í yfirlýsingu fundarins er áberandi hversu rík áhersla er lögð á ábyrgð þróunarríkjanna sjálfra, einkum er varðar bætta stjórnunarhætti og útrýmingu spillingar. Hvatt er til aukinnar þróunaraðstoðar og því er fagnað að mörg framlagsríkja hafa lagt fram tímaáætlun um hvenær þau ætli að ná því takmarki að leggja 0,7% af þjóðartekjum til þróunaraðstoðar. Fjallað var um nýjar leiðir til að fjármagna þróunaraðstoð, t.d. með því að skattleggja flugfargjöld. Ríki eru þó ekki skuldbundin til að taka þátt í því framtaki.

*Friðaruppbyggingarnefndin, PBC.*

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðið samþykktu í desember 2005 stofnun friðaruppbyggingarnefndar (Peacebuilding Commission). Meginmarkmið með stofnun nefndarinnar er að koma á heildstæðara alþjóðlegu starfi til að tryggja varanlegan frið í stríðshrjáðum ríkjum. Nefndin á í raun að taka við þegar friðargæslusveitir hafa lokið hlutverki sínu. Einnig var ákveðið að stofna friðaruppbyggingarsjóð (Peacebuilding Fund) með frjálsum framlögum ríkja. Sjóðnum er ætlað það hlutverk að fjármagna uppbyggingu eftir stríðsátök og friðaruppbyggingu í stríðshrjáðum ríkjum. Markmiðið er að í sjóðinn safnist 250 milljónir bandaríkjadala. Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að leggja fram eina milljón bandaríkjadala til sjóðsins.

*Nýtt mannréttindaráð (Human Rights Council).*

Eins og áður hefur verið rakið samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hinn 15. mars 2006 að setja á fót nýtt mannréttindaráð í Genf. Nánar er fjallað um aðdraganda að stofnun nýja mannréttindaráðsins í kaflanum um mannréttindi hér að framan.

*Efling allsherjarþingsins.*

Á fyrri hluta ársins 2006 voru haldnir nokkrir óformlegir fundir í allsherjarþinginu um eflingu þess. Umræður um eflingu allsherjarþingsins hafa verið á dagskrá þingsins um árabil en hefur lítið miðað áfram.

*Endurbætur á rekstri skrifstofu Sameinuðu þjóðanna.*

Í yfirlýsingu leiðtogafundarins var tekið fram að til þess að fylgja reglum stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og markmiðum hans væri nauðsynlegt að skrifstofa stofnunarinnar væri skilvirk, afkastamikil og ábyrg. Lögð var áhersla á að áfram yrði haldið að vinna að þeim endurbótum á rekstri skrifstofunnar sem þegar voru hafnar, ábyrgð starfsmanna á verkefnum sínum yrði aukin og reynt yrði að tryggja að starfsemi Sameinuðu þjóðanna stæðist ýtrustu kröfur í siðferðisefnum, m.a. með því að skylda starfsmenn til að upplýsa um fjármál sín og tryggja þeim starfsmönnum vernd sem upplýsa um óeðlilega starfshætti innan stofnunarinnar eða brot í starfi á vegum hennar.

Í því sambandi skoruðu leiðtogarnir á aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að upplýsa frekar um áætlun um stofnun sjálfstæðrar siðferðisskrifstofu sem mundi taka á siðferðislegum álitaefnum og vandamálum í tengslum við starf stofnunarinnar og starfsmanna hennar. Enn fremur óskuðu leiðtogarnir eftir tillögum frá aðalframkvæmdastjóranum til allsherjarþingsins á fyrsta ársfjórðungi 2006 um hvernig framkvæma ætti endurbætur í rekstri stofnunarinnar, þ.m.t. hugmyndum um endurbætur á fjármála- og mannauðsstjórn, gerð starfslokasamninga við starfsfólk sem ekki væri lengur þörf fyrir, hagræðingu í skipulagi yfirstjórnar stofnunarinnar o.fl.

Tekið var fram að eftirlit og endurskoðun með rekstri stofnunarinnar þyrfti að bæta og þess óskað að aðalframkvæmdastjórinn léti óháða aðila meta þörf á úrbótum á því sviði og legði fram tillögur um stofnun sjálfstæðrar ráðgefandi eftirlitsnefndar. Hvatt var til að gætt yrði kynjasjónarmiða í stefnumörkun og ákvörðunum stofnunarinnar og loks tekið fram að gera yrði ströngustu kröfur til allra starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og að kynferðislega misnotkun af nokkru tagi mætti ekki líða og veita þyrfti fórnarlömbum slíkrar misnotkunar stuðning.

Allsherjarþingið hefur þegar hafið vinnu við að ná fram þessum markmiðum. Allsherjarþingið samþykkti m.a. hinn 8. desember 2005 valkvæða bókun við samning um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna frá 1994. Þá lagði aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna fram skýrslu hinn 7. mars 2006 um starfsemi skrifstofu Sameinuðu þjóðanna. Í skýrslunni eru annars vegar tillögur sem miða að því að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna geti betur sinnt stjórnendahlutverki sínu innan stofnunarinnar og hins vegar tillögur sem eiga að tryggja að lög, reglur og stefnumörkun á sviði fjármála, fjárlaga og mannauðsstjórnunar séu í samræmi við nútímakröfur. Breytingar hafa orðið á verkefnum stofnunarinnar á síðustu árum, m.a. stórfelld aukning í friðargæsluverkefnum, sem kallar á hreyfanlegra starfslið og breytingar á ráðningarsamningum, þjálfun, stjórnunarkerfi o.fl. Þótt unnið hafi verið að endurbótum á liðnum árum hafa þær ekki gengið nægilega langt í að leysa úr þeim vanda sem stofnunin er komin í. Aðalframkvæmdastjórinn hefur lagt áherslu á að tillögur hans feli ekki í sér niðurskurð á starfsemi Sameinuðu þjóðanna heldur muni þessar aðgerðir til lengri tíma litið skila sparnaði í rekstri Sameinuðu þjóðanna. Aðildarríki þyrftu hins vegar að vera reiðubúin til þess að leggja sitt af mörkum til að stofnunin næði þeim árangri sem til væri ætlast.

Hægt hefur miðað í að koma á endurbótum á starfsemi Sameinuðu þjóðanna á undanförnum árum og má segja að djúp gjá hafi myndast milli ríkjahópa varðandi þetta málefni.

Nánar verður fjallað um fjárhag og endurskoðun verkefna í kaflanum hér á eftir um starfsemi fimmtu nefndar allsherjarþingsins.

*Endurskoðun verkefna Sameinuðu þjóðanna.*

Samkvæmt yfirlýsingu leiðtogafundarins skal endurskoða öll verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna sem eru eldri en fimm ára. Skrifstofa Sameinuðu þjóðanna hefur unnið mikið starf við endurskoðun á verkefnum samtakanna að undanförnu og kynnti allsherjarþinginu skýrslu um það efni í mars sl. Viðræður eiga sér nú stað um það hvernig endurskoðun verkefnanna verður hagað.

*Aðgerðir gegn hryðjuverkum.*

Eitt af áhersluatriðum leiðtogafundarins í september var nauðsyn þess að herða og samhæfa betur aðgerðir gegn hryðjuverkum. Í yfirlýsingu leiðtogafundarins voru hryðjuverk í hvaða mynd sem er fordæmd og skorað á ríki heimsins að snúast til varnar gegn þessari vá. Áhersla var lögð á mikilvægi Sameinuðu þjóðanna í vörnum gegn hryðjuverkum og gerð allsherjarsáttmála um það efni. Einnig var ítrekað mikilvægi þess að allar aðgerðir sem gripið er til gegn hryðjuverkjum séu í samræmi við alþjóðalög. Þá var öryggisráðið hvatt til að styrkja hlutverk sitt á þessu sviði og einnig vakin athygli á nauðsyn þess að styðja við fórnarlömb hryðjuverka.

Hægt hefur miðað í að semja um allsherjarsáttmála gegn hryðjuverkum, ekki síst vegna skiptra skoðana um skilgreiningu á hryðjuverkum. Þótt öll ríki fordæmi hryðjuverk er afstaðan til þess hversu langt eigi að ganga mjög mismunandi. Meðal þeirra málefna sem ágreiningur hefur verið um meðal aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna er hvernig greina eigi hryðjuverk frá öðrum baráttuaðferðum, hvernig bregðast eigi við því þegar ríki eða ríkisstjórnir eiga aðild að eða tengjast hryðjuverkum og hvernig sporna megi við aðstæðum sem kunna að leiða til hryðjuverka. Hins vegar hefur gengið betur að móta stefnu Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn hryðjuverkum en allsherjarþingið samþykkti stefnuyfirlýsingu um það efni í september 2006.

*Stækkun öryggisráðsins og endurbætur á vinnubrögðum þess.*

Almennt er samstaða um að núverandi skipan öryggisráðsins endurspegli ekki núverandi stöðu heimsmála og að tímabært sé að fjölga í ráðinu. Hins vegar hefur reynst þrautin þyngri að ná samkomulagi um hvernig staðið skuli að fjölgun fulltrúa í öryggisráðinu. Af hálfu Íslands hefur verið lögð rík áhersla á mikilvægi þess að ráðist verði í umbætur á starfinu og að fjölgun opinna funda ráðsins sé spor í rétta átt í þeim efnum.

Í júlí 2005 lagði hinn svokallaði G-4 hópur fram tillögur um breytingar á ráðinu.[3] Í tillögum þeirra felst m.a. að ríki öryggisráðsins verði tuttugu og fimm í stað fimmtán áður. Samkvæmt tillögunni skulu sex ný ríki fá fast sæti í ráðinu, tvö frá Asíu, tvö frá Afríku, eitt frá Vesturlöndum og eitt frá Rómönsku-Ameríku. Þá muni Asía, Afríka, Austur-Evrópa og Rómanska-Ameríka fá eitt kjörið sæti hvert til viðbótar. Þessi tillaga hefur verið talin raunhæfasta tilraunin til að breyta ráðinu í betra horf. Hins vegar hefur komið fram hörð andstaða frá nokkrum ríkjum sem telja sig eiga jafnt tilkall til fasts sætis í öryggisráðinu og þau

[3] G-4 hópinn skipa Þýskaland, Indland, Japan og Brasilía en þessi ríki hafa öll sóst eftir föstu sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

ríki sem hafa mest fylgi til þess. Af þeim sökum er ólíklegt að tillaga G-4 ríkjanna ná fram á ganga á næstunni.

*Umhverfismál.*

Í yfirlýsingu leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna er m.a. ákveðið að endurskoða, samræma og bæta aðgerðir samtakanna á sviði umhverfismála. Í samningarviðræðum um hvernig fylgja beri eftir þessari yfirlýsingu hefur Ísland m.a. lagt áherslu á að bætt staða umhverfismála sé lykillinn að sjálfbærri þróun og af þeim sökum forsenda þess að þúsaldarmarkmiðunum í þróunarmálum verði náð. Þá hefur Ísland lagt áherslu á að aðgerðir á sviði umhverfismála verði að miða við þá sérfræðiþekkingu sem er til staðar auk þess sem tryggja beri framkvæmd þeirra samninga sem eru í gildi á sviði umhverfismála. Ísland hefur að svo stöddu ekki viljað taka endanlega afstöðu til þess hvort gera eigi umhverfisverkefni Sameinuðu þjóðanna (UNEP) að sjálfstæðri stofnun.

### 3.3.2. Virk þátttaka Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna.

Fulltrúar Íslands hafa sem fyrr leitast við að taka virkan þátt í umfjöllun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um þau málefni sem varða hagsmuni þjóðarinnar í alþjóðasamfélaginu. Norrænt samstarf um málefni Sameinuðu þjóðanna er Íslendingum afar mikils virði. Samstarf Norðurlandaþjóðanna auðveldar fulltrúum Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að fá upplýsingar og innsýn um margvísleg málefni sem að öðrum kosti gæti orðið erfitt að öðlast. Samráð Norðurlandanna fer fram með ýmsu móti. Árlegur fundur utanríkisráðherra Norðurlanda var haldinn í upphafi 61. allsherjarþingsins undir norskri stjórn. Fastafulltrúar Norðurlanda hjá Sameinuðu þjóðunum hittast vikulega og sérfræðingar hafa reglulegt samráð. Af þessum sökum er mikilvægt að að Ísland leggi sitt af mörkum til þessa samstarfs og sýni samstöðu með öðrum Norðurlandaþjóðum. Reynslan sýnir að ímynd Norðurlandanna innan Sameinuðu þjóðanna er sterk. Nálgast má þær ræður sem fulltrúar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hafa flutt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á heimasíðu utanríkisráðuneytisins (www.utanrikisraduneyti.is).

### 3.3.3. Framboð Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 1998 um að sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2009–2010 og tilkynningu þar um til allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2003 hefur vinnan við að kynna framboð Íslands haldið jafnt og þétt áfram. Austurríki og Tyrkland hafa einnig tilkynnt um framboð til öryggisráðsins fyrir sama tímabil. Þar sem hópur vestrænna ríkja hefur einungis tvö sæti fyrir hvert tímabil er um að ræða samkeppni milli þriggja ríkja um þessi tvö sæti.

Fastanefnd Íslands í New York gegnir lykilhlutverki í þessu verkefni og hefur unnið að kynningu framboðsins síðan framangreind ákvörðun um framboðið var tekin. Einn liður í undirbúningi framboðsins er að stofna til stjórnmálasambands við þau ríki sem Ísland hefur fram til þessa ekki haft stjórnmálasamband við. Stofnun stjórnmálasambands hefur yfirleitt farið fram á milli fastanefnda í New York. Með því er lagður grunnur að frekari samskiptum og viðskiptum við þessi ríki. Þessu verkefni er að mestu leyti lokið og er Ísland nú með formlegt stjórnmálasamband við 175 af 192 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna.

Vorið 2006 var skipaður framboðsstjóri í utanríkisráðuneytinu og um haustið var komið á fót teymi sem mun sinna framboðinu fram að kosningum haustið 2008 í samvinnu við fastanefnd Íslands í New York. Framboðsstjóri hefur þegar staðið að útgáfu kynningarefnis og hefur verið sett á fót sérstök vefsíða til kynningar á framboðinu. Norðurlöndin standa

einnig þétt við bakið á íslenskum stjórnvöldum og veita framboðinu margvíslega aðstoð, bæði í gegnum sendiráð þeirra víða um heim og með þátttöku utanríkisráðherra og forsætisráðherra þeirra í kynningu á framboðinu.

*Hlutverk öryggisráðsins og rökstuðningur fyrir framboði Íslands.*

Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna er öryggisráðinu falin aðalábyrgð á varðveislu friðar og öryggis í heiminum. Síðan Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum haustið 1946 hafa Íslendingar ásamt öðrum þjóðum verið skuldbundnir til að stuðla að þessum meginmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðsins.

Eins og kom fram í ræðu þáverandi utanríkisráðherra á Alþingi árið 2003 er framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna ekki markmið í sjálfu sér heldur rökrétt framhald af þeirri þróun að tryggja grundvallarutanríkishagsmuni Íslands með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi, sérstaklega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sú þróun felur í sér að Ísland axli þá ábyrgð á alþjóðavettvangi sem vel stæðu og sjálfstæðu ríki ber skylda til gagnvart alþjóðasamfélaginu.

Beinn ávinningur af framboði Íslands til öryggisráðsins er því ekki markmið í sjálfu sér. Hins vegar er ljóst að með framboðinu styrkir Ísland stöðu sína á alþjóðavettvangi og auðveldar gæslu á grundvallarhagsmunum Íslands. Jafnframt styrkir framboðið samningsstöðu íslenskra stjórnvalda í þeim mörgu erfiðu málum sem leysa þarf á alþjóðavettvangi. Með framboðinu gefst einstakt tækifæri til að halda fram megináherslum utanríkisstefnu Íslands og annarra Norðurlanda og smærri ríkja almennt á alþjóðavettvangi.

*Áherslur Íslands í kynningu á framboðinu.*

Dagskrá öryggisráðsins ræðst af þeim málum sem berast inn á borð þess á hverjum tíma. Því er útilokað að stilla upp forgangslista með tveggja ára fyrirvara. Það er á hinn bóginn raunhæft að taka afstöðu fyrir fram um hvernig ber að taka á málum og hvaða megináherslur bera að hafa í huga.

Í kynningu á öryggisráðsframboðinu hefur verið lögð áhersla á virðingu fyrir alþjóðalögum, mannréttindum og lýðræði, virðingu og umburðalyndi í samskiptum milli ríkja og mikilvægi þess að mæta ógnum við öryggi í sem víðasta samhengi, sérstaklega með tilliti til öryggis einstaklinga og samhengis milli þróunar og uppbyggingar friðar. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að taka mið af þörfum kvenna á stríðshrjáðum svæðum og í friðargæslu.

*Kostnaður við framboðið.*

Gerð var endurskoðuð kostnaðaráætlun fyrir framboðið haustið 2005 og var áætlunin þá kynnt fyrir utanríkismálanefnd Alþingis. Kostnaði við framboðið hefur verið haldið vel innan þeirra marka sem áætlunin gerir ráð fyrir og reynt verður áfram eftir megni að stilla kostnaði í hóf. Eins og greint var frá haustið 2005 eru u.þ.b. tveir þriðju af þeim kostnaði sem falla á tíma framboðsins vegna fjölgunar starfsmanna í fastanefnd Íslands í New York. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum erindrekum vegna framboðsins né heldur meiri risnu en tíðkast við venjulegar aðstæður. Ferðir í því skyni einu að kynna framboðið verða fáar og verður fremur leitast við að nýta ferðir og heimsóknir sem flestra ráðherra og ráðamanna í þessu skyni. Hafa ráðherrar í ríkisstjórn og ráðuneytisstjórar kynnt framboðið þegar tækifæri hefur gefst.

*Seta í öryggisráðinu.*

Setu í öryggisráðinu fylgir mikil ábyrgð og er ljóst að íslensk utanríkisþjónasta verður að búa sig vel undir það hlutverk. Undirbúningur er þegar hafinn og mun eflast verulega árin 2007–2008. Ekki er þó gert ráð fyrir mikilli fjölgun starfsmanna af þeim sökum heldur verður áhersla lögð á breytt fyrirkomulag og aukna skilvirkni. Takist vel til mun Ísland afla sér virðingar og trausts annarra ríkja sem mun styrkja getu Íslendinga til þess að vinna að eigin hagsmunamálum á alþjóðavettvangi.

### 3.3.4. Aðild Íslands að ráðum, nefndum og stjórnum á vegum Sameinuðu þjóðanna.

*Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC).*

Síðasti aðalfundur efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna var haldinn í júlí 2006. Helsta umfjöllunarefni fundarins var hvernig tryggja megi að allir hafi mannsæmandi atvinnu og hvaða áhrif það markmið hafi á sjálfbæra þróun. Samþykkti fundurinn yfirlýsingu um það efni þar sem m.a. var lögð áhersla á mikilvægi jafnréttis kynjanna og að næg atvinna væri lykillinn að auknum hagvexti. Jafnframt er í yfirlýsingunni áréttað að aukin atvinna sé ekki nóg því að hungursneyð og fátækt hrjái marga þrátt fyrir að þeir hafi atvinnu. Af þeim sökum skal stefnt að því að skapa öllum mannsæmandi vinnu.

Fastafulltrúi Íslands var kjörinn varaforseti ECOSOC í janúar 2006. Ísland situr nú í ráðinu tímabilið 2005–2007. Það kom í hlut Afríkuríkja að velja forseta ráðsins og völdu þau fastafulltrúa Túnis í New York. Varaforsetarnir eru fjórir, frá Íslandi fyrir hönd Vesturlanda, frá Srí Lanka fyrir hönd Asíu, frá Litháen fyrir hönd Austur-Evrópu og frá Haítí fyrir hönd Rómönsku-Ameríku. Forsetinn og varaforsetarnir fjórir skipa stjórnarnefnd ECOSOC.

*Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (CSW).*

Ísland tók sæti í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (The Commission on the Status of Women – CSW) árið 2005 og mun eiga sæti í nefndinni til ársins 2008, en um er að ræða samvinnuverkefni utanríkisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins. Alls eiga 45 ríki sæti í nefndinni sem fellur undir efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Kvennanefndin kemur saman einu sinni á ári, tvær vikur í senn, og er markmið hennar að vinna að jafnrétti karla og kvenna. Í kjölfar kvennaráðstefnunnar í Peking árið 1995 var kvennanefndinni falið, ásamt efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna og allsherjarþinginu, að mynda þrýstihóp til að vinna að stefnumótun og eftirfylgni með framkvæmdaáætluninni sem samþykkt var í Peking. Eftir aukaallsherjarþingið árið 2000, sem haldið var í tilefni fimm ára afmælis Peking-ráðstefnunnar, var nefndinni jafnframt falið að fylgjast með framkvæmd samþykkta ráðstefnunnar.

Náið samstarf er milli Norðurlanda við undirbúning funda kvennanefndarinnar og meðan Ísland á sæti í nefndinni eru undirbúningsfundir Norðurlanda haldnir á Íslandi. Jafnframt hefur verið afar gott samstarf á meðal fulltrúa stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka við undirbúning umræddra funda.

*Undirnefnd mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.*

Á fundi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna árið 2004 var dr. Guðmundur Alfreðsson, þjóðréttarfræðingur og forstjóri Raoul Wallenberg stofnunarinnar í Lundi, kosinn til setu í undirnefnd mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna (Sub Commission on the Promotion and the Protection of Human Rights) til fjögurra ára. Varafulltrúi hans í nefndinni er Jakob. Þ. Möller, dómari við Mannréttindadómstól fyrir Bosníu-Hersegóvínu.

Undirnefndin er skipuð 26 óháðum sérfræðingum og er hlutverk hennar í megindráttum að takast á hendur rannsóknir, sérstaklega með mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (Universal Declaration of Human Rights) að leiðarljósi, og senda tilmæli til mannréttindaráðsins sjálfs.

*Framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).*

Ísland tók sæti í framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 2003 og var Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, fulltrúi Íslands. Ísland hefur tvisvar áður átt sæti í stjórninni, síðast 1983–86. Kjörtímabili Íslands lauk á alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 2006.

Framkvæmdastjórnin fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar, en í framkvæmdastjórninni sitja fulltrúar 32 aðildarríkja. Með aðild að framkvæmdastjórninni fékk Ísland tækifæri til þess að hafa áhrif á mikilvægar ákvarðanir um starfsemi og stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

*Suður-suður nefnd Sameinuðu þjóðanna.*

Fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum var kjörinn varaformaður Suður-suður nefndarinnar (General Assembly High-Level Committee on South-South Cooperation) sem fulltrúi Vesturlandahópsins. Nefndin hélt 14. ársfund sinn í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna 31. maí til 3. júní 2005. Fastafulltrúa var sem varaformanni nefndarinnar boðið að taka þátt sem áheyrnarfulltrúi í fundi þjóðarleiðtoga G-77 og Kína hópsins í Doha, höfuðborg Katar 12.–16. júní 2005. Í G-77 og Kína hópnum eru 132 ríki og var tækifærið m.a. notað til frekari kynningar á framboði Íslands til öryggisráðsins.

### 3.3.5. Þátttaka íslenskra þingmanna í störfum allsherjarþingsins.

Þátttaka íslenskra þingmanna í störfum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna tengir á mikilvægan hátt löggjafarvaldið við framkvæmd utanríkismála. Það er stefna utanríkisráðuneytisins að miðla greiðlega upplýsingum til Alþingis og eru heimsóknir alþingismanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna mikilvægur liður í því.

Eftirfarandi þingmenn sóttu 60. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna haustið 2005: Birkir J. Jónsson, Bjarni Benediktsson, Gunnar Örlygsson, Katrín Júlíusdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson og Margrét Frímannsdóttir.

Sextugasta og fyrsta allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna haustið 2006 sóttu eftirfarandi þingmenn: Guðjón Ólafur Jónsson, Halldór Blöndal, Jóhann Ársælsson, Jón Bjarnason, Margrét Frímannsdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir.

### 3.3.6. Leiðtogafundir Sameinuðu þjóðanna og aðrir stórviðburðir.

*Fundur um sjálfbæra þróun hjá smáum eyþjóðum.*

Í janúar 2005 var haldinn á Máritíus alþjóðlegur fundur á vegum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun hjá smáeyþróunarríkjum. Á dagskrá fundarins var endurskoðun sérstakrar framkvæmdaáætlunar um sjálfbæra þróun smáeyþróunarríkja sem samþykkt var á Barbados fyrir tíu árum í kjölfar Ríó-ráðstefnunnar um umhverfi og þróun árið 1992.

Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á þau vandamál sem smáeyþróunarríkin eiga sameiginleg. Helsta sérstaða ríkjanna er að hagkerfi þeirra eru lítil, atvinnuvegir einhæfir, flutningar kostnaðarsamir af landfræðilegum ástæðum og það hversu berskjölduð þau eru fyrir hvers konar náttúruhamförum. Fátækt er þar einnig mikil og margt sem hamlar frekari

þróun, svo sem skortur á sjálfbærum lausnum í orkumálum, en einnig eru ónýtt tækifæri til vaxtar, t.d. í sjávarútvegi.

Fulltrúar Íslands sátu fundinn og var af Íslands hálfu einkum lögð áhersla á eflingu samstarfs íslenskra stjórnvalda við þennan hóp ríkja og sameiginlega hagsmuni varðandi málefni hafsins og sjálfbæra þróun. Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að leggja aukna áherslu á þróunarsamvinnu við smáeyþróunarríkin með sérstökum sjóði til verkefna á sviði sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Sem liður í auknum framlögum ríkisstjórnarinnar til þróunarmála verður á næstu þremur árum varið um 65 m.kr. (jafnvirði einnar milljónar bandaríkjadala) til verkefna í þessum ríkjum.

*Ráðherrafundur um alnæmi.*

Tveir ráðherrafundir voru haldnir um alnæmi á tímabilinu. Hinn 2. júní 2005 fór fram í allsherjarþinginu ráðherrafundur um alnæmi. Markmið fundarins var að leggja mat á framkvæmd yfirlýsingar um alnæmi sem samþykkt var á 26. aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2001. Jón Kristjánsson, þáverandi heilbrigðisráðherra, sótti fundinn. Ráðherra tók þátt í hringborðsumræðum um meðferð, umönnun og stuðning við sjúklinga. Dagana 31. maí til 2. júní 2006 var einnig haldinn sérstakur ráðherrafundur um alnæmi. Siv Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra sótti fundinn. Meginviðfangsefni ráðherrafundarins var að fjalla um aðgerðir gegn alnæmi í ljósi yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna um alnæmi frá 2001 og að leggja mat á þann árangur sem náðst hefði í baráttunni gegn sjúkdómnum á þessu tímabili. Rúmlega 100 ráðherrar fluttu ávörp á ráðherrafundinum.

*Ráðherrafundur um fjármögnun þróunar og þúsaldarmarkmiðin.*

Dagana 27. og 28. júní 2005 fóru fram umræður ráðherra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um hvernig fjármagna mætti aðgerðir til að ná fram þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Umræðurnar voru liður í ferli sem hófst með Monterrey-samþykkt um fjármögnun þróunar árið 2002 og eru mikilvægur þáttur í undirbúningi leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um framgang þúsaldarmarkmiðanna sem fram fer í september nk.

Rætt var um mikilvægi þess að efnahagslíf í þróunarríkjum gæti eflst og styrkst og að einkaaðilar í ríkjunum fjárfestu sjálfir í atvinnuuppbyggingu í sínum heimalöndum. Rætt var um mikilvægi frjálsra viðskipta og þess að Doha-samningalota um alþjóðaviðskipti leiddi til niðurstöðu sem stuðlaði að framförum í fátækum löndum. Fram kom sterkur vilji iðnríkja til að auka framlög til þróunaraðstoðar, en jafnframt var lögð áhersla á að hækkun framlaga þyrfti að haldast í hendur við aukna skilvirkni og árangur í framkvæmd þróunarverkefna.

Á fundinum voru kynntar hugmyndir að nýjum fjármögnunarleiðum, þar á meðal tillaga Breta um útgáfu skuldabréfa til að fjármagna þróunarverkefni sem ríkar þjóðir ábyrgjast. Þá var og kynnt tillaga Frakka um sérstakt gjald á flugmiðum sem flugfarþegar geta valið um að greiða til þróunaraðstoðar.

Niðurfelling skulda fátækustu þróunarríkjanna er talin mikilvæg leið til að hlúa að bættu efnahagsumhverfi og hefur átak þess efnis, sem hleypt var af stokkunum árið 1996, þegar skilað miklum árangri. Tillögu átta helstu iðnríkja heims um frekari skuldaniðurfellingu var vel tekið og verður henni fylgt eftir á vettvangi Alþjóðabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Þróunarbanka Afríku.

### 3.4. Friðargæsla.

#### 3.4.1. Almennt um starfsemi íslensku friðargæslunnar.

Frá því að utanríkisráðuneytið kom íslensku friðargæslunni á fót árið 2001 hefur fólk úr fjölmörgum starfsgreinum með margvíslega reynslu og ólíkan bakgrunn starfað að fjölbreyttum friðargæsluverkefnum á hennar vegum.

Reynslan sýnir að einn helsti vandi stríðshrjáðra ríkja er að viðhalda friði. Ef friður kemst á annað borð á hefjast vopnuð átök á nýjan leik innn fimm ára í um helmingi tilfella. Í ljósi þessa hefur umræða um friðargæslu á alþjóðavettvangi beinst að því hvernig brúa megi bilið á milli hefðbundinnar friðargæslu annars vegar og þróunaraðstoðar hins vegar. Ef friðarferli leiðir ekki til batnandi lífskjara almennings kann að skapast frjór jarðvegur til að efna til ófriðar á nýjan leik. Af þeim sökum er afar brýnt að samþætta að nokkru verkefni friðargæslu og þróunar- og uppbyggingarverkefni.

Utanríkisráðherra kynnti utanríkismálanefnd Alþingis nýlega markmið og stefnumótun íslensku friðargæslunnar. Í þeirri stefnumótun var horft til tveggja meginþátta. Annars vegar til reynslunnar af starfsemi undanfarinna ára, þar sem lögð hefur verið áhersla á að Ísland leggi sitt af mörkum þar sem íslensk reynsla og þekking nýtist best. Hins vegar var lögð áhersla á að Ísland tæki þátt í verkefnum á vegum þeirra alþjóðastofnana sem ríkið er aðili að eða á samstarf við. Hér er einkum vísað til Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins (NATO) og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), en einnig Evrópusambandsins (ESB), en samstarf við það byggir á sérstökum rammasamningi. Norrænt samstarf og samráð er einnig ríkur þáttur í þessari starfsemi, eins og á flestum sviðum utanríkismála. Þannig hefur Ísland tekið þátt í samnorrænu verkefni á Srí Lanka sem mun halda áfram sem norskt-íslenskt samstarf og þá hefur samstarf við Norðurlöndin um þjálfunarmál verið íslensku friðargæslunni mikils virði.

#### 3.4.2. Helstu áherslur og verkefnaval.

Verkefni íslensku friðargæslunnar munu á næstu árum miðast við aðgerðir á vegum Sameinuðu þjóðanna, NATO, ÖSE og ESB, auk norræns samstarfs. Áhersla verður lögð á fjögur meginsvið. Með þessu er þó ekki verið að útiloka verkefni eða störf á öðrum sviðum í framtíðinni.

Fyrsta meginsviðið eru verkefni og uppbygging á sviði löggæslu og réttarfars. Uppbygging og eftirlit á þessu sviði er mjög mikilvægt eftir að stríðsátök hafa geisað og hefur Ísland komið við sögu í slíkum verkefnum allt frá um 1950 þegar fyrstu lögreglumennirnir fóru frá Íslandi til starfa í Palestínu. Fjöldi öflugra sérfræðinga sem starfar hér á landi á sviði löggæslu, lögfræði og réttarfars geta miðlað þekkingu sinni í uppbyggingar- og eftirlitsstarfi og ekki síður við ýmiss konar þjálfun.

Heilbrigði og heilsuvernd er annað meginsviðið sem ætlunin er að beina athygli að. Undanfarin ár hefur verið minna um verkefni í þessum geira. Uppbygging og þjálfun heilsugæslu, mæðraverndar, ungbarnaeftirlits og almennrar heilsuverndar eru verkefni sem skipta miklu máli til að stuðla að friði og sátt þar sem eyðilegging og hörmungar hafa svipt fólk von. Friðargæslan getur komið þar að málum áður en hjálparsamtök og stofnanir geta hafið frekari uppbyggingu þegar ástand verður stöðugra.

Þriðja meginsviðið eru flugmál og flugvallarstjórnun. Íslenska friðargæslan hefur getið sér gott orð fyrir að koma skipulagi á rekstur flugvallarins í Pristína í Kósóvó eftir þá ringulreið sem margra ára ófriður hafði valdið. Markmiðið var að koma flugvellinum í hendur heimamanna. Hefur það tekist að verulegum hluta þó að enn sé um faglegt eftirlit og aðkomu íslenskra stjórnvalda að ræða þar sem Kósóvó er enn undir stjórn Sameinuðu

þjóðanna. Meðal verkefna á þessu sviða má nefna þjálfun heimamanna, skipulagningu og reglusetningu í samráði við alþjóðaflugmálayfirvöld sem miða að því að flugvellir teljist öruggir og að eðlileg flugumferð geti orðið um þá þegar stríðsástandi lýkur og friðvænlegar horfir.

Upplýsingamál og fjölmiðlun er fjórða meginsviðið sem Íslendingar hafa sent sérfræðinga til starfa á með góðum árangri. Upplýsingafulltrúar og fjölmiðlafólk sem farið hefur til friðargæslustarfa innan ýmissa samtaka, stofnana og verkefna hefur staðið sig með miklum ágætum og verið boðnar ábyrgðarstöður hjá samstarfsstofnunum eftir að starfstíma þeirra lýkur sem friðargæsluliðar.

### 3.4.3. Umgjörð friðargæslunnar.

Mikilvægt er að sem mest samstaða sé um störf íslensku friðargæslunnar og þau verkefni sem hún sinnir hverju sinni. Af þeim sökum verður lögð áhersla á samráð við utanríkismálanefnd um ákvarðanir um ný verkefni eða meiri háttar breytingar á þeim verkefnum sem í gangi eru á vegum íslensku friðargæslunnar, sem og að Alþingi sé reglulega upplýst um starfsemi hennar. Mikilvægt er að setja lög um starfsemi íslensku friðargæslunnar og skapa þannig skýra umgjörð utan um starfsemi hennar. Unnið er að frumvarpi til laga um þetta efni og er stefnt að því að það verði lagt fyrir Alþingi fljótlega.

### 3.4.4. Verkefni á vegum íslensku friðargæslunnar.

Íslenska friðargæslan starfar nú í fjórum löndum. Í Afganistan eru nú fjórtán friðargæsluliðar að störfum á vegum hennar, tíu í Srí Lanka og þá starfar einn friðargæsluliði í Írak og einn í Serbíu. Æskilegt er að nokkur stöðugleiki ríki í þeim löndum þar sem íslenskir friðargæsluliðar starfa en það liggur þó í eðli friðargæslustarfa að búast má við ótryggu ástandi þar sem slíkrar starfsemi er þörf.

*Afganistan.*

Friðargæslustörf í Afganistan fara fram undir merkjum NATO í umboði Sameinuðu þjóðanna og teljast að hluta til þróunarstarfa. Líkt og hjá öðrum Norðurlöndum er reynt að vinna að bættum lífskjörum almennings um leið og leitast er við að reisa við stjórnkerfi landsins. Aðrar Norðurlandaþjóðir taka líka allar þátt í endurreisnar- og uppbyggingarsveitum í ýmsum héruðum Afganistans þar sem lögð er áhersla á uppbyggingu og þróunarverkefni ásamt öryggis- og eftirlitsstörfum. Eins og kynnt hefur verið er ætlunin að Ísland dragi sig út úr því starfi sem verið hefur í formi eftirlits- og upplýsingateyma í fjallahéruðum Afganistans og færist þau störf á svið uppbyggingar- og endurreisnar í héraði og samstarfs við þjálfun heimamanna. Að öðru leyti er ætlunin að halda áfram þeim verkefnum sem Ísland hefur starfað að. Þegar áform um að heimamenn taki yfir rekstur Kabúlflugvallar koma til framkvæmdar mætti jafnframt senda friðargæsluliða til að vinna að því verkefni, m.a. þjálfun heimamanna.

*Srí Lanka.*

Stríðandi fylkingar á Srí Lanka, stjórnarher landsins og Tamíl-tígrarnir, telja mikilvægt að starf SLMM-eftirlitssveita Noregs og Íslands haldi áfram. Þótt átökin á Srí Lanka hafi farið harðnandi á undanförnum missirum telja liðsmenn SLMM öryggi sínu ekki ógnað umfram það sem búast megi við í friðargæslustörfum. Eigi að síður er mikilvægt að fylgjast grannt með þróun mála á Srí Lanka og öryggi friðargæsluliða sem þar starfa á vegum íslensku friðargæslunnar.

*Balkanskagi.*

Samstarf íslensku friðargæslunnar við UNIFEM hefur að mestu leyti beinst að Balkanskaga og er starf friðargæsluliða með UNIFEM í Serbíu hluti af því. Eins og kynnt hefur verið er ætlunin að tvær stöður til viðbótar verði í samstarfi UNIFEM og friðargæslunnar, en auk þess verði gerður samningur við UNICEF (Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna) um þrjár stöður friðargæsluliða.

Á Balkanskaga gætu enn fremur verið tækifæri fyrir friðargæsluna til uppbyggingarstarfs, m.a. í löggæslu- og réttarfarsmálum og mannréttindamálum, og er þar einkum horft til verkefna sem ESB hefur starfað að þar, en Ísland hefur á undanförnum árum átt gott samstarf við ESB um slík verkefni.

*Írak.*

Á vegum Íslensku friðargæslunnar starfar fjölmiðlafulltrúi í Bagdad í Írak undir merkjum þjálfunaraðgerðar NATO. Verkefnið felst í þjálfun yfirmanna íraska hersins og jafnframt sinnir fjölmiðlafulltrúinn innra upplýsingastarfi á staðnum.

*Önnur verkefni.*

Til viðbótar framangreindum verkefnum er rétt að geta nokkurra annarra þátta sem Ísland hefur lagt lið með ýmsum hætti á vettvangi friðargæslu og reiknað er með að framhald verði á:

- Samningur er við Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) sem gerir ráð fyrir að hægt sé að senda friðargæsluliða til starfa með skömmum fyrirvara til WFP þar sem þörf skapast. Síðast var starfandi fulltrúi í Líberíu sumarið 2006.
- Nýlega undirritaði utanríkisráðherra samstarfssamning við Íslensku alþjóðabjörgunarsveitina sem sérhæfir sig í leit og rústabjörgun. Með samningnum var fest er í sessi það óformlega samstarf sem utanríkisráðuneytið og alþjóðabjörgunarsveitin hafa átt sín á milli frá 1999. Sveitin er á viðbragðslista Sameinuðu þjóðanna og annarra stofnana sem við eigum í samstarfi við um viðbrögð við hættuástandi og náttúruhamförum. Samningurinn felur í sér að utanríkisráðuneytið ábyrgist greiðslu útkalla sveitarinnar þegar beiðni um aðstoð berst. Jafnframt er stutt við alþjóðasamstarf sveitarinnar með því að kosta fulltrúa á samráðsfund erlendis hálfsárslega.
- Ísland hefur lagt NATO lið með því að koma að loftflutningum á mannafla, búnaði og hjálpargögnum vegna aðgerða og hjálparstarfs á ýmsum stöðum í heiminum. Stefnt er að því að framhald verði þar á.
- Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðið samþykktu í desember 2005 stofnun friðaruppbyggingarnefndar (Peacebuilding Commission). Meginmarkmið með stofnun nefndarinnar er að koma á heildstæðara alþjóðlegu starfi til að tryggja varanlegan frið í stríðshrjáðum ríkjum. Nefndin á í raun að taka við þegar friðargæslusveitir hafa lokið hlutverki sínu. Einnig var ákveðið að stofna friðaruppbyggingarsjóð (Peacebuilding Fund) sem ætlað er að fjármagna með frjálsum framlögum ríkja. Sjóðnum er ætlað það hlutverk að fjármagna uppbyggingu eftir stríðsátök og friðaruppbyggingu í stríðshrjáðum ríkjum. Íslensk stjórnvöld hafa lagt fram eina milljón bandaríkjadala í sjóðinn.
- Ísland hefur einnig lagt sitt af mörkum í ýmsa endurreisnarsjóði, m.a. vegna þjálfunar íraskra lögreglumanna, endurhæfingar hermanna í Serbíu og þjálfunar georgískra lögreglumanna. Í athugun er hvort styrkja megi störf friðargæsluliða, t.d. þróunarfulltrúa í

Afganistan, með fjárframlögum í sjóði sem nýttust m.a. til kaupa á nauðsynlegum gögnum og búnaði til þjálfunar.

### 3.4.5. Fjöldi friðargæsluliða, þjálfun og viðbragðslisti.

Í skýrslu ráðherra til Alþingis árið 2003 voru kynnt markmið um fjölgun í friðargæslunni. Var þá ætlunin að allt að 50 friðargæsluliðar væru starfandi við árslok 2006. Ljóst er að þetta markmið gengur ekki eftir en nú eru starfandi friðargæsluliðar í 26 stöðugildum. Hins vegar ætti að vera mögulegt að fjölga í liðinu með góðu samstarfi við alþjóðastofnanir og -samtök sem friðargæslan hefur starfað með. Á hinn bóginn er ekki ástæða til að fjölga nema úr hæfu fólki sé að velja sem er tilbúið að taka að sér þau störf og verkefni sem í boði eru. Jafnframt þarf að leggja áherslu á verkefni sem íslenskir sérfræðingar eiga erindi í og samræmast þeim markmiðum sem ætlunin er að ná með íslenskri friðargæslu. Það kallar á að auka og breikka verkefnavalið þannig að hægt sé að leita eftir fjölbreyttum hópi sérfræðinga og fólks með reynslu af ýmsum sviðum. Ekki síst þarf að velja verkefni með það í huga að bæði kynin kjósi að starfa í friðargæslu en til þessa hafa nokkuð mörg verkefni friðargæslunnar fremur verið á sviði hefðbundinna karlastétta, svo sem við löggæslu og flugstjórn. Þá verður að líta til þess að ástæða kann að vera til að senda til starfa friðargæsluliða sem eiga að baki mikla sérfræðimenntun og geta af þeim sökum tekið að sér tiltölulega háar stöður á vegum viðkomandi alþjóðastofnunar, þar sem slíkir starfsmenn eru oft og tíðum sýnilegri í starfi og gætu áorkað miklu, jafnvel þó að meiri kostnaður fylgi því að senda þá til friðargæslustarfanna.

Utanríkisráðuneytið vinnur nú að endurskoðun á tilhögun þjálfunar þeirra friðargæsluliða sem sendir eru til starfa á vegum íslensku friðargæslunnar. Fram til þessa hafa margir hlotið þjálfun í Noregi og nokkrir friðargæsluliðar hafa farið á námskeið á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna. Þörf er á að huga betur að þjálfunarmálum og námskeiðum fyrir þá sem fara til starfa á vegum friðargæslunnar.

Fljótlega eftir að íslenska friðargæslan tók til starfa var settur saman listi yfir mögulega friðargæsluliða sem valdir voru úr hópi umsækjenda og sótt höfðu kynningarnámskeið á vegum friðargæslunnar. Nauðsynlegt er að endurnýja þennan lista og tryggja að hann sé í stöðugri endurskoðun. Ætlunin er að ráðast fljótlega í átak til að kynna friðargæsluna, m.a. hjá fagfélögum, í því skyni að bæta við listann hæfum sérfræðingum sem geta nýst í þau störf og verkefni sem ákveðið er að friðargæslan taki að sér. Má segja að kominn sé upp öflugur hópur lögreglumanna, flugumferðarstjóra og fleiri sem leitað er til þegar þörf krefur þótt umræddir sérfræðingar hafi ekki verið á hinum upprunalega viðbragðslista.

## 3.5. Svæðisbundin samvinna.

### 3.5.1. Eystrasaltsráðið.

Ísland tók að sér formennsku í Eystrasaltsráðinu í fyrsta sinn tímabilið 1. júlí 2005 til 30. júní 2006. Formennska Íslands í ráðinu hafði í för með sér formennsku í nefnd háttsettra embættismanna, efnahagssamvinnunefnd, orkumálanefnd og æskulýðsnefnd og voru flestir fundir þessara nefnda haldnir á Íslandi á tímabilinu. Segja má að Ísland hafi slegið taktinn í starfi ráðsins fyrrgreint tímabil. Það kom í hlut íslenskra embættismanna að undirbúa og stýra fundum í þessum nefndum, með aðstoð starfsliðs samtakanna sem hefur aðsetur í Stokkhólmi. Þá kom í hlut formanns nefndar háttsettra embættismanna að koma fram fyrir hönd þeirra á fundum í öðrum stofnunum og ráðstefnum. Utanríkisráðherra er í forsæti ráðherraráðs samtakanna en það kemur saman annað hvert ár.

Í upphafi formennskunnar lagði Ísland sérstaka áherslu á átta málaflokka. Meðal þeirra voru orkumál, umhverfismál, einkum er varða málefni hafsins, samvinna varðandi öryggi í nýtingu kjarnorku og geislunarmál, málefni barna, samvinna við þingmenn á svæðinu, efnahagssamvinna og samvinna við aðrar svæðastofnanir í norðri. Ekki er vafi á að nokkru var áorkað í öllum málaflokkunum og að formennska Íslands hafi skilað mælanlegum árangri.

Hápunktur formennskutíðar Íslands var forsætisráðherrafundur samtakanna, sem haldinn var í Reykjavík í júní. Þar komu saman níu forsætisráðherrar, tveir utanríkisráðherrar og fulltrúi Evrópusambandsins, auk formanns þingmannasamtaka Eystrasaltsins. Á fundinum var mikilvægi Eystrasaltsráðsins ítrekað og pólitískar línur lagðar fyrir starf ráðsins næstu tvö ár.

Vorið 2004 gengu Eystrasaltsríkin og Pólland í Evrópusambandið. Eru Ísland, Noregur og Rússland einu aðildarríki Eystrasaltsráðsins sem standa utan sambandsins. Þetta hafði óhjákvæmilega nokkur áhrif á starfsemi ráðsins og hafa áherslur í starfi þess breyst nokkuð af þeim sökum. Ljóst er að mikilvægi ráðsins sem samstarfsvettvangs við Rússland hefur aukist og aðildarríkin eru sammála um að ráðið hafi enn mikilvægu hlutverki að gegna. Kom þetta skýrt fram í formennskutíð Íslands. Svíþjóð tók við formennsku í ráðinu af Íslandi.

### 3.5.2. Barentsráðið.

Meginmarkmið Barentsráðsins er að efla samvinnu og samstarf að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra svæða sem liggja að Barentshafinu, þ.e. norðurhluta Noregs, Svíþjóðar og Finnlands og norðvesturhluta Rússlands. Finnar eru í forsæti í ráðinu 2006–2007 og ætla að standa fyrir öflugri starfsemi það tímabil. Til stendur að halda utanríkisráðherrafund ráðsins í Finnlandi síðla árs 2007. Síðast var haldinn utanríkisráðherrafundur í Harstad í Noregi í nóvember 2005 og sótti Geir H. Haarde, þáverandi utanríkisráðherra, fundinn. Til stendur að koma á fót skrifstofu ráðsins með aðsetur í Kirkenes í Noregi árið 2008.

### 3.5.3. Norðlæga víddin.

Ísland hefur tekið þátt í hinni svonefndu norðlægu vídd, sem er samvinnuvettvangur Evrópusambandsins og aðildarríkja þess ásamt Rússlandi, Íslandi og Noregi. Á síðasta ráðherrafundi um norðlægu víddina, sem haldinn var í Brussel 21. nóvember 2005, var rætt um framhald samstarfsins í ljósi þess að núverandi framkvæmdaáætlun rennur út 1. janúar 2006. Á fundinum var samþykkt að tengja Norðlægu víddina samstarfi Rússlands og Evrópusambandsins en jafnframt var sérstaða þessara málefna áréttuð, m.a. í ljósi þátttöku Íslands og Noregs í samstarfinu og þeirrar áherslu sem lögð hefur verið á vernd umhverfisins á Norðurslóðum og stöðu frumbyggja. Þá verður áhersla lögð á málefni norðvesturhluta Rússlands. Leiðtogafundur um norðlægu víddina verður haldinn í Helsinki 24. nóvember nk. og er stefnt að því að samþykkja nýja ramma um norðlægu víddina á fundinum.

### 3.6. Umhverfis- og auðlindamál.

Ísland hefur getið sér orð á alþjóðavettvangi fyrir að tala máli sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda og umhverfisvernd. Umfang þessara mála í alþjóðasamskiptum hefur aukist mjög á síðari árum samfara vaxandi meðvitund alþjóðasamfélagsins um mikilvægi sjálfbærrar nýtingar til að unnt verði að tryggja öllum jarðarbúum mannsæmandi lífskjör um ókomna tíð.

Í ræðu utanríkisráðherra á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nú í haust var m.a. fjallað um sérstakt framlag Íslands til alþjóðasamstarfs um auðlindamál, þar á meðal auðlindir sjávar. Meiri hluti þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna lýtur að auðlindum, vernd þeirra og nýtingu. Um níutíu og fimm af hundraði jarðarbúa sem byggja afkomu sína á fiskveiðum búa í þróunarríkjum og um milljarður manna er háður fiskfangi um neyslu eggjahvítu. Af þessum sökum, ekki síst, eru mengun í hafinu og rýrnandi framleiðni hinna lifandi auðlinda sjávar vaxandi áhyggjuefni. Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur verið lögð áhersla á virka þátttöku í alþjóðastarfi um málefni hafsins, m.a. með uppbyggingu sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

### 3.6.1. Framlag til orkumála.

Orkumál hafa jafnframt rutt sér æ meir til rúms í alþjóðlegu samstarfi. Framkvæmd þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna kallar á stóraukna orkunotkun í heiminum, en um tveir milljarðar manna hafa ekki aðgang að rafmagni. Aukin orkunotkun hefur hins vegar í för með sér aukna losun gróðurhúsalofttegunda. Eitt brýnasta úrlausnarefni heimsbyggðarinnar er að stuðla að framgangi sjálfbærrar þróunar án þess að skaða vistkerfið. Ein leiðin til þess er að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun.

Íslenska þjóðin er í hópi örfárra ríkja í heiminum sem tekist hefur að byggja orkuneyslu sína að miklu leyti á hreinum, endurnýjanlegum orkugjöfum, en meira en 70% af orkuþörf landsmanna er annað með þessum hætti. Af þessum sökum hefur Ísland einnig beint kastljósi að endurnýjanlegri orku og notkun nýrrar tækni, bæði í þróunarstarfi og á vettvangi Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Utanríkisráðuneytið hefur, í samvinnu við iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti, unnið að því að vekja athygli á mikilvægi jarðhita sem orkugjafa og vetnistækni fyrir sjálfbæra orkuþróun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Haldin var alþjóðaráðstefna um sjálfbæra orkunýtingu í þróunarríkjum, með áherslu á jarðhita og vetnistækni, í september 2006 í samvinnu við efnhags- og félagsmálaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna, og verða niðurstöður hennar kynntar á fundi nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD) í maí 2007. Þátttaka Íslands í alþjóðasamstarfi um vetnisnýtingu fellur vel að áherslu stjórnvalda á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, en fulltrúar utanríkisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis eiga sæti í stjórn alþjóðavetnisvettvangsins (IPHE), sem settur var á laggirnar árið 2003.

### 3.6.2. Framlag til jarðbótastarfs.

Hnignun vistkerfa, eyðing gróðurs, jarðvegseyðing og myndun eyðimarka eru meðal alvarlegustu umhverfisvandamála heimsins. Þessi vandamál eiga mikinn þátt í loftslagsbreytingum, þverrandi líffræðilegum fjölbreytileika, vaxandi fátækt í mörgum löndum og skertu fæðuöryggi jarðarbúa. Mikið er í húfi að takist að sigrast á þessu vandamáli og endurheimta landgæði. Verst er ástandið í þróunarlöndunum og þar koma afleiðingar landhnignunar harðast niður.

Íslenskar aðstæður henta óvenjulega vel til samstarfs við þróunarlönd um fræðslu og starfsþjálfun á sviði landgræðslu og jarðvegsverndar. Eðli, orsakir og afleiðingar landhnignunar og jarðvegseyðingar á Íslandi eiga sér hliðstæðu í mörgum þróunarlöndum. Hér á landi hefur verið unnið þrekvirki í að stöðva jarðvegsrof og endurheimta landgæði. Sú mikla fagþekking sem aflað hefur verið á grunni rannsókna og reynslu á erindi til annarra þjóða þrátt fyrir ólíkar veðurfarsaðstæður, og skapar okkur nokkra sérstöðu á þessu sviði, t.d. meðal Evrópuþjóða.

Utanríkisráðuneytið tók fyrir ári fyrir Íslands hönd við forsvari gagnvart samningi Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn eyðimerkurmyndun (UNCCD) og skipuð var samstarfsnefnd þriggja ráðuneyta og undirstofnana. Í tilefni af því að á næsta ári verða liðin 100 ár frá útgáfu laga um landgræðslu á Íslandi hefur nefndin nú til athugunar hvort setja beri á laggirnar íslenskt þróunarverkefni á sviði jarðbóta.

### 3.6.3. Loftslagsmál.

Aukin áhersla á umhverfisvæna orkugjafa og landvernd endurspeglar m.a. vaxandi áhyggjur alþjóðsamfélagsins af loftslagsbreytingum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá iðnaði og umferð. Fyrirsjáanlegt er að loftslagsbreytingar kunni að hafa í för með sér umtalsverðar breytingar á náttúruskilyrðum og hefur því verið haldið fram að hitastig kunni jafnvel að lækka verulega ef Golfstraumurinn veikist eða færist til. Fjallað var um þessi mál á ráðstefnu um strauma í Norður-Atlantshafi sem utanríkisráðuneytið, umhverfisráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið og menntamálaráðuneytið stóðu sameiginlega að í september 2006. Þar kom m.a. fram að ekkert benti til þess að dregið hefði úr varmaflutningi með Golfstrauminum, jafnvel þvert á móti. Þekkingu manna á samspili hinna ýmsu áhrifaþátta væri hins vegar ábótavant og því nauðsynlegt að stórauka rannsóknir í norðri til að bæta skilning á því.

Á tólfta aðildarríkjaþingi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og öðru aðildarríkjaþingi Kyoto-bókunarinnar, sem haldin verða í Kenía í nóvember 2006, verður rætt um frekari aðgerðir til að hamla gegn losun gróðurhúsalofttegunda, en núverandi skuldbindingatímabili lýkur árið 2012. Það dregur úr líkum á áframhaldandi samkomulagi að nokkur af fjölmennustu ríkjum heims eru ekki aðilar að bókuninni og hafa því ekki skuldbundið sig með sama hætti og önnur ríki, svo sem öll Evrópuríkin.

### 3.6.4. Norðurslóðir.

Mælingar sýna að áhrif loftslagsbreytinga eru einna hröðust á norðurslóðum, en það knýr á um aukið samstarf og samvinnu íbúa svæðisins, eins og endurspeglast hefur í starfi Norðurskautsráðsins. Ráðið hélt upp á tíu ára afmæli sitt á ráðherrafundi ráðsins í Salekhard í Rússlandi nú í október. Í ályktun fundarins er m.a. bent á mikilvægi aukinna rannsókna og aðlögunar að breyttum lífsskilyrðum á norðurskautssvæðinu vegna loftslagsbreytinga.

Fjölmörg rannsóknarverkefni Alþjóðaheimskautaársins (IPY), sem gengur í garð í mars 2007, snúa að loftslagsbreytingum. Mikilvægt er fyrir Íslendinga að leggja sitt af mörkum til þessara rannsókna og fylgjast náið með niðurstöðum þeirra. Tenging við alþjóðleg rannsóknarverkefni eykur jafnframt gildi innlendra norðurslóðarannsókna. Jafnframt má vænta stóraukinnar alþjóðlegrar umfjöllunar um norðurslóðir og þar á meðal Ísland í tengslum við Alþjóðaheimskautaárið.

Nýjungar í fjarskiptatækni og nettenging afskekktra byggðarlaga á norðurslóðum hefur gjörbreytt möguleikum þeirra á þátttöku í alþjóðlegum samskiptum. Utanríkisráðuneytið hefur haft umsjón með þróun svokallaðrar norðurslóðagáttar (Arctic Portal) á veraldarvefnum sem mun auðvelda netsamskipti og upplýsingamiðlun þeirra sem vinna að málefnum á norðurslóðum. Í yfirlýsingu ráðherrafundar Norðurskautsráðsins í Salekhard var opnun vefgáttarinnar fagnað en hún var hönnuð í náinni samvinnu við ráðið og vinnuhópa þess. Stefnt er að því að norðurslóðagáttin geti m.a. gegnt hlutverki við gagnavinnslu og kynningu á alþjóðlegum rannsóknarverkefnum Alþjóðaheimskautaársins.

Lega Íslands á norðurhjara var öldum saman ein helsta hindrunin fyrir samskiptum við önnur ríki. Nú hefur þetta snúist við og er Ísland nánast komið í þjóðbraut. Þetta á ekki aðeins við um tíðara farþegaflug sem auðveldar umsvif íslenskra athafnamanna beggja vegna Atlantshafs. Fyrirsjáanlegt er að nýjar siglingaleiðir muni opnast til norðurs samhliða hlýnandi loftslagi og aukinni auðlindanýtingu á norðurheimskautssvæðinu.

Utanríkisráðuneytið hefur fylgst náið með þessari þróun og reynt að leggja á hana raunsætt mat. Fyrir tveimur árum gaf ráðuneytið út skýrslu undir heitinu „Fyrir stafni haf“ en hún hefur að geyma niðurstöður starfshóps um opnun nýrra siglingaleiða um norðurheimskautssvæðið og þýðingu þeirra fyrir Ísland. Í skýrslunni var sagt fyrir um mikla olíuflutninga frá norðurheimskautssvæðinu til Norður-Ameríku um íslenska lögsögu sem þá voru í þann mund að hefjast. Í framhaldi af skýrslunni hóf Siglingastofnun, sem tók þátt í starfshópnum, undirbúning viðbragðsáætlunar við hugsanlegum óhöppun sem kunna að fylgja slíkum flutningum. En þróunin felur líka í sér ný tækifæri. Opnun nýrra flutningaleiða um Norður-Íshaf, jafnvel alla leið til Kyrrahafs, mundi gjörbreyta efnahagsþróun og atvinnuháttum á norðurslóðum. Nauðsynlegt er fyrir Íslendinga að búa sig undir að nýta þau færi sem slík þróun gefur kost á. Skýrsla utanríkisráðuneytisins hefur nú verið gefin út á ensku og hefur verið ákveðið að fylgja henni eftir með alþjóðlegri ráðstefnu á Akureyri í mars 2007. Á ráðstefnunni verður m.a. fjallað um áhrif opnunar nýrra siglingaleiða til norðurs á atvinnuþróun og byggðamál á Íslandi.

### 3.6.5. Hvalveiðar í atvinnuskyni.

Nýleg ákvörðun sjávarútvegsráðherra um sjálfbærar hvalveiðar í atvinnuskyni snertir þátttöku Íslands í alþjóðastarfi á marga vegu. Utanríkisþjónustan hefur vökult auga með viðbrögðum almennings, fyrirtækja og stjórnvalda í öðrum ríkjum, auk þess sem sendiráð og fastanefndir taka virkan þátt í að koma réttum upplýsingum um málstað Íslands á framfæri.

Of snemmt er að leggja mat á hugsanleg áhrif hvalveiðanna á íslenska hagsmuni heima og erlendis. Eins og búast mátti við voru viðbrögð mest og hörðust fyrstu dagana eftir að ákvörðunin var kunngerð. Stór hluti mótmæla barst stjórnvöldum í formi hópsendinga, sem skipulagðar voru af hálfu umhverfisverndarsamtaka á borð við Grænfriðunga og Alþjóðadýraverndunarsjóðinn (IFAW) en slíkum sendingum var einnig beint til aðila á sviði ferðamála- og viðskiptaþjónustu.

Af stjórnvalda hálfu hefur áhersla verið lögð á að svara öllum slíkum erindum og koma í veg fyrir bæði misskilning og missagnir varðandi tilgang og umfang veiðanna. Þannig er t.d. útbreiddur misskilningur að Íslendingar veiði hvali úr stofnum í útrýmingarhættu eða brjóti gegn alþjóðalögum með veiðunum. Ráðstafanir til að leiðrétta slíkar ranghugmyndir eru skref í þá átt að afla stuðnings við sjónarmið sjálfbærrar auðlindanýtingar í alþjóðlegu samstarfi.

### 3.6.6. Sjóræningjaveiðar.

Á undanförnum vikum og mánuðum hefur utanríkisráðuneytið, í samráði við sjávarútvegsráðuneytið, tekið þátt í aðgerðum til að koma böndum á raunverulega rányrkju hinna lifandi auðlinda hafsins í nágrenni okkar. Þannig hafa ráðuneytið og sendiskrifstofur þess gripið til aðgerða til að hefta löndun afurða ólöglegs karfaafla af miðunum suðvestur af Íslandi, afla sem sjóræningjaskip undir hentifána höfðu veitt þar í leyfisleysi og ætlunin var að koma á markað í Asíu. Veiðisvæðið sem um er að ræða lýtur stjórn Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

Tilraun stjórnvalda á yfirstandandi hausti til að koma í veg fyrir að frystiskipið „Polestar“ gæti landað allt að fjögur þúsund tonnum af unnum karfaafurðum á Asíumörkuðum var á margan hátt lærdómsrík, en sendiráðum Íslands og ræðisskrifstofum var falið að leita liðsinnis stjórnvalda í Japan, Kína, Hong Kong og Suður-Kóreu, í samráði við norsk og rússnesk stjórnvöld. Samstarfið varð til þess að skipið var sett á bannlista NEAFC, auk þess sem því var vísað frá höfnum og lá það vikum saman við akkeri úti fyrir landhelgi viðkomandi ríkja með tilheyrandi kostnaði. Þótt útgerð skipsins tækist að lokum að fá aflanum umskipað í önnur skip, sem ekki tókst að fá sett á bannlista í tæka tíð eru íslensk stjórnvöld nú betur undir það búin að takast á við ólöglegar veiðar af þessu tagi. Sérstaka áherslu ber nú að leggja á nánara samstarf hlutaðeigandi ríkja á fjölþjóðlegum vettvangi og mun utanríkisþjónustan leggja því starfi lið á komandi missirum.

### 3.7. Hafréttarmál.

#### 3.7.1. Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna.

Ísland tekur virkan þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna í hafréttarmálum og leggur þar áherslu á að standa vörð um hafréttarsamninginn, en um er að ræða eina heildstæða alþjóðasamninginn á sviði hafréttar er myndar lagalegan ramma um hin fjölbreytilegu not hafsins. Hagsmunir Íslands sem strandríkis, sem á mikið undir nýtingu auðlinda hafsins, eru vel tryggðir í hafréttarsamningnum og samningum tengdum honum. Af Íslands hálfu hefur í samræmi við þetta verið lögð á það áhersla á aðildarríkjafundum hafréttarsamningsins og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að vinna beri á grundvelli þessara samninga og að mikilvægt sé að þeir séu fullgiltir og ákvæðum þeirra framfylgt af ríkjum heims. Jafnframt hefur verið lagst gegn tilraunum til að opna að nýju mál sem voru til lykta leidd á hafréttarráðstefnunni, enda fól niðurstaða ráðstefnunnar í sér heildarlausn þar sem einstök ríki fengu sitt fram á sumum sviðum en urðu að gefa eftir á öðrum. Aðildarríki hafréttarsamningsins voru hinn 20. október 2006 151 talsins.

#### 3.7.2. Úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna.

Úthafsveiðisamningurinn, sem samþykktur var í New York 4. ágúst 1995, öðlaðist gildi 11. desember 2001 þegar 30 ríki höfðu gerst aðilar að honum. Ísland fullgilti samninginn 14. febrúar 1997.

Í úthafsveiðisamningnum er kveðið á um framkvæmd og nánari útfærslu ákvæða hafréttarsamningsins um deilistofna og víðförula fiskstofna, þ.e. stofna sem finnast bæði innan efnahagslögsögu strandríkja og á úthafinu. Yfirlýst markmið samningsins er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu áðurnefndra fiskstofna. Samningurinn styrkir verulega ramma um samstarf strandríkja og úthafsveiðiríkja á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana um verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim. Sérstök réttindi strandríkja eru viðurkennd í samningnum og í honum felast frekari takmarkanir á hefðbundnu frelsi til fiskveiða á úthafinu.

Mikilvægt er að hafa í huga að ákvæði úthafsveiðisamningsins binda einungis þau ríki sem eru aðilar að honum. Hefur Ísland verið í hópi þeirra ríkja sem hvatt hafa til þess að samningurinn verði fullgiltur og ákvæðum hans framfylgt af ríkjum heims. Í kjölfar endurskoðunarráðstefnu samningsins, sem haldin var í New York í maí 2006, hefur aðildarríkjum hans fjölgað töluvert og hinn 20. október 2006 voru þau 62 talsins.

### 3.7.3. Afmörkun efnahagslögsögunnar gagnvart lögsögu nágrannalandanna.

Eftir að samkomulag náðist um afmörkun umdeilda hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja haustið 2002 er í grundvallaratriðum lokið afmörkun efnahagslögsögu Íslands gagnvart lögsögu nágrannalandanna. Áður hafði verið gengið frá afmörkun efnahagslögsögunnar gagnvart lögsögu Jan Mayen, Grænlands og Bretlands.

### 3.7.4. Landgrunnsmál.

*Afmörkun ytri marka landgrunns Íslands utan 200 sjómílna.*

Unnið er að undirbúningi greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Lokið er mælingum á landgrunnssvæðum sem samsvara þrettánföldu landsvæði Íslands og við hefur tekið úrvinnsla mæligagna og samning greinargerðarinnar. Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á umræddri greinargerð og vinnur starfshópur undir forystu þess að gerð hennar. Frestur Íslands til að skila greinargerðinni er til 13. maí 2009, en stefnt er að því að skila henni nokkru fyrr.

Samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að 200 sjómílum, sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, þar á meðal Ísland, eiga hins vegar víðáttumeira landgrunn samkvæmt ákvæðum hafréttarsamningsins. Viðkomandi ríki skulu senda landgrunnsnefndinni ítarlega greinargerð um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna og yfirfer nefndin greinargerðina, leggur tæknilegt mat á hana og gerir tillögur um ytri mörk landgrunnsins. Á grundvelli tillagna nefndarinnar getur strandríkið ákveðið á endanlegan og bindandi hátt mörk landgrunnsins gagnvart alþjóðlega hafsbotnssvæðinu sem liggur þar fyrir utan.

Af Íslands hálfu er gert tilkall til landgrunns utan 200 sjómílna í suðri, þ.e. á Reykjaneshrygg og Hatton Rockall-svæðinu, og í norðaustri, þ.e. í suðurhluta Síldarsmugunnar. Landgrunnið var afmarkað til suðurs með reglugerð árið 1985. Aðeins Ísland gerir kröfu um landgrunnsréttindi á Reykjaneshrygg, en á Hatton Rockall-svæðinu hafa Bretland, Írland og Danmörk, f.h. Færeyja, einnig sett fram kröfur um slík réttindi. Í suðurhluta Síldarsmugunnar gerir Noregur einnig kröfu til landgrunnsréttinda, bæði út frá meginlandi sínu og Jan Mayen, og Danmörk gerir kröfu um slík réttindi fyrir hönd Færeyja.

Nokkrar líkur eru taldar á að olíu sé að finna á Hatton Rockall-svæðinu, en fremur ólíklegt er að slíkt sé uppi á teningnum á Reykjaneshrygg eða í suðurhluta Síldarsmugunnar. Hins vegar er rétt að hafa í huga að athygli manna beinist í vaxandi mæli að ýmsum öðrum auðlindum á landgrunninu, allt frá málmum til erfðaefnis lífvera á hafsbotni. Með tækniframförum eykst bæði vitneskja um slíkar auðlindir og möguleikar á nýtingu þeirra. Líklegt er að réttindi yfir landgrunninu fái aukna þýðingu í framtíðinni og af Íslands hálfu er því lögð áhersla á að öðlast yfirráð yfir sem víðáttumestum landgrunnssvæðum.

Mörg álitamál eru ríkjandi um túlkun 76. gr. hafréttarsamningsins sem fjallar um ákvörðun ytri marka landgrunnsins og snertir ýmsar kröfur Íslands til landgrunnsréttinda utan 200 sjómílna. Mikilvægt er að Íslendingar geri sig gildandi á þessu mikilvæga sviði hafréttarins og vinni sjónarmiðum sínum fylgi.

Í þessu skyni ákvað Hafréttarstofnun Íslands, sem utanríkisráðuneytið stendur að auk sjávarútvegsráðuneytisins og Háskóla Íslands, að gangast fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um afmörkun landgrunnsins í Reykjavík sumarið 2003, í samvinnu við Hafréttarstofnunina við Háskólann í Virginíu. Á ráðstefnunni var einkum fjallað um lagalegar og vísindalegar hliðar ákvörðunar ytri marka landgrunns utan 200 sjómílna. Alls tóku um 170 sérfræðingar frá 50 löndum þátt í ráðstefnunni, sem er hin stærsta sinnar tegundar sem haldin hefur verið og

tókst afar vel. Meðlimum landgrunnsnefndarinnar, sem eru 21 að tölu, var boðið að sækja ráðstefnuna og þekktist þorri þeirra boðið.

*Hatton Rockall-málið.*

Haustið 2001 fóru fram í Reykjavík, að frumkvæði Íslands, óformlegar viðræður allra deiluaðila í Hatton Rockall-málinu, þ.e. Íslands, Bretlands, Írlands og Danmerkur f.h. Færeyja. Var um að ræða fyrsta fjórhliða fund þeirra aðila sem gera tilkall til landgrunns á Hatton Rockall-svæðinu og markaði fundurinn því tímamót. Viðræðurnar voru gagnlegar og hefur þeim síðan verið fram haldið með reglubundnum hætti.

Til þess að lausn náist um afmörkun landgrunns á umdeildum svæðum á borð við Hatton Rockall-svæðið og raunhæft sé að nýta auðlindir þess þarf tvennt að koma til: Annars vegar þurfa hlutaðeigandi ríki að komast að samkomulagi um skiptingu landgrunnsins sín á milli eða um að það verði sameiginlegt nýtingarsvæði. Hins vegar þarf að nást niðurstaða um afmörkun ytri marka landgrunnsins á grundvelli tillagna landgrunnsnefndarinnar.

Af Íslands hálfu hefur verið lögð áhersla á að aðilar freisti þess að ná samkomulagi um skiptingu Hatton Rockall-svæðisins áður en þeir leggja greinargerðir sínar fyrir landgrunnsnefndina og hún fjallar um þær. Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar getur hún raunar ekki fjallað um greinargerðir einstakra ríkja er lúta að umdeildum landgrunnssvæðum nema allir deiluaðilar fallist á það.

Í ljósi þessa verður að teljast jákvætt að á síðustu viðræðufundum um Hatton Rockall-svæðið hafa aðilar rætt um ýmsar leiðir til skiptingar svæðisins. Mikilvægt er að aðilar byrji að leita leiða til að leysa þetta mikilvæga mál. Þó er ekki við því að búast að viðræður muni leiða til skjótrar niðurstöðu, enda er málið afar flókið og erfitt að samræma sjónarmið aðila.

*Landgrunnið í suðurhluta Síldarsmugunnar.*

Hinn 20. september 2006 var undirritað í New York samkomulag milli Íslands, Danmerkur/Færeyja og Noregs um skiptingu landgrunns utan 200 sjómílna í suðurhluta Síldarsmugunnar. Samkomulagið, sem var undirritað af þeim Valgerði Sverrisdóttur, utanríkisráðherra Íslands, Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur, Jóannes Eidesgaard, lögmanni Færeyja, og Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, er niðurstaða afar jákvæðra samningaviðræðna landanna undanfarna mánuði og markar tímamót í landgrunnsmálum á Norðaustur-Atlantshafi.

Samkomulagið felur í sér viðurkenningu á landgrunnsréttindum Íslands á 29.000 km² svæði vestast í Síldarsmugunni í beinu framhaldi af íslensku efnahagslögsögunni norðaustur af landinu. Gert er ráð fyrir að Færeyjar öðlist landgrunnsréttindi yfir 27.000 km² svæði norður af færeysku efnahagslögsögunni og að Noregur, sem gerir tilkall til umfangsmeiri landgrunnsréttinda í suðurhluta Síldarsmugunnar bæði út frá meginlandi Noregs og frá Jan Mayen, öðlist slík réttindi yfir því sem eftir stendur af svæðinu, 55.528 km². Tekið skal fram að skipting landgrunnsins hefur ekki áhrif á réttarstöðu hafsins ofan þess sem verður áfram úthaf.

Framangreind skipting landgrunnsins í suðurhluta Síldarsmugunnar er með fyrirvara um að aðilum takist, hverjum fyrir sig, með greinargerð til landgrunnsnefndarinnar að sýna fram á tilkall sitt til jafnstórs hafsbotnssvæðis og samkomulagið kveður á um. Takist einhverjum aðilanna ekki að sýna fram á það minnkar hlutdeild hans sem því nemur. Gert er ráð fyrir að Ísland muni geta sýnt fram á tilkall til þess svæðis sem samkomulagið kveður á

um að komi í hlut þess, enda liggur það alfarið innan 60 sjómílna frá svonefndum hlíðarfæti norðaustur af landinu og telst því til landgrunns samkvæmt ákvæðum hafréttarsamningsins.

Í samkomulagi Íslands, Danmerkur/Færeyja og Noregs er gert ráð fyrir að aðilar skuli svo fljótt sem verða má, og seinast þremur mánuðum eftir að málsmeðferð þeirra gagnvart landgrunnsnefndinni er lokið, ganga frá þremur formlegum tvíhliða samningum þar sem kveðið verði endanlega á um afmörkun landgrunnsins þeirra á milli. Aðilar hafa komið sér saman um samræmda fyrirmynd að tvíhliða samningunum og fylgir hún samkomulaginu. Gert er ráð fyrir að samningarnir þrír öðlist allir gildi á sama tíma.

Sú niðurstaða, sem framangreint samkomulag gerir ráð fyrir, er af mörgum ástæðum hagstæð fyrir Ísland. Má þar nefna í fyrsta lagi að hlutur Íslands í landgrunninu í suðurhluta Síldarsmugunnar er vel viðunandi. Í annan stað er niðurstaðan til þess fallin að auka almennan trúverðugleika Íslands sem ríkis er gerir tilkall til landgrunnsréttinda utan 200 sjómílna á þessu og öðrum hafsvæðum. Síðast en ekki síst getur samkomulag Íslands, Danmerkur/Færeyja og Noregs um skiptingu landgrunnsins á áðurnefndu svæði, áður en það kemur til umfjöllunar landgrunnsnefndarinnar, haft mikilvægt fordæmisgildi fyrir Hatton Rockall-málið, en hafa ber í huga að tveir fyrstnefndu aðilarnir eru jafnframt aðilar að því máli.

## 4. VIÐSKIPTAMÁL

### 4.1. Evrópumál.

Evrópusamstarfið hefur verið viðburðaríkt frá því að síðasta skýrsla utanríkisráðherra var lögð fyrir Alþingi. Mesta stækkun í sögu Evrópusambandsins (ESB) kom til framkvæmda 1. maí 2004 þegar átta ríki Mið- og Austur-Evrópu gengu í sambandið auk Möltu og Kýpur. Frá og með sama tíma stækkaði einnig Evrópska efnahagssvæðið (EES) að sama skapi. Samningurinn um stækkun EES hefur verið fullgiltur af öllum aðildarríkjunum. Gert er ráð fyrir að ESB stækki enn frekar frá og með 1. janúar 2007 með inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu en samningaviðræður eru hafnar um aðild Rúmeníu og Búlgaríu að EES. Þá hefur á liðnum missirum náðist samkomulag um þátttöku EFTA-ríkjanna í EES í ýmsum stofnunum ESB, m.a. Flugöryggisstofnun Evrópu, og eru samningaviðræður um þátttöku ríkjanna í Matvælastofnun Evrópu nú á lokastigi. Mikilvægar aðlaganir fengust fyrir EFTA-ríkin á reglugerð um flugvernd og tilskipun um orkunýtni bygginga.

#### 4.1.1. Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópusambandsins.

Búist er við að Rúmenía og Búlgaría fái aðild að ESB hinn 1. janúar nk. Frá undirritun stækkunarsamninga í apríl 2005 hafa ríkin tvö sætt ströngu eftirliti varðandi framgang sinn við undirbúning aðildar og hefur framkvæmdastjórn ESB nú mælt með því að ríkin hljóti aðild að ESB frá og með 1. janúar 2007. Áfram verður þó fylgst með árangri þessara tveggja ríkja við að laga löggjöf sína að regluverki ESB þar sem ljóst er að á sumum sviðum mættu þau vera lengra komin í þeim efnum. Framkvæmdastjórn ESB útilokar ekki að gripið verði til verndaraðgerða samkvæmt samningi um aðild ríkjanna tveggja að ESB á afmörkuðum sviðum ef nauðsynlegar umbætur í ríkjunum ganga ekki eftir. Meðal þeirra sviða þar sem enn eru vandamál fyrir hendi má nefna skipan dómskerfisins, baráttu gegn spillingu og skipulagðri afbrotastarfsemi, fæðuöryggi og styrki til landbúnaðar.

Samkvæmt EES-samningnum er aðild nýrra ríkja að EES háð því að sérstakir samningar náist þar um við viðkomandi ríki. Viðræður um aðild Búlgaríu og Rúmeníu að EES-samningnum hófust í júlí 2006. Markmiðið hefur frá upphafi verið að ríkin tvö gerðust samtímis

aðilar að EES-samningnum og að Evrópusambandinu. Evrópusambandið hefur sett fram þá kröfu að ríkin tvö fái framlög frá þróunarsjóði EFTA með sama hætti og þau ríki sem gengu í ESB á árinu 2004. Því beri að hækka framlög EFTA-ríkjanna til sjóðsins af þeim sökum. EFTA-ríkin í EES hafa ekki ljáð máls á hækkun af þessu tagi og á þeim tveimur fundum sem haldnir hafa verið hefur ekki þokast í samkomulagsátt. EFTA hefur gert fríverslunarsamninga við bæði ríkin sem falla úr gildi við aðild þeirra að ESB. Í síðustu stækkun EES var samið um aukinn markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir frá Íslandi og er það krafa Íslands að með sama hætti verði samið um frekari tollaívilnanir fyrir sjávarafurðir í tilefni af þessari stækkun.

### 4.1.2. Þróunarsjóður EFTA.

Í síðasta stækkunarsamningi EES var samið um aukin framlög EFTA-ríkjanna þriggja til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem þurfa frekari aðstoðar við. Markmiðið er að jafna samkeppnisstöðu þeirra aðildarríkja sem standa að innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins með því að draga úr efnahagslegri og félagslegri misskiptingu innan svæðisins. Sjóðurinn hefur til ráðstöfunar 600 milljónir evra á fimm ára tímabili. Þar af er framlag Íslands um 29 milljónir evra. Sjóðurinn mun styrkja verkefni í tíu nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins og einnig á Spáni, Grikklandi og Portúgal.

Þróunarsjóður EFTA styrkir verkefni sem falla undir eftirfarandi svið:

- umhverfisvernd, t.d. aðgerðir til að draga úr mengun (sbr. nýtingu jarðvarma) eða endurbóta á umhverfinu,
- sjálfbæra þróun, t.d. bætt nýting auðlinda (þ.m.t. hráefnis til matvælaframleiðslu),
- varðveislu menningarverðmæta,
- menntun og þjálfun starfsfólks og uppbyggingu opinberrar þjónustu,
- heilbrigðisþjónustu.

Þá er einnig heimild að veita styrki til rannsókna sem varða framangreind svið.

Utanríkisráðuneytið hefur staðið fyrir kynningu á sjóðnum, m.a. með ráðstefnu í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og námskeiðum fyrir íslensk fyrirtæki um undirbúning og gerð umsókna um styrki úr sjóðnum. Enn hefur sjóðurinn ekki afgreitt neinar umsóknir með þátttöku íslenskra aðila. Hins vegar eru í undirbúningi ýmis áhugaverð verkefni sem íslenskir aðilar koma að.

### 4.1.3. Efst á baugi í EES-samstarfinu.

Hér á eftir fer yfirlit helstu mála sem hafa verið til umfjöllunar innan EES-samstarfsins að undanförnu. Rétt er að geta þess að stór hluti gerða sem teknar eru inn í EES-samninginn eru tæknilegs eðlis og verður því ekki fjallað nánar um þær hér.

*Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) og undanþága frá I. viðauka við EES-samninginn.*

Í kjölfar kúariðu o.fl. áfalla á meginlandinu hefur löggjöf Evrópusambandsins á sviði dýraheilbrigðis og fæðuöryggis tekið grundvallarbreytingum. Í stað þess að vera bundin ákveðnum afurðum eða fagsviðum er hún orðin heildstæð og samþætt og tekur til fæðukeðjunnar í heild sinni. Erfitt er því orðið að beita henni á mismunandi hátt gagnvart einstökum hlekkjum keðjunnar.

Í tengslum við upptöku reglugerðar um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli og stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu í EES-samninginn og samningaviðræður um þátttöku EFTA-ríkjanna í EES í Matvælaöryggisstofnuninni hefur undanþága Íslands frá reglum varðandi landbúnaðarafurðir verið tekin til endurskoðunar. Ástæða

þess er m.a. sú að forsendur eru ekki lengur til staðar til að greina á milli einstakra þátta í fæðukeðjunni líkt og unnt var áður. T.a.m. er talið ómögulegt að greina einn þátt frá öðrum í starfi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Áður hafði Ísland einungis tekið upp reglur ESB er snertu viðskipti með sjávarafurðir en það var unnt að gera vegna þess að skýr afmörkun var gerð í regluverki ESB á sjávarafurðum og landbúnaðarafurðum. Vegna þessara breytinga hafa undanfarið staðið yfir samningaviðræður við framkvæmdastjórn ESB um að Ísland taki upp heilbrigðisreglur ESB að fullu um annað en lifandi dýr. Upptaka þessara reglna er forsenda þess að Ísland geti ásamt hinum EFTA-ríkjunum í EES tekið þátt í starfi Matvælaöryggisstofnunarinnar. Gert er ráð fyrir aðlögunartíma fyrir Ísland í því skyni að koma reglunum til framkvæmda hér á landi þar sem þessar breytingar snerta framleiðslu landbúnaðarafurða. Í því sambandi ber þó að hafa í huga að t.d. afurðastöðvar í mjólkur- og kjötiðnaði hafa margar hverjar þegar aðlagað sig að regluverki ESB.

*Samningur um viðskiptaívilnanir með óunnar landbúnaðarafurðir.*

Ísland og ESB hafa gert með sér samkomulag um niðurfellingu tolla á ýmsum landbúnaðarvörum milli Íslands og ríkja ESB. Gert er ráð fyrir að samkomulagið komi til framkvæmda 1. janúar 2007. Samkomulagið er gert á grundvelli 19. gr. EES-samningsins sem kveður á um reglulega endurskoðun á viðskiptum milli EFTA-ríkjanna í EES og ESB með landbúnaðarvörur. Samkomulagið gerir m.a. ráð fyrir að tollfrjáls lambakjötskvóti Íslands til ESB hækki auk þess sem full fríverslun kemst á með lifandi hross til ESB. Samið var um tollfrjálsan kvóta fyrir ESB til Íslands, m.a. fyrir kartöflur og rjúpur, auk kvóta fyrir afmarkaðar tegundir osta en Ísland fær innflutningskvóta fyrir smjör til ESB. Til skoðunar er að útvíkka þennan samning frekar í tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til lækkunar matvælaverðs. Markmið þess mundi vera að sækja frekari tollaívilnanir fyrir íslenskar landbúnaðarvörur inn á markað ESB í ljósi aukinna tollalækkana Íslands.

*Tilskipun um viðskipti með losunarheimildir.*

Evrópusambandið samþykkti í október 2003 tilskipun um viðskipti með losunarheimildir fyrir gróðurhúsalofttegundir. Tilskipunin var gerð í tengslum við framkvæmd Kyoto bókunarinnar við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna og mælir fyrir um reglur um viðskipti með þessar heimildir. Framkvæmdastjórn ESB leggur ríka áherslu á að tilskipunin verði tekin upp í EES-samninginn. EFTA-ríkin hafa hins vegar ýmsa fyrirvara á því. Í lok apríl 2006 kynnti Ísland tillögu að lausn málsins sem felst í því að tilskipunin verði tekin upp í EES-samninginn en að Ísland yrði eigi að síður undanþegið tilskipuninni. Hins vegar væri möguleiki á að sú undanþága yrði endurskoðuð síðar. Frekari samningaviðræður munu fara fram á næstu vikum innan EFTA og við framkvæmdastjórn ESB. Ísland hefur í þessu sambandi lagt megináherslu á að tryggja það að aðild að þessari tilskipun hafi engin áhrif á sjálfstæða samningsstöðu Íslands í loftslagsmálum.

Tilskipunin gerir enn fremur ráð fyrir því að hún skuli sæta endurskoðun á þessu ári. Vinnur framkvæmdastjórn ESB að tillögum og skýrslu um það efni og má búast við að skýrslan komi út nú á haustdögum. Eitt af þeim málefnum sem þar eru til skoðunar er hvort fella eigi flug undir gildissvið tilskipunarinnar. Hefur framkvæmdastjórnin gefið til kynna að hún telji rétt að flugstarfsemi falli undir gildissvið tilskipunarinnar og hefur umhverfisnefnd Evrópuþingsins tekið undir þau sjónarmið. Fylgist Ísland grannt með þróun þessara mála.

*Heildartilskipun um frjálsa för fólks.*

Ný heildartilskipun um frjálsa för fólks hefur tekið gildi innan ESB. Með tilskipuninni er reglum um frjálsa för einstakra hópa (launþega, námsmanna, sjálfstætt starfandi einstaklinga) steypt saman í eina tilskipun um leið og töluverðar efnislegar breytingar eru gerðar á reglum á þessu sviði. Viðræður standa nú yfir í EES-samstarfinu um hvernig haga eigi upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn og hafa EFTA-ríkin sent framkvæmdastjórn ESB óformlegar tillögur og óskað eftir umræðum um afmörkuð atriði er varða tilskipunina.

*Afhending upplýsinga úr farþegaskrám.*

Bandarísk stjórnvöld hófu árið 2004 að krefjast þess að flugfélög sem fljúga til Bandaríkjanna afhendi þeim upplýsingar úr farþegaskrám þeirra. Framkvæmdastjórn ESB tók ákvörðun sem heimilar að upplýsingar úr farþegaskrám (Passenger Name Record) séu sendar landamærayfirvöldum í Bandaríkjunum (Bureau of Customs and Border Protection). Í ákvörðuninni er vísað til samningaviðræðna sem framkvæmdastjórnin átti við bandarísk stjórnvöld og yfirlýsingar þeirra um hvernig farið verði með persónuupplýsingarnar og var hún tekin upp í EES-samninginn. Íslensk stjórnvöld fóru þess á leit við bandaríska sendiráðið í Reykjavík að aflað yrði sambærilegrar yfirlýsingar af hálfu bandarískra yfirvalda um meðferð persónuupplýsinga úr farþegaskrám frá íslenskum flugrekendum. Bandarísk stjórnvöld féllust á beiðni íslenskra stjórnvalda og fóru fram erindisskipti þar að lútandi.

Í lok maí 2006 féll dómur Evrópudómstólsins vegna þeirrar ákvörðunar ESB sem tekin var um að afhenda upplýsingar úr farþegaskrám. Taldi dómstóllinn ákvörðunina ekki hafa verið tekna á réttum lagagrundvelli. Var samningsaðilum gefinn tiltekinn frestur til að færa málið í rétt horf. Í október 2006 náðu ESB og bandarísk stjórnvöld samkomulagi um miðlun persónuupplýsinga. Eru þar gerðar nokkrar breytingar á fyrirkomulaginu í því skyni að koma til móts við persónuverndarsjónarmið, m.a. þannig að ekki verður lengur um það að ræða að Bandaríkjamenn sæki upplýsingarnar sjálfvirkt heldur þurfa þeir núna að óska sérstaklega eftir þeim.

*Rammatilskipun um vatn.*

Undanfarin ár hefur verið til umræðu í EES-samstarfinu að taka upp svonefnda vatnatilskipun Evrópusambandsins. Meginmarkmið tilskipunarinnar er að bæta gæði vatns og koma stjórn á nýtingu vatns sem auðlindar. Eftir viðræður milli íslenskra stjórnvalda og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar var niðurstaðan sú að tilskipunin skyldi tekin upp í EES-samninginn en að íslensk stjórnvöld mundu óska eftir því að henni skyldi fylgja yfirlýsing þar sem áréttaður væri sá sameiginlegi skilningur að í tilskipuninni sé tekið tillit til landfræðilegra aðstæðna hverju sinni og það sé undir stjórnvöldum komið að skilgreina hvar aðgerða sé þörf. Nýlega náðist samkomulag um texta ákvörðunar og er gert ráð fyrir endanlegri ákvörðun innan tíðar um að taka þessa tilteknu tilskipun inn í EES-samninginn. Mun Ísland fá aðlögunartíma varðandi framkvæmd hennar.

*Heildarlöggjöf um opinber innkaup.*

Heildarlöggjöf um opinber innkaup var samþykkt innan ESB árið 2004. Löggjöfin samanstendur af tveimur tilskipunum, annars vegar tilskipun um samræmdar aðferðir við gerð samninga um opinberar framkvæmdir og opinber innkaup á vörum og þjónustu og hins vegar tilskipun um samræmdar starfsaðferðir við innkaup stofnana og fyrirtækja sem starfa á sviði vatns-, orku-, samgöngu- og póstþjónustu.

Með nýrri löggjöf er leitast við að færa aðferðafræði innkaupa frá ströngum reglum, sem leggja ákveðnar skyldur og takmarkanir á herðar opinberra kaupenda, yfir í sveigjanlegra form þar sem vísað er til alþjóðlegra eða evrópskra staðla og leiðbeinandi innkaupaferða, t.d. með hliðsjón af umhverfisvænum innkaupum. Rafræn innkaup leika stórt hlutverk í nýrri löggjöf og gert ráð fyrir að þau standi jafnfætis hefðbundnum innkaupaaðferðum. Hvað varðar aðra nýbreytni má nefna skilvirkt rafrænt innkaupakerfi, rafræn uppboð, miðlægar innkaupaeiningar (stofnanir) og vægi félagslegra sjónarmiða og umhverfissjónarmiða við innkaup.

Þessar reglur hafa verið teknar upp í EES-samninginn og verða nauðsynlegar tillögur að lagabreytingum lagðar fram innan tíðar.

*Undirbúningur sjöundu rammaáætlunarinnar – Rannsóknir og þróun.*

Stofnanir ESB hafa náð samkomulagi um að verja um 50,5 milljörðum evra til sjöundu rammaáætlunarinnar á tímabilinu 2007–2013. Nokkur ágreiningur varð um skiptingu þessa fjár niður á einstakar undiráætlanir. Bæði ráðherraráðið og þingið vildu leggja meira fé í *samstarfshluta* (Cooperation programme) áætlunarinnar en framkvæmdastjórnin einkum í heilsufarsrannsóknir, orkurannsóknir og félags- og hagfræðirannsóknir. Að auki vildi þingið verja stærri hluta af því fé sem rennur til orkurannsókna til rannsókna á endurnýjanlegri orku, orkuvarðveislu og betri orkunýtni en tillögur framkvæmdastjórnarinnar höfðu gert ráð fyrir. Þá hefur þingið viljað leggja meira fé til Evrópska rannsóknaráðsins (ERC) og til þjálfunar og skiptiáætlana (PEOPLE) og bæði þingið og ráðherraráðið vilja draga úr fjárveitingum til rannsóknarinnviða (research infrastructures) og til verkefninsins *Vísindi í samfélaginu*. Að lokum vildu bæði þingið og ráðherraráðið halda áfram að eyrnamerkja fé til smárra og meðalstórra fyrirtækja (SMEs) og skipta upp áætluninni *Geimur og öryggismál* (Space and Security), en tillaga framkvæmdastjórnarinnar gerði ráð fyrir að þessi viðfangsefni féllu undir einu og sömu áætlunina. Hópur þingmanna lagði einnig til að fiskveiðum og sjálfbærri nýtingu sjávar yrði bætt inn sem nýju forgangssviði.

Stofnfrumurannsóknir hafa verið Evrópusambandinu erfiður ljár í þúfu þegar rammaáætlunin er annars vegar. Á tímabili leit út fyrir að ágreiningur um þetta mál gæti komið í veg fyrir að áætlunin yrði samþykkt á þessu ári en á ráðherrafundinum í júlí 2006 náðist samkomulag sem líklegt er að nægi til að höggva á hnútinn.

Tillaga framkvæmdastjórnarinnar um þátttökureglur fyrir sjöunda rammaáætlunina gerir ráð fyrir allnokkrum breytingum frá þátttökureglum sjöttu rammaáætlunarinnar. Ganga flestar breytingarnar út á það að einfalda framkvæmd áætlunarinnar og auka gagnsæi í vinnubrögðum. Ein umdeildasta breytingin á reglunum frá sjöttu rammaáætluninni er án efa sú einföldun sem boðuð er á fjármögnunarmódelum (Cost Models) en í sjöundu rammaáætluninni er ekki lengur gert ráð fyrir svonefndum viðbótarkostnaði en sá valkostur hefur verið sérstaklega vinsæll meðal háskóla.

Undirbúningur sjöundu rammaáætlunar er á lokastigi og er fastlega búist við því að hún verði samþykkt í byrjun desember 2006.

Á grunni EES-samningsins tekur Ísland þátt í þessari áætlun líkt og hinum fyrri. Er gert ráð fyrir að skuldbindingar Íslands vegna hennar fram til 2013 verði alls um 52 milljónir evra. Þá er þess að geta að Ísland hefur almennt staðið sig mjög vel þegar kemur að styrkveitingum frá þessum áætlunum. Ígildi þess aðildargjalds sem greitt hefur verið í hverja þeirra þriggja rammaáætlana sem Ísland hefur tekið þátt í frá 1994 hefur jafnan skilað sér og reyndar mun betur en svo. Þegar tekið er að styttast í sjöttu rammaáætluninni sem nú

stendur hefur þetta markmið þegar náðst en í þeirri fimmtu (1998–2002) urðu styrkir u.þ.b. 19,3 milljónir evra en þátttökugjöldin 13,4 milljónir evra. Meira máli skiptir þó að þátttöku íslenskra vísindamanna er óskað, þeim er einatt falin forysta í stjórn verkefna og verkþátta og umfang verkefnanna sem við tökum þátt í er margfalt ráðstöfunarfé sjóða okkar í þessu skyni.

*Mennta-, menningar- og æskulýðsmál.*

Á fundi ráðherraráðs ESB, í júní 2006, voru teknar ákvarðanir um nýja sjö ára samstarfsáætlun í menntamálum (Lifelong learning programme), símenntunaráætlun ESB. Heildarfjárveiting er ætluð 6,9 milljarðar evra. Markmið áætlunarinnar er að skapa aukið samræmi í aðgerðum ESB í menntamálum, auka tengingu milli skólastiga og á milli almennrar menntunar og starfsnáms. Með einni áætlun verða leikreglur samhæfðar og reynt að einfalda stjórnsýsluna auk þess sem umfangið verður mun meira. Framkvæmdin verður í enn ríkari mæli en áður falin aðildarlöndunum sjálfum þar sem umsjón og úthlutun rúmlega 80% styrkja verður í höndum landskrifstofa áætlunarinnar. Í nýju áætluninni er slegið saman tveimur eldri áætlunum, Sókrates menntaáætluninni og Leonardo da Vinci starfsmenntaáætluninni. Þá er innan borðs þveráætlun sem starfar á fjórum meginsviðum: stefnumótun, tungumálanám, upplýsingatækni og útbreiðslumál. Að lokum verða í símenntunaráætluninni svokallaðar Jean Monnet aðgerðir sem skipt verður í þrjú lykilsvið: Jean Monnet styrki, stuðning við evrópskar stofnanir og stuðning við evrópsk samtök og félög.

Ráðherraráðið ákvað einnig að stefna að nýrri sjö ára áætlun á sviði æskulýðsmála og er gert ráð fyrir að hún verði staðfest af Evrópuþinginu á næstunni. Til áætlunarinnar verða veittar 885 milljónir evra á tímabilinu 2007–2013. Áætlunin hefur fengið heitið *Youth in Action.*

Þriðja áætlunin, sem ráðherraráðið hefur samþykkt og gert er ráð fyrir að verði staðfest á næstunni, er áætlunin Menning 2007. Miðað við verðlag ársins 2006 verða um 400 milljónir evra veittar til áætlunarinnar sem stendur fram til ársins 2013. Nýja áætlunin tekur við af áætluninni „Menning 2000“ og er stefnt að því að hún verði í senn einfaldari og skilvirkari en sú eldri. Meginmarkmið áætlunarinnar er að efla sameiginlega menningarvitund Evrópubúa og tilfinningu fyrir evrópskum þegnrétti með því að auka samstarf milli stofnana, listafólks og annarra er starfa á sviði menningarmála.

Ráðherraráðið samþykkti í maí sl. fyrir sitt leyti framhald á Media-áætluninni og verður hún kölluð *Media 2007 Programme.* Nýja áætlunin tekur yfir gömlu *Media Plus* og *Media Training* og er ætlað að styrkja myndmiðlun í Evrópu. Markmið áætlunarinnar eru að gæta að og efla menningarlega fjölbreytni í Evrópu ásamt því að stuðla að varðveislu menningararfleifðar á því sviði. Þá er áætluninni ætlað að tryggja aðgengi íbúa álfunnar að evrópsku myndefni, efla fjölmenningarleg samskipi, auka dreifingu og áhorf á evrópsku myndefni innan og utan Evrópu og að lokum að auka samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

Ákveðið hefur verið að veita 756,2 millj. evra til verkefnisins á árunum 2007–2013. Áætlunin er nú til seinni yfirferðar hjá Evrópuþinginu.

*Sveitarstjórnir og EES.*

Hinn 1. september 2006 var opnuð í Brussel skrifstofa á vegum Samtaka íslenskra sveitarfélaga. Meginhlutverk skrifstofunnar verður að gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga gagnvart Evrópusambandinu og í EES-samstarfinu. Stór hluti löggjafar ESB sem tekin er upp í EES-samninginn hefur víðtæk áhrif á sveitarfélögin og með opnun skrifstofunnar í Brussel verður sveitarfélögunum kleift að fylgjast betur með undirbúningi löggjafar ESB

og koma sjónarmiðum íslenskra sveitarfélaga á framfæri sem og sinna upplýsingamiðlun til sveitarfélaga á Íslandi.[4]

Þess má geta að Samtök atvinnulífsins (SA) hafa rekið skrifstofu í Brussel um nokkurt skeið.

**4.1.4. Málefni fram undan á vettvangi EES.**

Auk þeirra mála sem hér hefur verið fjallað um má nefna nokkur mál til viðbótar sem ætla má að verði áberandi í EES-samstarfinu á næstu missirum:

*Ný heildarlöggjöf um efni og efnavörur og Efnastofnun Evrópu.*

Í október 2003 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að heildstæðri eiturefnalöggjöf ESB (Registration Evaluation and Authorization of Chemicals – REACH). Um er að ræða heildarreglugerð sem er ætlað að koma í stað u.þ.b. 40 núgildandi tilskipana og reglugerða varðandi eiturefni og hættuleg efni og kemur í stað gerða sem þegar eru hluti af EES-samningnum. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir nýrri stofnun, Efnastofnun Evrópu. Stofnuninni er ætlað að sjá um framkvæmd löggjafarinnar og sjá um daglegan rekstur varðandi tæknilega, vísindalega og stjórnunarlega þætti. Stofnunin veitir aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni ráðgjöf og tekur við umsóknum um skráningu efna og metur þær. Reglugerðin er nú til umfjöllunar innan stofnana ESB og má búast við því að hún verði samþykkt fyrir lok ársins eða í byrjun næsta árs.

*Umhverfisstefna í málefnum hafsins.*

Drög að tilskipun um umhverfisstefnu í málefnum hafsins (Marine Strategy) eru nú til umfjöllunar í Evrópuþinginu. Íslensk stjórnvöld hafa fylgst mjög náið með framvindu mála en tilskipunin gerir ráð fyrir umfangsmiklu og skipulögðu eftirliti með ástandi sjávar og kemur m.a. inn á nýtingu sjávar, svo sem fiskveiðar. Hafa íslensk stjórnvöld lýst því yfir í bréfi til framkvæmdastjórnar að slík ákvæði geti ekki varðað EES-samninginn en framkvæmdastjórnin telur að tilskipunin varði EES. Umhverfisnefnd Evrópuþingsins fjallaði um tilskipunina nú í október og lagði til breytingar sem m.a. miða að því að víkka gildissvið hennar þannig að hún taki til alls evrópsks hafsvæðis. Búast má við því að tilskipunin verði samþykkt á næsta ári en henni er ætlað að vera umhverfishluti hinnar svonefndu maritime policy eða stefnu í málefnum siglinga og sjávar sem nú er í undirbúningi.

*Endurskoðun stefnu í málefnum siglinga og sjávar.*

Árið 2005 kynnti framkvæmdastjórn ESB til sögunnar samráðsferli til að þróa nýja stefnu Evrópu í málefnum siglinga og sjávar. Stefnan er metnaðarfull en til marks um það var komið á fót sérstökum stýrihópi sem í áttu sæti alls sjö fulltrúar í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Var stýrihópnum ætlað að undirbúa grænbók um stefnu í málefnum siglinga og sjávar sem kom út í júní á þessu ári. Hin nýja stefna í málefnum siglinga og sjávar byggist á tveimur meginstoðum, annars vegar að styrkja vöxt og viðgang atvinnugreina í Evrópu sem byggjast á siglingum í harðnandi samkeppni á alþjóðavísu og hins vegar að gæta að umgengni um hafið. Er miðað við að fram fari samráð við hagsmunaaðila

[4] Sjá skýrslu sem utanríkisráðuneytið gerði um sveitarfélög og EES á http://www.utn.stjr.is/media/Utgafa/skyrsla_sveitarstjmal_LOKA240204.pdf.

til 30. júní 2007 og er hægt að koma á framfæri athugasemdum við grænbókina fram að þeim tíma.

*Grænbók um fasteignaveðlán.*

Framkvæmdastjórn ESB sendi frá sér grænbók um fasteignaveðlán í júlí 2005. Með þessu framtaki vildi framkvæmdastjórnin kalla eftir umræðu og viðbrögðum aðildarríkja ESB um ýmis álitaefni um lán sem veitt eru til húsnæðisviðskipta gegn veði í fasteign, hvort tilefni væri til að setja samræmdar evrópskar reglur á þessu sviði og hversu víðtækar þær ættu að vera. Kæmi til þess að settar yrðu slíkar reglur mundu þær, að mati framkvæmdastjórnarinnar, einnig gilda fyrir EFTA-ríkin í EES. Samhliða er boðað að búast megi við því að framkvæmdastjórnin sendi frá sér hvítbók um málið snemma árs 2007 en hvítbók er að jafnaði undanfari lagasetningar.

*Tillaga að tilskipun um þjónustuviðskipti.*

Í ársbyrjun 2004 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að tilskipun um þjónustu á innri markaðnum. Tilskipuninni er ætlað að ryðja úr vegi þeim höftum sem standa í vegi frjálsrar þjónustustarfsemi á innri markaðinum. Tilskipunin var í fyrstu mjög umdeild á meðal aðildarríkja ESB og í Evrópuþinginu. Var tillagan m.a. gagnrýnd fyrir að stuðla að félagslegum undirboðum, kalla á aukna einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og draga úr neytendavernd. Vorið 2006 náðist hins vegar samkomulag milli tveggja stærstu flokkahópanna á Evrópuþinginu um að takmarka gildissvið tilskipunarinnar og fella úr tillögunni ákvæði er vörðuðu útsenda starfsmenn og heilbrigðisþjónustu. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði í kjölfarið fram endurskoðaða tillögu sem tók mið af framangreindu samkomulagi. Í maí 2006 náði ráðherraráð ESB samkomulagi um endurskoðaða tillögu framkvæmdastjórnarinnar með lítils háttar breytingum og er tillagan nú í annarri umræðu í Evrópuþinginu. Þegar tilskipunin hefur verið samþykkt innan ESB verður hún formlega tekin til afgreiðslu meðal EFTA-ríkjanna en nú þegar er starfandi sérstakur EFTA-vinnuhópur sem fylgst hefur með umfjöllun um tilskipunina.

*Félagsleg þjónusta í almannaþágu.*

Framkvæmdastjórn ESB hefur sent frá sér orðsendingu þar sem reynt er að afmarka og skilgreina félagsþjónustu sem rekin er og veitt í almannaþágu. Markmiðið er að afmarka félagslega þjónustu frá annarri þjónustu, kalla eftir viðhorfum einstakra ríkja ESB til málsins og um leið skerpa á því hver áhrif löggjafar ESB á sviði samkeppnismála og innri markaðarins eru á félagsþjónustu í almannaþágu. Orðsendingin felur ekki í sér beinar aðgerðir af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, svo sem áform um lagasetningu, en framkvæmdastjórnin áskilur sér rétt til að ákveða hvernig framhaldinu verði háttað og hvaða leiðir séu bestar til að fylja þessu máli eftir. Hefur framkvæmdastjórnin því ekki útilokað þann möguleika að leggja fram tillögu að löggjöf á þessu sviði.

*Grænbók í undirbúningi um vinnulöggjöf.*

Í undirbúningi er af hálfu framkvæmdastjórnar ESB grænbók um þróun og framvindu vinnulöggjafar á ESB. Er grænbókinni ætlað að meta styrkleika og veikleika þeirrar löggjafar ESB sem í gildi er á sviði vinnuréttar og væntanlega einnig ræða hugmyndir um hvernig endurskoða megi þá löggjöf. Mun grænbókin byggjast á hugmyndum um að í vinnulöggjöf eigi að samtvinnna aukin sveigjanleika á vinnumarkaði um leið og félagslegt öryggi er tryggt. Einnig verður áhersla á betri og einfaldari löggjöf á þessu sviði.

*Grænbók um sjálfbæra, samkeppnishæfa og örugga orku í Evrópu.*

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði í mars 2006 fram grænbók um sjálfbæra, samkeppnishæfa og örugga orku í Evrópu. (A European Strategy for Sustainable, Competitive and Secure Energy). Grænbókin var til umfjöllunar á leiðtogafundi ESB í Brussel í lok mars sl., þar sem leiðtogar ESB-ríkjanna samþykktu að komið yrði á sameiginlegri stefnu í orkumálum fyrir ESB (Energy Policy for Europe). Í grænbókinni eru settar fram hugmyndir um hvernig sameiginleg stefna í orkumálum í Evrópu gæti náð markmiðum um sjálfbæra þróun, samkeppnishæfni og öryggi í framboði á orku og hafa ákveðin forgangsverkefni verið skilgreind. Að auki er tekið á samskiptum á orkusviðinu við ríki utan ESB. Í því efni ber sérstaklega að nefna Rússland en atburðir í lok ársins 2005 í samskiptum Rússa við nágranna sína voru m.a. undirrót þessarar stefnumótunar ESB. Virðist nú í auknum mæli ljóst að í framtíðinni verði orkumál æ mikilvægari þáttur í alþjóðastjórnmálum.

### 4.1.5. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Eftirlitsstofnun EFTA birtir tvisvar á ári úttekt sem sýnir frammistöðu EFTA-ríkjanna að því er varðar upptöku tilskipana ESB í landsrétt. Er það gert í nánu samráði við framkvæmdastjórn ESB og nær samanburðurinn nú til EES-ríkjanna 28. ESB hefur sett sér þau viðmið að aðildarríki eigi ekki ólokið við að innleiða meira en 1,5% tilskipana þess. Í frammistöðumati sem birt var í febrúar 2005 var Ísland í 8. sæti og átti aðeins ólokið við að innleiða 1,4% gerða, sem er undir viðmiðunarmörkum ESB. Samkvæmt frammistöðumati frá febrúar 2006 hafði þessi innleiðingarhalli hins vegar aukist og var orðinn 1,9% og þar af leiðandi yfir viðmiðunarmörkin. Í júlí 2006 var innleiðingarhallinn litlu minni eða 1,8%. Er þessi þróun fyrst og fremst afleiðing þess að ekki hefur tekist að þýða þær tilskipanir sem teknar eru upp í EES-samninginn nægilega hratt. Er unnið að úrbótum í því efni með betri forgangsröðun og endurmati á þýðingaþörf sem m.a. má sjá í frumvarpi til fjárlaga þar sem leitað er eftir auknum fjárheimildum til þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins.

### 4.1.6. Schengen-samstarfið.

Schengen-regluverkið er nú óaðskiljanlegur þáttur af starfi ESB á sviði dóms- og innanríkismála. Vaxandi athygli hefur beinst að sviðinu á undanförnum missirum. Fimm ára stefnumörkun á þessu sviði, Haag-áætlunin, var samþykkt á leiðtogafundi ESB í árslok 2004, en áætluninni er ætlað að styrkja frelsi, öryggi og réttlæti innan ESB. Haag-áætlunin afmarkar áhersluatriði ESB á sviðinu en formennskuríkið forgangsraðar að nokkru marki. Á sameiginlegri dagskrá Austurríkis og Finnlands fyrir árið 2006 er lögð áhersla á eftirfylgni Haag-áætlunarinnar, undirbúningi mats á miðju fimm ára tímabilinu undir formennsku Finna og mati á innleiðingu sameiginlegra ESB-aðgerða í ríkjunum sem ætlað er að hrinda markmiðum áætlunarinnar í framkvæmd. Tillögur að gerðum í þessu skyni eru að miklu leyti þróun á Schengen-gerðunum og er því fjallað um þau mál í samsettu nefnd Schengen-samstarfsins þar sem sitja nú, auk aðildarríkja ESB, Ísland, Noregur og Sviss.

Samningaviðræðum um aðild Liechtenstein að Schengen- og Dublin-samstarfinu er lokið, en gert er ráð fyrir aðildinni í samningum Sviss og ESB um slíka aðild. Er gert ráð fyrir að Liechtenstein hefji þátttöku í nefndarstarfi samsettu nefndarinnar innan tíðar og verði fullur aðili að Schengen samhliða Sviss á næstu missirum.

Af þeim málum sem helst hafa verið til umfjöllunar innan Schengen-samstarfsins að undanförnu má nefna eftirfarandi:

- Þróun annarrar kynslóðar Schengen-upplýsingakerfisins hefur verið verið til umfjöllunar í samsettu nefndinni og er pólitísk samstaða í augsýn. Á hinn bóginn hefur komið bak-

slag í framgang tæknivinnunar við kerfið og fyrirsjáaanlegt að gangsetning þess dregst, a.m.k. til júní 2008, en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir mars 2007. Ákveðið var að tengja fulla þátttöku nýju Schengen-ríkjanna, tíu ESB-ríkjanna auk Sviss og Liechtenstein, í Schengen samstarfinu við gangsetningu þessa nýja kerfis, og því er mikill pólitískur þrýstingur tengdur þessari vinnu. Til marks um það er að leiðtogar Evrópusambandsríkjanna lýstu því yfir á fundi sínum í Brussel í júní sl. að staðið yrði við þá fyrirætlan að opna landamæri milli nýju og eldri ESB-ríkjanna sem allra fyrst. Í ljósi þess dráttar sem orðinn er á hönnun kerfisins hefur nú verið ákveðið að kanna möguleika á opnun landamæranna með tengingu nýju ríkjanna við eldri útgáfu kerfisins, í gegnum landstengingu Portúgal. Stefnt yrði að opnun landamæranna með þeim hætti í október 2007, en Portúgal mun þá fara með formennsku ESB. Þess er vænst að ljóst verði í byrjun desember 2006 hvort þessi leið sé fær.

- Í samsettu nefndinni hefur einnig verið til umfjöllunar reglugerð um upplýsingakerfi um vegabréfaáritanir (VIS). Nú standa yfir samningaviðræður á milli Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB um lokagerð reglugerðarinnar. Hafa upprunalegu tillögurnar tekið miklum breytingum frá því þær voru fyrst lagðar fram. Þau atriði sem hvað mestur ágreiningur hefur staðið um lúta að vernd persónuupplýsinga, svo sem um aðgang lögreglu og fleiri yfirvalda að kerfinu og töku og vörslu lífkenna umsækjenda í kerfinu. Vegna tengsla sérstakrar gerðar um aðgangs lögreglu að VIS, gerðar um persónuvernd í þriðju stoð og VIS-reglugerðarinnar eru þó taldar líkur til að þingið ljúki ekki afgreiðslu VIS-reglugerðinnar þar til efni hinna tveggja skýrist, en um þær er fjallað innan ramma lögreglusamvinnnu Schengen-samstarfsins. Samhliða umfjöllun um lagagrundvöll VIS er unnið að hönnun og tæknilegri útfærslu kerfisins á vegum framkvæmdastjórnarinnar.
- Þess má geta að eftirlit með framkvæmd Schengen-samningsins í aðildarríkjunum er hjá ríkjunum sjálfum á vettvangi Schengen-úttektarnefndarinnar. Nefndin gerði á síðari hluta ársins 2005 úttekt á Norðurlöndunum og í ársbyrjun lágu fyrir drög að ráðsniðurstöðum fyrir hvert ríki fyrir sig. Almennt má segja að úttektin hafi gengið mjög vel og þykja ríkin fimm öll framfylgja Schengen-reglunum með viðunandi hætti og í fjölda tilvika þykir ástandið til fyrirmyndar. Tillögur voru þó gerðar um smávægilegar úrbætur og ber ríkjunum að skila skýrslum sínum um þær í desember nk.

Auk beinnar þátttöku í Schengen-samstarfinu hafa íslensk stjórnvöld gert nokkra samninga við ESB á sviði dóms- og innanríkismála en það eru samningar á sviði réttaraðstoðar, framsals sakamanna, samstarfs við lögregluskóla ESB og um þátttöku í EUROJUST-samstarfi ESB sem er samstarf saksóknaraembætta.

### 4.1.7. Þróun Evrópusambandsins.

*Drög að stofnsáttmála ESB.*

Eftir að drögum að stofnsáttmála ESB var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í Hollandi og Frakklandi árið 2005 hefur ágreiningur verið innan Evrópusambandsins um hvert beri að stefna varðandi framtíð stofnsáttmálans. Austurríki fór með formennsku í ráðherraráði ESB á fyrri hluta ársins 2006 og lagði fram tillögur á fundi leiðtoga ESB í júní sl. um þetta efni. Þeim er ætlað að slá tóninn í umræðum um stofnsáttmálann næstu missiri meðan Finnar (síðari hluti árins 2006) og síðar Þjóðverja (fyrri hluti árins 2007) fara með formennsku í ráðherraráðinu. Á tímabilinu hafa aðildarríkin ásamt formennsku ESB og framkvæmdastjórninni skipulagt ýmsa fundi og ráðstefnur í því skyni að styrkja ímynd ESB í augum íbúa þess. Það er talin ein af forsendum þess að unnt verði að þróa frekar sáttmála ESB og ná þannig fram nauðsynlegum breytingum á uppbyggingu sambandsins vegna fjölgunar að-

ildarríkja. Á sama tíma hefur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur til að styrkja upplýsingamiðlun með það að markmiði að auka trúverðugleika ESB í huga almennings. Reiknað er með að Þjóðverjar muni í sinni formennskutíð leggja áherslu á frekari viðræður milli þjóðarleiðtoganna í því skyni að marka leið fram á við. Hendur þeirra verða hins vegar að einhverju leyti bundnar sökum fyrirhugaðra kosninga í ríkjum á borð við Frakkland. Almennt er talið að nauðsynlegt sé að ná samkomulagi um framtíð stofnsáttmálans í síðasta lagi á árinu 2008. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur lýst því yfir að unnið verði hörðum höndum að lausn málsins í formennskutíð Þýskalands. Hefur kanslarinn lagt á það áherslu að hnika eigi sem minnst við þeirri tillögu að stofnsáttmála sem liggur fyrir og hefur hún tekið undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að niðurstaða um framtíð stofnsáttmálans liggi fyrir áður en næst verður gengið til kosninga til Evrópuþingsins árið 2009.

*Frekari stækkun ESB.*

Eins og framar var getið verða aðildarríki ESB 27 frá og með 1. janúar 2007. Samningaviðræður standa yfir við Króatíu og Tyrkland. Makedónía er talin í hópi verðandi aðildarríkja en samningaviðræður við landið eru ekki hafnar. Önnur ríki Balkanskagans bíða jafnframt: Albanía, Serbía, Svartfjallaland og Bosnía auk Kósóvó en möguleikar Kósóvó velta á hver niðurstaðan verður um framtíðarstöðu héraðsins. Segja má að þetta séu þau ríki sem fengið hafa vilyrði fyrir mögulegri aðild að uppfylltum hefðbundnum skilyrðum. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að ýmsir hafa vakið máls á því hvort vera kunni að takmörk séu fyrir því hve mikið ESB geti stækkað. Gætir þessarar umræðu einnig á pólitískum vettvangi, bæði innan Evrópusambandsins en ekki síður á meðal aðildarríkja þess. Þannig hafa margir stjórnmálamenn í aðildaríkjum ESB sett spurningamerki við aðild Tyrklands.

Eitt af skilyrðum sem ESB gerði fyrir því að hefja viðræður við Tyrki um aðild að ESB var að Tyrkir mundu staðfesta útvíkkun á tollabandalagi ESB og Tyrklands til allra tíu nýrra aðildarríkja ESB, þ.m.t. Kýpur. Á þetta féllust Tyrkir og aðildarviðræður hófust nýverið. Hins vegar hefur ekkert borið á efndum af hálfu Tyrkja. Er enn í gildi tyrkneskt bann við flutningum í lofti og á sjó milli gríska hluta Kýpur og Tyrklands sem er í andstöðu við samninginn um tollabandalagið. Bendir ýmislegt til að þolinmæði ESB kunni að vera á þrotum vegna þessa.

Skipulag viðræðna er með þeim hætti að þær skiptast í 35 efniskafla sem teknir eru fyrir á grundvelli sérstaks umboðs aðildarríkjanna fyrir hvern og einn sem kallar á einróma samþykki allra aðildarríkja ESB og hið sama gildir um lok þeirra. Opnar þetta því fyrir möguleika á því að eitt ríki geti stöðvað viðræðurnar við Tyrki hvenær sem er.

Utanríkismálanefnd Evrópuþingsins hefur samþykkt drög að skýrslu sem styður aðild Tyrklands að ESB en gagnrýnir mjög hvernig Tyrkir halda á málum að því er varðar aðlögun sína að reglum ESB á ýmsum sviðum. Sérstaklega er Tyrkland gagnrýnt fyrir að hafa ekki uppfyllt skyldur sínar innan tollabandalagsins. Virðist nokkuð ljóst að aðildarviðræður við Tyrki muni verða einhverjar þær erfiðustu sem ESB hefur gengið í gegnum, bæði vegna stöðu Tyrklands og afstöðu einstakra aðildarríkja til þeirra. Á sama tíma standa yfir viðræður við Króatíu, en Króatar stefna að því að ljúka þeim eins fljótt og auðið er og hafa sett stefnuna á aðild árið 2009. Lengra er í að önnur ríki Balkanskaga gangi til viðræðna en þau hafa öll, utan Serbíu, gert samstarfssamninga við ESB sem er hefðbundinn undanfari aðildarviðræðna.

*Nágrannastefna ESB.*

Evrópusambandið hefur einnig unnið að mörkun stefnu í samskiptum sínum við þau ríki sem ekki stefna á aðild að sambandinu í náinni framtíð. Með því er að leitast við að koma í veg fyrir að nýjar aðskilnaðarlínur myndist í Evrópu milli stækkaðs Evrópusambands og næstu nágranna þess. Er það gert m.a. með því að styrkja stöðugleika, öryggi og afkomu fólks í þessum ríkjum með ýmsum hætti. Á grunni þessa verkefnis er ríkjunum einnig boðið til náins efnahagslegs samstarfs og jafnvel lagt upp með að gera víðtæka viðskiptasamninga. Þau ríki sem eru hluti af þessu átaki ESB eru ríki Austur-Evrópu auk ríkja í norðanverðri Afríku og Miðausturlöndum. Nefna má sem dæmi að á grundvelli þessarar stefnu hyggst ESB efna til viðræðna um umfangsmikinn fríverslunarsamning við Úkraínu. Þá hefur ESB veitt verulega fjármuni til framkvæmdar þessarar stefnu og ætlunin er að nýta það fjármagn til stuðnings við þessi ríki.

*Lissabon-ferlið.*

Markmið Lissabon-ferlisins er að gera Evrópusambandið að framsæknasta og samkeppnishæfasta þekkingarhagkerfi veraldar árið 2010. Til þess að ná fram þessu markmiði hafa ESB-ríkin sett sér sameiginleg markmið um aukinn hagvöxt, bætta menntun og aukna nýsköpun. Almennt séð hefur aðildarríkjunum þó gengið fremur hægt að ná fram þessum markmiðum og hefur árangur verið minni en vonir voru bundnar við þegar Lissabon-ferlinu var ýtt úr vör.

Ísland hefur fylgst vel með framvindu Lissabon-ferlisins. Stuðst er við hagvísa til að meta frammistöðu ríkjanna og hefur Hagstofa Evrópubandalaganna, EUROSTAT, einnig safnað saman hagvísum fyrir Ísland að því er varðar flest þau svið sem Lissabon-ferlið tekur til. Þá hafa EFTA-ríkin innan EES átt með sér samstarf og vakið athygli Evrópusambandsins á nauðsyn þess að EFTA-ríkin séu höfð með þegar lagt er mat á hversu vel gengur að framfylgja áætluninni. Á heildina litið kemur Ísland vel út í öllum samanburði og skera atvinnumál sig þar sérstaklega úr. Þannig mældist langtímaatvinnuleysi minnst á Íslandi árið 2004 og heildaratvinnuþátttaka beggja kynja var mest hér á landi. Á þessu ári gaf EFTA-skrifstofan út ítarlega skýrslu þar sem fjallað er um árangur EFTA-ríkjanna á þeim sviðum sem Evrópusambandið hefur lagt áherslu á innan Lissabon-ferlisins.

### 4.2. Fjölþjóðlegt viðskiptasamstarf.

Það voru Íslandi mikil vonbrigði að samningaviðræður í Doha-lotunni svokölluðu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) biðu skipbrot síðastliðið sumar. Enn er vonast til að hægt verði að endurvekja viðræðurnar sem miða að því að auka enn frekar viðskiptafrelsi milli aðildarríkja WTO, með sérstakri áherslu á hagsmuni þróunarríkja.

Þátttaka Íslands í Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) hefur skipt sköpum við að efla samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. EFTA hefur nú gert 16 fríverslunarsamninga við 20 ríki og standa yfir fríverslunarviðræður við níu lönd, auk þess sem viðræður við nokkur önnur eru í undirbúningi. Það er sérstakt fagnaðarefni að nú er á ný kominn skriður á fríverslunarviðræður EFTA og Kanada en þær höfðu að mestu legið niðri frá árinu 2000.

#### 4.2.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO).

Aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar heldur áfram að fjölga og eru nú orðin 149 að tölu. Ísland tekur þátt í aðildarviðræðum verðandi aðildarríkja og hefur í tengslum við þær náð mikilvægum tvíhliða samningum um viðskiptakjör við ný aðildarríki. Aðildar-

viðræður eru á lokastigi við Úkraínu og Rússland og má nefna hér að fulltrúi Íslands hefur gegnt formennsku undanfarin ár í vinnuhópi um aðild Rússlands að WTO.

*Endurskoðun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á viðskiptastefnu Íslands.*

Með reglubundnu millibili undirgangast einstök aðildarríki WTO heildstæða endurskoðun á viðskiptastefnu sinni. Slík endurskoðun á viðskiptastefnu Ísland fór fram í júní 2006 og var niðurstaðan afar jákvæð. Sérstaklega var að því vikið að lífskjör á Íslandi væru með þeim bestu í heiminum og að það stafaði m.a. af því hversu opið hagkerfið væri. Það hafi gert Íslandi kleift að sérhæfa sig á ákveðnum sviðum viðskipta. Fjallað var um þær jákvæðu breytingar sem átt hafa sér stað undanfarin ár á umgjörð viðskipta á Íslandi og sérstaklega litið til einkavæðingar ríkisfyrirtækja, fjárfestingu í rannsóknum og þróun og skattalækkana.[5]

*Frestun Doha-samningalotunnar.*

Í upphafi stóðu vonir til að hægt væri að ljúka Doha-lotunni á skömmum tíma. Á ráðherrastefnu WTO sem var haldin í Kankún í Mexíkó haustið 2003 var ljóst að það tækist ekki. Viðræður lentu þá í tímabundnum ógöngum en í júlí 2004 tókst að ná rammasamkomulagi um áframhald viðræðna sem unnið var eftir fram til ráðherrastefnu WTO í Hong Kong í desember 2005. Vonir manna um vatnaskil í viðræðunum á þeim fundi rættust þó ekki og í lok júlí 2006 varð endanlega ljóst að samningsumboð aðildarríkjanna væru ekki nægilega rúm til að lyktir samninga gætu verið innan seilingar.

Skýringar þess að Doha-lotan sigldi í strand í júlí 2006 eru margvíslegar. Viðræður um viðskipti með landbúnaðarviðræður eru lengst komnar en það er sá þáttur viðræðanna sem þróunarríkin binda mestar vonir við. Hafa þróunarríkin kallað eftir því að iðnríki lækki tolla sína á landbúnaðarvörum og dragi úr ríkisstyrkjum til landbúnaðar. Hefur málflutningur þróunarríkjanna í þessum efnum byggt á þróunarmarkmiðum Doha-lotunnar, en landbúnaðarvörur eru afar stór hluti útflutningsvara þróunarríkja. Varast ber þó að líta á þróunarríkin sem einn heildstæðan hóp í þessum efnum þar sem þau eiga fyrir margar sakir ólíkra hagsmuna að gæta í Doha-viðræðunum.

Mörgum iðnríkjanna, með Bandaríkin í broddi fylkingar, hefur þótt þróunarríkin ekki sýna nægilegan sveigjanleika í viðræðunum. Þau ríki sem mest flytja út af landbúnaðarvörum (t.d. Bandaríkin, Ástralía, Nýja-Sjáland og Kanada) sækja það fast að fá betri markaðsaðgang fyrir afurðir sínar. Þar skiptir mestu aukinn aðgangur að mörkuðum í Evrópusambandinu en aðildarríki þess eru stærstu innflytjendur landbúnaðarvara. Þá skiptir aðgangur að mörkuðum í stærri þróunarríkjunum einnig vaxandi máli, m.a. sökum aukins kaupmáttar almennings í mörgum þessara ríkja. Stærri þróunarríki hafa hins vegar ekki viljað fallast á kröfur um aukinn markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur á mörkuðum sínum og þá hafa Evrópusambandsríkin ekki viljað ganga jafn langt í þeim efnum og mörg helstu útflutningsríki landbúnaðarafurða hafa krafist. Líklegt er að tollalækkanir þróunarríkja verði í hlutfalli við lækkanir iðnríkja. Af þeim sökum mun betri aðgangur að mörkuðum iðnríkjanna einnig skila sér í hlutfallslega betri aðgangi að mörkuðum þróunarríkjanna þó að ljóst sé að þróunarríkin muni ekki þurfa að gangast undir jafnmiklar skuldbindingar í þeim efnum og iðnríkin.

---

[5] Skýrsluna má finna á vefsíðu WTO á slóðinni http://www.wto.org/english/tratop_e/tpr_e/tp265_e.htm.

Nokkuð víðtæk samstaða er um það meðal aðildarríkja WTO að styrkir til landbúnaðar í Bandaríkjunum verði að lækka ef samkomulag á að takast. Bandarísk stjórnvöld hafa hins vegar eingöngu verið reiðubúin til þess að fallast á að lækka innlendan stuðning til landbúnaðar í Bandaríkjunum ef tryggður yrði verulega bættur aðgangur bandarískra búvara að erlendum mörkuðum. Evrópusambandið hefur verið reiðubúið til þess að fallast á verulega takmörkun á heimildum sínum til stuðnings við landbúnað í aðildarríkjum þess. Sú afstaða byggist á þeirri staðreynd að gert er ráð fyrir umtalsverðri lækkun á framlögum til landbúnaðarstefnu ESB við fyrirhugaða endurskoðun hennar.

Af framangreindu er því ljóst að mikið ber enn á milli samningsaðila. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sl. sumar tókst ekki að ná sameiginlegri niðurstöðu um fyrrgreind ágreiningsefni og ákvað aðalráð Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í kjölfarið að fresta Doha-lotunni að svo stöddu. Enn sem komið er gefur fátt tilefni til bjartsýni um að Doha-viðræðurnar hefjist að nýju á næstu mánuðum.

Aukið viðskiptafrelsi er talið geta örvað hagvöxt verulega í heiminum og stuðlað að því að lyfta milljónum manna upp fyrir fátæktarmörk. Hvað Ísland varðar sérstaklega eru líkur á því að niðurstaða Doha-lotunnar geti leitt til þess að tollar af ýmsum útflutningsvörum okkar verði lækkaðir enn frekar. Ísland hefur því skipað sér í hóp þeirra þjóða er telja sig hafa einna mesta hagsmuni af árangursríkri niðurstöðu í Doha-viðræðunum, sérstaklega á sviði markaðsaðgangs fyrir almenna framleiðsluvöru og í þjónustuviðskiptum. Ísland hefur beitt sér sérstaklega fyrir því að WTO reisi tryggar skorður við beitingu viðskiptatruflandi ríkisstyrkja í sjávarútvegi. Landbúnaður hefur ákveðna sérstöðu innan alþjóðaviðskiptakerfisins sem er fyllilega viðurkennd í samningum WTO. Ísland hefur í landbúnaðarviðræðunum átt samleið með þeim aðildarríkjum WTO sem flytja inn hlutfallslega mest af landbúnaðarvörum, svokölluðum G10 hópi.[6]

Frestun viðræðna í Doha-lotunni hefur þegar haft þau áhrif að mörg aðildarríkja hafa lýst yfir auknum áhuga sínum á gerð svæðisbundinna viðskiptasamninga. Ýmis stærri og mikilvægari aðildarríki WTO hafa á undanförnum árum haft ákveðnar efasemdir um gerð slíkra fríverslunarsamninga og verið hikandi gagnvart nýjum viðræðum á því sviði. Ísland hefur hins vegar, ásamt samstarfsríkjum sínum í EFTA, ávallt verið þeirrar skoðunar að vel gerðir fríverslunarsamningar séu til fyllingar WTO-samningunum og séu af hinu góða þar sem þeir leiði til enn frekara viðskiptafrelsis. Því er ljóst að þegar Evrópusambandið og ríki á borð við Bandaríkin, Kanada, Indland og Kína lýsa auknum áhuga á þessu sviði getur það leitt til nýrra tækifæra á alþjóðaviðskiptasviðinu. Sumir hafa bent á að slíkir samningar gætu nú orðið til að auðvelda samninga innan WTO síðar meir, enda leiði þeir til þess að hugsanlegar fórnir aðildarríkja vegna Doha-samninga minnki. Afar mikilvægt er að fylgjast náið með þessari þróun næstu missirin.

### 4.2.2. Efnahags- og samvinnustofnunin (OECD).

Fyrirmynd margra þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á Íslandi í efnahagsmálum, peningamálum, skattamálum, fjárlagagerð, stjórnsýslu, menntamálum og þróunarmálum hefur verið sótt í smiðju OECD.

Hjá stofnuninni starfa um 2.000 manns og nema fjárlög OECD 336 millj. evra, eða um 29 milljörðum kr. árið 2006. Af því greiðir Ísland 0,17% eða rúmlega 22 millj. kr. Heildar-

[6] Ísland, Ísrael, Japan, Kórea, Liecthenstein, Máritíus, Noregur, Sviss og Taívan. Búlgaría var í hópnum í byrjun en hætti þátttöku eftir að hafa skrifað undir aðildarsamning við ESB.

kostnaður Íslands, þegar greiðslur til sérverkefna eru meðtaldar, nemur 38 millj. kr. árið 2006. Ljóst er að Ísland endurheimtir þennan kostnað margfalt sé miðað við að sú þjónusta og ráðgjöf sem OECD veitir yrði keypt á markaði. Þrír Íslendingar starfa nú hjá OECD eftir að Berglind Ásgeirsdóttir lét af starfi aðstoðarframkvæmdastjóra og tók við viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. José Angel Gurría frá Mexíkó tók við starfi aðalframkvæmdastjóra í júní sl. af Kanadamanninum Donald Johnston.

Markmið OECD eru þríþætt:

- Að tryggja sem mestan sjálfbæran hagvöxt og sem hæst atvinnustig í aðildarríkjunum samfara fjárhagslegum stöðugleika.
- Að stuðla að skynsamlegri efnahagsþróun jafnt í aðildarríkjunum sem utan þeirra.
- Að leggja sitt af mörkum til vaxtar heimsviðskipta án mismununar.

Stofnunin býr yfir einu stærsta og áreiðanlegasta safni samanburðartölfræði í heimunum á sviði efnahags- og félagsmála. Stofnunin veitir ráðgjöf á öllum sviðum opinberrar stjórnsýslu, að undanskildum menningarmálum og varnarmálum. Á vettvangi OECD fer fram samanburður aðildarríkjanna á markmiðum og leiðum í stjórnsýslu, skoðanaskipti um þær aðferðir sem gefa bestan árangur við lausn sameiginlegra viðfangsefna og samræming aðgerða í efnahags- og félagsmálum.

Í heild sóttu um 80 sérfræðingar úr stjórnarráðinu fundi fagnefnda OECD árið 2005. Öll ráðuneyti og margar undirstofnanir taka þátt í starfi OECD. Mest var þátttakan frá fjármálaráðuneytinu og því næst menntamálaráðuneytinu. Sendiráð Íslands í París sér um stjórnarnefndir OECD.

*Umbótaferlið og fjölgun aðildarríkja.*

Nýlega voru gerðar breytingar á því hvernig stofnunin tekur ákvarðanir. Þær fela í sér skilvirkara ákvarðanatökuferli þar sem meirihlutaatkvæðagreiðsla hefur verið færð yfir á fleiri svið en áður var. Einnig hefur ákvarðanatökuvald verið fært til helstu undirnefnda ráðsins, sem er æðsta stjórnvald OECD.

Samþykkt mikilvægustu mála verður hins vegar áfram háð sammæli í ráðinu, þar á meðal greiðsluhlutföll, fjárlög, vinnuáætlun, tilmæli sem hafa í för með sér lagabreytingar í aðildarríkjunum og aðild nýrra ríkja.

Efnislegar umræður um stækkun hófust nú í haust, en ríki þurfa að uppfylla margvísleg skilyrði til að hljóta aðild að stofnuninni. Aðildarríkin eru sammála um að nauðsynlegt sé að fjölga ríkjum til að auka áhrif OECD í efnahags- og félagsmálum í heiminum. Fjölgun aðildarríkja getur haft umtalsverð áhrif á starfsemi OECD og hagsmuni Íslands. Það er markmið Íslands að þjónustustig verði hið sama eftir stækkun og því er nauðsynlegt að huga að fjárhagslegum hliðum stækkunar. Þar sem fjárlög OECD hafa ekki aukist að raungildi frá 1996 þá er einsýnt, ef halda á í núverandi þjónustustig, að auka verður fjárframlög til OECD. Ekki hefur verið útkljáð hvernig skipta beri kostnaði við stækkun, en ljóst er að stærstu ríkin vilja ekki taka á sig frekari kostnað.

Þess má geta að 16 ríki hafa sótt um aðild. Það er stefna Íslands að takmarka beri stækkun við mjög fá ríki, a.m.k. í fyrstu umferð, og að finna þurfi lausn á kostnaðarskiptingu áður en aðildarviðræður hefjast.

### 4.2.3. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).

EFTA-ríkin hafa nú lokið gerð sextán fríverslunarsamninga við ríki víða um heim.[7] Á meðal þeirra eru Búlgaría og Rúmenía. Eins og rakið er á öðrum stað í þessari skýrslu er gert ráð fyrir að þessi tvö ríki verði aðilar að ESB hinn 1. janúar 2007 og er þeim skylt að segja fríverslunarsamningum við önnur ríki upp frá og með þeirri dagsetningu. Í tilvikum EFTA-ríkjanna er þess þá að vænta að EES-samningurinn annars vegar og tvíhliða samningar Sviss og ESB hins vegar muni ná til viðskipta við þessi ríki enda náist skyldubundnir samningar um útvíkkun þeirra til þessara nýju aðildarríkja.

Nýlega luku EFTA-ríkin fríverslunarviðræðum við Egyptaland. Nú standa yfir fríverslunarviðræður við Kanada, Taíland og Flóaráðið[8] auk þess sem reiknað er með að fríverslunarviðræður við Alsír hefjist innan skamms. Viðræðurnar við Kanada hafa staðið lengi og eru vonandi á lokastigi. Ísland hefur lagt sérstaka áherslu að ná landi í viðræðunum við Kanada og ítrekað haft forgöngu um að koma hreyfingu á þær að nýju, en viðræður lágu að mestu niðri allt frá árinu 2000 vegna ágreinings um viðskipti með skip. Það hefur nú borið þann árangur að samningafundur var haldinn í nóvember 2006 og vonir standa til þess að ljúka megi þessum samningaviðræðum fyrir lok árs 2006.

Um þessar mundir eru könnunarviðræður við Indónesíu á lokastigi og virðist líklegt að ráðist verði í fríverslunarviðræður á næsta ári. EFTA-ríkin eru sammála um að stefna að fríverslunarsamningum við flest stærstu og mikilvægustu ríki heims. Markmiðið er að tryggja einstaklingum og fyrirtækjum frá EFTA-ríkjunum bestu viðskiptakjör hvar sem þau kjósa að eiga viðskipti. Á þessum grunni er ljóst að Kína, Japan, Indland, Rússland og Úkraína eru meðal mikilvægustu mögulegra samningsaðila á komandi árum. Ísland hefur raunar ákveðið forskot þegar kemur að Kína, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir. Hvað Japan varðar hefur Sviss öðlast slíkt forskot en að því er varðar önnur af framangreindum ríkjum eru vonir bundnar við að EFTA-ríkin geti sannfært þau um að ganga til fríverslunarviðræðna á komandi missirum.

Til viðbótar framangreindum ríkjum má nefna að EFTA hefur gert samstarfsyfirlýsingar við nokkur ríki en slíkt er oft undanfari fríverslunarviðræðna.[9]

### 4.3. Tvíhliða viðskiptasamningar og samskipti.

Gerð tvíhliða viðskiptasamninga af ýmsu tagi, t.d. loftferðasamninga, fjárfestingasamninga og tvísköttunarsamninga, geta skipt miklu máli fyrir íslenskt atvinnulíf. Þannig hafa sífellt vaxandi umsvif íslenskra flugrekstraraðila kallað á aukna áherslu á gerð tvíhliða loftferðasamninga við sem flest ríki. Í dag eru vel á annan tug slíkra samninga í gildi og um tugur til viðbótar bíður annaðhvort undirritunar eða fullgildingar. Fjöldi annarra samninga er í undirbúningi. Ákvæði EES-samningsins hafa tryggt rétt íslenskra fjárfesta til að fjárfesta á EES-svæðinu en með aukinni útrás íslenskra fyrirtækja utan hefðbundinna markaðs-

---

[7] EFTA hefur gert fríverslunarsamninga við eftirtalin ríki: Búlgaríu, Chile, Ísrael, Jórdaníu, Króatíu, Líbanon, Makedóníu, Marokkó, Mexíkó, Palestínu (sem tollsvæði undir heimastjórn), Rúmeníu, Singapúr, Suður-Kóreu,Tollabandalag Suður-Afríku (SACU sem í eru Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland), Túnis og Tyrkland. Sjá: http://www.utn.stjr.is/samningar/friverslunarsamningar/Undir/nr/365.

[8] Gulf Cooperation Council, GCC - Sádi Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Katar, Kúveit og Óman.

[9] Samstarfsyfirlýsingar hafa verið gerðar við Albaníu, Kólumbíu, Mercosur (Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ), Perú, Serbíu og Svartfjallaland og Úkraínu. Sjá: http://www.utn.stjr.is/samningar/friverslunarsamningar/Undir/nr/365.

svæða verður sífellt þýðingarmeira að gera tvíhliða samninga um vernd fjárfestinga við fleiri ríki. Verið er að leggja lokahönd á gerð fjárfestingasamninga við nokkur ríki. Þá hefur verið hafinn undirbúningur að gerð slíkra samninga við fleiri ríki, þ.m.t. við Bandaríkin, Indland og Úkraínu.

Á sviði tvísköttunarsamninga hefur á undanförnum árum verið unnið ötullega að bæði fjölgun og endurnýjun þeirra. Er fjöldi samninga nú í undirbúningi.

*Tvíhliða viðskiptasamskipti Íslands og Kína.*

Í júlí 2006 luku fulltrúar íslenskra og kínverskra stjórnvalda við hagkvæmniathugun á gerð tvíhliða fríverslunarsamnings milli Íslands og Kína. Niðurstaða athugunarinnar var sú að slíkur samningur yrði báðum ríkjum til hagsbóta og mundi stuðla að enn frekari viðskiptum milli ríkjanna. Í könnuninni kemur fram að fríverslunarsamningur milli Íslands og Kína mundi einkum taka til viðskipta með vörur en jafnframt yrði að finna þar ákvæði um samstarf ríkjanna á öðrum sviðum, svo sem þjónustuviðskiptum, fjárfestingu og verndun hugverkaréttinda. Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur verið lögð áhersla á að æskilegt væri að öll EFTA-ríkin mundu í sameiningu standa að fríverslunarviðræðum við Kína. Reiknað er með að fríverslunarviðræður við Kína geti hafist í byrjun desember 2006.

*Tvíhliða viðskiptasamskipti Íslands og Japans.*

Á undanförnum árum hafa samskipti Íslands og Japans farið vaxandi. Löng er saga sölu íslenskra sjávarafurða á Japansmarkað en á undanförnum árum hafa fyrirtæki á öðrum sviðum í auknum mæli sóst eftir viðskiptum við Japan. Aukning hefur orðið á heimsóknum japanskra ferðamanna til Íslands en það hamlar óneitanlega frekari sókn á japanskan ferðamarkað að fram til þessa hefur einungis fengist heimild til leiguflugs milli Íslands og Japans. Japönsk stjórnvöld hafa til þessa ekki ljáð máls á því að gerður verði loftferðasamningur milli landanna og bera þar fyrir sig annars vegar að Narita-flugvöllurinn við Tókýó sé fullsetinn og hins vegar að ekki sé það mikil eftirspurn eftir flugi frá Japan til Íslands að hún réttlæti gerð sérstaks samnings. Enn fremur hefur Ísland sóst eftir að gerður verði bæði tvísköttunar- og fjárfestingasamningur milli Íslands og Japans en í þeim efnum hefur einnig verið á brattann að sækja. Á vettvangi EFTA hefur verið kannaður möguleiki á fríverslunarsamningi milli aðildarríkjanna og Japans en fram til þessa hefur Japan eingöngu verið tilbúin til þess að hefja könnun á gerð slíks samnings við Sviss.

*Tvíhliða viðskiptasamskipti Íslands og Rússlands.*

Rússland er mikilvægt viðskiptaland fyrir Ísland þó umfang viðskiptanna sé ekki eins mikið og töluvert annars eðlis en fyrr á árum. Í gildi eru bæði tvísköttunar- og loftferðasamningur við Rússland. Hins vegar hafa sérkröfur rússneskra stjórnvalda hamlað undirritun fjárfestingasamnings. Vonir standa þó til að rússnesk stjórnvöld mildist í afstöðu sinni, enda eru það augljósir hagsmunir Rússlands að ná gagnkvæmum samningum um vernd fjárfestinga við aðildarríki OECD. Aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni er hins vegar forsenda þess að fríverslunarviðræður geti hafist við Rússland.

*Tvíhliða viðskiptasamskipti Íslands og Bandaríkjanna.*

Í september var gerð tvísköttunarsamnings við Bandaríkin lokið. Mun nýi tvísköttunarsamningurinn koma í stað eldri samnings frá árinu 1975. Nýi samningurinn endurspeglar þær breytingar sem átt hafa sér stað í stefnu og áherslum beggja þjóða á sviði tvísköttunarmála sl. þrjá áratugi, eða frá því að eldri samningur var gerður. Utanríkisráðherra átti fund

með Susan Schwab, viðskiptafulltrúa Bandaríkjastjórnar. Á fundinum var rætt um mikilvægt þess að styrkja tengsl ríkjanna á viðskiptasviðinu og að ryðja þyrfti viðskiptahindrunum úr vegi. Utanríkisráðherra tók sérstaklega upp möguleika á fríverslunarsamningi og fjárfestingarsamningi á milli ríkjanna, en síðarnefndi samningurinn mundi ná til afgreiðslu langtímavegabréfsáritana til Íslendinga sem eiga í viðskiptaerindum til Bandaríkjanna. Var ákveðið að hátt settir embættismenn mundu hittast með reglulegu millibili til þess að liðka fyrir þessum samningum.

*Sameiginlegt efnahagssvæði Færeyja og Íslands.*

Hinn 1. nóvember 2006 tók gildi nýr fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja. Samningurinn er með víðtækustu fríverslunarsamningum sem Ísland hefur gert og er með honum komið á fót sameiginlegu efnahagssvæði Íslands og Færeyja. Samningurinn mælir fyrir um að hvers konar mismunun sé óheimil á grundvelli þjóðernis eða búsetu, staðfestu lögaðila eða þess hvert upprunaland vöru á svæðinu er, nema með örfáum skilgreindum undantekningum. Með samningnum er komið á frjálsu flæði vara, þjónustu og fjárfestinga og frjálsri för fólks, auk þess sem samkeppnisreglur og reglur um opinber innkaup og ríkisaðstoð eru túlkaðar með þeim hætti að óheimilt er að mismuna aðilum. Gert er ráð fyrir því að samkeppnisyfirvöld vinni saman og skiptist á upplýsingum.

Samningurinn felur í sér mikil tækifæri til aukinnar samvinnu milli Íslands og Færeyja og mun hann gjörbreyta starfsumhverfi þeirra aðila sem þegar eru á markaði í Færeyjum, t.d. á sviði bankastarfsemi. Einnig er ljóst að önnur fyrirtæki er starfa á fjármála- og tryggingasviði munu eiga sóknarfæri á hinum færeyska markaði.

Með samningnum er komið á fullri fríverslun og algjöru tollfrelsi með allar vörur, þ.m.t. landbúnaðarvörur. Þá er í samningnum kveðið á um aukið samstarf á ýmsum sviðum, m.a. í mennta-, menningar, ferða-, heilbrigðis- og umhverfismálum, auk fjarskipta, rannsókna og tækniþróunar. Samningurinn nær enn fremur til allra þjónustusviða og er Færeyingum heimilt að veita hér þjónustu eins og þeir væru Íslendingar og öfugt. Gerðar eru sömu kröfur til íslenskra og færeyskra einstaklinga um menntun og hæfi án mismununar og veita skal aðgang að skólum og menntastofnunum á jafnréttisgrundvelli. Að auki er færeyskum aðilum heimilt að fjárfesta á Íslandi, að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda um fjárfestingar Íslendinga hérlendis, að frátöldum sérreglum um fjárfestingar í sjávarútvegi. Íslendingum er sömuleiðis heimilt að fjárfesta í Færeyjum með sömu skilyrðum og gilda fyrir Færeyinga, að frátöldum sérreglum um fjárfestingar í sjávarútvegi og sérreglum um olíuvinnslu úr sjó. Loks eru ákvæði í samningnum um frjálsa för fólks. Íslendingum og Færeyingum á að vera jafnauðvelt að búa og starfa í hvoru landi um sig, án formlegra leyfa eða umsókna þar um. Skulu Íslendingar og Færeyingar hafa sama aðgang að allri þjónustu, heilbrigðiskerfi og menntastofnunum og hafa auk þess kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum í því landi þar sem þeir eiga lögheimili, burt séð frá ríkisfangi.

**4.4. Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins (VUR).**

Starfsemi viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins hefur á undanförnum árum byggst á grunni samstarfssamnings milli utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráðs Íslands frá 2003 þar sem mælt er fyrir um víðtækt samstarf milli ráðuneytisins og Útflutningsráðs um landkynningu og aðstoð við íslensk fyrirtæki til að koma vörum og þjónustu á erlenda markaði. Samningurinn mælir m.a. fyrir um samstarf um skipulagningu viðskiptasendinefnda til annarra landa, um þjónustu viðskiptafulltrúa í sendiráðum Íslands erlendis við íslensk fyrirtæki, skipulagningu funda með íslenskum og erlendum þátttakendum og einnig upplýsinga-

gjöf af ýmsu tagi. Hefur samstarfssamningurinn reynst mikið framfaraspor og gert báðum aðilum kleift að þjóna íslensku viðskiptalífi með öflugari og skilvirkari hætti.

*Viðskiptasendinefndir.*

Skipulag á ferðum viðskiptasendinefnda er einn umfangsmesti þáttur í samstarfi viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráðs. Í nóvember 2006 fór utanríkisráðherra fyrir viðskiptasendinefnd til Úkraínu og á döfinni er ferð viðskiptasendinefndar til Suður-Afríku í mars 2007. Þá stendur yfir könnun á áhuga fyrirtækja á hugsanlegum áfangastöðum viðskiptasendinefnda og munu niðurstöður þeirrar könnunar verða kynntar 1. desember 2006.

*Samstarf við Fjárfestingarstofu.*

Á árinu 2004 var samið um samstarf Útflutningsráðs og Fjárfestingarstofunnar sem nú er til húsa hjá Útflutningsráði og hefur þetta nýja samstarf nýst utanríkisráðuneytinu mjög vel. Fjárfestingarstofan hafði nýlega frumkvæði að stofnun samstarfshóps til kynningar á samkeppnisstöðu Íslands fyrir staðsetningu á fjármálatengdri starfsemi. Hafa viðskiptabankarnir, helstu endurskoðunarfyrirtækin og Kauphöllin tekið þátt í starfi hópsins. Ráðgert er að halda kynningarfundi í 10–12 borgum í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada haustið 2006.[10] Á fundunum verður samkeppnishæfni Íslands kynnt og lögð sérstök áherslu á skattaumhverfið og íslenska skattalöggjöf.

*Viðskiptatækifæri hjá alþjóðastofnunum.*

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins hefur unnið að því að koma áleiðis til íslenskra fyrirtækja upplýsingum um viðskiptatækifæri hjá alþjóðastofnunum, aðgengi þeirra að ýmsum sjóðum hjá þeim, halda kynningarfundi um slík tækifæri og kynna íslensk fyrirtæki og ráðgjafa fyrir starfsmönnum alþjóðastofnana. Upplýsingum um hvar og hvernig fyrirtækin geti tekið þátt í verkefnum á vegum alþjóðastofnana má finna á heimasíðu VUR, www.vur.is. Þá hafa verið haldnir kynningarfundir með íslenskum fyrirtækjum um þau tækifæri sem eru til staðar fyrir íslensk fyrirtæki hjá NATO og möguleika íslenskra fyrirtækja á viðskiptum við Sameinuðu þjóðirnar og þátttöku í verkefnum og útboðum á vegum Alþjóðabankans. Þá hefur viðskiptaþjónustan haldið kynningarfund um starfsemi Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðarstofnunarinnar MIGA (Multilateral Investment Guarantee Agency) en sú stofnun veitir einkafyrirtækjum sem fjárfesta í þróunarlöndum og í Austur-Evrópu ábyrgðir fyrir tjóni af sökum pólitískra áfalla, styrjalda, óvæntra takmarkana á gjaldeyrisyfirfærslum og eignaupptöku.

## 5. ÞRÓUNARMÁL

Nær fjórir áratugir eru liðnir frá því að íslensk stjórnvöld hófu fyrst að veita tvíhliða þróunaraðstoð til annarra ríkja. Fram að þeim tíma hafði framlag Íslands einskorðast við stuðning við starfsemi alþjóðaþróunarstofnana. Tvíhliða þróunaraðstoð var í fyrstu smá í sniðum og veitt með aðstoð þróunarsamvinnustofnana annarra Norðurlanda. Með lögum

[10] Lögð verður áhersla á að standa fyrir slíkri kynningu í Kaupmannahöfn, Lúxemborg, Stokkhólmi, Frankfurt, New York, Washington, Boston, Los Angeles, Montreal og Alberta. Þá gæti einnig komið til greina að standa fyrir kynningum af þessu tagi í Paris og Tokyo til viðbótar við framangreindar borgir.

um Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) frá árinu 1981 hófst nýtt tímabil þar sem Íslendingar mörkuðu sér sjálfir stefnu og áherslur í þróunarsamvinnunni.

Á síðustu sex árum hefur umfang þróunaraðstoðarinnar vaxið hratt og er þróunarsamvinnan nú orðinn mikilvægur þáttur í utanríkisstefnu Íslands. Árið 2004 markaði ríkisstjórnin þá stefnu að framlög til þróunarsamvinnu skuli nema 0,35% af vergri landsframleiðslu árið 2009. Samhliða stigvaxandi hækkunum til þróunarmála voru stefna og verklagsreglur ÞSSÍ mótaðar og hafist var handa við gerð heildarstefnumiða fyrir allt þróunarstarf Íslands. Stefna ÞSSÍ var samþykkt af stjórn stofnunarinnar í mars 2004 og Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005–2009 voru lögð fram á Alþingi samhliða ræðu utanríkisráðherra um alþjóðamál í apríl 2005.

### 5.1. Almennt um þróunarsamvinnu.

Aukning þróunarsamvinnu Íslands helst í hendur við þróun á alþjóðavettvangi, en á síðustu árum hafa ríki heims lagt sífellt meiri áherslu á þróunarsamvinnu. Árið 2000 samþykktu þjóðir heims þúsaldaryfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem leggur áherslu á að ríkar og snauðar þjóðir verði að taka höndum saman í baráttunni gegn fátækt.

Hnattvæðingin hefur í för með sér að það sem gerist í einu ríki hefur æ meiri áhrif á umheiminn. Landamæri eru oft lítil hindrun fyrir starfsemi hryðjuverkahópa og alþjóðlegra glæpasamtaka, útbreiðslu sjúkdóma, umhverfisvá og ófrið. Þróunarlönd eru oft og tíðum berskjölduð og vanmáttug til að takast á við þessar ógnir og þurfa á aðstoð alþjóðasamfélagsins að halda.

Í skýrslu valinkunnra sérfræðinga, sem unnin var fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna árið 2004 um ógnir við öryggi í heiminum, var bent á að efnahagslegar og félagslegar ógnir séu einn af þeim þáttum sem alþjóðasamfélagið verður að takast á við til að auka öryggi á næstu áratugum. Ef litið er eingöngu til efnahagslegra sjónarmiða er jafnframt ljóst að þróun markaða í þróunarlöndunum hefur jákvæð áhrif á framþróun og starfsemi heimsmarkaðarins. Þannig fer efnahagur heimsins batnandi með aukinni þróun.

**Framvinda þúsaldarmarkmiðanna.**

Ríki heims samþykktu þúsaldaryfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna á 55. allsherjarþingi samtakanna í september 2000. Með yfirlýsingunni náðist samstaða um að vinna að átta markmiðum sem nefnd eru þúsaldarmarkmiðin um þróun (Millennium Development Goals). Stefnt er að því að ná þúsaldarmarkmiðunum fyrir 2015.

**Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um þróun.**

- Eyða fátækt og hungri.
- Öll börn njóti grunnskólamenntunar.
- Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna.
- Lækka dánartíðni barna.
- Vinna að bættu heilsufari kvenna.
- Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu.
- Vinna að sjálfbærri þróun.
- Styrkja hnattræna samvinnu um þróun.

Árangur við að ná þúsaldarmarkmiðunum er nokkuð mismunandi eftir markmiðum og heimsálfum. Í nýrri skýrslu Alþjóðabankans kemur fram að hagstjórn í fátækustu ríkjunum hafi batnað til muna frá því á síðasta áratug tuttugustu aldarinnar. Hagvöxtur hefur

gert mörgum ríkjum kleift að draga úr fátækt meðan önnur ríki, aðallega Afríkulönd, kljást við lítinn vöxt og aukna fátækt. Samkvæmt spám Alþjóðabankans munu 38% Afríkumanna búa við sára fátækt árið 2015,[11] samanborið við 44% í dag. Þrátt fyrir að með þessu yrði stigið skref í rétta átt yrði þessi árangur fjarri upphaflegu markmiði þúsaldaryfirlýsingarinnar um að ekki fleiri en 22% Afríkubúa þurfi að búa við sára fátækt 2015. Þróunin í Asíu hefur á hinn bóginn verið umfram væntingar og gera áætlanir nú ráð fyrir að árið 2015 hafi sárustu fátækt í álfunni verið nánast útrýmt. Þar sem mjög hægt gengur að ná þúsaldarmarkmiðunum í Afríku eru málefni álfunnar mjög í brennidepli. Hafa t.d. Alþjóðabankinn, Evrópusambandið og G-8 ríkin hrundið í framkvæmd sérstökum áætlunum um aðstoð við Afríkulönd.

Utanríkisráðuneytið fer með fyrirsvar og er samræmingaraðili opinberrar þróunarsamvinnu Íslands. Framkvæmd þróunarsamvinnunnar fer að mestu fram á vettvangi ráðuneytisins og ÞSSÍ. Við framkvæmd þróunarsamvinnu hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á mikilvægi þess að efla samhæfingu og samstarf á alþjóðavettvangi, bæði á vettvangi fjölþjóðastofnana og í tvíhliða þróunarsamstarfi.

**Gagnkvæm ábyrgð og samhæfing þróunarsamvinnu: Monterrey-samþykktin og Parísaryfirlýsingin.**

Á síðustu missirum hafa merkir áfangar náðst á alþjóðavettvangi til að auka árangur og skilvirkni þróunaraðstoðar. Að mörgu leyti hefur aðferðafræði þróunarsamvinnu gjörbreyst á undanförnum árum. Í dag er litið svo á að þróunaraðstoð byggist á gagnkvæmri ábyrgðarskyldu sem grundvallast á raunverulegri samvinnu samstarfsaðila og eignarhaldi þróunarríkis yfir eigin þróunarferli. Nýjar leiðir í þróunarsamvinnu byggjast m.a. á Monterrey-samþykktinni um fjármögnun þróunar frá 2002 og Parísaryfirlýsingunni um samhæfingu þróunarsamvinnu frá 2005.

Með Monterrey-samþykktinni skuldbundu þróunarríkin sig til að vinna að efnahagslegum og félagslegum umbótum, bættu stjórnarfari og til að viðhalda lögum og reglu. Iðnríkin munu á hinn bóginn m.a. stefna að auknum framlögum til þróunarsamvinnu, vinna frekar að opnu og sanngjörnu alþjóðaviðskipta- og fjármálakerfi, og draga úr skuldabyrði fátækra landa.

Í *Parísaryfirlýsingunni* felst m.a. fjölþjóðlegt átak til þess að tryggja samræmi milli starfsaðferða og reglna þróunarstofnana, tvíhliða sem og marghliða, við starfsaðferðir og stjórnkerfi þróunarlandanna. Í hverju ríki starfa fjölmargir aðilar að þróunaraðstoð. Þannig vinna margir að því að leysa sömu vandamálin og verkefnavinna skarast. Stjórnkerfi þróunarríkja þurfa að sinna mörgum samstarfsaðilum með ólíkar kröfur um t.d. aðferðafræði og skýrslugerð sem leiðir til mikils vinnuálags og óhagræðis fyrir viðtökuríkið. Parísaryfirlýsingin felur í sér aðgerðalista með mælanlegum markmiðum og tímaáætlun sem eiga að stuðla að því að yfirlýsingin leiði til áþreifanlegra úrbóta.

[11] Hér er miðað við hlutfall íbúa sem lifa af einum bandaríkjadal á dag.

**5.2. Tvíhliða þróunarsamvinna.**

Samvinna sem felst í beinni aðstoð eins ríkis við annað telst til tvíhliða þróunarsamvinnu og sinnir Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) slíkri samvinnu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. ÞSSÍ er sjálfstæð ríkisstofnun sem starfar á grundvelli laga frá 1981 og heyrir undir utanríkisráðuneytið. Í stjórn ÞSSÍ sitja sjö einstaklingar, sex kjörnir af Alþingi og einn skipaður af utanríkisráðherra. Utanríkisráðherra skipar jafnframt formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna.

Starfsemi ÞSSÍ byggist á tvíhliða milliríkjasamningum um þróunarsamvinnu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórna samstarfslandanna. Í gegnum tíðina hafa verkefni ÞSSÍ í miklum mæli beinst að sjávarútvegi en á undanförnum áratug hefur umfang félagslegra verkefna, svo sem á sviði heilbrigðismála og menntamála, aukist jafnt og þétt. Þá hafa orkumál bæst við sem áherslusvið á síðustu missirum.

Í mars 2004 samþykkti stjórn ÞSSÍ stefnu og verklagsreglur fyrir stofnunina. Í stefnunni segir m.a. að meginviðmið í tvíhliða samvinnu Íslendinga sé að vinna gegn fátækt og áhersla sé lögð á samvinnu við lönd þar sem lífskjör séu lökust að mati alþjóðlegra viðurkenndra stofnana. Þetta viðmið sé í samræmi við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna en aukin og markvissari alþjóðleg samvinna í baráttu gegn fátækt sé undirstaða markmiðanna. Stefna ÞSSÍ er í fullu samræmi við heildarstefnu íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu sem utanríkisráðherra lagði fram á Alþingi í apríl 2005. Aðstoð ÞSSÍ er veitt að beiðni og í samráði við stjórnvöld í viðtökuríkinu og er í samræmi við stefnumörkun þeirra stjórnvalda, fyrst og fremst er varðar baráttu gegn fátækt.

Stjórn ÞSSÍ tekur ákvörðun um val á samstarfslöndum stofnunarinnar að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið. Meðal þeirra atriða sem höfð eru til grundvallar við ákvörðun samstarfslanda er stjórnsýsluumhverfi og efnahagsstjórn viðkomandi lands, þjóðartekjur á einstakling, staða mannréttinda, lýðræðisþróun og tekjujöfnun. Notaðar eru alþjóðlegar viðurkenndar mælivogir, t.d. GINI-tekjuskiptingarstuðull, CPIA-stjórnsýslustuðull Alþjóðabankans og jafnréttisstuðlar Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP).

ÞSSÍ er nú að störfum í sex ríkjum, þ.e. fjórum í Afríku, Malaví, Mósambík, Namibíu og Úganda, auk eins ríkis í Asíu, Srí Lanka, og eins í Mið-Ameríku, Níkaragva. Tvö hin síðastnefndu eru ný samstarfsríki. Starfsemin á Srí Lanka hófst síðla árs 2005 og í Níkaragva í ársbyrjun 2006. Í báðum þessum löndum hafa atburðir á innanlandsvettvangi torveldað starfsemina. Á Srí Lanka eru átök milli þjóðarbrota Singhalesa, sem eru meiri hluti þjóðarinnar og ráðandi í stjórnkerfinu, og Tamíla, sem eru áhrifamiklir í norður- og norðausturhluta landsins. Í Níkaragva er mikill stjórnmálaágreiningur ríkjandi milli framkvæmdarvaldsins og þjóðþingsins þar sem stjórnarandstæðingar eru í meiri hluta en forsetakosningar verða í landinu í nóvembermánuði 2006. Úrslit þeirra kosninga kunna að hafa áhrif á framvindu þróunaraðstoðar bæði af hálfu einstakra ríkja sem og alþjóðastofnana.

Umsvif ÞSSÍ hafa farið hraðvaxandi í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukin framlög til þróunaraðstoðar. Allir samningar stofnunarinnar um verkefni í þróunaraðstoð eru gerðir í bandaríkjadölum og þar sem saman hafa farið auknar fjárveitingar til stofnunarinnar og mikil styrking á gengi íslensku krónunnar sl. fimm ár hafa fjárveitingar til stofnunarinnar í bandaríkjadölum og þá um leið umsvif hennar meira en fjórfaldast á því tímabili.

Þar eð stofnunin vinnur á grundvelli verkefnasamninga þar sem gera þarf formlega samninga við viðkomandi stjórnvöld um sérhvert verkefni og þau verða öll að lúta yfirstjórn stofnunarinnar sjálfrar krefst sérhvert nýtt verkefni vandaðs og oft langs undirbúnings. Til þess að geta betur ráðið við verkefnin hefur öll starfsemi og stefnumótun stofnun-

arinnar verið endurskoðuð, skipulagi hennar breytt, starfslýsingar gerðar skýrari, ráðningarferill endurskipulagður, húsnæði og tækjabúnaður endurbætt og nýtt bókhaldskerfi innleitt þar sem tilgangurinn var og er að bæta áætlunar- og eftirlitskerfi stofnunarinnar. Vegna sérstöðu ÞSSÍ, sem m.a. lýsir sér í því að greiðslum og bókhaldi þarf að sinna frá sjö stöðvum í jafnmörgum löndum og í jafnmörgum myntum, sem og því að launakerfi stofnunarinnar vegna útsendra starfsmanna byggist ekki á íslenskum kjarasamningum, hafa ýmsir erfiðleikar orðið samfara innleiðingu hins nýja bókhaldskerfis en vonir standa til að þeir séu nú að mestu leystir.

Annar liður í viðbrögðum stofnunarinnar við stórauknu umfangi starfseminnar er að samstarfssamningar hafa verið gerðir við fjölmargar íslenskar sérfræðistofnanir þangað sem ÞSSÍ getur nú sótt ráðgjöf sem og sérfræðinga til ráðgjafarstarfa í samstarfslöndunum. Þar má nefna sem dæmi samninga sem gerðir hafa verið við háskóla og háskólastofnanir og sérfræðistofnanir, svo sem Hagstofu Íslands, Rannsóknarstofu fiskiðnaðarins, Fiskifélag Íslands og Íslenskar orkurannsóknir. Með samningi við síðastnefndu stofnunina gat ÞSSÍ hafið starfsemi á nýju verkefnasviði, jarðhitasviðinu, þar sem stofnunin er nú að veita ráðgjöf fyrir tilverknað samningsins við Íslenskar orkurannsóknir í Úganda, í Níkaragva og í samstarfi sjö landa í Austur-Afríku við Alþjóðabankann, Umhverfissjóð Sameinuðu þjóðanna og tvíhliða þróunarsamvinnustofnanir.

Þá hefur stofnunin átt mjög góða samvinnu við Ríkisendurskoðun um þann þátt í verkefnum stofnunarinnar sem varðar fjármálastjórnun og fjármálaeftirlit sem og við ýmis ráðuneyti um einstök verkefni. Nánast og mest samstarf er við utanríkisráðuneytið, einkum alþjóðaskrifstofu ráðuneytisins, en utanríkisráðuneytið hefur lagt sig fram um að greiða götu ÞSSÍ m.a. með samningi við stofnunina um að veita umdæmisskrifstofum ÞSSÍ sendiráðsnafnbót. Sú ákvörðun hefur stórbætt starfsaðstöðu ÞSSÍ, bæði auðveldað starfsmönnum stofnunarinnar allan aðgang að stjórnvöldum í samstarfslöndum sem og þátttöku í samráðsferli veitenda þróunaraðstoðar á vettvangi.

Þá hafa aukin umsvif ÞSSÍ einnig leitt til þess að stofnunin hefur getað boðið út ráðgjafarverkefni til einkaaðila á Íslandi og er nú að hefja í fyrsta sinn verkefni er varðar eflingu einkageirans í þróunarlandi með samstarfi við einkaaðila á Íslandi. Þar er um að ræða frumkvöðlafræðslu í Úganda sem ætluð er einstaklingum sem áhuga hafa á að hefja atvinnurekstur og er það verkefni unnið í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

Öll þróunarverkefni ÞSSÍ eru metin reglulega og samkvæmt verklagsreglum stofnunarinnar skal vera ákvæði þess efnis í öllum verkefnissamningum. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að gera á eigin kostnað innri úttekt á verkefnum ÞSSÍ. Úttektir óháðra aðila eru gerðar á kostnað verkefna með reglulegu umsömdu millibili og ávallt áður en þeim lýkur. Leiði úttekt í ljós að tilætluðum markmiðum hafi ekki verið náð eða áætlanir ekki staðist gera úttektaraðilar grein fyrir ástæðum þess og koma með tillögur til úrbóta. Óháðir úttektaraðilar eru ávallt a.m.k. tveir, annar tilnefndur af ÞSSÍ og hinn af viðeigandi stjórnvaldi samstarfslandsins.

Sem fyrr segir voru núverandi lög um starfsemi ÞSSÍ sett árið 1981. Mikilvægt er að lagarammi þróunarsamvinnunnar hamli ekki eðlilegum framförum, en á þeim 25 árum sem liðin eru frá setningu laganna hefur þróunarsamvinna tekið miklum breytingum. Af þeim sökum hefur utanríkisráðherra ákveðið að á komandi mánuðum fari fram endurskoðun á lögum um ÞSSÍ og kannað verði hvort þörf sé á breyttu skipulagi þróunaraðstoðarinnar.

**5.3. Fjölþjóðleg þróunarsamvinna.**

Til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu teljast framlög til alþjóðastofnana og þátttaka í samstarfsverkefnum sem unnin eru á fjölþjóðlegum grundvelli. Í gegnum tíðina hafa hæstu einstöku framlögin til alþjóðastofnana runnið til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) sem er sú undirstofnum Alþjóðabankans sem aðstoðar fátækustu þróunarlöndin. Þrátt fyrir að málefnavinna á vettvangi Alþjóðabankans og aukinn stuðningur við ýmis verkefni á vegum bankans hafi verið stórefld á síðustu missirum hafa stjórnvöld lagt áherslu á að auka jafnvægi milli þeirra framlaga sem renna til verkefna Alþjóðabankans annars vegar og til hinna ýmsu undirstofnana Sameinuðu þjóðanna hins vegar.

Stjórnvöld hafa markað þá stefnu að þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi dreifist ekki á of margar stofnanir. Þannig hefur Ísland kosið að vera ekki aðili að ýmsum alþjóðastofnunum og sjóðum. Má þar t.d. nefna Þróunarbanka Afríku, Þróunarbanka Asíu, Þróunarbanka Ameríku og Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNIDO). Í stað þess að dreifa kröftunum of mikið hefur stuðningur við verkefni lykilstofnana á borð Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Matvæla- og landbúnaðarstofnunina (FAO) verið aukinn verulega. Þá hefur stuðningur við smærri sjóði verið aukinn þar sem slíkt fellur vel að áherslum og stefnu Íslands í þróunarsamvinnu og er stóraukning framlaga til Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna (UNIFEM) dæmi um slíkan stuðning.

**Formennska Íslands í kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í Alþjóðabankanum.**

Alþjóðabankinn er stærsta og áhrifamesta alþjóðastofnunin á sviði þróunarsamvinnu. Bankinn er að því leyti frábrugðinn stofnunum Sameinuðu þjóðanna að atkvæðavægi í bankanum fer eftir stofnfjáreign viðkomandi aðildarlands sem tekur mið af stærð hagkerfis þess. Ríki sem eiga smærri hluti í bankanum mynda kjördæmi og skipar hvert kjördæmi einn fulltrúa í 24 manna stjórn bankans. Stjórnarfulltrúinn talar máli kjördæmislandanna og fer með atkvæði þeirra. Atkvæðinu er ekki hægt að skipta, sem þýðir að mjög náið samstarf fer fram milli höfuðborga kjördæmislandanna við samræmingu á afstöðu þeirra í málefnum bankans. Stjórnarfulltrúinn stýrir jafnframt skrifstofu kjördæmisins í Washington þar sem öll löndin eiga fulltrúa. Það styrkir mjög stöðu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna hversu góðan orðstír kjördæmislöndin hafa skapað sér á alþjóðavettvangi og hversu virk sum þeirra eru í þróunarsamstarfi.

Frá 1. október 2003 til 1. júlí 2006 starfaði Þorsteinn Ingólfsson sendiherra sem fulltrúi kjördæmisins í stjórn bankans. Á þessu tímabili hafði utanríkisráðuneytið það hlutverk að leiða fyrrnefnt samræmingarstarf kjördæmislandanna. Seta í stjórn Alþjóðabankans og samræmingarhlutverkið er mikið ábyrgðarstarf og án efa eitt umfangsmesta verkefni af þessu tagi sem utanríkisráðuneytið hefur tekist á hendur. Var m.a. settur á fót sérstakur starfshópur innan ráðuneytisins til að sinna verkefninu. Með því að takast á við svo veigamikið verkefni sýna íslensk stjórnvöld í verki að þau eru tilbúin að leggja sitt af mörkum í alþjóðlegu samstarfi, auk þess sem umrætt verkefni hefur veitt utanríkisráðuneytinu ómetanlegt tækifæri til að efla þekkingu og skilning Íslands á málefnum þróunarlanda og fjölþjóðlegs þróunarstarfs.

Eftir því sem umfang þróunarsamvinnunnar eykst er mikilvægt að íslensk stjórnvöld fylgist náið með árangri og störfum þeirra stofnana sem studdar eru. Mikilvægt er að ávallt

sé leitað leiða til að veita fjárstuðning til þeirra stofnana sem eru best til þess fallnar að ná árangri. Er þá m.a. stuðst við úttektir óháðra aðila á starfsemi hlutaðeigandi stofnunar. Nú þegar hefur sérstök áhersla verið lögð á að taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði fiskimála og orkumála. Þá hafa verið tekin skref til að auka þekkingu Íslands á innviðum UNDP, UNICEF og UNIFEM með því að senda unga íslenska sérfræðinga til starfa á þeirra vegum.

Á árinu 2005 var ákveðið að leggja niður Norræna þróunarsjóðinn (NDF). Í umræðum Norðurlandanna um reglulega endurfjármögnun sjóðsins ríkti eining um að verkefni á hans vegum skyldu ekki lengur skilyrt við innkaup frá norrænum aðilum. Töldu dönsk stjórnvöld þar með að sjóðurinn nyti engrar sérstöðu lengur og því væri grundvöllur fyrir starfsemi hans brostinn. Önnur Norðurlönd töldu á hinn bóginn að full ástæða væri til að halda starfi sjóðsins áfram, enda hefði hann sannað gildi sitt sem skilvirk þróunarstofnun. Ekki var þó vilji til að halda starfseminni áfram þegar eitt Norðurlandanna heltist úr lestinni og því var ákveðið að leggja sjóðinn niður. Þó að íslensk stjórnvöld hafi verið sammála þeirri niðurstöðu eru það veruleg vonbrigði að starfsemi NDF verði lögð niður, m.a. þar sem fyrir dyrum stóð efling á samstarfi ÞSSÍ og NDF. Vegna fyrirliggjandi skuldbindinga mun starfsemi sjóðsins halda áfram í 3–5 ár, en engar nýjar skuldbindingar um aðstoð verða veittar héðan í frá.

Aukin þátttaka Íslands í þróunarsamvinnu á fjölþjóðlegum grundvelli felst bæði í aukningu framlaga og í eflingu málefnavinnu og stefnumótunar alþjóðastofnana. Skýrasta dæmið um slíkt var formennska Íslands í kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í stjórn Alþjóðabankans frá 2003 til 2006.

Í maí 2005 var haldinn reglulegur samráðsfundur embættismanna Norðurlanda og James T. Morris, framkvæmdastjóra Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna, í Reykjavík og í maí 2006 fór fram norrænn samráðsfundur með Ad Melkert, aðstoðarframkvæmdastjóra UNDP, í Reykjavík. Þá sótti framkvæmdastjóri UNICEF, Ann M. Veneman, Ísland heim sumarið 2006 að frumkvæði landsnefndar UNICEF. Ísland situr í Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) fram til ársins 2007 og er fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum einn varaforseta ráðsins. Þá á Ísland sæti í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna en málefni kvenna í þróunarlöndum er meðal umfjöllunarefna nefndarinnar.

### 5.4. Starfsmenn þróunarmála.

Við upphaf samræmingarstarfs utanríkisráðuneytisins vegna Alþjóðabankans störfuðu fimm manns innan ráðuneytisins að málefnum fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Starfsmönnum var fækkað í fjóra þegar eitt ár lifði af samræmingarstarfinu. Frá og með 1. júlí 2006 var stöðugildum fækkað í tvö og hálft.

Auk þess er einn starfsmaður ráðuneytisins ávallt við störf á skrifstofu kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Alþjóðabankanum og er hann starfsmaður bankans meðan á þeirri ráðningu stendur.

Á árinu 2005 voru að jafnaði 18–20 íslenskir heilsársstarfsmenn á vegum ÞSSÍ í samstarfslöndunum sem þá voru fimm. Um 40 skammtímaráðnir starfsmenn sem veittu ráðgjöf í hinum ýmsu verkefnum og starfsnemar dvöldu í fimm mánuði í samstarfslöndunum í Afríku við sérverkefni. Auk þess voru um 25 fastráðnir erlendir starfsmenn á öllum umdæmisskrifstofum og veittu þar á meðal sérfræðilega ráðgjöf. Fjölmargir aðrir erlendir starfsmenn koma að hinum ýmsu verkefnum í öllum samstarfslöndunum. Fjölmennasta starfsstöðin er í Malaví, en þar starfa fimm Íslendingar auk erlendra starfsmanna á vegum stofnunarinnar. Á aðalskrifstofu ÞSSÍ í Reykjavík starfa átta manns. Á árinu 2006 var í

fyrsta skipti ráðinn til starfa sérhæfður starfsmaður í fiskimálum á aðalskrifstofuna. Mun hann verða framkvæmdastjóra og umdæmisstjórum stofnunarinnar til ráðgjafar við undirbúning, framkvæmd og eftirlit með fiskimálaverkefnum.


Fjöldi starfsmanna á vegum íslensku friðargæslunnar er nokkuð breytilegur eftir tímabilum. Á fyrri hluta ársins 2006 störfuðu að jafnaði 26 manns á vegum friðargæslunnar í sex löndum. 17 starfsmenn voru í Afganistan, einn í Írak, einn starfsmaður á vegum UNIFEM í Belgrad, einn starfsmaður á vegum Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna í Líberíu og einn starfsmaður á vegum EUPM í Bosníu-Hersegóvínu. Þá störfuðu fimm eftirlitsmenn á vegum eftirlitssveita SLMM á Srí Lanka.

Frá og með haustinu 2006 verða sex ungir íslenskir sérfræðingar, kostaðir af íslenskum stjórnvöldum, við störf á vegum Sameinuðu þjóðanna í þróunarlöndum. Þrír ungliðar munu starfa á vegum UNDP, tveir á vegum UNICEF og einn á vegum UNIFEM.

### 5.5. Umfang og skipting þróunaraðstoðar Íslands.

Þróunaraðstoð Íslands hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Á árinu 1990 námu framlög til þróunarmála 230,7 millj. kr. Á árinu 2004 námu framlögin 1.482 millj. kr. og 1.711 millj. kr. á árinu 2005 (sjá mynd 1). Framlög til þróunarmála eru jafnan miðuð við hlutfall af vergum þjóðartekjum. Eins og mynd 1 sýnir hefur þetta hlutfall hækkað úr 0,06% árið 1990 í 0,18% árið 2005. Ríkisstjórn Íslands hefur sett það markmið að hlutfallið skuli nema 0,35% árið 2009. Að því loknu er mikilvægt að framlögin hækki í áföngum þar til markmiði Sameinuðu þjóðanna um að 0,7% af vergum þjóðartekjum renni til þróunarsamvinnu er náð.

Á verðlagi hvers árs hækkuðu framlög til þróunarsamvinnu um 9,6% milli áranna 2003 og 2004 og um 15,5% milli áranna 2004 og 2005. Vegna styrkingar íslensku krónunnar á þessu tímabili voru hækkanir framlaga í bandaríkjadölum hins vegar umtalsvert meiri, eða sem nemur 19,7% á fyrra tímabilinu og 28,9% á síðara tímabilinu. Samkvæmt fjárlögum 2006 er áætlað að framlög ársins nemi 2,6 milljörðum kr., eða sem svarar til 0,24% af vergum þjóðartekjum. Fjárlagafrumvarp 2007 gerir ráð fyrir 3,2 milljarða kr. framlögum eða 0,28% af vergum þjóðartekjum.





**Mynd 1: Framlög til þróunarsamvinnu og hlutfall af VÞT.**[12]

Við afgreiðslu fjárlaga hefur verið við það miðað að aukning framlaga til þróunarsamvinnu nái fram að ganga í jöfnum skrefum frá ári til árs og að hlutur ÞSSÍ væri að jafnaði um 35% af heildarframlagi til þróunaraðstoðar á fjárlögum. Samningar stofnunarinnar um stuðningsverkefni erlendis eru ávallt gerðir í bandaríkjadölum og frá árinu 2001 hefur stofnunin notið gengistryggingar þannig að hún getur ávallt staðið við verksamninga sína þrátt fyrir gengissveiflur. Veikist gengi dollarans skilar stofnunin til baka í ríkissjóð gengisávinningnum og styrkist gengi dollarsins mun stofnunin með sama hætti fá viðbótarframlög sem því nemur í fjáraukalögum. Þessu fyrirkomulagi var komið á fót samkvæmt óskum stofnunarinnar sjálfrar. Styrking íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadal árin 2004 og aftur árið 2005 varð því til þess að fjárframlög til ÞSSÍ í íslenskum krónum lækkuðu frá áætlun fjárlaga þó að veruleg aukning yrði á framlögum í bandaríkjadölum.

Alþjóðleg upplýsingasöfnun um framlög til þróunarmála fer fram á vegum þróunarsamvinnunefndar OECD (OECD-DAC) sem er helsti samráðsvettvangur þeirra OECD-landa sem veita þróunaraðstoð. Ísland hefur ekki gerst aðili að nefndinni, en framlög Íslands til

[12] Byggt á ríkisreikningi, fjárlögum 2006 og fjárlagafrumvarpi 2007.

þróunarmála eru talin fram samkvæmt þeim viðmiðum sem þar gilda. Á árinu 2005 nam þróunaraðstoð OECD-DAC-landanna samtals 106 milljörðum bandaríkjadala, sem samsvarar 0,33% af þjóðartekjum þeirra samtals (sjá mynd 2). Mikil hækkun hefur orðið milli áranna 2004 og 2005 sem skýrist að mestu af umfangsmikilli niðurfellingu skulda til Nígeríu og Íraks, auk hárra framlaga til neyðaraðstoðar vegna flóðbylgjunnar í Asíu.




**Mynd 2: Framlög OECD-DAC-landa til þróunarsamvinnu sem hlutfall af VÞT.**

Tafla 1 sýnir hvernig framlög skiptast milli helstu þátta íslenskrar þróunarsamvinnu. Í grófum dráttum má skipta aðstoðinni í þrennt. Í fyrsta lagi er tvíhliða aðstoð, en til hennar telst m.a. stuðningur sem stjórnvöld veita öðru ríki. Í öðru lagi er fjölþjóðleg aðstoð sem er stuðningur sem fer um hendur alþjóðastofnana. Í þriðja lagi er ýmis önnur aðstoð, t.d. stuðningur við frjáls félagasamtök, flóttamannaaðstoð og framlög til Jarðhitaskóla og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Tafla 1 inniheldur ýmsar fróðlegar upplýsingar. Fyrst ber að nefna hlut tvíhliða verkefna á sviði enduruppbyggingar á ófriðarsvæðum. Verkefni af þessu tagi jukust verulega á síðustu árum, m.a. með eflingu íslensku friðargæslunnar og hárra framlaga til endurreisnarstarfs í Írak. Á árinu 2005 lækkaði hlutfall þessara verkefna á nýjan leik og námu þau þá um 22% af heildaraðstoð Íslands. Hlutur þróunaraðstoðar á vegum ÞSSÍ helst lítið breyttur og nemur um þriðjungi af heildaraðstoðinni. Þá ber að veita athygli aukinni aðstoð sem rennur til hinna ýmsu þróunarstofnana Sameinuðu þjóðanna. Á milli áranna 2004 og 2005 hækkuðu framlög til stofnana Sameinuðu þjóðanna úr 59,9 millj. kr. í 169,4 millj. kr. sem er hátt í þreföldun. Séu framlög til Jarðhitaskólans og Sjávarútvegsskólans reiknuð með, nema framlög til Sameinuðu þjóðanna 19% af heildarframlögum Íslands til þróunarmála. Nánari sundurliðun á framlögum til þróunarmála er í fylgiskjali I.

| | 2001* m.kr. | % | 2002* m.kr. | % | 2003* m.kr. | % | 2004* m.kr. | % | 2005* m.kr. | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tvíhliða aðstoð** | **648,3** | **59** | **646,3** | **51** | **752,8** | **56** | **934,0** | **63** | **928,7** | **54** |
| Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) | 479,7 | 44 | 439,8 | 35 | 437,7 | 32 | 492,4 | 33 | 558,4 | 33 |
| Enduruppbygging á ófriðarsvæðum | 168,6 | 15 | 206,5 | 16 | 315,1 | 23 | 441,6 | 30 | 370,3 | 22 |
| **Fjölþjóðleg aðstoð** | **298,9** | **27** | **363,7** | **29** | **274,2** | **20** | **306,5** | **21** | **446,3** | **26** |
| Sameinuðu þjóðirnar | 66,1 | 6 | 60,0 | 5 | 76,0 | 6 | 59,9 | 4 | 169,4 | 10 |
| Alþjóðabankinn | 108,6 | 10 | 110,7 | 9 | 148,9 | 11 | 157,5 | 11 | 193,2 | 11 |
| Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) | 29,0 | 3 | 56,0 | 4 | 48,4 | 4 | 46,8 | 3 | 28,0 | 2 |
| Niðurfellinga skulda þróunarríkja (HIPC) | 68,5 | 6 | 113,7 | 9 | | | 25,9 | 2 | 22,9 | 1 |
| Styrktarsjóður fyrir smáeyþróunarríki | | | | | | | | | 14,0 | 1 |
| Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) | 26,2 | 2 | 21,9 | 2 | | | | | | |
| Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) | | | 0,9 | 0 | 0,9 | 0 | 0,9 | 0 | 3,8 | 0 |
| Alþjóðasjóður gegn alnæmi, berklum og malaríu | | | | | | | 15,0 | 1 | 15,0 | 1 |
| Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD) | 0,5 | 0 | 0,5 | 0 | | | 0,5 | 0 | | 0 |
| **Annað** | **154,9** | **14** | **258,1** | **20** | **325,0** | **24** | **241,1** | **16** | **336,2** | **20** |
| Jarðhitaskóli Háskóla S.þ. | 51,8 | 5 | 63,0 | 5 | 67,4 | 5 | 67,3 | 5 | 92,3 | 5 |
| Sjávarútvegsskóli Háskóla S.þ. | 36,1 | 3 | 48,9 | 4 | 54,6 | 4 | 52,0 | 4 | 73,2 | 4 |
| Flóttamannaaðstoð | 15,0 | 1 | 27,5 | 2 | 38,7 | 3 | 20,2 | 1 | 56,1 | 3 |
| Framlög til félagasamtaka | 21,4 | 2 | 14,2 | 1 | 77,9 | 6 | 19,9 | 1 | 36,5 | 2 |
| Ýmis framlög og neyðaraðstoð | 0,1 | 0 | 62,5 | 5 | 17,4 | 1 | 6,5 | 0 | 2,1 | 0 |
| Utanríkisráðuneyti og sendiskrifstofur | 30,5 | 3 | 42,0 | 3 | 44,0 | 3 | 40,1 | 3 | 41,0 | 2 |
| Norræn/baltnesk samræming | | | | | 25,0 | 2 | 35,0 | 2 | 35,0 | 2 |
| **SAMTALS** | **1.102,1** | **100** | **1.268,1** | **100** | **1.352,0** | **100** | **1.481,6** | **100** | **1.711,2** | **100** |
| **Hlutfall af vergum þjóðartekjum (%)^** | **0,15** | | **0,16** | | **0,17** | | **0,18** | | **0,18** | |


* Samkvæmt ríkisreikningi

^ Til og með árinu 2003 var hlutfallið reiknað af vergri landsframleiðslu

**Tafla 1: Opinber framlög til þróunarsamvinnu 2001–2005.**

Utanríkisráðuneytið skrásetur ekki framlög til alþjóðastofnana eftir málefnum, enda er ekki hægt að sundurliða sérstaklega öll framlög til alþjóðastofnana þar sem margar þeirra vinna á mörgum ólíkum sviðum. Séu framlög til stofnana Sameinuðu þjóðanna skoðuð nánar kemur í ljós að aukningin á sér stað í verkefnum sem varða hagsmuni kvenna (UNIFEM, UNFPA), hagsmuni barna (UNICEF, WHO) og vegna neyðaraðstoðar (WFP).

Eins og sést á mynd 3 námu verkefni á sviði fiskimála 31% af heildarstarfsemi ÞSSÍ, félagsleg verkefni 21%, menntunarverkefni 13%, heilbrigðisverkefni 12%, jarðhitaverkefni 5% og önnur verkefni 7%, þar með talið stuðningur við íslensk frjáls félagasamtök.




**Mynd 3: Skipting framlaga ÞSSÍ eftir málaflokkum 2005.**

Til neyðar- og mannúðaraðstoðar teljast framlög vegna neyðarástands og hungursneyðar af völdum náttúrhamfara, ófriðar, þurrka og sjúkdóma. Þá telst flóttamannaaðstoð til þessa málaflokks. Framlög stjórnvalda taka mið af þörf á neyðaraðstoð hverju sinni og geta því verið nokkuð breytileg milli ára. Tafla 2 gefur yfirlit yfir framlög frá árinu 2003, en það ár námu þau 134 millj. kr. Árið 2004 námu framlögin 48 millj. kr. og 133 millj. kr. á árinu 2005. Skipting framlaganna milli alþjóðastofnana og félagasamtaka er einnig nokkuð breytileg eftir því hvaða aðili er talinn vera best til þess fallinn hverju sinni að veita aðstoðina.

Félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki þegar bregðast þarf við neyðarástandi og því rennur ávallt verulegur hluti framlaga utanríkisráðuneytisins til neyðaraðstoðar um hendur þeirra. Á síðustu árum hafa íslensk félagasamtök einnig beitt sér af meira afli í þróunaraðstoð með langtímamarkmið að leiðarljósi. ÞSSÍ er þátttakandi í mörgum þessara verkefna og fer umfang þessa starfs vaxandi. Á árinu 2004 voru verkefni að upphæð 11,8 millj. kr. unnin í samstarfi ÞSSÍ við íslensk félagasamtök og á árinu 2005 nam upphæðin 33,2 millj. kr. Þá á ÞSSÍ einnig samstarf við frjáls félagasamtök í samstarfslöndum stofnunarinnar og leggur þeim til fé. Utanríkisráðuneytið safnar ekki tölulegum upplýsingum um fjáröflun íslenskra félagasamtaka meðal almennings.

| | 2003 m.kr. | % | 2004 m.kr. | % | 2005 m.kr. | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Félagasamtök** | **73,1** | **54** | **15,0** | **31** | **31,5** | **24** |
| Alþjóða Rauði krossinn | 4,1 | 3 | 0,0 | 0 | 7,5 | 6 |
| Rauði kross Íslands | 52,0 | 39 | 15,0 | 31 | 15,0 | 11 |
| Hjálparstarf kirkjunnar | 10,0 | 7 | 0,0 | 0 | 5,0 | 4 |
| Barnaheill | 7,0 | 5 | 0,0 | 0 | 4,0 | 3 |
| **Stofnanir S.þ.** | **18,0** | **13** | **3,9** | **8** | **38,8** | **29** |
| WFP | 18,0 | 13 | 3,9 | 8 | 29,5 | 22 |
| UNICEF | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 6,2 | 5 |
| OCHA | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 3,1 | 2 |
| **Flóttamannaaðstoð** | **43,1** | **32** | **24,3** | **50** | **62,9** | **47** |
| UNHCR | 4,4 | 3 | 4,1 | 8 | 5,8 | 4 |
| Flóttamannaaðstoð á Íslandi | 38,7 | 29 | 20,2 | 42 | 57,1 | 43 |
| **Annað** | **0,0** | **0** | **5,2** | **11** | **0,0** | **0** |
| **SAMTALS** | **134,2** | **100** | **48,4** | **89** | **133,2** | **100** |

**Tafla 2: Opinber framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar 2003–2005.**

### 5.6. Framkvæmd stefnumiða Íslands í þróunarsamvinnu.

Þróunarsamvinna Íslands er unnin í anda yfirlýsinga leiðtogafunda Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, fjármögnun þróunar og þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Með stefnumiðum Íslands sem lögð voru fram á Alþingi í apríl 2005 er sett fram heildarsýn fyrir þróunarstarf Íslands á tímabilinu 2005–2009 og þar er fjallað um skipulag og framkvæmd þróunarsamvinnunnar. Í áætlunum Íslands er höfuðáhersla lögð á að draga úr fátækt og vinna að framgangi þúsaldarmarkmiðanna. Áhersla er lögð á heildræna aðkomu að þróunarmálum og mikilvægi þess að þróunaráætlanir nái jafnt til stjórnarfars-, efnahags- og félagslegra þátta í viðtökuríki. Í stefnumiðunum er lögð aukin áhersla á aðkomu frjálsra félagasamtaka og viðskiptalífsins að þróunarsamvinnu, auk þess sem upplýsingamiðlun og þekkingarsköpun um málefni þróunarsamvinnu er gefið aukið vægi.

Framþróun ríkja er fjölþætt og margsnúið viðfangsefni sem vinna þarf að á mörgum sviðum. Stefnumið Íslands byggjast á fjórum meginstoðum: 1) Mannauður, jafnrétti og efnahagsleg þróun; 2) Lýðræði, mannréttindi og stjórnarfar; 3) Friður, öryggi og þróun; 4) Sjálfbær þróun.

Hér að neðan eru stoðirnar kynntar stuttlega og jafnframt farið yfir helstu verkefni sem þar falla undir. Tekið skal fram að eðlilega geta sum verkefnanna fallið undir fleiri en eina stoð, enda nokkur skörun á milli málaflokka.

*Fjórar stoðir þróunarsamvinnu.*

**Stoð 1: Mannauður, jafnrétti og efnahagsleg þróun.**

Stoð 1 fellur að miklu leyti undir þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Fjárfesting í mannauði er ein meginforsenda félagslegra og efnahagslegra framfara. Aukin menntun,

heilbrigði og jafnrétti stuðla að aukinni verðmætasköpun og velferð í samfélaginu. Þau málefni sem falla undir stoð 1 tengjast uppbyggingu þessara þátta, svo sem fæðuöryggi, menntun, heilbrigðismál, réttindi barna og kvenna og viðskipti.

Helstu verkefni sem falla undir stoð 1 eru:

**Fæðuöryggi.**

- Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) fær árlegt framlag frá Íslandi. Verkefni stofnunarinnar beinast einkum að því að bæta kjör fólks í dreifbýli og útrýma hungri í heiminum. Fiskimáladeild FAO er vettvangur þjóða á sviði fiskimála og hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á virka þátttöku á því sviði.
- Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (World Food Program) veitir neyðaraðstoð og fæðuhjálp til flóttamanna og annarra í neyð af völdum náttúruhamfara. Norðurlöndin eru meðal sterkustu stuðningslanda WFP, en mikil og góð samvinna er á milli landanna um málefni stofnunarinnar. Íslenska friðargæslan hefur samstarfssamning við WFP um lán og kostun á starfsmönnum til verkefna á vegum stofnunarinnar. Framlag Íslands til WFP hækkaði mikið á árinu 2005 og er reiknað með að framlög til stofnunarinnar verði mikilvægur þáttur í neyðaraðstoð Íslands framvegis.
- Skólatengd dreifing matvæla í Írak er verkefni á vegum WFP sem er beint að fátækum stúlkum og fjölskyldum þeirra. Markmiðið er að bæta næringu og heilbrigði stúlkna á þeim svæðum í Írak þar sem um er að ræða viðvarandi vannæringu og hækka hlutfall þeirra er sækja barnaskóla. WFP rekur sambærileg verkefni í fjölda landa, en 9 millj. kr. framlag til verkefnisins í Írak á árinu 2005 var fyrsta verkefnið af þessu tagi sem íslensk stjórnvöld styrkja.

**Menntun.**

- Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) styður við eflingu mennta- og menningarmála í þróunarríkjum og átakið Menntun fyrir alla. Íslensk stjórnvöld leggja stofnuninni til árlegt framlag.
- Jarðhitaskóli og Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hafa starfað á Íslandi frá því 1979 og 1998 og hefur starfsemi þeirra verið í stöðugri uppbyggingu. Markmið skólanna er að bjóða háskólamenntuðu fagfólki frá þróunarríkjum til rannsókna og starfsnáms á sviði jarðhita- og sjávarútvegsmála. Mikill fjöldi nemenda hefur stundað nám við skólana sem byggist m.a. á náinni samvinnu við Orkustofnun, Hafrannsóknastofnun, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og aðrar fagstofnanir. Stefnt er að enn frekari uppbyggingu á starfsemi skólanna á næstu árum.
- Menntun er einn mikilvægasti þátturinn í baráttunni gegn fátækt og hafa því verkefni á sviði menntamála fengið aukið vægi í verkefnavali ÞSSÍ. Verkefni á sviði menntunarmála eru starfrækt í öllum samstarfslöndunum utan Níkaragva og Srí Lanka og spanna allt frá fullorðinsfræðslu, þjálfun og byggingu skóla til menntunar á grunn-, framhalds-, og háskólastigi. ÞSSÍ hefur einnig gert samninga við íslenskar rannsókna- og kennslustofnanir þar sem gert er ráð fyrir samvinnu um kennslu og rannsóknarverkefni, skipulagningu ráðstefna og funda um þróunarmál.

**Heilbrigðismál.**

- Alþjóðasjóður gegn alnæmi, berklum og malaríu, sem stofnaður var árið 2002, veitir styrki til þróunarlanda sem markað hafa sér stefnu og sett fram framkvæmdaáætlun í baráttunni gegn útbreiðslu alnæmis, malaríu og berkla. Ísland hefur þegar greitt 30 millj.

kr. framlaga til sjóðsins og verður 200.000 bandaríkjadala framlag til viðbótar lagt í sjóðinn á árinu 2006.
- Mænusóttarverkefni WHO miðar að því að uppræta mænusótt í heiminum. Mikill árangur hefur náðst í þessari baráttu frá því 1988. Þá greindist sjúkdómurinn í 125 löndum og orsakaði fötlun 350.000 barna, en árið 2003 greindist sjúkdómurinn í sex löndum og orsakaði fötlun u.þ.b. 800 barna. Áhyggjur manna beinast nú að útbreiðslu nýs afbrigðis mænusóttar. Ísland hefur veitt um 100.000 bandaríkjadali til verkefnisins á undanförnum tveimur árum.
- Í byrjun ársins 2006 var hrundið af stað alþjóðaátaki í baráttunni gegn útbreiðslu fuglaflensu í þróunarlöndum. Á næstu tveimur árum munu íslensk stjórnvöld leggja 200.000 bandaríkjadali til alþjóðasjóðs sem Alþjóðabankinn stýrir, auk þess sem 200.000 bandaríkjadölum til viðbótar verður varið til verkefna á vegum WHO.
- ÞSSÍ styður heilbrigðisverkefni í tveimur samstarfslanda sinna, Malaví og Mósambík. Í Malaví veitir stofnunin aðstoð við uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Monkey Bay svæði í suðurhluta landsins. Um er að ræða þjónustu við rúmlega 100.000 íbúa sem hafa aðgang að fjórum heilsugæslustöðvum og einu sjúkrahúsi. Á tímabilinu 2000–2005 hefur stofnunin veitt tæpum 3 milljónum bandaríkjadala til verkefnisins. Auk þess leggur ÞSSÍ fram fjármagn til viðhalds á sjúkrahúsi sem þjónar þeim fátækustu í höfuðborginni Lilongwe. Það starf fer fram í samstarfi við frjáls félagasamtök og heilbrigðisyfirvöld. Í Mósambík hefur ÞSSÍ starfað að tveimur heilsugæsluverkefnum með Rauða krossi Íslands og Rauða krossi Mósambík frá árinu 2000. Verkefnin eru auk þess unnin í samráði við heilbrigðisyfirvöld í Mapútó-héraði. Fyrra verkefnið er á lokastigi, en í því fólst uppbygging á heilsugæslu í þorpinu Hindane um 65 km suður af höfuðborginni Mapútó og sjö þorpum þar í kring. Einnig voru byggðar skyndihjálparstöðvar, kamrar og brunnar grafnir. Rauði kross Mósambík sér um þjálfun á sjálfboðaliðum til að sinna uppfræðslu og aðhlynningu í þorpunum sjö. Undirbúningur að nýju sambærilegu verkefni hófst 2003 í þorpi um 150 km norður af höfuðborginni. Sendifulltrúi á vegum Rauða kross Íslands hefur stýrt verkefninu að mestu leyti frá byrjun með þátttöku umdæmisstjóra ÞSSÍ í Mósambík.

**Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna – Baráttan gegn fistúlu.**

Helsta hlutverk Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) er að bæta heilsufar og fræðslu sem lýtur að fólksfjölgun. Sérstök áhersla er lögð á mæðra- og ungbarnavernd í starfsemi sjóðsins. Eitt verkefna hans er baráttan gegn fistúlu sem lýsir sér í sársaukafullum örkumlum ungra mæðra sem ekki eru líkamlega tilbúnar til þess að ala börn. Yfirleitt er um að ræða stúlkur á aldrinum 12–15 ára sem búa á dreifbýlum og fátækum svæðum. Börn þeirra deyja oftast í fæðingu og þær eru oft félagslega útskúfaðar, m.a. vegna óþefs sem fylgir fistúlu. UNFPA hefur á síðustu árum gert átak í baráttunni gegn fistúlu, enda er hægt að lækna um 93% fistúlutilfella með skurðaðgerðum. Ísland styrkti verkefnið í fyrsta sinn á árinu 2005 með 50.000 bandaríkjadala framlagi til starfseminnar í Malaví og er gert ráð fyrir áframhaldandi stuðningi við verkefnið. Nánar má lesa um fistúlu á kynningarsíðu UNFPA www.endfistula.org.

**Viðskiptamál.**
- Ráðgjafasjóður hjá Alþjóðalánastofnuninni (International Finance corporation – IFC) var stofnaður með formlegum hætti í byrjun árs 2006. Sjóðurinn byggist á eldri ráðgjafa-

sjóði sem Ísland hefur starfrækt hjá Alþjóðabankanum frá 1991. Markmið sjóðsins er að hvetja IFC til að velja íslenska ráðgjafa við framkvæmd verkefna með það að markmiði að síðar gæti slíkt leitt til frekari verkefna á vegum stofnunarinnar. Hlutverk IFC er að örva einkaframtak í þróunarlöndum með lánum og hlutafjárkaupum í einkafyrirtækjum. Starfsemi IFC hefur eflst verulega á síðustu missirum og er það m.a. yfirlýst stefna stofnunarinnar að auka stuðning við verkefni á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Samkvæmt fjárlögum 2006 verður 11,2 millj. kr. varið til sjóðsins á árinu.

- Undanfarin þrjú ár hefur Alþjóðabankinn unnið árlega úttekt á viðskiptaumhverfi í aðildarlöndum. Úttektin hefur mælst vel fyrir og á árinu 2005 náði hún til 155 landa, þar með talið Íslands. Úttektin er mikilvæg leið til að meta hvaða umbóta sé þörf til að bæta samkeppnisstöðu viðskiptalífs einstakra landa. Íslensk stjórnvöld hafa lagt á það áherslu að öll aðildarlönd Alþjóðabankans séu með í úttektinni, en hingað til hefur nokkuð stór hópur smárra þróunarríkja staðið fyrir utan úttektina. Íslensk stjórnvöld ákváðu því að standa straum af kostnaði við úttektina í 20 smáríkjum á árunum 2006 og 2007. Heildarstuðningur Íslands vegna þessa verkefnis nemur 600.000 bandaríkjadölum sem kemur til greiðslu á umræddu tveggja ára tímabili.
- Síðastliðin þrjú ár hefur ÞSSÍ hugað að verkefnum í þróunaraðstoð sem tengjast atvinnulífi í þróunarlöndum og bættu umhverfi þess (Private Sector Development) ýmist í samstarfi við þarlend stjórnvöld eða í samstarfi íslenskra fyrirtækja við fyrirtæki í þróunarlöndum með vitund og stuðningi þarlendra stjórnvalda. ÞSSÍ vann í samstarfi við viðskiptaþróun utanríkisráðuneytisins og Nýsköpunarsjóð og síðan Útflutningsráð, ráðuneytið og hóp íslenskra fyrirtækja að framkvæmda- og markaðsmálum í fiskimálum í Úganda, en því verkefni lauk á árinu 2005. Þá hófst á því ári undirbúningur að frumkvöðlaverkefni í Úganda í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og háskóla og stofnanir í Úganda.

**Niðurfelling skulda þróunarríkja.**

- Íslensk stjórnvöld hafa á síðustu árum lagt 299 millj. kr. til svokallaðs HIPC-átaks sem miðar að því að fella niður 59 milljarða bandaríkjadala skuld þróunarlanda við ýmsar alþjóðastofnanir. Þar að auki liggur fyrir að allar skuldir fátækustu þróunarríkjanna, samtals um 37 milljarðar bandaríkjadala, við Alþjóðaframfarastofnunina verða afskrifaðar og hefur ríkisstjórn Íslands ákveðið að Ísland muni leggja sitt af mörkum til þess verkefnis á komandi árum.

**Stoð 2: Lýðræði, mannréttindi og stjórnarfar.**

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á eflingu lýðræðis og mannréttinda sem mikilvægs þáttar í baráttunni gegn fátækt, kúgun og ófriði. Réttarríkið er grundvöllur lýðræðisþróunar og byggist á þátttöku borgaranna í opnum og frjálsum skoðanaskiptum og frelsi til að stofna og reka hagsmunasamtök. Lýðræðisþróun í heiminum hefur stefnt í rétta átt, en þó er lýðræðið víða mjög veikt og ótryggt. Íslensk stjórnvöld hafa beitt sér fyrir uppbyggingu og framþróun þessara mála, m.a. með aðstoð við fræðslu og menntun fátækustu íbúa þróunarlandanna, bæði í tvíhliða þróunarsamvinnu og í gegnum stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankann og ÖSE. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa íslensk stjórnvöld um árabil beitt sér fyrir vernd og eflingu mannréttinda. Ísland hefur einnig beitt sér fyrir umræðu um mannréttindarmál í kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Alþjóðabankanum.

Helstu verkefni sem falla undir stoð 2 eru:

**Mannréttindi.**

- Nýtt mannréttindaráð (Human Rights Council, HRC) sem samþykkt var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 15. mars 2006 mun gegna mikilvægu eftirlitshlutverki með því að mannréttindi séu virt. Með stofnun mannréttindaráðsins eru bundnar vonir við að kaflaskil verði við eflingu og vernd mannréttinda, enda verður nýtt ráð mun betur í stakk búið að bregðast við mannréttindabrotum en það gamla var. Íslensk stjórnvöld hafa einnig beitt sér fyrir bættum réttindum kvenna og barna og á um þessar mundir sæti í Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women – CSW). Mjög mikilvægt er að vinna að bættum réttindum kvenna og barna og munu íslensk stjórnvöld halda áfram að leggja áherslu á þessa mál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.
- Íslensk stjórnvöld styrkja Pyntingasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNVFT) sem hefur það að markmiði að styrkja félagasamtök sem aðstoða fórnarlömb pyntinga og fjölskyldur þeirra. Sjóðurinn var stofnaður árið 1981 og byggist á frjálsum framlögum ríkisstjórna, félagasamtaka og einstaklinga. Framlag Íslands til sjóðsins á árinu 2006 nemur 2 millj. kr.
- Kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hefur ákveðið að stofna sérstakan styrktarsjóð hjá Alþjóðabankanum til að efla þátt mannréttinda í störfum bankans. Öll Norðurlöndin leggja fé til sjóðsins og munu framlög Íslands nema samtals 150.000 bandaríkjadölum fram til ársins 2008.

**Réttindi barna og kvenna.**

- Ofbeldissjóður UNIFEM beitir sér gegn kynbundnu ofbeldi og var sjóðnum komið á fót árið 1995 í kjölfar kvennaráðstefnunnar í Beijing. Sjóðurinn styrkir margvísleg verkefni víða um heim sem miða að því að rjúfa þögnina sem ríkir um ofbeldi gegn konum, koma í veg fyrir ofbeldisverk og draga hina seku til ábyrgðar. Íslensk stjórnvöld hafa styrkt sjóðinn á undanförnum árum og hefur framlag Íslands farið vaxandi. Á árinu 2004 nam framlagið 25.000 bandaríkjadölum, 90.000 bandaríkjadölum árið 2005 og 100.000 bandaríkjadölum árið 2006.
- Stefna ÞSSÍ í jafnréttismálum var samþykkt af stjórn stofnunarinnar í ágúst 2004. Þar er lögð áhersla á að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í allri starfsemi stofnunarinnar. Margoft hefur verið sýnt fram á að mismunun milli kynjanna hindrar framfarir og baráttuna gegn fátækt í heiminum. Stofnunin leitast við að greina og takast á við slíka mismunun með þróunarverkefnum sínum og stuðla að því að jafna tækifæri kvenna og karla. Ekki er lengur lögð áhersla á sérstök kvennaverkefni.

**Réttarbætur.**

- Eitt þeirra vandamála sem þróunarríki glíma við er veikur eignarréttur. Fyrir vikið geta íbúar þróunarríkja m.a. ekki veðsett eignir sínar til lántöku og því eru tækifæri til fjárfestinga og frekari eignamyndunar vannýtt. Að frumkvæði Norðurlandanna var sett á fót alþjóðleg nefnd valinkunnra einstaklinga árið 2005 sem mun kanna leiðir til að tryggja réttarbætur til handa fátæku fólki í þróunarríkjunum með áherslu á mikilvægi eignarréttarins. Madeleine Albright, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Hernando de Soto, hagfræðingur frá Perú, stýra störfum nefndarinnar, en gert er ráð fyrir að hún ljúki störfum árið 2008. Íslensk stjórnvöld leggja samtals 100.000 bandaríkjadali til verkefnisins.

**Lýðræði.**
- Virkt kosningaeftirlit er mikilvægur liður í að stuðla að eflingu lýðræðis og mannréttinda. Á undanförnum fimm árum hafa íslensk stjórnvöld tekið þátt í kosningaeftirliti á vegum ÖSE. Þátttaka Íslands hefur því hingað til takmarkast við lönd í Austur-Evrópu, Mið-Asíu og ríki á Balkanskaga, svo sem Georgíu, Kósóvó, Aserbaídsjan, Úkraínu, Albaníu og Kyrgistan. Vilji er til að leita leiða til þáttöku í kosningaeftirliti í öðrum heimshlutum, þar á meðal í Afríku. Þátttaka Íslands í kosningaeftirliti fellur undir starfssvið Íslensku friðargæslunnar.

**Stoð 3: Friður, öryggi og þróun.**

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á mikilvægi friðar og öryggis fyrir framþróun í heiminum. Barátttan fyrir auknum friði og stöðugleika er órjúfanleg baráttunni gegn fátækt. Stríðsátök og óstöðugleiki eiga sér stað í mörgum fátækustu ríkjum heims og getur verið hvort heldur er orsök eða afleiðing fátæktar. Vandamálin sem fylgja stríðsátökum hafa ekki einungis geigvænlegar afleiðingar fyrir hlutaðeigandi lönd heldur teygja þau anga sína mun víðar. Flóttamannastraumur, aukin sjúkdómahætta, hungursneyð og skipulögð glæpa- og hryðjuverkastarfsemi eru vandamál sem tengjast stríðsátökum og afleiðingum þeirra. Íslensk stjórnvöld hafa aukið þátt sinn í verkefnum sem miða að því að viðhalda öryggi og friði í heiminum. Það hafa þau m.a. gert með verkefnum Íslensku friðargæslunnar á undanförnum árum sem og með framlögum til neyðaraðstoðar á vegum alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka. Friðargæslan hefur unnið að verkefnum á Balkanskaga, Srí Lanka, Írak, Líberíu og Afganistan. Þá er Srí Lanka nýtt samstarfsland ÞSSÍ sem einnig tekur þannig þátt í friðar- og enduruppbyggingu þessa fyrrum stríðshrjáða lands líkt og stofnunin hefur gert í Mósambík frá árinu 1995.

Helstu verkefni sem falla undir stoð 3 eru:

**Neyðaraðstoð.**
- Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) er lykilstofnun á sviði neyðar- og matvælaaðstoðar. WFP rekur öflugt og skilvirkt flutningakerfi og getur með skömmum fyrirvara dreift miklu magni neyðargagna til bágstaddra. Eins og áður segir hefur framlag Íslands til WFP aukist mikið, en umfang framlaga tekur ávallt mið af þörfinni fyrir neyðaraðstoð hverju sinni.
- Neyðarsjóður OCHA (Central Emergency Response Fund – CERF) er nýr sjóður á vegum Sameinuðu þjóðanna sem miðar að því að efla getu og viðbragðsflýti Sameinuðu þjóðanna til að bregðast svo skjótt sem unnt er við neyðarástandi. Íslensk stjórnvöld hafa lagt 150.000 bandaríkjadali til sjóðsins á árinu 2006.

**Friður og öryggi.**
- Palestínuflóttamannaaðstoðin (UNRWA) styður verkefni til aðstoðar tæplega fjögurra milljóna palestínskra flóttamanna. Sjóðurinn byggist á frjálsum framlögum stuðningslanda. Árlegt framlag Íslands hefur um árabil numið um 50.000 bandaríkjadölum, en var hækkað í 100.000 bandaríkjadali á árinu 2006.
- Umfangsmestu verkefni Íslensku friðargæslunnar hafa verið rekstur og yfirstjórn flugvallanna í Pristína í Kósóvó, sem lauk 1. apríl 2004, og í Kabúl í Afganistan. Einnig hefur Friðargæslan tekið þátt í starfi norrænu eftirlitssveitarinnar á Srí Lanka og var nýlega tekin ákvörðun um að efla þáttöku Íslendinga í störfum sveitarinnar þar sem danskir, finnskir og sænskir eftirlitsmenn urðu frá að hverfa að kröfu Tamíl-tígra.

- Íslenska friðargæslan hefur gert samstarfssamning við WFP um að Friðargæslan geti sent sérfræðinga í neyðaraðstoð til starfa á vegum stofnunarinnar á álagstímum. Á árinu 2006 starfaði einn íslenskur sérfræðingur á vegum WFP í Líberíu og tveir til viðbótar hafa fengið þjálfun til að takast á við neyðarstörf eftir því sem þörf krefur. Annar þeirra starfaði tímabundið á vegum stofnunarinnar í Tansaníu sumarið 2006.

**Stuðningur íslenskra stjórnvalda við UNIFEM.**

Íslensk stjórnvöld hafa stóraukið stuðning við Þróunarsjóð Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna (UNIFEM). Á árinu 2004 nam fjárframlag til sjóðsins 2,5 millj. kr. en á árinu 2006 mun framlagið nema samtals um 32 millj. kr.[13] Framlagið hefur því meira en tífaldast á tveimur árum. Um 40% framlagsins skiptist jafnt milli almennra verkefna UNIFEM og ofbeldissjóðs UNIFEM. Einnig er landsnefnd UNIFEM styrkt með 3 millj. kr. framlagi.

Í Stefnumiðum Íslands í þróunarsamvinnu kemur fram að sérstök áhersla verði lögð á málefni kvenna á ófriðarsvæðum. Í því ljósi er tæplega 5 millj. kr. varið til verkefnis UNIFEM í Afganistan og 12,5 millj. kr. varið til verkefnis UNIFEM á Balkanskaga á árinu 2006.

Stuðningur við umrætt verkefni á Balkanskaga byggist á þátttöku Íslands í starfi UNIFEM í Kósóvó, en íslenskir sérfræðingar á vegum Friðargæslunnar hafa starfað að því frá árinu 1999.

UNIFEM hefur nú ráðist í að útvíkka verkefnið til sex annarra ríkja á Balkanskaga. Markmið verkefnisins er að efla vitund og skuldbindingar hins opinbera á sviði kvenréttinda og að vinna að baráttumálum kvenna á grundvelli samþykkta Sameinuðu þjóðanna. Íslenska friðargæslan mun áfram leggja verkefninu til sérfræðinga, en sem fyrr segir hefur einnig runnið fjárframlag beint til verkefnisins. Nemur framlagið samtals 25 millj. kr. á árunum 2005 og 2006.

- Á árinu 2006 hófst samstarf milli utanríkisráðuneyta Íslands og Eistlands og Stjórnsýsluskóla Eistlands um stuðning Íslands við þjálfun georgískra lögreglumanna. Um er að ræða samstarfsverkefni Eistlands og sendiskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Georgíu (UNOMIG). Íslensk stjórnvöld taka þátt í fjármögnun námskeiða á vegum Stjórnsýsluskóla Eistlands sem byggjast á þjálfun lögreglumanna frá átakasvæðum í Georgíu, jafnt í sértækum lögreglumálefnum, sem og í almennum borgaralegum skyldum og mannréttindum. Fyrsta framlag Íslands til verkefnisins nam tæplega 3 millj. kr. en vilji er til að halda stuðningnum áfram ef vel gengur.

**Stoð 4: Sjálfbær þróun.**

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á mikilvægi sjálfbærrar þróunar fyrir hagsæld í heiminum. Hagur ríkra sem fátækra þjóða byggist á því að efnahagsleg þróun og félagsleg velferð taki mið af umhverfisþáttum. Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Áherslurnar hafa helst verið á sjávar-

[13] Hér er miðað við fjárlagagengi 2006. Þar sem flestar skuldbindingar til alþjóðastofnana eru í erlendri mynt mun þessi krónutala hækka vegna veikingar íslensku krónunnar á árinu 2006.

útvegs- og orkumál og þar ber fyrst að nefna starfsemi Jarðhitaskóla og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Sérstök áhersla er lögð á samstarf við smáeyþróunaríki en einnig hefur verið aukið samstarf við Alþjóðabankann og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO). ÞSSÍ hefur í gegnum tíðina unnið mikið í verkefnum tengdum sjávarútvegi og nú á síðustu árum hefur m.a. verið lögð áhersla á gæðamál í fiskiðnaði í Mósambík og Úganda. Þá hafa verkefni á sviði orkumála verið aukin umtalsvert, bæði í samstarfi við alþjóðastofnanir og í tveimur samstarfslöndum Íslands, Úganda og Níkaragva.

Helstu verkefni sem falla undir stoð 4 eru:

**Orkumál.**

- Energy Sector Management Assistance Program (ESMAP) veitir þróunarríkjum tæknilega ráðgjöf á sviði orkumála. Markmið samstarfsins er að gera þróunarlöndum kleift að auka hagkvæma orkuframleiðslu með áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Á árinu 2006 hóf Ísland þátttöku í ESMAP sem gefur kost á því að nýta þekkingu íslenskra fyrirtækja og sérfræðinga á sviði orkumála til frekari uppbyggingar í þróunarríkjum. Framlag Íslands á árinu 2006 nemur 100.000 bandaríkjadölum.
- Stjórn ÞSSÍ hefur sett þau markmið að stofnunin starfi í fremur færri löndum en fleiri og að vinna fyrst og fremst í þeim geirum þar sem íslensk sérþekking fær notið sín. Nýjasti málaflokkur í viðfangsefnum stofnunarinnar er á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, einkum jarðhita. Sú starfsemi hófst að marki á árinu 2002 með rannsóknarverkefnum í jarðhita á tveimur líklegum jarðhitasvæðum í Úganda í samvinnu við þarlend yfirvöld og síðan Alþjóðabankann. Svokallað ARGeo-verkefni er samstarfsverkefni ríkja í norðvestanverðri Afríku um nýtingu jarðhita á svæðinu umhverfis norðurhluta Austur-Afríku sigdalsins í samstarfi við þýska þróunarsjóðinn, Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankann. Undirbúningur samstarfs við yfirvöld í Níkaragva á sviði jarðhita hófst árið 2005 og verður fyrstu verkefnum þar að lútandi hrint í framkvæmd á árinu 2006.
- Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur verið starfræktur á Íslandi frá árinu 1979. Hafa samtals 359 jarðvísindamenn og verkfræðingar frá 40 löndum lokið sex mánaða sérhæfðu námi á Íslandi. Níu sérfræðingar úr þessum hópi hafa þar að auki lokið M.Sc.-prófi frá Háskóla Íslands og notið til þess stuðnings frá Jarðhitaskólanum. Árið 2006 var 21 sérfræðingur við sex mánaða nám í skólanum og þrír við meistaranám. Auk þess hófu sex fyrrverandi nemendur skólans meistaranám við HÍ haustið 2006. Námskeið í þróunarlöndum er meðal nýjunga í starfsemi Jarðhitaskólans, en námskeiðin eru sérstakt framlag íslenskra stjórnvalda til þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Fyrsta námskeiðið var haldið í Kenýa í nóvember 2005 fyrir yfirmenn jarðhitamála í Austur-Afríku, en árleg námskeið fyrir tæknimenn fylgja. Fyrsta námskeiðið fyrir yfirmenn jarðhitamála í Mið-Ameríku verður haldið í El Salvador í nóvember 2006 og fyrsta námskeiðið fyrir yfirmenn jarðhitamála í Asíu væntanlega í Kína haustið 2007. Árleg námskeið fyrir tæknimenn munu einnig fylgja í þessum heimsálfum. Stjórnvöld hafa jafnt og þétt aukið framlög til Jarðhitaskólans og var framlagið 114 millj. kr. árið 2006.

**Sjávarútvegsmál.**

- Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur starfað frá árinu 1998. 126 sérfræðingar frá 23 löndum hafa komið til náms við skólann frá upphafi. Árlega eru um 20 nemar við skólann. Á árinu 2006 stunda þrír nemar M.Sc.-nám við HÍ með stuðningi

skólans. Framlög til Sjávarútvegsskólans nema 87,2 millj. kr. á árinu 2006. Hefur aukning framlaga m.a. verið notuð til að þróa styttri námskeið í sjávarútvegsmálum sem haldin eru á vettvangi í þróunarlöndum. Slík námskeið hafa verið haldin í Víetnam í samstarfi við DANIDA og á árinu var haldið námskeið í Tansaníu. Síðar á árinu verða haldin námskeið á Fiji í samstarfi við Háskóla Suður-Kyrrahafseyja og skrifstofu Samveldislandanna og á Srí Lanka í samstarfi við ÞSSÍ og stofnanir sjávarútvegsráðuneytis Srí Lanka. Önnur námskeið eru í undirbúningi, m.a. á Kúbu, Angóla og Srí Lanka í samstarfi við FAO.

**Samstarf við Alþjóðabankann og FAO um málefni hafsins.**

Fiskimál hafa löngum verið eitt af meginverkefnum íslenskrar þróunarsamvinnu. Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005–2009 og stefna Íslands í málefnum hafsins leggja áherslu á að þátttaka í þróunarverkefnum á sviði fiskimála sé bæði þróunarríkjum og Íslandi til framdráttar. Jafnframt er stefnt að aukinni þátttöku Íslands í umræðum og mótun stefnu alþjóðaþróunarstofnana um þróunarverkefni tengd málefnum hafsins.

Sem dæmi um nýleg verkefni sem Ísland tekur þátt í á þessu sviði má nefna PROFISH hjá Alþjóðabankanum og sérverkefni hjá FAO í gerð námsefnis á sviði fiskimála. PROFISH (Global Program on Fisheries) er nýr styrktarsjóður og samstarfsvettvangur í umsjá Alþjóðabankans sem Ísland hefur verið í fararbroddi við að setja á stofn og styrkja. Verkefninu er ætlað að styrkja sjálfbæra fiskveiðistjórnun, stuðla að efnahagslegri og félagslegri þróun, draga úr fátækt og endurbyggja framleiðni vistkerfa. Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Holland, Japan, Kanada, Noregur og Þýskaland eru ásamt Íslandi stuðningsríki PROFISH, en auk stuðningsríkjanna eiga Alþjóðabankinn, FAO, félagasamtök og fulltrúar þróunarríkja sæti í stjórn PROFISH. Eitt helsta markmið samstarfsins er að aðstoða þróunarlönd við að auka vægi fiskimála í þróunaráætlunum þeirra og leggja grunninn að tæknilegum undirbúningi þróunarverkefna á sviði fiskveiðistjórnunar og sjálfbærra fiskveiða.

Jafnframt hóf Ísland árið 2005 samstarf við Fiskimálasvið FAO um samstarf á sviði þekkingaruppbyggingar í sjávarútvegi, en markmið þess verkefnis er að búa til sérsniðin námskeið fyrir einstök þróunarríki um sjálfbærar fiskveiðar og fiskveiðistjórnun. Þessi námskeið verða haldin í þróunarríkjunum og verður það gert í samstarfi við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Stjórnlausar og ósjálfbærar fiskveiðar í þróunarríkjunum geta haft veruleg neikvæð áhrif á ímynd og tiltrú manna á fiskveiðar annars staðar í heiminum þó að þeim sé þar vel stjórnað og í anda sjálfbærrar þróunar. Aukin þróunarsamvinna í fiskimálum sem byggist á meginreglum sjálfbærrar þróunar þjónar þannig bæði hagsmunum þróunarríkja og hinna þróaðri. Jafnframt opnar samstarf íslenskra stjórnvalda við alþjóðastofnanir fyrir möguleika á samstarfi íslenskra fyrirtækja við fyrirtæki og stofnanir í þróunarríkjunum.

– Íslensk stjórnvöld hafa síðustu missirin lagt aukna áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda í smáeyþróunarríkjum. Af því tilefni hafa framlög verið veitt til þróunarverkefna alþjóðastofnana í þessum ríkjum með sérstaka áherslu á sjálfbærar fiskveiðar, orkumál, jarðhita og minnkun útstreymis gróðurhúsalofttegunda. Þá hafa stjórnvöld veitt hópi smáeyþróunarríkja fjárhagslega aðstoð til að taka þátt í málefnavinnu nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

- ÞSSÍ hefur frá upphafi lagt megináherslu á verkefni á sviði fiskimála og sjávarútvegs. Aukin áhersla á öðrum sviðum hefur ekki breytt því að fiskimál eru enn u.þ.b. þriðjungur tvíhliða þróunarsamvinnu. Ýmis fiskimálaverkefni ÞSSÍ eru þess eðlis að þau snerta jafnframt fleiri áherslusvið ÞSSÍ, svo sem félagsleg verkefni, menntun og heilbrigðismál. Unnið er að verkefnum á sviði fiskimála í öllum samstarfslöndum ÞSSÍ, nema Níkaragva, og að auki er nokkur fjöldi verkefna í undirbúningi, bæði ný verkefni og viðbætur við eldri verkefni. Heildarupphæð fiskimálaverkefna á vegum ÞSSÍ á árinu 2005 nam tæplega 2,7 milljónum bandaríkjadala.
- Í ágúst 2006 stóðu ÞSSÍ og Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna fyrir þriggja daga málþingi í Namibíu um stöðu og þróun sjávarútvegs og fiskeldis í sunnanverðri Afríku. Tæplega hundrað manns tók þátt í málþinginu, þ.m.t. hópur 11 nemenda Sjávarútvegsskólans sem setti sterkan svip á það. Til málþingsins var boðið helstu ráðamönnum í fiskimálum frá sjö löndum í sunnanverðri Afríku, Kenýa, Namibíu, Malaví, Mósambík, Suður-Afríku, Tansaníu og Úganda. Fyrirlesarar komu frá löndunum sem boðið var til ráðstefnunnar, íslenskir og norskir sérfræðingar fluttu erindi, auk sérfræðinga frá Alþjóðabankanum og FAO. Samráðsfundur norrænu þróunarsamvinnustofnananna um fiskimál var haldinn á Íslandi í september 2006.

**5.7. Upplýsingamiðlun og þekkingarsköpun.**

Markviss upplýsingamiðlun og aukin þekkingarsköpun um málefni þróunarlandanna er mikilvægur liður í að efla áhuga, þátttöku og stuðning almennings og einkageirans á þróunarsamvinnu. Virk þátttaka menntastofnana, frjálsra félagasamtaka og fyrirtækja er mikilvægur þáttur í þessu starfi. Bæði ÞSSÍ og utanríkisráðuneytið hafa unnið að því á undanförnum missirum að auka samvinnu við og hvetja til aukinnar þátttöku háskólasamfélagsins, frjálsra félagasamtaka og einkageirans í hinum ýmsu viðfangsefnum þróunarsamvinnu. Efling málefnalegrar umræðu um þróunarmál, svo sem með ráðstefnuhaldi, málþingum og samráðsfundum hefur gefist vel. ÞSSÍ hefur byggt upp gott samstarf við háskólasamfélagið og frjáls félagasamtök.

Á árinu 2005 hóf utanríkisráðuneytið nýtt samstarfsverkefni með UNDP sem felst í fjármögnun á störfum ungra íslenskra sérfræðinga á umdæmisskrifstofum stofnunarinnar í þróunarlöndum. Ungliðaverkefni af þessu tagi er góð leið til að efla tengsl Íslands við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, auka þekkingu íslenskra stjórnvalda á starfsemi Sameinuðu þjóðanna á vettvangi í þróunarlöndum og styrkja jafnframt starfsemi umdæmisskrifstofanna með vel menntuðum og hæfum starfskröftum. Síðast en ekki síst gefur verkefnið ungliðunum sjálfum ómetanlega reynslu sem getur nýst við áframhaldandi störf, t.d. á vegum Sameinuðu þjóðanna, íslenskra stjórnvalda eða á öðrum vettvangi alþjóðasamstarfs. Nú starfa þrír íslenskir ungliðar á vegum UNDP, í Gvæana, Srí Lanka og á Fiji-eyjum. Á árinu 2006 bætast þrír ungliðar í hópinn, tveir halda til starfa á vegum UNICEF í Kenía og á Indlandi og einn mun starfa á vegum UNIFEM á Barbados.

Utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ ráða árlega nokkurn fjölda starfsnema til starfa. Utanríkisráðuneytið hefur frá árinu 2002 árlega ráðið starfsnema. Þjálfun þeirra fer að öllu leyti fram hjá sendiráðum og fastanefndum Íslands erlendis og stendur yfir í um sex mánuði. Markmiðið er að gefa ungu fólki sem er að hefja starfsferil sinn færi á að kynnast störfum utanríkisþjónustunnar. ÞSSÍ býður einnig upp á starfsþjálfun í fimm mánuði í samstarfslöndum stofnunarinnar.

**5.8. Frjáls félagasamtök.**

Frjáls félagasamtök eru mikilvægir þátttakendur í þróunarsamvinnu og hafa íslensk stjórnvöld átt gott samstarf við þau og fengið að njóta reynslu þeirra og þekkingar. Með auknum framlögum stjórnvalda til þróunarsamvinnu hefur verið lögð áhersla á að auka enn frekar samstarf við frjáls félagasamtök og stuðning við starfsemi þeirra. Með auknu fjármagni koma jafnframt auknar kröfur um að framlögum til þróunarmála sé varið á skilvirkan og markvissan hátt.

Almennt er við það miðað að stuðningur utanríkisráðuneytisins við félagasamtök takmarkist við neyðar- og mannúðaraðstoð en ÞSSÍ starfi með félagasamtökum að framkvæmd þróunarverkefna með langtímauppbyggingu í huga. Mikilvægt er að stuðningur við félagasamtökin sé gagnsær og að úthlutun styrkja og val samstarfsverkefna byggist á jafnréttisgrunni. Utanríkisráðuneytið hefur því í samráði við ÞSSÍ unnið að endurskoðun á reglum um stuðning og samstarf við frjáls félagasamtök. Samráð hefur verið haft við fulltrúa frjálsra félagasamtaka sem mun m.a. liggja til grundvallar við gerð verklags- og úthlutunarreglna um samstarf við félagasamtök.

Samstarf ÞSSÍ við frjáls félagasamtök hefur farið ört vaxandi. Þar er um að ræða bæði samstarf við íslensk, frjáls félagasamtök sem og við frjáls félagasamtök í starfslöndum stofnunarinnar. Í sumum tilvikum er ÞSSÍ þar að greiða fyrir og styðja verkefni sem unnin eru í samstarfi íslenskra frjálsra félagasamtaka og sambærilegra samtaka í samstarfslöndum ÞSSÍ. Sem dæmi þar um má nefna samstarfsverkefni ÞSSÍ og Rauða kross Íslands og Rauða kross Mósambík um byggingu heilsugæslustöðva og þjálfun starfsfólks. Framkvæmdin er í höndum Rauða kross félaganna, verkefnisstjóri er starfsmaður RKÍ en ÞSSÍ greiðir 55% kostnaðarins við verkefnið. Annað slíkt dæmi er stuðningur ÞSSÍ við samstarfsverkefni ABC-hjálparstarfs á Íslandi og AUF-samtakanna í Úganda um framkvæmdir og rekstur skólastarfs þar sem ABC-hjálparstarf leggur m.a. til greiðslu kostnaðar við skólavist og framfærslu mörg hundruð barna og unglinga en ÞSSÍ hefur kostað byggingarframkvæmdir við kennslu- og heimavistarhúsnæði. Sambærilegt er einnig samstarf Hjálparstarfs kirkjunnar og ÞSSÍ um kostun verkefna sem unnin eru af Lútherska heimssambandinu. Meðal annarra frjálsra félagasamtaka á Íslandi sem ÞSSÍ hefur átt í samstarfi við um kostun þróunarstarfs eru Kristniboðssambandið, SPES, Kertabörn, ASÍ, Soroptimistasamtök og Lionsklúbbar. Samstarfið af hálfu ÞSSÍ hefur bæði falist í því að greiða hluta af kostnaði við verkefni á móti samtökunum eða að koma aðstoð frá þeim á framfæri til þeirra verkefna sem þau óska og gera þeim grein fyrir framkvæmd og framgangi, þeim að kostnaðarlausu.

Erindum frjálsra félagasamtaka sem beint hefur verið til ÞSSÍ hefur ört fjölgað og hafa verkefni sem uppfylla skilyrði stofnunarinnar um skilgreiningu þróunarverkefna yfirleitt verið samþykkt. Framlög ÞSSÍ til samstarfsverkefna við íslensk, frjáls félagasamtök hafa tvöfaldast á milli ára.

## Fylgiskjal I.

### Opinber framlög til þróunarmála.

| Í milljónum króna | 1999* | 2000* | 2001* | 2002* | 2003* | 2004* | 2005* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tvíhliða aðstoð** | **260,1** | **425,2** | **648,3** | **646,3** | **752,9** | **934,0** | **928,7** |
| Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) | 228,4 | 298,6 | 479,7 | 439,8 | 437,7 | 492,4 | 558,4 |
| þar af: Malavi | 56,0 | 80,8 | 170,3 | 143,7 | 149,7 | 159,6 | 139,0 |
| Mósambík | 40,2 | 91,9 | 127,9 | 97,9 | 78,4 | 86,9 | 98,1 |
| Namibía | 95,0 | 83,0 | 94,7 | 108,0 | 76,8 | 88,9 | 85,3 |
| Úganda | | | 35,5 | 43,6 | 73,2 | 85,4 | 101,0 |
| Sri Lanka | | | | | | | 19,1 |
| Nikaragva | | | | | | | 8,4 |
| Annað | 37,2 | 42,9 | 51,3 | 46,6 | 59,6 | 71,8 | 107,5 |
| Enduruppbygging á ófriðarsvæðum | 31,7 | 126,6 | 168,6 | 206,5 | 315,1 | 441,6 | 370,3 |
| þar af: Ísl. friðarg. (Bosnía, Kósóvó, Sri Lanka, Afganistan) | | 110,3 | 166,9 | 205,4 | 301,8 | 330,5 | 291,3 |
| Bosnía og Herzegóvína | 31,7 | 16,3 | 1,7 | 1,1 | 4,4 | 3,4 | |
| Írak (neyðaraðstoð undanskilin) | | | | | 9,0 | 107,7 | 69,0 |
| Súdan | | | | | | | 10,0 |
| **Fjölþjóðleg aðstoð** | **195,3** | **260,2** | **298,9** | **363,7** | **274,1** | **306,5** | **446,3** |
| Sameinuðu þjóðirnar | 54,7 | 39,0 | 66,1 | 60,0 | 76,0 | 59,9 | 169,4 |
| þar af: FAO | 7,0 | 7,3 | 10,1 | 11,4 | 8,3 | 4,5 | 1,7 |
| FAO - íslenskur styrktarsjóður | | | | | | | 20,0 |
| UNDP | 18,3 | 18,3 | 21,8 | 22,4 | 17,5 | 19,2 | 19,8 |
| UNDP - Ungliðaverkefni | | | | | | | 4,6 |
| UNICEF | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 11,6 | 10,4 | 11,4 | 15,3 |
| UNICEF - neyðaraðstoð | | | | | | | 6,2 |
| UNICEF - verkefni gegn barnahermennsku | | | | | | | 4,5 |
| UNIFEM | 2,5 | 2,5 | 2,5 | 3,1 | 2,8 | 2,5 | 11,7 |
| UNIFEM - réttindi kvenna í suðaustur-Evrópu | | | | | | | 12,5 |
| UNRWA | 0,5 | 0,6 | 3,1 | 2,9 | 3,1 | 3,3 | 3,3 |
| UNESCO | | | | | 2,2 | 1,9 | 1,7 |
| OCHA | 0,7 | | 3,1 | | | | 3,1 |
| UNFPA | 0,6 | | 1,0 | 1,1 | 1,0 | 1,0 | 3,0 |
| UNFPA - barátta gegn fistúlu | | | | | | | 3,0 |
| UNHCR | 10,5 | | 11,0 | 6,0 | 4,4 | 4,1 | 5,8 |
| WFP | 0,4 | 0,4 | 3,6 | 1,0 | 18,0 | 3,9 | 29,5 |
| UNVFVT | 0,5 | 0,4 | 0,4 | 0,5 | 0,4 | | |
| WHO | | | | | 7,0 | 6,2 | 6,4 |
| WHO - mænusóttarverkefni | | | | | | | 3,0 |
| Þróunarsjóðir á sviði hafréttar og landgrunnsm. | | | | | | | 12,3 |
| IAEA - tæknisjóður | | | | | | | 2,0 |
| ILO | | | | | 1,0 | 1,9 | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alþjóðabankinn | 79,7 | 95,3 | 108,6 | 110,7 | 148,9 | 157,5 | 193,2 |
| þar af: Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) | 79,7 | 95,3 | 95,0 | 95,0 | 145,0 | 145,0 | 145,0 |
| PROFISH | | | | | | | 20,2 |
| Íslenskur ráðgjafasjóður | | | 13,6 | 15,7 | 3,9 | 12,5 | 13,0 |
| Viðskiptaumhverfi í smárikjum | | | | | | | 15,0 |
| Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) | 40,7 | 35,4 | 29,0 | 56,0 | 48,4 | 46,8 | 28,0 |
| Niðurfellinga skulda þróunarríkja (HIPC) | | 68,0 | 68,5 | 113,7 | | 25,9 | 22,9 |
| Styrktarsjóður fyrir smáeyþróunarríki | | | | | | | 14,0 |
| Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) | 19,8 | 22,1 | 26,2 | 21,9 | | | |
| Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) | | | | 0,9 | 0,9 | 0,9 | 3,8 |
| Alþjóðasjóður gegn alnæmi, berklum og malaríu | | | | | | 15,0 | 15,0 |
| Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD) | 0,4 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | | 0,5 | |
| **Annað** | **127,7** | **113,8** | **154,9** | **258,1** | **325,0** | **241,1** | **336,2** |
| Jarðhitaskóli Háskóla S.þ. | 44,0 | 50,3 | 51,8 | 63,0 | 67,4 | 67,3 | 92,3 |
| Sjávarútvegsskóli Háskóla S.þ. | 23,2 | 30,4 | 36,1 | 48,9 | 54,6 | 52,0 | 73,2 |
| Flóttamannaaðstoð | 39,0 | 17,0 | 15,0 | 27,5 | 38,7 | 20,2 | 56,1 |
| Framlög til félagasamtaka | 13,6 | 5,9 | 21,4 | 14,2 | 77,9 | 19,9 | 36,5 |
| þar af: ABC barnahjálp | | 0,9 | 2,0 | 2,0 | 3,3 | 3,9 | 5,0 |
| Alþjóða Rauði krossinn | 8,0 | 4,0 | 4,2 | 4,7 | 4,1 | | 7,5 |
| Barnaheill | 0,2 | | 0,2 | 3,0 | 7,0 | 0,5 | 4,0 |
| Indverska barnahjálpin | 0,2 | | | | | | |
| Rauði kross Íslands | 5,2 | | 10,5 | 2,5 | 52,0 | 15,0 | 15,0 |
| Hjálparstarf kirkjunnar | | 1,0 | 4,5 | 2,0 | 10,0 | 0,5 | 5,0 |
| Lúterska heimssambandið | | | | | 1,0 | | |
| Samband íslenskra kristniboðsfélaga | | | | | 0,5 | | |
| Ýmis framlög og neyðaraðstoð | 0,9 | 3,2 | 0,1 | 62,5 | 17,4 | 6,5 | 2,1 |
| Utanríkisráðuneyti og sendiskrifstofur | 7,0 | 7,0 | 30,5 | 42,0 | 44,0 | 40,1 | 41,0 |
| Norræn/baltnesk samræming, Alþjóðabankinn | | | | | 25,0 | 35,0 | 35,0 |
| **SAMTALS** | **583,1** | **799,3** | **1.102,1** | **1.268,1** | **1.352,0** | **1.481,6** | **1.711,2** |
| **Hlutfall af vergum þjóðartekjum (%)^** | **0,09** | **0,12** | **0,15** | **0,16** | **0,17** | **0,18** | **0,18** |

* Samkvæmt ríkisreikningi

^ Til og með árinu 2003 var hlutfallið reiknað af vergri landsframleiðslu

## Fylgiskjal II.

### Skammstafanir.

| | |
|---|---|
| CERF | Central Emergency Response Fund |
| DAC | Development Assistance Committee – Þróunarsamvinnunefnd OECD |
| EUPM | European Union Police Mission |
| FAO | Food and Agriculture Organization of the United Nations – Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna |
| HIPC | Heavily Indebted Poor Countries Initiative |
| IDA | International Development Association – Alþjóðaframfarastofnunin |
| NDF | Nordic Development Fund – Norræni þróunarsjóðurinn |
| OCHA | United Nations Office for Coordination of Humanitarian Affairs – Samræmingarskrifstofa mannúðarmála Sameinuðu þjóðanna |
| OECD | Organization for Economic Co-operation and Development – Efnahags- og framfarastofnunin |
| SLMM | Sri Lanka Monitoring Mission |

| | |
|---|---|
| UNDP | United Nations Development Programme – Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna |
| UNESCO | United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization – Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna |
| UNICEF | United Nations Childrens Fund – Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna |
| UNIFEM | United Nations Development Fund for Women – Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna |
| UNOMIG | United Nations Observes Mission in Georgia |
| VUR | Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins |
| WFP | World Food Program – Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna |
| WTO | World Trade Organization – Alþjóðaviðskiptastofnunin |
| ÞSSÍ | Þróunarsamvinnustofnun Íslands |
| ÖSE | Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu |

# 396. Frumvarp til laga [364. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og Eignarhluta ehf.
b. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Á ríkissjóður 99,9% eignarhluta í fyrirtækinu og Eignarhlutir ehf. 0,1%.
c. 2. mgr. orðast svo:
   Hvor eigandi um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum.

2. gr.

3. gr. laganna fellur brott og breytist númeraröð annarra greina í samræmi við það.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: eða með sérlögum eða samningum.
b. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Landsvirkjun greiðir arð af framlögum eigenda.
c. 3. mgr. fellur brott.

5. gr.

6. gr. laganna fellur brott og breytist númeraröð annarra greina í samræmi við það.

6. gr.

7. gr. laganna fellur brott og breytist númeraröð annarra greina í samræmi við það.

7. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra skipar stjórn Landsvirkjunar á aðalfundi fyrirtækisins sem haldinn skal fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Hana skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara.

Stjórnarmenn, aðal- og varamenn, skulu vera lögráða, bú þeirra skal ekki hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta, þeir skulu hafa óflekkað mannorð og skulu í störfum sínum eingöngu hafa að leiðarljósi hagsmuni Landsvirkjunar. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum orkufyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum orkustarfsemi sem leitt geta til árekstra við hagsmuni Landsvirkjunar.

8. gr.

Í stað orðsins „reglugerð“ í lokamálsgrein 9. gr. laganna kemur: starfsreglur stjórnar Landsvirkjunar.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ársfund“ í 1. málsl. og orðsins „ársfundi“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: aðalfund; og: aðalfundi.
b. Orðin „til eigenda Landsvirkjunar“ í 3. tölul. 1. mgr. falla brott.
c. 2. mgr. orðast svo:
   Rétt til setu á aðalfundi eiga eigendur fyrirtækisins, stjórn og forstjóri Landsvirkjunar og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins.
d. 3. mgr. orðast svo:
   Stjórn Landsvirkjunar er heimilt að boða til aukafunda um málefni fyrirtækisins þegar þörf þykir.

10. gr.

11. gr. laganna fellur brott og breytist númeraröð annarra greina í samræmi við það.

11. gr.

Eftirfarandi beytingar verða á 3. mgr. 12. gr. laganna.

a. Í stað orðsins „Ársfundur“ kemur: Aðalfundur.
b. Orðin „borgarendurskoðunar Reykjavíkur og endurskoðanda Akureyrarbæjar“ falla brott.

12. gr.

13. gr. laganna fellur brott og breytist númeraröð annarra greina í samræmi við það.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „eignaraðila“ í lok 2. málsl. 1. mgr. kemur: fjármálaráðherra.
b. 2. mgr. fellur brott.

14. gr.

15.–20. gr. laganna falla brott.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2007.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I.**

Á aukafundi Landsvirkjunar, sem halda skal í desember 2006, skal fyrirtækinu frá 1. janúar 2007 kosin ný stjórn og varastjórn. Frá sama tíma skal umboð núverandi stjórnarmanna og varastjórnarmanna Landsvirkjunar falla úr gildi.

## II.

Reykjavíkurborg og Akureyrarbær bera einfalda ábyrgð með ríkissjóði á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað er til fyrir árslok 2006. Skal sú ábyrgð sveitarfélaganna tveggja á skuldbindingum Landsvirkjunar haldast þar til skuldbindingarnar hafa að fullu verið efndar, en íslenska ríkið mun eftir 1. janúar 2012 tryggja Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ skaðleysi ábyrgðar á þeim skuldbindingum Landsvirkjunar sem á þau kunna að falla eftir þann tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### 1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið. Efni frumvarpsins er tvíþætt. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, í kjölfar þess að ríkissjóður hefur keypt hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Þá er lagt til að fyrirsvar vegna eignarhalds ríkisins í Landsvirkjun færist frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra. Í tengslum við það er samhliða þessu frumvarpi lagt fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði þar sem m.a. eru lagðar til samhljóða breytingar á lögum nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

### 2. Meginefni frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að gera breytingar á lögum um Landsvirkjun til samræmis við þá breytingu sem orðið hefur á eignarhaldi Landsvirkjunar með kaupum íslenska ríkisins á hlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í fyrirtækinu. Lagt er til að að allar tilvísanir til sveitarfélaganna tveggja verði felldar brott. Í stað þeirra er lagt til að Eignarhlutir ehf. verði sameigandi ríkisins í Landsvirkjun með 0,1% hlut. Með þessu er sameignarfélaginu Landsvirkjun viðhaldið og ekki þarf því að gera umfangsmiklar breytingar á rekstrarformi Landsvirkjunar.

Að öðru leyti eru eftirfarandi breytingar lagðar til á lögunum um Landsvirkjun:

- Felld eru brott ákvæði um að mál er varða framkvæmd laganna og aðild ríkisins að Landsvirkjun falli undir iðnaðarráðherra.
- Felld er niður upptalning á virkjunum sem Landsvirkjun á og rekur.
- Fækkað er í stjórn Landsvirkjunar úr sjö mönnum í fimm.
- Felld eru niður ákvæði um sérstakan samráðsfund Landsvirkjunar.
- Felld eru niður ákvæði sem heimila sveitarfélögum að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun.
- Fjármálaráðherra skipar alla stjórnarmenn, aðal- og varamenn, á aðalfundi félagsins. Þá þarf aðeins að leita samþykkis fjármálaráðherra þegar nýjar skuldbindingar eða ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól ári hverju í stað eignaraðila eins og nú er.

### 3. Kaup ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Í febrúar 2005 undirrituðu iðnaðarráðherra, fjármálaráðherra, borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri viljayfirlýsingu um að íslenska ríkið leysti til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Þetta var gert í ljósi nýrra raforkulaga sem fela í sér samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Eðlilegt þótti að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, sem eigendur annarra orkufyrirtækja, losuðu um eignarhluta sína í Landsvirkjun. Í yfirlýsingunni kom fram að greiðslur fyrir eignarhlutana yrðu inntar af hendi á

löngum tíma og rynnu beint til að mæta lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaganna hvors um sig. Gert var ráð fyrir að samningur um þetta lægi fyrir eigi síðar en 30. september 2005 og að þessar breytingar á eignarhaldi Landsvirkjunar ættu sér stað 1. janúar 2006. Þá kom fram að ríkið ráðgerði að sameina Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða hf. eftir að hafa leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Með því sameinaði ríkið eigur sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu og sölu raforku. Undirbúningur að sameiningunni hófst strax en stefnt var að því að honum lyki eigi síðar en 30. september 2005 og að sameiningin tæki gildi 1. janúar 2006.

Til að vinna að þessu var skipuð fjögurra manna samninganefnd, skipuð einum fulltrúa frá hverjum aðila. Ekki náðist samkomulag um kaupin fyrir 30. september 2005 eins og að var stefnt og í byrjun árs 2006 urðu aðilar sammála um að ekki væru forsendur fyrir frekari viðræðum að svo stöddu. Um mitt ár 2006 voru viðræður síðan teknar upp að nýju. Í lok október sl. náðist loks samkomulag milli aðila um kaup ríkisins á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Var samningur þessa efnis undirritaður miðvikudaginn 1. nóvember sl. og er hann fylgiskjal með frumvarpinu (fylgiskjal I). Eignarhluti Reykjavíkurborgar er 44,525% og eignarhluti Akureyrarbæjar 5,475%. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar nk., en var undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis, borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Akureyrar.

Kaupverð eignarhlutanna nemur samtals 30,25 milljörðum kr. og skiptist þannig að Reykjavíkurborg fær um 26,9 milljarða kr. en Akureyrarbær fær um 3,3 milljarða kr. Samkvæmt samningnum greiðir ríkissjóður 1. janúar 2007 Reykjavíkurborg 3 milljarða kr. og Akureyrarbæ tæplega 370 millj. kr. Fyrir eftirstöðvum kaupverðs gefur ríkissjóður út skuldabréf til 28 ára og eru bréfin verðtryggð og bera breytilega vexti. Greiðslur af bréfunum fara annars vegar til Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og hins vegar til Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar til að mæta lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sveitarfélaganna.

Í samningnum er kveðið á um að selji ríkissjóður eignarhlut sinn fyrir 1. janúar 2012, hvort heldur að hluta eða öllu leyti, þó að lágmarki 15%, skuli kaupverð á þeim eignarhluta sem seldur er taka leiðréttingum til hækkunar eða lækkunar, að teknu tilliti til nánar tilgreindra forsendna. Ákvæðið á einungis við selji kaupandi eignarhlut sinn beinni sölu til þriðja aðila. Eftir 1. janúar 2012 eiga hvorki kaupandi né seljendur kröfur á hendur hinum um leiðréttingu á kaupverði. Frá sama tíma falla niður ábyrgðir Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar á þeim skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað hafði verið til fyrir 1. janúar 2007.

**4. Eignarhald.**

Eignarhald Landsvirkjunar hefur á undanförnum árum verið til skoðunar. Árið 1996 lögðu sameigendur ríkisins í Landsvirkjun til við iðnaðarráðherra að eignaraðilar að Landsvirkjun tækju upp viðræður um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins. Skipaði iðnaðarráðherra að tillögu sameignaraðila ríkisins að Landsvirkjun sérstaka viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun til þess að ræða eignarhald, rekstrarform og hlutverk fyrirtækisins. Viðræðunefndin ákvað að fá bandarísku fjármálastofnunina JP Morgan til að vera eignaraðilum til ráðgjafar um mat á áhrifum mismunandi rekstrarforms á stöðu Landsvirkjunar á alþjóðlegum mörkuðum og varðandi mat á verðmæti eignarhluta í fyrirtækinu.

Viðræðunefndin skilaði tillögum sínum í lok árs 1996 og á grundvelli þeirra voru gerðar ýmsar breytingar á lögum og sameignarsamningi um Landsvirkjun, m.a. varðandi arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið auk þess sem ýmis stjórnunarleg atriði voru endurskoðuð. Nefndin

fór ásamt ráðgjafa sínum, JP Morgan, yfir kosti þess og galla að minnka eða afnema eigendaábyrgð Landsvirkjunar. Niðurstaðan var sú að gera ekki breytingar á rekstrarforminu en ákveðið var að fyrir 1. janúar 2004 skyldi fara fram endurskoðun á sameignarsamningi um Landsvirkjun.

Í júlí 2000 var, að beiðni borgarstjórans í Reykjavík, skipuð ný viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á sameignarsamningi fyrirtækisins. Í skipunarbréfi nefndarinnar var vísað til samnings frá 1996 um að fyrir 1. janúar 2004 skyldi fara fram endurskoðun á sameignarsamningi, þ.m.t. á því hvort ástæða væri til að endurskoða rekstrarform fyrirtæksins. Nefndin skilaði ekki niðurstöðum.

Í byrjun árs 2004 varð að samkomulagi á milli eigenda Landsvirkjunar að skipa nýja eigendanefnd. Nefndinni var falið að skoða fjárhagsstöðu og fjármögnun Landsvirkjunar, stöðu fyrirtækisins í breyttu umhverfi raforkumála og gera tillögur um breytingar á sameignarsamningi um fyrirtækið, m.a. um arðsemismarkmið með hliðsjón af nýjum raforkulögum. Nefndin vann að tillögum fyrir eigendur Landsvirkjunar og lagði fyrir eigendur fyrirtækisins hugmyndir um að ríkið eignaðist Landsvirkjun að fullu. Nefndin skilaði starfi sínu til þeirrar samninganefndar sem skipuð var í kjölfar þess að eigendur Landsvirkjunar skrifuðu undir viljayfirlýsingu um að íslenska ríkið leysti til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Um starf þeirrar nefndar vísast til umfjöllunar hér að framan um kaup ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Eftir kaup ríkisins á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun er íslenska ríkið orðið 100% eigandi að fyrirtækinu. Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki og getur því ríkið ekki átt það eitt ef viðhalda á því rekstrarformi. Því þarf annar aðili að koma að félaginu sem sameigandi ríkisins í Landsvirkjun. Stofnað hefur verið eignarhaldsfélag, Eignarhlutir ehf., í fullri eigu ríkisins, sem unnt er að nota í þessu efni. Með eign slíks félags að litlum hlut, 0,1%, í Landsvirkjun, má vera ljóst að einungis er verið að fullnægja kröfum um tvo sameigendur að lágmarki í sameignarfélagi. Ríkið er eftir sem áður eigandi Landsvirkjunar að fullu, beint og óbeint, og ekki til þess ætlast að eignarhaldsfélagið hafi bein áhrif á starfsemi Landsvirkjunar í krafti síns eignarhluta. Þá er gert ráð fyrir því að gildandi sameignarfélagssamningur á milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar falli niður en í stað hans samþykktur nýr sameignarfélagssamningur á milli nýrra sameigenda. Fylgir hann frumvarpi þessu sem fylgiskjal II. Loks er minnt á að fyrir Alþingi er nú til meðferðar frumvarp til laga um sameignarfélög en heildarlöggjöf um það félagsform er ekki til hér á landi.

Í frumvarpinu er ekki kveðið sérstaklega á um að óheimilt sé að selja hlut ríkisins í félaginu. Hins vegar er lagt til að kveðið verði á um að Landsvirkjun sé sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. í tilteknum lögbundnum eignarhlutföllum. Því verður ekki breytt nema með lögum. Þá er og í 2. tölul. 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, m.a. kveðið á um að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að selja eignarhluta í félögum. Ekki er því þörf á að kveða sérstaklega á um að óska þurfi samþykkis Alþingis fyrir sölu á eignarhlutum í fyrirtækinu.

**5. Fyrirsvar vegna eignarhalds.**

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, falla mál er varða framkvæmd laganna og aðild ríkisins að Landsvirkjun undir ráðherra þann er fer með orkumál. Er það frávik frá þeirri skipan sem almennt var komið á meðferð slíkra eigna með 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 3/2004, en þar segir að fjármálaráðuneytið fari með mál er varða „eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar þeirra vegna, meðal annars að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu

ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis". Með hliðsjón af þessu hefur verið ákveðið að fjármálaráðherra skuli taka við eigandahlutverki ríkisins í stað iðnaðarráðherra svo sem verið hefur, enda getur í ljósi þeirrar starfsemi, sem fyrirtækið sinnir, verið óheppilegt að handhöfn þess sé hjá sama ráðherra og fer með almenna stjórnsýslu á sviði auðlinda- og orkumála, sbr. 3. og 4. tölul. 8. gr. sömu reglugerðar um stjórnarráðið.

Í samræmi við framangreinda ákvörðun er með frumvarpi þessu lagðar til breytingar á lögum nr. 42/1983, en af áðurnefndum 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands og 8. gr. samnefndra laga nr. 73/1969 leiðir að meðferð eignar ríkisins í fyrirtækinu færist við gildistöku laganna til fjármálaráðherra.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um að í stað Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar komi Eignarhlutir ehf. sem sameigandi ríkisins í Landsvirkjun með 0,1% hlut. Hvað varðar nánari umfjöllun um þetta vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu. Í c-lið er tekið fram að hvor eigenda sé í einfaldri ábyrgð fyrir skuldbindingum með sama hætti og í gildandi lögum.

Um 2.–4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að 6. gr. laganna falli brott en í henni er að finna upptalningu á þeim raforkuverum sem Landsvirkjun rekur. Um virkjunarleyfi er nú fjallað í raforkulögum, nr. 65/2003.

Í 3. mgr. greinarinnar er kveðið á um að Landsvirkjun sé heimilt, að fengu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga. Að uppfylltum ákvæðum annarra laga hefur ráðherra heimild til að veita leyfi fyrir slíkum framkvæmdum og því ekki þörf á að kveða sérstaklega á um þetta í lögum um Landsvirkjun.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að í stað gildandi 8. gr. laga um stjórn Landsvirkjunar komi ný grein sem felur í sér nokkrar breytingar á skipan stjórnar. Lagt er til að kveðið verði á um að fjármálaráðherra skipi alla aðal- og varamenn í stjórn Landsvirkjunar. Þá er lagt til að stjórnarmönnum verði fækkað úr sjö í fimm.

Hvað varðar 2. mgr. greinarinnar er í raun um hæfisreglu að ræða sem tengd er almennum neikvæðum hæfisreglum hvað varðar stjórnarsetu. Þannig verður almennt að telja að einstaklingar, sem beint eða óbeint inna af hendi störf, taka við greiðslum eða hafa hagsmuna að gæta í öðrum orkufyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum orkustarfsemi en Landsvirkjun, geti ekki gætt hagsmuna félagsins í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á skipulagi raforkumála.

Um 8. gr.

Með gildistöku raforkulaga og setningu almennra reglugerða á grundvelli þeirra er heimild til setningar reglugerðar um Landsvirkjun óþörf. Þess í stað er lagt til að í lögunum verði kveðið á um að stjórn Landsvirkjunar setji starfsreglur um starfssvið, starfsskyldur og starfshætti stjórnar og forstjóra auk annarra atriða sem stjórn fyrirtækisins telur nauðsynlegt að setja sér reglur um.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagðar til smávægilegar breytingar á 10. gr. laganna um ársfundi Landsvirkjunar. Í fyrsta lagi er lagt til að tekið verði upp orðið aðalfundur í stað ársfundar, svo sem nú er. Í öðru lagi er lagt til að fellt verði niður ákvæði um að ráðherra orkumála tilnefni fulltrúa ríkissjóðs. Við breytingar á fyrirsvari mun fjármálaráðherra taka við þessu hlutverki. Í þriðja lagi er lagt til að kveðið verði á um að stjórn Landsvirkjunar verði heimilt að boða til aukafunda um málefni fyrirtækisins þegar þörf þykir. Þá fellur niður ákvæði um að heimilt sé að kveða nánar á um fundarsköp og starfssvið ársfundar í reglugerð.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að 11. gr. gildandi laga falli brott en greinin fjallar um samráðsfund Landsvirkjunar. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á skyldum Landsvirkjunar með raforkulögum og eignarhaldi er nægjanlegt að haldinn verði einn aðalfundur í stað ársfundar og samráðsfundar.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að orðin „borgarendurskoðunar Reykjavíkur og endurskoðanda Akureyrarbæjar“ í 3. mgr. 12. gr. falli brott. Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, er m.a. kveðið á um að eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í sameignarfélagi, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skuli gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að einungis þurfi samþykki fjármálaráðherra fyrir nýjum skuldbindingum og ábyrgðum sem fara fram úr 5% af höfuðstól á hverju ári.

Um 14. gr.

Í greininni er lagt til að 15.–20. gr. laganna verði felldar brott. Í 15. gr. laganna er að finna heimild um að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til virkjana og stofnlína þeim tilheyrandi.

Í 17. gr. er fjallað um heimildir og skilyrði þess að sveitarfélög, samtök þeirra og sameignarfélög gerist eignaraðilar að Landsvirkjun. Í ljósi þess að ríkissjóður hefur keypt hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í fyrirtækinu er eðlilegt að þessi ákvæði falli niður.

Um 15. gr.

Rétt þykir vegna ýmiss konar undirbúnings að lögin öðlist gildi strax en komi þó ekki til fullra framkvæmda fyrr en 1. janúar 2007. Til glöggvunar fylgja með frumvarpi þessu sem

fylgiskjal III lög Landsvirkjunar eins og þau líta út eftir þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Þar sem fækkað er í stjórn Landsvirkjunar úr sjö í fimm er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að í desember 2006 verði kosin ný stjórn sem taki til starfa þegar lögin koma til framkvæmda 1. janúar 2007. Jafnframt þykir rétt að taka fram í lögunum að umboð núverandi aðalmanna og varamanna falli þá brott.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í samningi um kaup íslenska ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun er kveðið á um að einföld ábyrgð Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað er til fyrir árslok 2006 skuli haldast þar til skuldbindingarnar hafa að fullu verið efndar. Íslenska ríkið mun eftir 1. janúar 2012 tryggja Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ skaðleysi ábyrgðar á þeim skuldbindingum Landsvirkjunar sem sveitarfélögin eru í ábyrgð fyrir og kunna að falla á þau eftir þann tíma.

**Fylgiskjal I.**

# SAMNINGUR

um kaup íslenska ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun

**1. gr.**

**Aðilar samnings þessa**

Aðilar samnings þessa eru annars vegar íslenska ríkið, kt. 540269-7509, hér eftir nefnt kaupandi, og hins vegar Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Akureyrarbær, kt. 410169-6229, hér eftir nefnd seljendur.

**2. gr.**

**Forsendur samnings þessa**

Með viljayfirlýsingu aðila samnings þessa, dagsettri 17. febrúar 2005, sammæltust aðilar um að kaupandi leysti til sín eignarhluti seljenda í Landsvirkjun. Stefnt skyldi að því að kaupverð yrði greitt á löngum tíma og rynni beint til þess að mæta lífeyrisskuldbindingum seljenda, hvors um sig. Tekur samningur þessi mið af þeim forsendum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, er Landsvirkjun sameignarfyrirtæki í eigu ríkissjóðs (50%), Reykjavíkurborgar (44,525%) og Akureyrarbæjar (5,475%). Eiganda er óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis sameigendanna.

**3. gr.**

**Hið selda**

Um er að ræða eignarhluti seljenda í Landsvirkjun, alls 50% fyrirtækisins. Kaupandi yfirtekur keypta hluti 1. janúar 2007. Kaupandi á fyrir 50% Landsvirkjunar og þekkir fyrirtækið og eignir þess vel.

Til Landsvirkjunar teljast allar skráðar eignir fyrirtækisins og öll réttindi þess, öll viðskiptavild fyrirtækisins, öll erlend og innlend viðskiptasambönd, öll hugsanleg einkaleyfi og vörumerki fyrirtækisins, skráð og óskráð, hérlendis sem erlendis og öll önnur réttindi fyrirtækisins, hverju nafni sem þau nefnast og skulu engin undanskilin.

**4. gr.**

**Kaupverð**

Aðilar samnings þessa eru sammála um að leggja til grundvallar að heildarvirði eigin fjár Landsvirkjunar nemi 60.500.000.000 kr. (sextíumilljarðarogfimmhundruðmilljónirkróna).

Umsamið kaupverð alls hins selda er 30.250.000.000 kr. – (þrjátíu milljarðartvöhundruðogfimmtíumilljónirkróna) og skiptist þannig að kaupverð til handa Reykjavíkurborg nemur 26.937.625.000 kr. – (tuttuguogsexmilljarðarníuhundruðþrjátíuogsjömilljónirsexhundruðtuttuguogfimmþúsundkrónur) og til handa Akureyrarbæ 3.312.375.000 kr. - (þrírmilljarðarþrjúhundruðogtólfmilljónirþrjúhundruðsjötíuogfimmþúsundkrónur).

Kaupverð greiðist með því að:

a) Kaupandi greiðir í reiðufé hinn 1. janúar 2007 til handa Reykjavíkurborg 3.000.000.000 kr. – (þrjámilljarðakróna) og til handa Akureyrarbæ 368.893.880 kr. – (þrjúhundruðsextíuogáttamilljóniráttahundruðníutíuogþrjúþúsundáttahundruðogáttatíukrónur).
b) Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, 26.881.106.120 kr. – (tuttuguog sexmilljörðumáttahundruðáttatíuogeinnimilljóneitthundraðogsexþúsundeitthundraðogtuttugukrónum) gefur kaupandi út skuldabréf:
   i. samtals að fjárhæð 23.937.625.000 kr. – (tuttuguogþrírmilljarðarníuhundruðþrjátíuogsjömilljónirsexhundruðtuttuguogfimmþúsundkrónur) til handa Reykjavíkurborg, sem skiptist á 118 skuldabréf að fjárhæð höfuðstóls 200.000.000 kr. (tvöhundruðmilljónirkróna) hvert bréf og eitt skuldabréf að fjárhæð höfuðstóls 337.625.000 kr. (þrjúhundruðþrjátíuogsjömilljónirsexhundruðtuttuguogfimmþúsundkrónur)
   ii. samtals að fjárhæð 2.943.481.120 kr. – (tveirmilljarðarníuhundruðfjörutíuogþrjármilljónirfjögurhundruðáttatíuogeittþúsundeitthundraðog-tuttugukrónur) til handa Akureyrarbæ, sem skiptist á 14 skuldabréf að fjárhæð höfuðstóls 200.000.000 kr. (tvöhundruðmilljónirkróna) hvert bréf og eitt skuldabréf að fjárhæð höfuðstóls 143.481.120 kr. (hundraðfjörutíuogþrjármilljónirfjögurhundruðáttatíuogeittþúsundeitthundraðogtuttugukrónur)

   Skuldabréfin skulu gefin út til handa lífeyrissjóðum hvors sveitarfélags fyrir sig, Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar í tilviki Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar í tilviki Akureyrarbæjar, til að mæta lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna þeirra. Skuldabréfin skulu vera til 28 ára, bundin vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu janúar 2007 og bera breytilega vexti jafnháa ávöxtunarkröfu íbúðarbréfa í flokki HFF 150434. Við útreikning vaxta skal miða við meðalávöxtunarkröfu síðustu sex almanaksmánaða fyrir viðkomandi gjalddaga. Við útreikning meðalávöxtunarkröfu skal miða við lokaverð í viðskiptum hvers dags í kauphöll. Hvert skuldabréf ber að greiða með jöfnum 56 afborgunum á 6 mánaða fresti, 10. janúar og 10. júlí ár hvert, í fyrsta sinn þann 10. júlí 2007.

Afborganir skulu reiknaðar þannig að vísitöluálagi er bætt við höfuðstól lánsins og síðan deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalddaga, sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga, sem er í það sinn. Vextirnir greiðast eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Vextir reiknast frá 1. janúar 2007. Verði framangreindur flokkur íbúðarbréfa felldur niður skal miða vexti við ávöxtunarkröfu sambærilegra verðbréfa.

**5. gr.**

**Leiðréttíng kaupverðs**

Aðilar eru sammála um að selji kaupandi eignarhlut sinn fyrir 1. janúar 2012, hvort heldur að hluta eða öllu leyti, þó að lágmarki 15%, skuli kaupverðið samkvæmt samningi þessum á þeim eignarhluta sem seldur er taka leiðréttingum til hækkunar eða lækkunar. Skal hagnaður eða tap af sölu þess eignarhluta miða við heildarvirði eigin fjár fyrirtækisins skv. 1. mgr. 4. gr. samnings þessa, að teknu tilliti til;

a) verðmætis þeirra eigna sem kaupandi kann að hafa lagt Landsvirkjun til á tímabilinu frá 1. janúar 2007 til þess að eignarhluturinn er seldur, hvort heldur í formi eignarhluta í öðrum félögum, viðbótar stofnfjárframlagi eða með öðrum hætti ,

b) þeirra verðlagsbreytinga sem orðið hafa á tímabilinu frá 1. janúar 2007 til þess að eignarhluturinn er seldur,

c) raunávöxtunarkröfu eigin fjár, 11,20%,

og skiptast á milli kaupanda og seljenda, þannig að kaupandi beri 50% og seljendur 50% og þeir síðartöldu innbyrðis í samræmi við eignarhlutföll sem í gildi eru við gerð samnings þessa.

Ákvæði þetta um leiðréttingu kaupverðs á einungis við selji kaupandi eignarhlut sinn beinni sölu til þriðja aðila. Það skal ekki eiga við (i) þótt um sé að ræða sameiningu Landsvirkjunar við önnur fyrirtæki í eigu kaupanda, (ii) þótt Landsvirkjun verði breytt í hlutafélag, (iii) þótt annað fyrirtæki sé sameinað Landsvirkjun, hvort heldur með samruna eða kaupum, þar sem gagngjaldið er einungis eignarhluti í Landsvirkjun, eða (iv) þótt stofnfé Landsvirkjunar verði aukið og þriðji aðili leggi það viðbótar stofnfé inn til Landsvirkjunar.

Komi til leiðréttingar á kaupverði samkvæmt þessum lið skal það þá aðeins og fyrst gerast þegar að lágmarki 15% af eignarhluta kaupanda hafa verið seld. Hafi það gerst með sölu í fleiri en eitt skipti skal við leiðréttinguna á þeim fyrstu 15% miðað við meðalverð við sölu þeirra eignarhluta allra, að teknu tilliti til þeirra verðlagsbreytinga sem orðið hafa á tímabilinu miðað við vísitölu neysluverðs, vaxtareiknað með sama hætti og fram kemur í 3. mgr. 4. greinar samnings þessa.

Þegar því marki hefur verið náð, að 15% eignarhluta kaupanda hafa verið seld, skal leiðréttíng eiga sér stað við hverja sölu eftir það, í samræmi við ákvæði þessa liðar, þó þá aðeins og fyrst þegar 5% eignarhluta hafa verið seldir eftir að síðasta uppgjör á milli aðila fór fram.

Krafa sem leiðir af leiðréttingu á kaupverði samkvæmt þessum lið skal greiðast innan þriggja mánaða frá því að kaup takast, í reiðufé.

Eftir 1. janúar 2012 skulu hvorki kaupandi né seljendur eiga kröfur á hendur hinum um leiðréttingu á kaupverði samkvæmt samningi þessum.

**6. gr.**

**Skyldur aðila**

Seljendur bera í dag einfalda ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar. Skal sú ábyrgð á skuldbindingum Landsvirkjunar haldast þar til skuldbindingarnar hafa að fullu verið efndar, en kaupandi mun eftir 1. janúar 2012 tryggja seljendum skaðleysi slíkrar ábyrgðar á núverandi skuldbindingum Landsvirkjunar. Seljendur skulu fá hlutdeild í ábyrgðagjaldi sem Landsvirkjun greiðir vegna núgildandi skuldbindinga, allt til 1. janúar 2012.

**7. gr.**

**Önnur ákvæði**

Kaupandi eignast rétt til allra arðgreiðslna sem ákvarðanir verða teknar um frá og með 1. janúar 2007.

**8. gr.**

**Gildistaka samnings þessa**

Fram til þess tíma að samningur þessi hefur öðlast gildi skulu seljendur halda áfram óbreyttri þátttöku í stjórnun og starfrækslu Landsvirkjunar og taka afstöðu til nýrrar lántöku eða ábyrgðar skv. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með sama hætti og verið hefur.

Við gildistöku samnings þessa falla úr gildi allar sameiginlegar og gagnkvæmar skuldbindingar aðila sem gilt hafa vegna sameiginlegs eignarhalds þeirra á Landsvirkjun, að frátöldum þeim sem 6. grein samnings þessa kann að varða.

Í kjölfar samnings þessa verður lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983, með síðari breytingum, sem og öðrum þeim lögum sem gerð samnings þessa kallar á.

**9. gr.**

**Varnarþing**

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

*Undirritanir á sérstakri síðu*

Samningur þessi er gerður í fimm samhljóða eintökum, einu handa hverjum aðila og einu sem varðveitt verður hjá Landsvirkjun.

Reykjavík, 1. nóvember 2006

Iðnaðarráðherra,
með fyrirvara um samþykki Alþingis

Fjármálaráðherra,
með fyrirvara um samþykki Alþingis

Borgarstjórinn í Reykjavík,
með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur

Bæjarstjórinn á Akureyri,
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar

**Fylgiskjal II.**

## Sameignarfélagssamningur fyrir Landsvirkjun.

1. gr.

Félagið er sameignarfélag ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. og er nafn þess Landsvirkjun. Á ríkissjóður 99,9% eignarhluta í félaginu og Eignarhlutir ehf. 0,1%. Félagið er sjálfstæður skattaðili.

2. gr.

Hvor sameigandi um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum félagsins en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum.

Samkvæmt kaupsamningi dags. 1. nóvember 2006 milli fyrri sameigenda félagsins, ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrabæjar, bera þeir fram til 1. janúar 2012 sameiginlega ábyrgð á skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað hefur verið til 1. janúar 2007.

3. gr.

Heimilisfang félagsins og varnarþing er að Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.

4. gr.

Tilgangur félagsins er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

5. gr.

Stofnfé félagsins er [xx.xxx.xxx.xxx kr.]

6. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra félagsfunda.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Félagsfundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu fjármálaráðherra. Skal krafan gerð skriflega, fundarefni tilgreint og fundur þá boðaður innan þriggja daga.

8. gr.

Stjórn félagsins skal boða til félagsfunda með tilkynningu til eigenda sameignarfélagsins í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfund og félagsfundi skal boða með minnst þriggja daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Aðalfundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja eigendur sameignarfélagsins. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan hálfs mánaðar með þriggja daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækir annar eigandi sameignarfélagsins eða umboðsmaður hans.

Félagsfundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

9. gr.

Eigandi getur með skriflegu umboði veitt umboðsmanni heimild til að sækja félagsfundi og koma þar fram fyrir sína hönd.

Tillögur að breytingum á sameignarfélagssamningi þessum má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

Ákvörðun um sölu fyrirtækisins, umtalsverðra eigna þess, svo sem virkjana og virkjanaréttinda, dótturfélaga þess sem starfa samkvæmt lögum, sameiningu eða samruna félagsins við önnur félög eða fyrirtæki eða slit félagsins er óheimil nema að fengnu samþykki Alþingis.

10. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Ársskýrsla stjórnar félagsins um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda félagsins lagðir fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Tilnefning stjórnar félagsins.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Umræður um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á félagsfundum.

11. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara, sem skulu allir tilnefndir af fjármálaráðherra á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður stjórnar félagsins skal tilnefndur sérstaklega á aðalfundi. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórnarmenn, aðal- og varamenn, skulu vera lögráða, bú þeirra skal ekki hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta, þeir skulu hafa óflekkað mannorð og skulu í störfum sínum eingöngu hafa að leiðarljósi hagsmuni félagsins. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum orkufyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum orkustarfsemi sem leitt geta til árekstra við hagsmuni félagsins.

12. gr.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir þriggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Forstjóri skal eiga sæti á stjórnarfundum. Stjórnarfundir eru lögmætir ef þrír stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerð um stjórnarfundi.

13. gr.

Formaður félagsstjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar og forstjóra.

14. gr.

Stjórn félagsins ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Forstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs og er heimilt að fela það öðrum starfsmönnum Landsvirkjunar í sínu umboði. Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

15. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

16. gr.

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

17. gr.

Sameignarfélagssamningi þessum má breyta á lögmætum aðalfundi með samþykki eigenda sameignarfélagsins enda samræmist breytingin lögum Landsvirkjunar og dótturfélaga.

18. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara með sem breytingar á sameignarfélagssamningi þessum. Aðalfundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

19. gr.

Þar sem ákvæði sameignarfélagssamnings þessa segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta almennum reglum sem gilda um sameignarfélög, svo og lagaákvæðum er við geta átt hverju sinni.

20. gr.

Stangist ákvæði sameignarfélagssamnings þessa að einhverju marki á við lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, skulu ákvæði samningsins víkja.

21. gr.

Sameignarfélagssamningur þessi, sem samþykktur er á félagsfundi hinn [xx] desembermánaðar 2006, kemur í stað sameignarfélagssamnings um Landsvirkjun, dags. 27. febrúar 1981 með breytingum gerðum 28. október 1996, og fellur sá samningur úr gildi samhliða gildistöku samnings þessa.

Reykjavík, desember 2006.

**Fylgiskjal III.**

## Lög um Landsvirkjun eftir fyrirhugaðar breytingar.

1. gr.

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Á ríkissjóður 99,9% eignarhluta í fyrirtækinu og Eignarhlutir ehf. 0,1%.

Hvor eigandi um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum.

2. gr.

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

3. gr.

Landsvirkjun er eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hefur eignast fyrir setningu laga þessara eða með sérlögum eða samningum

4. gr.

Landsvirkjun greiðir arð af framlögum eigenda.

Arðgreiðslan skal ákveðin með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins og yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum.

5. gr.

Fjármálaráðherra skipar stjórn Landsvirkjunar á aðalfundi fyrirtækisins sem haldinn skal fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Hana skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara.

Stjórnarmenn, aðal- og varamenn, skulu vera lögráða, bú þeirra skal ekki hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta, þeir skulu hafa óflekkað mannorð og skulu í störfum sínum eingöngu hafa að leiðarljósi hagsmuni Landsvirkjunar. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum orkufyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum orkustarfsemi sem leitt geta til árekstra við hagsmuni Landsvirkjunar.

6. gr.

Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu. Forstjóri skal eiga sæti á stjórnarfundum.

Stjórn Landsvirkjunar fer með málefni fyrirtækisins og skal annast um að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins.

Forstjóri annast daglegan rekstur fyrirtækisins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Stjórn Landsvirkjunar skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Forstjóri skal sjá um að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti.

Einungis stjórn Landsvirkjunar getur veitt prókúruumboð.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og forstjóra skulu sett í starfsreglur stjórnar Landsvirkjunar.

7. gr.

Halda skal í aprílmánuði ár hvert aðalfund Landsvirkjunar. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi Landsvirkjunar síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur Landsvirkjunar fyrir liðið reikningsár ásamt skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um arðgreiðslur og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Landsvirkjunar á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið kjörtímabil.
5. Lýst kjöri stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Umræður um önnur mál.

Rétt til setu á aðalfundi eiga eigendur fyrirtækisins, stjórn og forstjóri Landsvirkjunar og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins.

Stjórn Landsvirkjunar er heimilt að boða til aukafunda um málefni fyrirtækisins þegar þörf þykir.

8. gr.

Starfsár Landsvirkjunar og reikningsár er almanaksárið.

Stjórn Landsvirkjunar og forstjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár og skal hann gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju og skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar.

Aðalfundur Landsvirkjunar kýs löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða reikninga fyrirtækisins samkvæmt tillögu Ríkisendurskoðunar.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning Landsvirkjunar í samræmi við lög og góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn fyrirtækisins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og skal áritunin fylgja ársreikningnum sem skýrsla hans.

9. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis fjármálaráðherra.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2007.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I.**

Á aukafundi Landsvirkjunar, sem halda skal í desember 2006, skal fyrirtækinu frá sama tíma kosin ný stjórn og varastjórn. Frá sama tíma skal umboð núverandi stjórnarmanna og varastjórnarmanna Landsvirkjunar falla úr gildi.

**II.**

Reykjavíkurborg og Akureyrarbær bera einfalda ábyrgð með ríkissjóði á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað er til fyrir árslok 2006. Skal sú ábyrgð sveitarfélaganna tveggja á skuldbindingum Landsvirkjunar haldast þar til skuldbindingarnar hafa að fullu verið efndar, en íslenska ríkið mun eftir 1. janúar 2012 tryggja Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ skaðleysi ábyrgðar á þeim skuldbindingum Landsvirkjunar sem á þau kunna að falla eftir þann tíma.

## Fylgiskjal IV.

*Fjármálaráðuneyti*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar sem eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi eru gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 42/1983, um Landvirkjun, vegna kaupa ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í fyrirtækinu. Stofnað hefur verið eignarhaldsfélag sem er í fullri eigu ríkisins til að fullnægja sameignarfélagsforminu. Í öðru lagi er lagt til að önnur orkufyrirtæki sem eru að fullu í eigu ríkisins verði tengd Landsvirkjun þannig að þau verði dótturfélög Landsvirkjunar. Í þriðja lagi er lagt til að eignarhald orkufyrirtækja færist alfarið frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði. Heimild til að kaupa eignarhlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun hefur verið lögð fram í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 og verður sótt um lánsfjárheimildir vegna kaupanna og viðeigandi greiðsluheimildir í fjárlögum. Kaupverðið er samkvæmt samningi 30,3 milljarðar króna og þar af verða 3,4 milljarðar greiddir um áramótin en afgangurinn, eða 26,9 milljarðar, verða á skuldabréfi til 28 ára. Áætlað er að gjaldfærð vaxtagjöld ríkissjóðs á næsta ári verði um 1.195 m.kr. vegna skuldabréfsins. Á móti kemur að arðgreiðslur frá Landsvirkjun munu í framtíðinni renna að fullu til ríkissjóðs og er áætlað að þær verði 200 m.kr. hærri á næsta ári af þeim sökum. Önnur efnisatriði frumvarpsins hafa ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

# 397. Frumvarp til laga [365. mál]

um breytingar á lögum á orkusviði.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

**Breyting á lögum nr. 10 19. mars 2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, með síðari breytingum.**

1. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf.

**Breyting á lögum nr. 40 30. maí 2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, með síðari breytingum.**

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf.

Fjármálaráðherra skal leggja eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Landsvirkjun fer eftir það með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf.

Stjórn félagsins skal skipuð 3–5 mönnum og jafnmörgum til vara samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

**Breyting á lögum nr. 25 12. apríl 2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.**

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu.

Fjármálaráðherra skal leggja eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Landsvirkjun fer eftir það með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu.

Stjórn félagsins skal skipuð 3–5 mönnum og jafnmörgum til vara samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi.

Þrátt fyrir tímamark yfirtöku skv. 1. mgr. skal hlutafélagið yfirtaka skattaréttarlegar skuldbindingar og réttindi Rafmagnsveitna ríkisins frá upphafi árs 2006. Skal upphafsefnahagsreikningur hlutafélagsins í skattalegu tilliti miðast við 1. janúar 2006 að gerðu endurmati eigna og fyrninga samkvæmt II. kafla laga nr. 50/2005, um skattskyldu orkufyrirtækja, og hafi ekki í för með sér skattskyldu vegna hagnaðar af afhentum eða mótteknum eignum.

**Gildistaka.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum. Í frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að gerð verði breyting á fyrirsvari ríkisins varðandi eignarhluti í Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf. og Rarik hf. Í öðru lagi er lagt til að fjármálaráðherra leggi allan eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarik inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Í þriðja lagi er lagt til að gerð verði breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins þannig að eytt verði óvissu um skattalega meðferð við stofnun hlutafélags um fyrirtækið.

Samkvæmt lögum um stofnun hlutafélaga um Hitaveitu Suðurnesja, Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins fer iðnaðarráðherra ýmist einn, eða ásamt fjármálaráðherra, með eignarhlut ríkisins í fyrirtækjunum. Er það frávik frá þeirri skipan sem almennt var komið á meðferð slíkra eigna með 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar, nr. 3/2004, en þar segir að fjármálaráðuneytið fari með mál er varða „eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar þeirra vegna, meðal annars að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis".

Með hliðsjón af þessu hefur verið ákveðið að fjármálaráðherra skuli alfarið taka við eigandahlutverki ríkisins gagnvart orkufyrirtækjum í þess eigu í stað iðnaðarráðherra svo sem verið hefur, enda getur í ljósi þeirrar starfsemi, sem fyrirtækin sinna, verið óheppilegt að handhöfn þess sé hjá sama ráðherra og fer með almenna stjórnsýslu á sviði auðlinda- og orkumála, sbr. 3. og 4. tölul. 8. gr. sömu reglugerðar um Stjórnarráðið. Hvað varðar Orkubú Vestfjarða og Rarik verður þetta fyrirsvar óbeint því í frumvarpinu er lagt til að eignarhald ríkisins í fyrirtækjunum færist til Landsvirkjunar, en að fyrirsvar vegna eignarhalds ríkisins í Landsvirkjun verði hjá fjármálaráðherra.

Í samræmi við framangreinda ákvörðun er með frumvarpi þessu leitað eftir viðeigandi breytingum á lögum nr. 10/2001, nr. 40/2001 og nr. 25/2006, en af áðurnefndum 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands og 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, leiðir að meðferð hlutafjár ríkisins í fyrirtækjunum færist við gildistöku laganna til fjármálaráðherra.

Í febrúar 2005 undirrituðu iðnaðarráðherra, fjármálaráðherra, borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri viljayfirlýsingu um að íslenska ríkið leysti til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Í tengslum við yfirlýsinguna kom fram að íslenska ríkið ráðgerði að sameina Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða eftir að hafa leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun og sameina með því eigur sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu og sölu raforku. Í frumvarpinu er hins vegar nú lagt til að Orkubú Vestfjarða og Rarik verði áfram rekin sem sjálfstæð hlutafélög, en að fjármálaráðherra leggi alla eignarhluti ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarik, en ríkið á og fer með alla hluti í báðum fyrirtækjunum, inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkisins. Með því verða Orkubú Vestfjarða og Rarik dótturfélög að fullu í eigu Landsvirkjunar, sem fer eftir það með hlutina í félögunum. Þar með verður því eignarhald ríkisins óbeint í félögunum tveimur. Æskilegt er að ríkið haldi utan um hagsmuni sína í rekstri raforkufyrirtækja með þessum hætti. Fyrirtækin stofnuðu fyrr á þessu ári fyrirtækið Orkusöluna ehf. til að annast raforkusmásölu og var stofnun þess fyrsti vísirinn að framtíðarsamstarfi fyrirtækjanna.

Viðbótareigendaframlag ríkisins til Landsvirkjunar með framangreindum hætti mun einnig styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar. Ekki liggur fyrir endanlegt mat á virði þessara hluta,

en eigið fé fyrirtækjanna samkvæmt ársreikningum fyrir árið 2005 nemur samanlagt rúmum 17 milljörðum kr.

Um 1. gr.

Breytingin felur í sér að fjármálaráðherra er falið að fara einn með eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf., en ekki með iðnaðarráðherra, svo sem nú er kveðið á um í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 10/2001.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér að fjármálaráðherra er falið að fara einn með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf., en ekki með iðnaðarráðherra, svo sem nú er kveðið á um í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 40/2001. Þá er lagt til að fjármálaráðherra skuli leggja eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Með því verður Orkubú Vestfjarða dótturfélag Landsvirkjunar og í 100% eigu Landsvirkjunar.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að stjórnarmenn Orkubús Vestfjarða geti verið 3–5 samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Stjórnin er nú skipuð fimm mönnum en þyki ástæða til þess að fækka stjórnarmönnum í fjóra eða þrjá þarf ekki að koma til sérstök breyting á lögum félagsins af því tilefni. Eðlilegt er að slík ákvörðun liggi hjá eiganda félagsins.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér að fjármálaráðherra er falið að fara með eignarhlut ríkisins í Rarik hf. í stað iðnaðarráðherra.

Þá er lagt til í 2. mgr. að fjármálaráðherra skuli leggja allan eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkisins í Landsvirkjun. Með því verður Rarik dótturfélag Landsvirkjunar og í 100% eigu Landsvirkjunar.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að stjórnarmenn félagsins geti verið 3–5 samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Um þetta atriði vísast til athugasemda við 3. mgr. 2. gr.

Um 4. gr.

Lög um skattskyldu orkufyrirtækja, nr. 50/2005, tóku gildi 30. maí 2005 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna ársins 2006. Rafmagnsveitur ríkisins hafa samkvæmt þeim lögum verið skattskyldar frá upphafi þessa ársins 2006 óháð stofnun hlutafélags um rekstur þeirra, en hlutafélagið yfirtók öll réttindi og skyldur Rafmagnsveitna ríkisins 1. ágúst sl. Lögð er til sú breyting að hlutafélagið taki yfir allar skattaréttarlegar skyldur og öll skattaréttarleg réttindi sem að öðrum kosti hefðu fallið á Rafmagnsveitur ríkisins vegna rekstrar þeirra á tímabilinu 1. janúar til 1. ágúst 2006. Er þeirri yfirtöku ætlað að taka til allra skatta, þ.m.t. tekjuskatts, virðisaukaskatts og tryggingagjalds. Tillaga þessi er til samræmis við það tímamark yfirtöku sem lagt var til í frumvarpi því til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, er lagt var fram á þingskjali nr. 474 í 392. máli 132. löggjafarþings. Jafnframt er lagt til að áréttað verði að yfirfærsla eigna skuli í skattalegu tilliti miðast við verðmæti eigna að gerðu endurmati samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 50/2005.

Um 5. gr.

Rétt þykir vegna ýmiss konar undirbúnings að lögin öðlist gildi strax en komi þó ekki til fullra framkvæmda fyrr en 1. janúar 2007.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði.**

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að gerð verði breyting á meðferð eignarhluta ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf. og Rarik hf. þannig að ábyrgð á eignarhlutunum verði færð frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra. Í öðru lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á skipun stjórnar Orkubús Vestfjarða og Rarik hf. Í þriðja lagi er lagt til að fjármálaráðherra leggi allan eignarhlut ríkisins í Rarik hf. og Orkubúi Vestfjarða hf. inn í Landsvirkjun sem viðbótareigendaframlag ríkisins. Í fjórða lagi er lagt til að kveðið verði á um að Rarik hf. taki yfir allar skattaréttarlegar skyldur og réttindi sem að öðrum kosti hefðu fallið á Rafmagnsveitur ríkisins vegna rekstrar þeirra á tímabilinu 1. janúar til 1. ágúst 2006 auk þess að nánar er kveðið á um yfirfærslu eigna. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

## 398. Frumvarp til laga [366. mál]

um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnar. Hafnarstjórn gerir tillögu um skipulag hafnarsvæðis til skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar að höfðu samráði við Siglingastofnun Íslands um gerð þess. Viðkomandi sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafnir skulu birta gjaldskrár sínar með skýrum og aðgengilegum hætti, svo sem á netinu. Höfnum skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. er heimilt að birta gjaldskrár sínar í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Höfnum er heimilt samkvæmt kafla þessum að innheimta eftirtalin gjöld sem renna til hvers kyns uppbyggingar hafnar og reksturs hennar, sbr. 5. tölul. 3. gr.:

1. Hafnargjald sem nánar sundurliðast á eftirfarandi hátt:
   a. Skipagjöld sem skiptast í bryggjugjöld og lestargjöld og eru lögð á skip og báta er nota viðkomandi höfn og miðast við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
   b. Vörugjöld, þ.m.t. aflagjald, af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfn.
   c. Hafnsögugjöld og gjöld fyrir þjónustu hafnarbáta.
   d. Leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar á vöru.

   Hafnargjald samkvæmt þessum tölulið skal standa undir kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, dýpkanir og legu í höfn, aðstöðu við bryggjur og á hafnarbakka, hafnarbáta og hafnsögu þar sem það á við.
2. Farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju og skal gjald þetta standa straum af kostnaði við uppbyggingu á aðstöðu og búnaði fyrir farþega og bíla, sem og kostnaði við rekstur og viðhald.
3. Geymslugjald fyrir geymslu vöru og gáma innan húss á hafnarsvæði og skal gjald þetta standa straum af kostnaði við uppbyggingu, viðhald, endurnýjun og rekstur á geymsluaðstöðunni.
4. Leigugjald fyrir afnot af mannvirkjum eða tækjum hafnarinnar, þ.m.t. upptökumannvirkjum og löndunarkrönum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við uppbyggingu, rekstur, viðhald og endurnýjun mannvirkjanna.
5. Leyfisgjald fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 5. gr. Gjaldið skal standa straum af undirbúningskostnaði veittra leyfa.
6. Lóðargjald og lóðarleigu fyrir leigu á svæðum innan hafnarinnar.
7. Festargjald sem nota skal til að greiða kostnað við festarþjónustu sem höfnin veitir.
8. Gjöld fyrir endursölu á vatni og rafmagni og kostnað er því fylgir.
9. Sorpgjöld sem skulu standa straum af kostnaði við sorphirðu frá skipum og fyrirtækjum á hafnarsvæði, sem og eyðingu sorpsins.
10. Vigtar- og skráningargjald sem skal standa straum af kostnaði við rekstur, viðhald og endurnýjun hafnarvogar.
11. Umsýslugjald til þess að standa straum af kostnaði vegna umsýslu og yfirstjórnar, t.d. launum og skrifstofukostnaði. Heimilt er að láta umsýslugjaldið samkvæmt þessum tölulið vera innifalið í gjaldtöku skv. 1.–10. tölul. með sérstöku álagi á viðkomandi gjald.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Notendur hafnar geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðum gjalda.

4. gr.

1. málsl. 2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo: Gjaldtaka hafnar samkvæmt þessum kafla skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar, stofnkostnaði og kostnaði við viðhald hennar, auk þess sem heimilt er að taka tillit til arðsemi á endurmetnu eigin fé.

5. gr.

Við 1. mgr. 21. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Höfn, sem telst neyðarhöfn í samræmi við áætlun um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands, sem Siglingastofnun Íslands gerir að höfðu samráði við viðkomandi höfn,

Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnun, er skylt að taka á móti skipum í sjávarháska eftir því sem nánar er kveðið á um í áætluninni. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um áætlunina og neyðarhafnir í reglugerð.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Ráðherra skal í síðasta lagi árið 2010, eða fyrr ef nauðsyn krefur, skipa sérstaka skoðunarnefnd sem hafi það hlutverk að meta hvort töluleg viðmið 24. gr. þurfi breytinga við í ljósi reynslunnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með núgildandi hafnalögum, nr. 61/2003, voru lögfest margvísleg nýmæli er varða rekstur hafna frá því sem áður var. Ber þar einna hæst þá breytingu að færa rekstur og umhverfi hafna nær öðrum atvinnurekstri með því að heimila fleiri rekstrarform hafna, minnka ríkisafskipti af rekstri, afnema samræmda gjaldskrá og taka upp það fyrirkomulag að hver höfn setji sér sína sérstöku gjaldskrá. Vegna þessara miklu breytinga var kveðið á um það í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum að skipa skyldi sérstaka endurskoðunarnefnd til að meta hvernig til hafi tekist við framkvæmd laganna og gera tillögur að nauðsynlegum breytingum.

Önnur verkefni nefndarinnar eru samkvæmt áðurnefndu bráðabirgðaákvæði að kanna hvort og að hvaða marki raunveruleg samkeppni ríkir á milli hafna og jafnframt hvort ástæða sé til þess að skilgreina og skilja á milli hafna í samkeppni og hafna sem eru það ekki. Þá á nefndin að skoða sérstaklega hag þeirra hafna sem teljast mikilvægar í samgöngukerfi landsins og koma með tillögur til úrbóta ef þörf krefur. Jafnframt á nefndin að skoða sérstaklega stöðu skuldugustu hafnanna og koma með tillögur til úrbóta telji hún ástæðu til.

Nefnd sú sem bráðabirgðaákvæðið kveður á um var skipuð af samgönguráðherra 12. ágúst 2005 og er frumvarp þetta samið á vegum hennar.

Í nefndina voru skipaðir þeir Reynir Ragnarsson, löggiltur endurskoðandi, sem er formaður, Gísli Gíslason hafnarstjóri og Ragnheiður Hákonardóttir, formaður hafnarstjórnar Ísafjarðarhafnar, tilnefnd af Hafnasambandi sveitarfélaga, Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, Garðar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Nesskipa, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra kaupskipaútgerða. Með nefndinni starfar Sigríður Finsen, formaður Hafnaráðs, Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri og Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu. Starfsmaður nefndarinnar var Jón Eðvald Malmquist, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu, og tók Svanhvít Axelsdóttir, lögfræðingur í sama ráðuneyti, við af honum.

Nefndin fjallaði þó ekki um neyðarhafnir heldur er nýmæli frumvarpsins í 5. gr. um slíkar hafnir byggt á tillögu frá Siglingastofnun Íslands.

Helstu breytingar sem frumvarpið hefur að geyma eru eftirfarandi:

*1. Samráð um skipulag.*

Hér er lögð til sú breyting að skipulag hafnar er falið hafnarstjórn en í núgildandi lögum er kveðið á um samráð við hafnarstjórn. Áfram er gert ráð fyrir samráði við Siglingastofnun og einnig að framkvæmdaleyfið sé útgefið af sveitarstjórn.

Með tillögu þessari er í raun ekki verið að breyta fyrirkomulagi þessara mála heldur færa lagaákvæðið til samræmis við þá framkvæmd sem nú tíðkast og er hagkvæmust. Þá er rétt að hafa í huga að þetta samræmist einnig því að þar sem hafnir eru með sérstaka hafnarstjórn, fellur kostnaður við deiliskipulag á hafnarsjóð og gildir það sama um hafnir sem falla undir 3. tölul. 8. gr. laganna.

*2. Skylda til að birta gjaldskrár.*

Fyrir gildistöku núgildandi hafnalaga var aðeins um að ræða eina gjaldskrá hafna sem gilti um allar hafnir landsins nema einstaka stóriðjuhafnir. Gjaldskráin var gefin út af samgönguráðuneytinu og var birt í Stjórnartíðindum. Engin ákvæði eru í núgildandi hafnalögum um birtingu gjaldskráa hafna, hvorki hafna í opinberum reksri né einkarekstri. Framkvæmdin á því hvort og þá hvernig einstakar hafnir hafa staðið að birtingu gjaldskráa hefur verið mjög mismunandi og hefur Siglingastofnun Íslands síðan lögin tóku gildi, leitast við að birta á heimasíðu sinni yfirlit um þessar gjaldskrár. Jafnframt hefur verið ágreiningur um hvort höfnum í opinberum rekstri er skylt að birta gjaldskrár í B-deild Stjórnartíðinda á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 15/2005 eða hvort um heimildarákvæði er að ræða. Vegna þessa og til að tryggja að gegnsæi ríki um gjaldtöku hafna er lagt til að kveðið verði á um það í hafnalögum að höfnum sé skylt að birta gjaldskrár sínar með skýrum og aðgengilegum hætti, svo sem á netinu. Einnig er tekið fram, til að taka af allan vafa, að höfnum í opinberri eigu er heimilt að birta gjaldskrár í B-deild Stjórnartíðinda en ekki er um skyldu að ræða.

*3.. Endurskoðun á gjaldskrárákvæðum 17. gr.*

a. Í 17. gr hafnalaga er gjaldtaka hafna í opinberum rekstri lögfest. Um er að ræða þjónustugjöld sem uppfylla verða þær almennu reglur sem um slíkt gilda, þ.e. hver gjaldflokkur skal standa straum af þeim kostnaði sem honum er ætlað að standa undir.

Frá gildistöku laganna hefur komið fram gagnrýni á 17. gr. þeirra bæði frá Hafnasambandi sveitarfélaga og einstaka höfnum. Hefur sú gagnrýni einkum beinst að því að ekki sé hægt með viðunandi hætti að skipta rekstrarkostnaði á skipa- og vörugjöld með þeim hætti sem 1. og 2. tölul. 17. gr. gera ráð fyrir, þannig að unnt sé að uppfylla það grundvallarskilyrði opinberra þjónustugjalda að þau standi undir kostnaði við veitta þjónustu. Þetta á við um kostnað við að reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, dýpkanir og legu í höfn, aðstöðu við bryggju og á hafnarbakka.

Einnig hafa verið gerðar athugasemdir við að í 9. tölul. 17. gr. er gert ráð fyrir sérstöku gjaldi, hafnsögugjaldi, sem skal standa straum af kostnaði við hafnsöguþjónustu og í 10. tölul. gjaldi fyrir þjónustu dráttarbáta sem standa skal undir kostnaði við rekstur dráttarbáta. Reyndin er hins vegar sú að erfitt er fyrir hafnir að taka full gjöld fyrir hafnsöguþjónustu annars vegar og þjónustu dráttarbáta hins vegar. Ef slík gjöld ættu að standa undir kostnaði yrði sú þjónusta allt of dýr. Þannig hefur ekki verið hjá því komist að hafa gjöld þessi lægri en nauðsynlegt er til að standa undir kostnaði og innheimta hluta af kostnaðinum vegna þessarar þjónustu með öðrum hætti. Núverandi 17. gr. gerir hins vegar ekki ráð fyrir að hafnir geti náð hluta þessa kostnaðar af öðrum gjaldstofnun og í raun er það ekki heimilt samkvæmt framangreindri meginreglu um opinber þjónustugjöld. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að oft er um hafnsöguskyldu að ræða sem bundin er í reglugerð viðkomandi hafnar. Að auki eru bátarnir einnig notaðir í neyðartilvikum, svo sem vegna björgunar á sjó og vegna mengunarvarna.

Þá má jafnframt geta að í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4298/2004 var komist að þeirri niðurstöðu að vörugjöld sem ákveðin voru af tiltekinni höfn í opinberum rekstri hafi

ekki verið í samræmi við reglur um ákvörðun og töku þjónustugjalda hjá hinu opinbera og á það bent að í 17. gr. sé að finna óskýr skil á milli kostnaðar sem mæta skal með tekjum af einstökum gjöldum. Í áliti sínu kemur umboðsmaður þeirri ábendingu á framfæri við samgönguráðherra að endurskoðunarnefndinni verði falið að taka til athugunar hvort þörf sé á endurskoðun ákvæða 17. gr. með það í huga að skýrar verði greint á milli þeirra kostnaðarliða sem tekjur af einstökum gjöldum eiga að standa undir.

Með breytingum sem lagðar eru til hér er ætlunin að bæta úr framangreindum vanda sem fylgir núgildandi sundurgreiningu gjaldanna og tryggja að uppfyllt séu skilyrði gjaldtöku opinberra þjónustugjalda. Er við það farin sú leið að sameina þrjá gjaldflokka í eitt nýtt gjald sem kallað er hafnargjald. Þessu gjaldi er ætlað að standa undir þeim kostnaði sem þar er tilgreindur og skiptist í fjóra kostnaðarliði, þ.e. skipagjöld þ.m.t. bryggju- og lestargjöld, vörugjöld, hafnsögugjöld og gjöld fyrir þjónustu hafnarbáta og leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar á vöru. Er höfnum heimilt að nota alla þessa kostnaðarliði í því skyni að mæta þeim kostnaði sem undir hafnargjaldið fellur.

Aðrir gjaldflokkar eru óbreyttir frá núgildandi lögum að öðru leyti en því að einstaka gjaldaliðir hafa verið skýrðir nánar og hvaða kostnaði þeir standa undir. Ætti það að vera til þess fallið að draga úr hættu á misskilningi og ágreiningi um gjaldheimildir hafna í opinberum rekstri.

b. Hér er lögð til sú breyting að bæta við ákvæði um heimild notenda hafna til að krefja hafnarstjórn um upplýsingar um þann kostnað sem almennt hlýst af því að veita þá þjónustu sem gjaldinu er ætlað að standa undir en ekkert slíkt ákvæði er í núgildandi hafnalögum.

Ákvæði þessu er ætlað að tryggja réttindi og hagsmuni notenda hafnanna og taka af allan vafa um þennan rétt þeirra til upplýsinga og er það í samræmi við þær almennu reglur sem um þjónustugjöld opinberra aðila gilda.

*Breyting á heimildum hafna sem ekki teljast til opinbers reksturs til gjaldtöku.*

Í núgildandi hafnalögum, nr. 61/2003, er kveðið á um gjaldtöku hafna sem ekki teljast til opinbers reksturs í 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. og er miðað við að gjaldtakan standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar. Eins og ákvæðið er orðað getur það valdið vafa um hvort höfn sé heimilt að taka tillit til uppbyggingar hafnarinnar og viðhalds við gjaldtökuna en ljóst er að slíkt er nauðsynlegur og eðlilegur hluti af starfsemi og rekstri hafnarinnar. Höfnum er ekki heimilt að taka tillit til arðsemiskrafna í gjaldtöku sinni og getur því vart skilað arði en gert er ráð fyrir því í 19. gr. laganna að svo sé.

Því er lagt til að 1. málsl. 20. gr. verði breytt og kveðið á um að við gjaldtöku megi gera arðsemiskröfur með takmörkunum eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við greinina. Jafnframt verði tekið fram að heimilt sé við gjaldtökuna að miða við stofnkostnað við uppbyggingu hafnarinnar og viðhald, til að taka af allan vafa um slíka heimild.

Áfram er tryggt í 19. gr. laganna að höfn sé ekki heimilt að greiða arð til eigenda sinna fyrr en eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð hennar sem sett er skv. 4. gr. laganna.

Talið er að samkeppnislög og eftirlit Samkeppniseftirlitsins eigi að tryggja að höfn geti ekki gert óhóflegar arðsemiskröfur í gjaldskrár sinni.

*Endurskoðunarnefnd.*

Lagt er til að á ný verði tiltekið að endurskoðunarnefnd verði skipuð til þess að fara yfir reynsluna af þessum lögum. Í þetta sinn er miðað við að það verði gert eigi síðar en 2010 en þá ætti að vera komin nokkur reynsla á styrkjaákvæði núgildandi hafnalaga.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lögð til sú breyting að frumkvæðið að skipulagi hafnarsvæða sé í höndum hafnarstjórnar í stað þess að stjórnin sé samráðsaðili við gerð skipulagsins eins og samkvæmt núgildandi lögum. Þessi breyting er í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð er í þessum málum í dag og er í engu raskað því ferli að tillögur hafnarstjórnar fara til umfjöllunar skipulagsnefndar og síðan sveitarstjórnar sem veitir framkvæmdaleyfi.

Um 2. gr.

Lagt er til að sú skylda verði lögð á allar hafnir að birta gjaldskrár sínar með skýrum og aðgengilegum hætti, svo sem á netinu. Gildir þetta um allar hafnir, óháð rekstrarformi þeirra og ber höfnum að birta gjaldskrár með þeim hætti að gjaldskrá sé aðgengileg öllum notendum hafnarinnar og þjónustunnar sem þar er veitt. Ekki þykir ástæða til að kveða nánar á um birtingarháttinn heldur er lagt í hendur stjórnenda hafnanna á hverjum stað að ákveða hann enda eflaust mismunandi hvað hentar hverri höfn fyrir sig. Ekki þykir ástæða til að skylda hafnir í opinberum rekstri til að birta gjaldskrár í B-deild Stjórnartíðinda og því kveðið á um heimild til þess.

Um 3. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 17. gr. breytist þannig að í 1. tölul. eru skipagjöld, bryggju- og lestargjöld, vörugjöld, hafnsögugjöld og gjöld fyrir þjónustu hafnarbáta og leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar á vöru sameinuð í einn gjaldflokk, hafnargjald sem samanstendur af fjórum kostnaðarliðum. Hafnargjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, dýpkanir og legu í höfn, aðstöðu við bryggju og á hafnarbakka, hafnarbáta og hafnsögu þar sem það á við. Gjaldtakan skal því standa straum af þeim kostnaði sem fellur til vegna þessara þátta og er heimilt að nota hvaða kostnaðarlið sem undir hafnargjaldið fellur í því skyni.

Önnur þjónustugjöld sem höfnum er heimilt að taka eru síðan talin upp í 2.–11. tölul. og kemur þar jafnframt fram hvaða kostnaði gjöldin skuli standa straum af. Ekki eru lagðar til efnislega breytingar á því hvaða gjöld höfnum er heimilt að taka, heldur er eingöngu um að ræða breytingar sem eru til nánari skýringar og útfærslu á þeim kostnaði sem hverjum gjaldalið er ætlað að standa undir.

Í 2. tölul. er áréttað að gjaldið eigi einnig að standa undir uppbyggingu aðstöðunnar.

Sama er í 3. tölul. auk þess sem tekið er fram að gjaldinu sé einnig ætlað að taka til geymslu á gámum.

Gjald skv. 4. tölul. skal jafnframt standa undir uppbyggingu mannvirkja sem undir þennan lið falla.

Engar breytingar eru á leyfisgjaldi skv. 5. tölul. og í 6. tölul. er áréttað að gjaldið varði svæði innan hafnarinnar.

Engar breytingar eru á 7. tölul. um festargjald. Í 8. tölul. er bætt við skýringu á því að um endursölu hafnarinnar sé að ræða og að gjaldið eigi einnig að standa undir kostnaði við framkvæmd sölunnar.

Bætt er við í 9. tölul. að gjaldið taki einnig til förgunar á sorpinu.

Engar breytingar eru gerðar á vigtar- og skráningargjaldi skv. 10. tölul.

Í 11. tölul. er áfram veitt heimilt til að taka gjald til að standa straum af kostnaði vegna umsýslu og yfirstjórnar, t.d. launum og skrifstofukostnaði. Ekki eru lagðar til breytingar á því hvaða kostnaði þetta gjald á að standa undir. Hins vegar er nýmæli í 2. málsl.11. tölul. þar sem segir að gjaldtaka samkvæmt þessum lið geti verið innifalin í gjaldtöku annarra þjónustugjalda samkvæmt ákvæðinu og þá með sérstöku álagi. Hér er höfnum veitt heimild til að reikna út sérstakt álag fyrir hvern gjaldflokk fyrir sig og bæta því við gjöld skv. 1.–10. tölul.

Lagt er til að á eftir 4. mgr. komi ný málgrein sem kveður á um heimild notenda hafnar til að krefja hafnarstjórn um upplýsingar um þann kostnað sem almennt hlýst af þeirri þjónustu sem veitt er og gjaldi er ætlað að standa undir.

Með þessu er greiðanda þó ekki veitt heimild til að krefjast sundurliðaðs útreiknings á nákvæmlega því gjaldi sem hann greiddi heldur er kveðið á um heimild hans til að fá upplýsingar um þann meðaltalskostnað sem almennt hlýst af viðkomandi þjónustu.

Um 4. gr.

Lögð er til breyting á 1. málsl. 2. mgr. 20. gr., er kveður á um við hvað gjaldataka hafna sem ekki teljast til opinbers reksturs skuli miðuð, þannig að tekið er fram að heimilt er að miða gjaldtöku við stofnkostnað og kostnað við viðhald hafnarinnar. Jafnframt að þeim höfnum verði veitt heimild til að taka mið af arðsemiskröfum við ákvörðun gjalda. Með arðsemiskröfum er átt við að hafnarsjóðir miði arðsemiskröfur sínar við meðaltal arðsemiskrafna lífeyrissjóða í landinu, nú reiknað 3,5%, sem reiknaðar séu af endurmetnu eigin fé hafnarsjóðanna að frádregnum opinberum styrkjum. Hafnarsjóðir gætu því endurmetið eigin framlög að viðbættum hagnaði hvers árs með breytingu á byggingarvísitölu hvers árs, við mat á því hvort rekstrarárangur ársins standi undir almennri arðsemiskröfu samkvæmt lögunum.

Um 5. gr.

Með þessari grein er bætt inn í hafnalögin ákvæði um neyðarhafnir. Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 93/75/EBE er aðildarríkjum EES skylt að gera áætlun um hvernig liðsinna megi nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu sinni, m.a. til að tryggja að skip í sjávarháska geti tafarlaust leitað neyðarhafnar með fyrirvara um að heimild fáist hjá viðkomandi hafnaryfirvöldum eða öðrum sem hagsmuna hafa að gæta. Siglingastofnun Íslands vinnur nú að undirbúningi þessarar áætlunar. Þetta ákvæði tilskipunarinnar hefur verið tekið upp í 20. gr. reglugerðar um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa, nr. 672/2000, og er ákvæðið eftirfarandi:

„Að höfðu samráði við Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnun skal Siglingastofnun Íslands gera áætlun með hliðsjón af viðeigandi leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands. Slík áætlun skal fela í sér ákvörðun um hlutverk og ábyrgð einstakra aðila, nauðsynlega tilhögun og málsmeðferð, með hliðsjón af takmörkunum tengdum rekstri og umhverfi, til að tryggja að skip í sjávarháska geti tafarlaust leitað neyðarhafnar eða skipaafdreps með fyrirvara um að heimild fáist hjá viðkomandi hafnaryfirvöldum eða landeigendum eða öðrum sem hagsmuna hafa að gæta. Telji Siglingastofnun Íslands, að höfðu samráði við Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnun það nauðsynlegt og gerlegt, þarf áætlunin að fela í sér tilhögun um að séð sé fyrir nægilegum úrræðum og aðstöðu til hjálpar, björgunar og viðbragða við mengun.

Áætlun um liðsinni við skip í sjávarháska skal vera aðgengileg sé þess óskað og birt á íslensku og ensku á heimasíðu vaktstöðvar siglinga og Siglingastofnunar Íslands."

Á næstu árum munu siglingar aukast um íslensku efnahagslögsögu í kjölfar þess að farið er að flytja olíu og gas frá Rússlandi og Noregi til austurstrandar Bandaríkjanna. Ísland er þannig í einni svipan lent í þjóðbraut siglinga stórra olíu- og gasflutningaskipa. Góð umgengni um hafsvæðið innan íslensku efnahagslögsögunar er undirstaða fiskveiða og byggðar í landinu. Mengunarslys gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir lífríki bæði við strönd landsins og á hafsvæðinu umhverfis það. Fylgjast þarf skipulega með allri skipaumferð innan efnahagslögsögunnar, koma á skipulagi skipaumferðar, t.d. með afmörkun sérstakra siglingaleiða fyrir skip sem flytja hættulegan farm eins og olíu. En málið snýst ekki einungis um að geta fylgst vel með allri umferð skipa innan íslensku efnahagslögsögunnar heldur einnig að hafa viðbúnað til reiðu ef eitthvað ber útaf eða slys eða óhapp verður hjá þessum skipum. Til slíks viðbúnaðar teljast t.d. neyðarhafnir og neyðarafdrep fyrir skip sem eiga í vanda, aðgengi að dráttarbátum o.fl. Sú áætlun sem vísað er til í greininni er liður í því að bregðast við þessum breyttu aðstæðum.

Um 6. gr.

Í núgildandi hafnalögum er í ákvæði til bráðabirgða IV áskilið að skipa skuli sérstaka endurskoðunarnefnd með nokkuð víðtæk verkefni til þess að fara yfir reynsluna af lögunum. Lagt er til að á ný verði tiltekið að endurskoðunarnefnd verði skipuð til þess að fara yfir reynsluna af lögunum. Í þetta sinn er miðað við að það verði gert eigi síðar en 2010 en þá ætti að vera komin nokkur reynsla á styrkjaákvæði laganna. Verksvið þessarar nýju endurskoðunarnefndar er þó takmarkað við að meta hvort töluleg viðmið 24. gr. þurfi breytinga við í ljósi reynslunnar.

Um 7. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.**

Með frumvarpinu eru annars vegar gerðar breytingar á gjaldskrárákvæðum í 17. gr. laganna og hins vegar er lögð til breyting vegna neyðarhafna. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð þar sem endurskoðun á gjaldskrárákvæðum er í samræmi við reynslu af framkvæmd laganna og ákvæði um neyðarhafnir hefur þegar verið tekið upp í 20. gr. reglugerðar um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa, nr. 672/2000.

# 399. Frumvarp til laga [367. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 4. tölul., svohljóðandi: að standa fyrir mælingum og rannsóknum á vatnafari landsins.
b. Í stað „2. og 3. tölul.“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: 2., 3. og 4. tölul.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Til að sinna hlutverki sínu skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. er Orkustofnun heimilt að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun, þ.m.t. gagna um innflutning, geymslu og sölu á jarðefnaeldsneyti. Skylt er þeim sem stunda atvinnurekstur er varðar framangreint að afhenda stofnuninni nauðsynleg gögn innan frests sem hún tilgreinir. Í reglugerð skal kveða nánar á um tegund gagna, gæði þeirra og skilafrest.

Sé gögnum ekki skilað innan tilgreinds frests er Orkustofnun heimilt að leggja dagsektir á viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Dagsektir geta numið 10–100 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar. Innheimtar dagsektir skulu renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Í reikningum og fjárveitingum til Orkustofnunar skal sérgreina það fé sem varið er til rannsókna skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr.

4. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (II.)

Iðnaðarráðherra ákveður í samráði við Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir hvaða eignir skuli færast með vatnamælingum til Íslenskra orkurannsókna. Þó skulu allar rannsóknaniðurstöður og gagnasöfn sem unnin hafa verið á vatnamælingum Orkustofnunar og fyrir almannafé áfram tilheyra Orkustofnun og vera eign stofnunarinnar.

b. (III.)

Starfsmönnum vatnamælinga Orkustofnunar, skal boðið starf hjá Íslenskum orkurannsóknum. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. janúar 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**1. Inngangur.**

Frumvarp þetta er samið í samvinnu iðnaðarráðuneytis og Orkustofnunar og að höfðu samráði við Íslenskar orkurannsóknir. Frumvarpið felur annars vegar í sér að starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar, en sú deild hefur verið rekin sem sjálfstæð eining innan stofnunarinnar, færist undir Íslenskar orkurannsóknir. Vatnafarsrannsóknir hins opinbera verða hins vegar á ábyrgð Orkustofnunar svo sem verið hefur. Hins vegar er lagt til að Orkustofnun verði veittar heimildir til að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun til að sinna lögboðnu hlutverki sínu.

**2. Tilfærsla vatnamælinga.**

Með lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun, og lögum nr. 86/2003, um Íslenskar orkurannsóknir, var starfsemi rannsóknasviðs Orkustofnunar skilin frá stofnuninni og stofnuð sérstök stofnun til að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála. Við undirbúning lagasetningarinnar starfaði nefnd um skipan lögbundinna verkefna Orkustofnunar. Í áliti nefndarinnar frá 16. maí 2002 var lögð áhersla á að hagsmunaárekstrar kynnu að koma upp innan stofnunarinnar milli þeirrar starfsemi sem lýtur að rannsóknum fyrir orkufyrirtæki og stjórnsýsluhlutverksins, sem mjög var aukið með setningu raforkulaga. Ákveðið var að skilja í svipinn eingöngu rannsóknasvið Orkustofnunar frá og flytja í sérstaka stofnun en halda vatnamælingum innan Orkustofnunar um sinn.

Iðnaðarráðuneyti hefur í undirbúningi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 57/1998,um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðum, frumvarp til breytinga á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, og frumvarp til hitaveitulaga þar sem lagt verður til að Orkustofnun verði falin fleiri stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni. Því þykir ástæða til að stíga til fulls það skref sem árið 2003 var tekið í átt til aðskilnaðar rannsókna og stjórnsýslu Orkustofnunar. Í því skyni er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að vatnamælingar Orkustofnunar færist til Íslenskra orkurannsókna. Áður hefur verið kannað ítarlega hvort vatnafarsrannsóknum vatnamælinga Orkustofnunar væri betur fyrir komið með öðrum hætti, svo sem með samruna einingarinnar við aðrar stofnanir á sviði náttúrufarsrannsókna. Niðurstaðan er sú með hliðsjón af mörgum atriðum að tilfærsla til Íslenskra orkurannsókna þjóni best þeim markmiðum sem að er stefnt.

Eftir þennan samruna verður til öflug hagnýt rannsóknarstofnun á sviði orkurannsókna, en einnig í öðrum vatnafarsrannsóknum; stofnun sem getur einnig haslað sér völl á sviði ýmissa umhverfisrannsókna. Þá hefur það skipt máli að rekstrarfyrirkomulag Íslenskra orkurannsókna og jafnframt núverandi vatnamælingaeiningar Orkustofnunar er með þeim hætti að reksturinn er sjálfbær. Ekki er veitt fé beint á fjárlögum til þessarar starfsemi, en Orkustofnun gerir samninga um verkefni fyrir hönd ríkisins um viðkomandi orkurannsóknir. Fyrirkomulag þetta hefur reynst vel og ekki verður breyting á við þann samruna sem hér er lagður til. Til að ítreka að vatnafarsrannsóknir verði áfram á ábyrgð Orkustofnunar eftir að vatnamælingar hafa verið fluttar til Íslenskra orkurannsókna er lagt til að tekið verði sérstaklega fram að eitt hlutverka Orkustofnunar verði að standa fyrir mælingum og rannsóknum á vatnafari landsins.

Við undirbúning frumvarpsins hefur verið haft samráð við Orkustofnun, vatnamælingar Orkustofnunar og Íslenskar orkurannsóknir. Um efni frumvarpsins ríkir sátt meðal stofnananna og samþykkti stjórn Íslenskra orkurannsókna það samhljóða. Gert er ráð fyrir að öllum starfsmönnum vatnamælinga Orkustofnunar verði boðið starf hjá Íslenskum orkurannsóknum. Eru því réttindi starfsmanna vatnamælinga Orkustofnunar tryggð, þrátt fyrir færslu

milli stofnana. Hliðstætt ákvæði er í lögum um Íslenskar orkurannsóknir vegna flutnings starfsmanna rannsóknasviðs Orkustofnunar árið 2003.

**3. Heimildir vegna gagnaöflunar.**

Orkustofnun hefur samkvæmt 2. gr. laga um stofnunina, sem og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir, það hlutverk að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna. Auk þess ber stofnuninni að safna ýmsum gögnum vegna þess eftirlits með framkvæmd leyfa sem henni hefur verið falið að annast. Stofnuninni hefur gengið misvel að afla þeirra gagna sem nauðsynleg eru til að sinna hlutverkum hennar, m.a. upplýsinga sem þörf er á vegna nýrra laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda, nr. 107/2006, en samkvæmt þeim ber Orkustofnun að taka saman og skila upplýsingum um orkumál sem krafist er vegna bókhalds um losun gróðurhúsalofttegunda. Á síðustu misserum hefur gengið æ verr að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna undirbúnings orkuspáa orkuspárnefndar og samantektar um orkunotkun. Er það ekki síst vegna þess að ýmis fyrirtæki hafa orðið æ tregari til að láta slík gögn af hendi og Orkustofnun hefur ekki haft úrræði til að krefjast gagnanna. Því eru gerðar tillögur um auknar heimildir stofnunarinnar og úrræði sem Orkustofnun verður heimilt að grípa til ef nauðsynleg gögn eru ekki látin af hendi.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í a-lið er mælt sérstaklega fyrir um að Orkustofnun beri að standa fyrir mælingum og rannsóknum á vatnafari. Er það gert til að undirstrika að ábyrgð á vatnamælingum og vatnafarsrannsóknum verður áfram á Orkustofnun þótt framkvæmdin færist út af stofnuninni.

Í b-lið er vísun í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. bætt við ákvæðið svo Orkustofnun verði heimilt að gera samninga við fyrirtæki eða stofnanir um framkvæmd vatnamælinga og rannsókna á vatnafari eins og um verkefni skv. 2. og 3. tölul. sömu málsgreinar.

Um 2. gr.

Lagt er til að núverandi 3. gr. laganna um starfsemi vatnamælinga innan Orkustofnunar falli brott og í stað hennar komi ný grein sem fjallar um heimildir Orkustofnunar til að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun, þ.m.t. gagna um innflutning, geymslu og sölu á jarðefnaeldsneyti. Í almennum athugasemdum er nánar fjallað um ástæður þess að nauðsynlegt sé að stofnunin hafi slíkar heimildir. Lagt er til að nánar verði kveðið á um heimildir til gagnaöflunar, form og gæði gagna o.fl. í reglugerð.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um að í reikningum og fjárveitingum til Orkustofnunar skuli sérgreina það fé sem varið er til rannsókna skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. Samhljóða ákvæði er nú að finna í 2. mgr. 3. gr. laganna hvað varðar 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Lagt er til að við lögin bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða. Annars vegar kemur fram að iðnaðarráðuneytið skuli, í samráði við Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir, ákvarða hvaða eignir og skuldir skuli fylgja vatnamælingum til Íslenskra orkurannsókna og hvað

skuli verða eftir á Orkustofnun. Þó er mælt fyrir um að þau gagnasöfn og rannsóknir sem kostaðar hafa verið af opinberu fé tilheyri Orkustofnun. Eins og við færslu rannsóknasviðs Orkustofnunar til Íslenskra orkurannsóknar þykir réttara að gagnasöfnin tilheyri Orkustofnun því að þannig verður best tryggður til frambúðar opinn aðgangur að þeim grunnupplýsingum sem þar er að finna.

Hins vegar er talið nauðsynlegt að bæta ákvæði til bráðabirgða við lögin til að tryggja réttindi þeirra starfsmanna sem færast af Orkustofnun til Íslenskra orkurannsókna. Gert er ráð fyrir að réttindi og allar skyldur starfsmanna samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, haldist óbreytt, enda sé aðeins um tilflutning starfa að ræða. Hliðstætt bráðabirgðaákvæði er í lögum um Íslenskar orkurannsóknir vegna flutnings starfsmanna rannsóknasviðs Orkustofnunar til Íslenskra orkurannsókna árið 2003.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun.**

Með frumvarpinu er lagt til að vatnamælingar Orkustofnunar verði færðar undir Íslenskar orkurannsóknir en Orkustofnun mun þó áfram bera ábyrgð á vatnamælingum. Jafnframt er lagt til að Orkustofnun verði veittar heimildir til að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun til að sinna lögboðnu hlutverki sínu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

## 400. Tillaga til þingsályktunar [368. mál]

um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir þingið tillögur sínar um hvernig lágmarka megi umhverfisáhrif ef ráðist er í rannsóknir og nýtingu jarðhitasvæða. Í tillögunum komi m.a. fram:

1. Hvernig lágmarka megi umhverfisáhrif af rannsóknum á jarðhitasvæðum vegna hugsanlegrar nýtingar.

2. Hvernig lágmarka megi röskun umhverfis á undirbúnings- og vinnslustigi á svæðum þar sem leyfi hafa verið veitt.
3. Hvaða mælikvarða beri að leggja á sjálfbærni við nýtingu jarðhitasvæða.

Tillögurnar ásamt hugmyndum um æskilegar lagabætur og reglur til að ná fram settum markmiðum verði kynntar Alþingi fyrir 1. mars 2007.

## Greinargerð.

Markmiðið með tillögu þessari er að Alþingi fái til skoðunar tillögur framkvæmdarvaldsins um hvernig lágmarka megi umhverfisröskun við nýtingu jarðhita og hvernig hagnýta megi jarðhitasvæði með sjálfbærum hætti.

Undanfarið hafa umræður um óafturkræf umhverfisáhrif stórra vatnsaflsvirkjana orðið til þess að menn hafa í auknum mæli beint sjónum að jarðvarmavirkjunum með þá von í brjósti að slíkar virkjanir skilji ekki eftir eins alvarleg sár í viðkvæmri náttúru landsins og vatnsaflsvirkjanirnar. Umhverfisáhrifin sem blasa við á Hellisheiði í tengslum við framkvæmdir við Hellisheiðarvirkjun benda þó ekki til annars en að töluvert rask fylgi slíkum virkjunum. Þá hafa sjónir manna beinst í auknum mæli að því hvort ná megi meiri orku út úr háhitasvæðunum með nýrri tækni, svokölluðum djúpborunum. Þessi sjónarmið komu afar skýrt fram á nýafstöðnu Orkuþingi Samorku, þar sem möguleg raforkuframleiðsla með jarðvarmavirkjunum fékk sérstaka athygli. Nokkuð ber á því sjónarmiði að um þær geti náðst meiri sátt en nú ríkir um stórar vatnsaflsvirkjanir á borð við Kárahnjúkavirkjun.

Í fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma var megináhersla lögð á mögulegar vatnsaflsvirkjanir og því er aðeins búið að meta gróflega lítinn hluta mögulegra orkuöflunarkosta í jarðvarma. Þær jarðvarmavirkjanir sem þó komust á blað í fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar virðast fremur sakleysislegar að því er varðar áhrif þeirra á náttúru og umhverfi, með þeim fyrirvara þó að ekki lá fullnægjandi þekking og reynsla að baki matinu á þeim, enda skortir tilfinnanlega rannsóknir á lífríki háhitasvæða.

Umhverfisáhrif af jarðvarmavirkjunum eru þó þekkt að ýmsu leyti og vitað að svæðin eru viðkvæm og lengi að ná sér hafi þeim verið raskað. Þar sem vinnsla er hafin á háhitasvæðum blasa við borplön, stórvaxin háspennumöstur og -línur, haugsvæði, slóðar og þéttriðin net uppbyggðra vega og vatnsröra. Umgengni og frágangi framkvæmdaraðila er í ýmsum tilfellum ábótavant og alkunna er að fyrstu rannsóknir, sýnataka og tilraunaboranir spilla ásýnd svæðanna umtalsvert. Til marks um þetta má nefna að í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn orkufyrirtækja um rannsóknarleyfi í Brennisteinsfjöllum segir m.a.: „Eftir jarðhitarannsóknir, eins og fyrirhugaðar eru í Brennisteinsfjöllum, verður svæðið ekki lengur ósnortið og forsendur fyrir frekari vernd þess breyttar að sama skapi. Rannsóknaleyfi jafngildir því stefnumörkun um framtíðarnýtingu."

Um umgengni og mannvirkjagerð á jarðhitasvæðum gilda almenn ákvæði náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, sjá t.d. 35. gr., og njóta heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður, 100 $m^2$ að stærð eða stærri, sérstakrar verndar, sbr. d-lið 37. gr. sömu laga. Framkvæmdir við jarðhitavirkjanir fara fram að undangengnu umhverfismati. Oft er þó vikið frá upphaflegri hönnun og leyfum hvað varðar efnistöku, haugsvæði og vegagerð og stysta og ódýrasta leiðin valin. Eftirliti með frágangi er gjarnan ábótavant. Þannig valda framkvæmdaraðilar oft óþarfaraski á jarðmyndunum, gróðri og ásýnd jarðhitasvæða, sem hindrar síðari tíma nýtingu svæðanna til ferðamennsku.

**Ásókn í rannsóknarleyfi.**

Stóru orkufyrirtækin, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja, hafa að undanförnu att kappi um rannsóknar- og nýtingarleyfi á flestum ef ekki öllum háhitasvæðum landsins. Þessi fyrirtæki undirbúa einnig í sameiningu verkefnið „Íslensk djúpborun" sem ætlað er að þrefalda eða fimmfalda orkunýtingu á háhitasvæðum, en þau áform eru skammt á veg komin og mikil óvissa um árangur.

Í skýrslu auðlindanefndar „Framtíðarsýn um nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls" sem kynnt var í október 2006 er birt tafla yfir útgefin rannsóknarleyfi á jarðhitasvæðum og taldar upp þær umsóknir um rannsóknarleyfi sem iðnaðarráðuneytinu hafa borist:

*„4.1.1. Útgefin rannsóknarleyfi.*

Í ágúst 2006 voru í gildi 7 rannsóknarleyfi fyrir jarðhita, en 2 þeirra sérstaklega vegna hitaveitu. Eins og sjá má í töflu 4.1 þá er hér um að ræða rannsóknarleyfi vegna jarðhita á Hengilssvæði, Kröflusvæði, Þeistareykjum, Hágöngum, Trölladyngju og rannsóknarleyfi á jarðhita vegna hitaveitu í Heimaey og á Berserkseyri í Grundarfirði.

*Tafla 4.1. Útgefin rannsóknarleyfi fyrir jarðhita, ágúst 2006.*

| Svæði | Auðlind | Leyfishafi | Útgáfuár | Gildistími |
|---|---|---|---|---|
| Hengilssvæði (Hellisheiði* Ölkelduháls og Hverahlíð) | Jarðhiti | Orkuveita Reykjavíkur | 2001 | 01.06.2016 |
| Kröflusvæði (Krafla I og Krafla II (vestursvæði)) | Jarðhiti | Landsvirkjun | 2002 | 31.05.2009 |
| Þeistareykir | Jarðhiti | Þeistareykir ehf. | 2004 | 31.12.2008 |
| Hágöngur/Köldukvíslarbotnar | Jarðhiti | Landsvirkjun | 2004 | 01.08.2008 |
| Trölladyngja | Jarðhiti | Hitaveita Suðurnesja | 2000 | 01.06.2007 |
| Heimaey | Jarðhiti v. hitaveitu | Hitaveita Suðurnesja | 2004 | 19.12.2009 |
| Berserkseyri í Grundarfirði | Jarðhiti v. hitaveitu | Orkuveita Reykjavíkur | 2006 | 31.07.2010 |

Heimild: Iðnaðarráðuneyti, 1. september 2006.
*Virkjunarleyfi hefur verið gefið út á Hellisheiði, sbr. kafla 4.3.

Einnig er í gildi eitt leyfi til rannsókna á jarðefnum, en þar er um að ræða leyfi sem Melmi ehf. hefur til rannsókna á málmum á 14 tilgreindum stöðum á landinu. Engin leyfi til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu hafa verið gefin út, en hafa verður í huga að ekki þurfti slíkt leyfi fyrr en í febrúar 2006 þegar lög nr. 5/2006 tóku gildi.

*4.1.2. Umsóknir um rannsóknarleyfi.*

Hjá iðnaðarráðuneyti bíða nú afgreiðslu 21 umsókn um rannsóknarleyfi vegna jarðhita og vatnsafls á 15 svæðum, en þar af eru 12 umsóknir vegna jarðhita og 9 umsóknir vegna vatnsafls. Svæðin sem um er að ræða vegna jarðhita eru Brennisteinsfjöll, Fremri-Námar, Gjástykki, Grændalur, Kelduhverfi, Kerlingafjöll, Krýsuvík og Torfajökulssvæði. Vegna vatnsafls er um að ræða Skjálfandafljót, Hólmsá í Skaftártungu, Tungnaá ofan Sigöldustöðvar, Þjórsá neðan Búrfells, Skaftá (efri hluti), Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði og Hagavatn. Einnig bíða afgreiðslu 3 umsóknir um rannsóknarleyfi vegna grunnvatns, en svæðin sem þar er um að ræða eru Fagridalur, Kaldárhöfði og Rauðsgil."

**Lágmörkun umhverfisáhrifa.**

Ásókn orkufyrirtækjanna í rannsóknarleyfi á nýjum og viðkvæmum háhitasvæðum veldur áhyggjum þar sem við blasir eyðilegging á ásýnd og landslagi þar sem rannsóknarleyfi hafa verið veitt eins og t.d. á Reykjanesi og Hellisheiði. Hafa ber í huga að rannsóknarleyfi eru ekki nýtingarleyfi og veita því enga heimild fyrir fullvinnslu orku á viðkomandi svæði. Hins vegar segir það sig sjálft að þegar búið er að raska svæði að hluta með rannsóknum er erfiðara að koma í veg fyrir nýtingu í ljósi þess að svæðinu hefur þegar verið raskað með rannsóknunum. Flutningsmenn tillögunnar telja augljóst að áður en fleiri rannsóknarleyfi eru veitt þurfi að setja ströng skilyrði fyrir veitingu þeirra þannig að leyfisveitingin sem slík leiði ekki af sér óafturkræf spjöll í svo miklum mæli sem hingað til hefur tíðkast og að hún sé ekki ígildi nýtingarleyfis í augum framkvæmdaraðila. Mikilvægt er að setja ítarlegar reglur um umgengni og verklag við rannsóknir háhitasvæða sem tryggir að umhverfisáhrifum af rannsóknunum verði haldið í lágmarki. Þannig er mikilvægt að leita leiða til að rannsóknir kalli ekki sjálfkrafa á að ruddir verði eða byggðir upp vegir og önnur mannvirki. Slíkt ætti að vera framkvæmanlegt með því að gera leyfishöfum skylt að flytja bora og önnur tæki í smærri og léttari einingum á staðinn, helst meðan frost er í jörðu, og með farartækjum á breiðum dekkjum eða þyrlum ef þörf krefur. Jafnframt þarf að herða eftirlit með umgengni og frágangi á vettvangi.

Brýnt er að reglur um lágmörkun umhverfisáhrifa á jarðhitasvæðum liggi fyrir áður en farið verður að úthluta nýjum rannsóknarleyfum á grundvelli tillagna auðlindanefndar. Gert er ráð fyrir því að lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu verði til umfjöllunar á vorþingi 2007 og því er gerð tillaga um að áætlanir framkvæmdarvaldsins í kjölfar ályktunar Alþingis liggi fyrir ekki síðar en 1. mars nk.

**Sjálfbær nýting.**

Reglurnar þurfa einnig að taka til umgengni og vinnulags við nýtingu, rekstur og viðhald jarðvarmavirkjana á háhitasvæðum þannig að vinnsluleyfi jafngildi ekki eyðileggingu á náttúru svæðanna. Slíkt er enda óþarft með nútímatækni og -samgöngum svo sem áður er nefnt. Þannig er t.d. ekki þörf á uppbyggðum vegum að og frá háspennumöstrum vegna viðhalds þar sem viðgerða á þeim er helst þörf yfir háveturinn þegar notast má við snjóbíla og vélsleða.

Grundvallaratriði er þó að nýting jarðvarmans á Íslandi sé sjálfbær. Áhrifasvæði jarðvarmavirkjana er að jafnaði ekki þekkt og ekki til svör við því hvort jarðhitageymirinn nær sér aftur að fullu eða hvort efnasamsetning háhitavökvans breytist við nýtingu. Því er erfitt að fullyrða að umhverfisáhrif jarðvarmavirkjana séu vægari en vatnsaflsvirkjana. Þekkt eru dæmi um niðurdrátt á ofnýttum jarðhitasvæðum hér á landi. Þá hefur ofnýting valdið jarðfalli á hverasvæðum t.d. á Nýja-Sjálandi þar sem nýir hverir opnuðust og landslag breyttist verulega. Hófleg nýting jarðhitasvæða til orkuframleiðslu þar sem fullt tillit er tekið til viðkvæmrar náttúru þeirra og verndargildis er því mikilvægt markmið. Einnig þarf að huga að orkunýtingunni, því þegar eingöngu er unnin raforka úr jarðvarma á háhitasvæðum nýtast aðeins 10–15% varmans til orkuframleiðslunnar. Ef affallsvatninu er ekki dælt aftur niður í háhitageyminn fara um 85% varmans til spillis. Ef hins vegar er unnt að nota varmann einnig til húshitunar eða iðnaðar næst önnur og betri nýting og virkjanirnar ættu þá jafnframt að verða hagkvæmari. Þá er þess að gæta að við mat á orkugetu jarðhitasvæða er miðað við að nýtingin vari aðeins í 50 ár og við gerð fjárhagsáætlana er yfirleitt miðað við 30 ára rekstrartíma. Hafa ber í huga að unnt er að nýta svæðin með öðrum hætti um langa framtíð, svo sem í ferðamennsku og útivist. Til að unnt verði að leggja grunn að mati á verndargildi

jarðhitasvæða þarf að leggja aukna áherslu á rannsóknir á lífríki og jarðfræði svæðanna. Meta þarf svæðin innbyrðis og innan svæða, þannig að greina megi í sundur vissa hluta víðáttu mikilla háhitasvæða þar sem heimila mætti sjálfbærar virkjanir en halda öðrum hlutum friðuðum, þannig að eingöngu verði leyfð þar nýting fyrir útivist og ferðamenn.

Nauðsynlegt er að Alþingi hlutist til um að settar verði reglur um sjálfbærni nýtingarinnar og lágmörkun umhverfisáhrifa af rannsóknum, vinnslu og viðhaldi á jarðhitasvæðum þannig að þær komi að notum þegar mörkuð verður framtíðarstefna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

---

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Orkugeta jarðhita. Sveinbjörn Björnsson, Orkustofnun. (Erindi flutt á Orkuþingi 2006, 12.–13. október 2006.)

II. Hvernig á að meta sjálfbæra vinnslugetu jarðhitasvæða? Guðni Axelsson, Sveinbjörn Björnsson og Valgarður Stefánsson. (Erindi flutt á Orkuþingi 2006, 12.–13. október 2006.)

## 401. Svar [167. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um sjálfsvíg.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu margir Íslendingar eru taldir hafa látist af völdum sjálfsvígs árlega á tímabilinu 1990–2005 í hverjum aldursflokki, 15 ára og yngri, 16–20 ára, 21–30 ára og svo áfram á 10 ára aldursbili?*

Eftirfarandi tölur um þá sem látist hafa af völdum sjálfsvígs eru fengnar frá landlæknisembættinu.

**Tölur um sjálfsvíg 1990–2005.**

| Aldur, ár | kk. | kvk. | Alls |
|---|---|---|---|
| **1990** | | | |
| 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| 16–20 | 6 | 1 | 7 |
| 21–30 | 10 | 1 | 11 |
| 31–40 | 5 | 0 | 5 |
| 41–50 | 6 | 2 | 8 |
| 51–60 | 3 | 1 | 4 |
| 61–70 | 4 | 0 | 4 |
| 71–80 | 1 | 0 | 1 |
| 81–90 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals** | **35** | **5** | **40** |

| | Aldur, ár | kk. | kvk. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| **1991** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 1 | 1 |
| | 16–20 | 8 | 1 | 9 |
| | 21–30 | 7 | 0 | 7 |
| | 31–40 | 1 | 2 | 3 |
| | 41–50 | 5 | 0 | 5 |
| | 51–60 | 3 | 1 | 4 |
| | 61–70 | 2 | 3 | 5 |
| | 71–80 | 2 | 0 | 2 |
| | 81–90 | 1 | 0 | 1 |
| | **Samtals** | **29** | **8** | **37** |
| **1992** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 3 | 0 | 3 |
| | 21–30 | 5 | 0 | 5 |
| | 31–40 | 5 | 2 | 7 |
| | 41–50 | 5 | 1 | 6 |
| | 51–60 | 3 | 0 | 3 |
| | 61–70 | 2 | 2 | 4 |
| | 71–80 | 0 | 0 | 0 |
| | 81–90 | 0 | 0 | 0 |
| | **Samtals** | **23** | **5** | **28** |
| **1993** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 3 | 0 | 3 |
| | 21–30 | 5 | 1 | 6 |
| | 31–40 | 2 | 0 | 2 |
| | 41–50 | 5 | 3 | 8 |
| | 51–60 | 2 | 2 | 4 |
| | 61–70 | 2 | 0 | 2 |
| | 71–80 | 0 | 1 | 1 |
| | 81–90 | 0 | 0 | 0 |
| | **Samtals** | **19** | **7** | **26** |
| **1994** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 4 | 1 | 5 |
| | 21–30 | 4 | 0 | 4 |
| | 31–40 | 3 | 0 | 3 |
| | 41–50 | 5 | 0 | 5 |
| | 51–60 | 2 | 0 | 2 |
| | 61–70 | 2 | 1 | 3 |
| | 71–80 | 1 | 2 | 3 |
| | 81–90 | 0 | 0 | 0 |
| | **Samtals** | **21** | **4** | **25** |

| | Aldur, ár | kk. | kvk. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| **1995** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 3 | 0 | 3 |
| | 21–30 | 6 | 1 | 7 |
| | 31–40 | 3 | 1 | 4 |
| | 41–50 | 4 | 1 | 5 |
| | 51–60 | 2 | 0 | 2 |
| | 61–70 | 4 | 1 | 5 |
| | 71–80 | 0 | 0 | 0 |
| | 81–90 | 0 | 1 | 1 |
| | **Samtals** | **22** | **5** | **27** |
| **1996** | | | | |
| | 10–15 | 1 | 0 | 1 |
| | 16–20 | 2 | 1 | 3 |
| | 21–30 | 6 | 0 | 6 |
| | 31–40 | 6 | 0 | 6 |
| | 41–50 | 7 | 2 | 9 |
| | 51–60 | 2 | 1 | 3 |
| | 61–70 | 2 | 0 | 2 |
| | 71–80 | 2 | 0 | 2 |
| | 81–90 | 0 | 1 | 1 |
| | **Samtals** | **28** | **5** | **33** |
| **1997** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 3 | 1 | 4 |
| | 21–30 | 2 | 2 | 4 |
| | 31–40 | 4 | 0 | 4 |
| | 41–50 | 5 | 3 | 8 |
| | 51–60 | 3 | 1 | 4 |
| | 61–70 | 7 | 0 | 7 |
| | 71–80 | 2 | 0 | 2 |
| | 81–90 | 0 | 0 | 0 |
| | **Samtals** | **26** | **7** | **33** |
| **1998** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 3 | 1 | 4 |
| | 21–30 | 4 | 2 | 6 |
| | 31–40 | 7 | 1 | 8 |
| | 41–50 | 3 | 2 | 5 |
| | 51–60 | 1 | 0 | 1 |
| | 61–70 | 4 | 0 | 4 |
| | 71–80 | 0 | 1 | 1 |
| | 81–90 | 1 | 0 | 1 |
| | **Samtals** | **23** | **7** | **30** |

| | Aldur, ár | kk. | kvk. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| **1999** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 1 | 1 | 2 |
| | 21–30 | 5 | 2 | 7 |
| | 31–40 | 7 | 1 | 8 |
| | 41–50 | 9 | 0 | 9 |
| | 51–60 | 1 | 1 | 2 |
| | 61–70 | 0 | 2 | 2 |
| | 71–80 | 1 | 0 | 1 |
| | 81–90 | 0 | 0 | 0 |
| | **Samtals** | **24** | **7** | **31** |
| **2000** | | | | |
| | 10–15 | 1 | 0 | 1 |
| | 16–20 | 8 | 0 | 8 |
| | 21–30 | 13 | 1 | 14 |
| | 31–40 | 6 | 0 | 6 |
| | 41–50 | 7 | 4 | 11 |
| | 51–60 | 3 | 2 | 5 |
| | 61–70 | 2 | 1 | 3 |
| | 71–80 | 2 | 0 | 2 |
| | 81–90 | 0 | 0 | 0 |
| | **Samtals** | **42** | **8** | **50** |
| **2001** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 4 | 0 | 4 |
| | 21–30 | 9 | 1 | 10 |
| | 31–40 | 2 | 2 | 4 |
| | 41–50 | 6 | 4 | 10 |
| | 51–60 | 3 | 0 | 3 |
| | 61–70 | 1 | 1 | 2 |
| | 71–80 | 2 | 0 | 2 |
| | 81–90 | 1 | 0 | 1 |
| | **Samtals** | **28** | **8** | **36** |
| **2002** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 0 | 0 | 0 |
| | 21–30 | 8 | 2 | 10 |
| | 31–40 | 6 | 0 | 6 |
| | 41–50 | 0 | 3 | 3 |
| | 51–60 | 3 | 2 | 5 |
| | 61–70 | 2 | 0 | 2 |
| | 71–80 | 0 | 2 | 2 |
| | 81–90 | 0 | 0 | 0 |
| | **Samtals** | **19** | **9** | **28** |

| | Aldur, ár | kk. | kvk. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| **2003** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 2 | 0 | 2 |
| | 21–30 | 4 | 0 | 4 |
| | 31–40 | 0 | 1 | 1 |
| | 41–50 | 7 | 1 | 8 |
| | 51–60 | 4 | 3 | 7 |
| | 61–70 | 2 | 1 | 3 |
| | 71–80 | 1 | 0 | 1 |
| | 81–90 | 0 | 0 | 0 |
| | **Samtals** | **20** | **6** | **26** |
| **2004** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 4 | 0 | 4 |
| | 21–30 | 5 | 4 | 9 |
| | 31–40 | 3 | 1 | 4 |
| | 41–50 | 3 | 1 | 4 |
| | 51–60 | 5 | 2 | 7 |
| | 61–70 | 2 | 1 | 3 |
| | 71–80 | 2 | 0 | 2 |
| | 81–90 | 2 | 0 | 2 |
| | **Samtals** | **26** | **9** | **35** |
| **2005** | | | | |
| | 10–15 | 0 | 0 | 0 |
| | 16–20 | 2 | 0 | 2 |
| | 21–30 | 4 | 0 | 4 |
| | 31–40 | 5 | 1 | 6 |
| | 41–50 | 7 | 3 | 10 |
| | 51–60 | 6 | 4 | 10 |
| | 61–70 | 0 | 1 | 1 |
| | 71–80 | 0 | 0 | 0 |
| | 81–90 | 0 | 0 | 0 |
| | **Samtals** | **24** | **9** | **33** |
| **1990–2005** | | | | |
| | **Samtals** | 409 | 109 | **518** |

# 402. Svar [131. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um heimilislækna í Suðvesturkjördæmi.

1. *Hversu margir heimilislæknar eru starfandi í Suðvesturkjördæmi, skipt eftir sveitarfélögum?*

Eftirfarandi upplýsingar um fjölda heimilislækna í sveitarfélögunum í Suðvesturkjördæmi miðast við fyrstu sex mánuði ársins.

| Sveitarfélag | Læknar | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Hafnarfjörður | 15 | 14,6 |
| Garðabær | 6 | 4,72 |
| Kópavogur | 16 | 15,4 |
| Mosfellsbær | 5 | 5 |
| Seltjarnarnes | 9 | 8,5 |
| **Samtals** | **51** | **48,22** |

Auk þessa hafa verið námslæknar, kandídatar og læknar í sérnámi sem hér segir á þessu sex mánaða tímabili:

| Sveitarfélag | Kandídatar | Mánuðir samtals | Læknar í sérnámi | Mánuðir |
|---|---|---|---|---|
| Hafnarfjörður | 6 | 12,78 | 1 | 6 |
| Garðabær | 2 | 5 | | |
| Kópavogur* | 3 | 6,18 | 1 | 6 |
| Mosfellsbær | 4 | 12 | | |
| Seltjarnarnes | 3 | 5 | | |
| **Samtals** | **18** | **40,96** | **2** | **12** |

*Inni í tölum fyrir Kópavog er Heilsugæslan í Salahverfi.

Heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi sinnir auk Seltjarnarness Reykjavík sunnan Hringbrautar og vestan flugvallarins. Íbúar svæðis stöðvarinnar alls voru 15.122 talsins, þar af voru íbúar Seltjarnarness u.þ.b. 4.500.

Starfandi heimilislæknar á heilsugæslustöðvum eru, eins og áður segir, 51 í 48,22 stöðugildum og miðað við íbúatölu á þjónustusvæðum heilsugæslustöðvanna 1. janúar 2006 þjóna þeir 84.039 manns. Gerir þetta 1.648 manns á hvern lækni eða 1.743 manns á hvert stöðugildi heimilislæknis.

Eru þá ótalin um tvö stöðugildi lækna við Heilsuverndarstöðina, sem fara út á heilsugæslustöðvar í kjördæminu til að sinna lögbundnum verkefnum stöðvarinnar, svo sem við ungbarnavernd.

Algengt er að í nágrannalöndum sé miðað við að 1.500–1.750 sjúklingar séu á hvern heimilislækni.

2. *Hversu margir íbúar í Suðvesturkjördæmi eru án heimilislæknis, skipt eftir sveitarfélögum?*

Ekki er hægt að segja um það með vissu hversu margir eru heimilislæknislausir í hverju sveitarfélagi, þar sem sjúkraskrár eru ekki samkeyrðar. Þess ber að geta að 12 heimilislæknar starfa utan heilsugæslustöðva og hefur fólk af öllu höfuðborgarsvæðinu leitað til þeirra. Upplýsingar um búsetu sjúklinga þeirra eru ekki aðgengilegar. Sjúklingar eru ekki sjálfkrafa afskráðir af heilsugæslustöðvunum, þótt þeir skipti um lögheimili.

Sú staðreynd að meðaltalsfjöldi sjúklinga á hvern heimilislækni á svæðinu er ekki meiri en um 1.700 manns, sem og að opið er fyrir skráningu sjúklinga á svæðinu, gefur tilefni til að ætla að ekki séu margir án heimilislæknis.

## 403. Fyrirspurn [369. mál]

til samgönguráðherra um þjónustu Símans á sunnanverðum Vestfjörðum.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Telur ráðherra að öryggi og þjónusta við íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum verði tryggt á fullnægjandi hátt ef verður af fyrirætlun Símans um að leggja niður starfsemi á Patreksfirði?
2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja eftirlits- og viðhaldsþjónustu við endurvarpsstöðvar útvarps á sunnanverðum Vestfjörðum?

## 404. Fyrirspurn [370. mál]

til félagsmálaráðherra um tekjur sveitarfélaga af einkahlutafélögum.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvaða sveitarfélög hafa orðið fyrir umtalsverðu tekjutapi vegna fjölgunar einkahlutafélaga og í hve miklum mæli er tekjutapið? Í svarinu verði bornar saman tekjur viðkomandi sveitarfélaga sl. fjögur ár og tekjur þeirra næstu fjögur ár áður en skattalögum var breytt með lögum nr. 133/2001.
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að sveitarfélögum verði bætt það tekjutap sem þau hafa orðið fyrir af völdum fyrrnefndrar lagabreytingar?

**Skriflegt svar óskast.**

## 405. Fyrirspurn [371. mál]

til menntamálaráðherra um fjarnám við Háskólann á Akureyri.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hversu margir nemendur hafa verið í fjarnámi við Háskólann á Akureyri frá upphafi og hve hátt hlutfall af nemendum skólans hafa þeir verið, sundurliðað eftir skólaárum?
2. Hvaðan af landinu eru þessir nemendur?
3. Hversu margir fjarnámsnemendur hafa brautskráðst frá skólanum árlega og hve hátt hlutfall eru þeir af brautskráðum?
4. Hver eru samfélagsleg áhrif fjarnáms við Háskólann á Akureyri?

**Skriflegt svar óskast.**

## 406. Fyrirspurn [372. mál]

til dómsmálaráðherra um heimild til hlerunar á símum alþingismanna.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hversu oft og hvenær hefur dómsmálaráðuneytið óskað eftir heimild dómstóla til hlerunar á símum alþingismanna?
2. Hve oft og hvenær var umbeðin heimild veitt?
3. Hve oft og hvenær var veitt heimild til hlerunar nýtt?

## 407. Fyrirspurn [373. mál]

til samgönguráðherra um veggjöld.

Frá Birni Inga Hrafnssyni.

1. Eru uppi áform á vegum samgönguyfirvalda um að veggjöld verði tekin upp víðar en í Hvalfjarðargöngunum?
2. Hefur ráðuneytið látið gera úttekt á kostum og göllum ólíkra leiða í veggjöldum, svo sem beinum tollum eða skuggagjöldum?
3. Hefur farið fram stefnumótun af hálfu samgönguyfirvalda þegar veggjöld eru annars vegar?

4. Hafa einkaaðilar lýst yfir áhuga á þátttöku í einkaframkvæmd samgöngumannvirkja við ráðuneytið og ef svo er, hverjir hafa gert það og um hvaða framkvæmdir er þar að ræða?

**Skriflegt svar óskast.**

# 408. Frumvarp til laga [374. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Við 3. mgr. 36. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nú greiðir bakábyrgðaraðili lífeyrissjóðs, sem nýtur bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka, inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, og skal sjóðnum þá heimilt að eiga slík verðbréf óháð takmörkunum skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lögð til viðbót við 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Ákvæði 36. gr. laganna fjallar um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og kemur þar fram að lífeyrissjóðum sé heimilt að ávaxta fé sitt með þeim hætti sem nánar er tilgreint í greininni. Ákvæðið varðar því fyrst og fremst hvernig lífeyrissjóðir skuli standa að fjárfestingu þeirra fjármuna sem í sjóðina renna í formi lífeyrisiðgjalda, þ.e. setur þann ramma sem lífeyrissjóðunum ber að fara eftir við myndun eignasafna sinna.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna, sbr. 3. og 4. mgr. sömu greinar, eru engar takmarkanir á því hversu stór hluti af eignasafni lífeyrissjóðs getur verið í skráðum ríkisskuldabréfum eða skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Séu slík bréf óskráð er lífeyrissjóði hins vegar, skv. 3. mgr. 36. gr., óheimilt að fjárfesta fyrir meira en sem nemur 10% af hreinni eign sjóðsins í slíkum bréfum.

Samkvæmt orðalagi 36. gr. laganna snýr ákvæðið í heild sinni fyrst og fremst að fjárfestingum lífeyrissjóða. Hins vegar varðar greinin að efni til samsetningu á eignasafni sjóðanna og hefur greinin því áhrif á eignir sjóðanna óháð því hvort um beinar fjárfestingar sé að ræða eða ekki, t.a.m. þegar tiltekin bréf eru afhent lífeyrissjóði vegna uppgjörs á skuldbindingum. Af þeim sökum getur lífeyrissjóði, vegna núgildandi takmörkunar 3. mgr. 36. gr., verið óheimilt að eiga ríkisskuldabréf og skuldabréf sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs en ekki eru skráð á skipulegum markaði, umfram 10% af hreinni eign sjóðsins. Með vísan til þessa er með frumvarpi þessu lagt til að bætt verði við 3. mgr. 36. gr. laganna ákvæði sem kveður á um að í þeim tilvikum þegar bakábyrgðaraðili lífeyrissjóðs, sem nýtur bakábyrgðar ríkis,

sveitarfélaga eða banka, greiðir inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr., sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, þá skuli sjóðnum heimilt að taka við og eiga slík verðbréf óháð takmörkunum skv. 1. málsl. 3. mgr. 36. gr. Er sú breyting almennt séð í samræmi við önnur ákvæði 36. gr. og tilgang greinarinnar, auk þess sem að með slíkri breytingu er ekki gengið gegn þeim almennu varúðarsjónarmiðum („prudent manner principle“) sem undirliggjandi eru 36. gr. laganna.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóði verði heimilt að taka við greiðslu frá bakábyrgðaraðila inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði og eiga slík verðbréf án takmarkana. Verði frumvarpið að lögum hefur það ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

## 409. Fyrirspurn [375. mál]

til menntamálaráðherra um kostnað við íþróttaefni Ríkisútvarpsins.

Frá Birni Inga Hrafnssyni.

1. Hvert hefur framlag Ríkisútvarpsins til íþróttadeildar RÚV verið árin 2004, 2005 og 2006 og hver er áætlunin í þeim efnum fyrir árið 2007?
2. Hvað greiðir Ríkisútvarpið árlega fyrir sýningarrétt frá Formúlu-kappaksturskeppninni?
3. Hver er áætlaður kostnaður Ríkisútvarpsins vegna sýningarréttar frá Evrópukeppni landsliða í knattspyrnu 2008?
4. Hefur kostnaður við sýningarrétt frá þessum viðburðum verið fjármagnaður með stuðningi kostunaraðila að einhverju eða öllu leyti?

**Skriflegt svar óskast.**

# 410. Frumvarp til laga [376. mál]

um breyting á lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „1.500 millj. kr. árið 2007, 2.500 millj. kr. árið 2008“ í a-lið 2. mgr. kemur: 100 millj. kr. árið 2007, 3.900 millj. kr. árið 2008.
b. C-liður 2. mgr. orðast svo: Gerð gatnamóta við Nesbraut: 600 millj. kr. Verja skal til þessa verkefnis 400 millj. kr. árið 2007 og 200 millj. kr. árið 2008.
c. Í stað orðanna „400 millj. kr. árið 2007 og 400 millj. kr. árið 2008“ í e-lið 2. mgr. kemur: 200 millj. kr. árið 2007 og 600 millj. kr. árið 2008.
d. Í stað orðanna „300 millj. kr. árið 2007, 400 millj. kr. árið 2008“ í g-lið 2. mgr. kemur: 700 millj. kr. árið 2008.

2. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verja skal til kaupa eða leigu á fjölnota varðskipi og til kaupa eða leigu á eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands 500 millj. kr. árið 2006, 500 millj. kr. árið 2007 og 2.000 millj. kr. árið 2008.

3. gr.

Í stað ártalsins „2007“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: 2006.

4. gr.

Í stað orðanna „300 millj. kr. til þessa verkefnis árið 2007, 300 millj. kr. árið 2008“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: 600 millj. kr. til þessa verkefnis árið 2008.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem varða tímasetningar á tilteknum ráðstöfunum söluandvirðis Landssíma Íslands hf. frá því sem áður var ákveðið með lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Um efni einstakra breytinga er vísað í athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 2007 ákvað ríkisstjórnin í ágúst 2006 að fresta framkvæmdum á árinu 2007 umfram það sem áður hafði verið ákveðið. Breytingar í frumvarpinu eru í samræmi við þær ákvarðanir ríkistjórnarinnar og einnig við ákvæði frumvarps til fjárlaga 2007 og frumvarps til fjáraukalaga 2006.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með greininni eru lagðar til nokkrar breytingar á framlögum vegna vegaframkvæmda á árunum 2007–2010, sbr. 2. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að til Sundabrautar verði varið

100 millj. kr. árið 2007 og 3.900 millj. kr. árið 2008, í stað 1.500 millj. kr. og 2.500 millj. kr. Í öðru lagi er lagt til að áður ákveðnu 600 millj. kr. heildarframlagi til gatnamóta við Nesbraut, sem átti að falla til árið 2007, verði skipt á tvö ár, þ.e. 400 millj. kr. árið 2007 og 200 millj. kr. árið 2008. Í þriðja lagi er lagt til að til Tröllatunguvegar um Arnkötludal verði varið 200 millj. kr. árið 2007 og 600 millj. kr. árið 2008, í stað 400 millj. kr. og 400 millj. kr. Í fjórða lagi er lagt til að áður ákveðið 300 millj. kr. framlag til Norðausturvegar fyrir árið 2007 verði fært yfir á árið 2008 og verður framlag þess árs þá 700 millj. kr. Að öðru leyti er ákvæði 2. gr. laganna óbreytt.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að áður ákveðnu 3.000 millj. kr. framlagi til kaupa eða leigu á eftirlitsflugvél og fjölnota varðskipi fyrir Landhelgisgæslu Íslands verði varið þannig að 500 millj. kr. falli til á árinu 2006, 500 millj. kr. á árinu 2007 og 2.000 millj. kr. árið 2008.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að í stað 500 millj. kr. framlags til Fjarskiptasjóðs árið 2007 verði um að ræða 500 millj. kr. framlag árið 2006. Að öðru leyti er ákvæði 2. mgr. 6. gr. laganna óbreytt.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til að áður ákveðið 300 millj. kr. framlag til Nýbyggingar fyrir Stofnun íslenskra fræða, fyrir árið 2007, verði fært yfir á árið 2008 og verði framlag á árinu 2008 því samtals 600 millj. kr. Að öðru leyti er ákvæði 2. mgr. 8. gr. óbreytt.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Með frumvarpinu er lagðar til breytingar á tímasetningu á tilteknum ráðstöfunum vegna söluandvirðis Landssíma Íslands hf. Í fyrsta lagi er lagt til að samtals 2.400 m.kr. ráðstöfun verði færðar af árinu 2007 til ársins 2008. Í annan stað er lagt til að samtals 1.000 m.kr. ráðstöfun verði færðar af árinu 2007 til ársins 2006.

# 411. Frumvarp til laga [377. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 11. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Landbúnaðarstofnun innheimtir eftirlitsgjald af sláturleyfishöfum í hlutfalli við innvegið magn hverrar kjöttegundar til að standa straum af raunkostnaði við eftirtalda þætti nauðsynlegs heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum:

a. Störf og ferðir kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra.
b. Rannsóknir á reglubundnum sýnum, svo sem mælingar á lyfjaleifum og aðskotaefnum eða rannsóknir á örverum og vatni.
c. Námskeið og viðhaldsmenntun kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra.
d. Yfirstjórn og samræmingu eftirlitsins.
e. Aðstöðu og tækjabúnað vegna eftirlitsins.

Eftirlitsgjaldið tekur ekki til greiðslu á öðrum kostnaði við heilbrigðiseftirlit en að framan greinir.

Sértækt eftirlit með sláturafurðum, umfram það sem greint er frá í 2. mgr., er nauðsynlegt þegar tiltekin starfsemi sláturleyfishafa eða framleiðanda uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til sláturafurða vegna gruns um smitefni, mengun og þess háttar. Kostnað af eftirlitinu ber sá sem ber ábyrgð á þeirri starfsemi sem er undir hinu aukna eftirliti. Fjárhæð gjaldsins skal nema raunkostnaði við eftirlitið.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits. Ráðherra skal gefa út gjaldskrá yfir heilbrigðiseftirlitsgjaldið. Innheimta má gjaldið með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar.

Endurskoða skal ákvæði um eftirlit samkvæmt þessari grein í síðasta lagi að fimm árum liðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í núgildandi 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum, er kveðið á um með hvaða hætti gjald fyrir þá heilbrigðisskoðun sem fram fer í sláturhúsum samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna er innheimt. Eftirlitsgjaldið er innheimt sem ákveðin krónutala á hvert kíló kjöts, nánar sundurgreint eftir tegundum, og rennur það í sjóð í vörslu landbúnaðarráðherra. Einnig kemur fram í sömu málsgrein að eftirlitsgjaldinu sé ætlað að standa straum af heilbrigðiseftirliti kjötskoðunarlækna og að miðað sé við raunkostnað. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að í stað þess að Alþingi ákveði með lögum þá krónutölu sem greiða á fyrir hvert kíló kjöts vegna heilbrigðiseftirlits verði ráðherra falið með heimild í 2. mgr. 11. gr. laganna að setja gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlitið sem byggð skal á raunkostnaði við það.

Frumvarpið byggist á reglugerð Evrópusambandsins, nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004, um opinbert eftirlit til að tryggja að uppfylltar séu kröfur laga um fóður og matvæli og um reglur varðandi dýraheilbrigði og dýravernd. Reglugerðin er hluti af viðauka I við EES-samninginn um heilbrigði dýra og plantna sem landbúnaðar-, sjávarútvegs-, umhverfis- og utanríkisráðuneytið eru nú í viðræðum um upptöku í íslenskan rétt. Mikilvægt er að frumvarpið verði að lögum enda mun það leiða til þess að útflutningur íslenskra sláturafurða til okkar helstu viðskiptalanda verður bæði öruggari og greiðari. Benda má á að nefnd reglugerð hefur verið tekin upp í norskan rétt.

Að festa gjald til heilbrigðiseftirlitsins í lög, líkt og nú er gert, hefur þann ókost að lagabreytingar er þörf í hvert sinn sem kostnaður eykst eða minnkar við eftirlitið og því tryggja gildandi lög ekki að eftirlitsgjaldið geti staðið straum af raunverulegum kostnaði við eftirlitið. Þetta fyrirkomulag hefur skapað tortryggni af hálfu sláturleyfishafa og hefur töluverð umræða verið um að kostnaður við eftirlitið, hvað varðar ákveðnar tegundir kjöts, niðurgreiði eftirlit með öðrum tegundum kjöts og því sé ekki innheimtur raunkostnaður af eftirlitinu, eins og þó segir í lögunum.

Sú aðferð að heimila ráðherra að setja gjaldskrá sem byggist á raunkostnaði við eftirlitið á sér hliðstæður víða í almennri löggjöf og tryggir það að auðveldara er að bregðast við hækkunum og lækkunum á eftirlitskostnaði en þegar fjárhæð gjalds er lögákveðin. Taka verður fram að af lögmætisreglu stjórnsýsluréttar leiðir að ákvörðun um fjárhæðir í gjaldskránni verður að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem almennt hlýst af því eftirliti sem gjaldið stendur straum af og má hér til skýringar vísa til SUA 1992, bls. 220. Þessi aðferð við ákvörðun eftirlitsgjaldsins er í samræmi við VI. kafla framangreindrar reglugerðar Evrópusambandsins nr. 882/2004. Einnig má vísa til 32. liðar inngangsorða reglugerðarinnar.

Í frumvarpinu er markaður rammi um þá þætti sem heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum nær til og hvaða kostnaði gjaldið skuli standa straum af. Ráðherra er einnig falið að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits, en sams konar heimild er að finna í núgildandi lögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sérstakur sjóður í vörslu landbúnaðarráherra verði lagður niður og eftirlitsgjöldin renni beint til Landbúnaðarstofnunar sem framkvæmir eftirlitið.

Með 1. efnismgr. 1. gr. er hið almenna og nauðsynlega heilbrigðiseftirlit útfært og tekið fram til hvaða þátta það nær. Skýrt er kveðið á um að eftirlitsgjaldið taki ekki til greiðslu á öðrum kostnaði en nauðsynlegum kostnaði af þeim verkefnum sem fram koma í málsgreininni. Í a-lið eru störf og ferðir kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra. Hér að sjálfsögðu einungis átt við þann hluta launa- og ferðakostnaðar sem er til kominn vegna heilbrigðiseftirlitsins. Almennur launakostnaður, eða kostnaður vegna annarra starfa, fellur ekki undir eftirlitsgjaldið. Í b-lið er tekið fram að eftirlitsgjaldið taki til reglulegrar sýnatöku í sláturhúsum og úrvinnslu sýna. Taka þarf sýni til reglubundinna mælinga á lyfjaleifum og aðskotaefnum eða rannsókna á örverum og vatni. Í c-lið er ákvæði um námskeið og viðhaldsmenntun kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra. Í 6. gr. reglugerðar ESB nr. 882/2004 segir að tryggja skuli að starfsfólk sem sér um opinbert eftirlit hljóti viðeigandi þjálfun sem m.a. geri því kleift að sinna skyldustörfum sínum á fullnægjandi hátt og fylgjast með verksviði sínu og verði þannig fært um að taka þátt í þverfaglegu samstarfi. Í II. viðauka við reglugerð ESB nr. 882/2004 er fjallað um námsefni fyrir þjálfun starfsfólks sem sinnir opinberu eftirliti og námsefni sem tengist eftirlitsaðferðum. Hafa má hliðsjón af þeirri umfjöllun við mat á því hvaða kostnaður skuli falla undir d-lið. Hér skal þó ítrekað að eftirlitsgjaldið skal aðeins

standa straum af þeim kostnaði sem er í beinum tengslum við framkvæmd eftirlitsins. Í d-lið er fjallað um yfirstjórn og samræmingu eftirlitsins, en í því felst m.a. rekstur nauðsynlegs bókhalds- og skráningarkerfis. Að lokum er í e-lið ákvæði um aðstöðu og tækjabúnað vegna eftirlitsins.

Í 2. efnismgr. 1. gr. er mælt fyrir um það nýmæli í lögunum, sem leiðir af afmörkun 1. efnismgr., að ef þörf er á viðbótareftirliti, eða sértæku eftirliti, með sláturafurðum skuli viðkomandi sláturleyfishafi eða framleiðandi greiða fyrir slíkt eftirlit sérstaklega en kostnaður af því verði ekki innifalinn í hinu almenna eftirliti sem mælt er fyrir um í 1. efnismgr.

Sértækt eftirlit með sláturafurðum er nauðsynlegt þegar tiltekin starfsemi sláturleyfishafa eða framleiðanda uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til sláturafurða vegna gruns um smitefni, mengun og þess háttar. Þetta eftirlit getur því hvort sem er beinst að sláturleyfishafanum vegna sýkingar í sláturhúsi eða að einstaka framleiðendum vegna sýkingar á búum þeirra. Kostnað af eftirlitinu ber sá sem ber ábyrgð á þeirri starfsemi sem er undir hinu aukna eftirliti.

Á síðustu árum hafa komið upp allnokkur tilvik þar sem greinst hafa á búum smitefni sem ógna matvælaöryggi og þörf hefur því verið á að taka aukalega sýni úr afurðum búsins. Hér má nefna til skýringar að ef upp kemur salmonella eða efnamengun (t.d. díoxín- eða blýmengun) á búi er þörf á viðbótarsýnatöku í skrokkum frá búinu. Sama gildir ef kanna þarf virkni varnaraðgerða sem gripið hefur verið til eða greina þarf hvort farið hafi verið að fyrirmælum yfirvalda.

Af 2. efnismgr. leiðir að þar sem greinast smitefni verður framleiðandi, eða sláturleyfishafi, sjálfur að bera þann kostnað sem af viðbótarsýnatökum og prófunum hlýst. Þetta er í anda þess að þeir sem þarfnast nánara eftirlits, e.t.v. vegna verri aðstöðu eða lélegrar heilbrigðisstöðu, beri af því kostnað. Með þessu eru framleiðendur hvattir til að tryggja eftir fremsta megni gott heilbrigðisástand svo að ekki þurfi að koma til sérstakra prófana vegna smitefna hjá þeim. Með þessu er jafnframt tryggt að kostnaði vegna sýnatöku hjá einstökum framleiðendum sé ekki velt yfir á stéttina í heild sem eykur kostnað allra framleiðenda og leiðir til hækkunar verðlags.

Í 3. efnismgr. 1. gr. er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um framkvæmd eftirlitsins í reglugerð, en í núgildandi lögum er sömu heimild að finna og er nú í gildi reglugerð nr. 336/2005 um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum sem sett er með stoð í 3. mgr. 11. gr. laganna.

Heimild ráðherra til reglugerðarsetningar takmarkast af ákvæðum 1. og 2. efnismgr. en ráðherra hefur heimild til að skilgreina nánar og afmarka eftirlitið í reglugerðinni. Við setningu reglugerðarinnar mun ráðherra hafa samráð við eftirlits- og fagaðila.

Ráðherra er í 3. efnismgr. einnig gert skylt að setja gjaldskrá um eftirlitið sem byggjast skal á raunkostnaði við það.

Að lokum er kveðið á um að heilbrigðiseftirlitsgjald með sláturafurðum megi innheimta með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar. Með þessu er mælt fyrir um réttarfarshagræði við innheimtu sem á sér margar hliðstæður í löggjöfinni. Hér má einkum vísa til 4.–6. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, og laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29/1885.

Í 4. efnismgr. 1. gr. er, í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, mælt fyrir um að endurskoða skuli ákvæði um eftirlitið í síðasta lagi að fimm árum liðnum.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu er lögð til breyting á gjaldtökuákvæðum laganna vegna kostnaðar við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna í sláturhúsum. Nánar er tilgreint hvaða kostnaði tekjum af eftirlitsgjaldinu er ætlað að standa undir og gert ráð fyrir að sérstakur sjóður í vörslu landbúnaðarráðherra verði lagður niður en að tekjur af gjaldinu renni þess í stað beint til Landbúnaðarstofnunar sem sér um eftirlitið. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji gjaldskrá fyrir eftirlitið sem byggist á raunkostnaði, í stað þess að Alþingi ákveði með lögum þá krónutölu sem greiða skal fyrir eftirlitið af hverju kílói innvegins kjöts í sláturhúsi eins og í gildandi lögum. Loks er í frumvarpinu að finna nýmæli um greiðslu eftirlitskostnaðar í þeim tilvikum þegar sértækt viðbótareftirlit með sláturafurðum er nauðsynlegt og skal sá sem ber ábyrgð á þeirri starfsemi sem er undir auknu eftirliti bera kostnaðinn við það.

Tekjur af gjaldi fyrir heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum hafa verið ámóta kostnaði við eftirlitið hin síðari ár, námu um 81 m.kr. árið 2004 og um 82 m.kr. árið 2005. Ekki er því gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins leiði til verulegra breytinga á heildartekjum af gjaldinu. Tekjur á móti kostnaði fyrir sértækt viðbótareftirlit eru eðli máls samkvæmt óreglulegar tekjur á móti óreglulegum kostnaði og óvíst um fjárhæðir í því sambandi.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

## 412. Svar [325. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björns Inga Hrafnssonar um sameiningu lögregluembætta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig er háttað undirbúningi að sameiningu lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu?*
2. *Hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu höfuðstöðva hins nýja embættis?*

Undirbúningur fyrir sameiningu lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu hefur staðið yfir frá miðju síðasta sumri. Miklar breytingar eru framundan á höfuðborgarsvæðinu þar sem þrjú stór lögreglulið verða að einu frá og með næstu áramótum.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu var skipaður um mitt síðasta sumar og hefur hann það hlutverk fram að áramótum að undirbúa stofnun hins nýja embættis. Það starf hefur verið viðamikið og tekið til margra þátta og verður nú gerð grein fyrir þeim helstu.

Í fyrsta lagi hefur grundvallarstefna hins nýja embættis verið mótuð, svo og skipulag og skipurit, sem ráðherra staðfesti til bráðabirgða hinn 5. október sl. Meginmarkmiðið er að

auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dveljast á höfuðborgarsvæðinu, auk þess er stefnt að fækkun afbrota á nánar skilgreindum sviðum. Nokkrir lykilþættir eru skilgreindir af hálfu hins nýja embættis til að ná þessum markmiðum en þar á meðal eru aukin sýnileg löggæsla, efld hverfa- og grenndarlöggæsla og forvarnastarf í samvinnu við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Jafnframt er að því stefnt að bæta gæði og auka skilvirkni við rannsóknir sakamála. Er til dæmis fyrirhugað að við embættið verði starfrækt sérstök rannsóknardeild og hefur þeim áformum verið fagnað sérstaklega af þeim sem vel til þekkja á því sviði. Þá eru áform um að efla umferðarlöggæslu með því að hafa sérstaka umferðardeild hjá hinu nýja embætti, bæði til halda utan um sérhæfða almenna löggæslu og rannsóknir mála á þessu sviði. Fjölmörg önnur dæmi mætti rekja af þessu tagi en þessar áherslur og skipulag undirstrika það meginmarkmið að auka öryggi og öryggistilfinningu borgaranna á öllum sviðum.

Í öðru lagi hefur verið unnið að þessum undirbúningi í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins hefur fundað sérstaklega með forsvarsmönnum sveitarfélaganna á svæðinu, félagsmálayfirvöldum, hverfaráðum og íbúasamtökum.

Í þriðja lagi hefur verið unnið að þessum breytingum með aðkomu og þátttöku væntanlegra starfsmanna hins nýja embættis í gegnum sérstaka ráðgjafanefnd, en þar eiga starfsmenn og stéttarfélög fulltrúa. Ráðgjafanefndinni stýrir Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður Snæfellinga, en hann stýrir innleiðingu breytinga á skipulagi lögreglunnar á landinu öllu sem sérstakur verkefnisstjóri í ráðuneytinu.

Undir hið nýja embætti falla allar eignir lögregluembættanna þriggja á höfuðborgarsvæðinu: Þrjár lögreglustöðvar í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík auk svæðisstöðva í Mosfellsbæ, Grafarvogi, Breiðholti, Seltjarnarnesi og Garðabæ. Verða allar þessar stöðvar nýttar en höfuðstöðvar embættisins verða a.m.k. til að byrja með á Hverfisgötu 113–115 í Reykjavík.

Nýbyggingar í þágu fangelsa er forgangsverkefni í byggingarmálum hjá ráðuneytinu, þar á meðal bygging nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu. Spurning er hvort hagkvæmt er að huga að nýjum höfuðstöðvum fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við nýtt gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi. Slíkt sambýli er vel þekkt í nágrannalöndum okkar og hefur reynst vel bæði faglega og fjárhagslega.

## 413. Svar [213. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir lagasetningu sem tryggir öllum foreldrum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sömu réttindi og felast í lögum nr. 22 12. apríl 2006?*
2. *Hvenær má búast við aðgerðum af hálfu ráðherra í þessu máli?*

Með setningu laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, var stigið mikilvægt framfararskref til að koma til móts við aðstæður foreldra lang-

veikra og alvarlega fatlaðra barna. Þannig er foreldrum sem eru þátttakendur á innlendum vinnumarkaði veittur réttur til tímabundinna greiðslna þegar þeir þurfa að leggja niður störf að fullu eða að hluta þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Með lögunum er verið að bregðast við aðstæðum foreldra sem ekki geta stundað vinnu vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Hér er ekki átt við þau tilvik er foreldrar taka sér leyfi frá störfum vegna tilfallandi veikinda barna sinna, svo sem vegna hlaupabólu, eyrnabólgu eða annarra álíka sjúkdóma, þótt veikindin geti verið þrálát. Átt er við foreldra sem eru launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar og enn fremur eru foreldrum í námi veitt sambærileg réttindi til greiðslna við sömu aðstæður.

Markmið laganna er að tryggja foreldrum félagslega aðstoð í formi tímabundinnar fjárhagsaðstoðar þurfi þeir að leggja niður störf eða gera hlé á námi þegar börn þeirra þarfnast sérstakrar umönnunar er þau greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Með mikilli atvinnuþátttöku bæði karla og kvenna á íslenskum vinnumarkaði þykir eðlilegt að stjórnvöld komi til móts við foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna með þessum hætti enda algengt að báðir foreldrar vinni utan heimilis. Þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun þarf oft að minnsta kosti annað foreldranna að hverfa tímabundið af vinnumarkaði í því skyni að veita barninu sérstaka umönnun.

Eitt erfiðasta verkefnið við smíði frumvarps til þessara laga var spurningin um við hvaða tímamark skyldi miða fyrstu greiðslur. Þar var meðal annars litið til þess meginmarkmiðs laganna að koma til móts við sannanlegt tekjutap foreldra geti þeir ekki stundað vinnu sína vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp kunna að koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Lögunum er því eingöngu ætlað að mæta þeim tilvikum þegar foreldrar eru virkir á vinnumarkaði eða í námi þegar veikindi eða fötlun barns kemur upp þannig að tiltölulega skammur tími líði frá því að foreldrar lögðu niður störf þar til greiðslur hefjist. Ástæða þessa er einkum sú að þá má gera ráð fyrir að foreldrar þurfi ákveðið ráðrúm til að laga fjárútgjöld fjölskyldunnar að breyttum aðstæðum. Eftir mikla yfirlegu þótti því eðlilegt að miða við það tímamark að lögin skyldu eiga við um aðstæður foreldra barna sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2006 eða síðar enda höfðu þeir foreldrar þá nýlega lagt niður störf við slíkar bráðaaðstæður þegar lögin komu formlega til framkvæmda. Frumvarpið hlaut mikla og vandaða umfjöllun í félagsmálanefnd Alþingis og varð niðurstaða Alþingis sú að samþykkja þetta tímamark.

Á þessari stundu hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort lagt verði fram frumvarp til breytinga á lögunum sem breyti réttindum foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Fylgst er þó vel með umræðu um málið enda full ástæða til þess þegar um svo nýja löggjöf er að ræða. Ráðherra og ráðuneytið eru vakandi gagnvart framkvæmd laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og hugsanlegum göllum sem kunna að finnast á lögunum.

## 414. Svar [247. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um málefni fatlaðra.

Við vinnslu þessa svars var aflað upplýsinga frá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra, sjálfseignarstofnunum og félagsþjónustum sveitarfélaga sem hafa tekið að sér þjónustu við fatlaða samkvæmt þjónustusamningum við ráðuneytið.

1. *Hvaða starfsemi fyrir fatlaða, annarri en þeirri sem tilkomin er vegna átaks í málefnum geðfatlaðra, er áætlað að hleypa af stokkunum árið 2007 og hve margir sem ekki njóta þjónustu nú munu fá hana, sundurgreint samkvæmt neðangreindu:*
   a. *búsetu,*
   b. *atvinnu/dagþjónustu,*
   c. *öðrum stuðningsúrræðum?*

**Búseta.**

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 41 millj. kr. rekstrarfjárveitingu til sambýlis fyrir mikið fatlað fólk í Reykjavík, umfram þá fjárveitingu sem kemur til vegna átaks í málefnum geðfatlaðra. Það útilokar þó ekki að unnt verði að koma til móts við óskir fleira fatlaðs fólks um búsetuþjónustu á árinu. Þar kemur eftirfarandi til:

1. Unnið er að því af hálfu félagsmálaráðuneytisins að verja meira fé í málaflokk fatlaðra á árinu 2007.
2. Komið verður til móts við fatlað fólk sem nýtur ekki búsetuþjónustu nú með lögboðinni liðveislu félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. lög nr. 40/1991 þar að lútandi, og/eða frekari liðveislu, sbr. lög nr. 59/1992. Það er háð því að slík þjónusta nægi til þess að koma til móts við þjónustuþarfir þeirra og að þeir búi í leiguíbúðum á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana, eigin íbúðum eða íbúðarhúsnæði sem tengist Framkvæmdasjóði fatlaðra. Gert er ráð fyrir að þjónustuaðilar endurskipuleggi þjónustu sína í því skyni að hún nýtist betur þeim fötluðu einstaklingum sem á henni þurfa að halda.
3. Gert er ráð fyrir að nýir þjónustusamningar við sveitarfélög sem hafa tekið að sér þjónustu við fatlaða samkvæmt slíkum samningum við félagsmálaráðuneytið, sem og sjálfseignarstofnanir, rýmki svigrúm þessara rekstraraðila til þess að koma til móts við nýja umsækjendur um búsetuþjónustu. Niðurstaða þessa veltur á því hvert endanlegt innihald samninganna verður.
4. Hleypt verður af stokkunum búsetuþjónustu við fatlað fólk á árinu 2007 sem verið hefur í undirbúningi á yfirstandandi ári. Rekstrarfjárveiting til að hefja undirbúning er á fjárlögum 2006.

Svör þjónustuaðila hvað a-lið varðar koma fram í töflu 1 og ber þá að hafa í huga það sem greinir í 1.–4. lið hér að ofan.

Tekið skal fram að í svari Styrktarfélags vangefinna kemur fram að ýmis ný verkefni séu í deiglunni en að ákvarðanir um þau verði teknar þegar nýr þjónustusamningur við félagsmálaráðuneytið hefur verið undirritaður. Umsvif félagsins muni mótast af því og þeim biðlistum sem Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík heldur utan um. Núgildandi þjónustusamningur gildir til ársloka 2006.

**Atvinnu/dagþjónusta.**

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er ekki gert ráð fyrir beinum, auknum rekstrarfjárveitingum til þjónustu vegna atvinnuþátttöku eða dagþjónustu (í merkingunni hæfing/iðja samkvæmt lögum um málefni fatlaðra) umfram þær sem til eru komnar vegna átaks í málefnum geðfatlaðra. Það útilokar þó ekki að unnt verði að koma til móts við óskir fleira fatlaðs fólks um atvinnuþátttöku eða dagþjónustu á árinu en njóta hennar nú. Þar koma til sömu forsendur og tilgreindar eru í 1. og 3. tölul. í kaflanum um búsetu hér að framan. Upplýsingar frá þjónustuaðilum koma fram í töflu 1.

Því er við að bæta að við uppbyggingu stoð- og dagþjónustu fyrir geðfatlað fólk má gera ráð fyrir að samlegðaráhrifa gæti, einkum á fámennari þjónustusvæðum, að því leyti að framlag starfsfólks við þá þjónustu nýtist einnig öðru fötluðu fólki. Þetta kemur fram í svörum nokkurra þjónustuaðila.

Þá er það eitt af markmiðum nýrra laga um vinnumarkaðsaðgerðir að yfirfara hvers kyns starfsendurhæfingarúrræði og gera þau markvissari og skilvirkari.

Áætlað er að skammtímaþjónusta við börn og fjölskyldur þeirra verði aukin á árinu 2007 þar sem gerðir hafa verið þjónustusamningar við félagsmálaráðuneytið og getið er að framan.

**Önnur stuðningsúrræði.**

Starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins hefur verið efld umtalsvert á undanförnum árum og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að framhald verði þar á. Frumvarpið felur í sér 20 millj. kr. fjárveitingu til þess að efla þjónustu við einhverf börn. Tekið skal fram að þar er ekki einungis um greiningu að ræða heldur einnig ráðgjöf og eftirfylgd sem telja verður til stuðningsúrræða. Einnig hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ákveðið að styrkja Greiningar- og ráðgjafarstöðina vegna átaks um að stytta biðlista eftir þjónustu stofnunarinnar. Er um að ræða 6,5 millj. kr. á ári í tvö ár, þ.e. árin 2006 og 2007.

Eins og að framan getur sést í töflu 1 hvaða starfsemi áætlað er að hleypa af stokkunum á árinu 2007, annarri en þeirri sem felst í átaki í þjónustu við geðfatlað fólk, samkvæmt upplýsingum þjónustuaðila (sex svæðisskrifstofa og fimm sveitarfélaga sem hafa tekið að sér þjónustu við fatlaða samkvæmt þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið). Hvað varðar tölur um búsetu og atvinnu/dagþjónustu í töflunni er tilgreindur fjöldi fólks sem ekki nýtur slíkrar þjónustu nú. Önnur stuðningsúrræði eru í nær öllum tilvikum skammtímaþjónusta og stuðningsfjölskyldur og er þar því tilgreindur fjöldi dvalarsólarhringa í samræmi við svör þjónustuaðila.

**Tafla 1.**

| | **Fjöldi** |
|---|---|
| Búseta | 27 einstaklingar |
| Atvinna/dagþjónusta | 31 einstaklingur |
| Önnur stuðningsúrræði | 2100 sólarhringar |

2. *Hve margir eru á biðlista eftir þjónustu, sbr. 1. lið fyrirspurnarinnar, sundurliðað á sama hátt?*

Þegar fjallað er um biðlista ber að hafa í huga hverjar þjónustuþarfir notenda eru. Þær hafa hingað til verið metnar eftir svonefndu sjö flokka mati þar sem lýst er í fáum orðum hverjar þjónustuþarfir eru í hverjum flokki fyrir sig. Þeir notendur eru metnir í 1. þjónustuflokk sem hafa minnstar þarfir og í 7. þjónustuflokk sem hafa mestar þarfir, aðrir í flokka 2–6. Til

glöggvunar skal þess getið að fólk sem telst til 1. og 2. þjónustuflokks er talið sjálfbjarga, með lágmarksþjónustu eða nokkurri þjónustu sem nemur 5–10 klst. á viku. Það er fært um að búa og fara ferða sinna að öllu eða mestu leyti á eigin spýtur. Í 3. þjónustuflokki er gert ráð fyrir að fólk hafi talsverða færni til sjálfsbjargar, geti sinnt persónulegum þörfum (hreinlæti, að klæðast, matast o.fl.), almennum heimilisstörfum (matargerð, þrifum o.fl.), farið ferða sinna með fremur lítilli aðstoð/eftirliti og þarfnist að jafnaði ekki næturvaktar. Í 4.–7. þjónustuflokki er hins vegar gert ráð fyrir þörfum fyrir meiri þjónustu.

Félagsmálaráðuneytið lítur svo á að félagsþjónusta sveitarfélaga skuli almennt veita þeim notendum þjónustu sem teljast til 1. og 2. þjónustuflokks og um helmingi þeirra sem metnir eru í 3. þjónustuflokk, en þessir notendur þarfnast að jafnaði ekki viðveru starfsfólks heldur stuðnings annað veifið. Er það í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sem kveða á um að þau skuli „sjá um félagslega heimaþjónustu til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar“. Enn fremur segir í lögunum að „með félagslegri heimaþjónustu [skuli] stefnt að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður“. Í þessu sambandi er einnig að geta lögbundinna skyldna sveitarfélaga samkvæmt lögum um málefni fatlaðra til að annast þjónustu við fatlað fólk með liðveislu og almennri félagsþjónustu. Í mörgum sveitarfélögum er slík þjónusta veitt að ákveðnu marki af hálfu félagsþjónustu þeirra og má nefna öfluga þjónustu á Akureyri sem dæmi.

Því ber við mat á biðlistum að líta til þess hverjar þjónustuþarfir þeirra eru sem í hlut eiga til þess að skera úr um hver ber ábyrgð á þjónustu við þá. Sem að framan greinir er það mat ráðuneytisins að það beri meginábyrgð á þjónustu við þá sem metnir eru í 4.–7. þjónustuflokk og um helmingi þeirra sem metnir eru í 3. flokk. Sveitarfélög komi til að öðrum kosti með liðveislu og heimaþjónustu. Mismunandi viðhorf kunna að ríkja í þessum efnum og telur félagsmálaráðuneytið brýnt að þau verði samræmd með viðræðum aðila, m.a. hver hlutdeild sveitarfélaga skuli vera gagnvart þeim sem hafa meiri þjónustuþarfir en minni. Í þeim tölum sem hér fara á eftir er gert ráð fyrir að um 20% notenda sem eru á biðlistum svæðisskrifstofa og sveitarfélaga teljist til þeirra sem metnir eru í 1., 2. og helming 3. þjónustuflokks og eru því ekki taldir með í þeirri tölu sem fram kemur í töflu 2.

Samkvæmt gildandi þjónustusamningum við sveitarfélög sem hafa tekið að sér þjónustu við fatlað fólk skal hámarksbiðtími frá því réttur til búsetuþjónustu er staðfestur vera tvö ár. Eftir þann tíma telst viðkomandi á biðlista. Sú viðmiðun er viðhöfð hér hvað sveitarfélögin varðar en hjá svæðisskrifstofum eru umsóknir um búsetuþjónustu tilgreindar án tillits til aldurs umsókna.

Þess má geta að í stað framangreinds sjö flokka mats, sem notað hefur verið undanfarin ár, mun fljótlega verða tekið upp svonefnt SIS-mat til þess að meta þjónustuþarfir, enda viðameira og áreiðanlegra.

Í töflu 2 eru tilgreindar upplýsingar þjónustuaðila um þennan lið fyrirspurnarinnar. Tölur hvað búsetu varðar byggjast á framangreindum forsendum og miðast við búsetu í sambýli eða íbúðakjarna með reglubundna viðveru starfsfólks, sólarhringsviðveru þar sem þjónustuþarfir eru mestar. Jafnframt er miðað við að þessarar búsetuþjónustu sé þörf innan þriggja ára.

Eins og fram kemur í töflu 1 er gert ráð fyrir því að á árinu 2007 verði komið til móts við búsetuþarfir 27 af þeim sem taldir eru á biðlista í töflu 2. Þannig að gert er ráð fyrir að búsetubiðlistinn styttist sem því nemur. Sama gildir um atvinnu/dagþjónustu þar sem gert er ráð

fyrir að komið verði til móts við 31 einstakling á árinu 2007, m.a. með endurskipulagningu þjónustunnar. Gert er ráð fyrir að biðlistinn styttist sem því nemur.

**Tafla 2.**

| | Fjöldi |
|---|---|
| Búseta | 99 einstaklingar |
| Atvinna/dagþjónusta | 158 einstaklingar |
| Önnur stuðningsúrræði | 185 einstaklingar |

Rétt er að benda á að það er að töluverðu leyti sama fólkið sem sækir um búsetu og atvinnu/dagþjónustu. Ekki er greint á milli þeirra sem óska eftir stuðningi til atvinnuþátttöku, vinnu á vinnustað fyrir fatlað fólk eða annarri dagþjónustu enda ekki eftir því leitað. Lesa má þó úr svörum þjónustuaðila að um ¾ þeirra sem í hlut eiga óska eftir „atvinnu með stuðningi" (AMS) eða starfsþjálfun.

Haft skal í huga varðandi upplýsingar um önnur stuðningsúrræði í töflunni að í flestum tilvikum er sótt bæði um skammtímaþjónustu og stuðningsfjölskyldu fyrir sama barnið.

Þá skal tekið fram að þarfir fyrir skammtímavistun og stuðningsfjölskyldur eru mjög mismunandi, allt frá fáum sólarhringum á ári upp í fulla nýtingu samkvæmt reglugerð. Þannig geta til dæmis margir einstaklingar nýtt eitt og sama plássið á skammtímaheimili.

3. *Hve margar nýjar umsóknir bárust svæðisskrifstofum og öðrum þjónustuaðilum vegna þeirra þjónustuþarfa sem fram koma í 1. lið, skipt eftir svæðum og þjónustuúrræðum, og hvað má áætla að þeim berist margar nýjar umsóknir um þjónustu árið 2007 ef tekið er mið af nýliðun síðustu ára?*

Töflur 3 og 4 geyma upplýsingar sem bárust frá þjónustuaðilum hvað þennan lið fyrirspurnarinnar varðar. Tölur fyrir árið 2006 miðast við lok október en fyrir árið 2007 eru tölur áætlaðar fyrir allt árið. Hér eru umsóknir um önnur stuðningsúrræði (að jafnaði skammtímaþjónusta og stuðningsfjölskyldur) tilgreindar í fjölda einstaklinga þar sem ekki liggur fyrir hve mikillar þjónustu (þ.e. fjölda sólarhringa) er óskað í hverju tilviki og aðstæður breytilegar frá einum tíma til annars.

Nokkrir þjónustuaðilar utan höfuðborgarsvæðisins tóku fram að á árinu 2006 hefði verið komið til móts við óskir um atvinnu/dagþjónustu og önnur stuðningsúrræði jafnóðum þannig að ekki ber að líta á allar umsóknir 2006 þannig að þær hafi farið á biðlista.

**Tafla 3.**

| 2006 | SSR | SMFR | SMFVel | SMFVfj | SMFAu | SMFSu | SSNV | Akureyri | Þingey | Höfn | Vestm. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.a | 27 | 28 | 4 | 1 | 2 | 4 | 0 | 11 | 5 | 0 | 0 |
| 1.b | 72 | 47 | 5 | 1 | 2 | 4 | 1 | 62 | 4 | 0 | 0 |
| 1.c | 35 | 154 | 14 | 4 | 4 | 4 | 8 | 14 | 5 | 2 | 0 |

Samtölur:

1.a – Búseta: 82 (að meðtöldum þeim sem hafa minni þjónustuþarfir og sinna mætti með liðveislu/heimaþjónustu sveitarfélags og/eða frekari liðveislu).

1.b – Atvinna/dagþjónusta: 198 (flestir óska eftir Atvinnu með stuðningi eða starfsþjálfun).

1.c – Önnur stuðningsúrræði: 244 (í flestum tilvikum skammtímaþjónusta og/eða stuðningsfjölskylda).

**Tafla 4.**

| 2007 | SSR | SMFR | SMFVel | SMFVfj | SMFAu | SMFSu | SSNV | Akureyri | Þingey | Höfn | Vestm. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.a | 30 | 35 | 4 | 2 | 2 | 5 | 0 | 16 | 3 | 1 | 1 |
| 1.b | 82 | 58 | 5 | 2 | 2 | 6 | 2 | 68 | 3 | 1 | 0 |
| 1.c | 42 | 164 | 18 | 4 | 4 | 4 | 10 | 17 | 8 | 2 | 0 |

Samtölur (sömu athugasemdir gilda hér og um nýjar umsóknir 2006):
1.a – Búseta: 99
1.b – Atvinna/dagþjónusta: 229
1.c – Önnur stuðningsúrræði: 273

4. *Hversu miklu fé verður varið til að bæta þjónustu við fatlaða árið 2007, ef frá er talið það fé sem ætlað er til átaks í málefnum geðfatlaðra sérstaklega og til almennra launa- og verðlagsbreytinga?*

Þessum lið verður ekki fullsvarað fyrr en að lokinni umfjöllun Alþingis um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007. Í frumvarpinu er á þessu stigi gert ráð fyrir 61 millj. kr. til aukinnar þjónustu við fatlaða (41 millj. kr. til Svæðisskrifstofu Reykjavíkur og 20 millj. kr. til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins), auk um 350 millj. kr. vegna átaksins í þjónustu við geðfatlað fólk. Þar að auki er rétt að taka eftirfarandi fram:

Eitt sambýli Svæðisskrifstofu Reykjavíkur hefur starfsemi á árinu 2007 á grundvelli fjárveitingar frá 2006 og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir öðru sambýli sem væntanlega verður ekki tekið í notkun fyrr en á árinu 2008. Þangað til er gert ráð fyrir að nýta þá fjárveitingu tímabundið til skammtímaþjónustu.

Allir þjónustuaðilar sem hafa þjónustusamning við félagsmálaráðuneytið, sem áformað er að endurnýja nú fyrir áramótin, hyggja á ýmiss konar aukningu á þjónustu sinni við fötluð börn og fullorðna á árinu 2007. Hver sú aukning verður er hins vegar undir efni nýrra samninga komið.

Að lokum má geta þess að ríkisstjórnin hefur veitt félagsmálaráðherra heimild til að undirrita samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga um tímabundna lausn vegna lengri viðveru fatlaðra grunnskólabarna. Er gert ráð fyrir kostnaðarþátttöku ríkissjóðs vegna lengri viðveru barna í 5.–10. bekk að fjárhæð 60 millj. kr. á árinu 2007 og sömu fjárhæð á árinu 2008. Á samkomulagstímanum verða lög um málefni fatlaðra endurskoðuð í því skyni að kveða skýrt á um hlutverk og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga að því er varðar lengri viðveru fatlaðra grunnskólabarna.

## 415. Frumvarp til laga [378. mál]

um breytingu á lögum á sviði Neytendastofu.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum um alferðir, nr. 80/1994, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 17. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Um meðferð mála hjá Neytendastofu fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum um neytendalán, nr. 121/1994, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 2. málsl. orðast svo: Um meðferð mála hjá Neytendastofu fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda að undanskildum ákvörðunum um dagsektir.

## III. KAFLI
## Breyting á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, með síðari breytingum.

3. gr.

6. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Ákvörðunum Neytendastofu má skjóta til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda að undanskildum ákvörðunum um dagsektir. Málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

## IV. KAFLI
## Breyting á lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Um meðferð mála hjá Neytendastofu fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

## V. KAFLI
## Breyting á lögum um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, með síðari breytingum.

5. gr.

Á eftir 4. mgr. 18. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Um meðferð mála hjá Neytendastofu fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

VI. KAFLI

**Breyting á lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, með síðari breytingum.**

6. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

VII. KAFLI

**Breyting á lögum um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, með síðari breytingum.**

7. gr.

Við 11. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Um meðferð mála hjá Neytendastofu fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

VIII. KAFLI

**Breyting á lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006.**

8. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 38. gr. a og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Málsmeðferð.*

Um meðferð mála hjá Neytendastofu fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Ágreiningur um ákvarðanir Neytendastofu um dagsektir, stjórnvaldssektir og fjárhæð þeirra verður ekki borinn undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

9. gr.

3. mgr. 39. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

1. málsl. 3. mgr. 40. gr. laganna fellur brott.

IX. KAFLI

**Breyting á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005.**

11. gr.

Í stað orðanna „vog, mál og faggildingu“ í 4. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

X. KAFLI

**Breyting á lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994.**

12. gr.

Í stað orðsins „Neytendastofa“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: faggildingarsvið Einkaleyfastofu.

XI. KAFLI

**Gildistaka.**

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er tvíþætt. Annars vegar eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum laga sem Neytendastofa hefur eftirlit með framkvæmd á og miða breytingarnar að því að unnt sé að skjóta öllum ákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Hins vegar eru lagðar til breytingar á lögum sem nauðsynlegt er að gera vegna breytinga sem gerðar voru á lögum á síðasta löggjafarþingi, þegar framkvæmd faggildingar var færð frá Neytendastofu til Einkaleyfastofu með lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., og þegar lög um vog, mál og faggildingu voru felld úr gildi með lögum nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Áfrýjunarnefnd neytendamála var sett á stofn með lögum nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda. Lögin tóku gildi 1. júlí 2005 og hóf áfrýjunarnefndin störf á sama tíma. Til áfrýjunarnefndar neytendamála er nú hægt að skjóta stjórnvaldsákvörðunum Neytendastofu sem teknar eru á grundvelli laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005, laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, og annarra laga sem heyra undir Neytendastofu og hafa að geyma heimild til málskots. Slíka málskotsheimild er nú að finna í lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, lögum um neytendalán, nr. 121/1994, og lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002. Í frumvarpi þessu er lagt til að málskotsheimild til áfrýjunarnefndarinnar verði sett í önnur lög sem Neytendastofa hefur eftirlit með framkvæmd á, þ.e. lög um alferðir, nr. 80/1994, lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, og lög um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002. Jafnframt er lagt til í frumvarpi þessu að orðalagi áfrýjunarheimilda í lögum nr. 121/1994 og 30/2002 verði breytt til samræmis við orðalag á slíkum heimildarákvæðum sem verið er að leggja til í frumvarpi þessu.

Breyting þessi er lögð til þar sem mikilvægt er talið að unnt sé að skjóta ákvörðunum stofnunarinnar til æðra stjórnvalds, en ákvarðanir Neytendastofu geta verið íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðila.

Þá er lagt til að bætt verði við ákvæði í þá lagabálka sem ekki hafa slík ákvæði nú þess efnis að um meðferð mála hjá Neytendastofu fari samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Markmið breytingarinnar er að tryggja gagnsæi og samræmi í málsmeðferð hjá Neytendastofu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði heimild til að skjóta ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga um alferðir, nr. 80/1994, til áfrýjunarnefndar neytendamála. Þá er lagt til að kveðið verði á um það í lögunum að um meðferð mála hjá Neytendastofu fari samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Markmið breytingarinnar er að tryggja gagnsæi og samræmi í málsmeðferð hjá Neytendastofu. Um meðferð mála fyrir áfrýjunarnefnd, komi til málskots, fer jafnframt að öllu leyti eftir sömu málsmeðferðarreglum og nú gilda um meðferð mála hjá nefndinni samkvæmt lögum og reglum settum samkvæmt þeim.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum um neytendalán er eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta að finna heimild til að beita úrræðum sem nú er að finna í ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Í því felst að Neytendastofu er heimilt að beita þeim úrræðum sem þar er að finna og jafnframt er þar að finna heimild til áfrýjunar ákvarðana er Neytendastofa tekur á grundvelli laganna til áfrýjunarnefndar neytendamála. Rétt þykir þó að breyta gildandi ákvæði í lögum um neytendalán þannig að orðalag í þeim lögum verði sambærilegt við orðalag í öðrum lögum sem verið er að breyta samkvæmt ákvæðum þessa lagafrumvarps. Í 25. gr. gildandi laga um neytendalán er tekið fram að ekki sé unnt að skjóta ákvörðunum Neytendastofu um dagsektir til áfrýjunarnefndar neytendamála og er lagt til að ákvæðið verði óbreytt að þessu leyti. Ástæða þess er m.a. sú að dagsektir geta verið mjög virkt úrræði og með hliðsjón af markmiðum laga um neytendalán og eftirlit með þeim þá er talið nauðsynlegt að ekki sé unnt að tefja fyrir beitingu þessa úrræðis með áfrýjun ákvarðana um fjárhæð dagsekta. Hér er því ekki um neina efnislega breytingu að ræða frá því sem gildir í núgildandi lögum um neytendalán.

Um 3. gr.

Nú er kveðið á um það í 6. mgr. 11. gr. laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, að ákvörðunum og fyrirmælum Neytendastofu megi skjóta til úrskurðar ráðherra. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að í stað málskots til ráðherra verði lögfest heimild til að skjóta ákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Eins og í gildandi ákvæði er lagt til að málskot fresti ekki framkvæmd ákvörðunar. Í lögum nr. 146/1996 er að finna ítarleg ákvæði um beitingu dagsekta sem hafa reynst mikilvæg í störfum Neytendastofu við framkvæmd eftirlits með lögunum. Samkvæmt gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að ákvörðunum Neytendastofu um beitingu dagsekta sé unnt að áfrýja með sama hætti og unnt er að gera skv. 24. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Hér er því lagt til að sú skipan mála verði óbreytt enda geta brýnir öryggishagsmunir almennings krafist tafarlausra aðgerða og er því nauðsynlegt að hafa skjótvirk úrræði til að beita dagsektum undir slíkum kringumstæðum.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögfest verði heimild til að skjóta ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, til áfrýjunarnefndar neytendamála. Þá er lagt til að kveðið verði á um það í lögunum að um meðferð mála hjá Neytendastofu fari samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum

og gagnsæi markaðarins. Markmið breytingarinnar er að tryggja gagnsæi og samræmi í málsmeðferð hjá Neytendastofu.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögfest verði heimild til að skjóta ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, til áfrýjunarnefndar neytendamála. Ákvörðunum Neytendastofu um beitingu dagsekta er ekki unnt að áfrýja með sama hætti og unnt er að gera skv. 24. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, þar sem að áfrýjun með þeim hætti getur tafið fyrir úrlausn mála er varða brýna öryggishagsmuni almennings. Þá er lagt til að kveðið verði á um það í lögunum að um meðferð mála hjá Neytendastofu fari samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Markmið breytingarinnar er að tryggja gagnsæi og samræmi í málsmeðferð hjá Neytendastofu.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að núverandi heimild til að skjóta ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, sbr. 6.–7. gr. og 9.–11. gr. laganna, standi óbreytt. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er verið að tryggja að lagaákvæði um málskot í þessum lögum séu í samræmi við önnur sambærileg ákvæði í lögum sem Neytendastofa fer með framkvæmd á, sbr. tillögur þær sem gerðar eru um breytingar á öðrum lögum í frumvarpi þessu.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögfest verði heimild til að skjóta ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, til áfrýjunarnefndar neytendamála. Hér er lagt til að ákvörðunum um beitingu dagsekta verði unnt að áfrýja með sama hætti og unnt er að gera varðandi ýmis mál sem falla undir gildissvið ýmissa annarra laga á sviði neytendaverndar. Ekki verður því séð að neinir brýnir hagsmunir, svo sem öryggi almennings, leiði til þess að ekki sé unnt að heimila málskot á slíkum ákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála telji aðili máls að þess sé þörf. Þá er lagt til að kveðið verði á um það í lögunum að um meðferð mála hjá Neytendastofu fari samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Markmið breytingarinnar er að tryggja gagnsæi og samræmi í málsmeðferð hjá Neytendastofu.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögfest verði heimild til að skjóta ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, til áfrýjunarnefndar neytendamála. Þá er lagt til að kveðið verði á um það í lögunum að um meðferð mála hjá Neytendastofu fari samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Markmið breytingarinnar er að tryggja gagnsæi og samræmi í málsmeðferð hjá Neytendastofu.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði 3. mgr. 39. gr. laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, falli brott, en þar er nú að finna ákvæði um að ákvörðun Neytendastofu um dagsektir verði ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

Þess í stað er lagt til að kveðið verði á um þessi atriði í 3. mgr. 38. gr. a, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 40. gr. laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, falli brott, en þar er nú að finna ákvæði um málskot vegna ákvörðunar Neytendastofu um álagningu og fjárhæð stjórnvaldssekta og dagsekta. Þess í stað er lagt til að kveðið verði á um þessi atriði í 38. gr. a, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í greininni er lögð til breyting á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005. Nauðsynlegt er að gera breytinguna vegna samþykktar laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., og laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, sem samþykkt voru á 132. löggjafarþingi, en með lögunum var framkvæmd faggildingar færð frá Neytendastofu til Einkaleyfastofu og lög um vog, mál og faggildingu felld úr gildi.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, sem nauðsynlegt er að gera vegna flutnings verkefna er snúa að faggildingu frá Neytendastofu til Einkaleyfastofu, sbr. lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum á sviði Neytendastofu.**

Markmiðið með frumvarpinu er tvíþætt. Annars vegar eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum laga sem Neytendastofa hefur eftirlit með framkvæmd á. Þar miða breytingarnar að því að unnt sé að skjóta öllum ákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Í annan stað eru lagðar til breytingar sem varða færslu á framkvæmd faggildingar frá Neytendastofu til Einkaleyfastofu. Er þar um að ræða breytingar sem nauðsynlegar eru vegna laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., og þegar lög um vog, mál og faggildingu voru felld úr gildi með lögum nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

## 416. Fyrirspurn [379. mál]

til samgönguráðherra um hjólreiðabrautir.

Frá Kolbrúnu Baldursdóttur.

Hefur ráðherra látið undirbúa áætlun um að lagðar verði hjólreiðabrautir sem verði fullgildur samgöngukostur?

## 417. Fyrirspurn [380. mál]

til heilbrigðisráðherra um málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur.

1. Ætlar ráðherra að bregðast við nýlegri dómsniðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur um að stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) hafi brotið rétt á þáverandi yfirlækni æðaskurðlækningadeildar LSH, en upplýst hefur verið að LSH kýs að áfrýja ekki dómnum?
2. Hvernig rökstyður ráðherra að stjórnendur LSH hafi framfylgt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í þessu máli eða að ákvörðun stjórnendanna sé í anda þeirrar starfsmannastefnu sem lögin byggjast á?
3. Telur ráðherra það farsæla þróun fyrir sjúklinga eina háskólasjúkrahúss landsins að mjög sérhæfðum læknum sé vikið úr starfi með aðgerðum sem nú hafa verið dæmdar ólögmætar?
4. Hverjar eru skyldur og ábyrgð ráðherra þegar sú staða kemur upp að stjórnendur stofnunar sem heyrir undir ráðuneyti hans ákveða að skeyta því engu þótt dómstólar dæmi framgöngu þeirra gagnvart starfsmönnum ólögmætar og skaðabótaskylda ríksins virðist augljós af þeim sökum?
5. Telur ráðherra að hann hafi gert það sem í hans valdi stóð til að minnka tjón ríkisins vegna þessa máls?

**Skriflegt svar óskast.**

## 418. Frumvarp til laga [381. mál]

um breytingu á lögum um umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Baldursdóttir, Pétur H. Blöndal, Þuríður Backman.

1. gr.

Í stað orðanna „17 ára“ í a-lið 2. mgr. 48. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu aldursmörk a-liðar 2. mgr. 48. gr. vera 17 ára og einn mánuður frá gildistöku laganna og gilda í tvo mánuði. Þessi aldursmörk skulu hækka um einn mánuð á tveggja mánaða fresti og gilda í tvo mánuði í senn uns 18 ára aldursmörkum er náð.

Greinargerð.

Umræður um ökuleyfisaldur á Íslandi eru ekki nýjar af nálinni á Alþingi Íslendinga. Málið var sérstaklega skoðað í skýrslu dómsmálaráðherra frá árinu 2001. Með breytingu á umferðarlögum árið 2002 var ákveðið að fara þá leið að gefa út bráðabirgðaökuskírteini sem gildir í tvö ár og fái handhafi slíks skírteinis ekki punkta vegna umferðarlagabrota samfellt í 12 mánuði er heimilt að gefa út fullnaðarökuskírteini. Með þessari breytingu var litið svo á að fyrsta árið með ökuskírteini væri eins konar reynslutími áður en fullnaðarskírteini væri fengið.

Undanfarin ár hafa ökumenn á aldrinum 17–18 ára átt hlut að mörgum umferðarslysum vegna glæfralegs akturslags. Í kjölfar hrinu alvarlegra umferðarslysa, jafnvel banaslysa, hefjast gjarnan miklar umræður í samfélaginu um með hvaða hætti hægt sé að sporna við þessari vá. Ýmsar hugmyndir hafa verið reifaðar og hefur ríkisstjórnin nú nýlega samþykkt frumvarp samgönguráðherra um breytingar á umferðarlögum sem allar miða að því að sporna við hraða- og ofsaakstri ungra ökumanna.

Það frumvarp sem hér er mælt fyrir gengur lengra að því leytinu að í því felst að ökuréttindi fengi enginn fyrr en hann hefði náð að lágmarki 18 ára aldri. Hér er ekki spurning um hvort breyting sem þessi sé æskileg heldur er það ábyrgð þeirra fullorðnu og Alþingis að láta einskis ófreistað til að forða börnum undir 18 ára aldri frá því að valda sjálfum sér og öðrum skaða.

Fjölmörg rök renna stoðum undir mikilvægi þessarar lagabreytingar. Hér skulu nefnd þau veigamestu sem varpa munu enn frekar ljósi á það af hverju 17 ára unglingur á ekki erindi undir stýri.

Að aka bifreið við misjafnar og oft erfiðar aðstæður, eins og þekktar eru hér á Íslandi, krefst ákveðins vitsmuna- og félagsþroska. Þess vegna er mikilvægt að hafa þroskasálfræði unglinga til hliðsjónar þegar fjallað er um hvenær unglingar hafa mögulega fyrst öðlast tilskilinn þroska til að stjórna ökutæki með þeirri ábyrgð sem því fylgir í umferðinni.

Vitað er að einstaklingar taka út mikinn hluta líkamlegs og andlegs þroska fyrstu 20 ár ævi sinnar. Hversu hratt viðkomandi fer í gegnum þroskaferilinn er bæði einstaklings- og kynjabundið, sem og aðstæðubundið. Enda þótt líkamlegur þroski ungmenna sé hvað sýnilegastur á þessum árum, tekur vitsmuna- og félagsþroski unglingsins stöðugum breytingum og munar mikið um hvert ár því nær sem dregur fullorðinsárunum. Ef litið er nánar á þennan aldur er það almenn vitneskja að meðal einkenna unglingsáranna sé ákveðin tilhneiging til áhættuhegðunar, áhrifagirni og hvatvísi. Sökum ungs aldurs hafa unglingar ekki öðlast nema takmarkaða almenna lífsreynslu né hafa þann vitsmuna- og félagsþroska til að geta lagt raunhæft mat á flókin ytri áreiti og aðstæður. Upplifun þeirra og skynjun á hættum í umhverfi sínu er oftast nær frábrugðin skynjun og upplifun fullþroska einstaklings. Önnur algeng einkenni þessa aldurskeiðs er óttaleysi, unglingar skynja oft ekki mikilvægi þess að vera varkárir né mikilvægi þess að hugsa gaumgæfilega áður en framkvæmt er. Sökum þroska- og reynsluleysis sjá margir á þessu aldurskeiði ekki tengsl orsakar og afleiðingar nógu skýrt.

Annað einkenni þessa aldurskeiðs er að unglingar upplifa gjarnan að ekkert illt geti hent þá. Þeir líta oft léttvægum augum á atriði sem fullorðnir líta alvarlegum augum. Enda þótt foreldrar og aðrir fullorðnir sem umgangast unglingana geri sitt besta til að uppfræða og vara þá við ófyrirsjáanlegum hættum og mikilvægi þess að gæta að sér ná viðvörunarorðin ekki alltaf eyrum þeirra. Því nær sem dregur fullorðinsárum dregur úr þessi einkennum. Dómgreind dýpkar, innsæi eykst og einstaklingurinn verður hæfari með hverju ári sem líður til að setja sig í spor annarra, meta aðstæður, gera áætlanir og sjá fyrir möguleg orsakartengsl. Hvað varðar félagsþroska hefur ítrekað verið sýnt fram á með sálfræði- og félagslegum rannsóknum að því eldri sem unglingurinn verður því minni líkur eru á að hann láti undan félagaþrýstingi eða hafi yfirhöfuð þörf fyrir að sýna sig fyrir félögum sínum.

Út frá sjónarmiðum þroskasálfræðinnar er því auðvelt að leiða líkum að því að 18 ára unglingar séu mun hæfari til að taka ábyrgð á sér og sínu lífi en þegar þeir voru 17 ára. Hvert ár á þessu tímaskeiði getur þannig skipt sköpum hvað varðar nauðsynlegan þroska til að geta tekið þá lágmarksábyrgð sem stjórnun ökutækis í umferðinni krefst.

Önnur veigamikil rök sem styðja frumvarp þetta er sú staðreynd að börn eru í samfélagi okkar skilgreind sem börn þar til þau hafa náð 18 ára aldri. Árið 1997 voru samþykkt lög á Alþingi sem kveða á um að ungt fólk fái hvorki sjálfræði né fjárræði fyrr en 18 ára. Árum saman hafði viðmiðið verið 16 ára. Sú breyting að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 í 18 ára var ekki gerð út í bláinn heldur af því að Alþingi taldi það nauðsynlegt hagsmunum barna og ungmenna. Breytingin var gerð svo að fullorðnir gætu haldið verndarhendi yfir börnunum þar til að álitið var að þau gætu byrjað að axla sjálfsábyrgð. Þess vegna skýtur það skökku við að unnt sé að fela 17 ára barni þá ábyrgð að aka bifreið þegar það getur hvorki tekið sjálfstæða ákvörðun um að festa kaup á ökutæki né hefur það rétt til að ráðstafa eigin fé. Okkur ber að létta þessari ábyrgð af unglingunum og jafnframt forða mörgum þeirra frá því að skaða sjálfa sig og aðra með því að stjórna ökutæki.

Enda þótt þetta mál sé að margra mati lífsspursmál skal áréttað að með því er ekki verið að dæma alla unga ökumenn sem ábyrgðarlausa. Því fer fjarri. Þótt tilhlökkun sé mikil eftir að fá ökuréttindi eru margir nýir bílprófshafar fullir kvíða þegar þeir fara í sínar fyrstu ökuferðir. Þeir gera sér far um að sýna fyllstu aðgætni og eru sérstaklega varkárir fyrstu mánuðina í umferðinni meðan þeir eru að þjálfa akstursháefni sína og átta sig á aðstæðum. Með því að hækka lágmarksaldurinn í 18 ára má auðveldlega leiða líkum að því að þessi „upphafsvarkárni“ færist einnig upp um eitt ár. Frumvarp þetta mun vafalaust ekki falla öllum ungmennum í geð sem bíða þess að ná 17 ára aldri til að geta fengið ökuréttindi. En hvernig sem á málið er litið, hvort sem í þessari umræðu eða annarri sem hefur að gera með velferð og heilsu barna, er það skylda okkar að hafa vit fyrir börnum og unglingum og búa þeim aðstæður sem eru bestar til þess fallnar að vernda þau sem og aðra vegfarendur í umferðinni. Verði frumvarp þetta að lögum mun heilum árgangi verða forðað frá því að geta slasast eða láta lífið undir stýri eða verða fyrir þeirri ógæfu að aðrir slasist eða látist í umferðinni.

Í ákvæði til bráðabirgða kemur fram að gert er ráð fyrir að aldursmörkin verði hækkuð í þrepum, um einn mánuð á tveggja mánaða fresti. Ekki er talið eðlilegt að unglingur sem verður 17 ára daginn eftir gildistöku laganna þurfi að bíða í heilt ár eftir að fá ökuskírteini. Að sama skapi yrði líka slæmt ef ökukennsla og sú sérþekking sem henni fylgir félli niður í nærri heilt ár. Markmið laganna mundi með þessu nást á tæpum tveimur árum, sem hér segir:

| Tímabil | Aldur |
|---|---|
| 1.7.2007–31.8.2007 | 17 ára og 1 mánaðar |
| 1.9.2007–31.10.2007 | 17 ára og 2 mánaða |
| 1.11.2007–31.12.2007 | 17 ára og 3 mánaða |
| 1.1.2008–29.2.2008 | 17 ára og 4 mánaða |
| 1.3.2008–30.4.2008 | 17 ára og 5 mánaða |
| 1.5.2008–30.6.2008 | 17 ára og 6 mánaða |
| 1.7.2008–31.8.2008 | 17 ára og 7 mánaða |
| 1.9.2008–31.10.2008 | 17 ára og 8 mánaða |
| 1.11.2008–31.12.2008 | 17 ára og 9 mánaða |
| 1.1.2009–28.2.2009 | 17 ára og 10 mánaða |
| 1.3.2009–30.4.2009 | 17 ára og 11 mánaða |

# 419. Tillaga til þingsályktunar [382. mál]

um breytingar á skattlagningu lífeyrisgreiðslna.

Flm.: Ellert B. Schram, Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp þess efnis að lífeyrisgreiðslur úr almennum lífeyrissjóðum verði skattlagðar á sama hátt og fjármagnstekjur. Sömuleiðis verði skoðaðir möguleikar á breyttri skattlagningu lífeyrisgreiðslna Tryggingastofnunar ríkisins og öðrum bótum til ellilífeyrisþega. Frumvarpið verði lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi með það fyrir augum að ný álagning taki gildi vegna tekna árið 2007 og komi til framkvæmda við skattálagningu árið 2008.

Greinargerð.

Hagur eldri borgara, fólks sem hefur náð sextíu og sjö ára aldri, hefur mjög verið í sviðsljósinu undanfarna mánuði og missiri. Aðbúnaður, efnahagur og lífskjör almennt. Skort hefur þjónustuíbúðir og dvalarheimili fyrir aldraða, aðbúnaði er að mörgu leyti ábótavant og flestir sammála um að aðgerða sé þörf á því sviði.

Ríkisstjórnin hefur m.a. viðurkennt þá staðreynd með yfirlýsingum sínum og fyrirheitum, sem gefin voru út í haust og nú aftur með ákvörðun heilbrigðisráðherra um byggingu hjúkrunarheimila í þágu aldraðra fyrir 1,3 milljarða kr. sem eigi að rísa á næstu fjórum árum.

Þá hefur tekjuskerðing í almannabótakerfinu sömuleiðis legið undir harðri gagnrýni, enda leiðir það fyrirkomulag til vítahrings og sjálfheldu þegar almennar tekjur lífeyrisþega valda því að bætur til þeirra dragast saman sem nemur tekjuaukningunni. Ríkisstjórnin hefur í raun viðurkennt þessa annmarka með því að stíga það skref að hækka frítekjumarkið um 300 þús. kr. á ári. Sú hækkun er þó að mati margra bitamunur en ekki fjár.

Þau mál sem nefnd eru hér að framan eru öll réttlætismál gagnvart þeirri kynslóð sem á annað betra skilið en að verða afskiptur hópur í okkar ríka og velstæða samfélagi.

En langstærsta ranglætið sem snýr að sextíu og sjö ára gömlu fólki og þaðan af eldra er sú skattlagning sem felur það í sér að lífeyrisþegar greiði almennan tekjuskatt af lífeyrissjóðsgreiðslum og ellilífeyri sínum. Hér erum við að tala um allan þorra þess fólks sem er

hætt störfum, býr við tiltölulega góða heilsu en hefur litlar sem engar tekjur aðrar en þær sem það hefur sparað til efri áranna, bæði með greiðslum í lífeyrissjóði og með sköttum sínum og gjöldum til hins opinbera.

Almannatryggingakerfið var á sínum tíma sett á stofn einmitt í þeim tilgangi að fólk væri að tryggja ævikvöld sitt, leggja í sameiginlegan sjóð landsmanna, sem aftur greiddi því þokkalega, til framfærslu og lífsviðurværis, þegar starfsævinni væri lokið.

Þetta kerfi var og hefur aldrei verið hugsað sem ölmusa. Þetta var og er lífeyrir, sem unnið hefur verið til og allir eiga rétt á, án þess að hann sé síðan klipinn og skertur og skattlagður langt niður fyrir lágmarksframfærslu.

Á síðari hluta síðustu aldar voru hinir almennu lífeyrissjóðir lögfestir. Launafólki var gert að skyldu að greiða hluta af launatekjum sínum í þessa sjóði, gegn framlagi frá launagreiðanda. Hér var um lögþvingaðan sparnað að ræða. Lífeyrissjóðirnir hafa verið misjafnlega í stakk búnir til að greiða lífeyri þegar þar að kemur en fyrir hinn almenna launamann eru mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur að meðaltali á bilinu 90–180 þús. kr. eftir launum og lengd starfsævinnar. Af þessum lífeyrisgreiðslum borga lífeyrisþegar fullan skatt og lauslegar athuganir benda til að lífeyrisgreiðslur eftir skatt séu að meiri hluta til langt fyrir neðan þau mörk sem talin eru nauðsynleg til lágmarksframfærslu og lífsnauðsynja. Þar koma meðal annars til skattleysismörk, sem meðvitað hafa ekki fylgt launavísitölu og bitna fyrst og fremst á ellilífeyrisþegum.

Óréttlætið með skattleysimörkin er þó ekki viðfangsefni þessarar tillögu, heldur hitt að leiðrétta það ranglæti sem lífeyrisþegar búa við, í ljósi þess að þeir sem njóta sjálfsaflafjár og ekki þurfa að greiða lögbundnar greiðslur í lífeyrissjóði geta lagt sparnað sinn til hliðar, til ávöxtunar á bankabókum eða í arðsömum viðskiptum, og greiða aðeins 10% fjármagnstekjuskatt af arði eða vöxtum. Annar sparnaður, þ.e. lífeyrisgreiðslurnar af hinum lögbundna skyldusparnaði, er skattlagður með almennum tekjuskatti.

Það er réttlætismál að hér sitji allir við sama borð. Launamaðurinn sem er skyldugur til að leggja hluta af launum sínum í lífeyrissjóð til að spara til efri áranna á að njóta sömu kjara og skatta og þeir hinir, sem leggja sparnað sinn til hliðar með öðrum hætti.

Þennan ójöfnuð þarf að laga. Það á ekki að mismuna fólki á þennan hátt enda er hér í eðli sínu um að ræða sparnað með einum eða öðrum hætti, sem á að lúta sömu reglum. Það á ekki að lögþvinga launafólk til að greiða í lífeyrissjóði og láta það svo greiða hærri skatta en aðra, þá sem ávaxta sitt pund með öðrum hætti.

Sú breyting sem hér er gerð tillaga um væri að mati flutningsmanna geysimikil kjarabót fyrir allan þorra eldri borgara. Með öðrum orðum: gert er ráð fyrir að allir, sextíu og sjö ára og eldri, greiði fjármagnstekjuskatt, eins og hann er á hverjum tíma, af tekjum sínum úr lífeyrissjóðum. Þessi breyting er sanngjörn og réttlát.

Samkvæmt svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Ágústs Ólafs Ágústssonar (þskj. 1245, 640. mál á 132. löggjafarþingi) kemur í ljós að kostnaður við breytingu á skattlagningu á lífeyristekjum eldri borgara úr lífeyrissjóðum þannig að þær beri fjármagnstekjuskatt kostar hið opinbera um 3,3 milljarða kr., sem er um 1% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Mestur hluti þess tekjutaps mundi lenda á sveitarfélögunum, eða um 2,4 milljarðar kr., og leggja því flutningsmenn til að ríkissjóður, að tillögu fjármálaráðherra, brúi það bil með tekjubreytingartillögum milli ríkis og sveitarfélaga. Flutningsmenn leggja ríka áherslu á að sveitarfélögin beri ekki þann kostnað sem hlytist af þessari skattalækkun heldur ríkisvaldið.

Gera má ráð fyrir að þessi breyting krefjist einhverra annarra breytinga á skattalögum sem geta reynst flóknar og því er farið fram á að hið háa Alþingi samþykki þessa réttarbót sem

sinn vilja og beini því til hæstvirts fjármálaráðherra að hann hafi forystu og verkstjórn um að laga skattalög að þessari mikilvægu stefnumótun Alþingis.

Flutningsmenn telja einnig að í þessari vinnu eigi að koma til skoðunar breytt skattlagning á lífeyrisgreiðslum frá Tryggingarstofnun ríkisins. Í fyrrnefndu svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Ágústs Ólafs Ágústssonar kemur einnig fram að væru slíkar greiðslur skattlagðar með fjármagnstekjuskatti yrði tekjutap hins opinbera um 2,3 milljarðar kr.

Áríðandi er að þessar lagfæringar verði að veruleika sem fyrst og því er gert ráð fyrir að þær taki gildi fyrir skattaárið 2007 og komi til framkvæmda við skattálagningu árið 2008.

## 420. Tillaga til þingsályktunar [383. mál]

um íþróttakennslu í grunnskólum.

Flm.: Ellert B. Schram, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til menntamálaráðherra að við endurskoðun námskrár í grunnskólum verði kennsla í íþróttum aukin og nemendum tryggð að minnsta kosti ein hreyfistund á dag.

Greinargerð.

Starfshópur sem menntamálaráðherra skipaði til að móta íþróttastefnu í víðtækum skilningi, skilaði fyrr á þessu ári áfangaskýrslu, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að brýna nauðsyn bæri til að efla kennslu í íþróttum í grunnskólum landsins, ekki síst með vísan til heilsu og líkamlegs ástands ungs fólks. Í skýrslunni segir m.a.:

„Hreyfingarleysi ógnar lífi og lífsgæðum mikils fjölda manna um heim allan en talið er að á bilinu 60–85% fullorðinna lifi því sem næst algjöru kyrrsetulífi. Margir stunda þar með ekki nægа reglulega hreyfingu til að hún hafi heilsufarslegan ávinning í för með sér og hópur þeirra verður stöðugt fjölmennari. Á það ekki síður við um börn en fullorðna en þátttaka barna í reglulegri hreyfingu minnkar með auknum aldri. Víða um heim hreyfir aðeins innan við þriðjungur barna sig nægilega til að það bæti heilsu þeira en mikill meirihluti barna hreyfir sig ekki nóg.

Hátt hlutfall fullorðinna, og ekki síst unglinga, stundar þannig litla sem enga hreyfingu og er margir þar að auki illa á sig komnir líkamlega. Til að mynda hefur nýleg bandarísk rannsókn þannig leitt í ljós að um þriðjungur unglinga þar í landi náði slökum árangri á þrekprófi. Kyrrseta hefur því ekki einungis aukist heldur eru afleiðingar hennar á heilsufar nú þegar greinilegar.“

Þyngd barna hefur aukist jafnt og þétt á Íslandi. Þar veldur margt, svo sem mataræði, kyrrseta fyrir framan tölvur og sjónvörp og skortur á reglulegri hreyfingu sem aftur hefur skaðleg og neikvæð áhrif á bæði andlegt og líkamlegt heilsufar, þegar komið er fram á fullorðinsár.

Þróunin er sú að skólarnir skipta sífellt meira máli að því er varðar uppeldisleg gildi, áhugamál og lífshætti unga fólksins. Í grunnskólum landsins er oft lagður hornsteinn að hegðun og hugðarefnum og þeim lífsstíl sem fólk temur sér. Það er mat flutningsmanna þessarar tillögu að með aukinni áherslu á líkamsrækt, íþróttir og hvers konar hreyfingu megi sporna við offitu, heilsukvillum og lífsleiða. Það er margsannað að regluleg hreyfing er hverjum einstaklingi bæði holl og nauðsynleg.

Í núverandi námskrá grunnskólanna er gert ráð fyrir þremur tímum á viku í íþróttum, og þar af einum tíma í sundkennslu. Þar sem því verður ekki viðkomið að kenna sund einu sinni í viku er skólum heimilt að kenna sund á sérstöku námskeiði, a.m.k. 20 kennslustundir. Brögð eru að því að nemendur fái enga íþróttakennslu í þeim tímum sem þá eru eftir. Afleiðingin er þess vegna stundum sú að kennslustundum í íþróttum fækkar. Skyldan er ekki uppfyllt. Hér þarf að herða tökin. Ekki aðeins að fylgja eftir kröfunni um þrjá íþróttatíma í viku, heldur og að fjölga þeim kennslustundum þar sem nemendur stunda í hvers konar íþróttir. Lagt er til að íþróttakennslustundum verði fjölgað og helst þyrfti að gangast fyrir reglulegri hreyfingu á hverjum degi skólavikunnar. Að þessu leyti sýnist eðlilegt að hafa full samráð og samvinnu við viðkomandi íþróttafélög í hverfi eða bæjarfélagi.

Um þessar mundir er starfandi nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem endurskoðar námskrá grunnskólanna. Með samþykkt þessarar tillögu til þingsályktunar beinir Alþingi þeim eindregnu tilmælum til nefndarinnar að taka tillit til þessara sjónarmiða og gera um það tillögu að sinni hálfu að íþróttakennsla í grunnskólunum fái aukið rými í skólaskyldunni. Flutningsmenn treysta því að hæstvirtur menntamálaráðherra fylgi því sjónarmiði eftir þegar ný námskrá er samin og staðfest.

## 421. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 25. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 28 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Fulltrúar frá fjármálaráðuneyti komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi dags. 5. október sl. óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem varða málefnasvið hverrar um sig. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 9.564,5 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 376.413,7 m.kr. sem er 3.058,9 m.kr. hækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður um 8.999,2 m.kr. sem er lækkun um 6.505,6 m.kr.

Meiri hlutinn þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis. Einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

**00 Æðsta stjórn ríkisins**

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 173,9 m.kr.

**201 Alþingi.**

*1.03 Fastanefndir.* Gerð er tillaga um 12 m.kr. varanlega fjárveitingu til að styrkja starfsemi fastanefnda Alþingis. Annars vegar eru 7,5 m.kr. til að gera fastanefndum kleift að sinna alþjóðlegu samstarfi og fræðslustarfi og hins vegar 4,5 m.kr. til að auka svigrúm til aðkeyptrar sérfræðiþjónustu fyrir fastanefndir Alþingis.

*1.06 Almennur rekstur.* Gerð er tillaga um 12 m.kr. varanlega hækkun almenns rekstrar Alþingis. Annars vegar eru 7 m.kr. vegna stöðu forstöðumanns á þingfundaskrifstofu. Það er nýtt stöðugildi í kjölfar skipulagsbreytinga skrifstofunnar sem samþykktar voru af forsætisnefnd í byrjun október 2006. Hins vegar eru 5 m.kr. til að mæta kostnaði við rekstur skólaþings sem gert er ráð fyrir að hefjist árið 2007. Ráða þarf starfsmann í fullt starf um mitt ár 2007. Áætlaður árlegur kostnaður er 10 m.kr. sem kemur að fullu til framkvæmda árið 2008, en 5 m.kr. á árinu 2007.

*1.07 Sérverkefni.* Gerð er tillaga um 20,4 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum. Þar af er 14,4 m.kr. tímabundið framlag til að kosta vinnu við ritun verks um þingræði á Íslandi í 100 ár, en forsætisnefnd Alþingis samþykkti 2. sept. 2005 að Alþingi stæði að slíku verki. Samning ritsins stendur frá hausti 2006 til vors 2008, en meginvinnan verður unnin á árinu 2007. Gert er ráð fyrir að kostnaður við verkið á árinu 2006 nemi um 1,9 m.kr. og 12,5 m.kr. á árinu 2007. Kostnaður á árinu 2008 er áætlaður tæpar 6 m.kr. Fyrrnefndar 14,4, m.kr. í fjárlögum 2007 yrðu því kostnaður við verkið á árinu 2006 og 2007. Hins vegar er 6 m.kr. tímabundið framlag til vinnu við að skanna Alþingistíðindi frá upphafi endurreisnar Alþingis 1845 á stafrænt form til birtingar á vef Alþingis. Hærri fjárveiting mun gera það mögulegt að flýta verklokum.

*5.20 Fasteignir.* Gerð er tillaga um 35 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að ljúka viðhaldsframkvæmdum við Alþingishúsið að utan, bæði þakviðgerð og fúgaviðgerð á norðurhlið. Kostnaður er áætlaður 70 m.kr. en ónotaðar fjárveitingar til verksins eru 35 m.kr.

*6.01 Tæki og búnaður.* Gerð er tillaga um 74,5 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum. Annars vegar er 50 m.kr. tímabundin fjárveiting til að standa straum af stofnkostnaði við skólaþing. Forseti Alþingis lét gera ítarlega skýrslu um verkefnið sem liggur fyrir. Fjárveitingin er til undirbúnings og framkvæmda við að gera kennsluver og kennsluefni þannig að þessi starfsemi geti hafist á árinu 2007 með nauðsynlegum búnaði í varanlegu húsnæði í Austurstræti 8–10 sem Alþingi hefur þegar til afnota.

Hins vegar er 15 m.kr. tímabundin fjárveiting til endurnýjunar á fartölvubúnaði alþingismanna. Undanfarin ár hefur tölvubúnaður alþingismanna utan skrifstofunnar verið endurnýjaður á fjögurra ára fresti, þ.e. á kosningaári.

Loks er gerð tillaga um 9,5 m.kr. fjárveitingu til að setja hljóð og mynd á vefinn svo að mögulegt verði að hlusta og horfa á þingfundi aftur í tímann. Tillagan miðast við að upptökur og vistun verði af bestu gæðum svo að nota megi efnið við sjónvarpsútsendingar jafnt sem fyrir almenning.

**205 Framkvæmdir á Alþingisreit.**

*6.50 Nýbygging.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við að ljúka endurskoðun á deiliskipulagi Alþingisreits og við nauð-

synlegan undirbúning til að hefja megi fornleifarannsóknir á vesturhluta reitsins og undirbúning hönnunar nýbygginga.

**620 Ríkisendurskoðun.**

*1.01 Ríkisendurskoðun.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag á ári í tvö ár til að stofnunin geti farið í sérstakt átak til að meta þá áhættu sem er samfara notkun upplýsingakerfa hjá hinu opinbera og koma með ábendingar til úrbóta í því sambandi. Kannað verður sérstaklega innra eftirlit með þeim upplýsingum sem færast í upplýsingakerfin og koma frá þeim og þær aðgerðir og öryggisráðstafanir sem tengjast upplýsingakerfunum sjálfum. Undanfarin ár hafa fjölmörg upplýsingakerfi tekið við af handvirkum verkferlum sem m.a. ákvarða greiðslur fjármuna úr ríkissjóði, og hafa því fylgt ýmis ný og áður óþekkt vandamál. Í þeim tilvikum þar sem Ríkisendurskoðun hefur kannað stöðu mála vegna atvika þar sem aðilar notfærðu sér veikleika upplýsingakerfa til að taka fjármuni úr ríkissjóði á ólöglegan máta hefur komið í ljós að veruleg áhætta gæti verið til staðar í ýmsum upplýsingakerfum hjá mörgum ríkisaðilum. Áætlað er að verkefnið takið tvö til þrjú ársverk og verði framkvæmt á næstu tveimur árum. Að hluta til mun stofnunin leita eftir að kaupa sérfræðiaðstoð við vinnuna.

## 01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 146 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.21 Öryggismálanefnd.* Með vísan til 7. liðar í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september, um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför varnarliðsins, er gerð tillaga um 16 m.kr. framlag til samstarfsvettvangs fulltrúa stjórnmálaflokkanna þar sem fjallað verði um öryggi Íslands á breiðum grundvelli, m.a. í samstarfi við sambærilega aðila í nálægum löndum.

*1.92 Til starfsemi stjórnmálaflokka.* Gerð er tillaga um 130 m.kr. fjárveitingu til að styrkja starfsemi stjórnmálaflokka. Í tillögum nefndar sem vinnur að gerð frumvarps um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi á Íslandi er m.a. lagt til að hámark verði sett á fjárframlög frá lögaðilum og einstaklingum til stjórnmálaflokka. Fjárveitingin miðar að því að tryggja að stjórnmálaflokkar geti haldið uppi svipaðri starfsemi og þeir gera í dag.

## 02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 1.726,7 m.kr.

**201 Háskóli Íslands.**

*1.01 Háskóli Íslands.* Gerð er tillaga um 308,8 m.kr. hækkun til Háskóla Íslands. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 300 m.kr. hækkun til Háskólans í samræmi við ákvæði nýs kennslu- og rannsóknasamnings sem fyrirhugað er að gera við skólann. Með nýjum samningi mun Háskóli Íslands setja sér það markmið að öðlast viðurkenningu sem háskóli í fremstu röð.

Þá er gerð er tillaga um að veita Lagastofnun Háskóla Íslands 7,5 m.kr. tímabundið framlag til að gefa út íslenska lögfræðiorðabók.

Loks er lagt til að veita Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands 1,3 m.kr. tímabundið framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu.

**209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.**

*1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.* Gerð er tillaga um 12 m.kr. rannsóknaframlag til Árnastofnunar.

**210 Háskólinn á Akureyri.**

*1.01 Háskólinn á Akureyri.* Gerð er tillaga um 70 m.kr. hækkun fjárveitingar til rannsókna hjá Háskólanum á Akureyri.

Þá er á viðfangsefninu 03-190-1.26 Nám í heimskautarétti hjá utanríkisráðuneytinu flutt tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag vegna náms sem fyrirhugað er að fari fram á vegum Háskólans á Akureyri í samvinnu við erlenda háskóla. Framlagið kemur fram sem sértekjur hjá skólanum en á móti kemur jafnmikill kostnaður í tengslum við námið þannig að beint framlag úr ríkissjóði verður óbreytt eftir sem áður.

**299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.**

*1.73 Reykjavíkurakademían.* Gerð er tillaga um 10,2 hækkun á framlögum til Reykjavíkurakademíunnar. Annars vegar er þar lögð til 6,2 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs akademíunnar. Hins vegar er gerð tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til tvískipts verkefnis í tengslum við tíu ára afmæli Reykjavíkurakademíunnar, annars vegar til að taka saman bók með rannsóknaskýrslu félaga frá upphafi þar sem saga akademíunnar verður rakin og hins vegar til að gera heimildamynd um sögu hennar.

**319 Framhaldsskólar, almennt.**

*1.33 Myndlistarskólinn Akureyri.* Gerð er tillaga um 1,1 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Myndlistarskóla Akureyrar.

*1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi.* Gerð er tillaga um 1,1 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Myndlistarskóla Kópavogs.

*1.90 Framhaldsskólar, óskipt.* Gerð er tillaga um 240 m.kr. framlag, auk 10 m.kr. sértæks framlags, til framhaldsskólanna samkvæmt ákveðinni skiptingu sem unnin var með reiknilíkani af hálfu menntamálaráðuneytis. Skipting á einstaka skóla er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans og færist á viðkomandi skóla í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

Jafnframt er gerð tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna samnings um sýningar á kvikmyndum í framhaldsskólum landsins. Samningurinn gerir ráð fyrir samtals 30 m.kr. á árunum 2007–2009.

**367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga.**

*1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga.* Lagt er til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 7 m.kr. til reksturs framhaldsskóladeildar á Patreksfirði. Um er að ræða tilraunaverkefni til fjögurra ára sem gerir ráð fyrir að rekin verði framhaldsdeild fyrir nemendur á fyrsta og öðru ári í framhaldsskóla. Áformað er að deildin verði rekin í nánu samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og að stuðst verði við þá reynslu sem þar hefur fengist af staðbundnu námi og fjarkennslu.

**451 Símenntun og fjarkennsla.**

Lagt er til að framlag til símenntunarstöðva á landsbyggðinni verði hækkað og hækka því eftirfarandi níu liðir um 0,7 m.kr. hver:

*1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi.*
*1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða.*
*1.23 Farskóli Norðurlands vestra.*
*1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar.*
*1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga.*
*1.26 Fræðslunet Austurlands.*
*1.27 Fræðslunet Suðurlands.*
*1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.*
*1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja.*

*1.30 Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík.* Gerð er tillaga um 11 m.kr. framlag til reksturs Framvegis, miðstöðvar um símenntun í Reykjavík, sem er í eigu Verzlunarskóla Íslands og aðildarfélaga BSRB og hefur hingað til einkum þjónað heilbrigðisgeiranum en er nú að breikka námsframboð sitt.

*1.31 Fræða- og þekkingarsetur.* Gerð er tillaga um 24 m.kr. hækkun á liðnum og er fjárveiting ætluð fjórum háskólasetrum sem fá þannig 6 m.kr. framlag hver. Þau eru Háskólasetrið á Hornafirði, Háskólasetur Snæfellsness, Háskólasetur Vestfjarða – Fornleifaskóli Vestfjarða og loks rannsóknasetur Háskóla Íslands í sjávarspendýrafræðum á Húsavík sem ráðgert er að stofna í ársbyrjun 2007. Það verður hýst innan Þekkingarseturs Þingeyinga og rekið í nánu samstarfi við þá stofnun og Náttúrustofu Norðausturlands.

*1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga.* Gerð er tillaga um 100 m.kr. framlag til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Mikil fjölgun hefur orðið á fólki af erlendum uppruna sem kemur til Íslands til lengri eða skemmri dvalar og er skýringa á því ekki síst að leita í mikilli eftirspurn eftir vinnuafli og hagsæld hér á landi. Á sama tíma hefur hindrunum fyrir frjálsri för einstaklinga innan Evrópska efnahagssvæðisins verið rutt úr vegi og fjölmargir borgarar í Evrópusambandslöndum hafa komið hingað. Viðurkennt er að tungumálakunnátta er grundvallarforsenda fyrir fullri þátttöku og aðlögun fólks að íslensku samfélagi. Kemur það m.a. fram í lögum um útlendinga, nr. 96/2002, þar sem miðað er við að færni í íslensku skuli vera forsenda fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar.

**901 Fornleifavernd ríkisins.**

*1.01 Fornleifavernd ríkisins.* Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til að endurreisa Bláskeggsárbrú í Hvalfirði sem sveitarstjórnin þar hefur hug að gera í samstarfi við umhverfis- og náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins og Vegagerðina.

**902 Þjóðminjasafn Íslands.**

*1.01 Þjóðminjasafn Íslands.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna fjarvinnsluverkefnis hjá Landvist á Húsavík annars vegar, 5 m.kr., og Forsvari á Hvammstanga hins vegar, 5 m.kr.

*1.10 Byggða- og minjasöfn.* Gerð er tillaga um 46,5 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum vegna eftirfarandi verkefna:

- 7 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifastofnunar Íslands til framhalds fornleifarannsókna í Skálholti,
- 6 m.kr. tímabundið framlag til Hins þingeyska fornleifafélags til nýsköpunar í ferðaþjónustu og fornleifarannsókna í Suður-Þingeyjarsýslu,
- 5 m.kr. tímabundið framlag til Kolkuóss ses. til varðveislu og uppbyggingar húsa í Kolkuósi með það í huga að koma þar á fót öflugri menningartengdri ferðaþjónustu í tengslum við Vesturfarasetrið á Hofsósi og Háskólann á Hólum,
- 5 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifastofnunar Íslands á Vesturlandi til framhalds fornleifarannsókna í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp; rannsóknirnar eru samstarfsverkefni Byggðasafns Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Fornleifastofnunar Íslands á Vesturlandi, Háskólaseturs á Ísafirði, Háskóla Íslands og Alþjóðlega fornleifaskólans, auk erlendra samstarfsaðila,
- 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á menningarsögulegum minjum í Hringsdal og nágrenni hans á vegum Arnfirðingafélagsins,
- 4 m.kr. tímabundið framlag til Byggðasafns Skagfirðinga til að halda áfram fornleifauppgreftri á tanganum við Kolkuós,

- 4 m.kr. tímabundið framlag til Eldstáls ehf. til áframhaldandi rannsókna á eyðibýlinu Bæ í Öræfum sem fór í eyði í gosi 1362; um þriðjungur hefur verið rannsakaður,
- 4 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar Byggðasafnsins á Garðskaga,
- 3 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á fornleifum við gamla prestssetrið að Útskálum,
- 2 m.kr. framlag til Byggðasafns Skagafjarðar vegna Verslunar Haraldar Júlíussonar,
- 1 m.kr. tímabundið framlag til Önfirðingafélagsins í Reykjavík til verkefnisins Hvalveiðiminjar og hvalveiðisaga vegna veiða Norðmanna við Ísland 1883–1915,
- 0,5 m.kr. tímabundið framlag vegna ráðstefnu og stefnumótunar í tilefni 40 ára afmælis Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna.

**905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.**

*1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.* Gerð er tillaga um að veita Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 12 m.kr. á ári í þrjú ár til að setja dagblöð á stafrænt form. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að setja Morgunblaðið á stafrænt form með styrk frá Árvakri. Lögberg-Heimskringla hefur verið mynduð fyrir styrk frá menntamálaráðuneyti og nú hefur safnið fengið styrk frá 365-prentmiðlum til að hefja myndatöku á DV, Dagblaðinu og Vísi. Mikil slagsíða er á því dagblaðaefni sem nú er aðgengilegt og telur safnið óásættanlegt að einungis hluti af íslenskum dagblöðum sé aðgengilegur í stafrænu formi. Til að bæta úr þessu hafa Landsbókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri reynt að afla því stuðnings að Alþýðublaðið, Dagur, Tíminn og Þjóðviljinn verði einnig sett á stafrænt form. Landsbókasafnið leggur til myndavél, tengingar milli safnanna, þjálfun starfsmanna og forritunarvinnu.

**909 Blindrabókasafn Íslands.**

*1.01 Blindrabókasafn Íslands.* Gerð er tillaga um að veita Blindrabókasafni Íslands 5 m.kr. framlag til að yfirfæra hljóðbókakost safnsins á stafrænt form.

**919 Söfn, ýmis framlög.**

*1.10 Listasafn ASÍ.* Lagt er til að Listasafni ASÍ verði veittur 5,5 m.kr. rekstrarstyrkur.

*1.11 Nýlistasafn.* Lagt er til að Nýlistasafninu verði veittur 8 m.kr. rekstrarstyrkur.

*1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.* Gerð er tillaga um að framlag til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hækki um 0,7 m.kr.

*1.90 Söfn, ýmis framlög.* Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

*1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis.* Gerð er tillaga um 62 m.kr. á þessum lið. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 12 m.kr. tímabundið framlag til Byggðasafnsins í Görðum, Akranesi vegna Kútters Sigurfara en fyrirhugað er að gera samning um 60 m.kr. styrk á næstu fimm árum. Fyrsta greiðsla, 12 m.kr., kemur til greiðslu 2007 og síðan verða jafnar greiðslur næstu ár og síðasta greiðsla 2011.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna Hvalasafnsins á Húsavík en fyrirhugað er að gera samning um 30 m.kr. styrk á næstu þremur árum. Fyrsta greiðsla, 10 m.kr., kemur til greiðslu 2007 og síðan verða jafnar greiðslur næstu ár eða síðasta greiðsla 2009.

Á ríkisstjórnarfundi 13. júní 2006 var samþykkt að styrkja framkvæmdir við Víkina, Sjóminjasafnið í Reykjavík, og miðað er við að gerður verði samningur um 30 m.kr. heildarstyrk sem greiðist í jöfnum greiðslum á þremur árum eða árin 2007, 2008 og 2009. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna þessa.

Þá er í fjórða lagi gerð tillaga um 10 m.kr. framlag vegna ríkisstjórnarsamþykktar vorið 2005 um 30 m.kr. til Safnahúss í Búðardal sem greiða á í þremur jöfnum greiðsl-

um, í fyrsta skipti árið 2006. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 hefur þegar verið gert ráð fyrir 10 m.kr. fjárheimild sem fallið hafði niður við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár.

Í fimmta lagi er gerð tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til Hrísbrúnar vegna fornleifarannsókna og uppgraftar. Heildarstyrkur er 24 m.kr. sem greiðist í þremur jöfnum greiðslum á árunum 2007, 2008 og 2009.

Í sjötta lagi er gerð tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag vegna Hekluseturs en fyrirhugað er að gera samning um 30 m.kr. styrk á næstu fimm árum. Fyrsta greiðsla, 6 m.kr., kemur til greiðslu 2007 og síðan verða jafnar greiðslur næstu ár, og síðasta greiðsla árið 2011.

Í sjöunda lagi er gerð tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag vegna Galdrasýningar á Ströndum en fyrirhugað er að gera samning um 30 m.kr. styrk á næstu fimm árum. Fyrsta greiðsla, 6 m.kr., kemur til greiðslu 2007 og síðan verða jafnar greiðslur næstu ár, eða síðasta greiðsla árið 2011.

*6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður.* Gerð er tillaga um 24 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

**969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.**

*6.21 Endurbætur menningarstofnana.* Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum og er framlagið til endurbóta á Gunnarshúsi á Skriðuklaustri.

**974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.**

*1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands.* Gerð er tillaga um 140,9 m.kr. hækkun á framlagi til hljómsveitarinnar samkvæmt breytingu á lögum um hljómsveitina þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði 25% hlut Ríkisútvarpsins og 1% hlut Seltjarnarnesbæjar. Samkvæmt frumvarpinu er hluti Ríkisútvarpsins 135,5 m.kr. og hlutur Seltjarnarnesbæjar 5,4 m.kr.

Jafnframt er gerð tillaga um 10 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi hljómsveitarinnar.

**979 Húsafriðunarnefnd.**

*1.01 Húsafriðunarnefnd.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á framlagi til húsafriðunarnefndar þar sem umsýsla með verkefnum sem hlotið hafa styrk hefur aukist verulega undanfarin ár.

*6.10 Húsafriðunarsjóður.* Gerð er tillaga um 135,5 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum til eftirfarandi verkefna:

| | |
|---|---|
| Kvennaskólabyggingin á Blönduósi | 7 m.kr. |
| Menningarhús frá Jakútíu | 5 m.kr. |
| Bíldudalskirkja | 5 m.kr. |
| Duus-hús í Reykjanesbæ | 5 m.kr. |
| Tjarnarbíó í Reykjavík | 5 m.kr. |
| Vélsmiðjan á Þingeyri | 4 m.kr. |
| Vatneyrarbúð, Patreksfirði | 4 m.kr. |
| Pakkhúsið á Vatneyri | 4 m.kr. |
| Gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík | 4 m.kr. |
| Friðbjarnarhús á Akureyri | 4 m.kr. |
| Bryggjuhúsin á Wathnestorfunni á Seyðisfirði | 4 m.kr. |
| Eyrardalsbærinn í Súðavík | 4 m.kr. |
| Gudmanns Minde á Akureyri | 4 m.kr. |
| Faktorshúsið á Djúpavogi | 4 m.kr. |
| Framtíðin á Djúpavogi | 3,5 m.kr. |

| | |
|---|---|
| Verslunarhús í Englendingavík í Borgarnesi | 3 m.kr. |
| Pompei norðursins | 3 m.kr. |
| Barnaskólinn í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp | 3 m.kr. |
| Gamla mjólkursamlagshúsið í Borgarnesi | 3 m.kr. |
| Einarshús/Péturshús í Bolungarvík | 3 m.kr. |
| Staðarkirkja í Aðalvík | 3 m.kr. |
| Syðstabæjarhúsið í Hrísey | 3 m.kr. |
| Gamla prestssetrið að Útskálum | 3 m.kr. |
| Steinhlaðið íbúðarhús á Héðinshöfða á Tjörnesi | 3 m.kr. |
| Kaupfélagshúsið, elsta íbúðarhúsið á Höfn | 3 m.kr. |
| Hlíðarhús, Siglufirði | 2,5 m.kr. |
| Patreksfjarðarkirkja | 2,5 m.kr. |
| Gamla samkomu- og skólahúsið í Þingborg | 2,5 m.kr. |
| Prestssetrið á Brjánslæk | 2 m.kr. |
| Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri | 2 m.kr. |
| Þiljuvellir 11, Listasmiðja Norðfjarðar | 2 m.kr. |
| Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson, Flateyri | 2 m.kr. |
| Grána, Sauðárkróki | 2 m.kr. |
| Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar, Seyðisfirði | 2 m.kr. |
| Kaupvangur, 3. hæð, Vopnafirði | 2 m.kr. |
| Norska húsið í Stykkishólmi | 2 m.kr. |
| Miðstræti 3 í Bolungarvík | 2 m.kr. |
| Kálfatjarnarkirkja | 2 m.kr. |
| Norðurkot, skólahús á Vatnsleysuströnd | 2 m.kr. |
| Tryggvaskáli, Selfossi | 2 m.kr. |
| Herkastalinn við Kirkjustræti 2 í Reykjavík | 2 m.kr. |
| Torfbærinn að Austur-Meðalholtum | 1,5 m.kr. |
| Hraunsrétt í Aðaldal | 1 m.kr. |
| Verksmiðjubyggingar síldarverksmiðjunnar í Djúpavík á Ströndum | 1 m.kr. |
| Gamla hafnarsvæðið á Höfn í Hornafirði | 1 m.kr. |
| Þak á skemmu í Vík þar sem báturinn Skaftfellingur er geymdur | 1 m.kr. |

**981 Kvikmyndamiðstöð Íslands.**

*1.10 Kvikmyndasjóðir.* Lagt er til að fjárveitingi í kvikmyndasjóði hækki um 123 m.kr. vegna endurnýjunar á samkomulagi sem menntamála- og fjármálaráðherra gera við samtök í íslenskri kvikmyndagerð.

**982 Listir, framlög.**

*1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til starfsemi áhugaleikfélaga.

*1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til sjálfstætt starfandi atvinnuleikhópa.

*1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis.* Gerð er tillaga um 4,8 m.kr. hækkun á liðnum.

*1.90 Listir.* Gerð er tillaga um 9,4 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

**983 Ýmis fræðistörf.**

*1.11 Styrkir til útgáfumála.* Gerð er tillaga um 9,5 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

*1.23 Hið íslenska bókmenntafélag.* Lagt er til að framlag til almennrar útgáfustarfsemi Hins íslenska bókmenntafélags hækki um 14,3 m.kr.

*1.52 Skriðuklaustur.* Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til fornleifarannsókna á Skriðuklaustri.

*1.53 Snorrastofa.* Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknar kirkjunnar í Reykholti en rannsókn kirkjustæðisins hefur staðið yfir undanfarin fimm ár með styrk frá Kristnihátíðarsjóði.

**988 Æskulýðsmál.**

*1.12 Ungmennafélag Íslands.* Gerð er tillaga um 34,4 m.kr. hækkun á þessum lið. Þar af er 19,4 m.kr. hækkun á framlagi til Ungmennafélags Íslands og 15 m.kr. framlag er ætlað Dalabyggð ásamt UMFÍ vegna ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Sælingsdal.

*1.13 Bandalag íslenskra skáta.* Gerð er tillaga um 9 m.kr. hækkun á framlagi til Bandalags íslenskra skáta.

*1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni.* Gerð er tillaga um 4 m.kr. rekstrarstyrk til Útilífsmiðstöðvar skáta að Úlfljótsvatni.

*1.17 Landssamband KFUM og KFUK.* Gerð er tillaga um að framlög til KFUM og KFUK á Íslandi hækki um 5 m.kr.

*1.90 Æskulýðsmál.* Gerð er tillaga um 7,3 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

**989 Ýmis íþróttamál.**

*1.14 Íþróttasamband fatlaðra.* Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. hækkun á framlagi til Íþróttasambands fatlaðra vegna aukins umfangs starfseminnar.

*1.21 Skáksamband Íslands.* Gerð er tillaga um 5,3 m.kr. hækkun á framlagi til Skáksambands Íslands.

*1.25 Skákskóli Íslands.* Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. hækkun á framlögum til Skákskóla Íslands.

*1.30 Bridgesamband Íslands.* Gerð er tillaga um 15 m.kr. hækkun á framlögum til Bridgesambands Íslands.

*1.90 Ýmis íþróttamál.* Gerð er tillaga um 11,3 m.kr. tímabundna hækkun á safnliðnum og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

*6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð.* Lagt er til að Skíðafélagi Ísfirðinga verði veitt 8 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi jarðvegsframkvæmda á skíðasvæði Ísfirðinga.

*6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði.* Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til frekari uppbyggingar á skíðamannvirkjum og aðstöðu í skíðalandi Siglfirðinga í Skarðsdal.

*6.57 Sparkvellir.* Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka sparkvallaátaki Knattspyrnusambands Íslands sem staðið hefur í þrjú ár. Á þeim árum hafa 76 vellir verið lagðir víðs vegar um landið. Er gert ráð fyrir að lokið verði við að leggja 35 sparkvelli þannig að heildarfjöldinn verði um 100 vellir haustið 2007.

**999 Ýmislegt.**

*1.90 Ýmis framlög.* Gerð er tillaga um 33,7 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

*6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög.* Gerð er tillaga um 76,3 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

## 03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 325,4 m.kr.

**101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.* Gerð er tillaga um 16 m.kr. framlag vegna stöðu fulltrúa Íslands í höfuðstöðvum yfirherstjórnar Atlantshafsbandalagsins í Brunssum í Hollandi í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.* Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

*1.23 Mannréttindamál.* Gerð er tillaga um 4 m.kr. millifærslu á fjárheimildum af liðnum 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi yfir á þennan lið.

*1.26 Nám í heimskautarétti.* Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag vegna fyrirhugaðs náms í heimskautarétti við Háskólann á Akureyri sem unnið verður í samvinnu við Fróðskapasetrið í Þórshöfn og Háskólann í Nuuk, auk Háskólans í Tromsö og Háskólans í Rovaniemi og Norðurheimskautsháskólans.

*1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands.* Gerð er tillaga um 5,8 m.kr. tímabundið viðbótarframlag vegna nefndar um landgrunnsmörk Íslands til að ljúka vinnu við rannsóknir og samningagerð. Framlagið verður því samtals 13,1 m.kr. á ári til ársins 2009.

**215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.**

*1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.* Gerð er tillaga um 280 m.kr. tímabundið framlag til umsjónar fyrrum varnarsvæðis. Kostnaðurinn felst m.a. í umsýslu, viðhaldi, öryggisgæslu, umhirðu og öðrum húsnæðiskostnaði. Stofnað hefur verið þróunarfélag sem mun halda utan um rekstur svæðisins. Er fjárveitingunni einnig ætlað að standa undir kostnaði við þróun og umbreytingu á svæðinu. Fjárveitingin verður lækkuð þegar fasteignir á svæðinu verða settar í sjálfbær borgaraleg not.

**391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.**

*1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt.* Gerð er tillaga um 4 m.kr. millifærslu á fjárheimildum af þessum lið á liðinn 03-190-1.23 Ýmis verkefni, Mannréttindamál.

**401 Alþjóðastofnanir.**

*1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD.* Gerð er tillaga um 15,2 m.kr. viðbótarframlag vegna hækkunar á samningsbundnu föstu framlagi Íslands til stofnunarinnar.

## 04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 107,8 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.31 Skógræktarfélag Íslands.* Gerð er tillaga um að veita Skógræktarfélagi Íslands 6 m.kr. tímabundið framlag til að opna þrjú ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins, þ.e. Þelamörk í Eyjafirði, Akurgerði í Norður-Þingeyjarsýslu og skógarreit við Djúpavog.

*1.90 Ýmis verkefni.* Gerð er tillaga um 7,8 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

*1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að styrkja rannsóknarverkefni í fiskeldi. Samningur landbúnaðarráðuneytisins við Stofnfisk hf. um kynbætur í laxeldi og samningur við Hólaskóla um kynbætur fyrir bleikjueldi renna út í lok þessa árs.

**221 Veiðimálastofnun.**

*1.01 Veiðimálastofnun.* Gerð er tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu til að styrkja starfsemi Veiðimálastofnunar. Sértekjur stofnunarinnar hafa dregist verulega saman á síðustu árum og er það meginskýringin á rekstrarvanda hennar. Landsvirkjun hefur á undanförnum árum greitt fyrir rannsóknarverkefni í ám og vötnum, en verulega hefur dregið úr þeim greiðslum. Þá hefur Fiskræktarsjóður ekki getað styrkt rannsóknastarfsemi stofnunarinnar í sama mæli og áður.

**262 Landbúnaðarháskóli Íslands.**

*1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands.* Gerð er tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu til að ljúka megi samningum um að Fasteignir ríkissjóðs taki við húsnæði skólans. Um er að ræða fasteignir skólans á Keldnaholti og Möðruvöllum, en í ár og í fyrra var gengið frá samningum um húsnæði skólans á Hvanneyri. Með þessu framlagi verða allar fasteignir skólans, nema fasteignirnar á Reykjum, í umsjá Fasteigna ríkissjóðs sem sjá munu um rekstur og viðhald en skólinn greiðir húsaleigu.

Þá er gerð tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til áframhaldandi vinnu við gerð gagnagrunns um kolefnisbókhald. Verkefnið felur m.a. í sér að safna saman upplýsingum og gera grein fyrir landnotkun og þeim áhrifum sem notkunin hefur á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda, í samræmi við kröfur rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál og Kyoto-bókunina. Við þessum kröfum þarf að verða til að binding kolefnis með landgræðslu og skógrækt nýtist Íslandi til frádráttar á móti losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum.

**271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.**

*1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.* Gerð er tillaga um að veita Guðbrandsstofnun við Hólaskóla 4 m.kr. framlag.

**311 Landgræðsla ríkisins.**

*1.01 Landgræðsla ríkisins.* Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag til Landgræðslu ríkisins vegna alþjóðlegs samráðsþings um verndun jarðvegs sem Landgræðsla ríkisins mun efna til í september 2007 í samráði við landbúnaðarráðuneytið og í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Sameinuðu þjóðanna, Ohio State University í Bandaríkjunum og fleiri aðila.

**321 Skógrækt ríkisins.**

*1.01 Skógrækt ríkisins.* Gerð er tillaga um 24 m.kr. hækkun á framlagi til Skógræktar ríkisins, en þar af eru 14 m.kr. vegna Hekluskóga.

**331 Héraðs- og Austurlandsskógar.**

*1.01 Héraðs- og Austurlandsskógar.* Gerð er tillaga um alls 152,9 m.kr. hækkun á liðnum. Í fyrsta lagi er tillaga um að fjárveitingargrunnur Héraðsskóga, 104,6 m.kr., verði fluttur á þetta rekstrarviðfangsefni af tilfærsluviðfangi, 1.10, í samræmi við tegundaskiptingu útgjalda í reikningi og framsetningu á fjárveitingum annarra landshlutabundinna skógræktarverkefna.

Þá er lagt til að 40,7 m.kr. fjárveiting Austurlandsskóga verði millifærð á þennan lið af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna, 04-343-1.17. Er það í samræmi við lög nr. 95/2006, um landshlutaverkefni í skógrækt, þar sem Héraðsskógar og Austurlandsskógar eru sameinaðir í eitt verkefni.

Loks er lagt til að 7,6 m.kr. fjárheimild til gerðar gagnagrunns um skógrækt á stofnkostnaðarviðfangi liðarins verði millifærð á rekstrarviðfang hans þar sem verkefninu er nú lokið, en fjárveiting til verkefnisins var millifærð af rekstrarviðfanginu á stofnkostnaðarviðfangið á fjárlögum 2004.

*1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði.* Gerð er tillaga um að fjárveitingargrunnur Héraðsskóga verði fluttur af þessu tilfærsluviðfangi á rekstrarviðfangsefni, 1.01, í samræmi við tegundaskiptingu útgjalda í reikningi og framsetningu á fjárveitingum annarra landshlutabundinna skógræktarverkefna.

*6.41 Gagnagrunnur um skógrækt.* Þar sem gerð gagnagrunns um skógrækt er lokið er lagt til að 7,6 m.kr. fjárheimild á stofnkostnaðarviðfangi liðarins verði millifærð á rekstrarviðfang hans, en fjárveiting til styrktar uppbyggingu gagnagrunnsins var millifærð af rekstrarviðfanginu á fjárlögum 2004.

**332 Suðurlandsskógar.**

*1.01 Suðurlandsskógar.* Lagt er til að 125,5 m.kr. fjárveiting Suðurlandsskóga verði millifærð á þennan nýja lið af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna, 04-343-1.10, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

**334 Vesturlandsskógar.**

*1.01 Vesturlandsskógar.* Lagt er til að 67,6 m.kr. fjárveiting Vesturlandsskóga verði millifærð á þennan nýja lið af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna, 04-343-1.13, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

**335 Skjólskógar á Vestfjörðum.**

*1.01 Skjólskógar á Vestfjörðum.* Lagt er til að 50,9 m.kr. fjárveiting Skjólskóga verði millifærð á þennan nýja lið af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna, 04-343-1.15, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

**336 Norðurlandsskógar.**

*1.01 Norðurlandsskógar.* Lagt er til að 114,1 m.kr. fjárveiting Norðurlandsskóga verði millifærð á þennan nýja lið af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna, 04-343-1.16, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

**343 Landshlutabundin skógrækt.**

*1.10 Suðurlandsskógar.* Lagt er til að 129,7 m.kr. fjárheimild Suðurlandsskóga verði millifærð af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna á nýjan lið 04-332 Suðurlandsskógar, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

*1.13 Vesturlandsskógar.* Lagt er til að 69,7 m.kr. fjárheimild Vesturlandsskóga verði millifærð af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna á nýjan lið 04-334 Vesturlandsskógar, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

*1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum.* Lagt er til að 50,9 m.kr. fjárveiting Skjólskóga verði millifærð af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna á nýjan lið 04-335 Skjólskógar á Vestfjörðum, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

*1.16 Norðurlandsskógar.* Lagt er til að 114,1 m.kr. fjárveiting Norðurlandsskóga verði millifærð af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna á nýjan lið 04-336 Norðurlandsskógar, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

*1.17 Austurlandsskógar.* Lagt er til að 40,7 m.kr. fjárveiting Austurlandsskóga verði millifærð af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna á lið 04-331

Héraðs- og Austurlandsskógar. Er það í samræmi við lög nr. 95/2006, um landshlutaverkefni í skógrækt, þar sem Héraðsskógar og Austurlandsskógar eru sameinaðir í eitt verkefni.

## 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 340,9 m.kr.

**101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. til að fjölga starfsmönnum um einn en um er að ræða laun, launatengd gjöld og ferðakostnað. Við brottför varnarliðsins taka íslensk stjórnvöld við nýjum verkefnum. Nauðsynlegt er að bæta við starfsmanni á aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytisins sem hefur sérþekkingu á sviði varnar- og öryggismála.

**303 Ríkislögreglustjóri.**

*1.01 Ríkislögreglustjóri.* Gert er ráð fyrir að beint greiðsluframlag úr ríkissjóði lækki um 3 m.kr. í ljósi áætlunar um jafnmikla hækkun á ríkistekjum stofnunarinnar af hlutdeild í áfengisgjaldi.

**305 Lögregluskóli ríkisins.**

*1.01 Lögregluskóli ríkisins.* Lagt er til að framlag til Lögregluskólans verði hækkað um 25 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar í kjölfar fjölgunar nema úr 36 í 48. Um er að ræða greiðslur til nemenda á seinni önn skólans auk fjölgunar kennara.

Jafnframt er lagt til að veitt verði tímabundið framlag í eitt ár að fjárhæð 10 m.kr. til Lögregluskólans í tengslum við fjölgun nema. Framlaginu er ætlað að standa undir kostnaði vegna fatnaðar, tækjabúnaðar og endurbóta á húsnæði.

**310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.**

*1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.* Gert er ráð fyrir að beint greiðsluframlag úr ríkissjóði lækki um 8,2 m.kr. í ljósi áætlunar um jafnmikla hækkun á ríkistekjum stofnunarinnar af hlutdeild í áfengisgjaldi.

**395 Landhelgisgæsla Íslands.**

*1.90 Landhelgisgæsla Íslands.* Lagt er til að veittar verði 230 m.kr. til að standa undir auknum rekstrarkostnaði vegna eflingar þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands á næsta ári. Í frumvarpinu var lögð til hækkun á grundvelli kostnaðaráætlunar síðan snemma í sumar. Áætlunin hefur nú verið endurskoðuð og er lagt til að rekstrarkostnaður verði hækkaður um 230 m.kr. Heildarrekstrarkostnaður á næsta ári á verðlagi fjárlagafrumvarps 2007 við leigu á þyrlum, rekstrarkostnað við þær og tryggingar, fjölgun starfsmanna, þjálfun, búnaðarkaup o.fl. er áætlaður tæplega 820 m.kr.

**591 Fangelsisbyggingar.**

*6.10 Stofnframkvæmdir.* Lagt er til að tímabundið framlag til endurbóta og framkvæmda við fangelsi og lögreglustöð á Akureyri og fangelsi á Kvíabryggju verði hækkað um 23,5 m.kr. Í fjárlögum 2006 og fjárlagafrumvarpi 2007 hefur verið veitt samtals 168 m.kr. til fangelsisins á Akureyri og gert var ráð fyrir að nýta uppsafnaðan afgang til framkvæmda á Kvíabryggju. Kostnaðaráætlanir hafa hækkað, að nokkrum hluta vegna verðlagsbreytinga. Áætlaður kostnaður við framkvæmdir á Kvíabryggju hefur hækkað umfram verðlag og er þar helst að nefna að styrkingar burðarvirkja reyndust viðameiri en áður var áætlað, samnotarými stækkar meira en ráðgert var, breytingar á anddyri og uppsetning reykaðstöðu leiddu til kostnaðarauka og að lokum var kostnaður við ýmsar breytingar innan húss vanmetinn.

**701 Þjóðkirkjan.** Lagt er til að fella niður eftirfarandi fjögur viðfangsefni og lækkar framlag til fjárlagaliðar Þjóðkirkjunnar um 20,4 m.kr. vegna þessa. Lækkunin grundvallast á 4. gr. samkomulags íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um prestssetur og afhendingu þeirra til Þjóðkirkjunnar. Samkvæmt henni fellur fjárveiting til þessara verkefna niður á þessum viðfangsefnum en í staðinn hækkar framlag til Kirkjumálasjóðs og verða verkefnin framvegis fjármögnuð úr honum.

| | |
|---|---|
| *1.12 Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavandans* | 7,1 m.kr. |
| *1.15 Kirkjumiðstöðvar* | 2,2 m.kr. |
| *1.16 Langamýri í Skagafirði* | 1,7 m.kr. |
| *1.91 Skálholtsskóli* | 9,4 m.kr. |

*6.25 Dómkirkjan í Reykjavík.* Gerð er tillaga um að veita Dómkirkjunni í Reykjavík 3 m.kr. tímabundið framlag til að standa straum af kostnaði við að breyta aðalinngangi að safnaðarheimili kirkjunnar.

*6.28 Þingeyraklausturskirkja.* Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til byggingar þjónustuhúss við Þingeyrakirkju.

**705 Kirkjumálasjóður.**

*1.10 Kirkjumálasjóður.* Lagt er til að hækka framlag til Kirkjumálasjóðs um 55 m.kr. á grundvelli samkomulags íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um prestssetur og afhendingu þeirra til Þjóðkirkjunnar. Í 4. gr. samningisins er kveðið á um að reiknað hlutfall af sóknargjöldum sem rennur til sjóðsins skuli hækka úr 11,3% í 14,3%. Hækkunin nemur 55 m.kr. og er framlag áætlað 262,5 m.kr. á næsta ári. Í staðinn falla niður nokkur framlög til sérgreindra verkefna sem framvegis verða fjármögnuð úr sjóðnum.

Jafnframt er gerð er tillaga um 0,8 m.kr. hækkun á þessum lið og er fjárveitingin ætluð til reksturs Löngumýrar í Skagafirði sem áður var á liðnum 06-701-1.16 Langamýri í Skagafirði.

## 07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði lækkuð um 927 m.kr.

**207 Varasjóður húsnæðismála.**

*6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga.* Lagt er til að hætt verði við 3 m.kr. tímabundna frestun stofnkostnaðar á þessum fjárlagalið. Í gildi er samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga að um ríkissjóður leggi til Varasjóðsins 60 m.kr. ári fram til ársins 2009 og gerir tillagan ráð fyrir þeirri fjárhæð til sjóðsins á árinu 2007.

**331 Vinnueftirlit ríkisins.**

*1.01 Vinnueftirlit ríkisins.* Gerð er tillaga um 40 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Vinnueftirlits ríkisins. Þar af eru 20 m.kr. vegna þess að við gerð fjárlaga ársins 2006 voru ríkistekjur hækkaðar umtalsvert en við þá breytingu láðist að taka tillit til kostnaðar sem fellur til við öflun þeirra tekna.

**700 Málefni fatlaðra.**

*1.90 Ýmis verkefni.* Gerð er tillaga um 60 m.kr. framlag til að koma til móts við kostnað sveitarfélaga við að bjóða fötluðum börnum í 5.–10. bekk grunnskólans svonefnda lengda viðveru fyrir og eftir reglulegan skólatíma. Lengd viðvera er þjónusta á vegum sveitarfélaga sem aðeins er boðin börnum í 1.– 4. bekk grunnskólans. Gera sveitarfélög ráð fyrir eftir 5. bekk grunnskólans bjargi börn sér sjálf utan skólatíma þótt foreldrar séu í vinnu. Þetta á ekki við um mörg fötluð börn og þrátt fyrir brýna þörf hafa sveitarfélög ekki verið reiðubúin að bjóða eldri árgöngum fatlaðra grunnskólabarna upp á lengda

viðveru en með hækkun framlags er vonast til að takast megi að ljúka samningagerð við sveitarfélög um þetta verkefni.

Þá er gerð tillaga um 30 m.kr. framlag vegna endurnýjunar þjónustusamninga um komandi áramót við fimm sveitarfélög/samlög sveitarfélaga um að þau annist þjónustu við fötluð börn og fullorðna innan vébanda sinna, sem og Styrktarfélag vangefinna í Reykjavík og Sjónarhól, ráðgjafarmiðstöð. Slíkir þjónustusamningar hafa verið í gildi milli félagsmálaráðuneytisins og viðkomandi aðila um árabil með góðum árangri. Ráðuneytið mun auka kröfur um þjónustu, gæði, vinnu við mat á þjónustuþörf, notendagrunn sem tryggir vandaðar upplýsingar um þörf og nýtingu þjónustunnar hverju sinni o.fl.

**701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.**

*1.01 Almennur rekstur.* Lagt er til að veittar verði 30 m.kr. til starfsemi nýrrar skammtímavistunar fyrir fötluð börn og ungmenni í Reykjavík. Mikil eftirspurn er eftir skammtímaþjónustu í Reykjavík og eru um 50 fötluð börn á biðlista sem njóta nú engrar slíkrar þjónustu. Fyrir a.m.k. jafnmörg er óskað frekari þjónustu en kostur er á að veita. Þetta er þjónusta sem léttir álagi af fjölskyldum þessara barna og nýtist m.a. systkinum þeirra sem foreldrar geta þá sinnt frekar. Gert er ráð fyrir að leigja húsnæði í þessu skyni.

Þá er gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til foreldra sem annast alvarlega veik börn sín.

**707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.**

*1.30 Verndaðir vinnustaðir.* Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til Jónsvers í Vopnafirði.

**801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.**

*1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 29 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög í sjóðinn af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2007. Spáin miðast við að innheimtar skatttekjur verði 332.936 m.kr. á næsta ári.

**980 Vinnumálastofnun.**

*1.01 Vinnumálastofnun.* Gerð er tillaga um 16 m.kr. fjárheimild þar sem umsóknum um atvinnuleyfi útlendinga hefur fjölgað mikið, svo og umsóknum um framlengingu leyfa og nýrra leyfa þegar skipt er um vinnuveitanda.

Þá er gerð tillaga um 4 m.kr. viðbótarfjárheimild til stofnunarinnar til að mæta kostnaði við framkvæmd laga um starfsmannaleigur sem tóku gildi 1. janúar 2006.

**982 Ábyrgðasjóður launa.**

*1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota.* Lagt er til að framlag til sjóðsins lækki um 150 m.kr. frá því sem áætlað er í frumvarpinu. Útgjöld sjóðsins hafa lækkað umtalsvert á árinu 2006 samanborið við árin 2002–2005 þegar þau voru um og yfir 700 m.kr. á ári. Árið 2006 er áætlað að þau verði um 470 m.kr. Með þeirri lækkun sem hér er lögð til er áætlað að útgjöld sjóðsins verði um 525 m.kr. á árinu 2007.

**984 Atvinnuleysistryggingasjóður.**

*1.11 Atvinnuleysisbætur.* Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna atvinnuleysis verði 820 m.kr. lægri á árinu 2007 en reiknað var með í frumvarpinu. Skýrist það af því að þegar gengið var frá áætlun frumvarpsins var miðað við að atvinnuleysi yrði um 2,3% af vinnuafli en hlutfallið varð síðan nokkru lægra í endanlegri mynd þjóðhagsspár um miðjan september. Í endurskoðun sem gerð var á þjóðhagsforsendunum í byrjun nóvember í tengslum við áform um lækkun skatta á matvæli er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði enn minna, eða 1,9%, sem svarar til þess að meðafjöldi atvinnulausra á árinu verði 2.990 manns.

**989 Fæðingarorlof.**

*1.11 Fæðingarorlofssjóður.* Lagt er til að fjárheimild Fæðingarorlofssjóðs lækki um 200 m.kr. frá því sem áætlað er í frumvarpinu í ljósi þróunar útgjalda á árinu 2006. Áætlað er að útgjöld ársins 2006 verði um 6,4 milljarðar kr. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verða útgjöldin 2007 um 7,1 milljarður kr. eða um 11% hærri og svarar sú hækkun til meðalhækkunar á launavísitölu milli áranna 2005 og 2006.

*1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar.* Lagt er til að framlög hækki um 30 m.kr. frá því sem áætlað er í frumvarpinu í ljósi áætlunar um útgjöld á árinu 2006.

**999 Félagsmál, ýmis starfsemi.**

*1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða.* Gerð er tillaga um 5,3 m.kr. hækkun á framlagi til klúbbsins Geysis.

*1.35 Félag heyrnarlausra.* Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun á framlagi til Félags heyrnarlausra.

*1.36 Félagið Geðhjálp.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til Geðhjálpar.

*1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til klúbbsins Stróks, vinnumiðlunar fyrir geðfatlaða.

*1.41 Stígamót.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til Stígamóta.

*1.47 Félagsþjónusta við nýbúa.* Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til að koma á fót rannsóknarmiðstöð um innflytjendamál á Íslandi sem hyggst vinna að víðtækum rannsóknum á stöðu og málefnum innflytjenda í íslensku samfélagi. Auk grunnrannsókna verður uppbygging fjölþætts gagnabanka eitt af fyrstu verkefnum hennar. Stofnunin hyggst hafa samvinnu við Háskóla Íslands og aðra háskóla, opinberar stofnanir og þá sem að málaflokknum koma.

*1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna.* Gerð er tillaga um 9 m.kr. framlag til Innflytjendaráðs en ráðið hóf starfsemi sína í nóvember 2005 og er ætlað að hafa náið samstarf við önnur ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög um málefni er snerta aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi og má þar nefna söfnun og miðlun tölfræðilegra upplýsinga, mat á þörf fyrir túlkaþjónustu og rannsóknir á högum og aðlögun innflytjenda.

*1.90 Ýmis framlög.* Gerð er tillaga um 18,7 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

### 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.541,5 m.kr.

**201 Tryggingastofnun ríkisins.**

*1.01 Tryggingastofnun ríkisins.* Lögð er til leiðrétting á áætluðum umsýslukostnaði stofnunarinnar við slysatryggingar. Í 1. umræðu um frumvarpið var lagt er til að áætlað yrði fyrir 66 m.kr. kostnaði við rekstur slysatrygginga hjá yfirstjórn Tryggingastofnunar, sértekjur voru hækkaðar um sömu fjárhæð. Inn í rekstrargrunni Tryggingastofnunar var hins vegar gert ráð fyrir 40 m.kr. vegna umsýslu við slysatryggingar. Sú fjárhæð er því tvítalin inni í rekstrargrunni Tryggingastofnunar og er lagt til að það verði leiðrétt.

**203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.**

*1.41 Heimilisuppbót.* Lögð er til 16 m.kr. hækkun á heimilisuppbót ellilífeyrisþega vegna 300 þús. kr. frítekjumarks á atvinnutekjur. Tillagan er í samræmi við samkomulag við eldri borgara en þó er lagt til að framkvæmdinni verði flýtt um tvö ár frá því sem samkomulagið gerir ráð fyrir.

**204 Lífeyristryggingar.**

*1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega.* Lögð er til 192 m.kr. hækkun á tekjutryggingu ellilífeyrisþega vegna 300 þús. kr. frítekjumarks á atvinnutekjur. Tillagan er í samræmi við samkomulag við eldri borgara en þó er lagt til að framkvæmdinni verði flýtt um tvö ár frá því sem samkomulagið gerir ráð fyrir.

**206 Sjúkratryggingar.**

*1.11 Lækniskostnaður.* Gerð er tillaga um 50 m.kr. framlag til kaupa á læknisverkum hjá sérgreinalæknum vegna aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu í ákveðnum sérgreinum. Jafnframt er unnið að endurskoðun reglugerðar nr. 471/2001 og gjaldskrá augnlækna með það að markmiði að auka gagnsæi í notkun taxta og stemma stigu við auknum útgjöldum.

*1.91 Annað.* Lagt er til að 40 m.kr. verði veittar til aukinna kaupa á meðferðum við húðsjúkdómum í Bláa lóninu til viðbótar við þjónustukaup samkvæmt samningi Tryggingastofnunar ríkisins við meðferðarstöðina.

**301 Landlæknir.**

*1.01 Landlæknir.* Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. framlag til verkefnisins Lífstré – Miðstöð fyrir konur sem greinast með brjóstamein og fjölskyldur þeirra. Hugmyndin er að opna stöð sem mun þjóna konum sem greinast með brjóstamein og fjölskyldum þeirra frá upphafi meðferðar til loka meðferðar og endurhæfingar þar sem boðið verði upp á samfellda þverfaglega og einstaklingsmiðaða þjónustu sem tekur heildstætt á öllum þáttum hefðbundinnar brjóstakrabbameinsmeðferðar auk þess að veita óhefðbundna meðferð.

**305 Lýðheilsustöð.**

*1.01 Lýðheilsustöð.* Lögð er til 3,9 m.kr. hækkun á framlagi til tóbaksvarna en samkvæmt lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, skal framlagið vera a.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks. Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR er áætlað að á árinu 2007 verði brúttósala tóbaks 7.226,7 m.kr. með virðisaukaskatti. Lögbundið framlag verður samkvæmt því 65 m.kr. en í fjárlagafrumvarpinu er framlagið óbreytt frá gildandi fjárlögum, eða 61,1 m.kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 er jafnframt lögð til 12,2 m.kr. hækkun framlagsins vegna leiðréttingar á framlögum árin 2004–2006.

*1.90 Forvarnasjóður.* Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins aukist um 37,3 m.kr. vegna áforma um breytingar á skatttekjum ríkissjóðs. Í tengslum við lækkun skatta á matvæli er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur af áfengi lækki niður í 7% skattþrep en að áfengisgjald hækki á móti þannig að útsöluverð áfengis verði því sem næst óbreytt. Þar sem Forvarnasjóður er fjármagnaður með 1% hlutdeild í áfengisgjaldinu leiðir þessi breyting á skattkerfinu til aukins fjárstreymis til sjóðsins sem nemur um 50% frá því sem reiknað er með í frumvarpinu.

**358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.**

*1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.* Gerð er tillaga 100 m.kr. hækkun rekstrarframlags til óbreyttrar starfsemi Fjórðungssjúkrahússins Akureyri. Á undanförnum árum hefur starfsemi sjúkrahússins aukist verulega og í kjölfarið hafa ýmir kostnaðarliðir komið til sem hafa óhjákvæmlega leitt til aukinna útgjalda. Með framlaginu er komið til móts við sjúkrahúsið til að standa undir auknu þjónustustigi.

**373 Landspítali – háskólasjúkrahús.**

*1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús.* Lögð er til 1.000 m.kr. hækkun til að styrkja rekstrargrunn Landspítala – háskólasjúkrahúss. Það sem af er þessu ári hefur kostnaður við rekstur spítalans aukist umtalsvert. Þá hefur starfsemi spítalans aukist nokkuð sem

einnig hefur leitt til aukinna útgjalda umfram fjárheimildir. Við 2. umræðu fjáraukalaga fyrir árið 2006 var lagt til að veitt yrði 1.000 m.kr. framlag til spítalans og ljóst er að einnig þarf að koma til aukið framlag við 2. umræðu um fjárlög fyrir árið 2007 ef ekki á að draga verulega úr þjónustu.

Þá er lagt til að 23,4 m.kr. verði millifærðar af safnlið heilsugæslustöðva almennt til Landspítala – háskólasjúkrahúss til að veita öldruðum veikum einstaklingum heimahjúkrun í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

**379 Sjúkrahús, óskipt.**

*6.50 Stofnkostnaður.* Lagt er til 15 m.kr. framlag til hefja undirbúning að stækkun réttargeðdeildar fyrir ósakhæfa afbrotamenn að Sogni, Ölfusi, sem upphaflega var gerð fyrir sex vistmenn. Á undanförnum árum hafa nokkuð fleiri verið vistaðir á stofnuninni og fyrirsjáanlegt er að svo verði á næstum árum. Unnið hefur verið að undirbúningi að stækkun stofnunarinnar svo að þar geti verið allt að 20 vistmenn.

**399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.**

*1.33 Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga.* Gerð er tillaga um 7 m.kr. framlag til SÍBS á nýju viðfangsefni til félagsmálastarfsemi á vegum samtakanna.

*1.34 Hjartaheill.* Gerð er tillaga um að veita 4 m.kr. tímabundið framlag til sérstaks forvarnaátaks á Suðurnesjum. Jafnframt er gerð tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til almenns rekstrar Hjartaheilla.

*1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til meðferðarheimilisins í Krýsuvík.

*1.90 Ýmis framlög.* Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

*1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.* Lögð er til 8,7 m.kr. tímabundin fjárveiting til tilraunaverkefnis til þriggja ára um meðferðarstarfsemi í Gaulverjaskóla sem er grunnskóli. Lagt er til að ríkissjóður taki þátt í hluta kostnaðar samkvæmt samningi sem gerður verður og er hlut ríkisins ætlað að standa undir faglegu meðferðarstarfi barna með alvarlegar geðraskanir. Eftir tímabundnið nám og meðferð í skólanum er nemendum ætlað að hverfa aftur til fyrri grunnskóla.

**401 Öldrunarstofnanir, almennt.**

*6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði.* Lögð er til 21,1 m.kr. lækkun fjárveitingar til uppbyggingar hjúkrunarheimilisins Hulduhlíðar, Eskifirði, í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012. Gert er ráð fyrir 20 nýjum hjúkrunarrýmum og að framkvæmdum ljúki síðla árs 2007. Lagt er til að fjárveiting til framkvæmdarinnar verði 24,4 m.kr. á árinu 2007 og lækki um 21,1 m.kr., en að lokafjárveiting til framkvæmdarinnar komi á árinu 2008.

*6.17 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn.* Lögð er til 7,7 m.kr. lækkun fjárveitingar til uppbyggingar hjúkrunarheimilisins Nausts, Þórshöfn, í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012 þar sem uppbyggingu hjúkrunarheimilisins er lokið.

*6.27 Jaðar, Ólafsvík.* Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til stækkunar Jaðars í Ólafsvík.

*6.38 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri.* Lögð er til 0,9 m.kr. hækkun fjárveitingar til uppbyggingar Klausturhóla, Kirkjubæjarklaustri, í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012. Framkvæmdum er lokið að undanskildum lóðaframkvæmdum. Síðasta greiðsla vegna framkvæmdanna er 0,9 m.kr. hærri en áætlað var eða 17,5 m.kr.

**419 St. Jósefsspítali, Sólvangur.**

*1.01 Hjúkrunarrými.* Lagt er til að 400,9 m.kr. fjárheimild verði millifærð af þessum lið á 08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur þar sem stofnanirnar voru sameinaðar um áramótin 2005/2006. Lagt er til að fjárheimildir þessara tveggja fjárlagaliða verði færðar á einn fjárlagalið.

**441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði.**

*1.17 Geðrými.* Gerð er tillaga um 17 m.kr. hækkun framlaga til að leiðrétta daggjöld vegna geðrýma til samræmis við leiðréttingar á daggjöldum til hjúkrunarheimila þar sem hliðstæð þjónusta er veitt.

**492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.**

*1.10 Endurhæfingardeild.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til aukinna þjónustukaupa í samræmi við nýjan þjónustusamning milli stofnunarinnar og heilbrigðisráðuneytis. Nýr þjónustusamningur tekur gildi í ársbyrjun 2007 og þar er gert ráð fyrir hækkun samningsfjárhæðar.

**500 Heilsugæslustöðvar, almennt.**

*1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt.* Lagt er til að 68 m.kr. verði millifærðar af safnlið heilsugæslustöðva almennt. Annars vegar er lagt til að 23,4 m.kr. verði millifærðar til Landspítala – háskólasjúkrahúss og hins vegar að 44,6 m.kr. verði millifærðar til Heilsugæslu höfuðborgarssvæðisins til að veita öldruðum veikum einstaklingum heimahjúkrun í samstarfi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítala – háskólasjúkrahúss.

**501 Sjúkraflutningar.**

*1.11 Sjúkraflutningar.* Lagt er til að 53,6 m.kr. verði millifærðar af þessum lið til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, 08-787. Stofnunin tók við sjúkraflutningum á starfssvæði sínu 1. janúar 2006, en flutningarnir höfðu áður verið í höndum sýslumannsins á Selfossi og fjárheimildir verkefnisins voru þá færðar á þennan fjárlagalið.

*1.15 Sjúkraflug.* Gerð er tillaga um 6,3 m.kr. tímabundið framlag til að mæta kostnaði við staðsetningu sjúkraflugvélar á Ísafirði í vetur. Þar sem framkvæmdum á Þingeyrarflugvelli hvað varðar aðflugsbúnað er ekki að fullu lokið, hefur verið ákveðið að staðsetja flugvakt á Ísafirði í vetur.

**506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.**

*1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.* Lagt er til að 44,6 m.kr. verði millifærðar hingað af safnlið heilsugæslustöðva til að veita öldruðum veikum einstaklingum heimahjúkrun í samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús.

**700 Heilbrigðisstofnanir.**

*6.45 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.* Lögð er til 0,6 m.kr. lækkun fjárveitingar til uppbyggingar nýrrar heilsugæslustöðvar á Skagaströnd í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012. Framkvæmdum er lokið og er gert ráð fyrir að endanlegur kostnaður verði 0,6 m.kr. lægri en upphaflega var áætlað.

*6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði.* Lögð er til 50,5 m.kr. hækkun fjárveitingar til viðbyggingar Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012 en í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 38 m.kr. til framkvæmdanna árið 2007.

*6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.* Lagt er til 32 m.kr. framlag til endurbóta á húsnæði heilsugæslunnar á Raufarhöfn í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012. Áætlað er að byggja lítillega við núverandi hús, breyta innréttingu neðri hæðar og lagfæra efri hæð þess.

*6.77 Heilbrigðisstofnun Austurlands.* Lögð er til 80,2 m.kr. lækkun framlaga til endurbóta á húsnæði sjúkrahússins í Neskaupstað í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012 þar sem komið er að lokum framkvæmda. Með lækkuninni verður framlag til framkvæmda 12,9 m.kr. á árinu 2007.

*6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.* Lögð er til 11,2 m.kr. hækkun framlaga til viðbyggingar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012. Framlagið er til viðbótar 95 m.kr. sem frumvarpið gerir þegar ráð fyrir að fari til verksins.

*6.91 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja* og 6.99 *Bygging heilbrigðisstofnana, óskipt.* Lagt er til að 104,5 m.kr. framlag til innréttingar á 3. hæð D-álmu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja verði millifært af óskiptum lið á sérstakt viðfang innan sama fjárlagaliðar.

**781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.**

*1.01 Heilsugæslusvið* og *1.11 Sjúkrasvið.* Lagt er til að 24,5 m.kr. verði millifærðar af sjúkrasviði stofnunarinnar á heilsugæslusvið í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

**787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Lagt er til að 53,6 m.kr. verði millifærðar hingað af lið 08-501 Sjúkraflutningar en stofnunin tók við sjúkraflutningum á starfssvæði sínu 1. janúar 2006 en þeir höfðu áður verið í höndum sýslumannsins á Selfossi.

Jafnframt er gerð tillaga um 9 m.kr. framlag til að mæta hækkun launakostnaðar við sjúkraflutninga hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, en um síðustu áramót fluttist verkefnið frá sýslumanninum á Selfossi til stofnunarinnar. Frá þeim tíma hefur starfsmönnum sjúkraflutninga verið greitt kaup samkvæmt kjarasamningi launanefndar ríkisins við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sem er nokkru hærra en áður var.

**791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Lögð er til 9 m.kr. hækkun framlags til að koma á fót sólarhringsþjónustu í heimahjúkrun í Reykjanesbæ.

**795 St. Jósefsspítali, Sólvangur.**

*1.21 Hjúkrunarrými.* Lagt er til að 400,9 m.kr. fjárheimild verði millifærð af lið 08-419 Sólvangur, Hafnarfirði á þennan lið þar sem stofnanirnar voru sameinaðar um áramótin 2005/2006. Lagt er til að fjárheimildir þessara tveggja fjárlagaliða verði færðar á einn fjárlagalið.

## 09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 737,4 m.kr.

**402 Fasteignamat ríkisins.**

*1.01 Fasteignamat ríkisins.* Lagt er til að framlag til reksturs á Landskrá fasteigna hjá stofnuninni hækki um 52,5 m.kr. tímabundið næstu tvö árin. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að sú fjárheimild félli niður þar sem fjármögnun hennar með umsýslugjaldi átti að renna út í lok þessa árs. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, er nú gert ráð fyrir að umsýslugjald verði framlengt til ársins 2008. Er hækkun fjárheimildarinnar háð framlengingu gjaldsins.

Þá er lagt til að bein greiðsla úr ríkissjóði lækki um 172,5 m.kr. þar sem tekjur af umsýslugjaldi falla ekki niður eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu heldur er nú áformað að framlengja gjaldtökuna um tvö ár samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

*6.02 Landskrá fasteigna.* Lagt er til að framlag til uppbyggingar á Landskrá fasteigna hjá stofnuninni hækki um 100 m.kr. tímabundið næstu tvö árin. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að sú fjárheimild félli niður þar sem fjármögnun hennar með umsýslugjaldi átti að renna út í lok þessa árs. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, er nú gert ráð fyrir að umsýslugjald verði framlengt til ársins 2008. Er hækkun fjárheimildarinnar háð framlengingu gjaldsins.

**721 Fjármagnstekjuskattur.**

*1.11 Fjármagnstekjuskattur.* Lagt er til að fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts af fengnum arði og vaxatekjum sem gjaldfærður er hjá ríkinu hækki um 1.365 m.kr. Stærsti hluta hækkunarinnar skýrist af vaxtatekjum af innstæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum sem hefur aukist mikið vegna tekjuafgangs í ríkisrekstrinum og söluandvirðis Landssímans. Skatturinn færist einnig sem tekjur hjá ríkissjóði og hefur því ekki áhrif á afkomu ársins.

**984 Fasteignir ríkissjóðs.**

*5.21 Viðhald fasteigna.* Gerð er tillaga um að liðurinn hækki um 200 m.kr. og verði 910,7 m.kr. að dregið verði úr fyrri áformum um lækkun viðhalds hjá Fasteignum ríkissjóðs þannig að lækkunin verði 250 m.kr. á næsta ári í stað 450 m.kr. eins og áformað var. Er því dregið úr fyrri áformum um frestun á viðhaldsverkefnum.

**989 Launa- og verðlagsmál.**

*1.90 Launa- og verðlagsmál.* Gert er ráð fyrir að fjárheimildir stofnana hækki af tveimur tilefnum sem varða launaforsendur. Í fyrsta lagi er um að ræða um 220 m.kr. hækkun vegna ákvörðunar kjararáðs eftir framlagningu fjárlagafrumvarpsins um 3% afturvirka hækkun embættismanna frá 1. júlí 2006 sem gildir þá allt árið 2007. Í öðru lagi er um að ræða 70,7 m.kr. vegna hækkunar byrjunarlauna tiltekinna hópa starfsmanna SFR í umönnunarstörfum um þrjá launaflokka frá 1. maí 2006 sem láðist að gera ráð fyrir í forsendum frumvarpsins. Gert var ráð fyrir sambærilegum breytingum á fjárheimildum viðkomandi stofnana í tillögum við 2. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 2006. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans og verði breytingarnar samþykktar munu þær koma fram í viðkomandi fjárveitingum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

Í ljósi þess að verðlagsspá fjárlagafrumvarpsins hefur lækkað og gerðar hafa verið tillögur um að bæta stofnunum launabreytingar vegna ákvörðunar kjararáðs og hækkunar byrjunarlauna hjá starfsmönnum SFR er lagt til að liðurinn lækki um 200 m.kr. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 4,5% hækkun á almennu verðlagi milli áranna 2006 og 2007 og var þá miðað við forsendu þjóðhagsspár um breytingar á vísitölu neysulverðs. Sú spá hefur verið endurmetin í ljósi áforma um lækkanir á sköttum á matvæli og er nú spáð að verðbólgan verði 3% á þennan mælikvarða. Verðlagsforsendur frumvarpsins hafa verið endurreiknaðar með tilliti til þessarar breytingar og hefur það í för með sér nokkra lækkun á fjárheimildum, einkum á öðrum rekstrargjöldum stofnana en launum, sem samtals nema 1.070,8 m.kr. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

## 10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 367,9 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.90 Ýmislegt.* Gerð er tillaga um 19,4 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

**211 Rekstur Vegagerðarinnar.**

*1.13 Styrkir til innanlandsflugs.* Gerð er tillaga um að fjárheimild viðfangsefnisins verði hækkuð um 95 m.kr. Í fyrsta lagi var flug á þeim leiðum sem styrktar hafa verið boðið út á árinu 2006 og verða greiðslur samkvæmt samningum sem gerðir voru á grundvelli útboðsins hærri en verið hefur. Í öðru lagi var áætlunarflugi til Vestmannaeyja hætt í september sl. og ákvað ríkisstjórnin í kjölfarið að hefja styrkt áætlunarflug þangað. Kostnaður við þann samning er um 70 m.kr. á ársgrundvelli.

**335 Siglingastofnun Íslands.**

*1.11 Vaktstöð siglinga.* Lögð er til 10,8 m.kr. hækkun á framlagi til þjónustusamnings við Neyðarlínuna hf. um rekstur Vaktstöðvar siglinga. Um er að ræða verðlagsákvæði samningsins en verðlagsbætur fjárlaga hafa ekki nægt fyrir þeim hækkunum sem samningurinn kveður á um.

**336 Hafnabótasjóður.**

*6.70 Hafnamannvirki.* Gerð er tillaga um 200 m.kr. framlag til fyrsta áfanga í gerð hafnar við Bakkafjöru. Með tilkomu hafnar í Bakkafjöru er áætlað að sigling milli lands og eyja muni taka rúman hálftíma í stað tæpra 3 klst. og ferðatíminn til Reykjavíkur verði rúmar 2 klst. í stað tæpra 4 klst. Áætlað er að verkinu ljúki árið 2010 en til þess að það megi takast þarf að ljúka við frumrannsóknir og byggingarannsóknir á þessu ári og því næsta. Auk þess þarf að hefja sáningu á Bakkafjöru sem fyrst til að ná að hefta sandfok.

*6.74 Lendingabætur.* Gerð er tillaga um 1,8 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

**471 Flugmálastjórn Íslands.**

*1.01 Flugmálastjórn Íslands.* Gerð er tillaga um millifærslu til Flugmálastjórnar Íslands á 30,1 m.kr. fjárheimild af nýju viðfangsefni, Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Um er að ræða kostnað sem talið var að hin nýja stjórnsýslustofnun yrði fyrir við uppskiptingu núverandi stofnunar og gerðar þjónustusamnings um rekstur flugvalla og um flugleiðsöguþjónustu, sbr. kostnaðarmat frumvarps þess sem varð að lögum um Flugmálastjórn Íslands.

Þá er lagt er til að millifærðar verði 19,1 m.kr. á fjárlagalið Veðurstofunnar. Flugmálastjórn greiðir Veðurstofunni fyrir veðurþjónustu við innanlandsflug og því er lagt til að fjárveitingin færist til Veðurstofunnar.

**475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.**

*1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.* Gerð er tillaga um millifærslu á 30,1 m.kr. fjárheimild af þessu viðfangsefni til Flugmálastjórnar Íslands. Um er að ræða kostnað sem talið var að hin nýja sjórnsýslustofnun yrði fyrir við uppskiptingu núverandi stofnunar og gerðar þjónustusamnings um rekstur flugvalla og um flugleiðsöguþjónustu, sbr. kostnaðarmat frumvarps þess sem varð að lögum um Flugmálastjórn Íslands.

**651 Ferðamálastofa.**

*1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis.* Gerð er tillaga um 40 m.kr. framlag til átaks í landkynningu.

*1.11 Ferðamálasamtök landshluta.* Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til að efla upplýsingamiðstöðvar.

## 11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 61 m.kr.

**299 Iðja og iðnaður, framlög.**

*1.50 Nýsköpun og markaðsmál.* Gerð er tillaga um 21 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

**399 Ýmis orkumál.**

*1.13 Hafsbotnsrannsóknir.* Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að halda áfram með hafréttarverkefni sem unnið hefur verið að frá árinu 2001. Ljúka þarf greinargerð um vesturhluta Reykjaneshryggjar og Síldarsmuguna og halda áfram viðræðum um Hatton–Rockall-svæðið. Ýmsar ástæður eru fyrir því að verkefnið fór fram úr áætlun árin 2001–2006, en helst er skipting Síldarsmugunnar, en áætlanir gerðu einungis ráð fyrir rannsóknum út af Reykjaneshrygg.

*1.22 Vistvænir orkugjafar.* Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að hefja megi verkefni um rekstur 30 vetnisbíla á Íslandi. Verkefnið mun að mestu verða unnið á árunum 2008 og 2009, en tryggja þarf fjárveitingu til að unnt sé að hefja undirbúningsstarf á árinu 2007.

## 12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 17 m.kr.

**411 Samkeppniseftirlitið.**

*1.01 Samkeppniseftirlitið.* Lagt er til að veitt verði 17 m.kr. framlag til eflingar eftirlitsins. Í fyrsta lagi að veittar verði 10 m.kr. til að gera stofnuninni kleift að flytjast í nýtt húsnæði. Í öðru lagi að veitt verði 7 m.kr. framlag til að unnt verði að fjölga um eitt stöðugildi hjá stofnuninni.

## 13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 35 m.kr.

**101 Hagstofa Íslands.**

*1.01 Hagstofa Íslands.* Gerð er tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu til að bæta Hagstofunni upp tekjutap sem hún verður fyrir vegna flutnings þjóðskrár til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins en rekstur þjóðskrárinnar hefur skilað Hagstofunni umtalsverðum tekjuafgangi sem nýttur hefur verið til hagskýrslugerðar.

Þá er lögð til 15 m.kr. fjárveiting vegna stöðu tveggja sérfræðinga til að vinna að endurskoðun á hagskýrslugerð um þjónustuviðskipti við útlönd og undirbúa að verkefnið verði flutt frá Seðlabanka Íslands til Hagstofunnar. Jafnframt er gert ráð fyrir 10 m.kr. viðbótarfjárveitingu á árinu 2008 þegar verkefnið verður endanlega flutt til Hagstofu. Viðræður hafa verið í gangi milli Hagstofunnar og Seðlabankans um breytta tilhögun á skýrslugerð um þjónustuviðskiptin, en Seðlabankinn hefur annast þessa skýrslugerð um langt árabil.

## 14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 236 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum.* Gerð er tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu til að reka megi rannsóknarstöðina í Sandgerði áfram í núverandi mynd, en uppsafnaður halli á rekstri verkefnisins nam 3,6 m.kr. í árslok 2005. Markmið rannsóknanna er að byggja upp góðan gagnagrunn sem megi nýta til margvíslegra verkefna sem tengjast

verndun og skynsamlegri nýtingu lífríkisins í hafinu og vöktun þess, ásamt því að byggja upp einstakt safn sjávarlífvera sem nýta má til margvíslegra rannsókna, kennslu og almenningsfræðslu.

*1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF.* Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til reksturs CAFF-skrifstofunnar á Akureyri.

*1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME.* Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til reksturs PAME-skrifstofunnar á Akureyri.

*1.90 Ýmis verkefni.* Gerð er tillaga um 4,9 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

**211 Umhverfisstofnun.**

*1.01 Umhverfisstofnun.* Gerð er tillaga um 9 m.kr. fjárveitingu til að greiða laun og annan rekstrarkostnað sem til mun falla vegna umhverfisvöktunar í kjölfar innleiðingar Íslands á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkel og fjölhringja arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti, en gerðin á að vera komin til framkvæmda 15. febrúar 2007. Kostnaður við tilskipunina er verulegur og auk kostnaðar við vöktun þarf að gera dýrar efnagreiningar á þungmálmum. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 er jafnframt gerð tillaga um 11 m.kr. framlag til kaupa á mælitækjum.

Jafnframt er gerð tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til að undirbúa opnun Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum en óskað hefur verið eftir því að Surtsey verði tekin inn á heimsminjalista Sameinuðu þjóðanna á árinu 2008. Þegar Surtseyjarstofan verður komin í fullan rekstur á árinu 2008 er gert ráð fyrir að fjárveitingin hækki í 15 m.kr. Í Surtseyjarstofu munu fara fram kynningar og veittar upplýsingar um Surtsey og Vestmannaeyjar þegar friðlýsing á búsvæði fugla í Vestmannaeyjum tekur gildi samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004–2008.

**212 Vatnajökulsþjóðgarður.**

*1.01 Vatnajökulsþjóðgarður.* Gerð er tillaga um 59 m.kr. tímabundið framlag vegna ýmiss undirbúningskostnaðar við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Er þar um að ræða 40 m.kr. til gerðar verndaráætlana og deiliskipulags, 10 m.kr. vegna samkeppni um útlit og hönnun, 6 m.kr. vegna hönnunar og gerðar sýninga og 3 m.kr. til útgáfu bæklinga.

Þá er gerð tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af kostnaði stjórnar og svæðisráða eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, en áformað er að umhverfisráðherra muni leggja fram lagafrumvarp um þjóðgarðinn á yfirstandandi þingi. Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. maí 2007 og að Vatnajökulsþjóðgarður verði sérstök ríkisstofnun. Í framhaldi af gildistöku laganna hefst vinna við uppbyggingu garðsins og er áætlað að hún fari fram jafnt og þétt á næstu árum og verði lokið árið 2012. Í heild er áætlað að kostnaður við framkvæmdir og önnur einsskiptis undirbúningsverkefni verði 1.150 m.kr., þar af 740 m.kr. vegna byggingar fjögurra nýrra gestastofa og endurbóta á gestastofunni í Skaftafelli, 121 m.kr. vegna byggingar ellefu starfsstöðva landvarða og 289 m.kr. vegna ýmiss annars kostnaðar, svo sem gerðar göngustíga, verndaráætlana, deiliskipulags, hönnunar, sýninga o.fl. Gert er ráð fyrir að núverandi þjóðgarðar í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum renni inn í Vatnajökulsþjóðgarð og að strax á árinu 2008 verði rekstur garðsins kominn á gott skrið. Kostnaðaráætlun fyrir árið 2007 er 119 m.kr., þar af eru 50 m.kr. í stofnkostnað, 59 m.kr. í annan undirbúningskostnað og 10 m.kr. í rekstrarkostnað.

*6.41 Framkvæmdir.* Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á gestastofu þjóðgarðsins í Skaftafelli. Um er að ræða fyrsta áfanga í uppbyggingu gesta-

stöðva í Vatnajökulsþjóðgarði, en eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir að núverandi þjóðgarðar í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði.

**310 Landmælingar Íslands.**

*1.01 Landmælingar Íslands.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Landmælinga Íslands.

**401 Náttúrufræðistofnun Íslands.**

*1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Náttúrufræðistofnunar Íslands.

**403 Náttúrustofur.**

Gerð er tillaga um að veita sérhverri af eftirfarandi náttúrustofum 7 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknarverkefna:

*1.10 Náttúrustofa Neskaupstað.*
*1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum.*
*1.12 Náttúrustofa Bolungarvík.*
*1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi.*
*1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki.*
*1.15 Náttúrustofa Sandgerði.*
*1.16 Náttúrustofa Húsavík.*

**410 Veðurstofa Íslands.**

*1.01 Almenn starfsemi.* Lagt er til að 19,1 m.kr. fjárveiting vegna veðurþjónustu við innanlandsflug verði færð frá Flugmálastjórn Íslands til Veðurstofu Íslands til samræmis við lög um veðurþjónustu sem samþykkt voru á 131. löggjafarþingi, en skv. 6. gr. þeirra telst veðurþjónusta fyrir flugvelli til grunnþjónustu sem Veðurstofu Íslands er skylt að sinna. Tillaga sama efnis er gerð á fjárlagalið Flugmálastjórnar.

## 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði aukin um 4.675 m.kr.

**801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.**

*1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs.* Gert er ráð fyrir að gjaldfærð og greidd vaxtagjöld hækki um 3.480 m.kr. frá því sem reiknað er með í frumvarpinu. Í byrjun nóvember sl. var ákveðið að heimila Seðlabanka Íslands að ráðast í opinbera skuldabréfaútgáfu til fimm ára fyrir hönd ríkissjóðs á erlendum markaði sem getur numið allt að einum milljarði evra eða sem svarar til um 87 milljarða kr. miðað við gengi krónunnar um þessar mundir. Markmið útgáfunnar er að nýta andvirði lántökunnar til að tvöfalda gjaldeyrisforða Seðlabankans. Mikilvægt þykir að bregðast með þeim hætti við miklum vexti íslenska bankakerfisins á síðustu árum og vaxandi starfsemi bankanna erlendis samhliða því að stöðutaka erlendra aðila í íslenskum krónum hefur vaxið hratt með útgáfu svonefndra jöklabréfa og annarri stöðutöku með krónunni. Hröð innlausn slíkra samninga gæti haft mikil áhrif á gengi krónunnar. Gert er ráð fyrir að vaxta- og gjaldmiðlaáhættu af útgáfunni verði eytt með því að kaupa auðseljanleg skuldabréf í samsvarandi tímalengdum. Áformað er að ráðstafa þessum fjármunum á sérstaka innlánsreikninga ríkissjóðs í Seðlabankanum en einnig er til skoðunar að hluta þeirra verði varið til að efla eiginfjárstöðu bankans. Áætlun um vaxtagjöldin miðast við þau kjör sem í boði eru fyrir þau skuldabréf sem talin eru vera hagstæðust í þessu skyni. Ríkissjóður mun á móti hafa vaxtatekjur af innlánsreikningunum í Seðlabankanum en þeir vextir taka mið af skuldabréfasafninu sem fjármunirnir verða bundnir í og er reiknað með að þeir geti orðið heldur lægri en af útgefna skuldabréfinu. Þær tekjur eru áætlaðar um 3.415 m.kr., eða

um 65 m.kr. lægri en vaxtagjöldin, og hefur þessi ráðstöfun því ekki veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs en eykur veltuna og hækkar stöðu skulda og eigna. Ef hluti þessara fjármuna verður nýttur til að auka eigið fé bankans greiðast ekki vextir af þeim hluta en á hinn bóginn gætu arðgreiðslur orðið hærri.

Gert er ráð fyrir að gjaldfærð vaxtagjöld hækki um 1.195 m.kr. frá því sem reiknað er með í frumvarpinu. Hinn 1. nóvember sl. var gerður samningur um kaup íslenska ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Samkvæmt samningnum er kaupverðið 30,3 milljarðar kr. og greiðast um 3,4 milljarðar kr. af því um áramótin en gefið er út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, 26,9 milljörðum kr., til handa lífeyrissjóðum starfsmanna sveitarfélaganna tveggja. Skuldabréfin eru til 28 ára og greiðast upp með 56 jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. júlí 2007, og bera breytilega vexti sem taka mið af meðalávöxtunarkröfu tiltekins flokks íbúðabréfa síðustu sex mánuði fyrir gjalddaga. Vextir reiknast frá 1. janúar 2007. Áætlun um vaxtagjöldin á næsta ári miðast við núverandi viðmiðunarvexti íbúðabréfanna umfram verðtryggingu, 4,34%. Gert er ráð fyrir að greiddir vextir á næsta ári verði lægri eða um 630 m.kr. þar sem einungis ein greiðsla fellur til á fyrsta árinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 21. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Birkir J. Jónsson, form., frsm. | Einar Oddur Kristjánsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Ásta Möller. | Bjarni Benediktsson. | Guðjón Ólafur Jónsson. |

**Fylgiskjal I.**

# Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2007, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin fjallað um 1. gr. fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2006, sbr. sundurliðun 1.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar fjármálaráðuneytis, Benedikt Valsson og Dórothea Jóhannsdóttir. Einnig komu á fund nefndarinnar Jón Bentsson frá Glitni, Björn Rúnar Guðmundsson frá Landsbanka Íslands, Ásgeir Jónsson og Þóra Helgadóttir frá KB-banka og Rannveig Sigurðardóttir og Markús Möller frá Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2007 geti numið um 373 milljörðum kr. en það er 1,7 milljarða kr. lækkun frá áætlun

árs 2006. Í frumvarpinu er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs geti numið tæpum 344 milljörðum kr. og lækki um 4,4 milljarða kr. frá árinu 2006.

Í spá fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,5% á árinu 2007. Spáð er 3% verðbólgu og er reiknað með að markmiði Seðlabanka Íslands um 2,5% verðbólgu verði náð á árinu 2007. Þá er því spáð að verðbólgan verði 2,2% á árinu 2008. Atvinnuleysi er spáð 1,9% á árinu 2007. Talið er að viðskiptahallinn verði 11,1% af landsframleiðslu árið 2007.

Fulltrúar fjármálaráðuneytis lögðu fyrir nefndina breytingar á tekjuáætlun á grundvelli breyttrar spár, fyrirhugaðra lagabreytinga og lántöku ríkissjóðs að fjárhæð 3,1 milljarður kr. Meðal breytinga má nefna að ríkissjóður hyggst taka lán til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn sem hækkar annars vegar vaxtatekjur (3,4 milljarðar kr.) og hins vegar fjármagnstekjuskatt (1,3 milljarðar kr.). Þá er fyrirhugað að lækka matarskattinn 1. mars 2007. Sú ráðstöfun lækkar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti (–12,4 milljarðar kr.) og hækkar tekjuskatt einstaklinga (1,5 milljarðar kr.). Jafnframt hækkar áfengisgjald (3,8 milljarðar kr.) þar sem fyrirhugað er að halda verði á áfengi óbreyttu að meðaltali þrátt fyrir að virðisaukaskattur verði lækkaður. Þá gefur niðurstaða álagningar tekjuskatts á lögaðila tilefni til að hækka áætlaðar tekjur af þeim skatti (5 milljarðar kr.). Meiri hlutinn vekur athygli á því að fyrir liggur frumvarp frá fjármálaráðherra þar sem lagt er til að innheimta umsýslugjalds til Fasteignamats ríkisins verði framlengd enn um sinn til tveggja ára. Af þessum sökum er sá liður tekinn að nýju inn í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007 (0,3 milljarðar kr.). Efnahags- og viðskiptanefnd lagði til haustið 2004 (nál. á þskj. 573 á 131. löggjafarþingi) að umsýslugjald yrði innheimt árin 2005 og 2006 en ekki árin 2005–2008 eins og gert var ráð fyrir í því frumvarpi sem þá var til umfjöllunar. Að lokum má nefna að vegna þess að ríkissjóður mun eignast allan hlut í Landsvirkjun tvöfaldast áætlaðar arðgreiðslur (0,2 milljarðar kr.). Meiri hluti nefndarinnar fellst á þessar breytingar.

Alþingi, 21. nóv. 2006.

Pétur H. Blöndal, form.,
Dagný Jónsdóttir,
Birgir Ármannsson,
Ásta Möller,
Hjálmar Árnason.

**Fylgiskjal II.**

# Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2007, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hluti vill minna á að sagan sýnir að fjárlög þessarar ríkisstjórnar eru iðulega langt frá því að standast. Meðal annars er um að kenna slakri fjármálastjórn og bágri áætlana-

gerð og hefur það margoft verið gagnrýnt af stjórnarandstöðuflokkunum og Ríkisendurskoðun. Það er ekkert sem bendir til að þessi fjárlög verði frábrugðin fyrri fjárlögum þessarar ríkisstjórnar.

Gjaldahlið fjárlaga er vanáætluð ár eftir ár og ekki er hægt að verjast þeirri hugsun að útgjaldaspáin byggist annaðhvort á óskhyggju og óraunsæi eða löngun til að fegra myndina við framlagningu fjárlagafrumvarpsins. Þegar fjárlög eru borin saman við ríkisreikning sl. fimm ár, eða árin 2000–2004, kemur í ljós að útgjöld hafa samanlagt farið tæplega 120 milljarða kr. fram úr áætlun, eða sem nemur 24 milljörðum kr. að meðaltali árlega en það er að meðaltali 10% frávik frá fjárlögum.

Frá 1998 til 2005 hafa ríkisútgjöldin aukist um 100 milljarða kr. Á þessu árabili varð því ríkissjóður meira en 40% dýrari í rekstri. Landsmenn vita að þjónusta ríkisvaldsins hefur ekki aukist um rúm 40% á sama tíma.

Íslensk fyrirtæki og almenningur í landinu hefur þurft að þola mikinn óstöðugleika í efnahagskerfinu vegna óstjórnar ríkisstjórnarinnar. Og sem fyrr er það hinn venjulegi Íslendingur sem mun borga fyrir þessi efnahagsmistök. Ríkisstjórnin hefur ekki sinnt neinum af viðvörunarljósunum sem allir fagaðilar og stjórnarandstaðan hafa kveikt á fyrir löngu.

Verðbólgan hefur verið yfir verðbólgumarkmiði Seðlabankans í meira en tvö ár. Verðbólguskattur er því nýr skattur sem ríkisstjórnin hefur innleitt og er hann orsök mestu kjaraskerðingar almennings í áratug.

Krónan hefur verið í rússíbanaferð og sveiflast allt að 40% upp og niður. 75% af tekjum og gjöldum fyrirtækja í Kauphöllinni eru í erlendri mynt. En almenningur og smáfyrirtækin sitja eftir með vonlausa mynt. Viðskiptahallinn er í sögulegu hámarki og er langmestur hér á landi af öllum OECD-ríkjum.

Skuldir þjóðarbúsins hafa aldrei verið hærri. Ísland er ein skuldugasta þjóð veraldar. Hreinar erlendar skuldir verða áfram um 300% af útflutningstekjum. Skuldir heimilanna hafa aldrei hærri. Skuldir fyrirtækja aldrei hærri.

Almenningur býr við eitt hæsta matvælaverð í heimi vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í tollum og vörugjöldum. Þessi sami almenningur þarf að búa við eina hæstu vexti í heimi en vextir eru ekkert annað en verð á peningum. Skattbyrði hefur verið aukin hjá öllum tekjuhópum nema þeim allra tekjuhæstu. Ríkisstjórnin heldur síðan áfram að keyra upp væntingar í hagkerfinu með hugsanlegum stóriðjuframkvæmdum.

Í þjóðhagsspá greiningardeildar Glitnis segir orðrétt: „Hagur heimilanna hefur versnað nokkuð það sem af er ári og er útlit fyrir að hann muni versna enn á næsta ári þegar dregur frekar út þenslu í hagkerfinu.“ Um framtíðarhorfur í efnahagsmálum segir orðrétt í umfjöllun greiningardeildar Glitnis að lendingin í hagkerfinu muni: „...fela í sér tímabundna rýrnun kaupmáttar, lækkun eignaverðs og aukningu vanskila og gjaldþrota svo eitthvað sé nefnt.“ Síðan segir greiningardeildin: „...nú blasir við tímabil mikillar verðbólgu, hárra vaxta og lækkun húsnæðisverðs. Skuldahlutföll sem eru í hærri kanti þess sem gerist á alþjóðavísu verða enn verri þegar skoðað er að íslensk heimili greiða mun hærri vexti af þessum lánum sínum en nágrannar þeirra í öðrum löndum.“

Áfram segir í þjóðhagsspánni: „Ljóst er að á þessu ári ... [mun greiðslubyrði heimilanna af lánum sem hlutfall af ráðstöfunartekjum] verða talsvert hærri og þrengja að þeim sem mest hafa skuldsett sig á undanförum árum og/eða þeim sem munu sökum versnandi atvinnuástands tapa ráðstöfunartekjum sínum að stórum hluta.“

Enn fremur segir greiningardeildin að: „Atvinnuleysi mun aukast jafnt og þétt ...“ og annars staðar í skýrslunni er gert ráð fyrir áframhaldandi hárri verðbólgu á næsta missiri og umtalsverðri sveiflu á gengi krónunnar.

KB-banki segir í sínu riti frá 3. október sl. að kaupmáttur muni dragast saman, vaxtakjör versna og eigið fé í húsnæði almennings rýrna. Landsbankinn hefur bent á í Hagspá sinni fyrir árin 2006–2015 að hætta sé á sagan frá 2001 og 2006 muni endurtaka sig eftir 2010 með þenslu og hærri verðbólgu. Bankinn gagnrýnir sömuleiðis að opinber fjármálastjórn taki ekki nægilegan þátt í hagstjórninni.

Hinn stöðugi óstöðugleiki heldur áfram og því er það hjákátlegt að fjármálaráðherra segi við kynningu á fjárlagafrumvarpinu að haldið verði áfram á braut stöðugleika í efnahagsmálunum.

Sé litið til tillögu um tekjubreytingar við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið 2007, þá gagnrýnir 1. minni hluti harðlega að fyrirhuguð lækkun á tollum á innfluttum kjötvörum úr 2. kafla tollskrár sé ekki í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir að umrædd lækkun eigi að taka gildi 1. mars nk. Ekki er að finna tillögu þessa efnis um tekjubreytingar við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins og bendir það til þess að boðuð tollalækkun sé annaðhvort í uppnámi eða afskaplega illa undirbúin.

Fyrsti minni hluti bendir einnig á að rúmur helmingur vörugjalda af matvælum er skilinn eftir og því mun vörugjaldafrumskógurinn enn vera til staðar, bæði verslunum og neytendum til ama og kostnaðarauka.

Fyrsti minni hluti vekur einnig athygli á því að ríkisstjórnin mun hækka áfengisgjald um tæpa 4 milljarða kr. til að vega upp á móti boðaðri skattalækkun á matvælum. Slík hækkun var aldrei boðuð þegar ríkisstjórnin tók sig loksins saman í andlitinu í haust og fór af stað með einhverjar skattalækkanir á matvælum. 1. minni hluti fagnar þó auknu fjármagni í Forvarnasjóð.

Fyrsti minni hluti telur það einnig vera gagnrýnisvert að fá ekki upplýsingar um breytingar á gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins vegna breyttrar verðbólguspár fjármálaráðuneytisins.

Eins og oft áður getur munað talsverðu á efnahagsspám fjármálarráðuneytisins og efnahagsspám greiningardeilda bankanna og Seðlabankans. Fjármálaráðuneytið spáir 3% verðbólgu en Seðlabankinn spáir talsvert meiri verðbólgu eða um 4,6% og KB-banki spáir 3,4% verðbólgu og Landsbankinn um 3,2%. Fjármálaráðuneytið spáir 0,8% samdrætti einkaneyslu en KB-banki spáir 4,5% samdrætti einkaneyslu og Landsbankinn um 4,3% samdrætti. Fjármálaráðuneytið spáir 1,5% hagvexti en KB-banki hefur spáð 0,2% samdrætti hagvaxtar.

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar opinberar því áfram mikla óstjórn og skipulagsleysi í hagstjórninni, áframhaldandi ójöfnuð, svikin loforð og slaka efnahagsstjórn á tímum þegar þörf er aðhalds og ráðdeildar og annarrar forgangsröðunar í ríkisfjármálunum.

Guðjón A. Kristjánsson á sæti í nefndinni sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 21. nóv. 2006.

Jóhanna Sigurðardóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Lúðvík Bergvinsson.

**Fylgiskjal III.**

# Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2007, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Enn er margt mjög óljóst um forsendur fjárlaga. Ástæða er til að taka sérstaklega fram hve ámælisvert það er að ógerlegt er að fá upplýsingar um áform stjórnvalda varðandi frekari uppbyggingu stóriðju í landinu í náinni framtíð. Slík áform, þ.e. ákvarðanir um hvort af þeim verði eða ekki, hljóta að teljast forsenda þess að unnt sé að ræða fjárlagafrumvarpið og endanlega niðurstöðu fjárlaga af einhverju viti. Umfangsmiklar stóriðjuframkvæmdir eru nú í bígerð. Þegar er hafinn undirbúningur að stækkun álversins í Straumsvík um 250 þúsund tonn, þ.e. úr 180 þúsund tonnum í 460 þúsund tonn, og á teikniborðinu er álver í Helguvík upp á 250 þúsund tonn og nýtt álver við Bakka á Húsavík upp á 250 þúsund tonn. Enda þótt ekki yrði ráðist í framkvæmdir á næsta ári er ljóst að grænt ljós á þær mundi setja forsendur fjárlaga úr skorðum. Bæði er um að ræða þær væntingar sem yrðu vaktar og einnig myndi hefjast umfangsmikil undirbúningsvinna sem gæti haft efnahagslegar afleiðingar. Þess má reyndar geta að enda þótt engar endanlegar ákvarðanir hafi verið teknar um heimildir til stækkunar í Straumsvík hefur tveimur teiknistofum þegar verið falið að gera tillögur um nýja kerskála í samræmi við óskir Alcan um stækkun álversins. Það er óboðlegt að ríkisstjórnin svari í véfréttarstíl um þessi áform þegar til umræðu eru forsendur fjárlaga fyrir komandi ár. Við umfjöllun í efnahags- og viðskiptanefnd komu fulltrúar Seðlabanka, fjármálaráðuneytis og greiningardeilda banka og voru hugmyndir þeirra nokkuð á reiki varðandi framvinduna með tilliti til stóriðju og þar af leiðandi hverjar afleiðingar yrðu enda ekki að undra: Ríkisstjórnin neitar að leggja spilin á borðið.

Alþingi, 21. nóv. 2006.

Ögmundur Jónasson.

**Fylgiskjal IV.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Á fund nefndarinnar komu Óðinn Helgi Jónsson og Halldór Árnason frá forsætisráðuneyti og Ragna Árnadóttir og Jónas Ingi Pétursson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 1.190 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 29 millj. kr., en þær nema 2,4% af heildartekjum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 725 millj. kr. og hækka um 5 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs að meðtöldum launa- og verðlagsbótum.

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2007 eru áætluð tæplega 22 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur nálægt 1,3 millj. kr., en þær nema 5,9% af heildartekjum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð um 15,7 millj. kr. og hækka um tæplega 1,9 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs að meðtöldum launa- og verðlagsbótum.

Fyrsti minni hluti fagnar því að í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir rúmlega 500 millj. kr. hækkun til Landhelgisgæslunnar sem ætluð er til kaupa á varðskipi og eftirlitsflugvél. Þetta er í samræmi við stefnumörkun þess efnis að 3 milljörðum kr. af söluandvirði Landssímans skuli varið til slíkra kaupa eins og fram kom í áliti meiri hluta nefndarinnar til fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006. Framlag til viðhalds hækkar jafnframt um 30 millj. kr. í tenglsum við eflingu þyrlusveita Landhelgisgæslunnar í kjölfar brotthvarfs þyrlusveitar varnarliðsins. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að sú 500 millj. kr. fjárhæð sem þar er tilgreind byggist á kostnaðaráætlun síðan snemmsumars sem sé nú til endurskoðunar og gert sé ráð fyrir að lokið verði fyrir 2. umræðu frumvarpsins. 1. minni hluti telur brýnt að endanlegar tölur liggi fyrir á þeim tímapunkti og að þessi áætlun standist.

Sem fyrr er ástæða til að leggja áherslu á fjárveitingar til fangelsismála. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lokið verði við framkvæmdir við endurbætur og stækkun fangelsanna á Kvíabryggju og á Akureyri á næsta ári og að veittar verði til þess um 100 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 að fjármunir verði veittir til að hefja frumathugun á framkvæmdum við fangelsið á Litla-Hrauni og við byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði. 1. minni hluti leggur áherslu á mikilvægi þess að þessi áform nái fram að ganga sem fyrst og hvetur til þess að þeim verði flýtt eftir fremsta megni.

Í tengslum við stofnun embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir fjárveitingu sem nemur nánast 2,9 millj. kr. Sú fjárveiting er að fullu millifærð frá öðrum fjárlagaliðum vegna millifærslu verkefna. 1. minni hluti fagnar þeirri hagræðingu sem fyrirséð er að hljótist af nýskipan lögreglumála og tilfærslu verkefna milli stofnana, en lögregluumdæmum fækkar um 11 og embætti sýslumanna sem ekki fara með lögreglustjórn verða 11 talsins. Með þessum breytingum skapast einnig svigrúm fyrir sýslumenn til að taka að sér

önnur verkefni sem vel fer á að þeir sinni, sbr. frumvarp um flutning verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta sem nú er til meðferðar hjá nefndinni.

Þá bendir 1. minni hluti á að embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli færist undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti í stað utanríkisráðuneytis áður, en það embætti hefur verið rekið með halla undanfarin ár. 1. minni hluti leggur áherslu á að búið verði að greiða úr fjárhagsvanda embættisins áður en það flyst yfir til dóms- og kirkjumálaráðuneytis þannig að ráðuneytið taki við embættinu án halla.

Bjarni Benediktsson og Drífa Hjartardóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 8. nóv. 2006.

Bjarni Benediktsson, form., með fyrirvara,
Birgir Ármannsson,
Dagný Jónsdóttir,
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara.

**Fylgiskjal V.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Nefndin fékk til sín á fund Gísla Þór Magnússon og Auði Björgu Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti og Jónatan Garðarsson og Ástu Hrönn Maack frá tónlistarsjóði. Á fund fjármálanefndar sem menntamálanefnd sat einnig komu Gísli Þór Magnússon og Aðalsteinn Eiríksson frá menntamálaráðuneyti,

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 45.581 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.893 millj. kr. en þær nema 8,0% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Nefndarmenn sátu fund fjárlaganefndar 3. nóvember þegar farið var yfir breytingar á reiknilíkani framhaldsskólanna. Með þeim breytingum sem ráðgert er að gera á reiknilíkaninu hafa nefndarmenn áhyggjur af verknámsskólum og þá einkum framhaldsskólum á landsbyggðinni. 1. minni hluti nefndarinnar beinir því sérstaklega til fjárlaganefndar að skoða vel reiknilíkanið, einkum með tilliti til stöðu verknámsskóla. Margar deildir í þeim skólum hafa fáa nemendur og með kröfu um fjölgun nemenda getur reynst erfitt fyrir þá að standa undir þeim fögum.

Nefndin telur að í meginatriðum eigi úthlutun til einstakra verkefna á sviði lista og menningar að vera í höndum sjóða sem komið hefur verið á í þeim tilgangi. Hjá stjórnum og ráð-

um sem annast úthlutun úr slíkum sjóðum fara umsóknirnar í gegnum faglegt mat sem menntamálanefnd Alþingis hefur ekki forsendur til að beita. Í þessu sambandi bendir nefndin á að úthlutun vegna tónlistarerinda eigi að fara fram í gegnum tónlistarsjóð. Samkvæmt lið 02-982-1.25 í frumvarpi til fjárlaga 2007 fær tónlistarsjóður 49 millj. kr. Nefndin hefur, að beiðni fjárlaganefndar, skoðað umsóknir um styrki til einstakra tónlistarverkefna, t.d. Berjadaga, sem er tónlistarhátíð á Tröllaskaga, 0,5 millj. kr., Harmonikkufélags Vestfjarða 0,3 millj. kr., Músíkur í Mývatnssveit 1 millj. kr., Sumartónleika í Skálholtskirkju 2 millj. kr. og Þjóðlagahátíðar á Siglufirði 0,5 millj. kr., og telur að eðlilegra væri að þessar umsóknir kæmu til skoðunar hjá tónlistarsjóði þar sem gilda ítarlegar reglur um úthlutunina, sbr. reglur nr. 125/2005, um úthlutun styrkveitinga úr tónlistarsjóði. Með því móti er líka komið í veg fyrir að sótt sé um á báðum stöðum eins og brögð hafa verið að. Slíkt er einkum óheppilegt fyrir tónlistarsjóð sem reynir að meta sínar úthlutanir án vitneskju um hverjir hljóta styrki frá Alþingi.

Óráðstafað er á safnliðum 02.-984-1.90 (norræn samvinna) 5,5 millj. kr. og á 02-989-1.90 (ýmis íþróttamál) 9 millj. kr. en vegna verklagsreglna sem gilda um úthlutanir er nefndinni óheimilt að færa fjármuni milli einstakra liða. Ef nefndinni væri það heimilt hefði hún vissulega haft áhuga á því að hækka styrki til einstakra verkefna, t.d. Handverks og hönnunar ses., og óskar nefndin eftir því að fjárlaganefnd taki það sjónarmið til skoðunar.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Sigurrós Þorgrímsdóttir, Dagný Jónsdóttir og Kjartan Ólafsson.

Alþingi, 13. nóv. 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form.,
Sæunn Stefánsdóttir.

**Fylgiskjal VI.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Nefndin fékk til sín á fund Gísla Þór Magnússon og Auði Björgu Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti, Jónatan Garðarsson og Ástu Hrönn Maack frá tónlistarsjóði. Sérstakur fundur var haldinn með fjárlaganefnd, menntamálanefnd og starfsmönnum menntamálaráðuneytis, Gísla Þór Magnússyni og Aðalsteini Eiríkssyni, um reiknilíkan ráðuneytisins vegna framhaldsskólanna.

Annar minni hluti gerir athugasemd við vinnutilhögun nefndarinnar þetta árið. Tími hennar fór að mestu í að vinna tillögur að úthlutun safnliða, og stendur 2. minni hluti að afgreiðslu safnliðanna eins og hún er skýrð í áliti 1. minni hluta nefndarinnar. Eini fundurinn sem hald-

inn var um efni frumvarpsins, utan kynningarfundar með fulltrúum menntamálaráðuneytisins, var fundurinn með fjárlaganefnd um stöðu framhaldsskólanna sem áður er nefndur. Ekki var kallað á gesti varðandi neina aðra liði frumvarpsins.

**Framhaldsskólarnir og reiknilíkanið.**

Frumvarpið gerir ráð fyrir aðhaldskröfu upp á 300 millj. kr. á framhaldsskólana, sem skipt er á milli þeirra með breytingum á forsendum reiknilíkansins með því að hækka hópviðmið fagbóklegra áfanga, tölvunámsáfanga og raungreinaáfanga og með því að auka nýtingarkröfu bóklegra áfanga. Með þessu móti er verknámsskólunum gert afar erfitt fyrir og líklegt er að þeir verði að fella niður áfanga þar sem útilokað er að þeir nái að auka nemendafjölda í öllum þeim áföngum sem um ræðir. Skólar á landsbyggðinni verða sérstaklega illa úti í þessum aðgerðum.

Á fundinum með starfsmönnum ráðuneytisins kom fram að aldrei hafi raunveruleg þörf skólanna ráðið fjárveitingum til þeirra, heldur hafi grunnforsendur reiknilíkansins verið miðaðar við þá upphæð sem skólarnir fengu 1997, áður en líkaninu var komið á. Þannig hafi möguleikar líkansins aldrei verið notaðir til fullnustu þar sem raunveruleg þörf skólanna hefur aldrei verið viðmiðið í reiknilíkaninu heldur einungis sú upphæð sem sett var til skólanna samkvæmt fjárlögum 1997.

Það er mat 2. minni hluta að nú sé mál að linni. Á hverju ári, frá því að reiknilíkanið var tekið í gagnið, hafa framhaldsskólarnir fært fram málefnaleg rök fyrir því að líkanið mæli ekki þörf þeirra og hafa þeir farið fram á sanngjarnar leiðréttingar á fjárframlögum. Nú er svo komið að nokkuð margir skólanna komast ekki lengra í hagræðingu. Búnaður margra verknámsskólanna er orðinn svo úreltur og úr sér genginn að ekki verður lengur við það unað. Aðstæður skólanna nú gefa ekki til kynna að stjórnvöld meini neitt með hástemmdum yfirlýsingum um hækkað menntunarstig þjóðarinnar, né með hátíðlegum ræðum um mikilvægi iðn- og starfsnáms. Það er krafa 2. minni hluta að framlagið til skólanna verði reiknað upp á nýtt, að miðað verði við raunhæfar nemendatölur 2007 og að tekið verði mið af launa- og verðlagsþróun við endanlegar ákvarðanir um fjárframlög.

**Háskólinn á Akureyri.**

Háskólinn á Akureyri hefur síðustu árin verið rekinn með umtalsverðum halla. Alþingi hefur reynt að mæta þeim halla með auknum fjárframlögum sl. tvö ár. Það er mat 2. minni hluta að hagræðing sú og endurskipulagning sem skólinn hefur ráðist í af þessum sökum sé komin svo langt að vart verði lengra gengið. Deildir hafa verið sameinaðar, þeim fækkað úr sex í fjórar, og starfsfólki hefur verið sagt upp störfum. Til að losa skólann úr fjárhagslegri spennitreyju þarf að ráðast í varanlegar aðgerðir og tryggja hækkaðan rekstrargrunn skólans um 60 millj.kr., auk þess sem bæta þarf skólanum að fullu hækkuð útgjöld vegna launa- og verðlagshækkana. Þá telur 2. minni hluti nauðsynlegt að uppfylla rannsóknarsamning menntamálaráðuneytisins við skólann, en til að svo megi verða þarf aukin fjárframlög um 100–150 millj. kr. Það er að mati 2. minni hluta óviðunandi að hækkun sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir til rannsóknarþáttarins skuli öll eiga að fara í að greiða hækkaða húsaleigu í rannsóknarhúsinu Borgum. Loks telur 2. minni hluti eðlilegt að gerð verði áætlun um það hvernig klára megi fyrirhuguð byggingaráform Háskólans á Akureyri.

**Háskóli Íslands.**

Háskóli Íslands hefur mótað sér stefnu til framtíðar, sem felur það í sér að hann komist í hóp bestu háskóla í heimi á næstu 10–15 árum. Stefna þessi hefur bæði verið samþykkt á

háskólafundi og í háskólaráði og það er mat 2. minni hluta að löggjafinn ætti að taka undir þessa stefnu með því að gera vel við skólann á næstu árum. Í frumvarpi til fjárlaga örlar ekki á slíkri viðurkenningu. Háskóli Íslands berst við rekstrarhalla og nema skuldir skólans nú um 1 milljarði kr. Eigið fé skólans var neikvætt í árslok 2005 um 103,5 millj. kr. og greiðslustaða gagnvart ríkissjóði neikvæð um 884 millj. kr. Mat 2. minni hluta er að hér verði að grípa inn í með myndarlegum hætti. Rannsókn á íslenska hagkerfinu 1970–1992 sýnir að tæp 50% framleiðniaukningar tímabilsins megi rekja til fjárfestingar hins opinbera í háskólamenntun. Fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar hefur verið fjárfest rausnarlega í háskólamenntun á síðustu árum, en í þeirri sókn hefur Háskóli Íslands verið hornreka, hann stríðir við fjárhagskreppu og er langt frá því að vera samkeppnisfær við sambærilega skóla annars staðar í Evrópu. Það er ámælisvert í hæsta máta að skólanum sé haldið í þessari kreppu og gerir 2. minni hluti alvarlegar athugasemdir við niðurstöðu fjárlagafrumvarpsins varðandi liði Háskóla Íslands og stofnana hans. Að lágmarki verður að tryggja að greitt verði með öllum nemendum er stunda nám í skólanum og að staðið verði við rannsóknarsamning þann sem ráðherra hefur gert við skólann. Þá telur 2. minni hluti sjálfsagt að skólanum verði gert kleift að fjölga doktorsnemum markvisst í 60 á næstu fimm árum. Aðgerðir af þessu tagi gætu gert skólanum kleift að uppfylla framtíðaráform sín.

**Framsetning frumvarpsins.**

Enn gagnrýnir 2. minni hluti framsetningu frumvarpsins þar sem fjárveitingar til kennslu og rannsókna í háskólum eru ekki aðgreindar á viðfangsefnaliði hjá hverjum skóla fyrir sig. Þetta gerir nefndarmönnum og öðrum þeim sem þurfa að glöggva sig á einstökum þáttum frumvarpsins erfiðara fyrir en þyrfti að vera. Þá gerir framsetning frádráttarliða háskólanna, t.d. hluti af tekjum skólanna vegna skrásetningargjalda og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins, það að verkum að ekki er hægt að bera saman útgjöld ríkisins vegna skólanna. Það hlýtur að vera sanngjörn krafa að framkvæmdarvaldið geri löggjafanum svo auðvelt sem verða má að greina það sem að baki frumvarpinu liggur.

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.**

Góð samstaða náðist um hina nýju Árnastofnun á síðasta þingi. Menntamálaráðherra hét því sérstaklega í 1. umræðu frumvarps um hana að beita sér fyrir því að fé yrði veitt til að koma á fót tveimur rannsóknarstöðum skv. 7. gr. frumvarps og síðar laga. Þetta fyrirheit er ekki að finna í fjárlagafrumvarpinu. Ekki er heldur komið til móts við ábendingar og tilmæli frá í vor í samhljóða nefndaráliti menntamálanefndar um frumvarpið. Þar var bent á að nokkur kostnaður hlýst af sameiningu stofnana og undirbúningi hennar og einnig talið æskilegt að gera ráð fyrir störfum við rekstur og skrifstofuhald, t.d. ráðningu skrifstofu- eða fjármálastjóra með viðeigandi starfsliði. Ekki væri hagkvæmt að láta vísindamenn stofnunarinnar annast þann starfa. Ekkert mark hefur verið tekið á þessum ábendingum nefndarinnar við gerð fjárlagafrumvarpsins. Þá mæltist menntamálnefnd eindregið til þess að Íslensk málnefnd fengi fjárveitingu samkvæmt sérstökum fjárlagalið og gæti að svo búnu gengið til samninga við stofnunina um verkefni, aðstöðu og starfslið. Þetta hefur heldur ekki orðið. 2. minni hluti gagnrýnir harðlega þessi vinnubrögð. Þau torvelda upphaf starfa í þessari nýju stofnun og gera marklaus fyrirheit ráðherra frammi fyrir þingi og þjóð.

**Ósanngjörn aðhaldskrafa.**

Í frumvarpinu er gerð krafa um aðhald hjá ýmsum söfnum og sjóðum sem ætlaðir eru til að styrkja listir og menningu. Má þar nefna tónlistarsjóð, bókmenntasjóði og starfsemi at-

vinnuleikhópa, sem og starfsemi áhugaleikfélaga. Skýtur þetta skökku við þegar þess er gætt að mikil gróska hefur einkennt listalíf þjóðarinnar síðustu árin. Sjálfstæðu leikhóparnir fengu til að mynda 220 þúsund áhorfendur á sýningar sínar leikárið 2004–2005, þar af voru 20 þúsund áhorfendur á landsbyggðinni. Þar að auki sáu 35 þúsund áhorfendur sýningar hópanna á erlendri grund. Að baki þessum sýningum standa u.þ.b. 500 atvinnulistamenn úr ýmsum listgreinum. Nú gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir aðhaldskröfu á hópana sem nemur 900 þús. kr. og aðhaldskröfu á tónlistarsjóð um 1 millj. kr. 2. minni hluti telur þessar ráðstafanir vera til þess fallnar að veikja mikilvæga menningarstarfsemi, starfsemi sem er þýðingarmikil fyrir framþróun einstakra greina auk þess sem hún stuðlar að fjölbreyttum atvinnutækifærum víða um land.

**Náttúruminjasafn Íslands.**

Annar minni hluti gerir athugasemd við það að ætlunin skuli vera að fjármagna nýtt höfuðsafn Náttúruminjasafn Íslands af óskiptum liðum ráðuneytisins (sjá umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins í fylgiskjali með frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands á þskj. 294 í 281. máli á yfirstandandi þingi). Nýtt náttúruminjasafn verðskuldar sjálfstæðan fjárlagalið nú þegar hillir undir að því verði formlega komið á laggirnar árið 2007. Rétt er þó að geta þess að fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins kennir um skorti á upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu, sem er ámælisvert, ekki síst í ljósi gagnrýni sem kom fram í málflutningi stjórnarandstöðu í tengslum við umfjöllun um málið á 132. löggjafarþingi.

Einar Már Sigurðarson skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 13. nóv. 2006.

Kolbrún Halldórsdóttir,
Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara,
Björgvin G. Sigurðsson,
Mörður Árnason.

**Fylgiskjal VII.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 5. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Pétur Ásgeirsson og Hrein Pálsson frá utanríkisráðuneyti. Þá óskaði nefndin eftir viðbótarupplýsingum frá ráðuneytinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárlagarammi utanríkisráðuneytisins stækki um 1.893 millj. kr. eða 25% miðað við fjárlög fyrir árið 2006.

Aukna fjárþörf ráðuneytisins má að stærstum hluta rekja til verulegrar hækkunar á framlögum til þróunarmála. Þau hafa verið markvisst hækkuð undanfarin ár í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að framlög Íslendinga til þróunarmála verði 0,35% af vergri landsframleiðslu árið 2008. Þannig hafa framlög verið hækkuð til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands úr 294 millj. kr. árið 2000 í 1.213 millj. kr. árið 2007, framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi úr 164 millj. kr. árið 2000 í 994 millj. kr. árið 2007, framlög til þróunarsjóðs EFTA hafa hækkað úr 98 millj. kr. árið 2000 í 304 millj. kr. árið 2007 og framlög til íslensku friðargæslunnar hafa hækkað úr 136 millj. kr. árið 2002 í 603 millj. kr. árið 2007. Nefndin er sammála að rétt sé að hækka framlög til þessa málaflokks. Kostnaður við öryggiseftirlit á Keflavíkurflugvelli hefur aukist stöðugt undanfarin ár vegna hertra öryggiskrafna í flugstöðinni og reglna um flugvernd, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Þá er gert ráð fyrir að kostnaðarauki vegna brotthvarfs varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli nemi um 1.400 millj. kr. á árinu 2007 vegna flugtengdrar starfsemi bandarískra hersins, en til hennar teljast m.a. rekstur slökkviliðs, snjóruðningsdeildar og rafeindadeildar auk viðhaldskostnaðar.

Embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli færist undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið á næsta ári, en sem kunnugt er hefur embættið verið rekið með halla undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað er unnið að því að leysa fjárhagsvanda embættisins en markmiðið er að það verði hallalaust um áramót. Nefndin leggur áherslu á að búið sé að leysa fjárhagsmálin þegar embættið flyst milli ráðuneyta.

Utanríkismálanefnd barst í sumar erindi frá utanríkismálanefnd norska Stórþingsins þar sem þess var farið á leit við þjóðþing Norðurlanda að þau styrktu endurreisn þinghússins í Bosníu-Herzegóvínu. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er talinn um 740.000 evrur eða um 65 millj. kr. Norðmenn hafa boðist til að greiða helminginn af kostnaðinum og hafa óskað eftir stuðningi annarra ríkja á Norðurlöndum við fjármögnun 30% af heildarkostnaðinum. Utanríkismálanefnd fer þess á leit við fjárlaganefnd að orðið verði við beiðni norska þingsins en unnið er að samkomulagi um skiptingu kostnaðar. Verkefnið er mjög brýnt enda tengist það endurreisn ríkisins og lýðræðisþróun.

Jón Gunnarsson ritar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 8. nóv. 2006

Halldór Blöndal, form.,
Jón Kristjánsson,
Drífa Hjartardóttir,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

**Fylgiskjal VIII.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október sl.

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 14.667 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 805 millj. kr. en þær nema 5,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 13.862 millj. kr. og af þeirri fjárhæð eru 12.187 millj. kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.754 millj. kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 79 millj. kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Nefndin fékk á sinn fund Ingimar Jóhannsson frá landbúnaðarráðuneyti og skýrði hann þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, og Sigurður Már Einarsson, deildarstjóri Vesturlandsdeildar Veiðimálastofnunar, og fóru þeir yfir fjármál stofnunarinnar. Auknar skyldur, og aukin verkefni, eru lagðar á stofnunina, m.a. vegna nýrra lax- og silungsveiðilaga, laga um fiskeldi, laga um fiskrækt, laga um varnir gegn fisksjúkdómum og laga um Veiðimálastofnun, en ekki var gert ráð fyrir auknu fjárframlagi. Því til viðbótar má nefna tilskipun Evrópusambandsins um verndun vistgæða vatns en undirbúningsvinna vegna hennar er hafin og þyrfti að vera meiri, einkum með hliðsjón af sérstöðu íslenskra aðstæðna.Verkefni stofnunarinnar fyrir Landsvirkjun hafa minnkað og tekjutap orðið í kjölfarið. Enn fremur hafa framlög úr Fiskræktarsjóði til stofnunarinnar dregist saman en starfsemi sjóðsins og lagaumhverfi hefur breyst. Veiðimálastofnun hefur nú sömu aðstöðu og aðrir til að sækja um fjármagn til ákveðinna verkefna í sjóðinn.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndinni bárust var uppsafnaður halli Veiðimálastofnunar tæpar 40 millj. kr. um síðustu áramót. Þar af var halli síðasta árs um 19 millj. kr. þrátt fyrir sölu fasteignar og annarra ráðstafana. Enn fremur fengust þær upplýsingar frá ráðuneytinu að gera megi ráð fyrir að rekstrarhalli á þessu ári verði um 20 millj. kr. Í árslok gæti hallinn orðið hátt í 60 millj. kr. Fjárhagsvandi stofnunarinnar er tvíþættur. Annars vegar er uppsafnaður halli og hins vegar þyrfti rekstargrunnur stofnunarinnar að verða leiðréttur í fjárlögum.

Nefndin telur mikilvægt að stofnunin fái aukin framlög í fjárlögum til þess að geta haldið starfsemi sinni áfram, einkum með tilliti til þess að stofnunin gegnir mikilvægri starfsemi, þar á meðal lögbundinni starfsemi.

Drífa Hjartardóttir skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd. Enn fremur skrifa Anna Kristín Gunnarsdóttir og Þuríður Backman undir álitið með fyrirvara.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Gunnar Örlygsson og Jóhann Ársælsson.

Alþingi, 9. nóv. 2006.

Drífa Hjartardóttir, form., með fyrirvara,
Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara,
Dagný Jónsdóttir,
Valdimar L. Friðriksson,
Guðmundur Hallvarðsson,
Hjálmar Árnason,
Þuríður Backman, með fyrirvara.

**Fylgiskjal IX.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október sl.

Á fund nefndarinnar kom Arndís Steinþórsdóttir frá sjávarútvegsráðuneyti, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Þórður Ásgeirsson og Gylfi Ástbjartsson frá Fiskistofu, og Sjöfn Sigurgísladóttir frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins en starfsemi þeirrar stofnunar verður lögð niður í lok þessa árs og flyst þá yfir til Matís ehf., sbr. lög nr. 68/2006.

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 3.707 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 688 millj. kr. en þær nema 18,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.514 millj. kr. og hækka um 193 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs.

Í frumvarpinu er greint á milli fjárveitinga annars vegar til ráðuneytis og hins vegar til rannsókna og eftirlits. Heildarfjárveiting til ráðuneytis lækkar frá gildandi fjárlögum um 3,8 millj. kr. samkvæmt frumvarpinu og verður 384,7 millj. kr. Skiptist fjárhæðin þannig að 219,4 millj. kr. fara til reksturs aðalskrifstofu, 162,3 millj. kr. til ýmissa verkefna og 3 millj. kr. eru ráðstöfunarfé. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að heildarfjárveiting til rannsókna og eftirlits hækki frá gildandi fjárlögum um 70,1 millj. kr. og verði 2.634,1 millj. kr. Stærstu framlögin sem ráðstafað verður af þeirri fjárhæð munu fara til Hafrannsóknastofnunarinnar 1.213,4 millj. kr., til Fiskistofu 805,4 millj. kr., til Matvælarannsókna 244,6 millj. kr. og til Rannsóknarsjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs 235,0 millj. kr.

Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir frá fjárlögum þessa árs eru 50 millj. kr. hækkun á framlagi til Hafrannsóknastofnunarinnar í samræmi við ákvæði í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 43/2006, um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Kveðið er á um 19 millj. kr. hækkun á framlagi til Fiskistofu. Þar af eiga að fara 10. millj.

kr. til rannsókna og eftirlits með eitrun í þörungi og skelfiski og 9 millj. kr. til verkefnaflutninga og uppbyggingar á starfsstöðvum á landsbyggðinni. Til stendur að hækka framlag til AVS-sjóðsins um 35 millj. kr. Þar af eiga að fara 25. millj. kr. til kynbóta á eldisþorski og 10 millj. kr. eru tímabundið framlag til markaðsöflunar fyrir eldisbleikju.

Af öðrum breytingum má nefna hækkun á framlagi vegna aukins rekstrarkostnaðar aðalskrifstofu ráðuneytisins og hækkun á árgjaldi Íslands til Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þá lækka framlög til að mynda til viðhalds- og stofnkostnaðar, vegna niðurfellingar tímabundinna framlaga og vegna aðhaldskröfu. Loks er gert ráð fyrir að fjárveitingum verði hætt til Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins en í stað þess verði 244,6 millj. kr. veitt til kaupa á rannsóknum undir nýjum lið sem ber heitið Matvælarannsóknir.

Á fundi nefndarinnar kom fram að í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir þetta ár er gert ráð fyrir að fjárheimildir Hafrannsóknastofnunarinnar verði auknar samtals um 174,2. millj. kr. Þá mun stofnunin að líkum verja 50 millj. kr. hækkun á framlagi í fjárlögum þessa árs til að halda úti rannsóknarskipum. Fiskistofa hyggst halda áfram að flytja starfsemi sína út á landsbyggðina með stofnun útibús á Höfn í Hornafirði ásamt því að efla starfsemi stofnunarinnar í Vestmannaeyjum. Loks voru ræddar breytingar á starfsmannahaldi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins en starfsmönnum þar hefur öllum verið boðin vinna hjá Matís ehf. sem, eins og áður segir, mun taka við verkefnum stofnunarinnar frá og með 1. janúar nk. Á fundinum komu fram sjónarmið um sífellt meira vægi öflugs matvælaeftirlits sem öðrum þræði má rekja til skuldbindinga Íslands á grundvelli alþjóðasamninga.

Sjávarútvegsnefnd leggur áherslu á að tryggt verði fjármagn vegna flutnings starfa Fiskistofu út á land, enda er það í samræmi við fyrirheit stjórnvalda.

Nefndinni bárust fimm umsóknir um fjárveitingu vegna safnliðarins 05-190-1.90 (Ýmislegt). Samkvæmt frumvarpinu hækkar liðurinn um 1,3 millj. kr. frá fjárlögum 2006.

Jón Bjarnason, Jóhann Ársælsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Drífa Hjartardóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 14. nóv. 2006.

Guðjón Hjörleifsson, form.,
Kristinn H. Gunnarsson,
Jón Gunnarsson,
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Guðjón Ólafur Jónsson.

**Fylgiskjal X.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Á fund nefndarinnar komu Sesselja Árnadóttir, Sturlaugur Tómasson og Elín Pálsdóttir frá félagsmálaráðuneyti.

Heildargjöld félagsmálaráðuneytisins árið 2007 eru áætluð um 34.782 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.173 millj. kr. en þær nema 3,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 8.449 millj. kr. og hækka um 1.226 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um auknar fjárheimildir til málefna fatlaðra til að reka ný búsetuúrræði fyrir geðfatlaða og einnig sambýli fyrir mikið fatlaða einstaklinga. Nefndin fagnar þeirri hækkun en telur þó æskilegt að framlög til annarra hópa fatlaðra verði einnig aukin. Í því sambandi er rétt að geta þess að ráðuneytið hefur í samvinnu við hagsmunaaðila unnið ítarlega heildarstefnumótun um málefni fatlaðra. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 endurspeglast markmið stefnumótunarinnar ekki í fjárveitingum til ráðuneytisins. Þannig er hvorki gert ráð fyrir fjárveitingum í stoðúrræði, svo sem skammtímavistanir, sem einkum nýtast fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra, né til að mæta áætlaðri búsetuþörf fullorðinna fatlaðra vegna uppbyggingar og bættar þjónustu annars vegar og eðlilegrar nýliðunar hins vegar. Lögð er rík áhersla á að fé fáist til þessa mikilvæga verkefnis sem varðar fatlaða og fjölskyldur þeirra um land allt. Um er að ræða afar sýnilega uppbyggingu sem ætti að geta nýst þegar á fyrri hluta árs 2007 ef fjármagn verður tryggt.

Þá vekur nefndin athygli á því að hvorki er gert ráð fyrir auknu framlagi til Vinnumálastofnunar né til málefna innflytjenda. Nefndin bendir á að á síðasta þingi voru samþykkt þrenn lög sem gera ráð fyrir auknum umsvifum í þessum málaflokkum; í fyrsta lagi er um að ræða lög nr. 21/2006 sem breyttu lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, í öðru lagi lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og í þriðja lagi lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Í nefndarálitum félagsmálanefndar var lögð áhersla á að aukið fjármagn yrði tryggt.

Nefndin hvetur ráðuneytið og stofnanir þess til að nýta heimild sína til að gera þjónustusamninga svo að auka megi hagkvæmni í rekstri. Þá undirstrikar nefndin mikilvægi gæðaeftirlits með starfsemi þeirra er veita þjónustuna.

Nefndinni bárust 40 umsóknir um fjárveitingu vegna safnliðarins 07-999-1.90 (Ýmis framlög). Samkvæmt frumvarpinu hækkar liðurinn um 2,4 millj. kr. frá fjárlögum 2006 og leggur nefndin til að þeirri viðbót verði ráðstafað annars vegar til hækkunar á framlögum til ADHD-samtakanna, Félags ábyrgra feðra, Kvennaráðgjafarinnar, mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Vímulausrar æsku, og hins vegar að Alþjóðahús fái 1,4 millj. kr. framlag og Samfés 200 þús. kr. framlag en umræddd félagasamtök hafa ekki fengið úthlutun áður.

Einar Oddur Kristjánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Álfheiður Ingadóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu með fyrirvara. Birkir J. Jónsson og Drífa Hjartardóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara þar sem þau eiga sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 9. nóv. 2006.

Dagný Jónsdóttir, form,
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara,
Birkir J. Jónsson, með fyrirvara,
Adolf H. Berndsen,
Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

**Fylgiskjal XI.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október sl.

Á fund nefndarinnar komu Svanhvít Jakobsdóttir og Hrönn Ottósdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Magnús Pétursson, Anna Lilja Gunnarsdóttir og Birna Kr. Svavarsdóttir frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Karl Steinar Guðnason, Sigríður Lillý Baldursdóttir, Ragnar M. Gunnarsson og Ásta Rósa Magnúsdóttir frá Tryggingastofnun ríkisins, Guðmundur Einarsson og Jónas Guðmundsson frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Gísli Páll Pálsson og Kristján Sigurðsson frá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

Í frumvarpinu kemur fram að heildarútgjöld ráðuneytisins verði 147.296 millj. kr. og að gjöld umfram sértekjur verði 143.442 millj. kr. Framlög til heilbrigðis- og tryggingamála hækka um 17.260,3 millj. kr. milli áranna 2006 og 2007, að teknu tilliti til hagræðingarkröfu að fjárhæð 500 millj. kr. sem áformað er að ná fram í lækkun lyfjaútgjalda sjúkratrygginga. Niðurfelldar tímabundnar fjárveitingar á næsta ári nema 55 millj. kr. Launa- og verðlagsbætur nema 8.623,9 millj. kr. og hagræn eða kerfislæg hækkun 1.698 millj. kr. vegna fjölgunar bótaþega. Raunaukning milli ára nemur því 6.938,7 m.kr. eða 5,4%. Þyngst í þeirri aukningu vega hækkanir á lífeyrisgreiðslum eða 5.534 m.kr. og 500 m.kr. til að bæta rekstrarstöðu hjúkrunarheimila, sbr. samkomulag við aldraða.

Framlög til tryggingamála hækka samtals um 6.858,4 millj. kr. milli áranna 2006 og 2007 að teknu tilliti til hagræðingarkröfu, en án launabóta.

**Landspítali – háskólasjúkrahús.**

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Landspítala – háskólasjúkrahús, að frádregnum sértekjum, nemi um 30.190 millj. kr. sem jafngildir um 127,7 millj. kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin m.a. af stofnframlagi til stækkunar barna- og unglingageðdeildar, eflingu mönnunar við hjúkrunarstörf, endurnýjun samnings um tæknifrjóvganir, eflingu geðheilbrigðisþjónustu við aldraða og leigu á nýju húsnæði fyrir Blóðbankann.

Á fundi með nefndinni gerðu stjórnendur sjúkrahússins grein fyrir því að verulegur árangur hefði náðst í rekstri LSH á síðustu árum. Kom fram að rekstrarkostnaður á föstu verðlagi hefði staðið í stað frá sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík árið 2000 en starfsemi spítalans hefði aukist síðustu ár í takt við fjölgun íbúa landsins og þá sér í lagi fjölgun aldraðra. Hefur íbúum fjölgað um 6,7%, íbúum eldri en 70 ára um rúm 11% og íbúum eldri en 80 ára um 25%. Hagræðing vegna sameiningarinnar gaf möguleika á að auka starfsemi spítalans án þess að rekstrarkostnaður ykist að sama skapi. Sameiningunni er nú í meginatriðum lokið og þess ekki að vænta að unnt verði að nýta frekar samlegðaráhrif til hagræðingar í rekstri fyrr en öll starfsemi spítalans verður sameinuð í nýjum byggingum við Hringbraut. Verður því sífellt erfiðara að verða við aukinni eftirspurn eftir þjónustu spítalans án þess að rekstrarkostnaður aukist að sama skapi.

Þá gerðu stjórnendur grein fyrir því að rekstrarumhverfi spítalans hefði verið mjög erfitt og samkvæmt fyrirliggjandi bráðabirgðauppgjöri fyrstu átta mánuði ársins væri kostnaður 707 millj. kr. umfram rekstraráætlun eða 3,5% af tekjum og stefndi í um 1.000 millj. kr. á árinu. Helstu skýringar stjórnenda á að kostnaður ársins væri umfram fjárheimildir voru í fyrsta lagi óhagstæð gengisþróun. Í öðru lagi var vísað til þenslu á vinnumarkaði, en mjög erfitt hefur reynst að ráða í lausar stöður og til sumarafleysinga og mikill þrýstingur verið á hækkun launa í takt við hækkun annars staðar í þjóðfélaginu. Í þriðja lagi hefur starfsemi spítalans aukist og bið eftir meðferð styst á flestum sviðum. Kom fram að þrátt fyrir að innlögnum hefði fækkað hefði legudögum fjölgað um 3.000 það sem af er ári með lengingu á meðallegutíma. Jafnframt hefði komum á dag- og göngudeildir og slysa- og bráðamóttökur fjölgað. Í fjórða lagi hefði spítalinn greitt umtalsverðar fjárhæðir í dráttarvexti á árinu og stefndi sú fjárhæð í 80 millj. kr. Í fimmta lagi væri ógerlegt fyrir spítalann að hamla gegn hinni miklu og sífelldu aukningu kostnaðar vegna S-merktra lyfja og sérhæfðra lækninga- og hjúkrunarvara. Þannig er ljóst að utanaðkomandi áhrif valda því að mestu leyti þeim umframkostnaði sem hefur myndast. 1. minni hluti nefndarinnar leggur enn áherslu á að styrkja þurfi rekstur spítalans til að honum sé gert kleift að standa undir þeirri ábyrgð að vera aðalbráðasjúkrahús landsins og viðhalda og þróa þá þjónustu sem þar er veitt. Jafnframt verður að gera þá kröfu til stjórnenda spítalans að þeir leiti áfram leiða til að auka skilvirkni og hagræðingu í rekstri spítalans, en ljóst er að þeir hafa lagt sig fram í þeim efnum og náð verulegum árangri á síðustu árum.

Á fundum nefndarinnar kom fram að sá vandi sem snýr að rekstri sjúkrahússins vegna vistunarmála aldraðra og yngri fatlaðra einstaklinga væri nokkru minni en áður. Dvelja nú um 60 sjúklingar á sjúkrahúsinu sem lokið hafa sérhæfðri bráða- og endurhæfingarmeðferð en þar voru á síðasta ári ríflega 100. Kom fram að spítalinn hefði gert samkomulag við nokkur hjúkrunar- og dvalarheimili. Fagnar 1. minni hluti því en leggur enn áherslu á nauðsyn þess að þessir hópar fái viðeigandi umönnun og hjúkrun og að spítalinn hafi þannig forgang inn á hjúkrunarheimili. 1. minni hluti lýsir yfir ánægju sinni með að í fjárlagafrumvarpi séu 500 millj. kr. ætlaðar til að bæta rekstrarstöðu hjúkrunarheimila og um 200 millj. kr. til eflingar heimahjúkrun. Hefur 1. minni hluti talið að lausn á þessum tiltekna vanda spítalans gæti einmitt falist í því að styrkja heimaþjónustu, fjölga hvíldarinnlögnum og dagvistarúr-

ræðum og fjölga vistrýmum á höfuðborgarsvæðinu, bæði fyrir aldraða og yngri hjúkrunarsjúklinga sem þurfa vistun sem hæfir þeim sérstaklega. Telur 1. minni hluti þetta mikilvægan þátt í að stjórna flæði innan spítalans til útskrifta.

Einnig kom fram hjá stjórnendum spítalans að fyrirhugað væri frekara samstarf við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og samvinna um að fara yfir flæði sjúklinga inn á spítalann og hvernig unnt væri að beina fólki á rétta staði, þ.e. innan heilsugæslunnar og spítalans. Ætlunin er að kynna símanúmerið 1700 sem sjúklingar geti hringt í og fengið nauðsynlegar upplýsingar. Fagnar 1. minni hluti þessu.

Þá leggur 1. minni hluti enn áherslu á að huga þurfi að því að taka tillit til þess í fjárlögum til spítalans að þar njóta fast að 1.000 nemendur menntunar árlega. Kanna þarf hvort endurskilgreina þurfi sameiginleg störf. Þá þarf að greina betur sérstakan kostnað spítalans vegna mennta- og rannsóknastarfs.

**Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri o.fl.**

Á fundi með stjórnendum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri kom fram að það stefndi í 100 millj. kr. rekstrarhalla á þessu ári sem skýrðist af því að starfsemi og þjónusta sjúkrahússins hefði aukist á flestum sviðum á árinu. Kom fram að sú aukning skýrðist fyrst og fremst af aukinni starfsemi og tilflutningi á verkefnum. Hefðu skurðaðgerðir t.d. lagst af á nágrannasjúkrahúsum og í kjölfar aukinnar samvinnu sjúkrahúsa á svæðinu leituðu sjúklingar í auknum mæli til FSA í stað höfuðborgarsvæðisins. Þá kom fram að reksturinn hefði þyngst m.a. vegna þróunar verðlags og launa, auk erfiðleika við mönnun, sem leitt hefðu til hærri kostnaðar en áætlanir hefðu gert ráð fyrir. Kom fram að miðað við svipaða starfsemi á árinu 2007 gæti rekstrarhalli orðið um 200 millj. kr. 1. minni hluti telur að til þess að sjúkrahúsið geti staðið undir nafni og þjónað sínu mikilvæga hlutverki fyrir sjúklinga á svæðinu sé nauðsynlegt að gera ráð fyrir meiri fjármunum til rekstrarins. Þá telur 1. minni hluti mikilvægt að skoðað verði hvort unnt sé að verða við óskum um nauðsynlega endurnýjun tækja.

Fyrsti minni hluti vekur einnig athygli á vaxandi verkefnum Heilbrigðisstofnunar Austurlands og þeim fjárhagsvanda sem að henni steðjar. Telur 1. minni hluti ástæðu til að tekið verði tillit til aukinna umsvifa stofnunarinnar í fjárlögum.

**Rafræn sjúkraskrá.**

Síðustu ár hefur 1. minni hluti lagt áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði af fullum krafti í að byggja upp heilbrigðisnet og innleiða rafræna samtengda sjúkraskrá í heilbrigðisþjónustunni. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að 17,5 millj. kr. eru ætlaðar til þess verkefnis. 1. minni hluti telur nauðsynlegt að tekin verði mun markvissari skref til uppbyggingar rafrænnar sjúkraskrár fyrir alla heilbrigðisþjónustu jafnt á sjúkrastofnunum sem á heilsugæslustöðvum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Er það álit 1. minni hluta að auk hagræðisins af slíku kerfi mundi það tryggja öryggi og betri og greiðari þjónustu fyrir sjúklinga og auka alla skilvirkni í heilbrigðisþjónustunni. Voru gestir nefndarinnar því sammála. Mikilvægt er þó að fyllsta öryggis verði gætt varðandi persónuvernd sjúklinga. Áætlað er að þessi fjárfesting nemi tæpum 2 milljörðum kr. en að fjárhagslegur ávinningur að lokinni fjárfestingu geti numið allt að 850 millj. kr. á ári. Hefur 1. minni hluti bent á að í öllum nálægum löndum væri litið á þetta sem forgangsmál.

**Tryggingastofnun ríkisins og fjölgun bótaþega.**

Á fundi nefndarinnar með stjórnendum Tryggingastofnunar ríkisins kom fram að stofnunin hefði fengið felldan niður halla sem hafði m.a. skapast vegna verkefna sem stjórnendur

töldu sig hafa vilyrði fyrir. Töldu stjórnendur að í því fælist nýtt upphaf fyrir rekstur stofnunarinnar.

Fyrsti minni hluti fagnar því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 60 millj. kr. fjárheimild til að tryggja hraðari og öruggari afgreiðslu bóta og annarra greiðslna sem stofnunin annast og fækka tafsömum leiðréttingum eins og kostur er á áður afgreiddum bótum ásamt því að stefnt er að því að auka innra eftirlit enn frekar. 1. minni hluti hefur í fyrri álitum sínum lagt áherslu á nauðsyn þess að auka möguleika stofnunarinnar til að hagnýta þær upplýsingar sem hún býr yfir og auka þannig enn frekar möguleika hennar til að greina almannatryggingakerfið. Þá tekur 1. minni hluti undir með stjórnendum stofnunarinnar um að samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga sé ekki nægilega gott sökum þess að þar sé falin ákveðin víxlverkun ef bótaþegar hafa van- eða ofáætlað tekjur sínar. Telur 1. minni hluti nauðsynlegt að ákveðið verði hvar byrjunarreitur fyrir bótaþega eigi að vera til þess að koma í veg fyrir það óhagræði sem nú er við lýði. Kom fram að víða erlendis væri sá reitur hjá lífeyrissjóðunum.

Fyrsti minni hluti hefur undanfarin ár lagt áherslu á mikilvægi þess að greina ástæður mikillar fjölgunar bótaþega sem virðist vera kerfislæg og huga að því hvort svo sé, sérstaklega hvað varðar samspil lægstu launa, atvinnuleysisbóta, bóta félagslegrar aðstoðar og lífeyrisgreiðslna. Þá er enn á ný lögð áhersla á nauðsyn þess að leitað verði leiða til að aðstoða öryrkja við að fóta sig á almennum vinnumarkaði á nýjan leik.

**Efling heilsugæslunnar.**

Fyrsti minni hluti leggur eins og í fyrri álitum sínum mikla áherslu á eflingu heilsugæslunnar og mikilvægi þess að hún geti sinnt hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu. 1. minni hluti lýsir því yfir ánægju sinni með að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlög til heilsugæslunnar hækki um samtals 432,6 millj. kr. og er stærsti hlutinn ætlaður til eflingar heimahjúkrun, þ.e. 200 millj. kr. Þeirri fjárhæð hefur ekki verið skipt niður á svæði en þörfin er mest á höfuðborgarsvæðinu og því eðlilegt að stærsti hlutinn fari til þess. Þá fer hluti í að mæta kostnaði við nýjar stöður heilsugæslulækna, húsnæðiskostnaði og til endurnýjunar samnings um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu og til endurnýjunar samnings við Rauða kross Íslands um útvegun og rekstur sjúkrabifreiða. 1. minni hluti fagnar því sérstaklega að haldið verði áfram að styrkja og efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar og að komið verði á fót þverfaglegum greiningar- og meðferðarteymum fyrir börn og ungmenni með geð- og hegðunarraskanir innan heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins þar sem hún hefur áður lagt áherslu á aukin úrræði vegna sálfélagslegra vandamála í öllum aldurshópum og á þverfaglegt starf heilbrigðisstarfsmanna innan heilsugæslunnar.

**Öldrunarþjónusta.**

Framlög til öldrunarþjónustu hækka um 745,6 millj. kr. milli áranna 2006 og 2007 og deilast á ýmis verkefni sem öll eru til þarfrar eflingar þjónustu við aldraða og til fjölgunar hjúkrunar- og dagvistarrýma. 1. minni hluti fagnar því sérstaklega að ætlaðar séu 500 millj. kr. til að bæta rekstrarstöðu hjúkrunarheimila en þau framlög eru tengd við nýtt mönnunar- og reiknilíkan. Í máli fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins kom fram að reiknilíkan til skiptingar heildarfjárhæðum hjúkrunarrýma hefði verið í notkun frá árinu 2003 og frá upphafi verið í stöðugri þróun. Til að styrkja greiðslulíkanið hefði ráðuneytið hannað sérstakt mönnunarlíkan sem byggist á raunverulegum tímamælingum við umönnun hjúkrunarsjúklinga. Með tilkomu mönnunarlíkansins næst að tengja greiðslur til einstakra heimila við raunverulegt magn þjónustunnar byggt á ástandi heimilismanna. Kom fram á fundum að sú gagnrýni hefði verið sett fram á núverandi greiðslukerfi að lítill munur væri gerður á greiðslum milli RAI-

þrepa í líkaninu, þ.e. að ekki væri tekið tillit til smæðar heimila, og að lítill hvati væri í greiðslukerfinu til að taka inn þyngstu einstaklingana sem bíða vistunar. Með endurskoðun greiðslulíkansins og tilkomu mönnunarlíkans er komið til móts við þessa gagnrýni og fagnar 1. minni hluti því. Væntir 1. minni hluti þess að í kjölfarið verði gerðir þjónustusamningar við hlutaðeigandi stofnanir með viðeigandi eftirfylgni og gæðaeftirliti.

Forsvarsmenn samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu lögðu áherslu á það á fundi með nefndinni að rekstrarhalli stofnana innan samtakanna væri mestur hjá öldrunarstofnunum. Kom fram að helstu skýringar eru launaskrið og verðlagsþróun. Þá bentu þeir á að eðlilegt væri að greidd yrði sanngjörn húsaleiga til heimilanna að frádregnum opinberum framlögum, auk þess sem á heimilin hefðu verið lagðir fasteignaskattar í byrjun árs. Telur 1. minni hluti nauðsynlegt að framangreindar athugasemdir verði hafðar til hliðsjónar við ákvörðun fjárveitinga.

**Skipting safnliða.**

Fjárlaganefnd óskaði eftir því að nefndin skipti safnliðum á málefnasviði hennar og hefur það verið gert. Nefndin tekur fram að henni þykir rétt að beiðni MS-félags Íslands um fjárstyrk vegna viðbyggingar að fjárhæð 10 millj. kr. verði afgreidd með öðrum hætti en með framangreindum liðum. Óskar nefndin eftir því að fjárlaganefnd finni leiðir til að svo megi verða.

Nefndin gerir að tillögu sinni að AE starfsendurhæfing ehf. (áður Elín Ebba Ásmundsdóttir) fái 4 millj. kr. til starfsendurhæfingar öryrkja. Fyrirhugaður stofn- og rekstrarkostnaður félagsins er hins vegar mun hærri og telur nefndin ástæðu til að hyggja að því með hvaða hætti unnt er að koma frekar til móts við félagið á fjárlögum.

Verkefnið Heilsubærinn Bolungarvík hefur fengið fjármagn á þessum lið. Telur nefndin að það hafi borið ágætan árangur en eigi að falla undir rekstur heilsugæslunnar og forgangsröðun á verkefnum hennar og að sama gildi um verkefnið Vestmannaeyjabær – stofnun heilsuhælis í Vestmannaeyjum, og vísar þeim þess vegna til fjárlaganefndar.

Alþingi, 13. nóv. 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson, form., með fyrirvara,
Ásta Möller,
Pétur H. Blöndal,
Sæunn Stefánsdóttir.

**Fylgiskjal XII.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Nefndin fékk á sinn fund Halldór Kristjánsson, Jóhann Guðmundsson og Bergþór Ólason frá samgönguráðuneyti og gerðu þeir grein fyrir þeim liðum frumvarpsins sem snerta ráðuneytið. Að auki komu á fund nefndarinnar Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri ásamt Sigurði Grétarssyni til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verksviði Siglingamálastofnunar, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri ásamt Sigrúnu Traustadóttur til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verkefnum Flugmálastofnunar og Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri ásamt Auði Eyvinds til að ræða þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að vegamálum.

Nefndin tekur undir athugasemdir vegamálastjóra sem fram komu á fundi með nefndinni um að hækka þurfi framlög sem ætluð eru til að styrkja almenningssamgöngur en til þeirra teljast ferjur, sérleyfishafar og innanlandsflug. Mörg slík verkefni eru samningsbundin. Þá tekur nefndin undir athugasemdir vegamálastjóra varðandi fjárþörf til viðhalds vega.

Nefndin tekur einnig undir athugasemdir flugmálastjóra um að aukin framlög þurfi í almennan rekstur Flugmálastjórnar Íslands, til flugvalla og flugleiðsöguþjónustu. Mikilvægt er að fjárlaganefnd skoði þessi mál í fjárlagavinnunni.

Loks tekur nefndin undir athugasemdir siglingamálastjóra varðandi höfn í Bakkafjöru. Ef standa á við áform um að höfn í Bakkafjöru verði tilbúin árið 2010 þarf að fást frekari fjárveiting til rannsókna og undirbúnings á árinu 2007. Ekki er að finna nein framlög til þessa verkefnis í frumyarpinu.

Nefndin leggur loks áherslu á að auknum fjármunum verði varið til upplýsingamiðstöðva í ferðaþjónustu.

Engin erindi bárust nefndinni til umfjöllunar undir safnliðnum 10-190-1.12, Vetrarsamgöngur.

Nefndin leggur til skiptingu á safnliðunum 10-190-1.42, Gestastofur, söfn og markaðsstarf, og 10-190-1.90, Ýmislegt. Öðrum erindum vísar nefndin aftur til fjárlaganefndar. Erindin eru eftirfarandi: Hornafjörður – upplýsingamiðstöð ferðamanna, Atvinnu- og ferðamálanefnd Flóahrepps – ferðaþjónusta, Bolungarvíkurkaupstaður – ferðamál, Skaftárhreppur – upplýsingamiðstöð í Skaftárhreppi, Mosfellsbær – uppbygging ferðaþjónustu, Markaðsstofa Austurlands, Ferðaþjónustan Suðurströnd ehf., Tálknabyggð ehf. og Ferðafélag Íslands – sæluhúsið í Hvítárnesi.

Guðjón A. Kristjánsson skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Kristján L. Möller, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Sigurrós Þorgrímsdóttir og Guðjón Hjörleifsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Jón Bjarnason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en með fyrirvara.

Alþingi, 14. nóv. 2006.

Guðmundur Hallvarðsson, form.,
Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara,
Hjálmar Árnason,
Kristján L. Möller, með fyrirvara,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara,
Jón Kristjánsson,
Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

**Fylgiskjal XIII.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Nefndin fékk á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Guðjón Axel Guðjónsson, Svein Þorgrímsson og Sigurrós Hilmarsdóttur frá iðnaðarráðuneyti og skýrðu þau þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Heildargjöld iðnaðarráðuneytisins árið 2007 eru áætluð um 5.015 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 797 millj. kr. en þær nema 15,9% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Helstu breytingar á milli ára eru að rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 17 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 48,4 millj. kr. sem koma til lækkunar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 81 millj. kr. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um í fyrsta lagi 70 millj. kr. aukið framlag til byggðamála og í öðru lagi hærri fjárheimildir til Samtaka iðnaðarins sem nemur 45 millj. kr. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til Tækniþróunarsjóðs hækki um 40 millj. kr. Loks fellur niður endurgreiðsla til Rarik um samtals 153 millj. kr.

Iðnaðarnefnd leggur áherslu á að tryggt verði nægt fjármagn til vaxtasamninga sem gerðir hafa verið og munu verða gerðir þannig að fylgja megi eftir markmiðum þeirra.

Nefndin leggur einnig áherslu á að fjárlaganefnd skoði í fjárlagavinnunni stöðu starfsnáms. Mikilvægt er að stórefla og styrkja starfsnám í framhaldsskólum landsins.

Fimm erindi bárust nefndinni til umfjöllunar undir safnliðnum 11-299-1.50, Nýsköpun og markaðsmál. Í fyrra var liðurinn 30 millj. kr. en í ár 4 millj. kr. Í því ljósi og þar sem sótt er um 38 millj. kr. vísar nefndin öllum erindum aftur til fjárlaganefndar.

Katrín Júlíusdóttir og Drífa Hjartardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Jóhann Ársælsson og Sigurjón Þórðarson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Helgi Hjörvar og Gunnar Örlygsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en með fyrirvara.

Alþingi, 9. nóv. 2006.

Hjálmar Árnason, form.,
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara,
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara,
Sigríður A. Þórðardóttir,
Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara,
Guðjón Guðmundsson,
Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.

**Fylgiskjal XIV.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til umhverfisnefndar, dags. 5. október 2006.

Á fund nefndarinnar komu Hrafnhildur Þorvaldsdóttir frá umhverfisráðuneyti, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun og Davíð Egilsson og Þórey Guðmundsdóttir frá Umhverfisstofnun.

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2007 eru áætluð 5.604 millj. kr. á rekstrargurnni og dragast frá sértekjur að fjárhæð 882 millj. kr. Gjöld umfram tekjur eru um 4.772 millj. kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.619 millj. kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.103 innheimtar af ríkistekjum. Rekstargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.170 millj. kr. og hækka um 206 millj. kr. frá fjárlögum. Að launa- og verðlagshækkunum frátöldum munar þar mest um hækkun á útgjöldum Úrvinnslusjóðs um 130 millj. kr. Af öðrum verkefnum má nefna tillögu um 10 millj. kr. hækkun fjárveitinga til Umhverfisstofnunar vegna ýmissa verkefna og 8 millj. kr. framlag til Náttúrufræðistofnunar til gerðar náttúrufarskorta.

Í áliti meiri hluta umhverfisnefndar til fjárlaganefndar við meðferð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2006 lagði meiri hlutinn áherslu á að fé þyrfti að veita til gerðar náttúrufarskorta, þ.e. jarðfræði-, gróðurfars- og vistgerðarkorta fyrir landið. Í fjárlagafrumvarpinu er nú gert ráð fyrir að sú 8 millj. kr. fjárveiting, sem veitt var tímabundið til framangreinds verkefnis á fjárlögum 2006, falli ekki niður heldur verði að varalegri fjárveitingu til áframhaldandi vinnu við gerð kortanna. Meiri hlutinn lýsir ánægju sinni með að áfram verði veitt fé til þessa verkefnis og vonast til að gerð kortanna ljúki innan þess tímaramma sem getið er í frumvarpinu, þ.e. á fimm árum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 5 millj. kr. fjárveitingu til að styrkja rekstrargrunn úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál. Helgast þessi fjárveiting af miklum fjölda mála sem safnast hefur upp hjá nefndinni og þarf nefndin af þeim sökum að fjölga starfsfólki. Meiri hlutinn telur óásættanlegt að enn sé allt að tveggja ára bið eftir úrskurði hjá nefndinni enda á þetta úrræði að vera til þess fallið að flýta fyrir málsmeðferð og vera til hagræðis fyrir borgarana.

Nefndinni hafa borist fimmtán umsóknir um fjárveitingu af safnliðum og gerir meiri hluti nefndarinnar að tillögu að þrjú þeirra fái styrk. Hins vegar vísar meiri hlutinn umsókn Skotveiðifélags Íslands til baka til fjárlaganefndar og telur rétt að verkefni félagsins heyri undir þá fjárveitingu sem gerð er tillaga um í frumvarpinu á viðfangsefni 14-140-1.36 Rannsóknir og útrýming á mink. Meiri hluta nefndarinnar líst vel á hugmyndir félagsins en það óskar eftir 3,6 millj. kr. vegna átaks sem það hyggst gera í eyðingu á ref og mink. Mikil fjölgun hefur orðið í báðum stofnum sl. 4–6 ár og fuglalíf látið á sjá vegna þess. Á fjárlögum sl. árs voru veittar 46,5 millj. kr. til sama viðfangsefnis og í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir 48,3 millj. kr. til rannsókna og útrýmingar á mink. Meiri hlutinn telur eðlilegt að beiðni Skotveiðifélags Íslands rúmist innan þessa ramma.

Drífa Hjartardóttir skrifar undir álitið með fyrirvara þar sem hún á sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 13. nóv. 2006.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form.,
Kristinn H. Gunnarsson,
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara,
Kjartan Ólafsson,
Sigurrós Þorgrímsdóttir.

**Fylgiskjal XV.**

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis. Nefndin fékk á sinn fund Hrafn-

hildi Þorvaldsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun og Davíð Egilsson og Þóreyju Guðmundsdóttur frá Umhverfisstofnun.

**Umhverfisstofnun.**

Í september skilaði Ríkisendurskoðun stjórnsýsluúttekt um Umhverfisstofnun. Í úttektinni felst áfellisdómur yfir framkvæmdarvaldinu sem fór í ótímabæra sameiningu starfandi stofnana með samþykkt laga nr. 90/2002, um Umhverfisstofnun, og telur Ríkisendurskoðun að hvorki hafi orðið faglegur né fjárhagslegur ávinningur af sameiningunni. Úttektin leiðir í ljós alvarlega samskiptabresti milli umhverfisráðuneytisins og stofnunarinnar. Þannig hafi aldrei verið smíðuð sameiginleg markmiðsgreining ráðuneytis og stofnunarinnar sem hljóti að vera forsenda skilvirkrar starfsemi bæði hvað varðar stjórn málasviða og fjármál stofnunarinnar. Á fundi með nefndinni staðfesti forstjóri Umhverfisstofnunar það sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að það skorti á sameiginlegan skilning ráðuneytisins og stofnunarinnar hvað varðar fjárþörf. Þetta varðar sérstaklega sértekjukröfu og starfsmannaþörf. Sértekjukrafan sem frumvarpið gerir til stofnunarinnar er óraunhæf, en hún er hækkuð úr 57,5 í 128 millj. kr. Það er mat minni hlutans að hér sé seilst of langt og að lækka þurfi sértekjukröfuna um 40 millj. kr. Stofnunin hefur sótt um auknar fjárheimildir til að auka vægi dýraverndarmála. Minni hlutinn telur þetta málasvið þurfa aukinn kraft og telur að finna verði lausn til frambúðar. Einnig vill minni hlutinn að sérstaklega verði skoðaðir möguleikar á að auka fjármagn það sem fer til rekstrar og viðhalds þjóðgarða. Þá telur minni hlutinn nauðsynlegt að stofnunin hraði innleiðingu Reach-tilskipunarinnar um efnavörur og vatnatilskipun ESB. Það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni stjórnvalda og stofnunarinnar að koma sér saman um forgangsröðun verkefna og fjármögnun í samræmi við það. Hvatt er til þess að farið verði að ábendingum Ríkisendurskoðunar og að vinnu við að færa starfsemi Umhverfisstofnunar til betra horfs verði hraðað.

**Náttúrufræðistofnun Íslands.**

Fjárhagsleg staða Náttúrufræðistofnunar Íslands er afar tæp um þessar mundir, vegna óhóflegrar sértekjukröfu frumvarpsins og vegna þess að fjárveitingar fylgja ekki launa- og verðlagsbreytingum. Launakostnaður og húsaleiga er orðin afar hátt hlutfall af rekstrarkostnaði stofnunarinnar.

Á síðasta ári var loksins orðið við síendurtekinni beiðni Náttúrufræðistofnunar Íslands um að sértekjukrafa stofnunarinnar yrði lækkuð. Náðist að lækka áætlaðar sértekjur um 25 millj. kr. Var það talsverður léttir þótt lækkunin hefði í raun þurft að vera meiri eða rúmar 40 millj. kr. Einnig var brugðist við erfiðri stöðu stofnunarinnar með því að þurrka út rekstrarhalla að upphæð 39 millj. kr. í fjáraukalögum fyrir 2005. Þessar lagfæringar eru teknar til baka með því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir. Samkvæmt því er Náttúrufræðistofnun Íslands eina stofnun umhverfisráðuneytisins sem fær lægri fjárveitingu en á yfirstandandi ári. Því er fyrirsjáanlegt að stofnunin verði rekin með halla á næsta ári. Að óbreyttu stefnir því í að uppsafnaður rekstrarhalli verði 80–90 millj. kr. í lok árs 2007. Það er mat minni hlutans að niðurstöður stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar frá 2004 um stofnunina séu raunhæfar og að leiðrétta verði fjárhagsgrundvöll stofnunarinnar til frambúðar eigi hún að geta sinnt lögboðnum verkefnum. Minni hlutinn telur að veita þurfi stofnuninni úrlausn á fjáraukalögum 2006 sem nemi 25–30 millj. kr. en auk þess þurfi að hækka framlög til stofnunarinnar í frumvarpi til fjárlaga 2007 um annað eins, fyrir utan eðlilegar leiðréttingar vegna launa- og verðlags

hækkana. Þá er brýnt að færa óraunhæfa sértekjukröfu sem gerð er til stofnunarinnar í frumvarpinu niður um 30 millj. kr.

**Skipulagsstofnun.**

Þriðja stofnunin sem umhverfisnefnd kynnti sér sérstaklega við umfjöllun um fjárlög fyrir árið 2007 er Skipulagsstofnun. Hjá henni er svipað uppi á teningnum og hinum fyrrnefndu hvað varðar sértekjur. Skipulagsstofnun hefur glímt við of háa sértekjukröfu allt frá árinu 2003 og er nú svo komið að jákvæður höfuðstóll stofnunarinnar er uppurinn. Ef ekki fæst leiðrétting á kröfunni sem sett er fram í frumvarpinu stefnir í hallarekstur. Frumvarpið gerir ráð fyrir 16,6 millj. kr. sértekjum en óraunhæft er að reikna með að þær verði hærri en 10 millj. kr. Það er mat minni hlutans að lækka eigi kröfuna í frumvarpinu um 6,6 millj. kr.

Alþingi, 15. nóv. 2006.

Kolbrún Halldórsdóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Mörður Árnason,
Rannveig Guðmundsdóttir.

# 422. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (BJJ, EOK, DrH, ÁMöl, BjarnB, GÓJ).

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| 1. **Við 00-201 Alþingi** | | | |
| a. 1.03 Fastanefndir | 17,5 | 12,0 | 29,5 |
| b. 1.06 Almennur rekstur | 721,2 | 12,0 | 733,2 |
| c. 1.07 Sérverkefni | 31,6 | 20,4 | 52,0 |
| d. 5.20 Fasteignir | 24,0 | 35,0 | 59,0 |
| e. 6.01 Tæki og búnaður | 33,3 | 74,5 | 107,8 |
| 2. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit** | | | |
| 6.50 Nýbygging | 0,0 | 10,0 | 10,0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *10,0* | *10,0* |
| 3. Við **00-620 Ríkisendurskoðun** | | | |
| 1.01 Ríkisendurskoðun | 423,4 | 10,0 | 433,4 |
| 4. Við **01-190 Ýmis verkefni** | | | |
| a. 1.21 Öryggismálanefnd | 0,0 | 16,0 | 16,0 |
| b. 1.92 Til starfsemi stjórnmálaflokka | 0,0 | 130,0 | 130,0 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 5. Við **02-201 Háskóli Íslands** | | | |
| 1.01 Háskóli Íslands | 6.876,0 | 308,8 | 7.184,8 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *5.196,2* | *308,8* | *5.505,0* |
| 6. Við **02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum** | | | |
| 1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum | 256,6 | 12,0 | 268,6 |
| 7. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri** | | | |
| a. 1.01 Háskólinn á Akureyri | 1.195,0 | 78,0 | 1.273,0 |
| b. Sértekjur | -118,9 | -8,0 | -126,9 |
| c. *Greitt úr ríkissjóði* | *1.016,4* | *70,0* | *1.086,4* |
| 8. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi** | | | |
| 1.73 Reykjavíkurakademían | 11,8 | 10,2 | 22,0 |
| 9. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt** | | | |
| a. 1.33 Myndlistarskólinn Akureyri | 13,2 | 1,1 | 14,3 |
| b. 1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi | 4,9 | 1,1 | 6,0 |
| c. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt | 90,2 | 260,0 | 350,2 |
| 10. Við **02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga** | | | |
| 1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga | 162,3 | 7,0 | 169,3 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *153,4* | *7,0* | *160,4* |
| 11. Við **02-451 Símenntun og fjarkennsla** | | | |
| a. 1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi | 10,3 | 0,7 | 11,0 |
| b. 1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða | 10,3 | 0,7 | 11,0 |
| c. 1.23 Farskóli Norðurlands vestra | 10,3 | 0,7 | 11,0 |
| d. 1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar | 10,3 | 0,7 | 11,0 |
| e. 1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga | 10,3 | 0,7 | 11,0 |
| f. 1.26 Fræðslunet Austurlands | 10,3 | 0,7 | 11,0 |
| g. 1.27 Fræðslunet Suðurlands | 10,3 | 0,7 | 11,0 |
| h. 1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum | 10,3 | 0,7 | 11,0 |
| i. 1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja | 10,3 | 0,7 | 11,0 |
| j. 1.30 Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík | 0,0 | 11,0 | 11,0 |
| k. 1.31 Fræða- og þekkingasetur | 59,6 | 24,0 | 83,6 |
| l. 1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga | 19,6 | 100,0 | 119,6 |
| 12. Við **02-901 Fornleifavernd ríkisins** | | | |
| 1.01 Fornleifavernd ríkisins | 59,3 | 1,0 | 60,3 |
| 13. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands** | | | |
| a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands | 356,0 | 10,0 | 366,0 |
| b. 1.10 Byggða- og minjasöfn | 16,6 | 46,5 | 63,1 |
| 14. Við **02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn** | | | |
| 1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | 641,7 | 12,0 | 653,7 |
| 15. Við **02-909 Blindrabókasafn Íslands** | | | |
| 1.01 Blindrabókasafn Íslands | 77,4 | 5,0 | 82,4 |
| 16. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög** | | | |
| a. 1.10 Listasafn ASÍ | 0,0 | 5,5 | 5,5 |
| b. 1.11 Nýlistasafn | 0,0 | 8,0 | 8,0 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| c. 1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar | 7,3 | 0,7 | 8,0 |
| d. 1.90 Söfn, ýmis framlög | 15,6 | 8,0 | 23,6 |
| e. 1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis | 32,1 | 62,0 | 94,1 |
| f. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður | 86,0 | 24,0 | 110,0 |
| 17. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður** | | | |
| 6.21 Endurbætur menningarstofnana | 26,3 | 6,0 | 32,3 |
| 18. Við **02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands** | | | |
| 1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands | 303,5 | 150,9 | 454,4 |
| 19. Við **02-979 Húsafriðunarnefnd** | | | |
| a. 1.01 Húsafriðunarnefnd | 22,5 | 10,0 | 32,5 |
| b. 6.10 Húsafriðunarsjóður | 67,1 | 135,5 | 202,6 |
| 20. Við **02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands** | | | |
| 1.10 Kvikmyndasjóðir | 392,4 | 123,0 | 515,4 |
| 21. Við **02-982 Listir, framlög** | | | |
| a. 1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga | 17,8 | 5,0 | 22,8 |
| b. 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa | 46,1 | 5,0 | 51,1 |
| c. 1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis | 43,2 | 4,8 | 48,0 |
| d. 1.90 Listir | 41,5 | 9,4 | 50,9 |
| 22. Við **02-983 Ýmis fræðistörf** | | | |
| a. 1.11 Styrkir til útgáfumála | 14,0 | 9,5 | 23,5 |
| b. 1.23 Hið íslenska bókmenntafélag | 5,7 | 14,3 | 20,0 |
| c. 1.52 Skriðuklaustur | 14,5 | 7,0 | 21,5 |
| d. 1.53 Snorrastofa | 11,1 | 6,0 | 17,1 |
| 23. Við **02-988 Æskulýðsmál** | | | |
| a. 1.12 Ungmennafélag Íslands | 65,6 | 34,4 | 100,0 |
| b. 1.13 Bandalag íslenskra skáta | 16,0 | 9,0 | 25,0 |
| c. 1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni | 0,0 | 4,0 | 4,0 |
| d. 1.17 Landssamband KFUM og KFUK | 20,0 | 5,0 | 25,0 |
| e. 1.90 Æskulýðsmál | 14,4 | 7,3 | 21,7 |
| 24. Við **02-989 Ýmis íþróttamál** | | | |
| a. 1.14 Íþróttasamband fatlaðra | 19,6 | 2,4 | 22,0 |
| b. 1.21 Skáksamband Íslands | 11,7 | 5,3 | 17,0 |
| c. 1.25 Skákskóli Íslands | 7,1 | 1,4 | 8,5 |
| d. 1.30 Bridgesamband Íslands | 0,0 | 15,0 | 15,0 |
| e. 1.90 Ýmis íþróttamál | 11,4 | 11,3 | 22,7 |
| f. 6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð | 0,0 | 8,0 | 8,0 |
| g. 6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði | 0,0 | 8,0 | 8,0 |
| h. 6.57 Sparkvellir | 0,0 | 25,0 | 25,0 |
| 25. Við **02-999 Ýmislegt** | | | |
| a. 1.90 Ýmis framlög | 68,4 | 33,7 | 102,1 |
| b. 6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög | 144,9 | 76,3 | 221,2 |
| 26. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa** | | | |
| 1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa | 916,3 | 16,0 | 932,3 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 27. Við **03-190 Ýmis verkefni** | | | |
| a. 1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi | 2,3 | 0,4 | 2,7 |
| b. 1.23 Mannréttindamál | 0,0 | 4,0 | 4,0 |
| c. 1.26 Nám í heimskautarétti | 0,0 | 8,0 | 8,0 |
| d. 1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands | 7,3 | 5,8 | 13,1 |
| 28. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **03-215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll** | | | |
| 1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll | 0,0 | 280,0 | 280,0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *280,0* | *280,0* |
| 29. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi** | | | |
| 1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt | 404,6 | -4,0 | 400,6 |
| 30. Við **03-401 Alþjóðastofnanir** | | | |
| 1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD | 18,8 | 15,2 | 34,0 |
| 31. Við **04-190 Ýmis verkefni** | | | |
| a. 1.31 Skógræktarfélag Íslands | 28,6 | 6,0 | 34,6 |
| b. 1.90 Ýmis verkefni | 36,9 | 7,8 | 44,7 |
| c. 1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis | 12,8 | 10,0 | 22,8 |
| 32. Við **04-221 Veiðimálastofnun** | | | |
| 1.01 Veiðimálastofnun | 142,3 | 20,0 | 162,3 |
| 33. Við **04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands** | | | |
| 1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands | 858,6 | 30,0 | 888,6 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *573,8* | *30,0* | *603,8* |
| 34. Við **04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal** | | | |
| 1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal | 316,3 | 4,0 | 320,3 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *206,8* | *4,0* | *210,8* |
| 35. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins** | | | |
| 1.01 Landgræðsla ríkisins | 503,5 | 6,0 | 509,5 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *501,9* | *6,0* | *507,9* |
| 36. Við **04-321 Skógrækt ríkisins** | | | |
| 1.01 Skógrækt ríkisins | 249,5 | 24,0 | 273,5 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *227,0* | *24,0* | *251,0* |
| 37. Við **04-331 Héraðsskógar** | | | |
| a. Heiti fjárlagaliðarins verði: **04-331 Héraðs- og Austurlandsskógar** | | | |
| b. 1.01 Héraðs- og Austurlandsskógar | 0,0 | 152,9 | 152,9 |
| c. 1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði | 107,0 | -107,0 | 0,0 |
| d. 6.41 Gagnagrunnur um skógrækt | 7,6 | -7,6 | 0,0 |
| e. Sértekjur | -2,4 | 2,4 | 0,0 |
| f. *Greitt úr ríkissjóði* | *112,2* | *40,7* | *152,9* |
| 38. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **04-332 Suðurlandsskógar** | | | |
| 1.01 Suðurlandsskógar | 0,0 | 125,5 | 125,5 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *125,5* | *125,5* |
| 39. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **04-334 Vesturlandsskógar** | | | |
| 1.01 Vesturlandsskógar | 0,0 | 67,6 | 67,6 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *67,6* | *67,6* |
| 40. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **04-335 Skjólskógar á Vestfjörðum** | | | |
| 1.01 Skjólskógar á Vestfjörðum | 0,0 | 50,9 | 50,9 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *50,9* | *50,9* |
| 41. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **04-336 Norðurlandsskógar** | | | |
| 1.01 Norðurlandsskógar | 0,0 | 114,1 | 114,1 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *114,1* | *114,1* |
| 42. Við **04-343 Landshlutabundin skógrækt** | | | |
| a. 1.10 Suðurlandsskógar | 129,7 | -129,7 | 0,0 |
| b. 1.13 Vesturlandsskógar | 69,7 | -69,7 | 0,0 |
| c. 1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum | 50,9 | -50,9 | 0,0 |
| d. 1.16 Norðurlandsskógar | 114,1 | -114,1 | 0,0 |
| e. 1.17 Austurlandsskógar | 40,7 | -40,7 | 0,0 |
| f. Sértekjur | -6,3 | 6,3 | 0,0 |
| 43. Við **06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa** | | | |
| 1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 310,4 | 10,0 | 320,4 |
| 44. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri** | | | |
| a. *Greitt úr ríkissjóði* | *1.075,0* | *-3,0* | *1.072,0* |
| b. *Innheimt af ríkistekjum* | *6,1* | *3,0* | *9,1* |
| 45. Við **06-305 Lögregluskóli ríkisins** | | | |
| 1.01 Lögregluskóli ríkisins | 178,5 | 35,0 | 213,5 |
| 46. Við **06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu** | | | |
| a. *Greitt úr ríkissjóði* | *2.820,3* | *-8,2* | *2.812,1* |
| b. *Innheimt af ríkistekjum* | *16,7* | *8,2* | *24,9* |
| 47. Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands** | | | |
| 1.90 Landhelgisgæsla Íslands | 1.901,0 | 230,0 | 2.131,0 |
| 48. Við **06-591 Fangelsisbyggingar** | | | |
| 6.10 Stofnframkvæmdir | 159,6 | 23,5 | 183,1 |
| 49. Við **06-701 Þjóðkirkjan** | | | |
| a. 1.12 Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavandans | 7,1 | -7,1 | 0,0 |
| b. 1.15 Kirkjumiðstöðvar | 2,2 | -2,2 | 0,0 |
| c. 1.16 Langamýri í Skagafirði | 1,7 | -1,7 | 0,0 |
| d. 1.91 Skálholtsskóli | 9,4 | -9,4 | 0,0 |
| e. 6.25 Dómkirkjan í Reykjavík | 5,1 | 3,0 | 8,1 |
| f. 6.28 Þingeyraklausturskirkja | 0,0 | 4,0 | 4,0 |
| 50. Við **06-705 Kirkjumálasjóður** | | | |
| 1.10 Kirkjumálasjóður | 207,5 | 55,8 | 263,3 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 51. Við **07-207 Varasjóður húsnæðismála** | | | |
| 6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga | 57,0 | 3,0 | 60,0 |
| 52. Við **07-331 Vinnueftirlit ríkisins** | | | |
| 1.01 Vinnueftirlit ríkisins | 413,6 | 40,0 | 453,6 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *253,0* | *40,0* | *293,0* |
| 53. Við **07-700 Málefni fatlaðra** | | | |
| 1.90 Ýmis verkefni | 176,2 | 90,0 | 266,2 |
| 54. Við **07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík** | | | |
| 1.01 Almennur rekstur | 2.129,9 | 32,0 | 2.161,9 |
| 55. Við **07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi** | | | |
| 1.30 Verndaðir vinnustaðir | 0,0 | 1,0 | 1,0 |
| 56. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga** | | | |
| 1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög | 8.770,0 | -29,0 | 8.741,0 |
| 57. Við **07-980 Vinnumálastofnun** | | | |
| 1.01 Vinnumálastofnun | 433,1 | 20,0 | 453,1 |
| 58. Við **07-982 Ábyrgðasjóður launa** | | | |
| 1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota | 676,4 | -150,0 | 526,4 |
| *Innheimt af ríkistekjum* | *676,4* | *-150,0* | *526,4* |
| 59. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður** | | | |
| a. 1.11 Atvinnuleysisbætur | 4.466,0 | -820,0 | 3.646,0 |
| b. *Innheimt af ríkistekjum* | *4.470,0* | *-821,4* | *3.648,6* |
| c. *Viðskiptahreyfingar* | *0,0* | *1,4* | *1,4* |
| 60. Við **07-989 Fæðingarorlof** | | | |
| a. 1.11 Fæðingarorlofssjóður | 7.307,0 | -200,0 | 7.107,0 |
| b. 1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar | 463,0 | 30,0 | 493,0 |
| c. *Greitt úr ríkissjóði* | *463,0* | *30,0* | *493,0* |
Bensíngjald hækkaði um 6,7% þann 1. júlí 2005, úr 30,89 kr./l í 32,95 kr./l. Þetta var gert í tengslum við upptöku olíugjaldsins vegna þeirrar tekjuskerðingar sem áætlað hafði verið að Vegagerðin yrði fyrir við það að gamla þungaskattskerfið var lagt niður. Heildarálögur á bensín jukust þó ekki því almennt vörugjald á bensín var lækkað á móti þannig að krónutalan í álögur á hvern lítra hélst óbreytt. Hækkanir á bensíngjaldi hafa þrátt fyrir þetta ekki haldið í við hækkun byggingarvísitölu. Síðastliðin fimm ár hefur vísitalan hækkað um 29,2%, á

meðan bensíngjaldið hefur hækkað um 15,2%. Miðað við hækkanir á byggingarvísitölu undanfarin ár hefði gjaldið mátt vera 41,83 kr./l 1. janúar 2006.

Í ársbyrjun 2005 kostaði lítrinn af 95 okt. bensíni 104,60 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Í mars hófust síðan stöðugar hækkanir á bensínverðinu. Í apríl var það komið í 107,0 kr. lítrinn og um mitt ár í 114,10 kr. Hækkanirnar héldu áfram allt fram í september og fór verðið hæst í 122,70 kr./l í byrjun þess mánaðar. Þá tók það að lækka aftur og fór smám saman lækkandi allt til áramóta þegar það var komið í 113,30 kr./l. Verðhækkun frá 1. janúar 2005 til 1. janúar 2006 mælist því 8,3%.

| Ár | Bensínsala m.l | Meðaleyðsla lítrar á bifreið | Verð á lítra 31.12. 92 okt. | 95 okt. | 98 okt. | Bensíngjald Blýbensín | Blýlaust |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1996 | 182,6 | 1.493 | | 77,0 | 81,7[1)] | 27,11 | 25,51 |
| 1997 | 183,8 | 1.437 | | 77,2 | 81,9 | | 26,60 |
| 1998 | 188,7 | 1.408 | | 72,6 | 77,3 | | 27,53 |
| 1999 | 190,7 | 1.350 | | 86,3 | 91,0 | | 28,60 |
| 2000 | 189,2 | 1.275 | | 96,0 | 100,7 | | 28,60 |
| 2001 | 190,4 | 1.260 | | 94,2 | 98,9 | | 28,60 |
| 2002 | 192,4 | 1.269 | | 96,3 | 100,1 | | 28,60 |
| 2003 | 194,0 | 1.259 | | 99,9 | 104,6 | | 28,60 |
| 2004 | 196,8 | 1.233 | | 104,6 | 105,4 | | 30,89 |
| 2005 | 200,3* | 1.196 | | 113,3 | 118,9 | | 32,95 |

1) Frá 1996 er 98 okt. bensín blýlaust

*) Bráðabirgðatölur

*Þungaskattur*

Á árinu voru innheimtar tekjur af þungaskatti alls 4.016 m.kr. Gamla þungaskatts-kerfið var lagt niður þann 1. júlí þegar lögin um olíugjald tóku gildi. Eftir gildistöku þeirra er fast gjald af þungaskatti ekki til lengur og km-gjald er aðeins greitt af bifreiðum sem eru yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga. Í staðinn er greitt olíugjald af hverjum keyptum lítra af díselolíu líkt og er með bensíngjaldið. Lækkun á kílómetragjaldi bifreiða yfir 10 tonnum samkvæmt nýja kerfinu miðað við það gamla er mismikil. Mest er lækkunin í léttustu flokkunum, u.þ.b. 97% en minnst lækkun hjá þyngstu bílunum, rúmlega 58%. Þannig er km-gjald fyrir bifreið á bilinu 10-11 tonn nú 0,29 kr. en var 9,66 kr. Á sama hátt er gjaldið nú 9,89 kr. fyrir 26 tonna bíl en var 25,40 kr.

Fast árgjald þungaskatts var lagt á í síðasta skipti í ársbyrjun 2005 fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní. Innheimtar tekjur á árinu af fastagjaldinu voru alls 1.498 m.kr.

Innheimtar tekjur af km-gjaldi voru 2.518 m.kr. á árinu 2005. Það eru aðallega tekjur samkvæmt gamla kerfinu og svo tekjur af bifreiðum yfir 10 tonnum sem skiptu um eigendur á síðari hluta ársins, þ.e. þar sem lesið var af kílómetramæli við eigendaskipti. Samkvæmt nýja kerfinu fer álestur vegna kílómetragjalds fram tvisvar á ári og fyrsta álagningin var í desember. Tekjur samkvæmt þeirri álagningu voru hins vegar ekki á gjalddaga á árinu og eru þær því ekki inni í innheimtu ársins.

*Olíugjald*

Eins og fram hefur komið varð mikil breyting á miðju ári þegar tekið var upp olíugjald á hvern seldan lítra af díselolíu í stað þungaskatts sem áður var greiddur. Áfram er þó greiddur þungaskattur á bifreiðir yfir 10 tonnum en mun lægri en áður var.

Í lögunum um olíugjald, nr. 87/2004 er gert ráð fyrir að olíugjald á hvern lítra af ólitaðri olíu verði 45 kr. Í ljósi þeirra miklu hækkana á eldsneytisverði sem hófust fyrripart ársins voru sett lög um breytingu á gjaldinu til bráðabirgða. Var það lækkað niður í 41 kr./l tímabundið til 31. desember 2005. Sú lækkun var síðan framlengd með lögum frá Alþingi til 1. júlí 2006.

Helstu rökin fyrir breytingunni á kerfinu voru eftirfarandi: Með því að tengja gjaldtöku við olíunotkun er kaupum og notkun beint að nýrri og sparneytnari ökutækjum sem gefa frá sér minna magn koltvísýrings. Í öðru lagi var bent á að díselknúnar fólksbifreiðir yrðu álitlegri kostur en verið hefði. Í þriðja lagi er það að greiðslubyrði eigenda díselknúinna ökutækja dreifist eðlilega eftir notkun í stað þungrar greiðslubyrði á nokkurra mánaða fresti og í fjórða lagi er talið að möguleikar til undanskota séu minni í olíugjaldskerfi en í þungaskattskerfi.

Þessar breytingar koma misjafnlega út fyrir bifreiðir sem áður var greiddur þungaskattur af, bæði þær sem eru undir og yfir 10 tonnum. Einnig skiptir nú mun meira máli en áður hversu miklu bifreiðin eyðir af eldsneyti Ef tekið er dæmi um bifreið sem er 26 tonn að heildarþunga, eyðir 55 lítrum á hundraði og er í virðisaukaskattskerfinu þá er hækkun rekstrarkostnaðar pr. km um 3,6% miðað við að hlutfall eldsneytis og skatta sé 30% af rekstrarkostnaði bílsins. Ef sama bifreið eyðir 80 lítrum á hundraði verður kostnaðarhækkunin mun meiri eða um 7%.

Innheimta tekna af olíugjaldinu var umfram væntingar á árinu. Alls innheimtust 1.697 m.kr. sem er sala fjögurra mánaða, júlí-október, þar sem gjalddagi er ekki fyrr en einum og hálfum mánuði eftir að sölumánuði lýkur. Olíugjald vegna sölu í nóvember og desember var því ekki á gjalddaga fyrr en árið 2006. Innheimtutölur benda til þess að sala á gjaldskyldri díselolíu sé mun meiri heldur en gert hafði verið ráð fyrir hjá Vegagerðinni. Gert hafði verið ráð fyrir að salan næmi 70-80 milljónum lítra á ári en innheimtutölur benda til þess að salan sé á bilinu 100-120 milljónir lítra á ári.

*Leyfisgjöld flutninga og leigubifreiða*

Innheimt leyfisgjöld flutninga voru samtals 5,3 m.kr. á árinu 2005. Það er um 1,3 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir. Innheimt leyfisgjöld leigubifreiða voru um 4,6 m.kr. sem er 1,4 m.kr. minna en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir. Heildartekjurnar 9,9 m.kr. voru því í samræmi við tekjuspána þar sem áætlað hafði verið að tekjur af leyfisgjöldum yrðu 10 m.kr.

*Ríkisframlag*

Viðbótarfé til nýbygginga vega nam 1.123 m.kr. og framlag ríkisins vegna styrkja til innanlandsflugs var 140 m.kr. Heildarframlag ríkisins var því 1.263 m.kr.

*Framlög til jarðganga*

Í vegáætlun 2005-2008 er veitt umtalsverðu fjármagni úr ríkissjóði til jarðgangagerðar. Á árinu 2005 var framlag til jarðganga alls 1.200 m.kr.

*Fjáraukalög*

Í fjáraukalögum fékk Vegagerðin alls 513 m.kr. viðbótarfjárveitingu. Þar af voru 300 m.kr. til jarðgangagerðar í Óshlíð, 100 m.kr. vegna bættrar vetrarþjónustu, 30 m.kr. vegna kostnaðar við aukinn ferðafjölda Herjólfs og 83 m.kr. sem ekki eru til útborgunar en þær eru vegna afskrifta markaðra tekna og verðbóta á ferjulán.

### 4.1.2. VIÐSKIPTAHREYFINGAR

Á árinu 2005 var greidd ein afborgun af láni, 40 m.kr., sem tekið var hjá ríkissjóði til að fjármagna síðari hluta vegtenginga við Hvalfjarðargöng. Auk þess voru greiddar afborganir og vextir af lánum vegna ferjunnar Herjólfs, 340 m.kr.

## II SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2005. Vegáætlun gerði ráð fyrir ráðstöfun 12.930 m.kr. Samkvæmt fjárlögum fékk Vegagerðin 12.930,4 m.kr. Á fjáraukalögum fékk Vegagerðin 513 m.kr. viðbótarfjárveitingu þar af voru 83 m.kr. reiknuð gjöld vegna afskrifta markaðra tekna og verðbóta ferjulána (ekki til útborgunar), 30 m.kr. vegna reksturs ferja og flóabáta, 100 m.kr. vegna vetrarþjónustu og 300 m.kr. til jarðgangagerðar (Óshlíð). Fjárveitingar til Vegagerðarinnar á árinu 2005 voru því alls 13.443,4 m.kr., þar af 83 m.kr. sem ekki voru til útborgunar.

Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.

| | | | Vegáætlun 2005 | Breyting 2005 | Fjárveiting 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| **4.1.3** | **Rekstur og þjónusta** | | | | |
| | 1. Yfirstjórn | | 307,4 | 83,0 | 390,4 |
| | Umsýslugjald | | 57,0 | | 57,0 |
| | 2. Upplýsingaþjónusta | | 80,0 | | 80,0 |
| | 3. Umferðareftirlit | | 60,0 | | 60,0 |
| | 4. Þjónusta | | 2.643,0 | 100,0 | 2.743,0 |
| | 1. Þjónustusvæði | 349,0 | | | |
| | 2. Vegir og vegyfirborð | 430,0 | | | |
| | 3. Brýr og veggöng | 66,0 | | | |
| | 4. Vegmerkingar og vegbúnaður | 466,0 | | | |
| | 5. Þéttbýlisvegir | 307,0 | | | |
| | 6. Vetrarþjónusta | 1.025,0 | | | |
| | 5. Almenningssamgöngur | | 1.074,0 | 30,0 | 1.104,0 |
| | 1. Ferjur og flóabátar | 763,0 | | | |
| | þar af afborgun ferjulána til ríkissjóðs | | -340,0 | | -340,0 |
| | 2. Áætlunarflug | 140,0 | | | |
| | 3. Sérleyfi á landi | 171,0 | | | |
| | 6. Rannsóknir | | 107,0 | | 107,0 |
| | 7. Minjar og saga | | 0,0 | | 0,0 |
| | | **Rekstur og þjónusta samtals** | **3.988,4** | **213,0** | **4.201,4** |
| **4.1.4** | **Viðhald þjóðvega** | | | | |
| | 1. Endurnýjun bundinna slitlaga | | 1.003,0 | | 1.003,0 |
| | 2. Endurnýjun malarslitlaga | | 224,0 | | 224,0 |
| | 3. Styrkingar og endurbætur | | 780,0 | | 780,0 |
| | 4. Brýr, varnargarðar og veggöng | | 248,0 | | 248,0 |
| | 5. Öryggisaðgerðir | | 160,0 | | 160,0 |
| | 6. Umferðaröryggisáætlun | | 0,0 | | 0,0 |
| | 7. Vatnaskemmdir | | 152,0 | | 152,0 |
| | 8. Viðhald girðinga | | 58,0 | | 58,0 |
| | 9. Frágangur gamalla efnisnáma | | 0,0 | | 0,0 |
| | | **Viðhald samtals** | **2.625,0** | **0,0** | **2.625,0** |
| **4.1.5** | **Stofnkostnaður** | | | | |
| | 1. Grunnnet | | 4.651,0 | 300,0 | 4.951,0 |
| | 1. Almenn verkefni | 400,0 | | | |
| | 2. Verkefni á Höfuðborgarsvæði | 1.200,0 | | | |
| | 3. Verkefni á landsbyggð | 1.708,0 | | | |
| | Þar af afborgun láns v/Hvalfj.tenginga til rsj. | | -40,0 | | -40,0 |
| | 4. Orku- og iðjuvegir | 102,0 | | | |
| | 5. Jarðgangaáætlun | 1.200,0 | | | |
| | 6. Landsvegir í grunnneti | 41,0 | | | |
| | | **Samtals grunnnet:** | **4.611,0** | **300,0** | **4.911,0** |
| | 2. Tengivegir | | 555,0 | | 555,0 |
| | 3. Til brúagerðar | | 290,0 | | 290,0 |
| | 1. Brýr, 10 m og lengri | 264,0 | | | |
| | 2. Smábrýr | 26,0 | | | |
| | 4. Ferðamannaleiðir | | 173,0 | | 173,0 |
| | 5. Þjóðgarðavegir | | 89,0 | | 89,0 |
| | 6. Girðingar | | 73,0 | | 73,0 |
| | 7. Landsvegir utan grunnnets | | 100,0 | | 100,0 |
| | 8. Safnvegir | | 314,0 | | 314,0 |
| | 9. Styrkvegir | | 62,0 | | 62,0 |
| | 10. Reiðvegir | | 50,0 | | 50,0 |
| | | **Samtals utan grunnnets:** | **1.706,0** | **0,0** | **1.706,0** |
| | | **Stofnkostnaður samtals:** | **6.317,0** | **300,0** | **6.617,0** |
| | **Samtals** | | **12.930,4** | **513,0** | **13.443,4** |

*Verðlagsforsendur og afkoma 2005 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála*

Við gerð vegáætlunar 2005-2008 var meðalvísitala vegagerðar fyrir árið 2005 áætluð 7.650 stig. Í reynd varð hún 7.745 stig eða um 1,2% hærri en áætlað hafði verið.


Innheimta markaðra tekna án leyfisgjalda var árið 2005 12.075 m.kr. eða 1.238 m.kr. hærri upphæð en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar en 1.011 m.kr. hærri en fjárlög og fjáraukalög ársins 2005 gerðu ráð fyrir. Tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða voru á áætlun, eða 9,9 m.kr. í raun á móti 10 m.kr. áætlun. Inneign í vegasjóði hækkar um 1.208 m.kr.

Árið 2005 rann í ríkissjóð 57,1 m.kr. umsýslugjald af mörkuðum tekjum. Ríkissjóður lagði til 1.263 m.kr. ríkisframlag og 1.500 m.kr. framlag til jarðganga. Endurgreiðslur og afborganir lána voru samtals 380 m.kr. á árinu og engin lán voru tekin á árinu.

Vegagerðin fékk því alls til ráðstöfunar 13.443 m.kr. sem er tæplega 300 m.kr. minna en árið 2004.


Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var góð og engin vinnulán voru tekin á árinu.

Í súluritinu hér að neðan kemur fram framlag til vegamála í m.kr. árin 1966 til 2005 á föstu verðlagi 2005.



Hér fyrir neðan má sjá framlag til vegamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 1966 til 2005.

**Framlag til vegamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 1966 til 2005.**




## 4.1.3. REKSTUR OG ÞJÓNUSTA

Fjárveiting í vegáætlun 2005, með síðari breytingum, til reksturs og þjónustu var 4.201,4 m.kr.

Starfsemi sem fellur undir þennan lið er yfirstjórn Vegagerðarinnar, framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Þá fellur undir þennan lið upplýsingaþjónusta, umferðareftirlit og öll þjónusta á vegakerfinu að sumri og vetri, almenningssamgöngur og rannsóknir.

### *4.1.3.0. Starfsmannahald*

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 328 um síðustu áramót í 322,5 stöðugildum en voru 327 árið 2004. Meðal starfsmannafjöldi á árinu 2005 var 351 en var 350 árið 2004. Heildar vinnuframlag á árinu 2005 reiknað í dagvinnustundum nam 433,7 mannárum og hafði hækkað úr 432,6 frá árinu 2004. Launagreiðslur voru 1.450 m.kr. á árinu 2005 og launatengd gjöld 283 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir kjarasamningum og staðsetningu.

| | Reykja-vík | Suður-svæði | Suðvestur svæði | Norðvestur svæði | Norðaustur svæði | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Félag íslenskra náttúrufræðinga | 4 | 0 | 0 | 1 | 4 | 9 |
| Kjarafélag tæknifræðinga | 13 | 3 | 5 | 10 | 8 | 39 |
| Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga | 6 | 0 | 0 | 1 | 0 | 7 |
| Kjaranefnd | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Samiðn | 2 | 3 | 0 | 8 | 6 | 19 |
| SFR stéttarfélag almannaþjónustu | 41 | 8 | 5 | 22 | 16 | 92 |
| Starfsgreinasamband Íslands | 0 | 10 | 5 | 45 | 28 | 88 |
| Stéttarfélag bókasafnsfræðinga | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Stéttarfélag lögfræðinga | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Stéttarfélag verkfræðinga | 16 | 1 | 3 | 5 | 3 | 28 |
| Útgarður – félag háskólamanna | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 |
| Verkstjórasamband Íslands | 2 | 4 | 3 | 14 | 12 | 35 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2005 | 95 | 29 | 21 | 106 | 77 | 328 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2004 | 96 | 31 | 20 | 102 | 78 | 327 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2003 | 92 | 32 | 19 | 107 | 78 | 328 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2002 | 107 | 29 | 29 | 109 | 83 | 357 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2001 | 103 | 27 | 29 | 108 | 85 | 352 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2000 | 100 | 28 | 29 | 105 | 79 | 341 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1999 | 106 | 26 | 30 | 102 | 74 | 338 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1998 | 94 | 26 | 41 | 102 | 76 | 339 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1997 | 92 | 31 | 39 | 107 | 81 | 350 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1996 | 90 | 33 | 39 | 102 | 83 | 347 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1995 | 86 | 34 | 39 | 106 | 81 | 346 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1994 | 88 | 34 | 34 | 106 | 79 | 341 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1993 | 86 | 35 | 32 | 106 | 79 | 338 |

*4.1.3.1. Yfirstjórn*

Fjárveiting í vegáætlun 2005 var 307,4 m.kr. Auk þess eru taldar til þessa liðar viðbótarfjárveitingar á fjáraukalögum að upphæð 83 m.kr. vegna afskrifaðra markaðra tekna og verðbóta ferjulána. Þessar viðbótarfjárveitingar komu ekki útborgunar til Vegagerðarinnar.

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: yfirstjórn Vegagerðarinnar og þrjú svið stofnunarinnar þ.e. framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið.

Í yfirstjórn eru vegamálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri og framkvæmdastjórar sviða.

Framkvæmdasvið skiptist í fimm deildir: árangurs- og eftirlitsdeild, brúadeild, framkvæmdadeild, veghönnunardeild og þjónustudeild.

Stjórnsýslusvið skiptist í fimm deildir: fjárreiðudeild, hagdeild, lögfræðideild, rekstrardeild og starfsmannadeild.


Þróunarsvið skiptist í fjórar deildir: áætlana- og umhverfisdeild, rannsóknadeild, umferðardeild og upplýsingatæknideild.

Auk framangreinds heyrir undir þennan lið skrifstofa vegamálastjóra, útgáfustarfsemi, gæðastjóri og innri endurskoðun. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 1. janúar 2005.

| Kjördæmi | Stofnvegir km | Tengivegir km | Safnvegir km | Landsvegir km | Samtals km |
|---|---|---|---|---|---|
| Suðurkjördæmi | 935 | 1.106 | 555 | 971 | 3.567 |
| Suðvesturkjördæmi | 127 | 100 | 32 | 13 | 272 |
| Reykjavík | 72 | 11 | 24 | 8 | 115 |
| Norðvesturkjördæmi | 1.759 | 1.750 | 958 | 647 | 5.114 |
| Norðausturkjördæmi | 1.372 | 997 | 654 | 937 | 3.960 |
| Samtals | 4.265 | 3.964 | 2.223 | 2.576 | 13.028 |


Á þróunarsviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birtar í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi. Í árslok 2005 voru vegir með bundnu slitlagi 4.611 km, þar af 3.476 km á stofnvegum, 908 á tengivegum og 227 km á safn- og landsvegum.



Lengd bundinna slitlaga skiptist með eftirfarandi hætti milli svæða Vegagerðarinnar

| Svæði | Stofnvegir km | Tengivegir km | Safn- og landsvegir km | Alls km |
|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 860 | 424 | 97 | 1.381 |
| Suðvestursvæði | 199 | 53 | 9 | 261 |
| Norðvestursvæði | 1.416 | 178 | 33 | 1.627 |
| Norðaustursvæði | 1.002 | 250 | 88 | 1.340 |
| Samtals | 3.476 | 908 | 227 | 4.611 |

Á myndinni hér að neðan er sýnd þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1995. Á árinu 2005 var áætluð umferð á stofn- og tengivegum 1.945 milljónir ekinna km og hafði aukist um 3 % frá árinu áður.




*4.1.3.2. Upplýsingaþjónusta*

Á þjónustudeild tæknisviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Fjárveiting til þess verkefnis var 80 m.kr. Í umferðarþjónustu er rekin upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur, en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur, og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við svæði Vegagerðarinnar. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, ásþunga, frost í jörðu, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

*4.1.3.3. Umferðareftirlit*

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar tilheyrir lögfræðideild stjórnsýslusviðs. Fjárveiting til umferðareftirlits var 60 m.kr. á árinu 2005. Umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með ásþunga og heildarþyngd ökutækja, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun


ökurita og ökumæla og eftirlit tengt framkvæmd laga um fólks- og farmflutninga og laga um leigubifreiðir. Á árinu tóku gildi lög um olíugjald og kílómetragjald og á grundvelli þeirra annast umferðareftirlit framkvæmd eftirlits með notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu í umboði Ríkisskattstjóra. Frá ársbyrjun 2005 varð sú breyting að sameiginlegu eftirliti Vegagerðarinnar og Ríkislögreglustjóra var hætt og voru eftirlitsbifreiðir eingöngu mannaðar eftirlitsmönnum en áður var eftirlitsbifreið mönnuð lögreglumanni ásamt eftirlitsmanni. Af þeim sökum var nauðsynlegt að fjölga eftirlitsmönnum og í árslok voru fastráðnir starfsmenn umferðareftirlits 11 talsins að meðtöldum deildarstjóra. Einn starfsmaður var ráðinn á Reyðarfirði og tekin ákvörðun um flutning starfs eftirlitsmanns og deildarstjóra til Akureyrar. Skipulag umferðareftirlits var tekið til endurskoðunar á árinu með það að markmiði að efla fyrirtækjaeftirlit á sviði aksturs- og hvíldartíma og eftirlits með notkun litaðrar olíu í samvinnu við Ríkisskattstjóra. Þrjár eftirlitsbifreiðir voru gerðar út allt árið. Að jafnaði voru tvær bifreiðir gerðar út frá Reykjavík og ein frá Akureyri. Auk þess var ein eftirlitsbifreið staðsett hluta úr árinu á Austurlandi.

*4.1.3.4. Þjónusta*


Verkefni sem tilheyra þjónustu eru viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi, ásamt vetrarþjónustu.

Fjárveiting til þjónustu í vegáætlun með síðari breytingum var 2.743 m.kr. og var skipt í 6 meginflokka þ.e. til þjónustusvæða, til vega og vegyfirborðs, til brúa og vegganga, til vegmerkinga og vegbúnaðar, til þéttbýlisvega og til vetrarþjónustu.


Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til þjónustu þjóðvega á árunum 1995-2005. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2005.



Í stólparitinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við þjónustu stofn- og tengivega frá árinu 1995. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi ársins 2005.




Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði þjónustu stofn- og tengivega á ekna 100 km á árunum 1995-2005. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2005.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við þjónustu vegakerfisins skiptist milli hinna einstöku liða þjónustunnar og milli svæða Vegagerðarinnar árið 2005.

| Svæði | Þjónustu-svæði m.kr. | Vegir og vegyfirborð m.kr. | Brýr og veggöng m.kr. | Vegmerkingar og vegbúnaður m.kr. | Þéttbýlis-vegir m.kr. | Vetrar-þjónusta m.kr. | Samtals m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sameiginlegt ..... | 41,0 | 5,4 | 0,8 | 77,9 | 3,7 | 88,6 | 217,4 |
| Suðursvæði..... | 19,4 | 105,4 | 3,0 | 100,8 | 12,1 | 112,8 | 353,5 |
| Suðvesturssvæði ..... | 19,0 | 46,7 | 0,1 | 112,6 | 207,6 | 154,5 | 540,5 |
| Norðvesturssvæði ..... | 49,2 | 294,1 | 23,6 | 211,8 | 37,0 | 437,4 | 1.053,1 |
| Norðaustursvæði ..... | 47,5 | 193,8 | 14,8 | 168,9 | 44,3 | 358,6 | 827,9 |
| Samtals..... | 176,1 | 645,4 | 42,3 | 672,0 | 304,7 | 1.151,9 | 2.992,4 |

*4.1.3.4.1. Þjónustusvæði*

Fjárveiting til þessara verkefna var 349 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o.fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

*4.1.3.4.2. Vegir og vegyfirborð*

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 430 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringar á öxlum (hliðræmum), vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rykbindingu malarvega 2005.

Rykbundnir km *)

| Svæði | klór-kalsíum | úrgangs-salt | nýtt salt | sjór | Dustex | samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 0 | 0 | 240 | 0 | 0 | 240 |
| Suðvesturssvæði | 0 | 0 | 87 | 42 | 0 | 129 |
| Norðvesturssvæði | 35 | 650 | 596 | 206 | 30 | 1.517 |
| Norðaustursvæði | 15 | 247 | 617 | 10 | 47 | 936 |
| Samtals | 50 | 897 | 1.514 | 258 | 77 | 2.822 |

*) Hér eru taldir þeir km vega sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

*4.1.3.4.3. Brýr og veggöng*

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 66 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, veggöngum og varnargörðum.

*4.1.3.4.4. Vegmerkingar og vegbúnaður*

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 466 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

*4.1.3.4.5. Þéttbýlisvegir*

Fjárveiting til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis var 307 m.kr. og var henni varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þéttbýlisvegum. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

*4.1.3.4.6. Vetrarþjónusta*

Fjárveiting til vetrarþjónustu í vegáætlun með síðari breytingum fyrir árið 2005 var 1.125 m.kr. Skuld frá fyrri árum var 30 m.kr., þannig að til ráðstöfunar voru 1.095 m.kr. Kostnaður við vetrarþjónustu á árinu 2005 var 1.152 m.kr., þannig að skuld sem flyst til ársins 2006 er því um 57 m.kr.

Á undanförnum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarþjónustu er aftur á móti mjög háður veðurfari.

Nokkuð snjóþungt var fyrri hluta ársins sem leiddi til lokana á fjallvegum og einstaka vegum á láglendi. Þungatakmarkanir þurfti að setja tímabundið á vegakerfið í janúar og var það í fyrra lagi eins og á síðasta ári. Haustið var frekar snjólétt en nokkuð var um hálku á vegum. Minna var því um snjómokstur síðari hluta ársins en meira um hálkuvarnir og hálkueyðingu á vegum.

Á töflunni á næstu síðu má sjá hve lengi ýmsar leiðir og fjallvegir voru lokuð vegna snjóa á árinu 2005. Einnig kemur fram hve marga daga ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

| | Jan. | Febr. | Mars | Apríl | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. | Alls | % af 365 d. | Snjóm. dagar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fróðárheiði | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 2 | 1 | 76 |
| Svínadalur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 25 |
| Klettsháls | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 10 | 3 | 13 |
| Hálfdán | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 88 |
| Dynjandisheiði | 31 | 25 | 1 | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 3 | 0 | 69 | 19 | 23 |
| Hrafnseyrarheiði | 31 | 17 | 1 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 8 | 3 | 4 | 71 | 19 | 47 |
| Steingrímsfjarðarheiði | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 99 |
| Holtavörðuheiði | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 129 |
| Vatnsskarð-nyrðra | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 75 |
| Siglufjv:Fljót-Siglufj. | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 | 1 | 55 |
| Lágheiði | 31 | 20 | 3 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 | 8 | 30 | 8 | 109 | 30 | 3 |
| Öxnadalsheiði | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 143 |
| Dalvík-Ólafsfjörður | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 | 1 | 87 |
| Hólssandur | 31 | 28 | 29 | 22 | 12 | 0 | 0 | 0 | 6 | 31 | 30 | 31 | 220 | 60 | 0 |
| Öxarfjarðarheiði | 31 | 28 | 29 | 10 | 20 | 0 | 0 | 0 | 7 | 31 | 30 | 31 | 217 | 59 | 0 |
| Sandvíkurheiði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 27 |
| Vopnafjarðarheiði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 42 |
| Möðrudalsöræfi | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 66 |
| Hellisheiði-eystri | 27 | 5 | 7 | 5 | 2 | 0 | 0 | 0 | 5 | 11 | 11 | 11 | 84 | 23 | 25 |
| Vatnsskarð-eystra | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 1 | 36 |
| Fjarðarheiði | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 122 |
| Oddsskarð | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 112 |
| Breiðdalsheiði | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 3 | 1 | 28 |

*4.1.3.5. Almenningssamgöngur*

Fjárveiting til almenningssamgangna í vegáætlun 2005 með síðari breytingum var 1.104 m.kr. Undir þennan lið falla styrkir til reksturs á ferjum og flóabátum, afborganir af ferjulánum til ríkissjóðs, styrkir til áætlunarflugs til fámennra staða og styrkir til sérleyfa á landi.

*4.1.3.5.1 Ferjur og flóabátar*

Fjárveiting í vegáætlun með síðari breytingum til þessa liðar árið 2005 var 793 m.kr. Heildarútgjöld voru 871,1 m.kr. eða 78,1 m.kr. meiri en fjárveitingar og aukast því skuldir á þessum lið sem því nemur. Eftir stendur skuld til næsta árs að fjárhæð 209,7 m.kr. Stærstur hluti útgjalda umfram fjárheimildir, eða 103,6 m.kr. er til kominn vegna kaupa á nýrri Grímseyjarferju.

Árið 2005 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Allar ferjuleiðir hafa verið boðnar út.

Á árinu var rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs boðinn út til næstu 5 ára, 2006-2010. Eimskip bauð lægst í reksturinn og tók við honum af Samskipum 1. janúar 2006.

Gerður var nýr samningur um rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs á árinu og gildir hann fyrir árin 2006-2010.

Keypt var ný ferja í árslok til að sjá um samgöngur við Grímsey. Kaupverð ferjunnar var um 104 m.kr. og er innifalið í liðnum „Annar kostnaður" í töflunni hér fyrir neðan. Gera þarf breytingar á ferjunni fyrir um 180 m.kr. og verður hún tekin í notkun í október 2006.

Ríkið greiðir afborganir og vexti af ferjulánum, sem tekin voru þegar skipin voru smíðuð eða keypt. Á árinu 2005 var um að ræða afborganir vegna einnar ferju. Ekki er um eiginleg

lán að ræða því um leið og ríkissjóður eignast skipin og yfirtekur áhvílandi skuldir eru lánin felld niður, en Vegagerðin greiðir áfram afborganir og vexti til ríkissjóðs. Í ríkisreikningi eru þessar greiðslur Vegagerðarinnar til ríkissjóðs færðar sem lækkun á framlagi til hennar.

Kostnaður við ferjur 2005

| Ferjuleið | Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr. | Rekstrarstyrkur m.kr. | Annar kostnaður m.kr. | Samtals m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| Vestmannaeyjaferja, Herjólfur | 340,0 | 217,0 | 5,6 | 562,6 |
| Breiðafjarðarferja, Baldur | | 83,1 | 3,1 | 86,2 |
| Ísafjarðardjúpsferja, Bliki | | 6,4 | 1,8 | 8,2 |
| Hríseyjarferja, Sævar | | 44,7 | 8,7 | 53,4 |
| Grímseyjarferja, Sæfari | | 39,8 | 112,8 | 152,6 |
| Mjóafjarðarferja, Anný | | 7,0 | 0,0 | 7,0 |
| Norðurfjarðarflutningar | | 0,6 | 0,0 | 0,6 |
| Sameiginlegt | | 0,0 | 0,5 | 0,5 |
| Samtals | 340,0 | 398,6 | 132,5 | 871,1 |

*4.1.3.5.2. Áætlunarflug*

Fjárveiting í vegáætlun 2005 var 140 m.kr. Heildarútgjöld á árinu 2005 voru 139,2 m.kr. eða 0,8 m.kr. minni en fjárveitingar. Inneign frá árinu 2004 nam 40,5 m.kr. þannig að heildarinneign í árslok 2005 var 41,3 m.kr.

*4.1.3.5.3 Sérleyfi á landi*

Fjárveiting í vegáætlun var 171 m.kr. Heildarútgjöld voru 158,6 m.kr. eða 12,4 m.kr. lægri en fjárveitingar þannig að innistæða frá fyrra ári að upphæð 5,0 m.kr. hækkar sem því nemur. Eftir stendur innistæða til næsta árs að fjárhæð 17,4 m.kr.

Á árinu 2005 styrkti ríkið 15 sérleyfishafa til að halda uppi almenningssamgöngum á landi, sem tengja saman byggðarlög landsins og tengja þau við helstu flugvelli í landinu.

Á árinu fór fram útboð á öllum sérleyfisleiðum á landinu. Boðnar voru út alls 40 leiðir. Samið var við níu aðila á grundvelli útboðsins en ekki náðust samningar um akstur á Suðurlandi og á leiðinni, Borgarfjörður eystri – Egilsstaðir á grundvelli útboðsins. Akstur samkvæmt nýju útboði hófst 1. janúar 2006.

*4.1.3.6. Rannsóknir*

Samkvæmt vegalögum er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Árið 2005 nam fjárveitingin 107 m.kr. Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og dæmi um verkefni undir þeim:

*Mannvirki*

Ástand steypu í spenntum brúm
Bikþeyta til klæðinga
Hönnun rafeindabúnaðar fyrir frostdýptarmæli
Lækkun hita við framleiðslu malbiks
Raki og burður vega
Rekstur jarðskjálfta- og hröðunarmæla í brúm

Ræsarör ending og verndun
Samanburður slitlagsefna á Vestfjörðum
Smáfalllóð við eftirlit
Vatn í vegum
Vegrið – áhrif á snjósöfnun við vegi
Þreytuáraun á stálbrýr á Íslandi
Þróun námukerfis – námufrágangur

*Umferð*

Aðvörunarljós við einbreiðar brýr
Notkun á lengdarflokkun umferðargreina til að áætla hlutfall þungra bifreiða
Nýtt umferðalíkan höfuðborgarsvæðisins
Viðtalskönnun á þjóðvegi 1, austan Akureyrar
Yfirborðsmerkingar, innlend vatnsmálning
Þróun umferðarhraða á þjóðvegum landsins

*Umhverfi*

Aðferðir við mat á áhrifum framkvæmda á landslag
Athugun á strandrofi og strandvörnum á Breiðamerkursandi
Endurfylling í vegskurði
Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
Hljóðvarnir við veg
Landris í nágrenni Vatnajökuls
Nýting svarðlags við uppgræðslu námusvæða
Rannsóknir á flóðum íslenskra vatnsfalla
Sjónræn áhrif í íslenskri vegagerð
Snjómælir
Ummerki hamfarahlaupa sem liður í áhættumati
Úttekt á framkvæmdum matsáætlunarstigsins við mat á umhverfisáhrifum

*Samfélag*

Jöklasetur á Höfn

*Rannsóknarráð umferðaröryggismála – RANNUM*

Áhrif löggæslu á umferðarhraða, utan eðlilegs vinnutíma viðkomandi lögregluembætta
Áhrif vinds á umferðaröryggi. Hættuleg svæði og vegkaflar
Heldri ökumenn – ekið út lífið
Kostnaður umferðarslysa eftir alvarleika
Meiðsli í umferðarslysum eldri ökumanna
Umferðarslys og vindafar
Umferðaröryggi á mislægum vegamótum
Úttekt á slysum á nokkrum vegarköflum þar sem slys hafa verið sérstaklega tíð
Öryggi barna og unglinga í umferðinni

Á árunum 2001 – 2005 hefur verið lögð áhersla á rannsóknir á sviði umferðaröryggismála. Haldið var utan um það af Rannsóknaráði umferðaröryggismál (RANNUM), sem stofnað var í desember 2000. Í ráðinu sátu fulltrúar þeirra aðila sem óskuðu eftir að taka þátt í þessu samstarfi og leggja til þess fé eða faglega þekkingu. Meðal stofnfélaga RANNUM voru Vegagerðin, Rauði kross Íslands, Landspítali-háskólasjúkrahús, Umferðarráð og Ríkislögreglustjóri, ásamt fleiri aðilum. Þrátt fyrir það að þessu samstarfi sé nú formlega lokið, verður áfram unnið að rannsóknum sem tengjast málaflokknum.

Árið 2004 var hafin vinna við stefnumótun í rannsóknarmálum og er miðað við að ný stefna með nýjum áherslum verði kynnt á árinu 2006.


### 4.1.4. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Í vegáætlun 2005 var fjárveiting til viðhalds þjóðvega 2.625 m.kr., og var henni varið til viðhalds á stofn- og tengivegum.


Fjárveitingum til viðhalds vega er skipt í sjö meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, brýr, varnargarðar og veggöng, öryggisaðgerðir, vatnaskemmdir og viðhald girðinga.

Markmið viðhalds er að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu og hæfni þess til að bera þann umferðarþunga, sem því er ætlaður. Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 2005, var 8.229 km, og var áætluð umferð á þeim árið 2005 um 1.945 milljónir ekinna km.


Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds þjóðvega á árunum 1995-2005. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2005.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega á árunum 1995-2005. Tölurnar eru á verðlagi 2005.




Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1995-2005. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2005.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2005 skiptist milli hinna einstöku liða viðhalds og milli svæða Vegagerðarinnar.

| Svæði | Endur-nýjun bundinna slitlaga m.kr. | Endur-nýjun malar-slitlaga m.kr. | Styrkingar og endur-bætur m.kr. | Viðhald brúa og varnar-garða m.kr. | Öryggis-aðgerðir m.kr. | Vatna-skemmdir m.kr. | Viðhald girðinga m.kr. | Samtals m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sameiginlegt | 54,1 | 2,7 | 9,4 | 21,9 | 4,0 | 2,1 | 0,7 | 94,9 |
| Suðursvæði | 142,7 | 31,0 | 125,3 | 36,5 | 39,8 | 11,6 | 3,3 | 390,2 |
| Suðvesturs svæði | 169,1 | 0,0 | 86,2 | 0,1 | 30,7 | 0,0 | 0,0 | 286,1 |
| Reykjavík* | 70,0 | 0,0 | 30,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 100,0 |
| Norðvesturs svæði | 291,4 | 95,9 | 195,9 | 32,4 | 51,9 | 35,7 | 20,2 | 723,4 |
| Norðaustursvæði | 172,1 | 37,0 | 173,8 | 67,8 | 37,0 | 34,1 | 7,3 | 529,1 |
| Samtals | 899,4 | 166,6 | 620,6 | 158,7 | 163,4 | 83,5 | 31,5 | 2.123,7 |

*Samkvæmt samningi milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar sér Reykjavíkurborg um viðhald þjóðvega innan borgarinnar.

*4.1.4.1. Endurnýjun bundinna slitlaga*

Fjárveiting var 1.003 m.kr. Lagðir voru 3.182 þús. $m^2$ af bundnu slitlagi sem samsvarar 530,5 km af 6 m breiðu slitlagi eða um 11,5% af heildarlengd stofn- og tengivega með bundnu slitlagi. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Með aukinni umferð eykst þörfin fyrir malbiks-slitlag. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og svæði Vegagerðarinnar eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

| Svæði | klæðing km | klæðing þús. $m^2$ | malbik km | malbik þús. $m^2$ | alls km | alls þús. $m^2$ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 53,9 | 323 | 6,1 | 36 | 60,0 | 359 |
| Suðvesturs svæði | 21,1 | 127 | 14,3 | 86 | 35,4 | 213 |
| Reykjavík | 0,0 | 0 | 14,9 | 89 | 14,9 | 89 |
| Norðvesturs svæði | 226,0 | 1.356 | 7,3 | 44 | 233,3 | 1.400 |
| Norðaustursvæði | 184,2 | 1.105 | 2,7 | 16 | 186,9 | 1.121 |
| Samtals | 485,2 | 2.911 | 45,3 | 271 | 530,5 | 3.182 |

*4.1.4.2. Endurnýjun malarslitlaga*

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 224 m.kr. Lagt var og endurbætt malarslitlag á 545 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli svæða Vegagerðarinnar.

| Svæði | óunnið efni km | óunnið efni $m^3$ | unnið efni km | unnið efni $m^3$ | mölburður alls km | mölburður alls $m^3$ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 0 | 0 | 29 | 10.811 | 29 | 10.811 |
| Suðvestursvæði | 9 | 2.370 | 4 | 860 | 13 | 3.230 |
| Norðvestursvæ'i | 6 | 2.259 | 273 | 62.792 | 279 | 65.051 |
| Norðaustursvæði | 0 | 0 | 224 | 28.700 | 224 | 28.700 |
| Samtals | 15 | 4.629 | 530 | 103.163 | 545 | 107.792 |

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2005 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

| Svæði | Fyrir malarslitlög $m^3$ | Fyrir bundin slitlög $m^3$ | Fyrir burðarlög $m^3$ | Samtals $m^3$ |
|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 13.573 | 21.969 | 14.899 | 50.441 |
| Suðvestursvæði | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Norðvestursvæði | 40.421 | 12.679 | 3.352 | 56.452 |
| Norðaustursvæði | 11.437 | 3.400 | 7.660 | 22.497 |
| Samtals | 65.431 | 38.048 | 25.911 | 129.390 |

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina til notkunar við viðhald vega. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

*4.1.4.3. Styrkingar og endurbætur*

Fjárveiting var 780 m.kr. Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Aukinn hluti fjármagns fer nú til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbótum á þeim. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar vega á árinu 2005.

| Svæði | Vegir með bundnu slitlagi: Burðarlag með möl km | Burðarlag með möl $m^3$ | Bundið burðarlag km | Bundið burðarlag $m^3$ | Malarvegir km | Malarvegir $m^3$ | Styrkingar alls km | Styrkingar alls $m^3$ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 0,0 | 0 | 13,5 | 11.742 | 24,2 | 30.654 | 37,7 | 42.396 |
| Suðvestursvæði | 0,0 | 0 | 5,2 | 1.160 | 1,0 | 644 | 6,2 | 1.804 |
| Norðvestursvæði | 1,8 | 2.500 | 26,8 | 23.422 | 63,5 | 68.185 | 92,1 | 94.107 |
| Norðaustursvæði | 0,7 | 817 | 21,3 | 3.327 | 11,0 | 17.420 | 33,0 | 21.564 |
| Samtals | 2,5 | 3.317 | 66,8 | 39.651 | 99,7 | 116.903 | 169,0 | 159.871 |

*4.1.4.4. Brýr, varnargarðar og veggöng*

Fjárveiting í vegáætlun var 248 m.kr. Alls var unnið við um 55 smá og stór verkefni víðs vegar um landið. Stærstu verkefnin voru styrking á stöplum Borgarfjarðarbrúar, ryðhreinsun og málun stálbita brúar á Hólmsá í Skaftártungu, varnargarðar við Héraðsvötn í Skagafirði og varnargarðar við Skeiðará og fleiri viðgerðir á brúnni sjálfri. Um 18 m.kr. var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr. Um 20 m.kr. var varið til breikkunar á 6 einbreiðum brúm.

*4.1.4.5. Öryggisaðgerðir*

Fjárveiting í vegáætlun var 160 m.kr. Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á um 40 stöðum á vegakerfinu. Stærstu einstöku verkefnin voru vegna endurbóta á Hringvegi í Eldvatnsbotnum, við Litlu kaffistofuna, í Víkurskarði og á Snæfellsnesvegi í Grundarfirði.

*4.1.4.6. Vatnaskemmdir*

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 152 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara. Ekki var um að ræða nein stóráföll á árinu 2005 en þó voru nokkrar skemmdir vegna vatnavaxta á Mýrdalssandi snemma árs og á Austurlandi og Suðausturlandi vegna mikillar úrkomu. Á öðrum stöðum var um minni háttar atvik að ræða.

*4.1.4.7. Viðhald girðinga*

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 58 m.kr. Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Auk þess er Vegagerðinni heimilt samkvæmt 39. gr vegalaga nr. 45 1994 að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög að kosta viðhald girðinga með einstökum vegarköflum þar sem umferð er 300 bílar á dag eða meira að meðaltali yfir sumarmánuði, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð.

### 4.1.5 STOFNKOSTNAÐUR

*4.1.5.0 Fjárveitingar til stofnkostnaðar*

**Bráðabirgðalán**

Bráðabirgðalán standa undir hluta af útgjöldum til stofnkostnaðar hjá Vegagerðinni. Þáttur þeirra hefur þó minnkað mikið undanfarin ár. Lausafjárstaða Vegagerðarinnar var mjög góð allt árið þannig að engin bráðabirgðalán voru tekin á árinu 2005. Tímabundinni fjárvöntun var mætt með lánum milli verkefna. Stór hluti eldri bráðabirgðalána var hins vegar endurlánaður, þar sem enn hefur ekki komið fjárveiting á vegáætlun til að greiða þau upp.

Bráðabirgðalán í árslok, eftir uppfærslu vaxta og verðbóta, námu alls 68,5 m.kr. og eru það nú eingöngu sveitarfélög sem eru lánveitendur. Öll upphæðin er vegna framkvæmda við tengivegi.

| | Árslok 2003 m.kr. | Árslok 2004 m.kr. | Árslok 2005 m.kr. |
|---|---|---|---|
| Stofnvegir | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Tengivegir | 73,2 | 71,6 | 68,5 |
| Safnvegir | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Samtals | 73,2 | 71,6 | 68,5 |

**Fjárveitingar til stofnkostnaðar**


Fjárveitingar til stofnkostnaðar voru samkvæmt vegáætlun 6.317 m.kr. Hafði þá verið tekið tillit til afborgunar af láni vegna vegtenginga við Hvalfjarðargöng 40 m.kr. Innifalið í þessari tölu er m.a. 1.263 m.kr. ríkisframlag umfram markaðar tekjur og framlag til jarðgangaáætlunar 1.200 m.kr.

Á fjáraukalögum 2005 fékk Vegagerðin viðbótarfjárveitingu vegna jarðgangagerðar í Óshlíð 300 m.kr. Fjárveitingar til stofnkostnaðar urðu því alls 6.617 m.kr.

Til grunnnetsins fóru 4.911 m.kr. en 1.706 m.kr. til stofnkostnaðar utan grunnnets. Þar af fóru 555 m.kr. til tengivega.

Á meðfylgjandi súluriti má sjá heildarframlag til stofn- og tengivega á árunum 1965-2005. Upphæðirnar eru á verðlagi ársins 2005.

**Nýbyggingar**



*4.1.5.1 Grunnnet*

Fjárveitingar til stofnkostnaðar í grunnneti vegakerfisins samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 4.951 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til afborgana af láni vegna tenginga Hvalfjarðarganga. Til framkvæmda voru því 4.911 m.kr. Fjárveitingar til grunnnets skiptast í eftirtalda sjö verkefnaflokka.

*4.1.5.1.1. Almenn verkefni*

Fjárveitingar til almennra verkefna voru 400 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.1.2. Verkefni á höfuðborgarsvæði*

Fjárveitingar til verkefna á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt vegáætlun voru 1.200 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.1.3. Verkefni á landsbyggð*

Fjárveitingar til verkefna á landsbyggð samkvæmt vegáætlun voru 1.708 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til greiðslu afborgana lána til ríkissjóðs vegna Hvalfjarðarganga. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.1.4. Orku- og iðjuvegir*

Fjárveitingar til orku- og iðjuvega samkvæmt vegáætlun voru 102 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.1.5. Jarðgangaáætlun*

Fjárveitingar til jarðgangaáætlunar samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 1.200 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.1.6. Landsvegir í grunnneti*

Fjárveitingar til landsvega í grunnneti voru 41 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*Fjáraukalög*

Í fjáraukalögum fyrir árið 2005 var ákveðið að veita 300 m.kr. framlag til jarðgangagerðar í Óshlíð.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar utan grunnnets vegakerfisins samkvæmt vegáætlun voru 1.709 m.kr. Fjárveitingar utan grunnnets skiptast í eftirtalda tíu verkefnaflokka.

*4.1.5.2. Tengivegir*

Fjárveiting til tengivega samkvæmt vegáætlun var 555 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.3. Til brúagerðar*

*4.1.5.3.1. Brýr 10 m og lengri*

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 264 m.kr. samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. 2.

*4.1.5.3.2. Smábrýr*

Fjárveiting til smábrúa var 26 m.kr. Fjárveiting er alfarið notuð til að leggja af einbreiðar brýr. Fjárveitingar voru til eftirfarandi verkefna á árinu 2005.

| Vegnr. Kaflanr. | Vegheiti Kaflaheiti | Fjárveiting 2005 m.kr. |
|---|---|---|
| 35 | Biskupstungnabraut | |
| 08 | Almenningsá | 10 |
| 54 | Snæfellsnesvegur | |
| 20 | Hrappsá | 4 |
| 60 | Vestfjarðavegur | |
| 23 | Naðurdalsá | 7 |
| 946 | Hólalandsvegur | |
| 01 | Grjótá | 5 |
| | Samtals | 26 |

Gerð er grein fyrir einstökum framkvæmdum í fskj. 2.

*4.1.5.4. Ferðamannaleiðir*

Fjárveiting til ferðamannaleiða samkvæmt vegáætlun var 173 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.5. Þjóðgarðavegir*

Fjárveiting til þjóðgarðavega samkvæmt vegáætlun 2005 var 89 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.6. Girðingar*

Fjárveiting til girðinga var 62 m.kr. Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2005 og stöðu þessara mála í árslok.

| | Óafgreitt 1.1.2005 | | Afgreitt 2005 | | Nýjar kröfur | | Óafgreitt 1.1.2006 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Svæði | Girðingar km | Ristar stk. | Girðingar km | Ristar stk. | Girðingar km | Ristar stk. | Girðingar km | Ristar stk |
| Suðursvæði | 253 | 0 | 16 | 0 | 5 | 0 | 242 | 0 |
| Suðvestursvæði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Norðvestursvæði | 131 | 4 | 38 | 1 | 36 | 7 | 129 | 10 |
| Norðaustursvæði | 152 | 6 | 9 | 0 | 8 | 0 | 151 | 6 |
| Samtals | 536 | 10 | 63 | 1 | 49 | 7 | 522 | 16 |

Unnið var að uppgræðslu vegkanta fyrir hluta af nýbyggingarfé vega og sýnir taflan hér að neðan framkvæmdir á árinu 2005 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

| Svæði | Framkvæmdir 2005 Sáning ha. | Áburðardreifing ha. | Samtals ha. | Ósáð 1. jan. 2006 ha. |
|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 47 | 22 | 69 | 42 |
| Suðvesturssvæði | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Norðvesturssvæði | 169 | 196 | 365 | 93 |
| Norðaustursvæði | 345 | 272 | 617 | 460 |
| Samtals | 345 | 490 | 1.051 | 595 |

*4.1.5.7. Landsvegir utan grunnnets*

Fjárveiting til landsvega utan grunnnets var 100 m.kr. og var henni skipt milli svæða Vegagerðarinnar eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

| Svæði | fjárveiting í m.kr. |
|---|---|
| Suðursvæði | 38,0 |
| Suðvesturssvæði | 3,0 |
| Norðvesturssvæði | 28,5 |
| Norðaustursvæði | 32,0 |
| Sameiginleg verkefni | 1,5 |
| Óskipt | 1,4 |
| Geymt frá fyrra ári | -4,4 |
| Samtals | 100,0 |

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

**Suðursvæði**

Fjárveiting til landsvega á Suðursvæði var 38 m.kr. Fjárveitingar voru til endurbóta á Fjallabaksleið nyrðri (F208), Mýrdalsjökulsvegi (222) og Jökulvegi (F985). Fjárveitingum var að öðru leyti varið til smærra viðhalds og þjónustu landsvega á svæðinu.

**Suðvesturssvæði**

Fjárveiting til landsvega á Suðvesturssvæði var 3,0 m.kr. Fjárveitingum var varið til smærra viðhalds og þjónustu landsvega á svæðinu.

**Norðvesturssvæði**

Fjárveiting til landsvega á Norðvesturssvæði var 28,5 m.kr. Fjárveitingar voru til endurbóta á Langjökulsvegi (551), Deildartunguvegi (555), Arnarvatnsvegi (F578) og Mælifellsdalsvegi (756). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

**Norðaustursvæði**

Fjárveiting til landsvega á Norðaustursvæði var 32 m.kr. Fjárveitingar voru til endurbóta á Þórdalsheiðarvegi (F936). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

*4.1.5.8. Safnvegir*

Fjárveitingar til safnvega voru 314 m.kr. og var þeim skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

| | Fjárveiting 2005 í þús. kr. |
|---|---|
| 1. Héraðsnefnd Vestur-Skaftfellinga | 12.353 |
| 2. Héraðsnefnd Rangæinga | 26.112 |
| 3. Héraðsnefnd Árnesinga | 33.763 |
| 4. Héraðsnefnd Suðurnesja | 1.402 |
| 5. Reykjavík | 5.117 |
| 6. Héraðsnefnd Kjósarsýslu | 4.704 |
| 7. Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu | 12.555 |
| 8. Héraðsnefnd Mýrasýslu | 15.198 |
| 9. Vegasamlag Snæfellinga | 13.733 |
| 10. Héraðsnefnd Dalasýslu | 9.585 |
| 11. Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu | 3.241 |
| 12. Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu | 5.722 |
| 13. Vegasamlag Ísafjarðarsýslu | 11.378 |
| 14. Héraðsnefnd Strandasýslu | 7.827 |
| 15. Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu | 11.425 |
| 16. Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga | 11.246 |
| 17. Héraðsnefnd Skagfirðinga | 20.399 |
| 18. Akrahreppur | 5.462 |
| 19. Héraðsnefnd Eyjafjarðar | 21.270 |
| 20. Héraðsnefnd Þingeyinga, Suður-Þingeyjarsýsla | 19.466 |
| 21. Héraðsnefnd Þingeyinga, Norður-Þingeyjarsýsla | 14.169 |
| 22. Héraðsnefnd Múlasýslna | 36.267 |
| 23. Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu | 7.838 |
| Sameiginleg verkefni | 3.768 |
| Samtals | 314.000 |

*4.1.5.9. Styrkvegir*

Fjárveiting var 62 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

*Verkframvinda:* Verkinu lauk að mestu á árinu 2005. Eftir er lokafrágangur á umhverfi.
*Verktaki:* Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 4 |
| 2005 | 71 |
| Samtals | 75 |

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2006 og 2007.

05 Reykjanesbraut – Elliðavatnsvegur
*Umfang verks:* Lögn tveggja akreina Arnarnesvegar um Leirdal frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi og bygging þrennra undirgangna. Einnig mótun og frágangur hljóðmana og göngu- og reiðstíga á svæðinu.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 216 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 100 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 64 |
| Samtals | 164 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í janúar 2004 og lauk í október sama ár.
Verktaki: ÍAV hf., Reykjavík.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 162 |
| 2005 | 2 |
| Samtals | 164 |

*Skýringar:* Verkið er unnið í samvinnu við Kópavogsbæ. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006 og 2008.

**415 Álftanesvegur**

Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Bráðabirgðalán 2005 | 19 |

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 19 |

*Skýringar:* Á árinu 2005 var unnið að hönnun vegarins og greiddur hlutur Vegagerðarinnar til Álftaneshrepps vegna styttingar Álftanesvegar. Fjárveiting er í vegáætlun 2007.

**432 Hallsvegur**

01 Fjallkonuvegur – Víkurvegur
*Umfang verks:* Bygging á nýjum 860 m löngum kafla Hallsvegar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 150 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 1999 | 41 |
| Vegáætlun 2001 | 39 |
| Flutt af Höfðabakka 2001 | 24 |
| Vegáætlun 2002 | 25 |
| Samtals | 129 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í september 2005. Áætluð verklok eru í ágúst 2006.
*Verktaki:* Háfell ehf., Reykjavík.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 2 |
| 2005 | 34 |
| Samtals | 36 |

*Skýringar:* Framkvæmdum var frestað þar sem úrskurðir um mat á umhverfisáhrifum voru kærðir.

**450 Sundabraut**

Sundabraut, undirbúningur
*Umfang verks:* Á undanförnum árum hefur verið unnið að rannsóknum og forhönnun á mismunandi leiðum yfir Kleppsvík og undirbúningi mats á umhverfisáhrifum í samvinnu við Reykjavíkurborg. Aðalráðgjafi er Línuhönnun hf.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 1998 | 20 |
| Vegáætlun 1999 | 41 |
| Vegáætlun 2000 | 41 |
| Vegáætlun 2001 | 54 |
| Vegáætlun 2002 | 50 |
| Vegáætlun 2003 | 50 |
| Vegáætlun 2004 | 51 |
| Vegáætlun 2005 Höfuðborgarsvæði | 50 |
| Samtals | 357 |
| *Kostnaður:* | m.kr. |
| 1998 | 39 |
| 1999 | 17 |
| 2000 | 46 |
| 2001 | 6 |
| 2002 | 9 |
| 2003 | 40 |
| 2004 | 15 |
| 2005 | 11 |
| Samtals | 183 |

*Skýringar:* Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

**480 Ofanbyggðavegur**

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Bráðabirgðalán 2005 | 1 |
| *Kostnaður:* | m.kr. |
| 2005 | 1 |

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna vinnu við frumdrög.

**Göngubrýr og undirgöng**

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 61 |
| Vegáætlun 2005 Höfuðborgarsvæði | 60 |
| Samtals | 121 |

*Skýringar:* Framkvæmdum var frestað.

**Umferðarstýring**

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 20 |
| Vegáætlun 2004 | 31 |
| Vegáætlun 2005 Höfuðborgarsvæði | 30 |
| Samtals | 81 |

*Verkframvinda:* Unnið var að útboði á ljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Reykjavíkurborg.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 1 |
| 2005 | 3 |
| Samtals | 4 |

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

**Smærri verk og ófyrirséð**

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 61 |
| Vegáætlun 2005 Höfuðborgarsvæði | 60 |
| Samtals | 121 |

**Norðvestursvæði**

**1 Hringvegur**

g0 göng – Akrafjallsvegur

*Umfang verks:* Á árunum 1997-1998 var byggður nýr Hringvegur frá Hvalfjarðarvegi að sunnan að Hvalfjarðargöngum og frá Hvalfjarðargöngum að norðan að Hvalfjarðarvegi ásamt nýjum Akrafjallsvegi að Akranesvegi. Á árunum 1996-1997 var unnið að endurbótum á Innrahólmsvegi og Innnesvegi.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Fjáraukalög 1997 | 10 |
| Spölur ehf. (lán) | 411 |
| Lán ríkissjóðs | 120 |
| Vegáætlun 1999 | 82 |
| Vegáætlun 2000 | 75 |
| Vegáætlun 2001 | 63 |
| Vegáætlun 2002 | 63 |
| Vegáætlun 2003 | 60 |
| Vegáætlun 2004 | 61 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 60 |
| Samtals | 1005 |

*Verkframvinda:* Verk hófst 1996 og var vegurinn opnaður fyrir umferð sumarið 1998. Á árunum 1999-2000 var unnið að lagfæringum á vegamótum norðan Hvalfjarðar. Á árunum 2001-2002 var unnið að gerð reiðvegar frá Grafargili og að Fellsendavegi og árunum 2002-2004 var gert við missig á vegfyllingu á Hringvegi og Akrafjallsvegi.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 1996 | 148 |
| 1997 | 426 |
| 1998 | 287 |
| 1999 | 17 |
| 2000 | 17 |
| 2001 | 19 |
| 2002 | 24 |
| 2003 | 21 |
| 2004 | 22 |
| Samtals | 981 |

*Skýringar:* Vegtengingar Hvalfjarðarganga voru fjármagnaðar af lánum Spalar ehf. sem endurgreiðast af veggjaldi og með láni sem ríkissjóður tók 1998. Á árinu 2005 voru endurgreiddar 40 m.kr. af láni ríkissjóðs.

g5-g6 um Borgarnes

*Umfang verks:* Endurbætur á gatnamótum við Digranesgötu og Hringveg.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 71 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 23 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 7 |
| Samtals | 30 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út sumarið 2005 og hófust framkvæmdir í nóvember. Verkinu er ekki lokið en áætluð verklok eru í júní 2006.
*Verktaki:* Borgarverk ehf., Borgarnesi.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 30 |

*Skýringar:* Hluti fjárveitingar sem merkt er köflunum g5-g6 2005 er vegna kafla g7. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

g7 Borgarnes

*Umfang verks:* Bygging hringtorgs á vegamótum Hringvegar og Snæfellsnesvegar.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 59 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2002 | 16 |
| Vegáætlun 2003 | 34 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 13 |
| Samtals | 63 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í október 2002 og hófust framkvæmdir í nóvember. Verkinu lauk í júlí 2003.
*Verktaki:* Borgarverk ehf., Borgarnesi.

*Kostnaður:* m.kr.
2002 ..... 13
2003 ..... 46
2004 ..... 4
Samtals ..... 63
*Skýringar:* Fjárveiting er hluti fjárveitingar sem í vegáætlun er á kafla g5-g6.

h0-h1 Borgarfjarðarbraut – Hrauná
*Umfang verks:* Endurbygging vegar á 6,2 km löngum kafla frá Gljúfurá að Ólafarflóa norðan Grafarkots. Bætt var við verkið fyllingu á 3 km kafla norðan við útboðskaflann m.a. yfir Ólafarflóa til að fá fram sig á næsta áfanga.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 390 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2004 ..... 11
Vegáætlun 2005
Verkefni á landsbyggð .... 153
Bráðabirgðalán 2005 ..... 133
Samtals ..... 297
*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í ágúst 2004 og hófust framkvæmdir í október það ár. Unnið var við verkið mikinn hluta ársins 2005. Lagt var slitlag á um 3 km í júlí og í desember var lagt slitlag á hluta kaflans, um 2 km og hann tekinn í notkun. Í lok ársins var unnið að fyllingu um Ólafarflóa. Verklok eru áætluð í ágúst 2006.
*Verktaki:* KNH ehf., Ísafirði.
*Kostnaður:* m.kr.
2004 ..... 76
2005 ..... 221
Samtals ..... 297
*Skýringar:* Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 2006-2008.

j3 Hrútafjarðará
k1 Síká (Hrútafirði)
*Umfang verks:* Nýlagning 3,5 km vegar frá núverandi brú á Selá á Djúpvegi inn á Hringveginn utan Staðarskála og breikkun á 3 km kafla á núverandi Djúpvegi frá Brú að Selá. Bygging 65 m brúar á Hrútafjarðará og breikkun 20 m brúar á Selá.
*Fjármögnun:* m.kr.
Bráðabirgðalán 2005 ..... 4
*Framvinda:* Unnið hefur verið að undirbúningi verksins. Áætlað er að bjóða það út 2006.
*Kostnaður:* m.kr.
2005 ..... 4
*Skýringar:* Fjárveitingar eru til verksins 2006 til 2008.

m6 gatnamót við Varmahlíð
*Umfang verks.* Útvíkkun og stefnugreining á vegamótum Hringvegar og Sauðárkróksbrautar við Varmahlíð.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 41 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005
Almenn verkefni ..... 20
*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í nóvember, áætluð verklok eru 2006. Kostnaður 2005 er hönnunarkostnaður.
*Verktaki:* Fjörður ehf.
*Kostnaður:* m.kr.
2005 ..... 2
*Skýringar:* Fjárveiting er til verksins á vegáætlun 2006.

n0-n1 Norðurárdalur
*Umfang verks:* Endurbygging á 14 km löngum kafla um Norðurárdal í Skagafirði ásamt byggingu brúa á Kotá, Norðurá og Króká.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2003 ..... 10
Vegaáætlun 2004 ..... 52
Vegáætlun 2005
Verkefni á landsbyggð .... 200
Samtals ..... 262
*Verkframvinda:* Unnið hefur verið að verkhönnun og samningum við landeigendur á árinu. Áætlað er að verkið verði boðið út í apríl 2006.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 10 |
| 2004 | 2 |
| 2005 | 18 |
| Samtals | 30 |

*Skýringar:* Í tengslum við verkið Strandvegur á Sauðárkróki voru unnir 14.300 $m^3$ af rofvarnargrjóti á lager 2004. Kostnaður 2004 og 2005 er vegna hönnunar.

**50 Borgarfjarðarbraut**

01 um Andakílsá

*Umfang verks:* Ný brú byggð í stað einbreiðrar brúar á Andakílsá ásamt 0,5 km vegtengingu að brúnni.

*Framkvæmdaform:* Samningur.

*Kostnaðaráætlun:* 97 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Til brúargerðar | 73 |
| Tengivegir | 15 |
| Samtals | 88 |

*Verkframvinda:* Framkvæmdir við brúargerð hófust í desember 2004 og lauk verkinu sumarið 2005.

*Verktakar:* Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Þróttur ehf., Akranesi.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 15 |
| 2005 | 63 |
| Samtals | 78 |

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2006. Ákveðið var að flýta framkvæmdum til að hægt væri að ljúka byggingu brúarinnar fyrir upphaf veiðitíma í ánni.

02-03 Andakílsá – Kleppjárnsreykir

*Umfang verks:* Endurbygging á 9,2 km löngum kafla frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum og 68 m langri brú á Flókadalsá. Bygging á 7,9 km löngum nýjum vegi frá Andakílsá að Hesti og endurbygging á 3,5 km löngum kafla frá Hesti að Hnakkatjarnarlæk ásamt byggingu á 88 m langri brú á Grímsá.

*Framkvæmdaform:* Vegagerð, útboð. Smíði stálbita í Flókadalsá og Grímsá, útboð. Bygging brúa, samningur.

*Kostnaðaráætlun:* 485 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 1996 | 39 |
| Vegáætlun 1997 | 30 |
| Vegáætlun 1998 | 100 |
| Vegáætlun 1999 | 69 |
| Vegáætlun 2000 | 86 |
| Fjáraukalög 2000 | 3 |
| Vegáætlun 2001 | 70 |
| Vegáætlun 2002 | 42 |
| Vegáætlun 2003 | 8 |
| Vegáætlun 2004 | 75 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 10 |
| Flutt af Vestfjarðavegi 60-01 | 3 |
| Samtals | 535 |

*Verkframvinda:* Framkvæmdir við kaflann frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum hófust síðla árs 1998 og var lagt á hann neðra lag klæðingar haustið 1999. Einnig var lokið við byggingu brúar yfir Flókadalsá sumarið 1999. Lokið var við lögn efra lags klæðingar á þann kafla á árinu 2000. Haustið 1999 hófust framkvæmdir við kaflann milli Andakílsár og Hnakkatjarnarlækjar og við undirstöður brúar yfir Grímsá. Haustið 2000 var lokið við byggingu brúar á Grímsá og lögn klæðingar á kaflann frá Hesti að Hnakkatjarnarlæk. Á árinu 2001 var lokið við byggingu vegar frá Hesti að Andakílsá ásamt 3,2 km kafla á Skorradalsvegi. Á árinu 2002 var unnið að lokafrágangi og lögn slitlags.

*Verktaki:* Vegagerð, Hnakkatjarnarlækur - Kleppjárnsreykir, LG vöruflutningar ehf., Borgarnesi. Vegagerð, Andakílsá - Hnakkatjarnarlækur, Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni. Stálsmíði brúa yfir Flókadalsá og Grímsá, Formaco ehf., Reykjavík. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 1996 | 3 |
| 1997 | 3 |
| 1998 | 9 |
| 1999 | 167 |
| 2000 | 205 |
| 2001 | 130 |
| 2002 | 16 |
| 2003 | 1 |
| 2004 | 1 |
| Samtals | 535 |

*Skýringar:* Framkvæmdum var frestað 1996 og 1997 vegna ágreinings um vegstæði. Kostnaður þau ár er vegna hönnunar á svonefndri sáttaleið. Kostnaður á árinu 2004 var vegna lagfæringu á reiðvegi.

**52 Uxahryggjavegur**

11 Kaldadalsvegur – Smjörbrekka

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Inneign frá fyrri áfanga | 34 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Þjóðgarðavegir | 37 |
| Samtals | 71 |

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 5 |

*Skýringar:* Á árunum 2003-2005 sá Suðursvæði um framkvæmdir á kaflanum um Sandkluftavatn. Þeim framkvæmdum er lokið og eru fjárveitingar til Uxahryggjavegar því nú taldar til Norðvestursvæðis. Kostnaður á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings framkvæmda. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

**54 Snæfellsnesvegur**

09 um Vatnsholtsá

*Umfang verks:* Ný brú byggð í stað einbreiðrar brúar á Vatnsholtsá og hún tengd.

*Framkvæmdaform:* Samningur.

*Kostnaðaráætlun:* 32 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 26 |
| Flutt af Staðará 54-08 | 2 |
| Samtals | 28 |

*Verkframvinda:* Framkvæmdir hófust í september og var brúin opnuð fyrir umferð í nóvember. Lagningu bundins slitlags og lokafrágangs var frestað til vors 2005 og lokið þá.

*Verktakar:* Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Tenging brúar, Stafnafell ehf., Snæfellsbæ.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 25 |
| 2005 | 3 |
| Samtals | 28 |

10 Bjarnarfoss – Egilsskarð

*Umfang verks:* Endurbygging á Snæfellsnesvegi á 3,4 km kafla frá Bjarnarfossi að Egilsskarði ásamt endurbyggingu 8,1 km kafla á Útnesvegi frá nýjum vegamótum Snæfellsnesvegar við Fróðárheiði að Kambsgili.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 203 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Skuld frá fyrri áfanga | -6 |
| Vegáætlun 1999 | 10 |
| Vegáætlun 2000 | 98 |
| Fjáraukalög 2000 | 2 |
| Vegáætlun 2001 | 82 |
| Flutt af 574-01 | 27 |
| Vegáætlun 2004 | 12 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 2 |
| Tengivegir | 4 |
| Samtals | 231 |

*Verkframvinda:* Verkið hófst í desember 1999 og var því lokið að mestu haustið 2001. Kostnaður ársins 2002 er að mestu vegna fokskemmda á klæðingu.

*Verktaki:* Klæðning ehf., Garðabæ.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 1999 | 15 |
| 2000 | 86 |
| 2001 | 125 |
| 2002 | 6 |
| Samtals | 232 |

*Skýringar:* Endurbygging Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar við Fróðárheiði var boðin út sameiginlega þar sem

nokkur tilfærsla verður á vegunum þar sem þeir koma saman og nauðsynlegt var að verkin væru unnin samtímis. Því er fjárveiting í vegáætlun til Útnesvegar talin með þessu verkefni. Hluti fjárveitinga frá 1994 og 1995 sem voru til Útnesvegar um Klifhraun eru fluttar til þessarar framkvæmdar þar sem ekki hefur verið hægt að nýta þær vegna ákvörðunar umhverfisráðherra um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum.

15 Kolgrafafjörður
*Umfang verks:* Bygging 7,3 km langs vegar um Kolgrafafjörð ásamt 230 m langri brú á fjörðinn.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 860 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2002 | 21 |
| Flutt á Vatnaleið 2003 | -12 |
| Vegáætlun 2003 | 180 |
| Vegáætlun 2004 | 255 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 224 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 202 |
| Samtals | 870 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2001-2002 var unnið að rannsóknum og undirbúningi. Verkið var boðið út í febrúar 2003 og hófust framkvæmdir í maí það ár. Samkvæmt upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að ljúka verkinu haustið 2005 en samið var um að flýta opnun vegarinns fyrir almenna umferð til haustsins 2004. Seinna lag klæðingar var lagt 2005 og unnið að ýmsum frágangi. Verkinu er nú lokið.
*Verktaki:* Háfell ehf., Reykjavík.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2001 | 8 |
| 2002 | 7 |
| 2003 | 438 |
| 2004 | 362 |
| 2005 | 55 |
| Samtals | 870 |

*Skýringar:* Kostnaður 2001 og 2002 er vegna undirbúningsrannsókna í Kolgrafafirði. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2007.

**60 Vestfjarðavegur**
01-02 um Bröttubrekku
*Umfang verks:* Fyrsti áfangi verksins var endurbygging á 5,6 km löngum vegi frá Brúnkollugili ofan Suðurár að Breiðabólstað og var hann boðinn út 1999. Í lok árs 2000 var boðinn út 11,3 km langur kafli frá Hringvegi og yfir Bröttubrekku.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 1. áfangi: 90 m.kr. 2. áfangi: 436 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 1999 | 56 |
| Vegáætlun 2000 | 56 |
| Fjáraukalög 2000 | 2 |
| Vegáætlun 2001 | 78 |
| Vegáætlun 2002 | 250 |
| Vegáætlun 2003 | 83 |
| Vegáætlun 2004 | 48 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 88 |
| Flutt til 50-02 | -3 |
| Samtals | 658 |

*Verkframvinda:* Framkvæmdir við 1. áfanga hófust haustið 1999 og lauk í september 2000. Framkvæmdir við 2. áfanga hófust snemma árs 2001 og þeim lauk í september 2003. Eftir að fór fram uppgjör landbóta og smávægilegar lagfæringar á göllum.
*Verktaki:* 1. áfangi, Tak ehf., Borgarnesi. 2. áfangi, Arnarfell ehf., Akureyri.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 1999 | 13 |
| 2000 | 78 |
| 2001 | 58 |
| 2002 | 193 |
| 2003 | 311 |
| 2004 | 3 |
| 2005 | 2 |
| Samtals | 658 |

07 Búðardalur – Klofningsvegur
*Umfang verks:* Framhald á verki sem hófst 1995. Á árinu 1999 var boðin út endurbygging á 6 km löngum kafla, frá Klofasteinum að Glerárskógum sem er síðasti áfanginn í endurnýjun kaflans Búðardalur - Klofningsvegur. Enn er þó eftir að breikka einbreiðar brýr.
*Framkvæmdaform:* Útboð 1995. Samningur 1997 og 1998. Útboð 1999.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 1995 | 34 |
| Vegáætlun 1996 | 14 |
| Vegáætlun 1997 | 7 |
| Viðhaldsfé 1997 | 3 |
| Vegáætlun 1998 | 11 |
| Vegáætlun 1999 | 49 |
| Vegáætlun 2000 | 10 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 6 |
| Samtals | 134 |

*Verkframvinda:* Verk hafið 1995 og lokið var við síðasta verkáfangann í júlí 2000 með lögn á efra lagi klæðingar og frágangi vinnusvæða.
*Verktaki:* Útboð 1995, Borgarverk ehf., Borgarnesi. Samningur 1997 og 1998, Borgarverk ehf., Borgarnesi og Gilbert Elísson, Búðardal, um gerð reiðvegar. Einnig vann vinnuflokkur Vegagerðarinnar lítillega að öðrum hluta. Útboð 1999, Berglín ehf., Stykkishólmi.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 1995 | 40 |
| 1996 | 6 |
| 1997 | 24 |
| 1998 | 5 |
| 1999 | 50 |
| 2000 | 9 |
| Samtals | 134 |

*Skýringar:* Fjárveiting 2005 var notuð til greiðslu bráðabirgðaláns.

10 og 21 Gilsfjörður
*Umfang verks:* Nýbygging á 9,2 km löngum vegi yfir Gilsfjörð og 65 m langri brú í norðanverðum firðinum.
*Framkvæmdaform:* Útboð.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 1993 | 16 |
| Vegáætlun 1994 | 27 |
| Vegáætlun 1995 | 65 |
| Vegáætlun 1996 | 124 |
| Vegáætlun 1997 | 181 |
| Vegáætlun 1998 | 394 |
| Vegáætlun 1999 | 76 |
| Vegáætlun 2000 | 30 |
| Vegáætlun 2001 | 26 |
| Vegáætlun 2002 | 26 |
| Vegáætlun 2003 | 21 |
| Vegáætlun 2004 | 15 |
| Flutt til kafla 60-09 | -6 |
| Samtals | 995 |

*Verkframvinda:* Verk hófst í febrúar 1996 og voru verklok áætluð í júlí 1999. Lögn slitlags á veginn lauk 20. október og vígði samgönguráðherra veginn 30. október 1998. Unnið var að frágangi til áramóta 1998-9 og var verki að fullu lokið snemma sumars 1999.
*Verktaki:* Klæðning ehf., Garðabæ.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 1993 | 10 |
| 1994 | 2 |
| 1995 | 32 |
| 1996 | 248 |
| 1997 | 280 |
| 1998 | 361 |
| 1999 | 38 |
| 2000 | 4 |
| 2001 | 1 |
| 2002 | 5 |
| 2003 | 4 |
| 2004 | 5 |
| 2005 | 5 |
| Samtals | 995 |

*Skýringar:* Kostnaður árin 2000-2005 er vegna umhverfisrannsókna. Að öðru leyti eru fjárveitingar notaðar til greiðslu skulda. Síðasta lota rannsókna á staðnum var á árinu 2003 en úrvinnslu lauk á árinu 2005.

23 um Laxá
*Umfang verks:* Endurbygging á um 1 km löngum kafla um Laxá og Naðurdalsá í Króksfirði ásamt nýrri brú á Laxá og stálplöturæsi í Naðurdalsá.
*Framkvæmdaform:* Samningur og útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 75 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Til brúargerðar | 50 |
| Almenn verkefni | 31 |
| Til smábrúa | 7 |
| Samtals | 88 |

*Verkframvinda:* Á árinu 2004 var boðin út framleiðsla niðurrekstrarstaura fyrir Laxá í Króksfirði. Brúin var byggð fyrri hluta sumars, vegurinn að henni var boðinn út í ágúst og lagður síðastliðið haust. Eftir er að leggja bundið slitlag og ganga frá vinnusvæðinu. Verklok eru áætluð í júlí 2006.
*Verktaki:* Við vegagerð, Ístrukkur ehf. Vinnuflokkur vegagerðarinnar byggði brúna.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 7 |
| 2005 | 65 |
| Samtals: | 72 |

**60 Vestfjarðavegur**
Stórverkefninu, Vestfjarðavegur, Svínadalur – Flókalundur, sem áður var Bjarkarlundur – Flókalundur, eru ætlaðar fjárveitingar í vegáætlun 2000-2008, þar á meðal viðbótarfé 2003 og 2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins. Innistæða er á verkefninu í heild frá 2004 að upphæð 70 m.kr. fjárveiting 2005 er 100 m.kr., samtals 170 m.kr.

09 um Svínadal
*Umfang verks:* Endurbygging á 13,5 km kafla um frá Laugum að Bersatungu. Meðal annars á að lengja stokk í Svínadalsá á Jónsvaði og leggja víða stálhólka í Svínadalsá á Steinsvaði og Brekkuá.
*Framkvæmdaform:* Vegagerð, útboð. Lenging stokks á Svínadalsá, samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 437 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Inneign frá fyrri áföngum | 70 |
| Flutt af Gilsfirði | 6 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 89 |
| Samtals | 165 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í október og hófst vinna seint í nóvember. Áætlað er að leggja slitlag á hluta kaflans á næsta ári en verkinu á að ljúka 2007.
*Verktaki:* Vegagerð, KNH ehf., Ísafirði. Lenging stokks á Svínadalsá, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 37 |

*Skýringar:* Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

25-28 Gufudalssveit
*Umfang verks:* Unnið hefur verið að mati á umhverfisáhrifum og undirbúningi vegagerðar frá Þorskafirði vestur í Kollafjörð.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 9 |

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 9 |

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna mats á umhverfisáhrifum og hönnunar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

29 Eyrará – Múli
*Umfang verks:* Um er að ræða nýjan kafla 3,16 km langan ásamt nýrri 16 m langri brú á Múlaá og stálræsi í Eyrará.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 125 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 50 |
| Vegáætlun 2004 | 61 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 2 |
| Samtals | 113 |

*Verkframvinda:* Í júní 2003 var verkið boðið út í tveimur útboðum. Bygging brúarinnar hófst í ágúst og lauk að mestu á árinu. Lítið eitt var byrjað á vegagerð á árinu 2003. Verklok voru haust 2004, nema að á árinu 2005 var lokið við lögn síðara lags slitlags.
*Verktakar:* Brúargerð, Íslenskir verktakar ehf., Mosfellsbæ. Vegagerð, Fylling ehf., Hólmavík.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 33 |
| 2004 | 78 |
| 2005 | 2 |
| Samtals | 113 |

**61 Djúpvegur**
10 Forvaði – Þorpar
*Umfang verks:* Endurleggja á 6,4 km langan kafla með bundnu slitlagi. Meðal annars liggur kaflinn um Hvalsárhöfða og Grindarkrók þar sem óhöpp hafa verið tíð. Á þessum kafla þarf að fara út í sjó og koma fyrir nokkuð mikilli rofvörn.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 123 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Innistæða fyrri áfanga | 16 |
| Flutt á kafla 09 | -3 |
| Vegáætlun 2003 | 58 |
| Vegáætlun 2004 | 50 |
| Samtals | 121 |

*Verkframvinda:* Verkið hófst í nóvember 2003, unnið var allan veturinn og slitlag lagt um sumarið 2004. Endanleg verklok voru haustið 2004.
*Verktaki:* Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

| Kostnaður: | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 10 |
| 2004 | 88 |
| Samtals | 98 |

04-36 Breikkun slitlaga
*Umfang verks:* Markmiðið er að breikka sem mest af því slitlagi á Djúpvegi sem var lagt einbreitt á sínum tíma. Víðast þarf líka að breikka veginn sjálfan. Alls er um að ræða 32 km þar sem slitlag er einbreitt. Fyrst var tekinn fyrir 10 km kafli í Hrútafirði frá Kjörseyri að Prestbakka.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 81 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 17 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í september, en ekki hafið á árinu, þannig að einungis var unnið að undirbúningi.
*Verktaki:* Fylling ehf., Hólmavík.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 2 |

*Skýringar.* Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

**61 Djúpvegur**
Stórverkefninu, Ísafjarðardjúp, eru ætlaðar fjárveitingar í vegáætlun 2000-2006, þar á meðal viðbótarfé 2003 til 2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins. Mörk svæðisins að utanverðu eru í Álftafirði.
Fjárveiting árið 2005 er 45 og 60 m.kr., eða samtals 105 m.kr.

26-29 Ísafjörður – Mjóifjörður
*Umfang verks:* 1. áfangi um Svansvík. Nýlögn 3,5 km kafla frá stað innan Svansvíkur að Rauðagarði.
*Framkvæmdaform:* Útboð.

| *Kostnaðaráætlun:* | m.kr. |
|---|---|
| 1. áfangi | 93 |

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 33 |

*Verkframvinda:* 1. áfangi verksins var boðinn út í ágúst 2005 og vinna hafin í nóvember. Áætluð verklok á þessum kafla eru 2006.

*Verktaki:* KNH ehf., Ísafirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 29 |

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

32-34 Kleifar – Hestur
*Umfang verks:* Lagfæra á 31,5 km langan kafla og leggja á hann bundið slitlag. Endurgera þarf grjótvörn á mjög löngum köflum.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 550 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Flutt til Þorskafjarðarheiðar | -11 |
| Vegáætlun 2003 | 270 |
| Vegáætlun 2004 | 206 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 72 |
| Samtals | 537 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í júní 2003 og hófst í ágúst. Unnið var að breikkun og grjótvörn í Hestfirði á árinu 2003 og voru þeir verkþættir langt komnir á 10 km kafla. Á árinu 2004 var haldið áfram í Hestfirði og Skötufirði og um áramótin voru 4 km eftir í fyllingum og rofvörn og um 8 km af fyrra lagi klæðingar. Talsverður frágangur var eftir sem og efra lag slitlags á allan kaflann. Verkinu lauk um mitt sumar 2005.
*Verktaki:* Klæðning ehf., Kópavogi.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 114 |
| 2004 | 301 |
| 2005 | 122 |
| Samtals | 537 |

38 - 39 Súðavíkurhlíð og Kirkjubólshlíð
*Umfang verks:* Breikkun rása í Súðavíkurhlíð og Kirkjubólshlíð.
*Framkvæmdaform:* Framkvæmdir 2003-2005, samningar.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 16 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 20 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 5 |
| Samtals | 41 |

*Verkframvinda:* Sumarið 2003 var unnið að breikkun rása í Súðavíkurhlíð á heppilegum tíma. Sumarið 2004 var haldið áfram með breikkun rása á Súðavíkurhlíð og hreinsað að klöpp á snjóflóðasvæði milli gilja nr. 7-12. Verki var ekki lokið. Einnig var sprengdur stór skápur í gili nr. 7. Efni úr því m.a. notað í breikkun vegar fyrir Arnarnes (þar var síðan sett vegrið) og á Kirkjubólshlíð, þar sem áform eru um að setja vegrið. Sumarið 2005 var enn unnið við breikkun á rás á Súðavíkurhlíð á milli gilja 7 til 10. Mest var þó unnið við lagfæringu fláa á Kirkjubólshlíð. Heppilegt var að gera þetta í tengslum við efnistöku í gerð öryggissvæða við flugvöllinn.
*Verktaki:* Framkvæmdir 2003-2005, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 2 |
| 2004 | 14 |
| 2005 | 25 |
| Samtals | 41 |

*Skýringar:* Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

45 Óshlíð
*Umfang verks:* Varnir gegn hruni á Eyrarhlíð og Óshlíð. Gröftur snjóflóðaskápa og uppsetning stálþils.
*Framkvæmdaform:* Samningur.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Skuld frá fyrri áfanga | -2 |
| Vegáætlun 2004 | 22 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 12 |
| Samtals | 32 |

*Verkframvinda:* Verkið boðið út í júlí 2004. Eftir að öllum tilboðum hafði verið hafnað var samið um framkvæmd

verksins. Verk hófst í september og var það ár búið að grafa alla skápa og setja upp 4 þil á Óshlíð. Vegna slæmrar tíðar náðist ekki að setja upp 2 þil á Óshlíð og 2 þil á Eyrarhlíð. Lokið var við uppsetningu þilsins 2005.
*Verktaki:* KNH ehf., Ísafirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 2 |
| 2004 | 22 |
| 2005 | 8 |
| Samtals | 32 |

*Skýringar:* Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

45 Óshyrnugöng
*Umfang verks:* Gerð jarðganga á ysta hluta Djúpvegar milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Fjáraukalög 2005 | 300 |
| *Kostnaður:* | m.kr. |
| 2005 | 3 |

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna undirbúnings verksins.

**76 Siglufjarðarvegur**
06 um Hofsá
*Umfang verks:* Endurbygging vegar á 0,5 km löngum kafla og 38 m langt stálbogaræsi yfir Hofsá í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 36 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2000 | 10 |
| Vegáætlun 2003 | 25 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 3 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 4 |
| Samtals | 42 |

*Verkframvinda:* Verki lauk á árinu 2003.
*Verktaki:* Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 42 |

*Skýringar:* Fjárveiting ársins 2005 var notuð til greiðslu á bráðabirgðaláni. Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

13 Gránugata
*Umfang verks:* Endurbygging þjóðvegar innan þéttbýlis á Siglufirði á 450 m löngum kafla.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 38 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 30 |
| Vegaáætlun 2004 | 7 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 14 |
| Samtals | 51 |

*Verkframvinda:* Verki lauk á árinu 2003.
*Verktaki:* Bás ehf., Siglufirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 50 |

Fjárveitingin ársins 2005 var notuð til greiðslu á bráðabirgðaláni

**503 Innnesvegur**
02 Esjubraut/Garðagrund, hringtorg.
*Umfang verks:* Gerð hringtorgs í samvinnu við Akraneskaupstað.
*Framkvæmdaform:* Útboð.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 1 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 11 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 10 |
| Samtals | 22 |

*Framvinda:* Verkið var unnið síðla árs en ekki tókst að ljúka því alveg. Lagfæringar eru eftir á slitlagi.
*Verktaki:* Þróttur ehf., Skilmannahreppi.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 21 |

*Skýringar:* Hér er einungis talinn kostnaður Vegagerðarinnar. Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

**504 Leirársveitarvegur**
01 Leirá – Svínadalsvegur

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Bráðabirgðalán 2005 | 1 |
| *Kostnaður:* | m.kr. |
| 2005 | 1 |

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings.

Fjárveitingar eru í vegáætlun 2007 og 2008.

**506 Grundartangavegur**

01 Hringvegur – Hafnarsvæði
*Umfang verks:* Bygging á nýjum 2,1 km löngum vegi að verksmiðjusvæði á Grundartanga.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 70 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 30 |
| Vegáætlun 2004 | 21 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 23 |
| Samtals | 74 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í nóvember 2003. Vegna tafa á afgreiðslu skipulags hófust framkvæmdir ekki fyrr en í lok mars 2004. Verklok, sem áætluð voru í september 2004, drógust því fram á vetur og þurfti því að fresta frágangi og lögn efra lags klæðingar fram á vorið 2005. Verkinu lauk ekki á árinu 2005.
*Verktaki:* Þróttur ehf., Skilmannahreppi.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 1 |
| 2004 | 53 |
| 2005 | 8 |
| Samtals | 62 |

**508 Skorradalsvegur**

02 Dragavegur – Hvammur
*Umfang verks:* Endurbygging á 1,3 km kafla Skorradalsvegar frá Dragavegi að Vatnsenda.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 22 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Skuld frá fyrri áfanga | -19 |
| Vegáætlun 2003 | 35 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 4 |
| Samtals | 20 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í mars 2003. Verklok voru í september 2003.
*Verktaki:* Þróttur ehf., Skilmannahreppi.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 20 |

*Skýringar:* Hluti fjárveitingar 2003 var notuð til greiðslu skulda frá fyrri áfanga Skorradalsvegar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006 og 2007.

**513 Bæjarsveitarvegur**

01 Borgarfjarðarbraut – Laugarholt
*Umfang verks:* Vegurinn sem er 2,4 km að lengd var endurbyggður og lagður bundnu slitlagi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 21 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 25 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 5 |
| Samtals | 30 |

*Verkframvinda:* Framkvæmdin var boðin út í apríl 2003 og hófust framkvæmdir í mars. Verkinu lauk í september það ár, nema að seinna lag klæðingar sem var lagt 2004.
*Verktaki:* Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 25 |
| 2004 | 5 |
| Samtals | 30 |

*Skýringar:* Fjárveiting 2005 var notuð til greiðslu bráðabirgðaláns.

**518 Hálsasveitarvegur**

03 Stóri Ás – Húsafell
*Umfang verks:* Endurbygging vegar á 8,0 km löngum kafla frá Stóra Ási að Húsafelli.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 145 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 61 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 95 |
| Samtals | 156 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í maí 2004. Framkvæmdir hófust í október sama ár og héldu áfram óslitið fram á haust 2005, en varð ekki lokið.

Eftir er m.a. að leggja seinna lag slitlags.
*Verktaki:* Jörvi ehf., Hvanneyri.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 28 |
| 2005 | 98 |
| Samtals | 126 |

**574 Útnesvegur**

01 Gröf – Arnarstapi
*Umfang verks:* Nýlögn á 7 km löngum vegarkafla um Klifhraun frá Gröf að Arnarstapa.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 161 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Inneign frá fyrri áfanga | 15 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 38 |
| Ferðamannaleiðir | 26 |
| Samtals | 79 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í maí og hófst í júlí. Um áramót var gerð fyllingar langt komin. Verklok eru áætluð 2006.
*Verktaki:* Stafnafell ehf.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 49 |

*Skýringar.* Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 2006 og 2007.

10 Ólafsvík, lýsing
*Verkumfang:* sett upp lýsing á vegarkafla.
*Framkvæmdaform:* Samningur

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 3 |

*Verkframvinda:* Verkið var unnið síðla sumars 2005.
*Verktaki:* Rarik

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 3 |

**585 Hlíðarvegur**

01 um Svarfhól
*Umfang verks:* Bygging á nýjum 1,5 km löngum vegarkafla um Svarfhól.
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 6 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 6 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 5 |
| Samtals | 11 |

*Verkframvinda:* Verkið var að mestu unnið í júlí og ágúst 2004. Verkinu er lokið.
*Verktaki:* Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 10 |
| 2005 | 1 |
| Samtals | 11 |

**636 Hafnarvegur Ísafirði**

01 Djúpvegur – Höfn
*Umfang verks:* Endurgerð vegamóta Hafnarvegar á Ísafirði (Pollgötu) og Djúpvegar (Skutulsfjarðarbrautar).
*Framkvæmdaform:* Samningur.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 1999 | 26 |
| Vegáætlun 2000 | 5 |
| Flutt af flóabátum 2001 | 14 |
| Vegáætlun 2005 | 18 |
| Almenn verkefni | 9 |
| Samtals | 72 |

*Verkframvinda:* Árið 1999 var gengið frá 200 m löngum kafla á Hafnarvegi á Ísafirði (Pollgötu) og hann tengdur til bráðabirgða inn á Djúpveg (Skutulsfjarðarbraut). Árið 2000 var endurgerð grjótvörn á nokkrum kafla á Djúpvegi við vegamótin. Árið 2001 var lagt hringtorg á vegamótin. Árin 2004 til 2005 var vegurinn færður lítilega við Edinborgarhús og lagfærð gatnamót við Mjósund.
*Verktakar:* Ýmsir verktakar og vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 1999 | 27 |
| 2000 | 2 |
| 2001 | 34 |
| 2004 | 1 |
| 2005 | 8 |
| Samtals | 72 |

**643 Strandavegur**

04-05 Ásmundarnes – Eyjar

*Umfang verks:* Nýlögn og styrking á 11,2 km kafla frá Ásmundarnesi yst í Bjarnarfirði að Eyjum. Fyrsti áfangi verksins, 5,1 km, frá Ásmundarnesi að Illholti var boðinn út árið 2003.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

| *Kostnaðaráætlun:* | m.kr. |
|---|---|
| 1. áfangi | 57 |
| *Fjármögnun:* | m.kr. |
| Inneign frá fyrra verki | 6 |
| Vegáætlun 2003 | 23 |
| Vegáætlun 2004 | 26 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Ferðamannaleiðir | 26 |
| Samtals | 81 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í apríl 2003 og hófst vinna í ágúst. Lokið var fyrir áramót að leggja burðarlag á kaflann. Á árinu 2004 var lokið við frágang og mölburð, eins og efni dugði. Meira efni unnið 2004 og kaflinn mölborinn 2005.

*Verktaki:* Fylling ehf., Hólmavík. Efnisvinnsla: Sigurþór P. Þórisson, Hvalskeri, Patreksfirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 45 |
| 2004 | 14 |
| 2005 | 4 |
| Samtals | 63 |

*Skýringar:* Í ágúst 2005 var boðinn út annar kafli en verkið hófst ekki á árinu. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

**645 Drangsnesvegur**

01 Reykjarnes – Drangsnes

*Umfang verks:* Nýlögn og að hluta endurlögn á samtals 3,2 km kafla um Selströnd milli Skáruklettaness og Fiskiness. Ennfremur lögn bundins slitlags milli Kleifa og Akraness, um 2,1 km. Árið 2005 var samið um að stækka verkið með vegarkafla milli hinna tveggja um Spönsku vík. Kaflinn varð þá samtals 7 km.

*Framkvæmdaform:* Útboð/samningur

| *Kostnaðaráætlun:* | m.kr. |
|---|---|
| Útboðsverk | 96 |
| Viðbótarsamningur | 30 |
| Samtals | 126 |
| *Fjármögnun:* | m.kr. |
| Inneign frá fyrri áfanga | 6 |
| Vegáætlun 2004 | 41 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 55 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 15 |
| Samtals | 117 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út vorið 2004. Verkið hófst í byrjun mars 2005 og lauk í september 2005.

*Verktakar:* Kubbur ehf. og Tak malbik ehf.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 1 |
| 2005 | 116 |
| samtals | 117 |

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

02 Lýsing Drangsnesi

*Umfang verks:* Lengd og bætt lýsingin nyrst í þorpinu.

*Framkvæmdaform:* Samningur.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 2 |

*Verkframvinda:* Verkið var unnið í september 2005.

*Verktaki.* Orkubú Vestfjarða.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 2 |

**702 Heggstaðanesvegur**

02 Bálkastaðir – Heggstaðir

| *Fjárveiting:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 15 |
| *Kostnaður:* | m.kr. |
| 2005 | 1 |

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings. Framkvæmdum var frestað til 2006.

**711 Vatnsnesvegur**

02 um Hamarsá

*Umfang verks:* Nýbygging á 1,0 km löngum kafla á Vatnsnesvegi og endurbygging á brú á Hamarsá í steyptan stokk.

*Framkvæmdaform:* Bygging brúar, samningur. Vegagerð, útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 25 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 30 |
| Flutt á kafla 711-05 | -1 |
| Samtals | 29 |

*Verkframvinda:* Byggingu brúarstokks lauk í júní 2004. Lagningu vegar lauk í október 2004. Á árinu 2005 var unnið að frágangi og girðingum.

*Verktaki:* Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, KNH ehf., Ísafirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 28 |
| 2005 | 1 |
| Samtals | 29 |

04 Tjarnará – Þórsá

*Umfang verks:* Endurbygging og styrking vegar á 10 km löngum kafla.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 30 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | |
| Tengivegir | 30 |

*Verkframvinda:* Verki lauk á árinu 2003.

*Verktaki:* B. Ásvaldur Benediktsson ehf., Hvammstanga.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 18 |
| 2005 | 1 |
| Samtals | 19 |

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna greiðslu landbóta.

05 Ósar – Hólaá

*Umfang verks:* Endurlögn 6 km kafla og styrking á 0,9 km kafla á milli Hólaár og Þorfinnsstaða.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 45 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Flutt af kafla 711-02 | 1 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 45 |
| Samtals | 46 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í júlí 2005 og hófst í september. Búið er að leggja út fyllingar og neðra burðarlag en lögn malarslitlags og frágangur er eftir. Áætlað er að verkinu ljúki fyrir hluta sumars 2006.

*Verktaki:* KNH ehf., Ísafirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 38 |

**715 Víðidalsvegur**

02 Hrappstaðavegur – Dæli

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 4 |

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 1 |

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings en framkvæmdum var frestað.

**721 Þingeyrarvegur**

01 um Steinnes

*Umfang verks:* Styrking og endurbætur á núverandi vegi.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 3 |
| Ferðamanaleiðir | 1 |
| Samtals | 4 |

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 1 |

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings. Framkvæmdum var frestað til 2006.

**722 Vatnsdalsvegur**

04 Hjallaland – Steinkot

*Umfang verks:* Endurbygging og lögn malarslitlags á 3,5 km langan kafla frá Hjallalandi að Steinkoti.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 44 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 21 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Ferðamannaleiðir | 25 |
| Samtals | 46 |

*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2004. Kostnaður á árinu 2005 er vegna girðinga og greiðslu bóta vegna malartöku.
*Verktaki:* KNH ehf., Ísafirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 40 |
| 2005 | 4 |
| Samtals | 44 |

**744 Þverárfjallsvegur**

01-02 Skagastrandarvegur – Skagavegur
*Umfang verks:* 1. áfangi. Nýbygging á 12 km löngum kafla frá Þverá að Skagavegi. Umsamin verklok voru í september 2002.
2. áfangi. Nýbygging á 2,5 km löngum kafla frá Þverá að eyðibýlinu Skúfi. Umsamin verklok voru í september 2003.
3. áfangi. Nýbygging á 7 km löngum kafla frá Skagastrandarvegi að Skúfi og bygging 40 m langrar brúar á Laxá við Skrapatungu. Umsamin verklok voru í september 2004.

| *Kostnaðaráætlun:* | m.kr. |
|---|---|
| 1. áfangi | 309 |
| 2. áfangi | 74 |
| 3. áfangi | 251 |
| Samtals | 634 |

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 1999 | 45 |
| Vegáætlun 2000 | 45 |
| Vegáætlun 2001 | 119 |
| Vegáætlun 2002 | 177 |
| Vegáætlun 2003 | 150 |
| Vegaáætlun 2004 | 114 |
| Flutt á 744-03 2005 | - 27 |
| Flutt á 744-04 2005 | - 8 |
| Samtals | 615 |

*Verkframvinda:* 1. áfangi. Verkið hófst í ágúst 2000 og var þá að mestu lokið við undirbyggingu á 7,5 km löngum kafla frá Þverá að Illugastöðum. Einnig var unnið við gerð stálplöturæsis í Laxá. Á árinu 2001 var lokið við undirbyggingu alls kaflans og gerð neðra burðarlags á 5 km löngum kafla frá Skagavegi og vestur fyrir Illugastaði. Á árinu 2002 var verkinu að mestu lokið en eftir var lokafrágangur vegsvæðis og seinna lag klæðingar.
2. áfangi. Verkið hófst í október 2002 og lokið var við 80% af fyllingum það árið. Verki lauk á árinu 2003.
3. áfangi. Verkið hófst í júlí 2003 og lokið var að byggja brúna á Laxá í desember 2003. Vegaframkvæmdir stóðu fram á árið 2004 og var lagt bundið slitlag á veginn í lok júnímánaðar, en verklok voru í ágúst 2004. Á árinu 2005 voru sett upp vegrið og unnið að smávægilegum lagfæringum.
*Verktaki:* 1. áfangi, Suðurverk hf., Reykjavík. 2. áfangi, Norðurtak ehf., Sauðárkróki. 3. áfangi, Fjörður sf., Sauðárkróki.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2000 | 97 |
| 2001 | 90 |
| 2002 | 116 |
| 2003 | 197 |
| 2004 | 107 |
| 2005 | 8 |
| Samtals | 615 |

03 Skagavegur – Sauðárkrókur
*Umfang verks:* Endurbygging á 14,5 km kafla ásamt byggingu brúar á Gönguskarðsá.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Flutt af kafla 744-01 2005 | 27 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 20 |
| Til brúargerðar | 72 |
| Samtals | 119 |

*Verkframvinda:* Á árinu 2005 var unnið að hönnun, skipulagsmálum, samningum við landeigendur og undirbúningi útboðs. Áætlað er að verkið verði boðið út vorið 2006.

*Kostnaður:* m.kr.
2005 ..... 12
*Skýringar:* Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

04 Strandvegur á Sauðárkróki
*Umfang verks:* Gerð rofvarnar á 1,1 km löngum kafla í þéttbýlinu innan Sauðarkróks og mótun framtíðarvegarstæðis.
*Kostnaðaráætlun:* 80 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2003 ..... 23
Vegaáætlun 2004
Almenn verkefni ..... 58
Flutt af kafla 744-01 2005 .. 8
Samtals ..... 89
*Verkframvinda:* Verki lauk á árinu 2003.
*Verktaki:* Norðurtak ehf., Sauðárkróki.
*Kostnaður:* m.kr.
2003 ..... 88
2005 ..... 1
Samtals ..... 89

**751 Efribyggðarvegur**
01 Álfgeirsvellir – Skagafjarðarvegur
*Umfang verks:* Styrking á 7,0 km löngum kafla á Efribyggðarvegi með tilheyrandi lengingum á ræsum og lögn malarslitlags.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 23 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2004 ..... 23
*Verkframvinda:* Árið 2004 var lokið við um 2,0 km langan kafla nyrst á útboðskaflanum. Verklokum var frestað til ársins 2005 vegna samninga um efnistöku til verksins. Unnið var að verkinu 2005 en enn er ólokið lögn malarslitlags að hluta.
*Verktaki:* SE Verktakar ehf., Sauðárkróki.
*Kostnaður:* m.kr.
2004 ..... 7
2005 ..... 13
Samtals: ..... 20

**753 Vindheimavegur**
01 undir Vindheimabökkum
*Umfang verks:* Lögn á 1,5 km kafla um Vindheimamela, áætlað er að leggja bundið slitlag á helming kaflans.
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætun:* 14 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Bráðabirgðalán 2005 ..... 5
*Verkframvinda:* Samið var um verkið í september og lokið lögn fyllinga og neðra burðarlags á árinu. Áætlað er að framkvæmdum ljúki í júní 2006.
*Verktaki:* Fjörður ehf., Skagafirði.
*Kostnaður:* m.kr.
2005 ..... 5
*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

**Norðaustursvæði**
**1 Hringvegur**
q6 um Hrúteyjarkvísl
*Umfang verks:* Breikkun á 40 m langri einbreiðri brú á Hrúteyjarkvísl ásamt nýrri tengingu við hana.
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 67 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2003 ..... 32
Vegáætlun 2004 ..... 35
Flutt á kafla 1-q9 2004 ..... -7
Samtals ..... 60
*Verkframvinda:* Samningur var undirritaður í september 2003, brúargerð og tengingu við hana lauk í júní 2004.
*Verktaki:* Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Jarðverk ehf., Nesi Fnjóskadal.
*Kostnaður:* m.kr.
2003 ..... 42
2004 ..... 17
2005 ..... 1
Samtals ..... 60

q9 Mývatnsheiði
*Umfang verks:* Nýbygging og klæðing á 12,96 km langan kafla frá Reykjadalsá að Helluvaði ásamt stálplöturæsi

í Reykjadalsá í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 288 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2002 | 100 |
| Flutt á 1-r5 2003 | -8 |
| Vegáætlun 2003 | 170 |
| Vegáætlun 2004 | 31 |
| Flutt af 1-q6 | 7 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 12 |
| Samtals | 312 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í maí 2002. Framkvæmdir hófust í júní sama ár. Verkinu lauk í október 2003. Lokauppgjör við verktaka og lögn klæðingar lauk á árinu 2004. Eftir er að greiða kostnað við girðingar og námufrágang.
*Verktaki:* Vegagerð, Ístak hf., Reykjavík. Lögn klæðingar, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2001 | 9 |
| 2002 | 169 |
| 2003 | 76 |
| 2004 | 55 |
| 2005 | 1 |
| Samtals | 310 |

s1 Biskupsháls – Vegaskarð
*Umfang verks:* Endur- og nýbygging á 9,6 km löngum kafla í Víðidal frá Biskupshálsi upp í Vegaskarð. Kaflinn er þrískiptur: Fyrsti hlutinn næst Biskupshálsi er 7,5 km, síðan 3,4 km og þriðji hlutinn næst Vegaskarði 2,1 km, alls 13 km. Boðnir voru út fyrsti og þriðji hluti. Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 2003-2006 var veitt auknu fjármagni til þessa kafla og var því samið við verktakann um að taka þann hluta sem sleppt var í útboðinu.
*Framkvæmdaform:* Útboð og samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 244 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2002 | 45 |
| Vegáætlun 2003 | 123 |
| Vegáætlun 2004 | 68 |
| Samtals | 236 |

*Verkframvinda:* Framkvæmdir hófust haustið 2002. Verki lauk með klæðingu á 12,9 km langan kafla á árinu 2004.
*Verktaki:* Myllan ehf., Egilsstöðum.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2002 | 32 |
| 2003 | 136 |
| 2004 | 67 |
| 2005 | 1 |
| Samtals | 236 |

s3 Vegaskarð – Langidalur
*Umfang verks:* Endur- og nýbygging á 12,1 km löngum kafla frá Vegaskarði að klæðingarenda í Langadal.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 383 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 170 |
| Vegáætlun 2004 | 83 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 12 |
| Samtals | 265 |

*Verkframvinda:* Framkvæmdir hófust haustið 2003. Verkinu lauk á árinu 2004. Kostnaður á árinu 2005 var vegna lokauppgjörs við verktaka.
*Verktaki:* Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 12 |
| 2004 | 244 |
| 2005 | 3 |
| Samtals | 259 |

s6-s7 Arnórsstaðamúli
*Umfang verks:* Nýbygging á um 8 km löngum kafla Hringvegar um Arnórsstaðamúla.

*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005
Verkefni á Landsbyggð ... 10
*Verkframvinda:*
*Kostnaður:* m.kr.
2005 ... 10
*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings. Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

t6 Skriðdalur
*Umfang verks:* Endurbætur á Hringvegi um Skriðdal.
*Fjármögnun:* m.kr.
Bráðabirgðalán 2005 ... 3
*Kostnaður:* m.kr.
2005 ... 3
*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006 og 2007.

u9 Melrakkanes – Blábjörg
*Umfang verks:* Endurbygging á 5 km löngum kafla Hringvegar frá Melrakkanesi og inn fyrir Blábjörg í Álftafirði.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 136 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2001 ... 15
Vegáætlun 2002 ... 55
Flutt af kafla v1 ... 14
Flutt af kafla u4 ... 3
Vegáætlun 2004 ... 20
Bráðabirgðalán 2005 ... 8
Samtals ... 115
*Verkframvinda:* Verk hófst um mitt sumar 2002. Lokið var við klæðingu á allan kaflann árið 2004 og er verki lokið.
*Verktaki:* Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2002 ... 53
2003 ... 56
2004 ... 6
Samtals ... 115

**82 Ólafsfjarðarvegur**
01 um Hörgá
*Umfang verks:* Nýbygging á 0,68 km löngum kafla, sem byrjar skammt sunnan Djúpárbakkavegar og að vegamótum við Hörgárdalsveg ásamt nýbyggingu á 0,36 km löngum kafla af Dagverðareyrarvegi (816) og tenging við Djúpárbakkaveg (8254). Einnig bygging 36 m langrar brúar á Hörgá í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 133 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2004 ... 133
*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í maí 2004 og hófust framkvæmdir í ágúst það ár. Verktaki lauk verkinu að fullu í september 2005.
*Verktaki:* Mikael ehf., Höfn.
*Kostnaður:* m.kr.
2004 ... 80
2005 ... 17
Samtals ... 97

06 Ólafsfjarðargöng, vatnsvörn
*Umfang verks:* Uppsetning á vatnsvarnardúk í Ólafsfjarðargöngum.
*Framkvæmdaform:* Samningur
*Kostnaðaráætlun:* 22 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005
Almenn verkefni ... 22
*Verkframvinda:* Settur upp nýr vatnsvarnardúkur í hluta gangana og eldri dúkur endurbættur.
*Verktaki:* Malbikun KM ehf., Akureyri.
*Kostnaður:* m.kr.
2005 ... 19

09 Hóll – sýslumörk
*Umfang verks:* Nýbygging á 2,9 km löngum kafla frá Reykjaá að Þvergili og endurbygging á 2 km löngum kafla frá Þvergili að sýslumörkum.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 45 m.kr.

*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2004 ..... 37
Vegáætlun 2005
Verkefni á landsbyggð .... 14
Samtals ..... 51
*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í maí 2005 og lauk að mestu á árinu. Eftir er lokafrágangur og styrkingar.
*Verktaki:* Fjörður ehf., Skagafirði.
*Kostnaður:* m.kr.
2004 ..... 3
2005 ..... 33
Samtals ..... 36
*Skýringar:* Kostnaður 2004 er vegna hönnunar og undirbúnings framkvæmda en framkvæmdum var frestað til ársins 2005.

Héðinsfjarðargöng
*Umfang verks:* Undirbúningur og útboð vegna jarðgangagerðar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Verkið var boðið út en síðar ákveðið að ganga ekki til samninga við verktaka heldur bjóða það út að nýju 2005/2006. Sem fyrsta áfanga verksins var þó ákveðið að byggja nýja 40 m langa brú á Ólafsfjarðarós í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum. Annar áfangi verksins var bygging á nýrri 12 m langri brú á Fjarðará í Siglufirði í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum. Þriðji áfangi verksins var að taka frá munna jarðganga að vestanverðu í Héðinsfirði.
*Framkvæmdaform:*
1. áfangi, brú á Ólafsfjarðarós. Brúargerð og framleiðsla niðurrekstrarstaura, útboð. Niðurrekstur staura og vegagerð, samningur.
2. áfangi, brú á Fjarðará. Brúargerð útboð. Framleiðsla niðurrekstrarstaura og niðurrekstur, samningur.
3. áfangi, Héðinsfjarðargöng, útboð. Jarðvinna í Héðinsfirði og raflögn að gangamunnum, samningar.

*Kostnaðaráætlun:* m.kr.
1. áfangi, brú á Ólafsfjarðarós 68
2. áfangi, brú á Fjarðará .... 29
3. áfangi, Héðinsfjarðargöng 7.500
Samtals ..... 7.597
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2003 ..... 68
Vegáætlun 2004 ..... 33
Bráðabirgðalán 2005 ..... 54
Samtals ..... 155
*Verkframvinda:*
1. áfangi. Brúar- og vegagerð á Ólafsfjarðarós lauk á árinu 2003.
2. áfangi. Brúargerð á Fjarðará lauk á árinu 2004.
3. áfangi. Á árinu 2005 var unnið að undirbúningi útboðs Héðinsfjarðarganga og á síðari hluta ársins var auglýst forval til þáttöku í útboði. Auk þess var lagt rafmagn að fyrirhuguðum gangamunnum í Siglufirði og Ólafsfirði. Samkvæmt skilyrðum í mati á umhverfisáhrifum verður verktaka við gangagerðina ekki heimilt að fara með tæki eða búnað í Héðinsfjörð og lét Vegagerðin því hreinsa laust efni frá fyrirhuguðum gangamunnum í Héðinsfirði.
*Verktakar:* 1. áfangi. Bygging brúar, Mikael ehf. Höfn. Vegagerð, rofvarnir og fjarlægja gömlu brúna, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Loftorka ehf., Borgarnesi. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
2. áfangi. Bygging brúar, Mikael ehf., Höfn. Framleiðsla niðurrekstrarstaura og niðurrekstur, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
3. áfangi. Jarðvinna í Héðinsfirði, Stefán Einarsson ehf., Siglufirði. Raflögn að gangamunnum, RARIK.
*Kostnaður:* m.kr.
2003 ..... 68
2004 ..... 33
2005 ..... 54
Samtals ..... 155
*Skýringar:* Hluti kostnaðar árið 2003 er vegna undirbúnings og fyrra útboðs

á jarðgöngum. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

**83 Grenivíkurvegur**

03 Fnjóskadalsvegur – Grenivík snjóastaður

*Umfang verks:* Hækkun vegarins og útvíkkun skeringa, auk ræsagerðar, á 0,6 km kafla á milli Hvamms og Jarlsstaða í Höfðahverfi.

*Framkvæmdaform:* Samningur.

*Kostnaðaráætlun:* 9 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 7 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 4 |
| Samtals | 11 |

*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2004 fyrir utan seinna lag klæðingar sem var lagt á árinu 2005.

*Verktaki:* Vegagerð, Ásgeir Kristinsson, Grenivík. Lögn klæðingar, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 9 |
| 2005 | 2 |
| Samtals | 11 |

**85 Norðausturvegur**

02 um Skjálfandafljót

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Bráðabirgðalán 2005 | 1 |

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 1 |

*Skýringar:* Á árinu 2005 var unnið að hönnun vegar og brúar um Skjálfandafljót.

03 um Laxá hjá Laxamýri

*Umfang verks:* Bygging 84 m langrar brúar á Laxá í Aðaldal í stað einbreiðrar brúar.

*Framkvæmdaform:* Brúargerð, samningur.

*Kostnaðaráætlun:* 134 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Til brúagerðar | 30 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 22 |
| Samtals | 52 |

*Verkframvinda:* Framkvæmdir hófust í september 2005. Haustið 2005 var lokið við að steypa alla sökkla, bogaundirstöður, millistöpla og boga brúarinnar.

*Verktaki:* Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 5 |
| 2005 | 47 |
| Samtals | 52 |

*Skýringar:* Kostnaður árið 2004 er vegna hönnunar brúar á Laxá. Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

06-09 Tjörnes

*Umfang verks:* Nýbygging á 36,6 km löngum kafla Norðausturvegar um Tjörnes og bygging 100 m langrar brúar á Lónsós. Verkið er unnið í fjórum áföngum á árunum 1999-2004.

*Framkvæmdaform:* Vega- og brúargerð, útboð. Efra lag klæðingar og niðurrekstur staura, samningur.

| *Kostnaðaráætlun:* | m.kr. |
|---|---|
| 1. áfangi, Héðinshöfði - Hringver | 109 |
| 2. áfangi, Hringver - Breiðavík | 256 |
| 3. áfangi, Bangastaðir - Víkingavatn og brú á Lónsós | 613 |
| 4. áfangi, Breiðavík - Bangastaðir | 382 |
| Samtals: | 1.360 |

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 1999 | 104 |
| Vegáætlun 2000 | 119 |
| Fjáraukalög 2000 | 2 |
| Vegáætlun 2001 | 269 |
| Vegáætlun 2002 | 265 |
| Vegáætlun 2003 | 432 |
| Vegáætlun 2004 | 151 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 33 |
| Bráðbirgðalán 2005 | 70 |
| Samtals | 1.445 |

*Verkframvinda:* Á árinu 1999 var lokið við 1. áfanga, nýbyggingu á 5,6 km löngum kafla frá Héðinshöfða að Hringveri. Á árunum 2000-2001

var lokið við 2. áfanga, nýbyggingu á 9,68 km löngum kafla frá Hringveri að Breiðuvík. Á árinu 2001 var 3. áfangi boðinn út, 10,4 km langur kafli frá Bangastöðum að Víkingavatni og hófust framkvæmdir við hann í nóvember og lauk framkvæmdum við þann áfanga í október 2003, að undanskyldu efra lagi klæðingar. Í maí 2003 var 4. áfangi boðinn út og hófust framkvæmdir í júlí sama ár. Lauk síðan í september 2004 og var þá lokið endurbyggingu vegar um Tjörnes.
*Verktaki:* Vegagerð Héðinshöfði – Hringver, Klæðning ehf., Garðabæ. Vegagerð Hringver – Breiðavík, Suðurverk hf., Reykjavík. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Egilsstöðum. Vegagerð Bangastaðir – Víkingavatn, Ístak hf., Reykjavík. Brúargerð, Vík ehf., trésmiðja, Húsavík. Seinna lag klæðingar og niðurrekstur staura, vinnuflokkar Vegagerðarinnar. Vegagerð Breiðavík – Bangastaðir, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 1999 | 99 |
| 2000 | 188 |
| 2001 | 116 |
| 2002 | 392 |
| 2003 | 236 |
| 2004 | 384 |
| 2005 | 30 |
| Samtals | 1.445 |

13 Öxarfjarðarheiðarvegur – Arnarstaðir
*Umfang verks:* Endurbygging og klæðing á 12,5 km löngum kafla frá núverandi slitlagsenda við Austursandsveg að Sveltingi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 158 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Flutt á kafla 23 | -1 |
| Flutt á kafla 24 | -2 |
| Vegáætlun 2003 | 150 |
| Vegáætlun 2004 | 50 |
| Flutt á kafla 14 2005 | -53 |
| Samtals | 144 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í apríl 2003 og hófust framkvæmdir í júní það ár. Verktaki lauk verkinu í júní 2004. Á árinu 2005 var unnið við frágang á námum.
*Verktaki:* Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 109 |
| 2004 | 34 |
| 2005 | 2 |
| Samtals | 144 |

14 Arnarstaðir – Klapparós
*Umfang verks:* Endurbygging á 6,5 km löngum kafla Norðausturvegar.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Flutt af kafla 13 2005 | 53 |

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 1 |
| 2005 | 14 |
| Samtals | 15 |

*Skýringar:* Kostnaður á árunum 2004 og 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings Fjárveitingar eru í vegáætlun 2007 og 2008.

14-22 Katastaðir – Krossavík
*Umfang verks:* Nýbygging Norðausturvegar um Hófaskarðsleið.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 2 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 100 |
| Samtals | 102 |

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 17 |
| 2005 | 14 |
| Samtals | 31 |

*Skýringar:* Kostnaður á árunum 2004 og 2005 er vegna mats á umhverfisáhrifum, hönnunar og undirbúnings Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

31 sýslumörk – Saurbæjará
*Umfang verks:* Endurbygging á fjórum köflum með malarslitlagi á samtals 7 km og mölburður á allan Bakkafjörð um 22 km. Einnig voru sett stór

stálræsi í Geysirófu, Finnafjarðará, Saurbæjará og Djúpalæk í stað einbreiðra brúa.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 126 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 80 |
| Vegáætlun 2004 | 50 |
| Flutt af kafla 31 2005 | 28 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 8 |
| Samtals | 166 |

*Verkframvinda:* Verki er lokið með klæðingu og malarslitalagi. Á verktímanum var tekin ákvörðun um að leggja klæðingu á 8,3 km í stað malarslitlags.
*Verktaki:* Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 20 |
| 2004 | 138 |
| 2005 | 8 |
| Samtals | 166 |

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

34 Hölkná – Miðheiðarhryggur
*Umfang verks:* Endurbygging á 9,6 km löngum kafla frá Hölkná hjá Dalhúsum að Miðheiðarhrygg og setja stálplöturæsi í Hölkná og Skálafjallalæk í stað einbreiðra brúa.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 158 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2002 | 14 |
| Vegáætlun 2003 | 66 |
| Vegáætlun 2004 | 68 |
| Flutt á 91-01, 2004 | -9 |
| Flutt á kafla 34 2005 | -28 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 19 |
| Samtals | 130 |

*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2004. Kostnaður á árinu 2005 er vegna lokauppgjörs við verkataka.
*Verktaki:* Nóntindur ehf., Búðardal.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 66 |
| 2004 | 56 |
| 2005 | 8 |
| Samtals | 130 |

**87 Kísilvegur**
01-02 slitlagsendi – Geitafellsá
*Umfang verks:* Nýbygging og tvöföld klæðing á 5,0 km langan kafla frá slitlagsenda á Grímsstaðaheiði að stöð 8100 á Hólasandi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 63 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð | 37 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í ágúst 2005 en framkvæmdir hófust ekki á árinu vegna veðurs. Kostnaður á árinu 2005 er vegna vinnslu á steinefni til framkvæmdarinnar og undirbúnings verksins.
*Verktaki:* Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 22 |

*Skýringar:* Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

03 Geitafellsá – Hvammavegur
*Umfang verks:* Nýbygging og klæðing á 2,94 km löngum kafla frá slitlagsenda norðan Geitafells að Geitafellsá.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 52 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Inneign frá fyrri áfanga | 10 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 11 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 25 |
| Samtals | 46 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í mars 2003, framkvæmdir hófust í júní og lauk verktaki verkinu að mestu í september 2003. Á árinu 2004 var lagt seinna lag klæðingar. Kostnaður á árinu 2005 er vegna frágangs og landgræðslu.
*Verktaki:* Alverk ehf., Aðaldal.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 42 |
| 2004 | 3 |
| 2005 | 1 |
| Samtals | 46 |

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

**91 Hafnarvegur**
01 um Hafnará
*Umfang verks:* Endur- og nýbygging á 0,4 km löngum kafla. Sett var stórt stálplöturæsi í Hafnará í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 16 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2002 | 6 |
| Flutt af 85-34, 2004 | 9 |
| Samtals | 15 |

*Verkframvinda:* Verki er lokið.
*Verktaki:* Nóntindur ehf., Búðardal.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 14 |
| 2004 | 1 |
| Samtals | 15 |

*Skýringar:* Verkið var boðið út með kaflanum Hölkná – Miðheiðarhryggur.

**92 Norðfjarðarvegur**
07 Reyðarfjörður – Eskifjörður
*Umfang verks:* Verkið er fólgið í ný- og endurbyggingu Norðfjarðarvegar milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar.
1. áfangi verksins: Nýbygging á 4,9 km löngum kafla frá Selsteinahæð að Sómastöðum.
2. áfangi: Nýbygging á 0,6 km löngum kafla frá Hjallanesi að hafnarvog á Reyðarfirði.
3. áfangi: Bygging hringtorgs innan við Reyðarfjörð og 600 m langrar tengingar við það.
4. áfangi: Endurbygging á 0,3 km og nýbygging á um 0,8 km frá höfninni á Reyðarfirði ásamt 16 m langri eftirspenntri bitabrú yfir Búðará.
5. áfangi: Nýbygging á um 1,92 km löngum kafla frá Sómastöðum að Hólmum.
6. áfangi: Nýbygging á vegamótum Hjáleiðar og Austurvegar og tenging Hjáleiðar við Norðfjarðarveg.
Framkvæmdaform: 1. 4. og 5. áfangi, útboð. 2., 3. og 6. áfangi, samningur. (Ekkert tilboð barst í 3. áfanga var því samið um hann).

| *Kostnaðaráætlun:* | m.kr. |
|---|---|
| 1. áfangi | 185 |
| 2. áfangi | 8 |
| 3. áfangi | 28 |
| 4. áfangi | 101 |
| 5. áfangi | 105 |
| 6. áfangi | 45 |
| Samtals | 472 |

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2002 | 170 |
| Vegáætlun 2003 | 170 |
| Vegáætlun 2004 | 28 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Orku- og iðjuvegir | 102 |
| Samtals | 470 |

*Verkframvinda:* 1. áfangi var boðinn út í desember 2001 og lauk á árinu 2003.
2. áfangi var unninn á árinu 2003 og lögð á hann einföld klæðing.
3. áfangi var unninn á árinu 2004 og lokið með malbiki og klæðingu. Einnig var seinna lag klæðingar lagt á 2. áfanga. Eftir er lagfæring á hringtorgi.
4. áfangi. Á árinu 2005 var lokið við gerð brúar á Búðará og vegagerð.
5. áfangi. Á árinu 2005 var lokið við kaflann milli Sómastaða og Hólma að undanskildum frágangi.
6. áfangi. Á árinu 2005 var unnið við fyllingar, burðarlög og rofvörn. Eftir er efra burðarlag, klæðing og malbik.
Verktaki: 1. áfangi, Myllan ehf., Egilsstöðum.
2. áfangi, Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum og vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
3. og 4. áfangi, Vegagerð, Arnarfell ehf., Akureyri. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
5. og 6. áfangi, Arnarfell ehf., Akureyri.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2002 | 89 |
| 2003 | 78 |
| 2004 | 112 |
| 2005 | 114 |
| Samtals | 393 |

**93 Seyðisfjarðarvegur**
01 um Eyvindará
*Umfang verks:* Bygging steyptrar bogabrúar með 44 m löngum boga og 124 m langri akbraut ásamt 0,5 km langri vegtengingu í stað einbreiðrar brúar frá árinu 1919.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 128 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Skuld frá fyrri áfanga | -3 |
| Vegáætlun 2000 | 92 |
| Vegáætlun 2001 | 45 |
| Samtals | 134 |

*Verkframvinda:* Verkið boðið út haustið 2000 og framkvæmdir hófust rétt fyrir áramótin. Brúarsmíði lauk á árinu 2001 og var brúin tengd þá um haustið. Bundnu slitlagi og lokafrágangi lauk sumarið 2002. Á árinu 2005 var gengið frá lýsingu á brúnni.
*Verktaki:* Myllan ehf., Egilsstöðum.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2000 | 4 |
| 2001 | 104 |
| 2002 | 19 |
| 2005 | 5 |
| Samtals | 132 |

**94 Borgarfjarðarvegur**
07 á Vatnsskarði
08 Njarðvíkurskriður
*Umfang verks:* Fyrri áfangi felst í endurbyggingu á 4 km löngum kafla frá nýbyggingarenda við Selfljót og upp í miðja brekku í austanverðu Vatnsskarði. Síðari áfangi fellst í nýbyggingu og endurbyggingu á 4,7 km löngum kafla úr austanverðu Vatnsskarði niður í neðstu brekkur í Njarðvík (Ytri Hríshöfði).
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 154 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Skuld vegna fyrri framkvæmda | -11 |
| Vegáætlun 1997 | 18 |
| Vegáætlun 1998 | 36 |
| Vegáætlun 1999 | 40 |
| Vegáætlun 2000 | 35 |
| Fjáraukalög 2000 | 2 |
| Vegáætlun 2003 | 6 |
| Vegáætlun 2004 | 27 |
| Flutt á 94-06, 2004 | -7 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 12 |
| Samtals | 158 |

*Verkframvinda:* Byrjað var á fyrri áfanga verksins 1998 og var honum lokið með malarslitlagi sumarið 1999. Síðari áfangi hófst haustið 1999 og var að mestu lokið haustið 2000. Malarslitlagi og frágangi lokið vorið 2001. Fjárveiting árið 2003 var notuð til greiðslu skulda.
*Verktaki:* Fyrri áfangi, Njörður sf., Borgarfirði eystra. Síðari áfangi, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 1998 | 34 |
| 1999 | 54 |
| 2000 | 54 |
| 2001 | 9 |
| Samtals | 151 |

*Skýringar:* Af fjárveitingu vegáætlunar 1997 voru 11 m.kr. notaðar til greiðslu skuldar vegna framkvæmda á verkinu um Selfljót, sem unnið var á árinu 1996. Fjárveiting ársins 2005 var notuð til greiðslu skuldar.

**96 Suðurfjarðavegur**
02 Fáskrúðsfjarðargöng
*Umfang verks:* Gerð 5,7 km langra jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, ásamt gerð 200 m langra steinsteyptra vegskála. Lagður var 1,9 km langur vegur í Reyðarfirði og 6,6 km langur vegur í Fáskrúðsfirði.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 3.935 m.kr.

*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2003 ..... 1.132
Vegáætlun 2004 ..... 1.347
Vegáætlun 2005 ..... 1.200
Jarðgangaáætlun .....
Bráðabirgðalán 2005 ..... 129
Samtals ..... 3.808
*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í desember 2002 og hófust framkvæmdir í apríl 2003. Samgönguráðherra sprengdi síðasta haftið í göngunum 8. október 2004. Göngin eru 5.766 m löng í bergi auk vegskála. Eftir að gangagreftri lauk var unnið að lokastyrkingum og vatnsþéttingum í göngunum. Auk þess var steyptur vegskáli Fáskrúðsfjarðarmegin og undirstöður vegskála Reyðarfjarðarmegin. Á árinu 2004 var einnig unnið að vegagerð beggja megin ganga. Á árinu 2005 var unnið að vegagerð utan og innan ganga ásamt frágangi á raflögnum og öðrum búnaði ganganna. Göngin voru formlega opnuð til umferðar 9. september 2005.
*Verktaki:* Ístak hf. og E. Pihl & Søn A.S.
*Kostnaður:* m.kr.
2003 ..... 1.051
2004 ..... 1.859
2005 ..... 898
Samtals ..... 3.808
*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

**813 Möðruvallavegur**
01 Möðruvellir – Hörgárdalsvegur
*Umfang verks:* Nýbygging á 0,8 km löngum kafla frá Ólafsfjarðarvegi og norður fyrir Möðruvelli, ásamt tengivegi að prestsetri og kirkju á Möðruvöllum.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 27 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2003 ..... 27
*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í september 2003 og framkvæmdir hófust í október sama ár. Verkinu var frestað til hausts 2004 vegna sigs og því að fullu lokið um mitt sumar 2005 með lögn seinna lags klæðingar.
*Verktaki:* Norðurtak ehf., Sauðárkróki.
*Kostnaður:* m.kr.
2003 ..... 11
2004 ..... 9
2005 ..... 3
Samtals ..... 23

**821 Eyjafjarðarbraut vestri**
05 Sandhólar – Nes
*Fjármögnun:* m.kr.
Bráðabirgðalán 2005 ..... 1
*Kostnaður:* m.kr.
2005 ..... 1
*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006 og 2007.

**828 Veigastaðavegur**
01 Hringvegur – Eyjafjarðarbraut eystri
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005
Tengivegir ..... 15
*Kostnaður:* m.kr.
2004 ..... 1
2005 ..... 3
Samtals ..... 4
*Skýringar:* Kostnaður 2004 og 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings. Framkvæmdum var frestað til ársins 2006. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006 og 2007.

**829 Eyjafjarðarbraut eystri**
02 Litlihamar – Rútsstaðir
02 um Möðruvelli
*Umfang verks:* 1. áfangi. Nýbygging á 3,1 km löngum kafla frá enda bundins slitlags við Litlahamar að Rútsstöðum. 2. áfangi. Nýbygging á 1,2 km löngum kafla frá Kálfagerði að stöð u.þ.b. 0,4 km austan brúar á Eyjafjarðará.
*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* m.kr.
1. áfangi ..... 76
2. áfangi ..... 16
Samtals ..... 92
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2004 ..... 62
Vegáætlun 2005
Tengivegir ..... 17
Bráðabirgðalán 2005 ..... 4
Samtals ..... 83
*Verkframvinda:* 1. áfangi: Vegagerð lauk á árinu 2003 en efra lag klæðingar var lagt árið 2004.
2. áfangi: Verkið var boðið út í september 2004 og hófust framkvæmdir í október. Vegagerð lauk árið 2005 með lagningu efra burðarlags og fyrra lags klæðingar.
Verktaki: 1. áfangi, Vegagerð, G. Hjálmarsson hf., Akureyri. Efra lag klæðingar, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.
2. áfangi, Icefox ehf., Svalbarðsströnd. Efra lag klæðingar, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.
*Kostnaður:* m.kr.
2003 ..... 62
2004 ..... 12
2005 ..... 9
Samtals ..... 83

**837 Hlíðarfjallsvegur**
02 um Hlíðarbraut – hringtorg
01 um Borgarbraut
*Umfang verks:* Nýbygging hringtorga á tveimur gatnamótum Hlíðarbrautar á Akureyri.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:*
(hluti Vegagerðarinnar) 22 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2004 ..... 7
Vegáætlun 2005
Almenn verkefni ..... 15
Bráðabirgðalán 2005 ..... 17
Samtals ..... 39
*Verkframvinda:* Allt verkið var unnið á árinu 2004.
*Verktaki:* G. Hjálmarsson hf., Akureyri.
*Kostnaður:* m.kr.
2004 ..... 39
*Skýringar:* Eftir er að innheimta 1/3 kostnaðar hjá Akureyrarbæ.

03 Rangárvellir – skíðasvæði
*Umfang verks:* Nýbygging og klæðing á 4,26 km löngum kafla frá slitlagsenda hjá Rangárvöllum að Skíðastöðum.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 70 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2002 ..... 35
Vegáætlun 2003 ..... 31
Vegáætlun 2004 ..... 6
Samtals ..... 72
*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í maí 2002 og hófust framkvæmdir í júní sama ár. Verktaki lauk verkinu í júlí 2003. Á árinu 2004 var lagt seinna lag klæðingar.
*Verktaki:* Klæðning ehf., Kópavogi.
*Kostnaður:* m.kr.
2001 ..... 1
2002 ..... 51
2003 ..... 13
2004 ..... 5
2005 ..... 2
Samtals ..... 72

**842 Bárðardalsvegur vestri**
01 snjóastaðir
*Umfang verks:* Í samráði við sveitarstjórn var ákveðið að nota fjárveitinguna til styrkinga og endurbóta á Bárðardalsvegi vestri. Styrktur og endurbættur 4,0 km langur kafli frá Hlíðskógum að Halldórsstöðum.
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 6 m.kr
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005
Tengivegir ..... 6
*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2005.

*Verktaki:* Jarðverk ehf., Fnjóskadal og vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 6 |

**846 Austurhlíðarvegur**

01 hjá Laugum

*Umfang verks:* Endurbygging og lögn klæðingar á um 300 metra langan kafla frá brú á Reykjadalsá og rétt norður fyrir tengingu að heimavist.

*Framkvæmdaform:* Samningsverk

*Kostnaðaráætlun:* 6 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 6 |

*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2005 að undaskyldri lögn efra lags klæðingar.

*Verktaki:* Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 3 |

**853 Hvammavegur**

01 slitlagsendi – virkjun

*Umfang verks:* Nýbygging og klæðing á 3,5 km löngum kafla frá slitlagsenda hjá Reynistað að Laxárvirkjun.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 37 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 35 |

*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2005 að undanskilinni lögn efra lags klæðingar.

*Verktaki:* Alverk ehf., Aðaldal.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | -4 |
| 2005 | 33 |
| Samtals | 29 |

*Skýringar:* Tekjur á árinu 2004 eru vegna sölu á unnu steinefni.

**864 Hólsfjallavegur**

*Umfang verks:* Styrktur og mölborinn 22 km langur kafli frá Dettifossvegi að Austaralandi.

*Framkvæmdaform:* Samningur

*Kostnaðaráætlun:* 33 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Ferðamannaleiðir | 15 |
| Lagt til af viðhaldsfé 2005 | 19 |
| Samtals | 34 |

*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu.

*Verktaki:* Styrking og mölburður Sandöx ehf., Höskuldarnesi Efnisvinnsla Arnarfell ehf., Akureyri.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 34 |

**861 Ásbyrgisvegur**

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Bráðabirgðalán 2005 | 1 |

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 1 |

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings. Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

**862 Dettifossvegur**

01 Hringvegur – Norðausturvegur

*Umfang verks:* Bygging á nýjum vegi, Dettifossvegi, vestan Jökulsár á Fjöllum frá Hringvegi við Austaribrekku norður að Norðausturvegi í Keldu-hverfi.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Innistæða frá fyrri áfanga | 2 |
| Flutt á 864 | -2 |
| Vegáætlun 2003 | 35 |
| Vegáætlun 2004 | 17 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Þjóðgarðavegir | 52 |
| Samtals | 104 |

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 9 |
| 2005 | 27 |
| Samtals | 36 |

*Skýringar:* Við endurskoðun vegáætlunar 2005 var vegakerfinu vestan Jökulsár á Fjöllum breytt, þannig að fjárveitingar sem áður töldust til Hólmatungnavegar (F862) teljast nú til Dettifossvegar. Kostnaður árin 2004 og 2005 er vegna mats á umhverfis-

áhrifum og hönnunar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

**917 Hlíðarvegur**
01 hjá Fossvöllum
01 Laxá hjá Fossvöllum
*Umfang verks:* Endurbygging á 1,2 km löngum kafla um Laxá hjá Fossvöllum ásamt lögn stálplöturæsis á steyptum undirstöðum í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* Stálplöturæsi, samningur. Vegagerð, útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 58 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 25 |
| Tengivegir | 9 |
| Til brúargerðar | 24 |
| Samtals | 58 |

*Verkframvinda:* Ræsagerð lokið og neðra burðarlag komið að mestu á veginn.
*Verktaki:* Ræsagerð, Vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 46 |

**923 Jökuldalsvegur**
01-03 Hringvegur – Þverá
*Umfang verks:* 1. áfangi. Styrking og lagfæring á 26 km löngum kafla á Jökuldalsvegi milli Hringvegar og Brúar á Jökuldal.
2. áfangi. Um Mjósund og Þverá. Nýbygging á 2 km og sett stórt stálplöturæsi í Þverá í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* 1. áfangi. Samningur. 2. áfangi. Útboð.

| *Kostnaðaráætlun:* | m.kr. |
|---|---|
| 1. áfangi | 70 |
| 2. áfangi | 43 |
| Samtals | 113 |

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Ferðamannaleiðir | 6 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 100 |
| Samtals | 106 |

*Verkframvinda:* 1. áfanga lauk á árinu 2003. 2. áfangi var boðinn út haustið 2004 og var lokið sumarið 2005 með malarslitlagi.
*Verktaki:* 1. áfangi, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. 2. áfangi, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2002 | 1 |
| 2003 | 67 |
| 2004 | 11 |
| 2005 | 27 |
| Samtals | 106 |

*Skýringar:* Fjárveitingar eru ekki til verksins í vegáætlun en Landsvirkjun hefur gefið lánsloforð fyrir allt að 100 m.kr. til endurbóta á Jökuldalsvegi. Þingmenn kjördæmis, samgönguráðuneyti og fjármálaráðuneyti hafa heimilað Vegagerðinni að taka slíkt lán. Fjárveitingar til endurgreiðslu eru í vegáætlun 2006-2008.

**931 Upphéraðsvegur**
01 Fellabær – Ekkjufell
01-02 Setberg – Ormarstaðaá
02 um Ormarsstaðaá
*Umfang verks:* 1. áfangi. Steypt bogaræsi í Ormarsstaðaá í stað einbreiðrar brúar og endurbygging á 0,34 km vegi um ræsið.
*Kostnaðaráætlun:* 1. áfangi, 39 m.kr.

| Fjármögnun: | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Tengivegir | 34 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 11 |
| Samtals | 45 |

*Verkframvinda:* 1. áfanga verksins lauk á árinu 2005.
*Verktaki:* Ræsagerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Héraðsverk ehf. Egilsstöðum.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 2 |
| 2005 | 43 |
| Samtals | 45 |

*Skýringar:* Hluti kostnaðar á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings á kafla 01 Fellabær – Ekkufell.

Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

Fljótsdalur
*Umfang verks:* Endur- og nýbyggingu á um 17 km löngum kafla á nýjum Upphéraðsvegi frá Atlavík, um nýjar brýr á Gilsá, Jökulsá, Hengifossá og Bessastaðaá og að Valþjófsstað. Einnig endurbætur á núverandi vegi um Valþjófsstaðanes.
*Framkvæmdaform:* Vega- og brúagerð, útboð. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
*Kostnaðaráætlun:* 600 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2000 | 300 |
| Vegáætlun 2001 | 30 |
| Framlag Landsvirkjunar 2001 | 150 |
| Vegáætlun 2002 | 200 |
| Samtals | 680 |

*Verkframvinda:* Framkvæmdir hófust haustið 2000. Lokið var við styrkingu og endurbætur á 11,2 km löngum kafla á Upphéraðsvegi frá Brekku að Valþjófsstað og á 1,9 km löngum kafla um Valþjófsstaðanes frá Végarði að vegamótum við Kelduárkvísl með klæðingu, ásamt byggingu brúa á Hengifossá, Bessastaðaá og Jökulsá, haustið 2001. Verki lokið með klæðingu. Endur- og nýbygging á kaflanum frá Atlavík að Hjarðarbóli var lokið með klæðingu árið 2002 ásamt byggingu nýrrar brúar á Gilsá. Kostnaður á árinu 2003 er vegna lokauppgjörs við verktaka. Á árunum 2004 og 2005 var unnið að endurbótum til að auka umferðaröryggi á leiðinni um Hallormsstaðaskóg.
*Verktaki:* Vegagerð, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Árbakka. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2000 | 17 |
| 2001 | 508 |
| 2002 | 130 |
| 2003 | 10 |
| 2004 | 2 |
| 2005 | 2 |
| Samtals | 669 |

**939 Axarvegur**
01-02 Skriðdalur – Berufjörður
*Umfang verks:* Styrking og lagfæring á 20 km löngum vegaslóða á Öxi, frá Hringvegi í Skriðdal og að Hringvegi í Berufirði.
*Framkvæmdaform:* Vegagerð, útboð. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Lagt til af viðhaldsfé 1998 | 7 |
| Vegáætlun 1999 | 15 |
| Vegáætlun 2000 | 10 |
| Fjáraukalög 2000 | 1 |
| Vegáætlun 2001 | 11 |
| Vegáætlun 2002 | 33 |
| Vegáætlun 2004 | 22 |
| Vegáætlun 2005 Tengivegir | 7 |
| Samtals | 106 |

*Verkframvinda:* 1. áfangi 1998: Endurbygging á 5 km löngum kafla á Öxi frá Stóralæk að Innri-Víná.
2. áfangi 1999-2000: Endurbygging á 7 km löngum kafla frá Hringvegi í Skriðdal að Stóralæk annars vegar og hins vegar á 4 km löngum kafla frá Hemru að Hringvegi í Berufirði. Árið 1999 var byggð brú á Selá og á árinu 2000 brýr á Hemru og Innri-Víná. Brýrnar voru byggðar úr notuðu efni úr öðrum brúm.
3. áfangi 2001: Endurbygging á 4 km löngum kafla milli Innri-Vínár og Hemru.
*Verktaki:* 1. áfangi, Ólafur Hjaltason, Skála í Berufirði. 2. og 3. áfangi, Hjarðarnesbræður ehf., Hornafirði. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

*Kostnaður:* m.kr.
1998 ..... 8
1999 ..... 18
2000 ..... 30
2001 ..... 49
2005 ..... 1
Samtals ..... 106
*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings endurbóta á Axarvegi. Fjárveiting ársins 2005 var að öðru leyti notuð til greiðslu skuldar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006 og 2007.

**944 Lagarfossvegur**
02 um virkjun
02 Lagarfljót
*Umfang verks:* Bygging á nýrri brú yfir aðrennslisskurð Lagarfossvirkjunar og tenging á henni.
*Framkvæmdaform:* Samningur
*Kostnaðaráætlun:* 18 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Bráðabirgðalán 2005 ..... 11
*Verkframvinda:* Verkið var unnið á vormánuðum 2005.
*Verktaki:* Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
*Kostnaður:* m.kr.
2005 ..... 11
*Skýringar:* Verkinu var flýtt vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006 og 2008.

**946 Borgarfjarðarvegur**
01 Grjótá í Borgarfirði
*Umfang verks:* Setja niður stálræsi í Grjótá í Borgarfirði í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* Samningur
*Kostnaðaráætlun:* 5 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005
Til smábrúa ..... 5
*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2005.
*Verktaki:* Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
*Kostnaður:* m.kr.
2005 ..... 4

**953 Mjóafjarðarvegur**
01 Norðfjarðarvegur – Háheiði
02 Háheiði – Fjörður
*Umfang verks:* 1. áfangi. Endurbygging og mölburður á 9 km löngum kafla frá Norðfjarðarvegi og upp á Slenjudal.
2. áfangi. Nýbygging á 1,24 km löngum kafla í Klifbrekku ásamt endurbótum á 2,1 km löngum kafla ofan Klifbrekku og mölburði á 7,1 km löngum kafla á Mjóafjarðarheiði.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* m.kr.
1. áfangi ..... 8
2. áfangi ..... 42
Samtals ..... 50
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2004 ..... 17
Vegáætlun 2005
Ferðamannaleiðir ..... 19
Bráðabirgðalán 2005 ..... 22
Samtals ..... 58
*Verkframvinda:* 1. áfanga lauk á árinu 2003. 2. áfangi. Nýbyggingu ofan Klifbrekku er lokið og stærstum hluta endurbóta. Eftir er að setja malarslitlag á kaflann.
*Verktaki:* Dal-Björg ehf., Breiðdalsvík.
*Kostnaður:* m.kr.
2003 ..... 12
2004 ..... 27
2005 ..... 19
Samtals ..... 59
*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

**8009 Brekkuselsvegur**
skíðasvæði Dalvíkur
*Umfang verks:* Nýbygging á 0,8 km löngum kafla frá Böggvisbraut á Dalvík að skíðaskálanum Brekkuseli.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 12 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2004 ..... 12

*Verkframvinda:* Verki lauk árið 2005 með lagningu efra lags klæðingar.
*Verktaki:* Icefox ehf., Svalbarðsströnd.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 9 |
| 2005 | 1 |
| Samtals | 10 |

**8815 Jarðbaðsvegur**

*Umfang verks:* Nýbygging og klæðing á 1,0 km löngum kafla frá Hringvegi að jarðböðunum í Mývatnssveit.
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 10 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | |
| Ferðamannaleiðir | 10 |
| Bráðabirgðalán 2005 | 1 |
| Samtals | 11 |

*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2005.
*Verktaki:* Jón Ingi Hinriksson, Mývatnssveit og Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 11 |

**9572 Mjóeyrarvegur**

01 Norðfjarðarvegur – álvershöfn
*Umfang verks:* Nýbygging á 0,74 km löngum kafla frá Norðfjarðarvegi að álvershöfn í Reyðarfirði.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 34 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Bráðabirgðalán 2005 | 24 |

*Verkframvinda:* Verki er lokið með klæðingu en eftir er að ganga frá gatnamótum við Norðfjarðarveg með malbiki og umferðareyju.
*Verktaki:* Arnarfell ehf., Akureyri

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 20 |
| 2005 | 4 |
| Samtals | 24 |

*Skýringar:* Engar fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun. Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar er í ábyrgð fyrir 30 m.kr. kostnaði.

**Þéttbýlisstaðir á Austurlandi**
lagfæringar á þjóðvegum
*Umfang verks:* Unnið var að lagfæringum á Norðfjarðarvegi (Strandgötu) á Eskifirði og lagfæringum á gatnamótum á Suðurfjarðavegi á Stöðvarfirði.
*Framkvæmdaform:* Samningar

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Inneign frá fyrri áfanga | 4 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Almenn verkefni | 10 |
| Samtals | 14 |

*Verkframvinda:* Byrjað var á framkvæmdum á Eskifirði og Stöðvarfirði en er ekki lokið.
*Verktaki:* Fjarðabyggð og Austurbyggð sáu um framkvæmdir.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 4 |

*Skýringar:* Fjárveitingar eru í vegáætlun 2006-2008.

**Annað**
**Jarðgangaáætlun**
*Umfang verks:* Undirbúningur og rannsóknir vegna jarðgangagerðar.
*Framkvæmdaform:* Samningar.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Innistæða frá fyrri árum | 77 |

*Verkframvinda:* Árið 2005 var fé af þessum lið notað við rannsóknir á hugsanlegum jarðgöngum til Vestmannaeyja og skýrslugerðar vegna jarðganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar og Vopnafjarðar og Héraðs.
*Verktakar:* Ísor og ráðgjafastofur unnu verkin

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 18 |

**Samgöngurannsóknir**

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Innistæða frá fyrri árum .... | 22 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Verkefni á landsbyggð .... | 12 |
| Samtals ..... | 34 |

**Brýr 10 m og lengri**

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Eftirstöðvar frá 2004..... | 5 |
| Vegáætlun 2005 | |
| Óráðstafað til brúargerðar . | 15 |
| Samtals ..... | 20 |


**Fylgiskjal 3 Umhverfisstærðir**

## Loftmengun


*Losun á $CO_2$ frá umferð á vegum*

Losun á $CO_2$ frá umferð hefur undanfarin ár verið reiknuð út frá mældri sölu á bensíni til bíla og áætlaðri notkun á gasolíu (dísel). Sala á bensíni hefur lengi verið skattstofn og heimildir um selt magn teljast því áreiðanlegar. Sala á díselolíu var áætluð til ársins 2004 m.a. út frá mældum og áætluðum akstri. Á miðju ári 2005 var lagt olíugjald á gasolíu. Heimildir um selt magn teljast því áreiðanlegar á seinni helmingi ársins. Notkun á gasolíu á fyrri hluta ársins er áætluð út frá þessu olíugjaldi. Þetta skýrir mikla reiknaða aukningu á CO2 losun milli áranna 2004 og 2005. Ljóst er að áætluð notkun á gasolíu undanfarin ár hefur verið vanmetin.

Losun $CO_2$ frá umferð á vegum 1990-2005




Hlutfallsleg aukning á losun $CO_2$ frá umferð á vegum frá árinu 1990



**Endurheimt votlendis**

| Framkvæmdir: Vegur (nr.) áfangi | Flatarmál (ha.) | Framkvæmda-tímabil | Vg-svæði |
|---|---|---|---|
| Borgarfjarðarbraut (50) um Vatnshamraleið, Andakílsá – Kleppjárnsreykir | -4 | 1999-2002 | NV |
| Vestfjarðavegur (60) um Bröttubrekku (Dalafjall) | -1,5 | 1999-2003 | NV |
| Snæfellsnesvegur (áður Ólafsvíkurvegur) (54) -Útnesvegur vegamót. Bjarnarfoss – Egilsskarð | -2,2 | 1999-2001 | NV |
| Vatnaleið (56) um Vatnaheiði á Snæfellsnesi | -24 | 2000-2002 | NV |
| Þverárfjallsvegur (744) | -36 | 2000-2003 | NV |
| Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði | -1 | 2003-2004 | NV |
| Snæfellsnesvegur (54) um Kolgrafafjörð | -1,15 | 2003-2005 | NV |
| Útnesvegur (574) um Klifhraun, Gröf – Arnarstapi | -6,75 | 2004- | NV |
| Hringvegur (1) um Fljótsheiði, Fosshóll – Aðaldalsvegur | -12 | 1996-1999 | NA |
| Hringvegur (1) Austurlandi, Biskupsháls – Skjöldólfsstaðir, Hárekssstaðaleið | -21 | 1998-2000 | NA |
| Norðausturvegur (85), Vopnafjarðarheiði, Brunahvammsháls – Hringvegur | -9 | 2000-2002 | NA |
| Norðausturvegur (85), Tjörnes 3. áfangi Bangastaðir – Víkingavatn | -5 | 2001-2003 | NA |
| Norðausturvegur (85), Tjörnes 4. áfangi Breiðavík – Bangastaðir | -1,6 | 2003-2004 | NA |
| **Samtals raskað votlendi** | **-125,2** | | |
| **Endurheimt votlendi** | | | |
| Staðarhús Borgarbyggð | 28 | 2001 | NV |
| Kolviðarnestjörn Eyjahreppi | 45 | 2001 | NV |
| Steinsstaðir Skagafirði | 22 | 2002 | NV |
| Framengjar í Mývatnssveit | 37,8 | 2003-2004 | NA |
| **Samtals endurheimt votlendi** | **132,8** | | |
| **Mismunur** | **7,6** | | |

## Hráefna- og auðlindanotkun

*Orku- og vatnsnotkun*

Upplýsingar um orku- og vatnsnotkun hafa verið birtar í grænu bókhaldi Vegagerðarinnar á undanförnum árum. Á árinu 2005 var nýtt bókhaldskerfi tekið í notkun. Því miður eru þessar upplýsingar óaðgengilegar í hinu nýja bókhaldskerfi en verða vonandi birtar á næsta ári.


*Notkun pappírs á skrifstofum*

Upplýsingar um notkun á ljósritunar- og tölvupappír hafa verið birtar í grænu bókhaldi Vegagerðarinnar á undanförnum árum. Á árinu 2005 var nýtt bókhaldskerfi tekið í notkun. Því miður eru þessar upplýsingar óaðgengilegar í hinu nýja bókhaldskerfi en verða vonandi birtar á næsta ári.

**Spilliefni**


*Notkun spilliefna í nýbyggingum og viðhaldi vega*

Birgðadeild og framkvæmdadeild taka árlega saman magntölur fyrir notkun á „white spirit "og aminum í slitlög og styrkingar. Þunnbik er bik (asfalt) með um 10% „white-spirit" eða mineralskri terpentínu. Þunnbik er notað í klæðningar á þjóðvegum. Heildarnotkun af þunnbiki og hlutfall „white-spirit" í þunnbiki má sjá á meðfylgjandi grafi. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi og er það árangur rannsókna og þróunar síðustu ára. Á árinu 2004 voru notuð 91 tonn af amínum og tæplega 1 tonn af viðloðunarefninu Wetfix.




*Notkun spilliefna í vegmálningu*

Á árinu 2005 voru 1.600 km merktir með vatnsmálningu, 1.840 km með sprautuplasti, samtals 3.440 km en voru alls 3.825 km á árinu 2004. Minnkun á milli ára var því um 10%. Merktir voru 2.859 km í miðlínu og 581 km í kantlínu. Vatnsmálningin inniheldur engin leysiefni og voru notaðir um 84.000 lítrar af henni á árinu. Sprautuplastið inniheldur engin leysiefni og voru notuð um það bil 423 tonn árið 2005. Hlutfall vegkafla merktra með málningu er aðeins minna en árið 2004 eða um 46%. Notuð var vatnsmálning, Merkalin AQ6010 frá Geveko. Reyndist hún mjög vel, þurrktíminn er stuttur og hún þekur vel yfirborðið. Þessi málning verður notuð sumarið 2006.




*Þvottur á vegstikum og skiltum*

Áætluð notkun tjöruhreinsis við hreinsun á vegstikum og skiltum var 250 l. Engin sápa var notuð við stikuþvott á árinu.

## Farartæki, olíuafgreiðslubúnaður og varaaflsstöðvar

Vegagerðin átti 130 bifreiðir og 105 vinnuvélar í árslok 2005. Bifreiðum hefur því fækkað um 6 frá fyrra ári og eina vinnuvél.

Olíuafgreiðslubúnaður er á eftirtöldum stöðum (ein á hverjum stað): Vík í Mýrdal, Borgarnesi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Hólmavík, Sauðárkróki, Akureyri og Vopnafirði. Einnig eru vinnuflokkar í Vík og á Hvammstanga með olíuafgreiðslubúnað.

Varaaflstöðvar eru á eftirtöldum stöðum (ein á hverjum stað): Borgarnesi, Ísafirði, Hvammstanga, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði.

## Mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun úrskurðaði um mat á umhverfisáhrifum eftirtalinna framkvæmda:

| Framkvæmd 2004 | Úrskurður Skipulagsst. dags.-niðurstaða | Úrskurður kærður? |
|---|---|---|
| Norðausturvegur um Hólaheiði í Öxarfjarðarhreppi og Svalbarðshreppi | 3.8.2005 Fallist á framkvæmd með skilyrðum | Já. Kærufrestur var til 9. september 2005. Umhverfisráðherra mun því úrskurða um málið skv. lögunum eins og þau voru fyrir breytingar sem tóku gildi þann 1. okt. 2005. |

# 426. Svar [310. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um erlent starfsfólk.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir karlar og konur með erlent ríkisfang voru starfandi á Íslandi 1. nóvember sl.?*
2. *Hvernig skiptist þessi fjöldi eftir atvinnugeirum (frumvinnsla, iðngreinar, þjónustugreinar)?*
3. *Hvernig skiptust starfandi erlendir ríkisborgarar eftir ríkisfangi?*
4. *Hversu margir starfsmenn hafa verið skráðir mánaðarlega á vegum starfsmannaleigna frá 1. janúar 2005?*
5. *Hvernig skiptust þessir starfsmenn eftir ríkisfangi?*

Við undirbúning þessa svars var upplýsinga aflað frá Vinnumálastofnun.

Vinnumálastofnun byggir að hluta til tölur sínar á upplýsingum frá Hagstofu Íslands og samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar tekur þrjá til sex mánuði að safna saman gögnum þannig að unnt sé að birta tölur fyrir einstaka mánuði. Af þeim sökum liggja upplýsingar um tölur frá því í október ekki fyrir. Að mati Vinnumálastofnunar má þó gera ráð fyrir að af þeim 9.000 erlendu ríkisborgurum sem voru starfandi hér á landi á síðasta ári séu um það bil 6.000 enn starfandi hér, ef miðað er við að margir af þessum 9.000 voru ráðnir tímabundið eða á vegum starfsmannaleigna. Frá 1. janúar 2006 til 1. október 2006 er áætlað að um það bil 10.000 erlendir ríkisborgarar hafi komið til starfa á innlendum vinnumarkaði en af þeim hafi 2.772 fengið tímabundið atvinnuleyfi, 2.449 hafi verið skráðir sem nýir á innlendum vinnumarkaði hjá Vinnumálastofnun og sem ríkisborgarar frá nýju aðildarríkjunum að Evrópska efnahagssvæðinu. Frá starfsmannaleigum hafa Vinnumálastofnun borist 1.056 tilkynningar um erlenda starfsmenn. Því má gera ráð fyrir að um 16.000 erlendir ríkisborgarar starfi hér á landi um þessar mundir.

Sundurgreining á bakgrunnsþáttum erlendra starfsmanna liggur ekki fyrir en skipting nýrra atvinnuleyfa á tímabilinu janúar til apríl sl. var með eftirfarandi hætti: Frumvinnsla 9%, úrvinnsla 72%; þar af byggingariðnaður 64% og þjónusta 19%. Að mati Vinnumálastofnunar má gera ráð fyrir að svipuð dreifing sé hjá öðrum erlendum ríkisborgurum sem hér starfa en falla utan þess tímabils sem að framan greinir.

Þeir erlendu ríkisborgarar sem hafa komið til starfa hér á landi á þessu ári hafa ríkisborgararétt í eftirfarandi ríkjum:

| | |
|---|---|
| Pólland | 6.059 |
| Portúgal | 781 |
| Litháen | 555 |
| Lettland | 453 |
| Þýskaland | 438 |
| Svíþjóð | 294 |
| Danmörk | 195 |
| Bretland | 176 |
| Tékkland | 138 |
| Ítalía | 132 |
| Rúmenía | 127 |

| | |
|---|---|
| Finnland | 117 |
| Slóvakía | 114 |
| Frakkland | 107 |
| Spánn | 76 |
| Noregur | 59 |
| Kína | 42 |
| Indónesía | 42 |
| Bandaríkin | 40 |
| Holland | 38 |
| Austurríki | 37 |
| Írland | 28 |
| Ungverjaland | 27 |
| Eistland | 23 |
| Sviss | 18 |
| Belgía | 16 |
| Önnur lönd | 257 |
| **Alls** | **10.389** |

Skráning á grundvelli laga um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, hófst í janúar sl. en lögin tóku gildi 1. sama mánaðar. Í lok maí höfðu 675 starfsmenn verið skráðir á innlendum vinnumarkaði á vegum starfsmannaleigna en síðan hafa verið skráðir um það bil 100 starfsmenn á mánuði. Á sama tíma hafa um það bil 20 starfsmenn verið afskráðir en þetta eru starfsmenn sem ljúka störfum hér á landi. Þegar þetta svar var unnið voru 1.024 starfsmenn skráðir á innlendum vinnumarkaði á vegum starfsmannaleigna en þar af var 861 starfsmaður virkur í lok október

Skipting þessara starfsmanna eftir ríkisfangi er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| **Gömlu EES-löndin:** | |
| Portúgal | 521 |
| Ísland | 67 |
| Þýskaland | 63 |
| Danmörk | 25 |
| Spánn | 11 |
| Svíþjóð | 5 |
| Noregur | 1 |
| *Alls* | *693* |
| **Nýju EES-löndin:** | |
| Pólland | 173 |
| Litháen | 88 |
| Slóvakía | 38 |
| Tékkland | 27 |
| Ungverjaland | 5 |
| *Alls* | *331* |
| **EES-lönd alls** | **1.024** |

# 427. Frumvarp til laga [385. mál]

um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Almenn ákvæði.

### 1. gr.
*Markmið.*

Markmið laga þessara er að tryggja öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra og að efla varnir gegn mengun sjávar.

### 2. gr.
*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um áhafnir íslenskra skipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, annarra en farþegaskipa og flutningaskipa. Lög þessi taka jafnframt til áhafna þeirra erlendu skemmtibáta sem notaðir eru að staðaldri í íslenskri landhelgi, sbr. 4. mgr. 7. gr.

### 3. gr.
*Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar skips samkvæmt STCW eða STCW-F.
2. *Áritun* er viðurkenning skírteina erlendra ríkisborgara til starfa á íslenskum skipum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
3. *Brúttótonn* er mælieining fyrir heildarstærð skips eins og hún er ákvörðuð samkvæmt lögum um skipamælingar. Skip sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd mælast samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um skipamælingar frá 23. júní 1969. Skip sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd mælast samkvæmt ákvæðum reglugerðar um mælieiningu skipa með lengd allt að 24 metrum.
4. *Farsvið* er nánari landfræðileg skilgreining á því hafsvæði sem skipi er heimilt að sigla um að teknu tilliti til smíði, ástands og stærðar skips, búnaðar þess, mönnunar og umhverfisþátta.
5. *Fiskiskip* er hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem notað er í atvinnuskyni til að veiða fisk eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins.
6. *Fjarskiptamaður* er lögmætur handhafi skírteinis sem er gefið út eða viðurkennt af Póst- og fjarskiptastofnun samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar. Með alþjóðaradíóreglugerðinni er átt við reglur um fjarskipti sem eru viðauki við, eða sem taldar eru viðauki við, alþjóðafjarskiptasamþykktina.
7. *Fyrsti vélstjóri* er sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og tekur við vélstjórn og ábyrgð yfirvélstjóra í forföllum hans. Fyrsti vélstjóri er sá sami og telst annar vélstjóri samkvæmt alþjóðasamþykktinni og skal uppfylla sömu kröfur og þar eru gerðar.
8. *Innanlandssigling* er sigling innan íslenskrar efnahagslögsögu.
9. *Siglingatími* er viðurkenndur starfstími um borð í skipi sem er í förum og fullnægir skilyrðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

10. *Skemmtibátur* er hvert það skip, skrásett sem skemmtiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa, sem er ekki notað í atvinnuskyni og ætlað til skemmtisiglinga, óháð þeirri orku sem knýr skipið.
11. *Skemmtibátaskírteini* er skjal sem er í gildi og er staðfesting á réttindum samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.
12. *Skip* er hvert það skip sem skráð er samkvæmt lögum um skráningu skipa og lög þessi taka til.
13. *Skipherra* er sá sem fer með æðsta vald á varðskipi.
14. *Skipstjóri* er sá sem fer með æðsta vald á skipi, sbr. ákvæði sjómannalaga.
15. *Skipstjórnarmaður* er hver sá sem fullnægt hefur þeim skilyrðum sem lög þessi kveða á um að skuli vera fullnægt til að fá útgefið skírteini til skipstjórnar.
16. *Skírteini* (*skipstjórnarskírteini* og *vélstjórnarskírteini*) er skjal sem er í gildi og er staðfesting á atvinnuréttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skírteininu skal tilgreina þá stöðu sem skírteinishafi hefur heimild til að gegna um borð í skipi miðað við gerð, stærð og vélarafl þess.
17. *Skráningarlengd* er sú lengd skips sem lögð er til grundvallar við stærðarmælingu þess samkvæmt reglum um mælingar skipa.
18. *Smáskip* eru samkvæmt lögum þessum skip sem eru 12 metrar að skráningarlengd og styttri.
19. *Strandsigling* er sigling innan 50 sjómílna frá strönd.
20. *Stýrimaður* er sá stýrimaður sem er lægra settur en yfirstýrimaður.
21. *STCW* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar skipa frá 1978, með síðari breytingum.
22. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.
23. *Varðskip* er hvert það skip, skrásett sem varðskip eða gæsluskip, sem notað er til landhelgisgæslu og björgunarstarfa undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
24. *Vélarafl* er bremsuafl, þ.e. heildarúttaksafl véla sem notaðar eru til að knýja skipið áfram, eins og það er tilgreint í skráningarskírteini skips.
25. *Vélavörður* er sá sem hefur lokið vélstjórnarnámi samkvæmt reglugerð.
26. *Undirvélstjóri* er sá vélstjóri sem er lægra settur en yfirvélstjóri eða fyrsti vélstjóri.
27. *Vélstjórnarmaður* er hver sá sem fullnægt hefur þeim skilyrðum sem lög þessi kveða á um að skuli vera fullnægt til að fá útgefið skírteini til vélstjórnar.
28. *Yfirstýrimaður* gengur næst skipstjóra og tekur við ábyrgð og skipstjórn í forföllum hans.
29. *Yfirvélstjóri* er æðsti vélstjóri um borð og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess.
30. *Önnur skip* eru hver þau skip sem notuð eru í atvinnuskyni og teljast ekki vera farþegaskip eða flutningaskip samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og teljast ekki vera fiskiskip, skemmtibátar eða varðskip samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
**Nám og réttindi.**

4. gr.
*Menntun og þjálfun.*

Menntun og þjálfun áhafna skipa annast skólar sem uppfylla kröfur alþjóðasamþykktarinnar. Um inntökuskilyrði í þá skóla, námskrá, nám, námstilhögun, námsmat og námsstig til öflunar tiltekinna skírteina samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Nám og kennsla í þeim skólum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, gerir tillögu til menntamálaráðherra, að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands, um námskrár skólanna.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð varðandi námskröfur til réttinda á smáskipum. Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með að nám við þá skóla uppfylli kröfur alþjóðasamþykktarinnar.

5. gr.
*Skipstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.*

Sá einn sem er lögmætur handhafi skipstjórnarskírteinis skv. 8. gr. og hefur fullnægt áskilnaði reglugerðar sem samgönguráðherra setur hefur rétt til starfa við skipstjórn um borð í fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.

Lágmarksaldur til að fá útgefið skipstjórnarskírteini er 18 ár.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða erlendri, vottorði frá lögskráningarstjóra eða á annan fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar. Staðfesta má siglingatíma á skipum þar sem ekki er krafist lögskráningar með vottorði tveggja trúverðugra manna.

Skipstjórnarmenn skulu uppfylla kröfur til þess að öðlast skírteini fjarskiptamanns eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipstjórnarmenntun til grundvallar réttindum, m.a. að teknu tilliti til stærðar skips og farsviðs þess, auk aldurs og siglingatíma skipstjórnarmanns.

6. gr.
*Vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.*

Sá einn sem er lögmætur handhafi vélstjórnarskírteinis skv. 8. gr. og hefur fullnægt áskilnaði reglugerðar sem samgönguráðherra setur hefur rétt til starfa við vélstjórn um borð í fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða útlendri, vottorði frá lögskráningarstjóra eða á annan fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar. Til staðfestingar siglingatíma á skipum þar sem ekki er krafist lögskráningar má leggja fram vottorð tveggja trúverðugra manna.

Lágmarksaldur til að fá útgefið vélstjórnarskírteini er 18 ár.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um vélgæslu- og vélstjórnarmenntun til grundvallar réttindum, m.a. að teknu tilliti til stærðar skips, vélarafls og farsviðs þess, auk aldurs, starfsreynslu og siglingatíma vélgæslu- og vélstjórnarmanns.

7. gr.

*Skemmtibátar.*

Sá einn sem er lögmætur handhafi skemmtibátaskírteinis til stjórnunar skráningarskylds skemmtibáts hefur rétt til að annast stjórn hans að uppfylltum skilyrðum sem samgönguráðherra setur um aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn. Menntamálaráðuneytið setur reglur um menntun og þjálfun til stjórnunar skemmtibátum.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um skemmtibáta, þ.m.t. um útgáfu skírteina, gildistíma og endurnýjun þeirra, gerð skemmtibáta, stærð þeirra, afl og farsvið og um öryggiskröfur sem gerðar verða til skemmtibáta og stjórnenda þeirra.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð kröfur skv. 1. og 2. mgr. um stjórn skemmtibáta sem ekki eru skráningarskyldir en hafa vélarafl sem er meira en 50 kW.

Þeir sem stjórna skemmtibátum sem skrásettir eru erlendis og notaðir í íslenskri landhelgi að staðaldri skulu uppfylla kröfur reglugerðar skv. 1.–3. mgr. um skírteini eða vera handhafar annars sambærilegs erlends skírteinis að mati Siglingastofnunar Íslands.

III. KAFLI

**Skírteini.**

8. gr.

*Útgáfa skírteina.*

Hver íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið skírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður og/eða vélstjórnarmaður á íslenskum skipum.

Sama rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar.

Siglingastofnun Íslands gefur út skírteini til vélstjórnar- og skipstjórnarréttinda samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Skírteinin skulu rituð á íslensku og ensku. Útgáfa skipstjórnarskírteina og vélstjórnarskírteina og áritanir þeirra skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi. Umsóknum um skírteini skal skilað til Siglingastofnunar Íslands á þar til gerðu umsóknareyðublaði eða rafrænt samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar.

Skírteini skv. 1.–3. mgr. þessarar greinar skal veita umsækjanda sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

a. Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, m.a. um menntun, þjálfun og aldur. Skal hann m.a. hafa sótt þau námskeið sem krafist er til endurnýjunar atvinnuréttinda.
b. Umsækjandi skal vera svo heill heilsu að hann geti rækt störf sín af öryggi. Skal hann leggja fram vottorð læknis til staðfestingar á hæfni til vaktstöðu og því að hann uppfylli skilyrði um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur.
c. Umsækjandi skal hafa að baki fullnægjandi siglingatíma, sbr. 5.–6. gr. og reglugerð þar um. Hann skal færa sönnur á siglingatíma sem hann telur sig hafa að baki. Staðfesting lögskráningarstjóra eða rétt útfyllt og árituð sjóferðabók telst fullnægjandi sönnun á siglingatíma. Umsækjandi skírteinis sem kveðst hafa að baki siglingatíma á skipi sem ekki er skráð á Íslandi skal færa sönnur á þann siglingatíma á fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar.
d. Auk þess að uppfylla skilyrði a–c-liðar skal sá sem gegnir stöðu skipstjóra á íslensku skipi og hefur íslensku ekki að móðurmáli hafa staðist sérstakt próf um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem þeir

fá réttindi til að gegna. Samgönguráðherra setur reglur um framkvæmd prófa samkvæmt ákvæði þessu.

Frumrit skírteinis sem krafist er skal ávallt vera um borð í því skipi sem skírteinishafi er skráður eða ráðinn á samkvæmt lögskráningarkerfi sjómanna og skal hann eða skipstjóri geta framvísað því ef og þegar þess er óskað vegna eftirlits.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir útgefin skírteini.

9. gr.

*Gildistími og endurnýjun skírteina.*

Skírteini sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum skulu gilda í allt að fimm árum frá útgáfudegi.

Heimilt er vegna sérstakra aðstæðna að gefa út bráðabirgðaskírteini sem gildir allt að 60 dögum.

Endurnýja skal skírteini sem gefin eru út samkvæmt alþjóðasamþykktinni til allt að fimm árum í senn. Heimilt er að endurnýja skírteini sem ekki falla undir alþjóðasamþykktina til lengri tíma eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Við endurnýjun skírteina skal umsækjandi:

a. fullnægja þeim heilbrigðiskröfum sem gerðar eru á hverjum tíma til að öðlast skírteini, þ.m.t. varðandi sjón og heyrn, sbr. b-lið 4. mgr. 8. gr., og
b. hafa að baki siglingatíma í stöðu sem skírteini veitir honum rétt til a.m.k. í eitt ár á síðustu fimm árum, sbr. c-lið 4. mgr. 8. gr. eða
c. hafa verið í starfi sem samsvarar viðkomandi skírteini og telst a.m.k. sambærilegt við siglingatíma sem krafist er skv. b-lið þessarar greinar eða með því að:
   1. hafa staðist viðurkennd próf eða lokið á fullnægjandi hátt viðurkenndu námskeiði/endurmenntunarnámskeiði eða
   2. hafa a.m.k. þriggja mánaða siglingatíma í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu, samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Endurmenntunarnámskeið samkvæmt þessari grein skulu samþykkt af Siglingastofnun Íslands og skulu þau m.a. taka mið af gildandi alþjóðareglum um öryggi mannslífa á sjó, alþjóðasamþykktinni og reglum um varnir gegn mengun sjávar.

10. gr.

*Viðurkenning erlendra skírteina.*

Siglingastofnun Íslands er heimilt að viðurkenna og árita erlend skírteini í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Stofnuninni er heimilt að veita handhöfum erlendra skírteina leyfi í allt að þremur mánuðum til að gegna tilteknu starfi á tilteknu skipi þar sem krafist er skipstjórnar- eða vélstjórnarréttinda á meðan staðreynt er lögmæti hins erlenda skírteinis, enda:

a. séu lögð fram fullgild gögn um menntun sem samræmist kröfum til skip- eða vélstjórnar samkvæmt lögum þessum
b. geti viðkomandi skilið fyrirmæli yfirmanna skipsins og stjórnað verkum í þeirra umboði.

Um umsóknir frá ríkisborgurum Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara í samræmi við lög og reglur um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum. Hið sama gildir um umsóknir frá ríkisborgurum aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingum.

Um umsóknir frá ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir viðurkennd erlend skírteini.

11. gr.

*Afturköllun skírteinis.*

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skírteini ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum þessara laga eða reglna settra samkvæmt þeim til að öðlast slíkt skírteini eða vera skírteinishafi. Þá er stofnuninni heimilt að afturkalla skírteini, hafi það verið gefið út á röngum forsendum eða fyrir mistök.

Nú telur Siglingastofnun að skilyrði séu fyrir hendi til sviptingar starfsréttinda og er stofnunni þá heimilt að svipta viðkomandi starfsréttindum til bráðabirgða. Skal slík svipting vera tímabundin eða ákvörðuð til þess tíma þegar endanleg ákvörðun dómstóls um sviptinguna liggur fyrir.

Bráðabirgðasvipting samkvæmt ákvæði þessu skal dragast frá endanlegum sviptingartíma samkvæmt dómi.

Bera má slíka ákvörðun Siglingastofnunar Íslands undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal stofnunin leiðbeina viðkomandi um þann rétt.

## IV. KAFLI
## **Mönnun og undanþágur.**

12. gr.

*Lágmarksfjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.*

Á hverju fiskiskipi og öðru skipi skal vera skipstjóri. Um fjölda stýrimanna á fiskiskipum og öðrum skipum fer sem hér segir :

a. Á skipi sem er styttra en 24 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á skipi þar sem daglegur útivistartími er styttri en 14 klst. er heimilt að vera án stýrimanns, enda hafi skip fengið útgefna heimild þess efnis frá mönnunarnefnd. Siglingastofnun Íslands skal halda skrá yfir þau skip sem slíka heimild hafa hlotið. Brjóti skipin skilyrtan útivistartíma skal mönnunarnefnd afturkalla heimildina.
b. Á skipi sem er 24 metrar að skráningarlengd eða lengra en styttra en 45 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður.
c. Á skipi sem er 45 metrar eða lengra að skráningarlengd skulu vera tveir stýrimenn.

Á hverju varðskipi skal vera skipherra. Um fjölda stýrimanna á varðskipum fer sem hér segir :

a. Á skipi sem er styttra en 24 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður.
b. Á skipi sem er 24 metrar að skráningarlengd eða lengra en styttra en 45 metrar að skráningarlengd skulu vera tveir stýrimenn.
c. Á skipi sem er 45 metrar eða lengra að skráningarlengd skulu vera þrír stýrimenn.

Um fjölda vélstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum fer sem hér segir:

a. Á skipi með vélarafl frá og með 250 kW til og með 750 kW skal vera:

1. Vélavörður, sé skipið styttra en 12 metrar að mestu lengd. Vélavörður má vera hinn sami og skipstjóri, enda sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skips skemmri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili.
2. Yfirvélstjóri, sé skipið 12 metrar að mestu lengd eða lengra.
3. Yfirvélstjóri og vélavörður, sé skipið 12 metrar að mestu lengd eða lengra og útivera þess fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á skipi þar sem daglegur útivistartími er styttri en 14 klst. er heimilt að vera án vélavarðar, enda hafi skip fengið útgefna heimild þess efnis frá mönnunarnefnd. Siglingastofnun skal halda skrá yfir þau skip sem slíka heimild hafa hlotið. Brjóti skipin skilyrtan útivistartíma skal mönnunarnefnd afturkalla heimildina.

b. Á skipi með vélarafl frá og með 751 kW til og með 1.800 kW skal vera yfirvélstjóri og fyrsti vélstjóri.
c. Á skipi með vélarafl yfir 1.800 kW skal vera yfirvélstjóri, fyrsti vélstjóri og undirvélstjóri.

Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem kveðið er á um í reglugerð er ekki skylt að vélavörður sé í áhöfn skips 12 metrum og styttri ef gerður hefur verið samningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands.

Lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna um borð í skipum skv. 1.–3. mgr. skal að öðru leyti taka mið af úthaldi skips og tryggja að ákvæðum 64. gr. sjómannalaga um vinnu og hvíldartíma sjómanna á fiskiskipum sé fullnægt ásamt ákvæðum reglugerðar um sama efni.

Mönnunarnefnd skv. 13. gr. laga þessara ákveður undanþágur frá mönnun skipa samkvæmt þessari grein.

13. gr.

*Mönnunarnefnd.*

Samgönguráðherra skipar fimm menn í mönnunarnefnd skipa, til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samtökum útgerðaraðila, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einum tilnefndum af Félagi vélstjóra og málmtæknimanna. Samgönguráðherra skipar formann og varamann hans án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Mönnunarnefnd hefur heimild til að:

a. ákveða frávik frá ákvæðum 12. gr. um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar, þar sem m.a. skal taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér,
b. ákveða tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur þó ekki lengur en sex mánuði í senn,
c. ákveða að sjómaður sem hlotið hefur skilgreinda þjálfun undir staðfestri leiðsögn skipstjóra eða yfirvélstjóra geti fengið undanþágu til starfa sem undirstýrimaður eða undirvélstjóri á því skipi sem hann fékk þjálfunina á eða öðru sambærilegu skipi,
d. meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

Siglingastofnun Íslands ber ábyrgð á því að ákvörðun mönnunarnefndar um frávik frá 12. gr. sé skráð í lögskráningarkerfi sjómanna. Nefndin skal senda Siglingastofnun og lögskráningarstjóra í því umdæmi þar sem lögskráning skal fara fram samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna samrit ákvörðunar um mönnun skips.

14. gr.
*Undanþágur.*

Samgönguráðherra skipar fimm menn í undanþágunefnd til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samtökum útgerðarmanna, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einum tilnefndum af Félagi vélstjóra og málmtæknimanna. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin réttindi vantar til starfa getur undanþágunefnd veitt tilteknum manni undanþágu til að gegna stöðu á tilteknu skipi í tiltekinn tíma hafi umsækjandi ekki tilskilin réttindi, sbr. 5. og 6. gr., enda telji hún að öryggi mannslífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu og viðkomandi hæfan til að annast starfið á öruggan hátt.

Undanþágu má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu eða uppfyllir kröfur reglugerðar um undanþágur. Ef ekki er krafist skírteinis í næstu stöðu fyrir neðan má veita þeim undanþágu sem að mati undanþágunefndar hefur næga þekkingu og reynslu.

Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra skv. 5. gr. eða yfirvélstjóra skv. 6. gr. nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er.

Undanþágunefnd veitir undanþágur til starfa á skipum samkvæmt lögum þessum.

Undanþágur samkvæmt þessari grein má ekki veita til lengri tíma en sex mánaða.

## V. KAFLI
## **Ýmis ákvæði.**

15. gr.
*Ábyrgð skipstjóra.*

Skipstjóri á íslensku skipi ber fulla ábyrgð á framkvæmd þeirra laga og reglna sem lúta að starfi hans og settar eru af þar til bærum stjórnvöldum.

16. gr.
*Vafatilvik.*

Leiki vafi á því hvort skip telst fiskiskip, varðskip, skemmtibátur eða annað skip samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sker Siglingastofnun Íslands úr um það.

17. gr.
*Kærur.*

Ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands, undanþágunefndar og mönnunarnefndar samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til samgönguráðuneytisins í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

18. gr.
*Gjöld.*

Greiða skal fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina og veitingu undanþágna samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands sem af því hlýst.

Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.

19. gr.
*Reglugerð.*

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um próf, skírteini og skilyrði þeirra, útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina, vaktstöður, undanþágur, mönnun skipa og skipan og starfshætti undanþágunefndar og mönnunarnefndar.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu að lágmarki uppfylla skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktinni.

20. gr.
*Refsiákvæði.*

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum enda liggi ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

21. gr.
*Gildistaka o.fl.*

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2007.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, nr. 47/1987, lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeir sem eru lögmætir handhafar skírteina samkvæmt lögum sem falla úr gildi við gildistöku laga þessara skulu halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi þeir öðrum kröfum laga þessara, sbr. 4. mgr. 8. gr., sbr. 3. mgr. 9. gr.

Heimilt er að gefa út ný skírteini í stað eldri skírteina í samræmi við ákvæði reglugerðar. Nánar skal kveðið á um gildistíma eldri skírteina í reglugerð.

Hafi skipstjórnarmaður skírteini til skipstjórnarstarfa á skipi samkvæmt brúttórúmlestaviðmiðun eldri laga, sem hann hefur ekki réttindi til að gegna samkvæmt lögum þessum, skal hann eigi að síður eiga rétt á að fá útgefin skírteini til þess að gegna sömu störfum á því skipi og skipum sem eins háttar um, að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Þeir sem við gildistöku laga þessara eru lögmætir handhafar 30 brúttórúmlesta atvinnuréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum allt að 12 metrum að skráningarlengd í strandsiglingum, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu.

Þeir sem eru lögmætir handhafar 80 brúttórúmlesta skipstjórnarréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum allt að 24 metrum að skráningarlengd í innanlandssiglingum, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu.

Þeir sem eru lögmætir handhafar 200 brúttórúmlesta skipstjórnarréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum allt að 45 metr-

um að skráningarlengd í innanlandssiglingum, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu.

Skipa skal í nefndir samkvæmt 13. og 14. gr. að nýju, við gildistöku laga þessara.

## Viðauki.

### Útgáfa nýrra skírteina og yfirfærsla eldri skírteina.

Heimilt er að gefa út ný skírteini til skipstjórnarstarfa á íslenskum fiskiskipum og öðrum skipum samkvæmt þessum lögum og reglugerð sem sett er samkvæmt þeim í stað skírteina samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996 á þann hátt sem eftirfarandi tafla sýnir:

| **Skírteini samkvæmt þessum lögum og reglugerð sem sett er samkvæmt þeim.** | **Skírteini samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996. Takmarkanir:** |
|---|---|
| *Skipstjóri/stýrimaður* á fiskiskipum og öðrum skipum < 12 metrar eða minna að skráningarlengd. Réttindastig sem þeir einir eiga tilkall til sem við gildistöku þessara laga höfðu öðlast réttindi til að gegna stöðu skipstjóra og stýrimanns á skipi 30 brúttórúmlestir eða minna í innanlandssiglingum. | *Skipstjóri/stýrimaður* á skipi 30 rúmlestir eða minna í innanlandssiglingum. |
| *Skipstjóri/stýrimaður* á fiskiskipi og öðrum skipum < 24 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum. (Skírteini Ac og Ad). | *Skipstjóri/stýrimaður* á fiskiskipum og öðrum skipum, allt að 80 brl. í innanlandssiglingum. (A-2). |
| *Yfirstýrimaður* á fiskiskipi og öðrum skipum < 45 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum. (Skírteini Ba). | *Yfirstýrimaður/1. stýrimaður* á fiskiskipum og öðrum skipum 200 rúmlesta og minni í innanlandssiglingum. (A-3 og 1. stig). |
| *Skipstjóri* á fiskiskipi og öðrum skipum < 45 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum. (Skírteini Bb). | *Skipstjóri* á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum (A-4 og 1. stig). |
| *Undirstýrimaður* – engar takmarkanir. (Skírteini Ab). | *Undirstýrimaður* á 500 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum. (A-4 og 1. stig). |
| *Yfirstýrimaður* – engar takmarkanir. (Skírteini Ca). | *Yfirstýrimaður/1. stýrimaður* á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði. (A-5 og 2. stig). |
| *Skipstjóri* – engar takmarkanir. (Skírteini Cb). | *Skipstjóri* á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði. (A-6 og 2. stig). |

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið þetta er í meginatriðum byggt á sömu sjónarmiðum og fram komu í frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002. Frumvarpið er samið í samgönguráðuneytinu og hjá Siglingastofnun Íslands, að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Megintilgangur þess er að viðhalda og efla öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra. Því er jafnframt ætlað að stuðla að vörnum gegn mengun hafs og stranda. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun tvennra núgildandi laga, þ.e. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna

á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, hér eftir nefnd atvinnuréttindalög.

Hvað varðar atvinnuréttindi til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum hefur slík endurskoðun þegar farið fram með lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Með þeim lögum voru m.a. tekin í íslenska löggjöf endurskoðuð ákvæði alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978, International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, 1978), með síðari breytingum. Sú alþjóðasamþykkt fjallar um lágmarkskröfur sem gera skal til áhafna farþegaskipa og flutningaskipa og nær því ekki til þeirra sem starfa á fiskiskipum og skipum sem hvorki teljast farþegaskip né flutningaskip, í frumvarpi þessu nefnd „önnur skip“. Við þá heildarendurskoðun sem nú hefur verið gerð á gildandi lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna á íslenskum skipum var því ákveðið að fjalla sérstaklega um áhafnir fiskiskipa og „annarra skipa“. Með frumvarpi þessu er markmiðið að gera hliðstæðar breytingar hvað þessi skip varðar og setja heildarlög um áhafnir íslenskra skipa annarra en farþega- og flutningaskipa.

Í framhaldi af endurskoðun STCW-samþykktarinnar frá 1978 ákvað Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) að semja drög að alþjóðasamþykkt um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum. Sú samþykkt, Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, svonefnd STCW-F samþykkt, í frumvarpi þessu nefnd „alþjóðasamþykktin“, var afgreidd og samþykkt á fundi IMO árið 1995 („International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel“, 1995). Í þeirri samþykkt er kveðið á um menntunar- og þjálfunarkröfur, auk skírteinisútgáfu til handa þeim sem gegna störfum skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og fjarskiptamanna um borð í fiskiskipum sem eru 24 metrar að skráningarlengd og lengri. STCW-F samþykktin hefur ekki enn fengið þann stuðning aðildarríkja IMO sem þarf til að hún öðlist gildi alþjóðlega en Ísland er eitt sjö ríkja sem fullgilt hefur samþykktina. Hin eru Danmörk, Rússland, Sýrland, Færeyjar, Úkraína og Noregur. Með staðfestingu á aðild að STCW-F samþykktinni hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að fara að ákvæðum hennar að því er varðar þá sem starfa á fiskiskipum sem eru 24 metrar eða lengri að skráningarlengd. Með STCW-F alþjóðasamþykktinni er stuðlað að samræmingu bindandi lágmarksviðmiðana um menntun og þjálfun áhafna fiskiskipa 24 metra að skráningarlengd og lengri. Frumvarpið miðar m.a. að því að taka í íslenska löggjöf ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa (STCW-F) frá 1995.

Samhliða lagasetningu um vinnutíma aðila á vinnumarkaði hefur Evrópusambandið nýlega sett reglur um vinnutíma sjómanna á kaupskipum og fiskiskipum. Með gildistöku þessara reglna hafa verið sett viðmið um vinnu- og hvíldartíma þeirra sem starfa um borð í skipum. Reglur þessar setja skorður við því hve lengi sjómönnum er heimilt að sinna störfum án hvíldar, og hafa þar með m.a. áhrif á ákvæði gildandi laga um mönnun fiskiskipa. Í frumvarpi þessu hafa ákvæði um fjölda manna í áhöfn skipa verið færð til samræmis við ákvæði um lágmarks vinnu- og hvíldartíma sjómanna á fiskiskipum.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að skírteini skipstjórnarmanna miðist við lengd skipa í metrum talið í stað brúttórúmlestatölu þeirra samkvæmt gildandi lögum. Sú aðferð að mæla stærð skips í brúttórúmlestum er byggð á alþjóðasamþykkt sem nú hefur verið felld úr gildi og er hvergi í notkun nema hér á landi. Breyting sú sem lögð er til í frumvarpinu er til samræmis við þau viðmið sem notuð eru í alþjóðasamþykktinni frá 1995. Með breytingu á

viðmiðum varðandi atvinnuréttindi skipstjórnarmanna gefst að lokum færi á að leggja endanlega af mælingu skipa í brúttórúmlestum.

2. Gildandi lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum kveða nokkuð skýrt á um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna háð brúttórúmlestatölu skipsins. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna á fiskiskipum taki annars vegar mið af skráningarlengd skipsins og hins vegar af ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum.
3. Lagt er til að smábátanám komi í stað náms til svonefndra 30-brúttórúmlesta réttinda, eða pungaprófs, eins og þau réttindi hafa gjarnan verið nefnd.
4. Þá er gert ráð fyrir að atvinnuréttindi kennd við fyrsta stig skipstjórnarnáms, sem hafa veitt réttindi til starfa sem skipstjóri á skipum allt að 200 brúttórúmlestum, veiti réttindi til starfa á skipum allt að 45 metrum að lengd. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir nýju réttindastigi til starfa á skipum sem eru allt að 24 metrum að skráningarlengd. Með þessu fyrirkomulagi eru atvinnuréttindi aðlöguð að ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar auk þess sem komið er til móts við óskir um mögulega styttingu náms til lægri atvinnuréttinda skipstjórnarmanna.
5. Samkvæmt frumvarpinu munu atvinnuréttindi vélstjóra miðast áfram við afl aðalvélar í kW á svipaðan hátt og í gildandi lögum, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum. Gerðar eru breytingar á réttindaflokkum vegna starfa á skipum með vélarafl undir 750 kW í þeim tilgangi að einfalda menntunarkröfur og skírteinisútgáfu vegna vélstjórnarréttinda. Breytingarnar taka m.a. mið af þróun í skipagerð og sjósókn undanfarinna ára.
6. Með frumvarpinu er lagt til að Siglingastofnun Íslands verði falin útgáfa atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna. Samkvæmt gildandi lögum hefur útgáfa atvinnuskírteina verið hjá sýslumönnum og tollstjóranum í Reykjavík. Til einföldunar og aukins samræmis og til að tryggja sérfræðiþekkingu við útgáfu skírteina er talið heppilegra að útgáfa þeirra sé á einni hendi, þ.e. hjá Siglingastofnun. Siglingastofnun fer samkvæmt lögum nr. 76/2001, um áhafnir farþegaskipa og flutningaskipa, með útgáfu alþjóðlegra STCW-skírteina og hefur m.a. sett upp gæðakerfi sem tekur til útgáfu slíkra skírteina. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir því að gæðakerfið verði jafnframt notað við útgáfu skírteina samkvæmt því.
7. Engar kröfur hafa fram til þessa verið gerðar til þeirra sem stjórna skemmtibátum hér við land. Í ljósi þess að skemmtibátum hefur fjölgað mikið, þeir stækkað og vélarafl þeirra aukist, og þar sem erlendis eru víða gerðar kröfur um lágmarksþekkingu og færni við stjórnun skemmtibáta, er í frumvarpinu lagt til það nýmæli að stjórnendum skemmtibáta verði gert skylt að afla sér grunnþekkingar á öryggisþáttum sem tengjast siglingum og skipstjórn og að þeir þurfi að hafa gilt skipstjórnarskírteini (skemmtibátaskírteini). Með skemmtibátum er í frumvarpinu átt við þau skip sem skrásett eru sem skemmtiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa. Gert er ráð fyrir að kröfur um menntun og þjálfun til að mega stjórna skemmtibát af tiltekinni stærð og með tiltekið vélarafl verði tilgreindar í reglugerð.

Framangreindar breytingar á skipulagi skipstjórnarnáms hafa þær afleiðingar að taka þarf námskrá til skipstjórnarnáms til endurskoðunar. Sama gildir um námskrá til vélstjórnarnáms vegna breytinga á skipulagi vélstjórnarnáms að því er varðar lægri vélstjórnarréttindi, auk minni breytinga á kröfum um æðri vélstjórnarréttindi.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um markmið laganna, sem er að tryggja að þeir sem gegna störfum skipstjórnar- og vélstjórnarmanna hafi fullnægjandi menntun og þjálfun sem og önnur skilyrði til þeirra starfa.

Um 2. gr.

Ákvæðið markar gildissvið laganna. Lögum þessum er ætlað að taka til áhafna allra íslenskra skipa sem skráð eru á skipaskrá samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, nema farþega- og flutningaskipa. Þau nýmæli eru í lögum þessum að þau taka einnig til stjórnenda íslenskra skemmtibáta og til stjórnenda þeirra erlendu skemmtibáta sem notaðir eru að staðaldri í íslenskri landhelgi, sbr. 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Er hér átt við skemmtibáta sem skrásettir eru erlendis en notaðir í íslenskri landhelgi að staðaldri. Skulu stjórnendur slíkra báta eingöngu fullnægja ákvæðum 7. gr. um skemmtibátaskírteini eða vera handhafar annars sambærilegs erlends skírteinis. Um nánari umfjöllun vísast til athugasemda við 7. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í greininni eru einstök hugtök sem notuð eru í frumvarpinu skilgreind. Byggt er á sambærilegum skilgreiningum og í alþjóðasamþykktinni. Nokkur ný hugtök eru skilgreind sem ekki hafa áður verið skilgreind eða notuð í íslenskri löggjöf.

Um 4. gr.

Greinin er að mestu leyti efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Tekið er tillit til þess að menntun, að því er varðar lægri atvinnuréttindi, tekur mið af ákvæðum STCW-F alþjóðasamþykktarinnar. Gerð er krafa um viðurkennt gæðastjórnunarkerfi gagnvart námi til atvinnuréttinda.

Í greininni eru ekki lagðar til breytingar á fyrirkomulagi kennslu samkvæmt gildandi lögum, þ.m.t. kennslu til lægri réttinda, heldur eru með ákvæðinu settar fram hóflegar kröfur á þá aðila sem sinna umræddri kennslu á grundvelli gæðastjórnunarkerfis, t.d. í formi gæðahandbókar, sem skólar útbúa í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er miðað við að starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina geri tillögur til menntamálaráðherra um námskrár framhaldsskóla, þ.m.t. um menntun og þjálfun áhafna skipa. Miðað er við að starfsgreinaráð leiti umsagnar Siglingastofnunar Íslands um efni slíkra námskráa, enda ber Siglingastofnun Íslands ábyrgð á framkvæmd alþjóðasamþykktanna gagnvart Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) sem setur reglur um menntun og þjálfun áhafna skipa á alþjóðavettvangi.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að þeir einir sem eru handhafar viðeigandi atvinnuskírteina hafi rétt til að gegna starfi skipstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum. Með tilvísun í 8. gr. frumvarpsins er m.a. settur fram áskilnaður um að viðkomandi þurfi að fullnægja skilyrðum um menntun, þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn til að geta öðlast réttindi skv. 5. gr. Þessi skilyrði eru nánar útfærð í reglugerð sem samgönguráðherra setur. Í 5. gr. eru sett fram ófrávíkjanleg skilyrði um lágmarksaldur skipstjórnarmanns.

Lagt er til að samgönguráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um samspil náms og réttinda til skipstjórnar að teknu tilliti til siglingatíma skipstjórnarmanns auk stærðar og farsviðs

skips. Gert er ráð fyrir að sú reglugerð verði lögð fram samhliða frumvarpinu og að gildistaka hennar miðist við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum. Þar verði m.a. gert ráð fyrir að í stað þeirra 30-rúmlesta skipstjórnarréttinda sem núgildandi lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum kveða á um komi smáskiparéttindi til skipstjórnar á skipum sem eru 12 metrar að mestu lengd og minni í strandsiglingum. Framangreind skipstjórnarréttindi, og það nám sem krafist hefur verið til þess að öðlast þau, hafa um árabil verið mjög umdeild, sérstaklega fyrir þá mismunun sem af þeim leiðir gagnvart þeim menntunarkröfum sem gerðar eru til þess að mega gegna stöðu skipstjórnarmanns á skipum undir og yfir 30 brúttórúmlestum. Tilurð 30-rúmlesta atvinnuréttindanna má væntanlega rekja til þess að á árum áður hafi ekki þótt tilefni til þess að gera sömu kröfur um menntun og þjálfun til skipstjórnarstarfa á bátum sem eingöngu voru gerðir út á grunnslóð og til starfa á bátum og skipum sem gerðir voru út til veiða á úthafinu. Þau mörk sem þessi atvinnuréttindi miðuðust upprunalega við, hafa í tímans rás stöðugt færst ofar. Samfara þessu hefur sú þróun orðið í skipahönnun að skip sem nú mælast 30 brúttórúmlestir eru mun stærri og öflugri en þau sem mældust 30 rúmlestir þegar núgildandi lög voru sett. Nú er svo komið að skip sem mælast vel undir 30 brúttórúmlestum eru að veiðum á sömu miðum og mun stærri fiskiskip. Þrátt fyrir það eru kröfur til menntunar og þjálfunar skipstjórnarmanna til starfa á skipum undir og yfir 30 brúttórúmlestum mjög ólíkar. Til þess að koma til móts við þá gagnrýni sem beinst hefur að 30-rúmlesta skipstjórnarréttindunum og til þess að færa þau réttindi meira til samræmis við þær hugmyndir sem lágu að baki þeim þegar núgildandi lög voru sett hefur náðst samstaða um að í reglugerð verði gert ráð fyrir smáskiparéttindum sem miðist við 12 metra mestu lengd skips og að farsvið takmarkist við strandsiglingar sem eru 50 sjómílur frá landi. Þessi afmörkun farsviðs miðast við hafsvæðið sem sjálfvirka tilkynningakerfið STK nær til.

Samkvæmt gildandi lögum eru tvö réttindastig til skipstjórnar á íslenskum fiskiskipum stærri en 30 brúttórúmlestir, þ.e. fyrsta stig skipstjórnarréttinda sem m.a. veitir rétt til að gegna stöðu skipstjóra á fiskiskipi allt að 200 brúttórúmlestum og annað stig sem veitir ótakmörkuð réttindi.

Í reglugerð er gert ráð fyrir að réttindastig til starfa á fiskiskipum stærri en 12 metrar að lengd verði skilgreind þrjú, þ.e. atvinnuréttindi til starfa á skipum undir 24 metrum að skráningarlengd í innanlandssiglingum, atvinnuréttindi til starfa á skipum undir 45 metrum að skráningarlengd í innanlandssiglingum og atvinnuréttindi án takmarkana. Þetta á sér skýringar í því að skip sem nú mælast um 200 brúttórúmlestir eru um og yfir 30 metrar að skráningarlengd og þá um og yfir 35 metrar að mestu lengd. Þar sem STCW-F alþjóðasamþykktin gildir um fiskiskip sem eru 24 metrar og lengri að skráningarlengd þótti rétt að í stað 200-rúmlesta viðmiðunar kæmu annars vegar 45 metra skráningarlengd og hins vegar 24 metra skráningarlengd sem réttindaviðmið. Með þessu er talið að mögulegt geti verið að stytta nám til 24 metra skipstjórnarréttinda, samanborið við núverandi nám til fyrsta stigs skipstjórnarnáms, og þá jafnframt opna leið til þess að öðlast megi réttindi til starfa á skipum undir 45 metrum án þess að þurfa að ljúka námi til ótakmarkaðra skipstjórnarréttinda. Hafa m.a. verið færð þau rök fyrir þessu fyrirkomulagi að með því sé skipstjórnarnámið gert áhugaverðara sem framhaldsskólanám í samkeppni við annað framhaldsskólanám. Lagt er til að réttindi til þess að mega gegna stöðu stýrimanns á skipum undir 24 metrum veiti jafnframt heimild til þess að gegna stöðu skipstjóra á skipum sem eru 12 metrar og styttri að skráningarlengd.

Allir skipstjórnarmenn skulu uppfylla kröfur til þess að öðlast skírteini fjarskiptamanns, eins og nánar er skilgreint í reglugerð.

Gerð verður frekari grein fyrir samspili siglingatíma, takmarkana og réttinda í reglugerð sem samgönguráðherra setur.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um að þeir einir sem eru handhafar viðeigandi atvinnuskírteina hafi rétt til að gegna starfi vélstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum. Með tilvísun í 8. gr. frumvarpsins er m.a. settur fram áskilnaður um að viðkomandi þurfi að fullnægja skilyrðum um menntun, þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn til að geta öðlast réttindi skv. 6. gr. Þessi skilyrði eru nánar útfærð í reglugerð sem samgönguráðherra setur.

Lagt er til í frumvarpinu að samgönguráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um samspil náms og réttinda til vélstjórnar að teknu tilliti til siglingatíma og/eða starfsreynslu vélstjórnarmanns auk vélarafls, stærðar og farsviðs skips. Gert er ráð fyrir að sú reglugerð verði lögð fram samhliða frumvarpinu og að gildistaka hennar miðist við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum. Í reglugerðinni verði ekki gerðar tillögur um verulegar breytingar á skipulagi atvinnuréttinda vélstjórnarmanna, aðeins minni háttar lagfæringar til samræmingar.

Við mat á siglingatíma þykir rétt að áfram verði heimilt að taka tillit til starfsreynslu og starfstíma við vélstjórn í landi og við aðrar stærðir véla eins og nánar verður útfært í reglugerð til samræmis við samsvarandi ákvæði í 3. gr. laga nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða.

Samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar skulu þeir sem gegna stöðu yfirvélstjóra og fyrsta vélstjóra á skipum með vélarafl 750 kW og meira hafa a.m.k. 12 mánaða siglingatíma við störf í vélarrúmi skipa sem hluta verklegrar þjálfunar samkvæmt alþjóðasamþykktinni. Þeir sem gegna starfi yfirvélstjóra á skipum með vélarafl 750 kW og meira skulu hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma við störf í vélarrúmi, þar af a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem fyrsti vélstjóri.

Gerð verður frekari grein fyrir samspili siglingatíma, takmarkana og réttinda í reglugerð sem samgönguráðherra setur.

Um 7. gr.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir nýju ákvæði um menntun og þjálfun þeirra sem stjórna skemmtibátum. Jafnframt er lagt til að skilyrði þess að mega stjórna skemmtibát sé að viðkomandi hafi lokið viðeigandi námi og geti framvísað skírteini stjórnanda skemmtibáts.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins telst skemmtibátur hvert það skip sem ekki er notað í atvinnuskyni og ætlað er til skemmtisiglinga óháð þeirri orku sem knýr skipið. Í greininni er að finna heimild til samgönguráðherra til að setja reglugerð um menntun, þjálfun og skírteinisútgáfu til þeirra sem öðlast vilja rétt til að stjórna skemmtibátum. Gert er ráð fyrir að krafa um menntun og þjálfun nái til skipa og báta sem eru skráningarskyldir samkvæmt lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, þ.e. sem eru 6 metrar eða lengri stafna á milli. Jafnframt er gert ráð fyrir heimild samgönguráðherra til að setja reglur um þá skemmtibáta sem ekki eru skráningarskyldir en hafa vélarafl sem er meira en 50 kW. Með vísan til öryggissjónarmiða og vegna talsverðrar aukningar aflmikilla báta af þessu tagi (minni en 6 metrar að lengd stafna á milli) er talið að þörf geti skapast til að gera kröfur til stjórnenda slíkra báta.

Þar sem talsverð brögð hafa verið að því að skemmtibátar sem notaðir eru við strendur Íslands séu skráðir erlendis er gert ráð fyrir heimild til að setja reglur um erlenda skemmtibáta sem eru í notkun innan íslenskrar landhelgi að staðaldri.

Núna eru á íslenskri skipaskrá um 400 skemmtibátar og eru flestir þeirra um 5–30 brúttótonn en allir undir 65 brúttótonnum. Verði frumvarpið að lögum er þetta í fyrsta sinn sem fjallað er sérstaklega um skemmtibáta í lögum og krafist skírteinis til að stjórna slíkum bát-

um. Erlendis eru víða í gildi ítarleg ákvæði um menntun og þjálfun þeirra sem stjórna skemmtibátum. Margir þeirra sem eiga skemmtibát við strendur landsins hafa aflað sér menntunar á þessu sviði.

Það krefst kunnáttu og þekkingar að stjórna skemmtibát eins og öðrum bátum. Því er nauðsynlegt að þeir sem stjórna slíkum bátum hafi til þess þá lágmarksþekkingu sem krafist er af öðrum sem um svæðið sigla og nauðsynleg er til að fyllsta öryggis sé gætt. Stjórnendur skemmtibáta þurfa að geta sannað þekkingu sína með einhverjum hætti og er því í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild til að setja reglugerð þar sem gerðar yrðu kröfur til stjórnenda slíkra báta. Stjórnendur skemmtibáta verða að þekkja siglingareglur á umferðarleiðum til að tryggja öryggi bátsins og manna um borð og annarra sem á sjó sigla. Þeir þurfa einnig að geta staðsett bátinn og komist aftur til lands þótt aðstæður séu erfiðar. Einnig verða þeir að geta brugðist rétt við hættum á neyðarstundu. Auknar líkur eru á mistökum ef kunnáttan er lítil. Mistök og vanþekking geta haft alvarlegar afleiðingar, svo sem valdið tjóni, jafnt á skemmtibátnum sjálfum sem öðrum skipum og umhverfi, auk meiðsla á fólki eða jafnvel banaslysum í alvarlegustu tilvikunum. Sé tjónið bætanlegt fellur það á tryggingafélag bátsins sem á endanum getur þurft að bera skaðann af mistökum eða vanþekkingu skipstjórnarmanns.

Með hliðsjón af framangreindu er eðlilegt að gerðar séu kröfur til stjórnenda skemmtibáta á sama hátt og gert er um önnur farartæki. Í reglugerð verður nánar kveðið á um þær námskröfur sem gerðar eru til þeirra sem óska eftir að fá skírteini til stjórnunar skemmtibáts. Ætlast er til þess að nám til stjórnunar skemmtibáts feli í sér fullnægjandi fræðslu á skipstjórn skemmtibáts og vélbúnaði hans svo að fyllsta öryggis sé gætt.

Um 8. gr.

Samkvæmt gildandi lögum eru skírteini til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna gefin út af sýslumönnum úti á landi og tollstjóranum í Reykjavík, sbr. 13. gr. laga nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, og 9. gr. laga nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Í 3. mgr. er lögð til sú breyting að öll útgáfa atvinnuskírteina verði í höndum Siglingastofnunar Íslands. Með því er leitast við að tryggja að samræmi verði í útgáfu atvinnuskírteina. Gert er ráð fyrir því að sækja þurfi skriflega um skírteini til staðfestingar á atvinnuréttindum á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem Siglingastofnun Íslands ákveður eða rafrænt. Í 4. mgr. er kveðið á um skilyrði þess að umsækjandi geti fengið útgefið skírteini skv. 3. mgr. Umsækjendur þurfa að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

Í fyrsta lagi er sett það skilyrði fyrir útgáfu skírteinis að umsækjandi sé íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari annars ríkis Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (þ.m.t. Svisslendingur) eða Færeyingur. Ríkisborgarar annarra ríkja eiga því ekki rétt á að fá útgefin skírteini á grundvelli ákvæðisins.

Í öðru lagi er gerð krafa um að umsækjandi fullnægi skilyrðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um menntun og þjálfun og aldur. Með þessu er gerð krafa um að viðkomandi hafi undirgengist þau próf sem áskilin eru og búi yfir þeirri hæfni sem til þarf til að geta öðlast viðeigandi réttindi.

Í þriðja lagi er þess krafist að umsækjandi sé svo heill heilsu að hann geti rækt störf sín af öryggi. Er hér m.a. vísað til þess að viðkomandi hafi fullnægjandi sjón og heyrn til samræmis við áskilnað í reglugerð sem ráðherra setur. Umsækjanda ber að leggja fram vottorð læknis til staðfestingar á því að hann uppfylli þær heilsufarskröfur sem áskildar eru í reglugerð.

Í fjórða lagi skal umsækjandi uppfylla kröfur um siglingatíma eins og hann er skilgreindur í 5. og 6. gr. og reglugerð þar um. Áskilið er að umsækjandi færi sönnur á siglingatíma með staðfestingu lögskráningarstjóra, rétt útfylltri sjóferðabók eða öðrum fullnægjandi hætti að mati Siglingastofnunar Íslands eftir atvikum.

Í fimmta lagi er gerð sérstök viðbótarkrafa til umsækjanda sem hyggst sækja um réttindi til að gegna stöðu skipstjóra á íslensku skipi, umfram framangreindar kröfur. Krafan varðar tungumálakunnáttu umsækjanda sem ekki hefur íslensku að móðurmáli sem og þekkingu hans á íslenskum lögum og reglum sem varða störf skipstjóra. Erlendir ríkisborgarar sem sækja um réttindi til að vera skipstjórar og ekki hafa íslensku að móðurmáli skulu hafa nauðsynlega þekkingu í íslensku tal- og ritmáli svo og íslenskum lögum og reglum sem varða störf þeirra og geta tjáð sig á sama tungumáli um starfssvið sitt. Reglan er í samræmi við reglur annarra EES-ríkja.

Í 5. mgr. er gerð krafa um að frumrit skírteinis skuli ávallt vera um borð í skipi því sem skírteinishafi starfar á. Ákvæði þetta er í samræmi við alþjóðasamþykktina og gildandi atvinnuréttindalög. Framangreind krafa er nauðsynleg vegna eftirlits, t.d. Landhelgisgæslunnar. Í 6. mgr. er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands haldi skrá yfir öll útgefin skírteini.

Um 9. gr.

Í samræmi við 8. gr frumvarpsins er lagt til að Siglingastofnun Íslands sjái um endurútgáfu skírteina.

Gildandi lög hafa ekki heimilað útgáfu bráðabirgðaskírteinis í þeim tilvikum er skírteini t.d. glatast eða er útrunnið og viðkomandi þarf að framvísa skírteini eða meðan umsókn um endurnýjun skírteinis er til umfjöllunar. Í frumvarpinu er það nýmæli að heimild verður veitt til þess að gefa út bráðabirgðaskírteini vegna sérstakra aðstæðna til allt að 60 dögum. Siglingastofnun metur hvenær aðstæður eru með þeim sérstaka hætti að ástæða sé til útgáfu bráðabirgðaskírteinis samkvæmt ákvæðinu.

Í frumvarpinu er til samræmis við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar gert ráð fyrir að skírteini sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum gildandi alþjóðasamþykkta gildi til fimm ára. Þar er hins vegar heimild til þess að endurnýja skírteini sem ekki eru gefin út samkvæmt gildandi alþjóðasamþykktum til lengri tíma eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Gert er ráð fyrir að skírteinishafi viðhaldi þekkingu sinni og er þess krafist við endurnýjun skírteina að hann hafi siglingatíma í þeirri stöðu sem skírteinið veitir honum rétt til sem nemur að lágmarki tólf mánuðum á síðustu fimm árum. Hafi hann það ekki er gerð krafa um að hann hafi verið í starfi sem teljist sambærilegt. Ef það á ekki við verður umsækjandi að standast viðurkennt próf eða ljúka eða hafa lokið viðurkenndu námskeiði/endurmenntunarnámskeiði eða hafa siglingatíma sem yfirmaður í a.m.k. þrjá mánuði í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu.

Áskilið er að umsækjandi fullnægi þeim heilbrigðiskröfum sem gerðar eru á hverjum tíma til að öðlast skírteini, þ.m.t. varðandi sjón og heyrn. Skilyrðið hefur það í för með sér að breytingar á heilsufari umsækjanda frá því að hann fékk útgefið skírteini síðast fram til þess er hann sækir um endurnýjun þess geta valdið því að umsókn um endurnýjun verði hafnað. Hið sama gildir ef gerðar eru breytingar á lögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim þannig að heilbrigðiskröfur eru auknar með tilliti til öryggissjónarmiða. Þau réttindi sem þá eru í gildi halda gildi sínu áfram til samræmis við gildandi meginreglur atvinnuréttinda en við umsókn um endurnýjun skírteina er óumflýjanlegt annað en taka tillit til aukinna heilbrigðiskrafna.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um viðurkenningu erlendra skírteina. Megintilgangur með alþjóðasamþykktinni er að samræma kröfur um menntun og þjálfun sjómanna.

Á grundvelli alþjóðasamþykktarinnar er Siglingastofnun Íslands heimilt að viðurkenna skírteini frá ríkjum sem eru aðilar að alþjóðasamþykktinni. Er lagt til að gerðar verði sömu menntunarkröfur til erlendra ríkisborgara og innlendra. Í viðurkenningu á erlendum skírteinum felst jafnframt heimild til að gefa út nýtt íslenskt skírteini á grundvelli hins erlenda.

Tilskipun ráðsins 89/48/EBE fjallar um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur a.m.k. í þrjú ár. Tilskipun ráðsins 92/51/EBE, sem vísað er til í lagagreininni, fjallar hins vegar um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun sem fyrrnefnda tilskipunin tekur ekki til og ekki er fjallað um í öðrum tilskipunum. Í tilskipuninni er gerð grein fyrir því hvernig farið skuli með umsóknir um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun. Almennt er miðað við að hafi umsækjandi fengið útgefið prófskírteini í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki unnt að synja honum um heimild til að starfa í viðkomandi starfsgrein með sömu skilyrðum og ríkisborgurum viðkomandi ríkis. Þrátt fyrir þetta getur gistiríkið gert vissar ráðstafanir ef verulegur munur er á menntun umsækjanda og þeirri menntun sem gerð er krafa um í gistiríkinu. Hér má nefna að gistiríkið getur gert kröfu um að umsækjandinn ljúki tilteknum aðlögunartíma eða taki hæfnispróf, sbr. t.d. d-lið. 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum.

Í tilskipun Evrópusambandsins, sem jafnframt gildir á Evrópska efnahagssvæðinu, um lágmarksþjálfun sjómanna 94/58/EB, sbr. breytingu 98/35/EB, er fjallað um hvernig standa eigi að viðurkenningu á skírteinum ríkisborgara utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 4. mgr. er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands haldi skrá yfir viðurkennd erlend skírteini með sama hætti og innlend.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga sér fyrirmynd í 15. gr laga nr 76/2001, um áhafnir farþegaskipa og flutningaskipa, og í 15. gr. laga nr 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, með síðari breytingum. Um er að ræða sviptingu lögvarinna atvinnuréttinda, fullnægi lögmætur handhafi þeirra ekki lengur skilyrðum laganna eða reglna settra samkvæmt þeim. Þá er í frumvarpinu að finna heimild til að afturkalla skírteini sem kann að hafa verið gefið út á röngum forsendum. Ákvörðun Siglingastofnunar um sviptingu starfsréttinda verður borin undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála.

Um 12. gr.

Greinin miðar að mestu leyti við sömu reglur og eru í gildandi lögum. Í stað brúttórúmlesta miðast fjöldi skipstjórnarmanna við lengd skips, útiveru og ákvæði sjómannalaga um vinnu- og hvíldartíma. Fjöldi vélstjórnarmanna tekur mið af vélarafli skipsins og ákvæði sjómannalaga um vinnu- og hvíldartíma. Ákvæði um 14 klst. útiveru að hámarki á hverju 24 klst. tímabili taka mið af ákvæðum sjómannalaga um vinnu- og hvíldartíma. Þau fela í sér takmarkanir á því hve lengi einn maður hefur heimild til að vera samfellt eini vakthafandi skipstjórnar- eða vélstjórnarmaðurinn um borð. Með þessu er gætt samræmis við ákvæði sjómannalaga um vinnu- og hvíldartíma skipverja.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir lögbundnum lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á varðskipum.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi mönnunarnefndar samkvæmt gildandi atvinnuréttindalöggjöf að því undanskildu að ekki er lengur skylt að leita umsagnar Siglingastofnunar áður en ákvörðun um mönnun er tekin. Siglingastofnun ber áfram ábyrgð á því að ákvörðun nefndarinnar um lágmarksfjölda og skírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna sé skráð í lögskráningarkerfi sjómanna. Mönnunarnefnd skal senda Siglingastofnun samrit ákvörðunar um mönnun fiskiskips.

Ráðherra setur nánari reglur um lágmarksmönnun skipa og skipan og starfshætti mönnunarnefndar, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um hvernig með skuli fara ef veita á undanþágu til að gegna tilteknu starfi um borð í skipi. Miðað er við óbreytt fyrirkomulag frá gildandi atvinnuréttindalöggjöf.

Lagt er til að óheimilt verði að veita undanþágu til að gegna stöðu skipstjóra, sbr. 5. gr., og yfirvélstjóra, sbr. 6. gr., sem og reglugerð þar um, nema í algerum neyðartilvikum og þá aðeins í mjög skamman tíma. Gert er ráð fyrir að undanþágunefnd meti hvaða tilvik teljist til neyðartilvika í hvert sinn.

Gert er ráð fyrir að undanþágunefnd fjalli um og veiti undanþágur til að gegna stöðu á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum. Almennt er ekki gert ráð fyrir að undanþágur séu veittar til stjórnunar skemmtibáta.

Ráðherra setur nánari reglur um undanþágur og skipan og starfshætti undanþágunefndar, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1995, og varðar ábyrgð skipstjóra á framkvæmd laga þessara, sem og annarra laga og reglna sem fjalla um starfsskyldur hans.

Um 16. gr.

Greinin kveður á um heimild Siglingastofnunar Íslands til að skera úr um það í vafatilvikum hvort skip teljist vera fiskiskip, varðskip, skemmtibátur eða flokkist undir önnur skip samkvæmt ákvæðum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

Um 17. gr.

Lagt er til að ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands, undanþágunefndar og mönnunarnefndar verði kæranlegar til samgönguráðuneytis. Um kærur fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 18. gr.

Hér er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands sé heimilt að taka gjöld fyrir veitta þjónustu til að standa undir beinum kostnaði stofnunarinnar við útgáfu skírteina samkvæmt frumvarpinu. Lagt er til að gjöldin verði ákveðin í gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

Um 19. gr.

Miðað er við að samgönguráðherra setji nánari reglur um útfærslu laganna.

Um 20. gr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gildandi atvinnuréttindalöggjöf hvað varðar refsiheimildir.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að frumvarp þetta, verði það að lögum, taki gildi 1. maí 2007. Er það gert til að gefa viðkomandi aðilum tiltekið svigrúm til að afla sér þeirrar menntunar, þjálfunar og skipstjórnarskírteinis sem 7. gr. gerir kröfu um og svo að mögulegt sé að endurskoða námskrá skipstjórnarnáms og vélstjórnarnáms til samræmis við þær breytingar sem í frumvarpi þessu felast.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið segir til um með hvaða hætti skuli farið um þau atvinnuréttindi sem kunna að taka breytingum samfara gildistöku þessa frumvarps, verði það að lögum.

Gert er ráð fyrir að þeir sem eru rétthafar skírteinis fyrir gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, haldi réttindum sínum sem næst óskertum, enda fullnægi þeir öðrum kröfum frumvarpsins, t.d. um endurnýjun og viðhald skírteina. Við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, verður heimilt að fá gefin út ný skírteini til samræmis við ákvæði þess þó að gildistími eldri skírteina sé ekki runninn út.

Í 2. mgr. er miðað við að breyttar mælingarreglur skuli ekki leiða til þess að skírteinishafi missi réttindi til að starfa á skipi sem hann hefur þegar öðlast. Hafi skírteinishafi öðlast réttindi samkvæmt eldri eða gildandi lögum þar sem miðað var við stærð skips í brúttórúmlestum telst hann eftir breytinguna halda sambærilegum réttindum til að starfa á því skipi eða samsvarandi skipi sem hann áður hafði réttindi til að starfa á samkvæmt brúttórúmlestastærð skips sem mælist nú stærra í brúttótonnum eða metrum. Skilyrði þessa eru að stærð skipsins hafi verið mæld í brúttórúmlestum, án tillits til þess hver stærð þess er í brúttótonnum eða metrum, og að skipinu hafi ekki verið breytt frá því það var mælt þannig að brúttórúmlestamæling skipsins sé úr gildi fallin. Um yfirfærslu eldri skírteina í skírteinaflokka samkvæmt frumvarpi þessu er tekið mið af viðauka.

Að lokum er kveðið á um að við gildistöku laganna skuli skipa á ný í mönnunarnefnd og undanþágunefnd skv. 13. og 14. gr.

## Fylgiskjal I.

*Samgönguráðuneytið:*

### Drög að reglugerð um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum

1. gr.

*Markmið.*

Markmið þessarar reglugerðar er að mæla fyrir um skilyrði þess að fá útgefið skipstjórnarskírteini og vélstjórnarskírteini á fiskiskip, varðskip og önnur skip til samræmis við ákvæði laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

2. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi og viðaukar hennar taka til áhafna íslenskra fiskiskipa, varðskipa og annarra skipa, sem ekki falla undir ákvæði alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978 með síðari breytingum, þ.e. svonefndrar STCW-samþykktar og sem þar af leiðandi falla ekki undir ákvæði reglugerðar nr 416/2003 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa á grundvelli laga nr. 76/2001, með síðari breytingum.

3. gr.

*Skipstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.*

Sá einn sem er lögmætur handhafi skipstjórnarskírteinis samkvæmt 8. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa og hefur fullnægt áskilnaði um menntun, þjálfun, siglingatíma og heilbrigði samkvæmt reglugerð um útgáfu skírteina, hefur rétt til starfa við skipstjórn um borð í fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum með þeim takmörkunum sem ráðast af gildistíma skírteinis og neðangreindum kröfum:

***Skipstjórnarnám:***

**Smáskipanám** samkvæmt reglugerð þar um veitir rétt til að fá útgefið skírteini sem:

Skipstjóri/stýrimaður á skipum 12 metrar eða styttri að skráningarlengd í strandsiglingum, eftir 8 mánaða siglingatíma sem háseti.

*Smáskipaskírteini.*

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms við skóla skv. 4. gr. eru grundvöllur skírteina skipstjórnarmanna sem hér segir:

**Skipstjórnarnám A** veitir rétt til að fá útgefið skírteini sem:

a. Skipstjóri/stýrimaður á skipum 12 metra eða styttri að skráningarlengd í strandsiglingum, eftir 8 mánaða siglingatíma sem háseti.
   *Smáskipaskírteini.*
b. Undirstýrimaður, ótakmörkuð stærð og farsvið eftir 18 mánaða siglingatíma.
   *Skírteini: Ab.*
c. Stýrimaður á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum eftir 12 mánaða siglingatíma sem háseti.
   *Skírteini: Ac.*
d. Skipstjóri á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum eftir 8 mánaða siglingatíma sem stýrimaður eða a.m.k. 8 mánaða siglingatíma sem skipstjóri á skipum styttri en 12 metrar að skráningarlengd.
   *Skírteini: Ad.*

**Skipstjórnarnám B** veitir rétt til að fá útgefið skírteini sem:

a. Stýrimaður á skipum styttri en 45 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum eftir 12 mánaða siglingatíma sem háseti eða 8 mánaða siglingatíma sem skipstjóri á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd.
   *Skírteini: Ba.*
b. Skipstjóri á skipum styttri en 45 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum eftir 8 mánaða siglingatíma sem stýrimaður á skipum styttri en 45 metrar eða 8 mánaða siglingatíma sem skipstjóri á skipum styttra en 24 metrar að skráningarlengd.
   *Skírteini: Bb.*

Bóklegt nám til skipstjórnarnáms B skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til bóknáms til að öðlast skírteini STCW II/3 (500 BT) samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978). Skírteini STCW

II/3 veitir réttindi til þess að starfa sem skipstjóri og stýrimaður á farþegaskipum og flutningaskipum undir 500 brúttótonnum að stærð í innanlandssiglingum að uppfylltum skilyrðum um siglingatíma.

**Skipstjórnarnám C** veitir rétt til að fá útgefið skírteini sem:

a. Yfirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði eftir 8 mánaða siglingatíma sem stýrimaður eða skipstjóri á skipum 24 metrar og lengra að skráningalengd eða 8 mánaða siglingatíma sem skipstjóri á skipum styttra en 24 metrar að skráningarlengd.
*Skírteini: Ca.*

b. Skipstjóri á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði eftir 12 mánaða siglingatíma sem yfirstýrimaður á skipum lengra en 45 metrar að skráningalengd eða 8 mánuði sem skipstjóri á skipum lengra en 24 metrar að skráningalengd.
*Skírteini: Cb.*

Bóklegt nám til skipstjórnarnáms C skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til bóknáms til að öðlast skírteini STCW II/2 (3000 BT) samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978). Skírteini STCW II/2 (3000 BT) veitir réttindi til þess að starfa sem skipstjóri og stýrimaður á farþegaskipum og flutningaskipum undir 3000 brúttótonnum án takmarkana í farsviði að uppfylltum skilyrðum um siglingatíma.

**Skipstjórnarnám D** veitir rétt til að fá útgefið skírteini sem:

Yfirstýrimaður á varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði eftir 8 mánaða siglingatíma á skipum sem eru 500 BT eða stærri.
*Skírteini: D.*

Bóklegt nám til skipstjórnarnáms D skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til bóknáms til að öðlast skírteini STCW II/2 samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978). Skírteini STCW II/2 veitir ótakmörkuð réttindi til þess að starfa sem skipstjóri og stýrimaður á farþegaskipum og flutningaskipum

**Skipstjórnarnám E** veitir rétt til að fá útgefið skírteini sem:

Skipherra á varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði eftir 24 mánuði sem stýrimaður á skipum sem eru lengri en 24 metrar að skráningarlengd og þar af a.m.k. 4 mánuði sem yfirstýrimaður á varðskipi.
*Skírteini: E.*

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða erlendri, vottorði frá lögskráningarstjóra eða á annan fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar.

Skipstjórnarmenn skulu uppfylla kröfur til þess að öðlast skírteini fjarskiptamanns eins og nánar er kveðið á um í 7. gr reglugerðar þessarar.

4. gr.

*Vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.*

Sá einn sem er lögmætur handhafi vélstjórnarskírteinis samkvæmt 8. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa og hefur fullnægt áskilnaði um menntun, þjálfun, heilbrigði, siglingatíma og/eða starfsreynslu samkvæmt reglugerð um útgáfu skírteina, hefur rétt til starfa við vélstjórn um borð í fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum með þeim takmörkunum sem ráðast af gildistími skírteinis og neðangreindum kröfum:

***Vélgæslunám*:**
**Vélavörður.**

Nám samkvæmt reglugerð settri af menntamálaráðuneyti, veitir rétt til að vera vélavörður á skipum 12 metrar og styttri að skráningarlengd með vélarafl 750 kW eða minna.
*Skírteini: Vélavörður (SSV).*

***Vélstjórnarnám*:**
**Vélstjórnarnám A** veitir rétt til að fá útgefið skírteini sem:

a. Vélavörður á skipi með vélarafl 750 kW og minna.
*Skírteini: Vélavörður (VV).*
b. Yfirvélstjóri á skipi með vélarafl 750 kW og minna að loknum 4 mánaða siglingatíma sem vélavörður.
*Skírteini: Vélstjóri III (VSIII).*

**Vélstjórnarnám B** veitir rétt til að fá útgefið skírteini sem:

a. Vélavörður.
*Skírteini: Vélavörður (VV).*
b. Yfirvélstjóri á skipi með vélarafl 750 kW og minna að loknum 4 mánaða siglingatíma sem vélavörður.
*Skírteini: Vélstjóri III (VSIII).*
c. 1. vélstjóri á skipi með 1500 kW vélarafl og minna og undirvélstjóri á skipi með 3000 kW vélarafli og minna, að loknum 6 mánaða siglingatíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 2 mánuði sem undirvélstjóri.
*Skírteini: Vélstjóri II (VS II).*
d. Yfirvélstjóri á skipi með 1500 kW. vélarafl og minna að loknum 8 mánaða siglingatíma sem vélstjóri eða vélavörður á skipi, þar af 4 mánuði sem vélstjóri.
*Skírteini: Vélstjóri I (VS I).*

**Vélstjórnarnám C** veitir rétt til að fá útgefið skírteini sem:

a. Vélavörður.
*Skírteini: Vélavörður (VV).*
b. 1. vélstjóri á skipi með 1500 kW vélarafl og minna.
*Skírteini: Vélstjóri II (VS II).*
c. Yfirvélstjóri á skipi með 750 kW vélarafl og minna að loknum 2 mánaða siglingatíma sem vélstjóri.
*Skírteini vélstjóri (VSIII).*
d. Yfirvélstjóri á skipi með 1500 kW vélarafl og minna og undirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð að loknum 4 mánaða siglingatíma sem vélstjóri.
*Skírteini: Vélstjóri I (VS I) og STCW regla III/1.*
e. 1. vélstjóri á skipi með 2999 kW vélarafl og minna að loknum 8 mánaða siglingatíma sem vélstjóri.
*Skírteini: STCW regla III/3.*
f. Yfirvélstjóri á skipi með 2999 kW vélarafl og minna að loknum 8 mánaða siglingatíma sem vélstjóri, eftir að hafa öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 2999 kW vélarafl og minna.
*Skírteini: STCW regla III/3.*

Til þess að fá útgefið atvinnuskírteini C-lið e–f skulu viðkomandi jafnframt hafa lokið:

i. viðurkenndri verkstæðisþjálfun í landi og um borð í skipi og tíminn vera skráður í þjálfunarbók, eða

ii. sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein.

Bóklegt nám til vélstjórnarnáms C skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til bóknáms til að öðlast skírteini STCW III/3 samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978). Skírteini STCW III/3 veitir réttindi til þess að starfa sem yfirvélstjóri og 1. vélstjóri á farþegaskipum og flutningaskipum með vélarafl allt að 3000 kW án takmarkana í farsviði að uppfylltum skilyrðum um siglingatíma.

**Vélstjórnarnám D** – vélfræðingur, veitir rétt til að fá útgefið skírteini sem:

a. Yfirvélstjóri á skipi með 750 kW vélarafl og minna.
*Skírteini: Vélstjóri (VSIII).*

b. 1. vélstjóri á skipi með 1500 kW vélarafl og minna.
*Skírteini vélstjóri II (VS II).*

c. Yfirvélstjóri á skipi með 1500 kW vélarafl og minna, að loknum 4 mánaða siglingatíma sem vélstjóri.
*Skírteini: Vélstjóri I (VS I).*

d. Undirvélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafl, að loknum 4 mánaða siglingatíma sem vélstjóri.
*Skírteini: Vélstjóri II(VSII).*

e. 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafl og yfirvélstjóri á skipi með 2999 kW vélarafl og minna, að loknum 8 mánaða siglingatíma sem vélstjóri.
*Skírteini: Vélstjóri III(VSIII).*

f. Yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafl, að loknum 18 mánaða siglingatíma sem vélstjóri/vélstjórnarmaður, eftir að hafa öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafl.
*Skírteini: Vélstjóri IV(VSIV).*

Til þess að fá útgefið atvinnuskírteini D e–f skulu viðkomandi jafnframt hafa lokið:

i. viðurkenndri verkstæðisþjálfun í landi og um borð í skipi og tíminn vera skráður í þjálfunarbók, eða

ii. sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein.

Bóklegt nám til vélstjórnarnáms D skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til bóknáms til að öðlast skírteini STCW III/2 samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978). Skírteini STCW III/2 veitir réttindi til þess að starfa sem yfirvélstjóri og 1. vélstjóri á farþegaskipum og flutningaskipum með vélarafl án takmarkana að uppfylltum skilyrðum um siglingatíma.

Við mat á siglingatíma til vélstjórnarréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

Siglingatími vélstjóra telst sá tími sem hann er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi. Til siglingatíma má einnig telja störf við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein og önnur lögskráð störf í vélarrúmi skipa. Þessi tími skal þó aldrei verða lengri en sem nemur ¼ hluta tilskilins siglingatíma til vélstjórnarréttinda.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða útlendri, vottorði frá lögskráningarstjóra eða á annan fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar.

5. gr.

*Siglingatími.*

Siglingatími er viðurkenndur starfstími um borð í skipi, sem er í förum. Umsækjanda skírteinis er skylt að færa sönnur á siglingatíma sem hann telur sig hafa að baki. Unnt er að færa sönnur á siglingatíma með staðfestingu lögskráningarstjóra eða rétt útfylltri sjóferðabók.

Umsækjandi skírteinis sem kveðst hafa að baki siglingatíma á skipi sem ekki er skráð á Íslandi skal færa sönnur á þann siglingatíma með sjóferðabók eða á annan fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar Íslands. Ef vafi leikur á um réttmæti þeirrar sönnunar skal Siglingastofnun Íslands í því tilviki skera úr um siglingatíma.

6. gr.

*Fjarskiptastörf.*

Sá sem fullnægir ákvæðum alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978 með síðari breytingum hefur rétt á að fá útgefið skírteini fjarskiptamanns.

Á hafsvæði STK og A1 skal sá sem er ábyrgur fyrir GMDSS-fjarskiptum vera handhafi takmarkaðs skírteinis fjarskiptamanns (ROC, Restricted Operator's Certificate).

Á hafsvæðum A2, A3 og A4 skal sá sem er ábyrgur fyrir fjarskiptum vera handhafi almenns skírteinis fjarskiptamanns (GOC, General Operator's Certificate).

Menntunarkröfur til þeirra sem annast fjarskipti skulu vera í samræmi við ályktun IMO A 703 (17), grein S47 í alþjóðaradíóreglugerðinni og ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978, með síðari breytingum.

7. gr.

*Skírteini og undanþágur.*

Siglingastofnun Íslands gefur út skírteini skv. 4. og 5. gr. í samræmi við 8. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa og reglugerðar um útgáfu skírteina samkvæmt sömu lögum.

Siglingastofnun Íslands, eða Póst- og fjarskiptastofnun í hennar umboði, gefur út skírteini sem krafist er til fjarskiptamanna skv. 6. gr. í samræmi við alþjóðasamþykktina og alþjóðaradíóreglugerðina og reglugerð um fjarskiptastörf á skipum og fjarskiptabúnað skipa, sbr. 15. gr. reglugerðar um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa nr. 53/2000.

Um undanþágur frá reglum þessum fer skv. 14. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

8. gr.

*Kærur.*

Ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands og undanþágunefndar samkvæmt reglum þessum eru kæranlegar til samgönguráðuneytis í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

9. gr.

*Gjöld.*

Greiða skal gjald fyrir útgáfu skírteina og veitingu undanþágna samkvæmt gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands. Gjöldin skulu standa undir kostnaði stofnunarinnar sem af því hlýst.

10. gr.
*Refsiákvæði.*

Um brot á reglugerð þessari fer eftir ákvæðum 20. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

11. gr.
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. og 6. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 2007 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi ákvæði 4. og 8. gr. reglugerðar nr. 118/1996, með síðari breytingum um atvinnuskírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna.

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.**

Markmiðið með frumvarpinu er að efla öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra og efla varnir gegn mengun sjávar. Í fumvarpinu er meðal annars kveðið á um að útgáfa skírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna verði í höndum Siglingastofnunar Íslands en samkvæmt gildandi lögum hefur útgáfan verið í höndum sýslumanna úti á landi og tollstjóranum í Reykjavík. Jafnframt er kveðið um að gjald sem greiða á fyrir útgáfu og endurnýjun skírteina skuli standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands vegna afgreiðslu þeirra. Árlega er áætlað að gefin verið út um 100 skírteini og um 300 skírteini endurnýjuð.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það óverulegan kostnað í för með sér sem mun ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

## 428. Frumvarp til laga [386. mál]

um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Í stað orðanna „Bókfært eigið fé fjármálafyrirtækis“ í 8. mgr. 14. gr. laganna kemur: Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skv. 84. og 85. gr.

2. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og

skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeim áhættum sem starfsemin felur í sér hverju sinni. Innri ferlarnir skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og margbreytileika starfseminnar.

Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eigin fé“ í 1. og 2. mgr. kemur: eiginfjárgrunni.
b. 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Tímabundinn eignarhlutur fjármálafyrirtækis, þó ekki eignarhlutur í veltubók, í fyrirtæki í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu í þeim tilgangi að verja kröfur fjármálafyrirtækisins skal undanþeginn við útreikning skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar.
c. Í stað orðanna „eigin fjár“ í 3. mgr. kemur: eiginfjárgrunns.
d. 6. mgr. fellur brott.

4. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Áhætta vegna eins eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna má ekki fara fram úr 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis, sbr. 84. og 85. gr. Samtala fyrir stórar áhættur má ekki fara yfir 800% af eiginfjárgrunni en með stórri áhættu er átt við þá áhættu sem nemur 10% eða meira af eiginfjárgrunni.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. 1.–4. mgr. orðast svo:

Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. skal á hverjum tíma nema að lágmarki 8% af áhættugrunni. Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu reglulega leggja mat á eiginfjárþörf fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi þess og skal niðurstaða slíks mats, sem ekki getur verið lægra en skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar, teljast hlutfall eiginfjárgrunns af áhættugrunni. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að fjármálafyrirtæki sem ekki uppfyllir ákvæði þessarar greinar grípi tímanlega til nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta. Til að fylgja eftir kröfum Fjármálaeftirlitsins er því heimilt að mæla fyrir um:

a. hærri eiginfjárgrunn en sem nemur 8% af áhættugrunni,
b. endurbætur á innri ferlum,
c. niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni,
d. hömlur á eða takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis,
e. að dregið sé úr áhættum sem starfsemi fjármálafyrirtækis felur í sér.

Áhættugrunnur er samtala veginna áhættuþátta, svo sem útlánaáhættu, hlutabréfaáhættu, vaxtaáhættu, gjaldmiðlaáhættu, hrávöruáhættu og rekstraráhættu, sem starfsemi fjármálafyrirtækis felur í sér. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um áhættuþætti, áhættuvogir og útreikning á áhættugrunni. Undanþegin mati á rekstraráhættu samkvæmt þessari grein eru verðbréfafyrirtæki sem ekki hafa starfsheimildir skv. b- og d-lið 1. tölul. 25. gr., verðbréfamiðlanir sem ekki hafa heimildir til viðskipta fyrir eigin reikning og rekstrarfélög verðbréfasjóða. Fjármálafyrirtækjum er heimilt að fengnu samþykki

Fjármálaeftirlitsins að beita innramatsaðferð við mat á áhættuþáttum í útreikningi á áhættugrunni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um kröfur sem fjármálafyrirtæki þurfa að uppfylla til að fá heimild til að beita innramatsaðferð.

Eiginfjárgrunnur skv. 1. mgr. skal einnig gilda um samstæðureikning. Fjármálaeftirlitið setur reglur um útreikning á eiginfjárgrunni og áhættugrunni fyrir fjármálasamsteypur sem byggjast á tilskipun ráðsins 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu.

Eiginfjárgrunnur skv. 1. mgr. skal samsettur af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C, og frádráttarliðum skv. 85. gr. Séu eiginfjárliðir byggðir á ársuppgjöri skal það vera áritað sem endurskoðað eða kannað af endurskoðanda. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárþætti:

1. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eiginfjárgrunns fyrir frádrátt skv. 85. gr.
2. Eiginfjárþáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.
3. Eiginfjárþáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má eiginfjárþáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni vegna markaðsáhættu liða í veltubók skv. 28. gr. og gengisáhættu.

b. Í stað orðsins „eign“ í lokamálslið 5. mgr. kemur: eigin fé.

c. 2. og 3. málsl. 7. mgr. orðast svo: Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárkrafa hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis er undir lágmarkskröfu skv. 1. mgr. eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárkrafan fer undir tilvitnað lágmark. Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárgrunnur sem hlutfall af áhættugrunni fer niður fyrir mark sem er 2% stigum hærra en lágmarkið skv. 1. mgr.

d. Í stað orðanna „eigið fé“ í 1. og 3. málsl. 9. mgr. og „eigin fé“ í 10. mgr. kemur: eiginfjárgrunnur; og: eiginfjárgrunni.

e. Tvær nýjar málsgreinar bætast við greinina, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki skal upplýsa opinberlega um áhættur, áhættustýringu og eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um slíka upplýsingagjöf.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis til viðskiptamanns um lánshæfismat hans þegar ákvörðun um lánveitingu er á því byggð og lánshæfismatið jafnframt notað við mat á lánaáhættu í útreikningi á áhættugrunni samkvæmt innramatsaðferð.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr.:

a. 1. mgr. orðast svo:

Frá eiginfjárgrunni skv. 4. mgr. 84. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi kröfum í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði. Þegar um er að ræða eignarhluti sem nema allt að 10% af hlutafé í hverju einstöku fjármálafyrirtæki takmarkast frádrátturinn þó við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi krafna sem er umfram 10% af eiginfjárgrunni eins og hann er reiknaður skv. 4. mgr. 84. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein.

b. Í stað orðanna „eigin fé“ í 3. mgr. kemur: eiginfjárgrunni.

c. Í stað orðanna „eigin fé við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 4. mgr. 84. gr.“ í 4. mgr. kemur: eiginfjárgrunni skv. 84. gr.

d. Í stað orðanna „eigin fé dragast enn fremur“ í 5. mgr. kemur: eiginfjárgrunni skv. 84. gr. dragast.
e. Þrjár nýjar málsgreinar bætast við greinina, svohljóðandi:

Frá eiginfjárgrunni skv. 84. gr. dregst neikvæður mismunur á reikningsskilalegri niðurstöðu og niðurstöðu samkvæmt innramatsaðferð, sbr. 2. mgr. 84. gr., á væntu tapi á eignum og skuldbindingum, öðrum en verðbréfuðum stöðum.

Frá eiginfjárgrunni skv. 84. gr. dregst enn fremur sá hluti af verðbréfuðum stöðum sem er metinn með 1.250% áhættuvog í útreikningi áhættugrunns.

Samtala frádráttarliða samkvæmt þessari grein skal að 50% hluta dragast frá niðurstöðu útreiknings á eiginfjárþætti A skv. 84. gr. og að 50% hluta frá niðurstöðu útreiknings á eiginfjárþætti B skv. 84. gr. Fari frádráttur skv. 1. málsl. umfram fjárhæð eiginfjárþáttar B skal umframfjárhæðin dragast frá eiginfjárþætti A.

7. gr.

Í stað orðanna „eigið fé“ í 1.–4. mgr. 86. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: eiginfjárgrunnur.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### I.

Fjármálafyrirtækjum, öðrum en þeim sem fengið hafa leyfi til að beita innramatsaðferð við mat á áhættuþáttum, er heimilt við útreikning á eigin fé og áhættugrunni á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2007 að beita þeim ákvæðum sem giltu um eigið fé og áhættugrunn í árslok 2006.

### II.

Eiginfjárkrafa fjármálafyrirtækis, sem fengið hefur leyfi til að beita innramatsaðferð við mat á lánaáhættu eða þróaðri aðferð við mat á rekstraráhættu, skal á árunum 2007, 2008 og 2009 að lágmarki nema, í sömu röð, 95%, 90% og 80% af þeirri eiginfjárkröfu sem ákvæðin um eigið fé og áhættugrunn, sem í gildi voru í árslok 2006, hefðu leitt af sér.

### III.

Við setningu reglna samkvæmt ákvæðum 84. gr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að vísa til birtingar á viðaukum tilskipana 2006/48/EB og 2006/49/EB í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**Inngangur.**

Nýjar alþjóðlegar reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja ganga í gildi í ársbyrjun 2007. Reglurnar eru byggðar á staðli frá Basel-nefndinni um bankaeftirlit, svonefndum Basel II staðli, sem gefinn var út í júní 2004 og uppfærður í nóvember 2005. Hann kemur í stað eldri staðals um eigið fé alþjóðlegra fjármálafyrirtækja sem að stofni til er frá 1988.

Nýju reglurnar eru teknar upp á hinu Evrópska efnahagssvæði með breytingum á tveimur tilskipunum. Upphaflegu tilskipanirnar, nr. 2000/12/EB og 93/6/EB, hafa verið lögfestar hér á landi með lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og reglum sem settar eru samkvæmt

fyrirmælum í þeim lögum. Eðlilegt er að lögfesta breytingar á þessum tilskipunum með samsvarandi breytingum á gildandi lögum og reglum. Tilskipanir þær sem um ræðir eru nr. 2006/48/EB (áður nr. 2000/12/EB) og nr. 2006/49/EB (áður nr. 93/6/EB).

Hugmyndin um að lögbinda ákveðið lágmark eigin fjár fjármálafyrirtækja, sem þó ákvarðist af umfangi starfseminnar, byggist á því að fjármálafyrirtæki þurfa að geta þolað talsverð áföll sem leiða til fjárhagslegs taps, án þess að þau lendi í greiðsluþroti. Reglur Basel-nefndarinnar hafa það að markmiði að samræma reglur milli aðildarríkja nefndarinnar hvað varðar starfsemi alþjóðlegra fjármálafyrirtækja. Á Evrópska efnahagssvæðinu hefur frá upphafi verði farin sú leið að láta Basel-reglurnar gilda um öll fjármálafyrirtæki, hvort sem starfsemi þeirra er alþjóðleg eða bundin við eitt land.

Markmiðið með breytingunum er einkum að ákvörðun um lágmark eigin fjár fjármálafyrirtækja verði byggð á nákvæmari viðmiðum en hingað til hefur verið stuðst við, þannig að fyrirtæki sem hafa góða stjórn á áhættum sínum geti notið þess við útreikning á eiginfjárkröfunni. Þetta er gert með tvennum hætti: Meginreglur eru ítarlegri en áður, auk þess sem stór fjármálafyrirtæki með öflugt skipulag geta fengið að byggja eiginfjárkröfuna á eigin áhættumati að hluta.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til gera ráð fyrir hliðstæðri afmörkun og verið hefur á milli laga um fjármálafyrirtæki annars vegar og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra hins vegar. Einungis meginatriði eru tekin í lögin sjálf, en útfærslum og tækniatriðum vísað í reglur sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu. Þær tilskipanir sem verið er að lögfesta eru mjög nákvæmar og ekki ástæða til að taka meira af efni þeirra upp í lög en hér er lagt til, og í samræmi við eldri löggjöf.

Ákvæði um eigið fé eru í 84. og 85. gr. í X. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Í þremur fyrstu málsgreinum 84. gr. eru ákvæði um lágmark eigin fjár sem lagt er til að breytist nokkuð, þannig að nýjar málsgreinar komi í staðinn. Síðari hluti greinarinnar er einkum skilgreining á eigin fé í þessu samhengi og eru þar gerðar nokkrar breytingar. Lagt er til að hugtakið eiginfjárgrunnur verði notað í 84. gr. í stað hugtaksins eigin fjár sem hefur í för með sér breytingar á nokkrum lagagreinum. Breytingar verða á 85. gr. sem fjallar um liði sem draga þarf frá eigin fé áður en það er borið saman við lágmarkið. Þá er lögð til breyting á 17. gr. vegna innleiðingar á ákvæði tilskipunar 2006/48 um fullnægjandi innri ferla við mat á áhættum og eiginfjárþörf fjármálafyrirtækis og breyting á 28. gr. vegna lagfæringar á undanþáguákvæði um hámark á virkum eignarhlutum en það ákvæði hefur áhrif á hvaða liðir dragast frá eiginfjárgrunni skv. 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002.

Nýjar eiginfjárreglur verða mun umfangsmeiri en gildandi reglur og munu því krefjast aukins mannafla við setningu og viðhald reglna og tilmæla og við eftirfylgni með að eftir þeim sé farið. Þá fela nýjar eiginfjárreglur í sér aukin erlend samskipti Fjármálaeftirlitsins við erlendar systurstofnanir vegna þeirra innlendu fjármálafyrirtækja sem eru með starfsemi utan Íslands. Samkvæmt áætlunum Fjármálaeftirlitsins má gera ráð fyrir að í náinni framtíð muni þurfa að fjölga stöðugildum um 1–2 umfram það sem gert er ráð fyrir í rekstraráætlun fyrir árið 2007.

Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir efni umræddra tveggja tilskipana.

**Tilskipun 2006/48/EB, lánastofnanatilskipunin.**

Tilskipun 2006/48/EB (áður tilskipun 2000/12/EB) fjallar um kröfur um heimild til að setja á laggirnar og reka fyrirtæki sem lánastofnun. Breytingar á henni fela í sér breytingar á eiginfjárkröfum vegna liða utan veltubókar og ákvæðum um áhættusamþjöppun á einstaka

lánþega/viðskiptavini ásamt tengdum aðilum (stórar áhættuskuldbindingar). Tilskipunin felur þannig í sér nýjar og talsvert breyttar aðferðir við uppgjör á eiginfjárkröfunum.

Framvegis munu lánastofnanir geta valið á milli ýmissa aðferða við uppgjör á eiginfjárkröfum vegna lánaáhættu. Annaðhvort verður unnt að velja tiltölulega einfalda aðferð (sem kallast staðlaða aðferðin) eða þá að velja aðra tveggja flóknari aðferða sem m.a. byggjast á eigin útreikningi fyrirtækja á áhættu (sem kallast innramatsaðferðir). Notkun innramatsaðferða er háð heimild frá Fjármálaeftirlitinu sem jafnframt mun hafa reglulegt eftirlit með því hvort aðferðirnar sem beitt er standist ýmsar kröfur sem gerðar eru.

Staðlaða aðferðin minnir á þá aðferð sem nú er notuð til að reikna út eiginfjárkröfu. Líklegt er að langstærstur hluti fjármálafyrirtækjanna miðað við fjölda muni velja hana. Innramatsaðferðirnar gera strangar og kostnaðarsamar kröfur til áhættumats fyrirtækjanna og er því búist við að einungis stærri fyrirtæki sæki um leyfi til að nýta þær aðferðir.

Eiginfjárkröfunum er jafnframt breytt þannig að þær feli í sér nýja tegund af áhættu. Um er að ræða svokallaða rekstraráhættu. Með rekstraráhættu er átt við áhættu á tapi sem afleiðingu óhagstæðra eða ófullkominna innri starfshátta, mannlegra mistaka og kerfisbundinna galla eða áhættu á tapi sem stafar af ytri atburðum, þar með talinni lagalegri áhættu.

Tilskipunin gerir einnig þær kröfur til fjármálafyrirtækja að þau leggi sjálf mat á lágmarkseiginfjárkröfu. Með eigin mati á eiginfjárkröfum er átt við eigið mat fyrirtækis á því hversu mikið eigið fé sé nauðsynlegt til að reka fyrirtækið sem um ræðir. Í matinu ber að taka tillit til áhættuþátta sem sérstaklega eiga við viðkomandi fjármálafyrirtæki, t.d. samþjöppunaráhættu vegna fárra stórra lánþega og/eða fárra atvinnugreina eða fastvaxtaáhættu í lánabók. Eigin eiginfjárkrafa þarf að vera hærri en eða jöfn lágmarkseiginfjárkröfunni sem nemur 8%.

Sem lið í mati á eigin eiginfjárkröfum gerir tilskipunin einnig kröfur til fjármálafyrirtækja um að taka í notkun innri starfsreglur/ferla og innra eftirlit fyrir áhættumælingu og áhættustjórnun með það að markmiði að eigið fé sé ávallt hæfilegt með hliðsjón af áhættu fyrirtækisins.

Tilskipunin gerir jafnframt ráð fyrir að fjármálaeftirlit hafi heimild til að ákvarða hærri lágmarkseiginfjárkröfu en samsvarar 8% eiginfjárhlutfalli og möguleika á að fyrirskipa fyrirtækjunum að lækka verðgildi eigna sem notaðar eru við uppgjör á eiginfjárgrunni. Ákvæði um möguleika fyrir fjármálaeftirlit að ákvarða hærra lágmarkseiginfjárhlutfall fyrir fjármálafyrirtæki er nú þegar í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Tilskipunin, eins og hún er eftir breytingar, felur einnig í sér ákvæði um að fjármálafyrirtæki skuli kunngjöra fyrir markaðinum og fjárfestum upplýsingar um áhættu þess. Þessari kröfu var bætt við til þess að markaðurinn gæti beitt svonefndu markaðsaðhaldi á áhættustjórnun fyrirtækjanna og til þess að fjárfestar gætu lagt mat á áhættur eins fyrirtækis í samanburði við önnur.

**Tilskipun 2006/49/EB, eiginfjárkröfutilskipunin.**

Tilskipun 2006/49/EB (áður 93/6/EB) fjallar um eiginfjárkröfur til liða í veltubók og tekur auk lánastofnana einnig til verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana og rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Liðir í veltubók ná yfir verðbréf og afleiður (t.d. framvirk viðskipti, staðlaða framvirka samninga og valrétti). Tilskipunin felur jafnframt í sér ákvæði um að verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða þurfi að lúta ákvæðum lánastofnanatilskipunarinnar um eiginfjárkröfur til liða utan veltubókar.

Tilskipunin, eins og hún er eftir breytingar, felur í sér ný ákvæði sem gera það að verkum að verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða heyra undir nýju

ákvæðin í lánastofnanatilskipuninni hvað varðar eiginfjárkröfu vegna lánaáhættu, þar með talin mótaðilaáhætta og rekstraráhætta, og hvað varðar eigið mat á eiginfjárkröfum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Ákvæðið felur í sér að í stað þess að vísa til bókfærðs eigin fjár er vísað til eiginfjárgrunns, sbr. 84. og 85. gr. Með breytingunni er ákvæðið fært til samræmis við kröfur 123. gr. tilskipunar 2006/48.

Um 2. gr.

Fyrsti málsliður 1. mgr. er óbreyttur frá núgildandi 1. málsl. 17. gr. 2. og 3. málsl. eru nýir og fela í sér að hjá hverju fjármálafyrirtæki sé til fullnægjandi eigið fé með hliðsjón af áhættustigi og fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að hægt sé að leggja mat á eiginfjárþörfina. Krafan um nægilegt eigið fé með hliðsjón af áhættustigi er grundvallarþáttur í hinum nýju eiginfjárákvæðum í tilskipunum 2006/48 og 2006/49. Ákvæði 2. og 3. málsl. samsvarar 22. gr. tilskipunar 2006/48.

2. mgr. er samhljóða 2. málsl. núgildandi 17. gr.

Um 3. gr.

*Um a-lið.*

Ákvæðið felur í sér að í stað hugtaksins eigið fé er tekið upp hugtakið eiginfjárgrunnur. Fyrrnefnda hugtakið er gjarnan notað um bókfært eigið fé sem er hluti af skilgreiningu eiginfjárgrunns og er með breytingunni komið í veg fyrir rugling á hugtökum.

*Um b-lið.*

Sá málsliður sem gerð er tillaga um breytingu á er upphaflega innleiðing á 121. gr. tilskipunar 2006/48 (áður 4. mgr. 51. gr. tilskipunar 2000/12). Við nánari skoðun hefur komið í ljós að umrætt ákvæði tilskipunarinnar hefur ekki verið innleitt með réttum hætti þannig að gera þarf tvær efnisbreytingnar á 4. málsl. 2. mgr. 28. gr. Ákvæðið hefur áhrif á útreikning á eiginfjárgrunni eins og hann er reiknaður skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 161/2002 þegar um er að ræða eignarhluti í fyrirtækjum, öðrum en fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum tengdum fjármálasviði, sem eru umfram þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. 28. gr.

Í fyrsta lagi er gerð sú breyting að vísað er til *tímabundins eignarhlutar í fyrirtæki í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu í þeim tilgangi að verja kröfur fjármálafyrirtækis.* Í gildandi lagaákvæði er vísað til 22. gr. laga nr. 161/2002 en þar er um að ræða *tímabundinn eignarhlut í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila.* Sambærilegt ákvæði í 121. gr. tilskipunar 2006/48/EB er *tímabundin hlutabréfaeign vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar eða vegna björgunaraðgerða (shares held temporarily during a financial reconstruction or rescue operation).*

Í öðru lagi er gerð sú breyting að eignarhlutur í veltubók fellur ekki undir undanþáguákvæði 4. málsl. 2. mgr. 28. gr. Í gildandi ákvæði er því öfugt farið sem stafar af því að viðeigandi ákvæði tilskipunarinnar var ranglega innleitt.

*Um c-lið.*

Breyting frá gildandi ákvæði felur í sér að vísað er til eiginfjárgrunns í stað eigin fjár, sbr. umfjöllun um a-lið.

*Um d-lið.*

Gerð er tillaga um að ákvæði 6. mgr. 28. gr., sem skilgreinir hugtakið veltubók, verði fellt úr lögunum. Samhljóða ákvæði er nú þegar í reglum um eiginfjárhlutfall lánastofnana en þær

reglur munu breytast, þ.m.t. ákvæðið um veltubók, vegna innleiðingar á nýjum eiginfjárreglum. Ekki er talið nauðsynlegt að hafa skilgreiningu á veltubók í lagaákvæði.

Um 4. gr.

Breyting frá gildandi ákvæði felur í sér að vísað er til eiginfjárgrunns í stað eigin fjár, sbr. umfjöllun um a-lið 3. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

*Um a-lið.*

Fyrsti málsliður 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 84. gr. gildandi laga að því undanskildu að hugtakið eiginfjárgrunnur er tekið upp í stað hugtaksins eigið fé, sbr. umfjöllun um a-lið 3. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. og 3. málsl. 1. mgr. leggja þá skyldu á herðar stjórn og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis að meta eiginfjárþörf þess með hliðsjón af áhættustigi og setja niðurstöðu slíks mats fram sem hlutfall eiginfjárgrunns af áhættugrunni, sbr. einnig í þessu samhengi ákvæði 17. gr. laganna eftir breytingu skv. 2. gr. þessa frumvarps. Aðkoma stjórnar fjármálafyrirtækis að þessu mati felur m.a. í sér að niðurstaða þess sé bókuð á stjórnarfundi. Ákvæði þessara málsliða samsvarar 123. gr. tilskipunar 2006/48 og (d) lið 16. gr. tilskipunar 2006/49. Ákvæði 3. og 4. málsl. 1. mgr. felur í sér heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að grípa til ýmissa ráðstafana, sbr. a–d-lið, til að fylgja eftir kröfum um úrbætur af hálfu fjármálafyrirtækja sem ekki uppfylla eiginfjárákvæði laga nr. 161/2002. Sá hluti ákvæðisins sem felur í sér heimild fyrir Fjármálaeftirlitið að ákvarða hærri eiginfjárgrunn en nemur 8% af áhættugrunni er nú þegar að finna í 2. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002. Ákvæði þessara málsliða samsvara 136. gr. tilskipunar 2006/48, sbr. 20. gr. tilskipunar 2006/49.

Fyrstu tveir málsliðir 2. mgr. eru efnislega sambærilegir ákvæðum 2. mgr. gildandi laga að því undanskildu að rekstraráhættu er bætt við sem lið í áhættugrunni. Ákvæðið samsvarar 75. gr. tilskipunar 2006/48.

Þriðji málsliður 2. mgr. undanþiggur verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlun með takmörkuð starfsleyfi, svo og rekstrarfélag verðbréfasjóða, frá mati á rekstraráhættu eins og kveðið er á um í 2. málsl. málsgreinarinnar. Ákvæði 9. mgr. taka m.a. á rekstraráhættu umræddra fjármálafyrirtækja. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 20. gr. tilskipunar 2006/49.

Fjórði málsliður 2. mgr. er innleiðing á ákvæði 1. mgr. 84. gr. tilskipunar 2006/48. Ákvæðið felur í sér að mögulegt verður fyrir fjármálafyrirtæki að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að beita svonefndri innramatsaðferð (Internal Ratings Based Approache, IRB) á áhættuþætti við útreikning á áhættugrunni.

Fimmti málsliður 2. mgr. mælir fyrir um að Fjármálaeftirlitið setji nánari reglur um þær kröfur sem fjármálafyrirtæki þurfa að uppfylla til að fá heimild til að beita innramatsaðferðum. Með slíkum reglum eru innleidd ákvæði 84.–89. gr. og 105. gr. tilskipunar 2006/48. Með beitingu innramatsaðferða við mat á áhættuþáttum er líklegt að áhættugrunnur fjármálafyrirtækis lækki í samanburði við svonefnda staðalaðferð sem þýðir vægari eiginfjárkröfu. Vegna kostnaðar við innleiðingu innramatsaðferða er líklegt að einungis stærstu fjármálafyrirtæki hér á landi sæki um heimild til Fjármálaeftirlitsins til að beita þeim.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. og 3. málsl. 3. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002.

Breyting á ákvæði 4. mgr. frá gildandi ákvæði felur í sér að vísað er til eiginfjárgrunns í stað eigin fjár, sbr. umfjöllun um a-lið 3. gr. frumvarpsins.

*Um b-lið.*

Breyting frá gildandi ákvæði felur í sér leiðréttingu á texta í ákvæðinu en vegna mistaka hafði verið lögfest orðið eign í stað eigin fé.

*Um c-lið.*

Breyting frá gildandi ákvæði felur í sér að vísað er til lágmarkseiginfjárkröfu samkvæmt 1. mgr. 84. gr. í stað þess að vísa til 8% lágmarks eiginfjárhlutfallsins. Lágmarkseiginfjárkrafa kann í einstökum tilvikum að vera hærri vegna sérstakrar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins en 8% lágmarkið.

*Um d-lið.*

Breytingin felur í sér að vísað er til eiginfjárgrunns í stað eigin fjár, sbr. umfjöllun um a-lið 3. gr. frumvarpsins.

*Um e-lið.*

Ákvæði 1. efnismgr. tiltekur að fjármálafyrirtækjum sé skylt að upplýsa opnberlega um áhættur, áhættustýringu og eiginfjárstöðu í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Ákvæðið samsvarar 145.–149. gr. tilskipunar 2006/48 og 39. gr. tilskipunar 2006/49.

Ákvæði 2. efnismgr. veitir Fjármálaeftirlitinu heimild til að setja reglur um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis til viðskiptamanns um lánshæfismat hans þegar ákvörðun um lán er byggð á slíku lánshæfismati sem jafnframt er notað við mat á lánaáhættu í útreikningi á áhættugrunni samkvæmt innramatsaðferð. Ákvæðið samsvarar 4. mgr. 145. gr. tilskipunar 2006/48. Í ákvæði tilskipunarinnar er gert ráð fyrir þeim möguleika að samtök fjármálafyrirtækja í einstökum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu geti gefið út leiðbeinandi reglur fyrir aðildarfyrirtæki sín sem gætu komið í stað reglna eftirlitsaðila enda uppfylli þær kröfurnar sem tilgreindar eru í 4. mgr. 145. gr. tilskipunar 2006/48.

Um 6. gr.

*Um a-lið.*

Breyting frá gildandi ákvæði felur annars vegar í sér að vísað er til eiginfjárgrunns í stað eigin fjár, sbr. umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins. Hins vegar felur breytingin í sér að fellt er út ákvæði um sérstaka meðferð á eignarhlutum sparisjóða sem eiga yfir 10% eignarhlutdeild í Sparisjóðabanka Íslands hf. enda á slíkt ákvæði sér ekki stoð í tilskipun 2006/48.

*Um b–d-lið.*

Breyting frá gildandi ákvæðum felur í sér að vísað er til eiginfjárgrunns í stað eigin fjár, sbr. umfjöllun um a-lið 3. gr. frumvarpsins.

*Um e-lið.*

Ákvæði 1. mgr. áskilur að draga skuli sérstaklega frá eiginfjárgrunni reiknað tap samkvæmt innramatsaðferð sem er umfram reikningsskilalegt tap og tengist eignum og skuldbindingum öðrum en svonefndum verðbréfuðum stöðum, sbr. næstu málsgrein. Ákvæðið á eingöngu við þau fjármálafyrirtæki sem heimild hafa fengið til að beita innramatsaðferðum við mat á áhættum. Ákvæði þessarar málsgreinar samsvarar 1. mgr., lið q, í 57. gr. tilskipunar 2006/48.

Ákvæði 2. mgr. áskilur að draga skuli frá eiginfjárgrunni niðurstöðu mats á verðbréfuðum stöðum með hæsta (1.250%) áhættuvægi í útreikningi áhættugrunns. Verðbréfun (securitisation) merkir viðskiptasamning eða kerfisfyrirkomulag þar sem lánaáhættu ákveðinnar kröfu eða kröfusafns er lagskipt í hluta með eftirfarandi hætti:

a. greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar afkomunni af kröfunni eða kröfusafninu, og

b. forgangsröðun laganna ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins.

Ákvæði 2. mgr. samsvarar 1. mgr., lið r, í 57. gr. tilskipunar 2006/48.

Ákvæði 3. mgr. kveður á um að frádráttarliðir skv. 85. gr. skuli að 50% hluta dragast frá eiginfjárþætti A eins og hann reiknast skv. 84. gr. og að 50% hluta dragast frá eiginfjárþætti B, sbr. 84. gr. Dugi eiginfjárþáttur B ekki til að standa undir frádrætti samkvæmt framangreindu skal sú fjárhæð sem umfram er dragst frá eiginfjárþætti A. Þessi breyting leiðir til þess að eiginfjárgrunnur samkvæmt eiginfjárþætti A yrði sýndur lægri en samkvæmt gildandi ákvæðum sem nemur áhrifum af framangreindri frádráttaraðferð. Ákvæði þessarar málsgreinar samsvarar 2. mgr. 66. gr. tilskipunar 2006/48, sbr. 20. gr. tilskipunar 2006/49.

Um 7. gr.

Breyting frá gildandi ákvæði felur í sér að vísað er til eiginfjárgrunns í stað eigin fjár, sbr. umfjöllun um a-lið 3. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Ákvæði 157. gr. tilskipunar 2006/48 og 49. gr. tilskipunar 2006/49 sem þetta frumvarp byggist á gera ráð fyrir að breyttar eiginfjárreglur taki gildi frá og með 1. janúar 2007.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að fjármálafyrirtæki, önnur en þau sem fengið hafa heimild til að beita innramatsákvæðum, munu hafa val um það á árinu 2007 að beita þeim ákvæðum um eigið fé og áhættugrunn sem í gildi eru fyrir breytinguna sem þetta frumvarp hefur í för með sér. Fjármálafyrirtækin hafa þannig meira svigrúm en ella til að laga sig að hinum nýju ákvæðum. Ákvæðið samsvarar 8. mgr. 152. gr. tilskipunar 2006/48.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að eiginfjárkrafa fjármálafyrirtækis, sem fengið hefur leyfi til að beita innramatsaðferðum við mat á lánaáhættu (Internal Ratings Based Approach) eða rekstraráhættu (Advanced Measurement Approach), geti á árunum 2007, 2008 og 2009 ekki farið niður fyrir tiltekið hlutfall, 95%, 90% og 80%, af þeirri eiginfjárkröfu sem gildandi reglur hefðu leitt af sér, þ.e. þær reglur sem í gildi voru í árslok 2006. Tilgangur þessa ákvæðis er að milda fyrstu áhrif nýju eiginfjárreglnanna á mögulega aukningu umsvifa hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem beita munu þróaðri aðferðum við mat á áhættum en vísbendingar eru um að lækkun á eiginfjárkröfu þeirra fjármálafyrirtækja geti í sumum tilvikum orðið umtalsverð. Ákvæðið samsvarar 3.–5. mgr. 152. gr. tilskipunar 2006/48, sbr. 50. gr. tilskipunar 2006/49.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að við setningu reglna skv. 84. gr. sé Fjármálaeftirlitinu heimilt að vísa til enskrar útgáfu Stjórnartíðinda Evrópusambandsins á viðaukum með tilskipunum nr. 2006/48 og 2006/49 þar til íslensk þýðing viðaukanna liggur fyrir. Umræddir viðaukar lýsa nánari útfærslu á einstökum ákvæðum viðkomandi tilskipana. Innihald þeirra er í mörgum tilvikum mjög tæknilegs eðlis og snýr fyrst og fremst að stærstu fjármálafyrirtækjunum. Allar líkur eru á að íslensk þýðing viðaukanna muni ekki liggja fyrir við gildistöku nýrra eiginfjárreglna í ársbyrjun 2007. Stefnt er að því að vísa til birtingar tilskipananna í EES-við-

bæti við Stjórnartíðindi EB, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, þegar íslensk þýðing liggur fyrir.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.**

Tilgangur með frumvarpi þessu er að leiða í íslenskan rétt nýjar alþjóðlegar reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja sem teknar eru upp á Evrópska efnahagssvæðinu með breytingum á tveimur tilskipunum. Hinar nýju tilskipanir eru tilskipun 2006/48/EB, lánastofnanatilskipunin, áður 2000/12/EB, og tilskipun 2006/49/EB, eiginfjárkröfutilskipunin, áður 93/6/EB. Markmið með breytingunum er einkum það að ákvörðun um lágmark eigin fjár fjármálafyrirtækja verði byggð á nákvæmari viðmiðum en hingað til hefur verið stuðst við og að fyrirtæki sem hafa góða stjórn á áhættum sínum geti notið þess við útreikning á eiginfjárkröfunni. Meginreglur eru ítarlegri en áður og stór fjármálafyrirtæki með öflugt skipulag geta fengið að byggja eiginfjárkröfuna á eigin áhættumati að hluta. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu gera ráð fyrir hliðstæðri afmörkun og verið hefur milli laga um fjármálafyrirtæki og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra. Einungis meginatriði eru tekin í lögin sjálf en útfærslum og tækniatriðum vísað í reglur sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Eins og áður sagði eru nýju eiginfjárreglurnar mun umfangsmeiri en gildandi reglur og munu því krefjast aukins mannafla við setningu og viðhald reglna og tilmæla og eftirfylgni með því að eftir þeim sé farið. Eins er ætlað að hinar nýju reglur muni leiða til aukinna erlendra samskipta Fjármálaeftirlitsins við erlendar systurstofnanir. Fjármálaeftirlitið áætlar að af þessum sökum muni þurfa að bæta einu eða tveimur stöðugildum við hjá stofnuninni í náinni framtíð. Rekstur Fjármálaeftirlitsins er fjármagnaður með ríkistekjum af eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og mun kostnaði verða mætt af þeim tekjum.

# 429. Frumvarp til laga [387. mál]

um breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

82. gr. laganna orðast svo:

Á meðan félagið hefur ekki samþykkt að veita vátryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem vátryggingartaki eða vátryggður, foreldri hans, barn eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Sé upplýsinganna aflað frá öðrum en vátryggingartaka eða vátryggðum skal, áður en þeirra er aflað, liggja fyrir skriflegt upplýst samþykki þess sem aflað er upplýsinga um. Vátryggingartaki, og eftir atvikum vátryggður, skal að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félaginu óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm. Þetta bann á þó ekki við um upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar sem staðfesta að vátryggður sé haldinn tilteknum sjúkdómi þegar upplýsinga skv. 1. mgr. er aflað.

Synji félagið að veita persónutryggingu skal það rökstyðja synjunina sé eftir því leitað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

## I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á 82. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, sem fjallar um upplýsingaöflun við töku persónutrygginga.

Eftir gildistöku laganna hefur við túlkun og framkvæmd 82. gr. risið vafi um hvort unnt sé að svara spurningum um heilsufar náinna skyldmenna án þess að í því felist miðlun upplýsinga um erfðaeiginleika og þar með hvort í bannreglu ákvæðisins felist að ekki megi óska upplýsinga um heilsufar þeirra.

Ljóst er að tilgangurinn með ákvæði 2. mgr. 82. gr. laganna var ekki sá að banna notkun upplýsinga um heilsufar náinna skyldmenna þess er óskar vátryggingar. Markmiðið var að ákveða mörk upplýsingaskyldu og heimildar vátryggingafélaga til að nýta sér heilbrigðisupplýsingar. Mikilvægt er að skýrt liggi fyrir hvar þessi mörk liggja.

Þar sem um er að ræða mikilvægt ákvæði er varðar persónutryggingar er með frumvarpi þessu lögð til breyting á ákvæðinu til að eyða þessum vafa. Vinna við frumvarp þetta var langt komin vorið 2006 og komu þá að undirbúningi þess, auk nefndarmanna efnahags- og viðskiptanefndar, sérfræðingar viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Persónuverndar. Tíminn hefur síðan verið nýttur til að fara betur yfir greinargerð með gr. 3a í dönsku vátryggingarsamningalögunum, nr. 129/1930, sbr. breytingalög nr. 413/1997, sem er fyrirmynd íslenska ákvæðisins, til þess að tryggja að frumvarpið eyddi þeirri óvissu sem gildandi

82. gr. virðist hafa skapað. Að þeirri vinnu hafa komið, auk sérfræðinga viðskiptaráðuneytisins, sérfræðingar frá Fjármálaeftirlitinu og Sambandi íslenskra tryggingafélaga, svo og fulltrúar vátryggingamiðlara, en eins og kunnugt er hefur sú starfsstétt náð árangri hér á landi við sölu á persónutryggingum erlendra líftryggingafélaga.

**II. Almennt um 82. gr.**

Persónutryggingar lúta að lífi og heilsu hins vátryggða. Upplýsingagjöf vátryggingartaka hefur mikla þýðingu, enda er það vátryggingartaki, eða hinn vátryggði, sem að jafnaði býr yfir þeim upplýsingum sem vátryggingafélag þarf á að halda.

Með 82. gr. gildandi laga um vátryggingarsamninga var leitast við að skýra betur upplýsingaskyldu vátryggingartaka við töku persónutrygginga. Í ákvæðinu felst að vátryggingartaki eða vátryggður þarf ekki að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf heldur stendur skylda hans til að svara spurningum vátryggingafélags. Frumkvæði hvílir þó hjá vátryggingartaka eða vátryggðum í þeim tilvikum er upplýsingarnar hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni og að honum hafi verið ljós þessi sérstöku atriði og vitað um þýðingu upplýsinganna fyrir félagið. Helsta nýmæli ákvæðisins laut að takmörkun á heimild vátryggingafélaga til að óska upplýsinga um heilsufar vátryggingartaka með rannsókn á erfðaeiginleikum hans. Var þannig í 2. mgr. ákvæðisins lagt bann við hagnýtingu upplýsinga um erfðaeiginleika manna og áhættu á því að hann þróaði með sér eða fengi sjúkdóm.

Fram kom í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2004 að tilefni bannreglunnar væri ekki hættan á misnotkun slíkra upplýsinga heldur sú staðreynd „að hægt sé að spá fyrir um það með erfðafræðilegum rannsóknum, að ekki sé talað um rannsóknir á lífsýnum úr fólki, hvernig því muni farnast heilsufarslega í framtíðinni“.

Unnt er að ákveðnu leyti að fá upplýst hvort viðkomandi einstaklingur er líklegur til að þróa með sér eða fá tiltekinn sjúkdóm í framtíðinni með rannsóknum sem gefa upplýsingar um erfðaefni heilbrigðs einstaklings. Niðurstöður slíkra erfðafræðilegra rannsókna geta haft þýðingu fyrir viðkomandi einstakling og nánustu ættingja. Síðustu ár hafa jafnframt þróast rannsóknaraðferðir sem gera mönnum kleift að rannsaka og kortleggja erfðaefni einstaklinga í áður óþekktum mæli. Í greinargerð með dönsku lögunum, sem notuð voru sem fyrirmynd við samningu frumvarps þess er varð að lögum nr. 30/2004, kemur fram að með rannsókn á erfðaeiginleika sé átt við DNA-próf, RNA-greiningar eða aðrar rannsóknir, t.d. vefja- og blóðrannsóknir, sem gerðar eru í því skyni að leggja mat á erfðafræðilega áhættu þess er óskar vátryggingar.

Bannregla 2. mgr. 82. gr. gildandi laga um vátryggingarsamninga tekur ekki til upplýsinga um sjúkdóma, sem einstaklingur annaðhvort er haldinn eða hefur haft einkenni um, þrátt fyrir að slíkar upplýsingar geti falið í sér upplýsingar um hættu viðkomandi á að þróa með sér eða fá sjúkdóma í framtíðinni. Bannið tekur þannig, sem dæmi, ekki til upplýsinga um hvernig sjúkdómur, sem einstaklingur hefur þegar fengið, muni þróast í framtíðinni. Bannið tekur heldur ekki til upplýsinga um breytingar, sem þurfa ekki að lúta beint að sjúkdómum, en geta veitt vísbendingu um hættu á sjúkdómum síðar, svo sem eins og magn kólesteróls í blóði eða of hár blóðþrýstingur. Þá tekur bannið ekki til upplýsinga um hvort einstaklingur hafi greinst HIV-jákvæður þar sem slíkar upplýsingar lýsa ekki erfðaeiginleikum.

Bannið gegn því að óska eftir erfðafræðilegum upplýsingum þýðir því m.a. að vátryggingafélaginu er ekki heimilt að byggja iðgjaldaákvörðun eða veitingu vátryggingar á kröfu um að erfðarannsókn fari fram. Félaginu er ekki heldur heimilt að spyrja hvort slík rannsókn hafi farið fram.

Í lokamálslið 2. mgr. 82. gr. gildandi laga kemur fram að heimilt sé að óska upplýsinga um núverandi eða fyrra heilsufar vátryggingartaka eða annarra einstaklinga. Tilgangur vátryggingafélags með því að óska upplýsinga um fjölskyldusögu vátryggingartaka eða vátryggðs er að meta þá áhættu sem felst í því að veita umsækjanda vátryggingarvernd hjá félaginu. Geta upplýsingar þessar meðal annars leitt til þess að vátryggingafélag óski þess að heilsufar vátryggðs verði rannsakað frekar. Hefur þetta verið framkvæmt með þeim hætti að á umsóknareyðublaði líftryggingarfélaga er spurt hvort foreldrar eða systkini hafi eða hafi haft tiltekna sjúkdóma. Þannig getur jákvætt svar við slíkri spurningu gefið tilefni til frekari rannsókna á þeim er óskar vátryggingar þar sem tilteknir sjúkdómar sem foreldrar og systkini hafa borið geta aukið áhættu annarra skyldmenna. Er þetta viðurkennd leið sem íslensk jafnt og erlend vátryggingafélög beita við áhættumat við töku vátrygginga. Með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á þessari framkvæmd.

**III. Efni frumvarpsins.**

Við töku persónutrygginga er mikilvægt að vátryggingafélag láti fara fram áhættumat. Liður í áhættumati vátryggingafélags við gerð vátryggingarsamninga í persónutryggingum er að afla upplýsinga um heilsufar þess sem vátryggja á og kanna hvort vátrygging skuli veitt samkvæmt almennum skilmálum og venjulegu iðgjaldi. Er upplýsingagjöf vátryggingartaka grundvöllur slíks áhættumats. Mat á áhættu hefur áhrif á iðgjaldaákvörðun vátryggingafélags, enda er það grundvallaratriði að iðgjöld taki mið af þeirri áhættu sem fyrir hendi er þannig að vátryggingafélag eigi jafnan fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum.

Lögð er til breyting á 1. mgr. þannig að nýr málsliður, 2. málsl., bætist við málsgreinina. Samkvæmt honum er vátryggingafélagi heimilt að afla upplýsinga um þá sjúkdóma sem vátryggingartaki, eða vátryggður, svo og foreldrar, systkini og börn vátryggðs eru haldin eða hafa haft og félagið telur nauðsynlegt að fá vitneskju um til að geta lagt mat á hina væntanlegu vátryggðu áhættu. Í gildandi lögum er vísað til heilsufars en frumvarpið gerir ráð fyrir að umsækjandi gefi upplýsingar um sjúkdóma. Breyting þessi er lögð til þar sem ekki er hægt að ætlast til að umsækjandi sem ekki býr yfir þekkingu á læknisfræði geti lagt almennt mat á heilsufar sitt eða nákominna ættingja. Með sanngirni er hins vegar hægt að gera þá kröfu til viðkomandi að hann viti um þá sjúkdóma sem máli kunna að skipta við áhættumatið. Heimild vátryggingafélags til upplýsingaöflunar er þó takmörkuð af bannreglu 2. mgr. Efnislega svarar hinn nýi málsliður til lokamálsliðar gildandi 2. mgr. 82. gr. sem fellur niður.

Þótt ekki sé lögð til breyting á efni 4. málsl., um upplýsingaöflun frá öðrum en vátryggingartaka eða vátryggðum, þykir rétt að hnykkja á því að ákvæði þetta vísar fyrst og fremst til upplýsinga sem aflað er hjá læknum og öðrum heilbrigðisstéttum og koma úr sjúkraskrám eða öðrum sambærilegum skrám sem kunna að vera haldnar á sjúkra- eða heilbrigðisstofnunum. Er áfram gert ráð fyrir því að heimild vátryggingafélags til þess að afla upplýsinga úr slíkum skrám sé bundin við upplýst samþykki viðkomandi. Er efni málsgreinarinnar í samræmi við 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um persónvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Lögð er til breyting á 2. mgr. ákvæðisins sem felur í sér að vátryggingafélagi er óheimilt að nýta sér niðurstöður erfðarannsókna. Með erfðarannsókn er einkum átt við DNA-rannsókn, RNA-greiningu og vefja- og blóðrannsókn sem gerð er í þeim tilgangi að meta áhættu einstaklings á því að verða síðar veikur. Hafi á hinn bóginn sjúkdómur verið greindur með erfðarannsókn, t.d. DNA-rannsókn, er félaginu heimilt að nýta þær upplýsingar í áhættumati sínu, en ekki aðrar upplýsingar. Jafnframt væri vátryggingartaka, eða vátryggðum, skylt að upplýsa um sjálfa sjúkdómsgreininguna, sem hefði fengist við erfðarannsóknina, sbr. greinar-

gerð með gr. 3a í dönsku vátryggingarsamningalögunum, nr. 129/1930, sbr. breytingalög nr. 413/1997, sem er fyrirmynd ákvæðisins í 82. gr. Með breytingu þessari er leitast við að eyða vafa um hvers konar upplýsingar það eru sem vátryggingafélagi sé óheimilt að nota í áhættumati sínu. Í orðalagi málsgreinarinnar felst jafnframt að reglur um vanrækta upplýsingagjöf eiga ekki við í þeim tilfellum er vátryggingartaki eða vátryggður upplýsir ekki um erfðafræðilegar upplýsingar, enda væri vátryggingafélagi ekki heimilt að taka við slíkum upplýsingum, að öðru leyti en því sem að framan greinir um sjúkdómsgreiningar sem slíkar.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.**

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar er varða upplýsingaöflun vátryggingafélaga. Lagt er m.a. til að vátryggingafélagi verði heimilt að afla upplýsinga um þá sjúkdóma sem vátryggingartaki, eða vátryggður, svo og foreldrar, systkini og börn vátryggðs eru eða hafa haft.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

# 430. Frumvarp til laga [388. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Ökuskírteini eru tvenns konar, bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í þrjú ár.

Fullnaðarskírteini gildir þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára. Ráðherra getur ákveðið að ökuskírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 50. gr. skuli gilda skemur.

Ráðherra setur reglur um gildistíma ökuskírteinis sem gefið er út til þess sem er fullra 70 ára. Ráðherra getur enn fremur ákveðið að ökuskírteini skuli, ef aðstæður mæla með því, gilda skemur en ákveðið er í 3. mgr.

Endurnýja má ökuskírteini að loknum gildistíma enda fullnægi hlutaðeigandi enn skilyrðum til að fá ökuskírteini útgefið. Ráðherra getur sett reglur um að próf skuli tekið að nýju.

Fullnaðarskírteini til byrjanda má gefa út, fullnægi hann eftirtöldum skilyrðum:

a. hafi haft bráðabirgðaskírteini samfellt í eitt ár, farið í akstursmat og fengið að því loknu staðfestingu ökukennara þar að lútandi,
b. hafi ekki á síðustu 12 mánuðum fengið punkt í punktakerfi vegna umferðarlagabrots eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna akstursbanns eða sviptingar.

Fullnægi byrjandi ekki skilyrðum b-liðar 6. mgr. má endurnýja bráðabirgðaskírteini að loknum gildistíma þess. Fullnægi hann hins vegar skilyrðum b-liðar 6. mgr. og fari í akstursmat, sbr. a-lið 6. mgr., má gefa út fullnaðarskírteini.

Hafi bráðabirgðaskírteini byrjanda verið endurnýjað, sbr. 7. mgr., getur hann fengið fullnaðarskírteini, fullnægi hann skilyrðum a- og b-liða 6. mgr.

Ráðherra getur sett reglur um takmörkun á heimild byrjanda til að mega stjórna ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna, á tilteknum tíma sólarhringsins, takmörkun á fjölda farþega yngri en 20 ára og um takmörkun á afli hreyfils ökutækis. Ráðherra getur ákveðið að slíkar takmarkanir taki til byrjanda á gildistíma bráðabirgðaskírteinis allt þar til hann verður fullra 20 ára. Ráherra getur einnig ákveðið að takmarkanir séu þá aðeins settar hafi byrjandi sætt akstursbanni skv.106. gr. a eða verið sviptur ökurétti skv. 101. eða 102. gr.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 53. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Byrjandi, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn skv. 51. gr. og sviptur er ökurétti, öðlast eigi ökurétt að nýju að loknum sviptingartíma fyrr en hann hefur sótt sérstakt námskeið skv. 106. gr. a og staðist ökupróf að nýju.

3. gr.

Við 72. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra getur sett reglur um flokkun og notkun viðurkennds hlífðarbúnaðar ökumanna og farþega bifhjóla.

4. gr.

Á eftir 4. mgr. 100. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Við ákvörðun sektar vegna brots gegn 37. og 38. gr. skal höfð hliðsjón af aukinni áhættu sem hraðabrotið hefur í för með sér. Á vegi þar sem hámarkshraði má vera 80 km á klst. eða meiri skal sekt ákveðin hærri en ella. Sama gildir um ákvörðun sektar vegna hraðabrota við akstur:

a. bifreiðar innan við 3.500 kg að heildarþyngd með eftirvagn eða tengitæki, þ.m.t. tjaldvagn og hjólhýsi,
b. vörubifreiðar,
c. hópbifreiðar,
d. vagnlestar þar sem eru ökutæki sem falla undir b- eða c-lið með skráningarskyldan eftirvagn eða tengitæki,
e. liðvagns og
f. bifhjóls með hliðarvagni eða skráningarskyldum eftirvagni eða tengitæki.

Við ákvörðun sektar vegna brota gegn 37. og 38. gr., sbr. 5. mgr., skal sekt ákveðin hærri en ella þegar hraðinn er 140 km á klst. eða meiri.

Við ákvörðun sektar vegna brota gegn 37. og 38. gr., sbr. 5. mgr., skal sekt ákveðin mun hærri en ella þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er.

Við ákvörðun sektar vegna brota gegn 37. og 38. gr., sbr. 5. mgr., skal sekt ákveðin mun hærri en ella á vegi þar sem hámarkshraði er takmarkaður við minni hraða en 80 km á klst. ef hraðinn er 30% meiri en heimilt er.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 101. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er skal svipting ökuréttar eigi ákvörðuð skemur en í sex mánuði.

6. gr.

a. Á eftir 106. gr. laganna kemur ný grein, 106. gr. a, sem orðast svo:

Lögreglustjóri skal banna byrjanda, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, að aka hafi hann fengið fjóra eða fleiri punkta samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Akstursbanni skal eingöngu beitt einu sinni á gildistíma bráðabirgðaskírteinis.

Með akstursbanni eru afturkölluð ökuréttindin sem bráðabirgðaskírteinið veitir. Akstursbannið gildir þar til byrjandinn hefur sótt sérstakt námskeið og staðist ökupróf að nýju. Ráðherra setur reglur um tilhögun námskeiðs.

Þegar skilyrði akstursbanns eru fyrir hendi skal svo fljótt sem unnt er banna byrjanda að aka. Ákvörðun um akstursbann má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal lögreglustjóri leiðbeina byrjanda um þann rétt þegar ákvörðun er birt.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Akstursbann.*

7. gr.

a. Á eftir 107. gr. laganna kemur ný grein, 107. gr. a, sem orðast svo:

Þegar um er að ræða gróf eða endurtekin brot á umferðarlögum má gera upptækt vélknúið ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna og notað var við brot, ef það er talið nauðsynlegt til þess að fyrirbyggja frekari brot á umferðarlögum eða öðrum lögum. Með sama skilyrði má gera upptækt vélknúið ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna og er eign þess sem hefur framið brot, enda þótt ökutækið hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Gera skal ökutæki upptækt þegar eigandi þess er fundinn sekur um akstur undir áhrifum áfengis og áfengismagn í blóði er meira en 1,20‰, sem hefur í för með sér sviptingu ökuréttar, og viðkomandi hefur tvisvar síðustu þrjú árin fyrir brotið gerst sekur um akstur undir áhrifum áfengis þar sem áfengismagn í blóði hefur mælst meira en 1,20‰ og þess vegna verið sviptur ökurétti. Gera skal ökutæki upptækt enda þótt það hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Víkja má frá ákvæði 2. mgr. í undantekningartilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með því.

Að öðru leyti gilda ákvæði hegningarlaga um upptöku eigna.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Upptaka ökutækja.*

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 27. apríl 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 var samþykkt á 131. löggjafarþingi 2004–2005, en þá var umferðaröryggisáætlun í fyrsta sinn sérstakur hluti hennar fyrir sama tímabil.

Markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2016 eru að fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem minnst gerist hjá öðrum þjóðum. Einnig að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferð lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016. Á árinu 2004 voru bein útgjöld vegna umferðarslysa hér á landi talin nema um 12 milljörðum kr. á ári en kostnaður þessi er að stórum hluta breytilegur. Með frumvarpi þessu

stefnt að því meginmarkmiði að umferðarslysum fækki og að þjóðhagslegur kostnaður af þeim lækki samsvarandi.

Við framkvæmd umferðaröryggisáætlunar er samþættingu lagasetningar, eftirlits, áróðurs og vegabóta beitt til að ná hámarksárangri í baráttunni gegn umferðarslysum. Til að framfylgja núgildandi umferðaröryggisáætlun voru á síðasta löggjafarþingi gerðar breytingar á umferðarlögum, m.a. vegna ölvunar- og fíkniefniaksturs. Ýmis atriði hafa komið fram við framkvæmd umferðarlaga sem valda því að efni þykja til að gera breytingu á lögunum í því skyni að ná þeim markmiðum sem sett eru í umferðaröryggisáætlun. Athyglin beinist einkum að hertum viðurlögum við brotum varðandi of hraðan akstur og að auknum kröfum til ungra ökumanna með bráðabirgðaskírteini.


Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu í samráði við Umferðarstofu. Við undirbúning þess var leitað álits ýmissa aðila, svo sem ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og lögreglustjórans í Reykjavík.

## Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

*I. Ungir ökumenn.*

Eins og meðfylgjandi tölur fyrir árin 1998–2005 bera með sér valda ungir ökumenn tiltölulega flestum banaslysum í umferðinni (28%) og er þessu frumvarpi ætlað að ná til þessa hóps, sérstaklega hvað varðar hertar reglur um bráðabirgðaskírteini og beitingu akstursbanns.

**Aldur orsakavalda banaslysa í umferðinni 1998–2005.**




(Heimild: Skýrsla rannsóknarnefndar umferðarslysa 2005).

Með breytingu á umferðarlögum árið 2002 voru sett inn í umferðarlög ákvæði um akstursmat fyrir unga ökumenn. Fullyrða má að kerfi þetta hafi gefist vel og er því í þessu frumvarpi lagt til að það verði þróað áfram og að bráðabirgðaskírteini gildi í þrjú ár í stað tveggja. Enn

fremur er lagt til að tekið verði upp að lögreglustjóri skuli að ákveðnum skilyrðum uppfylltum beita byrjanda með bráðabirgðaskírteini akstursbanni, en þetta nýmæli á sér fyrirmynd í dönskum rétti.

*II. Hert viðurlög við umferðarlagabrotum.*

Að undanförnu hafa verið uppi háværar raddir í þjóðfélaginu um að taka þurfi harðar á hvers kyns umferðarlagabrotum og stuðla þannig að auknu öryggi og festu í umferðinni. Þetta á ekki síst við hrað- og ofsaakstur en annars staðar á Norðurlöndum, og reyndar hvarvetna í Evrópu, hefur mikil umræða átt sér stað um hraðakstur og afleiðingar slíkrar hegðunar. Hafa þessi lönd tekið upp hert viðurlög við slíkum brotum og sýnir reynslan að slíkar ráðstafanir hafi undantekningarlaust leitt til aukins umferðaröryggis. Í frumvarpinu er lagt til að sama verði gert hér á landi og tekið verði sérstaklega hart á hraðakstursbrotum þegar ekið er á og yfir tvöföldum hámarkshraða jafnframt því að settar verði reglur um hærri sektir þegar í hlut eiga ökumenn sem stjórna ökutækjum sem um gilda sérstakar reglur. Við samningu frumvarpsins var einnig höfð hliðsjón af ákvæðum dönsku umferðarlaganna um heimild lögreglu til upptöku ökutækja vegna grófra og ítrekaðra umferðarlagabrota.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til að bráðabirgðaskírteini gildi í þrjú ár í stað tveggja. Byrjandi eigi þess kost að fá fullnaðarskírteini þegar eitt ár er liðið af gildistímanum hafi hann ekki á síðustu 12 mánuðum fengið punkt í punktakerfi fyrir umferðarlagabrot eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna akstursbanns eða sviptingar ökuréttar.

Þannig fer akstursþjálfun byrjandans (áður en hann fær fullnaðarskírteini) fram samfellt í a.m.k. tvö ár (eitt ár æfingarakstur á námstíma, akstur á gildistíma bráðabirgðaskírteinis í eitt ár eða þar til byrjandinn á fyrst kost á að fá fullnaðarskírteini). Séu ekki skilyrði til þess að byrjandi fái fullnaðarskírteini eftir eitt ár, fær hann tækifæri eftir annað eða þriðja árið. Fullnægi hann ekki skilyrðunum eftir þrjú ár má endurnýja bráðabirgðaskírteini að loknum gildistíma þess.

Lagt er til að staðfesting ökukennara á því að byrjandi hafi farið í akstursmat komi í stað umsagnar ökukennara um árangur þar sem hann, eftir atvikum, annað hvort mælir með eða gegn því að byrjandi fái fullnaðarskírteini. Tillagan er gerð í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af akstursmati og þess að akstursmat er kennslustund en ekki prófraun.

Þegar akstursmat fer fram fylgist ökukennari með akstri ökumanns (byrjanda) sem að akstri loknum lýsir fyrir ökukennaranum hvernig honum finnst að sér hafi til tekist og hvað hefði betur mátt fara. Ökukennarinn ber lýsingu ökumannsins saman við sínar niðurstöður og ræðir misræmi sem kann að vera þar á við ökumanninn.

Byrjandi með bráðabirgðaskírteini, útgefið í fyrsta sinn, þarf að þjálfa akstushæfni sína og temja sér aðgát í umferðinni og þá ögun og sjálfsgagnrýni sem nauðsynleg er. Því er æskilegt á að gildistíma bráðabirgðaskírteinisins sé ökuréttur hans takmarkaður.

Í ljósi þess er gerð tillaga um heimild fyrir ráðherra til að setja takmörkun á heimild byrjanda til að mega stjórna ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna, á tilteknum tíma sólarhringsins, takmörkun á fjölda farþega yngri en 20 ára og um takmörkun á afli hreyfils ökutækis.

Um 2. gr.

Gerð er tillaga um að sett verði hliðstætt ákvæði varðandi byrjanda sem sviptur er ökurétti og varðandi þann sem sviptur er ökurétti í lengri tíma en eitt ár, sbr. 2. mgr. 53. gr. Samkvæmt því þarf byrjandinn að sækja sérstakt námskeið og fara í próf áður en hann öðlast ökurétt að nýju.

Um 3. gr.

Mikil umræða hefur átt sér stað um málefni ökumanna bifhjóla og öryggi þeirra í umferðinni. Reynslan sýnir að réttur hlífðarbúnaður getur skipt sköpum þegar ökumenn bifhjóla og eftir atvikum farþegar á bifhjóli lenda í umferðarslysum. Því þykir rétt að leggja til að ráðherra geti sett frekari reglur um flokkun og notkun á viðurkenndum hlífðarbúnaði bifhjólamanna.

Um 4. gr.

Tillaga um breytingu á 100. gr. lýtur að því að stemma stigu við of hröðum akstri jafnt í dreifbýli sem í þéttbýli. Lagt er til að við ákvörðun sekta fyrir of hraðan akstur verði höfð hliðsjón af aukinni áhættu sem hraðabrot hefur í för með sér og hærri sektum beitt en ella þegar hraðinn fer yfir tiltekin mörk eða hraðabrot er framið við akstur stórra ökutækja og vagnlesta.

Síðustu áratugi hefur umferð þyngst verulega hér á landi. Bifreiðin hefur fest sig í sessi sem aðalsamgöngutækið innan lands. Strandflutningar hafa að mestu lagst af og vörur eru nú fluttar milli landshluta á vörubílum. Bætt þjóðvegakerfi og greiðari akstur í þéttbýli sýnast vera einn þeirra þátta sem hefur leitt til þess að hraðinn á vegum hefur aukist þrátt fyrir að heimil hraðamörk séu óbreytt. Of hraður akstur er ein aðalorsök alvarlegra umferðarslysa. Því þarf að herða viðurlög við slíkum brotum.

Um 5. gr.

Tillaga um breytingu á 101. gr. er á því byggð að jafnan sé um alvarlegt brot á umferðarlögum að ræða, þegar ekið er tvöfalt hraðar en heimilt er. Gæta verður þess þó þar sem hraðamörk eru mjög lág, t.d. 30 km á klst. í íbúðahverfum og við skóla, að skipulag umferðar á svæðinu taki mið af hinum lágu hraðamörkum, göturnar séu hannaðar þannig að ekki sé með góðu móti unnt að aka hraðar en tilskilið er.

Um 6. gr.

Reynslan sýnir að flestir ungir ökumenn standa sig vel í umferðinni. Sumum þeirra verður ýmislegt á, þeir gæta sín ekki nægilega vel, hættir til að líta á ökutækið sem leiktæki í umferðinni, aka glannalega og skortir reynslu og yfirvegun. Þeim verður að veita aðhald. Tillaga að reglum um akstursbann er liður í þeirri viðleitni.

Þegar akstursbanni er beitt verður byrjandi, ökumaður með bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, í sömu stöðu og sá sem ekki hefur lokið ökunámi. Byrjandinn hefur misst ökuréttinn og verður að fara i sérstakt ökunám og taka ökupróf til þess að öðlast hann á ný.

Það er mikilvægt að akstursbann taki gildi strax og skilyrði þess eru fyrir hendi, þ.e. þegar fyrir liggur að byrjandi hefur fengið fjóra eða fleiri refsipunkta, sbr. 106. gr. a. Því er sett hliðstætt ákvæði varðandi akstursbann og er í 103. gr. varðandi sviptingu ökuréttar til bráðabirgða.

Tillaga að reglum um akstursbann er samin með hliðsjón af 127. gr. dönsku umferðarlaganna.

Um 7. gr.

Tillaga um upptöku er byggð á því að það aðhald, sem ökumönnum er veitt með því að beita refsingu og sviptingu ökuréttar vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, dugi ekki alls kostar gagnvart tilteknum hópi ökumanna, tiltölulega litlum hópi þó. Þar sýnist meira þurfa að koma til, einkum og sér í lagi með tilliti til þeirrar viðleitni að koma í veg fyrir ítrekuð brot. Því er gerð tillaga um að ákvæði verði sett í umferðarlög þess efnis að vélknúið ökutæki brotamanns verði gert upptækt, annars vegar með heimild þegar um er að ræða gróf eða ítrekuð brot á umferðarlögum en hins vegar að skylt sé að beita upptöku þegar um er að ræða tiltekin ítrekuð ölvunarakstursbrot.

Ákvæði um upptöku eru í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, en þess munu vart dæmi að þeim hafi verið beitt vegna brota á umferðarlögum. Tillaga um að setja ákvæði um upptöku í umferðarlög er sett fram í þeim tilgangi að stuðla að því að upptöku verði oftar beitt vegna umferðarlagabrota en verið hefur.

Tillagan gerir ráð fyrir að upptöku megi beita vegna hvers konar brota á umferðarlögum, sé um gróf eða ítrekuð brot að ræða. Einkum er í því efni um að ræða gróf eða ítrekuð brot vegna ölvunaraksturs, ítrekaðan akstur þess sem sviptur er ökurétti eða þess sem ekki hefur öðlast ökuréttindi eða mjög vítaverðan akstur.

Aukin heimild til að gera ökutæki upptæk er til þess fallin að hafa fyrirbyggjandi áhrif, ekki eingöngu vegna fjárhagslegra sjónarmiða heldur einnig þannig að upptakan hafi bein áhrif á möguleika til þess að nota upptökuandlagið, ökutækið sem notað var þegar brotið var framið, á ný við brot. Upptaka er liður í því að koma í veg fyrir frekari brot.

Tillaga að reglum um upptöku er mótuð af efni 133. gr. a dönsku umferðarlaganna sem lögfest var með lögum nr. 278 frá 8. maí 1991 og breytt var árið 2005.

Um 8. gr.

Rétt þykir að frumvarp þetta, ef af lögum verður, gangi í gildi hinn 27. apríl 2007.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til breytingar á umferðarlögum, nr. 50/1987.**

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru m.a. harðari viðurlög þegar ekið er hraðar en heimilt er og aukið aðhald varðandi akstur byrjanda sem fær bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn. Þá er lagt til að í að vissum tilvikum verði hægt að gera vélknúið ökutæki upptækt við gróf brot á umferðarlögum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

# 431. Frumvarp til laga [389. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að banna flug loftfara sem skrásett eru eða starfrækt frá tilteknum ríkjum og eða flugrekendum í íslenskri lofthelgi á grundvelli flugöryggis. Flugmálastjórn skal heimilt að miðla upplýsingum um slíkt bann til almennings, alþjóðlegra stofnana og ríkja. Nánar skal kveðið á um setningu slíks banns, skilyrði, framkvæmd, afléttingu þess og upplýsingamiðlun í reglugerð.

2. gr.

2. og 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Þó er heimilt að skrá á Íslandi loftfar sem íslenskum flugrekanda er heimilt að nota í rekstri sínum ef það er í eigu einstaklinga eða lögaðila með ríkisfang og heimilisfesti í ríki sem Ísland hefur samið við vegna þessa.

Flugmálastjórn getur heimilað skráningu loftfars hér á landi þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr., enda sé eftirliti með loftfarinu skipað með fullnægjandi hætti að mati stofnunarinnar og sérstakar ástæður mæli með því.

3. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Enda sé skráður eigandi og/eða umráðandi loftfars í skilum við Flugmálastjórn vegna áfallinna og gjaldfallinna gjalda vegna loftfarsins og eftirlits vegna þess, um gjöldin hafi verið samið eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein, 57. gr. d, svohljóðandi:

Rekstraraðili flugvallar skal veita fötluðum eða hreyfihömluðum farþegum aðstoð, án sérstaks gjalds, á tilgreindum stöðum, einum eða fleiri, innan flugvallarsvæðis til þess að ferðast, enda hafi farþegi óskað aðstoðar með þeim fyrirvara sem áskilinn er samkvæmt reglugerð. Rekstraraðila flugvallar skal heimilt að innheimta gjald af notendum flugvallar til að fjármagna aðstoðina. Gjaldtakan skal ekki mismuna notendum flugvallar og vera ákvörðuð í samræmi við hlut hvers flugrekanda af komu- og brottfararfarþegum af heildarfjölda farþega á flugvelli. Gjaldið skal vera hæfilegt, byggjast á kostnaði sem verður til við að veita þjónustuna, gagnsætt og sett af rekstraraðila flugvallar í samráði við notendur flugvallar.

Nánar skal kveðið á um aðstoð flugrekanda og rekstraraðila flugvallar, fyrirkomulag aðstoðar, réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra farþega og upplýsingaskyldu flugrekanda, umboðsmanna hans og ferðaskrifstofu með reglugerð.

5. gr.

2. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Skipulagsreglur skulu m.a. geyma fyrirmæli um skipulag innan flugvallarsvæðis, starfsheimildir, starfsemi og umferð innan svæðisins auk fyrirmæla um það svæði utan flugvallar

þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t.d. húsa, stanga og trjáa, eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t.d. að því er varðar leiðslur eða atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis. Kveða skal glöggt á um mörk þess svæðis sem skipulagið tekur yfir.

6. gr.

Í stað orðsins „flugumferðarstjórnar“ í 1. málsl. 2. mgr. 71. gr. laganna kemur: flugleiðsöguþjónustu.

7. gr.

1. málsl. 1. mgr. 71. gr. b laganna orðast svo: Umráðandi loftfars skal greiða sérstakt gjald, öryggisgjald, þar sem vopna- og öryggisleit fer fram, til rekstraraðila flugvallar.

8. gr.

Í stað orðsins „tollhafnir“ í lok 2. málsl. 72. gr. laganna kemur: landamærastöð.

9. gr.

Á eftir 125. gr. laganna kemur ný grein, 125. gr. a, svohljóðandi:

Við bókun, hver sem aðferðin er við gerð bókunar, skal samningsbundinn flytjandi upplýsa farþega um nafn eiginlegs flytjanda. Sé óljóst þegar bókun er gerð hver eiginlegur flytjandi er eða verður skal samningsbundinn flytjandi tryggja að farþegi sé upplýstur um nafn eða nöfn þeirra flytjenda sem mögulega munu annast loftflutninginn. Í slíkum tilvikum skal tryggja að farþegi sé upplýstur um eiginlegan flytjanda um leið og það fæst staðfest.

Verði breytingar gerðar á eiginlegum flytjanda eftir bókun skal samningsbundinn flytjandi gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að upplýsa farþega um breytinguna eins fljótt og auðið er. Í öllum tilvikum skal farþegi upplýstur við innritun eða við för um borð í loftfarið þar sem innritunar er ekki krafist vegna tengiflugs.

Flugrekandi eða ferðaskrifstofa, eftir atvikum, skal tryggja að samningsbundinn flytjandi sé upplýstur um nafn hins eiginlega flytjanda eða flytjenda eins fljótt og auðið er, sérstaklega ef breyting er gerð á nafni eiginlegs flytjanda.

Ef söluaðili hefur ekki fengið upplýsingar um nafn eiginlegs flytjanda skal hann ekki sæta ábyrgð skv. 1.–3. mgr. þessarar greinar.

Skylda samningsbundins flytjanda skal koma fram í ferðaskilmálum farsamnings.

10. gr.

Á eftir 126. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (126. gr. a.)

Hefjist flutningur í lofti frá Íslandi og

a. frá brottfararstað hér á landi eða;
b. frá brottfararstað í þriðja ríki til Íslands eða;
c. frá brottfararstað í þriðja ríki til áfangastaðar í þriðja ríki;

skal farþegi eiga rétt til endurgreiðslu úr hendi samningsbundins flytjanda eða breytingar á flugleið sé hinum eiginlega flytjanda sem starfrækja á flugið óheimil starfræksla loftfars innan Evrópska efnahagssvæðisins, enda kjósi farþegi að nýta sér ekki farmiða sinn og flugið hefur ekki verið fellt niður.

b. (126. gr. b.)

Flugrekandi, umboðsmaður hans eða ferðaskrifstofa skal ekki synja farþega á grundvelli fötlunar eða hreyfihömlunar um:

a. farskráningu í flug til eða frá flugvelli hér á landi,
b. að fara um borð í loftfar á flugvelli hér á landi, enda hafi farþegi gilda farskráningu og farseðil.

Þrátt fyrir 1. mgr. er flugrekanda, umboðsmanni hans eða ferðaskrifstofu heimilt á grundvelli fötlunar eða hreyfihömlunar að synja um farskráningu í flug eða að heimila farþega að fara um borð í loftfar:

a. þar sem flugöryggiskröfur krefjast þess;
b. þegar stærð loftfarsins eða dyr þess við för um borð í loftfarið og meðan á flutningi stendur koma í veg fyrir það.

Þegar synja þarf farþega um flutning á grundvelli a- eða b-liðar 2. mgr. skal flugrekandi, umboðsmaður hans eða ferðaskrifstofa gera viðhlítandi ráðstafanir til að leggja farþega til viðunandi kost á flutningi.

Nánar skal kveðið á um réttindi farþega sem synjað er um flutning á grundvelli fötlunar eða hreyfihömlunar, kröfur um fylgd farþega á grundvelli flugöryggissjónarmiða og upplýsingamiðlun til farþega með reglugerð.

Ákvæði þetta tekur einnig til flugrekenda með útgefið flugrekstrarleyfi á Íslandi við brottför loftfars frá þriðja ríki til ríkja á EES-svæðinu.

11. gr.

5. mgr. 131. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

1. mgr. 138. gr. laganna orðast svo:

Skráðum umráðanda loftfars, eftirlitsskyldum aðilum og aðilum er reka starfsemi samkvæmt skírteini, heimild, leyfi eða viðurkenningu samkvæmt lögum þessum, reglum settum samkvæmt þeim, eða lögum um Flugmálastjórn Íslands er skylt að láta í té þær upplýsingar sem Flugmálastjórn krefst.

13. gr.

Á eftir 146. gr. a laganna kemur ný grein, 146. gr. b, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæma viðurkenningu réttinda, skírteina, heimilda, starfsleyfa og vottunar á sviði loftflutninga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. 4. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til breytinga á lögum um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006, þar sem kveðið er á um breytta skipan gjaldtöku stofnunarinnar. Ástæða var til að leggja samhliða fram frumvarp til breytinga á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum, og tryggja frekari lagastoð fyrir innleiðingu EES-gerða sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn en hafa ekki verið innleiddar í íslenskan rétt sem og

að gera aðrar tímabærar leiðréttingar á ákvæðum laganna til samræmis við það sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Mælt er fyrir um heimild Flugmálastjórnar Íslands til að banna flug loftfara sem skrásett eru eða starfrækt frá tilteknum ríkjum og eða flugrekendum í íslenskri lofthelgi á grundvelli flugöryggis. Ákvæðið er nýmæli. Ástæða þessa eru nýlegar reglugerðir Evrópusambandsins sem innleiddar verða í EES-samninginn á næstunni. Þær eru:

Commission Regulation (EC) No 2111/2005 of the European Parliament and of the Council of 14 December 2005 on the establishment of a Community list of air carriers subject to an operating ban within the Community and on informing air transport passengers of the identity of the operating air carrier, and repealing Article 9 of the Directive 2004/36/EC,

Commission Regulation (EC) No 474/2006 of 22 March 2006 establishing the Community list of air carriers which are subject to an operating ban within the Community referred to in Chapter II of Regulation (EC) No 2111/2005 of the European Parliament and of the Council,

Commission Regulation (EC) No 473/2006 of 22 March 2006 laying down implementing rules for the Community list of air carriers which are subject to an operating ban within the Community referred to in Chapter II of Regulation (EC) No 2111/22004 of the European Parliament and of the Council.

Commission Regulation (EC) No 910/2006 of 20 June 2006 amending Regulation (EC) No 474/2006 establishing the Community list of air carriers which are subject to an operating ban within the Community referred to in Chapter II of Regulation (EC) No 2111/2005 of the European Parliament and of the Council.

Allt frá 1996 hafa samtök flugmálastjórna í Evrópu, ECAC og Flugöryggissamtök Evrópu, JAA, haft forgöngu um að aðildarríki þess geri úttektir á erlendum loftförum og flugrekendum sem viðkomu hafa í ríkjum þess í því skyni að auka flugöryggi. Leitað hefur verið eftir fullvissu um að þau loftför og áhafnir þeirra sem lendi í ríkjum ECAC/JAA uppfylli viðauka við Chicago-samninginn sem hefur að geyma lágmarksreglur og viðmið um flugöryggi. Upplýsingar úr úttektunum eru vistaðar í gagnagrunni sem ríkin hafa komið sér upp. Árið 2004 setti Evrópusambandið tilskipun þar sem settur var lagalegur rammi utan um þessar flugöryggisúttektir og framkvæmd þeirra og skýrslugjöf, þ.e. tilskipun nr. 2004/36 sem þegar hefur verið innleidd í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 152/2005. Í 9. gr. tilskipunarinnar var kveðið á um heimild framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til þess að banna flug loftfara frá ríkjum sem ekki eru talin uppfylla lágmarksflugöryggiskröfur. Með reglugerð Evrópusambandsins nr. 2111/2005 er heimild 9. gr. tilskipunarinnar felld niður og sett ný reglugerð um setningu og afturköllun slíks banns, upplýsingamiðlunar til almennings með birtingu bannlista og varnir flugrekanda sem fyrir slíku banni verður.

Samkvæmt núgildandi lögum um loftferðir, nr. 60/1998, hefur Flugamálastjórn ekki slíka heimild sem framangreindar reglugerðir áskilja til að taka ákvarðanir um að banna flug tiltekinna loftfara í íslenskri lofthelgi. Þær heimildir sem lög um loftferðir hafa að geyma ná einungis til þess að aftra för loftfars sem ekki telst lofthæft frá íslensku yfirráðasvæði, sbr. 135. gr. núgildandi laga. Þá er sérstök heimild í 4. gr. laganna þar sem samgönguráðherra er heimilt þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem vegna almannaöryggis eða allsherjarreglu, að takmarka eða banna loftferðir almennt eða um hluta af íslensku yfirráðasvæði. Heimild þessi er

annars eðlis og beinist að flugsamgöngum almennt, en ekki að því að banna einstökum flugrekendum eða loftförum för um íslenska lofthelgi.

Um 2. gr.

Í 2. mgr. 10. gr. er kveðið á um heimild til að skrá loftfar hér á landi sem íslenskum flugrekanda er heimilt að nota í rekstri sínum ef það er í eigu einstaklinga með ríkisfang og heimilisfesti í tilteknum ríkjum sem Ísland hefur samið við vegna þessa. Í núverandi ákvæði er vísað til tveggja samninga sem Ísland er aðili að, þ.e. EES-samningsins og stofnsamnings EFTA. Til að komast hjá frekari breytingum á ákvæðinu er mælt fyrir um almennara orðalag svo að ekki þurfi að koma til langrar upptalningar á þeim samningum sem Ísland hefur gerst aðili að. Í júní sl. var undirritaður fyrir Íslands hönd samningur um samevrópskt flugsvæði (Agreement on the European Common Aviation Area) sem til stendur að fullgilda innan tíðar. Aðild að samningnum eiga Ísland, Noregur, Albanía, Bosnía Hersegóvína, Búlgaría, Króatía, Makedónía, Serbía og Svartfjallaland, Rúmenía, borgaraleg stjórnsýsla Sameinuðu þjóðanna í Kosovo og aðildarlönd Evrópubandalagsins.

Þá hefur verið undirritaður samningur við Færeyjar milli ríkisstjórnar Íslands, ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja, svonefndur Hoyvíkur-samningur sem hefur að markmiði stofnun sameiginlegs efnahagssvæðis á yfirráðasvæði Íslands og Færeyja.

Kveðið er á um breytingar á 3. mgr. 10. gr. Með breytingunni gefst flugrekendum frekara svigrúm til þess að skrá loftfar hér á landi, þrátt fyrir skilyrði 1. og 2. mgr. 10. gr. Í einstaka tilvikum kann eignarhald loftfarsins að vera í höndum aðila utan þeirra ríkja sem Ísland hefur samið við og þarf því að sækja um það sérstaka heimild til Flugmálastjórnar að skrá loftfarið hér á landi. Þá heimilar ákvæðið einnig skráningu loftfars hér á landi sem flugrekandi framleigir áfram til rekstrar í öðru ríki, enda sé eftirlit með loftfarinu skipað með fullnægjandi hætti að mati stofnunarinnar. Í slíkum tilvikum er gengið frá samningi milli flugmálayfirvalda beggja ríkja um skipan eftirlits með loftfarinu og útgáfu/fullgildingu skírteina flugliða eftir atvikum.

Um 3. gr.

Með breytingunni á 16. gr. er leitast við að tryggja innheimtu áfallinna og gjaldfallinna gjalda vegna loftfars sem bíður afskráningar. Flugmálastjórn nýtur ekki lögveðsréttar í loftfari vegna áfallina og gjaldfallinna gjalda vegna loftfars og eftirlits með því.

Um 4. gr.

Í nýrri grein, 57. gr. d, er mælt fyrir um skyldu rekstraraðila flugvallar til að veita fötluðum eða hreyfihömluðum farþega aðstoð á tilgreindum stöðum, einum eða fleiri, innan flugvallarsvæðis til að ferðast. Slík aðstoð gæti m.a. falist í að komast frá þeim tilgreindu stöðum þar sem farþegi skal gefa sig fram til innritunar og til að komast um borð í loftfarið, frá loftfari, komast í tengiflug o.fl. Gert er ráð fyrir að þessi aðstoð rekstraraðila flugvallar sé fjármögnuð með gjaldi sem lagt sé á notendur flugvallar í samræmi við hlut hvers notanda af komu- og brottfararfarþegum sem um flugvöllinn fara.

Um 5. gr.

Ákvæðið er að mestu samhljóða 2. mgr. 59. gr. núgildandi laga, en gerðar hafa verið orðalagsbreytingar þar sem ríkari áhersla er lögð á að skipulagsreglur skuli einnig taka til skipu-

lags innan flugvallar, starfsheimildir þeirra aðila er starfrækja rekstur innan flugvallarsvæðis og þá starfsemi og umferð sem fer um flugvöllinn.

Um 6. gr.

Gerð er orðalagsbreyting á 2. mgr. 71. gr. og orðið flugleiðsöguþjónusta kemur í stað flugumferðarþjónustu. Orðið flugleiðsöguþjónusta er mun víðtækara hugtak og tekur til flugumferðar-, fjarskipta- og ratsjárþjónustu, veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu og flugupplýsingaþjónustu, sbr. 1. mgr. 57. gr. a.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að öryggisgjald, þar sem vopna- og öryggisleit fer fram, renni til rekstraraðila flugvallar í stað Flugmálastjórnar Íslands.

Um 8. gr.

Í greininni er gerð breyting á öðrum málslið 72. gr. þar sem hugtakið tollhöfn víkur fyrir orðinu landamærastöð. Orðalagsbreytingin er til samræmingar við II. kafla laga um útlendinga, nr. 96/2002, um komur og brottfarir.

Um 9. gr.

Mælt er fyrir nýju ákvæði 125. gr. a. Ákvæðið er nýmæli. Það færist sífellt meira í vöxt að annar flytjandi annist og starfræki loftflutning en sá sem samdi við farþega upphaflega um flutninginn. Í sumum tilvikum semur flytjandi við flugrekanda um flutning en í öðrum tilvikum er um að ræða tilfærslu á milli flugrekenda, svo sem vegna bilunar eða annarra ófyrirséðra atvika. Er hér sú skylda lögð á samningsbundinn flytjanda, þ.e. þann aðila er semur við farþega um flutning, að hann upplýsi við bókun um nafn hins eiginlega flytjanda. Sé óljóst þegar bókun fer fram hver eiginlegur flytjandi er ber samningsbundnum flytjanda að tilkynna farþega um eiginlegan flytjanda um leið og slíkar upplýsingar fást staðfestar. Mikilvægt er að flugrekandi eða ferðaskrifstofa, eftir atvikum, upplýsi samningsbundinn flytjanda um hver hinn eiginlegi flytjandi er verði breytingar á þeirri tilhögun sem farþega var áður tilkynnt um. Fái söluaðili ekki upplýsingar um eiginlegan flytjanda getur hann ekki framfylgt ákvæðum 125. gr. a og er því ráðgert að hann sæti ekki ábyrgð vegna þessa.

Um 10. gr.

*Um a-lið (126. gr. a).*

Ákvæðið sem er nýmæli tengist beitingu banns skv. 1. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um bann flugs frá ákveðnum flugrekendum eða ríkjum. Með ákvæðinu er kveðið á um bótarétt farþega í þeim tilvikum sem viðkomandi flytjandi sætir slíku banni, flugið hefur ekki verið fellt niður og farþegi ákveður að nýta sér ekki farið. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með 1. gr.

*Um b-lið (126. gr. b).*

Ákvæðið fjallar um rétt fatlaðra og hreyfihamlaðra. Ákvæðið er nýmæli.

Talið er nauðsynlegt að setja skýra lagastoð fyrir nýrri reglugerð Evrópusambandsins sem bíður innleiðingar í íslenskan rétt og varðar réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra í flugi, *Regulation (EC) No 1107/2006 of the European Parliament and of the Council of 5 July 2006 concerning the rights of disabled persons and persons with reduced mobility when travelling by air.*

Frumvarpið hefur að geyma tvö ný ákvæði. Í nýrri grein, 126. gr. b, er kveðið á um rétt fatlaðra eða hreyfihamlaðra til flutnings sem háður er þeim takmörkunum sem greinir í 2. mgr. greinarinnar. Þegar eru í gildi reglur um hámarksfjölda fatlaðra eða hreyfihamlaðra um borð í loftförum, sbr. reglugerð um flutning hreyfiskerts fólks með stórum flugvélum, nr. 442/1979. Það nýmæli er lögfest að komi til þess að synja þurfi fötluðum eða hreyfihömluðum farþega um flutning vegna þess að flugöryggiskröfur mæla gegn því eða ef stærð loftfarsins eða dyr þess rúma ekki farþega skuli flugrekandi, umboðsmaður hans eða ferðaskrifstofa gera viðhlítandi ráðstafanir til að stinga upp á öðrum viðunandi möguleika á flutningi. Samkvæmt framangreindri reglugerð Evrópusambandsins á farþegi rétt á að fá endurgreiddan farmiða eða að breyta flugleið á áfangastað komi til synjunar um flutning.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að 5. mgr. 131. gr. falli brott þar sem eigendum einka- og kennsluflugvéla var gert skylt að taka og viðhalda slysatryggingu fyrir þá sem ferðast með slíkum vélum. Töluverður munur hefur um alllangt skeið verið á milli skyldutrygginga í atvinnuflugi og einkaflugi, en hafa ber í huga að ábyrgðargrundvöllur er hér mjög ólíkur. Allt atvinnuflug sætir reglum um hlutlæga ábyrgð flytjanda, sbr. X. kafla laga um loftferðir, nr. 60/1998. Einkaflugið byggist hins vegar á bótareglum á grundvelli sakar. Við setningu laga um loftferðir 1998 var í fyrsta skipti kveðið á um skyldu til að taka og viðhalda slysatryggingu í einkaflugi. Skyldan náði þó aðeins til einka- og kennsluflugvéla en ekki þyrlna eða annarra tegunda loftfara.

Hinn 1. mars 2006 tók gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004 frá 21. apríl 2004 um kröfur um vátryggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara, sbr. reglugerð um skylduvátryggingar vegna loftferða, nr. 78/2006. Í reglugerðinni var í fyrsta skipti kveðið á um ábyrgðartryggingu í almannaflugi. Skylda til vátrygginga í einka- og atvinnuflugi er því orðin sú sama hvað snertir farþega. Vátryggja ber farþega ábyrgðartryggingu. Reglugerðin tekur ekki til stjórnenda loftfars, flugliða né þjónustuliða. Fyrir hendi er því skylda til að tvítryggja þá sem ferðast með einka- og kennsluflugvélum, að stjórnendum þess og áhöfn undanskildum. Annars vegar ber að ábyrgðartryggja þá og hins vegar slysatryggja. Er því lagt til að skylda til að slysatryggja þá sem ferðast með einka- og kennsluflugvélum verði afnumin og skylduvátryggingar hérlendis samræmdar því umhverfi sem flugi er búið annars staðar á EES-svæðinu.

Um 12. gr.

Kveðið er á um breytt orðalag 1. mgr. 138. gr. Horfið er frá þeirri upptalningu sem var í ákvæðinu og er leitast við að ná til allra þeirra aðila sem samkvæmt lögum falla undir eftirlit Flugmálastjórnar Íslands.

Um 13. gr.

Mælt er fyrir um heimild til handa ríkistjórninni til að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæma viðurkenningu réttinda, skírteina, heimilda, starfsleyfa og vottunar á sviði loftflutninga sem og um gagnkvæma veitingu flugréttinda við önnur ríki. Ákvæðið er nýmæli.

Ísland gerðist aðili að Flugöryggisstofnun Evrópu árið 2004. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu er gert ráð fyrir tiltekinni samningagerð um gagnkvæma viðurkenningu af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópu-

sambandsins við þriðju ríki. Nauðsynlegt er að Ísland geri sambærilega samninga við þriðju ríki samhliða Evrópusambandinu til að tryggja hnökralausan rekstur íslenskra flugrekenda og sama rekstrarumhverfi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Er hér miðað við að samgönguráðherra fari með samningsgerð.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.**

Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja frekari lagastoð fyrir innleiðingu EES-gerða sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn. Nokkrar helstu breytingarnar eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi er mælt fyrir heimild Flugmálastjórnar Íslands til að banna flug tiltekinna loftfara í íslenskri lofthelgi á grundvelli flugöryggis. Í öðru lagi er flugrekendum gefið frekara svigrúm til þess að skrá loftfar hér á landi. Í þriðja lagi er fjallað um rétt fatlaðra og hreyfihamlaðra. Í fjórða lagi er lagt til að ríkisstjórnin fái heimild til að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæma viðurkenningu réttinda, skírteina, heimilda starfsleyfa og vottunar á sviði loftflutninga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

# 432. Frumvarp til laga [390. mál]

um breytingu á lögum um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Til að standa undir kostnaði við útgáfu skírteina, starfsleyfi, heimildir, eftirlit og vottun auk annarrar starfsemi er Flugmálastjórn Íslands heimilt að innheimta gjöld, þ.m.t. árleg gjöld, vegna:

1. Útgáfu skírteina og heimilda einstaklinga, breytinga, endurnýjunar og endurútgáfu. Greiða skal fyrir mat og vottun á gögnum er fylgja umsókn fyrir hverja klukkustund sem matið tekur á grundvelli gjalds, sbr. 2. mgr. Einnig skal heimilt að innheimta fast gjald fyrir tiltekin skírteini og heimildir á grundvelli tímagjalds, sbr. 2. mgr.
2. Útgáfu starfsleyfa, heimilda og skírteina lögaðila, breytinga, endurnýjunar og endurútgáfu. Greiða skal fyrir mat og vottun á gögnum er fylgja umsókn fyrir hverja klukku-

stund sem matið tekur, sbr. 2. mgr. Einnig skal heimilt að innheimta fast gjald fyrir tiltekin starfsleyfi, skírteini og heimildir á grundvelli tímagjalds, sbr. 2. mgr. Heimilt skal að krefja umsækjanda um fyrirframgreiðslu vegna yfirferðar gagna og samskipta meðan á mats- og vottunarferli stendur.

3. Útgáfu lofthæfisskírteina og hávaða- og mengunarvottorða.

Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er miðað við hámarksflugtaksmassa loftfars:

| | |
|---|---|
| a. Fyrir loftför allt að 2.700 kg | 13.680 kr. + 9,36 kr./kg. |
| b. Fyrir loftför 2.701–5.700 kg | 20.400 kr. + 7,80 kr./kg. |
| c. Fyrir loftför 5.701–50.000 kg | 96.000 kr. + 8,40 kr./kg. |
| d. Fyrir loftför yfir 50.000 kg | 480.000 kr. + 4,80 kr./kg. |

Heimilt skal að endurgreiða hlutfallslega gjald vegna fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis, ef skráning loftfars varir skemur en 12 mánuði. Endurgreiða skal 1/12 hluta gjaldsins fyrir hvern heilan mánuð sem loftfarið er skemur á skrá en 12 mánuði, þó þannig að lágmarksgjald sé 5/12 fulls gjalds.

Gjald fyrir útgáfu tímabundins lofthæfisskírteinis sem gilda skal skemur en 30 daga skal greiða 3/12 af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis.

Fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings skal greiða helming af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis.

Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis loftfars sem ekki er vélknúið er 25% af gjaldi fyrir vélknúin loftför.

Nú er loftfar skráð erlendis fært á flugrekandaskírteini íslensks flugrekanda og skal þá greiða fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis eins og um fyrstu útgáfu þess væri að ræða.

Fyrir útgáfu vottorðs til staðfestingar á lofthæfi skal greiða samkvæmt tímagjaldi, sbr. 2. mgr.

Gjöld samkvæmt þessum lið falla í gjalddaga við útgáfu skírteinis eða vottorðs. Handhafar starfsleyfa útgefinna af Flugmálastjórn njóta greiðslufrests, enda séu þeir í skilum við stofnunina. Þegar greiðslufrestur er veittur er uppgjörstímabil þrír mánuðir, febrúar, maí, ágúst og nóvember. Gjalddagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

4. Skráningar loftfars og breytingar á eigendaskiptum.
5. Árlegs eftirlits með
   a. loftförum í almannaflugi (einka- og kennsluflugi),
   b. loftförum í flutningaflugi, verkflugi og ríkisflugi,
   c. flugrekstri,
   d. viðhaldsstöðvum og verkstæðum,
   e. flug- og þyrluvöllum,
   f. lendingastöðum,
   g. flugstöðvum,
   h. flugvernd,
   i. flugskólum,
   j. þjálfunarbúnaði,
   k. skólum fyrir flugleiðsöguþjónustu (flugumferðarþjónustu),
   l. skólum fyrir flugvéltækna og viðhaldsvotta,
   m. flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. flugleiðsögubúnaði,
   n. flugprófunarþjónustu,

o. fluglæknasetrum,
p. flugklúbbum sem sæta eftirliti,
q. námskeiðahaldi,
r. útleigu loftfara í atvinnuskyni,
s. handhöfum skírteina útgefinna af Flugmálastjórn Íslands.

6. Prófgjalda, þ.e. til framkvæmdar prófa, skriflegra eða verklegra, eða yfirferðar eða eftirlits með próftöku.
7. Heimilda sem tengjast einstökum atburðum og afgreiðslum, svo sem flugsýningum, flugkeppnum, fallhlífarstökki, lágflugi, listflugi, flugeldasýningum, yfirflugi með takmarkað lofthæfisskírteini og yfirferð vátryggingaskilmála vegna loftferða.
8. Samhæfingar eða samstarfs við erlend stjórnvöld í þágu eftirlitsskylds aðila, þ.m.t. vegna samningagerðar og framsals eftirlits, samkvæmt föstu gjaldi á hverja unna klukkustund, sbr. 2. mgr.
9. Sérstakrar þjónustu sem óskað er vegna vottunar, viðurkenningar, prófunar eða veitingar heimilda, samkvæmt föstu gjaldi á hverja unna klukkustund, sbr. 2. mgr.

Við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu flugrekstrar auk ferða og uppihalds. Fjárhæð gjalda tekur mið af þeim kostnaði sem almennt hlýst af eftirliti og þjónustu. Útlagðan kostnað, svo sem við ferðir, uppihald og sérfræðiþjónustu í þágu eftirlitsskylds aðila, skal greiða aukalega.

Þá er Flugmálastjórn heimilt að hafa tekjur af þjónustu- og verksamningum, svo og af rannsóknarstarfsemi og þróunarverkefnum.

Gjöld Flugmálastjórnar skv. 1. mgr. eru aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Flugmálastjórn er heimilt að innheimta gjöld vegna heimildar- og leyfisveitinga og eftirlits, svo og fyrir aðra þjónustu sem veitt er á vegum stofnunarinnar, í samræmi við gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Jafnframt falla brott 35.–38. tölul. 1. mgr. 10. gr. og 9.–11. tölul. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum. Þá falla brott 4.–6. mgr. 10. gr., 7. mgr. 56. gr., 7. mgr. 57. gr. og 5. mgr. 57. gr. a og 2., 3. og 5. mgr. 71. gr. a og 2.–4. mgr. 81. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 132. löggjafarþingi 2005–2006 voru lögð fram tvö lagafrumvörp um breytingu á starfsemi og skipulagi Flugmálastjórnar Íslands með það að markmiði að stofna sérstakt hlutafélag í eigu ríkisins um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar, en að stjórnsýslustarfsemi, þ.m.t. eftirlitsstarfi, yrði sinnt af sérstakri stofnun, Flugmálastjórn Íslands. Annars vegar var lagt fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands (þskj. 1523 – 708. mál) sem varð að lögum nr. 102/2006 og hins vegar frumvarp til laga um Flugmálastjórn Íslands (þskj. 1454 – 707. mál) sem varð að lögum nr. 100/2006.

Ljóst var þegar framangreind frumvörp voru lögð fram að ekki mundi fyllilega nást að ljúka mótun gjaldaákvæðis vegna Flugmálastjórnar Íslands. Lögin voru því samþykkt með

almennri gjaldaheimild í 9. gr. laganna og eldri ákvæði í lögum um loftferðir, nr. 60/1998, sem hafa að geyma ýmsar skattlagningar- og gjaldtökuheimildir látin standa óbreytt.

Megintilgangur þessa frumvarps er að undirbyggja heimildir Flugmálastjórnar Íslands til gjaldtöku og fella niður á móti skattlagningarheimildir sem ekki er lengur þörf á í lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum, og lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum. Nánar er gerð grein fyrir breytingum í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lögð er til ný skipan á gjaldtöku Flugmálastjórnar Íslands. Í 1. mgr. er lögfest heimild Flugmálastjórnar Íslands til innheimtu þjónustugjalda í níu liðum. Samhliða er kveðið á um brottfall eldri gjald- og skattlagningarheimilda úr lögum um loftferðir og lögum um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Að meginstefnu er í ákvæðinu miðað við innheimtu þjónustugjalda þar sem endurgjaldið er sérgreint. Í 3. tölul. 1. mgr. er að finna skattlagningarheimild vegna útgáfu lofthæfisskírteinis, en ekki var talið heppilegt að breyta því í þjónustugjald. Flest þeirra gjalda sem upp eru talin í 1. mgr. eiga sér fyrirmynd í núgildandi lögum og gjaldskrá. Til þess að gera gjaldtökuna eins skýra og gagnsæja og mögulegt er að þessu leyti er sett fram eitt ákvæði er telur upp þau gjöld sem heimilt er að innheimta.

Vegna útgáfu starfsleyfa, skírteina, heimilda, eftirlits og vottunar, skv. 1. og 2. tölul. í 1. mgr. ákvæðisins, er miðað við tímagjald sem grundvallast á fyrir fram ákvörðuðum kostnaðarliðum sem greindir eru í 2. mgr. ákvæðisins. Jafnframt geymir ákvæðið heimild til að innheimta fast gjald fyrir tiltekin skírteini og heimildir á grundvelli tímagjalds. Er þá miðað við einfalda afgreiðslu sem ekki krefst mikillar yfirlegu af hálfu starfsmanna. Miðað er við meðaltalstíma í afgreiðslu þar sem fast gjald er ákvarðað.

Vegna umfangsmikillar vinnu Flugmálastjórnar, svo sem við útgáfu starfsleyfis eftirlitsskylds aðila, er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu til yfirferðar gagna og samskipta meðan á mats- og vottunarferli stendur. Þar sem slík vinna er oft á tíðum mjög tímafrek og kann að dreifast yfir langt tímabil, án þess að tryggt sé að umsækjandi muni ljúka umsóknarferli, er talið nauðsynlegt að slík heimild sé fyrir hendi.

Í 3. og 4. tölul. 1. mgr. er miðað við útselda tímavinnu, sbr. 2. mgr. ákvæðisins, við skráningu loftfars og breytingu á eigendaskiptum, sem og útgáfu hávaða- og mengunarvottorðs, að undanskilinni fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis. Nokkrar ástæður eru fyrir því að ekki var talið heppilegt að breyta gjaldtöku vegna útgáfu lofthæfisskírteina í þjónustugjald. Vottunin sjálf er mjög breytileg og er erfitt að áætla þá vinnu fyrir fram. Loftför sem tekin eru til skrásetningar hér á landi eru misjöfn, sum krefjast lítillar vinnu en önnur mikillar. Ástand þeirra og aldur auk fyrri skráningar hafa mikið að segja varðandi þann tíma sem tekur til að yfirfara þau. Vegna aukinna krafna á EES-svæðinu eru enn fremur gerðar frekari kröfur en áður til vottunarferlisins. Er því hér kveðið á um skattlagningarheimild vegna útgáfu lofthæfisskírteinis og annarrar vottunar er tengist lofthæfi sérstaklega.

Vegna fyrstu útgáfu lofthæfisskírteina er farin sú leið að ákvarða fast gjald eftir þyngd loftfarsins. Þar sem vottunarvinna við útgáfu fyrsta lofthæfisskírteinis er óháð því hversu lengi loftfar verður á skrá verður ekki talið rökrétt að endurgreiða alla þá vottunarvinnu sé loftfar afskráð innan árs frá skráningu. Er því talið rétt að koma til móts við umráðendur loftfars og heimila endurgreiðslu er nemur mest hálfu ári, þ.e. $^{6}/_{12}$.

Þá er kveðið á um að gjald vegna tímabundins lofthæfisskírteinis sem gilda skuli skemur en 30 daga sé 1/12 af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis. Er hér um að ræða tímabundna framlengingu lofthæfisskírteinis og ferjuheimildir („permit to fly“) sem hefur takmarkaðan gildistíma og er háð tilteknum skilyrðum vegna m.a. lofthæfis og reksturs loftfarsins. Þar sem viðbúið er að endurnýjun lofthæfisskírteina leggist af innan tíðar er gert ráð fyrir gjaldi vegna útgáfu vottorðs á staðfestingu lofthæfis („Airworthiness Review Certificate“). Vegna vinnu við útgáfu vottorðsins er kveðið á um greiðslu tímagjalds, sbr. 2. mgr.

Í 5. tölul. 1. mgr. er heimild til gjaldtöku fyrir árlegt eftirlit með þeim fjölmörgu aðilum sem sæta eftirliti Flugmálastjórnar samkvæmt lögum um loftferðir, lögum um Flugmálastjórn Íslands og öðrum lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í þeim 19 liðum sem upp eru taldir er að finna nokkur nýmæli um eftirlit. Má þar til að mynda nefna eftirlit með flugleiðsöguþjónustu, skóla fyrir flugleiðsöguþjónustu, skóla fyrir flugvéltækna og viðhaldsvotta, þjálfunarbúnaði og flugstöðvum. Almennt er eftirliti Flugmálastjórnar Íslands þannig háttað að eftirlitið fellur jafnt á alla eftirlitsskylda aðila innan ákveðins tímaramma. Úttektaráætlun með hverri eftirlitsskyldri starfsemi er byggð á alþjóðlegum viðmiðum sem innleidd hafa verið í íslensk lög og reglugerðir. Ekki er um að ræða handahófskennt úrtakseftirlit. Það sem eftirlitið með einstökum aðilum er misyfirgripsmikið er hér miðað við tímagjald vegna árlegs eftirlits, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Í 6. tölul. 1. mgr. er heimild til gjaldtöku fyrir verkleg og bókleg próf sem ýmist eru haldin af Flugmálastjórn Íslands eða öðrum aðilum, sem og yfirferð og eftirlit með slíkri próftöku. Er liðnum m.a. ætlað að taka til gjalds til að mæta kostnaði vegna prófdómara, verklegra prófa og eftirlitsmanna í flughermi hérlendis og erlendis.

Flugmálastjórn annast útgáfu margs konar heimilda sem tengjast einstökum atburðum og afgreiðslum svo sem talið er upp í dæmaskyni í 7. tölul. 1. mgr. ákvæðisins. Almennt er við það miðað að fyrir þjónustu stofnunarinnar skuli greitt tímagjald vegna afgreiðslu á slíkum heimildum í samræmi við 2. mgr. ákvæðisins.

Í 8. tölul. 1. mgr. er gjaldtökuheimild vegna samhæfingar og samstarfs við erlend stjórnvöld í þágu eftirlitsskylds aðila, svo sem vegna samningagerðar og framsals á eftirliti. Hér getur til að mynda verið átt við flugrekanda sem hyggst þurrleigja loftfar á flugrekandaskírteini sitt frá öðrum erlendum flugrekanda. Í slíkum tilvikum er samið um flugöryggiseftirlit með viðkomandi loftfari milli hlutaðeigandi flugmálastjórna, auk þess sem iðulega bætast við fullgildingar skírteina innlendra og erlendra flugliða eftir atvikum. Eðlilegt má telja að viðkomandi flugrekandi beri þann kostnað sem af slíkri samningagerð og eftirliti hlýst.

Önnur sérstök þjónusta sem óskað er af eftirlitsskyldum aðila, svo sem veiting heimilda, vottun eða viðurkenning, sem ekki fellur undir aðra liði 1. mgr., er samkvæmt föstu gjaldi á hverja klukkustund, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Í álitum umboðsmanns Alþingis hefur alloft verið bent á óskýrleika gjaldtökuheimilda, m.a. að óljóst sé hvaða kostnaðarliðum viðkomandi gjaldi sé ætlað að standa undir. 2. mgr. ákvæðisins tilgreinir því þann kostnað sem ætlað er að standa undir með gjöldunum skv. 1. mgr. Með því eru skýrlega afmarkaðir þeir kostnaðarliðir sem staðið geta til útreiknings þeirra gjaldaliða sem heimilt er að innheimta skv. 1. mgr.

3. og 4. mgr. ákvæðisins eru samhljóða 2. og 3. mgr. 9. mgr. núgildandi laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006. 5. mgr. ákvæðisins er samhljóða 1. mgr. núgildandi laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006.

Um 2. gr.

Kveðið er á um gildistöku laganna samhliða gildistöku laga um Flugmálastjórn Íslands nr. 100/2006. Mælt er fyrir um niðurfellingu heimilda í lögum um aukatekjur ríkissjóðs til innheimtu gjalds (skatts) vegna útgáfu skírteina og flugrekstrarleyfa. Færast gjöldin inn í gjaldaheimild 9. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Einnig er mælt fyrir um brottfall annarra gjaldtökuheimilda er varða lendingargjöld sbr. 4.–6. mgr. 10. gr., gjaldtöku vegna eftirlits með flugrekstri, sbr. 81. gr., svo og flugstöðvar, flugvelli og flugleiðsöguþjónustu, sbr. 7. mgr. 56. gr., 7. mgr. 57. gr. og 5. mgr. 57. gr. a, þar sem 1. mgr. frumvarpsins tekur til sömu gjaldtöku.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2006, um Flugmálastjórn Íslands.**

Markmiðið með frumvarpinu er að færa Flugmálastjórn Íslands heimildir til gjaldtöku og fella niður á móti skattlagningarheimildir sem ekki er lengur þörf á í viðkomandi lögum. Gjaldtakan er m.a. vegna vottunar, starfsleyfa, skírteina og eftirlits. Þessi breyting á tekjustofnum Flugmálastjórnar Íslands mun hafa í för með sér óverulegar breytingar á gjaldtöku í heild sinni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

## 433. Fyrirspurn [391. mál]

til heilbrigðisráðherra um samtalsmeðferð við þunglyndi og kvíðaröskun.

Frá Kolbrúnu Baldursdóttur.

1. Hversu margir sjúklingar eru í samtalsmeðferð við þunglyndi og kvíðaröskun á ári hverju?
2. Hversu margir hafa réttindi til að veita slíka meðferð hér á landi?
3. Hvað verið gert á vegum ráðuneytisins til að gefa sjúklingum kost á að velja samtalsmeðferð?
4. Hver er afstaða ráðherra til greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar í slíkri meðferð hjá sálfræðingum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 434. Fyrirspurn [392. mál]

til félagsmálaráðherra um aldurstakmark á skipulagðar útihátíðir.

Frá Kolbrúnu Baldursdóttur.

Hefur ráðherra íhugað, eða áformar hann, að setja 18 ára aldurstakmark á skipulagðar útihátíðir, eða sjá til þess að börn undir 18 ára aldri fái einungis aðgang að slíkum hátíðum séu þau í fylgd með fullorðnum sem staðfestir að hann taki ábyrgð á þeim?

**Skriflegt svar óskast.**

## 435. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

**Inngangur.**

Í byrjun þings í haust lögðu allir þingmenn stjórnarandstöðunnar fram tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Tillagan er birt sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti. Megininntak hennar er að lífeyriskafli almannatryggingalaga verði endurskoðaður í fullu samráði við samtök aldraða og öryrkja. Tillagan endurspeglar það sameiginlega viðhorf stjórnarandstöðunnar að eitt allra brýnasta verkefnið á sviði velferðarmála sé að bæta kjör öryrkja og aldraða. Óumdeilt er að allur þorri þeirra sem þessum hópum tilheyra hefur ekki notið sambærilegs lífskjarabata og stór hluti landsmanna á undanförnum árum.

Meginmarkmið þingsályktunartillögunnar er að hækka lífeyrisgreiðslur aldraðra og öryrkja svo og að auka svigrúm þeirra til að afla sér tekna án þess að það skerði lífeyrisgreiðslur þeirra. Sérstök áhersla er lögð á að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og að tekin verði upp afkomutrygging sem byggð verði á skilgreindum neysluútgjöldum lífeyrisþega, einkum þeirra sem eingöngu hafa lífeyri sér til framfærslu.

Kostnaðarútreikningar sem gerðir hafa verið á þessum tillögum sýna að heildarútgjöld þegar allar tillögurnar eru komnar til framkvæmda eru tæpir 7,4 milljarðar kr., en nettóáhrif hjá ríkissjóði verða um 5,5 milljarðar kr. Stærsti útgjaldaliðurinn er hækkun tekjutryggingar í 85 þús. kr. hjá öldruðum og 86 þús. kr. hjá öryrkjum 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum. Sú tillaga kostar tæpa 3 milljarða kr. en hún gagnast best þeim sem minnstan lífeyri hafa og litla möguleika á að afla sér viðbótartekna.

Stjórnarandstaða hefur sameinast um að leggja nú aðeins fram þessa tillögu sem breytingartillögu við aðra umræðu um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2007. Með því leggur stjórnarandstaðan áherslu á að það er forgangsverkefni í þjóðfélaginu að bæta kjör lífeyrisþega. Það er hægt að gera með þeirri nýskipan lífeyrismála sem lögð er til í þingsályktunartillögunni, m.a. með því að koma á afkomutryggingu, svo að lífeyrisþegar fái eðlilegan og sanngjarnan hlut í auknum hagvexti og þjóðartekjum.

**Breytingar meiri hlutans.**

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði 357,9 milljarðar kr. og tekjur 373,4 milljarðar kr. Áætlaður tekjuafgangur nemur því 15,5 milljörðum kr. Nú við 2. umræðu leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld hækki um 9,6 milljarða kr. en jafnframt að tekjuhlið frumvarpsins hækki um 3,1 milljarð kr. Samkvæmt þessu nemur áætlaður tekjuafgangur nú um 9 milljörðum kr. Um 4,6 milljarða kr. af gjaldaaukningunni má rekja til þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að taka erlent lán til að bæta gjaldeyrisstöðu landsins. Vegna þessa hækkar fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður þarf að greiða af væntanlegri innstæðu hjá Seðlabankanum um 1,3 milljarða kr. Þá fær Landspítali – Háskólasjúkrahús leiðréttingu á rekstrargrunni sem nemur 1 milljarði kr. Á móti vegur lækkun framlaga til Ábyrgðasjóðs launa, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Fæðingarorlofssjóðs, samtals um 1,1 milljarður kr. Þá koma til aukin útgjöld vegna brottfarar hersins.

Miðað við fjárlög 2006 nemur gjaldaaukningin 16,7% en sé miðað við áætlaða útkomu ársins 2006 eins og hún birtist í frumvarpinu nemur hækkunin 12,8% sem er veruleg aukning útgjalda milli ára.

Tekjur ríkissjóðs eru ávallt háðar mikilli óvissu um þróun efnahags- og atvinnumála. Í tengslum við ákvörðun um lækkun matarskatts verða verulegar breytingar á frumvarpinu. Nú er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur lækki um 12 milljarða kr. og vörugjöld lækki um 465 millj. kr. Á móti þessum lækkunum kemur síðan endurmat á tekjuskatti lögaðila sem hækkar um 5 milljarða kr., hækkun áfengisgjalds um 3,8 milljarða kr., hækkun tekjuskatts einstaklinga um 1,5 milljarða kr. og hækkun fjármagnstekjuskatts og annarra eignatekna um tæpa 5 milljarða kr. Alls gera breytingartillögurnar ráð fyrir að tekjur aukist um 3,1 milljarð kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Á undanförnum árum hafa tekjur ríkissjóðs ávallt verið mun hærri en fjárlög viðkomandi árs hafa gert ráð fyrir en það er m.a. vegna þess að þenslan í þjóðfélaginu hefur verið meiri en áætlanir hafa talið. Nokkur óvissa ríkir um þróun efnahagsmála á næsta ári og því erfitt að spá fyrir um hverjar tekjur ríkissjóðs verða. Verði um verulegan samdrátt að ræða stefnir í óefni því ekki verður séð af reynslu undanfarinna ára að ríkisstjórnin hafi þrek eða þor til að bregðast við breyttum aðstæðum og enn síður er þess að vænta af slíkri ríkisstjórn á kosningaári.

Helsta áhyggjuefnið er að stefnuleysi og handahófskenndar ákvarðanir um útgjöld ríkissjóðs til einstakra stofnana og verkefna hefur einkennt um of fjárlagagerð ríkisstjórnarflokkanna. Tekjugrunnur ríkisjóðs hefur veikst og byggist nú æ meir á þensluáhrifum í hagkerfinu. Þetta er þeim mun alvarlegra í ljósi þeirra staðreynda að uppsveiflan í hagkerfinu á undanförnum árum hefur ekki verið notuð til að undirbúa slíkar breytingar og treysta grunn velferðarkerfisins.

**Efnahagsforsendur frumvarpsins, lækkun matarskatts.**

Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerði ráð fyrir 4,2% hagvexti árið 2006 en aðeins 1% vexti árið 2007. Spáð var að verðlag hækkaði um 4,5% að meðaltali milli áranna 2006 og 2007 og að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann ykist um 3,8%. Gert var ráð fyrir að einkaneyslan drægist saman um 2% á milli ára og að atvinnuleysi ykist úr 1,3% á yfirstandandi ári í 2,1% árið 2007. Þá var áætlað að viðskiptahallinn lækkaði hratt á næstu árum eða úr 18% halla miðað við landsframleiðslu árið 2006 í 10,7% halla árið 2007 og 3,8% halla árið 2008.

Fjármálaráðuneytið hefur sent frá sér minnisatriði um áhrif af lækkun matarskatts. Við mat á áhrifum þeirra breytinga liggur til grundvallar þjóðhagsspá ráðuneytisins frá því í byrjun

október sl. Afmörkuð endurskoðun hefur verið gerð á þessari spá í ljósi nýrra upplýsinga. Að mati fjármálaráðuneytisins er ekki um stórvægilegar breytingar að ræða. Helstu niðurstöður eru:

- Búist er við að hagvöxtur verði um 1,5% í stað 1% árið 2007. Þá er gert ráð fyrir að einkaneysla verði 1% meiri en ráðgert var í fyrri spá. Þá er reiknað með að viðskiptahallinn aukist sem nemur um 0,4% af vergri landsframleiðslu.
- Vísitala neysluverðs hækkar að meðaltali um 3% í stað 4,5% á milli áranna 2006 og 2007. Spáð er að verðbólgan verði um 2,2% í stað 2,5% á árinu 2008.
- Reiknað er með að atvinnuleysi verði um 1,9% af vinnuafli í stað 2,1% árið 2007.

Að lokum lætur fjármálaráðuneytið þess getið að það muni gefa út endurskoðaða þjóðhagsspá í janúar 2007. Þar sem þjóðhagsspá er forsenda margra stórra liða í fjárlögum er það afar sérkennilegt að ráðuneytið ætli að gefa út nýja þjóðhagsspá í janúar á næsta ári, um mánuði eftir að fjárlög hafa verið samþykkt. Slíkt er þó í samræmi við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum því raunveruleikinn skiptir engu máli.

Athyglisvert er að Seðlabankinn telur að tímasetning lækkunar matarskatts sé óheppileg og verið sé að leggja lóð á vitlausa vogarskál í baráttunni við verðbólguna. Bendir bankinn á að aðgerðirnar dragi ekki úr undirliggjandi verðbólgu og seinki aðlögun eftirspurnar. Seðlabankinn leggur áherslu á að þessar aðgerðir lækki aðeins mælda verðbólgu en ekki undirliggjandi verðbólgu. Þær munu auka kaupmátt ráðstöfunartekna og draga úr aðhaldi í ríkisfjármálum. Þetta leiðir til aukinnar eftirspurnar og verðbólgu. Telur bankinn að vegna þessa muni hagvöxtur aukast hálfu prósenti meira á árunum 2007–2008 en ella hefði orðið. Afleiðing að mati bankans er sú að það þarf 0,25–0,50% hærri vexti en ella til að ná settum markmiðum bankans.

Seðlabankinn metur það svo að aðgerðir stjórnvalda muni leiða til þess að verðbólgan verði 3,5% í stað 8% eftir eitt ár. Hins vegar muni verðbólga aukast á ný árið 2008 þegar áhrif lægri neysluskatta hverfa úr mælingu og eftirspurnin eykst á ný. Verðbólgan verði því 4,5% eftir tvö ár sem er langt yfir verðbólgumarkmiðum bankans. Þannig kemur enn einu sinni í ljós að ríkisstjórnin og Seðlabankinn eiga ekki samleið. Afleiðingarnar verður þjóðin að bera.

**Um efnahagsmál og efnahagsstjórn.**

Hið opinbera hefur tvenns konar úrræði í stjórn efnahagsmála. Annars vegar er það peningamálastefnan sem er á forræði Seðlabankans og hins vegar ríkisfjármálin sem eru verkefni ríkisstjórnar. Um stjórn ríkisfjármála þarf ekki að fjölyrða, hún er engin.

Í mars árið 2001 var undirritað samkomulag ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um breytingar á fyrirkomulagi stjórnar peningamála. Meginmarkmiðið var stöðugleiki í verðlagsmálum sem fól í sér að árleg verðbólga yrði að jafnaði sem næst 2,5%. Er skemmst frá því að segja að þessi markmið hafa ekki náðst og má þar helst um kenna „efnahagsstjórn“ ríkisstjórnarinnar á liðnum árum. Hefur hún beinlínis unnið gegn markmiðum Seðlabankans með sínum aðgerðum. Ríkisstjórnin hefur ekkert gert til að draga úr þenslu heldur aukið ríkisútgjöldin jafnt og þétt. Þá hafa ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir einnig ýtt undir þessa þróun.

Þetta hefur leitt til verulegra hækkana á stýrivöxtum sem aftur á móti hefur leitt til vaxtahækkana og skuldaaukningar hjá skuldsettum heimilum. Þannig hefur ríkisstjórnin í raun unnið gegn hagsmunum heimilanna í landinu.

Ríkisstjórnin hefur gert mörg mistök í efnahagsstjórn á undanförnum árum og hefur því miður ekkert lært af þeim. Fyrstu mistökin voru tímasetning breytinga á húsnæðiskerfinu sem jók þenslu og verðbólgu til muna. Húsnæðisverð snarhækkaði sem og lán til íbúðarkaupa þar sem þau fylgdu markaðsverði. Nú lækkar húsnæðisverð og getur leitt til kreppu hjá fjölda fólks sem skuldar hlutfallslega meira í íbúðarhúsnæði sínu en áður hefur þekkst.

Önnur mistök ríkisstjórnarinnar eru óstjórn í ríkisfjármálunum. Þar hefur ríkt stjórnleysi og skortur á aga. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa verið vantrúaðir á beitingu ríkisfjármála sem hluta af efnahagstjórn. Slíkt ber vott um fullkomna vanþekking á hagkerfinu. Þegar við bætist að mat ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans á efnahagsástandinu er gjörólíkt og þessir aðilar vinna hvor í sína áttina er ekki von á góðu.

Þriðju mistökin voru skattalækkanir á kolröngum tíma en einföld hagfræði segir að skattalækkanir auka ráðstöfunarfé sem eykur neyslu og þar með þenslu í þjóðfélaginu. Aukin þensla var það sísta sem efnahagskerfið þurfti á þeim tíma. Fjórðu mistökin felast í því að boðaðar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna stóriðjuframkvæmda urðu aldrei að veruleika.

Greiningardeildir bankanna hafa varað við þeirri þróun sem framundan er, þ.e. tímabundin rýrnun kaupmáttar, lækkun eignaverðs, aukning vanskila og gjaldþrota. Greiðslubyrði heimilanna af lánum sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hækkar og þrengir verulega að þeim sem hafa skuldsett sig á undanförnum árum. Þá gagnrýna greiningardeildirnar einnig að opinber fjármálastjórn taki ekki nægjanlegan þátt í hagstjórninni – slík gagnrýni kemur ekki á óvart, enda alkunn.

**Um framkvæmd fjárlaga.**

Þótt efnahagsstjórnin hafi verið veik á undanförnum árum tekur steininn úr þegar kemur að framkvæmd fjárlaga. Á undanförnum árum hefur ríkisstjórnin nánast sniðgengið öll lög og reglugerðir sem gilda um framkvæmd fjárlaga. Hún hefur verið harðlega gagnrýnd af alþingismönnum og Ríkisendurskoðun.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2005 kemur fram að í árslok þess árs hafði ríflega fjórðungur fjárlagaliða ráðstafað fjármunum umfram heimildir eða alls 135 fjárlagaliðir. Af þeim voru meira en 96 með meira en 4% halla, en samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga ber að grípa til sérstakra aðgerða ef farið er yfir þessi mörk. Af þessum 96 stofnunum var 71 með meiri halla en 10%.

Bráðabirgðatölur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2006 benda ekki til þess að ástandið hafi batnað. Í raun hefur sigið enn frekar á ógæfuhliðina hjá þeim stofnunum sem voru með halla í árslok 2005 og fleiri stofnanir eru komnar 10% eða meira fram út fjárheimildum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er ekki frekar en undanfarin ár tekið á vanda fjölmargra stofnana sem standa illa og þar með er hætta á að sú þjónusta sem Alþingi hefur með lögum ákveðið að veita almenningi verði ekki veitt eða stofnanirnar haldi áfram að safna halla.

Þá hefur Ríkisendurskoðun bent ítrekað á að mikil frávik frá fjárlögum ár eftir ár séu til marks um meira agaleysi í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga hér á landi en tíðkast í öðrum löndum. Frávikin hafa að meðaltali verið um 15–20% undanfarin ár. Slík frávik þekkjast ekki í nálægum löndum, þar er borin sama virðing fyrir fjárlögum og öðrum lögum. Ríkisstjórnin hefur því miður með framkvæmd sinni grafið undan nauðsynlegri virðingu fyrir fjárlögum.

Gjaldahlið fjárlaga hefur verið vanáætluð ár eftir ár. Þegar fjárlög eru borin saman við ríkisreikning kemur í ljós að á árunum 2000–2004 hafa útgjöld farið tæplega 120 milljarða kr. fram úr fjárlögum sem er að meðaltali 10% frávik. Á árunum 1998–2005 hafa ríkisútgjöld

aukist um 100 milljarða kr. Rekstur ríkisins hefur þannig aukist um 40% á þessu árabili en fullyrða má að þjónusta þess hefur ekki aukist hlutfallslega jafnmikið.

**Um „rammafjárlög" menntamálaráðuneytisins.**

Verklag rammafjárlaga var tekið upp árið 1992 en í því felst að ríkisstjórnin gerir tillögur að útgjaldarömmum fyrir hvert ráðuneyti sem síðan koma með tillögur um skiptingu útgjalda vegna sinna málaflokka í fjárlagafrumvarpinu. Því miður hefur þetta verklag um rammafjárlög aldrei náð lengra en til fjárlagafrumvarps hvers árs. Þegar frumvarpið hefur verið lagt fram má segja að allir rammar hverfi, hvorki meiri hluti fjárlaganefndar né ríkisstjórnin sjálf hafa virt rammana og hefur komið fram í skýrslum Ríkisendurskoðunar að ríkisstjórnin sjálf hafi í raun gengið ákafast fram gegn þeirri hugsun sem í rammafjárlögum felst.

Á undanförnum árum hafa mörg ráðuneyti beitt ýmsum aðferðum til að komast fram hjá þessum römmum. Nú hefur menntamálaráðuneytið tekið upp nýja siði í þessum efnum og líklega slegið öll fyrri met. Ef borin eru saman fjárlög 2006 og fyrirliggjandi frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 kemur í ljós að ýmis óskipt framlög menntamálaráðuneytisins aukast verulega og sum þrefaldast á milli ára.

Sem dæmi má nefna að framlag til viðfangsefnisins „Söfn, ýmis framlög, menntamálaráðuneytið" hækkar úr 10,9 millj. kr. í 32,1 millj. kr. og framlag til „Ýmis framlög menntamálaráðuneytisins" eykst úr 55,6 millj. kr. í 106,6 millj. kr. Á móti vegur að felld eru niður eða dregið verulega úr framlögum til ýmissa sjóða og félagasamtaka, svo sem til Skáksambands Íslands, Bridgesambands Íslands, Listasafns ASÍ, Nýlistasafnsins og Skátasambandsins.

Meiri hluti fjárlaganefndar hefur eðlilega talið nauðsynlegt að afturkalla þessar skerðingar en þó án þess að lækka t.d. áðurnefnd ýmis framlög menntmálaráðuneytisins. Þannig hefur ráðuneytinu tekist að auka verulega fjárveitingar sem eru ráðherra til ráðstöfunar. Slík hækkun þekkist ekki hjá öðrum ráðuneytum og er eins og áður segir líklega nýtt met í árangri einstakra ráðuneyta við að brjóta niður ramma ríkisstjórnarinnar.

Slíkt getur komið sér vel fyrir viðkomandi ráðherra á komandi kosningaári, enda hefur komið fram að ráðherra hefur boðað nýja samninga við fjölmarga aðila sem hugsanlega geta orðið gott fjölmiðlafóður. Minni hluti fjárlaganefndar gagnrýnir þessi vinnubrögð harðlega.

**Um reiknilíkön.**

Notkun reiknilíkana við skiptingu fjárveitinga á milli stofnana verður æ algengari. Lengst hefur reiknilíkan framhaldsskóla verið við lýði. Síðan hafa bæst við ný reiknilíkön, m.a. hjá landbúnaðarráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Reiknilíkan framhaldsskólanna hefur lengi verið gagnrýnt fyrir að taka ekki tillit til ýmissa ólíkra þátta í rekstri framhaldsskólanna. Minni hluti fjárlaganefndar hefur lengi haft efasemdir um gagnsemi líkansins við að mæla fjárþörf skólanna og oftar en einu sinni óskað eftir upplýsingum um forsendur þess.

Nú hefur verið upplýst af starfsmönnum menntamálaráðuneytisins, sbr. álit minni hluta menntamálanefndar, að aldrei hafi raunveruleg fjárþörf skólanna ráðið fjárveitingum til þeirra. Möguleikar líkansins hafi heldur aldrei verið nýttir til fullnustu þar sem forsendur þess byggjast á fjárlögum ársins 1997 og því hafi raunveruleg fjárþörf skólanna aldrei verið metin og notuð í líkaninu. Líkanið hafi fyrst og fremst verið notað til að skipta því fjármagni sem til skipta hefur verið hverju sinni milli skólanna.

Að mati minni hluta fjárlaganefndar er nauðsynlegt að gerð verði óháð úttekt á öllum reiknilíkönum sem nú eru í notkun áður en fleiri reiknilíkön verða tekin í gagnið.

**Skattkerfið.**

Heildarskattbyrði jókst um rúm 10% á 10 árum samkvæmt nýrri skýrslu OECD. Skattheimta var 32,1% af vergri landsframleiðslu árið 1995 en 42,4% samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2005. Af þeim 24 löndum sem OECD lítur til var mesta aukning í skattheimtu á milli ára á Íslandi, eða um 3,7 prósentustig. OECD ber einnig saman hvar mestu breytingarnar hafa orðið á skattheimtu sem hlutfalli af landsframleiðslu á milli áranna 1995 og 2004. Samkvæmt þeim lista er Ísland í öðru sæti hvað aukningu varðar með tæplega 8% aukningu.

Þegar litið er til skatta á tekjur og hagnað hafa þeir nálega tvöfaldast á sama tímabili úr 10,7% af landsframleiðslu árið 1995 í 19,5% árið 2005. Ef einungis eru skoðaðir skattar á tekjur einstaklinga hafa þeir aukist úr 9,7% af landsframleiðslu árið 1995 í 14,3% árið 2004. Þannig blasir við að tekjuskattur af einstaklingum hefur aukist um tæpan helming á tímabilinu. Skattar á tekjur fyrirtækja hafa aukist um 0,4 prósentustig á sama tímabili. Úr 0,9% af landsframleiðslu árið 1995 í 1,3 árið 2004. Eignaskattur hefur hins vegar dregist saman á tímabilinu, úr 2,8% af landsframleiðslu í 2,5%. Skattheimta af vöru og þjónustu stendur nánast í stað, var 15,2% af landsframleiðslu árið 1995 en var 15,9% árið 2004.

**Skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu.**

| | 1995 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Heildarskattbyrði | 32,1% | | 42,4% |
| Skattar á tekjur og hagnað | 10,7% | | 19,5% |
| Skattar á tekjur einstaklinga | 9,7% | 14,3% | |
| Skattar á tekjur fyrirtækja | 0,9% | 1,3% | |
| Eignaskattar | 2,8% | 2,5% | |
| Skattar á vöru og þjónustu | 15,2% | 15,9% | |

Tölur OECD benda til þessa að u.þ.b. helmingur aukningar heildarskattbyrðar sé kominn til vegna aukins tekjuskatts einstaklinga. Þetta er athyglisvert í ljósi þess hvernig skattbyrði mismunandi hópa hefur þróast. Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, hefur sýnt fram á að 90% þjóðarinnar hafa tekið á sig aukna skattbyrði. Einungis sá tíundi hluti þjóðarinnar sem hefur hæstar tekjurnar ber nú minni skattbyrði.

Mest hefur dregið úr skattbyrði þeirra sem hæstar hafa tekjurnar. Skattbyrði þeirra hefur helmingast. Árið 1993 námu skattgreiðslur þessa hóps 35% af tekjum en voru árið 2004 15,8% af tekjum. Hins vegar hefur mesta aukning skattbyrðar orðið í tekjulægstu hópunum þar sem hún hefur í sumum tilvikum margfaldast. Ef litið er til tekjulægsta fjórðungsins hefur skattbyrði þeirra tvöfaldast eða meira. Stefán Ólafsson skýrir það svo að rýrnun skattleysismarka hafi aukið skattbyrði lágtekju- og millitekjuhópa meðan óvenjulágur fjármagnstekjuskattur skýri einkum lækkaða skattbyrði hátekjufólks.

Afleiðingar þessa birtast í tölum um tekjuójöfnuð innan landa Evrópska efnahagssvæðisins þar sem Ísland er í fjórða sæti þeirra þjóða þar sem tekjuskiptingin er ójöfnust samkvæmt svokölluðum Gini-stuðli. Einungis Lettland, Portúgal og Tyrkland búa við meiri ójöfnuð og Bretland og Eistland koma næst á eftir Íslandi á listanum. Þessu er algerlega öfugt farið á Norðurlöndunum, en Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Noregur mynda hóp þeirra landa þar sem tekjuskiptingin er jöfnust, ásamt Slóveníu og Tékklandi.

**Skuldir heimilanna.**

Skuldir heimilanna voru um 1.200 milljarðar kr. um mitt ár og höfðu aukist um 276 milljarða kr. frá sama tíma á síðasta ári. Jafngildir aukningin tæplega 29%. Skuldirnar hafa meira en fjórfaldast frá miðju ári 1995 þegar þær stóðu í 299 milljörðum kr. Sú breyting hefur einnig orðið á tímabilinu að bankakerfið hefur aukið hlut sinn af skuldum heimilanna úr um 19% árið 1995 í 53% nú.

Skuldir heimilanna voru um 540 milljarðar kr. í lok síðasta árs og höfðu þá aukist um 214 milljarða kr. frá upphafi ársins. Skuldirnar hafa enn aukist það sem af er ári og voru um 680 milljarðar kr. í október, sem jafngildir tæplega 26% aukningu. Verðtryggðar skuldir heimilanna voru um 500 milljarðar kr. í október en voru 416 milljarðar kr. í byrjun árs og höfðu þá aukist úr 197 milljörðum kr. árið áður.

Í Peningamálum, riti Seðlabankans, frá því í október kemur m.a. fram það mat bankans að á heildina litið hafi fjármálaleg skilyrði heimilanna versnað og er í því samhengi vísað til hærri vaxta húsnæðislána og aukins kostnaðar við yfirdráttarlán.

**Skuldir sveitarfélaganna.**

Skuldir sveitarsjóða hafa aukist á síðustu árum úr 122 milljörðum kr. í lok árs 2003 í 136 milljarða kr. í lok síðasta árs. Hafa skuldir sveitarsjóða á hvern íbúa því aukist úr 422 þús. kr. í 455 þús. kr.

Afkoman sveitarfélaganna er mjög breytileg og eiga mörg þeirra í verulegum fjárhagserfiðleikum. Á síðasta ári skiluðu 60 sveitarfélög jákvæðri afkomu sem nam 6,4 milljörðum kr. meðan 37 sveitarfélög voru rekin með 1,5 milljarða kr. halla. Um 48 þúsund manns, eða 16% þjóðarinnar, búa í sveitarfélögum sem standa ekki undir rekstri. Brýnt er að tekið verði á málefnum sveitarfélaganna svo allir íbúar landsins njóti jöfnuðar þegar kemur að þeirri grunnþjónustu samfélagsins sem sveitarfélögin eiga að sinna.

Fram hefur komið að sveitarfélög hafi orðið fyrir tekjuskerðingu, m.a. vegna fjölgunar einkahlutafélaga. Þetta hefur t.d. þau áhrif að rýra útsvarstekjur sveitarfélaganna en auka um leið tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti. Sveitarstjórnarmenn hafa ítrekað farið fram á leiðréttingu á tekjustofnum í kjölfar þessara breytinga en ekki haft erindi sem erfiði. Einkahlutafélög voru rúmlega 20.000 á árinu 2004 en voru orðin 25.600 um mitt þetta ár. Tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti hafa stóraukist, úr 9 milljörðum kr. árið 2004 í 21,7 milljarða kr. á síðasta ári. Það ár höfðu 6.600 fjölskyldur hærri fjármagnstekjur en launatekjur og 2.200 framteljendur höfðu engar aðrar tekjur en fjármagnstekjur.

**Vaxtabótakerfið.**

Ríkisstjórnin boðar 430 millj. kr. hækkun framlaga vegna vaxtabóta í fjárlagafrumvarpi. Þrátt fyrir það verða útgjöld til vaxtabóta 226 millj. kr. lægri en þau voru árið 2003. Ef tekið er mið af þróun vísitölu neysluverðs frá 2003 til september 2006 eru áætluð útgjöld vegna vaxtabóta, að raungildi, 968 millj. kr. lægri nú en þá.

Ríkisstjórnin hefur beitt margvíslegum aðferðum á kjörtímabilinu til að skerða vaxtabætur. Í fyrsta lagi er sífellt lægri hluti eftirstöðva skulda lagður til grundvallar við útreikning vaxtabóta. Árin 2003 og 2004 miðuðust vaxtabætur við 7% eftirstöðva skulda. Árið 2005 var þetta hlutfall lækkað í 5,5% og síðan í 5% á þessu ári. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á ekki að ganga nema til hálfs við að vinda ofan af skerðingunni og miða við 6%. Í öðru lagi voru einungis greidd út 90% af hámarksupphæð vaxtabóta árið 2004 og 95% árið 2005. Í þriðja lagi

hefur húsnæðisverð hækkað mikið á tímabilinu og langtum meira en eignaviðmið til útreiknings vaxtabóta, sem stóð í stað á milli áranna 2005 og 2006.

Ríkisstjórnin lofaði endurskoðun vaxtabóta við gerð kjarasamninga í vor. Frumvarp hennar um að hækka lágmark eignaviðmiðunar að frádregnum skuldum við útreikning vaxtabóta liggur nú fyrir Alþingi. Alþýðusamband Íslands hefur lýst því yfir að með frumvarpinu hafi ríkisstjórnin ekki efnt þau loforð sem voru gefin við gerð kjarasamninga og ekkert samráð hafi verið haft við ASÍ um vinnslu málsins þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Nú síðast á föstudag gekk forysta ASÍ á fund fjármála- og forsætisráðherra en án árangurs. Ríkisstjórnin ætlar greinilega að halda áfram á sömu braut þrátt fyrir loforð um annað.

**Lokaorð.**

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007, svo og breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar, bera með sér að kosningar eru á næsta ári og því er aðeins um bráðabirgðatillögur að ræða. Það bíður nýrrar ríkisstjórnar að gera raunhæft fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár. Þess vegna er það frumvarp sem hér er til umfjöllunar og breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar við það aðeins hluti af tilraun ríkisstjórnarflokkanna til að tryggja áframhaldandi setu sína í ríkisstjórn.

Ábyrgðarleysi ríkisstjórnarflokkanna í ríkisfjármálum hefur verið áberandi undanfarin ár en nú keyrir um þverbak. Það frumvarp sem hér liggur fyrir ásamt breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er plagg sem lítið mark er takandi á, m.a. vegna þess hve efnahags- og tekjuforsendur eru óvissar og útgjaldaákvarðanir handahófskenndar. Allt bendir til þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn geri ekki ráð fyrir að þurfa að framfylgja frumvarpinu og þess vegna er frekar horft til fjölmiðlaþarfar einstakra ráðherra heldur en mikilvægis fjárlaga fyrir efnahagsmál þjóðarinnar. Frumvarpið segir allt sem segja þarf um nauðsyn þess að ríkisstjórnin láti af hendi völdin á vori komanda.

Alþingi, 23. nóv. 2006.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Ellert B. Schram. Guðjón A. Kristjánsson.

Jón Bjarnason. Katrín Júlíusdóttir.

---

Með tillögunni var fylgiskjal: Tillaga til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Sjá þskj. 3, 3. mál 133. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2006–2007, bls. 470–477.

# 436. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn, EMS, EBS, GAK, KJúl).

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| Við **08-204 Lífeyristryggingar** | | | |
| a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega | 14.850,0 | 602,0 | 15.452,0 |
| b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega | 8.920,0 | 350,0 | 9.270.0 |
| c. 1.50 Ný framtíðarskipan lífeyrismála | 0,0 | 6.431,7 | 6.431,7 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *18.699,4* | *7.383,7* | *26.083,1* |

Greinargerð.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar lögðu fram í upphafi þessa þings þingsályktunartillögu um nýja framtíðarskipan lífeyrismála (þskj. 3). Með þessari breytingartillögu er lagt til að eftirtaldir liðir í þeirri tillögu komist til framkvæmda strax 1. janúar 2007:

1. Ný tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. og öryrkja 86 þús. kr. frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa. Frá sama tíma verði dregið úr skerðingaráhrifum tekna þannig að í stað þess að skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerði tekjutryggingu um 45% þeirra tekna sem umfram eru, verði hlutfallið 35%.
2. Frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007 og skerði ekki tekjutryggingu. Skoðað verði hvort nýta megi hluta þessa frítekjumarks fyrir tekjur úr lífeyrissjóði. Öryrkjar hafi val um þetta nýja frítekjumark eða eldri reglu eftir því hvort er þeim hagstæðara.
3. Ráðstöfunarfé (vasapeningar) við dvöl á stofnun hækki um 50% frá frá 1. júlí 2006 ásamt því að frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr. Frá 1. janúar 2008 verði stefnt að því að breyta greiðslufyrirkomulagi á daggjaldastofnunum fyrir aldraða í svipaða veru og gildir fyrir fatlaða á sambýlum.
4. Afnumin verði að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka.
5. Öryrkjar haldi aldurstengdri örorkuuppbót þegar farið er á ellilífeyri.

Í ofangreindri þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar kemur fram að það er ætlun flutningsmanna hennar að ráðast í skilgreiningu á neysluútgjöldum lífeyrisþega sem myndi viðmiðun fyrir grunnlífeyri og tekjutryggingu. Þessi viðmiðun hækki í samræmi við neysluvísitölu þannig að tryggt sé að hún haldi verðgildi sínu. Hækki launavísitalan umfram neysluvísitölu verði tekið mið af henni þannig að lífeyrisþegum sé tryggð hlutdeild í auknum kaupmætti í samfélaginu.

## 437. Fyrirspurn [393. mál]

til landbúnaðarráðherra um sameiningu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er unnið að sameiningu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins? Ef svo er, hvenær er stefnt að sameiningunni?

## 438. Fyrirspurn [394. mál]

til dómsmálaráðherra um ólöglega atvinnustarfsemi.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hversu oft frá 1998 til 1. nóvember 2006 hefur lögregla farið á vinnustaði og athugað hvort ólögleg atvinnustarfsemi er stunduð?
2. Hve oft varð uppvíst um ólöglega atvinnustarfsemi?
3. Hve oft hefur verið dæmt í málum sem tengdust ólöglegri atvinnustarfsemi á tímabilinu?
4. Hvernig skiptast tilfelli þar sem uppvíst varð um ólöglega atvinnustarfsemi niður á einstakar atvinnugreinar?

**Skriflegt svar óskast.**

## 439. Frumvarp til laga [395. mál]

um Vatnajökulsþjóðgarð.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI

**Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og markmið.**

1. gr.

*Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og gildissvið.*

Umhverfisráðherra getur með reglugerð friðlýst Vatnajökul og helstu áhrifasvæði jökulsins. Friðlýsing Vatnajökulsþjóðgarðs tekur gildi við setningu reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð.

Landsvæði í Vatnajökulsþjóðgarði getur verið í eigu íslenska ríkisins eða í eigu annarra aðila enda liggi fyrir samþykki eiganda viðkomandi lands um að það verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Leita skal samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar fyrir friðlýsingu landsvæðis í sveitarfélaginu.

Lög þessi gilda um friðlýsingu, stjórn og rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs og verndun náttúrufars innan þjóðgarðsins.

2. gr.

*Markmið verndunar.*

Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.

Verndarstig einstakra svæða eða landslagsheilda innan Vatnajökulsþjóðgarðs skal taka mið af verndarmarkmiðum þjóðgarðsins og annarri landnýtingu á viðkomandi svæði í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir um þjóðgarða og friðlýst svæði.

3. gr.

*Land í einkaeign innan þjóðgarðs.*

Heimilt er með samþykki landeiganda að friðlýsa land sem hluta Vatnajökulsþjóðgarðs. Gerður skal samningur milli umhverfisráðherra og landeiganda um slíka friðlýsingu þar sem m.a. kemur fram hvaða landnýting er heimil á svæðinu. Stjórn þjóðgarðsins hefur eftirlit með að samningar við landeigendur í þjóðgarðinum séu virtir.

Svæðisráð skulu a.m.k. einu sinni á ári halda fund með eigendum lands á viðkomandi rekstrarsvæði og árlega skal halda sameiginlegan fund landeigenda, svæðisráða og stjórnar um málefni þjóðgarðsins.

## II. KAFLI
## **Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs.**

4. gr.

*Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs.*

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun og fer umhverfisráðherra með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn. Með stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri þjóðgarðsins fer sérstök stjórn skipuð af umhverfisráðherra. Í stjórn skulu sitja: formenn allra svæðisráða þjóðgarðsins, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og tveir fulltúar skipaðir af ráðherra án tilnefningar, þ.e. formaður og varaformaður, eða sjö fulltrúar alls. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs skal skipuð til fjögurra ára í senn.

5. gr.

*Ákvarðanataka í stjórn og daglegur rekstur.*

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs skal funda eftir því sem ástæða þykir til en þó eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti og skulu ákvarðanir hennar samkvæmt ákvæðum laga þessara teknar á fundum hennar. Svæðisráð getur ef það telur nauðsynlegt að leita eftir afstöðu eða ákvörðun stjórnar um tiltekið málefni óskað eftir því að haldinn sé fundur í stjórn þjóðgarðsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum stjórnar. Um ákvarðanir stjórnar gilda stjórnsýslulög. Stjórn þjóðgarðsins er heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra eða gera samning við aðra opinbera stofnun eða fyrirtæki um að annast daglegan rekstur og umsýslu stjórnar.

6. gr.

*Hlutverk stjórnar.*

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hefur umsjón með náttúruvernd í Vatnajökulsþjóðgarði. Helstu verkefni stjórnar eru:

1. Stefnumótun í málefnum þjóðgarðsins í samræmi við markmið laga þessara.

2. Yfirumsjón með gerð tillögu að verndaráætlun og reglugerðar fyrir þjóðgarðinn.
3. Gerð fjárhagsáætlunar um rekstur þjóðgarðsins, ráðstöfun fjár til rekstrarsvæða og samþykkt rekstraráætlunar hvers svæðis.
4. Samræming á starfsemi rekstrarsvæða þjóðgarðsins.
5. Eftirlit með framkvæmd reglna þjóðgarðsins og verndaráætlunar.
6. Samstarf við stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verkefni og starfsemi stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.

7. gr.

*Rekstrarsvæði.*

Vatnajökulsþjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði sem rekin skulu sem sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarða. Á hverju rekstrarsvæði skal starfa svæðisráð skipað af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn. Mörk rekstrarsvæða skulu tilgreind í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð.

Í svæðisráði skulu sitja þrír fulltrúar tilnefndir af sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi rekstrarsvæði, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og einn tilnefndur sameiginlega af ferðamálasamtökum á viðkomandi svæði. Svæðisráð kýs sér formann og varaformann.

Þjóðgarðsvörður situr fundi svæðisráðs.

8. gr.

*Hlutverk svæðisráða.*

Hlutverk svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs er:

1. Að vera þjóðgarðsverði og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði.
2. Að vinna tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði.
3. Að gera tillögu að rekstraráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði innan þess fjárhagsramma sem því er ætlaður hverju sinni samkvæmt ákvörðun stjórnar.
4. Að gera tillögu að ráðningu þjóðgarðsvarða á viðkomandi rekstrarsvæði.

9. gr.

*Þjóðgarðsverðir.*

Á hverju rekstrarsvæði skal starfa þjóðgarðsvörður sem ráðinn er af stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs samkvæmt tillögu viðkomandi svæðisráðs. Á þeim rekstrarsvæðum þar sem eru tvær meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins er heimilt að ráða tvo þjóðgarðsverði. Stjórn ákveður verkaskiptingu milli þjóðgarðsvarða á sama rekstrarsvæði í samráði við svæðisráð, þ.m.t. með hvaða hætti ábyrgð þeirra skv. 1.–3. málsl. 1. mgr. 10. gr. er skipt, og skal verkaskiptingin koma fram í erindisbréfi þjóðgarðsvarða.

10. gr.

*Hlutverk þjóðgarðsvarða.*

Þjóðgarðsvörður annast daglegan rekstur og stjórn viðkomandi rekstrarsvæðis í umboði stjórnar. Þjóðgarðsvörður ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. Þjóðgarðsvörður ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins. Önnur helstu verkefni þjóðgarðsvarðar eru:

1. Að aðstoða svæðisráð við gerð tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði.
2. Að koma verndaráætlun þjóðgarðsins til framkvæmda innan þess fjárhagsramma sem viðkomandi rekstrarsvæði er ætlaður hverju sinni.
3. Að hafa eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum laga þessara og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og að ákvæði verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn séu virt.
4. Samstarf við stofnanir, sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins.
5. Fræðsla um náttúruvernd á viðkomandi svæði og um Vatnajökulsþjóðgarð.

11. gr.

*Hlutverk Umhverfisstofnunar.*

Umhverfisstofnun veitir aðstoð og faglega ráðgjöf við verkefni stjórnar og svæðisráða samkvæmt sérstökum samstarfssamningi.

## III. KAFLI
## Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

12. gr.

*Verndaráætlun.*

Eigi síðar en tveimur árum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs skal lokið gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn.

Í verndaráætlun skal gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan Vatnajökulsþjóðgarðs, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu og mannvirkjagerð, vegum, reiðstígum, göngubrúm og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu.

Svæðisráðin, hvert á sínu svæði, skulu vinna tillögu að verndaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Tillaga hvers svæðisráðs skal send stjórn eigi síðar en 18 mánuðum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Við gerð verndaráætlunar skal svæðisráð hafa samráð við eigendur lands innan þjóðgarðs á viðkomandi svæði, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fer yfir tillögur svæðisráða og vinnur á grundvelli þeirra verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Stjórn skal gæta þess að verndaráætlun samræmist ákvæðum laga og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð. Stjórn getur gert breytingar á tillögum svæðisráða. Tillaga stjórnar að verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal unnin í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Tillagan skal auglýst opinberlega og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en endanleg tillaga er send ráðherra. Frestur til að gera athugasemdir við tillögu að verndaráætlun skal a.m.k. vera sex vikur frá birtingu auglýsingar.

Tillaga stjórnar að verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal send umhverfisráðherra til staðfestingar. Umhverfisráðherra getur gert breytingar á verndaráætlun telji hann hana eða einstaka hluta hennar fara í bága við lög þessi, reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð eða verndarmarkmið þjóðgarðsins. Þegar umhverfisráðherra hefur staðfest verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og tekur hún gildi við birtingu.

Heimilt er að gera breytingar á verndaráætlun og fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 3.–5. mgr. Stjórn þjóðgarðsins getur lagt til breytingar á verndaráætlun án þess að um það berist tillaga frá viðkomandi svæðisráði. Í þeim tilvikum skal ávallt leita umsagnar svæðis-

ráðs áður en tillagan er send umhverfisráðherra. Verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um efni verndaráætlunar og málsmeðferð við gerð og staðfestingu hennar.

13. gr.

*Réttaráhrif verndaráætlunar.*

Sveitarstjórnir eru bundnar af efni verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Mannvirkjagerð, vegagerð, stíga- og slóðagerð og hvers konar efnistaka innan Vatnajökulsþjóðgarðs er einungis heimil ef gert er ráð fyrir henni í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn eða að fengnu leyfi ráðherra. Við veitingu slíks leyfis eða í verndaráætlun er heimilt að setja skilyrði um hvernig framkvæmdum skuli háttað og um eftirlit með þeim til að tryggja að framkvæmdin raski ekki að óþörfu lífríki, jarðmyndunum eða landslagi í Vatnajökulsþjóðgarði. Ekki þarf sérstakt leyfi samkvæmt lögum þessum fyrir þeim framkvæmdum sem gert er ráð fyrir í verndaráætlun. Viðkomandi þjóðgarðsvörður hefur eftirlit með því að við framkvæmdir séu virt ákvæði laga þessara, reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og verndaráætlunar og að farið sé að þeim skilyrðum sem viðkomandi framkvæmd voru sett í verndaráætlun eða leyfi stjórnar. Að öðru leyti gilda ákvæði náttúruverndarlaga um framkvæmdir í Vatnajökulsþjóðgarði.

## IV. KAFLI
## **Almennar meginreglur.**

14. gr.

*Bann við spjöllum og raski.*

Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Allar framkvæmdir innan þjóðgarðsins skulu samræmast verndarmarkmiðum þjóðgarðsins samkvæmt ákvæðum laga þessara, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og verndaráætlun þjóðgarðsins. Heimilar eru framkvæmdir sem miða að því að verja lífríki, jarðmyndanir og landsvæði, svo sem vegna ágangs manna, dýra eða plantna eða vegna náttúruhamfara, ágangs vatns og sjávar, jarðvegseyðingar eða annarrar röskunar af völdum manna eða náttúru.

15. gr.

*Umferð í þjóðgarðinum.*

Setja skal í reglugerð ákvæði um umferð gangandi vegfarenda, ríðandi eða hjólandi manna og um umferð vélknúinna ökutækja í Vatnajökulsþjóðgarði.

Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í Vatnajökulsþjóðgarði er bannaður. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og á leyfðum vetrarakstursleiðum, sbr. 3. mgr., svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin. Í reglugerð er heimilt að banna akstur vélknúinna ökutækja á einstökum svæðum á Vatnajökli allt árið um kring eða á tilteknum tímum ársins.

Í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð skal gerð sérstök grein fyrir öllum vegum sem heimilt er að aka innan þjóðgarðsins. Enn fremur skal skilgreina þau svæði þar sem heimilt er að aka að vetri á snjó eða frosinni jörð og hvaða skilyrðum slíkur akstur er bundinn. Heimilt er að takmarka umferð á einstökum vegum, slóðum eða svæðum við tiltekinn tíma ársins eða binda hana við tiltekna notkun, svo sem vegna veiða, smölunar búfjár eða annarra landbúnaðar-

starfa eða vegna rannsókna, ef það er talið nauðsynlegt vegna verndunar viðkomandi landsvæðis.

Liggi landsvæði undir skemmdum og talið er nauðsynlegt að grípa til tafarlausra aðgerða getur viðkomandi þjóðgarðsvörður tekið ákvörðun um tímabundna lokun afmarkaðs svæðis fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Ákvörðun þjóðgarðsvarðar um tímabundna lokun svæðis skal birt í B-deild Stjórnartíðinda og með öðrum áberandi hætti í dagblöðum og á vefsíðu þjóðgarðsins.

Ákvæði þessara laga um akstur utan vega í Vatnajökulsþjóðgarði ganga framar ákvæðum náttúruverndarlaga um sama efni og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

## V. KAFLI
## **Þjónusta í Vatnajökulsþjóðgarði.**

### 16. gr.
*Þjónustustöðvar.*

Þjónusta og upplýsingar eru veittar á starfsstöðvum Vatnajökulsþjóðgarðs. Meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins skulu staðsettar á eftirfarandi stöðum: Ásbyrgi, Mývatnssveit, Skriðuklaustri, Hornafirði, Skaftafelli og Kirkjubæjarklaustri. Ráðherra ákveður nánari staðsetningu meginstarfsstöðva þjóðgarðsins í reglugerð.

Í þjóðgarðinum skulu enn fremur reknar upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar þar sem almenningi er veitt fræðsla um náttúruvernd í Vatnajökulsþjóðgarði og þjónusta eftir því sem þörf krefur og samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar þjóðgarðsins. Meginstarfsstöðvar, upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar mynda þjónustunet þjóðgarðsins.

### 17. gr.
*Samstarf stjórnar og svæðisráða.*

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og svæðisráð einstakra rekstrarsvæða skulu vinna saman að málefnum þjóðgarðsins og markmiðum hans skv. 2. gr.

Árlega skal haldinn sameiginlegur ársfundur stjórnar, Umhverfisstofnunar og svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem fjallað skal um málefni þjóðgarðsins, kynningu hans og heildarstefnumörkun.

Stjórn og rekstrarsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs skulu hafa sameiginlega heimasíðu á vefnum þar sem almenningi eru veittar upplýsingar og fræðsla um Vatnajökulsþjóðgarð.

## VII. KAFLI
## **Eftirlit og úrskurður um ágreining.**

### 18. gr.
*Eftirlit.*

Þjóðgarðsverðir, hver á sínu rekstrarsvæði, hafa eftirlit með því að virt séu ákvæði laga þessara, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Þjóðgarðsverðir annast samskipti við lögreglu og önnur eftirlitsstjórnvöld vegna brota á lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

Heimilt er þjóðgarðsverði að loka þjóðgarðinum eða einstökum svæðum hans fyrirvaralaust ef hann telur að dvöl manna eða umferð geti spillt lífríki, jarðmyndunum eða landslagi eða ef hættuástand skapast í þjóðgarðinum vegna náttúruvár.

Þjóðgarðsverði eða öðrum starfsmönnum þjóðgarðsins er heimilt að vísa úr þjóðgarðinum hverjum þeim sem brýtur ákvæði laga þessara og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð.

19. gr.

*Ágreiningur um framkvæmd laganna.*

Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæranlegar til umhverfisráðherra. Úrskurður ráðherra er endanlegur úrskurður á stjórnsýslustigi.

Kærurétt samkvæmt þessari grein eiga þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun og umhverfisverndarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Umhverfisverndarsamtök teljast samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

## VIII. KAFLI
## **Ýmis ákvæði.**

20. gr.

*Reglugerð fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.*

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs skal í samráði við svæðisráð og Umhverfisstofnun gera tillögu til ráðherra um reglugerð fyrir þjóðgarðinn. Í reglugerðinni skal kveðið á um stofnun þjóðgarðsins, mörk hans, verndun, verndarstig, staðsetningu meginstarfsstöðva, landnýtingu, þ.m.t. veiðar, meðferð skotvopna, búfjárbeit, eyðingu vargs, mörk rekstrarsvæða, umgengni, umferð, samgönguleiðir og mengunarvarnir.

Drög að reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð skulu kynnt sveitarstjórnum á svæðinu, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau. Leita skal álits Náttúrufræðistofnunar Íslands á vistfræðilegu þoli þeirra svæða þar sem ætlunin er að veiðar og búfjárbeit verði heimil. Við setningu reglugerðarinnar skal við það miðað að landnýting innan þjóðgarðsins sé sjálfbær að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands.

21. gr.

*Gjaldtaka.*

Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu til að mæta kostnaði við þjónustu og eftirlit með dvalargestum. Fjárhæð gjaldsins skal birt í reglugerð og byggjast á rekstraráætlun þjóðgarðsins alls sem stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leggur fyrir umhverfisráðherra til samþykktar. Heimilt er að ákveða að gjaldið sé föst fjárhæð miðað við dagsdvöl í þjóðgarðinum og veiti aðgang að þjónustu á vegum þjóðgarðsins á öllum rekstrarsvæðum hans. Heimilt er þó að innheimta sérstaklega fyrir aðgang að tjaldstæðum innan þjóðgarðsins. Heimilt er að veita afslátt af gjaldinu ef greitt er fyrir lengri tíma í senn eða ef greitt er fyrir marga aðila í einu. Gestagjöld skulu renna til Vatnajökulsþjóðgarðs óháð því á hvaða rekstrarsvæði þau eru innheimt. Ráðherra ákveður nánara fyrirkomulag gjaldtöku í reglugerð að fengnum tillögum stjórnar þjóðgarðsins.

22. gr.

*Refsiábyrgð og dagsektir.*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 500.000 kr., til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt.

23. gr.

*Breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.*

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum:

a. Við 1. mgr. 38. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Um framkvæmdir í Vatnajökulsþjóðgarði gilda lög um Vatnajökulsþjóðgarð.
b. Á eftir orðunum „sbr. 51. gr.“ í a-lið 50. gr. kemur: og lög um Vatnajökulsþjóðgarð.
c. Við 51. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Ákvæði þessa kafla taka ekki til Vatnajökulsþjóðgarðs, sbr. lög um Vatnajökulsþjóðgarð.

24. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi taka gildi 1. maí 2007.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Stjórn og svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs skulu skipuð fyrir 1. júní 2007.
2. Unnið skal að kortlagningu vega og heimilla vetrarakstursleiða í Vatnajökulsþjóðgarði, sbr. 3. mgr. 15. gr., samhliða gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn.
3. Starfsmenn Skaftafellsþjóðgarðs og þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum skulu eiga forgangsrétt til starfa í Vatnajökulsþjóðgarði á fyrsta starfsári þjóðgarðsins. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
4. Ákvæði laga þessara um stjórnfyrirkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs skulu eigi síðar en 1. janúar 2013 endurskoðuð í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

*1. Forsaga málsins.*

Frumvarp þetta er samið í umhverfisráðuneytinu og er með því lagður grunnur að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Málið á sér nokkuð langan aðdraganda en vorið 1999 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu þar sem umhverfisráðherra var falið að kanna möguleika á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Í nóvember sama ár skipaði umhverfisráðherra starfshóp til að skoða í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa lands möguleika á stofnun þjóðgarðsins. Starfshópurinn skilaði áliti sínu til ráðherra í mars árið 2000 og var skýrsla starfshópsins kynnt á Alþingi á vorþingi sama ár. Í byrjun árs 2002 skipaði umhverfisráðherra aðra nefnd til að vinna áfram að undirbúningi málsins. Sú nefnd skilaði tillögum til ráðherra í október 2002 og lagði til að stofnaður yrði sem fyrst þjóðgarður sem markaðist af jaðri Vatnajökuls en næði að auki til núverandi Skaftafellsþjóðgarðs og hins friðlýsta náttúruvættis við Lakagíga.

Í október 2002 skipaði umhverfisráðherra nefnd með fulltrúum þingflokka á Alþingi undir forystu umhverfisráðuneytisins til að vinna tillögur um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis

norðan Vatnajökuls. Í nefndinni áttu sæti þingmennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson, auk Magnúsar Jóhannessonar, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneytinu. Nefndin skilaði skýrslu sinni til umhverfisráðherra í maí 2004 og lagði til að hafist yrði handa við undirbúning að stofnun þjóðgarðs sem tæki til jökulsins alls og viðamikilla áhrifasvæða hans norðan jökuls, þ.m.t. Jökulsár á Fjöllum allt til sjávar. Taldi nefndin að líta bæri á Vatnajökul og svæðið norðan hans sem eina heild enda hefði jökullinn afgerandi áhrif á landmótun svæðanna í kring. Taldi nefndin að vinna ætti að stofnun eins þjóðgarðs með megináherslu á samspil elds og íss og landmótunaráhrif Vatnajökuls.

Í febrúar 2003 skipaði umhverfisráðherra ráðgjafarnefnd til að vera Umhverfisstofnun, þá Náttúruvernd ríkisins, og ráðuneytinu til ráðgjafar um undirbúning að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem næði til jökulhettunnar og hins friðlýsta svæðis við Lakagíga. Ráðgjafarnefndin skilaði tillögum sínum að mörkum fyrsta áfanga þjóðgarðsins til ráðherra í mars 2004. Í kjölfarið, eða 28. október 2004, staðfesti umhverfisráðherra með reglugerð stækkun Skaftafellsþjóðgarðs sem fyrsta áfanga í stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Stækkunin fól í sér þreföldun á flatarmáli þjóðgarðsins og náði þjóðgarðurinn þá meðal annars yfir 57% af Vatnajökli auk Lakagígasvæðisins. Skaftafellsþjóðgarður er eftir stækkun stærsti þjóðgarður Evrópu.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti hinn 25. janúar 2005 að fela umhverfisráðherra að vinna áfram að undirbúningi að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á grundvelli tillagna þingmannanefndarinnar frá í maí 2004 og þeirra hugmynda sem þar komu fram um þjóðgarð sem tæki til Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða jökulsins. Var umhverfisráðherra falið að vinna þennan undirbúning í nánu samráði við heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Segja má að sú vinna sem fram fór á vegum þingmannanefndarinnar og tillögur hennar leggi grunn að þeirri nálgun við verkefnið sem byggt er á í frumvarpi þessu.

Frumvarpið hefur verið unnið í umhverfisráðuneytinu samhliða starfi sérstakrar ráðgjafarnefndar sem umhverfisráðherra skipaði 30. nóvember 2005 til að vinna að undirbúningi málsins. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra sveitarfélaga á því svæði sem rætt hefur verið um að Vatnajökulsþjóðgarður nái til auk fulltrúa umhverfisverndarsamtaka og formanns skipaðs af umhverfisráðherra. Nánar tiltekið var nefndin skipuð eftirtöldum aðilum: Magnús Jóhannesson umhverfisráðuneyti, formaður; Elvar Árni Lund aðalmaður og varamaður Einar Ófeigur Björnsson, tilnefndir sameiginlega af Kelduneshreppi og Öxafjarðarhreppi; Eydís Indriðadóttir aðalmaður, og varamaður Kristinn Guðnason, tilnefnd sameiginlega af Ásahreppi og Rangárþingi ytra; Guðrún M. Valgeirsdóttir aðalmaður, og varamaður Sigurður Skúlason, tilnefnd sameiginlega af Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit; Skúli Björn Gunnarsson aðalmaður og varamaður Rannveig Árnadóttir, tilnefnd sameiginlega af Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði; Árni Jón Elíasson aðalmaður og varamaður Elín Heiða Valsdóttir, tilnefnd af Skaftárhreppi; Halldóra B. Jónsdóttir aðalmaður og varamaður Sigurlaug Gissurardóttir, tilnefndar af Sveitarfélaginu Hornafirði; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og varamaður Ulla R. Pedersen, tilnefnd sameiginlega af frjálsum félagasamtökum.

Ráðgjafarnefndin (hér eftir nefnd ráðgjafarnefnd umhverfisráðuneytisins) fór yfir og fjallaði ítarlega um alla helstu þætti málsins og fór yfir drög að frumvarpi um Vatnajökulsþjóðgarð sem unnið var af hálfu umhverfisráðuneytisins samhliða starfi nefndarinnar. Þannig fjallaði nefndin um æskileg mörk þjóðgarðsins, annars vegar raunhæf fyrstu mörk þjóðgarðsins og æskilega framtíðarstækkun hans hins vegar. Þá fjallaði nefndin um uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins og fyrirkomulag stjórnar og rekstrar og samgönguleiðir innan þjóðgarðsins. Nefndin lagði mat á kostnað við uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins og rekstur

hans og gerði tillögur að forgangsröðun framkvæmda við uppbyggingu þjónustunets Vatnajökulsþjóðgarðs og enn fremur æskilega forgangsröðun við lagfæringu samgönguleiða innan þjóðgarðsins. Í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er vísað til niðurstöðu ráðgjafarnefndarinnar um framangreind atriði en skýrsla nefndarinnar fylgir frumvarpinu í fylgiskjali. Frumvarpið er í öllum grundvallaratriðum í samræmi við hugmyndir ráðgjafarnefndarinnar um stjórnfyrirkomulag og skipulag þjóðgarðsins.

*2. Almennt um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.*

Svæði það sem hugmyndir eru um að Vatnajökulsþjóðgarður nái yfir er einstakt frá náttúruverndarsjónarmiði hvort sem litið er til Íslands eða á heimsvísu. Við undirbúning málsins var leitað til Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tók saman skýrslu um náttúrufar og verndargildi svæðisins og til Magnúsar Tuma Guðmundssonar jarðfræðings um jarðfræðileg einkenni og sérstöðu Vatnajökuls og gosbeltisins norðan hans. Þær greinargerðir varpa skýru ljósi á þá sérstöðu sem svæðið hefur í náttúrufarslegu tilliti. Á það hefur verið bent að þessi sérkenni séu slík að vernd þeirra sem heildar gæti uppfyllt strangar kröfur heimsminjaskrár UNESCO.

Sú landnýting sem ákveðin verður fyrir svæðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs felur í sér vernd einstakrar náttúru náttúru og landslagsheilda sem mun vekja athygli innan lands sem utan. Þessi landnýting er að mati flestra þeirra sem að undirbúningi málsins hafa komið til þess fallin að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og er því enn fremur unnt að líta á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem mikilvæga aðgerð til að efla byggð á svæðinu.

Vatnajökulsþjóðgarður verður stærsti þjóðgarður á Íslandi og jafnframt stærsti þjóðgarður Evrópu. Gert er ráð fyrir að tveir núverandi þjóðgarðar, þ.e. Skaftafellsþjóðgarður og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum, renni strax í upphafi inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Landsvæðið sem rætt hefur verið um að Vatnajökulsþjóðgarður nái til tekur til stjórnsýslu átta sveitarfélaga og hafa sveitarfélögin lagt áherslu á beina aðkomu að stjórn og rekstri þjóðgarðsins. Samkvæmt gildandi náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, er stjórn og rekstur þjóðgarða í höndum Umhverfisstofnunar og hafa sveitarstjórnir einungis átt óbeina aðkomu að þeim rekstri með setu í ráðgjafarnefnd sem heimilt er samkvæmt lögunum að ráðherra skipi. Hlutverk ráðgjafarnefndanna hefur einungis verið ráðgefandi og hafa sveitarfélögin lagt á það áherslu að aðkoma þeirra að stjórn og rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs verði meiri en samkvæmt gildandi lögum. Vegna þess og ekki síður vegna umfangs verkefnisins, bæði landfræðilega og rekstrarlega, var það talið rétt að sett yrðu sérstök lög um Vatnajökulsþjóðgarð.

Í frumvarpi þessu er lagður rammi fyrir Vatnajökulsþjóðgarð sérstaklega hvað varðar stjórnfyrirkomulag hans og rekstur. Eins og með þjóðgarða samkvæmt náttúruverndarlögum er gert ráð fyrir að friðlýsing þjóðgarðsins taki gildi við setningu reglugerðar um hann. Þar verði dregin mörk þjóðgarðsins og settar nákvæmar reglur fyrir einstök svæði hans. Á því tímamarki þarf að liggja fyrir samkomulag við eigendur lands innan þjóðgarðsins. Vatnajökulsþjóðgarður er samkvæmt frumvarpinu ríkisstofnun sem tekur til starfa strax innan mánaðar frá gildistöku laganna en friðlýsing landsvæðisins tekur ekki gildi fyrr en við setningu reglugerðarinnar eins og áður segir. Gera má ráð fyrir að undirbúningur málsins, þ.m.t. gerð samninga við landeigendur og gerð reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð, taki nokkra mánuði eftir gildistöku laganna verði frumvarpið samþykkt.

Annar munur sem gert er ráð fyrir að verði á Vatnajökulsþjóðgarði og öðrum þjóðgörðum sem þegar hafa verið stofnaðir hér á landi er að gert er ráð fyrir að hluti þess landsvæðis sem

hann tekur til verði í einkaeign. Slíkt er reyndar heimilt samkvæmt gildandi náttúruverndarlögum en allir núverandi þjóðgarðar eru þrátt fyrir það í eigu ríkisins. Af hálfu umhverfisráðuneytisins hefur þegar verið rætt við eigendur þess lands sem til greina kemur að verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs og hafa þeim verið kynntar hugmyndir að stofnun og markmiðum þjóðgarðsins og leitað eftir afstöðu þeirra til hugmyndanna. Viðbrögð hafa verið mismunandi en þær viðræður munu halda áfram við frekari undirbúning málsins af hálfu ráðuneytisins. Fyrir liggur að þónokkur hluti þess lands sem fyrirhugað er að verði innan Vatnajökulsþjóðgarðs er þó í ríkiseign, þ.m.t. þjóðgarðarnir í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli og nokkrar jarðir í umsjá umhverfisráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis og í eigu Landgræðslu Íslands. Einhver hluti svæðisins mun vera þjóðlenda en málsmeðferð óbyggðanefndar á grundvelli laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, er ekki lokið nema hvað varðar hluta svæðisins.

Í undirbúningi að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að svæðið allt, jökulinn og áhrifasvæði hans, sé skoðað sem ein heild og að þjóðgarðurinn með Vatnajökul sem kjarna og áhrifasvæði allt í kring séu einn þjóðgarður sem lúti einni yfirstjórn. Enn fremur er á því byggt að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs taki mið af því að stofnun, stjórn og rekstur hans uppfylli alþjóðleg viðmið þjóðgarða og friðlýstra svæða og að þjóðgarðurinn geti uppfyllt kröfur heimsminjaskrár UNESCO, ákveði íslensk stjórnvöld að sækjast eftir því að Vatnajökulsþjóðgarður fari inn á þá skrá síðar.

*3. Hugmyndir um mörk Vatnajökulsþjóðgarðs.*

Nefnd um stofnun verndarsvæðis norðan Vatnajökuls sem skilaði tillögu til umhverfisráðuneytisins í maí 2004 gerði tilögur um mörk verndarsvæðis fyrir svæðið norðan Vatnajökuls. Í meginatriðum var ráðgjafarnefnd umhverfisráðuneytisins sammála þeim tillögum að mörkum þjóðgarðsins norðan Vatnajökuls þegar til lengri tíma er litið. Ítarleg gögn og greinargerðir um náttúrufar svæðisins, ásamt mati á verndargildi þess sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tekið saman, lágu m.a. til grundvallar umræðu nefndanna um mörk þjóðgarðsins. Með hliðsjón af því að töluverður hluti þessa lands er í einkaeign eða háð nýtingarrétti eru mörkin háð endanlegu samkomulagi við eigendur og umráðamenn viðkomandi lands. Taldi ráðgjafarnefndin ekki raunhæft að stofna svo víðáttumikinn þjóðgarð strax eins og lagt var til í tillögum þingmannanefndarinnar, heldur rétt að byrja heldur þrengra og að uppbygging og rekstur þjóðgarðsins fengi að sanna sig áður en leitað væri frekara samkomulags við landeigendur.

Í þessu ljósi taldi ráðgjafarnefndin æskilegt að við stofnun taki Vatnajökulsþjóðgarður í fyrsta lagi til alls Vatnajökuls. Norðan jökuls taki þjóðgarðurinn til þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og meginárfarvega Jökulsár á Fjöllum frá upphafi til ósa. Jafnframt væri æskilegt að árfarvegur Kreppu og landspilda að lágmarki 150–200 m á bökkum beggja árfarvega fylgdi með ásamt Kverkfjöllum og Krepputungu. Þá taki þjóðgarðurinn til Herðubreiðarlinda, Öskju, Tröllladyngju, Tugnafellsjökuls og Vonarskarðs, Hvannalinda og Kringilsárrana, Snæfells og Vesturöræfa, Eyjabakkasvæðisins og hluta Múla og Hrauna. Allt athafnasvæði Kárahnjúkavirkjunar verði utan þjóðgarðsins. Að sunnanverðu taki Vatnajökulsþjóðgarður við stofnun til núverandi Skaftafellsþjóðgarðs, auk Lónsöræfa, Heinabergsjökuls og fjallendisins og jökulminja ofan byggðalínu í landi Flateyjar á Mýrum, fjalllendis ofan Skálafells, Steinadals og vesturhluta Kálfafellsdals, Hágönguhrauns og Tungnaáröræfa.

Eins og áður segir hefur af hálfu umhverfisráðuneytisins verið rætt við eigendur þess lands sem til greina kemur að verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs og þeim kynntar hugmyndir að

stofnun og markmiðum þjóðgarðsins og leitað eftir afstöðu þeirra til hugmyndanna. Viðbrögð hafa verið mismunandi en þær viðræður munu halda áfram við frekari undirbúning málsins af hálfu ráðuneytisins.

Ráðgjafarnefndin var sammála um að ástæða væri til að kanna ítarlega möguleika á stækkun þjóðgarðsins síðar. Þar komi til álita fjölmörg aðliggjandi svæði, sem líkleg eru til að styrkja þjóðgarðinn og mynda mikilvægar landslagsheildir. Þannig verði markmiðum verndunar Vatnajökuls og áhrifasvæðis hans enn betur náð. Nefndin taldi að markviss framkvæmd tillagna hennar muni auka áhuga og samstöðu um stækkun hans, hvort heldur er hjá almenningi í landinu, íbúum nærliggjandi sveitarfélaga eða viðkomandi eigendum lands í einkaeigu.

Þau svæði sem helst hafa verið nefnd sem hugsanleg viðbót við Vatnajökulsþjóðgarð síðar eru eftirtalin:

Norðursvæði: Ódáðahraun og Herðubreiðarfjöll, efsti hluti Suðurár og Suðurárbotnar.

Austursvæði: Brúaröræfi og svæði á Jökuldalsheiði.

Suðursvæði: Fjalllendi við Hoffellsjökul og Jökulsárlón.

Vesturssvæði: Nær öll jaðarsvæði Vatnajökuls, þ.e. frá Núpsstaðaskógum til Veiðivatna svæðis, eftir atvikum mismunandi langt frá jökli.

Rætt hefur verið við flesta eigendur þessara landsvæða en þær viðræður eru á frumstigi.

*4. Verndarstig svæða þjóðgarðsins og landnýting innan hans.*

Leiðbeiningar Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) um þjóðgarða og friðlýst svæði skilgreina náttúruverndarsvæði og skipta þeim í sex flokka. Lagt er til að svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs verði skilgreind samkvæmt þessari flokkun með hliðsjón af verndun og hugsanlegri landnýtingu svæðisins. Gert er ráð fyrir að innan Vatnajökulsþjóðgarðs muni landeigendur og ábúendur geta viðhaldið þeirri hefðbundnu nýtingu sem viðgengst hefur fram til þessa á svæðum innan þjóðgarðsins. Í meginatriðum er hér um að ræða búfjárbeit og veiðar af ýmsu tagi, svo sem fuglaveiðar, hreindýraveiðar og veiðar í ám og vötnum. Einnig munu koma til álita framkvæmdir sem nauðsynlegar kunna að verða vegna möguleika á skemmdum á náttúruperlum innan þjóðgarðsins, svo sem vegna flóða í ám eða jarðvegseyðingar. Veiðum á ref og mink verður stýrt af sveitarstjórnum, eins og verið hefur, í samráði við viðkomandi svæðisráð og þjóðgarðsverði. Flokkun svæða eftir verndarstigi og heimilli landnýtingu mun fara fram við undirbúning að setningu reglugerðar um þjóðgarðinn og verndaráætlunar.

*5. Stjórnfyrirkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs.*

Í tillögum þingmannanefndarinnar frá því í maí 2004 komu fram mjög ákveðnar tillögur um skýra aðild heimamanna og fulltrúa umhverfisverndarsamtaka að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. Sömu sjónarmið komu fram í starfi ráðgjafarnefndar umhverfisráðuneytisins. Ljóst var að þessar tillögur kölluðu á annað stjórnfyrirkomulag en verið hefur í þeim þjóðgörðum sem fram að þessu hafa verið stofnaðir á grundvelli náttúruverndarlaga. Sérstaða Vatnajökulsþjóðgarðs er slík varðandi stærð og fjölbreytileika að honum verður ekki líkt við aðra þjóðgarða á Íslandi og því hefur verið lögð áhersla á að um hann verði sett sérstök lög.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að Vatnajökulsþjóðgarður verði ríkisstofnun sem lúti sérstakri sjö manna stjórn skipaðri af umhverfisráðherra. Stjórnin verði skipuð formönnum svæðisráða, einum fulltrúa umhverfisverndarsamtaka og tveimur sem ráðherra skipar án tilnefningar, þ.e. formann og varaformann. Gert er ráð fyrir að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hafi umsjón með náttúruvernd í þjóðgarðinum og helstu verkefni hennar verði eftirfarandi:

1. Stefnumótun í málefnum þjóðgarðsins í samræmi við markmið laga um Vatnajökulsþjóðgarð.
2. Yfirumsjón með gerð tillögu að verndaráætlun og reglugerðar fyrir þjóðgarðinn.
3. Gerð fjárhagsáætlunar um rekstur þjóðgarðsins, ráðstöfun fjár til rekstrarsvæða og samþykkt rekstraráætlunar hvers svæðis.
4. Samræming á starfsemi rekstrarsvæða þjóðgarðsins.
5. Eftirlit með framkvæmd reglna þjóðgarðsins og verndaráætlunar.
6. Samstarf við stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins.

Lagt er til að Vatnajökulsþjóðgarði verði skipt í fjögur rekstrarsvæði undir stjórn þjóðgarðsvarða sem ábyrgð beri á daglegum rekstri viðkomandi svæðis. Enn fremur verði á hverju svæði skipað sérstakt svæðisráð sem umhverfisráðherra skipar. Gert er ráð fyrir að í svæðisráðum eigi sæti þrír fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi rekstrarsvæði, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og einn tilnefndur af landshlutabundnum ferðamálasamtökum. Lagt er til að verkefni svæðisráða samkvæmt frumvarpinu verði:

1. Að vera þjóðgarðsverði og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði.
2. Að vinna tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði.
3. Að gera tillögu að rekstraráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði innan þess fjárhagsramma sem því er ætlaður hverju sinni samkvæmt ákvörðun stjórnar.
4. Gera tillögu að ráðningu þjóðgarðsvarða á viðkomandi rekstrarsvæði.

Gert er ráð fyrir að þjóðgarðsverðir séu ráðnir af stjórn þjóðgarðsins samkvæmt tillögu viðkomandi svæðisráðs en annað starfsfólk þjóðgarðsins ráði þjóðgarðsvörður. Helstu verkefni þjóðgarðsvarða verði að koma verndaráætlun þjóðgarðsins til framkvæmda, hafa eftirlit með því að lög um Vatnajökulsþjóðgarð og ákvæði verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn séu virt, hafa samstarf við stofnanir, sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins og fræðsla um náttúruvernd á viðkomandi svæði og um Vatnajökulsþjóðgarð.

Ekki er gert ráð fyrir að formlegt ákvörðunarvald verði í höndum svæðisráða en hins vegar er í frumvarpinu leitast við að tryggja áhrif þeirra á ákvarðanatöku innan þjóðgarðsins. Er það m.a. gert með því að fela þeim að vinna tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði, en gert er ráð fyrir að verndaráætlun þjóðgarðsins verði meginstjórntæki hans og í henni felist allar meiri háttar ákvarðanir um málefni þjóðgarðsins innan ramma laganna, svo sem um verndun, landnýtingu, framkvæmdir og uppbyggingu. Formlega er gert ráð fyrir að stjórn þjóðgarðsins leggi eina heildarverndaráætlun fyrir þjóðgarðinn fyrir ráðherra til staðfestingar en sú verndaráætlun byggist að meginstefnu til á tillögum einstakra svæðisráða. Einnig er gert ráð fyrir að svæðisráð geri tillögu að rekstraráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði innan þess fjárhagsramma sem því er ætlaður hverju sinni samkvæmt ákvörðun stjórnar þjóðgarðsins. Endanleg rekstraráætlun svæðanna verði hins vegar samþykkt af stjórn þjóðgarðsins. Er þetta gert til að tryggja að svæðisráð geti haft áhrif á það hvernig fjármunum þjóðgarðsins á svæðinu er ráðstafað. Síðan er það á ábyrgð þjóðgarðsvarða að tryggja að daglegur rekstur þjóðgarðsins sé innan fjárheimilda.

Ráðgjafarnefndin lagði til að stjórnfyrirkomulag þjóðgarðsins verði endurskoðað í ljósi reynslunnar eigi síðar en 1. janúar 2013.

*6. Rekstrarsvæði og þjónustunet þjóðgarðsins.*

Eins og áður segir er lagt til að Vatnajökulsþjóðgarði verði skipt í fjórar sjálfstæðar rekstrareiningar sem annist daglegan rekstur tiltekinna svæða þjóðgarðsins. Svæðið sem gert er ráð fyrir að þjóðgarðurinn taki til við stofnun, að því gefnu að fullt samkomulag náist við eigendur lands í einkaeign, er u.þ.b. 13.400 km$^2$ og nær til átta sveitarfélaga. Svæðið þekur um 13% af yfirborði Íslands. Af hagkvæmnisástæðum er því margt sem mælir með því að skipta þjóðgarðinum upp í smærri rekstrareiningar, en náttúruverndarrök styðja eindregið að svæðið allt verði samt sem áður einn þjóðgarður.

Í tillögum ráðgjafarnefndar umhverfisráðherra koma fram hugmyndir um landfræðilega skiptingu þjóðgarðsins í rekstrarsvæði. Gerð er grein fyrir tillögum nefndarinnar í fylgiskjali með frumvarpi þessu. Endanleg skipting svæðana mun verða gerð í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð.

Hluti af stofnun þjóðgarðsins er að koma upp neti upplýsinga- og þjónustustaða þjóðgarðsins. Lagt er til að þjónustunetið byggist á þremur einingum; gestastofum, sem jafnframt verða skrifstofur þjóðgarðsvarða (meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins), starfsstöðvum landvarða og upplýsingastöðvum, þar sem þjóðgarðurinn geri þjónustusamninga við aðra rekstraraðila í nágrenni þjóðgarðsyns. Í dag er gestastofa í Skaftafelli auk þess sem unnið er að byggingu gestastofu í Ásbyrgi og er stefnt að því að hún verði opnuð vorið 2007. Ráðgjafarnefndin lagði til að fjórar nýjar gestastofur verði reistar til viðbótar, þ.e. ein á hverju rekstrarsvæði þjóðgarðsins. Lagt er til að þessar fjórar gestastofur og meginstarfsstöðvar verði í Mývatnssveit, á Skriðuklaustri, við Höfn í Hornafirði og við Kirkjubæjarklaustur. Miðað við þessa uppbyggingu er stefnt að því að tvær gestastofur verði á tveimur rekstrarsvæða þjóðgarðsins þ.e. á norður- og suðursvæðinu, en það eru umfangsmestu svæði þjóðgarðsins.

Gestastofurnar og skrifstofur þjóðgarðsvarða verða meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins og þaðan verður landvörslu og daglegum rekstri hvers rekstrarsvæðis þjóðgarðsins stjórnað. Koma verður upp starfsstöðvum landvarða á hverju rekstrarsvæði og er reiknað með að fjöldi þeirra fari að nokkru leyti eftir eðli og aðstæðum á hverju rekstrarsvæði. Núna er landvarsla á vegum Umhverfisstofnunar innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs, að undanskildum þjóðgörðunum í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli, á fjórum stöðum. Ráðgjafarnefndin telur að við stofnun þjóðgarðsins þurfi landvörslustaðir hins vegar að vera 11, þ.e. í Vesturdal, Herðubreiðarlindum, Öskju/Dreka, Kverkfjöllum og Hvannalindnum, við Snæfell, á Lónsöræfum, Heinabergssvæðinu og Lakagígasvæðinu, við Nýjadal og Vonarskarð og í Hrauneyjum. Flestir landvörslustaðirnir eru fjarri byggð og verður því að gera þar ráð fyrir bústöðum fyrir landverði, auk aðstöðu fyrir kynningu á þjóðgarðinum og viðkomandi svæði og fyrir dreifingu bæklinga ásamt salernisaðstöðu fyrir gesti, vinnuaðstöðu og geymslu. Á sumum friðlýstum svæðum hefur landvarsla verið rekin í samvinnu við aðra rekstraraðila, svo sem ferðafélög, og gert er ráð fyrir að slíkt samstarf haldi áfram innan Vatnajökulsþjóðgarðs eftir stofnun hans.

Þriðja einingin í þjónustuneti þjóðgarðsins er lagt til að verði upplýsingastöðvar við jaðar þjóðgarðsins eða í nágrenni hans. Þar er lagt til að gerðir verði þjónustusamningar við rekstraraðila sem fyrir eru á svæðunum um það að sinna upplýsingagjöf um þjóðgarðinn auk þess sem komið verði upp kynningu og fræðslu um þjóðgarðinn og viðkomandi svæði. Samkvæmt tillögum ráðgjafarnefndarinnar gætu slíkir rekstrarsamningar verið gerðir í upphafi reksturs þjóðgarðsins við rekstraraðila á Grímsstöðum, í Möðrudal, á Skálafelli/Hala, í Bárðarbúð/Kiðagili, á Aðalbóli, í Suðurárbotnum og Hoffelli.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er umhverfisráðherra heimilað að friðlýsa Vatnajökul og helstu áhrifasvæði jökulsins með reglugerð. Eins og þjóðgarðar sem stofnaðir eru á grundvelli náttúruverndarlaga er gert ráð fyrir að friðlýsing þjóðgarðsins taki gildi við setningu reglugerðar um hann. Þar verði dregin mörk þjóðgarðsins og settar nákvæmar reglur fyrir einstök svæði hans. Á því tímamarki þarf að liggja fyrir samkomulag við eigendur lands innan þjóðgarðsins.

Í 2. mgr. er tekið fram að landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs geti bæði verið í ríkiseigu og í einkaeign. Hingað til hafa þjóðgarðar á Íslandi einungis verið stofnaðir á ríkislandi þó að heimild sé fyrir hendi í náttúruverndarlögum um að land í eigu annarra geti verið hluti þjóðgarðs. Einungis er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að einkaland geti orðið hluti þjóðgarðsins með samþykki landeiganda og eru því engar eignarnámsheimildir í frumvarpinu. Í 2. málsl. 2. mgr. er áskilið að samþykki sveitarstjórnar þurfi til að landsvæði á hennar umráðasvæði geti orðið hluti Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í frumvarpinu eru settar reglur um hvernig staðið skuli að friðlýsingu þjóðgarðsins og settur rammi um stjórnfyrirkomulag hans og rekstur, auk þess sem settar eru almennar meginreglur um markmið verndar náttúrufars innan þjóðgarðsins, um framkvæmdir innan þjóðgarðs, umferð og aðra umgengni. Um er að ræða rammalöggjöf um þjóðgarðinn en síðan er gert ráð fyrir að ítarlegri reglur um alla framkvæmd verði settar í reglugerð.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er markmiðum með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs lýst. Markmiðið er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Þessi markmið skulu höfð að leiðarljósi við framkvæmd laganna, við setningu reglugerðar um þjóðgarðinn og við gerð verndaráætlunar fyrir hann.

Í 2. mgr. kemur fram að verndarstig einstakra svæða eða landslagsheilda innan Vatnajökulsþjóðgarðs skuli taka mið af verndarmarkmiðum þjóðgarðsins og annarri landnýtingu á viðkomandi svæði í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir um þjóðgarða og friðlýst svæði. Leiðbeiningar Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) um þjóðgarða og friðlýst svæði skilgreina náttúruverndarsvæði og skipta þeim í sex flokka. Lagt er til að svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs verði skilgreind samkvæmt þessari flokkun með hliðsjón af verndun og hugsanlegri landnýtingu svæðisins. Gert er ráð fyrir að innan Vatnajökulsþjóðgarðs muni landeigendur og ábúendur geta viðhaldið þeirri hefðbundnu nýtingu sem viðgengst hefur fram til þessa á svæðum innan þjóðgarðsins. Í meginatriðum er hér um að ræða búfjárbeit og veiðar af ýmsu tagi, svo sem fuglaveiðar, hreindýraveiðar og veiðar í ám og vötnum. Einnig munu koma til álita framkvæmdir sem nauðsynlegar kunna að verða vegna möguleika á skemmdum á náttúruperlum innan þjóðgarðsins, svo sem vegna flóða í ám eða jarðvegseyðingar. Flokkun svæða eftir verndarstigi og heimilli landnýtingu mun fara fram við setningu reglugerðar um þjóðgarðinn og gerð verndaráætlunar.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er fjallað nánar um friðlýsingu lands í einkaeign, sbr. einnig 2. mgr. 1. gr. Gerður skal samningur milli viðkomandi landeiganda og umhverfisráðherra um friðlýsinguna þar sem m.a. skal koma fram hvaða landnýting er heimil á svæðinu. Við flokkun viðkomandi svæðis eftir verndarstigi, sbr. 2. mgr. 2. gr., verður þá að taka mið af samningum við viðkom-

andi landeiganda og haga reglum á svæðinu í samræmi við það. Hafi t.d. verið um það samið að landeiganda sé áfram heimil búfjárbeit eða veiðar á svæðinu ber umhverfisráðherra við setningu reglugerðar um þjóðgarðinn að gæta þess að haga reglum á viðkomandi svæði þannig að slík landnýting sé heimil. Skilyrði er þó ávallt að um sjálfbæra landnýtingu sé að ræða, sbr. 2. mgr. 20. gr. Stjórn þjóðgarðsins hefur síðan eftirlit með því að samningar við landeigendur í þjóðgarðinum séu virtir, m.a. við gerð verndaráætlunar og aðra framkvæmd laganna.

Samkvæmt 2. mgr. skal svæðisráð a.m.k. einu sinni á ári halda fund með eigendum lands á viðkomandi rekstrarsvæði. Einnig skal árlega halda sameiginlegan fund landeigenda, svæðisráða og stjórnar þjóðgarðsins. Er þetta ákvæði sett til að tryggja að virkt samráð eigi sér stað milli þeirra sem ábyrgð bera á rekstri þjóðgarðsins og þeirra sem land eiga innan hans og að þeir séu upplýstir um málefni þjóðgarðsins.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að Vatnajökulsþjóðgarður sé ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Með stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri þjóðgarðsins fer sérstök sjö manna stjórn skipuð af umhverfisráðherra. Í stjórn skulu eiga sæti formenn svæðisráðanna fjögurra auk fulltrúa umhverfisverndarsamtaka og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Tveir síðastnefndu fulltrúarnir skulu vera formaður og varaformaður stjórnar.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að stjórn og svæðisráð þjóðgarðsins séu skipuð fyrir 1. júní 2007 og er þannig gert ráð fyrir að stofnunin taki þegar til starfa þó að friðlýsing þjóðgarðsins taki ekki gildi fyrr en með setningu reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð. Fram að þeim tíma munu stjórn og svæðisráð vinna að undirbúningi málsins í samráði við umhverfisráðuneytið. Þar sem Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun eru þjóðgarðsverðir og annað starfsfólk þjóðgarðsins ríkisstarfsmenn og lúta þar af leiðandi öllum þeim almennu reglum sem um slíka starfsmenn gilda, svo sem lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ákvarðanatöku í stjórn og daglegan rekstur hennar. Allar formlegar ákvarðanir stjórnar skulu teknar á fundum hennar en stjórn er heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra eða gera samning við stofnun eða fyrirtæki um að annast daglegan rekstur og umsýslu stjórnar. Um ákvarðanir stjórnar gilda stjórnsýslulög, nr. 37/1993. Gert er ráð fyrir að stjórn fundi ekki sjaldnar en á þriggja mánaða fresti en auk þess getur svæðisráð ávallt óskað eftir fundi í stjórn ef það telur nauðsynlegt að leita eftir afstöðu eða ákvörðun stjórnar um tiltekið málefni.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu eru talin upp verkefni stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórnin hefur umsjón með náttúruvernd í Vatnajökulsþjóðgarði og ber ábyrgð á rekstri þjóðgarðsins sem ríkisstofnunar. Gert er ráð fyrir að stjórn geri fjárhagsáætlun fyrir þjóðgarðinn í heild og ráðstafi fé sem hann fær úthlutað á fjárlögum til einstakra rekstrarsvæða. Hvert svæðisráð gerir tillögu að rekstraráætlun svæðisins og skal hún samþykkt af stjórn þjóðgarðsins. Að lokum er það viðkomandi þjóðgarðsvörður sem ber ábyrgð á að rekstur svæðisins sé í samræmi við fjárheimildir og rekstraráætlun.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs ber ábyrgð á allri stefnumótun í málefnum þjóðgarðsins og hefur yfirumsjón með gerð tillögu að verndaráætlun þjóðgarðsins og reglugerðar fyrir þjóðgarðinn. Verndaráætlunin er eitt meginstjórntæki þjóðgarðsins til stefnumótunar og við gerð hennar getur stjórn þjóðgarðsins enn fremur tryggt samræmingu á starfsemi rekstrarsvæða, en slík samræming er eitt af meginverkefnum stjórnar. Gert er ráð fyrir að stjórn hafi eftirlit með framkvæmd reglna þjóðgarðsins og verndaráætlunar. Ábyrgð á eftirliti með framkvæmd laganna er þannig í höndum stjórnar en um daglega framkvæmd á eftirliti innan þjóðgarðsins sjá þjóðgarðsverðir.

Um 7. gr.

Lagt er til að Vatnajökulsþjóðgarði verði skipt í fjórar sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarða sem annist daglegan rekstur tiltekinna svæða þjóðgarðsins. Svæðið sem gert er ráð fyrir að þjóðgarðurinn taki til við stofnun er það stórt að hagkvæmnisástæður mæla með því að þjóðgarðinum sé skipt upp í smærri rekstrareiningar, en náttúruverndarrök styðja eindregið að svæðið allt verði samt sem áður einn þjóðgarður. Gert er ráð fyrir að mörk rekstrarsvæðanna verði tilgreind í reglugerð.

Á hverju rekstrarsvæði skal auk þjóðgarðsvarðar starfa fimm manna svæðisráð skipað af umhverfisráðherra. Í svæðisráði skulu sitja þrír fulltrúar sveitarstjóna á viðkomandi rekstrarsvæði, fulltrúi umhverfisverndarsamtaka og fulltrúi ferðamálasamtaka á viðkomandi svæði. Samkvæmt þeirri skiptingu í rekstrarsvæði sem ráðgjafarnefnd umhverfisráðherra lagði til taka þrjú af fjórum rekstrarsvæðum til stjórnsýslu þriggja sveitarfélaga hvert, þ.e. norður-, austur- og vestursvæði. Í þeim tilvikum tilnefnir hvert sveitarfélag einn fulltrúa í svæðisráðið. Í einhverjum tilvikum á sama sveitarfélagið fulltrúa í tveimur svæðisráðum samkvæmt tillögum ráðgjafarnefndarinnar. Suðursvæðið mun væntanlega einungis ná yfir eitt sveitarfélag, þ.e. Sveitarfélagið Hornafjörð og tilnefnir það sveitarfélag þá þrjá fulltrúa í það svæðisráð. Hvað varðar fulltrúa umhverfisverndarsamtaka þá er í gildi samstarfssamningur umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka og mun væntanlega verða leitað til þess vettvangs með óskir um tilnefningar bæði í svæðisráð og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. Séu fleiri en ein ferðamálasamtök starfandi á viðkomandi rekstrarsvæði mun verða leitað eftir sameiginlegum tilnefningum samtakanna.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er gerð grein fyrir hlutverki svæðisráða. Svæðisráð skulu vera þjóðgarðsverði og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði. Ekki er gert ráð fyrir að formleg ákvarðanataka fari fram innan svæðisráðanna en þó er gert ráð fyrir að áhrif þeirra á stjórn þjóðgarðsins séu töluverð. Helstu áhrifin felast í því að svæðisráðin gera tillögu að rekstraráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði innan þess fjárhagsramma sem því er ætlaður hverju sinni samkvæmt ákvörðun stjórnar. Tillagan skal lögð fyrir stjórn þjóðgarðsins til samþykktar, sbr. 6. gr. Einnig vinna þau tillögu að verndaráætlun fyrir svæðið sem síðan er send stjórn þjóðgarðsins sem sameinar tillögur svæðisráðanna fjögurra í eina heildarverndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Að lokum er gert ráð fyrir að svæðisráð geri tillögu að ráðningu þjóðgarðsvarða á viðkomandi rekstrarsvæði.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skal á hverju rekstrarsvæði starfa þjóðgarðsvörður sem ráðinn er af stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs samkvæmt tillögu viðkomandi svæðisráðs. Þjóðgarðsverðir eru

ríkisstarfsmenn og lúta almennum lögum sem um slíka starfsmenn gilda, svo sem lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þar sem rekstrarsvæðin eru fjögur en meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins sex samkvæmt frumvarpinu er í 2. málsl. heimild til að ráða tvo þjóðgarðsverði á þau rekstrarsvæði þar sem starfsstöðvarnar eru tvær. Sé sú heimild nýtt skal stjórn þjóðgarðsins ákveða verkaskiptingu milli þjóðgarðsvarða á sama rekstrarsvæði þannig að ljóst sé hvor þeirra beri ábyrgð skv. 1.–3. málsl. 1. mgr. 10. gr. eða hvernig henni sé með öðrum hætti skipt þeirra á milli.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk þjóðgarðsvarða. Þeir annast daglegan rekstur og stjórn á viðkomandi rekstrarsvæði í umboði stjórnar. Þjóðgarðsverðir ráða starfsfólk þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði. Þjóðgarðsverðir skulu vinna í nánu samstarfi við svæðisráð á viðkomandi rekstrarsvæði og m.a. aðstoða þau við gerð tillögu að verndaráætlun fyrir svæðið. Einnig skulu þeir koma verndaráætlun þjóðgarðsins eftir að hún hefur verið samþykkt til framkvæmda innan þess fjárhagsramma sem viðkomandi rekstrarsvæði er ætlaður hverju sinni. Eftirlit á svæðinu, samstarf við stofnanir, sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila og fræðsla um náttúruvernd eru einnig verkefni þjóðgarðsvarða.

Um 11. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir að stjórnfyrirkomulag í Vatnajökulsþjóðgarði verði með öðrum hætti en í öðrum þjóðgörðum sem stofnaðir eru á grundvelli náttúruverndarlaga, er ekki gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun hafi aðkomu að stjórnun og rekstri þessa þjóðgarðs. Hlutverk stofnunarinnar verður hins vegar að veita aðstoð og faglega ráðgjöf við verkefni stjórnar og svæðisráða samkvæmt sérstökum samstarfssamningi.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn en lagt er til að gerð hennar verði lokið eigi síðar en tveimur árum eftir stofnun hans. Verndaráætlun er eitt meginstjórntæki þjóðgarðsins og verkfæri til stefnumótunar. Í henni skal gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan Vatnajökulsþjóðgarðs, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu og mannvirkjagerð, vegum, reiðstígum, göngubrúm og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu.

Gert er ráð fyrir að hvert svæðisráð vinni með aðstoð þjóðgarðsvarða tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði. Stjórn þjóðgarðsins dragi síðan tillögur svæðisráðanna fjögurra í eina heildarverndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Stjórn þjóðgarðsins gætir þess að verndaráætlunin samræmist ákvæðum laga og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og getur gert breytingar á tillögum svæðisráða. Bæði svæðisráð og stjórn skulu vinna tillögur sínar í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Stjórn auglýsir tillögu að verndaráætlun og skal almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Verndaráætlunin er að lokum send umhverfisráðherra til staðfestingar. Gert er ráð fyrir að verndaráætlunin sé endurskoðuð eigi sjaldnar en á 10 ára fresti en ávallt er heimilt að gera á henni breytingar. Í slíkum tilvikum er málsmeðferðin sú sama og við gerð verndaráætlunarinnar en þó er gert ráð fyrir að stjórn geti lagt slíkar breytingar til án þess að um það berist tillaga frá svæðisráði. Er þetta talið eðlilegt í ljósi ábyrgðar stjórnar á gerð verndaráætlunar. Óeðlilegt væri að stjórn þyrfti að bíða eftir tillögu frá svæðisráði til að geta gert t.d. lítilsháttar óumdeildar breytingar á verndaráætluninni. Gert er ráð fyrir að í þeim tilvikum

verði þó ávallt leitað umsagnar svæðisráðs auk þess sem tillagan verði auglýst og almenningi og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um réttaráhrif verndaráætlunar. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir séu bundnar af efni hennar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan þjóðgarðsins. Þannig er verndaráætlunin eins konar ígildi skipulags fyrir þjóðgarðinn enda óeðlilegt ef sveitarstjórnir gætu í skipulagsáætlunum sínum ákveðið aðra landnotkun en þar er heimil samkvæmt ákvörðun þjóðgarðsyfirvalda.

Í 2. mgr. kemur fram að mannvirkjagerð, vegagerð, stíga- og slóðagerð og hvers konar efnistaka innan landsvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs sé einungis heimil ef gert er ráð fyrir henni í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn eða að fengnu leyfi ráðherra. Gert er ráð fyrir að óskað verði leyfis ráðherra í undantekningartilfellum, t.d. áður en verndaráætlun hefur tekið gildi eða þegar ekki vinnst tími til að gera breytingar á verndaráætlun. Gert er ráð fyrir að við leyfisveitingu eða í verndaráætlun verði heimilt að setja framkvæmdum skilyrði í því skyni að tryggja að framkvæmdir raski ekki að óþörfu lífríki, jarðmyndunum eða landslagi í þjóðgarðinum. Sé gert ráð fyrir framkvæmdum í verndaráætlun þarf ekki leyfi þjóðgarðsyfirvalda fyrir þeim heldur gilda þá um þær almennar reglur annarra laga. Sé um að ræða framkvæmdir sem þurfa byggingar- eða framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, þá gilda ákvæði þeirra laga um slíka leyfisveitingu. Ákvæði náttúruverndarlaga gilda um framkvæmdir í Vatnajökulsþjóðgarði að því marki sem þau samræmast ákvæðum frumvarpsins. T.d. gilda ákvæði náttúruverndarlaga um efnistöku í Vatnajökulsþjóðgarði að öðru leyti en því að ekki þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi fyrir slíkri efnistöku er veitt ef gert er ráð fyrir henni í verndaráætlun og Umhverfisstofnun hefur ekki eftirlit með slíkri efnistöku heldur þjóðgarðsyfirvöld samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Hins vegar gilda almenn ákvæði náttúruverndarlaga um frágang efnistökusvæðis og áætlun um efnistöku innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er almenn meginregla um bann við spjöllum og raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Sambærilegt ákvæði er í náttúruverndarlögum varðandi önnur friðlýst svæði. Tekið er fram að heimilar eru framkvæmdir sem miða að því að verja lífríki, jarðmyndanir og landsvæði, svo sem vegna ágangs manna, dýra eða plantna eða vegna náttúruhamfara, ágangs vatns og sjávar, jarðvegseyðingar eða annarrar röskunar af völdum manna eða náttúru.

Um 15. gr.

Fjallað er um umferð í Vatnajökulsþjóðgarði í þessari grein frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að sett verði í reglugerð ákvæði um umferð gangandi vegfarenda, ríðandi eða hjólandi manna og um umferð vélknúinna ökutækja í Vatnajökulsþjóðgarði. Í 2.–4. mgr. eru sérreglur um akstur vélknúinna ökutækja í Vatnajökulsþjóðgarði sem gilda framar ákvæðum náttúruverndarlaga um sama efni. Lagt er til að allur akstur vélknúinna ökutækja utan vega í Vatnajökulsþjóðgarði verði bannaður. Þó verði heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og skilgreindum vetrarakstursleiðum. Gert er ráð fyrir að allir þeir vegir sem heimilt verði að aka í þjóðgarðinum verði kortlagðir og kortið birt í reglugerð um þjóðgarðinn. Þannig verði tryggt að ekki leiki neinn vafi á því hvar heimilt sé að aka inni í þjóðgarðinum. Nýmæli er hér að gert er ráð

fyrir að ekki verði almennt heimilt að aka á snjó heldur að skilgreindar verði sérstakar vetrarakstursleiðir sem heimilt verði að aka þegar jörð er snævi þakin og frosin. Þannig verði unnt að stýra vetrarumferð þannig að hún sé einungis á þeim svæðum sem þola slíka umferð og ekki er talin hætta á skemmdum. Frumvarpið veitir svigrúm til að þessar leiðir verði skilgreindar fremur rúmt en einnig að unnt verði að banna umferð allan ársins hring á þeim svæðum þar sem það er talið nauðsynlegt.

Í 4. mgr. er heimild til handa þjóðgarðsvörðum til að loka tímabundið svæðum sem liggja undir skemmdum, t.d. á vorin þegar snjóa leysir. Getur verið um að ræða skilgreinda vetrarakstursleið eða veg þar sem umferð er annars heimil. Slíkar ákvarðanir þjóðgarðsvarða um tímabundna lokun skulu auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda og með öðrum áberandi hætti í dagblöðum og á vefsíðu þjóðgarðsins.

Um 16. gr.

*Í greininni er skilgreint hvers konar þjónusta verður veitt í* Vatnajökulsþjóðgarði. Er gert ráð fyrir að meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins verði sex talsins en auk þeirra verði reknar á vegum þjóðgarðsins upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar þar sem almenningi er veitt fræðsla um náttúruvernd í Vatnajökulsþjóðgarði og þjónusta eftir því sem þörf krefur.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um samstarf stjórnar og svæðisráða þjóðgarðsins. Fram kemur að þessir aðilar skuli vinna saman að málefnum þjóðgarðsins og markmiðum hans. Haldinn skal sameiginlegur ársfundur og sameiginleg heimasíða þjóðgarðsins á vefnum.

18. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um eftirlit með framkvæmd laga um Vatnajökulsþjóðgarð, reglugerðar sem sett er samkvæmt þeim og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn. Þjóðgarðsverðir annast allt daglegt eftirlit í umboði stjórnar þjóðgarðsins. Brot á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð eða reglugerð getur leitt til brottvísunar úr þjóðgarðinum sbr. 3. mgr.

Í 2. mgr. er heimild til handa þjóðgarðsverði til að loka þjóðgarðinum fyrirvaralaust ef ef hann telur að dvöl manna eða umferð geti spillt lífríki, jarðmyndunum eða landslagi eða ef hættuástand skapast í þjóðgarðinum vegna náttúruvár. Sambærileg ákvæði hafa gilt í öðrum þjóðgörðum hér á landi. Við lokun þjóðgarðsins vegna náttúruvár hefur þjóðgarðsvörður samráð við lögreglu og almannavarnaryfirvöld á viðkomandi svæði.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um kærurétt vegna ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna. Heimilt er skv. 1. mgr. að kæra slíkar ákvarðanir til ráðherra. Kærurétt eiga þeir aðilar sem tilgreindir eru í 2. mgr. Ákvæði um kæruaðild umhverfisverndarsamtaka eru sambærileg við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sbr. breytingarlög nr. 74/2005.

Um 20. gr.

Hér er fjallað um reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð. Stjórn þjóðgarðsins gerir í samráði við svæðisráð og Umhverfisstofnun tillögu til ráðherra um reglugerð fyrir þjóðgarðinn. Drög að reglugerðinni skulu kynnt sveitarstjórnum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir. Tekið er fram að við setningu reglugerðarinnar

skuli við það miðað að landnýting innan þjóðgarðs sé sjálfbær. Er Náttúrufræðistofnun Íslands samkvæmt ákvæðinu ætlað að leggja á það mat hvert sé vistfræðilegt þol þeirra svæða þar sem ætlunin er að veiðar og búfjárbeit verði heimil og hvenær landnýting telst sjálfbær.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að ákveða megi með reglugerð að taka gestagjöld innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu til að mæta kostnaði við þjónustu og eftirlit með dvalargestum. Gestagjöld eru sértekjur þjóðgarðsins en tekið er fram að þau renna til hans óháð því á hvaða rekstrarsvæði þau eru innheimt. Gert er ráð fyrir að um hefðbundið þjónustugjald sé að ræða og ekki er gert ráð fyrir að það verði innheimt annars staðar en þar sem þjónusta á vegum þjóðgarðsins er veitt. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að jafna gjaldinu þannig út að það sé föst fjárhæð miðað við dagsdvöl á svæðinu í stað þess að greitt sé miðað við tegund þeirrar þjónustu sem veitt er. Heimilt er þó að innheimta sérstaklega fyrir afnot af tjaldstæðum innan þjóðgarðsins óháð því hvort tekið er gjald fyrir aðgang að annarri þjónustu. Einnig er heimilt að veita afslátt af gjaldinu ef greitt er fyrir lengri tíma, t.d. viku, mánuð eða ár, eða ef greitt er fyrir marga í einu.

Um 22. gr.

Í greininni er fjallað um viðurlög og dagsektir vegna brota á lögunum eða reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð.

Um 23. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Breytingarnar eru nauðsynlegar til að ljóst sé að ákvæði þeirra laga um stjórn þjóðgarða sem stofnaðir eru á grundvelli náttúruverndarlaga taki ekki til Vatnajökulsþjóðgarðs. Í a-lið er tekið fram að um framkvæmdir í Vatnajökulsþjóðgarði gildi sérákvæði laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Því þarf ekki að leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir slíkum framkvæmdum í Vatnajökulsþjóðgarði eins og í öðrum þjóðgörðum og friðlýstum svæðum. Tekið er fram að VII. kafli náttúruverndarlaga um friðlýstar náttúruminjar taki ekki til Vatnajökulsþjóðgarðs þó að hann teljist til friðlýstra náttúruminja samkvæmt skilgreiningu 50. gr. laganna. Samkvæmt þessu ganga sérreglur laga um Vatnajökulsþjóðgarð almennt framar almennum ákvæðum náttúruverndarlaga. Hins vegar gilda náttúruverndarlög að því marki sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð. T.d. gilda ákvæði III. kafla náttúruverndarlaga um almannarétt, umgengni og útivist í Vatnajökulsþjóðgarði enda ekki fjallað sérstaklega um þau atriði í frumvarpinu. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að settar verði sérreglur um umferð gangandi vegfarenda, ríðandi eða hjólandi manna og um umferð vélknúinna ökutækja í Vatnajökulsþjóðgarði og ganga þær reglur þá framar ákvæðum náttúruverndarlaga um sama efni.

Um 24. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. tölul. er lagt til að stjórn og svæðisráð verði skipuð fyrir 1. júlí 2007 þannig að Vatnajökulsþjóðgarður sem ríkisstofnun taki þegar til starfa og vinni í upphafi að undirbúningi að friðlýsingu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Samkvæmt 2. tölul. er gert ráð fyrir að kortlagning vega og heimilla akstursleiða í þjóðgarðinum fari fram samhliða gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn. Verður að telja eðlilegt að þessi kortlagning taki einhvern tíma og því mun kortið ekki verða hluti af reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð við setningu hennar heldur innan tveggja ára frá stofnun þjóðgarðsins þegar verndaráætlunin liggur fyrir.

Rétt þykir að gefa þeim sem hafa til þessa unnið í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og Skaftafellsþjóðgarði, sem gert er ráð fyrir að renni inn í nýjan Vatnajökulsþjóðgarð, kost á að sinna áfram sömu verkefnum í þjónustu hinnar nýju stofnunar. Er því í 3. tölul. lagt til að lögin kveði á um forgangsrétt þeirra til starfa hjá Vatnajökulsþjóðgarði á fyrsta starfsári þjóðgarðsins, þ.e. eftir að hann verður formlega stofnaður með reglugerð. Jafnframt er lagt til að í þeim tilvikum sem hér um ræðir megi víkja frá ákvæðum laga um auglýsingu opinberra starfa sem laus eru til umsóknar.

Í frumvarpi þessu er lagt til nýtt stjórnfyrirkomulag þjóðgarðs sem ekki hefur verið reynt áður. Aðkoma sveitarfélaganna að stjórninni er mikil þó að þjóðgarðurinn verði rekinn að meginstefnu til fyrir fjármagn úr ríkissjóði. Samspil áhrifa og ábyrgðar stjórnar, svæðisráða og þjóðgarðsvarða og samskipti þeirra á milli eru að sumu leyti flókin og ekki víst að unnt sé að sjá allt fyrir sem upp getur komið í þeim efnum. Því er eðlilegt að eftir nokkurra ára framkvæmd laganna verði litið yfir farinn veg og stjórnfyrirkomulagið endurskoðað í ljósi reynslunnar ef þörf krefur. Í 4. tölul. er lagt til að þetta verði gert eigi síðar en 1. janúar 2013.

**Fylgiskjal I.**

# Vatnajökulsþjóðgarður.

Skýrsla ráðgjafarnefndar umhverfisráðuneytisins
um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.
(Nóvember 2006.)

Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra
Umhverfisráðuneytinu
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Virðulegi ráðherra,

Ráðgjafarnefnd um Vatnajökulsþjóðgarð sem Sigríður Anna Þórðardóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra skipaði 30. nóvember 2005 til að undirbúa stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hefur lokið verkefni sínu.

Í samræmi við skipunarbréf nefndarinnar hefur nefndin fjallað um möguleg mörk þjóðgarðsins, verndarstig einstakra svæða, uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins og stjórnfyrirkomulag. Auk þess sem nefndin fór yfir drög að frumvarpi til laga um Vatnajökulsþjóðgarð sem unnið hefur verið í umhverfisráðuneytinu að undanförnu.

Tillögur nefndarinnar eru í meðfylgjandi skýrslu og leggur nefndin til að sett verði lög um Vatnajökulsþjóðgarð og haldið áfram undirbúningi að stofnun þjóðgarðsins með það að markmiði að hann verði að veruleika eigi síðar en á fyrri hluta árs 2008.

Nefndin er sammála um meðfylgjandi tillögur.

*Reykjavík, 3 nóvember 2006*

Árni Jón Eliasson — Elvar Árni Lund — Eydís Indriðadóttir

Guðrún M. Valgeirsdóttir — Halldóra B. Jónsdóttir — Ingólfur A. Jóhannesson

Skúli Björn Gunnarsson — Magnús Jóhannesson, formaður

# Skýrsla ráðgjafarnefndar um Vatnajökulsþjóðgarð

## 1.0 Inngangur

Með bréfi dags. 30. nóvember 2005 skipaði Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra nefnd til að vera ráðuneytinu til aðstoðar við undirbúning að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í nefndina voru skipuð:

Magnús Jóhannesson, umhverfisráðuneyti, formaður.
Elvar Árni Lund, aðalmaður og varamaður Einar Ófeigur Björnsson, tilnefndir sameiginlega af Kelduneshreppi og Öxarfjarðarhreppi.
Eydís Indriðadóttir, aðalmaður og varamaður Kristinn Guðnason, tilnefnd sameiginlega af Ásahreppi og Rangárþingi ytra.
Guðrún M. Valgeirsdóttir, aðalmaður og varamaður Sigurður Skúlason, tilnefnd sameiginlega af Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit.
Skúli Björn Gunnarsson, aðalmaður og varamaður Rannveig Árnadóttir, tilnefnd sameiginlega af Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði.
Árni Jón Elíasson, aðalmaður og varamaður Elín Heiða Valsdóttir, tilnefnd af Skaftárhreppi.
Halldóra B. Jónsdóttir, aðalmaður og varamaður Sigurlaug Gissurardóttir, tilnefndar af Sveitarfélaginu Hornafirði.
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og varamaður Ulla R. Pedersen, tilnefnd sameiginlega af frjálsum félagasamtökum.

Með nefndinni störfuðu Sigurður Á. Þráinsson deildarstjóri, Ingibjörg Halldórsdóttir lögfræðingur og Guðný Lára Ingadóttir ritari, öll starfsmenn umhverfisráðuneytis.

Í skipunarbréfi ráðgjafarnefndinnar segir að nefndin hafi það hlutverk að vera ráðuneytinu til ráðgjafar við undirbúning að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs en umhverfisráðherra stefni að því að leggja fram frumvarp um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á Alþingi haustið 2006. Nefndin skal í störfum sínum hafa hliðsjón af þeim tillögum sem liggja fyrir í skýrslu nefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls frá því í maí 2004 en ríkisstjórnin samþykkti fyrr á þessu ári að tillögu umhverfisráðherra að unnið yrði áfram að undirbúningi málsins á grundvelli skýrslunnar.

Undirbúningur að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, sem taki til Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða jökuls bæði að norðan- og sunnanverðu, kallar á margháttaða vinnu á vegum ráðuneytisins. Hér er um að ræða tillögur um

mörk þjóðgarðsins, verndarstig einstakra svæða innan hans, uppbyggingu þjónustumiðstöðva og annarrar aðstöðu og samkomulag við landeigendur og sveitarfélög eftir því sem við á.

Ráðgjafarnefndin hélt (sex) fundi með aðalmönnum auk þess sem varamenn voru einnig boðaðir á fyrsta og fimmta fund nefndarinnar. Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar, mætti á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir sjónarmiðum stofnunarinnar varðandi stjórnarfyrirkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs. Einnig átti nefndin fund með fulltrúum ALCOA og Landsvirkjunar í tengslum við fjórða fund nefndarinnar þar sem rætt var um mögulegan stuðning þessara aðila við uppbyggingu og rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs.

Nefndin fór yfir og fjallaði ítarlega um alla helstu þætti málsins og fór yfir drög að frumvarpi um Vatnajökulsþjóðgarðs sem starfsmenn ráðuneytisins unnu að samhliða starfi nefndarinnar. Þannig fjallaði nefndin um æskileg mörk þjóðgarðsins, annars vegar raunhæf fyrstu mörk þjóðgarðsins og æskilega framtíðarstækkun hans hins vegar. Þá fjallaði nefndin um uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins og fyrirkomulag stjórnar og rekstrar og samgönguleiðir innan þjóðgarðsins. Nefndin lagði mat á kostnað við uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins og rekstur hans og gerir tillögur að forgangsröðun framkvæmda við uppbyggingu þjónustunets Vatnajökulsþjóðgarðs og enn fremur æskilega forgangsröðun við lagfæringu samgönguleiða innan þjóðgarðsins.

## 2.0 Samantekt og megintillögur nefndarinnar

Ráðgjafarnefnd um Vatnajökulsþjóðgarð leggur til að sett verði lög um Vatnajökulsþjóðgarð og undirbúningi að stofnun þjóðgarðsins haldið áfram af þeim krafti að mögulegt verði að stofna þjóðgarðinn seinni hluta árs 2007 eða í síðasta lagi fyrri hluta árs 2008.

Gerð er tillaga um að Vatnajökulsþjóðgarður nái í fyrstu til alls jökulsins og helstu áhrifasvæða hans, þ.m.t. Jökulsár á Fjöllum. Nákvæm mörk þjóðgarðsins í upphafi munu þó ráðast endanlega af samningum við landeigendur og handhafa nytjaréttar.

Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er metnaðarfullt verkefni hvort sem litið er til náttúruverndar eða markmiða um framtíðarlandnýtingu á því svæði sem nefndin telur að uppfylli kröfur um verndargildi þjóðgarðs. Markmið stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs mun hins vegar ekki nást nema tryggð sé sú uppbygging þjónustunets þjóðgarðsins sem nefndin leggur til og gerð er nánari grein fyrir í þessari skýrslu. Gerir nefndin tillögu að tímasettri framkvæmdaáætlun fyrir einstaka þætti þjónustunetsins. Áætlaður kostnaður við uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins er um 1.150 milljónir króna og telur nefndin raunhæft að sú uppbygging eigi sér stað á fyrstu fimm árum eftir stofnun þjóðgarðsins. Þannig gæti þjónustunet þjóðgarðsins verið

fullgert á árinu 2012 gangi tillögur nefndarinnar um stofnun þjóðgarðsins eftir.

Nefndin leggur til að Vatnajökulsþjóðgarður verði ríkisstofnun sem lúti sérstakri 7 manna stjórn skipaðri af umhverfisráðherra. Þjóðgarðinum verði skipt í fjögur rekstrarsvæði undir stjórn þjóðgarðsvarða sem ábyrgð beri á daglegum rekstri svæðanna. Á hverju svæði verði enn fremur skipað sérstakt svæðisráð skipað fulltrúum sveitarfélaga, ferðamálasamtaka og umhverfissamtaka. Verkefni svæðisráða verði m.a að gera tillögu um verndaráætlun og rekstraráætlun fyrir viðkomandi svæði og vera þjóðgarðsverði almennt til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á svæðinu.

Vatnajökulsþjóðgarður verður stærsti þjóðgarður í Evrópu og mun hafa mikla sérstöðu í náttúrufarslegu tilliti í heiminum. Þessi sérstaða þjóðgarðsins mun í framtíðinni draga að aukinn fjölda ferðamanna, bæði innlendra og erlendra. Mat Rögnvaldar Guðmundssonar ferðamálafræðings á áhrif Vatnajökulsþjóðgarðs á íslenska ferðaþjónustu er að þjóðgarðurinn muni á árinu 2012, verði farið að tillögum ráðgjafarnefndarinnar, hafa aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar um 3-4 milljarða króna á ári og þar af megi ætla að um 1,5 milljarður króna á ári komi fram sem auknar atvinnu- og þjónustutekjur á nærsvæði þjóðgarðsins. Einnig má gera ráð fyrir að fyrirtæki og félagasamtök muni leggja fram umtalsvert fjármagn til að styrkja uppbyggingu Vatnajökulsþjóðgarðs á fyrstu árum hans.

Ráðgjafarnefndin leggur til að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs taki mið af alþjóðlegum viðmiðum um þjóðgarða og friðlýst svæði (IUCN-Management Criteria) og að verndarstig einstakra svæða þjóðgarðsins miðist við að hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar á fuglum, dýrum og vatnafiskum, geti farið fram með viðlíka hætti innan þjóðgarðsins og verið hefur.

Fyrir liggur að töluverður hluti af því landssvæði, sem nefndin telur áhugavert að verði innan Vatnajökulsþjóðgarðs vegna náttúrufars og tengingar við Vatnajökul, eru í einkaeign og verða ekki hluti þjóðgarðsins nema til komi samkomulag við landeigendur. Nefndin leggur því áherslu á að stjórnvöld kappkosti að ná sem fyrst samkomulagi við viðkomandi landeigendur þannig að mögulegt verði að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á grundvelli tillagna nefndarinnar um upphafsmörk þjóðgarðsins eigi síðar en fyrri hluta árs 2008.

## 3.0 Vatnajökulsþjóðgarður

Undirbúningur að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hefur átt sér nokkurn aðdraganda í umhverfisráðuneytinu og verkefnið verið að mótast smátt og smátt í því ferli.

Vorið 1999 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu þar sem umhverfisráðherra var falið að kanna möguleika á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Í nóvember sama ár skipaði umhverfisráðherra starfshóp til að skoða í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa lands möguleika á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Starfshópurinn skilaði áliti sínu til ráðherra í mars árið 2000 og var skýrsla starfshópsins kynnt á Alþingi á vorþingi sama ár. Í byrjun árs 2002 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að undirbúa stofnun Vatnajökulsþjóðgarð og kanna möguleika á því að stofna sem fyrst Vatnajökulsþjóðgarð sem markist af jaðri jökulsins og mörkum Skaftafellsþjóðgarðs.

Nefndin skilaði tillögum til ráðherra í október 2002 og lagði til að stofnaður yrði sem fyrst þjóðgarður sem markist af jaðri Vatnajökuls en nái að auki til núverandi Skaftafellsþjóðgarðs og hins friðlýsta náttúruvættis við Lakagíga.

Í október sama ár skipaði umhverfisráðherra nefnd skipaða fulltrúum þingflokka á Alþingi undir forystu umhverfisráðuneytisins til að vinna tillögur um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls.

Í maí 2004 skilaði sú nefnd skýrslu sinni til umhverfisráðherra og lagði til að hafist yrði handa við undirbúning að stofnun þjóðgarðs sem taki til jökulsins alls og viðamikilla áhrifasvæða hans norðan jökuls, þ.m.t. Jökulsá á Fjöllum, allt til sjávar.

Í febrúar 2003 skipaði umhverfisráðherra ráðgjafarnefnd til að vera Umhverfisstofnun, þá Náttúruvernd ríkisins, og ráðuneytinu til ráðgjafar um undirbúning að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem næði til jökulhettunnar og hins friðlýsta svæðis við Lakagíga. Ráðgjafarnefndin skilaði tillögum sínum að mörkum fyrsta áfanga þjóðgarðsins o.fl. til umhverfisráðherra í mars 2004.

Þann 28. október 2004 staðfesti umhverfisráðherra með reglugerð stækkun Skaftafellsþjóðgarðs sem 1. áfanga í stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Stækkunin fól í sér þreföldun á flatarmáli þjóðgarðsins og náði þjóðgarðurinn þá meðal annars yfir 57% af Vatnajökli auk Lakagígasvæðisins.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti þann 25. janúar 2005 að fela umhverfisráðherra að vinna áfram að undirbúningi að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á grundvelli tillagna þingmannanefndarinnar frá í maí 2004 og þeirra hugmynda sem þar komu fram um þjóðgarð sem tæki til Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða jökulsins. Var umhverfisráðherra falið að vinna þennan undirbúning í nánu samráði við heimamenn og aðra hagsmunaaðila og vinna heildstæðar tillögur fyrir Vatnajökulsþjóðgarð sem taki til jökulhettunnar og aðliggjandi jaðarsvæða, bæði norðan og sunnan Vatnajökuls.

Segja má að sú vinna, sem fram fór á vegum nefndar umhverfisráðuneytisins um stofnun verndarsvæðis norðan Vatnajökuls á árunum 2002 til 2004 og tillögur þeirrar nefndar, leggi grunn að þeirri nálgun við

verkefnið sem ráðgjafarnefndin leggur til að farin verði við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Í þeirri nefnd sátu fulltrúar þingflokka á Alþingi, þau Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson.

Frumvarp um Vatnajökulsþjóðgarð hefur verið unnið í umhverfisráðuneytinu undanfarna mánuði í samráði við ráðgjafarnefndina. Frumvarpið er í öllum grundvallaratriðum í samræmi við hugmyndir nefndarinnar um stjórnarfyrirkomulag og skipulag þjóðgarðsins. Vatnajökulsþjóðgarður verður stærsti þjóðgarður á Íslandi og jafnframt stærsti þjóðgarður Evrópu. Landssvæðið tekur til stjórnsýslu átta sveitarfélaga og hafa sveitarfélögin lagt áherslu á beina aðkomu að stjórn og rekstri þjóðgarðsins. Því er talið rétt að Vatnajökulsþjóðgarður verði stofnaður með sérstökum lögum frá Alþingi.

Svæði það sem lagt er til að Vatnajökulsþjóðgarður nái yfir er einstakt frá náttúruverndarsjónarmiði hvort sem litið er til Íslands eða á heimsvísu. Greinargerðir Náttúrufræðistofnunar um náttúrufar og verndargildi svæðisins og skýrsla Magnúsar Tuma Guðmundssonar jarðfræðings um jarðfræðileg einkenni og sérstöðu Vatnajökuls og gosbeltisins norðan hans varpa skýru ljósi á þá sérstöðu sem svæðið hefur í náttúrufarslegu tilliti. (Sjá viðauka A og fylgiskjal 1.) Á það hefur verið bent að þessi sérkenni séu slík að vernd þeirra sem heildar gæti uppfyllt strangar kröfur Heimsminjaskrár Sameinuðu þjóðanna.

Sú landnýting, sem ákveðin verður fyrir svæðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, felur í sér vernd einstakrar náttúru og landslagsheilda sem mun vekja athygli bæði innan lands sem utan. Þessi landnýting er að mati nefndarinnar til þess fallin að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og ber því enn fremur að líta á Vatnajökulsþjóðgarð sem mikilvæga aðgerð til eflingar byggðar á svæðinu. Nefndin vill þó ítreka að þessi landnýting mun ekki skila þeim ávinningi, sem vonir standa til, nema tilkomi nauðsynleg uppbygging aðstöðu, aðgengis og þjónustu innan þjóðgarðsins og á upplýsingamiðstöðum við jaðra hans. Því lítur nefndin svo á þær tillögur, sem hér eru settar fram um uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins, séu óaðskiljanlegur hluti þess að stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Því er mikilvægt að tryggt verði fjármagn til uppbyggingar og rekstrar eins og rakið er nánar í tillögum nefndarinnar um leið og ákveðið er að stofna Vatnajökulsþjóðgarð.

Ráðgjafarnefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að svæðið allt, jökullinn og áhrifasvæði hans, sé skoðað sem ein heild og að þjóðgarðurinn með Vatnajökul sem kjarna og áhrifasvæði allt í kring sé einn þjóðgarður sem lúti einni yfirstjórn. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs taki mið af því að stofnun, stjórn og rekstur hans uppfylli alþjóðleg viðmið þjóðgarða og friðlýstra svæða og að þjóðgarðurinn geti uppfyllt kröfur Heimsminjaskrár Sameinuðu þjóðanna ákveði íslensk stjórnvöld að sækjast eftir því að Vatnajökulsþjóðgarður fari inn á þá skrá síðar.

## 4.0 Mörk Vatnajökulsþjóðgarðs og verndarstig einstakra svæða

Nefndin telur mikilvægt við undirbúning að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs að hafa sem gleggsta sýn á hvaða svæði er æskilegt að þjóðgarðurinn taki til, bæði sem takmark strax í upphafi og einnig hvaða viðbótarsvæði ættu að verða hluti þjóðgarðsins þegar til lengri tíma er litið. Það skal þó áréttað að endanleg mörk þjóðgarðsins eru háð samkomulagi við eigendur þess lands sem er í einkaeign og eru á því svæði sem tillögur ráðgjafarnefndarinnar taka til. Ítarleg gögn og greinargerðir um náttúrufar svæðisins ásamt mati á verndargildi þess sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tekið saman lágu fyrir nefndinni, m.a. til grundvallar umræðu um mörk þjóðgarðsins. Jafnframt hefur nefndin farið yfir og rætt hugmyndir að verndarstigi einstakra svæða þjóðgarðsins sem gera ráð fyrir að hefðbundnar nytjar innan hans geti haldið áfram eins og verið hefur á viðkomandi svæðum. Gerir nefndin tillögur að verndarstigi einstakra svæða þjóðgarðsins.

### *4.1 Mörk Vatnajökulsþjóðgarðs*

Nefnd um stofnun verndarsvæðis norðan Vatnajökuls, sem skilaði tillögu til umhverfisráðuneytis í maí 2004, gerði tillögur um mörk verndarsvæðis fyrir svæðið norðan Vatnajökuls og í meginatriðum er nefndin sammála þeim tillögum að mörkum þjóðgarðsins norðan Vatnajökuls þegar til lengri tíma er litið en bendir á að sú tillaga fylgir ekki að öllu leyti landslagsheildum. Með hliðsjón af því að töluverður hluti þessa lands er í einkaeign eða háð nýtingarrétti eru mörkin háð endanlegu samkomulagi við eigendur og umráðamenn viðkomandi lands. Sunnan og vestan Vatnajökuls er mestur hluti lands í einkaeign og því eru mörk þjóðgarðsins þar háð samkomulagi við eigendur og umráðmenn viðkomandi lands. Hins vegar telur nefndin ekki raunhæft að stofna svo víðáttumikinn þjóðgarð strax, rétt sé að byrja heldur þrengra og að uppbygging og rekstur þjóðgarðsins fái að sanna sig áður en leitað verður nánara samkomulags við landeigendur.

Í þessu ljósi telur ráðgjafarnefndin æskilegt að Vatnajökulsþjóðgarður við stofnun taki í fyrsta lagi til alls Vatnajökuls. Norðan jökuls taki þjóðgarðurinn til þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og meginárfarvega Jökulsár á Fjöllum frá upphafi til ósa og Kreppu. Jafnframt væri æskilegt að landspilda að lágmarki 150-200 m á bökkum beggja árfarvega fylgdi með ásamt Kverkfjöllum og Krepputungu. Þá taki þjóðgarðurinn til svæðisins við Herðubreiðarlindir, Öskju, Trölladyngju, Tungnafellsjökuls og Vonarskarðs, Hvannalinda og Kringilsárrana, Snæfells og Vesturöræfa, Eyjabakkasvæðisins og hluta Múla og Hrauna. Allt athafnasvæði Kárahnjúkavirkjunar verði utan þjóðgarðsins. Að sunnanverðu taki Vatnajökulsþjóðgarður við stofnun til Lónsöræfa, Heinabergsjökuls og fjalllendisins og jökulminja ofan byggðalínu í landi Flateyjar á Mýrum, Hjallanes í landi Skálafells, Steinadals og vesturhluta Kálfafellsdals, Lakagígasvæðisins, Hágönguhrauns og Tungnaáröræfa. Kort af þessum

æskilegu upphafsmörkum Vatnajökulsþjóðgarðs er á 1. mynd. Þannig er lagt til að Þjóðgarðurinn Skaftafell og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs þegar við stofnun.

Starfsmenn umhverfisráðuneytisins hafa rætt við landeigendur þess einkalands, sem til greina kemur að verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs, og kynnt hugmyndir að stofnun og markmiðum þjóðgarðsins og leitað eftir afstöðu þeirra til hugmyndanna. Viðbrögð hafa verið mismunandi en þær viðræður munu halda áfram við frekari undirbúning málsins af hálfu ráðuneytisins. Nefndin er sammála um að ástæða sé til að kanna ítarlega möguleika á stækkun þjóðgarðsins síðar. Þar koma til álita fjölmörg aðliggjandi svæði sem líkleg eru til að styrkja þjóðgarðinn og mynda mikilvægar landslagsheildir. Þannig verði markmiðum verndunar Vatnajökuls og áhrifasvæðis hans enn betur náð.

Nefndin telur að markviss framkvæmd þeirra tillagna, sem hér eru fram lagðar og tengjast hugmyndum um upphafsmörk þjóðgarðsins, muni auka áhuga og samstöðu um stækkun hans, hvort heldur er hjá almenningi í landinu, íbúum nærliggjandi sveitarfélaga eða viðkomandi eigendum lands í einkaeigu.

Starfsmenn umhverfisráðuneytisins hafa rætt við eigendur hluta þeirra landsvæða sem til umræðu hafa komið í nefndinni sem hugsanleg viðbótarsvæði.


Þau svæði sem helst hafa verið nefnd sem hugsanleg viðbót eru eftirtalin:

Norðursvæði: Ódáðahraun og Herðubreiðarfjöll, efsti hluti Suðurár og Suðurárbotnar.
Austursvæði: Brúaröræfi og svæði á Jökuldalsheiði
Suðursvæði: Fjalllendi við Hoffellsjökul og Jökulsárlón
Vestursvæði: Nær öll jaðarsvæði Vatnajökuls, þ.e. frá Núpsstaðaskógum til Veiðivatnasvæðis, eftir atvikum mismunandi langt frá jökli.


Nefndin áréttar að áður en hugað verður að frekari stækkun þjóðgarðsins verði komin reynsla af uppbyggingu og rekstri hans og niðurstaða fengin í álitamál um eignarhald á viðkomandi svæðum.

### *4.2 Verndarstig svæða þjóðgarðsins*

Leiðbeiningar Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) um þjóðgarða og friðlýst svæði skilgreina náttúruverndarsvæði og skipta þeim í sex umsjónarflokka, sjá viðauka C. Nefndin leggur til að svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs verði skilgreind skv. þessari flokkun með hliðsjón af verndun og hugsanlegri landnýtingu svæðisins. Nefndin er sammála þeim tillögum sem fram hafa komið um að landeigendur og ábúendur geti viðhaldið þeirri hefðbundnu nýtingu sem viðgengist hefur fram til þessa á svæðum sem verða innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Í meginatriðum er hér um




1. mynd. Tillaga að stærð og mörkum Vatnajökulsþjóðgars og skiptingu hans í fjögur rekstrarsvæði.



2. mynd. Verndarstig Vatnajökulsþjóðgarðs í samræmi við skilgreiningu IUCN.

að ræða búfjárbeit og veiðar af ýmsu tagi, svo sem fuglaveiðar, hreindýraveiðar og veiðar í ám og vötnum. Einnig munu koma til álita framkvæmdir sem nauðsynlegar kunna að verða vegna möguleika á skemmdum á náttúruperlum innan þjóðgarðsins, svo sem vegna flóða í ám eða jarðvegseyðingar. Nefndin leggur til að veiðum á ref og mink verði stýrt af sveitarstjórnum, eins og venja er, í samráði við viðkomandi svæðisráð og þjóðgarðsverði. Nánara fyrirkomulag á þessum veiðum verði tekið fyrir í verndaráætlun. Svæði þar sem hefðbundin nýting geti farið fram í þjóðgarðinum hefur nefndin reynt að afmarka og gert tillögur um skilgreint verndarstig þeirra í samræmi við umræddar leiðbeiningar Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna. Þannig hefur nefndin farið yfir það svæði sem hún leggur til að verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs við stofnun hans og gerir tillögur um verndarstig alls svæðis innan þjóðgarðsins í samræmi við leiðbeiningar IUCN, sjá 2. mynd. Þessi tillaga þarfnast þó nánari skoðunar og verður útfærð nánar í verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.

## 5.0 Rekstrarsvæði og þjónustunet þjóðgarðsins


Þrátt fyrir að nefndin telji afar mikilvægt að Vatnajökulsþjóðgarður lúti einni yfirstjórn er fari með heildarskipulag og stefnumótun þjóðgarðsins er stærð og fjölbreytileiki svæðisins slíkur að nefndin telur rétt að leggja til að þjóðgarðinum verði skipt upp í fjórar rekstrareiningar sem annist daglegan rekstur tiltekinna svæða þjóðgarðsins. Svæðið, sem nefndin leggur til að þjóðgarðurinn taki til við stofnun, að því gefnu að fullt samkomulag náist við eigendur lands í einkaeign, er u.þ.b. 13.433 $km^2$ og teygir sig yfir átta sveitarfélög. Svæðið þekur um 13% af yfirborði Íslands. Af hagkvæmum ástæðum er því margt sem mælir með því að skipta þjóðgarðinum upp í smærri rekstrareiningar, en náttúruverndarrök styðji eindregið að svæðið verði allt einn þjóðgarður.

Nefndin leggur til að Vatnajökulsþjóðgarði verði skipt í fjögur rekstrarsvæði. Hvert svæði lúti stjórn þjóðgarðsvarðar sem beri ábyrgð á daglegum rekstri svæðisins og samskiptum við þjónustuaðila á hverju svæði og eftir atvikum samskiptum við landeigendur og sveitarfélög á svæðinu. Á hverju svæði verði enn fremur skipað sérstakt svæðisráð, skipað fulltrúum


sveitarfélaga, umhverfisverndarsamtaka og ferðamálasamtaka, sem verði þjóðgarðsverði til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins. Lagt er til að áhrif svæðisráða verði mikil og það verði m.a. þeirra hlutverk að gera tillögur að verndaráætlun þjóðgarðsins, rekstraráætlun og um ráðningu þjóðgarðsvarðar til stjórnar þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður beri hins vegar ábyrgð gagnvart stjórn þjóðgarðsins á að verndaráætlun þjóðgarðsins og stefnumótun sé framfylgt og að rekstur svæðisins sé innan þeirra fjárheimilda sem stjórn þjóðgarðsins setur.

Skipting Vatnajökulsþjóðgarðs í fjögur rekstrarsvæði tekur mið bæði af landfræðilegum og stjórnsýslulegum sjónarmiðum en jafnframt er horft til þess að svæðin verði ekki mjög ólík að stærð. Lagt er til að Vatnajökulsþjóðgarði verði skipt í rekstrarsvæði sem hér segir enda náist samkomulag um þessi mörk þjóðgarðsins við landeigendur.

Rekstrarsvæði 1 taki til þess hluta jökulsins sem er innan stjórnsýslumarka Skútustaðahrepps, Norður-þings og hluta af því landi Þingeyjarsveitar sem lendir innan þjóðgarðsins. Frá jökuljaðrinum í vestri liggja mörkin rétt sunnan Gæsavatna að Fjórðungsöldu og þaðan í norðaustur sunnan Steinfells, um Öxnadalsdrög og áfram norður fyrir Dyngjufjöll ytri, þaðan til austurs um Bræðrafell í suðvesturmörk Herðubreiðarfriðlands og áfram með vesturmörkum friðlandsins að Jökulsá á Fjöllum. Frá friðlandinu til norðurs fylgja mörkin þjóðveginum að þjóðvegi 1, u.þ.b. beina línu í Eilíf og áfram með vesturmörkum þjóðgarðs Jökulsárgljúfra norður að þjóðvegi en þaðan til sjávar í Öxarfirði fylgja mörkin vestari bakka Jökulsár á Fjöllum. Austan Jökulsár á Fjöllum til suðurs liggja mörkin með bakka árinnar upp að þjóðveginum en sunnan hans er 150-200 metra breiður bakki með ánni að landamerkjum Víðidals og Grímsstaða en þaðan fylgja mörk þessa rekstrarsvæðis miðri ánni upp í jökul. Stærð svæðisins er um 3.979 km$^2$.





3. mynd. Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, rekstrarsvæði 1.




4. mynd. Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, rekstrarsvæði 2.


Rekstrarsvæði 2 nær yfir þann hluta Vatnajökuls sem fellur innan Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs ásamt landssvæðum með fram Jökulsá á Fjöllum í landi Víðidals og Möðrudals og friðlýstu svæðunum í Hvannalindum og Kringilsárrana. Mörk svæðisins austan Hálslóns liggja samsíða Hálslóni og Kárahnjúkavegi í fimm kílómetra fjarlægð að Snæfellsleið og áfram í austur að Jökulsá á Fljótsdal og þaðan í suður nokkurn veginn með ánni að Eyjabakkafossi þar sem mörkin fara yfir ána suður fyrir Folavatn í tveggja kílómetra fjarlægð og áfram í norðurhorn friðlandsins á Lónsöræfum. Stærð svæðisins er um 2.384 km$^2$.

Rekstrarsvæði 3 taki til þess hluta Skaftafellsþjóðgarðs sem er í Sveitarfélaginu Hornafirði ásamt nokkrum svæðum utan jökulsins í sveitarfélaginu, þ.e. friðlandsins á Lónsöræfum, Heinabergsfjalla og lands Flateyjar á Mýrum ofan byggðalínu ásamt fjalllendi Hjallaness í landi Skálafells og svæðinu umhverfis Steinadal að Hala í Suðursveit. Stærð svæðisins er um 3.879 km$^2$.




5. mynd. Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, rekstrarsvæði 3.

Rekstrarsvæði 4 taki til þess hluta Vatnajökuls sem er innan Skaftárhrepps, Ásahrepps og hluta Þingeyjarsveitar. Utan jökulsins nái rekstrarsvæði 4 til friðlandsins í Lakagígum og svæðis vestan jökulsins sem afmarkast að austan af veginum inn í Jökulheima að mörkum Ásahrepps og Rangárþings ytra, síðan áfram eftir línu með sveitarfélagamörkunum þar til 5 kílómetrar eru að Þórisvatni og þaðan norðaustur með Sandfelli í Köldukvísl og áfram eftir henni í átt að Hágöngulóni þar til 5 kílómetrar eru að lóninu þar sem mörkin sveigja til austurs og fylgja lóninu austur fyrir í fimm kílómetra fjarlægð að Vonarskarðsvegi og þaðan í beinni línu að þjóðvegi við Nýjadal og síðan eftir þjóðveginum að sveitarfélagamörkum og loks 5 km eftir þeim og þaðan til norðurs að mörkum rekstrarsvæðis 1 við Fjórðungsöldu. Stærð svæðisins er um 3.192 km$^2$.



6. mynd. Vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, rekstrarsvæði 4.

### *5.1 Þjónustunet þjóðgarðsins*

Hluti af stofnun þjóðgarðsins er að koma upp neti upplýsinga- og þjónustustaða þjóðgarðsins. Lagt er til að þjónustunetið byggist á þremur einingum, þ.e. gestastofum, sem jafnframt verða skrifstofur þjóðgarðsvarða (meginstarfsstöðvum þjóðgarðsins), starfsstöðvum landvarða og upplýsingastöðvum, þar sem þjóðgarðurinn geri þjónustusamninga við aðra rekstraraðila í nágrenni þjóðgarðsins. Í dag er gestastofa í Skaftafelli auk þess sem unnið er að byggingu gestastofu í Ásbyrgi sem stefnt er að að opna vorið 2007. Nefndin leggur til að fjórar nýjar gestastofur verði reistar til viðbótar, þ.e. ein á hverju rekstrarsvæði þjóðgarðsins. Lagt er til að þessar fjórar gestastofur og meginstarfsstöðvar verði í Mývatnssveit, á Skriðuklaustri, við Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri. Miðað við þessa uppbyggingu er stefnt að því að tvær gestastofur verði á tveimur rekstrarsvæða þjóðgarðsins, þ.e. á norðursvæðinu og suðursvæðinu, en það eru umfangsmestu svæði þjóðgarðsins. Nefndin leggur til að við nánari staðsetningu nýrra gestastofa verði haft að leiðarljósi að þær verði sýnilegar og einkennandi byggingar og þjóni sem vist kennileiti þjóðgarðsins. Nefndin telur æskilegt að farið verði út í samkeppni um samræmt útlit og hönnun gestastofa og meginstarfsstöðva þjóðgarðsins áður en bygging þeirra hefst.

Gestastofurnar og skrifstofur þjóðgarðsvarða verða meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins og þaðan verður landvörslu og daglegum rekstri hvers rekstrarsvæðis þjóðgarðsins stjórnað.

Þá liggur fyrir að gestastofan í Skaftafelli þarfnast gagngerrar endurnýjunar og breytinga til þess að nýtast og gegna framtíðarhlutverki sínu í Vatnajökulsþjóðgarði. Auk þess er nauðsynlegt að lagfæra húsið að utan.

Koma verður upp landvörslustöðvum á hverju rekstrarsvæði og er reiknað með að fjöldi þeirra fari að nokkru leyti eftir eðli og aðstæðum á hverju rekstrarsvæði. Í dag er landvarsla á vegum Umhverfisstofnunar, að þjóðgörðunum í Jökulsárgljúfrum og Þjóðgarðinum Skaftafelli undanskildum, á 4 stöðum innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs. Nefndin telur að við stofnun þjóðgarðsins þurfi landvörslustaðir hins vegar að vera 11, þ.e. í Vesturdal, í Herðubreiðarlindum, við Drekagil, í Kverkfjöllum, í Hvannalindum, við Snæfell, á Lónsöræfum, á Heinabergssvæðinu, á Lakagígasvæðinu og við Nýjadal og Vonarskarð og í Hrauneyjum. Flestir landvörslustaðirnir eru fjarri byggð og þar verður að gera ráð fyrir bústöðum fyrir landverði auk aðstöðu fyrir kynningu á þjóðgarðinum, viðkomandi svæði og dreifingu bæklinga ásamt salernisaðstöðu fyrir gesti, vinnuaðstöðu og geymslu. Á sumum friðlýstum svæðum hefur landvarsla verið rekin í samvinnu við aðra rekstraraðila, s.s. ferðafélög og gert er ráð fyrir að slíkt samstarf haldi áfram innan Vatnajökulsþjóðgarðs eftir stofnun hans.

Þriðja einingin í þjónustuneti þjóðgarðsins er lagt til að verði upplýsingastöðvar við jaðar þjóðgarðsins eða í nágrenni hans. Þar er lagt til að gerðir verði þjónustusamningar við rekstraraðila sem fyrir eru á svæðunum um það að sinna upplýsingagjöf um þjóðgarðinn auk þess sem komið verður upp kynningu og fræðslu um þjóðgarðinn og viðkomandi svæði. Nefndin telur að í upphafi reksturs þjóðgarðsins gætu slíkir rekstrarsamningar verið gerðir við rekstraraðila á Grímsstöðum, Möðrudal, Skálafell eða Hala, Svartárkot eða Kiðagil, Aðalból, Suðurárbotna og Hoffell.

### *5.2 Rýmisþörf þjónustueininga*

Áætlað er að hver gestastofa þjóðgarðsins (meginstarfsstöð) þurfi að vera um það bil 550-600 fermetrar að stærð, sbr. 1. töflu, til þess að geta rúmað ágætlega hefðbundna starfsemi gestastofa, s.s. móttöku, sýningar, skrifstofur þjóðgarðsins, fundarherbergi, gestasalerni og í sumum tilvikum veitingastofu. Nánari rýmisþörf gestastofa og skiptingu í athafnasvæði er sýnd í viðauka A. Áætlað er að landvarðastöðvar þurfi að vera um 100-120 fermetrar að stærð miðað við að allt að 3 landverðir starfi á viðkomandi starfsstöð.

**1. tafla. Áætluð rýmisþörf eininga í þjónustuneti Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt skiptingu í athafnasvæði á hverjum stað.**

| | Stærð $m^2$ | Aðstaða / athafnasvæði |
|---|---|---|
| Gestastofa, meginstarfsstöð | 550-600 | Móttaka, sýningasalur, gestasalerni, skrifstofa þjóðgarðsins, fundarherbergi, þjóðgarðsverslun, matstofa starfsmanna, tölvurými, geymsla, vinnuaðstaða, ræstiklefi, sorpgeymsla, kyndiklefi, salerni starfsmanna, veitingastofa |
| Landvarðastöð | 50 | Móttaka með sýningu, upplýsingaefni og bæklingum vinnuaðstaða fyrir landverði, geymsla |
| | 50-70 | Bústaður landvarða |
| | 40-50 | Gestasalerni |
| Upplýsingastöð | | Lítil sýningaraðstaða og kynningarefni |

## 6.0 Stjórnarfyrirkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs

Nefndin eyddi verulegum hluta af tíma sínum í að ræða stjórnar- og rekstrarfyrirkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs. Í tillögum þingmannanefndarinnar frá því í maí 2004 komu fram mjög ákveðnar tillögur um skýra aðild heimamanna og fulltrúa umhverfisverndarsamtaka að stjórn þjóðgarðsins. Ljóst var að þessar tillögur kölluðu á annað stjórnarfyrirkomulag en verið hefur í þeim þjóðgörðum sem fram að þessu hafa verið stofnaðir á grundvelli náttúruverndarlaga.

Sérstaða Vatnajökulsþjóðgarðs er slík varðandi stærð og fjölbreytileika að honum verður ekki líkt við aðra þjóðgarða á Íslandi og því hefur verið lögð áhersla á að hann verði stofnaður með sérstökum lögum.

Í frumvarpi því sem nefndin hefur haft til umfjöllunar er gert ráð fyrir að Vatnajökulsþjóðgarður verði ríkisstofnun sem lúti sérstakri 7 manna stjórn skipaðri af umhverfisráðherra. Stjórnin verði skipuð formönnum svæðisráða, einum fulltrúa umhverfisverndarsamtaka og tveimur sem ráðherra skipar án tilnefningar, þ.e. formann og varaformann. Gert er ráð fyrir að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hafi umsjón með náttúruvernd í þjóðgarðinum og helstu verkefni hennar verði eftirfarandi:

1. Stefnumótun í málefnum þjóðgarðsins í samræmi við markmið laga um Vatnajökulsþjóðgarð.
2. Yfirumsjón með gerð tillögu að verndaráætlun og reglugerðar fyrir þjóðgarðinn.
3. Gerð fjárhagsáætlunar um rekstur þjóðgarðsins og ráðstöfun fjár til rekstrarsvæða.
4. Samræming á starfsemi rekstrarsvæða þjóðgarðsins.
5. Eftirlit með framkvæmd reglna þjóðgarðsins og verndaráætlunar.
6. Samstarf við stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins.

Gert er ráð fyrir að stjórn ráði sér starfsmann til að sjá um skrifstofuhald eða geri þjónustusamning við viðeigandi aðila um slíka vinnu. Þá er lagt til að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands verði stjórn og svæðisráðum til ráðgjafar í málefnum þjóðgarðsins. Eins og áður segir er lagt til að Vatnajökulsþjóðgarði verði skipt í fjögur rekstrarsvæði undir stjórn þjóðgarðsvarða sem ábyrgð beri á daglegum rekstri viðkomandi svæðis. Enn fremur verði á hverju svæði skipað sérstakt svæðisráð sem umhverfisráðherra skipar. Gert er ráð fyrir að í svæðisráðum eigi sæti þrír fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi rekstrarsvæði, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og einn tilnefndur af landshlutabundnum ferðamálasamtökum. Lagt er til að verkefni svæðisráða skv. frumvarpinu verði:

1. Að vera þjóðgarðsverði og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði.
2. Að vinna tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði.
3. Að gera rekstraráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði innan þess fjárhagsramma sem því er ætlaður hverju sinni skv. ákvörðun stjórnar.
4. Gera tillögu að ráðningu þjóðgarðsvarða á viðkomandi rekstrarsvæði.

Gert er ráð fyrir að þjóðgarðsverðir séu ráðnir af stjórn þjóðgarðsins skv. tillögu viðkomandi svæðisráðs en annað starfsfólk þjóðgarðsins ráði þjóðgarðsvörður. Helstu verkefni þjóðgarðsvarða verði að koma verndaráætlun þjóðgarðsins til framkvæmda, hafa eftirlit með því að lög um Vatnajökulsþjóðgarð og ákvæði verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn séu virt, hafa samstarf við stofnanir, sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins og fræðsla um náttúruvernd á viðkomandi svæði og um Vatnajökulsþjóðgarð.

Ekki er gert ráð fyrir að formlegt ákvörðunarvald verði í höndum svæðisráða en hins vegar er í frumvarpinu leitast við að tryggja áhrif þeirra á ákvarðanatöku innan þjóðgarðsins. Er það m.a. gert með því að fela þeim að vinna tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði en gert er ráð fyrir að verndaráætlun þjóðgarðsins verði meginstjórntæki hans og í henni felist allar meiriháttar ákvarðanir um málefni þjóðgarðsins innan ramma laganna, svo sem um verndun, landnýtingu, framkvæmdir og uppbyggingu. Formlega er gert ráð fyrir að stjórn þjóðgarðsins leggi eina heildarverndaráætlun fyrir þjóðgarðinn fyrir ráðherra til staðfestingar en sú verndaráætlun byggist að meginstefnu til á tillögum einstakra svæðisráða. Einnig er gert ráð fyrir að svæðisráð geri rekstraráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði innan þess fjárhagsramma sem því er ætlaður hverju sinni skv. ákvörðun stjórnar þjóðgarðsins. Endanleg heildarrekstraráætlun verði hins vegar samþykkt af stjórn þjóðgarðsins. Er þetta gert til að tryggja að svæðisráð hafi bein áhrif á það hvernig fjármunum þjóðgarðsins á svæðinu er ráðstafað, t.d um forgangsröðun framkvæmda. Síðan er það á ábyrgð þjóðgarðsvarða að tryggja að daglegur rekstur þjóðgarðsins sé innan fjárheimilda.

Nefndin leggur til að stjórnarfyrirkomulag þjóðgarðsins verði endurskoðað fyrir 1. janúar 2013 í ljósi reynslunnar af því fyrirkomulagi sem lagt er til.

## 7.0 ÁÆTLUN UM UPPBYGGINGU Á ÞJÓNUSTUNETI ÞJÓÐGARÐSINS

Nefndin leggur til að þjónustunet þjóðgarðsins verði byggt upp á fimm árum í samræmi við forgangsröðun í 2. töflu. Uppbygging þjónustunets þjóðgarðsins er viðamikið verkefni sem eðlilegt er að vinna með skipulögðum hætti. Nefndin telur raunhæft að þetta verk verði unnið á fimm árum frá stofnun þjóðgarðsins. Nefndin leggur til að fyrstu fjögur árin verði á hverju ári hafin bygging einnar gestastofu, uppbyggingu landvörslustöðva á 2-5 svæðum og gerðir samningar við 2-3 rekstraraðila í nágrenni þjóðgarðsins um upplýsingagjöf, sýningaraðstöðu og annað samstarf eftir því sem við á hverju sinni. Í dag er gestastofa í Skaftafelli og gestastofan í Ásbyrgi verður opnuð vorið 2007. Þannig væri raunhæft að stefna að því að á árinu 2008 yrði byggð fyrsta nýja gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs. Fyrstu tvö árin er lagt til að uppbygging gestastofa verði á austur- og vestursvæðinu en á þeim svæðum er þjónusta hvað minnst í dag á vegum Umhverfisstofnunar enda eru þar jafnframt umfangsmikil ný friðlýst svæði. Á þriðja og fjórða ári uppbyggingar er lagt til að gestastofur verði byggðar upp á norður- og suðursvæðunum þar sem gestastofur eru þegar fyrir hendi í dag ef gestastofan í Ásbyrgi er talin með. Lagt er til að gestastofan í Skaftafelli verði endurbætt strax á fyrsta ári eftir stofnun þjóðgarðsins.

Þegar eru nokkrar landvörslustöðvar á friðlýstum svæðum í dag sem munu verða innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs en þar má helstar nefna Dreka, Herðubreiðarlindir, Hvannalindir, Vesturdal, Lónsöræfi og Laka. Aðstaða fyrir landverði, móttöku ferðamanna og sýningu um þjóðgarðinn er hins vegar mjög mismunandi á þessum stöðum og kostnaður við uppbyggingu nauðsynlegrar aðstöðu verður því mismikill. Á öllum þessum stöðum nema í Vesturdal er landvarsla rekin í samvinnu við aðra rekstraraðila, einkum ferðafélög. Ferðafélög eru auk þess með skála og rekstur í Kverkfjöllum, við Snæfell og í Nýjadal þar sem leita mætti eftir samstarfi um rekstur landvörslustöðva. Nefndin telur eðlilegt að áhersla á uppbyggingu

**2. tafla. Forgangsröðun í uppbyggingu þjónustunets Vatnajökulsþjóðgarðs fyrstu fimm ár uppbyggingar hans.**

| Ár | Gestastofur | Landvörslustöð | Upplýsingastöðvar, samstarfssamningur |
|---|---|---|---|
| 1 | Skriðuklaustur | Drekagil, Lónsöræfi, Laki, Hrauneyjar | Grímsstaðir, Möðrudalur |
| 2 | Kirkjubæjarklaustur | Heinabergssvæðið, Kverkfjöll | Skálafell eða Hali, Svartárkot eða Bárðarbúð |
| 3 | Mývatnssveit | Nýidalur | Aðalból |
| 4 | Hornafjörður | Snæfell, Herðubreiðarlindir | Suðurárbotnar |
| 5 | Skaftafell | Vonarskarð, Hvannalindir | Hoffell |

landvörslustöðva verði hagað þannig á hverju ári að landvörslustöðvar á þeim svæðum, þar sem ekki er bygging gestastofu, hafi forgang. Niðurröðun framkvæmda gæti því verið eins og fram kemur í 2. töflu.

## 8.0 ÁÆTLUN UM KOSTNAÐ VIÐ UPPBYGGINGU OG REKSTUR VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐS

Samkvæmt mati nefndarinnar er stofnkostnaður Vatnajökulsþjóðgarðs fyrstu fimm árin við uppbyggingu aðstöðu og þjónustunets þjóðgarðsins áætlaður um 1.150 milljónir króna. Helstu stofnkostnaðarliðir eru bygging fjögurra nýrra gestastofa sem áætlað er að muni kosta um 700 milljónir króna. Þátttaka í kostnaði við uppbyggingu landvarðastöðva innan þjóðgarðsins í samvinnu við aðra rekstraraðila, þar sem því verður við komið, er áætluð um 120 milljónir króna. Hönnun og gerð samræmdra sýninga fyrir gestastofur, landvarðastöðvar og upplýsingastöðvar er áætlað að muni kosta um 100 milljónir króna og annar stofnkostnaður s.s. upplýsinga- og leiðbeiningaskilti, bæklingar, og gerð verndaráætlana og deiliskipulags er talinn nema um 200 milljónum króna.

**3. tafla. Áætlaður stofnkostnaður Vatnajökulsþjóðgarðs, skipt eftir kostnaðarliðum.**

| Stofnkostnaðarliðir | Kostnaður í milljónum | |
|---|---|---|
| | á einingu | samtals |
| Gestastofur, 4 st. | 175 | 700 |
| Endurbætur á gestastofu í Skaftafelli | 50 | 50 |
| Landvarðastöðvar, 11 st. | 11 | 121 |
| Upplýsingastöðvar, sýningar | 1 | 6 |
| Gönguleiðir, stígar og göngubrýr | | 125 |
| Upplýsinga- og leiðbeiningaskilti | | 20 |
| Hönnun og gerð sýninga | 15 | 75 |
| Bæklingar, 10-15 st. | | 13 |
| Gerð verndaráætlana og deiliskipulags | | 40 |
| Samtals | | 1.150 |

Rekstrarkostnaður Vatnajökulsþjóðgarðs er áætlaður um 325 milljónir króna á ári við lok uppbyggingar þjónustunets þjóðgarðsins. Kostnaður við yfirstjórn, svæðisráð og skrifstofukostnaður fyrir yfirstjórn er áætlaður um 15 milljónir króna á ári. Launakostnaður fastra starfsmanna þjóðgarðsins, sem verða samtals 12 og 20 landvarða í tímabundnum störfum yfir mesta annatímann, einkum yfir sumarið, eru áætlaðar um 125 milljónir króna á ári við lok uppbyggingartímans.

Auk þess er annar kostnaður, s.s. rekstrarkostnaður, framkvæmdir og viðhald, samstarfssamningar um upplýsingastöðvar og prentun bæklinga, áætlaður um 165 milljónir króna á ári eftir að uppbyggingartímabili lýkur auk kostnaðar stjórnar og svæðisráða þjóðgarðsins. Nú þegar er Umhverfisstofnun með rekstur tveggja þjóðgarða á svæðinu og landverði

starfandi yfir sumartímann á nokkrum stöðum sem munu renna inn í fyrirhugaðan Vatnajökulsþjóðgarð og taka því yfir hluta af þeim kostnaði sem hér um ræðir.

| 4. Tafla. Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður Vatnajökulsþjóðgarðs, skipt eftir kostnaðarliðum. | |
|---|---|
| **Rekstrarkostnaður** | **Kostnaður í milljónum** |
| Kostnaður stjórnar og svæðisráða | 21 |
| Launakostnaður fastra starfsmanna | 65 |
| 20 landverðir í hlutastarfi, 400 vikur | 60 |
| Kostnaður við upplýsingastöðvar | 14 |
| Annar rekstrarkostnaður | |
| gestastofur | 90 |
| landvarðastöðvar | 25 |
| Framkvæmdir og viðhald | 50 |
| **Samtals** | **325** |

## 9. Samgöngur innan Vatnajökulsþjóðgarðs

Að mati ráðgjafarnefndarinnar munu samgöngur innan Vatnajökulsþjóðgarðs skipta miklu máli fyrir rekstur þjóðgarðsins þegar litið er til lengri tíma. Eins og áður hefur komið fram er uppbygging á þjónustuneti þjóðgarðsins forsenda þess að þjóðgarðurinn geti sinnt því hlutverki að taka á móti gestum og veita þeim fræðslu sem þangað koma. Samhliða uppbyggingu þjónustunetsins og með vaxandi fjölda gesta, sem koma í þjóðgarðinn, verður hins vegar nauðsynlegt að bæta samgöngur innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

### *9.1 Vegakerfi*

Bættar vegasamgöngur munu hafa margvísleg jákvæð áhrif á rekstur þjóðgarðsins og auka tækifæri til atvinnusköpunar bæði innan hans og á jaðarsvæðum og styrkja á þann hátt byggð í nágrenni þjóðgarðsins. Þær munu draga að fleiri gesti, þær munu fjölga mögulegum dagleiðum um þjóðgarðinn milli jaðarsvæða og lengja mögulegan opnunartíma þjóðgarðsins á ýmsum svæðum hans. Í ljósi þess að vegabætur innan þjóðgarðsins munu að mestu leyti falla undir ferðamannaleiðir og þjóðgarðavegi, sbr. samgönguáætlun, telur nefndin mikilvægt að fjármagn til þessara viðfangsefna á samgönguáætlun verði aukið umtalsvert frá því sem nú er á næstu árum. Auk þess bendir nefndin á að vegir að þjóðgarðinum þurfi lagfæringa við.

Í megindráttum telur ráðgjafarnefndin núverandi vegleiðir innan Vatnajökulsþjóðgarðs góðar og gerir ekki tillögur um verulegar breytingar á vegkerfinu innan þjóðgarðsins. Þó telur nefndin nauðsynlegt að bæta samgöngur á Lakagígasvæðinu og aðgengi að því svæði. Þær hugmyndir,

sem nú eru uppi um bættar vegasamgöngur í Laka með fram Hverfisfljóti, telur nefndin vera mjög áhugaverðar og til þess fallnar að bæta aðgengi að Lakagígum. Önnur og ný vegleið innan Vatnajökulsþjóðgarðs gæti jafnframt verið æskileg þegar umferð eykst á því svæði en það er vegtenging með brú á Kreppu milli Kárahnjúkavegar og Austurleiðar (F 910).

Meginverkefni í samgöngubótum innan Vatnajökulsþjóðgarðs liggja því ekki í nýjum vegleiðum, ef frá eru taldar hugsanlegar nýjar vegleiðir að Lakagígum og vegtenging með brú á Kreppu milli Kárahnjúkavegar og Austurleiðar (F 910), heldur fyrst og fremst í lagfæringum og endurbótum á núverandi vegum. Ráðgjafarnefndin telur mjög æskilegt að þessar vegleiðir, sem liggi sem mest í landinu, verði með tímanum lagðar bundnu slitlagi.

Auk þess tekur nefndin undir þær tillögur sem fram hafa komið um nauðsyn þess að leggja uppbyggða vegi á a.m.k. tveimur stöðum þar sem hægt yrði að komast á jökul sem mest allt árið um kring. Þetta er annars vegar vegtenging frá Kárahnjúkavegi um Snæfellsleið að Brúarjökli og hins vegar frá Hrauneyjum í Jökulheima. Síðari vegtenging er skilgreind sem þjóðvegur en aðeins hluti af fyrri vegtengingu, þ.e. að Snæfellskála. Telur nefndin því rétt að öll vegleiðin að Brúarjökli verði skilgreind sem þjóðvegur og að báðir þessir vegkaflar verði settir á vegaáætlun.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið sagt leggur nefndin til að samgöngubætur innan Vatnajökulsþjóðgarðs verði unnar með hliðsjón af fyrirliggjandi fjármagni í eftirfarandi forgangsröð:

1. Vegur inn í Öskju úr Mývatnssveit og vegir í Lakagíga.
2. Vegir í Jökulheima og Kverkfjöll.
3. Vegur á Skálafellsjökul og Snæfellsleið.
4. Vegir í Nýjadal/Jökuldal og Öskju.
5. Vegur frá Kárahnjúkavegi að Öskju.

### *9.2 Gönguleiðir*

Stærð og margbreytileiki landslags í Vatnajökulsþjóðgarði býður upp á skipulagningu og uppbyggingu á víðtæku og fjölbreyttu kerfi göngustíga með miserfiðum styttri og lengri gönguleiðum. Nú eru merktar gönguleiðir í þjóðgörðunum tveimur, á þeim friðlýstu svæðum sem verða innan þjóðgarðsins og í nágrenni við skála ferðafélaganna á svæðinu. Sunnan Vatnajökuls í Sveitarfélaginu Hornafirði hefur verið unnin skýrsla yfir allar aðkomuleiðir að jöklinum og gönguleiðir í nágrenni hans.

Við gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn og rekstrarsvæði hans þarf að fara ítarlega yfir það hvaða gönguleiðir eru innan þjóðgarðsins og móta stefnu um uppbyggingu og lagfæringu þeirra. Leggja þarf áherslu á Vatnajökulsþjóðgarð sem göngusvæði sem bjóði upp á fjölbreytilegar gönguleiðir fyrir alla aldursflokka, fatlaða og þá sem sækjast eftir erfiðari gönguferðum. Leggja þarf áherslu á að byggja upp gönguleiðir þvert yfir

land frá strönd til strandar, leiðir umhverfis jökulinn, upp á hann og yfir og leiðir úr byggð að jöklinum. Þá er ekki síður mikilvægt að gönguleiðir í nágrenni skála verði skipulagðar og gönguleiðir að helstu og mikilvægustu náttúrufyrirbærum svæðisins. Ljóst er að gera þarf göngubrýr yfir nokkur erfið vatnsföll á svæðinu til þess að tengja einstök svæði þjóðgarðsins og mismunandi gönguleiðir saman. Í viðauka D eru ýmsar hugmyndir um staðsetningu göngubrúa í þjóðarðinum sem fram komu í nefndinni.

## 10.0 Fjármögnun Vatnajökulsþjóðgarðs

Ljóst er að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs mun kalla á umtalsvert fjármagn og hefur nefndin fjallað nokkuð um það með hvaða hætti fjármögnun þjóðgarðsins gæti orðið. Eins og fram kemur í kafla 8.0 er áætlaður kostnaður við uppbyggingu Vatnajökulsþjóðgarðs um 1.150 milljónir króna og leggur nefndin til að framkvæmdum við uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins verði skipt niður á fimm ár skv. nánari tilhögun eins og gerð er grein fyrir í kafla 7.0. Rekstrarkostnaður þjóðgarðsins mun vaxa jafnt og þétt með uppbyggingu þjóðgarðsins og er áætlað að árlegur rekstrarkostnaður hans geti numið allt að 325 milljónum króna í lok uppbyggingartímans. Þessi kostnaður er nauðsynlegur til að tryggja verndun og viðhald svæðisins og eðlilega þjónustu við gesti þjóðgarðsins.

Uppbygging og rekstur núverandi þjóðgarða hefur verið fjármagnaður fyrst og fremst með fjárframlögum úr ríkissjóði á fjárlögum. Tillögur um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs gera ráð fyrir nokkru öðru fyrirkomulagi við stjórn og uppbyggingu þjóðgarðsins en tíðkast hefur hér á landi fram að þessu. Þá má einnig gera ráð fyrir að sérstaða og stærð þjóðgarðsins muni vekja mikinn áhuga erlendis vegna sérstöðu svæðisins á heimsvísu. Af þeim sökum telur ráðgjafarnefndin rétt að reynt verði að tryggja fjármögnun uppbyggingar og rekstrar þjóðgarðsins með nokkuð fjölbreyttari hætti en tíðkast hefur. Þannig telur nefndin rétt að gera ráð fyrir að heildarfjármögnun uppbyggingar og rekstrar verði í meginatriðum tryggð með fernum hætti:

1. Með framlögum á fjárlögum
2. Með framlögum frá þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að þjóðgarðinum
3. Með aðgangsgjöldum gesta
4. Með styrkjum eða fjárframlögum frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum

Nefndin telur þó óhjákvæmilegt að stærstur hluti fjármögnunar þjóðgarðsins verði tryggður með framlögum á fjárlögum. Mikilvægt sé því við ákvörðun um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs að stjórnvöld gefi fyrirheit um fjárhagslegan stuðning sem tryggi uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins fyrstu 5 árin ásamt nauðsynlegum rekstrarkostnaði þjóðgarðsins til frambúðar.

Stuðningur fyrirtækja og félagasamtaka við þjóðgarðinn mun væntanlega geta orðið töluverður og nýtast að nokkru leyti við uppbyggingu þjóðgarðsins. Fyrir liggur að ALCOA og Landsvirkjun hafa lýst áhuga á að styrkja starfsemi þjóðgarðsins með umtalsverðum árlegum framlögum allt að 5-7 fyrstu árin í starfsemi þjóðgarðsins. Er nánar fjallað um þennan stuðning og með hvaða hætti hann gæti borið að í kafla 11.0.

Nefndin telur ekki að sveitarfélögin, sem í hlut eiga, hafi fjárhagslega burði til að leggja mikið af mörkum til stofnunar þjóðgarðsins en í ljósi þess að lagt er til að fulltrúar tilnefndir af sveitarfélögunum komi að stjórn og rekstri þjóðgarðsins sé ekki óeðlilegt að sveitarfélögin leggi eitthvað af mörkum til uppbyggingar og rekstrar þjóðgarðsins. Í stað beinna fjárframlaga gæti vinnuframlag af ýmsu tagi frá hendi sveitarfélaganna, svo sem við stígagerð, merkingar og upplýsingagjöf innan þjóðgarðsins, gagnast þjóðgarðinum vel og komið í stað beinna fjárframlaga.

Nefndin telur að innheimta aðgangsgjalda, þegar uppbygging þjónustunets þjóðgarðsins er komin vel á veg, jafnvel strax á þriðja ári frá stofnun þjóðgarðsins, geti aflað tekna fyrir umtalsverðum hluta af rekstrarkostnaði þjóðgarðsins en ætla má að aðsókn að Vatnajökulsþjóðgarði muni strax í upphafi skipta hundruðum þúsunda gesta á ári. Rögnvaldur Guðmundsson hjá Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar hefur reynt að meta líklegan fjölda gesta í Vatnajökulsþjóðgarð árið 2012 verði þjóðgarðurinn að veruleika. Samkvæmt mati hans má ætla að gestir þjóðgarðsins gætu verið á bilinu 300 til 350 þúsund á ári, þar af um 70% erlendir ferðamenn.

Til samanburðar þeim útgjöldum, sem stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs mun hafa í för með sér, má líta á þann fjárhagslega ávinning sem ætla má að ferðaþjónustan muni njóta verði af stofnun þjóðgarðsins. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar telja að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs muni auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar um 3-4 milljarða króna á ári við lok uppbyggingartímabilsins og að verulegur hluti þeirra muni koma fram sem tekjur hjá ferðaþjónustuaðilum á svæði þjóðgarðsins.

## 11.0 Mögulegur stuðningur einkaaðila og stofnun stuðningsfélags fyrir Vatnajökulsþjóðgarð

Þær hugmyndir, sem fyrir liggja um Vatnajökulsþjóðgarð, eru að mati nefndarinnar þannig að stofnun þjóðgarðsins, ef af verður, er tvímælalaust langstærsta verkefni í náttúruvernd sem íslensk stjórnvöld hafa ráðist í hingað til. Vatnajökulsþjóðgarður yrði stærsti þjóðgarður í Evrópu sem verndar einkar sérstæða landmótun og sýnir víða einstakt samspil elds og íss. Hafa erlendir sérfræðingar bent á að slíkur þjóðgarður hefði allar forsendur til að komast inn á Heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna (World Heritage List) sæktust íslensk stjórnvöld eftir því. Því má ætla að Vatnajökulsþjóðgarður muni strax vekja mikla athygli erlendis og alþjóðleg

umhverfisverndarsamtök hafa þegar lýst yfir miklum áhuga og stuðningi við stofnun þjóðgarðsins.

Það hefur aukist á undanförnum árum að einkafyrirtæki eða sérstakir umhverfissjóðir á þeirra vegum styrki verkefni í umhverfisvernd og er Vatnajökulsþjóðgarður vissulega verkefni af þeirri gerð sem mögulegt væri að fá bæði innlend og erlend fyrirtæki og félagasamtök til þess að styðja.

Nefndin átti fund með fulltrúum ALCOA og Landsvirkjunar en þessir aðilar hafa lýst yfir vilja til að leggja fram umtalsverðan stuðning til Vatnajökulsþjóðgarðs ákveði íslensk stjórnvöld að stofna þjóðgarðinn. Kom fram í þeim viðræðum að fyrirtækin væru reiðubúin að leggja fram verulegan stuðning við þjóðgarðinn á fyrstu starfsárum hans. Nefndin telur að slíkur stuðningur geti komið þjóðgarðinum vel og flýtt fyrir uppbyggingu hans. Í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur almennt í stuðningi einkageirans við verkefni af þessu tagi, vaknar eðlilega sú spurning hvort ekki séu fleiri fyrirtæki eða félagasamtök sem hefðu hug á að styðja þjóðgarðinn. Því kæmi til álita að hagsmunaaðilar þjóðgarðsins og stuðningsaðilar hans mynduðu samtök, eins konar samtök velunnara þjóðgarðsins sem ynnu að framgangi hans og tækju við fjárhagsstuðningi frá fyrirtækjum og öðrum stuðningsaðilum enda verði vel að því staðið. Slík samtök myndu í samráði við yfirstjórn þjóðgarðsins ákveða hvernig því fjármagni, sem samtökin öfluðu, yrði ráðstafað til eflingar þjóðgarðinum. Ekki er vafamál að mikill áhugi er víða fyrir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs þannig að auðvelt ætti að vera að stofna hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs sem hefðu það meginverkefni að styðja framgang þjóðgarðsins. Það er tillaga nefndarinnar að um leið og stjórnvöld taka ákvörðun um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs beiti þau sér fyrir stofnun hollvinasamtaka þjóðgarðsins sem taki við framlögum frá þeim aðilum, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum sem vilja leggja þjóðgarðinum lið.

## Fylgiskjal II.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð.

Frumvarpi þessu er ætlað að leggja grunn að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Garðurinn verður stærsti þjóðgarður á Íslandi og jafnframt sá stærsti í Evrópu og munu núverandi þjóðgarðar í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum m.a. verða innan hans. Gert er ráð fyrir að Vatnajökulsþjóðgarður verði ríkisstofnun með sérstakra stjórn sem m.a. sinni stefnumótun og annarri almennri yfirstjórn, þar á meðal gerð fjárhagsáætlunar, en að öðru leyti verði garðinum skipt í fjögur rekstrarsvæði sem rekin skulu sem sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarða sem stjórnin ræður. Umhverfisráðuneytið hefur lagt fram kostnaðaráætlun þar sem gert er ráð fyrir að uppbygging þjóðgarðsins fari fram jafnt og þétt á næstu árum og ljúki

árið 2012. Áætlað er að stofnkostnaður verði 1.150 m.kr. Þar af eru 740 m.kr. vegna bygginga á fjórum nýjum gestastofum ásamt endurbótum á gestastofunni í Skaftafelli, 121 m.kr. vegna byggingar á ellefu starfsstöðvum landvarða og 289 m.kr. vegna ýmiss annars kostnaðar, svo sem gerðar göngustíga, verndaráætlana, deiliskipulags, hönnunar, sýninga o.fl. Áætlað er að kostnaður við rekstur og viðhald þjóðgarðsins verði 325 m.kr. á ársgrundvelli eftir að hann verður að fullu uppbyggður. Er það 235 m.kr. hækkun kostnaðar frá því sem rekstur þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum og annarra friðlýstra svæða, sem innan Vatnajökulsþjóðgarðs lenda, kostar núna. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að tekjur fyrir aðgang að garðinum hækki um 30 m.kr. frá því sem þær eru í dag og verði 75 m.kr. á ári. Samkvæmt því mundi framlag ríkissjóðs þurfa að hækka um 205 m.kr., eða úr 45 m.kr. í 250 m.kr. á ári, til að endar næðu saman.

Fjármálaráðuneytið gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við framangreindar kostnaðartölur en áréttar að uppbygging og rekstrarumfang Vatnajökulsþjóðgarðs mun að sjálfsögðu ráðast af fjárveitingum fjárlaga hverju sinni.

## 440. Fyrirspurn [396. mál]

til dómsmálaráðherra um erlenda ríkisborgara án lögheimilis.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hversu margir erlendir ríkisborgarar hérlendis voru án lögheimilis 1. desember árin 2003–2005 og hversu margir 1. nóvember sl.?
2. Hvernig skiptast þeir niður á ríkisföng?

**Skriflegt svar óskast.**

## 441. Frumvarp til laga [397. mál]

um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Í stað 1. og 2. málsl. 12. gr. laganna kemur einn málsliður sem orðast svo: Þegar fjarskiptafyrirtæki eða póstrekandi fer ekki að ákvæðum laga, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar eða veitir ekki þær upplýsingar sem honum er skylt að afhenda stofnuninni er henni heimilt að leggja á og innheimta dagsektir sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað „0,20%“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 0,30%.

b. 12. mgr. orðast svo:

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið að veita samkvæmt lögum þessum, lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Heimilt er að taka gjald, sem miðast við kostnað, fyrir eftirfarandi þætti: skráningu fyrirtækja, útgáfu leyfisbréfa og skírteina, mælingar, innsiglanir og skoðun fjarskiptabúnaðar. Auk þess er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að taka gjald fyrir aðra þjónustu sem aðilar óska eftir. Við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu, auk ferða og uppihalds sem af því leiðir.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 14. gr. a og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Gjald fyrir tíðninotkun.*

Þeir aðilar sem fengið hafa heimild til að nota tíðnir til þráðlausra fjarskipta skulu greiða árlegt gjald til Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt því sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | *Radíóstöðvar með skipa- og flugtíðnum.* | |
| | a. Með milli- og stuttbylgju (MF/HF) | 6.400 kr. |
| | b. Án milli- og stuttbylgju (aðeins VHF) | 4.100 kr. |
| 2. | *Farstöðvarásir.* | |
| | a. Fyrir hver 25 kHz á gjaldsvæði 1 | 63.000 kr. |
| | b. Fyrir hver 25 kHz á gjaldsvæði 2 eða 3 | 12.600 kr. |
| | c. Fyrir samnýttar rásir greiðist 25% af gjaldi skv. a- og b-lið eftir því sem við á. | |
| | d. Aðilar að landssamtökum björgunarsveita greiða 25% af gjaldi skv. a- og b-lið. | |
| 3. | *Jarðstöðvar.* | |
| | a. Jarðstöðvar með sendiafl minna en 50 dBW | 25.100 kr. |
| | b. Jarðstöðvar fyrir almenn fjarskiptanet | 25.100 kr. |
| 4. | *Fastasambönd.* | |
| | a. Grunngjald fyrir hvert fastasamband | 10.000 kr. |
| | b. Að auki fyrir hvert MHz | 830 kr. |
| 5. | *Almenn farsímanet (t.d. NMT, GSM, 3G).* Fyrir hvert MHz | 256.500 kr. |
| 6. | *TETRA neyðar- og öryggisnet.* Fyrir hvert MHz | 64.100 kr. |
| 7. | *Þráðlaus aðgangsnet.* | |
| | a. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 1 | 33.800 kr. |
| | b. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 2 | 22.500 kr. |
| | c. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 3 | 2.300 kr. |
| 8. | *Fyrir hverja rás í sjónvarpssendi.* | |
| | a. Gjaldsvæði 2, sendiafl 1 kW og meira | 119.000 kr. |
| | b. Gjaldsvæði 2, sendiafl 100–999 W | 89.000 kr. |
| | c. Gjaldsvæði 2, sendiafl minna en 100 W | 59.300 kr. |
| | d. Gjaldsvæði 3, sendiafl 1 kW og meira | 29.700 kr. |
| | e. Gjaldsvæði 3, sendiafl 100–999 W | 22.200 kr. |
| | f. Gjaldsvæði 3, sendiafl minna en 100 W | 14.800 kr. |

Ef sama rás er notuð í fleiri en einum sendi á sama gjaldsvæði ræður samanlagt sendiafl. Ekki skal taka gjald fyrir starfrækslu sjónvarpssenda með afl minna en 2W sem þjóna svæðum með færri en 100 íbúa.

9. *Fyrir hverja rás í hljóðvarpssendi.*

| | | |
|---|---|---|
| a. | Gjaldsvæði 2, sendiafl 1 kW og meira | 29.600 kr. |
| b. | Gjaldsvæði 2, sendiafl 100–999 W | 22.200 kr. |
| c. | Gjaldsvæði 2, sendiafl minna en 100 W | 14.800 kr. |
| d. | Gjaldsvæði 3, sendiafl 1 kW og meira | 7.400 kr. |
| e. | Gjaldsvæði 3, sendiafl 100–999 W | 5.600 kr. |
| f. | Gjaldsvæði 3, sendiafl minna en 100 W | 3.700 kr. |

Ef sama rás er notuð í fleiri en einum sendi á sama gjaldsvæði ræður samanlagt sendiafl. Ekki skal taka gjald fyrir starfrækslu hljóðvarpssenda með afl minna en 2W sem þjóna svæðum með færri en 100 íbúa.

Gjaldsvæði sem tilgreind eru í 1. mgr. skulu afmörkuð sem hér segir:

a. Gjaldsvæði 1: Allt landið.
b. Gjaldsvæði 2: Suðvesturland frá Suðurnesjum til Akraness.
c. Gjaldsvæði 3: Einstök svæði utan gjaldsvæðis 2.

Gjalddagi gjalda samkvæmt þessari grein er 1. mars ár hvert fyrir notkun tíðna á því sama ári. Handhafi heimildar til tíðninotkunar á gjalddaga er ábyrgur fyrir greiðslunni.

Miða skal greiðslu árlegra tíðnigjalda við þann dag þegar heimild til tíðninotkunar tekur gildi, óháð því hvenær viðkomandi tíðni er tekin í notkun.

Ef heimild til tíðninotkunar er gefin út eftir 1. mars ber að greiða árlegt tíðnigjald við útgáfu heimildarinnar og skal þá greiða í hlutfalli við það sem eftir er af árinu og telst útgáfumánuður heimildarinnar með sem heill mánuður.

Fyrir heimild sem gildir skemur en sex mánuði skal taka hálft árlegt gjald og fyrir heimild til að nota tíðnir til tilrauna greiðast 50.000 kr. Gjöld samkvæmt þessari málsgrein greiðast við útgáfu heimildar.

Allar tekjur samkvæmt þessari grein skulu renna óskiptar til Póst- og fjarskiptastofnunar sem annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun.

Frumvarpið miðar að því að breyta tekjugrunni Póst- og fjarskiptastofnunar en lagðar eru til breytingar á tekjustofnum stofnunarinnar þannig að starfrækslugjöld sem kveðið hefur verið á um í gjaldskrá eru sett inn í lögin sem gjald fyrir tíðninotkun. Þessi breyting miðar að því að einfalda gjaldstofna stofnunarinnar og ýta undir hagnýta notkun tíðna.

Þá eru lagðar til breytingar á dagsektarákvæði laganna en þar er verið að leggja til breytingar til samræmis við breytingar sem lagar eru til að gerðar verði á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, í frumvarpi sem lagt er fram á þessu löggjafarþingi. Með þessum breytingum er aðallega verið að samræma ákvæði laganna er fjalla um dagsektir og ákvæði laga um fjarskipti um sama efni.

*Breyting á tekjustofnum Póst- og fjarskiptastofnunar.*

Í 14. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, er kveðið á um núgildandi tekjustofna stofnunarinnar. Tekjustofnar hennar eru þrír, rekstrargjald, númeragjald og gjaldskrá.

Samanlagðar tekjur stofnunarinnar á árinu 2005 samkvæmt ársreikningi miðað við núgildandi lög námu 220,7 millj. kr. sem sundurliðast þannig:

| | |
|---|---|
| Rekstrargjald | 71,7 millj. kr. |
| Númeragjald | 32,3 millj. kr. |
| Tekjur samkvæmt gjaldskrá | 116,7 millj. kr. |

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar nam á sama tíma 219,4 millj. kr. Í þessum tölum er ekki tekið tillit til jöfnunargjalds sem stofnuninni er falin umsýsla með enda hefur það hvorki áhrif á tekjur né gjöld.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á gjöldum sem stofnunin hefur innheimt samkvæmt gjaldskrá. Þannig er lagt til að gjöld sem ákveðin hafa verið í gjaldskránni og staðið hafa undir kostnaði við umsýslu stofnunarinnar vegna starfrækslu gjaldenda á þráðlausum fjarskiptabúnaði verði felld brott úr gjaldskránni. Í staðinn verði sett inn í lögin lögbundið gjald fyrir notkun tíðna sem tiltekið verði sérstaklega í lögunum.

Skipulagning tíðninotkunar og almennt eftirlit með sendibúnaði af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar er nauðsynlegt til þess að hægt sé að starfrækja þráðlaus fjarskipti. Þessi þáttur í starfsemi stofnunarinnar miðar að því að tryggja öryggi þráðlausra fjarskipta og koma í veg fyrir truflanir. Þetta er þjónusta við þá sem nota ljósvakann til fjarskipta og því eðlilegt að þeir beri kostnað af þeirri umsýslu sem starfsemin kallar á. Það er hins vegar nokkrum vandkvæðum háð að sérgreina kostnað við þjónustu við einstaka gjaldendur. Því þykir eðlilegt í takt við þau viðhorf sem ríkja í dag varðandi gjaldtöku hins opinbera að gjöld þessi verði ákveðin með lögum.

Tillaga að gjöldum fyrir tíðninotkun byggist á vandaðri greiningu sem gerð var á kostnaði við umsýslu Póst- og fjarskiptastofnunar vegna þráðlausra fjarskipta og felur í sér lækkun á heildargjaldtöku sem nemur rúmlega 18% miðað við núverandi aðstæður.

Í tillögunni er gjöldum skipt niður á níu töluliði eftir eðli þeirrar fjarskipta sem um er að ræða. Gert er ráð fyrir að tekjur af hverjum tölulið standi undir umsýslukostnaði sem honum tengist. Við skiptingu kostnaðar á einstaka liði er tekið tillit til ýmissa þátta sem hafa bein áhrif á vinnuframlag og kostnað við umsjón stofnunarinnar með þráðlausum fjarskiptum, t.d. skipulag á notkun tíðnirófsins, vinnu við skipulag og undirbúning tíðniúthlutana, gagnabanka fyrir tíðniheimildir og viðbrögð við radíótruflunum. Þessir þættir eru t.d. stærð tíðnisviðsins og þéttleiki notkunar á viðkomandi tíðnisviði sem er að öðru jöfnu í réttu hlutfalli við fjölda notenda á viðkomandi svæði. Stærð þess svæðis sem tíðniheimildin nær til hefur einnig áhrif þar sem tíðniheimild fyrir allt landið felur í sér meiri umsjónarkostnað en svæðisbundin heimild. Þegar um samnýttar rásir er að ræða er áætluðu vinnuframlagi og kostnaði við umsjón stofnunarinnar deilt niður á þá sem samnýta rásirnar. Fyrrgreindir þættir hafa mismunandi áhrif á einstaka liði og er tekið tillit til þess.

Þá eru lagðar til breytingar á núgildandi ákvæði laganna er heimila samgönguráðherra að setja stofnuninni gjaldskrá. Heimild hefur verið í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun frá upphafi til þess að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá sem samgönguráðherra setur. Í samræmi við þá tillögu að kveða á um lögbundið tíðnigjald er nauðsynlegt að breyta gjaldskrárákvæði laganna til samræmis við það. Þá eru einnig lagðar til breytingar á ákvæðinu í þátt átt að skýra nánar hvaða þjónusta það er sem taka má gjald fyrir og hvaða þætti ber að leggja til grundvallar þegar reiknaður er kostnaður við einstaka þjónustuþætti.

Þessar breytingar á gjaldskrá sem hér eru lagðar til munu leiða til um 13 millj. kr. tekjulækkunar fyrir stofnunina. Þá komst úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum 29. mars sl. í máli nr. 3/2006 að rekstrargjald skyldi ekki lengur lagt

á innri veltu vegna sölu á fjarskiptaþjónustu milli deilda innan sama fyrirtækis auk virðisaukandi þjónustu. Þessi breyting á framkvæmd sem verið hefur á álagningu rekstrargjalds um árabil hefur í för með sér tekjuskerðingu fyrir Póst- og fjarskiptastofnun sem nemur u.þ.b. 14 millj. kr. á ári. Þessi niðurstaða hefur þær afleiðingar að gjaldstofn rekstrargjalds verður lægri en stofnunin hefur gert ráð fyrir í áætlunum sínum undanfarin ár. Í þessu frumvarpi er því lagt til að rekstrargjald sem fjarskiptafyrirtækjum ber að greiða hækki úr 0,2% í 0,3%. Þessi hækkun á rekstrargjaldinu mun leiða til 25 millj. kr. tekjuhækkunar fyrir stofnunina á ári sem mun að mestu leyti dekka það tekjutap sem stofnunin verður fyrir að öðru leyti með þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til og með fyrrgreindum úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Með þessum breytingum á gjaldstofnum er þannig ekki gert ráð fyrir því að heildartekjur stofnunarinnar hækki heldur að þær standi í stað.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með þessu ákvæði eru lagðar til breytingar á 12. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, til samræmis við þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, sbr. frumvarp sem lagt er fram á þessu löggjafarþingi. Breytingin felur í sér að dagsektarheimildir verða felldar úr fjarskiptalögum þannig að einungis verður um eina dagsektarheimild að ræða í 12. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Því er nauðsynlegt að gera breytingu á orðalagi þess ákvæðis. Ekki er verið að þrengja dagsektarheimildir Póst- og fjarskiptastofnunar frá því sem nú er. Þá ber að túlka hugtakið ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar rúmt þannig að það taki ekki eingöngu til stjórnvaldsákvarðana heldur einnig til kvaða sem stofnunin kann að leggja á samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum og póstþjónustu, svo og formlegar ákvarðanir hennar um málsmeðferð.

Um 2. gr.

Lagt er til árlegt rekstrargjald sem fjarskiptafyrirtæki skulu greiða til Póst- og fjarskiptastofnunar hækki úr 0,2% af bókfærðri veltu í 0,3%. Þetta mun skila stofnuninni auknum tekjum sem nemur um 25 millj. kr. á ári.

Heimild hefur verið í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun frá upphafi til þess að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá sem samgönguráðherra setur. Hér eru lagðar til breytingar á gjöldum sem kveða má á um í gjaldskrá. Gjöld sem ákveðin eru í gjaldskrá hafa m.a. staðið straum af kostnaði við umsýslu stofnunarinnar vegna starfrækslu gjaldenda á þráðlausum fjarskiptabúnaði. Lagt er til að heimild til að taka þjónustugjöld fyrir umsýslu með þráðlausum fjarskiptum verði nú felld brott enda er gert ráð fyrir að sú starfsemi verði framvegis fjármögnuð með lögbundnu gjaldi. Þá er kveðið á um hvaða kostnað leggja má til grundvallar þegar reiknaður er kostnaður við einstaka þjónustuþætti.

Um 3. gr.

Lagt er til að í stað þess að innheimta starfrækslugjöld af búnaði fyrir þráðlaus fjarskipti í gjaldskrá, eins og núgildandi ákvæði gera ráð fyrir, verði tekið upp lögbundið gjald fyrir notkun tíðna.

Í 1. mgr. er gjöldum skipt niður á níu töluliði eftir eðli þeirra fjarskipta sem um er að ræða:

1. *Radíóstöðvar með skipa- og flugtíðnum.*

Radíóstöð felur í sér allan fjarskiptabúnað um borð í skipum eða flugvélum. Sérhvert skip eða flugvél hefur þannig eina radíóstöð sem getur samanstaðið af fjölda fjarskiptatækja sem

vinna á hinum ýmsu tíðnisviðum. Skip og flugvélar nota alþjóðlegar tíðnir og er notkun þeirra háð heimild stjórnvalda. Öll notkun þessara tíðna lýtur mjög ströngum alþjóðlegum reglum og ber Póst- og fjarskiptastofnun að sjá til þess að þeim sé fylgt. Fjarskipti á þessum tíðnum eru fyrst og fremst neyðar- og öryggisfjarskipti sem fela m.a. í sér að öllum tilkynningum til Póst- og fjarskiptastofnunar um truflanir á þessum tíðnum verður að sinna með algerum forgangi. Gerður er greinarmunur á tíðnigjaldi eftir því hvort radíóstöðin er með millibylgju- eða stuttbylgjusendingar (MF/HF) eða eingöngu metrabylgjusendingar (VHF). Það er rökstutt með því að fjarskipti á MF/HF eru í eðli sínu alþjóðleg, en fjarskipti á VHF eru nánast eingöngu bundin við fjarskipti innan íslenskrar lögsögu. Þessi töluliður nær einnig til senda í landi með flug- og skipatíðnum.

2. *Farstöðvarásir.*

Farstöðvarásir eru notaðar fyrir lokuð fjarskiptanet fyrir tilgreindan hóp. Þær má nota bæði fyrir tal og gagnaflutning. Lagt er til að tekið verði gjald fyrir hverja 25 kHz rás. Ef tíðniheimildin er bundin við takmarkað svæði sem unnt er að þjóna með einni móðurstöð greiðist einn fimmti af gjaldi því sem greiða þarf fyrir notkun á öllu landinu, enda er gengið út frá því að unnt sé að endurúthluta viðkomandi rás allt að fimm sinnum á öðrum svæðum. Gjaldið miðast við að rásin sé aðeins notuð af einum aðila. Ef fleiri en einn aðili samnýta rás, t.d. með notkun tónsendis og sítónsloka, greiðist einn fjórði af gjaldi því sem greitt er fyrir einkarás, enda gengið út frá því að unnt sé að endurúthluta viðkomandi rás til allt að fjögurra aðila.

3. *Jarðstöðvar.*

Við fjarskipti um gervihnetti eru notaðar alþjóðlegar tíðnir. Öll notkun þessara tíðna lýtur alþjóðlegum reglum og ber Póst- og fjarskiptastofnun að sjá til þess að þeim sé fylgt.

4. *Fastasambönd.*

Umsýsla Póst- og fjarskiptastofnunar með tíðnum fyrir fastasambönd er að öðru jöfnu í hlutfalli við stærð tíðnisviðsins. Því er eðlilegt að gjaldtakan sé fyrir hvert MHz. Hins vegar krefst sérhvert fastasamband, óháð stærð tíðnisviðsins, vissrar lágmarksumsýslu Póst- og fjarskiptastofnunar. Þess vegna er gert ráð fyrir grunngjaldi fyrir sérhvert fastasamband óháð stærð tíðnisviðsins auk tiltekins gjalds á hvert MHz.

5. *Almenn farsímanet (t.d. NMT, GSM, 3G).*

Umsýsla Póst- og fjarskiptastofnunar með tíðnum fyrir almenn farsímanet er að öðru jöfnu í hlutfalli við stærð tíðnisviðsins. Því er eðlilegt að gjaldtakan sé fyrir hvert MHz. Gjaldið er miðað við að tíðniheimildin nái til alls landsins.

6. *TETRA neyðar- og öryggisnet.*

Umsýsla Póst- og fjarskiptastofnunar með tíðnum fyrir TETRA-kerfið er að öðru jöfnu í hlutfalli við stærð tíðnisviðsins. Því er eðlilegt að gjaldtakan sé fyrir hvert MHz. Gjaldið er miðað við að tíðniheimildin nái til alls landsins.

7. *Þráðlaus aðgangsnet.*

Umsýsla Póst- og fjarskiptastofnunar með tíðnum fyrir þráðlaus aðgangsnet er að öðru jöfnu í hlutfalli við stærð tíðnisviðsins. Því er eðlilegt að gjaldtakan sé fyrir hvert MHz. Einnig verður að gera ráð fyrir að umsýsla stofnunarinnar sé að öðru jöfnu í réttu hlutfalli við þéttleika þráðlausra fjarskipta á viðkomandi stað, t.d. fjölda notenda á tilteknu tíðnisviði á svæðinu. Gerður er greinarmunur á þremur gjaldsvæðum eftir því til hvaða svæða tíðniheimildin nær til en gjaldasvæðin eru nánar skilgreind í 2. mgr. Gjöld samkvæmt þessum tölulið eru óháð þeirri þjónustu sem veitt er yfir aðgangsnetið.

8. *Sjónvarp (gjald fyrir hverja rás í sendi).*

Gjöldin eru miðuð við staðlaða stærð tíðnisviðs fyrir sjónvarpsrásir, þ.e. 8 MHz. Gjöldin eiga þó einnig við um sjónvarpsrásir á metrabylgju (VHF), enda þótt stærð tíðnisviðsins sé þar 7 MHz. Töluliðurinn getur einnig átt við önnur tíðnisvið sem notuð eru til sjónvarpsútsendinga, svo sem MMDS tíðnisviðið (fjölvarp).

Umsýsla Póst- og fjarskiptastofnunar er að öðru jöfnu í réttu hlutfalli við fjölda notenda á því svæði sem tíðniheimildin nær til. Tíðniheimildir í þessum flokki eru staðbundnar og falla ýmist undir gjaldsvæði 2 eða 3, sbr. hér að framan. Einnig má ætla að umsýsla stofnunarinnar sé að öðru jöfnu í réttu hlutfalli við sendistyrk sjónvarpssenda. Gerður er greinarmunur á þremur flokkum eftir sendistyrk:

a. Sendiafl 1 kW eða meira.
b. Sendiafl 100–999 W.
c. Sendiafl undir 100 W.

Tíðnigjald samkvæmt þessum tölulið fellur niður fyrir sjónvarpssenda með sendiafl minna en 2W sem þjóna svæði með færri en 100 íbúum.

9. *Hljóðvarp (gjald fyrir hverja rás í sendi).*

Gjöldin eru miðuð við staðlaða stærð tíðnisviðs fyrir hljóðvarpsrásir, þ.e. 300 kHz. Umsýsla Póst- og fjarskiptastofnunar er að öðru jöfnu í réttu hlutfalli við fjölda notenda á því svæði sem tíðniheimildin nær til. Gerður er greinarmunur á gjaldsvæðum eftir því til hvaða svæða tíðniheimildin nær til líkt og í 8. tölul. Einnig má ætla að umsýsla stofnunarinnar sé að öðru jöfnu í réttu hlutfalli við sendistyrk hljóðvarpssenda. Því er gerður greinarmunur á þremur flokkum eftir sendistyrk.

a. Sendiafl 1 kW eða meira.
b. Sendiafl 100–999 W.
c. Sendiafl undir 100 W.

Í 2 mgr. eru skilgreind þau gjaldsvæði sem gjaldtakan í 1. mgr. miðast við. Gjaldsvæðin eru þrjú:

a. Gjaldsvæði 1: Allt landið.
b. Gjaldsvæði 2: Suðvesturland frá Suðurnesjum til Akraness.
c. Gjaldsvæði 3: Einstök svæði utan gjaldsvæðis 2.

Í 3.–5. mgr. eru almenn ákvæði um gjalddaga og upphaf greiðsluskyldu.

Í 6. mgr. er fjallað um skammtímaleyfi. Til einföldunar er lagt til að fyrir öll skammtímaleyfi til sex mánaða eða skemur sé tekið hálft árgjald. Að auki er fjallað um tilraunaleyfi í ákvæðinu. Það er nokkuð um að fyrirtæki sæki um tíðniheimild til skamms tíma til þess að gera tilraunir með nýja fjarskiptatækni. Slík leyfi hafa oftast gildistíma á bilinu 6–12 mánuðir og er ekki heimilað að fyrirtæki hafi tekjur af viðkomandi starfsemi á tilraunatímabilinu. Í núgildandi gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar er gjald fyrir slíkt leyfi 30.000 kr. Mat á kostnaði hefur hins vegar leitt í ljós að meðalkostnaður við útgáfu slíks leyfis og eftirlit með nýtingu þess sé u.þ.b. 50.000 kr. og er því lagt til að ákveðið verði að innheimta þá fjárhæð við útgáfu tilraunaleyfa.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.**

Frumvarpið miðar að því að breyta tekjugrunni Póst- og fjarskiptastofnunar. Helstu breytingar eru annars vegar að starfrækslugjöld sem kveðið hefur verið á um í gjaldskrá eru sett inn í lögin sem árlegt gjald fyrir tíðninotkun, auk þess sem lagðar eru til breytingar á gjaldskrárákvæðum laganna, og hins vegar að rekstrargjald sem fjarskiptafyrirtækjum ber að greiða hækkar úr 0,2% af bókfærðri veltu í 0,3%. Áætlað er að breytingar á gjaldskrá og upptaka á gjaldi fyrir tíðninotkun leiði til 13 m.kr. tekjulækkunar hjá stofnuninni en á móti kemur að ætlað er að hækkun rekstrargjalds skili stofnuninni 25 m.kr. tekjuauka.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má því ætla að ríkistekjur sem renna til Póst- og fjarskiptastofnunar hækki um 12 m.kr. á ársgrundvelli. Á móti kemur að samkvæmt nýlegri niðurstöðu úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála skal rekstrargjald ekki lagt á innri veltu vegna sölu á fjarskiptaþjónustu milli deilda innan sama fyrirtækis. Sú breyting á framkvæmd frá því sem verið hefur um árabil er talin leiða til 14 m.kr. tekjuskerðingar hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Í heildina tekið er því gert ráð fyrir að með þeim breytingum á gjaldstofnum sem lagðar eru til í frumvarpinu verði ríkistekjur stofnunarinnar sem næst óbreyttar frá því sem verið hefur.

## 442. Fyrirspurn [398. mál]

til heilbrigðisráðherra um íslenskukunnáttu starfsmanna á öldrunarstofnunum.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað eru margir starfsmenn öldrunarstofnana á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar sem
   a. skilja ekki íslensku,
   b. geta ekki tjáð sig á íslensku?
2. Hvaða kröfur eru gerðar um íslenskukunnáttu starfsfólks í umönnunarstörfum?
3. Telur ráðherra að öryggi aldraðra og sjúkra sé tryggt á stofnunum þar sem starfsfólk í umönnunarstörfum hvorki skilur né talar íslensku?
4. Hefur komið til álita að skylda vinnuveitendur til að kosta íslenskunámskeið fyrir þá starfsmenn sem þess þurfa?

## 443. Fyrirspurn [399. mál]

til sjávarútvegsráðherra um dragnótaveiðar.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvaða sjónarmið eru lögð til grundvallar banni og/eða takmörkunum á dragnótaveiðum? M.a. er óskað eftir upplýsingum um ástæður fyrir alfriðun svæða, árstíðabundnum takmörkunum, mismunandi takmörkunum á stærðum fiskiskipa og mismunandi kröfum um samsetningu afla.
2. Hver eru áhrif „heimamanna“, annars vegar útgerðarmanna og hins vegar sveitarstjórnarmanna, á ákvarðanir ráðuneytisins um takmarkanir á dragnótaveiðum?
3. Hvers vegna hefur ráðherra ekki orðið við eindregnum tilmælum útgerðarmanna, Byggðaráðs Skagafjarðar og sveitarstjórnarmanna í Skagafirði um friðun fyrir dragnótaveiðum?

## 444. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 422 [Fjárlög 2007].

Frá Birki J. Jónssyni.

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| 1. Við 16. tölul. F-liður orðist svo: | | | |
| 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður ..... | 86,0 | 4,0 | 90,0 |
| 21. undirliður (Vatnasafn í Stykkishólmi) í 3. yfirliti (02-919-6.90) í sérstökum yfirlitum I falli brott. | | | |
| 2. B-liður 65. tölul. falli brott. | | | |
| 3. Við 71. tölul. E-liður (08-399-1.98) flytjist á lið 02-999-1.98 og 5. undirliður (Gaulverjaskóli, meðferðarstarf) í 20. yfirliti (08-399-1.98) í sérstökum yfirlitum I flytjist í 10. yfirlit (02-999-1.98) sem hækkar þá um 8,7 m.kr. | | | |

Greinargerð.

Í 1. tölul. er lagt til að fella niður framlag til Vatnasafns í Stykkishólmi á safnlið en þegar er gert ráð fyrir framlagi til safnsins í frumvarpinu.

Í 2. tölul. er lagt til fallið verði frá hækkun til að fjölga húðmeðferðum í Bláa lóninu þar sem þegar er gert ráð fyrir fjárhæðinni í frumvarpinu.

Í 3. tölul. er lagt til að framlag það sem gert er ráð fyrir að renni til meðferðarstarfs í Gaulverjaskóla á lið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, 08-399-1.98, flytjist á lið menntamálaráðuneytis, 02-999-1.98, þar sem það á betur heima.

## 445. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn, EMS, EBS, GAK, KJúl).

*Breytingar á sundurliðun 1:*

1. Við **I Skatttekjur**
   a. Skattar á tekjur og hagnað hækki um 4 milljarða kr.
   b. Skattar á vörur og þjónustu hækki um 1,4 milljarða kr.

| *Breyting á sundurliðun 2:* | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| 2. Við **09-250 Innheimtukostnaður** | | | |
| 1.21 Hert skatteftirlit ..... | 0,0 | 350,0 | 350,0 |

## 446. Fyrirspurn [400. mál]

til kirkjumálaráðherra um kirkjugarðsgjald.

Frá Ellert B. Schram.

Hversu miklar tekjur eru af kirkjugarðsgjaldi, hvernig er þeim varið og fyrir hvaða þjónustu greiða skattgreiðendur með þessu gjaldi?

**Skriflegt svar óskast.**

## 447. Fyrirspurn [401. mál]

til sjávarútvegsráðherra um svæðisbundna fiskveiðistjórn.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Kemur til greina að beita svæðisbundinni fiskveiðistjórn við stýringu á þorskveiðum á Íslandsmiðum?

## 448. Fyrirspurn [402. mál]

til utanríkisráðherra um vatnstjón á Keflavíkurflugvelli.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hversu margar íbúðir á Keflavíkurflugvelli skemmdust vegna vatnsleka nú í nóvember?

2. Skemmdust önnur mannvirki af sömu orsökum? Ef svo er, hver eru þau?
3. Hvernig var eftirliti með mannvirkjunum háttað og hver bar ábyrgð á því?
4. Hver er ætlaður kostnaður við að koma mannvirkjunum í fyrra horf?
5. Hver mun bera kostnaðinn af endurbótum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 449. Frumvarp til laga [403. mál]

um breytingu á lögum nr. 4 30. janúar 1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Við hækkun fasteignamats er óheimilt að hækka fasteignaskatt meira en nemur breytingu á launavísitölu.
b. Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 4. mgr.
c. Í stað „4. mgr.“ í 5. mgr. kemur: 5. mgr.

2. gr.

Við 5. mgr. 5. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hafi svo verið um tvö ár að útihús í sveitum séu ekki nýtt skal enginn skattur á þau lagður. Fasteignaskattur skal lagður á að nýju ef útihúsin eru tekin í notkun sem gripahús.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 132. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt óbreytt.

Fasteignaskattur er ein af meginuppistöðum í tekjuöflun sveitarfélaga ásamt útsvarstekjum. Útsvarstekjur sveitarfélaga taka mið af tekjum fólks og hækka eða lækka á milli ára út frá tekjum þegnanna. Fasteignagjöld taka ekki mið af tekjum fólks og þar með greiðslugetu þegnanna. Að þessu leyti eru fasteignaskattar ekki réttlátir þar sem álögur geta hækkað meira milli ára en laun þeirra sem greiða eiga. Í þessu frumvarpi er lögð til takmörkun á hækkun fasteignaskatts til jafns við launaþróun í þjóðfélaginu almennt. Í annan stað er lagt til að fasteignagjöld verði felld niður í sveitum þegar svo háttar til að útihús hafa ekki verið nýtt í tvö ár. Fasteignaskattur skal hins vegar lagður á að nýju ef útihúsin eru tekin í notkun sem gripahús þannig að jafngildi tekjum af jörðinni.

Frumvarp þetta kann að minnka tekjur sumra sveitarfélaga og telja flutningsmenn að mjög sé orðið tímabært að sveitarfélög fái hlut í tekjustofnum sem færa þeim tekjur af neysluskottum, eins og t.d. virðisaukaskatti.

## 450. Fyrirspurn [404. mál]

til fjármálaráðherra um sölu á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver var ástæða þess að Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg var auglýst til sölu og seld á frjálsum markaði?
2. Hvert var söluverð fasteignarinnar og hvernig skiptist söluandvirðið milli ríkissjóðs og borgarinnar?
3. Hver er áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna flutnings á starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar, í fyrsta lagi í nýtt húsnæði í Mjódd, í öðru lagi þess hluta starfseminnar sem flyst á kvennadeild LSH og í síðasta lagi vegna röskunar á starfseminni á yfirstandandi ári?
4. Telur ráðherra koma til greina að kaupa aftur húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg?

**Skriflegt svar óskast.**

## 451. Fyrirspurn [405. mál]

til fjármálaráðherra um húsnæðismál opinberra stofnana.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur ríkisstjórnin mótað sér stefnu í húsnæðismálum opinberra stofnana?
2. Hvaða opinberu stofnanir leigja húsnæði af einkaaðilum undir starfsemi sína?
3. Hefur þeim fjölgað frá árinu 1995?

**Skriflegt svar óskast.**

## 452. Fyrirspurn [406. mál]

til menntamálaráðherra um tónlistarskóla.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Jóni Bjarnasyni.

1. Hversu margir tónlistarskólar eru starfræktir á Íslandi, hverjir eru þeir, hvert er rekstrarform þeirra og hversu margir starfa við þessa skóla?
2. Eru einhver sveitarfélög án tónlistarskóla?
3. Kemur til greina að breyta lögum þannig að rekstur tónlistarskóla verði eitt af lögboðnum verkefnum sveitarfélaga eins og dæmi eru um annars staðar á Norðurlöndunum?

4. Hvernig skiptist kostnaður skólanna:
   a. kennsla,
   b. stjórnun,
   c. annar rekstrarkostnaður?
5. Hversu hátt hlutfall af heildarkostnaði við rekstur skólanna er greitt með skólagjöldum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 453. Nefndarálit [351. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Jónsson og Friðrik Jónsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (European Free Trade Association, EFTA, sem Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss eru aðilar að) og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja (South African Customs Union, SACU, sem Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland eru aðilar að) sem undirritaður var í júní og júlí 2006 á Höfn í Hornafirði, í Genf, Gabarone og Pretoríu.

Samningurinn kveður á um lækkun og afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum landbúnaðarvörum auk þess sem í honum eru ákvæði um vernd fjárfestinga og hugverkaréttinda, þjónustuviðskipti, samkeppnismál og úrlausn deilumála. Í samningnum er tekið tillit til mismunandi þróunarstigs aðildarlandanna. Ísland, ásamt Noregi og Sviss, hefur jafnframt undirritað tvíhliða samning við aðlidarríki SACU og munu þeir samningar öðlast gildi á sama tíma og fríverslunarsamningurinn.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 23. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form. | Bjarni Benediktsson, frsm. | Dagný Jónsdóttir. |
| Drífa Hjartardóttir. | Jón Gunnarsson. | Sæunn Stefánsdóttir. |

## 454. Fyrirspurn [407. mál]

til menntamálaráðherra um tónlistarnám og fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað líður starfslokum nefndar um endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, sem starfað hefur á vegum ráðuneytisins síðan vorið 2004?
2. Hefur ráðuneytið fallið frá því að vinna að verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi tónlistarnám á þeim grunni að ríkið yfirtaki ábyrgð á námi á framhaldsstigi en sveitarfélögin ábyrgist grunn- og miðstigið?
3. Hver varð greiðsluþátttaka ríkisins vegna tónlistarkennslu á framhaldsstigi eftir að ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðu samkomulag um greiðslu kostnaðar við kennslu veturinn 2004–2005? Hvers vegna var samkomulagið ekki endurnýjað?
4. Er ráðuneytinu kunnugt um að ekki hafi verið farið að ákvæði 3. tölul. 1. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, um að hverjum nemanda tónlistarskóla skuli veitt kennsla í aðalnámsgrein eina stund á viku? Hvaða úrræði hefur ráðuneytið til að tryggja að þessum réttindum nemenda sé framfylgt?
5. Er ráðuneytinu kunnugt um að tónlistarskólar þurfi í auknum mæli að nota innheimt skólagjöld til að standa undir launakostnaði kennara og skólastjóra sem sveitarfélögunum ber að greiða skv. 10. gr. laganna? Hvaða úrræði hefur ráðuneytið til að tryggja að sveitarfélögin uppfylli skyldur sínar í þessum efnum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 455. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Dórótheu Jóhannsdóttur, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur, Ingva Má Pálsson og Sigurð Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti og Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins. Nefndinni bárust auk þess umsagnir um frumvarpið.

Rétt til vaxtabóta eiga þeir sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota og einnig þeir sem keypt hafa eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð. Vaxtabætur greiðast út að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs, skuldir vegna húsnæðislána, tekjur, sem og eignir í lok þess árs.

Það voru einkum tekjuaukning og hækkun fasteignamats á milli ára sem leiddu til skerðingar á vaxtabótum við álagningu sl. haust. Aðrar eignir en fasteignir og jafnframt skuldir hafa einnig áhrif á það hversu háar vaxtabætur einstaklingur á rétt á. Eignir eru t.d. ökutæki, verðbréf og innstæða í banka. Verðbréf og fasteignir hafa hækkað mikið undanfarin ár en

skuldir flestra í takt við verðbólgu sem hækkaði miklu minna. Þó er vitað að skuldir heimilanna hafa vaxið mjög mikið bæði vegna skuldbreytinga og hækkunar yfirdráttar. Skuldir eru t.d. húsnæðislán, yfirdráttur og námslán. Þar sem nettóeign er mismunur á eignum og skuldum viðkomandi er hún mjög næm fyrir breytingum á hvoru tveggja og getur sveiflast mikið milli ára.

Í frumvarpinu er lagt til að lágmark eignaviðmiðunar að frádregnum skuldum til skerðingar á vaxtabótum verði hækkað afturvirkt um 25%. Þessi hækkun miðast við það að framtalin nettóeign allra framteljenda hækkaði um tæp 25% milli áranna 2004 og 2005. Þessar aðgerðir koma til framkvæmda þegar að samþykktu frumvarpinu og viðbótarvaxtabætur eiga að koma til útgreiðslu fyrir áramót.

Frumvarpið á rætur sínar að rekja til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 22. júní sl. í tengslum við áframhaldandi gildi kjarasamninga þar sem hún lýsti sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós kæmi við niðurstöðu ákvörðunar vaxtabóta að hækkun fasteignaverðs árið 2005 hefði leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum.

Við ákvörðun vaxtabóta í ágúst sl. kom í ljós skerðing á heildarfjárhæð vaxtabóta frá því sem reiknað hafði verið með samkvæmt forsendum fjárlaga fyrir árið 2006 og var auk þess um umtalsverða fækkun vaxtabótaþega að ræða. Varð niðurstaðan samkvæmt álagningartölum að ákvarðaðar vaxtabætur voru um 300 millj. kr. lægri en reiknað hafði verið með í fjárlögum. Var lækkunin minni en flestir bjuggust við, eða um 6%. Sú 25% hækkun eignamarka, sem ASÍ taldi ófullnægjandi í júní sl., reyndist í ljósi álagningar sl. haust því vera næg til að mæta meðalhækkun nettóeignar allra framteljenda eins og að framan greinir. Það var samdóma álit gesta nefndarinnar að ekki væri unnt að elta breytingar hjá ákveðnum einstaklingum. Þess vegna hlyti hækkun eignamarka að byggjast á meðaltalshækkun.

Í umsögn ASÍ er nefnt að eignamörkin þurfi að hækka um 83% á milli ára til þess að einstaklingar í tiltekinni stöðu verði jafnsettir og fyrir hækkun fasteignamats. Nefndi fulltrúi ASÍ 80% á fundum með nefndinni. Sú hækkun mundi leiða til þess að hjón með 17 millj. kr. nettóeign ættu rétt á vaxtabótum. Í viðræðum við fulltrúa ASÍ var rætt ítarlega um áhrif frumvarpsins á einstaka hópa en ekki komu fram ákveðnar hugmyndir ASÍ um hækkun eignamarka. Samkvæmt frumvarpinu byrja vaxtabætur hjóna að skerðast þegar nettóeign þeirra fer yfir 7,7 millj. kr. og falla niður við 12 millj. kr. nettóeign.

Eins og að framan greinir er í þessu frumvarpi lögð til afturvirk 25% hækkun á því lágmarki nettóeignar þar sem skerðing vaxtabóta hefst. Talsvert var rætt um það í nefndinni hversu mikið lágmark eignaviðmiðunar skv. 4. mgr. B-liðar 68. gr. þyrfti að hækka til að standa við þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf í júní sl.

Ljóst er vegna jafnræðisreglu að ekki er hægt að hafa mismunandi eignamörk fyrir einstaka hópa og landshluta. Þar sem fasteignaverð hefur hækkað miklu minna úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu munu vaxtabætur til fólks úti á landi aukast en minnka til fólks á höfuðborgarsvæðinu við þessa breytingu. Hins vegar mun sú hækkun sem lögð er til með þessu frumvarpi bæta stöðu þeirra sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Nefnt hefur verið að greiðslumat byggist m.a. á vaxtabótum og það kunni að bregðast ef vaxtabætur falla niður. Því er til að svara að greiðslumatið byggist ekki síður á tekjum og þær hafa hækkað umtalsvert umfram það sem við hefði mátt búast. Þannig mun greiðslumat í flestum tilvikum standast þó að vaxtabætur skerðist.

Meiri hlutinn leggur til að hafin verði endurskoðun á vaxtabótakerfinu þar sem það hafi augljósa agnúa. Má þar nefna, líkt og fram kemur í umsögn Seðlabanka Íslands, að niðurgreiðsla á lánsfé er til þess fallin að auka skuldsetningu almennings og draga úr sparnaði.

Meiri hlutinn telur ekki heppilegt að hvetja fólk til skulda á þann hátt og vill að hugað sé að gjörbreytingu á þessu kerfi.

Meiri hlutinn leggur til að eignarmörkin verði hækkuð um 30% í stað 25% hækkunar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Í því sambandi má nefna að matsverð fjölbýlishúsa í Reykjavík hækkaði um 30% á milli ára. Við þessa breytingu er áætlað að vaxtabætur hækki um 4,3% umfram fjárlög 2006.

Sú hækkun á eignamörkum sem hér er lögð til kemur til af því óeðlilega ástandi sem stafar af mikilli hækkun fasteigna og verðbréfa og telur nefndin eðlilegt að sú hækkun á eignamörkum verði tekin til endurskoðunar ef sú staða snýst við á næstu árum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

1. Lagt er til að lágmark eignaviðmiðunar hækki um 30% í stað 25% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.
2. Lögð er til breytt dagsetning í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins úr 1. desember 2006 í 31. desember 2006. Ætla má að langstærstur hluti framteljenda fái þær bætur sem þeir eiga rétt á samkvæmt frumvarpinu greiddar út á innan við viku. Hins vegar má gera ráð fyrir að það taki 2–3 vikur að endurákvarða og greiða einhverjum hluta manna.

Alþingi, 23. nóv. 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. Dagný Jónsdóttir. Birgir Ármannsson.

Ásta Möller. Hjálmar Árnason.

## 456. Breytingartillögur [22. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, ÁM, HjÁ).

1. Í stað fjárhæðanna „4.651.927“ og „7.711.371“ í 1. gr. komi: 4.838.005, og: 8.019.826.
2. Í stað dagsetningarinnar „1. desember 2006“ í 2. málsl. 1. efnismgr. 2. gr. komi: 31. desember 2006.

## 457. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn átelur harðlega að ekki skuli vera staðið við yfirlýsingu, sem gerð var í sumar í tengslum við endurskoðun kjarasamninga, um vaxtabætur. ASÍ taldi óviðunandi að

hækkun fasteignamats milli áranna 2004 og 2005 mundi leiða til þess að vaxtabætur margra skertust verulega eða hyrfu með öllu.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní sl. lýsti ríkisstjórnin sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós kæmi við niðurstöðu álagningar í ágúst sl. að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 mundi leiða til marktækrar skerðingar á vaxtabótum.

Í umsögn ASÍ um þetta frumvarp kemur fram að það hafi verið og sé skilningur fulltrúa ASÍ á yfirlýsingunni að á grundvelli hennar eigi að finna leið til að gera þá sem verða fyrir marktækri skerðingu nokkurn veginn jafnsetta og ef ekki hefði komið til þessi mikla hækkun á fasteignmati. Fram kemur einnig í umsögninni að leiðinni, sem valin er í þessu frumvarpi til að leiðrétta þá miklu skerðingu sem orðið hefur á vaxtabótum, hafi ASÍ hafnað í sumar. Niðurstaðan þá var að aðilar urðu ásáttir um að nýta tímann til hausts til að skoða málið og að samráð yrði haft við ASÍ.

Í umsögn ASÍ um frumvarpið kemur fram að ekkert hafi orðið af slíku samráði. Það sem meira er, ASÍ hefur ekki einu sinni fengið umbeðin gögn til að geta lagt mat á skerðinguna og hvaða leiðir hægt væri að fara til að fólk fengi eðlilega leiðréttingu sinna mála. Svona vinnubrögð eru ekki líðandi og ekkert annað en brot á því samkomulagi sem verkalýðshreyfingin gerði við ríkisstjórnina nú í sumar. Ljóst er að stjórnvöld hafa algjörlega gengið á svig við samkomulagið, en í umsögn aðila vinnumarkaðarins segir orðrétt um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar: „Aðilar urðu því ásáttir um að nýta tímann til hausts til að skoða málið og að samráð yrði haft við ASÍ. Því miður hefur ekkert orðið af slíku samráði.“ Í lok umsagnar ASÍ kemur síðan fram: „Í ljósi þess sem að framan er rakið telur ASÍ að frumvarpið eins og það er fram sett sé með öllu óásættanlegt og ekki í samræmi við þær viðræður sem áttu sér stað milli ríkisstjórnar og ASÍ í aðdraganda yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.“

Stjórnarandstaðan krafðist þess á Alþingi sl. vor að lögum yrði þá þegar breytt þannig að komið yrði í veg fyrir þann yfirvofandi skell sem fjárhagur heimilanna mundi verða fyrir vegna skerðingar á vaxtabótum. Við því var ekki orðið með þeim afleiðingum að vaxtabætur skertust verulega hjá fjölda einstaklinga og í mörgum tilvikum þurrkuðust þær alveg út, jafnvel hjá þeim sem höfðu fengið fullar vaxtabætur árið áður. Ljóst er að margir áttuðu sig ekki á þessum skelli sem þeir urðu fyrir í ágúst sl. og gerðu ráð fyrir vaxtabótum í fjárhagsáætlunum sínum á árinu. Staðan nú er því sú að ríkistjórnin kom ekki einasta aftan að fjölda íbúðareigenda með því að leiðrétta ekki vaxtabæturnar strax í vor, m.t.t. gífurlegrar hækkunar á fasteignamati, heldur á enn og aftur að koma í bakið á fjölda heimila í landinu sem enga leiðréttingu fá með þessu frumvarpi, sem þó höfðu verið gefnar væntingar um.

Eftir meðferð frumvarpsins í efnahags- og viðskiptanefnd liggur fyrir að meiri hlutinn hyggst afgreiða málið nánast óbreytt með þeirri leið sem ASÍ hafnaði í sumar. Það mun leiða til þess að fjöldi einstaklinga fær nú enga leiðréttingu sem þurfti í ágúst sl. að sæta verulegri skerðingu á vaxtabótum eða jafnvel að fullar vaxtabætur sem þeir fengu árið áður þurrkuðust alveg út, þótt ekkert hefði breyst í aðstæðum þessa fólks annað en hækkun fasteignmats. ASÍ telur að hér sé að verulegu leyti um að ræða fólk með lágar tekjur og meðaltekjur.

ASÍ hefur í umsögn sinni sett fram sláandi dæmi um hvernig sú leið sem ríkisstjórnin leggur til með hækkun á eignastuðli um 25% dugi hvergi til að bæta fjölda heimila þá skerðingu sem þau hafa orðið fyrir. Í mörgum tilvikum er ekki um neina leiðréttingu að ræða hjá fólki með lágar tekjur og meðaltekjur, þrátt fyrir þessa hækkun á eignastuðlinum, sem er algjörlega óviðunandi. Skýrist það af því að skerðing vaxtabóta, sem hefst þegar eignin nær 6,2 millj. kr. en þær falla alveg út þegar hún er orðin 9,9 millj. kr., er á svo þröngu eignabili

að gífurleg hækkun á fasteignamati, allt upp í 35% þar sem það hækkaði mest, kemur í veg fyrir nokkra leiðréttingu vaxtabóta, þrátt fyrir 25% hækkun á eignastuðlinum.

Sem dæmi má nefna hjón með 440 þús. kr. í tekjur sem áttu eign upp á 25 millj. kr. en 19 millj. kr. skuld, eða 6 millj. kr. nettóeign, fengu fullar vaxtabætur við álagningu 2005. Miðað við 29% hækkun á fasteignamati milli áranna 2005 og 2006 hækkar eignin í 32.250.000 kr. en skuldin hækkar aðeins um 4,14%, fer úr 19 millj. kr. 2005 í 19.760.000 kr. Nettóeignin er því 12.490.000 kr. Vaxtabætur falla niður við 9,9 millj. kr. eign og því fengu þessi hjón engar vaxtabætur í ágúst sl. Jafnvel þótt eignastuðullinn hækki um 25% mundu efri skerðingarmörkin (þ.e. þegar hrein eign hefur skert vaxtabætur að fullu) engu að síður einungis fara í 12,4 millj. kr. með þeim afleiðingum að hjónin fá engar vaxtabætur.

Við lokaafgreiðsu málsins í nefndinni lagði meiri hlutinn til örlitla breytingu á frumvarpinu. Í stað 25% hækkunar á eignastuðli til útreiknings vaxtabóta er nú gerð tillaga um að stuðullinn verði 30%. Þetta er óveruleg breyting sem litlu breytir um þá meginniðurstöðu sem lýst hefur verið í þessu nefndaráliti.

Ástæða er einnig til að minna á að auk þeirrar skerðingar á vaxtabótum sem fjöldi fólks hefur orðið fyrir vegna mikillar hækkunar á fasteignamati hefur ríkisstjórnin með margvíslegum hætti skert vaxtabætur á umliðnum árum, eða um 1,4 milljarða kr. á árunum 2003–2006. Þetta hefur komið hart niður á mörgum heimilum sem byggt hafa greiðsluáætlanir sínar m.a. á greiðslu vaxtabóta.

Minni hlutinn vísar allri ábyrgð á niðurstöðu þessa máls á ríkisstjórnina og átelur harðlega að fjöldi fólks sem vænti leiðréttinga og greiðslu vaxtabóta muni annaðhvort fá litlar eða engar vaxtabætur nú í desember, eins og lofað hafði verið.

Alþingi, 23. nóv. 2006.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Ágúst Ólafur Ágústsson. Ögmundur Jónasson.

Lúðvík Bergvinsson.

## 458. Frumvarp til laga [408. mál]

um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

*Markmið og yfirstjórn.*

Markmið laga þessara er að kveða á um skipan mála til bráðabirgða á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar samnings um skil Bandaríkjanna á svæðinu til íslenskra stjórnvalda og þar til varanlegri skipan er komið á. Um ytri mörk og skiptingu svæðisins í flugvallarsvæði (svæði A), öryggissvæði (svæði B) og svæði í umsýslu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. (svæði C) vísast til uppdráttar í fylgiskjali.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn mála, þ.m.t. skipulagsmála, á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli uns forsætisráðherra gefur út auglýsingu um að landsvæðið, að hluta eða í heild, hafi verið tekið til annarra nota, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, sbr. lög nr. 46/2006. Í slíkri auglýsingu er heimilt að ákveða að utanríkisráðherra fari til bráðabirgða áfram með yfirstjórn tiltekinna málaflokka á slíku svæði þótt að öðru leyti gildi um það almennar reglur.

2. gr.

*Flugvallarsvæði.*

Flugvallarsvæði, þ.e. flugbrauta- og flugverndarsvæði, Keflavíkurflugvallar, sbr. lög nr. 34/2006, um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, er afmarkað sem svæði A í fylgiskjali.

Utanríkisráðherra skal að höfðu samráði við samgönguráðherra skipa fimm manna nefnd sérfræðinga sem hafi það hlutverk að undirbúa snurðulausa færslu á stjórnun og rekstri Keflavíkurflugvallar, samkvæmt þessari grein, yfir til samgönguyfirvalda. Nefndin skal ljúka störfum og leggja fram tillögur sínar um framkvæmd yfirfærslunnar fyrir febrúarlok 2007.

3. gr.

*Öryggissvæði.*

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn öryggissvæðis sem afmarkað er sem svæði B í fylgiskjali. Öryggissvæðið er ætlað til varnarþarfa, þ.m.t. heræfinga og eftir atvikum friðargæsluæfinga, m.a. á vegum Bandaríkjanna eða annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins.

Heimilt er utanríkisráðherra í reglugerð að mæla nánar fyrir um takmarkanir á umferð og dvöl á öryggissvæði og önnur öryggisatriði. Brot á fyrirmælum reglugerðarinnar varða sviptingu aðgangsheimildar, sektum eða fangelsi allt að fimm árum.

Utanríkisráðherra er heimilt að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. umsýslu tiltekinna fasteigna á svæði B ef þörf krefur.

4. gr.

*Starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.*

Heimilt er að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. að annast í umboði ríkisins umsýslu fasteigna á svæði sem koma á hið fyrsta í arðbær borgaraleg not, og merkt er sem svæði C í fylgiskjali.

Enn fremur er heimilt að fela félaginu umsýslu tiltekinna fasteigna á svæði A og önnur verkefni sem tengjast framtíðarþróun og umbreytingu svæða A og C.

Forsætisráðherra fer með hlutafé ríkisins í félaginu.

5. gr.

*Opinber gjöld.*

Fasteignir ríkisins og mannvirki sem Bandaríkin eða Atlantshafsbandalagið hafa skilað til eignar, á svæðum sem tilgreind eru í 2. gr og 1. mgr. 4. gr., eru undanþegin öllum opinberum gjöldum og skyldutryggingu fasteigna. Sú undanþága fellur niður er þeim hefur verið ráðstafað með leigu eða sölu enda sé ekki sérstaklega mælt fyrir um undanþágu frá slíkum gjöldum í öðrum lögum. Undanþágan gildir einnig þótt gefin sé út auglýsing um svæðin skv. 2. mgr. 1. gr.

Fasteignir og mannvirki ríkisins eða Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæði skv. 3. gr. og starfsemi þeim tengd skulu enn fremur undanþegin öllum opinberum gjöldum og skyldu-

tryggingu fasteigna. Utanríkisráðherra er heimilt í samráði við fjármálaráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd undanþágu frá opinberum gjöldum samkvæmt málsgrein þessari.

6. gr.

*Gildistaka.*


Lög þessi öðlast þegar gildi. Reglugerðir, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, sem sett hafa verið á grundvelli laga nr. 106/1954 og 10. gr. laga nr. 82/2000, skulu halda gildi sínu uns nýjar reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið gefin út.

7. gr.

*Breyting á lögum.*

Við gildistöku laga þessara kemur í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. og 4. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34/2006, um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar: ráðherra.

**Fylgiskjal.**


N
A - FLUGVALLARSVÆÐI
B - ÖRYGGISSVÆÐI
C - STARFSSVÆÐI ÞRÓUNARFÉLAGS
KEFLAVÍKURFLUGVALLAR EHF
B
B
B
A
FLUGVALLARSVÆÐI
15,2 FERKÍLÓMETRAR
B
ÖRYGGISSVÆÐI
7,4 FERKÍLÓMETRAR
C
STARFSSVÆÐI ÞRÓUNARFÉLAGS
KEFLAVÍKURFLUGVALLAR ehf
59,7 FERKÍLÓMETRAR

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 15. mars 2006 tilkynntu bandarísk stjórnvöld íslenskum stjórnvöldum að varanlegum varnarviðbúnaði Bandaríkjanna á Íslandi mundi ljúka í septemberlok 2006. Næstu mánuði fóru fram viðræður milli Íslands og Bandaríkjanna um framtíðarvarnir Íslands og skil á landi og aðstöðu til íslenskra stjórnvalda. Lauk þeim með samningum sem undirritaðir voru í Washington hinn 11. október 2006. Í því fólst að íslensk stjórnvöld tóku aftur við varnarsvæðunum á Keflavíkurflugvelli (þ.m.t. Helguvík og Sandgerði), í Hvalfirði, á Gunnólfsvíkurfjalli, Stokksnesi og Bolafjalli í núverandi ástandi. Jafnframt varð að samkomulagi að íslensk og bandarísk stjórnvöld mundu í sameiningu mæla með því við Atlantshafsbandalagið (NATO) að Íslendingar tækju hið fyrsta við hlutverki gistiríkis af Bandaríkjunum varðandi mannvirki fjármögnuð af bandalaginu á Íslandi.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 er mörkuð stefna um hvernig staðið verði að umbreytingu varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli. Þar segir að fyrst um sinn verði stjórnsýsla á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli óbreytt en ríkisstjórnin muni vinna að því að yfirstjórn málaflokka og stjórnsýsla breytist til samræmis við það sem almennt tíðkast í landinu. Þá verði stofnað hlutafélag í eigu ríkisins um framtíðarþróun og umbreytingu varnarsvæðisins. Verkefni félagsins verði að koma svæðinu og mannvirkjum á því með skipulegum hætti í arðbær borgaraleg not án þess að það valdi röskun í samfélaginu. Félagið muni lúta forræði forsætisráðherra en sveitarfélögunum á Suðurnesjum verði boðin aðild að stjórn félagsins.

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, breytt, sbr. reglugerð nr. 123/2006, og kveðið á um að utanríkisráðherra færi með yfirstjórn mála á varnarsvæðum uns auglýsing yrði birt um að svæði hefði verið tekið til annarra nota að hluta eða í heild. Jafnframt var sett ákvæði til bráðabirgða, sbr. reglugerð nr. 125/2006, um að forsætisráðherra færi með hlutafé ríkisins í félagi sem hefði það hlutverk að þróa og umbreyta varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. var stofnað 24. október 2006. Stjórn þess er skipuð Magnúsi Gunnarssyni, sem jafnframt er formaður stjórnar, Stefáni Þórarinssyni og Árna Sigfússyni. Varamenn eru Hildur Árnadóttir, Helga Sigrún Harðardóttir og Sigurður Valur Ásbjarnarson. Undanfarið hefur verið unnið að því að útfæra nánar verkefni félagsins.

Frumvarp þetta er flutt til þess að taka af öll tvímæli um réttarstöðuna á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli eftir að því hefur skilað. Mælt er fyrir um óbreytta stjórnsýslu fyrst um sinn en síðan er gert ráð fyrir að svæðinu verði í áföngum komið í önnur not. Ef ekki væri gripið til lagasetningar er hætt við að óvissa skapaðist um það hvort gildandi lagaákvæði um yfirstjórn á Keflavíkurflugvelli stæðust enn og að hvaða marki utanríkisráðherra færi þar enn með stjórnsýslu. Með þessum hætti verður unnt að ganga skipulegar til verks þegar stjórnsýslan á svæðinu verður færð til samræmis við það sem er annars staðar í landinu.

Erfitt er að áætla hve langan tíma það mun taka að umbreyta svæðinu í heild. Reynsla erlendis sýnir að það getur tekið nokkur ár og ræðst það m.a. af þeim notum sem fyrirhuguð eru. Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. er ætlað að vera leiðandi í þessu efni.

Frumvarpið tekur ekki til annarra varnarsvæða sem skilað hefur verið en þegar þar að kemur mun utanríkisráðuneytið gefa út auglýsingar um þau svæði og að þau séu ekki lengur frátekin til varnarnota. Á þessum svæðum fer fram starfsemi á vegum Ratsjárstofnunar ef frá er talið varnarsvæðið í Hvalfirði. Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 er unnið að framtíðartillögum um starfsemi Ratsjárstofnunar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Eins og segir í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er það markmið laganna að kveða til bráðabirgða á um skipan mála á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli uns varanlegri skipan er komið á. Er frumvarpinu einmitt ætlað að bregðast við brýnustu úrlausnarefnum er leiða af skilasamningnum við Bandaríkin. Varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli verður til bráðabirgða skipt í þrjú mismunandi svæði, þ.e. flugvallarsvæði, öryggissvæði og svæði í umsýslu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. Eru svæðin afmörkuð á uppdrætti á fylgiskjali með frumvarpinu. Er nánar fjallað um hvert þessara svæða í athugasemdum við viðeigandi greinar frumvarpsins.

Fram kemur í 2. mgr. 1. gr. að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn mála eins og verið hefur á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli uns gefin er út auglýsing um svæðið, að hluta eða í heild, hafi verið tekið til annarra nota. Þannig er gert ráð fyrir að svæðinu verði í áföngum komið í önnur not en varnarnot, sbr. þó það sem segir um öryggissvæðið í 3. gr. frumvarpsins. Eins er minnt á að 1. janúar 2007 taka gildi lög nr. 46/2006, um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989, sem fela í sér að til verður nýtt embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum sem jafnframt mun gegna starfi sýslumanns á Keflavíkurflugvelli. Í lögunum segir að dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra beri að setja sér sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem varða verksvið lögreglustjórans á Suðurnesjum og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. Í lokamálslið 2. mgr. 1. gr. kemur fram að heimilt sé til bráðabirgða að fela utanríkisráðherra að fara áfram með yfirstjórn tiltekinna málaflokka þótt svæði hafi að öðru leyti verið fellt undir almennar reglur. Þannig er gert ráð fyrir að skipulagsmálin á öllu svæðinu verði áfram fyrst um sinn á einni hendi, sbr. 61. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Um 2. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34/2006, um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, annast sú stofnun stjórnun, rekstur og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar í samræmi við ákvæði loftferðalaga. Þá annast stofnunin flugvernd og flugöryggi á flugvellinum. Athafnasvæði Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar innan varnarsvæðisins hefur hingað til ekki verið afmarkað landfræðilega. Er bætt úr því með 2. gr. frumvarpsins. Þar er flugvallarsvæðið skilgreint sem svæði A á fylgiskjali. Innan þessa svæðis gilda því sérstakar reglur sem greina það frá svæðum B og C.

Starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar heyrir samkvæmt lögum nr. 34/2006 undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 munu samgönguráðuneytið og utanríkisráðuneytið vinna að snurðulausri færslu stjórnar samgöngumála á Keflavíkurflugvelli yfir til samgönguráðuneytis. Í þeirri vinnu verður jafnframt tekið tillit til varnarþátta og varnarmálahlutverks utanríkisráðuneytisins. Mun utanríkisráðherra í samráði við samgönguráðherra skipa fimm manna nefnd sérfræðinga til þess að gera tillögur um yfirfærsluna. Ber nefndinni að ljúka störfum ekki síðar en í lok febrúar 2007.

Gert er ráð fyrir að sjálf yfirfærslan muni svo fara fram á grundvelli auglýsingar skv. 2. mgr. 1. gr.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn öryggissvæðis sem afmarkað er sem svæði B á fylgiskjali. Samkvæmt samkomulagi Bandaríkjanna og Íslands, sem gert var í Washington 11. október 2006, munu Bandaríkin halda árlega tvíhliða og/eða fjölþjóðlegar heræfingar á íslensku landsvæði og í íslenskri lofthelgi og landhelgi, að fengnu samþykki íslenskra stjórnvalda. Enn fremur er gert ráð fyrir æfingum Íslendinga, herafla annarra bandalagsríkja og eftir atvikum liðsafla annarra ríkja utan NATO, t.d. þátttökuríkja í Samstarfi í þágu friðar (PFP). Öryggissvæðið verður m.a. frátekið til þessara þarfa.

Í 2. mgr. 3. gr. er utanríkisráðherra heimilað að mæla í reglugerð nánar fyrir um takmarkanir á umferð og dvöl á öryggissvæði og önnur öryggisatriði. Brot á fyrirmælum reglugerðarinnar varða sviptingu aðgangsheimildar, sektum eða fangelsi allt að fimm árum. Refsirammminn er í samræmi við 141. gr. loftferðalaga, nr. 60/1998.

Í 3. mgr. 3. gr. er utanríkisráðherra heimilað að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. umsýslu tiltekinna fasteigna á svæði B ef þörf krefur.

Rétt er að geta þess að undir svæði B fellur svæði Ratsjárstofnunar eins og uppdráttur á fylgiskjali ber með sér, olíubirgðastöð í Helguvík og olíuleiðslan frá Helguvík og inn á flugvallarsvæðið.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. í umboði ríkisins umsýslu fasteigna á svæði sem koma á hið fyrsta í arðbær borgaraleg not, og merkt er sem svæði C á fylgiskjali. Í umsýslu felst m.a. úttekt á svæðinu, hreinsun þess og eftir atvikum niðurrif mannvirkja, rekstur, sala og útleiga fasteigna. Þá tekur ríkið einnig við öllum veitukerfum á svæðinu og mun félagið annast þau fyrst um sinn að minnsta kosti. Gert er ráð fyrri að hreinsun fari fram í nánu samráði við heilbrigðsyfirvöld á Suðurnesjum og Umhverfisstofnun.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. verður einnig heimilt að fela félaginu umsýslu tiltekinna fasteigna á svæði A. Er gert ráð fyrir því að Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. taki að sér umsýslu fasteigna sem eru á uppdrætti í fylgiskjali færð á svæði A af flugverndarástæðum en falla vel að hlutverki félagsins. Mun listi yfir byggingarnar sem hér um ræðir fylgja þjónustusamningi sem fjármálaráðherrra gerir við félagið, sjá síðar. Þá er heimilt að fela félaginu önnur verkefni sem tengjast framtíðarþróun og umbreytingu svæða A og C. Er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006. Í því felst m.a. úttekt á þróunar- og vaxtarmöguleikum sem kunna að vera fyrir hendi og tillögugerð. Er gert ráð fyrir að félagið starfi í góðri samvinnu við alla þá sem hagsmuna eiga að gæta á Keflavíkurflugvelli og nágrenni, hvort sem um er að ræða ríki og sveitarfélög eða Flugstöð Leifs Eiríkssonar ehf. og þá verktaka sem þegar eru með starfsemi inni á varnarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að verkefni félagsins og greiðslufyrirkomulag verði útfærð í þjónustusamningi sem fjármálaráðherra gerir fyrir hönd ríkisins í samræmi við 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, eftir því sem við á. Félagið sjálft mun gagnvart þriðju aðilum lúta sömu reglum og ríkið varðandi t.d. útboðsskyldu verkefna og gagnsæi og jafnræði í rekstri og umsýslu eigna.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. var stofnað 24. október 2006. Félagið er alfarið í eigu íslenska ríkisins. Fer forsætisráðherra fer með hlutafé ríkisins í félaginu, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða við reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, sbr. reglugerð nr. 125/2006.

Um 5. gr.

Fasteignir á varnarsvæðum eru nú þegar undanþegnar opinberum gjöldum á grundvelli laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, og reglugerðar um fasteignaskráningu og fasteignamat, nr. 406/1978.

Í 1. mgr. 5. gr. er þessi undanþága framlengd uns fasteignir hafa verið teknar í not á grundvelli leigu- eða kaupsamnings. Er þessi ráðstöfun nauðsynleg, t.d. vegna fasteigna sem til stendur að rífa. Þessi undanþága nær til fasteigna ríkisins á varnarsvæðinu sem Bandaríkin eða Atlantshafsbandalagið hafa skilað til eignar, á svæðum sem tilgreind eru í 2. gr og 1. mgr. 4. gr., þ.e. svæði A og svæði C, sbr. fylgiskjal. Undanþágan fellur niður ef fasteignum er ráðstafað með leigu eða sölu enda sé ekki sérstaklega mælt fyrir um undanþágu frá slíkum gjöldum í öðrum lögum. Þar er vísað fyrst og fremst til þess að skv. 6. tölul. 4. gr. reglugerðar um fasteignaskráningu og fasteignamat, nr. 406/1978, eru flugbrautir flugvalla í eigu opinberra aðila og landsvæði umhverfis flugbrautir sem eru ónýtanleg vegna flugumferðar undanþegin fasteignamati og þar með fasteignasköttum. Þá er rétt að geta þess að mannvirki í eigu Atlantshafsbandalagsins munu áfram undanþegin fasteignasköttum á grundvelli c-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. einnig lög um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, nr. 98/1992.

Fram kemur í 1. mgr. 5. gr. að undanþágan frá opinberum gjöldum gildi einnig þótt gefin sé út auglýsing um svæðin skv. 2. mgr. 1. gr.

Eðlilegt þykir að fasteignir og mannvirki á öryggissvæði skv. 3. gr., þ.e. svæði B, sbr. fylgiskjal, sem eru eign íslenska ríkisins eða Atlantshafsbandalagsins skuli enn fremur undanþegin öllum opinberum gjöldum. Svæðið er ætlað til varnarþarfa og því er eðlilegt að það sama eigi við um þetta svæði og gilt hefur um varnarsvæðið í heild til þessa. Sömu sjónarmið eiga við um varnartengda starfsemi af hálfu liðsmanna úr herafla annarra ríkja sem hingað koma í boði íslenskra stjórnvalda eða eftir atvikum æfingar friðargæsluliða. Utanríkisráðherra er heimilað að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd undanþágu frá opinberum gjöldum á öryggissvæðinu. Nauðsynlegt þykir að utanríkisráðherra hafi slíka heimild enda snúa undanþágurnar að varnartengdri starfsemi, mannvirkjum í eigu NATO og þjóðréttarlegum samskiptum við erlend ríki, alþjóðastofnanir og liðsafla þeirra sem njóta úrlendisréttar og skattfrelsis hér á landi. Þetta er einnig í samræmi við þær undanþágur frá opinberum gjöldum sem varnarliðið nýtur samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins, lögum nr. 110/1951 og 48. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Með undanþágu frá skyldutryggingu fasteigna í 1. og 2. mgr. 5. gr. er vísað til brunatrygginga samkvæmt lögum nr. 47/1994, um brunatryggingar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Lagt er til að í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í lögum nr. 34/2006, um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, komi „ráðherra“. Fyrir vikið verður hægt að ákveða yfirfærslu Keflavíkurflugvallar til samgönguyfirvalda með auglýsingu skv. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.**

Tilgangur frumvarpsins er að taka af tvímæli um réttarstöðu á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar samnings um skil Bandaríkjanna á svæðinu til íslenskra stjórnvalda. Mælt er fyrir um óbreytta stjórnsýslu fyrst um sinn en síðan er gert ráð fyrir að svæðinu verði í áföngum komið í önnur not. Á uppdrætti í fylgiskjali með frumvarpinu eru tilgreind ytri mörk svæðisins og skipting þess í flugvallarsvæði (svæði A), öryggissvæði (svæði B) og svæði í umsýslu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. (svæði C). Í 4. gr. frumvarpsins er heimilað að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. umsýslu fasteigna ríkisins á svæði C sem koma á hið fyrsta í arðbær borgaraleg not, auk tiltekinna fasteigna á svæði A og svæði B, sbr. einnig 3. gr. Áréttað er að fasteignir íslenska ríkisins og Atlantshafsbandalagsins á varnarsvæðum séu áfram undanþegnar öllum opinberum gjöldum og skyldutryggingu fasteigna uns þeim hefur verið ráðstafað með leigu eða sölu.

Erfitt er að áætla hve langan tíma það muni taka að umbreyta svæðinu í heild. Þó svo að það verði ekki beinlínis rakið til þessa frumvarps má engu síður láta þess hér getið að í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2006 er sótt um 20 m.kr. framlag til að standa straum af stofnun og rekstri hlutafélags sem annast mun framtíðarþróun og umbreytingu varnarsvæðisins samkvæmt þjónustusamningi. Því til viðbótar er sótt um 142 m.kr. framlag í fjáraukalagafrumvarpinu og 280 m.kr. framlag í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 til að standa straum af kostnaði við umsjón, rekstur, öryggisgæslu og viðhald varnarsvæðisins og mannvirkja íslenska ríkisins á svæðinu. Þar sem vinna við svæðið og umbreytingu þess er rétt að hefjast eru áætlanir um kostnað háðar óvissu. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar taki breytingum eftir því sem fasteignum á svæðinu verður komið í borgaraleg not.

Þessi útgjöld verða hins vegar, eins og áður sagði, ekki beinlínis rakin til frumvarpsins sem slíks og ekki verður séð að lögfesting þess hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

# 459. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2007.

(Eftir 2. umr., 24. nóv.)

## A-hluti
## Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2007 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

| m.kr. | Rekstrar-grunnur | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| **Skatttekjur** | **343.222,6** | **332.936,4** |
| Skattar á tekjur einstaklinga | 94.600,0 | 91.426,0 |
| Skattar á tekjur lögaðila | 39.000,0 | 32.920,0 |
| Tryggingagjöld | 34.850,7 | 34.199,9 |
| Eignarskattar | 7.675,0 | 7.675,0 |
| Virðisaukaskattur | 107.000,0 | 107.000,0 |
| Aðrir skattar á vörur og þjónustu | 55.318,0 | 55.089,5 |
| Skattar ótaldir annars staðar | 4.778,9 | 4.626,0 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | **30.474,1** | **30.243,1** |
| Arðgreiðslur | 1.238,0 | 1.238,0 |
| Vaxtatekjur og eignatekjur | 20.449,7 | 20.313,7 |
| Rekstrartekjur ótaldar annars staðar | 8.786,4 | 8.691,4 |
| **Sala eigna** | **1.100,0** | **1.070,0** |
| **Fjárframlög** | **1.617,0** | **1.617,0** |
| **Tekjur alls** | **376.413,7** | **365.866,5** |
| Æðsta stjórn ríkisins | 3.300,3 | 3.300,3 |
| Forsætisráðuneyti | 1.306,5 | 1.306,5 |
| Menntamálaráðuneyti | 46.347,7 | 46.347,7 |
| Utanríkisráðuneyti | 9.766,5 | 9.766,5 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 13.803,8 | 13.882,5 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 3.003,6 | 3.003,6 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 20.815,1 | 20.830,7 |
| Félagsmálaráðuneyti | 32.696,7 | 32.696,7 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 144.646,2 | 144.646,2 |
| Fjármálaráðuneyti | 36.285,8 | 31.591,8 |
| Samgönguráðuneyti | 23.283,9 | 23.212,5 |
| Iðnaðarráðuneyti | 4.255,5 | 4.255,5 |
| Viðskiptaráðuneyti | 1.668,9 | 1.651,8 |
| Hagstofa Íslands | 595,3 | 595,3 |
| Umhverfisráðuneyti | 4.949,7 | 4.949,7 |
| Vaxtagjöld ríkissjóðs | 20.629,0 | 16.805,0 |
| **Gjöld samtals** | **367.354,5** | **358.842,3** |
| **Tekjujöfnuður** | **9.059,2** | |

# A-hluti
# Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2007 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

| | |
|---|---|
| ***Rekstrarhreyfingar*** | |
| Tekjujöfnuður | 9.059,2 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | 1.882,0 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | |
| Viðskiptakröfur, (breyting) | -4.221,2 |
| Viðskiptaskuldir, (breyting) | -95,8 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **6.624,2** |
| ***Fjármunahreyfingar*** | |
| Veitt stutt lán | -400,0 |
| Veitt löng lán | -7.725,0 |
| Afborganir veittra lána | 11.500,0 |
| Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög | -1.000,0 |
| Sala hlutabréfa og eignarhluta | 600,0 |
| **Fjármunahreyfingar samtals** | **2.975,0** |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður** | **9.599,2** |
| ***Fjármögnun*** | |
| Skammtímalán | 0,0 |
| Tekin löng lán | 30.000,0 |
| Afborganir lána | -31.800,0 |
| **Fjármögnun samtals** | **-1.800,0** |
| Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins | -4.000,0 |
| **Breyting á handbæru fé** | **3.799,2** |

## B-hluti
## Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2007 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

| m.kr. | Hagnaður tap | Arður til ríkissj. | Fjár-festing | Lán-tökur |
|---|---|---|---|---|
| Happdrætti Háskóla Íslands | 870,0 | 0,0 | 15,0 | 275,0 |
| Ríkisútvarpið | 0,0 | 0,0 | 200,0 | 0,0 |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli | -107,8 | 0,0 | 424,6 | 350,0 |
| Ratsjárstofnun | 0,0 | 0,0 | 8,4 | 0,0 |
| Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | 295,3 | 152,0 | 160,0 | 0,0 |
| Íslenskar orkurannsóknir | 20,0 | 0,0 | 30,0 | 0,0 |
| **Samtals** | **1.077,5** | **152,0** | **838,0** | **625,0** |

## C-hluti
## Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2007 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

| m.kr. | Hagnaður tap | Veitt lán | Fjár-festing | Lán-tökur |
|---|---|---|---|---|
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 6.122,0 | 9.778,0 | 69,0 | 7.100,0 |
| Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild | 2.691,0 | 0,0 | 6,0 | 0,0 |
| Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir | -120,0 | 14.802,0 | 2,0 | 13.942,0 |
| Íbúðalánasjóður, viðbótarlán | 158,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam | -1.259,0 | 0,0 | 3,0 | 0,0 |
| Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild | 716,0 | 45.935,0 | 8,0 | 43.267,0 |
| Orkusjóður | 12,0 | 20,0 | 0,0 | 0,0 |
| Byggðastofnun | -15,0 | 2.000,0 | 0,0 | 3.000,0 |
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins | 212,0 | 0,0 | 2,0 | 0,0 |
| **Samtals** | **8.517,0** | **72.535,0** | **90,0** | **67.309,0** |

Ýmis ákvæði

## Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 30.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 7.725 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 7.100 m.kr.
   2.2 Happdrættis Háskóla Íslands allt að 275 m.kr.
   2.3 Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli allt að 350 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2007 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.5, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   3.1 Landsvirkjun, allt að 20.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 43.267 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 13.942 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.4 Byggðastofnun, allt að 3.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

4. Ýmis ákvæði.
   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
   a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
   b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
   c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

# Heimildir

6. gr.

**Fjármálaráðherra er heimilt:**

**Eftirgjöf gjalda**

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

**Sala húsnæðis**

2.1 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.2 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.3 Að selja prestsseturshúsið Glaumbæ, Skagafjarðarprófastsdæmi.
2.4 Að selja fasteignir ríkisins við Flókagötu 29 og 31 í Reykjavík og verja andvirðinu í þágu Landspítala – háskólasjúkrahúss.
2.5 Að selja íbúð við Leifsgötu 5 og verja andvirðinu til kaupa á öðru hentugra húsnæði fyrir barnaspítala Hringsins.
2.6 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.7 Að selja fasteignina Markarholt 1, Garðabæ, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.8 Að selja fasteignina Lambhaga 48, Árborg, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.9 Að selja fasteignina Byggðaveg 91, Akureyri, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.10 Að selja flugafgreiðslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.11 Að selja flugafgreiðslu á Kirkjubæjarklaustri.
2.12 Að selja flugafgreiðslu á Hólmavík.
2.13 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.14 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.15 Að selja flugafgreiðslu á Húsavíkurflugvelli.
2.16 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.17 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91 og semja við Listaháskóla Íslands um aðra hentuga lausn á húsnæðismálum skólans.
2.18 Að selja einangrunarstöðina í Hrísey.
2.19 Að selja fasteignir við Aragötu 9 og 14, Reykjavík, og verja andvirðinu til uppbyggingar Háskólatorgs.
2.20 Að selja fasteignina Bygggarða 7, Seltjarnarnesi, og verja andvirðinu til uppbyggingar lækningaminjasafns.
2.21 Að selja fasteignina Lyngás 7–9 í Garðabæ og verja hluta andvirðisins til uppbyggingar hönnunarsafns.
2.22 Að selja fasteignina Ólafsveg 40, Ólafsfirði.
2.23 Að selja gamla prestsseturshúsið að Tjarnarholti 4, Raufarhöfn, Þingeyjarprófastsdæmi.

2.24 Að selja fasteignina Kveldúlfsgötu 2, Borgarbyggð, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.25 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Heiðavegi 4, Reyðarfirði.
2.26 Að selja fasteignina Vonarland á Egilsstöðum.
2.27 Að selja sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn og kaupa eða leigja annan hentugri.
2.28 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Grunnavík, Ísafjarðarbæ.
2.29 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
2.30 Að selja íbúðarhús á Sauðanesi, Svalbarðshreppi.
2.31 Að selja stóðhestastöðina í Gunnarsholti ásamt landspildum við stöðina.

**Sala eignarhluta í húsnæði**

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkisins í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.3 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.4 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.5 Að selja eignarhluta ríkisins í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.6 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Brautarholt 6, Reykjavík, og leigja hentugra húsnæði.
3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í Rauðarárstíg 31 og verja andvirði sölunnar í þágu Landspítala – háskólasjúkrahúss.
3.9 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Klettsbúð 3, Hellissandi.
3.10 Að selja eignarhlut ríkisins að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.11 Að selja eignarhlut ríkisins í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.12 Að selja eignarhluta ríkisins í húsnæði heilsugæslunnar í Kópavogi að Fannborg 7–9 og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði.
Standi ríki, sveitarfélag eða aðrir aðilar fyrir starfsemi sem fellur undir lög þessi skal þess gætt að hún uppfylli lög og reglur um aðgengi, aðstöðu, hollustuhætti og öryggisþætti.

## V. KAFLI
## **Stuðningur sveitarfélaga við æskulýðsstarf.**

11. gr.

Sveitarstjórnir setja sér reglur um á hvern hátt stuðningi við frjálst æskulýðsstarf skuli háttað. Sveitarfélög hafa starfandi æskulýðsnefndir eða sambærilegar nefndir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.

## VI. KAFLI
## **Æskulýðsrannsóknir.**

12. gr.

Ráðherra stuðlar að því að fram fari reglubundnar æskulýðsrannsóknir sem lagðar verði til grundvallar stefnumótun í æskulýðsmálum.

Ráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir. Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt tilnefningu Æskulýðsráðs, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Skipunartími nefndarinnar er tvö ár.

## VII. KAFLI
## **Önnur ákvæði.**

13. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 24/1970, um æskulýðsmál.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi (132. löggjafarþing, 434. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Er það því lagt fram að nýju með einni efnisbreytingu, sem er að finna í 10. gr. þess. Í stað þess að öll brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni leiði til þess að viðkomandi teljist ekki hæfur til að sinna æskulýðsstarfi er nú lagt til að óheimilt verði að ráða einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni á síðast-

liðnum fimm árum til starfa hjá aðilum sem 2. gr. frumvarpsins tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi. Ólíkt því sem gildir um þá sem brotið hafa gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga þykir ekki ástæða til að útiloka þá sem brotið hafa gegn lögum um ávana- og fíkniefni alfarið frá ráðningu í þau störf sem lög þessi taka til, heldur takmarka ákvæðið við brot á síðastliðnum fimm árum. Er þá miðað við að umsækjendur hafi snúið af braut ávana- og fíkniefna.

Á haustmánuðum árið 2003 ákvað þáverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, að setja á fót nefnd til að semja drög að nýrri löggjöf um æskulýðsmál. Í nefndina voru skipuð: Ásta Möller hjúkrunarfræðingur, formaður, Erlendur Kristjánsson deildarstjóri, Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri, Ólafur Jóhannsson sóknarprestur og Stefán E. Bjarkason framkvæmdastjóri. Í erindisbréfi nefndarinnar er tekið fram að nefndin hafi m.a. til hliðsjónar við vinnu sína skýrslu og tillögur nefndar er vann árið 2003 úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi fyrir menntamálaráðuneytið. Nefndin skilaði menntamálaráðherra frumvarpsdrögum í febrúar 2005. Frumvarp þetta byggist að meginstefnu til á tillögum nefndarinnar og felur í sér heildarendurskoðun á gildandi löggjöf um æskulýðsmál.

Þátttaka ungs fólks í æskulýðsstarfi er einn af hornsteinum uppbyggilegrar þátttöku þeirra í samfélaginu. Með þátttöku í félagsstarfi öðlast börn og ungmenni þjálfun í að vinna saman og taka ákvarðanir í samstarfi við aðra. Í skipulögðu æskulýðsstarfi fer m.a. fram þjálfun í framkomu og tjáningu á skoðunum sem er hverjum einstaklingi mikilvægt veganesti í lífi og starfi. Áhersla æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka á sjálfboðastarfið kennir ungu fólki að sýna ósérhlífni og umburðarlyndi gagnvart félögum í hópnum. Skipulagt félagsstarf eykur þroska og mannkosti hvers einstaklings.

Frá árinu 1992 hefur menntamálaráðuneytið stuðlað að því að fram fari reglubundnar rannsóknir á högum ungs fólks og nefnast þær *Ungt fólk*. Í október 2004 var framkvæmd rannsókn í öllum framhaldsskólum á landinu, *Ungt fólk 2004*. Í marsmánuði 2006 var lögð fyrir nemendur rannsóknin *Ungt fólk 2006* í 8., 9. og 10. bekk í öllum grunnskólum landsins. Niðurstöður úr þeirri rannsókn er varða menntun, menningu, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna verða kynntar á næstunni.

Frá árinu 1999 hefur fyrirtækið Rannsóknir og greining verið samstarfsaðili ráðuneytisins og framkvæmt þessar rannsóknir. Við undirbúning og framkvæmd þeirra hefur tekist mikið og gott samstarf milli ráðuneytisins, Rannsóknar og greiningar, kennara og skólastjórnenda, enda er það forsenda að góðri framkvæmd. Fjölmargir aðilar nýta sér niðurstöður rannsóknanna og fjölmörg sveitarfélög hafa stuðst við niðurstöður þeirra við stefnumótun í skólamálum, æskulýðsmálum og ýmsum málum er varða börn og ungmenni í sveitarfélaginu. Gildi slíkra æskulýðsrannsókna er mikið og hefur framkvæmd þeirra og niðurstöður vakið mikla athygli, langt út fyrir landsteinana. Eitt af einkennum rannsóknanna *Ungt fólk* er að spurningalistar eru samtímis lagðir fyrir alla nemendur í 9. og 10. bekk í öllum grunnskólum landsins. Með því að leggja spurningalista fyrir í öllum grunnskólum er gætt jafnræðis nemenda og skóla. Sama gildir um framhaldsskóla, en í þessum rannsóknum eru spurningalistar lagðir samtímis fyrir alla nemendur í öllum framhaldsskólum landsins. Þessi leið er mun kostnaðarsamari og umfangsmeiri, en hins vegar fást mun nákvæmari og marktækari niðurstöður en með því að byggja á úrtakskönnunum.

Menntamálaráðuneytið gerði nýlega samstarfssamning við Rannsóknir og greiningu um framhald á æskulýðsrannsóknunum *Ungt fólk* til ársins 2010. Auk þess er Háskólinn í Reykjavík aðili að þeim samningi. Í samningnum er kveðið á um rannsóknir meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla, í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla og meðal framhaldsskólanema.

Rannsóknaráætlun áranna 2006–2010 gerir ráð fyrir að sama fyrirkomulag verði á rannsóknunum og verið hefur allt frá árinu 1992, að spurningalistar verði lagðir fyrir alla nemendur í þeim aldurshópum sem samkomulagið nær til, í öllum skólum landsins á sama tíma.

Þann 31. mars 2006 gerðu menntamálaráðuneytið, sveitarfélögin Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð, Rannsóknir og greining og Háskólinn í Reykjavík með sér samstarfssamning um æskulýðsrannsóknir og úrvinnslu þeirra. Markmið samningsins er að styrkja faglegan grundvöll stefnumótunar í málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu Fljótdalshéraði og í sveitarfélaginu Fjarðabyggð, auka virði samfélagsins gagnvart börnum og unglingum og auka virka þátttöku þeirra í samfélaginu. Ein af meginleiðunum að þessum markmiðum er úrvinnsla úr reglubundnu rannsóknunum *Ungt fólk* sem menntamálaráðuneytið og Rannsóknir og greining hafa unnið á högum barna og unglinga á aldrinum 10 til 20 ára. Niðurstöður úr þeim rannsóknum eru verkfæri í hendur þeirra er starfa að málefnum barna og ungmenna til að laga stefnumótun að mikilvægustu málefnum hvers tíma svo hægt sé að meta breytingar innan sveitarfélaganna.

Rannsóknirnar hafa sýnt að þátttaka ungs fólks í æskulýðsstarfi hefur mikið forvarna- og uppeldislegt gildi. Á síðustu árum hafa ýmis vandamál meðal ungmenna vakið fólk til umhugsunar um þær ólíku hættur og freistingar sem fylgja unglingsárunum í opnu nútímasamfélagi. Má þar benda á ofbeldi, einelti, sjálfsvíg og neyslu vímugjafa. Niðurstöður rannsókna, bæði innlendra og erlendra, benda til þess að ein vænleg leið til þess að stemma stigu við frávikshegðun ungs fólks sé að efla þátttöku þess í sem fjölbreyttustu félags- og æskulýðsstarfi. Menntamálaráðuneytið er aðili að samstarfsverkefni Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um upplýsingagjöf um stöðu ungs fólks í aðildarlöndunum, *European Knowledge Center for Youth Policy*. Ráðuneytið hefur falið fyrirtækinu Rannsóknir og greining að vera fulltrúi Íslands í samstarfinu.

Þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu æskulýðsstarfi skapar aukna festu í lífi hvers einstaklings og umgjörð utan um jafningjasamskipti og jafningjamenningu. Börn og ungmenni sem taka þátt í markmiðsbundnu æskulýðsstarfi eru líklegri til þess að líta á sig sem ábyrga þátttakendur í samfélaginu. Þá gefa rannsóknirnar mjög sterka vísbendingu um að ungt fólk sem tekur þátt í skipulögðu æskulýðsstarfi hafi síður tíma og aðstæður til að falla fyrir áhættusömum freistingum.

Í nútímasamfélagi hefur skipulagt æskulýðsstarf, þ.e. félags- og tómstundastarf, orðið stór og mikilvægur hluti af þeirri þjónustu sem boðið er upp á í flestum byggðarlögum. Kröfur um gæði og fjölbreyttari þjónustu af þessu tagi hafa aukist, eins og kröfur um ýmsa aðra þjónustu. Skipulagt félags- og tómstundastarf er í senn mikilvægur vettvangur fyrir afþreyingu og félagsleg samskipti við jafnaldra, en hvort tveggja er börnum og ungu fólki mikilvægt. Af þessum sökum er líklegt að framboð á skipulögðu félags- og tómstundastarfi hafi mikil áhrif á viðhorf fólks til þess hve áhugavert er að búa í tilteknu byggðarlagi. Þá má ætla að framboðið hafi veruleg áhrif á það hvort ungt fólk snúi aftur til heimabyggðar sinnar að námi loknu. Í þessu sambandi er félags- og tómstundastarf öflug fjárfesting til framtíðar fyrir samfélagið allt.

Núgildandi löggjöf um æskulýðsmál er frá árinu 1970, lög nr. 24/1970. Miklar þjóðfélagslegar breytingar hafa átt sér stað á þessum rúmu þremur áratugum frá því þau lög voru samþykkt. Nýir miðlar hafa komið fram og ný tækni sem höfðar til barna og ungmenna. Margir hafa af því áhyggjur að sumir af þessum miðlum geti dregið úr áhuga barna og ungmenna á félagslegu starfi og aukið á einsemd, umkomuleysi þeirra og framtaksleysi.

Á árinu 2002 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, nefnd er var ætlað að gera úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi. Í nefndina voru skipuð þau Ásta Möller alþingismaður, formaður, Eiríkur Bj. Björgvinsson, þáverandi bæjarstjóri Austur-Héraðs, varaformaður, Helga Guðjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri grunnskóla Hveragerðis og varaformaður Ungmennafélags Íslands, Karl Frímannsson, skólastjóri Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit, Margrét Tómasdóttir, sviðsstjóri bráðasviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss og þáverandi aðstoðarskátahöfðingi, dr. Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, og Vanda Sigurgeirsdóttir, aðjunkt við Kennaraháskóla Íslands. Dr. Jón Gunnar Bernburg félagsfræðingur var ráðinn starfsmaður nefndarinnar. Tengiliður við menntamálaráðuneytið var Erlendur Kristjánsson, deildarstjóri íþrótta- og æskulýðsdeildar.

Nefndin skilaði ráðherra viðamikilli skýrslu. Þar er m.a. gerð grein fyrir stöðu og starfsemi hjá æskulýðssamtökum og æskulýðsfélögum og starfsemi hjá sveitarfélögum. Nefndin kallaði eftir skriflegum upplýsingum frá félagasamtökum og eins fékk hún fulltrúa þeirra á sinn fund, auk annarra aðila, svo sem formann Sambands íslenskra sveitarfélaga, fræðslufulltrúa Verslunarmannafélags Reykjavíkur og framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir opinberum stuðningi við félags- og tómstundastarfsemi í landinu. Nokkur stærstu landssamtök æskulýðsfélaga landsins njóta árlegs stuðnings Alþingis í fjárlögum til reksturs starfseminnar, en slíkur stuðningur er ekki tryggður nema til eins árs í senn, sem skapar ákveðna óvissu um starfsemina frá ári til árs. Önnur landssamtök æskulýðsfélaga fá lítinn eða engan opinberan stuðning frá Alþingi. Æskulýðssamtökin hafa bent á að þau hafi ekki lögbundinn tekjustofn, eins og t.d. íþróttahreyfingin hefur með lottói. Í fjárlögum ársins 2003 voru veittar 113,7 millj. kr. til landssamtaka æskulýðsfélaga og verkefna á sviði félags- og æskulýðsmála. Í fjárlögum ársins 2004 var þessi upphæð 124,5 millj. kr. Í fjárlögum ársins 2005 var hún 129,5 millj. kr. og í fjárlögum ársins 2006 er upphæðin 162,6 millj. kr.

Í skýrslunni kemur fram að framlög sveitarfélaga til æskulýðs- og íþróttamála voru um 6 milljarðar króna árið 2001. Þar af fór um 1 milljarður króna til félags- og tómstundastarfs utan íþróttastarfs. Í þessum tölum er um að ræða heildarkostnað bæði til bygginga mannvirkja, reksturs þeirra og innra starfs hjá sveitarfélögunum.

Flest sveitarfélög leggja áherslu á æskulýðsstarf, þ.e. félags- og tómstundastarf, og mörg þeirra starfrækja ungmennahús, frístundamiðstöðvar, félagsmiðstöðvar, leikjanámskeið, vinnuskóla o.fl. á sínum vegum með fjölbreyttri starfsemi. Þá hafa félagsmiðstöðvar með sér gott samstarf, m.a. um nokkur viðamikil verkefni. Samfés – samtök félagsmiðstöðva á Íslandi eru fagsamtök þeirra stofnana sveitarstjórna er vinna að æskulýðs- og tómstundamálum. Aðilar í samtökunum eru t.d. félags-, tómstunda- og hverfamiðstöðvar og skrifstofur æskulýðsfulltrúa. Hlutverk Samfés er m.a. að efla samskipti og einingu og miðla fræðslu milli félagsmiðstöðva á innlendum og erlendum vettvangi, að auka samskipti og samvinnu milli félagsmiðstöðva og efna til verkefna á innlendum og erlendum vettvangi, að efla fagmenntun fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva með ráðstefnum og námskeiðum, að koma á framfæri faglegum upplýsingum um starf félagsmiðstöðva og undirstrika vægi þeirra í nútímasamfélagi. Í samtökunum eru nú milli áttatíu og níutíu félagsmiðstöðvar/æskulýðsskrifstofur af öllu landinu. Loks má geta þess að umtalsvert félags- og tómstundastarf fer fram í grunnskólum, bæði starfsemi á vegum nemenda sjálfra og á vegum sveitarfélaga.

Á Norðurlöndum og í flestum Evrópulöndum er mikil áhersla lögð á opinberan stuðning við starfsemi æskulýðssamtaka og æskulýðsfélaga, enda er almennt litið á starfsemi þeirra sem mikilvægan þátt í lýðræðissamfélaginu. Landssamtök æskulýðsfélaga njóta þar stuðnings

frá ríki bæði til reksturs starfseminnar og til einstakra verkefna. Þá njóta staðarfélögin og landshlutasamtök æskulýðsfélaga stuðnings frá sveitarstjórnum og landshlutastjórnum á viðkomandi stað og svæðum. Í október árið 2004 var stofnað hérlendis Landssamband æskulýðsfélaga – LÆF. Landssambandi æskulýðsfélaga er ætlað að vera samstarfs- og samráðsvettvangur íslenskra æskulýðssamtaka og hefur að markmiði að efla æskulýðsstarf og æskulýðsumræðu á Íslandi. Landssamband æskulýðsfélaga vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum frjálsra æskulýðsfélaga og er fulltrúi þeirra í margvíslegu erlendu samstarfi.

Landssamband æskulýðsfélaga er aðili að evrópska æskulýðsvettvanginum, *EYF European Youth Forum*, sem er samstarfsvettvangur æskulýðssambanda Evrópulanda og alþjóðasamtaka ungs fólks sem starfa innan Evrópu. *European Youth Forum* er bæði í formlegu og óformlegu samstarfi við Evrópuráðið í Strassborg og Evrópusambandið.

Mikil umræða er á Norðurlöndum og víðar í Evrópu um mikilvægi lýðræðislegrar þátttöku ungs fólks í samfélaginu. Þar er litið á æskulýðssamtök og æskulýðsfélög sem mikilvæga aðila í því að virkja börn og ungmenni til þátttöku og auka lýðræðisvitund þeirra. Æskulýðssamtök og æskulýðsfélög eru frjáls félagssamtök sem sinna markmiðsbundnu starfi og hafa á að skipa fjölda sjálfboðaliða sem vinna að málum á frjálsum áhugamannagrundvelli. Stjórnvöld í viðkomandi löndum hafa mikinn áhuga á að viðhalda og efla þetta starf. Í skýrslu og tillögum framangreindrar nefndar er bent á að efla þurfi menntun og þjálfun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða. Mörg æskulýðssamtök hafa sína eigin námskrá fyrir þessa aðila. Í skýrslunni er lagt til að í grunnskólum verði lögð aukin áhersla á nám í félagsmálafræðslu og þjálfun í félagsstörfum og að komið verði upp félags- og tómstundabrautum til stúdentsprófs í framhaldsskólum. Námsbrautir í tómstundafræðum hafa verið settar upp í Háskóla Íslands og við Kennaraháskólann. Þá er í skýrslunni gerð tillaga um að þær brautir verði efldar.

Í nóvember 2001 gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út hvítbókina *Ný sókn í málefnum evrópskra ungmenna*. Áður en bókin var gefin út hafði átt sér stað víðtækt samráð milli fulltrúa stjórnvalda í aðildarlöndum Evrópusambandsins og æskulýðssamtaka. Í hverju landi var farið yfir stöðu mála og að því loknu komu saman í París um 400 ungmenni og fulltrúar stjórnvalda landanna og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til að vinna að lokaniðurstöðum. Í framhaldi voru niðurstöðurnar kynntar ungmennum og fulltrúum stjórnvalda aðildarlandanna. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leggur mikla áherslu á að aðildarlöndin hafi tillögur og áherslur í hvítbókinni til hliðsjónar við stefnumótun í æskulýðsmálum. Má sjá þess merki að stjórnvöld í löndum Evrópusambandsins nota bókina við mótun æskulýðsmála hvert í sínu landi.

Evrópuráðið í Strassborg hefur allt frá stofnun látið málefni barna og ungmenna sig miklu varða. Á vegum Evrópuráðsins er starfræktur sérstakur Æskulýðsvettvangur, *European Steering Committee for Youth*. Þá stendur Evrópuráðið reglulega fyrir fundum ráðherra Evrópuráðsins er fara með æskulýðsmál. Á vegum Evrópuráðsins eru starfræktar tvær æskulýðsmiðstöðvar, önnur í Strassborg og hin í Búdapest. Þá er á vegum Evrópuráðsins starfræktur Æskulýðssjóður Evrópu, *European Youth Foundation*. Í þann sjóð geta Landssambönd æskulýðsfélaga sótt um styrki. Í æskulýðsmiðstöðvunum er haldinn fjöldi funda, námskeiða og ráðstefna á ári hverju. Íslensk æskulýðssamtök hafa sent ungmenni á ráðstefnur og fundi í æskulýðsmiðstöðvunum. Þátttaka íslenskra æskulýðssamtaka í norrænu og evrópsku samstarfi er sífellt að aukast. Alþjóðlegt samstarf er ungu fólki mjög mikilvægt, bæði til að sækja fróðleik og reynslu og eins að miðla þekkingu og reynslu til annarra ungmenna. Með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi öðlast ungmenni mikla reynslu sem nýtist þeim vel og eykur hæfni og

félagsauð þeirra. Með samþykktum Evrópuráðsins í Strassborg, ályktunum frá ráðherrafundum þess og með hvítbók framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um málefni ungs fólks er lögð mikil áhersla á að auka virkni ungs fólks í samfélaginu og stuðla að þátttöku þeirra á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Eitt af þeim atriðum sem þessir aðilar leggja mikla áherslu á er að efla æskulýðsfélög og æskulýðssamtök og stuðla að því að þau séu öflug og virk og að þau geti boðið börnum og ungmennum upp á fjölbreytt starf. Með þátttöku í skipulögðu og markmiðsbundnu æskulýðsstarfi öðlast börn og ungmenni reynslu og þekkingu. Þá er lögð áhersla á mikilvægi þess að ungmenni eigi þess kost að vera virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi og koma að þeim ákvörðunum er hafa áhrif á líf þeirra, umhverfi og framtíð. Áhersla er lögð á að þau hafi þessa möguleika í sveitarfélaginu þar sem þau búa, m.a. með því að þar sé komið á ungmennaráðum.

Norræna ráðherranefndin lagði fram í júní árið 2001 þverfaglega framkvæmdaáætlun um samstarf að barna- og æskulýðsmálum 2001–2005 *Norðurlönd inn í nýtt árþúsund.* Í áætluninni var m.a. lögð áhersla á samstarf og samvinnu og að auka virkni barna og ungmenna í öllu starfi og efla lýðræðisvitund þeirra og þátttöku í samfélaginu.

Á fundi sínum þann 1. mars sl. samþykktu norrænu samstarfsráðherrarnir stefnumótun í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum og framkvæmdaáætlun norrænu barna- og æskulýðsnefndarinnar NORDBUK 2006–2009.

Mikill samhljómur er í þessum skýrslum, þ.e. í hvítbók framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, samþykkt sjötta ráðherrafundar ráðherra Evrópuráðsins um æskulýðsmál 7.–9. nóvember 2002 í Þessalóníku í Grikklandi, framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar frá 7. júní 2001 og samþykktum norrænu samstarfsráðherrana frá 1. mars sl. Á sjöunda fundi ráðherra Evrópuráðsins sem fer með æskulýðsmál og haldinn var í Búdapest 23.–24. september 2005 var ályktað um og gegn vaxandi ofbeldi meðal barna og ungmenna. Ein leið til að hamla gegn vaxandi ofbeldi er þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu æskulýðsstarfi með reyndum og menntuðum leiðbeinendum. Einnig er á það bent að samstarf milli æskulýðsfélaga og stofnana og samtaka á vegum ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila sem vinna með börnum og ungmennum er mikilvægt til að árangur náist.

Menntamálaráðuneytið hefur lagt mikla áherslu á aukna þátttöku barna og ungmenna í æskulýðsstarfi. Sýnt hefur verið fram á að með þátttöku í æskulýðsstarfi séu mun minni líkur á að viðkomandi leiðist út í óreglu, svo sem neyslu áfengis og fíkniefna. Þá hefur komið fram að minni líkur eru á að börn og ungmenni verði félagslega einangruð og minni líkur á að þau verði fyrir einelti. Menntamálaráðuneytið hefur leitast við að stuðla að þessu með sem bestu samstarfi og stuðningi við æskulýðsfélög, æskulýðssamtök, sveitarstjórnir og aðra aðila er vinna með börnum og ungmennum þessa lands. Áhersla hefur verið lögð á að þeir sem starfa með börnum og ungmennum komi að ákvarðanatöku og séu þannig virkir þátttakendur. Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að sýna þurfi börnum og ungu fólki umburðarlyndi og virðingu en einnig þurfi að stuðla að því að þau öðlist skilning á mikilvægi virkrar þátttöku og þannig auka skilning þeirra á lýðræðislegum gildum.

Með þátttöku barna og ungmenna í æskulýðsstarfi öðlast þau víðtæka þjálfun og reynslu sem þeim er mikilvægt veganesti út í lífið. Slík þjálfun og reynsla er oft nefnd óformleg menntun eða raunfærni. Mikil umræða er um óformlega menntun um alla Evrópu, sbr. hvítbók framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og samþykktir Evrópuráðsins í Strassborg, og þá á hvern hátt hægt sé að meta hana til náms í hinu almenna menntakerfi og til þátttöku í atvinnulífinu.

Bent skal á að í framangreindri skýrslu og tillögum nefndarinnar frá 2003 um úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks kemur fram að nefndinni hafi ekki verið ætlað að fjalla um hina umfangsmiklu íþróttastarfsemi ungs fólks sem fer fram innan fjölmargra félaga sem aðild eiga að Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands og því hafi hún ekki leitað eftir upplýsingum um þá starfsemi. Hún var því ekki til umfjöllunar í skýrslunni. Þá segir í skýrslunni að eins og á Norðurlöndum og víða í Evrópu hafi starfsemi íþróttafélaga og annarra félags- og tómstundasamtaka verið aðskilin, m.a. af skipulagslegum ástæðum og eftir eðli starfseminnar. Í tillögum þeirrar nefndar sem samdi drög að frumvarpi þessu er ekki við það miðað að frumvarpið nái til starfsemi íþróttafélaga, enda er nefnd að störfum, sem skipuð var af menntamálaráðherra í janúar 2005, sem hefur það hlutverk að fara yfir íþróttamál á Íslandi með það að markmiði að móta íþróttastefnu. Vænta má að nefndin hafi til hliðsjónar í starfi sínu þá efnisþætti sem frumvarp þetta fjallar um.

Helstu atriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Skipulag æskulýðsmála er sett fram með skýrari hætti en í núgildandi lögum um æskulýðsmál, nr. 24/1970. Eins og áður fer menntamálaráðherra með yfirstjórn æskulýðsmála. Hann skipar Æskulýðsráð og úthlutar úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Þá er lagt til það nýmæli að ráðherra stuðli að því að fram fari æskulýðsrannsóknir en sú skylda hvíldi áður á Æskulýðsráði.
2. Hlutverki Æskulýðsráðs er nokkuð breytt í þessu frumvarpi frá núgildandi lögum. Þannig er meiri áhersla nú lögð á stefnumarkandi og ráðgefandi hlutverk þess gagnvart málaflokknum og starfsemi þess afmörkuð betur en áður. Þannig er lagt til að í stað þess að ráðið skipuleggi og samræmi opinberan stuðning við æskulýðsstarf í landinu verði það nú stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og geri tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum. Auk þessa er lagt til að það veiti áfram umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi og leitist við að efla starfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðli þannig að áframhaldandi samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál. Þá er lagt til að ráðið efni áfram til funda og ráðstefna um æskulýðsmál, eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum, og taki þátt í erlendu samstarfi í æskulýðsmálum eftir nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Að lokum er lagt til að ráðið stuðli áfram að þjálfun og menntun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða og sinni öðrum verkefnum sem menntamálaráðherra kann að fela því.
3. Lögfest eru ákvæði um Æskulýðssjóð, en hann starfar nú samkvæmt reglum nr. 113/2004, sem ekki hafa lagastoð.
4. Lögfestur er sá megintilgangur laganna að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Þá er kveðið á um að í öllu starfi með þeim skuli velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Þá er lagt til að í skipulögðu æskulýðsstarfi skuli hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miði að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Að lokum eru einnig lögfest ítarleg tilmæli um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi, sbr. fyrrgreind ákvæði 10. gr. frumvarpsins, þar sem m.a. er kveðið nánar á um hæfisskilyrði þeirra sem starfa með börnum og ungmennum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um megintilgang laganna sem er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Þá er hugtakið æskulýðsstarf skýrt nánar og skilgreint

sem skipulögð félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga um æskulýðsmál er tilgangur þeirra að setja reglur um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi og eru þeir aðilar sem stuðning hljóta skilgreindir í lögunum. Hér er lögð til önnur nálgun á tilgangi laganna, sbr. það sem að framan greinir, þ.e. að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi jafnframt því sem slíkt starf er skilgreint.

Fram kemur í 2. mgr. að í skipulögðu æskulýðsstarfi í skilningi laganna skuli hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miði að því að auka mannauð og lýðræðisvitund þátttakenda. Í sömu málsgrein er einnig að finna nýtt ákvæði þar sem lögð er áhersla á ákveðin grundvallaratriði í starfi með börnum og ungmennum. Annars vegar er kveðið á um að í öllu starfi með börnum og ungmennum skuli velferð þeirra höfð að leiðarljósi. Ekki er þörf á að hafa mörg orð um þetta ákvæði, en það er mikilvægt í ljósi þess að lögin taka til ábyrgðar á starfi með börnum og ungmennum utan verndar heimilis þeirra. Hins vegar er lögð áhersla á virka þátttöku og frumkvæði barna og ungmenna í starfi sem þau taka þátt í og þess gætt að þau séu höfð með í ráðum við skipulagningu þess. Þetta ákvæði er í samræmi við vilja ungmennanna sjálfra og ábendingar Evrópusambandsins sem fram komu í hvítbók þess (nóvember 2001) og byggist m.a. á niðurstöðum viðhorfskönnunar um ungt fólk í Evrópu.

Núgildandi æskulýðslög gilda um aldurshópinn 12–20 ára. Í 3. mgr. er lagt til að útvíkka þessi aldursmörk og miða við börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6 til 25 ára, en það er í meira samræmi við það sem tíðkast hér á landi. Þannig stendur skipulagt starf íslenskra æskulýðssamtaka börnum iðulega til boða frá byrjun skólaskyldu. Efri mörkin eru í samræmi við það sem tíðkast víða í Evrópu. Þannig er í núverandi ungmennaáætlun Evrópusambandsins miðað við aldurinn 15–25 ára. Í nýrri ungmennaáætlun Evrópusambandsins *Youth in action* eru aldursviðmiðin 13–30 ára, en meginhersla er lögð á aðgerðir tengdar aldurshópnum 15–28 ára. Hjá Evrópuráðinu er aldursviðmiðið í þessum málaflokki að 25 ára aldri. Í skýrslu og tillögum nefndarinnar frá maí 2003 er gerð tillaga um að 6–25 ára aldursviðmiðun verði í nýjum æskulýðslögum. Nokkur æskulýðsfélög eru með hærri viðmið hvað varðar efri og neðri mörkin, en telja má að meginþorri félagsmanna sé á aldursbilinu 6–25 ára og er því er lagt til að frumvarpið miðist einkum við þann aldurshóp.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Þar er tekið fram í 1. tölul. að lög þessi gildi um starfsemi félaga og félagasamtaka sem vinna að æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfboðastarfi og eigin fjármögnun. Undir þessa skilgreiningu fellur velflest skipulögð starfsemi æskulýðssamtaka og æskulýðsfélaga í landinu, svo sem ungmennafélög, KFUM og KFUK, skátahreyfingin, unglingadeildir Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Kristilega skólahreyfingin og félagsstarf fyrir börn og ungmenni á vegum Þjóðkirkjunnar og annarra trúarlegra safnaða, ungmennaskiptasamtök og ungliðahreyfingar stjórnmálaflokka, ungmennafélög Rauða kross Íslands, barna- og ungmennafélög fatlaðra, bindindishreyfingar og samstarfsvettvangur grunn- og framhaldsskólanema.

Í 2. tölul. er tekið fram að lögin taki til æskulýðsstarfs á vegum ríkis, sveitarfélaga og í skólum, að svo miklu leyti sem við á og önnur lög og aðrar reglur gilda ekki þar um. Lögð

er áhersla á að öll skipulögð starfsemi með börnum og ungmennum fellur undir lög þessi og er mikilvægt að þeim aðilum sem vinna með börnum og ungmennum sé það ljóst.

Að lokum er í 3. tölul. lagt til að lögin taki til annarrar starfsemi er sinni einkum ófélagsbundnu æskufólki í skipulögðu æskulýðsstarfi. Hér er átt við starfsemi sem börn og ungmenni taka þátt í, svo sem námskeið eða dvöl t.d. í sumarbúðum, en ekki eru gerðar kröfur um að þau séu félagsbundin eða ástundi starfið með reglubundnum hætti.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um samstarf og stuðning ríkis og sveitarfélaga við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsmála til að gera ungu fólki kleift að starfa að æskulýðsmálum við sem fjölbreyttust skilyrði. Í greininni er lagt til að staðfest verði sú verkaskipting sem tíðkast hefur milli ríkis og sveitarfélaga varðandi fjárhagslegan stuðning við starfandi æskulýðssamtök og æskulýðsfélög í landinu. Þannig hefur jafnan verið ákveðið á Alþingi að veita nokkrum landssamtökum æskulýðsfélaga fjárhagslegan stuðning samkvæmt ákvörðunum Alþingis hverju sinni, en starfsemi þeirra tekur til alls landsins. Hins vegar hafa sveitarfélög stutt við ýmsa frjálsa starfsemi staðbundinnar æskulýðsstarfsemi félaga og samtaka með samþykktum í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, enda er viðkomandi sveitarstjórn best til þess fallin að meta þörf fyrir slíkt. Benda má á að víða erlendis er lögð rík skylda og fjárhagsábyrgð á sveitarfélögin í æskulýðsstarfi, bæði um að útvega húsnæði undir starfsemi félaga og félagasamtaka og eins um fjárstuðning við starfsemina.

Í áratugi hefur æskulýðsstarf hér á landi verið borið uppi af einstaklingum sem hafa lagt fram starfskrafta sína í frítíma sínum. Þetta mikla fórnfúsa starf er ómetanlegt fyrir félög og félagasamtök og ekki síst samfélagið í heild. Þeim opinberu fjármunum sem varið er til þessara æskulýðsfélaga og samtaka er vel varið og margfaldast í meðförum þeirra. Þrátt fyrir framlög ríkisins til landssamtaka æskulýðsfélaga er það ekki nema um 10% af árlegri veltu æskulýðssamtakanna.

Um 4. gr.

Í greininni segir að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn æskulýðsmála samkvæmt lögum þessum.

Um 5. og 6. gr.

Í greinunum er fjallað um Æskulýðsráð og hlutverk þess. Samkvæmt núgildandi lögum er starfandi Æskulýðsráð sem er skipað þremur fulltrúum æskulýðssamtaka, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, auk formanns sem menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Sömu reglur gilda um varamenn. Hér er lagt til í 5. gr. að Æskulýðsráð verði skipað níu mönnum. Lagt er til að fimm fulltrúar verði valdir af fulltrúum æskulýðssamtaka. Þá verði tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Loks er lagt til að ráðherra skipi formann og varaformann Æskulýðsráðs án tilnefningar. Lagt er til að skipunartími Æskulýðsráðs verði áfram tvö ár í senn. Gert er ráð fyrir að í reglum skuli nánar kveðið á um val fulltrúa æskulýðssamtaka. Með þessari skipan í Æskulýðsráð er lagður sterkur grunnur að samstarfsvettvangi mikilvægra hagsmunaaðila í málaflokknum þar sem fulltrúar æskulýðssamtaka og sveitarfélaga mynda ásamt fulltrúum menntamálaráðuneytis mikilvægt upplýsinga-, stjórn- og stuðningstæki í málaflokknum.

Hlutverk Æskulýðsráðs er nokkuð breytt í þessu frumvarpi frá núgildandi lögum og meiri áhersla lögð á stefnumarkandi og ráðgefandi hlutverk þess gagnvart málaflokknum og er

starfsemi þess afmörkuð betur en áður. Lagt er til að rannsóknarhlutverk ráðsins samkvæmt núgildandi lögum verði á ábyrgð menntamálaráðherra, sbr. 12. gr. frumvarpsins um æskulýðsrannsóknir, en lagt er til að einn fulltrúi úr Æskulýðsráði verði meðal þeirra fimm fulltrúa sem ráðherra skipar í ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir. Lagt er til í frumvarpinu að ráðið verði stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og geri tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum. Auk þessa er lagt til að það veiti áfram umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi og leitist við að efla starfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðli þannig að áframhaldandi samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál. Þá er lagt til að ráðið efni áfram til funda og ráðstefna um æskulýðsmál, eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum, og taki þátt í erlendu samstarfi í æskulýðsmálum eftir nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Að lokum er lagt til að ráðið stuðli áfram að þjálfun og menntun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða og sinni öðrum þeim verkefnum sem menntamálaráðherra kann að fela því.

Á undanförnum árum hefur Æskulýðsráð fengið 2 millj. kr. í fjárlögum. Í fjárlögum ársins 2005 voru veittar 3 millj. kr. til Æskulýðsráðs. Æskulýðsráð hefur staðið að árlegum fundum og ráðstefnum með félögum, félagasamtökum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einstaka sveitarfélögum, menntamálaráðuneyti og fleiri aðilum. Æskulýðsráð hefur einnig unnið að margvíslegum verkefnum og útgáfu með og fyrir æskulýðssamtök. Sem dæmi má nefna útgáfu á upplýsingabók um félög er starfa með börnum og unglingum og er bókin á íslensku og ensku. Þá stóð ráðið að útgáfu á námsefni gegn sjálfsvígsatferli ungs fólks í samstarfi við Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur. Í framhaldi af þeirri útgáfu voru haldin mörg námskeið víða um land í samstarfi við heimamenn. Ráðið stóð að útgáfu á námsefni í félagsstörfum fyrir skóla og félög og leikjabók o.fl. í samstarfi við Námsgagnastofnun. Að lokum má nefna að Æskulýðsráð hafði frumkvæði að því að nýlega var gefin út handbók um ofbeldi gegn börnum og ungmennum í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Ljóst er að Æskulýðsráð hefur sinnt mikilvægu starfi til framdráttar æskulýð landsins og gert er ráð fyrir að það góða starf haldi áfram.

Þá er lagt til í 6. gr. að menntamálaráðherra verði heimilt að setja nánari reglur um starfsemi Æskulýðsráðs og að lokum er lagt til að kostnaður við störf og verkefni Æskulýðsráðs skuli greiddur úr ríkissjóði og er það ákvæði óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að Alþingi veiti árlega fé í sérstakan sjóð, Æskulýðssjóð, til eflingar æskulýðsstarfi í landinu. Lagt er til að sjóðnum sé heimilt að taka við frjálsum framlögum. Æskulýðssjóður starfar nú samkvæmt reglum nr. 113/2004, sem ekki hafa lagastoð. Með frumvarpi þessu er því lagt til að lögfest verði ákvæði um sjóðinn. Verði frumvarp þetta að lögum munu framangreindar reglur falla úr gildi.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að stjórn Æskulýðssjóðs skuli skipuð þremur fulltrúum til tveggja ára í senn. Lagt er til að formaður Æskulýðsráðs verði formaður sjóðsins, en Æskulýðsráð tilnefni tvo fulltrúa og tvo til vara. Þá er lagt til að ráðherra skipi varaformann Æskulýðssjóðs úr hópi aðalfulltrúa.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Æskulýðssjóðs sem er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka. Lagt er til að verkefni sjóðsins verði eftirfarandi: í fyrsta lagi sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni; í öðru lagi er lagt til að hlutverk ráðsins verði þjálfun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða; í þriðja lagi er lagt til að ráðið sinni nýjungum og þróunarverkefnum; og að lokum er lagt til að ráðið sinni samstarfsverkefnum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Lagt er til að menntamálaráðherra úthluti styrkjum úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Þá verði ráðherra heimilt að setja nánari reglur um úthlutun úr Æskulýðssjóði.

Það er starfsemi æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka mikilvægt að eiga möguleika á að fá stuðning við einstök verkefni og þar með að efla starfsemina. Það á ekki síst við um stuðning til að standa að þjálfun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða til að efla starfið og gera það enn betra.

Á Norðurlöndum og í flestum öðrum Evrópulöndum leggja stjórnvöld mikla áherslu á að styðja fjárhagslega við starfsemi æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka bæði til reksturs viðkomandi félaga og félagasamtaka og eins til einstakra verkefna til lengri eða skemmri tíma. Víðast hvar eiga stjórnvöld náið samstarf og samráð við viðkomandi samtök og fá þau oft til samstarfs, svo sem við framkvæmd og lausn ýmissa samfélagslegra verkefna. Þar má t.d. nefna verkefni til eflingar félagsstarfi og lausn ýmissa vandamála í dreifbýli jafnt sem þéttbýli, verkefni með fötluðum ungmennum, með innflytjendum og ýmsum öðrum minnihlutahópum. Þá hafa stjórnvöld stutt við verkefni á vegum æskulýðssamtaka þar sem unnið er gegn félagslegri einangrun, kynþáttafordómum, sérstök verkefni með atvinnulausum ungmennum, m.a. til að styrkja sjálfsmynd þeirra og auðvelda þeim að komast út á vinnumarkaðinn. Samstarf stjórnvalda og viðkomandi félagasamtaka byggist á því að sjálfstæði og sjálfsforræði viðkomandi samtaka sé að fullu virt og verkefnin framkvæmd á þeirra forsendum. Æskulýðssamtökin þurfa að sækja um rekstrarstyrki og verkefnastyrki og gera ítarlega grein fyrir framkvæmd og fjárhagsáætlun. Samtökin þurfa að skila inn skýrslum með endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri. Það sama á við hér á landi, þau æskulýðssamtök sem hafa fengið rekstrarstyrki frá Alþingi hafa þurft að leggja inn ítarlegar áætlanir um starfið og fjárhagsáætlun hverju sinni. Þá þurfa þau að skila inn endurskoðuðum reikningum til ráðuneytisins.

Um 10. gr.

Starf með börnum og ungmennum er ábyrgðarmikið og krefst reynslu og þekkingar. Því er í greininni kveðið á um ýmis starfsskilyrði í æskulýðsstarfi sem lög þessi taka til. Í 1. mgr. er kveðið á um að miða skuli við að þeir sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi skuli vera lögráða og hafa þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins. Til verndar börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi þykir eðlilegt að gera kröfu um ákveðna siðferðislega vitund og siðlega hegðun forustumanna, leiðbeinenda, sjálfboðaliða og annars starfsfólks og því er lagt til í 2. mgr. að þeim sé óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna meðan æskulýðsstarf með börnum og ungmennum fer fram. Á það ekki síst við í tilvikum eins og ferðalögum með eða án fylgdar foreldra eða forráðamanna barna.

Í 3. mgr. er lagt til að óheimilt verði að ráða til starfa hjá aðilum sem 2. gr. frumvarpsins tekur til, og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr.

19/1940. Sá kafli laganna fjallar um kynferðisbrot. Skv. 3. mgr. gildir það sama um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkinefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs. Í öllum tilvikum er hér miðað við þá sem ráðast til starfa eða starfa sem sjálfboðaliðar með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri og eru þau aldursmörk í samræmi við sambærilegt verndarákvæði sem finna má í 36. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Fyrirmynd 1. málsl. 3. mgr. greinarinnar er að finna í 2. mgr. 36. gr. barnaverndarlaga, en samkvæmt því ákvæði er óheimilt að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða heimilum eða stofnunum samkvæmt barnaverndarlögum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, menn sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. þeirrar greinar, þ.e. þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Bent er á í athugasemdum við 36. gr. frumvarps þess sem varð að barnaverndarlögum, nr. 80/2002, að bannið taki eingöngu til barnaverndaryfirvalda og stofnana sem sinna barnaverndarstarfi, hvort sem þær eru einkareknar eða reknar af ríki eða sveitarfélögum. Áfram segir í athugasemdunum að það komi að sjálfsögðu til athugunar hvort samsvarandi bann skuli gilda um skóla, leikskóla og dagvistarheimili fyrir börn og aðra staði þar sem börn koma saman og dveljast um lengri eða skemmri tíma, svo sem íþrótta- og tómstundamiðstöðvar o.s.frv. Ekki hafi þótt fært að mæla fyrir um slíkt alhliða bann í barnaverndarlögum, heldur þótti eðlilegra að það væri gert í sérlögum um einstakar stofnanir ef vilji væri til þess. Með hliðsjón af þessu er lagt til fyrrgreint bann í 3. mgr. frumvarpsins. Þó er hér lagt til að refsinæmi verknaðar í 3. mgr. einskorðist ekki við það að brot hafi beinst gegn einstaklingi yngri en 18 ára, eins og miðað er við í barnaverndarlögum, heldur er lagt til að öll brot gegn XXII. kafla laganna valdi því að viðkomandi teljist ekki hæfur til að sinna æskulýðsstarfi, hvort sem brotaþoli hefur verið yngri eða eldri en 18 ára. Ekki verður séð að ástæða sé til hér að gera greinarmun á því hvort brotið hafi beinst gegn einstaklingi yngri eða eldri en 18 ára, sérstaklega í því ljósi að frumvarp þetta nær til barna og ungmenna á aldinum 6–25 ára. Þá nær ákvæðið til allra þeirra sem brotið hafa gegn umræddum kafla almennra hegningarlaga, án tillits til þess hversu langt er liðið frá því að dómur gekk. Rannsóknir hafa sýnt að nokkur hluti kynferðisbrotamanna er líklegur til að endurtaka brot sín. Af þessum sökum þykir óhjákvæmilegt og réttmætt, vegna hagsmuna barna og ungmenna, að komið sé í veg fyrir að slíkir einstaklingar sinni störfum sem fela í sér umgengni, umsjón og ábyrgð á þeim.

Auk framangreinds nær 3. mgr. einnig til þeirra sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkinefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Í starfi nefndarinnar sem vann drög að frumvarpi þessu kom fram að ljóst væri að börn og ungmenni væru ákveðinn markhópur fíkniefnasala. Jafnframt kom fram vilji nefndarmanna til að sporna gegn því að einstaklingar sem nýlega hefðu brotið gegn lögum um ávana- og fíkniefni, sinntu æskulýðsstarfi. Ólíkt því sem gildir um þá sem brotið hafa gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga þykir ekki ástæða til að útiloka þá sem brotið hafa gegn lögum um ávana- og fíkniefni alfarið frá ráðningu í þau störf sem lög þessi taka til, heldur takmarka ákvæðið við brot á síðastliðnum fimm árum. Er þá miðað við þá sem snúið hafa af braut ávana- og fíkniefna.

Samkvæmt 4. mgr. eiga yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma og 2. gr. frumvarpsins nær til rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans. Fyrirmynd þessa

ákvæðis er að finna í 3. mgr. 36. gr. barnaverndarlaga, hvað varðar upplýsingarétt nánar tilgreindra aðila úr sakaskrá vegna brota gegn almennum hegningarlögum, og er hún tekin hér upp nær orðrétt. Fram kemur í athugasemdum við 36. gr. frumvarps þess sem varð að barnaverndarlögum að í 3. mgr. þeirrar greinar væri farin sú leið að nánar tilgreindir aðilar gætu fengið upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur sem sótt hefði um störf á þeirra vegum hefði gerst sekur um brot sem varðaði við 1., sbr. 2. mgr. þeirrar greinar. Ekki væri gert ráð fyrir að þessir aðilar gætu fengið upplýsingar um alla sem gerst hefðu sekir um slík brot, heldur aðeins hvort það ætti við um tiltekinn einstakling og þá aðeins að gefnu tilefni. Með hliðsjón af framangreindu er í 4. mgr. lögð til fyrrgreind heimild fyrir nánar tiltekna aðila til upplýsinga úr sakaskrá að uppfylltum þeim skilyrðum sem 3. mgr. greinarinnar tekur til og að fengnu samþykki viðkomandi umsækjanda.

Að lokum er lagt til í 5. mgr. að standi ríki, sveitarfélag eða aðrir aðilar fyrir starfsemi sem fellur undir lög þessi skuli þess gætt að hún uppfylli lög og reglur um aðgengi, aðstöðu, hollustuhætti og öryggisþætti. Hér getur t.d. verið um að ræða starfsemi á vegum frístundamiðstöðva, frístundaheimila, ungmennahúsa, félagsmiðstöðva og félagsheimila og aðra sambærilega starfsemi, æfingar og námskeiðahald.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir sérstöku eftirliti með því að skilyrði greinarinnar séu uppfyllt. Ljóst er hins vegar að það er á ábyrgð þeirra er reka starfsemi sem fellur undir lög þessi að framfylgja ákvæðum laganna.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um stuðning sveitarfélaga við æskulýðsstarf. Sveitarfélög gegna mikilvægu hlutverki við að stuðla að fjölbreyttu framboði af æskulýðsstarfi fyrir börn og ungmenni. Í 1. mgr. er lagt til að sveitarstjórnir setji sér reglur um það hvernig stuðningi við frjálst æskulýðsstarf í sveitarfélaginu skuli háttað. Þá er lagt til að í sveitarfélögum séu starfandi æskulýðsnefndir eða sambærilegar nefndir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Í 2. mgr. er lagt til að sveitarstjórnir hlutist til um að stofnuð séu ungmennaráð í sveitarfélögum. Lagt er til að hlutverk ungmennaráða verði m.a. að vera sveitarstjórnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Þá er lagt til að sveitarstjórnir setji sér nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.

Í mörgum sveitarfélögum eru starfræktar frístundamiðstöðvar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, félagsheimili, ungmennahús, námskeið og vinnuskólar fyrir börn á vegum sveitarfélagsins. Á þessum stöðum fer fram mikið starf með börnum og hafa t.d. félagsmiðstöðvar með sér gott samstarf. Þá eru í nokkrum sveitarfélögum starfrækt Ungmennahús fyrir aldurshópinn 16 ára og eldri. Á nokkrum þeim stöðum hefur Rauði kross Íslands haft frumkvæði að stofnun slíkra húsa í samstarfi við sveitarfélög, samtök og stofnanir. Mörg sveitarfélög verja umtalsverðum fjármunum í þessa starfsemi. Þá hafa mörg sveitarfélög starfandi sérstakan starfsmann, æskulýðs-, tómstunda- og/eða forvarnafulltrúa sem sinnir ýmsum málum er varða málaflokkinn á vegum sveitarfélagsins. Í skýrslu nefndarinnar frá maí 2003 og á fundum og ráðstefnum hefur komið fram hjá ýmsum aðilum er standa að frjálsu félagsstarfi að þeir telja að ójafnt sé skipt fjármunum sveitarfélagsins sem varið er til starfsins og fái starf þeirra oft litla fjármuni eða aðstoð frá sveitarfélaginu. Víða í nágrannalöndum okkar og víða í Evrópu eru settar ríkar skyldur á herðar sveitarfélaga að standa fyrir og leggja fram fjármuni og aðstöðu til starfsemi fyrir börn og unglinga í viðkomandi byggðarlagi. Mikilvægt er að stutt sé við bakið á þeim einstaklingum og félögum er vinna

með og fyrir börn og ungmenni í viðkomandi sveitarfélagi og þannig stuðlað að því að sem fjölbreyttast starf sé í boði á viðkomandi stað.

Í greininni er einnig fjallað um hversu mikilvæg aðkoma ungmenna að ákvarðanatöku er, sbr. einnig 1. gr., en þar segir að í öllu starfi með börnum og ungmennum skuli velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Þá er í hvítbók Evrópusambandsins lögð áhersla á hlutverk og skyldur sveitarfélaga í málaflokknum. Á vettvangi Evrópuráðsins í Strassborg er starfandi sveitar- og héraðsstjórnarþing Evrópuráðsins CLARIS. Á fundum þingsins er fjallað um ýmis málefni sem er flestum sveitarfélögum sameiginlegt, þar á meðal um málefni barna og ungmenna. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir þrjá aðalfulltrúa og þrjá til vara til setu á þinginu.

Mikilvægi aðkomu ungmenna að ákvarðanatöku er einnig áhersluatriði í samþykktum Norrænu ráðherranefndarinnar *Norðurlönd á leið inn í nýtt árþúsund*. Þar er lögð áhersla á mikilvægi þess að sveitarstjórnir hlúi að og stuðli að fjölbreyttri þátttöku barna og ungmenna í frjálsu æskulýðsstarfi og að þeim séu gefin tækifæri til að hafa virk áhrif á nærumhverfi sitt. Umræðan um að ungt fólk komi meira að ákvarðanatöku um málefni er þau varða er vaxandi hér á landi eins og víða um lönd. Lögð er áhersla á að auka þátttöku ungs fólks á sem flestum sviðum þjóðlífsins og ekki síst í nærumhverfinu. Liður í því er að koma á ungmennaráðum þar sem ungmennin geta komið á framfæri sjónarmiðum og hugðarefnum sínum.

Með því að sveitarstjórnir setji á laggirnar ungmennaráð er komið til móts við óskir um lýðræðislega aðkomu ungs fólks. Með þátttöku í ungmennaráðum hafa þau möguleika á því að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri við kjörna fulltrúa sveitarfélaga. Mikilvægt er að val í ungmennaráð sé lýðræðislegt og þess gætt að fulltrúar sem flestra félaga og hópa eigi aðild að þeim. Þar er átt við að ungmenni úr t.d. æskulýðsfélögum, nemendafélögum grunn- og framhaldsskóla, félagsmiðstöðvum, ungmennahúsum og öðrum hópum eigi fulltrúa í ungmennaráðum. Einungis þannig fæst fram sú fjölbreytni og þau sjónarmið sem gera lýðræðislega þátttöku ungmenna svo mikilvæga og eftirsóknarverða.

Ekki eru sett fram aldursviðmið í frumvarpið um ungmennaráð, en þar sem slík ungmennaráð eru starfandi er oft miðað við aldurshópinn 13–17 ára. Átján ára eru ungmennin komin með kosningarétt og geta þá með atkvæði sínu haft áhrif á val kjörinna fulltrúa.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um æskulýðsrannsóknir. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra stuðli að því að fram fari reglubundnar æskulýðsrannsóknir, sem lagðar verði til grundvallar stefnumótun í æskulýðsmálum. Samkvæmt núgildandi lögum er það hlutverk Æskulýðsráðs að hlutast til um að fram fari fræðilegar rannsóknir á sviði æskulýðsmála. Eðlilegt þykir að ábyrgð þessi hvíli á menntamálaráðherra sem fer með yfirstjórn æskulýðsmála í landinu og því er lögð til framangreind breyting. Í samræmi við það er lagt til í 2. mgr. að menntamálaráðherra skipi fimm manna ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir. Lagt er til að einn fulltrúi verði skipaður samkvæmt tilnefningu Æskulýðsráðs, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá er lagt til að menntamálaráðherra skipi tvo fulltrúa án tilnefningar. Jafnframt er lagt til að ráðherra skipi formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Skipunartími nefndarinnar er tvö ár.

Frá árinu 1992 hefur menntamálaráðuneytið stuðlað að gerð æskulýðsrannsókna með nokkuð reglulegu millibili undir yfirskriftinni *Ungt fólk*. Sú fyrsta var gerð 1992, síðan 1997, 2000, 2003 og síðast í október 2004. Spurningalistar hafa verið lagðir fyrir nemendur í 9. og

10. bekk í öllum grunnskólum landsins. Eins hafa verið gerðar kannanir í framhaldsskólunum, nú síðast í október 2004, *Ungt fólk 2004*, þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir alla nemendur í öllum framhaldsskólum landsins. Æskulýðsrannsóknir eru viðurkenndar sem mikilvægt tæki til að fylgjast með stöðu og líðan barna og ungmenna og áhugasviðum þeirra, bæði fyrir stjórnvöld og ekki síður þá aðila er vinna með börnum og ungmennum. Þessar rannsóknir hafa m.a. reynst sveitarfélögunum notadrjúgar við stefnumótun í málaflokknum. Benda má á að Evrópuráðið og Evrópusambandið hafa lagt áherslu á æskulýðsrannsóknir og tekist hefur samstarf milli æskulýðsvettvangs Evrópuráðsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í æskulýðsrannsóknum. Liður í því er að koma upp evrópskum gagnagrunni um stöðu ungmenna, *European Knowledge Center for Youth Policy*, sbr. það sem fyrr greinir í almennum athugasemdum. Ísland er aðili að þessu samstarfi í gegnum Evrópuráðið. Menntamálaráðuneytið hefur falið fyrirtækinu Rannsóknum og greiningu að vera fulltrúar Íslands í því samstarfi.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til æskulýðslaga.**

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði lög í þeim tilgangi að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Áætlað er fyrir 162,6 m.kr. fjárveitingu til æskulýðsmála á lið 02-988 Æskulýðsmál i fjárlögum 2006.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ríkissjóður leggi starfsemi landssamtaka æskulýðsfélaga til fé eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum. Fjármálaráðuneytið telur að tillagan feli ekki í sér skuldbindingar um fjárveitingar og hafi því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Þá eru lagðar til ýmsar breytingar á stjórnsýslu ríkisins vegna æskulýðsmála. Þannig er lagt til í 5. gr. að fjölgað verði úr fimm í níu fulltrúa í Æskulýðsráði sem leggi skv. 6. gr. meiri áherslu á stefnumarkandi og ráðgefandi hlutverk gagnvart stjórnvöldum. Frá ráðinu færist ábyrgð á reglulegum æskulýðsrannsóknum til menntamálaráðherra skv. 12. gr. sem gert er ráð fyrir að skipi fimm manna ráðgjafarnefnd. Einnig er lagt til að í stað þess að þeir fimm einstaklingar sem setið hafa í Æskulýðsráði skipi jafnframt ráðgefandi stjórn Æskulýðssjóðs, sem ekki hefur haft sérstaka lagastoð, verði kveðið á um sjóðinn í III. kafla laganna og þar á meðal þriggja manna ráðgefandi stjórn hans skv. 8. gr. Á árinu 2005 voru 234 þús. kr. greiddar fyrir setu í Æskulýðsráði í samræmi við fjölda funda og gætu breytingarnar sem lagðar eru til hugsanlega aukið kostnað eitthvað þannig að minna yrði varið í önnur útgjöld. Í fjárlögum 2006 er 3 m.kr. veitt til ráðsins og þarf hugsanlega að færa hluta af þeirri fjárhæð til annarra aðila í samræmi við breytta skipan. Fjármálaráðuneytið telur að tillaga um að lögbinda Æskulýðssjóð hafi ekki áhrif á útgjöld ríkisins sem í fjárlögum 2006 eru ætluð 10 m.kr. og sama gildir um tillögu um æskulýðsrannsóknir sem fá 3 m.kr. fjárveitingu.

Á grundvelli framangreindra forsendna telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið hafi ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

## 461. Svar [321. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðjóns Ólafs Jónssonar um Íslendinga í fangelsum erlendis.

1. *Hvað er ráðuneytinu kunnugt um marga íslenska ríkisborgara sem sitja í gæsluvarðhaldi eða afplána refsivist í fangelsum erlendis? Hvar sitja viðkomandi í fangelsi og fyrir hvaða sakir og hvenær má vænta að þeir losni úr fangelsi? Svarið óskast sundurliðað eftir aldri og kyni viðkomandi.*

Ráðuneytinu er kunnugt um 10 íslenska ríkisborgara sem afplána refsivist í fangelsum erlendis. Eftirfarandi eru upplýsingar um fanga sem ráðuneytið hefur haft afskipti af:

| | |
|---|---|
| Bandaríkin: | 1 fyrir kynferðisafbrot (karl, 22 ára) lýkur skilorði sumarið 2007. |
| | 1 fyrir rán og alvarlega líkamsárás (karl, ekki vitað um aldur) lýkur afplánun 2015. |
| Brasilía: | 2 fyrir fíkniefnabrot (karlar, 22 og 32 ára). Ekki dæmt í málunum. |
| Frakkaland: | 2 fyrir fíkniefnabrot (karl 32 ára, kona 24 ára) ljúka afplánun 2007. |
| Þýskaland: | 1 (karl 37 ára). Ekki vitað fyrir hvað maðurinn situr inni eða hversu lengi. |

Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um afbrot, kyn eða aldur þriggja fanga í Danmörku.

Þess má geta að íslenskum stjórnvöldum berst ekki formleg tilkynning um það þegar Íslendingar eru handteknir erlendis, heldur koma slík mál til vitundar utanríkiþjónustunnar í gegnum þá einstaklinga sem í hlut eiga eða aðila sem tengjast þeim.

2. *Hvað hefur utanríkisráðuneytið aðstoðað marga þeirra sem getið er um í 1. tölul. og í hverju hefur sú aðstoð falist?*

Ráðuneytið hefur aðstoðað þá fanga sem framan greinir meðal annars með heimsóknum, viðtölum, samskiptum við fjölskyldur og aðstandendur, samskiptum við viðkomandi yfirvöld, túlkun í fangelsum, fundum með lögmönnum, haft milligöngu um að færa föngum bréfsefni, dagblöð, bækur og peningasendingar, og unnið í því að finna lögmenn.

Starfsmenn sendiráða hafa eftir atvikum aðgang að gæsluvarðhaldsföngum sem sæta heimsókna-, síma-, og bréfabanni meðan á rannsókn mála stendur. Þótt það teljist ekki til vanalegra verka sendiráðsstarfsmanna hafa þeir í einhverjum tilfellum, þegar þess hefur verið óskað, verið viðstaddir réttarhöld og dómsuppkvaðningar.

3. *Hvað hefur utanríkisráðuneytið á árunum 2002–2006 haft milligöngu um lausn margra íslenskra ríkisborgara, sem setið hafa í fangelsum erlendis, eða flutning þeirra hingað til lands til afplánunar? Óskað er eftir að í svarinu komi fram sams konar upplýsingar og beðið er um í 1. tölul.*

Almennt má segja að íslensk stjórnvöld beiti sér ekki fyrir lausn eða styttingu afplánunar íslenskra ríkisborgara erlendis. Litið er svo á að helsta verkefni utanríkisþjónustunnar í málum sem þessum sé að hafa eftirlit með því að almennra mannréttinda sé gætt gagnvart íslenskum ríkiborgurum á meðan þeir eru í haldi erlendra ríkja. Fangar geta farið fram á flutning til afplánunar á Íslandi á grundvelli Evrópusamningsins um flutning dæmdra manna, og er ekki skilyrði að viðkomandi ríki sé aðili að samningnum. Þegar beiðni berst um slíkan flutning er það í verkahring dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að afgreiða beiðnina. Slík mál koma yfirleitt ekki til meðferðar utanríkisráðuneytisins.

Einstök tilfelli má þó nefna í þessu samhengi:

Árið 2003 beitti ráðuneytið sér til að flýtt væri málsmeðferð manns (karls, f. 1962) sem handtekinn var í Sameinuðu arabísku furstadæmunum með skotvopn í fórum sínum. Var manninum sleppt að loknum réttarhöldum og hann sendur til Íslands.

Árið 2006 hafði ráðuneytið milligöngu um að aðstoða fanga (karl, f. 1968) í Finnlandi við að losna nokkrum vikum fyrr úr afplánun til komast til Íslands vegna alvarlegra veikinda foreldris. Ráðuneytið hafði einnig milligöngu um flutning eins fanga (karls, f. 1980) frá Þýskalandi sem var dæmdur fyrir fíkniefnabrot.

Á árunum 2002–2006 hafði ráðuneytið milligöngu í máli ungs íslensks ríkisborgara (karls, f. 1983) sem dæmdur var fyrir kynferðisafbrot í Bandaríkjunum. Maðurinn óskaði eftir að afplána dóm sinn á Íslandi, en þeirri beiðni var ítrekað hafnað af bandarískum yfirvöldum.

## 462. Fyrirspurn [410. mál]

til viðskiptaráðherra um endursölu viðskiptabanka og sparisjóða á eignum sem þeir hafa leyst til sín við nauðungarsölu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er mismunur á innlausnarverði íbúða sem seldar hafa verið á nauðungarsölu til viðskiptabanka og sparisjóða og endursöluverði þeirra á frjálsum markaði síðastliðin tvö ár?
2. Hvernig standa bankar og sparisjóðir að endursölu á eignum sem þeir hafa leyst til sín við nauðungarsölu?
3. Er eitthvert eftirlit með kostnaði sem viðskiptabankar og sparisjóðir láta ganga til lækkunar á skuld gerðarþola áður en endursöluvirði er greitt til hans við nauðungarsölu eignar?
4. Er ástæða til að setja reglur um slíkt?

**Skriflegt svar óskast.**

## 463. Fyrirspurn [411. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd nauðungarsölu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu margar íbúðir hafa verið innleystar síðastliðin tvö ár með nauðungarsölu hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík af viðskiptabönkum og sparisjóðum annars vegar og Íbúðalánasjóði hins vegar?
2. Eru það í öllum tilvikum óháðir fasteignasalar sem meta verðgildi fasteigna sem koma til nauðungarsölu samkvæmt kröfu viðskiptabanka og sparisjóða annars vegar og Íbúðalánasjóðs hins vegar?

3. Eru gerðarþolar upplýstir um rétt sinn skv. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr. laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991?
4. Telur ráðherra ástæðu til að herða á eftirliti með því hvernig fyrrnefndu ákvæði er framfylgt þannig að gerðarþoli fái skilyrðislaust upplýsingar um þennan rétt?

**Skriflegt svar óskast.**

## 464. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 24. nóv.)

1. gr.

Í stað fjárhæðanna „3.721.542“ og „6.169.097“ í 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna kemur: 4.838.005 og 8.019.826.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Endurákvarða skal vaxtabætur samkvæmt skattframtali ársins 2006 vegna vaxtagjalda á árinu 2005 í samræmi við B-lið 68. gr. Endurákvörðun vaxtabóta skal lokið eigi síðar en 31. desember 2006 og tilkynnt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Senda skal hverjum skattaðila sem öðlast við endurákvörðun vaxtabóta rétt til vaxtabóta, sbr. B-lið 68. gr., tilkynningu um endurákvörðunina.

Endurákvörðun vaxtabóta samkvæmt grein þessari er kæranleg til skattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu auglýsingar um að endurákvörðun vaxtabóta sé lokið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 465. Lög [22. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. nóv.)

Samhljóða þskj. 464.

## 466. Þingsályktun [351. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja.

(Afgreidd frá Alþingi 24. nóv.)

Samhljóða þskj. 381.

## 467. Frumvarp til laga [412. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Flm.: Ellert B. Schram, Sæunn Stefánsdóttir.

1. gr

Í stað hlutfallstölunnar „0,5%“ í 2. tölul. 31 gr. laganna kemur: 2%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Miklar breytingar hafa orðið í íslensku samfélagi á undanförnum missirum og árum. Umsvif fyrirtækja og fjármálastofnana, rekstur og velta hafa stóraukist. Arður og ágóði að sama skapi. Í vaxandi mæli hafa fyrirtæki, eignarhaldsfélög og sjálfseignastofnanir, í krafti arðseminnar, haft tök á því að veita styrki og stuðning til margvíslegra málefna og verkefna, á sviði menningar, líknarmála, vísinda, rekstur skóla o.s.frv. Það er vel.

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, ítrekaði í grein sem birtist í Morgunblaðinu í þessum mánuði hina samfélagslegu ábyrgð fyrirtækja og stofnana af þessu tagi.

Það er auðvitað gagnlegt og ánægjulegt að lesa og heyra um rausnarskap einkafyrirtækja, enda þótt það sé áfram hlutverk stjórnvalda að standa vörð um samtök og starfsemi í þágu góðra mála. Það er hins vegar alkunna að framlög opinberra aðila til margvíslegra góðra mála eru jafnan og oftast minni en til þarf.

Þess vegna er gjarnan leitað á náðir fyrirtækja til að hlaupa undir bagga. Mörg velferðarmál, hugsjónamál og önnur samfélagslega þýðingarmikil starfsemi er beinlínis háð því að slíkir styrkir fáist.

Heimilt er skv. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, að draga frá tekjum af atvinnurekstri einstakar gjafir og framlög til tiltekinna málaflokka þegar talið er fram til skatts „þó ekki yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7 gr.“.

Þessi lagagrein er komin til ára sinna. Það er mat flutningsmanna, með hliðsjón af þeirri þróun sem að framan greinir varðandi hag fyrirtækja, eignarhaldsfélaga og sjálfseignarstofnana, að þeim eigi að gefa aukið ráðrúm til að láta fé af hendi rakna til þeirra málaflokka sem upp eru taldir í 16. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða

sjálfstæðri starfsemi. Það má gera með einfaldri lagabreytingu, hækka úr 0,5% í 2% það hlutfall sem draga má frá tekjum sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Hér er gerð tillaga um slíka breytingu. Hún kæmi til góða fyrir hvers konar menningarmálastarfsemi fyrir almenning, byggingar skólahúsa og íþróttamannvirkja, rekstur skóla, íþróttastarfsemi, fræðiritaútgáfu, fræðslukvikmyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfnun, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða, skóggræðslu, sandgræðslu, verndun fiskimiða, viðukennda vísinda- og rannsóknarstarfsemi, viðurkennda líknarstarfsemi, sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, elliheimili, vöggustofur, barnaheimili, stofnana fyrir drykkjusjúklinga og lamaða og fatlaða, slysavarnir og starfsemi þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga, sem og stjórnmálaflokka.

Flutningsmenn eru þess fullvissir að þingheimur og stjórnvöld munu styðja þá viðleitni sem í þessu frumvarpi felst, að greiða fyrir því að fyrrnefnd starfsemi og málefni njóti í auknum mæli góðs af góðri afkomu atvinnu og fjármálafyrirtækja, með því að hækka þá viðmiðun sem nú er í lögum varðandi frádrátt á skatti vegna slíkra framlaga.

## 468. Frumvarp til laga [413. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Amanda Ade Yulinawati, f. 23. nóvember 1991 í Indónesíu.
2. Dhani Rachmadani, f. 15. apríl 1989 í Indónesíu.
3. Pathipan Kristjánsson, f. 26. júní 1990 í Taílandi.
4. Olufela Owolabi, f. 25. júní 1977 í Nígeríu.
5. Balema Alou, f. 2. júní 1972 í Tógó.
6. Helen Elisabeth Andreassen, f. 23. mars 1946 í Bandaríkjunum.
7. Thor Michael Delahanty, f. 21. ágúst 1997 í Frakklandi.
8. Esther Iyorah, f. 17. desember 1973 í Nígeríu.
9. Alina Daniszewska, f. 15. september 1961 í Póllandi.
10. Svajunas Statkevicius, f. 26. júní 1975 í Litháen.
11. Norbert Muller, f. 3. nóvember 1958 í Þýskalandi.
12. Lea Dominique Gayet, f. 12. ágúst 1986 á Íslandi.
13. Victor Georges Gayet, f. 3. október 1989 á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hefur borist 21 umsókn um ríkisborgararétt á 133. löggjafarþingi en skv. 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 13 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

# 469. Svar [112. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um endurgreiðslu á tannlæknakostnaði barna og unglinga.

1. *Hversu há var endurgreiðsla vegna tannlæknakostnaðar barna og unglinga á árinu 2005 sundurliðað eftir þessum aldurshópum:*
   *a. að 6 ára aldri,*
   *b. 7–12 ára,*
   *c. 13–17 ára?*
   *Hve hátt er hlutfallið af heildartannlæknakostnaði?*

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins greiddi stofnunin eftirfarandi upphæðir vegna tannlæknaþjónustu barna á tilgreindum aldri árið 2005. Hlutfall endurgreiðslu er reiknað út frá því heildarverði sem gefið var upp á reikningum sem bárust Tryggingastofnun ríkisins.

Tölurnar eru fyrir almennar tannlækningar barna og unglinga, einnig barna með umönnunarbætur í flokkum 1, 2 og 3 og barna á sambýlum og vistheimilum. Í þeim eru ekki teknar með greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna tannréttinga eða annars sem afgreitt er út á umsóknir og skv. 33. gr. laga um almannatryggingar. Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir reikninga allt að fjögur ár aftur í tímann og því geta þessar tölur breyst.

| Aldur barna | Endurgreitt af Tryggingastofnun | Hlutfall af heildarverði á reikningi |
|---|---|---|
| 0–6 ára | 107 millj. kr. | 61% |
| 7–12 ára | 223 millj. kr. | 60% |
| 13–17 ára | 199 millj. kr. | 59% |

2. *Liggur fyrir rannsókn á tannheilsu barna og unglinga sem hófst á skólaárinu 2004–2005 en boðað var að niðurstaða hennar mundi liggja fyrir um sl. áramót? Ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður?*

Landsrannsókn á munnheilsu Íslendinga, MUNNÍS, var hleypt af stokkunum á skólaárinu 2004–2005. Rannsóknin var gerð að frumkvæði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í samvinnu við Lýðheilsustöð, miðstöð tannverndar hjá Heilsugæslunni og tannlæknadeild Háskóla Íslands og fékk samþykki Vísindasiðanefndar (VSN 03-140). Skoðað var slembiúrtak 20% barna á aldrinum 6, 12 og 15 ára á Íslandi. Samtals voru 2.251 börn skoðuð í 1., 7. og 10. bekk víðs vegar um landið. Aflað var upplýsinga um tannskemmdir, glerungseyðingu, tannmissi og sjúkdóma í mjúkvefjum með klínískri skoðun auk upplýsinga um heilsufarslegan og félagslegan bakgrunn þátttakenda með spurningalistum.


Áformað var að hefja skoðanir á haustmisseri 2004. Langt verkfall grunnskólakennara varð hins vegar til þess að fresta þurfti skoðunum þar til á vormisseri. Síðustu skoðanir voru gerðar í lok aprílmánaðar 2005. Gagnainnsláttur var í höndum Félagsvísindastofnunar og úrvinnsla í höndum Lýðheilsustöðvar. Vinna við tölfræðilega greiningu rannsóknargagna stendur nú yfir og eru þær upplýsingar sem birtast hér frumniðurstöður fengnar frá rannsóknasviði Lýðheilsustöðvar.

Fyrstu niðurstöður sem kynntar voru í janúar 2006 sýndu að um 15% íslenskra unglinga í 7. bekk greindust með glerungseyðingu á einhverri tönn. Tíðni glerungseyðingar var tvöfalt

meiri hjá nemendum í 10. bekk eða 30% að meðaltali. Þar voru 37,3% pilta og 22,6% 15 ára stúlkna með glerungseyðingu á einhverri tönn. Þetta er veruleg aukning frá árinu 1997 þegar 22% fimmtán ára barna mældist með glerungseyðingu í rannsókn dr. Ingu B. Árnadóttur. Glerungseyðing hefur einkum verið tengd mikilli gosdrykkjaneyslu, en vitað er að íslenskir unglingar neyta gosdrykkja í miklu magni og þar er mynstrið svipað, þ.e. íslenskir piltar drekka meira af gosdrykkjum en stúlkur.

Greiningarskilmerki (e. „diagnostic criteria“) á tannátu hafa þróast mjög á undanförnum áratugum og í MUNNÍS-rannsókninni var tekið mið af því. Ný sjónræn greiningaraðferð var notuð sem sameinar viðurkenndar greiningaraðferðir á tannskemmdum í heildstætt kerfi (International Caries Detection & Assessment System – ICDAS). Tannáta var greind á byrjunarstigi (snemmgreining) sem sýnileg úrkölkun í glerungsyfirborði ($D_{1-2}$). Á því stigi tannátu er mögulegt að stöðva frekari þróun sjúkdómsins með forvörnum, þ.e. „læknandi meðferð“, s.s. flúormeðferð án viðgerðar með tannfylliefnum. Tannáta er einnig greind á lokastigi, þ.e. þegar tannskemmd er komin inn í tannbein ($D_{3-6}$), en þá er viðgerðar með tannfylliefnum þörf til að stöðva sjúkdóminn. Niðurstöður eldri rannsókna miðuðust við greiningu tannskemmda á lokastigi ($D_{3-6}$). Í tannskemmdastuðlinum DMFT eru taldar, auk tannátu, fylltar tennur (F, „filled“) og tapaðar tennur vegna tannskemmda (M, „missing“). Í fylgiskjali er gerð nánari grein fyrir þessum mælikvörðum.

Tíðni tannátu meðal íslenskra barna og unglinga minnkaði mjög hratt á árunum 1986–1996 en undanfarinn áratug virðist hafa hægt heldur á þeirri jákvæðu þróun.





Skýring: DMFT-gildi frá árunum 1986, 1991 og 1996 eru úr landsrannsókn á tannheilsu barna sem Sigfús Þór Elíasson prófessor framkvæmdi. $D_{3-6}$MFT gildi er úr MUNNÍS-rannsókninni 2005 og gildi fyrir 2010 er markmið heilbrigðisáætlunar til 2010.

Tannátustuðull fullorðinstanna $D_{3-6}MFT$ hjá tólf ára börnum mælist nú 1,4 sem þýðir að tæplega ein og hálf fullorðinstönn að meðaltali er skemmd og þarfnast viðgerðar, hefur þegar verið fyllt með tannfylliefni eða hefur tapast vegna tannskemmda hjá tólf ára íslensku barni. Þess má geta að samkvæmt markmiðum heilbrigðisáætlunar til 2010 er stefnt að því að tólf ára börn á Íslandi hafi eina eða færri skemmda, viðgerða eða tapaða fullorðinstönn að meðaltali árið 2010.

Fyrstu niðurstöður benda einnig til þess að 2,6 tennur til viðbótar í hverju tólf ára barni sýni greinanleg forstigseinkenni tannátu ($D_{1-6}MFT = 4,0$) og öflugra forvarna er þörf til að stöðva megi sjúkdómsferlið á því stigi.

22% tólf ára barna sýna engin ummerki um tannátu í fullorðinstönnum og ef barnatennur eru taldar með er hlutfallið 19%.




Hjá sex ára börnum hefur tíðni tannskemmda í fullorðinstönnum vaxið, sem er áhyggjuefni þar sem tannskemmdatíðni í þeim aldurshópi hefur forspárgildi fyrir unglingsárin.


73% sex ára barna sýna engin merki um tannátu í fullorðinstönnum og ef barnatennur eru meðtaldar er hlutfallið 35%.

Tannátustuðull fullorðinstanna $D_{3-6}MFT$ hjá fimmtán ára unglingum mælist nú 2,8 sem þýðir að tæplega þrjár fullorðinstennur að meðaltali eru skemmdar og þarfnast viðgerðar, hafa þegar verið fylltar með tannfylliefnum eða hafa tapast vegna tannskemmda. Niðurstöður benda einnig til þess að tæplega fjórar tennur til viðbótar sýni greinanleg forstigseinkenni tannátu ($D_{1-6}MFT = 6,6$).


16% fimmtán ára barna sýna engin ummerki um tannátu í fullorðinstönnum.

Verið er að samlesa röntgengreiningu við sjónræna greiningu og líklegt þykir að tannátustuðlar fyrir þennan aldurshóp eigi eftir að hækka þar sem margar tannskemmdir sjást aðeins á röntgenmyndum en ekki með berum augum, en ofangreindar niðurstöður byggjast á sjónrænni greiningu einvörðungu.

**Hlutfall barna án tannskemmda $D_{3-6}MFT$ (fyllt eða ófyllt hola).**




**Hlutfall barna án byrjandi eða lengra kominna tannskemmda.**



Til samanburðar eru hér birtir sambærilegir tannskemmdastuðlar $D_3MFT$ á Norðurlöndunum samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO).

**$D_3MFT$ 12 ára barna á Norðurlöndunum.**

| Land | $D_3MFT$ 12 ára barna | Ár |
|---|---|---|
| Danmörk | 0,8 | 2005 |
| Finnland | 1,2 | 2000 |
| Noregur | 1,5 | 2000 |
| Svíþjóð | 1,1 | 2002 |
| Ísland | 1,4 | 2005 |

3. *Eru uppi áform hjá ráðherra um breytingar á núverandi endurgreiðslukerfi vegna tannlækninga barna og unglinga?*

Flest af því sem birtist í þessu svari eru nýjar niðurstöður sem ekki hafa verið birtar áður. Þegar frekari niðurstöður liggja fyrir verður tekin ákvörðun byggð á faglegum forsendum um hvernig nýta megi niðurstöðurnar.

Það forvarnastarf sem nú er aðallega unnið á vegum Lýðheilsustöðvar beinist að því að vekja fólk til vitundar um það sem það getur gert sjálft til að viðhalda góðri tannheilsu. Mikil gosdrykkjaneysla eykur áhættu á glerungseyðingu og niðurstöður rannsóknarinnar um tíðni glerungseyðingar hjá 12 og 15 ára unglingum bera þess merki. Minni neysla gosdrykkja og sætinda auk góðrar tannhirðu eru lykilatriði til að tannheilsa barna og unglinga á Íslandi batni enn frekar. Forvarnir á sviði tannheilsu byggjast á samvinnu fagfólks og almennings. Þrátt fyrir mikilvægi forvarna á vegum hins opinbera geta þær aldrei komið í stað aðgerða fólks sjálfs til að tryggja góða tannheilsu.

## Fylgiskjal.

**DMFT** og **DMFS** eru alþjóðlegir mælikvarðar sem eru notaðir til þess að gefa tannskemmdum tölulegt gildi. **DMFT** segir til um hversu margar tennur eru skemmdar/fylltar hjá tilteknum einstaklingi.

Þetta er gert með því að telja fjölda
- skemmdra (e. „decayed“) ($D = D_{1-6}$)
- tapaðra (e. „missing“) ($M_{4-5}$) og
- fylltra (e. „filled“) $F_{>2}$

tanna (T) eða tannflata (e. „surfaces“) (S).

Þessi matsaðferð segir því til um hversu margar tennur hafa orðið fyrir skemmdum. Þetta er ýmist metið út frá öllum fullorðinstönnunum, sem eru 32 talsins, eða út frá 28 tönnum en þá er endajöxlunum sleppt.

Með öðrum orðum:
- Hversu margar tennur eru skemmdar $D_{1-6}$
  - $D_{1-2}$ afturkræfar skemmdir á byrjunarstigi í tannglerungi
  - $D_{3-6}$ óafturkræfar skemmdir inn í tannbein sem þarfnast lagfæringar með fylliefnum
- Hversu margar tennur hafa verið dregnar m.v. 4–5 tapaða fleti á tönn: $M_{4-5}$
- Hversu margar tennur eru fylltar eða með krónu, skorufylltar tennur ekki meðtaldar $F_{>2}$

**Summan af þessu gefur DMFT-gildið.**

**Dæmi:** $D_3$MFT 4 + 3 + 9 = 16 þýðir að 4 tennur eru skemmdar inn í tannbein, 3 tennur vantar og 9 tennur eru með fyllingu. Þetta þýðir einnig að 12 tennur eru óskemmdar (ef miðað er við 28 tennur). Ef tönn er bæði með skemmd og með fyllingu er það aðeins metið sem skemmd (D). DMFT-gildið getur því hæst orðið 28 (eða 32 ef endajaxlar eru meðtaldir) sem þýðir að allar tennur hafi orðið fyrir skemmdum.

**DMF / DMFS** er ítarlegri mælikvarði en DFMT. Þetta mat felur í sér að telja skemmda tannfleti (e. „per tooth surface", DMFS). Jaxlar og forjaxlar hafa 5 fleti en framtennur hafa 4 fleti. Eins og áður eru fletir sem bæði eru með skemmd og fyllingu aðeins metnir sem skemmd (D). DMFS-gildið getur því hæst orðið 128 ef miðað er við 28 tennur.

Fyrir barnatennur, sem eru 20 talsins, eru sambærilegir mælikvarðar notaðir við mat á skemmdum tönnum eða deft og defs, e stendur fyrir úrdregnar tennur vegna tannskemmda.

Eftirfarandi gildi eru notuð þegar skemmdir hjá fullorðnum eru tilgreindar:
- $D_{1-6}$ MFT – Meðaltal skemmdra (skemmdir á byrjunarstigi taldar með), tapaðra og fylltra tanna.
- $D_{3-6}$ MFT – Meðaltal skemmdra (skemmdir á byrjunarstigi ekki taldar með),tapaðra og fylltra tanna.
- % DMFT – Hlutfall skemmdra tanna í tilteknum hópi.
- %D – Hlutfall ómeðhöndlaðra skemmdra tanna í tilteknum hópi.
- DT – Meðaltal skemmdra tanna.

## 470. Svar [270. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um nám í listdansi.

1. *Hvernig verður fyrirkomulag náms í listdansi nú eftir að Listdansskóli Íslands hefur verið lagður niður? Óskað er eftir upplýsingum um öll námsstigin þrjú, þ.e. grunn-, mið- og framhaldsstig, og um samninga við einstaka skóla.*

Menntamálaráðuneytið gaf út námskrá í listdansi í maí sl. Námskráin skiptist í tvo hluta. Aðalnámskrá listdansskóla tekur til grunnnáms í listdansi og skiptist það í sjö stig. Námið er skipulagt fyrir nemendur frá níu ára aldri til um það bil 16 ára aldurs. Námskrá fyrir listdanskjörsvið á listnámsbraut er hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla og tekur til framhaldsnáms í listdansi. Nám á listdanskjörsviði er skipulagt eftir eininga- og áfangakerfi og ætlað nemendum sem komnir eru í framhaldsskóla.

Skólar sem bjóða upp á grunnnám samkvæmt aðalnámskrá listdansskóla geta sótt um viðurkenningu ráðuneytisins á því að þeir starfi og veiti kennslu í samræmi við aðalnámskrá grunnnáms í listdansi. Ráðuneytið gaf út viðmiðunarreglur um viðurkenningu fyrir listdansskóla á grunnstigi í ágúst 2006. Auglýst var eftir umsóknum um rekstrarstyrki í september 2006 og eru umsóknir nú til afgreiðslu í ráðuneytinu.

Skólar sem kenna listdans á framhaldsstigi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla geta sótt um viðurkenningu þeirrar kennslu. Viðurkenning ráðuneytisins er veitt á grundvelli reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 108/1999. Tveir skólar hafa þegar hlotið slíka viðurkenningu, Listdansskóli Íslands/Dansmennt og Klassíski listdansskólinn. Umsókn frá þriðja skólanum er til meðferðar í ráðuneytinu.

Framhaldsskólum er heimilt að gera þjónustusamning við listdansskóla sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytisins til að kenna nemendum listdans á framhaldsstigi samkvæmt aðalnámskrá. Greitt er fyrir þá kennslu eftir reiknilíkani framhaldsskóla og eru þeir milliliðir um greiðslur til dansskólanna. Menntaskólinn við Hamrahlíð er móðurskóli fyrir listdanskjörsvið á framhaldsskólastigi.

Til að tryggja samfellu í námi þeirra nemenda sem voru í Listdansskóla Íslands og að nýjum nemendum yrði tryggð skólavist gerði ráðuneytið samning við Dansmennt ehf. um að fyrirtækið byði upp á nám samkvæmt gildandi námskrá frá og með skólaárinu 2006–2007. Dansmennt ehf. var upphaflega stofnað af kennurum við Listdansskóla Íslands og hefur verið gert samkomulag milli stofnenda félagsins og Listaháskóla Íslands um yfirtöku Listaháskólans á félaginu. Samningurinn er til þriggja ára og gerir ráð fyrir greiðslum til skólans samkvæmt reiknilíkani framhaldsskóla vegna þeirra nemenda sem þar ljúka námi.

2. *Hver voru framlög úr ríkissjóði til Listdansskóla Íslands á árunum 2000–2005 og hver eru áform stjórnvalda um fjárveitingar til náms á öllum þremur stigum listdansnámsins næstu fimm ár?*

Framlög úr ríkissjóði til Listdansskólans árin 2000–2005, á verðlagi hvers árs koma fram í eftirfarandi töflu:

| Ár | Framlag úr ríkissjóði, millj. kr. |
|---|---|
| 2000 | 30,4 |
| 2001 | 48,1 |
| 2002 | 49,7 |
| 2003 | 52,6 |
| 2004 | 56,2 |
| 2005 | 61,2 |

Heimild: Ríkisreikningur

Í frumvarpi til fjárlaga 2007 er gert ráð fyrir að 83 millj. kr. verði veittar til listdansnáms á framhaldsskólastigi.

Samkvæmt horfum í efnahags- og ríkisfjármálum árin 2007–2010 mun árlegur vöxtur samneyslu að jafnaði ekki vera umfram 2% að raungildi. Þá er gert ráð fyrir að framlög til háskóla og rannsókna aukist um 3,5% á ári og framlög til framhaldsskólastigsins vaxi um 3% ári á tímabilinu. Að þessu gefnu má gera ráð fyrir að framlög til listdansnáms muni aukast með sama hætti.

Upphæð rekstrarstyrkja til skóla er kenna listdans á grunnstigi hefur ekki enn verið ákveðin en ráðuneytið áformar að veita slíka styrki eins og fram kemur í svari við fyrri spurningu.

Þá hefur ráðuneytið átt í viðræðum við talsmenn sveitarfélaga um fjármögnun á listdanskennslu á grunnstigi en nokkur sveitarfélög greiða nú þegar iðkendastyrki sem nýtast til að greiða skólagjöld í listdansskólum á grunnstigi.

## 471. Frumvarp til laga [414. mál]

um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (eigendasaga myndverka o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 10. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Sá sem rekur verslun með myndverk í atvinnuskyni skal krefjast eigendasögu myndverks af seljanda enda sé myndlistarmaðurinn á skrá Listasafns Íslands. Þar skal koma fram hver sé eigandi verksins og, eftir því sem unnt er, hverjir hafi verið eigendur þess. Skal verslunaraðilinn vekja athygli á tilvist eigendasögunnar við líklega kaupendur og afhenda hana formlegum kaupanda. Seljandi og verslunaraðili bera ábyrgð skv. 3. mgr. 23. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætast tveir málsliðir sem orðast svo: Uppboðsstjóri skal krefjast eigendasögu myndverks skv. 2. mgr. 10. gr. Auk þess skal uppboðsstjóri vekja athygli á tilvist eigendasögunnar í uppboðsskilmálum.

b. 3. mgr. orðast svo:

Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi eða uppboðsstjóri hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð. Séu myndverk seld á opnum eða lokuðum frjálsum uppboðum, svo og í verslun með myndverk í atvinnuskyni, skal uppboðsstjóri eða listaverkasali, svo og seljandi, gæta sérstakrar varúðar varðandi ranga eignaraðild að og hættu á fölsun verkanna og þá sinna leiðbeiningarskyldu, m.a. um vöntun á eigendasögu framangreindra myndverka, að jafnaði með sannanlegum hætti. Uppboðsstjóri og listaverkasali skulu, ef ástæða þykir til, benda á að leita megi til sérfróðs álitsgjafa um myndverk. Þeir skulu afhenda formlegum kaupanda eigendasögu myndverkanna en jafnframt varðveita hana og síðan senda hana Listasafni Íslands þegar starfsemi fyrirtækis lýkur.

c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Vakin skal þar athygli á tilvist eigendasögu myndverks, sbr. 2. mgr.

d. Við 5. mgr. bætast þrír málsliðir sem orðast svo: Uppboðsstjóri skal krefjast eigendasögu myndverks skv. 2. mgr. 10. gr. Auk þess skal uppboðsstjóri vekja athygli á tilvist eigendasögunnar í uppboðsskilmálum og afhenda hana formlegum kaupanda. Seljandi og uppboðsstjóri bera ábyrgð skv. 3. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, tekur mið af tillögum starfshóps sem menntamálaráðherra skipaði í maí 2004 til að fjalla um fölsun listaverka og gera tillögur um hvernig unnt væri að bregðast við þeim vanda sem af þeim hlytist. Í skilagrein starfshóps gegn listaverkafölsunum, dags. 23. júní 2005, sem Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur var formaður fyrir, voru m.a. tillögur um þær breytingar á lögum um verslunaratvinnu að skylt yrði að leggja fram eigendasögu listaverks sem boðið væri til sölu í atvinnuskyni. Tillögurnar, sem fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis fóru síðan yfir, hefur viðskiptaráðuneytið útfært í frumvarpi þessu. Gildissvið ákvæða frumvarpsins er með tilliti til forsögu málsins og umsagna um frumvarpið takmarkað við tiltekin myndverk.

Í frumvarpinu er í stuttu máli gerð krafa til þess að seljandi leggi fram eigendasögu myndverks, enda sé myndlistarmaðurinn á skrá Listasafns Íslands, hvort sem það er 1) selt í atvinnuskyni hjá listaverkasala, 2) selt á opnu listmunauppboði eða 3) selt á lokuðu listmunauppboði. Bera annars vegar seljandi og hins vegar verslunaraðili (listaverkasali eða uppboðsstjóri) nánar tilteknar skyldur hér að lútandi. Ákvæði um ábyrgð eru hert með breytingu á 3. mgr. 23. gr. laganna, þ.e. ákvæðunum um svik sem ná ekki aðeins til seljanda heldur einnig verslunaraðila. Jafnframt er þar kveðið á um að gæta skuli sérstakrar varúðar varðandi ranga eignaraðild að og hættu á fölsun verkanna. Skulu aðilar þá sinna leiðbeiningarskyldu. Verslunaraðilar skulu jafnframt, ef ástæða þykir til, benda á að leita megi til sérfróðs álitsgjafa um myndverk. Áskilnaður um eigendasögu við sölu myndverka hinna tilteknu myndlistarmanna hjá listaverkasala, á opnu listmunauppboði eða á lokuðu listmunauppboði getur dregið úr hættu á fölsunum myndverka með tjóni fyrir ýmsa aðila og myndlistarmarkaðinn í landinu og stuðlað að betri neytendavernd. Geta slíkar upplýsingar að sögn Listasafns Íslands verið mikilvægar um sögu og feril myndverks og haft margvíslegt menningarsögulegt gildi. Kveðið er á um að listaverkasalar og uppboðsstjórar skuli senda Listasafni Íslands handbærar upplýsingar um eigendasögu viðkomandi myndverka þegar starfsemi fyrirtækis lýkur.

Eigendasaga kemur einkum að gagni þegar um er að ræða eldri myndverk og mjög dýr myndverk. Gildir þetta einnig erlendis þar sem sérstaklega þarf að huga að ólöglega fengnum verkum, jafnvel frá tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Þegar grunur leikur á fölsun er unnt að leita til innlendra eða erlendra aðila sem geta rannsakað verk vísindalega. Einnig geta listfræðingar komið við sögu þá, t.d. þegar verk eru ómerkt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sá sem rekur verslun með myndverk í atvinnuskyni skuli gera kröfu til þess að seljandi leggi fram eigendasögu myndverks ákveðins myndlistamanns á sérstakri skrá Listasafns Íslands. Jafnframt mundi uppboðsstjóri gera slíka kröfu samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarpsins um opið eða lokað uppboð. Þá er gert ráð fyrir að verslunaraðilinn veki athygli á tilvist eigendasögunnar við líklega kaupendur. Í öðrum ákvæðum frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að uppboðsstjóri veki athygli á tilvist eigendasögunnar í uppboðsskilmálum sem einnig höfða til líklegra kaupenda. Sé hún lögð fram má ætla að sumir seljendur hafi ekkert við það að athuga að hún sé kynnt hverjum þeim sem eftir því óskar. Aðrir seljendur kunna hins vegar að vilja takmarka aðgang að henni við líklega kaupendur eða jafnvel formlega kaupendur. Þótt eðlilegt virðist að fallast á slíka takmörkun af hálfu seljandans skal þó gera kröfu til að hann leggi eigendasöguna fram þannig að listaverkasali eða uppboðshaldari geti kynnt sér hana og veitt formlegum kaupanda aðgang að henni, svo og Listasafni Íslands er starfsemi fyrirtækis lýkur. Ekki er þó með kröfugerðinni unnt að tryggja að seljandi leggi eigendasöguna fram. Skortur á eigendasögu eða hnökrar á

henni geta leitt til þess að viðkomandi myndverk verði ekki tekið til sölu, það seljist á lægra verði eða seljist jafnvel ekki.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (eigendasaga myndverka o.fl.).**

Með frumvarpinu er gerð krafa um að seljandi myndverka leggi fram eigendasögu myndverks. Þetta á við um sölu í atvinnuskyni hjá listverksala, opnu listmunauppboði eða sölu á lokuðu listmunauppboði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

## 472. Frumvarp til laga [415. mál]

um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)


1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að afsala til sameignarfyrirtækisins Landsvirkjunar þeim réttindum sem vísað er til í 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965, sbr. hnit á landabréfi í viðauka við lög þessi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Viðauki.**




Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð eigi útrætt.

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965. Stofnendur fyrirtækisins voru íslenska ríkið og Reykjavíkurborg og skyldi hvor aðili um sig eiga helmingshlut. Meðal þess sem ríkið lagði til sem stofnframlag samkvæmt sameignarsamningi voru vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell ásamt landi sem til þurfti vegna virkjunarinnar.

Forsvarsmenns ríkisins voru í góðri trú um að það væri eigandi þeirra réttinda sem lögð voru fram af þess hálfu til sameignarfélagsins enda byggðust þau á afsali frá fyrirtækinu Titan h/f frá árinu 1952. Nýlegir úrskurðir óbyggðanefndar um Gnúpverjaafrétt 21. mars 2002 og Landmannaafrétt 10. desember 2004 skýra réttarstöðuna og eignarhald varðandi vatns- og landsréttindi á svæði Búrfellsvirkjunar. Samkvæmt þeim hafði Titan h/f og þeir aðilar sem félagið leiddi rétt sinn frá ekki eignarrétt yfir því svæði sem hér um ræðir. Eignartilkalli Landsvirkjunar var hafnað og telst umrætt svæði þjóðlenda í skilningi laga og fer ríkið þar með eignarrétt.

Þar sem eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun hefur ásamt öðru miðast við framsal vatnsréttinda og lands á þessu svæði til fyrirtækisins er það niðurstaða eigenda fyrirtækisins að nauðsyn beri til að flytja frumvarp þetta og leita með því eftir heimild Alþingis til að afsala til Landsvirkjunar beinum eignarrétti að þessum réttindum. Með því móti er tryggt að fyrirtækið verði að gengnum úrskurðum óbyggðanefndar eins sett og til var stofnað með nefndum samningi að því marki sem hann náði til ráðstöfunar þess lands og vatnsréttinda á nefndu svæði, sem ríkið taldi sig eiganda að við gerð sameignarsamningsins frá 1965.

Í greinargerð þeirri er hér fer á eftir verður fyrst vikið að setningu þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og stofnun óbyggðanefndar. Þá verður fjallað um stofnun Landsvirkjunar, samninga og lög sem um fyrirtækið hafa gilt og gerð ítarleg grein fyrir áðurnefndum úrskurðum óbyggðanefndar og þeim forsendum sem hún lagði niðurstöðu sinni til grundvallar. Loks verða skýrðar forsendur eigenda fyrir þeim ráðstöfunum sem frumvarp þetta felur í sér.

**Þjóðlendulög og hlutverk óbyggðanefndar.**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, er þjóðlenda skilgreind sem landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar og lögaðilar geti átt þar takmörkuð eignarréttindi. Með 2. gr. sömu laga var ríkið lýst eigandi þjóðlendna, sem og hvers konar landsréttinda og hlunninda innan þeirra sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Lög þessi réðu því þó ekki til hlítar hvaða svæði þetta væru, enda ógerningur að skera með lögum úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda og eftir atvikum um önnur réttindi innan þjóðlendna. Með sömu lögum var því komið á fót sérstakri nefnd í þessu skyni, óbyggðanefnd, og henni falið að leysa á skipulegan hátt úr þeim álitaefnum sem uppi eru um þetta hvar sem er á landinu.

Í 7. gr. laga nr. 58/1998 er hlutverki óbyggðanefndar lýst á svofelldan hátt:

a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Fyrsta landsvæðið sem óbyggðanefnd tók til meðferðar var norðanverð Árnessýsla. Eftir að kröfum hafði verið lýst var ákveðið að skipta svæðinu upp í sjö aðskilin mál. Fjallað var um Gnúpverjaafrétt í úrskurði í máli nr. 7/2000 sem kveðinn var upp 21. mars 2002. Var þar meðal annars skorið úr um eignarrétt á Búrfellssvæðinu vestan Þjórsár.

Þar sem Þjórsá liggur á mörkum Árnes- og Rangárvallasýslna þurfti að bíða um sinn eftir að niðurstaða óbyggðanefndar lægi fyrir um Búrfellsvirkjunarsvæðið beggja vegna árinnar. Þriðja landsvæðið sem óbyggðanefnd tók til meðferðar var Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla. Var fjallað um Landmannaafrétt og þ.a.l. austurbakka Þjórsár við Búrfell í úrskurði í máli nr. 2/2003 sem kveðinn var upp 10. desember 2004.

**Um stofnun Landsvirkjunar og framlög eigenda.**

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun. Stofnendur fyrirtækisins voru skv. 1. gr. laganna ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur og skyldi hvor aðili um sig eiga helming fyrirtækisins. Skv. 1. mgr. 5. gr. skyldu ríkið og Reykjavíkurborg leggja Landsvirkjun til sem endurgjaldslaust stofnframlag eignir og réttindi sem tiltekin voru í 4. gr. laganna, en auk þess skyldu aðilar gera nánar grein fyrir þessum framlögum í sameignarsamningi um fyrirtækið. Í 4. gr. laganna sagði svo:

> „Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvílandi skuldum og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell."

Í 6. gr. laganna sagði síðan:

„Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.“

Loks sagði í 18. gr. laganna að ráðherra gæti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg væru til framkvæmda samkvæmt lögunum. Í samræmi við 5. gr. laga nr. 59/1965 gerðu ríki og Reykjavíkurborg sameignarsamning um Landsvirkjun sem undirritaður var hinn 1. júlí 1965. Í 2. gr. samningsins var gerð nánari grein fyrir þeim eignarréttindum sem 4. og 6. gr. laganna gerðu ráð fyrir að hvor aðili um sig legði til fyrirtækisins. Þar sagði m.a.:

„Samningsaðilar leggja fram til stofnunar fyrirtækisins:

A. Ríkissjóður:
1. Eignarhluta sinn í Sogsvirkjuninni.
2. Vatnsréttindi þau, sem ríkissjóður á í Soginu, ásamt lóðum, sem til þarf vegna mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, eða síðar kunna að verða reist, til þess að hagnýta allt vatnsafl Sogsins, ásamt nauðsynlegum miðlunarvirkjum.
3. Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.
4. Öll gögn varðandi undirbúning virkjunar við Búrfell, fram að 1. júlí '65, ásamt öllum mannvirkjum og framkvæmdum þar að lútandi.“

Í 5. tölul. A-liðar var fjallað um peningagreiðslur sem ríkissjóður lagði fyrirtækinu til og í B-lið 2. gr. samningsins var framlag Reykjavíkurborgar útlistað. Byggðist sá helmingseignarhlutur sem mælt var fyrir um í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1965 að hvor aðili um sig skyldi eiga í fyrirtækinu, á þessum framlögum. Með setningu laga nr. 37/1971 voru gerðar verulegar breytingar á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun. Hinar helstu voru þær að skv. 2. gr. var bætt við 4. gr. laganna svohljóðandi málsgrein:

„Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.“

Samkvæmt 4. gr. þessara laga kom ný grein í stað 6. gr. laganna og hljóðaði hún svo:

„Landsvirkjun er heimilt:
1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m.a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.“

Í 2. gr. breytingalaganna er 4. gr. eldri laganna breytt þannig að kveðið er á um að Landsvirkjun taki enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss og síðan vísað nánar þar um til 6. gr. laganna í breyttri mynd. Engar breytingar urðu þó á eignarhlut aðila, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1965.

Hinn 27. febrúar 1981 var gerður nýr sameignarsamningur vegna samkomulags eignaraðila, dags. 12. desember 1980, um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar. Með samningnum gerðist Akureyrarbær sameigandi ásamt ríkisstjórn og Reykjavíkurborg. Við samninginn lagði ríkissjóður fram 35% eignarhlut sinn í Laxárvirkjun og Akureyrarbær lagði fram 65% eignarhlut sinn í virkjuninni. Eftir þessa breytingu voru eignarhlutföll eigenda Landsvirkjunar þannig að ríkissjóður átti 48,40%, Reykjavíkurborg 45,95% og Akureyrarbær 5,65%. Þá var í þessum nýja sameignarsamningi ákvæði sem heimilaði ríkissjóði að auka eignarhluta sinn í 50% með því að leggja fram fjármuni eða yfirtaka skuldir að fjárhæð 70.137.000 nýkr. Fjárhæð þessi skyldi leiðrétt í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 42/1983 öðlaðist samningur þessi gildi 1. júlí 1983 og féll sameignarsamningurinn frá 1. júlí 1965 þá úr gildi. Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 42/1983 kemur fram að frumvarpið hafi verið samið af nefnd skipaðri af eigendum Landsvirkjunar og að þar hafi verið samkomulag um framangreind eignarhlutföll. Í athugasemdum við 1. gr. sagði:

> „Hér er sem fyrr gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé með heimili og varnarþing í Reykjavík, fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ákvæði greinarinnar um eignaraðild breytast með hliðsjón af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar samkvæmt hinum nýja sameignarsamningi ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun frá 27. febrúar 1981 sem tekur gildi hinn 1. júlí 1983 og kemur þá í stað sameignarsamnings ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965."

Hinn 11. ágúst 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl. Með samningnum var orkusvæði Landsvirkjunar fært þannig út að það náði til allra landshluta. Skv. 1. mgr. 1. gr. samningsins tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun. Jafnframt yfirtók Landsvirkjun byggðalínur og aðveitustöðvar í eigu ríkisins sem getið er um í 6. og 7. gr. samningsins. Skv. 1. mgr. 3. gr. samningsins skyldi áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist gera samkomulag um greiðslu Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem í umráðum ríkisins voru, hvort sem um væri að ræða lögbýli í eigu ríkisins, önnur eignarlönd eða vatnsréttindi á almenningum og afréttarlöndum. Landsvirkjun skyldi skv. 2. mgr. 3. gr. greiða ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærilegt því sem almennt væri greitt fyrir slík réttindi. Mætti endurgjaldið samkvæmt sama ákvæði vera eingreiðsla eða í formi árlegs afgjalds. Næðu aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindin skuldbyndu þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna, sbr. 3. mgr. 3. gr. Eignarhlutur eigenda Landsvirkjunar breyttist ekkert með samningnum.

Hinn 28. október 1996 var gerður samningur milli eignaraðila Landsvirkjunar um breytingu á sameignarsamningnum frá 1981. Í þeim samningi er í 1. gr. svohljóðandi ákvæði um eignarhluti aðila í fyrirtækinu:

„1. gr. samningsins orðist svo: Eignarhluti aðila í Landsvirkjun er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. Ríkissjóður Íslands | 50,000% |
| 2. Reykjavíkurborg | 44,525% |
| 3. Akureyrarbær | 5,475%" |

**Um ráðstöfun lands- og vatnsréttinda á Gnúpverjaafrétti – úrskurður óbyggðanefndar 21. mars 2002.**

*Um samninga Gnúpverjahrepps og framsal þeirra.*

Um Gnúpverjaafrétt segir í úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 7/2000:

„Hinum upprunalega Gnúpverjaafrétti má nú skipta í tvo hluta. Að norðanverðu er landsvæði sem frá fornu fari og fram á þennan dag hefur verið nýtt sem afréttur Gnúpverja. Að sunnanverðu er hins vegar landsvæði sem áður tilheyrði afréttinum en hreppsnefnd Gnúpverjahrepps seldi Einari Benediktssyni 1916, þ.e. landsvæði sem auðkennt hefur verið sem Búrfell og Skeljafell. Þetta svæði liggur í Þjórsárdal austan Fossár og afmarkast nánar tiltekið þannig: Þjórsá í Fossá og Rauðá, síðan Rauðá að Sandafelli (að Rauðárgljúfri) og þaðan beina línu í Þjórsá, neðan við graslendi Sandafells. Einar framseldi kaupsamning sinn til fossafélagsins Titans 1917 sem á árunum 1951–1952 seldi réttindi sín íslenska ríkinu. Við stofnun Landsvirkjunar 1965 lagði ríkissjóður síðan fram tiltekin lands- og vatnsréttindi til Landsvirkjunar, þ.m.t. á Búrfells- og Skeljafellssvæðinu.“

Nánar er svo fjallað í úrskurðinum um þá kaupsamninga sem gerðir voru á fyrstu áratugum síðustu aldar um vatnsréttindi í Þjórsá. Þar segir m.a.:

„Gnúpverjahreppur var einn þeirra hreppa í Árnessýslu sem ráðstafaði vatnsréttindum á afrétti sínum í upphafi 20. aldar. Þetta kom m.a. fram í því að 20. febrúar 1909 veitti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps Gesti Einarssyni á Hæli „fullt og ótakmarkað einkaumboð til þess að selja, leigja eða á annan hátt koma í verð eign hreppsins: fossunum Þjófafossi, Tröllkonufossi og Gljúfurleitarfossi, öllum í Þjórsá, Hávafossi og Hjálparfossi í Fossá og Geldingaárfossi í Geldingaá ásamt vatninu í nefndum ám og árfarvegum“. Þessi ákvörðun hreppsnefndar var staðfest á aðalfundi sýslunefndar Árnessýslu 26.–30. apríl sama ár. Á fundi hreppsnefndar Gnúpverjahrepps 9. mars 1911 var samþykkt að hverjum þeim, sem keypti eða leigði fossa þá er nefndir væru í umboði Gests Einarssonar, „[væri] heimilt land eptir þörfum til útbyggingar hvers foss fyrir sig endurgjaldslaust, þar með talinn rjettur til að gjöra nauðsynlega skurði til vatnsleiðslu, land undir nauðsynleg hús og aðrar byggingar, er notaðar kunna að verða til starfrækslu fossanna sjerstaklega“. Einnig var tekið fram að væntanlegum kaupendum eða leigjendum fossanna væru heimil án endurgjalds hvers kyns byggingarefni, sem kynnu að finnast í löndum hreppsins, til bygginga í sambandi við fossana.

Umboð þetta framseldi Gestur Einarsson Þorleifi Guðmundssyni 24. febrúar 1911. Það komst síðar í hendur Sturlu Jónssonar og 19. febrúar 1914 seldi hann, í umboði Gnúpverjahrepps, fossafélaginu Titan réttindi sem hreppurinn taldi sig eiga í fyrrnefndum fossum. Í fyrstu grein samnings er tilgreint nákvæmlega hvað selt var:

„Hið selda er:

a. Eignarhluti seljanda í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 400 – fjögur hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins meðfram ánni er sje á lengd 200 – tvö hundruð – faðmar upp með ánni frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðmar niður með ánni frá fossinum.
b. Eignarhluti seljanda í Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá ásamt öllu vatninu og árfarvegi í báðum þessum fossum og alla leið á milli þeirra og ennfremur 500 – fimm hundruð – faðma upp ána frá Tröllkonufossi og 500 – fimm hundruð – faðma niður ána frá Þjófafossi, svo og með 200 – tvö hundruð – faðma breiðri landsspildu meðfram ánni alla leið milli ofangreindra enditakmarka 500 föðmum fyrir ofan Tröllkonufoss og 500 föðmum fyrir neðan Þjófafoss.
c. Eignarhluti seljanda í Hávafossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 1000 – eitt þúsund – faðma upp ána frá fossinum og 1000 – eitt þúsund – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú hundruð – faðma breiðri landsspildu úr landi hreppsins milli tjeðra enditakmarka fyrir ofan og neðan fossinn.

d. Eignarhluti seljanda í Hjálparfossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins milli tjeðra endimarka fyrir ofan og neðan fossinn.
e. Geldingaárfoss í Geldingaá ásamt öllu vatni og árfarvegi. Kaupinu eru undan skilinn allur námarjettur hvers kyns sem er í ofannefndum landssvæðum hreppsins."

Samningi þessum var þinglýst án athugasemda þann 19. júní 1914. Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps gaf síðan út fullt afsal 16. júlí sama ár, þegar gerð höfðu verið öll skil fyrir umsömdu kaupverði, og var það fyrir fram innritað 1. október 1914 til þinglýsingar í Gnúpverjahreppi 1915."

Sumarið 1916 var Gesti Einarssyni fengið formlegt umboð frá hreppsnefnd Gnúpverjahrepps til að selja Búrfell og Skeljafell, syðst í Gnúpverjaafrétti, að svo miklu leyti sem réttindi á því svæði höfðu ekki þegar verið seld, sbr. það sem að framan greinir um Tröllkonufoss og Þjófafoss. Þessi ákvörðun hreppsnefndar var staðfest á aukafundi sýslunefndar Árnessýslu 17. júlí sama ár. Hinn 28. júlí 1916 seldi Gestur Einari Benediktssyni Búrfell og Skeljafell með þessum landamerkjum: „Úr Þjórsá ræður merkjum Fossá að Rauðá, síðan Rauðá að Sandafelli (að Rauðárgljúfri), þaðan ræður bein lína í Þjórsá neðan við graslendi Sandafells, en þaðan ræður Þjórsá merkjum niður að Fossá." Undanskilið sölunni var það land, fossar, vatnsafl og réttindi sem Sturla Jónsson hafði, í umboði Gnúpverjahrepps, áður selt með fyrrgreindu afsali, 16. júlí 1916. Í 3. gr. samningsins segir á þessa leið:

„Hreppurinn áskilur sjer rjett sinn til skógarhöggs í Búrfellshálsi óskertan og endurgjaldslaust. Þó skal þetta skilyrði ekki mega koma í bága við starfrækslu eða afnot kaupandans af því selda, en gjalda skal hann fullar bætur eftir mati dómkvaddra óvilhallra manna fyrir tjón það sem þá kann að verða á skógarhögginu.

Sömuleiðis áskilur hreppurinn sjer rjett til uppreksturs og afrjettarnotkunar á hinni seldu landsspildu endurgjaldslaust svo lengi sem það kemur ekki í bága við starfrækslu kaupanda eða þeirra, sem hann framselur rjett sinn á landinu."

Samningnum var þinglýst 12. júní 1918 með athugasemdinni „Seljanda brestur þingl. eignarheimild". Síðar hefur verið bætt við, án dagsetningar, „en verður að teljast notariskur eigandi að hinu selda".

Hinn 11. febrúar 1917 framseldi Einar Benediktsson réttindi sín samkvæmt framangreindum kaupsamningi til fossafélagsins Titans. Samningi Einars og Titans var þinglýst athugasemdalaust 27. júní 1919. Afsal þessara réttinda til fyrirtækisins var gefið út 2. september 1923 og fyrir fram innfært í afsals- og veðmálabók 27. nóvember sama ár. Því afsali var þinglýst athugasemdalaust 11. júlí 1924.

Landsstjórnin gerði fyrirvara um sölu þessara og fleiri vatnsréttinda 3. apríl 1918 þegar svohljóðandi símskeyti var sent til allra sýslumanna landsins:

„Fossnefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almenningseign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmæta, sem hreppsfjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hérmeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarbeit og geldfjárhöfn."

Hinn 8. júní 1951 var undirritaður kaupsamningur milli landbúnaðarráðuneytisins og Titan h/f þar sem þau réttindi sem rakin hafa verið hér að framan voru, ásamt fleiri eignum, seld landbúnaðarráðuneytinu og var kaupsamningurinn síðan áritaður um afsal til landbúnaðarráðuneytisins f.h. íslenska ríkisins af skilanefnd Titan h/f 16. janúar 1952. Því afsali var að sama skapi þinglýst athugasemdalaust 29. janúar 1952.

Í samningi þessum sagði:

„Islands landbrugsminister på den ene side og aktieselskabet Titan med værneting i Reykjavík på den anden side har indgået sådan kontrakt:

A/S Titan overdrager herved til den islandske stat alle vandrettigheder, som selskabet ejer i Þjórsá og bifloder og söer samt alle de rettigheder til afbenyttelse af jord, som selskabet har erhvervet i forbindelse med vandrettighederne og til brug i forbindelse med forventede elektriske anlæg, desuden sælger selskabet landbrugsministeriet gården Þjótandi i Villingaholtssogn.

De rettigheder, som ifölge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter:

— [Hér er sleppt úr skjölum nr. 1–24 sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

— 25. Sköde, dateret d. 15. juli 1914, angående Háifoss og Hjálparfoss i Fossá (Skeiðahreppurs andel).

— 26. Sköde, dateret d. 15. juli 1914, angående Gljúfurleitarfoss, Tröllkonufoss og Þjófafoss i Þjórsá, Háifoss og Hjálparfoss i Fossá og Geldingaárfoss i Geldingaá (Gnúpverjahreppurs andel).

— 27. Sköde, dateret d. 2. september 1923, angående Búrfell og Skeljafell i Gnúpverjahreppsafréttur.

— [Hér er sleppt úr skjölum nr. 28–35 sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

Disse dokumenter har köberen gjort sig bekendt med og ejendommene sælges med de rettigheder, som deri nævnes, således påtager köberen sig samtidig de forpligtelser som nævnte ejendomsrettigheder pålægger ejeren.“

Við stofnun Landsvirkjunar lagði ríkissjóður síðan fram tiltekin lands- og vatnsréttindi, þar með talin á Búrfells- og Skeljafellssvæðinu, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Er þar um að ræða hluta þeirra réttinda sem ríkið taldi sig komið að með framangreindum samningi við Titan h/f.

*Niðurstaða óbyggðanefndar um einkaeignarréttarlega ráðstöfun réttinda á Gnúpverjaafrétti.*

Um þýðingu framangreindra samninga sagði m.a. svo í niðurstöðu óbyggðanefndar:

„Óbyggðanefnd [telur] að beinn eignarréttur jarðeigenda í Gnúpverjahreppi eða eftir atvikum Gnúpverjahrepps hafi ekki verið fyrir hendi frá öndverðu og að þau takmörkuðu not sem sýnt hefur verið fram á að höfð hafi verið af landinu, þ.e. fyrst og fremst beitarafnot, geti ekki grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir [...]. Samningar og afsöl hreppsnefndar á vatnsréttindum ásamt fleiru til Titan h/f árið 1914, kaupsamningur sama aðila við Einar Benediktsson um Búrfell og Skeljafell í afréttinum árið 1916 eða afsal réttinda samkvæmt þeim samningi til Titan h/f árið 1923, fá ekki breytt þeirri eignarréttarlegu stöðu eða stöðu þeirra sem leiða rétt sinn frá afsalsgjöfum.

> Í því sambandi ræður ekki úrslitum þótt gerningum þessum hafi verið þinglýst og réttindi Titan seinna orðið hluti af kaupum íslenska ríkisins á vatnsréttindum á stærra svæði, enda gat ekki falist í þeim víðtækari eignarréttur afsalshafa til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Verður ekki talið, að íslenska ríkið hafi með þeim kaupum viðurkennt beint eða óbeint eignarrétt hreppsins yfir afréttarlandinu. Hefur og komið fram að af hálfu ríkisvaldsins var þinglýsingu skjala um viðskipti þessi mótmælt við þinglýsingardómara á þeim grundvelli að vatnsréttindi á landsvæðum í óbyggðum, þar sem bændur eiga sumarbeit, væru almenningseign."

Síðan sagði:

> „Af hálfu Gnúpverjahrepps og eigenda jarða í hreppnum hefur því ekki verið sannað að sá hluti Gnúpverjaafréttar sem hér er til úrlausnar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða."

Á sömu forsendum taldi nefndin að Búrfells- og Skeljafellssvæðið, sem selt var undan afréttinum með kaupsamningi, dags. 28. júlí 1916, hefði þá verið utan eignarlanda.

Í samræmi við þessa niðurstöðu taldi nefndin að Gnúpverjahrepp hefði skort eignarheimildir til að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Gnúpverjaafrétti. Fossafélagið Titan hefði því ekki verið réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði hinn 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Landsvirkjun gæti því ekki byggt rétt sinn á framsali eignarréttinda fyrir þann samning.

*Réttindi Landsvirkjunar samkvæmt lögum.*

Loks tók óbyggðanefnd til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun hafa verið fengin að lögum eða í samræmi við lög. Um þetta sagði m.a. svo í niðurstöðu nefndarinnar:

> „Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar, áður en út í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt."

Þá kemur fram að óbyggðanefnd hafi gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn, lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Síðan segir:

> „Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar, er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-

liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt, sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi þeirra lagaheimilda er fólgið í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti, en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögunum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins, þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Allt að einu sömdu íslenska ríkið og Landsvirkjun um það, sbr. 3. gr. samningsins frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar frá 29. mars 2001 í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja og framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, varnargarða, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreiningu eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærra handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.“

*Niðurstöður óbyggðanefndar í samandregnu máli.*

Í úrskurði óbyggðanefndar er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir sölu Gnúpverjahrepps á vatnsréttindum í afrétti hreppsins í upphafi síðustu aldar. Gerð er grein fyrir framsali þess-

ara réttinda með einkaréttarlegum samningum allt til þess tíma er ríkið lagði hluta þeirra fram sem framlag sitt við stofnun Landsvirkjunar árið 1965.

Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að Gnúpverjahreppur hefði ekki átt afréttinn og því hvorki verið bær til þess að afsala landi né vatnsréttindum. Landsvirkjun gæti því ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning. Afrétturinn er því þjóðlenda í eigu ríkisins sem og þau landsréttindi og hlunnindi sem henni tilheyra. Óbyggðanefnd taldi enn fremur að lögbundin heimild til að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar, þar á meðal vatnsréttindin, hefði verið gerð með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins þar sem afhent voru að hluta þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan. Þar sem hinir einkaréttarlegu samningar, sem raktir verða til sölu Gnúpverjahrepps á lands- og vatnsréttindunum, voru ólögmætir sökum vanheimildar hreppsins var hvorki með einkaréttarlegu framsali né lögum hægt að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar. Það er því niðurstaða nefndarinnar að með löggjöf um Landsvirkjun og öðrum lögum sem fyrirtækið sækir rétt sinn til hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi Landsvirkjun til handa.

**Um ráðstöfun lands- og vatnsréttinda á Landmannaafrétti – úrskurður óbyggðanefndar 10. desember 2004.**

Svæðið austan Þjórsár sem kemur til skoðunar í sambandi við Búrfellsvirkjun var til umfjöllunar í úrskurði í máli 2/2003 Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra sem kveðinn var upp 10. desember 2004. Niðurstaða varðandi réttindi Landsvirkjunar austan Þjórsár í tengslum við Búrfellsvirkjun var sams konar og verið hafði vestan árinnar í úrskurðinum um Gnúpverjaafrétt.

Í úrskurði óbyggðanefnar er rakin tilurð þess að réttindi í Þjórsá voru seld Einari Benediktssyni og síðar íslenska ríkinu. Á aukafundi sem haldinn var í sýslunefnd Rangárvallasýslu að Efra-Hvoli 16. nóvember 1916 var fjallað um sölu vatnsréttinda. Í bókun frá fundi nefndarinnar segir svo:

> „Oddviti sýslunefndarinnar, sýslumaður Björgvin Vigfússon, setti fundinn og skýrði nefndinni frá, að hann hefði boðað til þessa fundar samkvæmt beiðni hreppsnefndanna í Landmannahreppi, Ásahreppi og Holtahreppi, er óskuðu nú þegar, að fá samþykki sýslunefndarinnar til þess, að mega selja, leigja eða yfirfæra á annan hátt til hlutafélagsins „Titan“ í Reykjavík öll þau réttindi til vatnsafls, sem nefndum hreppum tilheyra, í Þjórsá og Tungnaá og vötnum þeim, er renna í ár þessar bæði í afréttum hreppanna eða í heimalöndum þeirra er að ánum liggja og hreppsfélögin sem slík eiga sérstaklega, svo og til þess að selja, leigja eða heimili á annan hátt sama félagi allt það land og byggingarefni í nefndum afréttum, er þarf til þess, að vatnsaflið verði notað, hvort heldur væri til stíflugarða, vatnsgeyma, áveitu eða fráveitu, eða á hvern annan hátt sem með þarf til þess að vatnsaflið sjálft verði hagnýtt í félagsins þarfir.
>
> Oddviti lagði síðan fram skriflega beiðni hreppanna hér að lútandi frá oddvita Landmannahrepps, dags. 8. þ.m., oddvita Ásahrepps, dags. 13. þ.m. og oddvita Holtahrepps, dags. 15. þ.m.
>
> Nefndin veitti e. hlj. skilyrðislaust samþykki sitt við beiðnum öllum samkvæmt framanskráðu.“

Eins og fram kemur í úrskurðinum hafði Eyjólfur Guðmundsson, hreppsnefndaroddviti í Landmannahreppi, gert Einari Benediktssyni svohljóðandi tilboð í júní 1916:

„Gegn 6000.00 sex þúsund krónum, skal selja nefndum hr. Einari Benediktssyni vatnsafl og rétt til notkunar þess í Þjórsá fyrir Landmannahreppsafréttarlandi, frá Tungnárósi til Merkihvolslands, og frá Galtarlækjarlandi til Skarfaneslands."

Tilboð þetta samþykkti Einar Benediktsson með áritun á skalið 29. nóvember 1916. Tilboðið var innritað til þinglesturs 21. september 1917 og þinglýst árið 1918. Hinn 14. febrúar 1919 var síðan gefið út svohljóðandi afsal:

„Með því að fyrv. sýslumaður Einar Benediktsson hefir með skali, dags. 11. febrúar 1917 framselt h/f „Titan" öll réttindi sín samkvæmt framanrituðu kauptilboði og með því að h/f „Titan" hefir fyrir lok síðastl. árs greitt Landmannahreppi eftirstöðvar kaupverðsins kr. 4.000 -fjögur þúsund- kr., þá lýsir undirrituð hreppsnefnd Landmannahrepps í Rangárvallarsýslu hjermeð yfir, að h/f „Titan" er rjettur eigandi allra rjettinda þeirra sem ræðir um í hinum framanritaða kauptilboði að engu undanskildu."

Afsalið var innritað til þinglesturs 23. maí 1919 og þinglýst sama ár. Hinn 1. desember 1916 undirritaði Eyjólfur Guðmundsson, oddviti Landmannahrepps, svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ég undirskrifaður oddviti hreppsnefndarinnar í Landmannahreppi í Rangárvallarsýslu lýsi hér með yfir því fyrir hönd greindrar hreppsnefndar eftir ályktun sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu samkvæmt fundargjörð 16. f.m., og að tilskyldu samþykki fyrrverandi sýslumanns Einars Benediktssonar, að öll þau réttindi til vatnsafls og notkunar þess, sem Ásahreppur á eða hefur heimild til yfir Þjórsá eða þeim straumum eða vötnum, er liggja til Þjórsár hvort heldur er fyrir löndum eða afréttum, og hvort heldur skuli notast til áveitu, fráveitu, vatnsgeymslu eða annarra mannvirkja, fyrirtækja eða stofnana, sem miða eða lúta að fyrirtækjum eða framkvæmdum til hagnýtingar vatns eða vatnsafls á réttarsvæði hreppsins, yfirfærast til hlutafélagsins Títan gegn því, að öllum skilyrðum í fyrri samningum við nefnt félag eða herra Einar Benediktsson verði fullnægt af félaginu, og að allur ágangur, skemmdir eða landspell, sem kunna að orsakast á löndum eða afréttum við stýflur, vegalagning, vatnsgeymslu eða önnur fyrirtæki, sem standa í sambandi við starfrækslu eða notkun ofangreindra réttinda, verði bætt hreppnum með tvöfalldri upphæð þess mats, sem tveir óvilhallir, dómkvaddir menn eiga að virða, ef samkomulag verður ekki milli eiganda réttindanna og þess eða þeirra, sem eiga að hagnýta sér þau."

Með yfirlýsingu 31. október 1917 samþykkti Einar Benediktsson fyrir hönd Titan h/f yfirfærslu á þessum réttindum til félagsins. Var yfirlýsing þessi innrituð til þinglesturs 11. janúar 1919 og þinglýst sama ár.

*Kaup landbúnaðarráðuneytisins á réttindum Titan h/f.*

Áður hefur verið rakinn kaupsamningur sá sem undirritaður var hinn 8. júní 1951 milli landbúnaðarráðuneytisins og Titan h/f, sbr. afsal 16. janúar 1952 þar sem þau réttindi sem rakin hafa verið hér að framan voru, ásamt fleiri eignum, seld landbúnaðarráðuneytinu. Í samningi þessum segir svo:

„De rettigheder, som ifölge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter: [Sleppt er úr skjölum sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

— 1. ...

...

— 29. Sköde, dateret d. 14. februar 1919, angående vandkraft i Þjórsá i Landmannahreppurs fjældgræsegange.

...

— 35. Sköde, dateret d. 31. október 1917, angående vandrettigheder i Holtaafréttur og Landmannaafréttur."

Niðurstaða óbyggðanefndar í úrskurðinum 10. desember 2004 varð sú að Landmannaafréttur hefði aldrei verið undirorpinn einkaeignarétti:

„Í samræmi við þá niðurstöðu verður að telja að Landmannahrepp og Holtahrepp hafi skort eignarheimildir til þess að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Landmannaafrétti. Hf. Titan var þannig ekki réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði þann 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Nauðsynlegt er þó að árétta að þar er eingöngu um að ræða í þessu tilviki vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar. Getur Landsvirkjun þannig ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning."

Ekki var heldur talið að Landsvirkjun gæti byggt eignarrétt á lögum eða hefð. Væri fyrirtækið því ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu í skilningi þjóðlendulaga. Fyrirtækið færi hins vegar með eignarrétt að mannvirkjum/framkvæmdum sem það hefði reist á afréttinum og nyti lögvarins rétt til nýtingar þeirra.

**Breytt réttarskipan á Gnúpverja- og Landmannaafréttum.**

Ljóst er af því sem rakið hefur verið hér að framan að grundvallarbreyting hefur orðið á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar við gildistöku laga nr. 58/1998 og að gengnum úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 7/2000 og 2/2003. Eftir gildistöku laganna telst ríkið eigandi þeirra fasteignarréttinda, lands- og vatnsréttinda, sem fram að því voru eigendalaus, en Landsvirkjun hafði áður að hluta talið til réttinda yfir á grundvelli þeirra heimilda sem einnig eru raktar hér að framan og óumdeilt er að ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins. Ágreiningslaust er einnig að eignarhald ríkisins í Landsvirkjun hefur m.a. byggst á þessu framlagi þess við stofnun fyrirtækisins og ásamt öðru tryggt ríkinu helmingseignarhlut í því.

Að undanförnu hefur í samráði við meðeigendur ríkisins að fyrirtækinu verið fjallað um hvernig óbreytt réttarstaða þess verði tryggð að breyttri réttarskipan á svæðinu. Hafa eigendurnir sammælst um að réttarstaða fyrirtækisins verði ekki að fullu tryggð nema ríkinu verði með lögum heimilað að framselja því þau réttindi sem samningurinn frá 1965 tók til, enda hafi framsal þeirra í ljósi niðurstöðu óbyggðanefndar byggst á vanheimild sem ekki verði bætt úr á annan hátt. Hafa bæði borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri staðfest þá afstöðu bréflega og beint því til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir lagasetningu í þá veru sem frumvarp þetta felur í sér.

Þar eð ríkinu er í samræmi við 40. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, óheimilt að selja fasteignir landsins eða afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum er í samræmi við þessa niðurstöðu eigendanna leitað eftir heimild Alþingis til að afsala til Landsvirkjunar þeim hluta þeirra réttinda, sem ætlunin var að framselja til fyrirtækisins á grundvelli 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965, sem nú telst tilheyra þjóðlendu í eigu ríkisins. Í því felst að Landsvirkjun verður

að eignarrétti eigandi að þeim hluta þjóðlendunnar og réttinda innan hennar sem samningsákvæði þetta tók til. Þar er annars vegar um að ræða vatnsréttindi í Þjórsá sem ríkið taldi sig komið að með afsalinu frá Titan 1952 að því marki sem þarf til að reka 210 MW virkjun og hins vegar með sama áskilnaði viðeigandi landskiki í Búrfells- og Skeljafellslandi sem teygir sig að óverulegu leyti inn á Landmannaafrétt. Þar eð ákvæði samningsins dró því ekki skýr landfræðileg mörk hvaða land þyrfti til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt efni þess er því nánar lýst í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þessa til hvaða landsvæðis það tekur, auk þess sem landamerkin eru nákvæmlega útfærð með hnitum á landabréfi því sem fylgir frumvarpinu sem viðauki. Aðrir hlutar svæðisins verða eftir sem áður þjóðlenda í eigu ríkisins í samræmi við úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 og 10. desember 2004. Innan þeirra nýtur Landsvirkjun áfram þeirra sérstöku réttinda sem fyrirtækinu hafa á hverjum tíma verið veitt að lögum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Heimild þessi er byggð á 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 1. júlí 1965 en tekur þó einvörðungu til þess hluta þeirra réttinda, sem það ákvæði vísar til, sem skilanefnd Titan h/f afsalaði til ríkisins 16. janúar 1952. Þar er annars vegar um að ræða 25 km² landskika sem er einkum í Búrfells- og Skeljafellslandi en teygir sig einnig austur yfir ána yfir á Landmannaafrétt. Hins vegar er um að ræða vatnsréttindi í Þjórsá sem fylgja þessu landi og að því marki sem þarf til að virkja allt að 210 MW afl. Að þessu athuguðu eru landamerki svæðisins sem afsalsheimildin tekur til dregin sem hér segir, sbr. jafnframt viðauka sem fylgir frumvarpinu (tölur innan sviga vísa til tölusettra punkta á landabréfinu): Frá mörkum frárennslisskurðar Búrfellsvirkjunar og Fossár liggja mörkin upp með Fossá að hornpunkti (16) um 1200 m ofan brúar á Fossá, þaðan liggja mörkin um 800 m til suðausturs að hornpunkti (17) sunnan í Skeljafelli. Þaðan eru mörkin um 3,5 km til austurs að hornpunkti (18) 400 m vestan við inntaksmannvirki virkjunarinnar. Þaðan liggja mörkin um 2 km til norðausturs að punkti (19) um 400 m vestan Klofaeyjar, á Sprengisandsvegi og markalínan fylgir veginum að punkti (20) við rætur Sandafells og þaðan að punkti (21) sem er rétt austan Þjórsár og ofan Þjórsárbrúar. Frá þeim punkti liggur markalínan til suðurs um 300 m austan og samsíða Þjórsá í hornpunkt 22 austan Klofaeyjar. Þaðan liggja mörkin tæpan 1,5 km til suðvesturs (23) rétt sunnan Klofaeyjar og sveigja þaðan 2,5 km til suðausturs, austur yfir Landveg og í Leirdal, austur fyrir enda flóðvarnargarðs Búrfellsvirkjunar (24 og 25). Þaðan liggur markalínan um 4 km til vesturs, sunnan varnargarðs, vestur fyrir Landveg og yfir farveg Þjórsár að hornpunkti 26, um 400 m sunnan við botnrás Bjarnalækjarstíflu við norðurenda Skálarfells og þaðan að hornpunkti (27) við ósa Fossár við Þjórsárfarveg og þaðan liggur markalínan upp eftir farvegi Fossár að útrennsli frárennslisskurðar virkjunarinnar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.**

Tilgangur frumvarpsins er öflun lagaheimildar fyrir forsætisráðherra til að afsala tilteknum réttindum til Landsvirkjunar sem ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins við stofnun þess árið 1965, en samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar um eignarréttindi á Gnúpverjaafrétti og Landmannaafrétti var framsal þessara réttinda þá byggt á vanheimild.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á kostnað eða tekjur ríkissjóðs.

# 473. Nefndarálit [296. mál]

um frv. til l. um breyt. á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Hreinsson prófessor og Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Landmælingum Íslands, Persónuvernd og Samtökum atvinnulífsins. Einnig skoðaði nefndin umsagnir frá Persónuvernd og talsmanni neytenda sem bárust á 132. löggjafarþingi.

Með frumvarpinu er lagt til að lögleidd verði ákvæði um endurnot opinberra upplýsinga. Frumvarpið er byggt á tilskipun Evrópusambandsins um endurnot opinberra upplýsinga en lagt er til að gengið verði lengra í að þrengja gjaldtökuheimildir af upplýsingum úr opinberum skrám og af höfundarrétti ríkisins á þessum upplýsingum en í tilskipuninni.

Á fundum nefndarinnar kom fram að markmið frumvarpsins væri að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og stuðla þannig að hagvexti og atvinnusköpun en miklir hagnýtingarmöguleikar geta verið fólgnir í að skapa ný verðmæti úr upplýsingum sem eru í vörslum stjórnvalda. Þá kom einnig fram að ríkið tekur ekki gjald af höfundarrétti sínum af þessum upplýsingum til þess að auka enn frekar endurnot opinberra upplýsinga.

Í frumvarpinu kemur skýrt fram að með hugtakinu „endurnot opinberra upplýsinga“ er vísað til þess að einkaaðili noti slíkar upplýsingar í öðrum tilgangi en ætlunin var þegar þeirra var aflað af hálfu stjórnvalda. Heimild til endurnota byggist á því að aðgangur að upplýsingum sé heimill samkvæmt lögum en takmarkast við að endurnotin mega ekki brjóta í bága við lög og geta þarf uppruna upplýsinganna og hver ber ábyrgð á vinnslu þeirra. Með vísan til þess hve mikilvægt er að almennt sé byggt á réttum upplýsingum telur nefndin nauðsynlegt að opinberar upplýsingar séu uppfærðar mjög reglulega.

Nefndin ræddi sérstaklega atriði sem snerta höfundarrétt ríkis og sveitarfélaga annars vegar og annarra rétthafa hins vegar. Á fundum nefndarinnar kom fram að frumvarpinu sé ekki ætlað að gera neinar breytingar á gildandi rétti í þeim efnum. Nefndin áréttar hins vegar

mikilvægi þess að stjórnvöld fari skilyrðislaust eftir þeim reglum sem settar eru fram í frumvarpinu um að nafn rétthafa sé ávallt tilgreint þegar stjórnvöld gera upplýsingar aðgengilegar almenningi. Það er síðan á ábyrgð þess aðila sem endurvinnur upplýsingarnar að gæta að rétti þess höfundar.

Nefndin tekur fram að með ákvæðum frumvarpsins verður almenningi tryggður aðgangur að upplýsingum á kostnaðargrundvelli. Þannig mun almenningur greiða þjónustugjald fyrir aðgang að upplýsingum sem má ekki vera hærra en sem nemur kostnaðinum við að veita aðganginn. Jafnframt bendir nefndin á að lögleiðing ákvæða frumvarpsins mun hafa kostnaðarlækkun í för með sér fyrir opinbera aðila að því marki sem þeir hafa hingað til þurft að greiða hærra gjald en sem nemur slíkum kostnaði.

Loks telur nefndin nauðsynlegt að taka fram að frumvarpið felur ekki í sér neina breytingu á gildandi rétti um aðgang almennings að gögnum hjá stjórnvöldum heldur er einungis verið að setja reglur um hvernig aðgangur skuli veittur og skilyrði fyrir honum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Guðjón Ólafur Jónsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ágúst Ólafur Ágústsson og Guðrún Ögmundsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 27. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. |
| Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara. | Kjartan Ólafsson. | Sigurjón Þórðarson. |

## 474. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Bryndísi Helgadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Stefán Skarphéðinsson og Áslaugu Þórarinsdóttur frá Sýslumannafélagi Íslands, Brynjólf Sigurðsson frá Happdrætti Háskóla Íslands, Ingibjörgu Jónsdóttur og Guðrúnu Sveinsdóttur frá Íslenskri ættleiðingu og Grétar Jónasson og Ingibjörgu Þórðardóttur frá Félagi fasteignasala. Umsagnir bárust um málið frá Íslenskri getspá sf., Íslenskri ættleiðingu, Sýslumannafélagi Íslands, ríkislögreglustjóranum, Happdrætti Háskóla Íslands, Lögmannafélagi Íslands, bótanefnd og Félagi fasteignasala.

Í frumvarpinu er lagt til að tiltekin verkefni sem dómsmálaráðuneyti hefur til þessa haft með höndum verði flutt yfir til smærri sýslumannsembætta víðs vegar um landið. Þau verkefni varða einkum sjóði og skipulagsskrár, allsherjarskrá um kaupmála, leyfi til að reka

útfararþjónustu, málefni bótanefndar, leyfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni, leyfi til ættleiðingar, löggildingu dómtúlka og skjalaþýðenda, löggildingu fasteignasala, útgáfu Lögbirtingablaðs og happdrættisleyfi og eftirlit með happdrættum. Með þessu er ætlunin að styrkja embættin ásamt því að gera afgreiðslu mála fljótlegri og skilvirkari. Þannig verður ráðuneytið betur í stakk búið til að sinna öðrum verkefnum.

Nefndin áréttar að gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að ákvarðanir sýslumanna í þeim verkefnum sem ætlunin er að flytja verða samkvæmt almennum reglum kæranlegar til dómsmálaráðuneytis. Þannig telur nefndin ákvæði frumvarpsins stuðla að auknu réttaröryggi í stjórnsýslunni.

Nefndin leggur til að við frumvarpið verði bætt kafla sem breytir 4. og 5. tölul. 4. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum. Þar er nú gert ráð fyrir því að almannaskráning byggist m.a. á gögnum dómsmálaráðuneytis um ættleiðingarleyfi og að sýslumenn gefi Þjóðskrá skýrslur um hjónavígslur, leyfi til skilnaðar að borði og sæng og leyfi til lögskilnaðar. Nefndin leggur annars vegar til að við ákvæðið verði bætt áskilnaði um að sýslumenn skuli veita Þjóðskrá skýrslur og gögn um ættleiðingarleyfi og að ákvæði um að dómsmálaráðuneyti fari með gögn um ættleiðingarleyfi verði þar af leiðandi fellt niður. Auk þess leggur nefndin til að inn í ákvæðið verði bætt áskilnaði um að sýslumenn skili til Þjóðskrár gögnum um staðfestar samvistir sem hafa að sjálfsögðu sama vægi við almannaskráningu og upplýsingar um önnur þau tilvik sem talin eru upp í greininni.

Nefndin leggur einnig til breytingu á 24. gr. frumvarpsins, en þar er gert ráð fyrir að leyfi lögreglustjóra þurfi til að halda hlutaveltu sem er óbreytt frá núverandi fyrirkomulagi, sbr. 2. gr. laga um happdrætti, nr. 38/2005. Með hliðsjón af þeim breytingum á skipan lögreglumála sem taka gildi um næstu áramót, sbr. lög nr. 46/2006, sem m.a. fela það í sér að ekki fara allir sýslumenn með lögreglustjórn, telur nefndin rétt að færa þessa leyfsiveitingu til sýslumanna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón Ólafur Jónsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 27. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Ágúst Ólafur Ágústsson. | Birgir Ármannsson. |
| Guðrún Ögmundsdóttir. | Kjartan Ólafsson. | Sigurjón Þórðarson. |

## 475. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við bætist nýr kafli sem verði VII. kafli, **Breyting á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein, 16. gr., svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
   a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skýrslur og gögn sýslumanna til Þjóðskrár um hjónavígslur, staðfestar samvistir, leyfi til skilnaðar að borði og sæng, leyfi til lögskilnaðar og ættleiðingarleyfi.
   b. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Gögn dómsmálaráðuneytis um breytingar á ríkisfangi o.fl. í því sambandi.
2. Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í lokamálsl. a-liðar 24. gr. komi: sýslumanns.

## 476. Svar [145. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um hjúkrunarrými.

1. *Hvað eru margir aldraðir á biðlista á landinu öllu, skipt eftir kjördæmum, annars vegar í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými og hins vegar í mjög brýnni þörf?*

Umbeðnar upplýsingar um fjölda aldraðra sem bíða eftir hjúkrunarrými koma fram í eftirfarandi töflu:

**Aldraðir á biðlista eftir hjúkrunarrými, skipt eftir kjördæmum.**

| Kjördæmi | Brýn þörf | Mjög brýn þörf |
|---|---|---|
| Reykjavíkurkjördæmi, norður og suður | 5 | 201 |
| Suðvesturkjördæmi | 21 | 87 |
| Suðurkjördæmi | 12 | 61 |
| Norðausturkjördæmi | 9 | 23 |
| Norðvesturkjöræmi | 4 | 7 |
| **Samtals** | **51** | **379** |

2. *Hvað eru mörg hjúkrunarrými í landinu á hverja þúsund íbúa, skipt eftir sveitarfélögum og hvert er landsmeðaltalið?*

Þjónustuhópar aldraðra meta þörf einstaklinga fyrir hjúkrunarrými og gera tillögur til sveitarstjórna um uppbyggingu öldrunarþjónustu á sínu svæði, þess vegna er í eftirfarandi töflu birt yfirlit yfir fjölda hjúkrunarrýma á svæði hvers þjónustuhóps. Þar kemur einnig fram hvaða sveitarfélög tilheyra einstökum þjónustuhópum. Þjónustuhóparnir eru samtals 43.

**Hjúkrunarrými á landinu öllu.**

| Þjónustuhópar | Íbúafjöldi 1. des. 2005 | Fjöldi heimilaðra hjúkrunarrýma | Hjúkrunarrými á 1.000 íbúa |
|---|---|---|---|
| Matshópur Reykjavíkur: Reykjavíkurborg | 114.800 | 1.065 | 9,3 |
| Þjónustuhópur Garðabæjar: Garðabær | 9.423 | 90 | 9,6 |
| Þjónustuhópur Hafnarfjarðar: Hafnarfjarðarkaupstaður og Sveitarfélagið Álftanes | 24.634 | 222 | 9,0 |
| Þjónustuhópur Kópavogs: Kópavogsbær | 26.468 | 84 | 3,2 |
| Þjónustuhópur Mosfellsbæjar: Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Bláskógabyggð að hluta og Grímsnes- og Grafningshreppur að hluta | 7.319 | 0 | 0,0 |
| Þjónustuhópur Seltjarnarness: Seltjarnarneskaupstaður | 4.661 | 0 | 0,0 |
| Þjónustuhópur Suðurnesja: Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Vatnsleysustrandarhreppur | 17.899 | 81 | 4,5 |
| Þjónustuhópur Akraness: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur | 6.385 | 72 | 11,3 |
| Þjónustuhópur Borgarbyggðar og nágrennis: Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Skorradalshreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur og Kolbeinsstaðahreppur | 3.826 | 20 | 5,2 |
| Þjónustuhópur Dalabyggðar: Dalabyggð, Reykhólahreppur og Saurbæjarhreppur | 970 | 48 | 49,5 |
| Þjónustuhópur Grundarfjarðar: Grundarfjarðarbær | 974 | 10 | 10,3 |
| Þjónustuhópur Snæfellsbæjar: Snæfellsbær | 1.743 | 10 | 5,7 |
| Þjónustuhópur Stykkishólmsbæjar: Stykkishólmsbær og Helgafellssveit | 1.220 | 19 | 15,6 |
| Þjónustuhópur Bolungarvíkur: Bolungarvíkurkaupstaður | 918 | 13 | 14,2 |
| Þjónustuhópur Hólmavíkurhrepps: Hólmavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Broddaneshreppur | 662 | 12 | 18,1 |
| Þjónustuhópur Ísafjarðarbæjar: Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur | 4.344 | 31 | 7,1 |
| Þjónustuhópur Vestur-Barðastrandasýslu: Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur | 1.262 | 18 | 14,3 |
| Þjónustuhópur Akureyrarbæjar: Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Arnarneshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Grímseyjarhreppur | 19.137 | 199 | 10,4 |
| Þjónustuhópur Dalvíkurbyggðar: Dalvíkurbyggð og Hrísey | 1.927 | 24 | 12,5 |
| Þjónustuhópur Ólafsfjarðar: Ólafsfjarðarbær | 946 | 20 | 21,1 |
| Þjónustuhópur Raufarhafnarhrepps: Raufarhafnarhreppur | 228 | 0 | 0,0 |
| Þjónustuhópur Suður-Þingeyjarsýslu: Húsavíkurbær, Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit | 3.806 | 33 | 8,7 |
| Þjónustuhópur Vopnafjarðar: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur | 850 | 12 | 14,1 |
| Þjónustuhópur Þórshafnarhrepps: Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur | 526 | 13 | 24,7 |

| Þjónustuhópar | Íbúafjöldi 1. des. 2005 | Fjöldi heimilaðra hjúkrunarrýma | Hjúkrunarrými á 1.000 íbúa |
|---|---|---|---|
| Þjónustuhópur Öxarfjarðarhrepps: Öxarfjarðarhreppur og Kelduneshreppur | 430 | 0 | 0,0 |
| Þjónustuhópur Blönduóss: Blönduósbær, Skagabyggð, Höfðahreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Svínavatnshreppur og Bólstaðarhlíðarhreppur | 2.018 | 35 | 17,3 |
| Þjónustuhópur Húnaþings vestra: Húnaþing vestra og Bæjarhreppur | 1.278 | 24 | 18,8 |
| Þjónustuhópur Siglufjarðar: Siglufjarðarkaupstaður | 1.352 | 28 | 20,7 |
| Þjónustuhópur Skagafjarðar: Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur | 4.335 | 57 | 13,1 |
| Þjónustuhópur Austurbyggðar og Fáskrúðsfjarðarhrepps: Austurbyggð og Fáskrúðsfjarðarhreppur | 907 | 13 | 14,3 |
| Þjónustuhópur Djúpavogslæknishéraðs: Djúpavogshreppur og Breiðdalshreppur | 690 | 1 | 1,4 |
| Þjónustuhópur Egilsstaðalæknishéraðs: Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur | 4.406 | 18 | 4,1 |
| Þjónustuhópur Fjarðabyggðar: Fjarðarbyggð og Mjóafjarðarhreppur | 3.937 | 26 | 6,6 |
| Þjónustuhópur Hornafjarðar: Sveitarfélagið Hornafjörður | 2.189 | 26 | 11,9 |
| Þjónustuhópur Seyðisfjarðar: Seyðisfjarðarkaupstaður | 731 | 19 | 26,0 |
| Þjónustuhópur Árborgar: Sveitarfélagið Árborg, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur og Gaulverjabæjarhreppur | 7.487 | 74 | 9,9 |
| Þjónustuhópur Hveragerðis: Hveragerðisbær og Ölfus að hluta | 2.089 | 26 | 12,4 |
| Þjónustuhópur Kirkjubæjarklausturs: Skaftárhreppur | 490 | 17 | 34,7 |
| Þjónustuhópur Laugaráss: Bláskógabyggð að hluta, Grímsnes- og Grafningshreppur að hluta, Hrunamannarheppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 2.565 | 0 | 0,0 |
| Þjónustuhópur Rangárþings eystra og ytra: Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur | 3.295 | 36 | 10,9 |
| Þjónustuhópur Vestmannaeyja: Vestmannaeyjabær | 4.175 | 46 | 11,0 |
| Þjónustuhópur Víkur í Mýrdal: Mýrdalshreppur | 503 | 12 | 23,9 |
| Þjónustuhópur Ölfuss: Ölfus | 1.799 | 0 | 0,0 |
| **Samtals fyrir landið allt** | **299.604** | **2.554** | **8,5** |

# 477. Framhaldsnefndarálit [47. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2006.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hlutinn gerir breytingartillögur við sundurliðun 2 sem samtals nema 377,8 m.kr. til hækkunar. Auk þess eru gerðar breytingartillögur við 4. gr. frumvarpsins.

Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

## SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

### 02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði óbreytt.

**201 Háskóli Íslands.**

*1.01 Háskóli Íslands.* Gerð er tillaga um að 3,6 m.kr. fjárheimild verði millifærð af lið Háskóla Íslands yfir á lið Háskólans á Akureyri vegna átaks til að fjölga nemendum í hjúkrunarfræði. Í frumvarpinu er 9,1 m.kr. fjárveiting færð á lið Háskóla Íslands vegna þessa en ætlunin var að hún skiptist á skólana. Gert er ráð fyrir að nemendum í hjúkrunarfræði fjölgi um 15 hjá Háskóla Íslands og um 10 hjá Háskólanum á Akureyri.

**210 Háskólinn á Akureyri.**

*1.01 Háskólinn á Akureyri.* Gerð er tillaga um að 3,6 m.kr. fjárheimild verði millifærð á lið Háskólans á Akureyri af lið Háskóla Íslands eins og þar greinir.

### 03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 7,8 m.kr.

**201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.**

*1.30 Öryggisverkefni.* Gerð er tillaga um 7,8 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði af auknu álagi hjá embættinu vegna hryðjuverkaógnar í ágúst sl.

### 05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 15 m.kr.

**202 Hafrannsóknastofnunin.**

*1.01 Hafrannsóknastofnunin.* Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag vegna kostnaðar við að halda hafrannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni lengur úti en áætlað var vegna loðnuleitar. Lítið hefur fundist af loðnu og því er ráðgert að framlengja leitina fram undir jól.

### 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 20 m.kr.

**701 Þjóðkirkjan.**

*1.15 Kirkjumiðstöðvar.* Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til uppbyggingar kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar á Eskifirði sem þjónar m.a. því hlutverki að vera tónlistarhús alls Austurlands.

### 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 225 m.kr.

**206 Sjúkratryggingar.**

*1.91 Annað.* Gerð er tillaga um 25 m.kr. framlag í tengslum við endurnýjun á samningi um húðmeðferðir í Bláa lóninu. Framlagið er ætlað til rannsókna á áhrifum náttúrulegrar meðferðar við húðsjúkdómnum psoriasis miðað við önnur úrræði.

**401 Öldrunarstofnanir, almennt.**

*1.01 Hjúkrunarheimili, almennt.* Gerð er tillaga um að heimilt verði að ráðstafa allt að 360 m.kr. af ónotuðum fjárheimildum öldrunarstofnana til að koma til móts við rekstrarhalla öldrunarheimila á árunum 2005 og útkomuspá ársins 2006. Er fjárhæðin til viðbótar við þær 500 m.kr. sem gert var ráð fyrir að rynnu til reksturs hjúkrunarrýma við 2. umræðu frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að af þessum 360 m.kr. fari 200 m.kr. til að koma til móts við rekstrarhalla hjúkrunarrýma, 150 m.kr. vegna dvalarrýma og 10 m.kr. vegna dagvista.

Fjárhæðin skiptist á milli stofnana sem hér segir:

**401 Öldrunarstofnanir, almennt**
*1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana.* ..... 10,4 m.kr.
**405 Hrafnista, Reykjavík.**
*1.11 Dvalarrými.* ..... 5,0 m.kr.
**408 Sunnuhlíð, Kópavogi.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 30,5 m.kr.
**411 Garðvangur, Garði.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 27,9 m.kr.
**412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 8,6 m.kr.
**413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 25,5 m.kr.
**414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 9,9 m.kr.
*1.11 Dvalarrými.* ..... 10,3 m.kr.
**415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 14,8 m.kr.
*1.11 Dvalarrými.* ..... 0,5 m.kr.
**416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði.**
*1.11 Dvalarrými.* ..... 2,2 m.kr.
**418 Seljahlíð, Reykjavík.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 9,1 m.kr.
*1.11 Dvalarrými.* ..... 13,3 m.kr.
**423 Höfði, Akranesi.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 12,6 m.kr.
*1.15 Dagvist.* ..... 1,7 m.kr.
**424 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 5,4 m.kr.
*1.11 Dvalarrými.* ..... 18,4 m.kr.
**425 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 4,0 m.kr.
**434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu.**
*1.11 Dvalarrými.* ..... 1,2 m.kr.
**436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 2,7 m.kr.
*1.11 Dvalarrými.* ..... 12,2 m.kr.

**438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri.**
*1.11 Dvalarrými.* ..... 0,4 m.kr.
**439 Hjallatún, Vík.**
*1.11 Dvalarrými.* ..... 3,2 m.kr.
**440 Kumbaravogur, Stokkseyri.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 0,6 m.kr.
*1.11 Dvalarrými.* ..... 1,9 m.kr.
**441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 5,4 m.kr.
*1.11 Dvalarrými.* ..... 4,4 m.kr.
**442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 4,4 m.kr.
*1.11 Dvalarrými.* ..... 10,8 m.kr.
*1.15 Dagvist.* ..... 0,8 m.kr.
**444 Vífilsstaðir, Garðabæ.**
*1.01 Hjúkrunarrými.* ..... 28,2 m.kr.
**460 Dvalarrými aldraðra, önnur.**
*1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur.* ..... 66,2 m.kr.
**477 Dagvistun aldraðra, aðrar.**
*1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar.* ..... 7,5 m.kr.

Gerð er tillaga um fjárveitingar sem alls nema 200 m.kr. til sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva vegna greiðsluvanda þeirra. Lagt er til að þeim 200 m.kr. verði skipt á milli stofnana sem hér segir:

**526 Heilsugæslustöðin Búðardal.**
*1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal.* ..... 2,5 m.kr.
**711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi.**
*1.11 Sjúkrasvið.* ..... 10,0 m.kr.
**731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík.**
*1.21 Hjúkrunarrými.* ..... 8,5 m.kr.
**735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík.**
*1.01 Heilsugæslusvið.* ..... 0,3 m.kr.
**741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga.**
*1.01 Heilsugæslusvið.* ..... 12,0 m.kr.
*1.11 Sjúkrasvið.* ..... 6,5 m.kr.
**745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.**
*1.01 Heilsugæslusvið.* ..... 19,0 m.kr.
**761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.**
*1.01 Heilsugæslusvið.* ..... 72,0 m.kr.
**781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.**
*1.21 Hjúkrunarrými.* ..... 28,0 m.kr.
**791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum.**
*1.21 Hjúkrunarrými.* ..... 20,0 m.kr.
**795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.**
*1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.* ..... 21,2 m.kr.

**09 Fjármálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 90 m.kr.

**821 Vaxtabætur.**

*1.11 Vaxtabætur.* Lagt er til að fjárveiting til vaxtabóta hækki um 90 m.kr. frá því sem er í frumvarpinu eftir 2. umræðu og verði samtals 290 m.kr. Áformað er að viðmiðunarmörk eigna til skerðingar á vaxtabótum hækki um 30% í stað 25% eins og miðað er við í frumvarpinu.

**10 Samgönguráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 20 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*6.42 Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir.* Gerð er tillaga um að veita 15 m.kr. framlag vegna kostnaðar við bílastæði við ferjuhöfn á Seyðisfirði.

**471 Rekstur Flugmálastjórnar.**

*1.01 Flugmálastjórn.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til Flugsafnsins á Akureyri. Jarðvegsframkvæmdir eru hafnar vegna byggingar flugskýlis við Akureyrarflugvöll þar sem safnið verður hýst og hyggst Flugmálastjórn Íslands styrkja safnið til þessara framkvæmda. Gert er ráð fyrir að framlagið verði fjármagnað með því að ráðstafa fyrirframmörkuðum tekjum stofnunarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 28. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Birkir J. Jónsson, form., frsm. | Einar Oddur Kristjánsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Arnbjörg Sveinsdóttir. | Dagný Jónsdóttir. | Ásta Möller. |

# 478. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2006.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (BJJ, EOK, DrH, ArnbS, DJ, ÁMöl).

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| 1. Við **02-201 Háskóli Íslands** | | | |
| 1.01 Háskóli Íslands | 26,2 | -3,6 | 22,6 |
| 2. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri** | | | |
| 1.01 Háskólinn á Akureyri | 61,1 | 3,6 | 64,7 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3. Við **03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli** | | | |
| 1.30 Öryggisverkefni | 0,1 | 7,8 | 7,9 |
| 4. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin** | | | |
| 1.01 Hafrannsóknastofnunin | 282,9 | 15,0 | 297,9 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *174,3* | *15,0* | *189,3* |
| 5. Við **06-701 Þjóðkirkjan** | | | |
| 1.15 Kirkjumiðstöðvar | 0,0 | 20,0 | 20,0 |
| 6. Við **08-206 Sjúkratryggingar** | | | |
| 1.91 Annað | 0,0 | 25,0 | 25,0 |
| 7. Við **08-401 Öldrunarstofnanir, almennt** | | | |
| a. 1.01 Hjúkrunarheimili, almennt | -504,0 | -360,0 | -864,0 |
| b. 1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana | 11,3 | 10,4 | 21,7 |
| 8. Við **08-405 Hrafnista, Reykjavík** | | | |
| 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 5,0 | 5,0 |
| 9. Við **08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi** | | | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 18,3 | 30,5 | 48,8 |
| 10. Við **08-411 Garðvangur, Garði** | | | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 10,7 | 27,9 | 38,6 |
| 11. Við **08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær** | | | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 18,1 | 8,6 | 26,7 |
| 12. Við **08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum** | | | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 21,3 | 25,5 | 46,8 |
| 13. Við **08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu** | | | |
| a. 1.01 Hjúkrunarrými | 6,3 | 9,9 | 16,2 |
| b. 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 10,3 | 10,3 |
| 14. Við **08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði** | | | |
| a. 1.01 Hjúkrunarrými | 4,1 | 14,8 | 18,9 |
| b. 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 0,5 | 0,5 |
| 15. Við **08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði** | | | |
| 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 2,2 | 2,2 |
| 16. Við **08-418 Seljahlíð, Reykjavík** | | | |
| a. 1.01 Hjúkrunarrými | 7,1 | 9,1 | 16,2 |
| b. 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 13,3 | 13,3 |
| 17. Við **08-423 Höfði, Akranesi** | | | |
| a. 1.01 Hjúkrunarrými | 10,0 | 12,6 | 22,6 |
| b. 1.15 Dagvist | 0,0 | 1,7 | 1,7 |
| 18. Við **08-424 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi** | | | |
| a. 1.01 Hjúkrunarrými | 4,9 | 5,4 | 10,3 |
| b. 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 18,4 | 18,4 |
| 19. Við **08-425 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi** | | | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 2,4 | 4,0 | 6,4 |
| 20. Við **08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu** | | | |
| 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 1,2 | 1,2 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 21. Við **08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði** | | | |
| a. 1.01 Hjúkrunarrými | 3,2 | 2,7 | 5,9 |
| b. 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 12,2 | 12,2 |
| 22. Við **08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri** | | | |
| 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 0,4 | 0,4 |
| 23. Við **08-439 Hjallatún, Vík** | | | |
| 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 3,2 | 3,2 |
| 24. Við **08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri** | | | |
| a. 1.01 Hjúkrunarrými | 10,4 | 0,6 | 11,0 |
| b. 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 1,9 | 1,9 |
| 25. Við **08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði** | | | |
| a. 1.01 Hjúkrunarrými | 6,4 | 5,4 | 11,8 |
| b. 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 4,4 | 4,4 |
| 26. Við **08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum** | | | |
| a. 1.01 Hjúkrunarrými | 7,0 | 4,4 | 11,4 |
| b. 1.11 Dvalarrými | 0,0 | 10,8 | 10,8 |
| c. 1.15 Dagvist | 0,0 | 0,8 | 0,8 |
| 27. Við **08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ** | | | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 12,8 | 28,2 | 41,0 |
| 28. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur** | | | |
| 1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur | 0,0 | 66,2 | 66,2 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *66,2* | *66,2* |
| 29. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar** | | | |
| 1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar | 0,0 | 7,5 | 7,5 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *7,5* | *7,5* |
| 30. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal** | | | |
| 1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal | 0,0 | 2,5 | 2,5 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *2,5* | *2,5* |
| 31. Við **08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi** | | | |
| 1.11 Sjúkrasvið | 0,8 | 10,0 | 10,8 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *1,1* | *10,0* | *11,1* |
| 32. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík** | | | |
| 1.21 Hjúkrunarrými | 0,0 | 8,5 | 8,5 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *8,5* | *8,5* |
| 33. Við **08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík** | | | |
| 1.01 Heilsugæslusvið | 0,0 | 0,3 | 0,3 |
| 34. Við **08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga** | | | |
| a. 1.01 Heilsugæslusvið | 0,0 | 12,0 | 12,0 |
| b. 1.11 Sjúkrasvið | 0,1 | 6,5 | 6,6 |
| 35. Við **08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi** | | | |
| 1.01 Heilsugæslusvið | 0,0 | 19,0 | 19,0 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 36. Við **08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga** | | | |
| 1.01 Heilsugæslusvið | 0,3 | 72,0 | 72,3 |
| 37. Við **08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum** | | | |
| 1.21 Hjúkrunarrými | 0,1 | 28,0 | 28,1 |
| 38. Við **08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum** | | | |
| 1.21 Hjúkrunarrými | 0,1 | 20,0 | 20,1 |
| 39. Við **08-795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði** | | | |
| 1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði | 73,9 | 21,2 | 95,1 |
| 40. Við **09-821 Vaxtabætur** | | | |
| 1.11 Vaxtabætur | 200,0 | 90,0 | 290,0 |
| 41. Við **10-190 Ýmis verkefni** | | | |
| 6.42 Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir | 0,0 | 15,0 | 15,0 |
| 42. Við **10-471 Rekstur Flugmálastjórnar** | | | |
| 1.01 Flugmálastjórn | 29,3 | 5,0 | 34,3 |
| *Innheimt af ríkistekjum* | *0,0* | *5,0* | *5,0* |

## 479. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2006.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (BJJ, EOK, DrH, ArnbS, DJ, ÁMöl).

1. Við 4. gr. Nýir liðir:
   4.60 Að selja landspildur í eigu ríkissjóðs við Grundartanga.
   4.61 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.
2. Við 4. gr. Nýr liður:
   7.16 Að ráðstafa allt að helmingi af eins milljarðs evra lántöku ríkissjóðs til að efla eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands.

## 480. Nefndarálit [348. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur, Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti og Harald Örn Ólafsson og Hrein Hrafnkelsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005 frá 29. apríl 2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)

við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE.

Tilskipun 2004/39/EB er rammatilskipun sem tekur á helstu grunnþáttum verðbréfamarkaða, hún miðar m.a. að því að styrkja innri markaði ESB á sviði fjárfestingarþjónustu og kveður á um meginreglur um starfsemi fjármálafyritækja sem stunda verðbréfaviðskipti, sem og um skipulega verðbréfamarkaði. Tilskipunin nemur úr gildi og kemur í stað tilskipunar ráðsins 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Össur Skarphéðinsson. | Jón Kristjánsson. |
| Drífa Hjartardóttir. | | Jón Gunnarsson. |

# 481. Nefndarálit [349. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2005, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur, Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti og Harald Örn Ólafsson og Hrein Hrafnkelsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2005 frá 29. apríl 2005, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB miðar að því að samræma og styrkja reglur um yfirtökutilboð í Evrópu og tryggja jafna meðferð og aukin réttindi hluthafa í yfirtökum. Í tilskipuninni, sem nær til félaga sem fengið hafa skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulagðan verðbréfamarkað, eru sett lágmarksskilyrði sem ná bæði til skyldubundinna tilboða og almennra valfrjálsra tilboða, en aðildarríkjum er heimilt að setja fleiri skilyrði og strangari ákvæði en kveðið er á um í tilskipuninni.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi en meginhluti tilskipunarinnar hefur hefur þegar verið innleiddur með lögum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Össur Skarphéðinsson. | Jón Kristjánsson. |
| Drífa Hjartardóttir. | | Jón Gunnarsson. |

# 482. Frumvarp til laga [416. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

a. Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr A-lið viðaukans:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 0813.4001 | 1806.1000 | 1905.3030 | 2008.5009 | 2106.9022 |
| 0813.5001 | 1806.2001 | 2006.0011 | 2008.6001 | 2106.9023 |
| 0901.1100 | 1806.2003 | 2006.0012 | 2008.6009 | 2106.9025 |
| 0901.1200 | 1806.2004 | 2006.0019 | 2008.7001 | 2106.9026 |
| 0901.2101 | 1806.2005 | 2006.0021 | 2008.7009 | 2106.9031 |
| 0901.2109 | 1806.2006 | 2006.0022 | 2008.8001 | 2106.9039 |
| 0901.2201 | 1806.2009 | 2006.0023 | 2008.8009 | 2106.9041 |
| 0901.2209 | 1806.9011 | 2006.0029 | 2008.9100 | 2106.9042 |
| 0901.9000 | 1806.9012 | 2006.0030 | 2008.9201 | 2106.9048 |
| 0902.1000 | 1806.9019 | 2007.1000 | 2008.9209 | 2106.9049 |
| 0902.2000 | 1806.9028 | 2007.9100 | 2008.9901 | 2106.9061 |
| 0902.3000 | 1806.9029 | 2007.9900 | 2008.9909 | 2106.9062 |
| 0902.4000 | 1806.9039 | 2008.1101 | 2101.1100 | 3003.9001 |
| 0903.0000 | 1901.9011 | 2008.2001 | 2101.1201 | 3004.5004 |
| 0909.1001 | 1901.9019 | 2008.2009 | 2101.1209 | 3004.9004 |
| 0909.5001 | 1905.2000 | 2008.3001 | 2101.2001 | 3302.1021 |
| 1211.9001 | 1905.3011 | 2008.3009 | 2101.2009 | 3302.1030 |
| 1211.9002 | 1905.3019 | 2008.4001 | 2101.3001 | |
| 1805.0001 | 1905.3021 | 2008.4009 | 2101.3009 | |
| 1805.0009 | 1905.3029 | 2008.5001 | 2106.9021 | |

b. B-liður viðaukans fellur brott.

II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.**

2. gr.

Við 5. gr. A laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er dótturfélag í eigu sparisjóðs og gilda þá ákvæði þessarar greinar, enda sé skilyrðum hennar fullnægt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „14%“ í 2. mgr. kemur: 7%.
b. 8. tölul. 2. mgr. orðast svo: Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis eins og skilgreint er í viðauka við lög þessi.
c. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Geisladiskar, hljómplötur, segulbönd og aðrir sambærilegir miðlar með tónlist en ekki með mynd.

4. gr.

Í stað „skv. 1., 3. og 4. mgr.“ í lokamálslið 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: skv. 3. og 4. mgr.

5. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða X við lögin:

a. Í stað „31. desember 2006“ kemur: 31. desember 2008.
b. Í stað „EURO2“ kemur: EUROIII.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Endurgreiða skal veitingahúsum, mötuneytum og öðrum hliðstæðum aðilum, sem selja tilreiddan mat, fjárhæð er nemur 112,5% af innskatti uppgjörstímabilsins janúar–febrúar 2007 vegna matvælaaðfanga sem bera 14% virðisaukaskatt. Endurgreiðsla þessi skal þó ekki vera hærri en svo að útskattur vegna sölu á tilreiddum mat að frádreginni endurgreiðslu samsvari að minnsta kosti 14% af hráefnisverði að viðbættum 19,25% af mismun söluverðs á tilreiddum mat og hráefnisverðs matvælaaðfanga.

8. gr.

Í stað viðauka við lögin kemur nýr viðauki sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

**Viðauki.**

Af vörum til manneldis í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 7% virðisaukaskatt:

a. Vörur í 2. til og með 4. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 0301.1000–0301.9990.
b. Vörur í tollskrárnúmerum 0504.0001–0504.0009 og 0511.9119, 0511.9125, 0511.9901 og 0511.9902.

c. Vörur í 7. til og með 13. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 1001.1001, 1001.9001, 1002.0001, 1003.0001, 1004.0001, 1005.9001, 1106.2001, 1007.0001, 1008.1001, 1008.2001, 1008.3001, 1008.9001, 1101.0021, 1102.2001, 1102.9011, 1102.9021, 1103.1101, 1103.1311, 1103.1321, 1103.1901, 1103.2001, 1104.1221, 1104.1901, 1104.2221, 1104.2301, 1104.2901, 1104.3001, 1203.0000, 1209.1001–1209.9909, 1211.3000, 1211.4000, 1211.9009, 1213.0011–1213.0029, 1214.1000, 1214.9000, 1301.1000, 1301.9000, 1301.9009, 1302.1100, 1302.1400, og 1302.1909.
d. Vörur í tollskrárnúmerum 1501.0011, 1501.0021, 1502.0011, 1502.0021, 1503.0001, 1504.1001–1504.3009, 1506.0001, 1507.1001, 1507.9001, 1508.1001, 1508.9001, 1509.1001, 1509.9001, 1510.0001, 1511.1001, 1511.9001, 1512.1101, 1512.1901, 1512.2101, 1512.2901, 1513.1101, 1513.1901, 1513.2101, 1513.2901, 1514.1101, 1514.1901, 1514.9101, 1514.9901, 1515.2101, 1515.2901, 1515.5001, 1515.9001 og 1516.1001–1517.9009.
e. Vörur í 16. til og með 22. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmeri 2207.2000.
f. Vörur í tollskrárnúmerum 2501.0001, 2836.1001, 2836.3001, 2836.4001, 2836.9902, 2918.1200, 2918.1300, 2922.4201, 2925.1101, 3203.0001, 3302.1010, 3501.9001, 3502.1101, 3502.1901, 3502.2001, 3502.9001, 3503.0011, 3503.0021, 3824.9008 og 3917.1000.

## III. KAFLI

## Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „58,70 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 92,70 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „52,80 kr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 83,40 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „70,78 kr.“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 111,80 kr.

10. gr.

Lög þessi taka gildi 1. mars 2007, nema 2. og 6. gr. sem öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. laga þessara taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar frá 9. október 2006 um aðgerðir til að lækka matvælaverð o.fl. Í tillögunum kom eftirfarandi fram varðandi fyrirhugaðar breytingar á álagningu virðisaukaskatts og vörugjalda:

„1. Vörugjöld af innlendum og innfluttum matvælum, öðrum en sykri og sætindum, verða felld niður að fullu 1. mars 2007.
2. Virðisaukaskattur af matvælum verður lækkaður úr 14% í 7% frá 1. mars 2007.
3. Virðisaukaskattur af annarri þjónustu og vörum í 14% þrepi (bækur, tímarit, blöð, húshitun, hótelgisting) verður lækkaður í 7%.
4. Virðisaukaskattur af öðrum matvælum sem hefur verið 24,5% verður lækkaður í 7% frá sama tíma.

5. Virðisaukaskattur af veitingaþjónustu verður lækkaður úr 24,5% í 7% frá sama tíma.“

Með frumvarpi þessu eru þessar tillögur útfærðar auk þess sem lagðar eru til örfáar breytingar til viðbótar.

Í fyrsta lagi er lagt til að vörugjöld verði felld niður af innlendum og innfluttum matvælum, öðrum en sykri og sætindum. Með sykri og sætindum er fyrst og fremst átt við vörur sem er að finna í 17. kafla tollskrárinnar, sem ber heitið „Sykur og sætindi“. Eins og nafnið gefur til kynna hefur sá kafli að geyma ýmiss konar sykur og sætuefni, eins og strásykur, púðursykur, flórsykur og síróp. Þá er að finna í þessum kafla ýmiss konar sælgæti sem inniheldur ekki kakó, eins og t.d. lakkrís, karamellur og brjóstsykur. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að vörugjöld muni hvíla áfram á ýmiss konar súkkulaði sem er að finna í 18. kafla tollskrárinnar og sírópi í 21. kafla. Hins vegar er lagt til að vörugjöld verði felld niður af öllum öðrum matvælum.

Í öðru lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Meginbreytingin felst í því að gert er ráð fyrir að lægra skattþrepið í virðisaukaskatti fari úr 14% niður í 7% og að öll matvara og önnur vara til manneldis verði í lægra skattþrepinu. Eins og staðan er nú er eingöngu ákveðinn hluti matvöru sem ber 14% virðisaukaskatt en önnur matvara ber 24,5% virðisaukaskatt. Verði frumvarp þetta að lögum mun öll vara til manneldis bera 7% virðisaukaskatt. Breyting þessi hefur einnig í för með sér að virðisaukaskattur af annarri þjónustu og vörum í 14% þrepi, svo sem bókum, tímaritum, blöðum, húshitun, afnotagjöldum útvarpsstöðva og hótelgistingu, verður lækkaður í 7%. Lagt er og til að virðisaukaskattur af veitingaþjónustu verði lækkaður úr 24,5% niður í 7%. Fyrir utan augljósan ávinning fyrir almenning af því að virðisaukaskatturinn sé lækkaður mun þetta einnig verða til mikils hagræðis fyrir aðila í veitingarekstri. Endurgreiðslukerfi á virðisaukaskatti hefur verið við lýði fyrir þá sem selja tilreiddan mat sem hefur skapað talsverða vinnu og umsýslu fyrir þá. Með þessari breytingu verður þetta kerfi óþarft og hefur hún því mikla einföldun í för með sér. Þá er lagt til að virðisaukaskattur af geisladiskum, hljómplötum og segulböndum með tónlist verði 7%, en það er gert til að jafna samkeppnisstöðu tónlistarútgefenda við bókaútgefendur.

Með frumvarpinu eru einnig lagðar til tvær aðrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Lagt er til að heimild skv. 5. gr. A til samskráningar á virðisaukaskattsskrá nái einnig til sparisjóða og dótturfélaga þeirra. Hlutafélög og einkahlutafélög hafa heimild samkvæmt ákvæðinu til samskráningar. Bent hefur verið á að sparisjóðir geti haft hagsmuni af því að njóta samskráningar eins og hlutafélög og einkahlutafélög. Ekki verður séð að nein rök standi gegn því að sparisjóðir njóti sama réttar til samskráningar og er því lögð til þessi breyting. Að lokum er lagt til að heimild í lögum um virðisaukaskatt um endurgreiðslu ⅔ hluta virðisaukaskatts af nýjum hópferðabifreiðum verði framlengd til 31. desember 2008. Er það gert í samræmi við tillögu starfshóps sem samgönguráðherra skipaði til þess að fjalla um rekstraraðstæður þeirra sem reka hópferðabifreiðar með hliðsjón af hlutverki þeirra í almenningssamgöngukerfinu.

Samræmis vegna og til einföldunar í framkvæmd er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lækkun á virðisaukaskatti af matvöru nái einnig til áfengis, en samkvæmt núgildandi lögum er áfengi í efra þrepi virðisaukaskatts. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar um lækkun matvælaverðs miðuðu hins vegar ekki að því að lækka verð á áfengi. Af þeim sökum er með frumvarpi þessu lagt til að áfengisgjald verði hækkað til mótvægis við þá verðlækkun sem verður vegna lækkunar virðisaukaskatts af áfengi, eða sem nemur 58%. Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting leiði til breytingar á tekjum ríkissjóðs af áfengi.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar á A-lið viðauka I við lögin um vörugjald. Í A-lið viðaukans er kveðið á um vörugjöld á kg og er lagt til að þau verði felld niður af öllum matvælum nema þeim sem er að finna í 17. kafla tollskrárinnar (sykur og sætindi), nokkrum tollskrárnúmerum úr 18. kafla (ýmiss konar súkkulaði) og einu númeri úr 21. kafla, sem er sérstök tegund af sírópi.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að B-liður viðaukans, sem kveður á um vörugjöld á lítra, verði felldur niður, en þar er m.a. að finna rjómaís, ávaxtasafa, sódavatn og gosdrykki.

Um 2. gr.

Lagt er til að heimild skv. 5. gr. A til samskráningar á virðisaukaskattsskrá nái einnig til sparisjóða og dótturfélaga þeirra. Hlutafélög og einkahlutafélög hafa heimild til samskráningar samkvæmt ákvæðinu. Bent hefur verið á að sparisjóðir geti haft hagsmuni af því að njóta samskráningar eins og hlutafélög og einkahlutafélög. Réttaráhrif samskráningar félaga á virðisaukaskattsskrá eru þau að með tilliti til virðisaukaskatts skoðast starfsemi hinna samskráðu sem ein starfsemi og viðskipti milli samskráðra bera ekki virðisaukaskatt umfram það sem væri ef starfsemi samskráðra félaga væri öll á einni hendi. Því ber að innheimta virðisaukaskatt í viðskiptum milli samskráðra félaga í tilvikum sambærilegum við skattskyldar úttektir skráðra aðila skv. 1. mgr. 11. gr. laga um virðisaukaskatt. Hvert hinna samskráðu félaga um sig ber fulla ábyrgð á greiðslu virðisaukaskatts af samskráðri starfsemi. Með lögum nr. 77/2004, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, var sparisjóðum veitt heimild til samsköttunar með dótturfélögum sínum skv. 5. mgr. 55. gr. laganna. Eftir því sem fram kemur í athugasemdum í greinargerð með lögum nr. 77/2004 var þessi breyting gerð vegna þess að óvissa hafði ríkt um hvort sparisjóðum væri heimil samsköttun með dótturfélögum sínum, en með breytingunni varð heimild sparisjóðanna til samsköttunar í tekjuskatti afdráttarlaus. Þegar litið er til ákvæða 5. gr. A laga um virðisaukaskatt virðist tilgangur greinarinnar vera sá sami og 55. gr. laga um tekjuskatt. Þykir því eðlilegt að sparisjóðirnir fái sams konar heimild til samskráningar á virðisaukaskattsskrá.

Um 3. gr.

Í a-lið ákvæðisins er lagt til að neðra skattþrepið í virðisaukaskatti fari úr 14% niður í 7%.

Í b-lið ákvæðisins er lagt til að öll matvara og önnur vara til manneldis eins og nánar er tilgreint í viðauka við lögin beri 7% virðisaukaskatt. Með því að hafa viðauka við lögin þar sem fram koma öll þau tollskrárnúmer sem teljast til matvöru og annarrar vöru til manneldis er ekki verið að undanskilja neina slíka vöru heldur er þetta fyrst og fremst til hægðarauka fyrir innflytjendur, tollayfirvöld og skattayfirvöld þannig að skýrt sé hvaða vörur teljist til manneldisvara.

Í c-lið ákvæðisins er lagt til að virðisaukaskattur á geisladiska, hljómplötur og segulbönd með tónlist verði 7%. Er það gert til að jafna samkeppnisstöðu tónlistarútgefenda við bóka- og tímaritaútgefendur en bent hefur verið á að geisladiskar með tónlist séu staðkvæmdarvara við bækur og tímarit og því óeðlilegt að önnur varan beri 24,5% virðisaukaskatt en hin 7%.

Um 4. og 5. gr.

Hér er lagt til að 1. mgr. 42. gr. laganna og tilvísun í það ákvæði falli brott. Samfara því að virðisaukaskattur á tilreiddum mat er lækkaður í 7% verður endurgreiðslukerfið sem þar er kveðið á um óþarft. Nánar er vísað til umfjöllunar um 7. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Með vísan til almennra athugasemda er lagt til að heimild í lögunum um endurgreiðslu ⅔ hluta virðisaukaskatts af nýjum hópferðabifreiðum verði framlengd til 31. desember 2008. Þá er einnig lögð til sú breyting að gert verði að skilyrði að hópferðabifreiðar sem njóta endurgreiðslunnar séu búnar vélum sem uppfylla staðla EUROIII í stað EURO2 eins og hingað til hefur verið miðað við. Bifreið með þessa merkingu uppfyllir ákveðinn staðal um nýtingu eldsneytis og þar með umhverfisáhrif. Bifreiðar sem framleiddar eru á þessu ári eru einkenndar með merkinu EUROIII og þykir eðlilegt að gera skilyrði fyrir endurgreiðslu að hópferðabifreiðarnar séu búnar slíkum vélum.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 1. mgr. 42. gr. gildandi laga um virðisaukaskatt sem skv. 5. gr. frumvarpsins fellur niður 1. mars 2007. Hér eru tekin af öll tvímæli um að endurgreiða skuli virðisaukaskatt til veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila sem selja tilreiddan mat, eins og gert hefur verið, vegna uppgjörstímabilsins janúar–febrúar 2007.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að viðauki verði við lögin þar sem skilgreint sé hvaða vörur teljist til matvara og annarra vara til manneldis. Er þetta fyrst og fremst til hægðarauka fyrir innflytjendur, tollayfirvöld og skattayfirvöld þannig að það sé ótvírætt hvaða vörur teljist til manneldis. Skýrt skal tekið fram að ekki er verið að undanskilja neinar vörur sem ætlaðar eru til manneldis.

Um 9. gr.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að virðisaukaskattur á áfengi verði lækkaður úr 24,5% í 7%. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af áfengi haldist óbreyttar og því er lagt til að áfengisgjald verði hækkað um 58% til að vega upp á móti lækkun tekna ríkissjóðs vegna lækkunar virðisaukaskatts af áfengi. Áfengisgjald reiknast á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra af hinum áfenga drykk en virðisaukaskattur er lagður á heildarverð vörunnar. Miðað er við að áhrif á ríkissjóð vegna lækkunar virðisaukaskatts af áfengi verði engin.

Um 10. gr.

Í 1. málsl. greinarinnar er kveðið á um gildistöku laganna. Í 2. málsl. er kveðið á um að ákvæði 1. gr. frumvarpsins taki til allra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku þeirra svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.**

Megintilgangur frumvarpsins er að lögfesta ákvæði sem nauðsynleg eru til að áform um aðgerðir til að lækka matvælaverð o.fl. nái fram að ganga í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar frá 9. október 2006. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á lögum um vörugjald sem miðar að því að frá og með 1. mars 2007 falli niður að fullu vörugjöld af matvælum, öðrum en sykri og sætindum. Í öðru lagi er lögð til breyting á lögum um virðisaukaskatt sem miðar að því að lægra skattþrep í virðisaukaskatti fari úr 14% niður í 7% og að öll matvara og önnur vara til manneldis verði í lægra skattþrepinu. Breytingin hefur einnig í för með sér að virðisaukaskattur af annarri þjónustu og vörum sem nú eru í 14% þrepi lækkar í 7%, ásamt því að virðisaukaskattur af veitingaþjónustu, geisladiskum, hljómplötum og segulböndum og öðrum sambærilegum miðlum lækkar úr 24,5% í 7%. Í þriðja lagi er lögð til hækkun á áfengisgjaldi til að vega upp tekjumissi af lækkun virðisaukaskatts á áfengi úr 24,5% í 7%. Hækkun áfengisgjaldsins er 58% og miðar að því að tekjur ríkissjóðs af áfengi verði sem næst óbreyttar. Til viðbótar því sem hér hefur verið rakið eru í frumvarpinu lagðar til tvær breytingar á lögum um virðisaukaskatt, sem ekki snúa að tillögum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að lækka matvælaverð o.fl. Annars vegar að heimild til samskráningar á virðisaukaskattsskrá nái einnig til sparisjóða og dótturfélaga þeirra, og hins vegar að heimild til endurgreiðslu á ⅔ hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu á hópferðabifreiðum framlengist um tvö ár, eða til ársloka 2008.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er áætlað að á árinu 2007 lækki tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum um 465 m.kr. og tekjur af virðisaukaskatti um 12.000 m.kr. Á móti kemur hækkun áfengisgjalds um 3.700 m.kr. Heildarlækkun ríkissjóðstekna á árinu 2007 er þannig áætluð 8.765 m.kr., og á heilsársgrundvelli nemur tekjulækkunin rúmlega 10.500 m.kr. Niðurfelling vörugjalda og lækkun virðisaukaskatts leiðir og til lækkunar á verðlagsspá, þannig að nú er reiknað með 3% almennri hækkun verðlags í stað 4,5% eins og reiknað var með í fjárlagafrumvarpinu. Þessi lækkun á verðlagsspá er talin hafa í för með sér 1.000 m.kr. lækkun á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs.

## 483. Framhaldsnefndarálit [47. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2006.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Við 3. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld ríkisins verði enn aukin um 377,8 millj. kr. Að stærstum hluta er um að ræða 200 millj. kr. framlag til að mæta rekstrarhalla ýmissa heilbrigðisstofnana. Þá eru

millifærðar 360 millj. kr. af fjárlagaliðnum *08-401 Öldrunarstofnanir, almennt á ýmis hjúkrunarheimili og öldrunarstofnanir* einnig til að mæta rekstrarhalla. Verður það að teljast nýbreytni að óskað sé sérstaks samþykkis í fjáraukalögum til að millifæra fjárheimildir með þessum hætti, ekki síst í ljósi þess að í ríkisreikningi er gerð sérstök grein fyrir millifærslum fjárheimilda innan ársins og þarf 10 blaðsíður í reikningnum til að gera grein fyrir öllum millifærslunum. Sjálfsagt væri full þörf á að fjárlaganefnd yrði gerð nánari grein fyrir ýmsum millifærslum þar. Fjöldi millifærslna sýnir svo að ekki verður um villst að á liðnum árum hefur myndast sérstakt fjárveitingavald innan framkvæmdarvaldsins sem rýrir þá yfirsýn sem nauðsynlegt er að Alþingi hafi yfir fjárveitingar.

**Afkoma ríkissjóðs 2006.**

Samkvæmt fyrirliggjandi tillögum er nú gert ráð fyrir að tekjujöfnuður ársins 2006 verði 44,6 milljarðar kr. en fjárlög ársins 2006 gerðu ráð fyrir tekjujöfnuði að fjárhæð 19,6 milljarðar kr. Tekjujöfnuðurinn hefur því ríflega tvöfaldast á árinu Nú er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði 379,2 milljarðar kr. sem er 13,3% hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Gjöldin eru nú áætluð 334,6 milljarðar kr. eða 6,2% meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

**Tilviljanakenndar leiðréttingar.**

Væntanlega verða útgjöld ríkissjóðs meiri en hér er áætlað vegna þess að fjölmargar stofnanir eiga í rekstrarvanda sem ekki hefur verið tekið á af Alþingi og benda bráðabirgðartölur til þess að mun fleiri stofnanir hafi um mitt ár 2006 verið komnar 10% fram úr fjárheimild en voru í árslok 2005. Það er líka sérkennilegt að þurfa að horfa upp á það ár eftir ár hvernig fjáraukalögin eru notuð til að bæta tilteknum stofnunum uppsafnaðan rekstrarhalla en ekki öðrum. Sumar stofnanir virðast eiga mun greiðari aðgang að fjáraukalögum en aðrar. Leiðréttingar eru því tilviljanakenndar og ekki að sjá að fylgt sé neinum reglum í þeim efnum.

**Fjárreiðulögum ekki fylgt.**

Eitt af vandamálunum við fjárlagagerð undanfarinna ára er skortur á upplýsingum um fjárhagsstöðu stofnana ríkisins, bæði þeirra sem eiga við rekstrarvanda að stríða og hinna sem virðast alltaf hafa nægilegt fé til umráða. Er þetta m.a. gert að umtalsefni í nefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar við 2. umræðu um fjáraukalögin.

Í greinargerð með frumvarpi til fjárreiðulaga er sérstaklega fjallað um tilgang fjáraukalaga. Segir þar m.a. að með frumvarpinu sé mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga. Þannig er gert ráð fyrir því að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir komi fram í fjárlögum. Síðan segir orðrétt: „Í fjáraukalögum innan fjárhagsárs verði fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki var hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög snerust þannig fyrst og fremst um ófrávíkjanleg málefni en ekki um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir eiga að koma til umfjöllunar eftir atvikum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár.“ Ef litið er til síðustu ára kemur í ljós að aldrei hefur verið farið með lokafjárlög og fjárlög á þann hátt sem lögin gera ráð fyrir.

Í 7. gr. fjáreiðulaganna segir: „Fjármálaráðherra skal leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs fyrir Alþingi eigi síðar en tveimur vikum eftir að þing kemur saman að hausti.“ Þá segir enn fremur í 45. gr. að „með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., [skuli] fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar“. Nú er liðinn nær einn og hálfur mánuður frá því að frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2005 átti að leggjast fram en hvergi

bólar á þessu frumvarpi. Þetta er sérkennilegt í ljósi þess að ríkisreikningur fyrir árið 2005 kom út í júlí á þessu ári og því hefði átt að vera nægur tími til að leggja frumvarpið fram.

Lokafjárlög eru mjög mikilvæg. Þar á að leita heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar á milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Enn fremur skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs. Þessu er ekki fylgt nú fremur en áður.

Það er athyglisvert að þau lokafjárlög sem lögð hafa verið fram á undanförnum árum hafa ekki uppfyllt ákvæði fjárreiðulaganna efnislega. Þar hefur m.a. ekki verið gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum né heldur veittar skýringar á geymdum fjárheimildum. Það má velta því upp hvort frumvarp sem efnislega uppfyllir ekki skilyrði þeirra laga sem það byggist á sé tækt til þinglegrar meðferðar á Alþingi.

**Á ekki heima í fjáraukalögum.**

Önnur atriði eru mikilvæg þegar kemur að umfjöllun um frumvarp til fjáraukalaga. Má þar til dæmis nefna að aldrei er þess getið í skýringum hvort útgjöld, sem leitað er heimildar fyrir, séu þegar til fallin eða hvenær áætlað sé að þau falli til. Hins vegar hefur það gerst að leitað hefur verið eftir heimildum til útgjalda í fjáraukalögum þar sem beinlínis er tekið fram í skýringum að meginþungi útgjaldanna falli ekki til fyrr en á næsta ári.

Þá vekur athygli að óskað er eftir 15 millj. kr. framlagi til viðfangsefnisins *10-190-1.36 Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjarvíkurflugvelli*. Kemur fram í skýringum að með fjáraukalögum 2005 voru veittar 18 millj. kr. til verkefnisins. Það vekur athygli að þetta viðfangsefni er ekki í fjárlögum ársins 2006 né heldur í fjárlögum ársins 2005 en fær aukafjárveitingu bæði árin.

Óskað er eftir 150 millj. kr. framlagi til að standa undir hlutdeild ríkssjóðs í áföllnum kostnaði vegna undirbúnings byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss. Þetta viðfangsefni hefur verið falið í heimildargreinum fjárlaga undanfarinna ára og samið um útgjöld sem aldrei hafa komist til efnislegrar meðferðar í fjárlaganefnd.

Þá er lagt til að veitt verði 120 millj. kr. viðbótarframlag á nýju viðfangsefni undir fjárlagaliðnum *02-982 Listir og framlög* til að standa straum af útgjöldum við menningarsamninga. Hér er dæmi um ný útgjöld sem ekki eiga heima í fjáraukalögum. Þau eru ekki ófyrirséð þar sem þau byggjast á meðvitaðri ákvörðun um að gera þessa samninga.

Landbúnaðarráðuneytið óskar eftir 354,5 millj. kr. framlagi til að styrkja byggingu reiðhalla, reiðskemma og reiðskála sem reistir *verða* í samvinnu við hestamannafélög. Þetta eru ekki ófyrirséð útgjöld þar sem ákvörðunin lýtur að styrkjum til þessara félaga og hefði átt að kynna þau í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007.

Fleira mætti nefna sem dæmi um fjárveitingar sem ranglega eru tilfærðar í fjáraukalögum. Hins vegar er það staðreynd að umræður um fjáraukalög vekja oft minni athygli en umræða um fjárlög og því er kannski meiri freisting að koma ýmsum málum í gegnum fjáraukalög en fjárlög.

**Lokaorð.**

Ómögulegt er að meta ágæti fjárlaga út frá umfangi fjáraukalaga einna og sér. Til þess þarf mun meiri upplýsingar, t.d. frumvarp til lokafjárlaga fyrra árs, skýrslu um framkvæmd fjárlaga fyrstu níu mánuði fjárlagaársins og áætlun um útkomu til áramóta. Án þessara upplýsinga verða bæði fjárlög og fjáraukalög hálfgerð eylönd án innbyrðis tengingar, án upphafs

eða endis. Það hefur margoft komið fram í álitum minni hluta fjárlaganefndar í gegnum árin að hvergi meðal hinna vestrænu ríkja þekkist að framkvæmdarvaldið komist upp með að umgangast fjárlög með þeim hætti sem hér tíðkast.

Lítil sem engin virðing er borin fyrir fjárlögum og sú ábyrgð og vandvirkni sem nauðsynleg er við framkvæmd þeirra er ekki til. Þess vegna hafa öll fjárlög þessarar ríkisstjórnar verið marklaus plögg, málamyndagerningar sem leiðir af skyldu hverrar ríkisstjórnar til að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Sitjandi ríkisstjórnarmeirihluti á Alþingi hefur ekki viljað gera bót á þeim slælegu vinnubrögðum sem meiri hlutinn hefur vanið sig á. Það verður því verkefni nýrrar ríkisstjórnar að skapa þann aga og þá festu sem nauðsynleg er í ríkisfjármálum.

Alþingi, 29. nóv. 2006.

Katrín Júlíusdóttir, frsm. Einar Már Sigurðarson. Ellert B. Schram.

Guðjón A. Kristjánsson. Jón Bjarnason.

## 484. Beiðni um skýrslu [417. mál]

frá utanríkisráðherra um þróunarsamvinnu og þróunarhjálp.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur, Össuri Skarphéðinssyni, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Ágústi Ólafi Ágússyni, Einari Má Sigurðarsyni, Katrínu Júlíusdóttur, Margréti Frímannsdóttur, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að utanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um þátttöku Íslendinga í þróunarsamvinnu og þróunarhjálp.

Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hversu mikið fé hefur verið veitt til þróunaraðstoðar í fjárlögum íslenska ríkisins sl. fimm ár (2002–2006), þ.e. til:
   a. verkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna og þá hvaða stofnana þeirra,
   b. annarra alþjóðlegra stofnana, svo sem Alþjóðabankans og Norræna þróunarsjóðsins,
   c. Þróunarsamvinnustofnunar Íslands,
   d. uppbyggingar á ófriðarsvæðum með þátttöku Íslensku friðargæslunnar eða með öðrum hætti,
   e. ríkisstjórna annarra ríkja, t.d. til aðstoðar í kjölfar náttúruhamfara,
   f. frjálsra félagasamtaka, þ.e.: Alþjóða rauða krossins, Rauða kross Íslands, Hjálparstarfs kirkjunnar, svo og annarra mannúðarsamtaka og þá hverra og hversu mikið fé var veitt til þróunarstarfs þeirra?
2. Hversu stór hluti af vergri landsframleiðslu Íslands var þróunaraðstoðin og hverjar eru framtíðaráætlanir um þróunarsamvinnu og þróunarhjálp? Til samanburðar er óskað upplýsinga um hversu háu hlutfalli vergrar landsframleiðslu önnur norræn ríki verja til þessa málaflokks.

3. Til hvaða verkefna hefur fénu verið varið, á hvaða sviði eru þau, í hvaða löndum og á hverra vegum, svo sem:
   a. alþjóðastofnana,
   b. Þróunarsamvinnustofnunar Íslands,
   c. til uppbyggingar á ófriðarsvæðum með þátttöku Íslensku friðargæslunnar eða með öðrum hætti,
   d. frjálsra félagasamtaka og annarra aðila og þá hverra?
4. Hvernig er unnið að forgangsröðun verkefna í hverju landi fyrir sig? Hvernig er samráði háttað við stjórnvöld, Sameinuðu þjóðirnar, aðrar alþjóðastofnanir, grasrótarsamtök o.s.frv.?
5. Hvernig skiptast verkefni eftir málefnum, þ.e. í heilbrigðismál, lýðræðisþróun, félagsmál, málefni barna, málefni kvenna o.s.frv.? Hversu miklir fjármunir renna til hvers málaflokks og hvernig samræmast þessi verkefni þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna?
6. Hvernig er ákvörðun tekin um samstarfslönd? Hvaða þættir liggja til grundvallar ákvörðun og hver tekur hana? Hver hefur með höndum mat á þörf í hverju landi fyrir sig? Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um hvort höfð er hliðsjón af öðrum alþjóðlegum stuðningi til viðkomandi landa.
7. Hvernig er lagt mat á verkefnin sem unnin eru hverju sinni? Hvaða þættir eru lagðir til grundvallar ákvörðun um í hvaða verkefni er ráðist?
8. Hvernig er metið hverju verkefnin hafi skilað og hvort þeim skuli haldið áfram? Hverjir gera slíkt mat og á hvaða forsendum?
9. Hversu margir íslenskir starfsmenn sinna öllum þessum verkefnum erlendis, í hvaða löndum starfa þeir og á vegum hvaða íslenskra stofnana eða samtaka?
10. Hversu miklu fé hafa innlend þróunarsamvinnu- og mannúðarsamtök aflað beint frá almenningi sl. fimm ár, skipt eftir árum og stofnunum?

## Greinargerð.

Mikilvægt er að fá heildarsýn yfir þá aðstoð sem Ísland veitir til þróunaraðstoðar og í þróunarsamvinnu víðs vegar í heiminum. Nokkrar skýrslur hafa verið unnar á þessu sviði og þá um afmörkuð verkefni. Nauðsynlegt er hins vegar að hafa upplýsingar um þessi mál á einum stað svo að hægt sé að átta sig á því hvert fjármunir fara, í hvernig verkefni og hversu vel markmið þeirra samrýmast þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur samþykkt. Einnig er mikilvægt að sjá hvar verkefni gera mest gagn, í samvinnu við hverja þau eru unnin og hvar í heiminum aðstoð er veitt hverju sinni. Jafnframt að upplýst sé um eðli og umfang þeirra verkefna sem nú er unnið að og þá hvort um skörun geti verið að ræða, t.d. milli hjálparsamtaka innbyrðis og annarra er veita þróunaraðstoð. Augljóst er að margir vinna góð verk sem gagnast í þeim löndum þar sem þau eru unnin. Sem dæmi um slíkt má nefna að Sameinuðu þjóðirnar greiða 400 milljónir dollara (25 milljarða kr.) til Malaví.

Koma þarf fram í skýrslunni hver sé áætlun ríkisstjórnar varðandi fjárframlög til þróunaraðstoðar og þróunarsamvinnu sem skýrslubeiðendur telja eðlilegt að miðist við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem eru til ársins 2015, og jafnframt hversu stór hluti það framlag er hvert ár af vergri landsframleiðslu Íslands. Einnig er óskað eftir samanburði við framlög annarra norrænna ríkja til þróunaraðstoðar sem hlutfall af landsframleiðslu þeirra.

## 485. Svar [212. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um íslenskt efni á dagskrá Ríkisútvarpsins, sjónvarps.

1. *Við hvaða skilgreiningu er miðað þegar rætt er um „íslenskt sjónvarpsefni" í 3. gr. draga að samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem ráðherra kynnti í september?*

Innlent dagskrárefni telst allt það efni sem framleitt er innan lands af sjónvarpinu sjálfu eða sjálfstæðum framleiðendum. Jafnframt telst efni innlent þegar efni af erlendum uppruna er fellt inn í innlenda þætti og það hefur verið talsett, textað og tilreitt sem innlent efni. Fréttir eru til að mynda innlent efni, en innan þeirra eru fréttamyndir teknar erlendis. Sama gildir um aðra samsetta dagskrá, íþróttir, Stundina okkar, Nýjustu tækni og vísindi, Kastljósið og aðra samsetta þætti.

2. *Hvernig skiptist „íslenskt sjónvarpsefni" á kjörtíma (kl. 19–23) hlutfallslega í efnisflokka á árunum 1999–2005 (fréttir, frétta- og viðburðatengt efni, heimildarmyndir, kynningarmyndir frá fyrirtækjum, leikið efni o.s.frv.)?*

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu hefur skiptingin verið með eftirfarandi hætti síðustu fimm árin (samanburðartölur fyrir árin 1999–2000 eru ekki til):

**Íslenskt sjónvarpsefni efni sýnt á kjörtíma, hlutfallsleg skipting.**

| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Leikið efni | 3,95% | 3,29% | 2,22% | 2,40% | 4,58% |
| Skemmtiefni | 9,93% | 10,16% | 12,86% | 9,83% | 9,64% |
| Íþróttir | 7,88% | 8,57% | 8,53% | 14,70% | 10,61% |
| Fréttir | 42,42% | 41,72% | 40,77% | 41,78% | 42,20% |
| Dægurmál og fréttatengt | 21,94% | 19,26% | 17,32% | 17,18% | 16,69% |
| Listir | 5,28% | 7,50% | 7,57% | 5,24% | 7,38% |
| Heimildaþættir | 3,65% | 4,14% | 6,10% | 6,41% | 5,78% |
| Annað efni, svo sem tónlist, vísindi o.fl. | 4,97% | 5,36% | 4,64% | 2,45% | 3,13% |

## 486. Svar [328. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Björns Inga Hrafnssonar um styrki til íþróttaiðkunar og heilsuræktar.

1. *Telur ráðherra koma til greina að styrkir starfsmanna fyrirtækja og stofnana til íþróttaiðkunar og heilsu- og líkamsræktar verði ekki skilgreindir sem hlunnindi og því ekki skattskyldir?*

Til skattskyldra tekna telst allt endurgjald fyrir starf hvort sem það er greitt með peningum eða sem hlunnindi, gæði eða friðindi sem launamaður fær úr hendi launagreiðanda, sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Sem dæmi um skattskyld hlunnindi má nefna fæði, fatnað eða afnot af bifreið sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té endurgjaldslaust. Hefur verið litið svo á að styrkir til líkamsræktar séu hluti launa og teljast þeir því til

skattskyldra tekna í skilningi 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt. Breyting á þeirri framkvæmd væri frávik frá meginreglum tekjuskattslaga.

2. *Telur ráðherra koma til greina að slíkir heilsuræktarstyrkir af hálfu fyrirtækja og stofnana verði að fullu frádráttarbærir frá skatti?*

Ástundun líkamsræktar telst almennt til persónulegra útgjalda þeirra sem hana stunda. Um frádrátt frá slíkum tekjum fer eftir 2. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt. Samkvæmt því ákvæði skulu ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laganna, sem efni sínu samkvæmt eiga einungis við um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri, samt sem áður gilda um beinan kostnað við öflun annarra tekna en tekna samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna eftir því sem við á, þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna. Kemur fram að kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á, og má frádráttur hvers árs ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar á. Það leiðir af tilvísun 2. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt til 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laganna að við skilgreiningu á beinum kostnaði ber að fara eftir almennum reglum um rekstrarkostnað, eftir því sem við á, með þeim takmörkunum sem ákvæðið sjálft mælir fyrir um. Persónuleg útgjöld teljast þannig ekki til frádráttar sem rekstrarkostnaður. Með tilliti til þessarar meginreglu og innbyrðis samræmis í skattlagningarreglum eru ekki uppi áform um að heilsuræktarstyrkir verði að fullu frádráttarbærir frá skatti.

3. *Eru niðurgreiðslur sveitarfélaga til íþróttaiðkunar barna og unglinga skattskyldar, að mati fjármálaráðuneytisins?*

Greiðslur sveitarfélaga til íþróttafélaga vegna niðurgreiðslna á íþróttaiðkun barna og unglinga eru ekki skattskyldar hjá foreldrunum. Tilgangurinn með greiðslum sem þessum er að gera öllum börnum og unglingum kleift að stunda íþróttir. Með tilliti til jafnræðis hafa niðurgreiðslur sveitarfélaga til íþróttaiðkunar barna og unglinga, sem framkvæmdar eru á þann hátt að foreldrar fá endurgreiddan hluta af útlögðum kostnaði vegna íþróttaiðkunar barna sinna, ekki verið taldar til skattskyldra tekna.

## 487. Frumvarp til laga [418. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 2. málsl. fellur brott.
b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skylda til að tilkynna stofnun réttinda og aðilaskipti skv. 1. mgr. hvílir á kaupanda, erfingja, gjafþega, leigutaka, ábúanda eða öðrum viðtakanda réttar.

2. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Á ættaróðali mega ekki hvíla aðrar veðskuldir en þær sem teknar hafa verið til tryggingar greiðslu lána til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni.

3. gr.

Orðin „hjá Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði samkvæmt þeim reglum sem um slík lán gilda á hverjum tíma“ í 47. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Greinargerð.

Markmið frumvarpsins er að auka veðtökuheimildir óðalsbænda í óðalsjörð, en takmarkanir af því tagi hafa verið í lögum um langa hríð og réttlætast af séreðli eignarformsins. Með sölu Lánasjóðs landbúnaðarins árið 2005 voru möguleikar óðalsbænda þó skertir það mikið að rétt þykir að leggja fram frumvarp þetta. Með frumvarpinu er einnig stefnt að því að skýra 10. gr. jarðalaga um tilkynningarskyldu til sveitarfélaga við aðilaskipti að jörðum.

Óðalsjörð er sérstakt eignarform sem hefur lengi verið í lögum og við gildistöku núgildandi jarðalaga um mitt ár 2004 voru óðalsjarðir taldar vera um 100 talsins. Óðalsjarðir eiga sér langa sögu á hinum Norðurlöndunum og segir t.d. frá því í Egils sögu Skallagrímssonar að Haraldur hárfagri sem sameinaði Noreg á níundu öld hafi tekið óðul af bændum. Fyrstu lög um þetta efni voru nr. 8/1936, um erfðaábúð og óðalsrétt. Meðal markmiða laganna var að auðvelda kynslóðaskipti á jörðum með því að auðvelda ungum bændum að taka við góðu búi án þess að þurfa að taka á sig þunga skuldabyrði gagnvart meðerfingjum sem sligað gæti búreksturinn, og að binda jarðirnar varanlega við eina ætt.

Segja má að meginhugmyndin að baki eignarforminu sé að óðalsjörð sé í vörslu ættar og má líkja óðalsjörð við sjálfseignarstofnun í vörslu óðalsbónda sem ber að skila henni til næstu kynslóðar með öllum gögnum og gæðum. Líta má því á óðalsbónda sem nokkurs konar vörslumann óðalsins sem er t.d. óheimilt að nota það til tryggingar persónulegum fjárskuldbindingum ótengdum óðalinu. Að þessu leyti má segja að eignarformið samræmist þeim markmiðum jarðalaga að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota svo sem kostur er.

Í 42. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, er sólarlagsákvæði sem meiri hluti landbúnaðarnefndar mælti fyrir á sínum tíma og samþykkt var við 2. umræðu um málið. Samkvæmt því mun eignarform þetta hverfa úr íslenskum rétti á nokkrum áratugum með fráfalli núverandi óðalsbænda og maka þeirra, en jafnframt er lagt bann við stofnun nýrra ættaróðala. Samkvæmt áliti meiri hluta landbúnaðarnefndar var talið tilefni til að fella eignarformið úr lögum þar sem ekki væri í raun farið eftir lagaboðum um óðalsjarðir sem væru orðin úrelt og samrýmdust ekki núverandi viðhorfum í þjóðfélaginu til eignarréttar og meðferðar jarða.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 10. gr. jarðalaga er mælt fyrir um að við stofnun réttinda yfir og aðilaskipti að jörðum, öðru landi, fasteignum og fasteignaréttindum sem lögin gilda um, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu, búskipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán,

kaupleigu, leigu og ábúð, skuli tilkynna sveitarstjórn um aðilaskiptin. Í 2. málsl. lagagreinarinnar segir hins vegar að ekki þurfi að tilkynna um eigendaskipti þegar lögaðilar eiga jarðir.

Sá greinarmunur sem gerður er í 2. málsl. 10. gr. á lögaðilum og einstaklingum er ekki eðlilegur og hefur sætt nokkurri gagnrýni. Því er lagt til að sama skylda, til að tilkynna um eigendaskipti, verði lögð á lögaðila og hvílir nú á einstaklingum. Í frumvarpi til núgildandi jarðalaga var þennan greinarmun ekki að finna en hann kom inn í frumvarpið með breytingartillögu meiri hluta landbúnaðarnefndar. Breytingin var rökstudd með því að hún væri til einföldunar og hagræðis þar sem ekki væri unnt að leggja það á sveitarstjórnir að fylgjast með aðilaskiptum að jörðum þegar lögaðilar ættu jarðir enda gæti verið um stór almenningshlutafélög að ræða og því erfitt að fylgjast með breytingum á eignarhaldi þeirra. Í þessu felst algengur misskilningur á eðli hlutafélaga, en það eru félögin sjálf, sjálfstæðir lögaðilar, sem skráð yrðu sem eigendur en ekki hluthafar í félögunum.

B-liður greinarinnar hefur að markmiði að skýra hver beri ábyrgð á tilkynningarskyldu til sveitarfélaga. Rétt er talið að viðtakandi réttar sjái um að tilkynna um aðilaskiptin, eða réttindastofnunina, til sveitarfélagsins. Þetta er í samræmi við venjur sem myndast hafa í fasteignaviðskiptum þar sem það er kaupandi sem tekur að sér að þinglýsa kaupsamningi. Mikilvægt er að sveitarfélög hafi upplýsingar um landeigendur og aðra rétthafa á forráðasvæði sínu.

Um 2.–3. gr.

Eignarhaldi og umsýslu óðalsjarða eru settar þröngar skorður í VIII. kafla jarðalaga. Hafa þessar skorður valdið erfiðleikum við lántöku óðalsbænda þegar kemur að veðsetningu.

Í 47. gr. laganna er óðalsbónda einungis heimilað að taka lán með veði í óðalinu að uppfylltum tveimur skilyrðum. Í fyrsta lagi þarf lánið að vera til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni og í öðru lagi er einungis heimilt að taka lán hjá Lífeyrissjóði bænda eða Orkusjóði samkvæmt þeim reglum sem um slík lán gilda á hverjum tíma. Fyrir sölu Lánasjóðs landbúnaðarins var einnig heimilt að taka lán þar, en við sölu sjóðsins árið 2005 skertust lántökumöguleikar óðalsbænda hvað hann varðaði. Möguleikar óðalsbænda til lántöku með veði í óðalinu eru því mjög litlir í dag. Með vísan til jafnréttis og hagræðissjónarmiða er lagt til að veðsetningarheimildir óðalsbænda verði víkkaðar allnokkuð með því að þeim verði heimilað að taka nauðsynleg lán hjá hvaða lánastofnun sem er, en þó aðeins til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni. Telja verður þetta fyrirkomulag í samræmi við önnur ákvæði VIII. kafla jarðalaga um óðalsjarðir og til þess fallið að tryggja að óðalið haldist óskert. Í samræmi við þessa breytingu er lögð til breyting á 43. gr. laganna og tekin út þau skilyrði sem kveða á um að ekki megi hvíla aðrar veðskuldir á ættaróðali en þær sem kunna að vera teknar í Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði og í staðinn ítrekað að þær megi eingöngu vera til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni.

Bent skal á að fyrirhugað er að heimildir til aðfarar (fjárnáms) í ættaróðali verði áfram takmarkaðar af 48. gr. jarðalaga og því ekki heimilt að ganga að óðalinu til tryggingar öðrum skuldbindingum en þeim sem heimilaðar yrðu skv. 47. gr. laganna. Í 49. gr. laganna eru síðan fyrirmæli um sérstaka málsmeðferð við fjárnám og nauðungarsölu óðalsjarðar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

## 488. Svar [114. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um eignarhluta og þátttöku viðskiptabankanna í annarri starfsemi.

1. *Hver var eignarhlutur annars vegar og hins vegar þátttaka bankanna í óskyldum rekstri, sbr. ákvæði 21. og 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sundurliðað eftir atvinnugreinum og árunum 2003 til 1. júlí 2006? Hve lengi hefur þátttaka bankanna í óskyldri starfsemi staðið?*

Í töflunni sem fylgir svarinu er tilgreindur samanlagður eignarhluti bankanna þriggja í óskyldri starfsemi, sundurliðaður eftir atvinnugreinum samkvæmt skýrslugjöf þeirra til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 161/2002. Vakin er athygli á því að undir 22. gr. geta líka fallið fullnustueignir. Um er að ræða upplýsingar frá 30. júní 2004 til 30. júní 2006. Ekki er um að ræða upplýsingar fyrir árið 2003 þar sem leiðbeinandi tilmæli um efnið tóku ekki gildi fyrr en á árinu 2004. Ekki reyndist mögulegt fyrir Fjármálaeftirlitið að gera grein fyrir tímalengd þátttöku í atvinnustarfsemi í hverju tilviki, enda er um samantekt á upplýsingum að ræða.

2. *Hver er reynsla Fjármálaeftirlitsins af leiðbeinandi tilmælum sem sett voru 2001 um þátttöku viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja í atvinnustarfsemi?*

Fjármálaeftirlitið gaf út umræðuskjal í október 2003 þar sem sett voru fram drög að leiðbeinandi tilmælum um þátttöku í atvinnustarfsemi. Leiðbeinandi tilmæli um þetta efni voru hins vegar ekki sett fyrr en í júní 2004.

Segja má að fullnægjandi reynsla hafi verið komin á skýrslugjöf samkvæmt tilmælunum í lok árs 2005. Svo sem fram kemur í árskýrslu Fjármálaeftirlitsins hefur eftirlitið haft þátttöku þessara aðila í atvinnustarfsemi til sérstakrar skoðunar. Einnig hefur komið fram af hálfu Fjármálaeftirlitsins að þess megi vænta að leiðbeinandi tilmæli eftirlitsins verði tekin til endurskoðunar. Ekki tókst að ljúka fyrrgreindri skoðun á árinu vegna annarra verkefna sem tekið hafa meiri tíma en ætlað var en stefnt er að því að henni ljúki á vormánuðum næsta árs.

3. *Hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við viðskiptabankana um að starfsemi þeirra skv. 21.–23. gr. laga um fjármálafyrirtæki feli í sér hagsmunaárekstra eða gangi gegn ákvæðum laga og reglna sem um slíka starfsemi gilda?*

Fjármálaeftirlitið hefur í ákveðnum tilvikum gert athugasemdir og komið ábendingum á framfæri við eftirlitsskylda aðila varðandi framkvæmd ákvæða IV. kafla laganna og leiðbeinandi tilmæla eftirlitsins.

4. *Er ástæða til að mati ráðherra eða Fjármálaeftirlitsins að setja í löggjöf hert ákvæði um eignarhluta eða þátttöku banka í óskyldri starfsemi, þ.m.t. ákvæði um hve lengi slík þátttaka eða eignaraðild bankanna getur varað?*

Ráðherra og Fjármálaeftirlitið telja koma til greina að endurskoða viðkomandi ákvæði en benda þó á að þau eru sambærileg þeim sem gilda t.d. í dönskum lögum og að við slíka endurskoðun þyrfti að gæta að samræmi við löggjöf og framkvæmd nágrannaríkja Íslands að þessu leyti.

**Yfirlit yfir eignarhluti viðskiptabankanna í óskyldri starfsemi skv. 21. og 22. gr. laga nr. 161/2002**

| Bókfært verð | 30.6.2004 | 30.6.2005 | 30.6.2006 |
|---|---|---|---|
| **5-20% eignarhlutdeild** | **m.kr.** | **m.kr.** | **m.kr.** |
| Framleiðsla á fatnaði og tengdum vörum | | 3.825 | 8.023 |
| Framleiðsla á tækjum | | 444 | 701 |
| Hótel- og veitingastarfsemi | 36 | | |
| Leigustarfsemi | | | 731 |
| Rekstrar- og tækniráðgjöf | | 17 | 52 |
| Rekstur eignarhaldsfélaga | 300 | 7.023 | 1.918 |
| Síma- og fjarskiptaþjónusta | 1.492 | 55 | |
| Starfsemi tengd matvælum og matvælaframleiðslu | | 63 | |
| Tölvu- og hugbúnaðarstarfsemi | | 306 | |
| Verðbréfa- og fjárfestingarlánasjóðir | | | 13.019 |
| Verslun | | 537 | 3.189 |
| Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta | 17 | 1 | 6.876 |
| Önnur ótilgreind starfsemi | 60 | 8 | 957 |
| **Samtals 5-20% eignarhlutdeild** | 1.904 | 12.279 | 35.466 |
| **Hlutfall af eiginfjárgrunni** | 1,2% | 2,8% | 4,9% |

| **>20-50% eignarhlutdeild** | **m.kr.** | **m.kr.** | **m.kr.** |
|---|---|---|---|
| Framleiðsla á tækjum | | | 6.299 |
| Leigustarfsemi | 580 | 1.076 | 760 |
| Rekstur eignarhaldsfélaga | 2.275 | | 5.569 |
| Síma- og fjarskiptaþjónusta | | | 9.000 |
| Starfsemi tengd matvælum og matvælaframleiðslu | | 6.574 | 7.649 |
| Starfsemi tengd vátryggingafélögum og lífeyrissjóðum | | | 135 |
| Verðbréfa- og fjárfestingarlánasjóðir | 9083 | | |
| Verslun | | | 27 |
| Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta | | 99 | 408 |
| Önnur ótilgreind starfsemi | | 1.029 | 977 |
| **Samtals <20-50% eignarhlutdeild** | 11.938 | 8.778 | 30.824 |
| **Hlutfall af eiginfjárgrunni** | 7,4% | 2,0% | 4,2% |

| **>50% eignarhlutdeild** | **m.kr.** | **m.kr.** | **m.kr.** |
|---|---|---|---|
| Farþegaflutningar á vegum | | | 340 |
| Framleiðsla á fatnaði og tengdum vörum | | 87 | 102 |
| Leigustarfsemi | 2.166 | 2.816 | 3.518 |
| Rekstur eignarhaldsfélaga | | -582 | -831 |
| Starfsemi tengd matvælum og matvælaframleiðslu | 11 | | |
| Önnur ótilgreind starfsemi | 42 | | |
| **Samtals >50% eignarhlutdeild** | 2.219 | 2.321 | 3.129 |
| **Hlutfall af eiginfjárgrunni** | 1,4% | 0,5% | 0,4% |
| | | | |
| **Samtals eignarhlutdeild >5%** | 16.061 | 23.378 | 69.419 |
| **Hlutfall af eiginfjárgrunni** | 9,9% | 5,4% | 9,5% |
| | | | |
| **Eiginfjárgrunnur bankanna** | 162.356 | 433.691 | 730.546 |

# 489. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Má Ingólfsson lögfræðing, Hákon Sigurgrímsson skrifstofustjóra, Baldur Erlingsson lögfræðing, Arnór Snæbjörnsson lögfræðing og Guðmund Helgason ráðuneytisstjóra frá landbúnaðarráðuneyti, Guðberg Rúnarsson frá Landssambandi fiskeldisstöðva og Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurgeir Þorgeirsson og Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands, Val Árnason skrifstofustjóra og Hellen Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti og Ólaf Hjálmarsson og Lúðvík Guðjónsson frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Enn fremur átti nefndin símafund með Skúla Skúlasyni, rektor Hólaskóla, og einnig með Sigríði Magnúsdóttur frá Starfsmannafélagi Hólaskóla og Söndru Björgu Stefánsdóttur frá nemendafélagi Hólaskóla.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Hólaskóla, Hollvinasamtökum Hólaskóla, Byggðastofnun, Samtökum fiskvinnslustöðva og Landssambandi fiskeldisstöðva, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Bandalagi íslenskra námsmanna, Búfræðsluráði, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Bændasamtökum Íslands, Kennarasambandi Íslands, Þórólfi Gíslasyni, háskólaráði Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal verði formlega gerður að háskóla og mun heiti hans breytast í Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.

Við umfjöllun nefndarinnar hafa borist óskir um fleiri aðila til setu í háskólaráðinu. Skv. c-lið 10. gr. (31. gr.) frumvarpsins munu níu fulltrúar koma til með að eiga sæti í háskólaráði, þar af tilnefnir sjávarútvegsráðherra einn fulltrúa og samgönguráðherra einn. Nefndin telur æskilegt að sjávarútvegsráðherra tilnefni fulltrúa frá Landssambandi fiskeldisstöðva og samgönguráðherra tilnefni aðila frá Félagi ferðaþjónustubænda.

Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að háskólaráð skuli skipað til þriggja ára í senn í stað fimm. Með því yrði skipunartími háskólaráðs sambærilegur þeim sem gildir í öðrum háskólum. Nefndin áréttar þó að það háskólaráð sem nú er skipað við Landbúnaðarháskóla Íslands mun ljúka sínum fimm ára skipunartíma og eftir þann tíma skipar landbúnaðarráðherra nýtt háskólaráð til þriggja ára.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi leggur hún til lagfæringu á því hver eigi að setja reglur um gjöld vegna endurmenntunar. Ákvæði 8. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 19. gr. laganna skarast með þeim hætti að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að háskólaráð setji nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda en í 2. mgr. 19. gr. laganna er gert ráð fyrir að yfirstjórn hverrar stofnunar setji reglur um fjárhæð endurmenntunarnámskeiða. Nefndin leggur því til að sá hluti 2. mgr. 19. gr. laganna verði felldur brott.

Í öðru lagi leggur nefndin til þá breytingu að Hólaskóla verði gert kleift að stofna til náms og rannsókna á öðrum fræðasviðum en þeim sem tilgreind eru í frumvarpinu að því tilskildu að starfsemin uppfylli skilyrði til viðurkenningar samkvæmt lögum nr. 63/2006, um háskóla.

Í þriðja lagi leggur nefndin til orðalagsbreytingu þess efnis að í stað orðsins hæfni í 4. mgr. g-liðar 10. gr. (34. gr.) komi hæfi.

Í fjórða lagi leggur nefndin til breytingu á 36. gr. laganna þar sem vísað er til skólagjalda í a-lið en þar er einkum átt við innritunar- og kennslugjöld og er því lagt til að í stað orðsins

skólagjöld komi gjöld. Skv. 3. mgr. a-liðar 10. gr. frumvarpsins (29. gr.) er gert ráð fyrir skólagjöldum vegna alþjóðlegrar deildar í hrossarækt og er þar ekki átt við skólagjöld í þeirri merkingu sem áður var í a-lið 36. gr. og er því breytingin eingöngu til að taka af alla vafa.

Í fimmta lagi leggur nefndin til breytingu á ákvæði til bráðabirgða. Á síðasta löggjafarþingi voru sett ný lög um háskóla, nr. 63/2006 þar sem eitt af helstu nýmælunum var ákvæði um aukið gæðamat og gæðaeftirlit með kennslu og rannsóknum. Gildissvið nýrra háskólalaga nær þó eingöngu til þeirra skóla á háskólastigi sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 3. gr. laga um háskóla. Nefndin leggur því til að tekið verði sérstaklega fram í bráðabirgðaákvæði að 2. gr. frumvarpsins komi ekki til framkvæmda fyrr en menntastofnanir landbúnaðarins hafa hlotið framangreinda viðurkenningu. Nefndinni hafa borist þær upplýsingar að menntastofnanir landbúnaðarins hyggist leita sér viðurkenningar skv. 3. gr. laga um háskóla. Í bráðabirgðaákvæðum í háskólalögunum og í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um að endurskoða skuli lög þessi til að samræma og auka samvinnu við gæðaeftirlit og námsframboð á háskólastigi.

Nefndin telur rétt að vekja athygli á því að athugasemdir við einstakar frumvarpsgreinar skýra ekki þær breytingar sem felast í frumvarpinu sjálfu heldur því sem felst í lagagreinunum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Anna Kristín Gunnarsdóttir og Einar Már Sigurðarson.

Jóhann Ársælsson og Jón Bjarnason skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Fyrirvari Jóns lýtur að niðurlagningu stofnunarinnar og uppsögn starfsmanna.

Magnús Þór Hafsteinsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 27. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Drífa Hjartardóttir, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Gunnar Örlygsson. |
| Jóhann Ársælsson, með fyrirvara. | Guðmundur Hallvarðsson. | Birkir J. Jónsson. |

Jón Bjarnason,
með fyrirvara.

## 490. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á eftir 8. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Orðin „svo og um fjárhæð námskeiðsgjalda“ í 2. mgr. 19. gr. laganna falla brott.
2. Við 10. gr.
   a. Við a-lið (29. gr.) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Stjórn Hólaskóla skv. 30. gr. er heimilt að stofna til kennslu eða rannsókna á öðrum fræðasviðum, enda uppfylli starfsemin skilyrði til viðurkenningar samkvæmt lögum nr. 63/2006, um háskóla.
   b. Í stað orðsins „hæfni“ í 1. málsl. 4. mgr. g-liðar (34.gr.) komi: hæfi.
3. Á eftir 10. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „skólagjöldum“ í a-lið kemur: gjöldum
   b. Við bætist nýr liður sem verður d-liður, svohljóðandi: skólagjöldum, sbr. 3. mgr. 29. gr.
4. Við 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Ákvæði 2. gr. kemur til framkvæmda þegar menntastofnanir landbúnaðarins hafa hlotið viðurkenningu, sbr. 1. og 3. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

## 491. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Friðbert Traustason frá Samtökum íslenskra bankamanna. Nefndinni hafa auk þess borist umsagnir um frumvarpið.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar. Annars vegar er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað úr 10% í 12% af iðgjaldsstofni og gert ráð fyrir því að iðgjald launagreiðanda hækki úr 6% í 8% en iðgjald launþega haldist hið sama, þ.e. 4%. Ástæður þessa eru einkum aukið langlífi, stóraukin fjölgun öryrkja og mikil hækkun launa umfram verðlag.

Hins vegar er lögð til breyting í þá veru að lífeyrissjóðum sem njóta, eða nutu, bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags eða banka verði mögulegt að breyta samþykktum sínum til samræmis við ákvæði 2. mgr. 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem kveðið er á um heimild til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum ef meira en 10% munur verður á milli eigna og skuldbindinga eða ef munur milli eigna og skuldbindinga hefur verið meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Fram komu athugasemdir frá Fjármálaeftirlitinu, Landssamtökum lífeyrissjóða og Seðlabanka Íslands um síðarnefnda atriðið. Var talið að yrði frumvarpið óbreytt að lögum mundu 2. og 3. gr. þess hafa þau áhrif að sjóðum, sem falla undir 51. og 54. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, yrði heimilt að gera breytingar á samþykktum sínum, sbr. 2. mgr. 39. gr. Þeir sjóðir sem njóta bakábyrgðar eru LH, LSR og ýmsir eftirlaunasjóðir sveitarfélaga og má einnig nefna Lífeyrissjóð starfsmanna Útvegsbankans og Lífeyrissjóð starfsmanna Íslandsbanka (Glitnis). Kom m.a. fram í umsögn Fjármálaeftirlitsins að þær breytingar sem lagðar eru til með framangreindum ákvæðum næðu ekki aðeins til þeirra sjóða sem ekki njóta lengur bakábyrgðar á skuldbindingum heldur jafnframt til þeirra sjóða sem enn njóta slíkrar ábyrgðar. Nú hefur 54. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða verið túlkuð á þann veg að ekki sé heimilt að hreyfa við réttindum og réttindaöflun sjóðfélaga þeirra sjóða sem þar falla undir þrátt fyrir að 2. mgr. 39. gr. geti gefið tilefni til slíks. Leggur því nefndin til þá breytingu á frumvarpinu að það einskorðist við þá sjóði sem ekki njóta lengur bakábyrgðar, t.d. hlutfallsdeild Lífeyrissjóðs bankamanna og Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, og að þeim sjóðum sé þá skylt að gera nauðsynlegar breytingar til samræmis við 2. mgr. 39. gr. laganna.

Nefndin leggur einnig til breytingar sem eru tæknilegs eðlis svo sem leiðréttingar á tilvísunum í önnur lagaákvæði og breytingar á hlutfallstölum annarra laga. Þess má geta að nefndin leggur til breytingu á prósentum í lögum um Ábyrgðasjóð launa og lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ágúst Ólafur Ágústsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 29. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. | Kolbrún Baldursdóttir. | Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara. |
| Ásta Möller. | Sæunn Stefánsdóttir. | Ögmundur Jónasson, með fyrirvara. |

## 492. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin falli brott.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Lífeyrissjóði skv. 1. málsl., sem nýtur ekki lengur bakábyrgðar, er skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. Skulu slíkar breytingar taka mið af ákvæðum 4. gr. um lágmarkstryggingavernd.

3. 13. gr. falli brott.
4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
   a. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 8%.
   b. Í stað hlutfallstalnanna „10%“ og „6%“ í 3. mgr. kemur: 12%; og: 8%.
5. Við bætist þrír nýir kaflar, VI. kafli, **Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum,** VII. kafli, **Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum,** og VIII. kafli, **Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum,** hver með einni grein, svohljóðandi:
   a. (13. gr.)
      Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 8%.
   b. (14. gr.)
      Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í d-lið 5. gr. laganna kemur: 12%.
   c. (15. gr.)
      Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 3. mgr. 5. tölul. 28. gr. laganna kemur: 12%.

## 493. Svar [155. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um brottfall úr framhaldsskólum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvert var brottfall úr íslenskum framhaldsskólum á síðasta ári*

1. *sundurliðað eftir kynjum og skólum á vorönn og haustönn, og*
2. *sundurliðað eftir bóknámi og verknámi?*

Þær tölfræðiupplýsingar sem hér eru lagðar fram um brottfall úr framhaldsskólum eru unnar af Hagstofu Íslands og sýna hlutfall þeirra nemenda í dagskóla sem hurfu frá námi frá hausti 2004 til hausts 2005, sjá eftirfarandi töflur. Brottfall telst 16,4% meðal dagskólanemenda á þessu tímabili. Hlutfallstölur um brottfall fyrir einstaka skóla eru mjög mismunandi. Samanburðarhæfar upplýsingar fyrir Norðurlönd liggja ekki fyrir.

Sú vinnuaðferð sem notuð er við að reikna út brottfall tekur mið af við skráðum nemendum í dagskóla samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands um miðjan október 2004 og fjöldi þeirra er borinn saman við fjölda skráðra nemenda í öllum skólum innan lands um miðjan október 2005. Þeir nemendur sem samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands útskrifuðust ekki á þessu tímabili og voru ekki skráðir í skóla haustið eftir teljast samkvæmt þessari skilgreiningu brottfallnir. Nemendur á námssamningi eru taldir með eftir því sem upplýsingar liggja fyrir. Hér er einungis um að ræða eina leið til að skilgreina brottfall.

Þar sem gagnaöflun Hagstofu Íslands um nemendafjölda í framhaldsskólum miðast einungis við fjölda nemenda um miðjan október ár hvert er ekki unnt að greina brottfall eftir önnum.

Tölur um brottfall frá hausti 2005 til hausts 2006 munu liggja fyrir hjá Hagstofu Íslands í janúar 2007.

Fyrirvara verður að hafa á því að telja alla þá nemendur brottfallsnemendur sem fyrrgreind tala og töflurnar sýna enda ljóst að brottfall er oft tímabundið og að margir þessara nemenda hefja nám að nýju. Sveigjanlegt og opið skólakerfi hér á landi gerir nemendum kleift að hverfa tímabundið frá námi. Oft er um að ræða nemendur sem af eðlilegum ástæðum kjósa að hverfa frá námi um tíma. Varasamt er því að telja alla þá nemendur sem gera hlé á námi sínu brottfallsnemendur. Ljóst er einnig að atvinnuástand hér á landi hefur áhrif á skólasókn. Eftirspurn eftir vinnuafli hér hefur verið mjög mikil á undanförnum árum. Aðstæður á vinnumarkaði erlendis eru víða gjörólíkar aðstæðum hér á landi. Í mörgum Evrópulöndum veldur mikið atvinnuleysi til langs tíma því að stjórnvöld reka þá stefnu að halda nemendum í skóla eins lengi og unnt er. Samanburður milli landa getur því verið varasamur.

Hér verður einnig gerð grein fyrir hve hátt hlutfall þeirra nemenda sem samkvæmt fyrrgreindri skilgreiningu töldust brottfallnir 2002–2003 og 2003–2004 hafði hafið nám að nýju til og með hausti 2005.

Af þeim sem töldust brottfallnir 2002–2003 höfðu samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands samtals 43,8% hafið nám að nýju haustið 2004 og haustið 2005. Af þeim sem töldust brottfallnir 2003–2004 höfðu samkvæmt sömu skrá 29,6% hafið nám að nýju haustið 2005.

Framangreindar tölur um endurkomu nemenda sem töldust brottfallnir sýna ljóslega að brottfall er oft og tíðum tímabundið.

**Brottfall nemenda á framhaldsskólastigi, 2004–2005.**

Vinnuaðferð: Taldir eru saman nemendur í dagskóla á framhaldsskólastigi í völdum skólum (sjá neðar) um miðjan október 2004 samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands og þeir bornir saman við skráða nemendur í öllum skólum innan lands (framhaldsskólum, háskólum, sérskólum og tónlistarskólum) um miðjan október 2005. Nemendur haustið 2004 sem ekki voru í námi haustið 2005 voru bornir saman við útskrifaða nemendur í öllum skólum frá 1. desember 2004 til 30. nóvember 2005 samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands. Þeir nemendur sem hvorki hafa útskrifast á þessu tímabili né koma fram í nemendaskrá haustið 2005 teljast vera brottfallnir þetta ár.

| | |
|---|---|
| **Heildarbrottfall:** | |
| Fjöldi nemenda í dagskóla haustið 2004 | 19.347 |
| Nemendur í dagskóla haustið 2004 sem ekki koma fram í neinum skóla á framhaldsskólastigi og háskólastigi innan lands haustið 2005 | 4.914 |
| Þar af brautskráðir frá 1. desember 2004 til 30. nóvember 2005 | 1.739 |
| Látnir 16. október 2004 til 15. október 2005 | 5 |
| **Brottfallnir nemendur frá hausti 2004** | **3.170** |
| **Brottfall í %** | **16,4** |

| | Nemendur 2004 | Brottfall, fjöldi | Brottfall, % |
|---|---|---|---|
| **Brottfallnir eftir kyni:** | | | |
| Karlar | 9.760 | 1.773 | 18,2 |
| Konur | 9.587 | 1.397 | 14,6 |
| *Alls* | *19.347* | *3.170* | *16,4* |

| | Nemendur 2004 | Brottfall, fjöldi | Brottfall, % |
|---|---|---|---|
| **Brottfallnir eftir flokkun náms:** | | | |
| Bóknám | 12.304 | 1.621 | 13,2 |
| Starfsnám | 7.043 | 1.549 | 22,0 |
| *Alls* | *19.347* | *3.170* | *16,4* |
| **Brottfallnir eftir skólum:** | | | |
| Borgarholtsskóli | 1.012 | 212 | 20,9 |
| Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | 379 | 87 | 23,0 |
| Fjölbrautaskóli Snæfellinga | 132 | 36 | 27,3 |
| Fjölbrautaskóli Suðurlands | 858 | 159 | 18,5 |
| Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 796 | 172 | 21,6 |
| Fjölbrautaskóli Vesturlands | 609 | 89 | 14,6 |
| Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 1.156 | 224 | 19,4 |
| Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 620 | 80 | 12,9 |
| Fjölbrautaskólinn við Ármúla | 927 | 155 | 16,7 |
| Flensborgarskóli | 595 | 83 | 14,0 |
| Framhaldsskólinn á Húsavík | 153 | 44 | 28,8 |
| Framhaldsskólinn á Laugum | 104 | 30 | 28,8 |
| Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu | 129 | 53 | 41,1 |
| Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | 222 | 42 | 18,9 |
| Garðyrkjuskólinn á Reykjum | 35 | 3 | 8,6 |
| Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal | 33 | 5 | 15,2 |
| Hraðbraut – menntaskóli | 131 | 23 | 17,6 |
| Húsavíkurstjórnarskólinn á Hallormsstað | 20 | 2 | 10,0 |
| Húsavíkurstjórnarskólinn í Reykjavík | 24 | 0 | 0,0 |
| Iðnnemar á samningi utan skóla | 649 | 140 | 21,6 |
| Iðnskólinn í Hafnarfirði | 553 | 174 | 31,5 |
| Iðnskólinn í Reykjavík | 1.498 | 496 | 33,1 |
| Kvennaskólinn í Reykjavík | 561 | 24 | 4,3 |
| Kvikmyndaskóli Íslands | 39 | 4 | 10,3 |
| Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri | 35 | 4 | 11,4 |
| Listdansskóli Íslands | 1 | 0 | 0,0 |
| Menntaskólinn að Laugarvatni | 140 | 10 | 7,1 |
| Menntaskólinn á Akureyri | 663 | 26 | 3,9 |
| Menntaskólinn á Egilsstöðum | 301 | 32 | 10,6 |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 339 | 62 | 18,3 |
| Menntaskólinn í Kópavogi | 1.021 | 164 | 16,1 |
| Menntaskólinn í Reykjavík | 832 | 12 | 1,4 |
| Menntaskólinn við Hamrahlíð | 1.045 | 71 | 6,8 |
| Menntaskólinn við Sund | 771 | 43 | 5,6 |
| Myndlistaskólinn á Akureyri | 8 | 0 | 0,0 |
| Myndlistaskólinn í Reykjavík | 23 | 2 | 8,7 |
| Snyrtiskóli Reykjavíkur | 47 | 7 | 14,9 |
| Stýrimannaskólinn í Reykjavík | 77 | 16 | 20,8 |
| Tannsmíðaskóli Íslands | 12 | 0 | 0,0 |
| Tækniháskóli Íslands | 163 | 39 | 23,9 |
| Verkmenntaskóli Austurlands | 173 | 51 | 29,5 |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | 1.122 | 231 | 20,6 |
| Verslunarskóli Íslands | 1.097 | 19 | 1,7 |

| | Nemendur 2004 | Brottfall, fjöldi | Brottfall, % |
|---|---|---|---|
| Vélskóli Íslands | 195 | 40 | 20,5 |
| Viðskiptaháskólinn á Bifröst | 47 | 4 | 8,5 |
| **Alls** | **19.347** | **3.170** | **16,4** |

Athugasemdir: Nemendur á almennri braut eru taldir með nemendum í bóknámi og nemendur í listnámi með nemendum í starfsnámi. Nemendur eru stundum skráðir í fleiri en einn skóla. Þá eru þeir í nemendaskrá Hagstofu Íslands settir í þann skóla þar sem þeir stunda aðallega nám. Þó eru nemendur í listaskólum sem líka stunda nám annars staðar settir í aðra skóla en listaskóla.

**Brottfallnir 2002–2003 og 2003–2004 sem hófu nám að nýju til og með hausti 2005.**

**Brottfallnir 2002–2003 sem hófu nám að nýju haustin 2004 og 2005**

| | Fjöldi | % brottfallsnema | % brottfallsnema, uppsafnað |
|---|---|---|---|
| Brottfallnir 2002–2003 | 2.749 | | |
| Í nám 2004 | 894 | 32,5 | 32,5 |
| Í nám 2005 | 311 | 11,3 | 43,8 |
| **Samtals** | **1.205** | **43,8** | **43,8** |

**Brottfallnir 2003–2004 sem hófu nám að nýju haustið 2005**

| | Fjöldi | % brottfallsnema | % brottfallsnema, uppsafnað |
|---|---|---|---|
| Brottfallnir 2003–2004 | 3.102 | | |
| Í nám 2005 | 919 | 29,6 | 29,6 |
| **Samtals** | **919** | **29,6** | **29,6** |

Skýringar: Skoðuð voru afdrif brottfallinna nemenda með samanburði á nemendaskrá og prófaskrá Hagstofu Íslands. Athugaðir voru nemendur haustið 2002 sem voru ekki skráðir í skóla haustið eftir og nemendur haustið 2003 sem voru ekki í skóla haustið 2004. Athugað var hvort þessir nemendur höfðu skilað sér aftur í skóla til og með hausti 2005.

# 494. Frumvarp til laga [419. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Skilgreining á orðinu „tollmiðlari“ í 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

4. Vegna ökutækja til tímabundinnar notkunar hér á landi í eftirtöldum tilvikum:
   a. Af bifreiðum sem eru skráðar erlendis eða keyptar nýjar og óskráðar hér á landi ef innflytjandi eða eftir atvikum kaupandi hennar hefur eða hefur haft fasta búsetu erlendis, hyggst dvelja hér á landi tímabundið og nota bifreiðina í eigin þágu. Það er jafnframt skilyrði að bifreiðin sé flutt til landsins eða eftir atvikum keypt ný og óskráð hér á landi innan mánaðar frá því að viðkomandi kom til landsins til tímabundinnar dvalar. Hver sá sem ætlar að dveljast hér á landi í ár eða styttri tíma telst dvelja hér á landi tímabundið.

b. Af eftirvögnum, skráðum erlendis, sem notaðir eru til flutnings vara til og frá landinu.
c. Af hópbifreiðum sem ferðaskrifstofur eða aðrir sem hafa atvinnu af slíkum fólksflutningum flytja til landsins vegna hópferðalaga um landið enda verða þær fluttar úr landi með þeim ferðamannahópi sem bifreiðin var ætluð í upphafi.
d. Af tengitækjum, svo sem hjólhýsum og tjaldvögnum, eða öðrum ökutækjum sem ferðamenn flytja til landsins, enda eigi þau ekki undir a-lið, í allt að 12 mánuði. Það er skilyrði að tækin séu ætluð til eigin nota ferðamanns á ferðalagi hér á landi.

5. Af innfluttu eldsneyti sem rúmast í innbyggðum eldsneytisgeymum ökutækis og innfluttum varahlutum í ökutæki, uppfylli innflytjandi þess skilyrði 4. tölul.
6. Af stærri tækjum, þ.m.t. ökutækjum til fólks- og/eða vöruflutninga eða sérstakra nota, sem flutt eru til landsins tímabundið, þó ekki lengur en í 12 mánuði, enda séu skilyrði 4. tölul. ekki uppfyllt. Aðflutningsgjöld skulu reiknuð af leiguverði fyrir tæki í stað tollverðs. Liggi leiguverð tækis ekki fyrir skal reikna toll af áætlaðri leigu sem ákvörðuð skal sem 1/60 hluti tollverðs eins og það er ákveðið skv. V. kafla laga þessara fyrir hvern byrjaðan mánuð frá komu tækis til landsins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 6. mgr. orðast svo:
Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form rammaskeytis fyrir aðflutningsskýrslu og hvernig tæknilegri útfærslu SMT- og VEF-tollafgreiðslu skuli háttað að öðru leyti.
b. 7. mgr. fellur brott.

4. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Taka skal í einu lagi til tollmeðferðar vörur sem skráðar eru í einu sendingarnúmeri, nema annað leiði af ákvæðum laga þessara.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað skiptingu sendinga til tollmeðferðar þegar aðstæður þykja mæla með því að slíkt sé heimilt og bundið heimildina þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til þess að tryggja að skiptingin hafi ekki áhrif á fjárhæð aðflutningsgjalda sem greiða ber af viðkomandi vörum.

5. gr.

Við 36. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Bráðabirgðatollafgreiðsla gegn fjártryggingu, sbr. 1. mgr., er enn fremur heimil þegar nauðsynlegt reynist að fresta lokaákvörðun um tollverð vöru skv. 14.–17. gr. eða um önnur atriði sem lög þessi taka til, enda þyki að mati tollstjóra ekkert því til fyrirstöðu að innflytjandi leysi vöruna til sín.

6. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. og 3. mgr. 48. gr. laganna kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.

b. 3. mgr. orðast svo:
Tollstjórinn í Reykjavík getur afturkallað starfsleyfi til tollmiðlunar uppfylli tollmiðlari ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

2. mgr. 88. gr. laganna orðast svo:
Farmflytjendur sem ekki reka afgreiðslugeymslur í eigin nafni skulu eiga nægan aðgang að geymslum sem reknar eru á grundvelli leyfis skv. 1. mgr.

9. gr.

2. mgr. 95. gr. laganna orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óveruleg aðvinnsla á vörum heimil í tollvörugeymslu, svo sem einföld umpökkun, merking, samsetning, prófun og þrif, enda leiði aðvinnslan ekki til breyttrar tollflokkunar vöru.

10. gr.

Í stað orðanna „7. eða 8. gr.“ í 1. mgr. 176. gr. laganna kemur: 6. eða 7. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum tollalaga vegna tímabundinnar notkunar hér á landi, án greiðslu aðflutningsgjalda, á ökutækjum á erlendum eða sérstökum skráningarnúmerum. Breytingarnar eru lagðar til vegna ábendinga Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Í fyrsta lagi bendir ESA á að óheimilt sé að binda tímabundinn innflutning á fyrirtækjabifreiðum því skilyrði að hluti aðflutningsgjalda sé greiddur líkt og gert er í 4. tölul. 7. gr. laganna. Í öðru lagi bendir ESA á að þeir sem hingað koma til starfa tímabundið eða í leit að atvinnu skuli eiga þess kost að hafa meðferðis bifreið til eigin nota um hæfilegan tíma án greiðslu aðflutningsgjalda, en skv. 4. og 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga er eingöngu heimilt að veita slíka undanþágu í einn mánuð. Að öðrum kosti sé launþegum og sjálfstætt starfandi aðilum ekki veitt raunhæft frelsi til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þriðja lagi bendir ESA á að formskilyrði tollalaga er lúta að útgáfu leyfa til tímabundins innflutnings ökutækja fari í bága við meginreglur EES-samningsins um þjónustustarfsemi. ESA vísar í því sambandi til ákvæða 28. og 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og dóma Evrópudómstólsins í málum nr. C-464/02, C-232/03 og sameinuðum málum nr. C-151/04 og C-152/04 til grundvallar ábendingunum.

Að auki er að finna í frumvarpinu fáeinar minni háttar breytingar á ákvæðum tollalaga.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til að skilgreining hugtaksins „tollmiðlari“ í 1. gr. falli brott þar sem hugtakið er afmarkað með skýrari hætti í 47. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í a-lið 4. tölul. er lagt til að þeir sem hyggjast dvelja hér á landi tímabundið, hvort sem er við leik eða störf, geti annaðhvort haft með sér til landsins ökutæki sem skráð er erlendis eða fest kaup á nýju, óskráðu ökutæki hér á landi án greiðslu aðflutningsgjalda. Lagt er til að undanþágan gildi á meðan innflytjandi eða eftir atvikum sá sem kaupir nýtt og óskráð ökutæki dvelur hér á landi tímabundið en þó ekki lengur en í 12 mánuði frá því að hann kom hingað til lands til tímabundinnar dvalar. Í töluliðnum kemur fram að það skuli litið svo á að þeir sem koma hingað til lands og hyggjast dvelja á landinu í ár eða styttri tíma dveljist hér á landi tímabundið. Það þýðir að þeir sem hingað koma til varanlegrar búsetu geta ekki notið heimildarinnar. Það þýðir jafnframt að heimildin fellur niður taki sá sem hennar nýtur ákvörðun um varanlega búsetu á landinu áður en árið er liðið. Þetta á t.d. við um þá sem hingað koma til atvinnuleitar. Í tengslum við skilyrðið um tímabundna dvöl er áskilið að viðkomandi sé eða hafi verið búsettur erlendis áður en hann kemur til tímabundinnar dvalar hér á landi. Um skilgreiningu á hugtakinu búseta er vísað til laga um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum. Þá er jafnframt gert að skilyrði bifreiðin sé til eigin nota þess sem flytur hana inn eða kaupir hér á landi en það þýðir einkum að notkun hennar til flutnings á fólki eða vörum gegn gjaldi er óheimil. Þá er það gert að skilyrði að bifreiðin sé annaðhvort flutt inn eða keypt ný og óskráð hér á landi innan mánaðar frá því að viðkomandi kom til landsins.

Ofangreindar breytingar er lagðar til vegna athugasemda ESA eins og fram kom í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Það er mat ESA að áskilnaður 3. mgr. 4. tölul. 7. gr. gildandi tollalaga um greiðslu aðflutningsgjalda að hluta af ökutæki sé andstæður ákvæðum 28. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem mælt er fyrir um afnám allrar mismununar milli launþega í aðildarríkjum ESB og EFTA-ríkjum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum. Í frumvarpi þessu er lagt til að einstaklingum, sem eru eða hafa verið búsettir erlendis og koma hingað til lands til starfa tímabundið eða í atvinnuleit, annaðhvort sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar, verði heimilt að nota bifreið hér á landi í allt að ár án greiðslu aðflutningsgjalda. Með því er dregið úr hættu á að þeir sem íhuga að koma hingað til lands til tímabundinna starfa eða í atvinnuleit hverfi ekki frá þeim áformum vegna álaga á bifreiðar hér á landi. Með því er komið til móts við ábendingar ESA í þá átt. Þrátt fyrir að breytingarnar séu til komnar vegna ábendinga ESA er af framkvæmdalegum ástæðum lagt til að rýmkunin verði ekki látin velta á ríkisfangi þess sem hingað flyst til tímabundinna starfa heldur allra þeirra sem uppfylla áðurnefnd skilyrði.

Öll skilyrði greinarinnar þurfa að vera uppfyllt til þess að undanþágan taki gildi og hún gildir á meðan viðkomandi uppfyllir skilyrðin. Ekki er gert ráð fyrir að sá sem uppfyllir skilyrðin þurfi að sækja um sérstakt leyfi til þess að heimildin öðlist gildi. Ákvæði greinarinnar eins og það er orðað kemur hins vegar ekki í veg fyrir að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að innflytjandi eða eftir atvikum kaupandi bifreiðar lýsi því yfir að hann uppfylli viðeigandi skilyrði á sérstöku eyðublaði áður en bifreiðin er tekin til notkunar hér á landi. Heimildin er hins vegar ekki háð leyfi tollstjóra, uppfylli viðkomandi skilyrðin. Með því er komið til móts við ábendingar ESA um að engin höft skuli vera á frelsi ríkisborgara aðildarríkja ESB og EFTA-ríkja til að veita þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila enda þótt þeir hafi staðfestu í öðru aðildarríki ESB eða EFTA-ríki en sá sem þjónustan er ætluð. ESA hefur metið það svo að fyrirkomulag við útgáfu akstursleyfa sé íþyngjandi fyrir þann sem hingað kemur til þess að þiggja þjónustu.

Sá sem nýtir sér heimild greinarinnar skal á sérhverjum tíma vera viðbúinn að sýna tollyfirvöldum eða eftir atvikum lögreglu fram á að hann geti notið heimildar samkvæmt greininni. Í því felst jafnframt að honum ber að gefa sig fram um leið og hann uppfyllir ekki eitt eða fleiri áðurtalinna skilyrða. Honum ber til dæmis að gefa sig fram við tollyfirvöld undireins ákveði hann áður en ár er liðið frá komu hans til landsins að taka upp varanlega búsetu á landinu.

Tilmæli ESA taka einvörðungu til fyrirtækjabifreiða (company cars). Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að greinin taki til bifreiða eins og þær eru skilgreindar samkvæmt umferðarlögum hverju sinni til einföldunar og hagræðis í framkvæmd.

Við útfærslu þessa liðar frumvarpsins var höfð hliðsjón af norskum og dönskum réttarheimildum um sama efni.

Ákvæði b-liðar 4. tölul. er efnislega samhljóða 6. mgr. 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði c-liðar 4. tölul. kemur í stað 4. mgr. 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. gildandi tollalaga. Ákvæðið er í aðalatriðum samhljóða 4. mgr. 4. gr. tollalaga en þó er gert ráð fyrir að undanþága samkvæmt ákvæðinu sé gild ef hópferðabifreið er flutt hingað til lands og frá landi með þeim ferðamannahópi sem bifreiðin er ætluð fyrir. Ef bifreið er flutt hingað til lands og er ætluð fyrir fleiri en einn hóp gilda ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna eins og hann kemur fyrir í frumvarpinu.

Í d-lið 4. tölul. er fjallað um innfluting ferðamanna á ökutækjum sem ætluð eru til notkunar á ferðalögum. Sambærileg efnisregla er í 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. gildandi tollalaga.

5. tölul. er efnislega samhljóða 7. mgr. 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. gildandi tollalaga.

6. tölul. er efnislega samhljóða 6. tölul. 1. mgr. 7. gr. gildanda tollalaga. Þó mun ákvæðið eiga við í færri tilvikum þegar litið er til þeirra rýmkunar sem felst í a-lið 4. tölul. þessarar greinar frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að tollstjórinn í Reykjavík beri ábyrgð tæknilegri útfærslu á SMT- og VEF-tollafgreiðslu. Sú ábyrgð er til samræmis við sérstakt hlutverk hans skv. 43. gr. tollalaga. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 4. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 4. mgr. 103. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Greinin var ekki tekin upp í frumvarp sem varð að tollalögum, nr. 88/2005, en rétt þykir að sú meginregla sem felst í ákvæðinu komi fram með skýrum hætti í tollalögum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að efnisregla gildandi 35. gr. tollalaga verði 2. mgr. 36. gr. laganna.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að tollstjórinn í Reykjavík veiti starfsleyfi til tollmiðlunar í stað ráðherra. Tollstjórinn í Reykjavík veitir eintaklingum og lögaðilum leyfi til rafrænna samskipta við tollyfirvöld, þ.e. leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu, sbr. 24. gr. tollalaga, og því þykir

rétt að hann annist jafnframt leyfisveitingar til þeirra sem óska eftir leyfum til að annast rafræn samskipti við tollyfirvöld fyrir hönd inn- og útflytjenda.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að tollstjórinn í Reykjavík beri alfarið ábyrgð á eftirliti með starfsemi tollmiðlara með vísan til þess að í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að tollstjórinn veiti starfsleyfi til tollmiðlunar. Því er jafnframt gert ráð fyrir að tollstjórinn fari með afturköllunarvaldið. Greinin þarfnast ekki skýringar að öðru leyti.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að í stað tilvísunar til þeirra sem um getur í 1. mgr. 88. gr. gildandi tollalaga komi farmflytjendur. Greinin byggist á þeirri forsendu að þeir sem flytji vörur til landsins verði að geta komið henni á viðurkennt geymslusvæði samkvæmt lögunum reki þeir ekki slíkt geymslusvæði sjálfir. Tollmiðlarar flytja ekki vörur til landsins og því er lagt til að vísun til þeirra í málsgreininni falli brott.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að orðin „skipting sendinga“ í 2. mgr. 95. gr. gildandi tollalaga falli brott. Aðgerðin „skipting sendinga“ telst felast í öðrum þeim aðgerðum sem teljast til óverulegrar aðvinnslu og eru taldar í 95. gr. gildandi tollalaga og í þessari grein frumvarpsins. Tillagan er m.a. gerð vegna þess að rétt þykir að hugtakið skipting sendinga í tollalögum taki einvörðungu yfir þær uppskiptingar sendinga sem mælt er fyrir um í 3. gr. frumvarpsins. Í greininni er jafnframt lagt til að áskilnaður verði gerður um að sú einfalda aðvinnsla sem þar er tilgreind breyti ekki tollflokkun vöru. Þessi áskilnaður er gerður í því augnamiði að tryggja óbreytta álagningu aðflutningsgjalda þrátt fyrir að óveruleg aðvinnsla sé framkvæmd á vöru.

Um 10. gr.

Frumvarpið sem varð að tollalögum, nr. 88/2005, byggðist í meginatriðum á frumvarpi til tollalaga sem lagt var fram til kynningar á 130. löggjafarþingi 2003–2004. Að lokinni kynningu á Alþingi var frumvarpið sent til umsagnar fjölmargra aðila. Í kjölfarið voru þó nokkrar breytingar gerðar á frumvarpinu sem lagt var fram til kynningar og við meðferð frumvarpsins á Alþingi. Við þær breytingar hefur láðst að breyta tilvísun til viðeigandi ákvæða tollalaga um leyfi, ívilnanir eða tollfríðindi og því er lagt til að í ákvæðinu verði réttilega vísað til 6. og 7. gr. tollalaga en þar er mælt fyrir um þær undanþágur sem vísað er til.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.**

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum tollalaga vegna tímabundinnar notkunar ökutækja á erlendum eða sérstökum skráningarnúmerum hér á landi, án greiðslu aðflutningsgjalda. Meginefnisatriði frumvarpsins lúta að því að lengja þann tíma sem slík ökutæki mega vera hér á landi úr einum mánuði í eitt ár áður en af þeim þarf að greiða toll.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs. Áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs eru óveruleg og felast einungis í frestun á greiðslu aðflutningsgjalda.

# 495. Frumvarp til laga [420. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „4,99%“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: 4,54%.

2. gr.

Á eftir 3. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður sem hljóðar svo: 0,25% af gjaldstofni skv. III. kafla renni til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. VI. kafla.

3. gr.

Á eftir V. kafla laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, **Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða**, með sex nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (17. gr.)

*Markmið.*

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í kafla þessum. Til að ná því markmiði skal ríkissjóður veita fjárframlag til lífeyrissjóða samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

b. (18. gr.)

*Fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.*

Fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal nema 0,25% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. Framlagið skal greitt í október ár hvert og byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um fjárhæð gjaldstofns tryggingagjalds næstliðins árs.

c. (19. gr.)

*Móttakendur framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.*

Lífeyrissjóðir, sem taka við framlagi til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða, skulu hafa starfsleyfi frá fjármálaráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

d. (20. gr.)

*Stjórnsýsla.*

Fjármálaráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlaga til lífeyrissjóða samkvæmt kafla þessum.

e. (21. gr.)

*Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.*

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

f. (22. gr.)

*Reglugerðarheimild.*

Fjármálaráðherra skal setja reglugerð með nánari ákvæðum um skiptingu og úthlutun fjárframlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. og 18. gr. laganna skal ráðstöfun hluta tryggingagjalds til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. VI. kafla, vera sem hér segir á árunum 2007 og 2008:

1. Framlag á árinu 2007 skal vera 0,15% af gjaldstofni skv. III. kafla.
2. Framlag á árinu 2008 skal vera 0,20% af gjaldstofni skv. III. kafla.

Þrátt fyrir ákvæði 17., 18. og 19. gr. laganna skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða á árunum 2007–2009 eingöngu renna til lífeyrissjóða á samningssviði Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Ákvæði 2. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2009. Lögin koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 2007 og álagningu ársins 2008. Framlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal greitt í fyrsta skipti í október 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvíþættar breytingar á lögum um tryggingagjald. Í fyrsta lagi er lagt til, með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2004 vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, að tryggingagjald verði lækkað um 0,45% frá 1. janúar 2007.

Í öðru lagi er lagt til að ríkissjóður greiði sem svarar til 0,25% af gjaldstofni tryggingagjalds til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða. Örorkulífeyrisþegum hjá lífeyrissjóðum hefur fjölgað ört undanfarin ár og voru þeir orðnir tæplega 13.000 í desember 2005. Fjölgunin hefur numið 750–800 sjóðfélögum árlega undanfarin þrjú ár. Þá fer meðalaldur öryrkja lækkandi og er nú um 50 ár, en lækkandi meðalaldur öryrkja þýðir jafnframt aukin heildarútgjöld lífeyriskerfisins. Árið 2004 var örorkulífeyrir alls 29% af greiddum lífeyri lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði, eða tæpir 4 milljarðar króna, og um 5 milljarðar króna í lífeyriskerfinu í heild. Örorkubyrðin leggst misjafnlega þungt á lífeyrissjóði og getur numið allt frá 6% til 43% af lífeyrisgreiðslum sjóðanna. Í ljósi þess hve misþungt örorkulífeyrisgreiðslur falla á lífeyrissjóði þykir rétt að jafna þann aðstöðumun sem sjóðirnir búa við með einhverjum hætti.

Til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga, gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu hinn 15. nóvember 2005 þar sem sagði að ríkisstjórnin væri reiðubúin að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins með framlagi sem svarar til hluta af tryggingagjaldsstofni og kæmi til framkvæmda á þremur árum. Með frumvarpi þessu er hins vegar lagt til að jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða eigi sér stað til frambúðar. Þótt fyrir liggi að örorkubyrði tiltekinna lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sé nú meiri en örorkubyrði annarra lífeyrissjóða þykir eðlilegt að fjárframlag úr ríkissjóði til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða renni í framtíðinni til allra lífeyrissjóða með starfsleyfi fjármálaráðherra. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir því að frá og með árinu 2010 taki jöfnunin til allra lífeyrissjóða með starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Tryggingagjald er greitt af launum allra vinnandi manna og því eðlilegt að ráðstöfun þess til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða nái jafnt til allra lífeyrisþega óháð í hvaða lífeyrissjóð þeir hafa greitt á starfsævinni. Þá á fjöldi sjóðfélaga réttindi í fleiri sjóðum, jafnt sjóðum sem eru á samningssviði ASÍ og SA sem og öðrum lífeyrissjóðum. Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á lífeyrissjóðaumhverfinu er heldur ekki um það að ræða að skil séu skýr milli einstakra lífeyrissjóða hvað það varðar að sjóðfélagar þeirra séu ýmist allir á samningssviði ASÍ og SA eða utan samningssviðs þessara samtaka. Nær sanni er að flestir lífeyrissjóðir séu blandaðir sjóðir hvað þetta varðar. Er því í frumvarpi þessu lagt til að jöfnunin nái, að loknu því þriggja ára tímabili sem yfirlýsing ríkisstjórnarinnar kveður á um, jafnt til allra sjóða. Þær viðmiðanir sem lagt er til að lagðar verði til grundvallar skiptingu framlagsins milli lífeyrissjóða munu hins vegar gera það að verkum að þeir lífeyrissjóðir sem á hverjum tíma búa við mestu örorkubyrðina munu fá stærstan hluta framlagsins.

Í samræmi við fyrrgreinda yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verður það hlutfall af gjaldstofni tryggingagjalds, sem ráðstafað verður til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða, 0,15% árið 2007, 0,20% árið 2008 og 0,25% árið 2009. Miðað við áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2006 verður framlagið um 940 millj. kr. í október 2007 og 1.336 millj. kr. í október 2008 miðað við áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds árið 2007. Áætlun gjaldstofns tryggingaa-

gjalds vegna ársins 2008 liggur ekki fyrir en miðað við áætlun fyrir árið 2007 yrði framlagið um 1.670 millj. kr. í október 2009.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til, með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2004 vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, að tryggingagjald verði lækkað um 0,45% frá 1. janúar 2007, úr 4,99% í 4,54%.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, 4. tölul., sem kveður á um að 0,25% af gjaldstofni skv. III. kafla renni til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. VI. kafla laganna.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að við lögin bætist nýr kafli, VI. kafli, sem ber heitið Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða. Samkvæmt greininni bætast sex nýjar greinar við lögin sem verða 17.–22. gr.:

a. Í grein er ber heitið *Markmið* (17. gr.) kemur fram að markmið kaflans sé að stuðla að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð. Til að ná því markmiði skuli ríkissjóður veita fjárframlag til lífeyrissjóða samkvæmt ákvæðum kaflans.
b. Í grein er ber heitið *Fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða* (18. gr.) kemur fram að fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skuli nema 0,25% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna. Framlagið skal greitt í október ár hvert og byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um fjárhæð gjaldstofns tryggingagjalds liðins árs. Forsendur fjárframlagsins eru annars vegar gjaldstofn tryggingagjalds og hins vegar upplýsingar um stöðu lífeyrissjóða liðins árs. Framangreindar upplýsingar liggja öllu jöfnu ekki fyrir fyrr en líður á næsta ár. Því er lagt til að útborgun framlagsins eigi sér stað í október þegar allar forsendur liggja fyrir. Slíkt fyrirkomulag ætti að tryggja einfalda umsýslu og málsmeðferð.
c. Í grein er ber heitið *Móttakendur framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða* (19. gr.) kemur fram að lífeyrissjóðir, sem taki við framlagi til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða, skuli hafa starfsleyfi frá fjármálaráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
d. Í grein er ber heitið *Stjórnsýsla* (20. gr.) kemur fram að fjármálaráðuneytið muni annast úthlutun og greiðslu framlaga til lífeyrissjóða.
e. Í grein er ber heitið *Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða* (21. gr.) er gerð grein fyrir því hvernig skipta skuli framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða. Skal framlaginu samkvæmt greininni skipt með þeim hætti að í fyrsta lagi skal fundin hlutdeild lífeyrissjóða í heildarörorkulífeyrisgreiðslum meðal allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári sem rétt geta átt á framlagi. Í öðru lagi skal fundin hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Meðaltalshlutfall samkvæmt tveimur framangreindum aðferðum myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

f. Í grein er ber heitið *Reglugerðarheimild* (22. gr.) kemur fram að fjármálaráðherra skuli setja reglugerð með nánari ákvæðum um skiptingu og úthlutun fjárframlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.**

Markmiðið með frumvarpinu er tvíþætt, annars vegar að lækka tryggingagjaldið og hins vegar að stuðla að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóðanna verði jöfnuð. Í frumvarpinu er lagt til að tryggingagjaldið verði lækkað úr 4,99 í 4,54%. Þá er lagt til að 0,25% af gjaldstofni tryggingagjalds skuli renna til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða. Hlutfallið af gjaldstofninum verður þó hækkað í skrefum eða í 0,15% árið 2007, í 0,20% árið 2008 og svo í 0,25% árið 2009. Í frumvarpinu er kveðið á um skiptingu framlagsins á milli lífeyrissjóða en fjármálaráðherra skal setja reglugerð um nánari útfærslu á skiptingu fjárframlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

Lækkun á tryggingagjaldi lækkar tekjur um 2.800 m.kr. miðað við áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2006. Framlög til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóðanna verða 940 m.kr. árið 2007, 1.300 m.kr. árið 2008 og 1.700 m.kr árið 2009.

## 496. Fyrirspurn [421. mál]

til fjármálaráðherra um skatttekjur ríkis og sveitarfélaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver hefur verið hlutur ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar af staðgreiðslu opinberra gjalda einstaklinga, þ.e. tekjuskatti, sérstökum tekjuskatti, fjármagnstekjuskatti og útsvari, sl. fimm ár miðað við verðlag 2006, sýnt bæði í milljörðum kr. og sem hlutfall af heildarskatttekjum af staðgreiðslunni?
2. Hverjar væru tekjur ríkis og sveitarfélaga af staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2006 ef hlutfallsskipting væri sú sama og árið 2002?
3. Hvert er hlutfall fjármagnstekjuskatts einstaklinga af staðgreiðslu opinberra gjalda sl. fimm ár og hver eru hlutföllin í öðrum löndum OECD?
4. Hve háir skattar eru greiddir af fjármagnstekjum í öðrum löndum OECD? Óskað er eftir upplýsingum um eftirfarandi:

a. skatta einstaklings með
   1. launatekjur 2.500.000 kr. og fjármagnstekjur 100.000 kr.,
   2. launatekjur 100.000 kr. og fjármagnstekjur 2.500.000 kr.,
   3. launatekjur 5.000.000 kr. og fjármagnstekjur 250.000 kr.,
   4. launatekjur 250.000 kr. og fjármagnstekjur 5.000.000 kr.,
b. skatta hjóna með
   1. launatekjur 7.500.000 kr. og fjármagnstekjur 750.000 kr.,
   2. launatekjur 750.000 kr. og fjármagnstekjur 7.500.000 kr.,
   3. launatekjur 100.000 kr. og fjármagnstekjur 10.000.000 kr.,
   4. launatekjur 10.000.000 kr. og fjármagnstekjur 100.000 kr.
5. Hver er skoðun ráðherra á því að sveitarfélögin fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti?

**Skriflegt svar óskast.**

## 497. Fyrirspurn [422. mál]

til félagsmálaráðherra um greinargerð um jafnréttisáætlun.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Er þess að vænta að ríkisstjórnin leggi fljótlega fram greinargerð um stöðu verkefna og árangur af jafnréttisáætlun 2004–2008 í samræmi við ákvæði áætlunarinnar?

## 498. Fyrirspurn [423. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölda þeirra sem sótt hafa meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvað hafa margir Íslendingar farið í meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn síðustu 20 árin? Svarið óskast sundurliðað annars vegar eftir árum og hins vegar eftir því hvort meðferðin var vegna ofneyslu áfengis eða vímuefna.

**Skriflegt svar óskast.**

## 499. Fyrirspurn [424. mál]

til dómsmálaráðherra um magn og verðmæti ólöglegra fíkniefna.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvert hefur verið áætlað götuverðmæti ólöglegra fíkniefna á Íslandi síðustu tuttugu árin, sundurliðað eftir árum og efnum sem talið er að hafi verið á markaði hverju sinni?
2. Hvert er áætlað magn slíkra efna í landinu á sama tíma, sundurliðað eftir árum og efnum?
3. Hvað var lagt hald á mikið af ólöglegum fíkniefnum á þessum árum, sundurliðað eftir árum og efnum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 500. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um Ríkisútvarpið ohf.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason skrifstofustjóra og Elvu Ýr Gylfadóttur frá menntamálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon hrl., Pál Magnússon útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, Magnús Norðdahl frá ASÍ, Björgu Evu Erlendsdóttur, Þórdísi Arnljótsdóttur og Arnar Þór Stefánsson frá Félagi fréttamanna Ríkisútvarpsins, Gunnar Magnússon frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Þóreyju S. Þórðardóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Vilhjálm Egilsson frá Samtökum atvinnulífsins, Davíð Þorlákssyni frá Viðskiptaráði Íslands, Jóhönnu Margréti Einarsdóttur og Jórunni Sigurðardóttur frá Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, Pál Gunnar Pálsson forstjóra og Guðmund Sigurðsson aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins, Örnu Schram og Hjálmar Jónsson frá Blaðamannafélaginu, Ara Edwald, forstjóra 365 miðla, Magnús Ragnarsson frá Skjá einum, Arnþrúði Karlsdóttur og Pétur Guðmundsson frá Útvarpi Sögu, Ingólf Hjörleifsson frá Sambandi íslenskra auglýsingastofa, Þröst Ólafsson, framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og Sigurð Bjarka Gunnarsson, varaformann Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig komu á fund nefndarinnar Sigurður Þórðarson, formaður matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings Ríkisútvarpsins ohf., og Jón Loftur Björnsson sem starfaði með matsnefndinni.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá útvarpstjóra Ríkisútvarpsins, Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins, Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, Félagi fréttamanna Ríkisútvarpsins, Bandalagi háskólamanna og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útvarpsréttarnefnd, Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins, 365 ljósvakamiðlum, Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., Útvarpi Sögu, Blaðamannafélagi Ís-

lands, Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands, Neytendasamtökunum, Reykjavíkurborg, ríkisskattstjóra, Landssambandi lögreglumanna, ríkislögreglustjóra, Kennaraháskóla Íslands, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, íslenskuskor Háskóla Íslands, Seltjarnarneskaupstað, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samkeppniseftirlitinu, Önnu Th. Rögnvaldsdóttur, leikstjóra og handritshöfundi, Alþýðusambandi Íslands, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Rithöfundasambandi Íslands, Framleiðendafélaginu SÍK og Félagi kvikmyndagerðarmanna.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og að opinbert hlutafélag verði stofnað um rekstur hennar. Frumvarp um Ríkisútvarpið er nú lagt fram í þriðja sinn af menntamálaráðherra, en á 131. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp þess efnis að gera Ríkisútvarpið að sameignarfélagi og á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi.

Við umfjöllun nefndarinnar var fjallað um hljóðfæri sem Ríkisútvarpið hélt eftir við rekstrarlegan aðskilnað Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar, tvær fiðlur og eina víólu. Samkvæmt skýrslu matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings verða framangreind hljóðfæri ekki hluti af eignum Ríkisútvarpsins ohf. og er í þessu sambandi einkum litið til Guarnerius del Gesu fiðlunnar sem er frá 1728. Framangreind hljóðfæri verða eign ríkissjóðs og verður gerður samningur milli ríkisins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands um afnot þeirra.

Nefndin hefur litið svo á að fyrirhuguð lækkun á skuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð, að fjárhæð 625 millj. kr. samkvæmt breytingartillögu við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006 sem til meðferðar er á yfirstandandi þingi sem ætlað er að tryggja 15% eiginfjárhlutfall við stofnun Ríkisútvarpsins ohf., komi til lækkunar á skuld Ríkisútvarpsins við Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem samkvæmt árshlutareikningi nam 692,2 millj. kr. þann 30. júní 2006.

Þónokkur umræða varð hjá nefndinni um réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins. Við meðferð málsins lýsti Páll Magnússon útvarpsstjóri því yfir að hlutafélagið tæki yfir kjarasamninga og ráðningarsamninga viðkomandi starfsmanna. Varðandi lífeyrisréttindi starfsmanna er félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna eða Kennarasambands Íslands heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins. Jafnframt er félagsmönnum í stéttarfélögum sem eru utan fyrrgreindra bandalaga en gera kjarasamning á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins. Sú heimild er háð samþykki launagreiðanda. Páll Magnússon lýsti því einnig yfir að opinbera hlutafélagið mundi samþykkja áframhaldandi aðild að A-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Að öðru leyti fer um lífeyrisréttindi starfsmanna eftir því sem segir í ákvæði til bráðabirgða II í frumvarpinu og samkvæmt lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi leggur hann til orðalagsbreytingu við 2. málsl. 5. gr. frumvarpsins og er eingöngu um að ræða að fella brott endurtekningu í texta lagagreinarinnar.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til tvær breytingar á 11. gr. frumvarpsins, sem fjallar um tekjustofna Ríkisútvarpsins ohf. Annars vegar að við 2. tölul. 1. mgr. bætist tveir málsliðir. Í fyrsta lagi að mörk verði sett á heimild Ríkisútvarpsins ohf. til að afla sér tekna með kostunarsamningum vegna einstakra dagskrárliða. Leggur meiri hlutinn til að samanlagðar tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af kostun skuli ekki vera hærri en sem nemur hlutfalli kostunartekna af samanlögðum tekjum Ríkisútvarpsins af auglýsingum og kostun á árinu 2006. Með breytingunni er því lagt til að lögfest verði að tekjur hins nýja félags af kostunarsamningum verði ekki hlutfallslega hærri en á árinu 2006. Ætla má að þessar tekjur Ríkisútvarpsins verði um

100 millj. kr. Er breytingunni ætlað að koma í veg fyrir frekari fyrirferð Ríkisútvarpsins ohf. á kostunarmarkaði en nú er. Meiri hlutinn vill beina því til menntamálaráðherra að mælast, í þjónustusamningi milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf., til þess að þeim tekjum sem félagið aflar sér með kostunarsamningum verði fremur varið til kostunar á dagskrárliðum sem varða íslenska tungu, sögu og menningararfleifð, fremur en til kostunar á erlendu afþreyingarefni. Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til að sú breyting verði gerð á 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins að Ríkisútvarpinu verði gert óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á veraldarvefnum. Á síðustu árum hafa einkareknir fjölmiðlar sótt fram á sviði nýmiðlunar á veraldarvefnum og hefur umfang auglýsinga í þeim miðlum aukist jafnt og þétt. Fram til þessa hefur Ríkisútvarpið hins vegar ekki selt auglýsingar á vefsvæði sínu www.ruv.is. Leggur meiri hlutinn til að ekki verði gerð breyting þar á og að lögfest verði ákvæði þess efnis að Ríkisútvarpinu ohf. verði óheimilt að birta auglýsingar á veraldarvefnum. Hins vegar leggur meiri hlutinn til breytingu á 3. mgr. 11. gr. þess efnis að fjármálaráðuneytið skuli greiða fyrsta virka dag hvers mánaðar fyrir fram fjárhæð sem svari til 1/12 heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt greininni í stað þess að greitt sé þann 15. febrúar og 15. maí fyrir fram í hvort sinn fjárhæð sem svarar til áætlaðs fjórðungs heildartekna og eftirstöðvar mundu síðan greiðast síðar á árinu í samræmi við innheimtu annarra opinberra gjalda. Talið er hentugra að greiðslurnar séu mánaðarlegar, t.d. með hliðsjón af launagreiðslum og fjármagnskostnaði.

Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til breytingu á 13. gr. frumvarpsins er fjallar um gildistöku o.fl. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi en samhliða gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, til 1. janúar 2007. Meiri hlutinn leggur til að lög um Ríkisútvarpið falli brott 1. febrúar 2007 í stað 1. janúar 2007 svo að nægur tími verði til að kjósa menn til setu í stjórn, halda stofnfund og að því loknu skrá félagið formlega. Í samræmi við framangreinda breytingu er lögð til breytt dagsetning í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I og í ákvæði til bráðabirgða II.

Í fjórða lagi leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæði til bráðabirgða I. Samkvæmt orðalagi 3. mgr. ákvæðisins skal annars vegar leggja fram hlutafjárhæðina á stofnfundi en hins vegar á að greiða hana hálfum mánuði eftir skráningu. Orðalagið er óheppilegt og því leggur meiri hlutinn til að fellt verði brott að hún skuli greiðast hálfum mánuði eftir skráningu. Í þessu sambandi má nefna að í stofnsamningi og samþykktum sem lagðar eru fram á stofnfundi eiga að koma fram upplýsingar um fjárhæð og greiðslu hlutafjár, sbr. lög nr. 2/1995, um hlutafélög.

Þá er lögð til breyting á lokamálslið ákvæðis til bráðabirgða III sem fjallar um fyrstu stjórn félagsins. Þar kemur fram að þar til að skipuð hefur verið stjórn fyrir félagið sé menntamálaráðherra í fyrirsvari fyrir félagið sem eini stjórnarmaður þess. Hlutafélagið stofnast ekki fyrr en á stofnfundi, en á þeim fundi verður skipuð stjórn félagsins sem fer síðan með fyrirsvar félagsins fram að skráningu. Því ættu ekki að koma upp tilvik þar sem menntamálaráðherra væri í fyrirsvari fyrir félagið sem stjórnarmaður.

Einnig leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæði til bráðabirgða IV sem fjallar um lok á umboði útvarpsráðs. Ósamræmis gætir á milli þessa ákvæðis og ákvæðis 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins en þar er tekið sérstaklega fram að lögin um Ríkisútvarpið falli brott 1. janúar 2007. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu fellur umboð aðalmanna og varamanna útvarpsráðs niður við gildistöku laganna. Meiri hlutinn leggur því til að umboðið falli niður um leið og hlutafélagið tekur til starfa og lög um Ríkisútvarpið falla brott, en ekki við gildistöku laganna.

Að lokum leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæði til bráðabirgða V sem fjallar um gildistöku ákvæðis um tekjustofna. Gert er ráð fyrir að ákvæðið um megintekjustofna gildi „til og með“ 31. desember 2008 en hins vegar að tekjustofnarnir skv. 11. gr. taki gildi „eftir“ 1. janúar 2009. Meiri hlutinn leggur því til að í stað „eftir“ komi „frá og með“ svo að gildistakan eigi einnig við um 1. janúar 2009.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. nóv. 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. Dagný Jónsdóttir. Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Kjartan Ólafsson. Sæunn Stefánsdóttir.

## 501. Breytingartillögur [56. mál]

við frv. til l. um Ríkisútvarpið ohf.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SKK, DJ, SÞorg, KÓ, SæS).

1. Við 5. gr. Orðin „nema um sé að ræða starfsemi sem flokkast undir útvarp í almannaþágu skv. 3. gr.“ í síðari málslið falli brott.
2. Við 11. gr.
   a. Við 2. tölul. 1. mgr. bætist tveir málsliðir, svohljóðandi: Samanlagðar tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af kostun skulu þó eigi vera hærri en sem nemur hlutfalli tekna af kostun í samanlögðum tekjum Ríkisútvarpsins af auglýsingum og kostun á árinu 2006. Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á veraldarvefnum.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Fyrsta virka dag hvers mánaðar skal fjármálaráðuneytið greiða Ríkisútvarpinu ohf. fyrir fram fjárhæð sem svarar til áætlaðs $\frac{1}{12}$ heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt þessari grein.
3. Við 13. gr. Í stað orðanna „1. janúar 2007“ í 2. mgr. komi: 1. febrúar 2007.
4. Við ákvæði til bráðabirgða I.
   a. Orðin „og skal hún greiðast úr ríkissjóði eigi síðar en hálfum mánuði eftir skráningu félagsins hjá hlutafélagaskrá“ í síðari málslið 3. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „1. janúar 2007“ í 4. mgr. komi: 1. febrúar 2007.
5. Við ákvæði til bráðabirgða II. Í stað orðanna „1. janúar“ í 1. mgr. komi: 1. febrúar.
6. Við ákvæði til bráðabirgða III. Síðari málsliður falli brott.
7. Við ákvæði til bráðabirgða IV. Í stað orðanna „gildistöku laga þessara“ komi: brottfall laga um Ríkisútvarpið, sbr. 2. mgr. 13. gr.
8. Við ákvæði til bráðabirgða V. Í stað orðsins „Eftir“ í 2. mgr. komi: Frá og með.

# 502. Nefndarálit [57. mál]

um breyt. á l. nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason skrifstofustjóra frá menntamálaráðuneyti, Þröst Ólafsson, framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Sigurð Bjarka Gunnarsson frá Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Pál Magnússon, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, Útvarpsréttarnefnd, Seltjarnarneskaupstað, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ríkislögreglustjóra, Kennaraháskóla Íslands, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf. og felur í sér tillögu um niðurfellingu greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands og einnig að greiðsluþátttaka Seltjarnarnesbæjar verði felld niður.

Við umfjöllun nefndarinnar var fjallað um þau hljóðfæri sem Ríkisútvarpið hélt eftir við rekstrarlegan aðskilnað Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar en þá hélt Ríkisútvarpið eftir tveimur fiðlum og einni víólu. Samkvæmt skýrslu matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings verða framangreind hljóðfæri ekki hluti af eignum Ríkisútvarpsins ohf. og er í þessu sambandi einkum litið til Guarnerius del Gesu fiðlunnar frá 1728. Framangreind hljóðfæri verða eign ríkissjóðs og verður gerður samningur milli ríkisins og Sinfóníuhljómsveitarinnar um afnot þeirra.

Nefndin hefur litið svo á að fyrirhuguð lækkun á skuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð að fjárhæð 625 millj. kr. samkvæmt breytingartillögu við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006, sem er til meðferðar á yfirstandandi þingi og ætlað er að tryggja 15% eiginfjárhlutfall við stofnun Ríkisútvarpsins ohf., komi til lækkunar á skuld Ríkisútvarpsins við Sinfóníuhljómsveit Íslands sem samkvæmt árshlutareikningi nam 692,2 millj. kr. 30. júní 2006.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Mörður Árnason, Einar Már Sigurðarson og Össur Skarphéðinsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja og styðja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 29. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |
| Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara. | Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara. | Kjartan Ólafsson. |
| Mörður Árnason, með fyrirvara. | | Sæunn Stefánsdóttir. |

## 503. Fyrirspurn [425. mál]

til utanríkisráðherra um svæði sem notuð hafa verið til skot- og sprengjuæfinga.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hvar eru þau 73 svæði á landinu sem notuð hafa verið til skot- og sprengjuæfinga Bandaríkjahers frá því í síðari heimsstyrjöld og hve stórt er hvert svæði? Óskað er eftir að svæðin verði sýnd á landakorti.
2. Er hægt að áætla magn skota og sprengna á hverju svæði? Ef svo er, hver er þá staðan á hverju svæði?
3. Hefur verið framkvæmd sprengjuleit og hreinsun á öllum svæðunum? Ef ekki, hvenær er áætlað að gera það á hverju einstöku svæði?
4. Hver er áætlaður heildarkostnaður við leit og hreinsun?

**Skriflegt svar óskast.**

## 504. Fyrirspurn [426. mál]

til sjávarútvegsráðherra um styrki AVS-rannsóknasjóðs í sjávarútvegi.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hversu mikið af öllum styrkjum AVS-rannsóknasjóðs í sjávarútvegi fór beint eða óbeint aftur sem greiðslur til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, til að greiða ferðalög stjórnar AVS, sem greiðslur til starfsmanna AVS eða til fyrirtækja sem tengjast stjórnendum AVS? Í svarinu óskast þessar greiðslur sundurliðaðar þau ár sem sjóðurinn hefur starfað.

**Skriflegt svar óskast.**

## 505. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um gatnagerðargjald.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason, Sesselju Árnadóttur og Lárus Bollason frá félagsmálaráðuneyti, Guðmund Ómar Hafsteinsson hdl., Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kristbjörgu Stephensen frá Reykjavíkurborg. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Hverageröisbæ, Samtökum sunnlenskra sveitar-

félaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins sameiginlega, frá Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ, ríkisskattstjóra og Viðskiptaráði Íslands. Að auki bárust nefndinni tilkynningar frá talsmanni neytenda og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að gatnagerðargjald verði skilgreint sem skattur sem er almennt ætlað að standa undir gatnagerð sveitarfélaga. Í samræmi við áskilnað stjórnarskrár um gilda skattlagningarheimild er kveðið á um atriði sem lúta að skattskyldu, skattstofni, ákvörðun gjaldsins og gjalddaga. Gert er ráð fyrir að reglur um gjaldstofn gatnagerðargjalds verði einfaldaðar og að innheimta þess verði bundin við þéttbýli. Þá er að finna heimildir til handa sveitarfélögum til að ákvarða álagningarhlutfall og beita almennum og sérstökum lækkunarheimildum innan þeirra marka sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga var óskað framlengingar á bráðabirgðaákvæði núgildandi laga um gatnagerðargjald, nr. 17/1996, sem heimilar sveitarfélögum töku sérstaks gjalds, svokallaðs B-gatnagerðargjalds, í tíu ár frá gildistöku þeirra vegna tiltekinna framkvæmda. Til stuðnings var vísað til þess að vegna fjárskorts hefði sumum sveitarfélögum ekki tekist að klára umræddar framkvæmdir og því væri nauðsynlegt að framlengja umræddan frest sem að óbreyttu rennur út um næstu áramót. Af hálfu nefndarinnar var fallist á þetta sjónarmið.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til þá breytingu að við bætist bráðabirgðaákvæði sem mæli fyrir um að heimild sveitarfélaga til töku gjaldsins verði framlengd til þriggja ára. Nauðsynlegt er að það ákvæði taki gildi 1. janúar 2007 en í gildistökuákvæði frumvarpsins er ráðgert að lögin taki gildi 1. júlí 2007. Þar sem heimild til töku B-gatnagerðargjalds samkvæmt núgildandi lögum fellur úr gildi um áramót er þörf á sérstöku gildistökuákvæði sem mælir fyrir um heimild sveitarfélaga til töku B-gatnagerðargjalds frá þeim tíma.

Nefndin leggur jafnframt til nokkrar minni háttar breytingar á ákvæðum frumvarpsins. Í fyrsta lagi þá breytingu að ákvæði 1. mgr. 3. gr. og ákvæði 1. málsl. 5. mgr. 3. gr. verði orðuð með skýrari hætti en nú er gert. Í öðru lagi að nýjum málslið verði bætt við 3. tölul. 3. mgr. 5. gr. sem mæli fyrir um að ef stækkun tiltekins íbúðarhúss eða, eftir atvikum, sameignar í fjölbýlishúsi fer umfram þá 30 fermetra sem gjaldfellingar- og lækkunarheimildir frumvarpsgreinarinnar taka til skuli gatnagerðargjald greiðast af því sem umfram er. Í þriðja lagi að orðalagi 2. og 3. málsl. 2. mgr. 6. gr. verði breytt í þeim tilgangi að gjalddagi gatnagerðargjalds, sem til fellur þegar forsendur undanþágu eru ekki lengur fyrir hendi, taki mið af því hvort byggingaryfirvöld hafi átt þess kost að meta hvort skilyrði álagningar séu fyrir hendi eða ekki. Þannig skuli gjalddagi og eindagi fara eftir reglunni í 2. mgr. 7. gr. ef breytt notkun er háð samþykki byggingaryfirvalda en að öðrum kosti skuli gjalddagi vera 30 dögum eftir að forsendur breyttust og eindagi einum mánuði síðar. Í fjórða lagi er svo lagt til að 9. gr. frumvarpsins um endurgreiðslu gatnagerðargjalds vegna afturköllunar eða ógildingar á lóðarúthlutun eða skila á lóð skuli taka til hliðstæðra atvika í tengslum við samþykkt byggingarleyfi. Þó er gerður sá fyrirvari að í þeim tilvikum sé gjalddagi endurgreiðslu kominn undir því að byggingarleyfishafi hafi sannanlega krafist hennar. Að lokum vill nefndin taka fram til skýringar að með fermetrafjölda í skilningi frumvarpsins er átt við brúttófermetrafjölda gólffflatar.

Við afgreiðslu málsins hefur athygli félagsmálanefndar verið vakin á því að hvorki er að finna í frumvarpinu ákvæði um skyldur sveitarfélaga til gatnagerðar né um eignarhald og við-

haldsskyldu á götu, en mest hefur borið á slíkum ágreiningi á Akureyri, sbr. svonefnt Meðalteigsmál sem nú er til athugunar hjá umboðsmanni Alþingis. Nefndin telur að eðlilegt sé að á þessum málum verði fremur tekið við væntanlega endurskoðun skipulags- og byggingarlaga en í lögum sem eingöngu varða álagningu og innheimtu gatnagerðargjalds.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Pétur H. Blöndal og Magnús Þór Hafsteinsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Jóhanna tekur undir sjónarmið einstakra sveitarfélaga um að álagning gatnagerðargjalds eigi að meginstefnu til að taka til dreifbýlis jafnt sem þéttbýlis. Pétur álítur að svigrúm sveitarfélaga samkvæmt frumvarpinu til að ákveða undanþágur frá gatnagerðargjaldi séu of rúmar.

Einar Oddur Kristjánsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 29. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Dagný Jónsdóttir, form., frsm. | Guðjón Hjörleifsson. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. |
| Ellert B. Schram. | Pétur H. Blöndal, með fyrirvara. | Birkir J. Jónsson. |

Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara.

## 506. Breytingartillögur [219. mál]

við frv. til l. um gatnagerðargjald.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Sveitarstjórn skal innheimta gatnagerðargjald af fasteignum í þéttbýli. Um skil þéttbýlis og dreifbýlis vísast til samþykkts deiliskipulags eða staðfests aðalskipulags á hverjum tíma.
   b. 1. málsl. 5. mgr. orðist svo: Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun byggingar þannig að hún færist í hærri gjaldflokk samkvæmt samþykkt sveitarfélagsins, sbr. 4. gr., skal greiða gatnagerðargjald af fermetrafjölda viðkomandi húsnæðis sem svarar til mismunar hærri og lægri gjaldflokksins.
2. Við 5. gr. Við 3. tölul. 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ef stækkunin er meiri en 30 fermetrar skal greiða fullt gatnagerðargjald af því sem umfram er.
3. Við 6. gr. 2. og 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þinglýsa skal kvöð á umrætt húsnæði um að greiða skuli gatnagerðargjald af því ef það fellur af einhverjum ástæðum ekki lengur undir ákvæði þetta. Stafi það af breyttri notkun, sem er háð samþykki byggingaryfir-

valda, skulu gjalddagi og eindagi fara eftir 2. mgr. 7. gr. en að öðrum kosti er gjalddaginn 30 dögum eftir að forsendur lækkunar eða niðurfellingar gatnagerðargjalds eru ekki lengur fyrir hendi, svo sem vegna sölu húsnæðis, og eindagi einum mánuði síðar.

4. Við 9. gr. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður er orðist svo: Sama gildir um gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á í tengslum við samþykkt byggingarleyfis, sbr. b-lið 2. mgr. 3. gr., en í þeim tilvikum skal endurgreiða gatnagerðargjaldið innan 30 daga frá því að byggingarleyfishafi hefur sannanlega krafist greiðslu.
5. Við 13. gr. 1. mgr. orðist svo:

   Lög þessi taka gildi 1. júlí 2007 að frátöldum 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða sem tekur gildi 1. janúar 2007. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 17/1996, um gatnagerðargjald.
6. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýtt ákvæði er verði 1. tölul., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. skal 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lög um gatnagerðargjald, nr. 17/1996, gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld, sem lokið er við innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara. Ákvæði þetta gildir aðeins um lóðir sem úthlutað var eða veitt var byggingarleyfi á fyrir 1. janúar 1997.

## 507. Nefndarálit [347. mál]

um frv. til l. um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti, Þorstein Þorsteinsson frá Lánasjóði sveitarfélaga, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ragnar Hafliðason, Guðbjörgu Bjarnadóttur og Guðmund Jónsson frá Fjármálaeftirlitinu og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Aðdragandinn að þessu frumvarpi er sá að félagsmálanefnd Alþingis hvatti til þess í áliti við síðustu breytingu á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 136/2004, að eignarhlutdeild sveitarfélaga í sjóðnum yrði skilgreind.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur fram til þessa verið í óskiptri sameign sveitarfélaganna í landinu en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eignarhaldi sjóðsins verði skipt og að hann verði framvegis rekinn sem opinbert hlutafélag. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en samfara því rækir hann félagslegt og byggðalegt hlutverk sem endurspeglast í þeirri skyldu að tryggja sveitarfélögum jafnan aðgang að eins hagstæðu lánsfjármagni og kostur er á hverjum tíma. Breytingarnar sem frumvarpið gerir ráð fyrir miða að því að laga rekstur sjóðsins enn betur að íslensku fjármálaumhverfi og gæta þess um leið að þau sérréttindi sem sjóðurinn nýtur lögum samkvæmt fái samræmst samkeppnisreglum á Evrópska efnahagssvæðinu. Er gerð krafa um að lánveitingum sjóðsins verði einungis ráðstafað til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Gert er ráð fyrir að hlutir geti einvörðungu verið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í eigu þeirra. Takmarkanir á meðferð hluta standa þó ekki í vegi

fyrir því að sjóðurinn geti komist í eigu eins aðila en fyrirliggjandi drög að samþykktum sjóðsins gera ráð fyrir að einn einstakur hluthafi geti aldrei farið með meira en 15% af heildaratkvæðamagni í félaginu.

Á fundum nefndarinnar kom fram að hlutdeild Lánasjóðs sveitarfélaga í heildarskuldum sveitarfélaganna, að Reykjavíkurborg frátalinni, hefur aukist á undanförnum árum. Rekstur sjóðsins gengur vel og sveitarfélög standa í skilum. Sjóðnum er heimilt að taka veð í tekjum sveitarfélaga sem er forsenda þess að hann geti boðið þeim hagstæðari kjör en almennir lánveitendur. Þrátt fyrir að sú tilhögun sé ekki óumdeild frá sjónarmiði samkeppnislaga réttlætist hún af hinu félagslega hlutverki sjóðsins.

Nefndin telur rétt, að fenginni ábendingu Fjármálaeftirlitsins, að leggja til þá breytingu að hið nýja hlutafélag yfirtaki allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Lánasjóðs sveitarfélaga frá og með útgáfu starfsleyfis í stað þess að miða við stofnun eins og gert er í 3. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I. Einnig leggur nefndin til að við umrætt ákvæði bætist ný málsgrein sem annars vegar kveður á um að sjóðnum sé eigi skylt að gefa út innköllun til lánardrottna sinna og hins vegar að sjóðurinn skuli auglýsa greiðslustað skuldaskjala tvívegis í Lögbirtingablaðinu.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Eftirfarandi breytingar verði á ákvæði til bráðabirgða I:

a. Í stað orðanna „við stofnun“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: frá útgáfu starfsleyfis.
b. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:

Innköllun til lánardrottna Lánasjóðs sveitarfélaga skal eigi gefin út. Greiðslustaður skuldaskjala, sem eru í eigu Lánasjóðs sveitarfélaga, verður hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Lánasjóður sveitarfélaga skal birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu.

Magnús Þór Hafsteinsson skrifar undir álitið með fyrirvara.
Einar Oddur Kristjánsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er andvígur áliti þessu.

Alþingi, 29. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Dagný Jónsdóttir, form., frsm. | Guðjón Hjörleifsson. | Jóhanna Sigurðardóttir, |
| Ellert B. Schram. | Pétur H. Blöndal. | Birkir J. Jónsson. |

Magnús Þór Hafsteinsson,
með fyrirvara.

# 508. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sesselju Árnadóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félagsmálaráðuneyti, Ingvar Sverrisson frá Alþýðusambandi Íslands og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði og Vinnueftirliti ríkisins.

Frumvarpið er að efni til innleiðing á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB og hefur það að markmiði að stuðla að aukinni samvinnu atvinnurekenda og starfsmanna þeirra. Er miðað við að fyrirtækjum þar sem starfa að minnsta kosti 50 manns verði gert skylt að kynna tiltekin málefni fyrir starfsmönnum sínum og gefa þeim undir ákveðnum kringumstæðum kost á samráði. Þessi skylda atvinnurekanda er þó ekki takmarkalaus því að við mismunandi aðstæður getur hann bundið upplýsingar trúnaði eða látið hjá líða að veita þær. Fyrra úrræðinu getur hann beitt ef lögmætir hagsmunir fyrirtækis krefjast en hinu síðara aðeins ef upplýsingagjöfin gæti leitt til alvarlegs tjóns fyrir starfsemina.

Frumvarpið tekur aðeins til aðila í atvinnurekstri og því eiga opinberar stofnanir sem hafa með höndum stjórnsýsluhlutverk ekki undir ákvæði þess. Þá er í samræmi við aðlögunarheimildir tilskipunarinnar gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði að gildissvið frumvarpsins verði takmarkað fram til 1. mars 2008 við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn.

Á fundi nefndarinnar kom fram að þarfir launafólks fyrir upplýsingar og samráð og heimildir atvinnurekenda til stjórnunar eru hvort tveggja mikilvægir hagsmunir sem erfitt getur verið að gera jafn hátt undir höfði í lagatexta. Verði frumvarp þetta að lögum leggur nefndin því mikla áherslu á að aðilar vinnumarkaðarins nýti heimild sína skv. 6. gr. og útfæri nánar tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs innan fyrirtækja, eftir atvikum í kjarasamningi eða með samkomulagi á vinnustað.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Jóhanna Sigurðardóttir og Ellert B. Schram skrifa undir álitið með fyrirvara. Þau áskilja sér jafnframt rétt til að leggja fram breytingartillögur. Þau vilja að gildissvið frumvarpsins verði rýmkað og að aðilum vinnumarkaðarins verði ekki heimilað að semja sig frá þeim lágmarkskröfum sem frumvarpið gerir.

Magnús Þór Hafsteinsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Einar Oddur Kristjánsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og gerir fyrirvara við álitið.

Alþingi, 29. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Dagný Jónsdóttir, form., frsm. | Guðjón Hjörleifsson. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. |
| Ellert B. Schram, með fyrirvara. | Pétur H. Blöndal. | Birkir J. Jónsson. |

Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara.

## 509. Fyrirspurn [427. mál]

til utanríkisráðherra um kostnað við stuðningsaðgerðir í Írak.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver hefur kostnaður íslenska ríkisins verið við stuðningsaðgerðir í Írak, svo sem flutning gagna og störf Landhelgisgæslunnar við sprengjuleit?

**Skriflegt svar óskast.**

## 510. Svar [222. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um rannsóknir vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Við undirbúning svarsins aflaði ráðuneytið upplýsinga frá Landsvirkjun og Íslenskum orkurannsóknum.

1. *Hvernig var háttað ákvörðunum um val á rannsóknaraðilum við undirbúning Kárahnjúkavirkjunar og hvernig var verkferli rannsóknanna háttað í aðdraganda framkvæmdanna?*

Val á rannsóknaraðilum.

Landsvirkjun hefur ávallt leitast við að velja til verka þá hæfustu ráðgjafa sem völ er á hverju sinni. Ekki hefur verið horft til þess hvort þeir vinna hjá opinberum aðilum eða hjá einkafyrirtækjum. Svo var einnig við undirbúning Fljótsdalsvirkjunar og síðar Kárahnjúkavirkjunar. Á fyrstu árum rannsókna Landsvirkjunar unnu að jarðfræðiathugunum Jarðfræði-

stofan Ekra (Dr. Jóhann Helgason) og Jarðtæknistofan (Ágúst Guðmundsson o.fl.). Rannsóknasvið Orkustofnunar (síðar Íslenskar orkurannsóknir) vann að afmörkuðum þáttum jarðfræðirannsókna, sjá svar við 2. lið fyrirspurnarinnar. Frá og með 1998 unnu fleiri jarðfræðingar að verkinu, einkum á vegum Jarðtæknistofunnar. Val Landsvirkjunar á þessum aðilum byggðist fyrst og fremst á reynslu þeirra og þekkingu á rannsóknarsvæðinu.

Árið 2001 var ráðgjafarþjónusta við útboðshönnun, lokahönnun og ýmsa aðra tæknilega þjónustu við byggingu fyrri áfanga Kárahnjúkavirkjunar (í samræmi við áætlanir sem þá voru uppi um byggingu virkjunarinnar) boðin út með svokallaðri tveggja umslaga aðferð, þar sem fyrst var lagt mat á hæfni bjóðenda og að því loknu opnuð verðtilboð. Sérstök matsnefnd var skipuð til að leggja mat á hæfni bjóðenda og sátu í nefndinni þrír menn, einn starfsmaður Landsvirkjunar, einn sjálfstæður ráðgjafi og einn prófessor við Háskóla Íslands. Við val bjóðanda vó hæfni 80% og verð 20%. Ráðgjafarþjónustan innifól alla tæknilega vinnu við útboðsrannsóknir, þ.m.t. jarðfræðivinnu. Á grundvelli þessa ráðgjafasamnings hélt Jarðtæknistofan áfram vinnu við rannsóknir, nú sem undirverktaki aðalráðgjafans Kárahnjúkar Engineering Joint Venture (KEJV), sem bar ábyrgð á rannsóknunum gagnvart Landsvirkjun. KEJV er samsteypa verkfræðistofa frá Íslandi, Bandaríkjunum og Sviss sem annast hefur hönnun mannvirkja við Kárahnjúka.

Verkferli rannsókna.

Varðandi verkferli rannsókna er gert ráð fyrir að vísað sé til rannsókna á jarðfræði en ekki rannsókna á vatnafari, sem eru m.a. áratuga samfelldar rennslismælingar. Jarðfræðirannsóknir fara yfirleitt þannig fram að fyrst er gert almennt jarðfræðikort af svæðinu, oft á kortagrunni í mælikvarða 1:20.000. Þessi kortlagning getur tekið nokkur ár, háð stærð svæðisins og fjármagni til rannsókna. Á grundvelli jarðfræðikorta eru mannvirki staðsett og þá hefjast rannsóknir á mannvirkjastæðum með borunum en einnig nánari yfirborðsrannsóknir á afmörkuðum svæðum. Þegar hér er komið sögu er yfirleitt að vetri leitað eftir tillögum frá ráðgjöfum, þ.e. jarðfræði- og verkfræðiráðunautum, um rannsóknir næsta sumars. Farið er yfir tillögurnar á sameiginlegum fundum ráðgjafa og verkkaupa og snemma vors er tekin ákvörðun um umfang og alla meginþætti rannsókna þess sumars. Boranir og aðrar framkvæmdir vegna rannsókna eru boðnar út að vori og þá gerðar útboðs- og verklýsingar fyrir þá verkþætti. Gerðir eru samningar við aðra ráðgjafa um verkefni þeirra og þau skilgreind í verksamningi. Rannsóknir fara oftast fram að sumri og standa fram á haust, úrvinnsla samhliða eftir því sem kostur er, og skýrsla er skrifuð að hausti og fram eftir vetri. Þegar því er lokið er sama verklag viðhaft til undirbúnings næsta sumars og þannig koll af kolli þar til rannsóknum lýkur. Á rannsóknartímanum þarf iðulega að hnika til staðsetningu mannvirkja og endurskoða fjölmarga þætti í hönnun þeirra, allt eftir jarðfræðilegum aðstæðum og niðurstöðum rannsókna. Sama verklagi er beitt við leit að byggingarefnum og við gerð mannvirkja á borð við stíflur er tekið mið af því hvaða efni er tiltækt til stíflugerðar.

Hvað varðar rannsóknarþætti sem eru utan sérsviðs viðkomandi ráðgjafa, þá er leitað til sérfræðinga á því sviði. Það á t.d. við um jarðskjálfta, jöklafræði, jarðskorpuhreyfingar o.fl. Sérstakir samningar eru gerðir við sérfræðingana um afmörkuð verkefni sem skilgreind eru í samráði við þá.

Í heild hafa nú verið gefnar út 273 rannsóknarskýrslur um Kárahnjúkavirkjun og Fljótsdalsvirkjun og 127 hönnunarskýrslur af margvíslegum toga.

2. *Hver var aðkoma Íslenskra orkurannsókna að rannsóknarvinnu vegna virkjunarinnar og þar áður rannsóknasviðs Orkustofnunar?*

Á árunum fram til 1990 vann vatnsorkudeild Orkustofnunar mikið að almennum undirbúningsrannsóknum vegna virkjana á Norðausturlandi. Frá árinu 1992 sáu Jarðtæknistofan og Jarðfræðistofan Ekra um jarðfræðilegar rannsóknir fyrir Landsvirkjun vegna Kárahnjúkavirkjunar. Rannsóknasvið Orkustofnunar, ROS, sem síðar varð að Íslenskum orkurannsóknum, ÍSOR, vann þó að afmörkuðum þáttum við rannsóknirnar og var sá þáttur sem hér segir:

- Árið 1997 gerði ROS berggrunnskort af svæði Hraunaveitu sem tengdist áformum um virkjun Jökulsár í Fljótsdal og þar með Kárahnjúkavirkjun.
- Árið 1997 var Kristján Sæmundsson, jarðfræðingur á ROS, fenginn til að skera úr um viss ágreiningsatriði í túlkun jarðmyndana í Brúardölum. Í framhaldi af því fékk ROS það verkefni að útbúa nýtt jarðfræðikort, byggt á samantekt allra eldri rannsókna. Niðurstöður voru birtar í skýrslu sem Árni Hjartarson og Elsa G. Vilmundardóttir skrifuðu.
- Árið 2000 vann ROS jarðgrunnskort (þ.e. kort af lausum jarðlögum) af umhverfi Hálslóns.
- Árið 2001 vann ROS jarðgrunnskort af svæðum við Hraunaveitu vegna Kárahnjúkavirkjunar.
- Árið 2003 sóttist ÍSOR eftir því að fá að gera jarðhitakortlagningu þá sem tilskilið var að færi fram í lónstæði Kárahnúkavirkjunar. ÍSOR var falið að vinna verkið sumarið 2004. Þá finnast strax hinar ungu sprungur í Sauðárdal. Landsvirkjun var strax gert viðvart. Í framhaldi af því hafa jarðfræðingar ÍSOR komið verulega að frekari kortlagningu sprungna og jarðhita á svæðinu og að skoðun þeirra sprungna sem komið hafa í ljós eftir því sem meira var grafið ofan í svæðið á framkvæmdatíma. Frá ÍSOR komu m.a. skýrslur um málið sem Kristján Sæmundsson og Haukur Jóhannesson skrifuðu.
- Sumarið 2005 vann ÍSOR bylgjubrotsmælingar og segulmælingar á jarðgangaleiðinni við Þrælaháls til að leita upplýsinga um hvort vænta mætti áframhaldandi erfiðleika vegna sprungna við borun ganganna.

3. *Hverjar hafa orðið helstu breytingar á fyrirkomulagi orkurannsókna í landinu eftir að rannsóknasvið Orkustofnunar var lagt niður og því breytt í Íslenskar orkurannsóknir?*

Árið 1997 var skipulag breytt þegar eldri skipting í jarðhitadeild, vatnsorkudeild og orkubúskapardeild var lögð niður en í staðinn var stofnuninni skipt í stjórnsýsluhluta og rannsóknarhluta. Þar með var öll opinber stjórnsýsla og ráðgjöf við stjórnvöld skipulagslega og fjárhagslega aðskilin frá rannsóknum og ráðgjöf sem á þeim er byggð. Rannsóknahlutinn fékk engar fjárveitingar og varð að standa undir sér með sölu rannsóknaþjónustu til orkuiðnaðarins, Orkustofnunar og annarra sem kaupa vildu. Hann uppfyllti öll ákvæði um samkeppnisrekstur hins opinbera. Rannsóknahlutanum var skipt í tvær aðskildar einingar, rannsóknasvið (ROS) og vatnamælingar (VM). Þótt þessar einingar væru sjálfstæðar heyrðu þær þó undir orkumálastjóra sem yfirmann Orkustofnunar. Þegar Orkustofnun voru færð aukin stjórnsýsluhlutverk með nýjum raforkulögum þótti einsýnt að það gæti ekki lengur staðist að stofnun sem færi með umfangsmikið vald til eftirlits og leyfisveitinga og væri lögbundinn umsagnaraðili um málefni orkufyrirtækja gæti jafnframt átt stórfellda fjárhagslega hagsmuni undir verksölu til þeirra aðila sem háðir voru ákvörðunum hennar. M.a. af þessum ástæðum var rannsóknasviðið skilið alveg frá og gert að sjálfstæðri ríkisstofnun, Íslenskum orkurannsóknum, en vatnamælingar voru enn um sinn vistaðar hjá Orkustofnun. Þessi breyting ein sér hafði engin teljandi áhrif á orkurannsóknir í landinu aðrar en að gera þær að miklu leyti óháðar þeirri stofnun sem fer með eftirlit og leyfisveitingar í orkumálum.

4. *Leitaði Landsvirkjun fulltingis sérmenntaðra mannvirkjafræðinga við undirbúning rannsókna vegna virkjunarinnar? Ef ekki, hvers vegna?*

Landsvirkjun leitaði til sérmenntaðra mannvirkjajarðfræðinga við undirbúning Kárahnjúkavirkjunar. Sumir þeirra eru með áratuga reynslu frá mörgum löndum, en samanlagðan vinnutími slíkra manna má mæla í mannárum. Auk þeirra kom að rannsóknunum nokkur fjöldi verkfræðinga sem sérmenntaðir eru í jarðtækni en slík menntun er að mörgu leyti lík menntun í mannvirkjajarðfræði.

5. *Voru notaðar VLF-mælingar við að finna vatnsleiðandi sprungur í berginu á jarðgangaleiðum og stíflustæðum virkjunarinnar, og voru gerðar skáboraðar holur á þessum stöðum? Ef ekki, hvers vegna?*

VLF-mælitæki (very low frequency) voru notuð á árinu 1998 á stíflustæði Kárahnjúkastíflu. Þau voru fengin sérstaklega frá Svíþjóð en VLF-tæki Orkustofnunar voru þá talin úrelt. Reynsla af þessum mælingum var þess eðlis að ekki þótti svara kostnaði að nota tækin frekar á þessu svæði. Þegar leitað var til Íslenskra orkurannsókna um jarðeðlisfræðilegar aðferðir til að staðsetja misgengi á jarðgangaleiðinni voru VLF-mælingar ekki meðal þeirra aðferða sem sérfræðingar þess fyrirtækis bentu á. Lágtíðnibylgjur, sem þessi tæki hafa notað, eru frá sendum sem hernaðaryfirvöld við austanvert Atlantshaf hafa notað til kafbátaleitar en við lok kalda stríðsins virðist hafa verið dregið mjög úr sendistyrk stöðvanna. Því hefur nú á seinni árum þurft að kaupa sérstaka senda með VLF tækjunum sem setja þarf upp á hverjum mælistað ásamt mörg hundruð metra löngu loftneti.

Skáholur voru boraðar þar sem sérstök ástæða þótti til, svo sem í stíflustæði Kárahnjúkavirkjunar.

6. *Voru gerðar mælingar á brotþoli eða fjaðureiginleikum bergsins við Kárahnjúkastíflu? Ef ekki, hvers vegna?*

Reglulegar mælingar voru gerðar á brotþoli borkjarna og endurkastskrafti (rebound hardness) úr öllum borholum á svæðinu, eins og gert hefur verið við slíkar rannsóknir um margra ára skeið.

Statískir fjaðureiginleikar bergs voru reiknaðir út frá bergspennumælingum í borholum við Kárahnjúka og Valþjófsstaðafjall. Beinar mælingar á statískum fjaðureiginleikum bergmassa eru mjög dýrar og vart hægt að gera nema úr jarðgöngum. Dynamískir fjaðureiginleikar bergmassa voru metnir út frá jarðskjálftaathugunum.

7. *Voru færustu sérfræðingar landsins á sviði jarðhita og jarðeðlisfræði kallaðir til áður en bygging stíflumannvirkjanna hófst? Ef ekki, hvers vegna?*

Orkustofnun hafði kannað jarðhita á svæðinu og birt um þá rannsókn skýrslu áður en Landsvirkjun hóf athuganir við Kárahnjúka. Auk þess komu sérfræðingar Orkustofnunar lítillega að sprungurannsóknum á árinu 1997. Að öðru leyti var ekki leitað til sérfræðinga á sviði jarðhita til að undirbúa stíflumannvirki enda engin ástæða talin til þess. Hönnuðir mannvirkja höfðu samráð við jarðeðlisfræðinga hjá fleiri en einni stofnun við setningu ýmissa hönnunarforsenda virkjunarinnar, svo sem á sviði jarðskjálfta og jarðskorpuhreyfinga, um gos undir jökli, hugsanleg flóð vegna slíkra atburða og ýmsa aðra áhættu. Ýmsar jarðeðlisfræðilegar mælingar voru gerðar af Jarðfræðistofunni hf. og Línuhönnun hf.

8. *Hver er ábyrgð Landsvirkjunar gagnvart undirbúningi stórframkvæmda á borð við Kárahnjúkavirkjun komi í ljós að ekki hafi verið leitað til aðila með fjölbreytta sérþekkingu á lykilsviðum í hagnýtum jarðvísindarannsóknum?*

Landsvirkjun hefur leitað til virtra aðila, bæði innan lands og erlendis, með fjölþætta sérfræðiþekkingu á öllum þeim sviðum sem máli skipta við undirbúning Kárahnjúkavirkjunar. Landsvirkjun er tryggð fyrir skaðabótum þriðja aðila á byggingatíma, en síðar er virkjunin tryggð með svokallaðri „All-risk" tryggingu. Að öðru leyti er ábyrgð fyrirtækisins samkvæmt lögum og í samræmi við almennar skaðabótareglur.

# 511. Svar [138. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um framlög til íþróttamála.

1. *Hver voru heildarframlög ríkisins til íþróttamála á árunum 1995–2005, skipt eftir árum á verðlagi ársins 2005?*

Heildarframlag til íþróttamála af sérmerktum fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins á árunum 1995–2005 á verðlagi ársins 2005 voru alls 2.442 millj. kr. Skipting fjárhæða eftir árum er sýnd í töflu 1.

**Tafla 1. Framlög til íþróttamála árin 1995–2005 á verðlagi ársins 2005.**

| 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 128.864 | 118.487 | 171.804 | 197.091 | 199.039 | 227.671 | 225.080 | 271.186 | 265.363 | 319.848 | 317.800 |

Árétta ber að framangreindar upplýsingar eru byggðar á sérmerktum fjárlagaliðum íþróttamála sem undir menntamálaráðuneyti heyra, bæði almennir styrkjum og stofnkostnaðarstyrkjum. Þá skal bent á að stofnanir og æskulýðs- og félagasamtök, svo sem Ungmennafélag Íslands, fá fjárframlög frá ríkinu undir öðrum fjárlagaliðum en íþróttamál. Auk þess veita önnur ráðuneyti framlög til íþróttamála, t.d. landbúnaðarráðuneyti til hestaíþróttarinnar.

2. *Hvernig skiptust framlögin á íþróttagreinar?*

Stór hluti framlags ríkisins til íþróttamála fer til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Íþróttasambands fatlaðra, Íþróttasjóðs og Afrekssjóðs ÍSÍ. Fjárframlögum er síðan úthlutað á ný og skiptast á einstök sambönd, aðildarfélög og íþróttasjóði í samræmi við ákvörðun þessara sambanda og sjóða.

Í töflu 2 hefur verið dregin saman skipting ríkisframlaga á fjárlagaliðum íþróttamála eins og þau birtast í fjárlögum og fjáraukalögum.

**Tafla 2. Fjárlagaliður 02-989 Ýmis íþróttamál. Framlög 1995–2005 á verðlagi hvers árs, í millj. kr.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands | 562,6 | Landssamband akstursíþróttafélaga | 4,0 |
| Ólympíunefnd Íslands | 24,5 | Torfærusamband Íslands | 0,5 |
| Smáþjóðaleikar | 20,0 | | 4,5 |
| Afrekssjóður ÍSÍ | 115,0 | | |
| Lyfjaeftirlit | 9,5 | Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli | 50,0 |
| | 731,6 | Gaddstaðir, reiðskemma | 26,0 |
| | | Íþróttamannvirki í Vesturbyggð | 10,0 |
| Íþróttasamband fatlaðra | 155,6 | Íþróttasvæðið í Torfanesi | 15,0 |
| Ólympíunefnd fatlaðra | 29,0 | Landsmót hestaíþrótta Melgerðismelar | 12,0 |
| | 184,6 | Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði | 26,0 |
| | | Skíðaskálinn í Kerlingarfjöllum | 15,5 |
| Skólaíþróttir | 21,2 | Skíðasvæðið í Tungudal | 22,0 |
| Íþróttasjóður | 185,0 | Sparkvellir - KSÍ | 55,0 |
| | 206,2 | Landsmót á Tálknafirði | 2,5 |
| | | Sauðárkrókur, landsmót UMFÍ 2004 | 65,0 |
| Bridgesamband Íslands | 72,6 | Landsmót ungmennafél. í Stykkishólmi | 15,0 |
| | 72,6 | Íþróttaaðstaða á Egilsstöðum | 35,0 |
| | | Borgarbyggð, landsmót UMFÍ | 15,0 |
| Launasjóður stórmeistara í skák | 83,6 | Vetraríþróttamiðst. Ísl. á Akureyri | 153,6 |
| Skáksamband Íslands | 82,7 | | 517,6 |
| Skákskóli Íslands | 47,5 | | |
| | 213,8 | Íþróttamiðstöð Íslands | 11,6 |
| | | Laugar í Sælingsdal | 8,0 |
| Fimleikasamband Íslands | 0,3 | Sumarbúðir Ástjörn | 3,0 |
| Frjálsíþróttasamband Íslands | 3,0 | Náttúruböð í Mývatnssveit | 7,0 |
| Glímusamband Íslands | 30,0 | Evrópusamb. verkefni EYES 2004 | 1,0 |
| Handknattleikssamband Íslands | 64,5 | Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra | 1,6 |
| Knattspyrnusamband Íslands v/EM2008 | 4,0 | Ýmis íþróttamál | 38,2 |
| Körfuknattleikssamband Íslands | 3,0 | | 70,4 |
| Sundsamband Íslands | 2,0 | | |
| | 106,8 | | |

**Samtals: 2.108,1**

Í meðfylgjandi fylgiskjali er hægt að sjá nánari sundurliðun á verðlagi hvers árs.

3. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir aukningu framlaga til akstursíþrótta?*

Ráðherra mun eftir sem áður beita sér fyrir góðum stuðningi við þá málaflokka sem heyra undir ráðuneytið eftir því sem við á.

## Fylgiskjal.

### Samantekt 02-989 Íþróttir.

| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Almennur rekstur | 72.500 | 82.500 | 117.800 | 124.000 | 130.100 | 158.900 | 158.400 | 189.200 | 212.600 | 226.400 | 194.800 | **1.667.200** |
| Stofnkostnaður | 5.000 | 2.500 | 7.000 | 17.000 | 13.000 | 15.000 | 20.000 | 24.000 | 34.000 | 81.000 | 120.000 | **338.500** |
| Fjáraukalög | 6.500 | 0 | 0 | 6.500 | 10.000 | 12.000 | 600 | 30.000 | 0 | 0 | 5.500 | **71.100** |
| Millifært af öðrum liðum | 7.435 | 965 | 2.100 | 500 | 1.500 | -200 | 16.850 | 4.100 | 500 | 0 | -2.500 | **31250** |
| | **91.435** | **85.965** | **126.900** | **148.000** | **154.600** | **185.700** | **195.850** | **247.300** | **247.100** | **307.400** | **317.800** | **2.108.050** |
| Fært til verðlags 2005 | 128.864 | 118.487 | 171.804 | 197.091 | 199.039 | 227.671 | 225.080 | 271.186 | 265.363 | 319.848 | 317.800 | **2.442.234** |

Meðalverðlag hvers árs

### Breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1998.

| | | Vísitala neysluverðs |
|---|---|---|
| **Meðaltal** | 1995 | 173,2 |
| **ársins** | 1996 | 177,1 |
| | 1997 | 180,3 |
| | 1998 | 183,3 |
| | 1999 | 189,6 |
| | 2000 | 199,1 |
| | 2001 | 212,4 |
| | 2002 | 222,6 |
| | 2003 | 227,3 |
| | 2004 | 234,6 |
| | 2005 | 244,1 |

**02-989 Ýmis rekstur.**
**Almennur rekstur.**

| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands | 24.000 | 24.000 | 28.000 | 28.700 | 31.700 | 49.700 | 57.700 | 74.700 | 74.700 | 89.700 | 74.700 | 557.600 |
| Ólympíunefnd Íslands | 3.000 | 8.000 | 4.500 | 6.000 | | | | | | | | 21.500 |
| Ólympíunefnd fatlaðra | 1.500 | 1.500 | 1.500 | 1.500 | 1.500 | 7.500 | 3.000 | 1.500 | 4.000 | 4.000 | 1.500 | 29.000 |
| Íþróttasamband fatlaðra | 8.500 | 12.500 | 12.500 | 12.500 | 12.500 | 12.500 | 12.500 | 16.500 | 18.500 | 18.500 | 18.500 | 155.500 |
| Skólaíþróttir | | 3.000 | 3.000 | 3.000 | 3.000 | 3.000 | 3.000 | 3.000 | | | 2.000 | 23.000 |
| Íþróttasjóður | 14.500 | 14.800 | 14.800 | 14.800 | 16.300 | 18.300 | 18.300 | 18.300 | 18.300 | 18.300 | 18.300 | 185.000 |
| Vetraríþróttamiðst. Ísl. á Akureyri | | | | 2.000 | 2.000 | 2.000 | 2.000 | 2.800 | 5.800 | 3.200 | 3.200 | 23.000 |
| Íþróttamiðstöð Íslands | 1.300 | 1.300 | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 11.600 |
| Handknattleikssamband Íslands | | | 14.000 | 14.000 | 14.000 | | | | | | | 42.000 |
| Glímusamband Íslands | | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 3.500 | 3.500 | 3.500 | 3.500 | 4.000 | 4.000 | 4.000 | 29.000 |
| Skáksamband Íslands | | 3.000 | 3.000 | 6.000 | 7.500 | 7.000 | 7.000 | 9.000 | 8.000 | 8.000 | 13.000 | 71.500 |
| Launasjóður stórmeistara í skák | 6.500 | 7.200 | 9.500 | 8.500 | 6.700 | 5.200 | 7.000 | 7.200 | 7.400 | 7.600 | 7.700 | 80.500 |
| Landsmót ungmennafél. í Stykkishólmi | | | | | | | 5.000 | 10.000 | | | 0 | 15.000 |
| Frjálsíþróttavöllur á Ísafirði, Landsmót '04* | | | | | | | | 10.000 | | | 0 | 10.000 |
| Skákskóli Íslands | 2.500 | 2.500 | 2.500 | 2.500 | 3.100 | 4.900 | 5.100 | 5.800 | 6.000 | 6.200 | 6.400 | 47.500 |
| Afrekssjóður ÍSÍ ** | | | | | | | 10.000 | 10.000 | 25.000 | 25.000 | 25.000 | 95.000 |
| Landssamband akstursíþróttafélaga | | | | | 1.000 | 1.000 | | | | | 0 | 2.000 |
| Borgarbyggð, landsmót UMFÍ | | | 8.000 | 7.000 | | | | | | | | 15.000 |
| Sauðárkrókur, landsmót UMFÍ 2004 | | | | | | | | | 20.000 | 20.000 | 0 | 40.000 |
| Bridgesamband Íslands | | 2.000 | 2.000 | 3.000 | 3.000 | 3.000 | 10.000 | 10.000 | 8.000 | 8.000 | 10.500 | 59.500 |
| Ýmis íþróttamál | 10.700 | 1.700 | 2.500 | 2.500 | 23.300 | 40.300 | 13.300 | 5.900 | 11.900 | 12.900 | 9.000 | 134.000 |
| Smáþjóðaleikar | | | 10.000 | 10.000 | | | | | | | | 20.000 |
| | **72.500** | **82.500** | **117.800** | **124.000** | **130.100** | **158.900** | **158.400** | **189.200** | **212.600** | **226.400** | **194.800** | **1667.200** |

* Framlag 2002 til Ísafjarðar var veitt til Sauðárkróks.
*** Að auki var framlag 2003 til Sauðárkróks 15,0 millj. kr. veitt af fjáraukalögum.

**02-989 Ýmis íþróttamál.**
**Stofnkostnaður, þús. kr.**

| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Samtals: |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skáksamband Íslands byggingarstyrkur | 5.000 | 2.500 | | | | | | | | | | **7.500** |
| Bridgesamband Íslands byggingarstyrkur | | | 3.000 | 3.000 | 3.000 | | | | | | | **9.000** |
| Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum | | | 4.000 | 4.000 | | | | | | | | **8.000** |
| Vetraríþróttamiðstöð Íslands | | | | 10.000 | 10.000 | 10.000 | 10.000 | 10.000 | 20.000 | 30.000 | 30.000 | **130.000** |
| Íþróttamannvirki í Vesturbyggð | | | | | | 5.000 | | | | | | **5.000** |
| Skíðasvæðið í Tungudal | | | | | | | 10.000 | | | 7.000 | 5.000 | **22.000** |
| Gaddastaðir, reiðskemma | | | | | | | | 7.000 | 7.000 | 7.000 | 5.000 | **26.000** |
| Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði | | | | | | | | 7.000 | 7.000 | 7.000 | 5.000 | **26.000** |
| Sparkvellir – KSÍ | | | | | | | | | | 30.000 | 25.000 | **55.000** |
| Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli KSÍ | | | | | | | | | | | 50.000 | **50.000** |
| **Samtals:** | **5.000** | **2.500** | **7.000** | **17.000** | **13.000** | **15.000** | **20.000** | **24.000** | **34.000** | **81.000** | **120.000** | **338.500** |

**02-989 Ýmis íþróttamál.**
**Fjáraukalög, þús. kr.**

| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands | 1.500 | | | | | | | | | | | **1.500** |
| Vetraríþróttamiðst. Ísl. á Akureyri | | | | | | | 600 | | | | | **600** |
| Handknattleikssamband Íslands | 5.000 | | | | | | | | | | | **5.000** |
| Launasjóður stórmeistara í skák | | | | | | | | | | | 3.000 | **3.000** |
| Sauðárkrókur, landsmót UMFÍ 2004 | | | | | | | | 15.000 | | | | **15.000** |
| Bridgesamband Íslands | | | | 2.000 | | | | | | | | **2.000** |
| Ýmis íþróttamál | | | | | 5.000 | 12.000 | | | | | | **17.000** |
| Skíðaskálinn í Kerlingarfjöllum | | | | 4.500 | | | | | | | | **4.500** |
| Íþróttasvæðið í Torfanesi | | | | | | | | 15.000 | | | | **15.000** |
| Íþróttamannvirki í Vesturbyggð | | | | | 5.000 | | | | | | | **5.000** |
| Skákmót á Grænlandi | | | | | | | | | | | 2.500 | **2.500** |
| | **6.500** | **0** | **0** | **6.500** | **10.000** | **12.000** | **600** | **30.000** | **0** | **0** | **5.500** | **71.100** |

**02-989 Ýmis íþróttamál.**
**Annað, millifært af öðrum liðum, þús. kr.**

| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands | 1.500 | | | | | | | | | | | **1.500** |
| Ólympíunefnd Íslands | 3.000 | | | | | | | | | | | **3.000** |
| Skólaíþróttir | | | 100 | | | -350 | -150 | | | -1.329 | | **-1.729** |
| Handknattleikssamband Íslands | 1.000 | | | | 1.500 | | | | | | | **2.500** |
| Launasjóður stórmeistara í skák | 85 | | | | | | | | | | | **85** |
| Skáksamband Íslands | 500 | 300 | | | | | | | | | | **800** |
| Bridgesamband Íslands | 750 | | | | | | | | | | | **750** |
| Ýmis íþróttamál | 600 | 665 | 2.000 | 500 | | 150 | 17.000 | 4.100 | 500 | 1.329 | | **26.844** |
| Skákmót á Grænlandi | | | | | | | | | | | -2500 | **-2.500** |
| | **7.435** | **965** | **2.100** | **500** | **1.500** | **-200** | **16.850** | **4.100** | **500** | **0** | **-2500** | **31.250** |

# 512. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haldið áfram umfjöllun sinni um frumvarpið frá því að 2. umræða fór fram 23. nóvember sl. Meiri hluti nefndarinnar gerir nokkrar breytingartillögur við frumvarpið sem nema alls 96 m.kr. til lækkunar útgjalda.

## SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

### 02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði lækkuð um 95,9 m.kr.

**872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.**

*1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna.* Lögð er til 139 m.kr. lækkun fjárveitingar. Umsóknum um námslán hefur ekki fjölgað eins mikið og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarpsins auk þess sem gengisþróun hefur verið hagstæðari. Sama breyting er lögð til á útgjöldum og ríkisframlagi í C-hluta.

**919 Söfn, ýmis framlög.**

*1.90 Söfn, ýmis framlög.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,3 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

*1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,5 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

*6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins og er framlagið ætlað Vatnasafninu í Stykkishólmi.

**982 Listir, framlög.**

*1.90 Listir.* Gerð er tillaga um 8,6 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins. Þar af eru 8 m.kr. ætlaðar til stuðnings verkefninu Tónlist er lífið sem felst í gerð sjónvarpsþátta um tónlistarlífið á Íslandi.

Þá er fallið frá 0,6 m.kr. verðlagsniðurfærslu sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

**983 Ýmis fræðistörf.**

*1.11 Styrkir til útgáfumála.* Gerð er tillaga um 10,2 m.kr. tímabundna hækkun á safnliðnum. Þar af er gert ráð fyrir 10 m.kr. framlagi til stuðnings við samræmda heildarþýðingu Íslendingasagna á dönsku, norsku og sænsku.

Þá er fallið frá 0,2 m.kr. verðlagsniðurfærslu sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

**988 Æskulýðsmál.**

*1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi.* Gerð er tillaga um að framlag til KFUM í Vatnaskógi verði 4 m.kr. en í frumvarpinu var fellt niður framlag til viðfangsefnisins.

*1.90 Æskulýðsmál.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,2 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

**989 Ýmis íþróttamál.**

*1.20 Glímusamband Íslands.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til Glímusambands Íslands en í frumvarpinu var fellt niður framlag til sambandsins.

*1.90 Ýmis íþróttamál.* Gerð er tillaga um 2,2 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins. Þar af eru 2 m.kr. ætlaðar til uppbyggingar þjónustu- og aðstöðuhúss fyrir kajakaferðir á Stokkseyri.

Þá er fallið frá 0,2 m.kr. verðlagsniðurfærslu sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

**999 Ýmislegt.**

*1.90 Ýmis framlög.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,9 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

*1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 1,2 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

## 03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði lækkuð um 60 m.kr.

**211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.**

*1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.* Lagt er til að framlag til flugverndar verði lækkað um 60 m.kr. sem skýrist af minni kostnaði við flugvernd vegna farþega frá þriðja ríki. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir tæplega 160 m.kr. hækkun til verkefnisins en nú er ljóst að kostnaðurinn verður talsvert minni. Sama breyting er lögð til á útgjöldum og ríkisframlagi í B-hluta.

## 04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 18,2 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.90 Ýmis verkefni.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,5 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

*1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

**271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.**

*1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Vettvangsskóla við Hólarannsóknina á Hólum í Hjaltadal en hann var stofnaður árið 2003 í tengslum við að sett var á fót háskólanám í fornleifafræði hér á landi. Síðan hafa 70 nemar sótt námskeið á vegum skólans á Hólum. Hólarannsóknin hefur rekið verkefnið með styrk frá Kristnihátíðarsjóði og framlagi erlendra háskóla enda var það eitt af meginmarkmiðum rannsóknarinnar að efla fræðslu á sviði fornleifarannsókna hérlendis.

**311 Landgræðsla ríkisins.**

*1.90 Fyrirhleðslur.* Gerð er tillaga um 12,6 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum. Þar af er gert ráð fyrir 12 m.kr. framlagi vegna neyðarástands sem skapast hefur við Jökulsá á Fjöllum í Kelduhverfi vegna klakastíflna í ánni. Hefur áin hlaupið úr farvegi sínum í Skjálftavatn og var mikil hætta á að hún ryddi sér leið í Litluá sem hefði haft í för með sér mikið landbrot og ómældan skaða á lífríki árinnar. Talið er nauðsynlegt að grípa þegar til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að slíkt gerist aftur.

Þá er fallið frá 0,6 m.kr. verðlagsniðurfærslu sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

**05 Sjávarútvegsráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 0,2 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.90 Ýmislegt.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

*1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

**07 Félagsmálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 1,4 m.kr.

**999 Félagsmál, ýmis starfsemi.**

*1.90 Ýmis framlög.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,8 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

*1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,6 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

**08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2,6 m.kr.

**399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.**

*1.90 Ýmis framlög.* Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundna hækkun á safnliðnum. Þar af er gert ráð fyrir 2 m.kr. framlagi til að styrkja Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur.

Þá er fallið frá 0,5 m.kr. verðlagsniðurfærslu sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

*1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

### 09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði lækkuð um 9,7 m.kr.

**989 Launa- og verðlagsmál.**

*1.90 Launa- og verðlagsmál.* Við 2. umræðu um frumvarpið voru nokkrir safnliðir lækkaðir um alls 9,7 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af þessum lið.

### 10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 45,9 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

*1.90 Ýmislegt.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,3 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

*1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,4 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

**251 Umferðarstofa.**

*1.01 Umferðarstofa.* Lögð er til 45 m.kr. fjárheimild til að standa straum af útgjöldum vegna umferðaröryggisáætlunar. Í nýlegum breytingum á umferðarlögum hækkar umferðaröryggisgjald úr 200 kr. í 400 kr. Áætlað er að hækkun gjaldsins skili 45 m.kr. í auknar tekjur á næsta ári. Áformað er að ráðstafa tekjunum til umferðaröryggismála og gæðamats á vegum.

**336 Hafnabótasjóður.**

*6.74 Lendingabætur.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

### 11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 0,2 m.kr.

**299 Iðja og iðnaður, framlög.**

*1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,2 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

### 14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 1,1 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.90 Ýmis verkefni.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,2 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

*1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis.* Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,9 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

## SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ SUNDURLIÐUN 3 (B-HLUTA)

### 23 Utanríkisráðuneyti

**111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.**

Lagt er til að framlag til flugverndar verði lækkað um 60 m.kr. sem skýrist af minni kostnaði við flugvernd vegna farþega frá þriðja ríki. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir tæplega 160 m.kr. hækkun til verkefnisins en nú er ljóst að kostnaðurinn verður talsvert minni.

## SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA)

### 42 Menntamálaráðuneyti

**872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.**

Frá síðustu áætlun hafa nokkrar breytingar orðið hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Umsóknum um námslán hefur ekki fjölgað eins mikið og ráð var gert fyrir. Áætluð fjölgun námsmanna á Íslandi og erlendis er nú 3%. Gert er ráð fyrir að lánþegar verði 10.600 og útlán hækki úr 8.260 m.kr. á árinu 2006 í 9.506 m.kr. á árinu 2007 í stað 9.778 m.kr. eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Einnig hefur gengisþróun verið hagstæð. Lántökuþörf og almenn rekstrarútgjöld eru óbreytt en fjármunatekjur og fjármagnsgjöld hafa verið lækkuð til samræmis við minni verðbólguvæntingar. Ríkisendurskoðun hefur ekki séð ástæðu til að breyta mati sínu á framlagsþörf sjóðsins. Frá síðustu áætlun er því miðað við óbreytt hlutfall af útlánum vegna væntanlegra affalla og niðurgreiðslu vaxta, þ.e. 51% af veittum námslánum ársins 2007. Að teknu tilliti til kostnaðar vegna reksturs og vaxtastyrks hefur endurskoðuð útlánaáætlun því í för með sér að lækka má framlag úr ríkissjóði um 139 m.kr., eða úr 5.383 m.kr. samkvæmt frumvarpinu í 5.244 m.kr. samkvæmt fyrirliggjandi fjárhagsáætlun.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 4. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Birkir J. Jónsson, form., frsm. | Arnbjörg Sveinsdóttir. | Guðjón Hjörleifsson. |
| Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Þórdís Sigurðardóttir. | Guðjón Ólafur Jónsson. |

# 513. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (BJJ, ArnbS, GHj, SÞorg, ÞórdS, GÓJ).

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| 1. Við **02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna** | | | |
| 1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna | 5.383,0 | -139,0 | 5.244,0 |
| 2. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög** | | | |
| a. 1.90 Söfn, ýmis framlög | 23,3 | 0,3 | 23,6 |
| Í 1. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 13. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| b. 1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis | 93,6 | 0,5 | 94,1 |
| Í 2. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 12. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| c. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður | 90,0 | 10,0 | 100,0 |
| Við 3. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr töluliður, svohljóðandi: | | | |
| 21. Vatnasafn í Stykkishólmi | | | 10,0 |
| 3. Við **02-982 Listir, framlög** | | | |
| 1.90 Listir | 50,3 | 8,6 | 58,9 |
| Við 4. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta: | | | |
| a. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: | | | |
| 20. Tónlist er lífið | | | 8,0 |
| b. 22. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] falli brott. | | | |
| 4. Við **02-983 Ýmis fræðistörf** | | | |
| 1.11 Styrkir til útgáfumála | 23,3 | 10,2 | 33,5 |
| Við 5. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta: | | | |
| a. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: | | | |
| 6. Íslendingasögur á dönsku, norsku og sænsku | | | 10,0 |
| b. 12. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] falli brott. | | | |
| 5. Við **02-988 Æskulýðsmál** | | | |
| a. 1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi | 0,0 | 4,0 | 4,0 |
| b. 1.90 Æskulýðsmál | 21,5 | 0,2 | 21,7 |
| Í 7. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 11. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| 6. Við **02-989 Ýmis íþróttamál** | | | |
| a. 1.20 Glímusamband Íslands | 0,0 | 5,0 | 5,0 |
| b. 1.90 Ýmis íþróttamál | 22,5 | 2,2 | 24,7 |
| Við 8. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta: | | | |
| 1. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: | | | |
| 5. Þjónustu- og aðstöðuhús fyrir kajakaferðir | | | 2,0 |
| 2. 5. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] falli brott. | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 7. Við **02-999 Ýmislegt** | | | |
| a. 1.90 Ýmis framlög | 101,2 | 0,9 | 102,1 |
| Í 9. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 37. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| b. 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis | 114,1 | 1,2 | 115,3 |
| Í 10. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 10. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| 8. Við **03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli** | | | |
| 1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli | 2.611,0 | -60,0 | 2.551,0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *1.558,4* | *-60,0* | *1.498,4* |
| 9. Við **04-190 Ýmis verkefni** | | | |
| a. 1.90 Ýmis verkefni | 44,2 | 0,5 | 44,7 |
| Í 12. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 20. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| b. 1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis | 22,7 | 0,1 | 22,8 |
| Í 13. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 5. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| 10. Við **04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal** | | | |
| 1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal | 319,3 | 5,0 | 324,3 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *210,2* | *5,0* | *215,2* |
| 11. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins** | | | |
| 1.90 Fyrirhleðslur | 57,4 | 12,6 | 70,0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *505,0* | *12,6* | *517,6* |
| Við 14. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta: | | | |
| a. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: | | | |
| 5. Jökulsá á Fjöllum | | | 12,0 |
| b. 5. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] falli brott. | | | |
| 12. Við **05-190 Ýmis verkefni** | | | |
| a. 1.90 Ýmislegt | 7,9 | 0,1 | 8,0 |
| Í 15. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 6. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| b. 1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins | 19,1 | 0,1 | 19,2 |
| Í 16. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 5. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| 13. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi** | | | |
| a. 1.90 Ýmis framlög | 74,0 | 0,8 | 74,8 |
| Í 17. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 36. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| b. 1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis | 65,0 | 0,6 | 65,6 |
| Í 18. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 10. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| 14. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi** | | | |
| a. 1.90 Ýmis framlög | 37,9 | 2,5 | 40,4 |
| Við 19. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta: | | | |
| 1. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 18. Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur .... | | | 2,0 |
| 2.29. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] falli brott. | | | |
| b. 1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis ..... | 10,5 | 0,1 | 10,6 |
| Í 20. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 6. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| 15. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál** | | | |
| 1.90 Launa- og verðlagsmál ..... | 300,0 | -9,7 | 290,3 |
| 16. Við **10-190 Ýmis verkefni** | | | |
| a. 1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf ..... | 12,6 | 0,1 | 12,7 |
| Í 21. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 6. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| b. 1.90 Ýmislegt ..... | 38,2 | 0,3 | 38,5 |
| Í 22. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 19. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| c. 1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis ..... | 32,5 | 0,4 | 32,9 |
| Í 23. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 5. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| 17. Við **10-251 Umferðarstofa** | | | |
| 1.01 Umferðarstofa ..... | 599,3 | 45,0 | 644,3 |
| *Innheimt af ríkistekjum* ..... | *420,4* | *45,0* | *465,4* |
| 18. Við **10-336 Hafnabótasjóður** | | | |
| 6.74 Lendingabætur ..... | 8,6 | 0,1 | 8,7 |
| *Greitt úr ríkissjóði* ..... | *701,7* | *0,1* | *701,8* |
| Í 24. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 11. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| 19. Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög** | | | |
| 1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis ..... | 34,5 | 0,2 | 34,7 |
| *Greitt úr ríkissjóði* ..... | *151,6* | *0,2* | *151,8* |
| Í 26. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 7. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| 20. Við **14-190 Ýmis verkefni** | | | |
| a. 1.90 Ýmis verkefni ..... | 18,8 | 0,2 | 19,0 |
| Í 28. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 8. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |
| b. 1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis ..... | 73,1 | 0,9 | 74,0 |
| Í 29. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 14. tölul. [Verðlagsniðurfærsla] brott. | | | |

# 514. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (BJJ, ArnbS, GHj, SÞorg, ÞórdS, GÓJ).

Eftirfarandi breyting verður á sundurliðun 3 (**Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta**):
Liður **23-111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli** orðist svo:

**23-111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli**

| **Rekstrarásetlun:** | m.kr. |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 61,5 |
| Rekstrargjöld | 2.690,3 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | -30,0 |
| **Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi** | **-2.658,8** |
| Framlag til rekstrar úr ríkissjóði | 2.551,0 |
| **Hagnaður (-tap)** | **-107,8** |
| **Sjóðstreymi:** | |
| Hagnaður (-tap) | -107,8 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | 102,9 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | -0,1 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **-5,0** |
| ***Fjárfestingarhreyfingar*** | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 424,6 |
| **Fjárfestingarhreyfingar samtals** | **-424,6** |
| ***Fjármögnunarhreyfingar*** | |
| Tekin löng lán | 350,0 |
| Afborganir af teknum löngum lánum | 29,5 |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | **320,5** |
| **Breyting á handbæru fé** | **-109,1** |
| Handbært fé í ársbyrjun | 116,1 |
| Handbært fé í árslok | 7,0 |

# 515. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (BJJ, ArnbS, GHj, SÞorg, ÞórdS, GÓJ).

Eftirfarandi breyting verður á sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**):
Liður **42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna** orðist svo:

**42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna**

| **Rekstrarásetlun:** | m.kr. |
|---|---|
| Fjármunatekjur | 7.268,4 |
| Fjármagnsgjöld | 5.150,7 |
| Framlög í afskriftasjóð útlána | 1.026,0 |
| **Hreinar fjármunatekjur** | **1.091,7** |
| Framlag til rekstrar úr ríkissjóði | 5.244,0 |
| Aðrar rekstrartekjur | 18,0 |
| Önnur rekstrargjöld | 414,0 |
| **Hagnaður (-tap)** | **5.939,7** |
| **Sjóðstreymi:** | |
| Hagnaður (-tap) | 5.939,7 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | -2.772,0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **3.167,7** |
| ***Fjárfestingarhreyfingar*** | |
| Veitt löng lán | 9.506,0 |
| Afborganir af veittum löngum lánum | 4.291,0 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 69,0 |
| **Fjárfestingarhreyfingar samtals** | **-5.284,0** |
| ***Fjármögnunarhreyfingar*** | |
| Tekin löng lán | 7.100,0 |
| Afborganir af teknum löngum lánum | 4.569,0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | **2.531,0** |
| **Breyting á handbæru fé** | **414,7** |
| Handbært fé í ársbyrjun | 321,0 |
| Handbært fé í árslok | 735,7 |

# 516. Frumvarp til laga [428. mál]

um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Vinnumálastofnunar.

2. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: Vinnumálastofnun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 1. mgr. kemur: Vinnumálastofnunar.
b. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 1. mgr. kemur: Vinnumálastofnun.
c. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ hvarvetna í 3., 4. og 5. mgr. kemur: Vinnumálastofnun.
d. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í fyrirsögn kemur: Vinnumálastofnunar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. a laganna:

a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. mgr. kemur: Vinnumálastofnun.
b. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 2. mgr. kemur: Vinnumálastofnunar.
c. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 5. mgr. kemur: Vinnumálastofnun.

5. gr.

2. og 3. málsl. 5. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðila um hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg samkvæmt ákvæði þessu. Synjun Vinnumálastofnunar um lengingu fæðingarorlofs er heimilt að kæra til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála, sbr. 5. gr.

6. gr.

2. og 3. málsl. 4. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðila um hvort lenging á rétti til fæðingarstyrks sé nauðsynleg samkvæmt ákvæði þessu. Synjun Vinnumálastofnunar um lengingu á rétti til fæðingarstyrks er heimilt að kæra til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála, sbr. 5. gr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 1. mgr. kemur: Vinnumálastofnunar.
b. Í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í 3. mgr. kemur: Vinnumálastofnunar.
c. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í fyrirsögn kemur: Vinnumálastofnunar.

8. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Foreldri sem nýtur greiðslna í fæðingarorlofi á ekki rétt til sjúkradagpeninga og lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar vegna sama barns.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi hafa að undanförnu komið fram fyrirspurnir um samræmingu greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum, annars vegar og umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum, hins vegar. Fram til þessa hafa greiðslur í fæðingarorlofi og réttur til umönnunargreiðslna ekki farið saman, þ.e. foreldrar sem átt hafa rétt til greiðslna í fæðingarorlofi hafa ekki á sama tíma átt rétt til umönnunargreiðslna.

Félagsmálaráðherra upplýsti í fyrirspurnatíma á Alþingi að hann hygðist beita sér fyrir breytingu á þessu og er frumvarp þetta samið í framhaldi af því.

Að auki er nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum þar sem félagsmálaráðherra hefur ákveðið í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 95/2000, sbr. 1. gr. laga nr. 90/2004, að fela Vinnumálastofnun vörslu Fæðingarorlofssjóðs. Fram að þessu hefur varsla sjóðsins verið hjá Tryggingastofnun ríkisins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1.–4. gr.

Breytingar á þessum greinum varða eingöngu þá breytingu sem gerð hefur verið á vörslu Fæðingarorlofssjóðs.

Um 5. gr.

Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um skyldu tryggingayfirlæknis til að meta hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg. Er sú tillaga í samræmi við þá breytingu sem gerð hefur verið á vörslu Fæðingarorlofssjóðs. Í stað þess er lagt til að Vinnumálastofnun verði heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðila um hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði. Er það því lagt í hendur framkvæmdaraðilans að meta hvort þörf sé á endurmati á vottorði læknis umsækjanda. Slíkt fyrirkomulag er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

Um 6. gr.

Um skýringu vísast við athugasemda við 5. gr.

Um 7. gr.

Breytingar á þessari grein varða eingöngu þá breytingu sem gerð hefur verið á vörslu Fæðingarorlofssjóðs.

Um 8. gr.

Lögð er til breyting á 2. mgr. 33. gr. laganna í samræmi við þann tilgang sem lýst er í almennum athugasemdum. Er litið svo á að tilgangur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og

umönnunargreiðslna á grundvelli 4. gr. laga um félagslega aðstoð sé ekki sá sami. Greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði er ætlað að mæta tekjumissi foreldra er þeir annast barn sitt í fæðingarorlofi, en umönnunargreiðslunum er ætlað að mæta útgjöldum fjölskyldna sem rekja má til veikinda eða fötlunar barna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að aðgreina greiðslur úr fæðingarorlofssjóði og umönnunargreiðslur. Í öðru lagi er lagt til að Vinnumálastofnun sjái um vörslu fæðingarorlofssjóðs sem hefur verið í höndum Tryggingastofnunar.

Áætlað er að kostnaður vegna umönnunargreiðslna hækki um 16 m.kr. þar sem hægt verður að fá þær um leið og fæðingarorlofsgreiðslur. Tímabundin kostnaður vegna undirbúnings á yfirtöku Vinnumálastofnunar á starfsemi fæðingarorlofssjóðs er áætlaður 37,5 m.kr. Hanna þarf nýjan hugbúnað, kaupa búnað og tæki og ráða starfsfólk og þjálfa svo verkefnið gangi eftir. Gert er ráð fyrir útgjöldunum í frumvarpinu til fjáraukalaga 2006. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 52 m.kr. í umsýslukostnað fyrir sjóðinn og er ekki gert ráð fyrir að sá kostnaður aukist.

# 517. Frumvarp til laga [429. mál]

um ættleiðingarstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI
**Almenn ákvæði.**
1. gr.
*Gildissvið.*

Lög þessi taka til fjárstyrkja úr ríkissjóði til kjörforeldra sem ættleitt hafa erlent barn eða börn í samræmi við lög um ættleiðingar.

## II. KAFLI
## Stjórnsýsla.

### 2. gr.
*Yfirstjórn.*

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn ættleiðingarstyrkja samkvæmt lögum þessum.

### 3. gr.
*Framkvæmdaraðili.*

Félagsmálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara.

Kostnaður vegna ættleiðingarstyrkja í lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

### 4. gr.
*Kæruheimild.*

Ákvörðun um synjun ættleiðingarstyrks og leiðréttingu á greiðslum skv. 8. gr. er heimilt að kæra til félagsmálaráðherra. Um kæru gilda ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

## III. KAFLI
## Greiðsla ættleiðingarstyrks.

### 5. gr.
*Greiðsla og skilyrði styrks.*

Ættleiðingarstyrkur er eingreiðsla sem er greidd út samkvæmt umsókn kjörforeldra þegar erlend ættleiðing hefur verið staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi hefur verið gefið út hér í samræmi við ákvæði laga um ættleiðingar.

Kjörforeldrar sem hafa fengið útgefið forsamþykki í samræmi við lög um ættleiðingar eiga einir rétt á ættleiðingarstyrk. Þessi réttur er ekki framseljanlegur.

Ættleiðingarstyrkur er aðeins veittur vegna ættleiðinga sem fara fram fyrir milligöngu löggilts ættleiðingarfélags.

### 6. gr.
*Umsókn um styrk.*

Kjörforeldrar skulu sækja um ættleiðingarstyrk á þar til gerðum eyðublöðum. Sækja skal um styrk innan sex mánaða frá því að erlend ættleiðing er staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi gefið út hér í samræmi við lög um ættleiðingar. Réttur til ættleiðingarstyrks fellur niður að þessum tíma liðnum.

Ákveða skal með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur hvaða gögn skuli fylgja með umsókn um ættleiðingarstyrk.

### 7. gr.
*Fjárhæð styrks.*

Fjárhæð ættleiðingarstyrks nemur 480.000 kr. Fjárhæð styrksins skal endurskoðuð í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á tveggja ára fresti. Félagsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um endurskoðaða fjárhæð styrksins.

Ef kjörforeldrar hafa ættleitt fleiri en eitt barn samtímis er veittur styrkur vegna hvers barns umfram eitt sem nemur 20% af fjárhæð skv. 1. mgr.

8. gr.

*Leiðrétting á greiðslum.*

Hafi styrkþegi ranglega fengið ættleiðingarstyrk skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

## IV. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

9. gr.

*Reglugerð.*

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

10. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Rétt til styrks samkvæmt lögum þessum eiga kjörforeldrar barna sem ættleidd eru eftir gildistöku laganna.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I. Almennt.

Á Alþingi hefur nokkrum sinnum komið til umfjöllunar sá möguleiki að taka upp ættleiðingarstyrki hér á landi. Á 117. löggjafarþingi veturinn 1993–1994 var þeirri fyrirspurn beint til dómsmálaráðherra hvort hann vildi beita sér fyrir styrkveitingum til þeirra foreldra sem ættleiða börn erlendis frá (þskj. 939 – 588. mál). Í svörum dómsmálaráðherra kom fram að ekki hefði verið tekin ákvörðun um slíkar styrkveitingar en hins vegar hefði ráðherra óskað eftir því að aflað yrði upplýsinga frá öðrum norrænum ríkjum um hvernig slíkum styrkjum væri hagað þar og að málið yrði tekið til athugunar að því loknu.

Sambærilegri fyrirspurn var beint til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fjárhagsaðstoð vegna ættleiðingar á 120. löggjafarþingi veturinn 1995–1996 (þskj. 18 – 18. mál). Í svari ráðherra kom fram að á öllum Norðurlöndum nema á Íslandi og í Finnlandi væru veittir styrkir úr ríkissjóði vegna ættleiðinga erlendra barna.

Á 130. löggjafarþingi var lögð fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um styrki til foreldra er ættleiða börn frá útlöndum (þskj. 85 – 85. mál) og var hún svohljóðandi:

> „Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að setja reglur um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Styrkupphæðir og reglur skulu vera í samræmi við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Íslenskri ættleiðingu skal falið að meta þær umsóknir sem berast og skulu styrkir greiddir eftir að barn er komið til landsins.“

Í umræðum um þingsályktunartillöguna kom fram sú skoðun dómsmálaráðherra að hann teldi ekki skynsamlegt að beina henni til dómsmálaráðherra. Taldi hann að ef slíkar greiðslur yrðu teknar upp ættu þær að vera hluti af greiðslum almannatrygginga. Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar en var ekki afgreidd fyrir þinglok.

Á 131. löggjafarþingi var að nýju flutt tillaga til þingsályktunar um ættleiðingarstyrki á Alþingi (þskj. 310 – 287. mál) og var hún svohljóðandi:

> „Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að setja reglur um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Styrkupphæðir og reglur taki mið af því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Styrkir verði greiddir eftir komu barns til landsins og verði jafnframt skattfrjálsir. Tryggingastofnun ríkisins hafi milligöngu um greiðslu styrkjanna, eins og um annan kostnað við meðgöngu og fæðingu sé að ræða, og sjái jafnframt um nánari útfærslu á styrkjum þessum.“

Í greinargerð með tillögunni kom fram að talsverðar breytingar hefðu verið gerðar á henni frá því að fyrst var fjallað um málið á 130. löggjafarþingi. Veigamesta breytingin væri sú að fela Tryggingastofnun ríkisins að sjá um ferðastyrki vegna ættleiðinga erlendra barna en ekki dómsmálaráðuneyti eins og gert hafi verið í fyrri tillögunni. Væri þetta gert í samræmi við umsagnir sem bárust um málið á 130. löggjafarþingi og til samræmis við aðra styrki og kostnað Tryggingastofnunar ríkisins vegna meðgöngu og barnsfæðinga.

Á 132. löggjafarþingi var tillagan flutt óbreytt að nýju á Alþingi (þskj. 213 – 213. mál). Tillögunni var vísað til heilbrigðis- og trygginganefndar en var ekki afgreidd fyrir þinglok.

Á fundi ríkisstjórnarinnar í febrúar 2006 lagði félagsmálaráðherra fram minnisblað um styrki til verðandi kjörforeldra ættleiddra erlendra barna. Á grundvelli umfjöllunar ríkisstjórnarinnar um málið skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til að útfæra í lög og/eða reglugerð reglur um styrki ríkisins til foreldra er ættleiða börn frá öðrum löndum.

Í starfshópinn voru skipuð Guðmundur Páll Jónsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, formaður starfshópsins, Guðmundur Örvar Bergþórsson og Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytis, Ingibjörg Helga Helgadóttir og Elísabet Guðbjörnsdóttir, fulltrúar fjármálaráðuneytis, Karl Steinar Valsson, fulltrúi Íslenskrar ættleiðingar, og Björg Kjartansdóttir, deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, starfsmaður hópsins.

Samkvæmt skipunarbréfi starfshópsins, dags. 10. júlí 2006, skyldi hópurinn meðal annars leggja fram tillögu um með hvaða hætti slíkar reglur verði útfærðar og kveða skýrt á um skilyrði slíkra greiðslna. Jafnframt skyldi hópurinn leggja fram tillögu um hvar framkvæmd verkefnisins yrði best fyrir komið. Jafnframt kemur fram í skipunarbréfinu að eitt af því sem til skoðunar gæti komið er hvort rétt sé að sams konar reglur gildi um stjórnsýsluna og gildir nú um fæðingarstyrki samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til félagsmálaráðherra í nóvember 2006 og var í skýrslunni gerð tillaga um tiltekið fyrirkomulag ættleiðingarstyrkja sem frumvarp þetta byggist á.

## II. Styrkir á öðrum Norðurlöndum vegna ættleiðingar erlendra barna.

Starfshópurinn kynnti sér hvernig greiðslum ættleiðingarstyrkja á öðrum Norðurlöndum er háttað. Síðastliðin tíu ár hafa kjörforeldrum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð verið greiddir ættleiðingarstyrkir en árið 2002 hófu Finnar að greiða slíka styrki.

Tafla 1 sýnir fjárhæð styrkja á öðrum Norðurlöndum í febrúar og í september 2006. Upplýsingar eru fengnar af heimasíðum ættleiðingarfélaga í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og frá Íslenskri ættleiðingu.

**Tafla 1. Styrkir til kjörforeldra á öðrum Norðurlöndum samkvæmt gengi íslensku krónunnar í febrúar og september 2006.**

| Land | Styrkur í gjaldmiðli lands | Styrkur samkvæmt gengi í febrúar 2006 | Styrkur samkvæmt gengi í september 2006 |
|---|---|---|---|
| Danmörk | 40.215 DKR | 409.229 ISK | 474.537 ISK |
| Svíþjóð | 40.000 SKR | 328.280 ISK | 376.000 ISK |
| Finnland | 1.900–4.500 evrur | 144.421–342.050 ISK | 167.580–396.900 ISK |
| Færeyjar | 50.000 DKR | 473.930 ISK | 590.000 ISK |
| Noregur | 38.320 NKR | 363.235 ISK | 413.856 ISK |

Eins og sjá má í töflunni eru fjárhæðir styrkja á öðrum Norðurlöndum allt frá um 144.000 krónum til 474.000 króna miðað við gengi krónunnar í febrúar 2006. Gengi íslensku krónunnar tók talsverðum breytingum gagnvart gengi gjaldmiðla þessara landa frá því að fjallað var um málið í ríkisstjórn í febrúar 2006 þar til starfshópurinn fjallaði um það á fundi sínum í september sama ár eins og sjá má í töflunni. Í september 2006 var fjárhæð styrkja á öðrum Norðurlöndum frá rúmlega 167.000 krónum til 590.000 króna.

Í Noregi er styrkurinn eingreiðsla sem ákveðin er á fjárlögum ár hvert. Styrkurinn nær eingöngu til erlendra barna sem ekki eru búsett í Noregi fyrir ættleiðingu. Styrkurinn nær ekki til ættleiðingar eigin barna, barna maka eða ættleiddra barna maka.

Í Danmörku er styrkurinn einnig eingreiðsla. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að barnið sé ættleitt fyrir milligöngu löggilts ættleiðingarfélags. Ákvæði er í dönsku reglunum um að ef fleiri en eitt barn eru ættleidd á sama tíma hækki styrkurinn um tiltekna fjárhæð fyrir hvert barn umfram eitt. Ekki er hægt að fá styrk vegna stjúpættleiðinga.

Í Finnlandi fer fjárhæð styrks eftir því hvaðan barn er ættleitt. Ef barn er ættleitt frá Eistlandi eru greiddar 1.900 evrur, ef það er ættleitt frá Kína eða Kólumbíu eru greiddar 4.500 evrur og ef það er ættleitt frá öðrum löndum nemur styrkurinn 3.000 evrum. Tekið er fram í reglunum að styrkurinn er skattfrjáls. Ef fleiri en eitt barn eru ættleidd samtímis hækkar fjárhæðin um 30% fyrir hvert barn umfram eitt.

Í Færeyjum er veittur styrkur vegna ættleiðinga erlendra barna frá öðrum löndum en Norðurlöndum og er styrkurinn eingreiðsla fyrir hvert barn. Tekið er fram í reglunum að styrkurinn sé veittur án tillits til tekna foreldra. Skilyrði er að ættleiðing fari fram með milligöngu löggilts ættleiðingarfélags.

Í Svíþjóð er styrkurinn eingreiðsla með hverju barni. Ekki er veittur styrkur vegna ættleiðingar eigin barns eða barns maka. Það er skilyrði að ættleiðing fari fram fyrir milligöngu löggilts ættleiðingarfélags.

Á öllum Norðurlöndunum eru sett skilyrði um að foreldrar séu búsettir í viðkomandi landi. Greiðsla styrksins fer fram eftir að barnið er komið til landsins og ættleiðing hefur verið fullgilt af yfirvöldum heimalands foreldra.

### III. Fjöldi ættleiddra erlendra barna á Íslandi.

Árin 1996–2004 voru frumættleidd 180 erlend börn eða að meðaltali um 20 börn árlega samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Fram til ársins 2001 voru börnin flest frá Indlandi en frá og með árinu 2002 voru þau flest frá Kína.

Leitað var eftir upplýsingum frá félaginu Íslenskri ættleiðingu, sem er eina félagið sem hefur verið löggilt af dómsmálaráðherra til að annast milligöngu um ættleiðingar á erlendum börnum, um fjölda ættleiðinga er félagið hefur haft milligöngu um á síðastliðnum árum. Árlega hafa að jafnaði verið ættleidd 20–35 börn af erlendum uppruna. Flest börn hafa komið frá Indlandi, Kína, Rúmeníu og Kólumbíu. Samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri ættleiðingu hafa hérlendis verið ættleidd um 500 börn sem fædd eru erlendis. Tafla 2 sýnir fjölda barna er ættleidd hafa verið undanfarin ár fyrir milligöngu Íslenskrar ættleiðingar.

**Tafla 2. Fjöldi ættleiddra barna samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri ættleiðingu (ÍÆ) og Hagstofunni.**

| Ár | ÍÆ | Hagstofa |
|---|---|---|
| 2000 | 24 | 22 |
| 2001 | 17 | 29 |
| 2002 | 19 | 20 |
| 2003 | 30 | 27 |
| 2004 | 28 | 27 |
| 2005 | 35 | - |
| **Samtals** | **153** | **125** |
| **Meðaltal** | **25,5** | **25** |

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar er meðalfjöldi ættleiddra barna erlendis um 25 börn á ári miðað við árin 2000–2005. Sömu ár hefur Íslensk ættleiðing haft milligöngu um u.þ.b. 25 börn á ári. Munur á árlegum fjölda ættleiðinga hjá Íslenskri ættleiðingu annars vegar og Hagstofunni hins vegar getur skýrst af því að félagið miðar við þann dag er barn kemur til landsins en Hagstofan byggir tölur sínar á upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu er miðar við staðfestingu eða útgáfu ættleiðingarleyfis hér á landi er getur verið gefið út einum til þremur mánuðum eftir heimkomu barns. Nefndi félagið dæmi um fimm börn er ættleidd voru í Kína um miðjan desember 2004 og í tölum félagsins voru þessi börn ættleidd á því ári. Staðfesting dómsmálaráðuneytis á ættleiðingu þeirra var gefin út í janúar 2005 og í tölum Hagstofunnar teljast þessi börn því ættleidd á árinu 2005. Tekið er fram að í staðfestingu ráðuneytisins vegna kínverskra ættleiðinga kemur fram að réttaráhrif ættleiðingarinnar miðist við þann dag er ættleiðingin fór fram í Kína, jafnvel þótt staðfesting ráðuneytisins sé gefin út nokkru síðar, eða eftir heimkomu barns.

Starfshópurinn óskaði einnig eftir upplýsingum frá Íslenskri ættleiðingu um hugsanlegan fjölda ættleiddra barna fyrir milligöngu félagsins á næstu árum.

Íslensk ættleiðing áætlar að miðað við forsendur dagsins í dag þegar biðtíminn í Kína er u.þ.b. 14 mánuðir megi búast við að á næsta ári komi um 35 börn frá Kína, um fimm börn frá Indlandi og tvö börn frá Kólumbíu. Þá hafa aðstæður í Kína breyst töluvert á undanförnum árum og nú taki lengri tíma að afgreiða umsóknir um ættleiðingar þar í landi. Ástæður eru nefndar helstar fjölgun umsókna á undanförnum árum og batnandi efnahagsástand þar í landi.

Eins og áður segir má gera ráð fyrir að hingað til lands komi um 42 börn árið 2007 ef biðtíminn verður óbreyttur í Kína. Hins vegar er það mat Íslenskrar ættleiðingar að ef málsmeðferðartíminn í Kína lengist megi búast við færri börnum frá Kína en fjöldi barna frá öðrum löndum haldist óbreyttur. Hjá stjórnvöldum í Kína bíða nú 60 íslenskar umsóknir afgreiðslu og 13 bíða lokafrágangs hér á landi.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í þessari grein er sett fram það nýmæli að kjörforeldrar sem ættleitt hafa erlent barn eða börn í samræmi við lög um ættleiðingar geti sótt um fjárstyrk úr ríkissjóði.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn ættleiðingarstyrkja samkvæmt lögum þessum. Er það í samræmi við það sjónarmið að tengja þessa styrki við umsýslu fæðingarstyrks sem greiddur er samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Um 3. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að félagsmálaráðherra ákveði með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara. Með vísan til athugasemda við 2. gr. er nú gert ráð fyrir að framkvæmdaraðilinn verði Vinnumálastofnun. Ein meginástæða þess er það hagræði sem hlýst af því að hafa greiðslu styrksins hjá sama aðila og hefur umsjón með greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Getur greiðsla styrksins þannig til dæmis orðið eingreiðsla með fyrstu greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði.

Um 4. gr.

Í samræmi við 2. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvörðun um synjun ættleiðingarstyrks og leiðréttingu á greiðslum skv. 8. gr. verði heimilt að kæra til félagsmálaráðherra. Um kæru gilda að öðru leyti ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ekki er talin þörf á að sett verði á stofn sérstök kærunefnd um þessi mál enda má ætla að ágreiningsmál vegna ættleiðingarstyrkja verði fá, ekki síst vegna þess að lagt er til að styrkveiting verði óháð fjárhagslegri stöðu kjörforeldra.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að ættleiðingarstyrkur sé eingreiðsla sem greidd verði út samkvæmt umsókn kjörforeldra þegar erlend ættleiðing hefur verið staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi hefur verið gefið út hér í samræmi við ákvæði laga um ættleiðingar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að kjörforeldrar sem hafa fengið útgefið forsamþykki í samræmi við lög um ættleiðingar, nr. 130/1999, eigi einir rétt á ættleiðingarstyrk. Þeim sem búsettir eru hér á landi er óheimilt að ættleiða barn erlendis nema stjórnvöld samþykki það með útgáfu forsamþykkis til ættleiðingarinnar og er því eðlilegt að miða rétt til styrksins við þá sem fá slíkt forsamþykki. Er jafnframt ástæða til að taka fram að þessi réttur sé ekki framseljanlegur ef ættleiðing af einhverjum ástæðum gengur ekki eftir.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ættleiðingarstyrkur verði aðeins veittur vegna ættleiðinga sem fara fram fyrir milligöngu löggilts ættleiðingarfélags. Samkvæmt 18. gr. reglugerðar um ættleiðingar, nr. 238/2005, sem sett er með stoð í 2. mgr. 35. gr. laga um ættleiðingar, er þeim sem óska eftir forsamþykki til að ættleiða erlent barn skylt að leita milligöngu um ættleiðinguna hjá félagi sem fengið hefur löggildingu dómsmálaráðherra til að annast milligöngu um ættleiðingar milli landa. Þótt undantekningar finnist frá þeirri meginreglu í 19. gr. reglugerðarinnar þykir rétt að binda greiðslu styrksins við ættleiðingar sem fara fram fyrir milligöngu löggiltra ættleiðingarfélaga. Milliganga ættleiðingarfélags tryggir að ættleiðingin fari fram í samvinnu við hið erlenda ríki sem er grundvallaratriði þegar kemur að ættleiðingum milli landa. Af þessu skilyrði leiðir að svokallaðar fjölskylduættleiðingar falla utan reglnanna, en með því er átt við ættleiðingu á barni sem býr í öðru ríki en er í fjölskyldutengslum við eða er barn annars umsækjanda. Enn fremur falla utan gildissviðs reglnanna þau tilvik þegar umsækjendur fá forsamþykki til að ættleiða ótilgreint erlent barn án milligöngu löggilts ættleiðingarfélags, en slíkar ættleiðingar eru afar fátíðar enda mjög ströng skilyrði fyrir þeim.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Starfshópurinn sem samdi þær tillögur sem frumvarp þetta byggist á óskaði eftir sundurliðuðum upplýsingum frá Íslenskri ættleiðingu um heildarkostnað við að ættleiða erlend börn. Samkvæmt upplýsingum frá félaginu nemur heildarkostnaður við að ættleiða barn frá Kína um 1,2 millj. kr., frá Indlandi um 1,1 millj. kr. og frá Kólumbíu um 1,4 millj. kr.

Lagt er til í 1. mgr. að fjárhæð ættleiðingarstyrks nemi 480.000 kr. og er gert ráð fyrir að fjárhæð styrksins verði endurskoðuð í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á tveggja ára fresti. Við slíka endurskoðun er meðal annars unnt að líta til gagna um ferðakostnað og kostnað vegna ættleiðingar í ættleiðingarlandi frá félagi er dómsmálaráðherra hefur löggilt til að hafa milligöngu um ættleiðingar barna erlendis. Í dag er Íslensk ættleiðing eina félagið hér á landi er fengið hefur slíka löggildingu. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji í reglugerð, sbr. 9. gr., ákvæði um endurskoðaða fjárhæð styrksins.

Forsendur við ákvörðun fjárhæðarinnar voru þær að ætlunin væri að veita styrk sem kæmi til móts við heildarkostnað kjörforeldra vegna ættleiðinga en ekki að greiða þann kostnað að fullu. Við ákvörðun fjárhæðarinnar var í fyrsta lagi litið til ferðakostnaðar frá Íslandi til ættleiðingarlands. Í öðru lagi var litið til kostnaðar vegna ættleiðingarinnar í viðkomandi landi eða kostnaðar vegna opinberrar umsýslu í ættleiðingarlandi, auk kostnaðar vegna greiðslu til barnaheimilis erlendis, stimpilgjalda vegna ættleiðingar, þýðingar erlendis og útgáfu vegabréfs barns erlendis. Að lokum var í þriðja lagi litið til kostnaðar vegna uppihalds í ættleiðingarlandi.

Dæmi eru um að kjörforeldrar ættleiði erlendis fleiri en eitt barn samtímis. Er í 2. mgr. 7. gr. gert ráð fyrir að ef kjörforeldrar hafa ættleitt fleiri en eitt barn samtímis verði veittur styrkur vegna hvers barns umfram eitt sem nemur 20% af fjárhæð skv. 1. mgr. Við undirbúning frumvarps þessa var gengið út frá því að megintilgangur ættleiðingarstyrks væri að mæta kostnaði kjörforeldra vegna ferða og greiðslna til erlendra stjórnvalda auk uppihalds í ættleiðingarlandi. Gera megi ráð fyrir að slíkar greiðslur geti hækkað ef foreldrar ættleiða fleiri en eitt barn og því þykir rétt að fjárhæð styrksins taki mið af því.

Ástæða er til að taka fram að gert er ráð fyrir að ættleiðingarstyrkir verði veittir kjörforeldrum án tillits til fjárhagsstöðu þeirra. Mun það meðal annars einfalda til muna alla umsýslu vegna umsókna um slíka styrki sem hefur í för með sér að kostnaður vegna umsýslunnar verður lítill og líkur á ágreinings- og kærumálum eru hverfandi.

Í starfshópnum sem samdi tillögur þær sem frumvarp þetta byggist á var einnig fjallað um skattaumhverfi ættleiðingarstyrks. Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins til starfshópsins vegna ættleiðingarstyrkja, dags. 3. október 2006, er fallist á þá tillögu að styrkirnir verði undanþegnir staðgreiðslu en tekið fram að slíkt kalli á breytingu á reglugerð um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, nr. 591/1987. Þá er fallist á að breyta þurfi A-lið 30. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, þannig að leyfður verði frádráttur frá tekjum sem byggist á sannanlegum kostnaði sem fólk þarf að standa undir við ættleiðingu barns. Skilyrði fyrir frádrættinum er að fullnægjandi reikningar liggi þar að baki. Aldrei verður leyfð hærri fjárhæð til frádráttar en talin verður til tekna sem ættleiðingarstyrkur. Ef fjárhæð frádráttar verður lægri en styrkurinn ber að greiða tekjuskatt af mismuninum.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Má um þau atriði sem koma þurfa fram í reglugerðinni meðal annars vísa til athugasemda við 3., 6. og 7. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2007. Rétt til styrks samkvæmt lögunum eigi kjörforeldrar barna sem ættleidd verða eftir gildistöku laganna. Við undirbúning frumvarps þessa var rætt um það hvort aðeins ætti að greiða ættleiðingarstyrki vegna þeirra ættleiðingarmála er hefjast eftir gildistöku laga um ættleiðingarstyrki. Þótti það ekki æskilegt viðmiðunarmark enda gæti þá orðið langur tími þar til að útgreiðslu styrkja kæmi. Var því niðurstaðan sú að leggja til að miða við börn sem ættleidd væru eftir gildistöku laganna.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um ættleiðingarstyrki.**

Með frumvarpinu er lagt til að greiddur verði fjárstyrkur úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni til kjörforeldra sem ættleiða erlent barn eða börn í samræmi við lög um ættleiðingar. Er gert ráð fyrir að fjárhæð ættleiðingarstyrks nemi 480.000 kr. og verður fjárhæðin endurskoðuð í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á tveggja ára fresti. Ef kjörforeldrar ættleiða fleiri en eitt barn samtímis er veittur 20% styrkur vegna hvers barns umfram eitt. Undanfarinn áratug hafa um 25 erlend börn verið ættleidd hér á landi á ári og miðað við þann fjölda og framangreinda fjárhæð yrðu útgjöld ríkisins um 12 m.kr. á ári. Kostnaður ríkissjóðs af 40 ættleiðingarstyrkjum næmi tæpum 20 m.kr.

## 518. Tillaga til þingsályktunar [430. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005 frá 30. september 2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

**1. Inngangur.**

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005 frá 30. september 2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB. Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar gerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

**2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB.**

Tilskipunin mælir fyrir um samræmingu reglna um birtingu reglulegra og viðvarandi upplýsinga um útgefendur verðbréfa sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað. Tilskipunin gerir ráð fyrir lágmarkssamræmingu ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu hvað varðar upplýsingagjöfina en einstökum ríkjum er þó heimilt að gera strangari kröfur.

Þær reglulegu upplýsingar sem útgefanda ber að gera opinberar samkvæmt tilskipuninni eru ársskýrsla, hálfsársuppgjör og skýrsla framkvæmdastjórnar. Viðvarandi upplýsingaskylda hvílir á útgefanda um breytingar á yfirráðum yfir verulegum eignarhluta og atkvæðisrétti. Að auki setur tilskipunin reglur um hvaða upplýsingar skuli vera aðgengilegar hluthöfum útgefenda verðbréfa sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað.

**3. Um stjórnskipulegan fyrirvara.**

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórn-

skipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

**Fylgiskjal I.**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**
**nr. 120/2005**

**frá 30. september 2005**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Liechtenstein mun hrinda tilskipun 2004/109/EB í framkvæmd að fullu, þó með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 2001/34/EB enda er sem stendur engin starfsemi í Liechtenstein af því tagi sem fjallað er um í síðarnefndu gerðinni.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 29f (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB):

([1]) Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.
([2]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

„29g. **32004 L 0109**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 24. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB):

„- **32004 L 0109**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/109/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*Nikulás prins af Liechtenstein*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn* *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## Fylgiskjal II.

### TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/109/EB

**frá 15. desember 2004**

**um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 44. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna (1),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans (3),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Skilvirkir, gagnsæir og samþættir verðbréfamarkaðir stuðla að myndun raunverulegs innri markaðar í Bandalaginu og efla vöxt og atvinnusköpun með betri skiptingu hlutafjár og minni kostnaði. Tímanleg birting nákvæmra og tæmandi upplýsinga um útgefendur verðbréfa styrkir tiltrú fjárfesta og gerir þeim kleift að meta á grundvelli upplýsinga rekstrarárangur og eignir. Þetta stuðlar bæði að vernd fjárfesta og skilvirkni markaðarins.

2) Útgefendur verðbréfa skulu í því skyni tryggja viðeigandi gagnsæi fyrir fjárfesta með því að viðhalda reglubundnu upplýsingastreymi. Hluthafar, einstaklingar eða lögaðilar sem hafa atkvæðisrétt eða eiga fjármálagerninga sem veitir þeim rétt til að kaupa fyrirliggjandi hlutabréf með atkvæðisrétti skulu að sama skapi einnig tilkynna útgefendum um kaup á eða aðrar breytingar á verulegum eignarhlutum í fyrirtækjum til að hinir síðarnefndu séu í aðstöðu til að veita almenningi upplýsingar.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. maí 1999, sem ber heitið: „Að setja ramma um starfsemi fjármálamarkaða: aðgerðaáætlun", er gerð grein fyrir röð aðgerða sem þörf er á til að fullgera einn innri markað fyrir fjármálaþjónustu að veruleika. Á fundi leiðtogaráðsins í Lissabon í mars 2000 var kallað eftir framkvæmd þeirrar aðgerðaáætlunar eigi síðar en árið 2005. Í aðgerðaáætluninni er lögð áhersla á nauðsyn þess að semja tilskipun þar sem kröfur um gagnsæi eru uppfærðar. Þessi nauðsyn var staðfest á fundi leiðtogaráðsins í Lissabon í mars 2002.

4) Þessi tilskipun skal samrýmast þeim verkefnum og skyldustörfum sem falin eru Seðlabankakerfi Evrópu (ESCB) og seðlabönkum aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í stofnsáttmála og stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu, einkum skal beina athyglinni í þessu tilliti að seðlabönkum aðildarríkjanna sem eru með hlutabréf sín skráð á skipulegan markað til að tryggja að helstu markmiðum laga Bandalagsins verði náð.

5) Aukin samræming ákvæða landslaga um kröfur um reglubundnar og samfelldar upplýsingar fyrir útgefendur verðbréfa ætti leiða til víðtækrar verndar fjárfesta í Bandalaginu. Þessi tilskipun hefur þó ekki áhrif á gildandi löggjöf Bandalagsins um hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, öðrum en lokuðum, eða um hlutdeildarskírteini sem eru keypt eða þeim ráðstafað í slíkum fyrirtækjum.

6) Að því er þessa tilskipun varðar mundi það skila mestum árangri að aðildarríkið þar sem útgefandinn hefur skráða skrifstofu hefði með höndum eftirlit með hlutum eða skuldabréfum útgefanda, þar sem nafnverð hverrar einingar er lægra en 1 000 evrur. Í þessu tilliti er afar mikilvægt að tryggja að samræmis sé gætt við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skrán-

(1) Stjtíð. ESB C 80, 30.3.2004, bls. 128.
(2) Stjtíð. ESB C 242, 9.10.2003, bls. 6.
(3) Álit Evrópuþingsins frá 30. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 2. desember 2004.

ingarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar([4])Af sömu ástæðum skal koma á nokkrum sveigjanleika til þess að útgefendur í þriðja landi og félög í Bandalaginu, sem gefa einungis út önnur verðbréf en þau sem nefnd eru hér að framan, hafi kost á að velja sér heimaaðildarríki.

7) Víðtæk vernd fjárfesta í Bandalaginu mundi gera kleift að afnema hindranir sem koma í veg fyrir að verðbréf séu skráð á skipulegan markað sem er í aðildarríki eða er starfræktur þar. Öðrum aðildarríkjum en heimaaðildarríkinu skal ekki lengur leyft að takmarka skráningu verðbréfa á skipulega markaði sína með því að setja strangari kröfur um reglubundnar og viðvarandi upplýsingar um útgefendur sem eiga verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað.

8) Afnám hindrana á grundvelli meginreglu heimaaðildarríkisins samkvæmt þessari tilskipun skal ekki hafa áhrif á þau svið sem ekki er fjallað um í þessari tilskipun, eins og rétt hlut hafa til afskipta af stjórn útgefanda. Það skal ekki heldur hafa áhrif á rétt heimaaðildarríkis til að óska eftir því við útgefandann að hann birti þar að auki hluta upplýsinganna eða upplýsingarnar, sem reglur kveða á um, í heild í dagblöðum.

9) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([5]) hefur þegar verið lagður grunnur að samræmingu reikningsskilastaðla í Bandalaginu fyrir útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og sem þurfa að gera samstæðureikninga. Því hefur þegar verið komið á fót sérstöku kerfi fyrir útgefendur verðbréfa, sem er víðtækara en hið almenna kerfi fyrir öll félög, eins og mælt er fyrir um í tilskipunum um félagarétt. Þessi tilskipun byggist á þessari nálgun hvað varðar árleg og árshlutareikningsskil, þ.m.t. meginregla þess efnis að gefa sanna og glögga mynd af eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu hans og hagnaði og tapi. Samandregin reikningsskil, sem hluti af hálfsárs fjárhagsskýrslu, skapa einnig fullnægjandi grunn til að gefa slíka sanna og glögga mynd af fyrstu sex mánuðum af fjárhagsári útgefanda.

10) Þegar verðbréf útgefanda hafa verið skráð á skipulegan markað skal birta upplýsingar fyrir hvert ár í árlegri fjárhagsskýrslu. Fjárfestar á verðbréfamörkuðum geta einungis auðveldað sér samanburð á árlegum fjárhagsskýrslur ef þeir geta treyst því að þessar upplýsingar verði birtar innan tiltekins tíma við lok fjárhagsársins. Með sérstökum skilyrðum má heimaaðildarríki hvað varðar skuldabréf sem hafa verið skráð á skipulegan markað fyrir 1. janúar 2005 og gefin eru út af útgefendum sem eru með réttarstöðu lögaðila í þriðja landi, heimila útgefendum að semja árlegar fjárhagsskýrslur í samræmi við staðlana sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun.

11) Í þessari tilskipun eru settar fram umfangsmeiri hálfsársfjárhagsskýrslur fyrir útgefendur hluta sem skráðir eru á skipulegan markað. Þetta gerir fjárfestum kleift að meta betur stöðu fjárfesta á grundvelli upplýsinga.

12) Heimaaðildarríki má veita útgefendum skuldabréfa undanþágur frá því að birta hálfsársskýrslu ef um er að ræða

— lánastofnanir sem starfa sem minni útgefendur skuldabréfa eða

— útgefendur sem eru þegar til staðar á gildistökudegi þessarar tilskipunar og gefa eingöngu út skuldabréf sem heimaaðildarríki eða eitt af svæðis- eða staðaryfirvöldum þess ábyrgist skilyrðislaust og óafturkallanlega eða

— einungis þau skuldabréf sem hafa verið skráð á skipulegan markað fyrir 1. janúar 2005 og sem aðeins fagfjárfestar mega kaupa, á tíu ára aðlögunartímabili. Ef heimaaðildarríki veitir slíka undanþágu má ekki láta hana ná til hvers konar skuldabréfa sem verða skráð á skipulegan markað eftir þann tíma.

13) Evrópuþingið og ráðið fagna loforði framkvæmdastjórnarinnar um að bæta með hraði gagnsæi starfskjarastefnu, greiddra heildarlauna, þ.m.t. hvers kyns skilyrtar eða frestaðar greiðslur og bætur greiddar í fríðu sem hver aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fær samkvæmt aðgerðaáætlun sinni frá 21. maí 2003 „Að færa félagarétt til nútímahorfs og bæta stjórnarhætti í fyrirtækjum í Evrópusambandinu“ og áform framkvæmdastjórnarinnar um að leggja fram tilmæli um þetta málefni í nánustu framtíð.

([4]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.
([5]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

14) Heimaaðildarríki skal hvetja útgefendur, sem eiga hluti sem eru skráðir á skipulegan markað og eru með helstu starfsemi sína í námuiðnaði, til að birta greiðslur til stjórnvalda í árlegri fjárhagsskýrslu sinni. Heimaaðildarríki skal einnig hvetja til þess að slíkar greiðslur verði gagnsærri innan þess ramma sem ýmsar alþjóðlegar stofnanir hafa sett.

15) Samkvæmt þessari tilskipun verður aðeins útgefendum skuldabréfa á skipulegum markaði skylt að birta hálfsársskýrslur. Aðeins ætti að veita undanþágur fyrir heildsölumarkaði á grundvelli nafnverðs hverrar einingar sem er að lágmarki 50 000 evrur samkvæmt tilskipun 2003/71/EB. Ef skuldabréf eru gefin út í öðrum gjaldmiðli skulu undanþágur einungis veittar þegar nafnverð hverrar einingar í þeim gjaldmiðli á útgáfudegi jafngildir a.m.k. 50 000 evrum.

16) Til að fá tímanlegri og áreiðanlegri upplýsingar um árangur af hlut útgefanda á fjárhagsárinu er nauðsynlegt að árshlutaupplýsingar séu tiðari. Því skal setja fram kröfu um að birta skuli árshlutareikningsskil stjórnar á fyrstu sex mánuðum og önnur árshlutareikningsskil stjórnar á síðustu sex mánuðum fjárhagsársins. Ekki skal þess krafist að útgefendur hluta, sem hafa þegar birt ársfjórðungslegar fjárhagsupplýsingar, birti árshlutareikningsskil stjórnar.

17) Viðeigandi reglur um ábyrgð skulu gilda um útgefanda, stjórn hans, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða einstaklinga sem bera ábyrgð hjá útgefandanum eins og mælt er fyrir um í hverju aðildarríki samkvæmt innlendum lögum eða reglum. Aðildarríkjunum skal vera frjálst að ákvarða umfang ábyrgðarinnar.

18) Almenningi skal tilkynnt um breytingar á verulegum eignarhlutum útgefanda hluta sem eru skráðir á skipulegan markað sem er staðsettur eða starfræktur í Bandalaginu. Þessar upplýsingar skulu gera fjárfestum, sem hafa góða þekkingu á breytingum á fyrirkomulagi á atkvæðagreiðslu, kleift að kaupa eða ráðstafa hlutum. Þær skulu einnig auka raunverulegt eftirlit með útgefendum hluta og heildargagnsæi í mikilvægum fjármagnsflutningum á markaðnum. Við sérstakar aðstæður skal veita upplýsingar um hluti eða fjármálagerninga, sem eru lagðir fram sem trygging, eins og ákveðið er í 13. gr.

19) Ákvæði 9. gr. og c-liðar 10. gr. skulu ekki gilda um hluti sem aðilum að seðlabankakerfi Evrópu eru látnir í té eða þeir láta í té til að sinna hlutverki sínu sem yfirvald á sviði peningamála að því tilskildu að atkvæðisréttur sem tengist slíkum hlutum sé ekki nýttur. Með tilvísun til „stutts tímabils“ í 11. gr. er átt við tilvísun til lánaaðgerða sem eru framkvæmdar í samræmi við sáttmálann og lagagerninga seðlabanka Evrópu (ECB), einkum viðmiðunarreglur seðlabanka Evrópu um gerninga í peningamálastefnu og -aðferðir og TARGET-kerfið, og um lánaaðgerðir í þeim tilgangi að inna af hendi sambærileg verkefni í samræmi við innlend ákvæði.

20) Til að íþyngja ekki tilteknum markaðsaðilum að óþörfu og til að skýra hver hefur í raun áhrif á útgefanda er ekki þörf á að krefjast þess að tilkynnt sé um verulega eignarhlutdeild hluta eða annarra fjármálagerninga, eins og um getur í 13. gr., þegar sú eignarhlutdeild hefur í för með sér rétt til að kaupa hluti, þegar um er að ræða viðskiptavaka eða vörslumenn, eða um eignarhlutdeild hluta eða þeirra fjármálagerninga sem eingöngu eru keyptir vegna greiðslujöfnunar eða uppgjörs og innan marka og ábyrgða sem gilda skulu í öllu Bandalaginu. Heimaaðildarríkinu skal leyft að veita takmarkaðar undanþágur að því er varðar eignarhald á hlutum í veltubókum lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja.

21) Til að gera nánari grein fyrir því hver sé í raun stór eigandi hluta eða annarra fjármálagerninga hjá sama útgefanda í Bandalaginu skulu móðurfyrirtækin ekki krafin um að sameina eigin eignarhluta eignarhlutum sem fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) eða fjárfestingarfyrirtæki stýra að því tilskildu að framangreind félög eða fyrirtæki nýti sér atkvæðisrétt sinn óháð móðurfyrirtækjunum og uppfylli tiltekin frekari skilyrði.

22) Samfelldar upplýsingar sem veittar eru eigendum verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað skulu byggjast áfram á meginreglunni um jafna meðferð. Þessi jafna meðferð lýtur einungis að hluthöfum í sömu stöðu og hefur því ekki áhrif á það hversu margir atkvæðisbærir einstaklingar megi tengjast tilteknum hlut. Á sama hátt skulu eigendur skuldabréfa, sem metin eru jafngild, halda áfram að hagnast af jafnri meðferð jafnvel þegar um ríkisskuldir er að

ræða. Greiða skal fyrir upplýsingagjöf til eigenda hluta og/eða skuldabréfa á aðalfundum. Einkum skulu eigendur hluta og/eða skuldabréfa sem eru í útlöndum vera virkari þátttakendur þannig að þeir geti veitt staðgenglum umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd. Af sömu ástæðu skal ákveða á aðalfundi eigenda hluta og/eða skuldabréfa hvort nota skuli nútímalega upplýsinga- og samskiptatækni. Í því tilviki skulu útgefendur gera ráðstafanir til að tilkynna eigendum um hluti sína og/eða skuldabréf að svo miklu leyti sem það er mögulegt fyrir þá að bera kennsl á þessa eigendur.

23) Einnig er með afnámi hindrana og skilvirkri framkvæmd nýrra upplýsingakrafna í Bandalaginu þörf á fullnægjandi eftirliti af hálfu lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins. Í þessari tilskipun skal a.m.k. mælt fyrir um lágmarkstryggingu fyrir því að slíkar upplýsingar séu aðgengilegar í tæka tíð. Af þessari ástæðu skal vera a.m.k. eitt skráningar- og geymslukerfi í hverju aðildarríki.

24) Sú skylda útgefanda að þýða allar upplýsingar, sem eru birtar að staðaldri og reglulega, á viðeigandi tungumál allra aðildarríkjanna þar sem verðbréf hans eru skráð á skipulegan markað stuðlar ekki að samþættingu verðbréfamarkaða heldur hamlar gegn skráningu verðbréfa á skipulega markaði yfir landamæri. Útgefandinn skal því í sérstökum tilvikum eiga rétt á að veita upplýsingar sem eru samdar á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum. Þar sem sérstaklega þarf að leitast við að laða fjárfesta frá öðrum aðildarríkjum og þriðju löndum skulu aðildarríkin ekki lengur hindra hluthafa, einstaklinga sem nýta sér atkvæðisrétt sinn eða eigendur fjármálagerninga í því að senda útgefanda nauðsynlegar tilkynningar á því tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum.

25) Skipuleggja skal betur aðgang fjárfesta að upplýsingum um útgefendur á vettvangi Bandalagsins til að stuðla ötullega að samþættingu evrópskra fjármagnsmarkaða. Fjárfestar, sem eru ekki staðsettir í heimaaðildarríki útgefanda, skulu standa jafnt að vígi og fjárfestar sem eru staðsettir í heimaaðildarríki útgefanda þegar þeir sækja um aðgang að slíkum upplýsingum. Þessu markmiði er hægt að ná ef heimaaðildarríkið tryggir samræmi við lágmarksgæðastaðla að því er varðar dreifingu upplýsinga í Bandalaginu með hraði og án mismununar og með tilliti til þess hvers konar upplýsinga sem reglur kveða á um og um er að ræða. Þar að auki skulu upplýsingar, sem hefur verið dreift, vera tiltækar í heimaðildarríkinu á miðlægan hátt þannig að unnt að byggja upp Evrópunet og skulu þær vera aðgengilegar á viðráðanlegu verði fyrir smásölufjárfesta án þess þó að hafa í för með sér óþarfa tvítekningu skráningarkrafna útgefenda. Útgefendur skulu hagnast af frjálsri samkeppni þegar þeir velja miðil eða rekstraraðila til að dreifa upplýsingum samkvæmt þessari tilskipun.

26) Í því skyni að einfalda aðgang fjárfesta enn frekar að fyrirtækjaupplýsingum milli aðildarríkja skal innlendum eftirlitsyfirvöldum falið að semja viðmiðunarreglur til að setja upp rafræn net í nánu samstarfi við aðra hlutaðeigandi aðila, einkum útgefendur verðbréfa, markaðsaðila, þá sem reka skipulega markaði og veitendur fjármálaupplýsinga.

27) Til að tryggja vernd fjárfesta og tilhlýðilega starfsemi skipulegra markaða skulu reglurnar, sem varða upplýsingarnar sem útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað eiga að birta, einnig gilda um útgefendur sem hafa ekki skráða skrifstofu í aðildarríki og sem falla ekki innan gildissviðs 48. gr. sáttmálans. Einnig skal tryggja að hvers kyns viðbótarupplýsingar, sem máli skipta um útgefendur í Bandalaginu eða í þriðja landi og gerð er krafa um birtingu þeirra í þriðja landi en ekki í aðildarríki, verði aðgengilegar almenningi í Bandalaginu.

28) Tilnefna skal eitt lögbært yfirvald í hverju aðildarríki sem ber lokaábyrgð á eftirliti með því að ákvæðunum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, sé fylgt og á alþjóðlegu samstarfi. Slíkt yfirvald skal vera á vegum stjórnsýslunnar og tryggja skal að það sé óháð rekstraraðilum þannig að ekki komi til hagsmunaárekstra. Aðildarríki mega þó tilnefna annað lögbært yfirvald til að kanna hvort upplýsingarnar sem um getur í þessari tilskipun séu samdar í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur og gera viðeigandi ráðstafanir ef upp kemst um brot. Slíkt yfirvald þarf ekki að vera innan stjórnsýslunnar.

29) Með aukinni starfsemi yfir landamæri er þörf á að bæta samstarf milli innlendra lögbærra yfirvalda, þ.m.t. heildarákvæði um upplýsinga-

skipti og varúðarráðstafanir. Skipulagning á reglugerðar- og eftirlitsverkefnum í hverju aðildarríki skal ekki hindra skilvirkt samstarf milli lögbærra, innlendra yfirvalda.

30) Á fundi sínum 17. júlí 2000 skipaði ráðið vísdómsmannanefnd sem er samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamörkuðum. Í lokaskýrslu sinni gerði vísdómsmannanefndin tillögu um nýja aðferð við lagasetningu sem byggir á fjögurra þrepa aðferð, þ.e. grundvallarreglum, tæknilegum framkvæmdarráðstöfunum, samstarfi milli innlendra verðbréfaeftirlitsstofnana og að lögum Bandalagsins sé framfylgt. Þessi tilskipun takmarkast við víðan „ramma" meginreglna, en mælt skal fyrir um tæknileg atriði í framkvæmdarráðstöfunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir með aðstoð evrópsku verðbréfanefndarinnar sem var stofnuð með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB ([6]).

31) Með ályktun, sem samþykkt var á fundi leiðtogaráðsins í Stokkhólmi í mars 2001, viðurkenndi það lokaskýrslu vísdómsmannanefndarinnar og fyrirhugaða fjögurra þrepa aðferð sem á að gera lagasetningarferli Bandalagsins á sviði verðbréfa skilvirkara og gagnsærra.

32) Samkvæmt ályktuninni skal beita framkvæmdarráðstöfunum oftar til að tryggja að tæknileg ákvæði verði uppfærð til samræmis við þróun markaðarins og eftirlitsmála ásamt því að setja fresti fyrir alla áfanga framkvæmdareglnanna.

33) Með ályktun Evrópuþingsins frá 5. febrúar 2002 um framkvæmd löggjafar um fjármálaþjónustu var skýrsla vísdómsmannanefndarinnar sömuleiðis viðurkennd, á grundvelli drengskaparheits, sem forseti framkvæmdastjórnarinnar gaf þinginu sama dag, og bréfs frá 2. október 2001, sem framkvæmdastjóri ESB á sviði innri markaðar sendi formanni nefndar á vegum þingsins um efnahags- og peningamál, um að standa vörð um hlutverk Evrópuþingsins í þessu ferli.

34) Frá því að fyrstu drög að framkvæmdarráðstöfunum eru send skal Evrópuþingið hafa þrjá mánuði til að kynna sér drögin og láta álit sitt í ljós. Þann tíma er þó heimilt að stytta í brýnum og tilhlýðilega rökstuddum tilvikum. Fari ályktun í gegnum Evrópuþingið á þessu tímabili skal framkvæmdastjórnin endurskoða drögin að ráðstöfununum.

35) Nauðsynlegt kann að vera að gera tæknilegar framkvæmdarráðstafanir vegna þeirra reglna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun með hliðsjón af breyttum starfsháttum á verðbréfamörkuðum. Til samræmis við það skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir, að því tilskildu að þær breyti ekki tilskipun þessari í grundvallaratriðum og að framkvæmdastjórnin fari eftir þeim meginreglum sem settar eru fram í þessari tilskipun, að höfðu samráði við evrópsku verðbréfanefndina.

36) Við beitingu framkvæmdarvalds í samræmi við þessa tilskipun skal framkvæmdastjórnin virða eftirfarandi meginreglur:

— nauðsyn þess að tryggja að fjárfestar hafi tiltrú á fjármálamörkuðunum með því að stuðla að miklu gagnsæi á þessum mörkuðum,

— nauðsyn þess að sjá fjárfestum fyrir miklu framboði á samkeppnishæfum fjárfestingamöguleikum og upplýsingum og vernd sem er sniðin að aðstæðum þeirra,

— nauðsyn þess að tryggja að óháð eftirlitsyfirvöld framfylgi reglum á samræmdan hátt, einkum í baráttunni gegn efnahagsbrotum,

— nauðsyn þess að hafa mikið gagnsæi og samráð við alla markaðsaðila og við Evrópuþingið og ráðið,

— nauðsyn þess að hvetja til nýsköpunar á fjármálamörkuðum til að þeir verði öflugir og skilvirkir,

— nauðsyn þess að tryggja heildarvirkni markaðar með því að hafa náið og öflugt eftirlit með nýsköpun á fjármálasviðinu,

— mikilvægi þess að draga úr fjármagnskostnaði og auka aðgengi að fjármagni,

— nauðsyn þess að halda jafnvægi, að því er varðar framkvæmdarráðstafanir, milli kostnaðar og ávinnings markaðsaðila til lengri tíma litið, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki og minni fjárfestar,

([6]) Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 45. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2004/8/EB (Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 33).

— nauðsyn þess að stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni fjármálamarkaða Evrópusambandsins án þess að það hafi áhrif á vel þegna eflingu alþjóðlegs samstarfs,

— nauðsyn þess að skapa jöfn samkeppnisskilyrði fyrir alla markaðsaðila með því að semja eftir þörfum reglur sem gilda í öllu Evrópusambandinu,

— nauðsyn þess að virða þann mismun sem er á innlendum mörkuðum, svo fremi mismunurinn hafi ekki ótilhlýðileg áhrif á samfellu innri markaðarins,

— nauðsyn þess að tryggja samhengi við aðra löggjöf Bandalagsins á þessu sviði, þar eð ósamræmi í upplýsingum og skortur á gagnsæi getur teflt starfsemi markaðanna í tvísýnu og umfram allt skaðað neytendur og minni fjárfesta.

37) Til að tryggja að kröfurnar í þessari tilskipun eða ráðstafanirnar til framkvæmdar þessari tilskipun séu uppfylltar verður að afhjúpa tafarlaust og, ef þörf krefur, refsa fyrir öll brot sem ganga gegn þessum kröfum eða ráðstöfunum. Í þessu skyni skulu ráðstafanir og viðurlög vera nægilega letjandi, í réttu hlutfalli við brotið og þeim beitt á samræmdan hátt. Aðildarríkin skulu tryggja að unnt sé að áfrýja til dómstóla öllum ákvörðunum sem innlend lögbær yfirvöld taka.

38) Markmiðið með þessari tilskipun er að auka gagnsæi krafna fyrir útgefendur verðbréfa og fjárfesta sem kaupa og ráðstafa verulegum eignarhlutum útgefenda hluta sem eru skráð á skipulegan markað. Þessi tilskipun kemur í stað ýmissa krafna sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf ([7]). Til að safna kröfum um gagnsæi krafna í eina gerð er nauðsynlegt að breyta viðkomandi gerð til samræmis við það. Slík breyting skal þó ekki hafa áhrif á að aðildarríkin geti sett fram viðbótarkröfur skv. 42. til 63. gr. tilskipunar 2001/34/EB, sem gilda áfram.

39) Þessi tilskipun er í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([8]).

40) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

41) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja tiltrú fjárfesta með sambærilega gagnsæjum kröfum í gervöllu Bandalaginu og koma innri markaðnum á að fullu, á grundvelli gildandi löggjafar Bandalagsins, og þeim verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna í umræddri grein er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

42) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([9]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. KAFLI

## ALMENN ÁKVÆÐI

### *1. gr.*

### Inntak og gildissvið

1. Í þessari tilskipun eru settar fram kröfur í tengslum við reglubundnar og samfelldar upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem þegar hafa verið skráð á skipulegan markað sem er staðsettur eða starfræktur innan aðildarríkis.

2. Þessi tilskipun skal ekki gilda um hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, öðrum en lokuðum, eða um hlutdeildarskírteini sem eru keypt eða ráðstafað í slíkum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu.

([7]) Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/71/EB.

([8]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) Nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([9]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

3. Aðildarríki mega ákveða að ákvæðin, sem um getur í 3. mgr. 16. gr. og í 2., 3. og 4. mgr. 18. gr., gildi ekki um verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað og sem þau sjálf eða svæðis- eða staðaryfirvöld gefa út.

4. Aðildarríkin mega ákveða að 17. gr. gildi ekki um seðlabanka þeirra sem gegna því hlutverki að gefa út hluti sem eru skráðir á skipulegan markað ef skráningin átti sér stað fyrir 20. janúar 2005.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „verðbréf“: framseljanleg verðbréf, eins og skilgreint er í 18. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2000 um markaði fyrir fjármálagerninga ([10]) að undanskildum peningamarkaðsskjölum, eins og skilgreint er í 19. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir og sem innlend löggjöf kann að gilda um,

b) „skuldabréf:“ skuldabréf eða aðrar gerðir tryggðra skuldaskjala að undanskildum verðbréfum sem eru jafngild hlutum í félögum eða, ef þeim hefur verið breytt eða réttur sem þau veita hefur verið nýttur, veita rétt til kaupa á hlutum eða verðbréfum sem jafngilda hlutum,

c) „skipulegur markaður“: markaður eins og hann er skilgreindur í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB,

d) „útgefandi“: lögaðili sem heyrir undir opinberan rétt eða einkarétt, þ.m.t. ríkið, og verðbréf hans eru skráð á skipulegan markað og ef um er að ræða innlánsskírteini, sem standa fyrir verðbréf, er útgefandinn útgefandi þeirra verðbréfa sem sett eru fram,

e) „hluthafi“: einstaklingur eða lögaðili, sem heyrir undir opinberan rétt eða einkarétt, og sem á beint eða óbeint:

   i) hluti útgefanda í eigin nafni eða á eigin reikning,

   ii) hluti útgefanda í eigin nafni en fyrir hönd annars einstaklings eða lögaðila,

   iii) innlánsskírteini og í því tilviki telst eigandi innlánsskírteina vera hluthafi undirliggjandi hluta sem innlánsskírteinin standa fyrir,

f) „undirfyrirtæki“: hvers konar fyrirtæki

   i) þar sem einstaklingur eða lögaðili hefur yfirráð yfir meiri hluta atkvæðisréttar eða

   ii) þar sem einstaklingur eða lögaðili á rétt á að skipa eða leysa frá störfum meirihluta þeirra sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn og eru á sama tíma hluthafar eða félagar í viðkomandi fyrirtæki eða

   iii) þar sem einstaklingur eða lögaðili er hluthafi eða félagi og ræður einn meirihluta atkvæða annaðhvort hluthafanna eða félaganna samkvæmt samningi við aðra hluthafa eða félaga viðkomandi fyrirtækis eða

   iv) þar sem einstaklingur eða lögaðili hefur rétt til að hafa eða hefur í raun ráðandi áhrif eða stjórnar,

g) „fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, önnur en lokuð“: verðbréfasjóðir og fjárfestingarfélög:

   i) sem hafa að markmiði sameiginlega fjárfestingu fjármagns sem almenningur hefur lagt fram og sem starfa á grundvelli meginreglunnar um áhættudreifingu,

   ii) og hlutdeildarskírteini í þeim eru beint eða óbeint endurkeypt eða innleyst að ósk eiganda þessara skírteina gegn greiðslu af eignum fyrirtækjanna,

h) „hlutdeildarskírteini fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu“: verðbréf sem fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu gefa út sem vottorð um rétt þátttakenda til eigna fyrirtækisins,

i) „heimaaðildarríki“:

   i) að því er varðar útgefanda skuldabréfa þar sem nafnverð hverrar einingar er lægra en 1 000 evrur eða útgefanda hluta:

      — þegar útgefandinn er með réttarstöðu lögaðila í Bandalaginu er það aðildarríki þar sem hann hefur skráða skrifstofu,

      — það aðildarríki þegar útgefandinn er með réttarstöðu í þriðja landi er það aðildarríki þar sem krafist er að hann leggi fram árlegar upplýsingar til lögbærs yfirvalds í samræmi við 10. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

([10]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

Skilgreiningin á heimaaðildarríki skal gilda um skuldabréf sem eru í öðrum gjaldmiðli en evrum að því tilskildu að nafnverð hverrar einingar við útgáfu sé lægra en 1 000 evrur nema nafnverð þeirra jafngildi næstum 1 000 evrum,

ii) að því er varðar hvern útgefanda sem fellur ekki undir i-lið, aðildarríkið sem útgefandinn velur meðal aðildarríkja þar sem útgefandinn hefur skráða skrifstofu og aðildarríkja sem hafa skráð verðbréf sín á skipulegan markað á yfirráðasvæði sínu. Útgefandinn má einungis velja eitt aðildarríki sem sitt heimaaðildarríki. Val hans skal gilda í a.m.k. þrjú ár nema verðbréf hans séu ekki lengur skráð á skipulegan markað í Bandalaginu,

j) „gistiaðildarríki“: aðildarríki þar sem verðbréf eru skráð á skipulegan markað ef það er annað en heimaaðildarríkið,

k) „upplýsingar sem reglur kveða á um“: allar upplýsingar sem krafist er að útgefandi eða einhver annar, sem hefur sótt um skráningu verðbréfa á skipulegan markað án samþykkis útgefanda, birti samkvæmt þessari tilskipun, skv. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ([11]), eða samkvæmt lögum og stjórnsýsluákvæðum aðildarríkis sem hafa verið samþykkt skv. 1. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar,

l) „rafrænar aðferðir“: notkun rafræns búnaðar til að vinna með, (þ.m.t. stafræn samþjöppun) geyma og senda gögn með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

m) „rekstrarfélag“: félag eins og það er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. a í tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum ([12]),

n) „viðskiptavaki“: aðili sem starfar á fjármálamörkuðum og gefur sig jafnan út fyrir að vera viljugur að versla fyrir eigin reikning með því að kaupa og selja fjármálagerninga með eiginfjármagni sínu á verði sem hann ákveður,

o) „lánastofnun“: fyrirtæki, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana ([13]),

p) „verðbréf sem eru gefin út samfellt eða með endurteknum hætti“: útgáfa á skuldabréfum sama útgefanda, sem eru til reiðu, eða a.m.k. tvær útgáfur verðbréfa af svipaðri tegund og/eða flokki,

2. Að því er varðar skilgreininguna á „undirfyrirtæki“ í ii-lið f-liðar 1. mgr. skulu réttindi handhafa varðandi atkvæðagreiðslu, skipun og lausn taka til réttinda allra annarra undirfyrirtækja sem hluthafi hefur yfirráð yfir, svo og til réttinda einstaklings eða lögaðila sem starfar í eigin nafni en starfar einnig fyrir hönd móðurfyrirtækis eða annars undirfyrirtækis hluthafa.

3. Svo að tillit sé tekið til tækniframfara á fjármálamörkuðum og samræmd beiting ákvæða 1. mgr. tryggð skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 27. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi skilgreininguna í 1. mgr..

Framkvæmdastjórnin skal einkum:

a) koma á tilhögun, í samræmi við ii-lið i-liðar 1. mgr., sem útgefandinn getur fylgt við val sitt á heimaaðildarríki,

b) aðlaga, þar sem við á í tengslum við val á heimaaðildarríki, sem um getur í ii-lið i-liðar 1. mgr., þriggja ára tímabilið að því er varðar árangur útgefandans í ljósi nýrra krafna samkvæmt lögum Bandalagsins um skráningu á skipulegan markað,

c) að því er varðar 1-lið 1. mgr., setja saman viðmiðunarskrá yfir aðferðir sem ekki skulu teljast rafrænar aðferðir þar sem tekið er tillit til V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([14]).

---

([11]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

([12]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/39/EB.

([13]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/69/EB (Stjtíð. ESB L 125, 28.4.2004, bls. 44).

([14]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

*3. gr.*

**Samþætting verðbréfamarkaða**

1. Heimaaðildarríki getur sett strangari kröfur sem skulu gilda um útgefanda en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Heimaaðildarríki getur einnig sett strangari kröfur sem skulu gilda um eigendur hluta eða einstakling eða lögaðila, sem um getur í 10. eða 13. gr. en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Gistiaðildarríki má ekki:

a) setja kröfur um upplýsingar sem eru strangari en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eða í 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB að því er varðar skráningu verðbréfa á skipulegan markað á yfirráðasvæði sínu,

b) að því er varðar tilkynningu upplýsinga, setja strangari kröfur sem skulu gilda um eigandur hluta eða einstakling eða lögaðila, sem um getur í 10. eða 13. gr., en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

II. KAFLI

**REGLUBUNDNAR UPPLÝSINGAR**

*4. gr.*

**Árleg fjárhagsskýrsla**

1. Útgefandinn skal birta árleg reikningsskil í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok hvers reikningsárs og skal hann tryggja að þau séu aðgengileg opinberlega í a.m.k. fimm ár.

2. Árlega fjárhagsskýrslan skal fela í sér:

a) árituð reikningsskil,

b) skýrslu framkvæmdastjórnar og

c) yfirlýsingu frá ábyrgum einstaklingum hjá útgefandanum þar sem nöfn og verksvið þeirra eru tilgreind með skýrum hætti, þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund gefi reikningsskilin, sem sett eru fram í samræmi við viðeigandi reikningsskilastaðla, glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og hagnaði eða tapi útgefandans og félaganna í samsteypunni í heild og að skýrsla stjórnar hafi að geyma glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félaganna og stöðu útgefandans og félaganna í samstæðunni í heild ásamt lýsingu á meginhættu- og óvissuþáttum sem þau standa frammi fyrir.

3. Ef ekki er gerð krafa um að útgefandinn setji fram samstæðureikninga í samræmi við sjöundu tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([15]) skulu árituðu reikningsskilin fela í sér slíka samstæðureikninga sem eru settir fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002 og árleg reikningsskil móðurfélagsins, sem eru sett fram í samræmi við landslög viðkomandi aðildarríkis þar sem móðurfélagið er með réttarstöðu lögaðila.

Ef ekki er gerð krafa um að útgefandinn setji fram samstæðureikninga skulu árituðu reikningsskilin fela í sér reikningsskil sem eru sett fram í samræmi við landslög viðkomandi aðildarríkis þar sem félagið er með réttarstöðu lögaðila.

4. Reikningsskilin skulu árituð í samræmi við 51. og 51. gr. a í fjórðu tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([16]) og, ef gerð er krafa um að útgefandinn setji fram samstæðureikninga, í samræmi við 37. gr. tilskipunar 83/349/EBE.

Áritaða skýrslan, sem er undirrituð af einum eða fleiri einstaklingum sem eru ábyrgir fyrir áritun reikningsskilanna, skal gerð aðgengileg almenningi í heild sinni ásamt árlegri fjárhagsskýrslu.

5. Skýrsla stjórnar skal samin í samræmi við 46. gr. tilskipunar 78/660/EBE og í samræmi við 36. gr. tilskipunar 83/349/EBE, ef sú krafa er gerð að útgefandinn setji fram samstæðureikninga.

6. Svo að tillit sé tekið til tækniframfara á fjármálamörkuðum og samræmd beiting 1. mgr. tryggð skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 27. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir. Framkvæmdastjórnin skal einkum tilgreina við hvaða tæknileg skilyrði árleg fjárhagsskýrsla sem hefur verið birt, þ.m.t. árituð skýrsla, eigi að vera aðgengileg almenningi.

Framkvæmdastjórnin má, eftir því sem við á, aðlaga fimm ára tímabilið sem um getur í 1. mgr.

---

([15]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).

([16]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB.

*5. gr.*

**Hálfsárs fjárhagsskýrsla**

1. Útgefandi hluta eða skuldabréfa skal birta opinberlega, eins fljótt og auðið er eftir að viðkomandi tímabili lýkur, en eigi síðar en tveimur mánuðum þar á eftir, hálfsárs fjárhagskýrslu sem tekur til fyrstu sex mánaða fjárhagsársins. Útgefandinn skal tryggja að hálfsárs fjárhagsskýrslan verði aðgengileg opinberlega í a.m.k. fimm ár.

2. Hálfsárs fjárhagsskýrsla skal fela í sér:

a) samandregin reikningsskil,

b) árshlutaskýrslu stjórnar og

c) yfirlýsingu frá ábyrgum einstaklingum hjá útgefandanum og nöfn og verksvið þeirra skulu tilgreind með skýrum hætti þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund gefi samandregin reikningsskil, sem sett eru fram í samræmi við viðeigandi reikningsskilastaðla, glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og hagnaði eða tapi útgefandans eða félaganna í samsteypunni í heild, skv. 3. mgr., og að árshlutaskýrsla stjórnar hafi að geyma glöggt yfirlit yfir upplýsingarnar sem krafist er skv. 4. gr.

3. Ef þess er krafist að útgefandinn geri samstæðureikningsskil skulu samandregin reikningsskil gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem gilda um árshlutareikningsskil sem er samþykkt samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

Ef þess er ekki krafist að útgefandi geri samstæðureikningsskil skulu samandregin reikningsskil a.m.k. fela í sér samandreginn efnahagsreikning, samandreginn rekstrarreikning og skýringar á þessum reikningum. Þegar útgefandinn gerir samdreginn efnahagsreikning og samandreginn rekstrarreikning skal hann fylgja sömu meginreglum um færslu og mat og þegar hann útbýr árlegar fjárhagsskýrslur.

4. Árshlutaskýrsla stjórnar skal a.m.k. fela í sér upplýsingar um mikilvæga atburða sem hafa átt sér stað fyrstu sex mánuði fjárhagsársins og áhrif þeirra á samandregin reikningsskil ásamt lýsingu á megináhættum og óvissuþáttum síðustu sex mánuði fjárhagsársins. Að því er varðar útgefendur hluta skal árshlutaskýrsla stjórnar einnig fela í sér mikilvæg viðskipti tengdra aðila.

5. Þegar hálfsárs fjárhagsskýrslan hefur verið árituð skal áritun endurskoðanda sett fram í heild sinni. Hið sama gildir ef um er að ræða skýrslu endurskoðenda. Ef endurskoðendur hafa ekki árritað eða endurskoðað hálfsárs fjárhagsskýrsluna skal útgefandinn gefa yfirlýsingu þess efnis í skýrslu sinni.

6. Svo að tillit sé tekið til tækniframfara á fjármálamörkuðum og samræmd beiting 1. til 5. mgr. þessarar greinar tryggð skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 27. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir.

Framkvæmdastjórnin skal einkum:

a) tilgreina við hvaða tæknileg skilyrði hálfsárs fjárhagsskýrsla, sem hefur verið birt, þ.m.t. skýrsla endurskoðenda, eigi að vera aðgengileg opinberlega.

b) skýra hvers eðlis skýrsla endurskoðenda er,

c) tilgreina lágmarksinnihald samandregins efnahagsreiknings og rekstrarreikninga ásamt skýringum á þessum reikningum ef þeir eru ekki gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem eru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

Framkvæmdastjórnin má, eftir því sem við á, aðlaga fimm ára tímabilið sem um getur í 1. mgr.

*6. gr.*

**Árshlutareikningsskil stjórnar**

1. Þrátt fyrir 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB skal útgefandi hluta, sem hafa verið skráðir á skipulegan markað, birta opinberlega yfirlýsingu stjórnar á fyrstu sex mánuðum fjárhagsársins og aðra yfirlýsingu stjórnar á síðustu sex mánuðum fjárhagsársins. Þessi yfirlýsing skal gerð á tímabili sem nær frá tíundu viku eftir að viðkomandi sex mánaða tímabil hefst til sex vikum áður en því lýkur. Hún skal innihalda upplýsingar sem taka til tímabils frá upphafi viðkomandi sex mánaða tímabils og birtingardags yfirlýsingarinnar. Slík yfirlýsing skal fela í sér:

— skýringu á mikilvægum atburðum og viðskiptum sem hafa átt sér stað á viðkomandi tímabili og áhrifum þeirra á fjárhagsstöðu útgefanda og undirfyrirtækja og

— almenna lýsingu á fjárhagslegri stöðu og árangri útgefanda og undirfyrirtækja á viðkomandi tímabili.

2. Ekki skal krafist af útgefendum, sem birta annaðhvort samkvæmt innlendri löggjöf eða reglum hins skipulega markaðar eða að eigin frumkvæði ársfjórðungslegar fjárhagsskýrslur í samræmi við slíka lög-

gjöf eða reglur, að þeir birti opinberar yfirlýsingar frá stjórninni sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 20. janúar 2010 senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um gagnsæi ársfjórðungslegra reikningsskila og yfirlýsingu stjórnar útgefenda til að kanna hvort upplýsingarnar, sem veittar voru, uppfylli skilyrði um að leyfa fjárfestum að meta fjárhagsstöðu útgefanda á grundvelli upplýsinga. Slík skýrsla skal fela í sér mat á áhrifum á sviðum sem framkvæmdastjórnin hyggst leggja fram tillögu um breytingar á þessari grein.

*7. gr.*

**Ábyrgð og bótaábyrgð**

Aðildarríki skulu tryggja að ábyrgð á upplýsingum, sem eru teknar saman og gerðar aðgengilegar opinberlega í samræmi við 4., 5., 6. og 16. gr., hvíli a.m.k. á útgefanda eða stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hans og skulu þau tryggja að lög og stjórnsýslufyrirmæli um ábyrgð gildi um útgefendur og stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hans, sem um getur í þessari grein, eða um ábyrga einstaklinga hjá útgefendum.

*8. gr.*

**Undanþágur**

1. Ákvæði 4., 5. og 6. gr. gilda ekki um eftirfarandi útgefendur:

a) ríki, svæðis- eða staðaryfirvald ríkis, opinbera alþjóðlega stofnun, sem a.m.k. eitt aðildarríki er aðili að, Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkjanna hvort sem þeir gefa út hluti eða önnur verðbréf, eða ekki, og

b) útgefanda sem gefur eingöngu út skuldabréf sem skráð eru á skipulegan markað og nafnverð hverrar einingar er a.m.k. 50 000 evrur eða ef um er að ræða skuldabréf í öðrum gjaldmiðli en evrum og nafnverð hverrar einingar á útgáfudegi jafngildir a.m.k. 50 000 evrum.

2. Heimaaðildarríki er frjálst að ákveða að 5. gr. gildi ekki um lánastofnanir sem eru ekki með hluti sína skráða á skipulegan markað og hafa, samfellt eða með endurteknum hætti, aðeins gefið út skuldabréf að því tilskildu að heildarnafnverð allra slíkra skuldabréfa sé undir 100 000 000 evrum og að þau hafi ekki birt útboðs- og skráningarlýsingu samkvæmt tilskipun 2003/71/EB.

3. Heimaaðildarríki er frjálst að ákveða að 5. gr. gildi ekki um útgefendur sem eru þegar til staðar á gildistökudegi tilskipunar 2003/71/EB og gefa eingöngu út skuldabréf sem heimaaðildarríki eða eitt af svæðis- eða staðaryfirvöldum þess ábyrgist skilyrðislaust og óafturkallanlega.

III. KAFLI

**SAMFELLDAR UPPLÝSINGAR**

*I. ÞÁTTUR*

***Upplýsingar um verulega eignarhluta***

*9. gr.*

**Tilkynning um kaup eða sölu á verulegum eignarhlutum**

1. Heimaaðildarríki skal tryggja að þegar hluthafi kaupir eða ráðstafar hlutum útgefanda verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og atkvæðisréttur fylgir þeim tilkynni þessi hluthafi útgefanda um hlutfall atkvæða útgefanda sem hluthafi fer með eftir kaup eða ráðstöfun þegar hlutfallið fer yfir eða niður fyrir 5% 10%, 15%, 20%, 25%, 30%, 50% og 75%, fer fram úr eða fellur niður fyrir mörkin eftir kaupin eða ráðstöfunina.

Reikna skal atkvæðisrétt á grundvelli allra hluta sem atkvæðisréttur fylgir jafnvel þótt nýting hans fellur niður. Þar að auki skulu þessar upplýsingar einnig veittar að því er varðar alla hluti í sama flokki sem atkvæðisrétturinn fylgir.

2. Heimaaðildarríki skal tryggja að hluthafar tilkynni útgefanda um hlutfall atkvæða þegar hlutfallið nær, fer yfir eða niður fyrir þau mörk, sem kveðið er á um í 1. mgr., vegna atburða sem breyta sundurliðun atkvæðisréttar og á grundvelli upplýsinga sem birtar eru skv. 15. gr. Ef útgefandi hefur réttarstöðu lögaðila í þriðja landi skal tilkynna um sambærilega atburði.

3. Heimaaðildarríkin þurfa ekki að beita:

a) 30% viðmiðunarmörkunum ef það beitir viðmiðunarmörkum að einum þriðja hluta,

b) 75% viðmiðunarmörkunum ef það beitir viðmiðunarmörkum að tveimur þriðju hlutum.

4. Þessi grein gildir ekki um hluti sem eingöngu eru keyptir til greiðslujöfnunar eða uppgjörs innan venjulegs, stutts greiðslutímabils eða um vörsluaðila sem eiga hluti í krafti þess að þeir eru vörsluaðilar að því tilskildu að slíkir vörslumenn geti aðeins nýtt sér atkvæðisrétt sem fylgir slíkum hlutum samkvæmt skriflegum eða rafrænum leiðbeiningum.

5. Þessi grein gildir ekki um kaup eða ráðstöfun verulegs eignarhluta viðskiptavaka sem kemur fram fyrir hönd viðskiptavaka, og eignarhlutinn nær eða fer yfir 5% viðmiðunarmörk, að því tilskildu:

a) að heimaaðildarríki heimili það samkvæmt tilskipun 2004/39/EB og

b) að það hvorki íhlutist um stjórn viðkomandi útgefanda né hafi þau áhrif á útgefandann að hann kaupi slíka hluti eða haldi verði þeirra uppi.

6. Heimaaðildarríki má, samkvæmt i-lið 1. mgr. 2. gr. kveða á um að atkvæðisréttur í veltubók lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis, eins og skilgreint er í 6. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana ([17]), reiknist ekki með að því er varðar þessa grein að því tilskildu að:

a) atkvæðisrétturinn í veltubókinni fari ekki yfir 5% og

b) lánastofnunin eða fjárfestingarfyrirtækið tryggi að atkvæðisréttur sem fylgir hlutum í veltubókinni sé hvorki nýttur né notaður á annan hátt til að íhlutast um stjórn útgefandans.

7. Svo að tillit sé tekið til tækniframfara á fjármálamörkuðum og samræmd beiting 2., 4. og 5. mgr. þessarar greinar tryggð skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 27. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir.

Framkvæmdastjórnin skal einkum tilgreina hámarkslengd „stutta greiðslutímabilsins" sem um getur í 4. mgr. ásamt viðeigandi eftirlitskerfum lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins. Þar að auki má framkvæmdastjórnin gera skrá yfir atburðina sem um getur í 2. mgr.

*10. gr.*

**Öflun eða ráðstöfun verulegs hlutfalls atkvæðismagns**

Tilkynningarskylda, eins og skilgreint er í 1. og 2. mgr. 9. gr., gildir einnig um einstakling eða lögpersónu að því marki að viðkomandi hafi rétt til að afla, ráðstafa eða nýta sér atkvæðisrétt í einhverjum af eftirfarandi tilvikum eða samsetningu af þeim:

a) þriðji aðili fer með atkvæðisrétt og hefur gert samning við hlutaðeigandi einstakling eða lögaðila þar sem þeir skuldabinda sig til að taka upp varanlega, sameiginlega stefnu um stjórn hlutaðeigandi útgefanda með samræmdri beitingu atkvæðisréttar síns,

b) þriðji aðili fer með atkvæðisrétt samkvæmt samningi við hlutaðeigandi einstakling eða lögaðila um tímabundinn flutning atkvæðisréttarins, sem um er að ræða, gegn endurgjaldi,

c) atkvæðisréttur er fylgir hlutum sem þessi einstaklingur eða lögaðili leggur fram sem tryggingu, nema viðkomandi einstaklingur eða lögaðili ráði yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist nýta sér hann,

d) atkvæðisréttur er tilheyrir hlutum sem hlutaðeigandi einstaklingur eða lögaðili nýtur arðs af,

e) atkvæðisréttur sem fyrirtæki, sem hlutaðeigandi einstaklingur eða lögaðili hefur yfirráð yfir, ber eða nýtir í skilningi a- til d-liðar,

f) atkvæðisréttur er tilheyrir hlutum, sem eru í vörslu hlutaðeigandi einstaklings eða lögaðila, sem þau geta nýtt sér að eigin ákvörðun og án sérstakra fyrirmæla hluthafa.

g) atkvæðisréttur sem þriðji aðili hefur í eigin nafni en fyrir hönd hlutaðeigandi einstaklings eða lögaðila,

h) atkvæðisréttur sem hlutaðeigandi einstaklingur eða lögaðili má nýta sér sem umboðsmaður þegar hvor um sig getur nýtt sér atkvæðisréttinn að eigin ákvörðun og án sérstakra fyrirmæla hluthafa.

*11. gr.*

1. Ákvæði 9. gr. og c-liðar 10. gr. skulu ekki gilda um hluti sem aðilum að seðlabankakerfi Evrópu (ESCB) eru látnir í té eða þeir láta í té til að sinna hlutverki sínu sem yfirvald á sviði peningamála, þ.m.t. hlutir sem aðilum að seðlabankakerfi Evrópu eru látnir í té eða þeir láta í té samkvæmt samkomulagi um veðsetningu eða endurkaup eða samkvæmt svipuðu samkomulagi um lausafé sem er veitt með stefnu í peningamálum í huga eða innan greiðslukerfa.

2. Undantekningin gildir um framangreind viðskipti sem vara í stuttan tíma og að því tilskildu að atkvæðisréttur sem fylgir slíkum hlutum sé ekki nýttur.

([17]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/39/EB.

*12. gr.*

**Málsmeðferð um tilkynningu og birtingu verulegra eignarhluta**

1. Tilkynningin, sem krafist er skv. 9. og 10. gr., skal fela í sér eftirfarandi upplýsingar:

a) stöðuna sem skapast að því er varðar atkvæðisrétt,

b) röð af undirfyrirtækjum en atkvæðisrétturinn er í raun fenginn í krafti þeirra, ef við á,

c) daginn sem viðmiðunarmörkunum var náð eða farið var yfir þau og

d) upplýsingar um hluthafa jafnvel þótt hann hafi ekki rétt til að nýta sér atkvæðisrétt samkvæmt skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 10. gr., og um einstaklinga eða lögaðila sem hafa rétt til að nýta sér atkvæðisrétt fyrir hönd þessa hluthafa.

2. Tilkynning til útgefanda skal eiga sér stað eins fljótt og auðið er en eigi síðar en innan fjögurra viðskiptadaga þar sem fyrsti viðskiptadagurinn skal vera næsti dagur á eftir deginum sem hluthafinn, einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem um getur í 10. gr.,

a) kemst að raun um öflunina eða ráðstöfunina eða möguleika á að nýta sér atkvæðisrétt eða sem hann, með tilliti til aðstæðna, ætti að hafa komist að raun um án tillits til þess hvenær öflunin, ráðstöfunin eða möguleiki á nýtingu atkvæðisréttar á sér stað eða

b) er tilkynnt um atburðinn sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

3. Fyrirtæki skal veitt undanþága frá tilkynningaskyldunni í samræmi við 1. mgr. ef tilkynning er send af hálfu móðurfyrirtækisins eða, ef móðurfyrirtækið er sjálft undirfyrirtæki, af hálfu móðurfyrirtækis þess.

4. Þess skal ekki krafist af móðurfyrirtæki rekstrarfélags að það leggi saman eignarhlut sinn skv. 9. og 10. gr. og eignarhlut sem rekstrarfélagið stjórnar samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 85/611/EBE að því tilskildu að slíkt rekstrarfélag nýti sér atkvæðisrétt sinn óháð móðurfyrirtækinu.

Ákvæði 9. og 10. gr. skulu þó gilda ef móðurfyrirtækið eða annað undirfyrirtæki móðurfyrirtækisins hefur fjárfest í eignarhlutdeild sem slíkt rekstrarfélag stjórnar og rekstrarfélagið hefur ekkert val um nýtingu atkvæðisréttar sem fylgir slíkri eignarhlutdeild og má aðeins nýta sér slíkan atkvæðisrétt samkvæmt beinum eða óbeinum fyrirmælum frá móðurfyrirtækinu eða öðru undirfyrirtæki móðurfyrirtækisins.

5. Ekki skal krefjast þess af móðurfyrirtæki fjárfestingarfyrirtækis, sem hefur fengið leyfi samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, að það leggi eignarhlut sinn skv. 9 og 10. gr. saman við eignarhlut sem slíkt fjárfestingarfélag stýrir fyrir einstaka viðskiptamenn í skilningi 9. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB að því tilskildu:

— að fjárfestingarfélagið fái leyfi til að stýra slíku samvali verðbréfa skv. 4. lið A-hluta í I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB,

— að það megi aðeins nýta atkvæðisrétt sem tilheyrir slíkum hlutum samkvæmt leiðbeiningum sem berast skriflega eða rafrænt eða að tryggt sé að einstaklingsmiðuð stjórnun verðbréfasamvals fari fram óháð hvers kyns annarri þjónustu samkvæmt skilyrðum sem eru sambærileg þeim sem kveðið er á um í tilskipun 85/611/EBE með því koma á viðeigandi aðferðum og

— að fjárfestingarfyrirtækið nýti atkvæðisrétt sinn óháð móðurfyrirtækinu.

Ákvæði 9. og 10. gr. skulu þó gilda ef móðurfyrirtækið eða annað undirfyrirtæki móðurfyrirtækisins hefur fjárfest í eignarhlutdeild sem slíkt fjárfestingarfyrirtæki stjórnar og fjárfestingarfélagið hefur ekkert val um nýtingu atkvæðisréttar sem fylgir slíkri eignarhlutdeild og má aðeins nýta sér slíkan atkvæðisrétt samkvæmt beinum eða óbeinum fyrirmælum frá móðurfyrirtækinu eða öðru undirfyrirtæki móðurfyrirtækisins.

6. Við móttöku tilkynningarinnar skv. 1. mgr. en eigi síðar en þremur viðskiptadögum þar á eftir skal útgefandinn birta opinberlega allar upplýsingarnar sem er að finna í tilkynningunni.

7. Heimaaðildarríki má veita útgefendum undanþágu frá kröfunum í 6. mgr. ef lögbært yfirvald birtir opinberlega upplýsingarnar, sem er að finna í tilkynningunni, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 21. gr. við móttöku tilkynningarinnar en eigi síðar en þremur viðskiptadögum þar á eftir.

8. Svo að tillit sé tekið til tækniframfara á fjármálamörkuðum og samræmd beiting 1., 2., 4., 5. og 6. mgr. þessarar greinar tryggð skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir um:

a) að tekið verði upp staðlað eyðublað sem nota skal í öllu Bandalaginu þegar upplýsingarnar,

sem krafist er, eru tilkynntar útgefanda skv. 1. mgr. eða þegar upplýsingar eru skráðar skv. 3. mgr. 19. gr.,

b) að ákvarða „viðskiptaalmanak“ fyrir öll aðildarríki,

c) að ákvarða í hvaða tilvikum hluthafi eða einstaklingur eða lögaðili, sem um getur í 10. gr., eða hvorutveggja skuli senda útgefanda nauðsynlega tilkynningu,

d) að skýra aðstæður þar sem hluthafi eða einstaklingur eða lögaðili, sem um getur í 10. gr., ætti að hafa komist að raun um kaupin eða ráðstöfunina,

e) að skýra skilyrði um óhæði sem rekstrarfélög og móðurfyrirtæki þeirra eða fjárfestingarfyrirtæki og móðurfyrirtæki þeirra skulu uppfylla til að njóta góðs af undanþágunum í 4. og 5. mgr.

*13. gr.*

1. Tilkynningaskyldan, sem mælt er fyrir um í 9. gr., skal einnig gilda um einstakling eða lögaðila sem á, beint eða óbeint, fjármálagerninga sem fylgir réttur til að kaupa hluti útgefanda, einungis að frumkvæði slíks eiganda samkvæmt formlegum samningi, sem atkvæðisréttur fylgir og hafa þegar verið gefnir út og eru skráðir á skipulegan markað.

2. Svo að tillit sé tekið til tækniframfara á fjármálamörkuðum og samræmd beiting 1. mgr. tryggð skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 27. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir. Hún skal einkum ákvarða:

a) gerðir og samsöfnun fjármálagerninga sem um getur í 1. mgr.:

b) hvers eðlis hinn formlegi samningur er sem um getur í 1. mgr.,

c) efni tilkynningarinnar sem semja skal og um leið skal ákveða staðlaða eyðublaðið sem nota skal í Bandalaginu,

d) frest til tilkynningar,

e) til hverra eigi að senda tilkynninguna.

*14. gr.*

1. Ef útgefandi hluta sem skráðir eru á skipulegan markað kaupir eða ráðstafar eigin hlutum, annaðhvort hann sjálfur eða í gegnum einstakling sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd útgefandans skal heimaaðildarríkið, eins fljótt og auðið er, tryggja að útgefandinn birti opinberlega hver hlutdeild hans er í eigin hlutum en eigi síðar en fjórum viðskiptadögum frá slíkum kaupum eða sölu þar sem hlutfallið nær, fer yfir eða niður fyrir 5% eða 10% mörk atkvæðisréttar. Reikna skal hlutfallið út á grundvelli heildarfjölda þeirra hluta sem atkvæðisréttur fylgir.

2. Svo að tillit sé tekið til tækniframfara á fjármálamörkuðum og samræmd beiting 1. mgr. tryggð skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 27. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir.

*15. gr.*

Til að reikna út mörkin, sem kveðið er á um í 9. gr., skal heimaaðildarríkið a.m.k. krefjast þess að útgefandinn birti opinberlega heildarfjölda þeirra sem hafa atkvæðisrétt og heildarhlutafé við lok hvers almanaksmánaðar þar sem breyting á heildarfjölda eða -magni hefur átt sér stað til hækkunar eða lækkunar.

*16. gr.*

**Viðbótarupplýsingar**

1. Útgefandi hluta sem skráð eru á skipulegan markað skulu án tafar tilkynna opinberlega allar breytingar á réttindum sem fylgja mismunandi flokkum hluta, þ.m.t. breytingar á réttindum sem fylgja afleiddum verðbréfum, sem útgefandinn gefur út sjálfur, og veita aðgang að hlutum þessa útgefanda.

2. Útgefandi verðbréfa, annarra en hluta sem skráðir eru á skipulegan markað, skal án tafar tilkynna opinberlega allar breytingar á réttindum eigenda verðbréfa annarra en hluta, þ.m.t. breytingar á skilmálum og skilyrðum þessara verðbréfa sem gætu óbeint haft áhrif á þessi réttindi, einkum vegna breytinga á lánaskilmálum eða vöxtum.

3. Útgefandi verðbréfa, sem eru skráð á skipulegan markað, skal án tafar tilkynna opinberlega um útgáfu nýrra lána og einkum um ábyrgðir eða tryggingar því tengdar. Með fyrirvara um tilskipun 2003/6/EB gildir þessi málsgrein ekki um opinbera, alþjóðlega stofnun sem a.m.k. eitt aðildarríki á aðild að.

*II. ÞÁTTUR*

***Upplýsingar fyrir eigendur verðbréfa sem hafa verið skráð á skipulegan markað***

*17. gr.*

**Upplýsingakröfur fyrir útgefendur hluta sem hafa verið skráð á skipulegan markað**

1. Útgefandi hluta, sem eru skráðir á skipulegan markað, skal tryggja jafna meðferð fyrir alla eigendur hluta sem eru í sömu stöðu.

2. Útgefandi skal tryggja að öll nauðsynleg aðstaða og upplýsingar, sem gera eigendum hluta kleift að neyta réttar síns, séu aðgengilegar í heimaaðildarríkinu og að heilleiki gagna sé varðveittur. Umboðsmaður skal ekki hindra hluthafa í að neyta réttar síns, sbr. þó lög þess lands þar sem útgefandinn hefur réttarstöðu lögaðila. Útgefandinn skal einkum:

a) gefa upplýsingar um stað, tíma og dagskrá funda, um heildarfjölda hluta og fjölda atkvæða með atkvæðisrétt og um réttindi eigenda til að taka þátt í fundum,

b) gera umboðseyðublað aðgengilegt á pappír eða, þar sem við á, rafrænt, fyrir hvern einstakling sem hefur rétt á að greiða atkvæði á hluthafafundi ásamt tilkynningu um fundinn eða, samkvæmt beiðni, eftir að fundurinn hefur verið auglýstur,

c) að tilnefna sem umboðsmann sinn fjármálastofnun sem gerir hluthöfum kleift að neyta fjárhagsréttar síns og

d) birta tilkynningar eða dreifa fréttabréfum um skiptingu og útborgun arðs og útgáfu nýrra hluta, þ.m.t. upplýsingar um fyrirkomulag er varðar skiptingu, áskrift, afpöntun eða breytingar.

3. Að því er varðar miðlun upplýsinga til hluthafa skal heimaaðildarríki heimila útgefendum að nota rafrænar aðferðir að því tilskildu að slík ákvörðun sé tekin á aðalfundi og uppfylli a.m.k. eftirfarandi skilyrði:

a) notkun rafrænna aðferða skal ekki með neinum hætti ákvarðast af aðsetri eða búsetu hluthafa eða, í tilvikum sem um getur í a- til h-liðar 10. gr., af aðsetri eða búsetu einstaklinga eða lögaðila,

b) koma skal á auðkenningarfyrirkomulagi til að hluthafar eða einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa rétt á að nýta sér eða stýra nýtingu atkvæðisréttar, fái fullnægjandi upplýsingar,

c) hafa skal samband við hluthafa eða, í tilvikum sem um getur í a- til e-lið 10. gr., einstaklinga eða lögaðila sem hafa rétt til að afla, ráðstafa eða neyta atkvæðisréttar, með skriflegum hætti til að óska eftir samþykki þeirra til að nota rafrænar aðferðir við miðlun upplýsinga og ef þeir andmæla ekki innan hæfilegs frests skal litið svo á að þeir hafi gefið samþykki sitt. Þeir skulu geta farið fram á það hvenær sem er í framtíðinni að upplýsingum verði miðlað með skriflegum hætti og

d) útgefandi skal ákvarða skiptingu kostnaðar sem miðlun slíkra upplýsinga með rafrænum hætti hefur í för með sér í samræmi við meginreglur um jafna meðferð sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

4. Svo að tillit sé tekið til tækniframfara á fjármálamörkuðum, þróunar í upplýsinga- og fjarskiptatækni og samræmd beiting 1., 2. og 3. mgr. tryggð skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr. Hún skal einkum tilgreina hvers konar fjármálastofnanir sem gera hluthöfum kleift að nýta sér fjárhagslegan rétt sinn eins og kveðið er á um í c-lið 2. mgr.

*18. gr.*

**Upplýsingakröfur fyrir útgefendur skuldabréfa sem hafa verið skráð á skipulegan markað**

1. Útgefendur skuldabréfa sem skráð eru á skipulegan markað skulu sjá til þess að allir eigendur skuldabréfa, sem metin eru jafngild, njóti sömu meðferðar að því er varðar öll réttindi sem fylgja þessum skuldabréfum.

2. Útgefandi skal tryggja að öll nauðsynleg aðstaða og upplýsingar, sem gera eigendum skuldabréfa kleift að neyta réttar síns, séu aðgengilegar almenningi í heimaaðildarríkinu og að heilleiki gagna sé varðveittur. Umboðsmaður skal ekki hindra eigendur skuldabréfa í að neyta réttar síns, sbr. þó lög þess lands þar sem útgefandinn hefur réttarstöðu lögaðila. Útgefandinn skal einkum:

a) birta tilkynningar eða dreifa fréttabréfum um stað, tíma og dagskrá funda með eigendum skuldabréfa, um greiðslu vaxta, hvernig umreikningi er háttað, skipti, áskrift, eða eftirgjöf og endurgreiðslu svo og um rétt þessara eigenda til þátttöku,

b) gera umboðseyðublað aðgengilegt á pappír eða, þar sem við á, rafrænt, fyrir hvern einstakling sem hefur rétt á að greiða atkvæði á fundi eig-

enda skuldabréfa ásamt tilkynningu um fundinn eða, samkvæmt beiðni, eftir að fundurinn hefur verið auglýstur,

c) tilnefna sem umboðsmann sinn fjármálastofnun sem gerir eigendum skuldabréfa kleift að neyta fjárhagslegs réttar síns.

3. Ef aðeins skal boða á fundinn eigendur skuldabréfa að nafnverði a.m.k. 50 000 evrur á hverja einingu eða ef um er að ræða skuldabréf í öðrum gjaldmiðli en evrum þar sem nafnverð hverrar einingar á útgáfudegi jafngildir a.m.k. 50 000 evrum má útgefandi velja að halda fundinn í hvaða aðildarríki sem er að því tilskildu að allur nauðsynlegur búnaður og upplýsingar, sem gerir slíkum eigendum kleift að neyta réttar síns, sé til staðar í þessu aðildarríki.

4. Að því er varðar miðlun upplýsinga til eigenda skuldabréfa skal heimaaðildarríki eða aðildarríki sem útgefandi velur skv. 3. mgr. leyfa að hún fari fram með rafrænum hætti að því tilskildu að slík ákvörðun sé tekin á aðalfundi og uppfylli a.m.k. eftirfarandi skilyrði:

a) notkun rafrænna aðferða skal ekki með neinum hætti ákvarðast af aðsetri eða búsetu eiganda skuldabréfs eða umboðsmanns sem kemur fram fyrir hans hönd,

b) koma skal á auðkenningarfyrirkomulagi til að eigendur skuldabréfa fái upplýsingar með skilvirkum hætti,

c) hafa skal samband við eigendur skuldabréfa með skriflegum hætti til að óska eftir samþykki þeirra til að nota rafrænar aðferðir við miðlun upplýsinga og ef þeir andmæla ekki innan hæfilegs frests skal litið svo á að þeir hafi veitt samþykki sitt. Þeir skulu geta farið fram á það hvenær sem er í framtíðinni að upplýsingum verði miðlað með skriflegum hætti og

d) útgefandi skal ákvarða skiptingu kostnaðar sem miðlun slíkra upplýsinga með rafrænum hætti hefur í för með sér í samræmi við meginreglur um jafna meðferð sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

5. Svo að tillit sé tekið til tækniframfara á fjármálamörkuðum, þróunar í upplýsinga- og fjarskiptatækni og samræmd beiting 1. til 4. mgr. tryggð skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. Hún skal einkum tilgreina hvers konar fjármálastofnanir það eru sem gera eigendum skuldabréfa kleift að neyta fjárhagslegs réttar síns eins og kveðið er á um í c-lið 2. mgr.

## IV. KAFLI

## ALMENNAR SKULDBINDINGAR

*19. gr.*

### Stjórnkerfi heimaaðildarríkis

1. Þegar útgefandi eða einstaklingur, sem hefur óskað eftir skráningu verðbréfa sinna á skipulegan markað án samþykkis útgefanda, birtir upplýsingar, sem reglur kveða á um, skal hann á sama tíma leggja þessar upplýsingar inn hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns. Lögbæra yfirvaldið getur ákveðið að birta slíkar skráðar upplýsingar á vefsetri sínu.

Ef útgefandi hyggst breyta stofnsamningi sínum eða samþykktum skal hann senda drög að breytingunum til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins og skipulega markaðsins þar sem útgefandinn hefur skráð verðbréf sín. Þessi drög skulu send án tafar en eigi síðar en þann dag sem boðað er til aðalfundar þar sem greiða skal atkvæði um breytingarnar eða tilkynna þær.

2. Heimaaðildarríki getur veitt útgefanda undanþágu frá kröfunni skv. 1. mgr. að því er varðar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB eða 6. mgr. 12. gr. þessarar tilskipunar.

3. Upplýsingar sem á að tilkynna útgefanda í samræmi við 9., 10., 12. og 13. gr. skulu á sama tíma lagðar inn hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins.

4. Til að tryggja samræmda beitingu 1., 2. og 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir.

Framkvæmdastjórnin skal einkum tilgreina hvernig útgefandi, eigandi hluta eða annarra fjármálagerninga eða einstaklingur eða lögaðili, sem um getur í 10. gr., skuli leggja inn upplýsingar hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis skv. 1. eða 3. mgr. í því skyni:

a) að gera kleift að leggja inn upplýsingar hjá heimaaðildarríki á rafrænan hátt,

b) að samræma innlagningu árlegrar fjárhagsskýrslu, sem um getur í 4. gr. þessarar tilskipunar, og innlagningu árlegra upplýsinga sem um getur í 10. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

*20. gr.*

**Tungumál**

1. Ef verðbréf eru einungis skráð á skipulegan markað í heimaaðildarríki skulu upplýsingarnar, sem reglur kveða á um, birtar á tungumáli sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkis samþykkir.

2. Ef verðbréf eru skráð á skipulegan markað í heimaaðildarríki og í einu eða fleiri aðildarríkjum skal birta upplýsingar, sem reglur kveða á um:

a) á tungumáli sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkis samþykkir og

b) annaðhvort á tungumáli sem lögbær yfirvöld þessara gistiaðildarríkja samþykkja eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, að vali útgefanda,

3. Ef verðbréf eru skráð á skipulegan markað í einu eða fleiri gistiaðildarríkjum en ekki í heimaaðildarríkinu skulu upplýsingarnar, sem reglur kveða á um, birtar annaðhvort á tungumáli sem lögbær yfirvöld þessara gistiaðildarríkja samþykkja eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, að vali útgefanda.

Þar að auki má heimaaðildarríkið mæla fyrir um í lögum og stjórnsýsluákvæðum að birta skuli upplýsingar, sem reglur kveða á um, annaðhvort á tungumáli sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, að vali útgefanda.

4. Ef verðbréf eru skráð á skipulegan markað án samþykkis útgefanda hvílir skyldan, sem um getur í 1., 2. og 3. gr., ekki á útgefanda heldur á einstaklingnum sem hefur óskað eftir slíkri skráningu án samþykkis útgefanda.

5. Aðildarríkin skulu leyfa hluthöfum og einstaklingi eða lögaðila, sem um getur í 9., 10. og 13. gr. að tilkynna útgefanda um upplýsingar samkvæmt þessari tilskipun en einungis á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum. Ef útgefanda berst slík tilkynning mega aðildarríkin ekki krefjast þess af útgefanda að hann leggi fram þýðingu á tungumáli sem lögbær yfirvöld samþykkja.

6. Ef nafnverð hverrar einingar verðbréfa, sem eru skráð á skipulegan markað í einu eða fleiri aðildarríkjum, er a.m.k. 50 000 evrur eða ef um er að ræða skuldabréf í öðrum gjaldmiðli en evrum sem jafngildir a.m.k. 50 000 evrum á útgáfudegi, skulu upplýsingar, sem reglur kveða á um, þrátt fyrir 1. til 4. gr., birtar opinberlega annaðhvort á tungumáli sem lögbær yfirvöld heima- og gistiaðildarríkja samþykkja eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, að vali útgefanda eða einstaklings sem hefur krafist slíkrar skráningar án samþykkis útgefanda.

7. Ef málshöfðun verður um innihald upplýsinga, sem reglur kveða á um, fyrir dómstólum í aðildarríki skal tekin ákvörðun um hver sé ábyrgur fyrir greiðslu kostnaðar við þýðingu á þessum upplýsingum, vegna málsmeðferðarinnar, í samræmi við lög viðkomandi aðildarríkis.

*21. gr.*

**Aðgangur að upplýsingum sem reglur kveða á um**

1. Heimaaðildarríki skal tryggja að útgefandi eða einstaklingur, sem hefur sótt um skráningu á skipulegan markað án samþykkis útgefanda, birti upplýsingar, sem reglur kveða á um, með þeim hætti að það tryggi skjótan aðgang að slíkum upplýsingum án mismununar og að þær verði aðgengilegar opinbera kerfinu, sem ákveðið er og um getur í 2. mgr. Útgefandi eða einstaklingur, sem hefur sótt um skráningu á skipulegan markað án samþykkis útgefanda, má ekki krefja fjárfesta um greiðslu sérstaks kostnaðar fyrir að veita upplýsingar. Heimaaðildarríki skal krefjast þess að útgefandinn noti miðla sem unnt er að treysta með góðu móti að dreifi upplýsingum á skilvirkan hátt til almennings í Bandalaginu. Heimaaðildarríki má ekki gera það að skilyrði að einungis verði notaðir miðlar sem eru reknir af aðilum með staðfestu á yfirráðasvæði þess.

2. Heimaaðildarríki skal tryggja að tilgreint sé a.m.k. eitt opinbert kerfi til miðlægrar geymslu upplýsinga sem reglur kveða á um. Þetta kerfi skal uppfylla lágmarksstaðla um öryggi einkum að því er varðar hvaðan upplýsingarnar eru fengnar, tímaskráningu og auðveldan aðgang fyrir notendur og skal það vera í samræmi við málsmeðferð við skráningu skv. 1. mgr. 19. gr.

3. Ef verðbréf eru skráð á skipulegan markað í aðeins einu gistiaðildarríki og ekki í heimaaðildarríki skal gistiaðildarríkið tryggja að upplýsingar, sem reglur kveða á um, séu birtar í samræmi við kröfurnar sem um getur í 1. mgr.

4. Svo að tillit sé tekið til tækniframfara á fjármálamörkuðum, þróunar í upplýsinga- og fjarskiptatækni og samræmd beiting 1., 2. og 3. mgr. tryggð skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr.

Framkvæmdastjórnin skal einkum tilgreina:

a) lágmarksstaðla um miðlun upplýsinga, sem reglur kveða á um, eins og um getur í 1. mgr.,

b) lágmarksstaðla um miðlægt geymslukerfi sem um getur í 2. mgr.

Framkvæmdastjórnin má einnig tilgreina og uppfæra skrá yfir miðla sem dreifa upplýsingum til almennings.

*22. gr.*

**Viðmiðunarreglur**

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu semja viðeigandi viðmiðunarreglur í því skyni að auðvelda frekar aðgang að upplýsingum sem birta skal samkvæmt tilskipunum 2003/6/EB og 2003/71/EB og þessari tilskipun.

Markmiðið með slíkum viðmiðunarreglum skal vera að búa til:

a) rafræn net sem setja á upp í viðkomandi löndum á milli innlendra verðbréfaeftirlitsstofnana, þeirra sem reka skipulega markaði og innlendra félagaskráa sem fjallað er um í Fyrstu tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu ([18]) og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans ([19]), til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra með það í huga að gera slíkar verndarráðstafanir sambærilegar í öllu Bandalaginu og

b) eitt rafrænt net eða vettvang rafrænna neta á milli aðildarríkja.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða niðurstöðurnar sem fást skv. 1. mgr. eigi síðar en 31. desember 2006 og má hún, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir til að auðvelda að 19. og 21. gr. sé fylgt.

*23. gr.*

**Þriðju lönd**

1. Ef skráð skrifstofa útgefanda er í þriðja landi má lögbært yfirvald heimaaðildarríkis veita þeim útgefanda undanþágu frá kröfum skv. 4. til 7. gr. og 6. mgr. 12. gr., 14., 15. gr. og 16. til 18. gr. að því tilskildu að í lögum viðkomandi þriðja lands sé mælt fyrir um jafngildar kröfur eða að útgefandi uppfylli lagakröfur þriðja lands sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkis telur jafngildar.

Upplýsingarnar sem fjallað er um í kröfunum sem mælt er fyrir um í þriðja landi skulu engu að síður lagðar fram í samræmi við 19. gr. og birtar í samræmi við 20. og 21. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal veita útgefanda sem hefur skráða skrifstofu í þriðja landi undanþágu frá því að gera reikningsskil í samræmi við 4. eða 5. gr. áður en fjárhagsárið hefst eða eftir 1. janúar 2007 að því tilskildu að slíkur útgefandi geri reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla sem um getur í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

3. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal tryggja að upplýsingar sem eru birtar í þriðja landi og gætu reynst mikilvægar fyrir almenning í Bandalaginu séu birtar í samræmi við 20. og 21. gr. jafnvel þótt slíkar upplýsingar séu ekki upplýsingar sem reglur kveða á um í skilningi k-liðar 1. mgr. 2. gr.

4. Til að tryggja samræmda beitingu 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin., samþykkja framkvæmdarráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr.:

i) um að koma á kerfi til að tryggja jafngildi upplýsinga sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. reikningsskil sem krafist er samkvæmt lögum og stjórnsýsluákvæðum þriðja lands,

ii) þar sem tilgreint er að þriðja land, þar sem útgefandi er skráður vegna laga og stjórnsýsluákvæða eða venja eða málsmeðferða, sem byggjast á alþjóðlegum stöðlum, sem alþjóðastofnanir setja, tryggi jafngildi krafna um upplýsingar sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

Framkvæmdastjórnin skal í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27 gr. taka nauðsynlegar ákvarðanir um jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur frá þriðja landi nota samkvæmt skilyrðum, sem sett eru fram í 3. mgr. 30. gr., eigi síðar en fimm árum eftir dagsetninguna sem um getur í 31. gr. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að reikningsskilastaðlar þriðja lands séu ekki jafngildir má það

([18]) Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB (Stjtíð. ESB L 221, 4.9.2003, bls. 13).

([19]) Athugasemd ritstjórnar: Fyrirsögninni hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 58. gr. sáttmálans.

heimila viðkomandi útgefendum að nota áfram slíka reikningsskilastaðla í hæfilega langan aðlögunartíma.

5. Til að tryggja samræmda beitingu 2. mgr. má framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir þar sem skilgreindar eru þær tegundir upplýsinga sem eru birtar í þriðja landi og hafa þýðingu fyrir almenning í Bandalaginu.

6. Fyrirtæki, sem hafa skráða skrifstofu í þriðja landi sem hefði þurft að fá leyfi í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 85/611/EBE eða, að því er varðar stjórnun verðbréfasamvals skv. 4. lið A-hluta I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB ef það var með skráða skrifstofu, eða, einungis ef um er að ræða fjárfestingarfyrirtæki, aðalskrifstofu sína í Bandalaginu, skulu einnig undanþegin frá því að leggja eignarhlutdeild sína saman við eignarhlutdeild móðurfyrirtækis síns samkvæmt kröfum, sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr., að því tilskildu að þau uppfylli jafngild skilyrði um óhæði sem rekstrarfélög eða fjárfestingarfyrirtæki.

7. Svo að tillit sé tekið til tækniframfara á fjármálamörkuðum og samræmd beiting 6. mgr. tryggð skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr. þar sem tilgreint er að þriðja land, í samræmi við landslög, laga- og stjórnsýsluákvæði þess, hafi tryggt að óhæðiskröfurnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun og framkvæmdarráðstöfunum hennar, séu jafngildar.

## V. KAFLI

## LÖGBÆR YFIRVÖLD

*24. gr.*

### Lögbær yfirvöld og valdsvið þeirra

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna stjórnvaldið, sem um getur í 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2003/71/EB sem lögbært stjórnvald, sem ber ábyrgð á því að til að uppfylla þær skyldur sem kveðið er á um í þessari tilskipun og til að tryggja að ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, sé beitt. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Aðildarríkin mega þó, að því er varðar h-lið 4. mgr., tilnefna annað lögbært yfirvald en lögbæra stjórnvaldið sem um getur í fyrstu undirgrein.

2. Aðildarríkin mega heimila lögbæra stjórnvaldi sínu að úthluta verkefnum. Að undanskildum verkefnum sem um getur í h-lið 4. mgr. skal endurskoða úthlutun verkefna sem varða skuldbindingarnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun og framkvæmdarráðstöfunum hennar fimm árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar og skal henni ljúka átta árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar. Allar úthlutanir verkefna skulu fara fram á tiltekinn skilyrðin við framkvæmd þeirra.

Þessi skilyrði skulu fela í sér ákvæði þar sem krafist er að umrædd eining hagi skipulagningu sinni þannig að ekki komi til hagsmunaárekstra og að upplýsingar, sem fást þegar verið er að sinna verkefnunum, sem úthlutað var, séu ekki notaðar á óréttmætan hátt eða til að hindra samkeppni. Í öllum tilvikum hvílir endanleg ábyrgð á eftirliti með að samræmis sé gætt við ákvæði þessarar tilskipunar og framkvæmdarráðstafanir, sem samþykktar hafa verið til samræmis við það, á lögbæru yfirvaldi sem er tilnefnt í samræmi við 1. mgr.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja um hvers konar fyrirkomulag sem samið hefur verið um varðandi úthlutun verkefna, þ.m.t. nákvæm skilyrði sem gilda um slíka úthlutun.

4. Hvert lögbært yfirvald skal hafa allar nauðsynlegar heimildir til að sinna hlutverki sínu. Því skal a.m.k. heimilt:

a) að fara fram á það við endurskoðendur, útgefendur, eigendur hluta og annarra fjármálagerninga eða einstaklinga eða lögaðila, sem um getur í 10 eða 13. gr. og einstaklinga, sem hafa eftirlit með þeim eða eru undir eftirliti þeirra, að þeir leggi fram upplýsingar og skjöl,

b) að fara fram á það við útgefanda að hann birti almenningi upplýsingar, sem krafist er samkvæmt a-lið, með þeim aðferðum og innan þess frests sem yfirvald telur nauðsynlegan. Það má birta slíkar upplýsingar að eigin frumkvæði þegar útgefandi eða einstaklingur sem hefur eftirlit með því eða er undir eftirliti þess, sinnir því ekki og eftir að hafa veitt útgefandanum áheyrn,

c) að fara fram á það við stjórnendur hjá útgefendum og eigendur hluta eða annarra fjármálagerninga eða einstaklinga eða lögaðila, sem um getur í 10. eða 13. gr., að þeir tilkynni upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun eða samkvæmt landslögum, sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun, og, ef þörf krefur, að leggja fram frekari upplýsingar og skjöl,

d) að fresta eða fara fram á það við viðkomandi skipulegan markað að hann fresti viðskiptum

með verðbréf á skipulegum markaði um samfellt 10 virka daga að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að útgefandinn hafi brotið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar eða landslaga sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun,

e) að banna viðskipti á skipulegum markaði ef það kemst að því að brotið hefur verið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar eða landslaga sem hafa verið samþykkt í samræmi við þessa tilskipun eða ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar,

f) að fylgjast með því að útgefandi birti upplýsingar tímanlega með það að markmiði að sjá til þess að almenningur í öllum aðildarríkjum, þar sem verðbréf eru skráð, hafi virkan og jafnan aðgang að þeim og geri viðeigandi ráðstafanir ef svo er ekki.

g) að tilkynna opinberlega að útgefandi eða eigandi hluta eða annarra fjármálagerninga eða einstaklingur eða lögaðili, sem um getur í 10. eða 13. gr. hafi ekki uppfyllt skyldur sínar,

h) að kanna hvort upplýsingarnar, sem um getur í þessari tilskipun, séu samdar í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur og gera viðeigandi ráðstafanir ef upp kemst um brot og

i) að láta fara fram skoðun á vettvangi á yfirráðasvæði sínu í samræmi við landslög til að sannreyna hvort ákvæðum þessarar tilskipunar og framkvæmdarráðstafana hennar sé hlítt. Ef landslög krefjast þess er lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum heimilt að nota þessa heimild með því að vísa málinu til viðkomandi dómsmálayfirvalds og/eða í samstarfi við önnur yfirvöld.

5. Ákvæði 1. til 4. gr. skulu ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkis til að gera sérstakar laga- og stjórnvaldsráðstafanir fyrir evrópsk yfirráðasvæði handan hafsins þar sem viðkomandi aðildarríki ber ábyrgð á samskiptum þeirra við önnur ríki

6. Ekki skal litið svo á að það athæfi endurskoðenda að upplýsa lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvarðanir sem varða beiðni sem lögbært yfirvald setur fram samkvæmt a-lið 4. mgr. sé brot á takmörkun á birtingu upplýsinga sem komið hefur verið á með samningi eða lögum eða stjórnsýsluákvæðum og skal ekki kalla þá til ábyrgðar með neinum hætti.

*25. gr.*

**Þagnarskylda og samstarf milli aðildarríkja**

1. Þagnarskylda skal gilda um alla þá sem starfa hjá eða hafa starfað hjá lögbæra yfirvaldinu og aðila sem lögbær yfirvöld kunna að hafa úthlutað tilteknum verkefnum. Ekki er heimilt að afhenda upplýsingar, sem falla undir þagnarskyldu, öðrum aðila eða yfirvaldi nema með skírskotun til laga, reglna eða stjórnsýsluákvæða sem aðildarríkin setja.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu starfa saman þegar nauðsyn ber til svo að þau geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun og nýtt valdheimildir sínar sem mælt er fyrir um annaðhvort í þessari tilskipun eða í landslögum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun. Lögbær yfirvöld skulu veita lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja aðstoð.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hindra lögbær yfirvöld í því að skiptast á trúnaðarupplýsingum. Slík upplýsingaskipti skulu háð þagnarskyldu þeirra sem starfa eða hafa starfað hjá þeim lögbæru yfirvöldum sem taka við upplýsingunum.

4. Aðildarríkjunum er því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld eða aðila í þriðju löndum þar sem löggjöf þeirra gerir þeim kleift að inna af hendi öll verkefni sem lögbær yfirvöld úthluta þeim samkvæmt þessari tilskipun í samræmi við 24. gr., Tryggt skal að um slík upplýsingaskipti ríki þagnarskylda a.m.k. í sama mæli og krafist er í þessari grein Slík upplýsingaskipti skulu eiga sér stað til að fullnægja eftirlitsskyldum áðurnefndra yfirvalda eða aðila. Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis, þar sem við á, til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

*26. gr.*

**Varúðarráðstafanir**

1. Komist lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins að því að útgefandi eða eigendur hluta eða annarra fjármálagerninga eða einstaklingurinn eða einingin, sem um getur í 10. gr., hafi gerst sek um að virða ekki reglur eða brotið í bága við skyldur sínar skal það vísa málinu til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins.

2. Ef útgefandinn eða eigandi verðbréfa heldur áfram að brjóta viðkomandi lög og ákvæði reglna, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbært yfirvald heima-

aðildarríkis hefur gert eða vegna þess að slíkar ráðstafanir reynast ófullnægjandi, skal lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins, eftir að hafa tilkynnt það lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda fjárfesta í samræmi við 2. mgr. 3. gr. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir eins fljótt og auðið er.

VI. KAFLI

**FRAMKVÆMDARRÁÐSTAFANIR**

*27. gr.*

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku verðbréfanefndarinnar sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar 2001/528/EB.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar, að því tilskildu að framkvæmdarráðstafanirnar, sem samþykktar eru samkvæmt þessari málsmeðferð, breyti ekki grundvallarákvæðum þessarar tilskipunar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanir sem hafa þegar verið samþykktar 20. janúar 2009 skal framkvæmd ákvæðanna í þessari tilskipun, sem varða samþykkt tæknilegra reglna og ákvarðana í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr., falla niður. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að endurnýja viðkomandi ákvæði í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, og skulu þau, í því skyni, endurskoða þau áður en fjögurra ára tímabilinu lýkur.

*28. gr.*

**Viðurlög**

1. Með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að beita viðurlögum á sviði refsiréttar skulu aðildarríkin tryggja, í samræmi við innlend lög, að gerðar verði a.m.k. viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir eða beitt verði einkamálaréttar- og/eða stjórnsýsluviðurlögum gagnvart aðilum sem ábyrgir eru þegar ekki hefur verið farið að ákvæðum þessarar tilskipunar. Aðildarríkin skulu tryggja að þessar ráðstafanir séu árangursríkar, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbæru yfirvaldi sé heimilt að birta opinberlega upplýsingar um allar ráðstafanir eða viðurlög sem beita skal við broti á ákvæðunum sem hafa verið samþykkt í samræmi við þessa tilskipun, nema slík birting kunni að tefla fjármálamarkaðnum í tvísýnu eða valda viðkomandi aðilum óhóflegum skaða.

*29. gr.*

**Áfrýjunarréttur**

Aðildarríkin skulu tryggja að unnt sé að áfrýja til dómstóla öllum ákvörðunum sem eru teknar samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun.

VII. KAFLI

**BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI**

*30. gr.*

**Bráðabirgðaákvæði**

1. Þrátt fyrir 3. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar má heimaaðildarríki veita útgefendum, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, undanþágu frá því að birta reikningsskil í samræmi við þá reglugerð fyrir fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2006 eða síðar.

2. Þrátt fyrir 2. mgr. 12. gr. skal hluthafi tilkynna útgefanda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir dagsetninguna í 1. mgr. 31. gr. um atkvæða- og eiginfjárhlutfall sitt á þeim degi í samræmi við 9., 10. og 13. gr. nema hann hafi þegar sent tilkynningu með sömu upplýsingum fyrir þessa sömu dagsetningu.

Þrátt fyrir 6. mgr. 12. gr. skal útgefandi síðan birta upplýsingarnar sem voru í þessum tilkynningum eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetninguna í 1. mgr. 31. gr.

3. Þegar útgefandi hefur réttarstöðu lögaðila í þriðja landi má heimaaðildarríki einungis veita slíkum útgefanda undanþágu frá því að semja reikningsskil í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og skýrslu framkvæmdastjórnar í samræmi við 5. mgr. 4. gr. vegna skuldabréfa sem þegar hafa verið skráð á skipulegan markað fyrir 1. janúar 2005 svo fremi að

a) lögbært yfirvald heimaaðildarríkis viðurkenni að árleg reikningsskil, sem útgefendur frá viðkomandi þriðja landi gera, gefi glögga mynd af eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu hans og árangri,

b) þriðja landið, þar sem útgefandi hefur réttarstöðu lögaðila, hafi ekki lögboðið að nota skuli alþjóð-

lega reikningsskilastaðla sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og

c) framkvæmdastjórnin hafi ekki tekið neina ákvörðun í samræmi við ii-lið 4. mgr. 23. gr. um hvort jafngildi sé á milli framangreindra reikningsskilastaðla og

— reikningsskilastaðla sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnsýsluákvæðum þriðja lands þar sem útgefandinn er með réttarstöðu lögaðila eða

— reikningsskilastaðla þriðja lands sem útgefandi hefur valið að fara að.

4. Heimaaðildarríkið má einungis veita útgefendum undanþágu frá því að birta fjárhagsskýrslu á hálfs árs fresti í samræmi við 5. gr. í 10 ár frá og með 1. janúar 2005 að því er varðar skuldabréf sem þegar hafa verið skráð á skipulegan markað í Bandalaginu fyrir 1. janúar 2005, að því tilskildu að heimaaðildarríki hafi ákveðið að leyfa slíkum útgefendum að færa sér í nyt ákvæði 27. gr. tilskipunar 2001/34/EB þegar þessi skuldabréf eru tekin til skráningar.

*31. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 20. janúar 2007. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanir skv. 1. mgr. 3. gr., 2. og 3. mgr. 8. gr., 6. mgr. 9. gr. eða 30. gr. skulu þau tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um það.

*32. gr.*

**Breytingar**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 2001/34/EB frá og með þeim degi sem er tilgreindur í 1. mgr. 31. gr.:

1) Ákvæði g- og h-liðar 1. gr. falli brott.

2) Ákvæði 4. gr. falli brott.

3) Ákvæði 2. mgr. 6. gr. falli brott.

4) Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 8. gr.:

„2. Aðildarríkin geta gert útgefendum verðbréfa, sem skráð eru opinberlega, að sæta viðbótarskyldum að því tilskildu að þessar viðbótarskyldur gildi jafnt um alla útgefendur og einstaka hópa útgefenda."

5) Ákvæði 65. og 97. gr. falli brott,

6) Ákvæði 102. og 103. gr. falli brott,

7) Annar undirliður 3. mgr. 107. gr. falli brott.

8) Í 108. gr. breytast ákvæði 2. mgr. sem hér segir:

a) í a-lið falli brott orðin „upplýsingar sem birtar skulu reglulega af félögum sem hafa fengið hlutabréf sín skráð,"

b) ákvæði b-liðar falli brott,

c) ákvæði iii-liðar c-liðar falli brott,

d) ákvæði d-liðar falli brott.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvæðin sem tilvísanir í þessa tilskipun.

*33. gr.*

**Endurskoðun**

Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 30. júní 2009 gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um hvernig til hefur tekist með framkvæmd þessarar tilskipunar, þ.m.t. hvort rétt sé að aflétta undanþágu sem gildir um gildandi skuldabréf að loknu 10 ára tímabili eins og kveðið er á um í 4. mgr. 30. gr., og möguleg áhrif hennar á evrópska fjármálamarkaði.

*34. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

*35. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassburg 15. desember 2004.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| J. BORRELL FONTELLES | A. NICOLAÏ |
| *forseti.* | *forseti.* |

# 519. Frumvarp til laga [431. mál]

um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands skulu sameinast undir einu nafni, Háskóli Íslands.

2. gr.

Nemendur, sem við gildistöku laga þessara eru í námi við Kennaraháskóla Íslands, eiga rétt á að ljúka því námi við sameinaðan háskóla, Háskóla Íslands, samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við gildistöku laga þessara, miðað við gildandi reglur um námsframvindu.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara tekur sameinaður háskóli, Háskóli Íslands, sbr. 1. gr., við eignum og skuldbindingum Kennaraháskóla Íslands. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir á fjárlögum fyrir árið 2008 fyrir Kennaraháskóla Íslands.

Við gildistöku laga þessara flytjast störf ótímabundið ráðinna kennara, sem uppfylla skilyrði 18. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, og annarra ótímabundið ráðinna starfsmanna Kennaraháskóla Íslands, yfir til hins sameinaða háskóla, Háskóla Íslands.

Um flutning starfa skv. 2. mgr. fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Við gildistöku laga þessara verður embætti rektors Kennaraháskóla Íslands lagt niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur samstarf eða sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands verið til skoðunar. Á árinu 2002 unnu skólarnir sameiginlega athugun á nánara samstarfi eða sameiningu sem síðan var lögð til grundvallar í starfi nefndar sem menntamálaráðherra skipaði í upphafi árs 2006 til að skoða fýsileika sameiningar skólanna. Í nefndinni áttu sæti frá Kennaraháskóla Íslands þeir Ólafur Proppé rektor, Guðmundur Ragnarsson framkvæmdastjóri og Börkur Hansen prófessor og frá Háskóla Íslands þau Kristín Ingólfsdóttir rektor, Þórður Kristinsson framkvæmdastjóri og Ólafur Þ. Harðarson prófessor. Formaður nefndarinnar var Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri. Skilagrein nefndarinnar frá því í apríl 2006 var svohljóðandi:

**Nefnd um fýsileika sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands**

**Skilagrein**

***Inngangur***

Umræða hefur farið fram undanfarin misseri um skipulag háskólastigsins og hvaða leiðir eru færar til að einfalda það og styrkja. Þessi umræða er þörf og gagnleg, ekki síst í ljósi metnaðarfullra hugmynda um framtíðarstöðu íslensks menntakerfis og með hliðsjón af fjölgun stofnana á háskólastigi og stóraukinni eftirspurn eftir háskólanámi. Um alllangt skeið hefur jafnframt verið rætt um mögulega sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Árið 2002 stóðu skólarnir saman að athugun á nánara samstarfi eða sameiningu, sem renndi frekari stoðum undir hugmyndir þar um. Um almenn atriði byggir skilagrein þessi á efnislegri umfjöllun í þeirri skýrslu.

Í skilagrein þessari eru, í fyrsta lagi, tilgreind æskileg meginmarkmið fyrir sameiningu HÍ og KHÍ. Í öðru lagi eru tilgreind þau markmið önnur sem nefndin telur að stefna beri að við sameiningu háskólanna, verði ákvörðun um hana tekin. Í þriðja lagi eru reifuð þau viðfangsefni sem nefndin telur að sérstaklega þurfi að huga að ef hrinda eigi sameiningu í framkvæmd. Í fjórða lagi setur nefndin fram niðurstöður sínar, og forsendur og fyrirvara sem að þeim lúta. Að endingu setur nefndin fram almennar ábendingar um hvernig standa mætti að sameiningarferlinu.

***1. Meginmarkmið***

Við teljum að meginmarkmið með sameiningu háskólanna tveggja séu eftirfarandi:

1.1. Að stuðla að eflingu háskólamenntunar á Íslandi með sameiningu háskólastofnana sem verða með því sterkari heild sem byggir á sérstöðu og sérhæfingu þeirra beggja.

1.2. Að tryggja fjölbreyttara og sveigjanlegra námsframboð í grunn- og framhaldsnámi kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum og annarra uppeldisstétta.

1.3. Að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi.

1.4. Að styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum og skapa forsendur fyrir samþættingu slíkra rannsókna við aðrar rannsóknir sem stundaðar eru í sameinuðum háskóla.

1.5. Að efla stoðþjónustu í sameinuðum háskóla og auka stuðning við nemendur og starfsfólk.

1.6. Að skapa forsendur fyrir því að sameinuð stofnun veiti menntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða sem og annarra tengdra greina á Íslandi sem sé sambærileg við það sem best gerist í okkar nágrannalöndum.

*2. Kostir og tækifæri*

Við teljum að sameining skólanna skapi kosti og tækifæri sem mikilvægt er að nýta. Þau lúta að eftirtöldum atriðum:

2.1. Fjölbreytni í námi og rannsóknum, aukinn sveigjanleiki. Sameining háskólanna getur haft í för með sér aukna fræðilega breidd sem gefur færi á fleiri námsleiðum. Sameinaður háskóli verður þannig betur í stakk búinn til að auka fjölbreytni kennaramenntunar og ýmissa annarra tengdra greina. Á þann hátt má gera fyrirkomulag menntunar sveigjanlegra um leið og gefinn er kostur á aukinni sérhæfingu.

2.2. Samfella í kennaramenntun á öllum skólastigum. Sameinaður háskóli mun hafa með höndum starfsmenntun kennara á öllum skólastigum. Það gefur tækifæri til þess að auka samþættingu og samfellu skólastiga strax á námstíma kennara.

2.3. Efling framhaldsnáms á meistara- og doktorsstigi. Sameinaður háskóli fær tækifæri til að samnýta stoðkerfin sem byggð hafa verið upp í meistara- og doktorsnámi, sem ásamt aukinni fræðilegri breidd mun leiða af sér eflingu framhaldsnáms.

2.4. Hagkvæmni í stjórnsýslu. Með sameiningu má hugsanlega ná fram aukinni hagkvæmni í stjórnsýslu og stoðþjónustu. Stefna ber að því að svo verði, þannig að nýta megi þá fjármuni sem renna til sameinaðs háskóla með þeim hætti sem samrýmist hlutverki hans og markmiðum.

2.5. Sterkari heild. Til verður öflugur háskóli sem hefur á að skipa hæfustu kennurum og fræðimönnum á sviði uppeldis- og menntunarfræða í víðri merkingu og þeirra faggreina sem kenndar eru í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins.

2.6. Bættir kennsluhættir og efling símenntunar. Sameining háskólanna skapar tækifæri til að bæta kennsluhætti og þróa sveigjanleg námsform, svo sem dreifnám og fjarkennslu. Einnig er líklegt að sameining háskólanna efli sí- og endurmenntun.

2.7. Sterkari staða á alþjóðavettvangi. Sameinaður háskóli hefur færi á að ná betri árangri í alþjóðlegu samstarfi.

*3. Viðfangsefni*

Verði ákvörðun tekin um sameiningu skólanna þarf að fylgja þeirri ákvörðun eftir með tímasettri aðgerðaráætlun og samningum.

3.1. Það er forsenda þess að sameining heppnist vel að allir hlutaðeigandi leggist á eitt. Mikilvægt er að virkja starfsfólk undir forystu háskólaráða og rektora beggja skóla.

3.2. Sameiginleg framtíðarsýn háskólanna er nauðsynleg. Í henni þarf að felast að skólarnir deili sýn um markmið sameiningar og þann ávinning sem hún færir.

3.3. Ljóst þarf að vera með hvaða hætti sá styrkur sem skólarnir nú ráða yfir í sitt hvoru lagi, verði tryggður og áfram nýttur til framdráttar sameinuðum skóla. Sameiningin verði notuð til að yfirvinna veikleika þeirra þannig að nýr háskóli verði enn öflugri en háskólarnir eru nú.

3.4. Leggja þarf áherslu á að byggja upp traust til nýja háskólans sem stuðlar að sameiginlegri stofnanamenningu og góðum starfsanda.

3.5. Tryggja þarf að stjórnskipulag sameinaðs háskóla og fjármögnun kennslu og rannsókna á sviði uppeldis-, menntunar- og kennarafræða styrki fræðasviðið frá því sem nú er. Mikilvægt er að fjárveitingar til kennslu í uppeldis-, menntunar- og kennarafræðum skerðist ekki við sameiningu háskólanna. Gæta þarf að kostun innan þeirra greina þar sem skörun verður milli kennaramenntunar og annarrar menntunar háskólans. Jafnframt er mikilvægt að fjárveitingar til rannsókna verði sambærilegar á öllum fræðasviðum hins nýja háskóla.

3.6. Tryggja þarf frá upphafi sameiningarferlisins að allir starfsmenn beggja háskólanna fái áfram sambærileg störf og sambærileg kjör í nýjum háskóla. Sambærilegar reglur hafa gilt um ráðningar og hæfnismat í báðum háskólunum.

3.7. Skoða þarf sérstaklega kjaramál starfsmanna háskólanna og stéttarfélagsmál. Einnig þarf að samræma réttindi og skyldur starfsfólks í nýjum sameinuðum háskóla, s.s. aðgang að sjóðum, rannsóknamisseri, ráðningu og framgang, matskerfi vegna rannsókna og kennslu, vinnumat vegna stjórnunar o.fl.

3.8. Við samnýtingu og samþættingu námskeiða og námsleiða þarf að huga sérstaklega að námskröfum og inntaki náms í báðum háskólum. Mikilvægt er að virkja kennara ólíkra deilda við HÍ og kennara við KHÍ til samstarfs og samþættingar í þágu kennaramenntunar.

3.9. Skoða þarf sérstaklega húsnæðismál í tengslum við hugsanlega sameiningu háskólanna. Athuga þarf hvort skynsamlegt væri t.d. að byggja yfir þá starfsemi sem nú er í KHÍ á háskólavæði HÍ og nýta aðstöðu KHÍ á Rauðarárholti fyrir aðra starfsemi. Eðlilegt er að þessi mál komi til skoðunar í samvinnu stjórnvalda og háskólaráðs sameinaðs skóla.

3.10. Stúdentar og samtök þeirra þurfa að vera virkir þátttakendur í sameiningarferlinu. Í tengslum við sameiningu háskólanna þarf jafnframt að huga að stöðu og eignum samtaka þeirra.

3.11. Ljóst er að sameining háskólanna er umfangsmikið verkefni sem hefur í för með sér kostnað sem tryggja þarf fjárveitingu til.

### *4. Niðurstaða*

Á grundvelli þess sem dregið er fram hér að ofan er það mat okkar að sameining KHÍ og HÍ sé æskileg. Sú niðurstaða er háð því að samstaða náist milli skólanna um markmið sameiningarinnar, sem eru tíunduð að framan og enn nánar í skýrslunni frá

2002. Verði það niðurstaðan að stefna beri að sameiningu skólanna, og fallist Alþingi á það, er ljóst að stjórnvöld og þó einkanlega skólarnir sjálfir eiga vandasamt verkefni fyrir höndum, sem krefst vandaðs undirbúnings.

Sameiningin gefur möguleika á að endurskipuleggja allt nám í uppeldis- og menntunarfræðum, þ.m.t. starfsnám kennara. Jafnframt veitir hún tækifæri fyrir einstakar deildir HÍ til að efla ýmis fræðasvið sín með því að taka virkari þátt í menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta. Samlegðaráhrif verða í rannsóknum í uppeldis- og menntunarfræðum og skyldum fræðasviðum. Til að ná þessum markmiðum er talið farsælast að reka almennan deildaskiptan háskóla fremur en að hafa einn sérhæfðan kennaraháskóla. Það er álit nefndarinnar að sameining skólanna gæti, ef vel er að verki staðið, orðið til þess að til yrði öflug háskólastofnun sem hefði alla burði til að standast alþjóðlegan samanburð í kennslu og rannsóknum í þágu íslensks samfélags.

Tillaga um sameiningu HÍ og KHÍ er háð þeim fyrirvara, að námi, kennslu og rannsóknum í kennslu og uppeldisfræði verði þannig fyrir komið innan sameinaðs skóla, að markmið um bætta kennaramenntun og rannsóknir geti náðst fram. Nefndin telur að í þessu sambandi skipti sköpum hver niðurstaða verði af stefnumótun þeirri sem nú fer fram innan HÍ. Álitlegur möguleiki er, að mati nefndarinnar, að nýr háskóli samanstandi af nokkrum megineiningum sem hafi áþekk hlutverk og stöðu innan háskólans. Kennslu- og uppeldisfræði yrði ein slíkra megineininga. Lögum samkvæmt ákveður háskólaráð HÍ deildaskipan skólans, það leggur niður og stofnar deildir.

Eftir að framangreind fýsileikaskýrsla lá fyrir lýstu háskólaráð beggja háskólanna vilja sínum til þess að haldið yrði áfram með málið á grundvelli niðurstaðna skýrslunnar. Jafnframt bárust menntamálaráðuneytinu umsagnir og ályktanir Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands og Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands sem almennt voru jákvæðar gagnvart hugmyndum um sameiningu, en einnig voru ítrekaðar þær forsendur og fyrirvarar sem fram komu í fýsileikaskýrslunni.

Í ágúst 2006 skipaði menntamálaráðherra starfshóp til að vinna frekar að undirbúningi sameiningarinnar og skilaði hún skýrslu í nóvembermánuði sem hefur að geyma sameiningaráætlun sem ætlað er að vinna eftir, fáist samþykki Alþingis fyrir sameiningunni með frumvarpi þessu. Í starfshópnum áttu sæti Börkur Hansen frá Kennaraháskóla Íslands, Rögnvaldur Ólafsson frá Háskóla Íslands og Eiríkur Hilmarsson fulltrúi menntamálaráðuneytis og var hann jafnframt formaður.

Sú sameiningaráætlun sem unnin hefur verið og er að finna í fylgiskjali I með frumvarpi þessu geymir forskrift af því hvernig sameiningu þessara tveggja mikilvægu menntastofnana er ætlað að ganga eftir. Þar kemur fram að unnið er að gerð frumvarps um ríkisháskóla sem miðað er við að lagt verði fram á haustþingi 2007 og ætlað er að leysa af hólmi núgildandi sérlög um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Miðað er við að frumvarpið geymi heimild fyrir ríkisháskóla til skiptingar skóla í sérstaka fagskóla á borð við hugvísindaskóla og menntavísindaskóla. Þær hugmyndir eru nú til umfjöllunar í háskólaráði Háskóla Íslands, en auk þess er gengið út frá formlegri aðkomu Kennaraháskóla Íslands að frekari mótun hugmynda um skiptingu sameinaðs háskóla í skóla og stjórnskipulag hans. Það sama á við um aðkomu forystu Kennaraháskóla Íslands að námskipan kennaramenntunar í hinum sameinaða háskóla.

Í samræmi við framangreint hefur verið lögð rík áhersla á eftirfarandi forsendur sameiningar:

1. *Náið samstarf og jafnræði sé milli háskólanna við undirbúning sameiningar og mótun hugmynda um fyrirkomulag uppeldisvísinda í sameinuðum skóla.*
2. *Starfsmenn beggja skóla haldi sambærilegum starfskjörum.*
3. *Nemendur sem eru í námi við Kennaraháskóla Íslands eigi rétt á að ljúka námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við sameiningu háskólanna.*

Í samræmi við framangreint er við það miðað að Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands hefji sem fyrst sameiginlega undirbúning að sameiningarferlinu og er frumvarp þetta lagt fram sem grundvallarforsenda hinnar fyrirhuguðu sameiningar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni skulu Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands sameinast í einn skóla, Háskóla Íslands, á grundvelli þeirrar sameiningaráætlunar sem um er getið í almennum athugasemdum og er að finna í fylgiskjali I með frumvarpi þessu.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni eiga nemendur, sem við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, eru í námi við Kennaraháskóla Íslands, rétt á að ljúka því námi við sameinaðan háskóla, Háskóla Íslands, samkvæmt því námsskipulagi sem er í gildi nú, miðað við gildandi reglur um námsframvindu. Með því er tryggt að nemendur Kennaraháskóla Íslands eiga rétt á því að ljúka núverandi námi sínu við skólann samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er og á sömu forsendum. Þá er áréttað að réttur þessi sé bundinn við gildandi reglur um námsframvindu. Einungis er við það miðað að þessi réttur nái til náms við hinn nýja háskóla sem verður til við sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni tekur sameinaður háskóli, Háskóli Íslands, sbr. 1. gr., við eignum og skuldbindingum Kennaraháskóla Íslands frá gildistökudegi frumvarps þessa hinn 1. júlí 2008, verði það að lögum. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir á fjárlögum fyrir árið 2008 fyrir Kennaraháskóla Íslands.

Frá sama tíma flytjast störf ótímabundið ráðinna kennara, sem uppfylla skilyrði 18. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, og annarra ótímabundið ráðinna starfsmanna Kennaraháskóla Íslands, yfir til hins sameinaða háskóla, Háskóla Íslands. Með kennurum er átt við ótímabundið ráðna prófessora, dósenta og lektora við Kennaraháskóla Íslands sem hlotið hafa hæfnisdóm við ráðningu hjá Kennaraháskóla Íslands í samræmi við skilyrði háskólalaga um menntun og árangur í starfi.

Störf annarra ótímbundið ráðinna starfsmanna flytjast jafnframt yfir til hins sameinaða háskóla, hvort sem þeir sinna kennslustörfum sem aðjunktar eða sérfræðingar, eða tilheyra stjórnsýslu skólans eða sinna öðrum störfum á vegum hans.

Sérstaklega er áréttað í 3. mgr. að um flutning allra framangreindra starfa fari að öðru leyti eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Þannig er á því byggt að við flutninginn haldi þessir starfsmenn öllum áunnum réttindum sínum, svo sem biðlaunarétti, lífeyrisrétti og veikindarétti.

Í lokamálsgrein greinarinnar er síðan við það miðað að við gildistöku laganna verði embætti rektors Kennaraháskóla Íslands lagt niður. Um niðurlagningu embættisins gilda framangreind lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríksins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

**Fylgiskjal I.**

**Áætlun um sameiningu**
**Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands:**
**Skýrsla starfshóps skipuðum af menntamálaráðherra 17. ágúst 2006.**
(Reykjavík, 8. nóvember 2006.)

## 1 Inngangur

Með bréfi 17. ágúst 2006 skipaði menntamálaráðherra starfshóp til að vinna að undirbúningi að sameiningu Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) og Háskóla Íslands (HÍ). Í hópnum voru Börkur Hansen prófessor við Kennaraháskóla Íslands, Rögnvaldur Ólafsson dósent við Háskóla Íslands og Eiríkur Hilmarsson aðstoðarhagstofustjóri sem var fulltrúi menntamálaráðuneytis og jafnframt formaður. Með hópnum störfuðu Margrét Harðardóttir og María Gunnlaugsdóttir starfsmenn menntamálaráðuneytis.

Starfshópurinn hélt tólf formlega fundi auk þess sem haldinn var fundur 11. október með ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis, rektor Kennaraháskóla Íslands og rektor Háskóla Íslands. Starfshópurinn naut góðrar aðstoðar starfsmanna beggja háskóla við öflun upplýsinga. Þá voru skrif starfshópsins og tillögur bornar undir fulltrúa skólanna.

Verkefni starfshópsins var að útfæra atriði sem fjallað er um í skilagrein nefndar um fýsileika sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands dagsett 7. apríl 2006 og leggja fram tímasetta aðgerðaáætlun fyrir sameiningu skólanna. Jafnframt átti starfshópurinn skv. erindisbréfi að huga að athugasemdum frá háskólaráðum beggja skólanna frá júní 2006 um sameiningu þeirra.

Í erindisbréfi hópsins segir að í tímasettri aðgerðaráætlun sem hópurinn leggur fram skuli fjalla sérstaklega um eftirtalda þætti: *Framtíðarsýn, stjórnskipulag, námsskipan, starfsfólk og réttindi, rekstrar- og húsnæðismál, stoðþjónustu, nemendur, kostnað og tímaáætlun.*

Starfshópurinn ræddi í upphafi hvernig afmarka skyldi verkefnið. Í erindisbréfi kemur fram að starfshópnum er ætlað að vinna hratt og vænst sé að niðurstaða hópsins verði afhent menntamálaráðherra í lok október 2006. Í ljósi þessa ákvað hópurinn að leggja höfuðáherslu á eftirtalin atriði í sinni vinnu:

- Að kaflaskipting skýrslunnar vísi til þeirra höfuðatriða sem tilgreind eru í erindisbréfi, en auk þess ákvað starfshópurinn að bæta við einum kafla um úttekt á sameiningarferlinu.
- Að leggja megináherslu á að skilgreina hvaða verk þurfi að vinna í sameiningarferlinu, tilgreina hverjir beri ábyrgð á hverjum verkþætti, tilgreina tímaramma og afrakstur. Í upphafi hvers kafla er lýsinga á núverandi stöðu mála.

Starfshópurinn var sammála um að það væri ekki hlutverk hans að ræða í smáatriðum um hvern lið heldur leggja fram áætlun um í hvaða farveg umfjöllun og ákvarðanir um helstu málefnið færu.

Starfshópurinn gekk út frá eftirtölum forsendum í sinni vinnu:
- Að frumvarp um sameiningu skólanna verði lagt fram á Alþingi í nóvember 2006 sem er í samræmi við erindisbréf og samkomulag 11. október 2006 milli menntamálaráðuneytisins og rektora háskólanna. Tímaáætlun skýrslunnar miðast við að frumvarpið verði samþykkt á vorþingi 2007. Þá hefjist sameiningarferlið og 1. júlí 2008 verði formlegum samruna lokið og til verði sameinaður háskóli.
- Að sem mest jafnræði verði milli háskólanna við mótun hugmynda um stjórnskipulag sameinaðs háskóla.
- Að starfsmenn beggja skóla haldi sambærilegum störfum og lækki ekki í launum við sameininguna.
- Að nemendur sem eru í námi við Kennaraháskóla Íslands eigi rétt á að ljúka námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við sameiningu háskólanna.

## 2 Framtíðarsýn

2.1 Sameiginleg framtíðarsýn er forsenda farsællar sameiningar háskólanna tveggja. Háskólaráð H.Í. staðfesti 11. maí 2006 stefnu Háskóla Íslands 2006–2011 eftir ítarlega umfjöllun í deildum, stjórnsýslu, á háskólafundi og í háskólaráði. Þar kemur fram skýr yfirlýsing um hvert Háskóli Íslands stefnir, fyrir hvað hann stendur og hver eru grunngildi skólans. Mörkuð var stefna um að skólinn verði í fremstu röð og að unnið verði að því að skólinn skipi sér á bekk með 100 bestu háskólum heims. Stefna einstakra deilda háskólans byggir á heildarstefnunni og er nánari útfærsla á hinum fjölmörgu fræðasviðum.

2.2 Stefna Kennaraháskóla Íslands 2005–2010 var samþykkt í háskólaráði 21. desember 2004. Samkvæmt gildandi lögum um Kennaraháskóla Íslands er skólinn vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun og miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi. Í stefnuyfirlýsingu skólans kemur fram að á næstu árum hyggst Kennaraháskólinn ráðast í breytingar á skipulagi náms, bæði grunn- og framhaldsnáms, í þeim tilgangi að auka gæði þess og bregðast við breyttum samfélagsaðstæðum. Í samræmi við þessa stefnu og eftir ítarlega umfjöllun í háskólaráði og innan skólans hefur háskólaráð Kennaraháskóla Íslands samþykkt nýtt skipulag náms sem tekur gildi haustið 2007.

2.3 Í undirbúningi að sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands þarf, undir forystu rektora og háskólaráða beggja skóla, að samþætta sameiginlega framtíðarsýn fyrir nýjan skóla. Gera má ráð fyrir að byggt verði á stefnumörkun beggja skóla enda er mikill samhljómur í stefnum þeirra.

2.4 Ætla má að sú stefnumótunarvinna sem Háskóli Íslands hefur nýlega gengið í gegnum verði kjarninn í stefnu nýs háskóla. Jafnframt má búast við því að stefna Kennaraháskóla Íslands 2005–2010 muni verða kjarni í mótun nýrrar stefnu fyrir kennara- og uppeldismenntun í nýjum háskóla og byggt verði á því nýja skipulagi náms sem tekur gildi haustið 2007. Þó má ætla að endurskoða þurfi stefnu fyrir þetta svið þar sem sameining skólanna breytir forsendum og möguleikum til að stuðla að frekari samþættingu.

2.5 Í undirbúningi að sameiningu háskólanna þarf að leggja áherslu á að byggja upp traust til hins nýja háskóla, fylkja starfsfólki og nemendum um nýja framtíðarsýn skólans og leggja grunn að góðum starfsanda og sameiginlegri stofnanamenningu. Skilgreina þarf hvernig sá styrkur sem skólarnir nú ráða yfir hvor í sínu lagi verði tryggður og nýttur til framdráttar sameinuðum skóla. Í nýrri framtíðarsýn þarf að koma fram hvernig sameining muni styrkja hinn nýja háskóla. Mikilvægt er að ná samstöðu um þessa nýju sýn.

2.6 Rektorar og háskólaráð þurfa að veita forystu um að samþætta stefnu og framtíðarsýn skólanna. Þessi samþætting þarf ekki að taka langan tíma þar sem mikil vinna hefur þegar farið fram við stefnumótun í báðum skólum.

2.7 Ráðgert er að stjórnskipulag hins nýja háskóla verði með nokkuð öðru sniði en núverandi skipulag háskólanna tveggja. Gengið er út frá því að myndaðir verði skólar innan hins nýja háskóla á grundvelli samstæðra fræðasviða. Hver skóli starfar í aðgreindum deildum eftir fræðasviðum og/eða fræðigreinum og ber ábyrgð á kennslu og rannsóknum. Móta þarf framtíðarsýn fyrir hina nýju skóla.

2.8 Aðgerðir

2.8.1 Samþætta framtíðarsýn fyrir hinn sameinaða háskóla og mynda einingu um hana.

2.8.2 Skapa samstöðu um nýja skóla og framtíðarsýn þeirra.

2.9 Þátttaka

2.9.1 Rektorar og háskólaráð hafa forystu um að samþætta framtíðarsýn fyrir hinn sameinaða háskóla á grundvelli þeirrar stefnumótunar sem fram hefur farið.

2.9.2 Yfirstjórnir hinna nýju skóla hafa forystu um að móta framtíðarsýn og marka stefnu fyrir þá.

2.10 Tímasetningar

2.10.1 Mótun framtíðarsýnar fyrir sameinaðan háskóla hefst í maí 2007. Vinnu þessari verði lokið í desember 2007.

2.10.2 Mótun framtíðarsýnar fyrir skóla hefst vorið 2008 og lýkur í árslok 2008.

2.11 Afrakstur

2.11.1 Stefna og framtíðarsýn beggja skóla samþætt.

2.11.2 Stefna og framtíðarsýn mótuð fyrir nýja skóla hins sameinaða háskóla.

## 3 Stjórnskipulag í sameinuðum háskóla

3.1 Háskólaráð Háskóla Íslands og háskólaráð Kennaraháskóla Íslands gera ráð fyrir að hinum sameinaða háskóla verði skipt í skóla. Háskólaráð KHÍ gerir fyrirvara um stuðning við áætlanir um sameiningu nema stofnaðir verði skólar innan sameinaðs háskóla. Í áliti háskólaráðs Kennaraháskóla Íslands til menntamálaráðherra dags. 2. júní 2006 segir: „Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands samþykkti einróma á fundi 30. maí 2006 að haldið verði áfram undirbúningi sameiningar háskólanna. Það var þó gert með fyrirvara um að sú starfsemi sem nú er í Kennaraháskóla Íslands verði grunnur að einum af umræddum „skólum“ innan sameinaðs háskóla sem nefndir eru í stefnu Háskóla Íslands og í fyrrnefndri skilagrein um fýsileika sameiningarinnar.“ Í stefnu Háskóla Íslands 2006–2011 segir um sameiningu HÍ og KHÍ: „Komi til sameiningar verði hún undirbúin vandlega, m.a. í tengslum við skiptingu hinnar nýju stofnunar í skóla.“

3.2 Við það hefur verið miðað í stefnumótun Háskóla Íslands að markmiðið með skiptingu háskólans í skóla verði að efla starfseiningar hans, styrkja innviðina og skólann í heild. Í lögum um Háskóla Íslands er hins vegar ekki gert ráð fyrir að skólanum sé skipt upp í skóla. Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla segir að yfirstjórn háskóla sé falin háskólaráði og rektor. Í 2. mgr. 15 gr. sömu laga segir: „Að öðru leyti fer um stjórnskipan háskóla eftir sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða stofnskjölum háskóla.“ Í sérlögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999 segir í 2. grein að deildir séu grunneiningar Háskóla Íslands. Skapa þarf lagaskilyrði fyrir breytingum á skipulagi Háskóla Íslands og skiptingu hans í skóla.

3.3 Á fundi háskólaráðs Háskóla Íslands 7. september 2006 var, á grundvelli stefnu Háskóla Íslands 2006–2011, skipaður starfshópur um endurskoðun skora- og deildarskiptingar Háskólans. Verkefni starfshópsins skv. erindisbréfi er að fara yfir núverandi skora- og deildaskiptingu á faglegum forsendum og undirbúa drög að tillögu að skiptingu Háskólans í skóla á grundvelli samstæðra fræðasviða þar sem hver skóli um sig starfi í aðgreindum deildum eftir fræðisviðum og/eða fræðigreinum og beri faglega ábyrgð á kennslu og rannsóknum. Í framhaldinu verði, á grundvelli niðurstöðu um skiptingu Háskólans í skóla, undirbúin tillaga um stjórnskipulag og hlutverk deilda

innan skólanna. Um þessa vinnu verði náið samráð við deildarforseta Háskóla Íslands og við Kennaraháskóla Íslands vegna mögulegrar sameininga skólanna.

3.4 Aðgerðir

3.4.1 Frumvarp lagt fram á Alþingi um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Í frumvarpinu verði ákvæði sem kveða á um réttarstöðu starfsmanna og nemenda við sameininguna. Í greinargerð með frumvarpi til laga verði fjallað um formlega aðkomu Kennaraháskóla Íslands að mótun hugmynda um skiptingu sameinaðs háskóla í skóla og stjórnskipulag hans. Miðað er við að lög þessi verði samþykkt á yfirstandandi þingi og öðlist gildi 1. júlí 2008.

3.4.2 Í kennslu- og rannsóknarsamningum við háskólana verði kveðið nánar á um ráðstafanir í tengslum við sameiningu þeirra og þá m.a. um hvernig beinum kostnaði vegna sameiningarinnar verði mætt.

3.4.3 Skapa þarf lagaskilyrði fyrir breytingum á skipulagi Háskóla Íslands. Unnið er að endurskoðun sérlaga um ríkisháskóla í sérstakri stjórnskipaðri nefnd og í endurskoðuðum lögum mætti finna nauðsynlegum lagabreytingum stað. Einnig mætti setja heimildarákvæði í lög nr. 41/1999 um Háskóla Íslands um stofnun skóla innan háskólans. Leggja þarf fram á Alþingi frumvarp sem heimilar Háskóla Íslands að skipta háskólum upp í skóla og er æskilegt að það taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2008.

3.4.4 Rektorar HÍ og KHÍ kynna fyrir háskólaráðum tillögu um breytingar á stjórnskipulagi sameinaðs háskóla sem m.a. felur í sér að honum verði skipt upp í skóla og að uppeldisvísindaskóli verði einn þeirra. Háskólaráð beggja háskóla kynna tillögu um breytta stjórnskipun fyrir háskólafundum háskólanna þannig að færi gefist á umræðu og samráði um téðar breytingar og breytta stjórnskipun sameinaðs háskóla.

3.4.5 Skólastjórnir skóla skipaðar og hefja störf og starfsmenn ráðnir að stjórnsýslu skólanna eftir því sem við á.

3.5 Þátttaka

3.5.1 Menntamálaráðherra leggur fram frumvörp til laga á Alþingi um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, og eftir atvikum um ný sérlög fyrir Háskóla Íslands eða breytingar á lögum nr. 41/1999 vegna skiptingar HÍ í skóla.

3.5.2 Rektorar HÍ og KHÍ kynna fyrir háskólaráðum tillögu um breytingar á stjórnskipulagi sameinaðs háskóla og um skiptingu í skóla. Háskólaráð kynna fyrir háskólafundum skólanna tillögu um skiptingu sameinaðs háskóla upp í skóla

og stjórnskipulag hans. Að lokinni umræðu og að höfðu samráði milli beggja háskóla, leggur rektor HÍ tillöguna fyrir háskólaráð til samþykktar.

3.5.3 Háskólaráð HÍ ber ábyrgð á reglum um val á yfirstjórn skóla, nema annað sé ákveðið með lögum.

3.6 Tímasetningar

3.6.1 Frumvarp lagt fram á Alþingi á haustþingi 2006 um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

3.6.2 Frumvarp lagt fram á Alþingi á vorþingi 2007 eða í byrjun haustþings 2007 um sérlög um ríkisháskóla eða, eftir atvikum, breytingar á lögum um Háskóla Íslands til að hægt sé að breyta stjórnskipan HÍ og skipta honum í skóla. Æskileg gildistaka slíkra laga væri 1. janúar 2008.

3.6.3 Rektorar kynna fyrir háskólaráðum og háskólafundum tillögu um skiptingu sameinaðs háskóla í skóla og stjórnskipulag skóla og hlutverk deilda fyrir 1. júlí 2007. Nýjar reglur sameinaðs háskóla um stjórnskipulag og skiptingu í skóla liggi fyrir eigi síðar en í lok október 2007.

3.6.4 Skipun yfirstjórna skóla og val á forsetum skóla lokið fyrir 1. mars 2008.

3.7 Afrakstur.

3.7.1 Lög um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

3.7.2 Ný sérlög um ríkisháskóla eða lög um breytingar á lögum nr. 41/1999 um Háskóla Íslands.

3.7.3 Nýjar reglur sameinaðs háskóla um stjórnskipulag og skiptingu í skóla.

3.7.4 Nýjar stjórnir hinna nýju skóla og nýir forsetar skólanna.

**4 Námsskipan**

4.1 Nefnd um fýsileika sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands frá 7. apríl 2006 bendir á að við sameiningu skapist tækifæri til að endurskipuleggja allt nám í uppeldis- og kennslufræði, þ.m.t. kennaranám. Einnig skapist möguleiki á að auka fjölbreytni kennaramenntunar, samfellu í kennaramenntun á öllum skólastigum og á eflingu framhaldsnáms á meistara- og doktorsstigi, svo og þróun sveigjanlegs námsforms. Jafnframt segir að við samnýtingu og samþættingu námsleiða þurfi að huga sérstaklega að inntaki náms í báðum háskólum og mikilvægt sé að virkja kennara ólíkra deilda við HÍ og kennara við KHÍ til samstarfs og samþættingar í þágu kennaramenntunar. Í skilagreininni segir jafnframt að ljóst þurfi að vera með hvaða hætti sá styrkur sem skólarnir nú ráða yfir hvor fyrir sig verði tryggður og áfram nýttur til framdráttar

sameinuðum skóla. Í skilagreininni segir að meginmarkmið sameiningar háskólastofnananna séu m.a.:

- Að stuðla að eflingu háskólamenntunar á Íslandi þar sem með sameiningunni verði til sterkari heild sem byggi á sérstöðu og sérhæfingu beggja háskólastofnananna.
- Að tryggja fjölbreyttara og sveigjanlegra námsframboð í grunn- og framhaldsnámi kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum og annarra uppeldisstétta.
- Að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi.
- Að styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum og skapa forsendur fyrir samþættingu slíkra rannsókna við aðrar rannsóknir sem stundaðar eru í sameinuðum skóla.
- Að efla stoðþjónustu í sameinuðum háskóla og auka stuðning við nemendur og starfsfólk.
- Að skapa forsendur fyrir því að sameinuð stofnun veiti menntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða sem og annarra tengdra greina á Íslandi sem sé sambærileg við það sem best gerist í okkar nágrannalöndum.

4.2 Í umsögn Kennaraháskóla Íslands um skilagreinina frá 2. júní sl. er lögð áhersla á að núverandi starfsemi Kennaraháskóla Íslands verði grunnur að einum af umræddum skólum sameinaðs háskóla. Einnig kemur fram að við framtíðarskipulagningu kennaramenntunar innan sameinaðs háskóla sé mikilvægt að kennslufræði greina ásamt grunnnámi á kjörsviðum verði áfram í samþættu kennaranámi fyrir leik- og grunnskólakennara en verði ekki dreift á marga og ólíka aðila innan háskólans. Háskólaráð KHÍ telur mikilvægt að viðhalda tvenns konar líkönum fyrir kennaramenntun í sameinuðum háskóla, annars vegar samþættu líkani (concurrent model), þar sem nám í uppeldis- og kennslufræði og nám í kennslugreinum er samþætt og hins vegar raðnámslíkani (consecutive model) þar sem kennsluréttindanám kemur á eftir námi í kennslugreinum.

4.3 Í umsögn Háskóla Íslands frá 8. júní sl. vegna skilagreinar nefndar um fýsileika sameiningar háskólanna tveggja er m.a. bent á kosti sameiningarinnar með tilliti til námsskipulags. Þar eru nefnd atriði eins og bætt kennaramenntun í landinu, efling fagkennslu á ýmsum sviðum, samnýting kennslu og tækifæri til að taka upp sérhæfða námsgráðu til B.A./B.S. prófs sem tengdist námi til kennsluréttinda. Jafnframt koma fram ábendingar um að athuga þurfi tiltekin atriði, s.s. áhrif sameiningar á núverandi M.Paed. nám og á almennt meistara- og doktorsnám og að sameining vinni ekki gegn því markmiði að efla Háskóla Íslands sem rannsóknarháskóla. Í umsögninni kemur einnig fram að talið sé að sameining muni styrkja menntun kennara í landinu, auka fagþekkingu þeirra og styrkja störf einstakra deilda.

4.4 Í stefnumótun KHÍ fyrir 2005–2010 er gert ráð fyrir að grunn- og framhaldsnám verði endurskoðað bæði með tilliti til námsframboðs og innihalds námskeiða. Einnig að framhaldsnám verði í boði strax að loknu grunnnámi og verði tvenns konar; annars vegar starfstengt meistara- og doktorsnám (M.Ed. og Ed.D.) og hins vegar rannsóknartengt meistara- og doktorsnám (M.A. og Ph.D.).

4.5 Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands hefur samþykkt skipulag kennaranáms, þroskaþjálfanáms, tómstunda- og félagsfræðináms og íþróttafræðináms á bakkalárstigi sem mun taka gildi að fullu haustið 2007. Í því skipulagi er gert ráð fyrir að stúdentar geti tekið hluta af námi sínu við aðra háskóla og geti þannig öðlast meiri sérhæfingu á sínu sviði en nú er í boði við Kennaraháskóla Íslands. Fyrirhugaðar breytingar á námsskipan kennaranáms verða gerðar óháð því hvort lágmarkskröfum um nám fyrir leyfisbréf kennara verði breytt.

4.6 Í grunndeild Kennaraháskóla Íslands er núna boðið upp á 90 eininga nám til B.A., B.Ed. og B.S. gráðu fyrir grunnskólakennara, íþróttafræðinga, leikskólakennara, tómstundafræðinga og þroskaþjálfa. Jafnframt býðst í grunndeild 15 og 30 eininga kennsluréttindanám fyrir þá sem lokið hafa prófi í faggrein, s.s. meistaraprófi í iðngrein og háskólaprófi í sérgrein. Um er að ræða bæði staðnám og fjarnám. Auk þess býðst í grunndeild 45 eininga diplómanám, t.d. í tómstunda- og félagsmálafræði og fyrir aðstoðarleikskólakennara. Kennaranámi fyrir leik- og grunnskólastig og íþróttakennaranámi lýkur með B.Ed. eða B.S. gráðu og er samþætt þriggja ára nám (concurrent model).

4.7 Í framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands er boðið upp á nám til meistaraprófs (M.Ed.) og doktorsprófs (Ph.D.). Hluta meistaranáms er unnt að ljúka með diplómaprófi (Dipl.Ed.). Frá og með næsta hausti verður boðið upp á tvenns konar meistaranám; starfstengt meistaranám (M.Ed.) og rannsóknatengt meistaranám (M.A. og M.S.). Nám til M.Ed. gráðu verður í boði strax að loknu grunnnámi. Flest námskeið í framhaldsdeild eru blanda af stað- og fjarnámi.

4.8 Að lágmarki þarf B.Ed. gráðu af viðkomandi námsbraut til þess að hafa fullgild réttindi til að starfa sem grunnskólakennari. Íþróttafræðingar öðlast réttindi til að kenna á grunn- og framhaldsskólastigi.

4.9 Kennaranám við Háskóla Íslands er 90 eininga fagnám í grein/greinum til B.A. og B.S. gráðu auk 30 eininga diplómanáms í kennslufræði til kennsluréttinda. Námið er samkvæmt raðnámslíkani (consecutive model). Þeir sem lokið hafa meira en B.A. eða B.S. gráðu í faggrein (120 eininga samfelldu námi), M.A. og M.S. gráðu (60 einingar), eða Ph.D. gráðu þurfa aðeins að ljúka 15 einingum í kennslufræði til kennsluréttinda. Í allmörgum háskólagreinum gefst nemendum kostur á framhaldsnámi með kennslufræðilegri áherslu, M.Paed. (45 einingar þar af 15 í kennslufræði). B.A. og B.S. nám að viðbættu 30 eininga námi til kennsluréttinda veitir réttindi til kennslu í grunn- og framhaldsskólum. M.A. og M.S. að viðbættum 15 einingum í kennslufræði veitir réttindi til kennslu á framhaldsskólastigi. Við skólann er einnig hægt að ljúka 60 einingum í kennslufræði til meistaraprófs (M.A.) svo og doktorsprófi.

4.10 Nám við HÍ og KHÍ er skipulagt í samræmi við Bologna samþykktina og eru báðir skólar að vinna við styrkingu gæðakerfa sinna. Þá hafa HÍ og KHÍ með sér samstarf um þróun og rekstur upplýsinga- og nemendaskráningarkerfisins UGLU.

4.11 Ljóst er að sameining HÍ og KHÍ skapar tækifæri til að nýta betur þá möguleika til sérhæfingar sem fólgnir eru í nýrri námsskipan við KHÍ. Með fullu aðgengi að fjölbreyttu námsframboði HÍ geta stúdentar KHÍ nýtt sér til fulls hið opna kerfi sem nú hefur verið samþykkt að taki gildi haustið 2007.

4.12 Við sameiningu háskólanna þarf að leggja áherslu á að byggja upp nýja samstæða heild og opna fyrir sveigjanlegt námsform og samstarf fræðasviða bæði innan grunnnáms og framhaldsnáms. Á þetta sérstaklega við um kennaranám, en einnig um þroskaþjálfanám, íþróttafræði o.fl. Ef meiriháttar breytingar verða gerðar á kennaranámi, þá gæti þurft að athuga hvort gera þurfi breytingar á lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra (lög nr. 86/1998).

4.13 Aðgerðir

4.13.1 Endurskoða þarf skipulag fyrir kennaranám, íþróttafræðinám, þroskaþjálfanám, nám í tómstunda- og félagsmálafræði, o.s.frv. í sameinuðum skóla. Meðal þess sem fjalla þarf um er fyrirkomulag faggreinakennslu, samþætt námslíkan, raðnámslíkan, staðnám og fjarnám. Nýtt skipulag kennaranáms við KHÍ sem tekur gildi haustið 2007 ætti að auðvelda slíka endurskoðun.

4.13.2 Kanna þarf tengingar milli náms sem er í boði í KHÍ og HÍ s.s. milli þroskaþjálfunar og framhaldsnáms í fötlunarfræði, náms í íþróttafræðum og sjúkra- og iðjuþjálfun. Þá þarf að kanna hvaða nýir möguleikar skapast við sameiningu skólanna til að bjóða upp á nýtt nám eða nýja áfanga.

4.13.3 Kanna þarf hvort breytingar á kennaranámi leiði til þess að breyta þurfi lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra (nr. 86/1998).

4.13.4 Endurskoða og samræma þarf fyrirkomulag framhaldsnáms á meistara- og doktorsstigi og fjalla um nýjar námsleiðir á framhaldsstigi.

4.13.5 Endurskoða þarf annað grunnnám m.t.t. sameiningar háskólanna.

4.14 Þátttaka

4.14.1 Háskólaráð KHÍ og HÍ skipa starfshópa sem fjalla um námsskipan fyrir grunn- og framhaldsnám kennara og annað tengt nám innan sameinaðs skóla.

4.15 Tímasetningar

4.15.1 Við sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands skapast tækifæri til að endurskoða námsskipan, sérstaklega á sviði kennaranáms. Ekki er nauðsynlegt að allar breytingar komi til framkvæmda við fulla gildistöku sameiningar 1. júlí 2008. Halda má áfram að þróa hugmyndir eftir að háskólarnir eru

sameinaðir. Hins vegar verður að ljúka vinnu við breytingar á námsskipan í nóvember 2007 sem eiga að koma til framkvæmda haustið 2008.

4.16 Afrakstur

4.16.1 Ný kennsluskrá sem tekur mið af sameiningu háskólanna og tekur gildi haustið 2008.

## 5 Starfsfólk og réttindi

5.1 Háskóli Íslands

5.1.1 Fastráðnir starfsmenn Háskóla Íslands voru 878 í september 2006. Starfsígildi við skólann voru þá 765.

5.1.2 Skipta má starfsmönnum Háskóla Íslands upp í sex meginhópa:
- 5.1.2.1 Prófessorar sem taka laun skv. ákvörðun kjararáðs.
- 5.1.2.2 Kennarar og aðrir háskólamenntaðir starfsmenn sem taka laun samkvæmt kjarasamningum milli aðildarfélaga Bandalags háskólamanna og fjármálaráðherra.
- 5.1.2.3 Starfsmenn í öðrum stéttarfélögum háskólamanna.
- 5.1.2.4 Starfsmenn í SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu.
- 5.1.2.5 Starfsmenn í ASÍ félögum.
- 5.1.2.6 Stundakennarar.

5.1.3 Prófessorum er raðað í launaflokka á grundvelli stigafjölda samkvæmt sérstökum matsreglum sem fylgja úrskurðum kjaranefndar. Í september 2006 tekur 181 prófessor við Háskóla Íslands laun skv. ákvörðun kjararáðs (áður kjaranefnd). Núgildandi matsreglur um störf prófessora eru skv. úrskurði kjaranefndar þann 19. desember 2002. Úrskurður þessi gildir um alla prófessora á Íslandi, þ.m.t. þá sem starfa við Kennaraháskóla Íslands.

5.1.4 Ríkissjóður leggur sem svarar 12,5% af föstum launum prófessora, þ.e. mánaðarlaunum og einingum, í ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora. Prófessorar geta sótt um greiðslur úr sjóðnum fyrir nýsköpun og árangur í rannsóknum. Greitt er úr sjóðnum skv. reglum sem kjaranefnd setur. Sömu reglur gilda um prófessora við HÍ og KHÍ.

5.1.5 Kjarasamningur Félags háskólakennara (FH) og fjármálaráðherra f.h. ríkisjóðs er frá 2001 en breytingar voru gerðar á honum í maí 2005. Þá skrifaði Bandalag háskólamanna f.h. 23 aðildarfélaga undir samning við fjármálaráðherra um breytingar á kjarasamningum sem m.a. fól í sér samræmingu á ákvæðum um launatöflur og stofnanasamninga. Félag háskólakennara og Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands (KKHÍ) eru meðal 23 stéttarfélaga sem samþykktu samninginn. Félagsmenn í Félagi háskólakennara eru tæplega 500. Kjarasamningar FH og KKHÍ eru efnislega samhljóma.

5.1.6 Með tilvísun í gildandi kjarasamninga skrifuðu Háskóli Íslands og eftirtalin stéttarfélög undir stofnanasamning 19. september 2006: Félag háskólakennara, Útgarður, félag háskólamanna, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Félag lífeindafræðinga, Stéttarfélag verkfræðinga og Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands. Í stofnanasamningnum eru reglur um hvernig laun og önnur kjör kennara og sérfræðinga með hæfnisdóm og starfsmanna í stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörfum eru ákvörðuð. Í fylgiskjali með samningnum eru reglur sem háskólaráð samþykkti 7. apríl 2006 um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands, sem fela m.a. í sér þau nýmæli að hlutfall kennsluskyldu hvers starfsmanns er tengt árangri í rannsóknum og sömuleiðis réttur til rannsóknamissera.

5.1.7 Félagsmenn í Félagi háskólakennara sem falla undir matskerfi kennara og sérfræðinga og gegna a.m.k. hálfu starfi eiga kost á greiðslum fyrir nýsköpun og árangur í rannsóknum umfram vinnuskyldu úr sjóði sem nefndur er Vinnumatssjóður Félags háskólakennara. Háskóli Íslands leggur sem svarar 12,5% af grunnlaunum kennara, þ.e. mánaðarlaunum og einingum í Vinnumatssjóð. Matsnefnd skipuð af háskólaráði HÍ í samráði við FH metur rannsóknastörf umsækjenda til stiga skv. reglum sem háskólaráð setur í samráði við FH.

5.1.8 Í september 2006 starfa við Háskóla Íslands 43 háskólamenntaðir starfsmenn sem eru í Félagi íslenskra náttúrufræðinga, einn sem er í Kennarasambandi Íslands, tveir í Læknafélagi Íslands, sjö í Lyfjafræðingafélagi Íslands, þrír í Félagi lífeindafræðinga, einn í Kjarafélagi Tæknifræðingafélags Íslands, níu í Stéttarfélagi verkfræðinga, sjö í Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga og einn í Útgarði, félagi háskólamanna.

5.1.9 Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf starfsmanna í Félagi háskólakennara, Félagi lífeindafræðinga, Stéttarfélagi verkfræðinga, Kjarafélagi tæknifræðingafélags Íslands og Útgarði, félagi háskólamanna sem ekki eru ráðnir á grundvelli akademísks hæfis eru metin til stiga samkvæmt starfs- og hæfnismatskerfi sem nefnt er SKREF. Þessir starfsmenn geta sótt um að fá einu sinni á ári greitt úr sjóði sem nefndur er Ársmatssjóður fyrir árangur í starfi. Árangurinn er metinn út frá markmiðum sem starfsmenn setja sér árlega í samráði við næsta yfirmann sinn. Í sjóðinn er greidd upphæð sem samsvarar 5% af grunnlaunum þeirra sem rétt hafa til að fá greitt úr honum.

5.1.10 Við Háskóla Íslands starfa 110 starfsmenn sem taka laun skv. kjarasamningi SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sem undirritaður var 9. mars 2005. Stofnanasamningur milli Háskóli Íslands og SFR var undirritaður 21. mars 2006. Um röðun starfa í launatöflu fer eftir starfsmatskerfinu SKREF.

5.1.11 Um 25 starfsmenn HÍ taka laun skv. kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Starfsmennirnir eru í Félagi rafeindavirkja (15), Félagi iðn- og tæknigreina (2), Félagi íslenskra rafvirkja (2), Félagi járn-

iðnaðarmanna (1), Verkstjórafélagi Reykjavíkur (1) og Trésmíðafélagi Reykjavíkur (4).

5.1.12 Stór hópur stundakennara kennir við HÍ eða um 1800. Áætluð ársverk stundakennara eru um 135.

5.1.13 Reglur Háskóla Íslands um rannsóknamisseri eru frá 8. mars 1995 með breytingum 5. desember 1996. Í kjarasamningi Félags háskólakennara er kveðið á um tilfærslu á vinnuskyldu í gr. 10.1.3. Þar segir: „Heimilt er háskólaráði að lækka eða fella niður kennslu- og stjórnskyldu háskólakennara 1 eða 2 misseri í senn til þess að gera honum kleift að verja samsvarandi auknum hluta vinnutíma síns til rannsóknastarfa.“ Í úrskurði kjaranefndar frá 28. júní 2005 segir að háskólaráð setji reglur um rannsóknamisseri. Reglur háskólaráðs HÍ um rannsóknamisseri eiga jafnt við um prófessora og aðra kennara. Réttur til rannsóknamisseris er ekki sjálfgefinn, hann er háður rannsóknarvirkni sbr 5. grein reglna um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við HÍ nr. 605/2006.

5.1.14 Sáttmálasjóður veitir ferðastyrki til fastra kennara (prófessora, dósenta og lektora) í fullu starfi auk vísindamanna, fræðimanna og sérfræðinga, sem ráðnir eru til sjálfstæðra vísindastarfa með a.m.k. 40% rannsóknarskyldu, hafa hlotið hæfnisdóm og taka laun samkvæmt kjarasamningum Félags háskólakennara og fjármálaráðherra. Hægt er að sækja um styrki annað hvert ár og eigi til lengri ferða en 14 daga og fargjald að hámarki kr. 95.000, enda sé skilyrðum um vísindalegt markmið fararinnar fullnægt. Auk þess veitir Sáttmálasjóður ferðastyrki öðru starfsfólki HÍ og háskólastofnana sem hefur háskólapróf og gert hefur starfssamning við háskólann. Styrkupphæð er kr. 45.000 og hægt er að sækja um styrk annað hvert ár. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að umsækjandi hyggist afla sér færni og fróðleiks fyrir starf sitt við skólann. Undanfarin ár hefur sjóðurinn ekki getað veitt öllum styrki úr þessum hópi.

5.1.15 Í Háskóla Íslands eru nokkrir sjóðir sem beint eða óbeint tengjast starfskjörum háskólakennara, s.s. Rannsóknarsjóður HÍ, Aðstoðarmannasjóður, Tækjakaupasjóður, Kennslumálasjóður og doktorsnemasjóður Eimskipafélagsins.

5.2 Kennaraháskóli Íslands

5.2.1 Í september 2006 eru 211 fastráðnir starfsmenn við Kennaraháskóla Íslands. Föst stöðugildi við skólann eru 195,7.

5.2.2 Nokkuð misjafnt er milli ára hve margir stundakennarar kenna við skólann en áætlað er að þeir séu í u.þ.b. 10 stöðugildum. Auk þess greiðir Kennaraháskólinn mörgum vettvangskennurum laun en allir nemar í grunnnámi við skólann fara í vettvangsnám. Heildarfjöldi greiddra stunda fyrir vettvangskennslu á ári er um 40.000. Um 23.000 stundir eru t.a.m. greiddar vettvangskennurum sem taka nema á grunnskólabraut.

5.2.3 Skipta má starfsmönnum Kennaraháskóla Íslands í sex meginhópa:
- 5.2.3.1 Prófessorar sem taka laun skv. ákvörðun kjararáðs.
- 5.2.3.2 Kennarar og aðrir háskólamenntaðir starfsmenn sem taka laun samkvæmt kjarasamningi milli aðildarfélaga Bandalags háskólamanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.
- 5.2.3.3 Starfsmenn í SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu.
- 5.2.3.4 Starfsmenn í ASÍ félögum.
- 5.2.3.5 Stundakennarar.

5.2.4 Tæplega 17 prófessorar taka laun skv. ákvörðun kjararáðs (sjá liði 5.1.3 og 5.1.4).

5.2.5 Um 170 starfsmenn KHÍ eru í fimm stéttarfélögum sem eru í BHM samflotinu en þau eru Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands (155), Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga (1), Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (9), Útgarður, félag háskólamanna (2) og Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa (1).

5.2.6 Kennaraháskóli Íslands og ofangreind BHM félög skrifuðu undir stofnanasamning 16. júní 2006. Í stofnanasamningnum eru reglur um ákvörðun launa hjá kennurum og sérfræðingum með hæfnisdóm, sérfræðingum í stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörfum, félagsmönnum í Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og Útgarði, félagi háskólamanna. Í fylgiskjali með stofnanasamningi BHM og KHÍ eru reglur um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Kennaraháskóla Íslands.

5.2.7 Sérstakt vinnumatskerfi er notað við mat á greiðslu til kennara og sérfræðinga fyrir mikil afköst við rannsóknir eða stjórnun. Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands setti núgildandi reglur um Vinnumatssjóð KHÍ og úthlutun úr honum 11. mars 2003. Háskólaráð KHÍ ákveður framlög í Vinnumatssjóð með hliðsjón af fjárveitingum í fjárlögum. Mat á vinnu kennara til stiga er samkvæmt reglum Kennaraháskóla Íslands og Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands sem tóku gildi 1. janúar 2003.

5.2.8 Í fylgiskjali með BHM stofnanasamningnum eru reglur um mat á hæfni þeirra sem starfa í stjórnsýslu- og þjónustustörfum við Kennaraháskóla Íslands. Störf þeirra eru metin skv. starfsmatskerfinu SKREF en einnig er metin hæfni starfsmanna umfram kröfur starfsins. Starfsmaður getur sótt um framlag úr Ársmatssjóði og skulu niðurstöður ársmats fylgja umsókninni.

5.2.9 Alls taka 23 laun skv. kjarasamningu SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu. Núgildandi stofnanasamningur milli SFR og KHÍ var undirritaður 21. mars 2006.

5.2.10 Um þrír starfsmenn KHÍ taka laun skv. kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ og fjármálaráðherra.

5.2.11 Prófessorar við Kennaraháskóla Íslands geta sótt um rannsóknamisseri á grundvelli úrskurðar kjaranefndar og dósentar, lektorar og aðjunktar við Kennaraháskólann geta sótt um rannsóknamisseri á grundvelli gr. 10.1.3 í kjarasamningi KKHÍ og fjármálaráðherra en ákvæðið er samhljóða gr. 10.1.3 í kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra (sbr. 5.1.13).

5.2.12 Fastráðnir kennarar Kennaraháskóla Íslands auk vísindamanna, fræðimanna og sérfræðinga með a.m.k. 40% rannsóknarskyldu og hlotið hafa hæfnisdóm, geta sótt um ferðastyrki úr ferðasjóði Kennaraháskólans. Skilyrði er að sýnt sé fram á faglegan og/eða vísindalegan tilgang fararinnar. Ráðstöfunarfé ferðasjóðs Kennaraháskólans fer eftir ákvörðun háskólaráðs við afgreiðslu fjárhagsáætlunar skólans. Almennt er miðað við að háskólakennarar geti sótt um ferðastyrki annað hvert ár að hámarki kr. 150.000. Aðrir starfsmenn skólans sem hafa háskólapróf geta sótt um ferðastyrki. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að umsækjandi hyggist afla sér færni og fróðleiks fyrir starf sitt við skólann. Hámark slíkra styrkja er kr. 100.000 annað hvert ár.

5.2.13 Í Kennaraháskóla Íslands eru nokkrir sjóðir sem beint eða óbeint tengjast starfskjörum háskólakennara, s.s. Rannsóknarsjóður KHÍ, Aðstoðarmannasjóður og Kennsluþróunarsjóður.

5.3 Gildistími kjarasamninga fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs við eftirtalin stéttarfélög er til 30. apríl 2008: Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélag verkfræðinga; tuttugu og þrjú aðildarfélög Bandalags háskólamanna; Félag íslenskra náttúrufræðinga; SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu. Gert er ráð fyrir að viðræður um nýja stofnanasamninga hefjist þegar nýir kjarasamningar hafa verið undirritaðir.

5.4 Við sameiningu háskólanna verður Kennaraháskóli Íslands lagður niður í núverandi mynd. Starfsfólki verða þá boðin sambærileg störf í nýrri stofnun og sambærileg kjör. Kanna þarf biðlaunarétt starfsmanna Kennaraháskóla Íslands við þessa breytingu.

5.5 Aðgerðir

5.5.1 Sömu reglur gilda um kjör prófessora við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Engra aðgerða er þörf til að samræma kjör þeirra að öðru leyti en að samþykktir háskólaráða skólanna um rannsóknamisseri og ferðastyrki eru ekki eins.

5.5.2 Starfsmenn HÍ og KHÍ sem eru í aðildarfélögum BHM eru flestir með sambærilega kjarasamninga. Flestar greinar stofnanasamninga BHM félaga í HÍ og KHÍ eru eins, en þó er munur á sumum greinum. Gera þarf nýja stofnanasamninga fyrir BHM félög til að samræma kjör.

5.5.3 Gera þarf nýja stofnanasamninga fyrir önnur stéttarfélög háskólamanna við hinn sameinaða skóla.

5.5.4 Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands eru með vinnumatssjóði en samræma þarf reglur um mat og úthlutun úr sjóðnum í sameinuðum skóla.

5.5.5 HÍ og KHÍ eru með ársmatssjóði en samræma þarf reglur um mat og úthlutun úr sjóðnum.

5.5.6 Sami kjarasamningur gildir um SFR félaga en stofnanasamningar eru um margt ólíkir. Gera þarf nýjan stofnanasamning fyrir hinn sameinaða skóla.

5.5.7 Reglur um rannsóknamisseri eru að mestu leyti sambærilegar en þó þarf að samræma nokkur ákvæði.

5.5.8 Reglur um ferðastyrki eru mjög líkar en þó verður að samræma ákvæði sem ekki eru eins.

5.5.9 Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands eru með ýmsa sjóði sem úthlutað er úr í tengslum við kennslu eða rannsóknir, s.s. rannsóknasjóði, aðstoðarmannasjóði, tækjakaupasjóði, kennsluþróunarsjóði og doktorsnemasjóð. Samræma þarf reglur um mat og úthlutun úr sjóðunum.

5.6 Þátttaka

5.6.1 Háskólaráð hins sameinaða háskóla setur reglur um rannsóknamisseri að höfðu samráði við fulltrúa stéttarfélaga.

5.6.2 Fulltrúar hins sameinaða háskóla og fulltrúar aðildarfélaga BHM vinna að gerð nýrra stofnanasamninga.

5.6.3 Fulltrúar hins sameinaða háskóla og fulltrúar stéttarfélaga háskólamanna utan BHM samflotsins vinna að gerð nýrra stofnanasamninga.

5.6.4 Háskólaráð setur nýjar reglur um Vinnumatssjóð að höfðu samráði við fulltrúa Félags háskólakennara og Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands.

5.6.5 Háskólaráð setur nýjar reglur um Ársmatssjóð að höfðu samráði við fulltrúa stéttarfélaga.

5.6.6 Fulltrúar hins sameinaða háskóla og fulltrúar SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu vinna að gerð nýs stofnanasamnings.

5.6.7 Háskólaráð setur reglur um rannsóknamisseri að höfðu samráði við stéttarfélög.

5.6.8 Háskólaráð setur reglur um ferðastyrki að höfðu samráði við stéttarfélög.

5.6.9 Háskólaráð setur reglur um sjóði er tengjast kennslu og rannsóknum.

5.7 Tímasetningar

5.7.1 Reglur hins sameinaða háskóla um rannsóknamisseri og ferðastyrki liggi fyrir eigi síðar en 1. júlí 2008.

5.7.2 Nýr stofnanasamningur sameinaðs háskóla og BHM liggi fyrir eigi síðar en 1. júlí 2008.

5.7.3 Nýir stofnanasamningar sameinaðs háskóla og stéttarfélaga háskólamanna liggi fyrir eigi síðar en 1. júlí 2008.

5.7.4 Nýjar reglur um Vinnumatssjóð liggi fyrir eigi síðar en 1. júlí 2008.

5.7.5 Nýjar reglur um Ársmatssjóð liggi fyrir eigi síðar en 1. júlí 2008.

5.7.6 Nýr stofnanasamningur sameinaðs háskóla og SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu liggi fyrir eigi síðar en 1. júlí 2008.

5.7.7 Samræmdar reglur um kennslu- og rannsóknasjóði liggi fyrir eigi síðar en 1. júlí 2008.

5.8 Afrakstur

5.8.1 Reglur um rannsóknamisseri og ferðastyrki.

5.8.2 Nýr stofnanasamningur sameinaðs háskóla og BHM.

5.8.3 Nýir stofnanasamningar sameinaðs háskóla og stéttarfélaga háskólamanna.

5.8.4 Nýjar reglur um Vinnumatssjóð.

5.8.5 Nýjar reglur um Ársmatssjóð.

5.8.6 Nýr stofnanasamningur sameinaðs háskóla og SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu.

5.8.7 Samræmdar reglur um kennslu- og rannsóknasjóði.

## 6 Húsnæðismál

6.1 Kennaraháskóli Íslands hefur til umráða 23.700 $m^2$ fyrir starfsemi skólans, þ.a. 15.600 $m^2$ í Reykjavík og rúmlega 8.000 $m^2$ á Laugarvatni. Meginstarfsemi skólans er í húsnæði við Stakkahlíð, alls 9.600 $m^2$. Þá er kennt í húsnæði að Skipholti 37, alls 2.400 $m^2$. Í húsnæði að Bolholti 6 og 8 og Sjómannaskólahúsinu er vinnuaðstaða fyrir kennara, Símenntunarstofnun og Rannsóknarstofnun í alls 1.500 $m^2$ húsnæði. Auk þess hefur KHÍ til umráða íþróttahús við Háteigsveg sem er 2.100 $m^2$.

6.2 Á Laugarvatni er KHÍ með 3.300 $m^2$ húsnæði fyrir kennslu og heimavist, 2.400 $m^2$ íþróttahús og sundlaug, 1.400 $m^2$ húsnæði fyrir Íþróttamiðstöð Íslands og samtals 1.000 $m^2$ íbúðarhúsnæði í umsjá skólans.

6.3 Í Reykjavík nýtast 13.500 $m^2$ að fullu fyrir starfsemi skólans og um 4.000 $m^2$ á Laugarvatni. Til viðbótar er íþróttahús Kennaraháskóla Íslands í Reykjavík (2.100 $m^2$) sem nýtist að hluta. Leiguhúsnæði skólans er samtals 3.900 $m^2$.

6.4 Miðað við áætlaðan 4% vöxt skólans á ári næstu árin þarf að mati KHÍ að auka húsnæði sem nemur allt að 700 $m^2$ á ári. Nú þegar vantar skólann um 300 $m^2$ vegna uppsagnar á leiguhúsnæði í Sjómannaskólanum.

6.5 Fjórir kostir virðast helst koma til greina um húsnæðismál Uppeldisvísindaskóla innan sameinaðs háskóla:

6.5.1 Uppeldisvísindaskóli verði á Rauðarárholti og fái Sjómannaskólahúsið til umráða. Húsið er um 4.500 $m^2$ að stærð.

6.5.2 Sameinaður háskóli byggi viðbótarhúsnæði á Rauðarárholti undir Uppeldisvísindaskóla en skv. deiliskipulagi má byggja þar allt að 14.500 $m^2$. Unnt er að byggja í áföngum en fyrsti áfangi þyrfti að vera með aðstöðu fyrir þá starfsemi sem er í leiguhúsnæði í Skipholti, Bolholti og Sjómannaskólahúsinu.

6.5.3 Uppeldisvísindaskóli verði á Rauðarárholti og viðbótarhúsnæði tekið á leigu eftir þörfum. Þessi kostur þykir ekki góður þar sem sífellt erfiðara er að finna hentugt leiguhúsnæði fyrir starfsemina og óhagræði fylgir því að dreifa henni.

6.5.4 Uppeldisvísindaskóli verði í nýju húsnæði á lóð Háskóla Íslands. Líklega þarf um 20.000 $m^2$ fyrir starfsemina. Ef þessi kostur yrði fyrir valinu mætti selja núverandi húsnæði KHÍ við Stakkahlíð, tæpa 10.000 $m^2$ og lóðarréttindi á Rauðarárholti.

6.6 Ekki er gert ráð fyrir að það sé forsenda fyrir sameiningu HÍ og KHÍ að sú starfsemi sem nú fer fram í Reykjavík og á Laugarvatni á vegum KHÍ verði flutt á lóð Háskóla Íslands. Kanna þarf sérstaklega hvaða áhrif ákvarðanir í húsnæðismálum munu hafa á markmið um að samþætta þá starfsemi sem nú fer fram í báðum háskólunum og hvort nýta eigi húsnæði og lóðarréttindi á Rauðarárholti og Laugarvatni fyrir sameinaðan háskóla.

6.7 Aðgerðir

6.7.1 Kanna hvort nýta eigi húsnæði og lóðarréttindi á Rauðarárholti og Laugarvatni fyrir sameinaðan háskóla eða hvort flytja eigi þá starfsemi á lóð Háskóla Íslands.

6.7.2 Ef talin er þörf á að flytja starfsemi KHÍ á lóð HÍ, þarf að meta kostnað við flutninginn, hagræðingar- og samlegðaráhrif, meta hvernig nýta má núverandi húsnæði KHÍ og finna þeirri starfsemi sem fram fer í KHÍ stað á lóð HÍ.

6.8 Þátttaka

6.8.1 Starfshópur skipaður af háskólaráði sameinaðs háskóla vinnur að lausn húsnæðismála í nánu samstarfi við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Starfshópurinn meti valkosti og leggi fram áætlun um kostnað við valkosti.

6.9 Tímasetningar

6.9.1 Úttekt á húsnæðismálum sameinaðs háskóla liggi fyrir í maí 2008.

6.10 Afrakstur

6.10.1 Húsnæðisáætlun og mat á valkostum séð út frá húsnæðisþörf, kostnaði og markmiðum um að styrkja sameinaðan háskóla sem kennslu- og rannsóknarstofnun og til að efla kennaramenntun.

## 7 Rekstur

7.1 Fjármál Kennaraháskóla Íslands

7.1.1 Framlög á fjárlögum til Kennaraháskóla Íslands byggja á samningi milli menntamálaráðuneytisins og Kennaraháskóla Íslands um kennslu og rannsóknir. Núgildandi samningur var undirritaður 23. mars 2004 og gildir fyrir tímabilið 2004 til 2006. Í samningnum kemur fram að við gerð tillagna um fjárveitingar til háskólans mun ráðuneytið hafa til hliðsjónar fimm ára áætlun hans og stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í 3. gr. samningsins segir: „Fjárveiting til kennsluþáttarins í rekstri KHÍ er ákveðin fyrir hvert ár í fjárlögum. Fjárveiting byggir m.a. á áætlun um fjölda og skiptingu nemendaígilda í reikniflokka og útreikningum í samræmi við reglur um fjárveitingar til háskóla. Að árinu liðnu er útreikningurinn endurtekinn á grundvelli raunverulegs fjölda og skiptingu nemendaígilda í reikniflokka. Í framhaldi af því fer fram uppgjör.“ Í 3. gr. samningsins segir jafnframt að í frumvarpi til fjárlaga skuli birta meðalvægi reikniflokka skólans fyrir næsta fjárlagaár.

7.1.2 Í 5. gr. samnings milli menntamálaráðuneytis og Kennaraháskóla Íslands segir að gert sé ráð fyrir að almennar fjárveitingar til rannsókna og annarra verkefna í KHÍ, þar með talinn aukakostnaður vegna skólans á Laugarvatni, verði 319,8 m.kr. árið 2004 og að árlegar fjárveitingar á samningstímanum nemi a.m.k. þeirri upphæð og taki verðlagsbreytingum skv. almennum viðmiðum fjárlaga hverju sinni.

7.1.3 Rekstrargjöld Kennaraháskóla Íslands á árinu 2005 námu 1.541 m.kr. Heildartekjur skólans voru 1.525,7 m.kr. Fjárheimildir ársins námu 1.287,4 m.kr., sértekjur voru 233,9 m.kr. og fjármunatekjur 4,3 m.kr. Gjöld umfram tekjur ársins námu 15,3 m.kr. Uppsafnaður tekjuafgangur fyrri ára nam 55,7 m.kr. Óráðstafað eigið fé skólans í árslok 2005 nam því 40,4 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir skólans 63,1 m.kr. og skuldir 22,7 m.kr. í árslok 2005.

7.2 Fjárhagur Háskóla Íslands

7.2.1 Framlög á fjárlögum til Háskóla Íslands byggja á tveimur samningum milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir. Núgildandi samningar voru undirritaður 19. desember 2003 og gilda fyrir tímabilið 2004 til 2006. Samningur ráðuneytisins og HÍ um kennslu er efnislega samhljóma ákvæðum í samningi KHÍ og ráðuneytisins um kennslu, en samningur ráðuneytisins og HÍ um rannsóknir er ítarlegri en samsvarandi ákvæði í samningi ráðuneytisins og KHÍ. Í samningi ráðuneytisins og HÍ um rannsóknir segir í 4. gr. að gert sé ráð fyrir að almennar fjárveitingar til rannsókna og annarra verkefna í HÍ verði 1.269 m.kr. árið 2004 og taki verðlagsbreytingum skv. almennum viðmiðum fjárlaga hverju sinni.

7.2.2 Rekstrargjöld Háskóla Íslands á árinu 2005 námu 7.149,4 m.kr. Heildartekjur skólans voru 7.179,2 m.kr. Fjárheimildir ársins námu 4.706,8 m.kr., sértekjur voru 2.430,1 m.kr. og fjármunatekjur 12,4 m.kr. Gjöld umfram tekjur ársins námu 29,8 m.kr. Höfuðstóll í árslok 2005 var neikvæður um 103,5 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir HÍ 957,5 m.kr. og skuldir 1.061 m.kr. í árslok 2005.

7.3 Árið 2000 var núgildandi aðferð tekin upp um ákvörðun fjárveitinga af fjárlögum til kennslu í HÍ og KHÍ. Aðferðin felst í því að námi við háskólana er skipt í sjö misdýra reikniflokka. Ýmsar greinar félagsvísinda sem ódýrast er talið að kenna fá stuðulinn 1,0. Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði fær stuðulinn 1,6; kennaranám og annað hliðstætt nám fær stuðulinn 1,7; hjúkrunarnám og hliðstætt nám fær stuðulinn 1,8; nám í raunvísindum, verk- og tæknifræði fær stuðulinn 2,3; læknanám stuðulinn 3,2 og nám í tannlækningum stuðulinn 5,3. Greiðsla til háskóla miðast við fjölda sem þreytir próf á hverju ári. Framlaginu er ætlað að standa undir öllum venjulegum kostnaði við kennsluþátt háskólanna, m.a. kennslu, þjónustu, húsnæði, búnað og aðra aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk.

7.4 Aðferðinni er ekki ætlað að ákvarða nákvæmlega kostnað við að kenna tilteknar greinar innan hvers skóla heldur feli hún í sér einfalda og gagnsæja aðferð við að skipta opinberum fjárframlögum milli skólanna út frá nemendafjölda og námsgreinum. Þá sé hverjum skóla í sjálfsvald sett hvernig hann skipti opinberum fjárframlögum milli deilda.

7.5 Í Háskóla Íslands er fjármunum ekki deilt út til deilda í samræmi við reiknilíkanið heldur er háskólinn með sérstaka úthlutunaraðferð (deililíkan) til að skipta fjárframlögum milli deilda.

7.6 Í fjárhagsáætlun Kennaraháskóla Íslands sem samþykkt er af háskólaráði er ákveðið hvernig ráðstöfunarfé skólans er deilt út til kennslu, rannsókna og annarra verkefna. Innan hvers þessara flokka er ráðstöfunarfé skipt milli viðfangsefna.

7.7 Nemendum í Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands hefur fjölgað mikið á undanförnum árum. Í Kennaraháskólanum hefur fjölgunin nánast eingöngu orðið í fjarnámi á síðustu fimm árum en í Háskóla Íslands hefur nemendum aðallega fjölgað í dagskóla. Í Kennaraháskóla Íslands er fjöldi nýnema takmarkaður við heimildir fjárlaga en í Háskóla Íslands eru engar fjöldatakmarkanir á mörgum námsbrautum.

7.8 Í samningum HÍ / KHÍ og menntamálaráðuneytisins um kennslu segir í 3. gr. að fjárveiting byggir m.a. á áætlun um fjölda og skiptingu nemendaígilda í reikniflokka. Í tengslum við fjárlög skuli gefa upp áætlað meðalframlag á nemendaígildi. Þá segir: „Almennt er ekki gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingum þótt útreikningur gefi hærri niðurstöðu en sem nemur fjárveitingu í fjárlögum ...“ Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar (apríl 2005) kemur fram að fjölgun nemenda í Háskóla Íslands hafi á undanförnum árum verið meiri en gert hafi verið ráð fyrir í forsendum fjárlaga og skólinn hafi ekki fengið það að fullu bætt.

7.9 Aðgerðir

7.9.1 Samningar Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytis um kennslu og rannsóknir renna út í árslok 2006. Gera þarf nýja samninga sem taka mið af fullri gildistöku sameiningar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands hinn 1. júlí 2008.

7.9.2 Samningur Kennaraháskóla Íslands og menntamálaráðuneytis um kennslu og rannsóknir rennur út í árslok 2006. Gera þarf nýjan samning sem tekur mið af áformum um sameiningu HÍ og KHÍ sem mun að fullu taka gildi 1. júlí 2008.

7.9.3 Í tengslum við ákvarðanir um stjórnskipulag og skiptingu sameinaðs háskóla í skóla verði ákveðið hvernig fjárveitingum til kennslu og rannsókna verði deilt út til skóla og deilda í sameinuðum háskóla.

7.10 Þátttaka

7.10.1 Rektor HÍ og menntamálaráðuneyti annast gerð nýrra samninga.

7.10.2 Rektor KHÍ og menntamálaráðuneyti annast gerð nýs samnings.

7.10.3 Háskólaráð HÍ tekur ákvarðanir um skiptingu fjárveitinga til skóla og deilda að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands og deildir innan Háskóla Íslands.

7.11 Tímasetningar

7.11.1 Gerð nýrra samninga milli HÍ og menntamálaráðuneytis lokið fyrir árslok 2006.

7.11.2 Gerð nýs samnings milli KHÍ og menntamálaráðuneytis lokið fyrir árslok 2006.

7.11.3 Reglur um skiptingu fjárveitinga vegna kennslu og rannsókna liggi fyrir í árslok 2007.

7.12 Afrakstur

7.12.1 Samningar HÍ og menntamálaráðuneytis um kennslu og rannsóknir.

7.12.2 Samningur KHÍ og menntamálaráðuneytis um kennslu og rannsóknir.

7.12.3 Reglur um skiptingu fjárveitinga vegna kennslu og rannsókna.

## 8 Nemendur

8.1 Við Kennaraháskóla Íslands starfar Félag stúdenta við KHÍ. Félagið starfar samkvæmt eigin lögum og í því eru allir innritaðir nemendur við skólann. Stjórn félagsins heitir Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands (SKHÍ). Í stúdentaráði sitja sex fulltrúar kjörnir á aðalfundi og einn frá Nemendafélagi íþróttabrautar. SKHÍ rekur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra sem starfar skv. samningi við SKHÍ. Helstu verkefni framkvæmdastjóra eru að sjá um bókhald, innheimtu félagsgjalda, útgáfu fréttabréfa, þjónustu við stúdenta og ýmis önnur störf sem stjórnin felur honum.

8.2 Stúdentaráð KHÍ rekur bóksölu sem leitast við að bjóða námsbækur, ritföng og ljósritun á sem hagstæðustu verði fyrir stúdenta. SKHÍ er aðili að Bandalagi íslenskra sérskólanema (BÍSN) sem er hagsmunafélag nemenda sem m.a. sér um sameiginlega útgáfu. Einnig er SKHÍ aðili að Byggingafélagi námsmanna (BN) sem sér m.a. um að byggja og leigja út ódýrar íbúðir fyrir aðildarfélaga.

8.3 SKHÍ rekur styrktarsjóð SKHÍ og er hlutverk hans að styrkja menningarstarf nemenda og faglega vinnu þeirra (útgáfu eða rannsóknir). Styrkjum er úthlutað tvisvar á ári. Stúdentaráð heldur úti vef félagsins þar sem nálgast má upplýsingar um ýmis konar þjónustu s.s. einkunnir, vefpóst, stundatöflur og fréttir. Einnig er á vefnum umræðusíða.

8.4 Stúdentaráð á fulltrúa í öllum helstu ráðum og nefndum innan KHÍ. Tveir fulltrúar nemenda sitja í háskólaráði og sömuleiðis tveir í deildaráði og námsnefnd.

8.5 Stúdentaráð Háskóla Íslands er málsvari allra stúdenta við háskólann og fer með þau mál er varða hagsmuni þeirra gagnvart háskólayfirvöldum, stjórnvöldum og öðrum

þeim sem áhrif hafa á stefnu háskólans. Í stúdentaráði eru 20 fulltrúar stúdenta frá þremur fylkingum, Háskólalistanum, Röskvu og Vöku.

8.6 Stúdentaráð tilnefnir þrjá fulltrúa í stjórn Félagsstofnunar stúdenta, einn í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, einn í stjórn Æskulýðssambands Íslands, auk þess sem tveir stúdentar sitja í háskólaráði. Skrifstofa stúdentaráðs er til húsa í Félagsheimili stúdenta við Hringbraut, en á skrifstofunni er að finna húsnæðismiðlun, kennslumiðlun, tungumálamiðlun, barnagæslumiðlun og réttindaskrifstofu. Stúdentaráð hefur í vörslu sinni svonefndan Stúdentasjóð sem styrkir félög og einstaklinga innan skólans til fræða og menningarstarfs. Stúdentaráð gefur út Stúdentablaðið.

8.7 Félagsstofnun stúdenta (FS) er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð. Hún var stofnuð með lögum nr. 33/1968. Stofnunin er fyrst og fremst þjónustufyrirtæki fyrir stúdenta við Háskóla Íslands. Starfsmenn stofnunarinnar eru um 100. Aðalmarkmið með rekstrinum er að bjóða stúdentum við HÍ góða þjónustu á sem hagkvæmustum kjörum og tryggja öruggan rekstrargrundvöll stofnunarinnar. Auk tekna af fyrirtækjum þeim er Félagsstofnun stúdenta ræður yfir skal fjár til byggingarframkvæmda, rekstrar fyrirtækja og eflingar þeirra aflað m.a. með árlegum skrásetningargjöldum stúdenta sem renna að hluta til stofnunarinnar og með framlagi úr ríkissjóði, eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni. Félagsstofnun stúdenta er undanþegin tekjuskatti og útsvari.

8.8 Félagsstofnun stúdenta rekur margháttaða þjónustu svo sem Stúdentagarða, Bóksölu stúdenta, Kaffistofur stúdenta, Stúdentamiðlun og Leikskóla FS. Félagsstofnun stúdenta styrkir einnig rannsóknir stúdenta, Stúdentaráð Háskóla Íslands og félög háskólastúdenta með útgáfustyrkjum eða á annan hátt.

8.9 Við Háskóla Íslands starfa fjölmörg félög stúdenta, flest á vegum einstakra deilda skólans, en stúdentasjóður styður m.a. við menningar- og félagslíf í deildum skólans. Deildarfélög standa fyrir félagslífi fyrir nemendur allan veturinn. Auk þess starfa m.a. háskólakór, stúdentaleikhús og kvikmyndaklúbbur.

8.10 Í skýrslu nefndar um fýsileika sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands kemur fram að meðal meginmarkmiða sameiningarinnar sé að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi og jafnframt að efla stoðþjónustu og auka stuðning við nemendur og starfsfólk. Í skýrslunni er einnig lögð áhersla á að stúdentar og samtök þeirra verði virkir þátttakendur í sameiningarferlinu. Í tengslum við sameininguna þurfi jafnframt að huga að stöðu og eignum samtaka stúdenta.

8.11 Aðgerðir

8.11.1 Ákveða þarf hvað verður um stofnanir og samtök stúdenta við sameiningu HÍ og KHÍ. Taka þarf ákvörðun um hvort stofnanir og samtök verði sameinuð og ef svo er, hvað verði um eignir og skuldbindingar samtakanna. Kanna þarf sér-

staklega aðild Stúdentaráðs KHÍ að Bandalagi íslenskra sérskólanema og Byggingafélagi námsmanna.

8.12 Þátttaka

8.12.1 Sameiginlegur starfshópur stúdentaráða HÍ og KHÍ gerir tillögur um hvort samtök og stofnanir stúdenta í háskólunum sameinast og ef svo verður hvernig að þeirri sameiningu verður staðið og hvað verður um eignir og skuldbindingar samtakanna.

8.12.2 Stúdentaráð HÍ og KHÍ taka ákvarðanir um hugsanlega sameiningu samtaka og stofnana stúdenta.

8.13 Tímasetningar

8.13.1 Vinna starfshópa stúdentaráða HÍ og KHÍ hefst í janúar 2007 og tillögur liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2007.

8.14 Afrakstur

8.14.1 Ákvarðanir um framtíð stofnana stúdenta og samtaka þeirra.

## 9 Stoðþjónusta

9.1 Í skýrslu nefndar um fýsileika sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands kemur fram að meðal markmiða sameiningarinnar sé að efla stoðþjónustu í sameinuðum háskóla og auka stuðning við nemendur og starfsfólk. Í bæði KHÍ og HÍ stendur kennurum og nemendum til boða margs konar stoðþjónusta vegna kennslu, náms, rannsókna og persónulegra aðstæðna. Í sumum tilvikum er stoðþjónustan sambærileg í háskólunum tveimur en í öðrum ekki. Þá er í báðum skólum stoðþjónusta sem tengist rekstri og starfsmannahaldi sem þarf að sameina eða samþætta.

9.2 Hlutverk Menntasmiðju Kennaraháskóla Íslands er að veita nemendum og starfsfólki þjónustu vegna náms, kennslu og rannsókna. Menntasmiðjan skiptist í tvær deildir, safn og smiðju. Í Menntasmiðju er veittur aðgangur að heimildum, sérhæfðum tækjakosti og hugbúnaði. Þar er einnig veitt leiðsögn og aðstoð á sviði kennslutækni, gagnagerðar, og upplýsinga- og samskiptatækni og heimildaöflun.

9.3 Hlutverk Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands er að stuðla að þróun kennsluhátta við háskólann með því að veita deildum, skorum og einstaka kennurum faglega ráðgjöf og leiðbeiningar um þróun kennslu og kennsluhátta, hvort sem er á sviði upplýsingatækni eða kennslufræði. Hún stendur fyrir vinnustofum, kynningum og námskeiðum tengdum hagnýtingu upplýsingatækni og kennslufræði í háskólakennslu. Kennslumiðstöðinni er ætlað að mæta ólíkum þörfum kennara og misjöfnu þekkingarstigi þeirra. Kennslumiðstöð HÍ sér jafnframt um tæknimál fjarkennslu.

9.4 Hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er m.a. að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands, halda uppi bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu rannsókna og gefa háskólastúdentum kost á vinnuaðstöðu og greiðum aðgangi að gögnum. Fyrir utan aðstöðu í Þjóðarbókhlöðu er víða innan HÍ aðstaða til tölvunotkunar og lesrými fyrir nemendur.

9.5 Bókasafn Kennaraháskóla Íslands er hluti af Menntasmiðju skólans. Safnið er einkum ætlað nemendum og starfsmönnum KHÍ en er jafnframt opið öðrum sem sérfræðisafn á sviði kennslu, uppeldis, umönnunar og þjálfunar. Í safninu er veitt öll almenn bókasafnsþjónusta, s.s. útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og aðstoð við heimildaleit. Þar er sérstakt kennslugagnasafn og veitt ráðgjöf um kennsluefni og kennsluaðferðir vegna vettvangsnáms. Þá stendur safnið fyrir kennslu í upplýsingaöflun sem fellur inn í ákveðin námskeið.

9.6 Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands nota samskonar hugbúnað til að skrá nemendur í námskeið og próf. Í nemendaskrám skólanna eru upplýsingar um námsferil nemenda og einkunnir. KHÍ og HÍ hafa samstarf um vef- og upplýsingakerfið Uglu. Ugla er öflugur upplýsinga-, kennslu- og þjónustuvefur nemenda og starfsfólks þessara stofnana.

9.7 Námsráðgjöf KHÍ er ætlað að veita nemendum þjónustu í málum sem tengjast námi þeirra, persónulegum högum og náms- og starfsvali. Hlutverk námsráðgjafarinnar er m.a. að stuðla að því að sem flestir nemendur nái settu marki í námi sínu, að vinna að því að persónuleg vandamál raski sem minnst námi þeirra, að hafa fyrirliggjandi aðgengilegar upplýsingar um námskröfur og námsleiðir innan skólans, auk þess að miðla upplýsingum um framhaldsnám. Hlutverk Námsráðgjafar HÍ er í meginatriðum að veita nemendum háskólans ráðgjöf og stuðning sem stuðlar að árangri og vellíðan í námi og starfi, að bera ábyrgð á stuðningskerfi fatlaðra stúdenta, auk þess að veita aðstoð vegna persónulegra vandamála.

9.8 Háskólaútgáfa HÍ sinnir útgáfu á frumsömdum og þýddum verkum er varða rannsóknir og kennslu við skólann. Á tveimur seinustu árum var fjöldi nýrra titla rúmlega 140. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands gefur út tímarit og skýrslur, en útgáfu bóka var hætt 2005. Á árunum 2004–2005 voru gefnar út fimm bækur, átta tölublöð tímarita og um þrjátíu skýrslur.

9.9 Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins veitir upplýsingar og aðstoð vegna þátttöku í fjölþjóðlegum samstarfsáætlunum í menntamálum. Skrifstofan þjónar stúdentum sem fara utan sem skiptinemar og aðstoðar þá sem hingað koma. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins gegnir jafnframt hlutverki alþjóðaskrifstofu HÍ og annast formleg samskipti HÍ við erlendar menntastofnanir og veitir stúdentum, kennurum, skorum og deildum HÍ ýmsa þjónustu varðandi alþjóðlegt samstarf.

9.10 Reiknistofnun Háskóla Íslands (RHÍ) sér um alla tölvu- og símþjónustu á svæði Háskóla Íslands. Reiknistofnun HÍ rekur 18 tölvuver í byggingum á háskólasvæðinu. Í tölvuverum geta einstaklingar með notandanafn fengið afnot af tölvubúnaði, hugbún-

aði, prentþjónustu og háhraða Internettengingu. RHÍ býður nemendum og starfsmönnum Háskóla Íslands jafnframt upp á víðtæka netþjónustu. RHÍ er rekstraraðili símkerfis Háskóla Íslands.

9.11 Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands eru aðilar að Rannsókna- og háskólaneti Íslands hf. (RHneti). Tilgangur RHnets er að annast alþjóðlega tölvunetsþjónustu byggða á Internet stöðlum fyrir rannsóknastofnanir og háskóla, að eiga hlutdeild að alþjóðlegum háskólanetum og stuðla að sem hagkvæmastri uppbyggingu tölvunets á landsvísu fyrir rannsóknastofnanir og háskóla. RHnet er jafnframt, fyrir hönd HÍ, samskiptaaðili við norræna rannsókna- og háskólanetið, NORDUnet, sem Háskólinn er hluthafi í. RHnet vinnur að því að koma á lokuðu háskóla- og rannsóknaneti um landið sem tengist gáttinni til NORDUnet í Tæknigarði, með það að markmiði að netið verði virkt net háskóla- og rannsóknastofnana á Íslandi og vettvangur til að rækta samstarf með þeim sem að því koma.

9.12 Smiðjuhluti Menntasmiðju Kennaraháskóla Íslands rekur tölvukerfi skólans og veitir margháttaða þjónustu við notkun tölva og annarra tækja. Um 430 tölvur í eigu skólans eru í notkun og um 1.500 fartölvur nemenda eru tengdar þráðlausu neti. Tölvuver eru fimm í þremur byggingum. Hljóð- og myndupptökur af kennslu og miðlun á neti til fjarnema fara fram á vegum smiðju. KHÍ er með samning við Skýrr hf. um afnot og aðgang að WeCT sem notað er vegna fjarkennslu og þjónustað af smiðju en einnig eru notuð önnur kerfi til að styðja við umfangsmikla og fjölbreytta fjarkennslu. Í smiðju er umsjón með innkaupum á tölvum, tækjum og öðrum búnaði til kennslu og rannsókna. Smiðja rekur vefkerfi KHÍ og vefstjóri starfar innan hennar.

9.13 Stjórnsýsla Kennaraháskóla Íslands:

9.13.1 Á skrifstofu rektors Kennaraháskóla Íslands fer fram afgreiðsla ýmissa mála sem heyra undir embætti rektors, s.s. svara erindum sem rektor og skólanum berast, undirbúa háskólaráðsfundi, eiga samstarf við fjölmargar nefndir og starfshópa auk þess að þjóna sem best kennurum og öðrum starfsmönnum skólans. Skjalasafn skólans heyrir undir skrifstofu rektors. Þá annast skrifstofa rektors ýmis verkefni s.s. útgáfu Ársskýrslu Kennaraháskóla Íslands.

9.13.2 Sameiginleg stjórnsýsla Kennaraháskóla Íslands skiptist í fjögur svið: kennslusvið, rannsóknarsvið, þjónustusvið og rekstrarsvið. Kennslusvið annast málefni sem lúta að kennslu á sviði grunnmenntunar, framhaldsmenntunar og símenntunar. Rannsóknarsvið annast málefni sem tengjast rannsóknum innan KHÍ, rannsóknasjóðum, rannsóknarstarfsemi, alþjóðlegum rannsóknar- og þróunarverkefnum, þjónusturannsóknum og starfi Rannsóknarstofnunar. Þjónustusvið annast málefni Menntasmiðju KHÍ, þ.e. þjónustu til stuðnings námi, kennslu og rannsóknum í skólum, auk þess sem tölvu- og kerfisþjónusta skólans heyrir undir þjónustusvið. Rekstrarsvið Kennaraháskóla Íslands annast málefni er lúta að rekstri, fjármálastjórn, fjárhagsáætlunum, reikningshaldi, rekstri og viðhaldi bygginga og almennum starfsmannamálum.

9.14 Stjórnsýsla Háskóla Íslands:

9.14.1 Starfsemi skrifstofu rektors helgast fyrst og fremst af því að framfylgja lögskipuðu hlutverki háskólarektors. Í þessu felst m.a. umsjón með málefnum sameiginlegrar stjórnsýslu Háskólans, háskólafundi, fundum háskólaráðs, fundum rektors með deildarforsetum og ársfundi Háskólans. Þróunarmál og gæðamál heyra undir skrifstofu rektors.

9.14.2 Sameiginleg stjórnsýsla Háskóla Íslands skiptist í sex svið: Framkvæmda- og tæknisvið sem sér um viðhald bygginga og lóða, húsbúnaðarkaup, leigusamninga og tryggingar, rekstur bygginga, öryggismál o.fl., fjármálasvið sem annast fjárhagsáætlanir, reikningshald, innkaup, launamál, ferðaheimildir o.fl., starfsmannasvið sem ber ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu, starfs- og árangursmati, starfsauglýsingum, starfsfræðslu, starfsmannaskrá, starfsmannahandbókum o.fl., kennslusvið sem sér um stjórnsýsluleg málefni, lög og reglur, jafnréttismál, kennsluskrá, prófaumsýslu, nemendaskrá, námsráðgjöf, kennslumiðstöð, og tungumálamiðstöð, vísindasvið sem hefur umsjón með rannsóknasjóðum, dómnefndum, mat á störfum, rannsóknamisseri, staðtölum, Rannsóknaþjónustu o.fl. og markaðs- og samskiptasvið sem ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum, kynningarefni, skipulagningu viðburða, styrktarsjóðum, vef, hollvinastarfi o.fl.. Hlutverk sameiginlegrar stjórnsýslu Háskóla Íslands er að skapa deildum, stofnunum og starfsfólki skilyrði til að vinna störf sín í samræmi við stefnu skólans sem og lög og reglur skólans. Rektor ræður stjórnendur og aðra starfsmenn sameiginlegrar stjórnsýslu.

9.15 Aðgerðir

9.15.1 Skipaður verði starfshópur til fjalla um tilhögun bókasafns og upplýsingaþjónustu í sameinuðum háskóla.

9.15.2 Skipaður verði starfshópur til að fjalla um námsráðgjöf, nemendaskrá og kennslumiðstöð í sameinuðum háskóla.

9.15.3 Skipaður verði starfshópur til að fjalla um útgáfumál í sameinuðum háskóla.

9.15.4 Skipaður verði starfshópur til að fjalla um fjármál, rekstur og starfsmannahald í sameinuðum háskóla.

9.15.5 Skipaður verði starfshópur til að fjalla um stoðkerfi rannsókna og rannsóknasjóði í sameinuðum háskóla.

9.15.6 Skipaður verði starfshópur til að fjalla um rekstur tölvukerfa, vefþjónustu, tæknilega tilhögun fjarkennslu, símamál o.fl.

9.15.7 Skipaður verði starfshópur til að fjalla um þjónustu við þróun kennsluhátta við sameinaðan háskóla hvort sem er á sviði upplýsingatækni eða kennslufræði.

9.16 Þátttaka

9.16.1 Rektorar beggja háskóla skipa fulltrúa í starfshópa um stoðþjónustu.


9.17 Tímasetningar

9.17.1 Vinnu starfshópa verði lokið fyrir árslok 2007.

9.18 Afrakstur

9.18.1 Skýrslur starfshópa um stoðþjónustu í sameinuðum háskóla.

## 10 Tímaáætlun



## 11 Kostnaður

11.1 Kostnaður við sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands er tvíþættur; annars vegar kostnaður við sameiningarferlið og hins vegar kostnaður vegna sameiningar skólanna. Í umfjöllun um kostnað verður fjallað um hvorttveggja, en ekki tekin afstaða til þess hver ber kostnaðinn. Hægt er að áætla gróflega kostnað við sameiningarferlið sem er aðallega launakostnaður vegna vinnu starfshópa við undirbúning sameiningar og kostnaður við formlega úttekt. Hins vegar er ekki hægt að meta kostnað við sameiningu á þessu stigi máls þar sem of mörgum spurningum er enn ósvarað.

11.2 Vinna sem tengist beint eða óbeint sameiningu háskólana verður umtalsverð. Samkvæmt aðgerðaráætlun er gert ráð fyrir miklu samráði og að margir starfshópar verði skipaðir til að fjalla um og gera tillögur um tilgreind málefni. Ekki liggur fyrir hversu margir starfshópar verða skipaðir. Lauslega áætlað munu vinnustundir vegna sameiningar háskólanna verða á bilinu 2.500 til 3.000 stundir. Áætlaður kostnaður er tólf til fimmtán milljónir króna.

11.3 Lagt er til að gerð verði úttekt á sameiningarferlinu og mat lagt á árangur af sameiningu. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við slíkt mat verði þrjár til fjórar milljónir króna.

11.4 Sameining háskólanna er mikið verk og margir munu koma að því. Lagt er til að ráðinn verði verkefnisstjóri til að halda utan um sameiningarferlið og verði rektorum til aðstoðar við framkvæmdina. Gera má ráð fyrir einu stöðugildi sérfræðings í tuttugu og fjóra mánuði og að kostnaður verði um tólf milljónir króna.

11.5 Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við sameiningarferlið verði því 27 til 31 milljón króna.

11.6 Stefnt að því að sameinuðum háskóla verði skipt upp í skóla. Hvorki liggur fyrir hversu margir skólarnir verða né aðrar ákvarðanir um breytt stjórnskipulag. Ekki er hægt að áætla breytingar á kostnaði við stjórnsýslu sameinaðs háskóla nema frekari upplýsingar liggi fyrir um nýtt skipulag stjórnsýslunnar.

11.7 Við sameiningu verður hægt að sameina eða samþætta einhverja þætti í stoðþjónustu, s.s. umsýslu fjármála, starfsmannahald, tölvuþjónustu og fleira. Með slíkri samþættingu ætti að verða hægt að lækka fastan kostnað. Hins vegar má búast við að slíkur sparnaður verði óverulegur þar sem breytilegur kostnaður vegur þungt í stoðþjónustu og hann mun ekki minnka.

11.8 Ákvæði kjarasamninga og stofnanasamninga eru annað hvort samhljóma eða mjög lík. Þá eru starfsreglur háskólanna er tengjast kjörum starfsmanna mjög sambærilegar. Samræma þarf ákvæði samninga og reglur um rannsóknamisseri, ferðastyrki o.fl. Óljóst er hversu mikið þetta mun kosta.

11.9 Mögulega leiðir sameining háskólanna til þess að biðlaunaréttur myndist, enda þótt það sé yfirlýst stefna að allir starfsmenn haldi sambærilegum störfum og launakjör rýrni ekki. Kostnað er ekki hægt að meta á þessu stigi.

11.10 Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands eru með stoðkerfi og stofnanir sem styðja fjárhagslega við rannsóknarstarfsemi í skólunum. Ekki er hægt að meta kostnað við breytta skipun þessara mála fyrr en settar hafa verið samræmdar reglur um rannsóknasjóði og rannsóknastofnanir.

11.11 Skipa þarf starfshóp til að kanna valkosti í húsnæðismálum og ekki verður hægt að fjalla um kostnaðaráhrif fyrr en niðurstöður liggja fyrir. Ljóst er að það mun kosta mikið að flytja þá starfsemi sem nú er á Rauðarárholti á lóð Háskóla Íslands. Á móti kemur að mikil verðmæti eru í húseignum og lóðarréttindum á Rauðarárholti.

## 12 Úttekt á sameiningarferlinu

12.1 Starfshópurinn telur mikilvægt að gerð verði úttekt á sameiningarferlinu. Slík úttekt ætti að snúa að þremur meginþáttum; undirbúningi sameiningar, sameiningarferlinu og hvort sameiningin hafi leitt til þeirrar útkomu sem stefnt var að og fram kemur í skilagrein um fýsileika sameiningar og samþykktum háskólaráða Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

12.2 Sameining tveggja stærstu háskóla landsins er stór ákvörðun. Að baki henni liggur mikill undirbúningur, m.a. tvær skýrslur – *Háskóli Íslands: Aukið samstarf, verkaskipting eða sameining* (2002) og *Skilagrein nefndar um fýsileika sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands* (2006). Þá hafa háskólaráð beggja skóla lýst stuðningi við fyrirhugaða sameiningu en sett skilyrði fyrir stuðningi við áform um sameiningu skólanna. Í skilagrein um fýsileika sameiningar koma fram forsendur og markmið sameiningar skólanna. Í yfirlýsingum háskólaráðs Háskóla Íslands og háskólaráðs Kennaraháskóla Íslands koma fram hvers vænst sé með sameiningu skólanna.

12.3 Starfshópurinn sem vann að þessari áætlun er sammála um mikilvægi þess að fram fari úttekt á sameiningarferlinu að lokinni sameiningu skólanna. Markmið með úttekt er að meta hversu vel hafi tekist til að ná markmiðum sameiningar og meta hvort sameining hafi leitt til þeirrar niðurstöðu sem að var stefnt. Þá telur starfshópurinn að leggja þurfi mat á aðferðir og vinnubrögð við sameiningu háskólanna og með því megi draga lærdóm af svo umfangsmikilli sameiningu sem sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands er.

12.4 Í ljósi þessa er lagt til að úttekinni verði skipt í tvo hluta. Í fyrri hluta úttektar verði sameiningarferlið skoðað. Lagt verði mat á undirbúning sameiningar, tíma- og aðgerðaráætlun og framkvæmd sameiningar. Í seinni hluta úttektar yrði lagt mat á afrakstur sameiningar, þ.e. hversu vel hafi gengið að ná helstu markmiðum sameiningar sem tilgreind eru í sameiginlegri skilagrein háskólanna og samþykktum háskólaráða Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Að auki er æskilegt að metin verði önnur

áhrif sameiningar, æskileg sem óæskileg. Starfshópurinn leggur til að fyrri hluti úttektar fari fram á seinni hluta ársins 2008, en seinni hluti úttektar fari fram 3–5 árum eftir sameiningu. Lagt er til að mat á árangri byggi bæði á sjálfsmati og mati óháðs aðila.

12.5 Nánar tiltekið er í fyrri hluta úttektar leitast við að svara spurningum um hversu vel var staðið að undirbúningi sameiningar, hvernig var staðið að gerð áætlunar um sameininguna, hversu raunhæf hún var og metið hvort nægt svigrúm var í henni til aðlögunar að breyttum aðstæðum. Þá ætti fyrri hluti úttektar að beina athyglinni að því hvernig staðið var að ákvörðunartöku um sameiningu, s.s. hvort aðrir valkostir voru skoðaðir, hvernig staðið var að kynningu á áformum um sameiningu og hvernig staðið var að opinni umræðu um málið.

12.6 Í síðari hluta úttektar ætti athyglin að beinast að árangri af sameiningu háskólanna. Spyrja ætti hversu vel hafi tekist til við að ná meginmarkmiðum með sameiningu skólanna, en í skilagreininni eru þau skilgreind:

- Að stuðla að eflingu háskólamenntunar á Íslandi með sameiningu háskólastofnana sem verða með því sterkari heild sem byggir á sérstöðu og sérhæfingu þeirra beggja.
- Að tryggja fjölbreyttara og sveigjanlegra námsframboð í grunn- og framhaldsnámi kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum og annarra uppeldisstétta.
- Að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi.
- Að styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum og skapa forsendur fyrir samþættingu slíkra rannsókna við aðrar rannsóknir sem stundaðar eru í sameinuðum háskóla.
- Að efla stoðþjónustu í sameinuðum háskóla og auka stuðning við nemendur og starfsfólk.
- Að skapa forsendur fyrir því að sameinuð stofnun veiti menntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða sem og annarra tengdra greina á Íslandi sem sé sambærilegt við það sem best gerist í okkar nágrannalöndum.

12.7 Þá ætti úttekin einnig að meta hvernig tækifæri voru nýtt til að:

- Auka fjölbreytni í námi og rannsóknum, auka sveigjanleika og fræðilega breidd.
- Auka samfellu og samþættingu í kennaramenntun fyrir öll skólastig.
- Efla framhaldsnám á meistara- og doktorsstigi.
- Auka hagkvæmni í stjórnsýslu og stoðþjónustu.
- Skapa sterkari heild.
- Bæta kennsluhætti, þróa sveigjanlegt námsform og efla símenntun.
- Skapa sterkari stöðu sameinaðs háskóla á alþjóðavettvangi.

12.8 Að auki ætti úttekin að leita svara við því hvernig tekist hafi til við að:

- Nýta styrk beggja háskóla sameinuðum háskóla til framdráttar.
- Stuðla að sameiginlegri stofnanamenningu og góðum starfsanda.
- Móta nýtt stjórnskipulag og fjármögnun kennslu og rannsókna.

- Tryggja öllum starfsmönnum sambærileg störf og sambærileg kjör.
- Virkja stúdenta og samtök þeirra í sameiningarferlinu.

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.**

Í frumvarpinu er lagt til að Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands sameinist undir nafni Háskóla Íslands frá og með 1. júlí 2008. Við gildistöku laganna tekur sameinaður háskóli, Háskóli Íslands, við eignum og skuldbindingum Kennaraháskóla Íslands. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir Kennaraháskóla Íslands í fjárlögum 2008. Við gildistöku laganna flytjast störf ótímabundið ráðinna kennara og annarra ótímabundið ráðinna starfsmanna skólans yfir til hins sameinaða háskóla en embætti rektors Kennaraháskóla Íslands verður lagt niður. Gera má ráð fyrir greiðslu einhverra biðlauna en óvíst er um fjárhæðir.

Að óbreyttu er gert ráð fyrir að varanlegur kostnaður við samþykkt frumvarpsins verði ekki umfram fjárheimildir Kennaraháskólans sem samkvæmt frumvarpinu flytjast yfir til hins nýja sameinaða skóla. Tímabundinn kostnaður við sameininguna má áætla að verði 16 m.kr. á árinu 2007 og 14 m.kr. á árinu 2008, eða um það bil 30 m.kr. samtals sem rúmast innan fjárheimilda menntamálaráðuneytis.

# 520. Frumvarp til laga [432. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Það teljast veiðar í atvinnuskyni ef eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða. Um veiðar og afla fer samkvæmt gildandi reglum um veiðar í atvinnuskyni. Ráðherra getur þó með reglugerð sett sérstakar reglur um veiðar og afla, m.a. hvað varðar skyldur skipstjóra, tilkynningar og skýrsluskil.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er lýtur að því að kveða með skýrum hætti á um að í skilningi laga á sviði fiskveiðistjórnar teljist það vera veiðar í atvinnuskyni þegar eigandi eða útgerð báts tekur gjald af

þeim sem veiðarnar stunda. Bátar, sem nýttir eru með þessum hætti, þurfa samkvæmt því að hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og nægilegar aflaheimildir í þeim kvótabundnu tegundum sem þeir veiða og selja eða fénýta á annan hátt.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er heimilt án sérstaks leyfis að stunda í tómstundum fiskveiðar með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem fæst við slíkar veiðar, er einungis heimilt að hafa til eigin neyslu og er óheimilt að selja hann eða fénýta á annan hátt. Tilgangur þessa lagaákvæðis er augljóslega að koma ekki í veg fyrir að þeir sem hafa yfir tómstundabátum að ráða geti rennt fyrir fisk sér til gamans, enda verði aflinn ekki meiri en svo að þeir geti sjálfir neytt hans.

Nokkuð er um að fyrirtæki og einstaklingar, sem eiga eða gera út báta, hafi af því atvinnu að bjóða þeim sem þess óska og gjald greiða fyrir að fara í sjóferðir á bátunum, ýmist undir fararstjórn af hálfu útgerðar eða án þess að fulltrúi útgerðar sé um borð. Stundum er eini eða aðaltilgangur slíkra ferða að stunda fiskveiðar en í öðrum tilvikum eru veiðarnar einn liðurinn í þeirri afþreyingu sem boðið er upp á. Hvað sem því líður er ljóst að umræddir bátar eru nýttir í atvinnuskyni og eru fiskveiðar þáttur í þeirri nýtingu. Afli, sem fæst við þessar veiðar, er að sjálfsögðu mismikill en þar sem það eru yfirleitt ferðamenn, erlendir og innlendir, sem veiðarnar stunda eru þeir sjaldnast í góðri aðstöðu til að taka aflann með sér og neyta hans sjálfir. Því getur verið heppilegt og hagkvæmt fyrir þá en þó ekki síður útgerðir hlutaðeigandi báta að geta selt aflann eða fénýtt hann á annan hátt. Verulegur og vaxandi áhugi virðist vera á umræddum veiðum, einkum meðal erlendra áhugamanna um veiðar með sjóstöng og koma margir þeirra hingað til lands í þeim tilgangi fyrst og fremst að stunda slíkar veiðar. Ástæða sýnist því til að ætla að atvinnustarfsemi af þessum toga kunni að aukast umtalsvert á næstu árum og þar með sá afli sem fæst með þessum hætti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skýrlega verði á um það kveðið að það teljist veiðar í atvinnuskyni en ekki tómstundaveiðar þegar eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða. Bátar, sem þannig eru nýttir, þurfa samkvæmt því að hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og nægilegar aflaheimildir í kvótabundnum tegundum sem þeir stunda veiðar á. Hvaða veiðarfæri heimilt er að nota við veiðarnar ræðst af því hvort hlutaðeigandi bátur hefur veiðileyfi í almennu aflamarkskerfi eða krókaaflamarkskerfi og af öðrum reglum sem eiga við um notkun veiðarfæra en þó má gera ráð fyrir að hér eftir sem hingað til verði sjóstöng algengasta veiðarfærið. Afla, sem fæst við þessar veiðar, er heimilt að selja eða fénýta á annan hátt og dregst aflinn frá aflaheimildum hlutaðeigandi báta samkvæmt reglum sem um það gilda.

Gert er ráð fyrir að almennar reglur sem gilda um veiðar í atvinnuskyni eigi við um umræddа báta, veiðar þeirra og afla. Þær aðferðir sem hagkvæmastar eru og almennt eru hafðar við útgerð þessara báta eru hins vegar nokkuð frábrugðnar því sem tíðkast við rekstur annarra atvinnubáta. Í því sambandi má t.d. nefna að nokkuð mun um að þessir bátar fari til veiða án þess að um borð sé skipstjóri sem starfar í þágu hlutaðeigandi útgerðar. Því þykir nauðsynlegt að leggja til að sjávarútvegsráðherra verði heimilt að setja sérstakar reglur um umræddа báta, m.a. hvað varðar skyldur skipstjóra og tilkynningar og skýrsluskil til stjórnvalda varðandi veiðar og afla.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.**

Í frumvarpinu er skilgreint að það teljist veiðar í atvinnuskyni ef eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða. Bátar sem nýttir eru með þeim hætti, þurfa samkvæmt því að hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og nægilegar aflaheimildir í kvótabundnum tegundum sem þeir veiða og selja eða fénýta á annan hátt.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

# 521. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni, Dagnýju Jónsdóttur, Sigurrósu Þorgrímsdóttur, Björgvini G. Sigurðssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Merði Árnasyni, Sæunni Stefánsdóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

*Breytingar á sundurliðun 2:*

Við **02-982 Listir, framlög**

1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

**Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).**

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. | Atli Heimir Sveinsson | 1.600 |
| 2. | Ásgerður Búadóttir | 1.600 |
| 3. | Erró | 1.600 |
| 4. | Fríða Á. Sigurðardóttir | 1.600 |
| 5. | Guðbergur Bergsson | 1.600 |
| 6. | Guðmunda Elíasdóttir | 1.600 |
| 7. | Guðmundur Jónsson | 1.600 |
| 8. | Gunnar Eyjólfsson | 1.600 |
| 9. | Hannes Pétursson | 1.600 |
| 10. | Herdís Þorvaldsdóttir | 1.600 |
| 11. | Jóhann Hjálmarsson | 1.600 |
| 12. | Jón Nordal | 1.600 |
| 13. | Jón Sigurbjörnsson | 1.600 |
| 14. | Jón Þórarinsson | 1.600 |
| 15. | Jónas Ingimundarson | 1.600 |

| | | |
|---|---|---|
| 16. | Jórunn Viðar | 1.600 |
| 17. | Kristbjörg Kjeld | 1.600 |
| 18. | Kristinn Hallsson | 1.600 |
| 19. | Kristján Davíðsson | 1.600 |
| 20. | Magnús Pálsson | 1.600 |
| 21. | Matthías Johannessen | 1.600 |
| 22. | Megas | 1.600 |
| 23. | Róbert Arnfinnsson | 1.600 |
| 24. | Thor Vilhjálmsson | 1.600 |
| 25. | Vigdís Grímsdóttir | 1.600 |
| 26. | Vilborg Dagbjartsdóttir | 1.600 |
| 27. | Þorbjörg Höskuldsdóttir | 1.600 |
| 28. | Þorsteinn frá Hamri | 1.600 |
| 29. | Þráinn Bertelsson | 1.600 |
| 30. | Þuríður Pálsdóttir | 1.600 |
| | **Samtals** | **48.000** |

# 522. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónas Fr. Jónsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneytinu. Nefndinni bárust auk þess umsagnir um frumvarpið.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Má þar fyrst nefna breytingu á 5. gr. laganna á álagningarhlutföllum og lágmarks- og fastagjöldum. Er í frumvarpinu lögð til lækkun á álagningarhlutföllum fjármálafyrirtækja, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, rekstrarfélaga, verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana. Einnig er lögð til hækkun álagningarhlutfalla vátryggingafélaga, vátryggingamiðlana, lífeyrissjóða og annarra eftirlitsskyldra aðila. Þá er bætt við nýjum eftirlitsskyldum aðilum, eignarhaldsfélögum.

Aðrar breytingar eru þær annars vegar að verði frumvarpið að lögum verður Fjármálaeftirlitinu heimilt að mynda takmarkaðan varasjóð sem samsvarar rekstrarafgangi umfram áætlun. Er ákvæðinu ætlað að tryggja Fjármálaeftirlitinu rekstrarfjármögnun vegna lausafjárvanda sem getur skapast vegna óvæntra útgjalda og þess tímamismunar sem getur orðið innan rekstrarársins á inngreiðslum og útgreiðslum. Hins vegar er lögð til málshöfðunarheimild til dómstóla vegna ákvarðana um álagningu eftirlitsgjalds. Var áður heimilt að kæra slíkar ákvarðanir til kærunefndar en sú nefnd hefur nú verið lögð niður, sbr. lög nr. 67/2006.

Starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur aukist mikið á undanförnum árum. Á árinu 2005 stækkuðu íslensk fjármálafyrirtæki enn frekar og juku jafnframt hlutdeild starfsemi

sinnar erlendis. Nefndin fagnar þessari þróun en telur jafnframt að í viðskiptalífinu verði að vera skýrar reglur svo að þeir sem starfa á því sviði viti hvað er leyfilegt og hvað ekki. Til þess þurfa að vera til staðar öflugar eftirlitsstofnanir, eins og Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið. Úrskurðir þessara stofnana þurfa jafnframt að ganga hratt fyrir sig og vera skýrir. Slíkar stofnanir þurfa að hafa yfir að ráða hæfu starfsfólki og öflugum upplýsingakerfum og verða að geta brugðist hratt við þegar upp koma mikilvæg mál eða breyttar aðstæður. Nefndin telur að til þess að Fjármálaeftirlitið geti staðist þessar kröfur verði það að hafa nægar tekjur. Nefndin bendir auk þess á að tekjur eftirlitsins byggjast á afkomu ársins 2005 en útgjöldin á umfangi ársins 2007. Þegar svo miklar og hraðar breytingar eiga sér stað eins og núna sé hætta á að eftirlitið geti ekki fylgt nýrri þróun sem skyldi. Enn fremur byggist traust fyrirtækjanna innan lands sem erlendis á því eftirliti sem til staðar sé. Þess vegna er það hagur fyrirtækja í miklum vexti að eftirlitið sé virkt. Það kann að vera nauðsynlegt að gera þurfi breytingar á grunni álagningar til að ná til þeirra sviða sem vaxa hraðast.

Nefndin bendir á að frumvarpið byggist á upplýsingum sem fengnar eru úr rauntölum rekstrarumfangs Fjármálaeftirlitsins fyrstu fjóra mánuði ársins 2006 og áætluðu rekstrarumfangi ársins 2007. Þegar áætlunin var gerð lágu ekki fyrir upplýsingar um það viðbótarálag sem mundi leiða af innleiðingu svokallaðra Basel II- reglna sem frumvarp um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, sem einnig liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir. Því leggur nefndin til að eftirlitsgjald viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja verði hækkað úr 0,00667% í 0,00712%. Sú breyting hækkar eftirlitsgjald þessara aðila samtals úr 307 millj. kr. í 327 millj. kr. Þar sem innleiðingin hefur einkum áhrif á starfsemi lánastofnana þykir ekki rétt að hreyfa við álagningarstofnum annarra eftirlitsskyldra aðila.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað hlutfallstölunnar „0,00667%“ í 1. tölul. 1. efnismgr. komi: 0,00712%.

Alþingi, 30. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Sæunn Stefánsdóttir. | Jóhanna Sigurðardóttir. |
| Birkir J. Jónsson. | Lúðvík Bergvinsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Ágúst Ólafur Ágústsson. | Kolbrún Baldursdóttir. | Ögmundur Jónasson. |

## 523. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá Halldóri Blöndal.

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi** | | | |
| 1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt ..... | 400,6 | 1,5 | 402,1 |

## 524. Breytingartillögur [231. mál]

við frv. til l. um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni og Ögmundi Jónassyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „50 starfsmenn“ í 1. mgr. komi: 20 starfsmenn.
2. Við 6. gr. Orðin „og eftir atvikum að víkja frá ákvæðum 4. og 5. gr.“ falli brott.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „100 starfsmenn“ komi: 50 starfsmenn.

## 525. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Þ. Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Ólaf Ólafsson, Einar Árnason, Helga K. Hjálmarsson, Borgþór St. Kjærnested og Trausta Björnsson frá Landssambandi eldri borgara og Margréti Margeirsdóttur, Stefaníu Björnsdóttur og Sigurð Hallgrímsson frá Félagi eldri borgara.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 3,94%, 239 kr. á hvern gjaldanda, úr 6.075 kr. í 6.314 kr. Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu kemur fram að hækkunin sé í samræmi við verðlagsbreytingar á tímabilinu desember 2004 til desember 2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Kristján L. Möller og Þuríður Backman voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Pétur H. Blöndal skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 4. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, form., frsm. | Ásta Möller. | Ásta R. Jóhannesdóttir. með fyrirvara. |
| Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara. | Pétur H. Blöndal, með fyrirvara. | Gunnar Örlygsson. |

Sæunn Stefánsdóttir.

# 526. Fjáraukalög [47. mál]

fyrir árið 2006.

(Afgreidd frá Alþingi 4. des.)

Samhljóða þskj. 393 með þessum breytingum:

**A-hluti.**
**Rekstraryfirlit ríkissjóðs.**

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2006, sbr. sundurliðun 1 og 2:

| m.kr. | Rekstrar-grunnur | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| **Skatttekjur** | **45.613,1** | **45.325,9** |
| Skattar á tekjur og hagnað | 30.483,0 | 27.559,0 |
| Tryggingagjöld | 1.197,0 | 1.517,0 |
| Eignarskattar | 1.400,0 | 1.400,0 |
| Skattar á vörur og þjónustu | 12.137,3 | 14.454,1 |
| Aðrir skattar | 395,8 | 395,8 |
| Aðrar rekstrartekjur | -1.004,0 | 2.350,0 |
| Sala eigna | 0,0 | 0,0 |
| Fjárframlög | 0,0 | 0,0 |
| **Tekjur alls** | **44.609,1** | **47.675,9** |
| Æðsta stjórn ríkisins | 23,8 | 23,8 |
| Forsætisráðuneyti | 46,7 | 46,7 |

| | | |
|---|---|---|
| Menntamálaráðuneyti | 1.688,7 | 1.063,7 |
| Utanríkisráðuneyti | 1.170,6 | 1.170,6 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 976,2 | 934,3 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 304,1 | 195,6 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 1.380,1 | 1.380,1 |
| Félagsmálaráðuneyti | 540,7 | 540,7 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 5.284,7 | 5.284,7 |
| Fjármálaráðuneyti | 5.217,3 | 2.217,3 |
| Samgönguráðuneyti | 1.867,8 | 1.867,8 |
| Iðnaðarráðuneyti | 58,7 | 58,7 |
| Viðskiptaráðuneyti | 17,2 | 17,2 |
| Hagstofa Íslands | -52,3 | -52,3 |
| Umhverfisráðuneyti | 192,1 | 192,1 |
| Vaxtagjöld ríkissjóðs | 861,0 | -95,0 |
| **Samtals** | **19.577,4** | **14.846,0** |
| **Tekjujöfnuður** | **25.031,7** | |

**A-hluti.**
**Sjóðstreymi ríkissjóðs.**

2. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2006:

m.kr.

| | |
|---|---|
| ***Rekstrarhreyfingar*** | |
| Tekjujöfnuður | 25.031,7 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | 2.955,0 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | |
| Viðskiptakröfur, (breyting) | -2.287,2 |
| Viðskiptaskuldir, (breyting) | 2.610,4 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **28.309,9** |
| ***Fjármunahreyfingar*** | |
| Veitt stutt lán | 0,0 |
| Veitt löng lán | -87.275,0 |
| Afborganir veittra lána | -50,0 |
| Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög | -31.700,0 |
| Sala hlutabréfa og eignarhluta | -440,0 |
| **Fjármunahreyfingar samtals** | **-119.465,0** |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður** | **-91.155,1** |

*Fjármögnun*

| | |
|---|---|
| Tekin stutt lán | 0,0 |
| Tekin löng lán | 139.200,0 |
| Afborganir lána | -37.300,0 |
| **Fjármögnun samtals** | **101.900,0** |
| Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins | 0,0 |
| **Breyting á handbæru fé** | **10.744,9** |

Ýmis ákvæði.

**Heimildir.**

4. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2006:

**Nýir liðir:**

2.27 Að selja fasteignina Sléttuveg 17, Reykjavík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.28 Að selja fasteignina Lambeyrarbraut 4, Eskifirði.
2.29 Að selja fasteignirnar Fossbrún A og Fossbrún B í Dalvíkurbyggð.

3.24 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Grensásvegi 12, Reykjavík.
3.25 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu við Auðbrekku 4, Húsavík.
3.26 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gömlu heilsugæslustöðinni við Bogabraut 7, Skagaströnd.
3.27 Að selja eignarhlut ÁTVR í Álfabakka 14A, Reykjavík.
3.28 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hnjúkabyggð 33, Blönduósi, og kaupa annað hentugra í staðinn.
3.29 Að selja fasteignina Skúlagötu 64, Reykjavík, og kaupa annað hentugra húsnæði.

4.59 Að selja lóðarskika við Hilmisgötu 4, Vestmannaeyjum.
4.60 Að selja landspildur í eigu ríkissjóðs við Grundartanga.
4.61 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.

5.3 Að selja hlut ríkissjóðs í Kauphöll Íslands.

6.30 Að leigja hentugt húsnæði fyrir Fjármálaeftirlitið.
6.31 Að leigja hentugt húsnæði fyrir Blóðbankann.
6.32 Að kaupa ásamt Reykjavíkurborg fasteign og lóð við Frakkastíg nr. 23 í þágu Iðnskólans í Reykjavík.

7.12 Að kaupa rita- og bókasafn sr. Ragnars Fjalars Lárussonar, prófasts, og afhenda það Hóladómkirkju að gjöf.
7.13 Að selja ferjuna Baldur.
7.14 Að leggja hlutafélaginu Matvælarannsóknum til stofnfé.

7.15 Að kaupa hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.
7.16 Að ráðstafa allt að helmingi af eins milljarðs evra lántöku ríkissjóðs til að efla eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands.

Sundurliðun 2.
**Fjármál ríkisaðila í A-hluta.**

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

**02-201 Háskóli Íslands**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Háskóli Íslands | 22,6 |
| 1.13 Háskólasjóður | 28,1 |
| Almennur rekstur samtals | 50,7 |
| **Gjöld samtals** | **50,7** |
| Sértekjur: | |
| Sértekjur | -3,7 |
| **Gjöld umfram tekjur** | **47,0** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 47,0 |

**02-210 Háskólinn á Akureyri**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Háskólinn á Akureyri | 64,7 |
| Sértekjur: | |
| Sértekjur | -0,1 |
| **Gjöld umfram tekjur** | **64,6** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 64,6 |

**03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli | 0,1 |
| 1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli | 0,1 |

| | |
|---|---|
| 1.30 Öryggisverkefni | 7,9 |
| Almennur rekstur samtals | 8,1 |
| **Gjöld samtals** | **8,1** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 8,1 |

**05-202 Hafrannsóknastofnunin**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Hafrannsóknastofnunin | 297,9 |
| Sértekjur: | |
| Sértekjur | -0,1 |
| **Gjöld umfram tekjur** | **297,8** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 189,3 |
| Viðskiptahreyfingar | 108,5 |

**06-701 Þjóðkirkjan**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Biskup Íslands | 16,4 |
| 1.12 Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavandans | 0,1 |
| 1.15 Kirkjumiðstöðvar | 20,0 |
| 1.91 Skálholtsskóli | 0,1 |
| Almennur rekstur samtals | 36,6 |
| **Gjöld samtals** | **36,6** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 36,6 |

**08-206 Sjúkratryggingar**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.11 Lækniskostnaður | 68,0 |
| 1.15 Lyf | 665,0 |
| 1.21 Hjálpartæki | 149,2 |
| 1.45 Brýn meðferð erlendis | 63,0 |

| | |
|---|---|
| 1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis | 14,5 |
| 1.91 Annað | 25,0 |
| Almennur rekstur samtals | 984,7 |
| **Gjöld samtals** | **984,7** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 984,7 |

**08-401 Öldrunarstofnanir, almennt**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Hjúkrunarheimili, almennt | -864,0 |
| 1.09 Ný hjúkrunarrými | 5,3 |
| 1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana | 21,7 |
| Almennur rekstur samtals | -837,0 |
| Viðhaldsverkefni: | |
| 5.21 Viðhald | -26,6 |
| **Gjöld samtals** | **-863,6** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | -863,6 |

**08-405 Hrafnista, Reykjavík**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 62,5 |
| 1.11 Dvalarrými | 5,0 |
| Almennur rekstur samtals | 67,5 |
| **Gjöld samtals** | **67,5** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 67,5 |

**08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 48,8 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 48,8 |

**08-411 Garðvangur, Garði**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 38,6 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 38,6 |

**08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 26,7 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 26,7 |

**08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 46,8 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 46,8 |

**08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 16,2 |
| 1.11 Dvalarrými | 10,3 |
| Almennur rekstur samtals | 26,5 |
| **Gjöld samtals** | **26,5** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 26,5 |

**08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Hjúkrunarrými | 18,9 |
| 1.11 Dvalarrými | 0,5 |
| Almennur rekstur samtals | 19,4 |
| **Gjöld samtals** | **19,4** |

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 19,4

**08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 5,0
1.11 Dvalarrými ..... 2,2
Almennur rekstur samtals ..... 7,2

**Gjöld samtals** ..... **7,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 7,2

**08-418 Seljahlíð, Reykjavík**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 16,2
1.11 Dvalarrými ..... 13,3
Almennur rekstur samtals ..... 29,5

**Gjöld samtals** ..... **29,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 29,5

**08-423 Höfði, Akranesi**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 22,6
1.15 Dagvist ..... 1,7
Almennur rekstur samtals ..... 24,3

**Gjöld samtals** ..... **24,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 24,3

**08-424 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 10,3
1.11 Dvalarrými ..... 18,4
Almennur rekstur samtals ..... 28,7

**Gjöld samtals** ..... **28,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 28,7

**08-425 Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 6,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 6,4

**08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 37,7
1.11 Dvalarrými ..... 1,2
Almennur rekstur samtals ..... 38,9

**Gjöld samtals** ..... **38,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 38,9

**08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 5,9
1.11 Dvalarrými ..... 12,2
Almennur rekstur samtals ..... 18,1

**Gjöld samtals** ..... **18,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 18,1

**08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 4,2
1.11 Dvalarrými ..... 0,4
Almennur rekstur samtals ..... 4,6

**Gjöld samtals** ..... **4,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 4,6

**08-439 Hjallatún, Vík**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 2,8
1.11 Dvalarrými ..... 3,2
Almennur rekstur samtals ..... 6,0

**Gjöld samtals** ..... **6,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 6,0

**08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 11,0
1.11 Dvalarrými ..... 1,9
Almennur rekstur samtals ..... 12,9

**Gjöld samtals** ..... **12,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 12,9

**08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 11,8
1.11 Dvalarrými ..... 4,4
Almennur rekstur samtals ..... 16,2

**Gjöld samtals** ..... **16,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 16,2

**08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 11,4
1.11 Dvalarrými ..... 10,8
1.15 Dagvist ..... 0,8
Almennur rekstur samtals ..... 23,0

**Gjöld samtals** ..... **23,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 23,0

**08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ**

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými ..... 41,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 41,0

**08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur**

Almennur rekstur:
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur ..... 66,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 66,2

**08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar**

Almennur rekstur:
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar ..... 7,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 7,5

**08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal**

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal ..... 2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 2,5

**08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi**

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið ..... 0,2
1.11 Sjúkrasvið ..... 10,8
1.21 Hjúkrunarrými ..... 0,1
Almennur rekstur samtals ..... 11,1

**Gjöld samtals** ..... **11,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 11,1

**08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**

Almennur rekstur:
1.21 Hjúkrunarrými ..... 8,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 8,5

**08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið ..... 0,3
1.11 Sjúkrasvið ..... 16,3
Almennur rekstur samtals ..... 16,6

**Gjöld samtals** ..... **16,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 16,6

**08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið ..... 12,0
1.11 Sjúkrasvið ..... 6,6
1.21 Hjúkrunarrými ..... 0,1
Almennur rekstur samtals ..... 18,7

**Gjöld samtals** ..... **18,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 18,7

**08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið ..... 19,0
1.11 Sjúkrasvið ..... 0,1
1.21 Hjúkrunarrými ..... 0,2
Almennur rekstur samtals ..... 19,3

**Gjöld samtals** ..... **19,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 19,3

**08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið ..... 72,3
1.11 Sjúkrasvið ..... 0,5
1.21 Hjúkrunarrými ..... 0,1
Almennur rekstur ..... 72,9

**Gjöld samtals** ..... **72,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 72,9

**08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið ..... 0,1
1.11 Sjúkrasvið ..... 23,6
1.21 Hjúkrunarrými ..... 28,1
Almennur rekstur ..... 51,8

**Gjöld samtals** ..... **51,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 51,8

**08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið ..... 0,3
1.11 Sjúkrasvið ..... 167,7
1.21 Hjúkrunarrými ..... 20,1
Almennur rekstur samtals ..... 188,1

**Gjöld samtals** ..... **188,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 188,1

**08-795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**

Almennur rekstur:
1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði ..... 95,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 95,1

**09-821 Vaxtabætur**

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur ..... 290,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 290,0

**10-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:
1.36 Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkurflugvelli ..... 15,0
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu ..... 100,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku ..... 5,8
Almennur rekstur samtals ..... 120,8

Stofnkostnaður:
6.42 Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir ..... 15,0

**Gjöld samtals** ..... **135,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 135,8

**10-471 Rekstur Flugmálastjórnar**

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn ..... 34,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 29,3
Innheimt af ríkistekjum ..... 5,0

# 527. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá fjármálaráðherra.

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| 1. Við **00-201 Alþingi** | | | |
| 1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka ..... | 55,0 | 10,0 | 65,0 |
| 2. Við **01-190 Ýmis verkefni** | | | |
| a. 1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum ..... | 40,0 | 10,0 | 50,0 |
| b. 1.92 Til starfsemi stjórnmálaflokka ..... | 130,0 | -130,0 | 0,0 |
| 3. Við **09-999 Ýmislegt** | | | |
| 1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 6. gr. ..... | 200,0 | 110,0 | 310,0 |

Greinargerð.

Við 2. umræðu um frumvarpið var samþykkt 130 m.kr. fjárveiting á nýjan lið, 01-190-1.92, til að styrkja starfsemi stjórnmálaflokka. Hér er lagt til að fjárveitingin færist af þeim lið á aðra liði sem þegar eru í frumvarpinu og hefur tillagan því engin útgjöld í för með sér.

# 528. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2007 leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld verði lækkuð um 96 millj. kr. Að stærstum hluta er um að ræða lækkun á framlagi til Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna minni fjölgunar á umsóknum en gert var ráð fyrir. Ekki eru lagðar til breytingar á tekjuhlið og því mun áætlaður tekjuafgangur aukast um áðurnefnda fjárhæð og verða 9,1 milljarðar kr. Tekjuafgangurinn hefur því lækkað um 6,4 milljarða kr. frá því að frumvarpið var lagt fram.

**Breytingartillögur.**

Minni hluti fjárlaganefndar leggur til tvær breytingar við 3. umræðu, annars vegar tillögur um hækkun frítekjumarks atvinnutekna elli- og örorkulífeyrisþega í 70.000 kr. á mánuði en við 2. umræðu voru tillögur stjórnarandstöðunnar um að frítekjumörkin yrðu 75.000 kr. á mánuði felldar. Nú er tillögunni breytt í þeirri von að stjórnarmeirihlutinn geti frekar samþykkt að frítekjumarkið verði 70.000 kr. á mánuði í stað 25.000 kr. Hins vegar er lagt til að skilað verði aftur þeim 5 milljörðum kr. sem Framkvæmdasjóður aldraða hefur verið skertur

um á undanförnum árum. Upphæðinni verði varið til úrbóta í búsetu- og umönnunarmálum aldraðra. Þá eru tekjutillögur minni hlutans frá 2. umræðu endurfluttar.

**Gjöld.**

Gjöld ríkissjóðs eru nú áætluð 367,3 milljarðar kr. og hafa þau aukist um 16,7% frá fjárlögum ársins 2006. Gjöld hafa verið lækkuð frá frumvarpinu um rúman 1 milljarð kr. vegna þess að breytingar á virðisaukaskatti eru taldar leiða til þess að verðbólga verði um 3% á næsta ári í stað 4,5% eins og áætlað var í frumvarpinu.

Ef eingöngu er miðað við fjárlög hefur rekstur ríkisins á árunum 2002–2005 farið að meðaltali 21,1 milljarði kr. fram úr heimildum fjárlaga eins og þau voru samþykkt hverju sinni. Á sama tímabili hefur verið sótt að meðaltali um 15 milljarða kr. í fjáraukalögum. Þessar tölur sýna í hnotskurn hvernig haldið hefur verið á ríkisfjármálum undanfarin ár.

Í umræðum hér á Alþingi um fjáraukalög og fjárlög nú í haust hefur margoft komið fram að verulegur fjöldi ríkisstofnana á við fjárhagsvanda að etja. Fæstar þeirra fá lausn sinna mála í þessu frumvarpi. Þessar stofnanir þurfa því að skerða þá þjónustu sem þeim er ætlað að veita samkvæmt lögum eða auka enn fjárhagsvanda sinn. Engar upplýsingar fást um hvað veldur, hvort um er að kenna vanmati á fjárþörf viðkomandi stofnana eða stjórnunarvanda. En verst er að fjárhagsvandinn er ekki viðurkenndur og þess vegna er ekki fundin lausn á honum. Það er fráleitt að halda mörgum stofnunum í fjárhagslegri gíslingu í mörg ár eins og dæmi eru um. Þá er ekki síður mikilvægt að skoða fjármál þeirra stofnana sem virðast auka fjárheimildir sínar jafnt og þétt. Allar stofnanir ríkisins á að reka sem næst núlli, þ.e. þær eiga hvorki að safna skuldum né inneignum hjá ríkissjóði. Vissulega geta einstök verkefni flust á milli ára en meginmarkmiðið er þó ætíð hið sama.

Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum árum harðlega gagnrýnt framkvæmd fjárlaga án þess að framkvæmdarvaldið hafi brugðist við. Einnig má segja að Alþingi hafi brugðist skyldu sinni með því að samþykkja fjárlög vitandi það að fjölmargar stofnanir búa við verulegan rekstrarvanda eins og fram hefur komið m.a. hjá formanni fjárlaganefndar.

**Tekjur.**

Nú eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 376,4 milljarðar kr. sem er 12,5% aukning frá fjárlögum ársins 2006. Miklar breytingar eru fyrirhugaðar á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs á næsta ári. Í meginatriðum ganga tillögurnar út á það að fella niður vörugjöld af matvælum, öðrum en sykri og sætindum, að öll matvara og önnur vara til manneldis beri 7% virðisaukaskatt í stað 14% og að áfengisgjald verði hækkað um 58% til að vega upp tekjumissi sem felst í því að lækka virðisaukaskatt á áfengi úr 24,5% í 7%. Talið er að þessar breytingar leiði til 8,7 milljarða kr. lækkunar á ríkistekjum á næsta ári. Það er hins vegar mjög óljóst hvort þessi markmið náist.

Félag íslenskra stórkaupmanna og Samtök iðnaðarins hafa nú þegar lýst andstöðu við hækkun áfengisgjalds. Félag íslenskra stórkaupmanna telur það fullkomlega óásættanlegt að lauma inn verðhækkun á áfengi í söluhæsta flokknum á sama tíma og virðisaukaskattur er lækkaður. Þetta leiði til hækkunar neysluverðsvísitölu og þar með verðbólgu. Þetta gerist þrátt fyrir það að í frumvarpinu sé skýrt tekið fram að þessar breytingar eigi ekki að leiða til hækkunar. Svo illa eru þessar tillögur undirbúnar að fjármálaráðherra hefur í raun viðurkennt að þær séu ekki fullunnar því að strax við 1. umræðu um þær lagði hann til að þeim yrði frestað.

Þessar breytingar kalla líka á öflugt verðlagseftirlit af hálfu yfirvalda ef ná á fram þeim áhrifum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Vitað er að undirliggjandi er verulegur verðbólguþrýstingur, sérstaklega í matvælaversluninni eftir óvægin verðstríð undanfarinna missira. Það er því nauðsynlegt að verðlagsyfirvöld standi vaktina í þessum efnum.

Tekjuhlið ríkissjóðs á næsta ári er háð mörgum óvissuþáttum og hefur ekki verið jafnbrothætt í mörg ár. Þegar við bætist að fjármálaráðuneytið ætlar ekki að gefa út nýja þjóðhagsspá fyrr en í janúar 2007 eykst óvissan því að tekjuhliðin er verulega háð ýmsum þáttum efnahagslífsins eins og spá um einkaneyslu og kaupmátt ráðstöfunartekna. Ljóst er að ríkisstjórnin verður að fylgjast mjög vel með þróun ríkissjóðstekna á næsta ári og vera tilbúinn að grípa til viðeigandi aðgerða.

**Gagnsæi.**

Gagnsæi er gríðarlega mikilvægt þegar taka á þýðingarmiklar ákvarðanir, hvort sem um er að ræða einkaaðila eða ríkisaðila. Samþykkt fjárlaga er stærsta einstaka fjármálaákvörðunin sem hver ríkisstjórn tekur og því mikilvægt að slík ákvörðun sé tekin á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga. Því miður hefur svo ekki verið undanfarin ár þegar fjallað hefur verið um ríkisfjármálin og þá sérstaklega fjárlög. Þau hafa verið afgreidd án tengsla við fortíð eða nútíð og aðallega byggt á óskhyggju varðandi framtíðina. Þannig hafa lokafjárlög síðasta árs ekki legið frammi og í fjáraukalögum hafa oft verið liðir sem beinlínis eiga heima í fjárlögum. Fjárlög hafa því ekki tekið mið af raunverulegu rekstrarumfangi ríkisins heldur ímynduðu umfangi sem aldrei hefur staðist. Þetta hefur leitt til þess að fjárlög njóta ekki þeirrar virðingar hjá framkvæmdarvaldinu sem nauðsynleg er til að fjármálastjórn hins opinbera sé trúverðug.

Skýrt dæmi um þetta er að daginn fyrir lokaumræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 fer fram 1. umræða um viðamikið frumvarp um vörugjald, virðisaukaskatt og gjald af áfengi og tóbaki í tengslum við lækkun matarskatts. Þetta frumvarp, sem er ótrúlega seint fram komið, hefur mikil áhrif á tekjur ríkissjóðs og þegar hafa komið fram miklar efasemdir um þá útreikninga á áhrifum þess sem birtast í frumvarpinu. Ekki liggja fyrir umsagnir hagsmunaaðila og ef frumvarpið tekur breytingum í meðförum Alþingis hefur það áhrif á fjármál ríkisins. Í raun ætti að fresta 3. umræðu um fjárlög þar til frumvarpið hefur verið samþykkt. Annað flokkast undir ófagleg vinnubrögð sem ekki er nýtt í tíð núverandi ríkisstjórnar.

**Efnahagsmál.**

Sú venja skapaðist þegar Þjóðhagsstofnun annaðist efnahagsspá fyrir stjórnvöld að gefin var út endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir 3. umræðu fjárlaga sem iðulega hafði áhrif á tekjuhlið fjárlaga. Eftir að fjármálaráðuneytið tók við þessu verkefni hefur endurskoðuð þjóðhagsspá verið gefin út í janúar. Nú var eingöngu gerð afmörkuð endurskoðun á spánni í tengslum við frumvarp um lækkun matarskatta og vegur þar þyngst að spá um verðbólgu á næsta ári er lækkuð úr 4,5% í 3%. Þetta þýðir að verði verulegt frávik frá fyrri spám í janúar hefur það áhrif á nýsamþykkt fjárlög, ekki síst tekjuhliðina.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um stjórn ríkisfjármála hjá núverandi ríkisstjórn. Allt kjörtímabilið hefur einkennst af mikilli þenslu sem stjórnvöld hafa ekki geta unnið gegn með aðhaldsamri stjórn ríkisfjármála. Fram undan eru aðstæður sem geta reynst hættulegar í efnahagslegu tilliti. Jafnframt því sem hægir á hagkerfinu er næsta ár kosningaár sem oft hvetur ríkisstjórn sem óttast úrslit kosninga til að taka „vinsælar“ ákvarðanir á kostnað skynseminnar.

**Aldraðir og öryrkjar.**

Þessarar ríkisstjórnar verður sennilega helst minnst fyrir að elda grátt silfur við þá þjóðfélagshópa sem minnst mega sín, þ.e. samtök aldraðra og öryrkja. Þessi ófriður gekk svo langt að öryrkjar fóru í mál við ríkið. Það má segja að þeir hafi tapað því máli vegna tæknilegra mistaka. Hverjum hefði dottið það í hug að undirskriftir ráðherra væru ekki meira virði en pappírinn sem þær voru á. Öldruðum hefur verið haldið í fátæktargildru og hafi þeir getað aflað sér aukatekna hefur ríkisvaldið m.a. endurkrafið þá um „ofgreiddar" bætur af ótrúlegri hörku. Þá hafa búsetumál þessara þjóðfélagshópa setið á hakanum og hefur Framkvæmdasjóður aldraðra m.a. verið skertur um 5 milljarða kr. og hefur hann því ekki geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu.

Annað sem nefna má eru vandamál ungs fólks sem er að fjárfesta í íbúðarhúsnæði. Mikil hækkun á fasteignaverði skerti möguleika þeirra til vaxtabóta verulega. Vegna þessa gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu 22. júní sl. þar sem hún „lýsir sig reiðubúna til að endurskoða ákvæði laga um vaxtabætur ef í ljós kemur við niðurstöður álagningar í ágúst nk. að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hefur leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum". Í breyttum lögum um vaxtabætur er eignastuðulinn hækkaður um 30%. Þetta telur ASÍ algerlega ófullnægjandi enda beri að skilja yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þannig að finna eigi leiðir til að gera þá sem verða fyrir marktækri skerðingu nokkurn veginn jafnsetta og ef ekki hefði komið til þessi mikla hækkun fasteignamats. Þessu markmiði er ekki náð með breytingunum og telur ASÍ því að um vanefndir sé að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Eftirmæli ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili varðandi málefni þeirra sem standa höllum fæti í lífsbaráttunni eru því heldur nöturleg.

**Lokaorð.**

Ríkisstjórnarmeirihlutinn er orðinn þreyttur og farinn að kröftum. Það stafar hins vegar ekki af miklum afrekum heldur er ástæðan þvert á móti fyrst og fremst valdþreyta og hugmyndaskortur. Núverandi ríkisstjórnar verður m.a. minnst fyrir virðingarleysi gagnvart fjárlögum og agaleysi við stjórn ríkisfjármála. Væntanleg fjárlög fyrir árið 2007 eru því miður enn eitt dæmið um slík vinnubrögð ríkisstjórnarmeirihlutans.

Alþingi, 5. des. 2006.

Helgi Hjörvar, frsm. Einar Már Sigurðarson. Guðjón A. Kristjánsson.

Jón Bjarnason. Katrín Júlíusdóttir.

# 529. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn, EMS, GAK, HHj, KJúl).

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| 1. Við **08-204 Lífeyristryggingar** | | | |
| a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega | 15.042,0 | 368,0 | 15.410,0 |
| b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega | 8.920,0 | 327,0 | 9.247.0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *18.842,0* | *695,0* | *19.537,0* |
| 2. Við **08-402 Framkvæmdasjóður aldraða** | | | |
| 1.15 Til úrbóta í búsetu- og umönnunarmálum aldraðra | 0,0 | 5.000,0 | 5.000,0 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *5.000,0* | *5.000,0* |

Greinargerð.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar lögðu fram breytingartillögur við 2. umræðu til að tryggja nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Allar voru tillögurnar felldar en nú eru annars vegar gerðar tillögur um að frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 70 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007, þannig er frítekjumarkið lækkað frá fyrri tillögu sem gerði ráð fyrir að markið yrði 75.000 kr., í þeirri von að ríkisstjórnarmeirihlutinn geti frekar samþykkt þá upphæð. Hins vegar er gerð tillaga um að Framkvæmdasjóði aldraðra verði bættar þær skerðingar sem ákveðnar hafa verið á undanförnum árum og 5 milljörðum kr. varið til úrbóta í búsetu- og umönnunarmálum

# 530. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn, EMS, GAK, HHj, KJúl).

*Breytingar á sundurliðun 1:*

1. Við **I Skatttekjur**
   a. Skattar á tekjur og hagnað hækki um 3,0 milljarða kr.
   b. Skattar á vörur og þjónustu hækki um 1,3 milljarða kr.

| *Breyting á sundurliðun 2:* | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| 2. Við **09-250 Innheimtukostnaður** | | | |
| 1.21 Hert skatteftirlit | 0,0 | 350,0 | 350,0 |

## 531. Fyrirspurn [433. mál]

til fjármálaráðherra um veltu vínbúða í Mjódd og Garðheimum.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver var mánaðarleg velta vínbúðarinnar í Mjódd í maí–september 2005 og hver var hún sömu mánuði árið 2006 í vínbúðinni í Garðheimum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 532. Fyrirspurn [434. mál]

til dómsmálaráðherra um aðgerðaáætlun til að stemma stigu við mansali.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvað líður gerð aðgerðaáætlunar til að stemma stigu við mansali, sem ríkisstjórnin skuldbatt sig til að birta eigi síðar en 2005?

## 533. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 513 [Fjárlög 2007].

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Við a-lið 7. tölul. Í stað fjárhæðarinnar „0,9“ komi: 12,9
   Við 9. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða bætist nýr liður, *Fjölmennt, menntunar- og starfsendurhæfingarúrræði fyrir geðfatlaða og heilaskaðaða,* með 12,0 m.kr. framlagi.
2. Við a-lið 13. tölul. Í stað fjárhæðarinnar „0,8“ komi: 69,2
   Í 17. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða breytist 7. tölul., *EKRON – starfsþjálfun,* þannig að í stað 4 m.kr. komi 72,4 m.kr.

## 534. Svar [116. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um meðlagsgreiðslur.

1. *Hvernig er fyrirkomulag meðlagsgreiðslna og upphæð lágmarksmeðlags hér á landi samanborið við önnur ríki á Norðurlöndum?*

Fyrirkomulag meðlagsgreiðslna hér á landi er með þeim hætti að meðlag ber að greiða með öllum börnum til 18 ára aldurs þegar barn býr ekki hjá báðum foreldrum sínum. Á það við bæði þegar foreldrarnir fara sameiginlega með forsjá barnsins eftir skilnað eða samvistarslit, og greiðist þá meðlagið til þess foreldris sem barnið á lögheimili hjá, og þegar forsjá barnsins er í höndum annars foreldris. Grundvöllur meðlagsgreiðslna er ýmist samningur foreldra, staðfestur af sýslumanni, úrskurður stjórnvalds eða dómur.

Upphæð lágmarksmeðlags má aldrei vera lægri en sem nemur barnalífeyri eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, sbr. 55. gr. og 57. gr. gildandi barnalaga, nr. 76/2003. Þessi regla hefur verið í gildi í barnalögum frá því fyrstu barnalögin voru lögfest, lög nr. 9/1981.

Í svari við þessum lið fyrirspurnarinnar eru ekki niðurstöður samanburðarrannsókna á íslenskum rétti og rétti annarra ríkja á Norðurlöndum enda fellur slíkt utan við þau mörk sem fyrirspurnum eru sett í 49. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis.

2. *Hver er skattaleg staða meðlagsgreiðenda gagnvart meðlagi og bótagreiðslum, svo sem barnabótum og vaxtabótum, hér á landi samanborið við önnur ríki á Norðurlöndum?*

Skattaleg staða meðlagsgreiðanda hér á landi að því er meðlag varðar er sú að meðlag er ekki frádráttarbært frá skattskyldum tekjum. Staða meðlagsgreiðanda að því er varðar bótagreiðslur er m.a. sú að barnabætur renna ekki til meðlagsgreiðanda og meðlagsgreiðslur hafa ekki áhrif á greiðslur vaxtabóta.

Skattheimta og greiðslur félagslegra bóta falla að öðru leyti utan þeirra málaflokka sem ráðherra ber ábyrgð á.

3. *Hvaða reglur gilda um skyldu meðlagsgreiðenda til að greiða aukameðlag, hvaða rök liggja að baki þeim reglum, og telur ráðherra ástæðu til að endurskoða þær reglur sem gilda um meðlagsgreiðslur almennt?*

Ef foreldri barns, sem rétt á að fá greitt meðlag með því, telur þörf á hærri meðlagsgreiðslum en einföldu meðlagi (lágmarksmeðlagi) og ekki næst samkomulag foreldra þar að lútandi, má bera mál upp við sýslumann, sbr. 1. mr. 57. gr. barnalaga, eða við dómara að uppfylltum skilyrðum 6. mgr. 57. gr.

Í 2. mgr. 57. gr. er mælt fyrir um að meðlag skuli ákveða með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra. Ákvæðið verður þó að skoðast með hliðsjón af 3. mgr. sömu greinar. Í athugasemdum við 57. gr. frumvarps þess sem varð að barnalögum nr. 76/2003 var gerð grein fyrir því að þegar krafa um aukið meðlag hafi verið borin fram hafi verið byggt á þeim sjónarmiðum sem getið er í 2. mgr. Þeim til fyllingar hafi að auki í framkvæmd myndast verklagsreglur sem stuðst hafi verið við við ákvarðanatöku í málum er varða kröfur um aukið meðlag. Þannig hafi ákvörðun um meðlagsfjárhæð almennt verið byggð á upplýsingum og gögnum sem aðilar hafi látið úrskurðaraðila í té um þarfir barns, fjárhag og félagslega stöðu foreldra og aflahæfi þeirra. Sú venja hafi skapast að aðilar leggi fram staðfest ljósrit skattframtala fyrir tvö undanfarandi ár og launaseðla vegna tekna yfirstandandi árs en að jafnaði einnig sérstaka greinargerð um fjárhag og félagslega stöðu, en dómsmálaráðuneytið hafi látið sýslumönnum í té sérstakt eyðublað sem foreldrar fylli venjulega út varðandi fjárhagslega og félagslega stöðu. Ef svo hátti til að krafa um aukið meðlag sé byggð á langvarandi veikindum barns eða foreldris sé sú krafa almennt gerð að frásögn viðkomandi þar að lútandi sé staðfest með læknisvottorði. Hafi meðlagsgreiðandi fjárhagslegt bolmagn til þess að greiða aukið meðlag með barni sínu,

að teknu tilliti til atvika máls að öðru leyti, sé viðkomandi gert að greiða aukið meðlag. Dómsmálaráðuneytið hafi árlega látið sýslumönnum í té viðmiðunarfjárhæðir sem hafðar hafi verið til leiðbeiningar við ákvarðanatöku í málum vegna aukins meðlags og hafi meginmarkmiðið með því verið að tryggja að samræmis og jafnræðis sé gætt við ákvarðanatöku í meðlagsmálum, svo sem greint hafi verið í dreifibréfi ráðuneytisins til sýslumanna. Viðmiðunartekjur ráðuneytisns hafi verið framreiknaðar árlega til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs og sendar sýslumönnum. Í frumvarpinu hafi verið gert ráð fyrir að sá háttur verði áfram hafður á. Þrátt fyrir þessar viðmiðunartekjur ráðuneytisins beri ávallt að gæta að því í sérhverju máli að ákveða fjárhæð meðlags með hliðsjón af þörfum barns og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra. Viðmiðunartafla ráðuneytisins leysi með öðrum orðum úrskurðaraðila ekki undan skyldubundnu mati á aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Tafla ráðuneytisins sem gilti frá 30. apríl 2002 var birt í athugasemdunum og er þar einnig að finna skýringar á því hvernig taflan skuli notuð o.fl., m.a. um aðgang aðila að gögnum sem lögð hafa verið fram.

Sú tafla sem nú er í gildi er frá 29. maí sl. og er sem hér greinir:

| Tekjur á mánuði, u.þ.b. | 1 barn | 2 börn | 3 börn |
|---|---|---|---|
| 281.000 | Lágmarksmeðlag + 50% | Lágmarksmeðlag + 25% | |
| 310.000 | Lágmarksmeðlag + 75% | | |
| 340.000 | Lágmarksmeðlag + 100% | Lágmarksmeðlag + 50% | Lágmarksmeðlag + 25% |
| 375.000 | | Lágmarksmeðlag + 75% | |
| 412.000 | | Lágmarksmeðlag + 100% | Lágmarksmeðlag + 50% |
| 453.000 | | | Lágmarksmeðlag + 75% |
| 499.000 | | | Lágmarksmeðlag + 100% |

Í 72. gr. gildandi barnlaga er svo að finna ákvæði um rannsókn máls, þar sem m.a. kemur fram að aðilum beri að afla þeirra gagna sem sýslumaður telur þörf á til úrlausnar máls og að hann geti enn fremur aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga. Frekari heimildir sýslumanns, m.a. til gagnaöflunar, er enn fremur að finna í 72. gr. barnalaga.

Að því er varðar þörf á því að endurskoða reglur um meðlagsgreiðslur frá grunni, er rétt að minna á að gildandi barnalög eru aðeins þriggja ára gömul. Undirbúningur þeirrar löggjafar var vandaður og vann sifjalaganefnd að samningu frumvarps þess sem varð að barnalögum nr. 76/2003 um langt skeið. Voru fjölmargir kallaðir til við undirbúning og samningu þess, svo sem rakið er í athugasemdum með frumvarpinu. Stórfelldar athugasemdir við núgildandi meginreglur um meðlög komu hvorki fram við undirbúning og samningu frumvarpsins, né við meðferð frumvarpsins á Alþingi, en frumvarpið haggaði lítt við eldri skipan meðlagsmála. Ráðherra hafa borist kvartanir um að ákvarðanir um aukameðlag séu ósanngjarnar. Hvort þær stafa af því að reglur um þetta efni séu illa úr garði gerðar eða ósætti sé um niðurstöðu þeirra sem þurfa að úrskurða á grundvelli reglnanna er matsatriði hverju sinni. Að mati ráðherra er eðlilegt að fylgjast grannt með reynslunni af barnalögunum og huga að breytingum ef haldbær rök eru fyrir því færð, t.d. að bæta megi ákvæði þeirra um meðlög.

4. *Hve margir meðlagsgreiðendur greiddu aukameðlag árlega frá árinu 2000 til 1. október 2006, annars vegar aukameðlag samkvæmt úrskurðum sýslumannsembættanna og hins vegar sérstakt meðlag, sundurliðað eftir tegundum greiðslna? Hvert er hlutfall hvors hóps um sig af heildarfjölda meðlagsgreiðenda?*

Ekki er vitað hve margir meðlagsgreiðendur greiddu aukameðlag á umræddu tímabili, þ.e. meðlag umfram barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar á grundvelli úrskurða sýslumanna. Aðkoma yfirvalda að þeim málum er takmörkuð við að kveða upp úrskurði en þau hafa engin tök á að fylgjast með því hvort og hve lengi meðlagsgreiðendur eru krafðir um greiðslu á grundvelli úrskurðanna. Sumir þeirra sem greiða aukið meðlag núna gera það á grundvelli úrskurða og staðfestra skilnaðarsamninga sem gerðir voru fyrir allt að 18 árum, en rétt er að hafa í huga að auk þess fjölda sem tilgreindur er í töflunni hér á eftir, greiðir talsverður hópur meðlagsgreiðenda aukið meðlag samkvæmt samkomulagi, gjarnan staðfestu af sýslumanni. Hér að neðan má sjá fjölda þeirra úrskurða sýslumanna sem kveða á um skyldu til að greiða aukið meðlag:

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | Ótilgr. | Samt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Aukið meðlag | 26 | 36 | 32 | 37 | 50 | 35 | 22 | 14 | 252 |

Um sérstök framlög á grundvelli 60. gr. barnalaga var úrskurðað á tímabilinu sem hér greinir:

| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | Ótilgr. | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sérstakt framl. v/tannrétt. | 23 | 34 | 23 | 41 | 26 | 30 | 19 | 196 |
| Sérstakt framl. v/fermingar | 20 | 33 | 32 | 40 | 33 | 24 | 30 | 212 |
| Sérstakt framl. v/skírnar | 1 | | | | | | | 1 |
| Sérstakt framl. v/gleraugna | 4 | 2 | 1 | 5 | 5 | | 3 | 20 |
| Sérstakt framl. v/veikinda | | | 2 | 3 | 2 | 1 | 1 | 9 |
| Sérstakt framl. v/sérstaks tilefnis | 2 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | | 22 |
| Sérstakt framl. v/menntunar | 6 | 7 | 12 | 17 | 9 | 7 | 6 | 64 |
| Samt. | 56 | 78 | 71 | 113 | 81 | 66 | 59 | **524** |

Hér á enn frekar við það sem fyrr var rakið að þessar tölur geyma eflaust ekki nema hluta þeirra sem greiða framlög til þess foreldris sem barn býr hjá. Engin ákvæði eru um staðfestingu sýslumanns á slíkum framlögum og algengast að foreldrar geri þau upp sín á milli án nokkurrar aðkomu yfirvalda.

5. *Telur ráðherra ástæðu til að breyta fjárhæð meðlagsgreiðslna þannig að þær taki meira mið af raunverulegri framfærsluþörf barna?*

Ekki er stefnt að neinni breytingu á þeirri meginreglu að lágmarksmeðlag miðist við barnalífeyri eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma en að hækka megi þetta framlag m.a. með tilliti til þess að meðlagsgreiðandi teljist vel aflögufær. Um fjárhæð barnalífeyris fer samkvæmt lögum um almannatryggingar og Alþingi á því ákvörðunarvald um fjárhæð lágmarksmeðlags,

# 535. Svar [335. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um afdrif hælisleitenda.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hversu margir hafa sótt um pólitískt hæli hérlendis árlega frá 2001 til miðs árs 2006 og hversu mörg börn yngri en 16 ára voru þar á meðal? Hver urðu afdrif umsóknanna og hversu mörgum var veitt hæli?*
2. *Hversu mörg börn hafa hælisleitendum fæðst hér á landi á umræddu tímabili? Hvaða breytingar verða á réttarstöðu hælisleitenda við að eignast barn hérlendis?*

Á 130. og 131. löggjafarþingi komu einnig fram fyrirspurnir frá háttvirtum varaþingmanni Reykjavíkurkjördæmis – suður, Álfheiði Ingadóttur, sama efnis.

Á 130. löggjafarþingi var einnig samþykkt beiðni 2. þingmanns Norðvesturkjördæmis, Jóhanns Ársælssonar, um skýrslu um þetta efni og var skýrslunni dreift á þinginu. Er vísað til skýrslunnar. Þá spurði 3. þingmaður Reykjavíkurkjördæmis – norður, Guðrún Ögmundsdóttir, um þetta efni á síðasta þingi. Þessi svör eru því að mestu leyti uppfærsla á eldri upplýsingum um þessi mál.

**1. Fjöldi hælisleitenda árin 2001–2006.**

*Árið 2001.*

Árið 2001 komu fram 53 umsóknir um hæli hér á landi, þar af voru 12 börn. Afdrif umsóknanna voru þannig að 35 drógu umsókn til baka eða voru fluttir til fyrra umsóknarríkis, þ.m.t. sex börn, átta fengu dvalarleyfi, þ.m.t. þrjú börn og 10 var synjað, þ.m.t. þremur börnum. Enginn umsækjanda var talinn flóttamaður í skilningi flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna og fékk því enginn þeirra hæli hér á landi.

*Árið 2002.*

Árið 2002 sóttu 117 útlendingar um hæli hér á landi, þar af voru 25 börn; fimm fengu dvalarleyfi, þar á meðal tvö börn, 36 umsækjendur voru fluttir til fyrra umsóknarríkis, þ.m.t. átta börn, 61 dró umsókn sína til baka, þ.m.t. 13 börn, og 15 umsækjendum var synjað, þ.m.t. tveimur börnum. Enginn umsækjanda var talinn flóttamaður í skilningi flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna og fékk því enginn þeirra hæli hér á landi.

*Árið 2003.*

Árið 2003 sóttu 80 einstaklingar um hæli á Íslandi. Þar af voru 10 börn undir 16 ára aldri, öll í fylgd með foreldrum. Af þeim 80 umsóknum sem lagðar voru fram á árinu 2003 var ákvarðað um veitingu dvalarleyfis af mannúðarástæðum í þremur málum, synjað var um hæli í 21 máli, 26 einstaklingar voru sendir úr landi á grundvelli Dyflinnarsamningsins eða Dyflinnarreglugerðarinnar og 30 einstaklingar hurfu eða drógu umsóknir sínar til baka. Enginn umsækjanda var talinn flóttamaður í skilningi flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna og fékk því enginn þeirra hæli hér á landi.

*Árið 2004.*

Árið 2004 sóttu 76 einstaklingar um hæli á Íslandi. Þar af voru 12 börn undir 16 ára aldri, öll í fylgd með foreldrum. Af þeim 76 umsóknum sem lagðar voru fram á árinu 2004 var

ákvarðað um veitingu dvalarleyfis af mannúðarástæðum í þremur málum, synjað var um hæli í 37 málum, 16 einstaklingar voru sendir úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar, fjórir einstaklingar voru sendir úr landi á grundvelli Norðurlandasamningsins og 15 einstaklingar hurfu eða drógu umsóknir sínar til baka. Nú bíður einn umsækjandi niðurstöðu í máli sínu sem er í kærumeðferð hjá dómsmálaráðuneytinu en umsókn hans um hæli var synjað hjá Útlendingastofnun og hefur meðferð málsins tafist, m.a. vegna heilsubrests viðkomandi. Enginn umsækjanda var talinn flóttamaður í skilningi flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna og fékk því enginn þeirra hæli hér á landi.

*Árið 2005.*

Árið 2005 sóttu 87 einstaklingar um hæli á Íslandi. Þar af voru 10 börn undir 16 ára aldri, öll í fylgd með foreldrum. Af þeim 87 umsóknum sem lagðar voru fram á árinu 2005 hefur verið ákvarðað um veitingu dvalarleyfis af mannúðarástæðum í einu máli, veitingu dvalarleyfis til bráðabirgða í einu máli, synjað um hæli í 50 málum, 24 einstaklingar voru sendir úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar, einn útlendingur var sendur úr landi á grundvelli Norðurlandasamningsins og sex umsækjendur hurfu eða drógu umsóknir sínar til baka. Alls bíða fjórir umsækjendur niðurstöðu í málum sínum hjá Útlendingastofnun. Þá bíður einn umsækjandi niðurstöðu í máli sínu sem er í kærumeðferð hjá dómsmálaráðuneytinu en umsókn hans um hæli var synjað hjá Útlendingastofnun. Enginn umsækjanda var talinn flóttamaður í skilningi flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna og fékk því enginn þeirra hæli hér á landi.

*Árið 2006.*

Þann 30. júní árið 2006 höfðu 17 einstaklingar sótt um hæli á Íslandi. Þar af voru fjögur börn undir 16 ára aldri, öll í fylgd með foreldrum. Af þessum 17 umsóknum sem lagðar höfðu verið fram 30. júní 2006 hefur verið ákvarðað um synjun um hæli í 11 málum, tveir umsækjendur voru sendir úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar, einn umsækjandi hefur horfið og þá bíða þrír umsækjendur eftir niðurstöðu í málum sínum hjá Útlendingastofnun. Enginn umsækjanda hefur á þessu ári verið talinn flóttamaður í skilningi flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna og hefur því enginn þeirra fengið hæli hér á landi.

**2. Börn hælisleitenda sem fæðast hérlendis og áhrif á réttarstöðu foreldra.**

Fáir hælisleitendur hafa eignast barn hér á meðan mál þeirra hafa verið til meðferðar fyrir íslenskum stjórnvöldum. Aðeins er vitað um að tveir hælisleitendur hafi eignast barn hér á landi á undanförnum árum. Annað barnið fæddist hjónum í nóvember árið 2003. Þeirri fjölskyldu var veitt dvalarleyfi af mannúðaraðstæðum og dvelur hún hér enn. Í hinu tilvikinu er um að ræða barn sem fæddist í maí á þessu ári. Maðurinn hafði verið sendur úr landi til Spánar þar sem hann hafði haft dvalarleyfi og lauk þannig hælismeðferð hans. Var það í lok júlí 2005. Eftir að maðurinn var farinn úr landi bárust Útlendingastofnun upplýsingar um að hann ætti von á barni með íslenskri konu búsettri hérlendis.

Þá hefur Útlendingastofnun fengið upplýsingar um að hælisleitandi sem lokið hefur hælismeðferð hjá Útlendingastofnun en er með umsókn sína í kærumeðferð hjá dómsmálaráðuneytinu eigi von á barni hér á landi. Bárust þær upplýsingar eftir að máli hans lauk hjá Útlendingastofnun 17. ágúst 2006.

Réttarstaða hælisleitenda breytist ekki hér á landi við það að eignast barn á meðan mál þeirra er til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum. Ákvæði í íslenskum lögum taka ekki á stöðu hælisleitenda við þær aðstæður. Rétt er þó að geta þess að með lögum nr. 20/2004 var útlendingalögunum breytt í þá átt að bæta réttarstöðu barns flóttamanns, þ.e. hælisleitanda sem telst flóttamaður í skilningi flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna, fæðist það eftir komu foreldris til landsins. Barnið hefur þá sömu réttarstöðu og foreldri, sbr. 1. mgr. 47. gr. útlendingalaga, nr. 96/2002.

Hvert mál hælisleitanda er metið sérstaklega og þá með hagsmuni hlutaðeigandi barns og réttindi og skyldur foreldris að leiðarljósi og er þar m.a. horft til gildandi laga um börn og barnavernd, mannréttindasáttmála og annarra viðeigandi réttarheimilda.

# 536. Frumvarp til laga [435. mál]

um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Flm.: Geir H. Haarde, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra,
Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

## I. KAFLI
## Almenn ákvæði.

### 1. gr.
*Markmið.*

Tilgangur laga þessara er að kveða á um fjárframlög til stjórnmálasamtaka og stjórnmálastarfsemi, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum. Markmið laganna er að auka traust á stjórnmálastarfsemi og efla lýðræðið.

### 2. gr.
*Skilgreiningar.*

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

a. *Stjórnmálasamtök:* Flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.
b. *Prófkjör:* Kosningar sem stjórnmálasamtök halda til að velja fulltrúa á framboðslista við kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna.
c. *Frambjóðendur:* Þátttakendur í persónukjöri, hvort heldur er til embættis forseta Íslands eða til sveitarstjórna, og þátttakendur í prófkjörum stjórnmálasamtaka.
d. *Framlög:* Framlög til starfsemi stjórnmálasamtaka eða frambjóðenda eða kosningabaráttu, hvort heldur eru bein fjárframlög eða önnur gæði sem metin verða til fjár, án tillits til þess hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru. Til framlaga í þessum skilningi teljast allir afslættir af markaðsverði, ívilnanir og eftirgjöf, þar með taldir afslættir af markaðsverði auglýsinga, eftirgjöf eftirstöðva skulda, óvenjuleg lánakjör o.s.frv. Ef afsláttur hefur verið veittur af markaðsverði skal mismunur markaðsverðs og raunverðs tilgreindur sem framlag í reikningum. Önnur framlög, svo sem endurgjaldslaust lán vinnuafls,

aðstöðu eða búnaðar, skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma og tilgreind í reikningum á því verði.

e. *Tengdir aðilar:* Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum, enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

f. *Endurskoðendur:* Löggildir endurskoðendur samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur.

g. *Þingflokkar:* Samtök þingmanna sem uppfylla skilyrði þingskapa til að teljast þingflokkur.

## II. KAFLI
## Framlög ríkis og sveitarfélaga til stjórnmálastarfsemi.

### 3. gr.
*Framlög til stjórnmálasamtaka úr ríkissjóði.*

Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi stjórnmálasamtaka sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn á Alþingi eða hlotið hafa a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

### 4. gr.
*Framlög til þingflokka úr ríkissjóði.*

Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi þingflokka á Alþingi samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Greiða skal jafna fjárhæð fyrir hvern þingmann og nefnist hún eining. Að auki skal greiða eina einingu fyrir hvern þingflokk. Því til viðbótar skal úthluta fjárhæð sem svarar tólf einingum til þingflokka þeirra stjórnmálasamtaka sem eiga ekki aðild að ríkisstjórn og skiptast þær einingar hlutfallslega milli þeirra. Forsætisnefnd Alþingis getur sett nánari reglur um greiðslur samkvæmt þessari grein.

### 5. gr.
*Framlög til stjórnmálasamtaka frá sveitarfélögum.*

Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmálasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn og skal hún vera í eðlilegu hlutfalli við stærð sveitarfélagsins.

6. gr.

*Framlög úr ríkissjóði til frambjóðenda til embættis forseta Íslands.*

Þegar forsetakosningar fara fram skal á fjárlögum veitt fé til þess að styrkja frambjóðendur til embættis forseta Íslands. Þeirri fjárhæð skal úthluta eftir umsókn að afloknum kosningum til þeirra frambjóðenda sem hlotið hafa a.m.k. einn tíunda hluta greiddra atkvæða í kosningunum, í réttu hlutfalli við atkvæðamagn. Framlag getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en sem svarar kostnaði frambjóðanda af kosningabaráttu, að frádregnum framlögum lögaðila og einstaklinga skv. III. kafla. Endurskoðað uppgjör kosningabaráttu skal fylgja umsókn.

## III. KAFLI
## Almenn framlög til stjórnmálastarfsemi.

7. gr.

*Móttaka framlaga.*

Stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum til starfsemi sinnar eða til kosningabaráttu með þeim takmörkunum sem leiðir af 2.–5. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 8. gr.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá óþekktum gefendum.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá fyrirtækjum að meiri hluta í eigu, eða undir stjórn, ríkis eða sveitarfélaga.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá opinberum aðilum sem ekki rúmast innan ákvæða II. kafla.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá erlendum ríkisborgurum, fyrirtækjum eða öðrum aðilum sem skráðir eru í öðrum löndum. Bann þetta tekur þó ekki til framlaga frá erlendum ríkisborgurum sem njóta kosningaréttar hér á landi skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

8. gr.

*Hámarksframlög, leiðbeiningarreglur og prófkjör.*

Stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá lögaðilum en sem nemur 300.000 kr. á ári. Undanþegin slíku hámarki eru þó framlög í formi afslátta svo fremi um sé að ræða almenna afslætti sem veittir eru frá markaðsverði með opinberum hætti og slíkir afslættir séu sérgreindir í reikningum. Lögaðilar, sem inna af hendi framlög til stjórnmálasamtaka eða frambjóðenda, skulu sérgreina heildarfjárhæð slíkra framlaga í ársreikningum sínum. Telja skal saman framlög tengdra aðila.

Stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá einstaklingum en sem nemur 300.000 kr. á ári. Til framlaga í þessum skilningi teljast ekki almenn félagsgjöld stjórnmálasamtaka sem innheimt eru með reglubundnum hætti og eru ekki umfram 100.000 kr. á ári.

Ríkisendurskoðun skal setja leiðbeiningarreglur um fyrirkomulag sölu þjónustu á vegum stjórnmálasamtaka til að tryggja samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

Heildarkostnaður frambjóðenda í prófkjörum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en sem nemur 1 millj. kr., að viðbættu álagi sem hér segir:

Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa, 18 ára og eldri, 75 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 40.000–49.999 íbúa, 18 ára og eldri, 100 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 20.000–39.999 íbúa, 18 ára og eldri, 125 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 10.000–19.999 íbúa, 18 ára og eldri, 150 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, 175 kr. fyrir hvern.

## IV. KAFLI
## Reikningsskil og upplýsingaskylda stjórnmálasamtaka.

### 9. gr.
*Reikningsskil stjórnmálasamtaka.*

Stjórnmálasamtök skulu halda samstæðureikning fyrir allar einingar sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir. Heimilt er að halda flokkseiningum utan samstæðureikningsskila ef tekjur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári. Við gerð ársreikninga skal farið að efnisreglum laga um ársreikninga eins og við á. Ríkisendurskoðun gefur út frekari leiðbeiningar um reikningshald stjórnmálasamtaka.

Stjórnmálasamtök skulu fela endurskoðendum að endurskoða reikninga sína. Endurskoðendur skulu starfa eftir leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar og sannreyna að samstæðureikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga þessara og almennar reikningsskilareglur og staðfesta það álit með áritun á reikninginn. Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna að framlög einstaklinga og lögaðila séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

### 10. gr.
*Upplýsingaskylda um reikninga stjórnmálasamtaka.*

Stjórnmálasamtök skulu árlega skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum, sbr. 9. gr., árituðum af endurskoðendum. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið birta útdrátt úr ársreikningi stjórnmálasamtaka með samræmdum hætti. Þar skal greina a.m.k. heildartekjur og heildargjöld. Þá skal flokka tekjur eftir uppruna, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum, ásamt helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til stjórnmálastarfsemi.

## V. KAFLI
## Reikningsskil og upplýsingaskylda í persónukjöri.

### 11. gr.
*Reikningsskil frambjóðenda í persónukjöri.*

Frambjóðendur skulu gera uppgjör fyrir kosningabaráttu sína í samræmi við almennar reikningsskilareglur og fela endurskoðendum endurskoðun þess. Ríkisendurskoðun gefur út leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttu og um upplýsingaskyldu um uppgjörið.

Frambjóðendur í persónukjöri eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef kostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 300.000 kr.

### 12. gr.
*Upplýsingaskylda um reikninga yfir kosningabaráttu.*

Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum árituðum af endurskoðendum eigi síðar en sex mánuðum frá því að kosning fór fram. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið birta útdrátt úr reikningum þar sem greina skal heildartekjur og heildargjöld. Þá skal flokka tekjur eftir uppruna, þannig að greint sé á milli framlaga frá lögaðilum, framlaga frá einstaklingum og eigin framlags. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til kosningabaráttu frambjóðandans.

VI. KAFLI
**Viðurlög, gildistaka og brottfall lagaákvæða.**

13. gr.
*Viðurlög.*

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara skal sæta fésektum, en alvarleg brot geta varðað fangelsi allt að sex árum.

14. gr.
*Gildistaka og brottfall lagaákvæða.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Ákvæði laganna um prófkjör taka þó ekki gildi fyrr en 1. júní 2007.

Jafnframt fellur úr gildi 1. málsl. 1. gr. laga nr. 62/1978, um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða, og lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

VII. KAFLI
**Breyting á lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.**

15. gr.

Í stað orðanna „Sveitarsjóðir greiða“ í c-lið 123. gr. laganna kemur: Ríkissjóður greiðir.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Forsætisráðherra skal eigi síðar en 30. júní 2010 skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka á Alþingi til að endurskoða lög þessi og framkvæmd þeirra.

Greinargerð.

Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, skipaði í júlí 2005 nefnd fulltrúa allra þingflokka sem falið var að fjalla um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi á Íslandi. Ákvörðun ráðherra um nefndarskipunina átti rætur að rekja til skýrslu forsætisráðherra um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka á Íslandi sem lögð var fram á Alþingi í apríl 2005. Forsætisráðherra benti í þeirri skýrslu á að eðlilegt væri að slík nefnd fjallaði um fjármálalega umgjörð stjórnmálastarfsemi í heild. Meðal þess sem slík nefnd þyrfti að fjalla um væri hvernig skyldi háttað eftirliti með fjárreiðum stjórnmálaflokkanna, hvort setja skyldi bann við framlögum frá fyrirtækjum í opinberri eigu, hvaða reglur ættu að gilda varðandi framlög aðila sem selja vöru eða þjónustu til ríkisins til stjórnmálaflokka, hvort og þá hvaða mörk ætti að setja við nafnlausum framlögum eða hámarksfjárhæð framlaga og hvaða viðmið eigi að vera í lögum að öðru leyti um þetta efni með hliðsjón af tilmælum Evrópuráðsins og löggjafarþróun almennt. Þá gæti þessi nefnd eftir atvikum fjallað um hvort gera skyldi kröfu til ráðherra og þingmanna um að þeir upplýstu um fjármálaleg eða stjórnunarleg tengsl sín við fyrirtæki.

Í nefndina voru skipaðir af hálfu Framsóknarflokks Helgi S. Guðmundsson og Sigurður Eyþórsson sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Af hálfu Sjálfstæðisflokks voru skipaðir Einar K. Guðfinnsson, Gunnar Ragnars og Kjartan Gunnarsson sem jafnframt var skipaður varaformaður nefndarinnar. Af hálfu Samfylkingarinnar voru skipuð í nefndina Gunnar Svavarsson og Margrét S. Björnsdóttir. Fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var skipuð Kristín Halldórsdóttir og fulltrúi Frjálslynda flokksins Eyjólfur Ármannsson. Þá ákvað forsætisráðherra að Árni Páll Árnason lögmaður yrði starfsmaður nefnd-

arinnar. Þegar Einar K. Guðfinnsson tók við embætti sjávarútvegsráðherra var Guðlaugur Þór Þórðarson skipaður í nefndina í hans stað.

Nefndin hefur fundað reglulega frá því í júlí 2005. Nefndin hafði frjálsar hendur um verklag og upplýsingaöflun, en tók þó mið af þeirri verklýsingu sem forsætisráðherra setti fram í fyrrgreindri skýrslu. Frá upphafi var lögð áhersla á samstöðu nefndarmanna um verklag og starfshætti, enda markmið vinnunnar að freista þess að ná fram sameiginlegri niðurstöðu.

Á alþjóðlegum vettvangi hefur orðið mikil þróun í þessum efnum á undanförnum árum. Fjölmargar alþjóðastofnanir fjalla nú um fjárhagslega umgjörð stjórnmálaflokka í samhengi við bætta stjórnarhætti, lýðræðislega ábyrgð, viðbrögð við mútubrotum og baráttu gegn spillingu. Þessa gætir í samstarfi um bætta stjórnarhætti innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) en lengst er vinna að þessu leyti komin á vettvangi Evrópuráðsins. Þar er skipulegt samstarf er hefur að markmiði að berjast gegn spillingu og aðildarríkin sæta úttektum svokallaðrar Greco-nefndar sem hefur að markmiði bætta stjórnarhætti og efla baráttu gegn spillingu. Ísland er meðal þeirra ríkja sem undirgengist hafa aðhald og eftirlit Greco-nefndarinnar.

Þá ber í þessu sambandi sérstaklega að líta til tilmæla sem ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti að beina til aðildarríkjanna, frá 8. apríl 2003, No. R (2003) 4, um sameiginlegar reglur gegn spillingu í tengslum við fjármögnun stjórnmálaflokka og kosningabaráttu. Tilmælin voru samþykkt í kjölfar samþykktar þings Evrópuráðsins um sama efni frá 22. maí 2001. Í tilmælunum er lögð áhersla á að ríkið veiti stjórnmálaflokkum stuðning og sjái til þess að fjárstyrkur af hendi hins opinbera eða einkaaðila trufli ekki sjálfstæði stjórnmálaflokka. Aðildarríkin skuli jafnframt grípa til aðgerða sem komi í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggi gagnsæi fjárframlaga og komi í veg fyrir leynileg framlög til stjórnmálaflokka. Þá skuli aðildarríkin tryggja að framlög til stjórnmálaflokka umfram tiltekið hámark séu opinber, meta hvort rétt sé að leiða í lög reglur um hámarksframlög til stjórnmálaflokka og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að farið sé í kringum reglur um viðmiðunarmörk fjárframlaga. Einnig er í tilmælunum kveðið á um að aðildarríkin skuli tryggja að framlög lögaðila til stjórnmálaflokka séu sérgreind í bókhaldi fyrirtækja og að hluthafar eigi rétt á upplýsingum um slík framlög. Þá skuli aðildarríkin takmarka, banna eða setja skýr mörk um framlög lögaðila, sem selja opinberum aðilum vöru eða þjónustu, til stjórnmálaflokka og banna lögaðilum undir stjórn opinberra aðila að leggja fram fé til stjórnmálaflokka. Áþekk ákvæði skuli gilda um framlög erlendra aðila. Þá er lagt til að sömu viðmiðunarreglur gildi um framlög til frambjóðenda og til kosningabaráttu og að aðildarríkin skuli meta þörf fyrir að setja viðmiðunarmörk um hversu miklu fé skuli varið til kosningabaráttu. Einnig er tekið fram að aðildarríkin skuli skylda stjórnmálaflokka og tengd samtök til að halda bókhald og að reikningar þeirra skuli vera samstæðureikningar fyrir viðkomandi flokk og skyld samtök. Slíkir reikningar skuli lagðir fram fyrir óháðan eftirlitsaðila í það minnsta árlega. Þá skuli skylda stjórnmálaflokka til að birta opinberlega upplýsingar um öll framlög og nöfn þeirra sem lagt hafa fram framlög yfir tiltekinni fjárhæð auk helstu kennitalna úr reikningum þeirra. Að síðustu er lagt til að aðildarríkin leiði í lög viðurlög við brotum á slíkum reglum sem talist geti hæfileg.

Þau tilmæli sem hér hafa verið rakin eru ekki bindandi fyrir Ísland samkvæmt þjóðarétti. Engu síður er ljóst að um þau hafa náðst sammæli meðal ríkisstjórna aðildarríkja Evrópuráðsins og að þeim er beitt sem viðmiðunarreglum við uppbyggingu lýðræðislegra grundvallarreglna í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Í sumum tilvikum felst í tilmælunum ábending til

aðildarríkjanna um að taka efnislega afstöðu til þess í hvaða mæli grípa skuli til aðgerða en í öðrum tilvikum er kveðið fastar að orði og lagðar línur um meginreglur.

Í þessu samhengi er einnig rétt að minna á að úttektaraðilar á vegum Evrópuráðsins um viðbrögð við spillingu, hin svokallaða Greco-nefnd, hafa farið yfir stöðu Íslands á þessu sviði. Í skýrslu nefndarinnar árið 2001 var meðal annars fjallað um löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka og sagði þar meðal annars að sú staðreynd að Ísland væri fámennt ríki gæti að sumu leyti auðveldað gagnsæi en gæti einnig skapað hagsmunaárekstra og ýtt undir spillingu. Úttektarnefndin lýsti í þessu sambandi sérstökum áhyggjum af því að reglur skorti um fjármögnun stjórnmálaflokka.

Þessi þróun á alþjóðavettvangi var helsta ástæða þess að forsætisráðherra taldi í skýrslu sinni vorið 2005 þörf á að lagaramminn um fjárhagslega umgjörð stjórnmálaflokkanna hér á landi sætti endurmati.

Mikilvægt er að missa ekki sjónar á því í umræðu um fjármál stjórnmálaflokkanna að þeir eru hornsteinn lýðræðis í landinu og forsenda heilbrigðrar og eðlilegrar þjóðmálaumræðu. Sá rammi, sem löggjöfin markar þessari starfsemi, þarf því að treysta möguleika stjórnmálaflokkanna til að sinna því hlutverki, samhliða því að girða sem kostur er fyrir mögulega misnotkun á aðstöðu eða spillingu. Þær breytingar, sem orðið hafa á íslensku þjóðfélagi á undanförnum áratugum, hafa dregið stórlega úr hættu á spillingu tengdri stjórnmálastarfsemi. Viðskiptalífið hefur verið leyst úr viðjum leyfisveitinga og úthlutunarkerfa sem buðu heim óeðlilegum þrýstingi á stjórnmálamenn um úthlutun takmarkaðra gæða og býr í dag við lagaumhverfi sem er sambærilegt við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrár og setning stjórnsýslulaga og upplýsingalaga hefur stuðlað að meiri virðingu fyrir jafnræði borgaranna og auknu gagnsæi forsendna stjórnsýsluákvarðana. Af öllu þessu leiðir að stjórnmálamenn hafa færri tækifæri til að beita áhrifum sínum til að mismuna fólki eða fyrirtækjum og því ætti væntanlega að vera minni hvati fyrir hagsmunaaðila til að reyna að hafa áhrif á einstakar ákvarðanir stjórnmálamanna.

Til að treysta grundvallarhlutverk stjórnmálaflokkanna í lýðræðislegri stjórnskipan er mikilvægt að lagaumhverfi þeirra auðveldi þeim að gegna hlutverki sínu og sé gagnsætt og til þess fallið að draga úr vantrausti á stjórnmálaflokkana. Nefndin hefur rætt ítarlega á fundum sínum um þau sjónarmið sem vegast á þegar rætt er um þörf á löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokkanna. Annars vegar má halda því fram að æskilegt sé að forðast sem mest löggjöf sem hlutist til um innri málefni stjórnmálaflokkanna til að tryggja stöðu þeirra sem sjálfstæðra aðila í stjórnkerfinu og til að tryggja að félagsmenn þeirra hafi stjórn á innri málum þeirra að öllu leyti. Almennt séð hlýtur löggjafinn að verða að fara með mikilli gát þegar hlutast er til um innri mál stjórnmálaflokka og mikilvægt er að sú íhlutun verði aldrei meiri en réttlætanlegt geti talist út frá brýnum almannahagsmunum. Hins vegar má segja að æskilegt sé að einhver grundvallarlöggjöf sé við lýði sem tryggi gagnsæi og setji tilteknar grundvallarreglur sem stjórnmálaflokkarnir séu ásáttir um að marki almennar leikreglur í stjórnmálastarfsemi. Brýnt er þá að slík löggjöf sé til þess fallin að treysta starfsumhverfi stjórnmálaflokkanna og draga úr eða eyða óvissu um fjármögnun þeirra.

Helsta álitamálið í starfi nefndarinnar var hvernig fara skyldi með takmarkanir á framlögum einstaklinga og lögaðila til stjórnmálastarfsemi. Komu þar fram ólík sjónarmið. Ein leið, sem rædd var, fólst í því að setja engin eða óveruleg bönn við framlögum en kveða þess í stað á um upplýsingaskyldu um framlög umfram tiltekna fjárhæð. Önnur leið, sem rædd var, fólst í að banna algerlega framlög lögaðila til stjórnmálastarfsemi og leyfa einungis óveruleg félagsgjöld einstaklinga. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að rétt væri að skera öllum fram-

lögum þröngan stakk. Ástæða þess er ekki síst sú breyting sem orðið hefur hér á landi á undanförnum árum þar sem sífellt fleiri fyrirtæki og einstaklingar hafa fjárhagslega burði til að kosta stóran hluta baráttu flokka eða einstaklinga. Það var sameiginleg afstaða nefndarmanna að mikilvægt væri að draga úr hættu á tortryggni vegna þessa og skapa gagnsæja umgjörð um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi. Einnig væri eðlilegt að þrengja rammann frekar til að freista þess að draga úr kostnaði við kosningabaráttu. Að síðustu væri rétt að taka mið af því grundvallarmarkmiði tilmæla Evrópuráðsins frá 2003 að einstaklingar hefðu möguleika á að styrkja stjórnmálastarfsemi upp að ákveðnu marki og njóta samt sem áður nafnleyndar. Í tengslum við það atriði var einnig rætt í nefndinni hvort veita ætti einstaklingum áþekka möguleika og lögaðilar njóta nú til að draga framlög til stjórnmálastarfsemi frá tekjuskattsstofni. Slíkt fyrirkomulag er þekkt í mörgum nágrannalöndum og er ætlað að hvetja almenning til að taka þátt í fjármögnun stjórnmálastarfsemi og þar með taka þátt í lýðræðislegu félagsstarfi.

Tillaga nefndarinnar er sú að heimila einungis framlög upp að 300.000 kr. á hverju almanaksári, hvort sem í hlut eiga einstaklingar eða lögaðilar. Á hinn bóginn verði skylt að upplýsa opinberlega um öll framlög lögaðila, hversu lág sem þau eru og hvort sem þau eru peningaleg eða ekki. Með þessu er sett einföld og skýr regla sem ekki ætti að vera erfið í framkvæmd eða skapa óvissu fyrir þá sem leita eftir stuðningi til stjórnmálastarfsemi, hvort heldur er í eigin nafni eða fyrir hönd stjórnmálasamtaka. Verulega er þrengt að möguleikum stjórnmálaflokkanna til að þiggja fé frá lögaðilum, en slíkt ekki útilokað.

Ef frumvarpið verður samþykkt mun verða veruleg breyting á starfsumgjörð stjórnmálaflokka hér á landi. Nefndin telur þá breytingu að verulegu leyti vera óhjákvæmilega í ljósi breyttra aðstæðna. Einnig er ljóst að ekki verður bæði sleppt og haldið í þessu efni og að takmarkandi löggjöf um fjármögnun stjórnmálaflokkanna dregur óhjákvæmilega úr tekjumöguleikum þeirra. Þótt úthlutun fjármuna til stjórnmálaflokkanna sé ekki á verksviði nefndarinnar er það sameiginleg afstaða nefndarinnar að samhliða þeirri breytingu, sem nú er gerð, sé brýnt að hækka verulega framlag úr ríkissjóði til stjórnmálastarfsemi. Vert er einnig að hafa í huga að með þeim takmörkunum, sem nú eru lagðar við framlögum lögaðila, mun draga úr óbeinum framlögum ríkisins vegna þeirrar niðurgreiðslu framlaga lögaðila sem löggjafinn veitir með lagaheimildum um frádráttarbærni framlaga frá tekjuskattsstofni. Því mundi að óbreyttu draga úr óbeinum framlögum ríkisins til stjórnmálastarfsemi. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir skyldu stærri sveitarfélaga til að veita fjárframlög til framboða til sveitarstjórna, en samhliða er gert ráð fyrir að ríkissjóður axli þann hluta kostnaðar af kosningum til Alþingis og til embættis forseta Íslands sem nú er borinn af sveitarfélögunum.

Nefndin hefur fjallað um fleiri þætti í starfi sínu. Í lokaáliti nefndarinnar er því beint til forsætisnefndar Alþingis að hún setji reglur sem skyldi þingmenn og ráðherra til að upplýsa um helstu atriði er varða tekjur þeirra og gjafir sem þeir hafi fengið. Jafnframt leggur nefndin til að ríkið taki af meiri myndarskap á undirbúningi kosninga. Meðal þess sem þar skiptir máli er opinber kynning á fyrirkomulagi kosninga og utankjörfundaratkvæðagreiðslu og merking og kynning á kjörstöðum. Þá þarf að leitast við að einfalda fyrirkomulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu til að draga úr fjölda ógildra utankjörfundaratkvæða. Síðast en ekki síst er brýnt að taka af meiri festu á framkvæmd kosninga og þá sérstaklega tryggja samræmda túlkun vafaatkvæða.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Um efni greinarinnar vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 2. gr.

Í greininni eru helstu hugtök skýrð. Hugtakið framlög í d-lið er skýrt rúmri skýringu. Í því felst að til framlaga teljast öll framlög hverju nafni sem nefnast, jafnt peningaleg framlög sem önnur. Með því er ætlunin að taka með tæmandi hætti á álitaefninu og forðast óvissu sem kostur er. Ljóst er að þessi breyting mun valda því að bókfærður kostnaður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda mun hækka verulega. Meðal þess sem telst til framlaga í þessum skilningi er endurgjaldslaust lán vinnuafls, þ.e. þegar lánaðir eru starfsmenn á launum. Með því er ekki átt við sjálfboðavinnu sem fellur eftir sem áður utan skilgreiningar á framlögum.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að lögfest verði núverandi regla um úthlutun fjár til stjórnmálasamtaka. Eðlilegt er talið að skýr lagaákvæði liggi til grundvallar úthlutun fjár til stjórnmálasamtaka. Markmiðið er að styrkir til stjórnmálasamtaka skuli taka mið af því að þau geti haldið uppi og rækt það mikilvæga lýðræðishlutverk sem stjórnskipun landsins gerir ráð fyrir að þau gegni. Leitast skal við að þau standi jafnfætis þeim aðilum öðrum sem keppa að því að hafa áhrif á stjórnmálaleg viðfangsefni.

Samkvæmt greininni dugar stjórnmálasamtökum að fá 2,5% fylgi til að fá úthlutun af fjárlögum en þurfa ekki að fá þingmann kjörinn. Viðmiðið um 2,5% skýrist af því að öll þau framboð, sem komið hafa fram á undanförnum árum og hafa haft umtalsverðan stuðning meðal kjósenda, hafa uppfyllt það skilyrði. Þá hefur þetta mark verið notað við úthlutun fjár úr ríkissjóði til stjórnmálastarfsemi mörg undanfarin ár.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að lögfest sé gildandi meginregla um úthlutun fjár til þingflokka samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Skiptingin hefur farið eftir einingahlutfalli og einingar verið 68, þ.e. ein fyrir hvern þingmann og ein fyrir hvern þingflokk (63 + 5).

Gert er ráð fyrir að við bætist tólf einingar til þeirra flokka sem standa utan ríkisstjórnar á hverjum tíma. Ástæða þess er sú að nokkur munur er á aðstöðu flokka eftir því hvort þeir eiga aðild að ríkisstjórn eða ekki. Þetta framlag skiptist hlutfallslega milli stjórnarandstöðuflokka.

Stefnt er að því að viðbótarframlag til flokkanna í kjölfar stækkunar kjördæma verði fellt niður og hið almenna framlag hækki að sama skapi. Æskilegra er að hin almenna stoðþjónusta þingsins verði efld til að mæta aðstöðumun þingmanna úr dreifbýliskjördæmum og þingmanna úr þéttbýlinu.

Forsætisnefnd Alþingis er ætlað að setja nánari reglur um greiðslur til þingflokkanna og byggi þær á þeirri framkvæmd sem verið hefur.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu fjölmennari sveitarfélaga til að veita framboðum til sveitarstjórnar fjárstuðning. Jafnframt er fámennari sveitarfélögum heimilað slíkt. Sett eru almenn ákvæði um efnisleg viðmið fyrir fjárstuðningi svo að tryggt sé að ekki sé mismunað milli framboða og lögð til sama regla og við úthlutun fjár frá Alþingi. Ýmis sveitarfélög veita

nú þegar fjárstuðning til framboða, en slíkt er ekki gert með samræmdum hætti auk þess sem ólíkt er við hvað er miðað þegar fénu er úthlutað. Vakin er athygli á að samhliða er gert ráð fyrir að létt verði af sveitarfélögum þeim kostnaði sem þau bera nú af framkvæmd kosninga til Alþingis og til embættis forseta Íslands, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um fyrirkomulag fjárstuðnings við frambjóðendur til embættis forseta Íslands. Hér er gert ráð fyrir að frambjóðendur til embættisins, sem njóta ákveðins lágmarksstuðnings meðal kjósenda, geti sótt um framlag úr ríkissjóði til að mæta kostnaði við framboðið. Ákvæði III. kafla um heimil framlög gilda líka um framlög til kosningabaráttu forsetaefna.

Um 7. gr.

Í greininni er sett sú meginregla að framlög til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda séu háð þeim takmörkunum sem greinir í III. kafla. Í greininni er lagt bann við framlögum frá óþekktum gefendum, frá fyrirtækjum að meiri hluta í eigu eða undir stjórn ríkis eða sveitarfélaga og frá erlendum ríkisborgurum sem ekki eiga kosningarétt hér á landi. Þessi bannákvæði eru í samræmi við þróun á alþjóðavettvangi og tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 2003. Í III. kafla eru víða nefnd fjárhæðamörk. Gert er ráð fyrir að þau verði endurskoðuð árlega, samhliða ákvörðunum á fjárlögum um framlög til stjórnmálaflokkanna.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um hámark þeirra framlaga sem stjórnmálasamtök og frambjóðendur í persónukjöri geta tekið á móti. Sama hámark er látið gilda um hvort tveggja. Til framlaga einstaklinga í skilningi greinarinnar teljast ekki almenn félagsgjöld sem innheimt eru með reglubundnum hætti svo fremi fjárhæð þeirra fari ekki yfir 100.000 kr. á ári. Framlög úr styrktarmannakerfi, sem er rekið til viðbótar við almenn félagsgjöld, koma hins vegar til frádráttar hámarki framlaga einstaklinga samkvæmt þessari grein.

Til framlaga lögaðila teljast öll framlög, hverju nafni sem nefnast, sbr. skilgreiningu á hugtakinu framlög í d-lið 2. gr. Sett er einföld regla um hámarksfjárhæð móttekinna framlaga en öll framlög lögaðila eru upplýsingaskyld skv. 10. og 12. gr.

Ljóst er að eftir sem áður koma upp takmarkatilvik í þessu efni. Nægir þar að nefna fjölmiðlun á vegum flokkanna og rekstur húseigna þeirra. Hér er því farin sú leið að fela Ríkisendurskoðun að setja leiðbeiningarreglur um sölu þjónustu á vegum flokkanna. Meðal þess sem þar fellur undir er sala auglýsinga í blöð sem stjórnmálasamtök gefa út eða útleiga á aðstöðu sem stjórnmálasamtök eiga og reka. Gert er ráð fyrir að leiðbeiningarreglur Ríkisendurskoðunar verði í samræmi við markmið og efnisákvæði laganna og miði að því að ekki skapist hætta á að sala flokkanna á þjónustu verði nýtt flokkunum til fjáröflunar fram hjá reglum laganna.

Sett er lögbundið hámark á kostnað frambjóðenda í prófkjörum. Byggt er á reiknireglu sem ætlað er að taka tillit til ólíks kostnaðar við prófkjör eftir fjölda kjósenda og landfræðilegum aðstæðum. Kjósendatala í því umdæmi, sem prófkjör fer fram í, er því ráðandi um mörk kostnaðar, hvort heldur er í prófkjörum fyrir sveitarstjórnarkosningar eða fyrir þingkosningar. Í lagagreininni eru þó notuð orðin „íbúar, 18 ára og eldri“ því að formleg kjörskrá liggur yfirleitt ekki fyrir þegar prófkjör fara fram. Það hámark sem hér er sett er vissulega rúmt en á móti kemur að bókfærður kostnaður frambjóðenda mun aukast verulega því sam-

kvæmt frumvarpinu ber að telja öll framlög, jafnt peningaleg sem önnur, með á gjaldahlið framboðs. Vert er að taka fram að gert er ráð fyrir að þetta hámark sé algert og taki því til alls kostnaðar við kosningabaráttu, hvort sem kostnaður er greiddur af framlögum einstaklinga, lögaðila eða með eigin framlagi frambjóðanda.

Um 9. gr.

Í greininni er sett meginregla um uppgjörsskyldu stjórnmálasamtaka. Skyldan tekur til stjórnmálasamtaka og allra tengdra félaga sem máli skipta. Hér geta verið eignarhaldsfélög í formi hlutafélags, frjálsra félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana. Gert er ráð fyrir að reglur III. kafla gildi að breyttu breytanda um öll slík félög. Þannig gefi reikningsskil hverra stjórnmálasamtaka um sig heildstæða mynd af fjárflæði og eignastöðu þeirra. Þó geta félög með óverulega starfsemi verið utan reikningsskila og er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun setji frekari leiðbeiningar um það efni.

Kveðið er á um að endurskoðendur flokkanna fari fyrst og fremst með endurskoðun reikninga þeirra sem þeir sinni að viðlagðri lögbundinni ábyrgð og á grundvelli leiðbeininga Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun mun samt sem áður ávallt hafa heimildir til að kalla eftir öllum gögnum frá flokkunum til að ganga úr skugga um að framlög frá lögaðilum og einstaklingum séu ávallt innan ramma laganna.

Um 10. gr.

Í greininni er lögð sú skylda á stjórnmálasamtök að skila Ríkisendurskoðun árlega árituðum reikningum. Jafnframt á Ríkisendurskoðun að birta í kjölfarið útdrátt úr ársreikningum stjórnmálasamtaka með samræmdum hætti. Gert er ráð fyrir að þar verði greindar helstu stærðir sem máli skipta í rekstrar- og efnahagsreikningi flokkanna og þá sérstaklega sundurgreindar upplýsingar um skiptingu tekna hvers flokks um sig. Enn fremur er kveðið á um að nöfn allra þeirra lögaðila, sem veita framlög til stjórnmálastarfsemi, verði gerð opinber. Með þessu er leitast við að tryggja gagnsæi framlaga lögaðila til stjórnmálastarfsemi og skapa einfalt og skilvirkt umhverfi um stjórnmálastarfsemina.

Um 11. gr.

Í greininni er lögð uppgjörsskylda á frambjóðendur í persónukjöri og frambjóðendur í prófkjörum. Gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun gefi út leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttu og um upplýsingaskyldu um uppgjörið. Frambjóðendur eru þó undanþegnir uppgjörsskyldu ef kostnaður við kosningabaráttu er innan við 300.000 kr.

Um 12. gr.

Í greininni er lögð sú skylda á frambjóðendur í persónukjöri og frambjóðendur í prófkjörum að skila uppgjörum til Ríkisendurskoðunar innan sex mánaða frá lokum kosningabaráttu. Gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun hlutist til um opinbera birtingu útdráttar úr reikningum þar sem greindar séu helstu stærðir sem máli skipta. Jafnframt er kveðið á um að nöfn allra þeirra lögaðila sem veita framlög til kosningabaráttu verði gerð opinber. Með þessu er leitast við að tryggja gagnsæi framlaga lögaðila til stjórnmálastarfsemi og skapa einfalt og skilvirkt umhverfi um stjórnmálastarfsemina.

Um 13. gr.

Viðurlagaákvæði laganna tekur mið af viðurlagaákvæði skyldra laga, svo sem laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Um 14. gr.

Gildistaka laganna er miðuð við áramót 2006–2007. Ljóst er að gildistakan má ekki dragast ef ætlunin er að lögin komi til framkvæmda fyrir kosningar til Alþingis í maí 2007. Auk þess er nauðsynlegt að stjórnmálaflokkarnir fái ráðrúm til að laga starfsháttu sína að þessari lagaumgjörð.

Um 15. gr.

Með greininni er felld niður sú skylda, sem hvílir nú á sveitarstjórnum, að bera hluta kostnaðar við framkvæmd kosninga til Alþingis. Eðlilegra þykir að kostnaður við kosningar til Alþingis og kosningar til embættis forseta Íslands sé greiddur úr ríkissjóði. Einnig ber að hafa í huga að skv. 5. gr. frumvarpsins styrkja sveitarfélögin framboð til sveitarstjórna með beinni hætti en hingað til. Eðlilegt er að samhliða sé létt af sveitarfélögunum kostnaði af framkvæmd kosninga til Alþingis.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eðlilegt þykir að lög þessi og framkvæmd þeirra verði endurskoðuð þegar nokkur reynsla hefur fengist af þeim og nýmælum sem í þeim felast. Er miðað við að sú reynsla fáist að afloknum næstu alþingis- og sveitarstjórnarkosningum og endurskoðunin fari fram og ljúki áður en reglulegar þingkosningar verða í annað sinn, þ.e. eigi síðar en vorið 2011.

## 537. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason og Sesselju Árnadóttur frá félagsmálaráðuneyti, Skúla Guðmundsson frá Þjóðskrá, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kristbjörgu Stephensen frá Reykjavíkurborg. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Akraneskaupstað, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Hveragerðisbæ, Ísafjarðarbæ, Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Skipulagsstofnun, Sveitarfélaginu Árborg og talsmanni neytenda. Að auki hefur nefndinni borist tilkynning frá Lögmannafélagi Íslands.

Tilurð þessa frumvarps er sú að í nýlegum dómi Hæstaréttar Íslands var synjun sveitarfélags á skráningu lögheimilis í frístundabyggð talin fela í sér frávik frá stjórnarskrárvörðum rétti einstaklings til að ráða búsetu sinni, sbr. 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Landið allt er samkvæmt lögum skipulagsskylt og þrátt fyrir að sveitarfélög hafi með höndum gerð skipulags virðist mega ráða af dómnum að þau hafi ekki heimild

til að setja þessu frelsi einstaklinganna skorður nema á grundvelli skýrrar lagaheimildar og í þágu almannaheilla. Þar sem sveitarfélög inna af hendi margs konar þjónustu mun ótakmarkaður réttur til lögheimilisskráningar vera til þess fallinn að raska áætlunum og fjárhag þeirra og því gerir frumvarpið ráð fyrir að dvöl í skipulagðri frístundabyggð skuli ekki jafnað til lögheimilis eftir 1. janúar 2007.

Á fundum nefndarinnar hafa komið fram þau sjónarmið að gildissvið frumvarpsins sé of takmarkað og að það skilji eftir önnur álitaefni tengd lögheimilisskráningu sem sum hver hafa risið eftir fyrrgreindan dóm. Í frumvarpinu er til að mynda tekið fram að því sé ekki ætlað að útiloka skráningu lögheimilis í sumarhúsum sem standa utan skipulagðrar frístundabyggðar ef viðkomandi einstaklingur á þar fasta búsetu. Annað álitaefni varðar það hvort réttur einstaklinga standi til þess að fá lögheimili skráð í atvinnuhúsnæði en um þetta ber sveitarfélögum ekki saman. Tvíþætt eðli lögheimilisskráningar, sem annars vegar felst í þeirri áherslu að hún fari saman við raunverulega búsetu og hins vegar í því að hún færi einstaklingum ýmis réttindi, gerir það að verkum að afstaða sveitarfélaga til hennar er á reiki. Af þessu leiðir að halda má fram sams konar röksemdum gegn skráningu lögheimilis í atvinnuhúsnæði og eiga við um skráningu í skipulagðri frístundabyggð óháð því hvar umsækjandinn er raunverulega með fasta búsetu. Sjónarmið um öryggi borgaranna kunna aftur á móti að standa til þess að skráning fari fram í því augnamiði að opinberir aðilar, eins og þeir sem hafa með höndum brunaeftirlit og heilbrigðiseftirlit, hafi vitneskju um hvar fólk raunverulega býr.

Skráning lögheimilis hefur áhrif á framkvæmd ýmissa laga og þess vegna leggur nefndin áherslu á að allir hlutaðeigandi aðilar komi saman til að ná sátt um heildarstefnumótun og útfærslu lögheimilisskráningar að teknu tilliti til þeirra réttinda sem henni eru samfara. Nefndin fagnar nýlegri ákvörðun félagsmálaráðherra um að koma á fót starfshópi til að fjalla um vandamál sem tengjast fastri búsetu í atvinnuhúsnæði. Væntir nefndin þess að tillögur starfshópsins liggi fyrir nægilega fljótt til að hægt verði að gera nauðsynlegar og varanlegar lagabreytingar fyrir lok vorþings. Þá bendir nefndin á að þar sem dómsmálaráðherra fer með stjórn Þjóðskrár sé eðlilegt að breytingar á lögheimilislögum muni í framtíðinni heyra undir hans verkefnasvið.

Nefndin leggur til þá breytingartillögu að skráning lögheimilis í frístundabyggð sem framkvæmd hefur verið fyrir 1. janúar 2007 verði bundin við persónu rétthafa og þá sem eru nákomnir honum en falli niður við flutning þeirra úr viðkomandi húseign. Frumvarpið gerir ráð fyrir að réttur til lögheimilis sé bundinn við viðkomandi húseign en með breytingunni er ætlunin að stuðla að auknu jafnvægi milli hagsmuna einstakra fasteignareigenda í sömu frístundabyggð.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Dagný Jónsdóttir, form., frsm. | Kjartan Ólafsson. | Guðjón Hjörleifsson. |
| Jóhanna Sigurðardóttir. | Lúðvík Bergvinsson. | Helgi Hjörvar. |
| Pétur H. Blöndal. | Birkir J. Jónsson. | Magnús Þór Hafsteinsson. |

## 538. Breytingartillaga [220. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Efnismálsgrein 2. gr. orðist svo:

Síðari málsliður 3. mgr. 1. gr. laganna raskar ekki skráningu lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem færð hefur verið í þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007 en ef viðkomandi einstaklingur eða fjölskylda hans flytur úr húsnæðinu fellur réttur til skráningar lögheimilis þar niður. Með fjölskyldu er átt við hjón, fólk í staðfestri samvist eða skráðri sambúð og ólögráða börn þeirra.

## 539. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlagaákvæði).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson og Árna Múla Jónasson frá sjávarútvegsráðuneytinu, Hrefnu Gísladóttur frá Fiskistofu, Jóhann Baldursson og Halldór B. Nellet frá Landhelgisgæslunni, Óskar Þór Karlsson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Bjarna Áskelsson frá Samtökum fiskmarkaða, Guðberg Rúnarsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Guðjón Ármann Einarsson og Árna Bjarnason frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda. Einnig hafa nefndinni borist umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Íslandsmarkaði, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar og Samtökum fiskvinnslustöðva. Þá hafa nefndinni borist tilkynningar frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á viðurlagaákvæðum í ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar. Þar má helst nefna þau sem varða sviptingu veiðileyfa og afturköllun vigtunarleyfa, lágmarkssektir og upptöku afla og/eða veiðarfæra.

Nefndin telur að almennt ríki ánægja með breytingarnar, einkum þá tilhögun frumvarpsins að afnema lögbundin sektarlágmörk vegna tiltekinna brota og kveða á um að veita skuli skriflega áminningu vegna tiltekinna fyrstu minni háttar brota sem að öðrum kosti mundu varða veiðileyfissviptingu eða afturköllun vigtunarleyfis. Þau sjónarmið hafa þó komið fram á fundum nefndarinnar að það fyrirkomulag að lögbinda lágmarkstíma veiðileyfissviptinga og afturkallana á vigtunarleyfum séu verulega íþyngjandi og að beiting slíkra viðurlaga þurfi að vera komin undir heildstæðu mati hlutaðeigandi stjórnvalds á öllum aðstæðum.

Nefndin tekur undir þetta sjónarmið að vissu marki en álítur jafnframt að ekki sé ástæða til að gefa hlutaðeigandi stjórnvöldum of frjálsar hendur við ákvörðun viðurlaganna. Er því

lagt til að ákvæðum 2. efnismgr. 2. gr., 2. efnismgr. 3. gr. og 2. efnismgr. 12. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að lögbundinn lágmarkstími sviptingar og afturköllunar verði styttur.

Einnig leggur nefndin til þá breytingu á 1. málsl. 1. efnismgr. 8. gr. og 1. málsl. 1. efnismgr. 13. gr. frumvarpsins að upptöku afla og/eða veiðarfæra í þeim tilvikum sem þar er fjallað um skuli einvörðungu beitt þegar um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot er að ræða. Þar af leiðandi verða ákvæði 3. málsl. 1. efnismgr. 8. gr. og ákvæði 2. málsl. 1. efnismgr. 13. gr. óþörf og falla brott.

Megintilgangurinn með fyrrgreindum tillögum er að gefa stjórnvöldum og dómstólum aukið svigrúm til að taka vægilegar á minni háttar brotum en þó þannig að fælniáhrif umræddra ákvæða haldist.

Að lokum er lagt til að orðalag 1. málsl. 1. efnismgr. 8. gr. og 1. málsl. 1. efnismgr. 13. gr. verði einfaldað þannig að skýrt komi fram að ólögmætur afli skuli sæta upptöku undir þeim kringumstæðum sem þar er fjallað um. Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að það sé hlutverk dómstóla að meta hvort sennilegt sé að heildarafli, eða eftir atvikum hluti hans, sé fenginn með ólögmætum hætti. Tillagan felur ekki í sér neina efnisbreytingu.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Magnús Þór Hafsteinsson, Guðjón Ólafur Jónsson og Jón Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. | Kristinn H. Gunnarsson. | Jóhann Ársælsson. |
| Þórdís Sigurðardóttir. | Kjartan Ólafsson. | Jón Gunnarsson. |

## 540. Breytingartillögur [232. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlagaákvæði).

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. 2. efnismgr. 2. gr. orðist svo:
   Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.
2. 2. efnismgr. 3. gr. orðist svo:
   Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað skv. 1. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis. Hafi ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en sextán vikur eru liðnar frá því að leyfi var síðast afturkallað.

3. Við 8. gr.
   a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Við stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot gegn 3.–5. gr. laga þessara skal gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og ólögmætan afla þess.
   b. 3. málsl. 1. efnismgr. falli brott.
4. 2. efnismgr. 12. gr. orðist svo:
   Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.
5. Við 13. gr.
   a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Við stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot gegn reglum, sem settar hafa verið skv. 2. málsl. 7. gr. laga þessara, skal gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og ólögmætan afla þess.
   b. 2. málsl. 1. efnismgr. falli

## 541. Breytingartillaga [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Við ákvæði til bráðabirgða.

a. 1. mgr. orðist svo:
   Skipað og ótímabundið ráðið starfsfólk Hólaskóla skal halda stöðum sínum. Þeir einir geta þó orðið prófessorar, dósentar og lektorar við Hólaskóla sem uppfylla kröfur 34. gr. laganna. Skólameistari Hólaskóla verður rektor Hólaskóla – Háskólans á Hólum.
b. 2. mgr. falli brott.

Greinargerð.

Með þessu lagafrumvarpi er verið að heimila Hólaskóla að starfrækja námsbrautir á háskólastigi og veita eigin háskólagráður á sérgreindum námssviðum að uppfylltum skilyrðum. Jafnframt er kveðið á um að öll núverandi störf við Hólaskóla verði lögð niður en starfsfólki boðin störf við Hólaskóla – Háskólann á Hólum.

Með nýjum lögum um búnaðarfræðslu sem tóku gildi 1. júlí 1999 var skólanum heimilað að kenna á afmörkuðum sviðum á háskólastigi. Þá var nafni skólans breytt úr Bændaskólanum á Hólum í Hólaskóla. Skólastjóri varð skólameistari. Hliðstæð breyting var gerð á Bændaskólanum á Hvanneyri 1999, þá breyttist nafn skólans í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og skólastjóri varð rektor.

Þrátt fyrir þær viðamiklu breytingar sem gerðar voru á lagaumhverfi skólanna var þess vandlega gætt að hrófla ekki við öryggi stofnananna hvað starfsmannahald varðaði. Þess vegna var kveðið á um í lögunum að starfsfólk héldi óbreytt stöðum sínum og störfum hjá stofnunum þrátt fyrir þessa breytingu á lagaumgjörð þeirra. Eins var haft við þegar Kennaraskólanum var breytt í Kennaraháskóla.

Frá því að Hólaskóli var stofnaður aftur 1882 hefur lagaumgjörð hans oft verið breytt og það mun meir en nú. En það hefur aldrei gerst fyrr í 125 ára sögu skólans að stofnunin og störfin séu lögð niður þótt gerð sé formbreyting á lagaumgjörðinni. Ítrekað hefur verið lögð áhersla á að hér sé um formbreytingu að ræða og í raun sé verið að staðfesta þá starfsemi sem þegar er fyrir hendi og gefa henni frekari möguleika til að þróast. Hér sé ekki um eðlisbreytingu á starfsemi Hólaskóla að ræða. Þess vegna er fullkomlega óeðlilegt af þessu tilefni að leggja öll störf við stofnunina niður þótt kveðið sé á um að starfsmönnum verði boðin aftur störf.

Að sjálfsögðu á starfsfólkið rétt á biðlaunum og starfslokasamningum í kjölfar slíkra aðgerða. En með því að leggja störfin og stofnunina niður með þessum hætti er öryggi hennar og samfélagsins á Hólum sett í uppnám að ástæðulausu. Þess vegna er lagt til að ráðningarsamningar sé órofnir svo og réttur starfsfólks þrátt fyrir þessa formbreytingu skólans.

## 542. Svar [320. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns Ólafs Jónssonar um agaviðurlög í fangelsum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir fangar sættu agaviðurlögum í fangelsum hér á landi árin 2003–2006, sundurliðað eftir árum og fangelsum?*
2. *Hvert var tilefni þess að agaviðurlögum var beitt í hvert skipti?*
3. *Hvaða agarviðurlögum var beitt í hvert skipti?*

Til að svara fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum hjá Fangelsismálastofnun ríkisins, sem safnaði saman upplýsingum frá hverju fangelsi fyrir sig og voru þær samræmdar eins og kostur var. Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

**1. Fangar sem sættu agaviðurlögum hér á landi árin 2003–2006, fjöldi.**

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| Fangelsið á Litla-Hrauni | 62 | 64 | 53 | 53 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 2 | 8 | 9 | 12 |
| Hegningarhúsið | 8 | 21 | 8 | 9 |
| Fangelsið Akureyri | 0 | 5 | 3 | 4 |
| Fangelsið á Kvíabryggju | 0 | 0 | 0 | 2 |

**2. Tilefni agaviðurlaga.***

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| *Fangelsið á Litla-Hrauni* | | | | |
| Neysla/varsla fíkniefna | 69 | 62 | 64 | 49 |
| Lyfjavarsla/neysla | 14 | 9 | 29 | 11 |
| Neitað að gefa þvagsýni | 35 | 26 | 20 | 29 |
| Ósæmileg hegðun | 22 | 12 | 2 | 8 |
| Árás/hótanir við fangvörð | 7 | 10 | 8 | 6 |
| Árás/hótanir við samfanga | 10 | 7 | 9 | 8 |
| Strok | 0 | 2 | 1 | 2 |

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| *Fangelsið Kópavogsbraut 17* | | | | |
| Neysla/varsla fíkniefna | 2 | 9 | 10 | 11 |
| Ósæmileg hegðun | 0 | 0 | 1 | 0 |
| Skemmdarverk | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Árás/hótanir við samfanga | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Strok | 0 | 0 | 0 | 1 |
| *Hegningarhúsið* | | | | |
| Neysla/varsla fíkniefna | 6 | 20 | 8 | 6 |
| Ósæmileg hegðun | 1 | 1 | 0 | 1 |
| Árás/hótanir við samfanga | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Strok | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Fangelsið Akureyri | | | | |
| Neysla/varsla fíkniefna | 0 | 2 | 2 | 3 |
| Neysla/varsla fíkniefna/varsla gsm-síma | 0 | 3 | 0 | 0 |
| Lyfjavarsla/neysla | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Skemmdarverk | 0 | 0 | 1 | 0 |
| *Fangelsið á Kvíabryggju* | | | | |
| Notkun gsm-síma | 0 | 0 | 0 | 2 |

*Það athugist að fleiri en einni tegund agaviðurlaga getur verið beitt í hvert skipti.

**3. Agaviðurlög.**

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| *Fangelsið Litla-Hrauni* | | | | |
| Áminning | 14 | 17 | 14 | 22 |
| Svipting vinnuþóknunar að hálfu | 116 | 56 | 74 | 58 |
| Svipting aukabúnaðar | 87 | 111 | 111 | 90 |
| Símabann | 53 | 0 | 0 | 0 |
| Takmarkanir á heimsóknum | 139 | 110 | 109 | 90 |
| Einangrun | 14 | 19 | 7 | 13 |
| *Fangelsið Kópavogsbraut 17* | | | | |
| Áminning | 1 | 8 | 11 | 9 |
| Svipting vinnuþóknunar | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Svipting dagpeninga/vinnuþóknunar að ½ | 0 | 1 | 0 | 2 |
| Símabann | 0 | 8 | 0 | 0 |
| Bréfabann | 1 | 5 | 2 | 6 |
| Sendingarbann | 1 | 5 | 6 | 10 |
| Svipting aukabúnaðar | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Takmarkanir á heimsóknum | 1 | 8 | 7 | 10 |
| Einangrun | 0 | 0 | 0 | 2 |

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| *Hegningarhúsið* | | | | |
| Áminning | 7 | 20 | 8 | 5 |
| Svipting dagpeninga/vinnuþóknunar að ½ | 1 | 0 | 0 | 0 |
| Símabann | 1 | 17 | 1 | 3 |
| Bréfabann | 7 | 7 | 4 | 1 |
| Sendingarbann | 7 | 12 | 7 | 7 |
| Svipting aukabúnaðar | 1 | 1 | 0 | 2 |
| Takmarkanir á heimsóknum | 8 | 18 | 6 | 9 |
| Einangrun | 1 | 2 | 0 | 4 |
| *Fangelsið Akureyri* | | | | |
| Áminning | 0 | 1 | 3 | 2 |
| Sviptingdagpeninga | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Símabann | 0 | 1 | 2 | 2 |
| Bréfabann | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Sendingarbann | 0 | 0 | 3 | 3 |
| Svipting aukabúnaðar | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Takmarkanir á heimsóknum | 0 | 2 | 1 | 3 |
| Frestað ákvörðun | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Einangrun | 0 | 0 | 0 | 0 |
| *Fangelsið á Kvíabryggju* | | | | |
| Áminning | 0 | 0 | 0 | 2 |

# 543. Nefndarálit [350. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ingibergsson og Margréti Hauksdóttur frá Fasteignamati ríkisins, Hafstein S. Hafsteinsson frá fjármálaráðuneyti, Sigurð H. Guðjónsson frá Húseigendafélaginu og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Nefndinni bárust einnig umsagnir.

Í frumvarpinu er lagt til að gjaldtaka umsýslugjalds verði framlengd enn um sinn til tveggja ára, eða árin 2007 og 2008.

Umsýslugjald var tekið upp er brunatryggingar voru gefnar frjálsar árið 1994 og nam gjaldið 0,025‰ (prómillum) af brunabótamati fasteignar. Gjaldið rann til Fasteignamats ríkisins til að standa undir kostnaði við að halda skrá yfir brunabótamat fasteigna. Upphaflega var kveðið á um innheimtu gjaldsins í reglugerð. Athugasemdir voru gerðar við þá tilhögun þar sem gjaldið teldist skattur í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar og þótti lagagrundvöllur gjaldsins ekki viðhlítandi í ljósi 2. málsl. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995. Innheimta gjaldsins var því lögfest, sbr. lög nr.

131/1996, um breyting á lögum um brunatryggingar. Vátryggingarfélög innheimta gjaldið samhliða annarri innheimtu félaganna.

Í frumvarpi til laga um breyting á lögum um brunatryggingar á 125. löggjafaþingi var lagt til að umsýslugjald hækkaði og næmi 0,1‰ (prómilli) af brunabótamati húseignar. Var gjaldinu ætlað að standa undir kostnaði við stofnun Landskrár fasteigna, gagna- og upplýsingakerfis um allar fasteignir á landinu. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar gerði breytingu á frumvarpinu á þá leið að umsýslugjaldið héldist óbreytt, þ.e. 0,025‰ (prómill), út árið 2000 en hækkaði síðan í 0,1‰ (prómill) á árunum 2001–2004 en skyldi þá falla niður (þskj. 1055 á 125. löggjafarþingi).

Með lögum nr. 139/2004 var samhljóða ákvæði tekið upp í lög um skráningu og mat fasteigna. Í athugasemdum með 4. gr. frumvarps til þeirra laga kom fram að eðlilegra þætti að ákvæðið væri í þeim lögum en lögum um brunatryggingar þar sem ákvæði um Landskrá fasteigna og Fasteignamat ríkisins og rekstur þess væru í lögum um skráningu og mat fasteigna. Var í frumvarpinu lagt til að innheimta umsýslugjalds yrði framlengd um fjögur ár, þ.e. árin 2005–2008, þar sem enn þá væri talsvert verk óunnið við Landskrána. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar gerði breytingu á frumvarpinu í þá veru að tímabilið sem ætlunin var að innheimta umsýslugjaldið yrði stytt um tvö ár, þ.e. árin yrðu 2005 og 2006 í stað 2005–2008. Tók meiri hlutinn sérstaklega fram að honum þætti verkefnið merkilegt og mikilvægt en þó yrði að leita leiða til að takmarka þann kostnað við verkið sem fasteignaeigendur bæru einir. Kom fram í áliti meiri hlutans að við lok tímabilsins þyrfti að afla tekna með öðrum hætti, þ.e. frá og með byrjun ársins 2007 (þskj. 573 á 131. löggjafarþingi).

Nú hefur á ný verið mælt fyrir frumvarpi sem fjallar um framlengingu á gjaldtöku umsýslugjalds og því vísað til efnahags- og viðskiptanefndar. Nefndin hefur áður lýst því að hún hafi efasemdir um að rétt sé að fasteignaeigendur beri einir kostnað við Landskrá fasteigna. Hins vegar verður að líta til þess að verkefninu þarf að ljúka og það verður að vinna vel enda mikilvægt að upplýsingar í kerfinu séu réttar. Því leggur nefndin til að gjaldið verði einungis framlengt um eitt ár en ekki tvö eins og kveðið er á um í frumvarpinu.

Meiri hlutinn telur bagalegt að ekki sé sundurliðað hvernig fjármagni til reksturs Fasteignamats ríkisins og stofnkostnaðar sé ráðstafað. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um stofnkostnað og tími starfsmanna er ekki sundurgreindur eftir verkefnum. Nefndin telur að upplýsingar um þessi atriði séu forsenda þess að unnt sé að meta hver kostnaður við rekstur Fasteignamatsins verði að verkefninu loknu.

Meiri hlutinn mælist til þess að starfshópur, sem hefur verið skipaður til að fara yfir núverandi tilhögun, skili tillögum strax á vorþingi þessa þings. Þannig ætti að vera unnt að gera tillögur um breytta fjármögnun í fjárlögum fyrir árið 2008.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU :

Í stað orðanna „á árunum 2007 og 2008“ í 1. málsl. efnismálsgreinar 1. gr. komi: á árinu 2007.

Alþingi, 5. des. 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Birgir Ármannsson.

Ásta Möller. | Sæunn Stefánsdóttir.

# 544. Nefndarálit [357. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti og Bryndísi Kristjánsdóttur frá embætti Skattrannsóknarstjóra ríkisins. Nefndinni bárust einnig umsagnir um málið.

Með frumvarpinu er einkum verið að bregðast við agnúum sem komið hafa í ljós frá því að ný lög um olíugjald og kílómetragjald komu til framkvæmda 1. júlí 2005. Í frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á III. kafla laganna sem fjallar um kæruheimildir, eftirlit og refsiábyrgð og hins vegar er lögð til framlenging á lækkun olíugjalds og skal framlengingin gilda í eitt ár enn. Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að kveðið verði með skýrum hætti á um að sala olíu um borð í varðskip og skip sem notuð eru í atvinnurekstri og skráð 6 metrar eða lengri sé undanþegin olíugjaldi. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á ákvæðum sem snúa að endurákvörðun, refsingum, kæruheimild, málsmeðferð og eftirliti. Stefnt er að því að refsiákvæði verði gagnsærri og beiting þeirra skilvirkari. Í þriðja lagi er lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds verði framlengd.

Með frumvarpinu er verið að skerpa refsiákvæði þannig að þau verði afdráttarlaus og skilyrðislaus en sök var áður óljós og sönnunarbyrði torveld.

Nefndin mælist til þess að gert verði átak í að kynna hlutaðeigandi aðilum gjörbreyttar refsireglur.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ágúst Ólafur Ágústsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu sem lýtur einungis að orðalagi. Lagt er til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðið „ökutækis“ í d-lið 7. gr. falli brott.

Alþingi, 5. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara. |
| Ásta Möller. | | Sæunn Stefánsdóttir. |

# 545. Nefndarálit [374. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti. Nefndinni bárust auk þess umsagnir um málið.

VII. kafli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða fjallar um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Í 36. gr. laganna er kveðið á um að stjórn lífeyrissjóðs skuli móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best séu boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Tilgangur ákvæðisins er að stuðla að því að lífeyrissjóðir nái sem bestri ávöxtun á fé sjóðfélaga sinna og jafnframt að áhættunni sé dreift á eðlilegan hátt.

Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóði heimilt að fjárfesta fyrir allt að 10% af hreinni eign sjóðs í óskráðum verðbréfum en slíkar fjárfestingar eru þó aðeins heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna eru öllum aðgengilegir.

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er lagt til að við 3. mgr. 36. gr. verði bætt ákvæði þess efnis að í þeim tilvikum er bakábyrgðaraðili lífeyrissjóðs greiðir inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. (ríkisvíxlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs) sem ekki eru skráð á skipulegum markaði þá skuli sjóðnum heimilt að eiga þau bréf, óháð framangreindri takmörkun. Er hér um almenna breytingu að ræða og markmið hennar er að bakábyrgðaraðili lífeyrissjóðs geti greitt í sjóðinn. Tilefnið er einkum kaup ríkissjóðs á hlut Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 5. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara. |
| Ásta Möller. | | Sæunn Stefánsdóttir. |

# 546. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/2006, um ársreikninga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Guðbjarnason frá ársreikningaskrá og Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti. Nefndinni hafa auk þess borist umsagnir um málið.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á XII. kafla laga um ársreikninga en í honum eru ákvæði um viðurlög og málsmeðferð. Markmið frumvarpsins er einkum að auka skil ársreikninga til ársreikningaskrár og gera málsmeðferð skilvirkari en þrátt fyrir skýra lagaskyldu þess efnis er ávallt nokkur fjöldi félaga sem hvorki semur ársreikning né skilar honum. Breytingar þær sem lagðar eru til með frumvarpinu eru tvíþættar.

Fyrri breytingin er sú að horft verði til stærðar félags hvað varðar alvöru þess að semja hvorki né skila ársreikningi. Sérstaklega er skilgreint í frumvarpinu hvað teljist minni félög og hvað stærri. Með stærri félögum er átt við félög sem falla undir 1. tölul., 2. tölul. og 2. málsl. 4. tölul. 1. gr. laganna. Undir þessi ákvæði heyra í fyrsta lagi hlutafélög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, svo og dótturfélög innifalin í samstæðureikningsskilum þeirra, í öðru lagi hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, samvinnufélög og samvinnusambönd og gagnkvæm vátryggingaog ábyrgðarfélög ef félögin fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð: að eignir nemi 230 millj. kr., að rekstrartekjur nemi 460 millj. kr. eða að fjöldi ársverka á reikningsári sé 50, og í þriðja lagi sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, sem eru skráð í firmaskrá, ef félögin fara fram úr þeim stærðarmörkum sem gerð var grein fyrir hér framar. Með minni félögum er átt við félög sem heyra undir 3. tölul. eða 1. málsl. 4. mgr. 1. gr. laganna. Þetta eru félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila sem stunda atvinnurekstur og falla ekki undir 1. og 2. tölul., svo og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, sbr. lög nr. 33/1999. Undir þetta heyra einnig sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félagsaðilar þeirra eru eingöngu félög sem talin upp eru í 1.–3. tölul. Með þessari aðgreiningu munu umrædd brot stjórnarmanna og framkvæmdastjóra minni félaga varða sektum en hvað stærri félögin varðar liggur skv. 120. gr. laganna allt að sex ára fangelsi við brotum stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra þeirra.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður sú háttsemi talin meiri háttar brot að framkvæmdastjóri eða stjórnarmenn stærri félaga vanræki að semja eða skila inn ársreikningi eða samstæðureikningi. Einnig mun það teljast meiri háttar brot ef framkvæmdastjóri eða stjórnarmenn einhverra þeirra félaga, sem skilaskyld eru skv. 1. gr. laganna, rangfæra ársreikning eða samstæðureikning, byggja samningu ekki á niðurstöðu bókhalds eða láta rangar eða villandi skýringar fylgja. Hvað minni félög varðar mun sú háttsemi teljast refsiverð ef framkvæmdastjóri eða stjórnarmenn þeirra semja ekki ársreikning eða samstæðureikning, en það telst ekki meiri háttar brot.

Síðari breytingin lýtur að því að ársreikningaskrá, sem hefur það hlutverk að taka á móti, geyma og birta ársreikninga skilaskyldra félaga, verður veitt heimild til að leggja sektir á þau félög sem teljast til minni félaga og vanrækja að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi. Þá getur ársreikningaskrá lagt sektir á öll félög sem eru skilaskyld skv. 1. gr. lag-

anna og skila ekki fullnægjandi upplýsingum eða skýringum með ársreikningi eða samstæðureikningi. Samkvæmt gildandi lögum eru úrræði ársreikningaskrár til að bregðast við vanskilum afar takmörkuð. Samkvæmt b-lið 3. gr. frumvarpsins er um hlutlæga ábyrgð að ræða þar sem heimild til að leggja á sektir er ekki háð því hvort brot verði rakið til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns félags.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson. | Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. |
| Ásta Möller. | | Sæunn Stefánsdóttir. |

## 547. Frumvarp til laga [436. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Við 14. tölul. 3. gr. laganna bætist: þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur.

2. gr.

Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 2. málsl. 16. gr. og 2. málsl. 1. mgr 17. gr. laganna kemur: Samkeppniseftirlitið.

3. gr.

Við 6. mgr. 21. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ef slíkur aðskilnaður er ekki fyrir hendi skal Póst- og fjarskiptastofnun hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 37. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Óheimilt er í samningi að kveða á um lengri binditíma áskrifenda en sex mánuði. Eftir þann tíma er áskrifanda heimilt að segja upp samningi með eins mánaðar fyrirvara. Ákveði áskrifandi að færa viðskipti sín til annars fjarskiptafyrirtækis skal vera tryggt að þjónustuflutningur gangi greiðlega fyrir sig. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett nánari reglur um þjónustuflutning.

5. gr.

Orðin „eftir þjónustu“ í 1. mgr. 38. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fjarskiptafyrirtæki skulu viðhafa ráðstafanir til að stuðla að bættri vernd, virkni og gæðum IP-fjarskiptaþjónustu. Er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að setja reglur um slíkar ráðstafanir þar sem nánar er mælt fyrir um:

a. lágmarksgrunnþjónustu og mismunandi þjónustustig,
b. ákvæði í þjónustusamningum,
c. leiðir er auðvelda mat á gæðum þjónustunnar og verðsamanburð,
d. viðeigandi ráðstafanir í tölvupóstþjónustu og annarri IP-fjarskiptaþjónustu,
e. vernd og stjórnun IP-fjarskiptaneta og IP-umferðar,
f. vernd notendatenginga,
g. ferli við meðhöndlun öryggisatvika og umbætur.

7. gr.

2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu fjarskiptafyrirtæki án samþykkis notanda senda, án endurgjalds, upplýsingar samkvæmt þessari grein, að því marki sem er tæknilega gerlegt, til félaga og stofnana sem annast neyðarþjónustu og eru opinberlega viðurkennd sem slík, þ.m.t. löggæslu-, sjúkraflutninga- og slökkvilið. Notkun upplýsinganna er einungis heimil í þeim tilgangi að staðsetja neyðarsímtöl.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „tölvupósts“ í 1. mgr. kemur: þ.m.t. hvers konar rafrænna skilaboða (SMS og MMS).
b. 5. mgr. orðast svo:

Notendur almennrar tal- og farsímaþjónustu sem liðar í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar hringingar í símanúmer sitt. Áskrifandi á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu til grundvallar.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Verja skal upplýsingar sem fara um fjarskiptanet gegn því að þær glatist, skemmist eða breytist fyrir slysni eða að óviðkomandi fái aðgang að þeim.
b. Á eftir 1. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Fjarskiptafyrirtæki skulu skjalfesta skipulag upplýsingaöryggis með því að setja sér öryggisstefnu, gera áhættumat og ákveða öryggisráðstafanir á grundvelli þess. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum þar sem nánar er mælt fyrir um þær kröfur sem gerðar eru til skipulags upplýsingaöryggis. Skulu reglurnar m.a. kveða á um:

a. hvernig skjalfesta skuli skipulag upplýsingaöryggis,
b. hlítingu við tiltekna staðla,
c. framkvæmd innra eftirlits,
d. helstu öryggisráðstafanir sem viðhafa skal,

e. tilkynningar vegna öryggisrofs,
f. eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar.

Gerðar skulu sérstakar ráðstafanir til að tryggja samfelldan og órofinn rekstur almennra fjarskiptaneta. Póst- og fjarskiptastofnun setur sérstakar reglur um virkni almennra fjarskiptaneta. Skulu reglurnar m.a. kveða á um:

a. gerð skriflegrar neyðaráætlunar,
b. hlítingu við tiltekna staðla,
c. raunlæga vernd almennra fjarskiptaneta,
d. afkastagetu og flæði umferðar um almenn fjarskiptanet,
e. stjórn almennra fjarskiptaneta,
f. virkni tölvupóstkerfa,
g. tilkynningar vegna þjónusturofs,
h. eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar.

Óheimil er hlustun, upptaka, geymsla eða hlerun fjarskipta með öðrum hætti nema hún fari fram með samþykki notanda eða samkvæmt heimild í lögum. Notkun njósnahugbúnaðar, vefhlerunarbúnaðar eða annars slíks búnaðar sem komið er fyrir í endabúnaði notanda til þess að fá aðgang að upplýsingum, safna földum upplýsingum eða fylgjast með athöfnum hans er einungis heimil í lögmætum tilgangi og með vitund hlutaðeigandi notanda.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 3. mgr. bætist: skv. 5. mgr. 74. gr.
b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.
c. 4. mgr. fellur brott.

11. gr.

Í stað orðanna „að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi, bæta við skilyrðum eða beita dagsektum sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið“ í 5. mgr. 74. gr. laganna kemur: að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi eða bæta við skilyrðum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**I. Inngangur.**

Hjá samgönguráðuneytinu hefur verið unnið að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun auk þess sem hagsmunaaðilum hefur verið sent það til umsagnar.

Megintilgangurinn með frumvarpinu er að auka öryggi í fjarskiptum, auka neytendavernd og að styrkja ákvæði laganna er fjalla um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs.

**II. Tillögur nefndar um öryggi fjarskipta.**

Meginbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu byggjast á starfi starfshóps sem samgönguráðherra skipaði í maí 2005 til að fjalla um öryggi fjarskipta. Í starfshópnum sátu Karl

Alvarsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneyti, formaður, Árni Albertsson, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Jóhann Gunnarsson, menntamálaráðuneyti, Guðbjörg Sigurðardóttir, forsætisráðuneyti, Davíð Davíðsson, Hagstofu Íslands, Sigfús Ingi Sigfússon, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Jón Vilberg Guðjónsson, menntamálaráðuneyti, Björn Geirsson, Persónuvernd, og Hörður Halldórsson, Póst- og fjarskiptastofnun. Fulltrúi Hagstofunnar starfaði einungis í fyrstu með hópnum þar sem Þjóðskrá var flutt frá Hagstofunni til dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Þá lét fulltrúi Persónuverndar af störfum hjá stofnuninni en sat fundi og starfaði með hópnum til loka starfsins án þess að nýr væri skipaður.

Starfshópnum var falið að vinna tillögur um öryggi fjarskipta í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið, Auðlindir í allra þágu, og að hafa til hliðsjónar markmið fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010. Markmið starfsins var að einfalda stjórnsýslu og efla öryggi við notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni, sem og þjónustu við borgarana. Verkefni nefndarinnar var m.a. að skoða:

- þær ógnir sem steðja að fjarskiptum og upplýsingatækni með tilliti til rafrænna hryðjuverka og annarra hliðstæðra verka,
- tilfelli þar sem borgararnir verða fyrir áreiti vegna óumbeðins markpósts eða annarra sambærilegra atvika,
- hlutverk stjórnvalda á þessu sviði, og eftir atvikum skilgreina það,
- ákvæði laga er varða hlutverk stjórnvalda og úrræði til þess að framfylgja stjórnvaldsákvörðunum.

Starfshópnum var auk þess falið að skila útfærðum tillögum um verkaskiptingu stofnana ríkisins og koma með ábendingar varðandi þörf á endurskoðun laga vegna samþættingar upplýsingatækni, fjarskipta og fjölmiðlunar. Starfshópurinn skilaði útfærðum tillögum að lagabreytingum í lokaskýrslu sinni *Net- og upplýsingaöryggi – Skýrsla starfshóps samgönguráðherra um öryggi fjarskipta o.fl.* sem nú liggur fyrir í drögum.

Helstu breytingar á lögunum sem lagðar eru til í frumvarpinu og áðurnefndur starfshópur lagði til eru:

- Ákvæði er mælir fyrir um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að skjalfesta hvernig staðið er að net- og upplýsingaöryggi ásamt heimild eftirlitsaðila til að framkvæma öryggisúttektir.
- Bann við að komið sé fyrir hugbúnaði í endabúnaði notanda án samþykkis þeirra.
- Notendur almennrar tal- og farsímaþjónustu sem liðar í markaðssetningu virði bannmerkt símanúmer í símaskrám. Jafnframt kveðið á um rétt viðtakanda til að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu til grundvallar.
- Ákvæði laganna sem fjallar um óumbeðin fjarskipti taki einnig til smáskilaboða (SMS) og að ákvæðið taki ótvírætt til notkunar á farsíma við beina markaðssetningu þegar markpóstur er sendur með smáskilaboðum.

## III. Aðrar breytingar.

*Neytendavernd.*

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði inn í fjarskiptalögin ákvæði sem er ætlað að styrkja neytendavernd. Þar er lagt til að kveðið verði á um sex mánaða hámarksbinditíma sem heimilt verði að semja um í samningi milli fjarskiptafyrirtækis og áskrifenda. Tilgangur þess er að liðka fyrir samkeppni og auka neytendavernd. Þá er ákvæði laganna er kveður á um rétt áskrifenda talsímaþjónustu til að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða breytt til samræmis við túlkun Evrópudómstólsins á þeim rétti.

Einnig er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun verði heimilað að setja nánari reglur um vernd, virkni og gæði IP-fjarskiptaþjónustu. Með slíkum reglum er stuðlað að bættri þjónustu í upplýsingasamfélaginu og neytendum m.a. gert auðveldara að meta gæði netþjónustunnar og verðsamanburð. Notkun internetsins er þegar orðin almenn hér á landi og er IP-fjarskiptaþjónusta, svo sem notkun tölvupósts, orðin almenningi nauðsynleg í upplýsingasamfélagi nútímans. Hins vegar er ljóst að hinn almenni neytandi er hvorki í þeirri aðstöðu né býr hann yfir nauðsynlegri tækniþekkingu til að fylgjast með gæðum og öryggi þeirrar þjónustu sem hann kaupir. Út frá sjónarmiðum um neytendavernd er því nauðsynlegt að gera kröfu til fjarskiptafyrirtækja um að þau viðhafi ráðstafanir sem stuðla að bættri vernd, virkni og gæðum IP-fjarskiptaþjónustu.

*Alþjónusta.*

Lagt er til að bætt verði við lögin ákvæði er kveður á um skyldu Póst- og fjarskiptastofnunar til að hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag vegna alþjónustu ef sá þáttur starfseminnar er ekki bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi fjarskiptafyrirtækis. Við afgreiðslu á umsóknum um framlag úr jöfnunarsjóði getur það kostað mikla vinnu að yfirfara upplýsingar frá umsækjendum. Skortur á aðgreiningu dregur úr möguleikum á að komast að nákvæmri niðurstöðu um rekstrarafkomu þeirrar þjónustu sem sótt er um framlag fyrir. Það þykir eðlilegt að fjarskiptafyrirtæki sem sækir um framlag verði látið bera hallann af því að bókhald þess gefi ekki nægilega glögga mynd af afkomu viðkomandi þjónustu og því er lagt til að skýrt verði kveðið á um að hafna beri umsóknum frá fyrirtækjum sem ekki fullnægja reglum um bókhaldslegan aðskilnað alþjónustu.

*Dagsektir.*

Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á ákvæðum laganna er fjalla um dagsektir. Með þessum breytingum er aðallega verið að samræma ákvæði laganna er fjalla um dagsektir og ákvæði laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, er fjalla um sama efni.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 14. tölul. 3. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, er hugtakið fjarskiptaþjónusta skilgreint nokkuð rúmt, þ.e. þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet. Hins vegar hefur verið lögð nokkuð þrengri merking í hugtakið en orðalag þess gefur beinlínis tilefni til. Í framkvæmd hefur internet-þjónusta þannig ekki verið álitin falla undir hugtakið fjarskiptaþjónusta. Sú framkvæmd er á hinn bóginn ekki í fullu samræmi við rammatilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/21/EB, en þar er gert ráð fyrir að tölvupóstþjónusta og netaðgangur falli undir gildissvið tilskipunarinnar, sbr 10. gr. formálsorða hennar. Með netaðgangi er átt við aðgang að internetinu og öðrum almennum IP-netum sem standa almenningi til boða. Í ljósi þess að með frumvarpi þessu er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun verði heimilað að setja reglur um öryggi fjarskiptaþjónustu, sem eiga m.a. að ná til internet-þjónustu, þykir rétt að taka af allan vafa um að tölvupóstþjónusta og netaðgangur teljist jafnframt til fjarskiptaþjónustu.

Þessi breyting mun jafnframt hafa í för með sér að stofn sá sem rekstrargjaldið er reiknað út frá mun einnig ná til þeirrar þjónustu sem nú er almennt kölluð internet-þjónusta.

Um 2. gr.

Ný samkeppnislög voru samþykkt á Alþingi 11. maí 2005, sbr. lög nr. 44/2005. Með þeim lögum var kveðið á um nýja skipan í stjórnsýslu samkeppnismála. Þannig tók samkeppniseftirlitið við hluta af verkefnum Samkeppnisstofnunar. Breyting sem hér er lögð til er að færa fjarskiptalög til samræmis við breytta skipan samkeppnismála, sbr. lög nr. 44/2005.

Um 3. gr.

Hér er Póst- og fjarskiptastofnun gert skylt að hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag ef sá þáttur starfseminnar sem háður er fjárframlögum skv. 21. gr. laganna er ekki bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi fjarskiptafyrirtækisins.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að kveðið verði á um hámarksbinditíma sem heimilt verði að semja um í samningi milli fjarskiptafyrirtækis og áskrifanda. Eins er lagt til að áskrifendur geti ávallt að skaðlausu sagt upp samningi með eins mánaðar fyrirvara að loknum hugsanlegum binditíma. Til þess að fjarskiptafyrirtæki geti stundað virka samkeppni um viðskiptavini er enn fremur mikilvægt að þjónustuflutningur gangi greiðlega fyrir sig. Er því lagt til að fjarskiptafyrirtækjum verði gert skylt að tryggja að þjónustuflutningur á milli þeirra gangi snurðulaust fyrir sig. Er hér fyrst og fremst um að ræða internetþjónustu þar sem sérstakar reglur gilda um númeraflutning í talsímaþjónustu skv. 52. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun sé heimilt að setja nánari reglur í þessu sambandi.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. 38. gr. núgildandi fjarskiptalaga, nr. 81/2003, er kveðið á um að áskrifendur talsímaþjónustu eigi rétt á að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða eftir þjónustu og skulu áskrifendur alþjónustu eiga rétt á slíkum reikningum án þess að greiðsla komi fyrir. Í ákvæðinu er verið að innleiða 2. tölul. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu. Hún á að tryggja að tilnefnd fyrirtæki, sem hafa skyldum að gegna samkvæmt tilskipuninni, bjóði fram tiltekna aðstöðu og þjónustu sem um getur í A-hluta I. viðauka tilskipunarinnar í því skyni að áskrifendur geti fylgst með og stjórnað útgjöldum og komið í veg fyrir óréttmæta aftengingu þjónustunnar. Í A-hluta I. viðauka tilskipunarinnar þar sem fjallað er m.a. um sundurliðun reikninga er kveðið á um að aðildarríkjum beri að tryggja að innlent stjórnvald geti, með fyrirvara um kröfur viðeigandi löggjafar um verndun persónuupplýsinga og einkalífs, mælt fyrir um grunnstig sundurliðaðra reikninga sem tilnefndum fyrirtækjum ber að veita neytendum ókeypis svo að þeir geti sannprófað og stjórnað gjöldum sem þeir stofna til vegna notkunar á almenna talsímanetinu og fylgst með notkun og útgjöldum með fullnægjandi hætti og þar með haft að nokkru leyti stjórn á reikningum sínum. Samkvæmt viðaukanum er heimilt, eftir því sem við á, að bjóða áskrifendum frekari sundurliðun gegn sanngjörnu gjaldi eða endurgjaldslaust.

Ákvæði tilskipunarinnar og viðaukans hefur verið skilin svo hér á landi að þar sem mælt er fyrir um grunnstig sundurliðaðra reikninga sem veita ber neytendum ókeypis sé það gert með hliðsjón af þeim upplýsingum sem notendur fái um afnotagjöld sín af símanotkun, þ.e. hlutfallslegan kostnað við símanotkun, borið saman við aðra þjónustu, og að þannig geti þeir stjórnað útgjöldum sínum. Þá hefur verið litið svo á að þar sem kveðið er á um að heimilt sé að bjóða áskrifendum frekari sundurliðun, gegn sanngjörnu gjaldi eða endurgjaldslaust, hafi

ekki verið til að dreifa frekari sundurliðun en eftir símanúmerum (hástig sundurliðunar). Í þessu felist að áskrifendur skuli eiga rétt á reikningum fyrir fjarskiptaþjónustu sundurliðuðum eftir tegund þjónustu þeim að kostnaðarlausu og að sundurliðun eftir símanúmerum sé frekari sundurliðun gegn gjaldi.

Túlkun á ákvæði tilskipunarinnar hefur verið umdeild en í dómi Evrópudómstólsins í máli 411/02 komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að sundurliðun eftir þjónustu (type of charge) sé ekki nægjanleg til þess að neytandinn geti sannprófað og stjórnað notkun sinni. Því er lögð til breyting á ákvæðinu til samræmis við niðurstöðu dómsins. Þannig munu neytendur eiga rétt á að fá sundurliðaðan lista allra símtala svo að þeir geti sannprófað hvort símareikningur þeirra sé í samræmi við raunverulega notkun.

Um 6. gr.

Kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki skuli viðhafa ráðstafanir til að stuðla að bættri vernd, virkni og gæðum IP-fjarskiptaþjónustu og undirliggjandi IP-fjarskiptaneta. Lagt er til að Póst- og fjarskiptastofnun verði heimilt að setja reglur um slíkar ráðstafanir.

Um 7. gr.

Ljóst er að staðsetning á uppruna neyðarsímtala er afar brýn forsenda fyrir skilvirkri og viðbragðsfljótri neyðarþjónustu. Hefur því verið fyrir hendi sérstök undanþáguheimild fyrir fjarskiptafyrirtæki til þess að miðla staðsetningarupplýsingum til félaga og stofnana sem annast neyðarþjónustu, sbr. 2. mgr. í gildandi lögum. Fjarskiptafyrirtæki sem veita hefðbundna símaþjónustu í fasta- og farsímanetum miðla þessum upplýsingum í dag til Neyðarlínunnar á grundvelli samkomulags við hana. Í ljósi reynslunnar af því hversu mikilvægar upplýsingarnar hafa reynst Neyðarlínunni þykir hins vegar vera rétt að gera sjálfkrafa (push-mode) miðlun þeirra að skyldu þegar um er að ræða félög og stofnanir sem annast neyðarþjónustu. Er þetta í samræmi við heimild í alþjónustutilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/22/EB, sbr. 3. mgr. 26. gr. hennar. Samkvæmt tilskipuninni skal slík skylda hins vegar aðeins ná að því marki sem er tæknilega gerlegt og hindrar ekki tilkomu nýrrar tækni. Mun líklega reyna á þessa takmörkun á skyldunni að því er varðar netsímaþjónustu. Er þá horft til þess að ekki eru fyrir hendi tæknilegar lausnir til að staðsetja símtöl sem fara um IP-staðal. Erlendis er unnið að þróun slíkrar tækni og má búast við að Póst- og fjarskiptastofnun muni beita sér fyrir innleiðingu hennar hérlendis þegar viðunandi lausn hefur verið fundin. Jafnframt er kveðið á um að þjónustan verði án endurgjalds.

Um 8. gr.

Síðustu missiri hefur borið á því að rafræn skilaboð (svo sem SMS og MMS) hafi verið notuð til að kynna vörur og þjónustu. Víða erlendis hefur þessi aðferð við markaðssetningu verið talsvert mikið notuð. Má því búast við að þessi aðferð verði í vaxandi mæli notuð til þess að koma á framfæri auglýsingum við neytendur hér á landi. Samkvæmt skýringu í 40. gr. formálsorða tilskipunar nr. 2002/58/EB ber að líta á smáskilaboð sem sömu tegund fjarskiptasendinga og kveðið er á um í núgildandi ákvæði 1. mgr. 46 gr. laganna, þ.e. notkun sjálfvirkra uppkallskerfa, símbréfa eða tölvupósts. Með tilliti til þessa, sem og með hliðsjón af auknu forvarnargildi og neytendavernd, þykir vera ástæða til þess að geta einnig þessarar tegundar fjarskiptasendingar í ákvæðinu.

Í b-lið er lagt til að orðlag ákvæðisins verði rýmkað þannig að það nái einnig til farsímanotenda. Í gildandi lögum takmarkast ákvæðið við notendur almennrar talsímaþjónustu, en

samkvæmt skilgreiningu í 2. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga nær það hugtak ekki til farsímaþjónustu. Þá er lögð til ný málsgrein þar sem fram kemur að áskrifandi á rétt á að vita hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu til grundvallar.

Um. 9. gr.

Fjarskiptaleynd til verndar friðhelgi einkalífs er mikilvægur þáttur í öryggi fjarskiptaþjónustu. Þykir því rétt að setja ítarlegri reglur um þær kröfur sem eðlilega verður að gera til öryggis fjarskipta.

Í a-lið greinarinnar er kveðið á um það með ótvíræðum hætti að fjarskiptafyrirtæki skuli verja upplýsingar, sem fara um fjarskiptanet þeirra, gegn því að þær glatist, skemmist eða breytist fyrir slysni eða að óviðkomandi fái aðgang að þeim. Er hér átt við inntak upplýsingaöryggis sem felst í því að tryggja leynd upplýsinga, lögmætan aðgang að þeim, aðgengi þeirra og réttleika. Í þessu sambandi er rétt að leggja til grundvallar rúma skilgreiningu á hugtakinu upplýsingar. Er því ekki eingöngu átt við persónuupplýsingar heldur einnig þau gögn sem teljast til fjarskipta, þ.e. hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.

Í 1. mgr. b-liðar greinarinnar er gerð sú krafa að fjarskiptafyrirtæki skjalfesti skipulag upplýsingaöryggis. Til þess að unnt sé að meta gæði upplýsingaöryggis er nauðsynlegt að fyrir liggi skrifleg lýsing á fyrirkomulagi þess samkvæmt ákveðinni aðferð. Er þannig gert ráð fyrir að stjórnendur fjarskiptafyrirtækja móti sér öryggisstefnu þar sem fram komi afstaða þeirra til upplýsingavinnslunnar ásamt helstu áherslum í tengslum við öryggi hennar. Í áhættumati skal skilgreina þær hættur sem steðja að öryggi fjarskipta, meta líkindi þess að slíkar hættur verði að veruleika og afmarka umfang hugsanlegs tjóns af völdum þeirra. Til þess að draga úr eða mögulega sporna við slíkum hættum skal skjalfesta til hvaða öryggisráðstafana verður gripið. Er hér átt við tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir sem ná skulu jafnt til innra og ytra öryggis í rekstri fjarskiptafyrirtækja. Eðlilegt er að slíkar ráðstafanir tryggi nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, að teknu tilliti til nýjustu tækni og kostnaðar við framkvæmd þeirra. Með ákvæðinu er Póst- og fjarskiptastofnun falið að setja nánari reglur um skipulag upplýsingaöryggis. Í a-lið ákvæðisins er gert ráð fyrir að stofnunin veiti nánari fyrirmæli um hvernig skuli staðið að skjalfestingu upplýsingaöryggis. Skv. b-lið skal Póst- og fjarskiptastofnun móta reglur um það í hvaða tilvikum fjarskiptafyrirtæki þurfi að sýna fram á hlítingu við tiltekna staðla, einkum ISO 27001:2005 Upplýsingatækni – Öryggistækni – Stjórnkerfi upplýsingaöryggis – Kröfur. Skv. c-lið ber stofnuninni að setja nánari reglur um framkvæmd innra eftirlits. Sú forvörn sem felst í reglubundnu innra eftirliti er án vafa einn mikilvægasti þáttur í öflugu skipulagi upplýsingaöryggis. Í d-lið er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun kveði á um helstu öryggisráðstafanir sem ber að viðhafa til að tryggja upplýsingaöryggi. Ekki ber að líta svo á að reglurnar komi til með að veita tæmandi upptalningu á öllum þeim öryggisráðstöfunum sem til greina kemur að beita. Þá er kveðið á um í e-lið að reglurnar skuli innihalda reglur um hvernig staðið skuli að tilkynningum vegna öryggisrofs. Skv. f-lið skulu reglurnar mæla fyrir um eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar, svo sem aðgang að gögnum, tilkynningarskyldu og framkvæmd öryggisúttekta, eftir atvikum, með aðstoð sjálfstætt starfandi sérfræðinga á sviði upplýsingaöryggis.

Í 2. mgr. b-liðar greinarinnar er kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki skuli gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja samfelldan og órofinn rekstur almennra fjarskiptaneta. Er hér um

að ræða mjög mikilvægan þátt í fjarskiptaþjónustu sem lýtur í senn að gæðum þjónustunnar og öryggi fjarskipta. Þær ráðstafanir sem hér koma til álita eru flestar skipulagslegs og tæknilegs eðlis og lúta m.a. að varaleiðum, burðargetu kerfa, stjórn þeirra og ytra umhverfi. Gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun setji sérstakar reglur um virkni almennra fjarskiptaneta. Skv. a-lið er gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki móti sér sérstaka neyðaráætlun. Verði fjarskiptanet fyrir áföllum er mikilvægt að fyrir liggi með hvaða hætti fjarskiptafyrirtæki hyggist endurræsa óvirk net, koma á varasamböndum og eftir atvikum að endurheimta upplýsingar sem kunna að hafa misfarist eða skemmst. Skv. b-lið er ætlast til að Póst- og fjarskiptastofnun mæli fyrir um að fjarskiptafyrirtæki fari eftir stöðlum eftir því sem við á. Með raunlægri vernd, sbr. c-lið ákvæðisins, er átt við þær ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja öryggi rýma sem hýsa fjarskiptavirki. Skv. d-lið er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur um afkastagetu og flæði umferðar um almenn fjarskiptanet. Er hér um að ræða ráðstafanir er lúta að vara- og aukaleiðum og burðargetu neta. Skv. e-lið skulu reglurnar lúta að stjórn almennra fjarskiptaneta. Með þessu er m.a. átt við stýringu þjónustugæða, stjórnun umferðarstýringar og viðhald fjarskiptakerfa. Í f-lið er gert ráð fyrir að settar verði reglur um virkni tölvupóstkerfa. Um er að ræða ýmsar ráðstafanir til að tryggja greiða og örugga umferð tölvupósts. Varðandi g- og h-lið vísast til athugasemda við e- og f-lið 1. mgr. hér á undan.

Í 1. málsl. 3. mgr. b-liðar 11. gr. er kveðið á um bann við hlustun, upptöku, geymslu eða hlerun fjarskipta með öðrum hætti. Í gildandi ákvæði 47. gr. fjarskiptalaga er ekki að finna slíka bannreglu samkvæmt orðanna hljóðan. Fjallar ákvæðið um skyldu þjónustuveitenda til að upplýsa notendur ef leynd fjarskipta á tilteknu neti er rofin. Enn fremur segir að óheimilt sé að veita aðgang að slíkum upplýsingum án dómsúrskurðar. Slíkt bann hlýtur fyrst og fremst að beinast að starfsmönnum fjarskiptafyrirtækja. Af öllu samhengi ákvæðisins hefur þó mátt ráða að trúnaður og leynd skuli ríkja um fjarskiptaupplýsingar, sbr. lokamálsgrein þess. Er þar m.a. vikið að hlustun símtals fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar. Hefur því mátt ályktа út frá gildandi ákvæði 47. gr. fjarskiptalaga að almennt væri óheimilt að hlusta á samtöl sem fara um fjarskiptasambönd (hlera) án sérstakrar heimildar, þ.e. samþykki viðkomandi einstaklinga eða dómsúrskurði. Hins vegar þykir vera tilefni til að taka af allan vafa þar að lútandi og lögfesta bannregluna berum orðum. Er bannreglan orðuð með nokkuð rúmum hætti og undir hana falla t.d. tilvik eins og óheimil endurvörpun fjarskipta. Fyrirmynd að ákvæði frumvarpsins er að finna í 5. gr. tilskipunar nr. 2002/58/EB. Skv. 2. málsl. frumvarpsákvæðisins er kveðið á um bann við notkun búnaðar sem komið er fyrir í endabúnaði notanda til þess að fá aðgang að upplýsingum, safna földum upplýsingum eða fylgjast með athöfnum hans. Eins og bent er á í 25. gr. formálsorða tilskipunarinnar verður hins vegar að hafa í huga að slíkur búnaður, t.d. svokölluð smygildi (e. cookies), getur verið lögmætt og nytsamlegt tól. Sé búnaður ætlaður til slíkra lögmætra nota er nauðsynlegt að notandi endabúnaðar sé upplýstur um tilgang vinnslunnar og veiti samþykki sitt fyrir henni.

Um 10. gr.

Í gildandi fjarskiptalögum varðar efni 73. gr. fyrst og fremst heimild til rekstarstöðvunar. Er þar fjallað um skilyrði þess að taka ákvörðun um rekstrarstöðvun vegna brota fjarskiptafyrirtækja á fjarskiptalögum og málsmeðferð þar að lútandi. Hins vegar er í ákvæðinu einnig fjallað um beitingu dagsekta annars vegar í þeim tilvikum þegar fjarskiptafyrirtæki lætur ekki af broti sínu, sbr. 3. mgr., og hins vegar þegar knýja þarf á um afhendingu tiltekinna upplýsinga, sbr. 4. mgr. Ljóst er að sú málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. ákvæðisins, eink-

um að gefa skuli fjarskiptafyrirtæki eins mánaðar frest til þess að lagfæra brot sitt, á ekki alls kostar við þegar um er að ræða þvingunarúrræði á borð við dagsektir. Þegar slíku úrræði er beitt er verið að knýja á um að stjórnvaldsákvörðun eða dómsúrskurði sé fylgt eftir. Verður að telja óeðlilegt að veita þurfi fjarskiptafyrirtæki eins mánaðar frest til að verða við slíkum ákvörðunum. Í mörgum tilfellum getur verið afar brýnt að stjórnvaldsákvörðun sé fylgt eftir þegar í stað, svo sem þegar Póst- og fjarskiptastofnun hefur tekið bráðabirgðaákvörðun að uppfylltum lagaskilyrðum skv. 11. gr. laga nr. 69/2003. Er því ljóst að sú málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 73. gr. á fyrst og fremst við þegar Póst- og fjarskiptastofnun hyggst stöðva rekstur fjarskiptafyrirtækis eða afturkalla réttindi þess tímabundið eða varanlega, enda um meira íþyngjandi úrræði að ræða. Því er lagt til í þessu ákvæði frumvarpsins að þau ákvæði 73. gr. fjarskiptalaga sem varða dagsektir verði felld brott. Er þá jafnframt horft til þess að um dagsektir er einnig fjallað í 12. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Hefur það ákvæði ekki að öllu leyti verið samhljóða dagsektarákvæðum í 73. og 74. gr. fjarskiptalaga. Með því að fella brott ákvæði um dagsektir í fjarskiptalögum er höggvið á það misræmi. Um leið er ljóst að gera þurfi breytingar á nefndu ákvæði í 12. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Um 11. gr.

Sjá skýringar við 10. gr.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti.**

Markmiðið með frumvarpinu er að auka öryggi í fjarskiptum, auka neytendavernd og styrkja ákvæði laganna er fjalla um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs. Helstu breytingarnar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi er aukið við skilgreiningu á því hvað fellur undir hugtakið fjarskiptaþjónusta. Í öðru lagi er lagt til að skylda fjarskiptafyrirtæki til að skjalfesta hvernig staðið er að net- og upplýsingaöryggi. Í þriðja lagi er lagt til að bannað verði að koma fyrir hugbúnaði í endabúnaði notenda án samþykkis þeirra. Í fjórða lagi er lagt til að óumbeðin fjarskipti taki einnig til smáskilaboða. Í fimmta lagi er lagt til að bætt verði inn í fjarskiptalögin ýmsum ákvæðum um neytendavernd, m.a. um að kveðið verði á um sex mánaða hámarks binditíma sem heimilt verði að semja um.

Áætlað er að kostnaðaraukning Póst- og fjarskiptastofnunar vegna frumvarpsins verði um 21 m.kr. á ársgrundvelli. Í kostnaðinum felst ráðning tveggja sérfræðinga og úttektir á vegum stofnunarinnar. Á móti kemur að breytt skilgreining á fjarskiptaþjónustu breikkar gjaldstofn rekstrargjalds og er áætlað að tekjur stofnunarinnar af rekstrargjaldi hækki um 4,5 m.kr. Gert er ráð fyrir því að kostnaði umfram tekjur verði að fullu mætt innan útgjaldaramma samgönguráðuneytisins með hagræðingu innan gjaldaramma Póst- og fjarskiptastofnunar.

# 548. Frumvarp til vegalaga. [437. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Almenn ákvæði.

### 1. gr.
*Markmið.*

Markmið laga þessara er að setja reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum.

### 2. gr.
*Gildissvið.*

Ákvæði laganna gilda um vegi sem ætlaðir eru til umferðar ökutækja og veghald þeirra. Ákvæði laganna gilda einnig eftir því sem við getur átt um vegi og stíga sem ætlaðir eru til annarrar umferðar.

### 3. gr.
*Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Býli:* Íbúðarhúsnæði þar sem föst búseta er og skráð lögheimili.
2. *Notkunargjald:* Gjald sem greitt er fyrir notkun vega, t.d. mælt eftir eknum km, tíma dagsins, stærð ökutækis eða umhverfisáhrifum.
3. *Umferðaröryggisstjórnun vega:* Aðferðir til að auka umferðaröryggi, svo sem umferðaröryggismat, umferðaröryggisrýni, lagfæring slysastaða og umferðaröryggisúttekt.
4. *Veggjald:* Gjald sem greitt er fyrir rétt til að nota tiltekinn veg eða vegarkafla, á tilteknum tíma í tiltekin skipti.
5. *Veghald:* Forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega.
6. *Veghaldari:* Sá aðili sem hefur veghald vegar.
7. *Vegtengigjald:* Gjald sem veghaldari getur lagt á fasteignareiganda vegna lagningar héraðsvegar að býli eða atvinnustarfsemi.
8. *Vegur:* Akbraut, sem er sá hluti vegar sem er fyrst og fremst ætlaður fyrir umferð ökutækja, öll önnur mannvirki og vegsvæði sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.
9. *Þéttbýli:* Svæði sem fellur undir skilgreiningu þéttbýlis samkvæmt skipulagslögum.

## II. KAFLI
## Stjórn vegamála.

### 4. gr.
*Yfirstjórn vegamála.*

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn vegamála. Vegagerðin annast þátt ríkisins samkvæmt lögum þessum og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra, nema annað sé ákveðið í lögunum. Til að stjórna framkvæmdum í vegamálum skipar ráðherra vegamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Vegagerðinni forstöðu.

Vegagerðin skal við framkvæmd vegamála leitast við að bjóða út alla hönnun, nýbyggingar, viðhald, þjónustu og eftirlit.

5. gr.
*Vegagerðin.*

Helstu verkefni Vegagerðarinnar eru sem hér segir:

a. Veghald þjóðvega.
b. Aðstoð við ráðherra við mótun og framkvæmd stefnu stjórnvalda í samgöngumálum.
c. Vinna í samræmi við markmið samgönguáætlunar hverju sinni.
d. Skipting fjárveitinga til annarra vega en þjóðvega sem ætlaðir eru til almennrar umferðar og kostaðir eru af fé ríkisins, allt eftir nánari staðfestingu ráðherra.
e. Umsjón með rannsóknum og þróun á sviði vegamála.
f. Rekstur ferja og flóabáta sem koma í stað þjóðvegasambands.
g. Umsjón og eftirlit með útboðum á almenningssamgöngum sem njóta ríkisstyrkja.
h. Umsjón með leyfisskyldri starfsemi samkvæmt öðrum lögum.

Vegagerðinni er heimilt, með samþykki samgönguráðherra, að stofna félag eða félög sem hafa það hlutverk að sinna framkvæmda- og þjónustuverkefnum stofnunarinnar.

Vegagerðin fer með önnur verkefni sem leiða af lögum þessum og öðrum lögum.

Ráðherra skal kveða nánar á um verkefni og verksvið Vegagerðarinnar með reglugerð.

## III. KAFLI
## **Flokkun vega.**

6. gr.
*Vegakerfi.*

Vegakerfi landsins skiptist í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins.

7. gr.
*Vegaskrá.*

Vegagerðin sér um gerð vegaskrár, sem er skrá yfir þjóðvegi.

Vegagerðinni er heimilt, telji hún ástæðu til, að halda skrá yfir aðra vegi í náttúru Íslands þar sem umferð er takmörkuð eða árstíðabundin. Slík skrá skal gerð í samráði við Umhverfisstofnun og sveitarfélög. Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna vega samkvæmt þessari málsgrein.

8. gr.
*Þjóðvegir.*

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá.

Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

a. *Stofnvegir* eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.

b. *Tengivegir* eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgörðum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.
c. *Héraðsvegir* eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Héraðsvegur skal aldrei ná nær framangreindum stöðum en 50 m ef hann endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.
d. *Landsvegir* eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

9. gr.

*Sveitarfélagsvegir.*

Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr., eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar.

10. gr.

*Almennir stígar.*

Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga.

Ákvæði laganna um vegi gilda einnig um almenna stíga eftir því sem við á.

11. gr.

*Einkavegir.*

Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila.

## IV. KAFLI
## **Veghald.**

12. gr.

*Almennt.*

Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiða af gildandi lögum á hverjum tíma.

13. gr.

*Veghaldarar.*

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega. Sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega.

Eigendur einkavega hafa veghald þeirra.

14. gr.

*Framsal veghalds þjóðvega.*

Vegamálastjóra er heimilt að fela sveitarstjórn veghald héraðsvega innan sveitarfélagsins, óski viðkomandi sveitarfélag eftir því. Fjárveitingar sem ráðstafa skal til þessara vega skv. 19. gr. renna óskertar til sveitarfélags sem tekur að sér veghald samkvæmt þessu ákvæði.

Vegamálastjóra er jafnframt heimilt að fela einstaklingi, fyrirtæki, sveitarstjórn, stofnun eða samtökum þessara aðila veghald einstakra vegarkafla þjóðvega að nokkru eða öllu leyti.

Um veghald skv. 1. og 2. mgr. skal gerður þjónustusamningur þar sem nánar skal kveðið á um skyldur veghaldara, þjónustustig, rétt til endurgjalds og annað sem málið varðar.

15. gr.

*Eftirlit með veghaldi.*

Vegagerðin hefur eftirlit með því að veghaldi allra vega sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og kostaðir eru af fé ríkisins sé sinnt í samræmi við ákvæði laga þessara og skal hlutast til um úrbætur ef út af bregður. Telji Vegagerðin að umferð stafi hætta af skal gera lögreglu viðvart.

Nú er gerður þjónustusamningur um veghald skv. 3. mgr. 14. gr. og skal þá Vegagerðin hafa eftirlit með að veghald vega sem um er að ræða sé framkvæmt í samræmi við samninginn. Sé um vanrækslu að ræða að mati Vegagerðarinnar skal hún gefa veghaldara fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests. Ef umbætur eru ekki gerðar í samræmi við fyrirmæli getur Vegagerðin látið framkvæma þær á kostnað veghaldara og/eða rift samningi við hann.

Innan Vegagerðarinnar skal vera starfrækt óháð deild sem heyrir beint undir vegamálastjóra og skal sjá um innra eftirlit með veghaldi stofnunarinnar, þ.m.t. umferðaröryggi vega.

Ef viðkomandi lögreglustjóri telur vegi, viðhaldi eða merkingu vegar, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, svo áfátt að hætta geti stafað af getur hann gefið veghaldara fyrirmæli um að gera úrbætur á veginum og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn þar til úrbætur hafa verið gerðar.

## V. KAFLI

## **Vegáætlun og fjármögnun vega.**

16. gr.

*Vegáætlun.*

Með vegáætlun samkvæmt lögum þessum er átt við vegáætlunarkafla samgönguáætlunar samkvæmt lögum um samgönguáætlun.

Í vegáætlun skal gerð grein fyrir fjáröflun til vegamála og útgjöld sundurliðuð á einstakar framkvæmdir, rekstur, þjónustu og viðhald eftir því sem við á í samræmi við uppsetningu samgönguáætlunar.

Við skiptingu fjárveitinga skal höfð hliðsjón af gerð vega, ástandi þeirra, notkun eða lengd eftir því sem við getur átt hverju sinni.

Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma samgönguáætlunar á sama hátt og að framan getur.

17. gr.

*Gjaldtaka af umferð.*

Heimilt er að ákveða í samgönguáætlun að veghald einstakra vegarkafla þjóðvega skuli kostað að hluta eða öllu leyti með veggjaldi af umferð eða með notkunargjaldi.

Gjaldtaka af umferð skal miðast við að standa straum af byggingarkostnaði, viðhaldi, rekstri, þróun og eðlilegum afrakstri af fjárfestingu vega.

Heimilt er einnig að byggja gjaldtöku á sjónarmiðum um vernd umhverfis, umferðaröryggi og stýringu umferðar, svo sem til að jafna álagi á einstök vegamannvirki til að greiða fyrir umferð eða til að draga úr sliti vega.

Gjaldtöku má ekki haga með þeim hætti að raski jafnræði þeirra sem nota mannvirkin.

Óheimilt er að leggja á samtímis veggjald og notkunargjald fyrir notkun tiltekins mannvirkis. Heimilt er þó að leggja á gjald fyrir notkun jarðganga og brúa samhliða notkunargjaldi á aðlæga vegi. Gjaldtaka samkvæmt ákvæði þessu skal vera samkvæmt gjaldskrá sem samþykkt skal af ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Ráðherra setur nánari reglur um gjaldtöku af umferð samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal reglur um starfsemi og búnað sem notaður er við rafræna gjaldtöku. Ráðherra setur jafnframt reglur um hvernig upplýsingaöflun um útgjöld vegna samgöngumannvirkja skuli háttað.

18. gr.

*Kostnaður vegna þjóðvega í þéttbýli.*

Þar sem þjóðvegur liggur um þéttbýli skal við það miðað við gerð vegarins að til vegagerðarkostnaðar teljist aðeins sá kostnaður sem til fellur vegarins vegna, en þann kostnað sem sérstaklega er til kominn vegna þéttbýlisins, svo sem við holræsi, færslur á lögnum, almenna stíga skv. 10. gr. og annað því tengt, greiði viðkomandi sveitarfélag.

Kostnaði við mannvirki sem nauðsynlegt er að setja við veg til að skýla byggð fyrir umferðarhávaða skal skipta sem hér segir:

a. ef um er að ræða lagningu nýs þjóðvegar um svæði þar sem byggð hefur þegar verið skipulögð og vegi er valinn staður að ósk Vegagerðarinnar ber stofnunin allan kostnað,
b. ef byggð er skipulögð að þjóðvegi, sem fyrir er eða ákveðinn hefur verið á staðfestu skipulagi samtímis eða áður en byggð er skipulögð, og þegar vegi er valinn staður við byggð sem fyrir er að ósk sveitarfélags ber sveitarfélag allan kostnað,
c. ef umferð um veg hefur aukist verulega umfram það sem gert var ráð fyrir þegar skipulag var staðfest eða þegar af öðrum ástæðum mátti ekki reikna með að umferðarhávaði yrði yfir leyfilegu hámarki bera Vegagerðin og sveitarfélög kostnaðinn að jöfnu,
d. í öðrum tilvikum geta Vegagerðin og sveitarfélög sameiginlega ákveðið skiptingu kostnaðar.

Þegar umferð um tiltekinn veg eykst verulega frá því sem var er heimilt að skipta kostnaði vegna bætts umferðaröryggis milli viðkomandi sveitarfélags og Vegagerðarinnar.

19. gr.

*Fjárveitingar til héraðsvega.*

Heildarfjárveitingar til héraðsvega skulu ákveðnar í vegáætlun. Vegagerðin skiptir fjárveitingum milli sveitarfélaga í samræmi við reglur sem ráðherra setur.

20. gr.

*Vegtengigjald.*

Til að standa straum af lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði er veghaldara heimilt að leggja á vegtengigjald til að standa straum af kostnaði við lagningu vegarins.

Um fjárhæð, álagningu og innheimtu vegtengigjaldsins fer samkvæmt lögum um gatnagerðargjald.

21. gr.

*Fjárveitingar til landsvega.*

Ráðherra ákveður skiptingu framlags til landsvega að fengnum tillögum vegamálastjóra.

22. gr.

*Ferjur sem kostaðar eru af fjárveitingum til vegamála.*

Í samgönguáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu vegna kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg að minnsta kosti hluta úr ári. Á sama hátt er heimilt að ákveða fjárveitingu til greiðslu hluta kostnaðar við ferjur sem eru mikilvægar fyrir ferðaþjónustu.

Einnig er heimilt að greiða hluta kostnaðar við bryggjur fyrir slíkar ferjur að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands.

Vegagerðinni er heimilt að kaupa, eiga og hafa umsjón með ferjum og flóabátum sem reknir eru til samgöngubóta, sbr. 1. mgr., svo og eiga aðild að félögum sem hafa eignarhald á þeim.

Í samgönguáætlun skulu ferjuleiðir taldar upp og gerð grein fyrir rekstrar- og stofnframlögum til einstakra ferja.

23. gr.

*Rannsóknir og þróun við vega- og gatnagerð.*

Ár hvert skal að minnsta kosti einum og hálfum hundraðshluta af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar varið til rannsókna og þróunar við vegagerð undir stjórn Vegagerðarinnar.

24. gr.

*Ófyrirsjáanleg atvik.*

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðist skuli í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun ef til hefur komið tjón á vegum, t.d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika.

25. gr.

*Styrkir til samgönguleiða.*

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að binda styrkveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.

Umsókn um styrk skal beint til Vegagerðarinnar sem gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingu til umsækjanda.

Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna samgönguleiða samkvæmt þessari grein.

Ráðherra setur nánari reglur um hvaða samgönguleiðir skulu styrktar samkvæmt ákvæði þessu og framkvæmd styrkveitinga.

26. gr.

*Reiðstígar.*

Í samgönguáætlun er heimilt að veita fé til almennra reiðstíga samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög.

27. gr.

*Hjólreiða- og göngustígar.*

Í samgönguáætlun er heimilt að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög.

## VI. KAFLI
## Skipulag og veghelgunarsvæði.

28. gr.

*Vegir og skipulag.*

Vegir skulu lagðir í samræmi við gildandi skipulagsáætlun eins og nánar er kveðið á um í lögum um skipulag og í lögum þessum.

Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar og með samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Fallist sveitarstjórn ekki á tillögu Vegagerðarinnar skal hún rökstyðja það sérstaklega. Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt lögum um skipulag.

Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur betri með tilliti til kostnaðar, tæknilegrar útfærslu og umferðaröryggis og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmun. Rísi ágreiningur um réttmæti slíkrar kröfu eða um fjárhæð skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

Við gerð skipulags skal að öðru leyti haft samráð við Vegagerðina um legu vega eftir því sem þörf krefur. Ávallt skal leita umsagnar Vegagerðarinnar þegar líkur eru á að breytingar á skipulagi hafi áhrif á umferð um þjóðvegi svo sem með auknum umferðarþunga.

29. gr.

*Tengingar við þjóðvegi.*

Óheimilt er að tengja vegi þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um lágmarksfjarlægð milli tenginga við þjóðvegi og sett nánari ákvæði um gerð og frágang tenginga. Skal kveðið á um mismunandi reglur eftir vegflokkum og umferðarþunga og skal ávallt taka mið af umferðaröryggi.

Þegar ný tenging eða breyting á tengingu við þjóðveg er heimiluð skal eigandi tengingar bera allan kostnað við gerð hennar, sbr. þó 31. gr.

30. gr.

*Byggingarbann á fyrirhuguðu vegarstæði.*

Ef skipulag er ekki fyrir hendi er Vegagerðinni heimilt að banna að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs þjóðvegar sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi allt að þremur árum hverju sinni. Einnig er Vegagerðinni heimilt að óska eftir því við sveitarstjórn að fyrirhugað vegarstæði sé auglýst sem skipulag.

31. gr.

*Réttur til vegtengingar.*

Nú er lagður vegur gegnum land manns og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum að jafnaði á einum stað frá landareign sinni sér að kostnaðarlausu. Kostnaður við vegtengingu telst til kostnaðar við veghald.

Veghaldari skal tilkynna landeiganda um fyrirhugaða staðsetningu tengingar og gefa honum í það minnsta þriggja vikna frest til að koma að athugasemdum og setja fram kröfu um aðra vegtengingu fallist hann ekki á tillögu veghaldara.

Telji veghaldari ekki unnt að verða við kröfu landeiganda um vegtengingu, t.d. vegna kostnaðar eða með tilliti til umferðaröryggis, skal það tilkynnt skriflega og skal synjun vera rökstudd. Sama gildir ef veghaldari telur að vegtengingu verði ekki við komið.

Landeigandi getur krafist bóta fyrir fjárhagslegt tjón vegna þess að vegtengingu verður ekki við komið og fer um ákvörðun bóta og bótarétt samkvæmt ákvæðum VII. kafla eftir því sem við á.

32. gr.

*Fjarlægð mannvirkja frá vegi.*

Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til.

Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi veghaldara við vegamót vega skv. 1. mgr. á svæði sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Veghaldari getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

Veghaldari getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skv. 1. mgr. skuli aukin. Enn fremur getur veghaldari leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

33. gr.

*Lágmarkshæð undir mannvirki yfir vegi.*

Loftlínur má ekki strengja yfir veg nema lægsti hluti línu sé að minnsta kosti 5 m frá yfirborði vegar nema með heimild veghaldara.

Ekki er heimilt að gera brýr yfir þjóðvegi nema að fengnu leyfi Vegagerðarinnar sem ákveður hvert lágmarksrými skuli vera undir þeim.

Ekki er heimilt að hengja á loftlínur eða brýr merki eða auglýsingar sem ekki eru leyfð annars staðar á vegsvæði þjóðvegar.

## VII. KAFLI
## Eignarnám og bráðabirgðaafnot lands.

### 34. gr.
*Bráðabirgðaafnot lands.*

Vegagerðinni er heimilt að framkvæma rannsóknir og byrjunarathuganir sem nauðsynlegar eru við undirbúning vegagerðar á hvaða landi sem er. Landeiganda og umráðamanni lands er skylt að veita Vegagerðinni nauðsynlegan aðgang að landi sínu vegna undirbúnings vegagerðar, svo sem heimila umferð bifreiða og léttra vinnuvéla.

Merki, hæla, vörður eða þvíumlíkt sem Vegagerðin hefur sett til að marka mælda veglínu má ekki nema burt án leyfis hennar. Leit að efni til vegagerðar má Vegagerðin gera hvar sem vera skal.

Vegagerðinni eru heimil afnot lands fyrir geymslu efnis og fyrir bækistöðvar vinnuflokka við lagningu eða viðhald vegar.

Skylt er landeiganda að leyfa að vatni sem veita þarf frá vegi sé gerð framrás um land hans ef brýna nauðsyn ber til.

Til framkvæmdar vetrarþjónustu má Vegagerðin ryðja snjó af vegi út fyrir vegsvæði ef með þarf.

### 35. gr.
*Tilkynning um bráðabirgðaafnot lands.*

Vegagerðin skal eftir því sem við verður komið hafa samráð við landeiganda um bráðabirgðaafnot lands og skal tilkynna landeiganda um þau með hæfilegum fyrirvara. Vegagerðin getur þó í neyðartilvikum gripið til bráðabirgðaráðstafana án fyrirvara ef bjarga þarf verðmætum eða tryggja öryggi samgangna.

Vegagerðin skal gæta meðalhófs og þess að valda ekki meira raski við bráðabirgðaafnot lands en brýna nauðsyn ber til.

### 36. gr.
*Bætur vegna bráðabirgðaafnota lands.*

Vegagerðin skal greiða landeiganda bætur vegna tjóns og óhagræðis sem sannanlega hlýst af bráðabirgðaafnotum lands. Um ákvörðun bóta fer eftir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við á.

Heimilt er að ákvarða bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands samhliða bótum vegna eignarnáms.

### 37. gr.
*Eignarnámsheimild.*

Landeiganda er skylt að láta af hendi land sem þarf til þjóðvegagerðar og hvers kyns veghalds, svo sem breytinga, breikkunar eða viðhalds, enda komi fullar bætur fyrir. Landeiganda ber jafnframt að leyfa efnistöku í landi sínu til vegagerðar hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda bætist það að fullu. Framangreind skylda til að láta eignarréttindi af hendi nær einnig eftir atvikum til annarra rétthafa sem eiga réttindi á landi.

Vegagerðin skal tilkynna landeigendum og eftir atvikum öðrum rétthöfum þegar áformað er að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. sem hafa í för með sér skerðingu á eignarréttindum. Tilkynning skal vera skrifleg og skal fylgja greinargóð lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd eða ráðstöfun.

Gefa skal landeiganda og öðrum rétthöfum ef við á í það minnsta fjögurra vikna frest til að koma að athugasemdum við tilhögun framkvæmda.

Að liðnum fresti skv. 3. mgr. skal tekin ákvörðun um hvort og þá í hvaða mæli skerða þarf eignarréttindi vegna fyrirhugaðra framkvæmda, að teknu tilliti til framkominna athugasemda. Þó skal heimilt að taka ákvörðun innan frestsins ef um minni háttar framkvæmdir er að ræða eða samkomulag hefur náðst við alla rétthafa.

Ákvörðun um skerðingu eignarréttindanna skal tilkynnt landeiganda og eftir atvikum öðrum rétthöfum skriflega og skal jafnframt gerð grein fyrir því hvort og með hvaða hætti tekið verður tillit til framkominna athugasemda þeirra.

Ráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra heimilað eignarnám lands til lagningar almennra stíga og einkavega, skv. 10. og 11. gr., enda komi fullar bætur fyrir. Ráðherra getur bundið slíka heimild vissum skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við aðra vegi.

38. gr.

*Samningar um eignarnámsbætur.*

Þegar ákvörðun um eignarnám eða aðrar eignaskerðingar liggur fyrir skal leita samninga við landeiganda, og eftir atvikum aðra rétthafa, um bætur fyrir land undir veg, jarðefni til vegagerðar, jarðrask og átroðning og eftir atvikum aðra hagsmuni sem landeiganda er skylt að láta af hendi vegna vegagerðar skv. 34. og 37. gr.

Eignarnemi skal senda landeiganda og öðrum rétthöfum skriflega tillögu að bótum þar sem skal sundurliðað fyrir hvaða hagsmuni boðnar eru bætur. Jafnframt skal þar koma fram að náist ekki samkomulag um bætur innan tiltekins frests, sem ekki skal styttri en fjórar vikur, fari um ákvörðun bóta í samræmi við ákvæði laga um ákvörðun eignarnámsbóta.

39. gr.

*Ákvörðun eignarnámsbóta með mati.*

Þegar meta á bætur vegna eignarnáms á landi undir veg fer um það eftir ákvæðum þessarar greinar og almennum reglum um ákvörðun eignarnámsbóta.

Mat á bótum fyrir land skal fara fram á vettvangi þegar jörð er snjólaus ef því verður við komið. Við matið skal taka tillit til árlegs afraksturs af landinu, svo og til þess hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega allt það er getur haft áhrif á verðmæti þess er meta skal.

Við matið skal meta sérstaklega þá hagsbót sem eiganda hlotnast við eignarnámið, umfram aðra landeigendur og rétthafa, svo sem ef eign hækkar í verði umfram aðrar eignir vegna framkvæmda, og skal slík hagsbót koma til frádráttar eignarnámsbótum.

Nú leggst eldri vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegsvæði og draga frá upphæð þeirri er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands fyrir hinn nýja veg eða jarðrask er leiðir af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum nema sannað verði að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri.

40. gr.

*Ýmis ákvæði um eignarnámsbætur.*

Landeigandi á bætur allar fyrir eignarnám og jarðrask vegna vegagerðar. Ábúandi og aðrir rétthafar eiga þó bætur fyrir átroðning, mannvirki og aðra hagsmuni sem eru þeirra eign, og skal meta það sérstaklega.

Krefjast skal bóta fyrir tjón sem af veghaldi leiðir innan árs frá því að verki lauk eða frá því að skaði kom í ljós, ella fellur réttur til skaðabóta niður. Slíkar kröfur fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá því að verki lauk.

Eignarheimild að vegsvæði verður þinglýst og skráð í samræmi við ákvæði þinglýsingarlaga og laga um skráningu og mat fasteigna með sama hætti og eignarheimildir að öðrum fasteignum.

## VIII. KAFLI
## **Hönnun, lagning og viðhald vega.**

41. gr.

*Almennt.*

Við lagningu og viðhald vega skal þess gætt að ekki sé valdið meiri áhrifum á umhverfi en nauðsynlegt er til að unnt sé að ná markmiðum vegalagningarinnar á sem hagkvæmastan hátt og þannig að öryggi umferðar verði sem mest.

42. gr.

*Lágmarkskröfur um vegi.*

Ráðherra er heimilt að setja almennar reglur um hönnun vega sem opnir eru almenningi til frjálsrar umferðar og eftirlit með gerð þeirra. Veghaldari ber ábyrgð á að kröfur þessar séu uppfylltar.

43. gr.

*Viðhald vega. Vegskemmdir.*

Veghaldari ber ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer.

Veghaldari skal svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari kröfur um viðhald vega.

44. gr.

*Vetrarþjónusta.*

Vegagerðin gefur út reglur um vetrarþjónustu á þjóðvegum sem staðfestar skulu af ráðherra.

Heimilt er Vegagerðinni að binda vetrarþjónustu á einstökum vegarköflum því skilyrði að allur kostnaður við hana eða hluti hans verði greiddur með framlagi sveitarstjórnar eða hagsmunaaðila.

45. gr.

*Upplýsingagjöf til vegfarenda.*

Ráðherra er heimilt að setja reglur um upplýsingagjöf til vegfarenda og reglur um söfnun og veitingu upplýsinga til vegfarenda sem hafa þýðingu vegna umferðaröryggis og þróunar umferðar.

## IX. KAFLI
## Ákvæði um öryggi vega og umferðar.

46. gr.

*Almennt.*

Vegir sem opnir eru almenningi til frjálsrar umferðar skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru með tilliti til öryggis umferðar, ástands vega, merkinga og annarra þátta sem kveðið er á um í lögum þessum og ber veghaldari ábyrgð á því.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um umferðaröryggisstjórnun vega.

47. gr.

*Bann við því að raska öryggi umferðar.*

Óheimilt er að aðhafast nokkuð það sem getur raskað öryggi umferðar svo sem að valda skemmdum á vegi og mannvirkjum hans eða skilja eftir muni á eða við vegsvæði sem valdið geta hættu á slysum.

Veghaldara er heimilt að fjarlægja óviðkomandi hluti eða muni af vegi eða vegsvæði á kostnað eigenda.

Skemmist eitthvert mannvirki sem til vegarins telst við árekstur ökutækis er ökumanni skylt að tilkynna það þegar í stað til lögreglu.

48. gr.

*Reglur fyrir umferð.*

Veghaldari getur sett þær reglur fyrir umferð sem nauðsynlegar eru til þess að girða fyrir skemmdir á vegum eða til þess að greiða fyrir umferð svo sem um hámarksþunga bifreiða er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Veghaldari getur enn fremur bannað umferð ökutækja um veg þann tíma árs sem hættast er við skemmdum á vegum. Einnig getur veghaldari bannað alla umferð ökutækja um vegi sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum þar til viðgerð er lokið.

49. gr.

*Veiting vatns.*

Óheimilt er að gera skurði eða önnur mannvirki sem aukið geta vatnsrennsli í vegskurðum án leyfis veghaldara.

Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða ræsi gegnum veg, eða gera neitt það er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi, eða veita vatni á veg.

50. gr.

*Lausaganga búfjár.*

Lausaganga búfjár á stofnvegum og tengivegum þar sem girt er báðum megin vegar og lokað er fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarhliði, er bönnuð. Veghaldara er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda.

## X. KAFLI
## Girðingar og göng fyrir búfé.

### 51. gr.
*Girðingar meðfram vegum.*

Veghaldari skal girða báðum megin vegar sem lagður er gegnum tún, ræktarland, engjar eða girt beitiland eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði telji hann það hentugra.

Veghaldara er heimilt að girða meðfram vegum sínum, m.a. til að tryggja öryggi umferðar, og er þá skylt að setja hlið að minnsta kosti á einum stað á slíka girðingu ef þörf er á til að tryggja aðgengi að landareign.

Vegagerðinni er heimilt að taka þátt í stofnkostnaði girðinga sem reistar eru til að friða svæði og er skilyrði fyrir slíkri þátttöku að viðkomandi sveitarfélag banni lausagöngu búfjár á friðuðu svæði.

### 52. gr.
*Framkvæmd viðhalds og kostnaðarskipting.*

Landeigandi skal annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu.

Sveitarstjórn hefur eftirlit með viðhaldi girðinga í sveitarfélaginu og er heimilt að gera endurbætur á girðingu eða fjarlægja á kostnað landeiganda ef viðhaldi er ábótavant eða girðing bersýnilega óþörf.

Viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af veghaldara og landeiganda.

Viðhaldskostnaður girðinga með öðrum vegum greiðist af landeiganda.

Vegagerðin getur að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag og landeiganda ákveðið að annast og kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð.

Þó skal veghaldari greiða allan viðhaldskostnað ef girðingin er reist eingöngu til þess að fría vegsvæði frá búfé, svo sem á afréttum og öðrum sameiginlegum sumarbeitilöndum búfjár.

Viðkomandi sveitarfélag annast viðhald girðinga sem reistar eru skv. 3. mgr. 51. gr. og er heimilt að semja við veghaldara um viðhaldið.

Heimilt er að kveða nánar á um girðingar meðfram vegum, viðhald, kostnaðarskiptingu og annað því tengt með reglugerð.

### 53. gr.
*Girðingar og hlið yfir vegi.*

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á vegi án leyfis veghaldara nema um einkaveg sé að ræða. Sama bann gildir þar sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi veghaldari tilkynnt eiganda eða viðeigandi rétthöfum hvar mælt hefur verið.

### 54. gr.
*Göng fyrir búfé.*

Vegagerðinni er heimilt að taka þátt í kostnaði við gerð ganga undir vegi fyrir búfé þar sem það telst nauðsynlegt með tilliti til umferðaröryggis.

55. gr.

*Vegir sem ekki tilheyra vegflokki.*

Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks samkvæmt lögum þessum og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar skv. 1. mgr. má leggja undir úrskurð ráðherra.

## XI. KAFLI
## **Ýmis ákvæði.**

56. gr.

*Bótaábyrgð veghaldara.*

Veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar ber ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni.

57. gr.

*Kæruheimild.*

Stjórnsýsluákvörðunum Vegagerðarinnar má skjóta til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

58. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

59. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það sem hann hefur unnið.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

## XII. KAFLI
## **Gildistaka og brottfallin lög.**

60. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 45/1994, með síðari breytingum.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af samgönguráðherra með skipunarbréfi dagsettu 17. janúar 2006. Í nefndinni sátu Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri, formaður, Guðmundur Hallvarðsson alþingismaður, Hjálmar Árnason alþingismaður, Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður, Einar Már Sigurðsson alþingismaður, Halldór Halldórsson bæjarstjóri og Karl Ragnars forstjóri Umferðarstofu, skipuð án tilnefningar. Þá áttu sæti í nefndinni Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi og Elín R. Líndal sveitarstjórnarmaður, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur og Árni Jóhannsson

viðskiptafræðingur, tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Með nefndinni störfuðu einnig Jóhann Guðmundsson skrifstofustjóri og Svanhvít Axelsdóttir lögfræðingur frá samgönguráðuneytinu og Eymundur Runólfsson, forstöðumaður áætlanadeildar Vegagerðarinnar. Ritari nefndarinnar var Stefán Erlendsson, forstöðumaður lögfræðideildar Vegagerðarinnar.

Samkvæmt skipunarbréfi átti nefndin að ljúka störfum 1. nóvember 2006 og var stefnt að framlagningu frumvarps til nýrra vegalaga á vorþingi 2007.

Nokkru lengri aðdragandi er að endurskoðun laganna. Á árinu 2003 skipaði samgönguráðuneytið vinnuhóp til að fara yfir gildandi vegalög. Skilaði vinnuhópurinn áfangaskýrslu í nóvember sama ár. Í skýrslunni komu fram ýmis sjónarmið um breytingar á gildandi vegalögum og voru raktir þættir sem taka mætti til skoðunar við endurskoðun laganna. Jafnframt var fjallað stuttlega um hvernig löggjöf um vegamál er háttað í nágrannalöndum okkar í samanburði við íslensk vegalög. Í áfangaskýrslu vinnuhóps um vegalög var lagt til að ráðist yrði í heildarendurskoðun gildandi vegalaga fremur en breytingar á einstökum ákvæðum þeirra.

Við samningu frumvarps þessa var horft til framangreindrar áfangaskýrslu. Jafnframt var lögð áhersla á að skoða eftirfarandi þætti:

1. Stjórnskipulag og verkaskiptingu með hliðsjón af kröfum um aðskilnað stjórnsýslu og þjónustu, umferðaröryggismálum og öðrum verkefnum og hvort ástæða sé til að gera breytingar í átt að hagkvæmari verkaskiptingu, m.a. milli Vegagerðarinnar og Umferðarstofu.
2. Uppbyggingu laganna, m.a. betri lagalegan aðskilnað milli ákvæða um Vegagerðina og ákvæða um veghald.
3. Gildissvið laganna, m.a. hvað varðar vegi í þéttbýli.
4. Flokkun vega bæði innan og utan þéttbýlis.
5. Skipulagsmál og samskipti Vegagerðarinnar og sveitarfélaga. Sérstaklega skal huga að umferðaröryggismálum og umhverfismálum, svo sem hljóðvist í þéttbýli, með hliðsjón af kostnaðar- og verkaskiptingu.
6. Hvort rétt væri að semja sérstök lög um ferjur.
7. Hvort ástæða væri til að setja sérstök lagaákvæði um leyfis- og styrkveitingar Vegagerðarinnar vegna almenningssamgangna.

Samkvæmt skipunarbréfi átti að stefna að því að tillögur að lagabreytingum fælu í sér einföldun þar sem því yrði við komið.

Vegalaganefnd hélt sex fundi, auk þess sem haldnir voru margir fundir milli nefndarfunda af sérstökum fjögurra manna vinnuhópi innan nefndarinnar sem hafði það verkefni að undirbúa hvern nefndarfund. Niðurstaða vinnu nefndarinnar er tillaga að frumvarpi til nýrra vegalaga sem nefndin skilaði með bréfi til samgönguráðherra dagsettu 11. október 2006. Nefndin fjallaði þó ekki um athugasemdir við einstakar greinar en þær voru samdar af starfsmönnum Vegagerðarinnar og samgönguráðuneytisins. Talsverðar breytingar urðu á frumvarpinu í höndum ráðuneytisins, þar á meðal var horfið frá því að færa héraðsvegi til sveitarfélaga.

Tveir fulltrúar sambands íslenskra sveitarfélaga, þau Árni Þór Sigurðsson og Elín R. Líndal, ásamt Halldóri Halldórssyni, skrifuðu undir nefndarálitið með fyrirvara og skiluðu sérálíti sem er að finna í fylgiskjali með frumvarpinu.

Hér á eftir verða kynnt helstu nýmæli frumvarpsins.

*Hlutverk Vegagerðarinnar.*

Í gildandi vegalögum er kveðið á um að Vegagerðin sé veghaldari þjóðvega. Að öðru leyti er ekki skilgreint sérstaklega í lögunum hvert sé hlutverk stofnunarinnar. Dæmi eru um að sett séu sérstök lög um einstakar stofnanir og hlutverk þeirra en einnig er algengt að kveðið sé á um þessi atriði í almennum lögum sem stofnun starfar eftir. Niðurstaða vegalaganefndar var að fara seinni leiðina og kveða sérstaklega á um hlutverk Vegagerðarinnar í vegalögum.

Almennt er ekki stefnt að róttækri breytingu á því hlutverki sem Vegagerðin hefur gegnt í tengslum við veghald þjóðvega og framkvæmd vegamála í umboði samgönguráðherra. Réttara væri sennilega að nota orðið þróun í þessu sambandi. Verði frumvarp þetta að lögum verður hraðað þeirri þróun að þjónustu og framkvæmdaverkefni eru unnin af verktökum á almennum markaði. Hins vegar er lögð meiri áhersla á umferðaröryggi og hlutverk Vegagerðarinnar við að stuðla að því.

*Flokkun vega.*

Flokkun þjóðvega breytist nokkuð verði frumvarp þetta að lögum. Breyting þessi miðar að því að gera flokkun þessa skýrari og í takt við eðlilega skiptingu í vegflokka eins og þarfirnar eru nú. Jafnframt er kveðið á um stöðu almennra stíga sem eru reið-, hjólreiða- og göngustígar sem ætlaðir eru til almennrar umferðar. Rétt er að hafa í huga að tilgangur þess að kveða skýrar á um stöðu þessara stíga er meðal annars að stuðla að auknu öryggi óvarinnar umferðar.

*Veghald.*

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem skýra eiga ábyrgð og forræði á veghaldi. Skýrt er kveðið á um það hver er veghaldari viðkomandi vegflokks og hverjar eru skyldur veghaldara. Lögð er til fortakslaus heimild til handa vegamálastjóra til að framselja veghald til þriðja aðila. Þetta getur m.a. þýtt að sveitarstjórn getur tekið að sér veghald héraðsvega innan síns sveitarfélags eða þá að fyrirtæki tekur að sér veghald, þ.m.t. byggingu og rekstur vegamannvirkja, t.d. í einkaframkvæmd

Jafnframt er kveðið á um eftirlitshlutverk Vegagerðarinnar með veghaldi annarra vega en þjóðvega sem njóta framlaga af ríkisfé.

*Gjaldtaka af umferð.*

Í núgildandi vegalögum er ekki að finna ákvæði um heimild til töku gjalds af umferð. Með frumvarpi þessu er lögð til almenn heimild til gjaldtöku af umferð til að standa straum af byggingu og rekstri samgöngumannvirkja í stað þess að sérstaka lagasetningu þurfi fyrir slíkri gjaldtöku vegna einstakra framkvæmda eins og nú. Í frumvarpinu er nánar skilgreint hvaða takmörkunum slík gjaldtaka er háð. Er þar horft til ákvæða tilskipunar 1999/62/EB frá 17. júní 1999 um álagningu gjalda á þungaflutningabifreiðar fyrir notkun á tilteknum grunnvirkjum og er ætlunin að innleiða ákvæði þar að lútandi í íslenskan rétt. Rétt er að leggja áherslu á að hér er ekki á neinn hátt verið að veita veghaldara opna heimild til að leggja gjald á umferð heldur er kveðið á um að ákvörðun um slíka gjaldtöku skuli taka í samgönguáætlun sem háð er samþykki Alþingis hverju sinni. Hér er því eingöngu verið að setja fram almennan ramma um gjaldtökuna sem tekur mið af samsvarandi löggjöf á EES-svæðinu.

*Kostnaðarskipting vegna hljóðvarna.*

Umferðarhávaði er vaxandi vandamál einkum í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu. Erfið álitaefni hafa risið varðandi ábyrgð á aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að uppfylla kröfur laga og reglugerða um umferðarhávaða. Í frumvarpi þessu eru lögð til nýmæli sem ætlað er að vera málamiðlun milli mismunandi sjónarmiða varðandi kostnaðarskiptingu vegna þessara mannvirkja. Tilgangur þeirra er að stuðla að betri sátt um kostnaðarskiptingu vegna hljóðvarna milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga.

*Heimild til að veita fé til almennra stíga af fjárveitingum til vegagerðar.*

Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að veita fé til reiðstíga af vegáætlun. Í frumvarpi þessu er lagt til að þessi heimild taki ekki aðeins til reiðstíga heldur einnig til annarra almennra stíga, þ.e. göngu- og hjólreiðastíga sem opnir eru almennri umferð.

*Umsagnir og tillögur um skipulagsáætlanir sem hafa áhrif á legu vega og umferð um þá.*

Samkvæmt núgildandi vegalögum ber að hafa samráð við Vegagerðina við ákvörðun um legu veglína á skipulagi. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir þátttöku Vegagerðarinnar í ákvörðun um legu vega. Í reynd er algengara en hitt að frumkvæði við ákvörðun um legu vega komi frá Vegagerðinni. Þar er unnið að þróun og endurbótum á vegakerfinu með gerð áætlana um nýjar framkvæmdir eftir því sem almannahagsmunir og þarfir samfélagsins krefjast. Eðlilegt er að gera ráð fyrir því við skipulagsgerð að Vegagerðin sé reiðubúin að leggja fram tillögur að legu vega og tenginga við þá þegar skipulag er unnið af sveitarfélagi. Af þeim sökum er lögð til áherslubreyting hvað snertir málsmeðferð sem felur í sér ríkari skyldur Vegagerðarinnar til beinnar þátttöku í gerð skipulags.

Í gildandi skipulagslögum er gert ráð fyrir þátttöku umsagnaraðila í gerð skipulags hverju sinni. Ekki er nánar kveðið á um hverjir þeir eru en væntanlega er miðað við að önnur lög skýri nánar hverjir geti verið umsagnaraðilar. Lagt er til með frumvarpi þessu að hlutverk Vegagerðarinnar sem umsagnaraðila hvað snertir áhrif skipulags á umferð um þjóðvegi verði skýrt nánar þannig að ekki leiki vafi á því til hvers er ætlast af stofnuninni að þessu leyti. Vegakerfi sveitarfélaga og þjóðvegakerfið tengjast og hafa breytingar á öðru oft áhrif á hitt með beinum eða óbeinum hætti. Frumvarpinu er að þessu leyti ætlað að stuðla að enn betra samstarfi Vegagerðarinnar og sveitarfélaga við að tryggja greiða og örugga umferð.

*Ákvæði um eignarnám og bráðabirgðaafnot lands aðlöguð réttarþróun.*

Eignarnámsheimild Vegagerðarinnar er gömul að stofni til og hafa ákvæði er að henni lúta verið lítt eða ekki breytt um áratugaskeið. Í millitíðinni hafa fallið dómar og verið gerðar breytingar á löggjöf sem kalla á endurskoðun ákvæða um málsmeðferð við undirbúning eignarnáms. Þær breytingar sem nú eru lagðar til auka réttaröryggi borgaranna og árétta skyldur Vegagerðarinnar til að vanda sérstaklega til undirbúnings ákvörðunar um eignarnám. Með breytingum þeim sem hér eru lagðar til er að því stefnt að skýra réttarstöðu Vegagerðarinnar og landeigenda með hliðsjón af réttarþróun undanfarinna ára.

*Ákvæði um lagningu og viðhald vega.*

Undanfarna áratugi hafa orðið stórstígar framfarir á þjóðvegakerfinu og er óhætt að tala um byltingu í því sambandi. Samhliða hafa kröfur um ástand þess, flutningsgetu, öryggi umferðar og tillitsemi gagnvart umhverfi og samfélagi farið sívaxandi. Ákvæði núgildandi laga eru fáorð um þetta efni. Í ljósi framangreindrar þróunar er lagt til í frumvarpi þessu að stigið

verði skref í þá átt að kveða á um hvernig auknum kröfum til veghaldara verði fundinn lagalegur rammi. Er að því stefnt að með því megi auka öryggi vegfarenda og gæði vegamannvirkja.

*Ákvæði um öryggi umferðar.*

Ákvæði núgildandi laga er varða öryggi umferðar þarfnast endurskoðunar í samræmi við þá áherslu sem lögð er á mikilvægi aukins öryggis. Auk framangreindra breytinga, sem að einhverju leyti er ætlað að stuðla beint eða óbeint að auknu öryggi umferðar, eru lagðar til breytingar sem stuðla að aukinni áherslu á umferðaröryggismál við framkvæmd vegamála. Má þar sérstaklega nefna heimild til ráðherra að setja reglur um svokallaða umferðaröryggisstjórnun.

*Reglur um girðingar með vegum einfaldaðar og skýrðar. Heimild til að kosta göng fyrir búfé.*

Með frumvarpi þessu er lögð til einfaldari og skýrari framsetning reglna um girðingar meðfram vegum. Það er gert án þess að í því felist í sjálfu sér efnisbreyting frá því sem gildandi lög kveða á um. Með því að skipa reglum um girðingar í ríkari mæli í reglugerð skapast nokkur sveigjanleiki til áherslubreytinga sem einkum munu miða að auknu umferðaröryggi.

Það markmið að auka umferðaröryggi er einnig lagt til grundvallar því nýmæli frumvarpsins að kveðið er skýrt á um heimild fyrir Vegagerðina að taka þátt í kostnaði við gerð ganga fyrir búfé. Víða háttar svo til að reka þarf búfé yfir vegi þar sem umferð er mikil og umferðarhraði einnig. Verði frumvarpið að lögum verður Vegagerðinni heimilt að bregðast við með því að taka þátt í kostnaði við gerð undirganga undir viðkomandi veg í samstarfi við landeigendur hverju sinni. Gerð ganga af þessu tagi hefur verið reynd og má ætla að ágæt reynsla sé af þeim þar sem á hefur reynt til þessa. Ekki er vafi á að auka má öryggi með gerð undirganga undir veg en allnokkur kostnaður getur verið af því og má ætla að frumvarpið geti stuðlað að fjölgun slíkra ganga undir umferðarmestu vegi.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um markmið og gildissvið þess. Það er nýmæli að kveða á um þessi atriði í sérstökum kafla í frumvarpinu og jafnframt er það nýmæli að fjallað er um skýringar hugtaka í sérstakri grein.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um markmið með setningu vegalaga. Í gildandi vegalögum er ekki að finna sérstakt ákvæði um markmið laganna en í frumvarpinu er lagt til að svo verði.

Tillaga frumvarpsins er á þá leið að markmiðið verði að setja reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum. Verður að telja þá framsetningu í samræmi við inntak gildandi vegalaga en með frumvarpinu er að því stefnt að enn frekari áhersla verði á það meginmarkmið að stuðla að auknu öryggi umferðar.

Um 2. gr.

Nýmæli er að kveða sérstaklega á um gildissvið frumvarpsins þó svo ekki sé um efnislegar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Frumvarpið gildir um vegi sem ætlaðir eru til umferðar ökutækja og veghald þeirra ásamt því sem við getur átt um vegi og stíga sem ætlaðir eru

til annarrar umferðar en umferðar ökutækja. Með hugtakinu ökutæki er miðað við skilgreiningu þess eins og það er í umferðarlögum og tekur það því til fleiri tækja en bifreiða.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er leitast við að skilgreina hugtök sem talin eru þurfa sérstakrar skýringar við. Þar má nefna hugtök er snúa að nýmælum í frumvarpi þessu og varða atriði sem ekki er að finna í gildandi lögum en nánari grein er gerð fyrir þeim í athugasemdum við viðeigandi ákvæði.

Hugtakið umferðaröryggisstjórnun vega er nýmæli og lýtur að aðferðum sem notaðar eru til að auka umferðaröryggi á vegum. Enn fremur eru skilgreind hugtökin notkunargjald og veggjald sem eru heiti yfir mismunandi form og aðferðir við gjaldtöku af umferð og taka mið af tilskipun 1999/62/EB, sbr. breytingar með tilskipun 2006/38/EB, um gjaldtöku af þungaflutningabifreiðum.

Auk þess að skilgreina ný hugtök er jafnframt safnað á einn stað skilgreiningum sem finna má í núgildandi lögum en ekki hefur verið skipað í sérstaka skýringargrein, svo sem skilgreining hugtakanna *vegur*, *veghald* og *býli*. Skilgreiningar hugtaka er varða flokkun þjóðvega sérstaklega, svo sem skilgreining einstakra vegflokka, er að finna í III. kafla frumvarpsins um vegflokkun en rétt þykir að skilgreina þau hugtök í samhengi við önnur atriði sem fjallað er um í vegflokkunarkaflanum.

Um II. kafla.

Kafli þessi fjallar um hvernig stjórn vegamála er háttað og hvert er hlutverk Vegagerðarinnar. Um þetta eru ákvæði í II. kafla gildandi laga og er sá kafli er einnig um veghaldið en í frumvarpi þessu er fjallað um veghaldið í sérstökum kafla.

Um 4. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um yfirstjórn vegamála og er ekki um breytingu að ræða frá gildandi lögum heldur fer samgönguráðherra áfram með yfirstjórn þessa málaflokks. Jafnframt er kveðið á um þátt Vegagerðarinnar sem framkvæmdaraðila vegamála en ekki er um breytingu á hlutverki Vegagerðarinnar hvað það varðar að ræða frá gildandi lögum. Ekki eru gerðar breytingar á því að ráðherra skipar vegamálstjóra og er hlutverk hans óbreytt frá gildandi lögum. Nýmæli er hins vegar að lagt er til að ráðherra hafi ekki afskipti af ráðningu aðstoðarvegamálastjóra heldur er ráðning hans alfarið í höndum vegamálastjóra með sama hætti og ráðning annarra stjórnenda og starfsmanna. Einnig er lagt til að fellt verði niður ákvæði um að vegamálastjóri ráði starfsmenn Vegagerðarinnar, enda þykir það leiða af starfssviði hans og óþarfi að tilgreina það í lögum.

Þá er nýmæli að lagt er til að Vegagerðin skuli leitast við að bjóða út sem flestar framkvæmdir og þjónustuverkefni sem stofnuninni eru falin, en það mun vera í takt við þróun og þykir rétt að um slíka framtíðarsýn sé kveðið á í lögum.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og er hér kveðið á um hlutverk Vegagerðarinnar. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum var niðurstaða vegalaganefndarinnar að leggja ekki til að sett yrðu sérlög um stofnunina heldur að kveðið yrði á um störf hennar í vegalögum.

Núgildandi vegalög kveða eingöngu á um það hlutverk Vegagerðarinnar að vera veghaldari þjóðvega, að öðru leyti er hlutverk hennar ekki skilgreint sérstaklega heldur er það að finna í einstökum ákvæðum á víð og dreif í löggjöfinni.

Hlutverk Vegagerðarinnar verður áfram framkvæmd vegamála og veghald og að aðstoða við mótun stefnu stjórnvalda í samgöngumálum, umsjón og eftirlit með útboðum almenningssamgangna sem njóta ríkisstyrkja og leyfisskyldri starfsemi sem stofnuninni er falin lögum samkvæmt. Breytingar á hlutverki Vegagerðarinnar endurspeglast í ákvæðum frumvarpsins og vegur þar þyngst áhersla á sjónarmið er varða umferðaröryggi og er Vegagerðinni falið ákveðið hlutverk er það varðar, enda falla umferðaröryggismál undir samgöngumál.

Í ákvæðinu eru talin upp helstu verkefni Vegagerðarinnar en talningin er ekki tæmandi heldur er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um hlutverk og verksvið hennar með reglugerð. Jafnframt er gert ráð fyrir að önnur lög geti kveðið á um hlutverk stofnunarinnar, eins og í gildandi lögum.

Nýmæli er að Vegagerðinni er, að undangengnu samþykki ráðherra, fengin heimild til að stofna félag til að sinna verkefnum stofnunarinnar, hvort sem er á sviði framkvæmda eða þjónustu. Rétt þykir að stofnuninni sé þetta mögulegt enda er það í takt við þróun að verkefni opinberra stofnanna flytjist í ríkara mæli í hendur þriðja aðila þar sem það er talið hagkvæmt. Í vissum tilvikum getur reynst eðlilegt að slíkt gerist á aðlögunartíma. Þannig gæti Vegagerðin falið félagi í sinni eigu umsjón tiltekna framkvæmd og þjónustuverkefni sem áfanga í því að þau verði síðan boðin út. Þetta er aðferð sem nýtt hefur verið víða í nágrannalöndum okkar.

Um III. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru ákvæði um vegakerfi landsins og flokkun vega í undirflokka. Í núgildandi lögum er ákvæði um þetta að finna í tveimur aðskildum köflum. Flokkun vega og vegakerfa er þannig einfaldari og heildstæðari þar sem meginhersla er lögð á samfellt vegakerfi landsins.


Um 6. gr.

Í gildandi vegalögum eru meginflokkar vega einungis tveir, þ.e. þjóðvegir og aðrir vegir. Þjóðvegir skiptast síðan í fjóra undirflokka, stofn-, tengi-, safn- og landsvegi en aðrir vegir eru almennir vegir, einkavegir, reiðvegir og hjólreiða- og göngustígar.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til þær breytingar á núverandi vegflokkun að vegakerfi landsins er skipt í fjóra meginflokka, þ.e. þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, einkavegi og almenna stíga, og er hverjum flokk skipt í viðeigandi undirflokka.

Þjóðvegum er skipt í fjóra undirflokka: stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir. Almennum stígum er skipt í tvo flokka, annars vegar reiðstíga og hins vegar göngu- og hjólreiðastíga.

Eftirfarandi skýringarmynd sýnir nánar hvernig flokkun vega í aðal- og undirflokka er samkvæmt frumvarpinu.




Breytingarnar á vegflokkum sem lagðar eru til í frumvarpinu eiga að endurspegla breytingar sem frumvarp þetta leggur til. Jafnframt er kveðið á um almenna stíga sem eru reið-, hjólreiða- og göngustígar sem ætlaðir eru til almennrar umferðar. Rétt er að hafa í huga að tilgangur þess að kveða skýrar á um stöðu þessara stíga er meðal annars aukið mikilvægi þeirra til að stuðla að auknu öryggi óvarinnar umferðar og eru lagðar til nýjar heimildir fyrir þátttöku ríkisins í gerð þeirra.

Með þessu móti verður til samfellt flokkað vegakerfi sem nær til allra þéttbýlisstaða og byggðra bóla utan þéttbýlis, auk þeirra flugvalla og hafna sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Jafnframt verður heimilt að tengja stór sumarbústaðahverfi við vegakerfið.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um það hlutverk Vegagerðarinnar að gera vegaskrá yfir þjóðvegi. Engin ákvæði eru um gerð vegaskrár í gildandi vegalögum en allt að einu hefur Vegagerðin haldið slíka skrá undanfarna áratugi. Því er lagt til í frumvarpi þessu að það verði lögbundið hlutverk Vegagerðarinnar að halda slíka skrá.

Einnig er Vegagerðinni heimilað að halda skrá yfir aðra vegi en ekki þykir rétt að gera gerð þeirrar skrár að skyldu.

Um 8. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um vegi sem eru þjóðvegir og þá undirflokka sem til þess vegflokks teljast, en í núgildandi lögum er um þá vegi fjallað í III. kafla.

Eins og fram kemur í skýringum með 6. gr. er með frumvarpi þessu lögð til breyting á flokkun þjóðvega frá núgildandi lögum og verða undirflokkar þjóðvega fjórir samkvæmt frumvarpinu: stofnvegir, tengivegir, héraðsvegir og landsvegir.

Samkvæmt frumvarpinu verða stofnvegir allir vegir í grunnneti sem svo eru skilgreindir í lögum um samgönguáætlun. Stofnvegum fjölgar við þessa breytingu með því að við bætast nokkrir umferðarmiklir tengivegir auk þeirra fjögurra hálendisleiða sem teljast til grunnnetsins samkvæmt núgildandi samgönguáætlun.

Tengivegum samkvæmt núgildandi lögum fækkar verði frumvarp þetta að lögum. Auk þeirra sem færast í flokk stofnvega verða margir þeirra héraðsvegir. Einnig munu teljast til tengivega vegir innan þjóðgarða og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem samkvæmt núgildandi lögum eru landsvegir.

Héraðsvegir verða m.a. vegir sem liggja að býlum þar sem er föst búseta eða atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Til héraðsvega munu teljast safn-

vegir og hluti af núverandi tengivegum. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja a.m.k. 30 bústaði við þjóðveg

Landsvegum fækkar því að sama skapi og er með þeirri breytingu að því stefnt að til landsvega teljist eingöngu vegir sem að jafnaði fá litla og árstíðabundna þjónustu og viðhald. Landsvegir verða einkum vegir um hálendið. Lagt er til að auk hálendisvega teljist til landsvega byggðavegir um eyðilendur. Hér er einkum horft til vega sem liggja um byggðir sem farið hafa í eyði en rétt þykir að halda opnum með lágmarksþjónustu, t.d. í þágu ferðaþjónustu, landnýtingar eða í öryggisskyni.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að vegir í þéttbýli sem samkvæmt gildandi lögum nefnast almennir vegir og eru í umsjá sveitarfélaga skuli kallast sveitarfélagsvegir.

Sveitarfélagsvegir eru allir vegir innan þéttbýlis, aðrir en gegnumliggjandi stofnvegir. Auk þess munu nokkrir vegir í þéttbýli, sem eru stofn- eða tengivegir samkvæmt gildandi lögum, teljast til sveitarfélagsvega, verði frumvarp þetta að lögum.

Um 10. gr.

Nýmæli er í frumvarpinu að kveða á um almenna stíga og að þeir séu hluti af vegakerfi landsins. Samkvæmt frumvarpinu eru almennir stígar reiðstígar og göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins gildi um þessa stíga eftir því sem við getur átt.

Um 11. gr.

Ákvæði þetta fjallar um einkavegi og er ekki gert ráð fyrir í frumvarpinu að miklar breytingar verði frá núgildandi ákvæðum um þá. Slíkir vegir tilheyra sérstökum vegflokki og eru hluti af vegakerfi landsins. Nýmæli er þó að kveðið er á um eignarhald slíkra vega og þannig ekki útilokað að einkavegur geti verið í eigu opinbers aðila. Jafnframt getur einkavegur verið opinn almennri umferð ef honum er ekki lokað með viðeigandi merkingum.

Ákvæði frumvarpsins um einkavegi eru nokkuð stytt frá því sem er í núgildandi lögum. Ekki er talin þörf á þeim sérreglum sem þar má finna um samskipti meðeigenda og rétthafa einkavegar. Er gert ráð fyrir því að um það fari alfarið eftir almennum reglum eignarréttarins um réttarstöðu sameigenda að eign og nánar eftir því hvernig þeir skipa réttindum sínum innbyrðis með löggerningum. Telja verður að lítið sem ekkert hafi reynt á þessi ákvæði í framkvæmd.

Eigandi einkavegar hefur heimild til að loka honum fyrir almennri umferð. Geri hann það ekki má búast við því að almenn umferð kunni að fara um veginn og kemur þá til álita að ákvæði frumvarpsins um vegi sem opnir eru fyrir almennri umferð gildi í því tilviki. Má þar nefna kröfur um öryggi umferðar, merkingar og reglur er lúta að ábyrgð veghaldara á ástandi vegar.

Loks má geta þess að eigandi einkavegar getur þurft að sæta því að aðrir hafi umferðarrétt um veginn samkvæmt venju, hefð eða löggerningum.

Um IV. kafla.

Ákvæði núgildandi laga sem almennt kveða á um veghald eru í þeim köflum laganna sem fjalla um stjórn vegamála og vegflokkun. Rétt þykir að skipa þessum ákvæðum í sérstakan kafla um veghald og gera þau fyllri þannig að skýrt sé kveðið á um veghald og skyldur veg-

haldara áréttaðar. Jafnframt þykir rétt að í sama kafla sé fjallað um með hvaða hætti haft er eftirlit með veghaldi og úrræði ef út af því er brugðið.

Í kafla þessum er fjallað um veghald vega landsins og er ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða frá gildandi lögum nema þær sem endurspegla breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu. Sú meginregla gildir áfram að veghald er í höndum þess sem telst eigandi eða umsjónaraðili vegar og miða allar breytingar frá gildandi lögum að því að kveða skýrar á um veghald einstakra vega og skyldur veghaldara.

Um 12. gr.

Hér er almennt kveðið á um að veghaldari beri ábyrgð á veghaldi vega, hlutverk veghaldara og skyldur, en ekkert sambærilegt ákvæði er í núgildandi lögum.

Eitt meginmarkmið veghalds er að umferð sé greið og góð en jafnframt skal gæta umferðaröryggis og umhverfissjónarmiða eins og mögulegt er og í samræmi við gildandi lög. Því er lagt til í frumvarpinu að kveðið verði á um ábyrgð veghaldara hvað það varðar og er það í samræmi við aðrar áherslur í frumvarpinu. Gildir þetta um veghaldara allra vegflokka en Vegagerðin ber ábyrgð á rekstri þjóðvegakerfisins og fer með umferðaröryggismál á þeim vegum. Jafnframt er áréttað að gæta skuli að skyldum sem hvíla á veghaldara eftir reglum annarra laga er lúta að náttúru- og minjavernd og koma þar einkum til álita ákvæði viðeigandi laga um náttúruvernd og löggjafar um þjóðminjavernd. Sama ábyrgð er lögð á aðra veghaldara sem hafa með höndum veghald annarra vega.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um það hver hefur veghald, en það ræðst af flokkun vega. Er það í samræmi við gildandi lög, en í 5. gr. er kveðið á um veghald Vegagerðarinnar á þjóðvegum og í 10. gr. um veghald eigenda á almennum vegum og einkavegum.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu á því hverjir hafa veghald ráðast af þeim breytingum sem gerðar eru á vegflokkuninni í frumvarpinu og vísast um það til athugasemda með III. kafla frumvarpsins.

Veghald þjóðvega verður áfram hjá Vegagerðinni og veghald einkavega hjá eigendum eða umráðaaðilum þeirra sem geta verið hvort sem er einstaklingar, lögaðilar eða opinberir aðilar. Nýmæli í frumvarpinu eru sveitarfélagsvegir og er veghald þeirra hjá sveitarfélögum.

Um 14. gr.

Ákvæði þetta fjallar um heimild vegamálastjóra til að framselja veghald einstakra kafla þjóðvega og er efnislega samhljóða 5. gr. gildandi vegalaga. Telja verður að ákvæði þetta feli jafnframt í sér að vegamálastjóra sé heimilt að gera samninga um einkaframkvæmd tiltekinna vegamannvirkja, eins og nánar er ákveðið í samgönguáætlun.

Í 1. mgr. er lagt til að vegamálastjóri geti falið sveitarstjórn veghald allra héraðsvega innan sveitarfélagsins, óski viðkomandi sveitarstjórn sérstaklega eftir því. Er þetta í takt við óskir nokkurra sveitarfélaga sem vilja hafa forræði á slíku, m.a. til að skapa betri samfellu í framkvæmdum og þjónustu.

Nýmæli er í 3. mgr. að um framsal veghalds skv. 1. og 2. mgr. skuli gera þjónustusamning sem er í samræmi við reglur sem gilda um úthýsingu verkefna ríkisins. Um slíka þjónustusamninga gilda almennar reglur sem í gildi eru á hverjum tíma og miðar frumvarpið við að í einu og öllu sé farið að þeim reglum.

Um 15. gr.

Þetta ákvæði felur í sér nokkur nýmæli sem lúta að því að tryggja eftirlit með því að veghald sé í viðunandi horfi.

Með þessu er kveðið á um eftirlit Vegagerðarinnar með veghaldi allra vega sem kostaðir eru af fé ríkisins og ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar.

Nýmæli er einnig að kveðið sé á um eftirlit með veghaldi Vegagerðarinnar. Er við það miðað að innan stofnunarinnar skuli vera starfandi eftirlitsdeild sem sjái um innra eftirlit með veghaldinu. Með þessu er verið að lögfesta skipulag sem í raun er í gildi innan Vegagerðarinnar en rétt þykir að kveðið sé skýrt á um það í lögum. Deildinni er fengið sjálfstæði með því að hún heyrir beint undir vegamálastjóra og er eftirlitið þannig aðskilið frá öðrum þáttum í starfsemi stofnunarinnar í samræmi við kröfur um innra eftirlit í nútímastjórnsýslu.

Í 4. mgr. er kveðið á um heimild lögreglu til að gefa fyrirmæli um úrbætur á veghaldinu og bann við umferð ef ástæða þykir til. Ákvæði þessa efnis er í 10. gr. gildandi laga og getur lögreglustjóri haft afskipti af veghaldi einkavega sem opnir eru almennri umferð ef hætta stafar af. Eðlilegt þykir að sama gildi um alla vegi sem opnir eru almennri umferð þannig að heimild lögreglu til afskipta af veghaldi og ástandi vega þessara sé ótvíræð, óháð því hvaða vegflokk um er að ræða. Má ætla að í ljósi almenns hlutverks lögreglu við að stuðla að öryggi umferðar sé í raun ekki gerð efnisbreyting en einungis skýrðar heimildir lögreglu hvað þetta varðar.

Um V. kafla.

Ákvæði V. kafla frumvarpsins samsvara að nokkru V. kafla og 16. og 17. gr. núgildandi laga. Almennt er ekki horft til verulegra breytinga á ákvæðum núgildandi vegalaga um vegáætlun og ekki hróflað við meginatriðum þess fyrirkomulags sem verið hefur á skiptingu markaðra tekjustofna til vegagerðar, ef undan er skilið ákvæði 19. gr frumvarpsins um fjárveitingar til héraðsvega.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um vegáætlun og er um að ræða samsvarandi ákvæði og 18. gr. núgildandi laga. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða heldur snúa breytingar einungis að orðalagi og framsetningu ákvæðisins.

Um 17. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er að finna mikilvæg nýmæli sem lúta að heimild til gjaldtöku af umferð en sambærileg ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Tvö dæmi eru um að vegaframkvæmdir og viðhald vega hér á landi hafi verið kostað af vegfarendum með greiðslu gjalds fyrir notkun mannvirkis. Annars vegar var gerð skammvinn tilraun til gjaldtöku af umferð um Reykjanesbraut á sjöunda áratug síðustu aldar. Hins vegar er bygging og rekstur Hvalfjarðarganga kostaður með gjaldi af umferð.

Gjaldtaka af umferð um Hvalfjarðargöng er byggð á sérstakri lagaheimild, lögum nr. 45/1990, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Skv. 3. gr. laganna er hlutafélagi, sem stofnað yrði í því skyni að byggja og reka vegtengingu, heimilt að taka gjald af umferð enda liggi fyrir samningur um verkefnið við samgönguráðherra.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um almenna heimild til gjaldtöku af umferð um þjóðvegi þannig að ekki sé þörf á að afla sérstakrar lagaheimildar hverju sinni til einstakra framkvæmda eins og nú er. Hér er þó ekki verið að setja fram tillögu um opna gjaldtöku-

heimild til handa veghaldara til að ákveða að framkvæmd skuli fjármögnuð með gjaldi af umferð heldur þarf að gera tillögu um slíkt í samgönguáætlun hverju sinni og fá þannig samþykki Alþingis fyrir hverri gjaldtöku. Er með þessu gert ráð fyrir að fjallað verði um alla þætti fjármögnunar þjóðvega innan ramma samgönguáætlunar.

Enn fremur er lögð til innleiðing ákvæða tilskipunar nr. 1999/62 EB eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 2006/38 EB.

Í 1. mgr. er lagt til að heimilt sé að ákveða í samgönguáætlun að veghald einstakra vegarkafla þjóðvega skuli kostað að hluta eða öllu leyti með veggjaldi af umferð eða notkunargjaldi. Skilyrði gjaldtökunnar er að heimild sé til þess í samgönguáætlun, en þar er fjallað um fjárveitingar til þjóðvega.

Í frumvarpinu er lagt til að heimild til gjaldtöku af umferð um þjóðvegi verði tvenns konar. Annars vegar að heimilt verði að taka veggjald af umferð og hins vegar notkunargjald.

Með veggjaldi er átt við gjald sem greitt er fyrir rétt til að nota tiltekinn veg eða vegarkafla á tilteknum tíma í tiltekin skipti. Hér er um að ræða samsvarandi gjaldtöku og það sem nefnt er „toll" skv. b-lið 2. gr. tilskipunarinnar. Sem dæmi um veggjald má nefna gjald sem greitt er fyrir akstur um Hvalfjarðargöng.

Með notkunargjaldi er í frumvarpi þessu átt við gjald sem greitt er fyrir notkun vega, t.d. mælt eftir eknum km, tíma dagsins, stærð ökutækis eða umhverfisáhrifum. Er hér átt við það sem kallað er „user charge" í c-lið 2. gr. tilskipunar 1999/62 EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2006/38 EB. Með tækninýjungum undanfarin ár hafa skapast nýir möguleikar til töku notkunargjalda af umferð, mældri eftir ekinni vegalengd. Með GPS-staðsetningartæki er unnt að skrá akstur ökutækis og safna upplýsingum um hann jafnóðum í gegnum gervihnattasamband. Þessi tækni er fyrir hendi og hefur verið tekin í notkun erlendis en dæmi er um sambærilegan búnað hér á landi án þess að það tengist gjaldtöku. Þykir rétt að gera ráð fyrir þessari gjaldtöku í vegalögum en ekki liggur fyrir hvort né heldur hvenær búast má við beitingu hennar. Lagaumhverfi þarf að þessu leyti að taka mið af löggjöf Evrópusambandsins og eru þessi ákvæði frumvarpsins sniðin að henni. Lagt er til að gjaldtaka af umferð miðist við að hún standi straum af byggingarkostnaði, rekstri, þróun og eðlilegum afrakstri fjárfestingar í vegamannvirkjum. Jafnframt að heimilt sé í samræmi við 10. mgr. 7. gr. tilskipunar 1999/62 EB, eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 2006/38 EB, að byggja gjaldtöku á sjónarmiðum um vernd umhverfis, umferðaröryggi og stýringu umferðar, t.d. til að jafna álagi á umferðarmannvirki til að greiða fyrir umferð eða til að draga úr sliti vega.

Ákvæði 2. og 3. mgr. ákvæðisins eru sniðin að meginreglum tilskipunarinnar og er þar fjallað um það á hvaða sjónarmiðum heimilt er að byggja gjaldtökuna. Sama má segja um 4. mgr. þar sem fram kemur sú meginregla að óheimilt sé að haga gjaldtöku með þeim hætti að raski jafnræði þeirra sem nota vegamannvirki.

Loks ber að nefna ákvæði 5. mgr. sem samsvarar 3. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar og kveður á um þá meginreglu að óheimilt er að innheimta samhliða veggjald og notkunargjald af sama vegarkaflanum. Undantekning er frá þessu er varðar gjaldtöku af notkun jarðganga og brúa en áfram verður heimilt að innheimta veggjald sérstaklega af notkun þeirra samhliða notkunargjaldi aðliggjandi vega sem miðast við ekna vegalengd.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um gjaldtöku af umferð sem taki mið af ákvæðum ofangreindrar tilskipunar, með síðari breytingum, og er heimild til setningar reglna ráðgerð í lokamálsgrein ákvæðisins. Er ráðherra m.a. heimilað að kveða sérstaklega á um kröfur um búnað sem notaður er við rafræna gjaldtöku og upplýsingasöfnun um útgjöld vegna samgöngumannvirkja. Hér er eingöngu verið að setja fram almennan ramma um gjald-

tökuna sem tekur mið af samsvarandi löggjöf á EES-svæðinu, svo sem eins og tilskipun 2004/52/EC um rafræna vegatolla og reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1108/70 um að koma á bókhaldsyfirliti yfir útgjöld vegna samgöngumannvirkja til flutninga m.a. á vegum, með síðari breytingum.

Um 18. gr.

Í 18. gr. frumvarpsins eru ákvæði um skiptingu kostnaðar milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga vegna þjóðvega í þéttbýli. Sérstök sjónarmið eiga við um vegagerð í þéttbýli þar sem návígi við byggð, lagnir, gönguleiðir o.fl. gerir að verkum að skilin milli þeirra kostnaðarþátta sem eru vegarins vegna og þeirra sem til eru komnir sérstaklega vegna þéttbýlis þurfa að vera skilgreind. Miðað er við að kostnaður vegna þéttbýlis skuli borinn af viðkomandi sveitarfélagi en kostnaður sem til er kominn vegarins vegna sé borinn af Vegagerðinni. Þetta er í samræmi við ákvæði 20. gr. núgildandi laga og er 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins efnislega samhljóða henni.

Nýmæli er að finna í 2. mgr. ákvæðisins sem lúta að því álitaefni hver bera eigi kostnað af aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að draga úr áhrifum umferðarhávaða á næsta nágrenni þjóðvega. Þessi ákvæði eru sett að gefnu tilefni þar sem nauðsynlegt þykir að eyða óvissu um þetta efni og fyrirbyggja ágreining sem ítrekað hefur komið upp milli viðkomandi sveitarfélaga og Vegagerðarinnar. Í stórum dráttum má segja að ákvæði þetta sé byggt á framangreindri meginreglu um kostnaðarskiptingu milli Vegagerðarinnar og sveitarfélags og er þá horft til þess hvort nauðsyn hávaðavarna verður rakin til aðgerða við veg eða skipulags byggðar.

Þegar lagður er nýr vegur um byggð sem fyrir er má segja að nauðsyn hávaðavarna verði rakin beinlínis til vegarins og þar með er eðlilegt að veghaldari kosti hávaðavarnir sem nauðsynlegar eru hans vegna. Í samræmi við þetta er lagt til að Vegagerðin kosti aðgerðir til varnar hávaða þegar svona háttar til við þjóðveg.

Þegar nauðsynlegt er að grípa til aðgerða gegn umferðarhávaða vegna byggðar sem skipulögð er að vegi sem fyrir er er eðlilegt að sveitarfélag sem ber ábyrgð á skipulaginu kosti jafnframt hávaðavarnir meðfram veginum. Í samræmi við það er lagt til að sveitarfélag kosti hávaðavarnir í þeim tilvikum þegar byggð er skipulögð að vegi sem fyrir er á skipulagi og enn fremur ef vegi er að ósk sveitarfélags valinn staður um byggð.

Frumvarpið gerir ráð yfir þeirri meginreglu að saman fari ábyrgð á kostnaði og forræði á skipulagi. Skipulagsforsendur gera ráð fyrir tiltekinni aukningu umferðar og er eðlilegt að skipulag byggðar og umferðar taki mið af áreiðanlegustu umferðarspám sem völ er á hverju sinni. Aukist umferð umfram það sem gert er ráð fyrir í slíkum spám er eðlilegt að sveitarfélag og veghaldari beri saman áhættuna af því og þar með kostnað af hávaðavörnum sem nauðsynlegar reynast vegna þess að umferð eykst umfram það sem spáð var. Í samræmi við það er lagt til að Vegagerðin og sveitarfélag beri að jöfnu kostnað af hljóðvörnum þegar svona háttar til en jafnframt er gert ráð fyrir að í sérstökum tilvikum megi ákveða aðra skiptingu með samkomulagi aðila.

Aukin umferð á tilteknum þjóðvegum samhliða skipulagi byggðar getur valdið því að grípa þarf til sérstakra aðgerða til að tryggja umferðaröryggi í samræmi við aukna umferð. Af þeim sökum er kveðið á um í 3. mgr. að heimilt sé að skipta kostnaði af slíkum aðgerðum milli sveitarfélags og Vegagerðarinnar.

Um 19. gr.

Eins og áður hefur komið fram er með frumvarpinu lagður til nýr undirflokkur þjóðvega, héraðsvegir, og hefur Vegagerðin veghald þeirra, en gert er ráð fyrir að sveitarfélag geti óskað eftir að yfirtaka veghald þeirra héraðsvega sem eru innan viðkomandi sveitarfélags. Í því tilviki er gert ráð fyrir því að sveitarfélagið fái með samningi fjárveitingar til að standa straum af veghaldinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að skipting fjárveitinga til héraðsvega verði ákveðin af Vegagerðinni í samræmi við reglur sem ráðherra setur. Gera má ráð fyrir að svipuð sjónarmið muni ráða skiptingunni og til þessa hafa ráðið skiptingu fjárveitinga til safnvega.

Um 20. gr.

Hér er kveðið á um það nýmæli að veghaldara verði heimilt að leggja á vegtengigjald til að standa straum af kostnaði við lagningu nýs héraðsvegar.

Meðal helstu raka fyrir því nýmæli er að forræði og ákvörðunarvald í skipulagsmálum og búsetuþróun innan sveitarfélags er í höndum viðkomandi sveitarfélags en veghald oftast í höndum annarra. Eðlilegt þykir að réttarstaða íbúanna sé sambærileg hvað snertir vegtengingu og kostnað vegna hennar, hvort sem búseta er ákveðin í dreifðri eða þéttri byggð, og er með frumvarpinu stefnt í þá átt.

Eftir núgildandi lögum er sveitarfélagi heimilað að leggja á gatnagerðargjald til að standa straum af gatnagerð í þéttbýli. Lagt er til með frumvarpi þessu að veghaldari hafi sams konar heimild til álagningar gjalds þegar kemur að lagningu vegar í dreifðri byggð og tíðkast við uppbyggingu innan þéttbýlis. Þannig er veghaldara heimilað að leggja á vegtengigjald til að standa straum af lagningu nýs héraðsvegar. Lagt er til að sömu reglur, að breyttu breytanda, geti eftir því sem við á gilt um fjárhæð, álagningu og innheimtu vegtengigjalds og gilda um gatnagerðargjald.

Um 21. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um skiptingu framlags ríkisins til landsvega og er samsvarandi 22. gr. núgildandi laga.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 23. gr. núgildandi laga og eru engar efnislegar breytingar gerðar að því frátöldu að áskilin er umsögn Siglingastofnunar ef veita á fé af vegáætlun til greiðslu hluta kostnaðar við ferjubryggjur og það nýmæli að heimilt er að ákveða fjárveitingu til greiðslu hluta kostnaðar við ferjur sem eru mikilvægar fyrir ferðaþjónustuna.

Um 23. gr.

Í gildandi vegalögum er kveðið á um að a.m.k. einum hundraðshluta af mörkuðum tekjum til vegagerðar skuli varið til rannsókna á sviði vega- og gatnagerðar. Mikilvægi þess að unnið sé að rannsóknum og framþróun á þessu sviði er síst minna nú en var við gildistöku þeirra laga. Er því lagt til að þessi starfsemi verði efld enn frekar með því að hækka framlagið í 1,5% af mörkuðum tekjustofnum. Jafnframt er lagt til að felld verði niður bein tilvísun í áðurgildandi lög um fjáröflun til vegagerðar.

Um 24. gr.

Hér er fjallað um heimildir til framkvæmda vegna ófyrirsjáanlegra atvika og er um að ræða framkvæmdir sem ekki var gert ráð fyrir í vegáætlun. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 25. gr. núgildandi laga.

Um 25. gr.

Samkvæmt 16. gr. núgildandi laga er heimilt að veita fé af vegáætlun til tiltekinna samgönguleiða sem taldar eru upp í greininni. Rétt þykir að skipa ákvæði þessu í kafla um vegáætlun og fjármögnun vega og er það því í þessari grein. Jafnframt er lögð til sú breyting að ráðherra setji nánari reglur um hvaða samgönguleiðir skuli styrktar á grundvelli reglna sem settar yrðu um framkvæmd styrkveitinga.

Í 16. gr. laganna skortir alfarið ákvæði um málsmeðferð við styrkveitingar. Lagt er til að umsóknum um styrk skuli beint til Vegagerðarinnar og er þar um að ræða lögfestingu á þeirri tilhögun sem verið hefur við lýði. Auk þess er gert ráð fyrir, eins og áður sagði, að ráðherra setji nánari reglur um málsmeðferð við úthlutun. Loks má ætla að reglur stjórnsýslulaga gildi um úthlutunina.

Um 26. gr.

Ákvæðið samsvarar 17. gr. núgildandi laga. Rétt þykir að skipa þessu ákvæði í kafla um vegáætlun og fjármögnun vega en að öðru leyti er ekki gerð tillaga að breytingum. Tekið skal fram að engar efnislegar breytingar felast í því að rætt er um reiðstíga í stað reiðvega eins og í núgildandi lögum. Einungis er um orðalagsbreytingu að ræða, til samræmis við 27. gr. sem fjallar um annars konar stíga.

Um 27. gr.

Í frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði í samgönguáætlun að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum, samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög. Hér er um nýmæli að ræða þar sem hingað til hefur ekki verið heimilt að veita fé til hjólreiða- og göngustíga í tengslum við fjárveitingar til vegamála.

Megintilgangur þessa ákvæðis er að stuðla að auknu öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda sem leið eiga meðfram umferðarmestu þjóðvegum utan þéttbýlis. Brýnt er að umferð hjólandi og gangandi vegfarenda blandist ekki umferð ökutækja þar sem umferðarhraði er að jafnaði mikill.

Með ákvæði þessu er ekki ætlunin að hrófla við fyrirkomulagi skv. 18. gr. frumvarpsins um skiptingu kostnaðar í tengslum við lagningu þjóðvega innan þéttbýlis. Frumvarpið felur í sér að viðkomandi sveitarfélag kosti hjólreiða- og göngustíga meðfram þjóðvegum innan þéttbýlis svo sem verið hefur almenna reglan til þessa. Þetta heimildarákvæði opnar hins vegar þann möguleika að vikið verði frá þessu í undantekningartilfellum þegar ástæða þykir til, svo sem til að tryggja umferðaröryggi.

Eðlilegt er að heimilt sé að kosta gerð stíga fyrir hjólandi og gangandi umferð og má í því sambandi benda á að gerð reiðvega fær eftir núgildandi lögum framlag af vegáætlun.

Um VI. kafla.

VI. kafli frumvarpsins samsvarar efnislega VI. kafla núgildandi laga. Nokkrar breytingar eru gerðar á framsetningu og orðalagi þeirra ákvæða sem varða t.d. skipulag og vegi, teng-

ingar og fjarlægð mannvirkja frá vegum. Í stórum dráttum má segja að ekki sé haggað við meginreglum núgildandi laga en ákvæði er snúa að málsmeðferð eru skýrð og gerð ítarlegri.

Um 28. gr.

Þetta ákvæði samsvarar 29. gr. núgildandi laga þar sem kveðið er á um þá meginreglu að vegi skuli leggja í samræmi við skipulag hverju sinni. Jafnframt er kveðið á um þátttöku Vegagerðarinnar í ákvörðun um legu þjóðvega. Eru með frumvarpinu lögð til fyllri ákvæði þar að lútandi í 1., 2. og 4. mgr., enda um mikilvæg ákvæði að ræða.

Náið samstarf og samráð er nauðsynlegt milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga þegar kemur að ákvörðun um legu þjóðvega við gerð skipulagsáætlana. Lega þjóðvega og tengingar við þá er ein af mikilvægustu forsendum skipulagsgerðarinnar. Má ætla að eitt af fyrstu skrefunum við mótun stefnu um skipulag í sveitarfélagi hljóti að felast í því að leita tillagna og upplýsinga um vegakerfi og fyrirætlanir um breytingar á því.

Ætla má að samráð Vegagerðar og sveitarfélaga sé í flestum tilvikum náið og farsælt og má því segja að lögfesting reglna sem kveða á um samráðsskyldu feli fyrst og fremst í sér staðfestingu á viðurkenndu og vönduðu vinnulagi við skipulagsgerð. Með frumvarpi þessu er gengið skrefi lengra en í gildandi lögum og áskilið að sveitarfélag viðhafi þá sjálfsögðu vinnureglu að afla upplýsinga og tillagna um legu vega og áform um breytingu á vegum hjá Vegagerðinni. Við skipulagsgerðina kann að koma upp sú staða að ekki verði fallist á tillögur og ábendingar Vegagerðarinnar. Sveitarstjórn fer með skipulagsvaldið og hefur í slíkum tilvikum heimild til að ganga gegn tillögum Vegagerðarinnar. Þá er áskilið að sveitarstjórn færi skýr rök fyrir afstöðu sinni en telja verður að það styðji enn frekar það meginmarkmið með breytingartillögu frumvarpsins að stuðla að vandaðri ákvarðanatöku um legu vega.

Misbrestur á því að gætt sé samráðs og leitað tillagna þar til bærra aðila getur almennt valdið því að markmið skipulagsgerðarinnar náist ekki að öllu leyti. Þar af leiðandi er eðlilegt að samráð og tillögugerð Vegagerðarinnar varðandi legu vega og tenginga við þá, og eftir atvikum rökstudd afgreiðsla sveitarstjórnar, sé lögbundið formskilyrði við vinnslu skipulags.

Ákvæði 3. mgr. eiga sér samsvörun í 29. gr. núgildandi laga nema að segja má að heimild Vegagerðarinnar til að krefja sveitarfélag um kostnaðarmun sé að einhverju leyti þrengd frá núgildandi lögum. Felst það í því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir ákveðnum sjónarmiðum sem Vegagerðin verður að taka tillit til við ákvörðun um hvort vegstæðið er betra, svo sem eins og umferðaröryggis, en í núgildandi lögum eru engin slík ákvæði.

Lagt er til í 4. mgr. að Vegagerðin verði ávallt lögbundinn umsagnar- og samráðsaðili þegar líkur eru á að breytingar á skipulagi hafi áhrif á umferð um þjóðvegi. Skýra ber ákvæði þetta með þeim hætti að í vafatilvikum skuli leita umsagnar og hafa samráð þar sem með því er dregið eins og hægt er úr því að upp komi árekstrar milli áætlana um þjóðvegagerð og skipulagsáætlanir sveitarfélaga og fyrir fram unnt að taka á vandamálum sem upp kunna að koma í stað þess að taka á þeim eftir á, þegar erfiðara er um vik með lausnir.

Um 29. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins samsvara 30. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. er nýmæli sem kveður á um heimild ráðherra til setningar reglna um lágmarksfjarlægð milli tenginga við þjóðvegi. Þessa heimild vantar í núgildandi lög en telja verður mikilvægt út frá sjónarmiðum umferðaröryggis að skýrt sé kveðið á um þetta atriði í reglugerð. Vegamót geta aukið hættu á umferðarslysum og því mikilvægt að til séu skýrar reglur

sem kveða með bindandi hætti á um lágmarkskröfur að þessu leyti við tilteknar aðstæður, t.d. eftir því hvaða vegflokkar eiga í hlut og hver umferðarþungi er á viðkomandi vegi. Umferðarhraði er einnig dæmi um sjónarmið sem litið verður til við setningu reglna samkvæmt þessu ákvæði.

Um 30. gr.

Hér er kveðið á um byggingarbann á fyrirhuguðu vegsvæði og er samhljóða 31. gr. núgildandi laga.

Um 31. gr.

Ákvæði er lúta að rétti til tenginga við veg er að finna í 32. gr. núgildandi laga. Ekki er lögð til efnisleg breyting á réttarstöðu landeiganda hvað þetta varðar, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Þó er lögð til sú mikilvæga undantekning, sem telst nýmæli, að landeigandi getur þurft að sæta því að veghaldari synji ósk hans um tengingu við veg. Þá er lagt til það nýmæli í 4. mgr. að landeigandi geti krafist bóta vegna synjunar um vegtengingu. Loks eru lögð til ítarlegri ákvæði um málsmeðferð í 2. og 3. mgr., sem um margt teljast nýmæli.

Í núgildandi lögum er landeiganda veittur tiltekinn frestur til að birta fyrir veghaldara kröfu sína um tengingu við veg. Í samræmi við nútímalega stjórnsýsluhætti er lögð til sú breyting í 2. mgr. að veghaldari hafi frumkvæði að tilkynningu til landeiganda um fyrirhugaða staðsetningu tengingar og gefi honum tiltekinn frest, sem skal vera a.m.k. þrjár vikur, til að koma að athugsemdum og eftir atvikum kröfu um aðra vegtengingu fallist hann ekki á tillögu veghaldara. Með þessu er réttarstaða landeiganda skýrð til muna frá því sem er í gildandi lögum jafnframt því að breytingin samræmist vel kröfum sem gerðar eru varðandi samskipti og samráð við landeigendur um framkvæmdir við vegagerð.

Í samræmi við aukna áherslu á umferðaröryggi er lagt til í 3. mgr. að veghaldari geti synjað landeiganda um vegtengingu. Vegamót geta skapað hættu á umferðaróhöppum og gerir frumvarpið ráð fyrir að heimilt verði að herða kröfur um öryggi á þeim. Ekki er hægt að útiloka að hertar kröfur leiði til þess að synjað verði um vegtengingu í einhverjum tilvikum. Enn fremur verður að gera ráð fyrir að í framtíðinni fjölgi þeim vegum sem vegna umferðarþunga og hraða leyfa ekki þann fjölda tenginga sem heimilaður hefur verið til þessa. Fækkun tenginga getur valdið því að ekki verður unnt að tengja allar eignir eða kostnaður vegna þess verður óásættanlegur. Kveðið er á um málsmeðferð við synjun vegtengingar en auk þess gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

Synjun um vegtengingu getur valdið því að landareign verður ekki nýtt áfram sem sjálfstæð eign með þeim hætti sem gera mátti ráð fyrir og verið hefur. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt, með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála um vernd eignarréttinda, að heimila landeiganda að krefjast eignarnámsbóta fyrir þá eignaskerðingu sem hann kann að verða fyrir vegna þessa. Krafa landeiganda þar að lútandi fæli í sér að litið yrði svo á að synjun veghaldara um vegtengingu leiddi til þess að viðkomandi landareign yrði í raun ónýtanleg vegna þess að vegtengingu verði ekki við komið. Bótaréttur einskorðast við fjárhagslegt tjón og er fyrst og fremst um að ræða bætur sem nema andvirði viðkomandi eignar sem ónýtist en gert er ráð fyrir að um ákvörðun bóta og bótafjárhæð fari eftir reglum um ákvörðun eignarnámsbóta.

Rétt er að taka fram að í því tilviki þegar ekki er unnt að tengja landareign beint við veg getur veghaldari átt kost á, að uppfylltum skilyrðum, að tengja viðkomandi eign annars staðar frá með lengri vegtengingu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að landeigandi verði að una slíkri ráð-

stöfun. Getur landeigandi ekki synjað um þá lausn eða aðra sem veghaldari býður fram og krafist auk þess bóta samkvæmt þessari grein frumvarpsins.

Um 32. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um fjarlægð mannvirkja frá vegi. Ekki er um að ræða breytingar frá núgildandi lögum en um þetta eru ákvæði í 1. mgr. 33., 34. og 35. gr. gildandi vegalaga.

Um 33. gr.

Hér er kveðið á um lágmarkshæð undir mannvirki við vegi og er um samhljóða ákvæði og 2.–4. mgr. 33. gr. núgildandi laga. Ekki er lögð til efnisleg breyting er þetta varðar.

Um VII. kafla.

Í kafla þessum er fjallað um eignarnámsheimild Vegagerðarinnar vegna þjóðvegagerðar og veghalds. Kaflinn tekur bæði til bráðabirgðaafnota lands og eignarnáms sem í núgildandi lögum er fjallað um í tveimur aðskildum köflum.

Ekki er um efnislegar breytingar að ræða frá núgildandi lögum á heimildum til að taka land undir þjóðvegi eignarnámi eða fá afnot lands til bráðabirgða né heldur er lögð til breyting á því að Vegagerðinni sé falin þessi heimild. Breytingar varða fyrst og fremst meðferð og undirbúning eignarnáms í því skyni að auka réttaröryggi eignarnámsþola og skýra réttarstöðu aðila. Einnig er um orðalagsbreytingar að ræða, enda núgildandi ákvæði áratugagömul að stofni til og hafa staðið lítt breytt frá því þau komu fyrst í löggjöfina.

Um bráðabirgðaafnot lands er fjallað í VIII. kafla núgildandi laga en í frumvarpi þessu í 34.–36. gr. Ákvæðin eru að mestu leyti samhljóða og er ekki um sérstakar efnislegar breytingar að ræða nema kveðið er skýrar á um skyldur Vegagerðarinnar til samráðs við landeigenda.

Í núgildandi lögum er kveðið á um eignarnám, bætur vegna jarðrasks, átroðnings o.fl. í IX. kafla laganna en í frumvarpinu er um það fjallað í 37.–40. gr. Efnislega eru ákvæðin samhljóða hvað varðar eignarnámsheimild og skyldu til að láta land af hendi. Gerðar eru orðalagsbreytingar og nánar kveðið á um framkvæmd við eignarnámið.

Um 34. gr.

Ákvæði þetta er meginheimildin um tiltekin bráðabirgðaafnot lands og skyldu landeiganda til að veita aðgang að landi. Ákvæðið er efnislega samhljóða 42. og 43. gr. núgildandi laga. Ekki eru gerðar breytingar á heimildum Vegagerðarinnar til notkunar lands í þessu skyni frá gildandi lögum en nýmæli er að kveðið sé á um skyldu landeiganda og umráðamanns lands til að veita aðgang að landinu. Sú skylda er þegar fyrir hendi og eðli málsins samkvæmt þykir rétt að kveðið sé á um hana í lögum.

Um 35. gr.

Eins og í 1. mgr. 44. gr. núgildandi laga er í þessari grein kveðið á um skyldu Vegagerðarinnar til að hafa samráð við landeiganda um afnot lands. Nýmæli er að kveðið sé á um tilkynningarskyldu Vegagerðarinnar, enda verður að telja það eðlilega framkvæmd og nauðsynlegan þátt í að samkomulag takist um þau. Jafnframt er nýmæli að á Vegagerðina er lögð sú skylda að gæta meðalhófs og raska ekki meiru en nauðsynlegt er hverju sinni. Með þessu er verið að tryggja réttaröryggi landeiganda sem fyrir þessu verður og er eðlilegt að hagsmuna hans sé gætt í hvívetna.

Hins vegar kann að vera nauðsynlegt að fá afnot lands til bráðabirgða þegar í stað og er Vegagerðinni fengin heimild til slíks þegar um neyðartilvik er að ræða, í þeim tilgangi sem ákvæðið segir til um. Þykir óhjákvæmilegt að hafa slíka heimild þegar brýna nauðsyn ber til og skjótra aðgerða er þörf og enginn tími gefst til samráðs. Er það lagt í hendur Vegagerðarinnar að meta hvenær slík þörf er fyrir hendi og er stofnunin bundin af sömu sjónarmiðum um meðalhóf og áður er getið.

Um 36. gr.

Hér er kveðið á um bætur til landeiganda vegna bráðabirgðaafnota lands og er um sambærilegt ákvæði að ræða og í 2. mgr. 44. gr. gildandi laga. Áfram er gert ráð fyrir að bætur ákveðist eftir ákvæðum um eignarnámsbætur eftir því sem við á. Nýmæli er að bætur má ákveða um leið og eignarnámsbætur fyrir land og er það til hagræðingar svo að hægt sé að fjalla um það saman.

Um 37. gr.

Ákvæði þetta er eignarnámsheimildin sem Vegagerðinni er fengin vegna lands sem þarf til þjóðvegagerðar og veghalds þeirra. Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu landeiganda til að láta land, jarðefni og önnur réttindi af hendi og er ákvæðið samhljóða núgildandi 1. mgr. 45. gr., enda ekki ætlunin með frumvarpinu að breyta neinu um eignarnámsheimildir Vegagerðarinnar. Rétt þykir að árétta að skylda til að láta réttindi af hendi nær jafnframt til þeirra sem eiga önnur réttindi en bein eignarréttindi yfir landi, svo sem ítaksréttindi ýmiss konar.

Ekki eru gerðar breytingar á því að Vegagerðin ákveði hvort þörf sé á eignarnámi og verður framkvæmdin öll hjá stofnuninni. Nýmæli er hins vegar að kveðið er á um þá framkvæmd sem Vegagerðin skal viðhafa þegar eignarnám er áformað og eru þær breytingar allar í þá veru að vernda hagsmuni eignarnámsþola og gefa honum færi á að gera athugasemdir við eignarnámið. Er gert ráð fyrir að Vegagerðin tilkynni viðkomandi um áformin skriflega þar sem gerð er grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir innan ákveðins frests. Gildir þetta bæði um alla sem eiga réttindi yfir landi, bæði bein og óbein, þó með þeim eðlilega fyrirvara að vitað sé um rétthafa. Gert er ráð fyrir að Vegagerðin taki endanlega ákvörðun um eignarnámið eftir að fresturinn er liðinn og er það sett í hendur Vegagerðarinnar að ákveða hvort og þá í hvaða mæli tekið skuli tillit til athugasemda, engin skylda er lögð á stofnunina í því sambandi. Kveðið er á um tilkynningarskyldu Vegagerðarinnar til viðkomandi um eignarnámið og að þar skuli gerð grein fyrir afdrifum athugasemdanna.

Ákvæði 6. mgr. er samhljóða 11. gr. gildandi laga um heimild til að taka land eignarnámi undir einkavegi og almenna stíga og eru ekki lagðar til breytingar hvað það varðar í frumvarpinu.

Um 38. gr.

Í núgildandi lögum er í 46. gr. kveðið á um að heimilt sé að leita samninga um eignarnámsbætur. Verði frumvarp þetta að lögum er lagt til að Vegagerðinni verði skylt að leita samninga við landeiganda, og eftir atvikum aðra rétthafa, um bætur eins og kostur er. Þykir rétt að samningaleiðin sé fyrst fullreynd áður en mál eru lögð fyrir matsnefnd eignarnámsbóta, enda hagkvæmara fyrir alla aðila að samkomulag náist. Hér er jafnframt áréttað að bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands sé hægt að ákveða samhliða eignarnámsbótum.

Nýmæli er að kveða á um þá framkvæmd sem viðhöfð skal og er lagt til að Vegagerðin geri eignarnámsþolum skriflega tillögu að bótum þar sem sundurliðað er fyrir hvað boðnar eru bætur. Þetta er hugsað sem upphaf samningaviðræðna milli aðila, sem skal ljúka innan tiltekins frests sem Vegagerðin ákveður annars skal leggja mál fyrir matsnefnd eignarnámsbóta. Með þessu er sú framkvæmd sem að verulegu leyti er viðhöfð í þessum málum lögfest og þykir eðlilegt að fyrir liggi með skýrum hætti hver hún er svo tryggt sé að sömu reglum sé fylgt í hverju tilviki og allir eignarnámsþolar eigi sama rétt.

Um 39. gr.

Ákvæði þetta fjallar um ákvörðun bóta með mati og er þá miðað við að mál sé lagt fyrir matsnefnd eignarnámsbóta á grundvelli laga sem um það gilda. Rétt þykir því í upphafi ákvæðisins að taka það fram, en það kemur ekki sérstaklega fram í núgildandi lögum.

2., 3. og 4. mgr. ákvæðisins eru að mestu samhljóða 47. gr. núgildandi laga um hvað skuli hafa í huga við matið. Hins vegar er kveðið skýrar á um áhrif annarra hagsbóta sem eiganda hlotnast við eignarnámið umfram aðra, svo sem ef eign hækkar í verði, og að slík hagsbót komi til frádráttar bótum. Þetta er í samræmi við dómaframkvæmd.

Um 40. gr.

Í 1. mgr., sem er samhljóða 48. gr. núgildandi laga, er kveðið á um hver á eignarnámsbætur og er ekki um breytingu frá gildandi lögum að ræða heldur er það áfram landeigandi og eftir atvikum ábúandi. Hins vegar er nýmæli að kveðið sé á um að aðrir rétthafar en ábúendur geti átt rétt til bóta ef það liggur fyrir með óyggjandi hætti að réttindi þeirra hafi verið tekin eignarnámi og um einhver verðmæti sé að ræða.

2. mgr. kveður á um fyrningarfrest bótakrafna sem af veghaldi leiða. Fyrningarfresturinn er eitt ár frá því verkinu lauk eða skaði kom í ljós en þó þannig að tíu árum frá verklokum er bótarétturinn fallinn niður. Krafa vegna skaða sem kemur í ljós meira en tíu árum frá verklokum er því fallin niður fyrir fyrningu. Ákvæði um þetta eru í 49. gr. núgildandi laga að mestu. Hefur það verið talið ná til bóta vegna lands undir vegi, jarðrasks, átroðnings vegna vegagerðar og annars slíks. Verði frumvarp þetta að lögum nær ákvæðið til bótakrafna almennt, hvort sem er vegna vegagerðarinnar, viðhalds eða þjónustu, svo sem ef skemmdir verða vegna snjómoksturs eða aðgerða við viðhald vega.

Eignarnámsheimild Vegagerðarinnar leiðir til þess að þegar henni er beitt flyst eignarréttur að landi, sem eignarnám beinist að, að fullu til Vegagerðarinnar. Gildir einu hvort lands er aflað með samkomulagi eða eignarnámsúrskurði. Nauðsynlegt er að unnt sé að þinglýsa slíkum rétti og þykir rétt að kveða sérstaklega á um það til að taka af öll tvímæli. Er enn fremur rétt að kveða á um heimild til skráningar vegsvæðis í Landskrá fasteigna í samræmi við gildandi reglur þar um. Rétt er að geta þess að litið hefur verið svo á að þetta sé heimilt og eru mörg dæmi um að þessum réttindum hafi verið þinglýst. Aukin viðskipti með lönd og jarðir undanfarið með tilheyrandi áhrifum á verðmæti þeirra gera enn mikilvægara en áður að mörk vegsvæða og nærliggjandi lands séu skráð og þinglýst.

Um VIII. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins felur í sér allnokkur nýmæli frá gildandi lögum. Í X. kafla núgildandi laga eru ákvæði sem að nokkru eiga sér samsvörun í 43. og 44. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er hér um að ræða ný ákvæði sem ekki eiga sér hliðstæðu í gildandi lögum. Megin-

tilgangur þeirra er að skapa skýra lagalega umgjörð um þær kröfur sem gera verður til lagningar, viðhalds og þjónustu vega.

Um 41. gr.

Hér er lögð til almenn regla um þau meginatriði sem horfa skal til við lagningu og viðhald vega. Þar vegast á annars vegar þau markmið sem stefnt er að með vegarlagningunni, hagkvæmni og öryggi, og hins vegar áhrif sem hún að öðru leyti kann að hafa á samfélagið og umhverfið í heild sinni. Þessari grein er ætlað að hafa almennt leiðsagnargildi um þau meginsjónarmið og hagsmuni sem veghaldara ber að líta til við framkvæmd veghalds.

Um 42. gr.

Í gildandi lögum er ekki að finna sérstaka heimild til setningar reglna um lágmarkskröfur sem gera verður um vegi sem opnir eru almennri umferð. Kveðið er á um heimild ráðherra til að setja reglur um hvaða kröfur gera verður til hönnunar vega og eftirlits með gerð þeirra.

Með lágmarkskröfum um vegi er átt við þær tæknilegu kröfur sem gerðar eru um vegamannvirki, svo sem vegi, brýr og jarðgöng. Þessi mannvirki eru byggð í samræmi við fyrirliggjandi staðla og faglegar kröfur sem gilda á hverjum tíma. Jafnframt er heimilt samkvæmt þessari grein að kveða nánar á um kröfur sem gerðar eru um hönnun og faglega hæfni hönnuða vegamannvirkja, þ.m.t. brúa og jarðganga. Loks geta reglurnar kveðið á um skilyrði um eftirlit með mannvirkjagerð, þar á meðal lágmarkskröfur um faglega hæfni þeirra sem annast eftirlitið.

Kveðið er á um ábyrgð veghaldara á því að vegir sem opnir eru almenningi til frjálsrar umferðar uppfylli þessar kröfur. Feli veghaldari öðrum að annast lagningu vegar, brúargerð eða jarðgangagerð ber hann allt að einu ábyrgð á því að lágmarkskröfur um hönnun mannvirkis séu uppfylltar. Jafnframt skal veghaldari gera kröfu um að þeir sem annast hönnun og eftirlit með mannvirkjagerðinni uppfylli skilyrði um faglega hæfni og ganga úr skugga um að það, til að mynda með því að krefjast viðeigandi staðfestingar eða vottorðs.

Um 43. gr.

Hér er í 1. mgr. kveðið á um það nýmæli að veghaldari beri ábyrgð á því að vegi sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Rétt þykir að taka sérstaklega fram í frumvarpinu að viðhaldsskyldan hvíli á veghaldara en ákvæði sama efnis er ekki að finna í núgildandi lögum. Ákvæði 1. mgr. getur leitt til þess að gerðar verið meiri kröfur til veghaldara um viðhaldið en samkvæmt núgildandi lögum með tilliti til þeirrar umferðar sem um veginn fer. Skyldur veghaldara eru ekki í öllum tilvikum þær sömu og fara m.a. eftir því hve mikil umferð er um viðkomandi veg. Þannig verða meiri kröfur gerðar ef um er að ræða veg með mikilli umferð en að sama skapi minni kröfur gerðar ef umferð um veg er lítil. Jafnframt yrðu minni kröfur gerðar ef einungis væri um að ræða árstíðabundna umferð. Óþarft er að taka fram að vegfarandi verður ávallt að taka mið af aðstæðum og gera t.d. ráð fyrir því að yfirborð malarvega geti verið óslétt og laust í sér og haga akstri í samræmi við það.

Ákvæði 2. mgr. er að mestu samhljóða 1. mgr. 50. gr. núgildandi laga. Í lokamálslið 2. mgr. er áréttað að merkingar skuli vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga.

Samkvæmt 3. mgr. er ráðherra heimilað að setja nánari reglur um viðhald vega.

Um 44. gr.

Samkvæmt 51. gr. gildandi vegalaga er heimilt að telja kostnað við vetrarþjónustu með öðrum viðhaldskostnaði vega. Ekki þykir nauðsynlegt að kveða sérstaklega á um þetta þar sem hefðbundið er við framsetningu vegáætlunar að greina á milli kostnaðar við vetrarþjónustu og viðhald vega. Vegagerðin hefur árum saman unnið eftir reglum um framkvæmd vetrarþjónustu á þjóðvegum. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram og með svipuðu sniði og verið hefur. Rétt þykir að ráðherra staðfesti þær reglur sem í gildi eru hverju sinni og gefi þeim þannig formlegt gildi.

2. mgr. 44. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða seinni málslið 51. gr. gildandi laga.

Um 45. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að ráðherra fái heimild til að setja nánari reglur um upplýsingagjöf („telematik“) til vegfarenda og reglur um söfnun og veitingu upplýsinga til vegfarenda sem hafa þýðingu vegna umferðaröryggis og þróunar umferðar.

Upplýsingar af þessu tagi, sem á ensku eru nefndar „telematik“, er hægt að nota í ýmsum tilgangi, t.d. til innheimtu veggjalda, til öryggismála, staðsetningu ökutækja og til miðlunar upplýsingar til vefarenda um færð og umferð svo eitthvað sé nefnt.

Söfnun og miðlun upplýsinga um vegakerfið hefur verið vaxandi þáttur í starfsemi Vegagerðarinnar. Aukin áhersla er lögð á að vegfarendur hafi aðgang að nýjum og réttum upplýsingum um færð og ástand vega hverju sinni. Jafnframt er mikil áhersla lögð á söfnun upplýsinga um umferð og ástand vega til notkunar við ákvarðanatöku og áætlanagerð.

Um IX. kafla.

Í kafla þessum er sameinað í einn kafla efni sem í núgildandi lögum er að finna annars vegar í X. kafla um viðhald þjóðvega og reglur fyrir umferð og hins vegar í XI. kafla um skemmdir á mannvirkjum o.fl. Í kaflanum er að finna ákvæði er snerta sérstaklega öryggi vega og umferðar. Rétt er að hafa í huga að víðar í frumvarpinu er að finna ákvæði þar sem aukin áhersla er á umferðaröryggi.

Þau nýmæli eru í kaflanum að umferðaröryggi er gert hátt undir höfði og kveðið á um að allir vegir sem opnir eru almenningi til frjálsrar umferðar skuli uppfylla ákveðnar kröfur í því tilliti.

Um nánari skýringar um þetta vísast til almennrar umfjöllunar í greinargerð með frumvarpinu.

Um 46. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og tekur til þess að vegir sem opnir eru almenningi skuli uppfylla tilteknar kröfur sem gerðar eru til umferðaröryggis. Er í greininni einnig miðað við að formfesta umferðaröryggisstjórnun vega sem ráðherra er heimilt að setja reglur um. Í umferðaröryggisstjórnun felst helst að fara skuli fram eftirfarandi:

- umferðaröryggismat á öryggisþáttum nýrra vega,
- umferðaröryggisrýni, sem felst í rýni hönnunargagna á mismunandi stigum hönnunar, lagfæring slysastaða eða svokallaðra svartbletta, sem eru staðir þar sem á sér stað mikil uppsöfnun óhappa oft af líkum toga, og
- umferðaröryggisúttekt, sem felst í því að gera reglubundnar úttektir á vegakerfinu eftir nánar útfærðum gátlistum.

Margt af þessu er þegar unnið hjá Vegagerðinni en nú þykir nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um þetta sem skyldu í lögum þar sem öryggismál hvers konar eru mikilvægur þáttur í vegakerfi landsins.

Ábyrgð á því að umferðaröryggis, eins og kveðið er á um í greininni, sé gætt er hjá veghaldara hvers vegflokks, eins og nánar er kveðið á um í frumvarpinu.

Um 47. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 55. og 57. gr. núgildandi laga, þó með þeirri breytingu að í stað þess að ákvæðið einskorðist við Vegagerðina er lagt til að það gildi um heimild veghaldara almennt til að fjarlægja óviðkomandi hluti af vegi. Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að veghaldari hafi heimildir til að fjarlægja af vegi og vegsvæði hvers kyns hluti sem þar eru skildir eftir í óleyfi til að halda vegum og vegsvæðum hreinum. Ákvörðun um nauðsyn þess að grípa til þessarar heimildar er lögð í hendur veghaldara hverju sinni.

Um 48. gr.

Hér er kveðið á um reglur fyrir umferð og er að miklu leyti í samræmi við 52. gr. nema að í stað Vegagerðarinnar kemur veghaldari. Eðlilegt þykir að sömu heimildir séu í höndum Vegagerðarinnar og annarra veghaldara.

Um 49. gr.

Ákvæði þetta sameinar 1. málsl. 53. gr. og 54. gr. núgildandi laga með þeirri breytingu að samræmdar eru reglur um Vegagerðina og aðra veghaldara eins og í fyrri ákvæðum. Hluti efnisatriða núgildandi ákvæða er þó felldur niður enda þar að finna atriði sem telja verður óþarft að kveða á um í vegalögum með tilliti til þess að ítarleg ákvæði annarra laga, einkum ákvæða um heilbrigðismál og umhverfisvernd, gilda um þetta efni.

Um 50. gr.

Þetta ákvæði fjallar um lausagöngubann á lokuðum vegsvæðum og heimild til að fjarlægja búfé af þeim og er að mestu sama efnis og 56. gr. núgildandi laga. Tvær breytingar eru þó gerðar. Annars vegar er lausagöngubann ótvírætt bundið við vegsvæði sem lokuð eru fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarhliði. Hins vegar er heimild til að fjarlægja búfé af lokuðu vegsvæði einnig veitt öðrum veghöldurum en Vegagerðinni.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um girðingar meðfram vegum landsins og er ekki um neinar verulegar efnislegar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Ákvæðin eru nokkuð einfölduð og gerð skýrari og leitast við að hafa hér meginreglur um skyldu til að girða og um kostnaðarskiptingu en gert ráð fyrir nánari útfærslu í reglugerð.

Nýmæli er að fjalla um undirgöng fyrir búfé og heimild Vegagerðarinnar til að taka þátt í kostnaði við þau, en slík undirgöng eru til þess fallin að bæta umferðaröryggi um þjóðvegi landsins.

Um 51. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti efnislega samhljóða 37. gr. núgildandi laga og er aðallega um orðalagsbreytingar að ræða.

1. mgr. ákvæðisins er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 37. gr. um skyldu veghaldara til að girða af vegi um tiltekið landsvæði. 2. mgr. er samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 37. gr. um heimild veghaldara til að girða af vegi en nýmæli er að tekið sé fram að slíka heimild skuli nota m.a. til að tryggja umferðaröryggi.

Í 3. mgr. er fjallað um heimild Vegagerðarinnar til að taka þátt í stofnkostnaði girðinga sem settar eru í ákveðnum tilgangi og er það ákvæði samhljóða 2. mgr. 37. gr. laganna.

Um 52. gr.

Hér er fjallað um framkvæmd viðhalds og skiptingu kostnaðar við viðhald girðinga. Í ákvæðið eru teknar upp meginreglur 39. gr. núgildandi laga um það hver skuli sjá um viðhaldið og hvernig kostnaður skiptist og er ekki gert ráð fyrir að breytingar verði þar á.

Í 8. mgr. er lagt til það nýmæli að kveða megi á um nánari útfærslu við framkvæmd á þessu í reglugerð.

Um 53. gr.

Hér er kveðið á um bann við því að gera girðingu yfir vegi og er ákvæðið að mestu samhljóða 1. mgr. 38. gr. núgildandi laga, þó með þeirri breytingu að í stað Vegagerðarinnar kemur veghaldari. Að öðru leyti eru ekki lagðar til neinar efnislegar breytingar hvað þetta varðar.

Um 54. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og fjallar um heimild Vegagerðarinnar til að taka þátt í kostnaði við gerð undirganga fyrir búfé. Áherslan er á umferðaröryggi eins og annars staðar í frumvarpinu. Augljóst er að rekstur búfjár yfir vegi landsins, og þá sérstaklega þjóðvegi, skapar mikla hættu fyrir umferð. Undirgöng geta dregið úr slysahættu af þessum völdum og því sjálfsagt að landeigendum verði gert mögulegt að gera slík undirgöng þar sem það er mögulegt og nauðsynlegt vegna umferðaröryggis. Gerð slíkra undirganga er kostnaðarsöm og því eðlilegt að Vegagerðinni verði heimilað að taka þátt í kostnaði við gerð þeirra.

Um 55. gr.

Hér er kveðið á um heimild landeiganda til að gera girðingu yfir veg á eigin landi, þó með þeirri skyldu að hafa hlið á girðingu sem ekki má læsa eða hindra umferð á annan hátt nema með leyfi sveitarstjórnar. Ákvæði þetta er að mestu samhljóða 40. gr. núgildandi laga sem er gamalt að stofni til. Eins og áður er vikið að getur ákvæði þetta haft þýðingu varðandi heimild veghaldara einkavegar til að tálma umferð um veg.

Sú breyting er gerð að ráðherra í stað vegamálastjóra úrskurðar um ágreining vegna ákvörðunar sveitarstjórnar samkvæmt þessu ákvæði.

Um XI. kafla.

Kafli þessi hefur að geyma ýmis ákvæði sem ekki rúmast innan annarra kafla frumvarpsins, svo sem um bótaábyrgð og viðurlög.

Um 56. gr.

Þetta ákvæði frumvarpsins leysir af hólmi ákvæði 2. mgr. 50. gr. núgildandi laga sem fjallar um bótaskyldu Vegagerðarinnar vegna slysa á þjóðvegum. Lagt er til að ábyrgð veghaldara verði sú sama hvort sem um er að ræða Vegagerðina, sveitarfélag eða annan aðila.

Bótaábyrgð er samkvæmt ákvæðinu byggð á sama grundvelli og bótaskylda samkvæmt almennum bótareglum, þ.e. að gáleysi er huglægt skilyrði bótaskyldu. Hins vegar er gerð sú krafa að ökumaður hafi sýnt eðlilega varkárni við akstur umrætt sinn og er það skilyrði bótaskyldu veghaldara. Mikilvægt er með tilliti til varnaðaráhrifa bótareglunnar að gera ríkar kröfur til veghaldara jafnt sem ökumanna.

Verði þetta ákvæði frumvarpsins að lögum leiðir það til þess að bótaskylda Vegagerðarinnar sem og annarra veghaldara verður ríkari en samkvæmt gildandi lögum. Eðlilegt verður að telja að veghaldari beri ábyrgð á mistökum starfsmanna sinna óháð því hvort um einfalt eða stórkostlegt gáleysi sé að ræða. Er því lagt til að bótaábyrgð veghaldara verði ekki takmörkuð við að tjón verði rakið til stórkostlegs gáleysis starfsmanna hans eins og í gildandi lögum. Verður að telja að sjónarmið sem áður voru viðurkennd um að takmarka eigi ábyrgð aðila sem sinna opinberri þjónustu eigi ekki lengur hljómgrunn.

Ákvæði umferðarlaga einkennir að rík krafa er til ökumanns bifreiðar að hann hagi akstri ávallt í samræmi við aðstæður, þar á meðal ökuhraða. Mikilvægt er til að stuðla að meira öryggi í umferðinni að draga úr gáleysislegum akstri og hraðakstri. Frumvarpið miðar að því að bótareglur vegalaga endurspegli ríka ábyrgð ökumanns og eiganda ökutækis. Af þeim sökum er haldið sérreglu núgildandi laga um ríka aðgæsluskyldu ökumanns. Það skilyrði bótaábyrgðar að ökumaður hafi sýnt eðlilega aðgæslu leiðir í raun til þess að bótaskylda veghaldara fellur niður verði tjón að einhverju leyti rakið til gáleysis ökumanns.

Um 57. gr.

Hér er kveðið á um kæruheimild og málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 58. gr.

Ákvæði þetta hefur að geyma almenna reglugerðarheimild, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.

Um 59. gr.

Þessi grein samsvarar 59. og 60. gr. gildandi laga.

Um XII. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um gildistöku frumvarpsins og óhjákvæmilegt brottfall laga.

Um 60. gr.

Lagt er til að frumvarpið öðlist gildi 1. janúar 2008 og að frá sama tíma falla úr gildi núgildandi vegalög, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

**Fylgiskjal I.**

**Sérálit þriggja fulltrúa í nefnd um endurskoðun vegalaga.**

Við undirrituð getum ekki staðið að áliti nefndarinnar að óbreyttu.

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var þann 27. september sl., var vinna í nefnd um endurskoðun vegalaga kynnt stjórninni og var eftirfarandi bókað:

„Samband íslenskra sveitarfélaga er reiðubúið til að taka áfram þátt í vinnu við endurskoðun á vegalögum, m.a. að því er varðar hljóðvistarmál, almenningssamgöngur, stígagerð, fjármögnun og tekjustofna.

Sambandið telur hins vegar alls ótímabært að færa verkefni á sviði vegamála frá ríki til sveitarfélaga, eins og drög að frumvarpi til nýrra vegalaga gera ráð fyrir, enda er það mál algerlega órætt á vettvangi sveitarfélaganna.

Stjórnin felur fulltrúum sambandsins í vegalaganefnd að koma þessum sjónarmiðum á framfæri."

Eins og fram kemur í bókuninni telur stjórnin ótímabært að færa ábyrgð á safnvegum og hluta tengivega yfir til sveitarfélag þar sem málið hafi ekki fengið umfjöllun á vettvangi sveitarstjórnarmanna og tökum við undir það sjónarmið. Við leggjumst hins vegar ekki fyrir fram gegn þeirri hugmynd að færa verkefnið yfir til sveitarfélaga en til þess að svo megi verða verður fyrst að kynna það fyrir sveitarstjórnarmönnum og gefa þeim tíma og tækifæri til að ræða málið. Áður en slík kynning og umræða fer fram verður fjármögnun að liggja ljós fyrir og vera betur tryggð en gert er ráð fyrir í frumvarpsdrögunum. Til að sveitarstjórnarmenn geti tekið afstöðu til málsins er jafnframt nauðsynlegt að fyrir liggi nákvæm útfærsla á því með hvaða hætti sveitarfélögunum verður tryggt fjármagn til verksins og hvernig þeir fjármunir muni dreifast milli sveitarfélaga.

Jafnframt gera undirritaðir nefndarmenn athugasemd við 18. og 28. gr. frumvarpsdraganna. Í 2. mgr. 18. gr. kemur fram að Vegagerðin skuli bera kostnað af mannvirkjum, sem nauðsynlegt er að setja við veg til að skýla byggð fyrir umferðarhávaða, ef um er að ræða lagningu nýs þjóðvegar um svæði þar sem byggð hefur þegar verið skipulögð og vegi er valinn staður að ósk Vegagerðarinnar. Þá kemur fram í 3. mgr. 18. gr. að sveitarfélög skuli bera kostnað af mannvirkjum skv. 2. mgr. þegar byggð er skipulög að þjóðvegi, sem fyrir er eða ákveðinn hefur verið á staðfestu skipulagi samtímis eða áður en byggð er skipulögð, og þegar vegi er valinn staður við byggð sem fyrir er að ósk sveitarfélags.

Einnig gerum við athugasemd við 28. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar sé heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélaga um kostnaðarmun.

Í báðum þessum greinum er gert ráð fyrir því að sveitarfélög verði að greiða fyrir þjóðveg sé ekki farið að óskum Vegagerðarinnar. Vegagerðin, og ríkið þar með, er með þessu fyrirkomulagi algjörlega leyst undan því að taka tillit til aðstæðna og hagsmuna þess samfélags sem vegir eiga að þjóna og fara í gegnum. Vegagerðinni er falið algjört vald til að ákveða staðsetningu og legu vega án þess að Vegagerðinni sé á nokkurn hátt skylt að taka tillit til annarra hagsmuna en þröngra fjárhagslegra eigin hagsmuna sinna.

Slíkt fyrirkomulag er með öllu óviðunandi fyrir sveitarfélögin í landinu.

Hafa verður í huga að samkvæmt íslenskri stjórnskipan eru það sveitarstjórnir sem hafa það hlutverk að lögum að gæta hagsmuna þeirra sem í viðkomandi sveitarfélagi búa. Það er bæði nauðsynlegt og eðlilegt að ríkið taki fullt tillit til sjónarmiða sveitarstjórna þegar kemur að vegamálum enda búi málefnaleg sjónarmið þar að baki. Við teljum því rétt að Vegagerðin standi straum af kostnaði sem fjallað er um í 18. og 28. gr. frumvarpsdraganna.

Reykjavík, 20. október 2006

Halldór Halldórsson
sign.

Elín R. Líndal
sign.

Árni Þór Sigurðsson
sign.

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til vegalaga.**

Markmiðið með frumvarpinu er að skilgreina nánar ábyrgð í veghaldi og stuðla að öruggum samgöngum. Helstu atriði sem koma fram í frumvarpinu eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi er lögð til breytt flokkun vega þar sem m.a. er kveðið á um stöðu almennra stíga. Í öðru lagi er lagt til að Vegamálastjóri hafi skýra heimild til að framselja veghald til þriðja aðila. Í þriðja lagi er lagt til að heimild til gjaldtöku vegna byggingar og rekstur samgöngumannvirkja verði almenn í stað sérstakrar lagasetningar fyrir slíka gjaldtöku vegna einstaka verkefna. Í fjórða lagi er lagt til að heimilt verði að veita fé til almennra stíga af fjárveitingum til vegagerðar. Í fimmta lagi er lagt til að hlutverk Vegagerðarinnar sem umsagnaraðila um áhrif skipalags á umferð um þjóðvegi verði skýrt nánar. Í sjötta lagi eru skyldur vegagerðarinnar vegna eignarnáms áréttað. Í sjöunda lagi eru reglur um girðingar með vegum einfaldaðar og skýrðar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

## 549. Svar [324. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Björns Inga Hrafnssonar um kjördæmaskipan.

1. *Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir breytingu á þeirri skipan sem skiptir höfuðborg landsins upp í tvö kjördæmi?*

Ráðherra hefur að svo stöddu ekki í hyggju að beita sér fyrir breytingu á þeirri skipan sem nú er í gildi, enda hefur aðeins einu sinni verið kosið á grundvelli hinnar nýju kjördæmaskipunar.

2. *Hver var reynslan af umræddri skiptingu í alþingiskosningunum 2003?*

Reynslan var sú sem ætlað var þegar skiptingin var ákveðin. Mat ráðherra er að skipting í tvö kjördæmi hafi í raun litla þýðingu fyrir Reykvíkinga og þingmenn þeirra vinna saman að hagsmunamálum borgarinnar óháð henni. Meginatriðið fyrir Reykvíkinga við síðustu kjördæmabreytingu var að þingmönnum höfuðborgarinnar fjölgaði.

# 550. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 2007.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 459 með þessum breytingum:

**A-hluti.**
**Rekstraryfirlit ríkissjóðs.**

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2007 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

| m.kr. | Rekstrar-grunnur | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| **Skatttekjur** | **343.222,6** | **332.936,4** |
| Skattar á tekjur einstaklinga | 94.600,0 | 91.426,0 |
| Skattar á tekjur lögaðila | 39.000,0 | 32.920,0 |
| Tryggingagjöld | 34.850,7 | 34.199,9 |
| Eignarskattar | 7.675,0 | 7.675,0 |
| Virðisaukaskattur | 107.000,0 | 107.000,0 |
| Aðrir skattar á vörur og þjónustu | 55.318,0 | 55.089,5 |
| Skattar ótaldir annars staðar | 4.778,9 | 4.626,0 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | **30.474,1** | **30.243,1** |
| Arðgreiðslur | 1.238,0 | 1.238,0 |
| Vaxtatekjur og eignatekjur | 20.449,7 | 20.313,7 |
| Rekstrartekjur ótaldar annars staðar | 8.786,4 | 8.691,4 |
| **Sala eigna** | **1.100,0** | **1.070,0** |
| **Fjárframlög** | **1.617,0** | **1.617,0** |
| **Tekjur alls** | **376.413,7** | **365.866,5** |
| Æðsta stjórn ríkisins | 3.310,3 | 3.310,3 |
| Forsætisráðuneyti | 1.186,5 | 1.186,5 |
| Menntamálaráðuneyti | 46.251,8 | 46.251,8 |
| Utanríkisráðuneyti | 9.708,0 | 9.708,0 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 13.822,0 | 13.900,7 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 3.003,8 | 3.003,8 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 20.815,1 | 20.830,7 |
| Félagsmálaráðuneyti | 32.698,1 | 32.698,1 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 144.648,8 | 144.648,8 |
| Fjármálaráðuneyti | 36.386,1 | 31.692,1 |
| Samgönguráðuneyti | 23.329,8 | 23.258,4 |
| Iðnaðarráðuneyti | 4.255,7 | 4.255,7 |
| Viðskiptaráðuneyti | 1.668,9 | 1.651,8 |
| Hagstofa Íslands | 595,3 | 595,3 |
| Umhverfisráðuneyti | 4.950,8 | 4.950,8 |

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld ríkissjóðs | 20.629,0 | 16.805,0 |
| **Gjöld samtals** | **367.260,0** | **358.747,8** |
| **Tekjujöfnuður** | **9.153,7** | |

**A-hluti.**
**Sjóðstreymi ríkissjóðs.**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 2007 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

| m.kr. | |
|---|---|
| ***Rekstrarhreyfingar*** | |
| Tekjujöfnuður | 9.153,7 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | 1.882,0 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | |
| Viðskiptakröfur, (breyting) | -4.221,2 |
| Viðskiptaskuldir, (breyting) | -95,8 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **6.718,7** |
| ***Fjármunahreyfingar*** | |
| Veitt stutt lán | -400,0 |
| Veitt löng lán | -7.725,0 |
| Afborganir veittra lána | 11.500,0 |
| Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög | -1.000,0 |
| Sala hlutabréfa og eignarhluta | 600,0 |
| **Fjármunahreyfingar samtals** | **2.975,0** |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður** | **9.693,7** |
| ***Fjármögnun*** | |
| Skammtímalán | 0,0 |
| Tekin löng lán | 30.000,0 |
| Afborganir lána | -31.800,0 |
| **Fjármögnun samtals** | **-1.800,0** |
| Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins | -4.000,0 |
| **Breyting á handbæru fé** | **3.893,7** |

**C-hluti.**
**Fjárreiður lánastofnana.**

4. gr. hljóðar svo:

Árið 2007 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

| m.kr. | Hagnaður tap | Veitt lán | Fjár-festing | Lán-tökur |
|---|---|---|---|---|
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 5.939,7 | 9.506,0 | 69,0 | 7.100,0 |
| Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild | 2.691,0 | 0,0 | 6,0 | 0,0 |
| Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir | -120,0 | 14.802,0 | 2,0 | 13.942,0 |
| Íbúðalánasjóður, viðbótarlán | 158,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam. | -1.259,0 | 0,0 | 3,0 | 0,0 |
| Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild | 716,0 | 45.935,0 | 8,0 | 43.267,0 |
| Orkusjóður | 12,0 | 20,0 | 0,0 | 0,0 |
| Byggðastofnun | -15,0 | 2.000,0 | 0,0 | 3.000,0 |
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins | 212,0 | 0,0 | 2,0 | 0,0 |
| **Samtals** | **8.334,7** | **72.263,0** | **90,0** | **67.309,0** |

Sundurliðun 2.
**Fjármál ríkisaðila í A-hluta.**

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

| | | |
|---|---|---|
| **00-201** | **Alþingi** | |
| | Almennur rekstur: | |
| 1.01 | Alþingiskostnaður | 805,6 |
| 1.02 | Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka | 65,0 |
| 1.03 | Fastanefndir | 29,5 |
| 1.04 | Alþjóðasamstarf | 247,5 |
| 1.06 | Almennur rekstur | 738,2 |
| 1.07 | Sérverkefni | 52,1 |
| 1.10 | Rekstur fasteigna | 169,0 |
| | Almennur rekstur samtals | 2.106,9 |
| | Viðhaldsverkefni: | |
| 5.20 | Fasteignir | 59,0 |
| | Stofnkostnaður: | |
| 6.01 | Tæki og búnaður | 107,8 |
| | **Gjöld samtals** | **2.273,7** |

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,7
**Gjöld umfram tekjur** ..... **2.265,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 2.265,0

**01-190 Ýmis verkefni**
Almennur rekstur:
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag ..... 14,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni ..... 14,4
1.16 Evrópunefnd ..... 5,3
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga ..... 4,4
1.18 Stjórnarskrárnefnd ..... 14,4
1.19 Efnahagsrannsóknir ..... 49,9
1.20 Jafnréttissjóður ..... 10,0
1.21 Öryggismálanefnd ..... 16,0
1.23 Hrafnseyri ..... 4,9
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi ..... 23,0
1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal ..... 2,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar ..... 5,7
1.42 Grænlandssjóður ..... 1,0
1.90 Ýmis verkefni ..... 35,5
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum ..... 50,0
Almennur rekstur samtals ..... 250,5

Viðhaldsverkefni:
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum ..... 3,0

**Gjöld samtals** ..... **253,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

**Gjöld umfram tekjur** ..... **252,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 252,5

**02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna**
Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna ..... 5.244,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 5.244,0

**02-919 Söfn, ýmis framlög**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.10 Listasafn ASÍ | 5,5 |
| 1.11 Nýlistasafn | 8,0 |
| 1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar | 8,0 |
| 1.90 Söfn, ýmis framlög | 23,6 |
| 1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis | 94,1 |
| Almennur rekstur samtals | 139,2 |
| | |
| Stofnkostnaður: | |
| 6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði | 14,2 |
| 6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ | 19,0 |
| 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður | 100,0 |
| Stofnkostnaður samtals | 133,2 |
| | |
| **Gjöld samtals** | **272,4** |
| | |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 272,4 |

**02-982 Listir, framlög**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.14 Bókasafnssjóður höfunda | 24,6 |
| 1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar | 18,0 |
| 1.18 Bókmenntasjóður | 37,3 |
| 1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga | 22,8 |
| 1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga | 5,4 |
| 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa | 51,1 |
| 1.25 Tónlistarsjóður | 49,0 |
| 1.27 Tónlist fyrir alla | 6,9 |
| 1.28 Barnamenningarsjóður | 4,9 |
| 1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin | 9,6 |
| 1.30 Íslenska óperan | 175,7 |
| 1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi | 90,0 |
| 1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál | 38,0 |
| 1.44 Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál | 16,0 |
| 1.56 Frönsk menningarkynning á Íslandi | 20,0 |
| 1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis | 48,0 |
| 1.76 Menningarsjóður félagsheimila | 8,5 |
| 1.80 Listahátíð í Reykjavík | 34,0 |
| 1.90 Listir | 58,9 |
| 1.91 Menningarstofnanir, óskipt | 16,1 |
| Almennur rekstur samtals | 734,8 |
| **Gjöld samtals** | **734,8** |

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 734,8

**02-983 Ýmis fræðistörf**
Almennur rekstur:
1.10 Fræðistörf ..... 10,5
1.11 Styrkir til útgáfumála ..... 33,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita ..... 11,9
1.20 Iðnsaga Íslands ..... 3,8
1.21 Tónlistarsaga Íslands ..... 4,1
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag ..... 20,0
1.52 Skriðuklaustur ..... 21,5
1.53 Snorrastofa ..... 17,0
1.54 Fornleifasjóður ..... 25,0
Almennur rekstur samtals ..... 147,3

**Gjöld samtals** ..... **147,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 147,3

**02-988 Æskulýðsmál**
Almennur rekstur:
1.10 Æskulýðsráð ríkisins ..... 2,9
1.12 Ungmennafélag Íslands ..... 100,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta ..... 25,0
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni ..... 4,0
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi ..... 4,0
1.17 Landssamband KFUM og KFUK ..... 25,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir ..... 5,5
1.19 Æskulýðssjóður ..... 9,8
1.90 Æskulýðsmál ..... 21,7
Almennur rekstur samtals ..... 197,9

**Gjöld samtals** ..... **197,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 197,9

**02-989 Ýmis íþróttamál**
Almennur rekstur:
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands ..... 122,5
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra ..... 1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra ..... 22,0
1.15 Skólaíþróttir ..... 2,0
1.16 Íþróttasjóður ..... 17,9

| | | |
|---|---|---|
| 1.17 | Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri | 3,6 |
| 1.18 | Íþróttamiðstöð Íslands | 1,0 |
| 1.20 | Glímusamband Íslands | 5,0 |
| 1.21 | Skáksamband Íslands | 17,0 |
| 1.22 | Launasjóður stórmeistara í skák | 16,2 |
| 1.25 | Skákskóli Íslands | 8,5 |
| 1.29 | Afrekssjóður ÍSÍ | 30,0 |
| 1.30 | Bridgesamband Íslands | 15,0 |
| 1.31 | Lyfjaeftirlit | 10,0 |
| 1.90 | Ýmis íþróttamál | 24,7 |
| | Almennur rekstur samtals | 296,9 |
| | Stofnkostnaður: | |
| 6.52 | Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð | 8,0 |
| 6.53 | Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri | 33,2 |
| 6.56 | Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði | 8,0 |
| 6.57 | Sparkvellir | 25,0 |
| 6.58 | Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík | 47,5 |
| | Stofnkostnaður samtals | 121,7 |
| | **Gjöld samtals** | **418,6** |
| | Fjármögnun: | |
| | Greitt úr ríkissjóði | 418,6 |

**02-999 Ýmislegt**

| | | |
|---|---|---|
| | Almennur rekstur: | |
| 1.13 | Útvarpsréttarnefnd | 10,0 |
| 1.90 | Ýmis framlög | 102,1 |
| 1.98 | Ýmis framlög menntamálaráðuneytis | 115,3 |
| | Almennur rekstur samtals | 227,4 |
| | Stofnkostnaður: | |
| 6.90 | Ýmis stofnkostnaðarframlög | 221,2 |
| | **Gjöld samtals** | **448,6** |
| | Fjármögnun: | |
| | Greitt úr ríkissjóði | 448,6 |

**03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**

| | | |
|---|---|---|
| | Almennur rekstur: | |
| 1.10 | Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli | 2.551,0 |

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 1.498,4
Innheimt af ríkistekjum ..... 1.052,6

**03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**
Almennur rekstur:
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna ..... 149,4
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO .. 7,2
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP ..... 25,0
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF ..... 46,2
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna ..... 119,3
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM ..... 47,4
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð ..... 193,7
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt ..... 402,1
Almennur rekstur samtals ..... 990,3

**Gjöld samtals** ..... **990,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 990,3

**04-190 Ýmis verkefni**
Almennur rekstur:
1.11 Framkvæmd búvörusamnings ..... 4,7
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða ..... 5,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands ..... 34,6
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO ..... 5,4
1.90 Ýmis verkefni ..... 44,7
1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis ..... 22,8
Almennur rekstur samtals ..... 117,8

Stofnkostnaður:
6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum ..... 4,7

**Gjöld samtals** ..... **122,5**
Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 122,5

**04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**
Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal ..... 324,3

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna ..... 4,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir og lóðir ..... 17,1

**Gjöld samtals** ..... **345,6**
Sértekjur:
Sértekjur ..... -124,9

**Gjöld umfram tekjur** ..... **220,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 215,2
Innheimt af ríkistekjum ..... 5,5

**04-311 Landgræðsla ríkisins**
Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins ..... 506,1
1.90 Fyrirhleðslur ..... 70,0
Almennur rekstur samtals ..... 576,1

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna ..... 8,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður ..... 8,0

**Gjöld samtals** ..... **592,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -72,5

**Gjöld umfram tekjur** ..... **519,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 517,6
Innheimt af ríkistekjum ..... 2,0

**05-190 Ýmis verkefni**
Almennur rekstur:
1.20 Eldi sjávardýra ..... 19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla ..... 11,0
1.23 Matvælasetur ..... 6,9
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir ..... 39,8
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins ..... 15,3
1.49 Úrskurðarnefndir ..... 2,3
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO ..... 8,6
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT) ..... 23,1

| | |
|---|---|
| 1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC | 8,5 |
| 1.90 Ýmislegt | 8,0 |
| 1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins | 19,2 |
| Almennur rekstur samtals | 161,8 |
| **Gjöld samtals** | **161,8** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 161,8 |

**07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga | 31,8 |
| 1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003 | 184,7 |
| 1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða | 27,9 |
| 1.35 Félag heyrnarlausra | 9,2 |
| 1.36 Félagið Geðhjálp | 21,0 |
| 1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða | 10,0 |
| 1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík | 32,5 |
| 1.41 Stígamót | 31,5 |
| 1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili | 23,3 |
| 1.44 Byrgið, líknarfélag | 29,5 |
| 1.47 Félagsþjónusta við nýbúa | 7,2 |
| 1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum | 17,0 |
| 1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna | 43,7 |
| 1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna | 18,8 |
| 1.90 Ýmis framlög | 74,8 |
| 1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis | 65,6 |
| Almennur rekstur samtals | 628,5 |
| **Gjöld samtals** | **628,5** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 628,5 |

**08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.10 Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins | 29,2 |
| 1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga | 31,1 |
| 1.16 Lyfjagreiðslunefnd | 30,9 |
| 1.17 Vísindasiðanefnd | 24,0 |
| 1.21 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga | 1,9 |
| 1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning | 17,9 |
| 1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit | 289,2 |
| 1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir | 13,0 |

| | |
|---|---|
| 1.33 Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga | 7,0 |
| 1.34 Hjartaheill | 9,0 |
| 1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð | 57,9 |
| 1.36 Stórstúka Íslands | 1,5 |
| 1.37 Skrifstofa líknarfélaga | 5,5 |
| 1.38 Félagið Heyrnarhjálp | 7,2 |
| 1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 | 2,8 |
| 1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi | 93,7 |
| 1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum | 50,0 |
| 1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina | 124,4 |
| 1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili | 60,9 |
| 1.68 Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna | 20,0 |
| 1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn | 11,1 |
| 1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO | 9,0 |
| 1.90 Ýmis framlög | 40,4 |
| 1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi | 5,7 |
| 1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis | 10,6 |
| Almennur rekstur samtals | 953,9 |
| Stofnkostnaður: | |
| 6.91 Upplýsingatæknimál | 49,4 |
| **Gjöld samtals** | **1.003,3** |
| Sértekjur: | |
| Sértekjur | -31,0 |
| **Gjöld umfram tekjur** | **972,3** |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 972,3 |

**09-989 Launa- og verðlagsmál**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.90 Launa- og verðlagsmál | 290,3 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 290,3 |

**09-999 Ýmislegt**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið | 34,2 |
| 1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni | 6,7 |
| 1.13 Kjarasamningar | 17,9 |
| 1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum | 41,2 |
| 1.15 Kjararannsóknir | 10,5 |

| | |
|---|---|
| 1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 6. gr. | 310,0 |
| 1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga | 30,0 |
| 1.31 Lífeyrissjóður bænda | 75,0 |
| 1.45 Ýmsar nefndir | 29,5 |
| 1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis | 5,6 |
| 1.60 Dómkröfur | 143,5 |
| 1.65 Kjararáð | 32,8 |
| 1.66 Yfirfasteignamatsnefnd | 5,2 |
| 1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings | 5,0 |
| 1.90 Ýmis verkefni | 59,1 |
| Almennur rekstur samtals | 806,2 |
| | |
| Stofnkostnaður: | |
| 6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins | 19,0 |
| 6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis | 4,6 |
| 6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni | 60,8 |
| Stofnkostnaður samtals | 84,4 |
| | |
| **Gjöld samtals** | **890,6** |
| | |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 890,6 |

**10-190 Ýmis verkefni**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.11 Fastanefndir | 7,0 |
| 1.12 Vetrarsamgöngur og völuflutningar | 1,9 |
| 1.19 Útgáfa ökuskírteina | 15,9 |
| 1.23 Slysavarnaskóli sjómanna | 57,8 |
| 1.25 Staðsetningarkerfi | 6,9 |
| 1.34 Flugskóli Íslands | 22,7 |
| 1.35 Átak í umferðaröryggismálum | 50,0 |
| 1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf | 12,7 |
| 1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu | 30,0 |
| 1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku | 52,3 |
| 1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi | 12,5 |
| 1.90 Ýmislegt | 38,5 |
| 1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis | 32,9 |
| Almennur rekstur samtals | 341,1 |
| | |
| **Gjöld samtals** | **341,1** |
| Sértekjur: | |
| Sértekjur | -0,1 |
| | |
| **Gjöld umfram tekjur** | **341,0** |

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 341,0

**10-251 Umferðarstofa**
Almennur rekstur:
1.01 Umferðarstofa ..... 644,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -178,9

**Gjöld umfram tekjur** ..... **465,4**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 465,4

**10-336 Hafnabótasjóður**
Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 11,4

Stofnkostnaður:
6.70 Hafnamannvirki ..... 684,4
6.74 Lendingabætur ..... 8,7
6.76 Ferjubryggjur ..... 8,7
Stofnkostnaður samtals ..... 701,8

**Gjöld samtals** ..... **713,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 701,8
Viðskiptahreyfingar ..... 11,4

**11-299 Iðja og iðnaður, framlög**
Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir ..... 8,3
1.19 Staðlaráð ..... 45,9
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL ..... 7,5
1.30 Alþjóðlegt samstarf ..... 21,3
1.45 Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit ..... 5,0
1.48 Átak til atvinnusköpunar ..... 50,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál ..... 25,0
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis ..... 34,7
Almennur rekstur samtals ..... 197,7

**Gjöld samtals** ..... **197,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 151,8
Innheimt af ríkistekjum ..... 45,9

**14-190 Ýmis verkefni**
Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir ..... 8,8
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið ..... 11,6
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum ..... 19,5
1.35 Umhverfisvöktun ..... 28,0
1.36 Rannsóknir og útrýming á mink ..... 48,3
1.40 Alþjóðastofnanir ..... 17,7
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF ..... 9,9
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME ..... 9,8
1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur ..... 6,8
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum ..... 1,1
1.56 Vernd Breiðafjarðar ..... 7,8
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál ..... 33,1
1.90 Ýmis verkefni ..... 19,0
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis ..... 74,0
Almennur rekstur samtals ..... 295,4

**Gjöld samtals** ..... **295,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... 295,4

Sundurliðun 2
**Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta**

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| **1.** | **Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).** | |
| 1. | Fiska- og náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum ..... | 1.800 |
| 2. | Fjallabyggð, Náttúrugripasafn í Ólafsfirði ..... | 1.000 |
| 3. | Flateyjarbókasafn ..... | 1.000 |
| 4. | Hið íslenska reðursafn ..... | 800 |
| 5. | Iðnaðarsafnið á Akureyri ..... | 1.500 |
| 6. | Kvennasögusafn Íslands ..... | 2.000 |
| 7. | Langabúð á Djúpavogi ..... | 1.500 |
| 8. | Minjahúsið á Sauðárkróki ..... | 3.000 |
| 9. | Minjasafnið í Gröf í Hrunamannahreppi ..... | 1.000 |
| 10. | Safnasafnið, Svalbarðsströnd ..... | 4.000 |
| 11. | Strandmenningarverkefnið NORCE ..... | 5.000 |

| | | |
|---|---|---|
| 12. | Tæknisafn Íslands | 1.000 |
| | **Samtals** | **23.600** |

**2. Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-919-1.98).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Byggðasafnið í Görðum, Akranesi, Kútter Sigurfari samkvæmt samningi | 12.000 |
| 2. | Galdrasýning á Ströndum samkvæmt samningi | 6.000 |
| 3. | Heklusetur, samkvæmt samningi | 6.000 |
| 4. | Hrísbrú, fornleifarannsóknir og uppgröftur | 8.000 |
| 5. | Hvalasafnið á Húsavík samkvæmt samningi | 10.000 |
| 6. | Safnahús í Búðardal, samkvæmt samningi | 10.000 |
| 7. | Sjóminjasafn í Reykjavík næstu þrjú ár samkvæmt samningi | 10.000 |
| 8. | Vatnasafn í Amtsbókasafnshúsinu í Stykkishólmi | 20.000 |
| 9. | Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO | 6.000 |
| 10. | Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs | 4.900 |
| 11. | Óskipt | 1.200 |
| | **Samtals** | **94.100** |

**3. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Búvéla- og búnaðarsögusafnið að Saurbæ | 1.000 |
| 2. | Byggðasafnið Görðum | 5.000 |
| 3. | Eyrbyggja, Sögumiðstöð í Grundarfirði, uppbygging | 5.000 |
| 4. | Félag um bátaflota Gríms Karlssonar | 3.000 |
| 5. | Grettisból á Laugarbakka, uppbygging | 5.000 |
| 6. | Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði, uppbygging | 4.000 |
| 7. | Minjasafnið á Hnjóti, umhverfi safnsins | 2.000 |
| 8. | Minjasafnið Burstarfelli, þjónustu- og aðstöðuhús | 3.000 |
| 9. | Safnhús í Neðstakaupstað á Ísafirði | 6.000 |
| 10. | Saltfisksetur Íslands í Grindavík, uppbygging | 5.000 |
| 11. | Samgönguminjasafnið að Stóragerði í Óslandshlíð í Skagafirði, uppbygging | 5.000 |
| 12. | Samgönguminjasafnið Ystafelli, útisvæði | 5.000 |
| 13. | Samgöngusafnið í Skógum, geymsluhús | 5.000 |
| 14. | Sauðfjársetur á Ströndum, húsnæðiskaup og endurbætur | 5.000 |
| 15. | Selasetur Íslands | 5.000 |
| 16. | Síldarminjasafnið á Siglufirði, viðgerð á skipum | 5.000 |
| 17. | Sjávarsafn í Ólafsvík | 4.000 |
| 18. | Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar, uppbygging | 4.000 |
| 19. | Sjóminjasafnið Ósvör | 5.000 |
| 20. | Tækniminjasafn Austurlands, uppbygging | 4.000 |
| 21. | Vatnasafn í Stykkishólmi | 10.000 |
| 22. | Veiðisafnið á Stokkseyri, stækkun | 2.000 |
| 23. | Viðgerðir á listasafni Samúels Jónssonar í Selárdal | 2.000 |
| | **Samtals** | **100.000** |

**4. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Atli Heimir Sveinsson | 1.600 |
| 2. | Ásgerður Búadóttir | 1.600 |
| 3. | Erró | 1.600 |
| 4. | Fríða Á. Sigurðardóttir | 1.600 |
| 5. | Guðbergur Bergsson | 1.600 |
| 6. | Guðmunda Elíasdóttir | 1.600 |
| 7. | Guðmundur Jónsson | 1.600 |
| 8. | Gunnar Eyjólfsson | 1.600 |
| 9. | Hannes Pétursson | 1.600 |
| 10. | Herdís Þorvaldsdóttir | 1.600 |
| 11. | Jóhann Hjálmarsson | 1.600 |
| 12. | Jón Nordal | 1.600 |
| 13. | Jón Sigurbjörnsson | 1.600 |
| 14. | Jón Þórarinsson | 1.600 |
| 15. | Jónas Ingimundarson | 1.600 |
| 16. | Jórunn Viðar | 1.600 |
| 17. | Kristbjörg Kjeld | 1.600 |
| 18. | Kristinn Hallsson | 1.600 |
| 19. | Kristján Davíðsson | 1.600 |
| 20. | Magnús Pálsson | 1.600 |
| 21. | Matthías Johannessen | 1.600 |
| 22. | Megas | 1.600 |
| 23. | Róbert Arnfinnsson | 1.600 |
| 24. | Thor Vilhjálmsson | 1.600 |
| 25. | Vigdís Grímsdóttir | 1.600 |
| 26. | Vilborg Dagbjartsdóttir | 1.600 |
| 27. | Þorbjörg Höskuldsdóttir | 1.600 |
| 28. | Þorsteinn frá Hamri | 1.600 |
| 29. | Þráinn Bertelsson | 1.600 |
| 30. | Þuríður Pálsdóttir | 1.600 |
| | **Samtals** | **48.000** |

**5. Listir (02-982-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga | 1.000 |
| 2. | Dagskrá Tónlistarhússins Laugarborgar | 1.000 |
| 3. | Ferðaleikhúsið | 1.200 |
| 4. | Halaleikhópurinn | 400 |
| 5. | Harmonikkufélag Vestfjarða | 400 |
| 6. | Hveragerðisbær – Bjartar sumarnætur | 500 |
| 7. | Íslensk grafík | 700 |
| 8. | Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri | 500 |
| 9. | Kómedíuleikhúsið | 1.500 |
| 10. | Leikfélag Reykjavíkur | 20.000 |
| 11. | Leikminjasafn Íslands | 5.000 |
| 12. | Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar | 2.500 |

| | | |
|---|---|---|
| 13. | Listvinafélag Vestmannaeyja | 500 |
| 14. | Listasumar í Súðavík | 500 |
| 15. | Menningartengd ferðaþjónusta í Flóahreppi | 1.000 |
| 16. | Músík í Mývatnssveit | 500 |
| 17. | Pólýfónfélagið Reykjavík | 1.000 |
| 18. | Samband íslenskra myndlistarmanna | 4.000 |
| 19. | Sumartónleikar í Skálholtskirkju | 3.000 |
| 20. | Tónlist er lífið | 8.000 |
| 21. | Útgáfa nútíma sjónabókar (munsturbókar) | 4.700 |
| 22. | Þjóðlagahátíð á Siglufirði | 1.000 |
| | **Samtals** | **58.900** |

**6. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Bókaútgáfan Hólar, vísnaverkefni | 3.300 |
| 2. | Byggðasaga Skagafjarðar | 3.000 |
| 3. | Börn og bækur – IBBY á Íslandi | 1.000 |
| 4. | Eyrbyggjar, útgáfa á menningar- og sögutengdu efni | 500 |
| 5. | Færeysk orðabók | 7.000 |
| 6. | Íslendingasögur á dönsku, norsku og sænsku | 10.000 |
| 7. | Kvæðamannafélagið Iðunn | 500 |
| 8. | Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir | 1.000 |
| 9. | Strandir, byggðasaga | 1.000 |
| 10. | Úr torfbæjum inn í tækniöld | 1.000 |
| 11. | Útgáfufélagið Guðrún | 3.300 |
| 12. | Vinir Skaftafells og Jack Ives | 1.900 |
| | **Samtals** | **33.500** |

**7. Norræn samvinna (02-984-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Norræna félagið á Íslandi | 7.500 |
| 2. | Óskipt | 5.500 |
| | **Samtals** | **13.000** |

**8. Æskulýðsmál (02-988-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | AFS á Íslandi | 1.000 |
| 2. | Hvítasunnukirkjan á Íslandi | 3.500 |
| 3. | Hvítasunnukirkjan á Íslandi, uppbygging í Kirkjulækjarkoti | 2.500 |
| 4. | KALAK, vinafélag Íslands og Grænlands | 1.500 |
| 5. | Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn | 1.000 |
| 6. | Krossinn, unglingastarf | 2.500 |
| 7. | Landssamband æskulýðsfélaga | 4.500 |
| 8. | Royal Rangers, skátastarf í Reykjavík | 2.000 |
| 9. | Snorraverkefnið | 2.000 |
| 10. | Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar | 1.200 |
| | **Samtals** | **21.700** |

**9. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Alþjóðaleikar ungmenna, ÍR | 20.000 |
| 2. | Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra | 500 |
| 3. | HSÍ, saga handknattleiksíþróttarinnar á Íslandi | 700 |
| 4. | Sumarbúðirnar Ástjörn | 1.500 |
| 5. | Þjónustu- og aðstöðuhús fyrir kajakferðir | 2.000 |
| | **Samtals** | **24.700** |

**10. Ýmis framlög (02-999-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Akureyrarakademían | 1.500 |
| 2. | Fiskvinnsluhús í Flatey, niðurrif | 1.000 |
| 3. | Fornleifastofnun Íslands | 4.000 |
| 4. | Frumkvöðlasetur Austurlands | 2.500 |
| 5. | Handverk og hönnun ses | 15.000 |
| 6. | Heimili og skóli | 2.000 |
| 7. | Heimili og skóli, verkefni fyrir nýja Íslendinga | 1.000 |
| 8. | Heimilisiðnaðarfélag Íslands, norrænt heimili | 2.500 |
| 9. | Holt í Önundarfirði | 1.000 |
| 10. | Hús og fólk, Flateyri | 1.000 |
| 11. | Íslandsdeild Spes | 3.500 |
| 12. | Íslenskar æviskrár frá Landnámstíð til 2000 | 2.500 |
| 13. | Klúbbur matreiðslumeistara | 3.000 |
| 14. | Kvenfélagasamband Íslands | 5.000 |
| 15. | Kvenréttindafélag Íslands | 2.400 |
| 16. | Leiðbeiningarstöð heimilanna | 3.000 |
| 17. | Mats Wibe Lund sf., heimildamyndasafn | 2.000 |
| 18. | Miðstöð munnlegrar sögu | 2.000 |
| 19. | Músík og saga, munnleg geymd | 2.000 |
| 20. | Nemanet | 3.000 |
| 21. | Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri | 1.200 |
| 22. | ÓB-ráðgjöf, verkefnið „hugsað um barn“ | 5.000 |
| 23. | Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum | 2.000 |
| 24. | Rannsóknir og greining | 4.000 |
| 25. | Rekstrarfélag Sarps sf. | 4.000 |
| 26. | Snjáfjallasetur | 2.000 |
| 27. | Sturlustofa í Dölum | 700 |
| 28. | Surtseyjarfélagið | 500 |
| 29. | Sögufélag | 1.500 |
| 30. | Sögufélag Barðstrendinga, Ísfirðinga og Búnaðarsambands Vestfjarða | 3.000 |
| 31. | Tónminjasetur Íslands | 2.000 |
| 32. | Tölvuskráning á myndasafni um sjávarútveg | 1.000 |
| 33. | Vestfirðir á miðöldum | 5.000 |
| 34. | Zontaklúbbur Akureyrar | 1.800 |
| 35. | Þjóðsagan um Gretti ehf. | 4.500 |
| 36. | Þórbergssetur, rekstrarstyrkur | 4.000 |
| | **Samtals** | **102.100** |

**11. Ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-999-1.98).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Átaksverkefni vegna lesblindu í skólum landsins | 15.000 |
| 2. | Átaksverkefni í íslensku | 5.000 |
| 3. | Styrkur til uppbyggingar Þórbergseturs | 7.500 |
| 4. | Alþjóðasamningar – menningarmál | 11.500 |
| 5. | Miðlun hljóð- og sjónminjaarfs | 10.000 |
| 6. | Ýmis verkefni í upplýsingatækni – menningarmál | 10.000 |
| 7. | Samningar og styrkir varðandi menningarmál á grundvelli umsókna | 44.000 |
| 8. | Gaulverjaskóli, meðferðarstarf | 8.700 |
| 9. | Óskipt | 3.600 |
| | **Samtals** | **115.300** |

**12. Ýmislegt, ýmis stofnkostnaðarframlög (02-999-6.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Bátarnir Sædís og Jóhanna, endursmíði og varðveisla | 7.000 |
| 2. | Björgunarskútan María Júlía, endursmíði og varðveisla | 3.000 |
| 3. | Draugasetrið, Stokkseyri | 3.000 |
| 4. | Endurbygging félagsheimilisins Dagsbrúnar | 500 |
| 5. | Flugsafn Íslands, innréttingar | 5.000 |
| 6. | Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit | 4.000 |
| 7. | Gaddstaðir | 10.000 |
| 8. | Garðarshólmi | 5.000 |
| 9. | Gásir í Eyjafirði, lifandi miðaldakaupstaður, 1. áfangi | 5.000 |
| 10. | Grettisból á Laugarbakka, uppbygging | 5.000 |
| 11. | Hátæknisetur Íslands ses., uppbygging | 2.000 |
| 12. | Heimskautsgerði á Raufarhöfn | 10.000 |
| 13. | Hreindýrasetur í Skjöldólfsstaðaskóla á Jökuldal | 1.000 |
| 14. | Húni II. | 5.000 |
| 15. | Hvolpafossvirkjun í Gunnólfsá á Kleifum í Ólafsfirði, endurbygging | 5.000 |
| 16. | Hönnunar- og listamiðstöðin Ártúnsbrekku ehf. | 3.000 |
| 17. | Íþróttahús Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík, stækkun | 10.000 |
| 18. | Jötunheimar, Siglufirði | 300 |
| 19. | Kjarvalsstofa, undirbúningur að byggingu þjónustuhúss | 5.000 |
| 20. | Landsmót UMFÍ í Kópavogi 2007 | 20.000 |
| 21. | Matarsetur | 2.000 |
| 22. | Minnisvarði um drukknaða í Þorlákshöfn | 1.000 |
| 23. | Minnisvarði, afmælisár Tómasar Sæmundssonar | 2.000 |
| 24. | Moby Dick, hvalaskoðunarbátur, viðhald og lagfæringar | 1.000 |
| 25. | Mótorbáturinn Lóa, endurbygging | 2.000 |
| 26. | Möguleikhúsið við Hlemm, viðhald húsnæðis | 2.000 |
| 27. | Selaskoðunarstaður á Illugastöðum á Vatnsnesi | 5.000 |
| 28. | Sigurgeir ljósmyndari ehf., flokkun og skráning mynda | 5.000 |
| 29. | Skaftfell, menningarmiðstöð, brunakerfi | 400 |
| 30. | Skemmti- og dýragarður á Blönduósi | 5.000 |
| 31. | Skíðasvæðið í Stafdal, Seyðisfirði, skíðaskáli | 5.000 |
| 32. | Skíðasvæðið í Tindastól, uppbygging | 5.000 |
| 33. | Skrímslasetur á Bíldudal | 4.000 |

| | | |
|---|---|---|
| 34. | Svartárkot, menning - náttúra | 5.000 |
| 35. | Sýningarhald í Kaupvangi, Vopnafirði | 2.000 |
| 36. | Textílsetur Íslands | 5.000 |
| 37. | Töfragarðurinn Stokkseyri | 1.500 |
| 38. | Ungmennalandsmót 2007 á Höfn í Hornafirði, uppbygging íþróttamannvirkja | 25.000 |
| 39. | Uppbygging áfangastaðar til minningar um Hrafna-Flóka í Fljótum í Skagafirði | 1.000 |
| 40. | Uppbygging torfbæjar vegna menningartengdrar ferðaþjónustu | 1.500 |
| 41. | Vestmannaeyjabær, „handritin heim“, uppbygging gagnagrunns | 5.000 |
| 42. | Vélbáturinn Ölver, endurbygging | 3.000 |
| 43. | Viðgerð á styttu í Sjómannagarðinum í Ólafsvík | 1.000 |
| 44. | Víkingar á Vestfjörðum, menningartengd ferðaþjónusta | 5.000 |
| 45. | VÖR – Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð, uppbygging | 12.000 |
| 46. | Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar, stofnkostnaður við sýningu | 6.000 |
| | **Samtals** | **221.200** |

**13. Ýmis verkefni (04-190-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Búnaðarsaga Íslands | 1.500 |
| 2. | Framkvæmdasjóður Skrúðs | 2.500 |
| 3. | Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð | 3.000 |
| 4. | Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs | 5.000 |
| 5. | Hólaskóli, gæðamat á ferðaþjónustu | 3.000 |
| 6. | Hólaskóli, Líf í fersku vatni | 1.500 |
| 7. | Landssamband veiðifélaga, silungsverkefni | 1.000 |
| 8. | Landvernd | 5.000 |
| 9. | Landvernd, eldfjallagarður og fólkvangur | 700 |
| 10. | Lifandi landbúnaður, grasrótarhreyfing kvenna | 1.000 |
| 11. | Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar, rannsóknir á ósasvæðum áa og vatna | 2.500 |
| 12. | Rannsóknir á glerál | 1.000 |
| 13. | Rannsóknir á landslagi undir jökli | 3.000 |
| 14. | Skotta ehf./LMB ehf. | 3.000 |
| 15. | Sláturfélag Austurlands, Austurlamb | 500 |
| 16. | Sögusetur íslenska hestsins | 5.000 |
| 17. | Útivistarsvæði í Tunguskógi, Rangárþingi eystra | 1.000 |
| 18. | Vottunarstofan Tún | 4.000 |
| 19. | Æðarræktarfélag Íslands | 500 |
| | **Samtals** | **44.700** |

**14. Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis (04-190-1.98).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Kynbætur í fiskeldi | 10.000 |
| 2. | Rannsóknarstarfsemi í landbúnaði | 10.300 |
| 3. | Tilraunastöðin Stóra-Ármóti | 2.000 |
| 4. | Landþurrkun | 500 |
| | **Samtals** | **22.800** |

**15. Fyrirhleðslur (04-311-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vesturland og Vestfirðir | 4.000 |
| 2. | Norðurland | 15.000 |
| 3. | Austurland | 8.000 |
| 4. | Suðurland | 31.000 |
| 5. | Jökulsá á Fjöllum | 12.000 |
| | **Samtals** | **70.000** |

**16. Ýmislegt (05-190-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fræðasetrið í Sandgerði | 1.000 |
| 2. | Laxfiskar ehf., atferlisvistfræði laxa í sjó | 2.300 |
| 3. | Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar, rannsóknir á ósalúruveiðum | 2.700 |
| 4. | Saga hvalveiða við Ísland | 500 |
| 5. | Samtök íslenskra skelræktenda | 1.500 |
| | **Samtals** | **8.000** |

**17. Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytis (05-190-1.98).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks | 3.000 |
| 2. | Íslenskur sérfræðingur í fiskimáladeild Evrópusambandsins | 6.000 |
| 3. | Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi m.a. vegna milliríkjasamninga | 6.200 |
| 4. | Hafréttarstofnun | 4.000 |
| | **Samtals** | **19.200** |

**18. Ýmis framlög (07-999-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | ADHD-samtökin | 2.000 |
| 2. | Alþjóðahúsið | 3.500 |
| 3. | Barnaheill | 1.000 |
| 4. | Blátt áfram, forvarnaverkefni | 3.000 |
| 5. | Blindrafélagið | 8.500 |
| 6. | Daufblindrafélag Íslands | 1.000 |
| 7. | EKRON – starfsþjálfun | 4.000 |
| 8. | Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar, sumarorlof eldri borgara | 1.000 |
| 9. | Félag ábyrgra feðra | 1.500 |
| 10. | Félag einstæðra foreldra | 3.000 |
| 11. | Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla | 6.000 |
| 12. | Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur | 700 |
| 13. | Hafnarfjarðarbær, útvarp fyrir innflytjendur | 200 |
| 14. | Hjálparstarf kirkjunnar | 2.000 |
| 15. | Hlutverk - Samtök um vinnu og verkþjálfun | 500 |
| 16. | Hósanna-hópurinn | 200 |
| 17. | Kvennaráðgjöfin | 800 |
| 18. | Landsbyggðin lifi | 1.600 |
| 19. | Landssamband eldri borgara | 1.200 |
| 20. | Landssamtökin Þroskahjálp | 5.000 |
| 21. | Líknarfélagið Höndin | 1.500 |

| | | |
|---|---|---|
| 22. | Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur | 4.200 |
| 23. | Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð | 700 |
| 24. | Regnbogabörn | 3.000 |
| 25. | Samfés | 500 |
| 26. | Samtök áhugafólks um spilafíkn | 800 |
| 27. | Samtök gegn fátækt | 200 |
| 28. | Samtökin 78 | 1.500 |
| 29. | Sjálfsbjörg | 4.000 |
| 30. | Sjónarhóll | 1.500 |
| 31. | Sorgin og lífið | 500 |
| 32. | Systkinasmiðjan | 500 |
| 33. | Umsjónarfélag einhverfra | 1.200 |
| 34. | Vernd | 1.500 |
| 35. | Vímulaus æska | 6.500 |
| | **Samtals** | **74.800** |

**19. Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis (07-999-1.98).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Húsaleiga Efri-Brú | 9.000 |
| 2. | Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga | 10.000 |
| 3. | Rannsóknarsetur í vinnu- og jafnréttismálum | 5.000 |
| 4. | Sjónarhóll | 15.000 |
| 5. | Verkefnið Karlar til ábyrgðar | 6.500 |
| 6. | Endurskoðun á stofnanakerfi ráðuneytisins | 3.500 |
| 7. | Samtökin 78 | 1.500 |
| 8. | Styrkir til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá | 5.000 |
| 9. | Óskipt | 10.100 |
| | **Samtals** | **65.600** |

**20. Ýmis framlög (08-399-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Aðstandendur Alzheimer-sjúklinga | 2.000 |
| 2. | AE-starfsendurhæfing ehf., hlutverkasetur | 4.000 |
| 3. | Alnæmissamtökin | 1.500 |
| 4. | Astma- og ofnæmisfélagið | 2.000 |
| 5. | Beinvernd | 500 |
| 6. | Bergmál, líknar- og vinafélag | 500 |
| 7. | Blóðgjafafélag Íslands | 500 |
| 8. | Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki | 500 |
| 9. | Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir | 1.000 |
| 10. | Gigtarfélag Íslands | 2.500 |
| 11. | Heilaheill | 800 |
| 12. | Heilsubærinn Bolungarvík | 1.500 |
| 13. | Heimili og skóli, foreldrasamningur | 1.700 |
| 14. | Hjartaheill, forvarnastarf, mælingar á blóðfitu og blóðþrýstingi | 1.200 |
| 15. | Hjartaheill, útgáfustarfsemi | 1.500 |
| 16. | Húsnæðisfélag SEM | 2.000 |
| 17. | LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki | 1.200 |

| | | |
|---|---|---|
| 18. | Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur | 2.000 |
| 19. | MS-félag Íslands, leiga á íbúð við Sléttuveg | 1.000 |
| 20. | Parkinsonsamtökin á Íslandi | 700 |
| 21. | PKU-félagið á Íslandi | 500 |
| 22. | Samtök lungnasjúklinga | 800 |
| 23. | Samtök psoriasis- og exemsjúklinga | 2.500 |
| 24. | Samtök sykursjúkra | 1.300 |
| 25. | Samtök um sárameðferð | 200 |
| 26. | Samtökin Lífsvog | 500 |
| 27. | Styrktarfélaga lamaðra og fatlaðra, sumardvöl í Reykjadal | 5.000 |
| 28. | Tourette-samtökin | 600 |
| 29. | Vífill, félag einstaklinga með svefnháðar öndunartruflanir / kæfisvefn | 400 |
| | **Samtals** | **40.400** |

**21. Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis (08-399-1.98).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Gæðastyrkir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis | 2.500 |
| 2. | Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri | 2.000 |
| 3. | Missoc-þátttökugjald | 2.200 |
| 4. | Þátttaka í ýmsu alþjóðlegu starfi | 2.500 |
| 5. | Óskipt | 1.400 |
| | **Samtals** | **10.600** |

**22. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ferðaþjónustan Grunnavík ehf. | 1.000 |
| 2. | Gestastofa og hákarlasýning í Bjarnarhöfn | 1.500 |
| 3. | Minja- og handverkshúsið Kört | 3.000 |
| 4. | Snertilausnir ehf., Húsavík | 4.000 |
| 5. | Óskipt | 3.200 |
| | **Samtals** | **12.700** |

**23. Ýmislegt (10-190-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga – Snjótöfrar | 2.000 |
| 2. | Dimmuborgastofa | 5.000 |
| 3. | Drangeyjarfélagið | 1.000 |
| 4. | Ferðafélag Akureyrar, hálendismiðstöðin við Drekagil | 5.000 |
| 5. | Ferðafélag Íslands, sæluhúsið í Hvítárnesi, endurbætur | 5.000 |
| 6. | Ferðaklúbburinn 4x4 | 800 |
| 7. | Ferðamálafélag Dala og Reykhóla, menningartengd ferða-þjónusta | 1.700 |
| 8. | Ferðamálafélag Dala og Reykhóla | 1.000 |
| 9. | Grettislaug á Reykjum í Skagafirði | 1.000 |
| 10. | Skráning örnefna í Siglufirði | 500 |
| 11. | Hveravallafélagið | 2.000 |
| 12. | Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi | 3.000 |
| 13. | Náttúruskoðun á Skaga | 500 |

| | | |
|---|---|---|
| 14. | Reykhólahreppur, samgöngustyrkur út í Skáleyjar og Flatey á Breiðafirði | 1.500 |
| 15. | Samtök um sögutengda ferðaþjónustu | 2.000 |
| 16. | Súðavíkurhreppur, skráning örnefna í Álftafirði | 500 |
| 17. | Söguslóðir Hrafnkelssögu | 1.000 |
| 18. | Tálknabyggð ehf. | 5.000 |
| | **Samtals** | **38.500** |

**24. Ýmis framlög samgönguráðuneytis (10-190-1.98).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til markaðsstarfs og gestastofa | 7.400 |
| 2. | Menningartengd ferðaþjónusta | 10.000 |
| 3. | Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál | 10.000 |
| 4. | Óskipt | 5.500 |
| | **Samtals** | **32.900** |

**25. Lendingabætur (10-336-6.74).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Búðir og Hellnar, Snæfellsbæ | 600 |
| 2. | Haukabergsvaðall | 100 |
| 3. | Hnúksnesbryggja | 400 |
| 4. | Höfðaströnd í Grunnavíkurhreppi | 300 |
| 5. | Ingólfsfjörður, Árneshreppi | 1.000 |
| 6. | Látrar, Aðalvík | 800 |
| 7. | Papey, Djúpavogshreppi | 2.000 |
| 8. | Reykir, Reykjaströnd | 1.000 |
| 9. | Rifós hf., Kelduhverfi | 1.500 |
| 10. | Skálanes, Seyðisfirði | 1.000 |
| | **Samtals** | **8.700** |

**26. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, atvinnuþróun í N-Þingeyjarsýslu | 5.000 |
| 2. | Árneshreppur á Ströndum, menningarlandslag | 5.000 |
| 3. | Rannsóknastofa í hagnýtri örverufræði | 8.000 |
| 4. | Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur, atvinnuþróunarmál | 5.000 |
| 5. | Tilraunaverkefni um eflingu lífsgæða og búsetu í sjávarþorpi á Vestfjörðum | 2.000 |
| | **Samtals** | **25.000** |

**27. Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis (11-299-1.98).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Samningar um hönnunarvettvang | 5.000 |
| 2. | Nýskipan atvinnuþróunarstofnana | 12.700 |
| 3. | Verkstjórnarfræðsla á Iðntæknistofnun | 1.500 |
| 4. | Verkefni á sviði nýsköpunar- og atvinnuþróunarmála | 7.500 |
| 5. | Aðkeypt sérfræðiþjónusta vegna tækninefndar | 1.000 |
| 6. | Samstarfsverkefni um þekkingarsetur | 7.000 |
| | **Samtals** | **34.700** |

**28. Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis (11-399-1.98).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Auðlindanefnd | 7.200 |
| 2. | Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga | 2.400 |
| 3. | Kynningar- og útgáfukostnaður | 1.000 |
| 4. | Loftslagsmál | 1.000 |
| 5. | Hitaveitulög | 1.000 |
| 6. | Þróunarmál | 500 |
| 7. | Norræn verkefni | 500 |
| | **Samtals** | **13.600** |

**29. Ýmis verkefni (14-190-1.90).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Framkvæmdaráð Snæfellsness, vottun á sjálfbærri þróun í umhverfis- og ferðamálum | 6.000 |
| 2. | Fuglaathugunarstöð Suðausturlands | 2.000 |
| 3. | Jarðgerðarvél í Fjallabyggð | 4.000 |
| 4. | Refasetur í Súðavík | 500 |
| 5. | Sjávarþorpið Suðureyri | 3.000 |
| 6. | Skotveiðifélag Íslands, eyðing refs og minks og gæsarannsóknir | 2.500 |
| 7. | Umhverfissamtökin Blái herinn | 1.000 |
| | **Samtals** | **19.000** |

**30. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir | 15.000 |
| 2. | Frjáls félagasamtök | 10.000 |
| 3. | Hoffellsstofa | 10.000 |
| 4. | Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands | 8.300 |
| 5. | Staðardagskrá 21 | 5.000 |
| 6. | Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi | 5.000 |
| 7. | Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi | 1.400 |
| 8. | Umhverfisfræðsluráð | 1.100 |
| 9. | Byggingastaðlar | 500 |
| 10. | Samstarf við Kína á sviði umhverfismála og jarðskjálftavöktunar | 4.000 |
| 11. | Vistvæn innkaup | 3.000 |
| 12. | Ýmis umhverfisverkefni | 5.100 |
| 13. | Óskipt | 5.600 |
| | **Samtals** | **74.000** |

Sundurliðun 3.

**Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta.**

Eftirfarandi liður í sundurliðun 3, **fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta**, breytist og hljóðar svo:

**23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti**

**23-111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli**

**Rekstraráætlun:**

| | |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 61,5 |
| Rekstrargjöld | 2.690,3 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | -30,0 |
| **Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi** | **-2.658,8** |
| Framlag til rekstrar úr ríkissjóði | 2.551,0 |
| **Hagnaður (-tap)** | **-107,8** |

**Sjóðstreymi:**

| | |
|---|---|
| Hagnaður (-tap) | -107,8 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | 102,9 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | -0,1 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **-5,0** |
| ***Fjárfestingarhreyfingar*** | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 424,6 |
| **Fjárfestingarhreyfingar samtals** | **-424,6** |
| ***Fjármögnunarhreyfingar*** | |
| Tekin löng lán | 350,0 |
| Afborganir af teknum löngum lánum | 29,5 |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | **320,5** |
| **Breyting á handbæru fé** | **-109,1** |
| Handbært fé í ársbyrjun | 116,1 |
| Handbært fé í árslok | 7,0 |

Sundurliðun 4.

**Fjármál lánastofnana í C-hluta.**

Eftirfarandi liður í sundurliðun 4, **fjármál lánastofnana í C-hluta**, breytist og hljóðar svo:

**42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti**
**42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna**

**Rekstraráætlun:**

| | |
|---|---|
| Fjármunatekjur | 7.268,4 |
| Fjármagnsgjöld | 5.150,7 |
| Framlög í afskriftasjóð útlána | 1.026,0 |
| **Hreinar fjármunatekjur** | **1.091,7** |

| | |
|---|---|
| Framlag til rekstrar úr ríkissjóði | 5.244,0 |
| Aðrar rekstrartekjur | 18,0 |
| Önnur rekstrargjöld | 414,0 |
| **Hagnaður (-tap)** | **5.939,7** |
| **Sjóðstreymi:** | |
| Hagnaður (-tap) | 5.939,7 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | -2.772,0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **3.167,7** |
| ***Fjárfestingarhreyfingar*** | |
| Veitt löng lán | 9.506,0 |
| Afborganir af veittum löngum lánum | 4.291,0 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 69,0 |
| **Fjárfestingarhreyfingar samtals** | **-5.284,0** |
| ***Fjármögnunarhreyfingar*** | |
| Tekin löng lán | 7.100,0 |
| Afborganir af teknum löngum lánum | 4.569,0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | **2.531,0** |
| **Breyting á handbæru fé** | **414,7** |
| Handbært fé í ársbyrjun | 321,0 |
| Handbært fé í árslok | 735,7 |

# 551. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Pál Gunnar Pálsson og Guðmund Sigurðsson frá Samkeppniseftirlitinu, Sigurjón Högnason frá ríkisskattstjóra og Ragnar Guðmundsson og Árna Vilhjálmsson frá Norðuráli.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá ríkisskattstjóra og Viðskiptaráði Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögunum. Annars vegar eru breytingar vegna ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í tengslum við stækkun Norðuráls hf. og hins vegar breytingar sem fulltrúar Norðuráls hf. lögðu til á samningi sínum við ríkið sem leiða til breytinga á lögunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Hjálmar Árnason, form., frsm. | Kjartan Ólafsson. | Ellert B. Schram. |
| Guðjón Hjörleifsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir. | Kolbrún Baldursdóttir. |
| Gunnar Örlygsson. | Sigurjón Þórðarson. | |

## 552. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson og Sigurrós Hilmarsdóttur frá iðnaðarráðuneyti.

Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, ríkisskattstjóra, SVÞ - Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími laganna verði framlengdur til 31. desember 2011, eða um fimm ár. Þá er lagt til að nokkur atriði í lögunum verði skilgreind betur.

Nefndin fagnar sérstaklega vel heppnuðum endurgreiðslum til kvikmyndagerðar hér á landi undanfarin ár. Ljóst er að íslenskur kvikmyndaiðnaður hefur eflst gríðarlega í kjölfar aðgerðanna. Jafnframt hafa einstök landsvæði og ferðaþjónustan notið sérstaklega aukinna umsvifa erlendra aðila í kvikmyndagerð hér á landi.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 5. gr. laganna er kveðið á um hlutfall endurgreidds framleiðslukostnaðar. Nefndin leggur til að endurgreiðsluhlutfallið verði hækkað úr 12% í 14%. Í framsöguræðu ráðherra kom fram áskorun til nefndarinnar um að taka þetta atriði til sérstakrar skoðunar.
2. Í tengslum við það sem fram kemur í 1. tölul. hér að framan er lagt til í bráðabirgðaákvæði að þeir sem fengið hafa endurgreiðsluvilyrði fyrir næstu áramót eigi þess kost að sækja aftur um endurgreiðslu framleiðslukostnaðar eftir að endurgreiðsluhlutfallið hefur verið hækkað. Þó skal við það miðað að framleiðsla sé ekki hafin.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Jóhann Ársælsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Hjálmar Árnason, form., frsm. | Kjartan Ólafsson. | Ellert B. Schram. |
| Guðjón Hjörleifsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir. | Kolbrún Baldursdóttir. |
| Gunnar Örlygsson. | Sigurjón Þórðarson. | |

# 553. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Baldur Guðlaugsson og Þórhall Arason frá fjármálaráðuneytinu, Sigurð Snævarr, Dag B. Eggertsson, Svandísi Svavardóttur og Ólaf F. Magnússon frá Reykjavíkurborg, Dan Brynjarsson frá Akureyrarbæ, Friðrik Sophusson, Jónas Bjarnason og Eggert Guðjónsson frá Landsvirkjun, Pál Gunnar Pálsson og Guðmund Sigurðsson frá Samkeppniseftirlitinu, Lárus Blöndal, Svein Þórarinsson, Pétur Þórðarson, Steingrím Jónsson, Þröst Magnússon og Guðmund Karlsson frá Rarik, Kristján Haraldsson og Kristján Pálsson frá Orkubúi Vestfjarða og Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Byggðastofnun, Rarik, Norðurorku, Samtökum iðnaðarins, Landsvirkjun, Akureyrarbæ, Reykjavíkurborg, Umhverfisstofnun, Orkustofnun, Grundarfjarðarbæ, Alþýðusambandi Íslands, Talsmanni neytenda og Húnavatnshreppi.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Landsvirkjun vegna kaupa ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Þá er lagt til að fyrirsvar vegna eignarhalds ríkisins í Landsvirkjun færist frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að frumvarpið hafi verið lagt fram í kjölfar þess að ríkissjóður keypti hlut Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Fyrirsvar vegna eignarhalds ríkisins í Landsvirkjun verður fært til fjármálaráðherra frá iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra tekur þannig við eigandahlutverki ríkisins í stað iðnaðarráðherra. Í ljósi þeirrar starfsemi sem fyrirtækið sinnir getur verið óheppilegt að aðild ríkisins að Landsvirkjun sé hjá sama ráðherra og fer með almenna stjórnsýslu á sviði auðlinda- og orkumála.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ellert B. Schram og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Hjálmar Árnason, form., frsm. | Kjartan Ólafsson. | Ellert B. Schram, með fyrirvara. |
| Guðjón Hjörleifsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara. | Kolbrún Baldursdóttir. |

Gunnar Örlygsson.

## 554. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
   a. Í stað hlutfallstölunnar „12%“ í 1. mgr. kemur: 14%.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, sem verður 1. málsl., svohljóðandi: Beiðni um útborgun skal send iðnaðarráðuneytinu.
   c. Á eftir 1. málsl. 2. mgr., sem verður 2. málsl., kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Berist beiðnin eftir að sex mánuðir hafa liðið frá lokum framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis skal hafna henni.
   d. Við 3. málsl. 2. mgr., sem verður 5. málsl., bætist: sem skal jafnframt staðfesta að kostnaðaruppgjör sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.
2. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þeir sem hafa fengið endurgreiðsluvilyrði fyrir 31. desember 2006 eiga þess kost að sækja aftur um endurgreiðslu framleiðslukostnaðar eftir að endurgreiðsluhlutfallið hefur verið hækkað. Þó skal við það miðað að framleiðsla sé ekki hafin.

# 555. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Nefndinni bárust auk þess umsagnir um málið.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengd verði tímabundin heimild til að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum gildir heimildin til 31. desember 2008.

Hér er um að ræða framlag til umhverfisverndar þar sem talið er að neikvæð áhrif þessara orkugjafa á umhverfið séu mun minni en eldsneytis úr olíum. Þeim ökutækjum sem nýta slíka orkugjafa hefur fjölgað mjög á undanförnum árum og sömuleiðis hefur innheimt vörugjald hækkað. Um þá þróun má vísa í fylgiskjal með áliti þessu.

Við umfjöllun málsins kom til umræðu hvort ökutæki sem nýta etanól (E85) sem orkugjafa ættu einnig að falla undir frumvarpið og þá lækkun vörugjalds sem í því felst. Nefndin telur þetta þarfnast nánari skoðunar við enda samanstendur etanól-eldsneyti bæði af etanóli og bensíni.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ágúst Ólafur Ágústsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.


Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 5. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara. |
| Ásta Möller. | | Sæunn Stefánsdóttir. |

**Fylgiskjal.**

**Niðurfellt vörugjald af umhverfisvænum bifreiðum.**




| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Niðurfellt vörugjald. Vinstri ás | 100 | 1.100 | 2.900 | 400 | 1.000 | 14.900 | 32.300 |
| Greitt vörugjald. Vinstri ás | 300 | 2.300 | 1.500 | 1.600 | 2.400 | 20.600 | 72.700 |
| Fjöldi bifreiða. Hægri ás | 1 | 9 | 24 | 3 | 8 | 68 | 135 |

## 556. Tillaga til þingsályktunar [438. mál]

um átak í uppbyggingu héraðsvega.

Flm.: Jón Bjarnason, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hrinda í framkvæmd sérstöku átaki í viðhaldi og uppbyggingu héraðsvega sem flokkast samkvæmt vegalögum oftast undir safn- og tengivegi. Sérstaklega skal hugað að lagningu bundins slitlags á þessa vegi. Til þess verði varið a.m.k. 4 milljörðum kr. sem dreifist jafnt á næstu fimm ár. Komi sú fjárveiting til viðbótar þeim fjármunum sem ætlaðir eru þessum vegaflokkum í samgönguáætlun.

Enn fremur skipi ráðherra þriggja manna nefnd er kanni hvernig breyta megi skilgreiningum og einfalda þær, sem og flokkun vega eftir tegundum í vegalögum og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að teknu tilliti til breyttra þarfa og aukinna krafna sem gerðar eru til þessara vega. Nefndin skili áliti sínu fyrir 1. febrúar 2007.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 132. löggjafarþingi og er nú lögð fram að nýju. Flestar umsagnir sem borist hafa um tillöguna hafa verið jákvæðar.

Í vegalögum er þjóðvegum skipt í stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Hlutur safn- og tengivega, þ.e. héraðsvega, er afar mikilvægur í samgöngukerfi landsmanna. Þetta eru þeir vegir sem tengja einstök býli, náttúruvætti og sögustaði við aðalstofnvegina og skipta því miklu máli fyrir afkomu og framtíð fólks á stórum svæðum. Á þetta við um bændur og aðra þá sem vegna atvinnustarfsemi þurfa að sækja aðföng og koma frá sér afurðum með reglulegum hætti. Héraðsvegirnir eru líka mikilvægir fyrir akstur skólabarna og skipta miklu máli fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu. Þá má og nefna vegi að stórum sumarbústaðalöndum sem þurfa að anna mikilli umferð á vissum árstímum.


**Fjárveitingar til vegamála.**

Fjármagn sem veitt hefur verið samkvæmt því sem kveðið er á um í vegaáætlun skiptist, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni, á framkvæmdaflokka á eftirfarandi hátt:

| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tengivegir | 574 | 551 | 568 | 501 | 555 | 570 | 621 | 621 |
| Brýr | 328 | 238 | 311 | 225 | 290 | 300 | 404 | 404 |
| Ferðamannaleiðir | 106 | 400 | 324 | 234 | 173 | 179 | 187 | 287 |
| Girðingar | 59 | 64 | 65 | 66 | 73 | 65 | 72 | 76 |
| Landsvegir | 142 | 133 | 127 | 140 | 100 | 104 | 114 | 114 |
| Safnvegir | 335 | 315 | 301 | 319 | 314 | 325 | 342 | 342 |
| Styrkvegir | 67 | 62 | 60 | 64 | 62 | 64 | 67 | 67 |
| Reiðvegir | 48 | 45 | 43 | 48 | 50 | 52 | 57 | 57 |

Allar tölur í töflunni eru í millj. kr. og á áætluðu meðalverðlagi 2005.


**Framlög til tengi-, safn- og landsvega af heildarfé til vegamála.**




Neðsti flöturinn sýnir tengivegi, miðflöturinn safnvegi og sá efsti landsvegi.
(Heimild: Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmdir í vegamálum, fjárlög 2004 og upplýsingar frá samgönguráðuneytinu.)


Myndin sýnir hversu lágt framlag til tengi-, safn- og landsvega er sem hlutfall af heildarfé til vegamála og það fer lækkandi. Rétt er að geta þess að árið 2003 fóru 3 milljarðar kr. til sérstaks átaks í atvinnumálum. Sú fjárhæð fór til uppbyggingar á stofnvegakerfi landsins en ekki að neinu leyti til þeirra vegaflokka sem hér eru til umræðu. Akstur á vegum landsins hefur aukist mikið á undanförnum árum. Fjárveitingar til þessara þriggja tegunda vega hafa ekki nægt til að hægt væri að halda þeim við með viðunandi hætti og hefur ástand þeirra því versnað. Ástand þessara vega er mjög mismunandi og misjafnt hversu mikið er eðlilegt að byggja þá upp og styrkja. Þó er ljóst að miðað við framlög til þeirra um þessar mundir er lausn ekki í sjónmáli og má með eðlilegum rökum ætla að áratugir líði áður en þeir verða fullnægjandi.

**Breytingar á fjárfestingum í nokkrum tegundum vega á verðlagi hvers árs.**




Eins og sjá má af línuritinu hefur lítið miðað í þá átt að bæta úr ástandi safn- og tengivega á undanförnum árum. Ekkert er fyrirséð um það hvenær þessir vegir og vegaflokkar verða komnir í viðunandi horf. Framtíðarástand í samgöngum á stórum svæðum er því að segja má í lausu lofti. En þörfin er brýn og hún vex ár frá ári.

**Fjárveitingar til vegagerðar á verðlagi hvers árs.**




Neðsti flöturinn sýnir framlög til tengivega, sá næsti framlög til safnvega, þriðji flötur að neðan framlög til landsvega og efsti flöturinn heildarframlög til stofnkostnaðar í vegakerfinu.

**Skipting vega.**

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var skipting vega þannig í kílómetrum talið:

**Breytingar milli ára (km)**

| Ár | 1 Stofnvegir | 2 Tengivegir | 1+2 Samtals | 3 Safnvegir | 1+2+3 Samtals | 4 Landsvegir | 1+2+3+4 Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1996 | 4.269,49 | 3.935,40 | 8.204,89 | 2.324,94 | 10.529,83 | 1.809,33 | 12.339,16 |
| 1997 | 4.306,37 | 3.873,83 | 8.180,20 | 2.340,48 | 10.520,68 | 2.170,76 | 12.691,44 |
| 1998 | 4.306,14 | 3.906,84 | 8.212,98 | 2.306,42 | 10.519,40 | 2.170,18 | 12.689,58 |
| 1999 | 4.303,79 | 3.898,08 | 8.201,87 | 2.308,85 | 10.510,72 | 2.170,23 | 12.680,95 |
| 2000 | 4.302,32 | 3.894,96 | 8.197,28 | 2.292,07 | 10.489,35 | 2.472,75 | 12.962,10 |
| 2001 | 4.309,84 | 3.897,39 | 8.207,23 | 2.301,08 | 10.508,31 | 2.490,02 | 12.998,33 |
| 2002 | 4.305,97 | 3.928,92 | 8.234,89 | 2.288,30 | 10.523,19 | 2.457,52 | 12.980,71 |
| 2003 | 4.276,74 | 3.961,76 | 8.238,50 | 2.267,25 | 10.505,75 | 2.467,29 | 12.973,04 |
| 2004 | 4.272,09 | 3.943,74 | 8.215,83 | 2.215,80 | 10.431,63 | 2.540,37 | 12.972,00 |
| 2005 | 4.265,00 | 3.964,00 | 8.229,00 | 2.223,00 | 10.452,00 | 2.576,00 | 13.028,00 |
| 2006 | 4.230,00 | 4.006,00 | 8.236,00 | 2.225,00 | 10.461,00 | 2.577,00 | 13.038,00 |

**Kjördæmi (km)**

| | 1 Stofnvegir | 2 Tengivegir | 1+2 Samtals | 3 Safnvegir | 1+2+3 Samtals | 4 Landsvegir | 1+2+3+4 Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suður | 939,70 | 1.092,12 | 2.031,82 | 559,21 | 2.591,03 | 983,71 | 3.574,74 |
| Suðvestur | 121,23 | 93,02 | 214,25 | 30,77 | 245,02 | 12,56 | 257,58 |
| Reykjavík | 72,08 | 11,19 | 83,27 | 25,37 | 108,64 | 9,40 | 118,04 |
| Norðvestur | 1.765,64 | 1.748,73 | 3.514,37 | 945,84 | 4.460,21 | 646,63 | 5.106,84 |
| Norðaustur | 1.373,44 | 998,68 | 2.372,12 | 654,61 | 3.026,73 | 888,07 | 3.914,80 |
| Alls | 4.272,09 | 3.943,74 | 8.215,83 | 2.215,80 | 10.431,63 | 2.540,37 | 12.972,00 |

**Svæði (km)**

| | 1 Stofnvegir | 2 Tengivegir | 1+2 Samtals | 3 Safnvegir | 1+2+3 Samtals | 4 Landsvegir | 1+2+3+4 Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suður | 842,33 | 988,45 | 1.830,78 | 552,34 | 2.383,12 | 935,66 | 3.318,78 |
| Suðvestur | 290,68 | 184,85 | 475,53 | 63,01 | 538,54 | 53,34 | 591,88 |
| Norðvestur | 1.777,53 | 1.773,79 | 3.551,32 | 945,84 | 4.497,16 | 649,13 | 5.146,29 |
| Norðaustur | 1.361,55 | 996,65 | 2.358,20 | 654,61 | 3.012,81 | 902,24 | 3.915,05 |
| Alls | 4.272,09 | 3.943,74 | 8.215,83 | 2.215,80 | 10.431,63 | 2.540,37 | 12.972,00 |

**Heildarlengd bundins slitlags í árslok 2004, km.**

Landsvegir og safnvegir eru taldir með.

| | **Stofnvegir** | **Tengivegir** | **Safnvegir** | **Landsvegir** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Suðurland | 563,61 | 334,58 | 49,24 | 52,87 | 1.000,28 |
| Reykjanes | 280,80 | 94,00 | 1,24 | 14,40 | 390,44 |
| Vesturland | 478,65 | 97,42 | 8,69 | 1,64 | 586,40 |
| Vestfirðir | 524,23 | 38,24 | 0,97 | | 563,44 |
| Norðurland vestra | 372,33 | 38,53 | 3,45 | 0,11 | 414,42 |
| Norðurland eystra | 494,68 | 114,70 | 10,16 | 21,30 | 640,84 |
| Austurland | 717,34 | 92,26 | 11,80 | 46,01 | 867,41 |
| | **3.431,64** | **809,71** | **85,55** | **136,33** | **4.463,23** |

Í eftirfarandi töflu eru þjóðvegir af flokknum tengivegir sem fallið hafa af vegaskrá á árunum 1981–2003. Margir þeirra eru nú þjóðvegir í flokki safnvega eða landsvega.

**Þjóðvegir af flokknum tengivegir sem féllu af vegaskrá 1981–2003.**

| Tengivegir Vegnr. | Vegheiti | Upphaflegur vegur Lengd km | Nú safn- eða landsvegur Lengd km | Tekinn af vegaskrá Lengd km | Núverandi vegnúmer |
|---|---|---|---|---|---|
| 203 | Geirlandsvegur: | 2,7 | 2,7 | | óbreytt |
| 257 | Ártúnsvegur: | 14,5 | 2,3 | 12,2 | 2549 |
| 318 | Breyting á vegakerfi | 0 | | | |
| 353 | Kiðjabergsvegur | 5,5 | 5,5 | | óbreytt |
| (41) | Njarðvík – Keflavík | 4,3 | | 4,3 | |
| 422 | Njarðvíkurvegur | 1,5 | | 1,5 | |
| 433 | Reykjalundarvegur | 0,6 | | 0,6 | |
| 53 | Breyting á vegakerfi | 0 | | | |
| 537 | Sauravegur | 11,5 | | 11,5 | |
| 568 | Skógarnesvegur | 9,1 | 6,7 | 2,4 | óbreytt |
| 575 | Flugvöllur Rifi | 0,8 | | 0,8 | |
| 579 | Flugv. Stykkishólmi | 0,3 | | 0,3 | |
| 591 | Neðribyggðarvegur | 5,6 | | 5,6 | |
| 592 | Skorravíkurvegur | 1,2 | | 1,2 | |
| 609 | Fjarðarhlíðarvegur | 7,9 | 7,9 | | óbreytt |
| 611 | Siglunesvegur | 3,1 | 3,1 | | óbreytt |
| 621 | Mosdalsvegur | 8,1 | 8,1 | | óbreytt |
| 626 | Flugvöllur Önundarf. | 0,3 | | 0,3 | |
| 638 | Laugalandsvegur | 3,1 | 3,1 | | óbreytt |
| 647 | Munaðarnesvegur | 4,4 | 4,0 | 0,4 | óbreytt |
| 706 | Núpsdalsvegur | 2,5 | 2,5 | | óbreytt |
| 712 | Þorgrímsstaðadalsv. | 3,2 | 3,2 | | óbreytt |
| (722) | Vatnsdalsá hjá Undirf. | 1,6 | | 1,6 | |
| 725 | Miðásavegur | 2,5 | 2,5 | | óbreytt |
| 728 | Flugvallarv. Blönduósi | 0,6 | | 0,6 | |
| 758 | Austurdalsvegur | 14,1 | 14,1 | | óbreytt |
| 761 | Fjallsvegur | 2,5 | 2,5 | | 7687 |
| 766 | Brimnesvegur | 5,6 | 5,6 | | 766 og 7760 |
| 788 | Haganesvíkurvegur | 5,3 | 5,3 | | óbreytt |
| 827 | Sölvadalsvegur | 9,1 | 9,1 | | óbreytt |
| 832 | Vaðlaheiðarvegur | 19,1 | 19,1 | | óbreytt |
| 857 | Laxárdalsv. að Halldst. | 2,8 | | 2,8 | |
| 861 | Vestursandsvegur | 2,3 | 0,3 | 2,0 | 8755 |
| 873 | Flugvöllur Raufarhöfn | 0,2 | | 0,2 | |
| 922 | Grófarselsvegur | 5,8 | 5,8 | | óbreytt |
| 926 | Húseyjarvegur | 13,0 | 13,0 | | óbreytt |
| 942 | Steinsvaðsvegur | 3,8 | 2,0 | 1,8 | óbreytt |
| 955 | Flugvöllur Norðfirði | 0,7 | | 0,7 | |
| 966 | Flugvöllur Djúpavogi | 1,4 | | 1,4 | |
| 971 | Lónsheiðarvegur | 17,8 | | 17,8 | |
| 988 | Flugvöllur Öræfum | 1,7 | 0,2 | 1,5 | 9868 |
| | Samtals | 200,1 | 128,6 | 71,5 | |

**„Sveitavegirnir“ kalla.**

Við erum lítil þjóð í stóru og ógreiðfæru landi og samgöngur hljóta því að vera höfuðatriði fyrir samfélagið á hverju svæði. Nú hefur orðið áherslubreyting í vegamálum á síðasta áratug þar sem ofuráhersla hefur verið lögð á stórframkvæmdir og nokkra aðalvegi. Á sama tíma hafa vegir sem liggja af hringveginum setið hlutfallslega á hakanum.

Héraðsvegirnir inn til dala og út til stranda eru samgönguæðar heils atvinnuvegar. En einnig býr fjölmargt fólk í dreifbýli sem sækir vinnu um langan veg til næsta þéttbýlis og börnum er ekið í skóla. Því eru takmörk sett hvað bjóða má ungum börnum í löngum skólaakstri á slæmum vegum. Góðir akvegir eru því hreinlega grundvallarforsenda fyrir byggð víðs vegar um landið. En það hangir fleira á spýtunni. Ferðaþjónustan er ört vaxandi atvinnu-

grein og miklar vonir bundnar við hana til að treysta atvinnu til sveita. Íslendingar vilja gjarnan laða til sín ferðamenn og auglýsa náttúrufegurð landsins á erlendri grundu og þeir vilja einnig njóta hennar sjálfir. En til þess að komast að helstu náttúruperlum landsins verður oftar en ekki að keyra langar vegalengdir eftir héraðsvegum og umferð um þá er oft stríð á sumrin. Oft eru þessar leiðir líka eftirsóttar af ferðamönnum, þar á meðal hjólreiðafólki, vegna þess hvernig vegirnir liggja í landinu og allt önnur upplifun er að aka þá en mikið uppbyggðar stofnbrautir. Með fjölgun ferðamanna mun umferð um þessa vegi aukast og þar með vex þörfin fyrir uppbyggingu og endurbætur á héraðsvegunum. Góðir héraðsvegir eru því ekki sérhagsmunamál bænda heldur hluti af því að byggja Ísland upp sem ferðamannaland. Góðir vegir eru forsenda nýsköpunar í atvinnulífi til sveita.

**Áætlun um uppbyggingu og slitlag á héraðsvegi.**

Ástand héraðsveganna er mjög misjafnt en Vegagerðin verður að takmarka verk sín við fjárveitingar og virðist forgangsröðun að mestu miðast við flokkun vega samkvæmt vegalögum frekar en þarfir íbúa eða atvinnulífs á hverju svæði. Þannig njóta ýmsir mikilvægir tengivegir og safnvegir mjög takmarkaðrar þjónustu þótt þeir séu eina vegtenging íbúa á stórum svæðum við stofnvegi. Þá er viðhald tengivega í sveitum víða afar lítið og víst er að ferðamenn færu án efa meira um þá ef ástand þeirra væri betra. Má hér nefna vegi eins og þann sem liggur út á Látrabjarg, veginn um Strandir og vegina um Hólasand og út á Melrakkasléttu.

Mjög hallar á tengivegi og safnvegi í samanburði við stofnvegi hvað varðar uppbyggingu með lagningu bundins slitlags á síðustu árum. Flutningsmenn telja þá þróun varhugaverða og geta leitt til þess að ákveðin svæði einangrist og missi af viðskiptum og öðrum tækifærum sem tengjast umferð ferðamanna. Bundið slitlag eykur og möguleika íbúanna til að komast örugglega til og frá heimili sínu. Vel má setja sérreglur um hámarkshraða á þessum vegum til að viðhalda fullnægjandi öryggisstigi. Ferðamenn hérlendis ferðast í síauknum mæli á eigin vegum og þá oft á litlum bílum, sem þola illa lélega vegi, en einnig í vaxandi mæli á reiðhjólum. Gæði veganna og umferðaröryggi ráða því miklu um samkeppnishæfni einstakra svæða til búsetu og ferðaþjónustu. Því er lögð áhersla á að átak verði gert varðandi þessa vegi, ekki hvað síst með lagningu varanlegs og bundins slitlags.

**Snjómokstur, rykbinding og viðhald héraðsvega.**

Sveitarfélög hafa vegna breyttra búsetuhátta orðið að efla vegaþjónustu á síðustu árum án þess að ríkið hafi aukið fjárframlög til þessara verka. Nú er algengara en áður að fólk búi í sveit en starfi jafnframt í þéttbýli og þurfi því að ferðast óhindrað nær alla daga ársins. Þá er börnum víða ekið um langan veg í skóla, m.a. vegna sameiningar sveitarfélaga, og vart bjóðandi að slíkum leiðum sé ekki haldið vel við. Þessi breyting þýðir t.d. að moka þarf þessa vegi reglulega að vetrinum, en moksturinn lýtur ýmist gamalli helmingaskiptareglu ríkis og sveitarfélags eða er alfarið á kostnað sveitarfélags og viðkomandi bónda. Þá er rykbinding á malarvegum afar brýn að sumri til. Því er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar almenna þjónustu á þessum vegum og þá jafnframt verka- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þessum þáttum. Ljóst er að dreifbýl sveitarfélög hafa litla burði til að standa straum af auknum kostnaði við snjómokstur eða aðra vegþjónustu.

**Ákvæði um skiptingu vega í flokka í vegalögum, nr. 45/1994.**

Skiptingu vega í flokka er að finna í III. og IV. kafla vegalaga. Í III. kafla um þjóðvegi segir:

„7. gr.

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá.

8. gr.

Þjóðvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Vegakerfi þetta skal tengja öll býli á landinu, alla þéttbýlisstaði, flugvelli þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug, hafnir og bryggjur ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar og aðra staði eins og nánar er lýst hér á eftir.

Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

*Stofnvegir:*

Vegir sem ná til 1.000 íbúa svæðis og tengja slík svæði saman. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um vegi sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1.000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Við það stofnvegakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnvegi þéttbýli 400 íbúa eða fleiri enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200–400 íbúa ef tenging er ekki lengri en sem svarar 5 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

*Tengivegir:*

Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef um er að ræða veg í kaupstað eða kauptúni. Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð.

Þar sem tengivegur tengir þéttbýli við stofnvegakerfið skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Vegir að flugvöllum þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug og vegir að höfnum og bryggjum, ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar, skulu einnig vera tengivegir ef þeir eru ekki stofnvegir samkvæmt skilgreiningu um þann vegflokk.

*Safnvegir:*

Safnvegir tengja einstök býli, stofnanir o.fl. við tengivegi eða stofnvegi.

Til safnvega teljast:

Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð.

Vegir að kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa.

*Landsvegir:*

Til þessa vegflokks skal telja þjóðvegi sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum. Þar er um að ræða vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja saman landshluta, vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.“

Í vegalögum segir jafnframt:

„16. gr.

Í vegáætlun er heimilt að veita fé til greiðslu kostnaðar við eftirfarandi samgönguleiðir: götur í þéttbýli, vegi yfir fjöll og heiðar sem ekki eru þjóðvegir, vegi að bryggjum, vegi að eyðibýlum, vegi að flugvöllum sem ekki eru áætlunarflugvellir en taldir upp í flugmálaáætlun sem þjónustuvellir eða lendingarstaðir, vegi að skipbrotsmannaskýlum, vegi að skíðaskálum og skíðasvæðum, vegi að fjallskilaréttum, vegi að leitarmannaskálum, vegi að fjallaskálum, vegi að fullgerðum orkuverum, vegi að félagsheimilum, vegi að og innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða og ferjur sem ekki fullnægja skilyrðum 23. gr.

Þeir aðilar, sem sækja um og er veitt fé til framkvæmda við vegi samkvæmt þessari grein, skulu annast veghald viðkomandi vegar.

Heimilt er að binda fjárveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.

Ráðherra ákveður skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmdaflokka að fengnum tillögum vegamálastjóra og samgöngunefndar Alþingis.

Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna samgönguleiða samkvæmt þessari grein."

**Sammála um mikilvægi héraðsveganna en framkvæmdina vantar.**

Á 128. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður fram fyrirspurn til samgönguráðherra um hvort til stæði að auka fjárveitingar til safn- og tengivega og jafnframt að endurskilgreina stöðu þessara vega (290. mál).

Á það var bent að rök væru hæpin fyrir þessari flokkun vega. Vegir féllu niður um flokka og jafnvel alveg af þjóðvegaskrá, t.d. ef bær færi úr byggð, þó svo vegurinn væri áfram mikilvæg samgönguæð vegna landnytja og ferðaþjónustu. Sem dæmi má nefna að þegar áætlunarflug til flugvallar leggst niður fellur vegurinn að honum úr flokki þjóðvega og verður í raun einskismanns vegur þótt flugvöllurinn sé áfram sjúkraflugvöllur og þjónusti einkaflug. Í umræðu um fyrrnefnt þingmál kom fram hjá samgönguráðherra að þessi mál yrðu skoðuð fyrir gerð næstu samgönguáætlunar og að hann væri hlynntur uppbyggingu safn- og tengivega eftir því sem fjármagn gæfist til. Ekkert hefur þó bólað á þessari endurskoðun. Aðrir þingmenn sem tóku þátt í umræðu um málið, Ísólfur Gylfi Pálmason, Margrét Frímannsdóttir og Guðmundur Hallvarðsson, voru öll mjög jákvæð gagnvart athugasemdum flutningsmanns og nauðsyn þess að að auka fjármagn til safn- og tengivega. Jafnframt var tekið undir nauðsyn þess að taka til endurskoðunar skiptingu og flokkun vega í vegalögum.

Ástand héraðsveganna brennur mjög á íbúunum og meðfylgjandi eru sýnishorn af þeim erindum sem þingmönnum berast vegna þeirra. Þessi hópur fólks er mjög dreifður um landið og getur því illa beitt hópþrýstingi á stjórnvöld til að fylgja málum sínum eftir. Engu að síður er hér um mikið hagsmunamál að ræða, ekki aðeins fyrir það fólk sem þetta mál snertir beint daglega heldur alla þjóðina. Ekkert er fyrirséð um það hvenær þessir safn- og tengivegir víðs vegar um landið verða komnir í viðunandi horf. Því er lagt til að gert verði raunverulegt átak í uppbyggingu safn- og tengivega, svokallaðra héraðsvega, á næstu fjórum árum.

---

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Bréf frá Ferðamálafélagi Barðastrandarsýslu til umdæmisskrifstofu vegamála á Vestfjörðum. (27. janúar 2004.)

II. Bréf frá sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps til þingmanna Norðausturkjöræmis. (26. febrúar 2004.)
III. Bréf frá sveitarstjórn Þingeyjarsveitar til samgöngunefndar Alþingis. (19. apríl 2004.)
IV. Bréf frá Ingunni Guðmundsdóttur, sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps, til þingmanna Suðurkjördæmis. (26. ágúst 2004.)
V. Bréf frá sveitarfélaginu Ölfusi til fjárlaganefndar Alþingis. (27. september 2004.)
VI. Bréf frá sveitarstjórn Kaldrananeshrepps. Vegamál í Kaldrananeshreppi.
VII. Bréf frá ábúendum að Dæli í Víðidal.
VIII. Bréf frá ábúendum og eigendum jarðanna í Flókadal í Borgarfirði. (September 2003.)
IX. Úr bréfi frá sveitarstjórn Húnaþings vestra til fjárlaganefndar.
X. Úr bréfi frá hreppsnefnd Rangárþings ytra til fjárlaganefndar. (27. september 2004.)
XI. Úr bréfi frá Norður-Héraði til fjárlaganefndar. (2004.)
XII. Úr bréfi frá sveitarstjórn Dalabyggðar. (Haustið 2004.)
XIII. Bréf frá Byggðasamlagi Húnavallaskóla. (24. ágúst 2005.)
XIV. Úr greinargerð sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar til fárlaganefndar. (September 2005.)
XV. Úr bréfum til fjárlaganefndar um tengi- og safnvegi. Úr bréfi bæjarráðs Borgarbyggðar. (Haustið 2005.) Úr bréfi sveitarstjórnar Rangárþings ytra. (27. september 2005.)
XVI. Með augun full af ryki. Jón Bjarnason. (Mbl. 24. maí 2006.)

# 557. Skýrsla [439. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2005 (flugmálaáætlun).

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## 2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

### 2.1 Fjármál.

Endurskoðað bókhald Flugmálastjórnar fyrir árið 2005, ásamt reikningsuppgjöri ársins, liggur nú fyrir og eru því allar fjármunahreyfingar sem fram koma í skýrslunni byggðar á rauntölum.

**Tekjur og framlög.**


**Markaðar tekjur.**

*Flugvallagjöld.* Eftirfarandi tafla og mynd sýna þróun tekna af flugvallagjöldum árin 1997–2005:

**Tafla 1. Þróun tekna af flugvallagjöldum árin 1997–2005 (millj. kr.).**

| | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Varaflugvallagjald | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 77 | 444 |
| Flugvallaskattur, utanlandsflug | 436 | 495 | 547 | 647 | 618 | 587 | 698 | 699 | 283 |
| Flugvallaskattur, innanlandsflug | 62 | 69 | 72 | 68 | 53 | 51 | 52 | 76 | 137 |
| **Samtals** | **498** | **564** | **619** | **715** | **671** | **638** | **750** | **852** | **864** |

**Mynd 1. Tekjur af flugvallagjöldum.**




Eins og taflan og myndin sýna hafa tekjur af flugvallagjöldum ársins 2005 ekki verið jafn háar frá árinu 1997 vegna fjölgunar farþega í utanlandsflugi. Gjaldskránni var breytt frá og með 1. október 2004 þar sem um er að ræða flugvallaskatt annars vegar og varaflugvallagjald hins vegar sem farþegar í millilandaflugi greiða einungis, en tekjur af varaflugvallagjaldinu námu 444 millj. kr. árið 2005. Varaflugvallagjaldið er ætlað að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem af því hlýst að Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvellir sinni varaflugvallahlutverki sínu.

*Afgreiðslugjald.* Tekjur af afgreiðslugjöldum vegna útgáfu flugskírteina, vottunar- og staðfestingargjalda voru 13,4 millj. kr. á árinu 2005.

**Framlög úr ríkissjóði.**

Á árinu 2005 var framlag ríkissjóðs til Flugmálastjórnar 906,8 millj. kr. Framlag af flugmálaáætlun vegna varaflugvallagjalds til reksturs Flugmálastjórnar nam á árinu 151,6 millj. kr.

**Ríkistekjur.**

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun ríkistekna:

**Tafla 2. Sundurliðun ríkistekna árið 2005 (þús. kr.).**

| | |
|---|---|
| Lendingargjöld | 82.860 |
| Prófgjöld vegna þjónustu flugöryggissviðs | 8.995 |
| Skoðunar- og eftirlitsgjöld | 125.840 |
| Vopnaleitargjald | 7.143 |
| **Samtals** | **224.838** |

**Sértekjur.**

*Tekjur vegna Alþjóðaflugþjónustunnar.* Þessar tekjur eru vegna reksturs á B-hluta Flugmálastjórnar, en tekjurnar námu 982,5 millj. kr. árið 2005.

*Aðrar sértekjur.* Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun annarra sértekna:

**Tafla 3. Sundurliðun annarra sértekna árið 2005 (þús. kr.).**

| | |
|---|---|
| ATS-skólagjöld | 111.817 |
| Seld vinna vegna B-hluta | 116.497 |
| Seld önnur vinna, flugmálaáætlun o.fl. | 97.166 |
| Stjórnunarkostnaður, 12% | 110.702 |
| Verksala og önnur þjónusta | 152.020 |

| | |
|---|---|
| Leigutekjur og afnotagjöld | 73.920 |
| Sala eigna | 8.393 |
| Kosovo-verkefni árin 2004 og 2005 | 822.457 |
| **Samtals** | **1.492.972** |

## Gjöld.

### Rekstur og þjónusta.

*Yfirstjórn.* Rekstrarútgjöld yfirstjórnar hækka um 22,9% milli áranna 2004 og 2005. Launagjöld hækka um 14,8%, en önnur rekstrarútgjöld hækka um 32,2%.

**Tafla 4. Rekstur yfirstjórnar 2004 og 2005 (þús. kr.).**

| Gjöld | 2004 | 2005 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 171.118 | 196.480 | 14,8% |
| Önnur rekstrargjöld | 147.318 | 194.807 | 32,2% |
| **Samtals** | **318.436** | **391.287** | **22,9%** |
| Tekjur | 250.254 | 305.078 | 21,9% |
| Gjöld umfram tekjur | 68.182 | 86.209 | 26,4% |

Eins og sést á töflunni hafa tekjur hækkað um 21,9% milli ára, en gjöld umfram tekjur hafa hækkað frá fyrra ári, eða um 26,4%, aðallega vegna fulltrúa í fastanefnd ICAO og ráðningar verkefnisstjóra á fjármálasviði. Jafnframt voru gerðir kjarasamningar á árinu.

*Flugumferðarþjónusta innan lands.* Útgjöld flugumferðarsviðs hækkuðu um 9% á milli ára. Laun hækkuðu um 16,7%, en önnur rekstrargjöld lækkuðu um 16,5%. Á móti hækkuðu tekjur þjónustunnar um 9,5% frá fyrra ári.

**Tafla 5. Rekstur flugumferðarsviðs 2004 og 2005 (þús. kr.).**

| Gjöld | 2004 | 2005 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 374.771 | 437.307 | 16,7% |
| Önnur rekstrargjöld | 112.748 | 94.145 | -16,5% |
| **Samtals** | **487.519** | **531.452** | **9,0%** |
| Tekjur | 370.092 | 405.079 | 9,5% |
| Gjöld umfram tekjur | 117.427 | 126.373 | 7,6% |

Eins og taflan sýnir hafa gjöld umfram tekjur hækkað um 7,6% milli áranna 2004 og 2005.

*Eftirlit og öryggismál.* Á undanförnum árum hafa umsvif flugöryggissviðsins aukist jafnt og þétt vegna krafna um aukið eftirlit ásamt meiri gæðakröfum og nýjum alþjóðlegum reglum. Laun og launatengd gjöld hækka verulega á milli ára, eða um 20,8%, en önnur rekstrargjöld lækka um 0,1%.

**Tafla 6. Rekstur flugöryggissviðs 2004 og 2005 (þús. kr.).**

| Gjöld | 2004 | 2005 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 114.075 | 137.770 | 20,8% |
| Önnur rekstrargjöld | 95.224 | 95.101 | -0,1% |
| **Samtals** | **209.299** | **232.871** | **11,3%** |
| Tekjur | 169.290 | 163.307 | -3,5% |
| Gjöld umfram tekjur | 40.009 | 69.564 | 73,9% |

Eins og taflan sýnir hafa rekstrarútgjöld hækkað á milli áranna 2004 og 2005 um 11,3%, en tekjur hafa lækkað nokkuð, eða um 3,5%. Þannig hafa gjöld umfram tekjur hækkað verulega milli ára, eða um 73,9%, sem skýrist af auknu mannahaldi og lægri tekjum á árinu 2005.

*Flugvalla- og flugleiðsöguþjónusta.* Á undanförnum árum hefur áætlunarflugvöllum fækkað verulega. Engu að síður þarf að viðhalda mannvirkjum á þeim flugvöllum þar sem áætlunarflug hefur lagst af. Þannig hafa önnur rekstrargjöld ekki lækkað í takt við þróunina. Á árinu 2005 hækkuðu önnur rekstrargjöld um 2,7% frá árinu áður, en laun og launatengd gjöld hækkuðu um 14,5%.

**Tafla 7. Rekstur flugvalla- og flugleiðsögusviðs 2004 og 2005 (þús. kr.).**

| Gjöld | 2004 | 2005 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 358.144 | 410.170 | 14,5% |
| Önnur rekstrargjöld | 602.522 | 618.649 | 2,7% |
| **Samtals** | **960.666** | **1.028.819** | **7,1%** |
| Tekjur | 238.967 | 295.634 | 23,7% |
| Gjöld umfram tekjur | 721.699 | 733.185 | 1,6% |

Eins og sést á töflunni hafa tekjur hækkað verulega á milli ára, eða um 23,7%. Gjöld umfram tekjur hafa því aðeins hækkað um 1,6% milli áranna 2004 og 2005.

Í eftirfarandi töflum er gerð grein fyrir rekstrarafkomu fimm stærstu áætlunarflugvallanna, þ.e. Reykjavíkur-, Akureyrar-, Vestmannaeyja-, Egilsstaða- og Ísafjarðarflugvalla. Aðrir minni áætlunar- og þjónustuflugvellir verða teknir saman í einni niðurstöðutölu í töflum 18 og 19.

*Reykjavíkurflugvöllur.* Rekstrarkostnaður Reykjavíkurflugvallar lækkaði um 0,7% milli áranna 2004 og 2005, eða um 2,2 millj. kr. Heildarútgjöldin urðu 2,1 millj. kr. yfir áætlun, eða sem nemur 0,7%. Tekjur flugvallarins hækkuðu um 8,5% frá árinu áður.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld eftir stjórnunarsviðum og samanburð við áætlun ársins 2005:

**Tafla 8. Rekstrarútgjöld Reykjavíkurflugvallar árið 2005 (þús. kr.).**

| Rekstrarsvið | Útgjöld | Áætlun | Mismunur | % |
|---|---|---|---|---|
| Flugvalla- og flugleiðsögusvið | 166.515 | 164.434 | 2.081 | 1,3% |
| Flugumferðarsvið | 121.625 | 121.625 | 0 | 0,0% |
| **Samtals** | **288.140** | **286.059** | **2.081** | **0,7%** |

Rekstur flugvalla- og flugleiðsögusviðs varð 1,3% dýrari en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Rekstur aðflugsþjónustu flugumferðarsviðs var samkvæmt áætlun.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á rekstrarútgjöldum og tekjum hinna ýmsu verkefna í starfsemi flugvallarins árin 2004 og 2005. Taflan sýnir að gjöld umfram tekjur urðu 205,8 millj. kr. sem er nokkuð lægra en á fyrra ári. Hlutfall tekna af gjöldum er 28,6%, sem er nokkur hækkun frá árinu áður. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu 2005 er 539 kr. á móti 566 kr. árið á undan og er það 4,8% lækkun, en farþegum sem fóru um flugvöllinn fjölgaði um 0,7% milli ára, sem skýrir þessa lækkun að hluta.

Þegar á heildina er litið verður að telja að rekstur Reykjavíkurflugvallar á árinu 2005 hafi gengið upp fjárhagslega.

**Tafla 9. Útgjöld og tekjur Reykjavíkurflugvallar árin 2004 og 2005 (þús. kr.).**

| Gjöld<br>Verkefni | 2004 | 2005 | Mismunur | % |
|---|---|---|---|---|
| Rekstur flugvallar | 52.837 | 56.165 | 3.328 | 6,3% |
| Snjómokstur | 12.041 | 13.011 | 970 | 8,1% |
| Slökkviþjónusta | 73.322 | 73.431 | 109 | 0,1% |
| Vélaverkstæði | 19.030 | 20.253 | 1.223 | 6,4% |
| Umsjón húseigna | 7.404 | 3.655 | -3.749 | -50,6% |
| Flugturn | 125.660 | 121.625 | -4.035 | -3,2% |
| **Samtals** | **290.294** | **288.140** | **-2.154** | **-0,7%** |
| **Tekjur** | | | | |
| Lendingargjöld | 48.125 | 52.271 | 4.146 | 8,6% |
| Leigutekjur | 9.949 | 16.267 | 6.318 | 63,5% |
| Verksala og þjónusta | 17.813 | 13.795 | -4.018 | -22,6% |
| **Samtals** | **75.887** | **82.333** | **6.446** | **8,5%** |
| Gjöld umfram tekjur | 214.407 | 205.807 | -8.600 | -4,0% |
| Hlutfall tekna af gjöldum | 26,1% | 28,6% | | |
| Framlag á hvern farþega, kr. | 566 | 539 | -27 | -4,8% |

*Akureyrarflugvöllur.* Rekstrarniðurstaða Akureyrarflugvallar fyrir árið 2005 er sú að flugvöllurinn fór 1 millj. kr. fram úr rekstraráætlun ársins, eða 0,7%.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöldin árið 2005 eftir stjórnunarsviðum og samanburð við rekstraráætlun ársins:

**Tafla 10. Rekstrarútgjöld Akureyrarflugvallar árið 2005 (þús. kr.).**

| Rekstrarsvið | Útgjöld | Áætlun | Mismunur | % |
|---|---|---|---|---|
| Flugvalla- og flugleiðsögusvið | 109.991 | 108.980 | 1.011 | 0,9% |
| Flugumferðarsvið | 46.254 | 46.254 | 0 | 0,0% |
| **Samtals** | **156.245** | **155.234** | **1.011** | **0,7%** |

Eins og taflan sýnir kostaði rekstur Akureyrarflugvallar rúmar 156,2 millj. kr. á árinu 2005 án fjármagns- og stofnkostnaðar. Heildarútgjöld flugvallarins á árinu 2005 voru tæpum 7,8 millj. kr. hærri en árið á undan, eða 5,2%.

Næsta tafla sýnir samanburð á rekstrarútgjöldum og tekjum milli áranna 2004 og 2005, ásamt hlutfalli tekna af gjöldum og framlag á hvern farþega sem um flugvöllinn fór árið 2005:

**Tafla 11. Útgjöld og tekjur Akureyrarflugvallar árin 2004 og 2005 (þús. kr.).**

| Gjöld<br>Verkefni | 2004 | 2005 | Mismunur | % |
|---|---|---|---|---|
| Rekstur flugvallar | 105.323 | 109.991 | 4.668 | 4,4% |
| Rekstur flugturns | 43.153 | 46.254 | 3.101 | 7,2% |
| **Samtals** | **148.476** | **156.245** | **7.769** | **5,2%** |
| **Tekjur** | | | | |
| Lendingargjöld | 13.255 | 15.312 | 2.057 | 15,5% |
| Leigutekjur | 2.479 | 2.292 | -187 | -7,5% |
| Verksala og þjónusta | 3.232 | 3.126 | -106 | -3,3% |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Samtals** | **18.966** | **20.730** | **1.764** | **9,3%** |
| Gjöld umfram tekjur | 129.510 | 135.515 | 6.005 | 4,6% |
| Hlutfall tekna af gjöldum | 12,8% | 13,3% | | |
| Framlag á hvern farþega, kr. | 740 | 753 | 13 | 1,7% |

Í töflunni kemur fram að gjöld umfram tekjur urðu 135,5 millj. kr. á árinu 2005, samanborið við 129,5 millj. kr. árið 2004 og er hækkunin 4,6%. Tekjur hækkuðu um 9,3% milli ára. Hlutfall tekna af gjöldum var á árinu 2005 13,3%, samanborið við 12,8% á árinu 2004. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu var 753 kr. sem er hækkun frá árinu áður um 1,7%.

*Egilsstaðaflugvöllur.* Heildarrekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar á árinu 2005 urðu 8,9 millj. kr. hærri en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir, eða 11,4% sem skýrist af auknum umsvifum í rekstri flugvallarins en farþegar sem fóru um flugvöllinn á árinu 2005 voru 16,25% fleiri en árið áður. Rekstur flugvallarins kostaði á árinu rúmar 86,6 millj. kr. sem er 9,9 millj. kr. hækkun frá árinu 2004, eða um 13%. Tekjur flugvallarins hækkuðu verulega, eða um 36,1%, vegna fjölgunar farþega.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar fyrir árið 2005 og samanburð við rekstraráætlanir ársins:

**Tafla 12. Rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar árið 2005 (þús. kr.).**

| Rekstrarsvið | Útgjöld | Áætlun | Mismunur | % |
|---|---|---|---|---|
| Flugvalla- og flugleiðsögusvið | 64.257 | 57.932 | 6.325 | 10,9% |
| Flugumferðarsvið | 22.350 | 19.806 | 2.544 | 12,8% |
| **Samtals** | **86.607** | **77.738** | **8.869** | **11,4%** |

Í næstu töflu er sýndur samanburður á gjöldum og tekjum áranna 2004 og 2005, ásamt framlagi á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu.

**Tafla 13. Útgjöld og tekjur Egilsstaðaflugvallar árin 2004 og 2005 (þús. kr.).**

| **Gjöld**<br>**Verkefni** | **2004** | **2005** | **Mismunur** | **%** |
|---|---|---|---|---|
| Rekstur flugvallar | 57.524 | 64.257 | 6.733 | 11,7% |
| Rekstur flugturns | 19.150 | 22.350 | 3.200 | 16,7% |
| **Samtals** | **76.674** | **86.607** | **9.933** | **13,0%** |
| **Tekjur** | | | | |
| Lendingargjöld | 8.509 | 12.125 | 3.616 | 42,5% |
| Leigutekjur | 1.190 | 1.297 | 107 | 9,0% |
| Verksala og þjónusta | 484 | 442 | -42 | -8,7% |
| **Samtals** | **10.183** | **13.864** | **3.681** | **36,1%** |
| Gjöld umfram tekjur | 66.491 | 72.743 | 6.252 | 9,4% |
| Hlutfall tekna af gjöldum | 13,3% | 16,0% | | |
| Framlag á hvern farþega, kr. | 610 | 573 | -37 | -6,1% |

Í töflunni kemur fram að rekstrarútgjöld hækkuðu milli ára um rúmar 9,9 millj. kr., eða 13%. Einnig sýnir taflan að gjöld umfram tekjur hafa hækkað um 9,4% frá árinu 2004, en hlutfall tekna af gjöldum er 16% árið 2005 á móti 13,3% á árinu 2004. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu lækkar nokkuð, eða úr 610 kr. á árinu 2004 í 573 kr. árið

2005, eða um 6,1%. Þetta skýrist af verulegri fjölgun farþega á árinu 2005 frá fyrra ári, eða um 16,25%.

*Vestmannaeyjaflugvöllur.* Rekstrarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar á árinu 2005 urðu 2,3% hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir, eða rúmar 1,4 millj. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöldin á árinu 2005 ásamt samanburði við áætlanir:

**Tafla 14. Rekstrarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar árið 2005 (þús. kr.).**

| Rekstrarsvið | Útgjöld | Áætlun | Mismunur | % |
|---|---|---|---|---|
| Flugvalla- og flugleiðsögusvið | 36.553 | 35.132 | 1.421 | 4,0% |
| Flugumferðarsvið | 28.259 | 28.247 | 12 | 0,0% |
| **Samtals** | **64.812** | **63.379** | **1.433** | **2,3%** |

Eins og taflan sýnir urðu heildarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar 64,8 millj. kr. á árinu 2005.

Tekjur flugvallarins á árinu 2005 hækkuðu hins vegar verulega, eða um 47,9%, frá árinu áður, eða um 1,7 millj. kr. Farþegum sem fóru um flugvöllinn fjölgaði um 7,1% frá árinu áður.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á gjöldum og tekjum áranna 2004 og 2005 ásamt ýmsum öðrum upplýsingum:

**Tafla 15. Útgjöld og tekjur Vestmannaeyjaflugvallar árin 2004 og 2005 (þús. kr.).**

| Gjöld<br>Verkefni | 2004 | 2005 | Mismunur | % |
|---|---|---|---|---|
| Rekstur flugvallar | 34.396 | 36.553 | 2.157 | 6,3% |
| Rekstur flugturns | 24.720 | 28.259 | 3.539 | 14,3% |
| **Samtals** | **59.116** | **64.812** | **5.696** | **9,6%** |
| **Tekjur** | | | | |
| Lendingargjöld | 1.603 | 2.750 | 1.147 | 71,6% |
| Leigutekjur | 1.476 | 1.577 | 101 | 6,8% |
| Verksala og þjónusta | 500 | 968 | 468 | 93,6% |
| **Samtals** | **3.579** | **5.295** | **1.716** | **47,9%** |
| Gjöld umfram tekjur | 55.537 | 59.517 | 3.980 | 7,2% |
| Hlutfall tekna af gjöldum | 6,1% | 8,2% | | |
| Framlag á hvern farþega, kr. | 1.182 | 1.167 | -15 | -1,2% |

Eins og taflan sýnir hafa heildarrekstrarútgjöld á árinu 2005 hækkað frá fyrra ári um 9,6%. Taflan sýnir einnig að hlutfall tekna af gjöldum hefur hækkað úr 6,1% árið áður í 8,2% á árinu 2005 og að framlag á hvern farþega er 1.167 kr. á móti 1.182 kr. árið 2004, sem er 1,2% lækkun.

*Ísafjarðarflugvöllur.* Töluverður viðsnúningur varð á rekstri Ísafjarðarflugvallar á árinu 2005 miðað við fyrra ár. Eins og sjá má á töflunni hér að neðan fóru heildarútgjöld flugvallarins 2,1% umfram rekstraráætlun, eða um 1 millj. kr.

**Tafla 16. Rekstrarútgjöld Ísafjarðarflugvallar árið 2005 (þús. kr.).**

| Rekstrarsvið | Útgjöld | Áætlun | Mismunur | % |
|---|---|---|---|---|
| Flugvalla- og flugleiðsögusvið | 38.588 | 37.060 | 1.528 | 4,1% |
| Flugumferðarsvið | 9.662 | 10.184 | -522 | -5,1% |
| **Samtals** | **48.250** | **47.244** | **1.006** | **2,1%** |

Heildarrekstrarkostnaður flugvallarins á árinu 2005 varð 48,3 millj. kr. á móti 49,3 millj. kr. árið 2004 og hefur því lækkað um rúma 1 millj. kr., eða 2,1%. Tekjur flugvallarins lækkuðu þó verulega, eða um 23,9% á milli ára. Hlutfall tekna af gjöldum lækkaði því úr 17,6% frá árinu 2004 í 13,7% árið 2005. Framlag á hvern farþega hækkaði þannig um 2,5% á milli ára, eða úr 903 kr. árið 2004 í 925 kr. árið 2005 eins og eftirfarandi tafla sýnir:

**Tafla 17. Útgjöld og tekjur Ísafjarðarflugvallar árin 2004 og 2005 (þús. kr.).**

| Gjöld<br>Verkefni | 2004 | 2005 | Mismunur | % |
|---|---|---|---|---|
| Rekstur flugvallar | 38.337 | 38.588 | 251 | 0,7% |
| Rekstur flugturns | 10.960 | 9.662 | -1.298 | -11,8% |
| **Samtals** | **49.297** | **48.250** | **-1.047** | **-2,1%** |
| **Tekjur** | | | | |
| Lendingargjöld | 3.451 | 3.460 | 9 | 0,3% |
| Leigutekjur | 2.344 | 2.219 | -125 | -5,3% |
| Verksala og þjónusta | 2.882 | 927 | -1.955 | -67,8% |
| **Samtals** | **8.677** | **6.606** | **-2.071** | **-23,9%** |
| Gjöld umfram tekjur | 40.620 | 41.644 | 1.024 | 2,5% |
| Hlutfall tekna af gjöldum | 17,6% | 13,7% | | |
| Framlag á hvern farþega, kr. | 903 | 925 | 23 | 2,5% |

*Aðrir áætlunarflugvellir í grunnneti.* Rekstrarútgjöld annarra áætlunarflugvalla í grunnneti urðu 4,9% hærri en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir á árinu 2005. Um er að ræða sjö flugvelli og urðu heildarrekstrarútgjöld þeirra 77,6 millj. kr., en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir útgjöldum að upphæð 73,8 millj. kr.

Tekjur þessara flugvalla eru mjög litlar og urðu 6,4 millj. kr. á árinu 2005. Því var hlutfall tekna af gjöldum ekki nema 8,2% og framlag á hvern farþega sem um flugvellina fór var að jafnaði 1.333 kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á heildarútgjöldum flugvallanna og áætlun ásamt tekjum og öðrum upplýsingum á árinu 2005:

**Tafla 18. Aðrir áætlunarflugvellir í grunnneti, ýmsar rekstrarupplýsingar árið 2005 (þús. kr.).**

| Flugvellir | Gjöld árið 2005 | Áætlun árið 2005 | Tekjur árið 2005 | Gjöld umfram tekjur | Hlutfall tekna af gjöldum | Framlag á farþega |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hornafjörður | 18.952 | 18.482 | 1.495 | 17.457 | 7,9% | 1.969 |
| Sauðárkrókur | 12.517 | 11.934 | 713 | 11.804 | 5,7% | 2.025 |
| Bíldudalur | 13.091 | 11.774 | 625 | 12.466 | 4,8% | 3.231 |
| Grímsey | 7.128 | 6.921 | 1.613 | 5.515 | 22,6% | 1.371 |
| Þórshöfn | 7.188 | 7.039 | 622 | 6.566 | 8,7% | 4.553 |
| Þingeyri | 3.585 | 4.526 | 409 | 3.176 | 11,4% | 7.690 |
| Bakki | 15.105 | 13.103 | 904 | 14.201 | 6,0% | 490 |
| **Samtals** | **77.566** | **73.779** | **6.381** | **71.185** | **8,2%** | **1.333** |

Aðrir áætlunarflugvellir utan grunnnets. Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarafkomu þeirra tveggja áætlunarflugvalla sem eru utan grunnnets:

**Tafla 19. Aðrir áætlunarflugvellir utan grunnnets, ýmsar rekstrarupplýsingar árið 2005 (þús. kr.).**

| Flugvellir | Gjöld árið 2005 | Áætlun árið 2005 | Tekjur árið 2005 | Gjöld umfram tekjur | Hlutfall tekna af gjöldum | Framlag á farþega |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vopnafjörður | 8.601 | 7.621 | 505 | 8.096 | 5,9% | 5.538 |
| Gjögur | 5.353 | 4.933 | 174 | 5.179 | 3,3% | 9.520 |
| **Samtals** | **13.954** | **12.554** | **679** | **13.275** | **4,9%** | **6.618** |

Eins og taflan sýnir er framlag með hverjum farþega mjög hátt, en flugvellirnir hafa mjög litla flutninga og eru í fullum rekstri.

*Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.* Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld ársins 2005, borin saman við rekstraráætlanir sama árs:

**Tafla 20. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir, rekstur 2005 (þús. kr.).**

| Gjöld | 2005 | Áætlun | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Aðrir flugvellir | 28.618 | 23.556 | 21,5% |
| Lendingarstaðir | 7.158 | 6.871 | 4,2% |
| **Samtals** | **35.776** | **30.427** | **17,6%** |

Eins og taflan sýnir fóru rekstrarútgjöldin 17,6% fram úr áætlun.

*Alþjóðaflugþjónusta.* Kostnaður vegna Alþjóðaflugþjónustunnar á árinu 2005 nam 982,5 millj. kr., en var 924,1 millj. kr. árið 2004 og hækkaði milli ára um 6,3%. Framlag Íslands til þjónustunnar nam á árinu 2005 tæplega 91 millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir greiðsluyfirlit vegna Alþjóðaflugþjónustunnar árið 2005:

**Tafla 21. Greiðsluyfirlit vegna Alþjóðaflugþjónustunnar árið 2005 (þús. kr.).**

| | Flugmálastjórn | Flugfjarskipti | Veðurstofan | Alþjóðaflugþjónustan | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | | |
| Yfirflugsgjöld | 1.135.000 | 405.000 | 138.640 | 39.797 | 1.718.437 |
| **Tekjur alls** | **1.135.000** | **405.000** | **138.640** | **39.797** | **1.718.437** |
| **Gjöld** | | | | | |
| Launagjöld | 510.276 | 220.707 | 118.136 | 0 | 849.119 |
| Vörukaup | 28.654 | 18.552 | 6.586 | 0 | 53.792 |
| Þjónusta | 440.483 | 124.806 | 20.101 | 43.473 | 628.863 |
| Fjármagnskostnaður | 43.129 | 7.263 | 605 | 72.207 | 123.204 |
| Gjaldfærð eignakaup | 11.700 | 2.377 | 0 | 0 | 14.077 |
| Fyrningar | 0 | 9.318 | 727 | 140.337 | 150.382 |
| Kostnaðarhlutdeild | -51.712 | -19.151 | -7.308 | -12.801 | -90.972 |
| **Gjöld alls** | **982.530** | **363.872** | **138.847** | **243.216** | **1.728.465** |
| **Viðskiptafært á ICAO** | **152.470** | **41.128** | **-207** | **-203.419** | **-10.028** |

*Önnur gjöld.* Á árinu 2005 var varið 2,7 millj. kr. til rannsóknarverkefna. Þá var einnig varið á árunum 2004 og 2005 tæpum 700 millj. kr. vegna samningsins um Kosovo-verkefnið,

en það skilaði rúmum 822 millj. kr. í tekjur eins og fram kemur í töflu 3. Kosovo-verkefninu er ekki lokið.

*Viðhald og stofnkostnaður.* Eftirfarandi tafla sýnir stofnkostað, viðhald og annan kostnað árin 2004 og 2005:

**Tafla 22. Stofnkostnaður, viðhald og annar kostnaður árin 2004 og 2005 (millj. kr.).**

| Verkefnaflokkur | 2004 | 2005 |
|---|---|---|
| Stofnkostnaður, flugvellir í grunnneti | 113,2 | 401,9 |
| Stofnkostnaður, aðrir flugvellir | 2,3 | 1,3 |
| Stofnkostnaður, búnaður og verkefni | 29,9 | 93,4 |
| Viðhald | 125,1 | 114,6 |
| Alþjóðaflugþjónustan | 5,0 | 15,0 |
| Vaxtagjöld | 1,3 | 3,3 |
| Afskrifaðar aðrar kröfur | 17,6 | 0,0 |
| **Samtals** | **294,4** | **629,5** |

## 2.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

### 2.2.1 Viðhald.

*Yfirborð brauta og hlaða.* Undir þennan lið fellur allt yfirborðsviðhald flugbrauta og flughlaða sem hafa bundið slitlag, þ.e. malbik, klæðingu og yfirborðsmerkingar.

Helstu verkefni vegna malbiks voru viðgerðir í Reykjavík á flughlöðum við skýli 1 og 4. Einnig var samið um yfirsprautun á brautum Reykjavíkurflugvallar, en því tókst ekki að ljúka vegna óhagstæðrar veðráttu.

Helsta verkefni vegna klæðingar var tilraun með bikbindingu sem fram fór á Stóra-Kroppi og þurfti að klæða yfir með einföldu lagi. Kostnaði var skipt milli Flugmálastjórnar og verktaka vegna tilraunar.

Flugbrautir 01-19 og 13-31 ásamt akbrautar- og stöðvunarlínum voru málaðar í Reykjavík.

Alls voru fjárveitingar 29,2 millj. kr. samkvæmt áætlun ársins 2005, en bókfærður kostnaður á árinu nam 20,4 millj. kr.

**Tafla 23. Sundurliðun viðhalds borin saman við áætlun 2005 (millj. kr.).**

| Staður/verkefnaflokkur | Ráðstöfunarfé 2005 | Bókfærður kostnaður 2005 |
|---|---|---|
| Yfirborð brauta og hlaða | 29,2 | 20,4 |
| Byggingar og búnaður | 15,2 | 29,2 |
| Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar | 17,4 | 7,4 |
| Tækjasjóður | 66,3 | 57,7 |
| **Samtals** | **128,1** | **114,7** |

*Byggingar og búnaður.* Undir þennan lið fellur allt meiri háttar viðhald bygginga sem gert er sjaldnar en árlega. Fjárveitingar ársins voru 15,2 millj. kr., en framkvæmt var fyrir 29,2 millj. kr.

*Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar.* Í þennan lið var varið á árinu 2005 2,4 millj. kr. vegna framsetningu fluggagna á vefnum og 5 millj. kr. vegna ýmissa verkefna og búnaðar.

*Tækjasjóður.* Fjárveitingar til tækjasjóðs á árinu 2005 voru 66,3 millj. kr., en keypt voru ýmis tæki og búnaður fyrir 57,7 millj. kr. á árinu 2005, eins og sést á eftirfarandi töflu:

**Tafla 24. Sundurliðun tækjasjóðs (þús. kr.).**

| | |
|---|---|
| Reykjavík, Rafmagnsverkstæði | 3.067 |
| Reykjavík, pallbifreið | 7.123 |
| Akureyri, bremsumælir | 5495 |
| Vestmannaeyjar, sanddreifari | 4.593 |
| Egilsstaðir, slökkvibifreið | 664 |
| Egilsstaðir, vörubifreið | 10.010 |
| Egilsstaðir, snjótennur | 3.368 |
| Bíldudalur, bátur og skýli | 622 |
| Ísafjörður, gírbox fyrir snjóblásara | 5.700 |
| Ísafjörður, vörubifreið með snjótönn | 2.073 |
| Grímsey, snjóhreinsitæki | 1.726 |
| Raufarhöfn, snjóblásarakjaftur | 1.290 |
| Ýmis björgunarbúnaður | 4.673 |
| Viðgerðir og endurbygging tækja | 4.621 |
| Ýmis búnaður | 2.678 |
| **Samtals** | **57.703** |

### 2.2.2 Stofnkostnaður.
### 2.2.2.1 Grunnnet.

**Reykjavíkurflugvöllur.**

*Byggingar.* Hér er að mestu um að ræða tækja- og sandgeymslu. Lokið er við hönnun og skipulagsmál og útboðsgögn liggja fyrir. Vegna óvissu um staðsetningu nýrrar samgöngumiðstöðvar hefur þetta verkefni ekki verið sett af stað. Til að leysa úr bráðri þörf fyrir sandgeymslu var skýli 10 keypt og verður það nýtt sem sandgeymsla til bráðabirgða.

*Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.* Í þennan lið var varið á árinu 22,4 millj. kr. Þar af fóru 19 millj. kr. í uppsetningu nýrra aðflugsljósa við flugbraut 19 og 3,4 millj. kr. í annan ljósabúnað og upplýsingaskilti.

**Akureyrarflugvöllur.**

*Flugbrautir og hlöð.* Unnið var áfram að girðingarframkvæmdum við flugvöllinn á árinu 2005 og til þess varið 13,1 millj. kr. Akbrautir og hlöð vestan við aðstöðubyggingar Flugmálastjórnar og norður að girðingu við flugstöð og vestur að skýli 4 voru endurbyggð og malbikuð og varð kostnaður 20,7 millj. kr. Þá voru hafnar rannsóknir og forhönnun vegna lengingar flugbrautarinnar til suðurs. Til þessa verkefnis var varið 3,4 millj. kr.

*Byggingar.* Unnið var að ýmsum endurbótum í flugstöðinni fyrir 1,1 millj. kr. á árinu 2005. Byggð var ný sandgeymsla ásamt rými fyrir brautarregla, vararafstöð og spennistöð. Ráðstöfunarfé var 24,2 millj. kr. Framkvæmd er lokið og stefnir í að vera á áætlun.

*Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.* Á árinu 2005 var lokið við endurnýjun flugbrautarljósa á Akureyrarflugvelli og til þess varið 4,8 millj. kr. Á árinu 2005 var ráðgert að setja upp nýjan stefnusendi við flugbrautina. Tækin hafa verið pöntuð eftir að útboð hafði farið fram, en framkvæmdum lýkur ekki fyrr en á árinu 2006.

**Egilsstaðaflugvöllur.**

*Flugbrautir og hlöð.* Setja á upp 2 m háa girðingu út frá flugstöð og flugskýlum til að uppfylla kröfur um flugvernd, en þar sem kröfur eru sífellt að breytast hefur ekki enn verið

ákveðið hvert umfang girðingar þarf að vera og því hefur ekki tekist að ljúka þessari framkvæmd enn þá. Fjárveiting árið 2005 var 5 millj. kr., en framkvæmt fyrir 2,4 millj. kr.

*Byggingar.* Unnið var að ýmsum endurbótum á tækjageymslunni á árinu 2005, m.a. sett upp útsog fyrir tæki. Ekki verður hægt að ljúka verkinu fyrr en ný slökkvibifreið verður komin í hús.

**Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki.**

*Flugbrautir og hlöð.* Unnið hefur verið við mælingar á öryggissvæðunum og samkvæmt magnreikningum er töluvert verk að koma öryggissvæðunum í ásættanlegt ástand án þess að hrófla við Sæfellinu. Miðað er við að flugvöllurinn verði 2C og sjónflugsvöllur. Frumkostnaðaráætlun ráðgjafa er 95 millj. kr. Ráðstöfunarfé á árinu var 8 millj. kr. sem fór að mestu í mælingar og hönnun. Sótt hefur verið um framkvæmdaleyfi til bæjaryfirvalda og þarf að fylgja með hljóðspor fyrir flugvöllinn sem gerð var krafa um í síðasta aðalskipulagi Vestmannaeyja. Unnið var að gerð hljóðsporsins og er því lokið. Kostnaður vegna mælinga, hönnunar og gerðar hljóðspors varð 3,6 millj. kr. á árinu 2005.

*Byggingar.* Keypt var gamalt steypt flugskýli sem nota á fyrir sandgeymslu, en skýlið er næsta bygging austan við tækjageymslu Flugmálastjórnar. Breyta þurfti hurðum til að skýlið þjóni hinu nýja hlutverki. Breytingarnar voru boðnar út og er framkvæmdum lokið. Kostnaður á árinu 2005 varð 3,2 millj. kr. Lokaáfangi vegna endurbyggingar flugturnsins hefur verið hannaður og er unnið að gerð útboðsgagna. Lokið var við byggingu nýrrar flugstöðvar á Bakkaflugvelli á árinu 2005. Ráðstöfunarfé var 45 millj. kr., en kostnaður varð 46,1 millj. kr.

*Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.* Til stóð að setja upp ný PAPI-ljós á báðar flugbrautirnar og eru ljósin nú þegar komin til Vestmannaeyja, en uppsetning er háð frágangi öryggissvæðanna sem ekki verður af fyrr en árið 2006. Ráðstöfunarfé á árinu 2005 var 14,9 millj. kr.

**Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri.**

*Flugbrautir og hlöð.* Unnið var við breikkun á öryggissvæðum Ísafjarðarflugvallar eins og hægt er með tilliti til landfræðilegra aðstæðna. Ráðstöfunarfé var 67,3 millj. kr., en kostnaður á árinu 2005 nam 65,7 millj. kr. Á árinu 2005 var hafist handa við gagngerar endurbætur á Þingeyrarflugvelli. Verkið var boðið út um vorið og átti verktaki að skila því 1. nóvember 2005, en ekki tókst að koma klæðingu á brautina vegna óhagstæðs veðurfars um haustið. Ekki tókst því að leggja bundið slitlag fyrr en vorið 2006 og var því flugbrautin ekki nothæf fyrr en að því loknu. Ráðstöfunarfé á árinu 2005 var 91,8 millj. kr. Heildarkostnaður er áætlaður 168 millj. kr. og stefnir í að verða nálægt áætlun þegar tekið er tillit til framlags á árinu 2006.

**Þórshafnarflugvöllur.**

*Flugbrautir og hlöð.* Endurbyggja þarf norðurhluta flugbrautarinnar vegna þess hve miklar frostlyftingar eru á þeim hluta. Þegar niðurstöður skoðana og ákvörðun um hvernig staðið yrði að verkinu lágu fyrir var það langt liðið á árið að ekki var ráðlegt að bjóða verkið út til framkvæmda á árinu 2005. Þess í stað var það boðið út í lok nóvember og jafnframt miðað við að verkið yrði unnið í maí og júní árið 2006. Ráðstafað var 20,0 millj. kr. úr söfnunarsjóði slitlaga sem var lagður niður, en gert var ráð fyrir að klæða þyrfti flugbrautina árið 2006 og var ráðstafað til þess verks 16,5 millj. kr. þannig að til ráðstöfunar á árinu 2006 eru 36,5 millj. kr. sem er nálægt frumkostnaðaráætlun.

**Bíldudalsflugvöllur.**

*Flugbrautir og hlöð.* Gamla vatnsbólið fyrir Bíldudalsflugvöll var orðið algerlega ófullnægjandi og var því ráðist í gerð nýs vatnbóls sem afkastar ásættanlegri áfyllingu á slökkvibíl. Einnig þurfti að koma vatni í björgunarbátsskýlið. Kostnaður á árinu 2005 varð 0,5 millj. kr.

**Grímseyjarflugvöllur.**

*Byggingar.* Byggingu tækjageymslunnar lauk á árinu 2005, en í ljós kom að rafmagn vegna nýrrar heimtaugar var ekki fullfrágengið og kostnaður vegna þess varð 2,1 millj. kr. Fjármagn til ráðstöfunar var 0,8 millj. kr., en það sem upp á vantar verður fjármagnað af liðnum „Til leiðréttingar og brýnna verkefna".

*Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.* Frágangi eltiljósa lauk á árinu 2005 og þau tekin í notkun. Kostnaður vegna raflagna fór töluvert fram úr kostnaðaráætlun. Kostnaður varð 4,6 millj. kr., fjármagn til ráðstöfunar var 2,6 millj. kr. og það sem upp á vantar verður fjármagnað af liðnum „Til leiðréttingar og brýnna verkefna".

**2.2.2.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.**

Áætlunarflugvellir utan grunnnets eru tveir, þ.e. Gjögur- og Vopnafjarðarflugvellir. Engar fjárveitingar og framkvæmdir voru á Vopnafjarðarflugvelli á árinu 2005.

**Tafla 25. Sundurliðun stofnkostnaðar utan grunnnets borin saman við áætlun 2005 (millj. kr.).**

| Flokkur | Staður/verkefnaflokkur | Ráðstöfunarfé 2005 | Bókfærður kostnaður 2005 |
|---|---|---|---|
| 2 | **Gjögurflugvöllur** | | |
| | 1. Flugbrautir og hlöð | 12,0 | 2,3 |
| | 2. Byggingar | 0,0 | 0,0 |
| | 3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður | 5,0 | 2,9 |
| | Samtals | **17,0** | **5,2** |
| **Samtals áætlunarflugvellir utan grunnnets** | | **17,0** | **5,2** |

**Gjögurflugvöllur.**

*Flugbrautir og hlöð.* Á árinu 2005 var sett nýtt malarslitlag á flugbrautina á Gjögri Kostnaður varð 2,3 millj. kr. Til ráðstöfunar á þessum lið verða 12 millj. kr. því að hugmyndin var að bikbinda flugbrautina á sama hátt og gert var á Stóra-Kroppi, en ljóst er að kostnaður við slíka framkvæmd var vanmetinn og verður verulega hærri.

*Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.* Keypt var ný vararafstöð á árinu sem verður í gámi með öllum búnaði og kemur hann tilbúinn frá seljanda. Fjármagn til ráðstöfunar á árinu 2005 var 5 millj. kr., en kostnaðurinn varð verulega minni, eða um 2,9 millj. kr.

**Tafla 26. Sundurliðun stofnkostnaðar í grunnneti borin saman við áætlun 2005 (millj. kr.).**

| Flokkur | Staður/verkefnaflokkur | Ráðstöfunarfé 2005 | Bókfærður kostnaður 2005 |
|---|---|---|---|
| 3 | **Reykjavíkurflugvöllur** | | |
| | 1. Flugbrautir og hlöð | 0,0 | 0,0 |
| | 2. Byggingar | 131,1 | 21,4 |
| | 3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður | 58,6 | 22,4 |
| | Samtals | **189,7** | **43,8** |

| Flokkur | Staður/verkefnaflokkur | Ráðstöfunarfé 2005 | Bókfærður kostnaður 2005 |
|---|---|---|---|
| 4 | **Akureyrarflugvöllur** | | |
| | 1. Flugbrautir og hlöð | 24,7 | 37,1 |
| | 2. Byggingar | 27,1 | 25,3 |
| | 3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður | 31,4 | 9,9 |
| | Samtals | **83,2** | **72,3** |
| 4 | **Egilsstaðaflugvöllur** | | |
| | 1. Flugbrautir og hlöð | 5,0 | 2,4 |
| | 2. Byggingar | 2,3 | 0,9 |
| | 3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður | 0,0 | 0,0 |
| | Samtals | **7,3** | **3,3** |
| 3 | **Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki** | | |
| | 1. Flugbrautir og hlöð | 8,0 | 3,6 |
| | 2. Byggingar | 55,1 | 49,7 |
| | 3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður | 14,9 | 0,0 |
| | Samtals | **78,0** | **53,3** |
| 3 | **Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri** | | |
| | 1. Flugbrautir og hlöð | 159,2 | 216,3 |
| | 2. Byggingar | 0,0 | 0,0 |
| | 3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður | 0,0 | 0,0 |
| | Samtals | **159,2** | **216,3** |
| 2 | **Þórshafnarflugvöllur** | | |
| | 1. Flugbrautir og hlöð | 20,0 | 0,5 |
| | 2. Byggingar | 0,0 | 0,0 |
| | 3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður | 0,0 | 0,0 |
| | Samtals | **20,0** | **0,5** |
| 2 | **Bíldudalsflugvöllur** | | |
| | 1. Flugbrautir og hlöð | 0,8 | 0,5 |
| | 2. Byggingar | 0,0 | 0,0 |
| | 3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður | 0,0 | 0,0 |
| | Samtals | **0,8** | **0,5** |
| 2 | **Grímseyjarflugvöllur** | | |
| | 1. Flugbrautir og hlöð | 0,0 | 0,0 |
| | 2. Byggingar | 2,1 | 2,1 |
| | 3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður | 4,6 | 4,6 |
| | Samtals | 6,7 | 6,7 |
| | **Samtals áætlunarflugvellir í grunnneti** | **544,9** | **396,7** |

### 2.2.2.3 Aðrir flugvellir.

*Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.* Framkvæmdir á þessum lið hafa beðið eftir niðurstöðu vinnuhóps um svonefnda „sjúkraflugvelli“. Reynt var samhliða að fá upplýsingar um hvaða vellir væru mest notaðir af einkafluginu, þannig að hægt væri að beina þessu litla fjármagni sem liðnum er ætlað á þá staði sem nýtast sem flestum. Til ráðstöfunar á þessum lið á árinu 2005 voru 18,5 millj. kr. Framkvæmt var fyrir 6,5 millj. kr., aðallega á Stóra-Kroppi.

*Æfingaflugvöllur.* Til stóð að endurbyggja vélflugbrautina á Sandskeiði þannig að hún gæti tekið við hlutverki æfingaflugvallar. Sandskeið er innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins, svokallað fjarsvæði A, og lýtur þar af leiðandi ströngum skilmálum varðandi framkvæmdir. Leggja varð töluverða vinnu í að afla gagna og gera skýrslu til Skipulagsstofnunar til að fá staðfest að ekki þyrfti að gera fullkomið umhverfismat. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórna skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Í umsögn þeirra kom fram að aðalskipulag svæðisins hefur ekki verið staðfest og geti þau ekki gefið leyfi fyrir framkvæmdinni fyrr en því er lokið. Kostnaður við hönnun og öflun leyfa ásamt rekstri veðurstöðva á árinu 2005 varð 1,3 millj. kr., en ráðstöfunarfé var 19,9 millj. kr.

**Tafla 27. Sundurliðun annarra flugvalla borin saman við áætlun 2005 (millj. kr.).**

| Flokkur | Staður/verkefnaflokkur | Ráðstöfunarfé 2005 | Bókfærður kostnaður 2005 |
|---|---|---|---|
| 1 | Aðrir flugvellir og lendingarstaðir | 18,5 | 6,2 |
| 2 | Æfingaflugvöllur | 19,9 | 1,3 |
| | **Samtals** | **38,4** | **7,5** |

### 2.2.2.4 Ýmis stofnkostnaður, búnaður og verkefni.

*Flugstjórnarmiðstöð.* Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í hinum ýmsu framkvæmdum á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar hér á landi. Á árinu 2005 var þessi kostnaður 15,0 millj. kr.

**Tafla 28. Sundurliðun búnaðar og verkefna borin saman við áætlun 2005 (millj. kr.).**

| Staður/verkefnaflokkur | Ráðstöfunarfé 2005 | Bókfærður kostnaður 2005 |
|---|---|---|
| Flugstjórnarmiðstöð | 15,0 | 15,0 |
| GPS/AIS-upplýsingaþjónusta | 24,0 | 13,3 |
| Flugprófunarbúnaður | 41,4 | 25,8 |
| Flugvernd og öryggismál | 18,2 | 14,9 |
| EGNOS | 0,0 | -1,2 |
| Flugleiðsaga, leiðarflug | 6,0 | 1,1 |
| Veðurupplýsingakerfi | 6,5 | 6,3 |
| Stjórnunarkostnaður | 28,0 | 28,0 |
| **Samtals** | **139,1** | **103,2** |

*GPS/AIS-upplýsingaþjónusta.* Unnið var á árinu 2005 við uppbyggingu á gæðakerfi fyrir upplýsingaþjónustuna. Aðflugshönnuðir hafa sótt námskeið í RNAV/GNSS vegna GPS-aðfluga. Einnig er verið að kaupa stafræn kort frá Landmælingum Íslands vegna aðflugskortagerðar. Kostnaður á árinu 2005 varð 13,3 millj. kr., en ráðstöfunarfé var 15,3 millj. kr.

*Flugprófunarbúnaður.* Á árinu 2005 var varið 25,8 millj. kr. til kaupa á nýjum flugprófunarbúnaði.

*Flugvernd og öryggismál.* Á árinu 2005 var áfram unnið að ýmsum flugverndar- og öryggismálum á flugvöllunum og til þess varið 14,9 millj. kr.

*Veðurupplýsingakerfi.* Gengið var frá nýju veðurupplýsingakerfi fyrir Bakkaflugvöll sem mun taka við af eldra veðurkerfi þar og stefnt er að því að setja þetta veðurkerfi upp á öðrum áætlunarvöllum innan lands. Einnig hefur Flugkerfi unnið miðlægt veðurkerfi sem mun safna öllum veðurgögnum á miðlæga tölvu til framtíðargreiningar. Veðurkerfi Þingeyrarflugvallar verður einnig fjármagnað af þessum lið. Samkomulag var gert við Veðurstofu Íslands um rekstur á veðurstöð á Grímseyjarflugvelli og er hluti Flugmálastjórnar í því verkefni greiddur af þessum lið. Verkefnin munu bæði teygja sig inn á árið 2006.

### 2.3 Flokkun flugvalla.

Með þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 breyttist flokkun flugvalla frá fyrri þingsályktunum um flugmálaáætlun. Flugvellir eru nú flokkaðir á eftirfarandi hátt: 1. Flugvellir í grunnneti. 2. Áætlunarflugvellir utan grunnnets. 3. Aðrir flugvellir utan grunnnets.

#### 2.3.1 Flugvellir í grunnneti.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir í grunnneti: Reykjavíkur-, Akureyrar-, Egilsstaða-, Vestmannaeyja-/Bakka-, Ísafjarðar-/Þingeyrar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Grímseyjar-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

#### 2.3.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir utan grunnnets: Vopnafjarðar- og Gjögurflugvöllur.

#### 2.3.3 Aðrir flugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru aðrir flugvellir utan grunnnets: Húsavíkur-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Reykjahlíðar-, Rifs-, Siglufjarðar-, Blönduóss-, Sandskeiðs- og Stykkishólmsflugvöllur.

Aðrir lendingarstaðir eru: Arngerðareyri, Breiðdalsvík, Borgarnes, Dagverðará, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Flúðir, Hella, Geysir, Grímsstaðir, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Djúpivogur, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Húsafell, Hólmavík, Króksstaðamelar, Hveravellir, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Kópasker, Melgerðismelar, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Selfoss, Skálavatn, Skógarsandur, Stóri-Kroppur, Sprengisandur, Vík og Þórsmörk.

#### 2.3.4 Flokkun flugvalla eftir alþjóðlegum staðli.

Flugvellir eru einnig flokkaðir eftir staðli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samkvæmt viðauka 14. Þar er miðað við brautarlengdir og flugvélagerðir eins og sést í eftirfarandi töflu:

**Tafla 29. Flokkun flugvalla samkvæmt viðmiðun ICAO, viðauka 14.**

| Viðmiðun 1 | | Viðmiðun 2 | | |
|---|---|---|---|---|
| **Flokkur** | **Flugbrautarlengd** | **Flokkur** | **Vænghaf** | **Breidd milli aðalhjóla** |
| 1 | Styttri en 800 m | A | Styttra en 15 m | Styttri en 4,5 m |
| 2 | 800 m að 1.200 m | B | 15 m að 24 m | 4,5 m að 6 m |
| 3 | 1.200 m að 1.800 m | C | 24 m að 36 m | 6 m að 9 m |
| 4 | 1.800 m og lengri | D | 36 m að 52 m | 9 m að 14 m |
| | | E | 52 m að 65 m | 9 m að 14 m |


### 2.4 Þróun flutninga.

Á undanförnum árum hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað jafnt og þétt og náði fjölgunin hámarki árið 1999, en hefur síðan farið minnkandi. Á árunum 1982–2005 var aukningin um 46,6%. Á árinu 2005 fjölgaði farþegunum frá árinu áður um 3,4%. Þróunin hefur orðið sú að farþegum sem fara um stærri flugvellina hefur fjölgað verulega enda ferðatíðni meiri, að undanskildum Ísafjarðarflugvelli, en þar hefur farþegum sem fara um flugvöllinn aðeins fjölgað lítillega, eða um 3,8%, frá árinu 1982. Á móti hefur farþegum fækkað sem notuðu

minni flugvellina, en það hefur leitt til þess að áætlunarflugi hefur verið hætt til margra áfangastaða undanfarin ár.

Myndin hér að neðan sýnir þróun farþegaflutninga í innanlandsflugi 1982–2005:

**Mynd 2. Farþegaflutningar í innanlandsflugi 1982–2005.**




| | 1982 | 1987 | 1992 | 1997 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 574.577 | 684.287 | 735.268 | 850.745 | 957.848 | 917.129 | 731.662 | 698.613 | 747.456 | 814.356 | 842.343 |

Betri vegir út frá Reykjavík um Vesturland og norður í land hafa fyrst og fremst gert það að verkum að áætlunarflugi til flugvallanna á Snæfellsnesi, Hólmavík og Blönduósi var hætt þar sem flugið gat ekki keppt við einkabílinn. Þá hefur bætt vegakerfi milli byggða í einstökum landshlutum einnig stuðlað að þessari þróun, t.d. á Vestfjörðum og Austurlandi. Aðallega hefur arðsemiskrafa flugrekenda nú á allra síðustu árum leitt til þessarar þróunar, sbr. að hætt hefur verið áætlunarflugi til Húsavíkur og Siglufjarðar.

Þegar borin eru saman árin 1999, þegar farþegaflutningar voru mestir, og 2005 hefur farþegum sem fóru um áætlunarflugvelli í grunnneti fækkað um 10,5%. Þó hefur farþegum sem fóru um Egilsstaða- og Bakkaflugvelli fjölgað gríðarlega á þessu tímabili og lítils háttar fjölgun hefur orðið á farþegum til og frá Grímsey. Virkjana- og stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi eiga verulegan þátt í fjölgun farþega um Egilsstaðaflugvöll, en fjölgun farþega sem fóru um Bakkaflugvöll er að nokkru leyti vegna minna framboðs á flugi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja undanfarin ár.

Eftirfarandi töflur sýna fjölda farþega sem fóru um áætlunarflugvelli í grunnneti og utan grunnnets árin 1999 annars vegar og 2005 hins vegar:

**Tafla 30. Áætlunarflugvellir í grunnneti, farþegaflutningar 1999 og 2005.**

| Flugvellir | 1999 | Hlutfall | 2005 | Hlutfall | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 454.469 | 48,5% | 382.016 | 45,6% | -15,9% |
| Akureyri | 194.404 | 20,8% | 179.862 | 21,5% | -7,5% |
| Vestmannaeyjar | 89.013 | 9,5% | 50.490 | 6,0% | -43,3% |
| Egilsstaðir | 76.910 | 8,2% | 126.895 | 15,1% | 65,0% |
| Ísafjörður | 54.171 | 5,8% | 45.682 | 5,4% | -15,7% |
| Hornafjörður | 19.823 | 2,1% | 8.864 | 1,1% | -55,3% |
| Sauðárkrókur | 14.726 | 1,6% | 5.829 | 0,7% | -60,4% |
| Bíldudalur | 7.553 | 0,8% | 3.858 | 0,5% | -48,9% |
| Grímsey | 3.845 | 0,4% | 4.022 | 0,5% | 4,6% |
| Þórshöfn | 1.912 | 0,2% | 1.442 | 0,2% | -24,6% |
| Þingeyri | 2.532 | 0,3% | 413 | 0,0% | -83,7% |
| Bakki | 16.975 | 1,8% | 28.957 | 3,5% | 70,6% |
| **Samtals** | **936.333** | **100,0%** | **838.330** | **100,0%** | **-10,5%** |

**Tafla 31. Áætlunarflugvellir utan grunnnets, farþegaflutningar 1999 og 2005.**

| Flugvellir | 1999 | Hlutfall | 2005 | Hlutfall | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| Vopnafjörður | 2.904 | 85,5% | 1.462 | 72,9% | -49,7% |
| Gjögur | 492 | 14,5% | 544 | 27,1% | 10,6% |
| **Samtals** | **3.396** | **100,0%** | **2.006** | **100,0%** | **-40,9%** |

Þegar þróun farþegaflutninga með flugi frá árinu 1999 er skoðuð eftir landshlutum kemur eftirfarandi í ljós:


**Tafla 32. Farþegaflutningar eftir landshlutum.**

| Flugvellir | 1999 | Hlutfall | 2005 | Hlutfall | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| Vestfirðir | 66.271 | 6,9% | 50.497 | 6,0% | -23,8% |
| Norðurland | 233.035 | 24,3% | 193.072 | 22,9% | -17,1% |
| Austurland | 99.752 | 10,4% | 137.309 | 16,3% | 37,7% |
| Suðurland | 105.988 | 11,0% | 79.447 | 9,4% | -25,0% |
| Reykjavík | 454.469 | 47,4% | 382.016 | 45,4% | -15,9% |
| **Samtals** | **959.515** | **100,0%** | **842.341** | **100,0%** | **-12,2%** |

Eins og taflan sýnir er fækkun farþega með flugi á þessu tímabili 12,2%, en eins og áður er getið varð veruleg fjölgun farþega til Austurlands um Egilsstaðaflugvöll.

Vöru- og póstflutningar með flugi hafa verið á stöðugu undanhaldi á undanförnum árum, eins og sést á myndinni hér að neðan. Nokkur aukning varð þó á milli áranna 2004 og 2005, eða um 14,4%.

**Mynd 3. Vöru- og póstflutningar með innanlandsflugi 1982–2005.**




Á töflunni hér að neðan sést hvernig þróunin hefur verið frá árinu 1999 eftir landshlutum:

**Tafla 33. Vöru- og póstflutningar í tonnum eftir landshlutum.**


| Flugvellir | 1999 | Hlutfall | 2005 | Hlutfall | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| Vestfirðir | 415 | 11,6% | 347 | 10,5% | -16,4% |
| Norðurland | 778 | 21,8% | 1.064 | 32,0% | 36,8% |
| Austurland | 429 | 12,0% | 487 | 14,7% | 13,5% |
| Suðurland | 183 | 5,1% | 166 | 5,0% | -9,3% |
| Reykjavík | 1.768 | 49,5% | 1.256 | 37,8% | -29,0% |
| **Samtals** | **3.573** | **100,0%** | **3.320** | **100,0%** | **-7,1%** |

## Fylgiskjal I.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna fjárveitingar til flugmálaframkvæmda frá því að fyrsta þingsályktun um flugmálaáætlun var samþykkt árið 1988:

**Fjárveitingar til flugmálaframkvæmda, stofnkostnaður og viðhald 1988–2005 (þús. kr.).** Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu. (351,4 stig í október 2006).

| Ár | Fjárhæð | Núvirði |
|---|---|---|
| 1988 | 281.500 | 815.491 |
| 1989 | 272.000 | 662.376 |
| 1990 | 325.000 | 664.756 |
| 1991 | 349.000 | 659.702 |
| 1992 | 374.000 | 696.838 |
| 1993 | 393.000 | 726.461 |
| 1994 | 395.000 | 703.512 |
| 1995 | 355.000 | 610.607 |
| 1996 | 332.000 | 555.811 |
| 1997 | 400.000 | 628.623 |
| 1998 | 415.000 | 631.576 |
| 1999 | 485.000 | 723.690 |
| 2000 | 691.000 | 991.901 |
| 2001 | 837.000 | 1.134.292 |
| 2002 | 932.100 | 1.180.324 |
| 2003 | 688.000 | 846.510 |
| 2004 | 441.800 | 517.840 |
| 2005 | 467.000 | 523.791 |
| **Samtals** | **8.433.400** | **13.274.101** |




## Fylgiskjal II.

Eftirfarandi tafla sýnir stofnkostnað einstakra flugvalla árin 1988–2005:

**Stofnkostnaður flugvalla 1988–2005 (þús. kr.).**
Flugvellir í grunnneti og utan grunnnets eru áætlunarflugvellir.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (351,4 í október 2006).

| Staður | 1988–2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Samtals | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.133.205 | 103.599 | 20.611 | 49.160 | 3.306.575 | 30,9% |
| Akureyri | 1.025.146 | 48.354 | 25.322 | 81.096 | 1.179.918 | 11,0% |
| Egilsstaðir | 2.027.863 | 6.644 | 842 | 3.717 | 2.039.066 | 19,0% |
| Vestmannaeyjar | 607.299 | 985 | 5.942 | 8.007 | 622.233 | 5,8% |
| Bakki | 121.330 | 0 | 2.336 | 51.681 | 175.347 | 1,6% |
| Ísafjörður | 486.619 | 26.454 | 17.513 | 73.736 | 604.322 | 5,6% |
| Þingeyri | 66.468 | 0 | 4.100 | 169.011 | 239.580 | 2,2% |
| Hornafjörður | 288.859 | 123 | 1.773 | 0 | 290.755 | 2,7% |
| Sauðárkrókur | 273.478 | 0 | 0 | 0 | 273.478 | 2,6% |
| Grímsey | 120.386 | 110.120 | 54.007 | 7.487 | 291.999 | 2,7% |
| Bíldudalur | 200.995 | 2.337 | 207 | 614 | 204.153 | 1,9% |
| Þórshöfn | 310.970 | 0 | 0 | 605 | 311.574 | 2,9% |
| **Flugvellir í grunnneti** | **8.662.618** | **298.616** | **132.653** | **445.113** | **9.539.000** | **89,0%** |
| Vopnafjörður | 86.172 | 0 | 0 | 0 | 86.172 | 0,8% |
| Gjögur | 79.547 | 0 | 0 | 5.825 | 85.371 | 0,8% |
| **Flugvellir utan grunnnets** | **165.718** | **0** | **0** | **5.825** | **171.543** | **1,6%** |
| Aðrir flugvellir | 935.328 | 0 | 0 | 1.418 | 936.746 | 8,7% |
| Lendingarstaðir | 55.394 | 6.398 | 578 | 6.982 | 69.353 | 0,6% |
| **Aðrir flugvellir og lendingarstaðir** | **990.722** | **6.398** | **578** | **8.400** | **1.006.098** | **9,4%** |
| **Samtals** | **9.819.059** | **305.014** | **133.231** | **459.337** | **10.716.641** | **100,0%** |



## Fylgiskjal III.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjárfestingar til einstakra flugvalla 1988–2005, ásamt fjölda farþega sem fóru um flugvellina á sama tíma:

**Fjárfestingar á flugvöllum 1988–2005.**
**Fjöldi farþega sem fóru um flugvellina 1988–2005.**
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (351,4 í október 2006).


| Staður | Fjárhæð í þús. kr. | Fjöldi farþega | Fjárfesting miðuð við farþega |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.306.575 | 6.397.901 | 517 |
| Akureyri | 1.179.918 | 2.701.532 | 437 |
| Vestmannaeyjar | 622.233 | 1.254.188 | 496 |
| Egilsstaðir | 2.039.066 | 1.190.687 | 1.712 |
| Ísafjörður | 604.322 | 874.218 | 691 |
| Hornafjörður | 290.755 | 271.593 | 1.071 |
| Húsavík | 263.561 | 182.774 | 1.442 |
| Sauðárkrókur | 273.478 | 205.002 | 1.334 |
| Patreksfjörður | 98.273 | 59.549 | 1.650 |
| Bíldudalur | 204.153 | 102.462 | 1.993 |
| Grímsey | 291.999 | 65.439 | 4.463 |
| Norðfjörður | 82.821 | 31.495 | 2.630 |
| Vopnafjörður | 86.172 | 52.321 | 1.647 |
| Siglufjörður | 75.660 | 44.422 | 1.703 |
| Þórshöfn | 311.574 | 33.686 | 9.251 |
| Hólmavík | 97.362 | 10.062 | 9.678 |
| Gjögur | 85.371 | 11.420 | 7.482 |
| Þingeyri | 239.580 | 34.372 | 6.971 |
| Raufarhöfn | 22.414 | 9.176 | 2.444 |
| Kópasker | 39.719 | 4.507 | 8.807 |
| Flateyri | 23.921 | 30.741 | 778 |
| Mývatn | 85.676 | 36.867 | 2.324 |
| Bakki | 175.347 | 177.869 | 986 |
| Borgarfjörður eystri | 29.231 | 1.491 | 19.618 |
| Ólafsfjörður | 493 | 6.012 | 82 |
| Breiðdalsvík | 9.044 | 3.068 | 2.946 |
| Blönduós | 24.915 | 11.247 | 2.215 |
| Stykkishólmur | 784 | 6.885 | 114 |
| Rif | 67.676 | 14.024 | 4.827 |
| **Samtals** | **10.632.093** | **13.825.010** | **769** |

## Fylgiskjal IV.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna rekstrarframlag á hvern farþega sem fór um áætlunarflugvellina á árunum 2004 og 2005:

**Rekstrarframlag á hvern farþega árin 2004 og 2005.**

| Staður | 2004 | 2005 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 566 | 539 | -4,8% |
| Akureyri | 740 | 753 | 1,8% |
| Egilsstaðir | 610 | 573 | -6,1% |
| Vestmannaeyjar | 1.182 | 1.167 | -1,3% |
| Bakki | 416 | 490 | 17,8% |
| Ísafjörður | 903 | 925 | 2,4% |
| Þingeyri | 6.267 | 7.690 | 22,7% |
| Hornafjörður | 1.846 | 1.969 | 6,7% |
| Sauðárkrókur | 1.919 | 2.025 | 5,5% |
| Bíldudalur | 2.104 | 3.231 | 53,6% |
| Grímsey | 1.427 | 1.371 | -3,9% |
| Þórshöfn | 4.357 | 4.553 | 4,5% |



## Fylgiskjal V.


### Þróun flutninga 1995–2005.

Eftirfarandi myndir sýna þróun farþega-, vöru- og póstflutninga milli áranna 1995 og 2005. Mjög mikil breyting hefur átt sér stað í farþegaflutningum í innanlandsflugi á fyrrgreindu tímabili. Flug til margra áfangastaða hefur lagst af, en stóraukist frá Reykjavík til stærri áfangastaða eins og Akureyrar og Egilsstaða.


Vöru- og póstflutningar með flugi hafa minnkað verulega frá árinu 1982. Póstflutningar milli landshluta eru nú að mestu leyti með bílum og vöruflutningar einnig, nema til staða eins og Vestmannaeyja og Grímseyjar.

### Áætlunarflugvellir í grunnneti:

### Reykjavíkurflugvöllur.





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 354.725 | 371.589 | 415.353 | 444.013 | 454.469 | 440.903 | 352.330 | 328.007 | 346.796 | 379.372 | 382.016 |





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tonn | 2.043 | 2.326 | 2.258 | 1.473 | 1.768 | 1.531 | 1.300 | 1.518 | 1.448 | 1.329 | 1.256 |

## Akureyrarflugvöllur.





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 143.947 | 142.602 | 156.109 | 181.234 | 194.404 | 191.014 | 161.295 | 157.062 | 172.002 | 175.224 | 179.862 |





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tonn | 892 | 738 | 553 | 583 | 658 | 693 | 635 | 614 | 644 | 539 | 1.009 |

## Egilsstaðaflugvöllur.





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 53.310 | 54.468 | 66.284 | 70.916 | 76.910 | 73.097 | 61.196 | 63.670 | 85.231 | 109.159 | 126.895 |





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tonn | 442 | 276 | 229 | 221 | 261 | 253 | 181 | 199 | 246 | 299 | 317 |

**Vestmannaeyjaflugvöllur.**





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 75.536 | 79.406 | 70.080 | 83.660 | 89.013 | 84.077 | 57.112 | 49.347 | 45.156 | 47.157 | 50.490 |




| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tonn | 181 | 181 | 152 | 154 | 183 | 202 | 156 | 156 | 139 | 141 | 166 |


**Bakkaflugvöllur.**





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 0 | 0 | 0 | 16.963 | 16.975 | 17.432 | 19.231 | 25.280 | 25.615 | 27.416 | 28.957 |

Engir skráðir vöru- og póstflutningar.

## Ísafjarðarflugvöllur.





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 55.465 | 58.841 | 60.480 | 56.301 | 54.171 | 52.067 | 40.291 | 38.870 | 40.060 | 45.395 | 45.682 |





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tonn | 416 | 337 | 188 | 176 | 207 | 210 | 155 | 153 | 159 | 208 | 195 |

## Þingeyrarflugvöllur.






| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 2.663 | 2.763 | 1.150 | 1.838 | 2.532 | 606 | 1.193 | 1.827 | 1.108 | 662 | 413 |





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tonn | 37 | 25 | 6 | 7 | 12 | 3 | 3 | 7 | 6 | 2 | 3 |


## Hornafjarðarflugvöllur.








## Sauðárkróksflugvöllur.




## Grímseyjarflugvöllur.





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 3.788 | 3.694 | 3.651 | 2.975 | 3.845 | 3.085 | 3.665 | 3.031 | 4.403 | 4.405 | 4.022 |





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tonn | 42 | 41 | 33 | 32 | 35 | 33 | 32 | 31 | 33 | 35 | 33 |

## Bíldudalsflugvöllur.





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 6.744 | 8.075 | 8.984 | 8.192 | 7.553 | 6.855 | 5.015 | 4.879 | 4.148 | 4.326 | 3.858 |





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tonn | 110 | 123 | 141 | 162 | 157 | 142 | 136 | 127 | 115 | 118 | 119 |

**Þórshafnarflugvöllur.**





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 1.984 | 1.987 | 2.010 | 2.014 | 1.912 | 2.054 | 1.879 | 1.466 | 1.582 | 1.568 | 1.442 |





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tonn | 47 | 44 | 40 | 14 | 15 | 17 | 16 | 16 | 16 | 21 | 17 |

**Áætlunarflugvellir utan grunnnets:**


**Vopnafjarðarflugvöllur.**





| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Farþegar | 3.516 | 3.187 | 3.257 | 2.669 | 2.904 | 2.231 | 1.690 | 1.643 | 1.754 | 1.678 | 1.462 |




**Gjögurflugvöllur.**




## 558. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um Ríkisútvarpið ohf.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

**Meginatriði máls.**

Með frumvarpi því sem hér um ræðir er ekki skapaður sá starfsrammi sem Ríkisútvarpinu hæfir til frambúðar og þar með ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Líklegt er að samþykkt frumvarpsins leiði til enn ákafari deilna en áður um stöðu Ríkisútvarps-

ins á fjölmiðlavettvangi og jafnvel til málaferla heima og erlendis. Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag væri stigið varhugavert skref sem í sambærilegum tilvikum hefur langoftast leitt til sölu viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Stjórnarhættir þeir sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu opna leið til áframhaldandi pólitískra ítaka og inngripa. Réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins eru samkvæmt frumvarpinu í uppnámi. Ekki er sennilegt að nefskatturinn sem ætlunin er að taka upp í stað útvarpsgjaldsins efli samstöðu meðal almennings um málefni Ríkisútvarpsins, einkum ef dagskrárframboð þess dregur áfram dám af kröfum auglýsenda og kostenda á svipaðan hátt og hjá markaðsstöðvunum.

**Vinnubrögð.**

Frá því stjórnarflokkarnir settu sér að breyta einhliða lögunum um Ríkisútvarpið hafa vinnubrögð þeirra verið á eina lund. Frumvarpstextar hafa verið undirbúnir með leynd hjá sérstökum trúnaðarmönnum flokkanna og upplýsingum haldið markvisst frá almenningi, fjölmiðlum, starfsmönnum Ríkisútvarpsins og þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Í stað þess að efna til samstarfs allra flokka á þingi um endurnýjað Ríkisútvarp og reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um framtíðarskipan þess hafa forustumenn stjórnarflokkanna sammælst um tillögur sem einkennast annars vegar af kreddu og hins vegar hrossakaupum, án þess að vart verði sameiginlegrar grundvallarstefnu um hlutverk Ríkisútvarpsins og stöðu þess á fjölmiðlavettvangi.

Minni hluti menntamálanefndar telur málið enn vanreifað og greiddi atkvæði gegn því að það yrði afgreitt frá nefndinni. Fjölmörg álitamál eru enn óafgreidd. Þar skal í fyrsta lagi nefnt að svo mikið lá á að afgreiða málið að formaður nefndarinnar féllst ekki á að bíða eftir umbeðnum gögnum frá matsnefnd vegna stofnefnahagsreiknings, en þau eru m.a. nauðsynleg til að meta rekstraráætlun sem fyrir liggur og gera sér grein fyrir gildi þjónustusamningsdraga sem frumvarpinu fylgja. Þessi gögn bárust ekki fyrr en mánudaginn 4. desember. Í öðru lagi var hafnað beiðni um að fá álit fjölmiðladeildar Evrópuráðsins á frumvarpinu með tilliti til tilmæla ráðsins um málefni almannaútvarps frá 1994 og 1996. Þetta er í þriðja sinn á þremur þingum sem formaður menntamálanefndar hafnar slíkri beiðni, þótt vafi leiki á um að stjórnskipan RÚV ohf. (áður hf. og þar áður sf.) standist kröfur í tilmælunum um sjálfstæði almannaþjónustu á þessu sviði. Í þriðja lagi er vert að nefna að nefndin fékk ekki tækifæri til að kanna álitamál sem ítrekað hafa komið upp um það hvort rekstur Ríkisútvarpsins í hlutafélagsformi stenst samkeppnislög, jafnvel stjórnarskrá, þar sem ríkisstyrkur er nýttur til samkeppnisrekstrar, m.a. á auglýsinga- og kostunarmarkaði, en skilgreiningar á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins eru óljósar. Á þetta er bent í ýmsum umsögnum nú og á fyrri þingum, en hér ber að benda sérstaklega á umsögn Samkeppniseftirlitsins þar sem frumvarpið óbreytt er talið valda samkeppnislegri mismunun.

**Breytingar á frumvarpinu.**

Það stjórnarfrumvarp um Ríkisútvarpið sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er í flestum greinum hið sama og menntamálaráðherra lagði fram á síðasta þingi og hinu næstsíðasta. Frumvarpið nú er að einu atriði undanteknu óbreytt frá sköpulagi frumvarpsins í fyrra, að meðtöldum breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar fyrir 3. umræðu, og vísast því í megindráttum til nefndarálita minni hluta menntamálanefndar á síðasta þingi um málið.

Breytingin felst í því að nú hyggjast stjórnarflokkarnir gera Ríkisútvarpið að „opinberu hlutafélagi“ (ohf.) en á fyrra þingi að hlutafélagi (hf.) og á þinginu þar áður að sameignarfélagi (sf.).

Þá hefur meiri hluti menntamálanefndar nú lagt til að ekki verði auglýsingar á vefsetri Ríkisútvarpsins frekar en verið hefur að undanförnu og vill binda í lög að hlutfall kostunartekna af auglýsingatekjum aukist ekki.

Enn fremur hafa verið birt drög að þjónustusamningi sem menntamálaráðherra hyggst gera við útvarpsstjóra. Einnig hafa verið áætluð útgjöld vegna slíks samnings fyrir næstu tíu ár og samdar tölur um hagræðingu í rekstri á þessum tíma. Er þetta hvort tveggja hluti rekstraráætlunar sem fylgir „Skýrslu matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings“ frá 28. nóvember 2006.

Breytingin úr „hf.“ í „ohf.“ skiptir sáralitlu máli fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins þar sem áður hafði verið fallist á að upplýsingalög giltu um nýja fyrirtækið. Hvað Ríkisútvarpið varðar felst breytingin einkum í því að þingmönnum og blaðamönnum er heimilt að sitja aðalfund þann sem menntamálaráðherra heldur ár hvert með útvarpsstjóra og útvarpsstjórninni, og er hinum fyrrnefndu heimilt að leggja þar fram skriflegar fyrirspurnir. Þetta gildir þó ekki um hluthafafundi.

Breytingartillögur meiri hlutans um auglýsingar og kostun eru nýmæli í sögu Ríkisútvarpsfrumvarpa á þessu kjörtímabili, þótt allt frá upphafi hafi verið rætt mjög um þessa tekjuþætti. Þessum tillögum mun ætlað að koma til móts við þá gagnrýni að Ríkisútvarpið kunni sem ríkisstyrkt hlutafélag á samkeppnismarkaði að verða skeinuhætt starfsemi markaðsstöðvanna. Til þess eru tillögurnar þó nánast gagnslausar þar sem heildartekjum Ríkisútvarpsins eru ekki sett takmörk á nokkurn veg heldur einungis kveðið á um að kostunartekjur séu ákveðið hlutfall af auglýsingatekjum. Kostun af ákveðnu tagi hefur oft sætt gagnrýni sem tekjuöflunarleið fyrir Ríkisútvarpið, og raunar hjá fleiri miðlum, og vera má að tillögunum sé ætlað að koma í veg fyrir of mikla kostun í Ríkisútvarpinu. Sé svo eru tillögurnar klaufalegar þar sem allar gerðir kostunar eru settar undir sama hatt. Draga verður í efa að hér sé betur af stað farið en heima setið.

Áðurnefnd drög að þjónustusamningi voru kynnt í september á hátíðlegum blaðamannafundi í útvarpshúsinu við Efstaleiti og var það þá sögð forsenda samningsgerðarinnar að Alþingi samþykkti væntanlegt frumvarp ráðherrans. Þetta er misskilningur. Þjónustusamning af þessu tagi er hægt að gera við Ríkisútvarpið í núverandi lagaramma, og meginbreytingar í frumvarpinu, háeffunin og stjórnarkerfið, skipta efnisatriði þjónustusamningsdraganna engu máli. Drögin eru því fyrst og fremst samin til að sýna hvernig útvarpsstjóri og menntamálaráðherra hugsa sér framhaldið næstu árin. Í drögunum er kveðið á um skyldur Ríkisútvarpsins en ekkert getið um framlag menntamálaráðherra og skrifstofu hans. Það sem hæst hefur borið af innihaldi draganna eru ákvæði þeirra um aukið innlent efni á kjörtíma (kl. 19–23) og meiri kaup efnis af sjálfstæðum framleiðendum. Hvort tveggja telur minni hlutinn jákvæð markmið. Ekki fylgja samningsdrögunum skýringar á þessum hugtökum, sem hafa verið nokkuð á reiki undanfarin ár af hálfu Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytis. Ríkisútvarpið hefur hins vegar lagt fram tölur um „kostnað við þjónustusamning“ í samráði við menntamálaráðuneytið. Þar kemur í ljós að „aukið dagskrárefni“ nemur 400 m.kr. árið 2011 þegar hámarki er náð. Útvarpsstjóri útskýrði á fundi nefndarinnar að reiknað væri með um það bil klukkutímaaukningu innlends sjónvarpsefnis á dag innan kjörtímamarkanna, og því merkti talan fyrir „aukið dagskrárefni“ að í grófum dráttum mundi hver klukkutími kosta rúma milljón króna í framleiðslu. Fyrir þá upphæð fæst ekki sérlega metnaðarmikið sýningarefni, ef ekki á meira fé að koma til. Það eykur áhyggjur af þessari stefnumörkun í þjónustusamningsdrögunum að samkvæmt töflu um „kostnað við þjónustusamning“ er gert ráð fyrir „hagræðingu“ sem frá árinu 2007–2011 vex úr 15 millj. kr. í 200 millj. kr. á ári. Útvarpsstjóri hafði ekki á

takteinum skýringar á þessum lið þegar um hann var spurt á fundinum. – Beinast liggur því við að álykta að kostnaði við að uppfylla afar hófsöm markmið þjónustusamnings um aukið innlent dagskrárefni eigi að mæta með niðurskurði og uppsögnum – eða með því að afla meiri tekna af auglýsingum og kostun. Rekst hér hvað á annars horn, enda virðist tölunum fyrst og fremst ætlað að líta vel út sem forsendur rekstraráætlunar matsnefndarinnar.

Raunar er óljóst hvert gildi þjónustusamningur af þessi tagi hefur fyrir rekstur Ríkisútvarpsins.

**Réttindi starfsmanna.**

Í öll skiptin sem mál þetta hefur verið til meðferðar á Alþingi hafa stéttarfélög starfsmanna ásamt heildarsamtökunum BSRB og BHM gert alvarlegar athugasemdir við meðhöndlun réttinda starfsmanna. Þær athugasemdir hafa engu breytt nema hvað meiri hluti nefndarinnar tekur nú góða og gilda yfirlýsingu útvarpsstjóra um að þeir starfsmenn sem nú eiga réttindi í A-deild LSR muni halda þeim rétti. Fulltrúar stéttarfélaganna segja hins vegar að slík yfirlýsing sé marklaus nema þau réttindi verði tilgreind í bráðabirgðaákvæði II. Að öðru leyti eru sniðgengin réttindi sem starfsmenn eiga samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, samkvæmt aðilaskiptalögum, nr. 72/2002 og samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997. Er þar átt við inntak ákvæðis til bráðabirgða II, þar sem takmarkaður er réttur starfsmanna til töku lífeyris úr B-deild LSR. Þá er ekki ljóst af ákvæðinu hver ætlunin er með lífeyrisskuldbindingar sem falla til í framtíðinni, hvort þær muni einungis ná til þeirra sem taka störf hjá hinu nýja félagi, eða hvort þær eiga líka við þegar í hlut eiga starfsmenn sem gegnt hafa störfum sem lögð verða niður en nýta sér engu að síður rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild LSR.

Helstu atriði sem nú heyra til réttinda starfsmanna Ríkisútvarpsins en falla niður við breytingarnar eru: andmælaréttur, áminningarskylda, skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn, auglýsingaskylda um laus störf, aðgangur almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda, uppsagnarfrestur, þagnarskylda, skylda um að hlíta breytingum á störfum og verksviði auk biðlaunaréttar þeirra sem ráðnir eru fyrir 1. júlí 1996. Þá munu ákvæði stjórnsýslulaga um jafnræðisreglu, andmælarétt, rannsóknarreglu eða meðalhófsreglu ekki gilda um starfsmenn hins nýja félags. Þá er óvissa um ávinnslu réttinda hjá Ríkisútvarpinu ohf. og óvíst hvernig tekst að semja um sambærileg réttindi þegar nýr kjarasamningur verður gerður við hinn nýja vinnuveitanda. Biðlaunaréttur, sem heyrir undir eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar, verður skertur þar sem hann verður einungis látinn ná til ársins 2009. Loks má geta þess að réttur til upplýsinga og samráðs, sem starfsmenn Ríkisútvarpsins eiga samkvæmt lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, hefur ekki verið virtur.

Þetta er allt með mestu ólíkindum í ljósi þess að við fyrirhugaðar breytingar hætta starfsmenn Ríkisútvarpsins að vera starfsmenn ríkisins og verða starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf., þrátt fyrir að ríkið eigi það félag og beri alla ábyrgð á rekstri þess.

Þegar Páll Magnússon útvarpsstjóri kom á fund nefndarinnar var hann m.a. spurður út í réttindamálin. Hann staðfesti þann skilning minni hlutans að réttindi samkvæmt núgildandi kjarasamningum falli úr gildi þegar þeir samningar renna út sem verður eftir tvö ár. Hann gat ekki upplýst neitt um þá samninga sem tækju við annað en að þegar þar að kæmi tækju við svokallaðir „frjálsir samningar“. Þeir yrðu einstaklingsbundnir svo að hverjum og einum starfsmanni yrði þá frjálst „að selja kauphækkanir fyrir réttindi“, eins og hann orðaði það. Aðspurður taldi útvarpsstjóri líklegt að launabil ykist með slíkum samningum. Þá taldi hann

líklegt að einhverjum hluta áætlaðrar hagræðingar yrði náð með því að fækka starfsmönnum, ekki væri gert ráð fyrir að ráðið yrði í allar þær stöður sem losnuðu þegar breytingarnar gengju í garð, og líklegt væri að u.þ.b. 30 starfsmenn nýti sér biðlaunaréttinn strax.

Af þessu má ljóst vera að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins eru í uppnámi verði frumvarp þetta að lögum. Slíkt er óásættanlegt að mati minni hlutans enda er ósamræmi í því hvernig málefni starfsmanna þeirra ríkisstofnana sem undirgangast breytt rekstrarform eru meðhöndluð. Nærtæk dæmi eru réttindamál flugumferðarstjóra, sem enn hafa ekki verið leidd til lykta. Í umsögn BSRB og BHM er tekin afdráttarlaus afstaða gegn frumvarpinu og sett fram sú krafa að það nái ekki fram að ganga. Þá eru í umsögn Félags fréttamanna gerðar ótal tillögur um breytingar á atriðum sem varða starfsmenn.

**Tengslin við fjölmiðlafrumvarpið.**

Svo bar við á þessu þingi að auk Ríkisútvarpsfrumvarpsins lagði menntamálaráðherra fram frumvarp um almenna fjölmiðla (58. mál á þskj. 58). Það frumvarp er í megindráttum byggt á tillögum nefndar sem í sátu fulltrúar allra þingflokka og skilaði skýrslu 7. apríl 2005. Þvert á fyrirheit ráðherra hefur ekki verið reynt í nefndinni að fjalla í samhengi um þessi tvö mál, og það eina sem gert hefur verið í meðferð fjölmiðlafrumvarpsins er að senda það til umsagnar.

Af þessu tilefni er rétt að minna á bókun sem fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins lögðu fram þegar áðurnefnd fjölmiðlanefnd skilaði af sér. „Við erum þeirrar skoðunar," sögðu fulltrúarnir m.a., „að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf." Það var enn fremur mat þeirra að slík sátt næðist aðeins með því að „tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir á milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar". Fulltrúar flokkanna þriggja lýstu því yfir að lokum að þeir skrifuðu undir hina sameiginlegu skýrslu fjölmiðlanefndarinnar í því trausti „að ásættanleg niðurstaða [næðist] um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins".

Þótt stjórnarmeirihlutinn hafi nú breytt upphaflegu frumvarpi sex sinnum (við lok þingstarfa vorið 2005, sumarið 2005 þegar sameignarformið vék fyrir háeffun, við lok 2. umræðu á síðasta þingi með breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar, með nýjum breytingartillögum meiri hlutans við 3. umræðu málsins í vor, með smávægilegum lagfæringum í sumar og með breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar nú fyrir 2. umræðu) er enn langt frá því að slík „ásættanleg niðurstaða" hafi náðst, hvorki milli stjórnmálaflokkanna, meðal almennings né við aðrar útvarpsstöðvar.

**Sáttaboð.**

Þingmenn stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd hafa unnið að frumvörpunum um Ríkisútvarpið með sömu markmið að leiðarljósi og fulltrúar flokkanna í fjölmiðlanefndinni lýsa í bókun sinni. Eftir að samkomulag tókst um að ljúka 2. umræðu um frumvarpið í fyrra sendu fulltrúar stjórnarandstöðunnar formanni menntamálanefndar bréf, dags. 24. apríl 2006, þar sem, að höfðu samráði við forustumenn flokkanna tveggja, var sett fram tilboð um verklag til að ná sáttum í málinu. Í því fólst að frumvarpið yrði ekki afgreitt á því þingi en strax að því loknu sett niður nefnd með fulltrúum allra flokka með það að markmiði að lagasetningu yrði lokið fyrir áramót, þau sem nú blasa við. Lagt var til að þessi nefnd kannaði sér-

staklega þann möguleika að Ríkisútvarpið yrði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Í frumvarpsdrögum nefndarinnar yrði þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins fyrir Ríkisútvarpið sem almannaútvarp en sniðnir af helstu ókostir þess. Þá voru í bréfinu settar fram í átta liðum efnislegar ábendingar um úrbætur að öðru leyti frá frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. – Rétt er að taka fram í þessu sambandi að enginn heildstæður samanburður hefur enn verið gerður á rekstri Ríkisútvarpsins með breytingum innan núverandi lagaramma og hlutafélagsforminu eða öðru eignarformi. Horft hefur verið fram hjá því að Ríkisútvarpið er nú B-hlutastofnun sem getur haft bæði fullt sjálfstæði og mikinn sveigjanleika. – Á fyrsta fundi menntamálanefndar eftir 2. umræðu hafnaði formaður menntamálanefndar þessu boði fyrir hönd stjórnarflokkanna. Svo fór þó að frumvarpið var ekki afgreitt á vorþinginu.

Í 1. umræðu um það frumvarp sem nú liggur fyrir var svipað sáttaboð ítrekað. Bæði Steingrímur J. Sigfússon og Mörður Árnason lýstu því yfir fyrir hönd flokka sinna að ef ráðherrann og stjórnarmeirihlutinn væru til viðræðu um annað eignarform en hlutafélagsformið stæði ekki á flokkunum að taka málið gjörvallt til skoðunar á ný með það fyrir augum að reyna til þrautar sættir um framtíð Ríkisútvarpsins. Hvorki menntamálaráðherra, formaður menntamálanefndar né varaformaður hennar úr Framsóknarflokki virtu þetta sáttaboð svars.

**Frávísunartillaga.**

Í ljósi þess sem að framan greinir eiga fulltrúar minni hlutans ekki annars úrkosti en að flytja eftirfarandi tillögu:

Þar sem

a. fram hafa komið veigamiklar athugasemdir um að sams konar frumvarp um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá,
b. vafi leikur á um hvort ákvæði frumvarpsins stenst reglur Evrópuréttar,
c. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,
d. með ákvæðum um tekjur af auglýsingum og kostun er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði áfram á auglýsinga- og kostunarmarkaði án þess að ljóst sé um sérstakt hlutverk þess umfram aðrar stöðvar,
e. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,
f. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almannasamtökum, sbr. m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,
g. alls óljóst er hvernig háttað verður um innlent efni í dagskrá Ríkisútvarpsins til frambúðar,
h. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö,
i. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,
j. nefskattur, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,

k. við blasir að frumvarpið ylli, ef það verður að lögum, málaferlum bæði hérlendis og á EES-vettvangi,
l. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa reynt að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi.

leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Magnús Þór Hafsteinsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 6. des. 2006.

Mörður Árnason, frsm. | Björgvin G. Sigurðsson. | Einar Már Sigurðarson.

Kolbrún Halldórsdóttir.

---

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Samkeppniseftirlitsins. (13. nóvember 2006.)
II. Umsögn Bandalags háskólamanna og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. (6. nóvember 2006.)
III. Umsögn Félags fréttamanna. (6. nóvember 2006.)
IV. Umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. (3. nóvember 2006.)
V. Umsögn stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins. (13. nóvember 2006.)
VI. Einkavæðing Ríkisútvarpsins. Ástráður Haraldsson. (Morgunblaðið, 2. desember 2006.)
VII. Nefndarálit frá minni hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. (Þskj. 1117 í 401. máli á 132. löggjafarþingi.) Sjá A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 4716–4719.
VIII. Framhaldsnefndarálit frá minni hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. (Þskj. 1251 í 401. máli á 132. löggjafarþingi.) Sjá A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 5052–5056.

# 559. Svar [299. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um þátt flugsamgangna í losun gróðurhúsalofttegunda.

1. *Hver hefur losun gróðurhúsalofttegunda frá innanlandsflugi verið frá árinu 1990, þ.e. árin 1995, 2000 og 2005?*

Losun gróðurhúsalofttegunda frá innanlandsflugi hefur verið eftirfarandi:
1990 – 32.000 tonn $CO_2$
1995 – 29.800 tonn $CO_2$
2000 – 28.000 tonn $CO_2$
2004 – 24.400 tonn $CO_2$ (Tölur fyrir 2005 liggja ekki fyrir.)

Hlutur losunar frá innanlandsflugi af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi var rétt um 1% árið 1990 og hefur farið heldur minnkandi síðan.

2. *Hvaða sambærilegar tölur liggja fyrir um losun gróðurhúsalofttegunda íslenskra flugfélaga sem fljúga á alþjóðaflugleiðum?*

Í bókhaldi sínu til skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna er ríkjum skylt að gera grein fyrir losun frá alþjóðaflugi og alþjóðasiglingum (þó aðeins losun vegna þess eldsneytis sem selt er í viðkomandi landi og er notað til millilandasamgangna). Slík losun er þó utan skuldbindinga ríkja samkvæmt Kyoto-bókuninni. Orkuspárnefnd tekur árlega saman upplýsingar um eldsneytisnotkun Íslendinga og er notkunin m.a. flokkuð eftir því hvort eldsneyti er tekið hérlendis eða erlendis. Einnig er eldsneytissala Íslendinga til erlendra aðila tilgreind. Umhverfisstofnun metur losun gróðurhúsalofttegunda frá því eldsneyti sem notað er af flugvélum og skipum á alþjóðlegum leiðum (þ.e. frá því eldsneyti sem selt er hérlendis, en stofnunin hefur ekki metið losun gróðurhúsalofttegunda vegna þess eldsneytis sem keypt er í öðrum löndum, enda er sú losun metin í viðkomandi ríki), samkvæmt leiðbeiningum um slíka útreikninga frá skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Í tölum Loftslagssamningsins er því aðeins gerð grein fyrir heildarlosun frá alþjóðaflugi en henni ekki skipt niður á einstök ríki, hvorki eftir ríkisfangi flugfélaga né eldsneytissölu í einstökum ríkjum.

Árið 2003 var losun frá eldsneyti sem selt var til alþjóðaflugs og alþjóðasiglinga á Íslandi, sem svarar um 514.000 tonnum af koldíoxíð-ígildum, eða sem svarar 17% af heildarlosun Íslands. Losun vegna brennslu eldsneytis til alþjóðasiglinga jókst um 81% frá 1990 til 2003 og losun vegna brennslu eldsneytis ætlað alþjóðlegu flugi jókst um 50% á sama tímabili.

3. *Hvernig er líklegt að þróunin verði á þessu sviði á næstu árum, bæði í innanlands- og alþjóðaflugi?*

Í drögum að samgönguáætlun 2007–2018 er gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu innanlandsflugsins. Miðað við mismunandi forsendur er gert ráð fyrir að farþegafjöldi innan lands geti aukist úr um 400.000 farþegum á hverjum legg árið 2004 í um 475.000–520.000 farþega árið 2018. Er það 19–30% aukning á farþegafjölda. Á sama tíma er gengið út frá að farþegafjöldi geti aukist úr 1.637.000 farþegum um Keflavíkurflugvöll árið 2004 í um 2.500.000 árið 2018 og er það um 53% aukning á farþegafjölda. Fjölgun farþega þýðir þó ekki endilega að losun gróðurhúsalofttegunda aukist að sama skapi þar sem flugvélar eru betur nýttar og í sumum tilvikum gefst færi á að nýta hagkvæmari flugvélagerðir.

4. *Hvernig hyggjast íslensk stjórnvöld stuðla að því að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum?*

Í núverandi stefnumörkun stjórnvalda um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er ekki fjallað sérstaklega um aðgerðir til að draga úr losun frá flugvélum. Fyrir því eru tvær ástæður. Varðandi alþjóðaflug, þá er tekið á því máli á alþjóðavísu en einstök ríki hafa ekki sett sérstakar reglur um losun. Ekki hefur verið forgangsmál að draga úr losun í innanlandsflugi, sem er fremur lítill hluti losunar og hefur farið minnkandi.

Alþjóðaflugið er, ásamt alþjóðlegum siglingum, undanþegið bindandi takmörkunum Kyoto-bókunarinnar. Í ákvæðum bókunarinnar er Alþjóðaflugmálastofnuninni, ICAO, gert að leggja fram tillögur árið 2007. Tillögur þess efnis verða væntanlega lagðar fram á þingi ICAO á næsta ári. Ríki heims hafa til þessa ekki viljað einhliða grípa til ráðstafana gegn losun frá alþjóðaflugi á meðan málið er í þessum farvegi. Þó er ljóst að Evrópusambandið hefur hug á að setja ákvæði um losun frá flugi inn í tilskipun sína um úthlutun losunarkvóta fyrir koldíoxíð. Framkvæmdastjórn ESB hyggst 20. desember nk. kynna tillögur þess efnis sem taka eiga gildi á árinu 2011. Samkvæmt fréttum gera tillögurnar ráð fyrir að væntanlegar reglur um takmörkun losunar frá flugi muni gilda um öll flugfélög sem fljúga til landa ESB, einnig þau sem hafa ríkisfang annars staðar.

Nú er losun frá flugi um 3,5% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í heiminum og fer vaxandi. Tækniþróun hefur leitt til minnkandi losunar frá flugvélum, sem nemur um 70% minni losun á hvern farþegakílómetra síðastliðna fjóra áratugi. Einnig hefur verið viðleitni í átt til að auka sætanýtingu og hagræða í flugrekstri, sem hefur skilað einhverjum árangri. Hins vegar eykst flug mikið á heimsvísu, sem vegur upp á móti þessari þróun. Þá er frekari tækniþróun til að minnka losun frá flugi talin erfiðari en hvað varðar bíla, skip og rafmagnsframleiðslu með jarðefnaeldsneyti.

Íslensk stjórnvöld telja að skoða eigi málefni alþjóðaflugs og alþjóðasiglinga innan þess ramma sem Kyoto-bókunin kveður á um, þ.e. með tilstilli ICAO og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO. Ekki er tilefni til þess að íslensk stjórnvöld grípi til meira íþyngjandi aðgerða á þessum sviðum en önnur ríki, slíkt gæti haft mikil neikvæð efnahagsleg áhrif fyrir fámennt eyríki sem á allt sitt undir alþjóðlegum samgöngum en mundi hafa lítil eða engin áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda.

Ekki er heldur talin sérstök ástæða til þess að grípa til íþyngjandi aðgerða vegna losunar frá innanlandsflugi. Þar er erfitt um vik að koma við nýrri tækni til að draga úr losun, svo áhrifin yrðu líklega fyrst og fremst sú að gera flug hlutfallslega dýrara en annan samgöngumáta, einkum akstur bíla, þannig að notkun bíla mundi aukast á kostnað innanlandsflugs, með litlum eða engum ávinningi varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Af þessum sökum er ekki kveðið sérstaklega á um losun frá flugi í stefnumörkun stjórnvalda frá 2002 um aðgerðir til að mæta kröfum Kyoto-bókunarinnar.

## 560. Breytingartillaga [347. mál]

við frv. til l. um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

Við 5. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Á eftir orðunum „Lánasjóð sveitarfélaga“ í 2. mgr. 3. gr. laga um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, kemur: ohf.

## 561. Svar [327. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Björns Inga Hrafnssonar um almenningssamgöngur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Telur ráðherra koma til greina að fella niður opinber gjöld á rekstur almenningssamgangna?*

Almenningssamgöngur geta falið í sér bifreiðasamgöngur, flugsamgöngur, ferjusiglingar og rekstur mannvirkja eins og Hvalfjarðarganga. Þar sem fyrirspurnin er svo víðtæk og krefst töluverðs tíma ef svara ætti henni samkvæmt því, hefur svarið verið miðað við almenningssamgöngur á höfðuborgarsvæðinu með tilliti til strætisvagna.

Opinber gjöld á fyrirtæki í strætisvagnasamgöngum á höfuðborgarsvæðinu eru eftirtalin:

*Virðisaukaskattur.*

Fólksflutningar, þ.m.t. almenningssamgöngur, falla ekki undir skattskyldusvið virðisaukaskatts, sbr. 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Í því felst að ekki ber að innheimta virðisaukaskatt af þóknun fyrir fólksflutninga (fargjald).

*Tekjuskattur.*

Fyrirtækið sem rekur strætisvagnasamgöngur á höfuðborgarsvæðinu er byggðasamlag, þ.e. fyrirtæki rekið af sveitarfélögum og með ótakmarkaðri ábyrgð þeirra. Það er undanþegið tekjuskatti skv. 2. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

*Bifreiðagjald og úrvinnslugjald.*

Bifreiðagjald er lagt á samkvæmt lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988, og úrvinnslugjald skv. 5. gr. laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.

*Kílómetragjald.*

Ekki er lagt kílómetragjald á ökutæki sem ætluð eru til fólksflutninga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl., nr. 87/2004.

*Olíugjald.*

Samkvæmt 6. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl., nr. 87/2004, skal endurgreiða 80% olíugjalds af olíu vegna aksturs almenningsvagna.

Eins og sjá má á yfirlitinu greiða fyrirtæki í strætisvagnasamgöngum á höfðuborgarsvæðinu eingöngu bifreiðagjald, úrvinnslugjald og 20% af olíugjaldi. Í ljósi þessa er frekari niðurfelling opinberra gjalda ekki fyrirhuguð.

# 562. Frumvarp til lokafjárlaga [440. mál]

fyrir árið 2005.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 2005 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

| m.kr. | Rekstrar-grunnur | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | 0,2 | 0,2 |
| Forsætisráðuneyti | 3,4 | 4,1 |
| Menntamálaráðuneyti | 276,9 | 290,1 |
| Utanríkisráðuneyti | 27,8 | 28,5 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 240,5 | 214,5 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | -20,1 | -20,7 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 20,5 | 3,6 |
| Félagsmálaráðuneyti | -408,2 | -391,0 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 12,8 | 12,2 |
| Fjármálaráðuneyti | 159,0 | 100,5 |
| Samgönguráðuneyti | 226,9 | 139,1 |
| Iðnaðarráðuneyti | 127,1 | 100,3 |
| Viðskiptaráðuneyti | -33,9 | -22,9 |
| Hagstofa Íslands | 20,3 | 20,1 |
| Umhverfisráðuneyti | 281,4 | 258,9 |
| Vaxtagjöld ríkissjóðs | 0,0 | 0,0 |
| **Samtals** | **934,6** | **737,5** |

# Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2005 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

| m.kr. | Rekstrar-grunnur | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | 22,5 | 22,5 |
| Forsætisráðuneyti | 6,3 | 6,3 |
| Menntamálaráðuneyti | 50,7 | 50,7 |
| Utanríkisráðuneyti | 38,3 | 38,3 |
| Landbúnaðarráðuneyti | -13,2 | -13,2 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 9,7 | 9,7 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | -135,3 | -135,3 |
| Félagsmálaráðuneyti | -644,7 | -644,7 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 2.122,9 | 2.122,9 |
| Fjármálaráðuneyti | -252,8 | -1.069,7 |
| Samgönguráðuneyti | 0,1 | 0,1 |
| Iðnaðarráðuncyti | -48,4 | -48,4 |
| Viðskiptaráðuneyti | 0,0 | 0,0 |
| Hagstofa Íslands | 0,0 | 0,0 |
| Umhverfisráðuneyti | 1,5 | 1,5 |
| Vaxtagjöld ríkissjóðs | 690,4 | 0,0 |
| **Samtals** | **1.848,0** | **340,7** |

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2005 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

m.kr.

Sundurliðun 1

# Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

## 00 Æðsta stjórn ríkisins

### 00-201 Alþingi

Almennur rekstur:
1.06 Almennur rekstur ..... 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 0,2

**00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur** ..... **0,2**
**Greitt úr ríkissjóði** ..... **0,0**
**Innheimt af ríkistekjum** ..... **0,2**
**Viðskiptahreyfingar** ..... **0,0**

m.kr.

## 01 Forsætisráðuneyti

### 01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 3,4 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 4,1 |
| Viðskiptahreyfingar | -0,7 |

| | |
|---|---|
| **01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur** | **3,4** |
| **Greitt úr ríkissjóði** | **0,0** |
| **Innheimt af ríkistekjum** | **4,1** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **-0,7** |

m.kr.

## 02 Menntamálaráðuneyti

### 02-201 Háskóli Íslands

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Kennsla | 16,2 |
| 1.02 Rannsóknir og önnur verkefni | 0,3 |
| Almennur rekstur samtals | 16,5 |
| Stofnkostnaður: | |
| 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup | 40,0 |
| **Gjöld samtals** | **56,5** |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 56,5 |

### 02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma | 1,8 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 2,7 |
| Viðskiptahreyfingar | -0,9 |

### 02-210 Háskólinn á Akureyri

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Háskólinn á Akureyri | -0,7 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | -0,7 |

### 02-211 Tækniháskóli Íslands

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Tækniháskóli Íslands | -15,1 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | -15,1 |

m.kr.

**02-215 Kennaraháskóli Íslands**

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla ..... -9,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -9,1

**02-238 Tækjasjóður**

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjasjóður ..... 62,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 62,6

**02-301 Menntaskólinn í Reykjavík**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 0,2

**02-302 Menntaskólinn á Akureyri**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 0,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 0,4

**02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,2

m.kr.

**02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 0,3 |
| 1.09 Önnur verkefni | 14,5 |
| Almennur rekstur samtals | 14,8 |
| **Gjöld samtals** | **14,8** |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 14,8 |

**02-305 Menntaskólinn við Sund**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 0,5 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 0,5 |

**02-306 Menntaskólinn á Ísafirði**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 1,9 |
| 1.09 Önnur verkefni | 1,1 |
| Almennur rekstur samtals | 3,0 |
| **Gjöld samtals** | **3,0** |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 3,0 |

**02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 0,7 |
| 1.09 Önnur verkefni | 3,5 |
| Almennur rekstur samtals | 4,2 |
| **Gjöld samtals** | **4,2** |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 4,2 |

m.kr.

**02-308 Menntaskólinn í Kópavogi**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 1,3 |
| 1.09 Önnur verkefni | 0,8 |
| Almennur rekstur samtals | 2,1 |
| **Gjöld samtals** | **2,1** |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 2,1 |

**02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 0,3 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 0,3 |

**02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 0,9 |
| 1.09 Önnur verkefni | 31,8 |
| Almennur rekstur samtals | 32,7 |
| **Gjöld samtals** | **32,7** |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 32,7 |

**02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 65,6 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 65,6 |

**02-352 Flensborgarskóli**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 1,0 |

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 1,0

**02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 8,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 8,9

**02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 1,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 1,8

**02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**

Almennur rekstur:
1.09 Önnur verkefni ..... 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 0,2

**02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 1,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 1,7

**02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 2,1
1.09 Önnur verkefni ..... 1,6
Almennur rekstur samtals ..... 3,7

**Gjöld samtals** ..... **3,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 3,7

**02-358 Verkmenntaskóli Austurlands**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 1,8
1.09 Önnur verkefni ..... 0,6
Almennur rekstur samtals ..... 2,4

**Gjöld samtals** ..... **2,4**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 2,4

**02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 3,9
1.09 Önnur verkefni ..... 31,9
Almennur rekstur samtals ..... 35,8

**Gjöld samtals** ..... **35,8**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 35,8

**02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 9,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 9,7

**02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 0,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 0,4

m.kr.

**02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | -0,1 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | -0,1 |

**02-363 Framhaldsskólinn á Laugum**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | -0,1 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | -0,1 |

**02-365 Borgarholtsskóli**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 3,0 |
| 1.09 Önnur verkefni | 5,6 |
| Almennur rekstur samtals | 8,6 |
| **Gjöld samtals** | **8,6** |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 8,6 |

**02-367 Snæfellsskóli**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 0,6 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 0,6 |

**02-514 Iðnskólinn í Reykjavík**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Almennur rekstur | 2,9 |
| 1.09 Önnur verkefni | 7,8 |
| Almennur rekstur samtals | 10,7 |
| **Gjöld samtals** | **10,7** |

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 10,7

**02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði**

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... 0,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 0,7

**02-564 Listdansskólinn**

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla ..... -0,4
1.02 Annað en kennsla ..... 9,7
Almennur rekstur samtals ..... 9,3

**Gjöld samtals** ..... **9,3**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 9,3

**02-804 Kvikmyndaskoðun**

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndaskoðun ..... -2,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -2,5
Viðskiptahreyfingar ..... 0,2

**02-971 Ríkisútvarpið**

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld ..... -32,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -12,9
Viðskiptahreyfingar ..... -20,0

m.kr.

**02-977 Höfundarréttargjöld**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.11 Höfundaréttarsjóður | -7,8 |
| 1.13 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald | 4,5 |
| 1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir | 0,5 |
| Almennur rekstur samtals | -2,8 |
| **Gjöld samtals** | **-2,8** |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | -10,3 |
| Viðskiptahreyfingar | 7,5 |

| | |
|---|---|
| **02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur** | **276,9** |
| **Greitt úr ríkissjóði** | **0,0** |
| **Innheimt af ríkistekjum** | **290,1** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **-13,2** |

m.kr.

## 03 Utanríkisráðuneyti

### 03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Yfirstjórn | 3,6 |
| 1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli | 5,2 |
| Almennur rekstur samtals | 8,8 |
| **Gjöld samtals** | **8,8** |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 8,3 |
| Viðskiptahreyfingar | 0,5 |

### 03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur | 33,6 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 33,6 |

### 03-611 Útflutningsráð Íslands

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.10 Útflutningsráð Íslands | -14,6 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | -13,4 |
| Viðskiptahreyfingar | -1,2 |

| | |
|---|---|
| **03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur** | **27,8** |
| **Greitt úr ríkissjóði** | **0,0** |
| **Innheimt af ríkistekjum** | **28,5** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **-0,7** |

m.kr.

## 04 Landbúnaðarráðuneyti

### 04-190 Ýmis verkefni

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.12 Mat á búvörum | -0,7 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | -0,8 |
| Viðskiptahreyfingar | 0,1 |

### 04-222 Veiðimálastjóri

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Veiðimálastjóri | -1,5 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | -1,5 |

### 04-233 Yfirdýralæknir

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Yfirdýralæknir | -16,2 |
| 1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum | 12,9 |
| Almennur rekstur samtals | -3,3 |
| **Gjöld samtals** | **-3,3** |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | 0,3 |
| Viðskiptahreyfingar | -3,6 |

### 04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins | -15,7 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | -21,9 |
| Viðskiptahreyfingar | 6,2 |

m.kr.

**04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands**

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands ..... 20,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... 20,1

tekin inn í reikning. Sömu sögu er í öðru lagi að segja af misræmi á lið *04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt* þar sem niðurfelling á 7,4 m.kr. afgangsheimild liðarins í lokafjárlögum 2004 hefur ekki verið tekin inn í reikning, sbr. ofangreinda umfjöllun um skýringar á misræmi í árslok 2004. Í þriðja lagi má nefna að höfuðstólsstaða á lið *06-102 Stjórnartíðindi* er 11,2 m.kr. umfram fjárheimildastöðu lokafjárlagafrumvarpsins sem skýrist af því að í reikningi er ekki tekið tillit til þess að í fjárlögum 2005 er ekki gert ráð fyrir að liðurinn hafi fjárveitingu af 11,1 m.kr. af sértekjum sínum heldur myndi þær viðskiptahreyfingu á gjaldahlið og verði nýttar til að greiða niður halla fyrri ára og stofnkostnað við rafræna miðlun. Í fjórða lagi má nefna fjárheimildastöðu liðar *08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi*, sem er 8,8 m.kr. umfram höfuðstólsstöðu liðarins í reikningi. Munar þar mest um að í reikningi hefur ekki verið felld niður 12,3 m.kr. umframgjöld á viðfangi *1.84 Bætur vegna lífrarbólgu C*, sem felld voru niður í lokafjárlögum 2004. Í fimmta lagi má nefna lið *10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar* en höfuðstólsstaða liðarins er 14,8 m.kr. betri en fjárheimildastaða hans í árslok. Misræmið stafar af því að í reikningi eru 97,6 m.kr. fluttar af bundnu eigin fé vegna markaðra tekna og yfir á höfuðstól á móti kostnaði vegna afskrifaðra markaðra tekna og verðbóta á ferjulán en á fjáraukalögum hafði einungis 83 m.kr. verið veitt vegna þessa kostnaðar. Í sjötta lagi má nefna lið *11-366 Hafnarbótasjóður* þar sem höfuðstólsstaða liðarins er 11 m.kr. lakari en fjárheimildastaða frumvarpsins og stafar af því að í ríkisreikningi er framlag úr ríkissjóði 10,7 m.kr. lægra en fjárheimild fjárlaga. Annað misræmi í fjárheimildastöðum einstakra fjárlagaliða í árslok er smærra og getur í sumum tilvikum stafað af afrúningi sem skapast við það að í reikningi eru tekjur og gjöld færð í heilum krónum en í fjárheimildagrunni lokafjárlaga eru allar fjárhæðir færðar og settar fram í milljónum króna með einum aukastaf á sama hátt og í fjárlögum.

**Staða fjárheimilda í árslok.** Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er lögð fram heildarskrá yfir fjárheimildastöður ríkisaðila í A-hluta, bæði þeirra sem eru innan fjárheimilda og þeirra sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Staða fjárheimilda í árslok er, eins og áður hefur komið fram, í heildina tekið jákvæð um 19.292,3 m.kr., eða sem svarar 5,9% af heildarfjárheimildum. Staðan skiptist þannig að afgangsheimildir eru 27.946,2 m.kr. en umframgjöld 8.653,9 m.kr. Í töflunni hér á eftir kemur fram hvernig fjárheimildastaða fjárlagaliða í árslok skiptist í afgangsheimildir og umframgjöld eftir ráðuneytum.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Afgangs-heimildir | Umfram-gjöld | Staða í árslok |
|---|---|---|---|
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 152,8 | -10,5 | 142,3 |
| 01 Forsætisráðuneyti | 377,7 | 0,0 | 377,7 |
| 02 Menntamálaráðuneyti | 3.411,2 | -1.661,1 | 1.750,1 |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 1.723,1 | -192,9 | 1.530,2 |
| 04 Landbúnaðarráðuneyti | 617,2 | -335,5 | 281,7 |
| 05 Sjávarútvegsráðuneyti | 1.412,1 | -273,6 | 1.138,5 |
| 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 983,6 | -450,7 | 532,9 |
| 07 Félagsmálaráðuneyti | 715,2 | -739,9 | -24,7 |
| 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 5.787,1 | -1.983,5 | 3.803,6 |
| 09 Fjármálaráðuneyti | 3.594,0 | -2.794,6 | 799,4 |
| 10 Samgönguráðuneyti | 5.970,5 | 0,0 | 5.970,5 |
| 11 Iðnaðarráðuneyti | 1.026,5 | -51,1 | 975,4 |
| 12 Viðskiptaráðuneyti | 135,9 | -10,5 | 125,4 |
| 13 Hagstofa Íslands | 0,0 | -14,9 | -14,9 |
| 14 Umhverfisráðuneyti | 1.348,9 | -135,1 | 1.213,8 |
| 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs | 690,4 | 0,0 | 690,4 |
| **Samtals** | **27.946,2** | **-8.653,9** | **19.292,3** |

Afgangsheimildir og umframgjöld í ofangreindri töflu eru samanlagðar árslokastöður allra fjárlagaliða frumvarpsins, annars vegar fjárlagaliða sem hafa jákvæða fjárheimildastöðu í árslok og hins vegar liða sem hafa neikvæða stöðu í árslok. Yfirleitt eru það liðirnir, þ.e.a.s. stofnanirnar sjálfar, sem horft á við skoðun á því hvort aðilar hafi farið fram úr fjárheimildum eða haldið sig innan þeirra. Sé hins vegar litið á árslokastöðurnar út frá stöðum einstakra viðfangsefna eru afgangsheimildir alls 41.884,8 m.kr. og umframgjöld 22.592,5 m.kr. Heildarfjárhæðirnar eru þannig 10.658,5 m.kr. hærri, en nettóstaðan er sú sama. Hærri heildartölur viðfangsefna stafa af því að stöður einstakra viðfangsefna innan fjárlagaliða geta ýmist verið jákvæðar eða neikvæðar. Sem dæmi má nefna lið *02-201 Háskóli Íslands*, en fjárheimildastaða liðarins í árslok er neikvæð um 107,8 m.kr. Sú staða skiptist niður á fimm viðfangsefni með 1.507,5 m.kr. samanlagða jákvæða stöðu á móti 1.615,3 m.kr. samanlagðri neikvæðri stöðu. Munar þar mest um 1.430,5 m.kr. afgangsheimild á viðfangsefni *1.01 Kennsla* og 1.396,6 m.kr. umframgjöld á viðfangsefni *1.09 Rannsóknir og önnur verkefni*. Annað dæmi um svona tilvik er liður *11-411 Byggðastofnun*, en staða liðarins í árslok er jákvæð um 0,2 m.kr. Staðan skiptist hins vegar niður á tvö viðfangsefni og er staða annars þeirra jákvæð um 304,2 m.kr. en staða hins neikvæð um 304 m.kr.

Sé litið til þess hvaða fjárlagaliðir það eru þar sem frávik milli fjárheimilda og útgjalda eru hvað mest, kemur í ljós að oft eru það vissir stofnkostnaðarliðir og ýmsir óreglulegir liðir fremur en eiginlegir rekstrarliðir. Útgjöld þessara liða eru oft á tíðum lögbundin, hagræn eða kerfislæg og ráðast því ekki af fjármálastjórn tiltekins aðila og ríkissjóður kemst ekki hjá að greiða eða gjaldfæra útgjöld á árinu án tillits til fjárheimilda. Má sem dæmi nefna útgjöld almannatrygginga, lífeyrisskuldbindingar, fjármagnstekjuskatt, afskriftir skattkrafna, gengismun og vaxtagjöld.

Þeir fjárlagaliðir sem eiga mestar afgangsheimildir í árslok eru í fyrsta lagi liður *10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar* með 2.169,2 m.kr. inneign. Þá inneign má að verulegu leyti rekja til 3.000 m.kr. fjárveitingar sem veitt var á fyrri fjáraukalögum 2003 til framkvæmda í vegagerð vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum og seinkun framkvæmda frá því sem áður var reiknað með. Í öðru lagi liður *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun* með 2.083,8 m.kr. afgang og vísast í því sambandi til skýringa á bls. 61 í ríkisreikningi. Í þriðja lagi liður *03-401 Alþjóðastofnanir* með 1.388,1 m.kr. afgang. Munar þar mest um 1.056,9 m.kr. inneign á viðfangi *1.73 Þróunarsjóður EFTA*, en ákvarðanir um styrkveitingar úr sjóðnum hafa gengið mun hægar fyrir sig en reiknað hafði verið með auk þess sem greiðslur úr sjóðnum eru háðar framkvæmdahraða verkanna og hefur því safnast upp ónotuð fjárheimild sem reikna verður með að koma muni til útgreiðslu á næstu árum. Í fjórða lagi liður *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður* með 1.259,2 m.kr. afgangsheimild sem að mestu skýrist af ónotuðum fjárveitingum sem veittar voru á fyrri fjáraukalögum 2003 til byggingar Menningarhúsa. Í fimmta lagi liður *08-401 Hjúkrunarheimili, almennt* með 1.187,6 m.kr. afgang. Munar þar mest um 836 m.kr. inneign á stofnkostnaðarviðfangi *6.25 Bygging hjúkrunarheimila* þar sem framkvæmdir hafa farið mun hægar af stað en reiknað var með. Í sjötta lagi liður *10-521 Fjarskiptasjóður* með 1.000 m.kr. inneign sem liðurinn fékk á fjáraukalögum 2005 í samræmi við lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Stjórn fjarskiptasjóðs vinnur nú að útboðum á þeim verkefnum sem sjóðnum er ætlað að standa straum af. Til viðbótar framangreindum liðum með háar ónotaðar fjárheimildir í árslok má nefna lið *10-336 Hafnarbótasjóður* með 947,8 m.kr. afgangsheimild, lið *08-204 Lífeyristryggingar* með 906,8 m.kr., lið *05-207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins* með 736,3 m.kr., lið *14-287 Úrvinnslusjóður* með 726,7 m.kr., lið *09-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs* með 690,4 m.kr. og lið *08-206 Sjúkratryggingar* með 556,1 m.kr. afgangsheimild í árslok. Af alls 27.946,2 m.kr. ónotuðum fjárheimildum einstakra fjárlagaliða í árslok 2005 stendur tæplega helmingur, eða 13.652 m.kr., á framangreindum 12 liðum.

Hvað varðar útgjöld umfram heimildir þá eru þau hæst, eða 1.456,9 m.kr. á lið *09-711 Afskriftir skattkrafna*. Næst hæst umframgjöld eru 571,6 m.kr. á lið *09-821 Vaxtabætur*, því næst 500,5 m.kr. á lið *08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús*, þá 344,1 m.kr. á lið *07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga* og 326,6 m.kr. á lið *09-979 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár*.

Ekki eru forsendur hér til að gefa skýringar á því fyrir hvern og einn fjárlagalið eða viðfangsefni að í gegnum árin hafa safnast afgangs fjárheimildir eða gjöld umfram fjárheimildir á viðkomandi verkefni. Sú staða á að koma fram í höfuðstól í reikningi þeirrar stofnunar eða verkefnis sem í hlut á. Vísað er í endurskoðaða reikninga viðkomandi stofnana til frekari skýringa á stöðunni í árslok. Almennt má þó segja að staðan í árslok í fylgiskjali 2 ásamt dálki yfir framlög í fjáraukalögum sýni hvernig viðkomandi stjórnendum og ráðuneytum hefur tekist til við að fylgja eftir ákvörðunum Alþingis.

Eins og áður hefur verið bent á hafa í nokkrum tilvikum safnast upp verulegar afgangsheimildir á einstaka fjárlagaviðföngum á móti umframgjöldum á öðrum viðfangsefnum sama fjárlagaliðar. Til viðbótar áðurnefndum dæmum um Háskóla Íslands og Byggðastofnun má nefna lið *02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands* með 610 m.kr. skuld á viðfangi *1.01 Almennur rekstur* á móti 769,1 m.kr. inneign á viðfangi *1.10 Kvikmyndasjóður*, lið *03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli* með 445,8 m.kr. inneign á viðfangi *1.10 Tollgæsla* á móti 545,9 m.kr. skuld á viðfangi *1.20 Löggæsla* og 123 m.kr. skuld á viðfangi *1.01 Yfirstjórn*, lið *04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu* með 901,3 m.kr. inneign á viðfangi *1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar* og 939,1 m.kr. skuld á viðfangi *1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður*, fjárlagalið *09-984 Fasteignir ríkissjóðs* með 455,9 m.kr. inneign á viðfangi *1.01 Yfirstjórn*, 122,2 m.kr. inneign á viðfangi *1.11 Rekstur fasteigna* og 538,2 m.kr. skuld á viðfangi *5.21 Viðhald fasteigna* og loks fjárlagalið *11-301 Orkustofnun* með 684,8 m.kr. inneign á viðfangi *1.03 Orkurannsóknir* á móti verulegum skuldum á öðrum viðfangsefnum stofnunarinnar, og fleiri dæmi mætti nefna. Mikilvægt er að komið sé í veg fyrir að slík frávik myndist milli fjárveitinga og útgjalda á viðföngum einstakra fjárlagaliða. Í því sambandi þarf að gæta þess að bókhaldi sé hagað þannig að kostnaður verkefna sé gjaldfærður á þau viðfangsefni sem fjárheimild fyrir útgjöldunum var veitt á í fjárlögum. Eins er nauðsynlegt að endurskoða skiptingu kostnaðar á milli viðfangsefna í fjárlögum ár hvert. Unnið er að því að jafna þetta misræmi og talsverður hluti þess mun jafnast út af sjálfu sér í uppgjöri ársins 2006 vegna þeirrar sameiningar og fækkunar á viðfangsefnum einstakra fjárlagaliða sem gerð var á fjárlögum 2006.

**Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok.** Eins og áður hefur komið fram er heildarstaða fjárheimilda í árslok jákvæð um 19.292,3 m.kr. Staðan skiptist í 27.946,2 m.kr. afgangsheimildir og 8.653,9 m.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Sé horft á stöðurnar út frá einstökum viðfangsefnum nema afgangsheimildir hins vegar 41.884,8 m.kr. og umframgjöld 22.592,5 m.kr. Í lokafjárlögum eru stöður þessar ýmist felldar niður eða fluttar yfir til næsta árs. Í samræmi við það er í 2. gr. frumvarpsins lagt til að niður falli 1.848 m.kr. jákvæð fjárheimildastaða í árslok. Staðan skiptist þannig að afgangsheimildir einstakra viðfangsefna sem niður falla eru 7.145,1 m.kr. en umframgjöld 5.297,1 m.kr. Í sundurliðun 2 í frumvarpinu er yfirlit yfir stöður fjárheimilda á einstökum fjárlagaliðum ráðuneyta sem lagt er til að falli niður. Loks er í fylgiskjali I með frumvarpinu, í samræmi við ákvæði 37. og 45. gr. fjárreiðulaga, lögð fram skrá yfir fjárheimildir sem flytjast til næsta árs. Alls er lagt til að 17.444,3 m.kr. jákvæð fjárheimildastaða í árslok flytjist yfir á árið 2006, og nemur sú staða 5,5% af fjárveitingum fjárlaga 2006. Yfirfærð staða skiptist þannig að afgangsheimildir einstakra viðfangsefna nema 34.739,7 m.kr. en umframgjöld 17.295,4 m.kr.

Tilgangur með yfirfærslu á stöðum fjárheimilda milli ára er einkum að hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Gerist það með því móti að útgjöld umfram fjárveitingar eru ekki hvort tveggja í senn heimiluð og felld niður

við áramót eins og áður tíðkaðist, heldur koma umframgjöld almennt til lækkunar á fjárveitingum næsta árs. Hafi t.d. meiru verið ráðstafað til rekstrarumsvifa stofnunar en ákveðið var með fjárlögum losnar stofnunin ekki undan þeirri fjárhagsstöðu við áramót, heldur verður að vinna hallann upp af framlögum komandi ára. Á sama hátt er afgangur af framlögum vegna frestunar á framkvæmd verkefna eða hagræðingar í rekstri ekki felldur niður í árslok og nýtist því til verkefna viðkomandi stofnunar á næsta ári. Tilgangur með yfirfærslum er því einnig sá að gera starfsemi ráðuneyta og stofnana sveigjanlegri með því að veita þeim svigrúm til að hnika útgjöldum til í tíma, t.d. þegar fresta þarf framkvæmd verkefna til næsta árs.

Ráðstafanir á stöðu fjárheimilda í árslok byggja á viðmiðunarreglum þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöldin eru bundin, t.d. af lagaákvæðum, eða frekar á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Meginreglan er að afgangsheimildum og umframgjöldum í rekstri stofnana er ráðstafað til næsta árs. Sama gildir um afgangsheimildir til fjárfestingar þegar framkvæmdum er ólokið. Staða fjárheimilda á liðum fyrir tilfærsluframlög, t.d. til almannatrygginga, fellur hins vegar almennt niður enda eru þær greiðslur í flestum tilvikum lög- eða samningsbundnar og verður ekki stýrt nema með breytingum á þeim lögum. Sama gildir um liði þar sem útgjöld eru yfirleitt hagræns eða kerfislægs eðlis og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins aðila, svo sem lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna. Heimilda til slíkra niðurfellinga er aflað í lokafjárlögum. Tillögur fjármálaráðuneytis um ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok byggja á eftirfarandi vinnureglum:

1. Almennt

1.1. Ráðstöfun á stöðu heimilda er bundin við viðkomandi fjárlagalið og þá skiptingu á viðfangsefni sem þar er gerð. Er því ekki heimilt að ráðstafa afgangi eða umframgjöldum milli ára af einum fjárlagalið á annan eða t.d. frá stofnkostnaði til reksturs.

1.2. Staða fjárheimilda er almennt felld niður í árslok á lög- og samningsbundnum liðum, t.d. vegna tilfærsluframlaga lífeyristrygginga, þar sem útgjöld ráðast fremur af ákvæðum laga en fjármálastjórn í starfsemi eða verkefnum sem lúta ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila og hægt er að stýra án breytinga á lögum.

1.3. Heimildastaða fellur niður í árslok ef viðkomandi verkefni er lokið. Hins vegar fellur hún ekki niður þegar starfsemi er endurskipulögð, t.d. með samruna stofnana.

1.4. Heimildastaða í árslok sem er innan við 100 þús. kr. fellur niður.

2. Afgangsheimildir

2.1. Afgangsheimild liðar í árslok kemur til viðbótar fjárveitingum næsta árs. Afgangur getur þó einungis færst yfir tvenn áramót við frestun á framkvæmd verkefna.

2.2. Afgangsheimild fellur niður í árslok hafi verulega verið dregið úr þjónustu frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, vegna breytinga á forsendum eða ef verkefni mun ekki koma til framkvæmda að hluta eða að fullu vegna óvissu um umfang þess.

2.3. Afgangur aukafjárveitingar getur færst til næsta árs þegar um er að ræða afmarkað verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka við og gjaldfæra fyrir áramót.

3. Umframgjöld
3.1. Umframgjöld liða í árslok dragast að jafnaði frá fjárveitingum næsta árs nema einhver liðanna í 1.1–1.4 eigi fremur við.
3.2. Umframgjöld falla ekki niður þótt starfsemi færist milli fjárlagaliða eða ráðuneyta.

Af háum afgangsheimildum sem lagt er til að flytjist til næsta árs má nefna 2.169,2 m.kr. inneign á lið *10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar*, 1.356,9 m.kr. á lið *03-401 Alþjóðastofnanir*, 1.259,2 m.kr. inneign á lið *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður* og 1.186,2 m.kr. á lið *08-401 Hjúkrunarheimili, almennt*, auk þess sem gert er ráð fyrir að alls 389,9 m.kr. fjárheimildastöður hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum flytjist til næsta árs inn á safnlið *08-401-1.01* til viðbótar þeim 508,8 m.kr. sem þar eru fyrir. Stöður á viðfangsefnum dvalarrýma og dagvistar hjá öldrunarstofnunum, alls 245,7 m.kr., falla aftur á móti niður á sama hátt og gert var þegar fjárveitingar til þessara verkefna voru á fjárlagaliðum almannatrygginga og laga um félagslega aðstoð. Aðrar háar afgangsheimildir sem gert er ráð fyrir að flytjist til næsta árs eru 1.000 m.kr. á lið *10-521 Fjarskiptasjóður*, 947,8 m.kr. inneign á lið *10-336 Hafnabótasjóður*, 736,3 m.kr. á lið *05-207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins* og 726,7 m.kr. inneign á lið *14-287 Úrvinnslusjóður*. Af gjöldum umfram fjárheimildir sem lagt er til að flytjist til næsta árs munar mest um 500,5 m.kr. á lið *08-373 Landspítali háskólasjúkrahús*, 321 m.kr. á lið *02-210 Háskólinn á Akureyri*, 273,2 m.kr. á lið *05-202 Hafrannsóknastofnunin*, 184,3 m.kr. á lið *08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra* og 163,8 m.kr. á lið *06-395 Landhelgisgæsla Íslands*. Um fjárheimildastöður sem lagt er til að falli niður í árslok er fjallað í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins.

**Mismunandi framsetning fjárheimilda í lokafjárlögum og ríkisreikningi.** Þegar tölur um fjárheimildir í lokafjárlögum og ríkisreikningi eru skoðaðar þarf að hafa í huga að framsetning þeirra getur verið mismunandi. Í ríkisreikningi 2005 eru fjárheimildir stofnana sýndar með tvenns konar hætti. Annars vegar í ritinu *Ársreikningar ríkisaðila* þar sem aðeins er sýnd fjárheimild ársins samkvæmt fjárlögum, fjáraukalögum og millifærslum, hins vegar í ritinu *Heildaryfirlit* þar sem rekstrarreikningur ríkissjóðs og séryfirlit 2 og 5 tilgreina einnig fluttar fjárheimildir frá fyrra ári. Samkvæmt séryfirliti 5 í ríkisreikningi, *Heildarfjárheimildir ársins hjá ráðuneytum og stofnunum*, námu fluttar fjárheimildir frá fyrra ári alls 9.050 m.kr. Fjárheimildir sem tilgreindar eru í reikningum einstakra A-hluta stofnana í ríkisreikningi eru því lægri sem þessu nemur miðað við heimildir sem tilgreindar eru í rekstrarreikningi ríkissjóðs og séryfirlitum reikningsins. Í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum eru fjárheimildir einstakra verkefna hins vegar ætíð settar fram sem nánari sundurliðun á heildartölum rekstraryfirlits ríkissjóðs, þ.e. í öllum tilvikum eru innifaldar

allar fjárheimildir sem Alþingi veitir. Hafa verður þetta í huga við allan samanburð þegar fjárheimildir einstakra verkefna í lokafjárlögum og ríkisreikningi eru bornar saman. Rekstrarreikningar A-hluta aðila í ríkisreikningi sýna þannig stöðu stofnana gagnvart þeim fjárheimildum sem eru veittar í fjárlögum og fjáraukalögum ársins og draga fram hvort stofnun er að auka eða ganga á eigið fé innan þess árs. Uppsöfnuð staða fjárheimildar í árslok kemur hins vegar fram í höfuðstól stofnunarinnar í efnahagsreikningi hennar. Fjárheimildastöður lokafjárlaga innifela hins vegar heildarfjárheimildir að teknu tilliti til afgangs eða halla frá fyrra ári og breytinga á fjárheimildum ársins vegna frávika í ríkistekjum. Árslokastöður lokafjárlaga eru því ætíð heildarfjárheimildir að frádregnum gjöldum ríkisreiknings og sýna uppsafnaða fjárheimildastöðu stofnana í árslok.

**Nýting lántökuheimilda á árinu 2005.** Í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2005 var ríkissjóði heimilað að taka að láni 13,5 milljarða króna skv. 1. tölulið 5. gr. og endurlána þar af rúma 4,6 milljarða skv. 2. tölulið. Í áætlunum ríkissjóðs í sjóðstreymi fjár- og fjáraukalaga var við það miðað að lántökur ríkissjóðs yrðu 10,5 milljarðar króna. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2005 námu langtímalántökur tæpum 25,8 milljörðum króna og endurlán 4,7 milljörðum króna. Lántökur umfram áætlanir námu því 15,3 milljörðum króna og skýrast þær að öllu leyti af uppgreiðslum erlendra víxilskulda og erlendum skiptasamningum ríkissjóðs, svokölluðum swap lánum, en lántökur til þessara uppgreiðslna námu alls 15,9 milljörðum króna á árinu 2005. Nánari upplýsingar um lánsfjármál og samanburð við heimildir er að finna í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2005 og í ríkisreikningi ársins 2005.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fjárheimildir stofnana hækki um 934,6 m.kr. vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjár- og fjáraukalaga. Er þar leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt reikningsuppgjöri eða hver metin fjárþörf reyndist vera í samræmi við verklagsreglur sem lýst er í kaflanum Lagagreinar og sundurliðanir hér að framan. Hækkun á fjárheimildum einstakra viðfangsefna af þessum sökum nemur alls 2.095,1 m.kr. á meðan lækkun á heimildum annarra viðfangsefna nemur 1.160,5 m.kr.

Þau tekjufrávik sem leiða til mestrar hækkunar á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða eru 242 m.kr. á lið *04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins*, að mestu vegna hærri tekna af jarðasölu en áætlað var í fjárlögum, 122,7 m.kr. á lið *14-287 Úrvinnslusjóður* vegna hærri tekna af úrvinnslugjaldi, 109,7 m.kr. á lið *09-402 Fasteignamat ríkisins*, að mestu

vegna hærri tekna fyrir aðgang að fasteignamatsskrá en áætlað var á fjárlögum og 102 m.kr. á lið *14-289 Endurvinnslan hf.* vegna hærri tekna af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir.

Þau tekjufrávik sem leiða til mestrar lækkunar á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða eru 347,9 m.kr. á lið *07-989 Fæðingarorlof* vegna minni skila á mörkuðum tekjum til Fæðingarorlofssjóðs þar sem fjárþörf sjóðsins reyndist minni en áætlað var í fjár- og fjáraukalögum og 138,5 m.kr. á lið *07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður*, einnig vegna minni fjárþarfar sjóðsins en áætlað var á fjár- og fjáraukalögum. Nánari sundurliðun á breytingum fjárheimilda vegna frávika ríkistekna er að finna í sundurliðun 1 í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru lagðar til niðurfellingar á stöðum fjárheimilda í árslok. Er þar í flestum tilvikum um að ræða fjárheimildastöður stofnana eða verkefna þar sem útgjöld eru lög- eða samningsbundin og verður ekki stýrt nema með breytingum á viðkomandi lögum eða samningum. Sama gildir um liði þar sem útgjöld eru yfirleitt hagræns- eða kerfislægs eðlis og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins aðila. Einnig eru felldar niður stöður einstakra viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna að framkvæmdum loknum. Vísað er í framangreindar viðmiðunarreglur í kaflanum Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok.

Á rekstrargrunni er lögð til niðurfelling á 1.848 m.kr. fjárheimildum umfram útgjöld en á greiðslugrunni nemur niðurfellingin 340,7 m.kr. Munur milli rekstrargrunns og greiðslugrunns stafar af niðurfellingu 2.083,8 m.kr. afgangsheimilda á lið *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*, 690,4 m.kr. afgangsheimilda á lið *19-801 Vaxtagjöld* ríkissjóðs, 190 m.kr. afgangsheimilda á lið *09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur* og 1.456,9 m.kr. umframgjalda á lið *09-711 Afskriftir skattkrafna* en engin þessara breytinga hefur áhrif á útgreiðslur.

Niðurfelldar fjárheimildastöður skiptast í 7.145,1 m.kr. afgangsheimildir og 5.297,1 m.kr. umframgjöld. Af afgangsheimildum sem lagt er til að falli niður munar mest um 2.083,8 m.kr. á lið *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*, 906,8 m.kr. á lið *08-204 Lífeyristryggingar*, 690,4 m.kr. á lið *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs*, 556,1 m.kr. á lið *08-206 Sjúkratryggingar*, og 428,9 m.kr. á lið *08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð*. Af útgjöldum umfram heimildir sem lagt er til að falli niður munar mest um 1.456,9 m.kr. á lið *09-711 Afskriftir skattkrafna*, 571,6 m.kr. á lið *09-821 Vaxtabætur*, 344,1 m.kr. á lið *07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga*, 326,6 m.kr. á lið *09-979 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár* og 250,1 m.kr. á lið *07-989 Fæðingarorlof*. Nánari sundurliðun á niðurfelldum fjárheimildastöðum í árslok er að finna í sundurliðun 2.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals öll ráðuneyti** | | **8.715,4** | **308,1** | **-603,9** | **9.024,7** | **17.444,3** |
| ***00 Æðsta stjórn ríkisins*** | | ***162,7*** | ***-13,7*** | ***-26,7*** | ***-2,5*** | ***119,8*** |
| **00-101** | **Embætti forseta Íslands** | **-23,8** | **-0,2** | **4,7** | **11,7** | **-7,6** |
| 101-1.01 | Yfirstjórn | -12,8 | | | | -12,8 |
| 101-1.50 | Fálkaorðan | 4,3 | | | | 4,3 |
| 101-1.81 | Opinberar heimsóknir | -15,3 | -0,2 | | | -15,5 |
| 101-5.20 | Laufásvegur 72, viðhald | | | 4,7 | | 4,7 |
| 101-6.01 | Tæki og búnaður | | | | 11,7 | 11,7 |
| **00-201** | **Alþingi** | **155,9** | **-4,1** | **-31,4** | **-18,2** | **102,2** |
| 201-1.01 | Alþingiskostnaður | 80,4 | | | | 80,4 |
| 201-1.03 | Fastanefndir | -75,7 | | | | -75,7 |
| 201-1.04 | Alþjóðasamstarf | 62,5 | -2,0 | | | 60,5 |
| 201-1.06 | Almennur rekstur | 117,1 | -5,1 | | | 112,0 |
| 201-1.07 | Sérverkefni | 0,2 | 3,0 | | | 3,2 |
| 201-1.10 | Rekstur fasteigna | -28,6 | | | | -28,6 |
| 201-5.20 | Fasteignir | | | -31,4 | | -31,4 |
| 201-6.01 | Tæki og búnaður | | | | -18,2 | -18,2 |
| **00-610** | **Umboðsmaður Alþingis** | **10,7** | **-1,5** | | | **9,2** |
| 610-1.01 | Umboðsmaður Alþingis | 10,7 | -1,5 | | | 9,2 |
| **00-620** | **Ríkisendurskoðun** | **19,9** | **-7,9** | | **4,0** | **16,0** |
| 620-1.01 | Ríkisendurskoðun | 19,9 | -7,9 | | | 12,0 |
| 620-6.01 | Tæki og búnaður | | | | 4,0 | 4,0 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *01* | ***Forsætisráðuneyti*** | ***117,1*** | ***141,8*** | ***24,0*** | ***88,5*** | ***371,4*** |
| **01-101** | **Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa** | **84,3** | **8,5** | | | **92,8** |
| 101-1.01 | Yfirstjórn | 78,3 | 8,5 | | | 86,8 |
| 101-1.20 | Stjórnarráðshús | 6,0 | | | | 6,0 |
| **01-190** | **Ýmis verkefni** | **9,0** | **94,8** | **-0,5** | | **103,3** |
| 190-1.11 | Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag | | 10,0 | | | 10,0 |
| 190-1.12 | Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar | -10,1 | 10,9 | | | 0,8 |
| 190-1.13 | Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag | -10,6 | 37,8 | | | 27,2 |
| 190-1.15 | Útboðs- og einkavæðingarverkefni | 20,7 | -0,1 | | | 20,6 |
| 190-1.16 | Evrópunefnd | 4,1 | -0,2 | | | 3,9 |
| 190-1.17 | Úrskurðarnefnd upplýsingalaga | 1,9 | | | | 1,9 |
| 190-1.18 | Stjórnarskrárnefnd | 9,1 | -0,3 | | | 8,8 |
| 190-1.19 | Efnahagsrannsóknir | 9,9 | -5,0 | | | 4,9 |
| 190-1.40 | Gjöf Jóns Sigurðssonar | -0,8 | 5,8 | | | 5,0 |
| 190-1.90 | Ýmis verkefni | -15,2 | 35,9 | | | 20,7 |
| 190-5.25 | Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum | | | -0,5 | | -0,5 |
| **01-199** | **Ráðstöfunarfé** | | **2,1** | | | **2,1** |
| 199-1.10 | Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra | | 2,1 | | | 2,1 |
| **01-201** | **Fasteignir forsætisráðuneytis** | **-3,8** | **-8,8** | **20,9** | | **8,3** |
| 201-1.01 | Fasteignir forsætisráðuneytis | -3,8 | -8,8 | | | -12,6 |
| 201-5.29 | Fasteignir forsætisráðuneytis | | | 20,9 | | 20,9 |
| **01-203** | **Fasteignir Stjórnarráðsins** | | | | **59,2** | **59,2** |
| 203-6.25 | Nýbygging á Stjórnarráðsreit | | | | 59,2 | 59,2 |
| **01-231** | **Norræna ráðherranefndin** | **9,2** | **-0,8** | | | **8,4** |
| 231-1.01 | Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis | 9,2 | -0,8 | | | 8,4 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **01-241** | **Umboðsmaður barna** | **2,0** | **2,4** | | | **4,4** |
| 241-1.01 | Umboðsmaður barna | 2,0 | 2,4 | | | 4,4 |
| **01-251** | **Þjóðmenningarhúsið** | **7,1** | | | | **7,1** |
| 251-1.01 | Þjóðmenningarhúsið | 7,1 | | | | 7,1 |
| **01-253** | **Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn** | **-1,1** | **18,1** | | | **17,0** |
| 253-1.01 | Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn | -1,1 | 18,1 | | | 17,0 |
| **01-255** | **Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini** | **-0,7** | | **2,1** | **2,7** | **4,1** |
| 255-1.01 | Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini | -0,7 | | | | -0,7 |
| 255-5.21 | Viðhald | | | 2,1 | | 2,1 |
| 255-6.21 | Framkvæmdir | | | | 2,7 | 2,7 |
| **01-261** | **Óbyggðanefnd** | **12,9** | | | | **12,9** |
| 261-1.01 | Óbyggðanefnd | 12,9 | | | | 12,9 |
| **01-271** | **Ríkislögmaður** | **10,7** | | | | **10,7** |
| 271-1.01 | Ríkislögmaður | 10,7 | | | | 10,7 |
| **01-303** | **Kristnihátíðarsjóður** | **-19,5** | **27,0** | | | **7,5** |
| 303-1.11 | Kristnihátíðarsjóður | -19,5 | 27,0 | | | 7,5 |
| **01-902** | **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum** | **7,0** | **-1,5** | **1,5** | **-1,1** | **5,9** |
| 902-1.01 | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 7,0 | -1,5 | | | 5,5 |
| 902-5.01 | Fasteignir | | | 1,5 | | 1,5 |
| 902-6.01 | Nýframkvæmdir | | | | -1,1 | -1,1 |
| **01-996** | **Íslenska upplýsingasamfélagið** | | | | **27,7** | **27,7** |
| 996-6.51 | Íslenska upplýsingasamfélagið | | | | 27,7 | 27,7 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *02* | ***Menntamálaráðuneyti*** | ***1.465,7*** | ***-1.718,3*** | ***-57,2*** | ***2.009,2*** | ***1.699,4*** |
| **02-101** | **Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa** | **-24,2** | **10,8** | | | **-13,4** |
| 101-1.01 | Yfirstjórn | -24,2 | 10,8 | | | -13,4 |
| **02-199** | **Ráðstöfunarfé** | | **9,8** | | | **9,8** |
| 199-1.10 | Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra | | 9,8 | | | 9,8 |
| **02-201** | **Háskóli Íslands** | **1.532,1** | **-1.421,2** | **-162,0** | **-56,7** | **-107,8** |
| 201-1.01 | Kennsla | 1.810,1 | -379,6 | | | 1.430,5 |
| 201-1.02 | Rannsóknir og önnur verkefni | -74,9 | -1.321,7 | | | -1.396,6 |
| 201-1.13 | Háskólasjóður | -203,1 | 280,1 | | | 77,0 |
| 201-5.50 | Fasteignir | | | -162,0 | | -162,0 |
| 201-6.50 | Byggingarframkvæmdir og tækjakaup | | | | -56,7 | -56,7 |
| **02-202** | **Tilraunastöð Háskólans að Keldum** | **51,8** | **-34,8** | | | **17,0** |
| 202-1.01 | Tilraunastöð Háskólans að Keldum | 64,4 | -33,7 | | | 30,7 |
| 202-1.10 | Rannsóknadeild fisksjúkdóma | -12,6 | -1,1 | | | -13,7 |
| **02-203** | **Raunvísindastofnun Háskólans** | **85,4** | **-122,6** | | | **-37,2** |
| 203-1.01 | Yfirstjórn | 72,3 | -11,9 | | | 60,4 |
| 203-1.02 | Rekstur fasteigna | -14,8 | -1,0 | | | -15,8 |
| 203-1.03 | Rannsóknastofur | 27,9 | -109,7 | | | -81,8 |
| **02-204** | **Stofnun Sigurðar Nordals** | **20,8** | **-12,2** | | | **8,6** |
| 204-1.01 | Stofnun Sigurðar Nordals | -4,9 | -1,5 | | | -6,4 |
| 204-1.11 | Íslenskukennsla erlendis | 25,7 | -10,7 | | | 15,0 |
| **02-205** | **Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi** | **24,7** | **-23,5** | | | **1,2** |
| 205-1.01 | Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi | 10,1 | -15,2 | | | -5,1 |
| 205-1.20 | Bókaútgáfa | 14,6 | -8,3 | | | 6,3 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **02-206** | **Orðabók Háskólans** | **10,8** | **2,5** | | | **13,3** |
| 206-1.01 | Orðabók Háskólans | 10,8 | 2,5 | | | 13,3 |
| **02-207** | **Íslensk málstöð** | **3,2** | **1,3** | | | **4,5** |
| 207-1.01 | Íslensk málstöð | 3,2 | 1,3 | | | 4,5 |
| **02-208** | **Örnefnastofnun Íslands** | **-0,3** | **-2,3** | | | **-2,6** |
| 208-1.01 | Örnefnastofnun Íslands | -0,3 | -2,3 | | | -2,6 |
| **02-210** | **Háskólinn á Akureyri** | **-331,8** | **10,8** | | | **-321,0** |
| 210-1.01 | Háskólinn á Akureyri | -522,3 | -21,1 | | | -543,4 |
| 210-1.02 | Rannsóknir og önnur verkefni | 190,5 | 31,9 | | | 222,4 |
| **02-211** | **Tækniháskóli Íslands** | **18,7** | **-7,5** | | | **11,2** |
| 211-1.01 | Tækniháskóli Íslands | -9,8 | -7,5 | | | -17,3 |
| 211-1.02 | Rannsóknastarfsemi | 28,5 | | | | 28,5 |
| **02-215** | **Kennaraháskóli Íslands** | **-132,2** | **173,1** | | | **40,9** |
| 215-1.01 | Kennsla | -90,2 | 29,5 | | | -60,7 |
| 215-1.02 | Rannsóknir og önnur verkefni | -42,0 | 143,6 | | | 101,6 |
| **02-223** | **Námsmatsstofnun** | **-56,4** | **-1,9** | | | **-58,3** |
| 223-1.01 | Námsmatsstofnun | -56,4 | -1,9 | | | -58,3 |
| **02-231** | **Rannsóknamiðstöð Íslands** | **28,1** | **-21,8** | | | **6,3** |
| 231-1.01 | Rannsóknamiðstöð Íslands | 28,1 | -21,8 | | | 6,3 |
| **02-234** | **Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora** | **0,1** | | | | **0,1** |
| 234-1.11 | Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora | 0,1 | | | | 0,1 |
| **02-235** | **Markáætlun á sviði vísinda og tækni** | | | | **64,2** | **64,2** |
| 235-6.60 | Markáætlun á sviði vísinda og tækni | | | | 64,2 | 64,2 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **02-236** | **Rannsóknasjóður** | **159,7** | **-222,6** | | | **-62,9** |
| 236-1.10 | Rannsóknasjóður | 159,7 | -222,6 | | | -62,9 |
| **02-238** | **Tækjasjóður** | | | | **336,7** | **336,7** |
| 238-6.60 | Tækjasjóður | | | | 336,7 | 336,7 |
| **02-239** | **Rannsóknarnámssjóður** | **-1,9** | **-57,0** | | | **-58,9** |
| 239-1.01 | Rannsóknarnámssjóður | -1,9 | -57,0 | | | -58,9 |
| **02-269** | **Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður** | | | **39,9** | **23,4** | **63,3** |
| 269-5.21 | Viðhald | | | 39,9 | | 39,9 |
| 269-6.21 | Stofnkostnaður | | | | 23,4 | 23,4 |
| **02-299** | **Háskóla- og rannsóknastarfsemi** | **-60,2** | **59,4** | | | **-0,8** |
| 299-1.90 | Háskóla- og rannsóknastarfsemi | -61,6 | 59,4 | | | -2,2 |
| 299-1.91 | Háskólar, óskipt | 1,4 | | | | 1,4 |
| **02-301** | **Menntaskólinn í Reykjavík** | **47,8** | **-3,6** | | | **44,2** |
| 301-1.01 | Almennur rekstur | 47,8 | -3,6 | | | 44,2 |
| **02-302** | **Menntaskólinn á Akureyri** | **-14,7** | **-38,1** | | | **-52,8** |
| 302-1.01 | Almennur rekstur | -117,2 | -38,1 | | | -155,3 |
| 302-1.09 | Önnur verkefni | 102,5 | | | | 102,5 |
| **02-303** | **Menntaskólinn að Laugarvatni** | **-31,4** | **-0,3** | | | **-31,7** |
| 303-1.01 | Almennur rekstur | -84,6 | -0,3 | | | -84,9 |
| 303-1.09 | Önnur verkefni | 53,2 | | | | 53,2 |
| **02-304** | **Menntaskólinn við Hamrahlíð** | **62,3** | **-2,0** | | | **60,3** |
| 304-1.01 | Almennur rekstur | 48,5 | -2,0 | | | 46,5 |
| 304-1.09 | Önnur verkefni | 13,8 | | | | 13,8 |
| **02-305** | **Menntaskólinn við Sund** | **29,8** | **-0,1** | | | **29,7** |
| 305-1.01 | Almennur rekstur | 29,8 | -0,1 | | | 29,7 |

## Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **02-306** | **Menntaskólinn á Ísafirði** | **-6,9** | **-2,8** | | | **-9,7** |
| 306-1.01 | Almennur rekstur | -43,9 | -2,8 | | | -46,7 |
| 306-1.09 | Önnur verkefni | 37,0 | | | | 37,0 |
| **02-307** | **Menntaskólinn á Egilsstöðum** | **26,3** | **-2,3** | | | **24,0** |
| 307-1.01 | Almennur rekstur | -9,0 | -2,3 | | | -11,3 |
| 307-1.09 | Önnur verkefni | 35,3 | | | | 35,3 |
| **02-308** | **Menntaskólinn í Kópavogi** | **-22,8** | **-18,4** | | | **-41,2** |
| 308-1.01 | Almennur rekstur | -70,8 | -17,8 | | | -88,6 |
| 308-1.09 | Önnur verkefni | 48,0 | -0,6 | | | 47,4 |
| **02-309** | **Kvennaskólinn í Reykjavík** | **20,1** | **-2,0** | | | **18,1** |
| 309-1.01 | Almennur rekstur | 20,1 | -2,0 | | | 18,1 |
| **02-316** | **Fasteignir framhaldsskóla** | **111,7** | **-35,1** | **21,3** | | **97,9** |
| 316-1.05 | Fasteignir skóla | 111,7 | -35,1 | | | 76,6 |
| 316-5.21 | Viðhald | | | 21,3 | | 21,3 |
| **02-318** | **Framhaldsskólar, stofnkostnaður** | | | | **387,7** | **387,7** |
| 318-6.07 | Menntaskólinn á Egilsstöðum | | | | -5,7 | -5,7 |
| 318-6.90 | Byggingarframkvæmdir, óskipt | | | | 352,9 | 352,9 |
| 318-6.95 | Tæki og búnaður, óskipt | | | | 40,5 | 40,5 |
| **02-319** | **Framhaldsskólar, almennt** | **445,4** | **-502,1** | | | **-56,7** |
| 319-1.11 | Sameiginleg þjónusta | 50,7 | -68,4 | | | -17,7 |
| 319-1.12 | Orlof kennara | 18,6 | -45,4 | | | -26,8 |
| 319-1.13 | Forfallakennsla | -19,2 | -2,8 | | | -22,0 |
| 319-1.14 | Sérkennsla | -85,1 | 85,0 | | | -0,1 |
| 319-1.15 | Prófkostnaður | 22,8 | -24,4 | | | -1,6 |
| 319-1.17 | Námsskrárgerð | 78,4 | -74,7 | | | 3,7 |
| 319-1.18 | Námsefnisgerð | 72,1 | -67,7 | | | 4,4 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 319-1.19 | Kennslueftirlit | 10,3 | -9,6 | | | 0,7 |
| 319-1.21 | Nám tannsmiða | -0,4 | 0,9 | | | 0,5 |
| 319-1.23 | Ólympíuleikar í raungreinum | 6,6 | -8,5 | | | -1,9 |
| 319-1.26 | Þróunarsjóður | -2,1 | 26,7 | | | 24,6 |
| 319-1.27 | Íslenskukennsla | 46,2 | -37,6 | | | 8,6 |
| 319-1.28 | Mat á skólastarfi | 34,8 | -64,9 | | | -30,1 |
| 319-1.30 | Endurmenntun | -17,9 | 14,9 | | | -3,0 |
| 319-1.34 | Myndlistarskólinn í Reykjavík | 33,5 | -37,3 | | | -3,8 |
| 319-1.37 | Tónlistarnám | 22,8 | | | | 22,8 |
| 319-1.90 | Framhaldsskólar, óskipt | 173,3 | -188,3 | | | -15,0 |
| **02-350** | **Fjölbrautaskólinn í Breiðholti** | **23,6** | **-1,8** | | | **21,8** |
| 350-1.01 | Almennur rekstur | -13,8 | -1,8 | | | -15,6 |
| 350-1.09 | Önnur verkefni | 37,4 | | | | 37,4 |
| **02-351** | **Fjölbrautaskólinn Ármúla** | **86,2** | **-69,8** | | | **16,4** |
| 351-1.01 | Almennur rekstur | -35,9 | -69,8 | | | -105,7 |
| 351-1.09 | Önnur verkefni | 122,1 | | | | 122,1 |
| **02-352** | **Flensborgarskóli** | **-66,3** | **-6,9** | | | **-73,2** |
| 352-1.01 | Almennur rekstur | -66,3 | -6,9 | | | -73,2 |
| **02-353** | **Fjölbrautaskóli Suðurnesja** | **74,4** | **-10,5** | | | **63,9** |
| 353-1.01 | Almennur rekstur | 79,3 | -17,5 | | | 61,8 |
| 353-1.09 | Önnur verkefni | -4,9 | 7,0 | | | 2,1 |
| **02-354** | **Fjölbrautaskóli Vesturlands** | **-22,2** | **-1,9** | | | **-24,1** |
| 354-1.01 | Almennur rekstur | -87,9 | -1,9 | | | -89,8 |
| 354-1.09 | Önnur verkefni | 65,7 | | | | 65,7 |
| **02-355** | **Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum** | **18,6** | **-1,7** | | | **16,9** |
| 355-1.01 | Almennur rekstur | -5,8 | -1,7 | | | -7,5 |
| 355-1.09 | Önnur verkefni | 24,4 | | | | 24,4 |

## Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **02-356** | **Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra** | **-45,2** | **-2,3** | | | **-47,5** |
| 356-1.01 | Almennur rekstur | -104,5 | -2,2 | | | -106,7 |
| 356-1.09 | Önnur verkefni | 59,3 | -0,1 | | | 59,2 |
| **02-357** | **Fjölbrautaskóli Suðurlands** | **14,9** | **-7,9** | | | **7,0** |
| 357-1.01 | Almennur rekstur | 47,2 | -7,9 | | | 39,3 |
| 357-1.09 | Önnur verkefni | -32,3 | | | | -32,3 |
| **02-358** | **Verkmenntaskóli Austurlands** | **-10,3** | **-9,6** | | | **-19,9** |
| 358-1.01 | Almennur rekstur | -38,6 | -8,5 | | | -47,1 |
| 358-1.09 | Önnur verkefni | 28,3 | -1,1 | | | 27,2 |
| **02-359** | **Verkmenntaskólinn á Akureyri** | **-59,8** | **-19,9** | | | **-79,7** |
| 359-1.01 | Almennur rekstur | 91,7 | -21,5 | | | 70,2 |
| 359-1.09 | Önnur verkefni | -151,5 | 1,6 | | | -149,9 |
| **02-360** | **Fjölbrautaskólinn í Garðabæ** | **-84,4** | **-10,8** | | | **-95,2** |
| 360-1.01 | Almennur rekstur | -84,4 | -10,8 | | | -95,2 |
| **02-361** | **Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu** | **18,4** | **-0,2** | | | **18,2** |
| 361-1.01 | Almennur rekstur | 6,9 | -0,2 | | | 6,7 |
| 361-1.09 | Önnur verkefni | 11,5 | | | | 11,5 |
| **02-362** | **Framhaldsskólinn á Húsavík** | **6,1** | **-1,3** | | | **4,8** |
| 362-1.01 | Almennur rekstur | 6,1 | -1,3 | | | 4,8 |
| **02-363** | **Framhaldsskólinn á Laugum** | **-12,1** | **-0,2** | | | **-12,3** |
| 363-1.01 | Almennur rekstur | -41,4 | -0,2 | | | -41,6 |
| 363-1.09 | Önnur verkefni | 29,3 | | | | 29,3 |
| **02-365** | **Borgarholtsskóli** | **52,3** | **-11,7** | | | **40,6** |
| 365-1.01 | Almennur rekstur | 51,5 | -11,5 | | | 40,0 |
| 365-1.09 | Önnur verkefni | 0,8 | -0,2 | | | 0,6 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **02-367** | **Snæfellsskóli** | **-11,8** | | | | **-11,8** |
| 367-1.01 | Almennur rekstur | -11,8 | | | | -11,8 |
| **02-430** | **Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra** | **-26,6** | **20,5** | | | **-6,1** |
| 430-1.01 | Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra | -28,1 | -2,5 | | | -30,6 |
| 430-1.02 | Nám táknmálstúlka | 1,5 | 23,0 | | | 24,5 |
| **02-441** | **Fullorðinsfræðsla fatlaðra** | **-15,3** | | | | **-15,3** |
| 441-1.01 | Kennsla | -48,2 | | | | -48,2 |
| 441-1.02 | Annað en kennsla | 32,9 | | | | 32,9 |
| **02-451** | **Símenntun og fjarkennsla** | **17,7** | **-6,5** | | | **11,2** |
| 451-1.11 | *Símenntun og fjarkennsla* | 17,7 | -6,5 | | | 11,2 |
| **02-514** | **Iðnskólinn í Reykjavík** | | **-20,6** | | | **-20,6** |
| 514-1.01 | Almennur rekstur | -85,5 | -20,6 | | | -106,1 |
| 514-1.09 | Önnur verkefni | 85,5 | | | | 85,5 |
| **02-516** | **Iðnskólinn í Hafnarfirði** | **78,6** | **-0,2** | | | **78,4** |
| 516-1.01 | Almennur rekstur | 78,6 | -0,2 | | | 78,4 |
| **02-541** | **Hússtjórnarskólinn í Reykjavík** | **0,1** | | | | **0,1** |
| 541-1.01 | Kennsla | 0,1 | | | | 0,1 |
| **02-564** | **Listdansskólinn** | **-91,5** | **-0,4** | | | **-91,9** |
| 564-1.01 | Kennsla | -57,4 | | | | -57,4 |
| 564-1.02 | Annað en kennsla | -34,1 | -0,4 | | | -34,5 |
| **02-720** | **Grunnskólar, almennt** | **65,8** | **-64,9** | | | **0,9** |
| 720-1.31 | Sérstök fræðsluverkefni | 55,7 | -68,8 | | | -13,1 |
| 720-1.33 | Þróunarsjóður leikskóla | -1,2 | 5,2 | | | 4,0 |
| 720-1.35 | Samræmd próf | | 0,9 | | | 0,9 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 720-1.37 | Endurmenntun | 17,7 | -10,5 | | | 7,2 |
| 720-1.70 | Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á | -2,5 | 2,3 | | | -0,2 |
| 720-1.82 | Þróunarstarf í grunnskólum | -3,9 | 6,0 | | | 2,1 |
| **02-725** | **Námsgagnastofnun** | **11,3** | **-0,1** | | | **11,2** |
| 725-1.01 | Námsgagnastofnun | 11,3 | -0,1 | | | 11,2 |
| **02-804** | **Kvikmyndaskoðun** | **-22,4** | | | | **-22,4** |
| 804-1.01 | Kvikmyndaskoðun | -22,4 | | | | -22,4 |
| **02-884** | **Jöfnun á námskostnaði** | **14,9** | **-5,2** | | | **9,7** |
| 884-1.01 | Jöfnun á námskostnaði | -46,3 | -8,7 | | | -55,0 |
| 884-1.10 | Skólaakstur | 61,2 | 3,5 | | | 64,7 |
| **02-901** | **Fornleifavernd ríkisins** | **-5,8** | **-1,2** | | | **-7,0** |
| 901-1.01 | Fornleifavernd ríkisins | -5,8 | -1,2 | | | -7,0 |
| **02-902** | **Þjóðminjasafn Íslands** | **25,7** | | **43,6** | **-19,7** | **49,6** |
| 902-1.01 | Þjóðminjasafn Íslands | -11,1 | 1,0 | | | -10,1 |
| 902-1.10 | Byggða- og minjasöfn | 35,8 | -1,0 | | | 34,8 |
| 902-1.11 | Hönnunarsafn Íslands | 1,0 | | | | 1,0 |
| 902-5.21 | Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins | | | 43,6 | | 43,6 |
| 902-6.01 | Tæki og búnaður | | | | -19,7 | -19,7 |
| **02-903** | **Þjóðskjalasafn Íslands** | **-10,9** | **15,8** | | | **4,9** |
| 903-1.01 | Þjóðskjalasafn Íslands | -10,7 | 7,1 | | | -3,6 |
| 903-1.11 | Héraðsskjalasöfn | -0,2 | 8,7 | | | 8,5 |
| **02-905** | **Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn** | **-2,6** | **3,1** | | **-57,0** | **-56,5** |
| 905-1.01 | Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn | -2,6 | 3,1 | | | 0,5 |
| 905-6.05 | Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur | | | | -57,1 | -57,1 |
| 905-6.06 | Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands | | | | 0,1 | 0,1 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **02-906** | **Listasafn Einars Jónssonar** | **10,8** | **0,5** | | | **11,3** |
| 906-1.01 | Listasafn Einars Jónssonar | 10,8 | 0,5 | | | 11,3 |
| **02-907** | **Listasafn Íslands** | **16,2** | **-0,6** | | **13,4** | **29,0** |
| 907-1.01 | Listasafn Íslands | 1,1 | -0,6 | | | 0,5 |
| 907-1.02 | Listasafn Ásgríms Jónssonar | 15,1 | | | | 15,1 |
| 907-6.01 | Listaverkakaup | | | | 13,4 | 13,4 |
| **02-908** | **Kvikmyndasafn Íslands** | **-13,2** | **-1,9** | | **27,0** | **11,9** |
| 908-1.01 | Kvikmyndasafn Íslands | -13,2 | -1,9 | | | -15,1 |
| 908-6.01 | Tæki og búnaður | | | | 27,0 | 27,0 |
| **02-909** | **Blindrabókasafn Íslands** | **-0,3** | **-0,3** | | | **-0,6** |
| 909-1.01 | Blindrabókasafn Íslands | -0,3 | -0,3 | | | -0,6 |
| **02-918** | **Safnasjóður** | **-11,5** | **17,7** | | | **6,2** |
| 918-1.10 | Safnasjóður | -11,5 | 17,7 | | | 6,2 |
| **02-919** | **Söfn, ýmis framlög** | **-15,7** | **21,6** | | **8,0** | **13,9** |
| 919-1.90 | Söfn, ýmis framlög | -8,5 | 12,6 | | | 4,1 |
| 919-1.98 | Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis | -7,2 | 9,0 | | | 1,8 |
| 919-6.90 | Söfn, ýmis stofnkostnaður | | | | 8,0 | 8,0 |
| **02-969** | **Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður** | | | | **1.259,2** | **1.259,2** |
| 969-6.21 | Endurbætur menningarstofnana | | | | 194,8 | 194,8 |
| 969-6.23 | Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðustefnumiðstöðvar í | | | | 65,7 | 65,7 |
| 969-6.95 | Menningarhús | | | | 998,7 | 998,7 |
| **02-972** | **Íslenski dansflokkurinn** | **22,5** | **-13,5** | | | **9,0** |
| 972-1.01 | Íslenski dansflokkurinn | 22,5 | -13,5 | | | 9,0 |
| **02-973** | **Þjóðleikhúsið** | **-90,8** | | | | **-90,8** |
| 973-1.01 | Þjóðleikhúsið | -90,8 | | | | -90,8 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **02-976** | **Menningarsjóður** | **3,1** | **2,7** | | | **5,8** |
| 976-1.01 | Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 | 3,1 | 2,7 | | | 5,8 |
| **02-977** | **Höfundarréttargjöld** | | **-1,0** | | | **-1,0** |
| 977-1.14 | Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur | | -1,0 | | | -1,0 |
| **02-978** | **Listasjóðir** | **-32,5** | **121,0** | | | **88,5** |
| 978-1.01 | Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991 | -32,5 | 121,0 | | | 88,5 |
| **02-979** | **Húsafriðunarnefnd** | **-15,6** | **-20,2** | | **60,7** | **24,9** |
| 979-1.01 | Almennur rekstur | -15,6 | -20,2 | | | -35,8 |
| 979-6.10 | Húsafriðunarsjóður | | | | 60,7 | 60,7 |
| **02-980** | **Listskreytingasjóður** | | | | **3,0** | **3,0** |
| 980-6.01 | Listskreytingasjóður | | | | 3,0 | 3,0 |
| **02-981** | **Kvikmyndamiðstöð Íslands** | **-229,1** | **388,2** | | | **159,1** |
| 981-1.01 | Almennur rekstur | -215,4 | -394,6 | | | -610,0 |
| 981-1.10 | Kvikmyndasjóðir | -13,7 | 782,8 | | | 769,1 |
| **02-982** | **Listir, framlög** | **-84,3** | **140,2** | | **8,5** | **64,4** |
| 982-1.15 | Þýðingarsjóður | -0,3 | 16,2 | | | 15,9 |
| 982-1.16 | Bókmenntakynningarsjóður | -26,7 | 25,1 | | | -1,6 |
| 982-1.17 | Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar | -3,0 | -5,5 | | | -8,5 |
| 982-1.24 | Starfsemi atvinnuleikhópa | -2,8 | 13,4 | | | 10,6 |
| 982-1.25 | Tónlistarsjóður | -0,2 | 6,7 | | | 6,5 |
| 982-1.27 | Tónlist fyrir alla | -7,4 | 7,6 | | | 0,2 |
| 982-1.28 | Barnamenningarsjóður | -2,7 | 4,1 | | | 1,4 |
| 982-1.76 | Menningarsjóður félagsheimila | -0,7 | 2,8 | | | 2,1 |
| 982-1.90 | Listir | -35,5 | 37,3 | | | 1,8 |
| 982-1.91 | Menningarstofnanir, óskipt | -5,0 | 32,5 | | | 27,5 |
| 982-6.43 | Menningarmiðstöðvar á Austurlandi | | | | 8,5 | 8,5 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| | | Rekstur | Tilfærslur | Viðhald | Stofnkost. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **02-983** | **Ýmis fræðistörf** | **-62,6** | **90,4** | | | **27,8** |
| 983-1.10 | Fræðistörf | 0,8 | -0,3 | | | 0,5 |
| 983-1.11 | Styrkir til útgáfumála | 0,1 | 14,8 | | | 14,9 |
| 983-1.17 | Launasjóður höfunda fræðirita | -2,7 | 4,9 | | | 2,2 |
| 983-1.20 | Iðnsaga Íslands | -38,8 | 43,4 | | | 4,6 |
| 983-1.21 | Tónlistarsaga Íslands | -22,0 | 27,1 | | | 5,1 |
| 983-1.23 | Hið íslenska bókmenntafélag | | 0,5 | | | 0,5 |
| **02-984** | **Norræn samvinna** | **-23,1** | **18,2** | | | **-4,9** |
| 984-1.90 | Norræn samvinna | -23,1 | 18,2 | | | -4,9 |
| **02-985** | **Alþjóðleg samskipti** | **-116,5** | **91,3** | | | **-25,2** |
| 985-1.90 | Alþjóðleg samskipti | -116,5 | 91,3 | | | -25,2 |
| **02-988** | **Æskulýðsmál** | **-13,5** | **31,6** | | | **18,1** |
| 988-1.10 | Æskulýðsráð ríkisins | -8,4 | 12,2 | | | 3,8 |
| 988-1.18 | Æskulýðsrannsóknir | -3,1 | 7,8 | | | 4,7 |
| 988-1.19 | Æskulýðssjóður | -0,1 | 5,0 | | | 4,9 |
| 988-1.90 | Æskulýðsmál | -1,9 | 6,6 | | | 4,7 |
| **02-989** | **Ýmis íþróttamál** | **19,1** | **-8,6** | | | **10,5** |
| 989-1.15 | Skólaíþróttir | -0,2 | 1,3 | | | 1,1 |
| 989-1.16 | Íþróttasjóður | -4,3 | 14,6 | | | 10,3 |
| 989-1.17 | Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri | 3,8 | -2,0 | | | 1,8 |
| 989-1.22 | Launasjóður stórmeistara í skák | -0,8 | | | | -0,8 |
| 989-1.25 | Skákskóli Íslands | | 0,2 | | | 0,2 |
| 989-1.90 | Ýmis íþróttamál | 20,6 | -22,7 | | | -2,1 |
| **02-994** | **Uppbygging menntunar og menningar á landsbyggðinni** | **34,6** | **-105,6** | | | **-71,0** |
| 994-1.01 | Uppbygging menntunar og menningar á landsbyggðinni | 34,6 | -105,6 | | | -71,0 |

# Breytingar á fjárveitingum ársins 2006 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2005

| **12-402** | **Fjármálaeftirlitið** | **8,6** | **309,5** | **-11,5** | | **1,9** | **308,5** | **319,0** | **-10,5** |
| 402-1.01 | Fjármálaeftirlitið | 8,6 | 309,5 | -11,5 | | 1,9 | 308,5 | 319,0 | -10,5 |
| **12-411** | **Samkeppniseftirlitið** | | | **88,9** | | | **88,9** | **71,2** | **17,7** |
| 411-1.01 | Samkeppniseftirlitið | | | 88,9 | | | 88,9 | 71,2 | 17,7 |
| **12-421** | **Neytendastofa** | | | **132,7** | | **33,6** | **166,3** | **124,8** | **41,5** |
| 421-1.01 | Neytendastofa | | | 132,7 | | 33,6 | 166,3 | 124,8 | 41,5 |
| **12-811** | **Flutningssjóður olíuvara** | | **481,0** | | | **-76,6** | **404,4** | **404,4** | |
| 811-1.10 | Flutningssjóður olíuvara | | 481,0 | | | -76,6 | 404,4 | 404,4 | |
| **12-902** | **Samkeppnisstofnun** | **5,0** | **177,7** | **-88,9** | **4,0** | | **97,8** | **93,8** | **4,0** |
| 902-1.01 | Samkeppnisstofnun | 8,1 | 176,0 | -88,9 | 4,0 | | 99,2 | 93,8 | 5,4 |
| 902-6.01 | Tæki og búnaður | -3,1 | 1,7 | | | | -1,4 | | -1,4 |
| **12-999** | **Ýmis viðskiptamál** | | **14,8** | **6,5** | | | **21,3** | **20,7** | **0,6** |
| 999-1.10 | Fjárfestingarstofan, almennt svið | | 14,8 | | | | 14,8 | 14,8 | |
| 999-1.15 | Talsmaður neytenda | | | 6,5 | | | 6,5 | 5,9 | 0,6 |

## Uppruni fjárheimilda ársins 2005, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

| | | Flutt frá fyrra ári | Fjárlög | Fjáraukalög | Millifært | Lokafjárlög | Alls heimildir | Reikningur | Staða í árslok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *13 Hagstofa Íslands* | | *-21,4* | *600,9* | *6,0* | *10,9* | *20,3* | *616,7* | *631,6* | *-14,9* |
| **13-101** | **Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa** | **-21,4** | **600,9** | **6,0** | **10,9** | **20,3** | **616,7** | **631,6** | **-14,9** |
| 101-1.01 | Yfirstjórn | -104,1 | 466,0 | | 9,1 | | 371,0 | 500,5 | -129,5 |
| 101-1.50 | Þjóðskráin | 87,6 | 122,7 | 6,0 | 1,8 | 20,3 | 238,4 | 120,2 | 118,2 |
| 101-6.01 | Tæki og búnaður | -4,9 | 12,2 | | | | 7,3 | 10,9 | -3,6 |
| *14 Umhverfisráðuneyti* | | *703,4* | *4.551,4* | *-150,7* | *61,5* | *281,4* | *5.447,0* | *4.233,2* | *1.213,8* |
| **14-101** | **Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa** | **3,9** | **241,7** | | **22,4** | | **268,0** | **250,8** | **17,2** |
| 101-1.01 | Yfirstjórn | 12,6 | 239,0 | | 22,4 | | 274,0 | 245,7 | 28,3 |
| 101-6.01 | Tæki og búnaður | -8,7 | 2,7 | | | | -6,0 | 5,1 | -11,1 |
| **14-190** | **Ýmis verkefni** | **13,8** | **166,3** | **54,9** | **23,0** | | **258,0** | **171,7** | **86,3** |
| 190-1.10 | Fastanefndir | -1,9 | 8,0 | | 22,1 | | 28,2 | 11,0 | 17,2 |
| 190-1.12 | Samvinnunefnd um miðhálendið | -0,6 | 8,6 | | 0,1 | | 8,1 | 10,6 | -2,5 |
| 190-1.23 | Ýmis umhverfisverkefni | 8,1 | 19,6 | | 0,6 | | 28,3 | 22,7 | 5,6 |
| 190-1.29 | Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum | -3,6 | 13,2 | | | | 9,6 | 13,2 | -3,6 |
| 190-1.35 | Umhverfisvöktun | 12,4 | 28,0 | | | | 40,4 | 28,3 | 12,1 |
| 190-1.36 | Rannsóknir og útrýming á mink | | | 45,0 | | | 45,0 | | 45,0 |
| 190-1.40 | Alþjóðastofnanir | | 18,5 | | | | 18,5 | 17,0 | 1,5 |
| 190-1.41 | Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlæg | 1,7 | 10,3 | | 0,2 | | 12,2 | 10,3 | 1,9 |
| 190-1.42 | Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mei | | 8,2 | | 0,1 | | 8,3 | 8,2 | 0,1 |
| 190-1.43 | Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rú | 1,5 | 1,4 | | | | 2,9 | | 2,9 |
| 190-1.51 | Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur | 0,1 | 3,1 | | 0,1 | | 3,3 | 1,1 | 2,2 |
| 190-1.54 | Rannsóknastöð að Kvískerjum | 0,6 | 1,1 | | | | 1,7 | 0,1 | 1,6 |
| 190-1.56 | Vernd Breiðafjarðar | 2,5 | 7,0 | | 0,1 | | 9,6 | 9,2 | 0,4 |
| 190-1.61 | Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál | -9,0 | 21,8 | 9,9 | 0,2 | | 22,9 | 23,0 | -0,1 |
| 190-1.90 | Ýmis verkefni | 2,0 | 17,5 | | -0,5 | | 19,0 | 17,0 | 2,0 |

# Uppruni fjárheimilda ársins 2005, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

| | | Flutt frá fyrra ári | Fjárlög | Fjár-aukalög | Milli-færð | Loka-fjárlög | Alls heimildir | Reikn-ingur | Staða í árslok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **14-199** | **Ráðstöfunarfé** | | **5,0** | | **-5,0** | | | | |
| 199-1.10 | Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra | | 5,0 | | -5,0 | | | | |
| **14-202** | **Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn** | **-5,5** | **10,1** | | **0,3** | | **4,9** | **7,9** | **-3,0** |
| 202-1.01 | Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn | -5,5 | 10,1 | | 0,3 | | 4,9 | 7,9 | -3,0 |
| **14-211** | **Umhverfisstofnun** | **-16,7** | **580,5** | **12,5** | **6,5** | **52,7** | **635,5** | **623,5** | **12,0** |
| 211-1.01 | Umhverfisstofnun | -81,1 | 510,3 | 2,0 | 6,3 | 52,7 | 490,2 | 571,6 | -81,4 |
| 211-1.11 | Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref o | 6,0 | 20,9 | 10,5 | 0,2 | | 37,6 | 32,1 | 5,5 |
| 211-5.41 | Þjóðgarðar og friðlýst svæði | 70,2 | 35,0 | | | | 105,2 | 0,7 | 104,5 |
| 211-6.01 | Tæki og búnaður | -11,8 | 14,3 | | | | 2,5 | 19,1 | -16,6 |
| **14-281** | **Styrkir til fráveitna sveitarfélaga** | **-106,3** | **220,0** | | | | **113,7** | **212,1** | **-98,4** |
| 281-6.51 | Styrkir til fráveitna sveitarfélaga | -106,3 | 220,0 | | | | 113,7 | 212,1 | -98,4 |
| **14-287** | **Úrvinnslusjóður** | **577,6** | **1.035,0** | **-497,0** | | **122,7** | **1.238,3** | **511,6** | **726,7** |
| 287-1.01 | Almennur rekstur | 1,9 | 55,0 | | | | 56,9 | | 56,9 |
| 287-1.10 | Úrvinnslusjóður | 575,7 | 980,0 | -497,0 | | 122,7 | 1.181,4 | 511,6 | 669,8 |
| **14-289** | **Endurvinnslan hf.** | | **715,0** | | | **102,0** | **817,0** | **817,0** | |
| 289-1.10 | Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun | | 715,0 | | | 102,0 | 817,0 | 817,0 | |
| **14-301** | **Skipulagsstofnun** | **9,1** | **125,8** | | **1,9** | | **136,8** | **136,9** | **-0,1** |
| 301-1.01 | Skipulagsstofnun | 5,1 | 116,4 | | 1,7 | | 123,2 | 117,0 | 6,2 |
| 301-1.11 | Mat á umhverfisáhrifum | 4,0 | 9,4 | | 0,2 | | 13,6 | 19,9 | -6,3 |
| **14-303** | **Skipulagsmál sveitarfélaga** | **53,4** | **105,0** | | | | **158,4** | **120,6** | **37,8** |
| 303-1.11 | Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sen | -135,4 | 60,0 | | | | -75,4 | 82,6 | -158,0 |
| 303-1.13 | Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við s | 188,8 | 45,0 | | | | 233,8 | 38,0 | 195,8 |

# Uppruni fjárheimilda ársins 2005, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

| | | Flutt frá fyrra ári | Fjárlög | Fjáraukalög | Millifært | Lokafjárlög | Alls heimildir | Reikningur | Staða í árslok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **14-310** | **Landmælingar Íslands** | **9,1** | **184,1** | | **2,2** | **4,0** | **199,4** | **190,7** | **8,7** |
| 310-1.01 | Landmælingar Íslands | 15,1 | 179,6 | | 2,2 | 4,0 | 200,9 | 186,6 | 14,3 |
| 310-6.01 | Tæki og búnaður | -6,0 | 4,5 | | | | -1,5 | 4,1 | -5,6 |
| **14-321** | **Brunamálastofnun ríkisins** | **95,8** | **110,5** | **50,0** | **0,8** | | **257,1** | **126,0** | **131,1** |
| 321-1.01 | Brunamálastofnun ríkisins | 99,7 | 84,8 | 50,0 | 0,7 | | 235,2 | 101,4 | 133,8 |
| 321-1.10 | Námssjóður | 3,2 | 3,5 | | | | 6,7 | 1,5 | 5,2 |
| 321-1.20 | Brunamálaskóli | 12,1 | 20,0 | | 0,1 | | 32,2 | 22,2 | 10,0 |
| 321-6.01 | Tæki og búnaður | -19,2 | 2,2 | | | | -17,0 | 0,9 | -17,9 |
| **14-381** | **Ofanflóðasjóður** | **94,0** | **238,2** | **180,0** | | | **512,2** | **261,6** | **250,6** |
| 381-1.01 | Almennur rekstur | 121,9 | 15,2 | | | | 137,1 | -160,0 | 297,1 |
| 381-6.60 | Ofanflóðasjóður | -27,9 | 223,0 | 180,0 | | | 375,1 | 421,6 | -46,5 |
| **14-401** | **Náttúrufræðistofnun Íslands** | **-38,2** | **194,3** | **38,9** | **2,6** | | **197,6** | **227,6** | **-30,0** |
| 401-1.01 | Yfirstjórn | -5,6 | 20,3 | | 0,3 | | 15,0 | 27,7 | -12,7 |
| 401-1.02 | Setur í Reykjavík | -15,1 | 111,5 | 38,9 | 1,6 | | 136,9 | 138,4 | -1,5 |
| 401-1.03 | Setur á Akureyri | -54,0 | 55,7 | | 0,7 | | 2,4 | 61,5 | -59,1 |
| 401-5.21 | Fasteignir | 17,9 | 0,5 | | | | 18,4 | | 18,4 |
| 401-6.01 | Tæki og búnaður | 18,6 | 6,3 | | | | 24,9 | | 24,9 |
| **14-403** | **Náttúrustofur** | **0,2** | **90,3** | | | | **90,5** | **90,3** | **0,2** |
| 403-1.10 | Náttúrustofa Neskaupstað | 0,2 | 12,9 | | | | 13,1 | 12,9 | 0,2 |
| 403-1.11 | Náttúrustofa Vestmannaeyjum | | 12,9 | | | | 12,9 | 12,9 | |
| 403-1.12 | Náttúrustofa Bolungarvík | | 12,9 | | | | 12,9 | 12,9 | |
| 403-1.13 | Náttúrustofa Stykkishólmi | | 12,9 | | | | 12,9 | 12,9 | |
| 403-1.14 | Náttúrustofa Sauðárkróki | | 12,9 | | | | 12,9 | 12,9 | |
| 403-1.15 | Náttúrustofa Sandgerði | | 12,9 | | | | 12,9 | 12,9 | |
| 403-1.16 | Náttúrustofa Húsavík | | 12,9 | | | | 12,9 | 12,9 | |

# Uppruni fjárheimilda ársins 2005, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

| | | Flutt frá fyrra ári | Fjárlög | Fjáraukalög | Millifært | Lokafjárlög | Alls heimildir | Reikningur | Staða í árslok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **14-407** | **Stofnun Vilhjálms Stefánssonar** | **-6,8** | **23,1** | | **0,4** | | **16,7** | **20,3** | **-3,6** |
| 407-1.01 | Stofnun Vilhjálms Stefánssonar | -13,7 | 22,6 | | 0,4 | | 9,3 | 20,1 | -10,8 |
| 407-6.01 | Tæki og búnaður | 6,9 | 0,5 | | | | 7,4 | 0,2 | 7,2 |
| **14-410** | **Veðurstofa Íslands** | **20,0** | **496,5** | **10,0** | **6,4** | | **532,9** | **464,6** | **68,3** |
| 410-1.01 | Almenn starfsemi | -1,2 | 455,9 | | 6,4 | | 461,1 | 445,8 | 15,3 |
| 410-1.70 | Veðurþjónusta fyrir millilandaflug | 3,1 | | | | | 3,1 | | 3,1 |
| 410-6.01 | Tæki og búnaður | 18,1 | 40,6 | 10,0 | | | 68,7 | 18,8 | 49,9 |
| **14-996** | **Íslenska upplýsingasamfélagið** | | **10,0** | | | | **10,0** | | **10,0** |
| 996-6.51 | Íslenska upplýsingasamfélagið | | 10,0 | | | | 10,0 | | 10,0 |
| ***19 Vaxtagjöld ríkissjóðs*** | | | ***15.450,0*** | ***-1.340,0*** | | | ***14.110,0*** | ***13.419,6*** | ***690,4*** |
| **19-801** | **Vaxtagjöld ríkissjóðs** | | **15.450,0** | **-1.340,0** | | | **14.110,0** | **13.419,6** | **690,4** |
| 801-1.10 | Vaxtagjöld ríkissjóðs | | 15.450,0 | -1.340,0 | | | 14.110,0 | 13.419,6 | 690,4 |

## 563. Nefndarálit [376. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem varða tímasetningar á tilteknum ráðstöfunum söluandvirðis Landssíma Íslands hf. frá því sem áður var ákveðið með lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Þannig er lagt til að samtals 2.400 millj. kr. ráðstöfun verði færð af árinu 2007 til ársins 2008 og að samtals 1.000 millj. kr. ráðstöfun verði færð af árinu 2007 til ársins 2006.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 7. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Birkir J. Jónsson, form., frsm. | Arnbjörg Sveinsdóttir. | Kjartan Ólafsson. |
| Þórdís Sigurðardóttir. | Sigríður A. Þórðardóttir. | Jón Kristjánsson. |

## 564. Fyrirspurn [441. mál]

til menntamálaráðherra um tilraunaverkefnið Bráðger börn.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver er staða tilraunaverkefnisins Bráðger börn?
2. Hefur verið gerð úttekt að áhrifum slíks verkefnis á börnin sjálf?
3. Nær verkefnið til barna utan höfuðborgarsvæðisins?

## 565. Fyrirspurn [442. mál]

til menntamálaráðherra um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver er fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins miðað við 1. desember 2006? Óskað er eftir upplýsingum um helstu stærðir í efnahags- og rekstrarreikningi, þ.m.t. sundurliðun á skuldum, og um stöðuna gagnvart ríkissjóði.

2. Hver var sambærileg staða í lok áranna 2004 og 2005?

**Skriflegt svar óskast.**

# 566. Frumvarp til laga [443. mál]

um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Almennt ákvæði.

1. gr.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt að taka þátt í alþjóðlegri friðargæslu og senda fólk til starfa við friðargæsluverkefni í því skyni.

Til friðargæsluverkefna heyra m.a. eftirfarandi aðgerðir:

a. Aðgerðir til að koma á friði með viðveru og starfi friðargæsluliða og skapa friðvænleg skilyrði til framtíðar á átakasvæðum.
b. Aðgerðir til að halda hættuástandi á átakasvæðum í skefjum.
c. Aðgerðir til að tryggja stöðugleika og starfa með heimamönnum á átakasvæðum í því skyni að koma í veg fyrir að átök brjótist út.
d. Verkefni borgaralegra sérfræðinga sem stuðla að uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði.
e. Mannúðar- og neyðaraðstoð við flóttafólk og fórnarlömb átaka eða náttúruhamfara.

## II. KAFLI
## Störf og réttarstaða friðargæsluliða.

2. gr.

Íslenska friðargæslan starfar sem eining innan utanríkisráðuneytisins og er hlutverk hennar að skipuleggja og hafa umsjón með friðargæsluverkefnum á vegum ráðuneytisins. Utanríkisráðherra ákveður friðargæsluverkefni hverju sinni og hefur samráð við utanríkismálanefnd Alþingis þegar við á. Friðargæsluliðar, sem sendir eru til starfa við verkefni á vegum alþjóðasamtaka eða -stofnana sem Ísland á aðild að eða starfar með samkvæmt samningum, heyra í daglegum störfum sínum undir stjórn viðkomandi samtaka eða stofnunar nema annað sé ákveðið.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu bera einkennisklæðnað þar sem við á, með hliðsjón af skipulagi og eðli þess verkefnis sem sinnt er. Jafnframt skal utanríkisráðuneytið ákveða þeim tignargráðu innan skipulags viðkomandi alþjóðastofnunar þegar þörf krefur.

3. gr.

Íslenskum friðargæsluliðum er heimilt að bera vopn við störf sín sér til sjálfsvarnar krefjist aðstæður þess, enda hafi þeir fengið viðeigandi þjálfun til vopnaburðarins. Utanríkisráðherra setur reglur um vopnaburð og skyldur friðargæsluliða sem bera vopn við störf fyrir íslensku friðargæsluna.

4. gr.

Íslenskum friðargæsluliðum er heimilt að hafa nauðsynleg lyf og lækningatæki meðferðis við störf erlendis í samræmi við eðli og umfang verkefnisins hverju sinni.

5. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar heyra á erlendri grundu undir íslenska refsilögsögu. Ríkissaksóknari fer með rannsókn og ákæruvald vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi íslenskra friðargæsluliða. Slík sakamál skulu rekin fyrir íslenskum dómstólum í samræmi við almennar reglur opinbers réttarfars.

Íslenska ríkið fer með lögsögu að því er varðar agaviðurlög vegna brota íslenskra friðargæsluliða.

6. gr.

Þegar metið er hvort íslenskur friðargæsluliði hafi í starfi sínu á röstursömu svæði eða átakasvæði erlendis farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, sbr. 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, skal, honum til málsbóta, sérstaklega litið til þess hvort aðstæður hafi verið hættulegar eða til þess fallnar að vekja með honum óöryggi eða ugg og aðstæðna að öðru leyti.

Að öðru leyti fer um refsiábyrgð íslenskra friðargæsluliða eftir almennum hegningarlögum.

7. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu reglur sem Ísland er skuldbundið af og réttaráhrif hafa gagnvart einstaklingum. Friðargæsluliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt reglum og leiðbeiningum þeirrar stofnunar sem verkefnið annast, lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu gangast undir siðareglur um störf sín sem utanríkisráðherra setur.

8. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar mega ekki taka þátt í stjórnmálastarfi eða mótmælum á því svæði sem þeir starfa á erlendis.

III. KAFLI

**Um ráðningu friðargæsluliða, kjör o.fl.**

9. gr.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt að halda skrá yfir fólk sem er reiðubúið að takast á hendur friðargæsluverkefni erlendis. Heimilt er að binda skráningu almennum lágmarksskilyrðum, þar á meðal um menntun, þekkingu, reynslu, heilsufar, tungumálakunnáttu og aðra eiginleika eftir því sem ráðuneytið telur nauðsynlegt. Utanríkisráðuneytið metur að öðru leyti sérstaklega hvaða þekking, kunnátta eða reynsla kemur að mestum notum þegar ráðið er til einstakra verkefna og er þá ekki bundið af framangreindri skrá.

Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, um auglýsingu starfa gilda ekki um störf við friðargæslu.

10. gr.

Friðargæsluliðar skulu ráðnir tímabundið að hámarki til eins árs í senn. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningartíma skal vera einn mánaður. Ákvæði 1. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996 taka ekki til friðargæsluliða.

11. gr.

Ríkisstarfsmenn skulu eiga rétt á launalausu leyfi þann tíma sem þeir gegna friðargæslustarfi. Slíkt leyfi hefur ekki áhrif á önnur starfsréttindi þeirra, þar á meðal til aðildar að stéttarfélagi og til greiðslu í lífeyrissjóð. Starfstími þeirra við friðargæslu skal reiknaður sem hluti af starfstíma þeirra í hinu fasta starfi hjá ríkinu.

12. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu vera líf-, sjúkra- og slysatryggðir á meðan ráðningarsamningur við þá er í gildi. Skulu slíkar tryggingar ná bæði til atvika sem verða í starfi og utan starfs á erlendri grundu meðan ráðningarsamningur við þá er í gildi. Sams konar tryggingar skulu gilda fyrir þá starfsmenn utanríkisráðuneytisins og sérfræðinga í skammtímaverkefnum sem ferðast til staða sem íslenska friðargæslan starfar á. Nánar skal kveðið á um skilmála slíkrar tryggingar í reglugerð.

13. gr.

Ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, gilda ekki um störf íslenskra friðargæsluliða á erlendri grundu.

Ákvæði laga og kjarasamninga um vinnutíma, hvíldartíma og frídaga gilda ekki um friðargæsluliða. Friðargæsluliðum er ekki greitt aukalega vegna yfirvinnu og álags sem vinnu þeirra kann að fylgja.

14. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

## IV. KAFLI
## **Reglugerðarheimild og gildistaka.**

15. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara í reglugerð.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum misserum stefnt að aukinni þátttöku í friðargæslustörfum á erlendri grundu. Í nóvember 2000 skilaði starfshópur sem ríkisstjórnin skipaði tillögum um aukna þátttöku Íslands í friðargæslu á vegum alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að. Í starfshópnum voru fulltrúar frá utanríkisráðuneyti, forsætisráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti og er tillögur hópsins að finna í riti utanríkisráðuneytisins nr. 4/2000 sem ber heitið „Þátttaka Íslands í alþjóðlegri friðargæslu“. Aukin þátttaka Íslands í alþjóðlegum friðargæsluverkefnum er í samræmi við þá stefnu íslenskra stjórnvalda að Íslendingar taki í meira mæli á sig ábyrgð gagnvart umheimin-

um og alþjóðasamfélaginu. Í október 2006 voru 26 Íslendingar starfandi á vegum utanríkisráðuneytisins að friðargæslustörfum í Afganistan, Írak, Srí Lanka og Serbíu.

Opinber þátttaka Íslendinga í friðargæslustörfum á alþjóðavettvangi hófst fyrir rúmum 50 árum þegar tveir íslenskir lögreglumenn fóru til starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna í Palestínu á árunum 1950 og 1951. Frá þeim tíma hafa íslenskir sérfræðingar starfað við friðargæslu og sinnt uppbyggingarstarfi á átakasvæðum á vegum íslenskra stjórnvalda víða um heim, einkum á vegum Sameinuðu þjóðanna, en undanfarin ár einnig á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO), Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og Evrópusambandsins, auk norræna eftirlitsverkefnisins Sri Lanka Monitoring Mission. Frá árinu 1994 hafa á annað hundrað Íslendingar starfað við friðargæslu erlendis. Íslenskir friðargæsluliðar starfa yfirleitt innan stærri verkefna og sveita og hefur bakgrunnur og menntun þeirra sem tekið hafa þátt í slíkum störfum verið mjög fjölbreytt. Umsjón með íslensku friðargæslunni hefur undanfarin ár verið í höndum sérstakrar skrifstofu í utanríkisráðuneytinu.

Markmiðið með lagafrumvarpi þessu er að skjóta styrkari lagastoðum undir þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu og kveða skýrt á í lögum um ýmis atriði sem til þeirrar starfsemi heyra. Við samningu frumvarpsins var m.a. höfð hliðsjón af löggjöf um friðargæslu í öðrum norrænum ríkjum. Um margt eiga þó sérsjónarmið við um íslenska friðargæsluliða enda tekur löggjöf um friðargæslu annars staðar á Norðurlöndum mið af því að þar er starfræktur her, sem Ísland gerir ekki.

Grunnhugmynd friðargæslu er að bregðast við ófriði eða ófriðarblikum með margþættum aðgerðum, bæði áður en átök brjótast út og eftir að stillt hefur verið til friðar. Friðargæsla tekur þannig til ýmiss konar fjölþjóðlegra aðgerða sem miða að því að koma í veg fyrir átök, koma á friði og skapa skilyrði til að varanlegur friður ríki. Á seinni árum hefur aukin áhersla verið lögð í alþjóðasamfélaginu á þá þætti sem varða uppbyggingu jafnframt friðargæslu, enda hefur raunin verið sú að varanlegur friður kemst mun frekar á þar sem lífskjör fólks og aðstæður breytast til batnaðar. Framangreindar aðstæður á starfsvettvangi friðargæslu móta inntak ákvæða þeirra sem í frumvarpi þessu er að finna, en vikið verður að þeim atriðum í skýringum við einstakar greinar frumvarpsins eftir því sem við á.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um I. kafla.

Í kaflanum er að finna almennt ákvæði um friðargæslu og verkefni sem henni tilheyra.

Um 1. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um heimild utanríkisráðuneytisins til að taka þátt í alþjóðlegri friðargæslu og senda fólk til starfa við friðargæsluverkefni í því skyni. Þá eru í greininni taldar upp þær aðgerðir og þau verkefni sem helst teljast til friðargæsluverkefna.

Um II. kafla.

Í kaflanum er að finna ýmis ákvæði um störf og réttarstöðu friðargæsluliða. Friðargæsla er nokkuð víðtækt hugtak og hefur hið enska heiti íslensku friðargæslunnar, Iceland Crisis Response Unit, nokkuð breiðari tilvísun en það sem í daglegu tali er rætt um sem friðargæslu. Uppbyggingarstörf, mannúðaraðstoð og neyðarhjálp eru því hluti af því starfi sem íslenska friðargæslan getur sinnt og oft eru þau verkefni sem stuðla að friði mjög nátengd uppbyggingu og þróun á stríðshrjáðum svæðum.

Um 2. gr.

Í frumvarpsgreininni er mælt fyrir um að í utanríkisráðuneytinu starfi sérstök eining sem hafi umsjón með starfi íslensku friðargæslunnar. Slík starfseining skipuleggi og hafi umsjón með friðargæsluverkefnum á vegum ráðuneytisins líkt og verið hefur, en skrifstofa íslensku friðargæslunnar hefur séð um þessi málefni undanfarin ár. Þá er tekið fram að utanríkisráðherra ákveði friðargæsluverkefni þau sem íslenskir friðargæsluliðar eru sendir til starfa við hverju sinni. Í samræmi við ákvæði þingskaparlaga er síðan áréttað að samráð sé haft við utanríkismálanefnd um verkefni friðargæslunnar þegar við á.

Íslenskir friðargæsluliðar, sem sendir eru til verkefna erlendis, starfa ætíð sem hluti af stærri heild. Ýmist er þar um að ræða starfshópa eða sveitir alþjóðastofnana eða fjölþjóðlegs samstarfs sem annast viðkomandi verkefni, t.d. Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra, Atlantshafsbandalagsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Evrópusambandsins. Ísland hefur jafnframt verið í norrænu samstarfi um ákveðin friðargæsluverkefni. Í 3. málsl. 1. mgr. eru tekin af tvímæli um að í slíkum tilvikum starfi íslenskir friðargæsluliðar undir stjórn þeirrar stofnunar sem annast viðkomandi verkefni nema annað sé ákveðið. Verða þá íslenskir friðargæsluliðar að hlýða fyrirmælum yfirboðara sinna hjá hinni alþjóðlegu stofnun, ella er hætt við því að þeir raski starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi svæði. Utanríkisráðuneytið hefur í slíkum tilvikum ekki vald til að ákveða hvernig starfinu skuli hagað nema að því leyti sem skilgreint hefur verið og ákveðið með reglum ráðuneytisins, til dæmis siðareglum og reglum um vopnaburð þar sem slíkt á við og samningum við viðkomandi stofnun eða samtök um framlag til verkefnisins með starfsmönnum til friðargæslu. Ráðuneytið hefur sjálfsvald um til hvaða verkefna og undir stjórn hvaða alþjóðastofnunar íslenskir friðargæsluliðar verða sendir, eins og áður segir. Þá getur ráðuneytið ávallt hætt þátttöku í einstökum verkefnum ef ástæða þykir til.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ef skipulag þeirrar alþjóðastofnunar sem verkefni annast krefst þess skuli íslenskir friðargæsluliðar bera einkennisklæðnað. Dæmi eru um að lögreglumenn sem tekið hafa þátt í verkefnum á vegum Evrópusambandsins hafi klæðst einkennisbúningum íslenskrar lögreglu en með merki viðkomandi verkefnis. Einnig hafa starfsmenn norrænu eftirlitssveitanna á Srí Lanka klæðst hvítum skyrtum merktum skammstöfun sveitanna. Fer þetta eftir því hvaða alþjóðastofnun á í hlut og aðstæðum að öðru leyti. Þannig kunna íslenskir friðargæsluliðar að taka þátt í verkefnum undir stjórn alþjóðastofnunar sem hefur hernaðarlegt yfirbragð og uppbyggingu, svo sem Atlantshafsbandalagsins. Í slíkum tilvikum getur verið nauðsynlegt að klæðast einkennisbúningum sem hafa slíkt hernaðarlegt yfirbragð og bera merki Atlantshafsbandalagsins eða alþjóðaliðs sem tekur þátt í stærri verkefnum, svo sem í Afganistan. Skipulag viðkomandi verkefnis eða stofnunar getur jafnframt krafist þess að íslenskum friðargæsluliðum séu ákveðnar tignargráður til að þeir hafi þá stöðu og áhrif innan verkefnisins sem þeim ber, á sama hátt og skipulag t.d. innan lögregluliðs á Íslandi gerir ráð fyrir að boðvald fylgi ákveðnum stöðum og titlum.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um að íslenskum friðargæsluliðum sé heimilt að bera vopn við störf sín sér til sjálfsvarnar krefjist aðstæður þess. Aðstæður á starfsvettvangi friðargæsluliða geta verið viðsjárverðar og hættulegar vegna nýafstaðinna eða yfirvofandi átaka. Því er nauðsynlegt að íslenskir friðargæsluliðar geti gætt öryggis síns í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru af alþjóðastofnun þeirri sem fer með stjórn verkefnis. Þá er í greininni áskilið að íslenskir friðargæsluliðar sem bera muni vopn við störf sín hafi fengið viðeigandi þjálfun til vopna-

burðarins áður en hann hefst. Utanríkisráðuneytið ákveður tilhögun þeirrar þjálfunar og setur jafnframt reglur um vopnaburð friðargæsluliða, skyldur og ábyrgð í þeim efnum. Þær reglur verða hluti af þeim skilyrðum og skilmálum sem friðargæsluliðar undirgangast þegar þeir taka að sér störf fyrir íslensku friðargæsluna. Verði frumvarpið að lögum telst ákvæði þetta sérlagaákvæði gagnvart vopnalögum og gengur framar þeim lögum í samræmi við almennar lögskýringarreglur.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um það að íslenskum friðargæsluliðum sé heimilt að hafa meðferðis við störf erlendis þau lyf og lækningatæki sem nauðsynleg eru ef óhöpp eða slys verða. Störf friðargæsluliða fara oft fram við hættulegar aðstæður og langt frá byggð og því getur reynst erfitt að nálgast rétt lyf og tæki á viðkomandi stað. Sambærileg ákvæði eru til í lögum um lyfjakistur um borð í íslenskum skipum en aðstæðum um borð í skipi úti á rúmsjó má að nokkru leyti jafna til starfsemi friðargæsluliða í afskekktum byggðum og héruðum.

Um 5. gr.

Í greininni er hnykkt á því að íslenskir friðargæsluliðar heyri undir íslenska refsilögsögu og nær það bæði til starfa og frítíma erlendis. Hins vegar er rétt að hafa í huga að ekki er útilokað að íslenskir friðargæsluliðar kunni einnig að heyra undir refsilögsögu annarra ríkja í einstökum tilvikum, t.d. þess ríkis sem refsiverður verknaður hefur verið framinn í. Tilgangur þessarar frumvarpsgreinar er sá að taka af tvímæli um að íslenskir friðargæsluliðar heyri í öllum tilvikum undir íslenska refsilögsögu, hvað sem líður því að þeir kunna samhliða að heyra undir aðra refsilögsögu.

Niðurstaða um það atriði hvort íslenskir friðargæsluliðar heyri undir aðra refsilögsögu samhliða hinni íslensku kann í einstökum tilvikum að ráðast m.a. af túlkun á samningum sem sú alþjóðastofnun sem verkefni annast hefur gert við stjórnvöld í viðkomandi ríki. Flestir slíkir samningar kveða á um að starfslið alþjóðastofnunarinnar sé alltaf og undir öllum kringumstæðum eingöngu selt undir lögsögu síns heimaríkis að því er varðar refsiverða háttsemi og agabrot sem framin kunna að verða í ríkinu sem starfsemin fer fram í. Samningar þeir sem Atlantshafsbandalagið og Sameinuðu þjóðirnar gera við móttökuríki innihalda almennt slík ákvæði. Þess skal getið að íslenskir friðargæsluliðar heyra í störfum sínum erlendis einnig undir lögsögu Alþjóðlega sakamáladómstólsins vegna þeirra brota sem kveðið er á um í Rómarsamþykkt um dómstólinn, en hún var fullgilt af Íslands hálfu 25. maí 2000 og öðlaðist gildi 1. júlí 2002. Rétt er að taka fram að ekki er útilokað að íslenskir friðargæsluliðar í verkefnum undir stjórn Sameinuðu þjóðanna njóti að einhverju leyti friðhelgi í störfum sínum á grundvelli 105. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ákvæða samningsins um sérréttindi og friðhelgi Sameinuðu þjóðanna frá 13. febrúar 1946.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að ríkissaksóknari fari með rannsókn og ákæruvald vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi íslenskra friðargæsluliða og í 3. málsl. er kveðið á um að gefi hann út ákæru skuli slík sakamál rekin fyrir íslenskum dómstólum í samræmi við almennar reglur opinbers réttarfars. Ríkissaksóknari getur við rannsókn slíks máls, eftir atvikum, notið aðstoðar þeirrar alþjóðastofnunar sem friðargæsluverkefnið annast eða stjórnvalda þess ríkis sem verkefnið fer fram í.

Í 2. mgr. er kveðið á um að íslenska ríkið fari með lögsögu að því er varðar agaviðurlög vegna brota íslenskra friðargæsluliða.

Um 6. gr.

Í greininni er að finna ákvæði sem kveður á um að þegar metið sé hvort íslenskur friðargæsluliði hafi í starfi sínu á röstursömu svæði eða átakasvæði farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, sbr. 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, skuli sérstaklega, honum til málsbóta, litið til þess hvort aðstæður hafi verið hættulegar eða til þess fallnar að vekja með honum óöryggi eða ugg og aðstæðna að öðru leyti.

Í 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er að finna hið almenna neyðarvarnarákvæði. Samkvæmt því eru mönnum refsilaus þau verk sem þeir vinna í neyðarvörn að því leyti sem þau hafa verið nauðsynleg til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás sem byrjuð er eða vofir yfir enda hafi þeir ekki beitt vörnum sem hafi verið augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það sem af henni mátti vænta gaf ástæðu til. Skv. 2. mgr. 12. gr. laganna skal enn fremur sýkna mann af refsikröfu ef hann hefur farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar og ástæðan til þess er sú að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviða að hann gat ekki fullkomlega gætt sín. Mat það sem dómstólar framkvæma á grundvelli þessa ákvæðis er einstaklingsbundið og fer eftir atvikum hverju sinni. Með 6. gr. frumvarps þessa er á því hnykkt að við þetta einstaklingsbundna mat skuli, auk þeirra atriða sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, litið til annarra atriða, t.d. hvort um röstursamt svæði eða átakasvæði var að ræða og hvort aðstæður voru hættulegar eða til þess fallnar að vekja með þeim sem verknað framdi óöryggi eða ugg. Með orðalaginu „aðstæðna að öðru leyti“ er vísað til þess að við matið verði m.a. einnig að líta til þess að friðargæsluliðar starfa samkvæmt fyrirmælum frá yfirmönnum sínum og þeim verklagsreglum (e. rules of engagement) sem í gildi eru og gefnar hafa verið út af viðkomandi alþjóðastofnun sem verkefnið annast. Rökin sem liggja að baki hinu refsiréttarlega hagræði sem friðargæsluliðum er búið með þessu ákvæði eru einkum þau að ósanngjarnt hljóti að vera, í ljósi þeirra hættulegu og uggvænlegu aðstæðna sem friðargæsluliðar starfa stundum við, að háttsemi þeirra verði metin á sama mælikvarða og annarra sem framið hafa sambærilegan verknað við heföbundnari aðstæður.

Um verk friðargæsluliða, eins og annarra, fer einnig eftir 1. tölul. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga en þar er kveðið á um að refsingu þá sem í lögum sé lögð við broti megi færa niður úr lágmarki því sem þar sé ákveðið þegar svo standi á að maður hafi farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar eða neyðarréttar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að um refsiábyrgð íslenskra friðargæsluliða fari að öðru leyti eftir almennum hegningarlögum. Ákvæði þetta tekur af tvímæli um að friðargæsluliðar njóti í störfum sínum ekki annars refsiréttarlegs hagræðis umfram aðra en fram kemur í 1. mgr. ákvæðisins.

Um 7. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er hnykkt á því að íslenskir friðargæsluliðar skuli í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu reglur sem íslenska ríkið er skuldbundið af og réttaráhrif hafa gagnvart einstaklingum. Hér er m.a. átt við alþjóðlega samninga um mannréttindi og mannúð og þá samninga sem marka réttarstöðu friðargæsluliða á þeim svæðum sem þeir starfa á.

Í 2. og 3. málsl. 1. mgr. er kveðið á um þagnarskyldu friðargæsluliða en hún nær til hvers þess sem þeir verða áskynja í störfum sínum. Þagnarskylda friðargæsluliða er afdráttarlausari en sú sem hvílir almennt á opinberum starfsmönnum á grundvelli 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skýrist það af eðli þeirra upplýsinga sem friðargæsluliðar kunna að komast yfir og leynt verða að fara, m.a. um öryggi á þeim stað sem þeir

starfa á. Í þagnarskyldunni felst m.a. að íslenskum friðargæsluliðum ber að fara eftir öryggisreglum þeirrar alþjóðastofnunar sem viðkomandi verkefni annast um varðveislu og meðhöndlun trúnaðarupplýsinga.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að utanríkisráðherra setji siðareglur fyrir íslensku friðargæsluna sem friðargæsluliðum ber að gangast undir og fara eftir.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að friðargæsluliðar megi ekki taka þátt í stjórnmálastarfi eða mótmælum á því svæði sem þeir starfa á erlendis. Takmörkun þessi á tjáningarfrelsi friðargæsluliða sækir stoð í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944 og lög nr. 97/1995, en þar segir að setja megi tjáningarfrelsi skorður með lögum, m.a. í þágu allsherjarreglu, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Vegna aðstæðna á starfsvettvangi friðargæsluliða, þar sem átök eru oft annaðhvort nýafstaðin eða uggvænt þykir um átök, er ótækt að friðargæsluliðar, sem hafa m.a. það hlutverk að lægja öldur, kyndi hugsanlega undir ófriði með því að taka þátt í stjórnmálastarfi eða mótmælum á viðkomandi svæði.

Um III. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði er varða m.a. ráðningu, starfskjör og starfsaðstæður friðargæsluliða. Í sumum ákvæðunum er, vegna eðlis friðargæslustarfsins og aðstæðna á vinnustað, vikið frá ákvæðum annarra laga sem ella mundu gilda um starfið. Friðargæsluliðar teljast til opinberra starfsmanna í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og því gilda efnisákvæði þeirra laga um störf þeirra, þó með þeim frávikum sem getið er um í lagafrumvarpi þessu, sbr. 3. gr. laga nr. 70/1996.

Um 9. gr.

Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að utanríkisráðuneytið haldi skrá yfir fólk sem reiðubúið er að takast á hendur friðargæsluverkefni erlendis. Ráðuneytinu er heimilt að binda skráningu tilteknum almennum lágmarksskilyrðum sem getið er um í ákvæðinu. Áréttað er að ráðuneytið er ekki bundið af framangreindri skrá þegar ráðið er til einstakra verkefna. Frá haustinu 2002 hefur utanríkisráðuneytið starfrækt svonefndan „viðbragðslista“ sem samsvarar skrá þeirri sem frumvarpsgrein þessi fjallar um. Varð sá listi til í kjölfar auglýsingar frá ráðuneytinu haustið 2002 eftir fólki sem reiðubúið væri til starfa við friðargæslu. Á listanum eru nú um 250 manns. Þar er að finna fólk með fjölþætta menntun og reynslu að baki sem reiðubúið er að fara til friðargæslustarfa með skömmum fyrirvara.

Þörf á friðargæsluliðum til einstakra verkefna kemur oft upp með skömmum fyrirvara þannig að bregðast þarf skjótt við. Af þeirri ástæðu þykir rétt að kveða á um það í lögunum, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, að ekki sé skylt að auglýsa slík laus störf opinberlega sem ella bæri að gera á grundvelli 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Regla þessi kemur þó ekki í veg fyrir að ráðuneytið geti ákveðið í einstökum tilvikum, þegar aðstæður henta og þörf þykir á, að auglýsa eftir friðargæsluliðum almennt eða til einstakra ákveðinna starfa, t.d. í þeim tilvikum þegar fólk með þekkingu eða kunnáttu sem er krafist er ekki að finna á skrá ráðuneytisins.

Um 10. gr.

Frumvarpsgreinin er í samræmi við reglur 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um tímabundna ráðningu ríkisstarfsmanna. Tekið skal þó fram að í 3.

málsl. frumvarpsgreinarinnar er að finna frávik frá þeirri reglu 1. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996 sem kveður á um skyldu stjórnvalds til að áminna starfsmann og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem greinir í 21. gr. laganna, þ.e. starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu. Rökin fyrir fráviki því sem hér er lagt til að gert verði eru einkum þau að friðargæsluliði starfar undir stjórn alþjóðastofnunar á svæðum sem sum hver eru hættuleg. Þannig er hver friðargæsluliði mikilvægur hlekkur í keðju þar sem lítið má út af bregða. Af þessum sökum er mikilvægt, berist ráðuneytinu boð um að íslenskur friðargæsluliði hafi farið á svig við reglur, að ekki þurfi við það að sitja að honum sé veitt áminning og færi á að bæta ráð sitt. Ráðuneytinu er því hér veitt heimild til að segja slíkum starfsmanni upp störfum án undangenginnar áminningar og færis á að bæta ráð sitt, en gæta verður ráðuneytið þó, líkt og endranær, að reglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og meginreglum stjórnsýsluréttar við slíka uppsögn.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt ríkisstarfsmanna, sem ráðnir eru til starfa við friðargæslu, til launalauss leyfis meðan þeir gegna friðargæslustarfi. Þá er kveðið á um að slíkt leyfi hafi ekki áhrif á önnur starfsréttindi þeirra. Þannig er þeim heimilt að vera áfram í sama stéttarfélagi og í starfi því er þeir eru í leyfi frá og að greiða í lífeyrissjóði í samræmi við það. Þeim sem ráðnir eru til friðargæslustarfa og starfa hjá einkaaðilum er ekki fenginn neinn réttur með þessu ákvæði. Um möguleika þeirra til launalauss leyfis fer eftir kjarasamningum og eftir atvikum samkomulagi þeirra við vinnuveitendur sína. Í frumvarpsgreininni kemur loks fram að starfstími friðargæsluliða við friðargæslu skuli reiknaður sem hluti af starfstíma þeirra í hinu fasta starfi hjá ríkinu.

Um 12. gr.

Mikilvægt er að íslenskir friðargæsluliðar njóti viðunandi tryggingaverndar vegna slysa sem þeir kunna að verða fyrir í starfi og utan starfs á erlendri grundu meðan ráðningarsamningur við þá er í gildi. Nú er tryggingavernd íslenskra friðargæsluliða byggð á reglum nr. 30/1990 og 31/1990, um skilmála slysatrygginga ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi og utan starfs. Til viðbótar þessum reglum hefur fjármálaráðuneytið gefið út sérstaka tryggingayfirlýsingu fyrir friðargæsluliða sem veitir þeim meiri rétt en þeir ella nytu á grundvelli framangreindra reglna. Samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins skal utanríkisráðuneytið tryggja friðargæsluliða á meðan þeir dveljast á erlendri grund samkvæmt ráðningarsamningi, vegna slysa og sjúkdóma friðargæsluliða í starfi og utan starfs. Jafnframt er tekið fram að samsvarandi trygging skuli gilda fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins sem starfs síns vegna ferðast til þeirra svæða þar sem friðargæsluliðar starfa, svo og sérfræðinga sem fara til slíkra svæða í skammtímaverkefni, til dæmis vegna ráðgjafar eða aðstoðar við uppbyggingu og þjálfun. Tryggingamálum verður í framtíðinni skipað með reglugerð sem utanríkisráðherra setur í samráði við fjármálaráðherra.

Um 13. gr.

Starfsumhverfi friðargæsluliða er oft gerólíkt því sem almennt er á vinnustöðum hérlendis og eru friðargæsluliðar meðvitaðir um það þegar þeir ráða sig til starfa. Þannig geta aðstæður verið hættulegar, álagsvinna mikil, vinnudagar langir og unnið á frídögum. Vegna þessara aðstæðna væri utanríkisráðuneytinu og þeirri alþjóðastofnun sem friðargæsluliðar starfa undir nær ómögulegt að fara í hvívetna að ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og ákvæðum annarra laga og kjarasamninga um vinnutíma, hvíldartíma og frídaga. Af þessum sökum er í 13. gr. frumvarpsins kveðið á um að þessi laga- og kjarasamningsákvæði gildi ekki um friðargæsluliða við störf þeirra á erlendri grundu. Þá skal þeim ekki greitt aukalega vegna yfirvinnu og álags sem vinnu þeirra kann að fylgja, enda gera laun þeirra ráð fyrir að mikil og sjálfstæð vinna fari fram á starfsstöð.

Um 14. gr.

Vegna eðlis starfans er lagt til í þessari grein að íslenskir friðargæsluliðar megi hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun. Sambærileg ákvæði gilda um lögreglu, sbr. 31. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, og starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, sbr. 22. gr. laga nr. 52/2006, um Landhelgisgæslu Íslands.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er að finna almenna reglugerðarheimild og gildistökuákvæði.

Um 15. gr.

Í þessari grein er utanríkisráðherra veitt heimild til að kveða á um nánari framkvæmd laganna í reglugerð, t.d. um agamál, einkennisklæðnað, vopnaburð og réttindi, skyldur og starfskjör friðargæsluliða.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.**

Markmiðið með frumvarpinu er að skjóta styrkari lagastoðum undir þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu og kveða skýrt á í lögum um ýmis atriði sem til þeirrar starfsemi heyra. Meðal annars er kveðið á um störf og réttarstöðu friðargæsluliða ásamt ráðningu og kjör.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það hafa í för með sér óverulega kostnaðaraukingu sem mun rúmast innan fjárlagaramma utanríkisráðuneytisins.

## 567. Svar [360. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um fjárhag sveitarfélaga.

1. *Hvaða sveitarfélög hafa fengið viðvörun frá ráðuneytinu vegna fjárhagsstöðu sl. 10 ár, skipt eftir árum og gömlu kjördæmaskipaninni?*

Í lista hér á eftir eru upplýsingar um hvaða sveitarfélög fengu bréf vegna árlegrar úttektar á ársreikningum og fjárhagsáætlunum fyrir árin 1996–2005.

**Sveitarfélög sem fengu bréf vegna árlegrar athugunar á ársreikningum 1996–2005, skipt eftir árum og eldri kjördæmaskipan.**

**Vegna niðurstöðu ársreiknings 2005**
*Vestfjarðakjördæmi*
Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarkaupstaður
*Norðurlandskjördæmi vestra*
Sveitarfélagið Skagafjörður

**Vegna niðurstöðu ársreiknings 2004**
Ekkert sveitarfélag

**Vegna niðurstöðu ársreiknings 2003**
*Vesturlandskjördæmi*
Saurbæjarhreppur
Snæfellsbær
*Norðurlandskjördæmi vestra*
Blönduóssbær
Sveitarfélagið Skagafjörður
*Norðurlandskjördæmi eystra*
Dalvíkurbyggð
Húsavíkurbær
Ólafsfjarðarbær
Skútustaðahreppur
Þórshafnarhreppur
Öxarfjarðarhreppur
*Austurlandskjördæmi*
Djúpavogshreppur
Fáskrúðsfjarðarhreppur
Sveitarfélagið Hornafjörður
Vopnafjarðarhreppur
*Suðurlandskjördæmi*
Hveragerðisbær
Mýrdalshreppur
Rangárþing ytra
Skaftárhreppur
*Reykjaneskjördæmi*
Hafnarfjarðarkaupstaður
Mosfellsbær
Reykjanesbær
Sveitarfélagið Árborg
Vestmannaeyjabær

**Vegna niðurstöðu ársreiknings 2002**
*Vesturlandskjördæmi*
Borgarbyggð
Borgarfjarðarsveit
Dalabyggð
*Norðurlandskjördæmi vestra*
Blönduóssbær
*Norðurlandskjördæmi eystra*
Hríseyjarhreppur
Ólafsfjarðarbær
Þórshafnarhreppur
*Austurlandskjördæmi*
Fellahreppur
*Reykjaneskjördæmi*
Hafnarfjarðarkaupstaður
Mosfellsbær

**Vegna niðurstöðu ársreiknings 2001**
*Vesturlandskjördæmi*
Borgarfjarðarsveit
*Norðurlandskjördæmi eystra*
Raufarhafnarhreppur
Þórshafnarhreppur

**Vegna niðurstöðu ársreiknings 2000**
*Vestfjarðakjördæmi*
Kirkjubólshreppur
*Vesturlandskjördæmi*
Borgarbyggð
Borgarfjarðarsveit
Eyja- og Miklaholtshreppur
Hvalfjarðarstrandarhreppur
Leirár- og Melahreppur
Saurbæjarhreppur
Snæfellsbær

*Norðurlandskjördæmi vestra*
Blönduóssbær
Höfðahreppur
Sveitarfélagið Skagafjörður
Torfalækjarhreppur
*Norðurlandskjördæmi eystra*
Aðaldælahreppur
Húsavíkurkaupstaður
Ólafsfjarðarbær
Raufarhafnarhreppur
Þórshafnarhreppur
*Austurlandskjördæmi*
Fellahreppur
Fjarðabyggð
Seyðisfjarðarkaupstaður
*Suðurlandskjördæmi*
Biskupstungnahreppur
Laugardalshreppur
Rangárvallahreppur
Vestmannaeyjabær
Villingaholtshreppur
*Reykjaneskjördæmi*
Bessastaðahreppur
Hafnarfjarðarkaupstaður
Mosfellsbær
Reykjanesbær
Sandgerðisbær
Vatnsleysustrandarhreppur

**Vegna niðurstöðu ársreikninga 1996–1999**
*Vesturlandskjördæmi*
Akraneskaupstaður
Borgarfjarðarsveit
Snæfellsbær
Stykkishólmsbær
*Vestfjarðakjördæmi*
Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarbær
Vesturbyggð
*Norðurlandskjördæmi vestra*
Blönduóssbær
Sveitarfélagið Skagafjörður
*Norðurlandskjördæmi eystra*
Aðaldælahreppur
Hríseyjarhreppur
Ólafsfjarðarkaupstaður
*Austurlandskjördæmi*
Austur-Hérað
Fáskrúðsfjarðarhreppur
*Suðurlandskjördæmi*
Vestmannaeyjabær
*Reykjaneskjördæmi*
Hafnarfjarðarkaupstaður
Kjósarhreppur
Mosfellsbær
Reykjanesbær
Vatnsleysustrandarhreppur

Í sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, var kveðið á um að félagsmálaráðherra skipi þriggja manna nefnd sem hafi það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga og gera nauðsynlegar athugasemdir við þróun þeirra en áður var slíkt eftirlit framkvæmt af starfsmönnum félagsmálaráðuneytisins. Á grundvelli nýrra laga var sett sérstök reglugerð, nr. 374/2001, um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, þar sem fjallað er ítarlega um hlutverk nefndarinnar. Í samræmi við reglugerðina athugar eftirlitsnefnd árlega reksturog fjárhagsstöðu sveitarfélaga með hliðsjón af ársreikningi og fjárhagsáætlun fyrra árs og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Samkvæmt 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags fari ekki fram úr heildartekjum þess. Leiði athugun nefndarinnar í ljós að afkoma sveitarsjóðs er ekki í samræmi við framangreint lagaákvæði eða að fjármál sveitarfélagsins stefni að öðru leyti í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og kalla eftir skýringum.

Athugun nefndarinnar er gerð með tilliti til lykiltalna, sbr. m.a. 6. gr. reglugerðar um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, nr. 374/2001, og tiltekinna viðmiða sem nefndin hefur sett sér. Nefndin getur kallað eftir frekari skýringum sveitarstjórnar á tilteknum atriðum til að hún geti lokið við mat sitt á fjárhagslegri stöðu sveitarfélags. Að lokinni athugun leggur nefndin mat á hvort eðlilegt sé að vara einstök sveitarfélög við að rekstrarniðurstaða og/eða fjárhagsstaða sé óviðunandi og óskar nefndin þá jafnframt eftir upplýsingum um hvernig viðkomandi sveitarstjórn hyggst bregðast við rekstrar- og/eða fjárhagsvanda sveitarfélagsins.

Frá því að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga var fyrst skipuð hefur vinnuferli nefndarinnar tekið nokkrum breytingum, ekki síst vegna breytinga sem gerðar voru á reikningsskilum sveitarfélaga og tóku gildi 1. janúar 2002. Í mars 2005 var gerð breyting á reglugerð nr. 374/2001, um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Breytingin fól í sér að sveitarfélögum er gert skylt að senda eftirlitsnefndinni greinargerð með fjárhagsáætlun, þriggja ára áætlun og ársreikningi ef niðurstaða áætlunar eða ársreiknings er að sveitarfélagið sé rekið með halla. Í slíkri greinargerð ber að rekja helstu ástæður hallareksturs og gera grein fyrir því hvort sveitarstjórn líti svo á að um sé að ræða tímabundinn eða viðvarandi halla. Jafnframt ber að gera grein fyrir aðgerðum sem sveitarstjórn hyggst grípa til vegna hallans. Markmið breytingarinnar var að tryggja að fyrir upphaf árlegrar athugunar eftirlitsnefndarinnar liggi fyrir skýringar sveitarstjórnar á neikvæðri rekstrarniðurstöðu þannig að nefndin geti við fyrstu yfirferð fyrirliggjandi ársreiknings og fjárhagsáætlunar lokið við mat sitt á rekstri og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Framangreindar breytingar á vinnuferli nefndarinnar, m.a. vegna breytingar á reglugerð um nefndina, hafa leitt til þess að formlegum bréfaskiptum milli nefndarinnar og sveitarfélaga hefur fækkað umtalsvert á síðustu árum eins og glöggt má sjá á listanum.

Eins og fram kemur gerði eftirlitsnefndin ekki athugasemdir við ársreikninga fyrir árið 2004 hjá neinu sveitarfélagi. Í nóvember 2004 óskaði tekjustofnanefnd, sem skipuð var vegna átaks til eflingar sveitarstjórnarstigsins, hins vegar eftir tillögum frá eftirlitsnefndinni um úthlutun á sérstöku 400 millj. kr. aukaframlagi ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að koma til móts við sveitarfélög í sérstökum fjárhagsvanda. Í tillögum sínum lagði eftirlitsnefndin m.a. til að 200 millj. kr. yrði úthlutað með sérstökum framlögum til sveitarfélaga sem að mati nefndarinnar væru í sérstökum fjárhagsvanda vegna erfiðra ytri aðstæðna. Að mati nefndarinnar töldust eftirtalin sveitarfélög vera í sérstökum fjárhagsvanda:

Snæfellsbær, Siglufjarðarkaupstaður, Blönduóssbær, Húsavíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarbær, Dalvíkurbyggð, Aðaldælahreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vestmannaeyjabær.

Að tillögu nefndarinnar var úthlutun fjármunanna bundin því skilyrði að þeim yrði varið til að greiða niður skuldir sveitarfélaga og að beitt yrði öðrum fjárhagslegum aðgerðum til að styrkja rekstrargrundvöll viðkomandi sveitarfélaga. Samhliða úthlutuninni gerði nefndin samning við sveitarstjórnir umræddra sveitarfélaga um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit.

2. *Hvaða sveitarfélög hafa selt veitustofnanir annars vegar og aðrar eignir hins vegar vegna fjárhagsvanda á undanförnum 10 árum? Hvernig er fjárhagsstaða þeirra sveitarfélaga nú?*

Á undanförnum árum hafa allmargar sveitarstjórnir ákveðið að selja veitustofnanir og/eða aðrar eignir sveitarfélagsins. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er sveitarfélögum ekki skylt að upplýsa ráðuneytið um sölu eigna. Með lögum nr. 74/2003 var þó tekið upp það nýmæli í 3. mgr. 65. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, að sveitarstjórn skuli tilkynna eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um sölu fasteigna sem eru nauðsynlegar til að rækja lögskyld verkefni sveitarfélagsins en ekki er tekið fram í ákvæðinu að sveitarstjórn þurfi að upplýsa nefndina um ástæður fyrir slíkri sölu. Fyrir vikið býr ráðuneytið ekki yfir tæmandi upplýsingum um sölu sveitarfélaga á veitustofnunum eða öðrum eignum sveitarfélaga á undanförnum tíu árum eða ástæður fyrir slíkum ákvörðunum. Sama máli gegnir um sameiningu veitustofnana í eigu sveitarfélaga við önnur veitufyrirtæki. Svar ráðuneytisins nær því aðeins til tilvika sem tengjast aðkomu ráðuneytisins eða eftirlitsnefndar að málefnum sveitarfélaga í fjárhagsvanda.

Árið 2001 seldu sveitarfélög á Vestfjörðum hlut sinn í Orkubúi Vestfjarða til ríkisins. Í tengslum við söluna gerði eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga samkomulag við sveitarstjórnir fjögurra sveitarfélaga, þ.e. Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Reykhólahrepps og Vesturbyggðar, um að söluandvirðinu yrði ráðstafað til að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaganna með niðurgreiðslu skulda á grundvelli samkomulags við lánardrottna.

Eins og áður hefur verið greint frá gerði eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2005 sérstakan samning um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit við sveitarstjórnir tíu sveitarfélaga. Markmið samninganna var að stöðva hallarekstur og skuldasöfnun, bæta eiginfjárstöðu og styrkja rekstrargrundvöll sveitarsjóðs til framtíðar með viðeigandi aðgerðum. Í samningum við sveitarstjórnir tveggja sveitarfélaga, Blönduóssbæ og Ólafsfjarðarbæ, var sérstakt ákvæði um að aðilar væru sammála um nauðsyn þess að að sveitarstjórnir seldu eignir sem ekki væru nauðsynlegar til þess að sveitarfélagið gætu rækt lögskyld verkefni sín. Árið 2005 tóku umræddar sveitarstjórnir ákvörðun um að selja veitustofnanir sem voru í eigu sveitarfélaganna og hefur fjárhagsstaða þeirra batnað verulega í kjölfar þeirrar ákvörðunar.

## 568. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Elísabetu Guðbjörnsdóttur, Dórótheu Jóhannsdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra, Gunnlaug Júlíusson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Davíð Þorláksson frá Viðskiptaráði. Nefndinni hafa auk þess borist umsagnir um frumvarpið.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt og jafnframt ein breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Lagt er til að frá og með 1. janúar 2007 lækki tekjuskattur einstaklinga um 1% í stað þess að lækka um 2% eins og gert var ráð fyrir samkvæmt lögum nr. 129/2004, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og fleiri lögum. Lögð er til breyting á aldursmarki barnabóta þannig að það hækki úr 16 í 18 ár. Þá er í frumvarpinu lagt til að neðra aldursmark ívilnunar vegna útgjalda til menntunar hækki í 18 ár. Einnig er lagt til að fjárhæðir persónuafsláttar, sjómannaafsláttar og vaxtabóta hækki frá 1. janúar 2007 og sömuleiðis að fjárhæðir persónuafsláttar taki árlega hækkunum til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Lagt er til að greiðslur til erlendra aðila vegna leigu loftfara og skipa verði undanþegnar skattskyldu. Þá er lagt til að þær greiðslur verði undanþegnar skattskyldu sem foreldrar eða forráðamenn fá frá sveitarfélagi vegna umönnunar barns frá þeim tíma er fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskóla- eða grunnskólanám hefst. Jafnframt er lagt til að arður sem úthlutað er milli aðila sem eru samskattaðir skv. 55. gr. tekjuskattslaga verði undanþeginn staðgreiðslu í þann tíma sem samsköttun varir. Að lokum má nefna að lögð er til breyting á 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga, um frádrátt frá tekjum í atvinnurekstri, þannig að ákvæðið taki einnig til ríkja sem ekki eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) en eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Eins og að framan greinir er með frumvarpinu lagt til að tekjuskattur einstaklinga lækki um áramótin um 1% í stað 2% lækkunar sem þegar hafði verið lögfest. Einnig er lagt til að um áramót hækki persónuafsláttur einstaklinga úr 29.029 kr. á mánuði í 32.150 kr. á mánuði. Við þetta hækka skattleysismörk einstaklinga úr 79 þús. kr. í 90 þús. kr. Er jafnframt lagt til að persónuafsláttur verði endurskoðaður árlega, sbr. framangreint. Þessar breytingar, auk þeirrar breytingar að barnabætur verði greiddar til 18 ára aldurs í stað 16 ára, eiga rætur sínar að rekja til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar 22. júní sl. til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um áframhaldandi gildi kjarasamninga.

Nefndin ræddi um ákvæði 2. gr. frumvarpsins, þ.e. um undanþágu frá skattskyldu vegna greiðslna sem foreldrar eða forráðamenn barna fá frá sveitarfélögum til að annast heima börn á tilteknum aldri. Um er að ræða hlunnindi sem flestir forráðamenn barna njóta en hafa ekki verið skattlögð sem slík vegna félagslegs eiginleika þeirra. Þegar þessi hlunnindi eru greidd út í peningum er ekki eðlilegt að þau séu skattlögð. Þau sjónarmið voru rædd hvort það sama ætti ekki að gilda um aðrar greiðslur eða ávísanir frá hinu opinbera sem ætlað er að greiða almennt fyrir opinbera þjónustu eins og tónlistarkennslu eða jafnvel grunnskólakennslu, sbr. einkaskóla. Þá var rætt um hver hugsunin almennt væri á bak við það að sumar greiðslur frá opinberum aðilum eru skattfrjálsar en aðrar ekki. Almennt er stefnan sú að hafa undanþágur skattalaga sem fæstar og skulu þær jafnframt skýrðar þröngt með tilliti til þess að jafnræði sé með borgurunum.

Meiri hlutinn leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Annars vegar er um að ræða breytingar á fjárhæðum 8. gr. frumvarpsins til samræmis við nýsamþykkt lög um breytingu á lágmarki eignaviðmiðunar til skerðingar á vaxtabótum (þskj. 465 á 133. löggjafaþingi). Hins vegar er lagt til að 4. gr. frumvarpsins falli brott þannig að áfram verði heimilt að lækka tekjuskattsstofn manns sem hefur veruleg útgjöld af menntun barna sinna 16 ára og eldri en ekki 18 ára og eldri eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Pétur H. Blöndal og Birgir Ármannsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm., með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. | Birgir Ármannsson, með fyrirvara. |
| Ásta Möller. | | Sæunn Stefánsdóttir. |

# 569. Breytingartillögur [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, ÁMöl, SæS).

1. 4. gr. falli brott.

2. Í stað fjárhæðanna „4.651.927“ og „7.711.371“ í c-lið 8. gr., er verði 7. gr., komi: 4.838.005, og: 8.019.826.
3. Í stað orðanna „Ákvæði 4. gr. og a-liðar 8. gr. koma“ í 4. mgr. 10. gr., er verði 9. gr., komi: A-liður 7. gr. kemur.

## 570. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/203, um tekjuskatt, og l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Meginbreytingar frumvarpsins fela í sér að hrundið er í framkvæmd yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní sl. sem tengist samkomulagi ASÍ og SA um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Með frumvarpinu er tekjuskattur einstaklinga lækkaður um 1% í stað 2% eins og áformað var. Í stað þess er lagt til að persónuafsláttur einstaklinga hækki úr 29.029 kr. á mánuði í 32.150 kr. Við þessa breytingu hækka skattleysismörkin úr 79 þús. kr. í 90 þús. kr.

Minni hlutinn vekur líka athygli á því að í umsögn Samtaka atvinnulífsins kemur fram að hugmyndin á bak við breytingarnar var að fallið yrði frá lækkun annars af þeim tveimur prósentustigum tekjuskatts sem lögfest höfðu verið og að persónuafsláttur yrði hækkaður sem næmi tekjum ríkissjóðs af einni tekjuskattsprósentu. Orðrétt segir síðan: „Í því ljósi er eðlilegt að fjárhæð persónuafsláttar verði endurskoðuð til hækkunar þannig að formbreyting skattalækkunarinnar úr skatthlutfalli persónuafsláttar verði hlutlaus fyrir ríkissjóð.“ ASÍ tók í sama streng við umfjöllun nefndarinnar um málið. Minni hlutinn leggur til að ígildi 1% tekjuskattslækkunar skili sér að fullu í hækkun persónuafsláttar, en þá hækka skattleysismörkin í 91.167 kr. á mánuði. Ekki vannst tími til að skoða hvaða áhrif það hefði á einstaka tekjuhópa ef ígildi 2% tekjuskattslækkana rynni að fullu til að hækkunar á skattleysismörkum, en það hefði verið æskilegt sem fyrsti áfangi á þeirri leið að hækka þau verulega.

Bæði ASÍ og stjórnarandstaðan hafa gert kröfu um að fallið yrði frá áformum í 4. gr. frumvarpsins. Sú grein felur í sér að heimild í 65 gr. skattalaga til að lækka tekjuskattsstofn vegna verulegra útgjalda vegna menntunar 16–21 árs barna verði breytt á þann veg að einungis verði hægt að beita þessum skattaívilnunum vegna 18–21 árs barna. Þessi áform ríkisstjórnarinnar hefðu bitnað sérstaklega á fjölskyldum á landsbyggðinni sem þurfa að senda börn sín um langan veg í framhaldsskóla, en vitaskuld hafa þessar skattaívilnanir einnig gagnast mjög fjölskyldum á höfuðborgarsvæðinu en þær geta að hámarki numið 204 þús. kr. á ári. Ástæða er til að fagna því að stjórnarliðar féllust á röksemdir ASÍ og stjórnarandstöðunnar í þessu máli, en við lokaafgreiðslu málsins í nefnd var fallið frá þessum áformum.

Minni hlutinn leggur til úrbætur á vaxtabótum sem skertar hafa verið verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar með margvíslegum aðgerðum sem nánar verður gerð grein fyrir við 2. umræðu málsins. Hér er lögð til lágmarksleiðrétting þannig að viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta haldi raungildi sínu á árinu 2007 frá árinu 2005. Til þess þurfa viðmiðunarfjárhæðirnar að hækka um 12% í stað 6% eins og stjórnarflokkarnir leggja til.

Minni hlutinn telur að í heimgreiðslum felist alvarleg stefnubreyting á sviði jafnréttismála og í málum ungbarnafjölskyldna. Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að greiðslur sem foreldr-

ar eða forráðamenn barna fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima séu undanþegnar skattskyldu. Þessar greiðslur eru aðallega hugsaðar fyrir tímabilið eftir að fæðingarorlofi lýkur og þar til barnið verður tveggja ára. Þær eru valkvæðar og yfirleitt er fyrirkomulagið þannig að foreldrar geta ákveðið hvort þeir fá þessar heimgreiðslur eða nýta sér leikskólapláss eða þjónustu dagmæðra. Í Noregi hafa slíkar greiðslur verið í gildi um tíma en nú íhuga Norðmenn að leggja þær af þar sem þær hafa nær eingöngu verið nýttar af mæðrum og því stuðlað að því að konur hverfi af vinnumarkaðnum sem vinnur gegn jafnrétti kynjanna.

Ef sveitarfélögin innleiða heimgreiðslur og þær festast í sessi er full ástæða til að óttast að það geti leitt til bakslags í jafnréttisbaráttunni. Þær geta líka seinkað því að framþróun verði á fæðingarorlofslögunum eða uppbyggingu leikskólaplássa fyrir yngri börn sem nú hafa ekki aðgang að leikskóla. Auk þess tryggja þessar greiðslur sem eru um 30 þús. kr. á mánuði engan veginn að því markmiði sé náð sem sett er fram með þessum greiðslum, þ.e. að styðja við foreldra sem leggja áherslu á að vera með börnum sínum eftir að fæðingarorlofi lýkur. Minni hlutinn telur að fremur eigi að vinna að því að lengja fæðingarorlof t.d. í 15 mánuði og að börn komist á leikskóla við 15 mánaða aldur. Fyrir Alþingi liggur nú tillaga um að fara þá leið. Félagsmálaráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga yrði samkvæmt henni falið að kanna hvernig auka megi þjónustu við ungbarnafjölskyldur frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn kemst á leikskóla.

Einnig er ástæða til að benda á að með því að opna fyrir skattfrelsi heimgreiðslna er verið að hola skattkerfið með undanþágu sem ekki er séð hvert leiðir. Einsýnt er að fleiri sambærilegar greiðslur ættu þá líka að vera undanþegnar skatti. Nærtækasta dæmið eru greiðslur til foreldra sem ekki geta verið á vinnumarkaði vegna langveikra barna sinna. Nái þessi áform meiri hlutans fram að ganga við 2. umræðu málsins er einboðið að minni hlutinn mun við 3. umræðu flytja tillögu um sambærilegt skattfrelsi greiðslna til foreldra langveikra barna. Auk þess er rétt að benda á að í umsögn ríkisskattstjóra er vakin athygli á að ekki eru undanþegnar skattskyldu bætur til maka eða annars er heldur heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega, sem greiddar eru á grundvelli 5. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, en slíkar bætur ráðast meðal annars af umönnunarþörf lífeyrisþega. Einnig má benda á að fjárhagsstyrkir sveitarfélaga eru af þeim toga að þeir ættu að vera undanþegnir skattskyldu ef verið er að opna þessa leið eins og lagt er til af hálfu meiri hlutans.

Minni hlutinn flytur einnig breytingartillögu um að arður frá einu hlutafélagi til annars verði undanþeginn staðgreiðslu enda er arður milli hlutafélaga undanþeginn tekjuskatti skv. 9 tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Á það var bent af umsagnaraðila að telja verði óeðlilegt að haldið sé eftir staðgreiðsluskatti af arðstekjum hlutafélaga. Tekjur þessar má draga frá tekjuskattsstofni slíkra félaga og því er haldið eftir skatti af tekjum sem í raun eru ekki skattskyldar. Í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir að ekki verði þörf á að halda eftir fjármagnstekjuskatti af arði sem úthlutað er milli þeirra félaga sem samsköttuð eru en minni hlutinn leggur til að þetta ákvæði nái einnig til arðgreiðslna milli hlutafélaga sem eru hvort sem er undanþegin skattskyldu en haldið eftir í staðgreiðslunni.

Minni hlutinn flytur nokkrar breytingartillögur í samræmi við þau sjónarmið sem sett hafa verið fram í þessu áliti, og ítrekar hversu alvarleg stefnubreyting felst í 2. gr. frumvarpsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. des. 2006.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Ágúst Ólafur Ágústsson. Ögmundur Jónasson.

Lúðvík Bergvinsson.

## 571. Breytingartillögur [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Ögmundi Jónassyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. 4. gr. falli brott.
2. A-liður 6. gr. orðist svo: Í stað fjárhæðarinnar „356.180“ í 1. mgr. kemur: 386.220.
3. Við 8. gr.
   a. B-liður orðist svo: Í stað fjárhæðanna „494.782“, „649.544“ og „804.304“ í 3. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: 554.156; 727.489; og 900.820.
   b. C-liður orðist svo: Í stað fjárhæðanna „4.651.927“, „7.711.371“, „169.541“, „218.042“, „280.372“ og „618“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 5.418.570; 8.982.205; 189.886; 244.207; 314.017; og 692.
4. 9. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna
   a. Í stað orðanna „sbr. þó 3. mgr.“ í 1. mgr. komi: sbr. þó 3. og 4. mgr.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Undanþegnir skyldu skv. 1. mgr., sbr. 1. gr. laga þessara, eru einnig þeir lögaðilar sem tilgreindir eru í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

## 572. Fyrirspurn [444. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hefur fjármálaráðherra greitt úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum með vísan til heimildar í 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997? Ef svo er, hvenær og hversu oft? Hve há var fjárhæðin hverju sinni og hvenær fór fram lögbundið samráð við hlutaðeigandi ráðherra?

Hvenær og hvernig var fjárlaganefnd Alþingis gerð grein fyrir slíkum greiðslum? Hvenær var aflað samþykkis Alþingis fyrir greiðslunum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 573. Fyrirspurn [445. mál]

til heilbrigðisráðherra um athuganir á heilsufari erlendra ríkisborgara.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Eru gerðar einhverjar athuganir á heilsufari erlendra ríkisborgara sem koma hingað til lands til dvalar um lengri tíma? Ef svo er, hvaða athuganir eru gerðar?

## 574. Fyrirspurn [446. mál]

til menntamálaráðherra um skólavist erlendra barna.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hafa yfirvöld kannað með einhverjum hætti hvort erlendir ríkisborgarar sem komið hafa hingað til dvalar um lengri tíma hyggist setjast hér að með fjölskyldum sínum?
2. Hefur verið reynt að kanna hve mörg börn erlendra foreldra munu þurfa skólavist næsta haust? Ef svo er, hve mörg erlend börn telja menntayfirvöld að þurfi skólavist?

## 575. Fyrirspurn [447. mál]

til dómsmálaráðherra um afskipti lögreglu af erlendum ríkisborgurum.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hve oft hefur lögregla haft afskipti af erlendum ríkisborgurum hér á landi árlega frá 1995 til 1. nóvember 2006?
2. Hve margir erlendir ríkisborgarar annars vegar og íslenskir ríkisborgarar hins vegar sátu af sér dóma í íslenskum fangelsum árlega á sama tímabili?

**Skriflegt svar óskast.**

## 576. Fyrirspurn [448. mál]

til sjávarútvegsráðherra um áhrif sjávarútvegsstefnu stjórnvalda á laun sjómanna og lífskjör á landsbyggðinni.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hefur sjávarútvegsstefna stjórnvalda stuðlað að hærri launum sjómanna og betri lífskjörum á landsbyggðinni og ef svo er, hvernig?

## 577. Tillaga til þingsályktunar [449. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

**1. Inngangur.**

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

**2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri.**

Tilskipun Evrópusambandsins um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (SSL) (Institutions for occupational retirement provision – IORP) nr. 2003/41/EC var samþykkt af ráðinu og Evrópuþinginu þann 3. júní 2003. IORP/SSL er hugtak yfir þær stofnanir/aðila sem heimild hafa til að reka þá starfsemi sem felst í að taka við iðgjöldum til öflunar lífeyris, ávaxta þau og greiða út lífeyri til rétthafa.

Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að hagkvæmum fjárfestingum og tryggri ávöxtun, tryggja réttindi sjóðfélaga og annarra rétthafa, gera SSL fært að bjóða þjónustu yfir landamæri innan ESB, stuðla að faglegri stjórnun, tryggja samkeppni, koma á gagnkvæmri viðurkenningu eftirlitsaðila innan ESB, skapa forsendur fyrir öflugri innri markaði fyrir lífeyrissparnað og gera SSL þannig betur kleift að nýta kosti innri markaðar ESB og evrunnar. Gengið er út frá því að forræði einstakra ríkja hvað varðar fyrirkomulag lífeyrismála sé ekki skert hvað varðar þann þátt sem lýtur að félags- og vinnuréttarlöggjöf. Það nær m.a. til skyldubundins framlags til lífeyrissjóða sem og mögulegrar skylduaðildar að sjóðum.

Tilskipunin gildir um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri (SSL), þ.e. stofnanir sem taka við iðgjöldum til myndunar og útgreiðslu lífeyrisréttinda, starfa á sjóðmynduðum grunni og eru aðskildar frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Íslensku lífeyrissjóðirnir mundu því flestir falla undir tilskipunina ef ekki væri sérstökum undanþágum fyrir að fara. Undanþágur frá gildissviði tilskipunarinnar eru í 2. gr. hennar. Sú mikilvægasta sem lýtur að lífeyrissjóðunum er sú að lífeyrissjóðir, sem falla undir reglugerð EB/1408/71 og reglugerð EB/574/72, eru undanþegnir tilskipuninni sem og svokallaðir gegnumstreymissjóðir (pay as you go), þ.e. sjóðir sem eru ekki sjóðmyndaðir.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar EB/1408/71 og yfirlýsingum EFTA-ríkjanna, sem birtar voru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, árg. 1994, nr. 59 (94/EES/59/14), falla þær deildir (pension schemes) sjóða, sem taka við lögbundum iðgjöldum til öflunar lífeyrissjóða, ekki undir tilskipunina. Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggist á reglugerð EB/1408/71 og fellur þar af leiðandi utan gildissviðs tilskipunarinnar.

**3. Um stjórnskipulegan fyrirvara.**

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

**Fylgiskjal I.**

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 88/2006

## frá 7. júlí 2006

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2006 frá 2. júní 2006 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri ([2]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 30ca (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB):

**„IV. Lífeyrisgreiðslur í einstökum starfsgreinum**

30cb. **32003 L 0041:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10).“

2. Fyrirsögnin, sem nú er tölusett „IV“, verði endurtölusett sem fyrirsögn „V“.

([1]) Stjtíð. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 7, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 6.
([2]) Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/41/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn* *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## Fylgiskjal II.

### TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/41/EB

**frá 3. júní 2003**

**um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 47. gr. (2. mgr.), 55. gr. og 95. gr. (1. mgr.),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Einn heill og óskiptur markaður fyrir fjármálaþjónustu hefur mikla þýðingu fyrir hagvöxt og atvinnusköpun í Bandalaginu.

2) Gríðarlegur árangur hefur þegar náðst í að stofna innri markaðinn sem gerir fjármálastofnunum kleift að starfa í öðrum aðildarríkjum og tryggir víðtæka vernd fyrir neytendur fjármálaþjónustu.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Að setja ramma um starfsemi fjármálamarkaða: aðgerðaáætlun" er gerð grein fyrir röð aðgerða sem nauðsynlegar eru til að gera innri markað fyrir fjármálaþjónustu að veruleika og á fundi leiðtogaráðsins í Lissabon 23. og 24. mars 2000 var kallað eftir framkvæmd þeirrar aðgerðaáætlunar eigi síðar en 2005.

4) Í aðgerðaáætluninni fyrir fjármálaþjónustu er lögð rík áhersla á brýna nauðsyn þess forgangsverkefnis að semja drög að tilskipun um varfærniseftirlit með stofnunum um starfstengdan lífeyri í ljósi þess að þessar stofnanir eru mikilvægar fjármálastofnanir og gegna lykilhlutverki í því að tryggja samþættingu, skilvirkni og lausafjárstöðu fjármálamarkaða, en falla ekki undir samfelldan lagaramma Bandalagsins en það gerir þeim kleift að nýta sér til fulls gagnlega kosti innri markaðarins.

5) Almannatryggingakerfi verða fyrir sífellt meiri þrýstingi og þess vegna verður í framtíðinni enn frekar treyst á starfstengdar lífeyrisgreiðslur sem viðbótartryggingavernd. Af þeim sökum skal þróa starfstengdar lífeyrisgreiðslur, án þess þó að dregið sé í efa mikilvægi lífeyristryggingar almannatryggingakerfa sem veita örugga, varanlega og árangursríka, félagslega vernd, sem skulu tryggja sanngjörn lífskjör á efri árum og skulu því vera kjarninn í því að stuðla að styrkari félagsgerð Evrópu.

6) Með þessari tilskipun er þannig tekið fyrsta skrefið í átt að innri markaði fyrir starfstengdan lífeyri sem er skipulagður um alla Evrópu. Með því að beita varfærnisreglunni (prudent person rule) sem meginreglunni að baki fjárfestingum og með því að stofnunum er gert kleift að stunda rekstur yfir landamæri er hvatt til þess að sparifé sé aftur beint í geirann fyrir starfstengdan lífeyri og þannig stuðlað að efnahagslegum og félagslegum framförum.

7) Varfærnisreglunum, sem mælt er fyrir um þessari tilskipun, er ætlað hvort tveggja, að tryggja víðtækt öryggi lífeyrisþega í framtíðinni með setningu strangra eftirlitsstaðla og að auðvelda skilvirka stjórnun starfstengdra lífeyriskerfa.

8) Stofnanir, sem eru algjörlega aðskildar frá aðildarfyrirtækjum og eru reknar á grundvelli fjármögnunar með það eitt að markmiði að annast eftirlaunagreiðslur, skal veitt frelsi til að veita þjónustu og frelsi til fjárfestinga, þó með fyrirvara um samræmdar varfærniskröfur, óháð því hvort litið er á þessar stofnanir sem lögaðila.

([1]) Stjtíð. EB C 96 E, 27.3.2001, bls. 136.
([2]) Stjtíð. EB C 155, 29.5.2001, bls. 26.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 4. júlí 2001 (ESB C 65 E, 14.3.2002, bls. 135). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 2003 hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum) og ákvörðun ráðsins frá 13. maí 2003.

9) Aðildarríkin skulu, í samræmi við dreifræðisregluna, bera áfram fulla ábyrgð á uppbyggingu lífeyriskerfa sinna og á því hvernig þau ákveða hvaða hlutverki hver og ein stoðanna þriggja í lífeyriskerfum einstakra aðildarríkja gegnir. Innan ramma annarrar stoðarinnar skulu þau einnig bera fulla ábyrgð á hlutverki og starfsemi hinna ýmsu stofnana sem greiða út starfstengd lífeyrisréttindi, s.s. lífeyrissjóða atvinnugreina, lífeyrissjóða félaga og líftryggingafélaga. Tilskipuninni er ekki ætlað að draga þetta fyrirkomulag í efa.

10) Innlendar reglur um þátttöku sjálfstætt starfandi einstaklinga í stofnunum um starfstengdan lífeyri eru mismunandi. Í sumum aðildarríkjum geta stofnanir um starfstengdan lífeyri ýmist starfað á grundvelli samninga við atvinnugrein eða atvinnugreinasamtök þar sem sjóðfélagarnir koma fram sem sjálfstætt starfandi eða með beinum samningum við sjálfstætt starfandi og launaða einstaklinga. Í sumum aðildarríkjum getur sjálfstætt starfandi einstaklingur einnig orðið aðili að stofnun ef sjálfstætt starfandi einstaklingurinn starfar sem vinnuveitandi eða veitir fyrirtæki faglega þjónustu sína. Í sumum aðildarríkjum geta sjálfstætt starfandi einstaklingar ekki orðið aðilar að stofnun um starfstengdan lífeyri nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þ.m.t. eru skilyrði sem eru lögbundin með félagsmála- og vinnulöggjöf.

11) Stofnanir, sem hafa umsjón með almannatryggingakerfum sem hafa þegar verið samræmd á vettvangi Bandalagsins, skulu undanskildar gildissviði þessarar tilskipunar. Þó skal taka tillit til sérstöðu stofnana sem bæði stýra almannatryggingakerfum og starfstengdum lífeyriskerfum í einu og sama aðildarríkinu.

12) Fjármálastofnanir, sem nýta sér nú þegar lagaramma Bandalagsins, skulu að öllu jöfnu falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Þó er mikilvægt að tryggja að þessi tilskipun leiði ekki til röskunar á samkeppni vegna þess að í sumum tilvikum bjóða þessar stofnanir einnig þjónustu innan starfstengdra lífeyriskerfa. Komast má hjá slíkri röskun með því að beita varfærniskröfum þessarar tilskipunar gagnvart rekstri starfstengds lífeyris hjá líftryggingafélögum. Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa vökult eftirlit með aðstæðum á markaðinum fyrir starfstengdan lífeyri og meta hvort unnt sé að rýmka valfrjálsa beitingu þessarar tilskipunar þannig að hún nái einnig til annarra fjármálastofnana sem starfa samkvæmt lögum.

13) Þegar stefnt er að því að tryggja fjárhagslegt öryggi á eftirlaunaárum skulu réttindagreiðslur frá stofnunum um starfstengdan lífeyri að öllu jöfnu vera lífeyrir til æviloka. Einnig skal vera möguleiki á tímabundnum greiðslum eða eingreiðslu.

14) Mikilvægt er að tryggja að eldra fólk og fatlaðir lendi ekki í þeim aðstæðum að þurfa að búa við fátækt og að það geti notið mannsæmandi lífskjara. Viðeigandi trygging fyrir áhættu er tengist ævilíkum manna í starfstengdum lífeyriskerfum er mikilvægur þáttur í baráttunni gegn fátækt og óöryggi meðal aldraðra. Þegar lífeyriskerfi er komið á skulu vinnuveitendur og launamenn, eða fulltrúar þessara tveggja hópa, skoða þann möguleika að í lífeyriskerfinu felist einnig trygging sem nær yfir áhættu vegna langlífis og skertrar starfsgetu auk lífeyris til eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna.

15) Það getur auðveldað eftirlit í sumum aðildarríkjum ef þeim er gefinn sá kostur að undanskilja stofnanir, sem sjá um kerfi þar sem sjóðfélagar eru samtals innan við 100, frá gildissviði innlendra framkvæmdarlöggjafar stofnanir, án þess þó að slíkt grafi undan eðlilegri starfsemi innri markaðarins í þessum geira. Þetta ætti þó ekki að draga úr rétti þessara stofnana til að tilnefna forstöðumenn fjárfestinga og vörsluaðila með staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð til að stýra fjárfestingasamvali þeirra og vörslu á eignum þeirra.

16) Stofnanir eins og „Unterstützungskassen“ í Þýskalandi, þar sem sjóðfélagar hafa engin lagaleg réttindi til tiltekinnar fjárhæðar réttindagreiðslna og hagsmunir þeirra eru varðir með lögboðinni skyldutryggingu gegn gjaldþroti, skulu ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

17) Í því skyni að vernda félaga og lífeyrisþega skulu stofnanir um starfstengdan lífeyri takmarka starfsemi sína þannig að hún nái aðeins til þeirrar starfsemi sem um getur í þessari tilskipun og starfsemi sem af henni leiðir.

18) Ef til þess kemur að aðildarfyrirtæki verður gjaldþrota stendur félagi andspænis þeirri hættu að missa bæði starf sitt og áunnin lífeyrisréttindi sín. Þetta skapar þá nauðsyn að

tryggja að skýr skil séu á milli fyrirtækisins og stofnunarinnar og að mælt sé fyrir um lágmarksvarfærnisviðmiðanir í því skyni að vernda félaga.

19) Umtalsverður munur er á því í aðildarríkjunum hvernig stofnanir um starfstengdan lífeyri starfa og hvernig eftirliti með þeim er háttað. Í sumum aðildarríkjum getur eftirlit verið haft bæði með stofnuninni sjálfri og einnig einingum eða félögum sem heimilað er að stýra þessum stofnunum. Aðildarríki skulu vera fær um að taka tillit til slíkrar sérstöðu svo fremi sem allar kröfur, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, séu uppfylltar. Aðildarríkin skulu einnig vera fær um að heimila vátryggingafyrirtækjum og öðrum fjármálafyrirtækjum að stýra stofnunum um starfstengdan lífeyri.

20) Stofnanir um starfstengdan lífeyri eru veitendur fjármálaþjónustu en þeir bera ríka ábyrgð við greiðslu starfstengdra eftirlaunaréttinda og af þeim sökum skulu þeir uppfylla tiltekin lágmarksviðmið um varfærni að því er varðar starfsemi sína og rekstrarskilyrði.

21) Vegna feikilegs fjölda stofnana í tilteknum aðildarríkjum er nauðsynlegt að finna hagnýta lausn á því hvernig hægt er að veita stofnunum starfsleyfi fyrir fram. Ef, á hinn bóginn, stofnun æskir þess að stýra kerfi í öðru aðildarríki skal krefjast þess að lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu hafa veitt starfsleyfi fyrir fram.

22) Sérhvert aðildarríki skal krefjast þess að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess geri ársreikninga og ársskýrslur þar sem fram kemur sérhvert lífeyriskerfi sem stofnunin rekur og, þar sem við á, ársreikningar og ársskýrslur fyrir hvert þeirra. Ársreikningarnir og ársskýrslurnar, sem gefa glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu stofnunarinnar, þar sem tekið er tillit til allra lífeyriskerfa sem stofnunin stýrir og viðurkenndir aðilar hafa samþykkt, eru mikilvæg upplýsingaheimild fyrir félaga og lífeyrisþega kerfa sem og lögbær yfirvöld. Sér í lagi gera þær lögbærum yfirvöldum kleift að fylgjast með fjárhagslegum styrkleika stofnunar og að þau geti metið hvort stofnunin hafi getu til að standa við allar samningsbundnar skuldbindingar sínar.

23) Það er höfuðatriði að sjóðfélagar og lífeyrisþegar lífeyriskerfis fái réttar upplýsingar. Einkum skiptir þetta máli vegna beiðna um upplýsingar varðandi fjárhagslegan styrkleika stofnunarinnar, samningsreglurnar, réttindin og raunfjármögnun áunninna lífeyrisréttinda, fjárfestingastefnu og áhættu- og kostnaðarstýringu.

24) Fjárfestingastefna stofnunar er ákvarðandi þáttur bæði fyrir öryggi og hagkvæmni starfstengdra lífeyrisgreiðslna. Stofnanirnar skulu því setja fram og endurskoða að lágmarki á þriggja ára fresti greinargerð um meginreglur við fjárfestingar. Hún skal vera aðgengileg lögbærum yfirvöldum og einnig sjóðfélögum og lífeyrisþegum í hverju lífeyriskerfi, sé þess óskað.

25) Til að lögbær yfirvöld geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu skulu þau hafa fullnægjandi réttindi til að fá upplýsingar og heimildir til íhlutunar að því er varðar stofnanir og aðilana sem stjórna þeim í reynd. Í því tilviki að stofnun um starfstengdan lífeyri hefur yfirfært verulega mikilvæg verkefni til annarra félaga (utankaup), s.s. stýringu fjárfestinga, upplýsingatækni eða bókhald, skal vera unnt að útvíkka réttindi til að fá upplýsingar og heimildir til íhlutunar þannig að þau ná yfir þessi utanaðkeyptu verkefni til þess að unnt sé að hafa eftirlit með því hvort þessari starfsemi sé sinnt í samræmi við eftirlitsreglur.

26) Það er grundvallarskilyrði að reikna tryggingaskuld með varfærni til að tryggja að unnt sé að standa við skuldbindingar um greiðslu eftirlauna. Reikna skal tryggingaskuld á grundvelli viðurkenndra tryggingafræðilegra aðferða og hún skal vottuð af hæfum aðilum. Velja skal hámarksvexti með varfærni í samræmi við viðeigandi innlendar reglur. Lágmarksfjárhæð tryggingaskuldar skal nægja bæði fyrir réttindagreiðslum sem þegar eru greiddar til lífeyrisþega og verða greiddar áfram sem og fyrir skuldbindingum sem myndast vegna áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga.

27) Verulegur munur er í aðildarríkjunum á því til hvers konar áhættu tryggingar taka hjá stofnunum. Heimaaðildarríki skulu því eiga þess kost að setja viðbótarreglur sem eru ítarlegri en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun um útreikning á tryggingaskuld.

28) Nægar og viðeigandi eignir, sem standa undir tryggingaskuld, vernda hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega lífeyriskerfisins ef aðildarfyrirtækið verður gjaldþrota. Einkum á það við þegar starfsemi fer fram yfir landamæri en þá er nauðsynlegt, samkvæmt gagnkvæmri viður-

kenningu á eftirlitsreglum sem beitt er í aðildarríkjum, að tryggingaskuld sé ævinlega fjármögnuð að fullu.

29) Ef starfsemi stofnunar fer ekki fram yfir landamæri skal aðildarríkjum unnt að heimila vanfjármögnun að því tilskildu að gerð sé viðeigandi áætlun um að koma aftur á fullri fjármögnun og með fyrirvara um kröfur sem gerðar eru í tilskipun ráðsins 80/987/EBE frá 20. október 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota ([4]).

30) Oft getur það verið aðildarfyrirtækið en ekki stofnunin sjálf sem sér annaðhvort fyrir nægum tryggingum vegna hvers kyns áhættu sem tengist ævilíkum manna eða ábyrgist tiltekin réttindi eða árangur af fjárfestingum. Í sumum tilvikum er það þó stofnunin sjálf sem sér um þessa tryggingu eða ábyrgðir og skuldbindingar þess aðila sem greiðir til hennar eru einungis bundnar til greiðslu nauðsynlegra framlaga. Við slíkar aðstæður eru þær tryggingar, sem í boði eru, sambærilegar þeim sem líftryggingafélög bjóða og hlutaðeigandi stofnanir skulu að lágmarki eiga jafnmikið viðbótar eigið fé og líftryggingafélög.

31) Stofnanir eru fjárfestar sem fjárfesta til mjög langs tíma. Að öllu jöfnu er ekki unnt að innleysa eignir þessara stofnana í neinum öðrum tilgangi en að sjá fyrir eftirlaunum. Í því skyni að verja réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega á fullnægjandi hátt skulu stofnanir enn fremur vera færar um að velja eignaskiptingu sem fellur nákvæmlega að eðli og gildistíma skuldbindinga þeirra. Þessir þættir kalla á skilvirkt eftirlit og nálgun við fjárfestingarreglur sem veita stofnunum nægilegan sveigjanleika til að ákveða öruggustu og skilvirkustu fjárfestingastefnuna og skyldar þær til að sýna varfærni. Sé farið að varfærnisreglunni (prudent person rule) krefst það fjárfestingarstefnu sem er sniðin að samsetningu sjóðfélaga sérhverrar stofnunar um starfstengdan lífeyri.

32) Eftirlitsaðferðir og -venjur eru mismunandi í aðildarríkjunum. Þess vegna skulu aðildarríkin hafa nokkuð valfrelsi um nákvæmar fjárfestingareglur sem þau æskja að setja um stofnanir sem eru á þeirra yfirráðasvæði. Þessar reglur skulu þó ekki takmarka frjálsa fjármagnsflutninga nema slíkt sé réttlætanlegt út frá varfærnissjónarmiði.

33) Vegna þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri eru langtímafjárfestar með litla lausafjáráhættu er þeim fært að fjárfesta í bundnum eignum, s.s. hlutabréfum og einnig í áhættufjármagnsmörkuðum innan varfærnismarka. Þær geta einnig nýtt sér kosti alþjóðlegrar fjölbreytni. Af þeim sökum skal ekki takmarka fjárfestingu í hlutabréfum, áhættufjármagnsmörkuðum og gjaldmiðlum, öðrum en þeim sem skuldirnar eru í, að öðru leyti en út frá varfærni.

34) Ef starfsemi stofnunarinnar fer fram yfir landamæri getur þó verið að lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins æski þess að það virði mörk um fjárfestingar í hlutabréfum og sambærilegum eignum, sem eru ekki skráð á skipulegan markað, í hlutabréfum og öðrum gerningum sem gefin eru út af sama fyrirtæki eða í eignum, sem eru ekki í samstæðum gjaldmiðlum, að því tilskildu að þessar reglur eigi einnig við um stofnanir í gistiaðildarríkinu.

35) Takmarkanir varðandi frjálst val stofnana á viðurkenndum forstöðumönnum eigna og vörsluaðilum takmarka samkeppni á innri markaðinum og skal því fella þær niður.

36) Með fyrirvara um innlenda félagsmála- og vinnulöggjöf um skipulag lífeyriskerfa, þ.m.t. skylduaðild og niðurstöður almennra kjarasamninga, skulu stofnanir hafa möguleika á að veita þjónustu sína í öðrum aðildarríkjum. Þeim skal heimilað að taka við greiðslum frá fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum og að starfrækja lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagarnir eru í fleiri en einu aðildarríki. Þetta gæti hugsanlega leitt til töluverðrar stærðarhagkvæmni fyrir þessar stofnanir, bætt samkeppnishæfni atvinnulífsins í Bandalaginu og ýtt undir hreyfanleika vinnuafls. Þetta krefst gagnkvæmrar viðurkenningar varfærnisviðmiða. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu hafa eftirlit með því að þessum varfærnisviðmiðunum sé framfylgt á réttan hátt.

37) Ef stofnun í aðildarríki nýtir sér réttinn til að starfrækja starfstengt lífeyriskerfi, sem samið er um í öðru aðildarríki, skal hún fara að öllu leyti að ákvæðum gildandi félagsmála- og

([4]) Stjtíð. EB L 283, 28.10.1980, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/74/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtíð. EB L 270, 8.10.2002, bls. 10).

vinnulöggjafar í gistiaðildarríkinu að svo miklu leyti sem það varðar starfstengdan lífeyri, t.d. skilgreiningu og greiðslu eftirlauna og skilyrði varðandi yfirfærslu lífeyrisréttinda.

38) Þegar kerfi er haldið aðgreindu skulu ákvæði þessarar tilskipunar gilda sérstaklega um það kerfi.

39) Mikilvægt er að kveða á um samstarf um eftirlit milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og samstarf í öðru skyni milli þessara yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar. Lögbær yfirvöld skulu, í því skyni að sinna skyldum sínum og stuðla að samkvæmni og tímanlegri framkvæmd þessarar tilskipunar, veita hvert öðru upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að beita ákvæðum tilskipunarinnar. Framkvæmdastjórnin hefur látið í ljós ætlun sína að koma á fót nefnd eftirlitsmanna til þess að hvetja til samvinnu, samræmingar og skoðanaskipta milli innlendra lögbærra yfirvalda og til þess að stuðla að samræmdri framkvæmd þessarar tilskipunar.

40) Þar sem aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð því markmiði sem fyrirhuguð aðgerð felur í sér, þ.e. að koma á lagaramma í Bandalaginu sem nær yfir stofnanir um starfstengdan lífeyri, og auðveldara er fyrir Bandalagið að ná markmiðinu vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur víðtæk áhrif, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, eins og segir í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Viðfangsefni**

Í þessari tilskipun eru settar reglur um stofnun og rekstur starfsemi sem stofnanir um starfstengdan lífeyri stunda.

*2. gr.*

**Gildissvið**

1. Tilskipunin gildir um stofnanir um starfstengdan lífeyri. Í þeim tilvikum að stofnanir um starfstengdan lífeyri hafa ekki réttarstöðu lögaðila í samræmi við innlend lög skulu aðildarríki beita þessari tilskipun annaðhvort gagnvart þessum stofnunum eða, með fyrirvara um 2. mgr., gagnvart aðilum sem veitt hefur verið leyfi og bera ábyrgð á rekstri þeirra og koma fram fyrir þeirra hönd.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) stofnanir sem stýra almannatryggingakerfi og falla undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71 ([5]) og reglugerð (EBE) nr. 574/72 ([6]),

b) stofnanir sem falla undir tilskipun 73/239/EBE ([7]), tilskipun 85/611/EBE ([8]), tilskipun 93/22/EBE ([9]), tilskipun 2000/12/EB ([10]) og tilskipun 2002/83/EB ([11]),

---

([5]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 (Stjtíð. EB L 187, 10.7.2001, bls. 1).

([6]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem fastsetur málsmeðferð vegna framkvæmdar reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtíð. L 74, 27.3.1972, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 (Stjtíð. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17).

([7]) Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).

([8]) Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB (Stjtíð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35).

([9]) Tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1).

c) stofnanir sem reknar eru með gegnumstreymiskerfi,

d) stofnanir þar sem starfsmenn aðildarfyrirtækjanna hafa engan lagalegan rétt til réttinda og aðildarfyrirtækið getur innleyst eignirnar hvenær sem er og þarf ekki endilega að fullnægja skuldbindingum sínum um greiðslu eftirlauna,

e) félög með sjóði sem ekki byggja á sjóðsöfnun í því skyni að greiða starfsmönnum sínum eftirlaun.

*3. gr.*

**Beiting að því er varðar stofnanir sem starfrækja almannatryggingakerfi**

Stofnanir um starfstengdan lífeyri, sem einnig starfrækja skyldubundin atvinnutengd lífeyriskerfi sem litið er á sem almannatryggingakerfi sem falla undir reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, skulu falla undir þessa tilskipun að því er varðar þann hluta þeirra sem er vegna starfstengdra lífeyrisgreiðslna sem ekki eru skyldubundnar. Í slíku tilviki skulu skuldbindingunum og samsvarandi eignum haldið aðgreindum og ekki skal unnt að yfirfæra þær til skyldubundinna lífeyriskerfa sem litið er á sem almannatryggingakerfi eða öfugt.

*4. gr.*

**Valfrjáls beiting að því er varðar stofnanir sem falla undir tilskipun 2002/83/EB**

Heimaaðildarríki geta kosið að beita ákvæðum 9.–16. gr. og 18.–20. gr. þessarar tilskipunar gagnvart rekstri vátryggingafélaga, sem falla undir tilskipun 2002/83/EB, sem annast starfstengdan lífeyri. Í því tilviki skal halda aðgreindum, stýra og skipuleggja allar eignir og skuldbindingar, sem samsvara fyrrgreindum rekstri, og hafa þær aðgreindar frá allri annarri starfsemi vátryggingafélagsins, og enginn möguleiki skal vera á yfirfærslu.

Vátryggingafélög skulu, í því tilviki og aðeins að því er varðar rekstur varðandi starfstengdan lífeyri, ekki falla undir 20.–26. gr., 31. gr. og 36. gr. tilskipunar 2002/83/EB.

Heimaaðildarríkið skal tryggja að annaðhvort lögbær yfirvöld eða þau yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með vátryggingafélögum, sem falla undir tilskipun 2002/83/EB, og það sé hluti af eftirlitsverkefnum þeirra, sannreyni að rekstur varðandi starfstengdan lífeyri sé algerlega aðskilinn öðrum rekstri.

*5. gr.*

**Litlar lífeyrisstofnanir og almannatryggingakerfi**

Aðildarríki geta valið að beita ekki þessari tilskipun, að fullu eða að hluta, að undanskilinni 19. gr., gagnvart öllum stofnunum á yfirráðasvæðum þeirra sem starfrækja lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagar þeirra allra eru alls innan við 100. Með fyrirvara um 2. mgr. 2. gr. skulu þessar stofnanir þó eiga rétt á að beita þessari tilskipun ef þau æskja þess. Einungis er heimilt að beita 20. gr. ef öll önnur ákvæði þessarar tilskipunar gilda.

Aðildarríki geta valið að beita ekki 9.–17. gr. gagnvart stofnunum sem annast lögboðinn starfstengdan lífeyri sem opinber yfirvöld ábyrgjast. Einungis er heimilt að beita 20. gr. ef öll önnur ákvæði þessarar tilskipunar gilda.

*6. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „stofnun um starfstengdan lífeyri“ eða „stofnun“: stofnun, án tillits til rekstrarforms að lögum, sem rekin er með fjármögnun og er stofnuð aðskilin frá aðildarfyrirtæki eða atvinnugrein í þeim tilgangi að annast atvinnutengdar eftirlaunagreiðslur á grundvelli samkomulags eða samnings:

   – sem er gerður fyrir hvern og einn eða í heild milli vinnuveitanda eða vinnuveitenda og starfsmanns eða starfsmanna eða fulltrúa þeirra hvors eða hvorra um sig eða

   – sem er gerður við sjálfstætt starfandi aðila í samræmi við löggjöf heima- og gistiaðildarríkja,

   og annast starfsemi sem rekja má beint til þess,

b) „lífeyriskerfi“: samningur, samkomulag, vörslusjóðsskjal eða reglur sem kveða á um greiðslu eftirlauna og þá með hvaða skilyrðum,

c) „aðildarfyrirtæki“: fyrirtæki eða annar aðili, hvort sem til þess teljast eða það samanstendur af einum eða fleiri lögaðilum eða einstaklingum, sem starfar sem vinnuveitandi eða er sjálfstætt starfandi eða með einhverri slíkri samsetningu og greiðir framlög til stofnunar um starfstengdan lífeyri,

d) „eftirlaun“: réttindi sem eru greidd út þegar eftirlaunaaldri er náð eða þegar þess er vænst að honum verði náð eða þegar þau eru greidd sem viðbótarframlag, í formi greiðslna við andlát, örorku eða starfslok, eða í formi stuðningsgreiðslna eða þjónustu vegna sjúkdóms, fátæktar eða andláts. Í því skyni að stuðla að fjárhagslegu öryggi á eftirlaunaárum eru þessi réttindi yfirleitt í formi ævilangra greiðslna. Þetta geta þó einnig verið tímabundnar greiðslur eða eingreiðslur,

e) „sjóðfélagi“: einstaklingur sem á rétt á eða mun eiga rétt á eftirlaunum í krafti atvinnu sinnar í samræmi við ákvæði lífeyriskerfis,

f) „lífeyrisþegi“: aðili sem fær greidd eftirlaun,

g) „lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem eru tilnefnd til að inna af hendi þær skyldur sem kveðið er á um í þessari tilskipun,

h) „áhætta sem tengist ævilíkum manna“: áhætta tengd andláti, örorku og langlífi,

i) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem stofnunin er með skráða skrifstofu sína og aðalskrifstofu eða aðalskrifstofu ef hún er ekki með skráða skrifstofu,

j) „gistiaðildarríki“: aðildarríkið þar sem félagsmála- og vinnulöggjöf sem tengist starfstengdum lífeyriskerfum á við um tengslin milli aðildarfyrirtækisins og sjóðfélaga.

*7. gr.*

**Starfsemi stofnunar**

Sérhvert aðildarríki skal krefjast þess að stofnanir, sem eru innan yfirráðasvæðis þess, takmarki starfsemi sína við rekstur, tengdan lífeyri og starfsemi sem af þeim leiðir.

Þegar vátryggingafyrirtæki stýrir rekstri sínum varðandi starfstengdan lífeyri með því að halda eignum sínum og skuldum aðgreindum, í samræmi við 4. gr., skulu aðgreindu eignirnar og skuldirnar takmarkast við rekstur, tengdan eftirlaunum og starfsemi sem leiðir beint af þeim.

*8. gr.*

**Lögformlegur aðskilnaður milli aðildarfyrirtækja og stofnana um starfstengdan lífeyri**

Sérhvert aðildarríki skal tryggja að aðildarfyrirtæki og stofnun um starfstengdan lífeyri séu lögformlega aðskilin svo að eignir stofnunarinnar séu varðar í þágu sjóðfélaga og lífeyrisþega í því tilviki að aðildarfyrirtækið yrði gjaldþrota.

*9. gr.*

**Skilyrði varðandi rekstur**

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja eftirfarandi að því er varðar sérhverja stofnun sem er á yfirráðasvæði þess:

a) að lögbært eftirlitsyfirvald skrái stofnunina í innlenda skrá eða veiti henni leyfi; ef um er að ræða starfsemi yfir landamæri, sem um getur í 20. gr., skal einnig koma fram í skránni í hvaða aðildarríkjum stofnunin er með rekstur,

b) að stofnunin sé rekin á hagkvæman hátt af einstaklingum með óflekkað mannorð og þeir verði að hafa viðeigandi starfsmenntun og hæfi eða hafi í vinnu sinni ráðgjafa með viðeigandi starfsmenntun og hæfi og reynslu,

c) að komið hafi verið til framkvæmda reglum um starfrækslu lífeyriskerfa sem stofnunin rekur og þær hafi verið settar á viðeigandi hátt og sjóðfélögum hafi verið kynntar þessar reglur nægilega vel,

d) að allar tryggingaskuldir séu reiknaðar og vottaðar af tryggingafræðingi eða, ef tryggingafræðingur sér ekki um það, af öðrum sérfræðingi á þessu sviði, m.a., í samræmi við innlenda löggjöf, af endurskoðanda á grundvelli tryggingafræðilegra aðferða sem viðurkenndar eru af lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu,

e) að aðildarfyrirtækið ábyrgist greiðslu eftirlauna í því tilviki að það hafi skuldbundið sig til reglulegrar fjármögnunar,

f) sjóðfélagarnir séu nægilega vel upplýstir um skilyrði lífeyriskerfisins, einkum varðandi:

i) réttindi og skyldur þeirra aðila sem eiga aðild að lífeyriskerfinu,

ii) fjárhagslega, tæknilega og aðra áhættu, tengda lífeyriskerfinu,

iii) eðli og dreifingu þessarar áhættu.

2. Í samræmi við dreifræðisregluna og að teknu tilhlýðilegu tilliti til umfangs lífeyrisgreiðslna sem almannatryggingakerfi bjóða geta aðildarríki kveðið á um að sjóðfélögum standi til boða trygging sem nær yfir langlífi og örorku, greiðslur til eftirlifandi aðstandenda og trygging fyrir endurgreiðslu framlaga í formi viðbótarréttinda ef vinnuveitendur og starfs-

menn eða fulltrúar þeirra hvorra um sig koma sér saman um það.

3. Aðildarríki getur sett skilyrði um rekstur stofnunar á yfirráðasvæði þess sem eru háð öðrum kröfum í því skyni að tryggja að hagsmunir sjóðfélaga og lífeyrisþega séu varðir með fullnægjandi hætti.

4. Aðildarríki getur heimilað eða krafist þess að stofnanir á yfirráðasvæði þess feli rekstur þessara stofnana, að öllu leyti eða að hluta, öðrum einingum sem starfa fyrir hönd þessara stofnana.

5. Í því tilviki að starfsemin nái yfir landamæri, eins og um getur í 20. gr., skulu skilyrði fyrir rekstri stofnunarinnar vera með fyrirvara um að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hafi veitt henni starfsleyfi fyrir fram.

*10. gr.*

**Ársreikningar og ársskýrsla**

Sérhvert aðildarríki skal krefjast þess að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess geri ársreikninga og ársskýrslur þar sem fram kemur sérhvert lífeyriskerfi sem stofnunin rekur og, þar sem við á, ársreikningar og ársskýrslur fyrir hvert þeirra. Ársreikningarnir og ársskýrslurnar skulu gefa rétta og sanna mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Ársskýrslurnar og upplýsingar í skýrslunum skulu vera í fullu samræmi, heildstæðar, rétt fram settar og samþykktar með tilhlýðilegum hætti af aðilum sem til þess hafa heimild í samræmi við innlend lög.

*11. gr.*

**Upplýsingar sem ber að veita sjóðfélögum og lífeyrisþegum**

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess leggi a.m.k. fram þær upplýsingar sem settar eru fram í þessari grein, eftir því hvers eðlis lífeyriskerfið er sem komið er á fót.

2. Sjóðfélagar og lífeyrisþegar og/eða, þar sem við á, fulltrúar þeirra skulu fá:

a) að fenginni beiðni, ársreikningana og ársskýrslurnar, sem um getur í 10. gr., og, þegar stofnun ber ábyrgð á fleiri en einu kerfi, þá ársreikninga og þær ársskýrslur sem tengjast tilteknu lífeyriskerfi,

b) allar viðeigandi upplýsingar um breytingar á reglum lífeyriskerfis innan hæfilegs tímaramma.

3. Yfirlýsing um meginreglur um fjárfestingastefnu, sem um getur í 12. gr., skal vera aðgengileg sjóðfélögum og lífeyrisþegum og/eða, þar sem við á, fulltrúum þeirra að fenginni beiðni.

4. Sérhver sjóðfélagi skal einnig fá, að fenginni beiðni, ítarlegar og greinagóðar upplýsingar um:

a) fyrirhugað stig eftirlauna, ef við á,

b) fjárhæð réttindagreiðslna ef um er að ræða starfslok,

c) í því tilviki að sjóðfélagi beri fjárfestingaáhættuna, hverjir fjárfestingarmöguleikar eru, ef við á, og raunverulegt fjárfestingasamval, auk upplýsinga um áhættu og kostnað tengdan fjárfestingunum,

d) fyrirkomulag sem tengist yfirfærslu lífeyrisréttinda til annarrar stofnunar um starfstengdan lífeyri ef um er að ræða lok ráðningarsambands.

Sjóðfélagar skulu árlega fá stutt yfirlit yfir stöðu stofnunarinnar og einnig hvert núverandi fjármögnunarstig áunninna réttinda hvers og eins er.

5. Við lífeyrisaldur eða þegar réttur til útgreiðslu annarra réttinda skapast skal sérhver lífeyrisþegi fá viðeigandi upplýsingar um réttindi sem koma eiga til útgreiðslu og valmöguleika um útgreiðslu þeirra.

*12. gr.*

**Yfirlýsing um meginreglur um fjárfestingastefnu**

Sérhvert aðildarríki skal tryggja að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess semji og endurskoði að lágmarki á þriggja ára fresti skriflega yfirlýsingu um meginreglur í fjárfestingastefnu. Þessa yfirlýsingu skal endurskoða tafarlaust ef orðið hafa umtalsverðar breytingar á fjárfestingastefnunni. Aðildarríkin skulu kveða á um að þessi yfirlýsing hafi a.m.k. að geyma efni á borð við aðferðir við mælingu á fjárfestingaráhættu, ferlin sem komið hefur verið á við áhættustjórnun og skipulagða eignaskiptingu að því er varðar eðli og gildistíma lífeyrisskuldbindinga.

*13. gr.*

**Upplýsingar sem ber að veita lögbærum yfirvöldum**

Sérhvert aðildarríki skal tryggja að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlegar heimildir og leiðir að því er varðar hverja þá stofnun á yfirráðasvæði þess:

a) til að krefjast þess að stofnunin, stjórn og stjórnarmenn eða aðilar sem stýra stofnuninni veiti upplýsingar um öll viðskiptaleg málefni eða framsendi öll viðskiptaskjöl,

b) til að hafa eftirlit með tengslum milli stofnunarinnar og annarra félaga eða milli stofnana þegar þær flytja starfssvið til þessara félaga eða stofnana (utankaup) og hafi þannig áhrif á fjárhagsstöðu stofnunarinnar eða skipti verulegu máli vegna skilvirks eftirlits,

c) til að fá reglubundið yfirlýsingu um meginreglur um fjárfestingastefnu, ársreikninga og ársskýrslur og öll skjöl sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með starfseminni. Þetta geta m.a. verið skjöl á borð við:

i) innri árshlutaskýrslur,

ii) tryggingafræðilegt virðismat og ítarlegar forsendur þess,

iii) kannanir á eignum og skuldbindingum

iv) staðfesting á því að stofnunin fylgi meginreglum um fjárfestingastefnu,

v) staðfesting á því að framlög hafi verið greidd samkvæmt áætlun,

vi) skýrslur þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á endurskoðun ársreikninganna sem um getur í 10. gr.,

d) til að annast vettvangsskoðun á athafnasvæði stofnunarinnar og, þar sem við á, þar sem starfssvið hafa verið utankeypt til að ganga úr skugga um hvort starfsemin fari fram í samræmi við eftirlitsreglur.

*14. gr.*

**Vald lögbærra yfirvalda til íhlutunar og skyldur þeirra**

1. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þeirra hafi traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og fullnægjandi innra eftirlitskerfi.

2. Lögbær yfirvöld skulu hafa vald til þess að gera hvaða ráðstafanir sem er annaðhvort beint gagnvart stofnun á yfirráðasvæðum þeirra eða aðilunum sem reka stofnunina, m.a., þar sem við á, viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir sem eru stjórnunar- eða fjárhagslegs eðlis til að koma í veg fyrir eða ráða bót á vanrækslu sem skaðar hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega.

Þau geta einnig takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun stofnunarinnar á eignum sínum, einkum þegar

a) stofnunin hefur ekki getað myndað fullnægjandi tryggingaskuld vegna starfseminnar í heild eða á ekki nógar eignir til að standa undir tryggingaskuldinni,

b) stofnunin á ekki skyldubundinn viðbótarsjóð.

3. Í því skyni að verja hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega er lögbærum yfirvöldum heimilt að flytja það vald, sem aðilar sem reka stofnun sem er á yfirráðasvæðum þeirra hafa í samræmi við lög heimaaðildarríkisins, að öllu leyti eða að hluta, til sérstaks fulltrúa sem er hæfur til að fara með þetta vald.

4. Lögbæru yfirvöldin geta bannað eða takmarkað starfsemi stofnunar sem er á yfirráðasvæðum þeirra, einkum ef:

a) stofnunin stendur ekki nægilega vel vörð um hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega,

b) stofnunin uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir rekstri,

c) stofnunin bregst alvarlega skyldum sem á henni hvíla samkvæmt gildandi reglum,

d) í því tilviki að starfsemi fari fram yfir landamæri, stofnunin virðir ekki kröfur samkvæmt félagsmála- og vinnulöggjöf í gistiaðildarríkinu sem eiga við um starfstengdan lífeyri.

Ákvörðun um að banna starfsemi stofnunar skal ítarlega rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi stofnun.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að leita til dómstóla með allar ákvarðanir sem teknar eru um stofnanir samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

*15. gr.*

**Tryggingaskuld**

1. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir, sem starfrækja starfstengd lífeyriskerfi, ákvarði ávallt, að því er varðar öll lífeyriskerfi þeirra, fullnægjandi fjárhæð skuldbindinga sem samsvarar fjárhagslegum skuldbindingum sem myndast vegna heildarsafns gildandi lífeyrissamninga.

2. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir, sem starfrækja starfstengd lífeyriskerfi þar sem boðnar eru tryggingar gegn áhættu sem tengist ævilíkum manna og/eða ábyrgjast annaðhvort fjárfestingarárangur eða tiltekin réttindi, ákvarði nægilega tryggingaskuld að því er varðar öll þessi kerfi.

3. Útreikningur á tryggingaskuld skal gerður ár hvert. Heimaaðildarríki getur þó heimilað að útreikningur sé gerður einu sinni á þriggja ára fresti ef stofnunin lætur sjóðfélögum og/eða lögbærum yfir-

völdum í té vottun eða skýrslu með jöfnun fyrir hvert ár sem líður á milli. Staðfestingin eða skýrslan skal endurspegla leiðrétta þróun tryggingaskuldar og breytingar á þeirri áhættu sem tryggð er.

4. Útreikningur á tryggingaskuld skal framkvæmdur og staðfestur af tryggingafræðingi eða, ef tryggingafræðingur sér ekki um það, af öðrum sérfræðingi á þessu sviði, m.a., í samræmi við innlenda löggjöf, af endurskoðanda á grundvelli tryggingafræðilegra aðferða, sem eru viðurkenndar af lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu, í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) lágmarksfjárhæð tryggingaskuldar skal reiknuð út samkvæmt nægilega varfærnu tryggingafræðilegu mati, að teknu tilliti til allra skuldbindinga vegna réttinda og vegna framlaga í samræmi við lífeyrisfyrirkomulag stofnunarinnar. Hún skal nægja bæði fyrir lífeyri og áframhaldandi útgreiðslum réttinda sem komið hafa til útgreiðslu til lífeyrisþega og jafnframt endurspegla skuldbindingar vegna áunninna lífeyrisréttinda lífeyrisþega. Efnahagslegar og tryggingafræðilegar forsendur, sem valdar eru fyrir mat á skuldbindingum, skulu einnig valdar með varfærni og tillit skal tekið til, ef við á, viðeigandi svigrúms vegna óhagstæðs fráviks,

b) hámarksvextir skulu valdir með varfærni og ákvarðaðir í samræmi við allar viðeigandi reglur í heimaaðildarríkinu. Þessir varfærnu vextir skulu ákvarðaðir með hliðsjón af:

   - ávöxtun samsvarandi eigna sem stofnunin á og með hliðsjón af framtíðarfjárfestingatekjum og/eða
   - markaðsávöxtun hágæðaskuldabréfa eða ríkisskuldabréfa,

c) töflurnar um áhættu sem tengist ævilíkum manna, sem notaðar eru til útreiknings á tryggingaskuld, skulu byggðar á varfærnisreglum með hliðsjón af megineinkennum sjóðfélagahópsins og lífeyriskerfanna, einkum væntra breytinga á þeirri áhættu sem um er að ræða,

d) aðferðin og grunnurinn við útreikning á tryggingaskuld skulu að öllu jöfnu vera óbreytt milli fjárhagsára. Þeim má þó breyta með því að færa rök fyrir því að breyting hafi orðið á lagalegum, lýðfræðilegum eða efnahagslegum aðstæðum sem liggja til grundvallar forsendunum.

5. Aðildarríkið getur sett aukin og ítarlegri skilyrði um útreikning á tryggingaskuld í því skyni að tryggja að hagsmunir sjóðfélaganna og lífeyrisþeganna séu varðir með fullnægjandi hætti.

6. Í því skyni að samræma betur reglur um útreikning á tryggingaskuld sem unnt er að færa rök fyrir, einkum um vaxtastig og aðrar forsendur sem hafa áhrif á fjárhæð tryggingaskuldar, skal framkvæmdastjórnin gefa út skýrslu á tveggja ára fresti eða að beiðni aðildarríkis um það með hvaða hætti starfsemi yfir landamæri þróast.

Framkvæmdastjórnin skal gera tillögu um nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega röskun vegna mismunandi vaxtastigs og til að verja hagsmuni lífeyrisþega og sjóðfélaga að kerfum.

*16. gr.*

**Fjármögnun tryggingaskuldar**

1. Heimaaðildarríkið skal krefjast þess að sérhver stofnun hafi ávallt yfir að ráða nægum og viðeigandi eignum til að standa undir tryggingaskuld að því er varðar öll lífeyriskerfi sem starfrækt eru.

2. Heimaaðildarríkið getur heimilað að stofnun hafi ekki nægar eignir til að standa undir tryggingaskuld í takmarkaðan tíma. Í slíku tilviki skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnunin samþykki raunhæfa og framkvæmanlega endurreisnaráætlun til þess að tryggja að farið sé aftur að kröfunum sem gerðar eru í 1. mgr. Eftirfarandi reglur skulu gilda um áætlunina:

a) stofnunin skal gera raunhæfa og framkvæmanlega áætlun um það hvernig eignir munu ná tilskilinni fjárhæð til að standa undir tryggingaskuld innan tilskilins tíma. Áætlunin skal vera tiltæk sjóðfélögum eða, þegar við á, fulltrúum þeirra og/eða vera með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu,

b) þegar áætlunin er gerð skal tekið til tillit til sérstakra aðstæðna stofnunarinnar, einkum samsetningu eigna/skulda, áhættustefnu, lausafjáráætlunar, aldursdreifingar sjóðfélaga sem eiga rétt á eftirlaunum, nýstofnaðra kerfa og kerfa sem færast frá því að vera ekki fjármögnuð eða fjármögnuð að hluta yfir í það að vera fjármögnuð að fullu,

c) ef til þess kemur að hætt er með lífeyriskerfi á tímabilinu sem um getur framar í þessari málsgrein skal stofnunin tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu. Stofnunin skal fastsetja málsmeðferð til þess að flytja eignir og samsvarandi skuldir til annarrar fjármálastofnunar eða sambærilegs aðila. Lögbær yfirvöld

heimaaðildarríkisins skulu upplýst um þessa málsmeðferð og almennt ágrip hennar skal vera aðgengilegt sjóðfélögum eða, þar sem við á, fulltrúum þeirra í samræmi við meginregluna um trúnaðarskyldu.

3. Ef um er að ræða starfsemi yfir landamæri, sem um getur í 20. gr., skal tryggingaskuld ávallt fjármögnuð að fullu í öllum lífeyriskerfum sem starfrækt eru. Ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hlutast til í samræmi við 14. gr. Til þess að fara að þessari kröfu getur heimaaðildarríkið krafist þess að eignum og skuldum sé haldið aðgreindum.

*17. gr.*

**Lögboðið eigið fé**

1. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir, sem starfrækja lífeyriskerfi, þar sem stofnunin sjálf en ekki aðildarfyrirtækið tekur að sér skuldbindingu gagnvart áhættu sem tengist ævilíkum manna eða ábyrgist tiltekinn fjárfestingarárangur eða tiltekin réttindi, hafi yfir að ráða varanlegum viðbótareignum umfram tryggingaskuld til að verjast sveiflum. Umrædd fjárhæð skal endurspegla tegund áhættu og eignagrunn allra þeirra kerfa sem starfrækt eru. Þessar eignir skulu vera án allra fyrirsjáanlegra skuldbindinga og mynda öryggisfjármagn til að jafna út mismun á ætluðum og raunverulegum kostnaði og hagnaði.

2. Við útreikning á lágmarksfjárhæð viðbótareignanna skulu reglur, sem mælt er fyrir um í 27. og 28. gr. tilskipunar 2002/83/EB, gilda.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu þó ekki koma í veg fyrir að aðildarríki krefjist þess af stofnunum á yfirráðasvæði þeirra að þær hafi yfir að ráða lögboðnu eigin fé eða setji ítarlegri reglur að því tilskildu að þær sé rökstuddar út frá varfærnissjónarmiði.

*18. gr.*

**Fjárfestingareglur**

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir á yfirráðasvæðum þeirra fjárfesti í samræmi við varfærnisregluna (prudent person rule), einkum í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) við fjárfestingar í eignum skal hafa hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega að leiðarljósi. Ef um er að ræða hugsanlegan hagsmunaárekstur skal stofnunin eða einingin sem stýrir safni hennar sjá til þess að fjárfestingin sé eingöngu í þágu sjóðfélaga og lífeyrisþega,

b) fjárfest skal í eignum með þeim hætti að öryggi, gæði, lausafjárstaða og arðsemi safnsins í heild sé tryggt.

Við fjárfestingar í eignum til jöfnunar á móti tryggingaskuld skal hafa hliðsjón af eðli og tímalengd væntanlegra eftirlauna í framtíðinni,

c) fyrst og fremst skal fjárfest með eignunum á skipulegum mörkuðum. Fjárfesting í eignum, sem eru ekki skráðar á skipulegum fjármálamarkaði, verður ávallt að vera innan varfærnismarka,

d) fjárfesting í afleiddum gerningum skal möguleg að því marki sem þeir geta dregið úr fjárfestingaáhættu eða stuðlað að skilvirkri stýringu eignasafnsins. Þá skal meta á varfærnisgrundvelli, með hliðsjón af eigninni sem liggur til grundvallar, og fella inn í matið á eignum stofnunarinnar. Stofnunin skal einnig forðast óþarfa áhættu gagnvart einum mótaðila og gagnvart annarri notkun afleiðna,

e) eignirnar skulu vera nægilega fjölbreytilegar þannig að komast megi hjá því að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda eða fyrirtækjasamstæðu og uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild.

Fjárfestingar í eignum, sem eru gefnar út af sama útgefanda eða af útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki leiða til þess að stofnunin lendi í óhóflegri áhættusamþjöppun,

f) fjárfesting í aðildarfyrirtækinu skal ekki vera meiri en 5% eignasafnsins í heild og, þegar aðildarfyrirtækið er hluti af samstæðu, skal fjárfesting í fyrirtækjum í sömu samstæðu og aðildarfyrirtækið tilheyrir ekki vera yfir 10% eignasafnsins.

Þegar nokkur fyrirtæki greiða til stofnunarinnar skal fjárfesting í þessum aðildarfyrirtækjum vera varfærin og með hliðsjón af nauðsyn þess að dreifingin sé nægjanlega mikil.

Aðildarríkin geta ákveðið að framfylgja ekki kröfunum, sem um getur í e- og f-lið, gagnvart fjárfestingum í ríkisskuldabréfum.

2. Heimaaðildarríkið skal banna stofnuninni að taka lán eða taka á sig ábyrgð fyrir hönd þriðju aðila. Aðildarríki geta hins vegar heimilað stofnunum að stunda lántökur að nokkru marki, þó einungis til að afla lausafjár og til skamms tíma.

3. Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra fjárfesti í tilteknum eignaflokkum.

4. Aðildarríkin skulu ekki skilyrða fjárfestingarákvarðanir stofnunar á yfirráðasvæði þeirra eða forstöðumann fjárfestinga við neins konar fyrirframsamþykki eða kerfisbundna tilkynningarskyldu, sbr. þó 12. gr.

5. Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við ákvæði 1.–4. mgr., að mæla fyrir um ítarlegri reglur um stofnanir á yfirráðasvæðum þeirra, þar á meðal reglur um magn, að því tilskildu að þær séu rökstuddar út frá varfærnissjónarmiði, til að endurspegla öll lífeyriskerfi sem þessar stofnanir starfrækja.

Aðildarríkjunum er einkum heimilt að beita ákvæðum um fjárfestingar sem eru sambærilegar við ákvæðin í tilskipun 2002/83/EB.

Aðildarríkin skulu þó ekki hindra stofnanir í eftirfarandi atriðum:

a) að fjárfesta fyrir allt að 70% eignanna sem eru til jöfnunar tryggingaskuldar eða alls stofnsins í kerfum þar sem sjóðfélagarnir bera fjárfestingaáhættuna í hlutabréfum, framseljanlegum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf og fyrirtækjaskuldabréfum, skráðum á skipulegum mörkuðum og að ákveða hlutfallslegt vægi þessara verðbréfa í fjárfestingasamvali þeirra. Aðildarríkjum er þó heimilt, að því tilskildu að slíkt sé rökstutt út frá varfærnissjónarmiði, að nota lægri mörk gagnvart stofnunum sem bjóða lífeyriskjör með langtímavaxtaábyrgð, bera fjárfestingaáhættuna og gangast sjálf í ábyrgðir,

b) að fjárfesta fyrir allt að 30% eignanna sem eru til jöfnunar tryggingaskuldar í eignum sem tilgreindar eru í öðrum gjaldmiðlum en þeim sem skuldbindingarnar eru tilgreindar í,

c) að fjárfesta í áhættufjármagnsmörkuðum.

6. Ákvæði 5. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geti krafist þess að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra beiti strangari reglum um fjárfestingar, einnig gagnvart einstökum stofnunum, að því tilskildu að þær séu rökstuddar út frá varfærnissjónarmiði, einkum með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem stofnunin gengst undir.

7. Þegar um er að ræða starfsemi yfir landamæri, eins og getur um í 20. gr., geta lögbær yfirvöld í sérhverju gistiaðildarríki krafist þess að reglurnar, sem settar eru fram í annarri undirgrein, gildi um stofnunina í heimaaðildarríkinu. Í því tilviki gilda þessar reglur einungis um þann hluta eigna stofnunarinnar sem er sambærilegur starfseminni sem fer fram í tilteknu gistiaðildarríki. Þær skulu enn fremur einungis gilda ef sömu eða strangari reglur gilda einnig um stofnanir í gistiaðildarríkinu.

Reglurnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru sem hér segir:

a) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 30% af þessum eignum í hlutabréfum, öðrum verðbréfum sem farið er með sem hlutabréf og skuldabréfum sem eru ekki skráð á skipulegan markað eða fjárfesta fyrir a.m.k. 70% af þessum eignum í hlutabréfum, öðrum verðbréfum sem farið er með sem hlutabréf og skuldabréfum sem eru skráð á skipulegan markað,

b) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 5% af þessum eignum í hlutabréfum og öðrum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf, skuldabréf og aðra peninga- og fjármagnsmarkaðsgerninga sem sama fyrirtæki gefur úti, og ekki fyrir meira en 10% af þessum eignum í hlutabréfum og öðrum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf, skuldabréfum og skuldabréfum sem ekki er verslað með á almennum markaði og öðrum peninga- og fjármagnsmarkaðargerningum sem fyrirtæki sem tilheyra sömu samstæðu gefa út,

c) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 30% af þessum eignum í eignum sem tilgreindar eru í öðrum gjaldmiðlum en þeim sem skuldbindingarnar eru tilgreindar í.

Til þess að fara að þessum kröfum getur heimaaðildarríkið krafist þess að eignunum sé haldið aðgreindum.

*19. gr.*

**Stjórnun og varsla**

1. Aðildarríkin skulu ekki standa gegn því að stofnanir tilnefni forstöðumenn fjárfestinga sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð til að annast þessa starfsemi, til að stýra fjárfestingasamvalinu í samræmi við tilskipun 85/611/EBE, 93/22/EBE, 2000/12/EB and 2002/83/EB og einnig þá sem um getur í 1. mgr. 2. gr. í þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skulu ekki standa gegn því að stofnanir tilnefni aðila til vörslu á eignum sínum, vörsluaðila, sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð í samræmi við tilskipun 93/22/EBE eða tilskipun 2000/12/EB eða eru viðurkennd fjárvörslufyrirtæki í skilningi tilskipunar 85/611/EBE.

Ákvæðið sem um getur í þessari málsgrein skal ekki koma í veg fyrir að heimaaðildarríkið geri tilnefningu vörsluaðila eða fjárvörslufyrirtækis lögboðna.

3. Sérhvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að það geti bannað samkvæmt landslögum, í samræmi við 14. gr., að eignum í umsjón vörsluaðila eða fjárvörslufyrirtækis á yfirráðasvæði þess sé ráðstafað að vild ef heimaðildarríki stofnunarinnar fer fram á slíkt.

*20. gr.*

**Starfsemi yfir landamæri**

1. Með fyrirvara um innlenda félagsmála- og vinnulöggjöf um skipulag lífeyriskerfa, þ.m.t. skylduaðild og niðurstöður almennra kjarasamninga, skulu aðildarríki heimila fyrirtækjum á yfirráðasvæðum sínum að greiða til stofnana um starfstengdan lífeyri sem veitt hefur verið leyfi fyrir í öðrum aðildarríkjum. Þau skulu einnig heimila stofnunum um starfstengdan lífeyri, sem veitt hefur verið leyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, að samþykkja greiðslur frá fyrirtækjum á yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja.

2. Um stofnun, sem óskar eftir því að samþykkja greiðslur frá aðildarfyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, gildir að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki hennar hafi veitt til þess heimild áður, eins og um getur í 5. mgr. 9. gr. Hún skal tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins, þar sem henni hefur verið veitt leyfi, að hún hyggist samþykkja greiðslur frá aðildarfyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra, sem áforma að fá greiðslur frá fyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, leggi fram eftirfarandi upplýsingar þegar þau gefa út tilkynningu skv. 2. mgr.:

a) gistiaðildarríkið eða gistiaðildarríkin,

b) heiti aðildarfyrirtækisins,

c) aðaleinkenni lífeyriskerfisins sem starfrækja skal fyrir aðildarfyrirtækið.

4. Í því tilviki að lögbært yfirvald í heimaðildarríki fær tilkynningu skv. 2. mgr., og ef það hefur ekki ástæðu til að efast um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða stofnunarinnar eða orðstír og fagþekking eða reynsla þeirra aðila sem reka stofnunina séu samrýmanleg rekstrinum sem áformaður er í gistiaðildarríkinu, skal það, innan þriggja mánaða frá því að það fær allar upplýsingar, sem um getur í 3. mgr., senda þessar upplýsingar til lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkisins og láta stofnunina vita.

5. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki skulu, áður en stofnunin hefur rekstur lífeyriskerfis fyrir aðildarfyrirtæki í öðru aðildarríki, og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þau fá upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr., tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaðaðildarríkinu, ef við á, um þær kröfur í félagsmála- og vinnulöggjöf sem eiga við um starfstengdan lífeyri og segir til um hvernig lífeyriskerfi, sem fyrirtæki í gistiaðildarríki greiðir til, skuli starfrækt og aðrar reglur sem beita skal í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta stofnuninni í té þessar upplýsingar.

6. Þegar stofnun berst tilkynning, sem um getur í 5. mgr., eða ef engin tilkynning hefur borist frá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki þegar sá frestur rennur út, sem kveðið er á um í 5. mgr., er stofnuninni heimilt að hefja rekstur lífeyriskerfisins sem fyrirtæki í gistiaðildarríkinu greiðir til, í samræmi við kröfur félagsmála- og vinnulöggjafar gistiaðildarríkisins sem eiga við um starfstengdan lífeyri og allar reglur sem beita skal í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar.

7. Um stofnun, sem fyrirtæki í öðru aðildarríki greiðir til, skulu einnig gilda, að því er varðar sambærilega sjóðfélaga allar upplýsingakröfur sem settar eru af lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu um stofnanir í því aðildarríki, í samræmi við 11. gr.

8. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu um allar verulegar breytingar á kröfum í félagsmála- og vinnulöggjöf heimaaðildarríkisins sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi sem kunna að hafa áhrif á eiginleika lífeyriskerfisins að því marki sem það snertir rekstur lífeyriskerfisins sem fyrirtæki í gistiaðildarríkinu greiðir til og breytingar á öllum reglum sem verður að beita í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar.

9. Stofnunin skal sæta stöðugu eftirliti lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu þar sem fylgst er með því að starfsemin fari fram í samræmi við kröfur í vinnu- og félagsmálalöggjöf gistiaðildarríkisins sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi, sem um getur í 5. mgr., og upplýsingakröfur sem um getur í 7. mgr. Ef þetta eftirlit leiðir í ljós brot á reglum ber lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu um það tafarlaust. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, með samhæfingu við lögbær yfirvöld í gisti-

aðildarríkinu, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að stofnunin láti af hinu uppgötvaða broti á félagsmála- og vinnulöggjöf.

10. Ef stofnunin heldur áfram að brjóta viðeigandi ákvæði í félagsmála- og vinnulöggjöf gistiaðildarríkisins, sem eiga við um svið starfstengdra lífeyriskerfa, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu hafa gert eða vegna þess að viðeigandi ráðstafanir eru ekki gerðar í heimaaðildarríkinu, er lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu heimilt, eftir að hafa tilkynnt lögbærum yfirvöldum í heimaðildarríkinu um það, að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot, þ.m.t. að koma í veg fyrir rekstur stofnunarinnar í gistiaðildarríkinu fyrir aðildarfyrirtækið að því marki sem ýtrustu nauðsyn ber til.

*21. gr.*

**Samvinna milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar**

1. Aðildarríkin skulu tryggja með viðeigandi hætti að beiting þessarar tilskipunar sé samræmd með reglulegum skiptum á upplýsingum og reynslu í því skyni að þróa bestu starfsvenjur á þessu sviði og nánara samstarf og skulu á þann hátt koma í veg fyrir röskun á samkeppni og skapa aðstæður sem nauðsynlegar eru fyrir snurðulausa félagsaðild yfir landamæri.

2. Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa nána samvinnu í því skyni að auðvelda eftirlit með rekstri stofnana um starfstengdan lífeyri.

3. Hvert aðildarríki skal skýra framkvæmdastjórninni frá öllum meiri háttar vandkvæðum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessarar tilskipunar.

Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld þeirra aðildarríkja sem hlut eiga að máli skulu skoða slík vandkvæði svo fljótt sem unnt er til þess að finna viðeigandi lausn.

4. Fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu þar sem eftirfarandi atriði hafa verið endurskoðuð:

a) beiting 18. gr. og framfarir sem hafa orðið í aðlögun innlendra eftirlitskerfa og

b) beiting annarrar undirgreinar 2. mgr. 19. gr., einkum aðstæður sem fyrir hendi eru í aðildarríkjum varðandi notkun fjárvörslufyrirtækja og hvaða hlutverki þau gegna þar sem við á.

5. Lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu er heimilt að fara fram á það við lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu að þau ákveði að halda eignum og skuldum stofnunarinnar aðgreindum, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. og 7. mgr. 18. gr.

*22. gr.*

**Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 23. september 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að fresta til 23. september 2010 beitingu 1. og 2. mgr. 17. gr. gagnvart stofnunum á yfirráðasvæði þeirra sem ekki ná lágmarksmörkum um eigið fé sem krafist er skv. 1. og 2. mgr. 17. gr. á þeim degi sem tiltekinn er í 1. mgr. þessarar greinar. Hins vegar er stofnunum, sem æskja þess að starfrækja lífeyriskerfi yfir landamæri í skilningi 20. gr., ekki heimilt að gera það fyrr en þær uppfylla reglur þessarar tilskipunar.

4. Aðildarríkjum er heimilt að fresta til 23. september 2010 að beita f-lið 1. mgr. 18. gr. gagnvart stofnunum á yfirráðasvæði þeirra. Hins vegar er stofnunum, sem æskja þess að starfrækja lífeyriskerfi yfir landamæri í skilningi 20. gr., ekki heimilt að gera það fyrr en þær hlíta reglum þessarar tilskipunar.

*23. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

*24. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 3. júní 2003.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | N. CHRISTODOULAKIS |
| *forseti.* | *forseti.* |

## 578. Nefndarálit [389. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Karl Alvarsson og Kristrúnu Lind Birgisdóttur frá samgönguráðuneytinu, Árna Gunnarsson frá Icelandair Group og Lárus Atlason frá Air Atlanta.

Í frumvarpinu er lagt til að tryggja frekari lagastoð fyrir innleiðingu EES-gerða sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn en ekki hafa verið innleiddar í íslenskan rétt ásamt nokkrum öðrum breytingum sem nauðsynlegar þykja. Nokkrar helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er mælt fyrir heimild Flugmálastjórnar Íslands til að banna flug tiltekinna loftfara í íslenskri lofthelgi á grundvelli flugöryggis. Í öðru lagi er flugrekendum gefið frekara svigrúm til að skrá loftfar hér á landi. Í þriðja lagi er fjallað um rétt fatlaðra og hreyfihamlaðra. Í fjórða lagi er lagt til að ríkisstjórnin fái heimild til að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæma viðurkenningu réttinda, skírteina, heimilda, starfsleyfa og vottunar á sviði loftflutninga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Kristján L. Möller og Anna Kristín Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Guðjón Hjörleifsson. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Jón Kristjánsson. |

Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

## 579. Breytingartillögur [389. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Við 10. gr. Inngangsmálsliður 2. mgr. b-liðar (126. gr. b.) orðist svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. er flugrekanda, umboðsmanni hans eða ferðaskrifstofu heimilt að synja um farskráningu í flug eða að heimila farþega að fara um borð í loftfar á grundvelli fötlunar eða hreyfihömlunar.

# 580. Nefndarálit [390. mál]

um frv. til l. um breyt á l. um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Karl Alvarsson og Kristrúnu Lind Birgisdóttur frá samgönguráðuneytinu, Árna Gunnarsson frá Icelandair Group og Lárus Atlason frá Air Atlanta.

Í frumvarpinu er lagt til að breyta gjaldaákvæðum laganna og undirbyggja heimildir Flugmálastjórnar Íslands til gjaldtöku en fella niður á móti skattlagningarheimildir sem ekki er lengur þörf á í lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum, og lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum. Gjaldtakan er m.a. vegna vottunar, starfsleyfa, skírteina og eftirlits.

Flest þeirra gjalda sem upp eru talin í frumvarpinu eiga sér fyrirmynd í núgildandi lögum og gjaldskrá. Til þess að gera gjaldtökuna eins skýra og og gagnsæja og mögulegt er að þessu leyti er sett fram eitt ákvæði er telur upp þau gjöld sem heimilt er að innheimta.

Fram kom í máli fulltrúa flugrekenda sem komu á fund nefndarinnar að ákveðinn ótti er á meðal þeirra um að gjöld muni hækka og álögur aukast á flugrekendur eftir að frumvarpið verður að lögum. Þótt það hafi ekki komið beint fram í máli þeirra má alltaf gera ráð fyrir að slíkar hækkanir leiði til fækkunar skráninga á flugvélum. Nefndin tekur undir með flugrekendum hvað þetta varðar og leggur jafnframt mikla áherslu á að hækkunum á gjöldum og auknum álögum á flugrekendur þurfi að stilla í hóf. Þá leggur nefndin áherslu á að við kynningu á gjaldskrá verði haft gott samstarf og samráð við flugrekendur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Kristján L. Möller og Anna Kristín Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. nóv. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Guðjón Hjörleifsson. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Jón Kristjánsson. |

Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

## 581. Breytingartillögur [390. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006.

Frá samgöngunefnd.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „skal greiða“ í 4. mgr. 3. tölul. 1. mgr. komi: skal vera.
b. Á eftir orðunum „þrír mánuðir“ í 3. málsl. 9. mgr. 3. tölul. 1. mgr. komi: sem miðast við.

## 582. Nefndarálit [330. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Þ. Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Ólaf Hjálmarsson og Eyþór Benediktsson frá fjármálaráðuneyti og Ásmund Stefánsson, Karl Steinar Guðnason, Ágúst Þór Sigurðsson, Sigríði Lillý Baldursdóttur og Sigurð Grétarsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Ólaf Ólafsson, Einar Árnason, Helga K. Hjálmsson, Borgþór St. Kjærnested og Trausta Björnsson frá Landssambandi eldri borgara, Margréti Margeirsdóttur, Stefaníu Björnsdóttur og Sigurð Hallgrímsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík og Sigurstein Másson og Hafdísi Gísladóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Þá bárust umsagnir um málið frá Samtökum atvinnulífsins, Öryrkjabandalagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Persónuvernd, Landssambandi eldri borgara, Félagi eldri borgara í Reykjavík, Tryggingastofnun ríkisins, Landssamtökum lífeyrissjóða, landlækni, Þroskahjálp – landssamtökum, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtökum sykursjúkra.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru fækkun bótaflokka og einföldun almannatryggingakerfisins, hækkun grunnfjárhæðar tekjutryggingar og lækkun skerðingarhlutfalls vegna tekna bótaþega og maka og verður samanlögð skerðing lífeyris og tekjutryggingar takmörkuð við 38,35% af tekjum. Lífeyrissjóðstekjum, þ.m.t. séreignarlífeyrissparnaði hjóna, er haldið aðgreindum þannig að lífeyrissjóðstekjur annars þeirra hafa ekki áhrif á viðmiðunartekjur hins við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar. Dregið verður úr tengingu vegna atvinnutekna við útreikning á tekjutryggingu. Þá er heimiluð frestun á töku ellilífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins sem leiði til allt að 30% hækkunar bóta. Frítekjumark að fjárhæð 300.000 kr. á ári verður sett vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega. Loks er lagt til að fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra fari eingöngu í uppbyggingu á öldrunarstofnunum og hætti að fara í rekstur þeirra. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að breytingarnar komi til framkvæmda á næstu fjórum árum.

Frumvarpið byggist á samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara og sameiginlegum tillögum úr nefnd sem forsætisráðherra skipaði til að fjalla annars vegar um búsetu og þjónustumál aldraðra og hins vegar um fyrirkomulag tekjutengingar bóta með hlið-

sjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar þar sem jafnframt yrði þó horft til tekjujöfnunarhlutverks tekjutengingar bóta. Þótt hlutverk fyrrgreindrar nefndar hefði verði afmarkað við aldraða ákvað ríkisstjórnin að öryrkjar mundu einnig njóta breytinga sem samkomulag næðist um og fagnar nefndin því.

Á fundum sínum ræddi nefndin um eftirlit með bótagreiðslum og þá skyldu Tryggingastofnunar ríkisins að hafa eftirlit með því að áætlaðar tekjur séu í samræmi við upplýsingar sem stofnunin aflar. Meiri hlutinn hefur lagt á það áherslu að samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga sé ekki nægilega gott sökum þess að þar sé falin ákveðin víxlverkun ef bótaþegar hafa van- eða ofáætlað tekjur sínar. Telur meiri hlutinn því mikilvægt bæði fyrir viðskiptavini stofnunarinnar og stofnunina sjálfa að með frumvarpi þessu er verið að efla samtímaeftirlit þannig að útreikningar á bótarétti byggist á sem réttustum upplýsingum sem ætti að draga úr van- og ofgreiðslum bóta. Þá kom fram að ráðherra setti nýlega reglugerð sem mildar innheimtuaðgerðir gagnvart ofgreiðslum bóta og fagnar meiri hlutinn því. Samkvæmt henni eru ofgreiddar bætur undir 20.000 kr. á bótagreiðsluári ekki innheimtar. Endurgreiðslur skulu ekki lækka heildartekjur þannig að þær nemi lægri fjárhæð en lágmarksframfærsluþörf og lífeyrisþegar geta ætíð samið um endurgreiðslur. Að jafnaði skulu ofgreiðslur dregnar af greiðslum stofnunarinnar til bótaþega á næstu 12 mánuðum eftir árlegt uppgjör.

Á fundum sínum ræddi nefndin gildistíma breytinganna sem frumvarpið kveður á um en lækkun skerðingarhlutfalla tekur gildi á undan breytingum á tekjutengingum við tekjur maka. Kom fram að það gæti komið misjafnlega út hjá þeim lífeyrisþegum sem hefðu hærri tekjur en makar þeirra að draga úr tengingum við tekjur maka því að þá hækkuðu um leið tekjutengingar við eigin tekjur lífeyrisþegans. Í slíkum tilvikum munu þessir lífeyrisþegar fá lægri greiðslur eftir slíka breytingu en þeir höfðu áður. Kom fram að líklegra væri þó að heildartekjur hjóna hækkuðu við breytingarnar þar sem mun algengara væri að það hjóna sem ekki væri lífeyrisþegi hefði hærri tekjurnar. Bendir meiri hlutinn á í því sambandi að samkvæmt bráðabirgðaákvæðum frumvarpsins, ákvæði 27 í 12. gr. og ákvæði e-liðar (V.) í 17. gr., verður á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 hægt að óska eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins að gerður verði samanburður á útreikningi elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar fyrir og eftir gildistöku laganna. Ef samanburðurinn leiðir til hærri bóta samkvæmt eldri lögum á stofnunin að greiða hærri bæturnar á því tímabili. Telur meiri hlutinn að með þessum ákvæðum sé komið til móts við þann hóp sem kemur hugsanlega verr út eftir gildistökuna.

Meiri hlutinn fagnar því að fé úr Framkvæmdasjóði aldraða verði alfarið nýtt til uppbyggingar öldrunarþjónustu á næstu árum.

Á fundum nefndarinnar kom fram að heildarendurskoðun á lögum um málefni aldraðra væri fyrirhuguð og fagnar meiri hlutinn því og telur mikla þörf á að einfalda enn frekar bótakerfi almannatrygginga. Nefndin telur auk þess þarft að einfalda og skýra lagabálkinn með því að kljúfa greinar upp efnislega og nota lýsandi fyrirsagnir á greinar laganna.

Eftir að frumvarpið var lagt fram hefur ríkisstjórnin, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra gefið út yfirlýsingar sem varða breytingar á frumvarpinu. Fyrri yfirlýsingin varðar það að flýta skuli framkvæmd á frítekjumarki vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega um þrjú ár eða til 1. janúar 2007.

Síðari yfirlýsingin varðar séreignarlífeyrissparnað og fjármagnstekjur og heimilar Tryggingastofnun ríkisins, að ósk lífeyrisþega, að dreifa eigin tekjum sem stafa af fjármagnstekjum og séreignarsparnaði sem leystur hefur verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftar en einu sinni á hverju tímabili. Þá heimilar hún örorkulífeyrisþeg-

um 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna og heimilar jafnframt að telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning á tekjutryggingu lífeyrisþega eins og er í gildandi lögum um öryrkja. Jafnframt er lagt til að elli- og örorkulífeyrisþegum verði heimilt að velja um að nýta 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar eftir því hvort er hagstæðara. Sá sem hefur 62.500 kr. á mánuði (750.000 kr. á ári) eða minna í atvinnutekjur hagnast af því að fá 300.000 kr. frítekjumark á ári, en ef tekjur hans eru hærri en þetta er hagstæðara að hafa 60% vægi atvinnutekna. Við þessa breytingu gilda sömu reglur um viðmið atvinnutekna við útreikning á tekjutryggingu örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega. Þá er flýtt gildistöku ákvæða um að dregið verði úr áhrifum atvinnutekna maka og um afnám áhrifa lífeyristekna maka á viðmiðunartekjur hins við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar.

Með samþykkt þessa frumvarps er tekið eitt stærsta skref síðari ára til að bæta kjör aldraðra og öryrkja hér á landi. Í því birtast helstu áhersluatriði sem talsmenn öryrkja og aldraðra hafa haldið á lofti á síðustu missirum varðandi lífeyristryggingar innan almannatryggingakerfisins. Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna samkomulags stjórnvalda og Landssambands eldri borgara til ársins 2010 var áætlaður 26,7 milljarðar kr. Kostnaður við þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar gerir á frumvarpinu í samræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar er áætlaður um 2,3 milljarðar kr. til ársins 2010. Alls gera þetta um 29 milljarða kr., þar sem um 19,5 milljarðar kr. fara til ellilífeyrisþega og 9,4 milljarðar kr. til örorkuleyrisþega, sbr. töflur í fylgiskjali I.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem varða fyrrnefndar yfirlýsingar ríkisstjórnar og ráðherra. Til þess að unnt sé að flýta gildistöku frumvarpsins á frítekjumarki vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega og öryrkja um þrjú ár þannig að það komi að fullu til framkvæmda um næstu áramót leggur nefndin til að bráðabirgðaákvæði 22 í 12. gr. frumvarpsins og ákvæði a-liðar (I.) 17. gr. falli brott. Þá leggur nefndin til breytingar sem varða aðgreiningu á tekjum maka og lífeyrisþega og draga úr áhrifum tekna maka á bótagreiðslur til lífeyrisþega sem fjallað er um í bráðabirgðaákvæðum 23 og 24 í 12. gr. og á bráðabirgðaákvæðum b-liðar (II.) og c-liðar (III.) 17. gr. frumvarpsins. Sjá dæmi um áhrif breytinganna í fylgiskjölum II og III.

Þá eru einnig lagðar til breytingar sem heimila elli- og örorkulífeyrisþegum val eftir því hvort er hagstæðara að nýta 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Þær breytingar koma fram í b- og c-lið 2. mgr. 1. gr. og b-lið 1. mgr. 16. gr. Sjá dæmi um áhrif breytinganna í fylgiskjölum II og III.

Loks leggur meiri hlutinn til breytingar á texta frumvarpsins að því er varðar séreignarlífeyrissparnað og fjármagnstekjur sem heimilar Tryggingastofnun ríkisins, að ósk lífeyrisþega, að dreifa eigin tekjum lífeyrisþega sem stafa af fjármagnstekjum og séreignarsparnaði og leystur hefur verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki verður heimilt samkvæmt tillögunni að dreifa slíkum tekjum oftar en einu sinni á hverju tímabili.

Auk þessa leggur meiri hlutinn til nokkrar breytingar sem eru lagatæknilegs eðlis. Í fyrsta lagi hefur fallið niður tilvísun í b-lið 9. gr. frumvarpsins um að verið sé að bæta við 1. málsl. 2. mgr. 48. gr. sem nefndin leggur til að verði lagfært. Þá er í 16. gr. frumvarpsins sem breyta á 26. gr. laga um málefni aldraðra og fjallar um skilgreiningu á tekjum o.fl. vísað til II. kafla en tilvísunin á að vera til V. kafla, sbr. gildandi lög, og leggur nefndin til lagfæringu á því.

Loks leggur meiri hlutinn til að nýrri grein verði bætt við frumvarpið sem breyta á 15. gr. laga um almannatryggingar en í greininni er fjallað um aldurstengda örorkubót og er sá bóta-

flokkur samkvæmt orðanna hljóðan tekjutengdur en skerðing hefst við sama tekjumark og réttur til örorkulífeyris fellur niður vegna tekna. Því kemur í raun aldrei til skerðingar bótaflokksins vegna tekna þar sem aldurstengda örorkuuppbótin greiðist aðeins þeim sem fá greiddan örorkulífeyri. Leggur meiri hlutinn því til að 3. málsl. 1. mgr. 15. gr. orðist svo: Um uppbótina gilda ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr. og 2. málsl. 4. mgr., 12. gr. um búsetutíma og örorkumat og 5. mgr. 12. gr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 7. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, form., frsm. | Ásta Möller. | Pétur H. Blöndal, með fyrirvara. |
| Gunnar Örlygsson. | | Jón Kristjánsson. |

## Fylgiskjal I.

**Samantekt á kostnaði vegna samkomulags við eldri borgara – upphaflegt.**
(millj. kr.)

| ***Lífeyrishluti*** | **2006** | **2007** | **2008** | **2009** | **2010** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Ellilífeyrisþegar* | | | | | | |
| Kjarasamn.+ sameining flokka | 1.203 | 2.405 | 2.405 | 2.405 | 2.405 | 10.824 |
| Frestun töku lífeyris | 0 | 0 | 0 | 100 | 200 | 300 |
| Lækkun skerðingarhlutfalls | 0 | 1.164 | 1.503 | 1.503 | 1.503 | 5.673 |
| Lækkun tengingar við tekjur maka | 0 | 0 | 0 | 92 | 329 | 420 |
| Frádráttur frá atvinnutekjum | 0 | 0 | 0 | 142 | 208 | 350 |
| Ellilífeyrisþegar fá 60% reglu | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 25% hækkun vasapeninga | 0 | 119 | 119 | 119 | 119 | 476 |
| **Samtals** | **1.203** | **3.688** | **4.027** | **4.361** | **4.764** | **18.044** |
| *Örorkulífeyrisþegar* | | | | | | |
| Kjarasamn.+ sameining flokka | 731 | 1.462 | 1.462 | 1.462 | 1.462 | 6.580 |
| Frestun töku lífeyris | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lækkun skerðingarhlutfalls | 0 | 368 | 465 | 465 | 465 | 1.763 |
| Lækkun tengingar við tekjur maka | 0 | 0 | 0 | 14 | 234 | 247 |
| Frádráttur frá atvinnutekjum | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 25% hækkun vasapeninga | 0 | 16 | 16 | 16 | 16 | 64 |
| **Samtals** | **731** | **1.846** | **1.943** | **1.957** | **2.177** | **8.655** |
| **Samtals hækkun lífeyrisgreiðslna** | **1.934** | **5.534** | **5.971** | **6.319** | **6.941** | **26.699** |


**Eftir breytingar.**
(millj. kr.)


| **Lífeyrishluti** | **2006** | **2007** | **2008** | **2009** | **2010** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Ellilífeyrisþegar* | | | | | | |
| Kjarasamn.+ sameining flokka | 1.203 | 2.405 | 2.405 | 2.405 | 2.405 | 10.824 |
| Frestun töku lífeyris | 0 | 0 | 0 | 100 | 200 | 300 |
| Lækkun skerðingarhlutfalls | 0 | 1.164 | 1.503 | 1.503 | 1.503 | 5.673 |
| Lækkun tengingar við tekjur maka | 0 | 85 | 338 | 242 | 329 | 994 |
| Frádráttur frá atvinnutekjum | 0 | 208 | 208 | 208 | 208 | 832 |
| Ellilífeyrisþegar fá 60% reglu | 0 | 113 | 113 | 113 | 113 | 452 |
| 25% hækkun vasapeninga | 0 | 119 | 119 | 119 | 119 | 476 |
| **Samtals** | **1.203** | **4.094** | **4.686** | **4.690** | **4.877** | **19.551** |
| | | | | | | |
| Örorkulífeyrisþegar | | | | | | |
| Kjarasamn.+ sameining flokka | 731 | 1.462 | 1.462 | 1.462 | 1.462 | 6.580 |
| Frestun töku lífeyris | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lækkun skerðingarhlutfalls | 0 | 368 | 465 | 465 | 465 | 1.763 |
| Lækkun tengingar við tekjur maka | 0 | 5 | 281 | 227 | 234 | 747 |
| Frádráttur frá atvinnutekjum | 0 | 70 | 70 | 70 | 70 | 280 |
| 25% hækkun vasapeninga | 0 | 16 | 16 | 16 | 16 | 64 |
| **Samtals** | **731** | **1.921** | **2.294** | **2.240** | **2.247** | **9.434** |
| | | | | | | |
| **Samtals hækkun lífeyrisgreiðslna** | **1.934** | **6.015** | **6.981** | **6.931** | **7.125** | **28.985** |

**Mismunatafla.**
(millj. kr.)

| **Lífeyrishluti** | **2006** | **2007** | **2008** | **2009** | **2010** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Ellilífeyrisþegar* | | | | | | |
| Kjarasamn.+ sameining flokka | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Frestun töku lífeyris | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lækkun skerðingarhlutfalls | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lækkun tengingar við tekjur maka | 0 | 85 | 338 | 150 | 0 | 574 |
| Frádráttur frá atvinnutekjum | 0 | 208 | 208 | 66 | 0 | 482 |
| Ellilífeyrisþegar fá 60% reglu | 0 | 113 | 113 | 113 | 113 | 452 |
| 25% hækkun vasapeninga | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals** | **0** | **406** | **659** | **329** | **113** | **1.507** |
| | | | | | | |
| *Örorkulífeyrisþegar* | | | | | | |
| Kjarasamn.+ sameining flokka | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Frestun töku lífeyris | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lækkun skerðingarhlutfalls | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lækkun tengingar við tekjur maka | 0 | 5 | 281 | 213 | 0 | 500 |
| Frádráttur frá atvinnutekjum | 0 | 70 | 70 | 70 | 70 | 280 |
| 25% hækkun vasapeninga | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals** | **0** | **75** | **351** | **283** | **70** | **780** |
| | | | | | | |
| **Samtals hækkun lífeyrisgreiðslna** | **0** | **481** | **1.010** | **612** | **184** | **2.287** |


## Fylgiskjal II.





*2,9% hækkun á grunnlífeyri og frítekjumarki árið 2007 gerir það að verkum að 0-mark grunnlífeyris hækkar og „250 þús." einstaklingarnir öðlast rétt til grunnlífeyris og fá því tekjutryggingu („detta inn á krónunni"). Upptaka 60% reglunnar hjá ellilífeyrisþegum veldur því að hækkunin verður meiri hjá þeim sem hafa tekjur umfram 750 þús. kr. á ári.

**Einhleypur ellilífeyrisþegi með fjármagnstekjur**





* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 kr. á mánuði.
**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inni í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.
*** 2006 kemur tvisvar fyrir – fyrra ártalið á við tímabilið jan.–júní. Síðara ártalið á við tímabilið júlí–des.

**Ellilífeyrisþegi með tekjur úr lífeyrissjóði. Maki ekki lífeyrisþegi en með 150 þús kr. tekjur af atvinnu á mánuði**




**Ellilífeyrisþegi með tekjur af atvinnu. Maki ekki lífeyrisþegi en með 150 þús. kr. tekjur af atvinnu.**





*2,9% hækkun á grunnlífeyri og frítekjumarki árið 2007 gerir það að verkum að 0-mark grunnlífeyris hækkar og „250 þús." einstaklingarnir öðlast rétt til grunnlífeyris og fá því tekjutryggingu („detta inn á krónunni"). Upptaka 60% reglunnar hjá ellilífeyrisþegum veldur því að hækkunin verður meiri hjá þeim sem hafa tekjur umfram 750 þús. kr. á ári.

**Ellilífeyrisþegi með fjármagnstekjur. Maki ekki lífeyrisþegi en með 150 þús. kr. tekjur af atvinnu**





* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 kr. á mánuði.
**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inni í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.
*** 2006 kemur tvisvar fyrir – fyrra ártalið á við tímabilið jan.–júní. Síðara ártalið á við tímabilið júlí–des.


**Ellilífeyrisþegi með tekjur úr lífeyrissjóði. Maki líka lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. tekjur af atvinnu á mánuði**




**Ellilífeyrisþegi með tekjur af atvinnu. Maki einnig lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. tekjur úr lífeyrissjóði.**






*2,9% hækkun á grunnlífeyri og frítekjumarki árið 2007 gerir það að verkum að 0-mark grunnlífeyris hækkar og „250 þús.“ einstaklingurinn öðlast rétt til grunnlífeyris og fær því tekjutryggingu („dettur inn á krónunni“). Upptaka 60% reglunnar hjá ellilífeyrisþegum veldur því að hækkunin verður meiri hjá þeim sem hafa tekjur umfram 750 þús. kr. á ári.





* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 kr. á mánuði.
**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inni í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.
*** 2006 kemur tvisvar fyrir – fyrra ártalið á við tímabilið jan.–júní. Síðara ártalið á við tímabilið júlí–des.

## Fylgiskjal III.





*5,5% hækkun á grunnlífeyri og frítekjumarki í júlí 2006 gerir það að verkum að 0-mark grunnlífeyris hækkar og „250 þús." einstaklingurinn öðlast rétt til grunnlífeyris og fær því tekjutryggingu („dettur inn á krónunni").





* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 kr. á mánuði.
**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inni í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.
*** 2006 kemur tvisvar fyrir á gröfunum. Fyrra ártalið á við tímabilið jan.–júní, síðara ártalið á við tímabilið júlí–des.





*2009 fellur samanburðarákvæðið niður og því lækka greiðslur til þeirra sem mestar tekjur hafa úr lífeyrissjóði.

**Örorkulífeyrisþegi með tekjur af atvinnu. Maki ekki lífeyrisþegi en með 150 þús. kr. tekjur af atvinnu.**





**Örorkulífeyrisþegi með fjármagnstekjur. Maki ekki lífeyrisþegi en með 150 þús. kr. tekjur af atvinnu**





* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 kr. á mánuði.
**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inni í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.
*** 2006 kemur tvisvar fyrir á gröfunum. Fyrra ártalið á við tímabilið jan.–júní, síðara ártalið á við tímabilið júlí–des.

**Örorkulífeyrisþegi með tekjur úr lífeyrissjóði. Maki líka lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. tekjur af atvinnu á mánuði**





**Örorkulífeyrisþegi með tekjur af atvinnu. Maki einnig lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. tekjur úr lífeyrissjóði.**




*5,5% hækkun á grunnlífeyri og frítekjumarki í júlí 2006 gerir það að verkum að 0-mark grunnlífeyris hækkar og „250 þús." einstaklingurinn öðlast rétt til grunnlífeyris og fær því tekjutryggingu („dettur inn á krónunni").

**Örorkulífeyrisþegi með tekjur úr lífeyrissjóði. Maki líka lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. tekjur úr lífeyrissjóði.**




* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 kr. á mánuði.
**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inni í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.
*** 2006 kemur tvisvar fyrir á gröfunum. Fyrra ártalið á við tímabilið jan.–júní, síðara ártalið á við tímabilið júlí–des.

# 583. Breytingartillögur [330. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og lögum um málefni aldraða.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar (GÓJ, ÁMöl, PHB, GÖrl, JónK).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað b- og c-liðar 2. efnismgr. komi einn liður, svohljóðandi: Tekjur elli- og örorkulífeyrisþega af atvinnu skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. Lífeyrisþegi getur valið að hafa 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Ef um hjón er að ræða skulu atvinnutekjur lífeyrisþegans, sbr. 1. málsl., hafa 75% vægi og atvinnutekjur maka hafa 25% vægi.
   b. Á eftir 10. efnismgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að ósk lífeyrisþega, að dreifa eigin tekjum lífeyrisþegans sem stafa af fjármagnstekjum og séreignarsparnaði sem leystur hefur verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftar en einu sinni á hverju tímabili.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   3. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Um uppbótina gilda ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr. og 2. málsl. 4. mgr., 12. gr. um búsetutíma og örorkumat og 5. mgr. 12. gr.
3. Í stað orðanna: „Við 2. mgr. bætist“ í b-lið 9. gr. komi: Við 1. málsl. 2. mgr. bætist.

4. Við 12. gr.
   a. Ákvæði til bráðabirgða 22 falli brott.
   b. Ákvæði til bráðabirgða 23 orðist svo: Í ákvæðum 3. málsl. b-liðar og d-liðar 2. mgr. 10. gr. laganna skulu hlutföllin 75% og 25% vera 65% og 35% á árinu 2007.
   c. Ákvæði til bráðabirgða 24 orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 2. mgr. 10. gr. laganna skulu lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega hafa 80% vægi og lífeyrisgreiðslur makans hafa 20% vægi við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar á árinu 2007.
5. Við 16. gr.
   a. Í stað orðanna „Til tekna skv. II. kafla“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Til tekna skv. V. kafla.
   b. B-liður 1. mgr. orðist svo: Tekjur vistmanns af atvinnu skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21., sbr. 22. gr. Vistmaður getur valið að hafa 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning vistunarframlags. Ef um hjón er að ræða skulu atvinnutekjur vistmannsins, sbr. 1. málsl., hafa 75% vægi og atvinnutekjur maka hafa 25% vægi.
6. Við 17. gr.
   a. A-liður (I.) falli brott.
   b. B-liður (II.) orðist svo:
      Í 3. málsl. b-liðar og d-lið 1. mgr. 26. gr. laganna skulu hlutföllin 75% og 25% vera 65% og 35% á árinu 2007.
   c. C-liður (III.) orðist svo:
      Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. 26. gr. laganna skulu lífeyrisgreiðslur vistmanns hafa 80% vægi og lífeyrisgreiðslur makans 20% vægi við útreikning á fjárhæð vistunarframlags á árinu 2007.

## 584. Nefndarálit [429. mál]

um frv. til l. um ættleiðingarstyrki.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhönnu Gunnarsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti og Sesselju Árnadóttur, Guðmund Pál Jónsson og Björgu Kjartansdóttur frá félagsmálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er kveðið á um rétt kjörforeldra sem ættleiða erlent barn eða börn í samræmi við lög um ættleiðingar til að sækja um fjárstyrk úr ríkissjóði. Styrkurinn nemur 480.000 kr. en sú fjárhæð skal sæta endurskoðun í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á tveggja ára fresti. Þá er gert ráð fyrir að hafi kjörforeldrar ættleitt fleiri en eitt barn samtímis skuli fjárhæðin hækka um 20% fyrir hvert barn umfram eitt.

Meiri hluti nefndarinnar álítur að ekki sé rétt að einskorða veitingu ættleiðingarstyrks við þau tilvik þegar ættleiðing fer fram fyrir milligöngu löggilts ættleiðingarfélags eins og gert er í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins og er því lagt til að umrætt ákvæði verði fellt brott. Eigi að síður vill meiri hlutinn að skýrt komi fram að alþjóðlegar fjölskylduættleiðingar falli utan

gildissviðs frumvarpsins og því er jafnframt lagt til að við 1. gr. frumvarpsins bætist nýtt ákvæði þess efnis.

Þá telur meiri hlutinn ástæðu til að árétta að í skýrslu starfshóps um ættleiðingarstyrki frá nóvember 2006 sem fumvarpið byggist á er gert ráð fyrir að samfara frumvarpinu verði gerðar breytingar á A-lið 30. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, í þeim tilgangi að sá hluti styrksins sem sannanlega er varið til að standa undir kostnaði af ættleiðingu barns komi til frádráttar tekjum.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Pétur H. Blöndal stendur ekki að áliti þessu.

Einar Oddur Kristjánsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Dagný Jónsdóttir, form., frsm. | Guðjón Hjörleifsson. | Jóhanna Sigurðardóttir. |
| Össur Skarphéðinsson. | Helgi Hjörvar. | Birkir J. Jónsson. |

## 585. Breytingartillögur [429. mál]

við frv. til l. um ættleiðingarstyrki.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (DJ, GHj, JóhS, ÖS, HHj, BJJ).

1. Við 1. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lög þessi taka ekki til alþjóðlegra fjölskylduættleiðinga.
2. 3. mgr. 5. gr. falli brott.

## 586. Nefndarálit [365. mál]

um frv til l. um breyt. á lögum á orkusviði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Guðjón Axel Guðjónsson og Jónínu S. Lárusdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Baldur Guðlaugsson og Þórhall Arason frá fjármálaráðuneyti, Sigurð Snævarr, Dag B. Eggertsson, Svandísi Svavars-

dóttur og Ólaf F. Magnússon frá Reykjavíkurborg, Dan Brynjarsson frá Akureyrarbæ, Friðrik Sophusson, Jónas Bjarnason og Eggert Guðjónsson frá Landsvirkjun, Pál Gunnar Pálsson og Guðmund Sigurðsson frá Samkeppniseftirlitinu, Lárus Blöndal, Svein Þórarinsson, Pétur Þórðarson, Steingrím Jónsson, Þröst Magnússon og Guðmund Karlsson frá Rarik, Kristján Haraldsson og Kristján Pálsson frá Orkubúi Vestfjarða og Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá starfsmannaráði Rarik, Reykjavíkurborg, starfsmannafélagi Orkubús Vestfjarða, Fasteignamati ríkisins, ríkisskattstjóra, Norðurorku, Neytendasamtökunum, Samkeppniseftirlitinu, Landsvirkjun, Akureyrarbæ, Umhverfisstofnun, Grundarfjarðarbæ, Orkustofnun, Alþýðusambandi Íslands og talsmanni neytenda.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að gerð verði breyting á meðferð eignarhluta ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf og Rarik hf. þannig að ábyrgð á eignarhlutunum verði færð frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra. Þá er lagt til að fjármálaráðherra leggi allan eignarhluta ríkisins í Rarik hf. og Orkubúi Vestfjarða hf. inn í Landsvirkjun sem viðbótareigendaframlag ríkisins. Einnig er lagt til að kveðið verði á um að Rarik hf. taki yfir allar skattaréttarlegar skyldur og réttindi sem að öðrum kosti hefðu fallið á Rafmagnsveitur ríkisins vegna rekstrar þeirra á tímabilinu 1. janúar til 1. ágúst 2006 auk þess sem nánar er kveðið á um yfirfærslu eigna.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni hefur m.a. komið fram það mat Samkeppniseftirlitsins að óbreytt kynni frumvarpið, ef að lögum yrði, að leiða til styrkingar á markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar á markaði fyrir smásölu raforku til stórnotenda og á markaðnum fyrir framleiðslu og heildsölu á raforku. Enn fremur kunni Landsvirkjun að komast í markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir smásölu raforku til almennra nota. Ástæða sé því til að ætla að frumvarpið muni að óbreyttu hindra virka samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og smásölu raforku, í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Nefndin telur að huga þurfi betur að málum er varða yfirfærslu eignarhluta ríkisins í Rarik hf. og Orkubúi Vestfjarða hf. til Landsvirkjunar og leggur því til að þeim hluta frumvarpsins verði frestað með því að fella viðkomandi ákvæði brott en frumvarpið samþykkt að öðru leyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sigurjón Þórðarson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Helgi Hjörvar og Gunnar Örlygsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en með fyrirvara.

Alþingi, 7. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Hjálmar Árnason, form., frsm. | Guðlaugur Þór Þórðarson. | Jóhann Ársælsson. |
| Sigríður A. Þórðardóttir. | Katrín Júlíusdóttir. | Þórdís Sigurðardóttir. |
| | Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara. | |

## 587. Breytingartillögur [365. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum á orkusviði.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:
   Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu.

## 588. Nefndarálit [397. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Karl Alvarsson, Jón Eðvald Malmquist og Kristrúnu Lind Birgisdóttur frá samgönguráðuneyti, Guðmund Ólafsson og Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun, Pál Ásgrímsson frá Símanum, Dóru Sif Tynes frá Og fjarskiptum ehf. og Jón Rúnar Pálsson frá Samtökum atvinnulífsins.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Símanum, Og fjarskiptum ehf. og Samtökum atvinnulífsins.

Í frumvarpinu er lagt til að breyta tekjugrunni Póst- og fjarskiptastofnunar þannig að starfrækslugjöld sem kveðið hefur verið á um í gjaldskrá verði sett inn í lögin sem gjald fyrir tíðninotkun. Þessi breyting miðar að því að einfalda gjaldstofna stofnunarinnar og ýta undir hagnýta notkun tíðna. Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á dagsektarákvæði laganna. Með þeim breytingum er aðallega verið að samræma ákvæði laganna og ákvæði laga um fjarskipti um sama efni.

Í máli fulltrúa fjarskiptafyrirtækja sem komu á fund nefndarinnar og í umsögnum frá sömu aðilum kemur fram hörð gagnrýni á frumvarpið. Í breytingartillögum reynir meiri hlutinn að koma til móts við gagnrýnina.

Meiri hlutinn leggur til að mörk gjaldsvæðis 2: Suðvesturland frá Suðurnesjum til Akraness í b-lið 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins, sem verður 14. gr. a laganna, verði afmarkað með skýrum hætti þannig að fram komi til hvaða sveitarfélaga ákvæðinu er ætlað að ná. Gert er ráð fyrir að svæðið nái yfir Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Seltjarnarneskaupstað, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Sveitarfélagið Álftanes, Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Grindavíkurbæ, Sandgerðisbæ, Sveitarfélagið Garð, Sveitarfélagið Voga og Akraneskaupstað.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 1. málsl. 1. gr. er sérstaklega tiltekið til hvaða laga sé vísað.
2. Þegar talað er um gjöld í 4. málsl. b-liðar 2. gr. er tiltekið að átt sé við gjöld samkvæmt greininni.

3. Í a-lið 3. tölul 1. mgr. 3. gr. er lögð til leiðrétting.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. des. 2006.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. Hjálmar Árnason. Guðjón Hjörleifsson.

Þórdís Sigurðardóttir. Jón Kristjánsson.

## 589. Breytingartillögur [397. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, HjÁ, GHj, ÞórdS, JónK).

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „ákvæðum laga“ í 1. efnismálsl. komi: þessara, laga um fjarskipti eða laga um póstþjónustu.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „ákvörðun gjalda“ í 4. málsl. b-liðar komi: samkvæmt þessari grein.
3. Við 3. gr. Í staðinn fyrir orðið „minna“ í a-lið 3. tölul. 1. mgr. komi: meira.

## 590. Nefndarálit [428. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sesselju Árnadóttur frá félagsmálaráðuneyti, Sigurð P. Sigmundsson frá Vinnumálastofnun, Karl Steinar Guðnason og Hallveigu Thordarson frá Tryggingastofnun ríkisins.

Meginmarkmið frumvarpsins er þríþætt. Í fyrsta lagi að laga ýmis ákvæði laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, að því breytta fyrirkomulagi sem felst í yfirtöku Vinnumálastofnunar á rekstri fæðingarorlofssjóðs sem fram til þessa hefur verið í höndum Tryggingastofnunar. Í öðru lagi að fellt verði úr sömu lögum ákvæði sem girðir fyrir rétt foreldris til umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, hafi það notið greiðslna í fæðingarorlofi vegna sama barns eða sömu fæðingar. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að leita umsagnar ótilgreinds aðila við mat á nauðsyn á lengingu fæðingarorlofs og nauðsyn á lengingu á rétti til fæðingarstyrks í stað þess að fela tryggingayfirlækni ákvörðunarvald um þessi efni.

Á fundi nefndarinnar kom fram að Vinnumálastofnun hefur að undanförnu unnið að undirbúningi hinnar nýju starfsemi sem til stendur að verði að mestu rekin á Hvammstanga. Þar munu starfa níu manns en auk þess verða tvö stöðugildi í Reykjavík. Stofnkostnaðurinn er áætlaður 37 millj. kr. en umsýslukostnaður samkvæmt fjárlögum næsta árs er 52 millj. kr. Var það gagnrýnt að síðarnefnda fjárhæðin hefur haldist nær óbreytt frá árinu 2001 þrátt fyrir að í raun sé rekstrarkostnaður meiri sem nemur tugum milljónum. Ítrekað hafi verið bætt úr með heimild í fjáraukalögum.

Nefndin álítur að gætt hafi tregðu hjá fjárveitingavaldinu að viðurkenna aukin umsvif fæðingarorlofssjóðs og mælist til þess að við næstu fjárlagagerð verði tekið meira tillit til raunverulegs kostnaðar Vinnumálastofnunar af rekstri sjóðsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álitið með fyrirvara.

Einar Oddur Kristjánsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Dagný Jónsdóttir, form., frsm. | Guðjón Hjörleifsson. | Jóhanna Sigurðardóttir. |
| Össur Skarphéðinsson. | Helgi Hjörvar. | Pétur H. Blöndal, með fyrirvara. |
| | Birkir J. Jónsson. | |

# 591. Frumvarp til laga [450. mál]

um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Markmið og gildissvið.

### 1. gr.
*Markmið laganna.*

Markmið laga þessara er að vernda rétt starfsmanna evrópskra samvinnufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi evrópska samvinnufélagsins sem þeir vinna hjá og tryggja að gildandi reglur hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun þess.

Ef þátttökuréttur er fyrir hendi hjá einum aðila eða fleirum sem taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags skal sá réttur einnig gilda í evrópska samvinnufélaginu nema sérstök samninganefnd fulltrúa starfsmanna og fulltrúar þeirra fyrirtækja sem standa að stofnun evrópska samvinnufélagsins semji um annað eða ákvæði 18. gr. leiði til annarrar niðurstöðu.

Til að tryggja framangreind markmið skal koma á fastri tilhögun um aðild starfsmanna í öllum evrópskum samvinnufélögum í samræmi við málsmeðferð um samningaviðræður eftir því sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.
*Gildissvið.*

Ákvæði laganna gilda um evrópsk samvinnufélög og lögaðila sem hyggjast taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags á grundvelli laga um evrópsk samvinnufélög og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1435/2003 og hafa staðfestu á Íslandi.

Stjórnendur evrópsks samvinnufélags og dótturfyrirtækja þess eða stjórnendur lögaðila, sem taka þátt, þegar við á, og fulltrúar starfsmanna eða starfsmennirnir sjálfir, eftir því sem við á, skulu uppfylla þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í lögunum, óháð því hvort evrópska samvinnufélagið er með staðfestu hér á landi.

3. gr.
*Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Evrópskt samvinnufélag:* Samvinnufélag sem stofnað er í samræmi við ákvæði laga um evrópsk samvinnufélög og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003.
2. *Lögaðilar sem taka þátt:* Fyrirtæki og félög, þar með talin samvinnufélög, sem og aðrir lögaðilar sem hafa verið stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum og heyra undir þau, sem eiga beinan þátt í að stofna evrópskt samvinnufélag.
3. *Dótturfyrirtæki:* Fyrirtæki sem lögaðili, sem tekur þátt, eða evrópskt samvinnufélag hefur ráðandi aðstöðu gagnvart samkvæmt skilgreiningu 5. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999.
4. *Hlutaðeigandi dótturfyrirtæki eða starfsstöð:* Dótturfyrirtæki eða starfsstöð lögaðila, sem tekur þátt, sem fyrirhugað er að verði dótturfyrirtæki eða starfsstöð evrópska samvinnufélagsins við myndun þess.
5. *Fulltrúar starfsmanna:* Trúnaðarmenn stéttarfélaga samkvæmt lögum og aðrir fulltrúar starfsmanna lögaðila, sem taka þátt, sem starfsmenn tilnefna samkvæmt lögum þessum eða samkomulagi á vinnustað.
6. *Fulltrúanefnd:* Nefnd fulltrúa starfsmanna sem sett er á fót samkvæmt samkomulagi, sem um getur í 13. gr. eða í samræmi við III. kafla, með það í huga að upplýsa og hafa samráð við starfsmenn evrópsks samvinnufélags, dótturfyrirtækja og starfsstöðva þess, og þar sem við á beita þátttökurétti starfsmanna að því er varðar evrópska samvinnufélagið.
7. *Sérstök samninganefnd:* Nefnd sem sett er á fót í samræmi við 5. gr. til að semja við þar til bæra stofnun lögaðila, sem taka þátt, um fasta tilhögun á aðild starfsmanna í evrópska samvinnufélaginu.
8. *Aðild starfsmanna:* Hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í fyrirtæki.
9. *Upplýsingar:* Upplýsingar sem þar til bær stofnun evrópsks samvinnufélags miðlar til fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna um málefni sem varða félagið sjálft og dótturfyrirtæki eða starfsstöðvar þess sem eru í öðru aðildarríki eða utan valdsviðs þeirra stofnana sem taka ákvarðanir í hverju aðildarríki. Veita skal upplýsingar á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift að gera

ítarlegt mat á hugsanlegum áhrifum og þegar við á undirbúa samráð við þar til bæra stofnun evrópska samvinnufélagsins nema annað leiði af ákvæðum þessara laga.

10. *Samráð:* Viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi evrópsks samvinnufélags. Samráð skal fara fram á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift á grundvelli fenginna upplýsinga að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bæra stofnunin hefur fyrirhugað en álitið kann að verða tekið til greina við ákvarðanatöku í evrópska samvinnufélaginu.
11. *Þátttaka:* Áhrif fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna á málefni lögaðila annaðhvort með:
    a. rétti til að kjósa eða tilnefna fulltrúa í stjórn lögaðilans eða eftirlitsstjórn eða
    b. rétti til að mæla með og/eða gegn tilnefningu einhverra eða allra fulltrúa í stjórn lögaðilans eða eftirlitsstjórn.

## II. KAFLI

## Málsmeðferð við samningaviðræður sem gildir um evrópsk samvinnufélög sem stofnuð eru af að minnsta kosti tveimur lögaðilum eða við umbreytingu.

### 4. gr.

*Upphaf samningaviðræðna og upplýsingagjöf.*

Þegar framkvæmdastjórnir eða stjórnir lögaðila, sem taka þátt, gera áætlun um stofnun evrópsks samvinnufélags skulu þær gera nauðsynlegar ráðstafanir eins fljótt og unnt er til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna lögaðilanna um tilhögun á aðild starfsmanna. Í því felst meðal annars að láta skal fulltrúum starfsmanna þeirra fyrirtækja, sem stofnun evrópsks samvinnufélags snertir, í té upplýsingar um heiti lögaðilanna, sem taka þátt, og dótturfyrirtækja eða starfsstöðva og fjölda starfsmanna þeirra.

### 5. gr.

*Myndun sérstakrar samninganefndar.*

Áður en viðræður geta hafist samkvæmt þessum kafla skal stofnuð sérstök samninganefnd sem er í forsvari fyrir starfsmenn lögaðilanna, sem taka þátt, og hlutaðeigandi dótturfyrirtækja eða starfsstöðva í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Þegar fulltrúar í sérstöku samninganefndina eru kosnir eða tilnefndir skal tryggja að:

a. fulltrúarnir séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá þeim lögaðilum, sem taka þátt, og hlutaðeigandi dótturfyrirtækjum eða starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig, með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern hluta starfsmanna í því ríki sem jafngildir hverjum byrjuðum tug af hundraði starfsmanna sem ráðnir eru í öllum aðildarríkjum samanlagt,
b. þegar evrópskt samvinnufélag er myndað við samruna sé bætt við aðilum frá hverju aðildarríki fyrir sig, eftir þörfum, til að tryggt sé að í sérstöku samninganefndinni sé að minnsta kosti einn fulltrúi fyrir hvert samvinnufélag sem tekur þátt, er skráð og hefur starfsmenn í því aðildarríki og sem fyrirhugað er að verði ekki lengur sérstakur lögaðili eftir skráningu evrópska samvinnufélagsins, að svo miklu leyti sem:
    1. þessir viðbótarfulltrúar verða ekki fleiri en sem nemur tuttugu af hundraði þeirra fulltrúa sem eru tilnefndir eða kjörnir skv. a-lið og
    2. skipan þeirra hefur ekki í för með sér að starfsmenn viðkomandi lögaðila, sem taka þátt, öðlist fleiri fulltrúa en þeir eiga rétt á skv. a-lið.

Ef samvinnufélögin, sem b-liður 2. mgr. á við um, eru fleiri en tiltæk viðbótarsæti skal viðbótarsætum úthlutað á samvinnufélög í mismunandi aðildarríkjum í fallandi röð eftir fjölda starfsmanna í þeim.

6. gr.

*Val fulltrúa á Íslandi.*

Fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í sérstöku samninganefndinni skulu kosnir af trúnaðarmönnum stéttarfélaga. Starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann skulu velja sér sameiginlegan fulltrúa sem tekur þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Þeir sem rétt eiga til að taka þátt í kjöri fulltrúa skv. 1. mgr. skulu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til setu í sérstöku samninganefndinni. Vægi atkvæða hvers trúnaðarmanns eða fulltrúa ræðst af fjölda starfsmanna að baki honum.

Hafi engir trúnaðarmenn verið skipaðir eiga allir starfsmenn lögaðilans, sem tekur þátt, rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í nefndina.

Ef kjósa á fleiri en einn fulltrúa frá Íslandi í nefndina skal tryggja eins og unnt er að starfsmenn sem flestra lögaðila, sem taka þátt, eigi þar fulltrúa.

Í þeim tilvikum sem úthlutað er aukasæti í sérstöku samninganefndinni, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr., fer um val þeirra fulltrúa samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

Ef starfsmenn lögaðila, sem tekur þátt, á Íslandi missa rétt til fulltrúa, svo sem vegna þess að lögaðilinn tekur ekki lengur þátt í myndun evrópsks samvinnufélags, skal því sæti úthlutað að nýju samkvæmt þessari grein.

Aðferðirnar sem eru notaðar til að útnefna, tilnefna eða kjósa fulltrúa starfsmanna skulu miða að því að stuðla að jöfnu hlutfalli kynjanna.

7. gr.

*Hlutverk sérstöku samninganefndarinnar.*

Ákvarða skal tilhögun á aðild starfsmanna í evrópska samvinnufélaginu með skriflegu samkomulagi milli sérstöku samninganefndarinnar og þar til bærra stofnana lögaðilanna, sem taka þátt.

Í þessu skyni skulu þar til bærar stofnanir lögaðilanna, sem taka þátt, greina sérstöku samninganefndinni frá áætluninni um stofnun evrópska samvinnufélagsins og sjálfu stofnunarferlinu fram að skráningu þess.

8. gr.

*Ákvörðunartaka innan sérstöku samninganefndarinnar.*

Með fyrirvara um 11. gr. og í öðrum tilvikum en um getur í 2. mgr. tekur sérstaka samninganefndin ákvarðanir með hreinum meiri hluta fulltrúa, að því tilskildu að sá meiri hluti sé einnig fulltrúi hreins meiri hluta starfsmanna. Hver fulltrúi greiðir eitt atkvæði.

Verði niðurstaða samningaviðræðna sú að þátttökuréttur minnkar þarf samkomulagið í eftirtöldum tilvikum að hljóta atkvæði frá ⅔ hlutum fulltrúanna sem jafnframt eru fulltrúar að minnsta kosti ⅔ hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í a.m.k. tveimur aðildarríkjum:

a. þegar um er að ræða evrópskt samvinnufélag sem á að stofna við samruna og a.m.k. fjórðungur starfsmanna samvinnufélaganna, sem taka þátt, heyrir undir þátttökutilhögunina eða

b. þegar um er að ræða evrópskt samvinnufélag sem á að stofna á annan hátt ef a.m.k. helmingur starfsmanna lögaðilanna, sem taka þátt, heyrir undir þátttökutilhögunina.

Það að þátttökuréttur minnkar merkir að hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórnarstofnunum evrópska samvinnufélagsins, í skilningi 11. tölul. 3. gr., er lægra en hæsta hlutfallið hjá lögaðilunum sem taka þátt.

9. gr.

*Sérfræðiaðstoð og upplýsingagjöf.*

Sérstaka samninganefndin getur valið sérfræðinga til aðstoðar í samningaviðræðum, til dæmis fulltrúa frá viðkomandi samtökum stéttarfélaga á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessir sérfræðingar geta verið viðstaddir samningafundi til að veita ráðgjöf að beiðni nefndarinnar.

Sérstöku samninganefndinni er heimilt að ákveða að greina fulltrúum utanaðkomandi samtaka sem hagsmuna eiga að gæta, þ.m.t. stéttarfélaga, frá upphafi samningaviðræðna.

10. gr.

*Lengd samningaviðræðna.*

Samningaviðræður skulu hefjast um leið og sérstaka samninganefndin hefur verið stofnuð og þeim má halda áfram í sex mánuði frá fyrsta samningafundi. Miða skal upphaf frests til að ljúka samningaviðræðum samkvæmt þessari grein við tvo mánuði frá því að fullnægjandi upplýsingar skv. 4. gr. bárust fulltrúum starfsmanna hafi fyrsti fundur ekki verið haldinn fyrir þann tíma.

Aðilar geta komið sér saman um að framlengja samningaviðræður fram yfir þann tíma sem um getur í 1. mgr. í allt að eitt ár samanlagt.

11. gr.

*Slit samningaviðræðna.*

Sérstaka samninganefndin getur ákveðið, með þeim meiri hluta sem tilgreindur er í 3. mgr., að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar og að bera fyrir sig þær reglur um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá sem í gildi eru í aðildarríkjum þar sem evrópskt samvinnufélag er með starfsmenn.

Ákvörðun skv. 1. mgr. bindur enda á gerð samkomulags skv. 13. gr. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði III. kafla ekki um aðild starfsmanna evrópska samvinnufélagsins nema að því leyti sem sérstaka samninganefndin tekur ákvarðanir skv. 15. gr., en um upplýsingar og samráð gilda þá lög og venjur í hverju aðildarríki þar sem evrópska samvinnufélagið hefur starfsemi.

Ákvörðun um að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á þær þarf að hljóta atkvæði frá ⅔ hlutum fulltrúa í sérstöku samninganefndinni sem jafnframt eru fulltrúar a.m.k. ⅔ hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum.

Kalla má sérstöku samninganefndina saman að nýju með skriflegri beiðni frá að minnsta kosti 10% starfsmanna evrópska samvinnufélagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva, eða fulltrúum þeirra, í fyrsta lagi tveimur árum eftir að ákvörðun skv. 1. mgr. hefur verið tilkynnt þar til bærum stofnunum lögaðila, sem taka þátt, og gilda þá ákvæði þessa kafla að breyttu breytanda. Heimilt er þó að hefja samningaviðræður fyrr ef aðilar verða sáttir um það.

Ef sérstaka samninganefndin ákveður að hefja samningaviðræður við framkvæmdastjórn á ný, en ekkert samkomulag næst í þeim samningaviðræðum, gilda engin ákvæði III. kafla um aðild starfsmanna evrópska samvinnufélagsins.

Þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað með umbreytingu gildir þessi grein ekki ef þátttökufyrirkomulag er fyrir hendi í samvinnufélaginu sem á að breyta.

12. gr.

*Kostnaður.*

Lögaðilar, sem taka þátt, skulu bera þann kostnað sem hlýst af rekstri sérstöku samninganefndarinnar og samningaviðræðum, þ.m.t. kostnað vegna a.m.k. eins sérfræðings, þannig að nefndinni sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti.

13. gr.

*Efni samkomulags.*

Samningaviðræður þar til bærra stofnana lögaðila, sem taka þátt, og sérstöku samninganefndarinnar skulu fara fram í anda samvinnu með það í huga að ná skriflegu samkomulagi um tilhögun á aðild starfsmanna innan evrópsks samvinnufélags.

Í samkomulaginu skal að lágmarki tilgreina eftirfarandi atriði:

1. Gildissvið samkomulagsins.
2. Skipan, fjölda fulltrúa og úthlutun sæta í fulltrúanefnd sem verður viðræðuaðili þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins í tengslum við tilhögun upplýsingamiðlunar til starfsmanna evrópska samvinnufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva og samráð við þá.
3. Hlutverk fulltrúanefndarinnar og málsmeðferð um upplýsingamiðlun til hennar og samráð við hana.
4. Hve oft fulltrúanefndin skal koma saman.
5. Hvert fjármagn og hvernig aðbúnaður fulltrúanefndarinnar skal vera.
6. Með hvaða hætti fyrirkomulagi skal komið á ef aðilarnir ná samkomulagi um að koma á einni málsmeðferð, eða fleiri en einni, við upplýsingamiðlun og samráð í stað þess að skipa fulltrúanefnd.
7. Ef aðilar verða ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þátttöku, inntak þeirrar tilhögunar, þ.m.t., ef við á, fjölda fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn evrópska samvinnufélagsins sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi þeirra.
8. Gildistökudag samkomulagsins og gildistíma þess, í hvaða tilvikum samkomulagið skuli framlengt eða endurskoðað og málsmeðferð við framlengingu þess, þ.m.t., eftir því sem við á, þegar skipulagsbreytingar verða á evrópska samvinnufélaginu og dótturfyrirtækjum þess og starfsstöðvum eftir stofnun evrópska samvinnufélagsins.

Ákvæði III. kafla gilda ekki ef aðilar ná samkomulagi samkvæmt þessari grein nema þess sé sérstaklega getið í samkomulaginu.

Ef í hlut á evrópskt samvinnufélag, sem verður til við umbreytingu, skal samkomulagið kveða á um að allir þættir sem varða aðild starfsmanna séu að lágmarki þeir sömu og þeir sem eru fyrir hendi í félaginu sem á að breyta, sbr. þó a-lið 3. mgr. 30. gr.

Í samkomulaginu er heimilt að tilgreina hvernig háttað skuli réttindum starfsmanna til þátttöku á félagsfundum eða svæða- eða deildarfundum, í samræmi við 21. gr. þessara laga og 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1435/2003, sbr. lög um evrópsk samvinnufélög.

14. gr.

*Löggjöf sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræður.*

Um málsmeðferð við samningaviðræður skal fara samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins er staðsett nema annað leiði af ákvæðum þessara laga eða eðli máls.

## III. KAFLI
## **Ákvæði til vara.**

15. gr.

*Gildissvið.*

Ákvæði þessa kafla gilda um evrópsk samvinnufélög sem skráð eru hér á landi frá skráningardegi ef annaðhvort:

a. aðilarnir koma sér saman um það eða
b. ekkert samkomulag hefur náðst þegar fresturinn skv. 10. gr. er runninn út og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
   1. Þar til bær stofnun hvers lögaðila, sem tekur þátt, tekur ákvörðun um að samþykkja beitingu almennu reglnanna í tengslum við evrópska samvinnufélagið og halda með þeim hætti áfram með skráningu þess.
   2. Sérstaka samninganefndin hefur ekki tekið ákvörðunina sem kveðið er á um í 11. gr.

Enn fremur skulu ákvæði 18. gr. eingöngu gilda í eftirtöldum tilvikum og að uppfylltum tilgreindum skilyrðum:

1. Þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað við umbreytingu ef reglur aðildarríkis varðandi þátttöku starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn eru til staðar í því félagi sem verið er að umbreyta.
2. Þegar evrópskt samvinnufélag verður til við samruna:
   a. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, í einu eða fleiri samvinnufélaganna, sem taka þátt, og tók til a.m.k. fjórðungs af heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra, eða
   b. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, í einu eða fleiri samvinnufélaganna sem taka þátt og tók til minna en fjórðungs af heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra og sérstaka samninganefndin ákveður það.
3. Þegar evrópskt samvinnufélag verður til á einhvern annan hátt:
   a. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, hjá einum eða fleiri lögaðilum sem taka þátt, og tók til a.m.k. helmings af heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra, eða
   b. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, hjá einum eða fleiri lögaðilum, sem taka þátt, og tók til minna en helmings heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra og sérstaka samninganefndin ákveður það.

Við beitingu heimilda skv. 2. mgr. skal sérstaka samninganefndin ákveða, með sama meiri hluta og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr., hvaða form á þátttöku starfsmanna skuli gilda í evr-

ópsku samvinnufélagi. Nefndin skal greina þar til bærum stofnunum lögaðilanna, sem taka þátt, frá þeim ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessari málsgrein.

16. gr.

*Skipan fulltrúanefndar starfsmanna.*

Til þess að ná þeim markmiðum sem lýst er í 1. gr. og í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. 15. gr. skal fulltrúanefnd starfsmanna skipuð í samræmi við eftirfarandi reglur:

1. Fulltrúanefndin skal skipuð starfsmönnum evrópska samvinnufélagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva sem trúnaðarmenn stéttarfélaga og sameiginlegur fulltrúi þeirra starfsmanna sem ekki eiga trúnaðarmann eða allir starfsmenn, ef trúnaðarmenn eru ekki til staðar, kjósa úr sínum hópi.
2. Kosning eða tilnefning íslenskra fulltrúa í fulltrúanefndina skal, eftir því sem við á, fara fram í samræmi við 6. gr.
3. Ef verulegar breytingar verða á evrópsku samvinnufélagi, dótturfyrirtækjum þess og starfsstöðvum skal fulltrúaráðið, í samráði við þar til bærar stofnanir evrópska samvinnufélagsins, endurskoða skiptingu sæta í fulltrúaráðinu. Á þetta einkum við ef miklar breytingar verða á starfsmannafjölda, eignarhaldi eða starfsemi evrópska samvinnufélagsins, svo og ef félagið flytur staðfestu sína milli ríkja. Aðferðirnar sem eru notaðar til að útnefna, tilnefna eða kjósa fulltrúa starfsmanna skulu miða að því að stuðla að jöfnu hlutfalli kynjanna.
4. Ef stærð nefndarinnar gefur tilefni til skal fulltrúanefndin kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð sem annast venjubundin samskipti við þar til bærar stofnanir evrópska samvinnufélagsins á grundvelli starfsreglna sem fulltrúanefndin setur sér.
5. Fulltrúar í fulltrúanefndina eru kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna, sem starfa hjá evrópska samvinnufélaginu og dótturfyrirtækjum þess eða starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig, með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern hluta starfsmanna í því ríki sem jafngildir tíu af hundraði starfsmanna, eða broti af því, sem ráðnir eru í öllum aðildarríkjum samanlagt.
6. Tilkynna skal þar til bærri stofnun evrópska samvinnufélagsins um skipan fulltrúanefndarinnar.

Innan fjögurra ára frá því að fulltrúanefndin hefur verið stofnuð skal hún kanna hvort hefja eigi viðræður um gerð samkomulags, sbr. 13. gr., eða beita áfram almennum reglum samkvæmt þessum kafla.

Ákvæði 8.–14. gr. skulu gilda, eftir því sem við á, hafi ákvörðun verið tekin um viðræður varðandi samkomulag í samræmi við 13. gr. Ef frestur til að ljúka samningaviðræðunum rennur út án þess að samkomulag náist skal sú tilhögun sem fyrst var samþykkt, í samræmi við ákvæði þessa kafla, gilda áfram.

17. gr.

*Almennar reglur um upplýsingamiðlun og samráð.*

Hlutverk fulltrúanefndar skal takmarkast við málefni er varða evrópska samvinnufélagið sjálft og dótturfyrirtæki þess eða starfsstöðvar í öðru aðildarríki eða ná út fyrir ákvörðunarvald stjórnarstofnana evrópska samvinnufélagsins í einstöku aðildarríki.

Á fundum fulltrúanefndar og þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins skal einkum fjalla um skipulag, efnahagslega og fjárhagslega stöðu, líklega þróun í rekstri, framleiðslu og sölu, framtaksverkefni hvað varðar félagslega ábyrgð fyrirtækja, ástand og horfur

í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar er varða skipulag, innleiðingu nýrra vinnuhátta eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum flutningur starfsemi, lokun starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagnir, skal upplýsa fulltrúanefndina um málið. Fulltrúanefndin, eða framkvæmdaráðið ef brýnt er, á rétt á að hitta að eigin ósk aðila þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi, sem á betur við, innan evrópska samvinnufélagsins með eigin ákvörðunarrétt til að fá upplýsingar og hafa samráð um mikilvægar ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Fulltrúanefndin á rétt á að hitta fulltrúa þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins að minnsta kosti einu sinni á ári til upplýsingar og samráðs á grundvelli skýrslna sem þar til bæra stofnunin tekur reglulega saman um rekstur evrópska samvinnufélagsins og rekstrarhorfur. Jafnframt skal veita stjórnendum á viðkomandi stöðum upplýsingar.

Þar til bær stofnun evrópska samvinnufélagsins skal láta fulltrúanefndinni í té dagskrá stjórnarfunda eða, þar sem við á, funda stjórnar og eftirlitsstjórnar, ásamt afritum af öllum skjölum sem lögð eru fram á aðalfundi félagsins.

Ákveði þar til bær stofnun evrópska samvinnufélagsins að aðhafast ekki í samræmi við það álit sem fulltrúanefndin hefur látið í ljós á nefndin rétt á að hitta aftur fulltrúa evrópska samvinnufélagsins með það í huga að leita eftir samkomulagi.

Þeir aðilar í fulltrúanefndinni sem eru fulltrúar starfsmanna, sem viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á, eiga rétt á að taka þátt í fundum sem ráðgerðir eru milli framkvæmdaráðsins og evrópska samvinnufélagsins skv. 3. mgr.

Áður en fundur er haldinn með þar til bærri stofnun evrópska samvinnufélagsins á fulltrúanefndin eða framkvæmdaráðið, sem er stækkað, ef nauðsyn krefur í samræmi við 7. mgr., rétt á að funda án þess að fulltrúar evrópska samvinnufélagsins séu viðstaddir.

Með fyrirvara um þagnarskyldu skv. 24. gr. skulu fulltrúanefndarmenn veita fulltrúum starfsmanna evrópska samvinnufélagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva vitneskju um efni og niðurstöður upplýsingamiðlunarinnar og samráðsins.

Álit fulltrúanefndarinnar samkvæmt grein þessari bindur ekki hendur þar til bærra stofnana evrópska samvinnufélagsins.

Fulltrúanefndin getur leitað aðstoðar sérfræðinga að eigin vali.

Fulltrúanefndarmenn skulu eiga rétt á starfshléi til þjálfunar án þess að missa við það laun, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna þessara starfa þeirra.

Evrópska samvinnufélagið skal greiða kostnað fulltrúanefndarinnar, þ.m.t. kostnað vegna eins sérfræðings, og sjá fulltrúum hennar fyrir því fjármagni og þeirri aðstöðu sem henni er nauðsynleg til að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti.

18. gr.

*Almennar reglur um þátttöku.*

Um þátttöku starfsmanna í evrópsku samvinnufélagi gilda eftirfarandi reglur:

1. Þegar evrópskt samvinnufélag verður til við umbreytingu og reglur aðildarríkis sem varða þátttöku starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn giltu fyrir skráninguna skulu allar reglur um þátttöku starfsmanna gilda áfram fyrir evrópska samvinnufélagið. Að breyttu breytanda skal 2. tölul. gilda í því skyni.

2. Í öðrum tilvikum en skv. 1. tölul., þar sem evrópskt samvinnufélag er stofnað, eiga starfsmenn félagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva og/eða fulltrúanefnd starfsmanna rétt á að kjósa, tilnefna og mæla með eða gegn tilnefningu tiltekins fjölda fulltrúa í stjórn eða eftirlitsstjórn evrópska samvinnufélagsins til jafns við hæsta hlutfallið sem í gildi er í viðkomandi þátttökufélögum áður en evrópska samvinnufélagið er skráð.

Ef enginn af lögaðilunum, sem taka þátt, starfar samkvæmt þátttökureglum fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins er þess ekki krafist að evrópska samvinnufélagið setji ákvæði um þátttöku starfsmanna.

Fulltrúanefndin ákveður hvernig sætum í stjórn eða eftirlitsstjórn er úthlutað til fulltrúa starfsmanna í samræmi við hlutfall starfsmanna í hverju aðildarríki fyrir sig. Ef hlutfallsviðmiðun leiðir til þess að starfsmenn í einhverjum aðildarríkjum fá engan fulltrúa skal fulltrúanefndin leitast við að jafna skiptingu sæta og skulu starfsmenn í aðildarríki þar sem skrifstofa evrópska samvinnufélagsins er skráð njóta forgangs við þá jöfnun hafi þeir ekki þegar fengið úthlutað sæti samkvæmt hlutfallsreglu.

Fulltrúanefndin setur reglur um á hvaða hátt fulltrúar starfsmanna geta mælt með eða gegn tilnefningu fulltrúa í stjórnarstofnanir evrópska samvinnufélagsins, ef við á.

Ef starfsmenn á Íslandi öðlast rétt til að tilnefna eða kjósa fulltrúa samkvæmt þessari grein skal ákvæði 6. gr. gilda um það val. Um kjör eða tilnefningu annarra fulltrúa gildir löggjöf viðkomandi aðildarríkis en ef þar er ekki mælt fyrir um hvernig tilnefning fer fram skal fulltrúanefndin tilnefna fulltrúa starfsmanna þess aðildarríkis.

Hver fulltrúi í stjórn eða, þar sem við á, eftirlitsstjórn evrópska samvinnufélagsins sem fulltrúanefndin eða, eftir atvikum, starfsmenn hafa kosið, tilnefnt eða mælt með samkvæmt þessari grein, skal vera fullgildur stjórnarmaður með sömu réttindi og skyldur og fulltrúar félagsaðila samvinnufélagsins, þ.m.t. rétt til að greiða atkvæði.

## IV. KAFLI
## Aðild starfsmanna í tilteknum evrópskum samvinnufélögum.

### 19. gr.

Þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað af einstaklingum eingöngu, eða af einum lögaðila og einstaklingum sem hafa samtals færri en 50 starfsmenn í vinnu eða hafa 50 eða fleiri starfsmenn í vinnu í aðeins einu aðildarríki, gildir eftirfarandi um aðild starfsmanna:

1. Innan evrópska samvinnufélagsins sjálfs gilda þau ákvæði aðildarríkis, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, sem gilda um aðra aðila sömu gerðar.
2. Innan dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva gilda þau ákvæði aðildarríkis, þar sem þau eru staðsett, sem gilda um aðra aðila sömu gerðar.

Ef evrópskt samvinnufélag, sem heyrir undir reglur um þátttöku, flytur skráða skrifstofu sína frá einu aðildarríki til annars skulu starfsmenn a.m.k. halda sömu réttindum til þátttöku og áður.

### 20. gr.

Eftir skráningu evrópsks samvinnufélags, sbr. 1. mgr. 19. gr., skulu ákvæði II.–III. kafla gilda, eftir því sem við getur átt, ef a.m.k. þriðjungur heildarfjölda starfsmanna evrópska samvinnufélagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva í a.m.k. tveimur aðildarríkjum fer fram á það eða ef heildarstarfsmannafjöldi er 50 eða fleiri starfsmenn í a.m.k. tveimur aðildarríkjum.

## V. KAFLI
## Þátttaka í félagsfundi eða svæða- eða deildarfundum.

### 21. gr.
*Tilvik þar sem þátttaka á við.*

Með fyrirvara um þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1435/2003, sbr. lög um evrópsk samvinnufélög, nr. 92/2006, eiga starfsmenn evrópsks samvinnufélags og/eða fulltrúar þeirra rétt til þátttöku í félagsfundum eða í svæða- eða deildarfundum, ef þeir eru haldnir, og til að greiða atkvæði í eftirfarandi tilvikum:

a. ef aðilarnir ákveða það í samkomulaginu sem um getur í 13. gr.,
b. þegar samvinnufélag sem fellur undir slíkt kerfi breytist í evrópskt samvinnufélag eða
c. þegar samvinnufélag, sem tekur þátt, féll undir slíkt kerfi ef um er að ræða evrópskt samvinnufélag sem verður til á annan hátt en með umbreytingu og:
   1. aðilar ná ekki samkomulagi, eins og um getur í 13. gr., áður en fresturinn sem mælt er fyrir um í 10. gr. rennur út,
   2. b-liður 1. mgr. 15. gr. og 18. gr. gilda og
   3. samvinnufélagið sem tekur þátt og fellur undir slíkt kerfi er með hæsta þátttökuhlutfall, í skilningi 11. tölul. 3. gr., sem er í gildi hjá hlutaðeigandi samvinnufélögum sem taka þátt fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins.

## VI. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

### 22. gr.
*Samskipti evrópsks samvinnufélags við fulltrúa starfsmanna.*

Þar til bær stofnun evrópsks samvinnufélags og fulltrúanefnd starfsmanna skulu starfa í anda samvinnu með tilhlýðilegu tilliti til gagnkvæmra réttinda og skyldna.

Hið sama gildir um samvinnu stjórnar eða, þar sem við á, eftirlitsstjórnar evrópska samvinnufélagsins og fulltrúa starfsmanna sem starfa í tengslum við málsmeðferð um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá.

### 23. gr.
*Vernd fulltrúa starfsmanna.*

Fulltrúar í sérstöku samninganefndinni, fulltrúar í fulltrúanefndinni, fulltrúar starfsmanna sem starfa samkvæmt málsmeðferð um upplýsingar og samráð og fulltrúar starfsmanna í stjórn stofnana evrópska samvinnufélagsins skulu hvorki sæta uppsögn né skerðingu á kjörum sínum vegna fulltrúastarfanna. Þeim skal einnig tryggður réttur með samningi við vinnuveitanda til að taka sér frí frá störfum svo að þeir geti á eðlilegan hátt sinnt skyldum sínum við gerð og framkvæmd samninga samkvæmt lögum þessum. Þetta á einkum við um fundarsetu í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni, aðra fundi er falla undir samkomulagið sem um getur í 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. og fundi stofnana evrópska samvinnufélagsins, meðal annars varðandi greiðslu launa til fulltrúa sem starfa hjá lögaðila, sem tekur þátt, evrópska samvinnufélaginu eða dótturfyrirtækjum þess eða starfsstöðvum fyrir þann tíma sem þeir þurfa að vera fjarverandi.

Fulltrúar starfsmanna sem starfa samkvæmt málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð skulu njóta sams konar réttarverndar og trúnaðarmenn samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, eftir því sem við á.

24. gr.

*Þagnarskylda.*

Fulltrúum í sérstöku samninganefndinni, fulltrúanefndinni og sérfræðingum sem eru þeim til aðstoðar er óheimilt að láta af hendi upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í trúnaði. Hið sama gildir um fulltrúa starfsmanna í tengslum við upplýsingamiðlun og samráð.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

25. gr.

*Upplýsingar sem ekki er skylt að veita.*

Eftirlitsstjórn eða stjórn evrópsks samvinnufélags eða lögaðila sem tekur þátt, sem stofnað er á Íslandi, er ekki skuldbundin til að veita upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessara laga ef þær eru samkvæmt hlutlægum viðmiðum þess eðlis að þær geti haft mjög skaðleg áhrif á starfsemi evrópska samvinnufélagsins eða lögaðila, sem tekur þátt, ef um slíkt er um að ræða, eða dótturfyrirtækja þeirra og starfsstöðva eða valdið þeim tjóni.

26. gr.

*Misnotkun.*

Ef verulegar breytingar verða á evrópsku samvinnufélagi, dótturfyrirtækjum eða starfsstöðvum þess skömmu eftir stofnun þess, sem gefa skýra vísbendingu um að tilgangur með stofnun evrópska samvinnufélagsins hafi verið sá að svipta starfsmenn þátttökurétti eða hindra að þeir öðluðust slíkan rétt, er skylt að hefja nýjar samningaviðræður skv. II. kafla.

Með verulegum breytingum er átt við að breyting verði á samsetningu evrópska samvinnufélagsins, dótturfyrirtækis þess eða starfsstöðva, fjölda starfsmanna eða staðfestu félagsins sem hefði leitt til þess ef hún hefði átt sér stað áður en evrópska samvinnufélagið var stofnað að þátttökuréttur starfsmanna hefði aukist. Verði slík breyting innan árs frá skráningu evrópsks samvinnufélags ber félagið sönnunarbyrði fyrir því að breytingarnar séu tilkomnar af öðrum ástæðum en greinir í 1. mgr.

Um viðræður samkvæmt þessari grein gilda eftirfarandi reglur:

1. Þær skulu hefjast að kröfu fulltrúanefndar starfsmanna eða fulltrúa starfsmanna í nýjum dótturfyrirtækjum eða starfsstöðvum evrópska samvinnufélagsins.
2. Ákvæði II. kafla eiga við um viðræðurnar og undirbúning þeirra, að breyttu breytanda.

27. gr.

*Viðurlög.*

Þeir sem þrátt fyrir þagnarskylduákvæði 24. gr. láta af hendi trúnaðarupplýsingar sem þeim hafa verið veittar skulu dæmdir til fésekta nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Brot sem framin eru í starfsemi lögaðila gegn 4., 17., 23. og 26. gr. laga þessara varða lögaðila sektum, sbr. II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, ef brotið er framið af ásetningi og það er til þess fallið að svipta starfsmenn evrópsks samvinnufélags rétti sem varinn er samkvæmt þessum lögum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

28. gr.

*Ágreiningur.*

Unnt er að skjóta til dómstóla ágreiningi sem varðar framkvæmd þessara laga, þ.m.t. ágreiningi um rétt fulltrúa starfsmanna til að fá í hendur upplýsingar og rétt lögaðila, sem taka þátt, eða evrópsks samvinnufélags til að binda upplýsingar trúnaði. Rétt til málshöfðunar hafa allir þeir sem taldir eru upp í 23. gr., hlutaðeigandi stéttarfélög og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta.

29. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

30. gr.

*Tengsl við ákvæði annarra laga.*

Þegar evrópskt samvinnufélag er fyrirtæki sem starfar á Evrópska efnahagssvæðinu, eða er ráðandi fyrirtæki fyrirtækjahóps er þar starfar, í skilningi 5. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999, skulu ákvæði þeirra laga ekki gilda um evrópska samvinnufélagið eða dótturfyrirtæki þess nema sérstaka samninganefndin ákveði, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. þessara laga, að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar.

Reglur um þátttöku starfsmanna, sem kveðið er á um í lögum og/eða leiðir af venju, gilda ekki um evrópsk samvinnufélög sem heyra undir ákvæði II.–III. kafla.

Lög þessi skulu ekki hafa áhrif á:

a. rétt starfsmanna til aðildar, sem kveðið er á um í lögum og/eða leiðir af venju í aðildarríkjunum og starfsmenn evrópska samvinnufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva njóta, nema rétt til þátttöku í stjórnarstofnunum evrópska samvinnufélagsins, eða
b. reglur um þátttöku sem mælt er fyrir um í lögum og/eða leiðir af venju er gilda um dótturfyrirtæki evrópska samvinnufélagsins eða um evrópsk samvinnufélög sem heyra ekki undir ákvæði II.–III. kafla.

31. gr.

*Innleiðing á tilskipun og gildistaka.*

Lög þessi, sem eru sett til innleiðingar á tilskipun 2003/72/EB, frá 22. júlí 2003, um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna, sem vísað er til í lið 32g í XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 44/2004, öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**I. Inngangur.**

Hinn 6. desember 2005 samþykkti Alþingi þingsályktun um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins nr. 2003/72/EB frá 22. júlí 2003, um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Með frumvarpi þessu, sem samið er af Rannsóknasetri vinnuréttar- og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst, er lagt til að sett verði lög til innleiðingar á efni tilskipunarinnar.

Frumvarpið tengist lögum um evrópsk samvinnufélög, nr. 92/2006, sem samþykkt voru á Alþingi 2. júní 2006, sbr. nánari umfjöllun í næsta kafla. Við gerð þess var í öllum meginatriðum fylgt ákvæðum tilskipunar nr. 2003/72/EB. Þá voru lög um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, nr. 27/2004, einnig höfð til hliðsjónar sem og frumvarp til þeirra laga, enda ákvæði tilskipunarinnar sem liggur þeim að baki, nr. 2001/86/EB, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, að miklu leyti sambærileg við ákvæði tilskipunar nr. 2003/72/EB. Loks voru höfð til hliðsjónar dönsk lög um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, lov nr. 241/2006, om medarbejderinflydelse i SCE-selskaber.

## II. Tilskipun nr. 2003/72/EB.

Hinn 22. júlí 2003 samþykkti Evrópusambandið reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög. Samhliða var einnig samþykkt tilskipun sú er frumvarp þetta byggist á, nr. 2003/72/EB, um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Framangreindri reglugerð EB um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög hefur verið veitt lagagildi hér á landi með lögum um evrópsk samvinnufélög, nr. 92/2006. Í stuttu máli má segja að í þeirri löggjöf felist í megindráttum að samvinnufélögum sem vilja starfa í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu er heimilað að stofna evrópskt samvinnufélag samkvæmt ákveðnum meginreglum sem kveðið er á um í framangreindri reglugerð, sbr. einnig tilskipun nr. 2003/72/EB, að því er varðar aðild starfsmanna. Geta félögin þá starfað á grundvelli þessara meginreglna um stjórn, aðild starfsmanna að félögunum o.fl., nokkurra viðbótarákvæða í landslögum skráningarríkis og félagssamþykkta sinna í stað þess að starfa á grundvelli mismunandi landslaga stofni þau útibú í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi kostur er talinn leiða til minni stjórnunarkostnaðar og skriffinnsku og aukinnar samkeppnishæfni samvinnufélaga á Evrópska efnahagssvæðinu. Unnt er að stofna evrópskt samvinnufélag með mismunandi hætti, sbr. nánar ákvæði reglugerðar nr. 1435/2003/EB, sbr. lög nr. 92/2006.

Í tilskipun nr. 2003/72/EB eru settar fram reglur til að vernda rétt starfsmanna evrópskra samvinnufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi evrópska samvinnufélagsins sem þeir starfa hjá. Ákvæðum tilskipunarinnar er ætlað að tryggja að venjur um aðild starfsmanna hjá aðilum sem taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun evrópska samvinnufélagsins. Vegna margbreytilegra reglna og venja sem fyrir hendi eru í aðildarríkjunum um það hvernig fulltrúar starfsmanna koma að ákvarðanatöku í samvinnufélögum mælir tilskipunin hins vegar ekki fyrir um eina evrópska fyrirmynd að aðild starfsmanna fyrir öll evrópsk samvinnufélög. Tilskipunin leggur hins vegar þá skyldu á aðildarríki að tryggja ákveðna málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð á fjölþjóðlegum grundvelli í öllum tilvikum þegar evrópsk samvinnufélög eru stofnuð frá grunni, ef stærð þeirra gefur tilefni til þess, miðað við fjölda starfa.

Ef þátttökuréttur er fyrir hendi innan eins eða fleiri aðila sem stofna evrópskt samvinnufélag, þ.e. réttur fulltrúa starfsmanna til að hafa bein áhrif á val fulltrúa í framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins, skal hann að jafnaði fylgja með í flutningnum yfir í evrópska samvinnufélagið þegar því hefur verið komið á fót nema aðilar ákveði annað. Ef vilji er til þess innan samninganefndar að semja um minni þátttökurétt starfsmanna evrópska samvinnufélagsins

hefur tilskipunin einnig að geyma reglur um í hvaða tilvikum heimilt er að ákveða slíkt fyrirkomulag.

Það er grundvallarregla og yfirlýst markmið með tilskipuninni að tryggja áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í félaginu. Réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en evrópskt samvinnufélag er stofnað, skulu vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að evrópska samvinnufélaginu (meginreglan um „fyrir og eftir"). Sú regla gildir ekki aðeins um stofnun evrópsks samvinnufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi evrópsku samvinnufélagi og aðila sem verða fyrir áhrifum af skipulagsbreytingum. Ef skráð skrifstofa evrópsks samvinnufélags er flutt frá einu aðildarríki til annars skulu starfsmenn að minnsta kosti halda sömu réttindum til aðildar og áður.

Tilskipunin gerir ráð fyrir því að málsmeðferð um miðlun upplýsinga til starfsmanna evrópskra samvinnufélaga og samráð við þá milli landa ásamt þátttökurétti, ef við á, skuli fyrst og fremst ákveða með samkomulagi á milli viðkomandi aðila. Ef ekki næst samkomulag skal beita sérstökum almennum reglum í samræmi við viðauka með tilskipuninni sem þá gilda um evrópskt samvinnufélag. Þessum almennu reglum er ætlað að tryggja skilvirka starfshætti við miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá milli landa, sem og þátttöku þeirra í viðkomandi stofnunum evrópska samvinnufélagsins ef slíkur réttur var til staðar fyrir stofnun þess. Aðildarríkin eiga samt sem áður kost á því að beita ekki almennum reglum um þátttöku þegar um samruna er að ræða, en í þeim tilvikum ber þeim að tryggja að fyrirliggjandi kerfum og venjum um þátttöku sem fyrir hendi voru hjá þátttökuaðilunum sé viðhaldið. Jafnframt er mælt fyrir um í tilskipuninni að þegar ekki sé unnt að réttlæta beitingu framangreindrar málsmeðferðar gagnvart þátttökuaðilum í evrópsku samvinnufélagi sem stofnað er frá grunni, vegna smæðar þess, skuli evrópska samvinnufélagið heyra undir gildandi innlendar reglur um aðild starfsmanna í aðildarríkinu þar sem það setur upp skráða skrifstofu eða aðildarríkjum þar sem það hefur dótturfyrirtæki eða starfsstöðvar. Þetta hefur ekki áhrif á þá skyldu evrópsks samvinnufélags, sem þegar hefur verið stofnað, að hlíta þeirri málsmeðferð sem tilskipunin mælir fyrir um ef verulegur fjöldi starfsmanna fer fram á það.

**III. Efni frumvarpsins.**

Innleiðing tilskipunar nr. 2003/72/EB kallar á lagabreytingar hér á landi til viðbótar við þær reglur sem þegar hafa verið lögfestar vegna reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1435/2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög, sbr. lög nr. 92/2006. Með frumvarpi þessu er lagt til að settar verði meginreglur til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar. Þannig verði réttur starfsmanna evrópskra samvinnufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi evrópskra samvinnufélaga sem þeir vinna hjá tryggður sem og að gildandi reglur hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun evrópska samvinnufélagsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um að þegar ákveðið hefur verið að stofna evrópsk samvinnufélög skuli framkvæmdastjórnir eða stjórnir þeirra lögaðila sem taka þátt í stofnun þess gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna um tilhögun á aðild starfsmanna í evrópska samvinnufélaginu. Sérstök samninganefnd er í forsvari fyrir starfsmenn þeirra aðila sem taka þátt í þeim viðræðum. Við myndun nefndarinnar skal meðal annars tryggja að nefndarmenn séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá lögaðilunum, sem taka þátt, hlutaðeigandi dótturfyrirtækjum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í slíkri samninganefnd séu kosnir af trúnaðarmönnum innan fyrirtækja, en starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sér sameiginlegan fulltrúa sem taki þátt í

kjöri fulltrúa í samninganefndina. Séu engir trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði sem er ætlað að tryggja rétt fulltrúa starfsmanna í samninganefndinni til að fá upplýsingar um þau fyrirtæki sem standa að stofnun evrópsks samvinnufélags og áform þeirra er varða starfsemi félagsins. Einnig er kveðið á um rétt sérstöku samninganefndarinnar til að kalla eftir sérfræðiaðstoð og bera þau félög sem taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags allan kostnað af starfi nefndarinnar.

Markmið samningaviðræðna er að ná samkomulagi um aðild starfsmanna að evrópsku samvinnufélagi, þ.e. varðandi rétt fulltrúa starfsmanna til upplýsinga, samráðs og þátttöku. Í samkomulagi skal meðal annars kveðið á um skipan fulltrúanefndar. Sú nefnd verður viðræðuaðili þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins, að því er snertir tilhögun á miðlun upplýsinga til starfsmanna evrópska samvinnufélagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva, í tengslum við samráð við þá, eða aðra málsmeðferð sem aðilarnir verða ásáttir um í stað þess að skipa slíka fulltrúanefnd.

Verði aðilarnir ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þátttöku skal í samkomulagi þeirra einnig kveðið á um inntak þeirrar tilhögunar, þ.m.t. (ef við á) fjölda fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn evrópska samvinnufélagsins sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi þeirra o.s.frv.

Samningaviðræður geta að hámarki staðið yfir í eitt ár. Aðilar geta ákveðið að slíta viðræðum og gilda þá ákvæði III. kafla um aðild starfsmanna, eftir því sem við á. Sama máli gegnir ef ekki næst samkomulag innan þess frests sem veittur er til viðræðna.

Meginreglan er sú að einfaldur meiri hluti atkvæða ræður afstöðu sérstöku samninganefndarinnar, að því tilskildu að sá meiri hluti sé einnig fulltrúi hreins meiri hluta starfsmanna. Ef niðurstaða samningaviðræðna er sú að þátttökuréttur skuli minnka, þ.e. að áhrif fulltrúa starfsmanna á skipan stjórnar eða framkvæmdastjórnar evrópska samvinnufélagsins verði minni en fyrir stofnun þess, þarf samkomulagið hins vegar að hljóta atkvæði frá ⅔ hlutum fulltrúanna.

Ákvæði IV. kafla frumvarpsins fjalla um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum sem eru stofnuð af einstaklingum eingöngu eða af einum lögaðila og einstaklingum. Er þá miðað við að starfsmenn séu færri en 50 eða starfi hjá evrópsku samvinnufélagi í aðeins einu aðildarríki. Í þeim tilvikum skulu innan evrópska samvinnufélagsins sjálfs gilda ákvæði aðildarríkis þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Innan dótturfyrirtækja evrópska samvinnufélagsins og starfsstöðva skulu aftur á móti gilda þau ákvæði þess aðildarríkis þar sem þau eru staðsett. Ef heildarstarfsmannafjöldi evrópskra samvinnufélaga sem stofnuð eru með þessum hætti er a.m.k. 50 manns í a.m.k. tveimur aðildarríkjum getur hins vegar tiltekið hlutfall starfsmanna farið fram á að ákvæði II. og III. kafla frumvarpsins skuli gilda um aðild starfsmanna, eftir því sem við getur átt.

Í V. kafla er fjallað um rétt starfsmanna evrópsks samvinnufélags og/eða fulltrúa þeirra til þátttöku í félagsfundum eða í svæða- eða deildarfundum og til að greiða þar atkvæði. Loks geymir VI. kafli frumvarpsins ýmis ákvæði, svo sem um vernd fulltrúa starfsmanna, þagnarskyldu, meðferð ágreiningsmála, tengsl frumvarpsins við ákvæði annarra laga og heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði um efni frumvarpsins í reglugerð.

## IV. Tengsl frumvarpsins við landsrétt.

Ákvæði frumvarpsins gilda eingöngu um evrópsk samvinnufélög og hefur það engin áhrif á rétt starfsmanna annarra fyrirtækja til upplýsinga og samráðs. Í þeim tilvikum þegar starf-

andi félag umbreytist eða verður hluti af evrópsku samvinnufélagi er meginreglan hins vegar sú að þær sérreglur sem kveðið er á um í frumvarpinu, eða byggjast á samkomulagi aðila, sbr. 13. gr., ganga framar ákvæðum annarra laga er varða þátttöku starfsmanna, að því leyti sem annað er ekki tekið fram. Þetta felur meðal annars í sér að þar sem nú eru starfandi evrópsk samstarfsráð innan fyrirtækis, sbr. lög nr. 61/1999, gilda ákvæði þeirra laga almennt ekki um evrópsk samvinnufélög eða dótturfélög þess. Sama máli gildir um reglur einstakra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins um þátttöku starfsmanna.

Hins vegar er það eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins að viðhalda þátttökurétti starfsmanna í þeim tilvikum þegar hann var fyrir hendi fyrir stofnun félagsins, þótt í undantekningartilvikum sé heimilt að semja um brottfall hans. Ákvæðin leiða því fyrst og fremst til þess að þátttökurétturinn byggist eftirleiðis á samkomulagi sem fulltrúar starfsmanna og evrópska samvinnufélagsins eða stofnenda þess gera með sér, eða, í þeim tilvikum þegar samningaviðræður leiða ekki til þess að gert sé samkomulag, á ákvæðum III. kafla.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lýst því markmiði frumvarpsins að vernda og viðhalda rétti starfsmanna evrópskra samvinnufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum. Sú meginregla sem sett er fram í greininni felur í sér að sá réttur sem til staðar hefur verið hjá einum eða fleiri lögaðilum sem taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags skuli gilda áfram eftir stofnun slíks félags nema aðilar ákveði annað, í samræmi við 7. tölul. inngangsorða tilskipunarinnar.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um gildissvið laganna og vísað til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1435/2003, frá 22. júlí 2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE). Einnig er vísað til laga um evrópsk samvinnufélög, nr. 92/2006, sem samþykkt voru á Alþingi 2. júní 2006, en með þeim var ákvæðum reglugerðarinnar veitt lagagildi hér á landi. Er gert ráð fyrir að lögin gildi um öll evrópsk samvinnufélög sem hafa staðfestu hér á landi sem og um lögaðila sem hafa staðfestu hér á landi og hyggjast taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags.

Í 2. mgr. er fjallað um ábyrgð á framkvæmd laganna. Enda þótt ábyrgðin hvíli að miklu leyti sameiginlega á stjórnendum evrópska samvinnufélagsins eða lögaðila, sem taka þátt, og fulltrúum starfsmanna er í einstökum ákvæðum frumvarpsins kveðið á um frumkvæðisskyldu tiltekins aðila. Í því sambandi má benda á ákvæði 1. málsl. 4. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um að framkvæmdastjórn eða stjórn lögaðila beri að gera ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna. Í 2. málsl. 4. gr. er jafnframt gert ráð fyrir að sömu aðilar eigi frumkvæði að því að láta í té tilteknar upplýsingar þegar stofna á evrópskt samvinnufélag.

Um 3. gr.

Í greininni er, í samræmi við 2. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB, að finna skilgreiningar á helstu hugtökum sem fyrir koma í frumvarpinu og er í fæstum tilvikum ástæða til að skýra þau nánar. Þó er rétt að gera hér frekari grein fyrir nokkrum þeirra:

Í 2. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu „lögaðilar sem taka þátt“ í samræmi við b-lið 2. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB, en í þeirri grein er vísað til þess að átt sé við félög og fyrirtæki í skilningi 2. mgr. 48. gr. (áður 58. gr.) Rómarsáttmálans. Samkvæmt því ákvæði nær hugtakið til félaga og fyrirtækja sem stofnuð eru á grundvelli einkaréttar, svo og annarra

lögpersóna sem lúta opinberum rétti eða einkarétti, þó að frátöldum þeim sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni.

Um skilgreiningu á „dótturfyrirtæki“ lögaðila, sem tekur þátt, eða evrópsks samvinnufélags er í c-lið vísað til 5. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999. Er sú skilgreining nokkuð frábrugðin skilgreiningu á dótturfélagi í 2. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og samsvarandi ákvæði 2. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Ástæða þess að stuðst er við skilgreiningu laga nr. 61/1999 er sú að í c-lið 2. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB, sem ákvæðið byggist á, er vísað til samsvarandi ákvæðis 3. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB sem innleidd var með þeim lögum.

Í 11. tölul. er skilgreint hvað átt er við með þátttöku starfsmanna, þ.e. fulltrúa eða fulltrúanefndar þeirra. Er gert ráð fyrir að fulltrúar eða fulltrúanefnd starfsmanna geti haft áhrif með tvennum hætti, annaðhvort með rétti til að kjósa eða tilnefna fulltrúa í stjórn eða eftirlitsstjórn lögaðilans eða rétti til að mæla með eða gegn tilnefningu einhvers eða allra fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn lögaðilans. Hér verður að hafa í huga að á Evrópska efnahagssvæðinu er að finna margs konar fyrirkomulag á atvinnulýðræði og einnig gilda þar mismunandi reglur og fyrirkomulag um uppbyggingu og stjórn fyrirtækja. Samsvarandi ákvæði í k-lið 2. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB er ætlað að ná yfir öll þessi form og gildir þá einu hvort um er að ræða reglur sem byggjast á lögum, samningum eða venju.

Um II. kafla.

Kaflinn fjallar um meginreglur sem gilda skulu um málsmeðferð við samningaviðræður og gerð samkomulags milli þeirra fyrirtækja sem þátt taka í stofnun evrópsks samvinnufélags og fulltrúa starfsmanna. Kaflinn gildir um evrópsk samvinnufélög sem eru stofnuð af a.m.k. tveimur lögaðilum eða við umbreytingu. Í IV. kafla er hins vegar að finna reglur sem eiga við þegar slík félög eru stofnuð af einstaklingum eða einum lögaðila og einstaklingum.

Um 4. gr.

Greinin á sér samsvörun í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB. Er þar mælt fyrir um skyldu fyrirsvarsmanna lögaðila, sem hyggjast taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags, til að gera eins fljótt og unnt er nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna um tilhögun á aðild þeirra í evrópska samvinnufélaginu. Til að viðræður geti hafist þarf að stofna sérstaka samninganefnd fulltrúa starfsmanna í samræmi við ákvæði 5. gr.

Í 2. málsl. 4. gr. er kveðið á um skyldu lögaðilanna, sem taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags, til að láta fulltrúum starfsmanna í té ítarlegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo unnt sé að ákvarða fjölda fulltrúa í sérstöku samninganefndinni og skiptingu sæta í henni. Byggt er á því að veittar séu nýjustu fáanlegar upplýsingar. Að því er snertir tölur um starfsmannafjölda skal tekið fram að átt er við heildarfjölda starfsmanna hjá hverjum lögaðila, sem tekur þátt, óháð því hvort þeir eru til dæmis í hlutastarfi eða starfa á grundvelli tímabundins ráðningarsamnings. Hér er átt við fjölda starfsmanna á hverjum tíma. Er því um að ræða aðra reglu en fram kemur í 8. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999, þar sem miðað er við meðalfjölda starfsmanna á síðustu tveimur árum.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um stofnun sérstakrar samninganefndar sem vera á í forsvari fyrir starfsmenn í samningaviðræðum við þá aðila sem taka þátt í stofnun evrópska samvinnu-

félagsins. Sæti í sérstöku samráðsnefndinni eiga fulltrúar starfsmanna lögaðila og dótturfyrirtækja þeirra eða starfsstöðva sem þátt taka í stofnun evrópska samvinnufélagsins.

Reglur um skipun í sérstöku samráðsnefndina eru á margan hátt flóknar sem stafar einkum af því að unnt er að stofna evrópskt samvinnufélag á mismunandi hátt, sbr. ákvæði II. kafla laga um evrópsk samvinnufélög, nr. 92/2006.

Ákvæði a-liðar 2. mgr. er ætlað að tryggja að sæti í nefndinni skiptist eftir fjölda þeirra ríkja innan EES þar sem lögaðilarnir, sem taka þátt, hafa starfsmenn í vinnu og felur reglan í sér að hvert ríki sem málið varðar á rétt á a.m.k. einum fulltrúa. Að öðru leyti ræðst fulltrúafjöldinn af því hve stór hluti starfsmanna lögaðilanna, sem taka þátt, starfar í hverju ríki og eykst fjöldi fulltrúa um einn fyrir hvern byrjaðan tug fulltrúa.

Í b-lið 2. mgr. er að finna sérreglu sem einungis gildir þegar evrópskt samvinnufélag er myndað með samruna. Er þá bætt við takmörkuðum fjölda fulltrúa í samninganefndina og eru þeir fulltrúar starfsmanna samvinnufélaga sem taka þátt og verða ekki lengur sjálfstæðir lögaðilar eftir að skráning evrópska samvinnufélagsins tekur gildi. Í 3. mgr. er síðan tekið fram að ef samvinnufélögin eru fleiri en þau viðbótarsæti sem mögulegt er að úthluta á þennan hátt skuli þau sæti sem laus eru til ráðstöfunar ganga til starfsmanna þeirra félaga sem fjölmennust eru í hverju aðildarríki.

Um 6. gr.

Greinin byggist á ákvæði b-liðar 2. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB, en þar segir meðal annars að hvert aðildarríki skuli ákveða hvaða aðferð skuli beita við kosningu eða tilnefningu fulltrúa í sérstöku samninganefndina sem fer fram á yfirráðasvæði þess.

Í 1. mgr. er kveðið á um kjör fulltrúa starfsmanna á Íslandi í sérstöku samninganefndina. Er gert ráð fyrir að trúnaðarmönnum stéttarfélaga verði falið að velja þessa fulltrúa, en jafnframt tekið fram að starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sér sameiginlegan fulltrúa sem tekur þátt í kjörinu. Þessir aðilar skulu velja fulltrúa úr sínum röðum til setu í sérstöku samninganefndinni en ef engir trúnaðarmenn eru fyrir hendi eiga allir starfsmenn lögaðilans, sem tekur þátt, rétt á að taka í kjörinu og eru þeir þá jafnframt kjörgengir, sbr. 3. mgr.

Sérregla gildir þó skv. 5. mgr. í þeim tilvikum þegar starfsmenn eiga rétt á að velja aukafulltrúa í sérstöku samninganefndina vegna þess að viðkomandi samvinnufélag hættir að starfa sem sérstakur lögaðili í kjölfar samruna. Eiga þá einungis fulltrúar þess félags rétt á að taka þátt í kosningunni.

Í greininni er að finna ákvæði um að ef fleiri en eitt íslenskt fyrirtæki tekur þátt í stofnun Evrópufélags skuli reynt að dreifa fjölda fulltrúa milli lögaðila, sem taka þátt, og að sætum skuli endurúthlutað ef starfsmenn þátttökufélags missa rétt til fulltrúa.

Ákvæði 1.–6. mgr. eru í stórum dráttum samhljóða sambærilegum ákvæðum 6. gr. laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, nr. 27/2004. Í 7. mgr er aftur á móti að finna nýmæli, í samræmi við ákvæði 4. málsl. b-liðar 2. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB, en þar er mælt fyrir um að miða skuli að því að stuðla að jöfnu hlutfalli kynjanna við útnefningu, tilnefningu eða kosningu fulltrúa starfsmanna. Bindur þessi regla að nokkru leyti hendur fulltrúa starfsmanna þar sem þeim ber með þessum hætti að gæta að jafnvægi kynjanna á meðal fulltrúanna.

Um 7. gr.

Í greininni er hlutverki sérstöku samninganefndarinnar lýst í samræmi við 3. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB. Í 1. mgr. kemur fram að krafist er skriflegs samkomulags um þá

tilhögun á aðild starfsmanna sem ákveðin er af sérstöku samninganefndinni og þar til bærri stofnun lögaðila, sem þátt tekur.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skyldu þeirra aðila sem koma að stofnun evrópsks samvinnufélags til að greina nefndinni frá áætlunum sínum og stofnanaferlinu allt þar til skráning þess hefur farið fram. Þær upplýsingar sem hér gætu fallið undir varða til dæmis breytingar sem kunna að verða, svo sem er einhverjir hætta við þátttöku í evrópska samvinnufélaginu eða nýir aðilar bætast í hóp þátttakenda. Slíkt getur meðal annars orðið til þess að hafa áhrif á samsetningu nefndarinnar.

Um 8. gr.

Greinin samsvarar ákvæði 4. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB, en þar er mælt fyrir um hvernig haga skuli ákvörðunartöku innan sérstöku samninganefndarinnar. Meginreglan er sú að ákvarðanir eru teknar með hreinum meiri hluta, að því skilyrði uppfylltu að á bak við þann meiri hluta sé einnig meiri hluti starfsmanna hins fyrirhugaða evrópska samvinnufélags.

Ákvæði 2. mgr. geymir sérreglu sem er ætlað að varna því að þátttökuréttur starfsmanna minnki við stofnun evrópsks samvinnufélags. Þarf aukinn meiri hluta atkvæða til að staðfesta slíkt samkomulag auk þess sem uppfylla þarf skilyrði um að þeir sem greiða samkomulaginu atkvæði séu fulltrúar aukins meiri hluta starfsmanna og séu frá tveimur aðildarríkjum í það minnsta. Hins vegar er rétt að taka hér fram að ef evrópskt samvinnufélag verður til við umbreytingu er óheimilt að semja um rýrari þátttökurétt starfsmanna, sbr. 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Verður þátttaka starfsmanna þá ávallt að lágmarki að samsvara þeim rétti sem þeir höfðu fyrir í samvinnufélaginu sem á að breyta.

Um 9. gr.

Greinin byggist á 5. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB og er þar mælt fyrir um heimild sérstöku samninganefndarinnar til að leita sérfræðiaðstoðar auk þess sem nefndinni er heimilt að greina fulltrúum utanaðkomandi samtaka, sem hagsmuna eiga að gæta, frá upphafi samningaviðræðna.

Um 10. gr.

Greinin byggist á 5. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB þar sem kveðið er á um tímafresti til að ljúka samningaviðræðum. Til að tryggja að upphaf viðræðna dragist ekki úr hófi er lagt til að viðræður skuli í síðasta lagi taldar hefjast tveimur mánuðum eftir að nauðsynlegar upplýsingar berast fulltrúum starfsmanna. Þessi regla er í samræmi við ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, nr. 27/2004. Með þessu móti er tryggt að ekki þurfi að fresta úr hófi skráningu evrópsks samvinnufélags af ástæðum sem lögaðilarnir, sem taka þátt, ráða engu um.

Í 2. mgr. er kveðið er á um að aðilar geti þrátt fyrir 1. mgr. komið sér saman um að halda samningaviðræðum áfram eftir sex mánaða frestinn en þá er miðað við að þær geti staðið að hámarki í eitt ár frá stofnun sérstöku samninganefndarinnar.

Um 11. gr.

Greinin, sem byggist á 6. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB, kveður á um heimild sérstöku samninganefndarinnar til að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á viðræður og vísa þess í stað til gildandi reglna í einstökum aðildarríkjum um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs. Slík ákvörðun verður ekki tekin nema með auknum meiri hluta atkvæða,

auk frekari skilyrða sem tilgreind eru í ákvæðinu. Hins vegar er samninganefndinni óheimilt að taka slíka ákvörðun ef stofna á evrópsk samvinnufélög við umbreytingu, sbr. 6. mgr. greinarinnar og 3. mgr. 13. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um heimild til að kalla sérstöku samninganefndina saman að nýju, en almennt verður það ekki gert fyrr en að liðnum tveimur árum frá fyrri ákvörðun.

Um 12. gr.

Í greininni, sem byggist á 7. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB, er kveðið á um hvernig fara skuli með þann kostnað sem hlýst af störfum sérstöku samninganefndarinnar. Samkvæmt greininni bera þeir lögaðilar sem þátt taka í stofnun evrópsks samvinnufélags þennan kostnað. Þar undir fellur til að mynda kostnaður vegna aðstoðar a.m.k. eins sérfræðings sem sérstöku samninganefndinni er unnt að fá sér til aðstoðar, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Þetta á einnig við um allan eðlilegan kostnað sem hlýst af störfum nefndarinnar, svo sem ferðakostnað og þess háttar.

Um 13. gr.

Greinin byggist á 4. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB og kveður á um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru um efni samkomulags. Upptalningin í 2. mgr. er ekki tæmandi og er aðilum frjálst að semja um önnur atriði en þar koma fram.

Gert er ráð fyrir því sem meginreglu, sbr. 2. tölul. 2. mgr., að aðilarnir geri samkomulag um að starfandi verði fulltrúanefnd starfsmanna sem að mörgu leyti svipar til evrópskra samstarfsráða í fyrirtækjum og kveðið er á um í lögum nr. 61/1999. Í 6. tölul. 2. mgr. er þó gert ráð fyrir að heimilt sé að semja um annað fyrirkomulag á upplýsingamiðlun og samráði.

Meðal þeirra atriða sem nauðsynlegt er að komi fram í samkomulagi aðila er gildissvið samkomulagsins, þ.e. til hvaða fyrirtækja, þ.m.t. dótturfyrirtækja, því er ætlað að ná. Einnig er mikilvægt að í samkomulaginu komi fram í hvaða tilvikum það skuli endurskoðað, sbr. 8. tölul. 2. mgr., enda líklegt að einhverjar breytingar verði á starfsemi hins evrópska samvinnufélags, svo sem vegna frekari samruna eða breytinga á starfsemi félagsins eftir að það hefur verið stofnað. Slíkar breytingar geta hæglega haft áhrif á skiptingu sæta í fulltrúanefndinni.

Í þeim tilvikum sem samkomulag næst samkvæmt þessari grein eiga ákvæði III. kafla frumvarpsins ekki við um evrópska samvinnufélagið nema þess sé sérstaklega getið í samkomulagi aðila, sbr. 3. mgr.

Í 4. mgr. er sérstaklega tekið fram að þegar evrópskt samvinnufélag verður til við umbreytingu skuli samkomulagið mæla fyrir um að aðild starfsmanna sé á engan hátt minni en í félaginu sem á að breyta, leiði ákvæði a-liðar 3. mgr. 30. gr. ekki til annarrar niðurstöðu.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um heimild aðila til að tilgreina í samkomulaginu hvernig fara skuli um réttindi starfsmanna til þátttöku á félagsfundum eða svæða- eða deildarfundum. Í því sambandi er vísað til 21. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um þátttöku á slíkum fundum. Einnig er vísað til 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1435/2003, frá 22. júlí 2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE), sem innleidd var hér á landi með lögum um evrópsk samvinnufélög, nr. 92/2006. Þar kemur fram að ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, leyfa við gildistöku þessarar reglugerðar sé heimilt að kveða á um það í samþykktum evrópska samvinnufélagsins hvernig þátttöku fulltrúa starfsmanna á félagsfundum skuli háttað eða á svæða- eða deildarfundum, að því tilskildu að fulltrúar starfsmanna ráði ekki samanlagt yfir meira en 15% af heildaratkvæðisrétti. Sá réttur fellur samkvæmt ákvæðinu niður um leið og skráð skrifstofa evrópska sam-

vinnufélagsins er flutt til aðildarríkis þar sem ekki er kveðið á um slíka þátttöku í landslögum.

Um 14. gr.

Í greininni, sem byggist á 6. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB, er kveðið á um að löggjöf þess aðildarríkis þar sem aðalskrifstofa evrópska samvinnufélagsins verður staðsett skuli gilda um málsmeðferð við samningaviðræður. Ákvæði frumvarpsins eða eðli máls geta þó í einstaka tilvikum leitt til þess að landsréttur í hverju ríki gildi og á það til dæmis við um val fulltrúa hvers ríkis í sérstöku samninganefndina.

Um III. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði sem hafa það að markmiði að innleiða efni viðauka með tilskipun nr. 2003/72/EB, sbr. einnig 7. gr. tilskipunarinnar. Geta ákvæði kaflans, eða einstakar greinar hans eftir því sem við á, gilt í þeim tilvikum þegar ekki hefur náðst samkomulag skv. 13. gr. eða ef aðilarnir koma sér saman um það, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Um 15. gr.

Grein þessi svarar til 7. gr. tilskipunar nr. 2003/72/EB og felur í sér nánari afmörkun á því hvenær ákvæði kaflans geta átt við um aðild starfsmanna að evrópsku samvinnufélagi. Er meginreglan sú að ákvæði 17. gr., um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn, gilda frá skráningu evrópska samvinnufélagsins í þeim tilvikum þegar ekki hefur náðst samkomulag skv. 13. gr. og sérstaka samninganefndin hefur ekki tekið ákvörðun um að slíta viðræðum og bera fyrir sig reglur sem gilda um slík samskipti í hverju aðildarríki, sbr. 11. gr.

Ákvæði 18. gr. frumvarpsins kveður á um annars konar reglur en þær sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 15. gr. En reglur 18. gr. eiga aðeins við í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 15. gr. og að uppfylltum skilyrðum sem þar koma fram.

Það getur ávallt gerst, til dæmis við samruna fyrirtækja frá mörgum aðildarríkjum, að þátttökuréttur starfsmanna byggist á ólíkum reglum. Er það ástæða þess að í 3. mgr. er kveðið á um að í þeim tilvikum sem 18. gr. á við skuli sérstaka samninganefndin taka ákvörðun um hvaða form á þátttöku skuli gilda í evrópska samvinnufélaginu.

Um 16. gr.

Greinin byggist á 1. hluta viðauka við tilskipun nr. 2003/72/EB þar sem fjallað er um skipan fulltrúa starfsmanna í þeim tilvikum sem 15. gr. nær til. Gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi um kjör fulltrúa íslenskra starfsmanna í nefndina og kveðið er á um í 6. gr., varðandi kjör fulltrúa í sérstöku samninganefndina, en um fjölda og skiptingu fulltrúa er í 5. tölul. 1. mgr. kveðið á um sambærilega reglu og í 5. gr. Um frekari skýringar vísast til athugasemda við þær greinar.

Gert er ráð fyrir að fulltrúanefndinni verði heimilt að kjósa sér framkvæmdaráð sem getur starfað milli reglulegra funda nefndarinnar, sbr. 4. tölul. 1. mgr. Má ætla að því úrræði verði nokkuð beitt og er gert ráð fyrir að fulltrúanefndin skilgreini umboð framkvæmdaráðsins í starfsreglum sínum.

Taka ber fram að enda þótt ekki sé gert ráð fyrir í 2. mgr. að viðræður hefjist fyrr en fjórum árum eftir að fulltrúanefnd er stofnuð geta þær engu síður hafist fyrr í tilvikum skv. 26. gr.

Um 17. gr.

Greinin er í samræmi við 2. hluta viðauka tilskipunar nr. 2003/72/EB. Er þar að finna ítarlegar upplýsingar um rétt fulltrúanefnda til að fá upplýsingar um einstök mál og skyldu evrópskra samvinnufélaga til að eiga samráð við þær. Heimildir þessar eru talsvert rýmri en þær sem gilda um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, sbr. 20. gr. laga nr. 61/1999, og er nægilegt skv. 1. mgr. að um sé að ræða málefni sem nær út fyrir ákvörðunarvald stjórnarstofnana evrópska samvinnufélagsins í einstöku aðildarríki. Greinin er einnig frábrugðin ákvæðum II. kafla laga um hópuppsagnir, nr. 63/2000, að því leyti að fulltrúanefndin á rétt á því að krefjast annars samráðsfundar í þeim tilvikum þegar evrópska samvinnufélagið ákveður að fara ekki að áliti nefndarinnar þar sem leita skal eftir samkomulagi um málið, sbr. ákvæði 6. mgr.

Í 1. mgr. er fjallað um valdsvið fulltrúanefndar en það takmarkast við þau málefni sem snerta evrópska samvinnufélagið sjálft sem og dótturfyrirtæki þess og starfsstöðvar.

Í 2. mgr. eru tilgreind efnisatriði sem einkum skulu rædd á fundum fulltrúanefndar og þar til bærrar stofnunar evrópsks samvinnufélags, en þar er ekki um tæmandi talningu að ræða.

Samkvæmt 4. mgr. er gert ráð fyrir að fulltrúanefndin eigi rétt á að funda a.m.k. árlega með þar til bærri stofnun evrópska samvinnufélagsins. Samkvæmt tilskipun nr. 2003/72/EB er gert ráð fyrir að þar til bæra stofnunin sé aðili sem fer með ákvörðunarvald hjá hinu evrópska samvinnufélagi. Það fer síðan eftir samþykktum og skipulagi félagsins hver sá aðili er. Fulltrúanefndin á einnig rétt á að óska eftir aukafundi á grundvelli upplýsinga um sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, sbr. 7. mgr. Framkvæmdaráð, sem skipað er skv. 4. tölul. 1. mgr. 16. gr., hefur einnig heimild til að krefjast slíks fundar, einkum þegar ekki gefst tími vegna aðstæðna til að kalla saman fulltrúanefndina.

Samkvæmt greininni hefur samráð við fulltrúanefndina verulega þýðingu og getur nefndin sem fyrr segir krafist annars fundar í þeim tilvikum þegar þar til bær stofnun evrópska samvinnufélagsins ákveður að fara ekki að áliti nefndarinnar. Hins vegar er tekið fram í 10. mgr. að álit fulltrúanefndarinnar geti aldrei bundið hendur stjórnenda Evrópufélagsins og er það því eingöngu ráðgefandi.

Ákvæði 11.–13. mgr. eru í samræmi við f–h-lið 2. hluta viðaukans þar sem kveðið er á um heimild fulltrúanefndar til að leita aðstoðar sérfræðinga, rétt fulltrúanefndarmanna til nauðsynlegs starfshlés vegna þjálfunar til fulltrúastarfanna og kostnað vegna starfa fulltrúanefndarinnar. Eins og fram kemur í h-lið skal evrópska samvinnufélagið greiða nauðsynlegan kostnað vegna starfa fulltrúanefndarinnar, einkum vegna skipulagningar funda og túlkunar auk ferða- og gistikostnaðar nema samið sé um annað.

Um 18. gr.

Grein þessi byggist á ákvæðum 3. hluta viðauka við tilskipun nr. 2003/72/EB. Eins og fram kemur í athugasemdum við 2. mgr. 15. gr. gilda ákvæði þessarar greinar einungis í afmörkuðum tilvikum og því aðeins að ekki hafi verið samið um annað fyrirkomulag á þátttöku starfsmanna. Eins og fram kemur í 11. tölul. 3. gr. felst þátttökuréttur annaðhvort í rétti fulltrúa starfsmanna til að kjósa eða tilnefna einn eða fleiri fulltrúa til setu í stjórnarstofnunum evrópska samvinnufélagsins eða til að mæla með eða gegn tilnefningu fulltrúa í stjórn þeirra.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að fulltrúanefnd starfsmanna ákveði skiptingu sæta í stjórnarstofnanir evrópska samvinnufélagsins meðal fulltrúa starfsmanna í einstökum aðildarríkjum. Einnig er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að sæti í stjórn og eftirlitsstjórn gangi til þeirra aðildarríkja þar sem starfsmenn eru flestir og að sæti skiptist samkvæmt hlutfallsreglu. Í þeim tilvikum þegar slík hlutfallsskipting leiðir til þess að starfsmenn í einstökum aðildarríkjum fá

engan fulltrúa skal fulltrúanefndin leitast við að jafna skiptingu sæta og njóta starfsmenn í því aðildarríki þar sem skrifstofa evrópska samvinnufélagsins er staðsett þá forgangs fram yfir aðra starfsmenn sem ekki hafa fengið úthlutað sæti samkvæmt hlutfallsreglu. Hér verður að hafa í huga að sjaldan verður um mikinn fjölda sæta að ræða en gert er ráð fyrir í frumvarpinu að hlutfallsregla ráði ávallt fyrstu sætum sem koma til úthlutunar samkvæmt þessari grein.

Hér er ekki farin sú leið að setja ítarlegar reglur um aðferðir í þeim tilvikum þegar þátttökuréttur starfsmanna felst í því að mæla með eða gegn tilnefningu fulltrúa í stjórnarstofnanir evrópska samvinnufélagsins. Þess í stað þykir nægilegt að fela fulltrúanefnd starfsmanna að setja reglur um það efni, sbr. 4. mgr.

Í 5. mgr. er kveðið á um hvernig starfsmenn hér á landi skuli kjósa eða tilnefna fulltrúa í stjórnarstofnanir evrópska samvinnufélagsins, en í 3. hluta tilskipunar nr. 2003/72/EB er ekki fjallað um hvernig slíkri kosningu eða tilnefningu skuli háttað í einstökum aðildarríkjum. Lagt er til að beitt verði sömu aðferð og um getur í 6. gr. um tilnefningu fulltrúa í sérstöku samninganefndina og fulltrúaráð starfsmanna. Hvað varðar fulltrúa frá öðrum aðildarríkjum er meginreglan sú að löggjöf viðkomandi aðildarríkis ráði, en þegar löggjöf til innleiðingar á tilskipuninni kveður ekki sérstaklega á um val fulltrúa skuli þetta vald falið fulltrúanefnd starfsmanna evrópska samvinnufélagsins.

Í 6. mgr. er tekinn af allur vafi um að fulltrúar, sem ákvæði greinarinnar eiga við um, skuli hafa sömu stöðu og réttindi og aðrir stjórnarmenn.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla eiga við í þeim tilvikum þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað af einstaklingum eingöngu eða af einum lögaðila og einstaklingum, sbr. hins vegar II. kafla frumvarpsins sem gildir um evrópsk samvinnufélög sem eru stofnuð af a.m.k. tveimur lögaðilum eða við umbreytingu.

Um 19. gr.

| 852721 | 5.00 | 0.50 | 86 | 0.00 | 0.00 | 901839 | 11.00 | 15.00 |
| 852729 | 4.00 | 3.00 | | | | 9019 | 1.00 | 1.00 |
| 85273101 | 2.00 | 1.00 | 87 | 0.00 | 0.00 | 90200000 | 3.00 | 1.00 |
| 85273102 | 5.00 | 3.00 | 8708 | 4.00 | 0.00 | 9021 | 4.00 | 3.00 |
| 85273109 | 2.00 | 2.00 | 8709 | 10.00 | 3.00 | 90212100 | 0.50 | 0.50 |
| 852732 | 12.00 | 9.00 | 8712 | 10.00 | 1.00 | 90212900 | 12.00 | 18.00 |
| 852739 | 2.00 | 2.00 | 8713 | 0.00 | 0.50 | 90214000 | 39.00 | 16.00 |
| 85279001 | 12.00 | 8.00 | 8714 | 3.00 | 2.00 | 9031 | 4.00 | 3.00 |
| 85279002 | 47.00 | 3.00 | 8715 | 0.50 | 2.00 | 90312000 | 6.00 | 4.00 |
| 85279009 | 28.00 | 2.00 | | | | 9032 | 4.00 | 3.00 |
| 8528 | 8.00 | 2.00 | 88 | 0.00 | 0.00 | 9033 | 4.00 | 3.00 |
| 852812 | 2.00 | 0.50 | | | | | | |
| 852813 | 16.00 | 4.00 | 89 | 0.00 | 0.00 | 91 | 25.00 | 45.00 |
| 85283009 | 16.00 | 4.00 | | | | | | |
| 8529 | 3.00 | 1.00 | 90 | 4.00 | 3.00 | 92 | 0.00 | 0.00 |
| 8530 | 15.00 | 3.00 | 9001 | 0.50 | 2.00 | 9201 | 0.00 | 0.00 |
| 8531 | 13.00 | 4.00 | 900130 | 35.00 | 60.00 | 9202 | 0.00 | 0.00 |
| 8532 | 23.00 | 8.00 | 900140 | 50.00 | 10.00 | 9203 | 0.00 | 0.00 |
| 8533 | 23.00 | 8.00 | 900150 | 50.00 | 10.00 | 9204 | 0.00 | 0.00 |

| Umbúða-númer | Pappi % | Plast % | Umbúða-númer | Pappi % | Plast % | Umbúða-númer | Pappi % | Plast % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9205 | 0.00 | 0.00 | 9404 | 0.00 | 0.00 | 950629 | 0.00 | 0.00 |
| 9206 | 0.00 | 0.00 | 94041000 | 2.50 | 0.02 | 950631 | 0.00 | 0.00 |
| 9207 | 0.00 | 0.00 | 940430 | 12.00 | 0.00 | 950632 | 0.00 | 0.00 |
| 9208 | 0.00 | 0.00 | 9405 | 11.00 | 0.05 | 95063900 | 14.00 | 0.90 |
| 9209 | 3.00 | 3.00 | 94054001 | 4.60 | 0.30 | 950651 | 52.00 | 52.00 |
| | | | 94054009 | 1.10 | 0.01 | 950659 | 32.00 | 15.00 |
| 93 | 0.00 | 0.00 | 94055000 | 2.40 | 0.02 | 95066100 | 14.00 | 20.00 |
| 9302 | 0.00 | 0.00 | 94056001 | 4.60 | 0.18 | 95066200 | 13.00 | 0.39 |
| 9303 | 2.00 | 0.00 | 94056009 | 1.90 | 0.29 | 95066900 | 36.00 | 3.40 |
| 9304 | 25.00 | 25.00 | 94059201 | 11.00 | 1.30 | 95067000 | 5.00 | 0.34 |
| 930510 | 50.00 | 0.00 | 94059202 | 11.00 | 4.20 | 95069100 | 5.00 | 0.03 |
| 930521 | 33.00 | 0.00 | 94059209 | 11.00 | 6.00 | 95069900 | 24.00 | 0.12 |
| 930529 | 17.00 | 0.00 | 94059910 | 11.00 | 0.80 | 9507 | 12.00 | 0.30 |
| 93059 | 17.00 | 0.00 | 94059921 | 11.00 | 12.00 | 95073000 | 22.00 | 5.00 |
| 9306 | 11.00 | 0.00 | 94059929 | 11.00 | 0.80 | 95079011 | 12.00 | 4.60 |
| 9307 | 0.00 | 0.00 | 9406 | 0.00 | 0.00 | 95079019 | 22.00 | 12.00 |
| | | | | | | 95079090 | 22.00 | 2.40 |
| 94 | 0.00 | 0.00 | 95 | 22.00 | 2.40 | | | |
| 94011000 | 1.70 | 17.00 | 95010001 | 2.40 | 0.24 | 96 | 0.00 | 0.00 |
| 94012001 | 1.70 | 0.49 | 95010009 | 4.00 | 0.13 | 9601 | 6.00 | 0.00 |
| 94012002 | 1.70 | 0.06 | 95021000 | 8.00 | 0.11 | 9602 | 50.00 | 20.00 |
| 94012009 | 1.70 | 0.06 | 95029100 | 11.00 | 1.10 | 9603 | 32.00 | 8.00 |
| 94013000 | 3.50 | 0.01 | 95029900 | 11.00 | 1.50 | 96035000 | 6.00 | 6.00 |
| 94014000 | 1.70 | 0.01 | 9503 | 8.00 | 0.50 | 96039000 | 0.00 | 0.00 |
| 94015000 | 3.50 | 0.19 | 95031000 | 11.00 | 10.00 | 9604 | 45.00 | 25.00 |
| 94016100 | 3.50 | 0.00 | 95032000 | 11.00 | 2.10 | 9605 | 45.00 | 25.00 |
| 94016900 | 4.00 | 0.01 | 95033000 | 8.00 | 0.16 | 9606 | 29.00 | 25.00 |
| 94017100 | 3.50 | 0.04 | 95034100 | 11.00 | 0.22 | 9607 | 14.00 | 10.00 |
| 94017900 | 3.50 | 0.03 | 95034909 | 11.00 | 0.23 | 9608 | 30.00 | 10.00 |
| 94018000 | 3.50 | 0.02 | 95035000 | 8.00 | 0.70 | 9609 | 30.00 | 10.00 |
| 94019000 | 3.50 | 0.03 | 95036000 | 8.00 | 0.60 | 9610 | 9.00 | 5.00 |
| 9402 | 1.00 | 0.50 | 950410 | 109.00 | 3.30 | 9611 | 22.00 | 2.00 |
| 94029000 | 3.20 | 0.06 | 950420 | 0.00 | 0.00 | 9612 | 30.00 | 10.00 |
| 9403 | 1.60 | 0.01 | 950430 | 0.00 | 0.00 | 9613 | 30.00 | 10.00 |
| 94032009 | 3.50 | 0.01 | 950440 | 27.00 | 1.00 | 9614 | 35.00 | 15.00 |
| 940330 | 3.50 | 0.02 | 95049001 | 14.00 | 4.40 | 9615 | 30.00 | 10.00 |
| 940360 | 3.50 | 0.01 | 95049002 | 14.00 | 0.31 | 9616 | 45.00 | 25.00 |
| 94036001 | 1.40 | 0.00 | 95049009 | 14.00 | 0.27 | 9617 | 14.00 | 0.00 |
| 940370 | 7.00 | 0.33 | 95051000 | 9.00 | 0.07 | 9618 | 0.00 | 2.00 |
| 94037009 | 5.00 | 0.14 | 95059000 | 9.00 | 0.24 | | | |
| 940380 | 2.50 | 0.04 | 9506 | 14.00 | 2.00 | 97 | 0.00 | 0.00 |
| 94038002 | 2.50 | 0.70 | 950611 | 0.00 | 0.00 | | | |
| 94038003 | 2.50 | 1.30 | 950612 | 6.00 | 0.70 | 98 | 0.00 | 0.00 |
| 94038009 | 2.50 | 0.06 | 950619 | 30.00 | 1.20 | | | |
| 94039000 | 3.50 | 0.00 | 950621 | 0.00 | 0.00 | 99 | 0.00 | 0.00 |

6. gr

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar er varða fjárhæð úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappa, pappír og plasti og reiknireglur er varða álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappa, pappír og plasti. Einnig eru lagðar til breytingar til lækkunar á fjárhæð úrvinnslugjalds á olíuvörum, prentlitum og hjólbörðum. Endurskoðun þessi á gjöldum er til þess fallin

til að draga úr sjóðsmyndun sem átt hefur sér stað í þessum flokkum auk þess sem leiðrétta þarf álagningarstofn úrvinnslugjalds á pappa, pappír og plast, sbr. viðauka XVIII. Frumvarpið byggist á tillögum stjórnar Úrvinnslusjóðs í samræmi við 2. mgr. 4. gr. lagana. Frumvarp það sem hér er lagt fram er unnið í samráði við fjármálaráðuneytið með vísan til 2. mgr. 4. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald.

*Lækkun úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappa, pappír og plasti.*

Lagt er til í 1. gr. að úrvinnslugjald á umbúðir úr pappa og pappír úr lækki úr 10 kr./kg í 7 kr./kg og úrvinnslugjald á umbúðir gerðar úr plasti úr 10 kr./kg í 3 kr./kg. Einnig er í 5. gr. frumvarpsins lagðar til breytingar á álagningarstofni úrvinnslugjalds, sbr. viðauka XVIII, sem miða að því að leiðrétta hann í samræmi við betri upplýsingar. Lagðar eru til breytingar á 946 númerum í viðauka XVIII og er því viðaukinn allur lagður fram að nýju.

Úrvinnslusjóður hefur aflað sér gagna sem tilgreina það magn umbúða er berst til landsins sem og vegna innlendrar framleiðslu. Þar kemur í ljós, eftir að danskt ráðgjafarfyrirtæki, Logisys A/S, hefur með starfsmönnum Úrvinnslusjóðs farið yfir magntölur fyrstu níu mánuði ársins 2006 að nokkurt misræmi er í áætlun Úrvinnslusjóðs og þess sem berst á markað hér á Íslandi af umbúðum úr pappa, pappír og plasti (eins og sést í eftirfarandi töflu). Munar þar helst að minna er greitt af pappa- og pappírsumbúðum en heldur meira af plastumbúðum. Þó er heildarmagn umbúða í samræmi við áætlanir Úrvinnslusjóðs að meðtaldri innanlandsframleiðslu þannig að álögð fjárhæð úrvinnslugjalds af pappa-, pappírs- og plastumbúðum mun vera innan marka fjárlaga 2006 (320 millj. kr.). Hér má sjá mat Logisys A/S og Úrvinnslusjóðs á því magni umbúða úr pappa, pappír og plasti sem fellur til sem úrgangur á Íslandi:

| Magn í tonnum á umbúðategund | Áætlun í upphafi 2006 í tonnum | Eftir yfirferð Logisys og Úrvinnslusjóðs |
|---|---|---|
| Pappi og pappír | 27.000 | 23.000 |
| Plast | 7.000 | 11.000 |

Í ljós kemur við skoðun Logisys A/S og Úrvinnslusjóðs að það gætir misræmis á því magni umbúða sem greitt er fyrir í tolli og þess magns sem raunverulega berst til landsins. Það stafar af því að flestir innflytjendur á vöru til Íslands nýta sér reiknireglur til að áætla magn umbúða, í stað þess að gefa sjálfir upp magn umbúða. Reiknireglurnar hafa innbyggða refsingu sé þeim beitt vegna umbúða úr plasti en mun minni sé þeim beitt á umbúðir úr pappa og pappír. Þetta stafar af því að umbúðahlutfallið er reiknað af nettóþyngd innfluttrar vöru og jafnframt er hlutfallið hækkað í að lágmarki 0,5% af nettóþyngd vörunnar sem um ræðir og síðan 1% og þá 2% o.s.frv. Plastumbúðir sem notaðar eru utan um vöru eru að megninu til á bilinu 0,2–3% af nettóþyngd vöru. Hækkun úr 0,3% af nettóþyngd vöru í 0,5% hefur mikið að segja því þetta er um 60% hækkun á þyngd umbúða og margt smátt gerir eitt stórt. En þessa gætir minna vegna umbúða úr pappa og pappír. Því er lagt til í 5. gr. frumvarpsins að álagningarstofn úrvinnslugjalds skv. 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. a verði breytt. Þetta eru fjölmargar breytingar á hlutfalli pappa-, pappírs- og plastumbúða sem mun gera reiknireglurnar sanngjarnari gagnvart innflytjendum vara og sýna betur það magn umbúða sem flutt er til landsins. Lagðar eru til 467 breytingar vegna betri upplýsinga um umbúðarmagn, 305 breyt-

ingar vegna of hás meðaltals, 165 breytingar vegna of hás meðaltals ásamt betri upplýsingum og 9 breytingar vegna annara ástæðna.

Innsöfnun á umbúðum úr pappa og pappír fer mun betur af stað en á plastumbúðunum. Kemur þar helst til að innsöfnunarkerfi fyrir notaðar pappa- og pappírsumbúðir var til staðar hjá mögum söfnunarstöðvum sveitarfélaga, en aftur á móti voru lítil sem engin innsöfnunarkerfi til fyrir plastumbúðir. Innsöfnun á flokkuðum úrgangi úr pappa-, pappírs- og plastumbúðum er ekki nægjanleg til að upphaflegum markmiðum Úrvinnslusjóðs sé náð sem og markmiðum stjórnvalda um endurnýtingu. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur á þessu ári hækkað endurgjald til þjónustuaðila til að örva þá til að leggja meiri áherslu en nú er á að ná flokkuðum úrgangi frá sveitarfélögum og fyrirtækjum. Eins hefur stjórn Úrvinnslusjóðs ákveðið að greiða flutningsjöfnun til þjónustuaðila til að öll sveitarfélög og fyrirtæki á landinu búi við sem jafnasta aðstöðu. Farið hefur verið yfir það með þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs hvernig þeir ætla að auka innsöfnun á umbúðum á allra næstu árum og það lagt til hliðsjónar til að finna út það magn umbúða sem gæti farið til endurnýtingar í nánustu framtíð.

Að mati Úrvinnslusjóðs munu endurvinnslumarkmið vegna umbúða úr pappa, pappír og plasti nást á árinu 2006 en þau eru að 15–25% af magni umbúða sem fer á markað fari til endurvinnslu. Samkvæmt útreikningum Úrvinnslusjóðs verður öllu þyngra að ná endurnýtingarmarkmiðum en þau kveða á um að 50–65% umbúðamagns fari til endurnýtingar. Nú þegar fara að mati Úrvinnslujóðs um 40% af umbúðum úr pappa og pappír til endurvinnslu og vantar því um 10–25% til að ná endurnýtingarmarkmiðum. Áætlanir gera ráð fyrir að markmið endurnýtingar náist innan þriggja ára. Að mati Úrvinnslusjóðs fara 17% plastumbúða til endurvinnslu. Þar er vandinn því mun meiri. Áætlanir Úrvinnslusjóðs gera ráð fyrir að endurnýtingarmarkmið vegna plastumbúða náist innan fimm ára.

*Lækkun úrvinnslugjalds á olíuvörur, prentliti og hjólbarða.*

Lagt er til í 2. gr. frumvarpsins að lækka úrvinnslugjald á olíuvörum, nánar tiltekið smurolíu, sbr. viðauka IV við lögin, úr 14,50 kr./kg í 13 kr./kg. Nokkur sjóðsmyndun hefur átt sér stað í olíuvörum og er þessari lækkun ætlað að draga úr henni. Reiknað er með að jöfnuður náist í sjóðnum á árinu 2007.

Í 3. gr. er lögð til lækkun á úrvinnslugjaldi á prentlitum, sbr. viðauka IX, úr 34 kr./kg í 25 kr./kg. Er þessi lækkun lögð til svo að draga megi úr sjóðsmyndun. Reiknað er með að jöfnuður náist í sjóðnum í enda árs 2007.

Lagt er til í 4. gr. að lækka úrvinnslugjald á hjólbörðum úr 20 kr./kg í 15 kr./kg. Þegar álagning úrvinnslugjalds á hjólbarða hófst árið 2003 var í upphafi lagt af stað með að innheimta gjald í fjóra mánuði áður en innsöfnun og meðhöndlun á ónýtum hjólbörðum hófst. Var það gert til að mynda sjóð til að mæta sveiflum er hugsanlega gætu leitt til að tekjur og gjöld stæðust ekki á, sjóðnum í óhag. Þessi varúðarráðstöfun reyndist óþörf og hafa mál skipast þannig að sjóður vegna greiðslu úrvinnslugjalds sem lagt er á hjólbarða hefur aukist ár frá ári síðan árið 2003. Helstu ástæður eru að í upphafi starfsemi Úrvinnslusjóðs var gert ráð fyrir að innsöfnun á hjólbörðum mundi ganga betur en raunin varð. Stjórn Úrvinnslusjóðs brást við með því að óska eftir lækkun á úrvinnslugjaldi fyrir hjólbarða úr 36 kr./kg í 20 kr./kg. Taldi stjórnin að með því næðist jafnvægi á sjóðinn innan 3–5 ára. Sú varð hins vegar ekki raunin. Í stað þess að ganga á sjóðinn fyrir hjólbarða jukust tekjur hans mun meira en ráð var fyrir gert.

Innsöfnun úrsérgenginna hjólbarða hefur þó gengið samkvæmt áætlun og má segja að skil á þeim séu búin að ná því sem næst hámarki. En umsvifin í samfélaginu urðu mun meiri en

nokkrar spár gerðu ráð fyrir. Innflutningur á bílum og tækjum til framkvæmda sem eru á hjólbörðum jókst meira en fyrirsjáanlegt var. Ákveðinn biðtími er frá því bíll er keyptur þar til að hjólbarðar hans verða ónýtir. Með bættum aðferðum Úrvinnslusjóðs og aukinni þekkingu þjónustuaðila á innsöfnun og meðhöndlun hjólbarða má gera ráð fyrir að með óbreyttu úrvinnslugjaldi á hjólbarða taki of langan tíma að ná jafnvægi í tekjum og gjöldum sjóðsins. Því er lögð til lækkun úr 20 kr./kg í 15 kr./kg.

*Gildistaka.*

Lagt er til að lögin taki gildi 1. febrúar 2007.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.**

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappa, pappír og plasti og breytingar á reiknireglum er varða álagningu úrvinnslugjalds á framangreindar umbúðir. Einnig eru lagðar til breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds á olíuvörur, prentliti og hjólbarða. Breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds eru allar til lækkunar og eru lagðar til í því skyni að draga úr sjóðsmyndun sem átt hefur sér stað í þessum vöruflokkum. Breytingar á reiknireglum er varða álagningu úrvinnslugjalds á pappa-, pappírs- og plastumbúðir miða að því að laga álagningarstofn gjaldsins að nýrri og nákvæmari upplýsingum um magn umbúða sem berast til landsins og álögðu úrvinnslugjaldi á pappa- og pappírsumbúðir annars vegar og plastumbúðir hins vegar.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er áætlað að ríkistekjur af úrvinnslugjaldi lækki um 197,5 m.kr. á heilu ári. Tekjur af úrvinnslugjaldi renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs.

## 593. Fyrirspurn [452. mál]

til heilbrigðisráðherra um Miðstöð mæðraverndar.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hvernig sundurliðast kostnaður við endurbætur á húsnæði Miðstöðvar mæðraverndar í Heilsuverndarstöðinni og aðrar endurbætur á húsinu frá og með árinu 2000 og hver var heildarkostnaðurinn við þær?
2. Reyndu stjórnvöld að koma í veg fyrir þá upplausn starfseminnar sem nú er orðin?
3. Var þjónustu Miðstöðvar mæðraverndar að einhverju leyti ábótavant í Heilsuverndarstöðinni, að mati ráðherra? Ef svo er, þá að hvaða leyti? Ef ekki, af hverju var ráðist í þá vinnu að skipuleggja nýtt húsnæði fyrir starfsemina í Mjóddinni?

4. Hvað kostuðu endurbætur á húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúsi fyrir móttöku kvenna í áhættuþungun? Í ljósi bágrar fjárhagsstöðu spítalans, hvaðan kom það fjármagn?
5. Er þessi meðferð á opinberu fé ásættanleg að mati ráðherra? Ef ekki, hver ber ábyrgðina?

**Skriflegt svar óskast.**

## 594. Fyrirspurn [453. mál]

til heilbrigðisráðherra um húsnæði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hefur farið fram þarfagreining á starfsemi, framtíðaruppbyggingu og húsnæðismálum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem sett var á laggirnar um mitt ár 2005, sérstaklega hvað varðar stjórnsýslu hennar og miðlæga þjónustu?
2. Ef svo er, hvenær fór sú þarfagreining fram, hverjir tóku þátt í henni, hvaða gögn liggja fyrir eftir þá greiningu og hver var niðurstaða hennar?
3. Hvað gerðu stjórnvöld til að tryggja áframhaldandi starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Heilsuverndarstöðinni þegar sala hússins var ákveðin?
4. Var rætt til þrautar við nýjan eiganda hússins um hvort möguleiki væri á samkomulagi þegar lá ljóst fyrir að húsnæðið sem var í boði var ekki hentugt og uppfyllti ekki kröfur í auglýsingu um að starfsemi heilsugæslunnar yrði undir einu þaki og að það lægi á útkanti þess svæðis sem var tilgreint í auglýsingu?
5. Hverjir eru eigendur þess húsnæðis sem tekið var á leigu, þ.e. hvaða aðilar standa að Landsafli sem er leigusali?
6. Var arkitektinn, sem vann að skipulagi nýja húsnæðisins, ráðinn á vegum hins opinbera eða leigusala? Ef hann var ráðinn á vegum hins opinbera, er umfang og kostnaður verkefnisins þess eðlis að bjóða hefði það út á almennum markaði í samræmi við reglur um opinberar framkvæmdir?

**Skriflegt svar óskast.**

## 595. Fyrirspurn [454. mál]

til heilbrigðisráðherra um forsendur og framkvæmd sölu Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hvaða forsendur lágu til grundvallar ákvörðun stjórnvalda um að selja Heilsuverndarstöðina við Barónstíg? Við hvaða gögn var stuðst þegar ákvörðun um sölu var tekin?
2. Hafði farið fram mat á húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar og hver kostnaður yrði við endurbætur og viðgerðir ef starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins yrði áfram þar til húsa?
3. Ef slíkt mat var gert, hver var niðurstaðan varðandi umfang og kostnað? Ef svo var ekki, hver ber ábyrgð á að það var ekki gert? Telur ráðherra að slíkt mat hefði gagnast áður en söluferlið var hafið og leit hafin að nýju húsnæði?
4. Voru makaskipti milli borgar og ríkis reynd til þrautar? Um hvað var deilt og hvers vegna var málið ekki sett til úrlausnar í matsnefnd? Hver tók endanlega af skarið um að sættir næðust ekki um viðunandi makaskipti?
5. Telur ráðherra að slíkt mat hefði gagnast áður en söluferlið var hafið og leit hafin að nýju húsnæði?
6. Hver var hreinn hagnaður ríkisins af sölu Heilsuverndarstöðvarinnar og hvar er hann bókfærður?

**Skriflegt svar óskast.**

## 596. Fyrirspurn [455. mál]

til heilbrigðisráðherra um flutnings- og leigukostnað Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hvað kostaði flutningur Heilsuverndarstöðvarinnar og hvað er talið að sú truflun sem orðið hefur á starfseminni hafi kostað?
2. Hver greiðir kostnað við nauðsynlegar breytingar á nýja húsnæðinu? Hver var heildarkostnaður við þær breytingar, sem og kostnaður fasteignasala, kostnaður við vinnu arkitekts og allur annar kostnaður við nýtt húsnæði? Nákvæm sundurliðun á kostnaði óskast.
3. Hversu mikill verður kostnaður ríkisins við hið nýja húsnæði næstu tíu árin?
4. Hvert var upphaflegt tilboð leigusala og endanleg niðurstaða á leiguverði á hvern fermetra eftir endurbætur á húsnæðinu? Hver er árlegur leigukostnaður?
5. Hvaða áhrif hefur nýtilkominn leigukostnaður á fjárlagaramma Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, hefur hann verið aukinn sem leigukostnaði nemur eða er henni ætlað

að borga leiguna að hluta eða öllu leyti innan fyrri fjárlagaramma, að teknu tilliti til verðbólgu? Nákvæmar fjárhæðir óskast tilgreindar.
6. Hversu langur er leigutíminn og er leigusamningurinn uppsegjanlegur?

**Skriflegt svar óskast.**

## 597. Fyrirspurn [456. mál]

til heilbrigðisráðherra um tengsl heilsugæslunnar við nýtt þekkingarþorp í Vatnsmýrinni.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Á hvern hátt vilja stjórnvöld tryggja og styrkja fagleg tengsl Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og þess þekkingarþorps sem er að rísa í Vatnsmýrinni?
2. Telur ráðherra það samrýmast eðlilegum vinnubrögðum að um leið og eitt sjúkrahús (í Fossvogi) og rannsóknarstofa (Keldur) eiga að flytjast inn á hið nýja svæði, þá sé miðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, og þar með sú stærsta á landinu, flutt burtu frá því sama svæði, án umræðu um hvort heilsugæslan eigi heima í slíku þekkingarþorpi?
3. Er það skoðun ráðherra að heilsugæslan eigi ekki heima í slíku þekkingarþorpi?

**Skriflegt svar óskast.**

## 598. Fyrirspurn [457. mál]

til heilbrigðisráðherra um húsnæði heilsugæslustöðva.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hver eru áform ráðherra um uppbyggingu nýrra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu?
2. Er það stefna stjórnvalda að allar nýjar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu verði í leiguhúsnæði og þá helst í verslunarhúsnæði?
3. Telur ráðherra að stór verslunarhúsnæði henti notendum þjónustunnar, t.d. slösuðum, fólki með brjóstverk, þunglyndum, fötluðum, viðkvæmum börnum og öldruðum með skerta hreyfigetu, svo að dæmi séu tekin?
4. Ef ekki, hvað ætlar ráðherra að gera til að ráða bót á ástandinu hvað þetta varðar?

**Skriflegt svar óskast.**

# 599. Nefndarálit [330. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og lögum um málefni aldraða.

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Vilborgu Þ. Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Ólaf Hjálmarsson og Eyþór Benediktsson frá fjármálaráðuneyti og Ásmund Stefánsson, Karl Steinar Guðnason, Ágúst Þór Sigurðsson, Sigríði Lillý Baldursdóttur og Sigurð Grétarsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Ólaf Ólafsson, Einar Árnason, Helga K. Hjálmsson, Borgþór St. Kjærnested og Trausta Björnsson frá Landssambandi eldri borgara í Reykjavík, Margréti Margeirsdóttur, Stefaníu Björnsdóttur og Sigurð Hallgrímsson frá Félagi eldri borgara og Sigurstein Másson og Hafdísi Gísladóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Þá bárust umsagnir um málið frá Samtökum atvinnulífsins, Öryrkjabandalagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Persónuvernd, Landssambandi eldri borgara, Félagi eldri borgara í Reykjavík, Tryggingastofnun ríkisins, Landssamtökum lífeyrissjóða, landlækni, Þroskahjálp – landssamtökum, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtökum sykursjúkra.

Minni hluti nefndarinnar telur allt of skammt gengið í að bæta réttindi og kjör lífeyrisþega í þessu frumvarpi og leggur því fram breytingartillögur í samræmi við sameiginlega þingsályktunartillögu allrar stjórnarandstöðunnar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, sjá þskj. 3, 3. mál.

Minni hlutinn telur mjög mikilvægt að minnka vinnuletjandi þætti í almannatryggingunum og vill losa lífeyrisþega úr þeirri fátæktargildru sem miklar tekjutengingar hafa í för með sér.

Atvinnuþátttaka lífeyrisþega eykur félagslega virkni þeirra, er þjóðhagslega hagkvæm og líkleg til að stuðla að betra heilbrigði.

Við yfirferð frumvarpsins í nefndinni lýstu fulltrúar eldri borgara yfir stuðningi við tillögur stjórnarandstöðunnar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Þeir ítrekuðu einnig á fundi nefndarinnar að þeir hefðu verið ósáttir við tillögur ríkisstjórnarinnar sem sneru að lífeyrismálum í sameiginlegri yfirlýsingu og hefðu fallist á hana undir þrýstingi og hótunum um að hjúkrunarkafli yfirlýsingarinnar yrði tekinn út ef þeir gerðu það ekki. Fram kom hjá gestum í nefndinni að stjórnvöld hefði ekki viljað ganga lengra en fram kemur í frumvarpinu og yfirlýsingunni frá 19. júní 2006. Félag eldri borgara telur yfirlýsinguna eingöngu spor í rétta átt. Fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands lýstu einnig yfir stuðningi við tillögur stjórnarandstöðunnar sem varða öryrkja.

Fulltrúar Tryggingastofnunar bentu á ýmsa alvarlega vankanta á frumvarpinu og því fyrirkomulagi sem væri lögfest með því að samþykkja það. Einnar krónu of háar tekjur gætu haft í för með sér 1.300–1.400 þús. kr. tekjuskerðingu á ári við ákveðnar aðstæður og jafnvel endurkröfu á þeirri upphæð frá Tryggingastofnun ári síðar. Einnig var bent á að mismunandi gildistaka ýmissa þátta frumvarpsins, svo sem hækkun tekjutryggingarinnar og svo lækkun tengingar við tekjur maka síðar samhliða hækkun eigin skerðingarhlutfalls, flækti kerfið í stað þess að einfalda það, sem var eitt af markmiðunum með breytingunum. Hækkun tekjutryggingarinnar um áramótin hefði í för með sér með að allmargir lífeyrisþegar fengju hækkun þá sem síðan yrði tekin til baka á næsta kjörtímabili þegar tenging við tekjur maka verður minnkuð. Því væri nær að láta þessi atriði taka gildi samhliða. Á blaðamannafundi 6.

desember sl. kynntu heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra nokkrar frekari breytingar á frumvarpinu af hálfu ríkistjórnarinnar, og með þeim er komið í veg fyrir að bætur hækki fyrst og lækki síðar, samkvæmt upplýsingum fulltrúa Tryggingastofnunar sem kom fyrir nefndina til að fara yfir þær breytingar. Aðrar breytingar sem þar voru kynntar, svo sem 25 þús. kr. frítekjumark á mánuði frá áramótum ganga allt of skammt að mati minni hlutans.

Breytingartillögur minni hlutans eru efnislega eftirfarandi en þær koma fram í sérstöku skjali:

1. Ný tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. og öryrkja 86 þús. kr. frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa. Lagt er til að skerðingarprósentan fari þegar um áramót úr 45% í 35% en ríkisstjórnin áætlar að lækka hana í 39,95% þá og aftur í 38,35% árið 2008. Hér eru því lagðar til mun minni tekjuskerðingar strax frá 1. janúar 2007 auk hærri tekjutryggingar.

   Breytingar ríkisstjórnarinnar fela í sér að sameina tekjutryggingu og tekjutryggingarauka í einn bótaflokk og að tekin verði upp ný tekjutrygging sem 1. janúar 2007 verður 78.542 kr. fyrir aldraða og 79.600 kr. fyrir öryrkja.
2. Frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007. Þær skerði ekki tekjutryggingu. Skoðað verði hvort nýta megi hluta þessa frítekjumarks fyrir tekjur úr lífeyrissjóði. Lífeyrisþegar hafi val um þetta nýja frítekjumark eða eldri reglu sem áður gilti aðeins fyrir örykja, eftir því hvort er þeim hagstæðara. Fyrir þá sem eru með árstekjur undir 1,5 millj. kr. er þetta nýja frítekjumark hagstæðara en sú regla.
3. Ráðstöfunarfé (vasapeningar) við dvöl á stofnun hækki um 50% frá frá 1. júlí 2006 ásamt því að frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr. Vilji minni hlutans er að frá 1. janúar 2008 verði stefnt að því að breytt verði greiðslufyrirkomulagi á daggjaldastofnunum fyrir aldraða í svipaða veru og gildir fyrir fatlaða á sambýlum.
4. Afnumin verði að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka strax um næstu áramót.
5. Öryrkjar haldi aldurstengdri örorkuuppbót þegar farið er á ellilífeyri. Sú breyting taki einnig gildi um næstu áramót.

Minni hlutinn telur brýnt að endurskoða lífeyriskafla laga um almannatryggingar. Undir það tóku fulltrúar eldri borgara sem komu fyrir nefndina. Þá endurskoðun verður að vinna í fullu samráði við samtök aldraðra og öryrkja. Skoðað verði samspil almannatrygginga og lífeyriskerfisins með það að markmiði að einfalda tryggingakerfið, draga úr skerðingaráhrifum tekna og auka möguleika lífeyrisþega til að bæta kjör sín. Þá verði komið á afkomutryggingu sem tryggi viðunandi lífeyri. Til undirbúnings afkomutryggingar verði þegar í stað gerð úttekt á framfærslukostnaði lífeyrisþega sem grunnlífeyrir og tekjutrygging byggist á.

Minni hlutinn hefur lagt til að skilgreind verði neysluútgjöld lífeyrisþega sem myndi viðmiðun fyrir grunnlífeyri og tekjutryggingu. Þessi viðmiðun hækki í samræmi við neysluvísitölu þannig að tryggt sé að hún haldi verðgildi sínu. Hækki launavísitala umfram neysluvísitölu verði tekið mið af henni þannig að lífeyrisþegum sé tryggð hlutdeild í auknum kaupmætti í samfélaginu. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að skilgreining á neysluútgjöldum lífeyrisþega, sem afkomutrygging þeirra skal byggð á, liggi fyrir eigi síðar en 1. desember 2007, ásamt tillögum um hvernig draga megi frekar úr skerðingu lífeyrisgreiðslna vegna annarra tekna. Þegar úttekt hefur verið gerð á framfærsluþörf lífeyrisþega skal í samráði við hagsmunasamtök þeirra gera áætlun um tímasetta áfanga afkomutryggingar.

Breytingartillögur minni hlutans endurspegla það sameiginlega viðhorf stjórnarandstöðunnar að eitt allra brýnasta verkefnið á sviði velferðarmála hér á landi sé að bæta kjör öryrkja og aldraðra. Óumdeilt er að allur þorri þeirra sem þessum hópum tilheyra hefur alls ekki notið lífskjarabata sambærilegs við þann sem aðrir landsmenn hafa hlotið undanfarin ár. Úr því vill stjórnarandstaðan bæta án frekari tafar með breytingartillögum sínum. Þær koma til viðbótar aðgerðum sem ríkisstjórnin leggur til í þessu frumvarpi og ganga mun lengra en þær. Meginmarkmið samkvæmt þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar frá því haust er að hækka lífeyrisgreiðslur aldraðra og öryrkja svo og að auka svigrúm þeirra til að afla sér tekna án þess að það skerði lífeyrisgreiðslur þeirra. Sérstök áhersla er þar lögð á að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og að tekin verði upp afkomutrygging sem byggð sé á skilgreindum neysluútgjöldum lífeyrisþega, einkum þeirra sem eingöngu hafa lífeyri sér til framfærslu.

Lagt er til að atvinnutekjur (frítekjur) sem ekki skerða tekjutryggingu verði 900 þús. kr. á ári, eða 75 þús. kr. á mánuði þegar frá 1. janúar 2007. Tillaga ríkisstjórnarinnar fól í sér 200 þús. kr. frítekjur á ári frá 1. janúar 2009, eða um 17.000 kr. á mánuði, og 25 þús. kr. frítekjur á mánuði frá 1. janúar 2010. Meiri hlutinn breytti afstöðu sinni til frumvarpsins samkvæmt yfirlýsingu ráðherra og breytingartillögur meiri hlutans hljóða upp á að frítekjumark 25 þús. kr. á mánuði, eða 300 þús. kr., á ári taki gildi frá 1. janúar 2007.

Minni hlutinn telur að rétt sé að skoða hvort heimila eigi að nýta einhvern hluta 75 þús. kr. frítekjumarksins fyrir tekjur úr lífeyrissjóði í stað þess að þær skerði tryggingagreiðslur strax frá fyrstu krónu. Með því yrði komið til móts við þann hluta hópsins sem ekki er fær um að afla sér atvinnutekna og bæta þannig stöðu sína en hefur hins vegar einhverjar tekjur frá lífeyrissjóði.

Í breytingartillögu minni hlutans er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé (vasapeningar) lífeyrisþega sem dveljast á stofnunum hækki um 50% samhliða afnámi frítekjumarks, afturvirkt frá 1. júlí 2006. Vasapeningarnir hækki þá um 11.436 kr. og verði 34.309 kr. á mánuði hjá vistmanni með engar aðrar tekjur, en lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun falla niður þegar lífeyrisþegi vistast á hjúkrunar- eða dvalarheimili. Frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir 28.591 kr. vasapeningum frá næstu áramótum en vasapeningar hækkuðu ekki eins og almennar lífeyrisgreiðslur 1. júlí sl. Flutningsmenn leggja enn fremur til að frítekjumark gagnvart eigin þátttöku í vistgjaldi þeirra sem dveljast á stofnun verði hækkað í 75 þús. kr. á mánuði en þeir mega nú halda eftir 50 þús. kr. af lífeyrisgreiðslum sínum. Minni hlutinn leggur til að vasapeningar hækki um 50%, afturvirkt frá 1. júlí 2006, en lífeyrisþegar sem fá vasapeninga fengu enga kjarabót þá eins og aðrir lífeyrisþegar almannatrygginga. Aðrir lífeyrisþegar á stofnunum, dvalarheimilum eða hjúkrunarheimilum fengu slíkt ekki heldur.

Minni hlutinn telur vasapeninga úrelt fyrirkomulag og barn síns tíma. Það felst í því að greiðslur almannatrygginga falla niður er lífeyrisþegi flytur á stofnun og fær hann þess í stað vasapeninga, um 22 þús. kr. á mánuði (miðað við 1. október 2006) en lífeyrisþegar sem afla sér tekna halda nú eftir um 50 þús. krónum. Búið er að afnema þetta kerfi hjá fötluðum á sambýlum. Þeir halda lífeyrisgreiðslum sínum en greiða sameiginlegan heimiliskostnað, svo sem fæðis- og húsnæðiskostnað, af þeim. Hið opinbera sér um launakostnað. Minni hlutinn vill að unnið verði að því að afnema vasapeningakerfið og gerðar þær ráðstafanir sem til þarf svo lífeyrisþegar sem kjósa að búa á dvalarheimili eða missa heilsu og búa á hjúkrunarheimili, haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu.

Flutningsmenn leggja til að afnumin verði að fullu tenging lífeyrisgreiðslna við tekjur maka starx um áramótin, en í tillögum ríkisstjórnarinnar er einungis gert ráð fyrir að afnema hana að hluta í tveimur áföngum. Minni hlutinn leggur einnig til að aldurstengd örorkuuppbót

skerðist ekki þegar öryrki fer á ellilífeyri en nú fellur hún niður á 67 ára afmælisdegi öryrkjans og lækka greiðslur til hans sem því nemur.

Auk þess að leggja til hækkun á tekjutryggingunni um 6.500 kr. umfram tillögu ríkisstjórnarinnar frá 1. janúar 2007, sem verður alls 1.020.000 kr. vísitölutryggt hjá öldruðum og 1.032.000 kr. hjá öryrkjum, er lagt til að frítekjumark tekjutryggingar gagnvart atvinnutekjum verði 900 þús. kr. á ári frá áramótum. Afar mikilvægt er að rýmka verulega frítekjumarkið til að auka möguleika lífeyrisþega á að vera á vinnumarkaðnum og afla sér tekna, en mjög mikilvægt er fyrir einstakling að hafa það val án þess að til verulegrar skerðingar á lífeyri komi. Skerðingarreglurnar nú eru hrein eignaupptaka hjá fólki. Forsvarsmenn Landssamtaka eldri borgara lýstu því svo í blaðagrein fyrr á þessu ári að skerðingarkerfi lífeyris og bóta eins og hér er þekktist hvergi annars staðar. Kom fram að lífeyrisþegi sem hefði tekjutryggingu ásamt greiðslu úr lífeyrissjóði eða atvinnutekjur héldi aðeins eftir 15–33% af þeim tekjum. Skerðingar og skattar væru 67–85%. Af sjálfu leiðir að svo mikil skerðing á lífeyrisgreiðslum vegna annarra tekna dregur úr fólki að afla sér slíkra tekna, það tekur síður að sér verkefni eða hlutastörf sem gæfu viðbótartekjur þegar ríkið sér til þess að hirða stærsta hluta þeirra.

Ef aldraðir fengju að halda 75 þús. kr. atvinnutekjum á mánuði án skerðingar mundi það tvímælalaust stuðla að aukinni atvinnuþátttöku eldra fólks, sem bæði hefur mikið gildi fyrir samfélagið og einstaklinga. Það hefur verið báráttumál lífeyrisþega að greiðslur til þeirra miðist eingöngu við eigin tekjur og aðeins þær geti skert lífeyri almannatrygginga en ekki tekjur annarra (þ.e. maka). Nú eru tekjur hjóna og sambýlinga lagðar saman og kemur helmingurinn af sameiginlegum tekjum til skerðingar greiðslna lífeyrisþegans frá Tryggingastofnun ríkisins. Um þetta snerist öryrkjadómurinn, þ.e. um afnám tengingar við tekjur maka. Mikill meiri hluti þeirra sem nú heyra undir þessa reglu mundu hagnast á breytingunni, en lífeyrisþegar sem eru með háar tekjur og eiga maka með lægri tekjur mundu fá eitthvað lægri greiðslur frá Tryggingastofnun. Við afnám þessarar tekjutengingar verða lífeyrisgreiðslur almannatrygginga persónulegur réttur, eins og t.d. atvinnuleysisbætur sem eru óháðar tekjum maka.

Árið 2003 var komið á aldurstengdri örorkuuppbót. Fjárhæð uppbótarinnar miðast við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki. Þessi uppbót fellur niður þegar öryrki sem hennar nýtur nær 67 ára aldri og verður ellilífeyrisþegi. Þetta telja flutningsmenn óréttlátt, af því að tekjuþörf öryrkja minnkar ekki við það að eldast. Auk þess hafa þeir sem verða ungir örykjar minni möguleika á að afla sér lífeyrisréttinda. Því er lagt til að öryrkjar haldi þessari uppbót þegar þeir verða ellilífeyrisþegar.

Nokkrar breytingar eru lagðar til í frumvarpinu sem eru ekki hluti af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og fulltrúa eldri borgara og snúa að slysatryggingum almannatrygginga. Eru þær til bóta og mun minni hlutinn því styðja 5. og 6. gr. frumvarpsins. Einnig telur minni hlutinn að greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra eigi að skila sér í uppbyggingu hjúkrunarrýma þar til bið eftir þeim hefur verið eytt, en ekki í rekstur, og mun því styðja 13. gr. frumvarpsins, en greiða atkvæði gegn d-lið 17. gr. (ákvæði til bráðabirgða IV) sem varðar 13. gr.

Minni hlutinn ítrekar að það verði eitt af forgangsverkefnum í þjóðfélaginu á næstunni að bæta kjör lífeyrisþega og þjónustu við þá.

Guðjón Arnar Kristjánsson, sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er sammála þessu áliti.

Alþingi, 7. des. 2006.

Ásta R. Jóhannesdóttir, frsm. Guðrún Ögmundsdóttir. Þuríður Backman.

Kristján L. Möller.

## 600. Breytingartillögur [330. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og l. um málefni aldraða.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar (ÁRJ, GÖg, ÞBack, KLM).

1. Við 2. mgr. 1. gr.
   a. Í stað 2. og 3. málsl. a-liðar komi einn málsliður, svohljóðandi: Ef um hjón er að ræða hafa tekjur maka ekki áhrif á útreikning lífeyris.
   b. 2. málsl. b-liðar orðist svo: Ef um hjón er að ræða hafa tekjur maka ekki áhrif á útreikning lífeyris.
   c. Í stað orðanna „300.000 kr. á ári“ í c-lið komi: 900.000 kr. á ári.
   d. 2. málsl. c-liðar falli brott.
   e. Á eftir orðunum „skal ekki reikna með“ í d-lið komi: tekjum maka.
   f. Í stað orðanna „og aðrar tekjur maka hafa 25% vægi“ í e-lið komi: og skal ekki reikna með tekjur maka.
2. Í stað 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (2. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna:
      1.Í stað orðanna „einstaklinga eða hjóna hvors um sig“ kemur: einstaklings.
      2.Orðin „5.–7. mgr.“ falla brott.
   b. (3. gr.)
      Orðin „eða hjóna, hvors um sig, sem bæði eru örorkulífeyrisþegar“ og orðin „5.–7. mgr.“ í 1. málsl. 5. mgr. 12. gr. laganna falla brott.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir 2. mgr. 15. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Aldurstengd örorkuuppbót helst óbreytt þegar örorkulífeyrisþegi hefur töku ellilífeyris.
4. Við 3. gr.
   a. Í stað fjárhæðarinnar „942.504 kr.“ í 2. mgr. komi: 1.020.000 kr. vísitölutryggt.
   b. Í stað fjárhæðarinnar „956.088 kr.“ í 3. mgr. komi: 1.032.000 kr. vísitölutryggt.
   c. Í stað „38,35%“ í 2.–4. mgr. komi: 35%.
5. 7. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 8. mgr. 43. gr. laganna:
   a. Í stað fjárhæðarinnar „19.990 kr.“ í 1. málsl. kemur: 34.310 kr.
   b. Orðin „umfram 3.952 kr. á mánuði“ í 2. málsl. falla brott.
   c. Í stað fjárhæðarinnar „416.474 kr.“ í 3. málsl. kemur: 832.948 kr.

d. Í stað orðanna „tekjumörk tekjutryggingar skv. 17. gr.“ í 5. og 6. málsl. kemur: 680.350 kr. á ári.

6. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   4. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna fellur brott.
7. Við 12. gr.
   Ákvæði til bráðabirgða 22–26 falli brott.
8. Við 1. mgr. 16. gr.
   a. Í stað 2. og 3. málsl. a-liðar komi einn málsliður, svohljóðandi: Ef um hjón er að ræða hafa tekjur maka ekki áhrif á útreikning lífeyris.
   b. Í stað orðanna „300.000 kr. á ári“ í b-lið komi: 900.000 kr. á ári.
   c. 2. málsl. b-liðar orðist svo: Ef um hjón er að ræða hafa tekjur maka ekki áhrif á útreikning lífeyris.
   d. Á eftir orðunum „skal ekki reikna með“ í c-lið komi: tekjum maka.
   e. Í stað orðanna „og aðrar tekjur maka hafa 25% vægi“ í d-lið komi: og skal ekki reikna með tekjur maka.
9. Við 17. gr.
   Í stað a–d-liðar (ákvæða til bráðabirgða I–IV) komi einn liður, svohljóðandi:
   a. (I)
   Hækkun á vasapeningum skv. 43. gr. laganna til elli- og örorkulífeyrisþega greiðist frá 1. júlí 2006.

## 601. Breytingartillaga [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 3. gr., svohljóðandi:

Við 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Útgjöld að hámarki móttekinni fjárhæð ættleiðingarstyrks samkvæmt lögum um ættleiðingarstyrki og má frádráttur þessi aldrei vera hærri en fjárhæð styrksins.

## 602. Breytingartillaga [376. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn, EMS, KJúl, HHj, GAK).

1. gr. falli brott.

Greinargerð.

Hér er lagt til að fallið verði frá frestun á framlagi til vegamála í heild sinni, alls að fjárhæð 2,1 milljarðar kr. Heimilt verði að lána fé milli verkefna innan vegáætlunar 2007 að því marki sem ekki er hægt að nýta það fjármagn til þeirra verkefna sem það er eyrnamerkt til. Hafðar séu í huga framkvæmdir sem lúta að auknu öryggi á vegum og vegabótum þar sem ástand vega er hvað verst.

## 603. Nefndarálit [376. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Með lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. voru veitt fyrirheit um aukið fjármagn til sérstakra samfélagsverkefna sem brunnu mjög á fólki en höfðu verið fjársvelt. Eitt þessara verkefna voru brýnar vegaframkvæmdir bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Íbúar hvar sem er á landinu hafa miklar væntingar um að staðið verði við tímasett loforð og yfirlýsingar um einstakar vegaframkvæmdir sem Alþingi hefur samþykkt á samgönguáætlun. Fjármagn til framkvæmda samkvæmt gildandi samgönguáætlun hefur þó verið skorið niður á hverju ári sl. þrjú ár og nemur sá niðurskurður nú samtals hátt á sjöunda milljarð króna.

Síðastliðið sumar ákvað ríkisstjórnin að fresta útboðum og nýframkvæmdum í vegamálum til að slá á þenslu í þjóðfélaginu. Samtals nam sú frestun á annan milljarð króna og bitnaði harðast á fyrirhuguðum vegaframkvæmdum á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Sú þensla sem verið var að bregðast við er af allt öðrum orsökum en vegaframkvæmdum og er síst til staðar á Vestfjörðum og Norðausturlandi þar sem framkvæmdum var fyrst og fremst frestað.

Með þessu frumvarpi um breytingu á lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. er enn verið að fresta fjárframlögum til vegaframkvæmda sem lofað hafði verið á árinu 2007. Er hér m.a. um að ræða um 200 millj. kr. niðurskurð á vegagerð um Arnkötludal og hins vegar um 300 millj. kr. niðurskurð á vegagerð um Norðausturveg auk verkefna á höfuðborgarsvæðinu.

Rök forsætisráðherra þegar hann mælti fyrir frumvarpinu voru þau að þessi frestun á vegaframkvæmdum væri til að bregðast við mikilli þenslu í þjóðfélaginu árið 2007. Samtímis gefa svo bæði fjármálaráðherra og samgönguráðherra yfirlýsingar og hafa áform um nýjar og brýnar vegaframkvæmdir á næsta ári sem ekki eru á núgildandi samgönguáætlun. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að ný og endurskoðuð samgönguáætlun skuli ekki hafa verið lögð fram og rædd á Alþingi áður en fjárlög fyrir árið 2007 eru afgreidd eða samþykkt ný lög sem kveða á um frestun á framkvæmdum sem lofað var á næsta ári og Alþingi hafði áður samþykkt.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að flytja 500 millj. kr. fjárframlag til fjarskiptasjóðs frá árinu 2007 til 2006 og er sótt til þess heimild á fjáraukalögum 2006. Ítrekað hefur verið spurt hvaða verkefni fjarskiptasjóðs séu gjaldfallin á árinu 2006. Ekki hafa fengist nein svör við því.

Þá fékkst frumvarpið ekki sent til umsagnar, hvorki til sveitarfélaga á þeim svæðum sem frestun á fé til vegaframkvæmda bitnar á né heldur til Vegagerðarinnar. Samgöngunefnd fékk

málið ekki einu sinni til umsagnar. Minni hlutinn gagnrýnir alla meðferð þessa máls af hálfu ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar.

Ljóst er því að málatilbúnaður allur um sérstaka ráðstöfun á hluta söluandvirðis Símans mörg ár fram í tímann til skilgreindra verkefna var algjör sýndarmennska af hálfu ríkisstjórnarflokkanna eins og stjórnarandstaðan benti á við afgreiðslu þess lagafrumvarps á sínum tíma.

Alþingi, 7. des. 2006.

Jón Bjarnason, frsm. Einar Már Sigurðarson. Katrín Júlíusdóttir.

Helgi Hjörvar. Guðjón A. Kristjánsson.

## 604. Nefndarálit [386. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Guðjón Guðmundsson og Sigurð Jónsson frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Einar Þ. Harðarson og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti.

Með frumvarpinu eru leiddar í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja sem byggjast á staðli frá Basel-nefndinni um bankaeftirlit, svokölluðum Basel II staðli sem var uppfærður í nóvember 2005. Eldri staðall um eigið fé alþjóðlegra fjármálafyrirtækja er að stofni til frá 1988. Eru reglurnar teknar upp á Evrópska efnahagssvæðinu með breytingum á tveimur tilskipunum. Er annars vegar um að ræða tilskipun 2006/48, svonefnda lánastofnanatilskipun, og hins vegar tilskipun 2006/49, svonefnda eiginfjárkröfutilskipun.

Markmið með breytingunum er einkum að ákvörðun um lágmark eigin fjár fjármálafyrirtækja verði byggð á nákvæmari viðmiðum en hingað til hafa gilt og að fyrirtæki sem hafa góða stjórn á áhættum sínum geti notið þess við útreikning á eiginfjárkröfu. Aðeins meginatriði eru tekin í lögin sjálf en kveðið verður á um nánari útfærslur og tæknileg atriði í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu lánastofnanir geta valið milli ýmissa aðferða við uppgjör á eiginfjárkröfum vegna lánaáhættu. Verður annars vegar unnt að velja staðlaða aðferð sem er tiltölulega einföld og líkist þeirri aðferð sem er notuð nú til að reikna út eiginfjárkröfu. Hins vegar verður unnt að velja aðra af tveimur svokölluðum innramatsaðferðum en þær eru heldur flóknari og byggjast meðal annars á eigin útreikningi fyrirtækja á áhættu. Þessar síðarnefndu aðferðir gera strangar og auk þess kostnaðarsamar kröfur til áhættumats og má gera ráð fyrir að það verði aðeins stærri fyrirtæki sem sæki um leyfi til að nýta þær.

Við umfjöllun um málið í nefndinni barst athugasemd frá Sambandi íslenskra sparisjóða þess efnis að gera þyrfti breytingu á því ákvæði laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um skyldu til innlausnar. Telja fyrirsvarsmenn sambandsins að að óbreyttum lögum muni hluti

sparisjóða lenda í vandræðum við gildistöku laganna þar sem stofnfé verður ekki talið sem eigið fé. Nefndin flytur breytingartillögu um þetta atriði. Lýtur hún að því að innlausnarskylda sparisjóða verði felld niður til að gera þeim kleift að nýta stofnfjárbréf til útreiknings á eigin fé í samræmi við ákvæði nýrra reikningsskilastaðla.

Verði frumvarpið að lögum munu þau öðlast gildi 1. janúar 2007. Hins vegar munu þau fjármálafyrirtæki sem ekki nýta innramatsaðferð hafa um það val árið 2007 hvort þau beita reglum sem eru í gildi fyrir þá breytingu sem þetta frumvarp kveður á um. Er því um að ræða svigrúm fyrir fjármálafyrirtæki.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 5. gr., svohljóðandi:

65. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreigenda.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 64. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar hans skv. 1. mgr., og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn enda uppfylli sparisjóðurinn eiginfjárkröfur skv. 84. gr. þegar innlausn fer fram.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

Alþingi, 8. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. |
| Ásta Möller. | Sæunn Stefánsdóttir. | Ögmundur Jónasson. |

## 605. Breytingartillögur [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Ögmundi Jónassyni.

1. Í stað „22,75%“ í 5. gr. komi: 23,75%.
2. Í stað „385.800“ í a-lið 6. gr. komi: 419.500.

# 606. Frumvarp til laga [56. mál]

um Ríkisútvarpið ohf.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

I. KAFLI
**Almenn ákvæði.**

1. gr.
*Eignaraðild.*

Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil.

Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.

2. gr.
*Leyfi til útvarps.*

Ríkisútvarpið ohf. hefur leyfi til útvarps á þeim rásum og tíðnisviðum sem það fær til umráða eða því kann síðar að verða úthlutað.

II. KAFLI
**Hlutverk og skyldur.**

3. gr.
*Útvarpsþjónusta í almannaþágu.*

Hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Útvarpsþjónusta í almannaþágu felur í sér eftirfarandi:

1. Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.
2. Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru þjónustuefni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.
3. Að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni.
4. Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag.
5. Að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Gæta skal fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.
6. Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi.
7. Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.
8. Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótta og annars tómstundastarfs.

9. Að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa.
10. Að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins.
11. Að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps.
12. Að eiga eða leigja, sem og að reka, hvers konar búnað og eignir, þar á meðal tæknibúnað og fasteignir sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi félagsins.
13. Að varðveita til frambúðar frumflutt efni, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.

Menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu ohf. ber að gera sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur skv. 2. mgr. um útvarpsþjónustu í almannaþágu.

4. gr.

*Önnur starfsemi.*

Ríkisútvarpinu ohf. er heimilt að standa að annarri starfsemi en kveðið er á um í 3. gr. sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti.

Ríkisútvarpinu ohf. er heimilt að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að miðla áður framleiddu efni í eigu félagsins, svo sem rituðu máli, hljómplötum, hljóðsnældum, geisladiskum, myndböndum og margmiðlunarefni.

Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu.

5. gr.

*Fjárhagslegur aðskilnaður.*

Halda skal fjárreiðum alls reksturs, sem ekki fellur undir útvarp í almannaþágu, aðskildum frá fjárreiðum reksturs vegna útvarps í almannaþágu skv. 3. gr. Er félaginu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi, þar á meðal starfsemi sem telst vera samkeppnisrekstur.

6. gr.

*Efni á erlendu máli.*

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins ohf., skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði er gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal, eftir því sem kostur er, látin fylgja endursögn eða kynning á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

## III. KAFLI

## **Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins ohf.**

7. gr.

*Umboð menntamálaráðherra.*

Menntamálaráðherra fer með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu ohf.

Um réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins ohf. skal mælt nánar fyrir í samþykktum félagsins.

8. gr.

*Stjórn Ríkisútvarpsins ohf.*

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hvert. Hana skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi ásamt jafnmörgum til vara og skulu þeir kosnir í stjórn félagsins.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, bú þeirra hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta og þeir skulu hafa óflekkað mannorð. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum eingöngu hafa að leiðarljósi hagsmuni Ríkisútvarpsins ohf., fyrst og fremst skyldur þess til útvarps í almannaþágu. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum sem leitt geta til árekstra við hagsmuni Ríkisútvarpsins ohf.

9. gr.

*Starfssvið stjórnarinnar.*

Starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. nær sérstaklega til eftirfarandi þátta í starfi félagsins:

1. Að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör.
2. Að taka ákvarðanir um lán og ábyrgðir til þarfa félagsins.
3. Að taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur, ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna.
4. Að samþykkja fyrir fram fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.
5. Að gera grein fyrir því í ársskýrslu til aðalfundar hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um útvarp í almannaþágu.

Að öðru leyti en að framan greinir ákveðst starfssvið stjórnar í samþykktum félagsins, sbr. lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

10. gr.

*Útvarpsstjóri.*

Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ohf. og skal uppfylla skilyrði 2. mgr. 8. gr. Hann er jafnframt æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar.

Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf.

Í samþykktum félagsins má skilgreina nánar starfssvið útvarpsstjóra.

## IV. KAFLI

## Tekjur Ríkisútvarpsins ohf.

11. gr.

*Tekjustofnar.*

Tekjustofnar Ríkisútvarpsins ohf. eru sem hér segir:

1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga. Skal gjaldið nema 14.580 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem

ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald fellt niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

2. Tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi eða í öðrum miðlum. Samanlagðar tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af kostun skulu þó eigi vera hærri en sem nemur hlutfalli tekna af kostun í samanlögðum tekjum Ríkisútvarpsins af auglýsingum og kostun á árinu 2006. Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á veraldarvefnum.
3. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Við álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, að frátöldu ákvæði 98. gr.

Fyrsta virka dag hvers mánaðar skal fjármálaráðuneytið greiða Ríkisútvarpinu ohf. fyrir fram fjárhæð sem svarar til áætlaðs 1/12 heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt þessari grein.

Stjórn félagsins skal setja gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna.

## V. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

### 12. gr.
*Lög um hlutafélög o.fl.*

Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um Ríkisútvarpið ohf. lög nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins ohf.

### 13. gr.
*Gildistaka laganna o.fl.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, frá og með 1. febrúar 2007, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum: 12., 13., 14. og 16. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2009, og 15., 17. og 18. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2012. Heiti þeirra laga verður: Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess. Skulu lögin gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum.

Þar sem í öðrum lögum er vísað til Ríkisútvarpsins er átt við Ríkisútvarpið ohf.

## Ákvæði til bráðabirgða.
## I.
## Stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið.

Í samræmi við lög þessi skal stofnað hlutafélag um Ríkisútvarpið og skal heiti þess vera Ríkisútvarpið ohf. Félagið skal skráð í hlutafélagaskrá. Frestur til þess að setja félaginu sérstakar samþykktir og halda stofnfund er 30 dagar eftir að Alþingi hefur kosið menn til setu í stjórn.

Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins.

Menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í Ríkisútvarpinu ohf. Við stofnun félagsins skal lögð fram a.m.k. 5.000.000 kr. fjárhæð sem hlutafé.

Eftir að lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, falla úr gildi 1. febrúar 2007, sbr. 2. mgr. 13. gr., tekur Ríkisútvarpið ohf. við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins, og um leið er Ríkisútvarpið lagt niður. Tekur félagið þá m.a. við lögbundnu leyfi Ríkisútvarpsins til útvarps-

reksturs. Jafnframt skal Ríkisútvarpið ohf. yfirtaka þær skyldur sem Ríkisútvarpið hefur undirgengist í samningum við þriðju aðila.

## II.
## Réttindi starfsmanna.

Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður, frá og með 1. febrúar 2007, fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.

Ríkisútvarpið ohf. skal bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2009.

Starfsmaður Ríkisútvarpsins, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira, getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

## III.
## Fyrsta stjórn félagsins.

Eigi síðar en 30 dögum eftir að Alþingi kýs menn til setu í stjórn félagsins, sbr. 8. gr., skal menntamálaráðherra halda stofnfund Ríkisútvarpsins ohf. þar sem jafnt stjórn sem stjórnarformaður félagsins skal kjörinn.

## IV.
## Lok á umboði útvarpsráðs.

Umboð aðalmanna og varamanna í útvarpsráði, sem síðast voru kjörnir af Alþingi skv. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, með síðari breytingum, fellur niður við brottfall laga um Ríkisútvarpið, sbr. 2. mgr. 13. gr.

## V.
## Álagning og innheimta útvarpsgjalds.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins ohf. til og með 31. desember 2008 eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og öðrum miðlum og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða. Menntamálaráðherra skal staðfesta útvarpsgjöld að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

Frá og með 1. janúar 2009 fer um tekjur félagsins skv. 11. gr.

## 607. Þingsályktun [348. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 377.

## 608. Þingsályktun [349. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2005, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 378.

## 609. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, með síðari breytingu.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lög þessi taka til sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af sýslumanni samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra eða forseta Íslands eða konungi, sbr. þó 2. mgr. Dómsmálaráðherra ákveður hvaða sýslumaður fer með framkvæmd laga þessara.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir sýslumanns samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til dómsmálaráðuneytis.

2. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. og 3. mgr. 2. gr., 1. og 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr., 5. gr. og í 1. mgr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. og orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 2. málsl. 7. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumaður.

## II. KAFLI
## Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

86. gr. laganna orðast svo:

Halda skal allsherjarskrá um kaupmála, sem skráðir hafa verið, hjá sýslumanni sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur falið að halda slíka skrá. Sýslumanni ber, þegar eftir að kaupmáli hefur verið skráður, að senda hlutaðeigandi sýslumanni tilkynningu um kaupmálann þar sem greina skal nöfn aðila, kennitölur þeirra og heimili og enn fremur viðtökudag kaupmála.

Í lok hvers mánaðar skal auglýsa í Lögbirtingablaði það sem þann mánuð hefur verið tekið á kaupmálaskrá sýslumanns.

## III. KAFLI
## Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

4. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Útfararþjónustu mega þeir einir reka sem hafa til þess leyfi sýslumanns. Dóms- og kirkjumálaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns. Synjun sýslumanns um veitingu leyfis er kæranleg til dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Ráðherra setur nánari reglur um leyfisveitinguna í reglugerð.

## IV. KAFLI
## Breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 19. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Bótanefnd tekur ákvörðun um hvort endurkrefja skuli tjónvald vegna bóta sem ríkissjóður hefur greitt.

## V. KAFLI
## Breyting á lögum um öryggisþjónustu, nr. 58/1997, með síðari breytingu.

6. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

7. gr.

Í stað orðsins „ráðuneytinu“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: embætti ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. mgr. kemur: Ríkislögreglustjóri.
b. 2. mgr. orðast svo:

*Ríkislögreglustjóri* hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa sem ber að veita ríkislögreglustjóra allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi sína og önnur atriði sem þýðingu hafa. Til að sinna eftirliti hafa starfsmenn ríkislögreglustjóra án dómsúrskurðar aðgang að starfsstöð leyfishafa.

9. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:

Ákvarðanir ríkislögreglustjóra samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til dómsmálaráðuneytis.

## VI. KAFLI
## Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

10. gr.

1. gr. laganna orðast svo :

Sýslumaður veitir leyfi til ættleiðingar. Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar skv. II.–VI. kafla laga þessara verði á hendi eins sýslumanns.

11. gr.

Í stað orðanna „dómsmálaráðuneytisins eða sýslumanni“ í 1. mgr. 8. gr. og 9. gr. laganna kemur: sýslumanns.

12. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 15. gr. og í 2. málsl. 1. mgr. 30. gr., orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 18. gr., 19. gr., 21. gr., 1. og 3. mgr. 22. gr., 29. gr., 1. mgr. 32. gr., 2. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 38. gr., orðsins „ráðherra“ í 2. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 32. gr. og orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 1. málsl. 1. mgr. 30. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumaður.

13. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd sem veitir umsagnir í ættleiðingarmálum sem sýslumaður eða ráðuneytið leggur fyrir hana. Ráðherra getur falið nefndinni fleiri verkefni og sett nánari reglur um störf hennar.

14. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Aðilum máls er heimilt að kæra synjun sýslumanns um ættleiðingu til dómsmálaráðherra innan tveggja mánaða frá dagsetningu úrskurðar.

15. gr.

Við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Aðilum máls er heimilt að kæra synjun sýslumanns um forsamþykki til dómsmálaráðherra innan tveggja mánaða frá dagsetningu úrskurðar.

## VII. KAFLI
## Breyting á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skýrslur og gögn sýslumanna til Þjóðskrár um hjónavígslur, staðfestar samvistir, leyfi til skilnaðar að borði og sæng, leyfi til lögskilnaðar og ættleiðingarleyfi.
b. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Gögn dómsmálaráðuneytis um breytingar á ríkisfangi o.fl. í því sambandi.

## VIII. KAFLI
## Breyting á lögum um dómtúlka og skjalaþýðendur, nr. 148/2000.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Umsókn um löggildingu skal beint til sýslumanns. Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að löggilding skuli vera á hendi eins sýslumanns. Umsækjandi skal leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum 2. gr. Hann skal vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem dómtúlki eða skjalaþýðanda og gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptamönnum sínum. Fyrir útgáfu löggildingar skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. kemur: Sýslumaður.
c. 4. mgr. orðast svo:
Dómtúlkar og skjalaþýðendur skulu tilkynna sýslumanni hvar starfsstöð þeirra er og breytingar á henni. Hlutaðeigandi sýslumaður skal halda skrá um þá sem hafa löggildingu samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: sýslumaður.

19. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:
Ákvarðanir sýslumanns samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til dómsmálaráðuneytis.

## IX. KAFLI
## Breyting á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: sýslumanns.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að löggilding fasteignasala verði á hendi eins sýslumanns.
c. Orðið „ráðherra“ í 3. mgr., sem verður 4. mgr., fellur brott.

21. gr.

Orðið „ráðherra“ í 1. og 4. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sýslumaður gefur út löggildingarskírteini fyrir fasteignasala. Synjun sýslumanns um útgáfu löggildingarskírteinis er kæranleg til dómsmálaráðuneytis.

b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 6. mgr. kemur: Hlutaðeigandi sýslumaður.

c. Í stað orðanna „Í dómsmálaráðuneyti“ í 7. mgr. kemur: Hjá hlutaðeigandi sýslumanni.

23. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 4. mgr. 7. gr., 7. mgr. 22. gr., 2. mgr. 24. gr. og 25. gr. og orðsins „ráðuneytisins“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumaður.

## X. KAFLI

## Breyting á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005.

24. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Dómsmálaráðherra er heimilt að fela sýslumanni að annast útgáfu Lögbirtingablaðs.

## XI. KAFLI

## Breyting á lögum um happdrætti, nr. 38/2005.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Til þess að halda uppi allsherjarreglu og hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning er óheimilt að reka happdrætti nema með leyfi sýslumanns eða öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum þessum. Ráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns. Happdrættisleyfið skal bundið nánari skilyrðum í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Þá eru hlutaveltur óheimilar nema með leyfi sýslumanns.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir sýslumanns um leyfi samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til dómsmálaráðuneytis.

26. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Sýslumaður.

27. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Eftirlit með framkvæmd laga þessara er í höndum sýslumanns. Þó skal dóms- og kirkjumálaráðuneyti fara með eftirlit með happdrættum skv. 2. mgr. 2. gr. Nú er stofnað til sérstaks kostnaðar vegna eftirlitsins með þátttöku sérfróðra manna til að fara yfir skýrslur eða reikninga leyfishafa, sbr. 9. gr., til að fara yfir hugbúnað eða tækjakost leyfishafa eða athuga sérstaklega hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, og er þá heimilt að krefja viðkomandi leyfishafa um greiðslu á kostnaði sem stofnað er til í þessu skyni.

XII. KAFLI
**Gildistaka.**
28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

# 610. Frumvarp til laga [219. mál]

um gatnagerðargjald.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.
*Markmið laganna.*

Markmið laga þessara er að lögbinda gjaldstofn fyrir sveitarfélög til töku sérstaks skatts, gatnagerðargjalds, af fasteignum og rétt sveitarfélaga til að ákveða innan marka laganna hvernig sá gjaldstofn er nýttur.

2. gr.
*Gjaldskylda.*

Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum og ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

3. gr.
*Gjaldstofn gatnagerðargjalds.*

Sveitarstjórn skal innheimta gatnagerðargjald af fasteignum í þéttbýli. Um skil þéttbýlis og dreifbýlis vísast til samþykkts deiliskipulags eða staðfests aðalskipulags á hverjum tíma.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð og getur sveitarstjórn ákveðið hann á eftirfarandi hátt í samþykkt, sbr. 12. gr.:

a. Þegar sveitarstjórn úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð skal leggja á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirra bygginga sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
b. Verði ekki lagt á gatnagerðargjald skv. a-lið, eða ef veitt er byggingarleyfi fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, skal við útgáfu byggingarleyfis leggja á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Gatnagerðargjald skal innheimt vegna stækkunar byggingar sem nemur fermetrafjölda stækkunar, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 5. gr.

Gatnagerðargjald skal innheimt ef reist er ný og stærri bygging í stað annarrar á sömu lóð sem stækkuninni nemur. Gildir þessi regla um byggingar sem samþykkt er byggingarleyfi fyrir allt að fimm árum eftir að leyfi er gefið fyrir niðurrifi byggingar. Að öðrum kosti skal greiða fullt gatnagerðargjald. Ef hin nýja bygging er annarrar tegundar eða til annarrar notkunar en hið eldra húsnæði gilda ákvæði 5. mgr. þessarar greinar.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun byggingar þannig að hún færist í hærri gjaldflokk samkvæmt samþykkt sveitarfélagsins, sbr. 4. gr., skal

greiða gatnagerðargjald af fermetrafjölda viðkomandi húsnæðis sem svarar til mismunar hærri og lægri gjaldflokksins. Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færist í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

4. gr.

*Fjárhæð gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald er 15% af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar, nema sveitarstjórn hafi mælt fyrir um lægra gjald í samþykkt sinni, sbr. 2. mgr.

Sveitarstjórn skal í samþykkt sinni, sbr. 12. gr., ákveða hundraðshluta gatnagerðargjalds sem leggst á gjaldstofn þann sem mælt er fyrir um í 3. gr. Gjaldið má aldrei vera hærra en mælt er fyrir um í 1. mgr.

5. gr.

*Almenn lækkunarheimild.*

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt sinni um gatnagerðargjald, sbr. 12. gr., að mishátt gatnagerðargjald skuli greiða vegna eftirtalinna bygginga eftir notkun:

1. Íbúðarhúsnæðis.
2. Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæðis.
3. Iðnaðar- og geymsluhúsnæðis og annars atvinnuhúsnæðis.
4. Annarra bygginga.

Sveitarstjórn er einnig heimilt að ákveða í samþykkt sinni um gatnagerðargjald að gjald af íbúðarhúsnæði megi vera mishátt eftir því hvort um er að ræða:

1. Einbýlishús.
2. Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús.
3. Fjölbýlishús.

Sveitarstjórn er einnig heimilt að ákveða í samþykkt sinni um gatnagerðargjald að lækka eða fella niður gatnagerðargjald:

1. Þegar grafið er út kjallararými íbúðarhúsa enda sé húsrýmið gluggalaust og aðeins gengt í það innan frá.
2. Af yfirbyggðum göngugötum eða léttum tengibyggingum í eða á milli verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæðis sem teljast til sameignar viðkomandi húsnæðis og eru til almenningsnota á afgreiðslutíma. Skilyrði þessa er þó að húsnæði sem yfirbygging eða tengibygging er byggð við sé svo sjálfstætt að það fullnægi kröfum byggingarlaga og byggingarreglugerðar án hennar og jafnframt að yfirbyggingin eða tengibyggingin sé þannig úr garði gerð að hún fullnægi ekki ein og sér kröfum byggingarlaga og byggingarreglugerðar.
3. Vegna stækkunar íbúðarhúss sem er a.m.k. 15 ára enda nemi stækkunin ekki meira en 30 fermetrum á hverja íbúð á hverju 10 ára tímabili. Tilheyri stækkunin sameign fjöleignarhúss skal meta hana eins og ef um stækkun vegna einnar íbúðar væri að ræða. Ef stækkunin er meiri en 30 fermetrar skal greiða fullt gatnagerðargjald af því sem umfram er.
4. Svalaskýla íbúðarhúsa sem eru 20 fermetrar eða minni.
5. Sameiginlegra bifreiðageymslna fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar.
6. Óeinangraðra smáhýsa sem eru minni en 6 fermetrar.

6. gr.

*Sérstök lækkunarheimild.*

Sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði.

Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að lækka eða fella niður gjöld vegna sérhæfðs félagslegs húsnæðis, svo sem sambýla fyrir fatlaða, þjónustuíbúða fyrir aldraða og félagslegs leiguhúsnæðis enda sé slíkt húsnæði í eigu stofnana, félagasamtaka eða félaga sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Þinglýsa skal kvöð á umrætt húsnæði um að greiða skuli gatnagerðargjald af því ef það fellur af einhverjum ástæðum ekki lengur undir ákvæði þetta. Stafi það af breyttri notkun, sem er háð samþykki byggingaryfirvalda, skulu gjalddagi og eindagi fara eftir 2. mgr. 7. gr. en að öðrum kosti er gjalddaginn 30 dögum eftir að forsendur lækkunar eða niðurfellingar gatnagerðargjalds eru ekki lengur fyrir hendi, svo sem vegna sölu húsnæðis, og eindagi einum mánuði síðar.

Sveitarstjórn er heimilt að mæla nánar fyrir um skilyrði framangreindra lækkunarheimilda í samþykkt sinni um gatnagerðargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr.

7. gr.

*Gjalddagi og eindagi gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald skv. a-lið 2. mgr. 3. gr. fellur í gjalddaga við úthlutun lóðar eða sölu byggingarréttar sem er í eigu sveitarfélags eða sveitarfélagið hefur ráðstöfunarrétt á. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Gatnagerðargjald skv. b-lið 2. mgr. 3. gr. og 5. mgr. 3. gr. fellur í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis. Eindagi er hinn sami og gjalddagi.

Sveitarstjórn getur í samþykkt sinni um gatnagerðargjald ákveðið gjalddaga og eindaga gatnagerðargjalds með öðrum hætti. Sveitarstjórn er heimilt að mæla svo fyrir í samþykkt sinni að gjaldið skuli innheimt á fleiri en einum gjalddaga.

8. gr.

*Innheimta vangreidds gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald ber dráttarvexti samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

Gatnagerðargjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga. Gatnagerðargjald er aðfararhæft án undangengins dóms eða stjórnvaldsúrskurðar.

Sveitarstjórn er heimilt að afturkalla lóðarúthlutun ef lóðarhafi greiðir ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma, enda sé kveðið á um það í úthlutunar- eða byggingarskilmálum. Sveitarstjórn skal með 30 daga fyrirvara senda lóðarhafa með sannanlegum hætti viðvörun um hina fyrirhuguðu afturköllun áður en lóðarúthlutun er afturkölluð.

9. gr.

*Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

Sveitarfélagi ber að endurgreiða gatnagerðargjald innan 30 daga ef lóðarúthlutun er afturkölluð eða ógilt eða lóð er skilað. Sama gildir um gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á í tengslum við samþykkt byggingarleyfis, sbr. b-lið 2. mgr. 3. gr., en í þeim tilvikum skal endur-

greiða gatnagerðargjaldið innan 30 daga frá því að byggingarleyfishafi hefur sannanlega krafist greiðslu. Fjárhæð gatnagerðargjalds sem greidd var skal verðbætt miðað við vísitölu neysluverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags. Við greiðsludrátt reiknast dráttarvextir á fjárhæðina samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

10. gr.

*Um ráðstöfun gatnagerðargjalds.*

Sveitarstjórn skal verja gatnagerðargjaldi til gatnagerðar í sveitarfélaginu og til viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja. Ráðstöfun til viðhalds er óháð eignarhaldi gatna.

Um skyldu sveitarstjórnar til gatnagerðar og viðhalds gatna fer eftir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

11. gr.

*Kæruheimild.*

Aðili máls getur skotið ákvörðun sveitarstjórnar samkvæmt lögum þessum til úrskurðar félagsmálaráðherra. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðunina. Kæruheimild þessi skerðir þó eigi rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

Komist ráðherra að þeirri niðurstöðu að ákvörðun sveitarfélags hafi ekki verið í samræmi við lög getur hann ógilt ákvörðunina og eftir atvikum lagt fyrir sveitarstjórn að taka nýja ákvörðun.

12. gr.

*Samþykkt sveitarfélags um gatnagerðargjald og birting hennar.*

Sveitarstjórn skal setja samþykkt um gatnagerðargjald fyrir sveitarfélagið þar sem eftir atvikum er kveðið á um álagningu gjaldsins, undanþágur frá því og afslætti, gjalddaga og eindaga gjaldsins, greiðslufyrirkomulag og annað er varðar innheimtu þess.

Samþykktina skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

13. gr.

*Gildistaka og lagaskil.*

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2007 að frátöldum 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða sem tekur gildi 1. janúar 2007. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 17/1996, um gatnagerðargjald.

Um álagningu og innheimtu gatnagerðargjalds sem gjaldfallið er í tíð eldri laga fer samkvæmt þeim lögum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. skal 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lög um gatnagerðargjald, nr. 17/1996, gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld, sem lokið er við innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara. Ákvæði þetta gildir aðeins um lóðir sem úthlutað var eða veitt var byggingarleyfi á fyrir 1. janúar 1997.
2. Samningar um gatnagerðargjald af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarstjórnir, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald sem sveitarstjórn hefur sett og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði laga þessara, nema aðilar séu um annað sáttir.

# 611. Frumvarp til laga [347. mál]

um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu sveitarfélaga á Íslandi. Félagið starfar samkvæmt hlutafélagalögum og sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Eignarhlutir í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í þeirra eigu.

3. gr.

Tilgangur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er að tryggja sveitarfélögum ásamt fyrirtækjum og stofnunum í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs lánsfé á hagstæðum kjörum og takmarkast útlán hans við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 136/2004, um Lánasjóð sveitarfélaga, falla úr gildi þegar Lánasjóður sveitarfélaga ohf. tekur til starfa, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

a. Á eftir orðunum „Lánasjóðs sveitarfélaga“ í 2. gr. laga um skattskyldu lánastofnana, nr. 65/1982, með síðari breytingum, kemur: ohf.
b. Á eftir orðunum „Lánasjóði sveitarfélaga“ og „Lánasjóðs sveitarfélaga“ í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, kemur: ohf.
c. Á eftir orðunum „Lánasjóður sveitarfélaga“ í 3. mgr. 2. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, með síðari breytingum, kemur: ohf.
d. Á eftir orðunum „Lánasjóður sveitarfélaga“ í 5. mgr. 71. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, kemur: ohf.
e. Á eftir orðunum „Lánasjóð sveitarfélaga“ í 2. mgr. 3. gr. laga um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, kemur: ohf.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I.**

Stofna skal hlutafélagið Lánasjóð sveitarfélaga ohf. á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 31. mars 2007. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi, stofnefnahagsreikningi og samþykktum fyrir félagið og kjósa stjórn þess. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skal frá útgáfu starfsleyfis yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Lánasjóðs sveitarfélaga og skal stofnefnahagsreikningur miðast við 1. janúar 2007.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins fyrir hönd eigenda þess og yfirtöku á rekstri Lánasjóðs sveitarfélaga. Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins greiðist af Lánasjóði sveitarfélaga.

Ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 getur ákveðið að eigið fé lánasjóðsins verði fært niður um allt að 3 milljarða kr. enda uppfylli sjóðurinn þrátt fyrir lækkunina skilyrði laga um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja og hafi nægilegt handbært fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Innköllun til lánardrottna Lánasjóðs sveitarfélaga skal eigi gefin út. Greiðslustaður skuldaskjala, sem eru í eigu Lánasjóðs sveitarfélaga, verður hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Lánasjóður sveitarfélaga skal birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu.

## II.

Við yfirtöku Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á Lánasjóði sveitarfélaga skulu eignarhlutir í félaginu skiptast á eftirfarandi hátt:

17,472% Reykjavíkurborg
5,814% Vestmannaeyjabær
5,517% Kópavogsbær
5,458% Akureyrarkaupstaður
4,251% Hafnarfjarðarkaupstaður
4,148% Ísafjarðarbær
3,052% Sveitarfélagið Árborg
3,042% Garðabær
3,030% Reykjanesbær
2,995% Fjarðabyggð
2,410% Akraneskaupstaður
2,394% Fjallabyggð
2,339% Sveitarfélagið Skagafjörður
2,222% Norðurþing
1,853% Stykkishólmsbær
1,781% Borgarbyggð
1,766% Snæfellsbær
1,716% Rangárþing ytra
1,669% Rangárþing eystra
1,587% Fljótsdalshérað
1,489% Mosfellsbær
1,466% Blönduósbær
1,348% Sveitarfélagið Hornafjörður
1,347% Dalvíkurbyggð
1,320% Vesturbyggð
1,159% Seltjarnarneskaupstaður
1,089% Grindavíkurbær
0,977% Seyðisfjarðarkaupstaður
0,960% Hveragerðisbær
0,863% Sveitarfélagið Ölfus
0,857% Húnaþing vestra
0,831% Bolungarvíkurkaupstaður

0,722% Sveitarfélagið Álftanes
0,680% Vopnafjarðarhreppur
0,633% Sandgerðisbær
0,625% Bláskógabyggð
0,612% Dalabyggð
0,597% Grundarfjarðarbær
0,537% Langanesbyggð
0,457% Sveitarfélagið Garður
0,448% Strandabyggð
0,424% Sveitarfélagið Vogar
0,381% Skaftárhreppur
0,369% Mýrdalshreppur
0,367% Eyjafjarðarsveit
0,366% Skeiða- og Gnúpverjahreppur
0,348% Breiðdalshreppur
0,330% Djúpavogshreppur
0,299% Súðavíkurhreppur
0,298% Reykhólahreppur
0,293% Höfðahreppur
0,246% Flóahreppur
0,243% Hrunamannahreppur
0,223% Grímsnes- og Grafningshreppur
0,215% Hvalfjarðarsveit
0,211% Skútustaðahreppur
0,202% Þingeyjarsveit
0,201% Tálknafjarðarhreppur
0,177% Svalbarðsstrandarhreppur
0,153% Húnavatnshreppur
0,136% Aðaldælahreppur
0,129% Grýtubakkahreppur
0,111% Hörgárbyggð
0,092% Borgarfjarðarhreppur
0,081% Kjósarhreppur
0,081% Akrahreppur
0,078% Svalbarðshreppur
0,062% Arnarneshreppur
0,056% Kaldrananeshreppur
0,045% Eyja- og Miklaholtshreppur
0,039% Ásahreppur
0,036% Árneshreppur
0,036% Bæjarhreppur
0,030% Skagabyggð
0,027% Grímseyjarhreppur
0,027% Fljótsdalshreppur
0,020% Tjörneshreppur
0,017% Helgafellssveit

0,017% Skorradalshreppur

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

**III.**

Ekki mega fara fram viðskipti með hluti í félaginu fyrr en 1. janúar 2009. Sveitarfélögum er þó heimilt að færa eignarhluti sína til stofnunar eða fyrirtækis sem að fullu er í eigu sveitarfélagsins.

**IV.**

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu afborgana og vaxta af lánum úr Lánasjóði sveitarfélaga, sem tekin voru fyrir 1. janúar 2005, á réttum gjalddaga, og getur félagsmálaráðherra þá greitt vanskilin af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eftir því sem til vinnst. Sama gildir um greiðslur sem Lánasjóður sveitarfélaga kann að hafa innt af hendi vegna ábyrgða sem hann hefur tekist á hendur skv. 10. gr. þágildandi laga, nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga.

# 612. Frumvarp til laga [220. mál]

um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

I. KAFLI

**Breytingar á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 3. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Sama gildir um húsnæði í skipulagðri frístundabyggð.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Síðari málsliður 3. mgr. 1. gr. laganna raskar ekki skráningu lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem færð hefur verið í þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007 en ef viðkomandi einstaklingur eða fjölskylda hans flytur úr húsnæðinu fellur réttur til skráningar lögheimilis þar niður. Með fjölskyldu er átt við hjón, fólk í staðfestri samvist eða skráðri sambúð og ólögráða börn þeirra.

II. KAFLI

**Breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðskýringunni *Framkvæmdaleyfi* kemur ný orðskýring er hljóðar svo: *Frístundabyggð:* Svæði fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til fastrar búsetu.
b. Á eftir orðinu „íbúðir“ í orðskýringunni *Landnotkun* kemur: frístundahús.

4. gr.

Á eftir orðinu „íbúðarbyggð“ í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: frístundabyggð.

III. KAFLI

**Gildistaka og lagaskil.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. laganna gildir þó ekki um afgreiðslu tilkynninga um flutning lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem berast Þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007.

# 613. Skýrsla [184. mál]

forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Í október 2005 var lögð fram á Alþingi beiðni um skýrslu frá forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra. Beiðnin kom frá alþingismönnunum Helga Hjörvar, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur. Óskað var eftir að lagt yrði mat á umfang, orsakir og afleiðingar fátæktar barna og hvernig hún hefur þróast síðastliðinn áratug. Þessi beiðni var aftur lögð fram í október 2006.

Vegna umfangs málsins var sérstökum starfshópi falið að fjalla um þessa beiðni en í honum voru Fjóla Agnarsdóttir, forsætisráðuneyti, Sigurður Guðmundsson, fjármálaráðuneyti, og Björg Kjartansdóttir, félagsmálaráðuneyti. Jafnframt var nauðsynlegt að leita eftir upplýsingum og umfangsmikilli gagnavinnslu frá ýmsum opinberum aðilum enda þótt skýrslan byggist að stórum hluta á heimildum úr skattgögnum fjármálaráðuneytis. Lánasjóður íslenskra námsmanna útvegaði dulkóðuð gögn um framfærslulán barnafólks. Vinnumálastofnun útvegaði gögn um barnafjölda atvinnulausra og menntun þeirra. Farið var fram á gögn um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga frá Hagstofu Íslands um fjölda og hlutfall barna á heimilum sem hennar njóta. Gagnasöfnun og úrvinnsla hefur reynst afar tímafrek enda að miklu leyti um frumvinnslu að ræða hér á landi. Leitast var við að svara helstu spurningum sem beiðnin fól í sér eftir því sem fyrirliggjandi gögn leyfðu. Í alþjóðlegum samanburði er byggt á gögnum frá OECD.

Í skýrslunni eru fyrst dregnar saman helstu niðurstöður þessarar athugunar. Þá er fjallað um skilgreiningar, aðferðafræði og helstu álitamál við mælingar á fátækt og fjallað um helstu skýringarþætti. Þá er gerð grein fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Í síðasta hlutanum er að finna alþjóðlegan samanburð.

**Samandregnar niðurstöður.**

1. Ísland er í hópi þeirra OECD-ríkja þar sem fátækt barna mælist hvað minnst. Þannig teljast 6,6% íslenskra barna hafa búið við fátækt á árinu 2004. Ef tekið er tillit til námslána frá LÍN lækkar hlutfallið í 6,3%. Meðlagsgreiðslur til einstæðra foreldra lækka þetta hlutfall enn frekar en ekki liggja fyrir fullnægjandi tölulegar upplýsingar um þessar fjárhæðir.

2. Samkvæmt aðferðafræði OECD miðast fátæktarmörkin við ráðstöfunartekjur heimilanna. Vegna mikillar hækkunar tekna undanfarin ár hafa fátæktarmörkin hækkað um nálægt 50% að raunvirði milli áranna 1994 og 2004.
3. Veigamestu skýringarþættir mældrar fátæktar barna eru aldur foreldra, hjúskaparstaða og tímabundnar aðstæður. Þannig mælist hlutfallslega mest fátækt hjá einstæðum foreldrum innan við tvítugt. Fátæktin varir hins vegar um stuttan tíma hjá flestum en sérstök athugun leiddi í ljós að ¾ þeirra fjölskyldna sem töldust fátækar árið 2000 voru það ekki lengur árið 2004.
4. Skatta- og bótakerfið hefur þau áhrif að fjöldi fátækra barna lækkar um helming. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, sem er ætlað að koma til móts við tímabundna erfiðleika, gegnir einnig mikilvægu hlutverki.
5. Þær breytingar, sem ákveðnar voru á skattalögum á árinu 2004 og koma til framkvæmda allt til ársins 2007, styrkja stöðu barnafólks sérstaklega. Sama gildir um þær breytingar sem nú eru til umræðu á Alþingi og varða greiðslur barnabóta vegna 16 og 17 ára barna, hækkun skattleysismarka o.fl.
6. Í langflestum tilvikum er fjárhagsaðstoð sveitarfélaga veitt skemur en í þrjá mánuði á ári til hvers umsækjanda. Vísbendingar eru um að helmingur þeirra heimila sem aðstoðarinnar njóta fái stuðning í meira en eitt ár.

## 1. Um fátækt barna.

Í umfjöllun um fátækt barna eru mörg álitamál. Í fátækt felst að foreldrar hafa ekki efni á að veita börnum sínum þau lífsgæði sem vilji er til og nauðsynleg eru talin. Hægt er að hugsa sér tvær meginleiðir til að nálgast það viðfangsefni. Annars vegar að meta þá fjármuni sem ábyrgðarmenn barna hafa til ráðstöfunar og reyna að setja fram þau mörk sem talin eru viðmið fullnægjandi framfærslu. Hins vegar er hægt að mæla fjölda þeirra sem þiggja aðstoð frá opinberum aðilum vegna þess að þeim tekst ekki að afla fullnægjandi ráðstöfunartekna af eigin rammleik.

Ef farin er sú leið að byggja matið á tekjum þarf að ákveða hvaða viðmið skuli notað. Algengast er að miða við tiltekið hlutfall af miðgildi[1] tekna sem til ráðstöfunar eru til að greiða fyrir framfærslu. Það hefur í för með sér að alltaf mælast einhverjir fátækir sama hversu vel tekst til um þjóðfélagsþróunina.

Önnur aðferð er að miða við að þeir einir teljist fátækir sem njóta einhvers konar stuðnings hins opinbera sér til framfærslu sem er þá mælikvarði á það hverjir hafa ekki tekjur til að framfleyta sér. Með slíkri skilgreiningu er komist fram hjá því að þurfa að miða við algilda mælingu á fátækt sem á ekki við í þróuðum ríkjum. Hins vegar er fólginn sá vandi í slíkri nálgun að ekki er víst að allir leiti eftir aðstoð sem þurfa á henni að halda.

Því má ekki gleyma í umfjöllun um fátækt barna að innan vissra marka þarf ekki að vera samsvörun milli lágra tekna foreldra og þess að börn líði skort. Margir foreldrar leggja hart að sér fyrir börnin sín. Þá geta börn liðið skort þótt foreldrarnir hafi nægar tekjur.

Annar vandi við mælingu á fátækt er að hún þarf að vara í einhvern tíma til að hún hafi áhrif. Á hverjum tíma eru til ábyrgðarmenn barna sem hafa litlar tekjur. Þeir geta verið nýkomnir inn á vinnumarkað eða hafa lent í tímabundnum áföllum. Mæling á fjárhagslegri stöðu á tilteknum tímapunkti gefur því rangar upplýsingar um raunverulega fátækt til lengri tíma og mælir hana hærri en hún er í raun og veru. Þá hafa sumir ráðstöfunartekjur sem ekki

[1] Miðgildi tekna eru þær tekjur þar sem jafnmargir hafa meiri tekjur og minni.

koma fram í skattgögnum. Þannig njóta t.d. námsmenn framfærslulána frá Lánasjóði íslenskra námsmanna sem ekki teljast með tekjum þeirra í þeim upplýsingum sem aðgengilegar eru við mælingu á fátækt.

**Tekjur og fátækt.**

Í þessari skýrslu er notast við aðferðafræði OECD um mælingu á fátækt eftir því sem kostur er. Þannig er miðað við *ráðstöfunartekjur* en ekki tekjur enda þótt jafnframt sé gerð grein fyrir mismun tekna og ráðstöfunartekna. Þá er notast við *miðgildi* tekna þegar fjallað er um tekjudreifingu. Í þriðja lagi er miðað við ráðstöfunartekjur á *neyslueiningu* (equivalence scale) til að leiðrétta fyrir ólíkri stærðarhagkvæmni í rekstri heimila sem tengist fjölda fullorðinna og barna í hverri fjölskyldu. Er það gert með sama hætti og OECD gerir.

Aðgengilegar upplýsingar um ráðstöfunartekjur íslenskra fjölskyldna eru fyrst og fremst skattgögn. Í samanburði við gögn úr úrtakskönnunum eru skattgögn ýmsum annmörkum háð. Á hinn bóginn eru þau að því leyti betri en úrtaksgögn að ekki þarf að hafa áhyggjur af svörun eða úrtaksskekkjum. Helstu gallar skattgagnanna eru eftirfarandi:

- Unglingar fara í hóp framteljenda við 16 ára aldur og teljast þá sérstök fjölskylda án tengingar við foreldra eða framfærendur. Þetta gerir nær ókleift að bera barnafólk saman við alla framteljendur en stór hluti ungra framteljenda með nær engar tekjur er á framfæri foreldra sinna.
- Ráðstöfunartekjur námsmanna sem njóta framfærslulána frá LÍN eru ekki taldar fram og mælast því lægri en þær eru í raun.
- Meðlög sem ekki fara í gegnum Tryggingastofnun ríkisins eru vantalin enda eru þau ekki skattskyld hjá framfæranda.
- Eins og í öðrum löndum er óvissa tengd upplýsingum um ráðstöfunartekjur sjálfstæðra atvinnurekenda.

Til tekna teljast allar framtalsskyldar tekjur fjölskyldunnar hvort sem þær eru skattskyldar eða ekki. Frá tekjunum eru dregnir skattar en bótum skatta- og bótakerfisins bætt við. Þannig fást ráðstöfunartekjur. Til að fá ráðstöfunartekjur á neyslueiningu er deilt í tekjur allra í fjölskyldunni með kvaðratrótinni af stærð hennar. Þetta er sú viðmiðun sem OECD og margir fleiri notast við. Í ráðstöfunartekjur hjóna með tvö börn er þannig deilt með 2 (kvaðratrótin af 4) til að fá ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.

**Hversu margir teljast fátækir?**


Engin algild regla er um hvaða viðmið eigi að nota við mat á því hverjir teljast fátækir og hverjir ekki. OECD miðar einungis við 50% af miðtekjum en það eru þær tekjur þar sem jafnmargir eru með hærri tekjur og lægri. Í þessari skýrslu verður notast við skilgreiningu OECD. Með það viðmið teljast 6,6% íslenskra barna hafa búið við fátækt árið 2004. Ef tekið er tillit til námslána frá LÍN sem ætluð eru til framfærslu námsmanna en teljast ekki til tekna í skattgögnum gefur lauslegt mat til kynna að fækka mundi í þessum hópi fátækra barna um 5%. Þannig gæti hlutfall íslenskra barna sem búa við fátækt lækkað í 6,3%.

**Þróun fátæktar.**

Fjöldi barna sem býr í fjölskyldum sem teljast undir fátæktarmörkum hefur sveiflast nokkuð á undanförnum árum (mynd 1). Það er að sjálfsögðu háð þróun fátæktarmarkanna sjálfra en vegna hækkunar tekna hafa mörkin farið hækkandi.

Þannig voru fátæktarmörkin nær 50% hærri að raunvirði (miðað við vísitölu neysluverðs) árið 2004 en 10 árum áður. Álíka hátt hlutfall barna telst hafa búið við fátækt á árunum 1994 og 2004.

**Mynd 1: Hlutfall barna undir fátæktarmörkum.**





### Þáttur skatta- og bótakerfisins.

Sem fyrr segir er hægt að mæla fátækt bæði miðað við tekjur og ráðstöfunartekjur og þá kemur í ljós hvaða áhrif skatta- og bótakerfið hefur til jöfnunar. Ef fátækt er mæld miðað við tekjur einvörðungu teljast 12,7% barna hafa búið við fátækt árið 2004. Þetta hlutfall lækkar hins vegar um 6,1% fyrir áhrif skattkerfisins, fyrst og fremst barna- og vaxtabóta. Þetta er bæði vegna þess að stighækkandi skattar lækka ráðstöfunartekjur þeirra tekjuhærri og vegna þess að tilfærsluhluti skatt- og bótakerfisins (barna- og vaxtabætur) hækkar ráðstöfunartekjurnar. Fjallað er nánar um þetta í kaflanum um alþjóðlegan samanburð.

### Aldur foreldra.

Aldur foreldra er veigamikill skýringarþáttur á fátækt barna (mynd 2). Hlutfall fátækra barnafjölskyldna af öllum barnafjölskyldum er um ⅔ þegar foreldrarnir eru innan við tvítugt en fjöldi þeirra er ekki mikill; innan við tvö hundruð börn bjuggu við þessar aðstæður árið 2004. Hlutfallið lækkar mjög hratt eftir því sem foreldrar verða eldri og landsmeðaltali er náð þegar foreldrar eru orðnir þrítugir. Hjá foreldrum eldri en 30 ára er hlutfallið um og innan við 4%.

**Mynd 2: Hlutfall fátækra barnafjölskyldna af öllum barnafjölskyldum 2004 eftir fæðingarári foreldra.**





### Hjúskaparstaða.

Hjúskaparstaða foreldra er enn mikilvægari skýringarbreyta fátæktar en aldur (mynd 3). Það er þannig meira en fimm sinnum líklegra að barn búi við fátækt ef það býr hjá einstæðu foreldri en ef foreldrarnir eru í sambúð. Innan við 4% barna hjóna bjuggu við fátækt árið


2004 meðan hlutfallið var yfir 18% ef um einstætt foreldri var að ræða. Alls eiga rúmlega 2.800 fátæk börn einstæða foreldra meðan fátæk börn hjóna eru samtals tæplega 1.800.

Þegar þessir tveir þættir eru skoðaðir saman fæst enn fyllri skýring á mikilvægi aldurs og hjúskaparstöðu í þessum málum (mynd 4). Hjá yngstu aldursflokkum foreldra er langstærstur hluti fátæktar bundinn við hjúskaparstöðu foreldra. Þótt yngsta aldursflokki foreldra sé sleppt vegna þess hversu fáir einstaklingar eru í honum er ljóst að langstærsti hluti barna sem búa við fátækt og eiga foreldra sem eru 20–25 ára búa hjá öðru þeirra. Eftir því sem foreldrar verða eldri jafnast staðan og hlutfall fátækra barna sem eiga foreldra sem eru hjón hækkar.

**Mynd 3: Hlutfall fátækra barna af öllum börnum eftir hjúskaparstöðu foreldra 2004.**





**Mynd 4: Hlutfall fátækra barna af öllum börnum eftir fæðingarári og hjúskaparstöðu foreldra 2004.**




**Fjölskyldustærð.**

Nokkuð ljós skýring er á fátækt eftir fjölda barna á heimili. Hlutfallið er hátt þar sem eitt barn er á heimili sem enn undirstrikar aldur foreldra. Hlutfallið er lægra fyrir tvö og þrjú börn en hækkar svo aftur þegar börn á heimili eru orðin mörg. Þarna er þó ekki um fjölmenna hópa að ræða. Flest fátæk börn búa ein með foreldri eða foreldrum.

**Mynd 5: Hlutfall fátækra barna af öllum börnum eftir fjölda barna í heimili, 2004.**




**Þáttur hins opinbera í tekjuöflun.**


Þeir sem teljast fátækir búa við margs konar aðstæður og nokkuð má ráða um þær af opinberum gögnum. Hið opinbera gerir ýmislegt til að bæta afkomu þeirra einstaklinga sem ekki megna sjálfir að afla sér viðunandi tekna. Þessum aðgerðum er hægt að skipta í tvo þætti, annars vegar tilfærslutekjur frá ríki og sveitarfélögum af ýmsum toga og tilefnum en hins vegar barna- og vaxtabótaþáttur tekjuskattskerfisins. Eins og áður segir teljast 6,6% barna hafa búið í fátækt á Íslandi árið 2004. Þetta eru alls 4.634 börn í 2.977 fjölskyldum. Alls teljast barnafjölskyldur hafa verið rúmlega 41.000 árið 2004 og því er eilítið hærra hlutfall fjölskyldna en barna sem telst búa við fátækt.

Af þessum fjölskyldum höfðu 22% með rúm 20% barnanna fengið atvinnuleysisbætur. Sé þessi hópur borinn saman við allar barnafjölskyldur sést að það er tvisvar sinnum algengara að fátækar barnafjölskyldur hafi fengið atvinnuleysisbætur en gildir um allar barnafjölskyldur; af þeim hafði tíunda hver fjölskylda fengið atvinnuleysisbætur einhvern tíma á árinu.

Sjaldgæft er að fátækar barnafjölskyldur hafi fengið greiðslur frá lífeyrissjóðum og einungis 1,7% þeirra fengu slíkar greiðslur árið 2004. Það er mun algengara hjá öllum hópnum, 5,6% hans hafði fengið slíkar greiðslur. Skýringin er sú að greiðslur lífeyrissjóða til barnafjölskyldna eru aðallega vegna örorku og þær greiðslur eru sjaldgæfar hjá fátækum barnafjölskyldum m.a. vegna þess hve ungar þær eru en tíðni örorku er mjög aldursháð.

Ríflega tíunda hver fátæk barnafjölskylda fékk fjárhagslegan stuðning frá sveitarfélagi samkvæmt skattframtölum fyrir árið 2004 á meðan hlutfallið er 4% fyrir allar barnafjölskyldur og 3,5% meðal þeirra barnafjölskyldna sem ekki teljast fátækar. Í þessum lið teljast allar greiðslur frá sveitarsjóði til viðkomandi framteljanda nema húsaleigubætur.

**Mynd 6: Hlutfall fjölskyldna með tilteknar tegundir tekna og bóta 2004.**




Þegar komið er að hlutverki bóta innan skatta- og bótakerfisins sést að barnabótakerfið nær til mjög hás hlutfalls barnafjölskyldna en er ekki mismunandi eftir því hvort þær eru fátækar eða ekki. Nær 79% af fátækum barnafjölskyldum fengu barnabætur fyrir árið 2004 og það hlutfall var heldur hærra en hjá öllum barnafjölskyldum. Það stafar af því að barnabæturnar eru greiddar eftir á og því eru ekki greiddar barnabætur vegna barns á fyrsta ári. Ekki eru greiddar barnabætur við álagningu skatta til þeirra sem ekki hafa talið fram til skatts og er það mikilvægasta skýringin á því hvers vegna ekki allar fátækar barnafjölskyldur teljast fá barnabætur í gögnum ríkisskattstjóra. Þegar öll kurl eru komin til grafar má reikna með því að allflestar fátækar barnafjölskyldur fái greiddar barnabætur. Taka verður fram að hér er einungis til umfjöllunar hvort fjölskyldur hafi fengið bætur eða ekki en ekki hversu háar fjárhæðir um er að ræða. Það er heldur algengara að fátækar barnafjölskyldur fái bætur en allar fjölskyldur.

**Varanleiki fátæktar.**

Erlendar rannsóknir benda til þess að tíðar breytingar séu á þeim hópi sem telst búa við fátækt á hverjum tíma og að í raun teljist fátækt ekki alvarlegt vandamál í uppeldi barna nema hún standi um lengri tíma. Í Danmörku er um helmingur fátækra á hverju ári nýr í hópnum. Af þeim sem teljast fátækir á tilteknum tíma er helmingur fátækur árið eftir og innan við einn af hverjum sex er fátækur eftir þrjú ár. Þetta stafar ekki síst af aldursskiptingu þeirra sem teljast fátækir. Þeir eru margir hverjir að hefja þátttöku á vinnumarkaði eða eru í námi. Gerð

var lausleg athugun á varanleika fátæktar hér á landi og í henni kom í ljós að þrír fjórðu þeirra sem töldust fátækir árið 2000 voru það ekki árið 2004.

## 2. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Það má leiða líkur að því að einungis þeir sem kröppust hafa kjörin leiti til sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð. Með því að skoða þann hóp ætti að fást nokkuð glögg mynd af því hverjir glíma helst við fátækt á Íslandi.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, til fjölskyldna og einstaklinga er geta ekki séð sér og sínum farborða. Í lögunum segir að sveitarstjórnir skuli setja sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar, og jafnframt að félagsmálanefnd sveitarfélagsins skuli meta þörf og ákveða fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við reglur sveitarstjórnar. Gildandi reglur fjalla flestar annars vegar um rétt til lágmarksaðstoðar þar sem miðað er við ákveðið lágmark tekna og hins vegar um ýmsar heimildir til að veita aðstoð vegna sérstakra aðstæðna eða erfiðleika. Við mat á fjárhæð fjárhagsaðstoðar er tekið tillit til allra tekna umsækjanda og maka en misjafnt er milli sveitarfélaga hvort við útreikning fjárhagsaðstoðar sé tekið tillit til barnafjölda umsækjanda.

Misjafnt er milli sveitarfélaga hver lágmarksfjárhæð fjárhagsaðstoðar er og hvert lágmarksviðmið er sem talið er að einstaklingur þurfi til framfærslu. Sem dæmi er lágmarksfjárhæð um 84.000 kr. í Reykjavík (samkvæmt reglum velferðarráðs Reykjavíkur er tóku gildi 1. janúar 2004), rétt undir 88.000 kr. á Akureyri (samkvæmt reglum félagsmálaráðs Akureyrarkaupstaðar um fjárhagsaðstoð er tóku gildi í febrúar 2006) og síðan um 83.000 kr. í Kópavogi (samkvæmt reglum Kópavogsbæjar er samþykktar voru í bæjarráði Kópavogs í desember 2003 og samkvæmt síðari breytingum). Umsækjandi fjárhagsaðstoðar sem hefur tekjur yfir þessum viðmiðum sveitarfélaga á ekki rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þetta þýðir í raun að sá sem nýtur örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins vegna 75% örorku á alla jafna ekki rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu frá sveitarfélögum. Þetta á einnig við um þá er eiga rétt á fullum atvinnuleysisbótum. Rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu hafa þeir sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og hafa tekjur undir viðmiðunarmörkum sem kveðið er á um í reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð og geta ekki séð sér og sínum farborða. Allir sem náð hafa 18 ára aldri eru sjálfstæðir umsækjendur fjárhagsaðstoðar enda lýkur framfærsluskyldu foreldra við 18 ára aldur.

Stærstur hluti fjárhagsaðstoðar rennur til einstaklinga og fjölskyldna sem hafa tekjur undir þessum viðmiðum og ef skoðaðar eru ársskýrslur félagsþjónustu stærstu sveitarfélaganna er aðstoðin í langflestum tilvikum veitt hverjum umsækjanda skemur en í þrjá mánuði á ári. Fjárhagsaðstoð getur þó líka verið veitt vegna sérstakra fjárhagserfiðleika og til að greiða kostnað við ráðgjöf hjá félagsráðgjöfum eða sálfræðingum eða vegna tannlæknakostnaðar. Slíkar greiðslur falla oftast undir flokk heimildargreiðslna í reglum sveitarfélaga þar sem umsækjandi getur átt rétt á þeim þrátt fyrir að hafa tekjur yfir viðmiðunarmörkum sveitarfélagsins.


Þess má geta að á 130. löggjafarþingi 2003–2004 var lögð fyrir Alþingi skýrsla starfshóps á vegum forsætisráðherra um fátækt á Íslandi. Þar kemur fram það álit starfshópsins að til að fá sem gleggsta mynd af því hverjir glíma helst við fátækt á Íslandi á hverjum tíma ætti að skoða þann hóp er leitar til sveitarfélaga eftir fjárhagsaðstoð. Sú skýrsla gefur greinargóða mynd af þeim hópi, samsetningu hans og þróun síðustu ára.

**Greining fjárhagsaðstoðar.**

Starfshópurinn óskaði eftir upplýsingum frá Hagstofunni um fjölda og hlutfall barna á heimilum sem njóta fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga skipt eftir hjúskaparstöðu foreldra, aldri, atvinnustöðu og tímalengd fjárhagsaðstoðar fyrir tekjuárin 1998 og 2003. Í tölum Hagstofunnar teljast börn þeir sem eru 17 ára og yngri.

Alls nutu um 4.600 heimili fjárhagsaðstoðar árið 1998 og um 6.300 árið 2003. Árið 1998 voru 40% heimila fjárhagsaðstoðarþega með börn en á árinu 2003 var þetta hlutfall 43%. Tæplega 7% fjárhagsaðstoðarþega eru sambýlisfólk með börn og það hlutfall hafði ekki breyst á árinu 2003. Meiri hluti fjárhagsaðstoðarþega hefur ekki börn á framfæri sínu (mynd 7).

**Mynd 7: Hlutfallsleg skipting heimila fjárhagsaðstoðarþega, eftir fjölskyldugerð, árin 1998 og 2003.**





Frá árinu 1998–2003 fjölgaði heimilum fjárhagsaðstoðarþega með börn um 44% en um 35% hjá öllum heimilum sem njóta fjárhagsaðstoðar. Ef árin eru borin saman má segja að hlutfallslega hafi heimilum einstæðra foreldra fjölgað mest af þeim er fá fjárhagsaðstoð miðað við aðra hópa. Árið 1998 nutu um 5.500 einstaklingar fjárhagsaðstoðar sem bjuggu á heimilum með börn. Árið 2003 hafði þeim fjölgað í 8.200.

Um 3.000 börn bjuggu á heimilum sem nutu fjárhagsaðstoðar árið 1998 og árið 2003 var fjöldinn 4.500. Þegar hlutfall barna á heimilum er fengu fjárhagsaðstoð er skoðað miðað við heildarfjölda barna í landinu kemur í ljós að á þessum árum stækkar hópur barna á heimilum er njóta fjárhagsaðstoðar miðað við heildarfjölda barna á landinu öllu. Hópur barna á heimilum einstæðra mæðra stækkar meira en hópur barna á heimilum þar sem tveir fullorðnir búa saman eða á heimilum einstæðra feðra.

Langflestir fjárhagsaðstoðarþegar er eiga börn eru atvinnulausir. Árið 1998 er hlutfallslega stærsti hópur atvinnulausra fjárhagsaðstoðarþega án bótaréttar. Árið 2003 er hins vegar ekki mikill munur á því hvort þeir sem eru atvinnulausir og fá fjárhagsaðstoð eru með eða án bótaréttar. Árið 1998 eru rúm 84% þeirra sem eru atvinnulausir og fá fjárhagsaðstoð án bótaréttar en 3,8% með bótarétt. Árið 2003 er munurinn ekki svo afgerandi, þá er 57% þeirra án bótaréttar en 42% með bótarétt.

Á mynd 8 er aldur fjárhagsaðstoðarþega skoðaður og sýnir að þeir eru langflestir á aldrinum 25–39 ára. Næstfjölmennasti aldurshópurinn er 20 ára og yngri og síðan 40–54 ára.

**Mynd 8: Aldursskipting fjárhagsaðstoðarþega árin 1998 og 2003.**





Þegar skoðað er hvort fjölskyldur er fengu aðstoð árið 1998 hafi fengið aðstoð árið þar á undan kemur í ljós að allar fjölskyldugerðir eru jafnlíklegar til að hafa fengið aðstoð árið 1998 og einnig árið þar á undan. Helmingur fjárhagsaðstoðarþega með börn árið 1998 hafði fengið fjárhagsaðstoð árið áður. Starfshópurinn hefur ekki undir höndum nýrri tölur. Yfirleitt er hverjum umsækjanda einungis veitt fjárhagsaðstoð einu sinni og þá í skamman tíma sem þýðir að langflestir fá fjárhagsaðstoð einungis í einn til þrjá mánuði á ári.

## 3. Alþjóðlegur samanburður.

Hingað til hafa upplýsingar um fátækt á Íslandi samkvæmt skilgreiningu OECD ekki legið fyrir opinberlega og því hefur verið erfitt að átta sig á því hvernig staðan á Íslandi er í samanburði við önnur lönd. Þótt nokkur annmarki sé á þeim grunngögnum sem hér eru notuð til að mæla fátækt á Íslandi er hægt að nota þau til nálgunar.

Þegar borin eru saman hlutföll fátækra barna meðal OECD-landanna kemur í ljós að Ísland er í hópi þeirra landa þar sem fátækt mælist minnst. Í nokkrum löndum hefur fátækt barna aukist og ef litið er á meðaltal OECD hefur hlutfallið aukist úr 11,4% á árinu 1995 í 12,3% árið 2000. Á mynd 9 eru að auki upplýsingar fyrir árið 2004 um Ísland. Hlutfall fátækra fjölskyldna og fátækra barna fylgist ekki alltaf að en það er athyglisvert að í þeim löndum þar sem fátækt barna er hlutfallslega minnst er hlutfall fátækra barna nokkuð lægra en hlutfall fátækra almennt.

**Mynd 9. Hlutfall fátækra barna árin 1994 og 2000 í nokkrum ríkjum OECD.[2]**





Heimild: OECD og eigin útreikningar fyrir Ísland. Ekki er hægt að taka unglinga sem búa hjá foreldrum sínum en eru sjálfstæðir skattþegnar með í reikninginn þegar reiknað er heildarhlutfall fátækra fyrir Ísland.

Skatta- og bótakerfið bætir hag þeirra sem minnst hafa umtalsvert. Á mynd 10 má sjá að hlutfall fátækra barnafjölskyldna af öllum barnafjölskyldum á Íslandi er með því lægsta sem mælist hjá aðildarríkjum OECD þegar fátækt er skoðuð með tilliti til tekna einvörðungu. Myndin sýnir hlutfall fátækra í flestum aðildarríkjunum en þó ber að taka fram að á hana vantar m.a. Mexíkó og Tyrkland þar sem fátækt er mjög mikil. Þegar tekið hefur verið tillit til skatta- og bótakerfisins fækkar fátækum um því sem næst helming. Í flestum OECD-ríkjum hefur skatta- og bótakerfið álíka áhrif þótt lönd eins og Portúgal séu undantekning og skatta- og bótakerfið hafi lítil áhrif í Bandaríkjunum. Sums staðar fækkar skatta- og bótakerfið fátækum barnafjölskyldum verulega svo sem í Frakklandi en einnig annar staðar á Norðurlöndum þar sem áhrif þess til að draga úr fjölda barna sem búa við fátækt virðast meiri en hér á landi. Á Íslandi eru það sérstaklega barnabæturnar sem eru tæki til að jafna stöðu barnafjölskyldna þótt stighækkandi skattur eftir tekjum hafi sín áhrif. Vaxtabætur hafa sömuleiðis nokkur áhrif en þær bæta frekar hag þeirra sem eru skuldsettir vegna íbúðarhúsnæðis en þeirra sem fátækir eru.

[2] Fyrir Ísland árin 1998, 2000 og 2004.


**Mynd 10: Hlutfall fátækra barnafjölskyldna af öllum barnafjölskyldum.**




Heimild: OECD og eigin útreikningar fyrir Ísland.

Töluverð fylgni er á milli atvinnuþátttöku mæðra og fátæktar barna eins og fram kemur á mynd 11. Atvinnuþátttaka mæðra er mest á Norðurlöndunum en þau eru jafnframt með lægsta hlutfall fátækra barna. Þarna sést að vinnuframlag mæðra skiptir umtalsverðu máli varðandi afkomu fjölskyldna.

**Mynd 11: Hlutfall fátækra barna og atvinnuþátttaka mæðra.**



## 614. Tillaga til þingsályktunar [458. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 9. desember 2006 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 15. janúar 2007.

## 615. Breytingartillaga [219. mál]

við frv. til l. um gatnagerðargjald.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

Í stað orðanna „innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara“ í fyrri málslið 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða komi: fyrir 31. desember 2009.

## 616. Lög [186. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 609.

## 617. Lög [231. mál]

um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 234.

## 618. Lög [347. mál]

um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 611.

## 619. Lög [220. mál]

um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 612.

## 620. Lög [428. mál]

um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 516.

## 621. Nefndarálit [356. mál]

um till. til þál. um að leggja niður Þjóðhátíðarsjóð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í tillögunni er kveðið á um starfslok Þjóðhátíðarsjóðs sem stofnaður var í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi árið 1974.

Þar sem ráðstöfunartekjur sjóðsins hafa dregist verulega saman og ekki hafa fundist aðrir tekjumöguleikar fyrir hann er í samræmi við 11. gr. skipulagsskrár sjóðsins lagt til að heimilað verði að leggja niður starfsemi sjóðsins frá og með árinu 2011.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 8. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, varaform., frsm. | Ágúst Ólafur Ágústsson. | Björgvin G. Sigurðsson. |
| Birgir Ármannsson. | Guðrún Ögmundsdóttir. | Sigurður Kári Kristjánsson. |
| | Þórdís Sigurðardóttir. | |

## 622. Svar [400. mál]

kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Ellerts B. Schram um kirkjugarðsgjald.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu miklar tekjur eru af kirkjugarðsgjaldi, hvernig er þeim varið og fyrir hvaða þjónustu greiða skattgreiðendur með þessu gjaldi?*

Kirkjugarðsgjald hefur undanfarna áratugi, fram til ársins 2005, verið ákveðið sem fast árlegt gjald sem miðast við fjölda sóknarbarna 16 ára og eldri í viðkomandi sókn, um 3 þús. kr. á mann árið 2004, en gjaldið tók hækkunum á milli ára í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattstofni einstaklinga næstliðinna tveggja ára á undan gjaldárinu.

Þar sem gjaldið tók í raun ekki mið af raunverulegri útgjaldaþörf samkvæmt rekstraráætlun einstakra kirkjugarða og hin sjálfvirka lögboðna hækkun milli ára kom misjafnlega út, hófust viðræður milli ríkisins og forsvarsmanna kirkjugarða árið 2003 um að freista þess að búa til gjaldalíkan, sem tæki mið af raunverulegum kostnaði við greftranir og rekstur kirkjugarða. Lyktaði viðræðum þessum á þann veg að lokið var við gerð reiknilíkans og síðan voru gerðar nauðsynlegar lagabreytingar í kjölfarið með lögum nr. 138/2004. Leiddi þetta til þess að gjaldið var ekki lengur reiknað út frá fastri krónutölu heldur var notast við tvær meginforsendur sem ráða útgjöldum kirkjugarða, þ.e. fjölda nýrra grafa annars vegar og flatarmál svæðis í kirkjugarði sem er í umhirðu hins vegar.

Framlagið er í grófum dráttum sett saman úr þremur þáttum, þar sem vægi umhirðu og fasts kostnaðar í útgjöldum er um 80%, vægi grafartöku og breytilegs kostnaðar í útgjöldum er 18% og vægi líkbrennslu í útgjöldum er um 2%.

Kirkjugarðsgjaldið er nú orðið sérstakt framlag sem flokkast undir kirkjumál og greiðist úr ríkissjóði sem fjárveiting á fjárlögum, sbr. 1. mgr. 39. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Framlag til kirkjugarða var 717 millj. kr. samkvæmt ríkisreikningi árið 2005, í fjárlögum 2006 var það 749,5 millj. kr. og í fjárlagafrumvarpi 2007 er framlagið áætlað 794,1 millj. kr.

Framlaginu er úthlutað árlega til kirkjugarða í samræmi við úthlutunarreglur sem samþykktar eru af kirkjugarðaráði fyrir upphaf hvers árs.

Kirkjugarðasjóður fær 8,5% af framlaginu og er meginmarkmið hans að jafna aðstöðu kirkjugarða á landinu og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum.

Kirkjugarðar landsins fá beint til sín 91,5% framlagsins. Með samningi sem gerður var milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs og byggist á gjaldalíkaninu, er ljóst hvaða lögbundin verkefni kirkjugarðar eiga að inna að hendi fyrir þá fjárhæð sem kemur frá ríkinu. Verkefnin eru í meginatriðum þrenns konar:

1. Umhirða í kirkjugörðum landsins. Í því felst einkum almenn sumarhirða, svo sem sláttur, umhirða trjábeða og blóma o.fl. garðyrkjustörf, svo og trjáklippingar á vetrum.
2. Grafartaka. Kirkjugarðarnir sjá um að kosta og/eða framkvæma alla verkþætti er snerta grafartöku og frágang grafa og grafarsvæða, stígagerð o.fl. Kirkjugarðarnir sjá einnig um að greiða prestsþjónustu vegna útfara.
3. Rekstur bálstofu. 2% af framlagi ríkisins rennur til reksturs bálstofunnar í Fossvogi. Af tölu látinna árið 2005, átti sér stað bálför í 19% tilvika.

## 623. Svar [373. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Björns Inga Hrafnssonar um veggjöld.

1. *Eru uppi áform á vegum samgönguyfirvalda um að veggjöld verði tekin upp víðar en í Hvalfjarðargöngunum?*
   Nei.

2. *Hefur ráðuneytið látið gera úttekt á kostum og göllum ólíkra leiða í veggjöldum, svo sem beinum tollum eða skuggagjöldum?*
   Í tengslum við endurskoðun samgönguáætlunar verður lagt mat á þá kosti sem eru mögulegir.

3. *Hefur farið fram stefnumótun af hálfu samgönguyfirvalda þegar veggjöld eru annars vegar?*
   Vísað er til samgönguáætlunar og frumvarps til vegalaga.

4. *Hafa einkaaðilar lýst yfir áhuga á þátttöku í einkaframkvæmd samgöngumannvirkja við ráðuneytið og ef svo er, hverjir hafa gert það og um hvaða framkvæmdir er þar að ræða?*
   Hlutafélagið Greið leið hefur látið meta möguleika á einkaframkvæmd við gerð jarðganga í Vaðlaheiði og hlutafélagið Norðurvegur möguleikana á vegi um Kjalveg. Hafa þau áform og áætlanir verið kynntar fyrir ráðuneytinu.

# 624. Frumvarp til laga [459. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skulu vera til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið sem heimilt er að ráðstafa þannig til stuðnings byggðarlögum:

a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.
b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og skerðingin hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um skilgreiningu á byggðarlögum skv. 1. mgr. og nánari reglur um úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga. Aflaheimildir samkvæmt þessari grein miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

Sveitarstjórnir annast úthlutun aflaheimilda, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til einstakra fiskiskipa og senda tilkynningar þar um til Fiskistofu. Framsal aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt þessari grein er óheimilt en þó skulu heimil jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Skylt er að landa og setja til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur þeim aflaheimildum sem úthlutað er samkvæmt þessari grein enda fari vinnsla botnfisks þar fram.

Ákvarðanir sveitarstjórna um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein er heimilt að kæra til sérstakrar úrskurðarnefndar sem sjávarútvegsráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír menn. Skal einn nefndarmaður skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Byggðastofnun. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úrskurðir nefndarinnar verða ekki kærðir til ráðherra. Kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar skal vera tvær vikur frá tilkynningu sveitarstjórnar um úthlutun eða höfnun umsóknar um úthlutun og skal nefndin hafa lagt úrskurð á kærur innan tveggja mánaða.

Ráðherra setur með reglugerð almenn samræmd skilyrði fyrir allt landið um úthlutun aflaheimilda til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga samkvæmt þessari grein, m.a. um stærð, gerð, skráningarstað, skráningartíma og eignarhald skipa, heimilisfesti útgerðaraðila, löndun og vinnslu afla á grundvelli úthlutaðra aflaheimilda, framkvæmd úthlutunar, brottfall aflaheimilda, framsal og skipti á aflaheimildum, starfshætti úrskurðarnefndar o.fl. Einnig getur ráðherra ákveðið, samkvæmt tillögum sveitarstjórna, að sett verði tiltekin viðbótarskilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda til fiskiskipa í einstökum byggðarlögum enda séu til þess málefnalegar og staðbundnar aðstæður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma fyrst til framkvæmda fyrir fiskveiðiárið 2006/2007.

3. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (VI.)

Á fiskveiðiárunum 2006/2007, 2007/2008, 2008/2009, 2009/2010 og 2010/2011 skal þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. laganna heimilt að ráðstafa hluta af þeim aflaheimildum sem þar eru tilgreindar til að mæta áföllum sem hafa orðið vegna verulegra breytinga á aflamarki í innfjarðarækju og hörpudiski.

Ráðherra setur með reglugerðum nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

b. (VII.)

Á fiskveiðiárunum 2006/2007, 2007/2008 og 2008/2009 skal þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. laganna heimilt að ráðstafa hluta af þeim aflaheimildum sem þar eru tilgreindar til sveitarfélaga sem fengið hafa úthlutað aflaheimildum á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990 og uppfylla skilyrði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006 eða sem hér segir: 750 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2006/2007, 500 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2007/2008 og 250 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2008/2009. Skal þessum aflaheimildum úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildirnar skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa og skal þeim úthlutað í hlutfalli við aflamark viðkomandi tegunda.

Ráðherra setur með reglugerðum nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegsráðuneytinu að tilhlutan sjávarútvegsráðherra og er því ætlað að skýra reglur og framkvæmd við úthlutun svonefnds byggðakvóta, þ.e. aflaheimilda sem úthlutað er skv. a- og b-lið 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Í þeim ákvæðum hefur sjávarútvegsráðherra verið veitt vald til úthlutunar aflaheimildanna. Hefur í framkvæmd verið byggt á því við úthlutun byggðakvótans samkvæmt nefndum ákvæðum að ráðherra hefur sett reglugerðir um úthlutunina fyrir hvert fiskveiðiár. Í þeim reglugerðum hefur sú leið verið valin að gefa sveitarstjórnum kost á að gera annars vegar tillögur til ráðuneytisins að reglum um úthlutun aflaheimilda í viðkomandi byggðarlögum og hins vegar, að fengnum umsóknum, tillögur að skiptingu aflaheimildanna milli fiskiskipa innan byggðarlaganna. Um tillögur að úthlutunarreglum hefur verið tekið fram í reglugerðunum að féllist ráðuneytið á reglurnar staðfesti það þær og birti. Þá var einnig mælt svo fyrir að eftir það bæri sveitarstjórnum að kynna reglurnar og gefa útgerðum fiskiskipa kost á að sækja um aflaheimildir. Að loknum umsóknarfresti sem sveitarstjórn ákvað gerði sveitarstjórn síðan tillögur til ráðuneytisins um endanlega skiptingu aflaheimilda milli fiskiskipa sem staðfesti úthlutanir og tilkynnti til Fiskistofu. Ef ráðuneytið féllst hins vegar ekki á endanlegar tillögur sveitarstjórnar um skiptingu aflaheimildanna fól það Fiskistofu að skipta þeim milli einstakra skipa samkvæmt fyrirmælum í reglugerðinni. Á grundvelli framangreindra reglugerða hefur ráðuneytið staðfest auglýsingar um tillögur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur telur ráðuneytið hins vegar tímabært að endurskoða þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið við úthlutun aflaheimilda samkvæmt umræddum lagaákvæðum. Ráðuneytið telur m.a. að rétt sé að færa vald til úthlutunar byggðakvótans til sveitarfélaga. Það byggist á því sjónarmiði að ætla verði að hjá þeim sé að finna þá staðbundnu þekkingu á aðstæðum sem byggðakvótanum er ætlað að mæta á hverjum stað og

tíma. Þá telur ráðuneytið rétt að færa úrskurðarvald á kærustigi um úthlutun aflaheimildanna til sérstakrar úrskurðarnefndar sem verði skipuð fulltrúum stjórnvalda sem hafa sérstaka þekkingu á sjávarútvegi, málefnum sveitarfélaga og landsbyggðarinnar. Loks er frumvarpi þessu ætlað að bregðast við athugasemdum sem umboðsmaður Alþingis hefur gert við reglur um úthlutun byggðakvótans og framkvæmd úthlutunar. Athugasemdir umboðsmanns hafa einkum beinst að því að í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990, sbr. nú 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, væri ekki gert ráð fyrir jafnsjálfstæðri aðkomu sveitarfélaga og leitt hefði af áðurnefndri framkvæmd af hálfu ráðuneytisins en umboðsmaður hefur gert fleiri athugasemdir við framkvæmd úthlutunarinnar. M.a. hefur hann talið að takmörk væru fyrir því að hve miklu leyti almenn, hlutlæg skilyrði fyrir úthlutun byggðakvótans gætu verið byggð á mismunandi forsendum og útfærslum í einstökum byggðarlögum, t.d. um skráningarstað, skráningartíma og eignarhald skipa nema slík frávik yrðu leidd af málefnalegum, staðbundnum aðstæðum. Umboðsmaður hefur talið að slík skilyrði yrðu að lágmarki að koma fram í almennri reglugerð fyrir allt landið. Þá hefur umboðsmaður einnig vakið máls á hvort afmörkun 9. gr. laga nr. 38/1990 á þeirri viðmiðun sem bæri að fylgja við slíka úthlutun væri nægileg eða hvort fyrir henni vantaði tryggari lagastoð.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að fellt verði brott ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006 sem fjallar um úthlutun aflaheimilda til að mæta fyrirsjáanlegum áföllum vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda en í ákvæði til bráðabirgða er hins vegar gert ráð fyrir nokkurra ára aðlögunartíma vegna þeirra sem þegar hafa orðið fyrir slíkum áföllum þannig að úthlutun aflaheimilda til þeirra á þeim grundvelli verður heimil í tiltekinn tíma eftir gildistöku laganna.

Loks er í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu gert ráð fyrir tímabundinni framlengingu á gildistíma heimildar til úthlutunar sérstakra aflaheimilda til sveitarfélaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og er ætlað að bæta upp úthlutun Byggðastofnunar til þessara sveitarfélaga samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXVI með eldri lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, en það gilti með tilteknum skerðingum til loka fiskveiðiársins 2005/2006.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni koma fram efnisreglur sem lagt er til að byggt verði á við úthlutun aflaheimilda skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sbr. áður 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990, um sama efni. Lagt er til að felldur verði niður 1. tölul. greinarinnar eins og hann er samkvæmt gildandi lögum um að hluta aflaheimilda samkvæmt ákvæðinu skuli ráðstafað til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða VI sem kveður á um ráðstöfun aflaheimilda í tiltekinn tíma með sama hætti og kveðið er á um í núgildandi ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. Einnig eru lagðar til nokkrar breytingar á því ákvæði sem í gildandi lögum er í 2. tölul. Helstu breytingar sem lagðar eru til að gerðar verði á greininni með frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Sveitarstjórnum verði í stað sjávarútvegsráðherra falin úthlutun aflaheimilda sem sjávarútvegsráðherra úthlutar til byggðarlaga samkvæmt því ákvæði sem er nú í 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006. Ástæður þess að umrædd breyting er lögð til eru þær að ætla má að hjá sveitarfélögunum sé fyrir hendi besta þekking á þeim aðstæðum sem ætlað er að mæta með byggðakvótanum á hverjum stað og tíma. Ljóst er að úthlutun byggðakvótans innan sveitarfélaganna hverju sinni er stjórnvaldsákvörðun og munu

sveitarstjórnir bera ábyrgð á að við úthlutunina verði auk sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og almennum, óskráðum reglum stjórnsýsluréttar eftir því sem við á.

2. Almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga eru þau sömu og skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að fellt er niður ákvæði um að við ákvörðun um úthlutun aflaheimilda skv. b-lið beri að hafa samráð við Byggðastofnun. Hins vegar er gert ráð fyrir að Byggðastofnun fái fulltrúa í úrskurðarnefnd á kærustigi, sbr. 8. tölul. hér á eftir. Áfram er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um hvað kemur í hlut einstakra byggðarlaga og miðað við að þar verði að finna skilgreiningu og skiptingu landsins í byggðarlög, auk viðmiðunar- og útreikningsreglna um úthlutun aflaheimilda til byggðarlaganna.
3. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að úthluta byggðakvóta skv. b-lið ákvæðisins til allt að þriggja ára í senn og er sú breyting lögð til þar sem það er talið líklegra til að stuðla að uppbyggingu í byggðarlögunum heldur en ef einungis væri heimilt að úthluta kvótanum til eins árs í senn.
4. Í greininni er lögfest að skylt sé að landa og setja til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur þeim aflaheimildum sem úthlutað er samkvæmt greininni enda fari þar fram vinnsla botnfisks. Ef engin vinnslustöð er í byggðarlaginu kemur það þó ekki í veg fyrir að það geti fengið úthlutað byggðakvóta samkvæmt lögunum. Rök fyrir þessu skilyrði eru þau að tryggja eins og unnt er að afli sem veiðist á grundvelli aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt lögunum komi til löndunar og vinnslu þar sem þörf er til að efla atvinnulíf í byggðarlögunum og er það í samræmi við þá hagsmuni sem byggðakvótanum er ætlað að styrkja.
5. Í samræmi við meginreglur fiskveiðistjórnunarlaga er miðað við að aflaheimildum verði úthlutað til fiskiskipa en gert er ráð fyrir að ráðherra kveði í reglugerð á um almenn grundvallarskilyrði sem uppfylla þarf fyrir úthlutun til fiskiskipa innan byggðarlaga. Jafnframt er gert ráð fyrir að þau skilyrði verði samræmd fyrir allt landið, m.a. um gerð, stærð, skráningarstað, skráningartíma og eignarhald skipa, löndun og vinnslu afla á grundvelli úthlutaðra aflaheimilda og heimilisfesti útgerðaraðila. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um framkvæmd úthlutunar, brottfall aflaheimilda, framsal og skipti aflaheimilda o.fl. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra geti í reglugerð kveðið svo á að unnt sé samkvæmt tillögum sveitarstjórna að setja tiltekin skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda til viðbótar þeim skilyrðum sem ráðherra setur fyrir allt landið enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum aðstæðum, sbr. m.a. álit umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 4477/2005.
6. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir tilkynni Fiskistofu um úthlutun aflaheimilda til einstakra fiskiskipa en hún annast skráningu aflaheimilda samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða.
7. Þá er lagt til að framsal aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt þessari grein verði bannað og er það í samræmi við þann tilgang með úthlutun þeirra að tryggja hagsmuni byggðarlags. Þó er lagt til að heimilt verði að skipta á úthlutuðum aflaheimildum yfir í aflaheimildir í öðrum tegundum enda sé um sama magn að ræða í þorskígildum talið.
8. Loks er gert ráð fyrir kæruheimild til sérstakrar þriggja manna úrskurðarnefndar sem skipuð verður af sjávarútvegsráðherra en auk fulltrúa sjávarútvegsráðherra er gert ráð fyrir að í nefndina verði tilnefndir aðilar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Byggðastofnun. Sérstakur kærufrestur er í frumvarpinu sem er skemmri en hinn almenni

kærufrestur í 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, svo og frestur fyrir nefndina til að afgreiða málin en stefnt er að því að afgreiðslu þeirra verði lokið svo fljótt sem unnt er þannig að sem fyrst liggi fyrir endanleg niðurstaða um hvernig aflaheimildirnar skiptast. Það minnkar óvissu auk þess sem æskilegt er að afgreiðslu málanna sé lokið sem fyrst eftir upphaf fiskveiðiárs. Almenna reglan er sú að ákvarðanir stjórnvalda eru kæranlegar til æðri stjórnvalda og ef ekki væri þetta sérákvæði væru ákvarðanir um úthlutanir til fiskiskipa væntanlega kæranlegar til sjávarútvegsráðuneytisins. Þar sem úrskurðarnefndin er hliðsett ráðherra verða úrskurðir nefndarinnar hins vegar ekki kærðir til ráðherra. Hins vegar verður að sjálfsögðu heimilt að bera þá undir dómstóla. Rök fyrir skipan sérstakrar úrskurðarnefndar í þessu tilviki eru svipuð og gerð hefur verið grein fyrir um að fela sveitarstjórnum úthlutun byggðakvótans. Úthlutun byggðakvóta er ætlað að styrkja og efla útgerð og fiskvinnslu í sjávarbyggðum og er því talið rétt að úrskurðarvald á kærustigi um úthlutun hans sé á hendi fjölskipaðs stjórnvalds sem ætla má að sé skipað aðilum með víðtæka þekkingu á þeim hagsmunum og aðstæðum sem byggðakvótanum er ætlað að mæta. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um starfshætti nefndarinnar en að öðru leyti verður gert ráð fyrir að hún beri sjálf ábyrgð á að fylgt verði reglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og almennum reglum stjórnsýsluréttar við meðferð einstakra mála.

Um 2. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa en miðað er við að lögin taki þegar gildi og komi fyrst til framkvæmda við úthlutun vegna fiskveiðiársins 2006/2007.

Um 3. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að lögfest verði tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem bæði fela í sér tiltekinn aðlögunartíma, þ.e. annars vegar vegna brottfalls 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006 um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta vegna áfalla sem orðið hafa vegna þess að aflamarki hefur ekki verið úthlutað í innfjarðarækju og hörpudiski og hins vegar vegna þess að útrunninn er gildistími ákvæðis um úthlutun sérstakra aflaheimilda til sveitarfélaga sem höfðu þann tilgang að bæta upp skerðingu á úthlutun Byggðastofnunar til sveitarfélaga sem lent höfðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXVI með eldri lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, en það gilti með tilteknum skerðingum til loka fiskveiðiársins 2005/2006.

a. Með lögum þessum er gert ráð fyrir að fellt verði úr gildi ákvæði sem nú er í 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006 en samkvæmt því er heimilt að ráðstafa hluta af aflaheimildum samkvæmt ákvæðinu til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Í bráðabirgðaákvæðinu er kveðið á um nokkurra ára aðlögunartíma vegna brottfalls fyrrnefnds ákvæðis og áfalla sem þegar hafa orðið vegna verulegra breytinga á aflamarki í innfjarðarækju og hörpudiski en gert er ráð fyrir að aflaheimildum í þessum tegundum verði áfram ráðstafað á sama grundvelli í tiltekinn tíma eða til og með fiskveiðiársins 2010/2011, þ.e. sem hluta af þeim aflaheimildum sem eru til ráðstöfunar skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006. Umræddar aflamarksbreytingar hafa orðið á mismunandi tímum á síðustu árum og hefur í framkvæmd verið á því byggt að þær yrðu bættar á tilteknum árafjölda samkvæmt reglugerðum sem settar hafa verið um þessar úthlutanir á hverju fiskveiðiári. Er talið rétt með tilliti til jafnræðissjónarmiða að þrátt fyrir að 1. tölul. sé felldur niður með lögunum verði umræddri

framkvæmd haldið áfram þannig að allir hlutaðeigandi útgerðaraðilar fái bætur í jafnlangan tíma. Hins vegar er gert ráð fyrir að áföllum sem upp koma af sömu ástæðum eftir gildistöku laganna verði mætt með úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga skv. 1. gr., sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Ráðstöfun aflaheimilda samkvæmt núgildandi 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., eða nánar tiltekið eldra ákvæði um sama efni, hefur þegar farið fram fyrir fiskveiðiárið 2006/2007, sbr. reglugerð nr. 720/2005, um sérstaka úthlutun skv. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, til skel- og rækjubáta. Eftir gildistöku laganna er miðað við að sömu aðilar og þar eru tilgreindir geti átt rétt til úthlutunar en gert er ráð fyrir að úthlutun til þeirra samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu fari stiglækkandi á komandi fiskveiðiárum sem ákvæðið gildir um eins og verið hefur á undanförnum fiskveiðiárum, ef undan er skilin úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 720/2005, og falli niður við lok fiskveiðiársins 2010/2011. Ráðherra hefur eftir það ákvörðunarvald um hve miklum hluta þeirra aflaheimilda sem til ráðstöfunar eru skv. 10. gr. laga nr. 116/2006, með þeim breytingum sem gerðar verða á henni með 1. gr. þessa frumvarps, verði ráðstafað til byggðarlaga sem hafa verið sérstaklega háð veiðum á innfjarðarækju og hörpudiski, þó að sjálfsögðu innan þeirra 12.000 tonna marka sem tilgreind eru í ákvæðinu. Tekið skal fram að eftir að gildistíma bráðabirgðaákvæðisins lýkur eiga þeir bátar sem fengið hafa úthlutun aflaheimilda samkvæmt því sömu möguleika og aðrir á að fá úthlutun á grundvelli 10. gr. laganna.

b. Lagt er til að veitt verði tímabundin heimild til að úthluta aflaheimildum til sveitarfélaga sem fengu úthlutað aflaheimildum frá Byggðastofnun á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, enda uppfylli þau einnig skilyrði 1. gr. þessa frumvarps, sbr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Umrætt ákvæði til bráðabirgða var lögfest með ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 1/1999, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og varð ákvæði til bráðabirgða XXVI í síðastgreindum lögum. Samkvæmt því voru Byggðastofnun veittar árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem námu 1.500 þorskígildislestum til að styðja byggðarlög sem lent höfðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og skyldi það gilda fyrir fiskveiðiárin 1999/2000 til og með 2005/2006. Með lögum nr. 147/2003, um breytingu á lögum nr. 38/1990 voru heimildir Byggðastofnunar til úthlutunar samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu skertar þannig að á fiskveiðiárinu 2004/2005 skyldi úthluta aflaheimildum sem námu samtals 750 þorskígildislestum og á fiskveiðiárinu 2005/2006 aflaheimildum sem námu samtals 375 þorskígildislestum en eftir það skyldi heimildin eins og áður segir falla niður. Eftir gildistöku laga nr. 147/2003 hefur sjávarútvegsráðherra úthlutað sveitarfélögum þeim aflaheimildum sem skerðing varð á samkvæmt þeim lögum og hefur úthlutunin verið miðuð við að úthlutanir fari til sveitarfélaga með tilteknar aðstæður, m.a. bágborið atvinnuástand. Ákvæði til bráðabirgða VII er ætlað að kveða á um tiltekinn aðlögunartíma fyrir þau sveitarfélög sem fengið hafa úthlutað aflaheimildum samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu vegna þessara sérstöku aðstæðna. Úthlutun þessara aflaheimilda er hluti af þeim aflaheimildum sem eru til ráðstöfunar skv. 1. mgr. 10. gr. laganna. Þá er gert ráð fyrir að úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessu ákvæði lækki um ⅓ fyrir hvert fiskveiðiár og falli niður við lok fiskveiðiársins 2008/2009. Loks skal áréttað að umrætt ákvæði er annars efnis en miðað hefur verið við samkvæmt eldri framkvæmd að því leyti að úthlutun aflaheimilda samkvæmt því er óháð úthlutun annarra aflaheimilda skv. 1. mgr. 10. gr. laganna en samkvæmt eldri framkvæmd gat úthlutun aðeins orðið sam-

kvæmt þeirri aðferð sem gaf hæsta niðurstöðu, sbr. t.d. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 722/2005, um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.**

Frumvarpinu er ætlað að skýra reglur og framkvæmd við úthlutun á svonefndum byggðakvóta, þ.e. aflaheimildum sem úthlutað er til byggðarlaga sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Stjórnsýslunni er breytt og sveitastjórunum falin úthlutun aflaheimildanna. Jafnframt er sett upp sérstök úrskurðarnefnd sem kæra má úthlutunina til. Kostnaður ríkissjóðs, verði frumvarp þetta óbreytt að lögum, er sá kostnaður sem til fellur vegna starfa úrskurðarnefndarinnar, og áætlar sjávarútvegsráðuneytið að hann geti numið um 2 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að öll útgjöld sem til kunna að koma vegna lögfestingar frumvarpsins rúmist innan þeirra marka sem langtímaáætlun í ríkisfjármálum setur sjávarútvegsráðuneytinu.

# 625. Nefndarálit [397. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Á fund nefndarinnar til að ræða málið komu Ragnhildur Hjaltadóttir, Karl Alvarsson, Jón Eðvald Malmquist og Kristrún Lind Birgisdóttir frá samgönguráðuneyti, Guðmundur Ólafsson og Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun, Páll Ásgrímsson frá Símanum, Dóra Sif Tynes frá Og fjarskiptum ehf. og Jón Rúnar Pálsson frá Samtökum atvinnulífsins. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Símanum, Og fjarskiptum ehf. og Samtökum atvinnulífsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, á þskj. 441, var vísað til nefndarinnar 30. nóvember sl. ásamt tilmælum úr ráðuneyti samgöngumála að málið væri brýnt og því lagt að nefndinni að afgreiða það fyrir jólahlé Alþingis. Við tóku kunnugleg vinnubrögð í þingnefndum undir stjórn núverandi meiri hluta. Málið var rætt á nefndarfundi 5. desember. Umsagna var leitað á elleftu stundu og málið í raun vanreifað af hálfu ráðuneytis samgöngumála. Þegar forsvarsmenn fyrirtækja sem bera kostnaðinn af fyrirhuguðum lagabreytingum gerðu nefndinni ljóst að þeim hefðu ekki verið kynntir kostnaðarútreikningar Póst- og fjarskiptastofnunar til grundvallar gjaldskrárbreytingu þeirri sem mælt er fyrir um, sá undirrituð sér ekki fært að styðja að málið yrði afgreitt úr nefndinni að svo búnu. Nær væri að afgreiða málið frá Alþingi þegar heildargreining kostnaðar, sem er grundvöllur gjaldtökunnar, liggur fyrir.

Vinnubrögð þau sem hér er lýst eru því miður daglegt brauð í störfum Alþingis. Þau eru engum til sóma, og það sem verra er, þau geta leitt af sér mistök við lagasetningu vegna fljótaskriftarinnar sem óhjákvæmilega er á frumvörpum sem unnin eru með þessum hætti.

Alþingi, 7. des. 2006.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

## 626. Nefndarálit [416. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hennýju Hinz og Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ingva Má Pálsson og Þorstein Þorgeirsson frá fjármálaráðuneyti, Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Hólmfríði Guðmundsdóttur og Hólmfríði Þorgeirsdóttur frá Lýðheilsustöð, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Elínu Smáradóttur, Hauk Eggertsson og Þorkel Helgason frá Orkustofnun, Guðmundur Guðmundsson frá Rarik, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ernu Hauksdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu og Davíð Þorláksson frá Viðskiptaráði.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um vörugjald, lögum um virðisaukaskatt og lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Kveðið er á um að vörugjöld falli niður af öllum matvælum, innlendum sem innfluttum, öðrum en sykri og sætindum. Vörugjöld munu áfram hvíla á þeim vörum sem taldar eru upp í 17. kafla tollskrár sem ber heitið „Sykur og sætindi“ og einnig á ýmiss konar súkkulaði í 18. kafla tollskrár og sírópi í 21. kafla tollskrár.

Einnig eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Matvara ber nú ýmist 14% eða 24,5% virðisaukaskatt og felst breytingin í því að öll matvara beri 7% virðisaukaskatt. Virðisaukaskattur af öðrum vörum og margs konar þjónustu fer samkvæmt frumvarpinu úr 14% niður í 7% og má þar nefna bækur, tímarit, húshitun og hótelgistingu. Veitingaþjónusta fer úr 24,5% skattþrepi niður í 7% skattþrep og mun það ekki aðeins koma neytendum til góða heldur er það líka til mikils hagræðis fyrir aðila í veitingarekstri að greiða sama virðisaukaskatt af öllum vörum og þjónustu. Að lokum má nefna að virðisaukaskattur af tónlist, þ.e. geisladiskum, hljómplötum og segulböndum, verður 7% ef frumvarpið verður að lögum.

Tvær aðrar breytingar eru lagðar til á lögum um virðisaukaskatt. Annars vegar er lagt til að heimild til samskráningar í virðisaukaskattsskrá nái einnig til sparisjóða og dótturfélaga þeirra. Hins vegar er lögð til framlenging á endurgreiðslu ⅔ hluta virðisaukaskatts til kaupa á nýjum hópferðabifreiðum.

Í 1. umræðu um málið kom fram hjá framsögumanni frumvarpsins að vegna mikillar umræðu um áfengisgjald og þess hve margslungið samspil er á milli lækkunar á virðisaukaskatti og hækkunar á áfengisgjaldi þurfi að kanna það samspil nánar. Áfengisgjald er lagt á sem

krónutala á hvern millilítra af hreinum vínanda en virðisaukaskattur er lagður á heildarverð áfengis. Því var þess farið á leit við efnahags- og viðskiptanefnd að hún frestaði þeim þætti frumvarpsins sem snýr að breytingu á lögum um áfengisgjald fram yfir áramót. Sú frestun mun ekki hafa áhrif á stöðu ríkissjóðs því þessi breyting á hvorki að hækka tekjur ríkissjóðs né lækka. Nefndin fellst á þessi rök og þessi tilmæli. Þær breytingar sem frumvarpið kveður á um gera ráð fyrir að áfengisgjald hækki um 58% og að virðisaukaskattur á áfengi lækki úr 24,5% í 7%. Helsta markmiðið með þessu er að sala veitingahúsa á áfengi beri 7% virðisaukaskatt. Nefndin mun því fara yfir þessar breytingar eftir jólahlé en afgreiðir aðra þætti frumvarpsins nú enda er það nauðsynlegt þar sem þeir hafa afleiðingar fyrir fjárlög og tekjugrundvöll þeirra.

Talsvert var rætt um neysluskatta og neyslustýringu þegar málið var rætt í nefndinni. Í umsögn Samtaka verslunar og þjónustu kemur fram að frumvarpið sé stærsta framfaraspor varðandi breytingu á neyslusköttum í langan tíma. Hins vegar lýsa samtökin vonbrigðum yfir því að enn verði lögð vörugjöld á ákveðnar fæðutegundir, þ.e. sykur og sætindi. Flestir gestir nefndarinnar lýstu ánægju með það að opinberar álögur á matvæli lækki og að „flækjustig" verði minna, þó að það hverfi ekki alveg. Kom jafnframt fram það sjónarmið að hér væri um að ræða eina mestu einföldun skattkerfisins í langan tíma.

Hins vegar kom fram ábending frá Lýðheilsustöð þess efnis að gosdrykkir tilheyri „sykri og sætindum" og ættu því áfram að bera vörugjöld þannig að verð haldist óbreytt. Kom fram í máli fulltrúa Lýðheilsustöðvar að gosdrykkja væri afar mikil, einkum hjá unglingum, og að hún ylli glerungseyðingu auk þess sem hún gæti leitt til offituvandamála. Í máli fulltrúa stofnunarinnar kom fram að bæði gos sem innihaldi sykur og sömuleiðis gos með „gervisykri" sé slæmt fyrir tannheilsu. Stofnunin telur að mikilvægt sé að halda verði á gosdrykkjum óbreyttu.

Jafnframt var rætt um skattlagningu á raforku en á því sviði er afar flókið kerfi skattlagningar og endurgreiðslna sem virðist illframkvæmanlegt og mjög torvelt er að hafa eftirlit með því. Í umsögn Rariks kom fram að viðskiptavinir fyrirtækisins byggju við mjög mismunandi virðisaukaskattsstig eftir því í hvað orkan væri notuð. Af almennri raforkunotkun sé greiddur 24,5% virðisaukaskattur, af húshitun 14% virðisaukaskattur og svo sé gefin 63% endurgreiðsla á honum þannig að þá greiðist 5,18% virðisauki. Rarik telur að það mundi leiða til einföldunar, gagnsæis og lækkunar kostnaðar ef eitt virðisauksskattsþrep yrði lagt á alla raforkusölu og endurgreiðslur afnumdar. Á svipuðum nótum var umsögn Orkustofnunar en þar kom fram að þetta fyrirkomulag, mismunandi þrep á virðisaukaskatti á raforku eftir notkun sé óframkvæmanlegt og bjóði auk þess heim misnotkun. Nefndin hvetur ráðuneyti og hagsmunaaðila til að finna einfalda lausn á þessu flókna kerfi og gera það einfalt og gagnsærra.

Nefndin leggur til tvenns konar breytingar á frumvarpinu. Annars vegar eru lagðar til framangreindar breytingar þess efnis að ákvæði sem breyta lögum um áfengisgjald falli brott úr frumvarpinu en nefndin fjalli um þær breytingar að jólahléi loknu. Hins vegar er gerð lagfæring á frumvarpinu þar sem við samningu þess láðist að setja inn ýmis tollskrárnúmer sem þó var ætlunin að frumvarpið tæki til.

Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er samþykkur áliti þessu en með fyrirvara.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm., með fyrirvara. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara. |
| Ásta Möller, með fyrirvara. | Sæunn Stefánsdóttir. | Ögmundur Jónasson, með fyrirvara. |

# 627. Breytingartillögur [416. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við b-lið 3. gr. bætist: þó ekki sala á áfengi.
2. Við 8. gr.
   a. E-liður orðist svo: Vörur í 16. til með 21. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 1703.1001, 1703.9001, 2102.2003 og 2106.9032–2106.9038.
   b. Á eftir e-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Vörur í tollskrárnúmerum 2201.1011–2201.9090, 2202.1011–2202.9099, 2203.0011–2203.0019, 2204.1011–2204.1019, 2204.2111–2204.2119, 2204.2131–2204.2139, 2204.2911–2204.2919, 2204.2931–2204.2939, 2204.3011–2204.3019, 2205.1011–2205.1019, 2205.9011–2205.9019, 2206.0031–2206.0039, 2208.7021–2208.7029, 2208.9071–2208.9079 og 2209.0000.
3. 9. gr. falli brott ásamt kaflafyrirsögn.
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

## 628. Breytingartillaga [416. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Lúðvík Bergvinssyni.

Við a-lið 1. gr. bætist eftirtalin tollskrárnúmer: 1701.1100–1704.9009, 1806.3101–1806.3209 og 1806.9023–1806.9026.

## 629. Breytingartillaga [416. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Ögmundi Jónassyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fram að gildistöku laga þessara skal tryggja fjármagn til að framkvæma öflugt eftirlit með verði á matvöru. Eftir gildistöku laga þessara skal svo kannað hvort þær lækkanir opinberra gjalda sem í lögum þessum felast hafi skilað sér til neytenda í formi lægra matvöruverðs.

## 630. Breytingartillaga [416. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá Ögmundi Jónassyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við 6. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: 3. málsl. fellur brott.

## 631. Breytingartillögur [416. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. B-liður 1. gr. orðist svo: B-liður viðaukans orðast svo: Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða í vörugjald krónur fyrir hvern lítra af vörunni sem hér segir:

| *Tollskrárnúmer* | kr./l |
|---|---|
| 2202.1011 | 8 |
| 2202.1012 | 8 |
| 2202.1013 | 8 |
| 2202.1014 | 8 |
| 2202.1015 | 8 |
| 2202.1016 | 8 |
| 2202.1019 | 8 |

2. Í stað orðanna „tollskrárnúmeri 2207.2000“ í e-lið 8. gr. komi: tollskrárnúmerum 2202.1011–2202.1019 og 2207.2000.

## 632. Breytingartillaga [416. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við c-lið 3. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Lyf.

## 633. Fyrirspurn [460. mál]

til samgönguráðherra um kaup Íslandspósts hf. á Samskiptum ehf.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

1. Hver var tilgangurinn með kaupum Íslandspósts hf. á Samskiptum ehf.?
2. Hvert var umsamið kaupverð og hvernig á það að greiðast?
3. Hefur ríkið áform um frekari umsvif á prentmarkaði?

## 634. Fyrirspurn [461. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um insúlíndælur fyrir sykursjúka.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hver er stefna ráðherra um notkun og útbreiðslu insúlíndælna fyrir sykursjúka?

## 635. Frumvarp til laga [429. mál]

um ættleiðingarstyrki.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

I. KAFLI
**Almenn ákvæði.**
1. gr.
*Gildissvið.*

Lög þessi taka til fjárstyrkja úr ríkissjóði til kjörforeldra sem ættleitt hafa erlent barn eða börn í samræmi við lög um ættleiðingar. Lög þessi taka ekki til alþjóðlegra fjölskylduættleiðinga.

II. KAFLI
**Stjórnsýsla.**
2. gr.
*Yfirstjórn.*

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn ættleiðingarstyrkja samkvæmt lögum þessum.

3. gr.
*Framkvæmdaraðili.*

Félagsmálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara.

Kostnaður vegna ættleiðingarstyrkja í lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

4. gr.
*Kæruheimild.*

Ákvörðun um synjun ættleiðingarstyrks og leiðréttingu á greiðslum skv. 8. gr. er heimilt að kæra til félagsmálaráðherra. Um kæru gilda ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

III. KAFLI
**Greiðsla ættleiðingarstyrks.**

5. gr.
*Greiðsla og skilyrði styrks.*

Ættleiðingarstyrkur er eingreiðsla sem er greidd út samkvæmt umsókn kjörforeldra þegar erlend ættleiðing hefur verið staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi hefur verið gefið út hér í samræmi við ákvæði laga um ættleiðingar.

Kjörforeldrar sem hafa fengið útgefið forsamþykki í samræmi við lög um ættleiðingar eiga einir rétt á ættleiðingarstyrk. Þessi réttur er ekki framseljanlegur.

6. gr.
*Umsókn um styrk.*

Kjörforeldrar skulu sækja um ættleiðingarstyrk á þar til gerðum eyðublöðum. Sækja skal um styrk innan sex mánaða frá því að erlend ættleiðing er staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi gefið út hér í samræmi við lög um ættleiðingar. Réttur til ættleiðingarstyrks fellur niður að þessum tíma liðnum.

Ákveða skal með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur hvaða gögn skuli fylgja með umsókn um ættleiðingarstyrk.

7. gr.
*Fjárhæð styrks.*

Fjárhæð ættleiðingarstyrks nemur 480.000 kr. Fjárhæð styrksins skal endurskoðuð í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á tveggja ára fresti. Félagsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um endurskoðaða fjárhæð styrksins.

Ef kjörforeldrar hafa ættleitt fleiri en eitt barn samtímis er veittur styrkur vegna hvers barns umfram eitt sem nemur 20% af fjárhæð skv. 1. mgr.

8. gr.
*Leiðrétting á greiðslum.*

Hafi styrkþegi ranglega fengið ættleiðingarstyrk skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

IV. KAFLI
**Ýmis ákvæði.**

9. gr.
*Reglugerð.*

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

10. gr.
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Rétt til styrks samkvæmt lögum þessum eiga kjörforeldrar barna sem ættleidd eru eftir gildistöku laganna.

# 636. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Við mat á því hvort endurgreiða skuli hlutfall af framleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt:

a. að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að koma íslenskri menningu á framfæri og kynna sögu lands og náttúru,
b. að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að stuðla að aukinni reynslu, þekkingu og listrænum metnaði þeirra sem að framleiðslunni standa,
c. að stofnað sé sérstakt félag um framleiðsluna á Íslandi; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið telst sérstakt félag,
d. að fyrir liggi upplýsingar um helstu aðstandendur kvikmyndar eða sjónvarpsefnis,
e. að fyrir liggi upplýsingar um innlenda aðila og hlutdeild þeirra við framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis,
f. að fyrir liggi sundurliðuð áætlun um framleiðslukostnað og fjármögnun, auk staðfestingar fjármögnunaraðila, ásamt greinargerð umsækjanda um að framleiðslan falli að markmiðum laganna,
g. að fyrir liggi upplýsingar um efni fyrirhugaðrar framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis, svo sem handrit og upplýsingar um tökustaði,
h. að fyrir liggi að hið framleidda efni sé ætlað til almennrar dreifingar í kvikmyndahús eða til sjónvarpsstöðva,
i. að efni kvikmyndar eða sjónvarpsefnis stríði hvorki gegn ákvæðum laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum né ákvæðum almennra hegningarlaga um klám.

Verði breyting á áætluðum framleiðslukostnaði, sbr. f-lið 1. mgr., eftir að framleiðsla hefst skal iðnaðarráðuneyti send ný kostnaðaráætlun.

Við mat á umsókn um endurgreiðslu skal nefnd skv. 3. gr. hafa heimild til þess að afla álits sérfróðra aðila um ætlað listrænt gildi viðkomandi framleiðslu.

Auglýsinga- og fréttatengt efni, stuttmyndir, upptökur af íþróttaviðburðum og skemmtunum, svo og framleiðsla efnis sem fyrst og fremst er ætlað til sýninga í eigin dreifikerfi, telst ekki til efnis skv. h-lið 1. mgr.

Nú er framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis ekki lokið innan þriggja ára frá dagsetningu vilyrðis fyrir endurgreiðslu sem veitt er á grundvelli 3. gr. og fellur þá vilyrðið úr gildi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „12%“ í 1. mgr. kemur: 14%.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, sem verður 1. málsl., svohljóðandi: Beiðni um útborgun skal send iðnaðarráðuneytinu.

c. Á eftir 1. málsl. 2. mgr., sem verður 2. málsl., kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Berist beiðnin eftir að sex mánuðir hafa liðið frá lokum framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis skal hafna henni.
d. Við 3. málsl. 2. mgr., sem verður 5. málsl., bætist: sem skal jafnframt staðfesta að kostnaðaruppgjör sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Hinn 31. desember 2011 falla úr gildi lög nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum. Endurgreiðslubeiðnir sem samþykktar hafa verið fyrir þau tímamörk halda þó gildi sínu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 2006.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeir sem hafa fengið endurgreiðsluvilyrði fyrir 31. desember 2006 eiga þess kost að sækja aftur um endurgreiðslu framleiðslukostnaðar eftir að endurgreiðsluhlutfallið hefur verið hækkað. Þó skal við það miðað að framleiðsla sé ekki hafin.

# 637. Frumvarp til laga [365. mál]

um breytingar á lögum á orkusviði.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

**Breyting á lögum nr. 10 19. mars 2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, með síðari breytingum.**

1. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf.

**Breyting á lögum nr. 40 30. maí 2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, með síðari breytingum.**

2. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf.

**Breyting á lögum nr. 25 12. apríl 2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.**

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi.

Þrátt fyrir tímamark yfirtöku skv. 1. mgr. skal hlutafélagið yfirtaka skattaréttarlegar skuldbindingar og réttindi Rafmagnsveitna ríkisins frá upphafi árs 2006. Skal upphafsefnahagsreikningur hlutafélagsins í skattalegu tilliti miðast við 1. janúar 2006 að gerðu endurmati eigna og fyrninga skv. II. kafla laga nr. 50/2005, um skattskyldu orkufyrirtækja, og hafi ekki í för með sér skattskyldu vegna hagnaðar af afhentum eða mótteknum eignum.

**Gildistaka.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2007.

## 638. Frumvarp til laga [462. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Ásta Möller, Drífa Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson.

1. gr.

Í stað 2. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Greiðslur úr séreignarsparnaði og öðrum sparnaði sem ekki er lagaskylda að taka þátt í teljast þó ekki til tekna. Við ákvörðun tekjugrundvallar við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka skv. 11.–13. gr. og 17. gr. laga þessara skulu tekjur skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, (fjármagnstekjur) metnar að 50 hundraðshlutum. Sem fjármagnstekjur skal einungis telja þær fjármagnstekjur sem falla til eftir að lífeyrisþegi hefur hafið töku lífeyris frá Tryggingastofnun.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Greinargerð.

Frumvarp svipaðs efnis var flutt á síðasta þingi en kom ekki til umræðu. Tilgangur þess frumvarps var að laga misræmi, sem leiðir af gildandi lögum, milli þess að allar greiðslur úr lífeyrissjóði, þ.m.t. greiðslur vegna séreignarsparnaðar, teljist til tekna við skerðingu tekjutryggingar og þess að séreignarsparnaður er valkvæður og honum svipar til venjulegs sparnaðar þó að hann feli í sér skattfrestun. Að mati flutningsmanna verður að halda algerlega aðskildum skattfrestun annars vegar og séreignargreiðslum úr lífeyrissjóði og bönkum hins vegar, sem ekki er skylt að stunda samkvæmt lögum. Í frumvarpinu í fyrra var farin meðaltalsregla sem gekk út á að annar vandi, sem eru fjármagnstekjur sem aflað var fyrir töku lífeyris, væri óleystur. Lögð var til og rökstudd breyting á 2. mgr. 10. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, á þann veg að tekjur vegna séreignarsparnaðar sem byggist ekki á lagaskyldu skuli metnar að 30 hundraðshlutum sem tekjur við útreikning bóta.

Í þessu frumvarpi er hvor tveggja vandinn leystur, vandi sem stafar af háum eingreiðslum fjármagnstekna við einskiptis sölu á eignum, t.d. fasteignum, fyrirtækjum eða verðbréfum,

sem myndast hafa á mjög löngum tíma, löngu fyrir töku lífeyris og svo vanda séreignarsparnaðar, sem skyldur er venjulegum sparnaði sem eðlilega telst ekki til tekna við útreikning bóta nema að því er varðar vexti eða fjármagnstekjur af þeim sparnaði. Skiptir þá ekki máli að sá sparnaður nýtur skattfrestunar og greiddur er tekjuskattur af honum við útgreiðslu.

Vegna þess að séreignarsparnaðurinn kemur til frádráttar bótum frá Tryggingastofnun hafa margir leyst upp séreignarsparnað sinn og fengið hann allan greiddan út árið áður en þeir hefja töku lífeyris. Það er reyndar skynsamlegt miðað við núgildandi reglur og er ráðlagt af þeim, sem vit hafa á málinuog þekkingu. En það er sannanlega ekki í samræmi við tilgang séreignarsparnaðarins og þess vegna er frumvarp þetta flutt svo að þessi sparnaður nýtist fólki til að halda uppi lífskjörum sínum eins og að var stefnt. Það er auk þess mjög varhugavert, andfélagslegt og ósiðlegt að þeim skuli hegnt sem ekki kunna alla klæki í kerfinu, hafa ekki efni á góðri ráðgjöf eða kæra sig ekki um að fara þá leið. Auk þess hefur séreignarsparnaði verið haldið að fólki með þeim rökum að þannig bæti það stöðu sína í ellinni og sparnaðurinn er frjáls ákvörðun hvers og eins og eðlileg ráðdeild og sparsemi.

Þegar fólk sest í helgan stein selur það stundum eignir sem það hefur safnað um starfsævina til að bæta upp lífeyrisgreiðslur eða vegna þess að það hefur ekki þörf fyrir eignirnar, t.d. sumarbústað, þegar það flyst á elliheimili. Þess ber að geta að hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis er yfirleitt ekki skattskyldur. Við sölu annarra eigna fær fólk oft mjög háar eingreiðslur fjármagnstekna sem hlaðist hafa upp í mörg ár, jafnvel áratugi. Af þeim tekjum er að sjálfsögðu greiddar fjármagnstekjuskattur en það er ekki jafn sjálfsagt að allar þær tekjur komi til skoðunar við mat á bótum frá Tryggingastofnun. Ef einstaklingurinn hefði selt eignina rétt áður en hann fór á lífeyri mundi sá hluti fjármagnstekjanna, sem þá hefði komið til greiðslu og bæst við eignir viðkomandi, ekki hafa áhrif á lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins frekar en aðrar eignir. Þess vegna er sanngjarnt að einungis sá hluti fjármagnstekja sem fellur til eftir að taka lífeyris hófst komi til skoðunar sem tekjur. Flestar eignir fólks eru þannig að ekki er erfitt að finna sæmilega nálgun við mat á verðmæti eigna á þeim tíma þegar greiðsla lífeyris hófst. Reikna má með að fasteignir hafi hækkað í takt við fasteignamat, og verð spariskírteina og skráðra hlutabréfa liggur fyrir um hver áramót. Vandi getur verið að meta óskráð hlutabréf og fyrirtæki en þar má reikna með jafnri árlegri hækkun. Auðvelt er að finna stöðu séreignarsparnaðar við upphaf töku lífeyris hjá Tryggingastofnun og ætti ekki að vera erfitt að sundurgreina árlega ávöxtun á þann höfuðstól. Hér er sama staðan uppi og með séreignarsparnaðinn. Þeir sem njóta góðrar ráðgjafar eða hafa sérstaka þekkingu og vit á málum og eru vakandi yfir slíkum gildrum selja þessar eignir ári áður enn þeir hyggjast hefja töku lífeyris, kaupa þær jafnvel aftur og hafa fengið áfallnar fjármagnstekjur útgreiddar (og skattaðar) en þær koma þá ekki til frdádráttar bótum hjá Tryggingastofnun. Hér eiga sömu rökin við og bent var á hér að ofan um þá sem ekki kunna alla klæki í kerfinu, hafa ekki efni á góðri ráðgjöf eða kæra sig ekki um að fara krókaleiðir í kerfinu.

Eitthvað flóknara er að reikna ávöxtun sem fellur til meðan örorkulífeyrisþegi fær lífeyri hjá Tryggingastofnun vegna þess að um mörg aðskilin tímabil getur verið að ræða vegna endurhæfingar. Ekki er mikið um slík tilfelli en þau má leysa með nákvæmlega sama hætti.

Greiðslur almannatrygginga taka mið af tekjum bótaþega en ekki eignum. Þannig telst það ekki til tekna þó að fólk taki sparifé út úr banka eða selji hlutabréf. Vextir af slíku sparifé og arður og söluhagnaður af hlutabréfum telst þó vera fjármagnstekjur og helmingurinn er metinn sem tekjur. Nú ákveður einstaklingur sjálfviljugur að taka þátt í séreignarsparnaði og fresta skattlagningu á þann sparnað þar til hann fær hann greiddan út og er þá eðlilegt að hann greiði skatta af útgreiðslum en eftir það ætti hann að vera jafnsettur þeim sem ákváðu

að greiða skatta af tekjum sínum strax og spara síðan hluta teknanna á hefðbundinn hátt með spariinnlánum, kaupum á hlutabréfum eða með öðrum hætti, nema hann greiðir ekki fjármagnstekjuskatt af séreignarsparnaðinum. Ekki er lagaskylda að spara á þennan hátt og því eiga þeir sem það ákveða að eigin frumkvæði að vera í sömu stöðu og þeir sem spara á hefðbundinn hátt að undanskildu því að skattlagning frestast. Breytir þá engu hvort einstaklingur tekur ákvörðunina sjálfur eða hvort séreignarsparnaðurinn er á grundvelli frjálsra kjarasamninga á meðan ekki er lagaskylda að stunda sparnaðinn.

**Skyldutrygging lífeyrisréttinda.**

Litið er á greiðslur úr séreignarsparnaði sem tekjur gagnvart skatti nákvæmlega eins og hefðbundnar greiðslur (lífeyri) úr lífeyrissjóði, enda hefur iðgjald í lífeyrissjóði að jafnaði verið skattfrjálst og iðgjald í séreignarsparnað hefur alltaf verið skattfrjálst. Skattlagningu er því frestað. Þegar kemur að skerðingu lífeyris frá Tryggingastofnun horfir málið allt öðruvísi við. Árið 1974 skyldaði ríkisvaldið alla launamenn til að greiða til lífeyrissjóðs og árið 1980 alla þá sem hafa tekjur af vinnu sinni. Iðgjaldið, 4% + 6%, hafa sumir skilgreint sem skatt og segja ætlan ríkisvaldsins að skylda landmenn til að taka þátt í samtryggingu til að létta byrðum af almannatryggingum. Þetta kom svo greinilegar í ljós þegar sett voru lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Það er ekki skylda að taka þátt í séreignarsparnaði og þess vegna getur sá sparnaður ekki verið ætlaður til þess að létta byrðum af ríkinu. Það væri enda mjög óréttlátt að sá sem sjálfviljugur dregur úr neyslu sinni og sparar á þann hátt eigi að gjalda fyrir ráðdeildarsemina með lakari lífeyri frá Tryggingastofnun en hinn sem lagði ekki á sig slíkar kvaðir. Þegar kemur að skerðingu lífeyris frá Tryggingastofnun verður þess vegna að aðskilja algerlega lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum sem byggjast á iðgjaldi sem lagaskylda er að greiða og fólk kemst ekki hjá að greiða og hins vegar greiðslur úr séreignarsparnaði sem er sjálfvalinn. Það breytir engu þó að í báðum tilfellum njóti greiðslurnar skattfrestunar og má benda á skattfrelsi hlutabréfakaupa fyrir nokkrum árum. Engum datt í huga að söluandvirði slíkra hlutabréfa kæmi til frádráttar bótum hjá Tryggingastofnun.

Í 3. mgr. 10. gr. almannatryggingarlaga kemur fram að greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum teljist ekki til tekna. Ákvæði þetta hefur verið túlkað á þann veg að séreignargreiðslur séu greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum og komi því ekki til skerðingar grunnlífeyris frá Tryggingastofnun. Þetta er bókstafleg túlkun því greiðslurnar eru reyndar úr skyldubundnum lífeyrissjóðum en iðgjaldið og þátttakan í þessum sparnaði er ekki skyldubundin. Samkvæmt 3.–5. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er öðrum en lífeyrissjóðum heimilt að taka við iðgjaldi í séreignarsparnað. Með lögjöfnun hefur verið farið eins með greiðslur úr séreignarsparnaði frá lífeyrissjóðum og frá öðrum fjármálastofnunum, t.d. bönkum. Hér er lagt til að þessar greiðslur komi ekki sem tekjur til frádráttar við mat á grunnlífeyri og tekjutryggingu. Hins vegar komi fjármagnstekjur vegna þessa sparnaðar til frádráttar, þær sem aflað er eftir að taka lífeyris hefst eða meðan á töku lífeyris stendur.

Það að lífeyrir frá lífeyrissjóðum skuli ekki koma til skerðingar grunnlífeyris á sér lengri sögu og er tilraun til að bæta stöðu þeirra sem hafa greitt um langan aldur til lífeyrissjóða í samræmi við lagaskyldu en sitja oft við svipað borð vegna skerðinga hjá Tryggingastofnun og aðrir sem komu sér hjá því að greiða í lífeyrissjóð þó að það hafi verið lagaskylda frá 1974 og 1980. Þau rök eiga ekki við um séreignarsparnað eftir þá breytingu sem hér er lögð til því hann kemur þá ekki til frádráttar lífeyri frá Tryggingastofnun.

**Séreignarsparnaður.**

| Tímabil | Launþegi | Launa-greiðandi | Ríkið | Alls |
|---|---|---|---|---|
| 1. janúar 1999 – 31. maí 2000 | 2,0% | | 0,2% | 2,2% |
| 1. júní 2000 – 31. desember 2001 | 4,0% | 1,0% | 0,4% | 5,4% |
| 1. janúar 2002 – 31. desember 2003 | 4,0% | 2,0% | 0,4% | 6,4% |
| 1. janúar 2004 – 31. desember 2004 | Lágmark | 1,0% | | 1,0% |
| Frá 1. janúar 2004 | 4,0% | 2,0% | | 6,0% |

Frá 1. janúar 1999 gátu launþegar dregið allt að 2% frá heildarlaunum sínum í lífeyrissparnað og ríkið lækkaði tryggingagjald vegna launþegans um 10% af framlaginu eða að hámarki 0,2% af launum. Heildarsparnaður gat því numið 2,2% (2% + 0,2%).

Með almennum kjarasamningum í maí 2000 var samið um að mótframlag launagreiðandans skyldi vera 1% af launum og frá sama tíma eða 1. júní 2000 var rétthöfum heimilt að hækka framlag sitt úr 2% í 4%. Með sama hætti hækkaði þá framlag ríkisins í 0,4%. Heildarsparnaður gat því numið 5,4% (4% + 0,4% + 1%).

Í ársbyrjun 2002 var svo framlag launagreiðandans hækkað með kjarasamningum úr 1% í 2%. Heildarsparnaður frá 1. janúar 2002 var því 6,4% (4% + 0,4% + 2%). Frá og með 1. janúar 2004 féll framlag ríkisins (lækkun tryggingagjalds) niður (allt að 0,4%). Frá 1. janúar 2004 hefur hámarkssparnaðurinn því numið 6% af launum (4% + 2%).

Allir launþegar, sem ekki höfðu lagt fram neinn viðbótarlífeyrissparnað fengu samt sem áður 1% framlag frá vinnuveitanda frá 1. júlí 2002 til 31. desember 2004, samkvæmt viðbótarákvæði og bókun í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

**Fjármagnstekjur og launatekjur.**

Fjármagnstekjur eru tekjur af fjármagni, t.d. vextir og verðbætur af bankainnistæðum, vextir og verðbætur og söluhagnaður af skuldabréfum, arður og söluhagnaður af hlutafé og leigutekjur og söluhagnaður af fasteignum. Litið er á helming fjármagnstekna sem raunverulegar tekjur þegar bætur eru skertar vegna tekna. Rökin fyrir þessu eru þekkt en vegna þeirra er fjármagnstekjuskattur 10% en ekki rúm 20% sem er meðalhlutfall tekjuskatts einstaklinga. Þessi rök eru: Vextir eru að hluta til verðbætur sem ekki eru tekjur. Nú um stundir er verðbólga 7% og því gefa t.d. 8,4% nafnvextir í raun aðeins 1,4% ávöxtun sem raunverulegar tekjur eða helming. Lægri nafnvextir gefa því enn lægra hlutfall sem raunverulegar tekjur. Ef nafnvextir eru undir 7% er um tap að ræða. Arður og söluhagnaður af hlutabréfum er bundinn áhættu af sölutapi, hallarekstri og áhættu af gjaldþrotum og því aðeins að hluta til raunverulegar tekjur. Á móti húsaleigutekjum kemur viðhald, skattar og annar kostnaður af húsnæði, sem og áhætta hvað varðar verðmæti fasteigna. Sama er að segja um söluhagnað.

Til mikillar einföldunar eru fjármagnstekjur skattlagðar án frádráttarliða. Auðvitað mætti reikna raunvexti á sparifé og skuldabréf og draga vaxtagjöld frá. Það mætti draga sölutap á hlutabréfum og fasteignum frá arði og leigutekjum og draga kostnað við húsnæði (skatta og viðhald) frá leigutekjum. Ef tap yrði af fjármagni með slíkum aðferðum mætti draga það frá launatekjum. Ef þessi leið yrði farin mætti skattleggja fjármagnstekjur eins og launatekjur en sú skoðun var ríkjandi þegar skattur á fjármagnstekjur var tekinn upp og samræmdur að tekjur ríkissjóðs yrðu minni ef það yrði gert og jafnvel engar og allt umstang yrði miklu meira.

Fjármagnstekjur sem hafa safnast upp á mörgum árum og sem fást greiddar og færðar á einu ári, t.d. við sölu á spariskírteini eða hlutabréfi eftir að eigandinn er kominn á lífeyri, geta skert lífeyri á mjög ósanngjarnan hátt samkvæmt gildandi lögum þó að eingöngu sé um helming þeirra að ræða. Sama getur átt við um séreignarsparnað. Á því er tekið í frumvarpi þessu.

**Fjármagnstekjuskattur á lífeyrisgreiðslur?**

Sú umræða hefur skotið upp kollinum öðru hverju að þann hluta lífeyris úr lífeyrissjóði sem er uppsafnaðar fjármagnstekjur ætti að skattleggja sem fjármagnstekjur með 10% skatti en upphaflegt iðgjald, 4% + 6%, sem naut yfirleitt skattfrelsis ætti að skattleggja sem tekjur. Þessu má andmæla með eftirfarandi dæmi. Til einföldunar er gert ráð fyrir að skattprósentan sé 40% allan tímann. Tveir einstaklingar, A og B, hafa hvor um sig 1000 kr. í tekjur umfram skattleysismörk. A ákveður að greiða skatta af upphæðinni, 400 kr., og leggja restina, 600 kr., fyrir í banka. B ákveður hins vegar að greiða 1000 kr. sem iðgjald i lífeyrissjóð og greiðir ekki skatt af þeirri upphæð að sinni. Gefum okkur að bankinn og lífeyrissjóðurinn nái nákvæmlega sömu ávöxtun á féð. Þá á A alltaf 60% af þeirri upphæð sem B á. Eftir mörg ár ákveða báðir að nota sparnaðinn til framfærslu. Þá fær A 60% af þeirri upphæð sem B fær. B er nefnilega búinn að fá vexti og vaxtavexti á skattinn, 400 kr., sem hann greiddi ekki og hafði í ávöxtun allan tímann. Þess vegna er eðlilegt að hann greiði 40% skatt af allri greiðslunni til að vera jafnsettur A.

Þar sem lífeyrissjóðir greiða ekki fjármagnstekjuskatt né hafa þeir greitt eignarskatt, þá er B í reynd töluvert betur settur en A sem varð að greiða 10% fjármagnstekjuskatt af sparnaði sínum og hugsanlega eignarskatt. Ef fjármagnstekjur eru ⅔ hlutar lífeyrisgreiðslna, eins og haldið hefur verið fram, þá þýðir skattfrelsi fjármagns lífeyrissjóðanna að lífeyririnn er að minnsta kosti 7% hærri hjá B eftir tekjuskatt en sambærilegur sparnaður hjá A. Varðandi skattfrelsi iðgjalda má nefna að 6% iðgjald atvinnurekenda hefur notið skattfrelsis alla tíð en 4% iðgjald launþega var ekki sérgreint skattfrjálst eftir að staðgreiðslan var tekin upp 1988. Átti hár persónuafsláttur í upphafi að ná meðal annars yfir iðgjöld í lífeyrissjóð. Skattfrelsi iðgjalda var svo aftur innleitt í þrepum á árunum 1995 og 1997. 4% iðgjaldið var því skattfrjálst fyrir 1988 og frá og með 1998. Ef menn gefa sér að greidd hafi verið 4% + 6% af sömu launum í 30 ár í lífeyrissjóð og þetta tímabil er inni í iðgjaldagreiðslutímanum eru um 11% sparnaðarins skattlögð og þannig er upphæðin í versta falli 4,5% of lág vegna tvísköttunar.

**Tekjur sem skerða bætur Tryggingastofnun – ellilífeyrisaldur.**

Þegar litið er á þær tekjur sem skerða bætur Tryggingastofnunar er athyglisvert að ekki er litið á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, húsaleigubætur og aðrar bætur frá Tryggingastofnun sem tekjur. Þessar opinberu bætur eru þó tekjur heimilisins nákvæmlega eins og tekjur sem fást t.d. með því að skúra. Áður var minnst á að lífeyrir frá lífeyrissjóðum skerðir ekki grunnlífeyri. Svo skerða einungis 60% tekna öryrkja tekjutryggingu en allar tekjur ellilífeyrisþega. Það væri þarft að taka upp umræðu um hvernig háttað skuli skerðingum á bótum og hvort ekki megi slaka á skerðingum vegna atvinnutekna aldraðra eða hækka ellilífeyrismörkin umtalsvert, t.d. í 75 ára eða 80 ára, fyrir þá sem vilja vinna lengur gegn sambærilegri hækkun bóta. Eldra fólk er mun sprækara núna og lifir miklu lengur en þegar 67 ára mörkin voru ákveðin fyrir 50 árum og þjóðfélagið getur vel nýtt sér og á að nýta sér verðmæta reynslu þessa fólks. Svo er vinnan sem betur fer ekki lengur sú kvöð á fólki sem hún var oft áður fyrr og gefur fólki jafnvel mjög mikla lífsfyllingu.

# 639. Nefndarálit [419. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Lilju Sturludóttur frá fjármálaráðuneyti.

Helstu breytingarnar sem felast í frumvarpinu eru að lengja það tímabil úr einum mánuði í tólf sem nota má ökutæki á erlendum eða sérstökum skráningarnúmerum hér á landi án þess að greiða aðflutningsgjöld. Er um að ræða frestun á greiðslu aðflutningsgjalda til innflytjanda eða kaupanda bifreiðar sem hefur eða hefur haft fasta búsetu erlendis og hyggst dveljast hér á landi tímabundið og nota bifreiðina í eigin þágu. Það er gert að skilyrði að bifreiðin sé flutt til landsins eða keypt ný og óskráð hér á landi innan mánaðar frá því að viðkomandi kom til landsins fyrst. Rétt er að ítreka að þessi heimild gildir einungis um þá sem koma hingað til tímabundinnar dvalar en reglurnar eiga ekki við um þá sem hingað koma til varanlegrar búsetu.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru tilkomnar vegna ábendinga Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Hefur ESA bent á að óheimilt sé að binda tímabundinn innflutning á fyrirtækjabifreiðum því skilyrði að hluti aðflutningsgjalda sé greiddur eins og gert sé í gildandi lögum. Þrátt fyrir að tilmæli ESA taki aðeins til fyrirtækjabifreiða er gert ráð fyrir að 2. gr. frumvarpsins eigi við um bifreiðar eins og þær eru skilgreindar í umferðarlögum. Einnig hefur ESA bent á að þeir sem hingað komi til starfa tímabundið eða í leit að atvinnu skuli eiga þess kost að hafa bifreið til eigin nota meðferðis í hæfilegan tíma án greiðslu aðflutningsgjalda og að þau formskilyrði tollalaga sem lúta að útgáfu leyfa til tímabundins innflutnings ökutækja fari í bága við meginreglur EES-samningsins um þjónustustarfsemi.

Í frumvarpinu er einnig að finna aðrar breytingar á tollalögum. Má þar nefna að tollstjóri í Reykjavík veiti starfsleyfi til tollmiðlunar en samkvæmt gildandi reglum fer ráðherra með það vald. Einnig er um að ræða breyttar tilvísanir 176. gr. í XXII. kafla laganna sem fjallar um refsiábyrgð, viðurlög og málsmeðferð.

Nefndin telur að eftirlit með slíkum undanþágum eins og hér er kveðið á um verði skilvirkt. Hér getur verið um talsverðar fjárhæðir þótt það sé mismunandi eftir verði og vélarstærð bifreiðar. Sé tekið dæmi um bifreið í hærri vörugjaldflokki að andvirði 2 millj. kr. geta aðflutningsgjöld numið rúmlega 1,6 millj. kr.

Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 8. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Þórarinn E. Sveinsson. | Þórdís Sigurðardóttir. |
| Ágúst Ólafur Ágústsson. | Ásta Möller. | Sæunn Stefánsdóttir. |

Ögmundur Jónasson.

# 640. Nefndarálit [408. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Veturliða Þór Stefánsson frá utanríkisráðuneyti, Árna Sigfússon bæjarstjóra Reykjanesbæjar, Sigurð Val Ásbjörnsson, bæjarstjóra Sandgerðisbæjar, Oddnýju Harðardóttur bæjarstjóra í Garði, Magnús Gunnarsson, formann stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., og Kjartan Þór Eiríksson framkvæmdastjóra Þróunarfélagsins. Sameiginlegt erindi um málið barst frá bæjarstjórum Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar og Garðs, auk þess sem nefndinni barst tilkynning frá Sandgerðisbæ.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að taka af öll tvímæli um réttarstöðu á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar samnings um skil Bandaríkjanna á svæðinu til íslenskra stjórnvalda. Mælt er fyrir um óbreytta stjórnsýslu fyrst um sinn en síðan er gert ráð fyrir að svæðinu verði í áföngum komið í önnur not. Þannig er gert ráð fyrir að varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli verði til bráðabirgða skipt í þrjú mismunandi svæði, þ.e. flugvallarsvæði, öryggissvæði og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. Félagið, sem er alfarið í eigu íslenska ríkisins, fær samkvæmt ákvæðum frumvarpsins heimild til að annast í umboði ríkisins umsýslu fasteigna á svæði sem koma á hið fyrsta í arðbær borgaraleg not.

Nefndin bendir á að í 61. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, er að finna ákvæði um skipulags- og byggingarmál á auglýstum varnarsvæðum. Þar segir að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn þessara mála og skipi skipulags- og byggingarnefnd sem skuli í starfi sínu hafa náið samráð við Skipulagsstofnun og sveitarfélög sem hlut geta átt að máli, svo sem á Suðurnesjum. Nefndin telur eðlilegt að þegar auglýst verður að varnarsvæðið í heild eða að hluta hafi verið tekið til annarra nota, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, verði litið til sameiginlegrar nýskipaðrar byggingar- og skipulagsnefndar sveitarfélaganna þriggja á svæðinu, þ.e. Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar og Garðs.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem eingöngu eru til þess fallnar að gera orðalag og tilvísanir til flugvallar-, öryggis- og starfssvæða skýrari.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ágúst Ólafur Ágústsson og Björgvin G. Sigurðsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og stendur ekki að áliti þessu.

Guðrún Ögmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson og Þórdís Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, varaform., frsm. | Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara. | Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara. |
| Birgir Ármannsson. | Kjartan Ólafsson. | Sigurður Kári Kristjánsson. |

## 641. Breytingartillögur [408. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „svæði í umsýslu“ í síðari málsl. 1. mgr. komi: starfssvæði.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „á svæði B“ í 3. mgr. komi: á öryggissvæði.
3. Við 2. mgr. 4. gr.
   a. Í stað orðanna „á svæði A“ komi: á flugvallarsvæði.
   b. Í stað orðanna „svæða A og C“ komi: flugvallarsvæðis og starfssvæðis.
4. Heiti fylgiskjals verði: **Ytri mörk og skipulag varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli.**

## 642. Skýrsla [463. mál]

forsætisráðherra um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktaði 16. mars 2004 að fela ríkisstjórninni að vinna framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Forsætisráðuneytið fól iðnaðarráðuneyti framkvæmd þingsályktunarinnar og hefur Impra, nýsköpunarmiðstöð Iðntæknistofnunar Íslands, tekið saman skýrslu um efnið.

**Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.**

Á vormánuðum 1999 hóf þverfagleg þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki starfsemi undir heitinu Impra. Þjónustumiðstöðin var fyrst um sinn rekin sem þróunarverkefni á vegum Iðntæknistofnunar og iðnaðarráðuneytis en starfsemi nýsköpunarmiðstöðvar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki hefur nú verið bundin í lög nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Verkefni Impru nýsköpunarmiðstöðvar hverfast um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og starfsemin hefur það að markmiði að auðvelda mönnum að hefja atvinnurekstur, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hlutverk nýsköpunarmiðstöðvarinnar er að vinna að nýsköpun og tækniþróun í samræmi við lög um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins og áherslur Vísinda- og tækniráðs á hverjum tíma.

Í þessu felst meðal annars að:

a. eiga frumkvæði að samstarfi þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi nýsköpunar fyrir atvinnulífið,
b. móta sértæk stuðningsverkefni sem stuðla að bættum rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja og framgangi nýrra viðskiptahugmynda sem spretta af hugkvæmni einstaklinga eða rannsóknum og þróunarstarfi háskóla, stofnana og fyrirtækja,

c. starfrækja frumkvöðlasetur til að styðja framgang nýrra hugmynda í samræmi við reglur sem iðnaðarráðherra samþykkir,
d. annast miðlun hvers konar hagnýtrar þekkingar um stofnun og rekstur fyrirtækja,
e. vera tengiliður við þá sem stunda grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir er leitt geta til nýsköpunar í atvinnulífinu,
f. miðla þekkingu um innlendar og erlendar tækninýjungar og aðgerðir sem auka framleiðni,
g. beita sér fyrir hagnýtingu vísindalegrar þekkingar,
h. aðstoða við öflun framtaksfjármagns til verkefna sem stuðla að nýsköpun og aukinni verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi,
i. eiga aðild að sprotafyrirtækjum sem stofnunin hefur tekið þátt í að þróa,
j. annast samstarf við innlendar og erlendar stofnanir sem gegna sambærilegu hlutverki vegna samstarfsverkefna og miðlunar þekkingar í samræmi við markmið 1. gr.,
k. sinna öðrum verkefnum sem iðnaðarráðherra felur henni.

Í tilefni af þingsályktun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, sem samþykkt var á Alþingi 16. mars 2004, fól iðnaðarráðherra Impru nýsköpunarmiðstöð að gera sérstaka athugun á eftirfarandi þáttum og eftir atvikum tillögur til úrbóta:

a. kostnaði við að stofna til atvinnurekstrar og aðgangi að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi,
b. aðgangi smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu,
c. kostnaði og aðgangi smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga,
d. aðstöðu smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu,
e. kostnaði og eftir atvikum öðrum hindrunum sem torvelda kynslóðaskipti í smáatvinnurekstri,
f. kostnaði uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar,
g. skattalögum og öðrum þáttum sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja,
h. stöðu smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaði við samskipti við stjórnsýslu og stofnanir,
i. stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja í atvinnurekstri,
j. stöðu frumkvöðla,
k. stöðu uppfinningamanna.

Nýsköpun er forsenda fjölbreytni og sterkrar samkeppnisstöðu í íslensku atvinnulífi. Á Íslandi, eins og annar staðar í Evrópu, eru lítil og meðalstór fyrirtæki uppspretta nýsköpunar og efnahagslegrar endurnýjunar og þau skapa flest ný atvinnutækifæri. Lítil og meðalstór fyrirtæki gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki og eru forsenda byggðaþróunar. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru því afar mikilvæg umhverfi sínu, en þau eru jafnframt afar viðkvæm fyrir breytingum sem kunna að verða í hinu ytra umhverfi. Efnahagslegur stöðugleiki, skilvirk þjónusta og skýrar reglur opinberra aðila eru enn mikilvægari fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, en þau sem stærri eru. Afar mikilvægt er að frumkvöðlar og lítil og meðalstór fyrirtæki hafi greiðan aðgang að faglegum stuðningi, hvatningu og aðstoð.

Hlutverk Impru nýsköpunarmiðstöðvar er að eiga frumkvæði að samstarfi þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi nýsköpunar fyrir atvinnulífið, sbr. lög um opinberan stuðning við

tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Impra er miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki og framvörður nýsköpunar á landinu öllu. Þar hafa frumkvöðlar og stjórnendur fyrirtækja aðgang að fjölbreyttri þjónustu og stuðningsverkefnum sem hafa það markmið að hvetja til nýsköpunar og nýrra viðskiptahugmynda. Þessi áhersla í starfsemi Impru byggist á þeirri skoðun að nýsköpun sé forsenda fjölbreytni og sterkrar samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Á Íslandi, eins og annars staðar í Evrópu, eru lítil og meðalstór fyrirtæki uppspretta nýsköpunar og efnahagslegrar endurnýjunar og þau skapa flest ný störf. Því er afar mikilvægt að frumkvöðlar og lítil og meðalstór fyrirtæki hafi greiðan aðgang að faglegum stuðningi, hvatningu og aðstoð. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru viðkvæm fyrir breytingum í ytra umhverfi sínu og er efnahagslegur stöðugleiki, skilvirk þjónusta og skýrar reglur, t.d. opinberra eftirlitsaðila, enn mikilvægari fyrir þau en þau sem stærri eru.

Starfsstöðvar Impru eru í Reykjavík og á Akureyri, en lögð er áhersla á að fyrirtæki og einstaklingar á landinu öllu hafi greiðan aðgang að þjónustunni sem er að mestu gjaldfrjáls. Árlega eru veitt um 4.000 handleiðsluviðtöl á Impru og um 4.500 styttri fyrirspurnum er svarað. Um 2.000 heimsóknir eru á heimasíðu Impru á viku og því má fullyrða að fjöldi fólks nýti sér þá upplýsingaveitu. Meðal verkefna Impru eru fjöldi ráðgjafar- og stuðningsverkefna á sviði vöruþróunar, reksturs, markaðsmála, framleiðsluferla, klasasamstarfs og ýmissa nýsköpunar- eða úrbótaverkefna. Impra á samstarf við atvinnuþróunarfélög um allt land um verkefni til að efla atvinnulíf og fyrirtæki á starfssvæðum félaganna. Impra aðstoðar fyrirtæki við gerð umsókna um styrki í rannsóknaráætlanir Evrópusambandsins. Einnig vinnur Impra að hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna, tækniyfirfærslu og alþjóðlegu tæknisamstarfi fyrirtækja.

Í þingsályktuninni eru tiltekin ellefu efnisatriði sem gera á grein fyrir og eftir atvikum að nefna tillögur til úrbóta. Flest þessi atriði eru nú þegar á málefnaskrá Impru, m.a. í kjölfar stefnumótandi skjals um sprotafyrirtæki, frumkvöðla og uppfinningamenn sem unnið var af norrænu ráðherranefndinni árið 2001 að frumkvæði Evrópunefndar Norðurlandaráðs[1].

Hér á eftir eru efnisatriðin talin fram í sömu röð og í þingsályktuninni.

**1. Kostnaður við stofnun fyrirtækja og aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi.**

Allar upplýsingar um stofnun fyrirtækja, þjónustuaðila, nauðsynleg leyfi, skráningar og kostnað við stofnun fyrirtækja er að finna á heimasíðu Impru: *www.impra.is*.

Samhengi er á milli þess hve auðvelt er að stofna fyrirtæki og hve mikil nýsköpun, efnahagsleg velsæld og atvinnuþátttaka er meðal þjóða. Niðurstöður könnunar Alþjóðabankans frá árinu 2005[2] sýna m.a. að atvinnuleysi er minna í löndum þar sem auðvelt er að stofna fyrirtæki. Í sömu könnun er Ísland í 12. sæti í heiminum á lista þeirra landa sem búa viðskiptum best skilyrði og verður það að teljast mjög góð staða.

Kostnaður við stofnun fyrirtækja er þríþættur:

1. Undirbúningskostnaður sem fellur til við forvinnu og könnun á viðskiptahugmyndinni.
2. Skráningarkostnaður við formlega skráningu félags.
3. Stofnkostnaður við að hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd.

---

[1] Nordisk Råd Europaudvalg. 2001. Et Nordisk Charter for små innovative virksomehder, iværksættere og selvstændige opfindere.

[2] The International Bank for Reconstruction and Development. 2005. Doing business 2006. The World Bank. Sjá nánar á slóðinni *http://www.doingbusiness.org*.

*1. Undirbúningskostnaður.*

Undirbúningskostnaður er ýmis kostnaður við að kanna hagkvæmni viðskiptahugmyndar. Þar getur verið um að ræða kostnað við gerð viðskiptaáætlunar, markaðsathuganir, mat á hugmyndum, þróunarkostnað o.fl. Undirbúningskostnaður er mjög breytilegur og mjög mismunandi hversu mikla vinnu einstaklingar geta sjálfir lagt af mörkum og hversu mikla ráðgjöf þarf að kaupa. Impra nýsköpunarmiðstöð og atvinnuráðgjafar víða um land veita ókeypis aðstoð og leiðbeiningar við gerð viðskiptaáætlana og aðra undirbúningsvinnu. Nokkrir kostir eru í boði til að standa straum af kostnaði við undirbúningsvinnu. Þar má nefna styrki Átaks til atvinnusköpunar, frumkvöðlastuðning Impru, Smáverkefnasjóð landbúnaðarins, Forverkefnasjóð AVS, Kvennasjóð og forverkefni Tækniþróunarsjóðs.

*2. Skráningarkostnaður.*

Skráningarkostnaður er kostnaður við formlega skráningu félags. Kostnaður vegna undirbúnings skráningar er mismikill eftir því hvað stofnandi getur unnið mikið sjálfur að verkinu. Á vef ríkisskattstjóra *www.rsk.is* eru greinargóðar upplýsingar um allt sem lýtur að skráningu fyrirtækja. Impra nýsköpunarmiðstöð veitir ókeypis leiðbeiningar og handleiðslu við skráningu fyrirtækis. Flest atvinnuþróunarfélög veita hliðstæða þjónustu. Skráningarkostnaður og annar kostnaður við stofnun félags er ekki mikil hindrun fyrir íslensk fyrirtæki og skráningartími er aðeins örfáir dagar. Á heimasíðu Impru eru töflur yfir kostnað við stofnun fyrirtækis og hin ýmsu og ólíku leyfi og gjöld sem koma til vegna stofnunar starfsemi af ýmsu tagi.

*3. Stofnkostnaður.*

Stofnkostnaður er kostnaður sem leggja þarf af mörkum til að starfsemi geti hafist. Stofnkostnaður er afar breytilegur frá einni viðskiptahugmynd til annarrar. Stofnkostnaður er iðulega erfiðasti hjallinn við stofnun fyrirtækis. Stofnun fyrirtækis felur oft í sér fjárhagslega áhættu og allmargir veðsetja eignir eða fá fjölskyldu eða vini til að ganga í ábyrgðir fyrir lánum. Þjónusta lánastofnana er nú fjölbreyttari en áður og fleiri kostir í boði. Bankar lána nú með veði í birgðum og oft er hægt að leigja tæki og búnað og lækka þannig stofnkostnað. Kaupleiga eða fjármunaleiga er einnig kostur sem oft er fyrir hendi. Starfsfólk lánastofnana og kaupleigufyrirtækja, atvinnuráðgjafar og starfsfólk Impru nýsköpunarmiðstöðvar veita ókeypis ráðgjöf og leiðbeiningar um fjármögnun stofnkostnaðar.

**2. Aðgangur smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu.**

Sprotafyrirtæki sem starfa í framlínu nýsköpunar eru öðrum fyrirtækjum hvatning til aukinnar samkeppni og gegna þannig mikilvægu hlutverki við að knýja fram vöxt og nýsköpun í efnahagslífinu. Mikilvægi sprotafyrirtækja er sérstaklega mikið þegar litið er til getu til nýsköpunar og samkeppnishæfni atvinnulífsins til framtíðar. Stjórnvöld hafa því hlutverki að gegna að ryðja úr vegi hindrunum sem standa vexti nýsköpunarfyrirtækja fyrir þrifum. Á hinn bóginn getur fjarvera stjórnvalda viðhaldið markaðsbresti í fjármálakerfinu og komið í veg fyrir fjármögnun arðbærra nýsköpunarverkefna. Erfiðleikar við fjármögnun sprotafyrirtækja hafa verið áberandi í íslenskri umræðu um nýsköpun og frumkvöðlastarf. Í úttekt Háskólans í Reykjavík á fjármálavanda nýrra fyrirtækja á Íslandi kemur fram að aðgengi ís-

lenskra fyrirtækja að bankafjármögnun er gott í samanburði við önnur lönd en að skortur sé á áhættufjármagni[3].

Fæst fyrirtæki eru rekin með væntingar um mikinn vöxt eða nýsköpun. Þó að sprota- og nýsköpunarfyrirtæki séu fjöregg vaxtar í atvinnulífinu er mikilvægt að hafa í huga að þau eru margbreytileg og þarfir þeirra og möguleikar til fjármögnunar eru mjög mismunandi. Flest fyrirtæki eru stofnuð vegna þess að eigendur kjósa það sjálfstæði sem fylgir eigin rekstri og væntingar þeirra eru einna helstar að fyrirtækið reynist ásættanleg tekjulind[4]. Fyrirtæki af þessu tagi eru engu síður ákaflega mikilvæg í atvinnu- og verðmætasköpun. Hlutverk stjórnvalda er fyrst og fremst að tryggja fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum hagstætt rekstrarumhverfi og aðgang að upplýsingum, stuðningi og fjármagni. Starfsemi Impru nýsköpunarmiðstöðvar er liður í að uppfylla það hlutverk.

Arðsemi verkefna ræður ekki alltaf ákvörðunum eigenda. Oft leggja eigendur meiri áherslu á sjálfstæði og eignarhald á viðskiptahugmynd en á arðsemi og vöxt. Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands frá 1999[5] kom fram að 74% svarenda höfðu ekki áhuga á að opna fyrirtækið fyrir utanaðkomandi fjármagni; með öðrum orðum vildu þeir ekki afsala sér eignarhlut eða hugverkaréttindum til þess að geta fjármagnað vöxt fyrirtækisins. Þannig hafa eigendur smáfyrirtækja í raun sjálfir lokað á fjármögnunarmöguleika fyrirtækisins, jafnvel áður en á þá reynir. Leggja þarf áherslu á að styrkja og auka framboð á upplýsingaþjónustu, endurmenntun og ráðgjöf til stofnenda nýrra fyrirtækja til þess að gera þá hæfari til að skapa sér fjölbreyttari möguleika á fjármálamarkaði.

Óhlutbundnar auðlindir eru sífellt mikilvægari þáttur í starfsemi fyrirtækja. Þetta á bæði við um fyrirtæki í hefðbundinni starfsemi og nýsköpunarfyrirtæki. Fjárfestingarkostnaður slíkra fyrirtækja liggur í þróunarvinnu, vöruþróun, markaðsstarfi o.s.frv. Fyrirtæki af þessu tagi rekast gjarnan á hindranir þegar leitað er fjármögnunar þar sem áhersla er lögð á veð í hlutbundnum eignum.

Aðgerðir Impru nýsköpunarmiðstöðvar til stuðnings litlum og meðalstórum fyrirtækjum taka mið af fjölbreytileika þeirra og ólíkum þörfum. Stuðningsaðgerðir beinast að því að bæta starfsumhverfi fyrirtækjanna, greiða aðgang að upplýsingum, fræðslu og faglegum stuðningi og auka þátttöku þeirra í verkefnum sem taka á ákveðnum þáttum í rekstri og fjármögnun. Áfram verður unnið að því með ýmsum hætti að auka þekkingu sprota- og nýsköpunarfyrirtækja á tækifærum til áhættufjármögnunar og auka möguleika þeirra á að sýna fjárfestum fram á viðskiptamöguleika nýsköpunarhugmynda.

Til viðbótar við leiðbeiningarþjónustu Impru um fjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja er rekstur Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknasjóðs og styrking Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins veigamikill liður í aðgerðum stjórnvalda til að auka stuðning við nýsköpun og sprotafyrirtæki. Verkefnið Átak til atvinnusköpunar er stuðningsverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, en markmið þess er að styrkja atvinnuskapandi verkefni og nýsköpun fyrirtækja og einstaklinga. Rannsóknarmiðstöð Íslands veitir fjölbreytta þjónustu sem lýtur að stuðningi við sprota og nýsköpunarfyrirtæki. Í tengslum við byggðaáætlun eru rekin fjölmörg

---

[3] Rögnvaldur J. Sæmundsson et. al. 2004. Úttekt á fjármálavanda nýrra fyrirtækja á Íslandi. Global Entrepreneurship Monitor 2003. Háskólinn í Reykjavík.

[4] Enterprise Britain. A modern approach to meeting the enterprise challenge. 2002. HM Treasury. U.K.

[5] Kristjana Blöndal et al. 1999. Könnun á rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja. Háskóli Íslands. Félagsvísindastofnun.

verkefni sem miða að því að treysta stoðir atvinnulífs og auka sóknarfæri einstakra fyrirtækja og atvinnugreina á landsbyggðinni.

**3. Kostnaður og aðgengi smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga.**

Hvatning og greitt aðgengi að upplýsingum og stuðningi þarf að vera fyrir hendi strax í upphafi þegar hugað er að viðskiptamöguleikum hugmyndar, en einnig á síðari stigum.

Smáfyrirtæki hafa aðgang að ýmiss konar ráðgjöf. Þar má nefna Þekkingarsetur Iðntæknistofnunar, Impru nýsköpunarmiðstöð, atvinnuþróunarfélög víðs vegar um landið, þekkingarsetur á landsbyggðinni og ýmsa sjálfstætt starfandi ráðgjafa og ráðgjafarfyrirtæki.

Þekkingarsetur Iðntæknistofnunar býður reglulega upp á námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja.

Impra nýsköpunarmiðstöð veitir upplýsingar og handleiðslu, án endurgjalds, til stofnenda fyrirtækja og stjórnenda lítilla fyrirtækja um allt land. Þjónustan er í boði á starfsstöðvum Impru í Reykjavík og á Akureyri, auk þess sem sambærileg þjónusta er veitt í gegnum síma og sérstök gagnvirk handleiðsla er á vefsíðu Impru. Starfsmenn Impru ferðast um allt land í tengslum við ýmis stuðningsverkefni og veita þá handleiðslu og leiðbeiningar til frumkvöðla og fyrirtækja. Impra rekur námskeið fyrir frumkvöðla á ýmsum stigum og árlega taka um 100 konur þátt í verkefninu Brautargengi sem er nám fyrir konur sem hyggjast stofna eða reka eigið fyrirtæki í krafti eigin viðskiptahugmyndar. Impra hefur langa reynslu af rekstri ráðgjafaverkefna þar sem fyrirtækjum og einstaklingum er gert kleift að fá utanaðkomandi ráðgjöf til að gera ýmsar umbætur í rekstri.

Frumkvöðlasetur Impru fóstrar fyrirtæki sem vinna að þróun nýsköpunarhugmynda og hjálpar þeim að vaxa fyrstu rekstrarárin. Á Frumkvöðlasetri Impru hafa nú á þriðja tug fyrirtækja haft aðsetur. Frumkvöðlasetur Impru aðstoðar sprotafyrirtæki við öflun framtaksfjármagns m.a. með þátttöku í alþjóðlegum tengslanetum fjárfesta. Frumkvöðlasetur eru einnig rekin á Höfn í Hornafirði og á Akureyri.

Atvinnuþróunarfélög víðs vegar um landið veita ráðgjöf og leiðbeiningar til stofnenda og stjórnenda fyrirtækja. Um er að ræða mjög víðtæka aðstoð sem veitt er án endurgjalds til að byrja með. Við umfangsmeiri verkefni taka Atvinnuþróunarfélögin gjald þegar ákveðinn fjöldi ráðgjafatíma hefur verið veittur án endurgjalds.

Bankar og lánastofnanir veita almenna ráðgjöf um fjármögnun án endurgjalds.

Ráðgjafafyrirtæki víðs vegar um landið bjóða ráðgjöf varðandi stofnun, fjármögnun og rekstur fyrirtækja gegn gjaldi. Flest smáfyrirtæki hafa ekki burði til að kaupa slíka ráðgjöf á fyrstu stigum starfseminnar.

Smáfyrirtæki hafa því almennt greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og ráðgjöf um flest þau málefni sem þau hafa þörf fyrir á vaxtarárum sínum.

**4. Aðstaða smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu.**

Við undirbúning og áætlanagerð hjá frumkvöðlum og litlum fyrirtækjum er markaðssetning sá þáttur sem erfiðast er að áætla, en um leið sá þáttur sem ræður úrslitum um hvernig til tekst. Aðstaða smáatvinnurekstrar til markaðssetningar er breytileg og einnig skiptir máli hver vara eða þjónusta fyrirtækisins er og hvort einungis er verið er að selja vöru innan lands eða hvort um útflutning er að ræða.

Aukin fræðsla um markaðsmál og mikilvægi þeirra er nauðsynleg fyrir stofnendur fyrirtækja og stjórnenda lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Ofmat á íslenska markaðinum eða af-

mörkuðum hlutum hans eru algeng mistök við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Til að fyrirtæki eigi möguleika á að vaxa dugir ekki að horfa á markað í tilteknu sveitarfélagi, heldur verður að horfa til landsins alls og til markaða í öðrum löndum. Hvetja þarf stofnendur fyrirtækja til að huga að útflutningi strax á frumstigi viðskiptahugmynda. Á vegum Impru er í athugun með hvaða hætti megi auka þjónustu í markaðsmálum með það fyrir augum að bæta aðgengi að markaðsráðgjöf fyrir frumkvöðla og smáfyrirtæki á fyrstu stigum starfseminnar. Starfsfólk Impru, Útflutningsráðs og viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins hefur á undanförnum árum skipst á upplýsingum um verkefni sem unnið er að á þessu sviði og unnið er að auknu samstarfi Útflutningsráðs og Impru á sviði upplýsinga- og fræðslu um markaðsmál.

Breytingar og samþjöppun í smásöluverslun gera það að verkum að erfitt getur verið að koma vöru á markað. Ef innkaupastjórar tveggja stærstu verslunarkeðjanna í matvöru vilja ekki taka vöruna í sölu er í mörgum tilvikum ekki öðrum til að dreifa. Kröfur frá smásöluversluninni til markaðsaðgerða og veltuhraða gerir minni fyrirtækjum oft erfitt um vik við að koma nýjum vörum á markað. Markaðssetning er kostnaðarsöm, en almennt eru ekki veittir opinberir styrkir til markaðssetningar, aðeins til markaðsathugana á undirbúningsstigi og við vöruþróun. Þetta leiðir til brests sem veldur því að lengri tími líður frá lokum vöruþróunar þar til vara kemst á markað.

Útflutningsráð veitir víðtæka ráðgjöf og aðstoð við útflutning. Þjónusta Útflutningsráðs skiptist í fimm fagsvið; upplýsingar, ráðgjöf, fræðslu, sýningar og nýja markaði. Útflutningsráð hefur um árabil rekið ráðgjafa- og stuðningsverkefni vegna útrásar fyrirtækja á erlenda markaði. Ráðgjöf og námskeið á vegum Útflutningsráðs er ýmisst veitt án endurgjalds eða gegn gjaldi.

Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins liðsinnir íslenskum útflytjendum á ýmsan hátt, aðstoðar við leit að samstarfsaðilum, könnun á markaðsaðstæðum og skipulagningu heimsókna og vísar íslenskum fyrirtækjum á ný markaðstækifæri.

Impra nýsköpunarmiðstöð veitir almennar leiðbeiningar og handleiðslu við markaðssetningu án endurgjalds og hefur gefið út aðgengilegt fræðsluefni um markaðsrannsóknir. Evrópumiðstöð Impru aðstoðar fyrirtæki við að koma íslenskri tækniþróun á framfæri erlendis. Impra skipuleggur reglulega fyrirtækjaheimsóknir og svokölluð fyrirtækjastefnumót erlendis til þess að koma á samstarfi íslenskra og erlendra fyrirtækja á sviði nýsköpunar og tækniþróunar. Í sama skyni á Impra samstarf við sendiráð Bretlands.

Atvinnuþróunarfélög[6] víðs vegar um landið aðstoða við markaðsmál.

Sjálfstætt starfandi ráðgjafar og ráðgjafafyrirtæki veita fyrirtækjum ráðgjöf á sviði markaðsmála gegn gjaldi.

Af framangreindu má ráða að leiðsögn og ráðgjöf er í boði fyrir smáfyrirtæki til kynningar og markaðssetningar á vöru eða þjónustu. Engu síður er markaðssetningin einn helsti veikleiki nýrra smáfyrirtækja.

## 5. Kostnaður og eftir atvikum aðrar hindranir sem torvelda kynslóðaskipti í atvinnurekstri.

Kynslóðaskipti í atvinnurekstri hefur töluvert vægi í umfjöllun um smáfyrirtæki erlendis, bæði í fræðilegri umfjöllun og meðal stuðningsaðila lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Erlendis

---

[6] Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Þróunarsetur Austurlands, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

bjóða opinberir stuðningsaðilar, bankar og ráðgjafastofur upp á aðstoð við áætlanir um kynslóðaskipti fyrirtækja. Umfjöllun um kynslóðaskipti í atvinnurekstri gengur jafnan út frá því að um fjölskyldufyrirtæki sé að ræða, en getur líka átt við um stjórnendaskipti í fyrirtækjum þar sem fjölskyldutengsl koma ekki við sögu.

Umfjöllun um kynslóðaskipti er hluti af stjórnunar- og viðskiptanámi í háskólum landsins, en lausleg könnun meðal háskólakennara við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík bendir til að vægi þess sé takmarkað, bæði í rannsóknum og kennslu. Könnun á lokaritgerðum BS-, Cand. oecon- og MS-nema í viðskiptafræði við Háskóla Íslands leiddi í ljós að ekkert lokaverkefni hefur fjallað um kynslóðaskipti í atvinnurekstri frá árinu 1997 til 2004.

Spurningar tengdar stjórnun fjölskyldufyrirtækja og kynslóðaskiptum í atvinnurekstri eru engu síður áhugaverðar og í fullu gildi í íslensku samhengi, enda fjöldi fjölskyldufyrirtækja starfandi, bæði stór og smá. Íslenskar skattareglur og erfðalög geta ekki talist verulegar hindranir við kynslóðaskipti í atvinnurekstri. Ástæða er til að bæta þekkingu á sérkennum fjölskyldufyrirtækja og kynslóðaskiptum hjá Impru nýsköpunarmiðstöð og öðrum stuðningsaðilum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þannig að almennt upplýsinga-, handleiðslu- og fræðslustarf geti tekið mið af sérkennum fjölskyldufyrirtækja og vandamálum sem upp kunna að koma við kynslóðaskipti.

Ráðgjafar í fyrirtækjaráðgjöf hafa mismikla reynslu af kynslóðaskiptum í atvinnurekstri sem sérstöku viðfangsefni. Stjórnendaskipti hjá fjölskyldufyrirtækjum gerast með margvíslegum hætti og þar sem nú er orðið auðveldara að kaupa og selja fyrirtæki en áður er ekki sjálfgefið að börn taki við af foreldrum sínum. Endurskipulagning, sala eða upplausn fjölskyldufyrirtækja á það sammerkt að vera oft mjög flókið og erfitt ferli þar sem nánir ættingjar, tilfinningabönd og flókin eignatengsl koma við sögu.

**6. Kostnaður uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar.**

Allar upplýsingar um kostnað varðandi einkaleyfi er að finna á heimasíðu Einkaleyfastofunnar á slóðinni *www.einkaleyfastofan.is*.

Kostnaður vegna einkaleyfa getur verið afar mismunandi eftir eðli verkefna, hvar sótt er um einkaleyfi, hversu mikillar sérfræðivinnu umsóknin krefst, hversu langan tíma umsóknarferli tekur og hversu lengi einkaleyfi er viðhaldið. Mikilvægi hönnunarverndar, þekking á gerð trúnaðar- eða leyndarsamninga og hvers kyns verndun á þekkingu og verðmætum upplýsingum getur verið mikilvægur þáttur í viðskiptaþróun fyrirtækja, án þess að um einkaleyfishæfa hugmynd sé að ræða. Unnið er að því að bæta upplýsingar og faglegan stuðning við fyrirtæki á þessu sviði. Í því skyni hefur verið komið á samstarfi Einkaleyfastofu, Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands og Impru nýsköpunarmiðstöðvar um rekstur Upplýsingasetra um einkaleyfi á Akureyri og í Reykjavík í þeim tilgangi að auka fræðslu og upplýsingagjöf til frumkvöðla og fyrirtækja.

Einkaleyfastofa hefur tekið upp formlegt samstarf við Impru og Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands um stuðningsþjónustu og miðlun upplýsinga um einkaleyfi. Starfsmenn Impru og rannsóknarþjónustunnar gegna aukastarfi hjá Einkaleyfastofu til þess að efla og bæta samstarf þessara aðila. Liður í að bæta þjónustu Impru á sviði hönnunarverndar, trúnaðar- og leyndarsamninga og verndun verðmætra upplýsinga er upplýsingavefur sem birtur verður á heimasíðu Impru snemma árs 2007. Þar verður að finna hagnýtar upplýsingar um einkaleyfi og hönnunarvernd. Markmiðið er að aðstoða frumkvöðla við að vinna að þróun viðskiptahug-

myndar með það að leiðarljósi að einkaleyfishæfi hugmyndar, framsal og/eða hönnunarvernd sé tekið með í áætlanagerð strax í upphafi.

Heildarkostnaði við einkaleyfi má skipta í fimm þætti, og er þá undanskilinn kostnaður sem kann að hljótast af því að verja rétt einkaleyfishafa.

1. Kostnaður við nýnæmisleit. Almennt sjá umsækjendur hag sinn í að framkvæma nýnæmisleit áður en sótt er um einkaleyfi í þeim tilgangi að meta verðmæti, samkeppnisaðstæður og einkaleyfishæfi uppfinningar. Slíkur kostnaður er yfirleitt lítill hluti af heildarkostnaði og ræðst af því hvort umsækjandi fær fagaðila til að sjá um leitina eða leitar sjálfur í gjaldskyldum eða gjaldfrjálsum gagnagrunnum.
2. Kostnaður vegna aðstoðar fagaðila. Almennt leita umsækjendur til fagaðila eftir aðstoð við að semja einkaleyfisumsókn og svara athugasemdum einkaleyfayfirvalda um einkaleyfishæfi uppfinningar auk annarrar þjónustu.
3. Kostnaður hjá einkaleyfisyfirvöldum. Þá er átt við kostnað vegna umsóknar, nýnæmisrannsóknar, alþjóðlegrar forathugunar, útgáfugjalds og fleira sem umsækjandi þarf að greiða yfirvöldum.
4. Kostnaður við þýðingu umsóknar.
5. Kostnaður vegna árgjalda. Umsækjandi þarf að greiða árgjöld til að viðhalda einkaleyfisumsókn og einkaleyfi sem fara stighækkandi eftir árafjölda.

Kostnaður við að sækja um einkaleyfi hér á landi er 34.500 kr. Því til viðbótar eru 1.700 kr. fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10. Þá þarf umsækjandi að greiða útgáfugjald að upphæð 16.000 kr. fyrir fyrstu 40 blaðsíður einkaleyfisins og 700 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram það, verði umsóknin samþykkt sem einkaleyfi. Umsækjandi þarf að greiða árgjald á gildistíma umsóknar og einkaleyfis sem fer stighækkandi eftir árafjölda.

Kostnaður við að sækja um einkaleyfi erlendis er mun hærri. Að hefja svokallaða PCT (Patent Cooperation Treaty) umsókn kostar um 220.000 kr. Efnislegar rannsóknir vegna PCT umsóknar kosta ýmist 84.000 kr. eða 156.000 kr. eftir því hver er framkvæmdaraðili. Kostnaður vegna árlegrar endurnýjunar á PCT umsókn fer hæst upp í 31.000 kr.

Kostnaður við að hefja EPO umsókn (European Patent Office) er 1.730 evrur og kostnaður vegna efnislegra rannsókna er 1.490 evrur. Árlegur endurnýjunarkostnaður fer stighækkandi en fer ekki upp fyrir 1.065 evrur. Algengur umsóknarferill einkaleyfis til EPO er fimm ár en getur farið upp í tíu ár. Umsóknir um bæði PCT og EPO leyfi geta falið í sér fjölda annarra kostnaðarliða og útilokað að gera á því tæmandi úttekt[7]. Þessu til viðbótar gæti þurft að sækja um leyfi í einstökum löndum með tilheyrandi kostnaði.

Kostnaður við aðkeypta vinnu einkaaðila til að útbúa umsókn um einkaleyfi er eðli málsins samkvæmt mishár, en gróft mat sérfræðinga er að yfirleitt sé lágmarkskostnaður við að útbúa umsókn um 500.000 kr.

## 7. Skattalög og aðrir þættir sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja.

Skattalagaumgjörð er í megindráttum sú sama hvað varðar lítil og meðalstór einkahlutafélög og stærri hlutafélög. Hlutfall tekjuskatts er það sama, eða 18%, og bæði greiða jafnhátt tryggingagjald. Einkarekstur margra frumkvöðla og einyrkja er þó rekinn á kennitölu eiganda sem greiðir því hærri skatt, eða 38% eins og aðrir einstaklingar greiða í tekjuskatt.

---

[7] Sjá nánar *http://www.european-patent-office.org/index.en.php* og *http://www.patent.is*.

Með lagabreytingu frá árinu 2002 var einstaklingum gert auðveldara að flytja rekstur af eigin kennitölu yfir í einkahlutafélag án þess að þurfa að greiða skatt af þeirri eignamyndun sem í mörgum tilvikum hafði orðið til í einkarekstrinum. Fjölmargir hafa nýtt sér þennan möguleika á undanförnum árum. Þessi tæplega 20% munur á skattlagningu hefur verulegt gildi í fyrirtækjum frumkvöðla sem þurfa að geta nýtt sem allra mest af hugsanlegum hagnaði til að byggja upp reksturinn. Töluvert meiri kröfur eru gerðar til bókhalds og skattskila einkahlutafélags en einkareksturs og viðtöl við stjórnendur minnstu fyrirtækjanna sýna að stór hluti skattalegs ávinnings getur farið í aukinn kostnað við bókhald og endurskoðun.

Endurgreiðsla þróunarkostnaðar til fyrirtækja sem vinna að þróun á vörum eða þjónustu er möguleg. Meðal stjórnenda smáfyrirtækja sem vinna að þróun, en hafa takmarkaðar eða litlar tekjur, hefur komið fram sú skoðun að ekki liggi fyrir nógu greinargóðar reglur um endurgreiðslu innskatts af þróunarkostnaði. Ef þróunarvinna stendur í langan tíma kemur fyrir að skattayfirvöld hafna endurgreiðslu virðisaukaskatts og gera kröfu um að fyrri endurgreiðslur séu endurgreiddar. Fram hefur komið að frumkvöðlar eru margir hverjir ósáttir við að þurfa að endurgreiða innskatt af þróunarstarfi ef þróunin leiðir ekki til söluhæfrar vöru og þar með sölu. Frumkvöðlar hafa einnig bent á að hækka mætti viðmiðunarmörk virðisaukaskatts við sölu þannig að þróunarfyrirtæki gæti selt allt að 1 milljón kr. árlega án þess að innheimta virðisaukaskatt af sölu. Á árinu 2006 breyttust aðstæður nokkuð hvað þetta varðar þar sem svokölluð fyrirframskráning á grunnskrá virðisaukaskatts getur nú verið til 12 ára og lágmarksfjárhæð án þess að innheimta virðisaukaskatt var hækkuð úr kr. 220.000 kr. í 500.000 kr. á ári.

**8. Staða smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaði við samskipti við stjórnsýslu og stofnanir.**

Skilvirkt laga- og reglugerðaumhverfi er nauðsynlegt í opnu og siðmenntuðu samfélagi. Markmiðið er að koma í veg fyrir fyrir markaðsbresti, stuðla að jafnræði, eðlilegri samkeppni og að tryggja velferð og öryggi almennings. Lög, reglur og eftirlit hins opinbera skapa fyrirtækjum ramma sem eru m.a. forsenda eðlilegra viðskiptahátta, samkeppni og vinnuöryggis og er þeim einnig ætlað að verja hagsmuni neytenda. Ónauðsynlegar og óskýrar reglur geta komið í veg fyrir eðlilega samkeppni og tafið nýsköpun og frumkvöðlastarf. Alþjóðlegar rannsóknir sýna að færri fyrirtæki eru stofnuð í löndum þar sem reglubyrði er mikil og stjórnsýsla flókin. Í löndum þar sem auðvelt er að stofna fyrirtæki er atvinnuleysi minna en þar sem erfitt er að stofna fyrirtæki. Fylgni er einnig með mikilli reglubyrði og minni framleiðni[8]. Samkvæmt alþjóðlegum könnunum hefur skilvirkni og gagnsæi íslenskrar stjórnsýslu mælst mikil og viðskiptahindranir lágar[9]. Stofnun og skráning nýs fyrirtækis er einnig fljótleg, einföld og ódýr á Íslandi miðað við önnur lönd.

Auðvelda má smáfyrirtækjum að halda utan um ýmiss konar eftirlitsskyldar upplýsingar. Framkvæmd rafrænna skattskila eru góð fyrirmynd að notkun upplýsingatækni til að einfalda starfsumhverfi fyrirtækjanna.

---

[8] Enterprise Britain: A modern approach to meeting the enterprise challenge. 2002. HM Treasury. U.K. pp: 38-39. Sjá líka The International Bank for Reconstruction and Development. 2005. Doing buiness 2006. The World Bank á slóðinni: *http://www.doingbusiness.org.*

[9] Schwab K, et. al. 2004. The Global Competitiveness Report 2003–2004. Word Economic Forum. Sviss. Sjá líka The International Bank for Reconstruction and Development op.cit 2005.

Á heimasíðu Impru er að finna allar upplýsingar um stofnun og rekstur fyrirtækja, svo sem upplýsingar um öll nauðsynleg leyfi, reglugerðir o.s.frv., í hverri atvinnugrein. Þar er einnig að finna gagnagrunn með upplýsingum um alla þjónustuaðila sem leita þarf til við stofnun fyrirtækis, auk upplýsinga um úrræði og stuðning sem stendur litlum og meðalstórum fyrirtækjum til boða. Unnið verður að því að bæta þessa þjónustu enn frekar. Meðal annars þarf að skoða hvernig auðvelda megi smáfyrirtækjum að halda utan um ýmiss konar eftirlitsskyldar upplýsingar.

Í stefnuræðu sinni á haustþingi 2005 skýrði forsætisráðherra frá þeirri ákvörðun sinni að láta hefja vinnu sem miðar að því að einfalda stjórnsýsluna og gera hana markvissari og meira í takt við tímann. Ríkisstjórnin hefur af þessu tilefni ákveðið að hrinda af stað sérstöku átaki um *Einfaldara Ísland.* Gert er ráð fyrir að hvert ráðuneyti fari yfir lög og reglur, sem undir það heyra, með það fyrir augum að einfalda regluverkið, minnka skriffinnsku og auka skilvirkni enn frekar.

Þá er rétt að nefna að ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur er starfandi á vegum forsætisráðuneytis[10]. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn og er ætlað að vinna að framgangi laga um opinberar eftirlitsreglur og auka þannig hagkvæmni og skilvirkni í opinberu eftirliti. Þá hafa Samtök atvinnulífsins verið sá sjálfstæði hagsmunaaðili sem mest hefur látið sig varða áhrif reglubyrði á íslenskt atvinnulíf. Á vegum samtakanna hafa verið gefnar út tvær skýrslur í samráði við fyrirtæki og aðra aðila, svo sem stjórnsýslu og háskóla[11]. Samtökin koma þar fram með ítarlegar tillögur sem varða hagsmunaaðila samtakanna og einstakar starfsgreinar.

### 9.–11. Staða sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja, frumkvöðla og uppfinningamanna í atvinnurekstri.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar, frumkvöðlar og uppfinningamenn eru einn stærsti viðskiptahópur Impru. Einstakir aðilar eru allt í senn, uppfinningamenn, frumkvöðlar, einyrkjar og sjálfstætt starfandi einstaklingar, en aðra er auðvelt að skilgreina í fleiri en einn af framangreindum hópum. Staða þessara hópa er um margt lík og því verður fjallað um þá sameiginlega.

Á frumkvöðlaþingi sem haldið var af Impru nýsköpunarmiðstöð árið 2004 lýstu fulltrúar þessara hópa stöðu þeirra og komu með ábendingar um úrbætur. Fjárhagsstaða þessara aðila er yfirleitt mjög þröng og skortur á fjármagni algengt vandamál. Oft þurfa uppfinningamenn og frumkvöðlar að vinna fulla vinnu jafnframt því að vinna að viðskiptahugmynd sinni. Langur þróunartími getur svo leitt til þess að hugmynd er orðin úrelt þegar hún loks kemst á markað. Þeir styrkir sem í boði eru gera í flestum tilvikum ráð fyrir jafnháu framlagi frá umsækjanda sem getur þýtt að þessir fjármunir renna til kaupa á utanaðkomandi aðstoð og ráðgjöf, en ekki til að greiða hluta af framlagi umsækjanda. Margir uppfinningamenn og frumkvöðlar hafa það ekki að markmiði að stofna fyrirtæki í kringum verkefni sín, heldur kjósa að koma þeim í verð hjá fyrirtækjum eða fjárfestum, hérlendis eða erlendis. Kvartað hefur verið yfir litlum áhuga fjárfesta og að fjárfestar verðleggi hugmyndirnar lágt. Stuðningsaðgerðir sem staðið hefur verið fyrir til að koma á tengslum milli fjárfesta og fyrirtækja, t.d. á vegum Seed Forum International sem er samstarfsverkefni nokkurra stuðningsaðila at-

---

[10] Sjá nánar: *http://www.forsaetisraduneyti.is/raduneyti/verkefni/Opinb_eftirlitsreglur/.*

[11] Samtök atvinnulífsins. 2004. Bætum lífskjörin – Skýrsla um leiðir til lífskjarabóta með kerfisumbótum. og Eftirlit með atvinnustarfsemi – tillögur til úrbóta. Ritstj. Gústaf Adólf Skúlason.

vinnulífsins, henta ekki einyrkjum og uppfinningamönnum sem starfa einir. Því þarf að huga að öðrum leiðum til þess að koma til móts við þessa hópa. Uppfinningamenn og hluti frumkvöðla starfa oft á tíðum einir og geta átt það á hættu að einangrast með verkefnum sínum.

Sjálfstætt starfandi einstaklingum, einyrkjum, frumkvöðlum og uppfinningamönnum stendur til boða ýmis þjónusta, bæði á vegum Impru nýsköpunarmiðstöðvar og annarra stuðningsaðila atvinnulífsins. Þeir leita eftir upplýsingum og aðstoð frá Impru í sívaxandi mæli, síst þó sá hópur sem skilgreinir sig sem uppfinningamenn. Sífellt er tilefni til að fylgjast vel með málefnum þessara hópa og greina stöðu þeirra og þarfir. Á vegum Impru nýsköpunarmiðstöðvar er m.a. unnið að vefútgáfu á stuðningsefni sem sérstaklega er ætlað frumkvöðlum og uppfinningamönnum undir vinnuheitinu „Framkvæmdaáætlun fyrir frumkvöðla“. Áfram þarf að vinna að því að veita þessum hópum upplýsingar sem miðar sérstaklega að þeirra þörfum og vinna markvisst að því að rjúfa einangrun þeirra og auðvelda þeim að nýta þá þjónustu sem í boði er.

## 643. Frumvarp til laga [464. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna kemur kaflafyrirsögn er orðast svo: I. kafli, **Ríkisborgararéttur við fæðingu o.fl.**

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Gangi foreldrar barnsins í hjúskap öðlast barnið íslenskan ríkisborgararétt við hjúskapinn ef það hefur eigi gengið í hjúskap og er eigi fullra 18 ára.

3. gr.

5. gr. a laganna fellur brott.

4. gr.

Á undan 6. gr. laganna kemur kaflafyrirsögn er orðast svo: II. kafli, **Veiting ríkisborgararéttar með lögum.**

5. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Veiting ríkisborgararéttar með stjórnvaldsákvörðun,** með fimm nýjum greinum er orðast svo, og breytist greinatala annarra greina laganna samkvæmt því:

a. (7. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. er dómsmálaráðherra heimilt, að fenginni umsögn lögreglu og Útlendingastofnunar, að veita íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt umsókn sem borin er fram

af umsækjanda sjálfum eða forsjármönnum hans hafi hann ekki náð 18 ára aldri, enda fullnægi hann skilyrðum 8. og 9. gr.

Heimild dómsmálaráðherra samkvæmt ákvæðum þessa kafla er bundin við þau mál þar sem vafalaust er að umsækjandi uppfylli lögmælt skilyrði. Er dómsmálaráðherra þó ávallt heimilt að vísa umsókn um ríkisborgararétt til ákvörðunar Alþingis sem eftir atvikum veitir umsækjanda ríkisborgararétt með lögum.

Ákvarðanir skv. 2. mgr. eru undanþegnar III.–V. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalögum, nr. 50/1996.

b. (8. gr.)

Um veitingu íslensks ríkisborgararéttar skv. 1. mgr. 7. gr. gilda eftirtalin búsetuskilyrði:

1. Umsækjandi hafi verið hér búsettur í sjö ár; ríkisborgari í einhverju Norðurlandanna þó einungis í fjögur ár.
2. Umsækjandi, sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara, hafi verið hér búsettur í þrjú ár frá giftingu eða stofnun staðfestrar samvistar, enda hafi hinn íslenski maki haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
3. Umsækjandi, sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift, hafi verið hér búsettur í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
4. Umsækjandi, sem á íslenskan ríkisborgara að öðru foreldri, hafi verið hér búsettur í tvö ár, enda hafi hið íslenska foreldri haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
5. Umsækjandi, sem verið hefur íslenskur ríkisborgari en hefur gerst erlendur ríkisborgari, hafi verið hér búsettur í eitt ár.
6. Flóttamaður, sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna sem gerður var 28. júlí 1951, hafi verið hér búsettur sem slíkur í fimm ár.

Skilyrði 1. mgr. miðast við fasta búsetu og lögheimili og samfellda, löglega dvöl hér á landi síðustu ár áður en umsókn er lögð fram. Heimilt er að víkja frá því skilyrði þótt dvöl umsækjanda hér hafi verið rofin allt að einu ári vegna tímabundinnar atvinnu eða af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna veikinda nákomins ættingja, en þó allt að þremur árum vegna náms erlendis. Sá tími, sem umsækjandi hefur átt hér lögheimili og dvöl, verður þó að vera að minnsta kosti jafnlangur þeim tíma sem hann verður samkvæmt áðurgreindum reglum að uppfylla.

Umsækjandi skal uppfylla skilyrði þess að fá búsetuleyfi útgefið af Útlendingastofnun. Umsækjandi skal jafnframt hafa slíkt leyfi þegar sótt er um íslenskan ríkisborgararétt nema hann sé undanþeginn skyldu til að hafa dvalarleyfi hér á landi.

c. (9. gr.)

Um veitingu íslensks ríkisborgararéttar skv. 1. mgr. 7. gr. gilda að öðru leyti eftirtalin skilyrði:

1. Umsækjandi hafi sannað með fullnægjandi hætti hver hann sé.
2. Umsækjandi sé starfhæfur og vel kynntur og leggi m.a. því til staðfestingar fram álit tveggja valinkunnra íslenskra ríkisborgara.
3. Umsækjandi hafi staðist próf í íslensku samkvæmt kröfum sem dómsmálaráðherra setur í reglugerð. Í reglugerð skal jafnframt mælt fyrir um undanþágur frá þessu skilyrði fyrir þá sem telja verður ósanngjarnt að gera þessa kröfu til.

4. Árangurslaust fjárnám hafi ekki verið gert hjá umsækjanda sl. þrjú ár, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann í vanskilum með skattgreiðslur.
5. Umsækjandi geti framfleytt sér hérlendis og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi sl. þrjú ár. Er umsækjanda skylt að sýna fram á að hann hafi framfært sig með löglegum hætti hér á landi og er dómsmálaráðuneytinu heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum því til staðfestingar.
6. Umsækjandi hafi ekki, hérlendis eða erlendis, sætt sektum eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi samkvæmt íslenskum lögum. Frá þessu má þó víkja að liðnum fresti sem hér greinir, enda sé ekki um að ræða endurtekin brot:
   a. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnu einu ári frá því að brot var framið sem sætti sekt lægri en 50.000 kr.
   b. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum þremur árum frá því að brot var framið sem sætti sekt að fjárhæð 50.000 kr. eða hærri.
   c. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum sex árum frá því að fangelsisrefsing í allt að 60 daga var afplánuð.
   d. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum átta árum frá því að fangelsisrefsing í allt að sex mánuði var afplánuð.
   e. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum tíu árum frá því að fangelsisrefsing í allt að eitt ár var afplánuð.
   f. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum 14 árum frá því að lengri fangelsisrefsing en eitt ár var afplánuð. Hið sama gildir um öryggisgæslu.

   Þegar talið er að refsing sé úttekin með gæsluvarðhaldi, eða hún skilorðsbundin að öllu leyti, reiknast tíminn samkvæmt þessum tölulið frá því að viðkomandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldi eða skilorðsdómur kveðinn upp. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum þremur árum frá því að ákvörðun um skilorðsbundna ákærufrestun var tilkynnt.

   Nú hefur ákvörðun um refsingu verið frestað skilorðsbundið og skal þá eftir atvikum miðað við skilyrði þau sem greinir í c–f liðum þessa töluliðar.

d. (10. gr.)

Dómsmálaráðherra er einnig heimilt að veita íslenskan ríkisborgararétt barni sem fætt er hér á landi og hefur sannanlega ekki öðlast annan ríkisborgararétt við fæðingu og hefur ekki öðlast hann né átt rétt til að öðlast hann þegar umsókn um ríkisborgararétt er borin fram. Barnið skal hafa átt lögheimili og samfellda dvöl hér á landi frá fæðingu í að minnsta kosti þrjú ár.

Um börn þeirra sem fá ríkisborgararétt samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði 5. gr., nema öðruvísi sé ákveðið.

e. (11. gr.)

Hafi umsækjandi, sem veittur hefur verið íslenskur ríkisborgararéttur, gefið yfirvöldum rangar upplýsingar, sem til grundvallar lágu við ákvörðun um ríkisborgararétt, er dómsmálaráðherra heimilt að svipta viðkomandi umsækjanda ríkisborgararétti, enda verði hann ekki við það ríkisfangslaus.

Sektir eða fangelsi allt að einu ári liggur við því að veita íslenskum yfirvöldum rangar upplýsingar við umsókn um ríkisborgararétt.

6. gr.

Á undan 8. gr. laganna, er verður 12. gr., kemur kaflafyrirsögn er orðast svo: IV. kafli, **Önnur ákvæði.**

7. gr.

Í stað tilvísunarinnar „8. gr.“ í 3. mgr. A-liðar 9. gr. b, 2. mgr. 11. gr. laganna og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lögin og tilvísunarinnar „9. gr. b“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: 12. gr.; og: 14. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi nema ákvæði 3. tölul. c-liðar 5. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem dómsmálaráðherrra skipaði í janúar 2006 til að endurskoða lög nr. 100 23. desember 1952, um íslenskan ríkisborgararétt. Í nefndinni sátu alþingismennirnir Guðrún Ögmundsdóttir, Bjarni Benediktsson og Guðjón Ólafur Jónsson auk Kristínar Völundardóttur, sýslumanns á Hólmavík, Fanneyjar Óskarsdóttur, lögfræðings í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og Hauks Guðmundssonar, skrifstofustjóra í ráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefndin kallaði eftir sjónarmiðum ýmissa aðila og fékk á sinn fund fulltrúa frá Rauða krossi Íslands, Alþjóðahúsi, Útlendingastofnun og ríkislögreglustjóra. Þá fékk nefndin tölfræðigögn frá Þjóðskrá sem birtast í viðauka. Með hliðsjón af þeim gögnum fylgir innfelld spá um fjölda nýrra ríkisborgara á næstu árum miðað við tilteknar forsendur.

Enda þótt lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, hafi verið breytt fimm sinnum frá árinu 1982 hefur ætíð verið um að ræða lagfæringar og breytingar á einstökum atriðum og má fullyrða að mikilvægt sé að breyta mörgum ákvæðum í samræmi við lagaþróun hér og í nágrannaríkjum og með tilliti til breyttra aðstæðna hér á landi. Þá verður ekki fram hjá því litið að hröð fjölgun útlendinga sem hér hafa sest að hefur gjörbreytt aðstæðum í þessum málaflokki og kallar á yfirferð yfir ákvæði laganna. Þess má geta að öll hin norrænu ríkin hafa á síðustu árum endurskoðað löggjöf sína á þessu sviði og gert töluverðar breytingar.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögunum:

Í fyrsta lagi er lagt til að samræma og tengja saman þau skilyrði sem útlendingar þurfa að uppfylla til að fá búsetuleyfi á Íslandi og þau skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla til að öðlast íslenskt ríkisfang. Í lögum um útlendinga, nr. 96/2002, eru sett fram skilyrði þess að umsækjandi geti öðlast búsetuleyfi á Íslandi. Bent hefur verið á að þau skilyrði sem lögin setja fyrir þessum réttindum séu á margan hátt strangari en skilyrði laga um ríkisborgararétt. Því geti verið hagfelldara fyrir útlending að sækja um ríkisborgararétt. Í frumvarpi þessu er mörkuð sú meginstefna að umsækjendur hafi þegar uppfyllt skilyrði búsetuleyfis og fengið það útgefið þegar sótt er um ríkisborgararétt. Auk þess verða umsækjendur að uppfylla frekari skilyrði, m.a. varðandi dvalartíma á Íslandi, áður en til álita kemur að veita þeim ríkisborgararétt. Eðlilegt þykir að þessi mál séu í samhengi þannig að útlendingar sem hér setjast að fái fyrst tímabundin dvalarleyfi, þá búsetuleyfi og að lokum ríkisborgararétt.

Í öðru lagi er í frumvarpi þessu hnykkt á þeirri meginreglu að valdheimildir til veitingar íslensks ríkisfangs eru að meginstefnu hjá Alþingi, svo sem verið hefur frá fornu fari. Þegar Alþingi samþykkti með lögum nr. 62/1998 að veita dómsmálaráðherra heimild til að veita

íslenskan ríkisborgararétt með stjórnvaldsákvörðun var um að ræða frávik frá þeirri meginreglu. Lagt er til að því fráviki verði markaður skýrari rammi. Um leið verði kveðið á um að dómsmálaráðherra geti ávallt ákveðið að vísa umsókn um ríkisborgararétt til ákvörðunar Alþingis. Margvísleg rök hníga að því að haldið sé í þetta forræði þingsins á málaflokknum og ofangreindar ákvarðanir séu undanskildar sviði hefðbundins stjórnsýsluréttar.

Í þriðja lagi eru lögð til nokkur ný skilyrði þess að veita megi íslenskt ríkisfang með stjórnvaldsákvörðun, auk þess sem hnykkt er á nokkrum skilyrðum sem í framkvæmd hafa verið virt, svo sem að umsækjandi sýni fram á hver hann er. Á meðal þessara nýju skilyrða eru atriði sem lúta að gjaldfærni umsækjanda og því að hann hafi ekki stofnað til ógreiddra skattskulda, svo sem nánar greinir í athugasemdum um viðkomandi ákvæði. Það atriði sem mestu mun breyta í framkvæmd er það skilyrði að umsækjendur skuli að meginstefnu hafa sýnt fram á nokkra kunnáttu í íslensku. Mikilvægt er að um leið og þetta skilyrði er sett verði framboð á íslenskukennslu fyrir útlendinga bætt verulega frá því sem verið hefur. Nýleg ákvörðun um að stórbæta framboð á íslenskunámi fyrir útlendinga er því í raun forsenda þess að unnt sé að leggja þetta til. Þetta skilyrði nær til allra umsækjenda en heimilt er þó að veita undanþágur frá því, svo sem nánar greinir í athugasemdum við ákvæðið. Kennsla og prófun íslensku í tengslum við beitingu laganna verður vandasamt verkefni sem þarf að byggja upp og þróa. Þarf í því efni að taka tillit til þess hve mismunandi bakgrunnur umsækjenda um íslenskan ríkisborgararétt er. Er lagt til að gildistöku þeirra ákvæða sem lúta að íslenskukunnáttu verði frestað í tvö ár svo að svigrúm gefist til að byggja upp íslenskukennsluna. Reynsla nágrannaþjóða okkar sýnir að aðlögun innflytjenda að samfélaginu er á meðal brýnustu úrlausnarefna hvers ríkis þegar jafnstórfelldir fólksflutningar verða til landsins og orðið hafa undanfarin ár. Kunnátta í tungumálinu er mikilvægasti lykillinn að þessari aðlögun. Hafa Danir og Finnar þegar lögfest ákvæði um stöðupróf í viðkomandi tungumálum en Norðmenn hafa farið þá leið að gera kröfu um þátttöku í 300 tíma norskunámi. Leggja Danir auk þessa próf í danskri sögu og samfélagsfræðum fyrir umsækjendur.

Í fjórða lagi er lagt til að sett verði nýtt ákvæði inn í lögin sem lýtur að því þegar umsækjandi veitir rangar upplýsingar við umsókn um ríkisborgararétt. Er mælt fyrir um refsiábyrgð og missi íslensks ríkisborgararéttar við þær aðstæður.

Að lokum er lagt til að lögunum verði kaflaskipt og nokkrum ákvæðum þeirra endurraðað. Lögin í núverandi mynd endurspegla þá breytingu sem gerð var þegar verklagsreglur allsherjarnefndar Alþingis um veitingu ríkisborgararéttar voru gerðar að sérstakri grein, 5 gr. a, en sú grein myndar nú stóran hluta laganna. Lagt er til að lögunum verði skipt í fjóra kafla og fjalli fyrsti kafli um ríkisfang við fæðingu og skylda hluti, annar kafli um veitingu ríkisfangs með lagasetningu, þriðji kafli fjalli um veitingu ríkisfangs með stjórnvaldsákvörðun en fjórði kafli hafi að geyma ýmis ákvæði sem verið hafa aftast í lögunum.

Samkomulag varð í nefndinni um allar þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu, fyrir utan að Guðrún Ögmundsdóttir hefur fyrirvara við þá nýbreytni að taka upp stöðupróf í íslensku fyrir umsækjendur, svo sem lagt er til í c-lið 5. gr. frumvarpsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Um tillögu frumvarpsins að nýrri kaflaskiptingu laganna vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða eldra ákvæði sem fellt var úr lögunum með lögum nr. 62/1998. Hér er fjallað um börn sem fædd eru erlendis en eiga íslenskan föður sem gengið hefur í hjúskap með móðurinni eftir fæðingu barnsins. Þýðing þessa ákvæðis er sú að staða barna íslensks föður og erlendrar móður, sem eru í hjúskap, verður sú sama, hvort sem börnin eru fædd fyrir eða eftir stofnun hjúskaparins.

Um 3. gr.

Ákvæði 5. gr. a laganna mynda nýjan III. kafla, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Um tillögu frumvarpsins að nýrri kaflaskiptingu laganna vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 5. gr.

Lagt er til að ýmiss konar breytingar verði gerðar á ákvæðum núgildandi 5. gr. a.

Lagt er til að greininni verði skipt upp í fimm lagagreinar í nýjum kafla um veitingu íslensks ríkisborgararéttar með stjórnvaldsákvörðun, en núverandi skipan ákvæðanna í málsgreinar, stafliði og töluliði er óhöndug, auk þess sem sérkennilegt er að skipa svo stórum hluta laganna í eina grein. Miðað er við að núgildandi 9. gr. b laganna fái sjálfstætt númer.

*Um a-lið (7. gr.).*

5. gr. a núgildandi laga á sér þá forsögu að verklagsreglur allsherjarnefndar Alþingis voru færðar inn í greinina þegar dómsmálaráðherra voru fyrst veittar heimildir til að veita íslenskan ríkisborgararétt með hefðbundinni stjórnvaldsákvörðun. Var þetta gert með lögum nr. 62/1998, um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Frá þeim tíma hefur orðið mjög ör þróun í þessum málaflokki og fjöldi umsókna aukist mikið, sbr. töflu í fylgiskjali. Með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa í málaflokknum og reynslu af lagabreytingunni sem gerð var er í frumvarpi þessu lagt til að í ákveðnum tilvikum verði afgreiðsla umsókna um ríkisborgararétt færð að nýju til Alþingis. Er þetta í samræmi við þá meginreglu sem hér hefur gilt frá fornu fari að Alþingi eigi síðasta orðið í ákvörðunum um ríkisborgararétt. Nýtt orðalag sem lagt er til á upphafsákvæði 5. gr. a, sem samkvæmt frumvapinu verður í 7. gr., tekur mið af þessu. Heimildir ráðherra ber að túlka sem frávik frá þeirri meginreglu, jafnvel þótt málafjöldi sé meiri í ráðuneytinu en hjá Alþingi. Á þessu er svo enn frekar skerpt með 2. og 3. mgr. þessa ákvæðis því lagt er til að heimild ráðherra verði bundin við þau tilvik þar sem vafalaust er að umsækjandi uppfylli skilyrði laganna. Jafnframt er lögð til sú skipan að ráðherra geti ávallt vísað vafamálum til Alþingis til úrlausnar, án þess að slík framsending umsóknar skoðist sem efnisúrlausn í máli sem réttlæta þurfi samkvæmt reglum stjórnsýsluréttar. Enda þótt þessi ákvæði séu óvenjuleg, í þeim skilningi að samspil stjórnvalda og Alþingis er á annan veg en allajafna, þykir þessi skipan vera í samræmi við eðli þessa málaflokks og forna skipan á valdheimildum þegar kemur að ákvörðunum um veitingu ríkisborgararéttar. Áfram er þó við það miðað að ráðherra hafni umsókn þegar hann telur ljóst að umsækjandi uppfylli ekki lögmælt skilyrði þess að fá ríkisfangsbréf útgefið með stjórnvaldsákvörðun.

Lagt er til að orðalag ákvæðisins verði víkkað að því leyti að í stað þess að leitað skuli umsagnar lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda verði umsagnar leitað hjá lögreglu. Þessi breyting styðst í fyrsta lagi við þá staðreynd að umsækjandi kann að hafa dvalist að mestu

í öðru byggðarlagi en á núverandi dvalarstað sínum og í öðru lagi við að vegna miðlægra upplýsingakerfa lögreglu og þarfar sem í einstökum málum er á að kanna upplýsingar um sakarferil erlendis kann að vera heppilegra verklag að afla upplýsinga um umsækjanda frá lögreglu án þess að binda sig við lögregluyfirvöld á dvalarstað. Virðist þarflaust að binda verklag að þessu leyti í lög.

*Um b-lið (8. gr.).*

Í frumvarpi þessu eru ekki lagðar til breytingar á þeim dvalartíma sem nauðsynlegur er til að fá íslenskan ríkisborgararétt. Núgildandi reglur eru svipaðar þeim sem gilda annars staðar á Norðurlöndunum og endurspegla að mati þeirrar nefndar sem samdi frumvarpið ágætlega þann tíma sem tekur að ná svo varanlegum tengslum við landið að eðlilegt sé að menn bindist því með því að verða ríkisborgarar. Tillögur bárust nefndinni um að stytta þennan tíma vegna þeirra sem hér hafa fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum eða um að lengja tímann vegna maka íslenskra borgara, en ekki þótti nægt tilefni til að gera breytingar á lögunum að þessu leyti.

Á hinn bóginn er lagt til að hnykkja á 2. mgr. ákvæðisins um búsetutíma, sem hefur að geyma skýringar á því við hvað eigi að miða þegar dvalartími er talinn saman. Er lagt til að bæði verði gerð krafa um að lögheimili viðkomandi sé í þjóðskrá skráð á Íslandi og að viðkomandi hafi í raun haft hér fasta búsetu í skilningi lögheimilislaga (nú lög nr. 21/1990). Nokkur brögð eru að því að fólk sem stundað hefur árstíðabundna vinnu hérlendis hafi ekki hirt um að breyta lögheimilisskráningu sinni, jafnvel þótt það hafi jafnan dvalið í upprunalandi sínu upp undir hálft árið, eða jafnvel meira. Ef vafi vaknar um hvernig búsetu hefur verið háttað, er rétt að aflað sé gagna, t.d. úr staðgreiðslukerfi skattyfirvalda, til að staðfesta dvöl viðkomandi hérlendis.

Þá er lagt til að kveðið verði skýrt á um að dvöl viðkomandi hérlendis hafi verið lögleg, þ.e. að hann hafi haft hér gilt dvalarleyfi eða aðrar samsvarandi gildar heimildir til dvalar á grundvelli laga um útlendinga. Loks er lagt til að áréttað verði að talin skuli saman síðustu árin fyrir framlagningu umsóknar, en í því felst að umsækjandi sé hér búsettur þegar hann leggur fram umsókn.

Lagt er til það nýmæli að í 3. mgr. þessa ákvæðis verði kveðið á um að umsækjandi skuli uppfylla skilyrði þess að fá búsetuleyfi útgefið af Útlendingastofnun, enda skuli umsækjandi jafnframt hafa slíkt leyfi þegar sótt er um íslenskan ríkisborgararétt nema hann sé undanþeginn skyldu til að hafa dvalarleyfi hér á landi. Þessi breyting er í samræmi við það meginmarkmið þessa frumvarps að tryggja samræmi á milli útlendingalaga og laga um íslenskan ríkisborgararétt. Miklu þykir skipta að þau viðmið sem sett hafa verið og kunna að verða sett í útlendingalögin vegna útgáfu búsetuleyfa missi ekki gildi sitt með því að unnt sé að fá ríkisborgararétt eftir leiðum sem ekki eru eins strangar. Rétt er þó að taka fram að ákvæði 2. mgr. um rof dvalar af sérstökum ástæðum, sem hefur verið um árabil í lögum um íslenskan ríkisborgararétt heldur gildi sínu að fullu. Þeir hópar sem hér geta dvalið án dvalarleyfis, útgefins af Útlendingastofnun að uppfylltum skilyrðum, m.a. um dvalartíma, eru norrænir borgarar, útlendingar sem fæddir eru íslenskir ríkisborgarar og útlendingar sem eiga íslenskt foreldri eða íslenskan maka. Þá geta EES-borgarar dvalist hér án dvalarleyfis í sex mánuði eftir komu.

*Um c-lið (9. gr.).*

Lögð eru til nokkur ný skilyrði, sem ekki hafa verið í lögunum til þessa.

Lagt er til að í 1. tölul. verði áréttað að umsækjandi þurfi að gera grein fyrir sér með fullnægjandi hætti. Stjórnvöld hafa í framkvæmd talið sig geta gert þessa kröfu, en rétt þykir að

hún verði lögfest. Almennt má ganga út frá því að fátítt sé að menn hafi dvalist hér með lögmætum hætti og skráð lögheimili án þess að gengið hafi verið úr skugga um þetta, en þó koma upp mál þar sem þessi áskilnaður hefur þýðingu. Taka þarf tillit til flóttamanna og annarra þeirra sem ómögulegt er að sanni deili á sér með hefðbundnum hætti við beitingu ákvæðisins. Almennt verður hér byggt á vegabréfum, fæðingarvottorðum og öðrum skilríkjum en ekki er um að ræða formbundna sönnun. Til greina getur komið að fingraför og myndir séu notaðar til þessa.

Lögð er til minni háttar breyting á orðalagi ákvæðis 2. tölul. auk þess sem eðlilegt þykir að gera að skilyrði að álitsgjafar um umsækjendur séu sjálfir íslenskir borgarar.

Lagt er til það nýmæli í 3. tölul. að gerð verði krafa um að umsækjandi hafi staðist próf í íslensku samkvæmt kröfum sem dómsmálaráðherra setur í reglugerð. Nauðsynlegt og eðlilegt þykir að íslenskir ríkisborgarar hafi þá lágmarksþekkingu á íslenskri tungu að þeir geti átt samskipti við almenning og yfirvöld. Rétt þykir að lögfesta ekki ákveðnar kröfur að þessu leyti heldur láta ráðherra hafa heimild til að stilla þeim upp í reglugerð í ljósi þeirrar reynslu sem fæst, m.a. með tilliti til þess að nokkurn tíma mun taka að byggja upp íslenskunám fyrir alla þá útlendinga sem hér hafa sest að. Þessi krafa kann að hafa áhrif á fjölda þeirra sem hér fá ríkisborgararétt á næstu árum. Miðað er við að í reglugerð verði skilgreindir þeir sem undanþegnir verða þessu skilyrði. Þar hljóta einkum að koma til greina þeir sem flust hafa til landsins nokkuð eftir miðjan aldur auk þeirra sem búa við einhverja fötlun sem gerir þessa kröfu óraunhæfa.

Lagt er til að það leiði til höfnunar á umsókn skv. 4. tölul. ef veruleg óreiða er á fjármálum umsækjanda þannig að árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá honum á sl. þremur árum eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Árangurslaus fjárnám og gjaldþrotaskipti gefa verulega vísbendingu um að fjármál umsækjanda séu með þeim hætti að hann hafi ekki tök á því að framfleyta sér með fullnægjandi hætti.

Lagt er til að innihald ákvæðis 5. tölul. verði skýrt, auk þess sem sá tími sem umsækjandi skal hafa verið án framfærslustyrks sveitarfélags verði lengdur úr tveimur árum í þrjú, til samræmis við ákvæði útlendingalaga um búsetuleyfi. Þá er lagt til að ógreiddar skattskuldir verði ekki litnar mildari augum en framfærslustyrkur sveitarfélags að þessu leyti, í samræmi við fyrrgreinda tillögu frumvarpsins um nýjan 4. tölul. Lagt er til að dómsmálaráðuneytinu verði heimilað að afla gagna hjá skattyfirvöldum um umsækjanda, fremur en að leggja það á umsækjendur að þeir afli gagna til staðfestingar á að skilyrði þessa töluliðar séu uppfyllt. Rétt er að taka fram að komið geta upp tilvik þar sem umsækjandi, vegna bágs efnahags við komu til landsins eða veikinda, þarf á opinberri framfærslu að halda. Slíkum umsóknum yrði væntanlega beint til Alþingis til frekari skoðunar. Þá er rétt að áfram verði litið fram hjá hefðbundnum millifærslum og niðurgreiðslum sveitarfélaga til tiltekinna hópa við beitingu greinarinnar.

Lagt er til að ákvæði 6. tölul. verði breytt, en nú er gerð sú krafa að umsækjandi hafi ekki sætt varðhaldi eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í réttarvörslukerfinu. Sanngjarnt þykir, með hliðsjón af rétti nágrannaríkjanna, að unnt sé að sækja um ríkisborgararétt þegar ákveðinn tími er liðinn frá því að meðferð viðkomandi brots lauk, eins og nánar greinir í ákvæðinu. Hnykkt er á því með afdráttarlausu orðalagi að brot framin erlendis skipti hér jafnmiklu máli og brot framin hérlendis, enda sé um að ræða verknað sem er refsinæmur samkvæmt íslenskum lögum.

*Um d-lið (10. gr.).*

Efni greinarinnar kemur óbreytt úr grein 5. gr. a.

*Um e-lið (11. gr.).*

Efni greinarinnar er nýmæli, en í Noregi, Danmörku og Finnlandi er unnt að svipta þá ríkisborgararétti sem beitt hafa svikum við meðferð umsóknar sinnar, enda hafi svikin haft úrslitaáhrif á veitingu ríkisborgararéttarins. Sama skilning er rétt að leggja í þetta ákvæði þannig að ekki leiðir sérhver missögn í umsókn til beitingar ákvæðisins. Rétt þykir einnig að leggja til að það varði samkvæmt lögunum fangelsi allt að einu ári að veita yfirvöldum rangar upplýsingar við umsókn um ríkisborgararétt. Önnur ákvæði og strangari geta jafnframt átt við um slíka háttsemi.

Um 6. gr.

Um tillögu frumvarpsins að nýrri kaflaskiptingu laganna vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að gildistöku ákvæðanna um íslenskukunnáttu verði frestað í tvö ár. Er það m.a. gert með hliðsjón af áætlunum menntamálaráðuneytisins um uppbyggingu íslenskukennslu fyrir útlendinga. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

## Fylgiskjal I.

**Fjöldi þeirra sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt frá árinu 1996.**

Frá árinu 1996 til 23. október 2006 hefur 5.305 einstaklingum verið veittur íslenskur ríkisborgararéttur, þar af 2.126 körlum og 3.179 konum.

Skiptingin milli ára og aldursskipting er sem hér segir:

**Tafla 1.**
**Skipting eftir árum.**

| Ár | Fjöldi |
|---|---|
| 1996 | 288 |
| 1997 | 248 |
| 1998 | 317 |
| 1999 | 273 |
| 2000 | 339 |
| 2001 | 419 |
| 2002 | 422 |
| 2003 | 585 |
| 2004 | 804 |
| 2005 | 836 |
| 2006 | 774 (til 23. okt.) |

**Tafla 2.**
**Skipting eftir aldri.**

| Aldursskipting 1996–2006 | |
|---|---|
| 0–17 ára | 1.707 |
| 18–24 ára | 411 |
| 25–34 ára | 1.522 |
| 35–44 ára | 977 |
| 45–54 ára | 428 |
| 55–64 ára | 168 |
| 65 ára og eldri | 92 |

**Tafla 3.**
**Skipting eftir þjóðerni.**

| | Alls | Karlar | Konur |
|---|---|---|---|
| **Alls** | **5.305** | **2.126** | **3.179** |
| Pólland | 797 | 339 | 458 |
| Filippseyjar | 484 | 128 | 356 |
| Bandaríkin | 464 | 216 | 248 |
| Taíland | 427 | 98 | 329 |
| Serbía og Svartfjallaland | 212 | 106 | 106 |
| Víetnam | 195 | 72 | 123 |
| Kína | 182 | 37 | 145 |
| Danmörk | 176 | 73 | 103 |
| Bretland | 148 | 68 | 80 |
| Júgóslavía | 137 | 78 | 59 |
| Rússland | 136 | 48 | 88 |
| Svíþjóð | 131 | 64 | 67 |
| Indland | 115 | 43 | 72 |
| Króatía | 95 | 44 | 51 |
| Þýskaland | 77 | 30 | 47 |
| Noregur | 71 | 33 | 38 |
| Frakkland | 57 | 23 | 34 |
| Marokkó | 55 | 35 | 20 |
| Búlgaría | 48 | 22 | 26 |
| Kanada | 47 | 23 | 24 |
| Úkraína | 47 | 14 | 33 |
| Rúmenía | 43 | 26 | 17 |
| Portúgal | 41 | 22 | 19 |
| Bosnía og Hersegóvína | 39 | 20 | 19 |
| Holland | 37 | 18 | 19 |
| Sviss | 37 | 11 | 26 |
| Litháen | 34 | 11 | 23 |
| Kólumbía | 32 | 14 | 18 |
| Suður-Afríka | 31 | 10 | 21 |
| Mexíkó | 30 | 10 | 20 |
| Ástralía | 27 | 10 | 17 |
| Finnland | 27 | 8 | 19 |
| Eistland | 26 | 9 | 17 |
| Perú | 26 | 10 | 16 |
| Lettland | 25 | 8 | 17 |
| Ungverjaland | 24 | 7 | 17 |
| Grænhöfðaeyjar | 23 | 8 | 15 |
| Spánn | 22 | 7 | 15 |
| Brasilía | 20 | 6 | 14 |
| Chile | 20 | 10 | 10 |
| Nígería | 20 | 12 | 8 |
| Srí Lanka | 20 | 3 | 17 |
| Tékkland | 20 | 4 | 16 |

| | Alls | Karlar | Konur |
|---|---|---|---|
| Írland | 19 | 10 | 9 |
| Ítalía | 19 | 9 | 10 |
| Sovétríkin | 19 | 8 | 11 |
| Alsír | 18 | 15 | 3 |
| Nepal | 18 | 15 | 3 |
| Gana | 17 | 8 | 9 |
| Indónesía | 16 | 7 | 9 |
| Jórdanía | 16 | 6 | 10 |
| Hvíta-Rússland | 15 | 4 | 11 |
| Nýja-Sjáland | 15 | 7 | 8 |
| Sýrland | 15 | 7 | 8 |
| Tyrkland | 15 | 10 | 5 |
| Hondúras | 14 | 9 | 5 |
| Kúba | 14 | 8 | 6 |
| Albanía | 12 | 4 | 8 |
| Gvæjana | 12 | 5 | 7 |
| Jamaíka | 12 | 5 | 7 |
| Makedónía | 12 | 6 | 6 |
| Slóvakía | 12 | 7 | 5 |
| Túnis | 12 | 10 | 2 |
| Eþíópía | 11 | 4 | 7 |
| Georgía | 11 | 5 | 6 |
| Íran | 11 | 6 | 5 |
| Slóvenía | 11 | 5 | 6 |
| Egyptaland | 10 | 8 | 2 |
| Belgía | 9 | 6 | 3 |
| Dóminíska lýðveldið | 9 | 2 | 7 |
| Kenía | 9 | 2 | 7 |
| Pakistan | 9 | 5 | 4 |
| Venesúela | 9 | 2 | 7 |
| Ekvador | 8 | 3 | 5 |
| Argentína | 7 | 2 | 5 |
| Írak | 7 | 5 | 2 |
| Bólivía | 6 | 2 | 4 |
| Namibía | 6 | 5 | 1 |
| Gambía | 5 | 3 | 2 |
| Líbanon | 5 | 4 | 1 |
| Mongólía | 5 | 3 | 2 |
| Singapúr | 5 | 1 | 4 |
| Síerra Leóne | 5 | 3 | 2 |
| Úganda | 5 | - | 5 |
| Gínea | 4 | 2 | 2 |
| Kasakstan | 4 | 2 | 2 |
| Máritíus | 4 | 2 | 2 |
| Níkaragva | 4 | 1 | 3 |
| Tansanía | 4 | 1 | 3 |
| Angóla | 3 | 1 | 2 |
| Aserbaídsjan | 3 | 1 | 2 |

| | Alls | Karlar | Konur |
|---|---|---|---|
| Austurríki | 3 | 2 | 1 |
| Grikkland | 3 | 3 | - |
| Ísrael | 3 | 1 | 2 |
| Japan | 3 | 2 | 1 |
| Lúxemborg | 3 | 2 | 1 |
| Malasía | 3 | 2 | 1 |
| Senegal | 3 | 3 | - |
| Taívan | 3 | - | 3 |
| Úrúgvæ | 3 | 2 | 1 |
| Gvatemala | 2 | 2 | - |
| Kirgisistan | 2 | - | 2 |
| Miðbaugs-Gínea | 2 | 1 | 1 |
| Moldóva | 2 | - | 2 |
| Mósambík | 2 | - | 2 |
| Panama | 2 | 1 | 1 |
| Sambía | 2 | 1 | 1 |
| Kostaríka | 1 | 1 | - |
| El Salvador | 1 | - | 1 |
| Gínea-Bissá | 1 | 1 | - |
| Hong Kong | 1 | - | 1 |
| Kambódía | 1 | - | 1 |
| Kamerún | 1 | 1 | - |
| Kongó | 1 | 1 | - |
| Kongó-lýðveldið | 1 | - | 1 |
| Madagaskar | 1 | 1 | - |
| Malta | 1 | - | 1 |
| Suður-Kórea | 1 | - | 1 |
| Trínidad og Tobagó | 1 | 1 | - |
| Úsbekistan | 1 | - | 1 |
| Útlönd, ótilgreint land | 2 | 1 | 1 |
| Ríkisfangslausir einstaklingar | 33 | 13 | 20 |

Ef fjöldi þeirra sem veittur hefur verið íslenskur ríkisborgararéttur er borinn saman við fjölda erlendra ríkisborgara sem voru aðfluttir til landsins sjö árum áður má sjá að fjöldi ríkisborgaraveitinga er að meðaltali 39% af fjölda aðfluttra sl. tíu ár. Síðastliðin sex ár hefur hlutfallið langoftast verið nálægt 47%, að undanskildu árinu 2004 þegar hlutfallið var 57%.

**Tafla 4.**
**Hlutfall þeirra sem verða ríkisborgarar af aðfluttum útlendingum sjö árum áður.**

| | Aðfluttir | Ríkisfangs-breyting | | Hlutfall, % |
|---|---|---|---|---|
| 1989 | 1.020 | 1996 | **288** | 28 |
| 1990 | 1.111 | 1997 | **248** | 22 |
| 1991 | 1.708 | 1998 | **317** | 19 |
| 1992 | 979 | 1999 | **273** | 28 |
| 1993 | 949 | 2000 | **339** | 36 |
| 1994 | 880 | 2001 | **419** | 48 |

| | Aðfluttir | Ríkisfangs-breyting | | Hlutfall, % | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1995 | 938 | 2002 | **422** | 45 | |
| 1996 | 1.258 | 2003 | **585** | 47 | |
| 1997 | 1.406 | 2004 | **804** | 57 | |
| 1998 | 1.774 | 2005 | **836** | 47 | |
| 1999 | 1.598 | 2006 | *774* | 48 | *(til 23. október 2006.)* |
| 2000 | 2.462 | 2007 | ***1.108*** | *45* | *Spá m.v. 45% af aðfluttum 7 árum áður.* |
| 2001 | 2.515 | 2008 | ***1.132*** | *45* | |
| 2002 | 1.855 | 2009 | ***835*** | *45* | |
| 2003 | 1.353 | 2010 | ***609*** | *45* | |
| 2004 | 2.512 | 2011 | ***1.130*** | *45* | |
| 2005 | 4.680 | 2012 | ***2.106*** | *45* | |
| 2006 | 6.500 | 2013 | ***2.925*** | *45* | *(Byggt á skráningum til októberloka.)* |

Í töflunni hér að ofan má sjá hve margir munu öðlast íslenskan ríkisborgararétt næstu árin ef miðað er við að 45% þeirra sem hingað koma hvert ár fái ríkisborgararétt að sjö árum liðnum. Ekki er tekið tillit til þess að norrænir borgarar og makar íslenskra borgara fá ríkisborgararétt eftir skemmri búsetu. Fjölgun aðfluttra kann því að skila sér heldur fyrr en tölurnar gefa til kynna. Sökum þess hve margir hafa undanfarið komið til landsins vegna tímabundinna stórframkvæmda má gera ráð fyrir að hlutfall þeirra sem öðlast munu íslenskan ríkisborgararétt muni lækka á komandi árum og verða ívið lægra en 45%.

Töluvert algengt er að erlendum maka íslensks ríkisborgara sé veittur íslenskur ríkisborgararéttur eftir þriggja ára búsetu hér á landi í hjúskap. Frá árinu 1986 hafa 1.210 aðfluttir erlendir ríkisborgarar gengið í hjúskap með íslenskum ríkisborgara. Af þeim hópi fékk um helmingur íslenskan ríkisborgararétt á fyrstu fjórum árum eftir hjúskaparstofnun eða búferlaflutning til Íslands.

## Fylgiskjal II.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt.

Tilgangur þessa frumvarps er að nokkur skilyrði laganna fyrir veitingu íslensks ríkisfangs verði hert til samræmis við þau skilyrði sem útlendingar þurfa að uppfylla til að fá varanlegt búsetuleyfi á Íslandi, auk þess sem lögð eru til nokkur ný skilyrði. Í frumvarpinu er lagt til að dómsmálaráðherra verði ávallt heimilt að senda umsóknir um ríkisborgararétt til afgreiðslu Alþingis. Þá er bætt við lögin refsiákvæði og ákvæði um missi ríksborgararéttar ef umsækjandi hefur veitt rangar upplýsingar við umsókn um ríkisborgararétt.

Hvort sem þetta frumvarp verður að lögum eða ekki er líklegt að umsóknum um íslenskt ríkisfang muni fara fjölgandi á næstu árum. Með samþykkt frumvarpsins er ljóst að afgreiðsla umsókna getur orðið eitthvað tímafrekari en nú er. Mestu munar þó um upptöku stöðuprófa í íslensku en vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um íslenskan ríkisborgararétt er nauðsynlegt að koma á fót stöðuprófum í íslensku í þeim tilgangi að gefa umsækjendum um ríkis-

borgararétt kost á að sýna fram á lágmarkskunnáttu í íslensku. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs vegna slíkra stöðuprófa muni nema um 2 m.kr. fyrir árið 2008 og 4 m.kr. fyrir árið 2009. Ríkisstjórnin hefur samþykkt áætlun um aukna íslenskukennslu fyrir útlendinga og er kostnaður við hana ekki beint tengdur þessu frumvarpi.

Verði frumvarpið að lögum má áætla að kostnaður vegna fjölgunar umsókna um ríkisborgararétt aukist lítillega og að kostnaður vegna stöðuprófa verði 2–4 m.kr. sem að hvoru tveggja mun rúmast innan útgjaldaramma dóms- og kirkjumálaráðuneytisins samkvæmt langtímaáætlun í ríkisfjármálum.

## 644. Frumvarp til laga [465. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Ef brot samkvæmt þessari málsgrein beinist að opinberum starfsmanni, sem að lögum hefur heimild til líkamlegrar valdbeitingar, má beita fangelsi allt að 8 árum.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Sá sem tálmar því á annan hátt að handhafi lögregluvalds eða tollgæsluvalds gegni skyldustörfum sínum skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Geri maður öðrum opinberum starfsmanni slíkar tálmanir þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Nú hefur sá sem dæmdur er sekur um brot á þessari grein áður sætt refsingu samkvæmt greininni eða honum hefur verið refsað fyrir brot sem tengt er að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi, og má þá hækka refsingu allt að helmingi.
d. 3. mgr., er verður 4. mgr., orðast svo:
   Jafnfætis þeim opinberu starfsmönnum, sem ekki hafa heimild að lögum til líkamlegrar valdbeitingar, standa þeir menn sem dómari eða yfirvald kveður sér til aðstoðar við rekstur opinbers starfs.

2. gr.

2. málsl. 107. gr. laganna orðast svo: Aðrir þátttakendur upphlaupsins, sem ofríki hafa haft í frammi eða ekki hafa hlýðnast skipun yfirvalds er skorað hefur á mannsöfnuðinn að sundrast, skulu sæta fangelsi allt að 6 árum eða sektum ef brot er smáfellt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra. Róbert R. Spanó, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Ásgerður Ragnarsdóttir, aðstoðarmaður hæstaréttardómara, voru fengin til að semja drög að frumvarpinu.

Mikilvægt er að opinberir starfsmenn geti sinnt skyldustörfum sínum í þágu almannaheilla án ólögmætra hindrana. Ákvæði 106. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, miðar að því að greiða fyrir störfum þeirra að viðlagðri refsiábyrgð þeim til handa sem brjóta gegn fyrirmælum ákvæðisins. Í 1. mgr. 106. gr. er lögð refsing við því að ráðast á opinberan starfsmann með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu eða út af því. Eins skal sá sæta refsingu sem á sama hátt leitast við að hindra framkvæmd slíks starfs eða neyða starfsmanninn til þess að framkvæma einhverja athöfn í embætti sínu eða sýslan. Í 2. mgr. 106. gr. er síðan lögð refsing við því að gera á annan hátt opinberum starfsmanni tálmanir í því að gegna skyldustörfum sínum.

Ákvæði 106. gr. hegningarlaga gerir ekki greinarmun á eðli þeirra starfa sem opinberir starfsmenn hafa með höndum. Refsimörk og refsitegundir 106. gr. eru því þær sömu hvort sem brot beinist að opinberum starfsmanni, svo sem lögreglumanni, tollverði eða starfsmanni Landhelgisgæslunnar, sem getur eðli máls samkvæmt þurft að beita líkamlegu valdi við framkvæmd skyldustarfs síns á grundvelli lagaheimildar þess efnis. Að undanförnu hefur farið fram umræða í þjóðfélaginu þar sem því hefur verið haldið fram að refsingar vegna brota gegn 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga séu of vægar og í ósamræmi við alvarleika brotanna, a.m.k. þegar brot beinast að opinberum starfsmönnum sem þurfa gjarnan að beita líkamlegu valdi við framkvæmd starfa og hafa til þess heimild í lögum. Við samningu þessa frumvarps hefur verið lagt mat á þær röksemdir og þau sjónarmið sem fram hafa komið. Þá hefur verið horft til þess að af dómaframkvæmd síðustu ára verður dregin sú ályktun að refsingar vegna brota gegn ákvæðum 106. gr. hegningarlaga hafa að jafnaði verið við lægri mörk refsirammans, þar á meðal þegar brotaþolar eru í hópi þeirra opinberu starfsmanna sem hafa að lögum heimild til líkamlegrar valdbeitingar við framkvæmd starfa sinna, sjá fylgiskjal I þar sem er að finna reifanir dóma um beitingu 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga frá árinu 2003.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið lagt til grundvallar að haldbær rök standi til þess að gera greinarmun á eðli þeirra starfa sem starfsmenn hins opinbera hafa með höndum þegar til greina kemur að refsa fyrir brot gegn þeim á grundvelli 106. gr. hegningarlaga. Er þá horft til þess að refsivernd sú sem opinberir starfsmenn njóta í störfum sínum verður að efni til að vera í réttu hlutfalli við þá hættu á líkams- eða heilsutjóni sem leiðir af eðli starfsins. Af þessum sökum eru með 1. gr. frumvarpsins lagðar til breytingar á 106. hegningarlaga. Er markmið þeirra að skerpa á og auka þá refsivernd sem opinberum starfsmönnum, sem hafa heimild til líkamlegrar valdbeitingar, er veitt í refsilögum. Lenda þeir enda mun oftar í þeirri aðstöðu að sæta ofbeldi eða hótunum um ofbeldi en aðrir opinberir starfsmenn. Ef brot skv. 106. gr. hegningarlaga beinist að opinberum starfsmönnum, sem hafa heimild til líkamlegrar valdbeitingar, þá verður heimilt samkvæmt ákvæðum frumvarpsins að ákvarða strangari refsingu en þegar brot beinist að öðrum opinberum starfsmönnum sem standa eðli máls samkvæmt ekki frammi fyrir því í skyldustörfum sínum að þurfa að bregðast við aðsteðjandi hættu í þágu almannahagsmuna.

Nánar tiltekið er lagt til í a-lið 1. gr. frumvarpsins að refsihámark 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga verði hækkað úr allt að sex ára fangelsi í allt að átta ára fangelsi þegar um er að ræða brot gegn opinberum starfsmanni sem hefur að lögum heimild til líkamlegrar valdbeitingar. Með þessari hækkun á hámarki fangelsisrefsingar er fyrst og fremst leitast við að gera dómstólum kleift að ákveða þyngri refsingar vegna brota gegn þeim opinberu starfsmönnum sem falla undir frumvarpsgreinina. Er þess vænst að hækkun á refsihámarki ákvæðisins hafi aukin varnaðaráhrif og greiði fyrir störfum þessara opinberu starfsmanna.

Jafnframt er lagt til með b-lið 1. gr. frumvarpsins að viðhaldið sé refsihámarki 2. mgr. 106. gr. þegar um er að ræða brot gegn handhafa lögregluvalds eða tollgæsluvalds, þ.e. að þá verði heimilt að dæma sektir eða fangelsi allt að 2 árum. Þegar um aðra opinbera starfsmenn er að ræða er gert ráð fyrir að brot gegn 2. mgr. 106. gr. varði sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Þá er með c-lið 1. gr. frumvarpsins mælt fyrir um sérgreinda ítrekunarheimild vegna brota sem falla undir 106. gr. hegningarlaga, en nánar er fjallað um þessa tillögu í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins.

Breytingar þær sem mælt er fyrir um í d-lið 1. gr. og 2. gr. frumvarpsins eru nauðsynlegar vegna þeirra breytinga sem að framan eru nefndar.

Nú verður stuttlega fjallað um þá opinberu starfsmenn sem breytingar þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir beinast að.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, fara ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar, varalögreglustjórinn í Reykjavík, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og lögreglumenn með *lögregluvald*. Það athugast að með 4. gr. laga nr. 46/2006, sem tekur gildi 1. janúar 2007, kemur í stað orðsins „vararíkislögreglustjóri“ í 1. mgr. 9. gr. laganna „aðstoðarríkislögreglustjórar“, og í stað orðanna „varalögreglustjórinn í Reykjavík“ í sömu málsgrein „aðstoðarlögreglustjórar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum“.

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögreglulögum er vikið að því hvað felst í lögregluvaldi, en þar segir:

„Fræðilega er lögregluvald ein tegund opinbers valds sem stjórnvöld fara með. Nánar telst lögregluvald til réttarvörsluvalds eins og fullnustuvald sýslumanna, enda felst í hvoru tveggja valdbeitingarheimild ef þörf krefur. Með „lögregluvaldi“ er nánar átt við vald sem lögreglunni einni er falið til að gefa fyrirskipanir og til að grípa til aðgerða gagnvart þegnunum, með valdbeitingu ef nauðsynlegt er. Slíkt vald hafa aðeins þeir starfsmenn lögreglu sem beinlínis hafa það hlutverk að halda uppi lögum og reglu í samfélaginu frá degi til dags og þeir sem eru í stöðum æðstu yfirmanna, sbr. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins.“

Samkvæmt þessu hafa lögreglumenn og aðrir handhafar lögregluvalds að lögum heimild til líkamlegrar valdbeitingar. Þá er mælt fyrir um það í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 52/2006, um Landhelgisgæslu Íslands, að eftirtaldir starfsmenn Landhelgisgæslunnar fari með lögregluvald þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu samkvæmt lögunum í efnahagslögsögu Íslands: forstjóri og löglærðir fulltrúar hans, áhafnir skipa og loftfara Landhelgisgæslu Íslands, sprengjusérfræðingar og yfirmenn í stjórnstöð og vaktstöð siglinga. Einnig er kveðið á um það í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, að ákvörðun dómara um að víkja manni úr þinghaldi megi framfylgja með lögregluvaldi ef með þarf. Samsvarandi heimild er að finna í 9. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Þá er vakin athygli á því að ákvæði um meðferð lögregluvalds er einnig að finna í 6. gr. laga nr. 32/1965, um hreppstjóra, og 3. mgr. 12. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Í 147. gr. tollalaga, nr. 88/2005, eru tilgreindir þeir opinberu starfsmenn sem fara með *tollgæsluvald*. Í tollgæsluvaldi felst heimild til þess að beita úrræðum samkvæmt XXI. kafla tollalaga til þess að tryggja að farið sé eftir þeim lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem tollstjórar bera ábyrgð á að framfylgja, sbr. 146. gr. Í fyrri málslið 1. mgr. 151. gr. tollalaga er kveðið á um að handhöfum tollgæsluvalds sé heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna, og í 2. mgr. sömu greinar segir að þeim sé heimilt, ef brýna nauðsyn ber til, að nota handjárn og gasvopn við skyldustörf.

Þá skal getið að skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 49/2005, um fullnustu refsinga, er starfsmönnum fangelsa heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef það telst nauðsynlegt til: 1. að koma í veg fyrir strok, 2. að verjast yfirvofandi árás, yfirbuga grófa mótspyrnu, að hindra að fangi skaði sjálfan sig eða aðra og til að koma í veg fyrir skemmdarverk, 3. að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir sem þörf er á að framkvæma þegar í stað og fangi hafnar eða lætur ógert að fylgja fyrirmælum um. Skv. 2. mgr. sömu greinar getur valdbeiting falist í líkamlegum tökum eða beitingu viðeigandi varnartækja.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með a-lið greinarinnar er lagt til að refsihámark 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga verði hækkað úr allt að sex ára fangelsi í allt að átta ára fangelsi þegar um er að ræða brot gegn opinberum starfsmanni sem „að lögum hefur heimild til líkamlegrar valdbeitingar". Þessi framsetning hefur tvíþættan tilgang: *Í fyrsta lagi* miðar hún að því að láta alla þá opinberu starfsmenn, sem á hverjum tíma gegna skyldustörfum á grundvelli slíkra valdheimilda, njóta þeirrar auknu refsiverndar sem lagabreytingin stefnir að. *Í öðru lagi* er með þessari framsetningu komið í veg fyrir að breyta þurfi ákvæðinu taki löggjafinn þá ákvörðun að gera breytingar á gildandi lagareglum um slíkar valdheimildir einstakra hópa opinberra starfsmanna. Við beitingu ákvæðisins í þessari mynd verður hverju sinni að staðreyna hvort sá opinberi starfsmaður, sem brot hefur beinst gegn, hafi haft að lögum heimild til líkamlegrar valdbeitingar enda hafi brot verið framið þegar hann var að gegna skyldustarfi sínu eða út af því, eða á sama hátt hafi verið leitast við að hindra framkvæmd slíks starfa eða neyða starfsmanninn til þess að framkvæma einhverja athöfn. Hér að framan er að finna almennt yfirlit yfir gildandi lagaheimildir í þessum efnum.

Gert er ráð fyrir að hámarkstími fangelsis vegna sambærilegra brota gegn öðrum opinberum starfsmönnum verði óbreytt, þ.e. sex ára fangelsi. Þá mun heimildin til að beita sektum „ef brot er smáfellt" í síðari málslið 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga, sem verður 3. málsl., eiga við hvort sem brot beinist gegn þeim opinberu starfsmönnum sem hafa heimild til líkamlegrar valdbeitingar eða öðrum opinberum starfsmönnum.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að hámarkstími fangelsisrefsingar skv. 2. mgr. 106. gr. laganna verði óbreyttur þegar um er að ræða brot gegn handhafa lögregluvalds og tollgæsluvalds, þ.e. allt að tveggja ára fangelsi, en allt að eins árs fangelsi þegar um er að ræða brot gegn öðrum opinberum starfsmanni. Í báðum tilvikum verður sem fyrr heimilt að dæma sektir. Í ljósi eðlis þeirra verkefna sem handhafar lögregluvalds og tollgæsluvalds hafa með höndum er talið rétt að einskorða heimildina til að ákvarða fangelsi í allt að tvö ár við brot skv. 2. mgr. 106. gr. sem beinast gegn þeim. Sem dæmi um brot sem falla undir 2. mgr. 106. gr. má nefna það ef einstaklingur reynir að sporna við handtöku án þess að grípa til ofbeldis eða hlýðir ekki fyrirmælum lögreglumanns eða tollvarðar. Þess má jafnframt geta að í 19. og 21. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er að finna ákvæði sem taka til brota af þessu tagi þegar um lögreglu er að ræða. Er þar mælt fyrir um skyldu almennings til að hlýða fyrirmælum lögreglu og lagt bann við því að tálma lögreglu í störfum sínum. Varða brot gegn þessum ákvæðum sektum „nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum", sbr. 41. gr. lögreglulaga.

Með c-lið greinarinnar er lagt til að lögfest verði sérgreind ítrekunarheimild sem kveður á um að heimilt sé að hækka refsingu allt að helmingi hafi sá sem dæmdur er sekur um brot á 106. gr. hegningarlaga áður sætt refsingu samkvæmt greininni eða honum hefur verið refsað fyrir brot sem tengt er að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi. Er með því skýrt kveðið á um

ítrekunaráhrif brota af þessu tagi þannig að fullnægt sé almennum ákvæðum 71. gr. hegningarlaga, en til þessa hefur verið óljóst hvort ítrekunarheimild 1. mgr. 218. gr. b sömu laga dugi þar til.

Með d-lið greinarinnar er lagt til að þeir menn sem dómari eða yfirvald kveður sér til aðstoðar við rekstur opinbers starfs njóti sömu refsiverndar og þeir opinberu starfsmenn sem ekki hafa heimild að lögum til líkamlegrar valdbeitingar. Þessir aðilar hafa ekki heimild til líkamlegrar valdbeitingar og eiga þau sérstöku sjónarmið sem gilda um þá opinberu starfsmenn sem hafa slíka heimild, og vikið er að hér að framan, því ekki við um þá.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að heimil refsing samkvæmt síðari málslið 107. gr., þar sem mælt er fyrir um aðra þátttakendur í upphlaupinu sem hafa haft ofríki í frammi eða ekki hlýðnast skipun yfirvalds, verði allt að sex ára fangelsi eða sektir ef brot er smáfellt, en samkvæmt núgildandi ákvæði skal refsað eftir því sem í 106. gr. segir. Er þessi breyting á 107. gr. nauðsynleg vegna ákvæðis 1. gr. frumvarpsins um breytingu á 106. gr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal I.

### Íslensk dómaframkvæmd.

Hér á eftir fara reifanir á helstu dómum á árunum 2003–2006 þar sem einstaklingar hafa verið sakfelldir fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga. Aðeins eru teknir fyrir dómar þar sem dæmt er fyrir brot gegn ákvæðinu eða önnur brot eru smávægileg og ekki líkleg til að hafa mikil áhrif til refsiþyngingar. Í reifunum er gerð grein fyrir verknaðarlýsingu, afleiðingum árásar, sakaferli dómþola og dæmdum viðurlögum.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 2003.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa skallað lögreglumann, sem var við skyldustörf, í andlitið með þeim afleiðingum að gleraugu hans brotnuðu, auk þess sem hann hlaut vægan roða á augnslímhúð og bólgu og roða á húð yfir kinnbeini. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir að bíta annan lögreglumann í handlegginn með þeim afleiðingum að hann hlaut tvö nokkuð djúp sár og mar. Tekið var fram að A hefði ekki áður verið dæmdur til refsingar. Dæmdur til að sæta fangelsi í 90 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 2003.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa sparkað í höfuð lögreglumanns, sem var við skyldustörf, með þeim afleiðingum að hann hlaut blóðgúl og grunnt sár undir hægri augabrún. Tekið var fram að A hefði ekki áður verið dæmdur til refsingar. Dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. febrúar 2003.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa skallað lögreglumann, sem var við skyldustörf, í andlitið með þeim afleiðingum að hann bólgnaði og marðist á augabrún og kinnbeini, auk þess sem hann hlaut tímabundnar sjóntruflanir og verk í auga. Með brotinu rauf A skilorð fyrri dóms þar sem ákvörðun um refsingu hafði verið frestað skilorðsbundið. Dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. apríl 2003.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að lögreglumanni, sem var við skyldustörf, og slegið hann hnefahöggi með þeim afleiðingum að hann hlaut yfirborðsáverka á kinnbeini. Tekið var fram að ákvörðun um refsingu A vegna gripdeildar hafði verið frestað skilorðsbundið ári áður. Ákvörðun um refsingu var frestað skilorðsbundið í 1 ár.

**Dómur Héraðsdóms Vesturlands 19. maí 2003.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa ráðist á lögreglumann, sem var við skyldustörf, tekið hann kverkataki og hert að þannig að honum lá við köfnun. Afleiðingar árásarinnar urðu þær að lögreglumaðurinn fékk höfuðverk, kenndi stirðleika og eymsla í hálsi, hlaut húðblæðingar aftan á hálsi og blæðingu inn á auga. Tekið var fram að A ætti langan sakaferil að baki, en honum hafði áður verið gerð refsing í 9 skipti. Dæmdur til að sæta fangelsi í 3 mánuði.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 12. september 2003.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni og vopnalögum með því að hafa beint ólöglegum fjaðrahníf á ógnandi hátt að tveimur lögreglumönnum sem voru við skyldustörf. Tekið var fram að sakaferill A hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Dæmdur til að sæta fangelsi í 1 mánuð, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 12. september 2003.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa ráðist á lögreglumann, sem var við skyldustörf, skallað í andlit hans og sparkað með þeim afleiðingum að hann hlaut mar og yfirborðsáverka á hné, fótlegg og umhverfis munn. Tekið var fram að sakaferill A hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Dæmdur til að sæta fangelsi í 1 mánuð, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 1 ár.

**Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 18. september 2003.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa bitið í fingur lögreglumanns, sem var við skyldustörf, svo af hlaust bólga. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir að hafa slegið til annars lögreglumanns með krepptum hnefa og handjárnum sem læst voru um annan úlnlið hans. Tekið var fram að A ætti talsverðan sakaferil að baki. Dæmdur til að sæta fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 3 ár. B var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa skallað lögreglumann í andlitið með þeim afleiðingum að efri vör hans sprakk og sár kom á hana innanverða. Tekið var fram að B ætti talsverðan sakaferil að baki. Með dóminum var 3 mánaða fangelsisrefsing samkvæmt fyrri dómi dæmd upp. Dæmdur til að sæta fangelsi í 4 mánuði.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 5. nóvember 2003.**
A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa bitið í hönd lögreglumanns, sem var að sinna skyldustörfum, með þeim afleiðingum að hann marðist á lófa og handarbaksmegin. Tekið var fram að sakaferill A hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Dæmdur til greiðslu 70.000 króna sektar og vararefsing ákveðin fangelsi í 16 daga.

**Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 20. nóvember 2003.**
A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veitt lögreglumanni, sem var við skyldustörf, högg í andlitið með þeim afleiðingum að hann bólgnaði yfir augabrún og marðist um bæði augu. Tekið var fram að sakaferill A hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 12. desember 2003.**
A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa bitið lögreglumann sem var að sinna skyldustörfum. Ekki var vikið að sakaferli A í dóminum. Dæmdur til greiðslu 50.000 króna sektar og vararefsing ákveðin fangelsi í 12 daga.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. janúar 2004.**
A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa ráðist að lögreglumanni, sem var við skyldustörf, tekið hann kverkataki, hrint honum, slegið hann hnefahögg í andlitið, klipið hann og klórað, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð á neðri vör, sár á munnviki, mar og klórför við handarkrika og mar á herðablaði, olnboga og úlnlið. Tekið var fram að A hefði ekki áður sætt refsingu. Dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. maí 2004.**
A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa skallað lögreglumann, sem var við skyldustörf, í höfuðið með þeim afleiðingum að hann bólgnaði aftan við eyra. Tekið var fram að sakaferill A hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 25. maí 2004.**
A var sakfelld fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið lögreglumann, sem var við skyldustörf, ítrekað í höfuð og búk, sparkað í sköflung hans og klórað í andlit, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut sár á efri vör, fjóra marbletti og skafsár á hægri fótlegg. Tekið var fram að A hefði ekki áður sætt refsingu. Dæmd til að sæta fangelsi í 60 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 10. september 2004.**
A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veitt lögreglumanni, sem var við skyldustörf, högg á vinstri vanga svo af hlutust eymsl og doði. Tekið var fram að A ætti nokkurn sakaferil að baki. Með dóminum var 7 mánaða fangelsisrefsing samkvæmt fyrri dómi dæmd upp. Dæmdur til að sæta fangelsi í 8 mánuði.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 26. október 2004.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið lögreglumann, sem var við skyldustörf, með krepptum hnefa í andlitið með þeim afleiðingum að hann marðist í andliti, vör sprakk og fjarlægja þurfti tönn sem losnaði. Tekið var fram að sakaferill A hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. janúar 2005.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið lögreglumann, sem var að sinna skyldustörfum, hnefahöggi í andlitið með þeim afleiðingum að hann bólgnaði á nefhrygg og hlaut sár á innanverðri vör. Tekið var fram að A ætti engan sakaferil að baki. Dæmdur til að sæta fangelsi í 45 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. mars 2005.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið nokkrum sinnum til lögreglumanns sem var við skyldustörf. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir að hafa hrint öðrum lögreglumanni svo hann féll í götuna, sparkað í andlit hans og slegið ítrekað í höfuð hans með þeim afleiðingum að hann marðist og bólgnaði á kinnbeini og hlaut rispur á enni, úlnlið, olnboga og hné. Tekið var fram að A ætti talsverðan sakaferil að baki og hefði í sex skipti hlotið refsingu fyrir líkamsárás. Dómur þessi var hegningarauki við 15 mánaða fangelsisrefsingu samkvæmt fyrri dómi. Dæmdur til að sæta fangelsi í 6 mánuði.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. maí 2005.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa bitið lögreglumann, sem var við skyldustörf, í hnésbótina með þeim afleiðingum að hann hlaut fleiðusár. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir ölvunarakstur. Tekið var fram að A hefði gengist undir sátt vegna fíkniefnalagabrots í september 2003. Dæmdur til að sæta fangelsi í 40 daga, en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár. Jafnframt dæmdur til að greiða 130.000 króna sekt og sviptur ökurétti í 1 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 2005.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veitt lögreglumanni, sem var við skyldustörf, hnefahögg aftan á hálsinn þannig að hann féll með þeim afleiðingum að hann marðist, bólgnaði á hálsi og hruflaðist á hné. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir að hafa veitt öðrum lögreglumanni hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann marðist og bólgnaði í andliti. Tekið var fram að A hefði ekki áður sætt refsingu. Dæmdur til að sæta fangelsi í 4 mánuði, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 8. júlí 2005.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa ráðist að heilsugæslulækni, sem var að sinna skyldustörfum, tekið hana kverkataki og gripið í öxl hennar, með þeim afleiðingum að hún hlaut roða og skrámur á bringu, hálsi og öxl. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir ölvunarakstur. Með brotunum rauf A skilyrði reynslulausnar á 240 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar samkvæmt fyrri dómi. Dæmdur til að sæta fangelsi í 9 mánuði og sviptur ökurétti í 2 ár.

**Viðurlagaákvörðun Héraðsdóms Reykjaness 5. október 2005.**
A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa hótað lögreglumanni, sem var að sinna skyldustörfum, með því að lyfta dúkahnífsblaði ógnandi í átt að honum líkt og hann ætlaði að leggja til hans. Málinu var lokið með viðurlagaákvörðun og A gert að greiða 50.000 króna sekt, en vararefsing ákveðin fangelsi í 4 daga.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 21. október 2005.**
A og B voru sakfelldir fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að stefnuvotti, sem var við skyldustörf, með þeim hætti að A tók hann hálstaki, keyrði hann niður og dró hann ásamt B inn í hús. Tekið var fram að sakaferill A hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar og var hann dæmdur til að sæta fangelsi í 60 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 1 ár. Dæma bar B hegningarauka við tvo sektardóma fyrir umferðarlagabrot og fíkniefnalagabrot og var hann dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 1 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. nóvember 2005.**
A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa sparkað í síðu lögreglumanns, sem var að sinna skyldustörfum, með þeim afleiðingum að hann tognaði í millirifjavöðvum og hlaut hugsanlega sprungu eða brot á rifi. Tekið var fram að A væri ungur að árum og hefði ekki áður sætt refsingu. Ákvörðun refsingar var frestað skilborðsbundið í 1 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 2005.**
A var sakfelld fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa hótað fyrrum starfsmanni félagsmálayfirvalda, starfsmönnum barnaverndar og yfirfélagsráðgjafa lífláti. Hún var jafnframt sakfelld fyrir að hafa hótað félagsmálastjóra lífláti, að ræna börnum hennar og kveikja í heimili hennar. Þar að auki var A sakfelld fyrir brot gegn 120. gr. a almennra hegningarlaga. Tekið var fram að A hefði hlotið fangelsisdóma í september 2001 og maí 2002. Dæmd til að sæta fangelsi í 8 mánuði, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 3 ár.

**Dómur Héraðsdóms Vesturlands 11. janúar 2006.**
A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa hótað að lífláta lögreglumann, sem var við skyldustörf, og börn hans. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir hótanir, vörslur fíkniefna og ölvunarakstur. Með brotinu rauf A skilorð fyrri dóms þar sem refsing hafði verið ákveðin fangelsi í 45 daga. Dæmdur til að sæta fangelsi í 4 mánuði. Með dómi Hæstaréttar 14. september 2006 var niðurstaða héraðsdóms staðfest.

**Dómur Héraðsdóms Austurlands 17. febrúar 2006.**
A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa hrækt á lögregluvarðstjóra sem var við skyldustörf. Tekið var fram að A hefði gengist undir greiðslu sektar vegna brots gegn lögum um ávana- og fíkniefni og vegna minni háttar eignarspjalla rúmlega þremur árum áður. Dæmdur til greiðslu 30.000 króna sektar og vararefsing ákveðin fangelsi í 4 daga.

**Viðurlagaákvörðun Héraðsdóms Reykjaness 15. mars 2006.**
A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa klórað tvo lögreglumenn, sem voru að sinna skyldustörfum, með þeim afleiðingum að annar þeirra hlaut fleiður á kinn og hinn skurð á gagnauga og rispur á upphandlegg. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir vörslur fíkniefna. Málinu var lokið með viðurlagaákvörðun og A gert að greiða 125.000 króna

sekt, en vararefsing ákveðin fangelsi í 10 daga. Honum var jafnframt gert að sæta upptöku á fíkniefnum.

**Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 24. mars 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa bitið lögreglumann, sem var við skyldustörf, með þeim afleiðingum að hann hlaut fleiður á handarbaki sem úr blæddi. A var smitaður af lifrarbólgu C og lét í veðri vaka að hann væri einnig smitaður af HIV-veirunni, en sú var ekki raunin. Dómur þessi var hegningarauki við fyrri dóm og rauf A jafnframt skilorð reynslulausnar á 160 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar. Dæmdur til að sæta fangelsi í 7 mánuði, en vegna dráttar málsins var fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 3 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið lögreglumann, sem var við skyldustörf, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut mar og yfirborðsáverka. Ekki var vikið að sakaferli A í dóminum. Dæmdur til greiðslu 75.000 króna sektar og vararefsing ákveðin fangelsi í 6 daga.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. apríl 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að sýslumanni, sem var við skyldustörf í Héraðsdómi Suðurlands, er hann stöðvaði för hans með því að þrífa í öxl hans og brá fyrir hann fæti svo hann hrasaði við. Tekið var fram að A hefði með brotinu í annað skipti rofið skilorð og í þriðja sinn verið fundinn sekur um ofbeldisbrot á rúmlega þriggja ára tímabili. Með dóminum var 3 mánaða skilorðsbundin fangelsisrefsing samkvæmt fyrri dómi dæmd upp. Dæmdur til að sæta fangelsi í 6 mánuði.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. apríl 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa ekið bifreið á lögreglumann og slegið hann í kviðinn. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir umferðarlagabrot. Tekið var fram að A hefði gengist undir sátt á árinu 1997 fyrir fíkniefnalagabrot og árið 1998 verið dæmdur fyrir brot gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Dæmdur til að sæta fangelsi í 4 mánuði, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 3 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa ráðist að lögreglumanni, sem var að sinna skyldustörfum, tekið hann hálstaki, snúið hann niður og haldið honum föstum um stund. Marðist lögreglumaðurinn á öxl, upphandlegg, olnboga og framhandlegg og tognaði á hálsi, auk þess sem einkennisskyrta hans rifnaði. Tekið var fram að A hefði verið veitt ákærufrestun árið 2001 vegna þjófnaðar, en að hann hefði ekki sætt refsingu áður. Dæmdur til að sæta fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 5. maí 2006.**

A var sakfelld fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið til og sparkað í fótlegg lögreglumanns, sem var við skyldustörf, með þeim afleiðingum að hann hlaut marblett og húðrof á vinstra læri. Hún var jafnframt sakfelld fyrir umferðarlagabrot. Tekið var fram að A hefði verið dæmd í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi arið 2000 og ári síðar verið dæmd til greiðslu sektar fyrir umferðarlagabrot. Dæmd til að sæta fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár. Jafnframt dæmd til greiðslu 50.000 króna sektar.

**Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 2. júní 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa hótað lögreglumönnum, sem voru að sinna skyldustörfum, og fjölskyldum þeirra ofbeldi og lífláti. Dómur þessi var hegningarauki við fyrri dóma, en með brotinu rauf hann jafnframt skilorð tveggja dóma og voru refsingar samkvæmt þeim dæmdar upp. Dæmdur til að sæta fangelsi í 5 mánuði, en fullnustu 3 mánaða af refsingunni frestað skilorðsbundið í 3 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júní 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa ráðist að lögreglumanni, sem var við skyldustörf, og slegið hann ítrekað með krepptum hnefum. Tekið var fram að sakaferill A hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Dæmdur til að sæta fangelsi í 6 mánuði, en fullnustu 3 mánaða af refsingunni frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júní 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa sparkað í tvo lögreglumenn, sem voru við skyldustörf, með þeim afleiðingum að þeir hlutu báðir mar og yfirborðsáverka á fótlegg. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir eignaspjöll með því að hafa sparkað í lögreglubifreið með þeim afleiðingum að afturljós brotnaði. Dómur þessi var hegningarauki við fyrri dóm vegna umferðarlagabrots. Dæmdur til að sæta fangelsi í 1 mánuð, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 14. júní 2006.**

A var sakfelld fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa ráðist að félagsmálastjóra, sem var að gegna skyldustörfum, og slegið hana í höfuðið með öskubakka með þeim afleiðingum að hún hlaut skurð í hársvörð. Tekið var fram að A hefði ekki áður sætt refsingu. Dæmd til að sæta fangelsi í 1 mánuð, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 19. júní 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa hótað lögreglumanni lífláti og öðrum lögreglumanni lífláti, líkamsmeiðingum og því að lífláta föður hans þegar verið var að færa hann á lögreglustöð og á meðan hann var í fangageymslu. Tekið var fram að A hefði ekki áður sætt refsingu. Dæmdur til að sæta fangelsi í 1 mánuð, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 20. júlí 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa bitið lögreglumann, sem var að sinna skyldustörfum, í höndina þannig að hann hlaut fleiður á handarjarkann. Tekið var fram að A hefði tvívegis hlotið refsingu fyrir umferðarlagabrot. Dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 31. ágúst 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa sparkað í andlit lögreglumanns, sem var við skyldustörf, með þeim afleiðingum að brot kom í tvær tennur og fylling brotnaði í annarri tönninni. Tekið var fram að A hefði ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Dæmdur til að sæta fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 8. september 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa hótað þremur lögreglumönnum, sem voru að sinna skyldustörfum, að taka þá, fjölskyldur þeirra og börn af lífi. Tekið var fram að A hefði sætt sektarrefsingu fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga með viðurlagaákvörðun rúmu ári áður. Dæmdur til að sæta fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. september 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að dómverði, sem var við skyldustörf í Héraðsdómi Reykjavíkur, með því að sparka í fótlegg hans svo hann féll með þeim afleiðingum að hann hlaut tognun og mar á mjöðm. Tekið var fram að A ætti allnokkurn sakaferil að baki, en hefði þó ekki áður gerst sekur um ofbeldisbrot. Dæmdur til að sæta fangelsi í 3 mánuði.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. september 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að tveimur lögreglumönnum, sem voru við skyldustörf, með því að slá og sparka til þeirra og sparka einu sinni í vinstra læri annarrar þeirra og grípa síðan í hana með þeim afleiðingum að hún meiddist á litla fingri. Tekið var fram að A hefði ekki áður gerst sekur um brot gegn hegningarlögum. Dæmdur til að sæta fangelsi í 1 mánuð, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 6. október 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að tveimur lögreglumönnum, sem voru við skyldustörf, með því að leitast við að hindra handtöku á pilti og slá til annars lögreglumannsins með þeim afleiðingum að einkennishúfa fór af höfði hans. Með brotinu rauf A skilyrði reynslulausnar á 120 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar samkvæmt fyrri dómi. Dæmdur til greiðslu 120.000 króna sektar, en vararefsing ákveðin fangelsi í 10 daga.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að lögreglumanni, sem var við skyldustörf, og slegið hann með krepptum hnefa í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut eymsli og þrýstingsóþægindi yfir nefi og út í kinnar. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir vörslu fíkniefna og umferðarlagabrot. Tekið var fram að A ætti langan sakaferil að baki. Dæma bar A hegningarauka og var talið að þau brot sem hann var nú sakfelldur fyrir hefðu ekki haft áhrif á ákvörðun refsingar í fyrri dómum. Var honum því ekki gerð sérstök refsing.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að lögreglumanni, sem var við skyldustörf ásamt öðrum lögreglumanni, rifið í jakka hans og reynt að ryðjast inn í hús sem lögreglan hafði lokað og þannig stofnað til átaka við lögreglumennina. Tekið var fram að A hefði ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Dæmdur til að greiðslu 150.000 króna sektar og vararefsing ákveðin fangelsi í 12 daga.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa skallað lögregluvarðstjóra, sem var við skyldustörf, með þeim afleiðingum að hann hlaut yfirborðsáverka á andliti og

snert af heilahristing. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir að hóta þremur lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra ofbeldi og líflátí. A rauf með brotinu skilorð reynslulausnar á 200 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar samkvæmt fyrri dómi. Dæmdur til að sæta fangelsi í 11 mánuði.

**Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 13. nóvember 2006.**

A var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að lögreglumanni, sem var við skyldustörf, tekið hann hálstaki og slegið hann með krepptum hnefa á munninn með þeim afleiðingum að hann hlaut tognunaráverka á hálsi og kjálka og nokkuð djúpan skurð þvert í gegnum vörina. Hann var jafnframt sakfelldur fyrir vörslur fíkniefna. Tekið var fram að A hefði sjö sinnum verið gerð refsing fyrir brot á hegningarlögum, umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Dómur þessi var hegningarauki við fyrri dóm þar sem A hafði verið dæmdur til greiðslu sektar. Með brotunum rauf A jafnframt skilorð fyrri dóms og var 7 mánaða fangelsisrefsing samkvæmt honum dæmd upp. Dæmdur til að sæta fangelsi í 12 mánuði.

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.**

Markmið frumvarpsins er að skerpa á og auka þá refsivernd sem opinberum starfsmönnum, sem hafa heimild til líkamlegrar valdbeitingar, er veitt í refsilögum.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

# 645. Frumvarp til laga [466. mál]

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt framlag á grundvelli samninga um kirkjueignir og prestssetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar til viðbótar öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum.

Launagreiðslum til starfandi presta þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna hennar skal hagað samkvæmt því sem greinir í 60. gr.

2. gr.

4. mgr. 20. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Biskup Íslands skipar í embætti sóknarprests sem og í önnur prestsembætti, sbr. 35., 36., 44. og 45. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Biskup Íslands veitir þeim embætti sóknarprests eða prests sem hlotið hefur bindandi val eða kosningu, samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 59. gr.

b. 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Kjósi meiri hluti kjörmanna að embættið verði auglýst skal sú samþykkt send biskupi Íslands til samþykktar.

5. gr.

1. málsl. 41. gr. laganna orðast svo: Hafi enginn sótt um prestakall eða embætti er biskupi Íslands heimilt að setja prest í embættið í allt að eitt ár.

6. gr.

62. gr. laganna orðast svo:

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins, samkvæmt samningum um kirkjueignir milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, sem prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1. janúar 1994 með síðari skjalfestum afhendingum frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, svo og prestsbústaðir, hús og aðrar eignir sem prestssetrasjóður hefur keypt, eru eign þjóðkirkjunnar með öllum réttindum, skyldum og kvöðum samkvæmt samningi um prestssetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um prestssetur í starfsreglur, sbr. 59. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2007 fyrir utan ákvæði 3.–5. gr. sem öðlast gildi 1. desember 2007.

Þá falla lög um prestssetur, nr. 137 31. desember 1993, úr gildi 1. júní 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að tvennum breytingum. Annars vegar að gerðar verði nauðsynlegar lagabreytingar vegna samkomulags milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, sem undirritað var 20. október 2006 af hálfu biskups Íslands, dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra, um að íslenska ríkið afhendi þjóðkirkjunni til eignar prestssetur eins og nánar greinir í samkomulaginu og greiði þar að auki nokkuð aukið árlegt framlag til hennar. Hins vegar er lagt til að biskupi Íslands verði fengið veitingarvald til að skipa sóknarpresta, en það er nú í höndum dóms- og kirkjumálaráðherra. Kirkjuþing hefur fjallað um þessar tillögur og fallist á þær fyrir sitt leyti, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

## I.

Hinn 1. janúar 1994 tóku gildi lög nr. 137/1993, um prestssetur. Í greinargerð með frumvarpi því, sem varð að tilvitnuðum lögum, var því slegið föstu að sérstakar reglur og sjónarmið giltu um prestssetur þjóðkirkjunnar og umsýslu með þeim. Jafnframt kom fram að engin afstaða væri tekin til eignarréttar yfir prestssetrunum enda væru að störfum sérstakar nefndir ríkis og kirkju sem hefðu það hlutverk að fjalla um framtíðarskipan kirkjueigna.

Tæplega þremur árum síðar eða 10. janúar 1997 gerði ríkið og kirkjan með sér samkomulag um svokallaðar kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir, fyrir utan prestssetur. Samkomulagið var gert með það fyrir augum að það væri liður í að skýra tengslin milli ríkis og kirkju en um langt skeið höfðu kirkjan og ríkið verið nánast óaðgreinanleg. Við undirritun samkomulagsins var af hálfu ríkisins talið eðlilegt að ekki yrði tekið á eignarréttarmálum prestssetranna enda voru þau nýtt af prestum þjóðkirkjunnar til íbúðar, og þar sem um þau giltu sérlög væri nauðsynlegt að taka á þeim sérstaklega.

Í framhaldi af undirritun samkomulagsins var í 62. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997, mælt fyrir um að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgdu, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgdi, væru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða skyldi renna í ríkissjóð. Á móti mundi ríkið skuldbinda sig til að greiða laun 138 presta og 18 starfsmanna biskupsstofu.

Þá voru í kjölfar samkomulagsins um kirkjujarðirnar teknar upp nýjar viðræður við kirkjuna og nú um eignarréttarstöðu prestssetranna. Þær viðræður hafa staðið með hléum um árabil. Einn helsti ásteytingarsteinninn í viðræðunum hefur verið mismunandi skilningur ríkis og kirkju á því hvernig bæri að skýra og túlka samkomulagið frá 10. janúar 1997 varðandi prestssetrin.

Sjónarmið ríkisins voru að samið hefði verið um öll önnur prestssetur og prestssetursjarðir en þau sem færðust yfir til prestssetrasjóðs með lögunum um prestssetur, nr. 137 31. desember 1993. Ríkið hefur þó verið reiðubúið að bæta kirkjunni með fjárgreiðslum tiltekin atriði sem út af stóðu að mati samningsaðila þegar umsýsla prestssetrana var færð yfir til sjóðsins. Þar var í fyrsta lagi um að ræða tilteknar skuldbindandi ákvarðanir stjórnvalda um stofnun, flutning, viðhald og breytingar á prestssetrum sem teknar voru áður en umsýsla prestssetra fluttist til prestssetrasjóðs og höfðu haft í för með sér fjárskuldbindingar fyrir sjóðinn. Í öðru lagi var um að ræða fjárgreiðslur vegna aukins umsýslu- og stjórnunarkostnaðar hjá kirkjunni eftir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hætti að sjá um og kosta umsýsluna. Í þriðja lagi var um að ræða fjárgreiðslur sem kirkjan kynni að bera í framtíðinni við að leiða í ljós réttindi eða skyldur sem tengjast umræddum jörðum.

Sjónarmið kirkjunnar hafa verið talsvert frábrugðin sjónarmiðum ríkisins að þessu leyti. Kirkjan hefur í viðræðunum byggt sinn málflutning á að ósamið væri um ýmsar aðrar eignir og réttindi en færðust til prestssetrasjóðs með lögum um prestssetur. Þar ber helst að nefna það sjónarmið að nýbýli, hjáleigur, útskipt landsvæði og tengd réttindi sem einhvern tímann hefðu tilheyrt prestssetrunum allt frá setningu laga nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða, ættu einnig að teljast eign kirkjunnar. Jafnframt hefur það verið sjónarmið kirkjunnar að henni yrði afhent eða bætt með fjárgreiðslum óseld fyrrum prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir, nýbýli og hjáleigur úr prestssetursjörðum frá sama tíma sem nú eru í umsýslu landbúnaðarráðuneytisins. Þau prestssetur sem hefðu verið seld á þessu tímabili af ríkinu yrðu jafnframt bætt með sérstakri greiðslu. Auk þess taldi kirkjan að Þingvellir væru prestssetursjörð sem ætti að vera á forræði kirkjunnar.

Samkomulagið sem hefur tekist milli þessara aðila felur í sér endanlega lúkningu allra mála er snúa að prestssetrunum og tengdum réttindum milli ríkis og kirkju.

Samkomulagið byggist í meginatriðum á eftirfarandi:

Kirkjunni verði afhent til fullrar eignar og ráðstöfunar þau prestssetur og prestssetursbústaðir sem henni voru afhent til umsýslu með lögum um prestssetur frá 1993, ásamt þeim fasteignum sem kirkjan hefur keypt fyrir eigið fé frá þeim tíma. Samkomulag þetta gerir því ekki ráð fyrir afhendingu annarra eigna til kirkjunnar en hún hefur nú þegar á sínu forræði.

Allar kröfur kirkjunnar á hendur ríkinu vegna annarra eigna sem deilt hefur verið um á milli ríkis og kirkju og snúa að eldri prestssetrum, nýbýlum, hjáleigum og öðrum útskiptum eignum og réttindum allt frá árinu 1907 falla niður eða teljast umsamdar. Sama gildir um kröfur vegna prestssetra eða tengdra réttinda sem ríkið hefur selt á þessu tímabili.

Mælt er sérstaklega fyrir um í samkomulaginu að jörðin Þingvellir og kirkjan þar sé eign íslenska ríkisins sem sjái um búnað hennar og viðhald, ásamt því að veita aðstöðu fyrir sóknarprest í tengslum við kirkjuathafnir.

Gert er ráð fyrir að íslenska ríkið hækki árlegt framlag sitt til kirkjumálasjóðs sem nemur 3% af því gjaldi sem árlega er nú greitt til sjóðsins þannig að gjald í kirkjumálasjóð verði 14,3% frá 1. janúar 2007. Samhliða umræddri hækkun er lagt til að eftirfarandi ótímabundin viðfangsefni undir fjárlagaliðnum 06-701 Þjóðkirkjan falli brott frá og með fjárlögum 2007:

| | | |
|---|---|---|
| 1.12 | Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavandans ..... | 7,1 m.kr. |
| 1.15 | Kirkjumiðstöðvar ..... | 2,2 m.kr. |
| 1.16 | Langamýri í Skagafirði ..... | 1,7 m.kr. |
| 1.91 | Skálholtsskóli ..... | 9,4 m.kr. |

Hækkun á gjaldi ríkisins í kirkjumálasjóð nemur um 55 millj. kr. á ári en að teknu tilliti til þeirra liða sem niður falla á móti verður raunhækkun útgjalda ríkisins vegna samningsins um 35 millj. kr. á ári.

Í samræmi við 23. gr. laga nr. 78 26. maí 1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, hefur samkomulagið og þessar tillögur til lagabreytinga verið lagt fyrir kirkjuþing til umfjöllunar. Samþykkti kirkjuþing fyrir sitt leyti samkomulagið. Jafnframt beindi það tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðherra um að hann flytti á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á þjóðkirkjulögunum. Nauðsynlegar lagabreytingar vegna samkomulagsins er að finna í frumvarpinu, auk tillagna um að nema úr gildi ákvæði um prestssetrasjóð.

## II.

Samkvæmt 37. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997, skipar dóms- og kirkjumálaráðherra í embætti sóknarpresta. Biskup Íslands skipar í önnur prestsembætti. Í frumvarpi þessu er lagt til að biskup skipi í öll prestsembætti.

Á undanförnum árum hefur sjálfstæði kirkjunnar aukist. Í þessu skyni var veitingarvald embætta sérþjónustupresta, héraðspresta, presta sem ráðnir eru til starfa erlendis og annarra prestsembætta en embætta sóknarpresta fært frá dóms- og kirkjumálaráðherra til biskups Íslands með lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997. Sama á einnig við um skipun í embætti prófasts.

Með starfsreglum um presta, nr. 735/1998, sem kirkjuþing samþykkti haustið 1998 á grundvelli framangreindra laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, var gerð grundvallarbreyting á reglum um val og veitingu prestsembætta. Valnefndir velja nú jafnt sóknarpresta sem aðra presta í sóknum, sbr. 35. gr. laganna. Vegna samræmis þykir eðlilegt

að sami háttur verði hafður á um skipun sóknarpresta og annarra presta og að veitingarvaldið verði hjá biskupi Íslands.

Tillaga um þetta sama efni var lögð fyrir kirkjuþing árið 2001, en þá taldi kirkjuþing ekki tímabært að ráðast í þessa breytingu, og var þá ákveðið að láta málið kyrrt liggja. Fyrir liggja nokkrar álitsgerðir, m.a. álit dr. Páls Sigurðssonar lagaprófessors. Þá hefur ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni fjallað um málið og komist að þeirri niðurstöðu að það snerti ekki grundvöll embættis evangelísk-lúterskrar kirkju.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er fjallað um framlag ríkisins til þjóðkirkjunnar. Í samkomulagi því, er greint er frá í almennum athugasemdum, er nánar kveðið á um að íslenska ríkið greiði aukið framlag sem nemur 3% aukningu þess gjalds sem árlega er greitt til kirkjumálasjóðs. Framlagið hækkar þá úr 11,3% í 14,3%. Jafnframt eru felld brott framlög til einstakra viðfangsefna undir fjárlagaliðunum 06-701, 1.12, 1.15, 1.16 og 1.91 í fjárlögum 2007.

Um 2. gr.

Ákvæði um hvernig kjósa á í stjórn prestssetrasjóðs fellur brott þar sem prestssetrasjóður verður lagður niður. Þjóðkirkjan hyggst skipa eignamálum prestssetranna á þann veg að færa prestssetrin og eignir þeim tengdar undir kirkjumálasjóð, og að þar verði búið til sérstakt viðfangsefni sem ber heitið prestssetrasjóður. Allar ákvarðanir um málefni þess sjóðs verða því alfarið á valdi þjóðkirkjunnar sjálfrar framvegis.

Um 3.–5. gr.

Um breytingar þær, sem lagðar eru til í 3.–5. gr. frumvarpsins, vísast til kafla II í almennum athugasemdum hér að framan. Einungis er um að ræða formlega breytingu á því hver er handhafi veitingarvaldsins, en hún hefur ekki í för með sér neina efnislega breytingu á réttarstöðu þeirra sóknarpresta sem skipaðir verða eftir að frumvarp þetta verður að lögum, ef samþykkt verður. Aðeins er verið að færa eðlilegt hlutverk yfirstjórnar þjóðkirkjunnar til hennar sjálfrar í ljósi þeirrar stefnumörkunar sem ákveðin var með þjóðkirkjulögunum um að veita þjóðkirkjunni meira sjálfstæði.

Um 6. gr.

Í samkomulagi því, sem greint er frá í I. kafla almennra athugasemda, er tekið fram hvaða eignir það eru sem afhentar eru þjóðkirkjunni til eignar, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, svo og hús og aðrar eignir sem prestssetrasjóður hefur keypt síðan 1. janúar 1994. Þá fylgir skrá yfir þau prestssetur sem um ræðir. Rísi ágreiningur um efni eða túlkun á samkomulaginu milli aðilanna skal gerðardómur útkljá slík mál, enda verði gerðardómsmál höfðað fyrir árslok 2010. Samkomulagið fylgir í heild sinni sem fylgiskjal með þessu frumvarpi.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal I.**

**Samkomulag milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um prestssetur og afhendingu þeirra, undirritað hinn 20. október sl.**

*Íslenska ríkið og Þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi*
**samkomulag**
*um prestssetur og afhendingu þeirra til Þjóðkirkjunnar*

## I. Kafli

### 1. gr.

Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, sem Prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 1. janúar 1994 með síðari skjalfestum afhendingum frá ráðuneytinu, sbr. upptalningu prestssetra í II. kafla samkomulags þessa, er eign Þjóðkirkjunnar.

### 2. gr.

Prestsbústaðir, hús og aðrar eignir, sem Prestssetrasjóður hefur keypt er eign Þjóðkirkjunnar, sbr. upptalningu í III. kafla samkomulags þessa.

### 3. gr.

Íslenska ríkið afhendir eignirnar til fullra yfirráða eins og þær eru nú ásamt þeim réttindum, skyldum og/eða kvöðum sem þeim fylgja með þeim takmörkunum sem nánar greinir í samkomulagi þessu. Þjóðkirkjan tekur við eignunum ásamt réttindum, skyldum og/eða kvöðum frá sama tíma.

### 4. gr.

Samkomulag þetta felur í sér, auk afhendingar tiltekinna eigna til Þjóðkirkjunnar, að íslenska ríkið hækkar árlegt framlag sitt til Kirkjumálasjóðs sem nemur 3,0% af því gjaldi sem árlega er greitt til sjóðsins þannig að gjald í Kirkjumálasjóð verði 14,3% frá 1. janúar 2007. Samhliða umræddri hækkun munu framlög samkvæmt eftirfarandi viðfangsefnum undir fjárlagaliðnum *06-701 Þjóðkirkjan* falla brott frá og með fjárlögum 2007: *1.12, 1.15, 1.16 og 1.91.*

### 5. gr.

Með eignaafhendingu og uppgjöri samkvæmt samkomulagi þessu á sér stað fullnaðaruppgjör vegna allra prestssetra og prestssetursjarða.

Uppgjör þetta tekur einnig til ákvarðana stjórnvalda um stofnun, flutning, viðhald eða breytingar á prestssetrum sem teknar voru áður en umsýsla prestssetra fluttist til Prestssetrasjóðs og höfðu eða kunna að hafa í för með sér fjárskuldbindingar fyrir sjóðinn.

Samkomulag er með aðilum um að í uppgjöri þessu felist einnig að bættur hafi verið sá umsýslu- og stjórnunarkostnaður sem Prestssetrasjóður hefur haft af rekstri sjóðsins eftir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hætti að kosta umsýslu með honum.

Sama gildir um þann lögfræði- og málskostnað sem Þjóðkirkjan kann að bera í framtíðinni við að leiða nánar í ljós réttindi eða skyldur sem tengjast umræddum jörðum.

**6. gr.**

Með samkomulagi þessu eru ekki afhentar aðrar eignir en þær sem nú eru á forræði Prestssetrasjóðs. Hjáleigur prestssetursjarða, nýbýli, lóðir og jarðarhlutar sem skipt hefur verið úr hinum afhentu jörðum ganga ekki til Þjóðkirkjunnar né andvirði fyrir sölu þeirra nema þess sé sérstaklega getið í samkomulagi þessu, sbr. III. Kafla.

Önnur prestssetur, ásamt því sem þeim fylgdi og aðrar eignir og skuldbindingar ríkisins vegna prestssetra, teljast með kirkjueignum, sem afhentar voru með kirkjujarðasamkomulaginu frá 10.1.1997. Jörðin Þingvellir er þar meðtalin og skal hún vera eign íslenska ríkisins. Kirkjan þar er eign íslenska ríkisins, sem sér um búnað hennar og viðhald, ásamt því að veita aðstöðu fyrir sóknarprest í tengslum við kirkjuathafnir.

**7. gr.**

Prestssetursjarðir, sem afhentar eru, miða við landamerki jarða eins og þau eru talin vera í dag og er Þjóðkirkjunni kunnugt um að niðurstöður Óbyggðanefndar og/eða dómstóla skv. lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlenda og afrétta, kunna að breyta þeim landamerkjum.

Séu á umræddum jörðum byggingar eða aðrar eignir sem ekki hafa verið í eigu eða umsjá Prestssetrasjóðs fyrir samkomulag þetta, s.s. skólabyggingar, íbúðarhús eða önnur mannvirki, skal Þjóðkirkjan útmæla slíkum mannvirkjum hæfilega lóð og gera lóðarsamning við eiganda eða umsjónaraðila mannvirkisins.

Þjóðkirkjan tekur við eignunum að öðru leyti í því ástandi, sem þær eru í, við undirritun samkomulags þessa og sættir sig við að fullu.

**8. gr.**

Nú rís ágreiningur um efni eða túlkun samkomulagsins milli aðila þess, t.d. varðandi eignir, landamerki, hlunnindi eða ítök einstakra prestssetursjarða, og skal þá þriggja manna gerðardómur útkljá slík deilumál, enda verði gerðardómsmál höfðað fyrir árslok 2010.

Gerðardómurinn skal skipaður einum fulltrúa tilnefndum af fjármálaráðuneytinu, einum tilnefndum af Þjóðkirkjunni og einum skipuðum af Héraðsdómi Reykjavíkur.

Um gerðardóm þennan og um skiptingu málskostnaðar fyrir honum fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma.

Sé ágreiningur þess eðlis að hann varði eignir, hlunnindi, ábúð, ítök, landamerki o.fl. sem snúi að öðrum en ríkisaðilum, eða gerðardómsmál skv. 1. mgr. 8. gr. og mál hefur ekki verið höfðað fyrir árslok 2010, fer um úrlausn þess samkvæmt almennum reglum.

**9. gr.**

Þjóðkirkjunni er kunnugt um að í einhverjum tilvikum kann að skorta eignarheimildir fyrir eignunum.

Lög um breytingar á lögum nr. 137/1993, um prestssetur, ásamt samkomulagi þessu skulu teljast fullnægjandi eignarheimild til að unnt verði að skrá prestssetrin og fá þeim þinglýst sem eign Þjóðkirkjunnar. Rísi vafi hjá þinglýsingarstjóra um skráningu í eigna- og veðmálabækur, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið útbúa sérstaka yfirlýsingu er skapi eignarheimild Þjóðkirkjunnar að tilteknu prestssetri.

## 10. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Kirkjuþings svo og um samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um prestssetur nr. 137/1993.

## II. Kafli

Hér að neðan eru tilgreindar þær eignir, prestssetursjarðir eða prestsbústaðir sem afhentar verða Þjóðkirkjunni til yfirráða frá 1. janúar 2007.

| | Skýringar | | Skráð eign |
|---|---|---|---|
| **Múlaprófastsdæmi fj. 6** | | | |
| Skeggjastaðir | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Hof | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Valþjófsstaður | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Eiðar | 1) | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Seyðisfjörður, Öldugata 2 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Desjamýri | 2) | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Austfjarðarprófastsdæmi fj. 5** | | | |
| Neskaupsstaður, Blómsturvellir 35 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Eskifjörður, Hátún 13 | 3) | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Kolfreyjustaður | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Heydalir | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Djúpivogur, Steinar | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Skaftafellsprófastsdæmi fj. 5** | | | |
| Höfn, Hlíðartún 18 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Kálfafellsstaður | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Kirkjubæjarklaustur | | Íbúðarhús með lóð verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Ásar I | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Vík í Mýrdal, Ránarbraut 7 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Rangárvallaprófastsdæmi fj. 5** | | | |
| Holt, V-Eyjafjallahreppi | 4) | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Bergþórshvoll | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Breiðabólsstaður | 5) | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Oddi,Rangárvöllum | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Fellsmúli | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Árnesprófastsdæmi fj. 8** | | | |
| Hruni | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Tröð, Gnúpverjahreppi | 6) | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Skálholt | 7) | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Mosfell, Grímsnesi | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Eyrarbakki, Túngata 20 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Hveragerði, Brattahlíð 5 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Þorlákshöfn, Háaleiti | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Hraungerði | 8) | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Kjalarnesprófastsdæmi fj. 5** | | | |
| Grindavík, Ránargata 1 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Útskálar, Garði | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Mosfell í Mosfellssveit | 9) | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Reynivellir í Kjós | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Vestmannaeyjar, Hólagata 42 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Borgarfjarðarprófastsdæmi fj. 6** | | | |
| Saurbær | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Akranes, Laugarbraut 3 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Staðarhóll, Hvanneyri, | 10) | Íbúðarhús og lóð verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Reykholt, Borgarfirði | 11) | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Stafholt | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Borg á Mýrum | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi fj. 5** | | | |
| Staðarstaður, Staðarsveit | 12) | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Ólafsvík, Lindarholt 8 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Grundarfjörður, Eyrarvegur 26 | 13) | Íbúðarhús með lóð verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Stykkishólmur, Lágholt 9 | 14) | Íbúðarhús með lóð verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Hvoll, Saurbæjarhreppi | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Barðastrandarprófastsdæmi fj. 4** | | | |
| Reykhólar, Barðaströnd | 15) | Íbúðarhús með lóð verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Patreksfjörður, Aðalstræti 57 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Tálknafjörður, Túngata 28 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Bíldudalur, Bakkatún | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Ísafjarðarprófastsdæmi fj. 5** | | | |
| Þingeyri, Aðalstræti 40 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Holt í Önundarfirði | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Suðureyri, Túngata 6 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Ísafjörður, Miðtún 12 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Vatnsfjörður | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Húnavatnsprófastsdæmi fj. 5** | | | |
| Árnes I, Árneshreppi | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Hólmavík, Kópnesbraut 17 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Prestsbakki | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Melstaður | 16) | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Hvammstangi, Hvammstangabraut 21 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Skagafjarðarprófastsdæmi fj. 6** | | | |
| Sauðárkrókur, Víðihlíð 8 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Glaumbær | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Mælifell | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Miklibær | 17) | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Hólar í Hjaltadal | 18) | Lóð verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Siglufjörður, Hvanneyrarbraut 45 | | Íbúðarhús, lóð og bílgeymsla verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Eyjafjarðarprófastsdæmi fj. 3** | | | |
| Hrísey, Austurvegur 9 | | Íbúðarhús og bílgeymsla verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Möðruvellir I, Hörgárdal | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Syðra-Laugaland | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| **Þingeyjarprófastsdæmi fj. 7** | | | |
| Laufás | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Háls í Fnjóskadal | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Skútustaðir | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Grenjaðarstaður | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Skinnastaður | | Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Raufarhöfn, Tjarnarholt 4 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |
| Þórshöfn, Sunnuvegur 6 | | Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar | Ríkissjóður |

Skýringar og ákvarðanir tengdar framangreindum 75 eignum:

1) Réttindi yfir ca. 5 ha landspildu í samræmi við samning ríkissjóðs við Austur-Hérað, dags. 22.02.2001.
2) Jörðin er nú leigð til ábúðar í umsjón Prestssetrasjóðs. Þjóðkirkjan tekur við öllum réttindum og skyldum ríkisins samkvæmt ábúðarsamningi.

3) Prestsetrið á Hólmum í Reyðarfirði var flutt á Eskifjörð og jörðin leigð til ábúðar. Ríkissjóður hefur selt jörðina til Fjarðabyggðar og er gert ráð fyrir að starfandi prestur í sókninni hafi heimild til nýtingar þeirra hlunninda, sem hann hefur hingað til nýtt, þar til hann lætur af störfum, sem prestur í prestakallinu.
4) Ásamt ½ Efsta-Koti, sem er óselt og ekki í umsjón ráðuneytis. ½ Efstakot var selt með afsali 12. 9. 1997.
5) Ásamt hluta Aurasels í umsjón Prestssetrasjóðs.
6) Skipti urðu á landi og er 50 ha spilda úr landi Réttarholts í umráðum ábúanda Traða. Gengið verður formlega frá eignarhaldi landspildunnar í samræmi við þá samninga sem gerðir voru.
7) Íbúðarhúsið er á lóð í eigu þjóðkirkjunnar.
8) Jörðin er nú leigð til ábúðar í umsjón Prestssetrasjóðs. Þjóðkirkjan tekur við öllum réttindum og skyldum ríkisins samkvæmt ábúðarsamningi.
9) Ásamt lóðum sem nú eru leigðar út í umsjón Prestssetrasjóðs.
10) Prestssetrið er í landi Hvanneyrar og var flutt þangað um miðja síðustu öld. Gengið verður frá skýrri eignarheimild og afmörkun lóðar prestssetursins.
11) Ásamt jörðum, réttindum og skyldum, sbr. samning milli dóms- og kirkjumálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis, dags. 7. júlí 1987 og bréf dags. 17. nóv. 2005 frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til Prestssetrasjóðs um leigusamninga og löggerninga.
12) Ágreiningur hefur verið milli Prestssetrasjóðs og eiganda jarðarinnar Traða sem seld var 1998. Þjóðkirkjan sjái um lausn ágreiningsins gagnvart eigendum jarðarinnar.
13) Ásamt eyju í umsjón Prestssetrasjóðs samkvæmt haldsbréfi.
14) Ásamt eyjum í umsjón Prestssetrasjóðs samkvæmt haldsbréfi
15) Gengið verður formlega frá afmörkun þeirra réttinda og þeirrar lóðar sem prestssetrið hefur hingað til haft yfir að ráða.
16) Ásamt eyju í umsjón Prestssetrasjóðs samkvæmt haldsbréfi.
17) Ásamt Borgarhól, sem er óseldur og ekki í umsjón ráðuneytis.
18) Gengið verður frá lóðarsamningi kringum íbúðarhús þjóðkirkjunnar.

## III. Kafli

Hér eru tilgreindar þær 20 eignir, sem Prestssetrasjóður hefur keypt eða byggt og verða eign Þjóðkirkjunnar:

| | Lýsing eignar | Skýringar | Skráð eign |
|---|---|---|---|
| **Múlaprófastsdæmi fj. 2** | | | |
| Hof | Hús á jörð | Hlaða | Prestssetrasjóður |
| Valþjófsstaður | Hús á jörð | Geymsla og karftöflugeymsla | Prestssetrasjóður |
| **Austfjarðaprófastsdæmi fj. 1** | | | |
| Heydalir | Hús á jörð | Hesthús-Dúnhús | Prestssetrasjóður |
| **Rangárvallaprófastsdæmi fj. 1** | | | |
| Oddi, Rangárvöllum | Hús á jörð | Gripahús | Prestssetrasjóður |
| **Kjalarnesprófastsdæmi fj. 3** | | | |
| Útskálar, Garði | Skagabraut 30 | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |
| Vestmannaeyjar | Hólagata 42, neðri hæð | Íbúð | Prestssetrasjóður |
| Vestmannaeyjar | Smáragata 6 | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |
| **Borgarfjarðarprófastsdæmi fj. 1** | | | |
| Reykholt, Borgarfirði | Hús á jörð | Bílskúr | Prestssetrasjóður |
| **Snæfellsnes- og Dalaprófastsd. fj. 2** | | | |
| Hellissandur | Laufás 2 | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |
| Búðardalur | Sunnubraut 25 | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |
| **Ísafjarðarprófastsdæmi fj. 1** | | | |
| Bolungarvík | Völusteinsstræti 16 | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |
| **Húnavatnsprófastsdæmi fj. 2** | | | |
| Blönduós | Hlíðarbraut 20 | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |
| Skagaströnd | Hólabraut 30 | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Skagafjarðarprófastsdæmi fj. 3** | | | |
| Glaumbær | Hús á jörð | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |
| Miklibær 1) | Hús á jörð | Íbúðarhús | Ríkissjóður |
| Hofsós | Kirkjugata 13 | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |
| **Eyjafjarðarprófastsdæmi fj. 2** | | | |
| Ólafsfjörður | Hlíðarvegur 42 | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |
| Dalvík | Dalbraut 2 | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |
| **Þingeyjarprófastsdæmi fj. 2** | | | |
| Laufás | Hús á jörð | Einbýli með bílskúr ásamt geymslu | Prestssetrasjóður |
| Húsavík | Ketilsbraut 20 | Einbýli með bílskúr | Prestssetrasjóður |

1) Íbúðarhús byggt 1995 af Prestssetrajóði, skráð hjá Fasteignamati sem eign Ríkissjóðs.

## IV. kafli

Samkomulag þetta grundvallast á álitsgerð kirkjueignanefndar frá 1984 og er viðauki við samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, sbr. V. kafla laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar og samning íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998 með fjárskuldbindingum ríkisins á móti afhendingu kirkjueigna allt frá 1907.

Í 5. gr. samkomulags íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar, frá 10. janúar 1997, *um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar,* segir að prestssetrin og það sem þeim fylgi séu undandskilin samkomulaginu. Í ákvæðinu kemur fram að fjallað verði síðar um eignarréttarstöðu prestssetranna.

Með undirritun samkomulags þessa hefur þeirri umfjöllun að fullu verið lokið milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar og lýsa samningsaðilar því yfir að sú eignaafhending og árleg greiðsla sem á sér stað með samkomulagi þessu sé fullnaðaruppgjör milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar vegna allra prestssetra og hvorugur aðili eigi kröfu á hendur hinum vegna þeirra.

Reykjavík, 20. október 2006

biskup Íslands

dóms- og kirkjumálaráðherra

fjármálaráðherra

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.**

Með frumvarpinu er stefnt að tveimur breytingum. Annars vegar að lögfesta samkomulag milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar sem gert hefur verið um að íslenska ríkið afhendi þjóðkirkjunni til eignar prestssetur, eins og nánar greinir í samkomulaginu, og auki nokkuð árlegt framlag til hennar. Hins vegar er lagt til að biskupi Íslands verði fengið veitingarvald til að skipa sóknarpresta, en það er nú í höndum dóms- og kirkjumálaráðherra.

Kostnaður ríkissjóðs vegna áðurnefnds samkomulags er áætlaður um 35 m.kr. á ári og hafa þegar verið gerðar viðeigandi breytingartillögur við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 2007 vegna þess. Annars vegar hækkar framlag ríkisins til kirkjumálasjóðs um 55 m.kr., þar sem í samkomulaginu er kveðið á um að reiknað hlutfall af sóknargjöldum sem rennur til sjóðsins skuli frá 1. janúar 2007 hækka úr 11,3% í 14,3%, en við það hækkar framlag til sjóðsins úr 207,5 m.kr. í 262,5 m.kr., eða um 55 m.kr. Hins vegar falla samkvæmt samkomulaginu á brott framlög á nokkrum nánar tilteknum viðfangsefnum fjárlagaliðar 06-701 Þjóðkirkjan, en í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 hafði verið gert ráð fyrir alls 20,4 m.kr. fjárveitingum til þessara viðfangsefna.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má ætla að kostnaður ríkissjóðs aukist um 35 m.kr. á ársgrundvelli.

## 646. Frumvarp til laga [389. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að banna flug loftfara sem skrásett eru eða starfrækt frá tilteknum ríkjum og/eða flugrekendum í íslenskri lofthelgi á grundvelli flugöryggis. Flugmálastjórn skal heimilt að miðla upplýsingum um slíkt bann til almennings, alþjóðlegra stofnana og ríkja. Nánar skal kveðið á um setningu slíks banns, skilyrði, framkvæmd, afléttingu þess og upplýsingamiðlun í reglugerð.

2. gr.

2. og 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Þó er heimilt að skrá á Íslandi loftfar sem íslenskum flugrekanda er heimilt að nota í rekstri sínum ef það er í eigu einstaklinga eða lögaðila með ríkisfang og heimilisfesti í ríki sem Ísland hefur samið við vegna þessa.

Flugmálastjórn getur heimilað skráningu loftfars hér á landi þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr., enda sé eftirliti með loftfarinu skipað með fullnægjandi hætti að mati stofnunarinnar og sérstakar ástæður mæli með því.

3. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Enda sé skráður eigandi og/eða umráðandi loftfars í skilum við Flugmálastjórn vegna áfallinna og gjaldfallinna gjalda vegna loftfarsins og eftirlits vegna þess, um gjöldin hafi verið samið eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein, 57. gr. d, svohljóðandi:

Rekstraraðili flugvallar skal veita fötluðum eða hreyfihömluðum farþegum aðstoð, án sérstaks gjalds, á tilgreindum stöðum, einum eða fleiri, innan flugvallarsvæðis til þess að ferðast, enda hafi farþegi óskað aðstoðar með þeim fyrirvara sem áskilinn er samkvæmt reglugerð. Rekstraraðila flugvallar skal heimilt að innheimta gjald af notendum flugvallar til að fjármagna aðstoðina. Gjaldtakan skal ekki mismuna notendum flugvallar og vera ákvörðuð í samræmi við hlut hvers flugrekanda af komu- og brottfararfarþegum af heildarfjölda farþega á flugvelli. Gjaldið skal vera hæfilegt, byggjast á kostnaði sem verður til við að veita þjónustuna, gagnsætt og sett af rekstraraðila flugvallar í samráði við notendur flugvallar.

Nánar skal kveðið á um aðstoð flugrekanda og rekstraraðila flugvallar, fyrirkomulag aðstoðar, réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra farþega og upplýsingaskyldu flugrekanda, umboðsmanna hans og ferðaskrifstofu með reglugerð.

5. gr.

2. mgr. 59. gr. laganna orðast svo.

Skipulagsreglur skulu m.a. geyma fyrirmæli um skipulag innan flugvallarsvæðis, starfsheimildir, starfsemi og umferð innan svæðisins auk fyrirmæla um það svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t.d. húsa, stanga og trjáa, eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t.d. að því er varðar leiðslur eða atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis. Kveða skal glöggt á um mörk þess svæðis sem skipulagið tekur yfir.

6. gr.

Í stað orðsins „flugumferðarstjórnar“ í 1. málsl. 2. mgr. 71. gr. laganna kemur: flugleiðsöguþjónustu.

7. gr.

1. málsl. 1. mgr. 71. gr. b laganna orðast svo: Umráðandi loftfars skal greiða sérstakt gjald, öryggisgjald, þar sem vopna- og öryggisleit fer fram, til rekstraraðila flugvallar.

8. gr.

Í stað orðsins „tollhafnir“ í lok 2. málsl. 72. gr. laganna kemur: landamærastöð.

9. gr.

Á eftir 125. gr. laganna kemur ný grein, 125. gr. a, svohljóðandi:

Við bókun, hver sem aðferðin er við gerð bókunar, skal samningsbundinn flytjandi upplýsa farþega um nafn eiginlegs flytjanda. Sé óljóst þegar bókun er gerð hver eiginlegur flytjandi er eða verður skal samningsbundinn flytjandi tryggja að farþegi sé upplýstur um nafn eða nöfn þeirra flytjenda sem mögulega munu annast loftflutninginn. Í slíkum tilvikum skal tryggja að farþegi sé upplýstur um eiginlegan flytjanda um leið og það fæst staðfest.

Verði breytingar gerðar á eiginlegum flytjanda eftir bókun skal samningsbundinn flytjandi gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að upplýsa farþega um breytinguna eins fljótt og auðið er. Í öllum tilvikum skal farþegi upplýstur við innritun eða við för um borð í loftfarið þar sem innritunar er ekki krafist vegna tengiflugs.

Flugrekandi eða ferðaskrifstofa, eftir atvikum, skal tryggja að samningsbundinn flytjandi sé upplýstur um nafn hins eiginlega flytjanda eða flytjenda eins fljótt og auðið er, sérstaklega ef breyting er gerð á nafni eiginlegs flytjanda.

Ef söluaðili hefur ekki fengið upplýsingar um nafn eiginlegs flytjanda skal hann ekki sæta ábyrgð skv. 1.–3. mgr. þessarar greinar.

Skylda samningsbundins flytjanda skal koma fram í ferðaskilmálum farsamnings.

10. gr.

Á eftir 126. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (126. gr. a.)

Hefjist flutningur í lofti frá Íslandi og

a. frá brottfararstað hér á landi eða;
b. frá brottfararstað í þriðja ríki til Íslands eða;
c. frá brottfararstað í þriðja ríki til áfangastaðar í þriðja ríki;

skal farþegi eiga rétt til endurgreiðslu úr hendi samningsbundins flytjanda eða breytingar á flugleið sé hinum eiginlega flytjanda sem starfrækja á flugið óheimil starfræksla loftfars innan Evrópska efnahagssvæðisins, enda kjósi farþegi að nýta sér ekki farmiða sinn og flugið hefur ekki verið fellt niður.

b. (126. gr. b.)

Flugrekandi, umboðsmaður hans eða ferðaskrifstofa skal ekki synja farþega á grundvelli fötlunar eða hreyfihömlunar um:

a. farskráningu í flug til eða frá flugvelli hér á landi,
b. að fara um borð í loftfar á flugvelli hér á landi, enda hafi farþegi gilda farskráningu og farseðil.

Þrátt fyrir 1. mgr. er flugrekanda, umboðsmanni hans eða ferðaskrifstofu heimilt að synja um farskráningu í flug eða að heimila farþega að fara um borð í loftfar á grundvelli fötlunar eða hreyfihömlunar:

a. þar sem flugöryggiskröfur krefjast þess;
b. þegar stærð loftfarsins eða dyr þess við för um borð í loftfarið og meðan á flutningi stendur koma í veg fyrir það.

Þegar synja þarf farþega um flutning á grundvelli a- eða b-liðar 2. mgr. skal flugrekandi, umboðsmaður hans eða ferðaskrifstofa gera viðhlítandi ráðstafanir til að leggja farþega til viðunandi kost á flutningi.

Nánar skal kveðið á um réttindi farþega sem synjað er um flutning á grundvelli fötlunar eða hreyfihömlunar, kröfur um fylgd farþega á grundvelli flugöryggissjónarmiða og upplýsingamiðlun til farþega með reglugerð.

Ákvæði þetta tekur einnig til flugrekenda með útgefið flugrekstrarleyfi á Íslandi við brottför loftfars frá þriðja ríki til ríkja á EES-svæðinu.

11. gr.

5. mgr. 131. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

1. mgr. 138. gr. laganna orðast svo:

Skráðum umráðanda loftfars, eftirlitsskyldum aðilum og aðilum er reka starfsemi samkvæmt skírteini, heimild, leyfi eða viðurkenningu samkvæmt lögum þessum, reglum settum samkvæmt þeim eða lögum um Flugmálastjórn Íslands er skylt að láta í té þær upplýsingar sem Flugmálastjórn krefst.

13. gr.

Á eftir 146. gr. a laganna kemur ný grein, 146. gr. b, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæma viðurkenningu réttinda, skírteina, heimilda, starfsleyfa og vottunar á sviði loftflutninga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. 4. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 2008.

## 647. Frumvarp til laga [330. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraða.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.**

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, aldurstengdrar örorkuuppbótar, tekjutryggingar, örorkustyrks og barnalífeyris.

Til tekna skv. II. kafla laga þessara teljast tekjur skv. II. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skal eftirfarandi gilda við ákvörðun tekjugrundvallar:

a. Tekjur skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk og tekjutryggingu skv. 11.–13. gr. og 17. gr. þessara laga. Ef um hjón er að ræða skiptast tekjur skv. 1. málsl.

til helminga milli hjóna við útreikning bótanna. Skiptir ekki máli hvort hjónanna er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða.

b. Tekjur elli- og örorkulífeyrisþega af atvinnu skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. Lífeyrisþegi getur valið að hafa 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Ef um hjón er að ræða skulu atvinnutekjur lífeyrisþegans, sbr. 1. málsl., hafa 75% vægi og atvinnutekjur maka hafa 25% vægi.
c. Við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. skal ekki reikna með lífeyrisgreiðslum maka lífeyrisþega úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
d. Við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. skulu aðrar tekjur lífeyrisþegans en tilgreindar eru í a–c-liðum þessarar málsgreinar hafa 75% vægi við ákvörðun tekjugrundvallar og aðrar tekjur maka hafa 25% vægi.

Þegar um er að ræða elli- og örorkulífeyri skv. 11. og 12. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum þessum og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Þegar um er að ræða tekjutryggingu skv. 17. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum þessum og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skal leggja $\frac{1}{12}$ af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins. Bótagreiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. Ef um nýja umsókn um bætur er að ræða skulu tekjur áætlaðar á grundvelli upplýsinga frá þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. og bótaréttur reiknaður út frá þeim tekjum umsækjanda og eftir atvikum maka hans sem aflað er frá þeim tíma sem bótaréttur stofnaðist.

Tryggingastofnun ríkisins skal hafa eftirlit með því að áætlaðar tekjur séu í samræmi við upplýsingar sem stofnunin aflar úr staðgreiðsluskrá skattyfirvalda eða frá öðrum þeim aðilum sem getið er um í 47. gr.

Eftir að endanlegar upplýsingar um tekjur bótagreiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna bótafjárhæðir á grundvelli tekna samkvæmt þessari grein. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem ætlaðar tekjur tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða.

Komi í ljós við endurreikning bóta að bætur hafa verið vangreiddar eða ofgreiddar fer um það skv. 50. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum. Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur og þagnarskyldu starfsmanna Tryggingastofnunar fer skv. 47. gr.

Við útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar, sbr. 12. og 17. gr., er ráðherra heimilt að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna ör-

orku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að ósk lífeyrisþega, að dreifa eigin tekjum lífeyrisþegans sem stafa af fjármagnstekjum og séreignarsparnaði sem leystur hefur verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftar en einu sinni á hverju tímabili.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Orðin „5.–7. mgr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. og 1. málsl. 5. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

3. gr.

3. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Um uppbótina gilda ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr. og 2. málsl. 4. mgr. 12. gr. um búsetutíma og örorkumat og 5. mgr. 12. gr.

4. gr.

17. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Tekjutrygging.*

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða þeim tekjutryggingu sem fá greiddan elli-, örorku- eða slysalífeyri samkvæmt lögum þessum. Tekjutrygging greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Rétt til tekjutryggingar eiga þeir sem hafa verið búsettir hér á landi, sbr. I. kafla A, sbr. og 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. og 2. málsl. 4. mgr. 12. gr. Um útreikning á tekjutryggingu gildir 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 12. gr.

Greiða skal ellilífeyrisþega tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að fjárhæð 942.504 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi tekjur skv. 2. og 4. mgr. 10. gr. skal skerða tekjutrygginguna um 38,35% þeirra tekna uns hún fellur niður.

Greiða skal örorku-, slysa- eða endurhæfingarlífeyrisþega tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að fjárhæð 956.088 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi tekjur skv. 2. og 4. mgr. 10. gr. skal skerða tekjutrygginguna um 38,35% þeirra tekna uns hún fellur niður.

Samanlögð skerðing elli-, örorku-, slysa- eða endurhæfingarlífeyris og tekjutryggingar skal aldrei fara umfram 38,35% af tekjum. Komi samtímis til skerðingar þessara bóta skal lífeyrir fyrst skertur og samsvarandi dregið úr skerðingu tekjutryggingar. Ákvæði þessarar málsgreinar um skerðingu gilda ekki um heimilisuppbót skv. 9. gr. laga um félagslega aðstoð.

Ef annað hjóna nýtur lífeyris og ⅔ tekna þess nema lægri fjárhæð en 446.736 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.

Nú sinnir maður ekki lagaskyldu um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Er þá heimilt að áætla honum tekjur sem koma til frádráttar greiðslu tekjutryggingar.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

18. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Frestun á töku lífeyris.*

Þeir sem eiga rétt á ellilífeyri skv. 11. gr. en hafa ekki lagt inn umsókn eða fengið greiddan ellilífeyri geta frestað töku lífeyris til 72 ára aldurs. Frestunin tekur til bóta skv. 11., 14. og 17. gr.

Eftir að bótaréttur hefur verið reiknaður út skal hækka ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót, sbr. 11. og 17. gr. laga þessara og 9. gr. laga um félagslega aðstoð, um 0,5% fyrir hvern frestunarmánuð fram til 72 ára aldurs eða að hámarki 30%.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

6. gr.

Við 3. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Enn fremur tekur tryggingin til allra slysa sem verða á friðargæsluliðum íslenska ríkisins sem verða þegar þeir eru staddir erlendis vegna friðargæslustarfa.

7. gr.

B-liður 1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Nemendur við iðnnám í löggiltum iðngreinum og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum og háskólanemar þegar þeir sinna verklegu námi.

8. gr.

Í stað orðanna „tekjumörk tekjutryggingar skv. 17. gr." í 5. og 6. málsl. 8. mgr. 43. gr. laganna kemur: 680.350 kr. á ári.

9. gr.

7. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna orðast svo: Umsækjanda og bótaþega er skylt að tilkynna Tryggingastofnun um breytingar á tekjum eða öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á greiðslur.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „úrskurðaðar" og „úrskurðaðir" í 1. og 2. mgr. kemur: ákvarðaðar, og: ákvarðaðir.
b. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: frá því að umsókn og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt og fjárhæð bóta berast stofnuninni.

11. gr.

Í stað orðanna „úrskurðaðar" og „úrskurða" í 2. mgr. 49. gr laganna kemur: ákvarðaðar, og: ákvarða.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

a. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður er verður 1. málsl. og orðast svo: Hafi Tryggingastofnun ríkisins vangreitt bótaþega bætur skal stofnunin greiða honum það sem upp á vantar.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, t.d. um innheimtu á ofgreiddum bótum, undanþágur frá innheimtu ofgreiddra bóta og afskriftir krafna.

13. gr.

Við lögin bætast fimm ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

22. Í ákvæðum 3. málsl. b-liðar og d-liðar 2. mgr. 10. gr. laganna skulu hlutföllin 75% og 25% vera 65% og 35% á árinu 2007.

23. Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 2. mgr. 10. gr. laganna skulu lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega hafa 80% vægi og lífeyrisgreiðslur makans hafa 20% vægi við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar á árinu 2007.
24. Þrátt fyrir ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 17. gr. laganna skal skerðingarhlutfallið vera 39,95% á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2007.
25. Þrátt fyrir ákvæði 65. gr. laganna skulu elli- og örorkulífeyrir og tekjutrygging skv. 11., 12. og 17. gr. laganna hækka um 2,9% á árinu 2007 í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við Landssamband eldri borgara frá 19. júlí 2006.
26. Á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 er hægt að óska eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins að gerður verði samanburður á útreikningi elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar fyrir og eftir gildistöku þessara laga. Ef samanburðurinn leiðir til hærri bóta samkvæmt eldri lögum skal stofnunin greiða hærri bæturnar á því tímabili.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

### 14. gr.

4. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

### 15. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

### 16. gr.

1. málsl. 3. tölul. 2. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Nú á vistmaður maka og fer þá um skiptingu tekna vistmanns og makans skv. 26. gr.

### 17. gr.

26. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Skilgreining á tekjum o.fl.*

Til tekna skv. V. kafla laga þessara teljast tekjur skv. II. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skal eftirfarandi gilda við ákvörðun tekjugrundvallar:

a. Tekjur skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á vistunarframlagi skv. 21. gr., sbr. og 22. gr. þessara laga. Ef um hjón er að ræða skiptast tekjur skv. 1. málsl. til helminga milli hjóna við útreikning bótanna. Skiptir ekki máli hvort hjónanna er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða.
b. Tekjur vistmanns af atvinnu skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21., sbr. 22. gr. Vistmaður getur valið að hafa 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning vistunarframlags. Ef um hjón er að ræða skulu atvinnutekjur vistmannsins, sbr. 1. málsl., hafa 75% vægi og atvinnutekjur maka hafa 25% vægi.

c. Við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21., sbr. 22. gr., skal ekki reikna með lífeyrisgreiðslum maka vistmanns úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
d. Við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21., sbr. 22. gr., skulu aðrar tekjur vistmannsins en tilgreindar eru í a–c-liðum þessarar málsgreinar hafa 75% vægi við ákvörðun tekjugrundvallar og aðrar tekjur maka hafa 25% vægi.

Þrátt fyrir 1. mgr. teljast ekki til tekna bætur frá lífeyristryggingum almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast framkvæmd útreiknings á tekjum skv. 21. og 22. gr. og þessari grein og greiðir stofnunum vistunarframlag skv. 1. mgr. 21. gr.

Tekjumörk skv. 22. gr. breytast í samræmi við breytingar á tekjumörkum ellilífeyris skv. 11. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Til grundvallar útreikningi á vistunarframlagi hvers mánaðar skal leggja 1/12 af áætluðum tekjum greiðsluársins. Greiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá skattyfirvöldum, umsækjanda, vistmanni eða öðrum þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Ef um nýja umsókn um vistunarframlag er að ræða skulu tekjur áætlaðar á grundvelli upplýsinga frá framangreindum aðilum og réttur til vistunarframlags reiknaður út frá þeim tekjum vistmanns og eftir atvikum maka hans sem aflað er frá þeim tíma sem réttur stofnaðist.

Tryggingastofnun skal hafa eftirlit með því að áætlaðar tekjur séu í samræmi við upplýsingar sem stofnunin aflar úr staðgreiðsluskrá skattyfirvalda eða frá öðrum þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Eftir að endanlegar upplýsingar um tekjur greiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna fjárhæð vistunarframlags á grundvelli tekna samkvæmt þessari grein. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem ætlaðar tekjur vistmanns tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða.

Komi í ljós við endurreikning að vistunarframlag hafi verið vangreitt af Tryggingastofnun ríkisins skal Tryggingastofnun greiða stofnun það sem upp á vantar. Ef vistunarframlag hefur verið ofgreitt skal um endurheimtu fara skv. 1., 2. og 5. mgr. 50. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Stofnun skal leiðrétta greiðslur til vistmanns í framhaldi af endurreikningi Tryggingastofnunar.

Tryggingastofnun skal upplýsa umsækjanda eða vistmann um forsendur útreiknings og gefa kost á að koma að athugasemdum. Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur fer skv. 47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Þegar nýr vistmaður kemur til dvalar á stofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 23. gr.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

18. gr.

Við lögin bætast fjögur ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (I.)
Í 3. málsl. b-liðar og d-lið 1. mgr. 26. gr. laganna skulu hlutföllin 75% og 25% vera 65% og 35% á árinu 2007.

b. (II.)
Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. 26. gr. laganna skulu lífeyrisgreiðslur vistmanns hafa 80% vægi og lífeyrisgreiðslur makans 20% vægi við útreikning á fjárhæð vistunarframlags á árinu 2007.

c. (III.)
Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 9. gr. laganna skal fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra einnig varið til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum á árinu 2007.

d. (IV.)
Vegna útreiknings á vistunarframlagi skv. 21. gr. laganna er hægt að óska eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 að gerður verði samanburður á útreikningi elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar fyrir og eftir gildistöku þessara laga. Ef samanburðurinn leiðir til hærri bóta samkvæmt eldri lögum skal leiðrétta vistunarframlag vegna framangreinds tímabils.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.
Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í lög nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og meginmál II. kafla þeirra inn í lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi. Við útgáfuna skulu allar fjárhæðir og tekjumörk sem breytt hefur verið með reglugerðum uppfærð og miðast við útgáfudag laganna.
Á sama tíma skal gefa út lög nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, með samfelldri greinatölu og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi. Við útgáfuna skulu allar fjárhæðir sem breytt hefur verið með reglugerðum uppfærðar og miðast við útgáfudag laganna.

# 648. Frumvarp til laga [232. mál]

um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlagaákvæði).

(Eftir 2. umr., 9. des.)

I. KAFLI
**Breytingar á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.**

1. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist eftirfarandi málsliður: Þá er Fiskistofu heimilt, að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað, að veita einstökum aðilum leyfi til að vigta afla, enda hafi hann áður verið veginn á hafnarvog.

2. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim.

Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu.

3. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal afturkalla leyfi aðila til vigtunar sjávarafla skv. 2. mgr. 6. gr. ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim.

Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað skv. 1. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis. Hafi ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en sextán vikur eru liðnar frá því að leyfi var síðast afturkallað.

Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu.

Brjóti aðili sem hefur vigtunarleyfi eða þeir sem í þágu hans starfa gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim þannig að bersýnilega leiði til þess að afli verði ranglega skráður skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hlutaðeigandi aðila. Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað samkvæmt þessari málsgrein skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun, enda geri aðili þá í umsókn um leyfi fullnægjandi grein fyrir hvernig hann hyggst tryggja að framkvæmd vigtunar verði í samræmi við lög og reglur. Heimavigtunarleyfi, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 6. gr., skal þó ekki veitt aðila fyrr en eitt ár er liðið frá afturköllun fyrra leyfis.

Hafi ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skv. 4. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en tvö ár eru liðin frá því að leyfi var síðast afturkallað.

4. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Áminningar, sviptingar veiðileyfa og afturkallanir vigtunarleyfa, sem ákveðnar eru skv. 15. og 17. gr. laga þessara eða 24. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár.

5. gr.

Í stað orðanna „skv. 17. og 19. gr. laga þessara“ í 3. málsl. 21. gr. laganna kemur: skv. 17. gr. laga þessara.

## II. KAFLI
## Breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

6. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. laganna bætist eftirfarandi málsliður: Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna vanskila á afladagbókum og skal leyfissvipting standa þar til skil hafa verið gerð eða skýringar hafa verið gefnar á ástæðum vanskila.

7. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Ákvörðunum Fiskistofu um áminningar og veiðileyfissviptingar verður skotið til sjávarútvegsráðuneytisins, enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

## III. KAFLI
## Breytingar á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingu.

8. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Við stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot gegn 3.–5. gr. laga þessara skal gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og ólögmætan afla þess. Sama gildir sé skip staðið að veiðum á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar með stoð í 1. mgr. 8. gr. og 9.–11. gr.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 1. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

9. gr.

Orðið „öðrum“ í 1. málsl. 17. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 16. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: 2. mgr. 16. gr.

11. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að gera ólögleg veiðarfæri upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

12. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Fiskistofa skal svipta skip leyfi, sem veitt hefur verið skv. 6. eða 7. gr. laga þessara, ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim.

Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu.

Áminningar og sviptingar veiðileyfa, sem ákveðnar eru samkvæmt þessari grein, skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár.

Ákvörðunum Fiskistofu um áminningar og veiðileyfissviptingar samkvæmt þessari grein verður skotið til sjávarútvegsráðuneytisins, enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

## IV. KAFLI
## Breytingar á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingu.

### 13. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Við stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot gegn reglum, sem settar hafa verið skv. 2. málsl. 7. gr. laga þessara, skal gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og ólögmætan afla þess.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 1. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

### 14. gr.

Orðið „öðrum“ í 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

### 15. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 13. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: 2. mgr. 13. gr.

### 16. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að gera ólögleg veiðarfæri upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

## V. KAFLI
## Breytingar á lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

### 17. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Ólögmætur er sá sjávarafli sem er umfram það aflamark sem veiðiskip hefur og afli sem 2. mgr. 7. gr. tekur til.

### 18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

# 649. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Ingva Má Pálsson og Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Arnar Sigurmundsson og Árna Guðmundsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Sigurbjörn Sigurbjörnsson frá Söfnunarsjóði lífeyrissjóða og Vigfús Ásgeirsson frá Talnakönnun.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um tryggingagjald. Er annars vegar lagt til að almennt tryggingagjald skv. 2. mgr. 2. gr. laganna lækki úr 4,99% í 4,54%, eða um 0,25%. Hins vegar er lagt til að 0,25% af gjaldstofni tryggingagagjalds skuli renna til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða sem gert er ráð fyrir að innleiðist í þrepum. Þannig skal framlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða vera 0,15% árið 2007 og 0,20% árið 2008. Sömuleiðis verður fyrirkomulagið þannig að árin 2007–2009 rennur umrædd fjárhæð aðeins til lífeyrissjóða á samningssviði Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands. Ástæðan fyrir því að frumvarpið nær um sinn aðeins til umræddra lífeyrissjóða er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna áframhaldandi gildis kjarasamninga 15. nóvember 2005. Þar kemur fram að ríkisstjórnin lýsi sig reiðubúna til samstarfs við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um leiðir sem dragi úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafni stöðuna milli einstakra sjóða. Er í yfirlýsingunni gengið út frá að lífeyrissjóðirnir sjálfir geri ráðstafanir hvað þetta varðar. Auk þess kemur eftirfarandi fram: „Ríkisstjórnin lýsir því jafnframt yfir að hún er reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldsstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila og komi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009.“

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Er í fyrsta lagi lagt til að hlutfallstalan 0,25% hækki í 0,325%. Í öðru lagi er lagt til að hafi lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða til að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé að hluta varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skuli verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins þegar hlutdeild sjóðs skv. 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins er fundin. Þá leggur nefndin til breytingu á gildistökuákvæði þannig að 2. gr. frumvarpsins, sem fjallar um að tryggingagjaldi skuli ráðstafað til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, taki gildi 1. janúar 2010 í stað 2009. Að auki er orðalagsbreyting lögð til á 2. gr. laganna.

Rætt var um það í nefndinni hvort um ójafnræði milli sjóða væri að ræða samkvæmt frumvarpinu þar sem það nær að sinni einungis til tiltekinna sjóða á samningssviði ASÍ. Nefndin telur rétt að skoða þetta mál vandlega og hyggst gera það eftir áramót með það að markmiði að athuga hvort rétt sé að koma strax til móts við fleiri lífeyrissjóði. Því telur nefndin eðlilegt að ellilífeyrisaldur ætti að skipta máli til að finna sanngjarna hlutdeild lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris, sbr. 2. tölul. e-liðar 3. gr. frumvarpsins. Nefndin telur að huga verði að ýmsum þáttum í þessu sambandi og að ellilífeyrisaldur hljóti að vega þar þungt.

Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Ásta Möller. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | Ögmundur Jónasson. | |

## 650. Breytingartillögur [420. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað hlutfallstölunnar „0,25%“ í komi: 0,325%.
   b. Í stað orðsins „jöfnunar“ komi: jöfnunar og lækkunar.
2. Við 2. tölul. e-liðar 3. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. málsl.
3. Við 1. efnismgr. 4. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Framlag á árinu 2009 skal vera 0,25% af gjaldstofni skv. III. kafla.
4. Í stað ártalsins „2009“ í 2. málsl. 5. gr. frumvarpsins komi: 2010.

## 651. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 12%.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Lífeyrissjóði skv. 1. málsl., sem nýtur ekki lengur bakábyrgðar, er skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. Skulu slíkar breytingar taka mið af ákvæðum 4. gr. um lágmarkstryggingavernd.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Nú er í gildandi kjarasamningi kveðið á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera 10% og skal þá heimilt að miða áfram við hlutfallstöluna 10% í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga þessara þar til nýr kjarasamningur öðlast gildi.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 1. og 3. málsl. 4. mgr. 13. gr. laganna kemur: 8%.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. kemur: 8%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: 12%.

6. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. 25. gr. laganna kemur: 8%.

7. gr.

2. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld í sama hlutfalli og heildariðgjöld hvers sjóðfélaga eru á hverjum tíma. Iðgjöld skulu miðuð við þau laun er sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður en iðgjaldsstofninn skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

## III. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. kemur: 8%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: 12%.

9. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: 8%.

10. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld í sama hlutfalli og heildariðgjöld hvers sjóðfélaga eru á hverjum tíma. Iðgjöld skulu miðuð við þau laun er sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður en iðgjaldsstofninn skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 8. gr.

## IV. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

11. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Iðgjald til sjóðsins skal að lágmarki nema 12% af iðgjaldsstofni, sbr. 2. mgr., sem skiptist þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi að lágmarki 8%.

## V. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 8%.
b. Í stað hlutfallstalnanna „10%“ og „6%“ í 3. mgr. kemur: 12%; og: 8%.

## VI. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

13. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 8%.

## VII. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í d-lið 5. gr. laganna kemur: 12%.

## VIII. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

15. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 3. mgr. 5. tölul. 28. gr. laganna kemur: 12%.

## IX. KAFLI
## Gildistaka.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

# 652. Frumvarp til laga [266. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að mynda varasjóð sem samsvarar rekstrarafgangi umfram áætlun. Eigið fé sem haldið hefur verið eftir skv. 1. málsl. skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark eigin fjár sem heimilt er að halda eftir samkvæmt þessari málsgrein er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs. Heimilt er að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða 0,00712% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,382% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,073% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,009% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hlut endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,147% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 300.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,05% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,05% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,01021% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,63% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,0083% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 525.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 840.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 1.470.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum króna til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.740.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum króna til eitthundrað milljarða króna og 3.160.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,86% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.

8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,022% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,00203% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjalds, samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú vill eftirlitsskyldur aðili ekki una ákvörðun um álagningu, gjaldstofn og útreikning eftirlitsgjalds, og ákvörðun um greiðslur fyrir sértækar aðgerðir, sbr. 7. gr., og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan eins mánaðar frá því að aðila var gerð grein fyrir álagningunni með bréfi Fjármálaeftirlitsins. Málshöfðun frestar ekki innheimtuaðgerðum Fjármálaeftirlitsins né heimildum til aðfarar vegna krafnanna. Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um álagningu eftirlitsgjalds verður ekki skotið til ráðherra.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að mynda varasjóð í samræmi við ákvæði 1. gr. verði rekstrarafgangur á árinu 2006 umfram áætlun.

## 653. Frumvarp til laga [350. mál]

um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að halda og þróa Landskrá fasteigna skulu húseigendur greiða til þess sérstakt umsýslugjald á árinu 2007. Skal gjald þetta nema 0,1‰ (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar. Skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila því til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

## 654. Nefndarálit [435. mál]

um frv. til l. um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Eyþórsson, Skúla Helgason, Guðlaug Þór Þórðarson, Kristínu Halldórsdóttur og Eyjólf Ármannsson frá nefnd fulltrúa þingflokka, Árna Pál Árnason, starfsmann nefndarinnar, Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Svan Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði, Gylfa Magnússon, dósent í viðskiptafræði, og Teit Einarsson og Þórlind Kjartansson frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna. Umsagnir bárust um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sambandi ungra sjálfstæðismanna.

Frumvarpið er samið á vegum nefndar fulltrúa allra þingflokka sem skipuð var árið 2005 til að fjalla um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi á Íslandi. Það er lagt fram í þeim tilgangi að kveða á um fjárframlög til stjórnmálasamtaka og stjórnmálastarfsemi, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum stjórnmálasamtaka, með það að markmiði að auka traust á stjórnmálastarfsemi og efla lýðræðið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir verulegri breytingu á starfsumgjörð íslenskra stjórnmálaflokka. Nefndin leggur áherslu á að með ákvæðum frumvarpsins er verið að treysta grundvallarhlutverk stjórnmálaflokkanna í lýðræðislegri stjórnskipan til muna.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi þá að viðmiðun í 5. gr. um heimild og skyldu sveitarfélaga til að veita stjórnmálasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 2,5% akvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, fjárframlög til starfsemi sinnar verði breytt þannig að samtökin hafi hlotið a.m.k. 5% atkvæða. Einnig er lögð til sú breyting á greininni að fellt verði brott ákvæði um að fjárhæð sem sveitarfélög úthluta til stjórnmálasamtaka sé í eðlilegu hlutfalli við stærð sveitarfélagsins. Í öðru lagi leggur nefndin til að ákvæði 6. gr. frumvarpsins um framlög úr ríkissjóði til frambjóðenda til embættis forseta Íslands verði fellt brott, en nefndin telur rétt að íhuga betur hvernig staðið skuli að slíkum framlögum áður en ráðist verði í lagasetningu um þau. Nefndin beinir því eindregið til forsætisráðherra að hafa forgöngu um tillögugerð sem lúti að því að um framlög og fjármálalega umgjörð framboða til embættis forseta gildi sömu meginreglur og um aðra frambjóðendur í persónukjöri. Þessu tengt verður breyting á c-lið 2. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi leggur nefndin til breytingu á 8. gr. frumvarpsins þess

efnis að stjórnmálasamtök og frambjóðendur megi ekki þiggja framlög frá öðrum einstaklingum en þeim sem eru lögráða, þ.e. þeim sem eru 18 ára og hafa forræði á búi sínu.

Í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um leiðbeiningarreglur Ríkisendurskoðunar um fyrirkomulag sölu þjónustu á vegum stjórnmálasamtaka. Nefndin leggur áherslu á að slíkar reglur verði settar í samráði við stjórnmálaflokkana og með samstöðu þeirra þannig að unnt verði að greina með skýrum hætti milli sölu á þjónustu og eiginlegrar fjáröflunar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Björgvin G. Sigurðsson, Birgir Ármannsson og Kjartan Ólafsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 9. des. 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, varaform., frsm. | Ágúst Ólafur Ágústsson. | Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara. |
| Birgir Ármannsson, með fyrirvara. | Ásta Möller. | Kjartan Ólafsson, með fyrirvara. |

Magnús Þór Hafsteinsson.

## 655. Breytingartillögur [435. mál]

við frv. til l. um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „hvort heldur er til embættis forseta Íslands eða“ falli brott úr c-lið.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað hlutfallstölunnar „2,5%“ komi: 5%.
   b. Orðin „og skal hún vera í eðlilegu hlutfalli við stærð sveitarfélagsins“ í lokamálslið falli brott.
3. 6. gr. falli brott.
4. 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. orðist svo: Stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum frá lögráða einstaklingum sem nemur allt að 300.000 kr. á ári.

# 656. Frumvarp til laga [357. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Gjaldskyldum aðilum skv. 3. gr. er heimilt að selja eða afhenda olíu skv. 1. gr. án innheimtu olíugjalds í eftirtöldum tilvikum.
b. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: til nota á varðskip, kaupskip og önnur skip sem notuð eru í atvinnurekstri og skráð eru 6 metrar eða lengri.
c. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: til nota á önnur skip og báta en greinir í 1. tölul.
d. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Skilyrði sölu eða afhendingar olíu án innheimtu olíugjalds skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. er að í olíuna hafi verið bætt litar- og merkiefnum, sbr. 5. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað „528/1998“ í 2. málsl. 7. mgr. kemur: 688/2005.
b. Lokamálsliður 7. mgr. orðast svo: Heildarþyngd ökutækis með farmi má ekki vera umfram gjaldþyngd þess.

3. gr.

14. gr. laganna fellur brott og breytast greinatölur samkvæmt því.

4. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisskattstjóra er heimilt við ákvörðun kílómetragjalds og/eða sérstaks kílómetragjalds að fella gjaldið niður sé það lægra en 200 kr.

5. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Komi í ljós fyrir eða eftir ákvörðun kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds skv. 14. gr. að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, ökumælir hafi verið óvirkur eða talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri af öðrum ástæðum að ökumælir sé ekki nægilega örugg heimild um akstur ökutækis skal hann skriflega skora á eiganda eða umráðamann ökutækis að láta í té skýringar og gögn um aksturinn. Fái ríkisskattstjóri innan tiltekins tíma fullnægjandi skýringar og gögn ákvarðar hann eða endurákvarðar gjald að þeim skýringum og gögnum virtum, að öðrum kosti skal ríkisskattstjóri ákvarða eða endurákvarða gjald skv. 2. mgr. Áður en ríkisskattstjóri hrindir endurákvörðun í framkvæmd skal hann skriflega gera eiganda eða umráðamanni viðvart um fyrirhugaða endurákvörðun og forsendur hennar. Skal eiganda eða umráðamanni veittur a.m.k. 15 daga frestur, frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaða endurákvörðun, til að tjá sig skriflega um efni máls og leggja fram

viðbótargögn áður en úrskurður um endurákvörðun er kveðinn upp. Ríkisskattstjóri hefur jafnframt heimild, að framangreindri málsmeðferð virtri, til endurákvörðunar kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds komi í ljós að aðrar forsendur ákvörðunar hafa verið rangar, svo sem að gjaldþyngd hafi verið ranglega skráð í álestrarskrá. Ríkisskattstjóra er heimilt að falla frá endurákvörðun nemi hún lægri fjárhæð en 5.000 kr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað „15. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 14. gr.
b. Í stað „12., 14. og 17. gr.“ í 2. mgr. kemur: 12. og 16. gr.
c. 4. og 5. mgr. falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „framkvæmd“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: tiltekinna þátta.
b. Í stað orðanna „sýni af eldsneyti sem notað er á skráningarskylt ökutæki“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: sýni úr eldsneytisgeymi ökutækis.
c. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Einnig er eftirlitsmönnum heimilt að taka sýni úr birgðageymum, að beiðni ríkisskattstjóra.
d. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ökumanni er skylt að stöðva ökutæki óski eftirlitsmaður þess og heimila eftirlitsmanni að gera nauðsynlegar athuganir til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á ökutækið.
e. 3. mgr. orðast svo:

   Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með gjaldskyldum aðilum, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., og er heimilt að krefjast þess að fá afhent bókhald og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að starfsstöðvum og birgðastöðvum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt eftir því sem þau geta átt við.
f. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Hafi ríkisskattstjóri grun um skattsvik eða að refsiverð brot á lögum um bókhald hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er ríkisskattstjóra heimilt að ljúka máli án þess að vísa því til skattrannsóknarstjóra ríkisins enda sé einvörðungu um að ræða brot er varðar refsingu skv. 4. eða 5. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 20. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Í stað 4. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Sé ökutæki heimildarlaust í umferð án þess að það sé búið ökumæli eða ef ökumælir telur ekki eða akstur er ranglega færður eða ekki færður í akstursbók eða ef heildarþyngd ökutækis með farmi er umfram gjaldþyngd þess varðar það sektum allt að 100.000 kr.

   Sé lituð olía notuð á skráningarskylt ökutæki, sbr. 3. mgr. 4. gr., varðar það sektum samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Heildarþyngd ökutækis: | Fjárhæð sektar: |
|---|---|
| 0–3.500 kg | 200.000 kr. |
| 3.501–10.000 kg | 500.000 kr. |
| 10.001–15.000 kg | 750.000 kr. |
| 15.001–20.000 kg | 1.000.000 kr. |
| 20.001 kg og þyngri | 1.250.000 kr. |

Sektarfjárhæðina skal lækka hlutfallslega þegar fyrir liggur að ekki hafi verið unnt að nota litaða olíu á skráningarskylt ökutæki, sbr. 3. mgr. 4. gr., á tveggja ára tímabili, talið frá þeim tíma er brot liggur fyrir. Sektarfjárhæð skal að hámarki lækkuð um helming. Við ítrekuð brot er heimilt að tvöfalda sektarfjárhæðina. Við sérstakar aðstæður er heimilt að lækka eða fella niður sekt samkvæmt ákvæðinu.

Skráðum eiganda ökutækis verður gerð sekt skv. 4. og 5. mgr. óháð því hvort brot megi rekja til saknæmrar háttsemi hans. Hafi umráðamaður ökutækis gerst sekur um brot skv. 4. og 5. mgr. er hann ábyrgur fyrir greiðslu sektarinnar ásamt skráðum eiganda.

b. 7. mgr. fellur brott.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Refsingar.*

9. gr.

Á eftir 20. gr. kemur ný grein og breytast greinatölur samkvæmt því. Hin nýja grein orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Málsmeðferð.*

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir skv. 19. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Um meðferð mála hjá nefndinni fer eftir lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins kemur fram af hálfu hins opinbera þegar nefndin úrskurðar sektir. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunauts ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af yfirskattanefnd skv. 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa sökunaut kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda verður brot ekki talið varða þyngri refsingu en sekt, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ríkisskattstjóra heimilt að ljúka refsimeðferð með ákvörðun sektar við brotum er varða refsingu skv. 4. eða 5. mgr. 19. gr. enda hafi málinu ekki verið vísað til skattrannsóknarstjóra ríkisins til meðferðar. Sé sekt skv. 1. málsl. greidd innan 14 daga frá ákvörðun hennar lækkar sektarfjárhæðin um 20 af hundraði. Sektarákvörðun ríkisskattstjóra er kæranleg til yfirskattanefndar innan þriggja mánaða frá póstlagningu ákvörðunar. Ríkisskattstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni vegna kæru á úrskurði hans.

Skattkröfu má hafa uppi í opinberu máli sem kann að vera höfðað vegna brota gegn lögum þessum.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

Vararefsing fylgir ekki sektarákvörðunum skattyfirvalda. Um innheimtu sekta skattyfirvalda gilda sömu reglur og um innheimtu virðisaukaskatts samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Sök skv. 19. gr. fyrnist á sex árum. Fari fram rannsókn af hálfu skattrannsóknarstjóra ríkisins eða ríkislögreglustjóra gegn aðila sem sökunaut miðast fyrningarfrestur við upphaf rannsóknar enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um sektir skv. 4. og 5. mgr. 19. gr.
b. 8. mgr. orðast svo:

Kílómetragjaldi, sérstöku kílómetragjaldi og sektum skv. 4. og 5. mgr. 19. gr. fylgir lögveðsréttur í viðkomandi ökutæki.

11. gr.

Í stað „15. gr.“ í fyrri málslið 22. gr. laganna kemur: 14. gr.

12. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2006“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum, sbr. lög nr. 81/2006 og lög nr. 70/2005, kemur: 31. desember 2007.

13. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2006“ í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum, sbr. lög nr. 81/2006, kemur: 31. desember 2007.

14. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um olíugjald og kílómetragjald.**

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 657. Frumvarp til laga [386. mál]

um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „Bókfært eigið fé fjármálafyrirtækis“ í 8. mgr. 14. gr. laganna kemur: Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skv. 84. og 85. gr.

2. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeim áhættum sem starfsemin felur í sér hverju sinni. Innri ferlarnir skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og margbreytileika starfseminnar.

Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eigin fé“ í 1. og 2. mgr. kemur: eiginfjárgrunni.
b. 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Tímabundinn eignarhlutur fjármálafyrirtækis, þó ekki eignarhlutur í veltubók, í fyrirtæki í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu í þeim tilgangi að verja kröfur fjármálafyrirtækisins skal undanþeginn við útreikning skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar.
c. Í stað orðanna „eigin fjár“ í 3. mgr. kemur: eiginfjárgrunns.
d. 6. mgr. fellur brott.

4. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Áhætta vegna eins eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna má ekki fara fram úr 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis, sbr. 84. og 85. gr. Samtala fyrir stórar áhættur má ekki fara yfir 800% af eiginfjárgrunni en með stórri áhættu er átt við þá áhættu sem nemur 10% eða meira af eiginfjárgrunni.

5. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreigenda.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 64. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar hans skv. 1. mgr., og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn enda uppfylli sparisjóðurinn eiginfjárkröfur skv. 84. gr. þegar innlausn fer fram.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. 1.–4. mgr. orðast svo:

Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. skal á hverjum tíma nema að lágmarki 8% af áhættugrunni. Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu reglulega leggja mat á eiginfjárþörf fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi þess og skal niðurstaða slíks mats, sem ekki getur verið lægra en skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar, teljast hlutfall eiginfjárgrunns af áhættugrunni. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að fjármálafyrirtæki sem ekki uppfyllir ákvæði þessarar greinar grípi tímanlega til nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta. Til að fylgja eftir kröfum

Fjármálaeftirlitsins er því heimilt að mæla fyrir um:
a. hærri eiginfjárgrunn en sem nemur 8% af áhættugrunni,
b. endurbætur á innri ferlum,
c. niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni,
d. hömlur á eða takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis,
e. að dregið sé úr áhættum sem starfsemi fjármálafyrirtækis felur í sér.

Áhættugrunnur er samtala veginna áhættuþátta, svo sem útlánaáhættu, hlutabréfaáhættu, vaxtaáhættu, gjaldmiðlaáhættu, hrávöruáhættu og rekstraráhættu, sem starfsemi fjármálafyrirtækis felur í sér. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um áhættuþætti, áhættuvogir og útreikning á áhættugrunni. Undanþegin mati á rekstraráhættu samkvæmt þessari grein eru verðbréfafyrirtæki sem ekki hafa starfsheimildir skv. b- og d-lið 1. tölul. 25. gr., verðbréfamiðlanir sem ekki hafa heimildir til viðskipta fyrir eigin reikning og rekstrarfélög verðbréfasjóða. Fjármálafyrirtækjum er heimilt að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að beita innramatsaðferð við mat á áhættuþáttum í útreikningi á áhættugrunni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um kröfur sem fjármálafyrirtæki þurfa að uppfylla til að fá heimild til að beita innramatsaðferð.

Eiginfjárgrunnur skv. 1. mgr. skal einnig gilda um samstæðureikning. Fjármálaeftirlitið setur reglur um útreikning á eiginfjárgrunni og áhættugrunni fyrir fjármálasamsteypur sem byggjast á tilskipun ráðsins 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu.

Eiginfjárgrunnur skv. 1. mgr. skal samsettur af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C, og frádráttarliðum skv. 85. gr. Séu eiginfjárliðir byggðir á árshlutauppgjöri skal það vera áritað sem endurskoðað eða kannað af endurskoðanda. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárþætti:
1. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eiginfjárgrunns fyrir frádrátt skv. 85. gr.
2. Eiginfjárþáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.
3. Eiginfjárþáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má eiginfjárþáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni vegna markaðsáhættu liða í veltubók skv. 28. gr. og gengisáhættu.

b. Í stað orðsins „eign“ í lokamálslið 5. mgr. kemur: eigin fé.

c. 2. og 3. málsl. 7. mgr. orðast svo: Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárkrafa hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis er undir lágmarkskröfu skv. 1. mgr. eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárkrafan fer undir tilvitnað lágmark. Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárgrunnur sem hlutfall af áhættugrunni fer niður fyrir mark sem er 2% stigum hærra en lágmarkið skv. 1. mgr.

d. Í stað orðanna „eigið fé“ í 1. og 3. málsl. 9. mgr. og „eigin fé“ í 10. mgr. kemur: eiginfjárgrunnur; og: eiginfjárgrunni.

e. Tvær nýjar málsgreinar bætast við greinina, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki skal upplýsa opinberlega um áhættur, áhættustýringu og eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um slíka upplýsingagjöf.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis til viðskiptamanns um lánshæfismat hans þegar ákvörðun um lánveitingu er á því byggð og lánshæfismatið jafnframt notað við mat á lánaáhættu í útreikningi á áhættugrunni samkvæmt innramatsaðferð.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Frá eiginfjárgrunni skv. 4. mgr. 84. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi kröfum í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði. Þegar um er að ræða eignarhluti sem nema allt að 10% af hlutafé í hverju einstöku fjármálafyrirtæki takmarkast frádrátturinn þó við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi krafna sem er umfram 10% af eiginfjárgrunni eins og hann er reiknaður skv. 4. mgr. 84. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein.

b. Í stað orðanna „eigin fé“ í 3. mgr. kemur: eiginfjárgrunni.

c. Í stað orðanna „eigin fé við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 4. mgr. 84. gr.“ í 4. mgr. kemur: eiginfjárgrunni skv. 84. gr.

d. Í stað orðanna „eigin fé dragast enn fremur“ í 5. mgr. kemur: eiginfjárgrunni skv. 84. gr. dragast.

e. Þrjár nýjar málsgreinar bætast við greinina, svohljóðandi:

Frá eiginfjárgrunni skv. 84. gr. dregst neikvæður mismunur á reikningsskilalegri niðurstöðu og niðurstöðu samkvæmt innramatsaðferð, sbr. 2. mgr. 84. gr., á væntu tapi á eignum og skuldbindingum, öðrum en verðbréfuðum stöðum.

Frá eiginfjárgrunni skv. 84. gr. dregst enn fremur sá hluti af verðbréfuðum stöðum sem er metinn með 1.250% áhættuvog í útreikningi áhættugrunns.

Samtala frádráttarliða samkvæmt þessari grein skal að 50% hluta dragast frá niðurstöðu útreiknings á eiginfjárþætti A skv. 84. gr. og að 50% hluta frá niðurstöðu útreiknings á eiginfjárþætti B skv. 84. gr. Fari frádráttur skv. 1. málsl. umfram fjárhæð eiginfjárþáttar B skal umframfjárhæðin dragast frá eiginfjárþætti A.

8. gr.

Í stað orðanna „eigið fé“ í 1.–4. mgr. 86. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: eiginfjárgrunnur.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### I.

Fjármálafyrirtækjum, öðrum en þeim sem fengið hafa leyfi til að beita innramatsaðferð við mat á áhættuþáttum, er heimilt við útreikning á eigin fé og áhættugrunni á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2007 að beita þeim ákvæðum sem giltu um eigið fé og áhættugrunn í árslok 2006.

### II.

Eiginfjárkrafa fjármálafyrirtækis, sem fengið hefur leyfi til að beita innramatsaðferð við mat á lánaáhættu eða þróaðri aðferð við mat á rekstraráhættu, skal á árunum 2007, 2008 og 2009 að lágmarki nema, í sömu röð, 95%, 90% og 80% af þeirri eiginfjárkröfu sem ákvæðin um eigið fé og áhættugrunn, sem í gildi voru í árslok 2006, hefðu leitt af sér.

**III.**

Við setningu reglna samkvæmt ákvæðum 84. gr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að vísa til birtingar á viðaukum tilskipana 2006/48/EB og 2006/49/EB í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku.

# 658. Frumvarp til laga [390. mál]

um breytingu á lögum um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Til að standa undir kostnaði við útgáfu skírteina, starfsleyfa og heimilda, eftirlit og vottun auk annarrar starfsemi er Flugmálastjórn Íslands heimilt að innheimta gjöld, þ.m.t. árleg gjöld, vegna:

1. Útgáfu skírteina og heimilda einstaklinga, breytinga, endurnýjunar og endurútgáfu. Greiða skal fyrir mat og vottun á gögnum er fylgja umsókn fyrir hverja klukkustund sem matið tekur á grundvelli gjalds, sbr. 2. mgr. Einnig skal heimilt að innheimta fast gjald fyrir tiltekin skírteini og heimildir á grundvelli tímagjalds, sbr. 2. mgr.
2. Útgáfu starfsleyfa, heimilda og skírteina lögaðila, breytinga, endurnýjunar og endurútgáfu. Greiða skal fyrir mat og vottun á gögnum er fylgja umsókn fyrir hverja klukkustund sem matið tekur, sbr. 2. mgr. Einnig skal heimilt að innheimta fast gjald fyrir tiltekin starfsleyfi, skírteini og heimildir á grundvelli tímagjalds, sbr. 2. mgr. Heimilt skal að krefja umsækjanda um fyrirframgreiðslu vegna yfirferðar gagna og samskipta meðan á mats- og vottunarferli stendur.
3. Útgáfu lofthæfisskírteina og hávaða- og mengunarvottorða.

   Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er miðað við hámarksflugtaksmassa loftfars:

   a. Fyrir loftför allt að 2.700 kg ..... 13.680 kr. + 9,36 kr./kg.
   b. Fyrir loftför 2.701–5.700 kg ..... 20.400 kr. + 7,80 kr./kg.
   c. Fyrir loftför 5.701–50.000 kg ..... 96.000 kr. + 8,40 kr./kg.
   d. Fyrir loftför yfir 50.000 kg ..... 480.000 kr. + 4,80 kr./kg.

   Heimilt skal að endurgreiða hlutfallslega gjald vegna fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis ef skráning loftfars varir skemur en 12 mánuði. Endurgreiða skal $^1/_{12}$ hluta gjaldsins fyrir hvern heilan mánuð sem loftfarið er skemur á skrá en 12 mánuði, þó þannig að lágmarksgjald sé $^6/_{12}$ fulls gjalds.

   Gjald fyrir útgáfu tímabundins lofthæfisskírteinis sem gilda skal skemur en 30 daga skal vera $^3/_{12}$ af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis.

   Fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings skal greiða helming af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis.

   Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis loftfars sem ekki er vélknúið er 25% af gjaldi fyrir vélknúin loftför.

Nú er loftfar skráð erlendis fært á flugrekandaskírteini íslensks flugrekanda og skal þá greiða fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis eins og um fyrstu útgáfu þess væri að ræða.

Fyrir útgáfu vottorðs til staðfestingar á lofthæfi skal greiða samkvæmt tímagjaldi, sbr. 2. mgr.

Gjöld samkvæmt þessum lið falla í gjalddaga við útgáfu skírteinis eða vottorðs. Handhafar starfsleyfa útgefinna af Flugmálastjórn njóta greiðslufrests, enda séu þeir í skilum við stofnunina. Þegar greiðslufrestur er veittur er uppgjörstímabil þrír mánuðir sem miðast við febrúar, maí, ágúst og nóvember. Gjalddagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

4. Skráningar loftfars og breytingar á eigendaskiptum.
5. Árlegs eftirlits með:
   a. loftförum í almannaflugi (einka- og kennsluflugi),
   b. loftförum í flutningaflugi, verkflugi og ríkisflugi,
   c. flugrekstri,
   d. viðhaldsstöðvum og verkstæðum,
   e. flug- og þyrluvöllum,
   f. lendingastöðum,
   g. flugstöðvum,
   h. flugvernd,
   i. flugskólum,
   j. þjálfunarbúnaði,
   k. skólum fyrir flugleiðsöguþjónustu (flugumferðarþjónustu),
   l. skólum fyrir flugvéltækna og viðhaldsvotta,
   m. flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. flugleiðsögubúnaði,
   n. flugprófunarþjónustu,
   o. fluglæknasetrum,
   p. flugklúbbum sem sæta eftirliti,
   q. námskeiðahaldi,
   r. útleigu loftfara í atvinnuskyni,
   s. handhöfum skírteina útgefinna af Flugmálastjórn Íslands.
6. Prófgjalda, þ.e. til framkvæmdar prófa, skriflegra eða verklegra, eða yfirferðar eða eftirlits með próftöku.
7. Heimilda sem tengjast einstökum atburðum og afgreiðslum, svo sem flugsýningum, flugkeppnum, fallhlífarstökki, lágflugi, listflugi, flugeldasýningum, yfirflugi með takmarkað lofthæfisskírteini og yfirferð vátryggingaskilmála vegna loftferða.
8. Samhæfingar eða samstarfs við erlend stjórnvöld í þágu eftirlitsskylds aðila, þ.m.t. vegna samningagerðar og framsals eftirlits, samkvæmt föstu gjaldi á hverja unna klukkustund, sbr. 2. mgr.
9. Sérstakrar þjónustu sem óskað er vegna vottunar, viðurkenningar, prófunar eða veitingar heimilda, samkvæmt föstu gjaldi á hverja unna klukkustund, sbr. 2. mgr.

Við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu flugrekstrar auk ferða og uppihalds. Fjárhæð gjalda tekur mið af þeim kostnaði sem almennt hlýst af eftirliti og þjónustu. Útlagðan kostnað, svo sem við ferðir, uppihald og sérfræðiþjónustu í þágu eftirlitsskylds aðila, skal greiða aukalega.

Þá er Flugmálastjórn heimilt að hafa tekjur af þjónustu- og verksamningum, svo og af rannsóknarstarfsemi og þróunarverkefnum.

Gjöld Flugmálastjórnar skv. 1. mgr. eru aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Flugmálastjórn er heimilt að innheimta gjöld vegna heimildar- og leyfisveitinga og eftirlits, svo og fyrir aðra þjónustu sem veitt er á vegum stofnunarinnar, í samræmi við gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Jafnframt falla brott 35.–38. tölul. 1. mgr. 10. gr. og 9.–11. tölul. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum. Þá falla brott 4.–6. mgr. 10. gr., 7. mgr. 56. gr., 7. mgr. 57. gr. og 5. mgr. 57. gr. a og 2., 3. og 5. mgr. 71. gr. a og 2.–4. mgr. 81. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

## 659. Frumvarp til laga [397. mál]

um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Í stað 1. og 2. málsl. 12. gr. laganna kemur einn málsliður sem orðast svo: Þegar fjarskiptafyrirtæki eða póstrekandi fer ekki að ákvæðum laga þessara, laga um fjarskipti eða laga um póstþjónustu, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar eða veitir ekki þær upplýsingar sem honum er skylt að afhenda stofnuninni er henni heimilt að leggja á og innheimta dagsektir sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað „0,20%“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 0,30%.

b. 12. mgr. orðast svo:

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið að veita samkvæmt lögum þessum, lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Heimilt er að taka gjald, sem miðast við kostnað, fyrir eftirfarandi þætti: skráningu fyrirtækja, útgáfu leyfisbréfa og skírteina, mælingar, innsiglanir og skoðun fjarskiptabúnaðar. Auk þess er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að taka gjald fyrir aðra þjónustu sem aðilar óska eftir. Við ákvörðun gjalda samkvæmt þessari grein skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu, auk ferða og uppihalds sem af því leiðir.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 14. gr. a og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Gjald fyrir tíðninotkun.*

Þeir aðilar sem fengið hafa heimild til að nota tíðnir til þráðlausra fjarskipta skulu greiða árlegt gjald til Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt því sem hér segir:

1. *Radíóstöðvar með skipa- og flugtíðnum.*
   a. Með milli- og stuttbylgju (MF/HF) 6.400 kr.
   b. Án milli- og stuttbylgju (aðeins VHF) 4.100 kr.
2. *Farstöðvarásir.*
   a. Fyrir hver 25 kHz á gjaldsvæði 1 63.000 kr.
   b. Fyrir hver 25 kHz á gjaldsvæði 2 eða 3 12.600 kr.
   c. Fyrir samnýttar rásir greiðist 25% af gjaldi skv. a- og b-lið eftir því sem við á.
   d. Aðilar að landssamtökum björgunarsveita greiða 25% af gjaldi skv. a- og b-lið.
3. *Jarðstöðvar.*
   a. Jarðstöðvar með sendiafl meira en 50 dBW 25.100 kr.
   b. Jarðstöðvar fyrir almenn fjarskiptanet 25.100 kr.
4. *Fastasambönd.*
   a. Grunngjald fyrir hvert fastasamband 10.000 kr.
   b. Að auki fyrir hvert MHz 830 kr.
5. *Almenn farsímanet (t.d. NMT, GSM, 3G).* Fyrir hvert MHz 256.500 kr.
6. *TETRA neyðar- og öryggisnet.* Fyrir hvert MHz 64.100 kr.
7. *Þráðlaus aðgangsnet.*
   a. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 1 33.800 kr.
   b. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 2 22.500 kr.
   c. Fyrir hvert MHz á gjaldsvæði 3 2.300 kr.
8. *Fyrir hverja rás í sjónvarpssendi.*
   a. Gjaldsvæði 2, sendiafl 1 kW og meira 119.000 kr.
   b. Gjaldsvæði 2, sendiafl 100–999 W 89.000 kr.
   c. Gjaldsvæði 2, sendiafl minna en 100 W 59.300 kr.
   d. Gjaldsvæði 3, sendiafl 1 kW og meira 29.700 kr.
   e. Gjaldsvæði 3, sendiafl 100–999 W 22.200 kr.
   f. Gjaldsvæði 3, sendiafl minna en 100 W 14.800 kr.

   Ef sama rás er notuð í fleiri en einum sendi á sama gjaldsvæði ræður samanlagt sendiafl. Ekki skal taka gjald fyrir starfrækslu sjónvarpssenda með afl minna en 2W sem þjóna svæðum með færri en 100 íbúa.
9. *Fyrir hverja rás í hljóðvarpssendi.*
   a. Gjaldsvæði 2, sendiafl 1 kW og meira 29.600 kr.
   b. Gjaldsvæði 2, sendiafl 100–999 W 22.200 kr.
   c. Gjaldsvæði 2, sendiafl minna en 100 W 14.800 kr.
   d. Gjaldsvæði 3, sendiafl 1 kW og meira 7.400 kr.
   e. Gjaldsvæði 3, sendiafl 100–999 W 5.600 kr.
   f. Gjaldsvæði 3, sendiafl minna en 100 W 3.700 kr.

   Ef sama rás er notuð í fleiri en einum sendi á sama gjaldsvæði ræður samanlagt sendiafl. Ekki skal taka gjald fyrir starfrækslu hljóðvarpssenda með afl minna en 2W sem þjóna svæðum með færri en 100 íbúa.

Gjaldsvæði sem tilgreind eru í 1. mgr. skulu afmörkuð sem hér segir:

a. Gjaldsvæði 1: Allt landið.
b. Gjaldsvæði 2: Suðvesturland frá Suðurnesjum til Akraness.
c. Gjaldsvæði 3: Einstök svæði utan gjaldsvæðis 2.

Gjalddagi gjalda samkvæmt þessari grein er 1. mars ár hvert fyrir notkun tíðna á því sama ári. Handhafi heimildar til tíðninotkunar á gjalddaga er ábyrgur fyrir greiðslunni.

Miða skal greiðslu árlegra tíðnigjalda við þann dag þegar heimild til tíðninotkunar tekur gildi, óháð því hvenær viðkomandi tíðni er tekin í notkun.

Ef heimild til tíðninotkunar er gefin út eftir 1. mars ber að greiða árlegt tíðnigjald við útgáfu heimildarinnar og skal þá greiða í hlutfalli við það sem eftir er af árinu og telst útgáfumánuður heimildarinnar með sem heill mánuður.

Fyrir heimild sem gildir skemur en sex mánuði skal taka hálft árlegt gjald og fyrir heimild til að nota tíðnir til tilrauna greiðast 50.000 kr. Gjöld samkvæmt þessari málsgrein greiðast við útgáfu heimildar.

Allar tekjur samkvæmt þessari grein skulu renna óskiptar til Póst- og fjarskiptastofnunar sem annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

## 660. Breytingartillaga [376. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn, EMS, GAK).

C- og d-liður 1. gr. falli brott.

Greinargerð.

Lagt er til að fallið verði frá frestun á 500 millj. kr. fjárframlagi til vega á Vestfjörðum og Norðausturlandi, þ.e. á Tröllatunguvegi um Arnkötludal og á Norðausturvegi, og peningarnir lánaðir til annarra vegaframkvæmda á þeim landsvæðum sé ekki hægt að nýta þá fjármuni beint til þeirra verkefna sem það er eyrnamerkt til á árinu 2007.

## 661. Frumvarp til laga [189. mál]

um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til menntastofnana landbúnaðarins sem eru Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.

2. gr.

Í stað „nr. 136/1997“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: nr. 63/2006.

3. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Yfirstjórn hverrar stofnunar tekur ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, náms, námsmats og rannsókna og aðra þætti er lúta að málefnum hennar, enda sé ákvörðunin í samræmi við markmið laga þessara skv. 3. gr.

5. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Nemendur sem hefja háskólanám við menntastofnanir landbúnaðarins skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar háskólans. Háskólaráð getur ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði fyrir hverja skilgreinda námsbraut háskólanámsins.

Inntökuskilyrði í háskólanám við menntastofnanir landbúnaðarins og námskröfur svari til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

6. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra gefur út skrá um prófgráður.

7. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Nú er í almennum framhaldsskóla stofnað til búnaðarnámsbrautar, og skal þá námskrá slíkrar kennslu, fyrirkomulag á verknámi og námsmat hljóta samþykki menntamálaráðherra að fenginni umsögn landbúnaðarráðherra.

8. gr.

Á eftir 2. mgr. 15. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Menntastofnunum landbúnaðarins er heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem þeim er skylt að veita. Þeim er enn fremur heimilt að taka gjöld fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Háskólaráð hvors skóla skal setja nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt ákvæði þessu.

9. gr.

Orðin „svo og um fjárhæð námskeiðsgjalda“ í 2. mgr. 19. gr. laganna falla brott.

10. gr.

2. mgr. 23 gr. laganna orðast svo:

Tilnefna skal og skipa bæði aðal- og varamenn í háskólaráð. Landbúnaðarráðherra skipar háskólaráð til þriggja ára í senn.

11. gr.

VI. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Stjórn og starfslið**, orðast svo:

a. (29. gr.)

Hólaskóli er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræði- og rannsóknastörf á sérsviðum skólans.

Hólaskóli er miðstöð fyrir kennslu og rannsóknir í hrossarækt og hestamennsku, fiskeldi og ferðaþjónustu í dreifbýli.

Við skólann er heimilt að starfrækja alþjóðlega deild í hrossarækt og hestamennsku þar sem innheimta má skólagjöld.

Stjórn Hólaskóla skv. 30. gr. er heimilt að stofna til kennslu eða rannsókna á öðrum fræðasviðum, enda uppfylli starfsemin skilyrði til viðurkenningar samkvæmt lögum nr. 63/2006, um háskóla.

b. (30. gr.)

Stjórn Hólaskóla er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar stefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag skólans.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og ber ábyrgð á rekstri hans. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Rektor er æðsti fulltrúi Hólaskóla gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans. Verkefni rektors skulu skilgreind í erindisbréfi hans.

c. (31. gr.)

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem jafnframt er formaður ráðsins.
2. Einn fulltrúi tilnefndur af landbúnaðarráðherra.
3. Einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra.
4. Einn fulltrúi tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands.
5. Einn fulltrúi tilnefndur af sjávarútvegsráðherra.
6. Einn fulltrúi tilnefndur af samgönguráðherra.
7. Einn fulltrúi tilnefndur af Félagi tamningamanna.
8. Einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.
9. Einn fulltrúi tilnefndur af nemendum.

Tilnefna skal og skipa bæði aðal- og varamenn í háskólaráð. Landbúnaðarráðherra skipar háskólaráð til þriggja ára í senn.

d. (31. gr. a.)

Rektor boðar til funda í háskólaráði. Óski þrír háskólaráðsmenn eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum háskólaráðs. Fundur háskólaráðs er ályktunarbær ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði rektors úr. Varamenn sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

e. (32. gr.)

Landbúnaðarráðherra skipar í stöðu rektors Hólaskóla til fimm ára að fenginni umsögn háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast stjórnunarreynslu.

f. (33. gr.)

Kennarar við Hólaskóla eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjunktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Um kröfur til menntunar kennara sem kenna á framhaldsskólastigi fer samkvæmt ákvæðum laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur fastráðinna kennara.

g. (34. gr.)

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjunkta og stundakennara. Umsækjendur um prófessors-, dósents- og lektorsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni upplýsingar um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir.

Kennarar við Hólaskóla skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 33. gr. er heimilt að ráða kennara í verklegum greinum sem hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og starfsþjálfunar á viðkomandi sviði að mati rektors og háskólaráðs.

Skipa skal þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Rektor skipar dómnefnd, einn mann eftir tilnefningu landbúnaðarráðherra, og tvo menn eftir tilnefningu háskólaráðs og skipar rektor annan þeirra formann nefndarinnar. Skal hann hafa sama eða æðra hæfi og um er fjallað, verði því við komið. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa a.m.k. meistaraprófi úr háskóla og skulu a.m.k. tveir nefndarmanna starfa utan skólans.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu.

Engum manni má veita prófessors-, dósents- eða lektorsstöðu nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skólagjöldum“ í a-lið kemur: gjöldum
b. Við bætist nýr liður sem verður d-liður, svohljóðandi: skólagjöldum, sbr. 3. mgr. 29. gr.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Störf hjá Hólaskóla eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki stofnunarinnar skulu boðin störf hjá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga þessara skal skipa rektor Hólaskóla og háskólaráð frá 1. janúar 2007 og skal háskólarektor og háskólaráð frá þeim tíma undirbúa framkvæmd laga þessara.

Við gildistöku laga þessara tekur Hólaskóli – Háskólinn á Hólum við öllum eignum og skuldbindingum Hólaskóla, Hólum í Hjaltadal.

Ákvæði 2. gr. kemur til framkvæmda þegar menntastofnanir landbúnaðarins hafa hlotið viðurkenningu, sbr. 1. og 3. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006. Nemendur sem við gildistöku laganna stunda nám í Hólaskóla eiga rétt á því að ljúka námi samkvæmt gildandi námsskipulagi skólans við gildistöku laganna. Nemendur geta þó lokið prófum samkvæmt nýju skipulagi ef þeir kjósa svo.

Fyrir 1. júní 2008 skulu lög þessi endurskoðuð til að samræma og auka samvinnu við gæðaeftirlit og námsframboð á háskólastigi, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um háskóla, nr. 63/2006.

## 662. Lög [429. mál]

um ættleiðingarstyrki.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 635.

## 663. Lög [93. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 93.

## 664. Lög [95. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 636.

## 665. Lög [364. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 396.

## 666. Lög [365. mál]

um breytingar á lögum á orkusviði.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 637.

## 667. Lög [219. mál]

um gatnagerðargjald.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 610 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hjóða svo:

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. skal 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lög um gatnagerðargjald, nr. 17/1996, gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld, sem lokið er við fyrir 31. desember 2009. Ákvæði þetta gildir aðeins um lóðir sem úthlutað var eða veitt var byggingarleyfi á fyrir 1. janúar 1997.
2. Samningar um gatnagerðargjald af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarstjórnir, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald sem sveitarstjórn hefur sett og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði laga þessara, nema aðilar séu um annað sáttir.

## 668. Lög [296. mál]

um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 309.

## 669. Þingsályktun [458. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 614.

## 670. Lög [389. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 646.

## 671. Lög [190. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 191.

## 672. Lög [330. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 647.

## 673. Lög [232. mál]

um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlagaákvæði).

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 648.

## 674. Lög [233. mál]

um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 651.

## 675. Lög [266. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 652.

## 676. Lög [302. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 317.

## 677. Lög [350. mál]

um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 653.

## 678. Lög [357. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 656.

## 679. Lög [374. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 408.

## 680. Lög [359. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 390.

## 681. Lög [386. mál]

um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 657.

## 682. Lög [376. mál]

um breyting á lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 410.

## 683. Lög [390. mál]

um breytingu á lögum um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 658.

## 684. Lög [397. mál]

um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 659.

## 685. Lög [189. mál]

um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 661.

## 686. Lög [413. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 468.

## 687. Lög [418. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 487.

## 688. Fyrirspurn [467. mál]

til heilbrigðisráðherra um tóbaksvarnir.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver var fjárhæð sérstaks tóbaksgjalds skv. 9. gr. laga nr. 18/2003, sem Lýðheilsustöð fékk frá stofnun hennar árið 2003 til ársins 2006, skipt eftir árum?
2. Hvernig var því fé varið, sundurliðað eftir framlögum á hvern lið í
   a. verkefni í tóbaksvörnum og
   b. rekstur Lýðheilsustöðvar?

**Skriflegt svar óskast.**

## 689. Fyrirspurn [468. mál]

til iðnaðarráðherra um orkuöflun til álvera.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver er heildaraflþörf og framleiðslugeta þeirra álvera sem hugmyndir hafa komið fram um, þ.e. álvers á Bakka við Húsavík, fyrirhugaðrar stækkunar í Straumsvík, álvers í Helguvík, álvers í Þorlákshöfn og frekari stækkunar á Grundartanga, skipt niður á þrep og ár, og hvaðan á orkan að koma?
2. Hver er núverandi staða á gufuöflun fyrir fyrrgreind verkefni, mælt í MW rafmagns fyrir hvert verkefni?
3. Á hvaða svæðum er fyrirhugað að afla þeirrar orku sem á vantar og hvernig háttar til um rannsóknar- og nýtingarleyfi?
4. Er búið að staðfesta með rannsóknarborunum tilvist háhitasvæða þar sem ekki eru nú þegar komnar vinnsluholur?
5. Hvenær má vænta þess að allrar orku hafi verið aflað fyrir hvert verkefni miðað við árangur borana sem hafa nú þegar verið framkvæmdar og tengjast þessu verkefni?
6. Hve margar háhitaholur þarf að bora á hverju svæði á ári til að uppfylla núverandi óskir um framkvæmdahraða?
7. Hvaða virkjanir og álver hafa verið sett í umhverfismat?

**Skriflegt svar óskast.**

## 690. Fyrirspurn [469. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvenær má vænta þess að framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla verði kynnt?
2. Mun framkvæmdaáætlunin ná til fleiri þátta en ferlimála?
3. Verður lögð áhersla á hönnun fyrir alla?
4. Hvenær má vænta lagafrumvarpa og reglugerða sem lúta að aðgengismálum í tengslum við gerð framkvæmdaáætlunarinnar?

**Skriflegt svar óskast.**

## 691. Frumvarp til laga [276. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 6. tölul. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði þetta tekur þó ekki til tekna af leigu loftfara og skipa sem notuð eru til flutninga á alþjóðaleiðum.

2. gr.

Við 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barns fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima, frá lokum fæðingarorlofs fram til þess að það hefur leikskólavistun eða grunnskólanám, teljast ekki til tekna hjá móttakanda.

3. gr.

Við 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Útgjöld að hámarki móttekinni fjárhæð ættleiðingarstyrks samkvæmt lögum um ættleiðingarstyrki og má frádráttur þessi aldrei vera hærri en fjárhæð styrksins.

4. gr.

Við 3. málsl. 9. tölul. 31. gr. laganna bætist: eða aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

5. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „21,75%“ í 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: 22,75%.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 67. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „356.180“ í 1. mgr. kemur: 385.800.
b. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Persónuafsláttur skal í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils. Fjárhæð persónuafsláttar skal birta með auglýsingu fjármálaráðherra fyrir upphaf staðgreiðsluárs.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „787“ í 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. laganna kemur: 834.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað tölunnar „16“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. A-liðar kemur: 18.
b. Í stað fjárhæðanna „494.782“, „649.544“ og „804.304“ í 3. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: 524.469; 688.517; og: 852.562.
c. Í stað fjárhæðanna „4.838.005“, „8.019.826“, „169.541“, „218.042“, „280.372“ og „618“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 4.931.043; 8.174.053; 179.713; 231.125; 297.194; og: 655.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

9. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. laganna bætist: að undanteknum arði sem úthlutað er á milli aðila sem samskattaðir eru skv. 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

## III. KAFLI
## Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr., 4. gr., 5. gr., a-liðar 6. gr., 7. gr., b- og c-liðar 8. gr. og 9. gr. öðlast gildi 1. janúar 2007 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2007 og álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007.

Ákvæði b-liðar 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008.

A-liður 8. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta og álagningu gjalda á árinu 2007.

# 692. Frumvarp til laga [416. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

## I. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

a. Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr A-lið viðaukans:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 0813.4001 | 1806.1000 | 19053030 | 20085009 | 21069022 |
| 0813.5001 | 1806.2001 | 2006.0011 | 2008.6001 | 2106.9023 |
| 0901.1100 | 1806.2003 | 2006.0012 | 2008.6009 | 2106.9025 |
| 0901.1200 | 1806.2004 | 2006.0019 | 2008.7001 | 2106.9026 |
| 0901.2101 | 1806.2005 | 2006.0021 | 2008.7009 | 2106.9031 |
| 0901.2109 | 1806.2006 | 2006.0022 | 2008.8001 | 2106.9039 |
| 0901.2201 | 1806.2009 | 2006.0023 | 2008.8009 | 2106.9041 |
| 0901.2209 | 1806.9011 | 2006.0029 | 2008.9100 | 2106.9042 |
| 0901.9000 | 1806.9012 | 2006.0030 | 2008.9201 | 2106.9048 |
| 0902.1000 | 1806.9019 | 2007.1000 | 2008.9209 | 2106.9049 |
| 0902.2000 | 1806.9028 | 2007.9100 | 2008.9901 | 2106.9061 |
| 0902.3000 | 1806.9029 | 2007.9900 | 2008.9909 | 2106.9062 |
| 0902.4000 | 1806.9039 | 2008.1101 | 2101.1100 | 3003.9001 |
| 0903.0000 | 1901.9011 | 2008.2001 | 2101.1201 | 3004.5004 |
| 0909.1001 | 1901.9019 | 2008.2009 | 2101.1209 | 3004.9004 |
| 0909.5001 | 1905.2000 | 2008.3001 | 2101.2001 | 3302.1021 |
| 1211.9001 | 1905.3011 | 2008.3009 | 2101.2009 | 3302.1030 |
| 1211.9002 | 1905.3019 | 2008.4001 | 2101.3001 | |
| 1805.0001 | 1905.3021 | 2008.4009 | 2101.3009 | |
| 1805.0009 | 1905.3029 | 2008.5001 | 21069021 | |

b. B-liður viðaukans fellur brott.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 5. gr. A laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er dótturfélag í eigu sparisjóðs og gilda þá ákvæði þessarar greinar, enda sé skilyrðum hennar fullnægt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „14%“ í 2. mgr. kemur: 7%.

b. 8. tölul. 2. mgr. orðast svo: Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis eins og skilgreint er í viðauka við lög þessi, þó ekki sala á áfengi.
c. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Geisladiskar, hljómplötur, segulbönd og aðrir sambærilegir miðlar með tónlist en ekki með mynd.

4. gr.

Í stað „skv. 1., 3. og 4. mgr.“ í lokamálslið 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: skv. 3. og 4. mgr.

5. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða X við lögin:
a. Í stað „31. desember 2006“ kemur: 31. desember 2008.
b. Í stað „EURO2“ kemur: EUROIII.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Endurgreiða skal veitingahúsum, mötuneytum og öðrum hliðstæðum aðilum, sem selja tilreiddan mat, fjárhæð er nemur 112,5% af innskatti uppgjörstímabilsins janúar–febrúar 2007 vegna matvælaaðfanga sem bera 14% virðisaukaskatt. Endurgreiðsla þessi skal þó ekki vera hærri en svo að útskattur vegna sölu á tilreiddum mat að frádreginni endurgreiðslu samsvari að minnsta kosti 14% af hráefnisverði að viðbættum 19,25% af mismun söluverðs á tilreiddum mat og hráefnisverðs matvælaaðfanga.

8. gr.

Í stað viðauka við lögin kemur nýr viðauki sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

**Viðauki.**

Af vörum til manneldis í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 7% virðisaukaskatt:
a. Vörur í 2. til og með 4. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 0301.1000–0301.9990.
b. Vörur í tollskrárnúmerum 0504.0001–0504.0009 og 0511.9119, 0511.9125, 0511.9901 og 0511.9902.
c. Vörur í 7. til og með 13. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 1001.1001, 1001.9001, 1002.0001, 1003.0001, 1004.0001, 1005.9001, 1106.2001, 1007.0001, 1008.1001, 1008.2001, 1008.3001, 1008.9001, 1101.0021, 1102.2001, 1102.9011, 1102.9021, 1103.1101, 1103.1311, 1103.1321, 1103.1901, 1103.2001, 1104.1221, 1104.1901, 1104.2221, 1104.2301, 1104.2901, 1104.3001, 1203.0000, 1209.1001–1209.9909, 1211.3000, 1211.4000, 1211.9009, 1213.0011–1213.0029, 1214.1000, 1214.9000, 1301.1000, 1301.9000, 1301.9009, 1302.1100, 1302.1400 og 1302.1909.
d. Vörur í tollskrárnúmerum 1501.0011, 1501.0021, 1502.0011, 1502.0021, 1503.0001, 1504.1001–1504.3009, 1506.0001, 1507.1001, 1507.9001, 1508.1001, 1508.9001, 1509.1001, 1509.9001, 1510.0001, 1511.1001, 1511.9001, 1512.1101, 1512.1901, 1512.2101, 1512.2901, 1513.1101, 1513.1901, 1513.2101, 1513.2901, 1514.1101, 1514.1901, 1514.9101, 1514.9901, 1515.2101, 1515.2901, 1515.5001, 1515.9001 og 1516.1001–1517.9009.

e. Vörur í 16. til með 21. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 1703.1001, 1703.9001, 2102.2003 og 2106.9032–2106.9038.
f. Vörur í tollskrárnúmerum 2201.1011–2201.9090, 2202.1011–2202.9099, 2203.0011–2203.0019, 2204.1011–2204.1019, 2204.2111–2204.2119, 2204.2131–2204.2139, 2204.2911–2204.2919, 2204.2931–2204.2939, 2204.3011–2204.3019, 2205.1011–2205.1019, 2205.9011–2205.9019, 2206.0031–2206.0039, 2208.7021–2208.7029, 2208.9071–2208.9079 og 2209.0000.
g. Vörur í tollskrárnúmerum 2501.0001, 2836.1001, 2836.3001, 2836.4001, 2836.9902, 2918.1200, 2918.1300, 2922.4201, 2925.1101, 3203.0001, 3302.1010, 3501.9001, 3502.1101, 3502.1901, 3502.2001, 3502.9001, 3503.0011, 3503.0021, 3824.9008 og 3917.1000.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. mars 2007, nema 2. og 6. gr. sem öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. laga þessara taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

## 693. Breytingartillaga [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

Á eftir orðunum „Ákvæði 1. gr.“ í 2. mgr. 10. gr. komi: 3. gr.

## 694. Breytingartillaga [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni og Lúðvík Bergvinssyni.

Við 2. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama gildir um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. lög nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

## 695. Fyrirspurn [470. mál]

til fjármálaráðherra um tekjuskattsgreiðslur banka.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hverjar hafa tekjuskattsgreiðslur íslensku bankanna verið árin 1980–2006, sundurliðaðar eftir fyrirtækjum og árum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 696. Frumvarp til laga [435. mál]

um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

I. KAFLI
**Almenn ákvæði.**
1. gr.
*Markmið.*

Tilgangur laga þessara er að kveða á um fjárframlög til stjórnmálasamtaka og stjórnmálastarfsemi, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum. Markmið laganna er að auka traust á stjórnmálastarfsemi og efla lýðræðið.

2. gr.
*Skilgreiningar.*

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

1. *Stjórnmálasamtök:* Flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.
2. *Prófkjör:* Kosningar sem stjórnmálasamtök halda til að velja fulltrúa á framboðslista við kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna.
3. *Frambjóðendur:* Þátttakendur í persónukjöri til sveitarstjórna og þátttakendur í prófkjörum stjórnmálasamtaka.
4. *Framlög:* Framlög til starfsemi stjórnmálasamtaka eða frambjóðenda eða kosningabaráttu, hvort heldur eru bein fjárframlög eða önnur gæði sem metin verða til fjár, án tillits til þess hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru. Til framlaga í þessum skilningi teljast allir afslættir af markaðsverði, ívilnanir og eftirgjöf, þar með taldir afslættir af markaðsverði auglýsinga, eftirgjöf eftirstöðva skulda, óvenjuleg lánakjör o.s.frv. Ef afsláttur hefur verið veittur af markaðsverði skal mismunur markaðsverðs og raunverðs tilgreindur sem framlag í reikningum. Önnur framlög, svo sem endurgjaldslaust lán vinnuafls,

aðstöðu eða búnaðar, skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma og tilgreind í reikningum á því verði.

5. *Tengdir aðilar:* Lögaðilar þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum, enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhlutur og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.
6. *Endurskoðendur:* Löggildir endurskoðendur samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur.
7. *Þingflokkar:* Samtök þingmanna sem uppfylla skilyrði þingskapa til að teljast þingflokkur.

## II. KAFLI
## Framlög ríkis og sveitarfélaga til stjórnmálastarfsemi.

### 3. gr.
*Framlög til stjórnmálasamtaka úr ríkissjóði.*

Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi stjórnmálasamtaka sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn á Alþingi eða hlotið hafa a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

### 4. gr.
*Framlög til þingflokka úr ríkissjóði.*

Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi þingflokka á Alþingi samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Greiða skal jafna fjárhæð fyrir hvern þingmann og nefnist hún eining. Að auki skal greiða eina einingu fyrir hvern þingflokk. Því til viðbótar skal úthluta fjárhæð sem svarar tólf einingum til þingflokka þeirra stjórnmálasamtaka sem eiga ekki aðild að ríkisstjórn og skiptast þær einingar hlutfallslega milli þeirra. Forsætisnefnd Alþingis getur sett nánari reglur um greiðslur samkvæmt þessari grein.

### 5. gr.
*Framlög til stjórnmálasamtaka frá sveitarfélögum.*

Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmálasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

III. KAFLI
**Almenn framlög til stjórnmálastarfsemi.**

6. gr.
*Móttaka framlaga.*

Stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum til starfsemi sinnar eða til kosningabaráttu með þeim takmörkunum sem leiðir af 2.–5. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 7. gr.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá óþekktum gefendum.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá fyrirtækjum að meiri hluta í eigu, eða undir stjórn, ríkis eða sveitarfélaga.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá opinberum aðilum sem ekki rúmast innan ákvæða II. kafla.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá erlendum ríkisborgurum, fyrirtækjum eða öðrum aðilum sem skráðir eru í öðrum löndum. Bann þetta tekur þó ekki til framlaga frá erlendum ríkisborgurum sem njóta kosningaréttar hér á landi skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

7. gr.
*Hámarksframlög, leiðbeiningarreglur og prófkjör.*

Stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá lögaðilum en sem nemur 300.000 kr. á ári. Undanþegin slíku hámarki eru þó framlög í formi afslátta svo fremi um sé að ræða almenna afslætti sem veittir eru frá markaðsverði með opinberum hætti og slíkir afslættir séu sérgreindir í reikningum. Lögaðilar, sem inna af hendi framlög til stjórnmálasamtaka eða frambjóðenda, skulu sérgreina heildarfjárhæð slíkra framlaga í ársreikningum sínum. Telja skal saman framlög tengdra aðila.

Stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum frá lögráða einstaklingum sem nemur allt að 300.000 kr. á ári. Til framlaga í þessum skilningi teljast ekki almenn félagsgjöld stjórnmálasamtaka sem innheimt eru með reglubundnum hætti og eru ekki umfram 100.000 kr. á ári.

Ríkisendurskoðun skal setja leiðbeiningarreglur um fyrirkomulag sölu þjónustu á vegum stjórnmálasamtaka til að tryggja samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

Heildarkostnaður frambjóðenda í prófkjörum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en sem nemur 1 millj. kr., að viðbættu álagi sem hér segir:

Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa, 18 ára og eldri, 75 kr. fyrir hvern.
Á kjörsvæði með 40.000–49.999 íbúa, 18 ára og eldri, 100 kr. fyrir hvern.
Á kjörsvæði með 20.000–39.999 íbúa, 18 ára og eldri, 125 kr. fyrir hvern.
Á kjörsvæði með 10.000–19.999 íbúa, 18 ára og eldri, 150 kr. fyrir hvern.
Á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, 175 kr. fyrir hvern.

IV. KAFLI
**Reikningsskil og upplýsingaskylda stjórnmálasamtaka.**

8. gr.
*Reikningsskil stjórnmálasamtaka.*

Stjórnmálasamtök skulu halda samstæðureikning fyrir allar einingar sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir. Heimilt er að halda flokkseiningum utan samstæðureikningsskila ef tekjur þeirra eru undir 300.000

kr. á ári. Við gerð ársreikninga skal farið að efnisreglum laga um ársreikninga eins og við á. Ríkisendurskoðun gefur út frekari leiðbeiningar um reikningshald stjórnmálasamtaka.

Stjórnmálasamtök skulu fela endurskoðendum að endurskoða reikninga sína. Endurskoðendur skulu starfa eftir leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar og sannreyna að samstæðureikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga þessara og almennar reikningsskilareglur og staðfesta það álit með áritun á reikninginn. Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna að framlög einstaklinga og lögaðila séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

9. gr.

*Upplýsingaskylda um reikninga stjórnmálasamtaka.*

Stjórnmálasamtök skulu árlega skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum, sbr. 8. gr., árituðum af endurskoðendum. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið birta útdrátt úr ársreikningi stjórnmálasamtaka með samræmdum hætti. Þar skal greina a.m.k. heildartekjur og heildargjöld. Þá skal flokka tekjur eftir uppruna, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum, ásamt helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til stjórnmálastarfsemi.

## V. KAFLI
## Reikningsskil og upplýsingaskylda í persónukjöri.

10. gr.

*Reikningsskil frambjóðenda í persónukjöri.*

Frambjóðendur skulu gera uppgjör fyrir kosningabaráttu sína í samræmi við almennar reikningsskilareglur og fela endurskoðendum endurskoðun þess. Ríkisendurskoðun gefur út leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttu og um upplýsingaskyldu um uppgjörið.

Frambjóðendur í persónukjöri eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef kostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 300.000 kr.

11. gr.

*Upplýsingaskylda um reikninga yfir kosningabaráttu.*

Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum árituðum af endurskoðendum eigi síðar en sex mánuðum frá því að kosning fór fram. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið birta útdrátt úr reikningum þar sem greina skal heildartekjur og heildargjöld. Þá skal flokka tekjur eftir uppruna, þannig að greint sé á milli framlaga frá lögaðilum, framlaga frá einstaklingum og eigin framlags. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til kosningabaráttu frambjóðandans.

## VI. KAFLI
## Viðurlög, gildistaka og brottfall lagaákvæða.

12. gr.

*Viðurlög.*

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara skal sæta fésektum, en alvarleg brot geta varðað fangelsi allt að sex árum.

13. gr.

*Gildistaka og brottfall lagaákvæða.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Ákvæði laganna um prófkjör taka þó ekki gildi fyrr en 1. júní 2007.

Jafnframt fellur úr gildi l. málsl. 1. gr. laga nr. 62/1978, um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi, og lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

VII. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.**

14. gr.

Í stað orðanna „Sveitarsjóðir greiða“ í c-lið 123. gr. laganna kemur: Ríkissjóður greiðir.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Forsætisráðherra skal eigi síðar en 30. júní 2010 skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka á Alþingi til að endurskoða lög þessi og framkvæmd þeirra.

## 697. Þingsályktun [356. mál]

um að leggja niður Þjóðhátíðarsjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 386.

# 698. Frumvarp til laga [408. mál]

um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

*Markmið og yfirstjórn.*

Markmið laga þessara er að kveða á um skipan mála til bráðabirgða á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar samnings um skil Bandaríkjanna á svæðinu til íslenskra stjórnvalda og þar til varanlegri skipan er komið á. Um ytri mörk og skiptingu svæðisins í flugvallarsvæði (svæði A), öryggissvæði (svæði B) og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. (svæði C) vísast til uppdráttar í fylgiskjali.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn mála, þ.m.t. skipulagsmála, á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli uns forsætisráðherra gefur út auglýsingu um að landsvæðið, að hluta eða í heild, hafi verið tekið til annarra nota, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, sbr. lög nr. 46/2006. Í slíkri auglýsingu er heimilt að ákveða að utanríkisráðherra fari til bráðabirgða áfram með yfirstjórn tiltekinna málaflokka á slíku svæði þótt að öðru leyti gildi um það almennar reglur.

2. gr.

*Flugvallarsvæði.*

Flugvallarsvæði, þ.e. flugbrauta- og flugverndarsvæði, Keflavíkurflugvallar, sbr. lög nr. 34/2006, um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, er afmarkað sem svæði A í fylgiskjali.

Utanríkisráðherra skal að höfðu samráði við samgönguráðherra skipa fimm manna nefnd sérfræðinga sem hafi það hlutverk að undirbúa snurðulausa færslu á stjórnun og rekstri Keflavíkurflugvallar, samkvæmt þessari grein, yfir til samgönguyfirvalda. Nefndin skal ljúka störfum og leggja fram tillögur sínar um framkvæmd yfirfærslunnar fyrir febrúarlok 2007.

3. gr.

*Öryggissvæði.*

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn öryggissvæðis sem afmarkað er sem svæði B í fylgiskjali. Öryggissvæðið er ætlað til varnarþarfa, þ.m.t. heræfinga og eftir atvikum friðargæsluæfinga, m.a. á vegum Bandaríkjanna eða annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins.

Heimilt er utanríkisráðherra í reglugerð að mæla nánar fyrir um takmarkanir á umferð og dvöl á öryggissvæði og önnur öryggisatriði. Brot á fyrirmælum reglugerðarinnar varða sviptingu aðgangsheimildar, sektum eða fangelsi allt að fimm árum.

Utanríkisráðherra er heimilt að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. umsýslu tiltekinna fasteigna á öryggissvæði ef þörf krefur.

4. gr.

*Starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.*

Heimilt er að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. að annast í umboði ríkisins umsýslu fasteigna á svæði sem koma á hið fyrsta í arðbær borgaraleg not og merkt er sem svæði C í fylgiskjali.

Enn fremur er heimilt að fela félaginu umsýslu tiltekinna fasteigna á flugvallarsvæði og önnur verkefni sem tengjast framtíðarþróun og umbreytingu flugvallarsvæðis og starfssvæðis.

Forsætisráðherra fer með hlutafé ríkisins í félaginu.

5. gr.

*Opinber gjöld.*

Fasteignir ríkisins og mannvirki sem Bandaríkin eða Atlantshafsbandalagið hafa skilað til eignar, á svæðum sem tilgreind eru í 2. gr. og 1. mgr. 4. gr., eru undanþegin öllum opinberum gjöldum og skyldutryggingu fasteigna. Sú undanþága fellur niður er þeim hefur verið ráðstafað með leigu eða sölu enda sé ekki sérstaklega mælt fyrir um undanþágu frá slíkum gjöldum í öðrum lögum. Undanþágan gildir einnig þótt gefin sé út auglýsing um svæðin skv. 2. mgr. 1. gr.

Fasteignir og mannvirki ríkisins eða Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæði skv. 3. gr., og starfsemi þeim tengd, skulu enn fremur undanþegin öllum opinberum gjöldum og skyldutryggingu fasteigna. Utanríkisráðherra er heimilt í samráði við fjármálaráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd undanþágu frá opinberum gjöldum samkvæmt málsgrein þessari.

6. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi. Reglugerðir, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, sem sett hafa verið á grundvelli laga nr. 106/1954 og 10. gr. laga nr. 82/2000, skulu halda gildi sínu uns nýjar reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið gefin út.


7. gr.

*Breyting á lögum.*

Við gildistöku laga þessara kemur í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. og 4. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34/2006, um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar: ráðherra.

**Fylgiskjal.**

## Ytri mörk og skipulag varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli.



# 699. Frumvarp til laga [420. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „4,99%“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: 4,54%.

2. gr.

Á eftir 3. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður sem hljóðar svo: 0,325% af gjaldstofni skv. III. kafla renni til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. VI. kafla.

3. gr.

Á eftir V. kafla laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, **Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða**, með sex nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (17. gr.)

*Markmið.*

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í kafla þessum. Til að ná því markmiði skal ríkissjóður veita fjárframlag til lífeyrissjóða samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

b. (18. gr.)

*Fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.*

Fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal nema 0,25% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. Framlagið skal greitt í október ár hvert og byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um fjárhæð gjaldstofns tryggingagjalds næstliðins árs.

c. (19. gr.)

*Móttakendur framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.*

Lífeyrissjóðir, sem taka við framlagi til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða, skulu hafa starfsleyfi frá fjármálaráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

d. (20. gr.)

*Stjórnsýsla.*

Fjármálaráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlaga til lífeyrissjóða samkvæmt kafla þessum.

e. (21. gr.)

*Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.*

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. málsl.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

f. (22. gr.)

*Reglugerðarheimild.*

Fjármálaráðherra skal setja reglugerð með nánari ákvæðum um skiptingu og úthlutun fjárframlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. og 18. gr. laganna skal ráðstöfun hluta tryggingagjalds til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. VI. kafla, vera sem hér segir á árunum 2007 og 2009:

1. Framlag á árinu 2007 skal vera 0,15% af gjaldstofni skv. III. kafla.
2. Framlag á árinu 2008 skal vera 0,20% af gjaldstofni skv. III. kafla.
3. Framlag á árinu 2009 skal vera 0,25% af gjaldstofni skv. III. kafla.

Þrátt fyrir ákvæði 17., 18. og 19. gr. laganna skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða á árunum 2007–2009 eingöngu renna til lífeyrissjóða á samningssviði Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Ákvæði 2. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2010. Lögin koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 2007 og álagningu ársins 2008. Framlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal greitt í fyrsta skipti í október 2007.

## 700. Lög [276. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 691 með þessari breytingu:

10. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., a-liðar 6. gr., 7. gr., b- og c-liðar 8. gr. og 9. gr. öðlast gildi 1. janúar 2007 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2007 og álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007.

Ákvæði b-liðar 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008.

A-liður 8. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta og álagningu gjalda á árinu 2007.

## 701. Lög [416. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 692.

## 702. Lög [435. mál]

um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 696.

## 703. Lög [419. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 494.

## 704. Lög [408. mál]

um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 698.

## 705. Lög [420. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 699.

## 706. Framhaldsnefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um Ríkisútvarpið ohf.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Málið var sent til meðferðar í nefndinni að lokinni 2. umræðu samkvæmt samkomulagi þingflokkanna á Alþingi. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon hrl., Gunnar Björnsson, skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, Sigurð Þórðarson og Jón Loft Björnsson frá Ríkisendurskoðun, Ara Edwald forstjóra 365 miðla, Magnús Ragnarsson frá Skjá einum, Guðmund Gylfa Guðmundsson, framkvæmdastjóra fjármáladeildar Ríkisútvarpsins, Þorstein Þorsteinsson, forstöðumann markaðssviðs Ríkisútvarpsins, Baltasar Kormák frá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Pál Gunnar Pálsson forstjóra og Guðmund Sigurðsson aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins, Árna Stefán Jónsson, varaformann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Áslaugu Björgvinsdóttur, dósent við Háskólann í Reykjavík, Sigurjón Högnason frá ríkisskattstjóra, Ólaf E. Friðriksson, Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Jón Vilberg Guðjónsson og Guðmund Árnason ráðuneytisstjóra frá menntamálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og að opinbert hlutafélag verði stofnað um rekstur hennar. Frumvarp um Ríkisútvarpið er nú til umfjöllunar í þriðja sinn en frumvarpið var fyrst lagt fram á 131. löggjafarþingi.

Meiri hlutinn leggur til tvenns konar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði 98. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003, gildi um nefskattinn. Í greininni er m.a. kveðið á um skyldur skattstjóra til að tilkynna álagningu opinberra gjalda og auglýsa lok álagningar,

en slík auglýsing markar upphaf kærufrests. Með breytingunni er tryggt að málsmeðferðarreglur tekjuskattslaga gildi um nefskattinn og er orðalag hennar í samræmi við 3. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraða, sem er fyrirmynd ákvæðisins.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæðum frumvarpsins er fjalla um niðurfellingu laga nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið. Meiri hlutinn leggur til að lög um Ríkisútvarpið falli brott 1. apríl 2007 í stað 1. febrúar 2007. Með þeim breytingum er nægur tími tryggður fyrir Alþingi til að kjósa menn til setu í stjórn, halda stofnfund og að lokum skrá opinbera hlutafélagið formlega.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. jan. 2007.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Guðjón Ólafur Jónsson.

Gunnar Örlygsson. | Sæunn Stefánsdóttir.

## 707. Framhaldsnefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um Ríkisútvarpið ohf.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Umfjöllun menntamálanefndar eftir 2. umræðu um þetta frumvarp hefur enn staðfest það álit stjórnarandstæðinga í nefndinni að með því sé ekki skapaður sá starfsrammi sem Ríkisútvarpinu hæfir til frambúðar og þar með ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Líklegt er að samþykkt frumvarpsins leiði til enn ákafari deilna en áður um stöðu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlavettvangi og jafnvel til málaferla heima og erlendis, ekki síst vegna þess að staða þess gagnvart samkeppnisrétti og sérreglum Evrópuréttarins um útvarp í almannaþjónustu er óljós eins og ágætlega hefur komið fram í umfjöllun nefndarinnar nú í þinghlénu. Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag væri stigið varhugavert skref sem í sambærilegum tilvikum hefur langoftast leitt til sölu viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Stjórnarhættir þeir sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu opna leið til áframhaldandi flokkspólitískra áhrifa og inngripa. Réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins eru samkvæmt frumvarpinu í uppnámi. Ekki er sennilegt að nefskatturinn sem ætlunin er að taka upp í stað útvarpsgjaldsins efli samstöðu meðal almennings um málefni Ríkisútvarpsins, einkum ef dagskrárframboð þess dregur áfram dám af hagsmunum auglýsenda og kostenda á svipaðan hátt og hjá markaðsstöðvunum.

Í þessu framhaldsnefndaráliti verður einkum fjallað um þá þætti málsins sem nefndin tók fyrir nú í þinghlénu en um afstöðu til málsins almennt umfram það sem að framan er rakið og til einstakra annarra efnisatriða vísast í nefndarálit minni hlutans fyrir 2. umræðu og fylgiskjala með því.

**Óvænt málalok í menntamálanefnd.**

Afgreiðsla málsins úr nefndinni föstudaginn 12. janúar er hin fimmta frá því að málið var fyrst lagt fram á þarsíðasta þingi, og tvisvar hefur nefndin fengið málið til framhaldsmeðferðar eftir 2. umræðu. Hefur meiri hluti nefndarinnar í öll skiptin flutt breytingartillögur við frumvarpið. Má af því greina hvernig ástatt hefur verið um málatilbúnaðinn. Enn flytur meiri hlutinn breytingartillögu, annars vegar um gildistíma og hins vegar þarf á einum stað að lagfæra tilvísun í önnur lög. Sú tilvísun hefur verið vitlaus frá því í hittifyrra en það uppgötvaðist nú vegna árvekni ríkisskattstjóra og starfsmanna hans.

Nefndarstörf að málinu nú í þinghléi voru talsverð og gengu ágætlega fram á síðustu stund. Þá urðu þeir atburðir að minni hlutinn hlaut að greiða atkvæði gegn því að málið yrði afgreitt úr nefndinni þar sem nefndarmönnum hefði ekki gefist færi á að sinna rannsóknarskyldu sinni um mikilsverðan þátt málsins. Fréttablaðið skýrði frá því föstudaginn 5. janúar að allt árið 2006 hefði ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, haft málefni Ríkisútvarpsins til meðferðar og verið í bréflegum samskiptum við embættismenn fjármála- og menntamalaráðuneyta. Ráðuneytin höfðu neitað dagblaðinu um þau gögn sem þetta vörðuðu, og leituðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar eftir því síðdegis þennan dag að nefndinni yrðu afhent öll þessi gögn – á sama hátt og gert var eftir talsvert stapp fyrir réttu ári. Þá var því haldið fram af hálfu ráðuneytanna að samskiptin við ESA væru á lokastigi, og var nefndarmönnum því í haust grunlaust um frekari fréttir af samskiptum við ESA en þær sem áður voru kunnar og fram komu í nýja frumvarpinu. Formaður menntamálanefndar, sem ekki vissi meira um tilvist þessara gagna en aðrir nefndarmenn, brást skörulega við og útvegaði gögnin frá ráðuneytunum, samtals níu bréf, hið nýjasta dagsett 9. janúar 2007. Þessum bréfum var komið í hólf nefndarmanna um kl. 17.30 á miðvikudag og um leið boðaður fundur á fimmtudag kl. 14.15 með embættismönnum úr ráðuneytunum tveimur. Morguninn eftir var farið fram á það við formann nefndarinnar að þeim fundi yrði frestað þangað til nefndarmenn hefðu haft tíma til að kynna sér gögnin og bera þau undir samstarfsmenn sína. Ekki var á það fallist og á fundinum neitaði formaður enn fremur að efna til fundar síðar um ESA-gögnin heldur tilkynnti að lokafundur um frumvarpið yrði haldinn í nefndinni á föstudag.

Formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar gripu þá til þess að leita ásjár forseta Alþingis með bréfi 11. janúar en forseti, sem þá var erlendis, hafnaði því með skilaboðum að beita sér fyrir því að skapa nefndarmönnum svigrúm til að kynna sér gögnin og ræða þau á nefndarfundi.

Minni hlutinn taldi að hér hefði ekki verið farið að með þinglegum hætti og greiddi því atkvæði gegn því að málið yrði afgreitt úr nefndinni.

Háttsemi þingforseta, formanns menntamálanefndar og annarra fulltrúa stjórnarflokkanna í nefndinni í þessu máli er ekki samboðin virðingu þeirra sem kjörinna fulltrúa með sérstakt ábyrgðarhlutverk. Menntamálaráðherra ber þó meginsök og verður að skýra hvers vegna ekki var sagt frá þessum gögnum og þeim samskiptum sem þau lýsa við ESA. Hér er raunar um að ræða mál sem varðar samvinnu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það er að sjálfsögðu grafalvarlegt að ráðherra og embættismenn hans haldi upplýsingum frá þingnefnd sem rannsakar mál í umboði þjóðarinnar.

**ESA-gögnin.**

Gögnin sem fulltrúar í menntamálanefnd fengu í hendur 10. janúar lýsa samskiptum ESA og ráðuneytanna á árinu 2006 og í upphafi árs 2007, en ESA hefur óskað upplýsinga um

rekstur og fjármögnun Ríkisútvarpsins og um fyrirhugaðar lagabreytingar nokkur undanfarin ár í kjölfar málarekstrar á hendur íslenska ríkinu vegna Ríkisútvarpsins.

Ljóst er að fyrirspurnir og athugasemdir ESA hafa haft talsverð áhrif á þróun frumvarpanna þriggja og Evrópureglur um almannaútvarp eru ein af nokkrum ástæðum fyrir því að ríkisstjórnin lagði af stað í þennan leiðangur. Það sætir furðu að menntamálaráðherra skuli hafa staðið svo að verki sem raun ber vitni við kynningu á samskiptunum við ESA. Meðal annars er rætur þjónustusamningsdraga sem fylgja frumvarpinu nú að rekja beint til fyrirspurna og athugasemda ESA frá árinu 2005 og til spurninga stjórnarandstæðinga um þjónustusamninginn á síðasta þingi. Þjónustusamningsdrögin sem kynnt voru í haust reyndust hins vegar svo óljós að fyrirspurnir ESA um ýmsa þætti héldu áfram allt árið 2006 og hafa verið í fullum gangi í vetur á sama tíma og Alþingi og menntamálanefnd þess ræða og rannsaka stjórnarfrumvarpið.

Embættismenn ESA hafa m.a. spurt um tilhögun eftirlits með almannahlutverki Ríkisútvarpsins og óskað sérstaklega eftir að vita um faglega hæfni ríkisendurskoðanda til að annast slíkt eftirlit. Þeir hafa einnig spurt grannt um aðskilnað í bókhaldi milli almannaþjónustuhluta starfseminnar og samkeppnishluta hennar sem m.a. varð til þess að tiltekið ákvæði var flutt í heilu lagi úr 3. gr. yfir í 4. gr. frá einni frumvarpsgerð til annarrar. Má telja líklegt að svör ráðuneytanna, breytingar í frumvarpstexta og framkomin þjónustusamningsdrög nægi ESA að þessu leyti. Óljósara er hvort svör og viðbrögð um eftirlit með auglýsinga- og kostunarsölu og hátterni Ríkisútvarpsins á þeim markaði hafa verið viðhlítandi. Þessi atriði hefur öll borið á góma í umfjöllun nefndarinnar. Það hefði hins vegar auðveldað starf nefndarinnar verulega að geta fylgst með samskiptum ráðuneytanna við ESA nokkurn veginn jafnóðum eins og eðlilegt hefði verið.

Mikilvægt atriði sem um er fjallað í síðari bréfaskiptum ESA við ráðuneytin hefur aldrei verið kynnt eða rætt í nefndinni og er ekki að finna í frumvarpinu eða fylgigögnum þess, svo sem þjónustusamningsdrögunum. Þetta eru reglur um mat sem fara þurfi fram áður en Ríkisútvarpið tekur upp nýja þjónustu á almannaútvarpssviði („ex ante“ á lagalatínu). Í síðasta bréfi ráðuneytanna til Brussel kynna þau ESA hugmyndir sínar að slíkum reglum þar sem m.a. er gert ráð fyrir sex mánaða fresti sem líða þurfi frá því að Ríkisútvarpið og menntamálaráðuneytið hafa kynnt þær og ákveðið af sinni hálfu hvort þær samrýmast ákvæðum frumvarps eða þjónustusamnings. Í samræðum við fulltrúa menntamálaráðuneytisins á nefndarfundi 11. janúar kom í ljós að ekki hefur verið ákveðið með hvaða hætti þessar reglur verða settar, hvort þeim verður bætt við í þjónustusamningi, komið fyrir í reglugerð (sem þá skortir heimild til í frumvarpinu) eða útbúnar sem einhvers konar sérreglur frá ráðherra. Virðist þessi þáttur málsins ekki hafa uppgötvast í ráðuneytinu fyrr en eftir að síðasta RÚV-frumvarp var lagt fram í haust.

Það vekur athygli að menntamálaráðherra skuli ekki hafa ætlað að segja frá þessum reglum opinberlega meðan frumvarpið er til umfjöllunar í þinginu og meðal þjóðarinnar. Þessi reglusetning setur í algerlega nýtt ljós bæði skilgreiningar í 3. gr. frumvarpsins og þjónustusamninginn sem gerður skal samkvæmt henni. Hingað til hefur þjónustusamningurinn verið kynntur sem sáttmáli um lágmark þeirrar almannaþjónustu sem Ríkisútvarpinu er skylt að veita. Þegar nýja ex-ante-regluverkið er sett í samband kemur í ljós að Ríkisútvarpinu er óheimilt að auka þjónustuna á ákveðnum sviðum umfram ákvæði samningsins. Í þjónustusamningnum felst því þvert á móti hámark þeirrar almannaþjónustu sem veitt skal. Eðlilegt er í framhaldi af þessu að endurskoða rækilega ákvæðin í 3. gr. frumvarpsins og íhuga enn fremur stöðu þjónustusamningsins. Úr því að um hámark er að ræða þarf allt önnur vinnu-

brögð, faglegri og lýðræðislegri, við gerð samningsins og samþykkt hans, bæði af hálfu ríkisvaldsins og Ríkisútvarpsins.

Menntamálanefnd bað um minnisblað frá menntamálaráðuneytinu um samskiptin við ESA, þar sem væri farið skipulega yfir efni bréfanna, og barst nefndarmönnum það föstudaginn 12. janúar kl. 13, rúmum klukkutíma eftir að meiri hlutinn afgreiddi frumvarpið úr nefndinni.

Í því kemur fram, sem einnig var sagt frá á fundi nefndarinnar með embættismönnunum, að innan skamms væri von eins konar lokabréfs frá ESA („17.2-bréf“ á tæknimáli), þar sem „dregnar væru saman athugasemdir ESA og ábendingar um úrræði sem væru til þess fallin að uppfylla kröfur reglna um ríkisstyrki á sviði útvarpsþjónustu í almannaþágu“. Að sögn embættismannanna var góð von til þess að ráðuneytin gætu svarað þessu bréfi á fullnægjandi hátt og mundi málinu þá lokið að sinni. Undarlegt má heita að ekki skuli eytt vafa um afstöðu ESA og beðið eftir „17.2-bréfinu“ áður en úrslit þessa langdregna þingmáls ráðast á Alþingi.

**Staða Ríkisútvarpsins gagnvart samkeppnisrétti og Evrópurétti.**

Umsögn Samkeppniseftirlitsins um Ríkisútvarpsfrumvarpið hefur vakið verulega athygli, og vegna ýmissa álitamála í tengslum við hana var forstjóri Samkeppniseftirlitsins, Páll Gunnar Pálsson, fenginn aftur til fundar við nefndina ásamt aðstoðarforstjóranum, Guðmundi Sigurðssyni. Í umsögninni er m.a. fjallað um stöðuna á auglýsinga- og kostunarmarkaði. Að lokum segir að til að „koma í veg fyrir þá samkeppnislegu mismunun sem af því leiðir að Ríkisútvarpið starfi áfram á markaði fyrir birtingu auglýsinga og á markaði fyrir kostun í frjálsri samkeppni við aðra aðila jafnframt því að hafa tekjur af skattfé til að inna af hendi skilgreinda útvarpsþjónustu í almannaþágu“ komi tvennt til greina, annaðhvort hverfi Ríkisútvarpið með öllu af þeim markaði eða stofnaðar verði sérstakar útvarpsstöðvar til að keppa á þeim markaði, og séu þær þá reknar án nokkurs ríkisstyrks.

Í umsögninni er tekið fram að Samkeppniseftirlitið taki ekki afstöðu til þess hvort fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu sé í samræmi við reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð. Það sé annarra, sagði forstjórinn, Eftirlitsstofnunar EFTA og síðan dómstóla. Í umsögninni er miðað við íslensk samkeppnislög sem standa á evrópskum grunni. Forstjórinn sagði að löggjafinn gæti vikið til hliðar markmiðum samkeppnislaga með sérlögum og þar með þrengt möguleika Samkeppniseftirlitsins til afskipta af málum, en það væri hins vegar skylda stofnunarinnar að fylgjast með þessum markaði og gera ráðstafanir í samræmi við markmið samkeppnislaga.

Fram kom hjá forstjóranum að öll takmörkun sem minnki þá samkeppnislegu mismunum sem af frumvarpinu sprettur væri til bóta. Hugsanlega gæti löggjafinn fundið leið í þessu efni sem ekki ylli Samkeppniseftirlitinu áhyggjum. Hvað sem því liði mundi Samkeppniseftirlitið fylgjast með rekstri Ríkisútvarpsins með hliðsjón af 11. gr. samkeppnislaga um markaðsráðandi stöðu, 14. gr. þeirra um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisrekstrar og almannarekstrar og 16. gr. um skaðleg áhrif opinberra fyrirtækja í samkeppni og kynni að taka afstöðu í ljósi þessara greina til tiltekinna mála.

Engin tæpitunga er töluð í umsögninni. Forstjórinn talar þó varlega um hugsanleg afskipti Samkeppniseftirlitsins af fyrirhuguðu Ríkisútvarpshlutafélagi, enda er það ekki háttur þeirrar eftirlitsstofnunar að tilkynna fyrir fram um afskipti sín eða svara spurningum í skildagatíð. Rétt er að hafa í huga að í bréfi ráðuneytanna til ESA 9. janúar sl. er þess sérstaklega getið að Samkeppniseftirlitið eigi að fylgjast með atferli Ríkisútvarpsins ohf. á samkeppnismarkaði og þess auðvitað ekki getið að samkeppnismarkaður auglýsinga og kostunar sé þar undanskilinn.

Þáttur Samkeppniseftirlitsins í málinu lýsir vel þeirri óvissu sem ríkir um stöðu Ríkisútvarpsins gagnvart innlendum samkeppnisrétti og gagnvart Evrópurétti. Við umfjöllun um þetta mál í vetur hafa stjórnarandstæðingar í menntamálanefnd því lagt áherslu á að fá til fundar óháða sérfræðinga á þessu sviði. Það hefur gengið illa, og koma ástæðurnar ágætlega fram í svari eins þeirra sem beðinn var um að aðstoða nefndina, Stefáns Geirs Þórissonar lögfræðings, en beiðninni fylgdi að hans ósk stutt lýsing þeirra álitamála sem eru til umræðu:

„Spurningarnar sem varpað er fram snúast um grundvallaratriði á einhverjum flóknustu og vandmeðförnustu sviðum réttarins, þ.e. samkeppnisrétti og Evrópurétti. Til að geta svarað spurningum af því tagi sem varpað er fram í erindi þínu [þ.e. nefndarritara] af einhverju viti þarf jafnvel sérfræðingur á þessum réttarsviðum að leggjast í verulega rannsóknarvinnu. Þar sem ég hef yfirdrifið að gera í starfi mínu sem lögmaður sé ég ekki fram á að geta innt þá vinnu sem þarf af hendi í sjálfboðavinnu, en ég geri, af fyrri reynslu, ekki ráð fyrir að þingið muni greiða fyrir vinnu við undirbúning fyrir slíkan fund hjá nefndinni."

Þetta svar lýsir reyndar ágætlega erfiðri stöðu þingnefndar í flóknu máli þar sem samvinna við sérfræðinga á vegum framkvæmdarvaldsins er með þeim hætti sem að framan greinir.

Ekki skal þó vanmetin heimsókn Ólafs E. Friðrikssonar, lögfræðings og fyrrverandi blaðamanns, sem skrifaði fróðlega námsritgerð við Háskólann í Reykjavík um ríkismiðla á evrópskum samkeppnismarkaði (Ríkisreknir fjölmiðlar á samkeppnismarkaði. Réttarreglur og dómafordæmi Evrópuréttar um ríkisstyrki til sjónvarpsstöðva. HR, Rv., vor 2006). Í ritgerð Ólafs er skilmerkilega lýst tilraunum ríkisstjórna í ESB og framkvæmdastjórnarinnar til að veita ríkisreknum almannaútvarpsstöðvum svigrúm til starfa á menningarlegum, félagslegum og lýðræðislegum forsendum þrátt fyrir strangar reglur sambandsins gegn mismunun á markaði. Ríkisútvarpsstöðvar um alla álfuna urðu illa úti í miklum málaferlum sem hófust á níunda áratugnum, og leiddi þessi þróun sem kunnugt er til þess að Rómarsáttmálanum var breytt með bókun sem kennd er við Amsterdamborg og tók gildi árið 1999. Ríkjunum er gert heimilt og sjálfsagt að styðja almannaútvarp en þó þannig að stöðin uppfylli ákveðna fyrirframskilgreinda þjónustukvöð og með þeim hætti að ríkisstuðningurinn og rekstur almannaútvarpsins hafi eins lítil áhrif á samkeppni og viðskiptakjör og unnt er, að því marki sem andstætt sé almannahagsmunum, eins og það er orðað. Þessari ákvörðun var almennt fagnað sem afdráttarlausum stuðningi innan Evrópusambandsins við rekstur almannaútvarps. Á hinn bóginn var ljóst að með hinni nýju skipan voru gerðar verulegar kröfur til þess að ríkisútvörp eða ríkisstyrktir ljósvakamiðlar sinntu í raun almannaþjónustu, í nokkuð víðri skilgreiningu sem eðlilegt er – en ekki öðru en almannaþjónustu fyrir þann styrk sem ríkisvaldið legði þeim til. Þá var ákveðið að heimila tekjuöflun með auglýsingum „svo fremi það hefur ekki áhrif á samkeppni á viðeigandi mörkuðum (t.d. auglýsingar, öflun og/eða sala á dagskrárefni) að því marki sem er ósamrýmanlegt hagsmunum bandalagsins" (orðsending frkvstj., OJ, C17/4 frá 19. janúar 2001, sjá ritgerð ÓEF, bls. 22). Ljóst ætti að vera af þessari stuttu lýsingu að fjölmörg matsatriði standa eftir, og er enn verið að útfæra þessi meginviðmið svo sem við þekkjum frá athugasemdum og leiðbeiningum frá ESA um Ríkisútvarpið.

Síðan Amsterdam-bókunin gekk í gildi er hafinn nýr málarekstur sem enn er ekki kominn fyrir ESB-dómstólinn, og er því engan veginn víst hvaða reglur gilda í raun og veru um ríkisútvarpsrekstur innan ESB og á EES-svæðinu.

Hér er áður komið fram að enn vantar á að ESA hafi gengið úr skugga um að formsatriði samkvæmt nýjasta RÚV-frumvarpinu og fylgigögnum þess fullnægi Evrópukröfum. Hitt er þegar ljóst að með frumvarpinu er tekin veruleg áhætta gagnvart málaferlum á grunni Evrópureglna. Líklegt er að fyrir dómstólum yrði þetta m.a. athugað:

1. Hvernig sinnir Ríkisútvarpið almannaþjónustuhlutverki sínu? Starfar það samkvæmt of víðri skilgreiningu á almannaþjónustu þannig að starfsemi þess þrengi að möguleikum annarra á ljósvakavettvangi?
2. Hver er þátttaka Ríkisútvarpsins á markaði auglýsinga og kostunar? Er um að ræða grimmilega samkeppni við keppinautana – og byggist hún á sölu auglýsinga og kostunar í tengslum við dagskrárefni sem fellur illa að almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins?
3. Hvert er svigrúm Ríkisútvarpsins til athafna og viðskipta sem lítt eða ekki tengjast almannaútvarpshlutverki þess? Stofnar það til útsendinga á samkeppnisrásum til að afla auglýsingatekna? Vinnur það gegn öðrum ljósvakastöðvum umfram það sem eðlilegt getur talist við rekstur almannaútvarps, ef til vill gegn einhverri tiltekinni stöð?
4. Hvert er rekstrarform Ríkisútvarpsins? Hefur það að formi til sérstöðu sem hæfir hlutverki þess sem almannaútvarps eða er því valið rekstrarform sem einkum miðast við hefðbundinn samkeppnisrekstur á markaði? Er hætta á að Ríkisútvarpið hf. eða ohf. notfæri sér ávinning hlutafélagsformsins án þess að sæta þeim samkeppnisreglum sem keppinautar í öðrum hlutafélögum verða að gangast undir?

Fulltrúar minni hlutans í menntamálanefnd telja nokkuð ljóst að í frumvarpinu og fylgigögnum þess sé engan veginn búið þannig um hnútana að nýja ohf.-ið standist þetta próf – þrátt fyrir margvíslegar ábendingar frá Eftirlitsstofnun EFTA, frá forstöðumönnum markaðsstöðva innan lands, frá fræðimönnum og fjölmiðlamönnum og frá stjórnarandstöðunni á Alþingi, bæði í störfum nefndarinnar og í umræðunum sjö sem þegar hafa farið fram um RÚV-frumvörp ríkisstjórnarinnar.

Við blasir sú hætta að hin fyrirhugaða skipan standist ekki samkvæmt Evrópurétti, að málaferli leiði til þess að allt þetta mál þurfi að taka upp að nýju. Í stað þess að standa vörð um þjóðarútvarpið með því að skilgreina rækilega almannaþjónustu þess og leggja á ráðin um skynsamlega hlutdeild þess á auglýsingamarkaði er Ríkisútvarpinu stefnt í hættu af nýjum málaferlum. Ef til vill er það einmitt eitt af markmiðum ýmissa Sjálfstæðisflokksmanna því áframhaldandi deilur við markaðsstöðvarnar íslensku og slæm útreið fyrir Evrópudómstól gæti auðvitað styrkt þá sem vilja selja Ríkisútvarpið eða leggja það af með öðrum hætti.

**Tilmæli Evrópuráðsins.**

Á fundum nefndarinnar eftir 2. umræðu var farið fram á það að frumvarpið yrði sent fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins til umsagnar eða annarrar þeirrar yfirferðar sem kostur gæfist á. Frá því umfjöllun hófst í menntamálanefnd hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni farið fram á að frumvarpstextinn sé borinn saman við ítarlegar ályktanir Evrópuráðsins um almannaútvarp, einkum frá 1994 (samþykkt 4. ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðlastefnu, Prag 1994) og frá 1996 (tilmæli R (96) 10 um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps). Þessari beiðni var hafnað, nú á þeim forsendum að ekki væri vaninn að spyrja alþjóðastofnanir um íslensk þingmál.

Það svar skýtur nokkuð skökku við þegar höfð eru í huga mikils háttar samskipti tveggja íslenskra ráðuneyta við ESA með bréfasendingum og ferðalögum. Hitt skiptir þó meira máli að Íslendingar eru þátttakendur í Evrópuráðinu og íslensk stjórnvöld samþykktu báða þá texta sem hér er einkum um að ræða og eru siðferðilega bundin af þeim. Þá er fjölmiðlaskrifstofa ráðsins öðrum þræði rekin sem ráðgjafarstofa aðildarríkjanna um fjölmiðlamál og hafa nýfrjálsu ríkin í Mið- og Austur-Evrópu nýtt sér óspart þá ráðgjöf.

Samanburður frumvarpanna við texta Evrópuráðsins virðist sérstaklega þarfur á tveimur sviðum. Annars vegar væri fróðlegt að fá álit sérfræðinganna á hinum pólitísku áhrifum sem

gert er ráð fyrir í frumvarpinu frá ríkisstjórn á hverjum tíma: Ríkisstjórnarmeirihluti tekur allar rekstrarákvarðanir í nýju útvarpsráði og ræður og rekur útvarpsstjóra sem hefur öll völd um dagskrá og innri málefni. Menntamálaráðherrann í ríkisstjórninni gerir síðan þjónustusamning við útvarpsstjórann sem ríkisstjórnarmeirihlutinn í útvarpsráðinu réð og getur rekið þegar honum sýnist.

Hins vegar er athyglisvert að láta sérfræðingana skoða frumvarpið í ljósi leiðbeininga Evrópuráðsins um svokallað „eftirlitsráð“ sem þátt í stjórnskipan almannútvarps til hliðar við rekstrarstjórn og útvarpsstjóra, einkum í ljósi hugmynda hér um „akademíu“ eða „hlustendaþing“ sem geti sinnt eftirlits- og stefnumótunarhlutverki í Ríkisútvarpinu fyrir hönd hlustenda og áhorfenda.

Fulltrúum stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd þykir miður að stjórnarliðar treysta ekki frumvarpi sínu betur en svo að þeir hafa aftur og aftur komið í veg fyrir að sérfræðingar Evrópuráðsins skili um það áliti. Í því efni er þingmönnunum að vísu nokkur vorkunn.

**Um hlutafélög og opinberan rekstur.**

Frumvarp þetta snýst m.a. um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Löngu er komið fram að til þess rekur ekki nauður vegna ákvæða Evrópuréttar heldur hefur Sjálfstæðisflokkurinn fengið hér framgengt gömlu áhugamáli sínu. Um leið eru þessi áform angi af þeim plagsið eða tísku sem undanfarið hefur gengið um löndin að breyta opinberum þjónustustofnunum í hlutafélög. Slíkar ákvarðanir hafa oft verið umdeildar og árangurinn stundum lítill eða enginn.

Meðal fræðimanna og áhugamanna um stjórnsýslu færast í vöxt efasemdir um slíka hlutafélagsvæðingu nema í ákveðnum tilvikum, svo sem þegar stefnt er að sölu opinberrar þjónustustofnunar eða -fyrirtækis (sem hefur verið endirinn á flestum hérlendum háeffunum, hvaða tilgangur sem auglýstur var í upphafi), þegar svo háttar til að opinbera fyrirtækið býr að flestu leyti við markaðsforsendur í starfi sínu.

Að tillögu stjórnarandstæðinga var reynt að fá fræðimenn hér til að gefa menntamálanefnd yfirsýn um helstu rök í þessari umræðu. Það tókst því miður ekki á þeim tíma sem til umráða var. Einkum skal harmað að Arnar Þór Másson, sérfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu og kennari í stjórnmálafræði, sá sér ekki fært að ræða við nefndarmenn. Arnar Þór var málsvari gagnrýnna sjónarmiða á fundi á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála í Háskóla Íslands í lok október í haust.

Arnar Þór lýsir meginefni fyrirlestrar síns í viðtali við Gunnar Gunnarsson fréttamann í Speglinum 1. nóvember. Þar rekur Arnar Þór m.a. ástæður fyrir því að opinber rekstur fyrir almannafé lýtur öðrum reglum en einkarekstur. Meðal annars skipti máli að takmarka umsvif ríkisins á markaði og möguleika þess til óeðlilegra áhrifa. Þótt margt þurfi að bæta í opinberum rekstri sé hann eðlilegur kostur fyrir ríki og sveitarfélög. Við blasi hins vegar siðferðilegur vandi þegar ríkisfyrirtæki er breytt í hlutafélag. „Það trúir því í raun enginn að ríkið sé að reka hlutafélag eins og önnur hlutafélög á markaði. Það trúir því til dæmis enginn að ríkið láti hlutafélag fara á hausinn ef illa gengur. Það trúir því enginn að stjórnarmenn beri raunverulega ábyrgð eins og stjórnarmenn í félögum á markaði. Kjörnir fulltrúar og aðrir halda að hlutafélagið sé í raun ríkisstofnun, og ég tel að þetta geti leitt til þess að það verði ekki mikil breyting – kjörnir fulltrúar og ráðherrar vilja hafa áhrif áfram í gegnum stjórnir og þess háttar. ... Ég held að hlutafélagsformið sé nokkuð sem menn stökkva á af því að það er til staðar. Skynsamlegra væri að reyna að þróa rekstrarform ríkisins almennt, og þá út í ríkisfyrirtæki þar sem væri tekið það besta úr hlutafélagalögunum sem gagnast til að gera ríkisreksturinn sveigjanlegri, en að við séum ekki að nota hlutafélagsformið og draga um leið úr

kostum þess með því að setja inn í sérlög alls konar klásúlur um að þetta gildi ekki og að þetta gildi í staðinn ...“ (Spegillinn 1. nóv. 2006, útskrift hnikað til í ritmálsátt).

Þessi stjórnsýslufræðilegu sjónarmið eru afar athyglisverð viðbót við mikla gagnrýni sem áður hefur komið fram á hlutafélagsvæðingu Ríkisútvarpsins. Því miður fékk menntamálanefnd ekki ráðrúm til að fjalla um þau á fundum sínum nú í þinghléinu.

**Óskýrð hagræðing upp á 1.566 þús. millj. kr.**

Á síðustu dögum umfjöllunar menntamálanefndar um málið fyrir 2. umræðu var lögð fyrir nefndina *Skýrsla matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings*, dagsett 28. nóvember. Sú skýrsla og plögg sem þar koma fram vöktu ýmsar áleitnar spurningar sem ekki varð svarað vegna þess hvað stjórnarmeirihlutanum lá mikið á að koma málinu úr nefndinni í það sinnið.

Í skýrslunni er m.a. birt rekstraráætlun Ríkisútvarpsins fyrir árin 2007–2016. Fram hefur komið að matsnefndin hefur ekki lagt sjálfstætt mat á forsendur þessarar áætlunar heldur kemur hún í heilu lagi frá Ríkisútvarpinu með blessun menntamálaráðuneytisins. Athyglisverðasti hluti þessarar rekstraráætlunar er greinargerð um kostnað við þjónustusamning. Þar er gert ráð fyrir því að það kosti Ríkisútvarpið 3,1 milljarð kr. á þessum tíu árum að efna ákvæði þjónustusamnings við menntamálaráðherra, en drög að samningnum voru sem kunnugt er kynnt á veglegum blaðamannafundi í Útvarpshúsinu við Efstaleiti í september. Af þessari upphæð á bróðurparturinn, 2.780 millj. kr., að renna til aukins innlends efnis á kjörtíma.

Kostnaðartölunum fylgir áætlun um liðinn „Hagræðing“. Þessi „hagræðing“ nemur samtals 1.566 millj. kr., hálfum öðrum milljarði, og jafngildir tæpum 6% af árlegum rekstrarkostnaði (árið 2007 15 millj. kr., 2008 66 millj. kr., 2009 121 millj. kr., 2010 115 millj. kr., 2011 249 millj. kr., 2012 234 millj. kr. og 2013–2016 219 millj. kr. á ári). Vegna þessa lækkar hinn reiknaði kostnaður við að uppfylla þjónustusamninginn 2007–2016 úr 3.105 millj. kr. í 1.539 millj. kr.

Þessari hagræðingu, 1.539 millj. kr., á að ná smám saman, einkum með hækkandi tekjum af nefskatti „vegna fólksfjölgunar“ og með lægri gjöldum þar sem innheimtudeildin leggst af og tengsl rofna við Sinfóníuhljómsveitina. Mundi sumum þykja þetta nokkuð glannaleg áætlun.

Nefndarmenn spurðu um hagræðingartölurnar á þeim tíma sem til þess gafst fyrir 2. umræðu og fengu síðan annað tækifæri til þess nú í þinghlénu. Niðurstaðan er sú að umfram frómar óskir er ekkert handfast um þessar hagræðingarráðstafanir. Svör ríkisendurskoðanda voru að matsnefnd hans hefði ekki lagt sjálfstætt mat á þessar tölur. Þetta væri „ósk eigandans“ og tölurnar komnar frá Ríkisútvarpinu og ráðuneytinu. Svör útvarpsstjórans voru að þetta væri ekki ákveðið. Eitthvað mundi sparast við að fólk segði sjálft upp störfum sem ekki yrði ráðið í aftur. Þá væru uppi hugmyndir um að stofna fyrirtæki ásamt öðrum um leikmyndir og búninga, og gæti einhver hagræðing orðið af því. Svör fulltrúa menntamálaráðherra voru engin, þessar tölur kæmu frá Ríkisítvarpinu. Svör framkvæmdastjóra fjármálasviðs Ríkisútvarpsins voru þau að ekki lægi fyrir hvernig þetta yrði gert. Hagræðingin væri fyrst og fremst „markmið“.

Hagræðingin á að nema tæpum 6% rekstrarkostnaðar á ári og er því umfangsmikið verkefni við rekstur Ríkisútvarpsins fram til 2016. Á þessari hagræðingu byggjast niðurstöður forstöðumanna Ríkisútvarpsins og embættismanna menntamálaráðherra um „kostnað við þjónustusamning“ en sá kostnaður er ein af helstu grunntölum í rekstraráætluninni fyrir 2007–2016. Þó veit enginn hvernig á að ná fram hagræðingu fyrir 1.566 millj. kr., sem nema um 56% af því fé sem þessi ár á að renna til innlends dagskrárefnis.

Eftir spurningar um þessi efni í menntamálanefnd barst nefndinni minnisblað frá ríkisendurskoðanda, formanni matsnefndarinnar, ásamt ýmsum umbeðnum gögnum. Þar segir þetta um hagræðinguna:

„Það var skilningur nefndarinnar að það sé ætlun stjórnenda hins nýja félags að hagræða í öllum þáttum starfseminnar til að uppfylla megi ákvæði þjónustusamningsins um aukið innlent dagskrárefni. Eins og gefur að skilja mun þetta m.a. hafa í för með sér að minna rými verður fyrir erlent dagskrárefni, einkum á kjörtíma. Nefndinni er hins vegar ekki kunnugt um að nákvæmlega hafi verið ákveðið með hvaða hætti slík breyting verður útfærð og hversu mikil skerðing mun verða á kaupum erlends dagskrárefnis."

Þetta er í raun eina vísbendingin sem nefndin hefur fengið um þetta tíu ára hagræðingarstarf, fyrir utan ummæli útvarpsstjóra um starfslok án nýráðningar og hugsanlegt fyrirtæki upp úr stoðdeildum. Matsnefndin vekur hér upp lykilspurningu. Eigi að skera niður erlent efni, „einkum á kjörtíma", skiptir máli hvaða efni verður skorið niður. Ljóst er að Ríkisútvarpið á áfram að fá a.m.k. þriðjung heildartekna sinna af auglýsingum og kostun. Mestur hluti auglýsinga í Sjónvarpinu raðast kringum erlent efni af ákveðnu tagi, sápur og spennuþætti. Er ætlunin að skera niður það efni? Eða á niðurskurðurinn að bitna á öðru erlendu efni en því sem auglýsendur sækja í – efni sem oftast er mun meira virði fyrir almannaútvarpsstöð? Hér er augljóslega eitthvað vanreiknað eða vanhugsað.

Fráleitt er að leggja trúnað á þá húsagarðakenningu að til sé einhvers konar leynileg áætlun um þessa hagræðingu, sem þingmenn, starfsmenn Ríkisútvarpsins og almenningur fái ekki að vita um, og byggist á að leggja niður tilteknar deildir, reka fólk og skera niður í dagskrá í sjónvarpi og til dæmis á Rás 1. Þess vegna er erfitt að komast að annarri niðurstöðu í þessu efni en þeirri að rekstraráætlunin, tölurnar um kostnað við þjónustusamning og meginefni sjálfra þjónustusamningsdraganna sé fyrst og fremst áróðursframleiðsla sem ætlað er að hressa upp á trúverðugleik frumvarpsins.

Höfuðatriðið er þetta: Til að efna fyrirheit þjónustusamningsdraganna um aukið innlent efni, meiri textun, varðveislu safnefnis og fleira virðist þurfa annaðhvort, að skera verulega niður annars staðar í starfsemi Ríkisútvarpsins eða afla meiri tekna, og þá væntanlega með auglýsingum og kostun því ekki stendur til að auka ríkisstuðning til þess arna. Svör um þetta hafa engin fengist hjá embættismönnum menntamálaráðherra, yfirmönnum Ríkisútvarpsins eða fulltrúum matsnefndarinnar.

Því er við að bæta í umfjöllun um fyrirheitin í þjónustusamningsdrögunum um aukið innlent efni að nefndin fékk á fund sinn Baltasar Kormák, formann Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda. Hann staðfesti að enn væri ekkert samkomulag eða skilningur milli innlendra framleiðenda og Ríkisútvarpsins um skilgreiningu hugtakanna „innlent efni" og „sjálfstæður framleiðandi". Til að meta ákvæðin í þjónustusamningsdrögunum þarf þó að vita hvað átt er við með þessum orðum. Að nokkru hefur menntamálaráðherra bætt úr með svari við fyrirspurn þingmanns (þskj. 485) á þessu þingi, en samkvæmt því er innlent dagskrárefni „allt það efni sem framleitt er innan lands af sjónvarpinu sjálfu eða sjálfstæðum framleiðendum. Jafnframt telst efni innlent þegar efni af erlendum uppruna er fellt inn í innlenda þætti og það hefur verið talsett, textað og tilreitt sem innlent efni. Fréttir eru til að mynda innlent efni, en innan þeirra eru fréttamyndir teknar erlendis. Sama gildir um aðra samsetta dagskrá, íþróttir, Stundina okkar, Nýjustu tækni og vísindi, Kastljósið og aðra samsetta þætti."

Hér er komin nokkur mynd á það innlenda efni sem ætlað er að fylla kjörtíma Sjónvarpsins daglega í framtíðinni en framleiðslukostnaður þess á að nema um 1 millj. kr. á klukku-

tíma. Má segja að betur megi ef duga skal við að skapa metnaðarfulla innlenda dagskrá á almannasjónvarpsstöðinni næstu áratugina.

**Réttindi starfsmanna.**

Meðan fjallað var um þetta mál í nefndinni stóðu yfir miklar deilur milli flugumferðarstjóra og Flugstoða ohf. um réttindamál sem rekja mátti til rekstrarformsbreytinga á starfsemi sem áður var rekin í ríkisstofnuninni Flugmálastjórn Íslands. Þeim deilum lyktaði loks með samkomulagi í janúar. Á sama tíma fréttist af uppsögnum starfsmanna þriggja opinberra rannsóknarstofa í matvælaiðnaði sem sameinaðar höfðu verði í Matís ohf. Á annan tug starfsmanna ákvað að ráða sig ekki til hins nýja félags vegna réttinda- og kjaramála. Deilur af þessu tagi hafa ævinlega risið þegar opinberum stofnunum sem sinna stjórnsýsluverkefnum hefur verið breytt í hlutafélög, og nokkuð ljóst að stjórnvöld bjóða slíkum átökum heim í ríkum mæli við þær breytingar sem hlutafélagsvæðing Ríkisútvarpsins hefur í för með sér.

Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, var gestur nefndarinnar ásamt Halldóru Friðjónsdóttur, formanni BHM, og Árna Stefáni Jónssyni, varaformanni BSRB. Fram kom í máli Gunnars að bagalegt væri hversu mismunandi leiðir hefðu verið farnar við rekstrarformsbreytingar opinberra stofnana á liðnum árum. Æskilegt hefði verið að setja rammalöggjöf sem segði fyrir um almennar leikreglur við slíka framkvæmd, og ef slíkri löggjöf væri til að dreifa mætti gera ráð fyrir færri árekstrum við starfsmenn meðan á breytingunum stæði. Ljóst væri af reynslunni að breytingar af þessu tagi þyrftu ekki að valda teljandi óánægju meðal starfsmanna, og nefndi Gunnar dæmi um það.

Ásetningur ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið virðist vera sá að koma stofnuninni úr opinberu rekstrarumhverfi í umhverfi einkarekstrar. Það hefur í för með sér endurskilgreiningu á ábyrgð og skyldum starfsmanna. Slík endurskilgreining hefur ekki farið fram, enda ekki verið farin sú leið að setja almennan lagaramma um einkarekstur í opinberri eigu. Ætlunin er að láta ófullkomin lög um opinber hlutafélög nægja. Enn er gert ráð fyrir að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafi með höndum verkefni og ábyrgð sem talist getur eðlilegt að sinnt sé af hálfu opinberra aðila, eins og öryggis- og almannavarnarhlutverk ásamt því að skrá, framleiða og varðveita menningararf þjóðarinnar að hluta, sem er ekki ósvipað hlutverk og starfsmenn Þjóðminjasafns, Þjóðskjalasafns og Þjóðleikhúss gegna. Það er mat minni hluta nefndarinnar að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, nái til starfa af því tagi sem um ræðir og ekki sé tilefni til að breyta þeirri umgjörð á þann veg sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, yfir í umgjörð einkarekstrar. Til stuðnings þessu sjónarmiði er sú staðreynd að nágrannaþjóðir okkar hafa ekki hlutafélagavætt ríkisstofnanir sínar í sama mæli og hér hefur gerst.

Ekkert þeirra atriða sem gerð var athugasemd við í fyrra nefndaráliti minni hlutans hefur tekið breytingum í þessari síðustu umfjöllun í nefndinni. Þannig standa óbreytt áform um að fella niður réttindi á borð við andmælarétt, áminningarskyldu, skriflegan rökstuðning fyrir uppsögn, auglýsingaskyldu um laus störf, aðgang almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda, uppsagnarfrest, þagnarskyldu, skyldu um að hlíta breytingum á störfum og verksviði. Einnig stendur óbreytt sú staðreynd að starfsmenn hins nýja félags njóta ekki jafnræðisreglu, andmælaréttar, rannsóknarreglu eða meðalhófsreglu. Ekkert liggur heldur fyrir um áform hins nýja félags um nýjan kjarasamning. Þó er ljóst að nýir starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. munu ekki njóta þeirra réttinda sem þeir hefðu notið sem nýir starfsmenn Ríkisútvarpsins eins og það er nú. Biðlaunaréttur, sem heyrir undir eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar, verður skertur og réttur til upplýsinga og samráðs, sem starfsmenn Ríkisútvarps-

ins eiga samkvæmt lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, verður ekki virtur.

Eftir standa kröfur stéttarfélaganna og Félags fréttamanna um fjölda breytinga sem þyrfti að gera á frumvarpinu ætti það að geta talist ásættanlegt fyrir starfsmenn, núverandi sem og nýráðna. Það er mat minni hlutans að hér sé farið svo langt út fyrir sjálfsagðar leikreglur að ekki verið við unað.

**Tengslin við fjölmiðlafrumvarpið.**

Minnt skal á úr fyrra nefndaráliti að snemma á þessu þingi lagði menntamálaráðherra auk Ríkisútvarpsfrumvarpsins fram frumvarp um almenna fjölmiðla (58. mál á þskj. 58). Það frumvarp er í megindráttum byggt á tillögum nefndar sem í sátu fulltrúar allra þingflokka og skilaði skýrslu 7. apríl 2005. Þvert á fyrirheit ráðherra var ekki reynt í nefndinni að fjalla í samhengi um þessi tvö mál, og enn hefur fjölmiðlafrumvarpið ekki komið á dagskrá nefndarinnar nema í því skyni að senda það til umsagnar.

Af þessu tilefni er rétt að minna á bókun sem fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins lögðu fram þegar áðurnefnd fjölmiðlanefnd skilaði af sér. „Við erum þeirrar skoðunar," sögðu fulltrúarnir m.a., „að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf." Það var enn fremur mat þeirra að slík sátt næðist aðeins með því að „tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir á milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar". Fulltrúar flokkanna þriggja lýstu því yfir að lokum að þeir skrifuðu undir hina sameiginlegu skýrslu fjölmiðlanefndarinnar í því trausti „að ásættanleg niðurstaða [næðist] um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins".

Þótt stjórnarmeirihlutinn hafi nú breytt upphaflegu frumvarpi sjö sinnum (við lok þingstarfa vorið 2005, sumarið 2005 þegar sameignarformið vék fyrir háeffun, við lok 2. umræðu á síðasta þingi með breytingartillögum meiri hlutans, með nýjum breytingartillögum meiri hlutans við 3. umræðu málsins í vor, með smávægilegum lagfæringum síðasta sumar, með breytingartillögum meiri hlutans fyrir 2. umræðu nú í haust og loks með breytingartillögum *sínum fyrir 3. umræðu) er enn langt frá því að slík „ásættanleg niðurstaða" hafi náðst*, hvorki milli stjórnmálaflokkanna, meðal almennings né við aðrar útvarpsstöðvar.

**Sáttaboð.**

Þingmenn stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd hafa unnið að frumvörpunum um Ríkisútvarpið með sömu markmið að leiðarljósi og fulltrúar flokkanna í fjölmiðlanefndinni lýsa í bókun sinni.

Eins og rakið var í fyrra nefndaráliti okkar um þetta frumvarp nú fyrir áramót hafa þingmenn stjórnarandstöðunnar allt frá því fyrsta Ríkisútvarpsfrumvarp menntamálaráðherra kom fram verið áfram um að reyna sættir í þessu mikilvæga máli. Eftir að samkomulag tókst um að ljúka 2. umræðu um frumvarpið á síðasta þingi sendu fulltrúar stjórnarandstöðunnar formanni menntamálanefndar, að höfðu samráði við forustumenn flokkanna, bréf, dags. 24. apríl 2006, þar sem sett var fram tilboð um verklag til að ná sáttum í málinu. Í því fólst að frumvarpið yrði ekki afgreitt á því þingi en strax að því loknu sett niður nefnd með fulltrúum allra flokka með það að markmiði að lagasetningu yrði lokið fyrir áramót, þau sem nýliðin eru. Lagt var til að þessi nefnd kannaði sérstaklega þann möguleika að Ríkisútvarpið yrði gert að

sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Í frumvarpsdrögum nefndarinnar yrði þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins fyrir Ríkisútvarpið sem almannaútvarp en sniðnir af helstu ókostir þess. Þá voru í bréfinu settar fram í átta liðum efnislegar ábendingar um úrbætur að öðru leyti á frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. – Rétt er að taka fram í þessu sambandi að enginn heildstæður samanburður hefur enn verið gerður á rekstri Ríkisútvarpsins með breytingum innan núverandi lagaramma og hlutafélagsforminu eða öðru eignarformi. Horft hefur verið fram hjá því að Ríkisútvarpið er nú B-hlutastofnun sem getur haft bæði fullt sjálfstæði og mikinn sveigjanleika. – Á fyrsta fundi menntamálanefndar eftir 2. umræðu á síðasta þingi hafnaði formaður menntamálanefndar þessu boði fyrir hönd stjórnarflokkanna. Svo fór þó að frumvarpið var ekki afgreitt á vorþinginu.

Í 1. umræðu um það frumvarp sem nú liggur fyrir var svipað sáttaboð ítrekað. Bæði Steingrímur J. Sigfússon og Mörður Árnason lýstu því yfir fyrir hönd flokka sinna að ef ráðherrann og stjórnarmeirihlutinn væru til viðræðu um annað eignarform en hlutafélagsformið stæði ekki á flokkunum að taka málið gjörvallt til skoðunar á ný með það fyrir augum að reyna til þrautar sættir um framtíð Ríkisútvarpsins. Hvorki menntamálaráðherra, formaður menntamálanefndar né varaformaður hennar úr Framsóknarflokki virtu þetta sáttaboð svars.

Í nefndarstörfum nú í þinghléi var þetta tilboð ítrekað. Þá bentu fulltrúar stjórnarandstöðunnar á að aðeins nokkrir mánuðir lifðu af kjörtímabilinu. Verði frumvarpið að lögum gengur það í gildi aðeins sex vikum fyrir kjördag, 12. maí. Þess var óskað að formaður menntamálanefndar kannaði hvort ekki þætti skynsamlegt að fresta málinu öllu til næsta þings, hugsanlega með því móti að flokkarnir byndust samtökum um að ljúka afgreiðslu frumvarps um nýskipan Ríkisútvarpsins fyrir tiltekinn tíma, til dæmis vorið 2008. Einnig var hreyft þeirri hugmynd að samþykkja á þessu þingi þær breytingar sem þokkaleg samstaða næðist um en fresta ágreiningsmálum þar til eftir kosningar. Þau mætti þá leggja í dóm kjósenda, en sá ágreiningur kæmi ekki í veg fyrir að hægt væri að hefjast handa strax við ýmsa nýsköpun á Ríkisútvarpinu, svo sem um aðra skipan valda og ábyrgðar, og um að dagskrár- og ráðningarvald væri með öllu fært frá útvarpsráði eða rekstrarstjórn, svo dæmi séu tekin.

Er skemmst frá því að segja að þessum boðum og hugmyndum var hafnað. Er það því miður í samræmi við fyrri vinnubrögð menntamálaráðherra og stjórnarliða í þessu máli.

**Frávísunartillaga.**

Í ljósi þess sem að framan greinir og áður hefur komið fram í nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar fyrir 2. umræðu málsins, eiga stjórnarandstæðingar í nefndinni ekki annars úrkosti en að flytja eftirfarandi tillögu:

Þar sem

a. fram hafa komið veigamiklar athugasemdir um að sams konar frumvarp um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá,
b. vafi leikur á um hvort ákvæði frumvarpsins stenst reglur Evrópuréttar,
c. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,
d. með ákvæðum um tekjur af auglýsingum og kostun er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði áfram á auglýsinga- og kostunarmarkaði án þess að ljóst sé um sérstakt hlutverk þess umfram aðrar stöðvar,
e. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,

f. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almannasamtökum, sbr. m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,
g. óvíst er hvernig háttað verður um innlent efni í dagskrá Ríkisútvarpsins til frambúðar, og innihald þjónustusamningsdraga er óljóst,
h. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar 2,
i. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,
j. nefskattur, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,
k. við blasir að frumvarpið ylli, ef það verður að lögum, málaferlum bæði hérlendis og á EES-vettvangi,
l. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa reynt að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins, sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi,

leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Magnús Þór Hafsteinsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 15. jan. 2007.

Mörður Árnason, frsm. | Björgvin G. Sigurðsson. | Einar Már Sigurðarson.

Kolbrún Halldórsdóttir.

## 708. Breytingartillögur [56. mál]

við frv. til l. um Ríkisútvarpið ohf.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SKK, SÞorg, GÓJ, GÖrl, SæS).

1. 2. mgr. 11. gr. orðist svo:
   Um álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.
2. Við 13. gr. Í stað orðanna „1. febrúar 2007“ í 2. mgr. komi: 1. apríl 2007.
3. Við ákvæði til bráðabirgða I. Í stað orðanna „1. febrúar 2007“ í 4. mgr. komi: 1. apríl 2007.

4. Við ákvæði til bráðabirgða II. Í stað orðanna „1. febrúar 2007“ í 1. mgr. komi: 1. apríl 2007.

## 709. Fyrirspurn [471. mál]

til menntamálaráðherra um túlkaþjónustu við heyrnarlausa.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra eyða þeirri óvissu sem heyrnarlausir búa sífellt við í sambandi við túlkaþjónustu?
2. Hefur ráðherra áætlanir um varanlega lausn á túlkaþjónustumálum heyrnarlausra?

## 710. Fyrirspurn [472. mál]

til menntamálaráðherra um íslenska táknmálið.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við kröfu heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem fyrsta mál þeirra?

## 711. Fyrirspurn [473. mál]

til menntamálaráðherra um gjaldskrá Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvað líður ákvörðun ráðherra um beiðni Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra um hækkun gjaldskrár?

## 712. Svar [433. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um veltu vínbúða í Mjódd og Garðheimum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver var mánaðarleg velta vínbúðarinnar í Mjódd í maí–september 2005 og hver var hún sömu mánuði árið 2006 í vínbúðinni í Garðheimum?*

Fyrir liggja upplýsingar um veltutölur allt til ársloka 2006 og þykir rétt að taka mið af því. Í töflunni hér að aftan má sjá veltutölur, með virðisaukaskatti, annars vegar fyrir vínbúðina í Mjódd frá maí til ársloka 2005 og hins vegar fyrir vínbúðina að Stekkjarbakka (Garðheimum) frá maí til ársloka 2006. Veruleg aukning hefur orðið á veltu milli þessara tveggja tímabila eða um 24%.

| *Velta m. vsk* | **Mjódd 2005** | **Stekkjarbakki 2006** |
|---|---|---|
| maí | 40.700.171 kr. | 49.148.565 kr. |
| júní | 43.052.043 kr. | 52.990.697 kr. |
| júlí | 54.069.284 kr. | 51.458.234 kr. |
| ágúst | 38.605.921 kr. | 54.122.887 kr. |
| september | 41.761.936 kr. | 52.870.631 kr. |
| október | 36.465.142 kr. | 45.980.121 kr. |
| nóvember | 38.575.754 kr. | 50.571.917 kr. |
| desember | 67.273.485 kr. | 89.847.541 kr. |
| Samtals: | 360.503.736 kr. | 446.990.593 kr. |
| Aukning milli ára: | 24% | |

## 713. Svar [447. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um afskipti lögreglu af erlendum ríkisborgurum.

Leitað var til ríkislögreglustjóra og Fangelsismálastofnunar ríkisins eftir viðeigandi upplýsingum og er í svari ráðherra byggt á gögnum þaðan.

1. *Hve oft hefur lögregla haft afskipti af erlendum ríkisborgurum hér á landi árlega frá 1995 til 1. nóvember 2006?*

Í bréfi ríkislögreglustjóra kemur fram að upplýsingum um afskipti lögreglu af erlendum ríkisborgurum hefur ekki verið safnað á landsvísu til birtingar í tölfræðiskýrslum ríkislögreglustjóra, sem komið hafa út allt frá 1999. Þó hafa upplýsingar um hegningarlagabrot einstaklinga með erlent ríkisfang verið teknar saman fyrir árin 2001, 2002, 2003 og 2005. Af tæknilegum ástæðum var ekki hægt að birta tölur fyrir árið 2004, en þá var nýtt tölvukerfi innleitt. Tölurnar í töflunni hér á eftir miðast við einstaklinga, en þeir geta átt að baki fleiri en eitt brot. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort um ferðamann er að ræða eða einstakling með búsetu hér á landi. Ekki liggja fyrir tölur fyrir árið 2006.

| | **2001** | **2002** | **2003** | **2004** | **2005** |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi kærðra einstaklinga | 3.877 | 4.002 | 3.536 | — | 3.855 |
| Með erlent ríkisfang | 219 | 268 | 216 | — | 269 |
| Hlutfall kærðra með erlent ríkisfang | 5,6 | 6,7 | 6,1 | — | 7,0 |

2. *Hve margir erlendir ríkisborgarar annars vegar og íslenskir ríkisborgarar hins vegar sátu af sér dóma í íslenskum fangelsum árlega á sama tímabili?*

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda fanga sem hafa afplánað og afplána óskilorðsbundnar fangelsisrefsingar samkvæmt dómum í íslenskum fangelsum árin 1995–2006.

| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 (1.1.–1.11.) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir fangar | 368 | 417 | 311 | 268 | 234 | 219 | 254 | 251 | 325 | 317 | 305 | 322 |
| **Þar af íslenskir ríkisborgarar** | 361 | 410 | 299 | 260 | 229 | 212 | 233 | 226 | 295 | 279 | 268 | 293 |
| Erlendir ríkisborgarar búsettir erlendis | 3 | 3 | 9 | 4 | 3 | 6 | 17 | 21 | 25 | 33 | 33 | 18 |
| Erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi | 4 | 4 | 3 | 4 | 2 | 1 | 4 | 4 | 5 | 5 | 4 | 11 |
| **Samtals erlendir ríkisborgarar** | 7 | 7 | 12 | 8 | 5 | 7 | 21 | 25 | 30 | 38 | 37 | 2 |

## 714. Svar [411. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um framkvæmd nauðungarsölu.

1. *Hversu margar íbúðir hafa verið innleystar síðastliðin tvö ár með nauðungarsölu hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík af viðskiptabönkum og sparisjóðum annars vegar og Íbúðalánasjóði hins vegar?*

Eignir eru ekki sundurliðaðar eftir því hvort um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, sumarhús, jarðir/lóðir e.t.v. án húsakosts eða önnur fasteignaréttindi.

Árið 2005 var 41 uppboðsmáli á fasteignum/fasteignaréttindum lokið með afsali. Þar af var 17 eignum afsalað til viðskiptabanka og sparisjóða og tveimur til Íbúðalánasjóðs.

Á árinu 2006 (frá 1. janúar til 30. nóvember) hafa farið fram 86 framhaldsuppboð á fasteignum/fasteignaréttindum. Af þeim málum hefur 15 verið lokið með afsali, 10 til viðskiptabanka og sparisjóða en engu til Íbúðalánasjóðs.

2. *Eru það í öllum tilvikum óháðir fasteignasalar sem meta verðgildi fasteigna sem koma til nauðungarsölu samkvæmt kröfu viðskiptabanka og sparisjóða annars vegar og Íbúðalánasjóðs hins vegar?*

Viðskiptabankar, sparisjóðir og Íbúðalánasjóður gæta hagsmuna sinna með því að mæta á uppboð, bæði þegar þeir eru uppboðsbeiðendur og þegar aðrir aðilar eru uppboðsbeiðendur. Hvorki sýslumannsembættið í Reykjavík né dóms- og kirkjumálaráðuneytið geta svarað hvernig viðskiptabankar og sparisjóðir haga verðmati á eignum. Í sumum tilfellum verður sýslumannsembættið vart við að fasteignasalar eru í för með þeim sem mæta fyrir nefnda aðila. Stundum mæta þeir starfsmenn viðkomandi aðila sem sjá um fasteignaumsýslu þeirra. Verið getur og að fasteignasalar komi að málum fyrir uppboðið án þess að þeir mæti á það. Um þetta atriði ættu viðskiptabankar, sparisjóðir og Íbúðalánasjóður að geta veitt betri upplýsingar.

3. *Eru gerðarþolar upplýstir um rétt sinn skv. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr. laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991?*

Gerðarþolum er leiðbeint um réttarstöðu sína á uppboðinu, um framkvæmd þess og um leiðir til að fá uppboðið afturkallað. Jafnan er ekki farið yfir hvernig uppgjör á kröfum sem

ekki fást greiddar af uppboðsverðinu fer fram eftir að uppboði lýkur með afsali, né heldur ýmis úrræði sem þá geta komið til álita, t.d. að leita eftir nauðasamningum. Þannig er ekki sérstaklega farið yfir tilvitnaða málsgrein en gætt er almennrar leiðbeiningarskyldu skv. 21. gr. nauðungarsölulaga.

4. *Telur ráðherra ástæðu til að herða á eftirliti með því hvernig fyrrnefndu ákvæði er framfylgt þannig að gerðarþoli fái skilyrðislaust upplýsingar um þennan rétt?*

Ekki liggja fyrir í ráðuneytinu upplýsingar um nein atvik þar sem reynt hefur á 2. málsl. 1. mgr. 57. gr. nauðungarsölulaga. Engar kvartanir eða athugasemdir hafa borist ráðuneytinu vegna leiðbeiningarskyldu sýslumanna við nauðungarsölu og hefur hún almennt verið talin í góðum farvegi.

## 715. Svar [355. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur um námslán fyrir skólagjöldum í íslenskum háskólum og endurgreiðslur námslána.

1. *Hve há eru árleg útlán Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna skólagjalda í íslenskum háskólum og hvert er hlutfall þeirra af heildarlánum til nemenda við hérlenda háskóla sem taka skólagjöld?*

Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 45.000 kr. og er þá veitt lán fyrir umframupphæðinni. Dæmi:

Árleg skólagjöld + 100.000 kr.
Sjálfsfjármögnun – 45.000 kr.
Veitt lán = 55.000 kr.

Á námsárinu 2005–2006 voru veitt skólagjaldalán að upphæð 492 millj. kr. til nemenda í íslenskum háskólum. Heildarlán sjóðsins til nemenda í íslenskum háskólum voru 4.755 millj. kr. á námsárinu. Hlutfall skólagjaldalána er því 10,4% af heildarlánum til þessa hóps.

2. *Hver er kostnaður sjóðsins við þessi lán og hversu mikið er talið að muni verða endurgreitt samkvæmt núgildandi reglum sjóðsins?*

Miðað við núgildandi reglur má gera ráð fyrir að kostnaður LÍN vegna affalla og niðurgreiðslu útlánavaxta sé um 50% skólagjaldalána og þar með að lántakendur endurgreiði að meðaltali um 50% lánanna.

3. *Hver er talin verða árleg útgjaldaaukning sjóðsins ef tekin verða upp skólagjöld í háskólum sem hið opinbera rekur, miðað við nemendafjöldann námsárið 2005–2006, ef skólagjöldin verða:*
   a. *sambærileg við skólagjöld í íslenskum háskólum sem taka skólagjöld,*
   b. *300 þús. kr.,*
   c. *500 þús. kr.,*
   d. *700 þús. kr.,*
   e. *1 millj. kr.?*

Ef skólagjöld væru tekin upp í ríkisreknum háskólum á Íslandi má gera ráð fyrir neðangreindri útlánaaukningu hjá LÍN miðað við nemendafjölda skólaárið 2005–2006, ef skólagjöld væru:

a. 220 þús. kr.:* 1.000 millj. kr.
b. 300 þús. kr.: 1.590 millj. kr.
c. 500 þús. kr.: 3.300 millj. kr.
d. 700 þús. kr.: 4.760 millj. kr.
e. 1 millj. kr.: 9.400 millj. kr.

* Skólagjöld í grunnháskólanámi HR.

Í framangreindri áætlun er gert ráð fyrir að skólagjöld hafi áhrif á eftirspurn námsmanna eftir námslánum en aðeins hluti nemenda í fullu námi sækir nú um námslán. Gera má ráð fyrir að lánþegum fjölgi um 10% fyrir hverja 100 þús. kr. hækkun skólagjalda. Hér er um gefnar forsendur að ræða þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða áhrif skólagjöld munu hafa á eftirspurn eftir námslánum né liggur fyrir ákvörðun um skólagjöld í ríkisháskólum, hvað þá upphæðir í því sambandi.

4. *Hversu mikill yrði kostnaður sjóðsins af slíkri útgjaldaaukningu, hversu mikið er talið mundu verða endurgreitt og á hve löngum tíma?*

Ef gengið er út frá framangreindum forsendum má gera ráð fyrir að endurgreiðsluhlutfall námslána lækki að meðaltali úr 50% eins og nú er í 35–40%. Jafnframt má gera ráð fyrir að meðaltal endurgreiðslutíma lána gæti lengst, en hann er nú áætlaður 22 ár frá útborgun láns. (Með öðrum orðum gæti kostnaður ríkisins numið allt að 60–65% af veittum lánum.) Í þessu samhengi er rétt að benda á að tekjur lánþega að námi loknu hafa áhrif á endurgreiðsluhlutfall námslána og þar með kostnað ríkissjóðs. Ef tekjur aukast er afleiðingin hærri árlegar afborganir, þar sem þær eru tekjutengdar og dregur það úr lækkun endurgreiðsluhlutfalls. Ítrekað skal að hér er einungis um viðmiðunartölur að ræða miðað við gefnar forsendur svo hægt sé að svara fyrirspyrjanda um hugsanleg áhrif skólagjalda í ríkisháskólum á Lánasjóð íslenskra námsmanna.

5. *Hversu hátt hlutfall af öllum veittum lánum er talið að sjóðurinn fái endurgreitt samkvæmt núgildandi reglum sjóðsins?*

Eins og fram kemur í svari við 2. lið hér að framan er áætlað að lántakendur endurgreiði að meðaltali um 50% af öllum veittum lánum miðað við núgildandi reglur sjóðsins.

## 716. Svar [371. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um fjarnám við Háskólann á Akureyri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir nemendur hafa verið í fjarnámi við Háskólann á Akureyri frá upphafi og hve hátt hlutfall af nemendum skólans hafa þeir verið, sundurliðað eftir skólaárum?*
2. *Hvaðan af landinu eru þessir nemendur?*

3. *Hversu margir fjarnámsnemendur hafa brautskráðst frá skólanum árlega og hve hátt hlutfall eru þeir af brautskráðum?*
4. *Hver eru samfélagsleg áhrif fjarnáms við Háskólann á Akureyri?*

Fjarkennsla við Háskólann á Akureyri hófst haustið 1998 þegar boðið var upp á fjarnám við heilbrigðisdeild. Um var að ræða nám í dagskóla á hjúkrunarfræðibraut, þar sem kennt var samtímis á Akureyri og Ísafirði. Ári síðar bættust svo nemendur á Egilsstöðum í þennan hóp. Frá árinu 1998 hefur fjarnám verið vaxandi þáttur í námsframboði Háskólans á Akureyri og veturinn 2006–2007 bjóða þrjár deildir af fjórum upp á fjarnám. Þetta eru heilbrigðisdeild, kennaradeild og viðskipta- og raunvísindadeild. Hröð þróun í upplýsingatækni getur af sér fjölbreyttar leiðir í kennslu, við miðlun námsefnis, í samskiptum og við að mæta þörfum nemenda í fjarnámi.

Í upphafi var nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Enn í dag er myndfundabúnaður notaður í talsverðum mæli við háskólann en þróunin hefur orðið sú að fjarnám við skólann byggist núorðið á notkun velflestra þeirra fjarkennslumiðla sem til eru. Má þar nefna almennan tölvupóst, vefsíður kennara og vefnámsumhverfið WebCT, sem m.a. hefur að geyma innbyggt póstforrit, vefumræður og spjallrásir, sem og möguleika til framsetningar námsefnis í margvíslegu formi. Haustið 2003 var svo tekið í notkun vefkennslukerfið WebDemo sem gefur möguleika á kennslu í rauntíma með nettengdri tölvu. Upplýsingakerfið Stefanía, sem þróað hefur verið í Háskólanum á Akureyri, veitir aðgang að öllum helstu upplýsingum sem tengjast daglegu lífi í skólanum, svo sem stundaskrá, próftöflum, námsframvindu, námskeiðslýsingum o.s.frv.

Háskólinn á Akureyri hefur átt öflugt samstarf um fjarkennslu við bæjarfélög og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið enda er það talin forsenda fjarnámsins að nemendum sé sköpuð góð aðstaða til að taka við kennslunni, með myndfundabúnaði, tölvum og nettengingu. Einnig hefur það sýnt sig að myndun námshópa á fjarkennslustöðum hefur reynst góð leið til að efla hópkennd og stuðning nemenda í milli. Á öllum fjarkennslustöðum hafa nemendur aðgang að myndfundabúnaði og tölvuveri ásamt ljósritunar- og vinnuaðstöðu og aðstöðu til próftöku. Helstu samstarfsaðilar háskólans eru: Fræðslumiðstöð Norðurlands vestra, Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði, Þekkingarsetur Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Fræðslumiðstöð Þingeyinga/FræÞing, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnarfjarðar, Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhliða starfi, m.a. á þann hátt að nemendur geta dreift náminu á lengri tíma en gert er ráð fyrir í fullu námi. Hér á eftir eru aðeins taldir þeir fjarnemendur sem stunda nám fyrir milligöngu símenntunarmiðstöðva en ekki eru taldir með þeir nemendur sem stunda annars konar sveigjanlegt námsform eins og svokallað lotunám.

**Fjöldi og hlutfall fjarnámsnemenda við Háskólann á Akureyri.**

Í töflunni hér á eftir eru svör við 1. og 3. lið fyrirspurnarinnar. Hlutfall fjarnemenda óx mjög hratt til 2003 en hefur verið sem næst óbreytt síðan. Fjarnemendur hafa verið um þriðjungur af nemendafjölda háskólans og jafnvægi hefur náðst á milli hlutfalls fjarnemenda í námi og hlutfalls þeirra af brautskráðum nemendum. Skólaárið 2005–2006 stunduðu 577 fjarnemendur nám við Háskólann á Akureyri og frá upphafi hafa 306 fjarnemendur brautskráðst frá skólanum, þar af 214 á síðustu tveimur árum.

Fjarnám

| Skólaár | Í námi | Hlutfall | Brautskráðir | Hlutfall af brautskráðum |
|---|---|---|---|---|
| 1998-1999 | 13 | 2,4% | 0 | 0,0% |
| 1999-2000 | 31 | 5,2% | 2 | 1,6% |
| 2000-2001 | 138 | 18,8% | 0 | 0,0% |
| 2001-2002 | 285 | 26,7% | 10 | 6,9% |
| 2002-2003 | 389 | 32,5% | 15 | 7,4% |
| 2003-2004 | 604 | 37,9% | 65 | 24,8% |
| 2004-2005 | 613 | 35,7% | 108 | 37,0% |
| 2005-2006 | 577 | 33,5% | 106 | 31,0% |
| **Samtals** | | | **306** | |

**Búseta fjarnemenda.**

Fjarnámið nær til a.m.k. 20 misfjölmennra þéttbýlisstaða víðs vegar um landið en að sjálfsögðu sækja nemendur utan þessara þéttbýlisstaða fjarnámið þar sem það er í boði næst þeim. Mestur fjöldi fjarnemenda er í Hafnarfirði, eða 204, en einnig eru allstórir hópar í Reykjanesbæ, á Selfossi, á Ísafirði og í Vestmannaeyjum. Þess má geta að fjarnemendur í Hafnarfirði koma víða að af höfuðborgarsvæðinu. Nánar er gerð grein fyrir þessari skiptingu í eftirfarandi töflu:

| Fjarkennslustaður | 1998–1999 | 1999–2000 | 2000–2001 | 2001–2002 | 2002–2003 | 2003–2004 | 2004–2005 | 2005–2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ísafjörður | 10 | 10 | 21 | 47 | 37 | 32 | 48 | 45 |
| Patreksfjörður | | | | 13 | 5 | 5 | 4 | 3 |
| Akureyri | | 12 | 13 | 13 | 20 | 15 | 13 | 9 |
| Dalvík | | | | | | 2 | 2 | 2 |
| Blönduós | | | | | 17 | 14 | 10 | 10 |
| Sauðárkrókur | | 4 | 4 | 5 | 22 | 14 | 26 | 28 |
| Siglufjörður | | | | | 8 | 3 | 3 | 3 |
| Egilsstaðir | 3 | 5 | 11 | 23 | 24 | 32 | 13 | 13 |
| Vopnafjörður | | | | | | 8 | 6 | 5 |
| Þórshöfn | | | | | | | | 7 |
| Hornafjörður | | | 5 | 9 | 4 | 3 | 1 | 9 |
| Neskaupstaður | | | 7 | 9 | 10 | 11 | 28 | 13 |
| Selfoss | | | | 56 | 49 | 88 | 77 | 53 |
| Vestmannaeyjar | | | | 17 | 21 | 23 | 40 | 34 |
| Hafnarfjörður | | | 29 | 39 | 108 | 210 | 212 | 204 |
| Reykjanesbær | | | 38 | 54 | 46 | 80 | 69 | 80 |
| Reykjavík | | | 10 | | | 1 | 3 | 1 |
| Akranes | | | | | 18 | 39 | 28 | 27 |
| Stykkishólmur | | | | | | 9 | 8 | 7 |
| Búðardalur | | | | | | | 8 | 8 |
| Óstaðsett | | | | | | 15 | 14 | 16 |
| **Samtals** | **13** | **31** | **138** | **285** | **389** | **604** | **613** | **577** |

**Samfélagsleg áhrif.**

Ekki hefur verið gerð heildstæð rannsókn á samfélagslegum áhrifum fjarnámsins á Akureyrarsvæðinu sérstaklega en þar sem fjarnám hefur verið starfrækt í tiltölulega stuttan tíma

við Háskólann á Akureyri má segja að áhrif þess séu ekki að fullu komin fram. Í þessu sambandi má þó benda á almenn áhrif fjarnáms:

a. Fjarnámið eykur aðgengi að háskólanámi án tillits til búsetu og stuðlar þannig að jafnrétti til náms. Þeir sem stunda fjarnám eiga oft af ýmsum ástæðum erfitt með að flytja búferlum til að stunda nám, m.a. af fjölskylduástæðum, vegna atvinnu eða annarra ástæðna.
b. Fjarnám eflir atvinnulíf á þeim stað sem það er stundað. Þeir sem stunda fjarnám eru oftast (eða hafa verið) virkir þátttakendur í atvinnulífi í sinni heimabyggð. Fjarnám gefur þeim kost á að stunda nám án þess að flytja brott úr heimabyggð og atvinnulífið á viðkomandi stað nýtur áfram enn öflugri starfskrafta þeirra. Nemendur í fjarnámi eru víða lykilfólk í sínu byggðarlagi og á grundvelli nýrrar þekkingar úr náminu öðlast þeir hæfni til að taka þátt í að endurskapa atvinnulífið.
c. Fjarnámið eflir menntunarstig á landsbyggðinni og stuðlar að aukinni virkni og þátttöku sveitarfélaga í framboði menntunar í héraði. Það eflir starfsemi sí- og endurmenntunarmiðstöðva og mikilvæg þekkingaruppbygging verður á hverjum stað þar sem haldið er úti aðstöðu til fjarnáms. Það skapar einnig tækifæri til að nýta þá sérfræðikunnáttu sem er til staðar. Í ýmsum bæjarfélögum þar sem símenntunarmiðstöðvar eru er einnig sérfræðimenntað fólk sem háskólinn getur þá leitað til, t.d. hvað varðar leiðsögn við nemendur eða kennslu, og þar með fær þetta fólk tækifæri til að nýta menntun sína sem það hefði kannski annars ekki tækifæri til. Öll þessi atriði styrkja viðkomandi byggðarlög.

## 717. Svar [424. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um magn og verðmæti ólöglegra fíkniefna.

1. *Hvert hefur verið áætlað götuverðmæti ólöglegra fíkniefna á Íslandi síðustu tuttugu árin, sundurliðað eftir árum og efnum sem talið er að hafi verið á markaði hverju sinni?*

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur ekki vitneskju um verðmæti ólöglegra fíkniefna á Íslandi síðustu tuttugu ár, enda er skráning lögreglunnar á svonefndu götuverði fíkniefna ekki samræmd á landsvísu og upplýsingar um götuverðið því ekki til. Í tilefni af fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns, á Alþingi nú á dögunum um sama efni, tók lögreglan í Reykjavík saman eftirfarandi upplýsingar um götuverð á fjórum algengustu tegundum fíkniefna, eins og það er talið vera um þessar mundir.

**Ætlað götuverð á nokkrum tegundum fíkniefna árið 2005 samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík.**

| | Verð í kr. |
|---|---|
| Hass (1 g) | 2.000–2.500 |
| Amfetamín (1 g) | 5.000–7.000 |
| Kókaín (1 g) | 13.000–17.000 |
| Maríhúana (1 g) | 2.000 |

2. *Hvert er áætlað magn slíkra efna í landinu á sama tíma, sundurliðað eftir árum og efnum?*

Ómögulegt er að áætla hversu mikið magn fíkniefna er í umferð á hverjum tíma. Víða í löndum er við það miðað að löggæsluyfirvöld leggi hald á 5–10% fíkniefna sem eru í umferð. Þetta mat byggist ekki á skilgreindum forsendum og með hliðsjón af því gæti þetta hlutfall verið með svipuðum hætti hér á landi.

3. *Hvað var lagt hald á mikið af ólöglegum fíkniefnum á þessum árum, sundurliðað eftir árum og efnum?*

Ríkislögreglustjóri hefur frá árinu 1999 haldið skrá yfir þau fíkniefni sem lögreglustjórar leggja hald á. Í meðfylgjandi töflu eru heildartölur yfir magn og tegundir fíkniefna sem lagt var hald á 1999–2005. Sömu upplýsingar fyrir árið 2006 liggja ekki fyrir þar sem endanlegri skráningu fíkniefna í mörgum málum er ekki lokið.

**Fíkniefni sem lagt var hald á af lögreglu og tollgæslu frá 1999 til 2005.**

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hass (g) | 20.772,2 | 36.944,79 | 54.967,69 | 57.563,83 | 46.857,54 | 26.630,34 | 41.622,10 |
| Fræ (g) | 123,7 | 62,98 | 64,15 | 198,35 | 24,52 | 17,5 | 48,88 |
| Fræ (stk.) | 15,9 | 428 | 857 | 408 | 330,45 | 940 | 61 |
| Plöntur (stk.) | 892 | 1.195 | 1.794 | 1.207 | 903 | 73 | 0 |
| Maríhúana (g) | 4.831,7 | 2.373,10 | 3.361,81 | 1.439,47 | 1.214,70 | 5.093,62 | 502,83 |
| Tóbaksblandað hass (g) | 405,8 | 303,22 | 320,28 | 159,07 | 134,87 | 117,63 | 201,99 |
| Kannabislauf (g) | 11.138,9 | 1.755,67 | 9.875,32 | 3.606,76 | 0 | – | – |
| Kannabisstönglar (g) | 3.171,1 | 1.681,48 | 3.677,70 | 85,65 | 1,74 | – | – |
| Amfetamín (g) | 8.931,9 | 15.783,04 | 2.945,40 | 7.161,22 | 1.018,94 | 10.267,46 | 5.078,1 |
| Amfetamín (stk.) | 986,3 | 75 | 309,5 | 109 | 2 | 17,5 | 57 |
| Metamfetamín (g) | 3.987,2 | 303,1 | | | | | |
| Kókaín (g) | 1.138,8 | 6.159,97 | 1.192,09 | 1.869,56 | 598,87 | 944,88 | 955,43 |
| E-töflur (g) | 136,22 | 22,01 | 21,22 | 6,36 | 293,02 | 79,22 | 17,83 |
| E-töflur (stk.) | 1.518,5 | 7.532,4 | 3.189,75 | 814,5 | 93.715,50 | 22.056,5 | 7.478 |
| Heróín (g) | 0 | 0,05 | 2,89 | 0,16 | 0 | 0 | 0,57 |
| LSD (stk.) | 4.346 | 2.032 | 1 | 0 | 40 | 15 | 338,5 |
| LSD (ml) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 |

# 718. Tillaga til þingsályktunar [474. mál]

um aðgerðir gegn fátækt.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Helgi Hjörvar,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson,
Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir,
Kristján Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa til aðgerða til að sporna við fátækt og treysta öryggisnet velferðarkerfisins. Í því skyni verði gerð framkvæmdaáætlun til fimm ára sem komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 2008. Framkvæmdaáætlunin verði unnin í samráði við Samtök sveitarfélaga og heildarsamtök launafólks.

Sérstaklega skal höfð hliðsjón af þeim aðgerðum til að vinna bug á fátækt sem lagðar eru til í skýrslu ASÍ, *Velferð fyrir alla,* frá mars 2003, skýrslu forsætisráðherra um fátækt á

Íslandi, 981. mál 130. löggjafarþings, og skýrslu forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra, 184. mál 133. löggjafarþings.

Framkvæmdaáætlun ásamt nauðsynlegum lagabreytingum skal leggja fyrir Alþingi á haustþingi 2007.

## Greinargerð.

Á sl. 10 árum hafa þrjár skýrslur um fátækt komið fram á Alþingi. Á 121. löggjafarþingi 1996–1997 lagði þáverandi forsætisráðherra fyrir Alþingi skýrslu um þróun og umfang fátæktar á Íslandi að beiðni þingmanna jafnaðarmanna. Á 130. löggjafarþingi lagði forsætisráðherra aftur fram skýrslu um fátækt, sem unnin var af samráðshópi nokkurra ráðuneyta eftir að á Alþingi hafði ítrekað verið gengið eftir aðgerðum gegn fátækt. Undanfari þeirrar skýrslu var flutningur þingsályktunartillögu frá þingmönnum Samfylkingarinnar um að félagsmálaráðherra yrði falið að láta fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi, félagslegum og fjárhagslegum, með það að markmiði að leggja fram tillögur um úrbætur sem treystu öryggisnet velferðarkerfisins. Skilgreina átti lágmarksframfærslukostnað eftir fjölskyldugerð og gera tillögur til úrbóta sem miðast skyldu við að enginn hefði sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum Loks var á yfirstandandi löggjafarþingi lögð fram skýrsla forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra, að beiðni þingmanna Samfylkingarinnar undir forustu Helga Hjörvars. Þar komu fram athyglisverðar tölur um fátækt barna á Íslandi en áætlað er að á fimmta þúsund íslenskra barna búi við fátækt. Fleiri börn hlutfallslega búa við fátækt á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum, um 7% hér en 2%–3,5% annarra norrænna barna.

Eins og hér hefur verið lýst hafa þingmenn Samfylkingarinnar ítrekað haft forystu um að spornað verði gegn fátækt með markvissum aðgerðum, en lítið hefur orðið um framkvæmdir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Sú tillaga sem nú er lögð fram er að meginuppistöðu sú sama og tillaga sem lögð var fram á síðasta þingi, en lagt er til að stjórnvöld einbeiti sér strax að aðgerðum sem sporni við fátækt og treysti öryggisnet velferðarkerfisins.

Í tillögunni er m.a. lagt til að höfð verði hliðsjón af þeim aðgerðum sem lagðar voru til í skýrslu ASÍ, *Velferð fyrir alla,* frá mars 2003. Sú skýrsla var kynnt rétt fyrir kosningar 2003 og á fjölmennum fundi sem ASÍ boðaði til um málið tóku formenn allra flokka undir að brýnt væri að hrinda tillögunum í framkvæmd. Tillögurnar fylgja hér í fylgiskjali.

Þrátt fyrir að stór hluti íslensku þjóðarinnar búi við bærileg efni býr alltof stór hluti hennar við sára fátækt. Laun þeirra tekjulægstu, lífeyrir eða atvinnuleysisbætur eru svo lág að þau duga ekki fyrir allra brýnustu nauðþurftum, jafnvel þótt unninn sé fullur vinnudagur og sama hversu mikið er sparað. Raunar er mörgum svo naumt skammtað að hjálparsamtök þurfa að hlaupa undir bagga með fjölda heimila í landinu og flestum er það þungbært að þurfa að leita á náðir slíkra samtaka.

Skýrsla forsætisráðherra um fátækt sem lögð var fram á 130. löggjafarþingi sýnir að tekjur í lægsta tekjuhópnum hafa hækkað hlutfallslega mun minna en hjá hinum efnameiri. Tekjur þeirra lægst launuðu hækkuðu á tímabilinu 1995–2002 um 17% en á sama tíma var hækkunin 45% meðal hinna tekjuhæstu. Bilið milli ríkra og fátækra fer því sívaxandi í þjóðfélaginu. Á sama tíma eykst skattbyrði láglaunafólks. Í dag greiðir fólk með 110 þús. kr. í mánaðartekjur tæplega 14% skatt en greiddi 2–3% af samsvarandi tekjum árið 1995. Upplýsingar frá ýmsum aðilum, svo sem hjálparstofnunum, stéttarfélögum og félagsþjónustu sveitarfélaga, benda einnig til þess að fátækum hafi fjölgað verulega. Stefán Ólafsson prófessor bendir í þessu sambandi á að á árunum 1995–98 hafi dregið úr fátækt, einkum í kjölfar minnkandi

atvinnuleysis. Atvinnuleysi hafi hins vegar aukist aftur og fátækt samfara því, enda séu atvinnuleysisbætur undir fátæktarmörkum. Hann telur auk þess að aðgerðir ríkisstjórnar í lífeyrismálum almannatrygginga, skattamálum og húsnæðismálum hafi stuðlað að frekari fjölgun fátækra. Tölur frá ASÍ benda til þess að hlutfall fátækra skattframteljenda hafi hækkað úr 8,8% árið 1995 í 13,2% árið 2001.

Í nýjustu neyslukönnun Hagstofunnar sem birt var undir lok árs kom fram að meðalneysluútgjöld einstaklinga á árunum 2003–2005 voru tæpar 193 þús. kr. á mánuði, hjóna með tvö börn tæpar 450 þús. kr. á mánuði og einstæðra foreldra tæpar 314 þúsund kr. á mánuði. Ástæða er til að benda á til samanburðar að lágmarkslaun í dagvinnu á vinnumarkaðnum er um 125 þús. kr. á mánuði og að á árinu 2005 voru um 17 þúsund aldraðir, eða 63% aldraðra, með tekjur undir 140 þús. kr. Af 12 þúsund örorkulífeyrisþegum voru tæplega 8 þúsund, eða 65%, með tekjur undir 140 þús. kr. Af þessum tekjum eru greiddar um 20 þús. kr. í skatt.

Benda má einnig á rannsókn Hörpu Njálsdóttur félagsfræðings sem rannsakað hefur fátækt í íslensku þjóðfélagi. Þar kemur fram að miðað við lágmarksframfærslu vantar 40 þús. kr. mánaðarlega upp á fullan lífeyri frá Tryggingastofnun til þess að bótaþegar sem ekki hafa aðrar tekjur en bætur frá ríkinu geti framfleytt sér. Mæðrastyrksnefnd hefur upplýst að þeir sem leituðu sér aðstoðar og matargjafa hafi verið 40% fleiri árið 2003 en árið 2001, en þá fengu 1.150 fjölskyldur aðstoð í desembermánuði. Árið 2003 var þessi tala komin upp í 1.700 en auk þess var 1.000 fjölskyldum veitt aðstoð hjá nefndinni í 3.115 skipti á árinu. Árið 2004 fékk Mæðrastyrksnefnd 5.301 heimsókn, að meðaltali 115 á viku og á árinu 2005 fékk nefndin 6.669 heimsóknir eða að meðaltali 158 á viku. Fram hefur komið hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík að á árinu 2005 þurfti að auka fé til fjárhagsaðstoðar um 150 millj. kr. og að fjárhagsaðstoðin jókst um 43,4% milli áranna 2001 og 2002. Alls var 594 millj. kr. veitt í fjárhagsaðstoð á vegum félagsþjónustunnar árið 2001, árið 2002 var fjárhæðin komin upp í rúmar 853 millj. kr., 995 millj. kr. 2003 og áætlun fyrir árið 2004 hljóðaði upp á 993 millj. kr. Milli áranna 2001 og 2003 jókst aðstoðin því um 67,6%. Heimilum sem þegið hafa aðstoð hefur fjölgað úr 2.625 árið 2001 í 3.300 árið 2003. Ef skoðaður er norrænn samanburður á fátækt kemur fram að þeir sem búa við fátækt eru hlutfallslega flestir á Íslandi. Mæling 1997–98 sýndi að um 6,8% búa við fátæktarmörk á Íslandi, í Danmörku eru það 5,3%, í Finnlandi 4,1%, í Noregi 3,5% og í Svíþjóð 4,9%. Skýringin á vaxandi fátækt er m.a. sú að jöfnunarmarkmið velferðarkerfisins hafa vikið, kerfið er fullt af fátæktargildrum og mikil tekjutenging hefur breytt kerfinu nánast í ölmusukerfi.

Í áðurnefndri rannsókn, sem Harpa Njálsdóttir félagsfræðingur stóð fyrir, er til að skýra og mæla fátækt notað lágmarksframfærsluviðmið sem byggist á opinberum skilgreiningum, þ.e. lágmarkstekjum sem hið opinbera ákvarðar lífeyrisþegum og skilgreindum framfærsluþáttum sem hið opinbera telur að séu nauðsynlegir til að komast af. Harpa bendir m.a. á að í leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins frá 1996 komi skýrt fram hvaða þættir séu álitnir nauðsynlegir einstaklingum til að framfleyta sér. Í leiðbeiningunum er gert ráð fyrir að lágmarksfjárþörf fólks miðist við þann lágmarksframfærslukostnað sem ætlaður er einstaklingum eða fjölskyldum til að lifa af. Sömuleiðis er bent á að árið 2001 hafi verið gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar þar sem lágmarksframfærsla var ítrekuð og að hlutverk almannatrygginga væri að vera öryggisnet sem byggðist ekki á skilgreindum réttindum heldur tæki mið af framfærslu.

Á undanförnum missirum hefur líka komið glöggt fram að vinnandi fólk þarf í auknum mæli að leita sér aðstoðar. Í hópi fátækra eru einkum öryrkjar og aldraðir, einstæðir foreldrar, einstæðingar og barnmargar fátækar fjölskyldur. Það sýnir líka glöggt að öryggisnet vel-

ferðarkerfisins er brostið að stöðugt fjölgar í hópi þeirra sem ekki hafa efni á að leita til læknis eða leysa út lyfin sín. M.a. er það orðið áberandi að læknar vísi fólki til sérfræðinga eða í rannsóknir en það skili sér ekki þangað. Svo langt hefur verið gengið að fólki sem hvorki á fyrir lyfjum né mat, t.d. mörgum þeirra sem lifa þurfa af lífeyri almannatrygginga eða sambærilegum tekjum, er gert að greiða skatt til samfélagsins sem samsvarar mánaðarlífeyrisgreiðslum þeirra. Á árinu 2005 greiddu þeir sem eru með tekjur undir 100.000 kr. á mánuði 2 milljarða kr. í skatt.

Athyglisvert er að í öllum þeim skýrslum sem lagðar hafa verið fram um fátækt er lögð áhersla á að hækka verulega barnabætur. Það er því kaldhæðnislegt að á árunum 1996–2005 hafa barnabætur rýrnað um 1 milljarð kr. á ári að meðaltali eða samtals um 10 milljarða kr. Á árunum 1995–2005 hækkaði neysluvísitalan um 41% á sama tíma og barnabætur hækkuðu um 14%. Einungis 6% hjóna og 8% einstæðra foreldra fá óskertar barnabætur á árinu 2006. Þrátt fyrir hækkun barnabóta á þessu ári, sem verkalýðshreyfingin knúði fram í kjarasamningum, eru barnabætur áfram mjög lágar. Nú byrja barnabæturnar að skerðast við 92 þús. kr. á mánuði hjá einstæðu foreldri og við 185 þús. kr. samanlagðar tekjur hjóna.

Með þessari þingsályktunartillögu er lagt til að undirbúin verði framkvæmdaáætlun til fimm ára í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök launafólks sem hafi það verkefni að gera tillögur til úrbóta til að sporna gegn fátækt. Ástæða er einnig til að benda á að nauðsynlegt er að leita samráðs við samtök lífeyrisþega, samtök einstæðra foreldra, samtök gegn fátækt og önnur þau félagasamtök sem vel þekkja til stöðu og aðbúnaðar fátækra á Íslandi. Mikilvægt er líka að við þetta verkefni verði höfð til hliðsjónar áfangaskýrsla Alþýðusambands Íslands, Velferð fyrir alla, en þar er að finna áherslu og framtíðarsýn Alþýðusambands Íslands í velferðarmálum. Þar er að finna sérstaka greinargerð vinnuhóps um fátækt og áhersluatriði sem ASÍ telur mikilvægt að víðtæk samstaða verði um til að koma í veg fyrir fátækt á Íslandi.

Helstu ástæður fátæktar sem ASÍ bendir á eru eftirfarandi:

1. Hár húsnæðiskostur og skortur á félagslegu húsnæði.
2. Skortur á menntun, m.a. mikið brottfall úr framhaldsskólum. Auk þess er bent á mikinn skólakostnað.
3. Hátt verðlag á nauðsynjavörum, svo og lyfjum og heilbrigðisþjónustu.
4. Uppsafnaðan fjárhagsvanda, sem leiðir til þess að margir missa fótanna og lenda í vítahring fátæktar.
5. Lágar atvinnuleysisbætur, sérstaklega þeirra sem búa við langtímaatvinnuleysi.
6. Félagsleg staða margra einhleypra karla, en þeir eru stærsti hópur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, eru oft atvinnulausir og skulda margir hverjir meðlög sem eru meiri en þeir ráða við að greiða.
7. Lágar bætur og miklar tekjutengingar valda því að þeir sem að öllu eða mestu leyti þurfa að treysta á bætur sér til framfærslu, búa við mjög kröpp kjör. Kaupmáttaraukning bóta hefur verið minni en almennra launa á liðnum árum. Hluti af þeim kaupmáttarauka hefur farið í greiðslu á tekjuskatti þar sem skattleysismörk hafa ekki haldið í við hækkun bóta.

Í skýrslunni eru settar fram leiðir til úrbóta og fylgja þær hér í fylgiskjali.

Jafnframt er hér lagt til að höfð verði hliðsjón af skýrslu forsætisráðherra um fátækt á Íslandi sem lögð var fram á 130. löggjafarþingi. Í henni er einnig bent á ýmsar leiðir til úrbóta sem rétt er að nefna:

1. Barnabætur: Hækkun á skerðingarmörkum gætu komið hluta fátækra til góða en þó ekki þeim sem hafa allra lægstu tekjurnar og því er ef til vill hagstæðara fyrir þann hóp að heildarkerfið verði tekið til endurskoðunar og jafnvel að öðru kerfi verði komið á.
2. Laun: Það sé meginhlutverk stjórnvalda að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi kaupmáttaraukningu lægstu launa.
3. Atvinnumál: Hægt er að leysa vanda þeirra sem tímabundið glíma við fátækt vegna atvinnuleysis með nægu starfsframboði.
4. Leikskólagjöld: Ekki er óeðlilegt að leikskóli yrði gjaldfrjáls þar sem hann er nú talinn fyrsta skólastigið en einnig gæti tekjutenging leikskólagjalda létt undir með fátæku barnafólki.
5. Íþrótta- og tómstundastarf barna: Sveitarfélög niðurgreiði þátttöku barna í slíku starfi til að börn frá efnaminni heimilum hafi sömu tækifæri og önnur til að taka þátt í því.

Á 130. löggjafarþingi var lögð fram þingsályktunartillaga um sama efni. Þá leitaði Alþingi umsagnar ýmissa fagaðila sem hafa með þessi mál að gera, BSRB, Félagsbústaða ehf., Samtaka gegn fátækt, Verslunarráðs Íslands, Alþýðusambands Íslands, Landsambands eldri borgara, Samtaka atvinnulífsins, fjölskylduráðs, Jafnréttisstofu, Félags einstæðra foreldra, Öryrkjabandalags Íslands og félagsmálaráðuneytis. Í langflestum tilfellum voru umsagnir þessara aðila jákvæðar, almennur vilji virðist til að grípa til aðgerða til að sporna við fátækt þótt sumir leggi til aðrar aðferðir og áherslur.

Von flutningsmanna er að um þessa þingsályktunartillögu geti náðst víðtæk samstaða á Alþingi. Það hlýtur að vera forgangsverkefni í þjóðfélaginu að treysta á nýjan leik öryggisnet velferðarkerfisins þannig að hægt sé að losa fólk úr fjötrum fátæktarinnar sem verður sífellt sýnilegri í þjóðfélaginu.

## Fylgiskjal.

**Velferð fyrir alla.**
Úr skýrslu ASÍ.
(Mars 2003.)

### Leiðir til úrbóta.

Hér verður fjallað um nauðsynlegar aðgerðir til að vinna bug á fátækt. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, til þess er vandamálið allt of stórt, viðamikið og flókið.

### Húsnæðismál.

Afar brýnt er að auka framboð á félagslegu leiguhúsnæði og ennfremur að tryggja niðurgreiðslu á kostnaði í formi vaxtaniðurgreiðslu, stofnstyrkja og eða með auknum húsaleigubótum þannig að leigukjörin verði viðráðanleg. Þessu til viðbótar er mikilvægt að bæta stöðu þeirra sem eru á almennum leigumarkaði með því að hækka húsaleigubætur og hækka jafnframt tekjuviðmið þeirra sem geta fengið húsaleigubætur.

### Menntun.

Mikilvægt er að fjölga námstilboðum í framhaldsskólum og efla sérstaklega starfstengt nám. Samhliða þarf að vinna slíku námi viðurkenningu á vinnumarkaði. Efla þarf símenntun og starfsendurhæfingu þeirra sem eru á vinnumarkaði. Slíkt verði gert í samvinnu aðila

vinnumarkaðarins, ríkisvaldsins og sveitarfélaga. Taka þarf upp skólastyrki til framhaldsskólanema úr tekjuminni fjölskyldum til að gera þeim kleift að stunda nám til jafns við aðra. Þetta gætu t.d. verið styrkir til bóka- og tölvukaupa. Æskilegt er að kenna nemendum um fjármál í skólakerfinu og gera þá þannig færari að takast á við eigin fjármál.

**Barnafjölskyldur/einstæðir foreldrar.**

Til að koma til móts við barnafólk er nauðsynlegt að barnabætur verði hærri en nú er, ótekjutengdar og nái til barna allt að 18 ára aldri. Til að koma til móts við börn tekjuminni foreldra og til að koma í veg fyrir stéttaskiptingu meðal barna er mikilvægt að sveitarfélög dragi umtalsvert úr gjaldtöku vegna skólagöngu, hvort sem um er að ræða fyrir gæslu yngri barna eftir skóla, aðstoð við heimanám, skólamáltíðir eða tónlistarskóla. Einnig þurfa sveitarfélög að gera börnum kleift að stunda íþróttir og æskulýðsstörf án tilltis til efnahags foreldra. Til að koma til móts við kostnað fjölskyldna í dreifbýli af því að senda börn í framhaldsskóla er mikilvægt að hækka styrki til jöfnunar á námskostnaði (dreifbýlisstyrki) og greiða þá oftar og jafnar út.

**Öryrkjar.**

Hækka þarf bætur öryrkja og taka sérstakt tillit til þeirra sem eru á örorkubótum lengi og þá jafnvel alla starfsæfina. Þeir eiga þess lítinn kost að mynda eignir, s.s. eigið húsnæði. Búa þarf þannig um hnútana að kerfi bóta hvetji fólk til sjálfshjálpar og ýti undir þátttöku í atvinnulífinu. Hér þarf sérstaklega að huga að þætti tekjutenginga. Vegna hárra jaðarskerðinga sem tekjutengingar og skattar hafa í för með sér, eiga margir öryrkjar erfitt með að bæta fjárhagsstöðu sína, jafnvel þó að þeir hafi einhverja starfsgetu. Einnig þarf að efla starfsendurhæfingu öryrkja og þannig aðstoða þá betur til að taka þátt í atvinnulífinu.

**Eldri borgarar.**

Staða þeirra eldri borgara sem hafa litlar eða engar greiðslur úr lífeyrissjóði eru óviðunandi. Greiðslur af eigin húsnæði fara illa með marga tekjulitla eldri borgara. Lækka þarf álögur hins opinbera á húsnæði eldri borgara og gera þeim þannig kleift að búa sem lengst í eigin íbúð. Þetta á bæði við um fasteignagjöld sveitarfélaga og eignaskatta. Bæta þarf stöðu eldri borgara sem eru í leiguhúsnæði á amentum leigumarkaði. Þetta má t.d. gera með því að veita þeim forgang að félagslegu leiguhúsnæði. Fjölga þarf bæði þjónustuíbúðum aldraðra og hjúkrunarrýmum.

**Atvinnulausir.**

Nauðsynlegt er að hækka atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysisbætur eru nú um kr. 77.000 á mánuði og hafa ekki haldið í við launaþróun á liðnum árum. Sérstaklega þarf að huga að vanda langtímaatvinnulausra, þ.e. þeirra sem hafa verið án atvinnu lengur en 6 mánuði. Nauðsynlegt er að fjölga námstilboðum fyrir þennan hóp og gera atvinnulausum kleift að stunda nám án þess að missa bæturnar. Einnig þarf að efla starfsendurhæfingu. Brýnt er að auka atvinnuframboð víða í dreifbýli.

**Einhleypir karlar.**

Vanda þessa hóps verður að leysa með margvíslegum hætti. Til skemmri tíma má m.a.:

- Veita húsaleigubætur vegna leigu á herbergjum.

- Styrkja fjárhagsstöðu þeirra feðra sem eru það illa staddir fjárhagslega að þeir eiga erfitt með að umgangast börn sín með sómasamlegum hætti.
- Veita þeim feðrum sem eru með sameiginlegt forræði aukna möguleika á félagslegri aðstoð, t.d. í formi leiguhúsnæðis og ráðgjafar.

Til að taka á málefnum þessa hóps til lengri tíma er æskilegt að myndaður verði þverfaglegur vinnuhópur sem geri úttekt á aðstæðum hópsins og komi með tillögur til úrbóta.

**Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.**

Sveitarfélögin byggja fjárhagsaðstoð sína á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lögin eru almennt orðuð og ekki tryggt að einstaklingar geti sótt svipaðan rétt óháð því hvar þeir búa. Mikilvægt er að samræma og útfæra skyldur sveitarfélaga í lögunum eða setja ákveðnar viðmiðunarreglur. Hækka þarf viðmið sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð en þau eru hjá flestum sveitarfélögum um kr. 70.000 á mánuði fyrir einstakling.

Einnig þarf að afnema ýmsar íþyngjandi reglur sem sveitarfélög hafa sett varðandi aðstoð. Þetta á sérstaklega við um skilyrði fyrir búsetu í lágmarkstíma í sveitarfélagi áður en einstaklingur getur sótt um félagslegt leiguhúsnæði.

**Tillögur um bráðaaðgerðir.**

Starfshópur um fátækt hefur í vinnu sinni fjallað um vísbendingar um umfang fátæktarvandans, ástæður fátæktar og leiðir til úrbóta. Að mati hópsins er eftirfarandi brýnast:

- Húsnæðismál:
  - Húsaleiga verði niðurgreidd umfram það sem nú er gert og framboð á félagslegu leiguhúsnæði aukið.
- Menntun:
  - Koma þarf sérstaklega til móts við ungt fólk úr tekjuminni fjölskyldum þannig að það geti stundað nám til jafns við aðra.
- Heilbrigðismál:
  - Brýnt er að draga úr kostnaði sjúklinga vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu.
- Afkomuvandi:
  - Barnabætur verði hærri en nú er, ótekjutengdar og nái til barna allt að 18 ára aldri. Sveitarfélögin dragi úr gjaldtöku vegna skólaþjónustu og tómstunda og geri börnum kleift að stunda íþróttir og æskulýðsstörf án tillits til efnahags foreldra.
  - Lægstu samsettu bætur öryrkja verði a.m.k. kr. 110.000 á mánuði auk barnalífeyris.
  - Draga þarf úr álögum hins opinbera á húsnæði eldri borgara og gera þeim þannig kleift að búa sem lengst í eigin húsnæði.
  - Lagt er til að atvinnuleysisbætur verði nú þegar hækkaðar úr kr. 77.452 í kr. 93.000 á mánuði.
  - Mótuð verði atvinnustefna sem hefur það að markmiði að auka atvinnuframboð í dreifbýli.
  - Sveitarfélög hækki tekjumarki einstaklinga fyrir fjárhagsaðstoð.

## 719. Svar [470. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um tekjuskattsgreiðslur banka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hverjar hafa tekjuskattsgreiðslur íslensku bankanna verið árin 1980–2006, sundurliðaðar eftir fyrirtækjum og árum?*

Yfirlitið hér að neðan sýnir álagðan tekjuskatt lögaðila sem skráðir voru með rekstur í atvinnugrein 65120, rekstur banka og sparisjóða, samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, íslensku atvinnugreinaflokkuninni, ísat-95, rekstrarárið 2005. Félög sem starfað hafa í atvinnugreininni á tímabilinu en hætt hafa rekstri eru því ekki talin með í yfirlitinu. Ekki er um sundurliðun eftir fyrirtækjum að ræða þar sem skattyfirvöldum ber að gæta fyllsta trúnaðar við meðferð á upplýsingum sem unnar eru úr framtölum lögaðila, sbr. 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Yfirlitið sýnir tekjuskatt sem lagður var á þessi félög á hverju ári allt frá árinu 1993 vegna tekna ársins 1992. Upplýsingar um álagningu áranna 1980 til 1992 liggja ekki fyrir á aðgengilegu formi hjá embætti ríkisskattstjóra og því er ekki unnt að veita upplýsingar um þau ár. Upplýsingarnar byggjast á álagningarseðlum vegna álagningar lögaðila árin 1993 til 2006, á tekjur áranna 1992 til 2006, og miðast þær við stöðu álagningargagna strax að loknum framtalsskilum í október ár hvert, fyrir breytingar sem gerðar eru vegna síðbúinna framtalsskila og kærumeðferðar.

**Álagning lögaðila 1993 til 2006**

**Tekjuskattur lögaðila sem skráðir voru í atvinnugrein 65120, rekstur banka og sparisjóða, við álagningu 2006**

| Álagningarár | Fjöldi | Tekjuskattur |
|---|---|---|
| 1993 | 71 | 191.783.724 |
| 1994 | 77 | 203.099.056 |
| 1995 | 81 | 158.145.057 |
| 1996 | 84 | 180.194.228 |
| 1997 | 86 | 213.801.694 |
| 1998 | 87 | 230.791.814 |
| 1999 | 89 | 180.118.161 |
| 2000 | 92 | 88.347.502 |
| 2001 | 95 | 103.731.257 |
| 2002 | 96 | 1.274.668.019 |
| 2003 | 102 | 1.592.826.617 |
| 2004 | 102 | 1.296.135.113 |
| 2005 | 103 | 4.198.388.028 |
| 2006 | 105 | 11.314.002.657 |

# 720. Svar [421. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skatttekjur ríkis og sveitarfélaga.

1. *Hver hefur verið hlutur ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar af staðgreiðslu opinberra gjalda einstaklinga, þ.e. tekjuskatti, sérstökum tekjuskatti, fjármagnstekjuskatti og útsvari, sl. fimm ár miðað við verðlag 2006, sýnt bæði í milljörðum kr. og sem hlutfall af heildarskatttekjum af staðgreiðslunni?*

Í töflu 1 er sýnd álagning umbeðinna skatta hjá ríkisskattstjóra fyrir viðkomandi álagningarár en það miðast við tekjur ársins á undan. Ekki er mögulegt að veita upplýsingar um þessa skatta í staðgreiðslu, eða sem hlutfall af henni, m.a. vegna þess að sérstakur tekjuskattur var ekki innheimtur í staðgreiðslu og fjármagnstekjuskattur er það ekki heldur. Hér er um að ræða upplýsingar um álagningu eins og hún kemur fram gagnvart einstaklingunum sjálfum en hluti persónuafsláttar nýtist til að greiða útsvar. Í þeim hluta töflunnar sem sýnir skatta á föstu verðlagi er reiknað á verðlagi ársins 2005 en upplýsingar um meðaltalsverðlag ársins 2006 liggja ekki fyrir.

**Tafla 1: Álagning tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts, fjármagnstekjuskatts og útsvars á einstaklinga álagningarárin 2002–2006 í millj. kr.**

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| Til ríkisins | 48.437 | 51.186 | 55.899 | 65.910 | 75.347 |
| Til sveitarfélaga | 56.046 | 59.995 | 63.043 | 69.048 | 77.707 |
| | **104.483** | **111.181** | **118.941** | **134.957** | **153.053** |
| *Hlutfallsleg skipting* | | | | | |
| Ríki | 46,4% | 46,0% | 47,0% | 48,8% | 49,2% |
| Sveitarfélög | 53,6% | 54,0% | 53,0% | 51,2% | 50,8% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| *Á verðlagi 2005 miðað við tekjuár* | | | | | |
| Til ríkisins | 55.666 | 56.130 | 60.030 | 68.579 | 75.347 |
| Til sveitarfélaga | 64.411 | 65.789 | 67.702 | 71.844 | 77.707 |
| Vísitala (VNV) fyrir tekjuár | 212,4 | 222,6 | 227,3 | 234,6 | 244,1 |

2. *Hverjar væru tekjur ríkis og sveitarfélaga af staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2006 ef hlutfallsskipting væri sú sama og árið 2002?*

Hlutfallsleg skipting milli stjórnsýslustiga sést í neðri hluta töflu 1. Ef hlutföllum álagningarársins 2002 er beitt á 153 milljarða álagða tekjuskatta ársins 2006 kæmi 71 milljarður kr. í hlut ríkisins en 82 milljarðar kr. í hlut sveitarfélaga.

3. *Hvert er hlutfall fjármagnstekjuskatts einstaklinga af staðgreiðslu opinberra gjalda sl. fimm ár og hver eru hlutföllin í öðrum löndum OECD?*

**Tafla 2: Hlutfall fjármagnstekjuskatts af tekjusköttum einstaklinga eftir álagningarárum.**

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hlutfall fjármagnstekjuskatts af tekjusköttum | 4,0% | 4,1% | 5,4% | 5,6% | 8,0% |

Fjármagnstekjur eru skattlagðar með mjög mismunandi hætti í aðildarríkjum OECD. Yfirleitt skiptir uppruni fjármagnsteknanna máli, hvort um er að ræða leigutekjur, vexti, arð eða hagnað af sölu eigna svo sem verðbréfa, hlutabréfa og annarra eigna. Ekki eru tiltækar sambærilegar upplýsingar fyrir aðildarríki OECD um skattlagningu þeirra þátta sem mynda skatt-

stofn fjármagnstekjuskatts hér á landi og raunar takmarkaðar upplýsingar um skattlagningu þeirra fjármagnstekna sem hægt er að greina frá öðrum tekjum.

4. *Hve háir skattar eru greiddir af fjármagnstekjum í öðrum löndum OECD? Óskað er eftir upplýsingum um eftirfarandi:*
   a. *skatta einstaklings með*
      1. *launatekjur 2.500.000 kr. og fjármagnstekjur 100.000 kr.,*
      2. *launatekjur 100.000 kr. og fjármagnstekjur 2.500.000 kr.,*
      3. *launatekjur 5.000.000 kr. og fjármagnstekjur 250.000 kr.,*
      4. *launatekjur 250.000 kr. og fjármagnstekjur 5.000.000 kr.,*
   b. *skatta hjóna með*
      1. *launatekjur 7.500.000 kr. og fjármagnstekjur 750.000 kr.,*
      2. *launatekjur 750.000 kr. og fjármagnstekjur 7.500.000 kr.,*
      3. *launatekjur 100.000 kr. og fjármagnstekjur 10.000.000 kr.,*
      4. *launatekjur 10.000.000 kr. og fjármagnstekjur 100.000 kr.*

Eins og kemur fram í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar eru mjög mismunandi reglur um skattlagningu fjármagnstekna einstaklinga í aðildarríkjum OECD. Hið sama gildir um skattlagningu annarra tekna. Þá er almennt launastig mjög mismunandi. Því er ógerlegt að reikna út skatta fyrir mismunandi aðildarríki samtakanna og niðurstaðan væri algerlega ósambærileg milli landa þótt hún lægi fyrir.

5. *Hver er skoðun ráðherra á því að sveitarfélögin fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti?*

Sveitarfélög fá nú þegar hlutdeild í fjármagnstekjuskatti, svo og öðrum skattstofnum ríkisins, í gegnum framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en til hans rennur lögákveðið hlutfall af öllum skatttekjum ríkisins.

## 721. Svar [370. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um tekjur sveitarfélaga af einkahlutafélögum.

1. *Hvaða sveitarfélög hafa orðið fyrir umtalsverðu tekjutapi vegna fjölgunar einkahlutafélaga og í hve miklum mæli er tekjutapið? Í svarinu verði bornar saman tekjur viðkomandi sveitarfélaga sl. fjögur ár og tekjur þeirra næstu fjögur ár áður en skattalögum var breytt með lögum nr. 133/2001.*

Ráðuneytið hefur ekki athugað hvort sveitarfélög hafi orðið fyrir tekjutapi við breytingu á rekstrarformi fyrirtækja í einkahlutafélög. Upplýsingar um fjölda einstaklinga sem fært hafa rekstur sinn yfir í einkahlutafélag og áhrif þess á útsvarsstofn eigenda liggja ekki fyrir hjá ríkisskattstjóra. Án framangreindra upplýsinga er ógerningur að meta áhrif breytts rekstrarforms á útsvarsstofn sveitarfélaga og allar tölur í því sambandi geta einungis verið ágiskanir.

Breytingar sem gerðar voru á skattalögum með lögum nr. 133/2001 hafa haft margvísleg efnahagsleg áhrif. Lækkun tekjuskatts á fyrirtæki hefur leyst úr læðingi aukin umsvif í atvinnulífinu, skapað fleiri störf og auknar atvinnutekjur einstaklinga sem hafa skilað sér í hækkun á útsvarsstofni sveitarfélaga. Þá má jafnframt geta þess að samhliða breytingum á skattalögum voru reglur um reiknað endurgjald eigenda einkahlutafélaga hertar.

Skattkerfisbreytingar á undanförnum árum hafa að sama skapi aukið skatttekjur ríkissjóðs, þ.m.t. vegna aukins fjármagnstekjuskatts. Sú aukning hefur skilað sér í stórauknu framlagi

ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem sjóðurinn fær fast hlutfall innheimtra skatttekna ríkissjóðs. Að raunvirði nemur hækkun á framlagi ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs 39% milli áranna 2001 og 2005.

Með hliðsjón af framangreindu er því tæpast hægt að fullyrða að sveitarfélögin hafi almennt orðið fyrir tekjutapi vegna umræddra skattalagabreytinga. Á hitt má þó benda að aðstöðumunur sveitarfélaga til tekjuöflunar hefur aukist á undanförnum árum og ekki er útilokað að umræddar skattalagabreytingar hafi haft þar einhver áhrif. Reglur um úthlutun á 700 millj. kr. aukaframlagi ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árunum 2006–2008 miða m.a. að því að draga úr áhrifum aðstöðumunarins með því að veita sérstök framlög til sveitarfélaga þar sem útsvarsstofn hefur hækkað minna en launavísitala Hagstofu Íslands.

Í töflu hér á eftir koma fram upplýsingar, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum miðað við núverandi sveitarfélagaskipan, um reiknaðar útsvarstekjur sveitarfélaga á árunum 1998–2005. Jafnframt kemur fram breyting á útsvarstekjum, annars vegar milli áranna 1998 og 2001 og hins vegar milli áranna 2002 og 2005, ásamt breytingu á íbúafjölda milli áranna 2002 og 2005. Eins og sést í töflunni lækkuðu útsvarstekjur hjá tveimur sveitarfélögum milli áranna 2002 og 2005. Líklegasta ástæða þess að útsvarstekjur standa í stað eða lækka er að skattgreiðendum í sveitarfélaginu fækkar, t.d. vegna íbúafækkunar, minnkandi atvinnuþátttöku eða aukins atvinnuleysis. Þar sem samdráttur í útsvarstekjum er umfram íbúafækkun má hugsanlega álykta að fjölgun einkahlutafélaga geti verið ein af skýringum samdráttar.

2. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að sveitarfélögum verði bætt það tekjutap sem þau hafa orðið fyrir af völdum fyrrnefndrar lagabreytingar?*

Eins og áður segir hefur heildarútsvarsstofn sveitarfélaga hækkað umtalsvert frá því að lagabreytingin tók gildi. Hið sama má raunar segja um aðra tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. fasteignaskattsstofn og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Milli áranna 2002 og 2005 hækkuðu heildarskatttekjur sveitarfélaga um 30,2%.

Það er rétt að geta þess jafnframt að frá því að umræddar lagabreytingar tóku gildi hafa verið gerðar ýmsar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga.

Að tillögu tekjustofnanefndar sem starfaði á árinu 2000 og var skipuð fulltrúum ríkis og sveitarfélaga voru útsvarsheimildir sveitarfélaga rýmkaðar með hækkun hámarksútsvars úr 12,04% í 12,70% árið 2001 og 13,03% árið 2002. Hækkun hámarksútsvars hefur skilað sveitarfélögunum verulegum tekjuauka sem nam til að mynda tæplega 6 milljörðum kr. á síðasta ári, miðað við fullnýtingu útsvarsheimilda og að teknu tilliti til hlutdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjustofnanefnd sem skipuð var í tengslum við sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga til eflingar sveitarstjórnarstigsins skilaði í mars 2005 tillögum til ráðherra um ýmsar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Tillögur nefndarinnar, sem koma til framkvæmda í áföngum á árunum 2005–2008, fela í sér varanlega tekjuaukningu fyrir sveitarfélögin sem nemur rúmlega 1,5 milljörðum kr. á ári en á árunum 2005–2008 nema fjárhagsleg áhrif tillagna nefndarinnar og annarra breytinga sem gerðar voru á tekjustofnum sveitarfélaga á starfstíma nefndarinnar samtals um 9,5 milljörðum kr. Í þeim tillögum er lögð sérstök áhersla á að jafna aðstöðumun sveitarfélaga. Á grundvelli tillagna tekjustofnanefndar hefur ráðherra jafnframt skipað nefnd til að endurskoða reglur um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og stendur sú endurskoðun nú yfir.

Frekari breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru ekki áformaðar á yfirstandandi kjörtímabili.

## Útsvarstekjur sveitarfélaga 1998–2005, millj. kr. á verðlagi hvers árs.*

| Svf. nr. | Sveitarfélag | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Breyting tekna 1998–2001 | Breyting tekna 2002–2005 | Breyting íbúafjölda 2002–2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0000 | Reykjavíkurborg | 15.166.790 | 16.888.245 | 19.069.032 | 21.868.843 | 23.781.557 | 24.725.335 | 27.130.197 | 29.485.664 | 44% | 24% | 2% |
| 1000 | Kópavogsbær | 2.977.166 | 3.430.463 | 3.950.565 | 4.703.790 | 5.206.691 | 5.550.642 | 6.116.301 | 6.870.061 | 58% | 32% | 6% |
| 1100 | Seltjarnarnesbær | 741.180 | 801.021 | 879.384 | 1.008.859 | 1.094.764 | 1.138.634 | 1.224.006 | 1.405.003 | 36% | 28% | -3% |
| 1300 | Garðabær | 1.231.669 | 1.358.408 | 1.518.191 | 1.826.613 | 2.023.900 | 2.160.098 | 2.384.673 | 2.771.051 | 48% | 37% | 8% |
| 1400 | Hafnarfjarðarbær | 2.384.708 | 2.693.473 | 3.056.071 | 3.655.165 | 4.030.608 | 4.313.906 | 4.809.770 | 5.348.299 | 53% | 33% | 9% |
| 1603 | Sveitarfélagið Álftanes | 179.792 | 203.385 | 237.856 | 321.954 | 355.946 | 389.725 | 446.961 | 527.663 | 79% | 48% | 23% |
| 1604 | Mosfellsbær | 714.541 | 812.982 | 934.223 | 1.125.172 | 1.237.737 | 1.323.162 | 1.472.851 | 1.692.238 | 57% | 37% | 11% |
| 1606 | Kjósarhreppur | 14.777 | 15.314 | 19.055 | 20.421 | 25.479 | 25.661 | 27.913 | 30.851 | 38% | 21% | 10% |
| 2000 | Reykjanesbær | 1.411.551 | 1.545.407 | 1.726.149 | 1.993.461 | 2.074.213 | 2.134.873 | 2.285.886 | 2.526.211 | 41% | 22% | 4% |
| 2300 | Grindavíkurbær | 302.677 | 321.713 | 355.071 | 416.171 | 455.611 | 465.794 | 487.812 | 532.654 | 37% | 17% | 10% |
| 2503 | Sandgerðisbær | 159.723 | 171.800 | 194.597 | 231.046 | 244.744 | 245.448 | 265.638 | 306.537 | 45% | 25% | 10% |
| 2504 | Sveitarfélagið Garður | 166.677 | 154.770 | 163.142 | 198.340 | 222.351 | 232.375 | 252.702 | 282.263 | 19% | 27% | 11% |
| 2506 | Sveitarfélagið Vogar | 84.251 | 93.682 | 104.123 | 130.796 | 148.365 | 157.151 | 172.150 | 206.640 | 55% | 39% | 18% |
| 3000 | Akraneskaupstaður | 706.680 | 755.293 | 840.927 | 1.008.858 | 1.104.429 | 1.121.905 | 1.220.055 | 1.356.466 | 43% | 23% | 3% |
| 3506 | Skorradalshreppur | 6.028 | 6.509 | 6.316 | 8.248 | 9.601 | 9.579 | 13.116 | 16.181 | 37% | 69% | -7% |
| 3511 | Hvalfjarðarsveit | 66.354 | 67.154 | 75.548 | 90.572 | 96.217 | 95.646 | 107.793 | 127.743 | 36% | 33% | 11% |
| 3609 | Borgarbyggð | 352.305 | 382.303 | 419.656 | 498.123 | 539.438 | 577.416 | 623.874 | 722.053 | 41% | 34% | 6% |
| 3709 | Grundarfjarðarbær | 112.130 | 121.719 | 126.480 | 151.428 | 168.219 | 162.544 | 178.602 | 198.863 | 35% | 18% | 1% |
| 3710 | Helgafellssveit | 6.368 | 6.709 | 7.039 | 8.308 | 8.681 | 8.902 | 7.244 | 9.492 | 30% | 9% | -2% |
| 3711 | Stykkishólmsbær | 162.073 | 173.846 | 191.702 | 223.826 | 232.681 | 225.985 | 242.108 | 250.308 | 38% | 8% | -5% |
| 3713 | Eyja- og Miklaholtshreppur | 12.013 | 11.763 | 12.763 | 14.358 | 18.359 | 21.823 | 25.073 | 30.035 | 20% | 64% | 16% |
| 3714 | Snæfellsbær | 223.432 | 257.749 | 263.396 | 331.666 | 340.750 | 334.556 | 360.660 | 367.682 | 48% | 8% | -2% |
| 3811 | Dalabyggð | 84.332 | 86.949 | 94.586 | 105.224 | 116.754 | 116.868 | 123.569 | 135.458 | 25% | 16% | -5% |
| 4100 | Bolungarvíkurkaupstaður | 141.997 | 152.870 | 161.402 | 177.276 | 183.816 | 188.204 | 197.169 | 204.292 | 25% | 11% | -4% |
| 4200 | Ísafjarðarbær | 587.040 | 611.370 | 625.239 | 730.411 | 783.567 | 802.405 | 856.519 | 912.713 | 24% | 16% | -1% |
| 4502 | Reykhólahreppur | 33.189 | 37.884 | 40.708 | 49.275 | 49.343 | 48.940 | 49.972 | 49.350 | 48% | 0% | -13% |
| 4604 | Tálknafjarðarhreppur | 43.806 | 50.343 | 51.868 | 60.710 | 63.643 | 61.506 | 59.767 | 58.527 | 39% | -8% | -14% |
| 4607 | Vesturbyggð | 157.035 | 172.038 | 165.865 | 196.270 | 202.521 | 199.772 | 202.761 | 201.956 | 25% | 0% | -14% |
| 4803 | Súðavíkurhreppur | 32.540 | 34.886 | 35.057 | 38.095 | 45.969 | 45.304 | 48.494 | 48.073 | 17% | 5% | 0% |

| Svf. nr. | Sveitarfélag | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Breyting tekna 1998–2001 | Breyting tekna 2002–2005 | Breyting íbúafjölda 2002–2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4901 | Árneshreppur | 6.530 | 6.803 | 6.934 | 7.357 | 8.395 | 8.592 | 10.956 | 9.984 | 13% | 19% | -15% |
| 4902 | Kaldrananeshreppur | 16.944 | 19.200 | 19.377 | 22.510 | 24.065 | 22.297 | 23.416 | 23.758 | 33% | -1% | -15% |
| 4908 | Bæjarhreppur | 9.660 | 10.545 | 11.248 | 14.966 | 15.118 | 16.303 | 15.879 | 15.835 | 55% | 5% | 12% |
| 4911 | Strandabyggð | 72.691 | 73.513 | 78.054 | 82.009 | 92.387 | 91.407 | 96.067 | 103.406 | 13% | 12% | -8% |
| 5200 | Sveitarfélagið Skagafjörður | 474.284 | 518.107 | 558.485 | 652.643 | 714.124 | 747.458 | 807.714 | 846.235 | 38% | 18% | -1% |
| 5508 | Húnaþing vestra | 129.963 | 136.883 | 151.879 | 174.390 | 191.405 | 193.182 | 209.287 | 227.500 | 34% | 19% | -3% |
| 5604 | Blönduóssbær | 122.757 | 127.851 | 138.202 | 160.645 | 167.149 | 177.793 | 193.487 | 193.976 | 31% | 16% | -4% |
| 5609 | Höfðahreppur | 88.498 | 109.687 | 103.757 | 115.721 | 124.334 | 124.759 | 126.197 | 126.341 | 31% | 2% | -9% |
| 5611 | Skagabyggð | 7.475 | 8.027 | 8.742 | 11.203 | 10.719 | 11.506 | 12.112 | 10.692 | 50% | 0% | -2% |
| 5612 | Húnavatnshreppur | 46.854 | 52.866 | 56.141 | 65.546 | 71.020 | 69.298 | 73.555 | 77.257 | 40% | 9% | -8% |
| 5706 | Akrahreppur | 19.448 | 20.043 | 21.901 | 28.723 | 30.001 | 33.663 | 34.023 | 38.126 | 48% | 27% | -4% |
| 6000 | Akureyrarkaupstaður | 1.933.765 | 2.085.542 | 2.273.271 | 2.715.399 | 2.972.707 | 3.122.045 | 3.352.704 | 3.670.945 | 40% | 23% | 4% |
| 6100 | Norðurþing | 439.465 | 449.251 | 463.546 | 523.402 | 567.500 | 582.189 | 614.719 | 645.825 | 19% | 14% | -6% |
| 6250 | Fjallabyggð | 371.511 | 399.874 | 399.692 | 464.387 | 509.035 | 499.540 | 504.727 | 520.572 | 25% | 2% | -8% |
| 6400 | Dalvíkurbyggð | 247.224 | 260.632 | 264.028 | 324.703 | 359.919 | 363.998 | 363.220 | 387.504 | 31% | 8% | -6% |
| 6501 | Grímseyjarhreppur | 14.376 | 19.767 | 20.106 | 19.863 | 23.402 | 23.369 | 21.675 | 26.243 | 38% | 12% | 15% |
| 6506 | Arnarneshreppur | 21.263 | 23.944 | 26.700 | 28.526 | 31.063 | 32.337 | 34.828 | 35.574 | 34% | 15% | -5% |
| 6513 | Eyjafjarðarsveit | 97.821 | 108.571 | 123.646 | 140.927 | 154.673 | 161.840 | 179.436 | 193.892 | 44% | 25% | 0% |
| 6514 | Hörgárbyggð | 39.564 | 42.289 | 45.611 | 53.278 | 57.824 | 60.891 | 64.117 | 73.495 | 35% | 27% | 8% |
| 6601 | Svalbarðsstrandarhreppur | 36.606 | 41.659 | 47.778 | 54.121 | 62.546 | 60.731 | 65.573 | 74.665 | 48% | 19% | 1% |
| 6602 | Grýtubakkahreppur | 46.259 | 53.148 | 54.585 | 69.831 | 77.987 | 78.696 | 80.374 | 79.048 | 51% | 1% | -7% |
| 6607 | Skútustaðahreppur | 51.220 | 55.832 | 59.068 | 71.884 | 83.248 | 81.237 | 84.836 | 87.616 | 40% | 5% | -6% |
| 6609 | Aðaldælahreppur | 31.559 | 30.908 | 31.525 | 37.438 | 41.759 | 45.729 | 46.562 | 48.200 | 19% | 15% | -6% |
| 6611 | Tjörneshreppur | 6.893 | 6.944 | 7.264 | 8.276 | 9.549 | 9.900 | 10.581 | 11.957 | 20% | 25% | -6% |
| 6612 | Þingeyjarsveit | 74.784 | 76.854 | 81.045 | 95.992 | 101.362 | 106.547 | 108.986 | 119.796 | 28% | 18% | -6% |
| 6706 | Svalbarðshreppur | 11.230 | 10.878 | 13.009 | 15.021 | 17.433 | 19.631 | 20.126 | 19.987 | 34% | 15% | -9% |
| 6709 | Langanesbyggð | 83.868 | 81.490 | 83.145 | 100.186 | 107.361 | 110.156 | 125.345 | 125.825 | 19% | 17% | -1% |
| 7000 | Seyðisfjarðarkaupstaður | 108.256 | 117.493 | 115.709 | 133.163 | 144.712 | 149.846 | 159.740 | 173.639 | 23% | 20% | -3% |
| 7300 | Fjarðabyggð | 603.650 | 611.127 | 625.285 | 744.292 | 839.644 | 871.615 | 954.198 | 1.182.369 | 23% | 41% | 21% |
| 7502 | Vopnafjarðarhreppur | 98.020 | 104.655 | 109.529 | 129.269 | 145.016 | 144.449 | 153.093 | 150.865 | 32% | 4% | -5% |

| Svf. nr. | Sveitarfélag | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Breyting tekna 1998–2001 | Breyting tekna 2002–2005 | Breyting íbúafjölda 2002–2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7505 | Fljótsdalshreppur | 7.042 | 7.044 | 8.373 | 8.812 | 11.654 | 42.383 | 128.662 | 140.795 | 25% | 1108% | 323% |
| 7509 | Borgarfjarðarhreppur | 16.407 | 16.880 | 18.897 | 23.712 | 24.615 | 23.697 | 23.433 | 25.056 | 45% | 2% | 4% |
| 7613 | Breiðdalshreppur | 30.966 | 31.018 | 34.212 | 42.452 | 45.075 | 45.211 | 46.630 | 47.226 | 37% | 5% | -13% |
| 7617 | Djúpavogshreppur | 60.639 | 61.462 | 71.586 | 88.655 | 88.907 | 92.608 | 100.248 | 100.561 | 46% | 13% | -8% |
| 7620 | Fljótsdalshérað | 303.349 | 338.016 | 360.673 | 438.861 | 458.896 | 604.744 | 1.061.548 | 1.095.206 | 45% | 139% | 40% |
| 7708 | Sveitarfélagið Hornafjörður | 296.747 | 315.349 | 328.790 | 385.401 | 425.353 | 424.496 | 429.347 | 455.319 | 30% | 7% | -6% |
| 8000 | Vestmannaeyjabær | 674.173 | 688.548 | 692.899 | 848.434 | 919.381 | 889.290 | 913.004 | 974.683 | 26% | 6% | -6% |
| 8200 | Sveitarfélagið Árborg | 693.319 | 778.479 | 862.982 | 1.039.888 | 1.130.408 | 1.201.592 | 1.325.864 | 1.493.299 | 50% | 32% | 13% |
| 8508 | Mýrdalshreppur | 55.771 | 59.596 | 62.995 | 79.510 | 80.317 | 82.764 | 94.902 | 96.492 | 43% | 20% | -1% |
| 8509 | Skaftárhreppur | 57.433 | 59.935 | 64.249 | 72.768 | 81.810 | 86.217 | 96.106 | 97.714 | 27% | 19% | -6% |
| 8610 | Ásahreppur | 13.200 | 15.537 | 17.890 | 21.063 | 21.348 | 23.765 | 28.023 | 32.630 | 60% | 53% | 17% |
| 8613 | Rangárþing eystra | 175.318 | 189.686 | 201.480 | 236.540 | 258.086 | 262.799 | 282.808 | 312.774 | 35% | 21% | 1% |
| 8614 | Rangárþing ytra | 155.058 | 168.751 | 189.239 | 223.580 | 239.479 | 245.788 | 263.222 | 282.564 | 44% | 18% | 1% |
| 8710 | Hrunamannahreppur | 65.045 | 75.372 | 78.515 | 96.447 | 105.628 | 108.173 | 121.379 | 130.487 | 48% | 24% | 3% |
| 8716 | Hveragerðisbær | 188.152 | 219.263 | 244.340 | 296.281 | 316.467 | 326.885 | 376.401 | 409.531 | 57% | 29% | 11% |
| 8717 | Sveitarfélagið Ölfus | 199.007 | 227.446 | 245.788 | 282.377 | 316.711 | 323.560 | 346.393 | 381.463 | 42% | 20% | 4% |
| 8719 | Grímsnes- og Grafningshreppur | 38.108 | 46.927 | 40.364 | 50.037 | 56.480 | 59.731 | 68.396 | 79.180 | 31% | 40% | -1% |
| 8720 | Skeiða- og Gnúpverja-hreppur | 52.380 | 59.311 | 66.655 | 70.011 | 78.391 | 81.868 | 92.914 | 90.269 | 34% | 15% | 3% |
| 8721 | Bláskógabyggð | 82.310 | 93.563 | 104.626 | 130.497 | 139.886 | 152.295 | 162.363 | 206.160 | 59% | 47% | 4% |
| 8722 | Flóahreppur | 43.574 | 48.000 | 50.981 | 67.798 | 75.048 | 72.409 | 82.459 | 90.276 | 56% | 20% | 3% |
| | **Samanlagðar útsvarstekjur** | **36.783.260** | **40.584.616** | **45.070.809** | **52.762.077** | **57.495.352** | **60.055.437** | **65.985.272** | **72.517.137** | **43%** | **26%** | **4%** |

* Miðað við fullnýtingu heimildar til útsvarsálagningar, að teknu tilliti til 0,77% hlutdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum, þ.e. 11,27% á árunum 1998 til 2000, 11,93% á árinu 2001 og 12,26% á árunum 2002 til 2005.

# 722. Svar [427. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um kostnað við stuðningsaðgerðir í Írak.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver hefur kostnaður íslenska ríkisins verið við stuðningsaðgerðir í Írak, svo sem flutning gagna og störf Landhelgisgæslunnar við sprengjuleit?*

Íslensk stjórnvöld hafa ráðstafað 388,7 millj. kr. til aðstoðar við Írak, sbr. sundurliðun hér á eftir.

Ríkisstjórnin samþykkti hinn 8. apríl 2003 að veita 300 millj. kr. til neyðar- og mannúðaraðstoðar og enduruppbyggingarstarfs í Írak. 100 millj. kr. voru ætlaðar til neyðar- og mannúðaraðstoðar og 200 millj. kr. til enduruppbyggingarstarfs. Þessum fjármunum hefur verið ráðstafað með eftirfarandi hætti:

| | | Framlag (millj. kr.) |
|---|---|---|
| **Neyðar- og mannúðaraðstoð** | | |
| 2003 | Rauði kross Íslands | 40,0 |
| | Rauði kross Íslands – fjármögnun sendifulltrúa | 7,0 |
| | Hjálparstarf kirkjunnar | 10,0 |
| | Barnaheill | 7,0 |
| | Matvælaaðstoð á vegum Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna | 18,0 |
| | Jarðsprengjuleit á vegum Íslensku friðargæslunnar | 9,0 |
| 2004 | Matvælagjöf í skólum á vegum Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna | 9,0 |
| | **Samtals** | **100,0** |
| **Uppbyggingarstarf** | | |
| 2004 | Fjölþjóðlegur endurreisnarsjóður á vegum Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna | 36,1 |
| | Fjölþjóðlegur endurreisnarsjóður á vegum Alþjóðabankans | 71,6 |
| 2005 | Stoðtækjaverkefni í samstarfi við Össur hf. | 69,0 |
| | Stoðtækjaverkefni í samstarfi við Össur hf.[1] | 23,0 |
| | **Samtals** | **199,7** |
| Auk ofangreinds stuðnings hefur eftirfarandi aðstoð verið veitt til Íraks: | | |
| **Önnur verkefni** | | |
| 2005 | Söfnunarsjóður NATO vegna þjálfunar íraskra öryggissveita | 11,8 |
| | Fjölmiðlafulltrúi á vegum Íslensku friðargæslunnar | 8,3 |
| 2006 | Söfnunarsjóður NATO vegna þjálfunar íraskra öryggissveita | 12,9 |
| | Flutningar hergagna vegna stuðningsaðgerða NATO | 44,0 |
| | Fjölmiðlafulltrúi á vegum Íslensku friðargæslunnar[2] | 12,0 |
| | **Samtals** | **89,0** |

1 Stoðtækjaverkefni unnið samkvæmt samningi við Össur hf. að upphæð 92 millj. kr. Lokagreiðsla að upphæð 23 millj. kr. ógreidd þar sem enn er unnið að verkefninu.

2 Áætlaður kostnaður.

## 723. Svar [326. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Björns Inga Hrafnssonar um almenningssamgöngur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Telur ráðherra koma til greina að ríkið taki þátt í kostnaði sveitarfélaga við rekstur almenningssamgangna og þá hvernig?*

Starfræksla almenningssamgangna er ekki lögbundið hlutverk sveitarfélaganna. Engu að síður veita flest fjölmennustu sveitarfélög landsins slíka þjónustu ýmist í samstarfi, líkt og á höfuðborgarsvæðinu, eða á eigin spýtur, rétt eins og á Ísafirði, Akureyri og víðar. Almenningssamgöngur eru þjóðfélagslega hagkvæmar auk þess sem þær stuðla að margvíslegum umhverfislegum ávinningi, svo sem minni losun gróðurhúsalofttegunda, minni staðbundinni loft- og svifryksmengun og hljóðvist verður viðráðanlegri aukist almenningssamgöngur á kostnað notkunar einkabílsins.

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér það markmið í umhverfismálum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar frá 2002 um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar. Þar var eitt markmiðið að dregið yrði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum með eflingu almenningssamgangna.

Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög fari í sameiningu yfir þennan málaflokk með það að markmiði að bæta rekstrarskilyrði almenningssamgangna sem mörg sveitarfélög líta á sem mikilvægan hlekk í samfélagsþjónustu sinni. Umhverfisráðuneytið hefur nú þegar átt fund með fulltrúum Strætó bs. um þessi mál að þeirra ósk. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er stöðugt til skoðunar og mun umhverfisráðuneytið beita sér fyrir því að málefni almenningssamgangna verði tekin þar upp.

## 724. Svar [207. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um greiðslur fyrir fylgdarmenn langveikra barna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Stendur til að foreldrar langveikra barna fái greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tvo fylgdarmenn þegar barn þarf að fara utan í erfiða aðgerð? Ef svo er, hvenær má vænta þess?*
2. *Hversu mikill kostnaður yrði þessu fylgjandi fyrir Tryggingastofnun?*

Fyrirspurnin lýtur að reglugerð nr. 827/2002, um ferðastyrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar erlendis. Á umliðnum árum hafa reglur verið á þann veg að greitt er fyrir báða foreldra ef barn þarf að fara til útlanda í erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms. Í ákveðnum tilvikum hefur þá einnig verið greitt fyrir fagfylgd, oftast hjúkrunarfræðing eða lækni. Ef ekki hefur verið um að ræða erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms hefur jafnan verið greitt fyrir annað foreldrið. Á það m.a. við um að-

gerðir vegna missmíða á andliti eða eyrum, æðamissmíði í útlimum, skarð í góm og vör, kuðungsígræðslu, rannsóknir, leysimeðferð o.fl.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákvað fyrir nokkru að breyta framangreindri reglugerð í þá veru að ætíð skal greitt fyrir báða foreldra ef barn yngra en 18 ára þarf að fara utan vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar (eða tvo nánustu aðstandendur eftir því sem við á). Tók sú breyting gildi hinn 3. nóvember sl., sbr. reglugerð nr. 904/2006, um (1.) breytingu á reglugerð nr. 827/2002, um ferðastyrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar erlendis.

Framvegis verður því ætíð greitt fyrir tvo fylgdarmenn ef sjúklingur er yngri en 18 ára og þarf að fara í brýna sjúkdómsmeðferð til útlanda.

Á árinu 2005 var greiddur ferðastyrkur og uppihaldskostnaður vegna 55 barna sem fengu meðferð á erlendu sjúkrahúsi. Kostnaðurinn við það var tæplega 30 millj. kr. Kostnaðarsömustu ferðirnar eru vegna barna sem þurfa báða foreldra og fagfylgd með sér, en það á jafnan við um veikustu börnin og erfiðustu aðgerðirnar. Á árinu var greitt fyrir annað foreldrið í 27 tilvikum. Því má gera ráð fyrir að nýtilkomin reglugerðarbreyting hafi áhrif á ferðastyrk vegna 25–30 barna á ári. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins má ætla að um 10% kostnaðaraukningu verði að ræða.

## 725. Svar [180. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um þjónustu á hjúkrunarheimilum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
*Hvaða þjónusta fyrir hjúkrunarsjúkling er innifalin í daggjaldi á hjúkrunarheimili?*

Daggjöld hjúkrunarheimila eru ákvörðuð samkvæmt reiknilíkani ráðuneytisins og birt í reglugerð ráðherra í upphafi hvers árs. Við útreikning er RAI-mat hjúkrunarheimila lagt til grundvallar ásamt fjárheimildum í fjárlögum.

Daggjöld á stofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2006 eru greidd samkvæmt reglugerð nr. 1162/2005. Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslu daggjalda til hjúkrunarheimila samkvæmt reglugerðinni. Greitt er gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á hjúkrunarrýmum. Gjaldið árið 2006 er 2.226 kr. á $m^2$ á ári og reiknast að hámarki á 60 $m^2$ á hvert hjúkrunarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Daggjöldum og húsnæðisgjaldi vegna viðhalds er ætlað að standa undir öllum rekstrarkostnaði við þjónustu og kostnaði við að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um rekstur hjúkrunarheimilis í lögum, reglugerðum og skilmálablaði ráðuneytisins fyrir hjúkrunarheimili. Daggjöld og húsnæðisgjald vegna viðhalds miðast við að rekstraraðili beri fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum rekstri, þ.m.t. greiðslu launa, lífeyrisiðgjöldum vegna starfsmanna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum staðgengla vegna lengri veikinda, námsleyfa og námskostnaðar, svo og hugsanlegum bótakröfum frá vistmönnum. Hjúkrunarheimili er skylt að vera með sjúklingatryggingu skv. 10. gr. laga nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu.

Daggjald er greitt hjúkrunarheimili fyrir einn vistmann á sólarhring. Daggjald er greitt þrátt fyrir að vistmaður hverfi af stofnun í stuttan tíma, svo sem til aðstandenda yfir helgi eða

hátíðir, enda hafi heilbrigðisyfirvöld ekki aukakostnað af dvölinni. Fari vistmaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar er greitt 70% af daggjaldi stofnunar í allt að 30 daga. Ef vistmaður dvelur lengur en 30 daga á sjúkrahúsi ber að sækja um heimild ráðuneytisins fyrir greiðslu daggjalds umfram 30 daga. Við andlát vistmanns eða þegar vistmaður flytur fyrir fullt og allt af stofnun er greitt daggjald í allt að sjö daga.

Daggjald er greitt stofnun vegna króníska nýrnasjúklinga þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á Landspítala – háskólasjúkrahús. Sjúkrahúsið greiðir kostnað við lyfjagjöf eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á sjúkrahúsið. Greiddar eru 890 kr. á dag til viðbótar daggjaldi hjúkrunarheimilis fyrir hvern króníska nýrnasjúkling sem dvelst á hjúkrunarheimili og þarf blóðskilun á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Tryggja ber vistmönnum á hjúkrunarheimilum umönnun á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand vistmanns hverju sinni og eru í samræmi við þau markmið sem koma fram í 1. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og reglugerð nr. 422/1992, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu. Hjúkrunarheimili skal tryggja vistmönnum eftirfarandi þjónustu:

1. Hjúkrun og aðhlynningu.
2. Almenna læknishjálp og sérfræðilæknishjálp.
3. Lyf.
4. Rannsóknir og myndgreiningu.
5. Endurhæfingu, t.d. sjúkraþjálfun.
6. Hjálpartæki, þó ekki gleraugu, heyrnartæki eða hjólastóla.
7. Sjúkraflutning, annan en þann sem sjúkrahúsi ber að greiða.
8. Fullt fæði, sem m.a. tekur mið af manneldismarkmiðum Íslendinga ásamt sérfæði vegna ýmissa sjúkdóma og maukfæði.
9. Félagsþjónustu sem er við hæfi vistmanna og tryggir virkni þeirra.
10. Sálgæslu eftir viðurkenndum aðferðum, þ.m.t. heimsóknir til deyjandi eða mikið veikra, auk stuðnings við aðstandendur og starfsfólk.
11. Fjárvörslu og umsýslu fyrir heimilismenn. Hjúkrunarheimilið skal varðveita og halda utan um vasapeninga vistmanna með tryggum hætti ef vistmaður eða aðstandendur vistmanns óska þess.
12. Lín og fatnað. Hjúkrunarheimilið skal sjá vistmönnum fyrir sængurfatnaði, líni, nærfatnaði, hreinlætisvörum og þvotti. Enn fremur er heimilinu skylt að sjá um þvott á einkafatnaði vistmanna. Einkafatnað sem þarfnast meðhöndlunar í efnalaug eða handþvottar er hjúkrunarheimilinu þó ekki skylt að sjá um eða greiða fyrir.

Vistmönnum skal tryggð fullnægjandi hjúkrunar- og læknisþjónusta, sbr. 1. og 2. tölul. hér að framan, sem tekur mið af þörfum þeirra á hverjum tíma og styðst við viðurkennd viðmið.

Hjúkrunarheimilið skal skapa þannig umhverfi og andrúmsloft á heimilinu að vistfólki finnist aðstæður vera heimilislegar og notalegar. Stjórnendur heimilisins skulu sjá til þess að starfsfólk sýni virðingu og lipurð í samskiptum við vistmenn. Við val á starfsmönnum skal gera kröfu um hæfileika á sviði mannlegra samskipta.

Hjúkrunarheimili er heimilt að kaupa sérhæfða heilbrigðisþjónustu og stoðþjónustu af sjálfstætt starfandi aðilum enda tryggt að þeir uppfylli ekki minni kröfur en gerðar eru í skilmálablaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir hjúkrunarheimili.

Hjúkrunarheimilið framfylgir ákvæðum stjórnsýslulaga vegna þeirrar stjórnsýslu sem heimilinu er falið að annast og er hluti þeirrar þjónustu sem það á að veita. Um réttindi vist-

manna að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, þ.m.t. ákvæði er lúta að sjálfsákvörðunarrétti sjúklinga.

Skilmálablað um rekstur og uppbyggingu hjúkrunarheimila aldraðra má finna á vefslóðinni: http://www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Eydublod/Skilmalablad.pdf.

## 726. Svar [228. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur og Jóns Kristjánssonar um norðurskautsmál.

1. *Hvaða aðgerðum hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir eða hyggst beita sér fyrir til að framfylgja ACIA-stefnuskjalinu um loftslagsbreytingar frá fundi Norðurskautsráðsins í Reykjavík í nóvember 2004?*

Stefnuskjalið byggist á yfirgripsmikilli vísindaskýrslu um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum (ACIA), sem unnin var á vegum Norðurskautsráðsins þegar Ísland fór með formennsku í ráðinu á árunum 2002–2004. Ísland hafði þá forystu um samantekt stefnuskjalsins, en í því endurspeglast samstaða allra aðildarríkja Norðurskautsráðsins um aukna áherslu á loftslagsrannsóknir á norðurslóðum og mikilvægi aðlögunar að áhrifum loftslagsbreytinga, auk þess sem hvatt var til ráðstafana til að draga úr slíkum áhrifum.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt sig fram um að framfylgja markmiðum ACIA-stefnuskjalsins. Þetta kemur m.a. fram í viðleitni stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á grundvelli Kyoto-bókunarinnar við Loftlagssamning Sameinuðu þjóðanna. Nýting innlendra orkugjafa hefur verið aukin með það fyrir augum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, unnið er að bindingu gróðurhúsalofttegunda með landgræðslu og skógrækt, auk þess sem rannsakaðir hafa verið möguleikar á slíkri bindingu beint í jarðvegi með nýrri tækni.

Íslendingar eru í forystu við nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, sem sjá fyrir meira en 70 af hundraði allrar orkunotkunar landsmanna, langt umfram þær þjóðir sem næstar koma. Jarðhiti er notaður til að hita um 88% alls húsrýmis á Íslandi og reynslu Íslendinga á sviði jarðhitanýtingar er miðlað til annarra ríkja með starfi Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna og með þátttöku í jarðhitaverkefnum erlendis.

Áhersla hefur jafnframt verið lögð á að kanna leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með aðgerðum á sviði orkunýtingar og orkutækni, þar á meðal þróun vetnistækni, sem gera mundi Íslendingum kleift að nýta hreina innlenda frumorkugjafa í samgöngum. Ísland er stofnaðili að Alþjóðavetnisvettvangnum (IPHE) og frumkvöðlaverkefni á sviði vetnisnýtingar á Íslandi hafa vakið alþjóðlega athygli. Ísland hefur haft frumkvæði á alþjóðavettvangi að umfjöllum um þýðingu þessara tækninýjunga fyrir þróunarríki. Haldin var alþjóðaráðstefna um sjálfbæra orkunýtingu í þróunarríkjum með áherslu á jarðhita og vetnistækni í september 2006, sem utanríkisráðuneyti stóð að ásamt iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti í samvinnu við efnahags- og félagsmálaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (DESA) og IPHE.

Aðlögun á Íslandi að áhrifum loftslagsbreytinga hefur fyrst og fremst falist í ströngum byggingarkröfum til hafnarmannvirkja sem hönnuð eru með tilliti til hugsanlegar hækkunar sjávarmáls og vaxandi óstöðugleika veðurfars sem kann að tengjast loftslagsbreytingum. Aðlögun útheimtir jafnframt frekari rannsóknir á líklegum afleiðingum loftslagsbreytinga í

okkar heimshluta. Nokkur þeirra íslensku rannsóknaverkefna sem tengjast Alþjóðlega heimskautaárinu 2007–2008 snúa að loftslagsbreytingum, en utanríkisráðuneytið stýrir starfi hinnar íslensku undirbúningsnefndar ársins.

Umhverfisráðuneytið tók saman að beiðni Vísinda- og tækniráðs árið 2005 yfirlit um framkvæmd loftslagssamningsins, rannsóknir og möguleika sem í honum felast fyrir íslenskt þekkingarsamfélag. Þar kemur fram að íslenskir vísindamenn og háskólastofnanir taka þátt í fjölmörgum alþjóðlegum rannsóknar- og samstarfsverkefnum sem tengjast loftslagsbreytingum á norðurslóðum. Vestnorræn rannsókn á afleiðingum loftslagsbreytinga á endurnýjanlegar orkulindir er dæmi um slíkt rannsóknarverkefni, en niðurstöður hennar voru kynntar á ráðstefnu í Reykjavík sumarið 2006.

Rannsóknir þessar snúa ekki síst að nánasta umhverfi Íslendinga, þar sem talið er hugsanlegt að breytingar í straumakerfi kunni að valda tímabundinni kólnun. Haldin var ráðstefna í september 2006 um sambandið á milli loftslagsbreytinga og hafstauma í norðurhluta Norður-Atlantshafs og áhrif þeirra á vistkerfi hafsins, sem umhverfisráðuneytið stóð að í samvinnu við utanríkisráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið og menntamálaráðuneytið. Í kjölfar hennar var ákveðið að efna til norrænnar samvinnu um gerð loftslagslíkana sem byggi á þekkingu og rannsóknum á straumakerfinu í Norður-Atlantshafi.

Þá má nefna skýrslu sem utanríkisráðuneytið gaf út árið 2005 undir heitinu „Fyrir stafni haf“ um siglingaþróun á norðurslóðum í tengslum við loftslagsbreytingar og aukna sókn í auðlindir norðursins. Skýrslunni verður fylgt eftir með alþjóðlegri ráðstefnu á Akureyri í mars 2007. Ísland hefur jafnframt fylgt ACIA-stefnuskjalinu eftir á vettvangi Norðurskautsráðsins með þátttöku í fjölmörgum verkefnum á sviði loftslagsmála og stuðningi við skrifstofurekstur tveggja vinnuhópa ráðsins á Akureyri.

2. *Hafa verið eða munu verða veittir fjármunir til að tryggja að fylgst verði áfram með loftslagsbreytingum og mengunaráhrifum á norðurslóðum?*

Fylgst er með loftslagsbreytingum og mengunaráhrifum á norðurslóðum á margvíslegan hátt og er ógjörlegt að gera fulla grein fyrir fjárveitingum til rannsókna á þeim. Sé einungis litið til starfsemi á vettvangi Norðurskautsráðsins felst framlag Íslands m.a. í að leggja til aðstöðu og stóran hluta rekstrarfjár fyrir skrifstofur tveggja starfshópa, um vernd gróðurs og dýraríkis á norðlægum slóðum (CAFF) og vernd vistkerfis hafsins (PAME). Framlög til þessara skrifstofa nema í fjárlögum fyrir árið 2007 samtals 17,9 millj. kr. Að auki tekur Ísland þátt í starfsemi fleiri starfshópa Norðurskautsráðsins, sem allir vinna að meira eða minna leyti að verkefnum tengdum loftslagsbreytingum og mengunarvörnum á norðurslóðum. Kostnaður er vegna þátttöku Íslands í þessu starfi sem skiptist á ýmsar stofnanir og ráðuneyti og hefur því ekki verið sérstaklega tekinn saman.

Mengunarvöktun hefur verið stunduð í hafinu umhverfis Ísland um langt árabil, þótt ekki væri litið á hana sem sérstakt framlag til samstarfs á norðurslóðum. Hið sama er að segja um veðurrannsóknir og hafísvöktun sem er fastur liður í starfi Veðurstofunnar. Í raun snertir stór hluti allra rannsókna á Íslandi, sem tengjast legu landsins, náttúruskilyrðum, lífríki og öðrum umhverfisþáttum, loftslagsbreytingum á norðurslóðum með einum eða öðrum hætti. Ekki eru því forsendur til að áætla sérstaklega kostnað vegna rannsókna á áhrifum loftslagbreytinga eða mengunarvöktunar, enda eru þessi viðfangsefni óaðskiljanleg frá starfsemi stofnana á borð við Hafrannsóknastofnunina, Veðurstofu Íslands, Orkustofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Geislavarnir ríkisins o.fl.

3. *Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að hrinda í framkvæmd „mati á siglingum á Norðurheimskautssvæðinu" (The Arctic Marine Shipping Assessment) sem samþykkt var á fundi Norðurskautsráðsins í nóvember 2004?*

Íslendingar voru meðal hvatamanna að ákvörðun Norðurskautsráðsins um siglingamat á norðurheimskautssvæðinu (AMSA). Siglingastofnun hefur annast þátttöku Íslands í starfshópi sem vinnur að AMSA á vegum starfshóps Norðurskautsráðsins um vernd vistkerfis hafsins (PAME). Markmið hans er m.a. að kanna þörf á endurskoðun á viðeigandi reglum og samþykktum til að auka öryggi siglinga á norðurslóðum.

Siglingamatið skiptist í átta verkhluta og á því að vera lokið fyrir næsta ráðherrafund Norðurskautsársins árið 2008. Þeir snúa m.a. að yfirliti yfir núverandi umfang siglinga á norðurskautssvæðinu, mati á framtíðarþróun næstu áratugi, umhverfisáhrifum þeirra og þýðingu fyrir efnahags- og félagslega þróun á svæðinu. Kostnaður vegna verkefnisins á árunum 2005–2006 er áætlaður um tvær milljónir króna.

Utanríkisráðuneytið stendur að alþjóðlegri ráðstefnu sem mun tengjast vinnu AMSA-hópsins dagana 27.–28. mars nk. á Akureyri. Viðfangsefni ráðstefnunnar verður siglingaþróun á norðurslóðum og möguleg opnun nýrrar flutningaleiðar þvert yfir Norður-Íshafið.

4. *Hvaða alþjóðasamningar snerta málefni norðurskautsins? Hefur Ísland ekki skrifað undir eða fullgilt einhverja þeirra? Ef svo er, hvaða ástæður liggja þar til grundvallar?*

Ólíkt því sem við á um suðurskautssvæðið mælir enginn einn alþjóðasamningur fyrir um starfsemi ríkja á norðurskautssvæðinu. Sameininlegur samráðsvettvangur, Norðurskautsráðið, samhæfir störf hlutaðeigandi ríkja og frumbyggjasamfélaga á svæðinu, en tekst ekki á hendur lagalega samningsgerð.

Fjöldi alþjóðasamninga snertir hins vegar málefni norðurskautsins á einn eða annan hátt, þar á meðal á sviði umhverfisvöktunar, náttúrufars og mengunarvarna. Starf Norðurskautsráðsins snýr m.a. að framkvæmd þessara samninga í því skyni að takmarka umhverfisspjöll af mannavöldum og efla viðbúnað gegn umhverfisslysum á norðurslóðum í tengslum við auðlindanýtingu og vaxandi umferð á sjó og landi.

Meðal þeirra alþjóðasamninga sem sérstaka þýðingu hafa fyrir norðurskautssvæðið má nefna: Samning um loftmengun sem berst langar leiðir (Long-Range Transboundary Air Pollution), Samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR), ýmsa samninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), sem snúa að losun spilliefna frá skipum, öryggisbúnaði skipa og hönnun, auk þess sem Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna hefur augljósa þýðingu fyrir norðurskautssvæðið í heild sinni.

Tekið er mið af mikilvægi samninga fyrir Ísland við forgangsröðun til staðfestingar og bíða nokkrir staðfestingar. Margir tvíhliða samningar eiga einnig við um málefni norðurslóða, m.a. samningar um skiptingu hafsvæða milli nágrannaríkja og um fiskveiðar.

5. *Hvert er framlag Íslands til Alþjóðlega heimskautaársins 2007–2008 og hvaða fjármunum verður varið í það verkefni?*

Þátttaka Íslendinga í Alþjóðlega heimskautaárinu 2007–2008 er með margvíslegum hætti. Íslenskir vísindamenn og fræðimenn eiga aðild að yfir sextíu verkefnatillögum eða verkefnaþáttum sem tengjast hartnær 230 verkefnum sem hlotið hafa viðurkenningu undirbúningsnefndar Alþjóðlega heimskautaársins.

Starfandi er íslensk heimskautaársnefnd undir forystu utanríkisráðuneytisins með fulltrúum menntamálaráðuneytisins, umhverfisráðuneytisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Orku-

stofnunar, Háskóla Íslands, RANNÍS og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, jafnframt því sem fulltrúar Veðurstofunnar og Náttúrufræðistofnunar hafa sótt fundi nefndarinnar. Nefndin sér um að undirbúa og samhæfa þátttöku Íslendinga í heimskautaárinu, en veitir ekki fé til einstakra verkefna. Nefndin mun jafnframt sjá um að kynna Alþjóðlega heimskautaárið hér á landi og íslensk heimskautaársverkefni. Í því skyni hefur verið opnuð íslensk heimskautaársíða á veraldarvefnum (www.ipy.is) í tengslum við norðurslóðagáttina (arcticportal.org) sem Íslendingar eru að þróa í samvinnu við Norðurskautsráðið, Háskóla norðursins og fleiri. Íslenska heimskautaársnefndin hefur jafnframt beint því til Vísinda- og tækniráðs að það beiti sér fyrir því að fjárveitingar til ráðsins taki m.a. mið af Alþjóðlega heimskautaárinu.

Ólíklegt er að öllum verkefnatillögunum sem Íslendingar eiga aðild að verði hrint í framkvæmd. Nokkur verkefni eru þó vel á veg komin, sérstaklega þau sem fela í sér rannsóknir eða starfsemi sem þegar hefur verið fjármögnuð sem liður í almennri rannsóknar- eða vöktunarstarfsemi viðkomandi stofnana. Mörg verkefnanna njóta einnig stuðnings að utan, enda er alþjóðleg samvinna skilyrði fyrir viðurkenningu þeirra sem verkefna Alþjóðlega heimskautaársins.

Stefnt er að kynningu íslenskra heimskautaársverkefna við formlegt upphaf heimskautaársins 1. mars 2007 með sérstakri heimskautaárskynningu á norðurslóðagáttinni, sem hlotið hefur viðurkenningu sem heimskautaársverkefni. Gerður hefur verið samstarfssamningur við skrifstofu Alþjóðlega heimskautaársins um að norðurslóðagáttin verði notuð sem vettvangur fyrir heimskautaárið og heimskautaársverkefni. Þar verði aðgangur að vinnusvæðum verkefnanna og þar verði niðurstöður þeirra kynntar. Utanríkisráðuneytið hefur veitt þriggja milljóna króna styrk til þess að norðurslóðagáttin geti gegnt þessu hlutverki, auk þess sem Vaxtarsamningur Eyjafjarðar og Akureyrarbær hafa styrkt þróun vefgáttarinnar sem vistuð er hjá Háskólanum á Akureyri. Til athugunar er að halda heimskautaársráðstefnu hér á landi árið 2008 þar sem heimskautaársverkefnin verði kynnt og niðurstöður þeirra ræddar.

6. *Hvernig mun Ísland styðja Háskóla norðurslóða og árangursríkt starf hans til framtíðar?*

Íslendingar hafa tekið þátt í starfi Háskóla norðurslóða, og styrkt það á margvíslegan hátt. Háskólinn á Akureyri og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar tóku þátt í stofnun Háskóla norðurslóða árið 1998. Síðan hafa Kennaraháskóli Íslands, Háskólasetur Vestfjarða og Háskólinn á Bifröst gengið til liðs við þær hundrað háskóla- og rannsóknastofnanir í ellefu löndum sem nú eiga aðild að skólanum og aðild Háskóla Íslands er í undirbúningi.

Ísland hefur tekið þátt í nemendaskiptaáætlun Háskóla norðurslóða (N2N), sem Háskólinn á Akureyri hefur haft umsjón með. Menntamálaráðuneytið studdi hana með sérstakri fjárveitingu sem nam samtals 6 millj. kr. samkvæmt fjárlögum fyrir 2003–2005, þ.e. tveimur milljónum á ári. Kostnaður vegna þessara nemendaskipta árið 2006 var að hluta tekinn af rekstrarfé skólans og að hluta fjármagnaður með stuðningi frá útlöndum.

Unnið er að því fjölga námskeiðum og námsbrautum í norðurslóðafræðum á Íslandi í samvinnu við Háskóla norðurslóða. Þannig hefur ríkisstjórnin ákveðið að veita 8 millj. kr. til að koma á fót námi í heimskautarétti við Háskólann á Akreyri sem hefjist árið 2007 með áherslu á umhverfis-, auðlinda- og hafrétt, réttindi minnihluta og frumbyggjarétt sem og landsrétt þjóða á heimskautasvæðinu.

## 727. Fyrirspurn [475. mál]

til viðskiptaráðherra um hækkun iðgjalda tryggingafélaganna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var hagnaður tryggingafélaganna og arðgreiðslur sl. 5 ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hver var staða tjónaskuldar (bótasjóða) í árslok 2002, 2003, 2004, 2005 og 2006 og hve mikið af tjónaskuldinni er áætlað vegna bifreiðatrygginga?
3. Hver var mismunurinn milli áætlaðrar tjónaskuldar (bótasjóða) vegna bifreiðatrygginga og uppgjörs bifreiðatjóna árlega sl. 5 ár? Hve mikið hefur losnað úr tjónaskuld árlega á þessum árum vegna ofáætlaðra tjónaskulda?
4. Hefur Fjármálaeftirlitið lagt mat á hvort hækkun iðgjalda tryggingafélaganna á liðnu ári og um sl. áramót sé eðlileg í ljósi afkomu tryggingafélaganna og stöðu tjónaskuldar (bótasjóðanna) sl. 5 ár? Hve miklar voru þessar hækkanir umfram verðbólgu?
5. Er það mat Fjármálaeftirlitsins að framlög í bótasjóðina hafi verið eðlileg með tilliti til áætlaðra tjónaskulda og uppgjörs bifreiðatjóna sl. 5 ár?
6. Hvernig hefur eftirliti samkeppnisyfirvalda verið háttað frá árinu 1999 með því að eðlileg samkeppni ríki á tryggingamarkaði?

**Skriflegt svar óskast.**

## 728. Fyrirspurn [476. mál]

til viðskiptaráðherra um fjármagnstekjur og raunávöxtun vátryggingaskulda tryggingafélaganna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu miklum fjármagnstekjum vegna vátryggingaskuldar (í krónum og sem hlutfall af heildarfjármagnstekjum) var skilað inn í skaðatryggingagreinarnar hjá tryggingafélögunum á sl. 5 árum, sundurliðað eftir árum, skaðatryggingagreinum og vátryggingafélögum?
2. Hversu mikil raunávöxtun vegna vátryggingaskuldar var tekjufærð inn á skaðatryggingagreinarnar hjá tryggingafélögunum á sl. 5 árum, sundurliðað eftir árum, skaðatryggingagreinum og vátryggingafélögum?
3. Hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við hvernig fjármagnstekjur og raunávöxtun hefur skilað sér inn í skaðatryggingagreinarnar á sl. 5 árum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 729. Fyrirspurn [477. mál]

til félagsmálaráðherra um sérstakar aðgerðir til að bæta stöðu fólks við fyrstu íbúðarkaup.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert var kaupverð meðalstórrar þriggja herbergja íbúðar á höfuðborgarsvæðinu, annars vegar nýrrar og hins vegar eldri íbúðar, í janúarmánuði hvers árs á tímabilinu 2002–2007 og hvert var nauðsynlegt eigið fé íbúðarkaupenda miðað við að kaupin væru að öðru leyti fjármögnuð með lánum Íbúðalánasjóðs og viðkomandi ætti fullan rétt á hámarksláni eins og það var á hverjum tíma? Óskað er eftir að sýnd verði greiðslubyrði lánanna á hverju tímabili fyrir sig.
2. Telur ráðherra ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða til að bæta stöðu þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð? Ef svo er, hvaða aðgerða og hvenær má vænta að þær komist í framkvæmd?

**Skriflegt svar óskast.**

## 730. Fyrirspurn [478. mál]

til félagsmálaráðherra um erlenda ríkisborgara á vinnumarkaði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir erlendir ríkisborgarar komu til starfa á Íslandi annars vegar árið 2005 og hins vegar árið 2006? Í hvaða starfsgreinum voru þeir og hvar búsettir, skipt eftir landshlutum? Hvað má ætla að margir þeirra séu komnir hingað til skammtímadvalar og hve margir til langtímadvalar?
2. Hvað má ætla að margir erlendir ríkisborgarar verði hér á landi árin 2007 og 2008 ef mið er tekið af áætlaðri stöðu í efnahags- og atvinnumálum?
3. Hve margir erlendir ríkisborgarar störfuðu annars staðar á Norðurlöndunum á sl. ári sem hlutfall af heildarmannfjölda og hvert er hlutfallið hér á landi?
4. Hvað má ætla að margir erlendir ríkisborgarar af EES-svæðinu hefðu verið ráðnir gegnum innlendar og erlendar starfsmannaleigur ef aðlögunarfrestur um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins hefði verið nýttur til 1. maí 2009?
5. Hve mörg tilvik komu upp árið 2005 annars vegar og árið 2006 hins vegar þar sem launakjör og aðbúnaður erlendra ríkisborgara var ekki í samræmi við íslenska löggjöf og kjarasamninga á vinnumarkaði?

6. Hvernig er fylgst með því að í útboðum verktaka séu launakjör erlendra ríkisborgara sem starfa á vegum þeirra í samræmi við íslenska löggjöf og kjarasamninga á vinnumarkaði?

**Skriflegt svar óskast.**

## 731. Fyrirspurn [479. mál]

til fjármálaráðherra um skatta og gjöld af barnavörum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað hafði ríkissjóður í tekjur af eftirtöldum barnavörum árið 2006 (2005 ef tekjur ársins 2006 liggja ekki fyrir) í heild og sundurliðað eftir virðisaukaskatti, tollum og vörugjöldum eftir því sem við á:
   a. barnabílstólum, hjálmum og öðrum öryggistækjum fyrir börn í umferðinni og vegna slysavarna á heimilum,
   b. ungbarnamat,
   c. barnafötum, annars vegar fyrir börn yngri en sex ára og hins vegar sex ára og eldri,
   d. bleyjum og öðrum hreinlætis- og heilbrigðisvörum,
   e. barnavögnum og kerrum,
   f. öðrum barnavörum sem ekki falla undir framangreint?
2. Hvað má ætla að niðurfelling skatta, tolla eða vörugjalda af framangreindum barnavörum mundu auka ráðstöfunartekjur ungbarnafjölskyldna mikið?
3. Er ráðherra reiðubúinn til að fella niður skatta, tolla eða vörugjöld af einhverjum af framangreindum barnavörum? Sérstaklega er spurt um öryggistæki, sbr. a-lið 1. tölul.

**Skriflegt svar óskast.**

## 732. Fyrirspurn [480. mál]

til landbúnaðarráðherra um verðmyndun á landbúnaðarvörum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptist verðmyndun á helstu tegundum landbúnaðarvara á árunum 2005 og 2006, annars vegar innlendra og hins vegar innfluttra, sundurliðað milli eftirfarandi þátta, bæði hlutfallslega og í krónum:
   a. framleiðenda,
   b. heildsöluálagningar,

c. smásöluálagningar,
d. opinberra gjalda?
2. Ef framangreindar upplýsingar liggja ekki fyrir, telur ráðherra rétt að slíkar upplýsingar liggi fyrir, séu aðgengilegar og uppfærðar reglulega og er hann tilbúinn að beita sér sérstaklega fyrir því?
3. Hafa Bændasamtökin óskað eftir því að í það verði ráðist að fá fram sundurgreindar upplýsingar um verðmyndun á landbúnaðarvörum?
4. Telur ráðherra rétt að lögfest verði að hlutur bóndans í verði landbúnaðarvara verði sérstaklega skráður á þær vörur í verslunum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 733. Fyrirspurn [481. mál]

til viðskiptaráðherra um greiðsluaðlögun.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Er ráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir löggjöf um greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum líkt og gert hefur verið í Danmörku og Noregi?

## 734. Fyrirspurn [482. mál]

til viðskiptaráðherra um bætta innheimtuhætti.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra að bæta þurfi stöðu skuldara gagnvart innheimtuaðilum og hver er ástæða þess að ekki hafa verið sett innheimtulög hér á landi eins og lengi hafa verið í gildi t.d. annars staðar á Norðurlöndum?
2. Hver er skoðun ráðherra á því að lögmenn geti einhliða ákveðið gjaldskrá sína og hvað hefur verið gert af hálfu ráðuneytisins til að koma til móts við sjónarmið Samkeppnisstofnunar sem gagnrýnt hefur þessa tilhögun?
3. Telur ráðherra það ekki heppilegri tilhögun að viðskiptaráðherra ákveði hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, t.d. þóknunar sem heimilt er að krefja skuldara um, m.a. í ljósi athugasemda Samkeppnisstofnunar, sbr. 2. lið?
4. Má vænta þess að ráðherra beiti sér fyrir löggjöf sem festi í sessi góða innheimtuhætti, m.a. með setningu innheimtulaga?

## 735. Fyrirspurn [483. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um afsláttarkort vegna lækniskostnaðar.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða aðgerða er þörf svo að afsláttarkort vegna lækniskostnaðar berist fólki sjálfkrafa þegar hámarksgreiðslum er náð?
2. Hvenær mun Tryggingastofnun ríkisins taka upp slíkt kerfi þannig að fólk þurfi ekki að halda til haga öllum kvittunum og bera sig eftir kortunum?
3. Hefur verið veitt fé til að koma slíku kerfi á og hvað mun það kosta Tryggingastofnun, Landspítala – háskólasjúkrahús, heilsugæsluna og aðra, og þá hverja?

## 736. Fyrirspurn [484. mál]

til menntamálaráðherra um fjölda háskólanema á árunum 1995–2006.

Frá Sæunni Stefánsdóttur.

Hver hefur verið fjöldi háskólanema á Íslandi á árunum 1995–2006, sundurliðað eftir árum, háskólum og námsgráðum, þ.e. BA/BS-námi, meistaranámi og doktorsnámi?

**Skriflegt svar óskast.**

## 737. Fyrirspurn [485. mál]

til umhverfisráðherra um losun gróðurhúslofttegunda frá stóriðju.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað má ætla að útstreymi koldíoxíðs, umfram útstreymi í Straumsvík og á Grundartanga árið 1990, verði mikið
   a. frá álverinu á Grundartanga miðað við 260 þús. tonna framleiðslu á ári annars vegar en 300 þús. tonna hins vegar (þar af 88 þús. tonn fyrir 1990),
   b. frá álverinu í Reyðarfirði miðað við 346 þús. tonn á ári,
   c. frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga miðað við 114 þús. tonn á ári (þar af 72 þús. tonn fyrir 1990),
   d. frá álverinu í Straumsvík miðað við 460 þús. tonn á ári (þar af 88 þús. tonn fyrir 1990),
   e. samtals miðað við fyrrnefndar framleiðslutölur?

2. Hvert er leyfilegt árlegt hámark fyrir Ísland samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 („íslenska ákvæðinu“) í tengslum við Kyoto-bókunina?
3. Hversu mikil yrði losun annarra gróðurhúslofttegunda en koldíoxíðs frá þessum stóriðjuverum miðað við fyrrgreinda framleiðslu?
4. Hvert er áætlað útstreymi gróðurhúslofttegunda á Íslandi árlega tímabilið 2008–2012 í $CO_2$-ígildum
   a. frá öðrum uppsprettum en stóriðju,
   b. frá stóriðju sem hafin var fyrir árið 1990?
   Er rúm fyrir útstreymi koldíoxíðs frá nýrri stóriðju í almennu Kyoto-heimildinni samkvæmt þeirri áætlun?

**Skriflegt svar óskast.**

## 738. Fyrirspurn [486. mál]

til umhverfisráðherra um losun gróðurhúslofttegunda.

Frá Merði Árnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að settar verði reglur um losun gróðurhúslofttegunda hér á landi, annars vegar frá stóriðju og hins vegar frá öðrum uppsprettum?

## 739. Fyrirspurn [487. mál]

til félagsmálaráðherra um jafnréttisumsögn með stjórnarfrumvörpum.

Frá Merði Árnasyni.

Hvað líður störfum í ráðuneytinu að undirbúningi jafnréttisumsagna sem fylgi stjórnarfrumvörpum, sbr. þingsályktanir um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum frá 28. maí 1998 og 28. maí 2004?

## 740. Fyrirspurn [488. mál]

til forsætisráðherra um afnot af Ráðherrabústaðnum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvaða ráðherra voru heimiluð afnot af Ráðherrabústaðnum að kvöldi föstudagsins 29. september 2006?
2. Telur forsætisráðherra eðlilegt að ráðherra útvegi Ráðherrabústaðinn til boðs á vegum aðila utan Stjórnarráðsins, t.d. þingflokks?

## 741. Fyrirspurn [489. mál]

til samgönguráðherra um Suðurlandsveg.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hyggst ráðherra leggja til að Suðurlandsvegur frá Reykjavík til Selfoss verði tvöfaldaður á næstu fjórum árum, sbr. yfirlýsingu hans um málið?
2. Ef svo er, verður útboð á hönnun þrígreiningar vegarins afturkallað?
3. Hyggist ráðherra tvöfalda veginn, hvort verður það gert með því að:
   a. bæta fjórðu akreininni við þrígreiningu og skilja með vegriði á milli akgreina, eða
   b. aðskilja akreinar með bili/eyju?
4. Hvenær áætlar ráðherra að tvöföldun Suðurlandsvegar frá Reykjavík til Selfoss verði að fullu lokið?

## 742. Fyrirspurn [490. mál]

til menntamálaráðherra um lesblindu.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hver er fjöldi og hlutfall lesblindra barna í grunnskólum landsins, sundurliðað eftir árgangi?
2. Stendur til að endurskoða stuðning við lesblind börn í grunnskólum og ef svo er, hvernig?
3. Stendur til að endurskoða greiningarferli á lesblindu í skólum og ef svo er, hvernig?

## 743. Fyrirspurn [491. mál]

til menntamálaráðherra um námstíma til stúdentsprófs.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvað líður fyrirætlunum um styttingu á námstíma til stúdentsprófs? Hvenær er gert ráð fyrir því að slíkar tillögur komi fram?

## 744. Fyrirspurn [492. mál]

til samgönguráðherra um gjaldtöku fyrir farsíma- og netþjónustu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver hefur verið þróun gjaldtöku fyrir farsíma- og netþjónustu sl. þrjú ár og hvernig er verðlagningu hérlendis háttað borið saman við gjaldtöku fyrir þessa þjónustu annars staðar á Norðurlöndum?
2. Er ástæða til að ætla að farsímafyrirtækin séu með samræmda gjaldtöku fyrir reikisímtöl í farsíma?
3. Hver má ætla að kostnaður símafyrirtækja sé vegna flutnings símtala í farsíma annars vegar og hins vegar raunkostnaður fyrirtækjanna við símtalaflutning milli landa? Hver er síðan kostnaður neytenda af þessari þjónustu?
4. Er á döfinni að setja bindandi reglur um hámarksgjald sem taka má fyrir farsímaþjónustu, líkt og fyrirhugað er innan Evrópusambandsins?

**Skriflegt svar óskast.**

## 745. Fyrirspurn [493. mál]

til menntamálaráðherra um samninga um rannsóknafé til háskóla.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Er þess að vænta að Háskólinn á Akureyri fái á næstunni sams konar samning um aukið fé til rannsókna og Háskóli Íslands fékk á dögunum?

## 746. Fyrirspurn [494. mál]

til menntamálaráðherra um Tónlistarþróunarmiðstöðina.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hvernig kemur ráðuneytið að starfsemi Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar?
2. Veitir ráðuneytið miðstöðinni fjárhagslegan stuðning? Ef svo er ekki, hefur ráðherra fyrirætlanir um að veita henni slíkan stuðning?

## 747. Fyrirspurn [495. mál]

til félagsmálaráðherra um leiðbeiningarreglur varðandi uppsagnir starfsmanna.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvað líður tillögum að leiðbeiningarreglum varðandi uppsagnir starfsmanna í anda samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158 sem ráðherra fól Rannsóknarsetri í vinnurétti og jafnréttismálum við Viðskiptaháskólann að Bifröst að gera með bréfi dags. 5. maí 2006 og berast áttu ráðuneytinu fyrir lok þess árs, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn fyrr á þessu þingi (143. mál)?

**Skriflegt svar óskast.**

## 748. Svar [444. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hefur fjármálaráðherra greitt úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum með vísan til heimildar í 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997? Ef svo er, hvenær og hversu oft? Hve há var fjárhæðin hverju sinni og hvenær fór fram lögbundið samráð við hlutaðeigandi ráðherra? Hvenær og hvernig var fjárlaganefnd Alþingis gerð grein fyrir slíkum greiðslum? Hvenær var aflað samþykkis Alþingis fyrir greiðslunum?*

Í spurningunni kemur ekki fram um hvaða tímabil er spurt en eftirfarandi svör miðast við síðastliðið ár. Sú grein fjárreiðulaganna sem vísað er til, 33. gr., fjallar um ófyrirséða greiðsluskyldu. Fjármálaráðherra er samkvæmt greininni heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra, að inna greiðslu af hendi enda þoli hún ekki bið, jafnvel þótt hún eigi sér ekki heimild í fjárlögum. Tilefnin sem flokkast undir þetta ákvæði takmarkast því við greiðsl-

ur áður en frumvarp til fjáraukalaga verður að lögum sem hafa verið ófyrirséðar við samþykkt fjárlaga fyrir árið. Ýmsar ákvarðanir um útgjöld sem byggjast á samningum og samþykktum ríkisstjórnar falla því ekki undir 33. gr. fjárreiðulaganna.

Útgjöld sem sannarlega voru ófyrirséð við samþykkt fjárlaga fyrir árið 2006 tengjast brottför varnarliðsins af Keflavíkurflugvelli. Um mitt ár 2006 var ljóst að kostnaður ríkissjóðs yk ist verulega vegna þessa. Samráð við hlutaðeigandi ráðherra fór fram á ríkisstjórnarfundum þar sem lögð voru fram minnisblöð um afleiðingar af brotthvarfi varnarliðsins. Fljótlega eftir að greiðsluþörf myndaðist lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til fjáraukalaga þar sem sótt var um heimildir vegna þessara gjalda. Með því var fjárlaganefnd Alþingis gerð grein fyrir málinu. Í fjáraukalögum sundurliðast þessar greiðslur á tvo liði, annars vegar 537 millj. kr. hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli og hins vegar 500 millj. kr. hjá Landhelgisgæslunni.

Undir 33. gr. fjárreiðulaganna má einnig flokka gjaldfærslu fjármagnstekjuskatts hjá ríkissjóði en í fjárlögum var ekki gert ráð fyrir gjaldfærslu í þeim mæli sem raun varð. Skýrist það einkum af hærri vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skatturinn færist reyndar einnig sem tekjur hjá ríkissjóði og hefur því ekki áhrif á afkomu ársins.

## 749. Svar [139. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðjóns Arnars Kristjánssonar um kostnað við viðhald og endurbætur á vegum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver hefur verið kostnaður við endurbætur og viðhald á:*

*a. Vestfjarðagöngum sl. 10 ár,*
*b. Hvalfjarðargöngum frá því að þau voru tekin í notkun,*
*c. Óshlíðarvegi sl. 20 ár, þ.m.t. bygging vegskála,*
*d. veginum fyrir Ólafsvíkurenni sl. 20 ár,*
*e. Ólafsfjarðargöngum sl. 20 ár?*

*Óskað er eftir upplýsingum um heildarkostnað annars vegar og hins vegar kostnað eftir árum.*

Tölur fyrir árið 2006 liggja ekki fyrir. Birtar eru upplýsingar svo langt aftur sem áreiðanleg sundurgreining er til í hverju tilviki. Tölur eru settar fram á meðalverðlagi ársins 2006 miðað við vísitölu vegagerðar.

| **a. Vestfjarðagöng.** | | **b. Hvalfjarðargöng.** | |
|---|---|---|---|
| 1997 | 7,2 | | |
| 1998 | 8,0 | 1998 | 19,0 |
| 1999 | 9,8 | 1999 | 19,1 |
| 2000 | 8,9 | 2000 | 20,6 |
| 2001 | 10,5 | 2001 | 23,3 |
| 2002 | 6,0 | 2002 | 28,1 |
| 2003 | 8,5 | 2003 | 22,6 |
| 2004 | 11,4 | 2004 | 15,3 |
| 2005 | 11,8 | 2005 | 27,2 |
| **Samtals á verðlagi 2006** | **82,1 millj. kr.** | **Samtals á verðlagi 2006** | **175,1 millj. kr.** |

**c. Óshlíð.**

*Nýbygging.*

| Ár | Skýringar | Verðlag 2006 |
|---|---|---|
| 1986 | 1,8 km slitlag frá sorpeyðingarstöð, 90 m vegskáli Ófæru | 150,4 |
| 1987 | 1,8 slitlag, 30 m vegskáli | 107,6 |
| 1988 | Uppkast á neti | 47,0 |
| 1989 | Vantar upplýsingar | 0,0 |
| 1990 | Sett upp lýsing, 200 m grjótvörn | 22,7 |
| 1991 | Lýsing Hnífsdal–Bolungarvík, grjótvarnarnet 200 m kafli, grjótkassar á tveimur stöðum | 23,1 |
| 1992 | 600 m grjótkassar | 18,9 |
| 1993 | 65 m vegskáli, Hvannagjá innri, 3 snjóflóðaskápar, 11,0 millj. kr. greitt vegna láns frá 1991 | 136,3 |
| 1994 | 55 m vegskáli Seljadalsófæru | 68,0 |
| 1995 | 1 snjóflóðaskápur 18,0 millj. kr. greitt vegna láns 1991 | 40,1 |
| 1996 | | 13,6 |
| 1997 | Breikkun rásar yst á Skriðu | 11,2 |
| 1998 | Grafa snjóflóðaskápa í giljum 4, 12, 14 | 15,4 |
| 1999 | | 0,0 |
| 2000 | Snjóflóðaskápar og netkassar | 21,6 |
| 2001 | | 0,0 |
| 2002 | Vegur og brú Ós–Bolungarvík | 102,1 |
| 2003 | Áframhald vegna framkvæmda 2002 | 10,9 |
| 2004 | Varnir vegna hruns, snjóflóðaskápar – stálþil | 25,7 |
| 2005 | | 0,0 |
| | **Samtals á verðlagi 2006** | **814,3 millj. kr.** |

*Þjónusta og viðhald.*

| | |
|---|---|
| 1993 | 4,2 |
| 1994 | 4,5 |
| 1995 | 61,3* |
| 1996 | 7,1 |
| 1997 | 4,8 |
| 1998 | 6,2 |
| 1999 | 14,4 |
| 2000 | 4,3 |
| 2001 | 11,8 |
| 2002 | 7,2 |
| 2003 | 12,2 |
| 2004 | 2,1 |
| 2005 | 4,7 |
| **Samtals á verðlagi 2006** | **68,4 millj. kr.** |

*Árið 1995 varð skaði vegna vatnsaga.

**d. Ólafsvíkurenni.**

Kostnaður við viðhald og þjónustu á vegarkaflanum um Ólafsvíkurenni hefur ekki verið sérstaklega aðgreindur frá kostnaði við aðra hluta vegarins en viðhaldskostnaður hefur eingöngu verið með hefðbundnu sniði, þ.e. endurnýjun slitlags.

**e. Ólafsfjarðargöng.**

| | |
|---|---|
| 1996 | 0,3 |
| 1997 | 1,7 |
| 1998 | 9,7 |
| 1999 | 7,4 |
| 2000 | 18,8 |
| 2001 | 23,4 |
| 2002 | 0,0 |
| 2003 | 0,7 |
| 2005 | 19,3 |
| 2006 | 0,7 |
| | **82,0 kr.** |

# 750. Frumvarp til laga [496. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15 25. mars 1998, og lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Breyting á lögum um dómstóla, nr. 15 25. mars 1998.

### 1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Dómstólar í héraði eru átta. Heiti þeirra, aðsetur og umdæmi eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur aðsetur í Reykjavík og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.
2. Héraðsdómur Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær og Dalabyggð.
3. Héraðsdómur Vestfjarða hefur aðsetur á Ísafirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Strandabyggð, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Bæjarhreppur.
4. Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduóssbær, Höfðahreppur, Sveitarfélagið Skagafjörður, Skagabyggð og Akrahreppur.
5. Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur aðsetur á Akureyri og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Dalvíkurbyggð, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Norðurþing, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.
6. Héraðsdómur Austurlands hefur aðsetur á Egilsstöðum og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðar-

hreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður.

7. Héraðsdómur Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Vestmannaeyjabær, Flóahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus.
8. Héraðsdómur Reykjaness hefur aðsetur í Hafnarfirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær, Sveitarfélagið Vogar, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Sveitarfélagið Álftanes og Kópavogsbær.

2. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Um þingbækur, dómabækur, atkvæðabækur og málaskrár fer samkvæmt reglum sem Hæstiréttur setur.

Dómar Hæstaréttar skulu gefnir út. Um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki dómsmálaráðherra, sbr. þó 3. mgr.

Dóm Hæstaréttar, vegna kæru á úrskurði kveðnum upp skv. 87. gr., sbr. 86. gr., 90. gr., sbr. 89. gr., eða 103. gr. laga um meðferð opinberra mála skal ekki gefa út fyrr en mánuður er liðinn frá uppkvaðningu hans.

Um heimildir til mynd- og hljóðupptöku í húsakynnum Hæstaréttar gilda að breyttu breytanda ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr.

3. gr.

Í stað tölunnar „38“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: 40.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Dómstólaráði er heimilt að fela löglærðum starfsmanni að sinna verkefnum sem hafa upplýsingagildi fyrir almenning, þar á meðal að taka þátt í opinberri umræðu um dómsmál.

5. gr.

16. gr. laganna breytist þannig:

a. 3. mgr. orðast svo:

Flytjist dómari, sem gegnir starfi dómstjóra, til annars dómstóls eða sé honum veitt lausn frá starfinu eða embætti héraðsdómara skal skipaður nýr dómstjóri samkvæmt því sem segir í 1. mgr. Láti dómstjóri tímabundið af starfi skal varadómstjóri gegna starfi hans enda verði forföll dómstjóra ekki lengri en þrír mánuðir. Verði forföll dómstjóra lengri skal dómsmálaráðherra setja dómstjóra í hans stað.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Dómari sem telur á sig hallað með ákvörðun dómstjóra samkvæmt þessari grein getur leitað álits dómstólaráðs um ákvörðunina.

Dómstjóri ræður aðra starfsmenn dómstóls en héraðsdómara og slítur ráðningu þeirra, sbr. þó 17. gr. Honum ber að fylgjast með störfum dómara og annarra starfs-

manna og gæta aga gagnvart þeim að því leyti sem ekki kemur í hlut annarra samkvæmt ákvæðum 28.–30. gr.

6. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Til aðstoðar dómurum má ráða til héraðsdómstóla lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum 2.–6. tölul. 2. mgr. 12. gr. og hafa í minnst tvö ár átt sæti á Alþingi, stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum. Dómstjóri annast slíka ráðningu og gilda um hana almennar reglur um starfsmenn ríkisins að öðru leyti en því að hún skal vera til sex ára og skal vera heimilt að endurráða starfsmanninn einu sinni við sama dómstól. Aðstoðarmanni verður þó ekki vikið úr starfi nema samkvæmt ákvæðum IV. kafla laganna.

Dómstjóri getur falið aðstoðarmanni að annast hvers konar dómsathafnir en þó ekki fara með og leysa að efni til úr einkamálum, þar með töldum ágreiningsmálum um fullnustugerðir eða þinglýsingar, þar sem vörnum er haldið uppi eða opinberum málum frá því að þau koma til aðalmeðferðar.

Um störf þau sem dómstjóri felur aðstoðarmanni skv. 2. mgr. fer eftir IV. kafla laga þessara.

Þá skulu eftir því sem við á ákvæði 4. og 5. mgr. 18. gr. gilda um störf þau sem dómstjóri felur aðstoðarmanni skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Dómstólaráði er heimilt, með samþykki aðstoðarmanns og beggja dómstjóra, að flytja aðstoðarmann tímabundið milli héraðsdómstóla á meðan á ráðningartíma hans stendur.

7. gr.

Við 22. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Öðrum en dómstólnum sjálfum eru óheimilar myndatökur og hvers kyns hljóð- og myndupptökur í dómhúsum. Frá þessu má víkja í einstök skipti með leyfi dómstjóra, enda sé þess gætt að myndatökum og upptökum verði ekki beint að aðilum dómsmáls, án þeirra samþykkis.

Brot gegn ákvæðum 2. mgr. varða sektum.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.**

8. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 113. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Eins má dómari með áritun fallast á kröfu um staðfestingu lögveðréttar, sé hún að hans mati í samræmi við gögn málsins og útivist hafi orðið af hálfu stefnda eins og segir í 1. málsl.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði laga þessara um starfsgengisskilyrði skulu fyrst koma til framkvæmda næst þegar ráðnir eru starfsmenn samkvæmt lögunum. Sex ára tímabil skv. 6. gr. skal fyrst hefjast við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, var lagt fram á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Er það lagt fram að nýju, með nokkrum breytingum, eftir athugun ráðuneytisins á umsögnum sem bárust allsherjarnefnd Alþingis frá dómstólaráði, réttarfarsnefnd, héraðsdómi Reykjavíkur, ríkissaksóknara, sýslumannafélagi Íslands, félagi löglærðra fulltrúa ákæruvalds og Blaðamannafélagi Íslands. Auk þess er lagt til að héraðsdómurum verði fjölgað um tvo, sbr. nánari umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins.

Sú meginbreyting, sem lögð er til í frumvarpinu, er eftir sem áður að dómstjóra héraðsdómstóls verði veitt heimild til að fela löglærðum aðstoðarmönnum héraðsdómara að fara með dómstörf að ákveðnu afmörkuðu leyti. Með því er reynt að endurheimta kosti dómarafulltrúakerfisins, sem féll úr lögum árið 1998, en jafnframt að nýta kosti aðstoðarmannakerfisins sem þá tók við með því að dómstjóri getur sem fyrr nýtt aðstoðarmennina sem aðstoðarmenn, og þá jafnvel eingöngu sem slíka, ef honum þykir hagsmunum dómsins þannig best borgið. Með frumvarpinu er dómstjóra því fengin heimild en ekki skylda til þess að nýta aðstoðarmenn með þessum hætti. Núverandi kerfi hefur hins vegar þann galla að aðstoðarmenn hafa ekki heimild til að vinna nein dómstörf í eigin nafni. Má þar nefna að meginfjöldi þeirra dómsmála sem héraðsdómstólunum berast á hverju ári eru svonefnd útivistarmál, þ.e. mál þar sem þing er ekki sótt af hálfu stefnda eða þingsókn hans fellur niður áður en greinargerð er skilað af hans hálfu og dómur er lagður á málið eftir þeim gögnum sem stefnandi hefur lagt fram. Eftir núverandi lögum hafa héraðsdómarar getað falið aðstoðarmönnum að fara yfir þau gögn og gera tillögu um afgreiðslu hvers máls um sig, ljúka því með áritun eins og algengast er eða semja í málinu dóm eða þá vísa því frá með úrskurði. Lokahönd á málið hefur dómari hins vegar orðið að leggja sjálfur og hann hefur ekki getað falið aðstoðarmanni eða öðrum það verk, enda kveða lög á um að það sé dómari sem ljúki málinu með áritun. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er dómstjóra heimilað að fela aðstoðarmanni að ljúka málinu endanlega í sínu nafni og ábyrgð. Með því móti sparast tími héraðsdómarans, auk þess sem niðurstaða málsins er í nafni þess sem í raun vann að málinu. Sama má segja um aðra möguleika sem dómstjóri fær til að fela aðstoðarmanni einstök dómstörf; þeir eru til þess fallnir að létta verulega vinnuálagi af héraðsdómurum, sem þar með gefst aukinn tími til að sinna því hlutverki að leggja dóm á munnlega flutt mál, hvort sem þau eru einkamál eða opinber mál.

Ástæða er til að nefna sérstaklega að frumvarpið gerir ráð fyrir að dómstjóra verði heimilað að fela aðstoðarmanni að kveða upp svonefnda rannsóknarúrskurði, þar á meðal úrskurð um gæsluvarðhald. Hér er ástæða að minna á að einungis er um heimild til dómstjóra að ræða, og getur dómstjóri tekið þann kost að nýta hana aldrei, ef honum svo þykir henta. Á hitt er að líta að með frumvarpinu eru gerðar ákveðnar hæfniskröfur til aðstoðarmanna, en þeir munu allir hafa öðlast lögfræðilega starfsreynslu annars staðar áður en þeir eru ráðnir til starfa hjá dómstóli. Ætti því að vera eðlilegra en ella að fela þeim slík dómstörf sem uppkvaðning rannsóknarúrskurða er. Rétt er að hafa í huga að verulegt hagræði er af því að unnt sé að fela aðstoðarmanni uppkvaðningu slíkra úrskurða, en með því móti geta héraðsdómarar, ekki síst þeir sem starfa við dómstól þar sem einungis er einn héraðsdómari, losnað undan þeirri kvöð að þurfa ávallt að vera til taks. Af því yrði auk þess verulegur fjársparnaður, en launakostnaður aðstoðarmanns yrði talsvert lægri en héraðsdómara.

Þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fela megi aðstoðarmönnum dómara ákveðin dómstörf er í frumvarpinu lagt til að starfsöryggi þeirra verði tryggt. Með þessu móti er komið til móts við þau rök sem helst þóttu mæla gegn fulltrúakerfinu. Ekki er lagt til að kjör aðstoðarmanna verði ákveðin af kjararáði, enda heyrir sú ákvörðun undir ráðið sjálft. Í 1. gr.

laga um kjararáð, nr. 47/2006, segir að verkefni kjararáðs sé að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Færa má fyrir því gild rök að kjararáð ákveði laun aðstoðarmanna dómara, þar sem þeim er falið að fara með dómstörf að afmörkuðu leyti og því nauðsynlegt að búa þeim öryggi í starfi.

Lagt er til að hlutverk dómstólaráðs til þess að koma fram í þágu héraðsdómstólanna sameiginlega gagnvart almenningi verði aukið og heimilt verði að ráða sérstakan fulltrúa sem sinni samskiptum við fjölmiðla og aðra sem leita eftir sértækum upplýsingum sem varða málefni dómstólanna. Ástæða getur verið til þess að upplýsa almenning betur um starfsemi dómstólanna og eftir atvikum um einstök dómsmál enda eru rangfærslur og umræða á villigötum til þess fallin að draga úr tiltrú almennings á dómstólunum.

Meðal annarra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu má nefna breytingu á lögum um meðferð einkamála sem lýtur að því að dómurum, og þá eftir atvikum aðstoðarmönnum, verði heimilað að fallast með áritun á kröfu um staðfestingu lögveðréttar í útivistarmáli. Samkvæmt núgildandi reglum laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, verður að semja dóm í þeim málum þar sem fallist er á slíka kröfu en form þessara dóma hefur verið staðlað. Yrði af þessari breytingu töluverður vinnusparnaður fyrir héraðsdómstólana.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir nýmæli um birtingu tiltekinna dóma Hæstaréttar, um bann við myndatökum og öðrum upptökum í dómhúsum og einnig hefur frumvarpið að geyma ákvæði er auka sjálfstæði dómara gagnvart dómstjóra og koma í veg fyrir að dómari verði gegn vilja sínum ávallt settur í sama málaflokkinn, t.d. í sakamál.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Frá því að dómstólalögin voru sett, árið 1998, hafa orðið miklar breytingar vegna sameiningar sveitarfélaga og nafnabreytinga. Til samræmis við það eru lagðar til breytingar á þessari grein.

Um 2. gr.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir sérreglu um birtingu dóma sem kveðnir eru upp í þágu rannsóknar lögreglu, en þeir hafa iðulega að geyma upplýsingar um málavexti sem ekki þykir rétt að verði gerðar opinberar strax að dómi gengnum. Þá er einnig lagt til nýmæli í 4. mgr. og er því sambandi vísað til skýringa við 7. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lagt til að embættum héraðsdómara fjölgi um tvö. Er það gert til þess að mæta sívaxandi álagi á dómara, sem bæði stafar af auknum fjölda mála sem til þeirra kasta koma og því að mál verða sífellt flóknari og kalla á meiri vinnu dómara. Ekki síst á þetta við um sakamál en gert er ráð fyrir því að sífellt muni færast í vöxt að dómur sé þar fjölskipaður. Þá er það staðreynd að frá því dómstólaskipan var færð í núgildandi horf hefur ákærumálum fjölgað um tæplega fjórðung.

Við gildistöku dómstólalaganna var dómurum fjölgað tímabundið um þrjá samkvæmt sérstakri heimild, en síðan hefur tala dómara verið föst. Á undanförnum árum hefur verið algengt að dómarar taki sér leyfi frá störfum um nokkurra mánaða skeið, hvort sem er vegna náms, barnsfæðingar eða veikinda. Samkvæmt núgildandi dómstólalögum er gert ráð fyrir

því að við þær aðstæður verði ekki settur dómari í stað þess sem leyfið tekur, nema dómstólaráð mæli með því vegna sérstakra anna. Á undanförnum árum hefur dómstólaráð jafnan óskað eftir slíkri setningu. Er sú þróun ekki gallalaus og með þeirri fjölgun sem nú er lögð til, er gert ráð fyrir að þörf á tímabundnum setningum dómara minnki til muna. Gegn þeirri skipan að setja menn tímabundið til dómarastarfa má færa þau rök að slíkur dómari, sem ætla má að hverfi innan skamms aftur til starfa hjá fyrri vinnuveitanda, sé ekki að öllu leyti eins sjálfstæður í störfum sínum og þeir sem fastskipaðir eru. Þá nýtast setningar ekki nema að litlu leyti sem þjálfun dómaraefna, enda hefur reynslan á undanförnum árum verið sú að almennt hafa nýir dómarar ekki áður verið settir til dómarastarfa. Ekki verður talið að reynsla af setningunni færi þeim sérstakt forskot á aðra umsækjendur sem mundu vitanlega eftir jafnmarga mánuði í starfi hafa öðlast sömu reynslu. Á hinn bóginn blasir við að með tímabundnum setningum dómara má bregðast skjótt við erfiðleikum í rekstri dómstóls. Auk þess getur reynsla lögfræðings af setningu til dómarastarfs nýst honum vel í starfi síðar þó að á öðrum vettvangi kunni að vera. Þykir því ekki rétt að fella niður heimildir til setningar dómara, enda hafa þær vissulega verið taldar standast hefðbundin skilyrði um sjálfstæði dómsvaldsins og menn bæði verið settir tímabundið til setu í héraðsdómi og Hæstarétti, auk þess sem lengi hefur verið tíðkað að notast við sérfróða meðdómsmenn í einstökum málum.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að dómstólaráði verði heimilað að koma fram sem sameiginlegur málsvari dómstólanna gagnvart almenningi, en dómarar hafa hingað til verið tregir til að taka þátt í opinberri umræðu um þá dóma sem kveðnir hafa verið upp. Með vaxandi opinberri umræðu um einstaka dóma og fréttaflutningi af þeim kann að þykja æskilegt að dómstólar hafi sameiginlegan málsvara til að koma á framfæri athugasemdum og sjónarmiðum, og eftir atvikum leiðréttingum, sem mættu verða til þess að stuðla að því að borgararnir fái fremur rétta mynd en ranga af starfsemi dómstólanna. Því er lagt til að dómstólaráði sé heimilt að fela löglærðum starfsmanni að sinna þessu hlutverki, og er gert ráð fyrir að hlutverk hans verði þróað af ráðinu.

Um 5. gr.

Hér er í fyrsta lagi lagt til að kveðið verði skýrar á um það að í þeim tilvikum þegar dómstjóri lætur af störfum skuli efnt til nýrrar kosningar dómstjóra. Varadómstjóri er staðgengill hans í skemmri leyfum en lagt er til að sá tími geti verið allt að þrír mánuðir.

Í öðru lagi verði sett ákvæði sem komi í veg fyrir að dómari verði gegn vilja sínum ávallt settur í sama málaflokkinn, t.d. í sakamál, og því er lögð til heimild fyrir hann í greininni að bera upp kvörtun við dómstólaráð yfir úthlutun dómstjóra. Með þessu móti verður sjálfstæði dómara aukið gagnvart dómstjóra.

Um 6. gr.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum frumvarpsins eru lagðar til breytingar á aðstoðarmannakerfinu eins og það er í dag. Er breytingunum ætlað að gera aðstoðarmönnum kleift að létta vissum störfum af dómurum, ef dómstjóri svo kýs. Rétt er að leggja áherslu á að hér er um að ræða heimild til dómstjóra en ekki skyldu.

Þegar núgildandi dómstólalög voru sett kom sá möguleiki til greina að styrkja réttarstöðu dómarafulltrúanna enn frekar en verið hafði en að endingu var sú leið farin að fella niður stöðu dómarafulltrúanna í þeirri mynd sem hún þekktist. Rétt þykir að fara þá leið nú að sam-

eina kosti þessara kerfa að ákveðnu takmörkuðu leyti. Lagt er til að dómstjórar geti nýtt sér þessa heimild telji þeir það þjóna hagsmunum dómstólsins. Það er því lagt í þeirra hendur að meta það hvort og þá hvernig þeir nýta krafta þeirra aðstoðarmanna sem við dómstólinn starfa eða þangað eru ráðnir. Gert er ráð fyrir að aðstoðarmenn uppfylli ákveðin hæfisskilyrði. Þurfa þeir því að eiga að baki nokkra starfsreynslu en það skilyrði er ekki sett samkvæmt núgildandi lögum.

Í 2. mgr. eru afmörkuð þau störf sem lagt er til að dómstjóra verði heimilt að fela aðstoðarmanni að sinna í eigin nafni og ábyrgð. Aðstoðarmaðurinn yrði því sjálfstæður í störfum sínum að þessu leyti og verða honum því ekki gefin fyrirmæli um úrlausn málanna.

Þá er lagt til að aðstoðarmanni verði ekki sagt upp störfum nema með dómi, sbr. IV. kafla laga nr. 15/1998, og gildir því það sama um hann og dómara sem eru skipaðir í embætti. Með þessu móti er honum tryggt öryggi í starfi. Þá verður hann ekki gegn vilja sínum fluttur tímabundið á milli héraðsdómstóla á ráðningartímanum.

Nú kann svo að hátta til að fleiri en einn aðstoðarmaður starfi við dómstól og að dómstjóri telji henta að fela einum eða fleiri þeirra að fara með störf sem heimiluð eru í 2. mgr. en fela öðrum eingöngu eða nær eingöngu hefðbundin aðstoðarmannsstörf eins og nú tíðkast. Ekki er farin hér sú leið að setja dómstjóra sérstaka reglu um hvernig hann hagar slíku vali sínu, en vitaskuld verður að gera ráð fyrir því að þar muni dómstjóri fara eftir málefnalegum sjónarmiðum, svo sem starfsaldri aðstoðarmannsins. Þar sem gert er ráð fyrir að aðstoðarmaður verði sjálfstæður í þeim störfum sem honum kunna að vera falin skv. 2. mgr. þá verður að telja varhugavert að úrlausnir hans hafi áhrif á ákvarðanir dómstjóra um nýtingu heimildar samkvæmt þessari grein. Þá þykir ekki rétt að binda dómstjóra við að aðstoðarmaður skuli hafa starfað um ákveðinn tíma þar til honum verði falin verkefni skv. 2. mgr., en slíkt skilyrði mundi draga mjög úr hagræði minni dómstóla af heimildinni.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir nýmæli um bann við myndatökum og öðrum upptökum í dómhúsum. Undanskildar eru þær upptökur sem fara fram á vegum dómstólsins sjálfs, og eru þar hafðar í huga þær upptökur sem eðlilegar eru við rekstur dómstólsins, svo sem hljóðritun á framburði vitna og hefðbundin notkun öryggismyndavéla. Þá er gert ráð fyrir því að dómstjóri geti heimilað myndatökur og aðrar upptökur í einstök skipti með nánar greindu skilyrði, og er þar átt við upptökur er ekki snerta aðila dómsmáls, sem eru í dómhúsinu vegna málsins. Má hér hugsa sér myndatöku vegna almennrar fréttar um dómstólinn eða viðtals við dómara og svo framvegis.

Mjög hefur færst í vöxt að reynt sé að ná myndum af aðilum og vitnum í dómsmáli þegar þeir sinna erindum sínum í dómhúsum. Einkum á þetta við um sakborninga í opinberum málum. Þá er alkunna að þetta er mjög fallið til þess að valda þeim, einkum hinum síðastnefndu, ama og óþægindum. Hafa sakborningar af þessum sökum mjög freistað þess að hylja andlit sín er þeir ganga í dómsal. Á síðustu árum hefur jafnvel verið tíðkað að beina myndavélum inn í dómsali þegar dyr eru opnaðar á meðan á þinghaldi stendur, svo sem þegar nýtt vitni gengur í salinn. Hefur reynslan sýnt að í þeim tilfellum hefur hinn ákærði iðulega freistað þess að hylja andlit sitt einnig við þau tækifæri. Leiðir það aftur til þess að hann þarf jafnan að hafa vara á sér að þessu leyti á meðan á þinghaldinu stendur, í stað þess að einbeita sér að málsvörn sinni. Þykir þessi aðstaða vera til þess fallin að auka á ójafnvægi málsaðila.

Í dönsku réttarfarslögunum (retsplejeloven) er meginreglan sú að hljóðritun eða myndatökur eru bannaðar, sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna. Enn fremur eru myndatökur í dómhúsum

bannaðar, nema með sérstöku leyfi, og sama gildir um myndatökur af grunuðum mönnum, sakborningum eða vitnum sem eru á leið til eða frá þinghaldi.

Ákvæðunum í norsku dómstólalögunum (domstolloven) svipar nokkuð til dönsku reglnanna. Myndatökur og hljóðritanir í þinghaldi eru bannaðar, og einnig er bannað að hljóðrita eða taka myndir af sakborningi til eða frá þinghaldi eða í dómhúsi því sem þinghald fer fram, sbr. 131. gr. a laganna. Heimilt er að víkja frá þessu ef veigamikil rök mæla með því.

Loks er lagt til að brot gegn ákvæðinu varði sektum.

Um 8. gr.

Hér er lagt til það nýmæli að árita megi mál þar sem staðfestur er veðréttur samkvæmt kröfu. Fjöldi mála er af þessu tagi og gera lög ráð fyrir því að semja þurfi dóm í þeim tilvikum þar sem fallist er á kröfu um staðfestingu veðréttar jafnvel þó að um útivist af hálfu þess eða þeirra sem stefnt er sé að ræða. Dómar þessir eru að formi til staðlaðir og væri af því mikið hagræði og vinnusparnaður ef árita mætti þessi mál á sama hátt og önnur útivistarmál.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðinu er tekið fram að lagabreytingar haggi ekki ráðningu þeirra starfsmanna sem fyrir eru hjá héraðsdómstólunum, en fyrir því eru sanngirnisrök. Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálft.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15 25. mars 1998, og lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.**

Helsta breytingin sem lögð er til í frumvarpi þessu snýr að því að dómstjóra héraðsdómstóls verði heimilt að fela löglærðum aðstoðarmönnum héraðsdómara að fara með dómstörf að ákveðnu afmörkuðu leyti. Flest mál sem berast héraðsdómstólum eru svonefnd útivistarmál en þá er átt við mál þar sem ekki kemur til þess að munnlegur málflutningur fari fram heldur er dómur lagður á málið eftir gögnum sem lögð hafa verið fyrir dómstólinn. Í samræmi við núgildandi lög er aðstoðarmönnum héraðsdómara vanalega falið að fara yfir gögn í slíkum málum, gera tillögu um afgreiðslu hvers máls, svo sem að því verði lokið með áritun, semja dóm eða vísað frá með úrskurði, en dómari hefur orðið að leggja lokahönd á málið sjálfur. Með breytingunni sem lögð er til í þessu frumvarpi verður unnt að fela aðstoðarmanni dómara að ljúka slíkum málum endanlega í sínu nafni og ábyrgð. Þannig mætti draga úr vinnuálagi á héraðsdómara og þeim væri gert kleift að verja meiri tíma í að dæma munnlega flutt mál. Þessu til viðbótar er í frumvarpinu gert ráð fyrir að héraðsdómurum verði fjölgað úr 38 í 40. Er fjölguninni ætlað að koma til móts við álag á héraðsdómstólum, auk þess sem þörf á setningum dómara minnkar til muna.

Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að dómstólaráði verði heimilt að fela sérstökum fulltrúa að sinna samskiptum við fjölmiðla og aðra sem leita eftir upplýsingum um málefni héraðsdómstóla. Miðað við fullt starf gæti kostnaður við það verið um 5–6 m.kr. á ári. Hér er þó um að ræða heimild og ræðst það af mati á þörf fyrir upplýsingagjöf og fjárhagslegt svigrúm dómstólaráðs á hverjum tíma hvernig hún verður nýtt, t.d. hvort fullnægjandi þætti að fela núverandi starfsmanni þetta hlutverk eða e.t.v. að því yrði sinnt sem hlutastarfi.

Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi umtalsverð áhrif á launakostnað eða önnur útgjöld héraðsdómstóla. Hvað varðar fjölgun héraðsdómara um tvö stöðugildi er ljóst að það hefur í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð en á móti kemur að kostnaður vegna setninga dómara lækkar. Er því gert ráð fyrir að öll útgjöld sem til kunna að falla vegna lögfestingar frumvarpsins rúmist innan þeirra marka sem langtímaáætlun í ríkisfjármálum setur dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

## 751. Svar [392. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Baldursdóttur um aldurstakmark á skipulagðar útihátíðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hefur ráðherra íhugað, eða áformar hann, að setja 18 ára aldurstakmark á skipulagðar útihátíðir, eða sjá til þess að börn undir 18 ára aldri fái einungis aðgang að slíkum hátíðum séu þau í fylgd með fullorðnum sem staðfestir að hann taki ábyrgð á þeim?*

Ráðuneytið fer með málefni barna og unglinga, fjölskyldumál og forvarnir og meðferð fyrir börn og ungmenni innan 18 ára aldurs en að mati ráðherra hefur skort almenna stefnumótun í forvarnamálum.

Málið var tekið upp á fundi ríkisstjórnarinnar og samþykkti hún að fela ráðuneytinu að hafa forystu í samstarfi þeirra sem starfa að forvörnum og móta heildstæða forvarnastefnu er byggist á samræmdum leiðum í þágu forvarna og markvissri nýtingu þeirra fjármuna sem þegar er veitt í verkefni á þessu sviði. Skipaður var fimm manna stýrihópur til þess að leiða verkefnið undir forystu Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Hópurinn hefur þegar haldið fundi með fjölmörgum aðilum sem þekkja fíkniefnavandann og forvarnastarf af eigin raun, einkaaðilum, félagasamtökum og opinberum aðilum. Stýrihópurinn hefur skilað ráðherra drögum að heildstæðri forvarnastefnu sem send var fjölmörgum aðilum til umsagnar og hafa umsagnir verið að berast ráðuneytinu nú í janúar.

Ein af meginástæðum þess að mál þetta var sett í forgang er að ráðherra hefur áhyggjur af því hvernig unglingar undir 18 ára aldri safnast saman á misskipulögðum hátíðum víða um land, ekki einungis um verslunarmannahelgina, heldur einnig um aðrar helgar sumarsins. Hann kallaði í sumar saman fulltrúa ráðuneyta, opinberra stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja og fann mikinn samhug og eindreginn vilja til þess að samhæfa kraftana betur en gert hefur verið. Í framhaldi af því var hrint af stað auglýsingaherferð fyrir síðastliðna verslunarmannahelgi þar sem foreldrar voru hvattir til að sýna aukna ábyrgð í þessum efnum. Mjög margir hafa unnið og eru að vinna gott starf á þessu sviði og eiga heiður skilinn fyrir það.

Miklir hagsmunir eru í húfi ef eitt barn eða einn unglingur er í hættu því ekkert er dýrmætara en börnin. Til mikillar fyrirmyndar eru þær áfengislausu útihátíðir sem Ungmennafélag Íslands, Bindindishreyfingin og SÁÁ halda ár hvert. Þær hafa verið mjög vel heppnaðar og veitt foreldrum, börnum og unglingum dýrmætt tækifæri til þess að eyða tímanum saman. Samfélagið allt þarf að vera virkur þátttakandi í forvörnum og halda vöku sinni. Málefni sem varða börn og unglinga eiga ávallt að vera forgangsmál.

Í fyrirspurninni er sérstaklega spurt um aldurstakmark á „skipulögðum útihátíðum“. Flestar slíkar skipulagðar útihátíðir eru haldnar um verslunarmannahelgina fyrstu helgina í ágúst. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur árlega gefið út sérstakt umburðarbréf til lögreglustjóra um reglur og skilyrði vegna „skipulagðra útihátíða“, ásamt kynningu á reglugerð um löggæslukostnað við slíkar útihátíðir. Ráðherra hefur mikinn áhuga á að skoða aldurstakmörk á þessum hátíðum í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið og aðra þá aðila er kæmu að slíkri ákvörðun.

## 752. Fyrirspurn [497. mál]

til forsætisráðherra um einstaklinga í kynáttunarvanda (transgender).

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvaða skilyrði þarf sá sem óskar eftir aðgerð til leiðréttingar á kyni að uppfylla? Hvaða mat fer fram, hver sér um það og í hverju felst það aðallega? Eru einhver tímamörk á slíku mati?
2. Eru skurðaðgerðir til leiðréttingar á kyni framkvæmdar hér á landi? Ef svo er, hversu margir hafa farið í slíka aðgerð, sundurliðað eftir kyni? Hversu margir hafa verið sendir utan í slíkar aðgerðir og til hvaða landa?
3. Eru til sérmenntaðir sálfræðingar, læknar eða félagsfræðingar á þessu sviði og er gerð krafa um það af hálfu yfirvalda að þeir sem sinna ráðgjöf á þessu sviði afli sér þekkingar á málefnum fólks í kynáttunarvanda?
4. Hvaða stuðningsúrræði eru til fyrir þá sem láta breyta kyni sínu? Fá þeir sem hafa fengið höfnun hérlendis einhvern stuðning? Er samstarf eða sameiginleg stefnumótun á þessu sviði milli Norðurlanda- og Evrópuþjóða?
5. Hverjar eru vinnureglur varðandi fæðingarvottorð þeirra sem fara í aðgerð til leiðréttingar á kyni?
6. Fjallar einhver nefnd um mál þeirra sem eru í kynáttunarvanda? Ef svo er, hvert er hlutverk slíkrar nefndar og hvenær hóf hún störf, hverjir sitja í henni og hversu oft hefur hún komið saman?
7. Hvenær geta einstaklingar með nýtt kyn fengið nýtt nafn og kennitölu? Hversu langur tími líður þar til slíkt er hægt? Hvaða möguleika hefur fólk til þess að skipta um nafn áður en leiðrétting á kyni er framkvæmd? Hverjar eru vinnureglur Þjóðskrár í þessu sambandi?

**Skriflegt svar óskast.**

## 753. Fyrirspurn [498. mál]

til dómsmálaráðherra um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

1. Hverjar voru brúttótekjur Íslandsspila sf. og Happdrættis Háskóla Íslands af söfnunarkössum og happdrættisvélum árin 2004, 2005 og 2006?
2. Hver voru heildarrekstrargjöld hvors fyrirtækis á þessum árum?
3. Hverjar voru heildarvinningsfjárhæðir hvors fyrirtækis sömu ár?
4. Hverjar voru tekjur hvors fyrirtækis að frádregnum vinningum og kostnaði?

**Skriflegt svar óskast.**

## 754. Fyrirspurn [499. mál]

til viðskiptaráðherra um vexti og verðtryggingu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra á þeirri skoðun að rétt sé að afnema verðtryggingu á lánaskuldbindingum?
2. Er ráðherra sammála því mati talsmanns neytenda að það standist ekki að löggjafarvaldið framselji til Seðlabanka Íslands heimild til að ákveða vanefndaálag vegna dráttarvaxta á bilinu 7–15%, sbr. umsögn talsmanns neytenda til efnahags- og viðskiptanefndar frá 2. mars 2006 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 (58. mál 132. löggjafarþings)?
3. Er ráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir breytingu á ákvæði laga um vexti og verðtryggingu sem felur í sér heimild til Seðlabankans til að ákveða vanefndaálag á bilinu 7–15% þannig að það verði lækkað verulega og fastbundin ákveðin prósenta í lögum líkt og er t.d. í Danmörku og Svíþjóð?

## 755. Fyrirspurn [500. mál]

til menntamálaráðherra um kostnað við dagskrárliði í Ríkisútvarpinu.

Frá Merði Árnasyni.

1. Af hverju neita stjórnendur Ríkisútvarpsins að gefa upp kostnað við mikilvæga og fjárfreka dagskrárliði, svo sem áramótaskaup (sbr. Fréttablaðið 4. janúar, bls. 50)?

2. Hvenær var þessi siður tekinn upp af hálfu Ríkisútvarpsins?
3. Hvað kostaði áramótaskaupið 2006? En 2005? En 2004?

## 756. Fyrirspurn [501. mál]

til samgönguráðherra um strandsiglingar.

Frá Hlyni Hallssyni.

1. Hefur ráðuneytið kannað hvort unnt sé að stuðla að því að reglubundnar strandsiglingar hefjist að nýju?
2. Hefur ráðuneytið fylgst með athugunum einkaaðila að undanförnu á því að taka upp slíkar siglingar og skoðað sérstaklega hvort unnt sé að greiða fyrir því að þær hefjist?
3. Verði ekki af því á næstunni að einkaaðilar telji sér fært að hefja strandsiglingar án utanaðkomandi stuðnings mun ráðuneytið þá skoða þann kost að bjóða slíka þjónustu út með svipuðum hætti og t.d. ferjusiglingar og áætlunarflug til afskekktra staða, sbr. tillögu til þingsályktunar á þskj. 34 á þessu löggjafarþingi?

## 757. Fyrirspurn [502. mál]

til samgönguráðherra um gerð Vaðlaheiðarganga og lengingu Akureyrarflugvallar.

Frá Hlyni Hallssyni.

Hefur ráðuneytið haft til athugunar kosti þess að tengja saman gerð Vaðlaheiðarganga og lengingu Akureyrarflugvallar þannig að nota megi efni úr göngunum í undirbyggingu flugbrautarinnar?

## 758. Fyrirspurn [503. mál]

til menntamálaráðherra um jafnréttisfræðslu í skólum og um réttindaskrá barna.

Frá Hlyni Hallssyni.

1. Eru uppi áform um að gera jafnréttisfræðslu að sérstaklega skilgreindum þætti náms á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi?
2. Hefur ráðuneytið athugað að taka upp réttindaskrá barna í grunnskólum í stað aðalnámskrár?

## 759. Fyrirspurn [504. mál]

til landbúnaðarráðherra um fjárveitingar til skógræktar.

Frá Helgu Þorbergsdóttur.

Hyggst ráðherra efla enn skógrækt í landinu með því að beita sér fyrir frekari fjárveitingum, m.a. með það að markmiði að auka bindingu gróðurhúsalofttegunda?

## 760. Fyrirspurn [505. mál]

til heilbrigðisráðherra um viðbrögð við ábendingum faghóps um geðheilbrigðisþjónustu við aldraða.

Frá Helgu Þorbergsdóttur.

Hefur verið unnið eftir einhverjum af ábendingum faghóps sem ráðherra skipaði og fól að skoða hvernig bæta megi geðheilbrigðisþjónustu við aldraða og ef svo er, hverjum og á hvaða hátt? Ef ekki, hyggst ráðherra fara að ábendingum hópsins og þá hvernig?

## 761. Svar [345. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um raforkukaupendur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu margir raforkukaupendur, fyrirtæki og einstaklingar, hafa skipt um raforkusala síðan raforkusala til fyrirtækja var gefin frjáls 1. janúar 2005 og til einstaklinga 1. janúar 2006, og hversu stór hundraðshluti er það af raforkukaupendum í heild?*

Við undirbúning svarsins aflaði ráðuneytið upplýsinga frá Netorku. Netorka er hlutafélag í eigu fyrirtækja á raforkumarkaði og gegnir því hlutverki að vera sameiginlegt mæligagna- og uppgjörsfyrirtæki fyrir íslenskan raforkumarkað í markaðsvæddu umhverfi.

Til skýringar skal tekið fram að sama fyrirtæki eða einstaklingur getur fengið orku afhenta á fleiri en einum notkunarstað. Þegar einstaklingur eða fyrirtæki sækja um skipti á raforkusala þarf að sækja sérstaklega um skiptin fyrir hvern notkunarstað. Fjöldi skráðra söluaðilaskipta notkunarstaða verður því ávallt meiri en fjöldi lögaðila sem skiptir.

**Fjöldi raforkukaupenda, fyrirtæki og einstaklingar, sem gerðu nýja samninga, þ.e. söluaðilaskipti, 2005–2006.**

| Ár | Lögaðilar samtals | Fyrirtæki | Einstaklingar |
|---|---|---|---|
| 2005 | 10 | 10 | 0 |
| 2006 | 234 | 54 | 180 |

**Fjöldi samninga, þ.e. söluaðilaskipta, sem gerðir voru 2005–2006.***

| Ár | Samningar samtals | Hjá fyrirtækjum | Við einstaklinga |
|---|---|---|---|
| 2005 | 16 | 16 | 0 |
| 2006 | 893 | 674 | 219 |

*Vakin er athygli á að hver raforkukaupandi getur gert fleiri en einn samning, t.d. vegna margra notkunarstaða:

**Heildarfjöldi raforkukaupenda á markaði árið 2006.**

| | Lögaðilar samtals | Fyrirtæki | Einstaklingar |
|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi | 124.556 | 16.074 | 108.469 |
| Söluaðilaskipti | 234 | 54 | 180 |
| Hlutfall | 0,19% | 0,33% | 0,17% |

**Heildarfjöldi notkunarstaða á markaði árið 2006.**

| | Notkunarstaðir | Fyrirtæki | Einstaklingar |
|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi | 174.117 | 38.227 | 135.877 |
| Söluaðilaskipti | 893 | 674 | 219 |
| Hlutfall | 0,51% | 1,76% | 0,16% |

## 762. Svar [354. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um olíuleit og rannsóknir á landgrunni Íslands.

Leitað var til Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna um svör við fyrirspurninni og byggist eftirfarandi á upplýsingum frá þeim.

1. *Hafa félög eða fyrirtæki sótt um leyfi til olíu- og gasleitar í íslenskri lögsögu sl. tvö ár?*
2. *Ef svo er, hvaða aðilar eru það og hver eru áform þeirra? Hafa íslenskum stjórnvöldum borist niðurstöður rannsókna eða áfangaskýrsla?*

Á síðustu tveimur árum hefur ekki verið sótt um leyfi til olíu- og gasleitar í íslenskri lögsögu. Síðasta slíkt leyfi var veitt fyrirtækinu TGS-NOPEC árið 2002 til leitar á sk. Drekasvæði, suður af Jan Mayen-hrygg.

Rétt er að taka fram að fyrirtæki þau sem fengu leyfi til leitar fyrr á árum hafa skilað gögnum úr leiðöngrum sínum og kynnt niðurstöðurnar í skýrslum.

3. *Hafa erlendir aðilar leitað upplýsinga til ráðuneytisins án þess að sækja formlega um leyfi til leitar?*

Nokkur erlend fyrirtæki, sem ekki hafa sótt formlega um leyfi á síðustu tveimur árum, hafa sýnt áhuga á olíuleit við Ísland og leitað upplýsinga hjá ráðuneytinu og hjá Orkustofnun. Jafnframt hafa erlendar sendinefndir í tengslum við heimsóknir ráðamanna, svo sem frá Indlandi, Kína og Angóla, sýnt áhuga á möguleikum til olíuleitar og -vinnslu í íslenskri lögsögu.

Ráðuneytið og Orkustofnun svara þeim fyrirspurnum um málefnið sem til þeirra er beint, auk þess sem á vef Orkustofnunar eru birtar á ensku helstu upplýsingar um stöðu olíuleitarmála hérlendis ásamt gildandi lögum og reglum um olíuleit.

4. *Hvað líður rannsóknum á landgrunni Norðurlands þ.e. frá Öxarfirði yfir í Eyjafjarðarál? Hvaða vísbendingar hafa rannsóknir gefið um möguleika á olíu eða gasi og hverjar eru líkurnar á að olía eða gas finnist?*

Frá árinu 2005 hefur verið hlé á beinum athugunum á sk. Gammssvæði á landgrunni Norðurlands með tilliti til möguleika á olíu eða gasi. Á síðustu tveimur árum hafa birst greinar í vísindatímaritum og verið fjallað um málefnið á vísindaráðstefnum og fundum á grundvelli fyrri athugana. Lögð hafa verið drög að yfirlitsskýrslu um rannsóknirnar, en lúkning hennar er í biðstöðu. Helstu niðurstöður rannsóknanna til þessa eru sem hér segir:

a. Jarðgas hefur fundist með vissu í Öxarfirði og virðist hafa þónokkra útbreiðslu. Samsetning og samsætugreiningar benda til að móðurberg sé að mestu lífrænt efni af landi (kol eða surtarbrandur). Sýnt hefur verið fram á að surtarbrandurinn á Tjörnesi sé ágætt móðurberg fyrir gas og hugsanlega olíu og yfirgnæfandi líkur eru, samkvæmt samsætugreiningum, að sambærilegt efni sé móðurberg fyrir gasið í Öxarfirði
b. Fundin eru víðáttumikil svæði norður af landinu með þykkum setlögum er hugsanlega innihalda lífræn efni.
c. Fundist hafa grópir á botni Skjálfanda, sem líklega eru tengdar uppstreymi gass og/eða vökva í gegnum misgengi. Vísbendingar samkvæmt ljósmyndum og hljóðendurvarpsmælingum eru um virkt gasuppstreymi í Skjálfanda meðfram Húsavíkur–Flateyjar misgenginu og hugsanlega í grópum í norðanverðum Skjálfanda.
d. Jarðgas hefur fundist í botnseti á nokkrum stöðum í Skjálfanda, en mest rétt utan Húsavíkur. Niðurstöður rannsókna á kjarnasýnum benda aðallega til lífræns myndaðs metangass (mýrargass), en þróaðri kolvetnissambönd finnast einnig.

Í heild er niðurstaðan því sú á þessu stigi málsins að þótt ekki hafi fundist nýtanleg auðlind hefur þó að líkindum verið sýnt fram á að gas- og jafnvel olíumyndandi ferli geta átt sér stað í Tjörnestroginu.

5. *Er fyrirhugað eða talin þörf á að bora rannsóknarholur í Flatey á Skjálfanda eða í Grímsey til frekari rannsóknar setlaga?*

Árið 1982 var boruð 554 m djúp rannsóknarhola í Flatey á Skjálfanda. Í Grímsey hafa verið boraðar 17 hitastigulsholur fram til ársins 2003, og eru þær frá nokkrum tugum og allt að 120 m djúpar. Engin merki um olíu eða gas hafa fundist í þessum borholum.

Næstu skref í rannsóknum á landgrunni Norðurlands á skilyrðum til myndunar og uppsöfnunar á olíu og gasi í jarðlögum eru að ljúka við fyrsta tækifæri yfirlitsskýrslu um rannsóknirnar fram að þessu, gera frekari jarðeðlisfræðilegar mælingar og safna og greina sýni af gasi sem finnst í setlögum eða streymir upp á botni sjávar.

6. *Að hvaða málum er nú unnið að af hálfu samráðsnefndar um landgrunns- og olíuleitarmál?*

Samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál hefur gætt íslenskra hagsmuna á sviði olíu- og landgrunnsmála frá því að hún var skipuð af ráðherra í febrúar 1999.

Í byrjun árs 2005 lagði samráðsnefndin fram minnisblað með tillögum til ríkisstjórnarinnar um undirbúning fyrir veitingu sérleyfa til rannsóknar og vinnslu olíu og annarra kolvetna á

Jan Mayen-hryggnum. Á grundvelli þeirri tillagna samþykkti ríkisstjórnin í apríl 2005 að hefja undirbúning að hugsanlegri veitingu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu olíu á Jan Mayen-hryggnum og leggja fram sérstaka fjármuni í því skyni. Í framhaldi af því lagði samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál fram tillögur til ráðuneytisins um verklag og næstu skref, ásamt drögum að verklýsingum. Ljóst var í kjölfar þeirrar vinnu að þörf væri fyrir víðtækt samstarf og samvinnu margra ráðuneyta til að tryggja framgang verksins og því samþykkti ríkisstjórnin í mars 2006 að skipa sérstaka nefnd átta ráðuneytisstjóra sem vettvang fyrir þá vinnu, en Orkumálastjóri starfar einnig með nefndinni. Þrír vinnuhópar sem í sitja sérfræðingar frá ráðuneytunum átta og undirstofnunum þeirra starfa á vegum ráðuneytisstjóranefndarinnar og er hlutverk þeirra m.a. að fara yfir lagaumhverfið varðandi olíuleit hérlendis. Einnig er á vettvangi vinnuhópanna unnið að heildarskýrslu um málið þar sem m.a. verður að finna samantekt fagstofnana á stöðu náttúrufarsrannsókna og umhverfismála á Drekasvæðinu á Jan Mayen-hryggnum. Stefnt er að því að birta skýrsluna og ljúka umfjöllun um hana á fyrstu mánuðum ársins 2007, þannig að taka megi ákvörðun vorið 2007 um hvort hefja eigi leyfisveitingarferli fyrir útgáfu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu olíu á Drekasvæðinu á Jan Mayen-hryggnum.

Meðan þetta undirbúningsferli er í gangi á vegum nefndar átta ráðuneytisstjóra, eins og að framan er lýst, mun samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál halda sig til hlés. Í framhaldi af ákvörðunum um framhaldið gefst færi á að athuga hvort endurskoða þurfi verkefni samráðsnefndarinnar. Á þessu stigi er það metið svo að henni verði auðið lengri lífdaga við þörf verk, a.m.k. á sviði landgrunnsmála.

## 763. Fyrirspurn [506. mál]

til iðnaðarráðherra um ný störf á vegum ríkisins á landsbyggðinni.

Frá Hlyni Hallssyni.

1. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar um fjölgun starfa á vegum ríkisins á landsbyggðinni annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar?
2. Hver hefur verið þróunin sl. 10 ár hvað varðar staðsetningu nýrra starfa á vegum ríkisins, sundurliðað eftir árum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 764. Svar [402. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um vatnstjón á Keflavíkurflugvelli.

*1. Hversu margar íbúðir á Keflavíkurflugvelli skemmdust vegna vatnsleka nú í nóvember?*

Á Keflavíkurflugvelli skemmdust 106 íbúðir í 13 húsum vegna vatnsleka í nóvember.

2. *Skemmdust önnur mannvirki af sömu orsökum? Ef svo er, hver eru þau?*
Vatnslagnir sprungu í sjö öðrum mannvirkjum. Þau eru:
Nr. og bygging:
755 Skrifstofuhús.
774 Leikskóli.
882 Verkstæði.
890 Skrifstofuhús, verkstæði, geymsla.
937 Æskulýðsmiðstöð.
2104 Verkstæði.
2110 Geymsla.

3. *Hvernig var eftirliti með mannvirkjunum háttað og hver bar ábyrgð á því?*
Í byrjun apríl 2006 kom utanríkisráðuneytið á laggirnar starfshópi sem hafði það hlutverk að tryggja snurðulausa færslu á rekstri alþjóðaflugvallarins á Keflavíkurflugvelli til íslenskra stjórnvalda samfara brotthvarfi varnarliðsins. Ábyrgð á öðrum verkþáttum, svo sem rekstri og viðhaldseftirliti mannvirkja á svæðinu, var ekki skilgreind af hálfu stjórnvalda á þeim tíma, enda var varnarliðið ennþá til staðar og bar ábyrgð á slíkum verkþáttum.

Að ósk ráðuneytisins tók umræddur starfshópur við lyklum úr hendi varnarliðsins samfara brottflutningi þess og lét ganga úr skugga um að allar byggingar væru læstar. Á útfylltum gátlistum varnarliðsins kom meðal annars fram að hiti væri á öllum ofnum í húsum á ofnstillingu „2“, sem þýddi að 17 gráðu hiti átti að vera í öllum herbergjum húsanna.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli hafði með höndum öryggiseftirlit á svæðinu og Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hafði eftirlit með mannvirkjum sem tilheyrðu rekstri flugvallarins.

Með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 26. september 2006, var tekin ákvörðun um að rekstur og umsýsla mannvirkja á svokölluðu þróunarsvæði yrði, á grundvelli þjónustusamnings, falin sérstöku hlutafélagi sem lyti forræði forsætisráðherra. Hlutafélagið, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., var stofnað hinn 24. október sl.

Gerð umræddra þjónustusamnings tafðist og ákvað utanríkisráðuneytið, með bréfi dags. 23. nóvember sl., að afhenda fjármálaráðuneytinu forræði á umsýslu allra eigna á umræddu svæði, enda þjónuðu eignirnar ekki lengur varnartengdu hlutverki. Umræddur þjónustusamningur var undirritaður hinn 9. desember sl.

Fram að þeim tíma sem fyrrgreint bréf var sent til fjármálaráðuneytisins og þjónustusamningur við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. var undirritaður bar utanríkisráðuneytið og stofnanir á vegum þess ábyrgð á svæðinu. Í kjölfar þess að vatnstjónið uppgötvaðist óskaði utanríkisráðherra þegar eftir því við Ríkisendurskoðun að gerð yrði stjórnsýsluúttekt á umsýslu utanríkisráðuneytisins, stofnana þess og annarra aðila sem komu að eftirliti og umsjón með byggingum á varnarsvæðinu á Miðnesheiði. Var þess sérstaklega óskað að úttektin beindist að stjórnsýslu þessara aðila sem varðað gæti umrætt vatnstjón. Niðurstöðu Ríkisendurskoðunar er að vænta innan skamms.

4. *Hver er ætlaður kostnaður við að koma mannvirkjunum í fyrra horf?*
Á þessu stigi er ekki hægt að gefa einhlítt svar um áætlaðan kostnað þar sem viðbragðsaðgerðir, eins og þurrkun, hafa staðið yfir og efni þurfa tíma til að jafna sig. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. mun láta fara fram faglegt og óháð mat á tjóninu og þá fyrst verður hægt að setja fram raunhæfa áætlun um kostnað.

5. *Hver mun bera kostnaðinn af endurbótum?*
Íslenska ríkið mun bera kostnaðinn af þessu tjóni, enda eru ríkiseignir ekki tryggðar.

## 765. Breytingartillögur [56. mál]

við frv. til l. um Ríkisútvarpið ohf.

Frá Merði Árnasyni, Björgvini G. Sigurðssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Við 13. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.
   b. Í stað orðanna „1. febrúar 2007“ í 2. mgr. komi: 1. september 2007.
2. Í stað orðanna „1. febrúar 2007“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II komi: 1. september 2007.

## 766. Fyrirspurn [507. mál]

til fjármálaráðherra um fjárframlög til aðila utan ríkiskerfisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert var umfang fjárframlaga til aðila utan ríkiskerfisins árin 2005 og 2006 og hvernig var skiptingin milli ráðuneyta? Óskað er eftir sundurliðun á því hverjir fengu framlög yfir 2 millj. kr.
2. Hvernig skiptast þessi framlög milli:
   a. framlaga á grundvelli þjónustusamninga,
   b. framlaga sem ráðherrar ákveða af óskiptu ráðstöfunarfé þeirra í fjárlögum og hverjir fengu styrki af þessum lið á árunum 2005 og 2006, sundurliðað eftir ráðuneytum,
   c. framlaga sem Alþingi ákveður af óskiptum liðum einstakra ráðuneyta,
   d. framlaga sem einstök ráðuneyti ákvörðuðu í fjárlögum hverju sinni?
3. Hvernig er eftirliti ráðuneytanna með framlögum skv. 2. lið fyrirspurnarinnar háttað, skipt eftir liðum?
4. Hvaða verklagsreglur gilda um úthlutun framlaga skv. 2. lið fyrirspurnarinnar, skipt eftir liðum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 767. Svar [442. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins.

1. *Hver er fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins miðað við 1. desember 2006? Óskað er eftir upplýsingum um helstu stærðir í efnahags- og rekstrarreikningi, þ.m.t. sundurliðun á skuldum, og um stöðuna gagnvart ríkissjóði.*

Fyrir liggur árshlutareikningur Ríkisútvarpsins frá 1. janúar til 30. júní 2006, sem sýnir að á árinu er 420,1 millj. kr. halli á rekstrinum og að uppsafnaðar skuldir eru 5.168 millj. kr. Langtímaskuldir eru 3.303,2 millj. kr. og þar af er skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna lífeyrisskuldbindinga um 3 milljarðar kr. Skammtímaskuldir eru 1.865,2 millj. kr. og þar af skuld við ríkissjóð 1.167,2 millj. kr. sem skiptist þannig að tæplega 700 millj. kr. eru vegna Sinfónuhljómsveitar Íslands og rúmlega 450 millj. kr. er launaskuld.

Þá liggur fyrir óendurskoðuð staða miðað við janúar til nóvember 2006 og er rekstrarstaðan neikvæð um 434 millj. kr. Nýrri staða liggur ekki fyrir nú.

Þá er rétt að benda á að í tengslum við breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins í Ríkisútvarpið ohf. er gert ráð fyrir breytingum og að eiginfjárhlutfall félagsins verði 15% 2007.

2. *Hver var sambærileg staða í lok áranna 2004 og 2005?*

Meðfylgjandi eru ársreikningar Ríkisútvarpsins fyrir árið 2004 og 2005, jafnframt er hér á eftir yfirlit yfir skuld við ríkissjóð árin 2004–2006.

Árið 2004 var halli á rekstri Ríkisútvarpsins 49,8 millj. kr.

Árið 2005 var halli á rekstri Ríkisútvarpsins 196,2 millj. kr.

1. janúar til 30. júní 2006 var halli á rekstri Ríkisútvarpsins 420,1 millj. kr.

Heildarskuldir í ársreikningi 2004 eru 4.708,4 millj. kr., þar af er skuld við ríkissjóð 804,7 millj. kr.

Heildarskuldir í ársreikningi 2005 eru 4.852,5 millj. kr., þar af er skuld við ríkissjóð 932,7 millj. kr.

Heildarskuldir í árshlutareikningi 1. janúar til 30. júní 2006 eru 5.168,4 millj. kr., þar af er skuld við ríkissjóð 1.167,2 millj. kr.

**Fylgiskjal I.**

## Ríkisútvarpið.
## Ársreikningur 2004.

# Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Ríkisútvarpsins fyrir árið 2004 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda stofnunarinnar og lagður fram í samræmi við starfsskyldur þeirra. Okkur ber að láta í ljós álit á ársreikningnum og byggja það á endurskoðun okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án annmarka sem máli skipta. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskila- og matsreglum, sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægilega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisútvarpsins á árinu 2004, efnahag þess 31. desember 2004 og breytingum á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 31. mars 2005

**Deloitte hf.**

Birkir Leósson
endurskoðandi

Ívar Guðmundsson
endurskoðandi

# Ársskýrsla

Verulegur bati varð á rekstri Ríkisútvarpsins á árinu 2004. Hagnaður af rekstri fyrir afskriftir (EBITDA) varð 391,0 m.kr. árið 2004 samanborið við 132,6 m.kr. hagnað árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsliði varð 126,3 m.kr. árið 2004 en árið áður var 107,3 m.kr. halli. Batann má rekja til markvissra aðhaldsaðgerða sem leiddu til þess að rekstrargjöld hækkuðu innan við eitt prósent frá árinu á undan. Tekjur af auglýsingum og kostun jukust á árinu sem er góður árangur þegar horft er til stöðugt harðnandi samkeppni. Afnotagjöld hækkuðu um 7% hinn 1. maí.

Á undanförnum árum hefur Ríkisútvarpið tekist á við stöðugan rekstrarvanda sem má rekja til minnkandi rauntekna og aukinna skuldbindinga vegna greiðslna af lífeyrisláni og framlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Til þess að bregðast við þessum vanda hefur ítrekað verið farið ofan í rekstur stofnunarinnar til aðhalds og hagræðingar. Alþingi hefur í reynd viðurkennt þessa erfiðu stöðu með því að heimila Ríkisútvarpinu hallarekstur í fjárlögum.

Rekstur Ríkisútvarpsins á síðasta ári var í góðu samræmi við fjárlög sem gerðu ráð fyrir 45,0 m.kr. rekstrarhalla. Rekstrartap ársins 2004 varð 49,7 m.kr. samanborið við 313,7 m.kr. tap árið áður. Árið 2004 var sölutap af fasteign á Akureyri 35,9 m.kr. Þetta þýðir að eiginlegur rekstur stofnunarinnar var nánast hallalaus á árinu 2004 sem er mikill viðsnúningur frá fyrri árum.

Í lok ársins var Ríkisútvarpinu gert að taka á sig 22,0 m.kr. vegna uppgjörs uppsafnaðra lífeyrisskuldbindinga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er sú upphæð færð yfir eigið fé í efnahagsreikningi. Eigið fé lækkaði af framangreindum ástæðum úr 82,0 m.kr. í upphafi ársins í 10,2 m.kr. í lok ársins.

Ljóst er að umtalsverður árangur hefur orðið af aðhaldsaðgerðum síðustu ára. Engu að síður er fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins slæm. Bókfært eigið fé er nær horfið og rými til fjárfestinga til endurnýjunar í tækjabúnaði og í dreifikerfi afar lítið. Búast má við að launa- og verðlagshækkanir verði miklar á yfirstandandi ári. Við því verður vart brugðist nema með tekjuaukningu eða afnámi greiðslna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og af lífeyrisskuldbindingum. Ríkisútvarpið stendur á tímamótum og það er fyrst og fremst í höndum löggjafans að ákveða hvernig á þeim málum verður tekið.

Stjórnendur Ríkisútvarpsins staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2004 með áritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2005

Útvarpsstjóri

Markús Örn Antonsson

Framkvæmdastjóri fjármáladeildar

Guðmundur Gylfi Guðmundsson

# Rekstrarreikningur ársins 2004

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Afnotagjöld | | 2.382.101.448 | 2.123.293.616 |
| Auglýsingar og kostun | | 911.927.697 | 851.527.257 |
| Aðrar tekjur | | 76.505.618 | 111.679.171 |
| *Rekstrartekjur* | | 3.370.534.763 | 3.086.500.044 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Dagskrárkostnaður | | 2.191.993.949 | 2.185.347.977 |
| Sölukostnaður | | 179.028.678 | 168.934.381 |
| Dreifikerfi | | 174.231.789 | 157.236.567 |
| Sameiginlegur rekstur og stjórnun | | 319.436.065 | 326.097.331 |
| Framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands | | 114.821.429 | 116.293.113 |
| *Rekstrargjöld* | | 2.979.511.910 | 2.953.909.369 |
| **Hagnaður af rekstri fyrir afskriftir** | | 391.022.853 | 132.590.675 |
| Afskriftir fastafjármuna | 2 | (228.819.323) | (239.844.945) |
| Tap af sölu fasteignar | 2 | (35.863.050) | 0 |
| | | (264.682.373) | (239.844.945) |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | | 126.340.480 | (107.254.270) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | | 51.832.667 | 55.629.945 |
| Fjármagnsgjöld | | (227.891.795) | (262.067.874) |
| *Fjármunatekjur - (fjármagnsgjöld)* | | (176.059.128) | (206.437.929) |
| **Tap** | | (49.718.648) | (313.692.199) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 31.12.2004 | 31.12.2003 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | 2,3 | | |
| Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi | | 2.697.435.986 | 2.827.618.476 |
| Dreifikerfi | | 325.910.614 | 365.007.638 |
| Áhöld, tæki og innréttingar | | 642.492.537 | 626.140.919 |
| Aðrar eignir | | 16.125.571 | 16.125.571 |
| | | 3.681.964.708 | 3.834.892.604 |
| **Fastafjármunir** | | 3.681.964.708 | 3.834.892.604 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| **Vörubirgðir** | 4 | | |
| Keypt réttindi og eigin framleiðsla | | 374.540.759 | 395.123.582 |
| | | 374.540.759 | 395.123.582 |
| **Skammtímakröfur** | 5 | | |
| Útistandandi afnotagjöld | | 148.427.176 | 135.100.937 |
| Útistandandi auglýsingar | | 201.808.065 | 189.782.455 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 51.597.658 | 15.912.018 |
| | | 401.832.899 | 340.795.410 |
| **Handbært fé** | | | |
| Bankainnstæður | | 259.831.622 | 71.485.719 |
| Sjóður | | 401.291 | 1.227.528 |
| | | 260.232.913 | 72.713.247 |
| **Veltufjármunir** | | 1.036.606.571 | 808.632.239 |
| **Eignir** | | 4.718.571.279 | 4.643.524.843 |

# 31. desember 2004

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2004 | 31.12.2003 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Afmælissjóður Ríkisútvarpsins | | 1.561.709 | 1.621.108 |
| Óráðstafað eigið fé | | 8.638.996 | 80.392.644 |
| **Eigið fé** | | 10.200.705 | 82.013.752 |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir** | 11 | | |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | | 2.624.875.961 | 2.604.272.384 |
| Norræni fjárfestingabankinn | | 403.876.072 | 269.760.242 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 370.112.628 | 391.792.746 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 13 | 55.158.907 | 56.573.611 |
| | | 3.454.023.568 | 3.322.398.983 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 12 | (188.096.039) | (163.948.057) |
| | | 3.265.927.529 | 3.158.450.926 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 134.980.065 | 110.807.241 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | | 36.302.449 | 35.321.946 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 7 | 389.365.197 | 445.169.820 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 188.096.039 | 163.948.057 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 693.699.295 | 647.813.101 |
| | | 1.442.443.045 | 1.403.060.165 |
| **Skuldir** | | 4.708.370.574 | 4.561.511.091 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 4.718.571.279 | 4.643.524.843 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2004

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap ársins | | (49.718.648) | (313.692.199) |
| **Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé** | | | |
| Afskriftir og sölutap (-hagnaður) fastafjármuna | 2 | 264.682.373 | 216.094.225 |
| Verðbætur og gengismunur langtímalána | | 69.609.546 | 98.741.574 |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | | 284.573.271 | 1.143.600 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | | |
| Viðskiptakröfur, (hækkun) lækkun | | (25.351.849) | 31.777.124 |
| Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | (35.685.640) | (875.939) |
| Birgðir , (hækkun) lækkun | | 20.582.823 | (193.019.615) |
| Skammtímaskuldir vegna rekstrar, hækkun (lækkun) | | (6.800.102) | 421.827.836 |
| **Handbært fé (til) frá rekstri** | | 237.318.503 | 260.853.006 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Keyptar fasteignir | | (5.963.205) | (20.467.043) |
| Seldar fasteignir | | 28.000.000 | 0 |
| Keypt áhöld, tæki og innréttingar | | (121.597.678) | (105.603.512) |
| Keypt dreifikerfi | | (12.193.594) | 0 |
| Selt dreifikerfi | | 0 | 24.289.675 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | (111.754.477) | (101.780.880) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | | 231.370.832 | 51.232.508 |
| Afborganir langtímaskulda | | (169.355.793) | (158.946.361) |
| Breyting á afmælissjóði | | (59.399) | 6.380 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | 61.955.640 | (107.707.473) |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | | 187.519.666 | 51.364.653 |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 72.713.247 | 21.348.594 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 260.232.913 | 72.713.247 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

   Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

   Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

2. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Dreifikerfi | Áhöld, tæki og innréttingar | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 3.724.264.495 | 2.096.605.602 | 5.967.724.029 | 30.960.352 | 11.819.554.478 |
| Afskrifað áður | (896.646.019) | (1.731.597.964) | (5.341.583.110) | (14.834.781) | (7.984.661.874) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.827.618.476 | 365.007.638 | 626.140.919 | 16.125.571 | 3.834.892.604 |
| Viðbót á árinu | 5.963.205 | 12.193.594 | 121.597.678 | | 139.754.477 |
| Selt á árinu | (63.863.050) | | | | (63.863.050) |
| Afskrifað á árinu | (72.282.645) | (51.290.618) | (105.246.060) | | (228.819.323) |
| Bókfært verð í árslok | 2.697.435.986 | 325.910.614 | 642.492.537 | 16.125.571 | 3.681.964.708 |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 2-12% | 7-20% | 0% | |

   Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

3. Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Efstaleiti 1 | 2.309.080.000 | 1.996.435.000 | 2.659.865.019 |
| Aðrar fasteignir | 13.288.000 | 36.618.000 | 37.570.967 |
| Dreifikerfi | 157.401.000 | 183.534.000 | 325.910.614 |
| Aðrar eignir | 0 | 0 | 658.618.108 |
| | 2.479.769.000 | 2.216.587.000 | 3.681.964.708 |

   Fasteignir og bifreiðar eru skyldutryggðar. Guarnerius del Gesu fiðla frá árinu 1728 í eigu Ríkisútvarpsins er tryggð fyrir $2.850.000, aðrar eignir eru ótryggðar.

# Skýringar

## Birgðir

4. Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara og greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Innkaupadeild | 191.498.945 |
| Innlend dagskrárdeild | 132.095.658 |
| Rás 1 | 3.966.002 |
| Safnadeild | 32.293.404 |
| Birgðir íþróttadeildar | 14.686.750 |
| | 374.540.759 |

Birgðir vegna sýningarréttar og eigin framleiðslu eru metnar við kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

## Skammtímakröfur

5. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði en óbein afskrift að fjárhæð 271 m.kr. er færð til að mæta kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift einstakra krafna að ræða, heldur almenna varúðarafskrift sem grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafna í árslok 2004. Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi vegna ársins 2004:

| | |
|---|---|
| Staða afskriftareiknings 1/1 2004 | 298.000.000 |
| Endanleg afskrift ársins | (98.168.856) |
| Breyting afskriftareiknings á árinu | 71.168.856 |
| Staða afskriftareiknings 31/12 2004 | 271.000.000 |

## Eigið fé

6. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | Afmælissjóður Ríkisútvarpsins | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 1.621.108 | 80.392.644 |
| Breyting á Afmælissjóði Ríkisútvarpsins | (59.399) | |
| Yfirtekin lífeyrisskuldbinding Sinfóníuhljómsveitar Íslands | | (22.035.000) |
| Tap ársins | | (49.718.648) |
| | 1.561.709 | 8.638.996 |

Ríkisútvarpið tók yfir skuldbindingar Sinfóníuhljómsveitar Íslands gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR). Hlutdeild Ríkisútvarpsins nær til uppgjörs á áföllnum lífeyrisskuldbindingum starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands við B-deild LSR þann 31.12.2002.

# Skýringar

## Skuldbindingar

7. Áfallin viðbótarlífeyrisskuldbinding Ríkisútvarpsins frá ársbyrjun til ársloka 2004 nam 54,8 m.kr. samkvæmt áætlun LSR. Þessi lífeyrisskuldbinding er færð í bækur stofnunarinnar en hún hefur verið greidd að mestu leyti með viðbótarlífeyrisiðgjöldum. Breytingar á árinu greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Áfallin skuldbinding á árinu | 54.822.549 |
| Greitt á árinu | (39.752.226) |
| Ógreitt 31.12.2004 | 15.070.323 |

8. Íþróttadeild Ríkisútvarpsins hefur gert samninga við aðila um kaup á efni sem ekki hefur verið eignfært sem birgðir og ekki skuldfært í efnahagsreikningi stofnunarinnar. Skuldbindingar þessar nema 165,1 m.kr. í árslok 2004.

9. Ríkisútvarpið hefur gert samninga vegna norræns samstarfs sem hafa ekki verið eignfærðir sem birgðir né skuldfærðir í efnahagsreikningi stofnunarinnar. Skuldbindingar þessar nema 9,5 m.kr. í árslok 2004.

10. Ríkisútvarpinu hefur verið stefnt vegna 3 m.kr. bótakröfu vegna sýningar á sjónvarpsþætti. Jafnframt hefur verið gerð krafa á hendur stofnuninni um greiðslu 39 m.kr. fyrir sýningarrétt á þáttaröð. Ríkisútvarpið telur sig ekki eiga að greiða framangreindar kröfur og hefur því ekki verið tekið tillit til þeirra í rekstrar- og efnahagsreikningi.

## Langtímaskuldir

11. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | Eftirstöðvar |
|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | |
| Skuldir í EUR | 252.433.942 |
| Skuldir í USD | 138.153.153 |
| Skuldir í DKK | 23.190.212 |
| Skuldir í CHF | 37.569.252 |
| | 451.346.559 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 3.002.677.009 |
| | 3.454.023.568 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (188.096.039) |
| Langtímaskuldir í árslok | 3.265.927.529 |

12. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 188.096.039 |
| Afborganir 2006 | 184.341.411 |
| Afborganir 2007 | 180.371.741 |
| Afborganir 2008 | 180.452.613 |
| Afborganir 2009 | 181.473.242 |
| Afborganir síðar | 2.539.288.522 |
| | 3.454.023.568 |

# Skýringar

## Önnur mál

13. Gerðir hafa verið nokkrir fjármögnunarleigusamningar vegna kaupa á tölvum og tækjabúnaði. Þrátt fyrir eignarréttarfyrirvara leigusala eru þessir leigufjármunir færðir til eignar í ársreikningnum meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðir á sama hátt. Bókfært verð þessara fjármuna nemur um 68 m.kr. í árslok. Jafnframt þessu er færð samsvarandi skuld við leigusala meðal langtímaskulda og eru eftirstöðvar um 55 m.kr. í árslok 2004.

14. Laun og tengd gjöld greinast þannig í þúsundum króna:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Laun | 1.118.257 | 1.076.673 |
| Launatengd gjöld | 263.977 | 207.626 |
| | 1.382.234 | 1.284.299 |
| Meðalfjöldi fastráðinna starfsmanna | 321 | 318 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2004 námu 25,4 milljónum króna.

## Sjóðstreymi

15. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers tímabils.

| | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | (49.718.648) | (313.692.199) | (188.157.520) | (336.926.195) | (283.534.654) |
| Afskriftir | 264.682.373 | 216.094.225 | 236.502.813 | 252.521.172 | 282.039.208 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | 69.609.546 | 98.741.574 | 40.815.942 | 300.625.401 | 146.123.060 |
| Reikn. tekjur v. verðl.br. | | | | (255.262.832) | (93.722.564) |
| Aðrar breytingar | | | | | 50.000.000 |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | 284.573.271 | 1.143.600 | 89.161.235 | (39.042.454) | 100.905.050 |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | (40.454.666) | (162.118.430) | (19.481.834) | (65.178.210) | (37.181.229) |
| Rekstrartengdum skuldum | (6.800.102) | 421.827.836 | 157.190.570 | 304.954.862 | (45.142.539) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 237.318.503 | 260.853.006 | 226.869.971 | 200.734.198 | 18.581.282 |

## Kennitölur

16. Úr rekstrarreikningi

| | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur | 11,6% | 4,3% | 6,7% |
| Rekstrarhagnaður / rekstrartekjum | 3,7% | -3,5% | -1,3% |
| Hagnaður ársins / rekstrartekjur | -1,5% | -10,2% | -6,3% |
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 391.022.853 | 132.590.675 | 198.152.102 |

# Skýringar

| 17. Úr efnahagsreikningi | 31.12.2004 | 31.12.2003 | 31.12.2002 |
|---|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 0,72 | 0,58 | 0,61 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 0,2% | 1,8% | 8,7% |

**Fylgiskjal II.**

**Ríkisútvarpið.**
**Ársreikningur 2005.**

# Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Ríkisútvarpsins fyrir árið 2005 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda stofnunarinnar og lagður fram í samræmi við starfsskyldur þeirra. Okkur ber að láta í ljós álit á ársreikningnum og byggja það á endurskoðun okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án annmarka sem máli skipta. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskila- og matsreglum, sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægilega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisútvarpsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingum á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 5. maí 2006

**Deloitte hf.**

Birkir Leósson
endurskoðandi

Lúðvík Þráinsson
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnenda

Á undanförnum árum hefur Ríkisútvarpið tekist á við stöðugan rekstrarvanda sem má rekja til minnkandi rauntekna og skuldbindinga vegna greiðslna af lífeyrisláni.

Þó svo að nokkur hækkun hafi orðið á auglýsinga- og kostunartekjum varð tekjuhækkun ársins minni en almenn kostnaðarþróun þar sem ekki fékkst hækkun á afnotagjaldi á árinu. Þá varð reksturinn þungur á árinu m.a. vegna liða sem ekki voru áætlaðir og varúðarafskrifta þeim tengdum.

Ríkisútvarpið stendur nú á tímamótum. Stjórnvöld áforma að breyta því í hlutafélag nú um mitt ár og samhliða því verði eignastaða þess metin og eiginfjárstaðan bætt með framlagi úr ríkissjóði.

Stjórnendur Ríkisútvarpsins staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2005 með áritun sinni.

Reykjavík, 5. maí 2006

Páll Magnússon
Útvarpsstjóri

Guðmundur Gylfi Guðmundsson
Framkvæmdastjóri fjármáladeildar

# Rekstrarreikningur ársins 2005

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Afnotagjöld | | 2.468.574.534 | 2.382.101.448 |
| Auglýsingar og kostun | | 970.501.090 | 911.927.697 |
| Aðrar tekjur | | 116.174.822 | 111.506.495 |
| | | 3.555.250.446 | 3.405.535.640 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Dagskrárkostnaður | | 2.355.914.901 | 2.191.993.948 |
| Sölukostnaður | | 252.903.817 | 214.029.555 |
| Dreifikerfi | | 172.904.591 | 174.231.790 |
| Sameiginlegur rekstur og stjórnun | | 377.351.076 | 319.436.065 |
| Framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands | | 124.463.643 | 114.821.429 |
| | | 3.283.538.027 | 3.014.512.787 |
| **Hagnaður af rekstri fyrir afskriftir** | | 271.712.419 | 391.022.853 |
| Afskriftir | 4 | (258.480.393) | (228.819.323) |
| Tap af sölu fasteignar | | 0 | (35.863.050) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 13.232.026 | 126.340.480 |
| Fjármunatekjur | | 79.214.471 | 51.832.667 |
| Fjármagnsgjöld | | (288.647.390) | (227.891.795) |
| **Tap ársins** | | (196.200.893) | (49.718.648) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | 3.561.645.975 | 3.681.964.708 |
| | | 3.561.645.975 | 3.681.964.708 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Keypt réttindi og eigin framleiðsla | 5 | 343.908.045 | 374.540.759 |
| Viðskiptakröfur | 6 | 376.126.100 | 370.305.172 |
| Aðrar skammtímakröfur | 6 | 18.701.542 | 31.527.727 |
| Handbært fé | 6 | 365.919.274 | 260.232.913 |
| | | 1.104.654.960 | 1.036.606.571 |
| **Eignir** | | 4.666.300.935 | 4.718.571.279 |

# 31. desember 2005

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 7 | | |
| Afmælissjóður Ríkisútvarpsins | | 1.350.581 | 1.561.709 |
| Óráðstafað eigið fé | | (187.561.897) | 8.638.996 |
| Eigið fé | | (186.211.316) | 10.200.705 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 8 | 3.163.519.016 | 3.236.047.107 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 8 | 20.511.760 | 29.880.422 |
| | | 3.184.030.776 | 3.265.927.529 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 10 | 306.325.285 | 281.754.657 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 317.235 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 10 | 188.620.263 | 188.096.039 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 10 | 1.173.535.926 | 972.275.114 |
| | | 1.668.481.474 | 1.442.443.045 |
| Skuldir | | 4.852.512.251 | 4.708.370.574 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 4.666.300.935 | 4.718.571.279 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2005

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap ársins | | (196.200.893) | (49.718.648) |
| **Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé** | | | |
| Afskriftir og sölutap (-hagnaður) fastafjármuna | | 258.480.393 | 264.682.373 |
| Verðbætur og gengismunur langtímalána | | 95.443.215 | 69.609.546 |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | | 157.722.715 | 284.573.271 |
| **Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum** | | | |
| Vörubirgðir (hækkun) lækkun | | 30.632.714 | 20.582.823 |
| Viðskiptakröfur (hækkun) lækkun | | (5.820.928) | (25.351.849) |
| Aðrar skammtímakröfur (hækkun) lækkun | | 12.826.185 | (35.685.640) |
| Skammtímaskuldir vegna rekstrar, hækkun (lækkun) | | 225.514.205 | (6.800.102) |
| **Handbært fé (til) frá rekstri** | | 420.874.892 | 237.318.503 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | (138.161.660) | (111.754.477) |
| | | (138.161.660) | (111.754.477) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | | 17.839.981 | 231.370.832 |
| Afborganir langtímaskulda | 8 | (194.655.724) | (169.355.793) |
| Breyting á afmælissjóði | | (211.128) | (59.399) |
| | | (177.026.871) | 61.955.640 |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | 105.686.361 | 187.519.666 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 260.232.913 | 72.713.247 |
| Handbært fé í lok árs | | 365.919.274 | 260.232.913 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 122/2000.

Hlutverk Ríkisútvarpsins er að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleið. Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem eru efst á baugi hverju sinni eða almenning varða.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Ríkisútvarpsins fyrir árið 2005 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjámuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

# Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.
Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar. Niðurfærslan grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafa í árslok 2005.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútstreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

## 3. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig í þús kr.:

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Laun | 1.227.014 | 1.118.257 |
| Launatengd gjöld | 246.694 | 263.977 |
| | 1.473.708 | 1.382.234 |
| Meðalfjöldi starfa | 317 | 321 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2005 námu 31,3 milljónum króna.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir | Dreifikerfi | Áhöld, tæki og innréttingar | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 3.614.132.688 | 2.108.799.196 | 6.089.321.707 | 30.960.352 | 11.843.213.943 |
| Eignfært á árinu | 1.284.207 | 13.192.361 | 125.781.419 | | 140.257.987 |
| Selt og aflagt á árinu | | | (2.096.327) | | (2.096.327) |
| Staða í árslok | 3.615.416.895 | 2.121.991.557 | 6.213.006.799 | 30.960.352 | 11.981.375.603 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 916.696.702 | 1.782.888.582 | 5.446.829.170 | 14.834.781 | 8.161.249.235 |
| Afskrift ársins | 72.308.329 | 46.866.489 | 118.529.244 | | 237.704.062 |
| Selt og aflagt á árinu | | | 20.776.331 | | 20.776.331 |
| Staða í árslok | 989.005.031 | 1.829.755.071 | 5.586.134.745 | 14.834.781 | 8.419.729.628 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.697.435.986 | 325.910.614 | 642.492.537 | 16.125.571 | 3.681.964.708 |
| Bókfært verð í árslok | 2.626.411.864 | 292.236.486 | 626.872.054 | 16.125.571 | 3.561.645.975 |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 2-12% | 7-20% | 0% | |

# Skýringar

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Efstaleiti 1 | 2.762.100.000 | 2.073.700.000 | 2.589.808.480 |
| Aðrar fasteignir | 13.038.000 | 31.650.000 | 36.603.384 |
| Dreifikerfi | 169.937.000 | 217.503.000 | 292.236.486 |
| Aðrar eignir | 0 | 0 | 642.997.625 |
| | 2.945.075.000 | 2.322.853.000 | 3.561.645.975 |

Fasteignir og bifreiðar eru skyldutryggðar. Guarnerius del Gesu fiðla frá árinu 1728 í eigu Ríkisútvarpsins er tryggð fyrir $2.850.000, aðrar eignir eru ótryggðar.

## 5. Vörubirgðir

| | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Innkaupadeild | 214.843.992 | 191.498.945 |
| Innlend dagskrárdeild | 89.202.417 | 132.095.658 |
| Rás 1 | 5.696.480 | 3.966.002 |
| Safnadeild | 34.165.156 | 32.293.404 |
| Birgðir íþróttadeildar | 0 | 14.686.750 |
| | 343.908.045 | 374.540.759 |

Birgðir vegna sýningarréttar og eigin framleiðslu eru metnar við kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

## 6. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 23.998.534 | 20.069.931 |
| Útistandandi afnotagjöld | 128.399.038 | 148.427.176 |
| Útistandandi auglýsingar | 223.728.528 | 201.808.065 |
| | 376.126.100 | 370.305.172 |

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði en óbein afskrift að fjárhæð 239 m.kr. er færð til að mæta kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift einstakra krafna að ræða, heldur almenna varúðarafskrift sem grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafna í árslok 2005.

Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi vegna ársins 2005:

| | |
|---|---|
| Staða afskriftareiknings 1/1 2005 | 271.000.000 |
| Endanleg afskrift ársins | (62.971.657) |
| Breyting afskriftareiknings á árinu | 30.971.657 |
| Staða afskriftareiknings 31/12 2005 | 239.000.000 |

# Skýringar

## 6. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 16.976.456 | 3.059.543 |
| Aðrar kröfur | 1.725.086 | 28.468.184 |
| | 18.701.542 | 31.527.727 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Sjóður | 417.132 | 401.291 |
| Bankainnistæður í íslenskum krónum | 233.921.927 | 122.051.066 |
| Bankainnistæður í erlendri mynt | 131.580.215 | 137.780.556 |
| | 365.919.274 | 260.232.913 |

## 7. Eigið fé

| | Afmælisjóður Ríkisútvarpsins | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2005 | 1.561.709 | 8.638.996 | 10.200.705 |
| Breyting á Afmælissjóði Ríkisútvarpsins | (211.128) | 0 | (211.128) |
| Tap ársins | 0 | (196.200.893) | (196.200.893) |
| | 1.350.581 | (187.561.897) | (186.211.316) |

## 8. Langtímaskuldir

| | Eftirstöðvar | |
|---|---|---|
| | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
| Skuldir í CHF | 30.016.622 | 37.569.252 |
| Skuldir í DKK | 18.971.373 | 23.190.212 |
| Skuldir í EUR | 199.106.674 | 252.433.942 |
| Skuldir í USD | 128.270.270 | 138.153.153 |
| Skuldir í ISK | 2.996.286.101 | 3.002.677.009 |
| | 3.372.651.040 | 3.454.023.568 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (188.620.263) | (188.096.039) |
| Langtímaskuldir í árslok | 3.184.030.777 | 3.265.927.529 |

# Skýringar

## 8. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 188.620.263 |
| Afborganir 2007 | 187.553.924 |
| Afborganir 2008 | 186.561.744 |
| Afborganir 2009 | 185.760.314 |
| Afborganir 2010 | 190.413.817 |
| Afborganir síðar | 2.433.740.978 |
| | 3.372.651.040 |

## 9. Lífeyrisskuldbinding

Áfallin viðbótarlífeyrisskuldbinding Ríkisútvarpsins frá ársbyrjun til ársloka 2005 nam 51,1 m.kr. samkvæmt áætlun LSR. Þessi lífeyrisskuldbinding er færð í bækur stofnunarinnar en hún hefur verið greidd að mestu leyti með viðbótarlífeyrisiðgjöldum. Breytingar á árinu greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Áfallin skuldbinding á árinu | 51.056.150 |
| Greitt á árinu | (38.688.379) |
| Ógreitt 31.12.2005 | 12.367.771 |

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 206.836.322 | 281.754.657 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 99.488.963 | 0 |
| | 306.325.285 | 281.754.657 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 39.250.187 | 36.302.449 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 1.839.875 | 0 |
| Ógreidd opinber gjöld | 0 | 1.363.076 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 392.296.491 | 389.365.197 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 37.898.857 | 37.708.388 |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | 933.277 | 1.459.760 |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | 626.001.360 | 501.537.717 |
| Aðrar skuldir | 75.315.879 | 4.538.527 |
| | 1.173.535.926 | 972.275.114 |

# Skýringar

## 10. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 170.001.795 | 162.817.554 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 18.618.468 | 25.278.485 |
| | 188.620.263 | 188.096.039 |

## 11. Aðrar skuldbindingar

Íþróttadeild Ríkisútvarpsins hefur gert samninga við aðila um kaup á efni sem ekki hefur verið eignfært sem birgðir og ekki skuldfært í efnahagsreikningi stofnunarinnar. Skuldbindingar þessar nema 160,8 m.kr. í árslok 2005.

Ríkisútvarpið hefur gert samninga vegna norræns samstarfs sem hafa ekki verið eignfærðir sem birgðir né skuldfærðir í efnahagsreikningi stofnunarinnar. Skuldbindingar þessar nema 9,7 m.kr. í árslok 2005.

Samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á hluti starfsmanna Ríkisútvarpsins rétt á biðlaunum sé starf þeirra lagt niður. Biðlaunakuldbindingin gæti að hámarki numið um 400 m.kr. og hefur skuldbinding vegna þessa ekki verið færð í ársreikninginn.

## 12. Ábyrgðir og önnur mál

Gerðir hafa verið nokkrir fjármögnunarleigusamningar vegna kaupa á tölvum og tækjabúnaði. Þrátt fyrir eignarréttarfyrirvara leigusala eru þessir leigufjármunir færðir til eignar í ársreikningnum meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðir á sama hátt. Bókfært verð þessara fjármuna nemur um 68 m.kr. í árslok. Jafnframt þessu er færð samsvarandi skuld við leigusala meðal langtímaskulda og eru eftirstöðvar um 39 m.kr. í árslok 2005.

Ríkisútvarpinu hefur verið stefnt vegna 3 krafna, samtals að fjárhæð 34,5 m.kr. Ríkisútvarpið telur sig ekki eiga að greiða framangreindar kröfur og hefur því ekki verið tekið tillit til þeirra í rekstrar- og efnahagsreikningi.

Hjá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, er til meðferðar kæra gagnvart Ríkisútvarpinu vegna meintrar ríkisaðstoðar. Forráðamenn Ríkisútvarpsins telja ólíklegt að skuldbinding muni falla á stofnunina og hefur skuldbinding vegna þessa ekki verið færð í ársreikninginn.

# Skýringar

## 13. Kennitölur

| Úr rekstrarreikningi | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 271.712.419 | 391.022.853 | 132.590.675 |
| Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur | 7,6% | 11,5% | 4,3% |
| Rekstrarhagnaður / rekstrartekjur | 0,4% | 3,7% | -3,5% |
| Hagnaður ársins / rekstrartekjur | -1,4% | -1,5% | -10,2% |
| **Úr efnahagsreikningi** | **31.12.2005** | **31.12.2004** | **31.12.2003** |
| **Greiðsluhæfi** | | | |
| a) Lausafjárhlutfall | 0,46 | 0,46 | 0,29 |
| b) Veltufjárhlutfall | 0,66 | 0,72 | 0,58 |
| a) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir b) Veltufjármunir/skammtímaskuldir | | | |
| **Fjárhagslegur styrkur** | | | |
| c) Eiginfjárhlutfall | -4,0% | 0,2% | 1,8% |
| c) Eigið fé/heildarfjármagn | | | |

## 14. Sjóðstreymisyfirlit

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | (196.200.893) | (49.718.648) | (313.692.199) | (188.157.520) | (336.926.195) |
| Afskriftir | 258.480.393 | 264.682.373 | 216.094.225 | 236.502.813 | 252.521.172 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | 95.443.215 | 69.609.546 | 98.741.574 | 40.815.942 | 300.625.401 |
| Aðrar breytingar | | | | | (255.262.832) |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | 157.722.715 | 284.573.271 | 1.143.600 | 89.161.235 | (39.042.454) |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | 37.637.971 | (40.454.666) | (162.118.430) | (19.481.834) | (65.178.210) |
| Rekstrartengdum skuldum | 225.514.205 | (6.800.102) | 421.827.836 | 157.190.570 | 304.954.862 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 420.874.892 | 237.318.503 | 260.853.006 | 226.869.971 | 200.734.198 |

**Fylgiskjal III.**

**Ríkisútvarpið.**
**Árshlutareikningur 1. janúar – 30. júní 2006.**

## Áritun endurskoðenda

Við höfum kannað árshlutareikning Ríkisútvarpsins fyrir tímabilið 1/1 – 30/6 2006. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Árshlutareikningurinn er á ábyrgð stjórnenda stofnunarinnar og lagður fram í samræmi við starfsskyldur þeirra. Ábyrgð okkar felst í þeirri yfirlýsingu sem við gefum um árshlutareikninginn á grundvelli könnunarinnar.

Við könnuðum árshlutareikninginn eftir þeim endurskoðunaraðferðum sem við eiga þegar um könnun er að ræða. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga könnuninni þannig að nokkuð góð vissa fáist um að árshlutareikningurinn sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Könnun felur einkum í sér fyrirspurnir til starfsmanna félagsins og greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins. Könnun veitir því minni vissu um árshlutareikninginn en þegar um endurskoðun er að ræða. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum því slíkt álit ekki í ljós á árshlutareikningnum.

Könnun okkar leiddi ekki annað í ljós, að undanskildum þeim fyrirvara sem að framan greinir, en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins fyrir tímabilið 1/1 – 30/6 2006, efnahag þess 30. júní 2006 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1/1 – 30/6 2006, í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 11. október 2006

Deloitte hf.

Birkir Leósson
endurskoðandi

Lúðvík Þráinsson
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnenda

Tap af rekstri Ríkisútvarpsins nam kr. 420.072.174 á tímabilinu. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 4.562.085.356 og er bókfært eigið fé í árslok neikvætt um kr. 606.283.490.

Stjórnendur Ríkisútvarpsins staðfesta hér með árshlutareikning stofnunarinnar fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2006 með áritun sinni.

Reykjavík, 11. október 2006

Páll Magnússon
Útvarpsstjóri

Guðmundur Gylfi Guðmundsson
Framkvæmdastjóri fjármáladeildar

# Rekstrarreikningur 1/1 - 30/6 2006

| | Skýr. | 1/1 - 30/6 2006 | 31/12 2005 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Afnotagjöld | | 1.259.843.044 | 2.468.574.534 |
| Auglýsingar og kostun | | 578.314.959 | 970.501.090 |
| Aðrar tekjur | | 38.758.552 | 116.174.822 |
| | | 1.876.916.555 | 3.555.250.446 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Dagskrárkostnaður | | 1.422.304.685 | 2.355.914.900 |
| Sölukostnaður | | 132.683.011 | 252.903.817 |
| Dreifikerfi | | 77.450.730 | 172.904.591 |
| Sameiginlegur rekstur og stjórnun | | 202.345.022 | 377.351.076 |
| Framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands | | 66.150.003 | 124.463.643 |
| | | 1.900.933.450 | 3.283.538.026 |
| **Hagnaður (tap) af rekstri fyrir afskriftir** | | (24.016.895) | 271.712.420 |
| Afskriftir | 4 | (120.249.207) | (258.480.393) |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | | (144.266.102) | 13.232.027 |
| Fjármunatekjur | | 61.105.329 | 79.214.471 |
| Fjármagnsgjöld | | (336.911.400) | (288.647.390) |
| **Tap ársins** | | (420.072.174) | (196.200.892) |

# Efnahagsreikningur

**Eignir**

| | Skýr. | 30/6 2006 | 31/12 2005 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | 3.535.108.267 | 3.561.645.975 |
| | | 3.535.108.267 | 3.561.645.975 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Keypt réttindi og eigin framleiðsla | 5 | 255.223.943 | 343.908.045 |
| Viðskiptakröfur | 6 | 333.994.854 | 376.126.100 |
| Aðrar skammtímakröfur | 6 | 28.030.349 | 18.701.542 |
| Handbært fé | 6 | 409.727.943 | 365.919.274 |
| | | 1.026.977.089 | 1.104.654.960 |
| **Eignir** | | 4.562.085.356 | 4.666.300.935 |

# 30/6 2006

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 30/6 2006 | 31/12 2005 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 7 | | |
| Afmælissjóður Ríkisútvarpsins | | 1.350.581 | 1.350.581 |
| Óráðstafað eigið fé | | (607.634.071) | (187.561.897) |
| Eigið fé | | (606.283.490) | (186.211.316) |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 8 | 3.281.999.884 | 3.163.519.016 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 8 | 21.173.123 | 20.511.760 |
| | | 3.303.173.007 | 3.184.030.776 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 9 | 253.731.371 | 306.325.285 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 9 | 212.640.373 | 188.620.263 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 9 | 1.398.824.095 | 1.173.535.926 |
| | | 1.865.195.839 | 1.668.481.474 |
| Skuldir | | 5.168.368.846 | 4.852.512.251 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 4.562.085.356 | 4.666.300.935 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 1/1 - 30/6 2006

| | Skýr. | 1/1 - 30/6 2006 | 31/12 2005 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap ársins | | (420.072.174) | (196.200.892) |
| Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé | | | |
| Afskriftir og sölutap (-hagnaður) fastafjármuna | | 120.249.207 | 258.480.393 |
| Verðbætur og gengismunur langtímalána | | 251.471.580 | 95.443.215 |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | | (48.351.386) | 157.722.716 |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum | | | |
| Vörubirgðir (hækkun) lækkun | | 88.684.101 | 30.632.714 |
| Viðskiptakröfur (hækkun) lækkun | | 42.131.246 | (5.820.928) |
| Aðrar skammtímakröfur (hækkun) lækkun | | (9.328.807) | 12.826.185 |
| Skammtímaskuldir vegna rekstrar, hækkun (lækkun) | | 172.694.255 | 225.514.205 |
| **Handbært fé (til) frá rekstri** | | 245.829.408 | 420.874.892 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | (93.711.499) | (138.161.660) |
| | | (93.711.499) | (138.161.660) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | | 12.088.001 | 17.839.981 |
| Afborganir langtímaskulda | 8 | (120.397.241) | (194.655.724) |
| Breyting á afmælissjóði | | 0 | (211.128) |
| | | (108.309.240) | (177.026.871) |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | 43.808.669 | 105.686.361 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 365.919.273 | 260.232.912 |
| Handbært fé í lok árs | | 409.727.943 | 365.919.273 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 122/2000.

Hlutverk Ríkisútvarpsins er að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleið. Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem eru efst á baugi hverju sinni eða almenning varða.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Ríkisútvarpsins fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Leigusamningar

*Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.*

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

# Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.
Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar. Niðurfærslan grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafa í lok tímabilisins 30/6 2006.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútstreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir | Dreifikerfi | Áhöld, tæki og innréttingar | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 3.615.416.895 | 2.121.991.557 | 6.213.006.799 | 30.960.352 | 11.981.375.603 |
| Eignfært á árinu | | 419.395 | 94.699.006 | | 95.118.401 |
| Selt og aflagt á tímabilinu | | | (7.680.968) | | (7.680.968) |
| Staða í lok tímabils | 3.615.416.895 | 2.122.410.952 | 6.300.024.837 | 30.960.352 | 12.068.813.036 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 989.005.031 | 1.829.755.071 | 5.586.134.745 | 14.834.781 | 8.419.729.628 |
| Afskrift ársins | 36.154.161 | 22.941.932 | 61.153.114 | | 120.249.207 |
| Selt og aflagt á tímabilinu | | | (6.274.066) | | (6.274.066) |
| Staða í lok tímabils | 1.025.159.192 | 1.852.697.003 | 5.641.013.793 | 14.834.781 | 8.533.704.769 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.626.411.864 | 292.236.486 | 626.872.054 | 16.125.571 | 3.561.645.975 |
| Staða í lok tímabils | 2.590.257.703 | 269.713.949 | 659.011.044 | 16.125.571 | 3.535.108.267 |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 2-12% | 7-20% | 0% | |

## Skýringar

Fasteignamat og vátryggingamat eigna greinist þannig:

| | Fasteignamat 31.12.2005 | Vátrygginga-mat 31.12.2005 | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Efstaleiti 1 | 2.762.100.000 | 2.073.700.000 | 2.589.808.480 |
| Aðrar fasteignir | 13.038.000 | 31.650.000 | 449.223 |
| Dreifikerfi | 169.937.000 | 217.503.000 | 269.713.949 |
| Aðrar eignir | 0 | 0 | 675.136.615 |
| | 2.945.075.000 | 2.322.853.000 | 3.535.108.267 |

Fasteignir og bifreiðar eru skyldutryggðar. Guarnerius del Gesu fiðla frá árinu 1728 í eigu Ríkisútvarpsins er tryggð fyrir $2.850.000, aðrar eignir eru ótryggðar.

### 5. Vörubirgðir

| | 30/6 2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Innkaupadeild | 171.935.482 | 214.843.992 |
| Innlend dagskrárdeild | 45.177.676 | 89.202.417 |
| Rás 1 | 2.556.324 | 5.696.480 |
| Safnadeild | 35.554.462 | 34.165.156 |
| | 255.223.943 | 343.908.045 |

Birgðir vegna sýningarréttar og eigin framleiðslu eru metnar við kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

### 6. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 30/6 2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 127.351.315 | 23.998.534 |
| Útistandandi afnotagjöld | 116.066.190 | 128.399.038 |
| Útistandandi auglýsingar | 90.577.349 | 223.728.528 |
| | 333.994.854 | 376.126.100 |

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði en óbein afskrift að fjárhæð 197 m.kr. er færð til að mæta kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift einstakra krafna að ræða, heldur almenna varúðarafskrift sem grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafna í lok tímabilsins.

Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi vegna tímabilsins:

| | |
|---|---|
| Staða afskriftareiknings í ársbyrjun | 239.000.000 |
| Endanleg afskrift tímabilsins | (76.306.281) |
| Breyting afskriftareiknings á tímabilinu | 34.306.281 |
| Staða afskriftareiknings í lok tímabilsins | 197.000.000 |

# Skýringar

## 6. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 30/6 2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 19.984.930 | 16.976.456 |
| Aðrar kröfur | 8.045.419 | 1.725.086 |
| | 28.030.349 | 18.701.542 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 30/6 2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Sjóður | 148.275 | 417.132 |
| Bankainnistæður í íslenskum krónum | 236.973.445 | 233.921.927 |
| Bankainnistæður í erlendri mynt | 172.606.222 | 131.580.215 |
| | 409.727.943 | 365.919.274 |

## 7. Eigið fé

| | Afmælisjóður Ríkisútvarpsins | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2006 | 1.350.581 | (187.561.897) | (186.211.316) |
| Tap ársins | 0 | (420.072.174) | (420.072.174) |
| | 1.350.581 | (607.634.071) | (606.283.490) |

## 8. Langtímaskuldir

| | Eftirstöðvar | |
|---|---|---|
| | 30/6 2006 | 31.12.2005 |
| Skuldir í CHF | 36.672.440 | 30.016.622 |
| Skuldir í DKK | 20.472.549 | 18.971.373 |
| Skuldir í EUR | 228.280.099 | 199.106.674 |
| Skuldir í USD | 146.988.739 | 128.270.270 |
| Skuldir í ISK | 3.083.399.553 | 2.996.286.100 |
| | 3.515.813.380 | 3.372.651.039 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (212.640.373) | (188.620.263) |
| Langtímaskuldir í árslok | 3.303.173.007 | 3.184.030.776 |

# Skýringar

## 8. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 212.640.373 |
| Afborganir 2008 | 211.046.660 |
| Afborganir 2009 | 212.604.986 |
| Afborganir 2010 | 209.552.717 |
| Afborganir 2011 | 215.470.654 |
| Afborganir síðar | 2.454.497.990 |
| | 3.515.813.380 |

## 9. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 30/6 2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 206.052.794 | 206.836.322 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 47.678.577 | 99.488.963 |
| | 253.731.371 | 306.325.285 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 30/6 2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 49.620.098 | 39.250.187 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 1.953.493 | 1.839.875 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 563.916.385 | 392.296.491 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 39.566.715 | 37.898.857 |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | 933.277 | 933.277 |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | 692.151.360 | 626.001.360 |
| Aðrar skuldir | 50.682.767 | 75.315.879 |
| | 1.398.824.095 | 1.173.535.926 |

# Skýringar

## 9. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 30/6 2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 193.455.563 | 170.001.795 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 19.184.810 | 18.618.468 |
| | 212.640.373 | 188.620.263 |

## 10. Aðrar skuldbindingar

Þróttadeild Ríkisútvarpsins hefur gert samninga við aðila um kaup á efni sem ekki hefur verið eignfært sem birgðir og ekki skuldfært í efnahagsreikningi stofnunarinnar. Á árslok 2005 námu skuldbindingar þessar 160,8 m.kr.

Ríkisútvarpið hefur gert samninga vegna norræns samstarfs sem hafa ekki verið eignfærðir sem birgðir né skuldfærðir í efnahagsreikningi stofnunarinnar. Skuldbindingarnar námu 9,7 m.kr. í lok ársins 2005.

Samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á hluti starfsmanna Ríkisútvarpsins rétt á biðlaunum sé starf þeirra lagt niður. Biðlaunakuldbindingin gæti að hámarki numið um 400 m.kr. og hefur skuldbinding vegna þessa ekki verið færð í árshlutareikninginn

## 11. Ábyrgðir og önnur mál

Gerðir hafa verið nokkrir fjármögnunarleigusamningar vegna kaupa á tölvum og tækjabúnaði. Þrátt fyrir eignarréttarfyrirvara leigusala eru þessir leigufjármunir færðir til eignar í árshlutareikningnum meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðir á sama hátt. Bókfært verð þessara fjármuna nemur um 72 m.kr. í lok tímabilsins Jafnframt þessu er færð samsvarandi skuld við leigusala meðal langtímaskulda og eru eftirstöðvar um 40 m.kr. í lok tímabilsins.

Ríkisútvarpinu hefur verið stefnt vegna miskabótakröfu, samtals að fjárhæð 3 m.kr. Ríkisútvarpið telur sig ekki eiga að greiða framangreinda kröfu og hefur því ekki verið tekið tillit til þeirra í rekstrar- og efnahagsreikningi.

Hjá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, er til meðferðar kæra gagnvart Ríkisútvarpinu vegna meintrar ríkisaðstoðar. Forráðamenn Ríkisútvarpsins telja ólíklegt að skuldbinding muni falla á stofnunina og hefur skuldbinding vegna þessa ekki verið færð í árshlutareikninginn.

## Skýringar

### 12. Kennitölur

| Úr efnahagsreikningi | 30/6 2006 | 31/12 2005 | 30/12 2004 |
|---|---|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | | | |
| a) Lausafjárhlutfall | 0,41 | 0,46 | 0,46 |
| b) Veltufjárhlutfall | 0,55 | 0,66 | 0,72 |
| a) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir b) Veltufjármunir/skammtímaskuldir | | | |
| **Fjárhagslegur styrkur** | | | |
| c) Eiginfjárhlutfall | -13,3% | -4,0% | 0,2% |
| c) Eigið fé/heildarfjármagn | | | |

# 768. Fyrirspurn [508. mál]

til samgönguráðherra um aðgang að háhraðanettengingu.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvenær er gert ráð fyrir að allir íbúar landsins hafi aðgang að háhraðanettengingu og hver er áætlaður kostnaður við að tryggja öllum landsmönnum slíka tengingu óháð búsetu?

# 769. Fyrirspurn [509. mál]

til félagsmálaráðherra um stöðu blindra og daufblindra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er fjöldi blindra og daufblindra í þjóðfélaginu, annars vegar barna og hins vegar fullorðinna?
2. Telur ráðherra að þjónusta við blinda og daufblinda hér á landi standi langt að baki slíkri þjónustu annars staðar á Norðurlöndum?
3. Njóta blindir annars vegar og daufblindir hins vegar þeirrar þjónustu og réttar sem lög og reglugerðir um málefni fatlaðra kveða á um? Óskað er eftir sundurliðun þeirrar þjónustu sem þeim stendur til boða.
4. Þurfa blindir og daufblindir að bíða eftir þjónustu, og þá hverri og hve lengi?
5. Hefur ráðherra tillögur um hvernig bæta megi stöðu blindra og daufblindra í þjóðfélaginu?

6. Hvenær má vænta þess að sett verði á fót þekkingarmiðstöð sem yrði þjónustumiðstöð fyrir þessa hópa og aðstandendur þeirra líkt og nú eru starfandi annars staðar á Norðurlöndum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 770. Svar [425. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um svæði sem notuð hafa verið til skot- og sprengjuæfinga.

1. *Hvar eru þau 73 svæði á landinu sem notuð hafa verið til skot- og sprengjuæfinga Bandaríkjahers frá því í síðari heimsstyrjöld og hve stórt er hvert svæði? Óskað er eftir að svæðin verði sýnd á landakorti.*

Eins og sagði í svari ráðherra við fyrirspurn um svæði sem notuð hafa verið til skot- og sprengjuæfinga (206. mál þessa löggjafarþings) hafa skot- og sprengjuæfingasvæði verið á Íslandi frá því í seinni heimsstyrjöldinni (frá 1940) á 73 svæðum, sem vitað er um. Enn þá er beðið eftir upplýsingum frá Bretlandi um 27 svæði í viðbót og gæti því verið um að ræða samtals 90 svæði sem ná yfir rúmlega 24 þúsund hektara lands. Flest eru á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi. Nokkur eru á Vesturlandi, Norðurlandi, einkum í kringum Akureyri, og á Austfjörðum. Langstærstu svæðin eru frá því í seinni heimsstyrjöldinni, vegna æfinga breska hernámsliðsins og síðan Bandaríkjamanna.

Varnarmálaskrifstofa ráðuneytisins, Landhelgisgæsla Íslands og varnarliðið hófu árið 2005 skipulega söfnun upplýsinga og verður könnunum og gagnaöflun áfram haldið. Meðfylgjandi eru kort af þessum svæðum með útskýringum.

2. *Er hægt að áætla magn skota og sprengna á hverju svæði? Ef svo er, hver er þá staðan á hverju svæði?*

Þótt mörg þessara svæða séu þekkt þarf sum að rannsaka frekar og önnur hafa ekki verið könnuð. Af þeim 73 svæðum sem skráð hafa verið eru greinargóðar upplýsingar um 29 svæði, 36 svæði frá því í seinni heimsstyrjöldinni eru ókönnuð og átta svæði frá sama tíma hafa verið könnuð lítillega en nauðsyn er á frekari athugunum. Því er ekki unnt að áætla magn skota og sprengna á hverju svæði og ekki hægt að útiloka að fleiri svæði bætist á listann eftir því sem gagnaöflun miðar áfram.

3. *Hefur verið framkvæmd sprengjuleit og hreinsun á öllum svæðunum? Ef ekki, hvenær er áætlað að gera það á hverju einstöku svæði?*

Sprengjueyðing og þar af leiðandi hreinsun sprengjusvæða er lögum samkvæmt á ábyrgð Landhelgisgæslu Íslands, sem síðan hefur samráð við lögregluyfirvöld á hverjum stað eftir því sem við á. Landhelgisgæsla Íslands sá lengst af eingöngu um svæði utan varnarsvæða, en varnarliðið var með eigin sprengjueyðingarsveit fyrir varnarsvæðin. Sú sveit var lögð niður árið 1998. Samstarfssamningur varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, varnarliðsins og Landhelgisgæslunnar var undirritaður 17. janúar 2001, en samkvæmt honum var það

á ábyrgð Landhelgisgæslunnar að kanna ástand varnarsvæða og eyða sprengjum sem þar kynnu að finnast.

Þess má geta að á árinu 2002 fékk Landhelgisgæslan tæki til leitar að sprengjum undir yfirborði, en það hefur bætt mjög forsendur til leitar. Geta sprengjueyðingardeildar Landhelgisgæslu Íslands til að vinna að sprengjuleit og hreinsun hefur því aukist á umliðnum árum og er unnið samkvæmt stöðlum Atlantshafsbandalagsins, auk alþjóðlegra staðla, um sprengjueyðingu, vottun, þjálfun og notkun búnaðar.

Erfitt er að áætla hversu langan tíma getur tekið að hreinsa æfingasvæði í landinu. Til viðmiðunar er gert ráð fyrir að ljúka hreinsun 200 hektara á svokölluðu Pattersonsvæði, en þar eru að minnsta kosti tveggja ára vinnu ólokið, auk þess sem þar er þörf á frekari rannsóknum. Hefur verkið þá tekið þrjú ár. Þá er talið að minnsta kosti þurfi að hreinsa 500 af 1500 hekturum á Vogaheiði og að því verði lokið árið 2012. Á næstu fimm árum er mögulegt að gera úttekt á öllum æfingasvæðum jafnframt því sem lokið verður við hreinsun verstu svæðanna.


*4. Hver er áætlaður heildarkostnaður við leit og hreinsun?*

Erfitt er að henda reiður á heildarkostnað við leit og hreinsun þar sem umfang er ekki að öllu þekkt, sbr. framangreint. Enn fremur er leit og hreinsun svæða mjög háð veðri og takmarkast starfið því aðallega við tímabilið frá vori til hausts.


Í dóms- og kirkjumálaráðuneyti er í skoðun að fjölga enn frekar í sprengjueyðingardeild Landhelgisgæslunnar og í samvinnu við utanríkisráðuneytið nýta sprengjusérfræðingana til starfa á vegum Íslensku friðargæslunnar yfir vetrartímann. Nú þegar liggur fyrir ákvörðun um að senda sprengjusérfræðinga til Líbanon á þessu ári.

**Þekkt bresk og bandarísk skotæfingasvæði á Íslandi 1941 – 2005.**
Aðalsvæði stórskotaliðs og léttvopna á landi.

Dökk (blá) skástrikun – svæði í notkun eftir 1951.
Ljós (gul) skástrikun – skotæfingsvæði í seinni heimsstyrjöld.
Grá (græn) skástrikun – æfingasvæði í seinni heimsstyrjöld og æfingasvæði varnarliðs.
(Í pdf-skjali á vefnum eru kortin í lit.)





1. Vogaheiði 1953–1960: Stórskotalið.
2. Stapafell V 1960–2005: Sprengjueyðing.
3. Stapafell S 1955–1964: Stórskotalið.
4. Stapafell NV/Patterson 1953–1986: Sprengjueyðing og æfingar.
5. Stapafell SV 1942–?: Stórskotalið.
6. Miðnesheiði 1942–?: Stórskotalið.
7. Vogastapi 1942–1945: Loftvarnarbyssur.
8. Keilisnesi 1942–1945: Flugvélabyssur og flugskeyti.
9. Garðskagi 1942–1945: Flugvélavélbyssur.
10. Ósar 1942–?: Flugvélabyssur.
11. Hafnir 1942–1945: Loftvarnarbyssur.




a. Breiðdalur 1941–1945: Stórskotalið.
b. Skammidalur 1942–1945: Sprengjuvörpur.
c. Sandskeið/Miðdalsheiði 1941–1945: Stórskotalið.
d. Geithals og nágrenni 1941–1945: Stórskotalið.

Önnur æfingasvæði þar sem handvopn hafa verið notuð og t.d. handsprengjur og önnur léttvopn gætu leynst:

Grafarheiði.
Vatnsendahvarf.
Hvaleyri, Hafnarfirði.
Hvaleyrarhraun.
Pálshús, Garðabæ.
Hálogaland.
Ártún.
Lágafellshamrar, Mosfellsbæ.
Helgafell.
Kópavogur til austurs.
Kaldaðarnes.
Akrafjall.





1. Kollafjörður 1941–1945: Léttvopn.
2. Blikdalur 1941–1945: Stórskotalið.
3. Þrándarstaðafjall 1941–1945: Loftvarnarbyssur.

Önnur æfingasvæði þar sem handvopn hafa verið notuð og t.d. handsprengjur og önnur léttvopn gætu leynst:

NA Brautarholt.

Kjölur (fallbyssukúlur í allt að 155 mm hlaupvídd hafa fundist víðs vegar um Hvalfjörð).





1. Langá/Tungulækur 1941–1945: Stórskotalið.

Önnur æfingasvæði þar sem handvopn hafa verið notuð og t.d. handsprengjur og önnur léttvopn gætu leynst:

V-Borgardalur.

S-Borgardalur.





– Hrútafjörður 1941–1945: Stórskotalið.
– Reykjaskóli 1941–1945: Stórskotalið.


Önnur æfingasvæði þar sem handvopn hafa verið notuð og t.d. handsprengjur og önnur léttvopn gætu leynst:

Reykjatangi/Hrútey.


Á milli Reykja og Þóroddsstaða.




a. Sauðanes 1941–1945: Stórskotalið.





1. Vaðlaheiði 1941–1945: Stórar loftvarnarbyssur.
2. Hlíðarfjall 1941–1945: Stórskotalið.
3. Súlur 1941–1945: Stórskotalið.
4. Eyjafjarðarárleirur 1941–45: Flugvélasprengjur.
5. Garðsdalur 1941–1945: Stórskotalið.
6. Staðartunguháls 1941–1945: Stórskotalið.
7. Spónsgerði 1941–1945: Stórskotalið.




1. Strandvegur 1941–1942: Léttvopn.
2. Vestdalseyri a. 1941–1945: Léttvopn.
3. Vestdalseyri b. Léttvopn.
4. Miðtindur 1941–1945: Stórar loftvarnarbyssur.
5. Vestdalur 1941–1945: Stórskotalið.

Önnur æfingasvæði:
Reyðarfjörður, Hólmar (stórskotalið).
Egilsstaðir, Ásklif (stórskotlið).

**Yfirlitskort aðalskotæfingasvæða á landi 1941–2005.**




# 771. Tillaga til þingsályktunar [510. mál]

um fordæmingu mannréttindabrota og lokun fangabúðanna í Guantanamo.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Hlynur Hallsson, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Ögmundur Jónasson.

Alþingi fordæmir ólöglega og ómannúðlega meðferð á föngum í búðum Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa á Kúbu og felur ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að þeim verði lokað.

Greinargerð.

Þann 11. janúar sl. voru 5 ár liðin síðan Bandaríkjastjórn hóf að starfrækja fangabúðirnar í Guantanamo í þeim yfirlýsta tilgangi að vista og yfirheyra meinta hryðjuverkamenn eða hermenn með hugsanleg tengsl við alþjóðleg samtök sem ógnuðu Bandaríkjunum. Flotastöð Bandaríkjanna við Guantanamo-flóa á Kúbu varð fyrir valinu vegna þess að talið var að svæðið stæði utan bandarískrar lögsögu. Þar með þyrfti ekki að virða ýmsar alþjóðlegar

skuldbindingar um meðferð á föngum og stríðsföngum sem Bandaríkin gengust undir fyrir löngu, svo sem Genfarsáttmálann. Vistmenn fangabúðanna í Guantanamo voru flestir handteknir í Afganistan eða Pakistan með handahófskenndum hætti og á hæpnum forsendum, t.d. var sá yngsti þeirra þá aðeins 13 ára gamall. Með því að skilgreina þá sem „ólöglega bardagamenn“ (unlawful combatants) eða með öðru álíka loðnu orðalagi átti að skapa lagaleg skilyrði fyrir því að þá mætti beita „óhefðbundnum“ yfirheyrsluaðferðum. Með slíkum aðferðum eru fangar beittir líkamlegum og andlegum kvölum með ýmsu móti, t.d. látnir standa tímunum saman í óþægilegri líkamsstellingu, sviptir svefni, látnir þola mikinn hita eða kulda, stanslausa birtu og hávaða og fleira því um líkt. Á mannamáli eru slíkar aðferðir nefndar pyntingar sem aldrei eru réttlætanlegar og skýlaust brot á alþjóðamannúðar- og mannréttindalögum. Tilraun Bandaríkjastjórnar til að innleiða nýja skilgreiningu um „ólöglega bardagamenn“, sem hvorki njóti verndar sem almennir borgarar né sem stríðsfangar og hægt sé að halda föngnum og jafnvel pynta árum saman án þess að þeim sé birt ákæra og tryggð réttlát málsmeðferð er ósvífin atlaga að allri viðleitni alþjóðasamfélagsins til að tryggja mannréttindi, jafnt á tímum friðar sem ófriðar í heiminum.

19. júní 2006 úrskurðaði hæstiréttur Bandaríkjanna að umrædd túlkun um að bandarísk lögsaga gilti aðeins að takmörkuðu leyti eða alls ekki í Guantanamo-herstöðinni ætti ekki við rök að styðjast. Í kjölfarið gaf varnarmálaráðuneytið þann 7. júlí út þá yfirlýsingu að Genfarsáttmálinn yrði virtur í Guantanamo. Aðstæður vistmanna í fangabúðunum geta þó ekki talist boðlegar. Má sem dæmi nefna að um 250 föngum er enn haldið föngnum án þess að þeim sé birt nein ákæra, jafnvel eftir 5 ára harðræði.

Nýleg lagasetning í Bandaríkjunum á í orði kveðnu að tryggja umræddum föngum sömu lágmarksréttindi og öðrum stríðsföngum ber samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum. Þegar betur er að gáð reynast lögin þó ekki ná því yfirlýsta markmiði sínu og þykja þau jafnvel grafa undan almennu réttaröryggi í Bandaríkjunum.

Með lögum sem nefnast „Military Commissions Act“ og staðfest voru 17. október sl. er það Bandaríkjaforseta að ákveða hvaða yfirheyrsluaðferðir teljist leyfilegar; aðgangur sakborningsins er takmarkaður að sönnunargögnum sem gegn honum er beitt og bandarískir dómstólar eru sviptir réttinum til þess að fjalla um kröfur „ólöglegra bardagamanna“ um grundvallarvernd gegn handahófskenndu varðhaldi og pyntingum (sk. habeas corpus).

Þann 18. janúar sl. kynnti bandaríska varnarmálaráðuneytið vinnureglur fyrir sérstakan herdómstól í Guantanamo. Þeirri stofnun er þar með heimilt að dæma sakborninga á grundvelli sögusagna og framburðar sem hefur verið þvingaður fram, þ.e. með pyntingum. Verjandi sakbornings situr skör lægra en saksóknari því vilji hann leggja fram leynileg sönnunargögn má saksóknari fá að sjá þau en um sambærileg gögn, sem saksóknari byggir mál sitt á, gildir að verjandi fær ekki að sjá þau.

Það er því ljóst að Bandaríkjastjórn mætir öllum kröfum um að hún standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á þessu sviði af sömu þrákelkninni og áður. Ekki þarf að hafa mörg orð um hversu hættulegt fordæmi bandarísku pyntingabúðirnar í Guantanamo eru. Réttarbrotum eða dómsmorðum hefur síst fækkað í meintu stríði Bandaríkjamanna eða Vesturlanda gegn hryðjuverkavá um allan heim. Grundvallarréttindi fólks, sem tryggð eru í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, eru takmörkuð eða numin úr gildi með fáeinum stjórnvaldsaðgerðum. Gagnrýni Bandaríkjastjórnar á mannréttindabrot annars staðar í heiminum hefur öll orðið ótrúverðugri en ella og róðurinn í baráttunni fyrir mannréttindum einungis orðið þyngri. Á þetta hafa fjölmörg ríki bent sem og öll helstu mannréttindasamtök heims, svo sem Amnesty International og Human Rights Watch, allt frá því flogið var með fyrstu fangana til Guan-

tanamo. Það er því full ástæða til þess að Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn láti í sér heyra um mannréttindabrotin í Guantanamo með skýrum hætti á alþjóðavettvangi og beiti sér fyrir því að fangabúðunum verði lokað.

Raunar kemur í ljós að Guantanamo er aðeins toppurinn á ísjakanum þegar skoðað er hvaðan vistmenn þar voru fluttir. Bandaríkjastjórn hefur gefist upp á að þræta fyrir tilvist leynilegra fangelsa um allan heim, þar sem hægt er að yfirheyra „ólöglega bardagamenn“ með eins „óhefðbundnum“ aðferðum og þurfa þykir án þess að alþjóðasamfélagið geti skipt sér af. Hér er um mál að ræða sem íslensk stjórnvöld geta ekki látið eins og það sé þeim óviðkomandi. Allt bendir til þess að einkaflugvélar, sem stundi svokallað fangaflug milli Guantanamo og leynifangelsanna í verktakavinnu fyrir bandaríska herinn, hafi margoft átt viðkomu á Íslandi. Það væru skýr skilaboð um að íslenskum stjórnvöldum væri alvara þegar þau ræða um vilja sinn til að efla mannréttindi um allan heim, ef þau neituðu vélum, sem uppvísar hafa orðið að þessum leynilegu fangaflutningum, um lendingarleyfi á Íslandi. Með því hefðu þau a.m.k. reynt að hindra mannréttindabrot þar sem þau hafa fullt vald og möguleika til þess.

# 772. Frumvarp til laga [511. mál]

um námsgögn.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Markmið og skipulag.

### 1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.

Í lögum þessum er kveðið á um ábyrgð og stuðning ríkisins við þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og um öflun námsgagna fyrir grunnskóla.

### 2. gr.

Ábyrgð og stuðningur ríkisins skv. 1. gr. felur í sér eftirfarandi:

a. rekstur Námsgagnastofnunar, sem leggur grunnskólum til námsgögn, sbr. II. kafla laga þessara,
b. fjárframlög til námsgagnasjóðs, sem úthlutar fé til grunnskóla til kaupa á námsgögnum, sbr. III. kafla laga þessara,
c. fjárframlög til þróunarsjóðs námsgagna, sem styrkir nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn-, og framhaldsskóla, sbr. IV. kafla laga þessara.

## II. KAFLI
## Námsgagnastofnun.

### 3. gr.

Hlutverk Námsgagnastofnunar er að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnám-

skrá. Stofnunin ber ábyrgð á gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu námsgagna sem hún framleiðir í samræmi við ákvæði laga þessara.

Stofnunin hefur með höndum þróun námsgagna og hefur frumkvæði að könnunum og rannsóknum á gerð þeirra og notkun. Stofnunin annast kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn.

Stofnunin skal hafa samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Réttur hvers skóla til að fá afhent námsgögn sem Námsgagnastofnun framleiðir ræðst af nemendafjölda, en heimilt er stofnuninni að ívilna fámennum skólum.

Heimilt er Námsgagnastofnun að hafa þau námsgögn sem stofnunin framleiðir til sölu á almennum markaði. Stofnunin skal hafa fjárhagslegan aðskilnað vegna sölu á námsgögnum í frjálsri samkeppni við aðra aðila á almennum markaði frá því lögbundna hlutverki stofnunarinnar að leggja grunnskólum til námsgögn skv. 1.–4. mgr. Við verðlagningu skal höfð hliðsjón af hinum fjárhagslega aðskilnaði.

Kostnaður við rekstur Námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Námsgagnastofnunar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstöðumaður annast daglega stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar Námsgagnastofnun fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmenn tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af landssamtökum foreldra grunnskólabarna samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Menntamálaráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin markar Námsgagnastofnun stefnu í samráði við forstöðumann, staðfestir að árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir séu í samræmi við markaða stefnu, veitir forstöðumanni ráðgjöf og fylgist með starfsemi stofnunarinnar.

## III. KAFLI
## **Námsgagnasjóður.**

6. gr.

Hlutverk námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Framlag til námsgagnasjóðs er ákveðið á fjárlögum ár hvert.

Menntamálaráðherra skipar námsgagnasjóði þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Menntamálaráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn námsgagnasjóðs ákveður skiptingu fjármuna milli grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers skóla ræðst af nemendafjölda en heimilt er að ívilna fámennum skólum.

Menntamálaráðherra setur sjóðnum úthlutunarreglur, þar sem m.a. er kveðið á um skilyrði fyrir úthlutun. Sjóðstjórn hefur eftirlit með að farið sé að úthlutunarreglum.

Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Menntamálaráðuneytið annast umsýslu sjóðsins og ber ábyrgð á henni. Umsýslukostnaður skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins.

## IV. KAFLI
## Þróunarsjóður námsgagna.

### 7. gr.

Hlutverk þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn-, og framhaldsskóla í samræmi við markmið 1. gr. Framlag til þróunarsjóðs er ákveðið á fjárlögum ár hvert.

Menntamálaráðherra skipar þróunarsjóði námsgagna fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmenn tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar úr hópi skólameistara framhaldsskóla. Menntamálaráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn þróunarsjóðs námsgagna ákveður skiptingu á fjárveitingu sjóðsins og ber ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðnum er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum.

Menntamálaráðherra setur þróunarsjóði námsgagna reglugerð, þar sem m.a. er kveðið á um skipulag sjóðsins og reglur um úthlutun. Þeir sem fá fé úr þróunarsjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum. Verði misbrestur á, eða séu önnur skilyrði fyrir styrkveitingu ekki uppfyllt, er stjórninni heimilt að stöðva greiðslur eða eftir atvikum fara fram á endurgreiðslu styrksins.

Stjórn þróunarsjóðs námsgagna skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

## V. KAFLI
## Gæðamat, gildistaka o.fl.

### 8. gr.

Ef vafi leikur á að námsgögn uppfylli réttmætar gæðakröfur eða samrýmist markmiðum aðalnámskrár er heimilt að óska eftir því að menntamálaráðuneytið meti hvort viðkomandi námsgögn eru hæf til notkunar í kennslu.

### 9. gr.

Heimilt er menntamálaráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

### 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um Námsgagnastofnun, nr. 23 frá 1990.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Lög þessi fela ekki í sér breytingar á stöðu og réttindum starfsmanna Námsgagnastofnunar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í júní 2005 skipaði menntamálaráðherra starfshóp sem var falið að endurskoða lög nr. 23/1990 um Námsgagnastofnun, með hliðsjón af 33 gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla. Starfshópinn skipuðu Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytis, án tilnefningar, formaður, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, ráðgjafi, án tilnefningar, Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla, frá Skólastjórafélagi Íslands, Kristbjörg Stephensen, skrifstofustjóri lögfræðisviðs Reykjavíkurborgar, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Tryggvi Jakobsson, settur forstjóri Námsgagnastofnunar, og Helga Þórisdóttir, lögfræðingur, starfsmaður hópsins. Ingibjörg Ásgeirsdóttir, forstjóri Námsgagnastofnunar, tók sæti Tryggva á tímabilinu. Þá var Ólafur Loftsson, formaður félags grunnskólakennara, skipaður í starfshópinn í nóvember 2005 sem fulltrúi Kennarasambands Íslands. Starfshópurinn hélt tíu fundi á tímabilinu frá september 2005 til nóvember 2006 og fékk m.a. á fund fulltrúa foreldrasamtaka og bókaútgefenda. Þá gekkst starfshópurinn fyrir sérstakri könnun á stöðu námsefnisgerðar hér á landi og viðhorfum kennara, skólastjórnenda og bókaútgefenda.

**Almenn markmið og helstu nýmæli.**

Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um breytingar á því með hvaða hætti ríkisvaldið leggur grunnskólum í landinu til námsgögn og styður við þróun og gerð námsefnis á leik-, grunn-, og framhaldsskólastigum. Meginmarkmið breytinganna er að:

- tryggja aukna fjölbreytni og framboð námsgagna;
- að auka sjálfstæði og val skóla og kennara um námsgögn;
- að draga úr miðstýringu í þróun og framleiðslu námsgagna;
- að auka sveigjanleika og tækifæri einstakra skóla og kennara við útfærslu á aðalnámskrá, m.a. með tilliti til einstaklingsmiðaðs skólastarfs;
- að stuðla að þróun og nýsköpun í námsgagnagerð og veita þeim aðilum stuðning sem búa til og þróa námsgögn;
- að skapa forsendur fyrir góðri nýtingu fjármuna sem veitt er úr ríkissjóði í því skyni að tryggja skólum landsins viðeigandi námsgögn;
- að tryggja áfram stöðugt framboð vandaðs námsefnis fyrir grunnskóla sem gefið er út af Námsgagnastofnun;
- að stuðla að bættu skólastarfi og koma betur til móts við þarfir nemenda.

Samkvæmt því sem mælt er fyrir um í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að losað verði um miðstýringu í framleiðslu námsefnis og skólum og kennurum gefið færi á að velja í auknum mæli hvaða námsgögn þeir ákveða að nota í starfi sínu. Jafnframt verður viðhaldið áherslum á gæði námsefnis og framboð tryggt með áframhaldandi starfsemi Námsgagnastofnunar. Miðað er við að til verði þriggja stoða fyrirkomulag, sem sett er saman af Námsgagnastofnun, nýjum námsgagnasjóði og nýjum þróunarsjóði námsgagna.

Frumvarpið felur í fyrsta lagi í sér að starfsemi Námsgagnastofnunar haldist því sem næst óbreytt. Í ljósi álits nefndar á vegum fjármálaráðuneytis frá október 2000 um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna eru lagðar til breytingar á stjórn stofnunarinnar hvað varðar hlutverk og skipan einstaklinga. Þannig er lagt til að menntamálaráðherra skipi fimm menn í stjórnina til fjögurra ára í senn. Lagt er til að tveir stjórnarmenn skuli tilnefndir af

Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af landssamtökum foreldra grunnskólabarna samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Þá er lagt til að menntamálaráðherra skipi einn stjórnarmann án tilnefningar og skuli hann vera formaður en varaformaður skuli skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Lagt er til að varamenn skuli skipaðir með sama hætti. Þá er lagt til að hlutverk stjórnarinnar verði að marka stofnuninni stefnu í samráði við forstöðumann og staðfesta að árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir séu í samræmi við markaða stefnu, jafnframt því að veita forstöðumanni ráðgjöf og fylgjast með starfsemi stofnunarinnar. Almennt er litið svo á að fjárveitingar til stofnunarinnar hafi nýst vel og að vel hafi tekist að sinna þörfum grunnskólanna með tilliti til þeirra fjármuna sem stofnunin hefur haft til ráðstöfunar. Ekki er skynsamlegt að draga úr efnum stofnunarinnar til að sjá grunnskólum landsins fyrir námsgögnum, en með því að leggja fé í námsgagnasjóð til ráðstöfunar samkvæmt óskum og ákvörðunum einstakra skóla til viðbótar því fé sem veitt er til stofnunarinnar er styrkari stoðum skotið undir þennan mikilvæga þátt skólastarfsins.

Í öðru lagi felur frumvarpið í sér að settur er á stofn sérstakur námsgagnasjóður, sem gert er ráð fyrir að hljóti fjárveitingu á fjárlögum ár hvert. Skiptist sjóðurinn á milli starfandi grunnskóla í landinu í samræmi við nemendafjölda og stærð skólanna. Skólarnir hafa sjálfdæmi um það hvernig þessum fjármunum verður varið, að uppfylltum reglum sem menntamálaráðherra setur um skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum. Með þessu hafa skólarnir færi á að kaupa námsgögn sem aðrir en Námsgagnastofnun hafa á boðstólum, en jafnframt er ekki loku fyrir það skotið að þeir nýti hlutdeild sína í námsgagnasjóði til aukinna kaupa á námsgögnum af Námsgagnastofnun.

Í þriðja lagi felst í frumvarpinu að settur verði á stofn sérstakur þróunarsjóður námsgagna og er honum ætlað að styðja við nýsköpun og þróun, gerð og útgáfu námsefnis á leik-, grunn- og framhaldsskólastigum. Með því að setja á stofn einn slíkan sjóð er jafnframt leitast við að tryggja betri yfirsýn og nýtingu fjármuna sem varið er til þróunar og nýsköpunar í gerð námsgagna.

Í þessum kafla er stuttlega gerð grein fyrir núverandi hlutverki ríkisvaldsins í sambandi við gerð og útgáfu námsefnis. Síðar er rakið hvernig þetta hlutverk hefur þróast og hvernig staðan er núna.

Útgáfa námsgagna á vegum hins opinbera hefur einkanlega miðast við að sjá nemendum í skyldunámi fyrir námsgögnum og hefur Námsgagnastofnun sinnt því hlutverki af kostgæfni. Auk þess hefur stofnunin tryggt ágætt framboð af námsgögnum og haldið kostnaði við námsgagnagerð í lágmarki. Í framkvæmd hafa grunnskólar fengið afhent námsgögn sem gerð eru fyrir tilstuðlan Námsgagnastofnunar, sem fær til þess fé á fjárlögum. Námsgagnastofnun ákveður hvaða námsefni er samið, það er síðan samið fyrir tilstuðlan stofnunarinnar og hún annast útgáfu námsefnisins og hefur það á boðstólum fyrir þá skóla sem eftir leita. Námsgögnum sem framleidd eru af Námsgagnastofnun er dreift endurgjaldslaust til skólanna og er réttur þeirra til úthlutunar reiknaður út í hlutfalli við fjölda nemenda í hverjum skóla og stærð skólanna. Fjárveiting til Námsgagnastofnunar á fjárlögum 2006 nam tæpum 400 millj. kr. Nemar í grunnskólum landsins eru um 44.000 og því nemur fjárveiting á hvern nema í grunnskólum landsins um 9.000 kr. á árinu 2006.

Auk beinnar útgáfu námsgagna fyrir grunnskóla á vegum Námsgagnastofnunar hafa verið veittir styrkir úr þróunarsjóði grunnskóla og hafa þeir einkum nýst þeim skólum sem beitt hafa sér fyrir nýjungum í skólastarfi, en ekki beinlínis til eiginlegrar námsefnisgerðar. Þá greiðir ráðuneyti menntamála samtökum höfundarrétthafa um 40 millj. kr. á ári fyrir fjölföld-

un og eftirgerð efnis sem dreift er í grunnskólum. Þá hefur verið veitt fé úr ríkissjóði til þróunar stafræns námsefnis á undanförnum árum.

Erfitt er að meta með vissu annan kostnað sem til fellur í grunnskólum og hjá sveitarfélögum við gerð námsgagna, en hann er væntanlega misjafn eftir sveitarfélögum og skólum. Lausleg athugun, sem nefnd sú sem vann að endurskoðun laga um Námsgagnastofnun gekkst fyrir, bendir til þess að beinn og óbeinn kostnaður sveitarfélaga við gerð og frágang námsgagna sé ekki minni en 70 millj. kr., en hann felst einkanlega í kostnaði við fjölföldun námsefnis, frágang, umbúnað o.þ.h.

Ólíkt því sem gildir fyrir grunnskóla ber ríkissjóður ekki kostnað af kaupum námsgagna fyrir leikskóla eða skóla á framhaldsskólastigi. Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar leikskóla hafa borið ábyrgð á því að kaupa það efni sem nýtt hefur verið til náms og kennslu í leikskólum. Framhaldsskólum er ekki sérstaklega séð fyrir fjármunum úr ríkissjóði til að kaupa námsgögn, en veittir hafa verið styrkir til að semja námsefni fyrir framhaldsskólanema og var framlagið 31 millj. kr. árið 2006.

Grunnskólakennarar hafa í raun afar takmarkað val um önnur námsgögn en þau sem Námsgagnastofnun hefur á boðstólum, en stofnunin hefur veitt þeim færi á að nýta hluta fjárveitingar sinnar (um 13 millj. kr. á yfirstandandi ári eða sem nemur um 3% af ráðstöfunarfé stofnunarinnar) til kaupa á öðru námsefni en því sem stofnunin framleiðir.

Allt frá árinu 1990 hefur talsverð vinna verið lögð í að endurskoða starfsemi Námsgagnastofnunar. Ástæðan er sú að á meðan skólakerfið hefur verið í stöðugri þróun hefur fyrirkomulag námsgagnaútgáfu haldist nánast óbreytt frá árinu 1980. Breytingarnar koma m.a. fram í því að ríkisvaldið hefur smám saman minnkað afskipti sín af innra starfi skóla og fært sveitarstjórnum og skólum meira sjálfræði um eigin starfsemi. Sömuleiðis hafa rutt sér til rúms ný viðhorf í kennsluháttum, eins og einstaklingsmiðað nám, aldursblönduð kennsla og dreifmenntun. Kennarar gera kröfu um meiri fjölbreytni í vali á námsgögnum til að fylgja eftir faglegum áherslum. Á þessum tíma hefur tölvutækni orsakað töluverðar breytingar á starfsháttum skóla og þá sérstaklega á möguleikum til námsefnisgerðar. Kennarar eiga nú auðveldara með að skiptast á námsgögnum og þróa sjálfir eigin námsgögn, eins og nánar er lýst í umfjöllum um greinargerð ráðgjafafyrirtækis hér á eftir. Námsgögn eru nú ekki lengur bundin við prentaðar bækur, heldur eru sótt á netið. Með tilkomu Menntagáttar, sem er upplýsingaveita á netinu um skólakerfið og námsgögn, opnast kennurum og nemendum möguleiki að sækja sér fjölbreytileg námsgögn sem tengd eru markmiðum námskrár.

Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við þau viðhorf sem er að finna hjá kennurum og bókaútgefendum, eins og þau er að finna í áðurnefndri könnun. Meginatriðin í viðhorfum kennara er að það sé þörf á meiri fjölbreytni og örari endurnýjun á námsefni. Með tilkomu þróunarsjóðs námsgagna samkvæmt frumvarpi þessu verður stuðlað að meiri fjölbreytni í framboði námsefnis. Það kom einnig fram í könnuninni að kennarar leita í auknum mæli annað en til Námsgagnastofnunar eftir námsefni og útbúa eigið námsefni ef svo vill til. Með námsgagnasjóði verður skólum og kennurum veitt aukið svigrúm til að velja sér efni í samræmi við markaða stefnu í skólanámskrá og til að stuðla að einstaklingsmiðaðri kennsluháttum. Þetta ætti að geta stuðlað að því að skapa einkaaðilum aukið svigrúm til að koma inn á markaðinn. Námsgagnastofnun sér til þess eftir sem áður að námsefni sé til staðar í öllum námsgreinum og að gæði námsefnis sem framleitt er á vegum stofnunarinnar séu tryggð.

**Námsgagnaútgáfa á Íslandi – yfirlit.**

Í þessu yfirliti verður fjallað um þróun í námsefnisútgáfu, m.a. í samhengi við breytingar á starfsemi grunnskóla og þróun í námskrárgerð. Einnig verður fjallað um stöðu mála núna. Útgáfa ríkisins á námsbókum á sér langa sögu hér á landi. Snemma á tuttugustu öld var byrjað á því að koma skipulagi á menntun barna. Samkvæmt fræðslulögum, nr. 59/1907, skyldu öll börn frá tíu til fjórtán ára aldurs sækja barnaskóla eða fá kennslu við svokallaða farskóla. Fram að tíu ára aldri áttu börn að fá heimakennslu og ætlast var til að þau væru orðin læs og skrifandi áður en þau byrjuðu í skóla. Skólum var gert að kenna lestur, skrift, móðurmál, reikning, landafræði, ljóð og kvæði, náttúrufræði og kristinfræði. Eins og gefur að skilja voru námsbækur af skornum skammti og á fyrstu áratugum 20. aldar stóðu barnakennarar sjálfir fyrir því að semja og gefa út námsbækur og voru sumar hverjar styrktar með fjárframlagi frá Alþingi. Með stofnun Sambands íslenskra barnakennara árið 1921 jukust umræður um útgáfu skólabóka og kröfur um að skipulagi yrði komið á námsefnisútgáfu til að kennarar gætu uppfyllt þær skyldur sem þeim voru lagðar á herðar.

Enn nánar var kveðið á um skipulag náms á skólaskyldualdri í barnaskólum landsins með lögum um Fræðslumálanefnd barnaskóla Íslands, nr. 19/1928. Í 2 gr. laganna sagði: „Hlutverk fræðslumálanefndar barnaskóla Íslands, er að gera starfsskrá fyrir barnafræðslu landsins, og ákveða kenslubækur í öllum aðalkenslugreinum. Ennfremur að ákveða hámark starfs fyrir hvert aldursár barna á skólaskyldualdri í heimakenslu, farskólum og föstum barnaskólum ... [svo]“ Með þessum lögum var í fyrsta skipti kveðið á um löggildingu skólabóka og margar af þeim bókum sem voru á lista yfir löggiltar námsbækur árið 1929 urðu lífseigar innan menntakerfisins og eru dæmi um námsbækur sem voru notaðar allt fram á níunda áratuginn.

Eftir því sem gerðar voru meiri kröfur af hálfu ríkisins til skólastarfsins jókst umræða um að ríkið þyrfti að koma að námsbókaútgáfu til að tryggja að börn á skólaskyldualdri hefðu aðgang að þeim námsbókum sem starfskrá barnaskóla og löggilding skólabóka kvað á um. Öll útgáfa var hins vegar á vegum einkaaðila á þessum árum og bækur seldar á sama verði og aðrar bækur. Kostnaðurinn við kaup á námsbókum var mörgum fjölskyldum ofviða og vegna fátæktar voru mörg börn án skólabóka. Í grein í tímaritinu Menntamálum frá árinu 1931 ritar Arngrímur Kristjánsson, kennari og síðar skólastjóri Melaskóla, að þar sem löggjafinn fyrirskipi með lögum um skólahald að skólabörn skuli kaupa tilteknar bækur þá beri löggjafanum jafnframt að tryggja að verðlagning sé sanngjörn: „Það er því bein siðferðileg skylda löggjafans að sjá svo til, að þjóðin sjálf verði ekki féflett af bókum, er henni er skipað með lögum að kaupa, þar sem hún leggur sjálf til öruggan og vissan markað.“

**Ríkisútgáfa námsbóka stofnuð.**

Frumvarp um ríkisútgáfu námsbóka var fyrst lagt fram árið 1931. Í frumvarpinu var lagt til að ríkið gæfi út allar skólabækur sem fengið hefðu löggildingu til kennslu í barnaskólum og seldi á kostnaðarverði. Frumvarpið varð strax umdeilt og fékkst ekki afgreitt en var endurflutt næstu árin. Um frumvarpið spunnust oft á tíðum harðar umræður, þar sem m.a. var tekist á um hvort útgáfunni væri best borgið með ríkisafskiptum og hvort hætta væri á að stjórnmálamenn hefðu óeðlileg áhrif á inntak námsefnisins. Árið 1936 varð frumvarpið að lögum um ríkisútgáfu námsbóka, nr. 82/1936, og samkvæmt þeim skyldi ríkisútgáfan sjá 7 til 13 ára börnum við skyldunám fyrir ókeypis námsbókum. Ljóst er að lögin voru sett í skugga kreppuáranna þar sem meginmarkmiðið var að sjá til þess að öll börn hefðu aðgang að nauðsynlegum námsgögnum en auk þess að tryggja að allir barnaskólar landsins veittu sambærilega

menntun. Lögin voru því mikilvægt skref í uppbyggingu og skipulagningu skólakerfisins sem fram fór á fyrri hluta tuttugustu aldar.

Samkvæmt lögunum um ríkisútgáfu námsbóka átti þriggja manna námsbókanefnd að sjá um ritstjórn námsbókaútgáfunnar, en ríkisprentsmiðjunni var ætlað að sjá um útgáfuna og forstöðumaður hennar sá um alla framkvæmd. Allir skólar sem sáu um kennslu á skólaskyldualdri sendu greinargerð um fjölda skólaskyldra barna og þörf fyrir námsbækur og var ríkisprentsmiðjunni ætlað að sjá um að senda skólum og fræðslunefndum nægan námsbókaforða til skólaársins. Ríkisjóður kostaði útgáfuna og greiddi ríkisprentsmiðjunni fyrir hana á kostnaðarverði. Til að standa straum af kostnaðinum var innheimt námsbókagjald af hverju heimili með skólaskylt barna og var gjaldið 5 kr. á hvert heimili óháð fjölda barna. Enda var litið svo á að eitt eintak af hverri bók nægði hverju heimili með fleiri en eitt skólaskylt barn.

Fljótlega eftir að ríkisútgáfa námsbóka tók til starfa dofnaði yfir útgáfu á nýjum námsbókum og má segja að hún hafi staðið í stað og verði afar fábrotin allt til ársins 1956. Á árunum 1937 til 1956 voru gefnir út 86 titlar, þar af 63 sem ríkisútgáfan gaf út sjálf. Það má því segja að ríkisútgáfa námsbóka hafi gefið út 25 nýjar bækur á tímabilinu frá því að lögin tóku gildi árið 1937 og þangað til þau voru endurskoðuð árið 1956, sem er rúmlega ein ný bók á ári að meðaltali.

Frumvarp til breytinga á lögum um ríkisútgáfu námsbóka, sem lagt var fram af þáverandi menntamálaráðherra, var samþykkt á Alþingi sem lög um Ríkisútgáfu námsbóka, nr. 51/1956. Námsbókagjaldið var hækkað og kveðið var á um að fjölbreytni skyldi aukin og val um tvær bækur í hverri grein. Í kjölfar lagabreytingarinnar fjölgaði útgáfu nýrra titla nokkuð en þeir voru að jafnaði vel innan við 20 á ári til ársins 1970. Til að sporna við óþarfa eyðslu sem hlaust af því að fá börnum bækur til eignar var gerð sú breyting á útgáfunni að hver skóli fékk vissa fjárhæð á hvern nemanda á skyldunámstigi og mátti taka út fyrir þá fjárhæð hjá útgáfunni að eigin vali. Þessi breyting leiddi til þess að bækurnar nýttust betur og skólar sem fóru vel með bækurnar gátu nýtt fjárveitinguna til að taka út aukabækur án aukagreiðslu. Árið 1957 var Skólavörubúðin stofnuð og rekin á vegum ríkisútgáfunnar og síðar Námsgagnastofnunar til ársins 1998.

**Grunnskólalög 1974 og námskrá 1976.**

Stakkaskipti urðu í útgáfu námsbóka með tilkomu skólarannsóknardeildar sem stofnuð var við menntamálaráðuneytið 27. mars 1966. Meginverkefni deildarinnar var að standa fyrir heildarendurskoðun á skólakerfinu, kennsluháttum og námsefni á grunnskólastigi, en meginástæðan fyrir stofnun hennar var „að vaxandi óánægju gætti meðal kennara með það hve námsefni í mörgum greinum var orðið gamalt og úrelt og fátt nýtt á boðstólum,“ eins og segir í skýrslu ráðuneytisins frá árinu 1979.

Með tilkomu skólarannsóknardeildar varð sú grundvallarbreyting að menntamálaráðuneytið átti frumkvæði að gerð nýs námsefnis næstu árin. Ástæða þess var sú að á þessum árum stóð deildin fyrir endurskoðun á allri námskrá grunnskóla og þeirri hugmyndafræði sem lögð var til grundvallar uppeldisstefnu og kennsluháttum sem leiddu síðan til setningar nýrra grunnskólalaga árið 1974. Það var talið eðlilegt að deildin stýrði líka þróun á nýju námsefni.

Með grunnskólalögum, nr. 63/1974, urðu ákveðin þátttaskil í íslensku skólastarfi og á grundvelli þeirra var gefin út ný námskrá 1976, „Aðalnámskrá grunnskóla“, að undirlagi skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins. Horfið var frá því að líta á námskrána sem innihaldslýsingu á því efni sem kennurum bæri að kenna. Þess í stað var skólastarfinu sett almenn markmið sem voru útfærð fyrir einstakar námsgreinar.

Þegar fyrsta námskráin fyrir barnaskóla var gefin út árið 1929 var hún í raun lítið annað en listi yfir þær námsbækur sem ætlast var til að kennarar notuðu til að kenna þær námsgreinar sem tilgreindar voru í fræðslulögunum, nr. 59/1907, með síðari breytingum. Það var þó ekki fyrr en árið 1960 að gefin var út almenn námskrá fyrir skyldunámsstigið sem var ætlað, „að leiðbeina kennurum og skólastjórum um starfstilhögun og námsefni í hinum ýmsu námsgreinum. Námsskráin gefur einnig heildaryfirlit fyrir námsefni skóla skyldunámsstigsins."

Með námskránni frá árinu 1976 flyst áherslan af námsefninu sem slíku og þess í stað verða kennsluhættir og skipulag náms að meginatriði. Námskráin er hugsuð sem rammi utan um skólastarfið en ekki fyrirsögn um hvernig því ætti að vera háttað. Kennarinn á „kost á fjölmörgum leiðum sem hann getur valið um í samræmi við eðli viðfangsefnisins og hæfileika og áhuga nemandans. ... Af þessu má ályktа að kennsluaðferðirnar skipti mjög miklu máli, e.t.v. meira máli en námsefnið sjálft." (Bls. 18.)

Með grunnskólalögum, nr. 63/1974, og námskránni frá árinu 1976 er línurnar lagðar fyrir þróun skólakerfisins og námsefnisgerðar fram á þennan dag. Öllum þessum breytingum hafði verið stýrt úr menntamálaráðuneytinu, breytingar á grunnskólalögum, þróun nýrrar námskrár og gerðar nýrra námsgagna. Gerður var formlegur samstarfssamningur milli ráðuneytisins og ríkisútgáfu námsbóka og námsstjórar á vegum ráðuneytisins höfðu yfirumsjón með námsefnisgerð í sinni grein, en ríkisútgáfan sá um prentun og dreifingu. Með þessum breytingum var ráðist í stórátak í námsefnisgerð hér á landi. Nýtt námsefni birtist í öllum námsgreinum, nýjar námsgreinar komu inn og námsefni og kennslugögn urðu fjölbreyttari.

Árið 1971 var námsbókagjaldið afnumið en þess í stað var veitt fé til útgáfunnar beint af fjárlögum og hefur það fyrirkomulag haldist síðan. Þetta varð samt ekki til að gera fjárhag ríkisútgáfunnar auðveldari og átti hún í verulegum fjárhagsörðugleikum fram að stofnun Námsgagnastofnunar árið 1980 sem nú skal rakið.

**Lög um Námsgagnastofnun.**

Árið 1972 setti þáverandi menntamálaráðherra á stofn nefnd til að endurskoða lög um ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafn ríkisins, þar sem m.a. átti að skoða hvort sameina ætti stofnanirnar. Frumvarp til laga var fyrst lagt fram árið 1974 og svo sex sinnum uns það var samþykkt sem lög um Námsgagnastofnun, nr. 45/1979. Með lögunum var stefnt að því að sameina ríkisstofnanir sem sinna útgáfu og miðlun námsefnis, að miðla náms- og kennslutækjum auk almennra námsgagna, að fylgjast með nýjungum, og hafa samstarf við aðila um nýsköpun í skólastarfi.

Í athugasemdum við frumvarp að nýjum lögum um Námsgagnastofnun sem lagt var fyrir Alþingi árið 1974 stendur: „Ljóst er að stofnun, sem ætlað er að tryggja nemendum og kennurum sem best og fullkomnust náms- og kennslugögn, hlýtur að verða á vegum ríkisins, eigi hún að veita öllum grunnskólum viðhlítandi þjónustu á starfssviði sínu. Er hér raunar um að ræða eðlilegt framhald þeirrar stefnu til aðstöðujöfnunar á þessu sviði sem löggjafarvaldið hefur markað frá og með árinu 1936, er fyrst voru sett lög um Ríkisútgáfu námsbóka."

Athugasemdin hér að ofan lýsir því viðhorfi sem liggur stofnuninni til grundvallar, að aðeins ríkisvaldið geti séð grunnskólum fyrir þeim námsgögnum sem þeir þarfnast og jafnframt tryggt jafnrétti til náms. Með lögunum frá árinu 1979 má segja að komið hafi verið á því fyrirkomulagi, sem enn er við lýði í megindráttum, að öll framleiðsla, útgáfa og dreifing á námsgögnum til skóla væri á einni hendi. Námsgagnastofnun varð að sjálfstæðri stofnun, sem heyrði undir menntamálaráðuneytið, með eigin stjórn og fékk fé til starfseminnar á fjárlögum. Skólarnir sendu stofnuninni greinargerð um fjölda barna og þörf fyrir bækur og stofnunin

úthlutaði skólunum bókum í samræmi við það. Skólunum var heimilt að nota önnur námsgögn, ef þau höfðu hlotið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins og voru í samræmi við námskrá og gildandi reglugerðir þar að lútandi. Aftur á móti var stofnuninni ekki skylt að sjá skólum fyrir öðrum námsgögnum, né var ríkinu skylt að bera straum af kostnaði við þau.

Þeim beinu afskiptum sem menntamálaráðuneytið hafði af námgagnaútgáfu lauk þó ekki formlega fyrr en árið 1984 þegar ákveðið var að flytja námsefnisgerð fyrir grunnskóla frá ráðuneytinu til Námsgagnastofnunar. Gerður var samstarfssamningur milli Námsgagnastofnunar, skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytisins, fræðsluskrifstofa og Kennaraháskóla Íslands. Eftir 1984 hefur menntamálaráðuneytið haft sáralítil afskipti af námsbókaútgáfu og ekki markað stofnuninni neina sérstaka stefnu í útgáfu námsbóka, né heldur haft neitt kerfisbundið eftirlit með útgáfunni. Þau nánu tengsl sem voru milli skólaþróunar, námskrárgerðar og námsgagnagerðar rofnuðu.

**Grunnskólalög 1995 og námskrá 1999.**

Með grunnskólalögum, nr. 66/1995, var kveðið á um að rekstur grunnskóla skyldi vera á ábyrgð sveitarfélaga, en verksvið ríkisins takmarkað. Yfirstjórn menntamála yrði áfram í höndum ráðherra og menntamálaráðuneytið bæri ábyrgð á stefnumótun, mati, þróunarstarfi og eftirliti og hefði úrskurðarvald í ákveðnum málum. Sveitarfélög urðu hins vegar sjálfstæðir rekstaraðilar grunnskólans og skyldu sjá um framkvæmd skólahalds og skólastarfs innan ramma gildandi laga, reglugerða og aðalnámskrár. Fræðsluskrifstofur voru lagðar niður og þess í stað voru stofnaðar um 30 skólamálaskrifstofur á vegum sveitarfélaga. Ákveðið var að námsgagnaútgáfan yrði áfram á ábyrgð ríkisins.

Árið 1999 gaf ráðuneytið út nýja aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskólastigið. Í ljósi þess að grunnskólinn hafði verið fluttur til sveitarfélaga fékk námskráin nýja þýðingu. Samkvæmt lögunum var aðalnámskrá eins konar rammi um skólastarfið en einstakir skólar skyldu setja sér skólanámskrár og marka sérstöðu sína í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Þá var í lögunum kveðið á um að skólar kæmu sér upp sjálfsmatskerfi byggðu á viðmiðum í skólanámskrá. Aðalnámskrá gegnir þannig því hlutverki að vera tæki sem skólar geta notað til að setja eigin skólastarfi gæðastefnu og sem ráðuneytið getur notað til að hafa eftirlit með því að skólar uppfylli þau markmið sem námskráin setur þeim.

Með námskránni 1999 var því búið í haginn fyrir þær breytingar sem hafa orðið á skipulagi skólastarfs. Hér er átt við þróun í átt til dreifstýringar og aukinnar þátttöku foreldra í stjórnun skóla, sveigjanleika í stjórnkerfinu og aukins sjálfstæðis skóla til að móta eigin skólastefnu, einstaklingsmiðaðra starfshátta sem virkjar ólíka hæfileika og áhugasvið nemenda, aukinnar alþjóðavæðingar skólakerfisins og aðlögun að fjölmenningarlegu samfélagi. Þessi þróun á sér ekki aðeins stað hér á landi heldur víðast hvar í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Af þessu yfirliti um þróun námskrárgerðar má draga þá ályktun að það skipulag sem er á námsgagnaútgáfu í dag sé ekki í samræmi við þróun sem hefur verið í skólastarfi og skólakerfinu hér á landi eins og annars staðar í vestrænum löndum, í átt til dreifstýringar, sveigjanleika og fjölbreytni. Í þessu sambandi má benda á að hvergi annars staðar á Norðurlöndunum er svipaður háttur hafður á, að ríkið stýri framleiðslu og dreifingu námsgagna í gegnum miðstýrða stofnun. Þó eru þar sömu meginmarkmið höfð í heiðri um jafnrétti til náms og aðgang skólanemenda að ókeypis námsgögnum.

**Endurskoðun á starfsemi Námsgagnastofnunar.**

Frá árinu 1989 hafa nokkrar nefndir haft fyrirkomulag námsgagnagerðar og hlutverk Námsgagnastofnunar til skoðunar. Árið 1989 var gefin út skýrsla um stöðu Námsgagnastofnunar og framtíðarþróun. Í kjölfarið voru samþykkt ný lög um Námsgagnastofnun, nr. 23/1990. Litlar breytingar voru gerðar á lögunum frá 1980 aðrar en þær að fjölgað var í stjórn og skipulag stofnunarinnar nánar tilgreint, þar sem kveðið var skýrar á um skyldur stofnunarinnar við þróun námsgagna og rannsóknum á gerð þeirra og notkun.

Árið 1992 var ráðgjafafyrirtæki fengið til að gera úttekt á fyrirkomulagi námsefnisgerðar fyrir grunnskóla. Helsta tillaga ráðgjafanna var að Námsgagnastofnun yrði lögð niður og starfsemi hennar komið á aðrar ríkistofnanir. Þess í stað yrði stofnuð þróunarstofnun námsgagna, sem yrði rekin af Kennaraháskóla Íslands sem sæi um faglegt mat á forgangsröðun námsgagna og samninga við höfunda. Tillögum nefndarinnar var ekki fylgt eftir.

Á árinu 1996 var framkvæmdanefnd um einkavæðingu á vegum ríkistjórnarinnar fengin til að kanna breytingar á rekstrarformi Námsgagnastofnunar. Árið 1998 var skipuð nefnd til að skila tillögum byggðum á könnun framkvæmdanefndarinnar. Í kjölfarið var Skólavörubúðin seld. Árið 2001 var skipaður vinnuhópur til að fjalla um hugsanlegar breytingar á skipulagi og starfsháttum við útgáfu námsgagna og gera tillögur um breytingar. Sú nefnd kom sér ekki saman um tillögur og voru niðurstöður hennar ekki birtar.

**Könnun á námsefnisgerð og viðhorfum kennara.**

Svo sem fyrr greinir gekkst starfshópurinn sem skipaður var af ráðherra í júní 2005 fyrir sérstakri könnun á stöðu námsefnisgerðar á Íslandi og fól ráðgjafafyrirtæki að afla fyrrgreindra upplýsinga, auk þess að kanna viðhorf kennara, skólastjórnenda og bókaútgefenda til námsefnisútgáfu. Meðal þeirra atriða sem könnunin náði til voru framboð námsefnis, notkun stafræns námsefnis, kostnaður sveitarfélaga vegna námsefnisgerðar og viðhorf útgefenda.

Könnunin var þrískipt, þ.e. spurt var um mat á núverandi stöðu, úrbætur og stafrænt námsefni. Fram kom í könnuninni að 90% þeirra sem svöruðu nota efni frá Námsgagnastofnun og 70% eru ánægðir með það efni.

Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að kennarar í öllum námsgreinum telja þörf á endurbótum á núverandi framboði námsefnis og auknu framboði nýs efnis. Sá hópur sem er síst ánægður með framboð á námsefni eru kennarar í verk-, tækni- og listgreinum. Könnunin leiðir í ljós að kennara leita fanga víða annars staðar en hjá Námsgagnastofnun til að mæta þörf á nýju og endurbættu efni því 80% kennara nota efni sem þeir hafa útbúið sjálfir og 52% nota efni frá öðrum kennurum. Þá vekur athygli að 45% kennara nota efni frá öðrum innlendum útgefendum en Námsgagnastofnun og 25% nota efni frá erlendum útgefendum.

Af könnuninni má ráða að helstu skýringarnar á því af hverju kennarar leita á önnur mið er sú að þeir telja þörf á endurbótum á núverandi námsgögnum og þeim þykir skorta fjölbreytni í efnisvali. Í könnuninni kom í ljós að 94% kennara töldu mjög eða frekar mikilvægt að framboð og val á námsefni verði aukið, og 81% töldu mjög eða frekar mikilvægt að endurnýja námsefni. Mikilvægasta ástæðan sem kennarar gefa fyrir því að bæta við námsgögnum er fyrst og fremst sú að valmöguleika skortir, en 74% kennara tilgreina þá ástæðu, 23% telja að markmið aðalnámskrár náist ekki með núverandi námsefni, 20% segjast vera óánægðir með námsefnið og 16% tilgreina óánægju nemenda með námsefni. Aðeins 3,5% telja enga þörf á að bæta við námsgögnum. Það sjónarmið kennara að markmið námskrár náist ekki með núverandi námsefni Námsgagnastofnunar kemur einnig fram í svörum við annarri spurningu, þar sem kennarar voru spurðir út í að hve miklu leyti núverandi námsefni uppfyllir markmið

námskrár. Svörin leiða í ljós að 32% telja að námsefni uppfylli markmið námskrár að nokkru eða litlu leyti, 53% að töluverðu leyti, en aðeins 10% að öllu eða nær öllu leyti.

Þegar kennarar voru spurðir hvernig þeir mættu þörfinni fyrir aukið námsefni sögðust 79% þeirra leita á vefinn eftir námsefni, 66% semja efnið sjálfir sem upp á vantar, 62% ljósrita upp úr bókum, 61% ljósrita upp úr eldra efni, en aðeins 1,5% segjast ekki sjá neinn skort á námsefni.

Mikil sókn kennara í námsefni á netinu vekur athygli. Könnunin sýnir almenna og útbreidda notkun á stafrænu námsefni meðal kennara, þar sem 86% þeirra hafa notað námsgögn á tölvutæku formi til útprentunar, 68% hafa notað gagnvirkt efni á vef eða disk í kennslustund, 63% hafa notað námsleiki á tölvum í kennslu og 58% hafa notað námsvefi í kennslu. Þegar kennarar voru spurðir út í hvers konar námsgögn þeir vildu helst sjá bætt við þá nefndu flestir, eða 66%, prentað ítarefni, en efni á tölvutæku formi (stafræn námsgögn) kom næst, þar sem 59% kennara fannst þörf á að bæta við slíku efni.

Með aukinni tölvunotkun hefur notkun stafræns námsefnis og rafrænna gagna aukist til muna, sem hefur leitt til þess að námsgögnum er í auknum mæli dreift rafrænt um netið, t.d. í formi PDF-skjala. Þess vegna var ráðgjafarfyrirtækinu einnig falið að reyna að meta kostnað sveitarfélaga vegna námsefnisgerðar. Hér er einkum átt við prent- og ljósritunarkostnað. Þótt ekki hafi verið litið á aðra hugsanlega kostnaðarliði í bókhaldi skólanna þá var þessi kostnaður metinn að lágmarki 1.600 kr. á hvern nemanda. Ef litið er til fjölda nemenda þá þýðir þetta að kostnaður sveitarfélaga er ekki minni en 70 millj. kr.

Ráðgjafarfyrirtækið leitaði einnig til útgefenda til að leita álits hvort einkaaðilar væru í stakk búnir til að standa að útgáfu námsefnis fyrir grunnskóla. Allir þeir útgefendur sem rætt var við voru tilbúnir til að taka þátt í námsbókamarkaði fyrir grunnskóla, enda standa þeir flestir nú þegar að útgáfu námsbóka fyrir framhaldsskólastigið, auk þess sem útgáfa fyrir efsta bekk grunnskóla hefur verið opinn fyrir einkaaðila. Með breyttri námsskipan á framhaldsskólastigi og áherslu á samfellu náms milli skólastiga opnast möguleikar á að nýta efni sem þróað hefur verið fyrir framhaldsskólastigið fyrir efstu bekki grunnskóla, sem Námsgagnastofnun þyrfti að öðrum kosti að framleiða frá grunni. Bókaútgefendur telja að opnun markaðar fyrir námsgögn á grunnskólastigi, þó ekki væri nema að hluta til, mundi gera þeim kleift að byggja upp starfsemina og dýpka sérþekkingu. Þeir benda á að í raun starfi fáir beint við námsefnisgerð hjá Námsgagnastofnun og prentun efnis sé boðin út, svipað því sem gerist almennt hjá bókaútgefendum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til að markmið frumvarpsins verði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Er þetta í samræmi við þá hugsun frumvarpsins að losað verði um miðstýringu í framleiðslu námsefnis og skólum og kennurum verði gefið færi á að velja í auknum mæli hvaða námsgögn þeir ákveða að nota í starfi sínu. Þá er lagt til að kveðið verði á um ábyrgð og stuðning ríkisins við þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og um öflun námsgagna fyrir grunnskóla.

Um 2. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að ábyrgð og stuðningur ríkisins skv. 1. gr. byggist á eins konar þriggja stoða fyrirkomulagi sem í fyrsta lagi taki til rekstrar Námsgagnastofnunar, sem leggi grunnskólum til námsgögn, sbr. II. kafli laganna. Í öðru lagi feli stuðningur ríkisins í sér fjár-

framlög til námsgagnasjóðs, sem úthluti fé til grunnskóla til kaupa á námsgögnum, sbr. III. kafli laganna. Í þriðja lagi feli stuðningur ríkisins í sér fjárframlög til þróunarsjóðs námsgagna, sem styrki nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn-, og framhaldsskóla, sbr. IV. kafla laganna.

Um 3. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir hlutverki Námsgagnastofnunar, en miðað er við að starfsemi hennar haldist því sem næst óbreytt, sbr. þó 5. gr. sem gerir ráð fyrir breytingu á hlutverki námsgagnastjórnar. Lagt er til í 1. mgr. að stofnunin sjái áfram um að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá. Þá er lagt til að stofnunin beri áfram ábyrgð á gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu á námsgögnum sem stofnunin framleiðir til greindra nota.

Þá er lagt til í 2. mgr. að stofnunin hafi áfram með höndum þróun námsgagna og hafi frumkvæði að könnunum og rannsóknum á gerð þeirra og notkun. Þá er gert ráð fyrir að stofnunin annist áfram kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn. Lagt er til í 3. mgr. að stofnunin skuli hafa samráð við kennara og skóla og skuli fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þá er tekið fram í 4. mgr. að réttur hvers skóla til afhendingar námsgagna sem Námsgagnastofnun framleiðir ráðist af nemendafjölda, en jafnframt er kveðið á um að stofnuninni sé heimilt að ívilna fámennum skólum. Við úthlutun námsgagna til skóla hefur Námsgagnastofnun hingað til farið eftir fjölda nemenda í hverjum skóla og stærð skólanna, en rétt þykir að lögfesta nú þau viðmið sem viðgengist hafa í framkvæmd. Í þessu felst að stofnuninni er heimilt að ívilna smærri skólum þar sem þeir eru mun óhagstæðari rekstrareiningar. Lagt er til í 5. mgr. að stofnuninni verði áfram heimilt að hafa þau námsgögn sem stofnunin framleiðir til sölu á almennum markaði, en gert er ráð fyrir að við verðlagningu námsgagna skuli m.a. tekið tillit til framleiðslukostnaðar að teknu tilliti til hóflegrar arðsemiskröfu. Með framleiðslukostnaði er m.a. átt við höfundalaun, prentun, umbrot og lagerkostnað. Þá er lagt til að stofnunin skuli halda fjárreiðum vegna sölu á almennum markaði aðskildum frá því lögbundna hlutverki stofnunarinnar að leggja grunnskólum til námsgögn skv. 1.–4. mgr. Breyting þessi um fjárhagslegan aðskilnað hjá stofnuninni er lögð til, m.a. í kjölfar úrskurðar Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 40/2006 frá 19. október sl., þar sem fjallað var um samkeppnishætti Námsgagnastofnunar við útgáfu og sölu kennsluefnis fyrir grunnskólanema. Fram kemur í ákvörðunarorði úrskurðarins að með vísan til 14. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, sbr. b-lið 16. gr. laganna, mæli Samkeppniseftirlitið fyrir um fjárhagslegan aðskilnað hjá Námsgagnastofnun. Er stofnuninni gert skylt að skilja að fjárhag sinn annars vegar á milli þeirrar starfsemi sem felst í að selja útgefið efni stofnunarinnar á almennan markað í samkeppni við einkaaðila og hins vegar þeirrar starfsemi sem tengist því lögbundna hlutverki stofnunarinnar að sjá grunnskólum landsins fyrir náms- og kennslugögnum. 6. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um að menntamálaráðherra skipi forstöðumann stofnunarinnar til fimm ára í senn. Lagt er til að forstöðumaður skuli hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Lagt er til að forstöðumaður annist daglega stjórn stofnunarinnar og beri ábyrgð á fjárreiðum hennar. Er þetta í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laga um fjárreiður ríkisins.

Um 5. gr.

Samkvæmt 3. gr. núgildandi laga um Námsgagnastofnun ber námsgagnastjórn ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar. Sú framsetning þykir óæskileg, m.a. í ljósi álits nefndar á vegum fjármálaráðuneytisins um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna, sem gefið var út í október árið 2000. Þar kom fram að stjórnsýsluleg staða, hlutverk stjórna og staða forstöðumanna væri oft óskýr og af því leiddi að óljóst væri hver bæri ábyrgð á rekstri viðkomandi stofnunar. Nefndin lagði til að stjórnum ríkisstofnana yrði fækkað og þær aðeins nýttar þar sem sérstök ástæða væri til að gera stjórn stofnunar sjálfstæðari en almennar reglur ríkisrekstrar gæfu færi á. Jafnframt var lagt til að sérstakar stofnanir, þ.e. stofnanir sem stofnaðar væru með lögum og sinntu sérstökum verkefnum sem þeim væru falin með lögum og tækju ákvarðanir í eigin nafni, hefðu ekki eiginlegar stjórnir og yrðu því stjórnir þeirra annaðhvort lagðar niður eða þeim breytt í ráðgefandi stjórnir. Með hliðsjón af þessu er því lagt til í 1. mgr. 5. gr. að menntamálaráðherra skipi fimm einstaklinga í stjórn Námsgagnastofnunar til fjögurra ára í senn. Lagt er til að tveir stjórnarmenn skuli tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af landssamtökum foreldra grunnskólabarna samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Þá er lagt til að menntamálaráðherra skipi einn stjórnarmann án tilnefningar og skuli hann vera formaður, en lagt er til að varaformaður skuli skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Lagt er til að varamenn verði skipaðir með sama hætti. Þau landssamtök foreldra sem helst kæmu til greina í dag eru samtökin Heimili og skóli. Hins vegar þykir ekki rétt að lögbinda nánar tilgreindan aðila á því sviði og því er lagt til að ákvörðun um fulltrúa landssamtaka foreldra verði háð ákvörðun menntamálaráðherra hverju sinni.

Þá er lagt til í 2. mgr. að stjórnin marki stofnuninni stefnu í samráði við forstöðumann, staðfesti að árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir séu í samræmi við markaða stefnu, veiti forstöðumanni ráðgjöf og fylgist með starfsemi stofnunarinnar. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 4. gr. um ábyrgð forstöðumanns á fjárreiðum stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Lagt er til að settur verði á stofn sérstakur námsgagnasjóður, sem gert er ráð fyrir að hljóti fjárveitingu á fjárlögum ár hvert. Samkvæmt 1. mgr. verður hlutverk sjóðsins að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Markmiðið með sjóðnum er að skólarnir hafi færi á að kaupa námsgögn sem aðrir en Námsgagnastofnun hafa á boðstólum, en jafnframt er ekki loku fyrir það skotið að þeir nýti hlutdeild sína í námsgagnasjóði til aukinna kaupa á námsgögnum af Námsgagnastofnun. Lagt er til í 2. mgr. að menntamálaráðherra skipi námsgagnasjóði þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Lagt er til að einn stjórnarmaður skuli tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá er lagt til að menntamálaráðherra skipi einn stjórnarmann án tilnefningar og skuli hann vera formaður, en lagt er til að varaformaður skuli skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Þar sem um stjórnsýslunefnd er að ræða er lagt til að varamenn skuli skipaðir með sama hætti. Þá er gert ráð fyrir því í 3. mgr. að stjórn námsgagnasjóðs ákveði skiptingu fjármuna milli grunnskóla til námsgagnakaupa. Lagt er til að lögbundið verði í ákvæðinu að hlutdeild hvers skóla ráðist af nemendafjölda, en að heimilt verði að ívilna fámennum skólum. Ákvæðið er í samræmi við 3. gr. frumvarpsins um sambærilega heimild til handa Námsgagnastofnun og í því felst að heimilt sé að ívilna smærri skólum þar sem þeir eru mun óhagstæðari rekstrareiningar. Þá er lagt til að menntamálaráðherra setji sjóðnum úthlutunarreglur. Gert er ráð fyrir að í þeim yrði m.a. kveðið á um skil-

yrði fyrir ráðstöfun fjárveitinga úr sjóðnum, þ.e. að slík ráðstöfun yrði einskorðuð við kaup á námsgögnum sem teljast uppfylla réttmætar gæðakröfur og samrýmast markmiðum aðalnámskrár. Þá er lagt til að sjóðstjórn hafi eftirlit með að farið sé að úthlutunarreglum. Lagt er til í 4. mgr. að ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir verði endanlegar og þeim verði ekki skotið til æðra stjórnvalds. Í því felst að þessar ákvarðanir eru ekki kæranlegar til menntamálaráðherra. Að lokum er í 5. mgr. lagt til að það verði hlutverk menntamálaráðuneytis að annast umsýslu sjóðsins og bera ábyrgð á henni. Lagt er til að umsýslukostnaður ráðuneytisins skuli greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins, og gert er ráð fyrir að hann muni verða um 2% af því ráðstöfunarfé.

Um 7. gr.

Í greinini er kveðið á um að settur verði á stofn sérstakur þróunarsjóður námsgagna og er honum ætlað að styðja við nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsefnis á leik-, grunn- og framhaldsskólastigum. Í samræmi við það er hlutverki þróunarsjóðsins lýst í 1. mgr. Gert er ráð fyrir að framlag til sjóðsins verði ákveðið á fjárlögum ár hvert. Lagt er til í 2. mgr. að menntamálaráðherra skipi þróunarsjóði námsgagna fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Lagt er til að tveir stjórnarmenn verði tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar úr hópi skólameistara framhaldsskóla. Þá er lagt til að menntamálaráðherra skipi einn stjórnarmann án tilnefningar og skuli hann vera formaður en lagt er til að varaformaður verði skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Lagt er til að varamenn skuli skipaðir með sama hætti. Gert er ráð fyrir því í 3. mgr. að stjórn þróunarsjóðs námsgagna ákveði skiptingu á fjárveitingu sjóðsins og beri ábyrgð á umsýslu hans. Jafnframt er lagt til að sjóðnum verði heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum. Þá er lagt til í 4. mgr. að menntamálaráðherra setji þróunarsjóði námsgagna reglugerð, þar sem m.a. verði kveðið á um skipulag sjóðsins og reglur um úthlutun. Lagt er til að þeir sem fá fé úr þróunarsjóði skuli gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum. Verði misbrestur á, eða séu önnur skilyrði fyrir styrkveitingu ekki uppfyllt, er stjórninni heimilt að stöðva greiðslur eða eftir atvikum fara fram á endurgreiðslu styrksins. Gert er ráð fyrir í 5. mgr. að stjórn sjóðsins skuli hafa samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Að lokum er í 6. mgr. kveðið á um að ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir séu endanlegar og verði ekki skotið til æðra stjórnvalds. Í því felst að þessar ákvarðanir eru ekki kæranlegar til menntamálaráðherra.

Um 8. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að stuðlað verði að þróun og nýsköpun í námsgagnagerð og að fleiri komi að námsgagnagerð en gera það nú. Þá er það jafnframt ætlunin með frumvarpinu að veita þeim aðilum stuðning sem búa til og þróa námsgögn. Samfara þessari breytingu þykir rétt að hægt verði að leggja sérstakt mat á gæði námsgagna þyki ástæða til. Því gerir greinin ráð fyrir að leiki vafi á að námsgögn uppfylli réttmætar gæðakröfur eða samrýmist markmiðum aðalnámskrár, sé heimilt að óska eftir því að menntamálaráðuneytið meti hvort viðkomandi námsgögn séu hæf til notkunar í kennslu.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er kveðið á um að verði frumvarp þetta að lögum muni það ekki fela í sér breytingar á stöðu og réttindum starfsmanna Námsgagnastofnunar. Þykir rétt að hafa slíkt ákvæði hér þannig að enginn vafi sé um þessa réttarstöðu.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um námsgögn.**

Í frumvarpinu er mælt fyrir um breytingar á því með hvaða hætti ríkisvaldið leggur grunnskólum í landinu til námsgögn og styður við þróun og gerð námsefnis á leik-, grunn- og framhaldsskólastigum. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kemur fram, að til viðbótar því að tryggja áfram stöðugt framboð vandaðs námsefnis fyrir grunnskóla sem gefið er út af Námsgagnastofnun sé markmið breytinganna m.a. að auka fjölbreytni og framboð námsgagna, draga úr miðstýringu í framleiðslu námsgagna, auka sveigjanleika einstakra kennara og skóla við útfærslu á námskrám og stuðla að þróun og nýsköpun í námsgagnagerð. Í þessu skyni verða settir á stofn tveir sjóðir, námsgagnasjóður og þróunarsjóður námsgagna. Starfsemi Námsgagnastofnunar helst hins vegar því sem næst óbreytt. Hlutverk námsgagnasjóðs verður að leggja grunnskólum fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra á námsgögnum, en hlutverk þróunarsjóðs námsgagna verður að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu í námsgagnagerð. Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að leiki vafi á að námsgögn uppfylli réttmætar gæðakröfur eða samrýmist markmiðum aðalnámskrár sé heimilt að óska eftir því að menntamálaráðuneytið meti hvort viðkomandi námsgögn séu hæf til notkunar í kennslu. Sambærilegt ákvæði er í 5. mgr. 33. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á kostnaði Námsgagnastofnunar verði frumvarpið að lögum, en stofnunin hefur 372,4 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum 2007. Á fjárlögum 2007 er 126,1 m.kr. fjárveiting á viðfangsefni 02-319-1.18 Námsefnisgerð, sem menntamálaráðuneytið hækkaði um 100 m.kr. frá fjárlögum 2006, og áformar menntamálaráðuneytið að verja þeirri fjárveitingu til hinna nýju sjóða.

Ekki er gert ráð fyrir frekari fjárveitingum í málaflokkinn á fjárlögum eða í langtímaáætlun fjárlaga. Samkvæmt framansögðu er ekki gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til útgjalda fyrir ríkissjóð umfram það sem gert er ráð fyrir á fjárlögum 2007.

## 773. Lög [56. mál]

um Ríkisútvarpið ohf.

(Afgreidd frá Alþingi 23. jan.)

Samhljóða þskj. 606 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

*Tekjustofnar.*

Tekjustofnar Ríkisútvarpsins ohf. eru sem hér segir:

1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga. Skal gjaldið nema 14.580 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald fellt niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.
2. Tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi eða í öðrum miðlum. Samanlagðar tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af kostun skulu þó eigi vera hærri en sem nemur hlutfalli tekna af kostun í samanlögðum tekjum Ríkisútvarpsins af auglýsingum og kostun á árinu 2006. Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á veraldarvefnum.
3. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Um álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Fyrsta virka dag hvers mánaðar skal fjármálaráðuneytið greiða Ríkisútvarpinu ohf. fyrir fram fjárhæð sem svarar til áætlaðs 1/12 heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt þessari grein.

Stjórn félagsins skal setja gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna.

13. gr. hljóðar svo:

*Gildistaka laganna o.fl.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, frá og með 1. apríl 2007, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum: 12., 13., 14. og 16. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2009, og 15., 17. og 18. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2012. Heiti þeirra laga verður: Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess. Skulu lögin gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum.

Þar sem í öðrum lögum er vísað til Ríkisútvarpsins er átt við Ríkisútvarpið ohf.

Ákvæði til bráðabirgða I hljóðar svo:

**Stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið.**

Í samræmi við lög þessi skal stofnað hlutafélag um Ríkisútvarpið og skal heiti þess vera Ríkisútvarpið ohf. Félagið skal skráð í hlutafélagaskrá. Frestur til þess að setja félaginu sérstakar samþykktir og halda stofnfund er 30 dagar eftir að Alþingi hefur kosið menn til setu í stjórn.

Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins.

Menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í Ríkisútvarpinu ohf. Við stofnun félagsins skal lögð fram a.m.k. 5.000.000 kr. fjárhæð sem hlutafé.

Eftir að lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, falla úr gildi 1. apríl 2007, sbr. 2. mgr. 13. gr., tekur Ríkisútvarpið ohf. við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins, og um leið er Ríkisútvarpið lagt niður. Tekur félagið þá m.a. við lögbundnu leyfi Ríkisútvarpsins til útvarps-

reksturs. Jafnframt skal Ríkisútvarpið ohf. yfirtaka þær skyldur sem Ríkisútvarpið hefur undirgengist í samningum við þriðju aðila.

Ákvæði til bráðabirgða II hljóðar svo:

**Réttindi starfsmanna.**

Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður, frá og með 1. apríl 2007, fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.

Ríkisútvarpið ohf. skal bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2009.

Starfsmaður Ríkisútvarpsins, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira, getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

## 774. Lög [57. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 23. jan.)

Samhljóða þskj. 57.

## 775. Fyrirspurn [512. mál]

til heilbrigðisráðherra um lyf gegn blindu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er skýringin á því að nýtt lyf gegn blindu (Lucentis) sem talið er að geti bjargað sjón er ekki leyft hér á landi? Má vænta þess að leyfi til notkunar lyfsins fáist á næstunni?
2. Hve margir hér á landi eru verulega sjónskertir vegna hrörnunar í augnbotnum annars vegar og með slíka hrörnun á byrjunarstigi hins vegar og um hve mörg ný tilvik er að ræða að meðaltali á hverju ári?
3. Hve mikill má ætla að árlegur kostnaður yrði vegna lyfsins yrði það leyft hér á landi og hvað má ætla að lyfið gæti bjargað sjón margra miðað við þá reynslu sem þegar er fyrir hendi af notkun lyfsins erlendis?

4. Hefur verið veitt leyfi fyrir þessu nýja lyfi annars staðar á Norðurlöndum?

**Skriflegt svar óskast.**

# 776. Frumvarp til laga [513. mál]

um bókmenntasjóð og fleira.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu og búa íslenskri bókmenningu hagstæð skilyrði.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna er varða bókmenntir samkvæmt lögum þessum.

## II. KAFLI
## Bókmenntasjóður.

2. gr.

Hlutverk bókmenntasjóðs er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu. Hlutverk sitt rækir sjóðurinn með því að:

a. styrkja útgáfu frumsaminna íslenskra skáldverka og vandaðra rita sem eru til þess fallin að efla íslenska menningu,
b. styrkja útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslenskri tungu,
c. stuðla að kynningu á íslenskum bókmenntum hér á landi og erlendis og
d. sinna öðrum verkefnum er falla undir verksvið stjórnar bókmenntasjóðs.

Alþingi veitir árlega fé í sjóðinn til ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn bókmenntasjóðs til þriggja ára í senn. Rithöfundasamband Íslands tilnefnir tvo fulltrúa, Félag íslenskra bókaútgefenda tilnefnir einn fulltrúa, Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna tilnefnir einn og einn er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varaformaður skal skipaður úr hópi stjórnarmanna. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórn bókmenntasjóðs lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Stjórn bókmenntasjóðs ákveður árlega skiptingu ráðstöfunarfjár sjóðsins á fjárlögum á milli viðfangsefna hans, sbr. 2. gr., og úthlutar úr sjóðnum. Við mat á umsóknum er stjórn bókmenntasjóðs heimilt að leita umsagnar fagaðila.

Ákvarðanir um úthlutun úr bókmenntasjóði verða ekki kærðar til æðra stjórnvalds.

Stjórn bókmenntasjóðs gerir tillögur til menntamálaráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sjóðsins til þriggja ára. Stjórn bókmenntasjóðs veitir umsögn um erindi sem mennta-

málaráðuneyti vísar til hennar og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum um bókmenntamálefni til ráðuneytisins.

Heimilt er menntamálaráðherra að fela stjórn bókmenntasjóðs að reka sérstaka skrifstofu eða semja við til þess bæra aðila að annast umsýslu sjóðsins.

Þóknun til stjórnarmanna og annar kostnaður við störf stjórnarinnar greiðist úr bókmenntasjóði.

## III. KAFLI
## Greiðslur fyrir afnot á bókasöfnum.

### 4. gr.

Höfundar sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins eiga rétt á greiðslum fyrir notkun bóka þeirra á bókasöfnum, sem eru rekin á kostnað ríkissjóðs eða sveitarfélaga, af árlegri fjárveitingu Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum. Hér er bæði átt við útlán og afnot bóka á lestrarsölum bókasafna.

Rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein eiga rithöfundar, þýðendur, myndhöfundar og tónskáld, auk annarra einstaklinga sem átt hafa þátt í ritun bóka, enda sé framlag þeirra skráð hjá Landskerfi bókasafna eða á annan sannanlegan hátt. Fyrir afnot hljóðrita og útgáfna í stafrænu formi er úthlutað á sama hátt. Úthlutun vegna erlendra bóka sem þýddar eru á íslensku skiptist á milli þýðanda og frumhöfundar. Þýðandi fær greidda tvo þriðju og frumhöfundur einn þriðja miðað við fulla úthlutun. Réttur til úthlutunar samkvæmt þessari grein er persónulegur réttur sem er bundinn við framangreinda rétthafa og fellur niður við framsal höfundaréttar, hvort sem um er að ræða framsal að hluta eða að öllu leyti.

Rétt til úthlutunar skv. 2. mgr. eftir andlát rétthafa eiga eftirlifandi maki eða eftirlifandi sambúðaraðili, enda hafi sambúð staðið í fimm ár hið skemmsta, eða börn yngri en 18 ára, enda sé hitt foreldrið látið eða njóti ekki réttar samkvæmt lögum þessum. Séu framangreindir vandamenn fleiri en einn skiptist úthlutunin jafnt á milli þeirra. Rétthafar samkvæmt þessari málsgrein fá aðeins helming af þeirri greiðslu sem rétthafa skv. 2. mgr. hefði borið.

Greiðslur fyrir útlán bóka skulu byggðar á upplýsingum frá Landskerfi bókasafna. Við úthlutun á greiðslum fyrir afnot bóka á lestrarsölum bókasafna er heimilt að meta fjölda titla og eintaka bóka hvers höfundar, sem eru til afnota á lestrarsölum bókasafna, sem jafngildi tiltekins fjölda útlána á grundvelli stigagjafar þar sem tekið er tillit til tegundar, umfjöllunarefnis eða lengdar bóka.

### 5. gr.

Úthlutunarnefnd annast úthlutun skv. 4. gr. Skal hún skipuð af menntamálaráðherra til þriggja ára, þannig: einn samkvæmt tilnefningu frá Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, einn samkvæmt tilnefningu frá Rithöfundasambandi Íslands og formaður úthlutunarnefndar án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Sömu menn skulu ekki skipaðir oftar en tvö samfelld tímabil í úthlutunarnefnd.

Menntamálaráðherra setur sérstakar reglur um umsóknir og úthlutun skv. 4. gr. Heimilt er í þeim reglum að setja lágmark á greiðslur úr sjóðnum þannig að eingöngu þeir höfundar sem ávinna sér greiðslur umfram tilskilið lágmark eigi rétt til greiðslna úr sjóðnum.

Ákvarðanir um úthlutun verða ekki kærðar til æðra stjórnvalds. Heimilt er menntamálaráðherra að fela úthlutunarnefnd skv. 1. mgr. að semja við til þess bæra aðila að annast umsýslu umsókna og greiðslur til rétthafa skv. 2. og 3. mgr. 4. gr.

Þóknun til úthlutunarnefndar og annar kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af árlegri fjárveitingu Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum.

## IV. KAFLI
## Önnur ákvæði.

6. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 79/1993, um Menningarsjóð, lög nr. 35/1981, um þýðingarsjóð, og lög nr. 33/1997, um Bókasafnssjóð höfunda.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði bókmenntasjóður er taki við hlutverki Bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og þýðingarsjóðs. Helsta markmið laganna er að stuðla að frekari grósku í bókmenningu hér á landi og að beina stuðningi ríkisins í einfaldan, gagnsæjan og skilvirkan farveg, m.a. með því að sameina þrjá sjóði í einn. Með sameiningu sjóðanna er þess vænst að hægt verði að styðja betur við bókmenningu í landinu.

Frumvarp þetta er m.a. byggt á tillögum starfshóps menntamálaráðherra sem skipaður var árið 2005 til að gera tillögur um breytingar á skipulagi sjóða er styrkja bókmenntir og bókaútgáfu svo og kynningar á íslenskum bókmenntum erlendis. Í starfshópnum voru Þorgeir Ólafsson formaður, skipaður án tilnefningar, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, og Sigurður Svavarsson, tilnefndur af Félagi íslenskra bókaútgefenda. Hópurinn studdist við greinargerðir, ályktanir og skýrslur um íslenska bókaútgáfu og starfsskilyrði bókmennta, auk margvíslegra gagna um kynningar á íslenskum bókmenntum erlendis.

Stuðningur við bókmenntir og bókaútgáfu á sér langa sögu hér á landi. Menningarsjóður og síðar bókaútgáfa Menningarsjóðs voru fyrstu stofnanirnar á þessu sviði, sbr. lög um menningarsjóð og menntamálaráð, nr. 50/1957. Í 1. gr. laganna var hlutverki menningarsjóðs lýst þannig að honum væri ætlað að styðja íslenska menningu með því að efla listir og vísindi. Tekna til menningarsjóðs var aflað með svonefndu menningarsjóðsgjaldi sem lagt var á aðgöngumiða að ýmiss konar listviðburðum og skemmtunum, auk tekna af innheimtu sekta sem ákvarðaðar voru fyrir brot á áfengislögum, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1957. Framangreindum tekjum menningarsjóðs skyldi varið til ýmissa málaflokka í formi styrkja til vísindasjóðs, bókaútgáfu, listaverkakaupa fyrir Listasafn ríkisins, framleiðslu íslenskra kvikmynda, eflingar þjóðlegra fræða og náttúrurannsókna, íslenskrar tónlistar og myndlistar, auk kynningarstarfsemi á íslenskri menningu innan lands sem utan, sbr. 4. gr. laganna. Sérstakt ráð, menntamálaráð, sem kosið var hlutfallskosningu á Alþingi hafði yfirstjórn með einstökum viðfangsefnum menningarsjóðs, svo sem Bókaútgáfu menningarsjóðs, Listasafni ríkisins, listskreytingum opinberra bygginga, gerð íslenskra kvikmynda, eflingar íslenskrar tónlistar og myndlistar, sbr. 7. gr. laganna.

Lög um menningarsjóð og menntamálaráð, nr. 50/1957, voru leyst af hólmi með nýjum lögum um Menningarsjóð, nr. 79/1993. Bókaútgáfa á vegum ríkisins var þá lögð niður þar sem ekki var talið rétt að ríkisvaldið væri beinn aðili að bókaútgáfu. Í þess stað var sjóðnum ætlað að veita fjárhagslegan stuðning til útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu sem verða mættu

til eflingar íslenskri menningu, sbr. 1. gr. laganna. Sérstök áhersla skyldi lögð á útgáfu fræðirita, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Jafnframt veitti sjóðurinn fjárhagslegan stuðning til annarrar skyldrar starfsemi eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Rökin fyrir fjárstuðningi við framantalin bókmenntaverk voru þau að verk sem hefðu mikið menningarlegt gildi væru dýr í útgáfu og litlar líkur væru til að söluandvirði bókanna stæði undir kostnaðinum. Var því talið nauðsynlegt að ríkið hefði einhver ráð til að styrkja útgáfu slíkra verka. Sem fyrr var tekna aflað í Menningarsjóð með menningarsjóðsgjaldi sem lagðist á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansleikjum, auk sérstaks framlags af fjárlögum ár hvert, sbr. 3. gr. laganna. Framangreindir tekjustofnar Menningarsjóðs voru felldir niður þegar lög um skemmtanaskatt, nr. 58/1970, voru felld úr gildi með lögum nr. 93/1998. Frá þeim tíma hefur Menningarsjóður eingöngu notið framlaga af fjárlögum. Í reglugerð nr. 707/1994 er nánar mælt fyrir um störf Menningarsjóðs.

Enn er talin full nauðsyn á stuðningi ríkisins við útgáfu vandaðra bókmenntaverka. Sama gildir um þýðingar á vönduðum erlendum bókmenntum á íslenska tungu, jafnt skáldverka sem fræðirita. Þýðingarsjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 35/1981, hefur gegnt þessu hlutverki. Nánari fyrirmæli um starfsemi þýðingarsjóðs hafa verið sett með reglugerð nr. 638/1982, sbr. reglugerð nr. 102/1992. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir að hlutverk sjóðsins sé að veita útgefendum styrki eða lán til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, einkum skáldrita og viðurkenndra fræðirita.

Árið 1982 var Bókmenntakynningarsjóður stofnaður. Hann starfar samkvæmt reglum nr. 997/2001. Hlutverk Bókmenntakynningarsjóðs er skv. 1. gr. reglnanna að stuðla að sem víðtækastri kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis og greiða fyrir útgáfu þeirra með því að úthluta þýðingarstyrkjum, hafa umsjón með þátttöku Íslands í erlendum menningarviðburðum og alþjóðlegum samskiptum á sviði bókmennta. Að auki rækir Bókmenntakynningarsjóður hlutverk sitt með því að veita þýðendum íslenskra bókmennta á önnur tungumál ferðastyrki til að heimsækja Ísland og standa að ráðstefnum og vinnufundum þýðenda hér á landi, veita íslenskum rithöfundum ferðastyrki til að kynna verk sín erlendis, láta vinna kynningarefni á erlendum tungumálum, hafa umsjón með kynningu íslenskra bókmennta á erlendum bókmenntahátíðum og vera í samstarfi við sambærilegar stofnanir erlendis, og halda úti tölvugagnabanka til hagræðis fyrir kynningarstarf sitt innan lands og utan og semja um aðgang að gagnabönkum sem tengjast verkefnum sjóðsins, sbr. 2. gr. reglnanna.

Bókmenntakynningarsjóður hefur, eftir því aðstæður hafa leyft, annast ýmis þau verkefni sem bókmenntakynningarstofnanir á vegum stjórnvalda annars staðar á Norðurlöndunum hafa haft á sinni könnu. Að mati ráðuneytisins er mikilvægt að efla þessa starfsemi enn frekar.

Auk ofangreinds hafa Alþingi og menntamálaráðuneyti í gegnum árin veitt ýmsa útgáfu- og bókmenntastyrki. Þá hafa rithöfundar getað sótt um starfslaun í Launasjóð rithöfunda, sbr. 6. gr. laga um listamannalaun, nr. 35/1991, og Launasjóð fræðiritahöfunda, sbr. reglur nr. 268/1999. Einnig hefur Bókasafnssjóður höfunda greitt höfundum fyrir afnot af verkum þeirra á bókasöfnum. Gildandi lög um Bókasafnssjóð höfunda eru frá árinu 1997 en rætur sjóðsins má rekja til Rithöfundasjóðs Íslands sem starfaði skv. 11. gr. laga um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976. Samkvæmt ákvæðinu skyldi ríkissjóður greiða árlega 12 millj. kr. (gamlar krónur) í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í þeim söfnum sem lögin tóku til. Nánar var mælt fyrir um ráðstöfun þessara greiðslna til höfunda í reglugerð um Rithöfundasjóð Íslands, nr. 84/1977. Í 2. gr. reglugerðarinnar var mælt fyrir um skiptingu úthlutunarfjár í tvo jafna hluta. Skyldi öðrum helmingi fjárins úthlutað til rétthafa

samkvæmt bókaeign þeirra í almenningsbókasöfnum á grundvelli skýrslna bókasafna um eintakafjölda höfunda. Hinum helmingi fjárins skyldi úthlutað til einstakra höfunda í viðurkenningarskyni fyrir ritstörf. Þá var sjóðsstjórn heimilt að veita eftirlifandi maka og niðjum nýlátinna höfunda framlög úr sjóðnum. Framangreind 11. gr. laga nr. 50/1976 var leyst af hólmi með sérstökum lögum um Bókasafnssjóð höfunda, nr. 33/1997. Úthlutað er úr Bókasafnssjóði til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa vegna notkunar bóka þeirra í bókasöfnum. Skilyrði úthlutunar er að bækur hafi verið gefnar út á íslensku eða þýddar á íslensku, sbr. 3. gr. laganna. Gert er ráð fyrir því að sjóðnum sé skipt í tvo hluta þannig að úr öðrum hlutanum sé úthlutað á grundvelli útlána bóka samkvæmt skýrslum um afnot bóka í bókasöfnum og úr hinum séu veittir styrkir samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Bókasafnssjóðs höfunda, með hliðsjón af reglugerð, sbr. 5. gr. laganna. Nánar er mælt fyrir um úthlutun úr Bókasafnssjóði höfunda í samnefndri reglugerð, nr. 203/1998, með síðari breytingum. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að úthlutunarfé skiptist í tvo hluta og skal öðrum hluta fjárins úthlutað til einstakra höfunda í formi styrkja vegna afnota bóka þeirra á bókasöfnum, eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins, sbr. 3. gr. laganna. Þá segir að heimilt sé að að meta fjölda titla og eintaka bóka hvers höfundar á lestrarsölum bókasafna sem jafngildi tiltekins fjölda útlána. Hinum hluta fjárins skal skv. 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar úthlutað til rétthafa miðað við fjölda útlána bóka á bókasöfnum.

Í desember árið 2003 barst íslenskum stjórnvöldum fyrirspurn frá Eftirlitsstofnun EFTA (hér eftir nefnd „ESA“) þar sem vakin var athygli á ákvæðum 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/100/EBE frá 19. nóvember 1992 um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarétti á sviði hugverkaréttar (hér eftir „tilskipunin“) og leitað upplýsinga um hvort ákvæði íslenskra laga væru í samræmi við meginreglu 4. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að aðildarríkin skuli, með fyrirvara um 5. gr., mæla fyrir um rétt til að heimila eða banna leigu og útlán á frumverkum eða afritunum verka sem njóta höfundaréttar og öðru efni sem nýtur skyldrar verndar, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Í 4. gr. EES-samningsins er lagt bann við hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs nema annað leiði af einstökum ákvæðum samningsins. Í svari íslenskra stjórnvalda til ESA í mars 2004 var gerð grein fyrir ákvæðum laga um Bókasafnssjóð höfunda, nr. 33/1997, en skilyrði til úthlutunar úr sjóðnum er að bók hafi verið gefin út á íslensku eða á Íslandi, sbr. 3. gr. laganna. Tekið var fram í svarinu að greiðslur úr Bókasafnssjóði höfunda teldust ekki vera höfundaréttargreiðslur í skilningi tilskipunar 92/100/EBE heldur væru þær menningarlegur stuðningur við útgáfu bóka á íslenskri tungu. Það væri því mat íslenskra stjórnvalda að tungumálaskilyrði 3. gr. laga um Bókasafnssjóð höfunda væri ekki andstætt 4. gr. EES-samningsins. Í ágúst 2006 kynnti ESA þá bráðabirgðaniðurstöðu stofnunarinnar að lögin um Bókasafnssjóð höfunda væru andstæð 4. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 92/100/EBE. Sú niðurstaða var rökstudd með því að hvers konar óbein mismunun á grundvelli ríkisfangs innan EES-svæðisins sem leiddi til sömu niðurstöðu og bein mismunun fæli í sér brot gegn 4. gr. samningsins. Þetta fyrirkomulag væri enn fremur í andstöðu við 18. skýringargrein tilskipunarinnar en þar segir að allar ráðstafanir á grundvelli 5. gr. tilskipunarinnar skuli vera í samræmi við 7. gr. Rómarsáttmálans, nú 12. gr. EB-sáttmálans, þ.e. 4. gr. EES-samningsins. Í rökstuðningi ESA segir einnig að höfundaréttur og skyld réttindi falli innan EES-samningsins og er sú ályktun rökstudd með vísan til eftirfarandi dóma Evrópudómstólsins, í sameinuðu máli C-92/92 og C-326/92 Phil Collins gegn Imtrat Handelsgesellschaft mbH og Patricia Im- und Export Verwaltungsgesellschaft mbH og Leif Emanuel Kraul gegn EMI Electrola GmbH

[1993] ECR I-5145. Í svari íslenskra stjórnvalda við bréfi ESA frá október 2006 er ekki fallist á framangreinda ályktun en þar sem líta megi svo á að núverandi fyrirkomulag kunni að fela í sér óbeina mismunun á grundvelli ríkisfangs muni íslensk stjórnvöld huga að því að fella brott skilyrðið um útgáfu á íslensku eða á Íslandi.

Þess má geta að í sambærilegu svari norskra yfirvalda til ESA frá október 2006 í tilefni af athugun ESA á hliðstæðri löggjöf í Noregi er ekki fallist á þá niðurstöðu að norsku lögin feli í sér höfundaréttargreiðslur til rétthafa heldur sé um að ræða menningarlegan stuðning við bókaútgáfu á þeim tungumálum sem notuð séu á norsku málsvæði. Í desember 2004 tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að ákveðið hefði verið að stefna dönskum og sænskum stjórnvöldum fyrir Evrópudómstólinn fyrir ætluð brot gegn 12. gr. EB-samningsins þar sem tungumálaskilyrði þarlendra laga um greiðslur til rétthafa fyrir útlán bóka á bókasöfnum fælu í sér mismunun gagnvart öðrum EES-ríkisborgurum en innlendum. Niðurstaða í umræddum dómsmálum á hendur dönskum og sænskum stjórnvöldum lá ekki fyrir í nóvember 2006.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella hlutverk Bókasafnssjóðs höfunda undir lög um bókmenntasjóð og fleira. Þó yrði fyrst og fremst höfð yfirumsjón með úthlutun á greiðslum til lifandi höfunda eða náinna afkomenda þeirra fyrir útlán og afnot bóka á bókasöfnum sem rekin eru á kostnað ríkissjóðs eða sveitarfélaga. Greiðslur munu byggjast á talningu útlána samkvæmt upplýsingum frá Landskerfi bókasafna eða sem skráð eru á annan sannanlegan hátt. Lagt er til að afnot bóka á bókasöfnum sem ekki mælast í útlánum verði jafnframt metin sem ígildi útlána með ákveðinni stigagjöf. Mælt er fyrir um setningu reglna um frekari útfærslu og þannig búið um hnútana að úthlutunarfyrirkomulagið verði gagnsætt, sbr. nánari skýringar í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að það fé sem varið hefur verið samkvæmt fjárlögum til bókmennta úr nokkrum sjóðum og á vegum menntamálaráðuneytisins renni í bókmenntasjóð. Í fjárlögum 2006 var skipting liða eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| 02-976 | Menningarsjóður | 13 millj. kr. |
| 02-982-1.15 | Þýðingarsjóður | 12,5 millj. kr. |
| 02-982-1.16 | Bókmenntakynningarsjóður | 10 millj. kr. |
| 02-999-1.98 | Ýmis framlög menntamálaráðuneytisins | 2,6 millj. kr. |

Í fjárlögum 2007 eru bókmenntasjóði ætlaðar 37,3 millj. kr. til ráðstöfunar, að teknu tilliti til lækkunar vegna aðhalds í ríkisrekstri. Til viðbótar ætti fjárlagaliður 02-983-1.11, styrkir til útgáfumála, 14 millj. kr., einnig að renna í bókmenntasjóðinn. Samkvæmt fjárlögum 2007 renna 24,6 millj. kr. til Bókasafnssjóðs höfunda, 02-982-1.14.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í frumvarpinu er átt við bókmenntir í víðum skilningi. Um er að ræða jafnt skáldverk sem vönduð fræðirit, handbækur, orðabækur og menningarsöguleg rit. Með hugtakinu bókmenningu er átt við alla starfsemi sem tengist bókmenntum, þ.m.t. þýðingar á íslenska tungu og bókmenntaviðburði hér á landi og erlendis með þátttöku íslenskra og erlendra höfunda.

Í greininni er áréttað að menntamálaráðherra fari með málefni er varða bókmenntir, í samræmi við 7. tölul. 10. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, þar sem segir að

menntamálaráðuneytið fari með mál er varða menningarstarfsemi hvers konar, stuðning við hana og kynningu innan lands og utan.

Um 2. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar fjallar um hlutverk bókmenntasjóðs. Efnislega er byggt á meginhlutverki þeirra þriggja sjóða sem sameinaðir verða í bókmenntasjóði. Orðalag greinarinnar gefur þó svigrúm til að efla og þróa mismunandi viðfangsefni eftir því sem eðlilegast þykir á hverjum tíma.

Í a-lið 1. mgr. er lagt til að bókmenntasjóður veiti styrki til útgáfu frumsaminna íslenskra skáldverka en enginn opinber sjóður utan launasjóðs rithöfunda hefur til þessa sinnt því hlutverki sérstaklega. Meginhlutverk bókmenntasjóðs verður þó að halda áfram og efla þann stuðning sem Menningarsjóður hefur veitt til útgáfu bóka á íslenskri tungu. Á þeim sjóði hefur hvílt sú skylda að leggja sérstaka áherslu á útgáfu fræðirita, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Þar sem slík rit, einkum menningarsöguleg rit, eru ekki einvörðungu rituð á íslensku er nú lagt til að heimilt verði að styrkja útgáfu þeirra óháð því á hvaða tungumáli þau eru rituð, svo fremi að þau efli íslenska menningu. Lög um Menningarsjóð hafa til þessa staðið í vegi fyrir því að hægt væri að veita slíkan stuðning þótt stjórn sjóðsins hafi talið að það mundi ekki síður styrkja íslenska menningu.

Í b-lið 1. mgr. er fjallað um það hlutverk sem þýðingarsjóður hefur haft. Hlutverk hans hefur verið að lána eða styrkja útgefendur til útgáfu á vönduðum erlendum bókmenntum á íslensku máli, jafnt skáldverkum sem viðurkenndum fræðiritum. Bókmenntasjóði er ætlað að taka við því hlutverki.

Bókmenntakynningarsjóði hefur verið ætlað að greiða fyrir aukinni kynningu og útgáfu á verkum íslenskra höfunda um allan heim. Liður í því starfi er að taka þátt í alþjóðlegum bókastefnum og bókmenntahátíðum, stuðla að því að íslenskir höfundar séu kynntir á erlendum vettvangi, stuðla að þjálfun þýðenda sem þýða úr íslensku á erlend tungumál, veita þýðingarstyrki, gera upplýsingaefni um íslenskar bókmenntir og höfunda aðgengilegt á veraldarvefnum, byggja upp öflugt tengslanet o.fl. Einnig er mikilvægt að efla kynningu íslenskra bókmennta á innlendum vettvangi og auka áhuga landsmanna á eigin bókmenningu. Styrk bókaútgáfa og bókmenning heima fyrir er forsenda góðrar kynningar á íslenskum höfundum erlendis. C-liður 1. mgr. tekur á þessu viðfangsefni.

Í d-lið er skapað svigrúm til að stjórn bókmenntasjóðs geti sinnt ýmsum verkefnum sem upp kunna að koma og falla undir verksvið hennar.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipan stjórnar bókmenntasjóðs. Gerð er tillaga um að skipunartíminn verði þrjú ár og að ekki verði heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa meira en tvö starfstímabil í röð, nánar tiltekið í sex ár. Með því verði tryggð eðlileg endurnýjun í stjórninni. Þá er gert ráð fyrir að fimm fulltrúar verði í stjórn, enda verksvið sjóðsins og sjóðsstjórnar talsvert umfangsmikið og stefnumarkandi. Þar sem hagsmunir rithöfunda og þýðenda vega þungt er talið eðlilegt að Rithöfundasamband Íslands tilnefni tvo fulltrúa í stjórnina. Þá er lagt til að Félag íslenskra bókaútgefenda tilnefni einn fulltrúa en þar sem félagið á líka ríkra hagsmuna að gæta varðandi sjálfa bókaútgáfuna og kynningu á íslenskum bókmenntum hér á landi sem erlendis. Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna er meginvettvangur fræðirithöfunda og er lagt til að félagið tilnefni einn fulltrúa í sjóðsstjórn. Einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með

sama hætti, eins og tíðkast í öðrum stjórnum og nefndum í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að stjórn bókmenntasjóðs ákveði árlega skiptingu fjárveitinga sjóðsins á milli viðfangsefna hans, sbr. 2. gr. Stjórnin gerir það m.a. á grundvelli þeirra tillagna sem hún gerir til menntamálaráðherra um stefnu og helstu áherslur til þriggja ára, sbr. 4. mgr. Æskilegt er að hægt sé að skipuleggja eitthvað fram í tímann áherslur sjóðsins og stýra þannig betur nýtingu fjárins, einkum þegar um er að ræða sérstök átaksverkefni. Samkvæmt þessari málsgrein er sjóðsstjórninni heimilt að leita umsagnar fagaðila. Þetta er gert í ljósi þess að verksviðið er breitt og ekki tryggt í öllum tilvikum að stjórnarfulltrúar búi yfir nauðsynlegri þekkingu og yfirsýn, einkum þegar um sérhæfð rit er að ræða.

Samkvæmt 2. mgr. úthlutar stjórn bókmenntasjóðs fé úr sjóðnum. Hún ber í einu og öllu ábyrgð á úthlutuninni og á því að hún sé í samræmi við ákvæði í lögum og reglugerðum og góða stjórnsýsluhætti. Stjórnin ber þannig ábyrgð á móttöku umsókna, umsýslu gagna, varðveislu þeirra og afhendingu til Þjóðskjalasafns Íslands. Þetta er hliðstætt því sem gildir um úthlutun starfslauna listamanna. Þess háttar valddreifing hefur verið tíðkuð á öðrum sviðum á verksviði ráðuneytisins, svo sem á vísinda- og rannsóknasviðinu og á sviði safnamála. Það hefur reynst vel að láta hagsmunaaðilana hafa sem mest um að það segja hvernig fjárveitingum til málaflokksins er best og haganlegast ráðstafað. Ráðherra hefur hins vegar áhrif með framkvæmd laga og reglugerðasetningu, tillögum um stefnur og áherslur og svo með formanninum, sem er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Ráðherra kemur hins vegar ekki að einstökum úthlutunum. Þessi skipan mála, sem oft er nefnd „armslengdarreglan“, hefur tíðkast í nágrannalöndum okkar og er ríkjandi í norrænu menningarsamstarfi eftir endurskipulagningu þess. Til að undirstrika enn frekar þessa dreifingu valds og ábyrgðar, er í 3. mgr. ákvæði um að styrkveitingar verði ekki kærðar til æðra stjórnvalds.

Í samræmi við þetta ábyrgðarsvið sem sjóðsstjórninni er veitt skv. 2. mgr. og vegna annarra verkefna sjóðsins, svo sem kynningar á íslenskum bókmenntum erlendis sem Bókmenntakynningarsjóður hefur haft á sinni könnu, getur menntamálaráðherra falið stjórninni að semja við til þess bæra aðila, t.d. viðkomandi hagsmunasamtök eða stofnun, eða jafnvel að stjórnin reki skrifstofu til að annast umsýslu með verkefnum sjóðsins. Á vegum Bókmenntakynningarsjóðs hefur verið rekin skrifstofa með u.þ.b. hálfu stöðugildi frá ársbyrjun 1999. Hlutverk hennar hefur einkum verið að standa að kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis, auk þess að annast umsýslu sjóðsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi starfsemi verði fest í sessi. Þá hefur Rithöfundasamband Íslands annast umsýslu Bókasafnssjóðs höfunda. Stjórn bókmenntasjóðs verður falið að gera tillögur um hvernig hagkvæmast verður að koma málum sjóðsins fyrir.

Um 4. gr.

Hér er mælt fyrir um greiðslur til höfunda vegna notkunar bóka þeirra á bókasöfnum. Notkun bóka á bókasöfnum felst annars vegar í útlánum og hins vegar í afnotum bóka á lestrarsölum bókasafna.

Í 1. mgr. er tekið fram að réttur til úthlutunar sé bundinn við höfunda bóka, eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr., sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þessu felst takmörkun miðað við lög nr. 33/1997, en ekkert slíkt skilyrði er um ríkisfang eða búsetu höfundar í 3. gr. þeirra laga. Hins vegar er skilyrði um að bækur hafi verið útgefnar eða þýddar á íslensku eða gefnar út á Íslandi ef um myndhöfunda eða tónskáld er að ræða. Ástæða þessarar breytingar er rakin í almennum athugasemdum frumvarpsins hér

að framan en þar er greint frá því að ESA hafi komist að þeirri niðurstöðu að tungumála- og útgáfuskilyrði 3. gr. laga nr. 33/1997 væri í andstöðu við 4. gr. EES-samningsins.

Í 2. mgr. er fjallað um höfunda og aðra sem rétt eiga til úthlutunar samkvæmt greininni. Hér er um að ræða sömu aðila er eiga rétt til úthlutunar skv. 3. gr. laga nr. 33/1997, þ.e. þýðendur, myndhöfunda, tónhöfunda og aðra sem eiga hlut að ritun bóka, enda sé framlag þeirra skráð hjá Landskerfi bókasafna eða á annan sannanlegan hátt. Í þessu felst að rétthafar skv. 2. mgr., sbr. 1. mgr., öðlast rétt til úthlutunar skv. 2. gr. á grundvelli umsókna. Samkvæmt gildandi framkvæmd er nægilegt að sækja um einu sinni og gildir umsókn rétthafa þá ótímabundið, sbr. 3. gr. reglugerðar um Bókasafnssjóð höfunda, nr. 203/1998, með síðari breytingum. Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á skráningu á framlagi rétthafa samkvæmt þessari málsgrein frumvarpsins sem verður nánar útfært í reglum, settum á grundvelli 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Sú breyting er lögð til varðandi þýddar bækur að réttur þýðenda og þeirra sem staðfæra bækur verði tveir þriðju á móti einum þriðja til höfundar útgáfu á frummáli af fullri úthlutun til höfundar bókar sem gefin er út á íslensku. Í þessu felst breyting frá 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 33/1997. Að baki breytingunni liggur sú hugsun að íslensk tunga verði studd sérstaklega með því að auka veg þýðenda og annarra sem þýða eða staðfæra bækur á íslensku. Samanlögð greiðsla til þýðanda og erlends höfundar getur þó aldrei orðið hærri en greiðsla til innlends höfundar sem ritar bók á íslensku. Ástæða þykir til að taka fram að réttur til úthlutunar fyrir afnot verka á bókasöfnum er persónulegur réttur sem er aðeins bundinn við rétthafann sjálfan skv. 2. mgr. Í því felst áréttíng á því markmiði 4. og 5. gr. frumvarpsins að afmarka fjárstuðning vegna notkunar verka á bókasöfnum við lifandi höfunda og nána afkomendur þeirra. Hafi rétthafi skv. 2. mgr. framselt höfundarétt að verki á hann enga kröfu á úthlutun vegna notkunar þess á bókasöfnum, sbr. lokamálslið 2. mgr.

Í 3. mgr. er fjallað um úthlutanir til erfingja rétthafa skv. 2. mgr. Hér er stuðst við sömu reglur og gilt hafa skv. 4. gr. laga nr. 33/1997. Rökin fyrir því að nánir afkomendur skv. 3. mgr. fá aðeins helming á við rétthafa skv. 2. mgr. eru þau að markmið laganna er fyrst og fremst að styðja við menningarstarf lifandi höfunda.

Í 4. mgr. kemur fram að greiðslur fyrir afnot einstakra verka á bókasöfnum skuli byggðar á upplýsingum frá Landskerfi bókasafna um útlán, titla og eintakafjölda hverrar bókar á bókasöfnum. Landskerfi bókasafna er hlutafélag í eigu ríkis og sveitarfélaga sem rekur bókasafnskerfið Gegni, sem notað er á flestum bókasöfnum. Hvað útlánin snertir er hægt að leggja til grundvallar upplýsingar um útlán bóka frá Landskerfi bókasafna en slíkar upplýsingar liggja hins vegar ekki fyrir um afnot bóka á lestrarsölum bókasafna. Um árabil hafa verið veittir svonefndir viðurkenningarstyrkir og heiðursstyrkir til höfunda á grundvelli reglugerða sem settar hafa verið um Bókasafnssjóð höfunda, áður Rithöfundasjóð, án þess að þar hafi legið að baki upplýsingar um afnot af ritum viðkomandi höfunda á lestrarsölum bókasafna. Sú framkvæmd hefur ekki átt sér stoð í lögum og hafa slíkar styrkveitingar oft valdið deilum. Því er lagt til að horfið verði frá kerfi viðurkenningar- og heiðursstyrkja og þess í stað leitast við að beita sem hlutlausustum viðmiðunum við úthlutun á greiðslum fyrir afnot bóka á bókasöfnum. Lagt er til að heimilt verði að úthluta vegna afnota bóka á lestrarsölum bókasafna á grundvelli stigagjafar þar sem tekið er tillit til tegundar bókar, umfjöllunarefnis og lengdar, auk upplýsinga frá Landskerfi bókasafna um fjölda titla og eintakafjölda. Þannig er að því stefnt að úthlutun fyrir afnot bóka á bókasöfnum byggist sem mest á hlutlægum viðmiðunum svo að ekki þurfi að koma til sérstakra matsþátta.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skipan og störf úthlutunarnefndar. Lagt er til að úthlutunarnefnd verði skipuð einum fulltrúa samkvæmt tilnefningu Hagþenkis – félags höfunda fræðirita og kennslugagna og einum fulltrúa samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, auk formanns sem menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Hér er um ræða einföldun frá 1. mgr. 6. gr. laga nr. 33/1997, þar sem fimm manna stjórn annast úthlutun úr Bókasafnssjóði höfunda.

Í 2. mgr. er kveðið á um að menntamálaráðherra setji reglur um úthlutun samkvæmt þessari grein og að þar verði kveðið á um lágmarksúthlutun til rétthafa. Sambærileg regla er nú í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1997, en þar segir að styrkir lægri en 1.000 kr. verði ekki greiddir út og að hámarksfjárhæð til einstaks rétthafa verði aldrei hærri en 300.000 kr. Umrædd viðmið eru frá árinu 1997 og í lögunum er mælt fyrir um að þau skuli endurskoða árlega. Á verðlagi október 2006 er þessi lágmarksgreiðsla 1.496 kr. og hámarksgreiðslan 452.924 kr. Í frumvarpinu er ekki lagt til neitt hámark á greiðslum til einstakra höfunda.

Í 3. mgr. er lagt til að ákvarðanir um úthlutun á greiðslum sæti ekki stjórnsýslukæru til æðra stjórnvalds og er sú tilhögun í samræmi við 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Að fyrirmynd 5. og 6. mgr. 3. gr. er lagt til að tekin verði upp heimild fyrir menntamálaráðherra til að fela úthlutunarnefnd skv. 1. mgr. að semja við þar til bæra aðila til að annast umsýslu á umsóknum og greiðslum samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar.

Í 4. mgr. kemur fram að þóknun til úthlutunarnefndar og kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist af fjárveitingunni sem veitt er skv. 1. mgr. 4. gr.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa. Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir því að menntamálaráðherra felli jafnframt úr gildi reglur um Bókmenntakynningarsjóð, nr. 997/2001.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um bókmenntasjóð og fleira.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði bókmenntasjóður er taki við hlutverki, Bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og Þýðingarsjóðs. Jafnframt er lagt til að III. kafli frumvarpsins komi í stað laga um Bókasafnssjóð höfunda.

Helsta markmið frumvarpsins er að stuðla að frekari grósku í bókmenningu hér á landi og að beina stuðningi ríkisins til slíkra mála í einfaldan og gagnsæjan farveg með fækkun sjóða. Hlutverk bókmenntasjóðs verður að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu með það að

markmiði að efla íslenska menningu, íslenska tungu og kynningu á íslenskum bókmenntum hér á landi sem erlendis.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að það fé, sem varið hefur verið samkvæmt fjárlögum til bókmennta úr nokkrum sjóðum á vegum menntamálaráðuneytisins, renni í bókmenntasjóð. Í fjárlögum 2007 er gert ráð fyrir 37,3 m.kr framlagi í bókmenntasjóð. Sú upphæð kemur í stað 13 m.kr. framlags sem áður var veitt til Menningarsjóðs, 12,5 m.kr. til Þýðingarsjóðs, 10 m.kr. til Bókmenntakynningarsjóðs og 2,6 m.kr. til ýmissa framlaga menntamálaráðuneytisins.

Samkvæmt frumvarpinu skipar menntamálaráðherra fimm menn í stjórn bókmenntasjóðs til þriggja ára í senn. Þóknun til stjórnarmanna og annar kostnaður við störf stjórnarinnar mun greiðast úr bókmenntasjóði.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir þeim möguleika að erlendir höfundar sem eru EES-ríkisborgarar geti sótt um úthlutun vegna afnota á bókasöfnum. Er sú breyting gerð vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð umfram það sem samþykkt er í fjárlögum.

## 777. Tillaga til þingsályktunar [514. mál]

um að kosningaaldur verði 16 ár.

Flm.: Hlynur Hallsson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að kosningaaldur verði 16 ár í stað 18 ára.

Greinargerð.

Árið 1984 var almennur kosningaaldur á Íslandi lækkaður úr 20 árum í 18 ár. Nú er tími til að auka enn þátttöku ungs fólks í lýðræðinu og færa kosningaaldur í 16 ár. Með þessu yrði ábyrgð ungs fólks aukin og því gert kleift að taka þátt í mótun samfélagsins eins og það á réttmæta kröfu á. 16 ára einstaklingur í íslensku samfélagi er orðinn virkur þátttakandi í þjóðfélaginu, hefur lokið grunnskóla og ætti að vera tilbúinn til að taka á sig á þá ábyrgð sem felst í því að kjósa sér fulltrúa á Alþingi og í sveitarstjórnir. Það ætti einnig að vera sjálfsagður réttur þessa unga fólks.

Í nágrannalöndum okkur er verið að kanna þessi mál og það væri óskandi að Íslendingar tækju frumkvæði í því að auka lýðræði og þátttöku ungs fólks í þjóðfélaginu. Þetta mál er í athugun í Bretlandi og hefur Græni flokkurinn í Englandi og Wales sett þessa kröfu í stefnuskrá sína og það sama hafa Frjálslyndir demókratar í Bretlandi og Þjóðarflokkurinn í Skotlandi gert. Í Finnlandi hefur Miðjuflokkurinn lagt til að tilraun verði gerð á einstökum svæðum í næstu sveitarstjórnarkosningum, sem verða 2008, þar sem 16 ára Finnar fengju að kjósa. Í Svíþjóð hefur Umhverfisflokkurinn haft það á stefnuskrá sinni að lækka kosningaaldur niður í 16 ár til þess að freista þess að auka þátttöku ungmenna í pólitískri umræðu. Í Noregi hefur Frjálslyndi flokkurinn sett þetta mál í stefnuskrá sína og það sama má segja um flokka á hollenska þinginu, í Kanada, Ástralíu og í Austurríki svo nokkur lönd séu nefnd.

Nú þegar hafa 16 ára ungmenni kosningarrétt í nokkrum löndum, eins og í Brasilíu, Níkaragúa og á Kúbu. Í Króatíu, Serbíu og Svartfjallalandi hafa ungmenni á vinnumarkaði sem eru orðin 16 ára einnig kosningarrétt.

Norski félagsfræðingurinn Stein Ringen hefur fjallað um þátttöku ungs fólks og barna í lýðræðinu (Citizens, Families and Reform, Clarendon Press, Oxford 1997). Torfi H. Tulinius prófessor við Háskóla Íslands hefur einnig fjallað um málið á áhugaverðan hátt.

Helstu rökin fyrir því að 16 ára einstaklingar hljóti kosningarrétt eru þau að það muni smám saman leiða til breyttra áherslna í landsmálunum þar sem kjörnir fulltrúar landsins mundu leitast við að verja hagsmuni stærri hluta þjóðarinnar. Kosningarréttur hefði þroskandi áhrif á ungt fólk og það yrði að ábyrgum þátttakendum í samfélaginu.

Rök gegn því að ungt fólk fái kosningarrétt eru til dæmis þau að börn og unglingar búi ekki yfir vitsmunaþroska til að taka afstöðu í þjóðmálum eða sveitarstjórnarmálum, að þau láti tilfinningar ráða fremur en dómgreindina og séu líkleg til að verða fórnarlömb áróðursmeistara. Öll þessi rök lýsa vantrausti á ungt fólk og hafa reyndar einnig verið notuð á liðnum tímum til að koma í veg fyrir að konur, eignalausir, undirokaðir kynþættir og jafnvel almenningur hljóti kosningarrétt!

Það er ekki seinna vænna en hefja nú þegar undirbúning að því að ungt fólk fái aukin réttindi í þjóðfélaginu og eitt skrefið í þá átt er að kosningaaldur miðist við 16 ára aldur. Tillagan gerir því ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að hefja undirbúning að þeirri breytingu að kosningaaldur verði færður úr 18 árum í 16. Að sjálfsögðu þarf að huga að ýmsu í því sambandi, þar á meðal samspili sjálfstæðs kosningarréttar ungmenna við 16 ára aldur og ákvæða laga um sjálfræði sem fyrir allmörgum árum var fært upp í 18 ár, en yrðu að auðvitað víkjandi að þessu leyti.

## 778. Frumvarp til laga [515. mál]

um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

*Leit* merkir í lögum þessum könnun á almennum skilyrðum til myndunar og varðveislu kolvetnis, afmörkun svæða þar sem slík skilyrði eru hagstæð og leit að kolvetnisauðlindum með mælingum úr lofti, á láði, á legi eða hafsbotni eða með sýnatöku úr efstu jarðlögum hafsbotnsins, t.d. með grunnum borunum eða töku kjarna.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið er eigandi kolvetnis skv. 1. gr. Heimilt er að semja við handhafa vinnsluleyfis að hann verði eigandi þess kolvetnis sem hann framleiðir.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Iðnaðarráðherra er heimilt að fela Orkustofnun að veita leyfi og taka aðrar stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 7. gr., 3.–5. mgr. 8. gr., 12. gr., 14. gr., 1.–3. mgr. 15. gr., 1.–3. mgr. 16. gr., 1. og 3. mgr. 17. gr., 18. gr., 1.–2. mgr. 19. gr., 1.–2. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 24. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Orkustofnun.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 7. gr. og 30. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Orkustofnun.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Orkustofnun veitir leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á tilteknum svæðum. Slíkt leyfi felur í sér einkarétt leyfishafa til rannsókna og vinnslu. Nánar skal kveðið á um skyldur og rannsóknarkvaðir leyfishafa í rannsóknar- og vinnsluleyfi.

Í þeim tilvikum þar sem handhafar leyfis til rannsókna og vinnslu á kolvetni eru fleiri en einn ber að leggja til staðfestingar Orkustofnunar samstarfssamning um framkvæmd leyfisins. Allar breytingar á slíkum samningi, eða aðrir viðaukar, eru háðir samþykki Orkustofnunar. Einungis má veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis aðilum sem hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að annast þessa starfsemi.

b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til þess að rannsaka kolvetnisauðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum með þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum, í leyfinu sjálfu og samkvæmt nánari fyrirmælum Orkustofnunar. Orkustofnun er heimilt að skipta leyfistíma rannsóknarleyfis í undirtímabil þar sem kveðið skal nánar á um réttindi og skyldur leyfishafa á hverju einstöku tímabili.

Vinnsluleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi kolvetnisauðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum, í leyfinu sjálfu og Orkustofnun telur nauðsynlega.

Leyfishafi skal árlega greiða til ríkissjóðs gjald vegna afnota af rannsóknar- og/eða vinnslusvæði. Fyrstu sex ár sem leyfi er í gildi skal leyfishafi greiða árlega 50.000 kr. fyrir hvern ferkílómetra sem leyfið tekur til en þar á eftir hækkar gjaldið árlega um 10.000 kr. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en 150.000 kr. árlega.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal tekið tillit til vinnslu sem þegar er hafin eða sótt hefur verið um í næsta nágrenni.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Við ákvörðun um veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfis skal einkum taka mið af fjárhagslegri og tæknilegri getu umsækjenda, að vinnsla auðlindar sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og á hvaða hátt framlögð rannsóknaráætlun getur náð settu markmiði. Telji Orkustofnun tvær eða fleiri umsóknir jafnhæfar að uppfylltum framangreindum skilyrðum er henni heimilt að meta umsóknir út frá öðrum skilyrðum.

c. 4. mgr. verður svohljóðandi:

Heimilt er að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar ef svæðið sem leitað er leyfis fyrir:

a. er aðgengilegt til langs tíma;
b. hefur áður sætt málsmeðferð þar sem auglýst hefur verið en hefur ekki leitt til þess að leyfi hafi verið veitt; eða
c. hefur verið gefið eftir af fyrirtæki enda fellur það ekki sjálfkrafa undir a-lið.

Áður en slíkt leyfi er veitt skal gefa leyfishöfum á aðlægum svæðum tækifæri til að sækja um rannsóknar- og vinnsluleyfi á viðkomandi svæði. Birta skal auglýsingu innan þriggja mánaða frá ákvörðun þessari í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins þar sem fram kemur afmörkun viðeigandi svæðis ásamt leiðbeiningum um hvar veittar eru frekari upplýsingar um leyfisveitingu á svæðinu.

d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Leyfisveiting.*

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Í umsóknum um rannsóknar- og vinnsluleyfi skal koma skýrt fram hvert sé markmið með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um staðsetningu, umfang, eðli og tímasetningu fyrirhugaðra framkvæmda umsækjanda eftir nánari ákvörðun Orkustofnunar.

Telji Orkustofnun að umsókn um rannsóknarleyfi uppfylli ekki kröfur skv. 1. mgr. getur hún synjað um rannsóknarleyfi eða sett sérstök skilyrði í rannsóknarleyfi af þessu tilefni.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Miða skal tímalengd leyfis við umfang rannsókna og eðli kolvetnisauðlindar.
b. Við 2. mgr. bætast fjórir málsliðir, svohljóðandi: Umsókn um framlengingu leyfis skal berast Orkustofnun eigi síðar en 90 dögum áður en gildandi leyfi fellur úr gildi. Orkustofnun er heimilt að krefja leyfishafa um eftirgjöf ákveðins hluta rannsóknarsvæðis áður en leyfi er framlengt og skal tillaga leyfishafa um slíka eftirgjöf berast Orkustofnun eigi síðar en 90 dögum fyrir lok gildistíma leyfis. Frekari fyrirmæli um eftirgjöf svæða skulu sett í rannsóknarleyfi. Berist Orkustofnun eigi tillaga leyfishafa er henni heimilt að ákveða eftirgjöf svæða.
c. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stöðvi leyfishafi vinnslu samfellt í þrjú ár fellur leyfið niður að þeim tíma liðnum.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

8. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Í rannsóknar- og vinnsluleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Tímalengd leyfis. Skal kveðið á um hvenær starfsemi skuli í síðasta lagi hefjast og hvenær henni skuli lokið.
2. Afmörkun rannsóknar- eða vinnslusvæðis.
3. Hvernig skuli staðið að vinnslu kolvetnis, þar á meðal skilyrði um staðsetningu og dýpi borholna til vinnslu og niðurdælingar og vinnsluhraða.

4. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar, þ.m.t. skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.
5. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir eins og við á.
6. Kaup ábyrgðartrygginga hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, bankatryggingar eða aðrar tryggingar sem Orkustofnun metur jafngildar og bæta tjón sem leyfishafi kann að valda með störfum sínum.
7. Ráðstöfun vinnslumannvirkja og vinnslutækja að leyfistíma loknum.
8. Frágang á hafstöðvum og starfsstöðvum sem nýtt hafa verið við rannsóknir eða vinnslu.
9. Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi uppdrætti.

Heimilt er að kveða á um að leyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um rannsóknar- og vinnsluleyfi.

9. gr.

4. mgr. 22. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:

Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að leyfishafi starfi samkvæmt lögum þessum og leyfum til leitar, rannsókna og vinnslu sem gefin hafa verið út á grundvelli laganna. Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur um eftirlit Orkustofnunar með reglugerð.

11. gr.

Á eftir 24. gr. laganna bætast við tvær nýjar greinar, 24. gr. a og 24. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (24. gr. a.)

*Heimildir Orkustofnunar.*

Orkustofnun getur krafið leyfishafa um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Orkustofnun getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa stofnunina reglulega um þau atriði sem máli skipta við eftirlitið.

Orkustofnun getur í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

b. (24. gr. b.)

*Úrræði Orkustofnunar.*

Ef leyfishafi fer ekki eftir skilyrðum laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, skilyrðum rannsóknar- og vinnsluleyfis eða öðrum heimildum skal Orkustofnun veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta að viðlögðum dagsektum. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörun Orkustofnunar innan tilgreindra tímamarka getur Orkustofnun afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarlegt brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur Orkustofnun þó afturkallað það án aðvörunar.

Dagsektir geta numið 50.000–500.000 kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots þeirra hagsmuna sem í húfi eru. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir eru aðfararhæfar, svo og kostnaður við innheimtu þeirra. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

12. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Orkustofnun varðveitir upplýsingar um kolvetnisauðlindir í gagnagrunni. Þar verða gögn sem aflað hefur verið með leit, rannsókn, vinnslu og eftirliti, auk skilaskyldra gagna frá leyfishöfum.

13. gr.

Á eftir 26. gr. laganna kemur ný grein, 26. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Þagnarskylda.*

Upplýsingar, sem varðveittar eru af Orkustofnun samkvæmt lögum þessum, skulu vera undanþegnar aðgangi almennings samkvæmt upplýsingalögum á gildistíma rannsóknarleyfis.

Starfsmenn Orkustofnunar sem annast eftirlit á grundvelli laga þessara eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um sérfræðinga sem sinna eftirliti fyrir Orkustofnun, svo sem starfsmenn faggiltra skoðunarstofa og eftirlitsaðila. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Upplýsingar, sem leyfishafi veitir Orkustofnun samkvæmt lögum þessum, skulu vera í vörslu stofnunarinnar. Nú er trúnaðarskylda skv. 1. mgr. fallin niður og er Orkustofnun þá heimilt að láta umræddar upplýsingar í té eða nýta þær í þágu frekari leyfisveitingar.

Lögmælt þagnarskylda íslenskra yfirvalda skal ekki vera því til fyrirstöðu að þau gefi Eftirlitsstofnun EFTA allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Orkustofnun eða önnur stjórnvöld samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis gefi opinberlega almennar upplýsingar um leitar-, rannsóknar- og vinnslusvæði og framkvæmdir á því svæði, m.a.:

1. Veiti almennar upplýsingar í tengslum við opinberar tilkynningar, ársskýrslur og annað þess háttar er varðar kolvetnisstarfsemi.
2. Afhendi upplýsingar vegna samstarfs um kolvetnisstarfsemi við annað ríki, svo fremi svipaðar reglur um upplýsingaleynd gildi í því ríki.
3. Nýti sér upplýsingar til aukinnar þekkingar á jarðlögum og auðlindum hafsbotnsins.

Heimilt er að kveða nánar á um þagnarskyldu í leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis.

14. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Eftirlit, úrræði og upplýsingagjöf.**

15. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að framselja leyfi samkvæmt lögum þessum, eða nokkurn hluta þess, beint eða óbeint, þriðja aðila eða samleyfishafa nema að fengnu samþykki Orkustofnunar. Einnig er óheimilt nema að fengnu samþykki Orkustofnunar að framselja hlutafé eða önnur eignarréttindi í slíku magni að það geti breytt ráðandi stöðu í félagi sem er leyfishafi eða samleyfishafi eða gera samninga sem hafa sömu áhrif.

Orkustofnun er heimilt að krefjast gjaldtöku vegna framsals leyfa skv. 1. mgr. Heimilt er að kveða á um slíka gjaldtöku í leyfi.

16. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Gjaldtaka vegna útgáfu leyfa og eftirlits.*

Til að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld til leyfisveitanda:

1. Fyrir leyfi til leitar að kolvetni með rannsóknir og vinnslu að markmiði, sbr. 4. gr., skal greiða 750.000 kr.
2. Fyrir leyfi til rannsókna kolvetnis, sbr. 7. gr., skal greiða 1.000.000 kr. Fyrir leyfi til vinnslu kolvetnis, sbr. 7. gr., skal greiða 1.500.000 kr.

Handhafi leitarleyfis skal greiða gjald að fjárhæð 500.000 kr. á ári til að standa straum af kostnaði eftirlits, frágangi og varðveislu gagna samkvæmt lögum þessum.

Handhafi rannsóknar- og vinnsluleyfis skal greiða gjald að fjárhæð 1.000.000 kr. á ári til að standa straum af kostnaði við eftirlit, frágang og varðveislu gagna samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**I. Inngangur.**

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Á 128. löggjafarþingi voru lög nr. 13/2001 samþykkt og voru þau fyrstu heildarlög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis hér á landi. Þótt lög nr. 13/2001 séu ung að árum hefur verið talið nauðsynlegt að leggja í vinnu við endurskoðun laganna í ljósi aukins áhuga á rannsóknum á kolvetnisauðlindum er kunna hugsanlega að vera til staðar innan efnahagslögsögu Íslands.

Í mars 2006 samþykkti ríkisstjórn Íslands að hefja undirbúning að útgáfu leyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis og samhliða þeirri vinnu yrði unnið að endurskoðun laga nr. 13/2001. Til að tryggja faglegan framgang starfsins þar sem nyti við þverfaglegrar sérfræðiþekkingar var komið á formlegum samstarfsvettvangi og vinnuhópar settir á laggirnar. Frumvarp þetta tekur mið af þessu samstarfi ráðuneyta og fagaðila á vettvangi kolvetnis.

**II. Efni frumvarpsins og helstu ástæður breytinga.**

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar er falla innan þeirrar meginstefnu sem mörkuð var með setningu laga nr. 13/2001 en horfa til bóta í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af framkvæmd laganna. Lög nr. 13/2001 innihalda greinargóð ákvæði um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis þar sem tekið er til að mynda á eignarrétti, stjórnsýslu og öryggisþáttum. Ekki þykir ástæða til að hrófla við efnislegu innihaldi laganna að öðru leyti en að kveðið

verði nánar á um réttindi og skyldur leyfishafa sem og að lagðar eru til einstaka breytingar varðandi stjórnsýsluhluta laganna.

Lög nr. 13/2001 taka til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis og flutnings þess eftir leiðslukerfi utan netlaga, í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Lögin taka einnig til hafstöðva nema annað sé ákveðið í lögum eða reglum settum með stoð í lögum þessum, sbr. 1. gr. laganna. Lögum nr. 13/2001 var ætlað að vera almennur rammi um kolvetnisstarfsemi og skýra réttarstöðu þeirra sem hyggjast stunda kolvetnisstarfsemi á íslensku forráðasvæði.

Á undanförnum árum hefur vaknað áhugi bæði erlendra sem og innlendra aðila á að kanna hagkvæmni kolvetnisauðlinda í íslenskri efnahagslögsögu. Ljóst er að nauðsyn kallar á nánari og gleggri útfærslu á ákvæðum laga nr. 13/2001 svo unnt verði að tryggja réttarstöðu þeirra er hafa hagsmuna að gæta. Einnig er nauðsynlegt að kveða nánar á um stjórnsýsluhluta laganna, þar á meðal virkara eftirlitshlutverk Orkustofnunar og úrræði stofnuninni til handa. Heildstæð löggjöf veitir ekki einvörðungu aukið réttaröryggi heldur er um leið hvatning fyrir einkaaðila að leggja út í þær kostnaðarsömu framkvæmdir sem leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis á hafi úti augljóslega eru. Bæði stjórnvöld og leyfishafar hafa af því ríka hagsmuni að stjórnsýsla kolvetnismála sé bæði skýr og skilvirk og valdmörk stjórnvalda greinileg. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld hafi nauðsynlegar og lögmæltar valdheimildir til að sinna þeim verkefnum sem þeim er falið við framkvæmd laganna. Tillögum þeim sem lagðar eru fram í frumvarpinu er ætlað að bregðast við kröfu um aukið réttaröryggi og um leið að stuðla að einfaldri, skilvirkri og gegnsærri stjórnsýslu.

Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru að skýrar er kveðið á um stjórnsýsluhluta laganna. Í núgildandi lögum þykir skorta ítarlegri ákvæði um réttindi og skyldur leyfishafa sem og leyfisveitanda. Með frumvarpinu er stefnt að því að eyða allri hugsanlegri óvissu um réttindi og skyldur aðila. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á eignarrétti kolvetnisauðlinda sem áfram eru, og munu vera, í eigu íslenska ríkisins, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Samkvæmt lögum nr. 13/2001 er iðnaðarráðherra, í samræmi við eignarrétt íslenska ríkisins, leyfisveitandi vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Hins vegar er lagt til að heimilt verði að semja um að handhafi vinnsluleyfis verði eigandi þess kolvetnis sem hann framleiðir.

Lögbundin verkefni Orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 13/2001 varða fyrst og fremst eftirlit og samskipti við leyfishafa og iðnaðarráðherra eftir veitingu leyfis. Að óbreyttu er því ekki í lögum kveðið sérstaklega á um hvernig haga skuli ýmsum öðrum þáttum stjórnsýslu við kolvetnisstarfsemi. Má þar nefna samskipti við umsækjendur áður en leyfi er veitt, móttöku gagna og leiðbeiningar til umsækjenda. Ráðstöfun þeirra verkefna sem ekki heyra undir Orkustofnun samkvæmt lögum um Orkustofnun geta ráðist af stjórnskipulegri stöðu stofnunarinnar og skipulagsvaldi ráðherra. Þykir ástæða til þess að skilgreina á skýran hátt aðkomu og hlutverk Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum. Að sama skapi er verið að gera stjórnsýslu kolvetnismála skýrari og ítarlegri í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti.

Í frumvarpinu er lagt til að Orkustofnun verði veitt heimild til leyfisveitingar ásamt því að eftirlitshlutverk stofnunarinnar er skýrt nánar. Að sama skapi sæta stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar, sem teknar eru á grundvelli laganna, kæru til iðnaðarráðherra. Kostir þess að víkka hlutverk Orkustofnunar eru ýmsir. Þykir eðlilegt að stofnunin hafi sem fagstofnun á sviði auðlinda- og orkumála leyfisveitingar- og eftirlitshlutverk. Til að tryggja að stofnunin geti rækt eftirlitshlutverk sitt er nánar í frumvarpi þessu kveðið á um heimildir hennar og úrræði sem henni er unnt að grípa til hverju sinni er nauðsyn kallar. Með auknu ábyrgðarhlut-

verki Orkustofnunar þykir einnig rétt að kveða nánar á um þær skyldur sem hvíla á stofnuninni og í frumvarpinu er til að mynda lagt til ítarlegt þagnarskylduákvæði.

Óumdeilt er að það skapar hagræði í stjórnsýslunni og þjónar vel hagsmunum umsækjanda og/eða leyfishafa að geta beint öllum sínum erindum til sama stjórnsýsluaðila. Standa því rök til þess að leyfishafar eigi samskipti við sama stjórnvaldið á öllum stigum starfsemi samkvæmt lögum nr. 13/2001. Með vísan til framangreinds og sökum sérfræðiþekkingar Orkustofnunar á sviði orku- og auðlindamála verður að gera ráð fyrir að stofnunin sinni þessum samskiptum gagnvart leyfishafa, fyrir hönd iðnaðarráðherra. Samkvæmt núgildandi lögum ber aðilum að beina erindum sínum til iðnaðarráðherra og undir ákveðnum kringumstæðum til Orkustofnunar. Verði frumvarp þetta samþykkt verður umsækjendum hins vegar gert að beina erindum sínum til sama aðila, þ.e. Orkustofnunar.

Loks er í frumvarpinu kveðið skýrar á um gjaldstofna, þ.e. styrkari stoðum er skotið undir gjaldtökuheimildir samkvæmt lögum þessum. Þeir gjaldstofnar sem um ræðir eru þrenns konar: Í fyrsta lagi gjald vegna leyfis til leitar að kolvetni, í öðru lagi gjald vegna leyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis og loks í þriðja lagi svokallað svæðisgjald, en það er gjald sem leyfishafi greiðir vegna afnota á tilteknu svæði sem leyfi hans tekur yfir. Leyfisgjöldunum er ætlað að standa undir þeim kostnaði sem íslenska ríkið og Orkustofnun þurfa að leggja út í við útgáfu leyfa, svo sem vegna auglýsingar svæðis, vinnu við mat á umsóknum og öðrum nauðsynlegum þáttum sem leyfisveitingarferlið kallar á.

Samhliða endurskoðun laga nr. 13/2001 hefur farið fram vinna við drög að leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni. Leyfisdrögin byggjast að miklu leyti á erlendum fyrirmyndum og hefur verið litið til reynslu nágrannaþjóða okkar, svo sem Færeyinga, Norðmanna og Grænlendinga. Ljóst er að þörf er á frekari útfærslu einstakra ákvæði laga nr. 13/2001 og tekur frumvarp þetta mið af þeirri vinnu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að skilgreining laganna á hugtakinu „leit“ taki ekki eingöngu til leitar úr lofti, á láði eða hafsbotni heldur einnig til leitar á legi. Verði á þann hátt tryggt að lögin taki einnig til leitar með mælingarskipum sem að óbreyttu væri bagalegt og kynni að valda misræmi í túlkun laganna í samræmi við leyfi til leitar.

Um 2. gr.

Í greininni er áréttað að íslenska ríkið er eigandi kolvetnis skv. 1. gr. laganna. Hins vegar þykir rétt að taka allan vafa af um að heimilt er að semja við handhafa vinnsluleyfis um að hann verði eigandi þess kolvetnis sem hann framleiðir. Í athugasemdum við 7. gr. núgildandi laga segir m.a.: „Helstu rökin fyrir því að veita sameiginlegt leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetna eru þau að ólíklegt má telja að olíufyrirtæki leggi í kostnaðarsamar rannsóknir, sem m.a. fela í sér djúpar rannsóknarborholur, nema þeim verði fyrir fram tryggður réttur til þess að framleiða og verða eigendur að því kolvetni sem er framleitt.“ Með því að geta sérstaklega um eignarhald þess kolvetnis sem er framleitt er verið að skerpa á þeim skilningi sem fram kom í frumvarpi því er varð að lögum nr. 13/2001.

Hins vegar þykir rétt að halda opnum möguleikum á eignarhaldi þess kolvetnis sem unnið er. Hafa verður í huga að fyrirkomulag kolvetnisstarfsemi er í megindráttum þrenns konar: Í fyrsta lagi sérleyfisfyrirkomulag þar sem yfirvöld veita fyrirtæki leyfi til að nýta landsvæði í því augnamiði að leita að, rannsaka eða vinna kolvetni. Þegar þetta fyrirkomulag er viðhaft

á fyrirtækið kolvetnið sem er framleitt. Í öðru lagi hlutdeildarfyrirkomulag þar sem kolvetnisauðlindin, sem er eign ríkisins, er hagnýtt undir eftirliti stjórnvalda en í samvinnu við olíufyrirtækin. Stjórnvöld verða eigendur þess kolvetnis sem unnið er, en olíufyrirtækin fá hluta þess í staðinn fyrir að leggja til áhættufjármagn, sérfræðiþekkingu og vinnu. Loks í þriðja lagi er verktökufyrirkomulag þar sem olíufyrirtæki er að öllu leyti verktaki hjá stjórnvöldum. Taki olíufyrirtækið á sig jarðfræðilega eða fjárhagslega áhættu fær það sérstaka þóknun fyrir þá áhættu sem það tekur. Þóknunin er jafnan greidd sem hluti af því kolvetni sem unnið er.

Hafa verður einnig í huga að ekki er ljóst hver áhugi olíufyrirtækja er á leit, rannsóknum eða vinnslu kolvetnis á íslensku hafsvæði. Því er ekki heppilegt að skjóta loku fyrir með hvaða hætti fyrirkomulag kolvetnisstarfsemi verði til frambúðar.

Í greininni er einnig lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að fela Orkustofnun leyfisveitingu og ákvarðanatöku samkvæmt gildandi lögum. Er Orkustofnun, sem fagaðila á sviði auðlinda- og orkumála, falið það hlutverk sem áður féll beint undir iðnaðarráðherra og mun sérfræðiþekking Orkustofnunar nýtast við framkvæmd laganna á skilvirkari hátt en ella. Valdaframsal til Orkustofnunar er innan þess ramma sem stofnuninni er markaður skv. 2. mgr. 2. gr. laga um Orkustofnun, nr. 87/2003, þar sem segir að Orkustofnun skuli annast stjórnsýsluverkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Verði frumvarp þetta samþykkt mun Orkustofnun annast alla umsýslu og þjónustu við iðnaðarráðuneytið vegna laganna, þar á meðal er móttaka umsókna, að hafa samskipti við umsækjendur og/eða leyfishafa og undirbúa stjórnvaldsákvarðanir. Í ljósi sérfræðiþekkingar og mannafla Orkustofnunar og aðstæðna að öðru leyti má gera ráð fyrir að stofnunin sé vel í stakk búin til að taka ákvarðanir um veitingu leyfa og aðrar ákvarðanir sem að þeim lúta. Framsal til Orkustofnunar mun því stuðla að auknum málshraða í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Einnig verður stjórnsýsla kolvetnismála einfaldari fyrir umsækjendur og/eða leyfishafa sem sækja og skila öllum upplýsingum til sama stjórnvalds.

Yfirstjórn samkvæmt lögunum mun eftir sem áður vera í höndum iðnaðarráðherra og stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem teknar eru á grundvelli laganna sæta kæru til iðnaðarráðherra. Um meðferð málsins fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Framsal leyfisveitingarvalds til Orkustofnunar eykur því til muna réttaröryggi umsækjenda og leyfishafa að því leyti að þeir eiga þess þá kost að fá umfjöllun um mál á tveimur stjórnsýslustigum í stað eins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á 7. gr. laganna um rannsóknar- og vinnsluleyfi.

Í fyrsta lagi er áréttað að Orkustofnun veitir rannsóknar- og vinnsluleyfi á tilteknum svæðum. Öðrum verður ekki veitt rannsóknar- og vinnsluleyfi á því svæði sem leyfishafi hefur þegar einkarétt á meðan leyfistími stendur, hafi leyfi ekki verið afturkallað. Ekki er um efnislega breytingu á gildandi ákvæði að ræða en rétt þykir að kveða á um einkarétt leyfishafa í lögum þessum. Einnig segir í greininni að séu leyfishafar fleiri en einn um hvert leyfi þá beri að leggja fyrir Orkustofnun samstarfssamning aðila til samþykktar um framkvæmd leyfisins auk þess sem allar breytingar á slíkum samningi eða aðrir viðaukar séu háðir samþykki Orkustofnunar. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða fleiri handhafa hvers leyfis en einn aðila

er í leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis heimilt að kveða nánar á um réttindi og skyldur leyfishafa.

Í öðru lagi er í greininni lagt til að þremur nýjum málsgreinum verði bætt við ákvæðið þar sem nánar er kveðið á um réttindi og skyldur leyfishafa samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfi. Má sem dæmi nefna til að mynda skyldur er varða rannsóknarkvaðir leyfishafa og heimild til að skipta leyfistíma rannsóknarleyfis niður í undirtímabil þar sem nánar yrði kveðið á um réttindi og skyldur leyfishafa.

Loks er kveðið á um að leyfishafa beri að greiða árlega ákveðna upphæð, þ.e. svæðisgjald, vegna afnota þess svæðis sem honum er úthlutað vegna rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis. Er um að ræða leigugjald fyrir afnot svæðis sem samið er um við leyfishafa og nánar skal kveðið á um í leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni. Svæðisgjald skal miðað við einstaka ferkílómetra sem leyfishafi hefur heimild til rannsókna og vinnslu kolvetnis á og fer því hækkandi eftir því sem svæði er stærra. Getur því verið mismunandi eftir svæðum hvert einstakt gjald er þar sem svæði kunna að vera misstór. Gjaldstofni svæðisgjalda er einnig ætlað að fara hækkandi með hverju ári, en slíkri stighækkandi gjaldtöku er ætlað að stuðla að því að leyfishafi gefi eftir þau svæði sem hann hefur ekki í hyggju að rannsaka sjálfur og yrði þá hægt að úthluta leyfum til rannsókna á þeim svæðum til annarra aðila.

Um 5. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 8. gr. laganna um málsmeðferð vegna veitingar leyfis til rannsókna og vinnslu á kolvetni.

Í fyrsta lagi er lagt til að heiti greinarinnar verði breytt úr „Auglýsing“ í „Leyfisveiting“. Ástæða þykir til að breyta heitinu til samræmis við efnislegt innihald greinarinnar.

Í öðru lagi er lagt til í greininni að við veitingu leyfa skuli tekið tillit til þeirrar auðlindanýtingar sem fyrir er á ákveðnu landsvæði eða óskað hefur verið eftir.

Í þriðja lagi er lagt til að við veitingu rannsóknarleyfis skuli einkum taka mið af því hvernig framlögð rannsóknaráætlun getur náð settu markmiði um að ná sem mestum og bestum upplýsingum um stærð og eðli kolvetnisauðlindarinnar á sem hagkvæmastan hátt. Einnig er getið þess að í þeim tilvikum þar sem tvær eða fleiri umsóknir teljast jafnhæfar er Orkustofnun heimilt að meta umsóknir út frá öðrum skilyrðum. Ber Orkustofnun að byggja slíka ákvörðun á málefnalegum rökum og á jafnræðisgrundvelli. Heimild þessi er leidd af d-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/22/EB.

Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á 4. mgr. 8. gr. gildandi laga um veitingu leyfis til rannsókna og vinnslu á kolvetni án auglýsingar. Samkvæmt núgildandi lögum segir að þegar sérstaklega standi á sé iðnaðarráðherra heimilt að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar. Í athugasemdum við 4. mgr. 8. gr. kemur fram að skv. 4. mgr. er ráðherra heimilt, þrátt fyrir meginreglu 1. mgr., að veita leyfi án þess að auglýsa það þegar sérstaklega stendur á. Ráðherra er því heimilt að birta tilkynningu um að leyfi verði veitt öllum umsækjendum sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu leyfis án undangenginnar auglýsingar (e. open door policy). Eru þá leyfi veitt eftir því sem þau berast. Þegar svo stendur á þurfa umsækjendur ekki að bíða þess að tilkynnt verði um að leyfi verði veitt. Þetta gæti t.d. verið skynsamlegt þegar um er að ræða svæði þar sem ekki er talið líklegt að kolvetni finnist í vinnanlegu magni. Í þessu sambandi skal þess einnig getið að skv. 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB mega aðildarríki veita leyfi án auglýsingar ef svæðið sem leitað er leyfis fyrir: a) er aðgengilegt til langs tíma; eða b) hefur áður sætt málsmeðferð þar sem auglýst hefur verið

en hefur ekki leitt til þess að leyfi hafi verið veitt; eða c) hefur verið gefið eftir af fyrirtæki og fellur ekki sjálfkrafa undir a-lið.

Framsetning á 4. mgr. 8. gr. í gildandi lögum um heimildir ráðherra til að veita leyfi án undangenginnar auglýsingar uppfyllir ekki að mati Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) kröfur um skýrleika ákvæðisins og þykir ástæða til að geta þeirra tilvika sem talin eru upp í greinargerð og vísa til 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB. Taka skal sérstakt tillit til framangreinds þar sem um er að ræða undantekningu frá meginreglu 1. mgr. 8. gr.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 9. gr. laganna varðandi umsóknir um leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni. Markmið greinarinnar er að gera ákvæðið skýrara og kveða nánar á um úrræði Orkustofnunar telji hún umsóknir ekki fullnægja kröfum um skýrleika eða efnislegt innihald.

Í 1. mgr. er lagt til að í umsóknum um leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni beri að koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um umfang, eðli og tímasetningu fyrirhugaðra framkvæmda eftir nánari ákvörðun Orkustofnunar. Einnig skal koma fram í umsókn með hvaða hætti skilyrðum 8. gr. er fullnægt. Í 16. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er að finna svipaða reglu nema hvað ráðherra fer með sambærilegt vald Orkustofnunar.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um úrræði Orkustofnunar telji stofnunin að umsókn uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru fram í 1. mgr.

Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til einstaka breytingar á 10. gr. laganna um tímalengd og skilyrði leyfis. Í fyrsta lagi er lagt til að í 1. mgr. sé þess sérstaklega getið að við ákvörðun á tímalengd leyfis beri að taka mið af umfangi rannsókna og eðli kolvetnisauðlindar. Er matsatriði hverju sinni til hversu langs tíma Orkustofnun skuli veita leyfi og lagt er til að lögfest verði viðmiðun sem stofnunin skal fara eftir hverju sinni.

Í öðru lagi er lagt til að að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir rannsóknum eigi leyfishafi forgangsrétt á framlengingu leyfisins til vinnslu kolvetnis í allt að 30 ár. Umsókn um framlengingu skal berast Orkustofnun eigi síðar en 90 dögum áður en leyfi fellur úr gildi. Ekki er um ræða breytingu á gildandi lögum þar sem kveðið er á um forgang leyfishafa til vinnslu. Orkustofnun getur krafið leyfishafa um eftirgjöf á ákveðnum hluta svæðis áður en framlenging leyfis er veitt og skal tillaga leyfishafa um eftirgjöf svæðis berast Orkustofnun eigi síðar en 90 dögum fyrir lok gildistíma leyfis. Verði leyfishafi ekki við tilmælum Orkustofnunar um eftirgjöf svæðis er stofnuninni heimilt að ákveða einhliða eftirgjöf svæða. Við slíka ákvörðun ber Orkustofnun að taka tilhlýðilegt tillit til hagsmuna leyfishafa.

Loks er í þriðja lagi kveðið á um niðurfellingu leyfis vegna aðgerðaleysis leyfishafa að ákveðnum tíma liðnum og afturköllun leyfis til rannsókna og vinnslu á kolvetni sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á efnisskipan leyfis til rannsókna og vinnslu á kolvetni. Tilgreind eru þau efnisatriði sem ávallt skal tiltaka í leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni. Upptalningin er ekki tæmandi en tekur mið af helstu atriðum sem ávallt ber að geta um í leyfum. Að öðru leyti verður að meta í hverju tilviki fyrir sig hvað komi fram í einstökum leyfum.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að 4. mgr. 22. gr. laganna falli brott. Skv. 4. mgr. 22. gr. er iðnaðarráðherra heimilt að setja nánari reglur um hafstöðvar. Hér má nefna reglur sem settar eru til þess að tryggja öruggt og heilsusamlegt umhverfi við kolvetnisstarfsemi. Þessi heimild ráðherra nær til að setja sérreglur um vinnuaðstöðu á hafstöðvum þar sem gerðar eru strangari kröfur en almennt gilda um vinnuaðstöðu samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma. Ástæða þykir til að fella heimild þessa brott enda er samsvarandi heimild til handa einstaka fagráðherrum. Má nefna sem dæmi hollustulöggjöf er heyrir undir umhverfisráðherra, starfsemi á hafi er heyrir undir samgönguráðuneytið og vinnulöggjöf er heyrir undir félagsmálaráðherra.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að ný málsgrein bætist við 24. gr. laganna. Þar segir að Orkustofnun annist eftirlit með því að leyfishafi starfi samkvæmt lögum þessum og öðrum nánar tilteknum heimildum. Einnig er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að kveða nánar á um eftirlit Orkustofnunar í reglugerð.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að lögfestar verði heimildir og úrræði Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum. Annars vegar er um að ræða heimildir til að annast eftirlitshlutverk sem stofnuninni er falið samkvæmt lögum þessum. Hins vegar ákvæði er varðar þau úrræði sem stofnuninni standa til boða telji hún að starfsemi leyfishafa samræmist ekki skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum.

Fyrra ákvæðið kveður á um eftirlitsheimildir Orkustofnunar. Orkustofnun getur gert sérstakar kannanir að eigin frumkvæði eða vegna kvartana eða ábendinga annarra. Telja verður nauðsynlegt að stofnunin hafi rúmar heimildir til þess að sinna eftirliti sínu með framkvæmd laganna en í gildandi lögum nr. 13/2001 er ekki að finna nægilega rúmar heimildir stofnuninni til handa til að sinna þessu eftirlitshlutverki sínu. Að auki kallar nauðsyn á að lögfesta umræddar heimildir Orkustofnunar enda kunna heimildir stofnunarinnar að vera íþyngjandi gagnvart hagsmunum leyfishafa.

Orkustofnun fær ríkar rannsóknarheimildir verði frumvarpið að lögum. Við eftirlitshlutverk sitt ber Orkustofnun að beita eins hóflegum aðferðum hverju sinni og kostur er. Hins vegar verður stofnunin að geta gripið til vettvangskannana ef sérstakar aðstæður krefjast þess, svo sem ef ætla má að upplýsingum sé haldið frá stofnuninni.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að Orkustofnun geti krafið leyfishafa um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur.

Í 2. mgr. segir að Orkustofnun geti í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Í seinna ákvæðinu er kveðið á um úrræði Orkustofnunar í eftirlitsstarfsemi sinni.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um gagnagrunn Orkustofnunar um kolvetnisauðlindir þar sem varðveitt verða gögn sem stofnunin hefur aflað eða látið afla með leit, rannsóknum og eftirliti, auk skilaskyldra gagna sem stofnuninni berast frá aðilum er vinna að leit, rannsókn eða vinnslu kolvetnisauðlinda. Gert er ráð fyrir að gögn í þessum gagnagrunni verði gerð öllum opin og aðgengileg en einstök gögn kunna þó að verða bundin trúnaði um takmarkaðan tíma.

Um 13. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að þau gögn sem afhent eru Orkustofnun skuli vera undanþegin aðgangi almennings samkvæmt upplýsingalögum á gildistíma rannsóknarleyfis skv. 1. mgr. 7. gr. laganna. Í greininni er hins vegar ekki lagt til að þagnarskyldan gildi á gildistíma leyfis til vinnslu á kolvetni sem veitt er rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis. Ekki þykir ástæða til að þagnarskylda af þessu tagi gildi eftir að vinnsluleyfi hefur verið veitt enda hefur handhafi leyfisins þá ekki lengur sérstaka hagsmuni af því að upplýsingarnar fari leynt.

Í 2. mgr. er áréttuð þagnarskylda Orkustofnunar og þeirra sem sinna störfum fyrir stofnunina. Nær þagnarskyldan til þeirra atriða sem framangreindir aðilar verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Í 3. mgr. er kveðið á um vörslu upplýsinga og vinnslu þeirra eftir að þagnarskylda fellur niður.

Í 4. mgr. er kveðið á um að lögmælt þagnarskylda íslenskra yfirvalda sé því ekki til fyrirstöðu að þau gefi Eftirlitsstofnun EFTA nauðsynlegar upplýsingar.

Í 5. mgr. er kveðið á um þau tilvik sem þagnarskyldan tekur ekki til.

Í 6. mgr. er loks kveðið á um að í leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni sé heimilt að kveða nánar á um þagnarskyldu.

Um 14. gr.

Í greininni er lagt til breytt kaflaheiti. Þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til framsals leyfis og gjaldtöku vegna framsals og skýrir greinin sig sjálf.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild Orkustofnunar til gjaldtöku vegna leyfisveitingar og eftirlits samkvæmt lögum þessum. Leyfisgjöldin eru flokkuð eftir annars vegar leyfi til leitar að kolvetni og hins vegar leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis, til samræmis við 4. og 7. gr. laganna. Leyfisgjöldum er ætlað að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu leyfa. Gjaldtaka skal byggjast á skýrum ákvæðum sem samansett eru af fastakostnaði og svo tilfallandi kostnaði við útgáfu einstakra leyfa.

Einnig er í greininni kveðið á um skyldu leyfishafa til að greiða gjald til að standa straum af kostnaði eftirlits samkvæmt lögum þessum. Eftirlitsgjaldið skal renna beint til Orkustofnunar og vera innheimt af henni. Aðför má gera til fullnustu kröfum um eftirlitsgjald án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar. Gera verður greinarmun á annars vegar leitarleyfi og hins vegar rannsóknar- og vinnsluleyfi þar sem umfang eftirlitsaðila er mun meira vegna þeirra síðarnefndu og þar af leiðandi er eftirlitsgjald vegna leitarleyfa lægra en gjald vegna rannsóknar- og vinnsluleyfa.

Um 17. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.**

Í frumvarpinu eru ítarleg ákvæði um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis þar sem tekið er meðal annars á eignarrétti, stjórnsýslu og öryggisþáttum. Þá eru í frumvarpinu ákvæði þar sem kveðið er nánar á um réttindi og skyldur leyfishafa ásamt einstaka breytingum á stjórnsýsluhluta laganna um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld fyrir árið 2007 verði óveruleg og muni rúmast innan útgjaldaramma iðnaðarráðuneytisins. Samkvæmt áætlun frá iðnaðarráðuneytinu vegna frumvarpsins aukast útgjöld Orkustofnunar um 11 m.kr. á ári, frá og með árinu 2008, vegna ráðningar sérfræðings og viðbótarkostnaðar við hann.

# 779. Frumvarp til laga [516. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (millilandasamruni og millilandaskipting).

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

**Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.**

1. gr.

Á eftir 133. gr. laganna kemur nýr kafli, XIV. kafli A, **Millilandasamruni og millilandaskipting,** með sjö nýjum greinum, 133. gr. a – 133. gr. g, og á undan 133. gr. a og 133. gr. g koma millifyrirsagnir: *Millilandasamruni,* og: *Millilandaskipting.* Greinarnar verða svohljóðandi:

a. (133. gr. a.)

Millilandasamruni merkir samruna þar sem samrunafélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ákvæði 119.–129. gr. og 131. gr. taka með nauðsynlegum breytingum, sbr. 133. gr. a – 133. gr. f, til millilandasamruna eftir því sem við á.

b. (133. gr. b.)

Samrunaáætlun, sbr. 120. gr., fyrir millilandasamruna skal geyma upplýsingar um líkleg áhrif samrunans á félagsstarfsemi.

c. (133. gr. c.)

Við millilandasamruna skal greinargerð stjórnar, sbr. 1. mgr. 121. gr., einnig geyma upplýsingar um áhrif samrunans á hluthafa, lánardrottna og starfsmenn.

d. (133. gr. d.)

Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að óháðir, sérfróðir matsmenn geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr. 122. gr.

e. (133. gr. e.)

Við millilandasamruna eiga hluthafar í því félagi eða þeim félögum, sem sameinuð eru öðrum, er hafa á hluthafafundi greitt atkvæði gegn samruna með yfirtöku eða sameiningu í nýtt félag, kröfu á því að félagið innleysi hluti þeirra enda sé þess krafist innan mánaðar frá hluthafafundi. Að öðru leyti gilda ákvæði 131. gr. eftir því sem við á.

Þá fyrst er sett hefur verið fullnægjandi trygging fyrir verðmæti hluta skv. 1. mgr. má hlutafélagaskrá gefa út vottorð, sem gefa skal út skv. 133. gr. f, þess efnis að lokið sé öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum sem ljúka skal fyrir samrunann. Matsmenn, dómkvaddir á heimilisvarnarþingi félagsins, ákveða hvort tryggingin sé fullnægjandi. Sé ákvörðun matsmanna borin undir dómstól kemur málshöfðunin ekki í veg fyrir að hlutafélagaskrá geti gefið út vottorð skv. 133. gr. f nema dómstóllinn úrskurði um annað.

f. (133. gr. f.)

Er lokið er öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum sem ljúka skal fyrir samrunann gefur hlutafélagaskrá strax út vottorð um það til þess eða þeirra samrunafélaga sem lúta íslenskum lögum.

Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 133. gr. a, skal lúta íslenskum lögum skal vegna skráningar samrunans senda hlutafélagaskrá vottorð um hvert samrunafélag frá skrám erlendu félaganna. Vottorðið skal vera endanleg sönnun þess að lokið sé öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum, sem ljúka skal fyrir samrunann í viðkomandi landi, og að erlenda skráin muni skrá samrunann hvað snertir félagið, sem hættir starfsemi, eftir móttöku tilkynningar frá hlutafélagaskrá, sbr. 3. mgr. Eftir móttöku vottorða um öll samrunafélögin skráir hlutafélagaskrá framkvæmd millilandasamrunans fyrir félagið sem heldur starfsemi áfram.

Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 133. gr. a, skal lúta íslenskum lögum tilkynnir hlutafélagaskrá þeim skrám, þar sem önnur samrunafélög eru skráð, eins fljótt og auðið er hvenær framkvæmd millilandasamruna varðandi félagið, sem heldur starfsemi áfram, hafi verið skráð, sbr. 2. mgr.

Millilandasamruni, þar sem félagið, sem heldur starfsemi áfram, skal lúta íslenskum lögum, hefur áhrif frá þeim degi er hlutafélagaskrá skráir samrunann.

Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 133. gr. a, skal ekki lúta íslenskum lögum skráir hlutafélagaskrá framkvæmd millilandasamrunans fyrir þau félög sem hætta starfsemi en lúta íslenskum lögum þegar skráin hefur tekið við sams konar tilkynningu og í 3. mgr. frá viðkomandi skrá um félagið sem heldur starfsemi áfram.

g. (133. gr. g.)

Millilandaskipting merkir skiptingu þar sem skiptingarfélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ákvæði 133. gr. taka með nauðsynlegum breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. þessarar greinar, til millilandaskiptingar eftir því sem við á.

Það er skilyrði fyrir millilandaskiptingu að löggjöfin, sem hin skiptingarfélögin lúta, leyfi skiptinguna.

Ákvæði 133. gr. a – 133. gr. f taka með nauðsynlegum breytingum til millilandaskiptingar eftir því sem við á.

**Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.**

2. gr.

Á eftir 107. gr. laganna kemur undirfyrirsögn, *Skipting,* og ný grein, 107. gr. a, svohljóðandi:

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum einkahlutafélags, tekið ákvörðun um skiptingu félagsins. Við skiptinguna taka fleiri en eitt einkahlutafélag eða hlutafélag við öllum eignum og skuldum gegn endurgjaldi til hluthafa félagsins sem skipt er. Hluthafafundur getur með sama meiri hluta ákveðið skiptingu þannig að eitt eða fleiri félög taki við hluta af eignum og skuldum. Viðtaka eigna og skulda getur farið fram án samþykkis lánardrottna.

Ákvæði 5.–6. gr., 1. mgr. 26. gr. og 94.–103. gr. gilda um skiptingu eftir því sem við á. Í skiptingaráætlun, sbr. 95. gr., skal vera nákvæm lýsing á þeim eignum og skuldum sem yfirfæra skal og úthlutað er til hvers viðtökufélags. Greina skal frá aðferðum sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun úthlutunar til hluthafa félagsins, sem skipt er, á hlutum í viðtökufélögum endurgjaldsins. Enn fremur skal í greinargerð félagsstjórna, sbr. 1. mgr. 96. gr., lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem liggja til grundvallar úthlutun á hlutum. Þar skal greina sérstaklega frá samningu skýrslu skv. 5. gr. og yfirlýsingu skv. 6. gr. vegna greiðslu í öðru en reiðufé til hluthafa félagsins sem skipt er, svo og að skýrslan verði send hlutafélagaskrá. Stjórn eða framkvæmdastjórar félagsins, sem skipt er, skulu skýra hluthafafundi þess félags frá öllum umtalsverðum breytingum sem átt hafa sér stað á eignum og skuldum félagsins frá því að skiptingaráætlun var samin og þar til haldinn verður sá hluthafafundur félagsins sem taka skal ákvörðun um áætlunina, og auk þess stjórn eða framkvæmdastjórum viðtökufélaga svo að vitneskjunni verði komið til hluthafafunda viðtökufélaganna.

Ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess sem við bættist í hverju einstöku viðtökufélagi þegar áætlunin var birt en ábyrgð félagsins, sem skipt er og heldur starfsemi áfram, takmarkast við nettóverðmæti þess sem var eftir í félaginu á sama tíma.

3. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla orðast svo: **Samruni, breyting einkahlutafélags í hlutafélag og skipting.**

4. gr.

Á eftir XIV. kafla kemur nýr kafli, XIV. kafli A, **Millilandasamruni og millilandaskipting,** með sjö nýjum greinum, 107. gr. b – 107. gr. h, og á undan 107. gr. b og 107. gr. h koma millifyrirsagnir: *Millilandasamruni,* og: *Millilandaskipting.* Greinarnar verða svohljóðandi:

a. (107. gr. b.)
Millilandasamruni merkir samruna þar sem samrunafélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.
Ákvæði 94.–106. gr. taka með nauðsynlegum breytingum, sbr. 107. gr. b – 107. gr. g, til millilandasamruna eftir því sem við á.

b. (107. gr. c.)
Samrunaáætlun, sbr. 95. gr., fyrir millilandasamruna skal geyma upplýsingar um líkleg áhrif samrunans á félagsstarfsemi.

c. (107. gr. d.)
Við millilandasamruna skal greinargerð stjórnar, sbr. 1. mgr. 96. gr., einnig geyma upplýsingar um áhrif samrunans á hluthafa, lánardrottna og starfsmenn.

d. (107. gr. e.)
Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að endurskoðandi eða skoðunarmaður geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr. 97. gr.

e. (107. gr. f.)
Við millilandasamruna eiga hluthafar í því félagi eða þeim félögum, sem sameinuð eru öðrum, er hafa á hluthafafundi greitt atkvæði gegn samruna með yfirtöku eða sameiningu í nýtt félag, kröfu á því að félagið innleysi hluti þeirra enda sé þess krafist innan mánaðar frá hluthafafundi. Að öðru leyti gilda ákvæði 106. gr. eftir því sem við á.
Þá fyrst er sett hefur verið fullnægjandi trygging fyrir verðmæti hluta skv. 1. mgr. má gefa út vottorð, sem gefa skal út skv. 107. gr. g, þess efnis að lokið sé öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum sem ljúka skal fyrir samrunann. Matsmenn, dómkvaddir á heimilisvarnarþingi félagsins, ákveða hvort tryggingin sé fullnægjandi. Sé ákvörðun matsmanna borin undir dómstól kemur málshöfðunin ekki í veg fyrir að hlutafélagaskrá geti gefið út vottorð skv. 107. gr. g nema dómstóllinn úrskurði um annað.

f. (107. gr. g.)
Er lokið er öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum sem ljúka skal fyrir samrunann gefur hlutafélagaskrá strax út vottorð um það til þess eða þeirra samrunafélaga sem lúta íslenskum lögum.
Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 107. gr. b, skal lúta íslenskum lögum skal vegna skráningar samrunans senda hlutafélagaskrá vottorð um hvert samrunafélag frá skrám erlendu félaganna. Vottorðið skal vera endanleg sönnun þess að lokið sé öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum, sem ljúka skal fyrir samrunann í viðkomandi landi, og að erlenda skráin muni skrá samrunann hvað snertir félagið, sem hættir starfsemi, eftir móttöku tilkynningar frá hlutafélagaskrá, sbr. 3. mgr. Eftir móttöku vottorða um öll samrunafélögin skráir hlutafélagaskrá framkvæmd millilandasamrunans fyrir félagið sem heldur starfsemi áfram.
Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 107. gr. b, skal lúta íslenskum lögum tilkynnir hlutafélagaskrá þeim skrám, þar sem önnur samrunafélög eru

skráð, eins fljótt og auðið er hvenær framkvæmd millilandasamruna varðandi félagið, sem heldur starfsemi áfram, hafi verið skráð, sbr. 2. mgr.

Millilandasamruni, þar sem félagið, sem heldur starfsemi áfram, skal lúta íslenskum lögum, hefur áhrif frá þeim degi er hlutafélagaskrá skráir samrunann.

Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 107. gr. b, skal ekki lúta íslenskum lögum skráir hlutafélagaskrá framkvæmd millilandasamrunans fyrir þau félög sem hætta starfsemi en lúta íslenskum lögum þegar skráin hefur tekið við sams konar tilkynningu og í 3. mgr. frá viðkomandi skrá um félagið sem heldur starfsemi áfram.

g. (107. gr. h.)

Millilandaskipting merkir skiptingu þar sem skiptingarfélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ákvæði 107. gr. a taka með nauðsynlegum breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. þessarar greinar, til millilandaskiptingar eftir því sem við á.

Það er skilyrði fyrir millilandaskiptingu að löggjöfin, sem hin skiptingarfélögin lúta, leyfi skiptinguna.

Ákvæði 107. gr. b – 107. gr. g taka með nauðsynlegum breytingum til millilandaskiptingar eftir því sem við á.

**Lög um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum.**

5. gr.

Við 1. mgr. 56. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Þá geta tvö eða fleiri samvinnufélög runnið saman í nýtt samvinnufélag (samruni með stofnun nýs félags). Samruni getur tekið til samruna samvinnufélags, sem er móðurfélag, við dótturfyrirtæki sem er hlutafélag eða einkahlutafélag, sbr. og 59. gr.

6. gr.

Á eftir 59. gr. laganna kemur ný grein, 59. gr. a, sem orðast svo:

Félagsfundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum, tekið ákvörðun um skiptingu samvinnufélagsins. Við skiptinguna taka fleiri en eitt samvinnufélag, og jafnvel hlutafélag eða einkahlutafélag sem er dótturfélag samvinnufélags, við öllum eignum og skuldum gegn endurgjaldi til félagsmanna í því félagi sem skipt er. Félagsfundur getur með sama meiri hluta ákveðið skiptingu þannig að eitt eða fleiri samvinnufélög, og jafnvel hlutafélag eða einkahlutafélag sem er dótturfélag samvinnufélags, taki við hluta af eignum eða skuldum. Taki slíkt hlutafélag eða einkahlutafélag við hluta eignanna eða skuldanna skulu allir hlutir í hlutafélaginu eða einkahlutafélaginu vera í eigu hins skipta félags. Viðtaka eigna og skulda getur farið fram án samþykkis lánardrottna.

Að öðru leyti gilda um skiptinguna ákvæði 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, eftir því sem við á.

7. gr.

Fyrirsögn X. kafla orðast svo: **Samruni og skipting samvinnufélaga.**

8. gr.

Á eftir X. kafla kemur nýr kafli, X. kafli A, **Millilandasamruni og millilandaskipting,** með tveimur nýjum greinum, 59. gr. b og 59. gr. c.

a. (59. gr. b.)
Um millilandasamruna gilda ákvæði 133. gr. a – 133. gr. f í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með nauðsynlegum breytingum eftir því sem við á.

b. (59. gr. c.)
Um millilandaskiptingu gilda ákvæði 133. gr. g í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með nauðsynlegum breytingum eftir því sem við á.

**Lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999, með síðari breytingum.**

9. gr.

3. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:
Sé sjálfseignarstofnun leyst upp skal farið eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, eftir því sem við getur átt. Sé sjálfseignarstofnunin sameinuð annarri eða öðrum sjálfseignarstofnunum eða henni skipt skal farið eftir ákvæðum XIV. og XIV. kafla A í sömu lögum eftir því sem við getur átt. Samruni getur tekið til samruna móðurstofnunar við dótturfyrirtæki sem er hlutafélag eða einkahlutafélag. Við beitingu ákvæðanna skal gætt þeirrar sérstöðu að sjálfseignarstofnanir eiga sig sjálfar.

10. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla orðast svo: **Breyting samþykkta, slit, sameining og skipting.**

11. gr.

Með lögum þessum er m.a. innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/56/EB frá 26. október 2005 um millilandasamruna félaga með takmarkaðri ábyrgð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**1. Inngangur.**

*1.1. Bakgrunnur frumvarpsins.*

Með lagafrumvarpi þessu, sem samið hefur verið í viðskiptaráðuneytinu, er gert ráð fyrir því að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/56/EB frá 26. október 2005 um millilandasamruna félaga með takmarkaðri ábyrgð. Jafnframt er höfð hliðsjón af dómi dómstóls Evrópubandalaganna frá 13. desember 2005 í máli C/411/03, Sevic Systems (Sevic-málinu). Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127 22. september 2006. Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af drögum að dönsku lagafrumvarpi um sama efni.

Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið semji lagafrumvarp með nauðsynlegum ákvæðum varðandi aðild starfsmanna vegna 16. gr. tilskipunarinnar svipað og gert var í tengslum við lögin um Evrópufélög og lögin um evrópsk samvinnufélög. Ekki eru ákvæði um aðild starfsmanna í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög hér á landi eins og í dönskum rétti.

Í íslenskum rétti er ekki að finna almennar félagaréttarreglur um samruna eða skiptingu félaga í mismunandi EES-ríkjum. Sérákvæði er að finna í lögum nr. 26/2004, um Evrópu-

félög (evrópsk hlutafélög). Samkvæmt þeim geta hlutafélög í mismunandi EES-ríkjum sameinast í Evrópufélagi (SE/Ef). Einnig eru sérákvæði í lögum nr. 92/2006, um evrópsk samvinnufélög. Samkvæmt þeim geta samvinnufélög í mismunandi EES-ríkjum sameinast í evrópskt samvinnufélag (SCE/esvf).

Skv. 3. félagaréttartilskipuninni um samruna hlutafélaga er EES-ríkjum skylt að leyfa innanlandssamruna. Skv. 6. félagaréttartilskipuninni um skiptingu hlutafélaga er ríkjunum skylt að hafa ákvæði um innanlandsskiptingu. Ákvæði um samruna og skiptingu innan lands á grundvelli tilskipananna er að finna í lögum um hlutafélög. Jafnframt eru ítarleg ákvæði um samruna innan lands í lögum um einkahlutafélög. Þar er hins vegar ekki að finna ákvæði um skiptingu slíkra félaga. Í lögum um samvinnufélög er gert ráð fyrir samruna samvinnufélaga en ekki er kveðið þar sérstaklega á um skiptingu þeirra. Í lögum um sjálfseignarstofnanir, sem stunda atvinnurekstur, er að finna ákvæði um samruna sjálfseignarstofnana innan lands en engin ákvæði eru þar um skiptingu stofnananna.

Almennt markmið með tilskipuninni um millilandasamruna er aukin samvinna á innri markaðinum í Evrópu á grundvelli aðgerðaáætlunar um fjármálaþjónustu en þörf er talin á samvinnu og þá jafnvel samruna fyrirtækja sem eru í mismunandi EES-ríkjum. Einnig er sérstakt markmið með tilskipuninni að auðvelda millilandasamruna hlutafélaga og einkahlutafélaga sem lúta löggjöf mismunandi EES-ríkja.

Með innleiðingu ákvæða tilskipunarinnar í íslenskan rétt eykst sveigjanleiki íslenskra fyrirtækja þar eð auðveldara verður að gera áætlun um og framkvæma endurskipulagningu á starfsemi fyrirtækja er starfa á Evrópugrundvelli. Þetta er tryggt með því að kveða á um málsmeðferð við millilandasamruna. Munu samrunafélög í mismunandi ríkjum þurfa að fara eftir meginreglum og öðrum reglum sem beitt er við samruna sams konar félaga í viðkomandi EES-ríki, svo og nokkrum sérákvæðum.

Meðal evrópskra fræðimanna hefur lengi verið litið svo á að ekki sé unnt að framkvæma millilandasamruna í öðrum tilvikum en hjá Evrópufélögum og evrópskum samvinnufélögum þar eð skort hafi sameiginleg evrópsk lagaákvæði um slíkan samruna. Eftir að dómstóll Evrópubandalaganna kvað upp dóm 13. desember 2005 í Sevic-málinu er hins vegar orðið ljóst að 43. og 48. gr. EB-sáttmálans koma í veg fyrir að aðildarríki neiti almennt að skrá samrunafélög með heimili í öðru aðildarríki enda geti skráning samruna farið fram þegar samrunafélag á heima í fyrrgreinda ríkinu. Dómurinn felur með öðrum orðum í sér að það leiði af sáttmálanum að almennt skuli millilandasamruni vera leyfður ef innanlandssamruni er leyfður. Samtímis viðurkennir dómstóllinn þó að vegna sérstaks eðlis millilandasamruna sé unnt að gera sérstakar kröfur, t.d. til að vernda starfsmenn.

Óljóst er hvernig unnt er að nýta rétt samkvæmt dóminum, sem EES-ríki skulu taka tilhlýðilegt tillit til samkvæmt EES-samningnum, án þess að rétturinn sé tryggður með sérstökum lagaákvæðum. Ákvæðum tilskipunarinnar um millilandasamruna, sem innleiða skal með frumvarpi þessu, er einmitt ætlað að tryggja þennan rétt.

Dómurinn gengur um sumt lengra en tilskipunin. Þannig tekur tilskipunin aðeins til millilandasamruna en telja verður að dómurinn taki einnig til millilandaskiptingar. Þá tekur tilskipunin aðeins til vissra félagsforma en dómurinn til allra fyrirtækja sem stunda atvinnustarfsemi og geta sameinast innan lands. Af þessum sökum gengur lagafrumvarpið lengra en tilskipunin um millilandasamruna mælir fyrir um auk þess sem stefnt er að því að setja sérstök ákvæði, einkum um skiptingu, til að auðvelda félögum starfsemi hér á landi og á Evrópuvettvangi.

Samkvæmt framansögðu er stefnt að því að þau félög, sem lagafrumvarp þetta tekur til, geti starfað eftir skýrum lagareglum um millilandasamruna og millilandaskiptingu með þátttöku fyrirtækja frá öðrum EES-ríkjum. Þar með verður möguleiki félaganna til endurskipulagningar og hreyfanleika milli landa á innri markaðinum í Evrópu auðveldari og þá tengsl við atvinnulíf í öðrum EES-ríkjum. Möguleikinn á að aðlaga sig markaðinum án erfiðleika getur aukið skilvirkni og samkeppnishæfni íslenskra félaga í framtíðinni.

Gildandi reglur laga um samruna og skiptingu innan lands í lögum um hlutafélög, svo og samsvarandi reglur um samruna í lögum um einkahlutafélög, hafa það að markmiði að vernda m.a. lánardrottna og minnihlutaeigendur. Svipaðar reglur munu gilda um millilandasamruna og millilandaskiptingu. Varðandi millilandasamruna og millilandaskiptingu þarf þar að auki að taka sérstakt tillit til lánardrottna, minnihlutaeigenda og starfsmanna. Samruna- eða skiptingaráætlun skal þannig geyma upplýsingar um líkleg áhrif samrunans eða skiptingarinnar á félagsstarfsemi. Þá skulu koma fram í greinargerð stjórnar upplýsingar um áhrif samruna eða skiptingar á lánardrottna, minnihlutaeigendur eða starfsmenn.

Til að vernda hluthafa í íslensku félagi, sem tekur þátt í millilandasamruna með félagi sem lýtur lögum annars EES-ríkis, er í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar um millilandasamruna lagt til að hluthafar í því félagi sem hættir starfsemi, er lagst hafa gegn samrunanum, fái möguleika á eða geti krafist þess að félagið innleysi hluti þeirra. Ástæðan fyrir þessari vernd við millilandasamruna er sú að hluthafar í félaginu, sem hættir starfsemi eftir millilandasamruna, verða hluthafar í félagi, sem lýtur lögum annars ríkis, og að þessi breyting hefur ekki verið fyrirsjáanleg þegar viðkomandi hluthafi eignaðist hlut sinn. Samsvarandi reglur gilda um hluthafa í félagi sem skipt er þegar millilandaskipting á sér stað.

**2. Efni.**

*2.1. Félög sem geta tekið þátt í millilandasamruna.*

Tilskipunin um millilandasamruna tekur til félaga með takmarkaðri ábyrgð („limited liability companies"). Hér er með öðrum orðum um að ræða félög sem falla undir 1. félagaréttartilskipunina eða hlutafélög, þar á meðal samlagshlutafélög, og einkahlutafélög.

Sevic-dómurinn tók til allra tegunda félaga sem 48. gr. EB-sáttmálans tekur til. Þetta mun merkja öll félög, er lúta reglum einkamálaréttar, m.a. samvinnufélög, og alla aðra lögaðila sem lúta opinberum rétti eða einkamálarétti, t.d. sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, þó ekki félög sem starfa ekki með hagnað í huga (m.a. líknarsjóði og góðgerðarsamtök).

Með hliðsjón af dómnum er gert ráð fyrir því í lagafrumvarpinu að allar þær tegundir félaga, sem geta nú tekið þátt í samruna innan lands, geti í framtíðinni einnig tekið þátt í samruna og skiptingu með félögum í öðru EES-ríki. Með dóminum er gildissvið reglna í tilskipuninni um millilandasamruna þannig útvíkkað og nær til allra þeirra tegunda félaga sem geta tekið þátt í samruna að landsrétti. Þetta merkir að í framtíðinni verður m.a. mögulegt að taka þátt í samruna hlutafélaga og einkahlutafélaga, samruna samvinnufélaga og samruna milli sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur þótt samsvarandi félag frá öðru EES-ríki taki þátt í samrunanum.

2.1.1. Samanburður við millilandasamruna.

Það leiðir af a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar um millilandasamruna að slíkur samruni getur aðeins farið fram þegar samruninn er leyfður milli samsvarandi félaga innan lands. Sömuleiðis leiðir af Sevic-dómnum að möguleiki á millilandasamruna takmarkast við þau

tilvik þegar samsvarandi samruni er leyfður innan lands. Hið erlenda félag skal samsvara því félagi sem taka mun þátt í samruna að íslenskum rétti. Verður því í hverju einstöku tilviki, þegar samruni (eða skipting) fer fram, að meta hvort erlent þátttökufélag sé sambærilegt íslenska félaginu eða félögunum með tilliti til skipulags og félagsforms.

*2.2. Sérstakar kröfur við millilandasamruna.*

Almennt gerir tilskipunin um millilandasamruna sömu kröfur til málsmeðferðar og útbúnings gagna, m.a. samrunaáætlunar, greinargerðar stjórnar og skýrslu óháðra, sérfróðra matsmanna, hvort sem um er að ræða millilandasamruna eða innanlandssamruna. Í frumvarpinu eru þó í samræmi við tilskipunina vissar breytingar á kröfum til skjala þannig að tekið sé sérstakt tillit til rétthafa, m.a. lánardrottna og hluthafa.

Ekki verður gerð grein fyrir sérákvæðum vegna tillits til starfsmanna í þessu frumvarpi.

Gerðar eru viðbótarkröfur miðað við samruna innan lands varðandi samrunaáætlun og greinargerð stjórnar. Þetta er gert til að vernda rétthafa, m.a. lánardrottna og hluthafa. Þannig skal samrunaáætlun fyrir millilandasamruna geyma upplýsingar um líkleg áhrif samrunans á félagsstarfsemi. Þá skal greinargerð stjórnar í þessum tilvikum m.a. geyma upplýsingar um áhrif millilandasamrunans á lánardrottna og hluthafa.

Hvað snertir skýrslu matsmanna um samrunaáætlunina er slakað á kröfum þegar um millilandasamruna er að ræða þannig að ekki þarf að gera grein fyrir endurgjaldi fyrir hluti í skýrslunni ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja slíkt. Er það enda svo að í vissum tilvikum er ekki þörf á að vinna það verk.

2.2.1. Vernd við millilandasamruna.

Samkvæmt tilskipuninni um millilandasamruna geta EES-ríki sett ákvæði til að tryggja með fullnægjandi hætti hagsmuni minnihlutaeigenda sem hafa lýst sig andsnúna samrunanum. Ekki er þó kveðið á um það í tilskipuninni hvernig vernda eigi viðkomandi hluthafa.

Samkvæmt reglugerðinni um Evrópufélög geta EES-ríki sömuleiðis kveðið á um tryggingu til að vernda með fullnægjandi hætti þá minnihlutaeigendur sem hafa andmælt stofnun Evrópufélags með samruna. Í reglugerðinni eru heldur ekki settar nánari reglur um það hvernig verndinni skuli háttað.

Við millilandasamruna er félagsformi ekki breytt eins og þegar um Evrópufélög er að ræða. Hagsmunir hluthafa íslensks félags, sem heldur áfram starfsemi, eru því ekki eins.

*2.3. Málsmeðferð við millilandasamruna.*

Með lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir kerfi er svarar til ákvæða í lögum nr. 26/2004, um Evrópufélög. Er þá gert ráð fyrir því að samrunaáætlun sé send þar til bærum stjórnvöldum í þeim ríkjum þar sem félögin eiga heima samkvæmt samþykktum sínum. Viðkomandi stjórnvöld gefa síðan út vottorð til allra félaga sem lúta landsrétti þegar lokið er öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum í viðkomandi ríki sem ljúka skal fyrir samrunann. Síðan er samruninn tilkynntur þar til bæru stjórnvaldi í ríki þar sem félagið, sem heldur áfram starfsemi, skal lúta lögum. Þegar skrá félagsins, sem heldur áfram, hefur skráð framkvæmd samrunans tilkynnir hún það skrám annarra samrunafélaga sem skulu síðan skrá slit þeirra félaga.

Millilandasamruni hefur samkvæmt lagafrumvarpinu áhrif frá þeim degi er hlutafélagaskrá skráir samrunann enda skuli félagið, sem heldur starfsemi áfram, lúta íslenskum lögum. Hér eru reglur öðruvísi en við innanlandssamruna en þá teljast áhrifin frá þeim tíma er samrunafélögin ákveða að framkvæma samrunann. Með því að búa svo um hnútana að millilanda-

samruni samkvæmt tilskipuninni fái fyrst áhrif eftir að stjórnvöld hafa kannað samrunann er tryggt að vel sé staðið að eftirliti með öllum atriðum varðandi samrunann og þar með minnkar möguleikinn á að félög geti gert ólöglegar eða óréttmætar ráðstafanir.

*2.4. Skipting.*

Í tilskipuninni um millilandasamruna er ekki kveðið á um skiptingu. Hins vegar er talið að túlka verði Sevic-dóminn þannig að millilandaskipting falli einnig undir ákvæði 43. gr. EB-sáttmálans um stofnsetningarfrelsi á milli landa. Skipting líkist mjög samruna í félagaréttarlegum skilningi og getur á sama hátt og samruni auðveldað félögum aðgang að atvinnulífi annarra EES-ríkja. Þetta skýrist og af því að 6. félagaréttartilskipunin um innanlandsskiptingu er að miklu leyti sambærileg við 3. félagaréttartilskipunina um innanlandssamruna. Áhrifin á og verndarsjónarmið fyrir viðkomandi rétthafa, m.a. lánardrottna, minnihlutaeigendur og starfsmenn, eru einnig að miklu leyti hin sömu við þessar tvær tegundir endurskipulagningar félaga.

Meðal annars með tilliti til framangreinds er gert ráð fyrir að sett verði inn ákvæði um skiptingu í lög um einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Einnig er með þessum breytingum reynt að greiða fyrir og skapa jafnræði með félagsformum innan lands.

Millilandaskipting er þó kominn undir því að löggjöfin í þeim ríkjum, sem önnur skiptingarfélög lúta, leyfi skiptinguna.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum. Felast breytingarnar í því að á eftir XIV. kafla laganna, Samruni, breyting hlutafélags í einkahlutafélag og skipting, komi nýr kafli, XIV. kafli A, Millilandasamruni og millilandaskipting. Þar eð nokkur munur þarf að vera á ákvæðum um innanlandssamruna og millilandasamruna þarf viss sérákvæði sem kaflinn geymir. Meðal annars þarf að taka sérstakt tillit til lánardrottna þegar millilandasamruni fer fram, svo og starfsmanna, en hugað verður að hagsmunum þeirra í öðru frumvarpi á vegum félagsmálaráðuneytisins. Miðað við samruna innan lands yrði samruni milli landa ekki tíður. Af þeim sökum þykir rétt að hafa sérákvæði um millilandasamruna í sérstökum kafla laganna. Ákvæðin um slíkan samruna taka mið af tilskipuninni um millilandasamruna sem geymir vissar reglur þar um. Þá er tekið mið af dómi dómstóls Evrópubandalaganna í Sevic-málinu eins og greint er frá í almennum athugasemdum. Samkvæmt þeim dómi, sem taka verður tilhlýðilegt tillit til hér á landi, er ekki unnt að leyfa innanlandssamruna í EES-ríki með þátttöku innlendra félaga en koma í veg fyrir millilandasamruna með þátttöku félaga frá öðrum EES-ríkjum. Talið er að dómurinn taki með samsvarandi hætti til skiptingar. Sé hún leyfð að landsrétti innan lands skuli einnig leyfa millilandaskiptingu.

*Um a-lið (133. gr. a).*

Hér er gert ráð fyrir að í 133. gr. a sé að finna skilgreiningu á millilandasamruna, þ.e. samruna þar sem samrunafélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá eru nefndar þær greinar laga um hlutafélög varðandi innanlandssamruna sem taka til millilandasamruna eftir því sem við á. Nefna má í þessu sambandi að millilandasamruni getur annars vegar verið samruni með yfirtöku, þ.e. félagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti

að það er algjörlega sameinað öðru félagi með yfirtöku eigna og skulda, eða samruni með stofnun nýs félags, þ.e. þegar tvö eða fleiri félög renna saman í nýtt félag.

Hlutafélag getur tekið þátt í millilandasamruna með félögum sem samsvara íslenskum hlutafélögum og einkahlutafélögum. Í skrá, sem tengist 1. félagaréttartilskipuninni, er að finna nöfn samsvarandi félaga í öðrum EES-ríkjum.

Millilandasamruni felur í sér að samruni snertir fleiri en eitt ríki. Þannig yrði um millilandasamruna að ræða ef tvö dönsk félög sameinuðust og til yrði nýtt íslenskt félag.

Skilgreiningin á millilandasamruna er í samræmi við 1. gr. tilskipunarinnar um millilandasamruna.

Kjarni tilskipunarinnar um millilandasamruna er sá að reglur landslaga um innanlandssamruna gildi en sett eru viss sérákvæði. Ef samruni fer fram milli hlutafélaga sem sérlög gilda um, t.d. lög um fjármálafyrirtæki, skal hugað að sérákvæðum um samruna í slíkum lögum.

*Um b-lið (133. gr. b).*

Í 133. gr. b er gert ráð fyrir að samrunaáætlun fyrir millilandasamruna skuli auk venjulegra upplýsinga, sbr. 120. gr. laganna um innanlandssamruna, geyma upplýsingar um líkleg áhrif millilandasamrunans á félagsstarfsemi. Þetta sérákvæði leiðir af d-lið 5. gr. tilskipunarinnar.

*Um c-lið (133. gr. c).*

Í 133. gr. c er gert ráð fyrir að við millilandasamruna skuli greinargerð stjórnar ekki einungis geyma upplýsingar skv. 1. mgr. 121. gr. laganna um innanlandssamruna heldur einnig upplýsingar um áhrif millilandasamrunans á hluthafa, lánardrottna og starfsmenn. Sérákvæðið byggist á 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

*Um d-lið (133. gr. d).*

Í 133. gr. d er gert ráð fyrir að óháðir, sérfróðir matsmenn þurfi ekki að gera skýrslu um samrunaáætlun við millilandasamrunann eins og krafist er í 1.–3. mgr. 122. gr. laganna við innanlandssamruna enda séu allir hluthafar í samrunafélögunum samþykkir því að slík skýrsla sé ekki gerð. Þetta leiðir af 4. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar. Ekki þarf heldur slíka skýrslu þegar um samruna er að ræða milli móðurfélags og dótturfélags sem er að öllu leyti í þess eigu en móðurfélagið heldur áfram starfsemi, sbr. 129. gr. laga um hlutafélög, enda er ekki um endurgjald að ræða í tilvikum sem þessum. Þegar um innanlandssamruna er að ræða geta hluthafar ekki samþykkt að óháðir, sérfróðir matsmenn sleppi að gera skýrslu um samrunaáætlunina enda leyfir 3. félagaréttartilskipunin ekki slíkt.

*Um e-lið (133. gr. e).*

Í 133. gr. e er gert ráð fyrir ákvæðum til verndar minnihlutaeigendum á grundvelli 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Svipuð verndarákvæði eru í 2. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar um Evrópufélög. Í tilskipuninni og reglugerðinni er ekki fjallað um það hvernig vernd skuli háttað.

Við millilandasamruna breytir félag ekki um félagsform og lýtur þar með nýjum reglum eins og þegar um Evrópufélagið er að ræða. Félagið, sem heldur áfram, getur því ekki flutt sig milli landa við samrunann. Íslenskt hlutafélag, sem heldur áfram starfsemi eftir millilandasamruna, er því áfram íslenskt hlutafélag sem lýtur íslenskum hlutafélagalögum og hefur heimili á Íslandi.

Gert er ráð fyrir því að hluthafar í því félagi eða þeim félögum sem sameinuð eru öðrum, er hafa á hluthafafundi greitt atkvæði gegn samruna með yfirtöku eða sameiningu í nýtt félag, eigi kröfu á því að félagið innleysi hluti þeirra. Hér eru verndaðir hagsmunir hluthafa í þeim

félögum sem hætta starfsemi sinni en ekki er sama þörf á að vernda hagsmuni annarra hluthafa. Þetta kemur fram í 1. mgr. fyrirhugaðrar 133. gr. e.

Í 2. mgr. sömu greinar er það skilyrði fyrir útgáfu þargreinds vottorðs hlutafélagaskrár þess efnis að lokið sé öllum nauðsynlegum gjörningum og formsatriðum að fullnægjandi trygging hafi verið sett. Ákvæðin miða að því að tryggja hagsmuni viðkomandi hluthafa.

*Um f-lið (133. gr. f).*

Í 133. gr. f er að finna ákvæði um vottorð sem hlutafélagaskrár í heimalöndum samrunafélaga skulu gefa út. Samsvarandi vottorðareglur eru m.a. í lögum um Evrópufélög. Í 2.–4. mgr. eru ákvæði sem snerta félög sem halda starfsemi áfram eftir millilandasamruna en lúta íslenskum lögum. Stjórn í því félagi, sem heldur áfram starfsemi, m.a. stjórn viðkomandi íslensks félags, ber ábyrgð á útvegun nauðsynlegra vottorða skv. 2. mgr. Ákvæði þessarar málsgreinar byggjast á 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er fjallað um tilkynningar hlutafélagaskrár til hlutafélagaskráa í öðrum löndum. Ákvæðin byggjast á 13. gr. tilskipunarinnar.

Í 4. mgr. er fjallað um það að millilandasamruni, þar sem félagið, sem heldur starfsemi áfram, skal lúta íslenskum lögum, hafi áhrif frá þeim degi er hlutafélagaskrá skráir samrunann. Þetta eru sérákvæði. Þegar um innanlandssamruna er að ræða, sbr. 1. mgr. 127. gr. hlutafélagalaga, er hins vegar miðað við samþykkt samrunans í öllum samrunafélögunum.

Í 5. mgr. er ákvæði varðandi það ef félagið, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, skal ekki lúta íslenskum lögum.

*Um g-lið (133. gr. g).*

Í 133. gr. g er gert ráð fyrir sérstökum ákvæðum um millilandaskiptingu.

Í EES-rétti er ekki að finna tilskipun um millilandaskiptingu. Vísað er til þess sem segir í almennum athugasemdum, lið 2.4, um túlkun á Sevic-dóminum sem knýr á um nauðsynleg lagaákvæði. Þá þykir og rétt til að tryggja sem mestan sveigjanleika í rekstri hlutafélaga og eftir atvikum einkahlutafélaga að setja ákvæði um millilandaskiptingu. Undir ákvæðin falla þau tilvik þegar félag, sem leggur eitthvað fram, heldur áfram starfsemi sinni eftir skiptinguna.

Í 1. mgr. er skilgreining á millilandaskiptingu. Skulu skiptingarfélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.

Að því er varðar 2. mgr. skal bent á að ákvæði 133. gr. laganna fjalla um innanlandsskiptingu hlutafélaga. Skulu ákvæði þeirrar greinar taka með nauðsynlegum breytingum til millilandaskiptingar eftir því sem við á.

Í 3. mgr. segir að það sé skilyrði fyrir millilandaskiptingu að löggjöfin, sem hin skiptingarfélögin lúta, leyfi millilandaskiptingu. Þar eð ekki hefur verið samþykkt tilskipun um millilandaskiptingu á Evrópska efnahagssvæðinu er ekki víst að löggjöf hinna skiptingarfélaganna leyfi slíka skiptingu. Í ljósi Sevic-dómsins virðist nauðsynlegt að gefa kost á slíkri skiptingu í löggjöf og má búast við að EES-ríkin taki mið af því.

Ekki verður vikið hér að reglum um aðild starfsmanna vegna millilandaskiptingar.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir því að ákvæði 133. gr. a – 133. gr. f um millilandasamruna taki með nauðsynlegum breytingum til millilandaskiptingar eftir því sem við á. Ákvæði hlutafélagalaga um samruna, bæði innanlandssamruna og millilandasamruna, eru ítarlegri en ákvæði laganna um skiptingu og getur því þurft að hafa stoð í samrunaákvæðum þegar skipting fer fram.

Með tilvísun í ákvæði hlutafélagalaga um millilandasamruna, sem stefnt er að með frumvarpi þessu, er tryggt að um millilandaskiptingu séu, eins og með millilandasamruna, sett ákvæði með viðbótarkröfum m.a. með tilliti til hagsmuna minnihlutaeigenda og lánardrottna.

Ákvæði hlutafélagalaga um skiptingu taka mið af ákvæðum sömu laga um samruna. Eru ákvæðin um samruna byggð á tilskipuninni um innanlandssamruna og ákvæðin um innanlandsskiptingu byggð á tilskipuninni um innanlandsskiptingu. Skýrir þetta bakgrunn ákvæðanna.

Um 2.–4. gr.

Í greinunum eru ákvæði sem gera ráð fyrir breytingu á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum. Gert er ráð fyrir nýrri fyrirsögn á XIV. kafla laganna og grein um skiptingu sem samsvarar grein um sama efni í lögum um hlutafélög, með öðrum orðum skýrri lagaheimild til skiptingar. Þá er gert ráð fyrir nýjum kafla í lögunum, XIV. kafla A, sem ber heitið „Millilandasamruni og millilandaskipting“. Þau ákvæði eru svipuð og ákvæði um sama efni vegna breytinga á hlutafélagalögum.

Einkahlutafélög falla undir gildissvið tilskipunarinnar um millilandasamruna og dómur dómstóls Evrópubandalaganna í Sevic-málinu tekur einnig til einkahlutafélaga. Er því lagt til að heimild sé í lögum um einkahlutafélög til millilandasamruna og millilandaskiptingar.

Hvað snertir ákvæði greinanna vísast sérstaklega til athugasemda með 1. gr. um millilandasamruna og millilandaskiptingu enda verða ákvæðin samsvarandi.

Um 5.–8. gr.

Gert er ráð fyrir breytingu á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum. Fyrirsögn X. kafla er breytt og bætt við sérstöku ákvæði um samruna með stofnun nýs félags. Þá er bætt við grein um skiptingu, sem samsvarar grein um sama efni í lögum um hlutafélög, og loks er gert ráð fyrir nýjum kafla, X. kafla A, sem ber heitið „Millilandasamruni og millilandaskipting“. Ákvæðin eru svipuð og ákvæði um sama efni vegna breytinga á hlutafélagalögum enda vísað til hlutafélagalaga.

Kjarninn í tilskipuninni um millilandasamruna er að hlutafélög og einkahlutafélög, sem hafa rétt til að sameinast innan lands, geti með samsvarandi hætti átt möguleika á að sameinast slíkum félögum í öðrum EES-ríkjum. Skv. 3. gr. tilskipunarinnar er heimilt en ekki skylt að gefa kost á millilandasamruna í samvinnufélögum. Það þykir eðlilegt að leyfa það enda geta þau sameinast innan lands. Hér má vísa til þess sem sagt hefur verið um Sevic-dóminn í almennum athugasemdum.

Svigrúm samvinnufélaga í atvinnurekstri mun aukast með þessu og jafnræði skapast með samvinnufélögum annars vegar og hlutafélögum og einkahlutafélögum hins vegar. Sama gildir um skiptingu. Er gert ráð fyrir að setja inn í lögin um samvinnufélög sérstakt ákvæði sem gefur skýra heimild til skiptingar. Þá verður möguleiki á millilandaskiptingu.

Gert er ráð fyrir að hlutafélög og einkahlutafélög séu í sama flokki varðandi samruna og skiptingu. Samvinnufélög yrðu hins vegar almennt að tengjast öðrum samvinnufélögum ef ekki væri gert ráð fyrir sérstakri lagaheimild hér, sbr. og 59. gr., með tilliti til ákvæða í samvinnufélagalögum um möguleika á að breyta þeim í hlutafélög. Þykir rétt að gefa með vissum skilyrðum kost á samruna eða skiptingu samvinnufélags með hlutafélagi eða einkahlutafélagi hér á landi eða jafnvel annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tilvísunin til hlutafélagalaga felur í sér það skilyrði fyrir millilandasamruna eða millilandaskiptingu samvinnufélaga að löggjöf í hinum EES-ríkjunum, sem þátttökufélög eiga heimili í, leyfi slíkan samruna eða skiptingu.

Gert er ráð fyrir að bætt verði við 1. mgr. 56. gr. laganna, um samruna samvinnufélaga með yfirtöku, sérstöku ákvæði um samruna með stofnun nýs félags, þ.e. þegar tvö eða fleiri samvinnufélög geta runnið saman í nýtt samvinnufélag. Yrðu því skýr lagaákvæði um möguleika á tvenns konar samruna eins og er í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Þá er sett inn ákvæði um að samruni geti tekið til samruna móðurfélags, sem er sameignarfélag, við dótturfyrirtæki sem er hlutafélag eða einkahlutafélag, sbr. og vissa möguleika nú þegar í 59. gr. Samsvarandi ákvæði er í 9. gr. frumvarpsins varðandi sjálfseignarstofnanir og er það ákvæði byggt á drögum að dönsku frumvarpi.

Gert er ráð fyrir að á eftir 59. gr. laganna um samvinnufélög komi ný grein, 59. gr. a, sem gefi möguleika á skiptingu samvinnufélags. Ákvæðin eru byggð á 133. gr. laganna um hlutafélög. Kveðið er þó skýrt á um það að við skiptingu samvinnufélags komi ekki einungis við sögu samvinnufélög samkvæmt nánari ákvæðum þar um heldur jafnvel hlutafélag eða einkahlutafélag sem er dótturfélag samvinnufélags. Þá hefði samvinnufélag skýra heimild til að ákveða að hlutafélag eða einkahlutafélag, sem er dótturfélag samvinnufélags, taki við hluta af eignum og skuldum þess. Taki slíkt hlutafélag eða einkahlutafélag við hluta eignanna eða skuldanna skulu allir hlutir í hlutafélaginu eða einkahlutafélaginu vera í eigu hins skipta félags, sbr. samsvarandi ákvæði í 52. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Gert er ráð fyrir að fyrirsögn X. kafla breytist vegna fyrrgreindrar nýrrar greinar um skiptingu samvinnufélaga.

Loks er gert ráð fyrir nýjum kafla í lögum um samvinnufélög, X. kafla A, sem beri heitið „Millilandasamruni og millilandaskipting“.

Í nýrri 59. gr. b er gert ráð fyrir að við millilandasamruna sé farið eftir ákvæðum hlutafélagalaga um sama efni með nauðsynlegum breytingum eftir því sem við á.

Í nýrri 59. gr. c er gert ráð fyrir að við millilandaskiptingu gildi ákvæði hlutafélagalaga um sama efni með nauðsynlegum breytingum eftir því sem við á.

Um 9. og 10. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði sem gera ráð fyrir breytingu á lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999, með síðari breytingum. Gert er ráð fyrir breytingum á kaflafyrirsögn og á 3. mgr. 36. gr. laganna.

Samkvæmt 1. efnismálsl. 9. gr. skal áfram farið eftir ákvæðum XIII. kafla einkahlutafélagalaga (félagsslitakaflanum) eins og nú er sé sjálfseignarstofnun leyst upp. Í 2. málsl. er áfram gert ráð fyrir því að farið skuli eftir XIV. kafla sömu laga (um samruna og breytingu einkahlutafélags í hlutafélag) eftir því sem við getur átt þegar um samruna stofnana er að ræða, svo og við skiptingu stofnana sem er nýtt ákvæði. Einnig skal farið eftir ákvæðum XIV. kafla A í einkahlutafélagalögum, þ.e. ákvæðum um innanlandssamruna og millilandasamruna. Þá er bætt við 3. málsl. þar sem tekið er fram að samruni geti tekið til samruna móðurstofnana við dótturfyrirtæki sem er hlutafélag eða einkahlutafélag. Samsvarandi ákvæði er í drögum að dönsku lagafrumvarpi. Í 4. málsl. segir síðan að við beitingu ákvæða einkahlutafélagalaga skuli gætt þeirrar sérstöðu að sjálfseignarstofnanir eiga sig sjálfar og eiga því ýmis ákvæði einkahlutafélagalaga varðandi eigendur hluta ekki við.

Tilskipunin um millilandasamruna tekur ekki til sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur. Markmiðið með lagabreytingu í frumvarpi þessu er að veita þessum sjálfseignar-

stofnunum sömu möguleika og hlutafélögum, einkahlutafélögum og samvinnufélögum til þátttöku í millilandasamruna og millilandaskiptingu.

Tilvísunin til einkahlutafélagalaga felur í sér það skilyrði fyrir millilandasamruna eða millilandaskiptingu stofnananna að löggjöf í hinum EES-ríkjunum, sem þátttökufélög eiga heimili í, leyfi slíkan samruna eða skiptingu.

Um 11. gr.

Í greininni er getið EES-gerðarinnar sem flest ákvæði frumvarps þessa byggjast á.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

## Fylgiskjal I.

### TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/56/EB

**frá 26. október 2005**

**um samruna hlutafélaga yfir landamæri**

***(Texti sem varðar EES)***

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 44. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Þörf er á samvinnu og sameiningu félaga með takmarkaðri ábyrgð frá mismunandi aðildarríkjum. Við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri eiga þau þó við að etja margvíslega lagalega og stjórnsýslulega erfiðleika í Bandalaginu. Því er nauðsynlegt, með tilkomu og starfsemi innri markaðarins í huga, að mæla fyrir um ákvæði Bandalagsins til að auðvelda framkvæmd við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri þegar um er að ræða félög með takmarkaðri ábyrgð sem eru af ólíkum toga og heyra undir löggjöf mismunandi aðildarríkja.

2) Með þessari tilskipun er greitt fyrir samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri eins og hann er skilgreindur hér. Lög aðildarríkjanna skulu heimila samruna innlends félags með takmarkaðri ábyrgð og félags með takmarkaðri ábyrgð frá öðru aðildarríki yfir landamæri, að því tilskildu að innlend lög hlutaðeigandi aðildarríkja heimili samruna þess háttar félaga.

3) Í því skyni að auðvelda framkvæmd samruna yfir landamæri skal mæla fyrir um, að því tilskildu að þessi tilskipun kveði ekki á um annað, að hvert félag, sem tekur þátt í samruna yfir landamæri, ásamt hlutaðeigandi þriðja aðila, heyri áfram undir þau ákvæði og formsatriði innlendra laga sem giltu við samruna innanlands. Ekki skal innleiða höft á staðfesturétt

([1]) Stjtíð. ESB C 117, 30.4.2004, bls. 43.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 10. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 19. september 2005.

eða frjálsa fjármagnsflutninga með neinum ákvæðum eða formsatriðum innlendra laga, sem vísað er til í þessari tilskipun, nema unnt sé að sýna fram á að þau séu í samræmi við dómaframkvæmd dómstólsins, einkum við kröfur er varða almenna hagsmuni, og séu bæði nauðsynleg og í réttu hlutfalli til að uppfylla slíkar forgangskröfur.

4) Semja skal sameiginlegu áætlunina um samruna yfir landamæri með sama orðalagi fyrir hvert hlutaðeigandi félag í aðildarríkjunum. Því ber að tilgreina lágmarksefni slíkra sameiginlegra samrunaáætlana en félögunum skal vera frjálst að semja um önnur atriði.

5) Í því skyni að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra skal birta áætlanirnar um samruna yfir landamæri og framkvæmd samruna yfir landamæri fyrir hvert samrunafélag með færslu í viðeigandi opinbera skrá.

6) Í lögum allra aðildarríkjanna skal kveðið á um að einn eða fleiri sérfræðingar geri skýrslu, á innlendum vettvangi, um sameiginlega áætlun um samruna yfir landamæri, fyrir hönd hvers samrunafélags. Í því skyni að draga úr kostnaði vegna sérfræðinga í tengslum við samruna yfir landamæri skal gefa kost á því að gera eina skýrslu fyrir alla félagsmenn sem taka þátt í framkvæmd samruna yfir landamæri. Samþykkja skal áætlun um samruna yfir landamæri á hluthafafundi hvers þessara félaga.

7) Í því skyni að auðvelda framkvæmd samruna yfir landamæri skal kveða á um að innlent yfirvald, sem fer með lögsögu yfir þessum félögum, skuli hafa eftirlit með framkvæmd og lögmæti ákvarðanatöku hvers samrunafélags en innlent yfirvald, sem fer með lögsögu yfir félaginu, sem verður til við samrunann, skal hafa eftirlit með framkvæmd og lögmæti samruna yfir landamæri. Viðkomandi innlent yfirvald getur verið dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir. Einnig skal tilgreina þau innlendu lög sem ákvarða hvaða dag samruni yfir landamæri tekur gildi, þ.e. lögin sem félagið, sem verður til við samrunann, heyrir undir.

8) Í því skyni að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra skal tilgreina hver lagaleg áhrif samruna yfir landamæri eru og greina á milli hvort félagið, sem verður til við samrunann sé yfirtökufélag eða nýtt félag. Til að tryggja réttaröryggi skal ekki lengur vera mögulegt að lýsa samrunann ógildan eftir að samruni yfir landamæri hefur tekið gildi.

9) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu löggjafar um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, bæði á vettvangi Bandalagsins með reglugerð (EB) nr. 139/2004 ([3]) og í aðildarríkjunum.

10) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf Bandalagsins viðvíkjandi lánamiðlunum og öðrum fjármagnsfyrirtækjum og innlendar reglur sem settar eru eða innleiddar samkvæmt slíkri löggjöf Bandalagsins.

11) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf aðildarríkis þar sem krafist er upplýsinga um staðsetningu yfirstjórnar eða aðalstarfsstöðvar sem fyrirhuguð er fyrir félagið sem verður til við samruna yfir landamæri.

12) Réttindi starfsmanna, önnur en þátttökuréttur, skulu eftir sem áður heyra undir ákvæði landslaga sem um getur í tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um hópuppsagnir ([4]), tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001 um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar ([5]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins ([6]) og tilskipun ráðsins 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á Bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn ([7]).

13) Ef starfsmenn hafa þátttökurétt í einu af samrunafélögunum í samræmi við skilyrði sem sett eru fram í þessari tilskipun og ef landslög aðildarríkisins, þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, hefur skráða skrifstofu, kveða ekki á um sömu þátttöku og í hlutaðeigandi samrunafélögum, þ.m.t. í nefndum eftirlitsstjórnar sem hafa ákvörðunarvald,

---

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20 janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) (Stjtíð. EB L 24, 29.1.2004, bls. 1).
([4]) Stjtíð. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16.
([5]) Stjtíð. EB L 82, 22.3.2001, bls. 16.
([6]) Stjtíð. EB L 80, 23.3.2002, bls. 29.
([7]) Stjtíð. EB L 254, 30.9.1994, bls. 64. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 97/74/EB (Stjtíð. EB L 10, 16.1.1998, bls. 22).

eða þau veita starfsmönnum ekki sama rétt í þeim fyrirtækjum sem verða til við samruna yfir landamæri, skal setja reglur um þátttöku starfsmanna í félaginu sem verður til við samrunann og aðild þeirra að skilgreiningu slíks réttar. Í því skyni skulu meginreglur og málsmeðferð, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE) ([8]) og í tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001 um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna ([9]), liggja til grundvallar, þó með fyrirvara um breytingar sem taldar eru nauðsynlegar vegna þess að félagið, sem verður til við samrunann, heyrir undir landslög aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu. Í samræmi við b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2001/86/EB geta aðildarríkin séð til þess að samningaviðræður hefjist skjótt, skv. 16. gr. þessarar tilskipunar, í því skyni að koma í veg fyrir óþarfa tafir á samruna.

14) Í því skyni að ákvarða umfang þátttöku starfsmanna í viðkomandi samrunafélögum skal einnig hafa hliðsjón af hlutfalli fulltrúa starfsmanna í framkvæmdastjórninni, sem afkomusvið félagsins heyra undir, og þátttaka starfsmanna tekur til.

15) Þar sem aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð því markmiði sem fyrirhuguð aðgerð felur í sér, þ.e. að setja reglur með sameiginlegum þáttum sem gilda á fjölþjóðlegum vettvangi, og auðveldara er að ná markmiðinu á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og vegna áhrifa hennar, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, eins og segir í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki framar en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.

16) Hvetja skal aðildarríkin, í samræmi við 34. gr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([10]), til að semja fyrir sig og í þágu Bandalagsins sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Gildissvið**

Þessi tilskipun gildir um samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð, sem eru stofnuð í samræmi við lög aðildarríkis og eru með skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð í Bandalaginu, að því tilskildu að a.m.k. tvö þeirra heyri undir lög mismunandi aðildarríkja (hér á eftir nefndur samruni yfir landamæri).

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „félag með takmarkaðri ábyrgð“, hér á eftir nefnt „félag“:

   a) félag, eins og um getur í 1. gr. tilskipunar 68/151/EBE ([11]), eða

   b) félag með hlutafé og með réttarstöðu lögaðila sem á sérstakar eignir sem einar og sér duga til greiðslu skulda þess og er háð skilyrðum innlendra laga að því er varðar ábyrgðir, sem kveðið er á um í tilskipun 68/151/EBE, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra,

2. „samruni“: framkvæmd þar sem:

   a) eitt eða fleiri félög yfirfæra við félagsslit, án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, allar eignir sínar og skuldir til annars félags, yfirtökufélagsins, í skiptum fyrir útgáfu verðbréfa eða hlutabréfa til félagsmanna sinna, sem nemur hlutafé hins félagsins, og greiðslu í handbæru fé, ef við á, sem nemur ekki meira en 10% af nafnvirðinu eða, sé nafnvirði ekki

([8]) Stjtíð. EB L 294, 10.11.2001, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 885/2004 (Stjtíð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 1).

([9]) Stjtíð. EB L 294, 10.11.2001, bls. 22.

([10]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

([11]) Fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

tilgreint, af bókfærðu verði þessara verðbréfa eða hlutabréfa eða

b) tvö eða fleiri félög yfirfæra við félagsslit, án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, allar eignir sínar og skuldir til félags sem þau mynda, yfirtökufélagsins, í skiptum fyrir útgáfu verðbréfa eða hlutabréfa til félagsmanna sinna, sem nemur hlutafé nýja félagsins, og greiðslu í handbæru fé, ef við á, sem nemur ekki meira en 10% af nafnvirðinu eða, sé nafnvirði ekki tilgreint, af bókfærðu verði þessara verðbréfa eða hlutabréfa eða

c) félag yfirfærir við félagsslit, án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, allar eignir sínar og skuldir til félagsins sem á öll verðbréfin eða hlutabréfin sem nemur hlutafé þess.

*3. gr.*

**Frekari ákvæði varðandi gildissviðið**

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal þessi tilskipun einnig gilda um samruna yfir landamæri þar sem lög, a.m.k. eins hlutaðeigandi aðildarríkis, heimila greiðslu í handbæru fé, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 2. gr., sem nemur meira en 10% af nafnvirðinu eða, sé nafnvirði ekki tilgreint, af bókfærðu verði verðbréfa eða hlutabréfa sem nemur hlutafé félagsins sem verður til við samrunann.

2. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að þessi tilskipun gildi ekki um samruna yfir landamæri með þátttöku samvinnufélags jafnvel þótt samvinnufélagið falli undir skilgreininguna „félag með takmarkaðri ábyrgð" sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um samruna yfir landamæri með þátttöku félags sem hefur að markmiði sameiginlega fjárfestingu fjármagns, sem almenningur hefur lagt fram, sem starfar á grundvelli meginreglunnar um áhættudreifingu og hlutir í því eru beint eða óbeint endurkeyptir eða innleystir, að ósk eigenda, af eignum þessa félags. Aðgerðir, sem slíkt félag grípur til í því skyni að tryggja að verð hluta þess í kauphöll sé ekki verulega frábrugðið verðmæti hreinnar eignar þess, telst jafngilda slíkum endurkaupum eða innlausnum.

*4. gr.*

**Skilyrði varðandi samruna yfir landamæri**

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari tilskipun,

a) skal samruni yfir landamæri einungis vera mögulegur milli þeirra gerða félaga sem er heimilt samkvæmt landslögum hlutaðeigandi aðildarríkja að sameinast, og

b) skal félag, sem tekur þátt í samruna yfir landamæri, lúta ákvæðum og formsatriðum landslaga sem það heyrir undir. Lög aðildarríkis, sem gera innlendum yfirvöldum kleift að mótmæla tilteknum innri samruna af ástæðum er varða hagsmuni almennings, skulu einnig gilda um samruna yfir landamæri ef a.m.k. eitt samrunafélaganna heyrir undir lög þess aðildarríkis. Þetta ákvæði gildir ekki þegar 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 gildir.

2. Ákvæði og formsatriði, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu einkum taka til ákvarðanatöku varðandi samrunann og, með hliðsjón af því að samruninn nær yfir landamæri, til verndar lánardrottnum samrunafélaganna, eigendum verðbréfa og hlutabréfa, auk starfsmanna að því er varðar önnur réttindi en þau sem falla undir 16. gr. Aðildarríki er heimilt, að því er varðar félög sem taka þátt í samruna yfir landamæri og lúta lögum þess, að samþykkja ákvæði í því skyni að vernda með viðeigandi hætti minnihluta félagsmanna sem leggst gegn samruna yfir landamæri.

*5. gr.*

**Sameiginlegar samrunaáætlanir**

Framkvæmdastjórn eða stjórn sérhvers samrunafélaganna skal semja sameiginlega áætlun um samruna yfir landamæri. Í sameiginlegu áætluninni um samruna yfir landamæri skulu vera a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) form, heiti og skráð skrifstofa samrunafélaganna og félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,

b) skiptihlutfall verðbréfa eða hlutabréfa, sem nemur hlutafé félagsins, ásamt greiðslufjárhæð í handbæru fé,

c) skilmálar varðandi úthlutun verðbréfa eða hlutabréfa sem nemur hlutafé félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,

d) líkleg áhrif samruna yfir landamæri á atvinnumál starfsmanna,

e) frá hvaða degi réttur eigenda slíkra verðbréfa og hlutabréfa, sem nemur hlutafé félagsins, til hlutdeildar í hagnaði myndast og sérstök skilyrði sem hafa áhrif á þann rétt,

f) frá hvaða degi viðskipti samrunafélaganna skuli fá bókhaldsmeðferð sem viðskipti félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,

g) hvaða réttindi félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, veitir félagsmönnum sem njóta sérstakra réttinda eða eigendum annarra verðbréfa en hlutabréfa sem nemur hlutafé félagsins eða hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar í því sambandi,

h) hvaða sérstöku kjör, ef um slíkt er að ræða, bjóðast þeim sérfræðingum sem skoða samrunaáætlunina um samrunann yfir landamæri eða fulltrúum í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn samrunafélaganna,

i) samþykktir félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,

j) upplýsingar um málsmeðferð, eftir því sem við á, þegar ákvarðað er fyrirkomulag, skv. 16. gr., um aðild starfsmanna í skilgreiningu á réttindum þeirra til þátttöku í félaginu, sem verður til við samruna yfir landamæri,

k) upplýsingar um mat á eignum og skuldum sem eru yfirfærðar til félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,

l) dagsetningar reikninga félagsins, sem voru notaðir til að ákvarða skilyrði fyrir samruna yfir landamæri.

*6. gr.*

**Birting**

1. Birta skal sameiginlegu samrunaáætlunina með þeim hætti sem er lýst í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE fyrir hvert samrunafélag, a.m.k. einum mánuði fyrir hluthafafund sem skal ákvarða þar að lútandi.

2. Að því er varðar hvert og eitt af samrunafélögunum og með fyrirvara um viðbótarkröfur af hálfu aðildarríkisins sem fer með lögsögu í málefnum hlutaðeigandi félags skal birta upplýsingar um eftirfarandi í lögbirtingablaði þess aðildarríkis:

a) tegund, heiti og skráða skrifstofu hvers samrunafélags,

b) skrána þar sem skjölin, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, eru skráð fyrir hvert samrunafélaganna og númer hverrar færslu í þeirri skrá,

c) upplýsingar, fyrir hvert samrunafélag, um fyrirkomulag sem gengið er frá til að lánardrottnar og sérhver minnihluta hluthafi samrunafélagsins geti neytt réttar síns og heimilisfang þar sem hægt er að nálgast fullnægjandi upplýsingar um þetta fyrirkomulag án endurgjalds.

*7. gr.*

**Skýrsla framkvæmdastjórnar eða stjórnar**

Framkvæmdastjórn eða stjórn hvers samrunafélags skal semja skýrslu til handa félagsmönnum þar sem lagalegir og fjárhagslegir þættir samrunans yfir landamæri eru skýrðir og rökstuddir og einnig áhrif samrunans yfir landamæri á félagsmenn, lánardrottna og starfsmenn.

Félagsmenn og fulltrúar starfsmanna eða starfsmennirnir sjálfir, ef engir slíkir fulltrúar eru fyrir hendi, skulu fá aðgang að skýrslunni eigi síðar en einum mánuði fyrir þann dag er hluthafafundurinn, sem um getur í 9. gr., er haldinn.

Ef framkvæmdastjórn eða stjórn einhvers af samrunafélögunum fær, tímanlega, álit frá fulltrúum starfsmanna sinna, sem kveðið er á um í innlendum lögum, skal bæta því áliti við skýrsluna.

*8. gr.*

**Óháð sérfræðingsskýrsla**

1. Semja skal óháða sérfræðingsskýrslu fyrir hvert samrunafélag til handa félagsmönnum og skal hún gerð aðgengileg eigi síðar en einum mánuði áður en hluthafafundurinn, sem um getur í 9. gr., er haldinn. Slíkir sérfræðingar geta verið einstaklingar eða lögaðilar, í samræmi við lög hvers aðildarríkis.

2. Í stað þess að sérfræðingar starfi fyrir hönd hvers samrunafélags er einum eða fleiri óháðum sérfræðingum, sem dómsmálayfirvald eða stjórnvald tilnefnir, eftir sameiginlega beiðni frá félögunum, í aðildarríkinu þar sem eitt af samrunafélögunum eða félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri eða samþykkt af slíku yfirvaldi, er skráð, heimilt að kanna sameiginlegu samrunaáætlunina og semja eina skriflega skýrslu fyrir alla félagsmenn.

3. Í sérfræðingsskýrslunni skulu a.m.k. vera þær upplýsingar sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 78/855/EBE frá 9. október 1978 um samruna almenningshlutafélaga ([12]). Sérfræðingarnir

([12]) Stjtíð. EB L 295, 20.10.1978, p. 36. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

skulu hafa rétt til að fá allar þær upplýsingar frá hverju samrunafélagi sem þeir telja nauðsynlegar til að gegna skyldustörfum sínum.

4. Ef allir félagsmenn hvers félags, sem tekur þátt í samruna yfir landamæri, hafa gefið samþykki sitt þar að lútandi skal hvorki krefjast könnunar óháðra sérfræðinga á sameiginlegu samrunaáætluninni né sérfræðingsskýrslu.

*9. gr.*

**Samþykki hluthafafundar**

1. Hluthafafundur hvers samrunafélags skal, taka ákvörðun um samþykkt sameiginlegrar samrunaáætlunar með hliðsjón af skýrslunum, sem um getur í 7. og 8. gr.

2. Hluthafafundur hvers samrunafélags getur áskilið sér rétt til að binda framkvæmd samruna yfir landamæri því skilyrði að fyrirkomulag, sem ákveðið er um þátttöku starfsmanna í félaginu sem verður til við samrunann, verði staðfest með skýlausum hætti.

3. Ekki er nauðsynlegt að í lögum aðildarríkis sé krafist samþykkis hluthafafundar yfirtökufélagsins um samrunann ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 8. gr. tilskipunar 78/855/EBE, eru uppfyllt.

*10. gr.*

**Vottorð fyrir samruna**

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna dómstól, lögbókanda eða annað þar til bært yfirvald til að athuga gaumgæfilega lögmæti samruna yfir landamæri að því er varðar þann þátt málsmeðferðarinnar sem snertir samrunafélögin sem heyra undir innlend lög.

2. Í hverju hlutaðeigandi aðildarríki skal yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., tafarlaust veita hverju samrunafélagi, sem heyrir undir innlend lög ríkisins, vottorð til endanlegrar staðfestingar á því að lokið sé öllum viðeigandi gerningum og formsatriðum fyrir samrunann.

3. Ef kveðið er á um málsmeðferð í lögum aðildarríkis, sem samrunafélag heyrir undir, um hvernig standa beri að athugun og breytingum á skiptihlutfalli verðbréfa eða hlutabréfa eða um jöfnunargreiðslur til minnihluta hluthafa, án þess að komið sé í veg fyrir skráningu samruna yfir landamæri, skal því aðeins beita slíkri málsmeðferð að hin samrunafélögin í aðildarríkjum, þar sem ekki er kveðið á um slíka málsmeðferð, staðfesti ótvírætt, þegar þau samþykkja samrunaáætlunina í samræmi við 1. mgr. 9. gr., að þau séu því samþykk að hluthafar þess samrunafélags geti nýtt sér slíka málsmeðferð, sem skal höfða fyrir þeim dómstóli sem hefur lögsögu yfir því samrunafélagi. Í slíkum tilvikum getur yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., gefið út vottorðið, sem um getur í 2. mgr., jafnvel þótt slík málsmeðferð sé hafin. Í vottorðinu skal þó koma fram að málsmeðferðinni sé ekki lokið. Ákvörðun sú, sem er niðurstaða málsmeðferðarinnar, skal vera bindandi fyrir félagið sem verður til við samruna yfir landamærin og alla félagsmenn þess.

*11. gr.*

**Athugun á lögmæti samruna yfir landamæri**

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna dómstól, lögbókanda eða annað þar til bært yfirvald til að athuga gaumgæfilega lögmæti samruna yfir landamæri að því er varðar þann þátt málsmeðferðarinnar sem snertir framkvæmd samrunans og, þar sem við á, stofnun nýs félags sem verður til við samruna yfir landamæri þar sem félagið heyrir undir innlend lög. Framangreint yfirvald skal einkum tryggja að samrunafélögin hafi samþykkt samrunaáætlunina með sama orðalagi og, ef við á, að fyrirkomulag að því er varðar þátttöku starfsmanna hafi verið ákvarðað í samræmi við 16. gr.

2. Í því skyni skal hvert samrunafélag senda yfirvaldinu, sem um getur í 1. mgr., vottorðið, sem um getur í 2. mgr. 10. gr., innan sex mánaða frá útgáfu þess ásamt sameiginlegu samrunaáætluninni sem hefur verið samþykkt á hluthafafundi, sem um getur í 9. gr.

*12. gr.*

**Gildistaka samruna yfir landamæri**

Lög aðildarríkisins sem hefur lögsögu yfir félaginu, sem verður til við samruna yfir landamæri, skal ákvarða hvaða dag samruninn tekur gildi. Sá dagur skal vera eftir að gaumgæfileg athugun, sem um getur í 11. gr., hefur farið fram.

*13. gr.*

**Skráning**

Lög hvers aðildarríkis sem hafði lögsögu yfir samrunafélögunum, skulu ákvarða, m.t.t. yfirráðasvæðis hvers aðildarríkis, fyrirkomulagið, í samræmi við 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, um birtingu tilkynningar um samruna yfir landamæri í opinberu skránni þar sem hverju félagi er skylt að leggja inn skjöl. Skráningarskrifstofan, þar sem félagið, sem verður til við samrunann yfir landamæri, er skráð, skal tafarlaust tilkynna skrifstofunni þar sem hvert félaganna var

skylt að leggja inn skjöl um að samruni yfir landamæri hafi tekið gildi. Afskrá skal félagið úr fyrri skránni, ef við á, þegar framangreind tilkynning hefur borist en eigi fyrr.

*14. gr.*

**Afleiðingar samruna yfir landamæri**

1. Samruni yfir landamæri sem fer fram eins og mælt er fyrir um í a- og c-lið 2. mgr. 2. gr. skal, frá þeim degi sem um getur í 12. gr., hafa í för með sér eftirfarandi:

a) allar eignir og skuldir félagsins, sem tekið er yfir, færast til yfirtökufélagsins,

b) félagsmenn félagsins, sem tekið er yfir, verða félagsmenn í yfirtökufélaginu,

c) félagið, sem tekið er yfir, hættir að vera til.

2. Samruni yfir landamæri, sem fer fram eins og mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 2. gr., skal, frá þeim degi, sem um getur í 12. gr., hafa í för með sér eftirfarandi:

a) allar eignir og skuldir samrunafélaganna færast til nýja félagsins,

b) félagsmenn samrunafélaganna verða félagsmenn nýja félagsins,

c) samrunafélögin hætta að vera til.

3. Ef þess er krafist samkvæmt lögum aðildarríkjanna við samruna félaga, sem falla undir þessa tilskipun, yfir landamæri, að sérstökum formsatriðum sé lokið áður en yfirfærsla tiltekinna eigna, réttinda og skuldbindinga samrunafélanna tekur gildi gagnvart þriðja aðila, skal félagið sem verður til við samruna yfir landamæri annast framkvæmd þessara formsatriða.

4. Réttindi og skyldur samrunafélaganna, sem af ráðningarsamningum eða -samböndum leiðir og eru fyrir hendi þann dag er samruni yfir landamæri tekur gildi, skulu, vegna gildistöku samrunans, færast yfir til félagsins, sem verður til við samruna yfir landamæri, á þeim degi sem samruninn tekur gildi.

5. Ekki skal skipta neinum hlutabréfum í yfirtökufélaginu fyrir hlutabréf í félaginu sem tekið er yfir, hvorki:

a) af hálfu yfirtökufélagsins sjálfs né einstaklings sem starfar í eigin nafni en er á vegum fyrirtækisins,

b) af hálfu félagsins, sem tekið er yfir, né einstaklings sem starfar í eigin nafni en er á vegum fyrirtækisins,

*15. gr.*

**Einfölduð formsatriði**

1. Í þeim tilvikum að samruni með yfirtöku verður fyrir tilverknað félags sem á öll hlutabréfin og önnur verðbréf sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum í félaginu eða félögunum sem tekin eru yfir:

– skulu ákvæði b-, c- og e-liðar 5. gr., 8. gr. og b-liður 1. mgr. 14. gr. ekki gilda,

– skal 1. mgr. 9. gr. ekki gilda um félagið eða félögin sem tekin eru yfir.

2. Í þeim tilvikum að samruni yfir landamæri verði fyrir tilverknað félags, sem á minnst 90% hlutabréfa en ekki öll hlutabréfin og önnur verðbréf, sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum félagsins eða félaganna, sem tekin eru yfir, skal einungis gera kröfu um skýrslur frá óháðum sérfræðingi eða sérfræðingum og skjöl sem nauðsynleg eru til að athuga gaumgæfilega lögmæti samrunans, að því marki sem kveðið er á um slíkt í landslögum sem yfirtökufélagið eða félagið, sem tekið er yfir, heyrir undir.

*16. gr.*

**Þátttaka starfsmanna**

1. Með fyrirvara um 2. mgr skulu gildandi reglur um þátttöku starfsmanna, ef einhverjar eru, í aðildarríkinu þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, hefur skráða skrifstofu, gilda um félagið.

2. Hins vegar skulu gildandi reglur um þátttöku starfsmanna, ef einhverjar eru, í aðildarríkinu þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, hefur skráða skrifstofu, ekki gilda ef meðalfjöldi starfsmanna í a.m.k. einu af samrunafélögunum var yfir 500 á síðustu sex mánuðum fyrir birtingu áætlunar um samruna yfir landamæri, sem um getur í 6. gr., þar reglur gilda um þátttökurétt starfsmanna í skilningi k-liðar 2. gr. tilskipunar 2001/86/EB eða ef innlend lög, sem gilda um félagið, sem verður til við samrunann, kveða ekki á um:

a) a.m.k. sömu réttindi starfsmanna til þátttöku og í hlutaðeigandi samrunafélögum, sem miðast við hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn eða nefndum þeirra eða í framkvæmdastjórninni, sem afkomustöðvar félagsins heyra undir, sem þátttaka starfsmanna tekur til, eða

b) sama rétt starfsmanna fyrirtækja félagsins, sem verður til við samruna yfir landamæri og er staðsett í öðru aðildarríki, til að nýta þátttökuréttinn og þeir starfsmenn hafa sem starfa í aðildarríkinu þar sem félagið, sem verður til við samrunann, er með skráða skrifstofu.

3. Í þeim tilvikum, sem um getur í 2. mgr., skulu aðildarríkin setja reglur um þátttöku starfsmanna í félaginu sem verður til við samruna yfir landamæri og aðild starfsmanna í skilgreiningunni á þessum réttindum, að breyttu breytanda og með fyrirvara um 4. til 7. mgr hér á eftir, í samræmi við meginreglur og málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2., 3., og 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 2157/2001 og eftirfarandi ákvæði tilskipunar 2001/86/EB:

a) ákvæði 1., 2., og 3. mgr., fyrsta undirliðar fyrstu undirgreinar og annarrar undirgreinar 4. mgr., 5. og 7. mgr. 3. gr.,

b) ákvæði 1. mgr., a-, g- og h-liðar 2. mgr. og 3. mgr. 4. gr.,

c) ákvæði 5. gr.,

d) ákvæði 6. gr.,

e) ákvæði 1. mgr., b-liðar fyrstu undirgreinar og annarrar undirgreinar 2. mgr. og 3. mgr. 7. gr., Að því er varðar þessa tilskipun skal þó hækka hlutfallið, sem mælt er fyrir um í b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2001/86/EB að því er varðar beitingu almennu reglnanna í 3. hluta viðaukans við þá tilskipun, úr 25 í 33⅓%,

f) ákvæði 8., 10. og 12. gr.,

g) ákvæði 4. mgr. 13. gr.,

h) ákvæði b-liðar, 3. hluta viðaukans.

4. Við setningu meginreglna og verkreglna sem um getur í 3. mgr.:

a) skulu aðildarríkin veita viðkomandi stofnunum samrunafélaganna rétt til að velja um, án þess að samningaviðræður hafi áður farið fram, hvort þær heyri beint undir almennar reglur um þátttöku sem um getur í h-lið 3. mgr., eins og mælt er fyrir um í löggjöf aðildarríkisins þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, mun hafa skráða skrifstofu, og að hlíta þessum reglum frá dagsetningu skráningar,

b) skulu aðildarríkin veita sérstöku samninganefndinni rétt til að ákveða, með atkvæðum tveimur þriðju hluta félagsmanna og skulu a.m.k. tveir þriðju fulltrúa starfsmanna greiða atkvæði, þ.m.t. atkvæði félagsmanna sem eru fulltrúar starfsmanna í a.m.k. tveimur aðildarríkjum, að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar og bera fyrir sig þær reglur um þátttöku sem eru í gildi í aðildarríkinu þar sem skráð skrifstofa félagsins, sem verður til við samruna yfir landamæri, verður staðsett,

c) er aðildarríkjunum heimilt, í þeim tilvikum þegar samningaviðræður hafa áður farið fram, ef almennar reglur um þátttöku gilda og þrátt fyrir þær reglur, að ákvarða takmörkun á hlutfalli fulltrúa starfsmanna í stjórn félagsins, sem verður til við samruna yfir landamæri. Ef hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn í einu af samrunafyrirtækjunum er a.m.k. einn þriðji má takmörkunin aldrei leiða til þess að hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn verði lægra en einn þriðji.

5. Rýmkun þátttökuréttar þannig að hann nái yfir starfsmenn félagsins, sem verður til við samruna yfir landamæri, sem starfa í öðrum aðildarríkjum, sem um getur í b-lið 2.gr., skal ekki hafa í för með sér neina skuldbindingu fyrir aðildarríki, sem velja þá leið, um að taka tillit til þessarra starfsmanna þegar reiknuð eru viðmiðunarmörk fyrir fjölda starfsmanna sem veita þátttökurétt samkvæmt innlendum lögum.

6. Ef reglur um þátttöku starfsmanna gilda um a.m.k. eitt af samrunafélögunum og félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, fellur undir slíkt kerfi í samræmi við reglurnar, sem um getur í 2. mgr., er skylt að félagið fái lögákveðið rekstrarform sem heimilar að þátttökuréttur sé nýttur.

7. Ef reglur um þátttöku starfsmanna gilda um félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, er því félagi skylt að gera ráðstafanir til að tryggja að þátttökuréttur starfsmanna sé varinn komi til innlends samruna á næstu þremur árum eftir að samruninn yfir landamæri tók gildi, með því að beita, að breyttu breytanda, reglunum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

*17. gr.*

**Gildi**

Ekki er heimilt að lýsa samruna yfir landamæri, sem hefur öðlast gildi eins og kveðið er á um í 12. gr., ógildan.

*18. gr.*

**Endurskoðun**

Fimm árum eftir dagsetninguna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 19. gr., skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa tilskipun í ljósi þeirrar reynslu sem hefur verið aflað við beitingu hennar og leggja til breytingar, ef þörf er á.

*19. gr.*

**Lögleiðing**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. desember 2007.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*20. gr.*

**Gildistaka.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

*21. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 26. október 2005.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| J. BORRELL FONTELLES | D. ALEXANDER |
| *forseti.* | *forseti.* |

## Fylgiskjal II.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (millilandasamruni og millilandaskipting).

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/56/EB frá 26. október 2005 um millilandasamruna félaga með takmarkaðri ábyrgð. Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127 22. september 2006. Markmiðið með tilskipuninni um millilandasamruna er að auka samvinnu á innri markaðinum í Evrópu á grundvelli aðgerðaþjónustu um fjármálaþjónustu og að auðvelda millilandasamruna hlutafélaga og einkahlutafélaga sem lúta löggjöf mismunandi EES-ríkja.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það hafa óverulegan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð sem gert er ráð fyrir að rúmist innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

# 780. Frumvarp til laga [517. mál]

um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson, Hlynur Hallsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „heimild til“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: greiðsluaðlögunar.

2. gr.

Á eftir 3. þætti laganna kemur nýr þáttur, 4. þáttur, **Greiðsluaðlögun**, með tveimur köflum, XI. kafla, **Heimild til greiðsluaðlögunar**, með sjö nýjum greinum, 64.–70. gr., og XII. kafla, **Réttaráhrif greiðsluaðlögunar**, með þremur nýjum greinum, 71.–73. gr., og breytist töluröð annarra þátta, kafla og greina samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

A. (XI. kafli.)

a. (64. gr.)

Einstaklingur sem ekki stundar atvinnurekstur í eigin nafni getur, að uppfylltum skilyrðum 3. mgr., átt rétt á að leita eftir greiðsluaðlögun til allt að fimm ára.

Í 11. gr. laga nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, kemur fram að um sjúkraþjálfara gildi eftir því sem við getur átt reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra er lækningaleyfi hafa. Sambærilegt gildir um iðjuþjálfa samkvæmt lögum um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, og þroskaþjálfa samkvæmt lögum um þroskaþjálfa, nr. 18/1978.

Í 8. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984, kemur einnig fram að um ljósmæður gildi eftir því sem við getur átt reglur læknalaga.

Þar sem ekki eru sérstakar takmarkanir á auglýsingum þessara stétta í sérlögum mundi brottfelling 17. gr. læknalaga, nr. 53/1988, einnig ná til þeirra. Sama má segja um aðrar heilbrigðisstéttir sem hafa svipaða skírskotun til læknalaga.

Auglýsingar sjúkraliða eru hins vegar hvorki bannaðar samkvæmt lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984, né í siðareglum sjúkraliða. Sama er að segja um sálfræðinga samkvæmt lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976. Hins vegar er í lið 3.2 í siðareglum sálfræðinga að finna athugasemdir varðandi upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingar sálfræðinga til almennings eiga m.a. að innihalda upplýsingar um siðferðilegar skyldur sálfræðinga.

**Auglýsingar heilbrigðisstofnana.**

Í 23. gr. læknalaga, nr. 53/1988, er að finna bann við auglýsingum sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana umfram nafn og stað.

Framangreindar röksemdir um afnám auglýsingabanns eiga hins vegar einnig við um sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir. Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir bjóða margs konar þjónustu sem aðrar heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisfyrirtæki og almenningur kaupa. Í því sambandi má minnast á aukinn áhuga og getu íslenskra heilbrigðisstofnana til að sinna útlendingum á sérhæfðu sviði heilbrigðisþjónustunnar. Upplýsingar og auglýsingar um viðkomandi þjónustu og starfsemi eru því að mati flutningsmanns fullkomlega eðlilegar.

**Frjálslegri lagasetning í nágrannaríkjum.**

Í nágrannaríkjum er lagasetning um auglýsingar heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana mun frjálslegri en hér á landi. Auglýsingar heilbrigðisstétta eru heimilaðar í Svíþjóð, Noregi og í Danmörku en þó er að sums staðar að finna takmarkanir á auglýsingum í ákveðnum miðlum, svo sem sjónvarpi og kvikmyndum.

Í kjölfar tilskipunar Evrópusambandsins 2000/31/EB hefur fastanefnd evrópskra lækna (CPME) samþykkt leiðbeiningar um góða starfshætti við markaðssetningu og kynningu á faglegri heilbrigðisþjónustu um netið. Þar kemur m.a. fram að þeir læknar sem gefa út upplýsingar um þjónustu sína á netinu skuli tryggja að upplýsingar séu réttar og sannanlegar og í samræmi við leiðbeiningar um góða starfshætti.

Áhersla er lögð á það að öll markaðssetning læknisþjónustu verði að vera nákvæm hvað innihald varðar, viðeigandi í framsetningu og í samræmi við reglur hjá viðkomandi þjóð. Markmiðið er m.a. að koma skipulagi á markaðssetningu lækna í samræmi við góða starfshætti og tryggja að viðeigandi upplýsingar berist til almennings og auki öryggi lækna.

Með lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, voru gerðar breytingar vegna skuldbindinga EES-samningsins í þá átt að afnumdar voru tálmanir lækna og tannlækna til að geta nýtt sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar. Tekið var út úr læknalögum og tannlæknalögum að lækni eða tannlækni væri einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta mátti í hæsta lagi þrisvar þegar hann hæfi störf eða breyting yrði á aðsetri eða viðtalstíma.

**Auglýsingar heilbrigðisstétta þurfa að uppfylla lög.**

Rétt er að taka fram að verði lögunum breytt í þá átt sem flutningsmaður mælist til verða auglýsingar þessara aðila að sjálfsögðu bundnar almennum reglum samkeppnislaga, nr. 44/2005, og laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005, sem koma nú þegar m.a. í veg fyrir að rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar birtist í auglýsingum.

Samkvæmt lögum verður auglýsandi að geta staðið við þær fullyrðingar sem koma fram í auglýsingunni og eru nú þegar takmarkanir í lögum um svokallaðar samanburðarauglýsingar. Upplýsingar í viðkomandi auglýsingum þurfa því að vera réttar, ábyrgar og málefnalegar og í lögum er að finna margs konar önnur skilyrði og kröfur til auglýsinga. Samkeppnisyfirvöld munu því hafa ríkt eftirlitshlutverk með framkvæmd viðkomandi auglýsinga.

Flutningsmaður telur einnig að fullkomlega sé hægt að treysta heilbrigðisstéttum til að standa faglega að upplýsingagjöf sinni svo að sómi sé að og siðareglur virtar.

**Takmarkanir í siðareglum verða enn við lýði.**

Áhersla er lögð á að heilbrigðisstarfsmenn verða sem fyrr bundnir af siðareglum sínum sem m.a. setja þeim ýmis skilyrði. Má þar nefna 18. gr. siðareglna lækna en þar segir að læknir megi ekki gefa fyrirheit um undralækningar né heldur gefa í skyn að honum séu kunn lyf eða lækningaaðferðir sem ekki séu á vitorði lækna almennt. Læknir skuli og forðast ummæli sem geti skapað óþarfan eða óréttlætanlegan ótta við sjúkdóma eða órökstudda vantrú á læknisstarfi.

Samkvæmt 20. gr. siðareglnanna má læknir síðan ekki leyfa notkun á nafni sínu, aðstöðu eða lærdómstitli í auglýsingum um lyf, sjúkravörur eða neinn þann varning sem talinn er lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni. Ummæli um lyf eða sjúkravörur í faglegu sambandi, greinum eða fyrirlestrum, teljast ekki til auglýsinga, enda sé þar ekki ágóðavon.

Þessar kröfur til lækna samkvæmt siðareglum þeirra gera það að verkum að mati flutningsmanns að ekki er hætta að læknar séu „keyptir" með einhverjum hætti, t.d. af lyfjaframleiðendum til að auglýsa vörur þeirra. Lagabreytingin lyti einungis að því að heimila læknum og öðrum heilbrigðisstéttum ásamt heilbrigðisstofnunum að auglýsa starfsemi sína.

Í þessu sambandi má einnig minna á 29. gr. siðareglna lækna þar sem lækni er gert skylt að auðsýna öðrum læknum drengskap og háttvísi jafnt í viðtali sem umtali, ráðum sem gerðum og hann skal forðast að kasta rýrð á þekkingu eða störf annarra lækna. Lækni er ósæmandi að eiga þátt í eða stuðla að ráðstöfunum sem leitt geta til skerðingar á atvinnuöryggi annars læknis. Telji læknir að ástæða sé til íhlutunar vegna brots á siðareglum þessum eða vanhæfni læknis í starfi skal hann snúa sér til landlæknis og stjórnar viðkomandi svæðafélags Læknafélags Íslands. Svipað ákvæði er í siðareglum tannlækna.

Í 17. gr. siðareglna lækna segir að læknir megi auglýsa starfsemi sína að því marki sem landslög leyfa. Siðareglur lækna koma því ekki í veg fyrir auglýsingar lækna þótt þar megi finna takmarkanir á þeim. Við brottfall 17. gr. læknalaga sem hér er lagt til opnast hins vegar fyrir auglýsingar þeirra heilbrigðisstétta sem vísa til læknalaga í sérlögum sínum eða siðareglum.

Séu takmarkanir hins vegar á auglýsingum í siðareglum ákveðinna heilbrigðisstétta, eins og í tilviki Tannlæknafélags Íslands, sem með beinum hætti byggjast á umræddu lagaákvæði sem þarf að fella brott, mælist flutningsmaður til að viðkomandi fagfélag endurskoði þann hluta siðareglnanna.

Flutningsmaður vill einnig hvetja fagfélög heilbrigðisstétta til að endurskoða þær siðareglur sem takmarka um of rétt félagsmanna til upplýsingagjafar, tjáningar og auglýsinga til almennings. Þó er alveg sjálfsagt að fagfélög viðkomandi heilbrigðisstétta meti hvort þörf sé á íþyngjandi takmörkunum á þessum rétti félagsmanna sinna með hliðsjón af siðferði og tilhlýðilegri hegðun stéttarinnar. Siðareglur viðkomandi stétta leggja því margs konar skyldur á viðkomandi einstaklinga sem tryggja að auglýsingar séu sem eðlilegastar og sanngjarnastar.

**Auglýsingar lögmanna.**

Sé litið til regluumhverfis lögmanna til samanburðar kemur í ljós að í lögum um lögmenn, nr. 77/1998, er ekki að finna ákvæði um bann við auglýsingum. Hins vegar kemur fram í 1. mgr. 42. gr. siðareglna Lögmannafélags Íslands að lögmaður megi auglýsa og kynna þjónustu sína svo sem samrýmist góðum lögmannsháttum. Fjallað er um góða lögmannshætti í I. kafla siðareglnanna, en þar er fjallað á fremur almennum nótum um að lögmanni beri að efla rétt

og hindra órétt, að lögmaður skuli vera óháður í störfum sínum, að lögmanni beri að virða óskir skjólstæðings síns um að ekki sé fjallað um mál hans á opinberum vettvangi o.s.frv.

Í 2. mgr. 42. gr. siðareglna lögmanna kemur auk þess fram að lögmanni sé óheimilt að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti, svo og að afla sér viðskipta með öðrum aðferðum sem séu sama marki brenndar. Lögmenn hafa því rétt á að auglýsa þjónustu sína og starfsemi bæði samkvæmt lögum og samkvæmt siðareglum Lögmannafélags Íslands sem þeir eru félagsskyldir að.

**Breytingar á 17. gr. læknalaga um auglýsingar lækna.**

Til ná fram markmiðinu um afnám takmarkana á upplýsingagjöf heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana þarf að huga að nokkrum lagabreytingum.

Í 17. gr. læknalaga, nr. 53/1988, sem yrði að fella brott, segir í 1. mgr. að lækni sé einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.

Skv. 2. mgr. 17. gr. ber læknum og stéttarfélögum þeirra að sporna við því að fjallað sé í auglýsingastíl um lækna og störf þeirra í fjölmiðlum. Á sama hátt ber þeim að vinna á móti því að eftir þeim séu höfð ummæli og viðtöl í fjölmiðlum í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber viðkomandi lækni eða stéttarfélagi hans jafnskjótt að leiðrétta það sem kann að vera ofmælt. Öðrum en læknum er bannað að auglýsa starfsemi þeirra eða stuðla að því á annan hátt að sjúklingar leiti til ákveðins eða ákveðinna lækna.

Ákvæði 1. mgr. 17. gr. laganna var breytt með 24. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Því voru lagðar til breytingar árið 2002 á læknalögunum þannig að þau leggðu ekki tálmanir við að læknar nýttu sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar. Þessi lagabreyting var gerð vegna tilskipunar 2000/31/EB frá 8. júní 2000.

Ákvæðið var áður m.a. þannig að lækni var einungis heimilt að auglýsa starfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta mátti í hæsta lagi þrisvar sinnum þegar hann hefði störf eða breyting yrði á aðsetri eða viðtalstíma. Markmið breytingarinnar var að ekki skyldi leggja tálmanir við því að læknar nýttu sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar eins og segir í athugasemdum þess frumvarps. En til að heimila læknum að auglýsa læknastarfsemi sína þyrfti að fella brott 17. gr. læknalaga, nr. 53/1988 eins og áður hefur verið fjallað um.

**Breytingar á 23. gr. læknalaga um auglýsingar heilbrigðisstofnana.**

Með sömu röksemdum og reifaðar eru hér að framan þyrfti að fella brott 2. mgr. 23. gr. læknalaga, nr. 53/1988, en í ákvæðinu segir að bannaðar séu auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað. 3. mgr. 23. gr. laganna hljóðar þannig að auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum sem gefin eru út fyrir heilbrigðisstéttir. Þetta er undantekningarregla frá 2. mgr. sömu lagagreinar. En ef 2. mgr. yrði felld brott væri óþarfi að minnast á sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir í undantekningarreglu 3. mgr.

**Breytingar á 11. gr. tannlæknalaga.**

Eins og áður hefur komið fram gildir hið sama um tannlækna og um lækna þegar kemur að réttinum til auglýsinga. Hins vegar er ekki gengið eins langt í tannlæknalögum og í læknalögum þar sem ekki er óheimilt að stuðla að því að sjúklingur leiti til tiltekins tannlæknis.

Flutningsmaður telur sömu röksemdir vera fyrir afnámi auglýsingabanns tannlækna og fyrir afnámi á auglýsingabanni hjá læknum. Reyndar eru ríkari röksemdir fyrir rétti tannlækna til auglýsinga þar sem gjaldskrá þeirra er frjáls og samkeppni ríkir í þjónustu þeirra. Það eru því ríkir almannahagsmunir að almenningur geti fengið upplýsingar um hvar sé að finna bestu og hagkvæmustu þjónustuna.

Því þarf að huga að breytingum á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985. Fella þyrfti brott 11. gr. laganna en þar segir að tannlæknum séu óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausum auglýsingum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið, sbr. 11. gr.

Í 9. gr. laga Tannlæknafélags Íslands er að finna reglu þess efnis að félagið samþykki siðareglur (codex ethicus) fyrir stéttina og er hver félagsmaður skyldur til að fylgja ákvæðum þeirra. Reglan um bann við auglýsingum er svo útfærð nánar í siðareglunum í kafla sem ber yfirskriftina reglur um auglýsingar í handbók félagsins.

Hið sama gildir um lög um tannlækningar og læknalög, þ.e. að þeim var breytt með lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti, en lögum um tannlækningar var breytt með 25. gr. þeirra. Ákvæðið var m.a. áður þannig að við opnun tannlæknastofu mátti auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum sem mest mátti birta þrisvar sinnum. Þetta ákvæði var tekið út og bætt var við að við opnun tannlæknastofu mætti þó auglýsa það með látlausum auglýsingum. Þessi lagabreyting var gerð í þeim tilgangi að ekki væru tálmanir við því að tannlæknar nýttu sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar eins og fram kom í athugasemdum frumvarps til laga um rafræn viðskipti.

**Ríkt samráð við hagsmunaaðila.**

Flutningsmaður leggur ríka áherslu á að við gerð lagafrumvarps hafi heilbrigðisráðherra hafa ríkt samráð við helstu hagsmunaaðila, svo sem Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag íslenskra sjúkraþjálfara, Þroskaþjálfafélag Íslands, Sjúkraliðafélag Íslands, Neytendasamtökin og landlækni. Einnig verði leitast við að hafa samráð við aðra sem láta sig þessi mál varða, svo sem samtök sjúklinga og samkeppnisyfirvöld.

## 782. Svar [469. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

1. *Hvenær má vænta þess að framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla verði kynnt?*

Hinn 15. mars 2003, var samþykkt þingsályktun um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla. Í ályktuninni kemur fram að skipaður verði starfshópur með fulltrúum sjö ráðuneyta og hagsmunasamtaka fatlaðra til að semja framkvæmdaáætlun sem hefur að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af grunnreglum Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra. Starfshópnum var einnig gert að gera kostnaðaráætlun um verkefnið.

Starfshópurinn hefur verið að störfum frá því að hann var skipaður í september 2003 og hefur haft starfsmenn sér til aðstoðar. Starfshópurinn hefur haldið um 30 fundi, auk þess sem undirhópar hans hafa haldið tugi funda.

Við upphaf verkefnisins var ljóst að það yrði umfangsmeira en svo að unnt yrði að ljúka því innan tilgreinds tíma. Það var mat hópsins að vinna þyrfti nákvæma úttekt á stöðu aðgengismála á Íslandi og að til þess þyrfti lengri tíma. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdaáætlunin beri með sér flesta þá verkþætti sem æskilegt er að vinna að til að tryggja aðgengi fyrir alla. Starfshópurinn skipulagði vinnulag sitt þannig að verkefninu yrði skipt í sex verkáfanga.

Um þessar mundir er unnið að fimmta verkáfanga sem felst í ítarlegri áætlun um framkvæmd og útfærslu verkþátta áætlunarinnar. Þar eru sett fram meginmarkmið, starfsmarkmið og leiðir að þeim. Gagnaöflun er að mestu leyti lokið en í henni tók þátt fjöldi fólks sem best þekkir til þeirra mála sem um er fjallað, á annað hundrað manns. Umtalsverð vinna hefur verið lögð í framsetningu áætlunarinnar í því augnamiði að efni hennar verði sem skýrast og það er fyrst og fremst framhald þeirrar vinna sem nú er eftir.

Í sjötta áfanganum er gert ráð fyrir að unnin verði drög að kostnaðaráætlun fyrir verkþætti áætlunarinnar.

Gert er ráð fyrir að drög að framkvæmdaáætluninni liggi fyrir til kynningar á fyrri hluta þessa árs.

2. *Mun framkvæmdaáætlunin ná til fleiri þátta en ferlimála?*

Grunnreglur Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra taka til 22 grunnviðmiðana. Þessi viðmið flokkast í þrjá meginkafla, þ.e forsendur jafnrar þátttöku, þar sem fjallað er um mikilvægi vitundarvakningar, læknisþjónustu, endurhæfingu og stoðþjónustu. Í öðrum kafla sem ber yfirskriftina áherslur um jafna þátttöku er fjallað um aðgengi, menntun, atvinnu, tekjutryggingar og almannatryggingar, fjölskyldulíf og mannlega reisn, menningu, tómstundir, íþróttir og trúariðkanir. Í þriðja kafla er síðan fjallað um hvernig skuli staðið að framkvæmd við jafna þátttöku. Þar er kveðið á um miðlun upplýsinga og rannsóknarstarf, stefnumótun og áætlanir, löggjöf, þjálfun starfsfólks, eftirlit og mat áætlana fyrir fatlaða á landsvísu, tæknilega og efnahagslega samvinnu og alþjóðlega samvinnu. Því mun þessi framkvæmdaáætlun taka til allra þessara þátta og ná til mun fleiri þátta en ferlimála eins og þau hafa oft verið skilgreind manna á meðal, þ.e. ekki einungis til aðgengis að byggingum o.þ.h.

3. *Verður lögð áhersla á hönnun fyrir alla?*

Samkvæmt skilningi starfshópsins tekur hugtakið aðgengi fyrir alla á öllum þeim þáttum er snerta aðgengi að samfélaginu.

4. *Hvenær má vænta lagafrumvarpa og reglugerða sem lúta að aðgengismálum í tengslum við gerð framkvæmdaáætlunarinnar?*

Í lokaskýrslu starfshópsins verður gerð tillaga um breytingar á þeim þáttum er lúta að aðgengi fyrir alla, þar með taldar breytingar á lögum og reglugerðum.

Jafnframt skal þess getið að í félagsmálaráðuneytinu hefur frá haustinu 2004 verið unnið að nýrri stefnu í málefnum fatlaðra. Er þar um mjög ítarlegt og viðamikið verk að ræða sem ber heitið Mótum framtíð – þjónusta við fötluð börn og fullorðna 2007–2016. Það hefur verið til kynningar sem drög á vefsíðu ráðuneytisins undanfarnar vikur eftir formlega kynningu ráðherra 9. nóvember sl. Á undan er gengið umfangsmikið samráðs- og kynningarferli sem náði til hagsmunasamtaka, notenda, starfsfólks í málaflokknum o.fl. Því verður haldið áfram næstu vikur með beinu sambandi við sveitarfélög, samtök þeirra og aðra hagsmunaaðila sem verða hvattir til þess að setja fram ábendingar um stefnudrögin. Með því móti er stefnt að víðtækri sátt um hina nýju stefnu sem gert er ráð fyrir að verði kynnt í endanlegu formi í mars nk. þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum sem berast. Þegar er hafin vinna á vegum ráðuneytisins við útfærslu stefnumiða, þ.e. að framkvæmdaáætlunum á grundvelli þeirra.

Umrædd stefnumótun tengist verkefninu um aðgengi fyrir alla með þeim hætti að hún verður eins konar undirskjal þeirrar framkvæmdaáætlunar sem þar verður um að ræðar. Sett eru fram grundvallarsjónarmið, framtíðarsýn og meginmarkmið í málaflokknum sem síðan eru greind niður í starfsmarkmið og leiðir að þeim. Þar verður því að finna skýra stefnu ráðuneytisins hvað varðar þjónustu við þá sem búa við fötlun, jafnframt því sem lögð er áhersla á samábyrgð þjóðlífssviða sem væntanleg framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla byggist í rauninni á. Það felur í sér – eins og það er orðað í hinni nýju stefnu ráðuneytisins – að málefni fatlaðs fólks varða öll svið þjóðlífsins, jafnt menntamál, atvinnumál, fjármál, samgöngumál, dóms- og kirkjumál, húsnæðismál, heilbrigðis- og tryggingamál, umhverfismál o.s.frv. Þar eru hvorki ríki né sveitarfélög eða stofnanir þeirra undanskildar.

Loks ber að geta stefnu og framkvæmdaáætlunar um átak í búsetu- og stoðþjónustu við geðfatlað fólk á árunum 2006–2010, sem unnar hafa verið á vettvangi ráðuneytisins í náinni samvinnu við heilbrigðisráðuneyti og verða einnig hluti af framkvæmdaáætluninni um aðgengi fyrir alla. Vinna samkvæmt þeirri stefnu og framkvæmdaáætlun hófst árið 2006.

Því má segja að unnið hafi verið að framkvæmdaáætluninni um aðgengi fyrir alla á fleiri en einum vettvangi undanfarin missiri. Óhætt er að fullyrða að þeirri vinnu hafi miðað vel þegar á heildina er litið. Þar hefur hvert verkefnið stutt annað.

## 783. Fyrirspurn [519. mál]

til forsætisráðherra um fátækt barna á Íslandi.

Frá Helga Hjörvar.

Hve stór hluti barna á Íslandi bjó við fátækt árið 2005 samkvæmt skilgreiningu OECD og hve mörg voru þau?

**Skriflegt svar óskast.**

## 784. Fyrirspurn [520. mál]

til umhverfisráðherra um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Frá Katrínu Fjeldsted.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því fyrir lok kjörtímabilsins að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað?

**Skriflegt svar óskast.**

## 785. Svar [410. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um endursölu viðskiptabanka og sparisjóða á eignum sem þeir hafa leyst til sín við nauðungarsölu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er mismunur á innlausnarverði íbúða sem seldar hafa verið á nauðungarsölu til viðskiptabanka og sparisjóða og endursöluverði þeirra á frjálsum markaði síðastliðin tvö ár?*
2. *Hvernig standa bankar og sparisjóðir að endursölu á eignum sem þeir hafa leyst til sín við nauðungarsölu?*
3. *Er eitthvert eftirlit með kostnaði sem viðskiptabankar og sparisjóðir láta ganga til lækkunar á skuld gerðarþola áður en endursöluvirði er greitt til hans við nauðungarsölu eignar?*
4. *Er ástæða til að setja reglur um slíkt?*

1.–2. Upplýsingar um mismun á innlausnar- og endursöluverði íbúða sem seldar hafa verið á nauðungarsölu til viðskiptabanka og sparisjóða síðastliðin tvö ár og upplýsingar um framkvæmd endursölu viðkomandi eigna hjá bönkum og sparisjóðum eru ekki tiltækar í ráðuneytinu.

Ráðuneytið fór þess á leit við Fjármálaeftirlitið að það veitti þær upplýsingar um framangreint sem stofnunin hefði handbærar og teldi sig hafa heimildir til að veita. Í svarbréfi Fjármálaeftirlitsins kemur fram að upplýsingarnar sem óskað sé eftir í fyrirspurninni séu ekki meðal þeirra upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið safni með reglubundnum hætti frá fjármálafyrirtækjum, né heldur sé unnt að lesa þær upplýsingar úr þeim gögnum sem safnað sé með reglubundnum hætti.

Ráðuneytið vill benda á að sýslumönnum er falin framkvæmd nauðungarsölu og uppboða, þ.m.t. úthlutun uppboðsandvirðis til kröfuhafa.

Upplýsingar um endursöluverð framangreindra fasteigna á frjálsum markaði og upplýsingar um framkvæmd banka og sparisjóða við endursölu eigna má hins vegar ætla að liggi eingöngu hjá viðkomandi bönkum og sparisjóðum. Ráðuneytið setti sig í samband við Samtök

fjármálafyrirtækja (SFF) vegna þessa en af hálfu SFF var vísað til bréfs SBV (Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja) til ráðuneytisins frá árinu 2002 vegna fyrirspurnar frá Alþingi. Í bréfinu segir:

„Allar opinberar upplýsingar um félagsrekstur fjármálafyrirtækja sem heyra til Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja eru birtar í ársskýrslum þeirra á hefðbundinn hátt. Þá veita fjármálafyrirtæki reglulega upplýsingar til Fjármálaeftirlits eftir því sem óskað er lögum samkvæmt. Að öðru leyti hvíla ekki upplýsingaskyldur á fjármálafyrirtækjum gagnvart öðrum en hluthöfum sínum.

Þar sem framangreind fyrirspurn beinist að einkamálefnum viðkomandi félaga telja SBV sig ekki í aðstöðu til að verða við beiðni ráðherra. Opinberar upplýsingar um starfsemi þeirra er hins vegar að finna í ársskýrslum þessara fyrirtækja, eins og fyrr segir, auk þess sem Seðlabanki Íslands birtir reglulega almennar upplýsingar í Peningamálum um reikninga bankakerfisins.“

3. Ekki er haft sérstakt eftirlit með kostnaði af þessu tagi. Fjármálaeftirlitið sinnir heildstæðu eftirliti með starfsemi og starfsháttum fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið getur tekið mál til athugunar að eigin frumkvæði auk þess sem viðskiptavinir banka og sparisjóða geta leitað til Fjármálaeftirlitsins, úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og Neytendastofu vanti þá aðstoð eða upplýsingar vegna starfshátta fjármálafyrirtækja.

4. Að svo stöddu telur ráðuneytið ekki ástæðu til að setja sérstakar reglur um eftirlit af þessu tagi. Fjármálafyrirtæki eru undir beinu eftirliti Fjármálaeftirlitsins auk þess sem margþættar úrlausnarleiðir eru í boði fyrir viðskiptavini telji þeir á sér brotið eða viðskiptaháttum áfátt. Ráðuneytinu hafa ekki borist neinar ábendingar eða kvartanir um að eftirlit með fjármálafyrirtækjum sé ekki fullnægjandi.

Loks ber að nefna að lög nr. 90/1991, um nauðungarsölu, geyma ítarleg ákvæði um meðferð eigna sem óskað er nauðungarsölu á, m.a. ákvæði um kostnað. Mat á því hvort ákvæði þeirra laga séu fullnægjandi er ekki á færi viðskiptaráðherra þar eð þau heyra undir dómsmálaráðherra.

## 786. Svar [260. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur um líf- og sjúkdómatryggingar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörgum var synjað um líf- og/eða sjúkdómatryggingu hjá íslenskum tryggingafélögum á árunum 2000–2005, sundurliðað eftir árum og tegund trygginga?*
2. *Hversu mörgum, sundurliðað á sama hátt, hefur verið gert að greiða álag á iðgjöld líf- og/eða sjúkdómatrygginga hjá íslenskum tryggingafélögum vegna:*
   a. *heilsufarssögu tryggingataka,*
   b. *metinnar áhættu vegna heilsufarsupplýsinga um nána fjölskyldumeðlimi tryggingataka?*

Upplýsingar til grundvallar svari við fyrirspurninni liggja ekki hjá viðskiptaráðuneytinu og því var leitað til þeirra fjögurra innlendu líftryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hafa samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi eftir þeim.

Svör bárust frá þremur félaganna. Í svari eins þeirra kom fram að félagið ætti ekki á tölvutæku formi sundurgreindar upplýsingar um þau atriði sem fyrirspurnin varðar. Einungis tvö fyrirtæki gáfu því umbeðnar upplýsingar.

Í svari annars þeirra kemur fram varðandi 1. lið fyrirspurnarinnar að þótt upplýsingar um fjölda synjana sé að finna í tölvukerfum félagsins sé ekki hægt að gefa upp hinar margvíslegu ástæður höfnunar þar sem þær upplýsingar séu ekki skráðar með rekjanlegum hætti. Mat félagsins er að því sé hvorki heimilt að gefa slíkar upplýsingar né hafi þær gildi nema hægt sé að greina ástæður synjunar. Einnig er álitamál, að mati félagsins, hvort slíkar tölur, væru þær greinanlegar, hefðu eitthvert gildi einar og sér og hvort ekki þyrfti að tengja þær fjölda umsókna á sama tímabili.

Varðandi 2. lið fyrirspurnarinnar kemur fram að í kerfum félagsins sé hægt að sjá hve margir vátryggingartakar hafa í gildi vátryggingar með iðgjaldshækkun. Rekjanleiki sé hins vegar ekki fyrir hendi þannig að ekki sé hægt að sjá ástæður hækkunarinnar, þ.e. hvort hún er vegna heilsufarssögu, álags vegna séráhættu, svo sem fjallaklifurs, svifflugs, lífsmáta eða þyngdar, eða af öðrum orsökum. Þá sé heldur ekki til skrá um það hjá félaginu hve margir hafa fengið tilboð um vátryggingu með iðgjaldshækkun en ekki þegið.

Í niðurlagi svarsins eru áréttuð þau meginsjónarmið sem liggja að baki þess vinnulags, verkferla og skráningar á upplýsingum sem félaginu berast. Kemur þar fram að ástæða þess að upplýsingum sem aflað er við tryggingatöku sé ekki haldið til haga sé tvíþætt. Annars vegar sú að erfitt sé að sjá hvernig slík skráning ætti að nýtast félaginu, hver umsókn fái einstaklingsbundna meðferð og afgreiðsla félagsins miðist við vinnureglur og upplýsingar sem gefnar séu á umsókn. Hin ástæðan sé sú að félagið telji sig ekki hafa heimild til að skrá slíkar upplýsingar þannig að byggja megi upp gagnagrunn um fjölskyldusögu sem nýta mætti við áhættumat. Þessu til áréttingar tekur félagið fram að þegar spurt er um heilsufar fjölskyldumeðlima sé ekki spurt þannig að rekjanlegt sé, t.d. með skráningu nafna eða kennitalna, heldur er því treyst að vátryggingartaki veiti réttar upplýsingar.

Svar hins félagsins var í töfluformi en þar kemur fram að fyrsta heila árið sem félagið hefur aðgengilegar upplýsingar um sé 2005 og því er það eina árið sem upplýsingarnar miðast við. Enn fremur kemur fram að félagið hafi ekki skráðar upplýsingar um ástæðu fyrir álagi á iðgjöld. Í svari félagsins koma fram eftirfarandi upplýsingar um hlutfall þeirra sem synjað var líftryggingar og hlutfall þeirra sem eru með tryggingu í gildi 29.11.2006, með álag á iðgjaldið:

- Hlutfall þeirra sem var synjað um líftryggingu af þeim umsóknum sem mótteknar voru af félaginu árið 2005 var 4,3%;
- hlutfall þeirra sem var synjað um sjúkdómatryggingu af þeim umsóknum sem mótteknar voru af félaginu árið 2005 var 5,6%;
- hlutfall þeirra sem eru með líftryggingu í gildi 29.11.2006 og eru með álag á iðgjaldið er 8%;
- hlutfall þeirra sem eru með sjúkdómatryggingu í gildi 29.11.2006 og eru með álag á iðgjaldið er 7,24%.

# 787. Fyrirspurn [521. mál]

til dómsmálaráðherra um símhleranir og eftirgrennslana-, öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Telur dómsmálaráðuneytið sig engar almennar skyldur hafa til að upplýsa um símhleranir og eftirgrennslana- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar frá því á umliðnum árum?
2. Hversu umfangsmikil var þessi starfsemi hvað varðar fjölda þeirra einstaklinga sem símar voru hleraðir hjá og/eða spjaldskrár á grundvelli stjórnmálaskoðana voru færðar um?
3. Nákvæmlega hvernig var háttað samvinnu útlendingaeftirlits, lögreglu og dómsmálaráðuneytis við bandaríska sendiráðið og leyniþjónustumenn þar og njósnadeildir hersins í Keflavík?
4. Hvernig var háttað samstarfi og samskiptum ráðherra og skrifstofa flokka þeirra við íslenska og bandaríska leyniþjónustuaðila, t.d. varðandi mannaráðningar Bandaríkjahers?
5. Hvenær lauk sérstakri eftirgrennslana- eða leyniþjónustustarfsemi hjá lögreglunni eða hefur slík starfsemi farið fram í einhverjum mæli allt til þessa dags og þá hvar og í hvaða umfangi?
6. Á grundvelli hvaða lagaheimilda, þ.m.t. fjárheimilda, voru stundaðar símhleranir og rekin eftirgrennslana- eða leyniþjónustustarfsemi?
7. Hverjir í stjórnsýslunni höfðu vitneskju um símhleranir og eftirgrennslanastarfsemi lögreglunnar?
8. Hyggst dómsmálaráðuneytið upplýsa þá einstaklinga eða eftirlifandi aðstandendur þeirra sem sættu símhlerunum eða öðrum persónunjósnum um það hve lengi eftirlitið stóð og um annað sem máli skiptir í því sambandi?
9. Hefur dómsmálaráðuneytið tekið til skoðunar þann möguleika að greiða þolendum þessara aðgerða sem brotið var á bætur hliðstætt og gert hefur verið í Noregi?

**Skriflegt svar óskast.**

Greinargerð.

Fyrirspyrjandi hefur í tvígang borið upp spurningar um svipað efni til dómsmálaráðherra, fyrst í utandagskrárumræðu 9. október 2006 (8. fundur) og svo með fyrirspurn sem svarað var, eða öllu heldur ekki svarað, þann 24. janúar sl. (251. mál, þskj. 254). Í bæði skiptin hefur ráðherra vikið sér undan því með öllu að svara:

Annars vegar kveðst ráðherra skorta þekkingu til þess, þar eð spurningarnar lúti „að löngu liðnum atburðum“ (sem er rangt því að hluta til hefur verið spurt um stöðu þessara mála allt til dagsins í dag) en hann búi „ekki yfir þeirri þekkingu á því hvernig öryggisgæslu ríkisins var háttað fyrir mörgum áratugum“.

Hins vegar álítur dómsmálaráðherra sér nægja að vísa til nýlegrar „skýrslu sérfræðinga frá ráðherraráði Evrópusambandsins sem gerði úttekt á hryðjuverkavörnum ... Íslendinga“.

„Af úttektinni má ráða," segir dómsmálaráðherra, „að sérfræðingarnir telja lögregluna á Íslandi ekki hafa neinar heimildir til rannsókna án þess að þar búi að baki rökstuddur grunur um saknæmt athæfi. Hér sé því ekki starfandi leyniþjónusta eða rekin leyniþjónustustarfsemi af hálfu lögreglunnar." Undir þetta segist dómsmálaráðherra, almennum orðum, geta tekið.

Í þessum hreinu og kláru undanbrögðum virðist felast sú afstaða dómsmálaráðherra að honum sé ekki á nokkurn hátt skylt að afla gagna eða grennslast fyrir um mál, ekki einu sinni í sínu eigin ráðuneyti eða hjá undirstofnunum þess, til þess að geta svarað fyrirspurnum á Alþingi. Sá skilningur er þó vægast sagt hæpinn þegar 54. gr. stjórnarskrárinnar er skoðuð. Þar segir: „Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu." 1. og 51. gr. stjórnarskrárinnar skipta einnig máli í þessu sambandi, en sú fyrri fjallar um það eins og allir vita að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn og sú síðari um rétt ráðherra til setu á Alþingi og þátttöku í umræðum óháð því hvort þeir eru kjörnir þingmenn, til þess meðal annars og ekki síst að geta þar svarað fyrir störf framkvæmdarvaldsins gagnvart þingmönnum og þinginu. Í ljósi þessa er sú krafa sjálfsögð og byggð á stjórnarskrárvörðum rétti alþingismanna og Alþingis sem eftirlits- og aðhaldsaðila með framkvæmdarvaldinu, að dómsmálaráðuneytið afli nú allra tiltækra gagna og rannsaki þau til þess að svara skriflega sérhverjum lið þessarar fyrirspurnar eftir því sem gerlegt er. Viðleitni dómsmálaráðherra til að svara efnislega, eins ítarlega og rétt og frekast er unnt og draga ekkert undan þó óþægilegt kunni að vera, verður prófsteinn á það hvort dómsmálaráðherra Björn Bjarnason hyggst sýna vilja, þó síðbúinn verði, til að virða stjórnarskrárvarinn rétt þingmanna til upplýsinga um opinber málefni eður ei.

## 788. Frumvarp til laga [522. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, er verður 17. gr. a, svohljóðandi:

Hafi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja gerst brotleg við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins á grundvelli þeirra er Samkeppniseftirlitinu heimilt, með samþykki málsaðila, að ljúka málinu með sátt. Sama gildir ef um er að ræða samruna sem hindrar virka samkeppni, sbr. 17. gr. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Samkeppniseftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd greinarinnar.

2. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Samkeppniseftirlitið leggur stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn:

a. banni 10. eða 12. gr.,
b. banni 11. gr.,
c. fyrirmælum samkeppnisyfirvalda á grundvelli 14. gr.,

d. skilyrðum sem samkeppnisyfirvöld hafa sett fyrir veitingu undanþágu á grundvelli 15. gr.,
e. ráðstöfunum, aðgerðum eða bráðabirgðaákvörðunum á grundvelli 16. gr.,
f. íhlutun, fyrirmælum eða skilyrðum samkeppnisyfirvalda á grundvelli 1., 5. og 6. mgr. 17. gr.,
g. tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr.,
h. sátt milli Samkeppniseftirlitsins og aðila, sbr. 17. gr. a,
i. skyldu til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr.,
j. banni 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Sektir geta numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að broti. Ef brot samtaka fyrirtækja tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers fyrirtækis sem á fulltrúa í stjórn samtakanna. Við ákvörðun á fjárhæð sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Sektirnar renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Unnt er að lækka sektir ef fyrirtæki hefur haft frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. sem að mati eftirlitsins eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum og að uppfylltum nánari skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið mælir fyrir um í reglum.

Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Þá má falla frá sektarákvörðun hafi fyrirtæki verið fyrst til að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. sem að mati eftirlitsins geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti og að uppfylltum nánari skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið mælir fyrir um í reglum.

Ef samtök fyrirtækja, sem sektuð eru með hliðsjón af veltu aðila að samtökunum, eru ekki gjaldhæf er Samkeppniseftirlitinu heimilt að krefja hvert það fyrirtæki sem átti fulltrúa í stjórn samtakanna um greiðslu sektarinnar. Fjárskuldbinding hvers fyrirtækis vegna greiðslu sektarinnar skal þó ekki vera hærri en 10% af heildarveltu þess á síðasta rekstrarári.

Samkeppniseftirlitinu er óheimilt að krefja fyrirtæki um greiðslu á grundvelli 5. mgr. ef fyrirtæki sýnir fram á að það hafi ekki unnið eftir ákvörðun samtakanna þar sem hvatt var til brotsins, verið ókunnugt um ákvörðunina eða lagst gegn henni áður en Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn málsins.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um sektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, er verður 37. gr. a., svohljóðandi:

Heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Samkeppniseftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti eða þegar framkvæmd er leit á starfsstað fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja á grundvelli 20. gr. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

4. gr.

Á eftir 41. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (41. gr. a.)

Hver starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma samráð sem brýtur gegn 10. og/eða 12. gr. og varðar þau atriði sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Ákvæði 1. mgr. tekur til eftirfarandi brota fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja á sama sölustigi á 10. eða 12. gr.:

a. samráðs um verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör,
b. samráðs um takmörkun eða stýringu á framboði, framleiðslu, mörkuðum eða sölu,
c. samráðs um skiptingu á birgðalindum eða mörkuðum, t.d. eftir svæðum eða viðskiptavinum,
d. samráðs um gerð tilboða,
e. samráðs um að eiga ekki viðskipti við tiltekin fyrirtæki eða neytendur,
f. upplýsingagjafar um þau atriði sem fram koma í a–e-liðum.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til ólögmæts samráðs milli fyrirtækja sem hefur það að markmiði að fyrirtæki hefji ekki samkeppni í atvinnustarfsemi.

Með samráði í þessari grein er átt við samninga, samþykktir, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er rís vegna brota á 10., 12. og 41. gr. b laga þessara.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt grein þessari er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

b. (41. gr. b.)

Hver sá sem í tengslum við upplýsingaöflun á grundvelli 19. og 20. gr. og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eyðileggur, falsar, kemur undan eða gerir á annan hátt ónothæf hvers konar gögn sem hafa þýðingu fyrir rannsókn Samkeppniseftirlitsins skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Hver sá sem við upplýsingagjöf skv. 19. gr. veitir Samkeppniseftirlitinu rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sömu refsingu skal hver sæta sem að öðru leyti gefur Samkeppniseftirlitinu rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar.

Gera má lögaðila sekt samkvæmt ákvæðum II. kafla A almennra hegningarlaga fyrir brot skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

5. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Samkeppniseftirlitið með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort sá hluti málsins sem varðar refsiábyrgð einstaklings skuli kærður til lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Falla má frá kæru á hendur einstaklingi hafi hann, eða fyrirtæki sem hann starfar hjá eða er í stjórn hjá, haft frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. sem geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða eru mikilvæg viðbót að mati eftirlitsins við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, enda séu nánari skilyrði uppfyllt sem Samkeppniseftirlitið mælir fyrir um í reglum.

Með kæru Samkeppniseftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að kæra mál til lögreglu.

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem falla undir 2. mgr. Samkeppniseftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem falla undir 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem þau hafa aflað og tengjast þeim brotum sem falla undir í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Samkeppniseftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem falla undir 2. mgr.

Ákærandi getur sent mál sem varðar brot á samkeppnislögum og gögn því tengd til Samkeppniseftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

6. gr.

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný grein er verður 42. gr. a, svohljóðandi:

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að takmarka aðgang málsaðila að gögnum er tengjast rannsókn á meintum refsiverðum brotum á lögum þessum ef hætta er á að slíkur aðgangur torveldi opinbera rannsókn. Þeirri takmörkun skal þó ávallt aflétt tímanlega áður en Samkeppniseftirlitið tekur endanlega ákvörðun í málinu.

Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem fyrirsvarsmaður fyrirtækis hefur veitt Samkeppniseftirlitinu sem sönnunargagn í opinberu máli sem höfðað er gegn honum vegna brota sem tilgreind eru í 41. gr. a.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Samkeppniseftirlitið leggur stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn fyrirmælum eða skilyrðum sem gefin voru á grundvelli laga nr. 9/1993, með síðari breytingum.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum. Á undanförnum árum hafa komið upp álitaefni og í sumum tilvikum ríkt nokkur óvissa um samskipti og verkaskiptingu lögreglu og ákæruvalds annars vegar og eftirlitsstofnana innan stjórnsýslunnar hins vegar við rannsókn og meðferð efnahagsbrota. Þá hefur verið nokkur umræða um viðurlög við efnahagsbrotum og hvernig þeim verði beitt til að skerpa varnaðaráhrif viðurlaganna.

Hinn 27. október 2004 skipaði forsætisráðherra, að tillögu dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra, nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum. Í nefndina voru skipuð Bogi Nilsson

ríkissaksóknari, Jón H.B. Snorrason saksóknari og Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra og Ásgeir Einarsson, yfirlögfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu, Jónína S. Lárusdóttir, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, og Páll Gunnar Pálsson, þá forstjóri Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðherra. Í forföllum Jónínu tók Haraldur Örn Ólafsson, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, sæti hennar í nefndinni til 1. apríl 2005. Páll Gunnar Pálsson var skipaður forstjóri Samkeppniseftirlitsins 1. júlí 2005 og tók Hlynur Jónsson, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, sæti hans. Páll Gunnar Pálsson starfaði áfram með nefndinni. Dr. Páll Hreinsson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, var skipaður formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Ásgerður Ragnarsdóttir, aðstoðarmaður hæstaréttardómara. Einnig starfaði Áslaug Árnadóttir, lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, með nefndinni.

Markmið nefndarinnar var að móta ný viðmið um beitingu viðurlaga við efnahagsbrotum, þ.e. hvenær rétt væri að beita stjórnvaldssektum annars vegar og annars konar viðurlögum hins vegar. Þá miðaði umfjöllun nefndarinnar að því að leggja fram tillögur um hlutverk og verkaskiptingu eftirlitsaðila, sérstaklega hvað varðar skil á milli þeirra sem beitt geta stjórnvaldssektum og lögreglu og ákæruvalds. Beindist umfjöllun nefndarinnar um hlutverk og verkaskiptingu eftirlitsaðila einkum að Samkeppniseftirlitinu og Fjármálaeftirlitinu og verkaskiptingu þeirra stofnana gagnvart lögreglu og ákæruvaldi.

Nefndin lauk störfum 12. október 2006 og skilaði skýrslu til forsætisráðherra. Bogi Nilsson skrifaði undir skýrsluna með fyrirvara og skilaði séráliti þar sem hann gerði athugasemdir við ákveðin atriði. Tillögum nefndarinnar má skipta í þrennt. Snúa þær í fyrsta lagi almennt að stjórnsýsluviðurlögum og refsingum, í öðru lagi að viðurlögum við brotum á fjármálamarkaði og í þriðja lagi að viðurlögum við brotum á samkeppnislögum. Í mörgum tilvikum gerði nefndin tillögur að lagabreytingum og fylgja skýrslu hennar drög að tveimur frumvörpum, annars vegar frumvarpi til laga um breytingar á samkeppnislögum og hins vegar frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. Með skýrslu nefndarinnar fylgdu tvær álitsgerðir. Annars vegar álitsgerð Bjargar Thorarensen prófessors og Ásgerðar Ragnarsdóttur lögfræðings um rétt til að fella ekki á sig sök á stjórnsýslustigi skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og hins vegar álitsgerð Róberts R. Spanó prófessors um bann við tvöfaldri refsingu eða endurtekinni málsmeðferð til úrlausnar um refsiverða háttsemi skv. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu.

**Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.**

Frumvarp þetta byggist á niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum. Þó er í frumvarpi þessu lagt til að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk, en nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum lagði til að fresturinn rynni út á tíu árum. Voru þær breytingar gerðar í kjölfar kynningar á frumvarpsdrögunum fyrir Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði, Félagi íslenskra stórkaupmanna og Sambandi banka og verðbréfafyrirtækja.

Helstu breytingar á gildandi rétti sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að refsiábyrgð einstaklinga vegna brota gegn samkeppnislögum verði afmörkuð nánar en samkvæmt gildandi lögum. Tiltekin samráðsbrot verði lýst refsiverð, sbr. 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Þá er lagt til að háttsemi sem miðar að því að spilla sönnunargögnum og torvelda rannsókn á samkeppnisbrotum verði lýst refsiverð. Loks er lagt til að ákvæði samkeppnislaga um sektir eða fangelsi nái einungis til einstaklinga og að

fyrirtæki sæti stjórnvaldssektum vegna brota gegn samkeppnislögum. Vísast í þessu sambandi til 4. gr. frumvarpsins.

2. Lagt er til að sett verði í samkeppnislög ítarlegra ákvæði en nú gildir um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja vegna brota á samkeppnislögum, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Einnig er lagt til að sett verði sérstök ákvæði um álagningu stjórnvaldssekta vegna brota samtaka fyrirtækja. Loks er gert ráð fyrir að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk, sbr. 3. gr. frumvarpsins.
3. Þá er lagt til að kveðið verði á um að brot gegn samkeppnislögum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins til lögreglu. Einnig er lagt til að nokkrum ákvæðum verði bætt við samkeppnislögin sem stuðla eiga að samvinnu lögreglu og samkeppnisyfirvalda við rannsókn á þeim brotum sem geta bæði varðað fyrirtæki stjórnvaldssektum og einstaklinga refsiábyrgð, sbr. 5. gr. frumvarpsins.
4. Lagt er til að ítarlegri ákvæði en nú eru í lögum verði sett um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að lækka stjórnvaldssektir og falla frá sektarákvörðun á hendur fyrirtæki sem hefur haft frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr., að uppfylltum nánari skilyrðum, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Einnig er lagt til að lögfest verði heimild til að falla frá kæru á hendur einstaklingi, að uppfylltum sambærilegum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins.
5. Þá er lagt til að lögfest verði heimild til handa Samkeppniseftirlitinu til að ljúka málum með sátt, sbr. 1. gr. frumvarpsins.
6. Loks er lagt til að kveðið verði á um að ekki sé heimilt að nota upplýsingar, sem fyrirsvarsmaður fyrirtækis hefur veitt Samkeppniseftirlitinu, sem sönnunargagn í opinberu máli sem höfðað er gegn honum vegna brota gegn ákvæðum laganna, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

**Núgildandi ákvæði um viðurlög við brotum á samkeppnislögum og framkvæmd þeirra.**

Ákvæði um viðurlög við brotum gegn ákvæðum samkeppnislaga, nr. 44/2005, eru í IX. kafla laganna. Úrræðin eru að meginstefnu tvenns konar, stjórnvaldssektir annars vegar og refsiviðurlög hins vegar. Samkvæmt 37. gr. getur Samkeppniseftirlitið lagt á stjórnvaldssektir bæði vegna brota á bannákvæðum IV. kafla samkeppnislaga og vegna brota á ákvörðunum sem teknar hafa verið á grundvelli heimilda í IV. og V. kafla laganna. Frá gildistöku samkeppnislaga á árinu 1993 hafa Samkeppnisráð og Samkeppniseftirlitið 12 sinnum lagt á stjórnsýslusektir vegna ólögmæts samráðs, þ.e. brota gegn 10. og/eða 12. gr. samkeppnislaga, og fimm sinnum vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu, þ.e. brota gegn 11. gr. laganna. Í 42. gr. samkeppnislaga er mælt fyrir um refsiviðurlög við brotum á lögunum. Ákvæðið er almennt orðað, en þar segir að brot gegn samkeppnislögum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varði fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum en fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Samkvæmt gildandi rétti geta því öll brot einstaklinga og fyrirtækja á samkeppnislögum varðað refsingu. Til þessa hefur ekki verið dæmt á grundvelli refsiákvæðis samkeppnislaga.

**Á að beita refsingu eða stjórnsýsluviðurlögum sem viðurlögum við brotum?**

Ýmis sjónarmið hafa verið uppi um það hvort beita eigi refsingum eða stjórnsýsluviðurlögum sem viðurlögum við lögbrotum. Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum fjallaði m.a. um þetta efni og var niðurstaðan sú að óskynsamlegt væri að lögfesta fangelsi sem möguleg

viðurlög við of mörgum brotum þegar slíkri refsingu væri sjaldan beitt nema vegna fárra og alvarlegra brota. Var lögfesting strangra refsiviðurlaga talin til þess fallin að draga úr almennum varnaðaráhrifum refsinga og ekki væri sjálfgefið að slík viðurlög væru hófleg og sanngjörn. Mælti nefndin með að mörkuð yrði sú stefna í sérrefsilögum er lúta að brotum á samkeppnismarkaði og fjármálamarkaði að á grundvelli fyrirframákveðinna sjónarmiða yrðu aðeins veigamestu brotin refsiverð.

Þegar almennt er metið hvaða brot eigi að vera refsiverð má m.a. líta til eftirfarandi atriða. Í fyrsta lagi má líta til þess hvort nauðsynlegt sé að viðurlög séu við broti á tiltekinni reglu og þá hvort nauðsynlegt sé að viðurlög við brotinu séu refsing. Í öðru lagi er almennt ekki ástæða til að beita refsingum ef unnt er að tryggja nægilega eftirfylgni við lög með vægari úrræðum. Í þriðja lagi þurfa þeir verndarhagsmunir, sem lagareglu er ætlað að vernda, að vera það mikilvægir að það réttlæti að lögð sé refsing við brotum á reglunni. Í fjórða lagi ber almennt aðeins að leggja refsingar við alvarlegum brotum. Liggi refsing við brotum er mikilvægt að tryggt sé að almennt sé brugðist við brotum af festu með rannsókn og ákæru þar sem skilyrði eru fyrir hendi.

Að því er varðar kosti og galla við refsingar og stjórnsýsluviðurlög má í fyrsta lagi benda á að réttaröryggi hins brotlega aðila er almennt talið betur borgið þegar leyst er úr málum af dómstólum en stjórnvöldum. Þó er talið að unnt sé að tryggja viðhlítandi réttaröryggi við meðferð stjórnsýslumála þar sem beitt er stjórnsýsluviðurlögum ef vandað er til málsmeðferðar, þagnarréttur hins brotlega virtur og hægt er að fá ákvörðun um álagningu stjórnsýsluviðurlaga að fullu endurskoðaða af dómstólum. Í öðru lagi er málsmeðferð yfirleitt mun ódýrari þegar stjórnvöld leggja á stjórnsýsluviðurlög en þegar dómstólar dæma menn eða lögaðila í refsingu. Í þriðja lagi tekur almennt mun skemmri tíma að rannsaka og koma fram stjórnsýsluviðurlögum en refsingum vegna ólíkra málsmeðferðarkrafna. Í fjórða lagi hafa stjórnvöld sem fara með eftirlit á ákveðnum sviðum á að skipa starfsmönnum með sérfræðiþekkingu, en mál sem stofnanirnar fást við eru oft flókin. Einnig hafa margar eftirlitsstofnanir miklum mun meira bolmagn til að fást við úrlausn flókinna og sérhæfðra mála en lögregla. Því er ljóst að stjórnsýsluviðurlög annars vegar og refsingar hins vegar hafa bæði kosti og galla þegar litið er til þátta eins og skilvirkni og réttaröryggis.

**Hvaða brot á samkeppnisreglum eiga að vera refsiverð?**

Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum lagði til að gerðar yrðu breytingar á refsiákvæði samkeppnislaga sem miðuðu að því að einungis lægju refsingar við þeim brotum á efnisreglum samkeppnislaga sem mestum skaða gætu valdið. Í ljósi þess að ólögmætt samráð keppinauta um verð og önnur viðkvæm viðskiptaleg málefni, sbr. 10. og 12. gr. samkeppnislaga, er ótvírætt til þess fallið að hafa í för með sér verulegan efnahagslegan skaða bæði fyrir neytendur og atvinnulífið þykir eðlilegt að refsing liggi við slíku samráði. Sömu rök eru fyrir því að þyngja refsingu við ólögmætu samráði. Því er lagt til í frumvarpinu að ólögmætt samráð verði áfram refsivert gagnvart einstaklingum og jafnframt er lagt til að refsirammi samkeppnislaga verði hækkaður og lögfest verði sex ára refsihámark vegna þessara brota.

Það er staðreynd að misnotkun á markaðsráðandi stöðu, sbr. 11. gr. samkeppnislaga, getur haft í för með sér umtalsvert tjón fyrir samfélagið og að því standa rök til þess að misnotkun á markaðsráðandi stöðu geti varðað refsingu með sama hætti og ólögmætt samráð. Hins vegar er það talið geta valdið vandkvæðum við beitingu slíks refsiákvæðis að framkvæma getur þurft flókna hagfræðilega greiningu til að komast að raun um hvort viðkomandi fyrirtæki sé í markaðsráðandi stöðu. Þá kann í undantekningatilvikum að vera vandasamt fyrir fyrirtæki

að gera sér grein fyrir því hvort það hafi markaðráðandi stöðu í skilningi 11. gr. samkeppnislaga. Jafnframt ber að hafa í huga að í 11. gr. laganna er lagt bann við hegðun sem getur verið eðlileg og jafnvel samkeppnishvetjandi ef um er að tefla fyrirtæki sem ekki er í markaðsráðandi stöðu. Á grundvelli þessa þykir ekki ástæða til þess að leggja refsingu við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Er niðurstaðan í samræmi við samkeppnisrétt flestra vestrænna ríkja sem mæla fyrir um refsingar við samkeppnisbrotum, t.d. Bretland, Noreg og Bandaríkin. Þetta er hins vegar ekki algilt, en bæði í dönskum og írskum samkeppnisrétti er unnt að leggja á refsisektir vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Lagt til í frumvarpinu að brot gegn 11. gr. samkeppnislaga varði einungis stjórnvaldssektum. Slíkar sektir geta varðað allt að 10% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækis og ættu því að geta skapað viðunandi varnaðaráhrif.

Loks er talið nauðsynlegt að í samkeppnislögum sé sú háttsemi sem miðar að því að spilla sönnunargögnum og torvelda rannsókn á samkeppnisbrotum lýst refsiverð. Þróun á sviði samkeppnisréttar í heiminum virðist ganga í þá átt að fyrirtæki og stjórnendur þeirra leitist í ríkara mæli við að leyna brotum. Í frumvarpinu er því lagt til að bætt verði við samkeppnislög sérstöku ákvæði þar sem framangreind háttsemi er lýst refsiverð og er markmið breytinganna að skýra og skerpa á ákvæðum laganna að þessu leyti.

**Afnám refsiábyrgðar fyrirtækja.**

Samkvæmt núgildandi lögum getur refsiábyrgð vegna brota á samkeppnislögum bæði beinst að fyrirtækjum og einstaklingum. Eins og áður segir taldi nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum nauðsynlegt að einstaklingar gætu áfram sætt refsiábyrgð vegna þátttöku í ólögmætu samráði og var slíkt ákvæði talið geta haft í för með sér sterk varnaðaráhrif. Einnig væri þýðingarmikið að fyrirtæki sætti viðurlögum vegna ólögmæts samráðs.

Álitamál er hvort fella beri refsiábyrgð á lögaðila niður og styðjast alfarið við stjórnsýsluviðurlög eða ekki. Telja verður að eftirfarandi þrjú atriði skipti mestu við mat á þessu, í fyrsta lagi nauðsyn þess að viðurlagakerfi samkeppnislaga tryggi hámarks varnaðaráhrif, í öðru lagi nauðsyn að tryggja eftir föngum að íslenskur samkeppnisréttur sé túlkaður í samræmi við EES/EB-samkeppnisrétt og í þriðja lagi nauðsyn þess að sérfræðiþekking samkeppnisyfirvalda nýtist sem best, en æskilegt er að sérfræðiþekking samkeppnisyfirvalda sé nýtt í öllum málum sem varða brot fyrirtækja á samkeppnislögum. Heppilegasta aðferðin til að tryggja nauðsynlegt samræmi milli íslensks réttar og EES/EB-samkeppnisréttar er að brot fyrirtækja og samtaka þeirra á 10. og 12. gr. samkeppnislaga varði aðeins stjórnvaldssektum. Einnig er mikilvægt að tryggja samræmi í beitingu samkeppnislaga óháð því hvort mál kunna að vera refsiverð eða ekki, þ.e. að viðurlög gagnvart fyrirtækjum séu ákveðin af sömu stofnunum í réttarvörslukerfinu óháð því hversu alvarleg þau eru. Því er talið rétt að öll mál er varða brot fyrirtækja á samkeppnislögum séu ákveðin á grundvelli sjónarmiða stjórnsýsluréttar og fái prófun sem stjórnsýslumál og að refsiábyrgð fyrirtækja verði afnumin. Refsiábyrgð vegna ólögmæts samráðs mun því aðeins hvíla á einstaklingum sem þátt taka í samráði fyrirtækja.

Helstu kostir þess að reka mál vegna brota fyrirtækja á samkeppnislögum sem stjórnsýslumál eru að sönnunarkröfur eru ekki jafn strangar í stjórnsýslumálum og í refsimálum sem leiðir til þess að auðveldara er að uppræta samráð fyrirtækja í stjórnsýslumáli. Þá tryggir þetta fyrirkomulag samræmi við EES/EB-samkeppnisrétt á þessu sviði og verður nýting sérfræðiþekkingar hagkvæmust, auk þess sem í stjórnvaldssektum felast fullnægjandi varnaðar-

áhrif gagnvart fyrirtækjum. Á grundvelli þessa eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á ákvæðum samkeppnislaga um refsiábyrgð og álagningu stjórnsýslusekta.

**Ákvæði 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð – réttur manna til að fella ekki á sig sök.**

Eins og áður sagði óskaði nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum eftir álitsgerð frá Björgu Thorarensen prófessor og Ásgerði Ragnarsdóttur lögfræðingi um rétt manna til að fella ekki á sig sök á stjórnsýslustigi þar sem hún taldi að efnið hefði grundvallarþýðingu fyrir störf nefndarinnar. Í álitsgerðinni var sérstaklega litið til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu frá síðustu árum um túlkun 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem fjallar um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, sbr. lög nr. 62/1994.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur talið að álagning ákveðinna stjórnsýsluviðurlaga teljist viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Það er þó ekki sjálfgefið að öll ákvæði greinarinnar eigi afbrigðalaust við um slík mál. Þegar litið er til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu virðast það helst vera stjórnvaldssektir sem komið getur til greina að telja sem viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, enda þótt slíkar sektir séu ekki taldar formlega til refsinga að íslenskum rétti. Þá virðist svipting réttinda eða afturköllun leyfis, sem viðurlög í tilefni af lögbroti, teljast til viðurlaga við refsiverði broti í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Það er þó ljóst að það fer hvorki gegn ákvæðum stjórnarskrár né mannréttindasáttmála Evrópu að stjórnvaldi sé fengið vald til þess að rannsaka mál og leggja stjórnvaldssektir á í tilefni af lögbroti enda eigi maður þess kost að bera málið undir dómstól sem hefur fulla endurskoðunarheimild.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur í dómum sínum talið að það sé þáttur í réttlátri málsmeðferð skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að einstaklingi sem sakaður er um refsiverða háttsemi í skilningi þess ákvæðis sé óskylt að tjá sig eða láta í té upplýsingar sem leitt geta til sakfellingar hans. Þar sem ákvæði sáttmálans hafa verið lögtekin hér á landi gildir rétturinn til að fella ekki á sig sök hér við meðferð stjórnsýslumála gagnvart einstaklingum, komi til greina að leggja stjórnsýsluviðurlög á sem teljist viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Til þess að stuðla að því að rétturinn til að fella ekki á sig sök væri betur virtur í framkvæmd taldi nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum almennt æskilegt að inntak hans yrði lögfest með skýrum hætti.

Sérstök sjónarmið eiga við í þessu sambandi um rekstur mála fyrir samkeppnisyfirvöldum. Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins taka aðeins til fyrirtækja og einstaklingar geta ekki sætt viðurlögum af hálfu eftirlitsins í slíkum stjórnsýslumálum. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort rétturinn til að fella ekki á sig sök taki til fyrirtækja og annarra lögaðila. Öll mál dómstólsins að þessu leyti hafa varðað einstaklinga sem hugsanlega áttu yfir höfði sér fangelsisvist eða aðra refsingu. Taldi nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum ekki sjálfgefið að rétturinn til að fella ekki á sig sök tæki til fyrirtækja eða gilti eftir atvikum með sama hætti gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Á hinn bóginn bæri að horfa til þess að bæði í íslenskum rétti og EES/EB-samkeppnisrétti giltu ákveðnar takmarkanir á upplýsingaskyldu fyrirtækja. Sú takmörkun fælist í því að fyrirtækjum væri ekki skylt að svara spurningum sem fælu í sér viðurkenningu á því að brot á samkeppnisreglum hefði verið framið. Þannig reyndi á gagnaöflunarheimildir samkeppnisyfirvalda skv. 39. gr. eldri samkeppnislaga og réttinn til að fella ekki á sig sök í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004: Ker hf., Olíuverzlun Íslands hf., Skeljungur hf. og Bensínorkan ehf. gegn

samkeppnisráði. Í því máli taldi áfrýjunarnefndin að fyrirsvarsmönnum viðkomandi fyrirtækja hefði verið skylt að afhenda öll gögn sem um hefði verið beðið og gefa skýrslur um málsatvik nema að því leyti sem „svör við spurningum gátu falið í sér huglægt mat samkvæmt framansögðu en ekki aðeins skýringu eða fyllingu á þeim gögnum sem þegar lágu fyrir". Í EES/EB-samkeppnisrétti er takmörkun á upplýsingaskyldu fyrirtækja sögð byggjast á grundvallarreglum um réttláta málsmeðferð og réttinum til að halda uppi vörnum. Þessi réttindi fyrirtækja sem viðurkennd hafa verið í samkeppnisrétti eru mun þrengri en þau sem felast í rétti einstaklinga til að fella ekki á sig sök, eins og hann hefur verið skilgreindur af Mannréttindadómstóli Evrópu.

Í ljósi framangreinds þótti nefndinni ekki ástæða til að ákvæði um þagnarrétt tæki til annarra en einstaklinga. Eru því ekki lagðar til breytingar á samkeppnislögum varðandi stöðu fyrirtækja að þessu leyti. Í frumvarpinu er hins vegar mælt fyrir um að ekki sé heimilt að nota upplýsingar sem fyrirsvarsmaður fyrirtækis hefur veitt Samkeppniseftirlitinu sem sönnunargagn í opinberu máli sem höfðað er gegn honum vegna brota sem tilgreind eru í 41. gr. a samkeppnislaga. Er þetta gert til þess að skerpa á þagnarrétti viðkomandi einstaklings í refsimáli sem kynni að vera höfðað gegn honum. Þetta ákvæði hefur hins vegar einnig þá þýðingu að fyrirsvarsmaður fyrirtækis getur ekki neitað að veita Samkeppniseftirlitinu upplýsingar til notkunar í stjórnsýslumáli gegn viðkomandi fyrirtæki á þeim grundvelli að slíkar upplýsingar yrðu síðar notaðar gegn honum persónulega í refsimáli.

**Ákvæði 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu – endurtekin málsmeðferð við álagningu viðurlaga við sömu háttsemi.**

Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum fjallaði sérstaklega um áhrif ákvæða 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu á umfjöllunarefni nefndarinnar. Í því skyni óskaði hún eftir álitsgerð frá Róberti R. Spanó prófessor um efnið.

Í 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um að enginn skuli sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur fyrir með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis. Mannréttindadómstóllinn hefur ekki skýrt ákvæðið samkvæmt orðanna hljóðan, heldur beitt heildrænni samanburðarskýringu um það hvað teljist refsivert brot í merkingu 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Getur því stjórnvaldsákvörðun um álagningu viðurlaga, sem fellur undir 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, komið í veg fyrir að hægt sé að dæma sama aðila í refsingu fyrir sömu háttsemi. Hins vegar er rétt að hafa í huga að 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu kemur ekki í veg fyrir að mál sæti á sama tíma málsmeðferð á tveimur eða fleiri stigum (samhliða málsmeðferð).

Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum taldi í ljósi þessa rétt að lög yrðu byggð á þeirri meginreglu að viðurlög við tilteknu lögbroti yrðu aðeins ákveðin í einu máli gagnvart viðkomandi aðila. Bæri því að haga löggjöf með þeim hætti að ekki verði kveðin upp fleiri en ein ákvörðun eða dómur til að koma fram viðurlögum við sömu háttsemi gagnvart sama aðila. Leiddi þessi tillaga til þess að samhæfa yrði hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem jafnt refsing sem stjórnsýsluviðurlög væru lögbundin sem viðurlög við broti, þannig að ekki kæmi til þess að mál viðkomandi aðila yrði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu. Þegar svo stæði á ætti það að falla í hlut eftirlitsstjórnvaldsins að meta hvort ljúka bæri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Til þess að koma þessari skipan á þyrfti að vera mælt fyrir um hana í þeim lögum þar sem mælt er fyrir um stjórnsýsluviðurlögin. Einnig yrði að gæta þess að

ákveðið samræmi væri í viðbrögðum almenna viðurlagakerfisins og viðurlagakerfis eftirlitsstofnana.

Það hefur verið álitamál hvort flokka beri ákvörðun eftirlitsstofnunar um að kæra mál til lögreglu sem stjórnvaldsákvörðun eða ákvörðun um málsmeðferð. Taldi nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum rétt að taka af skarið um að ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga giltu ekki um ákvarðanir eftirlitsstofnunar um að kæra mál til lögreglu. Byggir frumvarpið á þeirri tillögu, sbr. 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Í ljósi framangreinds er lagt til í frumvarpi þessu að mál er varða ábyrgð fyrirtækja á brotum gegn samkeppnislögum verði rannsökuð hjá Samkeppniseftirlitinu og ákvörðun tekin í málinu þar. Mál er varða ábyrgð einstaklinga verði hins vegar rannsökuð af lögreglu sem eftir atvikum gefur út ákæru vegna málsins. Þannig er tryggt að ekki verði um endurtekna málsmeðferð við álagningu viðurlaga vegna sömu háttsemi að ræða. Líta ber einnig til þess að í lögfræðiáliti sem birt er sem viðauki við skýrslu nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum er sérstaklega bent á að hafi fyrirtæki hlotið refsikennd viðurlög komi 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu ekki í veg fyrir það að einstaklingur þurfi síðar að þola málsmeðferð eða refsingu vegna sömu atvika og lágu til grundvallar í máli fyrirtækisins. Þetta þýðir að fyrirhuguð verkaskipting milli lögreglu og Samkeppniseftirlitsins telst vera í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu.

Einnig er lagt til að nokkrum ákvæðum verði bætt við samkeppnislögin til að stuðla að samvinnu lögreglu og samkeppnisyfirvalda við rannsókn á þeim brotum sem geta bæði varðað stjórnvaldssektum á fyrirtæki og refsiábyrgð einstaklinga, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Þá er kveðið á um í frumvarpinu að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins til lögreglu. Loks er lagt til að kveðið verði á um heimild ákæranda til að senda mál er varðar brot á samkeppnislögum og gögn því tengd til Samkeppniseftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar. Mögulegt er að lögregla og ákærandi fái upplýsingar um meint samkeppnislagabrot við rannsókn annarra mála. Er því nauðsynlegt að kveða á um heimild til handa ákæranda til að senda slík mál til Samkeppniseftirlitsins.

**Niðurfellingarreglur.**

Niðurfellingarreglur (e. leniency) eru þær reglur nefndar sem heimila að lækka eða fella niður stjórnvaldssektir í tilefni af samvinnu þess aðila sem framið hefur lögbrot. Niðurfellingarreglur gilda almennt þegar þátttakendur í ólögmætu samráði koma sjálfviljugir fram og vinna með samkeppnisyfirvöldum að rannsókn máls og hafa slíkar reglur verið taldar mjög mikilvægar við að uppræta ólögmætt samráð fyrirtækja. Einkenni á samráðsbrotum er að þau eru framin í leynd. Samvinna þátttakenda í ólögmætu samráði og samkeppnisyfirvalda við rannsókn máls leiðir til þess að auðveldara er að fá sönnunargögn sem sanna meint brot sem aftur leiðir til þess að skjótari niðurstaða fæst í málum. Á undanförnum árum hafa fjölmörg ríki sett sér niðurfellingarreglur í því skyni að hvetja þátttakendur í ólögmætu samráði til að koma fram og viðurkenna brot sín, koma upp um aðra þátttakendur og samverkamenn sína og veita samkeppnisyfirvöldum áreiðanleg sönnunargögn um ætluð brot.

Á árinu 2000 kom inn í samkeppnislög ákvæði sem heimilaði samkeppnisyfirvöldum að hafa hliðsjón af samstarfsvilja hins brotlega fyrirtækis við ákvörðun fjárhæðar stjórnvaldssektar. Ætlunin var að unnt væri að umbuna fyrirtækjum sem gefa sig fram og upplýsa um þátttöku sína í ólögmætu samráði og afhenda sönnunargögn. Á árinu 2002 setti samkeppnisráð reglur um lækkun eða niðurfellingu stjórnvaldssekta og nú eru í gildi reglur nr. 890/2005 sem Samkeppniseftirlitið hefur sett um sama efni. Reglurnar gera ráð fyrir að það fyrirtæki

sem fyrst veiti Samkeppniseftirlitinu upplýsingar um ólögmætt samráð, sem geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar á samráðinu, fái mögulega sekt fellda niður. Þá geta fyrirtæki einnig fengið sektir felldar niður ef þau eru fyrst til að láta Samkeppniseftirlitinu gögn í té sem að mati eftirlitsins gera því kleift að sanna brot gegn 10. eða 12. gr. samkeppnislaga. Reglunum hefur aðeins einu sinni verið beitt með beinum hætti, en þær hafa verið hafðar til hliðsjónar í málum sem lokið hefur verið með sátt.

Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum taldi að sérsjónarmið ættu við í samkeppnisrétti, þar sem mjög vandasamt gæti verið að upplýsa og stöðva brot sem fælust í ólögmætu samráði. Hagsmunir af því að stöðva og koma í veg fyrir ólögmætt samráð vógu þyngra en að allir þátttakendur í samráði sættu viðurlögum. Æskilegt væri því að áfram yrði unnt samkvæmt íslenskum rétti að beita niðurfellingareglum og að skapaður yrðu enn skýrari lagagrundvöllur fyrir niðurfellingarreglum í samkeppnisrétti en er í gildandi lögum.

Til þess að tryggja skilvirkni niðurfellingareglna verður að sjá til þess að bæði fyrirtæki og stjórnendur þeirra hafi hag af því að snúa sér til samkeppnisyfirvalda og upplýsa um samráð. Í samræmi við þetta er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að falla frá kæru til lögreglu á hendur einstaklingi hafi hann eða fyrirtæki sem hann starfar hjá eða er í stjórn hjá veitt upplýsingar um ólögmætt samráð fyrirtækja. Jafnframt er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að lækka eða fella niður stjórnvaldssektir á fyrirtæki hafi það haft frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. samkeppnislaga, að uppfylltum nánari skilyrðum.

**Sáttir.**

Mikill tími og fjármagn fer í að uppfylla kröfur stjórnsýsluréttarins um undirbúning og birtingu stjórnvaldsákvarðana. Samkeppniseftirlitið hefur nýtt heimild samkvæmt gildandi rétti til að ljúka málum með sátt með góðum árangri, m.a. í samrunamálum. Lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt mundi stuðla að auknu gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir stofnunarinnar.

Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu. Samkvæmt 16. gr. samkeppnislaga geta aðgerðir Samkeppniseftirlitsins vegna brota gegn samkeppnislögum falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að stöðva brot gegn ákvæðum laganna. Þannig getur Samkeppniseftirlitið beitt úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið sett skilyrði fyrir samruna, enda hindri hann virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist. Í frumvarpinu, sbr. 1. gr. þess, er því gert ráð fyrir að í sátt Samkeppniseftirlitsins og aðila geti m.a. verið kveðið á um skilyrði fyrir samruna eða aðgerðir til breytingar á atferli eða skipulagi.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að nýrri grein, 17. gr. a, verði bætt við lögin þar sem mælt er fyrir um heimildir til handa Samkeppniseftirlitinu til að ljúka málum með sátt.

Í gildandi samkeppnislögum er ekki mælt fyrir um heimildir til að ljúka málum með sátt. Hins vegar hefur Samkeppniseftirlitið nýtt ólögfesta heimild samkvæmt gildandi rétti til að ljúka málum með sátt með góðum árangri, m.a. í samrunamálum. Lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt stuðlar að frekari gagnsæi og styrkingu núgildandi heimildar.

Gert er ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið geti ekki einungis lokið máli með sátt þegar um er að ræða brot gegn ákvæðum laganna, heldur einnig þegar um er að ræða brot gegn ákvörðunum þess. Loks er tiltekið að Samkeppniseftirlitið geti lokið samrunamálum með sátt, með samþykki málsaðila, t.d. með því að setja samruna ákveðin skilyrði.

Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði ákvæði um að Samkeppniseftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd greinarinnar.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um skyldu Samkeppniseftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, við nánar tilteknar aðstæður. Byggist tillagan eins og núgildandi ákvæði á fyrirmyndum úr EES/EB-samkeppnisrétti. Samkvæmt gildandi samkeppnislögum leggur Samkeppniseftirlitið stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn 53. og 54. gr. EES-samningsins eða bannákvæðum laganna eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt þeim. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði 37. gr. verði gert skýrara, þannig að tilgreint verði hvaða brot gegn ákvæðum laganna varði stjórnvaldssektum. Ekki er þó gert ráð fyrir að breyting á ákvæðinu hafi í för með sér breytingu á framkvæmd samkeppnisyfirvalda að því er varðar sektarákvarðanir og framkvæmd í EES/EB-samkeppnisrétti verði eftir sem áður höfð til hliðsjónar við túlkun á ákvæðinu. Lagt er til að Samkeppniseftirlitið leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ef þau hafa brotið gegn bannákvæðum laganna, þ.e. 10., 11. eða 12. gr., sbr. og 53. og 54. gr. EES-samningsins. Þá er lagt til að Samkeppniseftirlitið leggi á stjórnvaldssektir hafi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja brotið gegn ákvörðunum eftirlitsins á grundvelli 14., 15., 16. og 17. gr. Nokkuð hefur borið á því í framkvæmd að fyrirtæki hafi skirrst við að tilkynna um samruna, þrátt fyrir skýra skyldu þar að lútandi í 17. gr. laganna. Þá hefur einnig borið á í framkvæmd að skylda til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr. laganna sé ekki virt í hvívetna. Því er lagt til að Samkeppniseftirlitið skuli leggja stjórnvaldssektir á þau fyrirtæki sem brjóta gegn þeim ákvæðum laganna. Í 2. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að lögfest verði heimild til handa Samkeppniseftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Því er talið rétt að Samkeppniseftirlitið leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ef þau fara ekki eftir ákvæðum sáttarinnar.

Í 2. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um fjárhæð sektanna og innheimtu þeirra. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á hámarki þeirra sekta sem Samkeppniseftirlitið leggur á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja og líkt og í gildandi lögum er miðað við að sektir geti numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að broti. Jafnframt er lagt til að lögfest verði ákvæði um fjárhæð sekta sem lagðar eru á samtök fyrirtækja. Er þetta gert með hliðsjón af þróun Evrópuréttar á þessu sviði, en í EES/EB-samkeppnisrétti hafa nýlega verið sett ákvæði um sektir á samtök fyrirtækja, sbr. 23. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans. Er lagt til að ef brot samtaka fyrirtækja tengjast starfsemi aðila þeirra skuli fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers fyrirtækis sem á fulltrúa í stjórn samtakanna. Miða ákvæðin að því að tryggja að fyrirtæki geti ekki hagnast á því að brjóta gegn samkeppnislögum innan samtaka fyrirtækja,

þannig að sekt verði t.d. lægri vegna lægri veltu samtakanna en samanlögð velta einstakra aðildarfyrirtækja.

Þá eru í 2. mgr. ákvæði um hvaða sjónarmið hafa ber hliðsjón af þegar sektir eru ákvarðaðar. Eins og samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að Samkeppniseftirlitinu beri að hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota og hvað brot hafa staðið lengi við ákvörðun fjárhæðar sekta, en lagt er til að stofnuninni beri einnig að líta til þess hvort um ítrekað brot er að ræða. Mundi slík ítrekun horfa til þyngingar viðurlaga.

Loks er í 2. mgr. kveðið á um að sektir renni í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Er heimildin til að draga innheimtukostnað frá nýmæli, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Þá er það nýmæli í málsgreininni að mælt er fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Samkeppniseftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 3. og 4. mgr. er lagt til að niðurfellingarreglur verði lögfestar í 37. gr. samkeppnislaga. Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að niðurfellingarreglur gildi einungis vegna brota gegn 10. eða 12. gr. laganna. Þá er lagt til að nánar verði kveðið á um hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt samkvæmt niðurfellingarreglum til að fyrirtæki geti fengið lækkun eða niðurfellingu sekta. Skilyrði þessi eru byggð á reglum EES/EB-samkeppnisréttar í þessu efni, sbr. og núgildandi reglur Samkeppniseftirlitsins um sama efni nr. 890/2005. Þannig er í 3. mgr. lagt til að unnt verði að lækka sektir ef fyrirtæki hefur haft frumkvæði að því að koma til Samkeppniseftirlitsins upplýsingum eða gögnum vegna brota sem að mati eftirlitsins eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum. Þá er gert ráð fyrir því að Samkeppniseftirlitið mæli fyrir um nánari skilyrði fyrir lækkun sekta í reglum.

Í 4. mgr. er kveðið á um að falla megi frá sektarákvörðun ef brot telst óverulegt eða ef af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Einnig má samkvæmt málsgreininni falla frá sektarákvörðun hafi fyrirtæki verið fyrst til að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. sem að mati eftirlitsins geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti. Gert er ráð fyrir því að Samkeppniseftirlitið mæli fyrir um nánari skilyrði fyrir niðurfellingu sekta í reglum.

Í 5. og 6. mgr. er lagt til að lögfest verði ákvæði um innheimtu sekta á hendur samtökum fyrirtækja. Í 2. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um að taka megi tillit til sameiginlegrar veltu aðildarfyrirtækja sem eiga fulltrúa í stjórn samtakanna við ákvörðun sekta. Því getur sú staða augljóslega komið upp að samtökin séu ekki gjaldhæf til greiðslu sektarinnar. Er þá í ákvæðinu gert ráð fyrir að unnt sé í slíkum tilvikum að ganga að hverju því fyrirtæki sem átti sæti í stjórn samtakanna um greiðslu sektarinnar. Fjárskuldbinding hvers fyrirtækis um sig verður þó ekki hærri en 10% af heildarveltu þess á síðasta rekstrarári. Í 6. mgr. er kveðið á um það að Samkeppniseftirlitið geti ekki gengið að fyrirtæki á grundvelli 5. mgr. ef það sýnir fram á að það hafi ekki unnið eftir ákvörðun samtakanna þar sem hvatt var til brotsins, því verið ókunnugt um ákvörðunina eða lagst gegn henni áður en Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn málsins.

Ákvæði 7. mgr. er óbreytt frá 3. mgr. 37. gr. samkeppnislaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við lögin nýrri grein, 37. gr. a, þar sem mælt verði fyrir um að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár

eru liðin frá því að háttsemi lauk. Ekki eru sambærileg fyrningarákvæði í gildandi lögum. Vegna þess hversu alvarleg brot gegn samkeppnislögum eru er lagt til að frestur til að leggja á stjórnvaldssektir verði sjö ár. Þar sem kveðið er á um í a-lið 4. gr. frumvarpsins (41. gr. a) að hámarksrefsing vegna brota gegn samkeppnislögum skuli vera sektir eða fangelsi allt að sex árum er fyrningarfrestur gagnvart einstaklingum tíu ár skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í 1. mgr. 20. gr. laga um bókhald, nr. 145/1994, er kveðið á um að varðveita skuli bókhaldsgögn og fylgiskjöl í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Í ljósi þessa er lagt til að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir á fyrirtæki falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Við afmörkun þess hvenær háttsemi lauk ber að taka mið af meginreglum refsiréttar og samkeppnisréttar um það atriði. Mörg brot gegn ákvæðum samkeppnislaga teljast til samfelldrar brotastarfsemi eða eru svokölluð ástandsbrot. Með því er átt við að brot felst í því að koma á ólögmætu ástandi, t.d. skiptingu markaðar eða takmörkun framboðs. Slíku broti telst ekki lokið fyrr en hinu ólögmæta ástandi linnir eða hinni samfelldu brotastarfsemi er hætt og upphaf fyrningarfrests telst þá einnig frá þeim tíma.

Í 2. mgr. er kveðið á um að upphafsaðgerðir Samkeppniseftirlitsins vegna rannsóknar máls rjúfi fyrningu, þ.e. tilkynning til aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti eða þegar framkvæmd er leit á starfsstað fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga. Reglan á sér hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Svipuð ákvæði er einnig að finna í 25. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003. Einnig er kveðið á um að rof fyrningarfrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum fyrirtækjum sem staðið hafa að broti. Af því leiðir að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila hindra fyrningarreglur ekki að lögð verði stjórnsýsluviðurlög á aðra aðila sem síðar kemur í ljós að stóðu einnig að broti. Er þetta sama regla og fram kemur í 4. mgr. 25. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003. Rétt er að taka fram að þótt réttur Samkeppniseftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta sé fyrndur koma ákvæði þessarar greinar ekki í veg fyrir að Samkeppniseftirlitið fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brot gegn samkeppnislögum. Sérstaklega má nefna að tilefni kann að vera fyrir Samkeppniseftirlitið til að grípa til aðgerða á grundvelli 16. gr. laganna þó að sektum yrði ekki beitt.

Um 4. gr.

*Um a-lið (41. gr. a).*

Í a-lið ákvæðisins er kveðið á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi einstaklinga í tengslum við samráð sem brýtur gegn 10. og/eða 12. gr. laganna. Refsiákvæði gildandi samkeppnislaga er í 42. gr. laganna og er um að ræða breytingu á framsetningu ákvæðisins, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum. Jafnframt er gert ráð fyrir að refsihámark verði sex ár, en samkvæmt gildandi samkeppnislögum er refsihámark fjögur ár.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 37/2003 frá 30. október 2003 sem varðaði ólögmætt samráð fyrirtækja á grænmetis- og ávaxtamarkaði var á það bent að samráð fyrirtækja á sama sölustigi, sem ætlað er að hafa eða getur haft áhrif á verð, skiptingu markaða og gerð tilboða, sé til þess fallið að valda neytendum og atvinnulífinu tjóni. Jafnframt vísaði rétturinn til þess að tekið sé fram í athugasemdum við 10. gr. í frumvarpi til samkeppnislaga að vart sé að finna alvarlegri samkeppnistakmarkanir en þegar fyrirtæki komi sér saman um verð, álagningu eða hvaða afslætti skuli veita. Sjónarmið sem fram hafa komið erlendis á undanförnum árum styðja það eindregið að ólögmætt samráð feli í sér alvarlegt brot. Þannig hafa rannsóknir á vegum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) leitt í ljós að ólögmætur ávinn-

ingur fyrirtækja af samráði eða yfirverðlagning sé að jafnaði mun hærri en almennt hefur verið talið. Af framangreindu leiðir að ólögmætt samráð keppinauta um verð og önnur viðkvæm viðskiptaleg málefni er ótvírætt til þess fallið að hafa í för með sér verulegan efnahagslegan skaða, bæði fyrir neytendur og atvinnulífið. Í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru er eðlilegt að refsing sé hér eftir sem hingað til lögð við þátttöku einstaklinga í samráði af þessum toga.

Í 1. mgr. er kveðið á um að refsiábyrgð sé einskorðuð við starfsmenn eða stjórnarmenn fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja sem framkvæma, hvetja til eða láta framkvæma samráð. Er þetta í samræmi við þær tillögur að refsiábyrgð vegna brota gegn samkeppnislögum verði einskorðuð við einstaklinga, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Aðrir geta orðið ábyrgir vegna brota gegn samkeppnislögum, á grundvelli III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um tilraun og hlutdeild, sbr. 6. mgr. ákvæðis þessa. Í ljósi alvarleika brota gegn 10. og/eða 12. gr. samkeppnislaga þykja rök fyrir því að þyngja refsingu við ólögmætu samráði. Í því sambandi má hafa hliðsjón af því að í norskum samkeppnislögum er sex ára refsihámark vegna samráðsbrota. Er því lagt til að refsirammi samkeppnislaga verði hækkaður og lögfest verði sex ára refsihámark vegna þessara brota.

Í 2. mgr. er nánar tiltekið hvaða brot gegn lögunum varða refsiábyrgð. Lagt er til að einungis verði mælt fyrir um refsiábyrgð einstaklinga í tengslum við brot fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja á sama sölustigi og einungis nánar tiltekin brot, sbr. upptalningu í a–f-liðum ákvæðisins.

Í 3. mgr. greinarinnar er kveðið á um það að refsiákvæði 1. mgr. taki einnig til ólögmæts samráðs milli fyrirtækja sem hefur það að markmiði að fyrirtæki hefji ekki samkeppni í atvinnustarfsemi.

Í 4. mgr. er hugtakið samráð skilgreint. Í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram að það vísar til 10. og 12. gr. og ber að skýra það í samræmi við skýringar á hugtakinu samráð í þeim greinum.

Í 5. mgr. er kveðið á um að dæma megi sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga. Í gildandi rétti er einungis vísað til 68. gr. almennra hegningarlaga. Er nú lagt til að einnig verði heimilt að gera upptækan hagnað sem verða kann af samráðsbrotum.

Í 6. mgr. er kveðið á um að einstaklingar geti orðið ábyrgir vegna brota sem tilgreind eru í greininni ef skilyrðum um tilraun og hlutdeild í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er fullnægt.

*Um b-lið (41. gr. b).*

Í b-lið ákvæðisins (41. gr. b) er kveðið á um að tiltekin háttsemi, sem ætlað er að torvelda eða spilla fyrir rannsóknaraðgerðum Samkeppniseftirlitsins, verði lýst refsiverð. Í 2. mgr. 42. gr. gildandi samkeppnislaga segir að sá sem gefi aðilum sem annast framkvæmd laganna rangar skýrslur skuli sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga. Nauðsynlegt er að í samkeppnislögum sé háttsemi, sem miðar að því að spilla sönnunargögnum og torvelda rannsókn á samkeppnisbrotum, lýst refsiverð. Þróun á sviði samkeppnisréttar í heiminum virðist ganga í þá átt að fyrirtæki og stjórnendur þeirra leitist í ríkara mæli við að leyna brotum. Ástæða er því til þess að skýra og skerpa á framangreindri reglu samkeppnislaga. Ákvæðið er að nokkru leyti hliðstætt 2. mgr. 162. gr. almennra hegningarlaga. Verknaðarlýsing brotsins felur í sér spillingu sönnunargagna með virkum hætti. Almennt er slík háttsemi skaðlegri rannsóknarhagsmunum en röng upplýsingagjöf og er því refsiramminn þyngri. Rétt er að taka fram að ákvæði 19. gr. samkeppnislaga á einungis við um fyrirtæki, fyrir-

tækjahópa og samtök fyrirtækja. Því á umfjöllun í almennum athugasemdum um rétt einstaklings til að fella ekki sök á sjálfan sig við rannsókn á stjórnsýslustigi, skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, ekki við hér. Þá er lagt til í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins að lögfest verði regla um að upplýsingar sem fyrirsvarsmenn fyrirtækja veita Samkeppniseftirlitinu án atbeina lögreglu sé ekki unnt að nota gegn þeim persónulega í opinberu máli, sbr. nánar umfjöllun í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Loks er rétt að ítreka að í íslenskum samkeppnisrétti gilda ákveðnar takmarkanir á upplýsingaskyldu fyrirtækja, en takmörkunin felst í því að fyrirtækjum er ekki skylt að svara spurningum sem fela í sér viðurkenningu á því að brot á samkeppnisreglum hafi verið framið.

Í 2. mgr. er kveðið á um að hver sá sem við upplýsingagjöf skv. 19. gr. veitir Samkeppniseftirlitinu rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í gildandi rétti er kveðið á um að sá sem gefur aðilum sem annast framkvæmd laganna rangar skýrslur skuli sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga. Rétt þykir að árétta sérstaklega að brot á upplýsingaskyldu skv. 19. gr. samkeppnislaga varði refsingu, enda þótt refsiramminn sé hinn sami og ella varðandi ranga skýrslugjöf, sbr. 2. málsl. ákvæðisins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að gera megi lögaðila sekt samkvæmt ákvæðum II. kafla A almennra hegningarlaga fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. greinarinnar.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að í 42. gr. samkeppnislaga verði sett ákvæði um verklag við rannsókn mála sem beinast bæði gegn einstaklingum og fyrirtækjum og um samskipti milli samkeppnisyfirvalda og lögreglu og ákæruvalds. Eru breytingarnar í samræmi við það markmið frumvarpsins að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsýsluviðurlög eru bæði lögbundin sem viðurlög við broti, þannig að ekki komi til þess að mál sama aðila verði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skuli fara með brot gegn samkeppnislögum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn samkeppnislögum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlits til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varðar bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Samkeppniseftirlitið með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort sá hluti málsins sem varðar refsiábyrgð einstaklings skuli kærður til lögreglu. Þykir eðlilegt að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Þar sem mál er varða ábyrgð fyrirtækja á brotum gegn samkeppnislögum verða einungis rannsökuð og lokið hjá Samkeppniseftirlitinu munu kærur Samkeppniseftirlitsins til lögreglu einungis koma til í málum er varða meinta ábyrgð einstaklinga. Mun lögregla rannsaka þau mál og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í 3. mgr. er heimild fyrir Samkeppniseftirlitið til að falla frá kæru á hendur einstaklingi ef hann, eða fyrirtæki sem hann starfar hjá eða er í stjórn fyrir, hefur haft frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. sem geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða eru mikilvæg viðbót að mati eftirlitsins við þau sönnunargögn sem það þegar hefur í fórum sínum. Gert er ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið setji reglur þar sem fram koma nánari skilyrði fyrir niðurfellingu kæru. Lögfesting reglunnar er lögð til í því skyni að tryggja að niðurfellingarreglur nái tilgangi sínum, jafnframt því að samræmi verði á milli meðferðar mála gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum, en í

3. og 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um lögfestingu niðurfellingarreglna gagnvart fyrirtækjum.

Í 4. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Samkeppniseftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 5. mgr. er að finna heimild fyrir Samkeppniseftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum á fyrirtæki og refsiábyrgð einstaklinga. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 6. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Samkeppniseftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum á fyrirtæki og refsiábyrgð einstaklinga. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Samkeppniseftirlits sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda mál er varðar brot á samkeppnislögum og gögn sem tengjast því til Samkeppniseftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar. Mögulegt er að lögregla og ákærandi fái upplýsingar um meint samkeppnislagabrot við rannsókn annarra mála. Er því nauðsynlegt að kveða á um heimild til handa ákæranda að senda slík mál til Samkeppniseftirlitsins.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði ákvæði um aðgang málsaðila að gögnum. Samkvæmt því er Samkeppniseftirlitinu heimilt að takmarka aðgang málsaðila að gögnum sem tengjast rannsókn á meintum refsiverðum brotum á samkeppnislögum ef hætta er talin á að slíkur aðgangur torveldi opinbera rannsókn. Þá er mælt fyrir um að takmörkun skuli ávallt aflétt tímanlega áður en Samkeppniseftirlitið tekur endanlega ákvörðun í málinu.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði regla um að upplýsingar sem fyrirsvarsmenn fyrirtækja veita Samkeppniseftirlitinu án atbeina lögreglu sé ekki unnt að nota gegn þeim persónulega í opinberu máli.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistöku laganna. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að Samkeppniseftirlitið leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn fyrirmælum eða skilyrðum sem gefin voru á grundvelli laga nr. 9/1993, með síðari breytingum.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005.**

Frumvarpið byggist á niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum. Markmið nefndarinnar var að móta ný viðmið um beitingu viðurlaga við efnahagsbrotum. Þá var nefndinni ætlað að leggja fram tillögur um hlutverk og verkaskiptingu eftirlitsaðila, sérstaklega hvað varðar skil á milli þeirra sem beitt geta stjórnvaldssektum og lögreglu og ákæruvalds.

Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að refsiábyrgð einstaklinga verði afmörkuð nánar og að öll sú háttsemi sem miðar að því að spilla sönnunargögnum og torvelda rannsókn á samkeppnisbrotum verði lýst refsiverð. Í frumvarpinu eru ítarlegri ákvæði en nú gilda um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ásamt því að fella niður stjórnvaldssektir. Þá eru í frumvarpinu ákvæði sem stuðla eiga að samvinnu lögreglu og samkeppnisyfirvalda við rannsókn brota. Í frumvarpinu eru ítarlegri ákvæði sem heimila Samkeppniseftirlitinu að lækka stjórnvaldssektir eða falla frá sektarákvörðunum á hendur fyrirtækjum eða einstaklingum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Loks er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að ljúka málum með sátt.

Með frumvarpinu eru lagðar til formbreytingar á samkeppnislögunum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð umfram það sem samþykkt er í fjárlögum.

# 789. Frumvarp til laga [523. mál]

um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti.

1. gr.

74. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 1. mgr. 22. gr. um almennt útboð verðbréfa og lýsingu,
2. 23. gr. um upplýsingar í lýsingu,
3. 1. mgr. 24. gr. um viðauka við lýsingu,
4. 1. mgr. 26. gr. um árlega upplýsingagjöf,
5. 2. og 3. mgr. 32. gr. um flöggunarskyldu,
6. 1. mgr. 37. gr. um tilboðsskyldu,
7. 6. mgr. 37. gr., 2. mgr. 38. gr. og 52. gr. um tilboðsyfirlit,
8. 39. gr. um tilkynningu um tilboð,
9. 40. gr. um skilmála tilboðs,
10. 41. gr. um skyldur stjórnar,

11. 2. mgr. 43. gr. um ógildingu tilboðs,
12. 3. mgr. 44. gr. um skyldu til að birta breytingar á tilboði opinberlega,
13. 1. mgr. 46. gr. um upplýsingar um niðurstöður tilboðs,
14. 54. gr. um tilkynningar viðskiptavaka,
15. 55. gr. um markaðsmisnotkun og milligöngu fjármálafyrirtækis,
16. 59. gr. um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga,
17. 60. gr. um innherjasvik,
18. 1. mgr. 61. gr. um milligöngu fjármálafyrirtækis,
19. 62. gr. um rannsóknarskyldu fruminnherja,
20. 63. gr. um tilkynningarskyldu fruminnherja,
21. 64. gr. um birtingu upplýsinga um viðskipti stjórnenda,
22. 65. gr. um innherjaskrá,
23. 66. gr. um tilkynningu til innherja,
24. 67. gr. um eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja,
25. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 75. gr.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn 4.–16. gr. laganna um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 75. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 77. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um rannsókn á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

5. gr.

78. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Sektir eða fangelsi allt að tveimur árum.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 1. mgr. 22. gr. um almennt útboð verðbréfa og lýsingu,
2. 23. gr. um upplýsingar í lýsingu,
3. 1. mgr. 24. gr. um viðauka við lýsingu,
4. 1. mgr. 26. gr. um árlega upplýsingagjöf,
5. 2. og 3. mgr. 32. gr. um flöggunarskyldu,
6. 1. mgr. 37. gr. um tilboðsskyldu,
7. 6. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 38. gr. um tilboðsyfirlit,
8. 39. gr. um tilkynningu um tilboð,
9. 40. gr. um skilmála tilboðs,
10. 41. gr. um skyldur stjórnar,
11. 2. mgr. 43. gr. um ógildingu tilboðs,
12. 1. mgr. 46. gr. um upplýsingar um niðurstöður tilboðs,
13. 54. gr. um tilkynningar viðskiptavaka,
14. 59. gr. um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga,
15. 62. gr. um rannsóknarskyldu fruminnherja,
16. 63. gr. um tilkynningarskyldu fruminnherja,
17. 64. gr. um birtingu upplýsinga um viðskipti stjórnenda,
18. 65. gr. um innherjaskrá,
19. 67. gr. um eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja.

6. gr.

Á eftir 78. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

a. (78. gr. a.)

*Sektir eða fangelsi allt að sex árum.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 1. mgr. 55. gr. um markaðsmisnotkun,
2. 2. mgr. 55. gr. og 1. mgr. 61. gr. um milligöngu fjármálafyrirtækis,

3. 60. gr. um innherjasvik,

b. (78. gr. b.)

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

c. (78. gr. c.)

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

## II. KAFLI

## Breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

### 7. gr.

110. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Stjórnvaldssektir.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 8. gr. um tilkynningar um breytingar á áður skráðum upplýsingum um fjármálafyrirtæki,
3. 1. mgr. 12. gr. um einkarétt fjármálafyrirtækja til að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni heiti þeirrar tegundar fjármálafyrirtækja sem fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir,

4. 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi,
5. 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna,
6. 1. málsl. 2. mgr. 26. gr. um hámarksverðmæti fjármálagerninga sem verðbréfamiðlari má varðveita fyrir eigin reikning,
7. 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa,
8. 29. gr. um eignarhald og veðsetningu eigin hlutabréfa,
9. 1. og 3. mgr. 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum,
10. 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi,
11. 1. og 5. mgr. 36. gr., 1. og 4. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr. og 39. gr. um starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis,
12. 1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. um virka eignarhluti,
13. 1. og 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. um hæfisskilyrði starfsmanna fjármálafyrirtækja sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga og tilkynningar um mannabreytingar,
14. 2. mgr. 54. gr. um skyldu til setningar starfsreglna,
15. 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála,
16. 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri,
17. 1. mgr. 57. gr. um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki,
18. 58. gr. um þagnarskyldu,
19. 4. mgr. 63. gr. um bann við endurgreiðslu stofnfjár til stofnfjáreigenda,
20. 1. mgr. 64. gr. um skyldu sparisjóðsstjórnar til að vísa málum til Fjármálaeftirlitsins telji hún að kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóði,
21. 2. mgr. 70. gr. um skilyrði fyrir samþykki sparisjóðsstjórnar ef virkur eignarhlutur í sparisjóði myndast við framsal stofnfjárhlutar eða aukningu stofnfjár,
22. 4. mgr. 73. gr. um skyldu sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag til að nota orðið hlutafélag í heiti sínu,
23. 4. mgr. 76. gr. um ráðstöfun fjármuna sjáfseignarstofnunar,
24. 3. mgr. 80. gr. um upplýsingaskyldu rafeyrisfyrirtækja,
25. 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja,
26. 3. málsl. 7. mgr. 84. gr. um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins,
27. 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár,
28. 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings,
29. 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju,
30. 89. gr. um skýrslu stjórnar,
31. 91. gr. um hæfi endurskoðanda,
32. 92. gr. um upplýsingaskyldu endurskoðanda,
33. 95. gr. um skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins,
34. 106. gr. um samruna fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess,
35. 107. gr. um eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins,
36. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 111. gr.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn 19. gr. um góða viðskiptahætti og venjur.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a.

tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 111. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Í máli sem beinist að einstaklingi, sem lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu, hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

10. gr.

Á eftir 112. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

a. (112. gr. a.)

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

b. (112. gr. b.)

*Sektir eða fangelsi.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi,
3. 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna,
4. 1. málsl. 2. mgr. 26. gr. um hámarksverðmæti fjármálagerninga sem verðbréfamiðlari má varðveita fyrir eigin reikning,

5. 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa,
6. 2. mgr. 29. gr. um skyldu til að setja traustar tryggingar fyrir lánum sem veitt eru í tengslum við hlutafjárútboð til kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárhlutum umfram tiltekið hlutfall heildarfjárhæðar hlutafjár,
7. 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum,
8. 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi,
9. 1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. um virka eignarhluti,
10. 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála,
11. 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri,
12. 1. mgr. 57. gr. um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki,
13. 58. gr. um þagnarskyldu,
14. 1. mgr. 64. gr. um skyldu sparisjóðsstjórnar til að vísa málum til Fjármálaeftirlitsins telji hún að kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóði,
15. 2. mgr. 70. gr. um skilyrði fyrir samþykki sparisjóðsstjórnar ef virkur eignarhlutur í sparisjóði myndast við framsal stofnfjárhlutar eða aukningu stofnfjár,
16. 1., 2. og 4. mgr. 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja,
17. 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár,
18. 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings,
19. 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju,
20. 89. gr. um skýrslu stjórnar,
21. 91. og 92. gr. um hæfi endurskoðanda og skyldu hans til að tilkynna um ágalla í rekstri.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna.

c. (112. gr. c.)

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

d. (112. gr. d.)

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

## III. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

11. gr.

Á eftir 41. gr. kemur nýr kafli, XIV. kafli, sem hefur fyrirsögnina **Viðurlög,** með sjö nýjum greinum, 42.–48. gr., ásamt fyrirsögnum, sem orðast svo og breytast greinatölur og kaflanúmer samkvæmt því:

a. (42. gr.)

*Stjórnvaldssektir.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 2. mgr. 1. gr. og 34. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 6. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut,
3. 3. mgr. 7. gr. um verðbréfaviðskipti stjórnar og starfsmanna hlutafélags sem hlotið hefur starfsleyfi,
4. 8. gr. um nafntilgreiningu,
5. 9. gr. um tilkynningarskyldu kauphalla og tilboðsmarkaða til Fjármálaeftirlitsins,
6. 11. gr. um hlutverk kauphallar,
7. 4. mgr. 15. gr. um að tilkynningar um staðfestingu á aðildarumsókn að kauphöll skuli sendar Fjármálaeftirlitinu,
8. 2. málsl. 2. mgr. 16. gr. um tilkynningarskyldu kauphallar til Fjármálaeftirlitsins um ráðstafanir sem gerðar eru vegna brota skilyrða í aðildarsamningi,
9. 25. gr. a um upplýsingaskyldu í ársskýrslu,
10. 3. mgr. 29. gr. um upplýsingaskyldu markaðsaðila um eignayfirtöku á verðbréfum,
11. 1. mgr. 30. gr. um ábyrgðartryggingu kauphallar,
12. 32. gr. um hlutverk og starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar,
13. 34. gr. a um markaðstorg,
14. 40. gr. um þagnarskyldu,
15. 41. gr. um skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins,
16. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 43. gr.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

b. (43. gr.)

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

c. (44. gr.)

Í máli sem beinist að einstaklingi, sem lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu, hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

d. (45. gr.)

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

e. (46. gr.)

*Sektir eða fangelsi.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 2. mgr. 1. gr. og 34. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 3. mgr. 7. gr. um verðbréfaviðskipti stjórnar og starfsmanna hlutafélags sem hlotið hefur starfsleyfi,
3. 11. gr. um hlutverk kauphallar,
4. 32. gr. um hlutverk og starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar,
5. 40. gr. um þagnarskyldu,
6. 41. gr. um skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins.

f. (47. gr.)

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

g. (48. gr.)

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

## IV. KAFLI

## Breyting á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

12. gr.

34. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Stjórnvaldssektir.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 2. mgr. 1. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð á starfsleyfis,
2. 3. mgr. 3. gr. um að verðbréfamiðstöð skuli ekki stunda aðra starfsemi en kveðið er á um í lögunum eða er eðlileg í tengslum við hana,
3. 1. mgr. 5. gr. um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins um virkan eignarhlut,
4. 6. gr. um tilkynningarskyldu verðbréfamiðstöðvar til Fjármálaeftirlitsins,
5. 7. gr. um starfsreglur stjórnar verðbréfamiðstöðvar og samruna verðbréfamiðstöðvar við annað félag,
6. 1. mgr. 8. gr. um þagnarskyldu,
7. 9. gr. um ársreikning og ársskýrslu og tilkynningarskyldu endurskoðanda,

8. 1. og 2. málsl. 13. gr. um reglur stjórnar verðbréfamiðstöðvar um hvaða verðbréf er unnt að taka til skráningar sem rafbréf,
9. 14. gr. um að verðbréfamiðstöð sé óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi,
10. 2. mgr. 30. gr. um ábyrgðarsjóð verðbréfamiðstöðvar,
11. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 34. gr. a.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

13. gr.

Á eftir 34. gr. koma sex nýjar greinar, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

a. (34. gr. a.)

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

b. (34. gr. b.)

Í máli sem beinist að einstaklingi, sem lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu, hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

c. (34. gr. c.)

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

d. (34. gr. d.)

*Sektir eða fangelsi.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 2. mgr. 1. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð á starfsleyfis,
2. 3. mgr. 3. gr. um bann við því að verðbréfamiðstöð stundi aðra starfsemi en kveðið er á um í lögunum eða er eðlileg í tengslum við hana,
3. 1. mgr. 8. gr. um þagnarskyldu,

4. 9. gr. um ársreikning og ársskýrslu og tilkynningarskyldu endurskoðanda,
5. 14. gr. um að verðbréfamiðstöð sé óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi.

e. (34. gr. e.)

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

f. (34. gr. f.)

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

## V. KAFLI

## Breyting á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

14. gr.

68. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Stjórnvaldssektir.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 3. mgr. 1. gr. og 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis,
2. 1. mgr. 4. gr. um stofnun fagfjárfestasjóða og tilkynningu um stofnun sjóðanna til Fjármálaeftirlitsins,
3. 2. mgr. 5. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til,

4. 11. gr. um einkarétt verðbréfasjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið verðbréfasjóður,
5. 15. gr. um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja verðbréfasjóða og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
6. 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs,
7. 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða,
8. 29. gr. um auglýsingu innlausnarvirðis,
9. 30.–42. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða,
10. 1. mgr. 43. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi,
11. 45. gr. um markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands,
12. 46.–51. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða,
13. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til,
14. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr., um óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja fjárfestingarsjóða í störfum sínum og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
15. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs,
16. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða,
17. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr., sbr. 46.–51. gr. og 5. mgr. 62. gr. um upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða,
18. 2. mgr. 52. gr. og 3. mgr. 62. gr. um einkarétt fjárfestingarsjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið fjárfestingarsjóður,
19. 54. og 65. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða,
20. 55. og 65. gr. um tilkynningu um áhættu,
21. 1. mgr. 62. gr. um að hlutabréfasjóðum sé einungis heimilt að hafa með höndum rekstur fjárfestingarsjóðs,
22. 7. mgr. 62. gr. um skyldu hlutabréfasjóðs til að vekja athygli á reglum um innlausnarskyldu sjóðsins,
23. 1. mgr. 63. gr., sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki, um þagnarskyldu,
24. 2. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. laga um fjármálafyrirtæki, um virka eignarhluti,
25. 3. mgr. 63. gr. um að framkvæmdastjóri hlutabréfasjóðs skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum,
26. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 69. gr.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn 19. gr. um góða viðskiptahætti eða 2. mgr. 62. gr. um að hlutabréfasjóður skuli rekinn í samræmi við góða viðskiptahætti.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármála-

eftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Í máli sem beinist að einstaklingi, sem lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu, hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

17. gr.

Á eftir 70. gr. koma fjórar nýjar greinar, 70. gr. a – 70. gr. d, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

a. (70. gr. a.)

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

b. (70. gr. b.)

*Sektir eða fangelsi.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 3. mgr. 1. gr. og 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis,
2. 2. mgr. 5. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til,
3. 15. gr. um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja verðbréfasjóða og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
4. 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs,
5. 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða,

6. 30.–42. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða,
7. 1. mgr. 43. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi,
8. 46.–51. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða,
9. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til,
10. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr., um óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja fjárfestingarsjóða í störfum sínum og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
11. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs,
12. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða,
13. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr., sbr. 46.–51. gr. og 5. mgr. 62. gr. um upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða,
14. 54. og 65. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða,
15. 55. og 65. gr. um tilkynningu um áhættu,
16. 1. mgr. 62. gr. um að hlutabréfasjóðum sé einungis heimilt að hafa með höndum rekstur fjárfestingarsjóðs,
17. 1. mgr. 63. gr., sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki, um þagnarskyldu,
18. 2. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. laga um fjármálafyrirtæki, um virka eignarhluti.

c. (70. gr. c.)

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

d. (70. gr. d.)

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu

er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

## VI. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

18. gr.

99. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Stjórnvaldssektir.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 2. málsl. 1. gr. og 5. mgr. 21. gr. um bann við að leyfisskyld starfsemi sé stunduð án starfsleyfis,
2. 1. mgr. 5. gr. um að vátryggingaáhætta skuli aðeins frumtryggð hjá vátryggingafélagi með starfsleyfi á Íslandi eða á Evrópska efnahagssvæðinu,
3. 9.–11. gr. um starfsheimildir,
4. 1. mgr. 13. gr. um að greinilega skuli koma fram í heiti vátryggingafélags að um vátryggingafélag sé að ræða,
5. 2. mgr. 13. gr. um heiti og upplýsingagjöf,
6. 2. mgr. 19. gr. um að ekki skuli stofnað til vátryggingasamninga og ábyrgða vegna þeirra eða innheimtu iðgjalda þegar stofna á gagnkvæmt vátryggingafélag fyrr en félagið hefur verið skráð,
7. 1. mgr. 27. gr. um leyfisumsókn til Fjármálaeftirlitsins ef vátryggingafélag með starfsleyfi hér á landi hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga eða vátryggingagrein eða breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum,
8. 3. mgr. 27. gr. um að senda skuli breytingar á samþykktum vátryggingafélags til Fjármálaeftirlitsins innan viku frá samþykkt þeirra,
9. 4. mgr. 28. gr. um að allar breytingar á atriðum sem tilkynna skal til vátryggingafélagaskrár skuli senda eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar,
10. 2. mgr. 34. gr. um eignir til jöfnunar á móti vátryggingaskuld,
11. 36. gr. um skyldu stjórnar til þess að tryggja að fyrir hendi sé sérþekking á mati og útreikningi vátryggingaskuldar,
12. 1. málsl. 4. mgr. 37. gr. um tilkynningarskyldu tryggingastærðfræðings til Fjármálaeftirlitsins,
13. 38. gr. um að halda skrá yfir eignir til jöfnunar vátryggingaskuld eða líftryggingaskuld,
14. 1. mgr. 39. gr. um að aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skuli fyrir fram leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins,
15. 9.–11. mgr. 39. gr. um tilkynningarskyldu í tengslum við virkan eignarhlut,
16. 1., 2. og 5. mgr. 41. gr. um hámark eigin hluta,
17. 4. mgr. 43. gr. um tilkynningarskyldu um þóknun stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra,

18. 5. mgr. 43. gr. um tilkynningarskyldu um myndun félagasamstæðu eða yfirráð yfir öðru félagi og um verulegar breytingar á skipulagi samstæðu,
19. 6. mgr. 43. gr. um setningu verklagsreglna,
20. 7. mgr. 43. gr. um skyldu stjórnar og framkvæmdastjóra vátryggingafélags til að gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins,
21. 2. mgr. 46. gr. um tilkynningarskyldu endurskoðanda til Fjármálaeftirlitsins,
22. 1. málsl. 47. gr. um að senda skuli Fjármálaeftirliti ársreikning og fylgigögn,
23. 1. mgr. 48. gr. um upplýsingaskyldu vegna starfsemi erlendis,
24. 49. gr. um úthlutun arðs,
25. 4. mgr. 54. gr. um skýrslur um viðskipti við tengda aðila,
26. 3. málsl. 1. mgr. 55. gr. um skil lögboðinna vátryggingaskilmála,
27. 3. málsl. 2. mgr. 55. gr. um skil á reiknigrundvelli líftrygginga og heilsutrygginga,
28. 58. gr. um skil lögboðinna vátryggingaskilmála,
29. 1. mgr. 68. gr. um skyldu til samþykkis Fjármálaeftirlitsins vegna flutnings á stofni,
30. 4. mgr. 72. gr. um ávöxtun fjármuna vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
31. 73. gr. um skil á ársreikningi og upplýsingaskyldu vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
32. 2. mgr. 76. gr. um lok starfsemi vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
33. 3. mgr. 76. gr. um lausn geymslufjár vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
34. 4. og 5. mgr. 77. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að opna útibú í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins,
35. 4. mgr. 78. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins,
36. 79. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
37. 1. málsl. 1. mgr. 86. gr. um umsókn vegna flutnings á vátryggingastofni,
38. 88.–89. gr. um samruna,
39. 1. mgr. 97. gr. um skil greinargerðar til Fjármálaeftirlitsins vegna ákvörðunar um frjáls slit,
40. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 99. gr. a.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn 12. gr. um góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

19. gr.

Á eftir 99. gr. koma sex nýjar greinar, 99. gr. a – 99. gr. f, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

a. (99. gr. a.)

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

b. (99. gr. b.)

Í máli sem beinist að einstaklingi, sem lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu, hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

c. (99. gr. c.)

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

d. (99. gr. d.)

*Sektir eða fangelsi.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 2. málsl. 1. gr. og 5. mgr. 21. gr. um bann við að leyfisskyld starfsemi sé stunduð án starfsleyfis,
2. 4. mgr. 28. gr. um að allar breytingar á atriðum sem tilkynna skal til vátryggingafélagaskrár skuli senda eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar,
3. 4. mgr. 37. gr. um tilkynningarskyldu tryggingastærðfræðings til Fjármálaeftirlitsins,
4. 1., 2. og 5. mgr. 41. gr. um hámark eigin hluta,
5. 1.–3. mgr. 44. gr. um ársreikninga,
6. 2. mgr. 45. gr. um hæfi endurskoðanda,
7. 1. mgr. 46. gr. um að ársreikningur vátryggingafélags skuli endurskoðaður í samræmi við góða endurskoðunarvenju,
8. 2. mgr. 46. gr. um tilkynningarskyldu endurskoðanda til Fjármálaeftirlitsins,
9. 49. gr. um úthlutun arðs,
10. 2. mgr. 76. gr. um lok starfsemi vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
11. 3. mgr. 76. gr. um lausn geymslufjár vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
12. 1. og 6. mgr. 90. gr. um aðgerðir vegna ónógs gjaldþols.

e. (99. gr. e.)

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

f. (99. gr. f.)

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

## VII. KAFLI

## **Breyting á lögum nr. 32/2005, um miðlun vátrygginga.**

20. gr.

62. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Stjórnvaldssektir.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 2. mgr. 1. gr. um heimild til handa tilteknum aðilum til að miðla vátryggingum,
2. 1. mgr. 12. gr. um heiti vátryggingamiðlara,
3. 13. gr. um breytingu á starfsemi
4. 1. mgr. 14. gr. um að vátryggingamiðlari skuli einungis miðla frumtryggingum á vegum vátryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hér á landi,
5. 15.–17. gr. um hæfisskilyrði,

6. 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. um fjárhagslega stöðu vátryggingamiðlara og viðbrögðum við því ef líkur eru á því að vátryggingamiðlari eigi ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum,
7. 20. gr. um starfsábyrgðartryggingu vátryggingamiðlara,
8. 21. gr. um viðtöku fjármuna án heimildar,
9. 1. mgr. 22. gr. um vörslufjárreikning vátryggingamiðlara,
10. 23. gr. um yfirsýn yfir starfsemi,
11. 24. gr. um ráðningar- og verksamninga,
12. 25. gr. um samninga um þjónustu,
13. 27. gr. um þagnarskyldu vátryggingamiðlara o.fl.,
14. 30.–32. gr. um upplýsingaskyldu vátryggingamiðlara,
15. 1.–3. mgr. 36. gr. um innlögn starfsleyfis,
16. 37. gr. um skil á ársreikningi og fylgigögnum,
17. 38. gr. um tilkynningu um framkomna skaðabótakröfu,
18. 1.–3. mgr. 39. gr. um skráningu umboðsmanns,
19. 40. gr. um skilyrði skráningar,
20. 1. mgr. 41. gr. um heiti vátryggingaumboðsmanns,
21. 1. málsl. 1. mgr. 42. gr. um takmarkanir á starfsemi vátryggingaumboðsmanns,
22. 43. gr. um viðtöku vátryggingaumboðsmanns á fjármunum,
23. 1. mgr. 44. gr. um vörslufjárreikning vátryggingaumboðsmanns,
24. 45. gr. um yfirsýn yfir starfsemi,
25. 46. gr. um ráðningar- og verksamninga,
26. 48. gr. um þagnarskyldu vátryggingaumboðsmanna o.fl.,
27. 49. gr. um góða viðskiptahætti og venjur vátryggingaumboðsmanns,
28. 51.–54. gr. um upplýsingaskyldu vátryggingaumboðsmanns,
29. 1. og 3. mgr. 56. gr. um starfsemi innlendra vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna erlendis,
30. 60. gr. um eftirlitsgjald,
31. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 62. gr. a.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn 28. gr. eða 49. gr. um góða viðskiptahætti og venjur.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

21. gr.

Á eftir 62. gr. koma sex nýjar greinar, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

a. (62. gr. a.)

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

b. (62. gr. b.)

Í máli sem beinist að einstaklingi, sem lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu, hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

c. (62. gr. c.)

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

d. (62. gr. d.)

*Sektir eða fangelsi.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 2. mgr. 1. gr., 12. og 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. um bann við að leyfisskyld starfsemi sé stunduð án heimildar,
2. 1. mgr. 19. gr. um fjárhagslega stöðu vátryggingamiðlara og viðbrögðum við því ef líkur eru á því að miðlari eigi ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum,
3. 20. gr. um starfsábyrgðartryggingu vátryggingamiðlara,
4. 21. gr. um viðtöku fjármuna án heimildar,
5. 1. mgr. 22. gr. um vörslufjárreikning vátryggingamiðlara,
6. 27. gr. um þagnarskyldu vátryggingamiðlara o.fl.,
7. 30.–32. gr. um upplýsingaskyldu vátryggingamiðlara,
8. 48. gr. um þagnarskyldu vátryggingaumboðsmanna o.fl.

e. (62. gr. e.)

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

f. (62. gr. f.)

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

## VIII. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

22. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ef eftirlitsskyldur aðili eða einstaklingar og lögaðilar hafa að mati Fjármálaeftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegir við lög eða reglur sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framfylgja og brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Aðgerðum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til dómstóla.

## IX. KAFLI
## *Gildistaka.*

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum. Á undanförnum árum hafa komið upp álitaefni og í sumum tilvikum ríkt nokkur óvissa um samskipti og verkaskiptingu lögreglu og ákæruvalds annars vegar og eftirlitsstofnana innan stjórnsýslunnar hins vegar við rannsókn og meðferð efnahagsbrota. Þá hefur verið nokkur umræða um viðurlög við efnahagsbrotum og hvernig skerpa megi varnaðaráhrif þeirra.

Hinn 27. október 2004 skipaði forsætisráðherra, að tillögu dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra, nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum. Í nefndina voru skipuð Bogi Nilsson ríkissaksóknari, Jón H.B. Snorrason saksóknari og Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dóms-

og kirkjumálaráðuneytinu, samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra og Ásgeir Einarsson, yfirlögfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu, Jónína S. Lárusdóttir, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, og Páll Gunnar Pálsson, þá forstjóri Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðherra. Í forföllum Jónínu tók Haraldur Örn Ólafsson, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, sæti hennar í nefndinni til 1. apríl 2005. Páll Gunnar Pálsson var skipaður forstjóri Samkeppniseftirlitsins 1. júlí 2005 og tók Hlynur Jónsson sviðsstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu sæti hans. Páll Gunnar Pálsson starfaði áfram með nefndinni. Dr. Páll Hreinsson lagaprófessor við Háskóla Íslands var skipaður formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Ásgerður Ragnarsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara. Einnig starfaði Áslaug Árnadóttir, lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, með nefndinni.

Markmið nefndarinnar var að móta ný viðmið um beitingu viðurlaga við efnahagsbrotum, þ.e. hvenær rétt væri að beita stjórnvaldssektum annars vegar og annars konar viðurlögum hins vegar. Þá miðaði umfjöllun nefndarinnar að því að leggja fram tillögur um hlutverk og verkaskiptingu eftirlitsaðila, sérstaklega hvað varðar skil á milli þeirra sem beitt geta stjórnvaldssektum og lögreglu og ákæruvalds. Beindist umfjöllun nefndarinnar um hlutverk og verkaskiptingu eftirlitsaðila einkum að Samkeppniseftirlitinu og Fjármálaeftirlitinu og verkaskiptingu þeirra gagnvart lögreglu og ákæruvaldi.

Nefndin lauk störfum 12. október 2006 og skilaði skýrslu til forsætisráðherra. Bogi Nilsson skrifaði undir skýrsluna með fyrirvara og skilaði séráliti þar sem hann gerir athugasemdir við ákveðin atriði. Tillögum nefndarinnar má skipta í þrennt. Snúa þær í fyrsta lagi almennt að stjórnsýsluviðurlögum og refsingum, í öðru lagi að viðurlögum við brotum á fjármálamarkaði og í þriðja lagi að viðurlögum við brotum á samkeppnislögum. Í mörgum tilvikum gerði nefndin tillögur að lagabreytingum og fylgja skýrslu hennar drög að tveimur frumvörpum, annars vegar frumvarpi til laga um breytingar á samkeppnislögum og hins vegar frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. Með skýrslu nefndarinnar fylgdu tvær álitsgerðir. Annars vegar álitsgerð Bjargar Thorarensen prófessors og Ásgerðar Ragnarsdóttur lögfræðings um rétt til að fella ekki á sig sök á stjórnsýslustigi skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hins vegar álitsgerð Róberts R. Spanó prófessors um bann við tvöfaldri refsingu eða endurtekinni málsmeðferð til úrlausnar um refsiverða háttsemi skv. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu.

**Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.**

Frumvarp þetta byggir á niðurstöðum nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að refsiábyrgð vegna brota gegn lögum á fjármálamarkaði verði afmörkuð nánar en samkvæmt gildandi lögum.
2. Lagt er til að sett verði í löggjöf á fjármálamarkaði ákvæði um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og einstaklinga vegna brota á lögunum, en nú er aðeins heimild til álagningar stjórnvaldssekta í lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003. Þá er lagt til að sérstök fyrningarákvæði varðandi heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir verði lögfest. Lagt er til að heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk, ef um er að ræða meint brot gegn ákvæðum verðbréfaviðskiptalögum. Í öðrum tilfellum falli þær niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.
3. Þá er lagt til að kveðið verði á um að brot gegn lögum á fjármálamarkaði sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu. Einnig er

lagt til að nokkrum ákvæðum verði bætt við lög á fjármálamarkaði, sem stuðla eiga að samvinnu lögreglu og Fjármálaeftirlitsins við rannsókn á þeim brotum sem geta bæði varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð.
4. Lagt er til að lögfest verði ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki sök á sjálfan sig við rannsókn á stjórnsýslustigi.
5. Loks er lagt til að lögfest verði heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt.

**Núgildandi ákvæði um viðurlög við brotum á löggjöf á fjármálamarkaði og framkvæmd þeirra.**

Í lögum um starfsemi á fjármálamarkaði hefur fram til síðustu ára lítið verið hugað að viðurlögum við brotum. Í flestum laganna var að finna almennt ákvæði þar sem kveðið var á um að brot gegn viðkomandi lögum vörðuðu sektum eða fangelsi allt að einu til tveimur árum. Ekki var gerður greinarmunur á brotum og var refsiramminn því hinn sami vegna allra ákvæða viðkomandi laga. Þessi háttur er enn hafður á í nokkrum lögum og má þar nefna lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Þá eru þess dæmi að engin viðurlagaákvæði hafi verið í lögum og má þar nefna lög nr. 34/1998, um kauphallir og skipulega tilboðsmarkaði.

Við heildarendurskoðun laga um starfsemi á fjármálamarkaði hefur hin síðari ár verið hugað sérstaklega að viðurlagaákvæðum. Þannig er í XIV. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, tilgreint hvaða brot geta varðað sektum og hvaða brot geta varðað sektum og fangelsi. Þannig hefur verið tekin afstaða til þess hvaða ákvæði laganna geta orðið grundvöllur refsiverðs brots og hver ekki. Í athugasemdum við kaflann, sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 161/2002, kemur fram að almennar eftirlits- og þvingunarheimildir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þyki í mörgum tilvikum nægjanlegar og því ekki ástæða til að kveða á um refsinæmi brots. Þá sé ekki kveðið á um refsinæmi vegna brota gegn skilyrðum frumvarpsins fyrir starfsleyfi þar sem nægilegt sé talið að Fjármálaeftirlitið kanni hvort skilyrði séu fyrir hendi og synji um starfsleyfi ef svo er ekki. Loks sé ekki kveðið á um refsinæmi brota gegn ákvæðum laganna þegar önnur ákvæði laganna kveði með fullnægjandi hætti á um réttaráhrif brota.

Svipaður háttur er hafður á í XI. kafla laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, og í V. kafla laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Með fyrrnefndu lögunum voru brot á ákvæðum þeirra í fyrsta skipti flokkuð eftir alvarleika og kveðið á um mismunandi þung viðurlög með hliðsjón af því. Var talið að varnaðaráhrif og virkni viðurlaganna yrði mun meiri ef betur væri skilgreint í lögunum hvaða háttsemi varði refsingu og hvers eðlis hún væri. Í lögunum var jafnframt í fyrsta skipti kveðið á um eiginlegar stjórnvaldssektir við brotum á ákvæðum laga á fjármálamarkaði. Samkvæmt 74. gr. laganna getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn 59. og 62.–67. gr., en í þeim ákvæðum er fjallað um upplýsingaskyldu útgefenda, rannsóknarskyldu fruminnherja, tilkynningarskyldu fruminnherja, birtingu upplýsinga um viðskipti fruminnherja, innherjaskrá og reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Ákvæðin varða þá umgjörð um innherjaupplýsingar og meðferð þeirra, sem ætlað er að koma í veg fyrir eiginleg innherjasvik. Brot á 55. og 60. gr. laganna um markaðsmisnotkun og innherjasvik varða hins vegar fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 77. gr. laganna.

Þá ber að geta þess að breytingar voru gerðar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit á síðasta löggjafarþingi, sbr. lög nr. 67/2006. Miða þau lög að því að styrkja úrræði Fjármálaeftirlitsins og eyða óvissu um túlkun nokkurra ákvæða. Með þeim var m.a. tekinn af allur vafi um að

Fjármálaeftirlitið geti beitt dagsektum skv. 11. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, gagnvart einstaklingum og lögaðilum, ef þeir sinna ekki beiðni eftirlitsins um gögn eða kröfum eftirlitsins um úrbætur. Áður hafði kærunefnd um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi komist að þeirri niðurstöðu að dagsektarheimild Fjármálaeftirlitsins væri bundin við eftirlitsskylda aðila.

Til þessa hefur sjaldan verið ákært og dæmt á grundvelli refsiákvæða laga á fjármálamarkaði. Á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti hafa gengið tveir dómar, í öðru tilvikinu gekk sýknudómur í héraði sem ekki var áfrýjað, en í hinu tilvikinu var sakfellt, en það mál varðaði einnig brot á almennum hegningarlögum. Nokkur mál til viðbótar á sviði verðbréfamarkaðsréttar hafa verið til rannsóknar hjá ríkislögreglustjóra, en þær rannsóknir hafa ekki leitt til útgáfu ákæru. Heimild til að beita stjórnvaldssektum vegna brota á lögum um verðbréfaviðskipti tók gildi 1. júlí 2003 og í september 2006 hafði stjórnvaldssektum verið beitt í 42 tilvikum. Engin mál sem Fjármálaeftirlitið hefur sent lögreglu á sviði lánamarkaðar hafa enn sem komið er farið í ákærumeðferð. Á sviði vátrygginga hefur einu sinni gengið dómur þar sem hinn ákærði var sakfelldur fyrir brot á lögum um vátryggingastarfsemi.

**Á að beita refsingu eða stjórnsýsluviðurlögum sem viðurlögum við brotum?**

Ýmis sjónarmið hafa verið uppi um það hvort að beita eigi refsingum eða stjórnsýsluviðurlögum sem viðurlögum við lögbrotum. Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum fjallaði m.a. um þetta efni og var niðurstaðan sú að óskynsamlegt væri að lögfesta fangelsi sem möguleg viðurlög við of mörgum brotum þegar slíkri refsingu væri sjaldan beitt nema vegna fárra og alvarlegra brota. Er lögfesting strangra refsiviðurlaga í slíkum tilvikum talin til þess fallin að draga úr almennum varnaðaráhrifum refsinga og ekki er sjálfgefið að slík viðurlög séu hófleg og sanngjörn. Mælti nefndin með að mörkuð yrði sú stefna í sérrefsilögum er lúta að brotum á samkeppnismarkaði og fjármálamarkaði, að á grundvelli fyrirfram ákveðinna sjónarmiða yrðu aðeins veigamestu brotin gerð refsiverð.

Þegar metið er hvaða brot eiga að vera refsiverð má m.a. líta til eftirfarandi atriða. Í fyrsta lagi til þess hvort að nauðsynlegt sé að viðurlög séu við broti á tiltekinni reglu og í framhaldinu hvort að nauðsynlegt sé að viðurlög við brotinu séu refsing. Í öðru lagi er almennt ekki ástæða til að beita refsingum ef unnt er að tryggja nægilega eftirfylgni við lög með vægari úrræðum. Í þriðja lagi þurfa þeir verndarhagsmunir, sem lagareglu er ætlað að vernda, að vera það mikilvægir að það réttlæti að lögð sé refsing við brotum á reglunni. Í fjórða lagi ber almennt aðeins að leggja refsingar við alvarlegum brotum. Liggi refsing við brotum, er mikilvægt að tryggt sé að almennt sé brugðist við brotum af festu með rannsókn og ákæru, þar sem skilyrði eru fyrir hendi.

**Hvaða brot á lögum á fjármálamarkaði eiga að vera refsiverð og hvaða brot eiga að varða stjórnvaldssektum?**

Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum lagði til að gerðar yrðu breytingar á viðurlagaákvæðum laga á fjármálamarkaði þannig að tiltekið sé í lögunum hvaða ákvæði þeirra geti orðið grundvöllur refsinga og hvaða ákvæði geti leitt til stjórnvaldssekta. Þá lagði nefndin til að brot yrðu flokkuð eftir alvarleika í því skyni að styrkja varnaðaráhrif viðurlaga og stuðla að gagnsæi þeirra. Einnig taldi nefndin eðlilegt að viðurlög í þeirri löggjöf sem heyrir undir Fjármálaeftirlitið yrði samræmd, en á það skortir í núgildandi lögum. Í samræmi við framangreind sjónarmið eru í frumvarpi þessu lagðar til breytingar á viðurlagaákvæðum þeirra laga sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með.

Ákvæði laga um starfsemi á fjármálamarkaði kveða mörg á um formkröfur og skilyrði af ýmsu tagi sem fyrirfram er talið að fyrirtæki með starfsleyfi þurfi að uppfylla til að starfsemin teljist traust og trúverðug og sé í samræmi við hagsmuni viðskiptamanna, almennings og fjármálamarkaðarins í heild sinni. Í lögunum eru jafnframt efnisákvæði um framkvæmd viðskipta og heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti sem stefna að sama markmiði. Helstu viðbrögð við brotum á þessum lögum og reglum settum samkvæmt þeim eru kröfur Fjármálaeftirlitsins um úrbætur, athugasemdir og afturköllun starfsleyfa annars vegar og sektir eða fangelsi hins vegar. Það er mikilvægt fyrir markaðinn að þessum ákvæðum sé fylgt eftir og að eftirfylgni við lög um starfsemi á fjármálamarkaði sé skilvirk og til þess fallin að skapa eðlilegan aga og virðingu fyrir lögum og reglum. Trúverðugt eftirlit þar sem tekið er á brotum á markvissan hátt er órjúfanlegur hluti af trúverðugum markaði. Til að tryggja trúverðugan markað eru opin samskipti og fyrirbyggjandi eftirlit lykilatriði, það verða hins vegar einnig að vera til staðar úrræði til að taka á brotum gegn lögum. Reynslan sýnir að það hefur takmarkað gildi að refsing í formi sekta eða fangelsis liggi við brotum á fjármálamarkaði. Í framkvæmd er ekki unnt að taka öll slík brot til opinberrar rannsóknar og refsimeðferðar vegna fjölda þeirra og þess kostnaðar sem hlýst af rannsókn, ákæru og störfum dómstóla. Í staðinn væri oftast hægt að beita stjórnsýsluviðurlögum á mun skilvirkari og mun kostnaðar minni hátt en hefðbundnum refsingum.

Í lögum á fjármálamarkaði er víða að finna matskennd ákvæði sem eru flókin og erfið viðfangs. Sem dæmi má nefna ákvæði um innherjasvik, markaðsmisnotkun, mat á yfirtökuskyldu, stórar áhættuskuldbindingar, virka eignarhluti og fjárfestingartakmarkanir. Mál sem varða þessi ákvæði útheimta greiningar á hegðunarmynstri, þróun á markaði yfir löng tímabil, aðstæður á markaði, viðskiptasögu aðila, samanburðargreiningar, líkindareikninga, mat á áhrifum upplýsinga o.fl. Fjármálaeftirlitið hefur sérþekkingu á löggjöf á sviði fjármálamarkaðar og er því æskilegt að þekking stofnunarinnar sé nýtt betur en nú er við úrlausn mála er varða brot á löggjöfinni. Einnig má nefna að sönnunarkröfur eru ekki jafn strangar í stjórnsýslumálum og í refsimálum sem leiðir til þess að auðveldara er að bregðast við lögbrotum á fjármálamarkaði í stjórnsýslumáli. Er þetta ein helsta ástæða þess að Bretar ákváðu að færa mál sem vörðuðu innherjasvik og markaðsmisnotkun í stjórnsýslufarveg árið 2000.

Þá er nauðsynlegt að líta til þess að tilskipanir Evrópusambandsins á sviði fjármálalöggjafar gera í æ ríkara mæli ráð fyrir stjórnsýsluviðurlögum, en skylt er að innleiða þessar tilskipanir á Íslandi. Þannig er í 1. mgr. 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ákvæði um að aðildarríkin skuli tryggja, að gerðar verði viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir eða stjórnsýsluviðurlögum verði beitt gagnvart aðilum sem hafa brotið gegn ákvæðum tilskipunarinnar. Sambærilegt ákvæði er í 1. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar.

Loks má benda á að hagsmunir markaðarins og málsaðila sjálfra kalla á að mál sem þessi séu leidd til lykta á tiltölulega skömmum tíma og að brugðist sé hratt og markvisst við brotum. Í ljósi alls þessa verður því að telja líklegra að markmiðum um eftirfylgni, skilvirkni, nýtingu sérfræðiþekkingar og hraða málsmeðferð verði betur náð ef brot gegn lögum á fjármálamarkaði geta varðað stjórnvaldssektum.

Í ljósi þessa er lagt til í frumvarpinu að stjórnvaldssektir verði notaðar í meira mæli en í núgildandi lögum sem viðurlög við brotum á lögum á fjármálamarkaði. Því felst í frumvarpinu endurskoðun ákvæða um stjórnvaldssektir í lögum um verðbréfaviðskipti og tillaga um

að ákvæði um stjórnvaldssektir verði sett í þá lagabálka sem nú hafa engin slík ákvæði. Lagt er til að farin verði sú leið að telja upp í ákvæðinu að brot á nánar tilgreindum ákvæðum laganna varði stjórnvaldssektum. Þá er einnig kveðið á um fjárhæðarmörk sekta, sjónarmið sem hafa áhrif á ákvörðun sektarfjárhæða og ákvarðanatöku um álagningu stjórnvaldssekta.

Þrátt fyrir að lagt sé til að stjórnvaldssektir liggi við fleiri brotum en nú er, þykir nauðsynlegt þegar um mjög alvarleg brot er að ræða að undirstrika það með því að kveða á um að þau geti varðað refsingum. Er líklegt að með því verði fyrirtækjum og stjórnendum þeirra mun betur ljóst hvaða háttsemi telst vera það alvarleg að hún geti varðað refsingu og aukist með því varnaðaráhrif refsiákvæðisins. Lagt er til að unnt verði að leggja refsiviðurlög á einstaklinga og lögaðila.

Tillögur um flokkun viðurlaga við brotum í stjórnsýsluviðurlög og refsingar kalla á breytingar á refsiákvæðum þeirra sérlaga sem heyra undir Fjármálaeftirlitið, enda eru refsiákvæði núgildandi laga mjög sundurleit. Lagt er til að sama aðferð verði viðhöfð og í ákvæðunum um stjórnvaldssektir, þ.e. að talið verði upp í ákvæðinu að brot á nánar tilgreindum ákvæðum laganna varði sektum eða fangelsi. Ekki er lagður til sami refsirammi í öllum tilvikum, enda um eðlisólík brot að ræða. Þó er í flestum tilvikum lagt til að við brotum liggi sektir eða fangelsi allt að tveimur árum, en í lögum um verðbréfaviðskipti er lagt til að allt að sex ára fangelsi geti legið við ákveðnum brotum.

Þau ákvæði sem geta verið grundvöllur refsinga eða stjórnvaldssekta má flokka í þrennt. Í fyrsta lagi ákvæði sem einvörðungu geta orðið grundvöllur stjórnvaldssekta, t.d. ákvæði sem fela í sér veigaminni brot og brot í samskiptum við Fjármálaeftirlitið. Í öðru lagi ákvæði sem einvörðungu geta orðið grundvöllur refsinga, t.d. brot sem að jafnaði eru ekki á forræði Fjármálaeftirlitsins, vegna afmörkunar á eftirlitsskyldu eða vegna þess að úrlausn brota fer að jafnaði fram eftir að starfsemi fyrirtækis er lokið og starfsleyfi hefur verið afturkallað. Í þriðja lagi ákvæði sem geta orðið grundvöllur refsinga eða stjórnvaldssekta. Þessi brot mundu að jafnaði sæta stjórnvaldssektum, nema þau væru liður í stærra refsiverðu máli eða teldust sérlega alvarleg, svo sem ef þau vörðuðu stórfellda almannahagsmuni eða fælu í sér auðgunarbrot samkvæmt almennum hegningarlögum. Teldist brot sérstaklega alvarlegt bæri Fjármálaeftirlitinu að greina ríkislögreglustjóra frá því. Ríkislögreglustjóri getur sent málið aftur til stjórnsýslumeðferðar telji hann það ekki vera svo alvarlegt að refsimeðferð eigi við.

Talið er að best fari á því að ákvæði um stjórnvaldssektir og refsingar verði útfærð í hverjum lagabálki fyrir sig og að þar verði einnig lögfest ákvæði um málsmeðferð og samstarf Fjármálaeftirlitsins við lögreglu og ákæruvald. Lagt er til að í ákvæðunum verði kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga eða lögaðila ef þeir hafa brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum viðkomandi laga. Rök fyrir því að lagt er til að Fjármálaeftirlitið hafi heimild en ekki skyldu til að leggja á stjórnvaldssektir eru í fyrsta lagi þau að það er í samræmi við gildandi rétt, en í lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á aðila sem brjóta gegn nánar tilgreindum ákvæðum. Ekki er kveðið á um stjórnvaldssektir í öðrum lögum á fjármálamarkaði nú og því er ekki fyrir hendi mikil reynsla af beitingu stjórnvaldssekta á sviði fjármálamarkaðar. Þá hefur verið bent á að ef skylda til álagningar stjórnvaldssekta hvíldi á Fjármálaeftirlitinu gæti það skaðað samskipti eftirlitsskyldra aðila og Fjármálaeftirlitsins, en mikilvægt er að þessir aðilar geti rætt saman og að eftirlitsskyldir aðilar geti borið spurningar undir Fjármálaeftirlitið án þess að eiga á hættu að verða sektaðir.

**Ákvæði 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð – réttur manna til að fella ekki á sig sök.**

Eins og áður sagði óskaði nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum eftir álitsgerð frá Björgu Thorarensen prófessor og Ásgerði Ragnarsdóttur lögfræðingi um rétt manna til að fella ekki á sig sök á stjórnsýslustigi, þar sem hún taldi að efnið hefði grundvallarþýðingu fyrir störf nefndarinnar. Í álitsgerðinni var sérstaklega litið til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu frá síðustu árum um túlkun 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem fjallar um réttláta málsmeðferð fyrir dómi.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur talið að álagning ákveðinna stjórnsýsluviðurlaga teljist viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Það er þó ekki sjálfgefið að öll ákvæði greinarinnar eigi afbrigðalaust við um slík mál. Þegar litið er til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu virðast það helst vera stjórnvaldssektir sem komið getur til greina að telja sem viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, enda þótt slíkar sektir séu ekki taldar formlega til refsinga að íslenskum rétti. Þá virðist svipting réttinda eða afturköllun leyfis, sem viðurlög í tilefni af lögbroti, teljast til viðurlaga við refsiverðu broti í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Það er þó ljóst að það fer hvorki gegn ákvæðum stjórnarskrár né mannréttindasáttmála Evrópu að stjórnvaldi sé fengið vald til þess að rannsaka mál og leggja stjórnvaldssektir á í tilefni af lögbroti enda eigi maður þess kost að bera málið undir dómstól sem hefur fulla endurskoðunarheimild.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur í dómum sínum talið að það sé þáttur í réttlátri málsmeðferð skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að þeim sem sakaður er um refsiverða háttsemi í skilningi þess ákvæðis sé óskylt að tjá sig eða láta í té upplýsingar sem leitt geta til sakfellingar hans. Þar sem ákvæði sáttmálans hafa verið lögtekin hér á landi gildir rétturinn til að fella ekki á sig sök hér við meðferð stjórnsýslumála komi til greina að leggja stjórnsýsluviðurlög á sem teljist viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Til þess að stuðla að því að rétturinn til að fella ekki á sig sök sé betur virtur í framkvæmd er talið æskilegt að inntak hans verði lögfest með skýrum hætti. Í því sambandi ber að hafa eftirfarandi í huga: Í fyrsta lagi hefur ekki reynt á það hvort að rétturinn til að fella ekki á sig sök skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu tekur til lögaðila. Í öðru lagi verður ekki séð að rétturinn til að fella ekki á sig sök feli sér rétt fyrir aðra einstaklinga en þann sem grunaður er um lögbrot. Í þriðja lagi að þagnarréttur hins grunaða tekur aðeins til upplýsinga sem haft geta þýðingu fyrir ákvörðun um það brot sem honum er gefið að sök. Í fjórða lagi að rétturinn til þess að fella ekki á sig sök felur ekki aðeins í sér rétt manna til þess að veita ekki munnlegar upplýsingar heldur einnig rétt til þess að þurfa ekki að afhenda gögn eða ljá atbeina sinn að öðru leyti við rannsókn máls sem getur fellt sök á mann.

Á meðan ekki er í stjórnsýslulögum almennt ákvæði um rétt einstaklings til að fella ekki sök á sjálfan sig við rannsókn á stjórnsýslustigi, þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í sérlögum á sviði fjármálamarkaðar, þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum. Í frumvarpinu er lagt til að slíkt ákvæði verði sett í öll lög á sviði fjármálamarkaðar.

**Ákvæði 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við Mannréttindasáttmála Evrópu – endurtekin málsmeðferð við álagningu viðurlaga við sömu háttsemi.**

Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum fjallaði sérstaklega um áhrif ákvæða 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu á umfjöllunarefni nefndarinnar. Í því skyni óskaði hún eftir álitsgerð frá Róberti R. Spanó prófessor um efnið.

Í 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við Mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um að enginn skuli sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur fyrir með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis. Mannréttindadómstóllinn hefur ekki skýrt ákvæðið samkvæmt orðanna hljóðan, heldur beitt heildrænni samanburðarskýringu um það hvað teljist refsivert brot í merkingu 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Getur því stjórnvaldsákvörðun um álagningu viðurlaga, sem fellur undir 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, komið í veg fyrir að hægt sé að dæma sama aðila í refsingu fyrir sömu háttsemi. Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum taldi að lausn á þessu fælist í því að lög yrðu byggð á þeirri meginreglu að viðurlög við tilteknu lögbroti yrðu aðeins ákveðin í einu máli en ekki fleirum. Bæri því að haga löggjöf með þeim hætti að ekki verði kveðin upp fleiri en ein ákvörðun eða dómur til að koma fram viðurlögum við sömu háttsemi gagnvart sama aðila. Leiddi þessi tillaga til þess að samhæfa yrði hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsýsluviðurlög væru bæði lögbundin sem viðurlög við broti, þannig að ekki kæmi til þess að málið yrði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu. Þegar svo stæði á ætti það að falla í hlut eftirlitsstjórnvaldsins að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Til þess að koma þessari skipan á þyrfti að vera mælt fyrir um hana í þeim lögum þar sem mælt er fyrir um stjórnsýsluviðurlögin. Einnig yrði að gæta þess að ákveðið samræmi sé í viðbrögðum almenna viðurlagakerfisins og viðurlagakerfis eftirlitsstofnana.

Það hefur verið álitamál hvort flokka beri ákvörðun eftirlitsstofnunar um að kæra mál til lögreglu sem stjórnvaldsákvörðun eða ákvörðun um málsmeðferð. Taldi nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum rétt að taka af skarið um að ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gildi ekki um ákvarðanir eftirlitsstofnunar um að kæra mál til lögreglu. Byggir frumvarpið á þeirri tillögu.

Í ljósi framangreinds er lagt til í frumvarpi þessu að meint brot á lögum á fjármálamarkaði, sem bæði varða stjórnvaldssektum og refsingu, verði rannsökuð hjá Fjármálaeftirlitinu sem metur hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið hjá stofnuninni. Fjármálaeftirlitinu ber að vísa málum til lögreglu í þeim tilvikum þar sem brot telst meiri háttar, þ.e. ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Þannig er tryggt að ekki verði um endurtekna málsmeðferð við álagningu viðurlaga vegna sömu háttsemi að ræða. Einnig er lagt til að nokkrum ákvæðum verði bætt við lög á fjármálamarkaði til að stuðla að samvinnu lögreglu og Fjármálaeftirlitsins við rannsókn á þeim brotum sem geta bæði varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er kveðið á um í frumvarpinu að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu. Loks er lagt til að kveðið verði á um að ákærandi geti sent til Fjármálaeftirlits mál er varða ætluð refsiverð brot sem varðað getur stjórnsýsluviðurlögum ef ákærandi telur ekki efni til málshöfðunar. Tekið er fram í ákvæðinu að ákærandi geti sent eða endursent mál og því er ljóst að ekki skiptir máli hvort lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.

**Sáttir.**

Mikill tími og fjármagn fer í að uppfylla kröfur stjórnsýsluréttarins um undirbúning og birtingu stjórnvaldsákvarðana. Á það jafnt við þó að ekki sé efnislegur ágreiningur á milli Fjármálaeftirlitsins og málsaðila. Í frumvarpinu er því lagt til að lögfest verði heimild til að ljúka málum með sátt.

Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Þá má ekki vera um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Lagt er til að kveðið verði á um að sátt sé bindandi fyrir málsaðila.

**Fyrning.**

Í frumvarpinu er lagt til að í lögin verði sett sérstök ákvæði um fyrningu að því er varðar heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir. Sambærileg fyrningarákvæði eru ekki í gildandi lögum. Ekki er lagt til að fyrningartími verði sá sami í öllum lögum á fjármálamarkaði. Þannig er gert ráð fyrir að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á lögum um verðbréfaviðskipti falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Í öðrum lögum er lagt til að fyrirningartíminn verði fimm ár.

Vegna þess hversu alvarleg brot gegn lögum um verðbréfaviðskipti eru er lagt til að frestur til að leggja á stjórnvaldssektir verði sjö ár. Þar sem kveðið er á um í a-lið 6. gr. frumvarpsins að hámarksrefsing vegna brota gegn lögunum skuli vera sektir eða fangelsi allt að sex árum, er fyrningarfrestur tíu ár til að leggja refsingar á einstaklinga skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í 1. mgr. 20. gr. laga um bókhald, nr. 145/1994, er kveðið á um að varðveita skuli bókhaldsgögn og fylgiskjöl í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Í ljósi þessa er lagt til að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á verðbréfaviðskiptum falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Í öðrum lögum sem frumvarp þetta nær til er lagt til að hámarksrefsing verði tveggja ára fangelsi. Fyrningarfrestur til að leggja refsingar á einstaklinga og fyrirtæki vegna þeirra brota er því fimm ár skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og er því lagt til að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti.

Um 1. gr.

Í greininni er gerð tillaga að breytingum á 74. gr. laganna um verðbréfaviðskipti, en þar er kveðið á um stjórnvaldssektir. Á grundvelli núgildandi laga um verðbréfaviðskipti er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leggja stjórnvaldssektir á þá aðila sem brjóta gegn 59. og 62.–67. gr. laganna en þar er að finna reglur um innherjaviðskipti. Samkvæmt ákvæðinu geta stjórnvaldssektir numið frá 10 þús. kr. til 2 millj. kr.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og/eða fyrirtæki við nánar tilteknar aðstæður. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim brotum sem lagt er til að geti varðað stjórnvaldssektum. Um er að ræða mun fleiri ákvæði en samkvæmt núgildandi lögum. Þannig er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og lögaðila ef þeir hafa brotið gegn 1. mgr. 22. gr. um almennt útboð verðbréfa og lýsingu og 23. gr. um upplýsingar í lýsingu, en samkvæmt gildandi lögum varða brot á þessum ákvæðum sektum eða fangelsi allt að einu ári. Þá er lagt til að það geti varðað aðila stjórnvaldssektum að brjóta gegn 1. mgr. 24. gr. um viðauka við lýsingu og 1. mgr. 26. gr. um árlega upplýsingagjöf. Þá getur það varðað stjórnvaldssektum að brjóta gegn 2. og 3. mgr. 32. gr. um flöggunarskyldu, 1. mgr. 37. gr. um tilboðsskyldu og 6. mgr. 37. gr. um tilboðsyfirlit, en brot gegn þessum ákvæðum varða nú sektum. Þá er lagt til að stjórnvaldssektir liggi við brotum á ákvæðum 2. mgr. 38. gr. og 52. gr. um tilboðsyfirlit, 39. gr. um tilkynningu um tilboð og 40. gr. um skilmála tilboðs. Þá er gert ráð fyrir að brot gegn 41. gr. um skyldur stjórnar varði stjórnvaldssektum, en brot gegn ákvæðinu varða að gildandi lögum refsingu í formi sekta. Einnig er lagt til að brot gegn 2. mgr. 43. gr. um ógildingu tilboðs, 3. mgr. 44. gr. um skyldu til að birta breytingar á tilboði opinberlega, 1. mgr. 46. gr. um upplýsingar um niðurstöður tilboðs og 54. gr. um tilkynningar viðskiptavaka varði stjórnvaldssektum, sem og 55. gr. um markaðsmisnotkun og milligöngu fjármálafyrirtækis, en brot á þeirri grein varða nú fangelsi allt að tveimur árum. Eins og í gildandi lögum er lagt til að brot á ákvæðum 59. gr. um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga, 62. gr. um rannsóknarskyldu fruminnherja, 63. gr. um tilkynningarskyldu fruminnherja, 64. gr. um birtingu upplýsinga um viðskipti fruminnherja, 65. gr. um innherjaskrá, 66. gr. um tilkynningu til innherja og 67. gr. um eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja, varði stjórnvaldssektum. Brot gegn 59. gr. varðar einnig sektum samkvæmt gildandi lögum og brot gegn 62.–67. gr. laganna varða einnig sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Að auki er lagt til að brot gegn 60. gr. um innherjasvik og 1. mgr. 61. gr. um milligöngu fjármálafyrirtækis varði stjórnvaldssektum, en brot gegn þessum ákvæðum varða nú sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í frumvarpi þessu, sbr. 2. gr., er gert ráð fyrir að lögfest verði í 75. gr. laganna heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Því er talið rétt að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða einstaklinga, ef þau fara ekki eftir ákvæðum sáttarinnar.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og fyrirtæki sem brjóta gróflega eða ítrekað gegn 4.–16. gr. laganna um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 2. mgr. 75. gr. gildandi laga varðar það sektum að brjóta gróflega og ítrekað gegn þessum ákvæðum. Ekki er lagt til að brot gegn ákvæðum 4.–16. gr. varði refsingu og felur frumvarpið því í sér að brotin varði stjórnvaldssektum í stað refsingu.

Í 3. mgr. er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í 1. og 2. málsl. er kveðið á um fjárhæð stjórnvaldssekta og er lögð til hækkun á fjárhæð þeirra. Samkvæmt gildandi lögum geta stjórnvaldssektir numið frá 10 þúsund krónum til 2 milljóna króna. Beiting stjórnvaldssekta hefur reynst vel á grundvelli gildandi laga, en hafa verður í huga að heimild til beitingar stjórnvaldssektum er afar takmörkuð og aðeins heimil gagnvart einföldum formbrotum. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu á heimildum Fjármálaeftirlitsins til að beita stjórnvaldssektum vegna brota á lögum um verðbréfaviðskipti er ljóst að ekki er unnt að miða við fjárhæðarmörk gildandi laga.

Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á einstaklinga geti numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr., en að sektir sem lagðar eru á lögaðila verði hærri og geti numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Í ljósi þess að hækkun á efri mörkum sekta er lögð til er jafnframt lagt til að annar og lægri sektarammi gildi fyrir einstaklinga en að unnt verði að leggja hærri sektir á fyrirtæki. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við.

Við mat á hæfilegum hámarkssektum verður einnig að hafa í huga umfang viðskipta á fjármálamarkaði. Fjárhæðir í viðskiptum á fjármálamarkaði eru gríðarlegar dag hvern. Hagnaður af einum viðskiptum getur numið margfaldri þeirri fjárhæð sem gert er ráð fyrir að stjórnvaldssektir geti hæst numið samkvæmt frumvarpinu.

Í 3. málsl. 3. mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort að um er að ræða ítrekað brot. Í 4. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum. Þá er í 5. málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Er heimildin til að draga innheimtukostnað frá nýmæli, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er það nýmæli í 6. og 7. málsl. 3. mgr. að mælt er fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 4. mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Í gildandi lögum er kveðið á um að brot á lögum um verðbréfaviðskipti varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi, sbr. 4. mgr. 78. gr. Það er þó ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að í 75. gr. laganna verði mælt fyrir um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu að ljúka málum með sátt.

Í gildandi lögum er ekki mælt fyrir heimildir til að ljúka málum með sátt. Lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt, myndi stuðla að frekara gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir.

Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Loks er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði í 76. gr. verðbréfaviðskiptalaganna ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í verðbréfaviðskiptalögunum, þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að í 77. gr. laga um verðbréfaviðskipti verði sett ákvæði um að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Ekki eru sambærileg fyrningarákvæði í gildandi lögum. Vegna þess hversu alvarleg brot gegn lögum um verðbréfaviðskipti eru er lagt til að frestur til að leggja á stjórnvaldssektir verði sjö ár. Þar sem kveðið er á um í a-lið 6. gr. frumvarpsins að hámarksrefsing vegna brota gegn lögunum skuli vera sektir að fangelsi allt að sex árum, er fyrningarfrestur til að leggja refsingar á einstaklinga tíu ár skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í 1. mgr. 20. gr. laga um bókhald nr. 145/1994 er kveðið á um að varðveita skuli bókhaldsgögn og fylgiskjöl í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Í ljósi þessa er lagt til að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Við afmörkun þess hvenær háttsemi lauk ber að taka mið af meginreglum refsiréttar og fjármálamarkaðsréttar um það atriði. Af því leiðir að ef um samfellda brotastarfsemi eða ástandsbrot er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögmæta ástandi linnir og upphaf fyrningarfrests telst þá einnig frá þeim tíma.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tilkynning Fjármálaeftirlitsins til aðila um rannsókn á meintu broti rjúfi fyrningu. Reglan á sér að nokkru leyti hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Einnig er kveðið á um að rof fyrningarfrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti. Af því leiðir, að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila, hindra fyrningarreglur ekki að lögð verði stjórnsýsluviðurlög á aðra aðila sem síðar kemur í ljós að stóðu einnig að broti. Rétt er að taka fram að þótt réttur Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta sé fyrndur koma ákvæði þessarar greinar ekki í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það, hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brot gegn lögum um verðbréfaviðskipti.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum við nánar tilgreind ákvæði laganna um verðbréfaviðskipti í 78. gr. laganna. Refsiákvæði gildandi laga eru í 76.–78. gr. laganna og fela tillögur frumvarpsins í sér nokkra

breytingu, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum. Í greininni er lagt til að brot á nánar tilteknum ákvæðum laganna varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í 78. gr. a er lagt til að allt að sex ára fangelsi liggi við þar tilgreindum brotum. Því felur frumvarpið í sér nokkra þyngingu á viðurlögum frá því sem er í gildandi lögum, en í 76. gr. gildandi laga er kveðið á um að brot gegn nánar tilgreindum ákvæðum laganna varði sektum eða fangelsi allt að einu ári og brot þau sem talin eru upp í 77. gr. varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Lagt er til að brot gegn mun fleiri ákvæðum varði refsingu en samkvæmt gildandi lögum. Þannig er gert ráð fyrir að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta gegn 1. mgr. 22. gr. um almennt útboð verðbréfa og lýsingu eða 23. gr. um upplýsingar í lýsingu, en nú liggja sektir eða fangelsi allt að einu ári við brotum á þessum ákvæðum, sbr. 76. gr. laganna. Þá er lagt til að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta gegn 1. mgr. 24. gr. um viðauka við lýsingu og 1. mgr. 26. gr. um árlega upplýsingagjöf. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að refsivert verði að brjóta gegn 2. og 3. mgr. 32. gr. laganna um flöggunarskyldu, en nú liggja sektir við brotum á ákvæðinu. Brot gegn 1. mgr. 37. gr. um tilboðsskyldu og 6. mgr. 37. gr. verða áfram refsiverð samkvæmt tillögum frumvarpsins en nú liggja sektir við brotum á ákvæðunum, sbr. 75. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Að auki er lagt til að refsing liggi við brotum gegn 2. mgr. 38. gr. um tilboðsyfirlit, 39. gr. um tilkynningu um tilboð, 40. gr. um skilmála tilboðs og 41. gr. um skyldur stjórnar, en samkvæmt núgildandi lögum varða brot á 41. gr. sektum. Þá er lagt til að brot gegn 2. mgr. 43. gr. um ógildingu tilboðs, 44. gr. um breytingar á tilboði, 1. mgr. 46. gr. um upplýsingar um niðurstöður tilboðs og 54. gr. um tilkynningar viðskiptavaka verði refsiverð, en brot gegn þessum ákvæðum varða ekki refsingu nú. Eins og í gildandi lögum er lagt til að brot á ákvæðum 59. gr. um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga, 62. gr. um rannsóknarskyldu fruminnherja, 63. gr. um tilkynningarskyldu fruminnherja, 64. gr. um birtingu upplýsinga um viðskipti fruminnherja, 65. gr. um innherjaskrá og 67. gr. um eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja varði refsingu, en brot gegn þessum ákvæðum varða sektum samkvæmt núgildandi lögum. Brot gegn öllum framantöldum ákvæðum varða einnig stjórnvaldssektum. Það kemur þó aldrei til þess að sami aðili þurfi að sæta refsingu og álagningu stjórnvaldssekta fyrir sama brot, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum og athugasemdum við c-lið 6. gr.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að þremur nýjum greinum verði bætt við lög um verðbréfaviðskipti og varða þær allar viðurlagaákvæði laganna.

*Um a-lið (78. gr. a).*

Í a-lið greinarinnar er lagt til að það varði sektum eða fangelsi allt að sex árum að brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 55. gr. um markaðsmisnotkun, 60. gr. um innherjasvik og 2. mgr. 55. gr. og 1. mgr. 61. gr. um milligöngu fjármálafyrirtækis. Brot gegn ákvæðum þessum varða nú sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 77. gr. laga um verðbréfaviðskipti, en eru talin svo alvarleg að nauðsynlegt sé að ströng viðurlög liggi við þeim og er því lögð til þyngíng á viðurlögum. Brot gegn öllum framantöldum ákvæðum varða einnig stjórnvaldssektum. Það kemur þó aldrei til þess að sami aðili þurfi að sæta refsingu og álagningu stjórnvaldssekta fyrir sama brot, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum og athugasemdum við c-lið 6. gr.

*Um b-lið (78. gr. b).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 1. mgr. 78. gr. b verði kveðið á um að brot gegn lögum um verðbréfaviðskipti varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sambærilegt ákvæði er nú í 4. mgr. 78. gr. verðbréfaviðskiptalaganna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu. Ákvæðið er hliðstætt 2. mgr. 78. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti.

Í 5. mgr. 78. gr. gildandi laga er kveðið á um að brot á ákvæðum laganna fyrnist á fimm árum. Ekki þykir ástæða til að hafa sérstakt fyrningarákvæði varðandi refsingar í lögum um verðbréfaviðskipti, enda gilda ákvæði 81. gr. almennra hegningarlaga um fyrningu brotanna, en þar segir í í 2. og 3. tölul. að sök fyrnist á fimm árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en fjögurra ára fangelsi, en á tíu árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en tíu ára fangelsi.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

*Um c-lið (78. gr. c).*

Hér er lagt til að í 78. gr. c verði sett ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds. Eru breytingarnar í samræmi við það markmið frumvarpsins að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsýsluviðurlög eru bæði lögbundin sem viðurlög við broti, þannig að ekki komi til þess að málið verði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skulu fara með brot gegn lögum um verðbréfaviðskipti sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlits til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varði bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Þykir eðlilegt að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá mun verða höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörkun á því hvaða brot teljist meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað

stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og ætluð refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.

## Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

## Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um stjórnvaldssektir verði sett í 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki, en nú liggja aðeins refsiviðurlög við brotum á lögunum.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og/eða fyrirtæki við nánar tilteknar aðstæður. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim brotum sem lagt er til að geti varðað stjórnvaldssektum. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og lögaðila ef þeir hafa brotið gegn 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis, 8. gr. um tilkynningar um breytingar á áður skráðum upplýsingum um fjármálafyrirtæki, 1. mgr. 12. gr. um einkarétt fjármálafyrirtækja til að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni heiti þeirrar tegundar fjármálafyrirtækja sem fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir, 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi, 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna, 1. málsl. 2. mgr. 26. gr. um hámarskverðmæti fjármálagerninga sem verðbréfamiðlari má varðveita fyrir eigin reikning, 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa, 29. gr. um eignarhald og veðsetningu eigin hlutabréfa, 1. og 3. mgr. 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum, 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi, 1. og 5. mgr. 36. gr., 1. og 4. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr. og 39. gr. um starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis, 1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. um virka eignarhluti, 1. og 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. um hæfisskilyrði starfsmanna fjármálafyrirtækja sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga og tilkynningar um mannabreytingar, 2. mgr. 54. gr. um skyldu til setningar starfsreglna, 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála, 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri, 1. mgr. 57. gr. um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki, 58. gr. um þagnarskyldu, 4. mgr. 63. gr. um bann við endurgreiðslu stofnfjár til stofnfjáreigenda, 1. mgr. 64. gr. um skyldu sparisjóðsstjórnar til að vísa málum til Fjármálaeftirlitsins telji hún að kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóði, 2. mgr. 70. gr. um skilyrði fyrir samþykki sparisjóðsstjórnar ef virkur eignarhlutur

í sparisjóði myndast við framsal stofnfjárhlutar eða aukningu stofnfjár, 4. mgr. 73. gr. um skyldu sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag til að nota orðið hlutafélag í heiti sínu, 4. mgr. 76. gr. um ráðstöfun fjármuna sjáfseignarstofnunar, 3. mgr. 80. gr. um upplýsingaskyldu rafeyrisfyrirtækja, 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja, 3. málsl. 7. mgr. 84. gr. um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins, 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár, 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings, 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju, 89. gr. um skýrslu stjórnar, 91. gr. um hæfi endurskoðanda, 92. gr. um upplýsingaskyldu endurskoðanda, 95. gr. um skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins, 106. gr. um samruna fjármálafyrirtækis og 107. gr. um eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins. Í frumvarpi þessu, sbr. 8. gr., er gert ráð fyrir að lögfest verði í 111. gr. laganna heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Því er talið rétt að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða einstaklinga, ef þau fara ekki eftir ákvæðum sáttarinnar.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einkaaðila og fyrirtæki sem brjóta gróflega eða ítrekað gegn 19. gr. um góða viðskiptahætti og venjur. Um er að ræða almenna meginreglu um háttsemiskröfur sem nauðsynlegt er talið að gera til markaðsaðila. Ógerningur er að tilgreina í lögum með tæmandi hætti alla þá háttsemi sem falið getur í sér óheilbrigða viðskiptahætti og er því nauðsynlegt að til staðar sé meginregla (vísiregla) eins og sú sem kveðið er á um í 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Til þess að auka vægi slíkrar vísireglu er mikilvægt að úrræði séu til staðar til að bregðast við grófum eða ítrekuðum brotum á reglunni.

Í 3. mgr. er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á einstaklinga geti numið frá 10 þúsund krónum til 20 milljóna króna, en að sektir sem lagðar eru á lögaðila verði hærri og geti numið frá 50 þúsund krónum til 50 milljóna króna. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við.

Við mat á hæfilegum hámarkssektum verður einnig að hafa í huga umfang viðskipta á fjármálamarkaði. Fjárhæðir í viðskiptum á fjármálamarkaði eru gríðarlegar dag hvern. Hagnaður af einum viðskiptum getur numið margfaldri þeirri fjárhæð sem gert er ráð fyrir að stjórnvaldssektir geti hæst numið samkvæmt frumvarpinu.

Í 3. málsl. 3. mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort að um er að ræða ítrekað brot. Í 4. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Þá er í 5. málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er lagt til í 6. og 7. málsl. 3. mgr. að mælt verði fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 4. mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Í gildandi lögum er kveðið á um að brot á lögum um fjármálafyrirtæki varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. 112. gr. Það er

þó ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að í 111. gr. laga um fjármálafyrirtæki verði mælt fyrir um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu að ljúka málum með sátt.

Í gildandi lögum er ekki mælt fyrir heimildir til að ljúka málum með sátt. Lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt, myndi stuðla að frekara gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir.

Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Loks er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði í 112. gr. laganna ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í lögum um fjármálafyrirtæki, þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að fjórum nýjum greinum verði bætt við lög um verðbréfaviðskipti og varða þær allar viðurlagaákvæði laganna.

*Um a-lið (112. gr. a).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 112. gr. a laga um fjármálafyrirtæki verði sett ákvæði um að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það sami fyrningarfrestur og gilda mun um refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila vegna brota á lögunum. Í b. lið 10. gr. frumvarpsins kemur fram að hámarksrefsing vegna brota gegn lögunum skuli vera sektir að fangelsi allt að tveimur árum. Því er fyrningarfrestur gagnvart einstaklingum fimm ár skv. 81. gr. almennra hegningarlaga,

nr. 19/1940. Sami fyrningarfrestur gildir gagnvart lögaðilum, sbr. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Við afmörkun þess hvenær háttsemi lauk ber að taka mið af meginreglum refsiréttar og fjármálamarkaðsréttar um það atriði Af því leiðir að ef um samfellda brotastarfsemi eða ástandsbrot er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögmæta ástandi linnir og upphaf fyrningarfrests telst þá einnig frá þeim tíma.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tilkynning Fjármálaeftirlitsins til aðila um rannsókn á meintu broti rjúfi fyrningu. Reglan á sér að nokkru leyti hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Einnig er kveðið á um að rof fyrningarfrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti. Af því leiðir, að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila, hindra fyrningarreglur ekki að lögð verði stjórnsýsluviðurlög á aðra aðila sem síðar kemur í ljós að stóðu einnig að broti. Rétt er að taka fram að þótt réttur Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta sé fyrndur koma ákvæði þessarar greinar ekki í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það, hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki.

*Um b-lið (112. gr. b).*

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum við nánar tilgreind ákvæði laga um fjármálafyrirtæki í 112. gr. b. Refsiákvæði gildandi laga eru í 110.–112. gr. laganna og fela tillögur frumvarpsins í sér nokkra breytingu, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum. Í greininni er lagt til að brot á nánar tilteknum ákvæðum laganna varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Samkvæmt 110. gr. gildandi laga varða brot gegn nánar tilgreindum ákvæðum laganna sektum og brot þau sem talin eru upp í 111. gr. varða sektum eða fangelsi allt að einu ári. Því felur frumvarpið í sér þyngingu á viðurlögum frá því sem er í gildandi lögum. Lagt er til að brot gegn mun fleiri ákvæðum varði refsingu en samkvæmt gildandi lögum. Þannig er gert ráð fyrir að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta gegn 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis, 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi, 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna, 1. málsl. 2. mgr. 26. gr. um hámarskverðmæti fjármálagerninga sem verðbréfamiðlari má varðveita fyrir eigin reikning, 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa, 2. mgr. 29. gr. um skyldu til að setja traustar tryggingar fyrir lánum sem veitt eru í tengslum við hlutafjárútboð til kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárhlutum umfram tiltekið hlutfall heildarfjárhæðar hlutafjár, 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum, 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi, 1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. um virka eignarhluti, 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála, 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri, 1. mgr. 57. gr. um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki, 58. gr. um þagnarskyldu, 1. mgr. 64. gr. um skyldu sparisjóðsstjórnar til að vísa málum til Fjármálaeftirlitsins telji hún að kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóði, 2. mgr. 70. gr. um skilyrði fyrir samþykki sparisjóðsstjórnar ef virkur eignarhlutur í sparisjóði myndast við framsal stofnfjárhlutar eða aukningu stofnfjár, 1., 2. og 4. mgr. 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja, 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár, 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár, 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings, 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju, 89. gr. um skýrslu stjórnar og 91. og 92. gr. um hæfi endurskoðanda og skyldu hans til að tilkynna um ágalla í rekstri. Brot gegn öllum framantöldum ákvæðum varða einnig stjórnvaldssektum. Það

kemur þó aldrei til þess að sami aðili þurfi að sæta refsingu og álagningu stjórnvaldssekta fyrir sama brot, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum og athugasemdum við d-lið 10. gr.

Þá varðar það skv. 2. mgr. ákvæðisins sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna.

*Um c-lið (112. gr. c).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 1. mgr. 112. gr. c verði kveðið á um að brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sambærilegt ákvæði er nú í 3. mgr. 112. gr. laganna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

*Um d-lið (112. gr. d).*

Lagt er til að í 112. gr. d verði sett ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds. Eru breytingarnar í samræmi við það markmið frumvarpsins að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsýsluviðurlög eru bæði lögbundin sem viðurlög við broti, þannig að ekki komi til þess að málið verði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skulu fara með brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varði bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Þykir eðlilegt að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá mun verða höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörkun á því hvaða brot teljist meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka

þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og ætluð refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.

## Um III. kafla.

Í III. kafla laganna eru gerðar tillögur að breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

## Um 11. gr.

Í 11. gr. er lagt til að nýjum kafla um viðurlög verði bætt í lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða (kauphallarlög), en í gildandi lögum eru engin viðurlagaákvæði og liggja því engar refsingar við brotum á lögunum.

*Um a-lið (42. gr.).*

Í greininni er lagt til að ákvæði um stjórnvaldssektir verði sett í 42. gr. kauphallarlaganna.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og/eða fyrirtæki við nánar tilteknar aðstæður. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim brotum sem lagt er til að geti varðað stjórnvaldssektum. Gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og lögaðila ef þeir hafa brotið gegn 2. mgr. 1. gr. og 34. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis, 6. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut, 3. mgr. 7. gr. um verðbréfaviðskipti stjórnar og starfsmanna hlutafélags sem hlotið hefur starfsleyfi, 8. gr. um nafntilgreiningu, 9. gr. um tilkynningarskyldu kauphalla og tilboðsmarkaða til Fjármálaeftirlitsins, 11. gr. um hlutverk kauphallar, 4. mgr. 15. gr. um að tilkynningar um staðfestingu á aðildarumsókn að kauphöll skuli sendar Fjármálaeftirlitinu, 2. málsl. 2. mgr. 16. gr. um tilkynningarskyldu kauphallar til Fjármálaeftirlitsins um ráðstafanir sem gerðar eru vegna brota skilyrða í aðildarsamningi, 25. gr. a um upplýsingaskyldu í ársskýrslu, 3. mgr. 29. gr. um upplýsingaskyldu markaðsaðila um eignayfirtöku á verðbréfum, 1. mgr. 30. gr. um ábyrgðartryggingu kauphallar, 32. gr. um hlutverk og starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar, 34. gr. a um markaðstorg, 40. gr. um þagnarskyldu og 41. gr. um skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins. Í frumvarpi þessu, sbr. b-lið 11. gr., er gert ráð fyrir að lögfest verði í 43. gr. laganna heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Því er talið rétt að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða einstaklinga, ef þau fara ekki eftir ákvæðum sáttarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á einstaklinga geti numið frá 10 þúsund krónum til 20 milljóna króna, en að sektir sem lagðar eru á lögaðila verði hærri og geti numið frá 50 þúsund krónum til 50 milljóna króna. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum

samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við.

Í 3. málsl. 2. mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort að um er að ræða ítrekað brot. Í 4. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Þá er í 5. málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er lagt til í 6. og 7. málsl. 2. mgr. að mælt verði fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Það er þó ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.

*Um b-lið (43. gr.).*

Í greininni er lagt til að 43. gr. kauphallarlaga verði mælt fyrir um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu að ljúka málum með sátt.

Í gildandi lögum er ekki mælt fyrir heimildir til að ljúka málum með sátt. Lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt, myndi stuðla að frekara gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir.

Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Loks er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

*Um c-lið (44. gr.).*

Í greininni er lagt til að lögfest verði í 44. gr. laganna ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í kauphallarlögum, þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýs-

ingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

*Um d-lið (45. gr.).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 45. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða verði sett ákvæði um að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það sami fyrningarfrestur og gilda mun um refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila vegna brota á lögunum, en gert er ráð fyrir að í 46. gr. kauphallarlaga verði kveðið á um að hámarksrefsing vegna brota gegn lögunum skuli vera sektir að fangelsi allt að tveimur árum. Því er fyrningarfrestur gagnvart einstaklingum fimm ár skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sami fyrningarfrestur gildir gagnvart lögaðilum, sbr. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Við afmörkun þess hvenær háttsemi lauk ber að taka mið af meginreglum refsiréttar og fjármálamarkaðsréttar um það atriði Af því leiðir að ef um samfellda brotastarfsemi eða ástandsbrot er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögmæta ástandi linnir og upphaf Í 2. mgr. er kveðið á um að tilkynning Fjármálaeftirlitsins til aðila um rannsókn á meintu broti rjúfi fyrningu. Reglan á sér að nokkru leyti hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Einnig er kveðið á um að rof fyrningarfrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti. Af því leiðir, að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila, hindra fyrningarreglur ekki að lögð verði stjórnsýsluviðurlög á aðra aðila sem síðar kemur í ljós að stóðu einnig að broti. Rétt er að taka fram að þótt réttur Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta sé fyrndur koma ákvæði þessarar greinar ekki í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það, hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brot gegn kauphallarlögum.

*Um e-lið (46. gr.).*

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum við nánar tilgreind ákvæði kauphallarlaga í 46. gr. Engin refsiákvæði eru í gildandi lögum. Lagt er til að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta gegn 2. mgr. 1. gr. og 34. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis, 3. mgr. 7. gr. um verðbréfaviðskipti stjórnenda og starfsmanna hlutafélags sem hlotið hefur starfsleyfi, 11. gr. um hlutverk kauphalla, 32. gr. um hlutverk og starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar, 40. gr. um þagnarskyldu og 41. gr. um skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins. Brot gegn öllum framantöldum ákvæðum varða einnig stjórnvaldssektum. Það kemur þó aldrei til þess að sami aðili þurfi að sæta refsingu og álagningu stjórnvaldssekta fyrir sama brot, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum og athugasemdum við g-lið 11. gr.

*Um f-lið (47. gr.).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 47. gr. verði kveðið á um að brot gegn kauphallarlögum varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

*Um g-lið (48. gr.).*

Lagt er til að í 48. gr. verði sett ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds. Eru breytingarnar í samræmi við það markmið frumvarpsins að

samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsýsluviðurlög eru bæði lögbundin sem viðurlög við broti, þannig að ekki komi til þess að málið verði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu. Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skulu fara með brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármaálaeftirlits til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varði bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Þykir eðlilegt að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá mun verða höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörkun á því hvaða brot teljist meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og ætluð refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.

## Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins eru lagðar til breyting á viðurlagaákvæðum laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um stjórnvaldssektir verði sett í 34. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, en nú liggja aðeins refsiviðurlög við brotum á lögunum.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og/eða fyrirtæki við nánar tilteknar aðstæður. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim brotum sem lagt er til að geti varðað stjórnvaldssektum. Gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og lögaðila ef þeir hafa brotið gegn 2. mgr. 1. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð á starfsleyfis, 3. mgr. 3. gr. um að verðbréfamiðstöð skuli ekki stunda aðra starfsemi en kveðið er á um í lögunum eða er eðlileg í tengslum við hana, 1. mgr. 5. gr. um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins um virkan eignarhlut, 6. gr. um tilkynningarskyldu verðbréfamiðstöðvar til Fjármálaeftirlitsins, 7. gr. um starfsreglur stjórnar verðbréfamiðstöðvar og samruna verðbréfamiðstöðvar við annað félag, 1. mgr. 8. gr. um þagnarskyldu, 9. gr. um ársreikning og ársskýrslu og tilkynningarskyldu endurskoðanda, 1. og 2. málsl. 13. gr. um reglur stjórnar verðbréfamiðstöðvar um hvaða verðbréf er unnt að taka til skráningar sem rafbréf, 14. gr. um að verðbréfamiðstöð sé óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi og 2. mgr. 30. gr. um ábyrgðarsjóð verðbréfamiðstöðvar. Í frumvarpi þessu, sbr. a-lið 13. gr., er gert ráð fyrir að lögfest verði í 34. gr. a laganna heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Því er talið rétt að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða einstaklinga, ef þau fara ekki eftir ákvæðum sáttarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á einstaklinga geti numið frá 10 þúsund krónum til 20 milljóna króna, en að sektir sem lagðar eru á lögaðila verði hærri og geti numið frá 50 þúsund krónum til 50 milljóna króna. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við.

Í 3. málsl. 2. mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort að um er að ræða ítrekað brot. Í 4. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Þá er í 5. málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er lagt til í 6. og 7. málsl. 2. mgr. að mælt verði fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Það er þó ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er lagt til að sex nýjum greinum verði bætt við lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

*Um a-lið (34. gr. a).*

Í greininni er lagt til að í 34. gr. a í lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa verði mælt fyrir um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu að ljúka málum með sátt.

Í gildandi lögum er ekki mælt fyrir heimildir til að ljúka málum með sátt. Lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt, myndi stuðla að frekara gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir.

Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Loks er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

*Um b-lið (34. gr. b).*

Í greininni er lagt til að lögfest verði í 34. gr. b ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

*Um c-lið (34. gr. c).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 34. gr. c verði sett ákvæði um að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það sami fyrningarfrestur og gilda mun um refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila vegna brota á lögunum, en gert er ráð fyrir að í 34. gr. d laganna, sbr. d-lið 13. gr. frumvarpsins, verði kveðið á um að hámarksrefsing vegna brota gegn lögunum skuli vera sektir að fangelsi allt að tveimur árum. Því er fyrningarfrestur gagnvart einstaklingum fimm ár skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sami fyrningarfrestur gildir gagnvart lögaðilum, sbr. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Við afmörkun þess hvenær háttsemi lauk ber að taka mið af meginreglum refsiréttar og fjármálamarkaðsréttar um það atriði Af því leiðir að ef um samfellda brotastarfsemi eða ástandsbrot er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögmæta ástandi linnir og upphaf fyrningarfrests telst þá einnig frá þeim tíma.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tilkynning Fjármálaeftirlitsins til aðila um rannsókn á meintu broti rjúfi fyrningu. Reglan á sér að nokkru leyti hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegn-

ingarlaga. Einnig er kveðið á um að rof fyrningarfrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti. Af því leiðir að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila hindra fyrningarreglur ekki að lögð verði stjórnsýsluviðurlög á aðra aðila sem síðar kemur í ljós að stóðu einnig að broti. Rétt er að taka fram að þótt réttur Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta sé fyrndur koma ákvæði þessarar greinar ekki í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brot gegn lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

*Um d-lið (34. gr. d).*

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum við nánar tilgreind ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa í 34. gr. d. Refsiákvæði gildandi laga er í 34. gr. laganna og fela tillögur frumvarpsins í sér nokkra breytingu, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum. Í greininni er lagt til að brot á nánar tilteknum ákvæðum laganna varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Samkvæmt 34. gr. gildandi laga varða brot gegn nánar tilgreindum ákvæðum laganna sektum eða fangelsi allt að einu ári. Því felur frumvarpið í sér þyngingu á viðurlögum frá því sem nú er. Lagt er til að sektir eða fangelsi allt að tveimur árum liggi við brotum gegn 2. mgr. 1. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis, 3. mgr. 3. gr. um bann við því að verðbréfamiðstöð stundi aðra starfsemi en kveðið er á um í lögunum eða er eðlileg í tengslum við hana, 1. mgr. 8. gr. um þagnarskyldu, 9. gr. um ársreikning og ársskýrslu og tilkynningarskyldu endurskoðanda og 14. gr. um að verðbréfamiðstöð sé óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi. Brot gegn öllum framantöldum ákvæðum varða einnig stjórnvaldssektum. Það kemur þó aldrei til þess að sami aðili þurfi að sæta refsingu og álagningu stjórnvaldssekta fyrir sama brot, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum og athugasemdum við d-lið 10. gr.

*Um e-lið (34. gr. e).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 1. mgr. 34. gr. e verði kveðið á um að brot gegn lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum. Sambærilegt ákvæði er nú í 2. mgr. 34. gr.

*Um f-lið (34. gr. f).*

Lagt er til að í 34. gr. f verði sett ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds. Eru breytingarnar í samræmi við það markmið frumvarpsins að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsýsluviðurlög eru bæði lögbundin sem viðurlög við broti, þannig að ekki komi til þess að málið verði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skulu fara með brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlits til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varði bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Þykir eðlilegt að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort

ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá mun verða höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörkun á því hvaða brot teljist meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og ætluð refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.

## Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á viðurlagaákvæðum laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

## Um 14. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um stjórnvaldssektir verði sett í 68. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, en nú liggja aðeins refsiviðurlög við brotum á lögunum.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og/eða fyrirtæki við nánar tilteknar aðstæður. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim brotum sem lagt er til að geti varðað stjórnvaldssektum. Gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og lögaðila ef þeir hafa brotið gegn 3. mgr. 1. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis, 1. mgr. 4. gr. um stofnun fagfjárfestasjóða og tilkynningu um stofnun sjóðanna til Fjármálaeftirlitsins, 1. og 2. mgr. 5. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til, 11. gr. um einkarétt verðbréfasjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi

sinni orðið verðbréfasjóður, 15. gr. um óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja verðbréfasjóða og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs, 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða, 29. gr. um auglýsingu innlausnarviðis, 30.–42. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, 1. mgr. 43. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi, 45. gr. um markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands, 46.–51. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða, 1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til, 1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr., um óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja fjárfestingarsjóða í störfum sínum og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, 1. mgr. 52. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs, 1. mgr. 52. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða, 1. mgr. 52. gr., sbr. II. kafla H, og 5. mgr. 62. gr., um upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða, 2. mgr. 52. gr. og 3. mgr. 62. gr. um einkarétt fjárfestingarsjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið fjárfestingarsjóður, 54. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða, 55. og 65. gr. um tilkynningu um áhættu, 1. mgr. 62. gr. um að hlutabréfasjóðum sé einungis heimilt að hafa með höndum rekstur fjárfestingarsjóðs, 7. mgr. 62. gr. um skyldu hlutabréfasjóðs til að vekja athygli á reglum um innlausnarskyldu sjóðsins, 1. mgr. 63. gr., sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki, um þagnarskyldu, 2. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. laga um fjármálafyrirtæki, um virka eignarhluti og 3. mgr. 63. gr. um að framkvæmdastjóri hlutabréfasjóðs skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Í frumvarpi þessu, sbr. 15. gr., er gert ráð fyrir að lögfest verði í 69. gr. laganna heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Því er talið rétt að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða einstaklinga, ef þau fara ekki eftir ákvæðum sáttarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á einstaklinga geti numið frá 10 þúsund krónum til 20 milljóna króna, en að sektir sem lagðar eru á lögaðila verði hærri og geti numið frá 50 þúsund krónum til 50 milljóna króna. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við.

Í 3. málsl. 2. mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort að um er að ræða ítrekað brot. Í 4. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Þá er í 5. málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er lagt til í 6. og 7. málsl. 2. mgr. að mælt verði fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Það er þó ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.

Um 15. gr.

Í greininni er lagt til að í 69. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði verði mælt fyrir um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu að ljúka málum með sátt.

Í gildandi lögum er ekki mælt fyrir heimildir til að ljúka málum með sátt. Lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt, myndi stuðla að frekara gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir.

Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Loks er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Um 16. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði í 70. gr. laganna ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

Um 17. gr.

Í greininni er lagt til að fjórum nýjum greinum verði bætt við lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Varða þær allar viðurlagaákvæði laganna.

*Um a-lið (70. gr. a).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 70. gr. a verði sett ákvæði um að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það sami fyrningarfrestur og gilda mun um refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila vegna brota á lögunum, en gert er ráð fyrir að í 70. gr. b laganna, sbr. b-lið 17. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að hámarksrefsing vegna brota gegn lögunum skuli vera sektir að fangelsi allt að tveimur árum. Því er fyrningarfrestur gagnvart einstaklingum fimm ár skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sami fyrningarfrestur gildir gagnvart lögaðilum, sbr. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Við afmörkun þess hvenær háttsemi lauk ber að taka mið af meginreglum refsiréttar og fjármálamarkaðsréttar um það atriði Af því leiðir að ef um samfellda brotastarfsemi eða ástandsbrot er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögmæta ástandi linnir og upphaf fyrningarfrests telst þá einnig frá þeim tíma.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tilkynning Fjármálaeftirlitsins til aðila um rannsókn á meintu broti rjúfi fyrningu. Reglan á sér að nokkru leyti hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Einnig er kveðið á um að rof fyrningarfrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti. Af því leiðir, að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila, hindra fyrningarreglur ekki að lögð verði stjórnsýsluviðurlög á aðra aðila sem síðar kemur í ljós að stóðu einnig að broti. Rétt er að taka fram að þótt réttur Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta sé fyrndur koma ákvæði þessarar greinar ekki í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það, hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brot gegn lögum um verðbréfasjóði.

*Um b-lið (70. gr. b).*

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum við nánar tilgreind ákvæði laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði í 70. gr. b. Refsiákvæði gildandi laga eru í 68.–70. gr. laganna og fela tillögur frumvarpsins í sér nokkra breytingu, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum. Í greininni er lagt til að brot á nánar tilteknum ákvæðum laganna varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Samkvæmt 68. gr. gildandi laga varða brot gegn nánar tilgreindum ákvæðum laganna sektum og brot þau sem talin eru upp í 69. gr. varða sektum eða fangelsi allt að einu ári. Því felur frumvarpið í sér þyngingu á viðurlögum frá því sem er í gildandi lögum. Lagt er til að brot gegn mun fleiri ákvæðum varði refsingu en samkvæmt gildandi lögum. Þannig er gert ráð fyrir að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta gegn 3. mgr. 1. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis, 1. og 2. mgr. 5. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til, 15. gr. um óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja verðbréfasjóða og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs, 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða, 30.–42. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, 1. mgr. 43. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi, 46.–51. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða, 1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til, 1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr., um óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja fjárfestingarsjóða í störfum sínum og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, 1. mgr. 52. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs, 1. mgr. 52. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða, 1. mgr. 52. gr., sbr. II. kafla H, og 5. mgr. 62. gr., um upplýsingagjöf fjárfestingasjóða, 54. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða, 55. og 65. gr. um tilkynningu um áhættu, 1. mgr. 62. gr. um að hlutabréfasjóðum sé einungis heimilt að hafa með höndum rekstur fjárfestingarsjóðs, 1. mgr. 63. gr., sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki, um þagnarskyldu og 2. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. laga um fjármálafyrirtæki, um virka eignarhluti. Brot gegn öllum framantöldum ákvæðum varða einnig stjórnvaldssektum. Það kemur þó aldrei til þess að sami aðili þurfi að sæta refsingu og álagningu stjórnvaldssekta fyrir sama brot, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum og athugasemdum við d-lið 17. gr.

*Um c-lið (70. gr. c).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 1. mgr. 70. gr. c verði kveðið á um að brot gegn lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sambærilegt ákvæði er nú í 3. mgr. 70. gr. laganna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

*Um d-lið (70. gr. d).*

Lagt er til að í 70. gr. d verði sett ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds. Eru breytingarnar í samræmi við það markmið frumvarpsins að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsýsluviðurlög eru bæði lögbundin sem viðurlög við broti, þannig að ekki komi til þess að málið verði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skulu fara með brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlits til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varði bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Þykir eðlilegt að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá mun verða höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörkun á því hvaða brot teljist meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að

taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og ætluð refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins eru lagðar til breyting á viðurlagaákvæðum laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Um 18. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um stjórnvaldssektir verði sett í 99. gr. laga um vátryggingastarfsemi, en nú liggja aðeins refsiviðurlög við brotum á lögunum.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og/eða fyrirtæki við nánar tilteknar aðstæður. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim brotum sem lagt er til að geti varðað stjórnvaldssektum. Gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og lögaðila ef þeir hafa brotið gegn 2. málsl. 1. gr. og 5. mgr. 21. gr. um bann við að leyfisskyld starfsemi sé stunduð án starfsleyfis, 1. mgr. 5. gr. um að vátryggingaáhætta skuli aðeins frumtryggð hjá vátryggingafélagi með starfsleyfi á Íslandi eða á Evrópska efnahagssvæðinu, 9.–11. gr. um starfsheimildir, 1. mgr. 13. gr. um að greinilega skuli koma fram í heiti vátryggingafélags að um vátryggingafélag sé að ræða, 2. mgr. 13. gr. um heiti og upplýsingagjöf, 16. gr. um greiðslu hluta, 2. mgr. 19. gr. um að ekki skuli stofnað til vátryggingasamninga og ábyrgða vegna þeirra eða innheimtu iðgjalda þegar stofna á gagnkvæmt vátryggingafélag fyrr en félagið hefur verið skráð, 1. mgr. 27. gr. um leyfisumsókn til Fjármálaeftirlitsins ef vátryggingafélag með starfsleyfi hér á landi hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga eða vátryggingagrein eða breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, 3. mgr. 27. gr. um að senda skuli breytingar á samþykktum vátryggingafélags til Fjármálaeftirlitsins innan viku frá samþykkt þeirra, 4. mgr. 28. gr. um að allar breytingar á atriðum sem tilkynna skal til vátryggingafélagaskrár skuli senda eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar, 2. mgr. 34. gr. um eignir til jöfnunar á móti vátryggingaskuld, 36. gr. um skyldu stjórnar til þess að tryggja að fyrir hendi sé sérþekking á mati og útreikningi vátryggingaskuldar, 1. málsl. 4. mgr. 37. gr. um tilkynningarskyldu tryggingastærðfræðings til Fjármálaeftirlitsins, 38. gr. um að halda skrá yfir eignir til jöfnunar vátryggingaskuld eða líftryggingaskuld, 1. mgr. 39. gr. um að aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skuli fyrir fram leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins, 9.–11. mgr. 39. gr. um tilkynningarskyldu í tengslum við virkan eignarhlut, 1., 2. og 5. mgr. 41. gr. um hámark eigin hluta, 4. mgr. 43. gr. um tilkynningarskyldu um þóknun stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra, 5. mgr. 43. gr. um tilkynningarskyldu um myndun félagasamstæðu eða yfirráð yfir öðru félagi og um verulegar breytingar á skipulagi samstæðu, 6. mgr. 43. gr. um setningu verklagsreglna, 7. mgr. 43. gr. um skyldu stjórnar og framkvæmdastjóra vátryggingafélags til að gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins, 2. mgr. 46. gr. um tilkynningarskyldu endurskoðanda til Fjármálaeftirlitsins, 1. mgr. 47. gr. um að senda skuli Fjármálaeftirliti ársreikning og fylgigögn, 48. gr. um upplýsingaskyldu vegna starfsemi erlendis, 49. gr. um út-

hlutun arðs, 4. mgr. 54. gr. um skýrslur um viðskipti við tengda aðila, 3. málsl. 1. mgr. 55. gr. um skil lögboðinna vátryggingaskilmála, 3. málsl. 2. mgr. 55. gr. um skil á reiknigrundvelli líftrygginga og heilsutrygginga, 58. gr. um skil lögboðinna vátryggingaskilmála, 1. mgr. 68. gr. um skyldu til samþykkis Fjármálaeftirlitsins vegna flutnings á stofni, 4. mgr. 72. gr. um ávöxtun fjármuna, 73. gr. um skil á ársreikningi hins erlenda félags, 2. mgr. 76. gr. um lok starfsemi vátryggingafélags, 3. mgr. 76. gr. um lausn geymslufjár, 4. og 5. mgr. 77. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að opna útibú í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, 4. mgr. 78. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og 79. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, 1. málsl. 1. mgr. 86. gr. um umsókna vegna flutnings á vátryggingastofni, 88.–89. gr. um samruna og 97. gr. um skil greinargerðar til Fjármálaeftirlitsins vegna ákvörðunar um frjáls slit. Í frumvarpi þessu, sbr. a-lið 19. gr., er gert ráð fyrir að lögfest verði í 99. gr. a heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Því er talið rétt að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða einstaklinga, ef þau fara ekki eftir ákvæðum sáttarinnar.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einkaaðila og fyrirtæki sem brjóta gróflega eða ítrekað gegn 12. gr. um góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum.

Í 3. mgr. er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á einstaklinga geti numið frá 10 þúsund krónum til 20 milljóna króna, en að sektir sem lagðar eru á lögaðila verði hærri og geti numið frá 50 þúsund krónum til 50 milljóna króna. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við.

Í 3. málsl. 3. mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort að um er að ræða ítrekað brot. Í 4. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Þá er í 5. málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er lagt til í 6. og 7. málsl. 3. mgr. að mælt verði fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 4. mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Það er þó ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.

Um 19. gr.

Í greininni er lagt til að við lögin bætist sex nýjar greinar.

*Um a-lið (99. gr. a).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 99. gr. a í lögum um vátryggingastarfsemi verði mælt fyrir um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu að ljúka málum með sátt.

Í gildandi lögum er ekki mælt fyrir heimildir til að ljúka málum með sátt. Lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt, myndi stuðla að frekara gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir.

Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Loks er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

*Um b-lið (99. gr. b).*

Hér er lagt til að lögfest verði í 99. gr. b ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í lögum um fjármálafyrirtæki, þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti" í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur" um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

*Um c-lið (99. gr. c).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 99. gr. c verði sett ákvæði um að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það sami fyrningarfrestur og gilda mun um refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila vegna brota á lögunum, en gert er ráð fyrir að í 99. gr. d laganna, sbr. d-lið 19. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að hámarksrefsing vegna brota gegn lögunum skuli vera sektir að fangelsi allt að tveimur árum. Því er fyrningarfrestur gagnvart einstaklingum fimm ár skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sami fyrningarfrestur gildir gagnvart lögaðilum, sbr. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Við afmörkun þess hvenær háttsemi lauk ber að taka mið af meginreglum refsiréttar og fjármálamarkaðsréttar um það atriði Af því leiðir að ef um samfellda brotastarfsemi eða ástandsbrot er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögmæta ástandi linnir og upphaf fyrningarfrests telst þá einnig frá þeim tíma.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tilkynning Fjármálaeftirlitsins til aðila um rannsókn á meintu broti rjúfi fyrningu. Reglan á sér að nokkru leyti hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Einnig er kveðið á um að rof fyrningarfrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti. Af því leiðir, að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila, hindra fyrningarreglur ekki að lögð verði stjórnsýsluviðurlög á aðra aðila sem síðar kemur í ljós að

stóðu einnig að broti. Rétt er að taka fram að þótt réttur Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta sé fyrndur koma ákvæði þessarar greinar ekki í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það, hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brot gegn lögum um vátryggingastarfsemi.

*Um d-lið (99. gr. d).*

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum við nánar tilgreind ákvæði laga um fjármálafyrirtæki í 99. gr. d. Refsiákvæði gildandi laga eru í 99. gr. laganna og fela tillögur frumvarpsins í sér nokkra breytingu, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum. Í greininni er lagt til að brot á nánar tilteknum ákvæðum laganna varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Samkvæmt 99. gr. gildandi laga varða brot gegn lögunum sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta gegn 2. málsl. 1. gr. og 5. mgr. 21. gr. um bann við að leyfisskyld starfsemi sé stunduð án starfsleyfis, 13. gr. um breytingu á starfsemi, 4. mgr. 28. gr. um að allar breytingar á atriðum sem tilkynna skal til vátryggingafélagaskrár skuli senda eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar, 4. mgr. 37. gr. um tilkynningarskyldu tryggingastærðfræðings til Fjármálaeftirlitsins, 1., 2. og 5. mgr. 41. gr. um hámark eigin hluta, 1.–3. mgr. 44. gr. um ársreikninga, 2. mgr. 45. gr. um hæfi endurskoðanda, 1. mgr. 46. gr. um að ársreikningur vátryggingafélags skuli endurskoðaður í samræmi við góða endurskoðunarvenju, 2. mgr. 46. gr. um tilkynningarskyldu endurskoðanda til Fjármálaeftirlitsins, 49. gr. um úthlutun arðs, 2. mgr. 76. gr. um lok starfsemi vátryggingafélags, 3. mgr. 76. gr. um lausn geymslufjár og 1. og 6. mgr. 90. gr. um aðgerðir vegna ónógs gjaldþols. Brot gegn öllum framantöldum ákvæðum að undanskildum 1.–3. mgr. 44. gr. um ársreikninga, 2. mgr. 45. gr. um hæfi endurskoðanda, 1. mgr. 46. gr. um að ársreikningur vátryggingafélags skuli endurskoðaður í samræmi við góða endurskoðunarvenju og 1. og 6. mgr. 90. gr. um aðgerðir vegna ónógs gjaldþols varða einnig stjórnvaldssektum. Það kemur þó aldrei til þess að sami aðili þurfi að sæta refsingu og álagningu stjórnvaldssekta fyrir sama brot, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum og athugasemdum við d-lið 10. gr.

*Um e-lið (99. gr. e).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 1. mgr. 99. gr. e verði kveðið á um að brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laga um vátryggingastarfsemi sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

*Um f-lið (99. gr. f).*

Lagt er til að í 99. gr. f verði sett ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds. Eru breytingarnar í samræmi við það markmið frumvarpsins að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsýsluviðurlög eru bæði lögbundin sem viðurlög við broti, þannig að ekki komi til þess að málið verði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skulu fara með brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að

brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlits til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varði bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Þykir eðlilegt að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá mun verða höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörkun á því hvaða brot teljist meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og ætluð refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla eru lagðar til breyting á lögum nr. 32/2005, um miðlun vátrygginga.

Um 20. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um stjórnvaldssektir verði sett í 62. gr. laga um miðlun vátrygginga, en nú liggja aðeins refsiviðurlög við brotum á lögunum.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og/eða fyrirtæki við nánar tilteknar aðstæður. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim brotum sem lagt er til að geti varðað stjórnvaldssektum. Gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og lögaðila ef þeir hafa brotið gegn 2. mgr. 1. gr. um bann við að leyfisskyld starfsemi sé stunduð án heimildar, 1. mgr. 12. gr.

um heiti vátryggingamiðlara, 1. mgr. 14. gr. um að vátryggingamiðlari skuli einungis miðla frumtryggingum á vegum vátryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hér á landi, 15.–17. gr. um hæfisskilyrði, 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. um fjárhagslega stöðu vátryggingamiðlara og viðbrögðum við því ef líkur eru á því að vátryggingamiðlari eigi ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum, 20. gr. um starfsábyrgðartryggingu vátryggingamiðlara, 21. gr. um viðtöku fjármuna án heimildar, 1. mgr. 22. gr. um vörslufjárreikning vátryggingamiðlara, 23. gr. um yfirsýn, 24. gr. um ráðningar- og verksamninga, 25. gr. um samninga um þjónustu, 27. gr. um trúnaðarupplýsingar, 30.–32. gr. um upplýsingaskyldu vátryggingamiðlara, 1.–3. mgr. 36. gr. um innlögn starfsleyfis, 37. gr. um skil á ársreikningi og fylgigögnum, 38. gr. um tilkynningu um framkomna skaðabótakröfu, 1.–3. mgr. 39. gr. um skráningu mboðsmanns, 40. gr. um skilyrði skráningar, 1. mgr. 41. gr. um heiti vátryggingaumboðsmanns, 1. málsl. 1. mgr. 42. gr. um takmarkanir á starfsemi vátryggingaumboðsmanns, 43. gr. um viðtöku vátryggingaumboðsmanns á fjármunum, 1. mgr. 44. gr. um vörslufjárreikning vátryggingaumboðsmanns, 45. gr. um yfirsýn yfir starfsemi, 46. gr. um ráðningar- og verksamninga, 48. gr. um trúnaðarupplýsingar, 49. gr. um góða viðskiptahætti og venjur vátryggingaumboðsmanns, 51.–54. gr. um upplýsingaskyldu vátryggingaumboðsmanns, 1. og 3. mgr. 56. gr. um starfsemi innlendra vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna erlendis og 60. gr. um eftirlitsgjald. Í frumvarpi þessu, sbr. a-lið 21. gr., er gert ráð fyrir að lögfest verði í 62. gr. a heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Því er talið rétt að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða einstaklinga, ef þau fara ekki eftir ákvæðum sáttarinnar.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einkaaðila og fyrirtæki sem brjóta gróflega eða ítrekað gegn 28. gr. eða 49. gr. um góða viðskiptahætti og venjur.

Í 3. mgr. er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á einstaklinga geti numið frá 10 þúsund krónum til 20 milljóna króna, en að sektir sem lagðar eru á lögaðila verði hærri og geti numið frá 50 þúsund krónum til 50 milljóna króna. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við.

Í 3. málsl. 3. mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort að um er að ræða ítrekað brot. Í 4. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Þá er í 5. málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er lagt til í 6. og 7. málsl. 3. mgr. að mælt verði fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 4. mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Það er þó ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.

Um 21. gr.

Í greininni er lagt til að sex nýjum greinum verði bætt við lögin um miðlun vátrygginga og hafa öll ákvæðin að geyma reglur um viðurlög og álagningu viðurlaga við brotum gegn lögunum.

*Um a-lið (62. gr. a).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 62. gr. a verði mælt fyrir um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu að ljúka málum með sátt.

Í gildandi lögum er ekki mælt fyrir heimildir til að ljúka málum með sátt. Lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt, myndi stuðla að frekara gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir.

Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Loks er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

*Um b-lið (62. gr. b).*

Í greininni er lagt til að lögfest verði í 62. gr. b ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í lögum um fjármálafyrirtæki, þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

*Um c-lið (62. gr. c).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 62. gr. c í lögum um miðlun vátrygginga verði sett ákvæði um að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það sami fyrningarfrestur og gilda mun um refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila vegna brota á lögunum, en gert er ráð fyrir að í 62. gr. d laganna, sbr. d lið 21. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að hámarksrefsing vegna brota gegn lögunum skuli vera sektir að fangelsi allt að tveimur árum. Því er fyrningarfrestur gagnvart einstaklingum fimm ár skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sami fyrningarfrestur gildir gagnvart lögaðilum, sbr. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Við afmörkun þess hvenær háttsemi lauk ber að taka mið af meginreglum refsiréttar og fjármálamarkaðsréttar um það atriði Af því leiðir að ef um samfellda brotastarfsemi eða

ástandsbrot er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögmæta ástandi linnir og upphaf fyrningarfrests telst þá einnig frá þeim tíma.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tilkynning Fjármálaeftirlitsins til aðila um rannsókn á meintu broti rjúfi fyrningu. Reglan á sér að nokkru leyti hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Einnig er kveðið á um að rof fyrningarfrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti. Af því leiðir, að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila, hindra fyrningarreglur ekki að lögð verði stjórnsýsluviðurlög á aðra aðila sem síðar kemur í ljós að stóðu einnig að broti. Rétt er að taka fram að þótt réttur Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta sé fyrndur koma ákvæði þessarar greinar ekki í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það, hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brot gegn lögum um miðlun vátrygginga.

*Um d-lið (62. gr. d).*

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum við nánar tilgreind ákvæði laga um miðlun vátrygginga í 62. gr. d. Refsiákvæði gildandi laga er í 62. gr. laganna og fela tillögur frumvarpsins í sér nokkra breytingu, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum. Í greininni er lagt til að brot á nánar tilteknum ákvæðum laganna varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Samkvæmt 62. gr. gildandi laga varða brot gegn ákvæðum laganna sektum eða fangelsi allt að einu ári. Því felur frumvarpið í sér þyngingu á viðurlögum frá því sem er í gildandi lögum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta gegn 2. mgr. 1. gr., 12. og 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. um bann við að leyfisskyld starfsemi sé stunduð án heimildar, 1. mgr. 19. gr. um fjárhagslega stöðu vátryggingamiðlara og viðbrögðum við því ef líkur eru á því að miðlari eigi ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum, 20. gr. um starfsábyrgðartryggingu vátryggingamiðlara, 21. gr. um viðtöku fjármuna án heimildar, 1. mgr. 22. gr. um vörslufjárreikning vátryggingamiðlara, 27. gr. um þagnarskyldu vátryggingamiðlara o.fl, 30.–32. gr. um upplýsingaskyldu vátryggingamiðlara og 48. gr. um þagnarskyldu vátryggingaumboðsmanna o.fl. Brot gegn öllum framantöldum ákvæðum varða einnig stjórnvaldssektum. Það kemur þó aldrei til þess að sami aðili þurfi að sæta refsingu og álagningu stjórnvaldssekta fyrir sama brot, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum og athugasemdum við f-lið 21. gr.

*Um e-lið (62. gr. e).*

Í ákvæðinu er lagt til að í 1. mgr. 62. gr. e verði kveðið á um að brot gegn lögum um miðlun vátrygginga varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laga um miðlun vátrygginga sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

*Um f-lið (62. gr. f).*

Lagt er til að í 62. gr. f verði sett ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds. Eru breytingarnar í samræmi við það markmið frumvarpsins að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsýsluviðurlög eru bæði lögbundin sem viðurlög við broti, þannig að ekki komi til þess að málið verði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skulu fara með brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlits til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varði bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Þykir eðlilegt að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá mun verða höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörkun á því hvaða brot teljist meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og ætluð refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.

## Um VIII. kafla.

Í kaflanum er gerð tillaga um eina breyting á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

## Um 22. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 1. mgr. 12. gr. laganna um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins um samskipti Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds.

Um IX. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um gildistöku laganna.

23. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögin öðlist þegar gildi. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringar.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði.**

Frumvarpið er systurfrumvarp frumvarps til laga um breytingar á samkeppnislögum og byggist að sama skapi á niðurstöðu nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum. Helstu markmiðin með frumvarpinu eru að taka á álitaefnum í samskiptum og verkaskiptingu við rannsókn og meðferð efnahagsbrota í tilviki lögreglu og ákæruvalds annars vegar og eftirlitsstofnana innan stjórnsýslunnar hins vegar. Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á viðurlögum við efnahagsbrotum, svo sem stjórnvaldssektum og refsiábyrgð.

Útgjöld Fjármálaeftirlitsins eru fjármögnuð með ríkistekjum af eftirlitsgjaldi. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2007 var lagt til að fjárheimild stofnunarinnar yrði hækkuð um 186,6 m.kr. eða úr 410,5 m.kr. í 597,1 m.kr. Var það gert vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna ásamt útgjöldum vegna samkomulags við Lífeyrissjóð bankamanna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að fjölga þurfi stöðugildum Fjármálaeftirlitsins um 2–3 vegna aukinna verkefna. Ekki er ljóst á þessu stigi hvort það rúmist innan tekna af eftirlitsgjaldinu.

## 790. Fyrirspurn [524. mál]

til viðskiptaráðherra um þátttöku banka í óskyldum samkeppnisrekstri.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er skoðun ráðherra á því að bankar sem eru undanþegnir virðisaukaskatti taki virkan þátt í samkeppnisrekstri á öðrum sviðum en eiginlegri bankastarfsemi?
2. Er ástæða til að ætla að þátttaka fjármálastofnana í óskyldri atvinnustarfsemi geti leitt til óeðlilegrar samkeppni með tilfærslu fjármuna og fjárfestinga þeirra sem undanþegnir eru virðisaukaskattgreiðslum eins og bankarnir?

**Skriflegt svar óskast.**

## 791. Svar [426. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um styrki AVS-rannsóknasjóðs í sjávarútvegi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu mikið af öllum styrkjum AVS-rannsóknasjóðs í sjávarútvegi fór beint eða óbeint aftur sem greiðslur til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, til að greiða ferðalög stjórnar AVS, sem greiðslur til starfsmanna AVS eða til fyrirtækja sem tengjast stjórnendum AVS? Í svarinu óskast þessar greiðslur sundurliðaðar þau ár sem sjóðurinn hefur starfað.*

Á árinu 2004 var í fyrsta skipti veitt fjárveiting á fjárlögum til rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs. Frá byrjun var unnið eftir þeirri reglu að styrkir sjóðsins til rannsóknaverkefna gætu aldrei orðið hærri en 50% af heildarkostnaði verkefnis.

*Árið 2004.*

Úthlutað var styrkjum til 44 verkefna að fjárhæð 96.120.000 kr. Framgangur tveggja verkefna breyttist þannig að styrkjum að upphæð 4.200.000 kr. var skilað. Styrkir urðu því 91.920.000 kr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fékk styrki til 14 rannsókna- og þróunarverkefna. Öll verkefnin utan tveggja eru unnin í samvinnu við fyrirtæki í sjávarútvegi, háskóla eða aðrar stofnanir. Styrkupphæð samtals: 24.600.000 kr.

*Árið 2005.*

Úthlutað var styrkjum til 61 verkefnis að fjárhæð 197.790.000 kr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fékk styrki til 20 rannsókna- og þróunarverkefna. Öll verkefnin utan sex eru unnin í samvinnu við fyrirtæki í sjávarútvegi, háskóla eða aðrar stofnanir. Styrkupphæð samtals: 70.800.000 kr.

*Árið 2006.*

Úthlutað var styrkjum til 61 verkefnis að fjárhæð 211.869.000 kr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fékk styrki til 13 rannsókna- og þróunarverkefna. Öll verkefnin utan sex eru unnin í samvinnu við fyrirtæki í sjávarútvegi, háskóla eða aðrar stofnanir. Styrkupphæð samtals: 50.400.000 kr.

Auk þess að gera tillögur um styrki AVS-rannsóknasjóðs hefur sjóðsstjórnin öll árin gert tillögur um úthlutun sérstakra styrkja til fiskeldis sem gert er ráð fyrir á fjárlagalið 05-190-1.20. Sú sérstaka fjárveiting er 19 millj. kr. á ári og eru þeir styrkir ekki taldir með í framangreindum upplýsingum um úthlutanir úr AVS-rannsóknasjóði.

*Ferðalög stjórnar AVS.*

Samkvæmt bókhaldi ráðuneytisins hefur kostnaður vegna ferðalaga á vegum AVS-sjóðsins verið eftirfarandi:

2004: 26.000 kr.
2005: 78.586 kr.
2006: 21.100 kr.

*Greiðslur til starfsmanna AVS.*

Skipulag starfseminnar er með þeim hætti að stjórninni til aðstoðar er einn starfsmaður, svonefndur verkefnisstjóri AVS. Þá starfa fjórir faghópar á vegum stjórnar.

Hlutverk verkefnisstjóra AVS er að sjá um samskipti við umsækjendur. Í því felst gerð leiðbeinandi reglna og eyðublaða fyrir umsóknir, móttaka umsókna, samskipti og vinna með faghópum sem meta umsóknir um styrki, umsjón með gerð samninga við styrkþega og greiðslum til þeirra, eftirfylgni með verkefnum, þ.m.t. að niðurstöðum rannsókna sé skilað á réttum tíma og allt annað sem nauðsynlegt er að gera til að starfsemin sé samkvæmt samþykktum stjórnar og leiðbeiningum frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá hefur verkefnisstjórinn umsjón með vefsvæðinu avs.is og birtingu efnis. Þau ár sem AVS-sjóðurinn hefur starfað hefur hann móttekið ríflega 100 umsóknir um styrki ár hvert.

Kostnaður vegna framangreindrar starfsemi hefur verið eftirfarandi:

2004: 7.500.000 kr.
2005: 7.500.000 kr.
2006: 8.000.000 kr.

Faghóparnir eru fjórir; fiskeldis-, markaðs-, líftækni- og vinnsluhópur. Hlutverk faghópanna er að leggja faglegt mat á umsóknir um styrki og taka þátt í stefnumótunarvinnu auk annarra verkefna sem stjórnin beinir til þeirra. Hver faghópur hefur einn verkefnisstjóra. Samtals taka 35 aðilar þátt í starfsemi faghópanna. Styrkir til faghópanna hafa verið sem hér segir:

2004: 1.850.000 kr.
2005: 2.730.000 kr.
2006: 4.680.000 kr.

*Fyrirtæki sem tengjast stjórnendum AVS.*

Þær vinnureglur gilda við afgreiðslu umsókna um styrki að fjárhagslega tengdur aðili víkur af fundi á meðan umsókn viðkomandi fyrirtækis/aðila er til umfjöllunar.

Forstjóri Stofnfisks hefur setið í stjórn AVS og víkur hann af fundi þegar kemur að umsóknum frá því fyrirtæki. Stofnfiskur er einnig stór eigandi í Icecod og hefur sami háttur verið hafður á þegar umsóknir frá IceCod hafa verið teknar til umfjöllunar hjá stjórn AVS.

Tvö verkefni þar sem starfsmaður Stofnfisks er verkefnisstjóri fengu styrk árið 2004, samtals 14.300.000 kr. og einnig fengu tvö verkefni styrkur 2005, samtals 13.300.000 kr.

IceCod í eigu Stofnfisks, Hafrannsóknastofnunarinnar og fleiri aðila fékk styrk til kynbóta í þorskeldi árið 2006 samtals 25.000.000 kr.

## 792. Fyrirspurn [525. mál]

til utanríkisráðherra um starf sendiráða.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hverju hefur starf sendiráða sl. 10 ár skilað með beinum og óbeinum hætti? Svar óskast sundurliðað eftir árum og sendiráðum.
2. Hver er heildarkostnaður við öll sendiráð Íslands sl. 10 ár, sundurliðaður eftir árum og sendiráðum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 793. Fyrirspurn [526. mál]

til utanríkisráðherra um varnarsvæðið á Miðnesheiði.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Er til skýrsla hjá ráðuneytinu um mögulega nýtingu varnarsvæðisins á Miðnesheiði og ástand mannvirkja þar og, ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður hennar um mögulega nýtingu svæðisins?
2. Hefur ráðherra upplýsingar um hvenær nýting mannvirkja á varnarsvæðinu hefst og hver hún verður?

# 794. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/2004, um siglingavernd.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Karl Alvarsson og Svönu Margréti Davíðsdóttur frá samgönguráðuneytinu, Birgi L. Blöndal og Má Sveinbjörnsson frá Hafnasambandi sveitarfélaga og Sigurð Áss Grétarsson frá Siglingastofnun Íslands. Umsagnir um málið hafa borist frá Siglingastofnun Íslands, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, ríkissaksóknara, Félagi skipstjórnarmanna, Persónuvernd, Slysavarnaskóla sjómanna, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Hafnasambandi sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, tollstjóranum í Reykjavík, Umhverfisstofnun, ríkislögreglustjóra, Olíufélaginu hf., Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Olíudreifingu ehf., Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, í því skyni að innleiða í íslenskan rétt tilteknar gerðir Evrópusambandsins, sem teknar hafa verið upp í XIII. viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Um er að ræða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um aukið öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnavernd. Helstu breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru m.a. að gildissvið laganna er útvíkkað þannig að lögin taka nú einnig til farþegaskipa og flutningaskipa í innanlandssiglingum auk útgerða. Einnig er lagt til að Siglingastofnun Íslands geri áhættumat vegna siglinga innan íslensku efnahagslögsögunnar og Siglingaverndaráætlun Íslands. Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að auka við heimildir Siglingastofnunar Íslands til að annast eftirlit með framkvæmd laganna. Siglingastofnun yrði m.a. heimill aðgangur að skipum, hafnarsvæðum, mannvirkjum, búnaði, gögnum og skjölum, eftir því sem telja má nauðsynlegt vegna eftirlitsins. Siglingastofnun hefði jafnframt heimildir til að bregðast við brotum á reglum um siglingavernd, t.d. með því að leggja farbann á skip. Þá eru lagðar til breytingar á gjaldtöku vegna innheimtu siglingaverndargjalds en í stað skylduákvæða er nú kveðið á um heimildarákvæði til töku gjalda.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 1. málsl. d-liðar 3. gr., 2. mgr. b-liðar 4. gr., 1. málsl. 3. mgr. b-liðar 4. gr. og 4. mgr. b-liðar 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til orðalagsbreytingar til að gæta samræmis við önnur ákvæði í núgildandi lögum um siglingavernd, nr. 50/2004.
2. Lagt er til að í 2. málsl. d-liðar 3. gr. frumvarpsins komi fram að fulltrúum Siglingastofnunar sé í þágu eftirlits með framkvæmd laganna heimill aðgangur að skipum, hafnarsvæðum, mannvirkjum, búnaði, gögnum og skjölum, eftir því sem telja má nauðsynlegt vegna eftirlitsins, án undangengins dómsúrskurðar. Með þessum hætti eru tekin af öll tvímæli um að Siglingastofnun þurfi ekki að afla dómsúrskurðar áður en stofnunin grípur til aðgerða á grundvelli ákvæðisins. Þetta fyrirkomulag uppfyllir skilyrði 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um heimilar takmarkanir á friðhelgi einkalífs.

3. Lagt er til að í 3. mgr. b-liðar 4. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að farbann fari að ákvæðum laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003. Í lögum um eftirlit með skipum er að finna ítarlegar málsmeðferðarreglur um farbann. Í lögunum er m.a. kveðið á um hverjir geti sett á farbann, tilkynningu um farbann, brottfall farbanns o.s.frv. Í þessu sambandi ber enn fremur að nefna að í 27. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, er tekið fram að um farbann fari að ákvæðum laga um eftirlit með skipum. Eðlilegt þykir að samræmdar reglur gildi að þessu leyti á sviði siglingamála.
4. Lagt er til að í 5. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að Siglingastofnun Íslands skuli hafa samráð við hafnaryfirvöld áður en stofnunin takmarkar aðgang að höfnum og hafnarsvæðum, umferð um þær og dvöl skipa í þeim, og bannar umgengni eða dvöl á slíkum svæðum. Eðlilegt þykir að Siglingastofnun hafi samráð við hlutaðeigandi hafnaryfirvöld áður en stofnunin grípur til slíkra íþyngjandi aðgerða. Í þessu sambandi ber hins vegar að hafa í huga að endanleg ákvörðun um aðgerðir skv. 5. gr. frumvarpsins er komin undir Siglingastofnun og geta hafnaryfirvöld því ekki komið í veg fyrir að gripið verði til aðgerða á grundvelli ákvæðisins. Heimild Siglingastofnunar skv. 5. gr. frumvarpsins gildir þegar talið er nauðsynlegt að grípa til framangreindra aðgerða vegna siglingaverndar. Þegar vástig er hækkað í höfnum eða skipum ákveður ríkislögreglustjóri hins vegar hvenær hann tekur við stjórn aðgerða samkvæmt verndaráætlun og almennum lögum um lögregluaðgerðir, sbr. 5. mgr. 4. gr. núgildandi laga um siglingavernd, nr. 50/2004. Rétt þykir að árétta að í slíkum tilvikum þarf ríkislögreglustjóri ekki að hafa samráð við viðkomandi hafnaryfirvöld.
5. Lagt er til að tilgreint verði nánar í 10. gr. frumvarpsins hvaða háttsemi sé refsiverð samkvæmt lögunum. Slík útfærsla er í samræmi við meginreglu refsiréttar um skýra og vel skilgreinda verknaðarlýsingu refsiákvæða. Þá er lagt til að fyrirsögn 10. gr. frumvarpsins verði breytt úr „viðurlög“ í „refsingar“, enda teljast sektir og fangelsi til refsinga í merkingu refsiréttar en ekki til viðurlaga.
6. Lagt er til að refsing fyrir brot á 7. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu verði í samræmi við refsiramma 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um þagnarskyldu.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaþingmaður Jóns Bjarnasonar áheyrnarfulltrúa nefndarinnar, er samþykk áliti þessu.

Guðjón A. Kristjánsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Anna Kristín Gunnarsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 24. jan. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara. |
| Kristján L. Möller. | Guðjón Hjörleifsson. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |

Jón Kristjánsson.

## 795. Breytingartillögur [238. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/2004, um siglingavernd.

Frá samgöngunefnd.

1. Við d-lið 3. gr.
   a. Á eftir orðinu „Siglingastofnun“ í 1. efnismálsl. komi: Íslands.
   b. Á eftir orðinu „eftirlitsins“ í 2. efnismálsl. komi: án undangengins dómsúrskurðar.
2. Við b-lið 4. gr.
   a. Á eftir orðinu „Siglingastofnunar“ í 2. mgr. komi: Íslands.
   b. Á eftir orðinu „Siglingastofnun“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: Íslands.
   c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um farbann fer að ákvæðum laga um eftirlit með skipum.
   d. Á eftir orðinu „Siglingastofnunar“ í 4. mgr. komi: Íslands.
3. Á eftir orðinu „heimilt“ í 5. gr. komi: að höfðu samráði við hafnaryfirvöld.
4. 10. gr. orðist svo:

   12. gr. laganna, sem verður 15. gr., orðast svo ásamt fyrirsögn:

   *Refsingar.*

   Brot gegn 5., 10. og 11. mgr. 4. gr., 5. gr. og 6. gr. laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. Brot á þagnarskyldu skv. 11. gr. laganna er refsivert skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga. Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

## 796. Fyrirspurn [527. mál]

til félagsmálaráðherra um fæðingarorlof.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á þeirri framkvæmd fæðingarorlofslaga er lýtur að tekjuviðmiði sem lagt er til grundvallar fæðingarorlofsgreiðslum? Sérstaklega er spurt um þá framkvæmd að fyrri fæðingarorlofsgreiðslur eru lagðar til grundvallar í tekjuviðmiði, sbr. nýlegt álit umboðsmanns Alþingis þar að lútandi.

## 797. Fyrirspurn [528. mál]

til iðnaðarráðherra um vaxtarsamning Vestfjarða.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Hvað líður framkvæmd einstakra þátta í vaxtarsamningi Vestfjarða og liggja fyrir upplýsingar um hvaða árangri samningurinn hefur skilað frá upphafi?
2. Hve miklir fjármunir hafa verið veittir til einstakra verkefna sem tilheyra samningnum og til samningsins í heild?
3. Hefur ríkisstjórnin áform um að bregðast við þeim neikvæða hagvexti sem verið hefur á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra að undanförnu og upplýst hefur verið um, og þá hvernig?

## 798. Fyrirspurn [529. mál]

til félagsmálaráðherra um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði, uppsagnir og sveigjanleg starfslok.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Hvernig metur ráðherra stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði með sérstöku tilliti til atvinnuöryggis, samkeppnishæfni og möguleika á sí- og endurmenntun?
2. Er langtímaatvinnuleysi algengara hjá miðaldra og eldra fólki en þeim sem yngri eru og ef svo er, hvaða úrræði sér ráðherra til að bæta úr því?
3. Hver er afstaða ráðherra til þess að ætíð sé skylt að rökstyðja uppsögn starfsmanns?
4. Hvað hefur ríkisstjórnin aðhafst til að auðvelda sveigjanleg starfslok?

**Skriflegt svar óskast.**

Greinargerð.

Rannsóknir erlendis hafa sýnt fram á að þeir sem missa vinnu eftir miðjan aldur eiga á hættu að vera þar með útilokaðir frá vinnumarkaði. Á sama þróun sér stað hér á landi í stöðugt harðnandi samkeppni á vinnumarkaði, þar sem sterk krafa margra fyrirtækja í ímyndarsköpun er að tefla fram ungu fólki og eldra fólk með langan starfsaldur fær uppsögn í starfi án rökstuðnings? Í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 2. júní 1982 segir: „Eigi skal starfsmanni sagt upp starfi nema til uppsagnar sé gild ástæða í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns, eða hún sé byggð á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar.“

Verkalýðshreyfingin hefur án árangurs reynt að fá þessa samþykkt innleidda í íslenska vinnulöggjöf. Nauðsynlegt er að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins komi hér að stefnumótun þar sem áhersla verði lögð á að styrkja samkeppnisstöðu eldra fólks á vinnumarkaði

og auka möguleika á sveigjanlegum starfslokum. Mikilvægt er að meira fé verði veitt til starfs- og endurmenntunarsjóða og að í boði verði endurmenntun á vinnutíma og sveigjalegur vinnutími. Aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast og færri standa undir rekstri þjóðarbúsins, svo mikilvægt er að eldra fólki sé gert kleift að vera á vinnumarkaði sem lengst og það fái tækifæri til aðlagast breytingum í atvinnulífinu til jafns við yngra fólk.

## 799. Frumvarp til laga [530. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „frá því að það er frjóvgað“ í 5. mgr. kemur: með sæðisfrumu.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

*Umframfósturvísir:* Fósturvísir sem búinn er til með glasafrjóvgun í æxlunarskyni en nýtist ekki í þeim tilgangi.

*Kjarnaflutningur:* Aðgerð þegar kjarni er fjarlægður úr eggfrumu konu og komið þar fyrir kjarna úr líkamsfrumu.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna skv. 12. gr. og kjarnaflutningur skv. 13. gr. er einungis heimill á rannsóknastofum sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Ráðherra er heimilt að binda slíkt leyfi sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofnunar, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um veitingu leyfis samkvæmt ákvæði þessu skal hann leita umsagnar landlæknis. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara, reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða skilyrðum sem sett eru í leyfisbréfi getur ráðherra, eftir atvikum að undangenginni áminningu, svipt leyfishafa leyfi tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkum, eða að fullu.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2.–4. mgr. er heimilt, að hámarksgeymslutíma liðnum eða þegar skylt er að eyða fósturvísum skv. 3. og 4. mgr., að ráðstafa fósturvísum til aðila sem fengið hafa leyfi til að nota fósturvísa til stofnfrumurannsókna enda liggi fyrir upplýst samþykki beggja kynfrumugjafa til þess. Við ráðstöfun fósturvísa samkvæmt ákvæði þessu skulu upplýsingar um uppruna þeirra dulkóðaðar og kóðinn geymdur hjá ábyrgðarmanni leyfishafa. Ef hagsmunir kynfrumugjafa eða brýnir rannsóknarhagsmunir krefjast þess er heimilt með samþykki vísindasiðanefndar að afkóða upplýsingar um uppruna fósturvísa. Við afkóðun skal þess gætt að einungis þeir starfsmenn leyfishafa sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að upplýsingunum.

Kynfrumugjafi getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt og skal ábyrgðarmaður leyfishafa þá sjá til þess að fósturvísar frá viðkomandi kynfrumugjafa séu ekki nýttir til rannsókna og þeim eytt án ástæðulausra tafa.

Heimilt er að taka gjald fyrir ráðstöfun umframfósturvísa til leyfishafa skv. 5. mgr. er nemur kostnaði við ráðstöfunina. Flutningur fósturvísa úr landi er óheimill nema með samþykki kynfrumugjafa og vísindasiðanefndar.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Rannsóknir á fósturvísum í tengslum við glasafrjóvgunarmeðferð.*

Heilbrigðisstofnun sem fengið hefur leyfi skv. 1. mgr. 2. gr. er heimilt með upplýstu samþykki kynfrumugjafa að gera rannsóknir, tilraunir og aðgerðir á fósturvísum sem verða til við glasafrjóvgunarmeðferð og eru liður í henni eða gerðar til að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum. Sama á við um rannsóknir sem miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi eða eru ætlaðar til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta.

5. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna.*

Með samþykki vísindasiðanefndar er þeim sem hlotið hafa leyfi skv. 2. mgr. 2. gr. heimilt að nota umframfósturvísa, sem ráðstafað hefur verið til þeirra skv. 5. mgr. 10. gr., til að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði eða til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Vísindasiðanefnd skal m.a. leggja mat á það hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt áður en hún veitir samþykki sitt.

6. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (13. gr.)

Leyfishöfum skv. 2. mgr. 2. gr. er heimilt með samþykki vísindasiðanefndar, eggfrumugjafa og þess sem erfðaefni stafar frá að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði enda sé ekki talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti. Vísindasiðanefnd skal m.a. leggja mat á það hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt áður en hún veitir samþykki sitt. Óheimilt er að rækta eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á lengur en í 14 daga eða eftir að frumrákin kemur fram. Á öllum stigum er óheimilt að koma eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á fyrir í legi konu.

b. (14. gr.)

Óheimilt er:

a. að rækta eða framleiða fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir,
b. að rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin kemur fram,
c. að koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum,
d. að framkvæma kjarnaflutning í æxlunarskyni (einræktun).

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Við bætist nýr stafliður sem verður a-liður og orðast svo: almenn skilyrði fyrir veitingu leyfa skv. 2. gr.
b. Á eftir c-lið kemur nýr stafliður sem orðast svo: ráðstöfun fósturvísa skv. 5. mgr. 10. gr., fyrirkomulag við öflun upplýsts samþykkis kynfrumugjafa og hvert inntak þess skuli vera, hámarksgeymslutíma fósturvísa og eggfrumna sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hjá rannsóknaraðila, dulkóðun upplýsinga um uppruna fósturvísanna og hvenær heimilt sé að afkóða upplýsingarnar.
c. D-liður orðast svo: rannsóknir á fósturvísum og notkun umframfósturvísa til að búa til stofnfrumulínur skv. 11. og 12. gr.
d. Við bætist nýr stafliður sem orðast svo: kjarnaflutningur skv. 13. gr.

8. gr.

Á eftir 1. mgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Brot gegn ákvæði 13. gr. og d-lið 14. gr. varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári.

9. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.**

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Í stað orðsins „tæknifrjóvgunarlögum“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, kemur: lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

## I. Inngangur.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er samið af nefnd sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 5. október 2005 til að fjalla um nýtingu stofnfrumna til rannsókna og lækninga og semja drög að frumvarpi til laga um stofnfrumurannsóknir. Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, var skipaður formaður nefndarinnar en aðrir nefndarmenn voru Sigurður Guðmundsson landlæknir, Magnús Karl Magnússon læknir, Björn Guðbjörnsson læknir, Þórarinn Guðjónsson frumulíffræðingur, Ingileif Jónsdóttir ónæmisfræðingur, Vilhjálmur Árnason prófessor, Sólveig Anna Bóasdóttir guðfræðingur og Jóhann Hjartarson lögfræðingur. Starfsmaður nefndarinnar var Ágúst Geir Ágústsson lögfræðingur. Nefndin kom saman til fundar um málið alls fimmtán sinnum áður en hún lauk störfum 21. júní 2006 en þann dag skilaði hún jafnframt niðurstöðum sínum til ráðherra í frumvarpsformi.

Frumvarpsdrögin voru send fjölmörgum aðilum til umsagnar í júlí 2006, þar á meðal heilbrigðisstofnunum, menntastofnunum, stjórnsýslustofnunum á þessu sviði, félögum heilbrigðisstarfsmanna, sjúklingafélögum, trúfélögum, líftæknifyrirtækjum og ýmsum öðrum aðilum. Alls bárust ráðuneytinu 24 umsagnir um drögin og voru þær almennt mjög jákvæðar.

Frá því að frumvarpið var sent út til umsagnar hafa engar efnislegar breytingar verið gerðar á heimildarákvæðum frumvarpsins. Hins vegar hefur orðalagi og útfærslu verið breytt á nokkrum stöðum og á það einkum við um heimildir frumvarpsins til að framkvæma kjarnaflutning eða einræktun í læknisfræðilegum tilgangi. Að sama skapi hafa verið gerðar nokkrar breytingar á orðalagi og framsetningu athugasemda sem fylgja frumvarpinu. Allar þessar breytingar hafa verið unnar í samráði við framangreinda nefndarmenn.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun. Sú ákvörðun að fella framangreind ákvæði inn í lög um tæknifrjóvgun helgast af þeirri staðreynd að öll helstu álitaefni sem taka þarf afstöðu til við lagasetningu um stofnfrumurannsóknir lúta að því hvort og þá að hvaða marki eigi að heimila notkun fósturvísa í því skyni að búa til stofnfrumulínur og eftir atvikum hvort leyfa eigi kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi með notkun eggfrumu. Lýtur efni frumvarpsins þannig í reynd ekki að rannsóknum á stofnfrumum sem slíkum enda hefur almennt ekki verið talin ástæða til að setja sérstakar hömlur við slíkum rannsóknum hvorki frá siðfræðilegu né vísindalegu sjónarhorni. Hafa slíkar rannsóknir með notkun innfluttra stofnfrumulína í reynd verið leyfðar hér á landi með samþykki vísindasiðanefndar. Í þessu ljósi þykir rétt að fella lagaákvæði um þetta efni inn í lög um tæknifrjóvgun þar sem ákvæði núgildandi laga sem lúta að kynfrumum manna, fósturvísum og rannsóknum á þeim er að finna.

## II. Staða fósturvísa samkvæmt núgildandi lögum og helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

*1. Almennt.*

Samkvæmt núgildandi lögum er óheimilt að nota fósturvísa til að búa til stofnfrumulínur. Með frumvarpinu er lagt til að þessu banni verði aflétt að hluta með því kveða á um tilteknar heimildir til að nota umframfósturvísa í þessu skyni. Að baki þessum tillögum liggja veigamikil læknisfræðileg og þekkingarfræðileg rök sem nánar eru rakin hér á eftir. Við gerð frumvarpsins hefur jafnframt verið litið til þeirrar sérstöðu sem fósturvísar óneitanlega hafa sem viðfang rannsókna vegna eðlis þeirra og eiginleika en almennt er litið svo á að fósturvísar hafi siðferðilega stöðu umfram önnur lífsýni sem notuð eru til rannsókna. Við lagasetningu um þetta efni er því óhjákvæmilegt að tekin sé afstaða til þess hvort og þá í hvaða tilvikum sé réttlætanlegt að raska þeirri siðferðilegu stöðu sem hér um ræðir. Eru ákvæði frumvarpsins grundvölluð á slíku hagsmunamati og við það miðuð að ekki séu veittar ríkari heimildir til notkunar fósturvísa en nauðsynlegar þykja til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

*2. Heimildir til að búa til fósturvísa.*

Samkvæmt lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, er heimilt að búa til fósturvísa með glasafrjóvgunarmeðferð ef það er gert í æxlunartilgangi, þ.e. í þeim tilgangi að koma þeim síðar fyrir í legi konu, en skýrt bann er sett við því að fósturvísar séu búnir til eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir. Við framkvæmd glasafrjóvgunarmeðferðar í æxlunarskyni eru hins vegar að jafnaði búnir til fleiri fósturvísar en nýtast munu í þessu skyni. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að með því aukast líkurnar á því að til verði lífvænlegur fósturvísir til uppsetningar í leg konunnar og eru þeir fósturvísar sem búnir eru til skoðaðir og metnir sérstaklega í þessu ljósi. Fósturvísar sem ekki eru valdir til uppsetningar en þykja þó lífvænlegir eru að jafnaði geymdir til hugsanlegrar notkunar síðar í samræmi við ákvæði laganna. Er þetta viðurkennd framkvæmd við glasafrjóvgunarmeðferð og gert ráð fyrir henni

í lögunum, sbr. 7.–10. gr., þar sem m.a. er fjallað um geymslu og eyðingu fósturvísa sem ekki nýtast í framangreindum tilgangi. Löggjafinn hefur því metið það svo að þeir hagsmunir sem í því eru fólgnir að aðstoða fólk við að eignast börn réttlæti að fósturvísar séu búnir til jafnvel þótt vitað sé að þeir muni ekki allir nýtast í þeim tilgangi. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á framangreindum ákvæðum að því er varðar heimildir til að búa til fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu. Þannig gerir frumvarpið áfram ráð fyrir að óheimilt verði að rækta eða framleiða fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir og eru auknar rannsóknarheimildir bundnar við umframfósturvísa, þ.e. fósturvísa sem búnir eru til í æxlunartilgangi en nýtast ekki sem slíkir.

Auk heimildar til notkunar umframfósturvísa er í frumvarpinu lagt til að heimilt verði í undantekningartilvikum að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði. Með kjarnaflutningi í frumvarpinu er átt við þá athöfn að fjarlægja kjarna úr eggfrumu konu og koma þar fyrir kjarna úr líkamsfrumu. Með kjarnaflutningi af þessu tagi verður til fruma sem hefur sambærilega eiginleika og frjóvguð eggfruma eða fósturvísir. Sá grundvallarmunur er þó á að eggfruma sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hefur einungis erfðaefni úr einum einstaklingi, þeim sem líkamsfruman stafar frá, og því á engin frjóvgun sér stað auk þess sem möguleikar hennar til að þroskast og verða að mannsfóstri, væri henni komið fyrir í legi konu, eru ekki raunhæfir miðað við núverandi tækni. Er framangreind heimild til kjarnaflutnings takmörkuð við þau tilvik þar sem ekki er talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti. Byggist þessi takmörkun á framangreindu sjónarmiði um að ekki skuli ganga lengra í þessu efni en nauðsynlegt er til að ná markmiðum um betri meðhöndlun sjúkdóma og öflun þekkingar í líf- og læknisfræði. Þá er skýrt tekið fram í frumvarpinu að óheimilt sé á öllum stigum að koma eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á fyrir í legi konu.

*3. Rannsóknir á fósturvísum.*

Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að framkvæma tilteknar rannsóknir á fósturvísum sem búnir hafa verið til með glasafrjóvgun í æxlunarskyni þótt meginreglan sé sú að slíkar rannsóknir séu ekki heimilaðar. Þannig kemur fram í 2. mgr. 11. gr. laganna að rannsóknir séu heimilar ef þær eru liður í glasafrjóvgunarmeðferð, ef þeim er ætlað að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum, ef þær miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi eða ef þær eru ætlaðar til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna segir m.a. svo um þetta ákvæði laganna:

„Nauðsynlegt þykir að gera ráð fyrir lagaákvæðum um rannsóknir á fósturvísum og að byggt verði á þeirri grundvallarreglu að hvorki skuli heimilt að framkvæma rannsóknir eða tilraunir á fósturvísum, né heldur neins konar aðgerðir á þeim. Frá þessari meginreglu þykir þó eðlilegt að leyfa undantekningar ef rannsóknin miðar að velferð fósturvísisins sjálfs eða hún skaðar hann ekki á nokkurn hátt. Þá þykir einnig verjandi að leyfa tilteknar rannsóknir á fósturvísum sem fyrirsjáanlega eru ekki lífvænlegir. Slíkar rannsóknir skulu þá miða að framförum í ófrjósemislækningum eða vera ætlaðar til aukins skilnings á fósturlátum og meðfæddum sjúkdómum.“

Af framangreindu má sjá að löggjafinn hefur metið það svo að réttlætanlegt sé að víkja frá meginreglunni um bann við rannsóknum á fósturvísum í tilteknum tilvikum. Af framangreindum ummælum í athugasemdum með frumvarpinu má jafnframt sjá að heimildir laganna

til rannsókna eru að nokkru grundvallaðar á sömu forsendum og lagðar eru til grundvallar frekari rannsóknarheimildum í frumvarpi þessu, þ.e. að „verjandi sé að leyfa tilteknar rannsóknir á fósturvísum sem fyrirsjáanlega eru ekki lífvænlegir“. Þannig eru auknar heimildir í frumvarpinu bundnar við notkun umframfósturvísa, þ.e. fósturvísa sem búnir hafa verið til með glasafrjóvgun í æxlunarskyni en nýtast ekki í þeim tilgangi, sbr. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, en samkvæmt núgildandi lögum skal eyða slíkum fósturvísum að hámarksgeymslutíma liðnum.

*4. Hversu lengi er heimilt að rækta fósturvísa utan líkamans.*

Samkvæmt b-lið 12. gr. núgildandi laga um tæknifrjóvgun er óheimilt að rækta fósturvísa lengur en í fjórtán daga utan líkamans eða eftir að frumrákin kemur fram. Lögin heimila því ekki rannsóknir á fósturvísum eftir þetta tímamark. Myndun frumrákar (e. primitive streak) er fyrsti vottur um myndun taugakerfis hjá fósturvísi og á sér að jafnaði stað á fjórtánda degi fósturþroskunar. Sú staðreynd að þetta tímamark er miðað við framangreindan áfanga í þroskaferli fósturvísis leiðir til þeirrar ályktunar að við setningu laga um tæknifrjóvgun hafi verið litið svo á að þá verði sú breyting á fósturvísi sem geri það að verkum að ekki þyki lengur forsvaranlegt að rækta hann utan líkamans eða gera á honum rannsóknir. Ljóst er að bann við rannsóknum eftir að þessu tímamarki er náð byggist einkum á sjónarmiðum um sterkari siðferðilega stöðu fósturvísa eftir að myndun taugakerfis hefst. Verður því að leggja til grundvallar að það hafi verið afstaða löggjafans við setningu laganna að fósturvísar öðlist aðra og veigameiri siðferðilega stöðu eftir að framangreindu tímamarki er náð en þeir höfðu áður. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til neinar breytingar sem fela í sér breytt mat að þessu leyti. Verða hinar nýju rannsóknarheimildir sem gerð er tillaga um í frumvarpinu því einungis notaðar við rannsóknir á fósturvísum innan umræddra tímamarka og sama gildir um rannsóknir á eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á.

*5. Bann við einrækt.*

Samkvæmt d-lið 12. gr. núgildandi laga um tæknifrjóvgun er óheimilt að framkvæma einrækt. Eins og ákvæðið er orðað hefur verið litið svo að það banni hvers kyns einrækt þar sem kynfrumur manna eru notaðar, þ.e. bæði einrækt í æxlunartilgangi, þar sem tilgangurinn er að einrækta manneskju, og jafnframt einrækt í læknisfræðilegum tilgangi, þar sem tilgangurinn er annaðhvort að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði. Í frumvarpinu er lagt til að heimilaðar verði tilteknar undanþágur frá framangreindu banni við einrækt í læknisfræðilegum tilgangi. Í þessu skyni er hugtakið „kjarnaflutningur“ skilgreint í frumvarpinu en það er sú aðferð sem notuð er til einræktunar. Er heimild til kjarnaflutnings bundin því skilyrði að ekki sé talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti. Er það m.a. hlutverk vísindasiðanefndar að leggja mat á það, áður en hún veitir samþykki sitt, hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt. Er samkvæmt þessu um undantekningarheimild að ræða. Sérstaklega er tekið fram í ákvæðinu að óheimilt sé að rækta eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á lengur en í 14 daga eða eftir að frumrákin kemur fram og er það sama tímamark og á við um ræktun fósturvísa. Loks er í ákvæðinu lagt blátt bann við því að eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á sé komið fyrir í legi kvenna.

Í engu er hins vegar hvikað frá banni núgildandi laga við einræktun í æxlunartilgangi en um slíkt bann er ríkt samstaða meðal þjóða heims og er Ísland skuldbundið af alþjóðlegum sáttmálum hvað það varðar.

**III. Stofnfrumur.**

*1. Almennt.*

Stofnfrumur eru uppspretta allra vefja í fósturþroska og jafnframt nauðsynlegar til viðhalds fullþroskaðra vefja. Nýlegar rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum og stofnfrumum úr ýmsum vefjum manna og dýra hafa aukið vonir um að unnt verði að nota stofnfrumur til lækninga í náinni framtíð. Grunneiginleiki stofnfrumna er annars vegar hæfni þeirra til að endurmynda sjálfar sig og hins vegar hæfni til að gefa af sér sérhæfðar vefjafrumur. Í raun má segja að stofnfrumur séu lykillinn að því að mannslíkaminn nái að viðhalda starfsemi sinni svo lengi sem raun ber vitni. Stofnfrumur eru flokkaðar í tvær megingerðir annars vegar stofnfrumur úr fósturvísum og hins vegar vefjastofnfrumur. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þessum meginflokkum stofnfrumna.

*2. Stofnfrumur úr fósturvísum.*

Árið 1998 tókst dr. James Thomson og félögum hans við Wisconsin-háskóla í Bandaríkjunum að einangra og rækta stofnfrumur úr fósturvísum manna. Fósturvísarnir sem notaðir voru í þessum tilraunum höfðu orðið til við glasafrjóvgun í æxlunarskyni en nýttust ekki sem slíkir og voru því gefnir til rannsókna. Megineinkenni stofnfrumna úr fósturvísum og það sem gerir þær frábrugðnar vefjastofnfrumum, sem fjallað er um hér að neðan, er að þær hafa við réttar kringumstæður hæfileika til að mynda frumugerðir allra vefja líkamans. Þessi eiginleiki þeirra veldur því að vísindamenn binda miklar vonir við mögulega hagnýtingu þeirra til rannsókna og notkunar í lífverkfræði í tengslum við vefjauppbyggingu skaddaðra vefja og til lyfjarannsókna. Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að fyrst tókst að rækta þessar frumur hefur safnast upp dýrmæt þekking á líffræði þeirra. Þá hefur nýlega verið sýnt fram á það í dýralíkömum að þessar frumur geti læknað eða dregið úr sjúkdómseinkennum sjúkdóma sem engin lækning er til við í dag. Má þar nefna sykursýki, vöðvarýrnun, hjartadrep og parkinson-sjúkdóm. Þrátt fyrir þetta eru rannsóknir skammt á veg komnar og ekki unnt að fullyrða nokkuð um það hvort og í hversu miklum mæli stofnfrumur úr fósturvísum gagnist við sjúkdómsmeðferð á mönnum en auk framangreindra sjúkdóma hafa vísindamenn beint sjónum sínum að sjúklingum með tauga- og mænuskaða, MS-sjúkdóm, MND-sjúkdóm og krabbamein. Þótt enn sé óvíst hvort unnt verði að nota stofnfrumur úr fósturvísum til beinna lækninga eru vísindamenn sammála um að stofnfrumur úr fósturvísum séu og eigi eftir að reynast mikilvægar við lyfjaprófanir og til að auka skilning á uppruna og eðli ýmissa sjúkdóma sem síðar getur orðið grundvöllur nýrra meðferðarúrræða.

*3. Vefjastofnfrumur.*

Lengi hefur verið vitað að líkaminn hefur ákveðna hæfni til viðgerða og endurmyndunar á fullmynduðum, sérhæfðum vefjum ýmissa líffæra. Þetta er sérstaklega áberandi í vefjum þar sem á sér stað hröð ummyndun svo sem í húð, þörmum og blóði. Á undanförnum árum hefur komið í ljós að margir fullmyndaðir vefir í fullþroska einstaklingum geyma svokallaðar vefjastofnfrumur (e. somatic stem cells) sem gera viðgerðir og eðlilega endurnýjun vefja mögulega. Mikil áhersla er nú lögð á að skilgreina þessar stofnfrumur betur til að unnt sé að einangra þær og virkja til lækninga. Einnig er líklegt að frekari þekking á vefjastofnfrumum

geti gefið vísbendingar um tilurð ýmissa sjúkdóma, m.a. krabbameins. Dæmi um vefjastofnfrumur eru blóðmyndandi stofnfrumur sem finnast í beinmerg en áralangar rannsóknir á þeim hafa skilað mikilli þekkingu á tilurð og framþróun blóðsjúkdóma á borð við hvítblæði og hefur þekkingin jafnframt skilað sér í betri meðferðaúrræðum fyrir sjúklinga. Nú þegar eru blóðmyndandi stofnfrumur notaðar til lækninga á ýmsum blóðsjúkdómum með svokallaðri blóðstofnfrumuígræðslu eða beinmergsígræðslu.

Eins og allar aðrar stofnfrumur geta vefjastofnfrumur myndað nákvæm afrit af sjálfum sér (dótturfrumur) í langan tíma án þess að sýna öldrunareinkenni (e. senescence). Einnig geta þær gefið af sér sérhæfðar frumur með ákveðna svipgerð. Í flestum tilfellum á sérhæfingin sér stað í nokkrum skrefum þar sem stofnfrumurnar gefa fyrst af sér svokallaðar forverafrumur sem síðan mynda sérhæfðar frumur með vefjasértækt hlutverk. Hins vegar hefur gengið erfiðlega að rækta vefjastofnfrumur utan líkamans, ólíkt því sem á við um stofnfrumur úr fósturvísum, og takmarkar það að svo komnu máli verulega möguleika á notkun þeirra til rannsókna og beinna vefjalækninga. Hins vegar munu rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum gagnast við öflun þekkingar á læknisfræðilegum möguleikum vefjastofnfrumna.

*4. Leiðir til að verða sér úti um stofnfrumur og stofnfrumulínur.*

Segja má að unnt sé að búa til eða verða sér úti um stofnfrumur á fimm mismunandi vegu sem lýsa má með eftirfarandi hætti:

a. *Nýta stofnfrumulínur sem þegar hafa verið búnar til úr fósturvísum.*
Mögulegt er að nálgast stofnfrumulínur úr fósturvísum sem hafa verið búnar til erlendis. Slíkum frumulínum sem aðgengilegar eru vísindamönnum hefur fjölgað undanfarin ár. Hér á landi er ekki bannað að flytja inn stofnfrumulínur úr fósturvísum og hefur einn rannsóknahópur þegar fengið samþykki vísindasiðanefndar fyrir slíkum innflutningi.

b. *Einangra vefjastofnfrumur úr líkamsvefjum.*
Hægt er að einangra stofnfrumur úr ýmsum vefjum líkamans, fósturvefjum eða úr naflastrengsblóði. Á þessu sviði hefur mestur árangur náðst við einangrun og skilgreiningu á stofnfrumum í beinmerg.

c. *Nota umframfósturvísa sem verða til við glasafrjóvgunarmeðferð til að búa til stofnfrumulínur.*
Fósturvísar sem verða til við glasafrjóvgunarmeðferð í æxlunarskyni en eru ekki nýttir í því skyni þegar í stað eru frystir og geymdir þar til og ef kynfrumugjafar þurfa á þeim að halda síðar við tæknifrjóvgunarmeðferð. Reynist ekki þörf fyrir þá innan fimm ára ber samkvæmt núgildandi reglum að farga þeim að fimm árum liðnum. Mörg lönd heimila, með upplýstu samþykki kynfrumugjafanna, að slíkir umframfósturvísar séu nýttir til rannsókna í stað þess að farga þeim og er í frumvarpinu lagt til að slíkt verði einnig heimilað hér á landi.

d. *Búa til fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu í því skyni að búa til úr þeim stofnfrumulínur.*
Í þessu felst að fósturvísar eru búnir til með samruna eggfrumu og sæðisfrumu í rannsóknarskyni eingöngu. Í núgildandi lögum er lagt bann við því að fósturvísar séu búnir til í þessu skyni og gerir frumvarpið ekki ráð fyrir breytingu þar á.

e. *Framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur.*
Við kjarnaflutning er kjarni gjafaeggfrumu sem inniheldur erfðaefni eggfrumunnar fjarlægður og í hans stað settur kjarni úr líkamsfrumu. Við þetta verður til fruma sem hefur svipaða eiginleika og frjóvguð eggfruma, þ.e. fósturvísir. Kostir þessarar aðferðar liggja

fyrst og fremst í því að unnt er að búa til sérsniðnar stofnfrumulínur sem innihalda erfðaefni sem er nákvæmlega eins og erfðaefni þess sjúklings sem ætlunin er að meðhöndla. Á þennan hátt er hægt að komast hjá þeirri áhættu sem jafnan er fólgin í því að líkami sjúklings hafni þeim stofnfrumum sem í hann eru græddar. Þá má ætla að slíkar stofnfrumur reynist mikilvægar til rannsókna á ýmsum erfðasjúkdómum þar sem þá er mögulegt að búa til stofnfrumulínur með viðkomandi erfðagalla sem nýtast vel til rannsókna á viðkomandi sjúkdómi. Með hliðsjón af framangreindu m.a. er lagt til í frumvarpinu að heimilt verði að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum sem nánar er vikið að hér síðar.

## IV. Stofnfrumurannsóknir.

*1. Markmið stofnfrumurannsókna.*

Eins og fram er komið hafa vísindamenn í auknum mæli gert sér grein fyrir því að stofnfrumur hafa að geyma uppskrift að uppbyggingu vefja og að með rannsóknum á þessum frumum sé mögulegt að auka þekkingu okkar á samsetningu einstakra líkamsvefja og skilning á því hvað fer úrskeiðis í vefjum við upphaf og framþróun ýmissa sjúkdóma. Víst er að aukin þekking á þessu sviði mun nýtast við að skilgreina ferli sjúkdóma og þar með auka líkur á að hægt verði að bregðast við þeim fyrr og með markvissari hætti. Þá eru eins og áður segir miklar væntingar um að mögulegt verði að nýta stofnfrumur úr fósturvísum og eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á við læknismeðferð ýmissa sjúkdóma, ekki síst vegna þess árangurs sem náðst hefur í tilraunum á dýrum. Slíkar stofnfrumur hafa þó enn ekki verið notaðar til vefjalækninga í mönnum og er óvíst hvenær það verður unnt. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að mikið skortir á að menn geti stýrt ræktunarskilyrðum þessara frumna utan líkamans nægjanlega vel. Jafnframt er ekki nægjanlega mikið vitað um hegðun slíkra stofnfrumna í líkamanum eftir ígræðslu. Niðurstöður tilrauna á dýrum benda þó ótvírætt til að hægt sé að lina eða lækna ýmsa alvarlega sjúkdóma með stofnfrumuígræðslu. Á næstu missirum er því líklegt að aukinn þungi færist í grunnrannsóknir á þessu sviði. Rannsóknir á vefjastofnfrumum hafa einnig eflst mjög mikið og má þar helst nefna rannsóknir á blóðmyndandi stofnfrumum. Ýmsar vísbendingar eru um að þessar frumur séu fjölhæfari en áður var talið og hugsanlegt er að hægt verði að nýta þær í framtíðinni gegn hinum ýmsu sjúkdómum. Eftir sem áður er almennt talið auðveldara að viðhalda stofnfrumum úr fósturvísum og eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á í rækt utan líkama en vefjastofnfrumum og því binda flestir vísindamenn meiri vonir við þær.

*2. Almennt um stöðu stofnfrumurannsókna í heiminum í dag.*

Eins og vikið hefur verið að hefur nú þegar náðst allverulegur árangur í rannsóknum á stofnfrumum úr fósturvísum dýra og þá sérstaklega músa. Það er þó ljóst að á grundvelli þeirra rannsókna er ekki unnt að draga þá ályktun að sami árangur muni nást í rannsóknum á stofnfrumum úr fósturvísum manna. Það eykur þó vonir manna að vel hefur gengið að búa til stofnfrumulínur úr fósturvísum manna en það er forsenda frekari rannsókna á þessu sviði. Auk rannsóknastofu James Thomson í Bandaríkjunum hefur fjöldi rannsóknastofa í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu náð árangri á þessu sviði. Einnig hefur verið rannsakað hvort hægt sé að búa til stofnfrumulínur úr eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á en eins og fram er komið mundi slíkt skapa einstakt tækifæri til að búa til stofnfrumulínu sem gæti nýst þeim einstaklingi beint sem gæfi erfðaefni til kjarnaflutnings.

Nýlega hélt kóreskur vísindamaður því fram að honum hefði tekist að búa til stofnfrumulínur úr eggfrumu sem kjarnaflutningur hafði verið framkvæmdur á. Komið hefur í ljós að miklir vísindalegir og siðfræðilegir annmarkar voru á þessum rannsóknum. Hefur nú verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að þær stofnfrumulínur sem haldið var fram að búnar hefðu verið til með þessum hætti reyndust ekki innihalda erfðaefni umræddra sjúklinga. Hefur þetta valdið miklum vonbrigðum meðal vísindamanna og annarra enda var talið að um tímamótaniðurstöður væri að ræða. Þá hefur komið í ljós að eggfrumugjafar við framangreindar rannsóknir voru meðal annarra samstarfskonur vísindamannsins sem hefur vakið upp spurningar um hvort þær hafi verið beittar einhvers konar þrýstingi. Þótt málið hafi verið áfall fyrir vísindasamfélagið og ákveðið bakslag fyrir rannsóknir á þessu sviði má segja að vísindasamfélagið hafi sýnt styrk í viðleitni sinni við að upplýsa málið allt frá því að grunur um óheiðarleika vaknaði og leiðrétta þau ósannindi sem fram höfðu komið. Eru vísindamenn þrátt fyrir framangreint þó sammála um að kjarnaflutningur í læknisfræðilegum tilgangi sé mögulegur enda hafi mönnum tekist að búa til stofnfrumulínur úr eggfrumum dýra sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á, m.a. músa.

*3. Stofnfrumurannsóknir á Íslandi.*

Á Íslandi eru stofnfrumurannsóknir vaxandi þó að enn séum við töluvert á eftir þeim þjóðum sem fremst standa í þessum efnum. Rannsóknir á stofnfrumum hafa verið stundaðar á rannsóknastofum í háskólum, rannsóknastofnunum og rannsóknafyrirtækjum. Fyrst og fremst hafa farið fram rannsóknir á mismunandi vefjastofnfrumum, m.a. úr blóði (bæði naflastrengsblóði og úr beinmerg), þekjuvef og fleiri vefjum. Þessar rannsóknir hafa vakið upp ýmsar spurningar er varða eðlilegan þroska þessara vefja en einnig hafa spurningar vaknað er varða afbrigðilegan þroska vefja, t.d. krabbameinsmyndun. Þess má geta að á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eru stofnfrumur úr blóði sjúklinga notaðar til stofnfrumuígræðslu. Þessar ígræðslur hafa nú verið stundaðar í um tvö ár og gengið mjög vel. Þá hafa íslenskir vísindamenn nýlega fengið stofnfrumulínu frá Bandaríkjunum til rannsókna og er það fyrsta rannsóknarverkefnið sem beinist beint að rannsóknum á stofnfrumum úr fósturvísum. Þetta verkefni var samþykkt af vísindasiðanefnd og hefur m.a. fengið styrki úr opinberum samkeppnissjóðum til vísindarannsókna. Loks má geta þess að íslenskir vísindamenn eru í góðu samstarfi við marga af fremstu vísindamönnum heimsins á sviði stofnfrumurannsókna.

## V. Siðfræðileg álitaefni sem varða kjarnaflutning og notkun fósturvísa til þess að búa til stofnfrumulínur.

*1. Almennt.*

Sú siðfræðilega umræða sem orðið hefur um stofnfrumurannsóknir snýst að mestu um réttmæti þess að nota fósturvísa til stofnfrumurannsókna með því að einangra stofnfrumur úr þeim en það hefur í för með sér eyðingu þeirra. Fósturvísar eru eins og nafnið gefur til kynna vísar að mannsfóstrum og þar með að mönnum. Þeir eru því ekki eins og hver annar frumuklasi heldur mannlegt lífsform á frumstigi fósturþroskunar. Það má því færa rök fyrir því að fósturvísar hafi siðferðisgildi, þá beri að umgangast með aðgát og almennt eigi ekki að nota þá sem hráefni til rannsókna. Þrennt kemur einkum til álita þegar metið er hvort réttmætt sé að gera undantekningu frá þessari meginreglu. Í fyrsta lagi hvort umtalsverður læknisfræðilegur ávinningur geti orðið af stofnfrumurannsóknum. Þótt fósturvísar hafi siðferðisgildi eru þeir ekki menn en margt fólk þjáist af alvarlegum sjúkdómum og geti stofnfrumur fengnar úr fósturvísum orðið til þess að stuðla að lækningu þeirra sjúkdóma gætu

það verið rök fyrir því að nýta fósturvísa til rannsókna. Í öðru lagi verður að spyrja hvort sömu þekkingar sé hægt að afla með rannsóknum þar sem ekki eru sambærileg siðferðileg verðmæti í húfi. Rannsóknir á vefjastofnfrumum úr blóðmerg, naflastreng og öðrum líkamsvefjum eru ákjósanlegri frá siðfræðilegu sjónarmiði en rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum, en möguleikar á hagnýtingu þeirra til rannsókna eru almennt taldir vera mun takmarkaðri en þeirra sem koma frá fósturvísum eins og rakið hefur verið. Í þriðja lagi þarf að hyggja að því í hverju tilviki hvort viðkomandi fósturvísir, sem kemur til álita til rannsókna, sé lífvænlegur í þeim skilningi að líkur séu á að hann gæti orðið að manneskju. Í þessu ljósi má meta þá kosti sem til álita koma við setningu laga um þetta efni.

2. *Umframfósturvísar sem verða til við glasafrjóvgunarmeðferð með samruna eggfrumu og sæðisfrumu í æxlunarskyni.*

Í þessu tilviki skiptir það máli þegar réttmæti notkunar slíkra fósturvísa í rannsóknarskyni er metið að þeir hafa ekki verið gagngert búnir til í því skyni heldur verða þeir til sem liður í glasafrjóvgunarmeðferð en nýtast þar ekki. Æskilegt er að sem fæstir umframfósturvísar verði til við glasafrjóvgunarmeðferð og aldrei fleiri en nauðsynlegt er til að tryggja árangur hennar. Það er síðan tilfallandi hliðarverkun af þeirri meðferð ef einhverjir fósturvísar ganga af. Við þær aðstæður vaknar sú spurning hvort réttlætanlegt sé að nota fósturvísana í öðrum tilgangi og þá vegur þungt hvaða aðrir kostir koma til álita um afdrif þeirra. Standi valið einungis um að þeim verði annaðhvort fargað eða að þeir verði notaðir til að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði þá virðist sem seinni kosturinn sé betri að því gefnu að gjafar þeirra kynfrumna sem fósturvísirinn er myndaður úr hafi veitt upplýst samþykki sitt fyrir slíkri notkun. Hefur sá kostur orðið ofan á í frumvarpinu eins og rakið hefur verið en þar er samþykki vísindasiðanefndar jafnframt áskilið fyrir rannsókn.

3. *Fósturvísar sem verða til með samruna eggfrumu og sæðisfrumu í rannsóknarskyni.*

Hér væri um að ræða framleiðslu á mannlegu lífsformi sem hefur erfðaefni tveggja einstaklinga og gæti orðið að manneskju ef sú ákvörðun væri tekin að nota fósturvísana ekki sem efnivið til rannsókna, eins og upprunalega er til stofnað, heldur koma þeim fyrir í legi konu. Þetta er því umdeilanlegra en hin tilvikin tvö. Munurinn liggur í því að fósturvísir er þá eingöngu framleiddur í rannsóknarskyni sem er ekki raunin þegar stofnfrumna er aflað úr umframfósturvísum. Hér er um mannsfósturvísi að ræða sem hefur erfðaefni frá tveimur foreldrum og gæti orðið að manneskju væri honum komið fyrir í legi konu. Þetta á ekki við þegar um eggfrumur sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á þar sem erfðaefnið er frá einni manneskju komið. Óraunhæft er að ætla að slíkar eggfrumur geti þroskast í eðlilegt mannsfóstur enda er óheimilt að rækta þær lengur en í 14 daga og alfarið bannað að koma þeim fyrir í legi konu. Það væri því mun afdrifaríkara skref að heimila að venjulegir mannlegir fósturvísar væru búnir til alfarið sem efniviður til rannsókna og banna að þeir væru ræktaðir lengur en í 14 daga. Af þessum ástæðum er lagt til í frumvarpinu að óheimilt verði að afla stofnfrumna til rannsókna með því að búa til fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu eingöngu í rannsóknarskyni. Heimild til að afla stofnfrumulína úr fósturvísum er því bundin við notkun umframfósturvísa eins og rakið hefur verið.

*4. Kjarnaflutningur.*

Við kjarnaflutning þar sem kjarni eggfrumu konu er fjarlægður og í hans stað komið fyrir kjarna úr líkamsfrumu verður til fruma sem hefur svipaða eiginleika og frjóvguð eggfruma. Eins og fram er komið er slík fruma þó frábrugðin frjóvgaðri eggfrumu að því leyti að hún er einræktuð, þ.e. hún hefur einungis erfðaefni eins einstaklings en ekki tveggja eins og fósturvísir. Því er villandi að kalla slíkar frumur fósturvísa. Möguleikar slíkrar eggfrumu til að þroskast í mannsfóstur eru, enn sem komið er a.m.k., einungis fræðilegir og tilraunir í þá veru samrýmast ekki meginviðmiðum siðfræðirannsókna á mönnum. Með hliðsjón af þessum greinarmun má ætla að nokkur önnur siðfræðileg sjónarmið eigi við þegar metið er hvort og þá að hvaða marki skuli heimila kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi.

Kjarnaflutningur í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur hefur mikilvæga kosti frá læknisfræðilegu sjónarmiði einkum vegna þess að með kjarnaflutningi er unnt að tryggja vefjasamræmi stofnfrumnanna við þá einstaklinga sem til stendur að lækna en auk þess geta stofnfrumur úr eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á veitt vísindamönnum mikilvæga innsýn í sameindalíffræði ýmissa erfðasjúkdóma. Þótt rannsóknir á vefjastofnfrumum séu ákjósanlegri frá siðfræðilegu sjónarmiði halda vísindamenn því fram að þekking á læknisfræðilegum möguleikum vefjasértækra stofnfrumna fáist ekki nema með rannsóknum á stofnfrumum fengnum úr fósturvísum eða eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á. Á grundvelli þessara hagsmuna er lagt til í frumvarpinu að heimilt verði í undantekningartilvikum „að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði enda sé ekki talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti“.

Kjarnaflutningur í æxlunartilgangi, þ.e. í þeim tilgangi að koma eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á fyrir í legi konu þannig að úr verði ný manneskja með sama erfðaefni og sá sem erfðaefni fósturvísisins stafar frá, felur í sér mörg siðfræðileg álitamál en fá rök sem styðja nauðsyn eða gagnsemi hennar fyrir einstaklinga eða samfélög. Þótt slík einræktun sé ekki möguleg miðað við núverandi þekkingu og tækni er ekki útilokað að það breytist í framtíðinni. Af þessum ástæðum er í frumvarpinu lagt skýrt bann við kjarnaflutningi í æxlunartilgangi (einræktun) sem felst m.a. í því að óheimilt er á öllum stigum að koma eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á fyrir í legi konu. Bannað er í frumvarpinu að rækta þessar eggfrumur lengur en í 14 daga eða þar til frumrákin, sem felur í sér upphafsvísi að taugakerfi, kemur fram.

*5. Siðfræðileg grundvallargildi sem taka ber mið af við setningu reglna um rannsóknir á þessu sviði.*

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf í apríl 2003 út skýrslu um rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum. Í skýrslunni er að finna álit siðanefndar Evrópusambandsins (the European Group on Ethics, EGE) um það hvaða siðfræðileg sjónarmið skuli leggja til grundvallar við stofnfrumurannsóknir (Ethical aspects of human stem cell research and use. EGE opinion no. 15, 2000). Í skýrslunni er lögð áhersla á að við stofnfrumurannsóknir eigi eftirfarandi siðfræðileg grundvallargildi við:

i. lögmálið um að bera skuli virðingu fyrir mannslífi,
ii. lögmálið um sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins (þ.m.t. reglur um upplýst samþykki og friðhelgi einkalífsins),
iii. lögmálið um réttlæti og ábata (þ.e. hvað varðar varðveislu og bætta heilsu),

iv. lögmálið um frelsi til rannsókna (sem þarf að vega á móti öðrum grundvallargildum sem við eiga),
v. lögmálið um meðalhóf (þ.e. að rannsóknaraðferðirnar séu nauðsynlegar til að ná settum markmiðum og engar aðrar ásættanlegri aðferðir séu tiltækar).

Auk þess telur siðanefndin mikilvægt, með hliðsjón af varúðarreglunni, að taka tillit til mögulegra langtímaafleiðinga stofnfrumurannsókna og notkunar þeirra fyrir einstaklinga og samfélög.

Við samningu frumvarpsins hafa framangreind grundvallargildi verið höfð að leiðarljósi.

## VI. Löggjöf í öðrum löndum.

*1. Norræn löggjöf.*

Eins og fram er komið lúta öll helstu álitaefni sem taka þarf afstöðu til við setningu laga um stofnfrumurannsóknir að því hvort og þá að hvaða marki skuli heimilt að nota fósturvísa til stofnfrumurannsókna. Þetta endurspeglast í löggjöf Norðurlandanna en þar hefur ekki frekar en hér á landi verið talin ástæða til að setja sérstaka löggjöf um stofnfrumurannsóknir heldur snýr löggjöf um þetta efni fyrst og fremst að heimildum til að nota fósturvísa við stofnfrumurannsóknir og eftir atvikum að heimildum til kjarnaflutnings í sama tilgangi.[1]

Í Danmörku er mælt fyrir um heimildir til rannsókna á fósturvísum í lögum um tæknifrjóvganir, sbr. lög nr. 460/1977, om kunstig befrugtning, og lög nr. 427/2003 og 535/2006, um breytingu á þeim lögum, en samkvæmt þeim eru tilteknar rannsóknir á fósturvísum heimilaðar, þ.m.t. er heimilt að framkvæma rannsóknir á umframfósturvísum í því skyni að einangra úr þeim stofnfrumur. Tímamörk rannsókna á fósturvísum og til ræktunar þeirra utan líkama móður eru þau sömu og hér á landi eða 14 dagar frá frjóvgun en hámarksgeymslutími fósturvísa er 5 ár. Einungis er heimilt að búa til fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu en í því felst að kjarnaflutningur er óheimill.

Í Finnlandi er mælt fyrir um heimildir til rannsókna á fósturvísum í lögum um læknisfræðilegar rannsóknir, sbr. lög nr. 488/1999, om medicinsk forskning, en samkvæmt þeim eru rannsóknir á fósturvísum heimilaðar allt að 14 dögum frá frjóvgun og varðveisla fósturvísa leyfð í allt að 15 ár. Er litið svo á að lögin heimili að gerðar séu rannsóknir á umframfósturvísum í því skyni að einangra úr þeim stofnfrumur. Lögin taka einungis til fósturvísa sem verða til við samruna eggfrumu og sæðisfrumu. Um kjarnaflutning er ekki fjallað að öðru leyti en því að lagt er bann við kjarnaflutningi í æxlunarskyni. Unnið er að endurskoðun laga í Finnlandi, m.t.t. rannsókna á fósturvísum og heimildum til kjarnaflutnings.

Í Noregi er lagt bann við rannsóknum á fósturvísum í líftæknilögunum, sbr. lög nr. 100/2003, om humanmedicinsk bruk av bioteknologi, en í þeim er jafnframt lagt bann við kjarnaflutningi hvort sem er í læknisfræðilegum eða æxlunarlegum tilgangi. Í lögunum er enn fremur lagt bann við því að stofnfrumur og stofnfrumulínur sem eiga rót sína að rekja til fósturvísa séu notaðar til rannsókna. Unnið er að endurskoðun laga í Noregi, m.t.t. rannsókna á fósturvísum og stofnfrumum.

Í Svíþjóð er mælt fyrir um heimildir til rannsókna á fósturvísum í lögum um rannsóknir og meðferð þar sem eggfrumur eru notaðar, sbr. lög nr. 115/1991, om åtgärder i forsknings- eller behandlingssyfte med ägg från människa. Samkvæmt lögunum eru rannsóknir á fósturvísum, þ.m.t. rannsóknir sem miða að því að einangra stofnfrumur úr fósturvísum, heimilaðar

[1] Legislation on Biotechnology in the Nordic Countries. An overview. TemaNord 2006:506, Copenhagen, Denmark. ISBN 92-893-1273-4.

í allt að 14 daga frá frjóvgun og er varðveisla fósturvísa leyfð í allt að 5 ár. Þessum lögum var breytt í apríl 2005 og gilda þau nú bæði um frjóvgaðar eggfrumur kvenna og eggfrumur sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á í læknisfræðilegum tilgangi en kjarnaflutningur í æxlunartilgangi er hins vegar óheimill. Í lögunum er ekki lagt beint bann við því að fósturvísar séu búnir til eingöngu til rannsókna, en það er ekki heldur heimilað, heldur er gerð krafa um að allar rannsóknir á fósturvísum séu háðar sérstöku siðfræðilegu mati og er ekki útilokað samkvæmt lögunum að komið geti til þess að lagt sé mat á það hvort heimila eigi að búa til fósturvísi til rannsókna í einstökum tilvikum. Lögin í Svíþjóð ganga því lengra að þessu leyti en lagt er til í frumvarpinu.

*2. Löggjöf í öðrum löndum Evrópu.*

Í Evrópu er mjög breytilegt hvernig háttað er löggjöf og reglum um kjarnaflutning og rannsóknir á fósturvísum. Í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá því í júlí 2004[2] eru niðurstöður könnunar á afstöðu vísindasiðanefnda eða sambærilegra stofnana í aðildarlöndunum og fleiri löndum um stöðu opinberrar umræðu og lagasetningu er varðar rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum birtar. Samkvæmt skýrslunni var staða mála í löndum Evrópu þessi í grófum dráttum:

1. *Í eftirtöldum löndum var heimild í lögum til að einangra stofnfrumur úr umframfósturvísum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum:* Belgíu, Bretlandi, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Spáni.
2. *Í eftirtöldum löndum höfðu verið sett lög sem heimila einhverjar rannsóknir á umframfósturvísum, án þess að þar væri sérstaklega vikið að heimildum til að einangra stofnfrumur úr þeim:* Eistlandi, Lettlandi, Slóveníu og Ungverjalandi.
3. *Í Þýskalandi var lagt bann við því að einangra stofnfrumur úr umframfósturvísum manna en hins vegar leyfður innflutningur og notkun á stofnfrumulínum úr fósturvísum manna að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.* Í Austurríki og Ítalíu var innflutningur og notkun stofnfrumulína úr fósturvísum manna ekki heldur bannaður með beinum hætti.
4. *Í eftirtöldum löndum var bann við einangrun stofnfrumna úr umframfósturvísum manna:* Austurríki, Írlandi, Litháen, Póllandi og Slóvakíu.
5. *Í eftirtöldum löndum var engin sérstök löggjöf í gildi varðandi rannsóknir á fósturvísum eða stofnfrumum úr fósturvísum manna:* Tékklandi, Lúxemborg, Möltu, Portúgal og Kýpur.
6. *Í eftirtöldum löndum var heimild í lögum til að búa til fósturvísa í rannsóknarskyni og til að framkvæma kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi:* Bretlandi og Belgíu. Í Hollandi er í lögum kveðið á um 5 ára frest (frá árinu 2002) til að búa til fósturvísa í rannsóknarskyni, þ.m.t. með kjarnaflutningi.
7. *Í eftirtöldum löndum var lagt bann við því að búa til fósturvísa í rannsóknarskyni:* Austurríki, Eistlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Ítalíu, Írlandi, Kýpur, Litháen, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Framangreindar upplýsingar um stöðu mála eru eins og fram er komið frá árinu 2004 og kann því að vera að einhverjar breytingar hafi orðið á löggjöf í þessum löndum frá því að hún var gerð. Þannig liggur fyrir að breytingar hafa verið gerðar í Portúgal auk þess sem fyrirhugaðar eru lagabreytingar á Spáni eins og nánar er vikið að hér að aftan.

---

[2] Survey on Opinions of National Ethics Committees or similar bodies, public debate and national legislations in relation to embryonic stem cell research and use.

*3. Sáttmáli Evrópuráðsins um mannréttindi og líf- og læknisfræði.*

Sáttmáli Evrópuráðsins um mannréttindi og líf- og læknisfræði, Oviedo-sáttmálinn frá 1997 (Council of Europe Convention on Human Rights and Biomedicine, the Oviedo Convention) var undirritaður af Íslands hálfu 4. apríl 1997 og fullgiltur 10. desember 2004. Með fullgildingu sáttmálans varð Ísland skuldbundið að þjóðarétti til að hlíta ákvæðum sáttmálans. Hins vegar skuldbindur sáttmálinn ekki Alþingi til að haga löggjöf sem það setur í samræmi við sáttmálann. Engu að síður er það viðurkennt löggjafarsjónarmið hér á landi að leitast skuli við að haga löggjöf í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist og á það við hér sem endranær.

Í 18. gr. sáttmálans er vikið að rannsóknum á fósturvísum og sú almenna skylda lögð á þau ríki sem eru aðilar að sáttmálanum að tryggja viðeigandi vernd fósturvísa þar sem lög heimili rannsóknir á þeim *in vitro*. Þá er í ákvæðinu jafnframt lagt bann við því að fósturvísar séu búnir til í rannsóknarskyni eingöngu.

Á vettvangi lífsiðfræðinefndar Evrópuráðsins (Steering Committee on Bioethics) hafa farið fram umræður um það hvort framangreint bann við því að fósturvísar séu búnir til í rannsóknarskyni skerði með einhverjum hætti heimildir aðildarþjóðanna til að leyfa kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi. Hafa menn þá haft í huga þá staðreynd að eggfruma sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hefur í grundvallaratriðum sambærilega eiginleika og fósturvísir þótt hún sé jafnframt í grundvallaratriðum frábrugðin fósturvísi eins og rakið hefur verið. Þótt engin formleg niðurstaða liggi fyrir um þessi álitamál af hálfu nefndarinnar hafa verið færð sterk rök fyrir því að umrætt bannákvæði sáttmálans geti aðeins átt við fósturvísa eins og þeir hafa að jafnaði verið skilgreindir hingað til, þ.e. sem eggfrumu sem frjóvguð hefur verið með sæðisfrumu. Þessi rök eru í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar liggur fyrir að við samningu sáttmálans og í endanlegri gerð hans sem kom til undirritunar árið 1997 er hvergi tekin afstaða til einræktunar með kjarnaflutningi, hvorki í læknisfræðilegum tilgangi né í æxlunartilgangi. Þessi staðreynd kemur í sjálfu sér ekki á óvart þar sem rannsóknir á þessu sviði voru á þeim tíma mjög skammt á veg komnar. Af þessari staðreynd verður sú ályktun dregin að aðildarþjóðir sáttmálans hafi ekki skuldbundið sig á þessu sviði með undirritun hans eða fullgildingu. Það styrkir þessa ályktun enn frekar að í sérstökum viðauka við sáttmálann frá árinu 1998 var lagt skýrt bann við kjarnaflutningi í æxlunarskyni, þ.e. einræktun manna, en í engu vikið að kjarnaflutningi í læknisfræðilegum tilgangi. Segir á hinn bóginn í inngangi viðaukans að aðildarþjóðirnar séu sér meðvitaðar um að tilteknar aðferðir við einræktun geti fært mönnum vísindalega þekkingu og stuðlað að lækningu sjúkdóma.

Í öðru lagi hefur verið bent á það, í samræmi við framangreint, að rýmkandi skýring á hugtakinu fósturvísir í framangreindu ákvæði sáttmálans með þeim hætti að undir hugtakið yrðu felldar eggfrumur sem kjarnaflutningur hefði verið framkvæmdur á mundi leiða til skerðingar á fullveldi aðildarþjóðanna umfram það sem þær máttu gera sér grein fyrir við undirritun og fullgildingu sáttmálans.

Á grundvelli framangreindra röksemda m.a. hefur portúgalska þingið nú samþykkt lagabreytingar þar sem veittar eru tilteknar heimildir, að skilyrðum uppfylltum, til að framkvæma kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi. Þá liggur fyrir frumvarp í spænska þinginu þar sem eru lagðar til sambærilegar breytingar. Báðar þessar þjóðir hafa undirritað og fullgilt sáttmálann og hefur hann auk þess beint lagagildi í þessum löndum á grundvelli þeirrar réttarskipunar sem þar gildir. Þá hafa Svíar, eins og fram er komið, nú þegar lögfest tilteknar

heimildir til kjarnaflutnings í læknisfræðilegum tilgangi en þeir hafa jafnframt undirritað umræddan sáttmála en þó ekki fullgilt hann.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að þær heimildir sem veittar eru í frumvarpinu til að framkvæma kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi fari í bága við eða séu í ósamræmi við framangreint ákvæði 2. mgr. 18. gr. Oviedo-sáttmálans.

*4. Stefnur og straumar.*

Að framan hefur verið gerð grein fyrir stöðu mála á Norðurlöndunum og í ýmsum öðrum löndum Evrópu. Óhætt er að fullyrða, m.a. í ljósi þess vaxandi skilnings sem er á mikilvægi stofnfrumurannsókna með tilliti til mögulegra framfara í læknisfræði og lyfjaþróun og þeim árangri sem þegar hefur náðst, að þróunin hefur á undanförnum árum fremur verið í átt til aukins frjálsræðis sem lýsir sér í því að æ fleiri ríki kjósa að heimila notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna að einhverju marki og þeim ríkjum fjölgar jafnframt sem kjósa að heimila kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi.

Bretar hafa staðið framarlega í stofnfrumurannsóknum á undanförnum árum sem skýrist m.a. af rúmum heimildum þar í landi til að einangra stofnfrumur úr fósturvísum og til að framkvæma kjarnaflutning á eggfrumum. Allar rannsóknir á stofnfrumum í Bretlandi eru háðar samþykki HEFA (Human Fertilisation and Embryology Authority), sem hefur eftirlit með stofnfrumurannsóknum þar í landi. Í febrúar 2002 samþykkti stofnunin í fyrsta sinn tvær rannsóknir á fósturvísum sem miðuðu að því að búa til stofnfrumulínur til rannsókna. Var leyfið veitt að undangenginni ítarlegri skoðun á vísindalegum, læknisfræðilegum og siðfræðilegum þáttum þessara rannsókna, svo og hvernig afla ætti upplýsts samþykkis fólks fyrir gjöf fósturvísa til þeirra. Hvorug rannsóknin gerði þó ráð fyrir kjarnaflutningi. Hafði önnur rannsóknin það að markmiði að búa til stofnfrumulínur sem varðveittar yrðu í stofnfrumubanka breska rannsóknaráðsins og nýttar til að auka skilning á fósturþroska sem aftur mætti nýta til að þróa meðferð við alvarlegum sjúkdómum eins og parkinson-sjúkdómi. Hin rannsóknin hafði það að markmiði annars vegar að auka skilning á fósturþroska og þróun meðferðar á ófrjósemi og orsökum fósturláta, og hins vegar að þróa stofnfrumulínur sem yrðu varðveittar í stofnfrumubanka breska rannsóknaráðsins og nýta mætti til að afla þekkingar og þróa meðferð gegn alvarlegum sjúkdómum eins og taugasjúkdómum og sjúkdómum í brisi. Í ágúst 2004 heimilaði stofnunin síðan í fyrsta skipti rannsókn sem fól í sér kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi. Vísindamenn fengu leyfi til að flytja frumukjarna úr húðfrumum eða stofnfrumum í eggfrumu, í þeim tilgangi að auka skilning á fósturþroska sem gæti nýst til að þróa meðferð við alvarlegum sjúkdómum. Rannsóknin beindist ekki að ákveðnum sjúkdómum heldur var henni ætlað að leggja grunn að frekari rannsóknum á meðferð við alvarlegum sjúkdómum. Í febrúar 2005 heimilaði stofnunin svo kjarnaflutning í því skyni að rannsaka sjúkdóm í hreyfitaugum (Motor Neuron Disease), en erfðafræðilegar orsakir hans eru óþekktar. Eru frumukjarnar og þar með erfðaefni úr einstaklingum með sjúkdóminn fluttir í eggfrumur og stofnfrumur úr fósturvísum sem þannig verða notaðar til að rannsaka þróun sjúkdómsins.

Í Bandaríkjunum hafa stofnfrumurannsóknir mætt nokkurri andstöðu af hálfu alríkisstjórnarinnar. Þannig tilkynnti forseti Bandaríkjanna í ágúst 2001 þá ákvörðun sína að einungis yrði heimilt að nýta opinbert fjármagn úr alríkissjóðum til rannsókna á stofnfrumulínum sem þegar hefðu verið búnar til á þeim tímapunkti. Þessi ákvörðun felur í sér að óheimilt er að nota fjármagn úr þeim sjóðum til rannsókna á fósturvísum eða eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á í því skyni að einangra úr þeim stofnfrumur.

Ákvörðun forsetans kemur þó ekki í veg fyrir að slíkar rannsóknir séu fjármagnaðar á annan veg og framkvæmdar í Bandaríkjunum né takmarkar hún rétt einstakra ríkja innan Bandaríkjanna til að veita fé til slíkra rannsókna og eru dæmi um það, svo sem í Kaliforníuríki. Miklar umræður hafa átt sér stað í Bandaríkjunum um réttmæti þess að nýta fósturvísa og eggfrumur sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á til stofnfrumurannsókna og þá m.a. hvort framangreindar takmarkanir eigi rétt á sér. Hafa m.a. verið lögð fram frumvörp á Bandaríkjaþingi sem fela í sér tilslakanir í þeim efnum. Breytingar hafa þó ekki enn náð fram að ganga.

Af framangreindu má sjá að nokkuð hröð þróun hefur átt sér stað í löggjöf er varðar notkun fósturvísa til stofnfrumurannsókna á undanförnum árum og er víða um lönd unnið að endurskoðun laga með það að markmiði að styrkja lagastoð stofnfrumurannsókna. Umræðan í Bandaríkjunum, breytingar á löggjöf og umræða á Norðurlöndunum, í Bretlandi og fleiri Evrópulöndum eru lýsandi fyrir þær stefnur og strauma sem eru í setningu laga og reglna á þessu sviði víða um heim.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í a-lið ákvæðisins er lagt til að tekið verði fram í skilgreiningu á hugtakinu fósturvísir, sbr. 5. mgr. 1. gr. laganna, að það sé egg sem frjóvgað sé „með sæðisfrumu". Í þessu felst engin efnisbreyting enda hefur þetta verið talið felast í hugtakinu „frjóvgað egg". Engu að síður þykir rétt að taka þetta fram nú, m.a. í þeim tilgangi að skýra og skerpa skilin á milli „fósturvísis" og eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á og er hugtakið „kjarnaflutningur" jafnframt skilgreint í frumvarpinu.

Í b-lið eru tvö ný hugtök skilgreind. Annars vegar er hugtakið *umframfósturvísir* skilgreindur sem fósturvísir sem búinn er til með glasafrjóvgun í æxlunarskyni en nýtist ekki í þeim tilgangi. Frumvarpið gerir ráð fyrir auknum rannsóknarheimildum þegar um umframfósturvísa er að ræða og er skilgreiningin sett fram til nánari aðgreiningar og skýringar. Hins vegar er hugtakið *kjarnaflutningur* skilgreint sem sú aðgerð þegar kjarni er fjarlægður úr eggfrumu konu og komið þar fyrir kjarna úr líkamsfrumu. Þessi skilgreining hefur það að markmiði að aðgreina eggfrumur sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á frá frjóvguðum eggfrumum, þ.e. fósturvísum, sem verða til við samruna eggfrumu og sæðisfrumu, sbr. skilgreiningu í 5. mgr. 1. gr. laganna, en samkvæmt frumvarpinu munu að nokkru gilda ólíkar reglur um þessar frumur og er skilgreiningin sett fram til aðgreiningar og skýringar. Það sem skilur eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á frá frjóvgaðri eggfrumu er fyrst og fremst erfðaefnið. Þannig hefur hin fyrrnefnda einungis erfðaefni frá einum einstaklingi eða einni frumu en frjóvguð eggfruma hefur ávallt erfðaefni frá tveimur einstaklingum. Framangreindur skilsmunur er meginatriði í skilgreiningu hugtaksins.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að einungis megi nota fósturvísa og framkvæma kjarnaflutning, sbr. 5. og 6. gr. frumvarpsins, á rannsóknastofum sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Er ráðherra heimilt að binda slík leyfi sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofunnar, eftirliti heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu. Þá skal ráðherra leita umsagnar landlæknis áður en hann tekur ákvörðun um veitingu leyfis. Miðar ákvæðið að því að tryggja að virkt eftirlit sé með rannsóknastofum sem sinna starfsemi af þessu tagi og að þær uppfylli tilteknar lágmarkskröfur. Það að binda heimild til

kjarnaflutnings og til að nota fósturvísa til stofnfrumurannsókna leyfum af þessu tagi endurspeglar það viðhorf að sýna þurfi sérstaka aðgát við meðhöndlun fósturvísa og eggfrumna sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á vegna eðlis þeirra og eiginleika og þeirrar siðferðilegu stöðu sem fósturvísar hafa umfram önnur lífsýni sem notuð eru í líf- og læknisfræðirannsóknum. Rétt er að taka það skýrt fram að almennt leyfi samkvæmt ákvæði þessu veitir ekki sjálfstæðan rétt til að nota umframfósturvísa til að búa til stofnfrumulínur eða til að framkvæma kjarnaflutning í sama tilgangi. Leyfi samkvæmt ákvæðinu er hins vegar forsenda fyrir því að heimilt sé að ráðstafa umframfósturvísum til rannsóknastofu, sbr. 3. gr. frumvarpsins, og jafnframt forsenda fyrir því að rannsóknaraðili geti fengið samþykki vísindasiðanefndar til notkunar umframfósturvísis eða til að framkvæma kjarnaflutning í einstökum tilvikum.

Þá er í ákvæðinu kveðið á um heimild ráðherra til að svipta leyfishafa leyfi brjóti hann gegn ákvæðum laganna, reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða skilyrðum í leyfisbréfi. Getur ráðherra, eftir atvikum að undangenginni áminningu, svipt leyfishafa leyfi tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkum, eða að fullu. Þykir rétt að kveða skýrlega á um heimild ráðherra að þessu leyti til að tryggja virkt eftirlit og úrræði í því sambandi. Um málsmeðferð við sviptingu leyfis fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna er ráðherra falið að setja reglur um hversu lengi megi geyma fósturvísa sem búnir hafa verið til við glasafrjóvgunarmeðferð í æxlunarskyni. Þetta hefur ráðherra gert, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 568/1997, um tæknifrjóvgun, en þar kemur fram að hámarksgeymslutími fósturvísa skuli vera fimm ár. Að loknum þeim tíma ber að eyða ónotuðum fósturvísum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna. Þá ber skv. 3. og 4. mgr. 10. gr. laganna að eyða ónotuðum fósturvísum ef kynfrumugjafi andast eða ef karlmaður sá og kona sem lögðu kynfrumurnar til slíta hjúskap eða sambúð. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem veitt er heimild, að hámarksgeymslutíma liðnum eða þegar skylda til eyðingar vaknar af þeim orsökum sem raktar hafa verið, til að ráðstafa fósturvísum til aðila sem fengið hafa leyfi til að nota fósturvísa til stofnfrumurannsókna, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Með þessu er veitt heimild til að ráðstafa umframfósturvísum, þ.e. fósturvísum sem búnir hafa verið til með samruna eggfrumu og sæðisfrumu í æxlunartilgangi en hafa ekki nýst í því skyni, til framangreindra aðila. Upplýst samþykki beggja kynfrumugjafa er áskilið til slíkrar ráðstöfunar en með því er tryggt að fósturvísum sé aldrei ráðstafað til þessara nota í andstöðu við vilja þeirra. Rétt er að taka það skýrt fram að þótt umframfósturvísum hafi verið ráðstafað til leyfishafa með þessum hætti veitir það honum ekki þar með heimild að nota þá til að búa til stofnfrumulínur heldur þarf hann jafnframt að afla samþykkis vísindasiðanefndar til þess, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt ákvæðinu skulu upplýsingar um uppruna fósturvísa dulkóðaðar og kóðinn geymdur hjá ábyrgðarmanni leyfishafa. Er óheimilt að afkóða þessar upplýsingar nema hagsmunir kynfrumugjafa eða brýnir rannsóknarhagsmunir krefjist þess og er afkóðun óheimil nema með samþykki vísindasiðanefndar sem metur, m.a. á grundvelli reglna sem ráðherra setur sbr. b-lið 7. gr. frumvarpsins, hvort framangreindir hagsmunir réttlæti afkóðun. Við afkóðun ber ábyrgðarmanni leyfishafa að sjá til þess að einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að upplýsingunum.

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, t.d. um fyrirkomulag við öflun upplýsts samþykkis og um hámarksgeymslutíma fósturvísa hjá rannsóknaraðila, um dulkóðun upplýsinga o.fl.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rannsóknir sem heimilt er að gera á fósturvísum í tengslum við glasafrjóvgunarmeðferð. Heimildir þessar eru óbreyttar frá núgildandi lögum sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rannsóknir sem heimilt er að gera á umframfósturvísum. Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins eru umframfósturvísar fósturvísar sem búnir hafa verið til með glasafrjóvgun í æxlunarskyni en nýtast ekki sem slíkir. Er leyfishafa sem fengið hefur slíka fósturvísa skv. 3. gr. frumvarpsins heimilt, með samþykki vísindasiðanefndar, að nota þá til að búa til stofnfrumulínur, enda sé tilgangur rannsóknanna að afla þekkingar í líf- og læknisfræði sem nýst getur til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Er það m.a. hlutverk vísindasiðanefndar að leggja mat á það áður en hún gefur samþykki sitt hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt. Eins og umrætt skilyrði um tilgang rannsóknar er orðað er ljóst að það takmarkar einungis óverulega heimildir leyfishafa til rannsókna enda verður að ætla að flestar ef ekki allar rannsóknir sem til álita geta komið á þessu sviði séu áformaðar í þessum tilgangi. Um samþykki vísindasiðanefndar gilda að öðru leyti og eftir því sem við á ákvæði reglugerðar nr. 552/1999, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Um 6. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að á eftir 12. gr. laganna bætist tvær nýjar greinar.

Í fyrri greininni er kveðið á um að óheimilt sé að framkvæma kjarnaflutning nema í þeim undantekningartilvikum sem í ákvæðinu greinir en samkvæmt þeim er leyfishöfum, sbr. 2. gr. frumvarpsins, heimilt með samþykki vísindasiðanefndar, eggfrumugjafa og þess sem erfðaefni stafar frá að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði. Er heimildin bundin því skilyrði að ekki sé talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti. Samkvæmt ákvæðinu er það m.a. hlutverk vísindasiðanefndar að leggja mat á það, áður en hún veitir samþykki sitt, hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt en í því sambandi ber henni sérstaklega að meta á grundvelli þeirra vísinda- og læknisfræðilegu markmiða sem rannsókn hefur hvort unnt sé að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða úr vefjastofnfrumum. Verður að ætla að þessi takmörkun setji allverulegar skorður við heimildum til kjarnaflutnings. Í d-lið 7. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra setji nánari reglur um kjarnaflutning samkvæmt þessu ákvæði og ber vísindasiðanefnd jafnframt að taka mið af þeim við meðferð umsókna. Um samþykki vísindasiðanefndar gilda að öðru leyti og eftir því sem við á ákvæði reglugerðar nr. 552/1999, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Sérstaklega er tekið fram í ákvæðinu að óheimilt sé að rækta eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á lengur en í 14 daga eða eftir að frumrákin kemur fram og er það sama tímamark og á við um ræktun fósturvísa. Loks er í ákvæðinu lagt blátt bann við því að eggfrumum sem kjarnaflutningur

hefur verið framkvæmdur á sé komið fyrir í legi kvenna. Af þessu leiðir að það er með öllu óheimilt að framkvæma kjarnaflutning í æxlunarskyni.

Seinni greinin er samhljóða 12. gr. núgildandi laga að frátöldum d-lið ákvæðisins en þar segir nú að óheimilt sé að framkvæma einræktun. Eins og fram er komið er með frumvarpinu lagt til að heimilt verði í undantekningartilvikum að framkvæma kjarnaflutning eða einræktun í læknisfræðilegum tilgangi. Áfram verður þó með öllu óheimilt að framkvæma kjarnaflutning í æxlunarskyni og er það tekið fram með skýrum hætti í ákvæðinu. Í a-lið ákvæðisins kemur fram að óheimilt sé að rækta eða framleiða fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir. Samhljóða ákvæði er nú í a-lið 12. gr. núgildandi laga. Í b-lið er tekið fram að óheimilt sé að rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin kemur fram og er ákvæðið samhljóða b-lið 12. gr. núgildandi laga. Í c-lið kemur loks fram að óheimilt sé að koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum og er samhljóða ákvæði nú að finna í c-lið 12. gr. núgildandi laga.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til nokkrar breytingar á 13. gr. laganna þar sem kveðið er á um heimildir ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna.

Í a-lið er bætt við heimild til handa ráðherra til að kveða á um almenn skilyrði fyrir veitingu leyfa skv. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er kveðið á um heimild ráðherra til að setja nánari reglur um ráðstöfun fósturvísa skv. 5. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 3. gr. frumvarpsins, fyrirkomulag við öflun upplýsts samþykkis kynfrumugjafa og hámarksgeymslutíma fósturvísa og eggfrumna sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hjá rannsóknaraðila, dulkóðun upplýsinga um uppruna fósturvísanna og hvenær heimilt sé að afkóða upplýsingarnar.

Í c-lið er kveðið á um heimildir ráðherra til að setja nánari reglur um rannsóknir á fósturvísum og notkun umframfósturvísa til að búa til stofnfrumulínur skv. 11. og 12. gr. laganna, sbr. 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Í d-lið er loks kveðið á um heimild ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd kjarnaflutnings skv. 13. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að refsing við broti gegn ákvæði 13. gr. laganna, sbr. a-lið 6. gr. frumvarpsins, verði sektir eða fangelsi allt að einu ári. Samkvæmt þessu er lagt til að refsiramminn vegna brota á ákvæðum laganna sem varða kjarnaflutning verði víðari en gildir um brot gegn öðrum ákvæðum laganna, en almennur refsirammi vegna brota er sektir eða fangelsi allt að þremur mánuðum, sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna. Ríkari refsiábyrgð í þessum tilvikum endurspeglar þá afstöðu að sýna beri sérstaka aðgæslu við framkvæmd kjarnaflutnings þar sem eggfruma er notuð og meðferð hennar.

Um 9. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að heiti laganna verði: Lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna. Breytt heiti tekur mið af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og er ætlað að endurspegla efni laganna í grófum dráttum verði frumvarpið að lögum.

Um 10. gr.

Samkvæmt ákvæðinu öðlast lögin, ef samþykkt verða, gildi þegar við birtingu.

Um 11. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um lífsýnasöfn gilda þau ekki um geymslu kynfrumna og fósturvísa samkvæmt tæknifrjóvgunarlögum. Þykir rétt að þessi takmörkun á gildissviði laga um lífsýni taki einnig til þeirra sem fengið hafa sérstakt leyfi skv. 2. gr. frumvarpsins til að nota umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna og til að framkvæma kjarnaflutning. Byggist undanþágan á því að einungis sé um tímabundna vörslu lífsýna að ræða sem vari að jafnaði ekki lengur en fimm ár, sbr. heimild ráðherra í b-lið 7. gr. frumvarpsins til að setja reglur um hámarksgeymslutíma fósturvísa og eggfrumna sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hjá leyfishöfum. Hins vegar munu lífsýnalögin gilda eftir því sem við á um geymslu stofnfrumna og stofnfrumulína sem búnar verða til úr fósturvísum og eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun.**

Með frumvarpinu er lagt til að nýtt heiti laganna verði lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna og tekur breytt heiti mið af meginbreytingum frumvarpsins í þá veru að auka rannsóknarheimildir á umframfósturvísum frá því sem nú er.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

## 800. Frumvarp til laga [531. mál]

um samkomudag Alþingis og starfstíma þess.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Samkomudagur reglulegs Alþingis, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar, skal vera 15. september ár hvert.

2. gr.

Reglulegum störfum Alþingis skal ljúka 15. júní.

3. gr.

Beri þær dagsetningar, sem tilgreindar eru í 1. og 2. gr., upp á laugardag eða sunnudag skal í 1. gr. miða við fyrsta almennan vinnudag eftir 15. september og í 2. gr. síðasta vinnudag fyrir 15. júní.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 15. september 2007.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið flutt á þremur þingum en eigi fengist útrætt. Flutningsmenn eru fyrrverandi og núverandi þingflokksformenn Samfylkingarinnar og telja þeir að starfstími Alþingis á liðnum þingum hafi leitt í ljós úrelt starfsfyrirkomulag, sýnt að þörf sé á breyttri vinnutilhögun Alþingis og undirstrikað nauðsyn þess að frumvarp þetta nái fram að ganga. Með frumvarpi þessu er lagt til að starfstími Alþingis verði lengdur, bæði að hausti og að vori. Haustþing hefjist hálfum mánuði fyrr en nú er, 15. september í stað 1. október, og þingstörfum á vorþingi ljúki um miðjan júní, í stað miðs maímánaðar eins og verið hefur að jafnaði undanfarin ár. Með frumvarpinu er starfstími Alþingis færður í svipað horf og gildir á þjóðþingum annars staðar á Norðurlöndum.

Alþingismenn njóta fullra launa allt árið og þingmennska er fullt starf þeirra allra, eða nær allra, nú orðið. Áður fyrr fengu alþingismenn dagpeninga fyrir þann tíma sem Alþingi starfaði, og jafnframt var það svo um þorra alþingismanna að þeir gegndu öðrum störfum samhliða þingmennsku. Starfstími Alþingis var eigi að síður sá sami og hann er nú, þ.e. frá því í október og fram í maí. Hefur svo verið í meginatriðum frá stríðslokum. Í seinni tíð hafa breytingar orðið á starfskjörum alþingismanna sem taka mið af auknum verkefnum þeirra. Alþingismenn hafa notið fastra launa allt árið frá 1964 og frá því um 1970 hafa stöðugt færri alþingismenn gegnt störfum samhliða þingmennsku (a.m.k. yfir þingtímann). Því má segja að starfstími Alþingis hafi ekki fylgt þeim breytingum sem annars hafa orðið á starfskjörum og starfsháttum þingmanna.

Með frumvarpi þessu er ekki beinlínis stefnt að því að fjölga þingfundum eða lengja þá heldur fremur að gefa þinginu rýmri tíma til að fjalla um mál, einkum nefndum þingsins. Forsætisnefnd Alþingis gæfist meira svigrúm til að skipuleggja þinghaldið og tryggja ásættanlega umfjöllun allra þingmála, líka þingmannamála. Með því fyrirkomulagi sem nú viðgengst hefur ekki reynst unnt að taka á dagskrá þingmannamál né afgreiða þau. Ætla má að aflétt yrði þeim þrýstingi sem oft er á afgreiðslu stjórnarfrumvarpa þeirra sem koma seint fram en afgreiða á fyrir þinglok. Engin sérstök rök eru fyrir því að Alþingi skammti sér svo nauman tíma sem raun ber vitni til að fjalla um og afgreiða þau liðlega 100 frumvörp og 20–30 ályktanir sem venja hefur verið hingað til. Með breyttu fyrirkomulagi gefst jafnframt rýmri tími til umfjöllunar um fjárlagafrumvarpið og aukið svigrúm til afgreiðslu þeirra þingmála sem kunna að fylgja því. Með því að dreifa þingfundum á lengri tíma yfir veturinn og skipuleggja störf þingsins með nýjum hætti væri í senn hægt að gefa sér betri tíma til að athuga mál, svo og að gefa þingmönnum rýmri tíma og skipulegri til að hafa samband við kjósendur, ferðast um kjördæmin og halda fundi, m.a. meðan þing situr. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi þingmanna frá þeim tíma er starfstími Alþingis var settur í núverandi form og ekkert sem mælir með því að þingið sé sent heim um miðjan maí og komi ekki aftur saman fyrr en eftir fjóra og hálfan mánuð. Nægir að benda á bættar samgöngur, fjarskiptaþróun og tölvuvæðingu sem gjörbreytt hafa allri vinnutilhögun þingmanna. Oft heyrast gagnrýnisraddir

hjá almenningi sem finnst hið langa sumarhlé Alþingis á skjön við starfsfyrirkomulag annarra stétta og er sú umræða orðin áberandi neikvæð. Þingmenn eru að störfum þó að sumarhlé sé hjá Alþingi en það er eðlilegra að dreifa ólíkum starfsþáttum þingmanna á lengri tíma eins og hér er lagt til.

Vinnutími þingsins sem hér er lagt til að taka upp er áþekkur því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þingið komi saman 15. september. Í 35. gr. stjórnarskrárinnar segir að reglulegt Alþingi komi saman 1. október ár hvert en samkomudegi Alþingis megi breyta með lögum. Það hefur einu sinni verið gert eftir að stjórnarskránni var breytt 1991, en þingið 1992–1993 hófst 17. ágúst til þess að fjalla um og afgreiða hinn viðamikla EES-samning. Í eldri stjórnarskrárákvæðum (fram til 1991) var samkomudagurinn 15. febrúar, en sett höfðu verið lög um (samkvæmt sambærilegri heimild í stjórnarskránni) að samkomudagurinn yrði 10. október. Var svo fram til 1991.

Í 2. gr. eru sett ákvæði um að reglubundnum störfum Alþingis skuli ljúka 15. júní. Ákvæði þetta hefur ekki sömu stöðu og 1. gr. því að Alþingi verður því aðeins frestað að fyrir liggi samþykki þess sjálfs, og slíkt samþykki er og skilyrði þess að ákvæði greinarinnar verði framfylgt. Forseti Íslands hefur að vísu rétt til að fresta fundum Alþingis tímabundið, en ekki hefur reynt á það ákvæði fram að þessu. Samkvæmt þessu ber fremur að líta á efni 2. gr. frumvarpsins sem stefnuyfirlýsingu þingsins sjálfs um hver hinn reglubundni starfstími þess skuli vera. Þannig má stuðla að meiri festu í þingstörfunum sem er til hagsbóta fyrir þingmennina, stjórnsýsluna og allan almenning. Eigi að síður verður Alþingi, að óbreyttum stjórnlögum, að samþykkja formlega þingfrestun, svo sem verið hefur fram að þessu.

## 801. Fyrirspurn [532. mál]

til menntamálaráðherra um fornleifaskráningu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hver er staða fornleifaskráningar á Íslandi? Hversu mikið hefur verið skráð af fornleifum skv. 11. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001, og hvað er eftir?

**Skriflegt svar óskast.**

## 802. Fyrirspurn [533. mál]

til utanríkisráðherra um alþjóðlegt bann við dauðarefsingum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hefur ráðherra beitt sér fyrir alþjóðlegu banni við dauðarefsingum? Er í undirbúningi að vinna slíku banni fylgis á alþjóðavísu? Hefur ráðuneytið lýst sig fylgjandi slíku banni?

## 803. Fyrirspurn [534. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnumál fatlaðra.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hvernig miðar undirbúningi flutnings atvinnumála fatlaðra frá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra yfir til Vinnumálstofnunar í kjölfar samþykktar laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006, sbr. f-lið 12. gr. laganna og nefndarálit félagsmálanefndar á þskj. 1340 á 132. löggjafarþingi?
2. Hvenær er stefnt að því að þeim flutningi verði lokið?
3. Mun þessi flutningur fara fram í samráði við samtök fatlaðra og heildarsamtök vinnu- og hæfingarstaða fatlaðra? Ef svo er, hvernig verður því samráði háttað?
4. Hefur ráðherra skilgreint markmið með flutningnum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 804. Fyrirspurn [535. mál]

til félagsmálaráðherra um niðurfellingu á meðlagsskuldum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir einstaklingar hafa óskað eftir heimild til samninga um niðurfellingu á meðlagsskuldum að hluta eða öllu leyti eða lækkun á mánaðarlegum greiðslum á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, frá því að lögin voru sett, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margar umsóknir hafa verið samþykktar á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?

3. Hvaða félagslegir erfiðleikar umsækjenda hafa haft áhrif á samþykkt framangreindra umsókna? Svar óskast sundurliðað eftir samþykktum umsóknum.

**Skriflegt svar óskast.**

## 805. Fyrirspurn [536. mál]

til dómsmálaráðherra um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir hafa óskað eftir réttaraðstoð samkvæmt lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996, frá því að lögin voru sett, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu oft hefur slík réttaraðstoð verið veitt á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 806. Fyrirspurn [537. mál]

til samgönguráðherra um samgöngubætur á Vestfjörðum.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hefur komið til álita að tengja norður- og suðurhluta Vestfjarða með jarðgöngum milli Ísafjarðar og Kollafjarðar í stað jarðganga undir Hrafnseyrarheiði?
2. Hver yrði munur á vegalengd í jarðgöngum ef leiðin Ísafjörður–Kollafjörður yrði valin í stað ganga undir Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði?
3. Hversu miklu lengri yrði leiðin milli Patreksfjarðar og Ísafjarðarbæjar með því móti en sú leið sem nú er fyrirhuguð yfir Dynjandisheiði og undir Hrafnseyrarheiði?
4. Hvað mundi sá kostur stytta mikið leiðina Ísafjarðarbær–Reykjavík?
5. Hvaða hlutar leiðarinnar:
   a. Patreksfjörður–Reykjavík,
   b. Ísafjörður–Reykjavík,
   c. Patreksfjörður–Ísafjarðarbær,

   yrðu í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli?
6. Hvaða hlutar áðurnefndra leiða yrðu í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli miðað við núverandi áætlanir í samgöngumálum Vestfjarða?

## 807. Fyrirspurn [538. mál]

til umhverfisráðherra um þjóðarátak gegn lélegri umgengni við landið og uppsöfnun úrgangs.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað hefur verið aðhafst af stjórnvöldum í kjölfar svohljóðandi ályktunar flokksþings Framsóknarflokksins árið 2005: „Umhverfisráðuneytið standi fyrir þjóðarátaki gegn lélegri umgengni um landið og uppsöfnun úrgangs þar sem hann á ekki heima. Skerpt verði á heimildum yfirvalda til að gera ráðstafanir gagnvart aðilum sem sýna málinu skilningsleysi.“?
2. Hvert er álit ráðherra á ástandi mála að þessu leyti víða um land, m.a. á ríkisjörðum?
3. Hvaða tillögur hefur ráðherra fram að færa til að ná fram úrbótum svo um muni?

## 808. Fyrirspurn [539. mál]

til samgönguráðherra um Grímseyjarferju.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvenær er áætlað að nýja Grímseyjarferjan verði tilbúin til notkunar, og hvenær átti hún að vera tilbúin samkvæmt útboði?
2. Hvert var kaupverð ferjunnar?
3. Hver var samningsupphæð vegna viðgerða samkvæmt útboði?
4. Hver verður heildarkostnaður ferjunnar að lokinni allri viðgerð?

## 809. Fyrirspurn [540. mál]

til fjármálaráðherra um samkeppnisrekstur og virðisaukaskatt.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hefur því verið framfylgt að aðili í samkeppnisrekstri sem undanþeginn er virðisaukaskatti aðskilji samkeppnisrekstur frá annarri starfsemi eða leggi virðisaukaskatt á þjónustuna?
2. Hefur það verið sérstaklega kannað í hve miklum mæli bankar sem undanþegnir eru virðisaukaskattsgreiðslum og einnig eru í óskyldri starfsemi séu í samkeppni við einkaaðila sem greiða virðisaukaskatt, eins og t.d. greiningardeildir bankanna og lögfræði-

deildir, sem eru í samkeppni við sjálfstæð ráðgjafar- og innheimtufyrirtæki? Ef svo er, hver var þá niðurstaðan? Ef svo er ekki, telur ráðherra ástæðu til að kanna málið?

**Skriflegt svar óskast.**

## 810. Frumvarp til laga [541. mál]

um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.
*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um fyrirtæki sem hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum og sendir starfsmann tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu:

a. á vegum fyrirtækisins og starfsmaðurinn starfar undir stjórn þess í tengslum við samning við notendafyrirtæki um veitingu þjónustu hér á landi,
b. á vegum fyrirtækisins til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi eða
c. á vegum fyrirtækisins og starfsmaðurinn er leigður gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess.

Skilyrði er að ráðningarsamband sé ávallt milli fyrirtækisins og starfsmannsins þann tíma sem hann starfar hér á landi.

Ákvæði 8.–11. gr. gilda ekki um starfsmannaleigur, sbr. c-lið 1. mgr. Lög þessi gilda ekki um áhafnir kaupskipa.

2. gr.
*Stjórnsýsla.*

Félagsmálaráðherra fer með stjórnsýslu á því sviði sem lögin taka til. Vinnumálastofnun annast framkvæmd laga þessara innan stjórnsýslunnar.

3. gr.
*Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Fyrirtæki*: Fyrirtæki er einstaklingur, félag eða annar sá sem stundar atvinnurekstur með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum og veitir þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.
2. *Notendafyrirtæki*: Notendafyrirtæki er einstaklingur, félag, opinber aðili eða annar sá sem stundar atvinnurekstur sem kaupir þjónustu af fyrirtæki, sbr. 1. tölul.

3. *Starfsmaður*: Starfsmaður sem starfar að jafnaði utan Íslands en er sendur tímabundið á vegum fyrirtækis, sbr. 1. tölul., hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu þess.

4. gr.

*Starfskjör.*

Þegar fyrirtæki sendir starfsmann hingað til lands í skilningi laga þessara gildir eftirfarandi löggjöf um starfskjör hans og reglur settar á grundvelli hennar, án tillits til erlendrar löggjafar sem að öðru leyti gildir um ráðningarsamband hans og hlutaðeigandi fyrirtækis:

1. Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 1. gr., með síðari breytingum, að því er varðar lágmarkslaun og aðra launaþætti, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma.
2. Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.
3. Lög nr. 30/1987, um orlof, með síðari breytingum.
4. Lög nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, 4. gr.
5. Lög nr. 60/1998, um loftferðir, VI. kafli.
6. Lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, 11. gr., með síðari breytingum, 29. og 30. gr.
7. Lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk annarra ákvæða um bann við mismunun.

Ákvæði 1. mgr. gildir með fyrirvara um betri starfskjör starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi við hlutaðeigandi fyrirtæki eða samkvæmt kjarasamningi eða löggjöf í því ríki þar sem hann starfar að jafnaði.

Greiðslur sem sérstaklega tengjast starfinu skulu reiknast inn í lágmarkslaun starfsmanns. Fyrirtæki er þó óheimilt að reikna greiðslur vegna kostnaðar sem það hefur lagt út fyrir vegna ferða starfsmanns, gistingar og uppihalds inn í kröfur um lágmarkslaun skv. 1. tölul. 1. mgr.

5. gr.

*Réttur til launa í veikinda- og slysatilvikum.*

Starfsmaður skal njóta réttar til launa í veikinda- og slysatilvikum á meðan hann starfar hér á landi í tengslum við veitingu þjónustu.

Starfsmaður vinnur sér inn rétt með vinnu hér á landi hjá sama fyrirtæki þannig að fyrir hvern unninn mánuð fyrstu tólf mánuðina greiðast tveir dagar á föstum launum. Starfi starfsmaður lengur en eitt ár hér á landi skal um ávinnslu veikindaréttar og launagreiðslur fara skv. 5. gr. laga nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Veikindarétturinn er heildarréttur á hverju tólf mánaða tímabili án tillits til tegundar sjúkdóms.

Forfallist starfsmaður af völdum slyss við vinnuna eða á beinni leið til eða frá vinnu og eins ef starfsmaður veikist af atvinnusjúkdómi skal hann auk réttar skv. 2. mgr. halda dagvinnulaunum sínum í þrjá mánuði.

Með föstum launum er átt við fullt dagvinnukaup auk fastrar reglubundinnar yfirvinnu. Með dagvinnulaunum er átt við föst laun miðað við dagvinnu fyrir 8 klst. á dag eða 40 klst. á viku miðað við fullt starf.

Ef starfsmaður fær greidd laun í veikinda- og slysatilvikum samkvæmt ráðningarsamningi, kjarasamningi eða lögum í heimalandinu skal hann fá greiddan mismun launa ef réttur samkvæmt ákvæði þessu er hagstæðari.

Starfsmaður skal, ef fyrirtæki óskar þess, afhenda því vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins. Fyrirtæki greiðir læknisvottorð og kostnað við öflun þess enda séu veikindi tilkynnt á fyrsta veikindadegi.

Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um betri rétt starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi við hlutaðeigandi fyrirtæki eða samkvæmt kjarasamningi eða löggjöf í því ríki þar sem hann starfar að jafnaði.

6. gr.

*Frávik.*

Ef um er að ræða fyrstu samsetningu og/eða fyrstu uppsetningu vöru, sem er þáttur í samningi um veitingu vöru og er nauðsynleg til að taka megi vöruna í notkun og er framkvæmd af faglærðum eða sérhæfðum starfsmönnum fyrirtækis, skulu ákvæði 1. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 5. gr. ekki eiga við ef það tímabil sem starfsmaðurinn er hér á landi varir ekki lengur en átta daga.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um hvers konar vinnu á sviði bygginga- og mannvirkjagerðar, svo sem vinnu sem lýtur að byggingu, viðgerðum, lagfæringum, breytingum eða niðurrifi bygginga.

Við ákvörðun þess hve lengi starfsmaður hefur unnið hér á landi skv. 1. mgr. skal reikna með öll starfstímabil hans hér á landi síðustu tólf mánuði. Við slíka útreikninga skal telja með sérhvert fyrra tímabil sem annar starfsmaður kann að hafa gegnt starfinu áður.

7. gr.

*Slysatryggingar vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku.*

Starfsmaður sem starfar hér á landi í tvær vikur samfellt eða lengur skal vera vátryggður við störf sín vegna andláts, varanlegs líkamstjóns eða tímabundins missis starfsorku. Vátryggingin skal ná til slyss í starfi og á eðlilegri leið milli vinnustaðar og dvalarstaðar hér á landi og tekur gildi þegar tveggja vikna samfelldum starfstíma hér á landi er náð.

Slysatryggður starfsmaður heldur rétti sínum til tryggingar þótt hann hætti tímabundið störfum hér á landi. Starfi hann ekki hér á landi í tólf mánuði eða lengur fer um rétt til slysatryggingar skv. 1. mgr.

Bætur vegna andláts skulu vera sem hér segir:

1. Ef hinn látni lætur ekki eftir sig maka eða barn undir 17 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri 67 ára og eldra skulu dánarbætur vera 7.500 evrur.
2. Ef hinn látni lætur ekki eftir sig maka, en lætur eftir sig barn eða börn undir 17 ára aldri eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára og eldri skulu dánarbætur vera 28.000 evrur.
3. Ef hinn látni lætur eftir sig maka skulu bætur til maka vera 39.000 evrur.
4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn, kjörbarn eða fósturbarn undir 17 ára aldri skulu bætur vegna hvers barns vera 7.500 evrur.

Bætur greiðast einungis samkvæmt einum tölulið 3. mgr. Til viðbótar bótum skv. 2. og 3. tölul. 3. mgr. geta þó komið bætur skv. 4. tölul.

Bætur vegna varanlegs líkamstjóns (læknisfræðilegrar örorku) greiðast í hlutfalli við vátryggingafjárhæðina 68.000 evrur, þó þannig að hvert örorkustig á bilinu 26–50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig á bilinu 51–100% verkar fjórfalt.

Dagpeningar vegna tímabundins missis starfsorku skulu vera 150 evrur á viku og greiðast fjórum vikum frá því slys átti sér stað þar til hinn slasaði verður vinnufær eftir slysið, þó ekki lengur en í 48 vikur. Við dagpeninga þessa bætast 20 evrur á viku fyrir hvert barn undir 17 ára aldri sem er á framfæri hins slasaða.

Ekki eru greiddar bætur til starfsmanns samkvæmt ákvæði þessu þegar tjón hans fæst bætt úr lögboðinni vátryggingu samkvæmt umferðarlögum, þ.e. hvort heldur er úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda. Verði vinnuveitandi skaðabótaskyldur gagnvart starfsmanni sem er slysatryggður samkvæmt ákvæði þessu skulu bætur og dagpeningar, sem greiddir kunna að vera til starfsmanns, koma að fullu til frádráttar þeim skaðabótum er fyrirtæki kann að vera gert að greiða. Dagpeningar greiðast til fyrirtækis meðan það greiðir starfsmanni laun vegna slyss.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slysatryggingu þessa, þ.m.t. um gildissvið hennar, skilgreiningu örorku, rétthafa bóta og endurskoðun fjárhæða.

Ákvæði þetta gildir með fyrirvara um betri tryggingavernd starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi við hlutaðeigandi fyrirtæki, kjarasamningi eða löggjöf í því ríki þar sem hann starfar að jafnaði.

8. gr.

*Upplýsingaskylda fyrirtækis.*

Fyrirtæki sem hyggst veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum, sbr. þó 9. gr., skal veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar eigi síðar en átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt í hvert skipti:

1. Nafn fyrirtækis ásamt upplýsingum um staðfestu þess í heimaríki þar sem fram kemur nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis, heimilisfang í heimaríki, tegund þjónustunnar sem veita skal og virðisaukaskattsnúmer, eða önnur sambærileg heimild um starfsemi í heimaríki sem sýnir fram á að fyrirtækið starfi löglega í heimaríki í viðkomandi starfsgrein samkvæmt lögum þess ríkis, ásamt nafni notendafyrirtækis og kennitölu, eða öðru sambærilegu auðkenni þess.
2. Yfirlit yfir starfsmenn sem starfa munu á vegum fyrirtækisins hér á landi þar sem fram kemur nafn, fæðingardagur, heimilisfang í heimaríki, ríkisfang, upplýsingar um að viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki (E-101), dvalarstaður og áætlaður dvalartími hér á landi og starfsréttindi eftir því sem við á,
3. Gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem ekki eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, EFTA-ríkja og Færeyja.
4. Staðfestingu þess að starfsmenn hér á landi njóti slysatrygginga skv. 7. gr.
5. Aðrar þær upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir, svo sem afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum, til að ganga úr skugga um að fyrirtækið veiti sannanlega þjónustu hér á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og að um sé að ræða starfsmenn fyrirtækisins.

Vinnumálastofnun skal veita fyrirtækinu skriflega staðfestingu um að stofnunin hafi móttekið gögn skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. sem fyrirtækinu ber að afhenda notendafyrirtæki áður en þjónustan er veitt, sbr. 11. gr.

Fyrirtæki skal tilkynna til Vinnumálastofnunar verði breytingar á áður veittum upplýsingum til stofnunarinnar skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun skal afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, svo sem skattyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá, eftir því sem við getur átt, upplýsingar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. og 3. mgr.

Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir þau fyrirtæki sem veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi sína hér á landi samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

*Undanþága frá upplýsingaskyldu fyrirtækis.*

Þegar um er að ræða þjónustu sem felur í sér sérhæfða samsetningu, uppsetningu, eftirlit eða viðgerð tækja og er ekki ætlað að vara lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum þarf fyrirtæki ekki að veita Vinnumálastofnun upplýsingar skv. 8. gr. Vari þjónusta fyrirtækisins lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum gilda ákvæði laga þessara um starfsemi þess hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal fyrirtæki veita Vinnumálastofnun upplýsingar í þágu eftirlits skv. 13. gr. laga þessara.

10. gr.

*Sérstakur fulltrúi.*

Fyrirtæki sem veitir þjónustu á Íslandi samtals lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum skal hafa fulltrúa hér á landi. Ekki er skylt að tilnefna fulltrúa ef færri en sex starfsmenn starfa að jafnaði hér á landi á vegum fyrirtækis.

Fyrirtæki skal tilkynna Vinnumálastofnun um nafn og kennitölu eða fæðingardag ásamt lögheimili eða dvalarstað fulltrúa fyrirtækisins hér á landi átta virkum dögum áður en starfsemi þess hefst hér á landi. Skipti fyrirtækið um fulltrúa meðan það hefur starfsemi hér á landi skal tilkynna um skiptin til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar.

Fulltrúi fyrirtækisins kemur fram fyrir hönd þess og ber ábyrgð á að veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt lögum þessum sem og þær upplýsingar sem fyrirtækinu er skylt að veita á grundvelli 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Enn fremur skal hann hafa umboð til að taka við stjórnvaldsákvörðun eða eftir atvikum stefnu þannig að bindandi sé að lögum fyrir fyrirtækið.

Fyrirtæki skv. 1. mgr. er óheimilt að veita þjónustu hér á landi hafi það látið hjá líða að tilkynna um fulltrúa sinn til Vinnumálastofnunar eða um skipti á fulltrúa.

11. gr.

*Skyldur notendafyrirtækis.*

Notendafyrirtæki skal óska eftir skriflegri staðfestingu skv. 2. mgr. 8. gr. um að fyrirtæki hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni til Vinnumálastofnunar skv. 8. gr. áður en þjónustan er veitt.

Þegar fyrirtæki á sviði hvers konar bygginga- og mannvirkjagerðar, svo sem vinnu sem lýtur að byggingu, viðgerðum, lagfæringum, breytingum eða niðurrifi bygginga, hefur gert samning við eitt eða fleiri fyrirtæki, sbr. 1. tölul. 3. gr., sem undirverktaka um veitingu þjón-

ustunnar, í heild eða að hluta, skal fyrstnefnda fyrirtækið afhenda upphaflegu notendafyrirtæki skriflega staðfestingu skv. 2. mgr. 8. gr. vegna allra fyrirtækja sem koma að veitingu þjónustunnar. Hið sama á við um aðalverktaka á sviði hvers konar bygginga- og mannvirkjagerðar sem hefur staðfestu hér á landi en hefur gert samning við eitt eða fleiri fyrirtæki, sbr. 1. tölul. 3. gr., sem undirverktaka um veitingu þjónustunnar, í heild eða að hluta.

Verði fyrirtækið ekki við beiðni notendafyrirtækis skv. 1. mgr. skal notendafyrirtækið tilkynna um það til Vinnumálastofnunar ásamt því að veita upplýsingar um nafn fyrirtækis, nafn fyrirsvarsmanns þess, heimilisfang í heimaríki og tegund þjónustunnar sem veita skal. Þegar nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis er ekki þekkt ber að upplýsa um nafn þess aðila er kom fram fyrir hönd fyrirtækisins við gerð þjónustusamningsins.

Notendafyrirtæki skal afhenda trúnaðarmanni stéttarfélags á vinnustað, eða viðkomandi stéttarfélagi þegar trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi á vinnustað, skriflega staðfestingu skv. 2. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr., óski trúnaðarmaður eða stéttarfélag eftir því.

12. gr.

*Eftirlit.*

Vinnumálastofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Berist Vinnumálastofnun rökstudd kvörtun um að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara ber stofnuninni að kanna málið frekar. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara skal hún krefjast þess að fyrirtækið starfi í samræmi við lög.

13. gr.

*Upplýsingar í þágu eftirlits.*

Fyrirtæki skal láta Vinnumálastofnun í té þær upplýsingar og gögn er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamninga, ráðningarsamninga og önnur gögn varðandi ráðningarkjör.

Notendafyrirtæki skal jafnframt láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar og gögn í tengslum við viðskipti aðila er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamning.

Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu eftirlitsins. Enn fremur er þeim óheimilt að veita öðrum upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla að þeim skuli haldið leyndum, sbr. þó 8. og 14. gr.

14. gr.

*Afhending ráðningarsamninga.*

Vinnumálastofnun skal afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem starfsmaður fyrirtækis starfar á afrit af ráðningarsamningi starfsmannsins óski stéttarfélagið eftir því enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi.

15. gr.

*Tímabundin stöðvun á starfsemi.*

Hafi Vinnumálastofnun krafist þess að fyrirtæki fari að lögum og úrbætur hafa ekki verið gerðar innan þess frests sem gefinn var, getur Vinnumálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi fyrirtækisins hér á landi tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar.

16. gr.

*Varnarþing.*

Starfsmaður fyrirtækis, sbr. 1. tölul. 3. gr., getur höfðað mál hér á landi vegna vanefnda vinnuveitanda á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum 4.–6. gr. laga þessara.

17. gr.

*Kæruheimild.*

Heimilt er að kæra ákvörðun Vinnumálastofnunar til félagsmálaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst hafa borist ráðuneytinu innan kærufrests hafi bréf þess efnis borist ráðuneytinu eða verið afhent póstþjónustu áður en fresturinn er liðinn.

Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

18. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál er varða brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

19. gr.

*Reglugerðarheimild.*

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um samstarf og veitingu upplýsinga milli þar til bærra stofnana innan aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi um Fríverslunarsamtök Evrópu eða Færeyja.

20. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, með síðari breytingum.

Fyrirtæki sem þegar veitir þjónustu hér á landi við gildistöku laganna skal uppfylla skilyrði 7. gr. eigi síðar en 1. maí 2007 veiti það þjónustu hér á landi á þeim tíma.

Fyrirtæki sem þegar veitir þjónustu hér á landi við gildistöku laganna skal uppfylla skilyrði 8., 10. og 11. gr. eigi síðar en 1. apríl 2007 veiti það þjónustu hér á landi á þeim tíma.

21. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um starfsmannaleigur, nr. 139/2005:

a. Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: Enn fremur gilda lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra um starfsemi þeirra starfsmannaleigna er veita þjónustu sína hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sbr. 1. gr. þeirra laga.

b. Á eftir orðunum „Fulltrúi starfsmannaleigunnar“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: kemur fram fyrir hönd hennar og.

c. 4. gr. laganna orðast svo:

Starfsmannaleiga sem hyggst veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skal veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar eigi síðar en átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt í hvert skipti:

1. Yfirlit yfir starfsmenn sem starfa munu á vegum starfsmannaleigunnar hér á landi þar sem fram kemur nafn, fæðingardagur, heimilisfang í heimaríki, ríkisfang, upplýsingar um að viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki (E-101) og starfsréttindi eftir því sem við á.
2. Yfirlit yfir þann tíma sem áætlað er að starfsmenn fyrirtækisins dveljist hér á landi þegar um erlenda starfsmenn er að ræða.
3. Gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem ekki eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, EFTA-ríkja eða Færeyja.
4. Nafn og kennitölu notendafyrirtækis eða annað sambærilegt auðkenni þess.
5. Staðfestingu þess að starfsmenn hér á landi njóti slysatrygginga skv. 7. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.
6. Aðrar upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir til að ganga úr skugga um að starfsmannaleiga veiti sannanlega þjónustu hér á grundvelli 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og að um sé að ræða starfsmenn hennar, svo sem afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum.

Vinnumálastofnun skal veita starfsmannaleigunni skriflega staðfestingu á að stofnunin hafi móttekið gögn skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. sem starfsmannaleigunni ber að afhenda notendafyrirtækinu áður en þjónustan er veitt, sbr. 4. gr. a.

Starfsmannaleiga skal tilkynna til Vinnumálastofnunar verði breytingar á áður veittum upplýsingum til stofnunarinnar skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun er heimilt að afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, svo sem skattyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá, eftir því sem við getur átt, upplýsingar skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. og 3. mgr.

d. Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Skyldur notendafyrirtækis.*

Notendafyrirtæki skal óska eftir skriflegri staðfestingu skv. 2. mgr. 4. gr. um að starfsmannaleiga hafi sinnt tilkynningaskyldu sinni til Vinnumálastofnunar skv. 4. gr. áður en þjónustan er veitt.

Verði starfsmannaleigan ekki við beiðni notendafyrirtækis skv. 1. mgr. skal notendafyrirtækið tilkynna um það til Vinnumálastofnunar ásamt því að veita upplýsingar um nafn fyrirtækis, nafn fyrirsvarsmanns þess og heimilisfang í heimaríki. Skal koma fram að um starfsmannaleigu sé að ræða. Ef nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis er ekki þekkt ber að upplýsa um nafn þess aðila er kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins.

Notendafyrirtæki skal afhenda trúnaðarmanni stéttarfélags á vinnustað, eða viðkomandi stéttarfélagi þegar trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi á vinnustað, skriflega staðfestingu fyrirtækis skv. 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr., óski trúnaðarmaður eða stéttarfélag eftir því.

e. Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Vinnumálastofnun er í undantekningartilvikum heimilt á grundvelli rökstuddrar beiðni starfsmanns að veita undanþágu frá 1. mgr.

f. Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

1. 1. mgr. orðast svo: Starfsmannaleiga skal láta Vinnumálastofnun í té þær upplýsingar og gögn er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamninga, ráðningarsamninga og önnur gögn varðandi ráðningarkjör.
2. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Notendafyrirtæki skal jafnframt láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar og gögn í tengslum við viðskipti aðila er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamning.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra skipaði starfshóp í júní 2006 til að fara yfir málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins, auk fulltrúa félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk starfshópsins var að fara yfir stöðu útlendinga sem starfa hér á landi, þar á meðal þeirra er starfa á grundvelli þjónusturéttarins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en mikilvægt er að fjölgun erlendra fyrirtækja og útlendinga sem starfa hér á landi raski ekki þeim reglum og samskiptaheðum sem hafa mótast á íslenskum vinnumarkaði. Starfshópnum var m.a. ætlað að skoða hvort ástæða væri til að styrkja það vinnumarkaðskerfi sem fyrir er til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði, þar á meðal að meta hvort ástæða væri til að setja ítarlegri reglur um tilkynningaskyldu þjónustuveitenda sem koma með starfsmenn sína hingað til lands. Enn fremur var starfshópnum ætlað að koma fram með tillögur til félagsmálaráðherra um hvernig bæta mætti framkvæmdina innan stjórnkerfisins í því skyni að tryggja að útlendingar dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar um útlendinga sem eru að störfum hér á landi séu til.

Starfshópurinn taldi mikilvægt að styrkja stoðir ríkjandi vinnumarkaðskerfis að því er varðar erlend fyrirtæki sem senda starfsmenn sína tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagsvæðið, stofnsamnings Frí-

verslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Samstaða náðist innan starfshópsins um nauðsyn þess að breyta lögum nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja. Þegar upp var staðið þóttu breytingarnar vera það umfangsmiklar að rétt væri að leggja fram frumvarp til nýrra laga sem jafnframt mundu fella úr gildi lög nr. 54/2001 og urðu fulltrúar aðila ásáttir um þau atriði er fram koma í frumvarpi þessu. Byggist efni þess m.a. á tillögum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna erlendra starfsmanna, gerviverktöku, opinberra innkaupa og lögbrota í atvinnustarfsemi frá því í júní 2006.

Megintilgangur frumvarps þessa er að veita íslenskum stjórnvöldum betri yfirsýn yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði að því er varðar starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja hér á landi sem og fjölda erlendra starfsmanna er starfa hjá slíkum fyrirtækjum. Enn fremur er markmiðið að unnt sé að viðhalda því eftirliti sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði með að ákvæði laga og kjarasamninga séu virt svo treysta megi stöðu starfsmanna sem sendir eru tímabundið hingað til lands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu. Þykir efni frumvarpsins jafnframt vera til þess fallið að stuðla að því að útlendingar sem koma hingað tímabundið á vegum erlendra fyrirtækja dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar um þessa útlendinga séu til.

Lagt er til að heiti laganna um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja verði breytt til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu. Lögin hafa aðallega gilt um starfskjör starfsmanna erlendra fyrirtækja sem eru sendir tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu, en lagt er til með frumvarpi þessu að þau komi jafnframt til með að gilda um skyldur fyrirtækjanna til að veita íslenskum stjórnvöldum tilteknar upplýsingar varðandi starfsemi sína hér á landi. Þykir því eðlilegra að það komi fram í heiti laganna að þau eigi einnig við um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem veita þjónustu á Íslandi, en mikilvægt þykir jafnframt að undirstrika að lögin fjalli sérstaklega um starfskjör starfsmanna þeirra eins og verið hefur.

Gert er ráð fyrir að erlend fyrirtæki sem hafa staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum og ætla að veita þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skuli veita Vinnumálastofnun tilteknar upplýsingar um starfsemi sína hér á landi. Er miðað við að upplýsingarnar séu veittar eigi síðar en átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt í hvert skipti. Þó er lagt til að fyrirtæki sem senda starfsmenn sína hingað til lands til að veita þjónustu í fjórar vikur eða skemur á hverjum tólf mánuðum verði undanskilin framangreindri upplýsingaskyldu enda feli þjónustan í sér sérhæfða samsetningu, uppsetningu, eftirlit eða viðgerð tækja. Enn fremur er fyrirtækjum sem veita þjónustu hér á landi samtals lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum gert að hafa hér sérstakan fulltrúa sem kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins gagnvart stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins, en gert er ráð fyrir að þessi skylda hvíli á fyrirtækjum sem að jafnaði hafa sex eða fleiri starfsmenn á sínum vegum hér á landi. Þá er lögð sú skylda á notendafyrirtæki að þau gangi úr skugga um að hin erlendu fyrirtæki sem þau hafa gert samninga við um veitingu þjónustu hafi veitt Vinnumálastofnun þær grunnupplýsingar sem þeim ber að veita samkvæmt frumvarpinu en tilkynni að öðrum kosti um starfsemi þeirra til stofnunarinnar. Markmið þessa er að tryggja enn frekar að íslensk stjórnvöld hafi yfirsýn yfir þá starfsemi sem fyrir hendi er á íslenskum vinnumarkaði

en Vinnumálastofnun er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmdinni. Gert er ráð fyrir að frumvarp þetta, verði það að lögum, gildi einnig um starfsemi erlendra starfsmannaleigna hér á landi, líkt og lög nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, hafa gert fram að þessu og koma ákvæði frumvarpsins þá til viðbótar gildandi lögum um starfsmannaleigur. Jafnframt þótti mikilvægt að leggja til nauðsynlegar breytingar á þeim lögum til samræmis við almennan tilgang frumvarps þessa.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til að gildissviði laganna verði breytt á þann veg að þau eigi eingöngu við um fyrirtæki sem hafa staðfestu í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA-ríkjum eða Færeyjum og ætla að veita þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagsvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Samningar þessir setja það skilyrði að fyrirtækið hafi þegar staðfestu í einu aðildarríki áður en það veitir þjónustu í öðru aðildarríki. Er því litið svo á að þjónustan sé veitt frá þeim stað þar sem fyrirtækið er skráð með staðfestu.

Dómafordæmi Evrópudómstólsins gefa til kynna að fyrirtæki sem ætlar að veita þjónustu á grundvelli 36.–39. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sé heimilt að senda starfsmenn sína hingað til lands til að veita þjónustuna sem um er að ræða, sbr. t.d. *Rush Portuguesa gegn Office National d'Immigration* (C-113/89). Þegar starfsmennirnir eru ríkisborgarar innan Evrópska efnahagssvæðisins er þeim heimilt að dveljast og starfa hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu þeirra til landsins. Eftir þann tíma þurfa þeir að sækja um EES-dvalarleyfi til Útlendingastofnunar, sbr. lög nr. 96/2002, um útlendinga. Evrópudómstóllinn hefur jafnframt slegið því föstu að fyrirtæki geti flutt með sér starfsfólk sem eru ríkisborgarar frá ríkjum utan svæðisins hafi það gilt dvalar- og atvinnuleyfi í heimaríki fyrirtækisins, sbr. t.d. *Vander Elst málið* (C-43/93). Þau tilvik sem þetta á við um eru nánar tilgreind í a–c-liðum ákvæðis þessa sem er efnislega samhljóða 1.–3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 54/2001. C-liður á við um svokallaðar starfsmannaleigur, sbr. einnig lög nr. 139/2005, um starfsmannaleigur. Gert er ráð fyrir að lögin gildi um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja auk þess sem gert er ráð fyrir að þau komi jafnframt til með að gilda um skyldu fyrirtækjanna til að veita íslenskum stjórnvöldum ákveðnar upplýsingar svo unnt sé að viðhafa það eftirlit með starfsemi þeirra hér á landi sem viðgengst á íslenskum vinnumarkaði. Á þetta við í þeim tilvikum þegar starfsmenn eru sendir á vegum fyrirtækjanna og starfa undir stjórn þeirra í tengslum við samninga um veitingu þjónustu við notendafyrirtæki hér á landi. Er jafnframt gert ráð fyrir að sama eigi við þegar fyrirtæki sendir starfsmenn á sínum vegum til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi eða þegar starfsmenn fyrirtækis eru leigðir gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess. Í öllum framangreindum tilvikum er það skilyrði að fyrirtæki geti sýnt fram á þjónustuviðskiptin og að það sé ráðningarsamband milli þess og starfsmanna þess þann tíma sem starfsmennirnir starfa á vegum fyrirtækisins hér á landi.

Fyrirtækjum sem hafa staðfestu í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, að undanskildum EFTA-ríkjum og Færeyjum, kann að vera heimilt að veita hér þjónustu á grundvelli annarra fjölþjóðasamninga sem Ísland á aðild að. Hins vegar eru ekki dæmi um aðra samninga sem heimila þessum fyrirtækjum að senda starfsmenn sína hingað til lands til að veita þjón-

ustuna án sérstakra atvinnuleyfa samkvæmt lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum. Er því lagt til að frumvarpið eigi ekki við um þau fyrirtæki.

Þá er gert ráð fyrir að lögin gildi um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi að því marki sem þau fara saman við gildandi sérlög um starfsmannaleigur.

Um 2. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra fari með stjórnsýslu á því sviði sem frumvarpið tekur til. Undanskildir eru þeir þættir er varða samskipti aðila á vinnumarkaði og falla ekki beint undir verkefnasvið stjórnsýslunnar, sbr. t.d. 3. gr. laga nr. 54/2001, sem verður 4. gr. samkvæmt frumvarpi þessu. Enn fremur er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun annist framkvæmd laganna innan stjórnsýslunnar.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta felur í sér nánari skýringar á hvað átt er við með orðunum „fyrirtæki", „notendafyrirtæki" og „starfsmaður" í skilningi frumvarpsins. Með orðinu „fyrirtæki" er átt við einstaklinga, félög eða aðra þá sem stunda atvinnurekstur með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum og ætla að veita þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagsvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Skv. 37. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er með „þjónustu" átt við „þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun að því leyti sem hún lýtur ekki ákvæðum um frjálsa vöruflutninga, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa för launafólks". Undir þjónustu fellur einkum starfsemi á sviði iðnaðar, viðskipta og handverks ásamt sérfræðistörfum. Þá er tekið fram að sá sem veitir þjónustu getur í því skyni stundað starfsemi sína tímabundið í því ríki þar sem þjónustan er veitt með sömu skilyrðum og það ríki setur eigin ríkisborgurum. Einkenni veitingu þjónustu í skilningi 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er því hversu tímabundin hún er (e. 'on a temporary basis'), sbr. t.d. 26. mgr. *Gebhard-málsins* (C-55/94). Í því máli tekur Evrópudómstóllinn m.a. fram að hið tímabundna eðli þjónustunnar verði ekki einungis ákveðið með tilliti til þess hversu langan tíma þjónustan varir heldur einnig hversu regluleg hún er eða hversu samfelld hún er (e. 'duration, regularity, periodicity or continuity'). Evrópudómstóllinn hefur ítrekað vísað til framangreindra viðmiða síðar. Verður því að líta til þessara atriða þegar meta þarf hvort fyrirtæki veiti þjónustu hér á landi á grundvelli þjónusturéttarins og falli þar með undir gildissvið frumvarpsins eða hvort fyrirtækið komi hingað til lands og reki starfsemi á grundvelli staðfesturéttarins. Verður að telja að sama eigi við um þau fyrirtæki sem veita hér á landi þjónustu á grundvelli stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar enda ákvæði þessara samninga um þjónusturéttinn efnislega samhljóða ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Með orðinu „notendafyrirtæki" er átt við hvort sem er einstaklinga, félög, opinbera aðila eða aðra þá sem stunda atvinnurekstur sem kaupa þjónustu á grundvelli einhvers hinna framangreindu samninga af fyrirtækjum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum þeirra. Ekki er gert að skilyrði að þessir aðilar hafi staðfestu eða búsetu hér á landi en miðað er við að þjónustan fari fram hérlendis. Þá er „starfsmaður" í skilningi frumvarpsins starfsmaður sem starfar að jafnaði erlendis en kemur hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ætlar að veita hér á landi þjónustu á grundvelli framangreindra samninga. Þannig hefur Evrópudómstóllinn

litið svo á að þessir starfsmenn teljist ekki hluti af vinnuafli vinnumarkaðar gistiríkisins þar sem þeir óska ekki eftir aðgengi að vinnumarkaðnum enda miðað við að þeir snúi til baka til heimaríkis fyrirtækisins þegar þjónusta þess í gistiríkinu hefur verið veitt, sem oft felur í sér að verkframkvæmdum sé lokið, sbr. t.d. *Finalarte-málið* (C-49/98).

Um 4. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 54/2001 en tilvísunum í önnur lagaákvæði er breytt til samræmis við frumvarp þetta. Hvað varðar skýringu á greininni að öðru leyti vísast til athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 54/2001.

Um 5. gr.

Lagt er til að starfsmaður ávinni sér rétt til launa í veikinda- og slysatilvikum með vinnu hér á landi. Ávinnsla réttar miðast eingöngu við starfstíma viðkomandi starfsmanns hér á landi þótt starfstími hans hjá viðkomandi fyrirtæki geti verið lengri. Eftir eins mánaðar starf hér á landi hefur starfsmaður áunnið sér rétt til launa í tvo daga, eftir tveggja mánaða starf er rétturinn fjórir dagar o.s.frv. Ávinnsla réttarins miðast við allt að tólf mánaða starfstíma hér á landi. Þótt flestum þjónustuverkefnum ljúki innan þess tíma má gera ráð fyrir að einhver hluti erlendra starfsmanna starfi hér lengur á vegum sama fyrirtækis, t.d. þegar um stærri framkvæmdir er að ræða eða starfsmannaleiguþjónustu. Er þá miðað við að um frekari ávinnslu réttinda og launagreiðslur fari samkvæmt lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Frekari ávinnsla réttinda miðast áfram við starfstíma starfsmanns hér á landi. Með þessari tilvísun til laga nr. 19/1979 er ekki tekin afstaða til þess hvenær starfsmaður telst vera sendur tímabundið hingað til lands í skilningi 1. mgr. 1. gr. og 3. tölul. 3. gr. frumvarps þessa. Einnig er rétt að árétta að vísað er til efnisákvæðis 5. gr. laga nr. 19/1979 og takmarkast því réttur samkvæmt því ákvæði ekki við þá sem falla undir gildissvið þeirra laga.

Í 3. mgr. er tekin upp sama regla og er að finna í flestum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, þ.e. að réttur til launa í veikindum miðist við tólf mánaða tímabil. Ef starfsmaður veikist er litið allt að tólf mánuði aftur í tímann frá þeim degi er hann veikist, greiddir veikindadagar taldir og þeir dregnir frá áunnum rétti starfsmanns. Nefna má sem dæmi að veikist starfsmaður eftir tíu mánaða starf og hafi fengið fjóra veikindadaga greidda frá upphafi starfstíma, á hann 16 daga eftir. Ekki skiptir máli við útreikning á þessum rétti hvers eðlis veikindin eru.

Sérregla er þó sett fram í 4. mgr. um rétt til launa af völdum slyss við vinnu eða á beinni leið til eða frá vinnu og eins ef starfsmaður veikist af atvinnusjúkdómi. Réttur samkvæmt þeirri grein er sjálfstæður réttur sem gengur ekki á veikindarétt starfsmannsins.

Í 5. mgr. eru launahugtök skilgreind. Er þar að mestu höfð hliðsjón af skilgreiningu launahugtaka í kjarasamningum verkafólks og iðnaðarmanna. Í stað svokallaðra staðgengilslauna eða fullra launa er miðað við föst laun. Með föstum launum er átt við fullt dagvinnukaup auk fastrar reglubundinnar yfirvinnu. Með fullu dagvinnukaupi er átt við föst laun fyrir dagvinnu auk vaktaálags, bónusgreiðslna og annarra afkastahvetjandi eða sambærilegra álagsgreiðslna vegna vinnu miðað við 8 klst. á dag eða 40 klst. á viku í fullu starfi. Er hér miðað við sömu skilgreiningu og í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands. Við fullt dagvinnukaup bætist föst reglubundin yfirvinna. Hugtakið dagvinnulaun er einnig skilgreint en dagvinnulaun eru greidd þegar allt að þriggja mánaða dagvinnulaunaréttur bæt-

ist við rétt til fastra launa í vinnuslysa- og atvinnusjúkdómatilvikum. Sama á við um aukinn veikindarétt eftir meira en tólf mánaða starf skv. 5. gr. laga nr. 19/1979.

Erlendir starfsmenn fyrirtækja samkvæmt frumvarpi þessu starfa að jafnaði í öðru landi innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum og njóta í mörgum tilvikum réttar til launa í veikinda- og slysatilvikum samkvæmt réttindakerfi í því ríki, einnig þegar þeir starfa hér á landi. Í þeim tilvikum er eðlilegt að fyrst sé gert upp við starfsmann miðað við ráðningarsamning og löggjöf í því ríki. Geta t.a.m. komið inn greiðslur úr almannatryggingakerfi þess ríkis eða öðrum sjóðum sem fyrirtækið eða starfsmaðurinn greiðir til. Ef launagreiðslur samkvæmt ákvæði þessu eru starfsmanninum hagstæðari, þegar litið er til heildargreiðslna, ber að greiða honum mismuninn.

Í 7. mgr. er að finna samsvarandi ákvæði og í 8. gr. laga nr. 19/1979 um sönnun þess að starfsmaður sé óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss.

Ákvæði 8. mgr. svarar til 2. mgr. 4. gr. frumvarps þessa.

Um 6. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 4. gr. laga nr. 54/2001 en tilvísunum í önnur lagaákvæði er breytt til samræmis við frumvarp þetta. Enn fremur er lagt til að orðalagi 2. mgr. verði breytt í samræmi við 11. gr. frumvarps þessa.

Um 7. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til það nýmæli að starfsmenn skuli vera slysatryggðir við störf sín hér á landi. Er þar átt við vátryggingu sem greiðir bætur til starfsmanns þótt tjón hans verði ekki rakið til saknæms hátternis atvinnurekanda eða starfsmanna hans. Byggist vátrygging þessi á slysatryggingum launþega samkvæmt kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands. Fjárhæðir eru allar í evru, enda slysatryggingin tekin vegna hagsmuna erlendra starfsmanna. Jafnframt má gera ráð fyrir því að fyrirtækin kaupi vátrygginguna í heimaríkjum sínum eða á alþjóðlegum vátryggingamörkuðum, þótt ekki sé útilokað að slysatryggingin verði keypt af íslenskum vátryggingafélögum.

Þeir starfsmenn sem sendir eru til Íslands til að veita þjónustu í tvær vikur samfellt eða lengur, skulu vera vátryggðir við störf sín hér á landi og tekur vátryggingin gildi þegar tveggja vikna samfelldum starfstíma hér á landi er náð. Miðað er við tvær vikur svo skylda til vátryggingar verði ekki þröskuldur við veitingu þjónustu milli ríkja. Gera má ráð fyrir að það taki einhvern tíma í heimalandi fyrirtækis að kaupa vátryggingu, enda líkur á að vátrygging þessi eigi sér ekki hliðstæðu í því ríki. Fyrirtækið getur því sent starfsmann hingað til lands til að veita þjónustu þótt vátrygging liggi ekki fyrir. Starfsmaður skal þó í engu tilviki starfa lengur en tvær vikur án vátryggingar.

Starfsmaður skal halda rétti sínum til vátryggingar þótt hann hverfi tímabundið af landinu vegna leyfa eða annarra verkefna hjá sama fyrirtæki, þ.e. hann þarf ekki að sæta biðtíma að nýju. Ef hann starfar ekki hér á landi á vegum sama fyrirtækis í a.m.k. tólf mánuði fellur réttur þessi niður og gildir þá ákvæði 1. mgr. um tveggja vikna biðtíma.

Í ákvæðinu er lagt til að bætur verði greiddar vegna andláts, varanlegs líkamstjóns eða tímabundins missis starfsorku. Vátryggingin skal ná til slyss í starfi og á eðlilegri leið milli vinnustaðar og dvalarstaðar hér á landi. Gert er ráð fyrir að inntak þessarar vátryggingar verði skilgreint nánar í reglugerð félagsmálaráðherra.

Í 3. mgr. er kveðið á um dánarbætur. Gert er ráð fyrir að nánar verði fjallað í reglugerð um hverjir séu rétthafar dánarbóta. Með maka í skilningi 3. tölul. er einnig átt við einstakling í staðfestri samvist eða í skráðri óvígðri sambúð.

Varanlegur missir starfsorku miðast við læknisfræðilega örorku. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði m.a. kveðið á um lágmarksorkutap svo það reiknist sem bótaskylt tjón. Örorkustig umfram 25% reiknast tvöföld og stig á bilinu 51–100% reiknast fjórföld. Bætur fyrir 100% örorku eru því 187.000 evrur.

Ef starfsmaður slasast og er frá vinnu í meira en fjórar vikur getur komið til greiðslu dagpeninga. Dagpeningar greiðast til vinnuveitanda á meðan hann greiðir starfsmanni laun í veikindum en til starfsmanns eftir það.

Skilmálar skv. 7. mgr. eru þeir sömu og í almennum kjarasamningum á vinnumarkaði. Í kjarasamningum er að öðru leyti vísað til skilmála vátryggingafélaga innan Sambands íslenskra vátryggingafélaga og er gert ráð fyrir að einnig verði tekið mið af þeim í reglugerð sem sett verður skv. 8. mgr.

Ákvæði 9. mgr. svarar til 2. mgr. 4. gr. frumvarps þessa.

Um 8. gr.

Lagt er til að fyrirtæki sem hyggst veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum veiti Vinnumálastofnun tilteknar upplýsingar í hvert skipti sem þjónustan er veitt. Við mat á tólf mánaða tímabilinu skal miða við upphaf þjónustu fyrirtækisins hér á landi óháð því hvort sömu starfsmenn þess eigi í hlut allan þann tíma sem þjónustan stendur yfir. Þannig skal tekið tillit til sérhvers fyrra tímabils sem annar starfsmaður fyrirtækisins kann að hafa gegnt tilteknu starfi á vegum fyrirtækisins í tilvikum þegar fleiri en einn starfsmaður gegnir starfinu á þeim tíma er fyrirtækið veitir þjónustu hér á landi, sbr. einnig 6. tölul. 3. gr. tilskipunar nr. 96/71/EB, um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu. Hið sama á við þegar fyrirtæki sinnir fleiri en einu þjónustuverkefni hér á landi en þá er miðað við heildartímann sem það tekur að sinna öllum verkefnunum enda eigi þau sér ekki stað á sama tíma. Er gert ráð fyrir að upplýsingarnar séu sendar til Vinnumálastofnunar eigi síðar en átta virkum dögum áður en starfsemin hefst. Tilgangur ákvæðis þessa er fyrst og fremst að gera Vinnumálastofnun kleift að hafa yfirsýn yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði að því er varðar starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja hér á landi sem og fjölda erlendra starfsmanna er starfa hjá slíkum fyrirtækjum. Enn fremur er markmiðið að unnt sé að viðhalda því eftirliti sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði með að ákvæði laga og kjarasamninga séu virt. Kveðið er á um sérstaka undanþágu í 9. gr. frumvarpsins þegar fyrirtæki veitir þjónustu hér á landi í allt að fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum. Um þá undanþágu vísast til athugasemda við 9. gr.

Gert er ráð fyrir að fyrirtæki gefi Vinnumálastofnun upplýsingar um staðfestu þess í heimaríki þar sem fram kemur nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis, heimilisfang í heimaríki og virðisaukaskattsnúmer eða önnur sambærileg heimild um starfsemi í heimaríki sem sýnir fram á að fyrirtækið starfi löglega í heimaríki í viðkomandi starfsgrein samkvæmt lögum þess ríkis. Mikilvægt er talið að upplýsingar um staðfestu í heimaríki fylgi en það er skilyrði að hlutaðeigandi lögaðili eigi þegar staðfestu í einu ríki innan aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið áður en hann veitir þjónustu í öðru aðildarríki. Hið sama á við um stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu og samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Er litið svo á að þjónustan sé veitt frá þeim stað þar sem fyrirtækið er skráð með staðfestu enda einungis gert ráð fyrir

að því sé heimilt að stunda starfsemi sína tímabundið í öðru aðildarríki. Enn fremur er gert ráð fyrir að fyrirtækið veiti upplýsingar um tegund þjónustunnar sem veita skal ásamt nafni og kennitölu notendafyrirtækis eða öðru sambærilegu auðkenni í þeim tilvikum þegar notendafyrirtækið hefur ekki fengið kennitölu hér á landi.

Jafnframt er lagt til að fyrirtækin gefi yfirlit yfir starfsmenn sína sem starfa á vegum þeirra hér á landi þar sem m.a. kemur fram dvalarstaður og áætlaður dvalartími hlutaðeigandi starfsmanna hér á landi ásamt upplýsingum um að þeir njóti almannatryggingaverndar í heimaríki. Þá er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun afhendi hlutaðeigandi stjórnvöldum viðeigandi upplýsingar, svo sem skattyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá, sem hafa þá tækifæri til að kanna stöðu starfsmannanna með tilliti til þeirra laga er heyra undir málefnasvið þeirra. Þykir mikilvægt að stofnunin upplýsi Vinnueftirlit ríkisins um starfsemi þessara fyrirtækja hér á landi svo unnt sé að hafa eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum þeirra á grundvelli laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, sbr. einnig 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarps þessa. Þar sem Vinnumálastofnun sendir upplýsingar um fyrirtæki og starfsmenn þess til Útlendingastofnunar er gert ráð fyrir að atvinnurekendur þurfi ekki jafnframt að tilkynna um starfsmenn sína til Útlendingastofnunar samkvæmt lögum og reglugerð um útlendinga. Þetta breytir því þó ekki að ríkisborgarar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins þurfa að sækja um EES-dvalarleyfi samkvæmt lögum nr. 96/2002, um útlendinga. Að því er varðar upplýsingar um almannatryggingar starfsmanna í heimaríki gildir reglugerð nr. 1408/71/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, með síðari breytingum, um almannatryggingar starfsmanna sem sendir eru tímabundið á vegum vinnuveitenda sinna til annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins í tengslum við veitingu þjónustu, enda starfi þeir ekki lengur en 24 mánuði í gistiríkinu. Fyrrnefnd reglugerð gerir ráð fyrir að slíkir starfsmenn séu tryggðir innan almannatryggingakerfis heimaríkisins en eigi samt sem áður rétt á heilbrigðisþjónustu hér á landi meðan þeir dvelja hér og starfa. Til að auðvelda framkvæmd þessa kerfis er fyrir hendi sérstakt eyðublað, svokallað E-101, sem hlutaðeigandi stofnanir fylla út í heimaríki starfsmanna. Er við það miðað að við upphaf dvalar sé ljóst hvort viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki til að unnt sé að tryggja góða framkvæmd kerfisins. Þá liggur þegar fyrir við upphaf þjónustunnar, þurfi þeir að leita aðstoðar innan heilbrigðiskerfisins, að þeir eru tryggðir í heimaríki. Er því lagt til að fyrirtæki veiti íslenskum stjórnvöldum þessar upplýsingar um starfsmenn sína við upphaf starfa þeirra hér á landi. Það að fyrrnefnt eyðublað (E-101) liggur ekki fyrir þegar fyrirtæki veitir Vinnumálastofnun upplýsingar samkvæmt ákvæði þessu kemur þó ekki í veg fyrir að þau sendi hlutaðeigandi starfsmenn til landsins á sínum vegum. Þurfi starfsmennirnir á heilbrigðisþjónustu að halda kann það hins vegar að valda töfum innan almannatryggingakerfisins geti þeir ekki framvísað fyrrnefndu eyðublaði (E-101) þar sem þá þarf að fara fram könnun á tryggingum þeirra í heimaríki. Í 4. tölul. 1. mgr. er gert ráð fyrir að fyrirtæki sendi Vinnumálastofnun staðfestingu þess að starfsmenn séu slysatryggðir hér á landi. Ekki er gert ráð fyrir að staðfestingin sé á nafni starfsmanns. Ef starfsmaður nýtur jafngóðrar eða betri tryggingaverndar samkvæmt samningum eða löggjöf í því ríki sem hann starfar að jafnaði skal viðeigandi staðfesting lögð fram.

Þegar Vinnumálastofnun hafa borist upplýsingar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að stofnunin afhendi fyrirtækinu skriflega staðfestingu þar sem staðfest er að stofnunin hafi móttekið umrædd gögn og fyrirtækið þar með fullnægt grunnupplýsingaskyldu sinni.

Er gert ráð fyrir að staðfestingin kunni að verða rafræn verði upplýsingarnar sendar á rafrænu formi og jafngildir hún þá skriflegri staðfestingu. Staðfestingin felur hins vegar ekki í sér viðurkenningu á því að fyrirtækið fari að öðru leyti eftir ákvæðum frumvarpsins eða þeirra laga sem vísað er til í 4. gr. Enn fremur er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti óskað eftir frekari gögnum í því skyni að ganga úr skugga um að fyrirtækið veiti sannanlega þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagsvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og að um sé að ræða starfsmenn fyrirtækisins. Má búast við að í upphafi muni stofnunin beita þessari heimild sinni aðallega þegar um er að ræða fyrirtæki sem starfa við hvers konar bygginga- og mannvirkjagerð. Er það í samræmi við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna erlendra starfsmanna, gerviverktöku, opinberra innkaupa og lögbrota í atvinnustarfsemi frá því í júní 2006.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta felur í sér undanþágu frá skyldu fyrirtækja til að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um starfsemi sína í heimaríki og starfsmenn þá sem koma tímabundið á vegum þeirra hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu. Undanþágan á við þegar fyrirtæki veitir þjónustu hér á landi í fjórar vikur eða skemur á hverjum tólf mánuðum. Er þá miðað við upphaf þjónustu fyrirtækisins hér á landi óháð því hvaða starfsmenn þess veita umrædda þjónustu. Þannig skal tekið tillit til sérhvers fyrra tímabils sem annar starfsmaður fyrirtækisins kann að hafa veitt þjónustu hér á landi á vegum þess, hvort sem um er að ræða starf við sama verk eða nýtt þjónustuverkefni. Enn fremur á undanþágan eingöngu við þegar þjónustan felur í sér sérhæfða samsetningu, uppsetningu, eftirlit eða viðgerð tækja sem er í samræmi við g-lið 15. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, en tilmæli eru í 18. tölul. formála tilskipunar nr. 96/71/EB, um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu, að fyrirtæki sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins njóti ekki betri kjara en fyrirtæki sem hafa staðfestu innan svæðisins. Engu síður er gert ráð fyrir að fyrirtækin þurfi að sæta eftirliti á grundvelli laganna telji Vinnumálastofnun ástæðu til og er fyrirtækjunum þá skylt að veita Vinnumálastofnun upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd frumvarpsins, sbr. 13. gr.

Um 10. gr.

Ákvæðið fjallar um skyldu erlendra fyrirtækja sem veita þjónustu á Íslandi samtals lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum til að hafa hér á landi fulltrúa, enda hafi fyrirtækið að jafnaði sex starfsmenn eða fleiri hér á landi á sínum vegum. Í því skyni að fylgja eftir ákvæðum frumvarps þessa þykir nauðsynlegt að stjórnvöld sem og aðilar vinnumarkaðarins geti haft samband við ákveðinn aðila sem kemur fram fyrir hönd fyrirtækis sem hefur starfsstöð sína erlendis en veitir þjónustu hér á landi. Er þannig gert ráð fyrir að fulltrúinn, t.d. sá sem stýrir verkefni hér á landi fyrir hönd fyrirtækisins, komi fram fyrir hönd fyrirtækisins og beri ábyrgð á að stjórnvöldum séu veittar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að hafa eftirlit með framkvæmd frumvarpsins sem og þær upplýsingar sem fyrirtæki er skylt að veita á grundvelli 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, en skv. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarps þessa ber fyrirtækjunum að virða innlenda kjarasamninga að því marki sem þar er tilgreint. Ekki er skilyrði að fulltrúinn sé hluti af starfsliði fyrirtækis heldur getur fyrirtæki nýtt sér þjónustu sérhæfðra aðila hér á landi.

Fyrirtæki er gert að tilkynna um fulltrúa sinn til Vinnumálastofnunar þar sem fram kemur nafn hans, kennitala eða fæðingardagur ásamt lögheimili eða dvalarstað hans hér á landi. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um að fulltrúinn hafi fasta búsetu á Íslandi en gert er ráð fyrir að hann hafi hér dvalarstað meðan starfsemin fer fram hér á landi. Hafi fulltrúinn lögheimili hér á landi skal það tekið fram. Skipti fyrirtækið um fulltrúa meðan starfsemin stendur yfir skal jafnframt tilkynna um skiptin til stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að slík skipti á fulltrúum eigi sér einkum stað þegar fulltrúinn hefur verið hluti af starfsliði fyrirtækisins en hefur hætt störfum á vegum fyrirtækisins hér á landi áður en þjónustu þess er lokið. Hinu erlenda fyrirtæki skv. 1. mgr. ákvæðisins er óheimilt að starfa hér á landi hafi það látið hjá líða að tilkynna um fulltrúa sinn hér á landi eða um skipti á fulltrúa.

Um 11. gr.

Lagt er til að notendafyrirtæki beri að krefjast þess að fá í hendur skriflega staðfestingu sem gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun láti hinu erlenda fyrirtæki í té þegar það hefur uppfyllt þá skyldu sína að veita stofnuninni grunnupplýsingarnar sem fjallað er um í 1.–3. tölul. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins áður en þjónustan er veitt. Í tilvikum þegar fyrirtæki verður ekki við kröfu notendafyrirtækisins um afhendingu staðfestingarinnar ber notendafyrirtækinu að tilkynna um það til Vinnumálastofnunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að notendafyrirtækið upplýsi Vinnumálastofnun um nafn fyrirtækis, nafn fyrirsvarsmanns þess, heimilisfang fyrirtækis í heimaríki og tegund þjónustunnar svo stofnuninni verði gert kleift að hafa samband við hlutaðeigandi fyrirtæki hafi það ekki þegar veitt upplýsingar skv. 8. gr. frumvarpsins. Þegar nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis er óþekkt er gert ráð fyrir að notendafyrirtæki gefi upp nafn þess aðila er kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins við gerð þjónustusamningsins milli aðila. Sinni notendafyrirtæki ekki þessum skyldum sínum getur það varðað sektum skv. 18. gr. frumvarpsins. Þessar skyldur notendafyrirtækis eiga við um hvers konar þjónustuviðskipti.

Enn fremur er gert ráð fyrir að fyrirtæki sem starfar á sviði hvers konar bygginga- og mannvirkjagerðar sem lýtur að byggingu, viðgerðum, lagfæringum, breytingum eða niðurrifi bygginga og hefur gert samning við eitt eða fleiri fyrirtæki skv. 1. tölul. 3. gr. frumvarpsins um framkvæmd þjónustunnar sem undirverktakar, í heild eða að hluta, skuli fyrstnefnda fyrirtækið afhenda upphaflegu notendafyrirtæki skriflegar staðfestingar allra hinna fyrirtækjanna sem koma að veitingu þjónustunnar. Ástæða þessa er einkum sú að það kann að vera erfiðleikum bundið fyrir notendafyrirtæki að átta sig á við hverja viðsemjandi þess hefur gert samninga um framkvæmd þjónustunnar. Á þetta einkum við um stór verk við bygginga- og mannvirkjagerð og þykir því eðlilegt að binda þessa skyldu aðalverktaka við þær starfsgreinar. Jafnframt þykir mikilvægt að sömu skyldur hvíli á innlendum aðalverktökum í þessum starfsgreinum þegar þeir hafa gert samninga um undirverktöku á einstökum þáttum verkefna við erlend fyrirtæki er falla undir gildissvið frumvarpsins. Er þarna verið að gæta jafnræðis milli aðalverktaka óháð því hvar þeir hafa staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins en mikilvægt verður að telja að þeir gæti að því að erlendir undirverktakar þeirra er falla undir gildissvið frumvarps þessa virði upplýsingaskyldu sína samkvæmt frumvarpinu.

Þá er gert ráð fyrir að notendafyrirtæki beri að afhenda trúnaðarmönnum stéttarfélaga á vinnustað, eða viðkomandi stéttarfélagi þegar trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi á vinnustað, skriflega staðfestingu fyrirtækis skv. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins óski trúnaðarmaður eða stéttarfélag eftir því. Á þetta við um öll notendafyrirtæki óháð því hver starfsemi þeirra er.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði falið það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laganna sem og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Lagt er til að Vinnumálastofnun bregðist við rökstuddum kvörtunum um að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laganna með því að kanna málin frekar. Hver sá sem verður áskynja um að fyrirtæki brjóti gegn lögunum getur beint kvörtun sinni til Vinnumálastofnunar sem metur þá hvort ástæða sé til að aðhafast frekar. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki hafi brotið gegn lögunum skal hún beina þeim kröfum til fyrirtækisins að það fari að lögum. Við framkvæmd eftirlitsins ber stofnuninni m.a. að fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga, t.d. varðandi jafnræði og meðalhóf.

Um 13. gr.

Á grundvelli eftirlitsskyldna sinna skv. 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti óskað eftir upplýsingum og gögnum frá fyrirtækjum sem stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með að fyrirtækin sinni skyldum sínum samkvæmt frumvarpinu. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin geti kallað eftir upplýsingum og gögnum frá notendafyrirtæki að því er varðar viðskipti þau sem það hefur átt við hlutaðeigandi fyrirtæki, svo sem þjónustusamningi. Ljóst er að þar getur verið um að ræða ýmsar viðkvæmar upplýsingar þannig að mikilvægt þykir að kveðið sé á um þagnarskyldu starfsmanna Vinnumálastofnunar. Er ákvæðið efnislega samhljóða þeim skyldum er hvíla á starfsmönnum stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur. Þó er lagt til að hafi Vinnumálastofnun aflað ráðningarsamnings í þágu eftirlits skv. 1. mgr. skuli stofnunin afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem starfsmaður fyrirtækis starfar afrit af ráðningarsamningi starfsmannsins óski stéttarfélagið eftir því, enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi, sbr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Lagt er til að hafi Vinnumálastofnun aflað ráðningarsamnings í þágu eftirlits skv. 13. gr. skuli stofnunin afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem starfsmaður fyrirtækis starfar afrit af ráðningarsamningi starfsmannsins óski stéttarfélagið eftir því, enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi. Þarna er átt við stéttarfélög sem hafa staðið að gerð samninga í hlutaðeigandi starfsgrein en ekki skiptir máli þótt stéttarfélögin taki til fleiri en einnar starfsgreinar á umræddu svæði, sbr. lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, og lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum. Heimild þessi á sér fyrirmynd í lögum nr. 21/2006, um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. Tilgangur þessa er einkum sá að viðhalda þeirri viðteknu venju að aðilar vinnumarkaðarins fylgist með að kjarasamningar séu haldnir hér á landi en ástæða þykir til að styrkja það skipulag með þessum hætti með tilkomu erlendra fyrirtækja á innlendan vinnumarkað. Er hér einnig átt við að stéttarfélag geti óskað eftir ráðningarsamningum ótilgreindra útlendinga er starfa hjá tilteknu fyrirtæki. Er þá miðað við að einhverjar vísbendingar séu fyrir hendi er gefi tilefni til gruns um að ákvæði kjarasamninga séu virt að vettugi hjá hlutaðeigandi fyrirtæki.

Um 15. gr.

Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að fyrirtæki sem í hlut á fari að tilmælum Vinnumálastofnunar þegar stofnunin hefur komist að því að fyrirtæki hefur brotið lögin og það hafi ekkert aðhafst þrátt fyrir tilmæli stofnunarinnar þess efnis. Þykir nauðsynlegt að slíkt þvingunarúrræði sé fyrir hendi enda þótt gert sé ráð fyrir að hlutaðeigandi fyrirtæki hafi áður, í samræmi við stjórnsýslulög, fengið frest til að færa starfsemi sína í samræmi við lög.

Um 16. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 5. gr. laga nr. 54/2001 en tilvísunum í önnur lagaákvæði er breytt til samræmis við frumvarp þetta.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimild til að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar til félagsmálaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir þriggja mánaða kærufresti frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Er fresturinn þannig í samræmi við þann kærufrest sem veittur er í 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum, en málsmeðferð skal einnig að öðru leyti fara eftir þeim lögum.

Í 2. mgr. er tilgreindur tveggja mánaða viðmiðunartími um afgreiðslu mála hjá félagsmálaráðuneytinu sem verður að teljast eðlilegur málshraði þegar litið er til þess að veita skal aðilum kost á tjá sig um málið áður en það er tekið til úrskurðar. Séu mál sérstaklega umfangsmikil og tímafrekt reynist að undirbúa þau og rannsaka með viðunandi hætti er hugsanlegt að afgreiðslutíminn lengist að sama skapi.

Um 18. gr.

Lagt er til að tekin verði upp viðurlög í formi sekta brjóti fyrirtæki eða notendafyrirtæki gegn ákvæðum laganna. Er gert ráð fyrir að það sé hlutverk dómstóla að ákveða sektir og fjárhæð þeirra.

Um 19. gr.

Ákvæðið veitir félagsmálaráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd frumvarps þessa. Markmiðið með slíkri heimild er að kveðið verði skýrar á um framkvæmd laganna ef nauðsyn ber til.

Um 20. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Í ákvæði þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, flestar í því skyni að gæta samræmis við önnur ákvæði frumvarps þessa, enda hvoru tveggja ætlað að gilda um þjónustufyrirtæki er senda starfsmenn sína tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

Lagt er til að frumvarp þetta, sem ætlað er að koma í stað laga nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, gildi einnig um starfsemi erlendra starfsmannaleigna líkt og verið hefur og komi þannig til fyllingar sérlögum

nr. 139/2005, um starfsmannaleigur. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þessu fyrirkomulagi að öðru leyti. Hins vegar þykir skýrara að tilvísun milli laga komi fram í lögunum sjálfum til að taka af allan vafa í þessu efni. Er því lagt til að tekið sé fram að frumvarp þetta eigi einnig við um starfsemi erlendra starfsmannaleigna.

Þá þykir mikilvægt að Vinnumálastofnun geti aflað upplýsinga hjá viðkomandi notendafyrirtækjum í tengslum við viðskipti aðila er stofnunin telur nauðsynlegar til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna þannig að unnt sé að óska eftir þjónustusamningi eða nánari upplýsingum um hið erlenda fyrirtæki, svo sem um nafn þess og nafn þess er fram kemur fyrir hönd fyrirtækisins við gerð samningsins. Er þannig gert ráð fyrir að sams konar skyldur hvíli á notendafyrirtækjum hvort sem þau kaupa þjónustu af starfsmannaleigum eða fyrirtækjum sem senda starfsmenn hingað til lands tímabundið, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 6. gr. laga um starfsmannaleigur fjallar um takmörkun á útleigu á starfsmönnum til fyrirtækja sem þeir hafa áður verið í beinu ráðningarsambandi við. Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að fyrirtæki segi upp starfsmönnum til þess eins að ráða þá óbeint aftur í gegnum starfmannaleigu. Ákvæði þetta er mjög mikilvægt í því skyni að veita starfsmönnum ákveðna vernd gegn misnotkun á því ráðningarfyrirkomulagi sem skipulag starfsmannaleigna getur hugsanlega falið í sér. Engu síður hefur reynslan gefið til kynna að í sumum tilvikum kann það að þrengja of mikið að rétti einstaklinga til að velja sér starfsvettvang en dæmi eru um að starfsmenn telji það þjóna hagsmunum sínum betur að ráða sig til starfa hjá starfsmannaleigum. Í ljósi þessa er því lagt til að Vinnumálastofnun fái þrönga heimild til að veita undanþágu frá framangreindri takmörkun í tilvikum þegar starfsmaður leggur fram beiðni þar um og getur rökstutt hagsmuni sína.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Megintilgangur frumvarpsins er að veita íslenskum stjórnvöldum betri yfirsýn yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði að því er varðar starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja hér á landi sem og fjölda erlendra starfsmanna er starfa hjá slíkum fyrirtækjum. Enn fremur er markmiðið að unnt sé að viðhalda því eftirliti sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði með að ákvæði laga og kjarasamninga séu virt svo treysta megi stöðu starfsmanna sem sendir eru tímabundið hingað til lands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu. Þykir efni frumvarpsins jafnframt vera til þess fallið að stuðla að því að útlendingar sem koma hingað tímabundið á vegum erlendra fyrirtækja dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar um þessa útlendinga verði til.

Félagsmálaráðuneyti gerir ráð fyrir að frumvarpið muni leiða til 7,5 m.kr. útgjaldaauka hjá Vinnumálastofnun sem rúmast innan fjárlagaramma stofnunarinnar, en framlög til hennar hækkuðu um 20 m.kr. við 2. umræðu fjárlaga 2007.

# 811. Svar [468. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller um orkuöflun til álvera.

1. *Hver er heildaraflþörf og framleiðslugeta þeirra álvera sem hugmyndir hafa komið fram um, þ.e. álvers á Bakka við Húsavík, fyrirhugaðrar stækkunar í Straumsvík, álvers í Helguvík, álvers í Þorlákshöfn og frekari stækkunar á Grundartanga, skipt niður á þrep og ár, og hvaðan á orkan að koma?*

*Fyrirhuguð stækkun Alcan í Straumsvík:* Aflþörf núverandi álframleiðslu í Straumsvík er um 330 MW. Stækkun álversins þarf um 465 MW. Gangsetning er fyrirhuguð 1. september 2010 og aflþörf í árslok 2010 fyrir viðbótarframleiðslu er áætluð 290 MW. Um miðjan mars 2011 er áætlað að aflþörf vegna stækkunar verði 465 MW og verður heildaraflþörfin þá komin í 795 MW.

Núverandi framleiðslugeta er 180.000 tonn á ári. Við stækkun verksmiðjunnar mun framleiðslugeta aukast um 280.000 tonn á ári og verður 460.000 tonn á ári. Áætlað er að gangsetning stækkunar verði 1. september 2010 og að henni verði lokið 15. mars 2011.

Gert er ráð fyrir að 200 MW verði aflað frá jarðgufuvirkjunum Orkuveitu Reykjavíkur á Hengilssvæðinu og Nesjavallavirkjun. Um 265 MW munu koma frá vatnsaflsvirkjunum Landsvirkjunar í Neðri-Þjórsá.

*Stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga:* Stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga stendur nú yfir og er framleiðslugetan nú þegar komin í 220.000 tonn á ári. Árleg framleiðslugeta álversins verður aukin úr 220.000 tonnum í 260.000 tonn seinni hluta þessa árs. Orkan kemur frá jarðgufuvirkjunum Orkuveitu Reykjavíkur, um 70 MW. Þeirrar orku hefur nú þegar að mestu verið aflað.

*Fyrirhugað álver Alcoa Fjarðaáls við Bakka:* Alcoa kannar hagvæmni þess að reisa í áföngum allt að 250.000 tonna álver á Bakka við Húsavík. Uppbyggingu álversins verður hagað í samræmi við orkuöflunina. Heildaraflþörf 250.000 tonna álvers er áætluð um 400 MW. Orkunnar verður aflað á jarðhitasvæðum á Norðausturlandi í samvinnu við Landsvirkjun og Þeistareyki ehf. Miðað er við að framkvæmdum við orkuöflun verði lokið árið 2015.

*Fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík:* Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi fyrirhugaðs álvers í Helguvík verði um 150.000 tonn og tekinn í notkun í árslok 2010. Á síðari stigum, sem ekki hafa verið tímasett nákvæmlega, er gert ráð fyrir að álverið nái allt að 250.000 tonna afkastagetu.

Orkuveita Reykjavíkur hefur gefið yfirlýsingu um að geta afhent 100 MW til álvers í Helguvík í árslok 2010. Þessarar orku verður aflað frá jarðgufuvirkjunum á Hengilssvæðinu og Nesjavallavirkjun. Hitaveita Suðurnesja hefur gefið yfirlýsingu um að fyrirtækið geti séð álverinu fyrir allt að 150 MW. Þegar fullri afkastagetu álversins verður náð er reiknað með að orkuþörfin verði allt að 435 MW. Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja telja sig geta séð álverinu fyrir þeirri orku.

2. *Hver er núverandi staða á gufuöflun fyrir fyrrgreind verkefni, mælt í MW rafmagns fyrir hvert verkefni?*

*Fyrirhuguð stækkun Alcan í Straumsvík:* Orkuveita Reykjavíkur mun sjá álverinu fyrir um 200 MW. Gufunnar hefur ekki verið aflað enn.

*Stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga:* Orkuveita Reykjavíkur hefur að mestu aflað þeirra 70 MW sem þarf til stækkunarinnar.

*Fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík:* Viljayfirlýsing Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík kveður á um að 100 MW verði til afhendingar um áramót 2010–2011. Orkunnar hefur enn ekki verið aflað en gert er ráð fyrir að hún komi frá virkjunum á Hengilssvæðinu og Nesjavallavirkjun. Hitaveita Suðurnesja hefur undirritað viljayfirlýsingu vegna undirbúnings álvers í Helguvík með það að markmiði að afhenda 100–120 MW síðla árs 2010 eða síðar og einnig að vinna að frekari orkuöflun síðar til frekari stækkunar álversins komi til byggingar þess.

3. *Á hvaða svæðum er fyrirhugað að afla þeirrar orku sem á vantar og hvernig háttar til um rannsóknar- og nýtingarleyfi?*

*Fyrirhugað álver Fjarðaáls við Bakka:* Áætlað er að allrar orku verði aflað frá jarðhitavirkjunum á Norðausturlandi. Upplýsingar um stöðu rannsóknar- og nýtingarleyfa eru í töflu í svari við 7. lið.

*Fyrirhuguð stækkun Alcan í Straumsvík:* Auk jarðvarmaorku frá Orkuveitu Reykjavíkur er reiknað með um 265 MW frá vatnsaflsvirkjunum Landsvirkjunar í Neðri-Þjórsá, þ.e. Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Upplýsingar um stöðu rannsóknar- og nýtingarleyfa Landsvirkjunar eru í töflu í svari við 7. lið.

Orkuveita Reykjavíkur hefur rannsóknaleyfi með fyrirheit um nýtingarleyfi á öllum fyrirhuguðum vinnslusvæðum sínum á Hellisheiði.

*Fyrirhugað álver Alcoa Fjarðaáls við Bakka:* Reiknað er með að orka til álversins komi frá jarðgufuvirkjunum á nálægum svæðum, þ.e. Þeistareykjum, Kröflu, Bjarnarflagi og Gjástykki. Athugun á mögulegum orkukostum er unnin sameiginlega af Landsvirkjun og Þeistareykjum ehf. Ekki er á þessu stigi hægt að segja til um nákvæma stærð hverrar virkjunar en reiknað er með að þær sjái álverinu á Bakka fyrir öllu því rafmagni sem til þarf, þ.e. 400 MW.

*Fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík:* Hitaveita Suðurnesja hf. horfir til nokkurra kosta varðandi orkuöflun fyrir álver í Helguvík. Í maí sl. var tekin í notkun 2 x 50 MW virkjun á Reykjanesi og er þess vænst að unnt verði að ákveða í byrjun næsta árs að bæta við þriðju vélinni auk þess sem unnið er að tilraunum með varmaskipta o.fl. sem gætu gefið möguleika á að auka framleiðsluna á Reykjanesi um allt að 40–60 MW til viðbótar án sérstakra borana. Ástæða þess að bíða verður með ákvörðun til næstu áramóta er sú að nauðsynlegt er talið að skoða a.m.k. tveggja ára reynslu af rekstri orkuversins og viðbragða jarðhitasvæðisins áður en ráðist er í stækkun.

Hitaveita Suðurnesja hf. vinnur að 30 MW stækkun orkuversins í Svartsengi og verið er að kanna möguleika á annarri viðlíka stækkun. Fyrirtækið hefur nýlega fengið rannsóknarleyfi á Krýsuvíkursvæðinu (Seltún og Austurengjar) og jafnframt fengið framlengt og endurnýjað rannsóknarleyfi í Tröllladyngju og við Sandfell.

4. *Er búið að staðfesta með rannsóknarborunum tilvist háhitasvæða þar sem ekki eru nú þegar komnar vinnsluholur?*

*Fyrirhugað álver Alcoa Fjarðaáls við Bakka:* Tilvist háhitasvæða hefur verið staðfest með borunum á Þeistareykjum, í Kröflu og Bjarnarflagi. Háhiti í Gjástykki hefur ekki verið staðfestur með borunum.

*Fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík:* Hitaveita Suðurnesja hf. hefur þegar borað 24 holur á Reykjanesi og 20 í Svartsengi. Tilvist háhitasvæða hefur einnig verið staðfest með borunum í Trölladyngju og við Seltún en frekari borana er þörf til að staðfesta lekt/afkastagetu.

5. *Hvenær má vænta þess að allrar orku hafi verið aflað fyrir hvert verkefni miðað við árangur borana sem hafa nú þegar verið framkvæmdar og tengjast þessu verkefni?*

*Fyrirhugað álver Alcoa Fjarðaáls við Bakka:* Landsvirkjun stefnir að því að geta sagt til um það á árinu 2008 hvort unnt verði að afla orku frá jarðgufustöðum á Norðausturlandi fyrir fyrirhugað álver á Bakka. Miðað er við að framkvæmdum við orkuöflun verði lokið á árinu 2015.

*Fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík:* Orkuveita Reykjavíkur reiknar með að megnisins af fyrirhugaðri orku hafi verið aflað á árinu 2009. Hitaveita Suðurnesja telur fyrirtækið geta staðið við þau fyrirheit sem gefin hafa verið, þ.e. að geta afhent um 100–120 MW síðla árs 2010 eða síðar

*Fyrirhuguð stækkun Alcan í Straumsvík:* Landsvirkjun gerir ráð fyrir að geta afhent um 280 MW orku frá virkjunum í neðri hluta Þjórsár síðla árs 2010 og fyrri hluta árs 2011. Orkuveita Reykjavíkur hefur gert samning um að afhenda um 200 MW í árslok 2010 og í ársbyrjun 2011. Orkunnar verður aflað með virkjunum á Hengilssvæðinu.

6. *Hve margar háhitaholur þarf að bora á hverju svæði á ári til að uppfylla núverandi óskir um framkvæmdahraða?*

Landsvirkjun gerir ráð fyrir að í lok árs 2008 verði búið að bora 10–12 rannsóknar- og vinnsluholur á vinnslusvæðunum á Norðausturlandi. Búast má við að bora þurfi 60–70 holur til viðbótar á árunum 2009–2015 eða 9–10 holur á ári að jafnaði.

Borholur Hitaveitu Suðurnesja sem heppnast hafa á Reykjanesi gefa frá 5 upp í 19 MW og virkjunin er nú rekin á rúmlega 100 MW frá 10 borholum en 15 hafa alls verið boraðar vegna verkefnisins. Á Reykjanesi þyrfti því að bora 5–7 holur og 3–5 í Svartsengi en á öðrum svæðum væri reiknað með 5–10 MW að meðaltali úr hverri holu.

Orkuveita Reykjavíkur telur að bora þurfi 7–15 borholur á ári til að afla þeirrar orku sem samningar/yfirlýsingar hafa verið gerðir um.

7. *Hvaða virkjanir og álver hafa verið sett í umhverfismat?*

*Álver við Bakka:* Áætlað er að drög að matsáætlun fyrir umhverfismat vegna byggingar álvers á Bakka við Húsavík liggi fyrir í mars 2007.

Virkjanir tengdar álveri við Bakka.

| Svæði | Rannsóknarleyfi | Mat á umhverfisáhrifum | Nýtingarleyfi |
|---|---|---|---|
| Þeistareykir | fengið | ólokið | ekki sótt um |
| Krafla | fengið | lokið fyrir 40 MW stækkun | heimild Alþingis um 220 MW stækkun |
| Bjarnarflag | ekki sótt um | lokið fyrir 90 MW virkjun | heimild Alþingis fyrir 40 MW |
| Gjástykki | sótt um, óafgreitt | ólokið | ekki sótt um |

*Stækkun Alcan í Straumsvík:* Umhverfismat vegna stækkunar í Straumsvík var gert á árunum 2001–2002 og féllst Skipulagsstofnun á framkvæmdina með úrskurði dags. 26. júlí 2002.

Virkjanir Landsvirkjunar sem tengjast stækkun Alcan í Straumsvík.

| Svæði | Rannsóknarleyfi | Mat á umhverfisáhrifum | Nýtingarleyfi |
|---|---|---|---|
| Hvammsvirkjun | sótt um, óafgreitt | lokið | ekki sótt um |
| Holtavirkjun | sótt um, óafgreitt | lokið | ekki sótt um |
| Urriðafossvirkjun | sótt um, óafgreitt | lokið | ekki sótt um |

*Stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga:* Mati á umhverfisáhrifum fyrir allt að 300.000 tonna framleiðslugetu á ári vegna álversins á Grundartanga lauk með úrskurði Skipulagsstofnunar árið 2003.

*Fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík:* Unnið er að mati á umhverfisáhrifum fyrir 250.000 tonna álver í Helguvík.

*Virkjanir Orkuveitu Reykjavíkur:* Fyrirhugaðar virkjanir eru á mismunandi stigum umhverfismats, frá því að vera í matsferli og til þess að umhverfismati sé lokið.

*Virkjanir Hitaveitu Suðurnesja:* Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra stækkana virkjana Hitaveitu Suðurnesja er ekki hafið.

# 812. Frumvarp til laga [542. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Í stað orðanna „rannsókna á vatnsafli“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: rannsókna og nýtingar á vatnsafli.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast eftirfarandi skilgreiningar í réttri stafrófsröð:

*Búsþarfir* merkja í lögum þessum búsþarfir til kvikfjárræktar.

*Fasteign* merkir í lögum þessum afmarkaðan hluta lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.

*Heimilisþarfir* merkja í lögum þessum þarfir til venjulegs heimilishalds.

*Hveraörvera* merkir í lögum þessum örverufræðilega einingu á jarðhitasvæði, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis.

*Jarðefni* merkja í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, steindir, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

*Nýting á auðlind* merkir í lögum þessum vinnslu efna eða orku úr auðlindinni.

*Orkulind* merkir í lögum þessum orkugjafa á ákveðnu formi sem vinna má úr auðlind sem lögin ná til.

*Rannsókn á auðlind* merkir í lögum þessum mælingar og rannsóknir til að meta stærð og afköst auðlindar, og gerð frumlíkans að vinnslu hennar, sannprófun hennar með borun, greftri eða langtímamælingum, auk staðsetningar mannvirkja til nýtingar á auðlindinni.

*Vatnsfall* merkir í lögum þessum rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.

*Vatnsorka* merkir í lögum þessum hreyfiorku fallandi vatns.

*Yfirborðsvatn* merkir í lögum þessum annað vatn en grunnvatn.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Rannsókn auðlinda í jörðu og vatnsafls er háð leyfi samkvæmt lögum þessum. Á eignarlandi er heimild til rannsóknar á forræði viðkomandi eiganda en allt að einu skal viðkomandi aðili afla formlegrar staðfestingar Orkustofnunar á að hann uppfylli skilyrði VIII. kafla laga þessara fyrir leyfisveitingu.

Í þjóðlendum er heimild til rannsóknar á forræði forsætisráðherra en á ríkisjörðum á forræði landbúnaðarráðherra. Í báðum tilvikum ber að afla rannsóknarleyfis í samræmi við reglur laga þessara.

Orkustofnun veitir leyfi til rannsókna á auðlindum í jörðu og vatnsafli. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðuneytis.

Sé annað ekki tekið fram í leyfinu sjálfu felur rannsóknarleyfi í sér heimild til þess að rannsaka viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum með þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum. Öðrum verður ekki veitt rannsóknarleyfi á því svæði á leyfistímanum.

Rannsóknarleyfi skal veitt einum aðila á hverju svæði. Þó er heimilt að veita fleiri en einum aðila slíkt leyfi sameiginlega hafi þeir staðið saman að rannsóknarleyfisumsókn og gert með sér samning um skiptingu rannsóknarkostnaðar.

Rannsóknarleyfi skal vera tímabundið. Miða skal tímalengd leyfis við umfang rannsókna og eðli auðlindar en skal þó aldrei gefið út til lengri tíma en 15 ára í senn.

4. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Rannsóknir**.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Nýting auðlinda í jörðu og vatnsafls er háð leyfi samkvæmt lögum þessum. Á eignarlandi er heimild til nýtingar á forræði eiganda en allt að einu skal viðkomandi aðili afla formlegrar staðfestingar Orkustofnunar á að hann uppfylli skilyrði VIII. kafla laga þessara fyrir leyfisveitingu.

Í þjóðlendum er heimild til nýtingar á forræði forsætisráðherra en á ríkisjörðum á forræði landbúnaðarráðherra. Í báðum tilvikum ber að afla nýtingarleyfis í samræmi við reglur laga þessara.

Orkustofnun veitir leyfi til nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðuneytis.

Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og í leyfinu sjálfu og Orkustofnun telur nauðsynlega.

Nýtingarleyfi skal vera tímabundið og skal miðað við eðli auðlindar og umfang nýtingar hverju sinni. Nýtingarleyfi skal þó aldrei gefið út til lengri tíma en 30 ára í senn. Leyfi skal að öllu jöfnu endurútgefið standi lög því ekki í vegi.

Til raforkuframleiðslu þarf auk nýtingarleyfis samkvæmt lögum þessum virkjunarleyfi í samræmi við ákvæði raforkulaga.

7. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Sé ekki um annað samið og annar en rannsóknarleyfishafi fær nýtingarleyfi á viðkomandi auðlind, hvort sem er á eignarlöndum, í þjóðlendum eða á öðru ríkislandi, getur sá sem kostaði rannsóknir krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað við rannsóknir eða markaðsvirði þeirra, sé það fyrir hendi, gegn afhendingu á niðurstöðum rannsóknanna.

Rísi ágreiningur um greiðslu nýtingarleyfishafa fyrir rannsóknir framangreindra aðila skal skorið úr því með mati dómkvaddra matsmanna í samræmi við ákvæði IX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

8. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Landeiganda er heimilt án leyfis samkvæmt lögum þessum að hagnýta jarðhita og vatnsorku í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju og orkunýtingar, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands og allt að 350 kW rafafls. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa eða ef uppsett rafafl er 100 kW eða meira. Orkustofnun er heimilt að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum.

Um heimild til nýtingar á jarðhita og vatnsorku til raforkuvinnslu fer jafnframt samkvæmt ákvæðum raforkulaga.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „jarðhita“ tvívegis í 1. mgr. kemur: og/eða vatnsafls, og: og/eða vatnsafl.
b. Á eftir orðinu „jarðhita“ í 2. mgr. kemur: og/eða vatnsafli.
c. Orðin „2. mgr. 4. gr.“ og „og 14. gr.“ í 2. mgr. falla brott.
d. Á eftir orðinu „jarðhita“ í 3. mgr. kemur: og/eða vatnsafl.

10. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Jarðhiti og vatnsafl.**

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis“ kemur: Landeiganda er heimilt án leyfis samkvæmt lögum þessum.
b. Orðin „að fengnu samþykki ráðherra“ falla brott.

12. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Leyfi til rannsóknar og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt lögum þessum skal veitt á grundvelli umsóknar. Í umsókn skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur að höfðu samráði við Orkustofnun.

Við rannsóknir og nýtingu í eignarlöndum skal aflað formlegrar staðfestingar Orkustofnunar á því að uppfyllt séu skilyrði VIII. kafla laga þessara fyrir leyfisveitingu.

13. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Að jafnaði skal auglýsa eftir umsóknum um leyfi til rannsóknar og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli á eignarlöndum ríkisins og í þjóðlendum.

Að jafnaði er skylt að taka gjald fyrir nýtingu auðlindar í eignarlandi í eigu ríkisins og í þjóðlendu. Við leyfisveitingu semur forsætisráðherra um endurgjald vegna auðlindanýtingar í þjóðlendum en landbúnaðarráðherra vegna auðlindanýtingar á jörðum í eigu ríkisins, að höfðu samráði við Orkustofnun.

Í auglýsingu skal tekið fram til hvaða svæðis og auðlindar leyfið tekur, hvar nálgast má gögn með þeim skilyrðum sem sett eru og hver umsóknarfrestur er. Umsóknarfrestur skal ekki vera skemmri en 60 dagar.

Auglýsing skal birt í Lögbirtingablaði og a.m.k. einu dagblaði sem dreift er á landsvísu. Jafnframt skal í hverju einstöku tilviki gætt að skyldu til auglýsingar á hinu Evrópska efnahagssvæði í samræmi við reglur þar að lútandi.

14. gr.

Við lögin bætast tvær nýjar greinar, 17. gr. a og 17. gr. b, svohljóðandi:

(17. gr. a.)

Við veitingu rannsóknarleyfis í eignarlöndum ríkisins og þjóðlendum skal m.a. horft til þess hvernig framlögð rannsóknaráætlun getur náð settu markmiði um að ná sem mestum og bestum upplýsingum um stærð og eðli auðlindarinnar á sem hagkvæmastan hátt.

Við veitingu nýtingarleyfa í eignarlöndum ríkisins og þjóðlendum skal þess sérstaklega gætt að tekið sé tillit til ákvæða laga um meginreglur umhverfisréttar og að nýting endurnýjanlegra orkulinda sé sjálfbær. Jafnframt sé tekið tillit til nýtingar sem þegar er hafin eða sótt hefur verið um í næsta nágrenni.

(17. gr. b.)

Í auglýsingu og gögnum skv. 17. gr. skal koma fram hvaða skilyrði verða sett fyrir veitingu leyfis, þ.m.t. um lágmarks fjárshagslegan styrk, tilskilda þekkingu og hvort leyfi er veitt með eða án forgangs til nýtingar. Fram skal koma hvaða viðmið verði notuð við mat á umsóknum, þ.m.t. hvert vægi tilboð um endurgjald vegna nýtingar auðlindar hefur þegar valið er milli þeirra umsækjenda sem uppfylla skilyrði.

Val milli umsókna grundvallast á tvíþættu ferli. Í fyrsta lagi er fyrri hluti þar sem umsækjendur eru í kjölfar auglýsingar bornir saman með hliðsjón af þeim skilyrðum sem sett voru í auglýsingu og gögnum. Í öðru lagi er val þar sem þeim sem uppfylla skilyrði sem sett eru

er gefinn kostur á að skila inn tilboðum í endurgjald vegna veitingar rannsóknar- og nýtingarleyfis og/eða nýtingar auðlindar.

Valið skal á milli umsókna á hlutlægan og gagnsæjan hátt á grundvelli þeirra viðmiða sem fram koma í auglýsingu og gögnum sem liggja til grundvallar. Óheimilt er að meta tilboð á grundvelli annarra forsendna en fram koma í auglýsingu og gögnum. Við val á milli tilboða skal gengið út frá hagkvæmasta boði. Hagkvæmasta tilboð er það boð sem er hæst að fjárhæð og í bestu samræmi við forsendur sem settar hafa verið fram í gögnum, þ.m.t. með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Ef aðeins einn aðili sækir um og hann uppfyllir lágmarksskilyrði skal samið við hann um eðlilegt endurgjald.

Heimilt er að hafna öllum tilboðum í leyfi.

Í þjóðlendum, á ríkisjörðum og öðru landi ríkisins er bæði heimilt að veita rannsóknarleyfi með forgangsrétti til nýtingarleyfis og án forgangs til nýtingar.

Heimilt er að mæla fyrir um, bæði í rannsóknar- og nýtingarleyfi, að hafi leyfishafi ekki hafið rannsókn eða nýtingu á grundvelli leyfisins eða sótt um virkjanaleyfi innan fyrir fram ákveðinna tímamarka falli leyfið úr gildi.

Ráðherra er heimilt að höfðu samráði við Orkustofnun að kveða nánar á um skilmála og skilyrði til veitingar leyfa í reglugerð.

15. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Í rannsóknar- og/eða nýtingarleyfi skulu m.a. vera upplýsingar um:

1. hvort um rannsóknar- eða nýtingarleyfi er að ræða,
2. til hvaða auðlinda leyfið tekur, rannsóknaráfanga þegar um rannsóknarleyfi er að ræða og magn og nýtingarhraða þegar um nýtingarleyfi er að ræða,
3. tímalengd leyfis,
4. afmörkun rannsóknar- og/eða nýtingarsvæðis,
5. upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar, þ.m.t. skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum, og hvernig hún skuli innt af hendi,
6. afhendingu gagna og upplýsinga til Orkustofnunar við borun og rannsóknir,
7. öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir eins og við á, þar á meðal að gætt sé ákvæða laga um meginreglur umhverfisréttar,
8. kaup ábyrgðartrygginga hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, bankatryggingar eða aðrar tryggingar sem Orkustofnun metur jafngildar og bæta tjón sem leyfishafi kann að valda með störfum sínum,
9. eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti, frágangi og varðveislu gagna,
10. endurgjald fyrir nýtingu auðlindar,
11. greiðslu leyfisgjalds til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis,
12. ráðstöfun vinnslumannvirkja og vinnslutækja að leyfistíma loknum,
13. frágang á starfsstöðvum og landi sem nýtt hafa verið við rannsóknir eða nýtingu.

Iðnaðarráðherra er heimilt að tillögu Orkustofnunar að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni rannsóknar- og nýtingarleyfa.

16. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Telji Orkustofnun að starfsemi leyfishafa samræmist ekki skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Ávallt skal þó fyrst veita skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Dagsektir geta numið frá 50 til 500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og þeirra hagsmuna sem í húfi eru. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir eru aðfararhæfar, svo og kostnaður við innheimtu þeirra. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Ef um gróf eða ítrekuð brot er að ræða getur Orkustofnun, að undangenginni skriflegri aðvörun og fresti til úrbóta, afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur Orkustofnun þó afturkallað það án aðvörunar.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta.

18. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Orkustofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra árlega skýrslu um framkvæmd laganna.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kæru til iðnaðarráðherra.

19. gr.

Í stað orðanna „í 3. mgr. 5. gr.“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: eða umsaminn.

20. gr.

1. og 2. mgr. 26. gr. laganna falla brott.

21. gr.

28. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur heimilað eignarnám auðlindar ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlindar og öðrum réttindum landeiganda til nýtingar auðlindarinnar í almannaþágu enda komi fullar bætur fyrir.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi auðlindir í jörðu sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu þeirra eða koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu auðlindar utan landareignarinnar.

Ráðherra getur heimilað sveitarfélagi eða orkufyrirtæki í meirihlutaeigu sveitarfélags að taka eignarnámi auðlindir sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

Náist ekki samkomulag um bætur skulu þær ákveðnar samkvæmt reglum eignarnámslaga.

Ef eignarnám skv. 1. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild.

23. gr.

31. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „samkvæmt lögum þessum“ kemur: vegna eignarlanda í eigu ríkisins og þjóðlendna.
b. Í stað orðsins „ráðherra“ kemur: Orkustofnunar.

25. gr.

Handhafi rannsóknar- og/eða nýtingarleyfis skal greiða gjald að fjárhæð allt að 500.000 kr. á ári til að standa straum af kostnaði eftirlits samkvæmt lögum þessum. Ef leyfi er gefið út eða leyfi rennur út á gjaldárinu skal árgjaldið ákvarðað í réttu hlutfalli við þann tíma sem það var í gildi á árinu. Eftirlitsgjaldið skal renna beint til Orkustofnunar og vera innheimt af henni. Aðför má gera til fullnustu kröfum um eftirlitsgjald án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. febrúar ár hvert vegna síðasta almanaksárs.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

27. gr.

Eftirfarandi breyting verður á raforkulögum, nr. 65/2003:

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Umsækjandi virkjunarleyfis hafi gilt nýtingarleyfi vegna viðkomandi auðlindar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I.**

Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa starfshóp fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í starfshópnum skulu jafnframt eiga sæti tveir fulltrúar iðnaðarráðuneytis, einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, tveir fulltrúar umhverfisráðuneytis, einn fulltrúi Samorku og einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi iðnaðarráðuneytis verði formaður starfshópsins.

Starfshópurinn skal eigi síðar en 1. janúar 2010 skila tillögum sínum til forsætisráðherra um mótaða nýtingaráætlun til framtíðar í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 5/2006, um breytingu á lögum nr. 57/1998, sem og útfærðar tillögur um framtíðarskipan mála á grundvelli áætlunarinnar.

Markmið starfshópsins er að gera tillögur um á hvaða svæðum Íslands nýting á auðlindum í jörðu og vatnsafli verður heimil.

**II.**

Við gildistöku laga þessara skal umhverfisráðherra skipa starfshóp fulltrúa allra þing-

flokka sem sæti eiga á Alþingi. Í starfshópnum skulu jafnframt eiga sæti tveir fulltrúar umhverfisráðuneytis, tveir fulltrúar iðnaðarráðuneytis, einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, einn fulltrúi umhverfisverndarsamtaka og einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi umhverfisráðuneytis verði formaður starfshópsins.

Starfshópurinn skal eigi síðar en 1. janúar 2010 skila til forsætisráðherra tillögum sínum um mótaða verndaráætlun til framtíðar sem tekur til svæða þar sem möguleikar eru til nýtingar auðlinda í jörðu og vatnsafls sem og útfærðar tillögur um framtíðarskipan mála á grundvelli áætlunarinnar.

Markmið starfshópsins er að gera tillögur um á hvaða svæðum Íslands nýting á auðlindum í jörðu og vatnsafli verður ekki heimil.

**III.**

Þar til verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið gildi er heimilt, að aðgættum öðrum lagaskilyrðum, að veita nýtingarleyfi þeim rannsóknarleyfishöfum sem við gildistöku laga þessara hafa fengið útgefið rannsóknarleyfi með fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi.

Þar til verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið gildi er heimilt að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a í fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við vegna umhverfisverðmæta.

Þar til verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið gildi er ekki heimilt að veita ný leyfi til rannsóknar og nýtingar á kostum sem ekki falla undir 2. mgr. þessa ákvæðis nema fyrir liggi rannsóknir og mat sambærilegt því sem liggur til grundvallar niðurstöðum rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og að fengnu samþykki Alþingis.

Ákvæði 1.–3. mgr. taka ekki til leyfisveitinga vegna jarðefna, grunnvatns og jarðhita til annarra nota en raforkuvinnslu.

Um skilyrði fyrir veitingu leyfa til rannsókna og/eða nýtingar sem sótt hefur verið um fyrir gildistöku laga þessara en ekki hafa verið afgreidd á því tímamarki skal farið í samræmi við lög nr. 57/1998 með þeim breytingum sem leiðir af lögum þessum.

**IV.**

Forsætisráðherra skal skipa þriggja manna starfshóp sem vinna skal frumvarp um verndar- og nýtingaráætlun sem byggist á tillögum starfshópa iðnaðar- og umhverfisráðuneyta. Í starfshópnum skulu eiga sæti einn fulltrúi frá umhverfisráðuneyti og einn frá iðnaðarráðuneyti. Fulltrúi forsætisráðuneytisins skal vera formaður starfshópsins. Frumvarpið skal lagt fyrir Alþingi í upphafi þings 2010–2011.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem iðnaðarráðherra skipaði í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 5/2006, um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem Alþingi samþykkti 1. febrúar 2006. Í því ákvæði er kveðið á um að iðnaðarráðherra skuli skipa sérstaka nefnd (héðan í frá „nefndin“) sem eigi að gera tillögu um það með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laganna og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Í bráða-

birgðaákvæðinu kemur fram að nefndin skuli skipuð fulltrúum allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi, þremur fulltrúum frá Samorku og tveimur fulltrúum tilnefndum af iðnaðarráðherra, og að annar þeirra skuli vera formaður nefndarinnar.

Með skipunarbréfi, dags. 6. apríl 2006, skipaði iðnaðarráðherra nefnd í samræmi við fyrrgreint bráðabirgðaákvæði. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir aðilar: Karl Axelsson, formaður, tilnefndur af iðnaðarráðherra; Agnar Olsen, tilnefndur af Samorku; Albert Albertsson, tilnefndur af Samorku; Arnbjörg Sveinsdóttir, tilnefnd af þingflokki Sjálfstæðisflokksins; Birkir J. Jónsson, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins; Hjörleifur B. Kvaran, tilnefndur af Samorku; Ingileif Steinunn Kristjánsdóttir, tilnefnd af þingflokki Frjálslynda flokksins; Jóhann Ársælsson, tilnefndur af þingflokki Samfylkingarinnar; Kolbrún Halldórsdóttir, tilnefnd af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs; og Sigfús Ingi Sigfússon, tilnefndur af iðnaðarráðherra. Starfsmaður nefndarinnar var Hreinn Hrafnkelsson, sérfræðingur í iðnaðarráðuneyti. Þá starfaði Dýrleif Kristjánsdóttir hdl. einnig með nefndinni.

Nefndin skrifaði undir skýrslu sína 9. október 2006 og er hún birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Tilvitnuð skýrsla er mjög ítarleg og er því í öllum megindráttum vísað til efnis hennar um forsendur þeirra breytinga sem með frumvarpi þessu eru lagðar til. Hér á eftir verða þó eftir því sem tilefni er til gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

## II. Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ef frumvarp þetta verður óbreytt að lögum munu helstu breytingarnar á gildandi rétti verða þessar:

1. Gildissvið laganna er víkkað þannig að lögin munu einnig ná til nýtingar á vatnsafli til raforkuframleiðslu.
2. Lögin munu hafa í för með sér breytta stjórnsýslu þar sem úthlutun leyfa til rannsókna og nýtingar færist frá iðnaðarráðherra til Orkustofnunar. Eðlilegt þykir að Orkustofnun hafi sem fagstofnun á sviði auðlinda- og orkumála leyfisveitinga- og eftirlitshlutverk og í frumvarpinu er einnig kveðið skýrar á um eftirlitshlutverk og úrræði stofnunarinnar. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar, sem teknar eru á grundvelli laganna, verður hægt að kæra til iðnaðarráðherra.
3. Forræði yfir því hvort auðlindir í jörðu og vatnsafl í eignarlöndum verði rannsakað eða nýtt verður alfarið hjá viðkomandi fasteignareiganda og honum er heimilt að semja um rannsóknir og nýtingu við þá aðila sem hann helst kýs, þó að því gefnu að þeir uppfylli önnur lagaskilyrði og afli annarra tilskilinna leyfa. Í þjóðlendum og á ríkislandi þarf leyfi Orkustofnunar til rannsókna og nýtingar, sem og heimild þess handhafa ríkisvalds sem fer með forræði á viðkomandi svæði, þ.e. forsætisráðherra í þjóðlendum og landbúnaðarráðherra á ríkisjörðum.
4. Lögfestar eru verklagsreglur um hvernig staðið skuli að afgreiðslu og vali milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á auðlindum í jörðu og vatnsafli til raforkuframleiðslu í þjóðlendum og landi í ríkiseigu.
5. Auglýsa skal eftir umsóknum um leyfi til rannsóknar og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli á eignarlöndum ríkisins og í þjóðlendum og setja lágmarksskilyrði um fjárhagslegt bolmagn og þekkingu umsækjenda.
6. Að jafnaði verður skylt að taka gjald fyrir nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls í þjóðlendum og landi í ríkiseigu. Ef fleiri en einn sækja um leyfi skal hagkvæmasta tilboði tekið, en hagkvæmasta tilboð er það boð sem er hæst að fjárhæð og í bestu samræmi við

þær forsendur sem settar hafa verið fram í gögnum, þ.m.t. með tilliti til umhverfissjónarmiða.

7. Sú meginregla gildir að rannsóknarleyfi getur falið í sér forgang til nýtingar.
8. Iðnaðarráðherra skal skipa starfshóp sem hafa mun það hlutverk að móta áætlun um nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls. Áætlunin mun sýna á hvaða svæðum verður heimilt að gefa út leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
9. Umhverfisráðherra mun skipa sérstakan og sambærilegan starfshóp til að móta sérstaka verndaráætlun fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl. Verndaráætlunin mun sýna á hvaða svæðum ekki verður heimilt að gefa út leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
10. Gert er ráð fyrir því að báðir starfshóparnir skili tillögum sínum til forsætisráðherra og hann muni skipa sérstakan starfshóp sem hafa mun það hlutverk að samræma tillögur beggja hópanna í eitt lagafrumvarp um verndar- og nýtingaráætlun sem lagt verði fram á haustþingi 2010.
11. Þar til verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið gildi er heimilt, að aðgættum öðrum lagaskilyrðum, að veita nýtingarleyfi þeim rannsóknarleyfishöfum sem við gildistöku laga þessara hafa fengið útgefið rannsóknarleyfi með fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi. Þar til verndar- og nýtingaráætlun hefur tekið gildi verður jafnframt heimilt að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a í fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við vegna umhverfisverðmæta. Í umhverfisflokkum a og b í rammaáætluninni eru þeir hugsanlegu virkjunarkostir sem minnst umhverfisáhrif eru talin hafa. Þar til verndar- og nýtingaráætlunin hefur tekið gildi verður hins vegar ekki heimilt að veita ný leyfi til rannsóknar og nýtingar á öðrum kostum til raforkuöflunar nema að undangengnum rannsóknum og mati og með samþykki Alþingis.

### III. Samantekt á helstu breytingum frá tillögum nefndarinnar.

Frumvarp það sem hér er lagt fram fylgdi með skýrslu nefndarinnar, en þó hafa verið gerðar eftirfarandi breytingar í kjölfar yfirferðar á frumvarpinu í iðnaðarráðuneyti og að ósk umhverfisráðuneytis:

1. Samkvæmt tillögu umhverfisráðuneytis mun starfshópurinn, sem skipaður verður á grundvelli bráðabirgðaákvæðis I í frumvarpinu, einungis hafa það hlutverk að móta áætlun um nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls, en í tillögu nefndarinnar var gert ráð fyrir að starfshópurinn mundi móta eina heildstæða verndar- og nýtingaráætlun. Áætlunin um nýtinguna mun sýna á hvaða svæðum verður heimilt að gefa út leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Texta þessa frumvarps hefur verið breytt til samræmis við framangreint og þar sem í frumvarpi nefndarinnar var talað um verndar- og nýtingaráætlun er því nú annars vegar vísað til nýtingaráætlunar og hins vegar verndaráætlunar. Einnig hefur samsetningu starfshópsins verið breytt á þann hátt að nú er gert ráð fyrir að í starfshópnum verði auk fulltrúa allra þingflokka tveir fulltrúar iðnaðarráðuneytis, einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, tveir fulltrúar umhverfisráðuneytis, einn fulltrúi Samorku og einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, en í tillögu nefndarinnar var

gert ráð fyrir að starfshópurinn yrði skipaður fulltrúum allra þingflokka, auk fulltrúa frá forsætisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, Íslenskum orkurannsóknum, náttúruverndarsamtökum, Samorku og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Umhverfisráðherra mun hins vegar skipa sérstakan og sambærilegan starfshóp til að móta sérstaka verndaráætlun fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl. Verndaráætlunin mun sýna á hvaða svæðum ekki verður heimilt að gefa út leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Þessi breyting felur í sér að í stað þess að einn starfshópur undir forustu forsætisráðherra móti eina heildstæða verndar- og nýtingaráætlun munu þrír starfshópar sinna þessu verkefni. Iðnaðarráðuneyti mun stýra starfshópi sem móta mun áætlun um nýtingu og umhverfisráðuneyti mun stýra starfshópi sem móta mun áætlun um verndun. Gert er ráð fyrir að báðir starfshóparnir skili tillögum sínum til forsætisráðherra og hann skipi starfshóp sem hafa mun það hlutverk að samræma tillögur beggja hópanna í eitt lagafrumvarp sem lagt verði fram á haustþingi 2010.

2. Að ósk umhverfisráðuneytis hefur verið felld út skilgreining á meginreglum umhverfisréttar í 2. gr. Þess í stað mun umhverfisráðherra leggja fram frumvarp um meginreglur umhverfisréttar og er lagt til að vísað verði til ákvæða þess frumvarps í a-lið 14. gr. og í 15. gr. þess frumvarps sem hér er lagt fram. Í a-lið 14. gr. er einnig bætt inn ákvæði um að við veitingu nýtingarleyfa í eignarlöndum ríkisins og þjóðlendum skuli þess sérstaklega gætt að nýting endurnýjanlegra orkulinda sé sjálfbær.
3. Að beiðni landbúnaðarráðuneytis er lagt til að landbúnaðarráðuneyti fái fulltrúa í starfshópnum sem móta á nýtingaráætlun, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.
4. Í 3. gr. frumvarpsins hefur verið bætt við ákvæði um að leita skulu umsagnar umhverfisráðuneytis við veitingu rannsóknarleyfa og í 6. gr. er bætt við ákvæði um sambærilega umsagnarumleitan áður en nýtingarleyfi er veitt.
5. Bætt er við ákvæði um gjaldtöku fyrir eftirliti með framkvæmd laganna til að tryggja að fullnægjandi lagastoð sé fyrir slíkri gjaldtöku.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með 1. gr. laga nr. 5/2006 var gildissvið laga nr. 57/2006 víkkað út með því að lögin voru látin taka til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Hér er lagt til að lögin nái einnig til nýtingar á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Auk nýtingarleyfis þarf til virkjunar vatnsafls virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum.

Um 2. gr.

Við 2. gr. er bætt skilgreiningum nokkurra hugtaka sem leiðir af breyttum lögum og almennu samræmi löggjafar á þessu sviði. Ekki þykir þörf á sérstökum útskýringum á hugtökum þessum umfram það sem leiðir af lögunum sjálfum.

Þó skal tekið fram að aukið er við skilgreiningu á jarðefnum með því að bæta steindum við upptalningu þeirra. Kemur þar bæði til lagasamræmi, sbr. 40. og 53. gr. náttúruverndarlaga, sem og hitt að mikilvægt er að undirstrika með áþreifanlegum hætti að með hugtakinu jarðefnum samkvæmt lögunum er tilætlunin að ná utan um öll jarðefni, hverju nafni sem þau nefnast.

Um 3. gr.

Verði tillögur nefndarinnar að veruleika leiðir það til nokkurra grundvallarbreytinga á fyrirkomulagi rannsókna samkvæmt lögunum. Er þá annars vegar gert ráð fyrir að forræði yfir því hvort náttúruauðlindir séu rannsakaðar og nýttar í eignarlöndum verði alfarið hjá viðkomandi fasteignareiganda. Hann getur þannig stuðlað að því að náttúruauðlindir í landi hans séu nýttar eða staðið því í vegi. Honum er þá að sama skapi heimilt að semja um rannsókn og nýtingu við þá aðila sem hann helst kýs, þó að því gefnu að þeir verða allt að einu að uppfylla almenn skilyrði 15. gr. frumvarps þessa, sbr. 18. gr. gildandi laga en þar er stefnt að því að tryggja víðtækari hagsmuni en viðsemjendanna einna.

Hvað rannsókn og nýtingu náttúruauðlinda í þjóðlendum og á ríkislandi varðar er nú gert ráð fyrir allbreyttri tilhögun, sbr. ákvæði 12.–14. gr. frumvarpsins. Er þar fortakslaust gert ráð fyrir leyfisveitingu Orkustofnunar og heimild þess handhafa ríkisvalds sem fer með forræði á viðkomandi svæði, þ.e. forsætisráðherra í þjóðlendum og landbúnaðarráðherra á ríkisjörðum. Í undantekningartilvikum kynni fyrirsvar fjármálaráðherra og að koma til.

Þá hefur skýring á inntaki rannsóknarleyfis sem nú er í 1. mgr. 5. gr. verið flutt í þessa grein sem og efni 2. mgr. 5. gr. sem lýtur að útfærslu leyfisveitingar.

Með því að ráðgert er að forræði heimildar til rannsóknar og nýtingar í eignarlöndum flytjist til eiganda viðkomandi eignar er það nú án allrar þýðingar að setja í lög sérstakar reglur um forgang til nýtingar í slíkum tilvikum enda verður slíkt háð samkomulagi viðkomandi fasteignareiganda og viðsemjanda hans. Í þjóðlendum og öðru landi ríkisins kann hins vegar að reyna á slíkan forgangsrétt en betur þykir fara á því að fyrirmælum þar að lútandi verði skipað í VIII. kafla laganna.

Á hinn bóginn þykja rök standa til þess að leggja til að útgefin leyfi samkvæmt lögum þessum verði tímabundin, bæði til rannsókna og nýtingar. Gefst þá færi til nauðsynlegrar endurskoðunar með sama hætti og gildir um ýmis sambærileg leyfi, sbr. t.d. starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun á grundvelli laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Aðstæður, tækni og ýmsar aðrar forsendur leyfisveitingar geta breyst og því nauðsynlegt að þau sæti reglulegri endurskoðun. Þegar um rannsóknarleyfi er að ræða þykja 15 ár eðlilegur hámarkstími. Á hinn bóginn er vert að undirstrika það að endurskoðun rannsóknar- og nýtingarleyfa hefur að jafnaði ekkert með samning leyfishafa við eiganda viðkomandi auðlindar að gera. Þar getur því verið samið til lengri eða skemmri tíma en þegar sú reglulega endurskoðun fer fram sem leiðir af tímabindingu leyfanna. Með þessu fyrirkomulagi er tryggt að reglulega séu endurmetin og endurskoðuð þau almennu skilyrði sem leyfishafi verður að uppfylla, sbr. nánar fyrirmæli VIII. kafla, einkum 18. gr., sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Efni greinarinnar þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 5. gr.

Lagt er til að orðið leit falli úr fyirsögn III. kafla enda gerir frumvarpið ekki ráð fyrir að þörf verði á leit að auðlind sem sérstöku forstigi og undanfara úthlutunar rannsóknar- og nýtingarleyfa. Tillögur nefndarinnar eiga að tryggja að í öllum tilvikum hafi farið fram nauðsynlegar grunnrannsóknir á viðkomandi auðlind áður en svæði því sem hún er á verður skipað í nýtingarflokk. Því verði ekki þörf fyrir úthlutun leyfa vegna sérstaks leitarstigs.

Um 6. gr.

Með sama hætti og leiðir af breyttum forsendum rannsóknarleyfis, sbr. 3. gr. frumvarpsins, mun útgáfa nýtingarleyfis horfa öðruvísi við nái frumvarp þetta fram að ganga. Er þá annars vegar gert ráð fyrir að forræði fyrir því hvort náttúruauðlindir séu nýttar í eignarlöndum verði alfarið hjá viðkomandi fasteignareiganda. Hann getur þannig stuðlað að því að náttúruauðlindir í landi hans séu nýttar eða staðið því í vegi. Honum er þá að sama skapi heimilt að semja um nýtingu við þá aðila sem hann helst kýs, þó að því gefnu að þeir verða allt að einu að uppfylla almenn skilyrði 15. gr. frumvarps þessa, sbr. 18. gr. gildandi laga en þar er stefnt að því að tryggja víðtækari hagsmuni en viðsemjendanna einna.

Hvað nýtingu náttúruauðlinda í þjóðlendum og á ríkislandi varðar er nú gert ráð fyrir allbreyttri tilhögun, sbr. ákvæði 12.–14. gr. frumvarpsins. Er þar fortakslaust gert ráð fyrir leyfisveitingu Orkustofnunar jafnframt heimild þess handhafa ríkisvalds sem fer með forræði á viðkomandi svæði, þ.e. forsætisráðherra í þjóðlendum og landbúnaðarráðherra á ríkisjörðum. Í undantekningartilvikum kynni forsvar fjármálaráðherra og að koma til.

Með því að ráðgert er að forræði heimildar til nýtingar í eignarlöndum flytjist til eiganda viðkomandi eignar er það nú án allrar þýðingar að setja í lög sérstakar reglur um afleiðingar þess að nýting er ekki hafin innan ákveðins tíma á grundvelli slíks leyfis, sbr. nú 1. mgr. 7. gr. laganna, enda verður slíkt háð samkomulagi viðkomandi fasteignareiganda og viðsemjanda hans. Í þjóðlendum og öðru landi ríkisins kann hins vegar að vera ástæða til þess að setja slík skilyrði en betur þykir fara á því að um slíkt sé fjallað í tengslum við VIII. kafla laganna.

Rök þykja standa til þess að leggja til að nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum verði tímabundin. Gefst þá færi til nauðsynlegrar endurskoðunar, sbr. einnig athugasemdir með 3. gr. hér að framan. Eðlilegur hámarkstími vegna nýtingarleyfa þykir 30 ár. Við ákvörðun tímalengdar leyfis skal höfð hliðsjón af eðli auðlindar og umfangi nýtingar. Þannig er eðlilegt að leyfi vegna nýtingar jarðhita og vatnsafls til raforkuframleiðslu séu veitt til allt að 30 ára en leyfi vegna annarra auðlinda séu veitt til skemmri tíma. Með þessu fyrirkomulagi er tryggt að reglulega séu endurmetin og endurskoðuð þau almennu skilyrði sem leyfishafi verður að uppfylla, sbr. nánar fyrirmæli VIII. kafla, einkum 18. gr., sbr. 15. gr. frumvarpsins. Sérstaklega er áréttað að leyfi skuli að öllu jöfnu endurútgefið standi lög því ekki í vegi.

Í 6. mgr. er hnykkt á því að til raforkuframleiðslu þurfi auk nýtingarleyfis virkjunarleyfi í samræmi við ákvæði raforkulaga

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir verulegri einföldun á reglum sem taka til mögulegrar endurgreiðslu kostnaðar, sbr. nú 7. gr. laga 57/1998, í þeim tilvikum að rannsóknarleyfishafi fær ekki eða sækist ekki, eftir heimild til nýtingar viðkomandi auðlindar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að við nýtingu auðlinda á eignarlöndum semji aðilar sérstaklega um slíkt, eftir atvikum fyrir fram en við auðlindanýtingu í þjóðlendum og öðru ríkislandi kunni að verða mælt fyrir um slíkan endurheimturétt í umsóknargögnum eða skilmálum, sbr. 12.–14. gr. frumvarpsins. Allt að einu er þó talið rétt að í þeim tilvikum að ekki hafi sérstaklega verið samið eða mælt fyrir um slíkt geti rannsóknarleyfishafi krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna þeirra rannsókna sem hann hefur stofnað til. Þegar í frumvarpsgreininni er rætt um kostnað er það gert í rúmum skilningi og eftir atvikum getur fjármagnskostnaður og aðrir sambærilegir þættir fallið þar undir.

Um 8. gr.

Breytingar á greininni leiðir af þeirri tillögu nefndarinnar að um vatnsorku verði almennt fjallað í lögunum þó að aðgættum sérákvæðum um raforkuvinnslu samkvæmt raforkulögum.

Um 9. gr.

Með 1. gr. laga nr. 5/2006 var gildissvið laga nr. 57/2006 víkkað út og lögin látin taka til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Hér er lagt til að lögin nái einnig til nýtingar á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Auk nýtingarleyfis samkvæmt lögum þessum þarf til virkjunar vatnsafls virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum.

Um 10. gr.

Breytingar á greininni leiðir af þeirri tillögu nefndarinnar að um vatnsorku verði almennt fjallað í lögunum þó að gættum sérákvæðum um raforkuvinnslu samkvæmt raforkulögum. Þá leiðir það jafnframt af tillögum nefndarinnar að í stað ráðherra kemur Orkustofnun. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Í greininni er mælt fyrir um það að leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt auðlindalögum skuli að jafnaði veitt á grundvelli umsóknar. Með hliðsjón af þeirri grundvallarbreytingu að á eignarlöndum lýtur auðlindanýting forræði landeiganda að aðgættum lagaskilyrðum er þó lagt til að í eignarlöndum nægi formleg staðfesting Orkustofnunar á því að uppfyllt séu skilyrði laga fyrir leyfisveitingu.

Mælt er sérstaklega fyrir um það svo sem gert er í 16. gr. gildandi laga að í umsókn þurfi að koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda.

Loks er ráðgert að nánari reglum hér að lútandi verði komið fyrir í reglugerð.

Um 13. gr.

Í 12.–14. gr. frumvarpsins er að finna reglur sem lúta sérstaklega að leyfisveitingum í þjóðlendum og á landi í ríkiseign. Svo sem fram hefur komið er hér um allveruleg nýmæli að ræða sem útheimta allnákvæma útlistun í lögum en kalla þó á heimildir viðkomandi stjórnvalda til verulegs sveigjanleika í einstökum tilvikum.

Í 13. gr. er fjallað um fyrirkomulag þess hvernig auglýsa skal eftir leyfishöfum á þessu landi. Ekki er ólíklegt að mál muni bera að með þeim hætti að einstakir aðilar lýsi yfir áhuga á því að nýta tiltekna auðlindakosti og í framhaldinu kæmi til auglýsingar enda brýnt að gætt sé jafnræðis gagnvart þeim aðilum sem starfa á viðkomandi sviði. Ekki er þó gert ráð fyrir að skylda til auglýsingar sé fortakslaus því með orðalaginu „að jafnaði“ er tekið tillit til þess að vera kann að Orkustofnun veiti leyfi án þess að til sérstakrar auglýsingar komi. Sem dæmi má nefna að auðlindakostur hafi verið auglýstur áður án þess að neinir umsækjendur hafi gefið sig fram en nýting teljist samfélagslega mikilvæg, t.d. vegna hitaveitu í dreifbýli eða sambærilegra aðstæðna. Gert er þó ráð fyrir að hér verði um þrönga undantekningarheimild að ræða en ekki verða öll tilvik séð fyrir.

Í gildandi lögum er ekki fortakslaust gert ráð fyrir að samið sé um gjaldtöku vegna nýtingar auðlinda í þjóðlendum og á ríkislandi, sbr. heimild þar að lútandi í 1. mgr. 31. gr. Í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins er lagt til gjörbreytt fyrirkomulag hvað þetta varðar og gjaldtaka undir þessum kringumstæðum gerð að meginreglu. Hér þarf þó að huga að því að forræði slíkrar gjaldtöku er annars vegar á hendi forsætisráðherra og sveitarfélaga í þjóðlendum, sbr. II. kafla laga nr. 58/1998, og landbúnaðarráðherra á ríkisjörðum. Í undantekningartilvikum kann slíkt forræði jafnframt að vera á hendi fjármálaráðherra. Með hliðsjón af þessu og til þess jafnframt að skapa nauðsynlegt svigrúm er ekki gert ráð fyrir að skylda til gjaldtöku sé fortakslaus. Þó er gert ráð fyrir að hér verði um þrönga undantekningarheimild að ræða.

Í 3. mgr. 13. gr. er nánari útlistun á því hvað skuli koma fram í auglýsingu, hvar nálgast megi gögn og hver umsóknarfrestur sé og sýnist greinin skýra sig sjálf hvað það varðar.

Í 4. mgr. er kveðið á um lágmarkskröfur um birtingu auglýsingar og jafnframt að í hverju tilviki skuli gætt að mögulegri skyldu til auglýsingar á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Um 14. gr.

*Um a-lið (17. gr. a).*

Í greininni er hnykkt á þeim meginþáttum sem líta ber til þegar veitt eru rannsóknar- og nýtingarleyfi í þjóðlendum og öðru landi ríkisins. Þrátt fyrir þann greinarmun sem gerð er tillaga um að gerður verði á eignarlandi annars vegar og þjóðlendum og ríkislandi hins vegar er alls óheimilt að gagnálykta frá ákvæði greinarinnar á þann veg að við staðfestingu Orkustofnunar á heimild til rannsókna og nýtingar á landi í einkaeigu skuli ekki gætt sömu markmiða. Er þvert á móti unnt að líta á þetta sem meginreglur sem að sínu leyti felast jafnframt í áskilnaði 15. gr. frumvarpsins, sbr. 18. gr. laganna, sem taka fortakslaust til allra rannsókna og nýtingar samkvæmt lögunum.

Í 2. mgr. er tekið fram að við veitingu nýtingarleyfa í eignarlöndum ríkisins og þjóðlendum skuli þess sérstaklega gætt að nýting endurnýjanlegra orkulinda sé sjálfbær. Þá skal þess einnig gætt að tekið sé tillit til ákvæða laga um meginreglur umhverfisréttar, en frumvarp um það efni verður lagt fram af hálfu umhverfisráðherra samhliða frumvarpi þessu.

*Um b-lið (17. gr. b).*

Í 1. mgr. er fjallað um hvaða skilyrði þurfa að koma fram fyrir veitingu leyfis, þ.m.t. um lágmarks fjárshagslegan styrk, tilskilda þekkingu og hvort leyfi er veitt með eða án forgangs til nýtingar. Kveðið skal á um það að viðmið þau sem notuð verði við mat á umsóknum skuli koma fram í auglýsingu og gögnum, þ.m.t. hvert vægi tilboð um endurgjald vegna nýtingar auðlindar hefur þegar valið er milli þeirra umsækjenda sem uppfylla skilyrði. Ekki er talið mögulegt að bregðast nákvæmar við með útlistun þessa í lagatexta enda skilmálar væntanlega ólíkir fyrir ólíkar auðlindir, auðlindakosti og landsvæði. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að í reglugerð sé unnt að útfæra reglur hér að lútandi nokkuð nánar á grundvelli lagafyrirmælanna en að hluta til verður það aðeins gert í auglýsingu og skilmálum vegna einstakra kosta.

Í 2. mgr. er fjallað um það nýmæli að í þjóðlendum og landi í ríkiseigu skuli val milli umsókna grundvallast á tvíþættu ferli, í fyrsta lagi fyrri hluta þar sem umsækjendur eru í kjölfar auglýsingar bornir saman með hliðsjón af þeim skilyrðum sem sett voru í auglýsingu og gögnum og í öðru lagi vali þar sem þeim sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru er gefinn kostur á að skila inn tilboðum í endurgjald vegna leyfisveitingar rannsóknar- og nýtingarleyfis og/eða nýtingar auðlindar. Líklegt er að mál beri þannig að að áhugi vakni á nýtingu einstakra auðlindakosta og/eða svæða og í framhaldinu sé viðkomandi kostur auglýstur. Í fyrri hluta ferlis er metið hvort umsóknir uppfylli lágmarksskilyrði sem sett hafa verið. Þeir

aðilar sem standast þann áskilnað eiga þess kost að taka þátt í seinni hluta ferlisins þar sem fram fer nokkurs konar uppboð þar sem aðilar skila inn tilboðum í endurgjald vegna leyfisveitingar og/eða nýtingar. Á seinna stiginu má hugsa sér að annars vegar sé greitt ákveðið gjald fyrir leyfið sem slíkt og hins vegar ákveðið hlutfall, t.d. miðað við afköst auðlindar. Slík greiðsla gæti farið fram sem eingreiðsla í upphafi eða sem reglulegt endurgjald. Hugsa má sér sambland alls þessa. Nánari fyrirmæli þar að lútandi er eðlilegt að útfæra í reglugerð.

Í 3. mgr. eru útlistaðar þær meginreglur sem hafa ber til hliðsjónar við val á milli umsókna. Þannig er mælt fyrir um að valið skuli á milli umsókna á hlutlægan og gagnsæjan hátt á grundvelli þeirra viðmiða sem fram koma í auglýsingu og gögnum og að óheimilt sé að meta tilboð á grundvelli annarra forsendna en fram koma í auglýsingu og þeim gögnum sem til grundvallar liggja. Sérstaklega er tekið fram að hagkvæmasta tilboð sé það boð sem er hæst að fjárhæð og í bestu samræmi við þær forsendur sem settar hafa verið fram í gögnum, þ.m.t. með tilliti til umhverfissjónarmiða. Hagkvæmasta tilboð getur því verið annað en hæsta tilboð.

Í 4. mgr. er sérstaklega tekið fram að ef aðeins einn aðili sækir um og hann uppfyllir lágmarksskilyrði skuli samið við hann um eðlilegt endurgjald. Eðlilegt endurgjald í þessu sambandi hlýtur að taka mið af markaðsaðstæðum hverju sinni sem og hagkvæmni og umhverfisréttarlegum þáttum. Í 5. mgr. er hins vegar áréttað að heimilt sé að hafna öllum tilboðum í leyfi og það á við hvort sem einn eða fleiri hafa sótt um.

Í 6. mgr. er kveðið á um mögulegan forgangsrétt rannsóknarleyfishafa til nýtingar. Upphaflega var sú tilhögun viðhöfð í lögum nr. 57/1998 að unnt væri að veita rannsóknarleyfi með forgangi til nýtingar. Með lögum nr. 5/2006 var þessi réttur þrengdur allverulega og er nú aðeins hægt að veita forgang til nýtingar vegna hitaveitu. Með þeim grundvallarbreytingum sem lagðar eru til á réttarstöðunni í eignarlöndum annars vegar og þjóðlendum og ríkisjörðum hins vegar er ekki þörf á því lengur að mæla fyrir um forgangsrétt í eignarlöndum enda lýtur slíkt samningsforræði aðila. Hvað þjóðlendur og ríkisland varðar er nú lagt til að bæði sé heimilt að veita rannsóknarleyfi með forgangsrétti til nýtingarleyfis og án forgangs til nýtingar. Verði slíkt metið hverju sinni með hliðsjón af aðstæðum. Líklegra er að það verði áfram þannig að sami aðili sækist eftir rannsóknar- og nýtingarleyfi hverju sinni en þó verður ekki talið útilokað að mál þróist á þann veg að þessir þættir verði að einhverju leyti aðskildir og sérstakir aðilar hafi hug á að sinna eingöngu rannsóknarþættinum en aðrir eingöngu nýtingarþættinum. Ekki er talið rétt að lög standi þessu í vegi.

Í 7. mgr. er talið rétt að mæla fyrir um heimild til þess, bæði við útgáfu rannsóknar- og nýtingarleyfa í þjóðlendum og öðru ríkislandi, að setja leyfishafa þau skilyrði að hafi hann ekki hafið rannsókn eða nýtingu eða sótt um virkjanaleyfi innan fyrirframákveðinna tímamarka falli leyfið úr gildi.

Loks er í 8. mgr. reglugerðarheimild sem telja verður nauðsynlega til þess að útfæra nánar skilmála og skilyrði til veitingar leyfa.

Um 15. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þau atriði sem að lágmarki skal tilgreina í leyfi á grundvelli laganna. Upptalningin er ekki tæmandi heldur tekur hún mið af helstu almennu atriðunum sem ávallt þurfa að vera til staðar í leyfi. Að öðru leyti þarf að meta það í hverju tilviki fyrir sig hvað þarf að koma fram í leyfinu.

Helsta breytingin frá núgildandi lögum sem lögð er til er að felld er brott krafa um að samþykktir leyfishafa, sé um félag að ræða, hafi verið viðurkenndar af ráðherra og að Orku-

stofnun samþykki frumuppdrætti af fyrirhuguðum mannvirkjum. Mannvirkjagerð fellur undir skipulags- og byggingarlög og er á forræði umhverfisráðherra. Önnur ákvæði eru að mestu leyti sambærileg við það sem nú gildir.

Í 2. mgr. er reglugerðarheimild svo að unnt sé að setja nánari ákvæði um efni rannsóknar- og nýtingarleyfis teljist þess þörf.

Um 16. gr.

Lagt er til að 19. gr. gildandi laga verði felld brott enda leiðir það af þeim viðamiklu breytingum sem verða á forræði fasteignareiganda samkvæmt frumvarpinu, þ.e. að hann ræður hvort og þá hver rannsakar og nýtir auðlind á fasteign hans. Um frumkvæði Orkustofnunar til auglýsingar vegna auðlinda í þjóðlendum og á ríkislandi vísast til 13.–14. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um úrræði Orkustofnunar til þess að bregðast við brotum leyfishafa á skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum. Er í 1. mgr. mælt fyrir um heimild til álagningar dagsekta en í 2. mgr. um afturköllun leyfis. Í samræmi við reglur stjórnsýsluréttar skal veita skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Slíks er þó ekki þörf vegna grófustu brota, sbr. niðurlagsákvæði 2. mgr. Í 3. mgr. er loks mælt fyrir um sambærilega heimild við gjaldþrot leyfishafa.

Um 18. gr.

Í 18. gr. frumvarpsins er grein gerð fyrir þeirri stjórnsýslu sem ráðgerð er miðað við gildandi lög en öll stjórnsýsla samkvæmt lögunum flyst til Orkustofnunar nái tillögur í þessa veru fram að ganga. Eftir sem áður er gert ráð fyrir hefðbundnum kærurétti í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttar.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

1. og 2. mgr. 26. gr. gildandi laga taka mið af því fyrirkomulagi að auðlindanýting í eignarlöndum lúti í öllu forræði stjórnvalda en ekki viðkomandi landeiganda. Nái hugmyndir nefndarinnar um breytt forræði hvað þetta varðar fram að ganga eru fyrirmæli tilvitnaðra ákvæða án þýðingar.

Um 21. gr.

Um skýringu á 21. gr. sem felur í sér að 28. gr. gildandi laga falli brott má vísa til athugasemda við 20. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Af breyttri tilhögun leiðir nokkra einföldun á fyrirkomulagi eignarnámsheimilda samkvæmt lögunum. Lagt er til að þeim verði þannig háttað að auk almennrar eignarnámsheimildar í 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins verði áfram gert ráð fyrir þeim sérstöku eignarnámsheimildum sem nú eru í 2. og 3. mgr. 29. gr. gildandi laga og fjalla um sérstakar heimildir ríkinu og sveitarfélögum til handa.

Lögð er sérstök áhersla á það, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, sbr. og 1. gr. 1. samningsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, að gæta ber fyllsta hófs við beitingu eignarnámsheimilda og tryggt verður að vera að efnisleg skilyrði um almannaþörf sem og öll formleg skilyrði séu uppfyllt. Ekki er talið fært að útfæra eignarnámsheimildir með nákvæmari hætti í lagatextanum sjálfum en að sjálfsögðu fara dómstólar með fullt vald til þess að endurskoða ákvörðun stjórnvaldsins þar að lútandi, bæði að formi og efni.

Um 23. gr.

Með greininni er lagt til að 31. gr. gildandi laga verði felld úr gildi. Í 1. mgr. 31. gr. eru nú fyrirmæli um gjaldtöku sem skipað er á annan hátt samkvæmt frumvarpi þessu. Í 2. mgr. 31. gr. er sérstaklega áréttað að auk leyfis samkvæmt þessum lögum þurfi leyfi samkvæmt ákvæðum þjóðlendulaga. Ekki þykja lengur vera nein efni til þess að árétta slíkt sérstaklega enda sætir auðlindanýting samkvæmt lögum þessum fjölmörgum öðrum takmörkunum en leiðir af lögum um þjóðlendur.

Um 24. gr.

Í samræmi við breytingar á forræði fasteignareiganda á rannsókn og nýtingu auðlindar í eignarlandi sínu er lagt til að bann við heimild til framsals eða þess að setja leyfi til tryggingar skuldbindingum verði einskorðað við leyfisveitingar í þjóðlendum og á ríkislandi.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu leyfishafa til að greiða gjald til að standa straum af kostnaði við eftirlit samkvæmt lögum þessum. Eftirlitsgjaldið skal renna beint til Orkustofnunar og vera innheimt af henni. Aðför má gera til fullnustu kröfum um eftirlitsgjald án undan gengins dóms, úrskurðar eða sáttar. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við eftirlit og getur því verið mismunandi eftir tegund leyfis, eðli auðlindar og umfangi rannsókna og/eða nýtingar.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Í greininni er mælt fyrir um viðbót við 5. gr. raforkulaga sem verður 2. mgr. þeirrar greinar og lýtur að því að umsækjandi virkjunarleyfis skuli hafa gilt nýtingarleyfi vegna viðkomandi auðlindar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I og II.

Nefnd iðnaðarráðherra sem samdi frumvarp þetta lagði til að skipaður yrði starfshópur sem í ættu sæti fulltrúar allra hagsmunaaðila á sviði verndunar og nýtingar auðlinda í jörðu og vatnsafls. Hlutverk starfshópsins átti að vera að móta í sameiningu eina heildstæða verndar- og nýtingaráætlun fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafls, enda taldi nefndin að mikilvægt væri að samþætta sjónarmið verndunar og nýtingar við mat á virkjunarkostum og taka tillit til sjónarmiða sjálfbærrar þróunar.

Eins og fram kom í III. kafla í almennum athugasemdum hefur hins vegar verið gerð sú breyting að lagt er til að þessi vinna verði unnin í tveimur aðskildum starfshópum. Iðnaðarráðuneyti mun stýra starfshópi um mótun nýtingarþáttarins og umhverfisráðuneytið starfshópi um mótun verndarþáttarins. Hóparnir skulu skila tillögum sínum til forsætisráðherra og hann mun, með aðstoð sérstaks starfshóps, sbr. ákvæði til bráðabirgða IV, hafa það hlutverk að samræma tillögur beggja hópanna í eitt lagafrumvarp sem lagt verður fram á haustþingi 2010.

Rétt er halda því til haga sem segir um tillögu nefndarinnar í frumvarpi því sem nefndin skilaði sem fylgiskjali með skýrslu sinni í október 2006.

Nefndin lagði til að Alþingi mótaði langtímastefnu um rannsóknir, nýtingu og verndun þeirra auðlinda sem lög 57/1998 taka til, jarðefna, jarðhita, grunnvatns, hveraörvera og vatnsafls til raforkuframleiðslu. Í frumvarpi nefndarinnar segir síðan orðrétt:

„Slík áætlun yrði samþykkt, að undangengnum nauðsynlegum undirbúningi, sem lög eða þingsályktun um sérstaka verndar- og nýtingaráætlun sem gilda skal til langs tíma, t.d. til 25 ára í senn, en sætti reglulegri endurskoðun, t.d. ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Áætlun þessi fæli í sér langtímastefnumótun um nýtingu og verndun á tilteknum svæðum og/eða auðlindum sem á endanum tæki til landsins alls og ætti að geta orðið hluti af samræmdri áætlun um verndun og nýtingu náttúrugæða. Hún mundi því sýna á skýran og gagnsæjan hátt hvaða valkostir eru til staðar varðandi nýtingu auðlinda hérlendis næstu áratugi.

Viðamikil langtímaáætlun af þessum toga felur óneitanlega í sér umfangsmiklar takmarkanir sem kalla á það að sérstaklega verði hugað að vernd eignar- og atvinnuréttinda, sbr. 72. gr. stjórnarskrár. Í sjálfu sér hefur þetta engin áhrif á stöðu þess lands sem telst þjóðlendur eða er í ríkiseign. Álitaefnið varðar hins vegar þá stöðu sem uppi kann að vera komi til þess að landsvæði eða náttúruauðlindir sem skipað er í verndarhluta fyrirhugaðrar áætlunar eru í einkaeign og þar sé unnt að sýna fram á nýtingarmöguleika, sem ekki geta þá komið til framkvæmda.

Eins og fram hefur komið er vernd 72. gr. stjórnarskrár ekki altæk í þeim skilningi að í réttarframkvæmd hefur verið viðurkennt að löggjafanum sé heimilt að setja eignarráðum almennar takmarkanir án þess að bótaskylda stofnist enda lúti slíkar takmarkanir að því að verja almannahagsmuni, samfélagslega hagsmuni í víðtækri merkingu. Sú heimild felur þó ekki í sér heimild til þess að aftengja með öllu þær heimildir sem að stjórnlögum og almennt séð felast í eignarréttinum. Hér verður því um vandratað einstigi að feta.

Grundvallaratriði er að fyrirmæli af þessum toga séu sem almennust og uppfylli jafnræðissjónarmið í hvívetna. Þá hvílir sönnunarbyrði um meint tjón sem endranær á þeim fasteignareiganda sem slíku heldur fram. Þá skiptir jafnframt máli varanleiki þess að skipa ákveðnum svæðum og/eða auðlindum í verndarhluta langtímaáætlunar. Hér að framan hefur það verið nefnt til sögunnar að slík áætlun yrði t.d. sett til 25 ára í senn en sætti reglulegri endurskoðun. Slík tilhögun fæli ekki í sér sömu varanlegu takmörkunina og leiðir til að mynda af friðlýsingu á grundvelli VII. kafla náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, sbr. eignarnámsákvæði 64. gr. laganna. Allt að einu verður fyrirsjáanlega um fjölmörg takmarkatilvik að ræða og mögulega veigameiri bótaskyldu íslenska ríkisins en áður hefur þekkst af sambærilegum ráðstöfunum. Að öllu þessu þarf að huga við mótun framtíðarreglna um auðlindanýtingu sem og í hinni pólitísku umræðu sem óhjákvæmilega mun eiga sér stað.

Nefndin leggur til að við gerð slíkrar áætlunar skuli sérstaklega litið til niðurstaðna rannsókna og mats á þeim hugsanlegu virkjunarkostum sem settir eru fram í skýrslu um niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, sem og niðurstaðna rannsókna og mats 2. áfanga rammaáætlunarinnar, sem áætlað er að liggi fyrir árið 2009. Við gerð slíkrar áætlunar yrði jafnframt að líta til annarra rannsókna og áætlana eftir því sem við á og er þá sérstaklega horft til gildandi náttúruverndaráætlunar á hverjum tíma og grunnrannsókna Náttúrufræðistofnunar sem áætlað er að ljúki á næstu árum.

Í nýtingarhluta áætlunarinnar verði skilgreind og talin upp þau svæði og/eða auðlindir sem teljast nýtileg til orkuframleiðslu án umtalsverðra umhverfisáhrifa, t.d. þau svæði sem eru í tilteknum umhverfisflokkum í rammaáætluninni. Hægt verði að fara í leyfisveitingaferli á þessum svæðum án frekari umfjöll-

unar, en það er hins vegar ekki trygging fyrir því að önnur leyfi fáist því eftir sem áður verður að fá öll önnur tilskilin og lögbundin leyfi eftir því sem við á, þ.m.t. rannsóknar- og nýtingarleyfi samkvæmt auðlindalögum og virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum.

Í verndarhluta áætlunarinnar verði skilgreind og talin upp þau svæði og/eða auðlindir sem á að vernda vegna þess að talið sé að raforkuvinnsla á þeim hafi í för með sér of mikil umhverfisáhrif. Í verndarhlutanum gætu t.d. verið svæði sem eru í tilteknum umhverfisflokkum í rammaáætluninni.

Lagt er til að verndar- og nýtingaráætlunin verði samþykkt í fyrsta sinn sem lög eða þingsályktun frá Alþingi árið 2010. Ekki er nauðsynlegt að á þeim tímapunkti liggi fyrir endanleg niðurstaða til allra landshluta og allra auðlindakosta. Ljóst er að nauðsynlegum rannsóknum verður ekki lokið í öllum tilvikum og gefa þarf áframhaldandi tíma til þeirra. Viðkomandi landsvæði/náttúruauðlindir eru þá „ósnertanlegar" þangað til því er lokið, þ.e. ekki verður hægt að samþykkja að svæði og/eða auðlindir sem ekki hafa verið tekin fyrir í áætluninni eða svæði/auðlindir sem afla þarf betri gagna um fari inn í nýtingarhlutann og í leyfisveitingaferli fyrr en að loknu sambærilegu mati, rannsóknum og gagnaöflun. Ætlunin er þó sú að þetta standi því ekki í vegi að beiðnir komi fram um það að ákveðin svæði og/eða auðlindakostir verði settir í forgang og að brugðist verði við slíkum beiðnum séu þær settar fram á málefnalegum forsendum.

Nefndin áréttar að hún telur ekki mögulegt að svo stöddu að móta í neinum smáatriðum frekari útfærslu þessara áforma enda er umboð hennar takmarkað og rannsóknir og úrvinnsla í mörgum tilvikum of skammt á veg komin. Því er nauðsynlegt að grunnur verndar- og nýtingaráætlunarinnar verði unnin í samráði við alla helstu hagsmunaaðila og settur verði upp starfshópur sem verði a.m.k. skipaður fulltrúum frá forsætisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, Íslenskum orkurannsóknum, náttúruverndarsamtökum, Samorku og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Lagt er til að iðnaðarráðherra skipi í starfshópinn á grundvelli tilnefninga frá fyrrnefndum aðilum og að fulltrúi forsætisráðuneytis verði formaður starfshópsins.

Einnig er lagt til að sá starfshópur leggi fram tillögur um það hvernig haldið verði á þessum málum til framtíðar, þ.e. eftir að starfshópurinn hefur lokið sínu starfi. Ein möguleg lausn væri t.d. að skipa til frambúðar sérstaka verkefnisstjórn sem starfaði á svipaðan hátt og verkefnisstjórn 1. áfanga rammaáætlunar, þó fámennari, en með sömu sjónarmið að leiðarljósi. Hlutverk verkefnistjórnarinnar væri að tryggja að nauðsynlegar grunnrannsóknir fari fram og taka á grundvelli þeirra mótaða afstöðu til nýrra kosta sem ekki hafa verið teknir fyrir í áætluninni. Verkefnisstjórnin mundi síðan gera tillögu um það til forðsætisráðuneytis hvort viðkomandi kostir fari í verndarhlutann eða nýtingarhlutann og ráðherra í framhaldi af því gera tillögu til Alþingis. Eins mundi verkefnisstjórnin fjalla um óskir um breytingar á verndar- og nýtingaráætluninni og leggja tillögur sínar þar að lútandi fyrir. Alþingi ætti því að geta bætt við, endurskoðað og breytt verndar- og nýtingaráætluninni ef þurfa þykir, m.a. til að taka tillit til breytinga á stefnu stjórnvalda, breyttra viðhorfa til umhverfismála og auðlindanýtingar, nýrra rannsókna, sem og nýrrar tækni og aðferða við nýtingu auðlinda á viðkomandi svæði. Það gæti eftir atvikum gerst a.m.k. einu sinni á fjögurra ára fresti, oftar ef þurfa þykir. Þannig yrði tekin afstaða til nýrra kosta eða tillagna um breytingar og fjallað um tillögur þess efnis hvort viðkomandi kostur falli nýtingar- eða verndarmegin.

Til að tillögur þessar geti orðið raunhæfar er jafnframt nauðsynlegt að stjórnvöld leggi aukið fé til nauðsynlegra grunnrannsókna og gerðar yfirstandandi rammaáætlunar þannig að hægt verði að ljúka þeim rannsóknum og mati árið 2009. Nefndin leggur því til að aukið fjármagn verði veitt til slíkra rannsókna. Einnig er nauðsynlegt að starfshópurinn hafi nægilegt fjármagn til umráða til að hann geti sinnt sínu verkefni innan áformaðra tímamarka.

Þær tillögur sem hér hefur verið gerð grein fyrir fela í sér meginlínur varðandi stefnumótun um auðlindanýtingu og verndun. Nefndin taldi ekki mögulegt að útfæra þær hugmyndir frekar til að takmarka ekki um of störf þess starfshóps sem lagt er til að skipaður verði til að útfæra nánar verndar- og nýtingaráætlun fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl. Þar að auki er ekki gert ráð fyrir að niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma verði tilbúnar fyrr en árið 2009 og því skortir í dag rannsóknir til að hægt sé að útfæra verndar- og nýtingaráætlunina á fullnægjandi hátt. Nefndin telur hins vegar að ef samkomulag næst um þessa lausn gæti skapast farvegur þjóðarsáttar um þetta viðkvæma deilumál undanfarinna áratuga."

Eins og fram hefur komið hefur verið gerð breyting á þessari tillögu nefndarinnar og starfshópurinn sem skipaður verður á grundvelli bráðabirgðaákvæðis I mun því einungis hafa það hlutverk að móta áætlun um nýtingu fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl. Slík áætlun mun sýna á hvaða svæðum verður heimilt að gefa út leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Umhverfisráðherra mun hins vegar setja á stofn sérstakan og sambærilegan starfshóp til að móta sérstaka áætlun um verndun fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl. Sú áætlun mun sýna á hvaða svæðum ekki verður heimilt að gefa út leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Með þessari breytingu er því gert ráð fyrir að í stað þess að einn starfshópur undir forustu forsætisráðherra móti eina heildstæða verndar- og nýtingaráætlun muni þrír starfshópar sinna þessu verkefni. Iðnaðarráðuneyti mun stýra starfshópi sem móta mun nýtingaráætlunina og í starfshópnum munu jafnframt eiga sæti annar fulltrúi iðnaðarráðuneytis, einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, tveir fulltrúar umhverfisráðuneytis, einn fulltrúi Samorku og einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umhverfisráðuneyti mun stýra starfshópi sem móta mun verndaráætlunina.

Eins og fram kemur í bráðabirgðaákvæði IV er síðan gert ráð fyrir að báðir starfshóparnir skili tillögum sínum til forsætisráðherra og hann muni skipa sérstakan starfshóp sem hafa mun það hlutverk að samræma tillögur beggja hópanna í eitt lagafrumvarp sem lagt verði fram á haustþingi 2010.

Í samræmi við tillögu nefndar iðnaðarráðherra er einnig lagt til að starfshópar umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra leggi fram tillögur um það hvernig haldið verði á þessum málum til framtíðar, þ.e. eftir að starfshóparnir hafa lokið sínu starfi. Ein möguleg lausn væri t.d. að skipa til frambúðar sérstaka verkefnisstjórn sem starfaði á svipaðan hátt og verkefnisstjórn 1. áfanga rammaáætlunar, þó fámennari, en með sömu sjónarmið að leiðarljósi. Hlutverk verkefnistjórnar væri að tryggja að nauðsynlegar grunnrannsóknir færu fram og tækju á grundvelli þeirra mótaða afstöðu til nýrra kosta sem ekki hafa verið teknir fyrir í áætluninni. Verkefnisstjórnin mundi síðan gera tillögu um það til forsætisráðuneytis hvort viðkomandi kostir færu í verndar- eða nýtingaráætlun. Eins mundi verkefnisstjórnin geta fjallað um óskir um breytingar á verndar- og nýtingaráætluninni og lagt tillögur sínar þar að lútandi fyrir forsætisráðherra og ráðherra í framhaldi af því gert tillögu til Alþingis.

Þær tillögur sem hér hefur verið gerð grein fyrir fela í sér meginlínur varðandi stefnumótun um auðlindanýtingu og verndun, en ekki þykir rétt að útfæra þær hugmyndir frekar til að takmarka ekki um of störf framangreindra starfshópa og er það í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar. Þar að auki er ekki gert ráð fyrir að niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma verði tilbúnar fyrr en árið 2009 og því skortir í dag rannsóknir til að hægt sé að útfæra verndar- og nýtingaráætlunina á fullnægjandi hátt.

## Um ákvæði til bráðabirgða III.

Efni ákvæðis til bráðabirgða III tekur í 1.–3. mgr. til þess tímabils sem varir frá gildistöku laga þessara þar til framtíðarskipan í samræmi við ákvæði til bráðabirgða IV hefur verið komið á með lögformlegum hætti.

Sú tilhögun sem lögð er til í 1.–3. mgr. er í samræmi við tillögu meiri hluta nefndarinnar. Í skýrslu nefndarinnar er ítarlega fjallað um forsendur þessarar tillögu en í kafla 9.2 er hún

nánar útfærð með þeim hætti að lagt er til að heimilt verði að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a, í fyrsta áfanga rammaáætlunar, og þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við á þeim forsendum að umhverfisverðmæti þeirra sé talið mikilvægt. Ávallt verði þó að vera tryggt að fullnægjandi grunnrannsóknir hafi farið fram á hverjum kosti. Valið er almennt viðmið sem ekki er hægt að segja að bitni sérstaklega á einum aðila umfram aðra. Með þessari tillögu er mögulegri orkunýtingu á næstu árum sniðinn afar þröngur stakkur. Það er því óhjákvæmilegt að unnt verði að bregðast við ófyrirséðum atvikum. Því er lagt til að, með samþykki Alþingis, verði hægt að gefa út frekari leyfi til rannsókna og nýtingar á svæðum sem ekki tilheyra fyrirvaralausum kostum í umhverfisflokkum a og b í fyrsta áfanga rammaáætlunar en þó ekki fyrr en að loknum sambærilegum rannsóknum og mati sem niðurstöður rammaáætlunar byggjast á.

Í 4. mgr. er áréttað að takmarkanir þær sem leiðir af 1.–3. mgr. ákvæðisins taki ekki til nýtingar grunnvatns, jarðefna og jarðhita til annarra nota en raforkuvinnslu. Um frekari forsendur þessa vísast til umfjöllunar í kafla 9.4 í skýrslu nefndarinnar um að ekki sé þörf sérstakra aðgerða eða takmarkanna vegna þessarar nýtingar á tímabilinu fram til ársins 2010 þegar áformað er að framtíðarskipan mála hafi verið komið á.

Í 5. mgr. er um lagaskil lagt til að skilyrði fyrir veitingu leyfa til rannsókna og/eða nýtingar sem sótt hafi verið um fyrir gildistöku laga þessara en ekki verið afgreidd á því tímamarki skuli farið í samræmi við lög nr. 57/1998 með þeim breytingum sem leiðir af lögum þessum.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Í ákvæði til bráðabirgða IV er kveðið á um að forsætisráðherra skuli skipa þriggja manna starfshóp sem vinna skal frumvarp sem byggir á tillögum starfshópa iðnaðar- og umhverfisráðuneytis. Í starfshópnum skulu eiga sæti einn fulltrúi frá umhverfisráðuneyti og einn frá iðnaðarráðuneyti. Fulltrúi forsætisráðuneytisins skal vera formaður starfshópsins. Frumvarpið skal lagt fyrir Alþingi í upphafi þings 2010–2011.

**Fylgiskjal I.**

## Framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls.

*Skýrsla nefndar iðnaðarráðherra sem skipuð var samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 5/2006, um breytingu á lögum nr. 57/1998.*
(Október 2006.)

### 1. Inngangur.

Þann 1. febrúar 2006 samþykkti Alþingi lög nr. 5/2006, um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í lögunum er ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að iðnaðarráðherra skuli skipa sérstaka nefnd sem eigi að gera tillögu um það með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laganna og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Í bráðabirgðaákvæðinu kemur fram að nefndin skuli skipuð fulltrúum allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi, þremur fulltrúum frá Samorku og tveimur fulltrúum tilnefndum af iðnaðarráðherra og að annar þeirra skuli vera formaður nefndarinnar.

Með skipunarbréfi, dagsettu 6. apríl 2006, skipaði iðnaðarráðherra nefnd í samræmi við framangreint bráðabirgðaákvæði. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir aðilar: Karl Axelsson, formaður, tilnefndur af iðnaðarráðherra; Agnar Olsen, tilnefndur af Samorku; Albert Albertsson, tilnefndur af Samorku; Arnbjörg Sveinsdóttir tilnefnd af þingflokki Sjálfstæðisflokksins; Birkir Jón Jónsson, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins; Hjörleifur B. Kvaran, tilnefndur af Samorku; Ingileif Steinunn Kristjánsdóttir, tilnefnd af þingflokki Frjálslynda flokksins; Jóhann Ársælsson, tilnefndur af þingflokki Samfylkingarinnar; Kolbrún Halldórsdóttir, tilnefnd af þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Sigfús Ingi Sigfússon, tilnefndur af iðnaðarráðherra. Starfsmaður nefndarinnar var Hreinn Hrafnkelsson, sérfræðingur í iðnaðarráðuneyti. Þá starfaði Dýrleif Kristjánsdóttir hdl. einnig með nefndinni.

Samkvæmt fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði laga nr. 5/2006 átti nefndin að skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. september 2006, en vegna mikils umfangs verkefnisins töfðust skil um rúmar þrjár vikur. Skýrsla þessi og lagafrumvarp sem fylgir með skýrslunni er afrakstur vinnu nefndarinnar.

### 1.1. Verkefni nefndarinnar.

Svo sem fram kemur hér að framan var verkefni nefndarinnar í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar að gera tillögu um það með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laganna. Hins vegar að marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til.

Ljóst má vera að nefndinni var ætlað vandasamt verkefni. Nefndarmenn gerðu sér tiltölulega snemma grein fyrir því að meðan miklu einfaldara væri að gera tillögur um val milli umsókna væri sínu erfiðara að móta sameiginlegar tillögur um framtíðarstefnu um auðlindanýtingu. Þá setur það verkefninu að sínu leyti skorður að tillögum nefndarinnar, skv. bráðabirgðaákvæði við lög nr. 5/2006, um breytingu á lögum nr. 57/1998, er eingöngu ætlað að taka til þeirra auðlinda sem undir þau lög falla. Samkvæmt laganna hljóðan er þar um að ræða

jarðefni, jarðhita, grunnvatn og rannsóknir á vatnsorku til raforkuframleiðslu, í eignarlöndum og þjóðlendum. Utan laganna og verkefnis nefndarinnar falla þannig ýmsar þýðingarmiklar auðlindir sem fjallað er um í öðrum lögum. Þá taka lögin ekki að neinu leyti til auðlindanýtingar á landgrunni, þ.e. utan netlaga jarða.

Þrátt fyrir framangreint taldi nefndin nauðsynlegt að skoða auðlindanýtingu og reglur þar að lútandi út frá víðtæku sjónarmiði, miklu mun víðtækara en leiðir af þeirri auðlindanýtingu einni sem lög nr. 57/1998 taka til, þó svo niðurstöður og tillögur nefndarinnar taki eingöngu til þeirra auðlinda sem þar er fjallað um. Þá voru nefndarmenn sammála um að hlutverk þeirra væri fyrst og fremst afmarkað við það að setja leikreglur til framtíðar um auðlindanýtingu, bæði varðandi þá heildarstefnu sem tekin verður varðandi verndun og nýtingu, sem og útfærslu þeirra reglna sem fjalla munu um val milli einstakra umsækjenda. Endanlega ákvörðun um hvaða svæði skuli nýtt og hver skuli friðuð um lengri eða skemmri framtíð sé á hinn bóginn eðlilegra að Alþingi sjálft taki.

### 1.2. Störf nefndarinnar og efnisöflun.

Formaður nefndarinnar boðaði til fyrsta fundar 5. maí og hélt nefndin alls 18 fundi á starfstíma sínum. Nefndin fékk fjölda gesta á sinn fund til að ræða um atriði sem skipta máli við stefnumótun um auðlindanýtingu og val milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi eins og nánar verður farið yfir í þessum kafla.

#### *1.2.1. Val á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi.*

Til að undirbúa störf nefndarinnar skipaði iðnaðarráðherra sérstakan starfshóp sérfræðinga til að vera nefndinni til aðstoðar við greiningu á atriðum er skipta máli við val á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli gildandi laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og þær leiðir sem farnar hafa verið í þessu sambandi í öðrum löndum. Í starfshópinn voru skipaðir Pétur Örn Sverrisson, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti, formaður, Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskóla Íslands, og Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, aðstoðarorkumálastjóri, auk þess sem Hreinn Hrafnkelsson, sérfræðingur í iðnaðarráðuneyti, starfaði með hópnum. Starfshópurinn skilaði greinargerð sinni 11. maí og var hún rædd á 2. fundi nefndarinnar 16. maí, en Pétur Örn Sverrisson, formaður starfshópsins, hafði áður farið yfir helstu efnisatriði greinargerðarinnar á 1. fundi nefndarinnar.

#### *1.2.2. Stefnumótun um auðlindanýtingu.*

Nefndin ræddi ítarlega atriði sem skipt geta máli við stefnumótun um auðlindanýtingu og fór m.a. yfir löggjöf og alþjóðasamninga um auðlindamál, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og náttúruverndaráætlun.

##### *Löggjöf og alþjóðasamningar um umhverfis- og auðlindamál.*

Guðjón Axel Guðjónsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti, mætti á 4. fund nefndarinnar og fór yfir helstu atriði laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Guðjón fór einnig yfir helstu atriði frumvarps til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, sem lagt var fyrir á Alþingi á 131. löggjafarþingi árið 2004–2005, en afgreiðslu þess var frestað á sínum tíma, m.a. vegna þess að æskilegt var talið að þar yrði ákvæði um það hvernig ætti að velja á milli umsækjenda, en hlutverk þessarar nefndar er m.a. að gera tillögu um slíkt ákvæði. Þá fór Karl Axelsson, for-

maður nefndarinnar, einnig ítarlega yfir þau ákvæði framangreindra laga er snúa að leyfum til auðlindanýtingar.

Á 4. fund nefndarinnar mættu einnig Ingimar Sigurðsson og Hugi Ólafsson, skrifstofustjórar í umhverfisráðuneyti, og fóru yfir löggjöf á sviði umhverfismála sem tengist auðlindanýtingu og umhverfisvernd, sérstaklega lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Ingimar og Hugi fóru einnig yfir helstu alþjóðasamninga sem tengjast auðlindanýtingu, en þar er um að ræða samninginn um líffræðilega fjölbreytni, Ramsar-samninginn um verndun votlendis, einkum fyrir fugla, Bernarsamninginn um verndun tegunda og búsvæði þeirra í Evrópu, OSPAR-samninginn um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, Stokkhólmssamninginn um þrávirk lífræn efni, samning um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa, rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, rammatilskipun ESB um vatn og tilskipun ESB um umhverfisábyrgð. Einnig var farið sérstaklega yfir skuldbindingar Íslands með tilliti til Kýótó-bókunarinnar.

***Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.***

Á 3. fundi nefndarinnar var farið ítarlega yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Sveinbjörn Björnsson frá Orkustofnun, formaður verkefnisstjórnar 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, fór yfir helstu niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunarinnar. Markmið áætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt í vatnsafli sem háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar sem og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Niðurstöður rammaáætlunar koma fram í röðun kosta eftir annars vegar hagkvæmni og almennum efnahagslegum áhrifum, og hins vegar miðað við önnur sjónarmið, t.d. náttúrufarsgildi, menningarminjar, útivistargildi, áhrif á ferðamennsku og hlunnindi. Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í líffræði við Háskóla Íslands og formaður faghóps I um náttúrufar og minjar í rammaáætluninni, fór á sama fundi yfir aðferðafræði og niðurstöður faghópsins, en hlutverk hans var að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á landslag, jarðmyndanir, gróður, dýralíf og minjar. Loks fjallaði Hákon Aðalsteinsson frá Orkustofnun um vinnu við 2. áfanga rammaáætlunar, en áherslan þar er á nýja virkjunarkosti, að bæta úr annmörkum 1. áfanga og skoða áhrif smárra virkjana. Þorkell Helgason orkumálastjóri og Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir aðstoðarorkumálastjóri mættu einnig á þennan fund og tóku þátt í umræðum. Þá mætti Þorvarður Árnason, náttúrufræðingur og forstöðumaður Háskólasetursins á Höfn, á 9. fund nefndarinnar og fjallaði um vinnu við mat á landslagi, en sú vinna er í tengslum við 2. áfanga rammaáætlunar. Nánar er fjallað um rammaáætlunina í 7. kafla skýrslunnar.[1]

***Náttúruverndaráætlun 2004–2008.***

Árni Bragason, forstöðumaður náttúruverndarsviðs hjá Umhverfisstofnun mætti á 4. fund nefndarinnar og fór yfir náttúruverndaráætlun 2004–2008, en þar er að finna tillögur Náttúru-

[1] Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er að finna á vefslóðinni http://www.landvernd.is/natturuafl/.

fræðistofnunar um friðlýsingar.[2] Náttúruverndaráætlun er ætlað að gefa yfirlit yfir náttúruminjar (þ.e. náttúruverndarsvæði, lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi) og þar er lýst sérkennum minjanna og sérstöðu þeirra í náttúru landsins. Í því sambandi er tekið tillit til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt vistgerða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna. Árni fór einnig yfir þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008 sem Alþingi samþykkti 28. maí 2004, en þar kemur m.a. fram að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi.[3] Umhverfisstofnun hefur þegar hafið undirbúning friðlýsinga viðkomandi svæða og fundað með sveitarstjórnum og landeigendum og haldið kynningarfundi. Drög að reglum fyrir svæðin verða unnin í samráði Umhverfisstofnunar og hagsmunaaðila.

***Starfsemi Náttúrufræðistofnunar.***

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, mætti á 6. fund nefndarinnar og kynnti rannsóknir stofnunarinnar, auk þess að ræða við nefndina um atriði sem hafa þarf í huga við stefnumótun um verndun og nýtingu náttúruauðlinda.

***Samráð við hagsmunaaðila.***

Auk ofangreindra gesta bauð nefndin einnig fulltrúum frá ýmsum hagsmunaaðilum á sinn fund til að kynna sjónarmið sín varðandi verkefni nefndarinnar og mættu eftirtaldir aðilar á fund nefndarinnar: Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, Árni Snæbjörnsson frá Bændasamtökunum, Bent Einarsson, forstjóri Jarðborana, Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar, Birkir Friðbertsson, formaður Landssamtaka raforkubænda, Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, Freysteinn Sigurðsson, varaformaður Landverndar og Reimar Pétursson, framkvæmdastjóri hjá Atorku.

### 1.3. Tilhögun skýrslu.

Skýrsla nefndarinnar er þannig uppbyggð að í 1. kafla hefur verið gerð grein fyrir skipan nefndarinnar og meginverkefnum hennar, auk þess sem lýst hefur verið störfum nefndarinnar og þeirri tilhögun sem höfð hefur verið á efnis- og upplýsingaöflun. Í 2. kafla skýrslunnar er að finna úttekt á lagaumhverfi á Íslandi, þar sem fjallað er um eignarhald auðlinda, gildandi löggjöf um auðlindanýtingu og stýringu og helstu þætti löggjafar á sviði umhverfis- og náttúruverndar. Einnig er í kaflanum fjallað um alþjóðlega samninga um umhverfisvernd sem Ísland er aðili að. Í 3. kafla er vikið að þeim löggjafarhugmyndum sem fram komu í frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum sem lagt var fram á Alþingi í nóvember 2004. Þá er í 4. kafla yfirlit um leyfisveitingar fyrir rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls hérlendis og núverandi stöðu mála varðandi útgáfu leyfa. Í 5. kafla er fjallað um sjálfbæra þróun og stefnumörkun á því sviði hér á landi, í 6. kafla er sérstök grein gerð fyrir tillögum auðlindanefndar í skýrslu hennar frá árinu 2000 og í 7. kafla er gerð grein fyrir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Í 8. kafla er fjallað um löggjöf

---

[2] *Náttúruverndaráætlun, aðferðarfræði – Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar* er að finna á vefslóðinni: http://www.ust.is/Natturuvernd/Natturuverndaraaetlun/.

[3] *Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008* (þál. nr. 28/130) er að finna á vefslóðinni: http://www.althingi.is/pdf/thingskjal.php4?lthing=130&skjalnr=1842.

og stefnumótun á þessu sviði erlendis og að því marki sem slíkt var talið þjóna tilgangi fyrir verkefni nefndarinnar.

Niðurstöður og tillögur nefndarinnar er að finna í 9. kafla skýrslunnar. Þar er í fyrsta lagi gerð grein fyrir tillögum hennar varðandi framtíðarstefnu um nýtingu auðlinda í jörðu. Í öðru lagi er sérstaklega um það fjallað hvernig meðhöndla skuli umsóknir um rannsóknir og nýtingu á því tímabili sem framtíðarstefnan er í mótun. Í þriðja lagi eru loks settar fram tillögur um aðferðir við úthlutun leyfa og val á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi. Í fylgiskjali með skýrslunni er að finna frumvarp með tillögum um nauðsynlegar lagabreytingar í þessa veru ásamt skýringum við einstakar greinar, en gert er ráð fyrir því að skýrslu nefndarinnar beri að öðru leyti að skoða sem almennar athugasemdir með frumvarpinu. Loks fylgir með skýrslunni listi yfir gögn sem nefndin hefur aflað og þýðingarmikið er að hafa til hliðsjónar um einstök atriði.

## 2. Lagaumhverfi.

Í þessum kafla skýrslunnar verður í fyrsta lagi leitast við að gefa heildarmynd af eignarhaldi náttúruauðlinda innan íslensks forráðasvæðis. Í öðru lagi verður gerð ítarleg grein fyrir því kerfi sem í dag gildir varðandi úthlutun leitar, rannsóknar og nýtingarleyfa stjórnvalda á auðlindum innan þess sama forráðasvæðis. Í þriðja lagi verður gerð grein fyrir þeim lagaákvæðum af umhverfisréttarlegum toga sem talin verða máli skipta og loks verður gefið stutt yfirlit yfir þá alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að og mögulega verður talið að máli skipti.

### 2.1. Um eignarhald náttúruauðlinda.

Í þessari samantekt mun fyrst vikið nokkrum orðum að íslensku forráðasvæði í rúmri merkingu. Þá mun fjallað um hugtakið eignarrétt að íslenskum rétti og helstu atriði sem tengjast eignarráðum að fasteignum. Þá mun verða nánar vikið að þeim lagalega mun sem kann að vera á eignarlandi annars vegar og þjóðlendu hins vegar.

#### *2.1.1. Forráðasvæði íslenska ríkisins, afmörkun þess og heimilda ríkisins.*

Forráðasvæði íslenska ríkisins skiptist í megindráttum í land, hafsvæði og lofthelgi. Til allra þessara svæða nær fullveldisréttur íslenska ríkisins. Í honum felst réttur til lagasetningar, réttur til þess að fara með stjórnsýslu og réttur til þess að fara með dómsvald. Fullveldisréttur er hins vegar ekki það sama og einkaeignarréttur í stjórnskipulegum skilningi, sbr. 72. gr. stjskr., en á hinn bóginn má segja að einkaeignarréttarlegar heimildir að íslenskum rétti eigi sér allar stoð á forráðasvæði íslenska ríkisins.

Afmörkun lands veldur ekki deilum í ljósi þess að Ísland er eyja. Hefðbundin einkaeignarráð ná síðan jafnframt til fjöru þeirra fasteigna sem liggja að sjó, auk netlaga þeirra, þ.e. 115 metra frá stórstraumsfjöruborði. Þá hefur það verið lagt til grundvallar í íslenskum rétti að eigandi fasteignar sem liggur að sjó eignist þann landauka sem til kann að verða fyrir landi hans og færist þá fjara og netlög út sem landaukanum svarar. Utan netlaga lýkur hins vegar hefðbundnum einkaeignarráðum og við tekur íslenskt hafsvæði þar sem ríkið fer með fullveldisrétt í framangreindri merkingu. Þar skipta máli afmörkun landhelgi, efnahags- og mengunarlögsögu, landgrunns og fiskveiðilögsögu. Utan þessara svæða tekur síðan úthafið við, en það er utan lögsögu einstakra ríkja.

Við framangreinda staðhæfingu þess efnis að hefðbundnum einkaeignarráðum ljúki utan netlaga sjávarfasteigna verður að gera nokkurn fyrirvara. Í 1. gr. laga nr. 73/1990 um

eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins er því lýst yfir að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotni utan netlaga, svo langt til hafs sem fullveldisréttur íslenska ríkisins nái. Leit að umræddum auðlindum og/eða hagnýting þeirra er ávallt háð leyfi iðnaðarráðherra. Þá er nauðsynlegt að geta þess að samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 38/1990 eru nytjastofnar á Íslandsmiðum sameign íslensku þjóðarinnar. Um inntak þess réttar hafa þó staðið nokkrar eignarréttarlegar deilur. Þá skal það tekið fram að frá fornu fari hefur í löggjöf okkar verið viðurkennt að utan netlaga séu til svokallaðir hafalmenningar, þar sem öllum almenningi hafa verið viðurkennd ákveðin réttindi. Loks fer íslenska ríkið með fullveldisrétt í lofthelgi landsins, þ.e. loftrýminu yfir Íslandi, sem tekur til svæðisins yfir landi, innsævi og landhelginni.

### *2.1.2. Hugtökin eign, eignarréttindi, eignarheimildir og nánari afmörkun fasteignarhugtaksins.*

Hugtakið eign hefur ekki fastmótaða merkingu í íslenskum rétti en vernd 72. gr. nær til eignarréttinda í víðtækri merkingu. Notkun hugtakanna eignarréttur og eignarréttindi er því ekki með einhlítum hætti í lagamáli. Þó er unnt að leggja það til grundvallar að eignarhald að fasteign í beinni merkingu (stundum nefnt grunneignarréttur) lýtur þeirri hefðbundnu skilgreiningu eignarréttarins að eigandinn fari með einkarétt til þess að ráða yfir andlaginu innan þeirra takmarka sem þeim rétti eru sett á grundvelli laga og af óbeinum eignarréttindum annarra. Er hér miðað við eignarrétt í beinni merkingu og með óbeinum eignarréttindum er m.a. vísað til afnotasamninga, veðsamninga o.s.frv. Í annan stað hefur í réttarframkvæmd verið viðurkennt að löggjafanum sé heimilt að setja eignarráðum almennar takmarkanir án þess að bótaskylda stofnist enda lúti slíkar takmarkanir að því að verja almannahagsmuni, samfélagslega hagsmuni í víðtækri merkingu. Umsvifamestu takmarkanir sem auðlindanýting sætir eru af umhverfisréttarlegum toga og miða að skynsamlegri og sjálfbærri nýtingu. Þá er nauðsynlegt að geta þess að auðlindanýting sætir jafnframt takmörkunum á grundvelli nábýlisreglna, þ.e. eigandi einnar fasteignar má ekki nýta fasteign sína eða hlunnindi hennar með þeim hætti að hann brjóti á lögvörðum hagsmunum eiganda nágranna eignar til samsvarandi notkunar. Gott dæmi í þessu sambandi er jarðhitanýting.

Í beinum eignarrétti að fasteign felst, svo sem fyrr segir, heimild til sérhverrar notkunar og ráðstöfunar, innan þeirra marka sem lög og óbein eignarréttindi setja. Við nánari greiningu þessa réttar þarf að huga að nokkrum grundvallaratriðum.

Til eignarráða yfir fasteignum og fasteignaréttindum hér á landi var upphaflega stofnað fyrir nám. Með námi (occupatio) slá menn eign sinni á land sem er einskis manns eign (res nullius). Um það er ekki deilt að í öndverðu hafi nám verið frumstofnunarháttur yfir fasteignarréttindum hér á landi en eftir það hafi eignarréttindi flust áfram manna og kynslóða á milli á grundvelli annarra eignarheimilda. Í þessu sambandi og til frekari upplýsinga um uppruna eignarheimilda hafa menn horft til hefðar, venjuréttar, afsalsgerninga, erfða, almennrar rétttöku og beinna fyrirmæla í settum lögum. Þessu til viðbótar er nauðsynlegt að geta þess að á undanförnum árum hefur Mannréttindadómstóll Evrópu byggt á því með sjálfstæðum hætti að svokallaðar „lögmætar/réttmætar væntingar“ einstaklinga og/eða lögaðila til þess að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr., 1. samningaviðauka sáttmálans, sbr. lög nr. 62/1994.

Hugtakið fasteign hefur venjulega verið skilgreint á þá leið að um sé að ræða afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt. Fasteign í framangreindum skilningi fylgja síðan öll þau

jarðargæði, lífræn og ólífræn, sem á fasteigninni finnast. Í því ljósi má skoða þá aðferð sem stundum er viðhöfð þegar einstakar heimildir eignarréttar yfir fasteign eru flokkaðar sérstaklega, sbr. vatnsréttindi, námuréttindi, veiðiréttindi, réttur til reka o.s.frv. Framangreind skilgreining fasteignarhugtaksins dugir þó skammt þegar þess er freistað að afmarka fasteign nánar. Á yfirborði jarðar takmarkast fasteign af merkjum aðliggjandi fasteigna. En eignarréttur fasteignareigandans nær lengra, því að við það er miðað í lögskipan okkar að hann nái til umráða undir yfirborði fasteignarinnar, sem og yfir því. Er í þessu sambandi ekki miðað við ákveðnar mælieiningar heldur þá almennu reglu að miðað sé við þær kröfur sem eðlilegt sé að viðurkenna með tilliti til hagsmuna fasteignareigandans og að hann geti haft þau not af fasteign sinni sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum. Geta þá mismunandi viðmið ráðið eftir tegund þeirra náttúruauðlinda sem unnar eru úr jörðu, svo að dæmi sé nefnt.

Sem dæmi um mismunandi eignarform fasteigna, sem öll falla þó með einum eða öðrum hætti að framangreindri afmörkun einkaeignaréttar, má nefna séreignarrétt, sérstaka (óskipta) sameign, óðalsrétt, sjálfseignarstofnanir og loks eignarhald fasteigna í félagslegu íbúðarkerfi.

Þá er loks nauðsynlegt í þessu sambandi að huga að því að í íslenskri löggjöf eru og hafa fasteignir verið flokkaðar með mismunandi hætti. Geta þá gilt mjög svo mismunandi reglur um hina ýmsu flokka fasteigna. Hér í framhaldinu verður nú nánar vikið að þeirri grundvallarflokkun fasteigna í eignarlönd og þjóðlendur sem komið var á með lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

### *2.1.3. Deilt um eignarrétt að landi – nokkrir grundvallardómar – eignarland og þjóðlendur.*

Umfjöllunin hér að framan hefur í flestu tekið mið af hefðbundnum eignarráðum að fasteignum. Lengi hefur hins vegar verið deilt um eignarrétt að ýmsum jaðarsvæðum landsins, fyrst og fremst hálendinu. Hefur sú deila öðru fremur beinst að því álitaefni hvernig eignarrétti sé farið að almenningum, en þó fyrst og fremst afréttum landsins. Um þá fáu landalmenninga sem þekktir eru á síðari tímum hefur þó tæpast verið deilt og út frá því gengið að ekki sé þar fyrir að fara eignarréttindum einstaklinga eða lögpersóna að slíkum landsvæðum, þ.e. þau séu eigendalaus. Um einstaka afrétti landsins hafa hins vegar staðið miklar deilur. Hafa þær deilur beinst að því hvort afréttir séu undirorpnir beinum eignarrétti, viðkomandi sveitarfélaga, jarðeigenda, annarra lögpersóna eða einstaklinga eða hvort viðkomandi landsvæði séu í grunninn ekki undirorpin beinum eignarrétti, en viðkomandi rétthafar fari hins vegar með takmörkuð eignarréttindi, svo sem rétt til beitar, veiði og eftir atvikum fleiri takmarkaðri nota, svokallaða afréttareign. Hafa gengið nokkrir grundvallardómar þessu viðvíkjandi og eru þetta þeir helstu:

**Landsyfirréttardómur (eldri) VII/223:**
Um eignarrétt að afréttarlandinu Bleiksmýrardal í Suður-Þingeyjarsýslu.

**Landsyfirréttardómur (yngri) V/327:**
Um eignarrétt að Hellistungum í Mýrasýslu.

**Hæstaréttardómur (Hrd.) 1955/108:**
Um eignarrétt að Landmannaafrétti í Rangárvallasýslu.

**Hrd. 1969/510:**
Um eignarrétt að Nýjabæjarafrétti á mörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna.

**Hrd. 1971/1137:**
Um eignarrétt að afréttarlöndum Andakíls- og Lundarreykjadalshreppa, austan og norðan Reyðarvatns í Borgarfjarðarsýslu, sbr. **hrd. 1967/916**.
**Hrd. 1975/30:**
Frávísunardómur eignardómsmáls vegna eignarréttar að Holtamannaafrétti, Þórisvatni og Þjórsártungum hinum fornu.
**Hrd. 1975/55:**
Eignarréttur í bakgrunninum við úrlausn landamerkjamáls á Arnarvatnsheiði, Borgarfjarðarsýslu.
**Hrd. 1980/1225:**
Heimvísun refsimáls sem laut m.a. að eignarrétti að meintu landi jarðarinnar Sandfellshaga í Öxarfirði, Norður Þingeyjarsýslu.
**Hrd. 1981/1584:**
Á ný tekist á um eignarrétt að Landmannaafrétti í Rangárvallasýslu.
**Hrd. 1987/1656:**
Varðaði að nokkru eignarrétt að Flateyjardalsheiði í Suður-Þingeyjarsýslu.
**Hrd. 1994/2227:**
Refsimál sem laut m.a. að eignarrétti að Geitlandi í Borgarfirði.
**Hrd. 1997/1162:**
Um eignarrétt að Auðkúluheiði í Austur-Húnavatnssýslu.
**Hrd. 1997/1183:**
Um eignarrétt að Eyvindarstaðaheiði í Austur-Húnavatnssýslu.
**Hrd. 1997/2420:**
Refsimál sem laut m.a. að mörkum eignarlands jarðarinnar Neðri-Hundadals í Dalasýslu.
**Hrd. 1999/111:**
Refsimál sem laut m.a. að mörkum og stofnun eignarréttar að landi jarðarinnar Gilsár, Jökuldalshreppi í Norður-Múlasýslu.
**Hrd. 1999/2006:**
Refsimál sem laut m.a. að mörkum og stofnun eignarréttar að landi jarðarinnar Sandfellshaga í Öxarfirði, Norður-Þingeyjarsýslu.
**Hrd. frá 21.10.04 í málum nr. 47 og 48/2004:**
Um eignarrétt að Biskupstungnaafrétti og landi efstu jarða í Biskupstungum. Þess freistað að fá ógiltan úrskurð óbyggðanefndar.
**Hrd. frá 11.05.06 í málum nr. 345 og 496/2005:**
Um eignarrétt að jörðum og landspildum í Öræfum og Suðursveit í Sveitarfélaginu Hornafirði. Þess freistað að fá ógiltan úrskurð óbyggðanefndar.
**Hrd. frá 11.05.06 í máli nr. 454/2005:**
Um eignarrétt að svokölluðu Ærfjalli í Vatnajökli, fyrir landi jarðarinnar Kvískerja í Öræfum, Sveitarfélaginu Hornafirði. Þess freistað að fá ógiltan úrskurð óbyggðanefndar.

Á grundvelli eldri dómaframkvæmdar, þ.e. fyrir gildistöku þjóðlendulaga á árinu 1998, varð til eldri eignarréttarleg flokkun fasteigna, sem þó var hvorki samræmd né að fullu skýr eða nákvæm. Dæmi um þá flokkun var hins vegar skiptingin í eignarlönd, afrétti, almenninga og önnur eigendalaus svæði.

Á þessar áratugalöngu deilur og réttaróvissu var hins vegar skorið, að formi til, með lögtöku þjóðlendulaga á árinu 1998. Á grundvelli þeirra laga var tekin upp eignarréttarleg tvískipting á öllu landi í eignarland annars vegar og þjóðlendur hins vegar, sbr. 1. gr. laga nr.

58/1998. Er eignarland skilgreint sem landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Þjóðlenda er hins vegar skilgreind sem landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Er svokallaðri óbyggðanefnd ætlað að kanna og skera úr um það hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, sbr. 7. gr. tilvitnaðra laga.

Þar sem þessi eignarréttarlega flokkun er afar þýðingarmikil með tilliti til auðlindanýtingar og raunar nýtingar fasteignaréttinda yfir höfuð er nauðsynlegt, með hliðsjón af lögskýringargögnum, að víkja nokkrum orðum að grundvelli þessarar nýskipunar og nánari eignarréttarlegu inntaki þeirra hugtaka sem lögð eru til grundvallar og þá ekki síst hugtaksins þjóðlendu. Hin lagalega nýskipan felur m.a. þetta í sér:

- Eignarhaldi á landi er skipt í tvo flokka og hugtökin almenningur og afréttur ekki notuð við þá flokkun. Annars vegar eignarlönd sem eru háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Hins vegar landsvæði utan eignarlanda, þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, t.d. beitar- eða veiðiréttindi.
- Hugtakið afréttur er ekki lengur notað að lögum sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands, heldur sem lýsing á ákveðnum afnotaréttindum, þ.e. beitarréttindum og hugsanlega fleiri réttindum.
- Tekið er upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak tekur til þeirra landsvæða sem áður voru ýmist nefnd afréttir, almenningar, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falla undir flokk þjóðlendna.
- Því er lýst yfir með lögum að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru þegar háð einkaeignarrétti t.d. á grundvelli laga eða venjuréttar. Settar eru sérstakar reglur um stjórn og meðferð þjóðlendna, en ekki er raskað við réttindum þeirra sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja.
- Þó svo að lýst sé yfir eignarrétti ríkis að landi og hvers konar landsréttindum utan eignarlanda eru settar sérstakar reglur um forræði og meðferð þessara réttinda. Til þess að undirstrika sérstöðu þessara réttinda og að þar er ekki um að ræða hefðbundnar eignir ríkisins fer forsætisráðherra með stjórnsýslu og forræði málefna þjóðlendna, sem ekki eru með lögum lögð til annarra ráðuneyta. Þá fara sveitarstjórnir með skammtímaráðstöfun afnota innan þjóðlendna.
- Ekki er í lögum settar sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teljist eignarland í merkingu laganna, heldur ræðst það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar eru fram í hverju einstöku tilviki.
- Stjórnvöldum er falið að hafa frumkvæði að því að skera með skipulögðum hætti úr um hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna og mörk afrétta innan þjóðlendna og úrskurða um önnur eignarréttindi innan þjóðlendna. Sérstakri nefnd, óbyggðanefnd, er falið að sinna þessu verkefni og miðað við að því verði lokið árið 2011.

Hvert landsvæði, sem hefur sjálfstæð merki frá náttúrunnar hendi eða á grundvelli sjálfstæðrar merkjalýsingar eða annarra gagna, telst ein þjóðlenda. Þau landsvæði, sem við úrlausn mála samkvæmt lögunum falla í flokk þjóðlendna, hafa að stærstum hluta verið nýtt sem afréttir um langt skeið. Þau afnot og löggjöf hafa búið þessum landsvæðum ákveðna sérstöðu, en af því leiðir að eignarráð ríkisins yfir landsvæðunum verða að taka mið af þessari

sérstöðu. Eignarráð ríkisins yfir þessum landsvæðum hafa í ljósi þeirra dóma Hæstaréttar, sem gengu um slík landsvæði fyrir gildistöku þjóðlendulaga, frekar verið hluti af forræðisrétti eða fullveldisrétti ríkisins innan yfirráðasvæðis þess, rétt eins og yfir landhelginni og efnahagslögsögunni, fremur en að þar færi ríkið með hin hefðbundnu eignarráð fasteignareigenda. Við val á orðinu þjóðlenda var sérstaklega horft til sérstöðu þessara landsvæða og er orðinu ætlað að undirstrika að þarna er um að ræða landsvæði sem þjóðin fer með sem heild, þó svo að einstakir aðilar kunni vegna sérstakra nytja að hafa öðlast þar réttindi.

Þegar setja átti lagareglur um það hver færi með eignarráð þess lands og landsréttinda, sem enginn gat sannað eignarrétt sinn til, var viðfangsefnið fyrst og fremst að leysa úr því hver skyldi fara með eignarréttindi innan þessa lands sem á hefðbundnu einkaeignarréttarlegu landi kæmi í hlut eiganda landsins að fara með. Frá lagalegu sjónarmiði var ekki nauðsynlegt að lýsa því yfir að sá sem færi með þau eignarráð væri eigandi landsins og landsréttindanna, heldur var unnt að gera það með orðalagi í lögum, sem kvæði á um að sá aðili réði yfir landi og landsréttindum utan eignarlanda eða færi með rétt til að hagnýta landið og landsréttindin. Samkvæmt íslenskum rétti var því engin óumflýjanleg nauðsyn að allt land væri háð eignarrétti í einkaeignarréttarlegri merkingu. Skýr ákvæði um forræði/fullveldi á landi utan eignarlanda hefðu í sjálfu sér og eftir atvikum nægt. Hversu langt átti að ganga í þessu efni og hver ætti að fara með eignarráðin, þ.e. ríkið, sveitarfélögin eða einhver annar aðili, var því öðru fremur pólitísk ákvörðun. Í þjóðlendulögum er skrefið hins vegar stigið til fulls og því lýst yfir að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki séu háðar einkaeignarrétti. Með því að mæla fyrir um að landið sjálft og önnur landsréttindi séu eign ríkisins er þó ekki verið að taka nein réttindi frá þeim sem rétt eiga til upprekstrar eða annarra þrengri nota. Hlutverk ríkisins er að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og með sama hætti og ríkið fer með stjórn auðlinda í hafinu innan þess ramma sem settur er um þau málefni í lögum fer ríkið með forræði þess lands og landsréttinda sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til. Þó er nauðsynlegt að benda á, vegna samanburðar við auðlindir í hafinu, að þar er sá veigamikli munur á að í lögum um þjóðlendur er verið að tala um hefðbundin einkaeignarráð fasteigna og réttinda sem þeim fylgja, ekki heimildir sem byggjast á fullveldisrétti sem slíkum.

Verður nú í framhaldinu vikið nánar að efnislegum heimildum til auðlindanýtingar í eignarlöndum annars vegar og þjóðlendum hins vegar.

### *2.1.4. Nánar um efnislegu heimildina til nýtingar auðlinda í eignarlöndum.*

Til upprifjunar skal minnt á umfjöllun hér að framan um skilgreiningu fasteignarhugtaksins og staðfræðilega afmörkun fasteignar, bæði á yfirborði, sem og niður á við og upp á við. Að því sögðu er óhætt að fullyrða að heimildin til þess að hagnýta auðlindir í eignarlandi fer saman við heimildina til ráðstöfunar og hagnýtingar þeirrar fasteignar þar sem auðlindina er að finna. Í þessu felst að í eignarráðum á landi felst jafnframt heimildin til að hagnýta þær auðlindir sem þar er að finna og ráðstafa þeim með öllum þeim sama hætti og fylgir eignarráðum endranær. Þær njóta jafnframt verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrár og verða ekki skertar bótalaust. Þrátt fyrir ríka vernd eignarréttarins að þessu leyti þá hefur löggjafinn sett nýtingu náttúruauðlinda í eignarlöndum margvíslegar skorður. Slíkar skorður lúta ekki aðeins að nýtingunni sem slíkri og stýringu hennar heldur er jafnframt um að ræða takmarkanir á heimildum til aðskilnaðar náttúruauðlinda frá einstökum fasteignum, sem og ákvæði sem lúta að tiltekinni vernd almannaréttar. Hér í framhaldinu verður í stuttu máli vikið að helstu nátt-

úruauðlindum, eignarhaldi að þeim og skorðum við nýtingu en um alla nánari útfærslu vísast til viðkomandi löggjafar.

Um jarðefni er fjallað í lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Er hugtakið skilgreint í 4. mgr. 2. gr. sem öll gosefni og önnur steinefni, málmar, málmblendingar og málmsteindir, kol, jarðolía, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu. Á eignarrétti fasteignareiganda að jarðefnum, sem og öðrum auðlindum í jörðu, er hnykkt í 3. gr., en heimild til rannsókna, leitar og nýtingar er háð leyfum iðnaðarráðherra í samræmi við reglur III. og IV. kafla laganna, sbr. nánari umfjöllun í kafla 2.2. Í 9. gr. er bann lagt við því að jarðefni séu undanskilinn fasteign, nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Um jarðhita er fjallað í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Er hugtakið skilgreint í 5. mgr. 2. gr. sem annars vegar jarðvarmaforði í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugur straumur varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn. Á eignarrétti fasteignareiganda að jarðhita, sem og öðrum auðlindum í jörðu, er hnykkt í 3. gr., en heimild til rannsókna, leitar og nýtingar er háð leyfum iðnaðarráðherra í samræmi við reglur III. og IV. kafla laganna, sbr. nánari umfjöllun í kafla 2.2. Í 12. gr. er bann lagt við því að jarðhiti sé undanskilinn fasteign, nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Um grunnvatn er fjallað í lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Er hugtakið skilgreint í 6. mgr. 2. gr. sem vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess. Á eignarrétti fasteignareiganda að grunnvatni, sem og öðrum auðlindum í jörðu, er hnykkt í 3. gr., en heimild til rannsókna, leitar og nýtingar er háð leyfum iðnaðarráðherra í samræmi við reglur III. og IV. kafla laganna, sbr. nánari umfjöllun í kafla 2.2.

Hagnýting annarra vatnsnota, þ.m.t. orkunýtingarréttar, byggist síðan á ákvæðum vatnalaga sem eru nr. 15/1923. Hefur ekki verið um það deilt í lagaframkvæmd að sú vatnsnýting sem gildissvið þeirra laga nær yfir tilheyri viðkomandi fasteignareiganda og sé varinn sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Í þessu sambandi skiptir svo meginmáli reglan um orkunýtingarrétt fasteignareiganda sem er í 49. gr. laganna. Heimild til orkunýtingar getur hins vegar ekki byggst á þeirri lagaheimild einni enda þarf til að koma sérstakt leyfi skv. raforkulögum o.s.frv.

Um eignarhald landeigenda á öllum rétti til veiða villtra fugla og spendýra á fasteign sinni er í fyrsta lagi fjallað í 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 og í öðru lagi í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994, um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Þessar heimildir sæta svo eðli málsins samkvæmt takmörkunum á grundvelli friðunarákvæða o.s.frv.

Um einkarétt fasteignareiganda til veiði á vatnafiskum á og fyrir landi sínu er fjallað í 5. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Enn fremur er vert að geta ákvæða 34. gr. laga nr. 57/1998, þar sem gert er ráð fyrir að rannsókn og nýting örvera lúti fyrirmælum þeirra laga svo sem við á.

Auk framangreindra auðlinda eru í lögum ákvæði sem varða beit og gróðurnýtingu í víðtækum skilningi, þ.m.t. ákvæði um nýtingu skóga og má í dæmaskyni nefna ákvæði í lögum um skógrækt, nr. 3/1955, og í landgræðslulögum, nr. 17/1965. Ákvæði þessara laga lúta þó fremur að þeim takmörkunum sem fasteignareigendum eru sett við nýtingu þeirra náttúruauðlinda á fasteignum sínum.

Loks er nauðsynlegt að árétta að í umfjöllun þessari hefur fyrst og fremst verið vikið að þeim ákvæðum í lögum sem varða eignarhald náttúruauðlinda og heimildir fasteignareiganda

til nýtingar þeirra og nýtingar á grundvelli hefðbundinna eignarheimilda. Því er hins vegar þannig farið að nýting umræddra auðlinda kann að lögum að sæta margvíslegum öðrum takmörkunum, m.a. af vettvangi umhverfislöggjafar, byggingar- og skipulagslöggjafar, landbúnaðarlöggjafar, orkulöggjafar o.s.frv. Umfjöllun um þær margvíslegu skorður og skilyrði fellur hins vegar utan efnis álitsbeiðni þessarar eins og það verkefni er skilgreint.

### *2.1.5. Nánar um efnislegu heimildina til nýtingar auðlinda í þjóðlendum.*

Til upprifjunar skal minnt á umfjöllun hér að framan um skilgreiningu á hugtakinu þjóðlendu og réttarstöðu þeirra. Er þá nauðsynlegt, til aðgreiningar frá umfjöllun um eignarland, að minna á að í þjóðlendulögunum, nr. 58/1998, er á því byggt að ekki beri að fara með þjóðlendur eins og hefðbundnar eignir ríkisins, svo sem einstakar lóðir eða jarðir, heldur fari ríkið í þessu tilviki með varðveislu og forræði sameiginlegra gæða þjóðarinnar, þó svo að taka verði tillit til hagsmuna þeirra sem þegar hafa áunnið sér réttindi til nytja innan þeirra. Af þessu leiðir að tekjum sem kunna að falla til fyrir afnot/nýtingu lands og landsgæða innan þjóðlendu skal varið sérstaklega í þágu verkefna innan þjóðlendna, en renna ekki í ríkissjóð eða einstaka sveitarsjóði. Þjóðlendur fá með þessu sérstöðu sem um margt svipar til sjálfseignarstofnana og er þá höfð í huga söguleg sérstaða þessara landsvæða.

Meginreglan um alla auðlindanýtingu í þjóðlendum kemur fram í 3. gr. þjóðlendulaga sem hljóðar svo:

> „Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.
>
> Leyfi forsætisráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Ráðherra er jafnframt heimilt að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum.
>
> Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra. Rísi ágreiningur um veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein sker forsætisráðherra úr honum.
>
> Forsætisráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu réttinda sem hann heimilar skv. 2. mgr. Með sama hætti er sveitarstjórn heimilt að fengnu samþykki forsætisráðherra að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar skv. 3. mgr. Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, eftir nánari ákvörðun forsætisráðherra. Tekjum af leyfum sem sveitarstjórn veitir skv. 3. mgr. skal varið til hliðstæðra verkefna innan þeirrar þjóðlendu sem leyfið tekur til. Sveitarstjórn skal árlega gera forsætisráðherra grein fyrir ráðstöfun fjárins.
>
> Forsætisráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga um innheimtu og ráðstöfun tekna af þjóðlendum.
>
> Heimildir skv. 2. og 3. mgr. taka ekki til réttinda sem eru háð einkaeignarrétti eða fengin öðrum með lögum. Leiði afnot til skerðingar á eignarréttindum sem aðrir eiga í þjóðlendunni getur viðkomandi krafist bóta úr hendi leyfishafa. Náist ekki samkomulag um greiðslu bóta skal skorið úr þeim ágreiningi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.
>
> Þjóðlendur skulu undanþegnar öllum sköttum og gjöldum.
>
> Frá og með gildistöku laga þessara er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð.“

Með þessum fyrirmælum er svo búið um hnútana að öll auðlindanýting í þjóðlendum er háð leyfi forsætisráðherra og sveitarstjórna, svo sem sú skylda er nánar útfærð í lagagreininni. Regla 3. gr. er þannig sérregla gagnvart öllum öðrum ákvæðum laga sem varða auðlindanýtingu á og undir fasteignum. Að auðlindanýtingu í þjóðlendum er þó víðar vikið í lögum sbr. t.d. ákvæði 3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, þar sem tekið er fram að í þjóðlendum séu auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra. Í sjálfu sér skipta einstök ákvæði af þeim toga vart máli eignarréttarlega séð enda leiðir þá sömu niðurstöðu þegar af fyrirmælum II. kafla þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Þau eignarráð sem íslenska ríkið fer með í þjóðlendum sæta síðan sérstökum takmörkunum. Í fyrsta lagi er tekið fram í 5. gr. þjóðlendulaga að þeir sem hafi nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um og að sama gildi um önnur réttindi sem maður færir sönnur á að hann eigi. Í öðru lagi er kveðið sérstaklega á um upprekstrarrétt á afrétti í 7. og 8. gr. laga nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Í þriðja lagi segir í 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, að bændum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, sé einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsþarfa á sama hátt sem verið hafi, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum ekki einkaeign. Í fjórða lagi segir í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum að öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi séu dýraveiðar, þar með taldar fuglaveiðar, heimilar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla enda geti engin sannað eignarrétt sinn til þeirra. Er hér vart um tæmandi talningu tilvika í þessa veru að ræða.

### *2.1.6. Um auðlindanýtingu í almenningi stöðuvatna.*

Í 1. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og 3. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, er almenningur stöðuvatns skilgreindur sem sá hluti vatns og vatnsbotns sem liggur utan 115 metra netlaga fasteignar, mældur frá vatnsbakka. Í almenningi stöðuvatna eiga eigendur aðliggjandi fasteigna veiðirétt en að öðru leyti eru almenningar stöðuvatna ekki undirorpnir beinum eignarrétti viðkomandi landeigenda. Ekki verður skýrt ráðið af ákvæðum þjóðlendulaga hvort að almenningar stöðuvatna geti því haft stöðu þjóðlendu. Hlýtur að koma til álita að skilgreining þjóðlendu í 1. gr. laganna nái yfir slíka almenninga en allt að einu er ljóst að staða ríkisins er í krafti fullveldisréttar þess sambærileg og í þjóðlendum, sbr. niðurstaða í svokölluðu Mývatnsbotnsmáli, hrd. 1981/182.

### *2.1.7. Réttarstaðan á svæðum þar sem ekki hefur verið leyst úr eignarhaldi.*

Varðandi auðlindanýtingu á þeim landsvæðum þar sem enn hefur ekki verið leyst úr ágreiningi um eignarhald, þ.e. á þeim landsvæðum sem eiga eftir að lúta lögbundinni meðferð óbyggðanefndar skv. III. kafla laga nr. 58/1998, um þjóðlendur o.fl., er það að segja að um tímabundna óvissu er að ræða. Svo sem rakið hefur verið er ýmis auðlindanýting háð leyfum stjórnvalda, óháð eignarhaldi sem slíku. Ekki verður séð að möguleg óvissa um eignarhald þurfi, í öllum tilvikum a.m.k., að seinka því að unnt sé að taka afstöðu til óska um heimildir til auðlindanýtingar, svo sem orkuvinnslu, jarðefnavinnslu, jarðhitanýtingar o.s.frv. Eru raunar fordæmi fyrir því að á grundvelli samninga, lagaheimilda og/eða leyfis stjórnvalda sé ákvörðun um réttmæti tilkalls til endurgjalds og/eða bóta vegna umræddra auðlinda látin bíða

endanlegrar og efnislegrar niðurstöðu um eignarhald eða að slíkt endurgjald sé ákvarðað og/eða greitt með fyrirvara um endanlega niðurstöðu um eignarhaldið.

### 2.2. Gildandi löggjöf um auðlindanýtingu og stýringu.

Hér að framan hefur verið dregin upp nokkur mynd af eignarhaldi og forræði náttúruauðlinda í víðtækri merkingu sem finnast á íslensku forráðasvæði. Útlistun hinna eignarréttarlegu heimilda segir á hinn bóginn ekki nema hálfa söguna. Eins hefur löggjafinn sett nýtingu náttúruauðlinda, þar á meðal í eignarlöndum, margvíslegar skorður. Í þessum kafla mun þess freistað að draga upp nokkra mynd af þeirri stjórnsýslu sem auðlindanýtingin sætir, ekki síst þeim lagareglum sem taka til úthlutunar leitar, rannsóknar og nýtingarleyfa stjórnvalda á auðlindum innan þess sama forráðasvæðis.

#### *2.2.1. Auðlindastýring skv. lögum nr. 57/1998 um auðlindir í jörðu.*

Lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, taka eins og fram hefur komið til jarðefna, jarðhita og grunnvatns, sem og til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Þá ná lögin einnig til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu í kjölfar breytingar sem gerð var árið 2006 með lögum nr. 5/2006.

Iðnaðarráðherra er, samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, heimilt að hafa frumkvæði að og/eða láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu og skiptir þá ekki máli þó að landeigandi hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum. Með sama hætti getur ráðherra heimilað öðrum rannsóknir og leit og skal þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi. Þessar heimildir ráðherra ná bæði til landsvæða utan eignarlands og innan. Landeigandi þarf ekki að fá leyfi ráðherra til þess að láta leit eða rannsókn fara fram á eignarlandi sínu svo sem segir í 2. mgr. 4. gr. laganna. Þó ber landeiganda að senda Orkustofnun áætlun og lýsingu á fyrirhuguðum borunum, sprengingum, gerð námuganga eða öðrum verulegum framkvæmdum í þessu skyni. Orkustofnun getur, að fengnu samþykki ráðherra, sett landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum o.s.frv.

Í 5. gr. auðlindalaga er skilgreint hvað felst í rannsóknarleyfi, þ.e. heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. skal rannsóknarleyfi veitt einum aðila á hverju svæði. Þó er heimilt að veita fleiri en einum aðila slíkt leyfi sameiginlega hafi þeir staðið saman að rannsóknarleyfisumsókn og gert með sér samning um skiptingu rannsóknarkostnaðar. Ráðherra er heimilt í rannsóknarleyfi, samkvæmt 3. mgr. 5. gr., að veita fyrirheit um forgang leyfishafa að nýtingarleyfi fyrir hitaveitur í allt að tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma. Áður en rannsóknarleyfi er veitt skal umsagnar Orkustofnunar og umhverfisráðuneytisins leitað.

Nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum eins og fram kemur í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1998. Landeigandi hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi. Í þessu felst að einnig landeiganda er óheimilt að hefja nýtingu á jarðefnum og meiri háttar nýtingu á jarðhita og grunnvatni án leyfis ráðherra. Regla þessi á þó ekki við um nýtingu á grjóti, möl, sandi, vikri, gjalli og öðrum slíkum gos- og steinefnum, svo og mold, mó og surtarbrandi, sem fram fer á eignarlandi, sbr. 8. gr. lag-

anna. Ráðherra er samkvæmt 2. mgr. 5 gr. heimilt í rannsóknarleyfi að veita fyrirheit um forgang leyfishafa að nýtingarleyfi fyrir hitaveitur[4] í allt að tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma.

Í 2. mgr. 6. gr. er fjallað um inntak nýtingarleyfis. Í nýtingarleyfi, samkvæmt lögunum, felst heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögunum og ráðherra telur nauðsynlega. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar, umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarstjórnar samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laganna. Öll fjárhagsleg réttindi fasteignareiganda eru svo tryggð með reglum 1. mgr. 7. gr. og eignarnáms- og bótaákvæðum X. kafla laganna.

Fjallað er um skilyrði fyrir veitingu leyfa, efni þeirra og afturköllun í VIII. kafla laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Samkvæmt 16. gr. laganna skal koma skýrt fram í umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda eftir nánari ákvörðun ráðherra. Í 17. gr. eru tiltekin þau sjónarmið sem gæta þarf að þegar nýtingarleyfi eru veitt, þ.e. nýting auðlinda í jörðu skal vera með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni. Telji ráðherra að umsækjandi um nýtingarleyfi uppfylli ekki þessar kröfur getur hann synjað um nýtingarleyfi eða sett sérstök skilyrði í nýtingarleyfi af þessu tilefni. Veiting nýtingarleyfa vegna auðlinda í eignarlandi tekur því mið af þessum sjónarmiðum sem ganga þá framar hagsmunum landeiganda.[5]

Í 18. gr. laganna er að finna upptalningu á atriðum sem tilgreina skal í rannsóknar- og/eða nýtingarleyfi og er sú upptalning ekki tæmandi. Í 19. gr. er ákvæði þess efnis að ráðherra geti haft frumkvæði að rannsókn og vinnslu með því að auglýsa eftir umsóknum um leyfi. Ef leyfishafi hlítir ekki skilyrðum þeim sem sett eru í leyfinu eða samningum sem tengjast leyfinu skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal ráðherra afturkalla leyfið eins og kemur fram í 1. mgr. 20. gr. Einnig er heimilt að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laganna.

Fjallað er um vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, upplýsingagjöf, meðferð upplýsinga o.fl. í IX. kafla laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Samkvæmt 21. gr. laganna annast Orkustofnun eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðefna og jarðhitasvæðum, svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi hefur verið veitt. Í 1. gr. 22. gr. er tekið fram að handhafi rannsóknar- eða nýtingarleyfis skuli eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um niðurstöður leitar og rannsókna, upplýsingar um eðli og umfang auðlinda, heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og fleiri atriði samkvæmt nánari ákvæðum í viðkomandi leyfi. Leyfishafi skal einnig senda sýni af jarðfræðilegum efnum óski Orkustofnun þess. Í 23. gr. er kveðið á um meðferð upplýsinga sem veittar eru Orkustofnun. Í 1. mgr. er tekið fram að upplýsingar séu bundnar trúnaði á gildistíma leyfis, framlengingar þess og þegar rann-

---

[4] Fyrir gildistöku laga nr. 5/2006, um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu var ráðherra heimilt að veita rannsóknarleyfishafa fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi, en sú heimild var takmörkuð við hitaveitur með lögum nr. 5/2006.

[5] Sjá athugasemdir um 17. gr. í frumvarpi til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu (sem varð að lögum nr. 57/1998), þingskjal nr. 574 á 122. löggjafarþingi, 1997–98.

sóknarleyfishafa er veittur forgangur að nýtingarleyfi skv. 2. mgr. 5. gr. Þegar rannsóknarleyfishafa er veitt nýtingarleyfi í beinu framhaldi af rannsókn helst trúnaðarskyldan. Þó er unnt að takmarka trúnaðarskyldu í viðkomandi leyfi. Upplýsingar sem leyfishafi veitir Orkustofnun skulu vera í vörslu Orkustofnunar samkvæmt 2. mgr. 23. gr. Orkustofnun er heimilt að ráðstafa upplýsingunum þegar trúnaðarskyldan er fallin niður og einnig er stofnuninni heimilt að nýta sér upplýsingar almennt í vísindaskyni á meðan leyfi er í gildi, enda sé trúnaðarskylda virt. Um vernd og eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum gilda einnig lög um náttúruvernd.

Landeiganda eða umráðamanni hans er, samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laganna, skylt að veita rannsóknarleyfishöfum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á. Þá er landeiganda og umráðamanni lands skylt að veita nýtingarleyfishöfum aðgang að því landi sem nýtingarleyfið tekur til, en þó ekki fyrr en leyfishafi hefur náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindir eða eignarnám farið fram og umráðataka samkvæmt því. Í 2. mgr. er tekið fram að landeiganda eða umráðamanni beri að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsóknar eða nýtingar á auðlind í samræmi við viðkomandi leyfi.

Við nýtingu eða rannsóknir á auðlindum í jörðu skulu landeigendur og leyfishafar, samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laganna gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skulu landeigendur og leyfishafar gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang nýtingarsvæðis ef nýting leggst af. Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu auðlindar, sem ekki fæst jafnaður, t.d. ef landamerki tveggja eða fleiri rétthafa liggja þannig að nýting auðlindar verður ekki aðskilin, segir í 27. gr. að afla skuli mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta auðlindina og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar.

X. kafli laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu fjallar um eignarnáms- og bótaákvæði. Í 28. gr. er tekið fram að veiti iðnaðarráðherra öðrum en landeiganda leyfi til að leita að og rannsaka auðlind innan eignarlands geti landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi og mannvirkjum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati. Hafi iðnaðarráðherra veitt aðila nýtingarleyfi vegna auðlinda í eignarlandi, en leyfishafi nær ekki samkomulagi við landeiganda um þau atriði sem nýtingarleyfið tekur til, þar með talið endurgjald fyrir auðlind, þá getur iðnaðarráðherra, samkvæmt 1. mgr. 29. gr., tekið þær auðlindir eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlindanna og öðrum réttindum landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til svo að leyfið geti komið að notum. Nánar er fjallað um eignarnámsheimildir ríkisins á auðlindum í jörðu sem fylgja eignarlandi ef þess reynist þörf í 2.–4. mgr. 29. gr.

Iðnaðarráðherra hefur heimild til að semja við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir auðlindir í eignarlöndum ríkisins að höfðu samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. auðlindalaga. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar þarf, til nýtingar á auðlindum í þjóðlendum, auk leyfis samkvæmt auðlindalögum, leyfi samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur o.fl. Um samninga um endurgjald fyrir auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir reglum laga um þjóðlendur o.fl.

Í 32. gr. er kveðið á um að leyfi samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, séu ekki framseljanleg né megi setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

Verður nú fjallað nánar um einstakar náttúruauðlindir:

**2.2.1.1. Jarðefni.**

Um jarðefni er fjallað í V. kafla laganna. Hugtakið er skilgreint í 4. mgr. 2. gr. Heimild til rannsókna, leitar og nýtingar er háð leyfum iðnaðarráðherra í samræmi við reglur III. og IV. kafla laganna. Þrátt fyrir það er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand. Öll fjárhagsleg réttindi fasteignareiganda eru svo tryggð með reglum 1. mgr. 7. gr. og eignarnáms- og bótaákvæðum X. kafla laganna.

**2.2.1.2. Jarðhiti.**

Um jarðhita er fjallað í VI. kafla laganna. Hugtakið er skilgreint í 5. mgr. 2. gr. Heimild til rannsókna, leitar og nýtingar er háð leyfum iðnaðarráðherra í samræmi við reglur III. og IV. kafla laganna. Þrátt fyrir það er landeiganda heimilt án leyfis, samkvæmt 10. gr. laganna, að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum. Í 13. gr. kemur fram að sveitarfélag skuli hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu. Öll fjárhagsleg réttindi fasteignareiganda eru svo tryggð með reglum 1. mgr. 7. gr. og eignarnáms- og bótaákvæðum X. kafla laganna. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. fer um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu samkvæmt ákvæðum orkulaga.

**2.2.1.3. Grunnvatn.**

Um grunnvatn er fjallað í VI. kafla laganna. Hugtakið er skilgreint í 6. mgr. 2. gr. Heimild til rannsókna, leitar og nýtingar er hins vegar háð leyfum iðnaðarráðherra í samræmi við reglur III. og IV. kafla laganna. Landeiganda er þó heimilt án leyfis, samkvæmt 14. gr., að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum o.s.frv. Í 15. gr. laganna er hnykkt á því að sveitarfélög skuli hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna grunnvatns innan marka sveitarfélaganna vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er þar. Öll fjárhagsleg réttindi fasteignareiganda eru svo tryggð með reglum 1. mgr. 7. gr. og eignarnáms- og bótaákvæðum X. kafla laganna.

**2.2.1.4. Örverur.**

Í 34. gr. laga nr. 58/1998 er kveðið á um að lögin taki eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Með örverum er átt við örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi skal veitt að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Náttúrufræðistofnun Íslands fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

*2.2.2. Vatnsafl til raforkuframleiðslu.*

Með lögum nr. 5/2006 var 1. gr. laga nr. 58/1998 breytt á þá leið að mælt er svo fyrir að lögin skuli taka til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Auk þeirra skilyrða sem þar eru talin skal umsækjandi um rannsóknarleyfi leggja fram mat á því hvernig tengja megi fyrirhugaða virkjun raforkukerfi landsins. Eftir sem áður fer um veitingu leyfa til nýtingar vatnsorku í því skyni, þ.e. virkjanaleyfis, eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 65/2003.

Raforkulög, nr. 65/2003, fjalla um vinnslu, flutning, dreifingu og viðskipti með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa. Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka raforkuver samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna. Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW nema orka frá raforkuveri sé afhent inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningsleið. Eigendur virkjana með uppsett afl 30–1.000 kW skulu skila Orkustofnun tæknilegum upplýsingum um virkjun. Einnig er skylt að tilkynna Orkustofnun árlega um heildarraforkuvinnslu raforkuvera með uppsettu afli yfir 100 kW. Samkvæmt 2. mgr. fellur virkjunarleyfi úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis til ráðherra. Samkomulag þarf að hafa náðst við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald eða ákvörðun um eignarnám skv. 23. gr. laganna að liggja fyrir áður en leyfishafi hefur framkvæmdir á eignarlandi á grundvelli leyfis. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 90 daga frá útgáfu leyfis fellur það niður samkvæmt 3. mgr. 4. gr. Þetta á einnig við um nýtingu auðlinda í þjóðlendum eftir því sem við á.

Í 5. gr. er fjallað um útgáfu virkjunarleyfis en samkvæmt 1. mgr. verður það aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Í 2. mgr. segir að ráðherra geti sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Öll skilyrði skulu tilgreind í reglugerð og hefur það verið gert með reglugerð nr. 1040/2005. Í 6. gr. laganna er talið upp hvað tilgreina skal í virkjunarleyfi og er sú tilgreining ekki tæmandi.

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim, skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast leyfinu eða öðrum heimildum, skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta, samkvæmt 36. gr. laganna. Sinni leyfishafi ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur ráðherra þó afturkallað það án aðvörunar.

*2.2.3. Veiði villtra fugla og spendýra.*

Heimildin til slíkra veiða sætir, burtséð frá einkarétti eða eignarrétti fasteignareiganda, fjölþættum takmörkunum og stýringu. Þar koma til fyrirmæli Tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, en þó fyrst og fremst laga nr. 64/1994, um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Segja má að meginregla gildandi réttar hér á landi sé nú sú að öll villt spendýr og fuglar séu alfriðuð, sbr. 6. gr. laga 64/1994 með takmörkunum sem annað tveggja koma fram í lögunum sjálfum ellegar reglugerð.

*2.2.4. Veiði á vatnafiskum.*

Í lögum nr. 64/2006, um lax- og silungsveiði, gefur að finna mikinn fjölda takmarkana sem veiði og nýting vatnafiska sætir. Mun vart ofmælt að engin auðlindanýting sæti jafnumfangsmiklum takmörkunum og skorðum, bæði af einkaréttarlegum toga sem og opinbers eðlis.

*2.2.5. Auðlindir hafsbotnsins.*

Fjallað er um auðlindir hafsbotnsins í lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 1. gr. er tekið fram að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Hugtakið auðlind í lögunum tekur samkvæmt 2. mgr. til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Í 2. gr. laganna er kveðið á um að enginn megi leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra. Netlög, eru samkvæmt 3. mgr. 1. gr. sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar. Í 2. mgr. 2. gr. kemur fram að ráðherra sé heimilt að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að leyfi samkvæmt 3. gr. laganna í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á sama tíma.

Í 1. mgr. 3. gr. laganna er fjallað um að óheimilt sé að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. er iðnaðarráðherra heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem hann heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbotns- og landgrunnsrannsókna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Í 4. gr. er nánar fjallað um leyfin en þar segir að leyfi til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skuli bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal m.a. ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Að auki er tekið fram að við veitingu leyfa samkvæmt lögunum skuli gæta ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.

*2.2.6. Kolvetni.*

Í lögum nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, er fjallað um leyfisveitingu til nýtingar á kolvetni. Lögin verður að skýra sem sérlög gagnvart lögum nr. 73/1990 sem fjalla almennt um auðlindir á, í og undir hafsbotni utan netlaga. Kolvetnislögin taka, samkvæmt 1. gr. laganna, til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis og flutnings þess eftir leiðslukerfi utan netlaga í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Lögin taka einnig til hafstöðva nema annað sé ákveðið í lögum eða reglum settum með stoð í lögunum. Hugtakið kolvetni er skilgreint í 2. gr. laganna og merkir það jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Samkvæmt 3. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi kolvetnis og eru leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis háðar leyfi iðnaðarráðherra. Ráðherra skal, samkvæmt 2. mgr. 4. gr., leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis áður en leyfi er veitt til leitar kolvetnis til vinnslu. Í 5. gr. laganna er tekið fram hvað koma skuli fram í umsókn um leyfi til að leita kolvetnis og í 6. gr. er fjallað um tímalengd leyfis til leitar. Eins og áður greinir er það iðnaðarráðherra sem veitir leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á tilteknum svæðum.

Slíkt leyfi felur í sér einkarétt leyfishafa til rannsókna og vinnslu kolvetnis. Einungis má, samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna, veita slíkt leyfi aðilum sem að mati iðnaðarráðherra hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að annast þessa starfsemi. Í 2. mgr. er tekið fram að áður en veitt er rannsóknar- og vinnsluleyfi, samþykki eða leyfi fyrir einstökum framkvæmdum skv. 14.–18. gr. laganna, skuli ráðherra leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Auglýsa skal eftir umsækjendum áður en leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni er veitt eins og greinir í 1. mgr. 8. gr. laganna. Leyfi skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerðar hafa verið opinberar. Iðnaðarráðherra er heimilt að hafna öllum umsóknum um leyfi sem berast í kjölfar auglýsingar. Iðnaðarráðherra er þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar samkvæmt 3. mgr. 8. gr. en þegar slíkt leyfi er veitt skal gefa leyfishöfum á aðlægum svæðum tækifæri til að sækja um rannsóknar- og vinnsluleyfi á viðkomandi svæði. Tilkynna skal um ákvörðun þessa í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Iðnaðarráherra er heimilt, samkvæmt 5. mgr. 8. gr., að krefjast greiðslu kostnaðar af mati á umsækjendum og veitingu leyfis skv. 7. gr.

Í 9. gr. laganna er tilgreint hvers þarf að geta í umsókn um rannsóknar- og vinnsluleyfi kolvetnis. Ákvæði um tímalengd og inntak rannsóknar- og vinnsluleyfis er að finna í 10. og 11. gr. laganna. Iðnaðarráðherra er heimilt samkvæmt 12. gr. laganna að kveða á um að skyldur samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfi haldist eftir að gildistíma leyfisins lýkur, afsal eða afturköllun leyfisins. Uppfylli leyfishafi ekki skyldur samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfi er iðnaðarráðherra heimilt að krefjast þess að leyfishafi greiði þann kostnað sem þarf til að inna skyldurnar af hendi, að hluta eða að fullu. Telji iðnaðarráðherra skynsamlegt að samnýta tvær eða fleiri kolvetnisauðlindir af hagkvæmnisástæðum getur hann, að höfðu samráði við leyfishafa, krafist þess að svo verði gert, samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. er iðnaðarráðherra heimilt að skylda leyfishafa til að veita gegn endurgjaldi öðrum leyfishöfum aðgang að búnaði og flutningstækjum með slíka samnýtingu í huga.

Í 14. og 15. gr. laganna er kveðið á um að leyfi iðnaðarráðherra þurfi til að mega hefja boranir í jarðlög undir hafsbotni og sama gildir um byggingu og uppsetningu hafstöðvar og vinnslu kolvetnis.

Í 21. gr. laganna er kveðið á um að við veitingu leyfis skv. III. og IV. kafla skuli þess gætt að nýting auðlindanna sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.

Eftirlit með leitar-, rannsóknar- og vinnslusvæðum kolvetnis, þar sem leyfi hefur verið veitt, er í höndum Orkustofnunar eins og greinir í 1. mgr. 24. gr. laganna. Handhafi leitarleyfis eða rannsóknar- og vinnsluleyfis skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður leitar, rannsókna og vinnslu, upplýsingar um eðli og umfang kolvetnisauðlindar, heildarmagn og mat á verðmæti þess kolvetnis sem hefur verið unnið og fleiri atriði samkvæmt ákvæðum í viðkomandi leyfi. Þá skal leyfishafi afhenda gögn og senda sýni af efnum óski Orkustofnun þess.

Í 28. gr. er kveðið á um skaðabótaábyrgð leyfishafa skv. lögunum á hvers konar tjónum sem stafa af kolvetnisstarfsemi, þar á meðal umhverfisspjöllum, án tillits til þess hvort tjónið verður rakið til sakar.

*2.2.7. Veiði á sjávardýrum í íslenskri fiskveiðilandhelgi.*

Í 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða er tekið fram að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Til nytjastofna samkvæmt lögunum teljast sjávardýr og sjávargróður sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um samkvæmt 2. gr. laganna. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að enginn megi stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Samkvæmt 5. gr. koma aðeins til greina, við veitingu leyfa, þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þó er heimilt án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu samkvæmt 6. gr. a. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt þessari heimild, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

Nýting nytjastofna sjávar sæta þó mun umfangsmeiri stýringu en þetta. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skal veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af, úthlutað til einstakra skipa. Hverju skipi skal úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára. Við ákvörðun aflahlutdeildar í þeim stofnum sem ekki hafa áður verið bundnir ákveðnum heildarafla skal miðað við aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. er meginregla að aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr. 7. gr. Í 6. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990 er kveðið á um það að heimilt sé að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Í 1. mgr. 12. gr. laganna er kveðið á um að heimilt sé að færa aflamark milli skipa. Hafa þó aðeins fáein meginatriði stýringar skv. lögum nr. 38/1990 verið nefnd hér til sögunnar.

Það skal áréttað að nýting þeirra auðlinda sem hér hefur verið fjallað um kann að sæta margvíslegum öðrum takmörkunum lögum samkvæmt, m.a. af vettvangi umhverfislöggjafar, byggingar- og skipulagslöggjafar, landbúnaðarlöggjafar, orkulöggjafar o.s.frv. Verður nánar að slíku vikið í kafla 2.3.

### 2.3. Gildandi löggjöf um vernd náttúruauðlinda.

Helstu lög af umhverfisréttarlegum toga sem máli skipta varðandi vernd þeirra náttúruauðlinda sem falla undir lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, sbr. lög nr. 5/2006, eru lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, og skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Lagabálkar þessir falla allir undir umhverfisráðuneyti, sbr. reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004. Meginlöggjöfin um náttúruvernd, þ.m.t. vernd náttúruauðlinda, er án efa lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, en önnur framangreind lög leika þó stór hlutverk á þessu sviði og skarast á margvíslegan hátt. Þá er rétt að nefna vatnalög, nr. 15/1923, sbr. einnig vatnalög, nr. 20/2006, sem gildi taka 1. nóvember 2007 en þá falla hin eldri lög úr gildi. Lög þessi falla undir iðnaðarráðuneytið en skipta engu að síður máli í þessu samhengi. Einnig hafa verið sett lög um vernd afmarkaðra landsvæða, sbr. lög nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, lög nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, lög nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, og lög nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns

og vatnasviðs þess. Fleiri lagabálkar af þessum toga má nefna þar sem þeir geta takmarkað nýtingu þeirra auðlinda sem hér um ræðir þótt markmið laganna sé ekki vernd þeirra í sjálfu sér. Þar skulu fyrst nefnd lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir en einnig lög nr. 17/1965, um landgræðslu, og lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða.

### *2.3.1. Lög nr. 44/1999, um náttúruvernd.*

Meginlöggjöfin um náttúruvernd er eins og áður segir lög nr. 44/1999, um náttúruvernd. Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laganna er það m.a. eitt af markmiðum þeirra að stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Í öðrum kafla laganna er fjallað um stjórn náttúruverndarmála og segir í 1. mgr. 4. gr. að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn náttúruverndarmála og í 1. mgr. 6. gr. að Umhverfisstofnun hafi eftirlit með framkvæmda laganna og sé ráðherra til ráðgjafar. Í 11. gr. laganna er kveðið á um náttúruverndarnefndir en skv. 1. mgr. greinarinnar starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd á vegum hvers sveitarfélags eða héraðsnefndar og skulu þær skv. 2. mgr. vera sveitarstjórnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál.

Í fimmta kafla laganna er fjallað um landslagsvernd og kemur fram í 33. gr. að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda, sbr. 11. gr., við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og við álit um mat á umhverfisáhrifum en í 34. gr. að meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Samkvæmt 37. gr. njóta tilteknar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þetta eru í fyrsta lagi eldvörp, gervigígar og eldhraun, í öðru lagi stöðuvötn og tjarnir, 1.000 $m^2$ að stærð eða stærri, í þriðja lagi mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, í fjórða lagi fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 $m^2$ að stærð eða stærri og loks sjávarfitjar og leirur. Leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa skv. 1. mgr. nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir. Samkvæmt 38. gr. þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum en leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá, sbr. 67. og 68. gr. laganna. Í 39. gr. er kveðið á um vernd skóga og annarra gróðursamfélaga en skv. 40. gr. getur Umhverfisráðherra, að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og umsögn iðnaðarráðuneytis, mælt fyrir í reglugerð um vernd steinda, m.a. um að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi til töku ákveðinna tegunda þeirra úr föstum jarðlögum.

Kafli sex í lögum um náttúruvernd fjallar um nám jarðefna og gilda ákvæði kaflans, sbr. 45. gr. laganna, um efnistöku í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og, eftir því sem við á, um efnistöku af eða úr hafsbotni í íslenskri landhelgi og efnahagslögsögu. Samkvæmt 46. gr. fer um skipulag efnistökusvæða eftir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og reglum settum samkvæmt þeim. Um heimild til efnistöku er fjallað í 47. gr. og er þar hnykkt á mörgu sem kveðið er á um í öðrum lögum, s.s. í 1. mgr. að um leyfi til efnistöku af eða úr hafsbotni utan netlaga fari eftir ákvæðum laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990. Iðnaðarráðherra skuli þó leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Í 2. mgr. segir að öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni

innan netlaga sé háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar sem ekki liggi fyrir samþykkt aðalskipulag sem Umhverfisstofnun og viðkomandi náttúruverndarnefnd hafi gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr., sé óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn framangreindra aðila. Enn fremur gildi um efnistöku á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. sé eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóti verndar skv. 37. gr. Í 48. og 49. gr. laganna er fjallað um annars vegar áætlun um efnistöku og hins vegar frágang efnistökusvæða. Í 48. gr. kemur m.a. fram að áður en leyfi er veitt til efnistöku skv. 47. gr. skuli liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði og að Umhverfisstofnun sé heimilt að krefjast þess að námuréttarhafi leggi fram tryggingu sem stofnunin telur fullnægjandi fyrir áætluðum kostnaði við eftirlit og frágang efnistökusvæða. Í 48. gr. segir m.a. að við upphaf efnistöku skuli ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námasvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði. Að loknum vinnslutíma skuli ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi. Þá eru ákvæði um heimildir Umhverfisstofnunar ef frágangur er ekki í samræmi við áætlun um efnistöku.

Sjöundi kafli laga um náttúruvernd fjallar um friðlýstar náttúruminjar en þær skiptast skv. 50. gr. í fimm flokka. Í fyrsta lagi þjóðgarða, sbr. 51. gr., í öðru lagi friðlönd, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 53. gr., í þriðja lagi náttúruvætti á landi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr., og í hafi, sbr. 1. mgr. 54. gr., í fjórða lagi friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 54. gr. og í fimmta lagi fólkvanga, sbr. 55. gr. Um þjóðgarða segir í 3. mgr. 52. gr. að Umhverfisstofnun geri tillögur um verndaráætlun og landnotkun innan þjóðgarða og að þær skuli staðfestar af ráðherra. Um stofnun fólkvangs segir í 2. mgr. 55. gr. að vilji eitt sveitarfélag eða fleiri að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur skuli það eða þau gera tillögu um slíkt til Umhverfisstofnunar þar sem m.a. skuli gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunni að setja umráðarétti eigenda eða rétthafa viðkomandi landsvæðis.

Í 58. og 59. gr. laganna kemur fram að Umhverfisstofnun annist undirbúning friðlýsingar en umhverfisráðherra taki ákvörðun um friðlýsingu. Um efni friðlýsingar segir í 60. gr. að í friðlýsingu skuli m.a. kveðið á um meginatriði verndunar náttúruminja, hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar, umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Í 3. mgr. 60. gr. segir að ef ætla megi að fyrirhugaðar framkvæmdir á friðlýstu svæði raski svo náttúrulegu umhverfi að hætta sé á að ákveðnar lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi eyðist eða verði fyrir verulegum skaða geti umhverfisráðherra látið friðlýsingu taka til banns við slíkum framkvæmdum, enda sé áður fengin umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í áttunda kafla laga um náttúruvernd er fjallað um náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá. Samkvæmt 65. gr. skal umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi. Um efni náttúruverndaráætlunar kemur í 66. gr. fram að í áætluninni skuli vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins. Þá á umhverfisráðherra skv. 67. gr. laganna að gefa út heildstæða náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Efni náttúruminjaskrár

er lýst í 68. gr. og segir þar að í náttúruminjaskrá skulu vera sem gleggstar upplýsingar um í fyrsta lagi friðlýstar náttúruminjar, í öðru lagi náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun, sbr. 65. gr. og í þriðja lagi aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þyki að vernda.

Gefin hefur verið út náttúruverndaráætlun 2004–2008, sbr. þingsályktunartillaga um náttúruverndaráætlun 2004–2008 sem samþykkt var á Alþingi hinn 28. maí 2004. Áætlunin byggist á tillögum Umhverfisstofnunar sem birtust í skýrslu hennar „Náttúruverndaráætlun 2004–2008, Aðferðafræði – Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar" en á grundvelli hennar voru í umhverfisráðuneytinu unnin drög að áætlun sem kynnt voru á 3. umhverfisþingi í október 2003 og síðan lögð fyrir Alþingi.

Í náttúruverndaráætlun segir að hugmyndafræði náttúruverndar nú á tímum kristallist í nokkrum alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, ekki síst í Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu frá 1993 og alþjóðasamningnum um líffræðilega fjölbreytni frá 1992. Þessir samningar leggi sérstaka áherslu á skráningu, vernd og uppbyggingu náttúrulegra vistkerfa, tegunda og búsvæða. Hverju aðildarríki beri að koma á fót neti verndarsvæða sem til samans tryggja lágmarksvernd líffræðilegrar fjölbreytni þess ríkis. Traustar upplýsingar um náttúrufar og náttúruminjar skulu liggja til grundvallar vali á hverju svæði og netið skal byggt upp skipulega þannig að hvert nýtt svæði sem bætist við netið auki heildarfjölbreytni náttúruminja sem njóti verndar. Þá kemur í áætluninni fram að breytt hugmyndafræði hafi getið af sér nýjar vinnuaðferðir við svæðisbundna náttúruvernd. Vinnuaðferðirnar felist í grófum dráttum í því að skilgreina og skrásetja náttúruminjar sem þarfnast verndar og síðan að tryggja tiltekna lágmarksvernd þeirra í neti friðlýstra svæða.[6]

Núgildandi náttúruminjaskrá var gefin út á grundvelli eldri náttúruverndarlaga nr. 47/1971 árið 1996. Síðan hefur fleiri friðlýstum svæðum verið bætt við og eru því á náttúruminjaskrá en ný heildstæð útgáfa náttúruminjaskrár hefur ekki verið gefin út.

### *2.3.2. Lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.*

Meðal markmiða laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar og jafnframt að dregið verði eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum hennar. Með lögunum er útfærð sú meginregla umhverfisréttar að ríki skuli láta fara fram mat á umhverfisáhrifum þegar um er að ræða fyrirhugaða starfsemi sem líkleg er til að hafa veruleg, skaðleg áhrif á umhverfið og háð er ákvörðun stjórnvalds.[7]

Kveðið er á um matsskyldu í þriðja kafla laganna. Í 5. gr. er fjallað um matsskyldar framkvæmdir og skv. 1. mgr. greinarinnar eru þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lögin ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Í 1. mgr. 6. gr. er vísað til 2. viðauka við lögin um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og í 7. gr. segir, um aðrar framkvæmdir sem hugsanlega eru matsskyldar, að umhverfisráðherra sé heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að mæla svo um í reglugerð að framkvæmd sem

---

[6] Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004–2008. Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004 (þingskjal nr. 716), sjá: http://www.althingi.is/altext/130/s/0716.html.

[7] Frekari umfjöllun um meginreglur umhverfisréttar er að finna í 5. kafla skýrslunnar.

ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka við lög þessi skuli háð mati ef sýnt þykir að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Málsmeðferð vegna mats á umhverfisáhrifum verður ekki rakin hér að öðru leyti en því að í 1. mgr. 13. gr. laganna segir að óheimilt sé að gefa út leyfi til framkvæmdar skv. 5. eða 6. gr. fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6. gr. sé ekki matsskyld. Í 2. mgr. sömu greinar segir að við útgáfu leyfis til framkvæmdar skv. 1. mgr. skuli leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Leyfisveitandi skuli birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skuli tilgreina kæruheimild og kærufrest þegar það á við. Ljóst er að neikvæð niðurstaða mats á umhverfisáhrifum getur þýtt synjun um leyfi.

Sem dæmi um framkvæmdir sem skv. 1. viðauka við lögin eru alltaf háðar mati á umhverfisáhrifum og varða auðlindir sem falla undir lög nr. 57/1998 má nefna kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir $m^3$ eða meira, vinnslu á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500.000 $m^3$ af jarðgasi á dag og efnistöku á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 $m^2$ svæði eða stærra eða er 150.000 $m^3$ eða meiri, jarðvarmavirkjanir með 50 MW uppsett varmaafl eða meira og orkuver með 10 MW uppsett rafafl eða meira. Með sama hætti má nefna, sem dæmi um framkvæmdir sem skv. 2. viðauka kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka, efnistöku á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 $m^2$ svæði eða stærra eða er 50.000 $m^3$ eða meiri, efnistöku þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 $m^2$, neðanjarðarnámur, djúpborun (einkum borun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum og borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni), jarðvarmavirkjanir ofan jarðar (til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti), iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafl 200 kW eða meira og varmavinnslu úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira.

### *2.3.3. Lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana.*

Í júní 2006 tóku gildi ný lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006. Í 3. gr. laganna kemur fram að þau gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Með lögunum er lögleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 2001/42/EB frá 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið. Tilskipunin tekur til skipulagsáætlana (e. plans) og framkvæmdaáætlana (e. programmes) sem fjalla um landbúnað, skógrækt, fiskeldi, orkumál, iðnað, samgöngur, meðhöndlun úrgangs, vatnsnýtingu, fjarskipti, ferðaþjónustu eða skipulag byggðaþróunar og landnotkunar.

Eins og segir í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögunum er markmið umhverfismats á áætlunarstigi að huga að umhverfisáhrifum á fyrri stigum ákvörðunartöku. Í umhverfismati áætlunar eigi einnig að felast mat á samlegðaráhrifum margra framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti eða tiltekin svæði. Í athugasemdum kemur einnig fram að nokkur munur sé á umhverfismati áætlana og mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, sbr. lög nr.

106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Það eigi við um nákvæmni matsins, málsmeðferð og afgreiðslu þess og komi það til af því að um sé að ræða annars vegar almennar ákvarðanir um meginstefnu og hins vegar sértækar ákvarðanir um einstakar framkvæmdir.

*2.3.4. Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997.*

Eitt af markmiðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, er skv. 1. gr. þeirra að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í 1. mgr. 9. gr. laganna segir að landið allt sé skipulagsskylt og að bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. ákvæði 43. gr. laganna um veitingu byggingarleyfis og ákvæði 27. gr. um veitingu framkvæmdaleyfis. Í 5. mgr. 9. gr. segir að í skipulagsáætlunum skuli gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Um framkvæmdaleyfi er fjallað í 27. gr. laganna. Í 1. mgr. 27. gr. segir að afla skuli framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þurfi ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi skv. IV. kafla. Í 2. mgr. 27. gr. segir að öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga sé háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skuli gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

*2.3.5. Vatnalög.*

Í núgildandi vatnalögum, nr. 15/1923, sbr. einnig lög nr. 20/2006, má finna fjölda ákvæða sem miða að vernd auðlindarinnar vatns. Má þar nefna 1. mgr. 7. gr. laga nr. 15/1923 þar sem segir að öll vötn skulu renna sem að fornu hafa runnið og meginregluna um að sú nýting sem hefur í för með sér tjón fyrir aðra sé óheimil.

Evrópusambandið samþykkti sérstaka rammatilskipun um vatn (Water Framework Directive) árið 2000, en tilskipunin tekur til vatnafars og vatnabúskapar í víðasta skilningi þar sem lögð er áhersla á umhverfið og verndun þess. Hluti þeirrar tilskipunar fellur undir EES-samninginn og þann hluta þarf að innleiða í íslenskan rétt í samræmi við ákvæði samningsins. Viðræður hafa staðið yfir við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um sérstakar aðlaganir á efni tilskipunarinnar fyrir Ísland vegna sérstakra aðstæðna hérlendis, sérstaklega strjálbýlis og lítils iðnaðar. Í febrúar 2006 var gengið frá tillögu að sameiginlegri ákvörðun og sameiginlegri yfirlýsingu, en auk þess mun Ísland setja fram einhliða yfirlýsingu þegar gerðin verður tekin inn í EES-samninginn. Stefnt er að því að leggja fram lagafrumvarp til innleiðingar á tilskipuninni hérlendis á næsta löggjafarþingi 2006–2007.

*2.3.6. Lög um vernd tiltekinna svæða.*

Elst laganna um vernd tiltekinna svæða eru lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995. Í 2. mgr. 6. gr. þeirra laga kemur fram að þar sem ekki séu fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem lögin taka til sé hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarð-

rask, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Í lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47/2004, segir í 1. málsl. 3. gr. að land þjóðgarðsins skuli vera friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. Í 4. gr. laganna er ákvæði um vatnsvernd og í 5. gr. segir að óheimilt sé að gera nokkurt jarðrask eða reisa mannvirki innan þjóðgarðsins á Þingvöllum nema að fengnu samþykki Þingvallanefndar og taki bann þetta m.a. til húsabygginga, vegagerðar, lagningar raf- og símalína, borunar eftir vatni, töku jarðefna og vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda. Þingvallanefnd sé heimilt að binda samþykki á framkvæmdum innan þjóðgarðsins þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg vegna friðunar samkvæmt lögunum. Með lögum nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, er vatnsverndarsvæði stækkað út fyrir þjóðgarðinn. Segir í 1. mgr. 3. gr. að innan verndarsvæðisins sé óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Umhverfisráðherra setji, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið, nánari reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna. Í lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 97/2004, segir í 3. gr. m.a. að óheimilt sé að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða. Í 4. gr. laganna er kveðið á um verndun vatnasviðs Mývatns og Laxár.

### *2.3.7. Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Markmið laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er skv. 1. gr. þeirra að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Segja má því að þau lög séu fremur til að vernda umhverfið sem heild heldur en náttúruauðlindirnar sjálfar. Fram kemur í 2. gr. að lögin taki til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána, sem hafa eða geta haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr., að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra. Í 5. gr. a laganna segir að allur atvinnurekstur sem geti haft í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr. Óheimilt sé að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Í 1. mgr. 6. gr. kemur fram að Umhverfisstofnun gefi út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft geti í för með sér mengun og talinn er upp í fylgiskjali með lögunum og í 2. mgr. sömu greinar að heilbrigðisnefndir gefi út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft geti í för með sér mengun og ekki er talinn upp í fylgiskjali, sbr. 1. mgr., eftir því sem mælt er fyrir um í reglugerð. Í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, er í 2. tölulið talinn upp atvinnurekstur sem felur í sér vinnslu og úrvinnslu á kalki, leir, steinum og sambærilegum jarðefnum. Í 9. tölulið undir fyrirsögninni „Ýmislegt“ kemur í 9.1 fram að virkjanir og orkuveitur þurfi starfsleyfi og í 10. lið, „Tímabundinn atvinnurekstur sem heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi“, að jarðborun þarfnist starfsleyfis.

*2.3.8. Lög um landgræðslu, nr. 17/1995.*

Samkvæmt 7. gr. laga um landgræðslu, nr. 17/1965, skal Landgræðsla ríkisins afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem hún tekur til heftingar á jarð- og sandfoki eða endurgræðslu, annaðhvort með samningi til svo langs tíma sem landgræðslustjóra þykir þurfa eða með eignarnámi, ef umráðaréttur fæst ekki á annan hátt. Í 12. gr. laganna segir að þegar land sem Landgræðsla ríkisins hefur tekið til græðslu með samkomulagi, sbr. 7. gr., sé svo vel gróið að dómi landgræðslustjóra, að eigi sé nauðsyn frekari aðgerða frá hendi landgræðslunnar, skuli afhenda það aftur eigendum. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins. Þá er í 17. gr. ákvæði um að land skuli nytja svo að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Sá sem landspjöllum valdi með mannvirkjagerð eða á annan hátt sé skyldur að bæta þau.

*2.3.9. Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.*

Í lax- og silungsveiðilögum, nr. 76/1970, er hægt að benda á ákvæði 43. gr. þar sem segir: „Nú er fyrirhugað að taka jarðefni eða gera mannvirki í eða við veiðivatn sem hætta er á að hafi áhrif á lífríki vatnsins, og skal þá Landbúnaðarstofnun láta fara fram líffræðilega úttekt á viðkomandi veiðivatni áður en ráðist er í framkvæmdina. Kostnað af úttektinni greiðir sá er að framkvæmdum stendur. Þegar niðurstaða liggur fyrir skal heimilt að ráðast í viðkomandi framkvæmdir enda samþykki Landbúnaðarstofnun tilhögun þeirra."

**2.4. Alþjóðasamningar um umhverfis- og náttúruvernd sem Ísland er aðili að.**

Ísland hefur gerst aðili að fjölmörgum alþjóðasamningum og yfirlýsingum sem tengjast umhverfis- og náttúruvernd. Í þessum hluta er fjallað um helstu yfirlýsingarnar og samningana, en þar ber hæst Ríó-yfirlýsinguna, samninginn um líffræðilega fjölbreytni og rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem skrifað var undir á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro árið 1992, Ramsar-samninginn um verndun votlendis, einkum fyrir fugla, Bernarsamninginn um verndun tegunda og búsvæða þeirra í Evrópu, OSPAR-samninginn um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, Stokkhólmssamninginn um þrávirk lífræn efni og samning um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

*2.4.1. Ríó-yfirlýsingin og meginreglur umhverfisréttar.*

Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó de Janeiro árið 1992 var samþykkt sérstök yfirlýsing, Ríó-yfirlýsingin, auk sérstakrar framkvæmdaáætlunar sem ber heitið *Dagskrá 21* (Agenda 21). Ríó-yfirlýsingin, sem er í 27 liðum, hefur að geyma nokkrar helstu meginreglur umhverfisréttar. Þær sem taldar hafa verið þýðingarmestar eru meginreglan um sjálfbæra þróun, meginreglan um samþættingu, reglan um fyrirbyggjandi aðgerðir, varúðarreglan, mengunarbótareglan (einnig nefnd greiðslureglan), og reglan um mat á umhverfisáhrifum.

Ákveðnir erfiðleikar hafa verið taldir vera á því að afmarka og skilgreina innihald þessara meginreglna og þær hafa verið útfærðar á mismunandi hátt í löggjöf einstakra ríkja.[8] Hérlendis hefur þess a.m.k. tvívegis verið freistað að setja almenn lög um meginreglur um-

[8] Aðalheiður Jóhannsdóttir (2006). „Umhverfisréttur og stjórnarskráin." *Úlfljótur*, 3. tbl. 2006, bls. 554.

hverfisréttar.[9] Þar var um að ræða í fyrsta lagi frumvarp til laga um lögfestingu nokkurra meginreglna umhverfisréttar o.fl., sem umhverfisráðherra lagði fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–1994 og í öðru lagi frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar sem umhverfisráðherra lagði fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998. Hvorugt þessara frumvarpa varð hins vegar að lögum. Skiptar skoðanir eru um hversu vel hafi tekist til með að þýða Ríó-yfirlýsinguna á íslensku í þessum frumvörpum. Sem dæmi má taka að bent hefur verið á að rangt sé að þýða hugtakið „polluter pays principle" sem mengunarbótareglu eins og gert er í framangreindum frumvörpum þar sem ekki sé um skaðabótareglu í lögfræðilegum skilningi að ræða og því væri réttara að þýða hugtakið sem greiðslureglu.[10]

Svo nánar sé vikið að inntaki einstakra reglna þá hafa margir fengist við að afmarka nánar hugtakið *sjálfbæra þróun*. Í Brundtland-skýrslunni frá árinu 1987 segir að með sjálfbærri þróun sé leitast við að mæta þörfum og væntingum nútíðar án þess að stefna í hættu möguleikum til að mæta þörfum framtíðar.[11] Horft er til þriggja þátta, efnahagslegra, þjóðfélagslegra og umhverfislegra. Í Ríó-yfirlýsingunni sjálfri er undirstrikað að sjálfbær þróun snúist um mannkynið sjálft og rétt þess til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna. Þar segir einnig að ríki heims hafi rétt til að nýta eigin auðlindir í samræmi við umhverfis- og þróunarstefnu sína, en þeim beri hins vegar skylda til að tryggja að starfsemi innan lögsögu eða stjórn þeirra skaði ekki umhverfi annarra ríkja eða önnur svæði utan lögsögu þeirra. Þá beri að nýta réttinn til þróunar með þeim hætti að komið sé til móts við þróunar- og umhverfisþarfir núlifandi og komandi kynslóða á sanngjarnan hátt.[12]

Í 4. gr. Ríó-yfirlýsingarinnar er að finna meginregluna um *samþættingu*, en í henni er almennt talið felast að samþætta beri sjónarmið um umhverfisvernd stefnu stjórnvalda á öðrum sviðum, því til að sjálfbær þróun geti orðið að veruleika þurfi umhverfisvernd að vera óaðskiljanlegur hluti af þróunarferlinu.

Meginreglan um *fyrirbyggjandi aðgerðir* liggur að baki allri löggjöf af umhverfisréttarlegum toga. Meginreglan um fyrirbyggjandi aðgerðir er forsenda og réttlæting *varúðarreglunnar* en hún er talin fela í sér að þegar ekki er fyrir hendi vísindaleg fullvissa en líkindi eru á að alvarlegt eða óbætanlegt tjón geti leitt af aðgerð eða aðgerðarleysi er sönnunarreglum beitt með sérstökum hætti, þ.e. slakað er á sönnunarkröfum eða sönnunarbyrði jafnvel snúið við. Eina útgáfu varúðarreglunnar er að finna í 15. gr. Ríó-yfirlýsingarinnar þar sem fram kemur að ríki skulu í ríkum mæli beita varúðarreglunni eftir því sem þau hafa getu til, í því skyni að vernda umhverfið og þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni skuli skorti á vísindalegri fullvissu ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

---

[9] Raunar er vert að geta þess að enn fyrr eða á 111. löggjafarþingi 1988-1989 kom fram frumvarp til laga um umhverfismál þar sem lagt var til að stofnað yrði sérstakt umhverfisráðuneyti. Í frumvarpinu, sem ekki varð að lögum, er einnig að finna ákvæði um mat á umhverfisáhrifum.

[10] Aðalheiður Jóhannsdóttir (2006). „Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda í ljósi greiðslureglu." *Tímaritið Lögrétta*, 1. hefti, 3. árg. 2006, bls. 13.

[11] Aðalheiður Jóhannsdóttir (2004). „Er sjálfbær þróun lagalegt hugtak?" Í *Rannsóknir í félagsvísindum V*, bls. 17.

[12] Byggt á umfjöllun í skýrslum frá umhverfisráðuneyti (1992), (1997) og (2002) og þýðingum á meginreglum umhverfisréttar úr frumvarpi til laga um lögfestingu nokkurra meginreglna umhverfisréttar o.fl., sem umhverfisráðherra lagði fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–1994 og frumvarpi til laga um meginreglur umhverfisréttar sem umhverfisráðherra lagði fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998.

*Mengunarbótareglan* (greiðslureglan) hefur m.a. verið talin fela í sér að yfirvöld í einstökum ríkjum skuli stuðla að því að tillit sé tekið til umhverfiskostnaðar og að hagrænum stjórntækjum sé beitt með hliðsjón af þeirri grundvallarreglu að mengunarvaldur skuli bera kostnað af menguninni, með tilhlýðilegu tilliti til almenningshagsmuna og án þess að raska alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum.

Reglan um *mat á umhverfisáhrifum* segir að ríki skulu láta fara fram mat á umhverfisáhrifum þegar um er að ræða fyrirhugaða starfsemi sem líkleg er til að hafa veruleg, skaðleg áhrif á umhverfið og háð er ákvörðun viðkomandi stjórnvalds. Þessi regla er sú eina af framangreindum meginreglum umhverfisréttar sem útfærð hefur verið í sérstakri löggjöf hérlendis, lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum og nú nýlega einnig lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

### *2.4.2. Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni.*

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni var gerður á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro árið 1992 og öðlaðist gildi 29. desember 1993. Ísland fullgilti samninginn 12. september 1994 og hann öðlaðist gildi hérlendis 11. desember 1994. Markmið samningsins er að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni og stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda, með áætlanagerð, löggjöf og öðrum viðeigandi stjórntækjum, auk þess að stuðla að því að skipting þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu auðlindanna sé sanngjörn og réttlát. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að því að hæfilegur aðgangur sé að erfðaauðlindum og miðla viðeigandi tækni til að nýta þær. Í september 2006 voru 188 ríki aðilar að samningnum.

Aðilar að samningnum skulu stjórna og hafa eftirlit með notkun og losun erfðabreyttra lífvera, auka rannsóknir og vöktun á líffræðilegri fjölbreytni, efla fræðslu og menntun um líffræðilega fjölbreytni og kanna, m.a. með lögbundnu mati á umhverfisáhrifum, þær athafnir sem kunna að hafa skaðleg áhrif á vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni. Þá skulu aðilar samningsins skiptast á vísindalegum upplýsingum og aðstoða þróunarríkin við að ná markmiðum samningsins.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni er rammasamningur og framkvæmd hans byggist auk ákvæða samningsins að verulegu leyti á samþykktum og ákvörðunum aðildarríkjafunda um einstök málefni. Helstu verkefni samningsins snúa að landbúnaði, sjávarútvegi, skógrækt, ferskvatni, þurrkasvæðum, fjallasvæðum og eyjum, en um er að ræða þverfagleg málefni sem verulega snerta auðlindir og ýmsar framkvæmdir sem haft geta áhrif á líffræðilega fjölbreytni, t.d. erfðaauðlindir og aðgangur að þeim, sjálfbær nýting, mat á umhverfisáhrifum, vistkerfisnálgun og áætlun um verndun plantna.[13]

### *2.4.3. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.*

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður í New York 9. maí 1992. Skrifað var undir samninginn á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó í júní 1992 og hann öðlaðist gildi 21. mars 1994. Ísland gerðist aðili að samningnum með þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1993. Markmið samningsins er, sbr. 2. gr. hans, að ná jafnvægi á styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti við þau mörk að ekki verði hættuleg röskun á loftslagskerfinu af manna völdum. Þessum mörkum skal ná

---

[13] Sjá heimasíðu umhverfisráðuneytis, http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/58 og www.biodiv.org.

innan þeirra tímamarka að vistkerfi geti aðlagast loftslagsbreytingum, matvælaframleiðslu sé ekki ógnað og efnahagsþróun geti orðið með sjálfbærum hætti. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að alþjóðlegri samvinnu um að auðvelda félagslega og efnahagslega aðlögun að loftslagsbreytingum. Í júní 2006 voru 189 ríki aðilar að samningnum.

Samningurinn er, eins og segir í athugasemdum við framangreinda þingsályktun, „stefnumarkandi alþjóðasamningur um viðbrögð við loftslagsbreytingum og hefur ekki að geyma lagalega bindandi ákvæði um markmið eða einstakar aðgerðir. Með aðild að honum gengust aðildarríki, hvert um sig og sameiginlega, undir þá skuldbindingu að stemma stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum og vega upp á móti útstreymi þessara lofttegunda með því að vernda og auka lífmassa, skóga og höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi, þannig að útstreymið yrði ekki meira um aldamótin en það var árið 1990."

Til að ná þessum markmiðum skulu aðilar að samningnum:

- Halda skrár yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum eftir uppsprettum þeirra og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, þróa og framkvæma hvert um sig, og þegar við á sameiginlega á vettvangi alþjóðlegrar eða svæðisbundinnar samvinnu, áætlanir um aðgerðir til að draga úr loftlagsbreytingum og neikvæðum félagslegum og efnahagslegum afleiðingum þeirra,
- taka tillit til loftlagsbreytingaþátta (loftslagsbreytinga og aðlögunar að þeim) við ákvarðanir um framkvæmdir og stefnumótun í félags-, efnahags- og umhverfismálum,
- miðla tækni og skiptast á upplýsingum um aðgerðir og áætlanir til að draga úr loftslagsbreytingum og neikvæðum áhrifum þeirra, þ.m.t. viðeigandi vísindalegum, tæknifræðilegum, tæknilegum, hagfélagslegum og lögfræðilegum upplýsingum og upplýsingum um útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum,
- hafa með sér samvinnu um rannsóknir, gagnasöfnun og vöktun,
- stuðla að aukinni fræðslu, meðvitund, menntun og þátttöku almennings, og
- hafa samvinnu um að koma á uppbyggjandi og opnu alþjóðlegu hagkerfi sem stuðlar að sjálfbærum hagvexti og þróun hjá öllum aðilum.[14]

**2.4.3.1. Kýótó-bókunin.**

Þar sem skuldbindingar samkvæmt samningnum nægðu í raun ekki til að markmið hans næðust var á vettvangi aðila rammasamningsins, sérstökum aðildarríkjaþingum, hafist handa við að fastsetja skuldbindingar iðnríkjanna um samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Niðurstaðan var svonefnd Kýótó-bókun við samninginn sem samþykkt var í Kýótó í Japan 11. desember 1997 og tók gildi 16. febrúar 2005. Ísland gerðist aðili að Kýótó-bókuninni með þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi hinn 23. maí 2002. Með bókuninni voru sett lagalega bindandi takmörk á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir ríki sem talin eru upp í viðauka I við rammasamninginn en þau eru OECD-ríkin, ríki Austur-Evrópu og nokkur ríki sem áður töldust til Sovétríkjanna. Meginskuldbindingu Kýótó-bókunarinnar er að finna í 3. gr. hennar og í henni felst að aðilar skulu, hver um sig eða sameiginlega, tryggja að heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda frá þeim af manna völdum fari ekki yfir úthlutað magn þeirra með það fyrir augum að minnka heildarútstreymi slíkra lofttegunda frá sér um að minnsta kosti fimm af hundraði niður fyrir útstreymismagn ársins 1990 á skuldbindingartímabilinu 2008 til 2012.

---

[14] Nánari upplýsingar um samninginn er að finna á vefslóðinni: www.unfccc.int.

Aðrir aðilar en þeir sem taldir eru í viðauka I við rammasamninginn sæta ekki magnbundnum takmörkunum á losun gróðurhúsalofttegunda og endurspeglar það viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á því að ríki beri misjafna ábyrgð á því ástandi sem orðið er.[15] Þá er hin magnbundna takmörkun sem ríkin í viðauka I taka á sig mismikil. Í viðauka B við bókunina sjálfa er ríkjunum úthlutað tilteknu magni útstreymis sem hundraðshluta af útstreymi ársins 1990. Flest ríki þurfa að minnka útstreymi meira en 5% en nokkur ríki mega þó auka útstreymi miðað við viðmiðunarárið. Þar á meðal er Ísland sem hefur samkvæmt viðauka B heimild til að losa 110% af því sem losað var árið 1990. Ríkin eru einnig skuldbundin til að halda bókhald um útstreymi gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis.

Samkvæmt bókuninni skulu ríkin grípa til ráðstafana heima fyrir til að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda en jafnframt eru heimiluð viðskipti með útstreymisheimildir á grundvelli hinna svokölluðu sveigjanleikaákvæða bókunarinnar. Í athugasemdum með áðurnefndri þingsályktunartillögu segir: „Í fyrsta lagi er hér um að ræða viðskipti með útstreymisheimildir, sbr. 17. gr. Ríkjum er heimilað að kaupa slíkar heimildir frá öðrum ríkjum sem ekki nýta útstreymisheimildir sínar til fulls. Í öðru lagi er ríkjum í viðauka B heimilað að takast sameiginlega á hendur verkefni sem leiða til samdráttar í útstreymi gróðurhúsalofttegunda og skipta með sér þeim samdrætti sem um er að ræða, sbr. 6. gr. Í þriðja lagi er ríkjum í viðauka B heimilað að ráðast í verkefni í þróunarríkjunum sem leiða til samdráttar í útstreymi og telja sér til tekna þann samdrátt heima fyrir, sbr. 12. gr. Loks geta ríki í fjórða lagi bundist formlegu samkomulagi um sameiginlega útstreymisheimild og skiptingu hennar sín á milli, sbr. 4. gr. Evrópusambandið hefur ákveðið að nýta sér þennan kost. Gert er ráð fyrir að framangreindum sveigjanleikaákvæðum sé beitt til viðbótar við aðgerðir sem ríki grípa til heima fyrir til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda eða auka bindingu."

Eftir að Kýótó-bókunin var samþykkt hafa á aðildarríkjaþingum rammasamningsins verið teknar ákvarðanir um framkvæmd einstakra atriða hennar. Var samningaferli um útfærsluna leitt til lykta á sjöunda aðildarríkjaþinginu sem haldið var í Marrakess árið 2001. Rétt er að geta þess að eitt af því sem þar var samþykkt er hið svokallaða „íslenska ákvæði" sem er ákvörðun 14/CP.7. Í fyrrnefndri þingályktunartillögu kemur fram um aðdragandann að samþykkt þess að „[v]ið samþykkt Kýótó-bókunarinnar var því lýst yfir af hálfu stjórnvalda að Ísland gæti ekki staðið við þau útstreymismörk sem tilgreind eru í viðauka B við bókunina, vegna smæðar efnahagskerfisins og sérstöðu hvað varðar samsetningu á útstreymi. Það sem veldur vanda í tilviki Íslands eru hlutfallsleg áhrif einstakra verkefna á heildarútstreymi. Hér á landi vega einstök stóriðjuverkefni svo þungt hlutfallslega að áhrif stærstu verkefnanna hvers um sig eru meiri en þreföld samdráttarmarkmið Kýótó-bókunarinnar [ ]."

Fallist var á sjónarmið Íslands og í íslenska ákvæðinu felst að koltvíoxíðsútstreymi frá nýrri stóriðju, eða stækkun stóriðjuvers, sem hefur starfsemi eftir 1990 og leiðir til meira en 5% aukningar á útstreymi á tímabilinu 2008–2012, verði haldið utan við útstreymisheimild bókunarinnar eftir að útstreymisheimildir hafa verið fullnýttar. Í ákvörðuninni felst að heimilt er, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að halda tilteknu magni koltvíoxíðs fyrir utan kerfið og gera grein fyrir því sérstaklega.

---

[15] Aðalheiður Jóhannsdóttir (2003). „Alþjóðlegar skuldbindingar um loftslagsbreytingar og íslenskur réttur: Umfjöllun með áherslu á útstreymisheimildir og viðskipti með þær." *Lögberg*, rit Lagastofnunar Háskóla Íslands, bls. 27.

*2.4.4. Ramsar-samningurinn um verndun votlendis, einkum fyrir fugla.*

Ramsar-samningurinn um verndun votlendis, einkum fyrir fugla (*Convention on Wetlands of International Importance Especially as Waterfowl Habitat (Ramsar Convention)* var gerður í Ramsar í Íran 2. febrúar 1971 og öðlaðist gildi 21. desember 1975. Ísland gerðist aðili að samningnum 2. desember 1977 og hann öðlaðist gildi hér á landi 2. apríl 1978. Í lok ágúst 2006 voru 153 ríki aðilar að samningnum.

Markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla, en votlendisfuglar eru þeir fuglar sem vistfræðilega byggja tilveru sína á votlendum.

Samkvæmt samningnum ber hverju aðildarríki að tilnefna a.m.k. eitt votlendissvæði á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði, en í samningnum er votlendissvæði skilgreint mjög víðtækt og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra. Þrjú votlendissvæði, Mývatn-Laxá, Grunnafjörður og Þjórsárver, hafa verið tilnefnd af hálfu Íslands, en í lok ágúst 2006 voru alls 1616 svæði á skrá samningsins.[16]

Í samræmi við markmið samningsins ber samningsaðilum að:

- Undirbúa og framkvæma skipulag þannig að stuðlað sé að vernd votlenda sem eru á skránni, svo og skynsamlegri nýtingu votlenda innan lögsögu þeirra, svo sem unnt er,
- tilkynna skrifstofu ef vistfræðileg sérkenni votlenda sem þeir hafa tilnefnt á skrá samningsins, hafa breyst, eru að breytast eða eru líkleg til þess að breytast vegna verklegra framkvæmda, mengunar, eða annarrar röskunar af mannavöldum,
- stuðla að verndun votlenda og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendum, hvort heldur þau eru á skránni eða ekki, og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi,
- stuðla að rannsóknum og miðlun upplýsinga og rita um votlendi, gróður þeirra og dýralíf,
- leitast við að stækka stofna votlendisfugla í heppilegum votlendum með viðeigandi ráðstöfunum,
- stuðla að þjálfun starfsliðs á sviði rannsókna, nýtingar og gæslu votlenda,
- taka tillit til alþjóðlegrar ábyrgðar sinnar á vernd, meðferð og skynsamlegri hagnýtingu farandstofna votlendisfugla,
- ráðgast innbyrðis um framkvæmd skuldbindinga sem samningurinn felur í sér.[17]

*2.4.5. Bernarsamningurinn um verndun tegunda og búsvæði þeirra í Evrópu.*

Samningurinn um verndun villtra plantna og búsvæða þeirra í Evrópu (Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats) var gerður í Bern 19. september 1979 og öðlaðist gildi 1. júní 1982. Ísland fullgilti samninginn 17. júní 1993 og hann öðlaðist gildi hér á landi 1. október 1993. Samningurinn gildir fyrir Evrópu og lönd sem hafa sameiginlegar dýrategundir með Evrópu, en aðilar að samningnum eru 45 talsins.

Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlega samvinnu þarf til að vernda, auk

---

[16] Sbr. *The List of Wetlands of International Importance* (31. ágúst 2006), á vefslóðinni: http://www.ramsar.org.

[17] Sbr. upplýsingar á heimasíðu samningsins á vefslóðinni www.ramsar.org og á heimasíðu umhverfisráðuneytis á vefslóðinni: http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/157.

þess að stuðla að fjölþjóðlegri samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífssvæða.

Samkvæmt samningnum ber aðilum að honum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda eða aðlaga stofnstærð villtra dýra og plantna, einkum í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur. Samningnum fylgja fjórir viðaukar. Í viðaukum I–III eru listar yfir þær plöntur og þau dýr sem aðilum ber að vernda og í viðauka IV er fjallað um forboðinn veiðibúnað og veiðiaðferðir.[18]

### *2.4.6. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR-samningurinn).*

Markmið samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic (OSPAR Convention)) er að koma í veg fyrir mengun Norðaustur-Atlantshafsins með því að draga úr mengun frá landi, mengun af völdum varps og brennslu, og mengun frá uppsprettum í hafi. Auk þess tekur hann á mati á ástandi hafsins og verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins. Um er að ræða svæðisbundinn samning og eru 16 ríki aðilar að samningum.

Hér á landi eru í gildi lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, og lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, varðandi framkvæmd OSPAR-samningsins.[19]

### *2.4.7. Stokkhólmssamningurinn um þrávirk lífræn efni.*

Stokkhólmssamningurinn um þrávirk lífræn efni (Convention on Persistent Organic Pollutants (Stockholm Convention on POPs)) var gerður í Stokkhólmi 23. maí 2001, fullgiltur fyrir Íslands hönd 29. maí 2002 og öðlaðist gildi í maí 2005. Aðildarríki samningsins voru 130 talsins í ágúst 2006.

Markmið samningsins er að vernda heilsu manna og umhverfið gegn þrávirkum lífrænum efnum. Viðaukar við samninginn eru alls sex, en í þeim er fjallað um takmarkanir á notkun og framleiðslu DDT, óáformaða framleiðslu, upplýsingakröfur og flokkunarviðmiðanir, upplýsingakröfur varðandi áhættulýsingu og upplýsingar um félagsleg og efnahagsleg málefni, auk þess sem einn viðaukinn hefur að geyma lista yfir fjölklórbífenýlefni sem á að útrýma.[20]

### *2.4.8. Samningur um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.*

Samningur um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution (LRTAP)) var undirritaður í Genf 13. nóvember 1979 og öðlaðist gildi 3. ágúst 1983. Samningurinn öðlaðist gildi hér á landi 3. ágúst 1983 og í ágúst 2006 voru aðilar að samningnum 50 talsins.

Markmiðið með samningnum er að vernda manninn og umhverfi hans gegn loftmengun. Samkvæmt ákvæðum samningsins munu samningsaðilar leitast við að takmarka og draga smám saman úr og koma í veg fyrir loftmengun, að svo miklu leyti sem unnt er. Jafnframt

---

[18] Sbr. upplýsingar á heimasíðu umhverfisráðuneytis á vefslóðinni: http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/45 og heimasíðu samningsins: http://www.coe.int/t/e/cultural_co-operation/environment/nature_and_biological_diversity/ Nature_protection/.

[19] Sbr. upplýsingar á heimasíðu samningsins á vefslóðinni www.ospar.org og á heimasíðu umhverfisráðuneytis á vefslóðinni: http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/146.

[20] Sbr. upplýsingar á heimasíðu samningsins á vefslóðinni http://www.pops.int/ og á heimasíðu umhverfisráðuneytis á vefslóðinni: http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/182.

skulu þeir með upplýsingum, viðræðum, rannsóknum og eftirliti, móta stefnu og aðferðir til að berjast, að svo miklu leyti sem unnt er, gegn losun loftmengunarefna og þar með draga úr loftmengun. Fara skulu fram viðræður milli aðila sem hafa eða gætu orðið fyrir loftmengun sem berst milli landa og aðila sem eiga lögsögu þar sem mengunin gæti átt upptök sín.

Samkvæmt samningnum skulu aðilar hans með hliðsjón af rannsóknum, upplýsingaskiptum, eftirliti og staðbundnum úrbótum, móta bestu hugsanlegu stefnu, aðferðir og stjórnunarráðstafanir, einkum varðandi losun mengunarefna frá nýjum eða endurbyggðum fyrirtækjum.

Samningurinn felur í sér samvinnu um rannsóknir og tækniþróun til að:

- Draga úr losun mengunarefna, einkum brennisteinssambanda,
- bæta eftirlit með og mæla losun mengunarefna,
- vinna að könnun á flutningi mengunarefna milli landa,
- kanna áhrif brennisteinssambanda og annarra loftmengunarefna á heilsu manna og umhverfið,
- vinna að mati á ráðstöfunum til að ná umhverfismarkmiðum, og
- vinna að fræðslu og kennslu um áhrif mengunar á umhverfið.

Samkvæmt samningnum skulu aðilar hans skiptast á upplýsingum um losun tiltekinna mengunarefna, stefnubreytingar og ráðstafanir til að draga úr mengun. Aðilar samningsins taka einnig þátt í framkvæmd og framþróun samstarfsáætlunar um eftirlit með og mati á flutningi loftmengunar í Evrópu (EMEP).

Gerðar hafa verið 8 bókanir við samninginn og hefur Ísland skrifað undir tvær þeirra. Þar er annars vegar um að ræða *Protocol on Heavy Metals* sem gekk í gildi 29. desember 2003 og hins vegar *Protocol on Persistent Organic Pollutants* sem gekk í gildi 23. október 2003, en einungis seinni bókunin hefur verið staðfest hérlendis. [21]

### *2.4.9. Árósasamningurinn.*

Árósasamningurinn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð var gerður í Árósum 25. júní 1998 og öðlaðist hann gildi 30. október 2001. Þrjátíu ríki hafa nú fullgilt samninginn.

Evrópusambandið undirritaði einnig Árósasamninginn og í framhaldi af því samþykktu Evrópuþingið og ráðið í janúar 2003 tilskipun nr. 2003/4/EB, sem hefur það að markmiði að innleiða fyrstu stoð Árósasamningsins í löggjöf sambandsins, en sá hluti samningsins lýtur að almennum aðgangi að upplýsingum um umhverfismál. Tilskipunin er nákvæmari og gengur lengra um nokkur atriði heldur en Árósasamningurinn. Þessi tilskipun var tekin inn í EES-samninginn í september 2003 og innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, en markmið laganna er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál.

---

[21] Sbr. upplýsingar á heimasíðu umhverfisráðuneytis á vefslóðinni: http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/102. Sjá einnig upplýsingar á vefslóðunum www.emep.int og www.unece.org/env/lrtap/.

### 3. Eldri tillögur að lagabreytingum.

Á 131. löggjafarþingi 2004–2005 kom fram frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Frumvarpið var ekki útrætt og kom ekki fram á ný á þinginu veturinn 2005–2006. Samhengisins vegna er þó rétt að gera grein fyrir þeim nýmælum sem lögð voru til í nefndu frumvarpi.

Í athugasemdum með frumvarpinu kom fram að við setningu gildandi auðlindalaga nr. 58/1998 hafi fyrst og fremst verið höfð í huga nauðsyn þess að skera ótvírætt úr um það með lögum hvernig háttað væri eignarhaldi á auðlindum í jörðu auk þess sem komið hafi verið á nýskipan auðlindastýringar. Meginmarkmið laganna hafi því verið að mæla fyrir um eignarréttarlega stöðu auðlinda í jörðu. Mörg önnur ákvæði laganna hafi hins vegar að miklu leyti verið látin halda sér óbreytt frá því sem verið hafði í eldri námulögum, nr. 24/1973 og III. og IV. kafla orkulaga, nr. 58/1967. Á það þætti skorta að gildandi lög tækju með nægilega ítarlegum hætti til auðlindastjórnunar. Þá tækju lögin ekki til allra jarðrænna auðlinda og var þá sérstaklega nefndur til sögunnar orkunýtingarréttur vatnsfalla.

Helstu breytingar sem frumvarpið gerði ráð fyrir frá gildandi lögum og máli skipta voru þessar:

Frumvarpinu var ætlað að taka til allra jarðrænna auðlinda, grunnvatns og yfirborðsvatns, þar á meðal auðlinda í vatnsföllum og stöðuvötnum, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. Þeim var hins vegar eftir sem áður ekki ætlað að taka til gróðurs og lífvera, annarra en hveraörvera. Frumvarpið miðaðist þannig við að hagnýting vatnsorku félli undir lögin. Þá var nýtt hugtak, jarðrænar auðlindir, notað um þessar auðlindir, en það var skilgreint sem hvers konar frumefni, lífræn og ólífræn efnasambönd og orkulindir sem vinna mætti á landi og úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þær kunna að finnast við.

Lagðar voru til breytingar á gildandi lögum sem einfölduðu leit að jarðrænum auðlindum án þess að til kæmi útgáfa rannsóknar- og/eða nýtingarleyfis. Gert var ráð fyrir að Orkustofnun gæti heimilað aðilum leit jarðrænna auðlinda í eignarlöndum þrátt fyrir að ekki hafi tekist að afla samþykkis fasteignareiganda og þannig auðveldað mönnum að standa að nauðsynlegri forathugun áður en til eiginlegrar rannsóknar kæmi með útgáfu tilheyrandi leyfis. Leit fæli í sér yfirlitskönnun til að staðfesta tilvist auðlindar og lýsa væntanlegri legu hennar, magni og aðstæðum. Leit gæti farið fram á mjög stóru landsvæði og tekið áratugi.

Rannsókn fæli hins vegar í sér mat á stærð og legu auðlindar og sannprófun hennar. Rannsókn gæti verið margfalt dýrari en leit. Vegna kostnaðar við rannsókn þyrfti sá sem hana kostaði að njóta fyrirheits um forgangsrétt til nýtingar ef til hennar kæmi að rannsókn lokinni. Eigandi auðlindar þyrfti þó ekki leyfi til rannsóknar hvort sem hann rannsakaði auðlindina sjálfur eða aðrir á hans vegum. Vildi hann hins vegar njóta forgangsréttar til nýtingar yrði hann að afla sér rannsóknarleyfis. Hann ætti forgangsrétt að rannsóknarleyfi á auðlind sinni en óskaði hann ekki eftir að nýta þennan forgangsrétt gætu stjórnvöld átt frumkvæði að rannsókn á auðlindinni. Rannsóknarleyfi veitti leyfishafa forgangsrétt til nýtingarleyfis í allt að tvö ár að loknum gildistíma þess og tryggði að öðrum aðila yrði ekki veitt rannsóknarleyfi á sama svæði á gildistíma rannsóknarleyfis og forgangsréttar til nýtingar.

Þá var lagt til, bæði í tilviki leitar og rannsókna að Orkustofnun gæti átt frumkvæðið að leit eða rannsókn á jarðrænum auðlindum hvar sem væri á landinu og skipti þá ekki máli þó að eigandi auðlindar hefði sjálfur hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum. Þó væri sá munur á að hefði eigandi auðlindar gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum yrði öðr-

um aðila ekki veitt rannsóknarleyfi á viðkomandi svæði. Þá þótti eðlilegt að leggja tilkynningarskyldu á landeigendur sem framkvæmdu rannsóknir á eignarlöndum sínum.

Nýting jarðrænna auðlinda yrði háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það væri til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum. Eigandi auðlindar hefði ekki forgang að nýtingarleyfi auðlindar sinnar, nema hann hefði öðlast forgangsrétt með rannsóknarleyfi.

Lagt var til að tímalengd útgefinna leyfa yrði lögbundin. Tímalengd nýtingarleyfis vatnsorku skyldi nema allt að 60 árum, en annarra auðlinda allt að 30 árum. Framlengja skyldi leyfi hefðu forsendur leyfisveitingar ekki breyst en þó ekki lengur en til 30 ára. Hefði nýtingarleyfishafi ekki hafið nýtingu á grundvelli leyfisins innan tveggja ára frá útgáfu þess eða sótt um virkjanaleyfi innan þeirra tímamarka þá félli leyfið úr gildi. Ef leyfishafi stöðvaði vinnslu samfellt í þrjú ár félli leyfið niður að þeim tíma liðnum.

Komið skyldi á frekari tengingu nýtingarleyfis samkvæmt auðlindalögum og virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum með þeim hætti að nýtingarleyfi skv. auðlindalögum væri lögbundin forsenda þess að viðkomandi aðila yrði veitt virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum.

Í frumvarpinu var byggt á þeirri meginreglu að auglýsa skyldi eftir umsækjendum áður en leyfi væri veitt til rannsókna og nýtingar á jarðrænum auðlindum í eignarlöndum ríkisins og í þjóðlendum.

Þá var lagt til að reglur um endurgreiðslu kostnaðar vegna rannsókna í þeim tilvikum að annar aðili en handhafi rannsóknarleyfis fengi nýtingarleyfi.

Í greinargerð með frumvarpinu voru reifuð þau sjónarmið sem eðlilegt væri að líta til við veitingu rannsókna- og nýtingarleyfa. Varð niðurstaðan sú að unnt væri að hafa hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem sett eru fram í álitsgerð auðlindanefndar frá 2000, en þau eru helst þessi: 1) Stuðlað sé að sem hagkvæmastri nýtingu auðlinda til að hámarka hagsæld og koma í veg fyrir sóun. 2) Tryggð sé sjálfbær nýting endurnýjanlegra auðlinda og hins sameiginlega umhverfis jarðarbúa. 3) Varlega sé farið í nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi. 3) Stjórn auðlinda byggist á vísindalegri þekkingu um náttúruauðlindir og þau áhrif sem nýting þeirra hefur í för með sér.

Þá var í frumvarpinu á því byggt að Orkustofnun hefði eftirlit með framkvæmd laganna. Eðlilegt þætti að Orkustofnun hefði sem fagstofnun á sviði auðlinda- og orkumála leyfisveitinga- og eftirlitshlutverk, fremur en ráðherra sjálfur. Til þess að Orkustofnun gæti rækt hlutverk sitt við stjórnun jarðrænna auðlinda væri nauðsynlegt að hún hefði úrræði til að framfylgja ákvæðum laganna og var gert ráð fyrir nokkuð víðtækara valdi stofnunarinnar af þessum sökum.

Loks var lagt til að afnumdar yrðu úr lögum takmarkanir þess efnis að bann væri lagt við því að landeigandi undanskilji eignarlandi sínu rétt til jarðrænna auðlinda, t.d. jarðefna og jarðhita. Ekki þættu lengur rök til þess að halda slíku banni í lögum og væru því engar takmarkanir gerðar á ráðstöfunarrétti fasteignareiganda að þessu leyti.

### 4. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu og vatnsafli til raforkuframleiðslu.

Í þessum kafla er farið yfir stöðu mála varðandi útgefin leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu, umsóknir um rannsóknarleyfi, nýtingarleyfi og virkjanaleyfi, auk þess sem farið er yfir framtíðarhorfur í orkufrekum iðnaði. Rétt er að hafa í huga að virkjunarleyfi falla ekki undir lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en með hliðsjón af umræðum í nefndinni og tillögum nefndarinnar um breytingar á þeim lögum er viðeigandi að fjalla einnig um þau mál í þessum kafla.

## 4.1. Rannsóknarleyfi.

Samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er iðnaðarráðherra heimilt að hafa frumkvæði að og/eða láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu og skiptir þá ekki máli þó að landeigandi hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum. Með sama hætti getur ráðherra heimilað öðrum rannsóknir og leit og skal þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi.

Rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum felur í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögunum og ráðherra telur nauðsynlega.

### *4.1.1. Útgefin rannsóknarleyfi.*

Í ágúst 2006 voru í gildi 7 rannsóknarleyfi fyrir jarðhita, en 2 þeirra sérstaklega vegna hitaveitu. Eins og sjá má í töflu 4.1 þá er hér um að ræða rannsóknarleyfi vegna jarðhita á Hengilssvæði, Kröflusvæði, Þeistareykjum, Hágöngum, Tröllladyngju og rannsóknarleyfi á jarðhita vegna hitaveitu í Heimaey og á Berserkseyri í Grundarfirði.

*Tafla 4.1. Útgefin rannsóknarleyfi fyrir jarðhita, ágúst 2006.*

| Svæði | Auðlind | Leyfishafi | Útgáfuár | Gildistími |
|---|---|---|---|---|
| Hengilssvæði (Hellisheiði* Ölkelduháls og Hverahlíð) | Jarðhiti | Orkuveita Reykjavíkur | 2001 | 01.06.2016 |
| Kröflusvæði (Krafla I og Krafla II (vestursvæði)) | Jarðhiti | Landsvirkjun | 2002 | 31.05.2009 |
| Þeistareykir | Jarðhiti | Þeistareykir ehf. | 2004 | 31.12.2008 |
| Hágöngur/Köldukvíslarbotnar | Jarðhiti | Landsvirkjun | 2004 | 01.08.2008 |
| Tröllladyngja | Jarðhiti | Hitaveita Suðurnesja | 2000 | 01.06.2007 |
| Heimaey | Jarðhiti v. hitaveitu | Hitaveita Suðurnesja | 2004 | 19.12.2009 |
| Berserkseyri í Grundarfirði | Jarðhiti v. hitaveitu | Orkuveita Reykjavíkur | 2006 | 31.07.2010 |

Heimild: Iðnaðarráðuneyti, 1. september 2006.

*Virkjunarleyfi hefur verið gefið út á Hellisheiði, sbr. kafla 4.3.

Einnig er í gildi eitt leyfi til rannsókna á jarðefnum, en þar er um að ræða leyfi sem Melmi ehf. hefur til rannsókna á málmum á 14 tilgreindum stöðum á landinu. Engin leyfi til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu hafa verið gefin út, en hafa verður í huga að ekki þurfti slíkt leyfi fyrr en í febrúar 2006 þegar lög nr. 5/2006 tóku gildi.

### *4.1.2. Umsóknir um rannsóknarleyfi.*

Hjá iðnaðarráðuneyti bíða nú afgreiðslu 21 umsókn um rannsóknarleyfi vegna jarðhita og vatnsafls á 15 svæðum, en þar af eru 12 umsóknir vegna jarðhita og 9 umsóknir vegna vatnsafls. Svæðin sem um er að ræða vegna jarðhita eru Brennisteinsfjöll, Fremri-Námar, Gjástykki, Grændalur, Kelduhverfi, Kerlingafjöll, Krýsuvík og Torfajökulssvæði. Vegna vatnsafls er um að ræða Skjálfandafljót, Hólmsá í Skaftártungu, Tungnaá ofan Sigöldustöðvar,

Þjórsá neðan Búrfells, Skaftá (efri hluti), Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði og Hagavatn. Einnig bíða afgreiðslu 3 umsóknir um rannsóknarleyfi vegna grunnvatns, en svæðin sem þar er um að ræða eru Fagridalur, Kaldárhöfði og Rauðsgil.

Hafa verður í huga að ekki þurfti leyfi til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu fyrr en í febrúar 2006 þegar lög nr. 5/2006, um breytingar á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, tóku gildi. Viðamiklar rannsóknir á vatnsafli hafa því þegar farið fram víða um land án þess að gefin hafi verið út rannsóknarleyfi, en slíkar rannsóknir hafa m.a. verið framkvæmdar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Í því sambandi má nefna að fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá neðan Búrfells og við Urriðafoss hafa þegar farið í mat á umhverfisáhrifum og Skipulagstofnun hefur á þeim grundvelli heimilað framkvæmdir þar með skilyrðum. Úrskurðir Skipulagsstofnunar voru kærðir til umhverfisráðherra sem staðfesti þá, en með viðbótarskilyrðum fyrir Urriðafossvirkjun og nýjum skilyrðum varðandi virkjanirnar í Þjórsá neðan Búrfells.[22]

### 4.2. Nýtingarleyfi.

Skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi iðnaðarráðherra, hvort sem um er að ræða nýtingu auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum, þó með ákveðnum undantekningum sem kveðið er á um í lögunum. Landeigandi hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi. Nýtingarleyfi felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögunum og ráðherra telur nauðsynlega. Fjallað er um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun í VIII. kafla laganna. Leita þarf umsagnar Orkustofnunar, umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarstjórnar áður en leyfi er veitt.

### 4.3. Virkjunarleyfi.

Samkvæmt raforkulögum, nr. 65/2003, veitir ráðherra leyfi til að reisa og reka raforkuver stærri en 1 MW á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt.[23] Umsókn um virkjunarleyfi þurfa að fylgja helstu upplýsingar og gögn sem varða byggingu og rekstur virkjunar. Í umsókninni þarf að greina frá helstu niðurstöðum rannsókna á viðkomandi virkjunarkosti, auk þess sem umsókninni þarf að fylgja lýsing á virkjuninni, þ.m.t. kort og uppdrættir sem sýna legu og tilhögun mannvirkja, helstu tölulegar upplýsingar um virkjunina og afmörkun virkjunarsvæðis. Með umsókninni þarf einnig að fylgja framkvæmda- og fjárhagsáætlun þar sem fram kemur m.a. hvenær ætlunin sé að hefja framkvæmdir, hvenær þeim eigi að vera lokið og hvenær rekstur virkjunar eigi að hefjast. Einnig þarf í umsókninni að upplýsa hvort um matsskylda framkvæmd sé að ræða samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og ef svo er skal úrskurður umhverfisyfirvalda um mat á umhverfisáhrifum fylgja umsókn. Loks skal í umsókninni upplýsa hvort fyrirhugaðar framkvæmdir séu í sam-

---

[22] Sjá úrskurði Skipulagsstofnunar árið 2003 á www.skipulag.is.

[23] Fyrir gildistöku raforkulaga þurfti leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver sem væru stærri en 2.000 kW (2 MW) og leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver sem væru á bilinu 200–2.000 kW. Ákvæði raforkulaga um veitingu virkjunarleyfis eru m.a. sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 96/92/EB um innri markað raforku.

ræmi við gildandi skipulagsáætlanir.[24] Virkjunarleyfi er aðeins hægt að veita sjálfstæðum lög- og skattaðila og aðeins má veita virkjunarleyfi til nýtingar endurnýjanlegra orkulinda, en ráðherra getur þó heimilað að reistar séu varaaflstöðvar og toppaflstöðvar í hinu samtengda raforkukerfi og aflstöðvar fyrir einangruð raforkukerfi sem nýta aðra orkugjafa. Við veitingu virkjunarleyfis þarf ráðherra að taka tillit til mats á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar og fullnaðarúrskurðar stjórnvalda þar um. Ráðherra skal einnig eftir því sem við á mæla fyrir um mótvægisaðgerðir og önnur skilyrði til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum framkvæmdar á umhverfi og til að stuðla að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkulinda.

Í töflu 4.2 er listi yfir virkjunarleyfi fyrir raforkuver (>10 MW) sem gefin voru út árin 2001 til september 2006. Þar er um að ræða leyfi fyrir 120 MW Búðarhálsvirkjun, 690 MW Kárahnjúkavirkjun, stækkun Nesjavallavirkjunar í 120 MW, Norðlingaölduveitu, stækkun Lagarfossvirkjunar í 30 MW, stækkun Hellisheiðarvirkjunar í 160 MW og 100 MW Reykjanesvirkjun.

*Tafla 4.2. Útgefin virkjunarleyfi fyrir raforkuver (>10 MW) 2001–2006.*[25]

| Staður / virkjun | Stærð | Leyfishafi | Útgáfuár leyfis |
|---|---|---|---|
| Búðarhálsvirkjun | 120 MW | Landsvirkjun | 2001 |
| Kárahnjúkavirkjun | 690 MW | Landsvirkjun | 2002 |
| Nesjavallavirkjun | 120 MW | Orkuveita Reykjavíkur | 2004 |
| Norðlingaölduveita | | Landsvirkjun | 2004 |
| Lagarfossvirkjun | 30 MW | RARIK | 2004 |
| Hellisheiðarvirkjun | 160 MW | Orkuveita Reykjavíkur | 2006 |
| Reykjanesvirkjun | 100 MW | Hitaveita Suðurnesja | 2006 |

Heimild: Iðnaðarráðuneyti, 1. september 2006.

Við þetta má bæta að árið 1999 samþykkti Alþingi, með lögum nr. 48/1999, um breytingu á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, að veita iðnaðarráðherra heimild til að veita Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði leyfi til að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli. Með sömu lagabreytingu var iðnaðarráðherra einnig veitt heimild til að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Námafjall (Bjarnarflagsvirkjun) með allt að 40 MW afli, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Virkjunarleyfi hafa hins vegar ekki enn verið gefin út vegna þessara virkjana.

Þá hafa nokkrir aðilar fengið leyfi fyrir smávirkjunum (<10 MW) á grundvelli laga nr. 60/1981, um raforkuver, og raforkulaga, nr. 65/2003. Skipulagsstofnun metur í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort slíkar framkvæmdir séu matsskyldar[26] og

---

[24] Sbr. reglugerð nr. 511/2003, um framkvæmd raforkulaga, og reglugerð nr. 1051/2004, um breytingu á reglugerð nr. 511/2003, um framkvæmd raforkulaga.

[25] Útgáfuár leyfis og stærð fyrir Nesjavallavirkjun, Lagarfossvirkjun og Hellisheiðarvirkjun miðast við leyfi fyrir síðustu stækkunum þessara virkjana.

[26] Stærri virkjanir, þ.e. jarðvarmavirkjanir með 50 MW uppsett varmaafl eða meira og orkuver með 10 MW uppsett rafafl eða meira eru hins vegar alltaf matsskyldar framkvæmdir og háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

hefur frá árinu 2000 lagt mat á matsskyldu 20 fyrirhugaðra smávirkjana þar sem uppsett rafafl hefur verið 100 kW-5 MW. Í einungis einu þessara 20 tilvika var niðurstaða stofnunarinnar sú að viðkomandi framkvæmd skyldi háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

### 4.4. Opinber leyfi, samþykki og lagafyrirmæli vegna virkjanaframkvæmda.

Áður en hægt er að ráðast í virkjanaframkvæmdir þarf framkvæmdaaðili að afla ýmissa opinberra leyfa, fá samþykki viðeigandi stofnana eða sveitarfélaga og uppfylla tiltekin lagafyrirmæli. Eðli máls samkvæmt geta kröfur um leyfi og samþykki verið mismunandi eftir tegund virkjunar, staðsetningu, o.fl. Hér getur eftir atvikum m.a. verið um að ræða rannsóknarleyfi, mat á umhverfisáhrifum, svæðisskipulag, aðalskipulag, deiliskipulag, nýtingarleyfi, virkjanaleyfi, leyfi forsætisráðherra ef um er að ræða vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu, starfsleyfi fyrir virkjun, tímabundið starfsleyfi (fyrir vinnubúðir o.fl.), framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi fyrir varanlegum mannvirkjum. Að auki þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins ef fornleifar eru við framkvæmdasvæði. Þá gilda sérlög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, sem nær m.a. til Nesjavalla, Ölfusvatns, Hagavíkur og Úlfljótsvatns.

Í töflu 4.3 er listi yfir helstu leyfi, úrskurði, samþykki og lagafyrirmæli sem eru forsendur virkjanaframkvæmda. Ekki er um tæmandi lista að ræða.

*Tafla 4.3. Listi yfir leyfi, samþykki og lagafyrirmæli vegna virkjanaframkvæmda.*

| **Leyfi, úrskurður eða samþykki** | **Leyfisveitandi/úrskurðaraðili** | **Lagaheimild** |
|---|---|---|
| Rannsóknarleyfi | Leyfi iðnaðarráðherra þarf til rannsókna á auðlindum í jörðu. | Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 |
| Mat á umhverfisáhrifum | Álit skipulagsstofnunar á matsskýrslu, úrskurðir umhverfisráðherra, úrskurðir úrskurðarnefndar. | Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 |
| Svæðisskipulag | Sveitarstjórnir samþykkja. Umhverfisráðherra staðfestir. | Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 |
| Aðalskipulag | Sveitarstjórn samþykkir. Skipulagsstofnun veitir umsögn. Umhverfisráðuneyti staðfestir. | Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 |
| Deiliskipulag | Sveitarstjórn samþykkir. Skipulagsstofnun veitir umsögn. | Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 |
| Nýtingarleyfi | Leyfi iðnaðarráðherra þarf til nýtingar auðlinda í jörðu. | Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 |
| Virkjunarleyfi | Leyfi iðnaðarráðherra þarf til að reisa og reka virkjun. | Raforkulög, nr. 65/2003 |
| Nýting auðlinda í þjóðlendum | Leyfi forsætisráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu. | Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 |
| Starfsleyfi fyrir virkjun | Heilbrigðisnefnd sveitarfélags veitir starfsleyfi fyrir virkjun. | Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 |
| Tímabundið starfsleyfi | Heilbrigðisnefnd sveitarfélags veitir tímabundið starfsleyfi (fyrir vinnubúðir, aðstöðu verktaka, o.fl.). | Reglugerð 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur |

| Leyfi, úrskurður eða samþykki | Leyfisveitandi/úrskurðaraðili | Lagaheimild |
|---|---|---|
| | | haft í för með sér mengun |
| Framkvæmdaleyfi | Leyfi sveitarstjórna þarf fyrir framkvæmdum. Leyfi sveitarstjórnar þarf til efnistöku og umsögn umhverfisstofnunar. | Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, lög um náttúruvernd, nr. 44/1999 |
| Byggingarleyfi | Leyfi sveitarstjórna þarf fyrir varanlegum mannvirkjum. | Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 |
| Leyfi vegna friðlýstra náttúruminja | Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum. | Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999 |
| Leyfi vegna mannvirkja við vegi | Leyfi Vegagerðarinnar þarf vegna mannvirkja og leiðslna við vegi, og einnig þarf heimild Vegagerðarinnar vegna vegaframkvæmda sem tengjast þjóðvegum. | Vegalög, nr. 45/1994 |
| Samþykki vegna jarðefnatöku í eða við veiðivatn | Samþykki Landbúnaðarstofnunar þarf vegna töku jarðefna og mannvirkjagerðar í eða við veiðivatn, ef hætta er á að slíkt hafi áhrif á lífríki vatnsins. | Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970 |
| Leyfi Fornleifaverndar ríkisins | Leyfi Fornleifaverndar ríkisins þarf ef fornleifar eru við framkvæmdasvæði. | Þjóðminjalög, nr. 107/2001 |
| Vatnasvið Þingvallavatns (m.a. Nesjavellir, Ölfusvatn, Hagavík og Úlfljótsvatn). | Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það. Umhverfisráðherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið nánari reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar. | Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, nr. 85/2005 |

### 4.5. Núverandi nýting jarðvarma og vatnsafls og framtíðarhorfur.

Ísland býr við þá sérstöðu að yfir 99,9% af raforkunotkun hérlendis kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum og nýting náttúruauðlinda hefur átt stóran þátt í uppbyggingu íslensks samfélags. Raforkuframleiðsla hefur aukist mikið síðastliðin ár, sérstaklega vegna aukinnar raforkusölu til stóriðju, sem sést best á því að raforkunotkun stóriðju var um 50% af heildarnotkun árið 1996, árið 2005 var stóriðjunotkunin 61% af heildarnotkun og gert er ráð fyrir að stóriðjan verði með um 78% af heildarnotkun raforku árið 2008.[27]

Þrjú ný verkefni eru nú í undirbúningi í orkufrekum iðnaði. Þar er um að ræða stækkun álvers Alcan í Straumsvík um 280.000 tonn, nýtt 250.000 tonna álver Norðuráls í Helguvík og nýtt 250.000 tonna álver Alcoa við Húsavík. Alcoa, ríkisstjórnin og Húsavíkurbær skrifuðu í maí 2006 undir viljayfirlýsingu um áframhaldandi rannsóknir vegna álvers við Húsavík og fulltrúar Norðuráls, Reykjanesbæjar og Hitaveitu Suðurnesja undirrituðu í maí 2005 samkomulag um að kanna möguleika á rekstri álvers í Helguvík. Í Hafnarfirði er unnið að lausn

[27] Skýrsla iðnaðarráðherra um raforkumálefni 2005, bls. 36–37. Það er reyndar umdeilanlegt hvort orka sem framleidd er með virkjun jökuláa geti flokkast sem endurnýjanleg orka þar sem miðlunarlón fyrir slíkar virkjanir fyllast með tímanum. Í skýrslu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (2003) kemur fram (á bls. 70) að skiptar skoðanir hafi verið í alþjóðasamfélaginu um hvernig ætti að flokka vatnsorku í þessu tilliti, en almennt væri viðurkennt að flokka mætti nýtingu vatnsorkukosts sem endurnýjanlegra ef aurfylling og landnotkun væri óveruleg.

mála sem varða m.a. deiliskipulag fyrir svæðið. Mat á umhverfisáhrifum stækkunarinnar hefur þegar farið fram og því matsferli lauk árið 2002 þegar Skipulagsstofnun samþykkti framkvæmdina með skilyrðum. Hafnarfjarðarbær hefur hins vegar ekki gefið út framkvæmdaleyfi vegna stækkunarinnar og af hálfu Alcan hefur enn ekki verið tekin ákvörðun um það hvort af stækkuninni verði.

Alcan, Alcoa og Norðurál hafið staðið í samningaviðræðum við orkufyrirtæki um raforkukaup vegna framangreindra framkvæmda og standa þær viðræður enn yfir, en áætlað er að árleg heildaraflþörf vegna þessara þriggja verkefna verði um 1.300 MW.

Gert er ráð fyrir að raforkuþörf vegna stækkunar álversins í Straumsvík verði um 4.200 GWst á ári og aflþörf verði um 480 MW. Alcan hefur þegar samið við Orkuveitu Reykjavíkur um að útvega um 200 MW, sem væntanlega munu koma frá nýjum jarðhitavirkjunum á Ölkelduhálsi og í Hverahlíð á Hellisheiði. Samningar standa yfir við Landsvirkjun um að útvega það sem upp á vantar og er þá aðallega horft til stækkunar Kröfluvirkjunar (40 MW), vatnsaflsvirkjana við Búðarháls (75 MW) og á neðri hluta Þjórsár, þ.e. Urriðafossvirkjunar (120 MW), Hvammsvirkjunar (80 MW) og Holtavirkjunar (50 MW).

Raforkuþörf fyrirhugaðs álvers Alcoa á Bakka við Húsavík verður væntanlega um 3.500 GWst á ári og aflþörfin um 400 MW. Gert er ráð fyrir að Landsvirkjun og Þeistareykir hf. útvegi þá orku frá Bjarnarflagi (80 MW), Þeistareykjum (120 MW), Gjástykki (40 MW) og vestursvæði Kröflu (120 MW), auk stækkunar Kröfluvirkjunar (40 MW). Mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir um stækkun Kröfluvirkjunar og virkjun í Bjarnarflagi og hefur Skipulagsstofnun fallist á fyrirhugaðar framkvæmdir, þó að uppfylltum tilteknum skilyrðum í Bjarnarflagi. Rannsóknir standa yfir á Þeistareykjum og vestursvæði Kröflu á grundvelli útgefinna rannsóknarleyfa.


Norðurál áætlar að byggja álver í Helguvík í tveimur áföngum, 2008–2010 og 2014–2015. Raforkuþörf álversins er áætluð um 3.800 GWst á ári og aflþörf um 420 MW. Norðurál hefur gert viljayfirlýsingu við Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur um að útvega allt að 250 MW í fyrri áfangann. Þar af er gert ráð fyrir að Hitaveita Suðurnesja útvegi allt að 150 MW og að Orkuveita Reykjavíkur útvegi allt að 100 MW, væntanlega frá jarðhitavirkjunum á Hengilssvæðinu. Ekki er enn búið að útvega orku fyrir seinni áfanga álversins, en samkvæmt viljayfirlýsingunni munu Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur leitast við að útvega allt að 435 MW þegar fram líða stundir.[28]

Á mynd 4.1. er sýndir nokkrir hugsanlegir virkjunarstaðir fyrir framangreind áform.

---

[28] Sbr. fréttatilkynningu frá Norðuráli 1. júní 2006: *Norðurál, HS og OR undirrita yfirlýsingu um orkusölu til álvers í Helguvík*, á vefslóðinni www.nordural.is. Sjá einnig Norðurál (2006), *Álver við Helguvík. Ársframleiðsla allt að 250.000 t. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun, 24. mars 2006*, en þar er að finna (á bls. 16) ítarlegri lista yfir mögulega virkjunarkosti fyrir álver í Helguvík.

*Mynd 4.1. Virkjunarhugmyndir vegna fyrirhugaðrar stóriðju.*




Heildarraforkunotkun hérlendis var um 9 TWst árið 2005 og verður um 16 TWst árið 2008, þegar nýtt álver Alcoa Fjarðaáls hefur tekið til starfa að fullu. Ef framangreind áform um ný álver í Helguvík og á Húsavík og stækkun álversins í Straumsvík verða að veruleika þá má áætla að árleg heildarnotkun verði orðin um 29 TWst að loknum þeim framkvæmdum.

Orkumálastjóri hefur áætlað að heildarorkugeta þeirra innlendu orkulinda sem hagkvæmt sé að virkja með tilliti til umhverfisáhrifa sé um 50 TWst á ári og því verður búið að virkja tæplega 60% af heildarorkugetu landsins í jarðvarma og vatnsafli í umhverfisflokkum a–c í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma ef ráðist verður í þær þrjár stóriðjuframkvæmdir sem nefndar eru hér að framan.[29]

---

[29] Sjá greinarnar *Eru orkulindir okkar ofmetnar?* og *Orka handa álverum* eftir Þorkel Helgason orkumálastjóra (frá apríl og maí 2006), á heimasíðu Orkustofnunar, www.os.is. Orkumálastjóri miðar við að 16 TWst verði nýtt árið 2008, en að auki komi 19 TWst frá virkjunarkostum í umhverfisflokki a–c í 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og um 14 TWst frá þeim virkjunarkostum sem nú eru til umfjöllunar í 2. áfanga rammaáætlunarinnar, að því gefnu að þeir kostir raðist hlutfallslega á sama hátt í umhverfisflokka a–c og kostirnir í 1. áfanga. Eru þá ótaldir þeir virkjunarkostir sem taldir eru hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru í umhverfisflokkum e–d í rammaáætlun, sem og þeir kostir sem ekki hafa verið teknir fyrir í rammaáætluninni. Orkumálastjóri bendir einnig á að hér séu ekki taldir með aðrir hugsanlegir orkuöflunarkostir sem ekki eru nýttir í dag, t.d. vindorka, sjávaröldur, sjávarstraumar og sjávarföll. Hann tekur fram að vindorkan sé, a.m.k. enn sem komið er, dýrari en bæði vatnsorkan og háhitinn, og sjávaröldur, sjávarstraumar og sjávarföll eru allt lítt kannaðir kostir sem eru hvergi í heiminum nýttir í neinum teljandi mæli. Loks ber að nefna að rannsóknarverkefninu *Djúpborun á Íslandi* er ætlað að skera úr um það hvort tæknilega sé unnt að nýta jarðvarma með því að bora 4–5 kílómetra eftir 4–600 gráðu heitu vatni á háhitasvæðum. Ef slíkt reynist mögulegt má væntanlega vinna 3–5 sinnum meiri orku úr háhitasvæðum en talið hefur verið mögulegt hingað til.

## 5. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun.

Hugtakið sjálfbær þróun hefur verið áberandi í umræðu um umhverfi og þróun undanfarin ár. Í þessum kafla er fjallað almennt um sjálfbæra þróun og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, með sérstaka áherslu á umfjöllun um víðerni og friðlýst svæði.

### 5.1. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun á Íslandi.

Í Brundtland-skýrslunni frá árinu 1987 segir að með sjálfbærri þróun sé leitast við að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Tekið skal mið af efnahagslegum, þjóðfélagslegum og umhverfislegum þáttum.[30]

Ísland er aðili að Ríó-yfirlýsingunni og fyrsta heildstæða stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum, sem gerð var árið 1993, tók m.a. mið af samþykktum Ríó-ráðstefnunnar. Yfirskrift þeirrar stefnumörkunar var „Á leið til sjálfbærrar þróunar“, en í kjölfar hennar var gerð sérstök framkvæmdaáætlun undir yfirskriftinni „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“ sem lögð var fyrir umhverfisþing árið 1996 og síðan samþykkt í ríkisstjórn árið 1997.[31]

Árið 2002 kom síðan út skýrslan „Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020“ sem hefur að geyma stefnumörkun stjórnvalda á þeim sviðum sem snerta sjálfbæra þróun til ársins 2020. Þar eru sett markmið til lengri tíma og forgangsverkefni til skemmri tíma skilgreind, auk þess sem leitast er við að skilgreina og þróa mælikvarða á árangur. Ekki er um framkvæmdaáætlun að ræða heldur er stefnumörkuninni ætlað að auðvelda stjórnvöldum og öðrum að forgangsraða verkefnum og meta árangur í að efla umhverfisvernd og lífsgæði. Stefnumörkunin var unnin innan stjórnsýslunnar í samráði við fjölmarga aðila og var m.a. leitað eftir athugasemdum frá sveitarfélögum, félagasamtökum og almenningi.[32] Í inngangskafla skýrslunnar segir að með hugtakinu velferð í heiti hennar sé ekki einungis átt við efnahagsleg gæði heldur sé þar verið að höfða til víðtækari skilgreiningar á lífsgæðum. „Kröfur um lífsgæði hafa tekið breytingum, í það minnsta meðal hinna ríkari þjóða heims og almenningur horfir til fleiri þátta en hagvaxtar þegar markmiðum er forgangsraðað. Krafan um gæði á borð við heilnæmt umhverfi, örugg matvæli og aðgang að svæðum til útivistar, s.s. skjólgóðum skógum eða óbyggðum víðernum þar sem hægt er að njóta kyrrðar, er að fá sambærilegt vægi við kröfur um efnahagsleg gæði. Samfara þessu er einnig aukin áhersla á ýmis félagsleg gæði, svo sem jafnrétti, samfélagsþjónustu og menningarlega fjölbreytni. Þessi viðhorfsbreyting kallar á nýja nálgun og má segja að sjálfbær þróun sé svar við kröfunni um víðari skilgreiningu á því hvað felist í lífsgæðum og almennri velferð.“[33]

---

[30] Aðalheiður Jóhannsdóttir (2004). „Er sjálfbær þróun lagalegt hugtak?“ Í *Rannsóknir í félagsvísindum V*, bls. 17. Þrátt fyrir að hugtakið sjálfbær þróun sé notað í fjölmörgum lögum hérlendis þá hefur það nánast aldrei verið skilgreint, sbr. bls. 28–29 í skýrslu Ríkisendurskoðunar 2006 um samninginn um líffræðilega fjölbreytni.

[31] Árið 1999 kom út skýrsla um mat á stöðu framkvæmdaáætlunarinnar sem unnin var af sérstakri nefnd um endurskoðun hennar, sjá umhverfisráðuneyti (1999).

[32] Sbr. *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta* og *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.*

[33] Umhverfisráðuneyti (2002). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020*, bls. 9.

Í stefnumörkuninni er að finna umfjöllun um sautján markmið sem tengjast ákveðnum umhverfisþáttum, nýtingu náttúruauðlinda og aðlögun atvinnuvega og starfsemi að sjálfbærri þróun. Markmiðunum er skipt í fjóra flokka sem snúa að heilnæmu og öruggt umhverfi, verndun náttúru Íslands, sjálfbærri nýtingu auðlinda og hnattrænum viðfangsefnum. Í kaflanum um verndun náttúru Íslands er fjallað um vernd lífríkis Íslands, vernd sérstæðra jarðmyndana og vernd víðerna. Þá er í kaflanum um sjálfbæra nýtingu auðlinda m.a. fjallað um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins, sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða, og aukna nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Árið 2005 var gefin út skýrsla með tölulegum vísbendingum um þau markmið sem sett voru fram í „Velferð til framtíðar" og er henni ætlað að gefa mynd af ástandi umhverfisins, álagi á náttúru og auðlindir og viðbrögðum stjórnvalda með hliðsjón af framangreindri stefnumörkun. Hér á eftir er farið sérstaklega yfir markmið stjórnvalda um aukna nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og um víðerni og friðlýst svæði.

### *5.1.1. Nýting endurnýjanlegra orkugjafa.*

Í „Velferð til framtíðar" eru sett fram fjögur markmið um nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Markmiðin fjögur eru eftirfarandi: Að endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi; að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukið og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga, stefnt verði að því að farartæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir; að skipulag raforku- og hitaveitumála verði með þeim hætti að skilvirkni, öryggi og heildarhagkvæmni þess verði sem best tryggð; og að stuðlað verði að aukinni orkunýtni.

Ísland býr við þá sérstöðu að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun er mun hærra en hjá öðrum þjóðum. Hlutfall innlendrar endurnýjanlegar orkunotkunar hefur aukist um 7% frá árinu 1990 eða úr 65% í 72%. Það skýrist af aukinni notkun jarðhita og vatnsafls, en árið 2003 var notkun jarðhita um 54% af heildarorkunotkun hérlendis og notkun vatnsafls um 18%. Notkun olíu hefur á sama tíma dregist saman um 7% og var 25% af heildarorkunotkun hérlendis árið 2003, en sú notkun er fyrst og fremst vegna samgangna og fiskveiða.[34]

Sérstaða Íslands í alþjóðlegum samanburði er jafnvel enn meiri ef eingöngu er skoðuð raforkunotkun, því að yfir 99,9% af raforkunotkun hérlendis kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum.[35]

### *5.1.2. Víðerni og friðlýst svæði á Íslandi.*

Í „Velferð til framtíðar" eru sett tvö markmið um víðerni, annars vegar að tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands og hins vegar að reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.

Í „Velferð til framtíðar" segir að hugmyndin um verndun víðerna byggi á því „að til viðbótar friðunar einstakra náttúruminja, búsvæða eða tegunda sé æskilegt að taka frá stór samfelld svæði eða landslagsheildir þar sem sýnilegra áhrifa mannsins gætir lítt eða ekki, sökum þess að slíkum svæðum fer óðum fækkandi á jörðinni og því líklegt að verðmæti þeirra fari

---

[34] Umhverfisráðuneyti (2005). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Tölulegar vísbendingar 2005,* bls. 49-51.


[35] Skýrsla iðnaðarráðherra um raforkumálefni 2005, bls. 37. Það er reyndar umdeilanlegt hvort orka sem framleidd er með virkjun jökuláa geti flokkast sem endurnýjanleg, sbr. neðanmálsgrein nr. 27.

vaxandi. Töluverð vinna er óunnin við að skilgreina betur hugtakið „víðerni", markmið með verndun þeirra og hvernig best er hægt að samræma verndun víðerna áframhaldandi nýtingu lands og náttúruauðlinda. Segja má að skref í átt til verndunar víðerna hafi verið stigið með samþykkt svæðisskipulags miðhálendisins."[36] Í „Velferð til framtíðar" segir einnig að stór, samfelld víðerni, þar sem sýnilegra áhrifa mannsins gæti lítt eða ekkert, sé varla að finna lengur í vestanverðri Evrópu, nema nyrst í Skandinavíu og á Íslandi. Slík víðerni gætu því fengið aukið efnahagslegt og huglægt gildi í framtíðinni, þar sem skilgreina megi aðgang að ósnortinni náttúru sem ákveðin lífsgæði.

Í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, er ósnortið víðerni skilgreint sem landsvæði „sem er a.m.k. 25 km$^2$ að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum." Árið 2005 töldust 38.900 km$^2$ landsins til víðerna eða um 38% af heildarflatarmáli Íslands, en til samanburðar þá töldust 39.900 km$^2$ landsins til víðerna árið 2002.

Á mynd 5.1 má sjá samanburð á víðernum og friðlýstum svæðum árin 2002 og 2005.[37]

***Mynd 5.1. Víðerni og friðlýst svæði 2002 og 2005.***





Friðlýstum svæðum á Íslandi hefur farið fjölgandi síðastliðin ár, en með friðlýsingu eru afmörkuð þau svæði sem talið er mikilvægt að varðveita vegna landslags, lífríkis eða sérstæðra jarðmyndana, og þeim hlíft til frambúðar. Friðlýst svæði voru um 80 talsins árið 1997, en hafði fjölgað upp í rúmlega 90 árið 2005. Flest svæðanna voru friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd, en nokkur með sérlögum. Mismunandi reglur gilda um friðlýst svæði og þær reglur taka m.a. mið af markmiðum friðlýsingar, eðli svæðisins og samkomulagi við

[36] Umhverfisráðuneyti (2002). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020*, bls. 40–41.

[37] Umhverfisráðuneyti (2005). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Tölulegar vísbendingar 2005*, bls. 34.

hagsmunaaðila. Friðlýst svæði náðu yfir um 533 km$^2$ í byrjun áttunda áratugarins og rúmlega 10.000 km$^2$ árið 1997. Mynd 5.2 sýnir friðlýst svæði á Íslandi árið 2005, en það ár var heildarflatarmál friðlýstra svæða hérlendis rúmlega 11.000 km$^2$ eða um 11% af heildarflatarmáli landsins.[38]

***Mynd 5.2. Friðlýst svæði á Íslandi árið 2005.***[39]




Friðlýstum svæðum hérlendis mun fjölga enn frekar á næstu árum og þau verða væntanlega rúmlega 100 talsins árið 2008 því nú er unnið að friðlýsingu 14 nýrra svæða í samræmi við náttúruverndaráætlun 2004–2008, en hún var samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi árið 2004. Samkvæmt þingsályktuninni á náttúruverndaráætlunin 2004-2008 að taka til eftirfarandi svæða:

**I. Fuglasvæði.**

Búsvæði fugla á eftirtöldum svæðum:

a. Álftanes – Akrar – Löngufjörur,

---

[38] Umhverfisráðuneyti (1997), kafli 2.5 og (2005), bls. 32.

[39] Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er merktur sem *önnur friðuð svæði* á myndinni þar sem hann er ekki friðaður samkvæmt náttúruverndarlögum, heldur gilda um hann sérlög.

b. Álftanes – Skerjafjörður,
c. Austara-Eylendið,
d. Guðlaugstungur – Ásgeirstungur (Álfgeirstungur),
e. Látrabjarg – Rauðasandur,
f. Vestmannaeyjar,
g. Öxarfjörður.

**II. Stækkun þjóðgarða.**

a. Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verði stækkaður um allt að 78 km² þannig að hann myndi samfellda heild um gljúfrin. Stækkunin nái einkum til lands austan við núverandi þjóðgarðsmörk þannig að Meiðavallaskógur, nærliggjandi svæði við norðvesturmörk hans og landræma sunnan núverandi marka verði innan þjóðgarðs.
b. Þjóðgarðurinn í Skaftafelli verði stækkaður um nálægt 730 km² svo að hann nái yfir allan Skeiðarársand til sjávar.

**III. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.**

Unnið verði áfram að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og verndarsvæða sem munu tengjast honum á grundvelli ályktunar Alþingis frá 10. mars 1999 svo og ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2000.

**IV. Plöntusvæði, gróðurfar og jarðfræði.**

Sjaldgæfar plöntutegundir, gróðurfar og jarðfræðiminjar á eftirtöldum svæðum:

a. Sjaldgæfar plöntutegundir:
   i. Látraströnd – Náttfaravíkur,
   ii. Njarðvík – Loðmundarfjörður.
b. Sérstætt gróðurfar: Vatnshornsskógur í Skorradal.
c. Jarðfræðiminjar:
   i. Geysir í Haukadal,
   ii. Reykjanes – Eldvörp – Hafnaberg.

## 6. Tillögur auðlindanefndar frá árinu 2000.

Árið 1998 samþykkti Alþingi þingsályktun um að kosin yrði sérstök níu manna nefnd (hér eftir kölluð auðlindanefnd) sem hefði það hlutverk „að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita.“[40] Í ályktuninni segir að nefndin skuli skilgreina þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig farið skuli með þær, auk þess að kanna hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir væru. Jafnframt átti nefndin að kanna möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skilaði sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hefðu að gæta, en fram kom í ályktuninni að um yrði að ræða hóflegt gjald sem varið yrði til að standa undir rannsóknum og til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlindanna og réttlátri skiptingu afrakstursins, m.a. til að styrkja byggð í landinu.

---

[40] Þingsályktun um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald. Samþykkt á Alþingi 2. júní 1998, sjá: http://www.althingi.is/altext/122/s/1504.html

Samkvæmt kosningu Alþingis áttu eftirtaldir aðilar sæti í nefndinni: Jóhannes Nordal, fyrrverandi seðlabankastjóri, sem nefndin kaus síðar sem formann, Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Eiríkur Tómasson, prófessor, Guðjón Hjörleifsson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, Lúðvík Bergvinsson, alþingismaður, Margrét Frímannsdóttir, alþingismaður, Ragnar Árnason, prófessor, Styrmir Gunnarsson, ritstjóri og Svanfríður Jónasdóttir, alþingismaður.[41]

Auðlindanefndin skilaði niðurstöðum sínum í september árið 2000. Þar kom fram að nefndin teldi brýnt að mótuð yrði samræmd stefna og stjórn á nýtingu náttúruauðlinda á Íslandi sem myndi skapa heilsteyptan lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu náttúruauðlinda. Nefndin mælti einnig með því að reynt yrði eftir föngum að beita hagrænum stjórntækjum á grundvelli vel skilgreinds eignar- eða afnotaréttar þar sem því yrði við komið ásamt leiðréttandi sköttum og uppbótum þar sem það ætti við.

Auðlindanefndin benti á að mismunandi lagaákvæði giltu um þær náttúruauðlindir sem nú væru taldar í þjóðareign, en það væru nytjastofnar á Íslandsmiðum, auðlindir á eða undir hafsbotninum utan netlaga og náttúruauðlindir í þjóðlendum. Nefndin lagði því til að eignarréttarleg staða þessara auðlinda yrði samræmd með þeim hætti að tekið yrði upp nýtt ákvæði í stjórnarskrá þar sem þessar náttúruauðlindir yrðu lýstar þjóðareign eftir því sem nánar væri ákveðið í lögum. Nefndin taldi að veita mætti einstaklingum og lögaðilum heimild til afnota á þessum náttúruauðlindum gegn gjaldi að því tilskyldu að afnotaheimildin væri tímabundin eða að henni mætti breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar væri ákveðið í lögum, en slík afnotaheimild myndi njóta verndar sem óbein eignarréttindi. Með þessu móti væri bæði stefnt að því að sömu reglur giltu um allar náttúruauðlindir sem lýstar væru þjóðareign á hverjum tíma og að hægt væri að veita notendum þeirra tryggan og lögvarinn afnotarétt.

Auðlindanefndin fjallaði ítarlega um gjaldtöku af nýtingu náttúruauðlinda og taldi slíka gjaldtöku styðjast við þrenns konar rök. Í fyrsta lagi byggðist gjaldtakan á því að standa undir þeim kostnaði sem hið opinbera hefði af rannsóknum á og eftirliti með nýtingu auðlindanna, en auðlindanefndin benti á að mikill kostnaður legðist á ríkið vegna vöktunar íslenskra náttúruauðlinda, stjórnunar og rannsókna, en aðeins hluti þess kostnaðar væri greiddur af viðkomandi atvinnugreinum. Nefndin taldi að bæta mætti úr þessu með því að allir sem nýttu náttúruauðlindir í arðbærum rekstri myndu endurgreiða ríkinu slíkan kostnað að fullu og skipti þá ekki máli hvort um væri að ræða náttúruauðlindir í eign einstaklinga, lögaðila eða þjóðarinnar. Í öðru lagi væri gjaldtöku ætlað að tryggja þjóðinni sýnilega hlutdeild í þeim umframarði (auðlindarentu) sem nýting auðlinda í þjóðareign skapaði og í þriðja lagi væri um að ræða leiðréttandi skatta og uppbætur (svokallaða græna skatta) til að tryggja hagkvæma nýtingu auðlindanna.[42]

Auðlindanefndin taldi að í framtíðinni bæri að selja nýtingarréttindi á vatnsafli sem væri í þjóðareign á uppboði til að tryggja að þjóðin myndi njóta eðlilegrar hlutdeildar í þeim umframarði sem nýting vatnsafls í þjóðareigu skapaði. Hið sama ætti við um námuréttindi og nýtingarréttindi á jarðhita á þjóðlendum eða jarðeignum ríkisins, sem og um auðlindir á eða undir hafsbotni. Uppboðsleiðina væri þó eingöngu hægt að nýta ef markaðsaðstæður leyfðu og samkeppni væri til staðar, en annars ætti að semja um nýtingu á grundvelli áætlaðrar auð-

[41] Starfsheitum er haldið eins og þau voru við skipun í nefndina.

[42] Auðlindanefndin gerði greinarmun á hugtökunum „auðlindagjald“ og „auðlindaskattur“. Með auðlindagjaldi er átt við endurgjald fyrir afnot eða hagnýtingu á eignum sem eru í eigu þjóðarinnar, en auðlindaskattur tekur til skatts sem lagður er á nýtingu tiltekinna auðlinda, óháð eignarhaldi á þeim.

lindarentu. Í álitsgerð nefndarinnar segir einnig að „[v]egna þeirra sértæku breytinga sem væntanlega verða gerðar á skipulagi raforkufyrirtækja og raforkumarkaðnum á næstu árum telur nefndin ekki fært að setja fram ákveðnar hugmyndir um það hvernig skuli greiða fyrir þau orkuréttindi sem eru í eigu raforkufyrirtækja landsins. Nefndin leggur til að mat á því verði þáttur í þeirri endurskoðunarvinnu sem framundan er á þessu sviði. Líklegt er að lokaáfangi þróunarinnar verði einkavæðing raforkufyrirtækja, en með útboði hlutafjár sköpuðust skilyrði til að fá greitt fullt markaðsverð fyrir þau vatnsréttindi sem þessi fyrirtæki, ríki og sveitarfélög hafa sannanlega eignast.“[43]

Þá taldi auðlindanefndin að mismunandi reglur ættu að gilda fyrir náttúruauðlindir sem þegar væru nýttar og auðlindir sem ekki hefðu verið nýttar áður. Þegar um væri að ræða náttúruauðlindir sem þegar væru nýttar yrði að taka tillit til afkomuskilyrða viðkomandi atvinnugreinar og áunninna atvinnuréttinda, en ef um væri að ræða auðlindir sem ekki hefðu verði nýttar áður, t.d. nýjar námur eða vatnsaflsvirkjanir í óbeisluðum fallvötnum, taldi nefndin að selja ætti nýtingarrétt til langs tíma á markaðsverði eða á uppboði þar sem aðstæður leyfðu.

Auðlindanefndin benti einnig á að Íslendingar ættu aðgang að fjölbreyttu safni náttúruauðlinda sem kalla mætti einu nafni umhverfisgæði. Til þess gæti komið að stýra þyrfti nýtingu þessara náttúruauðlinda á sama hátt og nýtingu annarra takmarkaðra auðlinda, jafnvel þó stefna bæri að sem frjálsustu aðgengi almennings að náttúru landsins. Því ætti að leggja áherslu á aukna notkun hagrænna stjórntækja á þessu sviði, en einnig gæti komið til greina að semja við einstaka aðila um umsjón og rekstur ákveðinna svæða og jafnvel mætti bjóða slíka samninga út ef eftirspurn leyfði.

Auðlindanefndin fjallaði mjög ítarlega um fiskveiðar Íslendinga og gjaldtöku fyrir nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum. Nefndin skoðaði sérstaklega tvær meginleiðir fyrir gjaldtöku, annars vegar svokallaða *fyrningarleið*, sem byggist á því að allar aflahlutdeildir verði skertar um fastan hundraðshluta árlega en verði síðan endurseldar á markaði eða með uppboði, og hins vegar svonefnda *veiðigjaldsleið*, sem felst í beinni gjaldtöku ásamt ákvæðum um að breytingar á aflahlutdeildum kefjist ákveðins lágmarksaðdraganda. Skiptar skoðanir voru hins vegar meðal nefndarmanna um það hvora leiðina væri æskilegra að fara og einnig voru skiptar skoðanir um það hversu hátt veiðigjald eða fyrningarhlutfall ætti að vera.[44]

Auðlindanefndin fjallaði einnig um úthlutanir á leyfum til nýrra farsímakerfa og taldi nefndin heppilegast að þessum nýju leyfum yrði úthlutað með uppboðum eða öðrum hlutlægum aðferðum.[45]

### 7. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Árið 1997 samþykkti ríkisstjórnin sérstaka framkvæmdaáætlun um umhverfismál sem nefnd var „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta.“ Í áætluninni segir m.a. að iðnaðarráðherra skuli í samráði við umhverfisráðherra láta gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Markmið áætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt í vatnsafli sem háhita, m.a. með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra

---

[43] Álitsgerð auðlindanefndar (2000), bls. 61.

[44] Alþingi samþykkti árið 2002 að leggja á veiðigjald, sbr. lög nr. 85/2002, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

[45] Umfjöllunin í þessum kafla byggist á álitsgerð auðlindanefndar (2000).

á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar sem og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.[46] Í þessum kafla er fjallað um 1. og 2. áfanga rammaáætlunarinnar.

### 7.1. Vinna við 1. áfanga rammaáætlunar.

Árið 1999 skipaði iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra 16 einstaklinga í sérstaka verkefnisstjórn til að vinna að gerð rammaáætlunarinnar. Formaður hennar var Sveinbjörn Björnsson, fyrrverandi háskólarektor en aðrir stjórnarmenn voru: Einar Bollason framkvæmdastjóri, Guðríður Þorvarðardóttir landfræðingur, Náttúruvernd ríkisins, Guðrún Zoëga verkfræðingur, Haukur Jóhannesson, forseti Ferðafélags Íslands, formaður faghóps II, Helgi Bjarnason verkfræðingur, síðar skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, Jón Helgason, formaður Landverndar, Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, Jón Gunnar Ottósson forstjóri, Náttúrufræðistofnun Íslands, Jónas Elíasson, prófessor í umhverfis- og byggingarverkfræði, Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur, Þjóðhagsstofnun, form. faghóps III, Vilborg Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, Þorkell Helgason orkumálastjóri, formaður faghóps IV, Þorsteinn Tómasson, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Þorvaldur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, og Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði, formaður faghóps I.[47]

Verkefnisstjórnin starfaði samkvæmt verklýsingu iðnaðarráðherra í greinargerðinni „Maður – nýting – náttúra“ frá 8. mars 1999. Hlutverk verkefnisstjórnar var að hafa með höndum heildarstjórn við mótun áætlunarinnar og skipulag við framkvæmd hennar og hafa umsjón með hinni faglegu vinnu. Helstu faglegu verkefni stjórnarinnar voru eftirfarandi:

- Að skilgreina og afmarka viðfangsefnið og setja því meginramma.
- Að fjalla um tillögur faghópanna um gagnaöflun og rannsóknarþörf og gera í ljósi þeirra tillögur til iðnaðarráðuneytisins.
- Að móta verkreglur fyrir starf faghópanna, einkum hvað varðar stigagjöf þeirra vegna einstakra orkuverkefna og fylgjast með starfi þeirra.
- Að finna og skilgreina aðferðir til að meta orkukostina í heild á grundvelli stigagjafar faghópanna.
- Að vinna úr niðurstöðum faghópanna og flokka virkjunarkostina á grundvelli stigagjafar faghópanna.

Við gerð rammaáætlunar var lögð á áhersla að það ætti að vera hlutverk viðkomandi stofnana, einkum Orkustofnunar á sviði orkumála, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar í málum sem vörðuðu náttúrufar og mat á verndargildi, að veita verkefnisstjórninni faglegan bakgrunn og standa fyrir rannsóknum vegna viðfangsefnisins eftir því sem við á.

Fagleg vinna var unnin í fjórum faghópum, sem skipaðir voru sérfræðingum á viðkomandi sviðum. Faghópur I fjallaði um náttúru- og minjavernd, faghópur II um útivist og hlunnindi, faghópur III um þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun og faghópur IV fjallaði um nýtingu orkulinda.

---

[46] Byrjað var að huga að verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða mun fyrr og Alþingi ályktaði t.d. árið 1989 að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við orkumálayfirvöld áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Leggja skyldi drög að slíkri áætlun fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunina fullbúna til staðfestingar síðar, en af því hefur ekki enn orðið.

[47] Starfsheitum er haldið eins og þau voru við skipun í verkefnisstjórnina vorið 1999.

Faghóparnir fjórir fóru yfir virkjunarkosti út frá sínu sjónarhorni, mátu virkjunarkosti með stigagjöf og gerðu í framhaldi af því tillögur til verkefnisstjórnarinnar.[48]

*7.1.1. Samráð.*

Við gerð 1. áfanga rammaáætlunar var settur upp sérstakur samráðs- og ráðgjafavettvangur og efnt var til almennra funda og funda með hópum hagsmunaaðila, enda þótti mikilvægt að rammaáætlunin nyti trausts í samfélaginu. Jafnframt var opnuð heimasíða fyrir verkefnið til að almenningur gæti fylgst með framvindu þess og komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Landvernd hafði umsjón með þessum samráðsvettvangi að ósk verkefnisstjórnarinnar, en með því var verið að tryggja hæfilegan aðskilnað samráðsvettvangsins frá verkefnisstjórninni.

Í greinargerð iðnaðarráðherra „Maður – nýting – náttúra" voru eftirfarandi aðilar nefndir sem hugsanlegir samráðsaðilar verkefnisstjórnar: Stjórnvöld, Samtök sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga, stjórnmálaflokkar, fjölmiðlar, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Bændasamtök Íslands, Félag leiðsögumanna, Hitaveita Suðurnesja, Landgræðsla ríkisins, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarráð (lagt niður 2001), Orkubú Vestfjarða, Orkustofnun, Orkuveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Veiðistjóri, Arkitektafélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félag leiðsögumanna, Hið íslenska náttúrufræðafélag, Tæknifræðingafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, ASÍ og aðildarfélög, VSÍ og aðildarfélög, Ferðafélag Íslands, ferðafélög og ferðamálasamtök í landshlutunum, Landvernd, Landssamband hestamannafélaga, Landssamband stangveiðifélaga, Landssamband veiðifélaga, Náttúruverndarsamtök í landshlutunum, svo sem Naust, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi og Samtök um verndun hálendisins norðan Vatnajökuls, Náttúruverndarsamtök Íslands, Skotveiðifélag Íslands, 4x4 klúbburinn, Sól í Hvalfirði, Umhverfissamtök Íslands, Ungmennafélag Íslands, Útivist og önnur útivistarsamtök.

*7.1.2. Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar.*

Í nóvember 2003 lauk 1. áfanga rammaáætlunarinnar með skýrslu verkefnisstjórnar um niðurstöður áfangans, en þar voru teknir fyrir 19 vatnsorkukostir og 24 jarðhitakostir. Af þessum 43 virkjunarkostum voru 8 sem þegar höfðu verið heimilaðir. Sérstök áhersla var lögð á það að ljúka mati á stærstu vatnsaflskostunum, en þeir eru flestir í jökulám og byggjast einnig flestir á miðlunarlónum á hálendinu. Hvað varðar jarðhita þá var lögð áhersla á jarðhitakosti nærri byggð, auk Torfajökulssvæðisins, en þar hafði Orkustofnun nýlega lokið umfangsmikilli forathugun á mögulegum vinnslusvæðum.

Ekki var unnt að vega alla þætti saman við röðun virkjunarkosta vegna þess að ekki voru til gögn til að gera upp á milli hagkvæmni einstakra jarðhitavirkjana.[49] Í niðurstöðum verkefnisstjórnar er því flokkun fyrst og fremst byggð á mati á annmörkum viðkomandi virkjunar. Það dregur enn fremur úr gildi umræddrar röðunar að við mat á stærri virkjunum er tilhneiging til að gera mikið úr umhverfisáhrifum viðkomandi virkjunar, en til þess að stórar virkjanir

---

[48] Fjallað er um aðferðafræði við mat á virkjunarkostum í skýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar (2003), bls. 25–34.

[49] Í jarðvarmavirkjunum var almennt gert ráð fyrir 120 MW á hverjum virkjunarstað og þar með 840 GWst/ár miðað við 7.000 stunda sölu á orku á ári.

fái notið fyllsta sannmælis í röðun yrði að meta þær á móti heildaráhrifum af mörgum minni virkjunum sem væru samanlagt sambærilegar að stærð.

Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma eru sýndar í töflu 7.1. Niðurstöðurnar sem sýndar eru í töflunni koma fram í röðun einstakra virkjunarkosta eftir umhverfisáhrifum, með tilliti til hagkvæmni og arðsemi þeirra kosta.

*Tafla 7.1. Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, raðað eftir umhverfisáhrifum, með tilliti til hagkvæmni og arðsemi.*

| Nafn virkjunarstaðar | Röðun eftir flokkum | Flokkun *UHA** | Gæði gagna** I II IV | Orkugeta (GWst/ár) | Samanlögð ný orkugeta (GWst/ár) |
|---|---|---|---|---|---|
| *Svartsengi, stækkun#* | 1 | ada | B A A | 140 | - |
| *Nesjavellir, stækkun#* | 2 | ada | A A A | 210 | - |
| Núpsvirkjun a | 3 | abc | A A A | 1001 | 1001 |
| Núpsvirkjun b | 4 | abc | A A A | 1019 | - |
| *Krafla I, stækkun#* | 5 | adb | B A A | 280 | - |
| Hágöngusvæði | 6 | acc | B C B | 840 | 1841 |
| Hellisheiði | 7 | acc | A A B | 840 | 2681 |
| Sandfell (Krýsuvík) | 8 | acc | C C C | 840 | 3521 |
| Þverárdalur | 9 | acc | C C C | 840 | 4361 |
| Ölkelduháls | 10 | acc | B C B | 840 | 5201 |
| Bjarnarflag | 11 | acc | A A A | 560 | 5761 |
| Krafla – Vestursvæði | 12 | acc | B A B | 840 | 6601 |
| Austurengjar (Krýsuvík) | 13 | acc | B C C | 840 | 7441 |
| Seltún (Krýsuvík) | 14 | acc | B C B | 840 | 8281 |
| Reykjanes | 15 | acc | A A B | 840 | 9121 |
| Innstidalur | 16 | acc | B C B | 840 | 9961 |
| Trölladyngja (Krýsuvík) | 17 | acc | B B B | 840 | 10801 |
| Hólmsárvirkjun | 18 | adc | B B B | 438 | 11239 |
| *Búðarhálsvirkjun#* | 19 | add | A A A | 630 | - |
| Skaftárveita | 20 | bba | B B B | 450 | 11689 |
| Skaftárvirkjun | 21 | bbb | B B B | 904 | 12593 |
| Krafla – Leirhnjúkur | 22 | bcc | B B C | 840 | 13433 |
| Urriðafossvirkjun | 23 | bcc | A A A | 920 | 14353 |
| Brennisteinsfjöll | 24 | bcc | C B C | 840 | 15193 |
| Þeistareykir | 25 | bcc | B C B | 840 | 16033 |
| Hrafnabjargarvirkjun a | 26 | bcc | B C B | 575 | 16608 |
| *Villinganesvirkjun#* | 27 | bdd | A A A | 190 | - |
| Fljótshnjúksvirkjun | 28 | bee | B C B | 405 | 17013 |
| Grændalur | 29 | ccc | A A B | 840 | 17853 |
| Hrafnabjargavirkjun b | 30 | cdc | B C B | 618 | - |
| Skatastaðavirkjun a | 31 | cdd | B C B | 1046 | 18899 |
| Skatastaðavirkjun b | 32 | cdd | B C B | 1290 | - |
| *Fljótsdalsvirkjun#* | 33 | dbb | B A A | 1390 | - |
| *Norðlingaölduveita (575m)#* | 34 | dbb | A A A | 650 | - |
| Háuhverir | 35 | dcc | C C C | 840 | 19739 |
| Brennisteinsalda | 36 | dcc | B C C | 840 | 20579 |
| Reykjadalir (Kaldaklof) | 37 | dcc | C C C | 840 | 21419 |
| Reykjadalir austari | 38 | dcc | C C C | 840 | 22259 |

| Nafn virkjunarstaðar | Röðun eftir flokkum | Flokkun *UHA** | Gæði gagna** I II IV | Orkugeta (GWst/ár) | Samanlögð ný orkugeta (GWst/ár) |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjadalir vestari | 39 | dcc | C C C | 840 | 23099 |
| *Kárahnjúkavirkjun*# | 40 | eab | A A A | 4670 | - |
| Jökulsá á Fjöllum | 41 | eab | C C B | 4000 | 27099 |
| Markarfljótsvirkjun a | 42 | edd | C B B | 735 | 27834 |
| Markarfljótsvirkjun b | 43 | edd | C B B | 855 | - |

Heimild: Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (2003), bls. 65.
*UHA: U táknar flokk umhverfisáhrifa, H stendur fyrir flokk heildarhagnaðar og A fyrir flokk arðsemi.
**Gæði gagna skv. mati faghóps I, faghóps II og faghóps IV. Gæði B eru þau sem eðlilegt er að krefjast við mat vegna rammaáætlunar, gæði A eru betri og oft fullnægjandi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, en gæði C eru hins vegar minni en æskilegt er við mat vegna rammaáætlunar.
#Virkjunarkostir sem þegar höfðu verið heimilaðir af Alþingi.

Tafla 7.1 skiptist í 5 flokka (a–e) og efst (nr. 1–19) eru þær virkjunarhugmyndir sem minnst umhverfisáhrif hafa (a), en þar á eftir (nr. 20–28) koma þær virkjunarhugmyndir sem næstminnst umhverfisáhrif hafa (b). Í flokki (d) eru þær virkjunarhugmyndir sem hafa næst mest umhverfisáhrif (nr. 33–39) og neðst í töflunni í flokki (e) eru þær virkjunarhugmyndir sem hafa mest umhverfisáhrif (nr. 40–43). Innan hvers flokks er síðan raðað efst þeim virkjunum sem hafa hagstæðasta flokkun heildarhagnaðar eða arðsemi.[50]

Í umhverfisflokki a eru þeir 19 virkjunarkostir sem hafa minnst umhverfisáhrif, en þar af eru 15 nýir virkjunarkostir, en fjórir af þessum 19 kostum höfðu hins vegar þegar verið heimilaðir af Alþingi þegar matið fór fram og eru því eingöngu hafðir með í töflunni til samanburðar. Eins og sjá má í töflu 7.1 kemur Núpsvirkjun best út af nýjum virkjunarkostum í þessum flokki, en þar á eftir koma nýjar jarðvarmavirkjanir og fá þær allar sömu flokkun (acc) þar sem frekari gögn um hugsanlega arðsemi og heildarhagnað skortir. Þessum nýju jarðvarmavirkjunum er því raðað út frá vaxandi umhverfisáhrifum innan umhverfisflokks a, en vegna nálægðar við byggð gætu þær allar nema Hágöngusvæði reynst hagkvæmari ef markaður væri til staðar fyrir nýtingu varma þeirra til annarra nota en raforkuframleiðslu. Þá er talið að virkjanir á Reykjanesi, Hellisheiði og í Bjarnarflagi geti haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og virkjanir í Kröflu og Bjarnarflagi gætu haft jákvæð áhrif á atvinnusköpun í nálægri byggð. Hólmsárvirkjun (nr. 18) hefur sömu umhverfiseinkunn og Núpsvirkjun (nr. 3), en vegna smæðar fær hún lægri einkunn en Núpsvirkjun fyrir heildarhagnað og lendir því neðar í töflunni.

Í umhverfisflokki b eru Skaftárveita og Skaftárvirkjun efstar að teknu tilliti til heildarhagnaðar og arðsemi, en jarðvarmavirkjanirnar gætu hugsanlega reynst arðsamari en taflan sýnir ef markaður væri til staðar fyrir nýtingu varma þeirra. Fljótshnjúksvirkjun fær hins vegar lægstu einkunn í þessum flokki fyrir arðsemi og heildarhagnað. Þrátt fyrir lága meðaltölu umhverfisáhrifa eru mikilvæg umhverfisverðmæti meðal virkjana í þessum hópi og á það m.a. við um landslag og víðerni við Skaftárveitu (Langasjó). Brennisteinsfjöll fá næsthæstu einkunn jarðhitasvæða fyrir landslag og bent er á að Skaftárveita gæti haft áhrif á vatnsmagn Skaftár, sem og viðkvæma náttúru á vatnasvæði hennar. Þá gætu Villinganesvirkjun og virkjun á Kröflusvæði við Leirhnjúk haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á viðkomandi svæðum.

[50] Hér eru niðurstöðurnar flokkaðar eftir umhverfisáhrifum, en einnig hægt að flokka niðurstöður út frá heildarhagnaði eða arðsemi.

Í umhverfisflokki c eru tvær virkjanir, Skatastaðavirkjun (a)[51] og Grændalur. Skatastaðavirkjun er talin geta haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og nýting orku hennar gæti styrkt byggð í nágrenni hennar, en hún fær hins vegar lakari útkomu hvað varðar heildarhagnað og arðsemi en virkjun jarðhita í Grændal. Grændalur fær hins vegar hæsta einkunn af jarðhitasvæðum fyrir jarðminjar og vatnafar, sem og fyrir vistgerðir, auk þess sem svæðið þykir liggja vel við til náttúruskoðunar. Verkefnisstjórnin bendir því á að Grændalur kæmi einna fyrst til greina ef varðveita ætti eitthvert jarðhitasvæðanna á Hengilssvæðinu ósnortið.

Í umhverfisflokki d eru þær virkjunarhugmyndir sem hafa næstmest umhverfisáhrif, en þar er um að ræða fimm nýja virkjunarstaði á Torfajökulssvæði, auk þess sem Fljótsdalsvirkjun og Norðlingaölduveita (575m)[52] eru hafðar með til samanburðar. Ekki er hægt að gera upp á milli virkjunarstaðanna á Torfajökulssvæðinu þar sem frekari gögn skortir, en svæðið gæti reynst vera með orkugetu sem dygði til framleiðslu 10.000 GWst á ári. Torfajökulssvæðið er því mjög áhugavert fyrir orkuframleiðendur, en vegna mikilla umhverfishagsmuna telur verkefnisstjórnin hins vegar líklegt að aðrir jarðhitakostir verði nýttir fyrst. Þá er svæðið einnig mikilvægt útivistar- og ferðaþjónustusvæði, en frekari rannsóknir þarf til að skera úr um hvort og þá hvernig virkjanir og ferðaþjónusta tengd útivist gætu átt samleið á svæðinu.

Í umhverfisflokki e eru þær nýju virkjunarhugmyndir sem mest umhverfisáhrif hafa, en það eru virkjun Jökulsár á Fjöllum og Markarfljótsvirkjun. Jökulsá á Fjöllum er með mikinn heildarhagnað vegna stærðar og virðist einnig vera vel arðsöm og henni verður einna helst jafnað við Kárahnjúkavirkjun hvað varðar heildarhagnað, arðsemi og umhverfisáhrif. Hins vegar er bent á það að endurskoða þurfi frumáætlanir um Jökulsá á Fjöllum og vatnasvið hennar þar sem þær áætlanir séu komnar til ára sinna, auk þess sem frekari rannsókn á svæðinu sé mikilvæg vegna tillagna um stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og hugsanlegrar tengingar hans við Vatnajökulsþjóðgarð. Virkjun Markarfljóts virðist vera mun síðri en aðrir kostir ef litið er til mikilla umhverfisáhrifa, heildarhagnaðar og arðsemi, auk þess sem áhrif virkjunar hennar á ferðaþjónustu eru talin vera mjög neikvæð.

Líta má á niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar sem grunn fyrir mat á frumáætlunum virkjana, með hliðsjón af nýtingar- og verndunarsjónarmiðum, þar sem þær gefa vísbendingar um umhverfisáhrif mismunandi virkjunarkosta, en jafnframt kemur þar fram hvaða kostir geti verið fjárhagslega vænlegir. Með vinnu að rammaáætlun hefur að auki myndast mikilvægt gagnasafn um rannsóknir og náttúrufarsaðstæður virkjunarkosta sem kemur að miklu gagni þegar hugað er að frekari rannsóknum, nýtingu eða verndun.[53]

---

[51] Skatastaðavirkjun (b) og Hrafnabjargavirkjun (b) víkja þar sem kostir (a) fyrir þessar virkjanir yrðu frekar valdir þar sem þeir fá betri einkunnir.

[52] Í mati á Norðlingaölduveitu í rammaáætlun var stuðst við þá tilhögun sem Skipulagsstofnun úrskurðaði um 12. ágúst 2002 (þ.e. 575m), en sá úrskurður var kærður og síðar felldur úr gildi með úrskurði setts umhverfisráðherra 30. janúar 2003. Í þeim úrskurði er sett það skilyrði að vatnsborð Norðlingaöldulóns verði lækkað þannig að allt lónið verði utan friðlands Þjórsárvera og hafi engin langtímaáhrif á friðlandið.

[53] Umfjöllunin um rammaáætlunina og niðurstöður 1. áfanga byggist á skýrslu verkefnisstjórar um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (2003). Í sameiginlegri fréttatilkynningu sem iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra sendu frá sér 27. nóvember 2003 kom fram að þeir teldu eðlilegt, á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar, að undirbúningur nýrra virkjana beindist á næstu árum að virkjunarkostum sem féllu undir flokka umhverfisáhrifa a–c. Ekki væri þó hægt að útiloka nýtingu virkjunarkosta sem féllu í flokka umhverfisáhrifa d og e þegar til lengri tíma væri litið. Ákvörðun um nýtingu þeirra kosta yrði þó ekki tekin án frekari gagnaöflunar og rannsókna. Sjá fréttatilkynningu nr. 21/2003 á vef iðnaðarraduneytis, www.ivr.is.

### 7.2. Vinna við 2. áfanga rammaáætlunar.

Undirbúningur að 2. áfanga rammaáætlunar hófst árið 2004 og var ný verkefnisstjórn skipuð í september 2004. Í skipunarbréfi hennar kemur fram að leggja skuli áherslu á að undirbúa fleiri virkjunarkosti til mats og bæta gögn um ýmsa kosti sem teknir voru fyrir í fyrsta áfanga eða endurskoðaða tilhögun mats. Þá á einnig að kanna sérstaklega áhrif smárra virkjana. Í samræmi við skipunarbréfið ákvað verkefnisstjórnin að leggja megináherslu á að afla heildstæðra gagna um nýtanleg háhitasvæði, með hliðsjón af bæði vinnslu- og verndunarsjónarmiðum. Þá er ætlunin að endurtaka matið á háhitakostum úr 1. áfanga með aukinni gagnaöflun, m.a. vegna þess að aðferðir til að meta verndunargildi háhitasvæða eru enn í mótun. Verkefnisstjórnin mun styðjast við fagstofnanir ráðuneytanna um áætlanir og framkvæmd verkefna, auk þess sem hún hefur sett á stofn tvo vinnuhópa sér til aðstoðar, annan til ráðgjafar um jarðhitaverkefni og hinn um þróun viðmiða fyrir mat á landslagi. Gert er ráð fyrir að 2. áfanga ljúki árið 2009, en stefnt er að því að gefa út framvinduskýrslu í ársbyrjun 2007 þar sem m.a. verður að finna lista yfir þá virkjunarkosti sem teknir verða til mats, ásamt tillögum um matsaðferðir og matshópa.[54]

## 8. Löggjöf, reglur og stefnumótun utan Íslands.

Nefndin skoðaði sérstaklega löggjöf, reglur og stefnumótun um auðlindamál utan Íslands, sem og leiðir sem farnar hafa verið við val á milli umsókna um takmörkuð gæði hérlendis sem erlendis og er farið yfir þau mál í þessum kafla. Byrjað er á umfjöllun um stefnumótun um auðlindanýtingu, en þar á eftir er fjallað um atriði sem skipt geta máli við val milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi og aðferðir við úthlutun leyfa.

### 8.1. Stefnumótun um auðlindanýtingu.

Stefnumótun um auðlindanýtingu er með mismunandi hætti í öðrum löndum, en víðast hvar er að finna einhverskonar ákvæði um að taka skuli tillit til náttúrunnar, auk þess sem tiltekin svæði eru friðuð eða vernduð á einn eða annan hátt.[55] Evrópusambandið hefur t.d. samþykkt tilskipanir um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og mat á umhverfisáhrifum áætlana, sem og fjölmargar aðrar tilskipanir sem miða að því að vernda náttúruna. Þær tilskipanir hafa verið innleiddar í lög í öllum aðildarríkjum sambandsins.[56] Í Bandaríkjunum, Kanada

---

[54] Sbr. upplýsingar frá Hákoni Aðalsteinssyni, Orkustofnun. Sjá einnig upplýsingar á heimasíðu Orkustofnunar á vefslóðinni: http://www.os.is/Apps/WebObjects/Orkustofnun.woa/wa/dp?id=2767.

[55] Löggjöf um mat á umhverfisáhrifum kveður almennt á um að umhverfisáhrif skulu metin og tekið skuli tillit til þess mats, en bannar hins vegar ekki endilega framkvæmdir með neikvæð umhverfisáhrif. Einnig eru dæmi um sérstakar undanþágur frá þessum ákvæðum. Á Nýja-Sjálandi eru t.d. í gildi auðlindalög (Resource Management Act 1991) og samkvæmt 2. tölul. 104. gr. þeirra skal við mat á umsóknum um leyfi til auðlindanýtingar taka sérstakt tillit til hugsanlegra áhrifa áætlaðra framkvæmda á umhverfið, en það eru staðaryfirvöld sem veita leyfi. Þeim ber hins vegar einnig að taka tillit til ýmissa annarra þátta við mat á umsóknum og geta kosið að líta framhjá neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda ef til staðar er áætlun sem leyfir slíkar framkvæmdir.

[56] Ísland, Noregur og Liechtenstein hafa innleitt lagagerðir ESB á sviði umhverfismála í löggjöf sína í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Markmið EES-samningsins á sviði umhverfismála eru, skv. 73. gr. samningsins, m.a. að varðveita, vernda og bæta umhverfið og tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi. Þá er kveðið á um að aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skuli grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Einnig skulu kröfur um umhverfisvernd vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum. Náttúruvernd fellur hins vegar utan við gildissvið EES-samningsins.

og á Nýja-Sjálandi er einnig til staðar löggjöf þar sem kveðið er á um að umhverfisáhrif framkvæmda skuli metin. Þá eru aðildarríki Evrópusambandsins, sem og fjölmörg önnur ríki aðilar að flestum þeim alþjóðasamningum um umhverfisvernd sem fjallað er um í kafla 2.4 í skýrslunni.

Norðmenn hafa gengið einna lengst nágrannalanda okkar hvað varðar stefnumótun um auðlindanýtingu og aðstæður þar eru að mörgu leyti líkar og hérlendis. Í Noregi hefur verið mótuð stefna um verndun og nýtingu vatnsfalla og vatnasvæða og þar er í gildi sérstök rammaáætlun fyrir vatnasvið (Samlet plan for vassdrag) og verndaráætlun fyrir vatnasvið (Verneplan for vassdrag). Rammaáætlun fyrir vatnasvið var fyrst staðfest af Stórþinginu árið 1986, en síðan þá hefur áætluninni verið breytt tvívegis, 1988 og 1993. Verndaráætlun fyrir vatnasvið var fyrst samþykkt af Stórþinginu árið 1973 (Verneplan I), en áætluninni hefur verið breytt og bætt við hana sveðum þrisvar sinnum síðan þá (Verneplan II, III og IV), auk þess sem viðbót við áætlunina var samþykkt árið 2005. Í rammaáætluninni er fjallað um vatnasvæði sem teljast nýtileg til orkuframleiðslu, en í verndaráætluninni um vatnasvæði sem ber að vernda og nær hún nú til 387 svæða.[57]

Í rammaáætluninni er einstökum virkjunarhugmyndum forgangsraðað út frá efnahagslegum sjónarmiðum, sem og áhrifum þeirra á aðra þætti, þar á meðal umhverfisþætti. Virkjunarhugmyndunum er skipt í tvo flokka í rammaáætluninni, flokk I og flokk II. Í flokki I eru virkjunarhugmyndir sem talið er að geti komist í gegnum mat á umhverfisáhrifum og þær geta án frekari umfjöllunar farið í leyfisveitingarferli, en í flokki II eru virkjunarhugmyndir sem geta á þessari stundu ekki farið í leyfisveitingaferli, m.a. vegna skorts á rannsóknum, en þær hugmyndir gætu hins vegar færst yfir í flokk I ef Stórþingið samþykkti slíka breytingu. Þá eru tilteknar virkjunarhugmyndir undanþegnar rammaáætluninni og geta því farið í leyfisveitingaferli án frekari umfjöllunar.

Markmiðið með rammaáætluninni er að tryggja að þau vatnasvæði sem geta veitt ódýrustu orkuna með minnstu umhverfisáhrifunum verði þróuð, rannsökuð og nýtt fyrst. Það ber hins vegar að hafa í huga að jafnvel þó að svæði sé samþykkt og sett í flokk I í rammaáætluninni þá þýðir það ekki að yfirvöld hafi skuldbundið sig til að veita nýtingarleyfi á viðkomandi svæði því að dæmi eru um það að beiðni um nýtingu á svæðum sem falla undir flokk I hafi verið hafnað.

Síðan Stórþingið samþykkti síðustu breytinguna á rammaáætluninni árið 1993 hefur ýmislegt breyst í Noregi og þar á meðal stefna og meginreglur í umhverfismálum. Flest þeirra verkefna sem lögð eru fram í dag eru byggð á annars konar tækni, umhverfis- og efnahagslegum þáttum en þær hugmyndir sem teknar eru fyrir í rammaáætluninni og norska ríkisstjórnin stefnir þess vegna að því að gera umtalsverðar breytingar á rammaáætluninni á næstunni.

Rammaáætlunin hefur verið gagnrýnd nokkuð í Noregi og m.a. verið bent á það að verkefninu hafi ekki verið haldið við sem skyldi og því ættu niðurstöðurnar ekki við lengur. Forsendur sem lægju að baki flokkun tiltekinna vatnasvæða breyttust oft með tímanum, t.d. vegna breyttra aðstæðna eða aðferða við nýtingu, án þess að tillit væri tekið til þess í áætluninni. Því hefur verið bent á að nauðsynlegt væri að endurskoða áætlunina reglulega eða

---

[57] Sbr. Olje- og energidepartementet (2006), *Fakta 2006 om energi og vannressurser i Norge*, bls. 55–57. Sjá einnig umfjöllun á heimasíðu NVE (norsku orkustofnunarinnar): http://www.nve.no/modules/module_109/publisher_view_product.asp?iEntityId=6186&mids=1301. Orkugeta verndaðra vatnsfalla er talin nema um 44 TWst/ári, sem er um 25% af heildarorkugetu.

a.m.k. oftar en nú væri gert. Þá væri ekki tekið nægjanlegt tillit til stærðar virkjana, en til að stórar virkjanir fái notið sannmælis í flokkun verður að meta þær á móti heildaráhrifum af mörgum minni virkjunum sem eru samanlagt sambærilegar að stærð. Einnig hefur verið nefnt að vatnsaflsvirkjanir væru einfaldlega ekki lengur í tísku og því væri óþarfi eða tilgangslítið að flokka þær eins og gert væri í rammaáætluninni. Loks ber að nefna að ferlið er að hluta til pólitískt og stefna stjórnvalda og viðhorf almennings varðandi nýtingu og verndun vatnasvæða hafa því mikil áhrif.

Leyfisveitingaferlið í Noregi er þannig að norska orkustofnunin (NVE) metur umsóknir og skilar áliti sínu til olíu- og orkumálaráðuneytisins (Olje- og energidepartementet) sem leggur málið fyrir ríkisstjórn til samþykktar eða synjunar, en ræða þarf umdeildar framkvæmdir á Stórþinginu áður en hægt er að samþykkja þær. Leyfið sjálft er loks gefið út af olíu- og orkumálaráðherra.[58]

### 8.2. Atriði sem skipt geta máli við val milli umsókna.

Til að fá yfirsýn yfir atriði sem haft geta þýðingu við val milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi skoðaði nefndin fyrirkomulag við veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á takmörkuðum auðlindum í Noregi, Danmörku, Færeyjum, Bretlandi, Írlandi, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Við skoðun á reglum þessara ríkja kom í ljós að ákveðin atriði voru sameiginleg flestum ef ekki öllum svæðum sem skoðunin náði til.

Þau atriði sem þarna er átt við lúta að getu umsækjanda til þess að rannsaka og nýta þá auðlind sem um ræðir. Undir þetta skilyrði fellur fjárhagslegur styrkur umsækjanda, sem og þekking og reynsla hans af samskonar eða sambærilegum rannsóknum og nýtingu.[59]

Tiltölulega auðvelt er að ganga úr skugga um fjárhagslega burði umsækjenda og er þá rétt að meta fjárhagslega burði í tengslum við þær rannsóknir eða auðlindanýtingu sem sótt er um hverju sinni. Í því sambandi mætti m.a. líta til þess hvort fyrirhuguð framkvæmd, ef um nýtingu er að ræða, er talin hæf til fjármögnunar af fjármálastofnunum. Sé hins vegar um að ræða rannsóknir er líklegra að þær séu kostaðar af eigin fé umsækjanda. Hafa ber í huga að ekki er eðlilegt að þeim sem mesta fjárhagslega burði hafa sé alltaf veittur forgangur ef aðrir fullnægja einnig settum skilyrðum.

Varðandi mat á getu til rannsókna og nýtingar skiptir vinnuáætlun fyrir rannsóknir og nýtingu á auðlindinni höfuðmáli. Er hér átt við atriði eins og hversu stórt svæði á að rannsaka, hve ítarlega og á hve löngum tíma. Við útgáfu rannsóknarleyfa er mikilvægt að setja skilyrði um að ákveðnar lágmarksrannsóknir fari fram og/eða að ákveðnum fjárhæðum sé varið til rannsókna yfir tiltekið tímabil til að tryggja að umsækjandi framkvæmi rannsóknir, en hafi ekki eingöngu verið að tryggja að aðrir geti ekki rannsakað eða nýtt auðlindina. Mat á gæðum áætlana og því hvort rannsóknar- og/eða nýtingaráætlun er raunhæf og fullnægi kröfum

---

[58] Þorkell Helgason, Sveinbjörn Björnsson og Árni Bragason (1998). Stórþingið kýs um það hvort einstakar virkjunarhugmyndir fara í flokk I eða II, en dæmi eru um að olíu- og orkumálaráðherra hafi hafnað því að veita leyfi fyrir virkjun í flokki I á þeim forsendum að stjórnmálaflokkur hans hafi verið andvígur viðkomandi virkjunaráformum. Sjá einnig *Olje- og energidepartementet (2006), Fakta 2006 om energi og vannressurser i Norge*, bls. 55–57.

[59] Þessi krafa er gerð í flestum nágrannalöndum okkar, m.a. í Noregi, Danmörku, Færeyjum, Bretlandi og Írlandi. Á Íslandi er iðnaðarráðherra heimilt að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á tilteknum svæðum sem felur í sér einkarétt leyfishafa til rannsókna og vinnslu. Einungis má veita slíkt leyfi aðilum sem að mati iðnaðarráðherra hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að annast þessa starfsemi, sbr. 7. gr. laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

þarf að vera í höndum vísindamanna. Allt frá gildistöku laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, hefur Orkustofnun veitt iðnaðarráðuneyti umsagnir um umsóknir um rannsóknar- og nýtingarleyfi.

Atriði sem skipta máli þegar kemur að því að velja milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á auðlindum í jörðu kunna að vera mismunandi eftir því hvernig auðlindir er um að ræða. Þannig mætti gera mismunandi kröfur varðandi rannsóknarleyfi fyrir auðlindir sem eru tiltölulega þekktar eða tiltölulega auðvelt og ódýrt er að rannsaka (t.d. vatnsafl og malarnám) og auðlindir sem eru þess eðlis að óvissa er um stærð eða nýtanleika þeirra og kostnaðarsamt er að fara í rannsóknir á þeim (t.d. jarðhiti).

Auk þeirra grunnatriða sem að ofan greinir geta stjórnvöld á hverjum tíma lagt áherslu á ákveðna þætti við val sitt milli umsækjenda. Sem dæmi má nefna að eitt af markmiðum raforkulaga er að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku og til að ná því fram væri hugsanlega hægt að setja skilyrði við úthlutun rannsóknar- og vinnsluleyfa sem hafa í för með sér aukna samkeppni og nýliðun í greininni. Sé staðan sú að fyrir liggi stefnumörkun um slíkt er eðlilegt að tekið sé tillit til samkeppnissjónarmiða við úthlutun rannsóknar- og/eða nýtingarleyfa. Einnig væri hægt að taka tillit til þess hvort umhverfisáhrif framkvæmda væru mismunandi samkvæmt áætlunum umsækjenda.

Ef um er að ræða nýtingu í almannaþágu þá geta áhrif leyfisveitingar á verð, gæði, þjónustu, útbreiðslu, o.fl. skipt máli. Í slíkum tilvikum mætti hugsanlega setja ákveðin skilyrði varðandi þessi atriði í leyfið, t.d. ákvæði um tekjumörk, gæði, þjónustustig og útbreiðslu.

Ýmis önnur atriði geta skipt máli við val á milli umsækjenda, en vægi þeirra getur verið mismunandi eftir aðstæðum og það getur einnig mótast af stefnu stjórnvalda um heppilega nýtingu viðkomandi auðlindar eða áhrif hennar á aðra þætti.

Það gjald sem umsækjandi vill borga fyrir að fá að rannsaka og/eða nýta viðkomandi auðlind, kann að skipta máli við val á milli umsækjenda. Ýmsar útfærslur eru til af gjaldi af þessu tagi og þar getur t.d. verið um að ræða eingreiðslu eða hlutfall af árlegum hagnaði, veltu, nýtingu, o.fl. Hægt er að nota uppboð eða útboð til að ákveða hve hátt gjaldið á að vera. Ekkert kemur í veg fyrir að sett séu tiltekin skilyrði í slíkt útboð, t.d. hvað varðar lágmarksgjald. Líkt og gildir um úthlutun leyfa getur verið mismunandi hvernig þessum málum verður best háttað eftir auðlindum. Það gjald sem aðilar eru tilbúnir að greiða getur verið háð því hvaða skilyrði eru sett varðandi rask á umhverfi og er því mikilvægt að huga að samspili úthlutunar á nýtingarleyfum við mat á umhverfisáhrifum.

Í álitsgerð auðlindanefndar um stjórn auðlinda Íslands frá árinu 2000 kemur fram að nefndinni hafi einungis verið kunnugt um að auðlindaskattur á vatnsorku hafi verið tekinn upp í einu landi, Noregi, en þar nemur skatturinn 32% af áætluðum auðlindaarði einstakra virkjana. Niðurstöður útreikninga sem gerðir voru fyrir auðlindanefndina benda hins vegar ekki til þess að sú gjaldtökuleið myndi leiða til teljandi tekjuöflunar ef henni væri beitt hérlendis.[60] Þetta fer þó augljóslega eftir verðlagningu á orkunni og kostnaði við virkjun.

Sérstakt auðlindagjald er nú þegar til staðar í sjávarútvegi hérlendis, en í fyrrnefndri álitsgerð auðlindanefndar var einmitt fjallað ítarlega um það mál. Auðlindanefndin var þeirrar

---

[60] Álitsgerð auðlindanefndar (2000), bls. 58–61. Í greinargerð auðlindanefndar kemur fram að nefndin telur að innheimta eigi auðlindaarð af vatnsafli í þjóðlendum sem enn hefur ekki verið selt eða framselt svo skuldbindandi sé og yrði því að þjóðareign með því að selja langtíma nýtingarréttindi á uppboði ef nægileg samkeppni er fyrir hendi, en annars skuli semja um greiðslu auðlindagjalds á grundvelli þess umframarð sem gera má ráð fyrir að falli til á samningstímanum.

skoðunar að „greiðsla fyrir afnot af auðlindinni geti stuðlað að því að sátt geti tekist um stjórn fiskveiða, enda verði sú gjaldtaka ákveðin með hliðsjón af afkomuskilyrðum og uppbyggingu sjávarútvegsins og þeirri óvissu sem hann á við að búa, m.a. vegna ófyrirsjáanlegra breytinga á aflabrögðum og vegna alþjóðlegrar samkeppni, þ.á m. þau skilyrði sem sjávarútvegur annarra þjóða býr við.“[61]

Þá má einnig nefna að mörg ríki hafa sett á sérstakan olíuskatt fyrir nýtingu á olíulindum, enda er þar oft um mikinn hagnað að ræða. Mörgum olíuvinnsluríkjum hefur reynst erfitt að finna „rétta“ eða hagkvæma skattprósentu, en gæta verður þess að slíkur skattur sé í samræmi við hagnaðarmöguleika og dragi ekki úr hvata til olíuleitar. Í Noregi leggst t.d. 50% olíuskattur ofan á 28% fyrirtækjaskatt, í Færeyjum er þrepaskipt kerfi þar sem olíuskatturinn fer stighækkandi í samræmi við aukna arðsemi og í Bretlandi er ekki lagður á sérstakur olíuskattur.

Almennt gildir að við ákvarðanatöku um gjaldtöku fyrir auðlindanýtingu þarf að taka mið af eðli viðkomandi auðlindar, t.d. hvaða óvissa ríkir um væntanlegan arð af nýtingu og hvaða fórnarkostnaður er samfara nýtingunni. Til greina kemur að leggja annars vegar á fast gjald og hins vegar tekju- eða hagnaðarháð gjald.

### 8.3. Leiðir til að velja á milli umsókna um takmörkuð gæði.

Þegar búið er að skilgreina hvaða atriði skipti máli við val á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi er nauðsynlegt að skilgreina hvernig valið sjálft skuli fara fram. Almennt gildir að leyfisveiting fari fram í samræmi við skilyrði sem eru hlutlæg, gagnsæ og án mismununar.[62] Við úthlutun leyfa mætti einnig huga að því hvort setja ætti skilyrði til að tryggja skynsamlega nýtingu viðkomandi auðlindar og koma í veg fyrir sóun. Í þessum kafla eru skoðaðar leiðir sem farnar hafa verið hérlendis og í öðrum löndum við að velja á milli umsækjenda um takmörkuð gæði.

#### *8.3.1. Samanburðarleiðin.*

Samanburðarleiðin felur í sér að valið er á milli umsækjenda út frá því hver uppfyllir best ákveðin skilyrði eða kröfur. Dæmi um þætti sem skipt geta máli eru fjárhagslegur styrkur, tæknileg geta, þekking og reynsla á viðkomandi sviði, vinnuáætlun, rekstraráætlun, framtíðarsýn, útbreiðsla, orkunýting, áhrif á umhverfi, þjónusta, verð, gæði, fjárfestingar (t.d. uppbygging flutningsvirkja eða mannvirkja) o.fl. Við samanburð er nauðsynlegt að tilboðin séu borin saman eftir skýrum reglum og ströng skilyrði sett. Þessi leið hefur stundum verið kölluð fegurðarsamkeppni þar sem verið er að bera saman umsóknir og velja þá bestu.

Í sumum tilvikum geta umsækjendur einnig boðið peningagreiðslu til að auka líkur á að þeir fái leyfi. Í Danmörku getur ráðherra t.d. ákveðið að slíkt verði hluti af þeim viðmiðum sem val milli umsækjenda um leitar- og vinnsluleyfi fyrir olíu byggist á.[63] Í fyrsta olíuleitar-

---

[61] Álitsgerð auðlindanefndar (2000), bls. 12–13.

[62] Dæmi um slíka kröfu hérlendis er t.d. að finna í raforkulögum, en skv. 34. gr. laganna skal veita leyfi á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt. Í 8. gr. laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001 er kveðið á um að við veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfis skuli umsækjendum ekki mismunað og að jafnræðis skuli gætt. Þá er einnig kveðið á um það að leyfi skuli veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerð hafi verið opinber.

[63] Sbr. 12. gr. *í Bekendtgørelse af lov om anvendelse af Danmarks undergrund, nr. 526 af 11. juni 2002.*

leyfisútboðinu í Færeyjum, sem fram fór árið 2000, skipti miklu máli í hve mikið umsækjendur buðust til að borga í sérstakan rannsóknar- og menntasjóð.[64]

Við val á milli umsækjenda um leyfi til olíuleitar og vinnslu skiptir vinnuáætlun oftast miklu máli, að því gefnu að umsækjendur uppfylli kröfur um fjárhagslegan styrk, tæknilega getu, og þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Það á t.d. við í Noregi, Danmörku, Færeyjum, Ástralíu og Bretlandi.[65] Í vinnuáætlun er m.a. tiltekið hvaða rannsóknir viðkomandi ætli að framkvæma, á hvaða svæði og á hve löngum tíma. Í Færeyjum er sérstaklega horft til þess hvaða vinnuáætlun sé líklegust til að skila mestri nýrri þekkingu á öllu svæðinu, enda telja yfirvöld mikilvægt að afla þekkingar á sem stærstu svæði. Í Bretlandi eru gefin stig fyrir mismunandi þætti vinnuáætlunarinnar og heildarstigafjöldi skiptir miklu máli, þótt ekki sé skylt að veita leyfi þeim umsækjenda sem flest stig fær.[66]

Hafa verður í huga að í samanburðarleiðinni er m.a. verið að bera saman hve háar fjárhæðir umsækjendur ætla að setja í rannsóknir og leit að viðkomandi auðlind.

Í Noregi er samanburðarleiðin notuð við leyfisveitingar til olíuleitar og valið er á milli umsókna út frá ákveðnum þáttum. Fjárhagslegur styrkur, þekking og reynsla umsækjenda skiptir mestu máli við val á milli umsókna. Sérstaklega er litið til tæknilegrar sérþekkingar umsækjenda á sviði olíuleitar, sem og þekkingar og skilnings þeirra á jarðfræðilegum þáttum á viðkomandi svæði, en umsóknir eru flokkaðar í fjóra flokka á grundvelli þessara atriða. Fyrri reynsla stjórnvalda af samskiptum við umsækjendur getur einnig skipt máli, sem og hvernig þeir hafa staðið sig í fyrri verkefnum. Lögð er áhersla á að gæta jafnræðis í stjórnsýslunni og allir umsækjendur fá sömu upplýsingar frá stjórnvöldum.

Allir umsækjendur þurfa að skila inn vinnuáætlun þar sem útskýrt er hvernig og hversu ítarlega ætlunin sé að rannsaka viðkomandi svæði og þessar vinnuáætlanir geta verið mjög mismunandi milli umsækjenda. Vinnuáætlunin skiptir miklu máli við val á milli umsókna og þeir sem uppfylla best sett skilyrði og komast næst skilgreindum markmiðum stjórnvalda eiga betri möguleika á að hljóta leyfi. Stjórnvöld búa oft til hóp með nokkrum umsækjendum, ekki síst ef margar góðar umsóknir berast. Síðan er skipaður einn stjórnandi sem hefur yfirumsjón með hópnum og við val á stjórnanda er sérstaklega horft til reynslu viðkomandi af svipuðum verkefnum í Noregi og erlendis og reynslu stjórnvalda af samskiptum við hann. Lokavinnuáætlunin er síðan samningsatriði milli stjórnvalda og umsækjenda og oft reyna stjórnvöld að semja um umfangsmeiri vinnuáætlun en umsækjendur áætluðu, þ.e. að stærra svæði sé rannsakað og/eða ítarlegri rannsóknir gerðar.[67]

---

[64] Sjá upplýsingar um olíuleitarmál og leyfisútboð í Færeyjum á vefslóðinni www.jardfeingi.fo.

[65] Sjá t.d. norsku lögin, *Lov 29. november 1996 nr 72 om petroleumsvirksomhet* og dönsku lögin, *Bekendtgørelse af lov om anvendelse af Danmarks undergrund, nr. 526 af 11. juni 2002*, sem og *Guide to Hydrocarbon Licences in Denmark. General Legislation and Information. Exploration and Drilling Activities. Petroleum Act 1998* og aðra breska löggjöf er að finna á vefslóðinni: http://www.og.dti.gov.uk/regulation/legislation/index.htm. Írsku lögin, *Petroleum and Other Minerals Development Act* og frekari upplýsingar um leyfisveitingar á Írlandi er að finna á vefslóðinni: http://www.dcmnr.gov.ie/Natural/Petroleum+Affairs+Division/Licensing+Applications/.

[66] Sbr. *Applications for production licences – Guidance*. Á vefslóðinni: http://www.og.dti.gov.uk/upstream/licensing/LicAppGuide_06v1.6.doc.

[67] Byggt á upplýsingum frá olíuráðuneytinu í Noregi. Í júní 2005 var auglýst eftir umsóknum í 19. olíuleitarútboð Norðmanna og öll gögn tengd því útboði má finna á vefslóðinni www.npd.no.

Mörg ríki notuðu samanburðarleiðina við val á milli umsækjenda um rekstrarleyfi til fjarskipta fyrir þriðju kynslóð farsíma. Í Svíþjóð og Finnlandi var leyfum t.d. úthlutað eftir því hvernig umsækjendur stæðust fyrirfram ákveðnar hæfniskröfur.[68]

Oft er gert ráð fyrir því að sá aðili (eða aðilar) sem fær úthlutað leyfi til að nýta hina takmörkuðu auðlind greiði fyrir það sérstakt leyfisgjald, sem getur verið fast, t.d. ákveðin upphæð á ári eða við útgáfu leyfis, eða breytilegt, t.d. hlutfall af árlegri veltu.

***Kostir samanburðarleiðarinnar.***

Samanburðarleiðin gefur færi á að velja á milli umsækjenda út frá tilteknum þáttum sem ákveðið hefur verið fyrirfram að hafa skuli mest vægi við valið. Leiðin gerir þá kröfu á stjórnvöld að þau skilgreini fyrirfram viðmið og markmið. Samanburðarleiðin gefur stjórnvöldum einnig tækifæri til að sjá hvað fyrirtæki eru tilbúin að gera til að fá leyfin og ná hugsanlega einhverjum tilteknum hliðarmarkmiðum.

***Gallar samanburðarleiðarinnar.***

Samanburðarleiðin hefur ýmsa ókosti sem geta vegið þungt þegar ákveðið er hvaða leið eigi að fara. Það getur til dæmis verið tímafrekt að meta hæfni umsækjenda og erfitt getur verið að átta sig á því hver sé besti umsækjandinn, sem og að rökstyðja valið á málefnalegan hátt, þ.e. af hverju einn umsækjandi þykir hæfari en annar ef báðir uppfylla öll skilyrði. Þá er einnig hætta á því að ferlið sé ekki nægilega skýrt og gagnsætt. Niðurstaðan getur því verið umdeild.

***8.3.2. Uppboðsleiðin.***

Uppboðsleiðin felur í sér að valinn er sá umsækjandi sem tilbúinn er að greiða hæsta verðið fyrir afnotaleyfi af viðkomandi auðlind. Með uppboði ætti að vera tryggt að þeir aðilar sem hljóta leyfi greiði samfélaginu fyrir afnot af hinni takmörkuðu auðlind. Margar útfærslur eru á uppboðsleiðinni og eru þær mjög misjafnar, allt frá venjulegu útboði eða uppboði, að margþrepa uppboði með fjölmörgum skilyrðum.

Í uppboðsleiðinni er hæsta tilboði tekið, þó oft að því gefnu að tilboðsgjafi uppfylli ákveðin grunnskilyrði, t.d. um þekkingu, reynslu og fjárhagslegan styrk. Uppboðsleiðin hefur m.a. verið notuð í Kanada við val á milli umsækjenda um leitar- og vinnsluleyfi fyrir olíu og gas og er þá valinn sá umsækjandi sem býðst til að greiða hæstu greiðsluna fyrir leyfið eða setja mesta fjármagnið í rannsóknir og leit á viðkomandi svæði.[69]

Norðmenn ákváðu að nota ekki uppboðsleiðina við úthlutun leyfa til olíuleitar og vinnslu, því þeir vildu frekar að tryggt væri að viðkomandi hefði fjárhagslegan styrk, þekkingu,

---

[68] Sbr. álitsgerð auðlindanefndar (2000), bls. 66. Í álitsgerðinni kemur fram að í Finnlandi hafi fjórum leyfum verið úthlutað eftir hæfni umsækjenda miðað við fyrirfram ákveðnar kröfur um fjárhagslega stöðu, tæknilega getu og samkeppnisforskot. Í Svíþjóð voru sett ýmis skilyrði og kröfur í útboðinu, þar með talið að sýnt væri fram á fjárhagslegan styrk og tæknilega getu umsækjenda til að reisa UMTS-kerfi. Einnig þurfti að sýna fram á nægilega tækni- og markaðsþekkingu umsækjenda og skynsamlega rekstraráætlun. Þá voru einnig gerðar kröfur um útbreiðslu þjónustunnar á landsvísu, en þær voru ekki tilgreindar nánar í útboðsgögnum.

[69] Nýlegt dæmi frá Kanada er útboð fyrir Beaufort Sea/MacKenzie Delta svæðið, sem lauk 2. maí 2006, sjá: http://www.ainc-inac.gc.ca/oil/act/Cal/beau2006/bid/bsmdbid2006_e.pdf. Samkvæmt kanadískum olíuauðlindalögunum þarf að tiltaka í útboðsgögnum hvaða viðmið verði notað við mat á tilboðum og að velja skuli á milli tilboða á þeim grundvelli, sbr. *Canada Petroleum Resources Act*, 13.–14. gr.

reynslu, getu og vilja til að framkvæma ítarlegar og góðar rannsóknir á sem stærstu svæði.[70] Töldu þeir að tekjur Noregs yrðu meiri þegar upp er staðið með því að leggja gjald á tekjur af nýtingu fremur er að bjóða leyfin út. Ekkert kemur þó í veg fyrir að slíkt fyrirkomulag sé notað ásamt útboði og sá möguleiki er t.d. til staðar bæði í Danmörku og Færeyjum, eins og fyrr hefur komið fram.

***Kostir uppboðsleiðarinnar.***

Uppboðsleiðin þykir einföld og gagnsæ leið og þar þykja minni líkur á að niðurstaðan verði gagnrýnd þar sem það er oftast einfalt að bera saman mismunandi verðtilboð. Það er þó hægt að flækja málið, t.d. ef mismunandi greiðsluskilmálar eru leyfðir (t.d. hvenær greiðsla fari fram og hvernig/í hvaða formi greiðslan er).

***Gallar uppboðsleiðarinnar.***

Nokkrar umræður hafa orðið um hvort hátt uppboðsverð fari beint út í verðlagið, en um það virðast mjög skiptar skoðanir. Samkeppni á viðkomandi markaði skiptir væntanlega nokkru um það hvort uppboðsverð fari út í verðlagið.

Uppboðsleiðin var notuð í mörgum ríkjum við úthlutun rekstrarleyfa fyrir þriðju kynslóð farsíma og leiddi til þess að mjög hátt verð var greitt fyrir leyfin í mörgum ríkjum, t.d. í Bretlandi þar sem greiddir voru samtals 2.600 milljarðar kr. fyrir 5 leyfi. Markmið breskra stjórnvalda með uppboði var að hámarka efnahagslegan hagnað neytenda og skattgreiðenda af leyfisveitingum og þjónustunni, en ýmsir telja að það geti hamlað uppbyggingu og þróun á sviði fjarskipta í þeim ríkjum, auk þess sem hætt sé við að kostnaðurinn fari út í verðlag fyrir fjarskiptaþjónustu. Þó skal bent á að ekki liggja fyrir neinar rannsóknir sem sýna fram á þessa niðurstöðu. Frá sjónarhóli hagfræðinnar á það raunar ekki að skipta neinu máli varðandi þróun, útbreiðslu og verðlagningu hvaða verð var greitt fyrir leyfin – þegar fyrirtækin eru komin með leyfin í hendurnar munu þau leitast við að hagnast sem mest á þeim. Skiptir þá engu hvernig fyrirtækin fengu leyfin eða hvað þau greiddu fyrir þau. Það getur hins vegar skipt miklu hvort – og þá hvaða – skilyrði eru sett fyrir leyfisveitingum.

***8.3.3. Happdrætti.***

Happdrætti er einföld leið til að velja á milli umsækjenda um leyfi. Happdrætti tryggir að valið er tilviljunarkennt og tryggir því öllum sömu möguleika, að því gefnu að framkvæmdin sé rétt. Hægt er að setja ýmis skilyrði fyrir þátttöku í viðkomandi happdrætti, auk þess sem hægt er að verðleggja leyfin sem þar eru boðin. Hægt er að beita happdrætti með öðrum leiðum, t.d. ef tvær eða fleiri umsóknir þykja jafn góðar.

Happdrætti var notað af Reykjavíkurborg við val á milli umsókna um einbýlishúsalóðir í Lambaseli árið 2005. Sett voru skilyrði fyrir þátttöku í happdrættinu, m.a. um lögheimili og fjárhagslegan styrk og þeir sem hlutu lóðir þurftu að greiða fyrir þær tiltekið verð, sem var tilkynnt fyrirfram.

---

[70] Norðmenn telja að útboð þar sem hæstbjóðandi fær leyfið henti ekki fyrir olíuleit, sérstaklega ekki ef eftir er að rannsaka viðkomandi svæði og finna hugsanlegar olíulindir. Heppilegra þykir að finna fjársterka aðila með mikla þekkingu og reynslu, sem eru tilbúnir að setja fjármagn í ítarlegar rannsóknir, því ef árangurinn þar er góður þá er það fjármagn sem fá má í útboði smámunir miðað við þá fjármuni sem koma í gegnum skattkerfið og aðra gjaldtöku vegna stórrar olíulindar.

***Kostir happdrættis.***

Kostir happdrættisleiðarinnar eru að um er að ræða einfalda og gagnsæja aðferð, sem tryggir jafnræði umsækjenda, ef framkvæmdin er rétt.

***Gallar happdrættis.***

Gallar happdrættisleiðarinnar eru að með henni er verið að gefa verðmæti þar sem ekki fæst raunvirði fyrir auðlindina sem um er að ræða og ef leyfin eru framseljanleg er líklegt að sá sem fær leyfið í gegnum happdrætti selji það síðar til hæstbjóðanda. Þá eru litlar líkur á því að sá sem er hæfastur við að nýta auðlindina verði dreginn út.

***8.3.4. Fyrstur kemur, fyrstur fær.***

Loks má nefna að hægt er fara þá leið að veita þeim rannsóknar- og/eða nýtingarleyfi á auðlind á tilteknu svæði sem fyrstur sækir um slíkt leyfi.

Þessi aðferð hefur t.d. verið notuð í Kanada fyrir nýtingu yfirborðsvatns, vindorku og námuvinnslu. Aðferðin hefur einnig verið notuð á Nýja-Sjálandi fyrir ýmsar náttúruauðlindir, t.d. vatnsafl og jarðhita, en ástæða þess virðist aðallega vera sú að ekki er mikil samkeppni eða eftirspurn eftir því að nýta viðkomandi auðlindir. Það eru staðaryfirvöld sem veita leyfi og þau geta sett mismunandi kröfur fyrir veitingu leyfa.[71] Hérlendis var lagt til í frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, sem lagt var fram á Alþingi árið 2004, að þessari aðferð yrði beitt við úthlutun nýtingarleyfa ef ekki lægi fyrir gildur forgangsréttur að nýtingarleyfi og tvær eða fleiri jafngóðar umsóknir bærust.[72]

***Kostir.***

Kosturinn við þessa aðferð er að hún er einföld í framkvæmd. Hægt er að tryggja gagnsæi og jafnræði með því að auglýsa fyrirfram hvenær og hvernig leyfi verða veitt.

***Gallar.***

Notkun þessarar aðferðar gæti kallað á gagnrýni vegna þess að með henni er verið að gefa verðmæti, þar sem ekki fæst raunvirði fyrir auðlindina sem um er að ræða og ef leyfin eru framseljanleg er líklegt að sá sem fær leyfið með þessum hætti selji það síðar til hæstbjóðanda. Þá eru einnig litlar líkur á að sá sem er hæfastur við að nýta auðlindina fái leyfi. Einnig gæti notkun þessarar leiðar leitt til þess að sótt sé um leyfi einungis til að tryggja að aðrir fái ekki aðgang að viðkomandi auðlind. Notkun þessarar aðferðar gæti einnig leitt til sóunar og offjárfestingar ef það er eftir einhverju að slægjast. Þannig gæti aðili sem ella ætti á hættu að missa leyfi til nýtingar freistast til að nýta auðlindina og selja afurðir hennar eins hratt og hægt er í stað þess að líta til lengri tíma. Þar sem þessari aðferð hefur verið beitt í fiskveiðum (svokallaðar ólympískar fiskveiðar) hefur hún leitt til mikillar offjárfestingar og sóunar, t.d. vegna slakrar meðferðar og úrvinnslu á afla.

---

[71] Sbr. *Resource Management Act 1991*. Fjallað er um atriði sem fram þurfa að koma í leyfum í 88. gr. og í 104 gr. er ákvæði um hvaða atriði skuli hafa í huga við mat á umsóknum.

[72] Sbr. 4. mgr. 11 gr. og 6. mgr. 14. gr.: „Ef ekki liggur fyrir gildur forgangsréttur að nýtingarleyfi og tvær eða fleiri umsóknir berast, sem Orkustofnun telur jafngóðar, skal elsta umsóknin ganga fyrir."

*8.3.5. Aðrar leiðir og útfærslur.*

Ýmsar aðrar leiðir til að velja á milli umsækjenda eru til staðar og einnig er hægt er að hugsa sér margs konar útfærslur á ofangreindum leiðum. Það mætti til að mynda blanda saman tveimur eða fleiri leiðum til að ná fram ákveðnum markmiðum, t.d. nota samanburðarleiðina til að velja bestu umsóknirnar eða þær umsóknir sem uppfylltu tiltekin skilyrði, en byggja lokaákvörðunina á niðurstöðum lokaðs útboðs sem viðkomandi aðilar tækju þátt í.

Einnig mætti t.d. mynda hóp með tveimur eða fleiri umsækjendum og veita þeim hóp sameiginlegt leyfi. Þetta er leið sem Norðmenn hafa stundum notað, en þeir telja að heppilegt geti verið að velja saman í hóp bestu umsækjendurna og mynda þannig sterkan hóp sem hefur fjármagn, þekkingu og reynslu til að standa að vandaðri og ítarlegri leit til að hámarka líkurnar á því að finna olíu. Færeyingar hafa hins vegar ekki talið þá leið heppilega og telja að hún geti haft í för með sér vandamál, því erfitt getur verið fyrir ólíka aðila að vinna saman og ná samkomulagi um hina ýmsu þætti samstarfsins.[73]

## 9. Niðurstöður og tillögur nefndarinnar.

Tillögur nefndarinnar lúta í meginatriðum að þremur þáttum. Í fyrsta lagi verður grein gerð fyrir tillögum nefndarinnar varðandi framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Í öðru lagi er nefndinni nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um það með hvaða hætti taka beri afstöðu til þegar fram kominna umsókna skv. lögum nr. 57/1998 og þeirra umsókna sem fram kunna að koma til þess tímamarks þegar löggjöf hefur verið sett um þá framtíðarstefnu um verndun og nýtingu sem lögð er til af nefndinni. Í þriðja lagi verður fjallað um tillögur um það með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laganna.

Verkefni nefndarinnar er, svo sem fram hefur komið, afar vandasamt. Meðan mun einfaldara er að gera tillögur um val milli umsókna hefur reynst sínu erfiðara að móta sameiginlegar tillögur um framtíðarstefnu um auðlindanýtingu. Nefndin var sammála um að mikilvægt væri að samþætta sjónarmið verndunar og nýtingar við mat á virkjunarkostum og taka tillit til sjónarmiða sjálfbærrar þróunar og þeirra verðmæta sem felast í náttúrunni sjálfri. Einn helsti ásteytingarsteinn liðinna ára hefur verið sá að mönnun hefur þótt skorta einhvers konar heildarsýn á það hvaða leið verði farin. Í eftirfarandi tillögum nefndarinnar eru stigin afgerandi skref í þeirri viðleitni. Slík framtíðarmynd getur að mati nefndarinnar aldrei falist í einangraðri afstöðu til þess annars vegar hvað eigi að vernda og hins vegar eigi að nýta. Eigi útkoman úr slíku starfi að skila okkur fram á við verður við slíka heildstæða áætlunargerð að taka afstöðu til beggja þátta. Niðurstaðan er því í hnotskurn sú að nefndarmenn allir eru sammála um að við skuldum framtíðinni að tekin sé meðvituð ákvörðun um hvert sé stefnt og með hvaða hætti. Menn geti treyst því á hverjum tíma að ljóst sé hvar nýting geti og megi fara fram en jafnhliða hvaða svæði og náttúruauðlindir verði til lengri eða skemmri tíma vernduð og útilokuð frá slíkri nýtingu.

Þá þarf jafnframt að móta afstöðu til þeirra umsókna sem nú liggja fyrir óafgreiddar sem og þeirra umsókna sem fram kunna að koma á tímabilinu þangað til menn hafa náð nauðsynlegri sátt um framtíðarstefnu.

---

[73] Kafli 8.2 og 8.3 byggjast á greinargerð starfshóps sem iðnaðarráðherra skipaði til að vera nefndinni til aðstoðar við greiningu á atriðum er skipta máli við val á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli gildandi laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og þær leiðir sem farnar hafa verið í þessu sambandi í öðrum löndum.

Það setur verkefninu skorður að tillögum nefndarinnar, skv. bráðabirgðaákvæði við lög nr. 5/2006, um breytingu á lögum nr. 57/1998, er eingöngu ætlað að taka til þeirra auðlinda sem undir þau lög falla, þ.e. jarðefni, jarðhiti, grunnvatn, hveraörverur og rannsóknir á vatnsorku til raforkuframleiðslu, í eignarlöndum og þjóðlendum. Utan laganna og verkefnis nefndarinnar falla allar aðrar auðlindir sem fjallað er þá um í öðrum lögum. Þá taka lögin ekki að neinu leyti til auðlindanýtingar utan netlaga jarða, þ.e. svæðisins utan 115 metra frá stórstraumsfjöruborði strandlengjunnar.

Allt að einu skoðaði nefndin auðlindanýtingu og reglur þar að lútandi með víðtækari hætti, þó svo árétta beri að niðurstöður og tillögur nefndarinnar taka eingöngu til þeirra auðlinda, sem lög nr. 57/1998 taka til. Hins vegar ættu tillögur nefndarinnar að eiga sér víðtækari skírskotun sem fyrirmynd reglna um auðlindanýtingu almennt og ættu að geta orðið hluti af samræmdri áætlun um verndun og nýtingu náttúrugæða.

Þá voru nefndarmenn sammála um að hlutverk þeirra væri fyrst og fremst afmarkað við það að skoða leikreglur til framtíðar varðandi auðlindanýtingu, bæði þá heildarstefnu sem tekin verður varðandi verndun og nýtingu, sem og útfærslu þeirra reglna sem taka munu til vals milli umsækjenda, í þeim tilvikum sem nýting er heimiluð. Þá ákvörðun hvaða svæði skuli nýtt og hver skuli friðuð um lengri eða skemmri framtíð er hins vegar ekki unnt að taka án nánari undirbúnings, svo sem grein verður gerð fyrir hér í framhaldinu.

Hér að framan hefur grein verið gerð fyrir skipan nefndarinnar og meginverkefnum, lýst hefur verið störfum hennar og þeirri tilhögun sem höfð hefur verið á efnis- og upplýsingaöflun. Þá hefur verið fjallað um lagaumhverfi á Íslandi, þar sem farið hefur verið yfir eignarhald auðlinda, gerð grein fyrir gildandi löggjöf um auðlindanýtingu og stýringu og enn fremur fjallað um löggjöf varðandi friðun og vernd og alþjóðasamninga um umhverfisvernd sem Ísland er aðili að. Farið hefur verið yfir þær löggjafarhugmyndir sem fram komu í frumvarpi til laga um jarðrænar auðlindir frá vorinu 2005. Þá hefur verið fjallað um leyfi til rannsókna, nýtingar og virkjunar, sem og stefnumörkun um sjálfbæra þróun. Grein hefur verið gerð fyrir tillögum auðlindanefndar frá árinu 2000 og rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hefur verið gerð skil, sem og löggjöf og stefnumótun á þessu sviði erlendis.

Hér í framhaldinu verður því leitast við að svara a.m.k. þremur grundvallarspurningum. Í *fyrsta lagi,* hvernig og hvaða framtíðarstefna verði mörkuð um verndun og nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Í *öðru lagi* hvað gera eigi á tímabilinu þangað til mörkuð hefur verið að lögum framtíðarstefna um verndun og auðlindanýtingu og í *þriðja lagi* hvaða leiðir er rétt að fara við val milli umsókna um rannsóknir og nýtingu. Í starfi nefndarinnar hefur það blasað við að megináhersla beinist að orkunýtingu jarðvarma og vatnsafls. Nýting annarra þeirra auðlinda sem undir lögin falla er vissulega þýðingarmikil og er þá einkum horft til námuvinnslu, almennrar nýtingar grunnvatns og jarðhitanýtingar í öðru skyni en til raforkuvinnslu. Allt að einu er það svo að í meginatriðum er meiri sátt um þá nýtingu, a.m.k. til samfélagslegra þarfa, umhverfisáhrif að jafnaði minni og minni eftirspurn þannig að síður er staðið frammi fyrir því að þurfa að velja milli fleiri umsækjenda. Tillögur nefndarinnar lúta þannig fyrst og fremst að orkunýtingunni þó svo að annarri nýtingu sé vissulega gaumur gefinn og að henni verði sérstaklega vikið hér á eftir.

Á undanförnum árum hafa komið fram tillögur að breytingum á lögum nr. 57/1998, misumfangsmiklar. Sýnu lengst var þó gengið með frumvarpi til laga um jarðrænar auðlindir sem lagt var fram á þingi 2004–2005 en náði ekki fram að ganga. Það varð niðurstaða þessarar nefndar að gera að þessu sinni eingöngu tillögur í frumvarpsformi, sbr. fylgiskjal I, um þær lágmarksbreytingar sem af niðurstöðum nefndarinnar leiðir. Horft verði síðan til heildar-

endurskoðunar á löggjöf á þessu sviði þegar nauðsynlegu undirbúningsstarfi er lokið. Ef mál þróast með þeim hætti sem nefndin sér nú fyrir gæti slíkt frumvarp litið dagsins ljós á þingi 2010.

Nefndarmenn telja sig á þeim skamma tíma sem þeim var ætlaður, hafa leitast við að skoða sviðið í heild og hlusta á sjónarmið sem flestra. Í þeim tilgangi bauð nefndin fjölda gesta á sinn fund og viðaði að sér verulegu magni gagna. Listi yfir þau gögn sem talin eru hafa mesta þýðingu fyrir úrlausn málsins fylgir með skýrslunni. Þannig er það trú nefndarmanna að í skýrslunni sé haldið til haga þeim þáttum sem nauðsynlegt er að vega og meta við þær pólitísku ákvarðanir sem óhjákvæmilegar eru í framhaldinu. Menn geta þannig og eftir atvikum deilt um einstakar niðurstöður og tillögur nefndarinnar en hitt er þó mikilvægara að tekist hafi að safna saman þeim helstu gögnum og sjónarmiðum sem þörf er á til sjálfstæðrar skoðanamyndunar þeirra sem um munu fjalla. Þá er hitt ekki síður mikilvægt að í nefnd þessari sátu fulltrúar allra stjórnmálaflokka, ásamt fulltrúum iðnaðarráðuneytis og Samorku. Ljóst er því að menn gengu til leiks með afar mismunandi skoðanir á úrlausn verkefnisins. Í þeirri viðleitni að ná sameiginlegri niðurstöðu um meginatriði í tillögugerð sinni hafa einstakir nefndarmenn því óneitanlega þurft að slá af kröfum sínum og um fjölmörg álitaefni orðið málamiðlanir.

Þrátt fyrir ríkan vilja náðist ekki sameiginleg niðurstaða allra nefndarmanna um það álitaefni hvaða auðlindanýtingu eigi að heimila á tímabilinu þangað til mörkuð hefur verið að lögum framtíðarstefna um auðlindanýtingu eða a.m.k. tímabilið fram til 2010. Þrír nefndarmenn, Agnar Olsen, Hjörleifur B. Kvaran og Kolbrún Halldórsdóttir, skrifa undir skýrslu nefndarinnar með fyrirvara um þann þátt og gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í sérstökum bókunum í viðauka. Kolbrún Halldórsdóttir gerir auk þess frekari athugasemdir í bókun sinni. Þá gerir Jóhann Ársælsson grein fyrir afstöðu sinni í sérstakri bókun þó svo að hann standi að niðurstöðum skýrslunnar í öllum atriðum. Þá er nauðsynlegt að geta þess að einn skipaðra fulltrúa í nefndinni, Albert Albertsson sem tilnefndur var af Samorku, tók ekki neinn þátt í störfum nefndarinnar, utan þess að sitja 2. fund nefndarinnar þann 16. maí 2006.

### 9.1. Tillögur um framtíðarstefnu um nýtingu auðlinda í jörðu.

Eins og fram hefur komið hefur nefndin kynnt sér ítarlega lagaumhverfi og stefnumótun hérlendis sem erlendis varðandi umhverfisvernd og auðlindanýtingu, auk þess að fara yfir helstu alþjóðasamninga á sviði umhverfisverndar sem Ísland hefur gerst aðili að. Nefndin hefur einnig farið mjög ítarlega yfir niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um vatnsafl og jarðvarma, vinnu við 2. áfanga rammaáætlunarinnar og þær aðferðir sem notaðar eru við að meta hugsanlega virkjunarkosti með hliðsjón af umhverfisáhrifum, arðsemi og hagnaði. Nefndin fékk á sinn fund fjölda sérfræðinga til að ræða um framangreind atriði og kynna sín sjónarmið um atriði sem skipta máli við stefnumótun um auðlindanýtingu. Hér var m.a. um að ræða fræðimenn á þessu sviði, fulltrúa frá Bændasamtökunum, iðnaðarráðuneyti, Jarðborunum, Orkustofnun, Landsamtökum raforkubænda, Landvernd, Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarsamtökum Íslands, umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun.

Ísland býr við þá sérstöðu að yfir 99,9% af raforkunotkun hérlendis kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum og nýting náttúruauðlinda hefur átt stóran þátt í uppbyggingu íslensks samfélags. Raforkuframleiðsla hefur aukist mikið síðastliðin ár, sérstaklega vegna aukinnar raforkusölu til stóriðju. Raforkunotkun stóriðju var um 50% af heildarnotkun árið 1996, árið 2005 var stóriðjunotkunin 61% af heildarnotkun og gert er ráð fyrir að stóriðjan verði með um 78% af heildarnotkun raforku árið 2008. Gagnrýni á virkjunarframkvæmdir vegna orku-

öflunar fyrir stóriðju hefur hins vegar aukist síðastliðin ár og telja margir að þar hafi ekki verið tekið nægilegt tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða.

Nefndin telur mikilvægt að auðlindir í jörðu og vatnsafl verði nýtt á skynsamlegan og hagkvæman hátt í þágu þjóðarinnar en jafnframt og samhliða verði gætt ýtrustu krafna af umhverfisréttarlegum toga og þeirra viðurkenndu meginmarkmiða að stuðla skuli að sjálfbærri nýtingu, þar sem meginreglur umhverfisréttar verði hafðar að leiðarljósi. Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin nauðsynlegt að breið sátt náist um skynsamlega nýtingu og verndun náttúruauðlinda hérlendis.

Nefndin leggur því til að Alþingi móti langtímastefnu um rannsóknir, verndun og nýtingu þeirra auðlinda sem lög nr. 57/1998 taka til, jarðefna, jarðhita, grunnvatns, hveraörvera og vatnsafls til raforkuframleiðslu. Slík áætlun yrði samþykkt, að undangengnum nauðsynlegum undirbúningi, sem lög eða þingsályktun um sérstaka verndar- og nýtingaráætlun sem gilda skal til langs tíma, t.d. til 25 ára í senn, en sætti reglulegri endurskoðun, t.d. ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Áætlun þessi fæli í sér langtímastefnumótun um verndun og nýtingu á tilteknum svæðum og/eða auðlindum sem á endanum tæki til landsins alls og ætti að geta orðið hluti af samræmdri áætlun um verndun og nýtingu náttúrugæða. Hún myndi því sýna á skýran og gagnsæjan hátt hvaða valkostir eru til staðar varðandi nýtingu auðlinda hérlendis næstu áratugi.

Viðamikil langtímaáætlun af þessum toga felur óneitanlega í sér umfangsmiklar takmarkanir sem kalla á það að sérstaklega verði hugað að vernd eignar- og atvinnuréttinda, sbr. 72. gr. stjórnarskrár. Í sjálfu sér hefur þetta engin áhrif á stöðu þess lands sem telst þjóðlendur eða er í ríkiseign. Álitaefnið varðar hins vegar þá stöðu sem uppi kann að vera komi til þess að landsvæði eða náttúruauðlindir sem skipað er í verndarhluta fyrirhugaðrar áætlunar eru í einkaeign og þar sé unnt að sýna fram á nýtingarmöguleika, sem ekki geta þá komið til framkvæmda.

Eins og fram hefur komið er vernd 72. gr. stjórnarskrár ekki altæk í þeim skilningi að í réttarframkvæmd hefur verið viðurkennt að löggjafanum sé heimilt að setja eignarráðum almennar takmarkanir án þess að bótaskylda stofnist enda lúti slíkar takmarkanir að því að verja almannahagsmuni, samfélagslega hagsmuni í víðtækri merkingu. Sú heimild felur þó ekki í sér heimild til þess að aftengja með öllu þær heimildir sem að stjórnlögum og almennt séð felast í eignarréttinum. Hér verður því um vandratað einstigi að feta.

Grundvallaratriði er að fyrirmæli af þessum toga séu sem almennust og uppfylli jafnræðissjónarmið í hvívetna. Þá hvílir sönnunarbyrði um meint tjón sem endranær á þeim fasteignareiganda sem slíku heldur fram. Þá skiptir jafnframt máli varanleiki þess að skipa ákveðnum svæðum og/eða auðlindum í verndarhluta langtímaáætlunar. Hér að framan hefur það verið nefnt til sögunnar að slík áætlun yrði t.d. sett til 25 ára í senn en sætti reglulegri endurskoðun. Slík tilhögun fæli ekki í sér sömu varanlegu takmörkunina og leiðir til að mynda af friðlýsingu á grundvelli 7. kafla náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, sbr. eignarnámsákvæði 64. gr. laganna. Allt að einu verður fyrirsjáanlega um fjölmörg takmarkatilvik að ræða og mögulega veigameiri bótaskyldu íslenska ríkisins en áður hefur þekkst af sambærilegum ráðstöfunum. Að öllu þessu þarf að huga við mótun framtíðarreglna um auðlindanýtingu sem og í hinni pólitísku umræðu sem óhjákvæmilega mun eiga sér stað.

Nefndin leggur til að við gerð verndar- og nýtingaráætlunarinnar skuli sérstaklega litið til niðurstaðna rannsókna og mats á þeim hugsanlegu virkjunarkostum sem settar eru fram í skýrslu um niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, sem og niðurstaðna rannsókna og mats 2. áfanga rammaáætlunarinnar, sem áætlað er að liggi fyrir

árið 2009. Við gerð slíkrar áætlunar yrði jafnframt að líta til annarra rannsókna og áætlana eftir því sem við á og er þá sérstaklega horft til gildandi náttúruverndaráætlunar á hverjum tíma og grunnrannsókna Náttúrufræðistofnunar sem áætlað er að ljúki á næstu árum.

Í *nýtingarhluta* áætlunarinnar verði skilgreind og talin upp þau svæði og/eða auðlindir sem teljast nýtileg til orkuframleiðslu án umtalsverðra umhverfisáhrifa, t.d. þau svæði sem eru í tilteknum umhverfisflokkum í rammaáætluninni. Hægt verði að fara í leyfisveitingaferli á þessum svæðum án frekari umfjöllunar, en það er hins vegar ekki trygging fyrir því að önnur leyfi fáist, því að eftir sem áður verður að fá öll önnur tilskilin og lögbundin leyfi eftir því sem við á (sjá umfjöllun um gildandi rétt í 2. kafla og leyfi í 4. kafla), þar með talin rannsóknar- og nýtingarleyfi samkvæmt auðlindalögum og virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum.

Í *verndarhluta* áætlunarinnar verði skilgreind og talin upp þau svæði og/eða auðlindir sem á að vernda vegna þess að talið er að raforkuvinnsla á þeim hafi í för með sér of mikil umhverfisáhrif. Í verndarhlutanum gætu t.d. verið svæði sem eru í tilteknum umhverfisflokkum í rammaáætluninni.

Lagt er til að verndar- og nýtingaráætlunin verði samþykkt í fyrsta sinn sem lög eða þingsályktun frá Alþingi árið 2010. Ekki er nauðsynlegt að á þeim tímapunkti liggi fyrir endanleg niðurstaða til allra landshluta og allra auðlindakosta. Ljóst er að nauðsynlegum rannsóknum verður ekki lokið í öllum tilvikum og gefa þarf áframhaldandi tíma til þeirra. Viðkomandi landsvæði/náttúruauðlindir eru þá „ósnertanlegar“ þangað til því er lokið, þ.e. ekki verður hægt að samþykkja að svæði og/eða auðlindir sem ekki hafa verið tekin fyrir í áætluninni eða svæði/auðlindir sem afla þarf betri gagna um fari inn í nýtingarhlutann og í leyfisveitingaferli fyrr en að loknu sambærilegu mati, rannsóknum og gagnaöflun. Tilætlunin er þó sú að þetta standi því ekki í vegi að beiðnir komi fram um það að ákveðin svæði og/eða auðlindakostir verði settir í forgang og að brugðist verði við slíkum beiðnum séu þær settar fram á málefnalegum forsendum.

Nefndin áréttar að hún telur ekki mögulegt að svo stöddu að móta í neinum smáatriðum frekari útfærslu þessara áforma enda er umboð hennar takmarkað og rannsóknir og úrvinnsla í mörgum tilvikum of skammt á veg komin. Því er nauðsynlegt að grunnur verndar- og nýtingaráætlunarinnar verði unnin í samráði við alla helstu hagsmunaaðila og settur verði upp starfshópur sem verði a.m.k. skipaður fulltrúum frá forsætisráðuneyti, iðnarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, Íslenskum orkurannsóknum, náttúruverndarsamtökum, Samorku og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Lagt er til að iðnaðarráðherra skipi í starfshópinn á grundvelli tilnefninga frá fyrrnefndum aðilum og að fulltrúi forsætisráðuneytis verði formaður starfshópsins.

Einnig er lagt til að sá starfshópur leggi fram tillögur um það hvernig haldið verði á þessum málum til framtíðar, þ.e. eftir að starfshópurinn hefur lokið sínu starfi. Ein möguleg lausn væri t.d. að skipa til frambúðar sérstaka verkefnisstjórn sem starfaði á svipaðan hátt og verkefnisstjórn 1. áfanga rammaáætlunar, þó fámennari, en með sömu sjónarmið að leiðarljósi. Hlutverk verkefnistjórnarinnar væri að tryggja að nauðsynlegar grunnrannsóknir fari fram og taka á grundvelli þeirra mótaða afstöðu til nýrra kosta sem ekki hafa verið teknir fyrir í áætluninni. Verkefnisstjórnin myndi síðan gera tillögu um það til forsætisráðuneytis hvort viðkomandi kostir fari í verndarhlutann eða nýtingarhlutann og ráðherra í framhaldi af því gera tillögu til Alþingis. Eins mundi verkefnisstjórnin fjalla um óskir um breytingar á verndar- og nýtingaráætluninni og leggja tillögur sínar þar að lútandi fyrir. Alþingi ætti því að geta bætt við, endurskoðað og breytt verndar- og nýtingaráætluninni ef þurfa þykir, m.a.

til að taka tillit til breytinga á stefnu stjórnvalda, breyttra viðhorfa til umhverfismála og auðlindanýtingar, nýrra rannsókna, sem og nýrrar tækni og aðferða við nýtingu auðlinda á viðkomandi svæði. Það gæti eftir atvikum gerst a.m.k. einu sinni á fjögurra ára fresti, oftar ef þurfa þykir. Þannig yrði tekinn afstaða til nýrra kosta eða tillagna um breytingar og fjallað um tillögur þess efnis hvort viðkomandi kostur falli nýtingar- eða verndarmegin.

Starfshópurinn gæti einnig verið heppilegur vettvangur til að ræða með hvaða hætti setja mætti löggjöf um meginreglur umhverfisréttar, en nefndin hvetur a.m.k. til að brugðist sé við og lagt í þá vinnu sem nauðsynleg er til undirbúnings og framgangs slíkrar almennrar lagasetningar sem með öðru mun mynda nauðsynlega umgjörð á því réttarsviði sem hér er til umfjöllunar.

Til að tillögur þessar geti orðið raunhæfar er jafnframt nauðsynlegt að stjórnvöld leggi aukið fé til nauðsynlegra grunnrannsókna og gerðar yfirstandandi rammaáætlunar þannig að hægt verði að ljúka þeim rannsóknum og mati árið 2009. Nefndin leggur því til að auknu fjármagni verði veitt til slíkra rannsókna. Einnig er nauðsynlegt að starfshópurinn hafi nægilegt fjármagn til umráða til að hann geti sinnt sínu verkefni innan áformaðra tímamarka.

Þær tillögur sem hér hefur verið gerð grein fyrir fela í sér meginlínur varðandi stefnumótun um auðlindanýtingu og verndun. Nefndin taldi ekki mögulegt að útfæra þær hugmyndir frekar til að takmarka ekki um of störf þess starfshóps sem lagt er til að skipaður verði til að útfæra nánar verndar- og nýtingaráætlun fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl. Þar að auki er ekki gert ráð fyrir að niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma verði tilbúnar fyrr en árið 2009 og því skortir í dag rannsóknir til að hægt sé að útfæra verndar- og nýtingaráætlunina á fullnægjandi hátt. Nefndin telur hins vegar að ef samkomulag næst um þessa lausn gæti skapast farvegur þjóðarsáttar um þetta viðkvæma deilumál undanfarinna áratuga.

### *9.1.1. Lagaleg útfærsla á tillögu nefndarinnar um stefnumótun.*

Við lög nr. 57/1998 komi nýtt bráðabirgðaákvæði þar sem m.a. verði eftirfarandi útfært:

1. Skipan umræddrs starfshóps, sem yrði skipaður eftirtöldum: Einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, einum fulltrúa forsætisráðuneytis, einum fulltrúa iðnaðarráðuneytis, einum fulltrúa umhverfisráðuneytis, einum fulltrúa Umhverfisstofnunar, einum fulltrúa Náttúrufræðistofnunar, einum fulltrúa Orkustofnunar, einum fulltrúa Íslenskra orkurannsókna, einum fulltrúa náttúruverndarsamtaka, einum fulltrúa Samorku og einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi forsætisráðuneytis verði formaður nefndarinnar.
2. Starfshópurinn skuli eigi síðar en 1. janúar 2010 skila tillögum sínum til forsætisráðherra í formi lagafrumvarps sem feli í sér mótaða verndar- og nýtingaráætlun til framtíðar í samræmi við tillögur þær sem hér eru lagðar fram, sem og útfærðar tillögur um framtíðar skipan mála á grundvelli hennar.
3. Meginmarkmiðið er að koma á til frambúðar gagnsærri framtíðarsýn þar sem fyrir liggi, eftir því sem tök eru á, á hvaða svæðum Íslands nýting auðlinda í jörðu og vatnsafls verður heimil og á hvaða svæðum Íslands slík nýting verður ekki heimil.
4. Forsætisráðherra skal leggja fyrir Alþingi frumvarp sem byggist á tillögum starfshópsins í upphafi vorþings 2010.

**9.2. Tillögur um úrlausn mála þar til framtíðarstefnan hefur verið mörkuð.**

Á vettvangi nefndarinnar var það álitaefni mikið rætt hvernig bregðast ætti við umsóknum um rannsóknir og nýtingu á þeim tíma sem óhjákvæmilega líður þar til búið er að móta og leiða í lög þá framtíðarstefnu sem ráðgerð er í kafla 9.1. Er þetta að mörgu leyti afar vandasamt úrlausnarefni. Óheft útgáfa leyfa á umræddu tímabili gæti raskað þeim grundvallar framtíðaráformum sem að er stefnt með langtímaáætlun um verndun og nýtingu. Á hinn bóginn verður að gæta að stjórnskipulegri vernd eignar- og atvinnuréttinda þeirra aðila sem eiga og/eða hyggjast nýta umræddar auðlindir, sem og þeirrar staðreyndar að í gildi eru lög, nr. 57/1998, sem viðkomandi aðilar geta að óbreyttu byggt réttmætar væntingar á.

Á fundum nefndarinnar komu til umræðu hugmyndir sem spönnuðu allt frá því að allar leyfisveitingar yrðu frystar og því ekki gefin út nein frekari leyfi þangað til að framtíðarstefna hefur verið lögfest og yfir í það að halda áfram útgáfu leyfa með óbreyttum hætti í samræmi við gildandi lög. Ýmis millistig þessa komu einnig til skoðunar m.t.t. þess hvar lagaskil skyldu vera. Til umræðu kom t.d. að allar umsóknir sem fram yrðu komnar við gildistöku breytingarlaga eða við annað tímamark héldu áfram í ferli samkvæmt núgildandi lögum. Önnur viðmið voru einnig nefnd, t.d. að allir kostir sem búið væri að fá rannsóknarleyfi fyrir á ákveðnu tímamarki, að allir kostir sem farnir væru í umhverfismat eða að kostir í umhverfisflokkum a og b fyrsta áfanga rammaáætlunar héldu áfram í samræmi við gildandi lög.

Í ágúst 2006 voru í gildi 7 rannsóknarleyfi vegna jarðhita, en 2 þeirra leyfa eru sérstaklega vegna hitaveitu. Hér er um að ræða rannsóknarleyfi vegna jarðhita á Hengilssvæði, Kröflusvæði, Þeistareykjum, Hágöngum og Tröllladyngju og rannsóknarleyfi vegna hitaveitu í Heimaey og Berserkseyri í Grundarfirði. Nefndin telur óhjákvæmilegt með tilliti til lagaskilyrða og réttmætra væntinga viðkomandi leyfishafa að á þeim svæðum verði heimilt að halda áfram með rannsóknir og framkvæmdir í samræmi við gildandi lög. Framkvæmdaaðilar munu því sem fyrr þurfa að fá öll tilskilin leyfi og samþykki frá viðeigandi aðilum í ferlinu, t.d. fara í umhverfismat, fá samþykkt svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag, og fá nýtingarleyfi, leyfi forsætisráðherra ef um er að ræða þjóðlendu, virkjanaleyfi, starfsleyfi fyrir virkjun, tímabundið starfsleyfi, framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi.

Að auki bíða nú afgreiðslu 21 umsókn um rannsóknarleyfi vegna jarðhita og vatnsafls á 15 svæðum, en þar af eru 12 umsóknir vegna jarðhita og 9 umsóknir vegna vatnsafls. Svæðin sem um er að ræða vegna rannsókna á nýtingu jarðhita eru Brennisteinsfjöll, Fremri-Námar, Gjástykki, Grændalur, Kelduhverfi, Kerlingarfjöll, Krýsuvík og Torfajökulssvæði, og vegna vatnsafls er um að ræða Skjálfandafljót, Hólmsá í Skaftártungu, Tungnaá ofan Sigöldustöðvar, Þjórsá neðan Búrfells, Skaftá (efri hluti), Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði og Hagavatn. Ljóst er að rannsóknir og orkuvinnsla á mörgum þessara svæða munu hafa í för með sér talsverð umhverfisáhrif og því telur nefndin mikilvægt að tekið verði tillit til hugsanlegra umhverfisáhrifa þegar metið er hvort veita eigi leyfi til rannsókna og nýtingar á þessum svæðum.

Nefndin taldi mikilvægt að úrlausn hennar um þetta atriði væri almenn og byggð á hlutlægum og faglegum viðmiðum, en fæli ekki í sér sérstaka og klæðskerasaumaða lausn, sniðna að einstökum virkjunarkostum og/eða einstökum orkufyrirtækjum. Að öllu þessu gættu leggur nefndin til að heimilt verði að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a í fyrsta áfanga rammaáætlunar og þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við á þeim forsendum að umhverfisverðmæti þeirra sé talið mikilvægt. Með þessu móti er brugðist við þeim lagalega áskilnaði sem vænta má að

gerður verði og vikið er að hér að framan. Valið er almennt viðmið sem ekki er hægt að segja að bitni sérstaklega á einum aðila umfram aðra. Með þessari tillögu er mögulegri orkunýtingu á næstu árum sniðinn afar þröngur stakkur. Það er því óhjákvæmilegt að unnt verði að bregðast við ófyrirséðum atvikum. Því er lagt til að með samþykki Alþingis verði hægt að gefa út frekari leyfi til rannsókna og nýtingar á svæðum sem ekki tilheyra fyrirvaralausum kostum í umhverfisflokkum a og b í fyrsta áfanga rammaáætlunar en þó ekki fyrr en að loknu sambærilegum rannsóknum og mati sem niðurstöður rammaáætlunar byggjast á.

Um skilyrði fyrir veitingu leyfa til rannsókna og/eða nýtingar sem sótt hefur verið um fyrir gildistöku lagabreytingar þessarar en ekki hafa verið afgreidd á því tímamarki skal farið í samræmi við lög nr. 57/1998 með þeim breytingum sem leiðir af tillögum nefndarinnar.

Það eru óhjákvæmileg tengsl milli þessa álitaefnis og þeirrar umræðu og áforma sem nú eru uppi um stóriðju á næstu árum. Skiptar skoðanir voru um það innan nefndarinnar hvort löggjöf um auðlindir og auðlindanýtingu væri vettvangur til að stýra og/eða hafa áhrif á þau áform eða hvort slíkt ætti að gera á vettvangi annarrar löggjafar, sbr. áform um löggjöf um losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda sem og þá staðreynd að í fyrri tilvikum hafa einstök stóriðjuáform ávallt kallað á sérstaka löggjöf þar að lútandi. Í slíkri löggjöf hefur verið kveðið á um viðamiklar undanþágur frá lögum, t.d. lögum um einkahlutafélög, lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, lögum um brunatryggingar, lögum um viðlagatryggingu, lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi og lögum um vörugjald. Einnig hafa verið sett viðamikil sérákvæði um skatta og sérreglur um reikningsskil. Taki ríkið á sig fjárhagslegar skuldbindingar í tengslum við slíka stóriðju verður það heldur ekki gert nema með lagasetningu, sbr. áskilnað 40. og 41. gr. stjórnarskrár.

Á Íslandi gildir hins vegar athafnafrelsi, þ.e. einstaklingum og lögaðilum er heimilt að gera það sem ekki er bannað í lögum. Því er hægt að sjá það fyrir sér að unnt sé að reisa stóriðjuver án þess að Alþingi komi að því. Alþingi gæti sett sérlög sem með almennum hætti takmörkuðu heimildir til að reisa stóriðju, en það er hins vegar ekki á forræði þessarar nefndar að gera tillögu um slíka lagasetningu.

### *9.2.1. Lagaleg útfærsla á tillögu meirihluta nefndarinnar um millibilsástandið.*

Við lög nr. 57/1998 komi nýtt bráðabirgðaákvæði þar sem m.a. verði eftirfarandi útfært:

1. Þangað til að verndar- og nýtingaráætlun hefur tekið gildi sé heimilt að gættum öðrum lagaskilyrðum að veita nýtingarleyfi þeim rannsóknarleyfishöfum sem fengið hafa útgefið leyfi með forgang til nýtingar.
2. Heimilt verði að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a í fyrsta áfanga rammaáætlunar og þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við vegna umhverfisverðmæta.
3. Þar til verndar- og nýtingaráætlunin hefur verið lögfest og tekið gildi er ekki heimilt að veita ný leyfi til rannsóknar og nýtingar á öðrum raforkuöflunarkostum nema að undangengnum rannsóknum og mati og með samþykki Alþingis.
4. Um skilyrði fyrir veitingu leyfa til rannsókna og/eða nýtingar sem sótt hefur verið um fyrir gildistöku lagabreytingar þessarar en ekki hafa verið afgreidd á því tímamarki skal farið í samræmi við lög nr. 57/1998 með þeim breytingum sem leiðir af tillögum nefndarinnar.

### 9.3. Tillögur um aðferðir við úthlutun leyfa og val á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingaleyfi.

Annað aðalverkefni nefndarinnar samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 5/2006 er að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga nr. 57/1998.

Hjá iðnaðarráðuneyti liggur nú fyrir fjöldi umsókna um rannsóknarleyfi vegna margra helstu kosta varðandi orkunýtingu, sbr. kafla 9.2 hér að framan. Iðnaðarráðuneytið hefur ekki talið sér fært að afgreiða þessar umsóknir m.a. vegna þess að fullnægjandi regluverk efnis- og málsmeðferðarreglna vegna úthlutunar þegar fleiri en einn sækir um er ekki til. Við veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa er verið að úthluta takmörkuðum gæðum og því mikilvægt að reglurnar standist ýtrustu kröfur stjórnsýsluréttar og jafnframt sé horft til þess að sanngjarnt og raunhæft verð fáist fyrir þau gæði sem eru í almannaeigu.

Í kafla 8 er gerð grein fyrir þeim leiðum sem farnar hafa verið til úrlausnar þessum atriðum í nokkrum samanburðarlöndum.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að samanburðarleið, uppboðsleið eða eftir atvikum samþætting þessara tveggja leiða séu þeir kostir sem aðallega koma til greina við val milli umsókna. Verður hér gerð nánari grein fyrir endanlegri tillögu nefndarinnar um hvernig útfæra beri leikreglur um úthlutun leyfa og jafnframt reifuð sjónarmið varðandi þau fjölmörgu atriði sem taka hefur þurft afstöðu til við mótun tillögunnar.

Nefndin telur í fyrsta lagi að ekki eigi að gilda sömu reglur um leyfisveitingar vegna auðlinda í landi einkaaðila annars vegar og á landi í eigu ríkisins hins vegar, hvort sem landið er þjóðlenda eða um er að ræða land í eigu ríkisins á grundvelli hefðbundinna eignarheimilda. Einkaeignarráð yfir landi fela í sér heimild til að hagnýta þær auðlindir sem er að finna á landinu. Nefndin telur að ef land er í eigu einkaaðila eigi eigandi sjálfur að ráða hvort og þá við hvern samið er um rannsókn og nýtingu auðlindar. Er hér um grundvallarbreytingu að ræða frá gildandi lögum. Viðkomandi aðili þarf þó eftir sem áður að uppfylla almenn skilyrði laga og jafnframt að afla sér allra tilskilinna leyfa, sbr. umfjöllun í 4. kafla skýrslunnar. Gildir það einnig um eigandann sjálfan. Jafnframt telur nefndin eðlilegt, í samræmi við þær tillögur hennar að mismunandi reglur skuli gilda um leyfi á landi í eigu eða umsjón ríkisins og landi í eigu einkaaðila, að afnema heimild ráðherra til að hafa frumkvæði að rannsókn/leit á landi í einkaeigu, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1998.

Ekki verður talið að þörf sé á því að leit að auðlind verði tekin upp sem sérstakt forstig og undanfari úthlutunar rannsóknar- og nýtingarleyfa. Tillögur nefndarinnar um verndar- og nýtingaráætlun eiga að tryggja að í öllum tilvikum hafi farið fram nauðsynlegar grunnrannsóknir á viðkomandi auðlind áður en svæði því sem hún er á verður skipað annað hvort í verndar- eða nýtingarflokk. Því verði ekki þörf fyrir úthlutun leyfa vegna sérstaks leitarstigs.

Þá bendir nefndin á að þrátt fyrir ráðgerð áform um breytt forræði fasteignareiganda á auðlindum í landi hans sé eftir sem áður nauðsynlegt að í lögum sé til úrræði til að geta nýtt auðlind í einkaeigu ef almannahagsmunir krefjast en ekki näst samningar við eigandann. Þar er fyrst og fremst höfð í huga heimild til eignarnáms. Að þessu verður sérstaklega gætt í tillögum nefndarinnar að breytingum á lögunum.

Ferillinn við úthlutun rannsóknar- og nýtingarleyfa á landi í eigu eða umsjón ríkisins telur nefndin að eigi, í samræmi við almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, að hefjast á því að auglýsa umrædd leyfi. Þá yrðu einatt sett skilyrði um tiltekinn lágmarks fjárhagslegan styrk sem og skilyrði um nauðsynlega þekkingu þannig að ljóst væri að umsækjendur uppfylltu tiltekin lágmarksskilyrði áður en lengra væri haldið í því ferli sem ljúka á með úthlutun

leyfis. Fleiri skilyrði væri hægt að setja í samræmi við mat á því hvaða atriði eru talin skipta máli við val á milli umsækjenda. Nefna má skilyrði varðandi umhverfisáhrif, reynslu af fyrri samskiptum við þann umsækjanda sem í hlut á o.fl. Þá gæti verið misjafnt eftir því um hvers konar auðlind væri að ræða hvort sett yrðu frekari skilyrði í auglýsingu. Skilyrðin yrðu að vera hlutlæg, gagnsæ og mættu ekki leiða til mismununar á milli umsækjenda.

Framhaldið færi síðan eftir því hvort fleiri en einn sem uppfyllir skilyrði skilaði inn umsókn. Skylt væri að taka gjald fyrir auðlindanýtingu í ríkislandi. Ef einungis einn sækir um og uppfyllir sett skilyrði yrði samið við hann um eðlilegt endurgjald fyrir auðlindina. Ef hins vegar fleiri sækja um færi fram uppboð og sá sem hæst byði fengi leyfið. Þar gæti verið um að ræða eingreiðslu fyrir aðgang að auðlindinni eða gjald fyrir nýtingu, t.d. föst upphæð á hverja framleiðslueiningu eða eftir atvikum hvoru tveggja. Ætla verður stjórnvöldum nokkurt svigrúm við framkvæmd uppboðs eða samninga hverju sinni enda geta ólík sjónarmið átt við um einstakar auðlindir og auðlindakosti. Á hinn bóginn þurfa skilmálar í hverju einstöku tilviki að liggja ljósir fyrir. Þá skal hverju sinni leitast við að ná sem hagstæðastri niðurstöðu fyrir eiganda auðlindarinnar.

Nefndarmenn hafa ítarlega rætt hvort rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi skuli vera algerlega sjálfstæð leyfi eða með einhverjum hætti samtvinnuð. Það er niðurstaða nefndarinnar að rétt sé að tengja þessi leyfi með þeim hætti að það sé meginregla að rannsóknarleyfi geti falið í sér forgang til nýtingar. Rannsóknarþátturinn getur verið bæði kostnaðarsamur og tímafrekur og erfitt getur verið að fá þá fjármuni tilbaka til fulls nema leyfi til nýtingar auðlindarinnar fylgi í kjölfarið. Nefndin telur þó að ekki eigi að vera útilokað að gera rannsókn að sjálfstæðu andlagi útboðs og m.a. þess vegna þurfi að vera til reglur um hvernig rannsóknarleyfishafi geti endurheimt kostnað vegna rannsóknar úr hendi þess sem nýtingarleyfi fær. Nefndin bendir á að þeir aðilar sem þekkingu og tækjabúnað hafa til rannsókna en hafa ekki hug á nýtingu munu einnig geta tekið að sér rannsóknir fyrir þann sem leyfi fær til rannsókna og nýtingar.

Nefndin telur að veiting leyfa á grundvelli laga nr. 57/1998 og að teknu tilliti til áformaðra breytinga á þeim eigi fyrst og síðast að lúta faglegu og sérfræðilegu mati. Það sé því eðlilegt að færa úthlutun leyfa alfarið frá iðnaðarráðuneyti til Orkustofnunar. Að því leyti sem gjaldtaka lýtur umsemjanlegum atriðum en ekki lögbundnum telur nefndin rétt að sá þáttur sé hjá forsætisráðuneyti vegna nýtingar í þjóðlendum en landbúnaðarráðuneyti vegna jarða í eigu ríkisins, að höfðu samráði við Orkustofnun.

Að svo stöddu er ekki ráðgerð breyting á þeirri tilhögun að sérstakt leyfi til að reisa og reka virkjun til raforkuframleiðslu sé í raforkulögum nr. 65/2003. Sú tilhögun kæmi eftir atvikum til endurskoðunar/samræmingar við áformaða heildarendurskoðun löggjafarinnar sem fyrirhugað er að komi til framkvæmda á árinu 2010.

### *9.3.1. Lagaleg útfærsla á tillögum nefndarinnar um val á milli umsókna.*

1. Lögum verði breytt þannig að fasteignareigandi eigi sjálfur í öllum tilvikum forræði á því hvort og þá hver rannsakar og nýtir auðlindir í landi hans. Allt að einu þarf fasteignareigandi að afla sér allra tilskilinna leyfa.
2. Eftir sem áður verði í lögum eignarnámsheimild til að geta nýtt auðlind í einkaeigu ef almannahagsmunir krefjast en ekki näst samningar við eigandann.
3. Nýting auðlinda í ríkisjörðum og þjóðlendum verði auglýst og í auglýsingu sett skilyrði byggð á því hvaða atriði eru talin hafa þýðingu við val á milli umsækjenda. Í fyrsta þrepi

vals færi fram samanburður á umsækjendum en í öðru þrepi uppboð á viðkomandi auðlind og gætu þeir tekið þátt sem uppfylltu skilyrði auglýsingar.
4. Skylt verður að semja um gjaldtöku fyrir auðlindanýtingu í ríkislandi og þjóðlendum.
5. Úthlutun leyfa verður flutt til Orkustofnunar.
6. Samningar um gjaldtöku lúta forræði forsætisráðuneytis vegna nýtingar í þjóðlendum en landbúnaðarráðuneytis vegna jarða í eigu ríkisins, að höfðu samráði við Orkustofnun.
7. Við úthlutun rannsóknarleyfa verður það meginregla að um tímabundinn forgang verði að ræða til nýtingar. Sá kostur verði jafnframt fyrir hendi að bjóða sérstaklega út rannsóknarþáttinn einan. Stjórnvöldum verður að ætla nokkurt mat á þessu m.t.t. aðstæðna hverju sinni.

### 9.4. Sérstaklega um réttarstöðu jarðefna, grunnvatns, o.fl.

Hér að framan er þess getið að í starfi nefndarinnar hafi megináherslur beinst að orkunýtingu jarðvarma og vatnsafls. Nýting annarra auðlinda sem undir lögin falla er vissulega þýðingarmikil, en hefur í meginatriðum valdið minni deilum, a.m.k. þegar um hefur verið að ræða nýtingu til samfélagslegra þarfa. Umhverfisáhrif hafa að jafnaði verið minni sem og ásókn í viðkomandi auðlindanýtingu. Hér er fyrst og fremst horft til rannsókna og nýtingar á jarðefnum, jarðhita til annars en raforkuvinnslu og grunnvatni.

Hvað rannsóknir og nýtingu jarðefna varðar þá er fyrst og fremst til þess að líta að tilhögun laga nr. 57/1998 er með þeim hætti að undir stýringu skv. lögunum fellur í raun aðeins leit og nýting eiginlegra málma í þrengri merkingu. Þetta má auðsætt vera af framsetningu 8. gr. laganna þar sem segir svo: „*Þrátt fyrir ákvæði III. og IV. kafla er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand.*“ Þessari veigamiklu undantekningu var á sínum tíma fylgt eftir með svohljóðandi útskýringum í greinargerð með frumvarpinu: „*Ekki þykir fært að rannsóknar- og nýtingarleyfi þurfi til rannsóknar og nýtingar á hinum algengari jarðefnum sem fram fer á eignarlandi. Landeiganda eða öðrum sem hann semur við yrði því heimilt að nýta þessi jarðefni án leyfis. Hér er byggt á sömu afmörkun og nú er í gildi samkvæmt námulögum. Um nýtingu þessara jarðefna gilda almennar reglur, svo sem um umhverfismat o.fl. Að því er varðar nýtingu jarðefna á jarðeignum ríkisins er rétt að taka fram að samkomulag er milli landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um að sömu reglum um nýtingarleyfi og nú gilda samkvæmt námulögum sé fylgt vegna nýtingar á jarðeignum sem landbúnaðarráðuneytið fer með.*

*Hins vegar taka ákvæði frumvarpsins um leit og nýtingu til allra jarðefna í þjóðlendum. Þannig má sem dæmi nefna að nýting á vikri innan marka eignarlands er ekki háð leyfi ráðherra en leit og nýting á vikri utan eignarlands er háð leyfi.*“

Þetta þýðir í raun að öll sú hefðbundna vinnsla helstu jarðefna sem fram fer á eignarlöndum fellur utan gildissviðs laganna en slík vinnsla sem fram fer í þjóðlendum fellur þó þar undir en sætir aftur á móti þeim veigamiklu takmörkunum sem af löggjöf þar að lútandi leiðir. Hefðbundinni nýtingu jarðefna er þannig í meginatriðum stýrt á grundvelli fyrirmæla í öðrum lögum en lögum nr. 57/1998 og má þá fyrst og fremst nefna til sögunnar fyrirmæli af vettvangi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Öll starfsemi skv. tilgreindum lögum lýtur stjórnsýslu umhverfisráðuneytis.

Hvað sem þessu líður þá telja nefndarmenn einsýnt að sú framtíðarskipan mála sem áformuð er, með þeirri verndar- og nýtingaráætlun sem nánari grein er gerð fyrir í kafla 9.1, taki

fullum fetum til framtíðarnýtingar jarðefna í rúmri merkingu. Það er hins vegar mat nefndarinnar að núverandi ástand og takmörkuð lögsaga skv. lögum nr. 57/1998 kalli ekki á sérstakar aðgerðir í formi breytinga á þeim lögum fram til ársins 2010 þegar áformað er að framtíðarskipan mála hafi verið komið á. Með því er ekki þar með sagt að einstakir nefndarmenn deili ekki þeim áhyggjum sem fram hafa komið vegna ástands fjölmargra efnisnáma vítt og breitt um landið.[74]

Um nýtingu grunnvatns og jarðhita, til annarra nota en raforkuvinnslu, er það að segja að skv. 10. gr. laga nr. 57/1998 er án leyfis heimiluð hagnýting jarðhita í eignarlöndum til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 3,5 MW. Um grunnvatn er svo mælt fyrir í 14. gr. laganna að landeiganda sé heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek. Þá er öll nýting jarðhita og grunnvatns í þessum tilgangi í þjóðlendum leyfisskyld.

Nefndin fær ekki séð að nýting jarðhita í öðru skyni en til raforkuvinnslu sem og grunnvatnsnýting hafi valdið verulegum árekstrum andstæðra sjónarmiða verndunar og nýtingar á liðnum árum. Eðli málsins samkvæmt hefur veigamesta nýtingin af þeim toga stafað af vatnsveituþörfum almennings, sbr. 13. gr. laga nr. 57/1998, um forgangsrétt sveitarfélaga til jarðhitanýtingar í þágu hitaveitu, og lög nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga.

Nefndin leggur þó ríka áherslu á mikilvægi þessara auðlinda, sem einungis mun fara vaxandi á komandi árum. Því er nauðsynlegt að við mótun langtímastefnu, sbr. verndar- og nýtingaráætlunina sem nánari grein er gerð fyrir í kafla 9.1, sé mörkuð skýr framtíðarstefna um nýtingu grunnvatns og jarðhita í þessu skyni. Það er hins vegar mat nefndarinnar að ekki sé þörf sérstakra aðgerða eða takmarkanna vegna þessarar nýtingar á tímabilinu fram til ársins 2010 þegar áformað er að framtíðarskipan mála hafi verið komið á.

## 10. Lokaorð.

Við verklok nefndarinnar skal það sérstaklega áréttað að af hennar hálfu hefur verið leitast við að halda til haga flestum þeim þáttum sem nauðsynlegir verða að teljast til þess að vega og meta framhaldið og þær pólitísku ákvarðanir sem taka verður á næstunni.

Um niðurstöður hennar hefur í öllum stærri ákvörðunum orðið samkomulag ef frá er talið það álitaefni hvaða auðlindanýtingu eigi að heimila á tímabilinu þangað til mörkuð hefur verið að lögum framtíðarstefna um auðlindanýtingu, eða a.m.k. tímabilið fram til 2010, en þrír nefndarmanna, Agnar Olsen, Hjörleifur B. Kvaran og Kolbrún Halldórsdóttir, skrifa undir skýrslu nefndarinnar með fyrirvara um þann þátt og gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í sérstökum bókunum í viðauka. Kolbrún Halldórsdóttir gerir auk þess frekari athugasemdir í bókun sinni. Þá gerir Jóhann Ársælsson grein fyrir afstöðu sinni í sérstakri bókun, þó svo að hann standi að niðurstöðum skýrslunnar í öllum atriðum. Loks skal minnt á það að einn skipaðra nefndarmanna tók ekki þátt í störfum nefndarinnar.

Það samkomulag sem tekist hefur um önnur meginatriði helgast af þeirri viðleitni nefndarmanna að ná málamiðlunum og glata ekki því einstaka tækifæri að byggja brýr, eða a.m.k. vísi að brúm, í því afar viðkvæma deilumáli hvernig standa skuli að verndun og nýtingu náttúru og náttúruauðlinda Íslands. Nefndarmenn eru þess fullvissir að í tillögum þeirra felist

---

[74] Nánari umfjölllun um þessi mál er m.a. að finna í greinargerð um gamlar námur sem starfshópur á vegum umhverfisráðherra skilaði árið 2004 og í leiðbeiningarritinu *Námur. Efnistaka og frágangur* frá árinu 2002.

vegvísir leiðar þar sem mörkuð verður framtíðarstefna um það hvernig ákveðið verði til langs tíma og heildstætt hvaða náttúruauðlindir og svæði landsins verði vernduð og hver nýtt, í skaplegri sátt við land og þjóð.

Reykjavík 9. október 2006.

*Karl Axelsson* formaður.

*Agnar Olsen,*
með fyrirvara um kafla 9.2, sbr. bókun

*Birkir J. Jónsson.*

*Arnbjörg Sveinsdóttir.*

*Hjörleifur B. Kvaran,*
með fyrirvara um kafla 9.2., sbr. bókun.

*Ingileif Steinunn Kristjánsdóttir.*

*Jóhann Ársælsson.*

*Kolbrún Halldórsdóttir,*
með fyrirvara um kafla 9.2., sbr. bókun.

*Sigfús I. Sigfússon.*

**Bókun.**

Undirritaður ritar undir skýrsluna með fyrirvara við kafla 9.2, Tillögur um úrlausn mála þar til framtíðarstefnan hefur verið mörkuð, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða II í tillögu nefndarinnar um frumvarp tillaga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum. Þar er fjallað um að heimilt verði að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a í fyrsta áfanga rammaáætlunar og þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við.

**Grændalur.**

Í niðurstöðum skýrslu 1. áfanga rammaáætlunar frá nóvember 2003 er ekki gerður greinarmunur á arðsemi eða heildarhagkvæmni virkjunarkosta á háhitasvæðum, sem ekki voru fullrannsakaðir, en hins vegar var reynt að flokka umhverfisáhrif þeirra út frá fyrirliggjandi rannsóknum. Virkjun í Grændal er í umhverfisflokki c samkvæmt 1. áfanga rammaáætlunar, sem byggði á því að rannsóknarboranir og nýting færi fram í Grændalnum sjálfum. Samkvæmt úrskurði um mat á umhverfisáhrifum frá 27. nóvember 2003 er ekki gerð athugasemd við rannsóknir og nýtingu með borun utan Grændalsins eða eins og segir í úrskurði: „*Ekki er fallist á að boruð verði rannsóknarhola á borstað B í Grændal sem lýst er í matsskýrslu ásamt vegarlagningu inn Grændal samkvæmt vegleiðum A1 og A2. Fallist er á borun á borstað C austan í Dalaskarðshnjúki sem lýst er í matsskýrslu ásamt vegarlagningu samkvæmt vegleið C2 og lýst er í matsskýrslu að borstæði. Vegur að borstæði C skal fylgja landslagi.*“ Því á þessi flokkun c í rammaáætlun ekki við um rannsóknir eða virkjun þar sem borað yrði utan Grændals. Á þeim grundvelli eiga því rannsóknir og nýting jarðhitans í Grændal heima í áætlunum um rannsóknir og nýtingu eins og aðrir kostir sem eru í umhverfisflokki a og b í fyrsta áfanga rammaáætlunar. Þá má einnig benda á að samkvæmt úrskurði um mat á umhverfisáhrifum er fallist á borun frá borstað A í Ölfusdal fyrir mynni Grændals.

Með hliðsjón af framansögðu telur undirritaður, fulltrúi Samorku, að heimila eigi veitingu leyfis vegna rannsókna á háhitasvæðinu í Grændal enda verði þær framkvæmdar í samræmi við fyrrnefndan úrskurð um mat á umhverfisáhrifum.

**Gjástykki.**

Með bréfi dags. 25.10.2004 óskaði Landsvirkjun eftir leyfi iðnaðarráðherra til leitar og rannsókna á jarðhita á Gjástykkissvæðinu í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslum í samræmi við 4. og 5. greinar laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Umsóknin fékk jákvæðar undirtektir umsagnaraðila, Umhverfisráðuneytis, Orkustofnunar og viðkomandi sveitarstjórna.

Í september 2005 var undirritað samkomulag við eigendur Reykjahlíðar um nýtingarrétt Landsvirkjunar í landi jarðarinnar sem nær til Gjástykkissvæðisins. Á sama tíma gerðist Landsvirkjun hluthafi í Þeistareykjum ehf. og fyrirtækin munu sameiginlega standa að fyrirhuguðum rannsóknum á Gjástykkissvæðinu. Nauðsynlegt er að skoða umfang og grunneiginleika jarðhitasvæðisins í Gástykki og kanna hugsanlega tengingu þess við jarðhitasvæðin í Kröflu og á Þeistareykjum. Áformað er að yfirborðsrannsóknum ljúki að mestu á árinu 2006 með jarðfræðikortlagningu, lokaúrvinnslu viðnámsmælinga, en vinnu við grunnvatnslíkan, sem hófst sl. sumar, er áformað að ljúka síðari hluta næsta árs. Haft verður náið samráð við landeigendur og Umhverfisstofnun um rannsóknir á svæðinu eins og getið er um í umsögn þeirra um umsókn Landsvirkjunar um leyfi til leitar og rannsókna frá 25.10.2004.

Með hliðsjón af framansögðu telur undirritaður, fulltrúi Samorku, að heimila eigi veitingu leyfis til rannsókna á háhitasvæðinu í Gjástykki enda hafi opinberar stofnanir og aðrir lögbundnir umsagnaraðilar veitt málinu samþykki sitt.

Reykjavík, 9. október 2006.

*Agnar Olsen.*

**Bókun.**

Undirritaður, fulltrúi Samorku, skrifar undir skýrsluna með fyrirvara um þá tilhögun sem um er fjallað í kafla 9.2., þ.e. um úrlausn mála þar til framtíðarstefnan hefur verið mörkuð. Þar er lagt til að heimilt verði að veita ný rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a, í fyrsta áfanga rammaáætlunar og þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við á þeim forsendum að umhverfisverðmæti þeirra sé talið mikilvægt.

Ég hefði talið eðlilegra að takmarka útgáfu rannsóknar- og nýtingarleyfa á þessu tímabili við miðhálendið eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi miðhálendisins. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að gefa út rannsóknar- og nýtingarleyfi á miðhálendinu á þessu tímabili.

Ekki á að mínu mati að takmarka útgáfu rannsóknarleyfa á þessu tímabili utan miðhálendis enda margir kostir í rammaáætluninni ekki fullkannaðir. Það ræðst síðan í mati á umhverfisáhrifum, hvort rannsókn fari fram og enn síðar hvort nýting verði heimiluð.

Tillaga skýrslunnar gerir ráð fyrir að ekki verið heimilað að gefa út rannsóknar- og nýtingarleyfi á svæði sem þegar hefur verið úrskurðað um í mati á umhverfisáhrifum. Bent er á að í úrskurði umhverfisráðherra frá 27. nóvember 2001 um mat á umhverfisáhrifum borunar rannsóknarholu og vegagerðar í Grændal, Ölfusi, er fallist á borun á borstað C austan í Dala-

skarðshnjúki. Mér finnst sjálfgefið að gefið verði út leyfi á grundvelli þessa úrskurðar þó svo Grændalur falli undir umhverfisflokk c í rammaáætlun.

Tillaga að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum hefur ekki verið kynnt fyrir stjórn Samorku eða fyrir þeim orkufyrirtækjum sem aðild eiga að Samorku. Þátttaka mín í gerð frumvarpsins takmarkar á engan hátt rétt þessara aðila til að gera athugasemdir við frumvarpið í heild eða einstakar greinar þess á síðari stigum.

Reykjavík, 9. október 2006.

*Hjörleifur B. Kvaran.*

## Bókun fulltrúa Samfylkingarinnar.
## Leitað sátta um skýra farvegi fyrir náttúruvernd og skynsamlega nýtingu náttúrugæða.

Eitt af helstu markmiðum stjórnvalda á hverjum tíma ætti að vera vernd náttúrugæða og skynsamleg nýting auðlinda í sátt við náttúruna og þjóðina sem byggir landið. Sitjandi ríkisstjórn hefur lengi brugðist þessu hlutverki og þrátt fyrir harkalega gagnrýni og kröfur um skynsamlega stefnumörkun og skýra farvegi fyrir þessi gríðarlega mikilvægu mál hefur hún móast við og viðhaldið ógagnsæju fyrirkomulagi hentistefnu og stjórnsýslulegu sukki. Í stað skýrra reglna sem byggjast á stefnumörkun um náttúruvernd og nýtingu náttúrugæða og jafnræðis þegnanna til að nýta þau hefur ríkt hér fyrirkomulag ráðstjórnar og ráðherravalds.

Þetta ástand hefur verið uppspretta ósættis um vernd náttúru og nýtingu auðlinda. Stjórnvöld hafa í raun stungið tillögum Auðlindanefndar frá árinu 2000 undir stól. Sama er að segja um niðurstöður Rammaáætlunar um vatnsafl og jarðvarma frá árinu 2003. Þessi staðreynd segir allt sem segja þarf um þann vilja sem núverandi stjórnvöld hafa haft fram að þessu til að viðhalda ógagnsæju og handstýrðu valdi í höndum sér.

Samfylkingin hefur beitt sér af alefli fyrir því að af þessari braut verði snúið og leitað sátta um skýra farvegi fyrir náttúruvernd og skynsamlega nýtingu náttúrugæða. Þessi barátta bar þann árangur á síðasta þingi að sú nefnd sem hér skilar niðurstöðum var sett til starfa.

### Tillögur nefndarinnar.

Niðurstöður nefndarinnar eru, nái þær fram að ganga, mikilvæg stefnubreyting til betri vegar. Ég lít svo á að þeim sé í raun ætlað að verða fyrsta skref til að taka heildstætt á náttúruvernd og nýtingu náttúrugæða. Þær byggja bæði á niðurstöðum Auðlindanefndar og Rammaáætlun um vatnsafl og jarðvarma. Verði farið að tillögum nefndarinnar leysast mörg af þeim helstu vandamálum sem nú ríkja á sviði verndunar og nýtingar náttúrugæða.

1. Til verður farvegur framtíðarstefnu þar sem hægt er að meta og ákvarða hvort landsvæði og auðlindir skulu nýtt með verndun eða með orkuvinnslu og námustarfsemi.

2. Nefndin leggur til að á meðan þessi stefnumótun fer fram verði skýrt afmarkaður rammi byggður á 1. áfanga Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma utan um þær leyfisveitingar til rannsókna og nýtingar á auðlindum sem lögin ná til.

Í þessu sambandi minni ég í fyrsta lagi á að í Rammaáætluninni um orkunýtingu er fjallað um tiltekin virkjunaráform. Þar eru sjálf landsvæðin eða náttúrufyrirbrigðin ekki metin á

eigin forsendum, þótt vissulega gefi umhverfisgildin vísbendingu um verðmæti náttúru á einstökum stöðum.

Í öðru lagi að Alþingi hefur ekki fjallað um niðurstöður Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. En nefndin leggur til að í framtíðinni staðfesti Alþingi allar ákvarðanir þeirrar langtímastefnu um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls sem hún leggur til að verði mótuð.

Í þriðja lagi vil ég sérstaklega taka fram að þó að nú séu einungis liðin þrjú ár frá því að verkefnisstjórn 1. áfanga Rammaáætlun um vatnsafl og jarðvarma lauk störfum geta verði áhöld um hvort einstök svæði eða auðlindir í a- og b-hluta hennar eigi að vera til ráðstöfunar til rannsóknar og nýtingar á meðan fyrrnefnd stefnumörkun á sér stað. Það var ekki á færi nefndarinnar að meta þetta.

Ljóst er því að fara verður afar varlega við úthlutun leyfa á grundvelli Rammaáætlunarinnar. Eðlilegt er að Alþingi meti hvort einhverjir kostir í a- og b-umhverfisflokki áætlunarinnar njóti biðverndar til viðbótar þeim sem nefndin leggur til að verði útilokaðir með almennum og hlutlægum hætti. Hér má sem dæmi nefna umdeilda virkjanakosti í Innstadal og Villinganesvirkjun.

Í þessu sambandi vil ég taka fram, þótt sjálfsagt eigi að vera að þótt mælt sé með því að ekki sé hreyft við rannsóknar- og nýtingarleyfum sem þegar hafa verið veitt er ekki af minni hálfu eða míns flokks tekin nein afstaða til þeirra framkvæmda sem þau kunna að leiða til.

3. Nefndin leggur til að skýrar reglur verði strax lögfestar um þá stjórnsýslu sem snýr að leyfisveitingum til rannsókna og nýtingar náttúrugæða. Sérstaklega er fjallað um auðlindir í almannaeigu og þá stjórnsýslu sem um þær eigi að gilda. Hún verði opin og gagnsæ og byggð á jafnræði þegna landsins til nýtingar auðlinda í þjóðlendum og ríkiseigu. Sú tillaga hlýtur að teljast fordæmi fyrir meðferð annara auðlinda í þjóðareign.

Niðurstöður nefndarinnar eru fagnaðarefni og ættu að geta orðið mikilvægt framlag til pólitískrar sáttaleiðar um verndun og nýtingu náttúrugæða.

**Heildstæðrar stefnumörkunar er þörf.**

Þessar tillögur duga þó ekki einar og sér. Aðalástæða þess er sú að umboð nefndarinnar var bundið við þau náttúrugæði og auðlindir sem lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu ná til. Þó að nefndin hafi talið skyldu sína að miða tillögurnar við að þær gætu verið hluti af alhliða stefnumörkun ná þær einungis til auðlinda í jörðu og vatnsafls og afmarkast við 115 m frá stórstraumsfjöru við strendur landsins og við vatnsafl á yfirborði þess. Nefndin gerir því ekki tillögur um meðferð neinna annarra náttúrugæða og auðlinda.

Við meðferð málsins á Alþingi þarf að bæta úr þessu með þeim hætti að heildstæð stefnumörkun um vernd og nýtingu allra náttúrugæða verði til á grundvelli skilgreindra rannsókna. Eðlilegur hluti slíkrar heildarstefnu er fyrirliggjandi 1. hluti Rammaáætlunar um vatnsafl og jarðvarma og væntanlegur 2. hluti hennar. Tillaga Samfylkingarinnar um „Rammaáætlun um náttúruvernd“ í stefnumótun flokksins um Fagra Ísland, eða tilhögun svipuð þeirri sem þar kemur fram, hlýtur að verða mikilvægur hluti af slíkri stefnumörkun.

**Meginreglur umhverfisréttar.**

Nefndin fjallaði um meginreglur umhverfisréttar og tillögur um skilgreiningar á þeim. Meginreglurnar eru taldar upp í 2. gr. frv. en án nánari skilgreininga. Um þá niðurstöðu varð ekki samstaða í nefndinni. Ég tel það galla á góðu verki nefndarinnar að ekki skuli hafa náðst samstaða um að setja þessar skilgreiningar í sjálfan lagatextann. Þær má hins vegar sjá í

athugasemdum með frumvarpinu og með því er sett sú sjálfsagða krafa á Alþingi að það sinni þeirri löngu tímabæru skyldu sinni að lögfesta meginreglur umhverfisréttar með skýrum hætti.

**Stóriðjumál.**

Nefndin taldi ekki á sínu verksviði að leggja til úrlausnir á því ófremdarástandi sem nú ríkir gagnvart áformum um nýja stóriðjuframkvæmdir í landinu sem hægt er að hefja að óbreyttu án aðkomu stjórnvalda. Til að sátt geti ríkt á þeim tíma sem stefnumörkunin tekur til verður Alþingi að smíða sér verkfæri sem duga til að í sölum þess verði tekin full ábyrgð á því hvort, hvar og hvenær verði ráðist í stóriðjuframkvæmdir í landinu.

Ég skrifa undir álit nefndarinnar í ljósi minnar vissu um að Samfylkingin muni beita sér fyrir þeim nauðsynlegu ráðstöfunum sem þarf til viðbótar tillögum nefndarinnar. Þar vísa ég m.a. til frumvarps þingflokks Samfylkingarinnar um bráðabirgðaákvæði við lögin um mat á umhverfisáhrifum. Það gerir ráð fyrir að ekki verði hægt að ráðast í stóriðjuframkvæmdir sem byggjast á að nýta „íslenska ákvæðið“ í samkomulaginu um framkvæmd Kýótó-bókunarinnar nema fyrir liggi sérstök samþykkt Alþingis. Með samþykkt þess verður það á valdi og ábyrgð Alþingis hvort. hvar og hvenær yrði ráðist í slík stórvirki.

Beri Alþingi gæfu til að fjalla um tillögu nefndarinnar og þau mál sem óhjákvæmilega hlýtur að þurfa að leiða til lykta samhliða henni af þeirri víðsýni sem einkenndi starf nefndarinnar má ná merkum áfanga til nauðsynlegra sátta um verndun og aðra skynsamlega nýtingu náttúrugæða.

Reykjavík, 9. október 2006.

*Jóhann Ársælsson* alþingismaður.

**Fyrirvari við skýrslu auðlindanefndar.**

Ég undirrituð hef tekið fullan þátt í störfum nefndarinnar, sem hafa verið yfirgripsmikil og vönduð, miðað við þau tímamörk sem nefndinni voru sett. Ég verð engu að síður að skrifa undir nefndarálitið með skýrum fyrirvörum um vissa þætti þess. Veldur þar mestu ákvæði til bráðabirgða II í tillögu að lagabreytingum sem fylgja áliti nefndarinnar. Þrátt fyrir slíkan ágreining um niðurstöðu er það þó mat mitt að vinna nefndarinnar hafi á margan hátt verið gagnleg og í skýrslunni felist góð greining á því flókna lagaumhverfi og mörgu álitamálum sem varða auðlindir á landi og í jörðu. Skýrslan um störf nefndarinnar á að geta auðveldað málsaðilum áframhaldandi vinnu við stefnumörkun um náttúruvernd og auðlindanýtingu.

Í skýrslu nefndarinnar eru gerðar tillögur um vinnutilhögun við mótun framtíðarstefnu og æskilegar lagabreytinga og eru margar þeirra þarfar og löngu tímabærar. Ber þar sérstaklega að nefna fyrirkomulag við langtímastefnumörkun um rannsóknir, verndun og nýtingu náttúruauðlinda og tillöguna um að lögfestar verði meginreglur umhverfisréttar.

**Augljósar brotalamir.**

Stærsta brotalömin í framlagðri skýrslu felst í tillögu meirihluta nefndarinnar um úrlausn mála á allra næstu árum eða þar til framtíðarstefna hefur verið mörkuð um verndun og nýtingu náttúruauðlinda hérlendis. Í afstöðu sinni vísar meirihlutinn m.a. til þeirrar vinnu sem tengist rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Sá hængur er þar á að engin pólitísk afstaða hefur verið tekin á Alþingi eða annars staðar til áætlunarinnar og stórum hluta af

verkefninu er enn ólokið. Stjórn þessa verkefnis hefur sjálf sett þann fyrirvara að tillaga hennar um röðun virkjanakosta sé háð þeim annmörkum að gögnum sem byggt var á sé í mörgum tilfellum ábótavant og sumpart séu þau algerlega ófullnægjandi. Á meðan svo háttar til er rammaáætlunin engan veginn nothæf sem grundvöllur ákvarðana. Í ljósi þessa er ákvæði til bráðabirgða II í tillögu að lagafrumvarpi með öllu óaðgengilegt að mínu mati, eins og nánar er vikið að hér á eftir.

**Stefnumið Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.**

Undirrituð er fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í nefndinni og hefur þar tekið mið af auðlindastefnu flokksins sem í stefnuskrá sinni gengur út frá því að auðlindir lands og sjávar séu sameign landsmanna, þær beri að nýta með sjálfbærum hætti og í þágu allrar þjóðarinnar. Við nýtingu endurnýjanlegra náttúruauðlinda þarf að mati VG að gæta þess að höfuðstóll þeirra sé í engu skertur og þeim sé ekki varið til mengandi stóriðju. Slík stefna kallar á að leitað sé leiða til atvinnuuppbyggingar í sátt við náttúru og umhverfi. Til að þetta gerist þarf að tryggja að ekki sé gengið hratt á orkuauðlindirnar, hvorki í vatnsafli né jarðvarma, og að orkan sé nýtt með þeim hætti að það samrýmist skuldbindingum okkar á alþjóðavettvangi. Þær skuldbindingar ganga m.a. út á að varðveita lífríki og aðra náttúru og að tryggja endurnýjunarhæfni orkulindanna til langrar framtíðar.

**Sérstaða VG á Alþingi.**

Þingflokkur VG hefur haft sérstöðu á Alþingi þegar lagasetning á þessu málasviði hefur verið þar til umfjöllunar. Þannig lagði þingflokkurinn til að sérstaða íslensks raforkumarkaðar yrði viðurkennd og ekki yrðu innleiddar hér sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku (96/92/EB). VG hefur lagt áherslu á sameign þjóðarinnar á orkulindunum og að orkurfyrirtækin verði áfram í opinberri eigu. Flokkurinn hefur lagt ríka áherslu á vatnsvernd í samræmi við Evrópureglur þar að lútandi (tilskipun 2000/60EB). Þingflokkur VG lagðist gegn frumvarpi ríkistjórnarinnar að vatnalögum á 132. löggjafarþingi m.a. vegna þess að ekki var þar tekið tillit til tilskipunarinnar við lagasetninguna og vegna andstöðu við að lögfesta einkaeignarrétt á vatni. Þá lagðist þingflokkurinn gegn breytingum á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, sem gerðar voru á síðasta löggjafarþingi.

**Yfirstjórn auðlindamála til umhverfisráðuneytis.**

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur gagnrýnt það fyrirkomulag sem er við lýði varðandi stjórnsýslu auðlindamála. Það er skoðun VG að efla þurfi umhverfisráðuneytið sem meginstjórnstöð auðlindarannsókna og auðlindameðferðar til sjós og lands. Ráðuneytið þurfi að fá hliðstæða stöðu í stjórnkerfinu og fjármálaráðuneytið um leið og þáttur atvinnuvegaráðuneyta í nýtingu auðlinda á grundvelli markaðrar stefnu og skipulags verði skýr. Rökrétt er að mati VG að forræði á því málasviði sem hér um ræðir, varðandi rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, færist frá iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytisins, þar með talin forysta um vinnu að rammaáætlun. Eðlilegt er að ráðuneyti umhverfis- og skipulagsmála hafi þannig yfirstjórn á rannsóknum og meðferð náttúruauðlinda, að orkulindum meðtöldum, sbr. m.a. 1.–5. lið um hlutverk Orkustofnunar samkvæmt reglugerð 308/2004. Frekari ráðstöfun, á grundvelli markaðrar stefnu, kæmi hins vegar í hlut viðkomandi fagráðuneyta. Í núverandi stöðu er það hins vegar ávinningur, að starfshópur sá sem nefndin leggur til að móti langtímastefnu um rannsóknir, verndun og nýtingu þeirra auðlinda sem heyra undir lög nr. 57/1998, sé á forræði forsætisráðherra.

Það hlýtur einnig að teljast eðlilegt að væntanlegur starfshópur um langtímastefnumörkun láti yfirfara alla þá kosti fyrsta áfanga rammaáætlunar sem fengið hafa ófullnægjandi umfjöllun til þessa. Fyrst að því loknu og eftir rækilega umfjöllun Alþingis væri hægt að leggja þennan áfanga rammaáætlunar til grundvallar við leyfisveitingar í framtíðinni.

**Ákvæði til bráðabirgða II.**

Tillaga meirihluta nefndarinnar að úrlausn mála í svonefndu millibilsástandi, þ.e. uns framtíðarstefna um verndun og nýtingu hefur verið mörkuð er útfærð í ákvæði til bráðabirgða II í tillögu að frumvarpi og í kafla 9.2 og 9.3 í skýrslunni. Sú tillaga er óásættanleg að mati undirritaðrar því að hún gengur beinlínis gegn því markmiði að sætta ólík sjónarmið. Því stendur undirrituð ekki að þessum þætti nefndarálitsins. Í tillögu þessari felst í raun að fórnað yrði víðfeðmum og afar viðkvæmum svæðum sem eðlilegt hlýtur að teljast að einnig verði fjallað um sem óráðstöfuð á vettvangi starfshópsins sem marka á stefnu til framtíðar. Langflest þau nýtingaráform sem nú eru uppi á orkusviði varða fyrirætlanir um mengandi stóriðju sem Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur lýst andstöðu við og ganga m.a. gegn þeim markmiðum sem Ísland hefur skuldbundið sig að fylgja samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftsagsbreytingar.

Varðandi þau rannsóknarleyfi, sem þegar hafa verið gefin út er það mat undirritaðrar að þau eigi ekki að halda gildi sínu nema að ákveðnu lágmarki. Telja má eðlilegt að lokið verði þeim rannsóknarþætti sem þegar er byrjað á, t.d. borun sem þegar er hafin á tilteknu jarðhitasvæði, en jafnframt áskilið að ekki verði hafnar þar eða á nærliggjandi svæðum frekari boranir fyrr en ljóst er hver lokaniðurstaðan verður um verndun eða nýtingu svæðanna. Þannig verði ekki gefin út nýtingarleyfi á grundvelli þegar útgefinna rannsóknarleyfa nema því aðeins að Alþingi ákvarði svo eftir að hafa fjallað um og samþykkt framtíðarstefnu um náttúruvernd og auðlindanýtingu. Undirrituð telur jafnframt að ekki komi til álita að gefa út ný rannsóknaleyfi hvorki vegna jarðhita né vatnsafls fyrr en lokið er framtíðarstefnumörkun þeirri sem nefndin gerir ráð fyrir.

Þótt nefndin ljúki hér með gagnlegu starfi er ljóst af afstöðu meirihluta nefndarinnar um málsmeðferð fram til 2010, að stórpólitísk álitaefni bíða úrlausnar sem þjóðin þarf að taka afstöðu til. Þannig er starf nefndarinnar aðeins upphafið að afar viðamiklu verkefni sem felur í sér stefnumörkun um á hvern hátt sé best að tryggja verndun auðlindanna og stýra sókn manna í þær. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur markað sér skýra stefnu á þessu sviði, þar sem áhersla er lögð á verndarþáttinn sem forsendu fyrir hóflegri nýtingu enda verði með því best tryggt viðhald auðlindarinnar og verndun náttúru Íslands til langrar framtíðar.

Reykjavík 9. október 2006.

*Kolbrún Halldórsdóttir.*

## 11. Listi yfir gögn sem m.a. lágu starfi nefndarinnar til grundvallar.

Aðalheiður Jóhannsdóttir (2003). „Alþjóðlegar skuldbindingar um loftslagsbreytingar og íslenskur réttur: Umfjöllun með áherslu á útstreymisheimildir og viðskipti með þær.“ *Lögberg, rit Lagastofnunar Háskóla Íslands*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Aðalheiður Jóhannsdóttir (2004). „Er sjálfbær þróun lagalegt hugtak?“ *Rannsóknir í Félagsvísindum V.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Aðalheiður Jóhannsdóttir (2006). „Umhverfisréttur og stjórnarskráin." *Úlfljótur*, 3. tbl. 2006.

Aðalheiður Jóhannsdóttir (2006). „Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda í ljósi greiðslureglu." *Tímaritið Lögrétta*, 1. hefti, 3. árg. 2006.

Auðlindanefnd (2000). *Álitsgerð auðlindanefndar.* Reykjavík: Forsætisráðuneyti. Á vefslóðinni: http://forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/ Audlindaskyrsla/.

Brundtland, Gro Harlem / The World Commission on Environment and Development (1987). *Our Common Future.* Oxford University Press.

Geir Oddsson (2000). *Almennt um náttúruauðlindir. Náttúruauðlindir í þjóðareign. Fylgiskjal 1 með áliti auðlindanefndar.* Reykjavík: Forsætisráðuneyti. Á vefslóðinni: http://forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/ Audlindaskyrsla/.

Iðnaðarráðuneyti (1999). *Maður – Nýting – Náttúra. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.* Áætlun lögð fram af iðnaðarráðherra á ríkisstjórnarfundi 9. mars 1999.

Norðurál (2006). *Álver við Helguvík. Ársframleiðsla allt að 250.000 t. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun, 24. mars 2006.* Á vefslóðinni www.hrv.is.

Samstarfsnefnd um orkurannsóknaáætlun (1998). *Álit samstarfsnefndar um orkurannsóknaáætlun.* Reykjavík: Iðnaðarráðuneyti.

Skipulagsstofnun (2000–2006). Úrskurðir Skipulagsstofnunar 2000–2006, á vefslóðinni: http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/maturskurdur.html.

*Skýrsla iðnaðarráðherra um raforkumálefni 2005.* Reykjavík: Iðnaðarráðuneyti. Á vefslóðinni: http://www.ivr.is/utgefid-efni/skyrslur/nr/1907.

Starfshópur iðnaðarráðherra um auðlindamál (2006). *Greining á atriðum er skipta máli við val á milli umsækjenda um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli gildandi laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Greinargerð starfshóps iðnaðarráðherra.*

Umhverfisstofnun (2004). *Náttúruverndaráætlun 2004-2008.* Á vefslóðinni: http://www.ust.is/Natturuvernd/ Natturuverndaraaetlun/.

Umhverfisráðuneyti (1992). *Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. Ríó de Janeiró 3.–14. júní 1992. Skýrsla íslensku sendinefndarinnar.* Á vefslóðinni: http://www.umhverfisraduneyti.is/ utgefid-efni/nr/851.

Umhverfisráðuneyti (1997). *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta. Samþykkt af ríkisstjórn í febrúar 1997.* Á vefslóðinni: http://umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/293.

Umhverfisráðuneyti (1999). *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi: Mat á stöðu framkvæmdaáætlunar. Mars 1999.* Á vefslóðinni: http://umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/1999.

Umhverfisráðuneyti (2002). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.* Á vefslóðinni: http://umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/249.

Umhverfisráðuneyti o.fl. (2002). *Námur. Efnistaka og frágangur.* Á vefslóðinni: http://umhverfisraduneyti.is/ utgefid-efni/nr/136.Umhverfisráðuneyti (2004). *Greinargerð um gamlar námur.* Á vefslóðinni: http://umhverfisraduneyti.is/raduneyti/verkefni/Natturuvernd/nr/585.

Umhverfisráðuneyti (2005). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Tölulegar vísbendingar 2005.* Á vefslóðinni: http://umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/761.

Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (2003). *Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar.* Reykjavík: Iðnaðarráðuneyti. Á vefslóðinni: http://www.landvernd.is/natturuafl/.

Þorgeir Örlygsson (1999). *Um auðlindir samkvæmt íslenskum rétti.* Á vefslóðinni: http://www.forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/19.Þorkell Helgason, Sveinbjörn Björnsson og Árni Bragason (1998). *Frásögn af kynnisferð til Oslóar 23.–26. nóv. 1998. Rammaáætlun Norðmanna um vatnasvið.* Þorkell Helgason

(2006a). *Orka handa álverum.* Á heimasíðu Orkustofnunar: www.os.is.Þorkell Helgason (2006b). *Eru orkulindir okkar ofmetnar*? Á heimasíðu Orkustofnunar: www.os.is.

**Gögn um ramma- og verndaráætlanir Norðmanna um vatnasvið:**

Samlet plan for vassdrag: St. meld. nr. 63 (1984-85), St. meld. nr. 53 (1986-87) og St. meld. nr. 60 (1991–92).

*Verneplan for vassdrag:*

- Verneplan I (1973): Rapport fra kontaktutvalget; Kraftutbygging-naturvern (1971) & St. prp. nr. 4 (1972–73)
- Verneplan II (1980): NOU 1976: 15 & St. prp. nr. 77 (1979–80).
- Verneplan III (1986): NOU 1983: 41–45 & St. prp. nr. 89 (1984–85).
- Verneplan IV (1993): NOU 1991: 12A/12B & St. prp. nr. 118 (1991–92).
- Supplering av Verneplan for vassdrag: Høringsdokument (NVE-dokument nr. 12, 2002) & St. prp. nr.75 (2003–04). Behandlet i Stortinget 18. februar 2005.

OECD (2002). *The Norwegian master plan for water resources – a national co-ordinated plan for non-developed hydropower sources.* Á vefslóðinni: http://www.olis.oecd.org/olis/2001doc.nsf/LinkTo/env-epoc-geei-bio(2001)8-final.

Olje- og energidepartementet (2006). *Fakta 2006 om energi og vannressurser i Norge.*Á vefslóðinni: http://odin.dep.no/oed/norsk/dok/andre_dok/brosjyrer/026021-120010/dok-bn.html.

Umfjöllun um rammaáætlunina og leyfisveitingar á heimasíðu NVE (norsku orkustofnunarinnar), www.nve.no, sérstaklega á vefslóðunum: http://www.nve.no/modules/module_109/publisher_view_ product.asp?iEntityId=8919.

http://www.nve.no/modules/module_109/publisher_view_product.asp?iEntityId=5904&noscript=.

Lov om vasdragsreguleringer. Lov 1917-12-14 nr 17.

Á vefslóðinni: http://www.lovdata.no/all/hl-19171214-017.html.

Lov om vassdrag og grunnvann (vannressursloven). Lov 2000-11-24 nr 82.

Á vefslóðinni: http://www.lovdata.no/all/hl-20001124-082.html.

***Lög, lagafrumvörp og þingsályktanir:***

Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Lög um landgræðslu, nr. 17/1965.

Raforkulög, nr. 65/2003.

Lög um raforkuver, nr. 60/1981.

Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.

Lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006.

Vatnalög, nr. 15/1923 og vatnalög, nr. 20/2006 (taka gildi 1. nóvember 2007).

Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995.

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 97/2004.

Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, nr. 85/2005.

Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47/2004.

*Þingsályktun um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.* Samþykkt á Alþingi 2. júní 1998, sjá: http://www.althingi.is/altext/122/s/1504.html.

*Þingsályktun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.* Afgreidd frá Alþingi 24. apríl 1989, sjá: http://www.althingi.is/altext/111/s/0913.html.

*Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008.* Samþykkt á Alþingi 28. maí 2004, sjá: http://www.althingi.is/altext/130/s/1842.html.

*Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004–2008.* Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004, sjá: http://www.althingi.is/altext/130/s/0716.html.

*Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum.* Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005, sjá: http://www.althingi.is/altext/131/s/0459.html.

*Frumvarp til laga um lögfestingu nokkurra meginreglna umhverfisréttar o.fl.* Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993-1994, sjá: http://www.althingi.is/altext/117/s/1182.html.

*Frumvarpi til laga um meginreglur umhverfisréttar.* Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998, sjá: http://www.althingi.is/altext/122/s/1339.html.

*Tillaga nefndar að frumvarpi til skipulagslaga* (27.3.2006). Á vefslóðinni: http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/838.

***Alþjóðasamningar:***

Bernarsamningurinn um verndun tegunda og búsvæða þeirra í Evrópu.

Kýótó-bókunin við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

OSPAR-samningurinn um verndun Norðaustur-Atlantshafsins.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Ramsar-samningurinn um verndun votlendis, einkum fyrir fugla.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni.

Stokkhólmssamningurinn um þrávirk lífræn efni.

Samningur um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

***Listi yfir gesti á fundum nefndarinnar:***

Á fund nefndarinnar komu Árni Bragason, forstöðumaður náttúruverndarsviðs hjá Umhverfisstofnun, Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, Árni Snæbjörnsson, Bændasamtökunum, Bent Einarsson, forstjóri Jarðborana, Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar, Birkir Friðbertsson, formaður Landssamtaka raforkubænda, Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, Freysteinn Sigurðsson, varaformaður Landverndar, Guðjón Axel Guðjónsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti, Hákon Aðalsteinsson, Orkustofnun, Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneyti, Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri í umhverfisráðuneyti, Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Pétur Örn Sverrisson, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti, Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, aðstoðarorkumálastjóri, Reimar Pétursson, framkvæmdastjóri hjá Atorku, Sveinbjörn Björnsson, Orkustofnun, formaður verkefnisstjórnar 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, Þorkell Helgason, orkumálastjóri, Þorvarður Árnason, náttúrufræðingur og forstöðumaður Háskólasetursins á Höfn og Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í líffræði við Háskóla Íslands og formaður faghóps I um náttúrufar og minjar í 1. áfanga rammaáætlunar.

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.**

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Enn fremur er lagt til að skipaðir verði tveir aðskildir starfshópar undir stjórn iðnaðarráðuneytisins og umhverfisráðuneytisins sem móta eiga heildstæða verndar- og nýtingaráætlun fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl. Starfshópi iðnaðarráðuneytisins er ætlað að skila tillögum um nýtingarþáttinn og starfshópi umhverfisráðherra um verndunarþáttinn. Hóparnir eiga síðan að skila tillögum sínum til forsætisráðherra sem mun í framhaldinu, með aðstoð sérstaks þriggja manna starfshóps, samræma tillögur beggja hópanna í eitt lagafrumvarp sem leggja á fram á haustþingi 2010.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld fyrir árið 2007 verði óverulega og muni rúmast innan útgjaldaramma iðnaðarráðuneytisins. Samkvæmt kostnaðaráætlun frá iðnaðarráðuneytinu vegna frumvarpsins þarf að auka fjárveitingar til Orkustofnunar um 15 m.kr. á ári frá gildistöku laganna vegna aukinna verkefna sem munu færast til stofnunarinnar. Inni í þeim kostnaði er ráðning verkfræðings með reynslu á sviði orkuauðlinda og rekstrarfé til áætlanagerðar og forathugana. Við þennan kostnað bætast svo tímabundin útgjöld vegna vinnu ofangreindra starfshópa. Kostnaður við vinnu starfshóps iðnaðarráðuneytisins er áætlaður samtals 10 m.kr. Sá kostnaður mun skiptast á tvö ár og er ráðgert að 5 m.kr. komi til greiðslu árið 2008 og 5 m.kr. árið 2009. Kostnaður vegna vinnu starfshóps umhverfisráðuneytisins er áætlaður samtals 10 m.kr. sem mun að sama skapi skiptast á árin 2008 og 2009. Þá má gera ráð fyrir að einhver kostnaður muni leggjast á forsætisráðuneytið árið 2010 vegna vinnu starfshópanna.

Verði frumvarpið að lögum aukast útgjöld Orkustofnunar um 15 m.kr. frá og með árinu 2008 og 10 m.kr. tímabundinn kostnaður fellur á árin 2008 og 2009 vegna vinnu starfshópa.

## 813. Tillaga til þingsályktunar [543. mál]

um vernd samgönguminja.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa þriggja manna nefnd til að kanna hvernig tryggja megi betur en nú er skráningu og vernd samgönguminja og undirbúa gerð samgönguminjaáætlunar. Nefndin verði skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Vegagerðinni, öðrum tilnefndum af Fornleifavernd ríkisins og þeim þriðja tilnefndum af ráðherra og verði hann formaður nefndarinnar. Nefndin skili niðurstöðu sinni fyrir 1. október 2007.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á tveimur síðustu löggjafarþingum og er nú lögð fram aftur. Flestar umsagnir sem borist hafa um tillöguna hafa verið jákvæðar.

Víða um land er að finna merkar samgönguminjar sem liggja undir skemmdum, svo sem brýr, hlaðna vegi, hafnargarða og vörður á gömlum þjóðleiðum. Þá eru ýmsar slíkar þjóðleiðir að leggjast af og falla í gleymsku svo að brýnt er að hefja skipulega vinnu við skráningu þeirra og kortlagningu. Samgönguminjum er vissulega víða sinnt og þeim safnað, bæði af opinberum aðilum og áhugasömum einstaklingum, en stjórnvöld hafa ekki markað ákveðna stefnu í þessum málaflokki. Ekki er hægt að ætlast til þess að áhugamenn sinni einir þessu mikilvæga varðveislu- og skráningarstarfi enda krefjast mörg verkefni á því sviði umtalsverðra fjármuna ef vel á að vera. Þar að auki hlýtur árangurinn í heild að vera undir því kominn að verkið sé unnið eftir einu samræmdu skipulagi sem byggist á góðri yfirsýn.

Samgöngur og samgöngubætur hafa alla tíð verið geysilega mikilvægar fyrir fólk á Íslandi enda landið dreifbýlt og víða erfitt yfirferðar. Óhætt er að fullyrða að 20. öld, sem var öld vélvæðingar hér á landi, hafi verið tímabil meiri og hraðari breytinga í samgöngumálum en nokkurt annað skeið í sögu Íslands. Á slíkum framfaraskeiðum er eðlilega hvað hættast við því að minjar og minningar um samgönguhætti fyrri tíma lendi í glatkistunni og gildi þeirra verði ekki fyllilega ljóst fyrr en um seinan.

Í ljósi þess hve saga samgangna er snar þáttur í Íslandssögunni er afar mikilvægt að vernd samgönguminja verði efld og skipulega að henni unnið. Þess vegna er hér lagt til að Alþingi feli ráðherra að skipa þriggja manna nefnd er kanni hvernig söfnun og vernd þessara minja verði best tryggð og undirbúi gerð samgönguminjaáætlunar.

## 814. Frumvarp til laga [544. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Þuríður Backman.

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

Við gerð þjóðvega og við verulegar endurbætur á þjóðvegum skal farið að viðurkenndum öryggisstöðlum og þess gætt að vegirnir verði svo öruggir í notkun sem best verður á kosið að teknu tilliti til notkunar og aðstæðna hverju sinni.

2. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við gerð vegáætlunar skal taka mið af vegrýni út frá öryggissjónarmiðum.

3. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í vegáætlun skulu taldir upp þeir veghönnunarstaðlar sem notaðir skulu við vegagerð á því tímabili sem áætlunin nær til.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á tveimur síðustu löggjafarþingum og er nú endurflutt.

Með bættu vegakerfi og auknum hraða hefur alvarlegum slysum og banaslysum fjölgað í umferðinni. Gegn þeirri geigvænlegu þróun þarf að vinna með öllum tiltækum ráðum og ekki síst horfa til allra hugsanlegra öryggisþátta við hönnun og lagningu vega. Markmið þessa frumvarps er að lögfesta að ávallt sé þess gætt við gerð þjóðvega að öryggi vegfarenda verði sem best tryggt.

Vegagerðin hefur markað sérstaka stefnu í umferðaröryggismálum, þar sem m.a. er lögð áhersla á að hafa öryggissjónarmið í fyrirrúmi við hönnun, lagningu, viðhald og þjónustu vega. Jafnframt er lögð áhersla á að miðla upplýsingum um ástand vega og akstursaðstæður til vegfarenda í því augnamiði að auka öryggi í umferðinni. Enn fremur er merkingum hagað þannig að þær stuðli að auknu öryggi. Sett hafa verið fram markmið um fækkun umferðarslysa fram til ársins 2012 og er framkvæmdaáætlunum hagað í samræmi við þau markmið. Frumvarpi þessu er ætlað að stuðla að auknu öryggi allra vegfarenda á þjóðvegum landsins auk þess að styðja við og styrkja innra starf Vegagerðarinnar í umferðaröryggismálum.

Á undanförnum árum hefur þjóðvegakerfi landsins batnað mikið. Nýir vegir hafa verið byggðir upp sem eru gjörólíkir eldri vegum hvað snertir þægindi og öryggi í notkun. Kröfur þeirra sem nota vegina hafa líka aukist mikið. Flutningsmenn leggja til að lögfest verði skylda til að gæta að öllum öryggisatriðum og meta nauðsyn einstakra öryggisþátta við vegagerð, svo sem að setja upp vegrið þar sem útafakstur getur haft alvarlegar afleiðingar og aðskilja gagnstæða umferð með svæði á milli akbrauta. Í frumvarpinu felst ekki breyting á íslenskum rétti enda hvílir slík skylda óumdeilanlega á framkvæmdaraðilum á grundvelli óskráðra réttarreglna. Það að ákvæði um þessa skyldu sé sett inn í vegalög getur þó haft áhrif í þá átt að gerðar verði auknar kröfur um þessi atriði.

Flutningsmenn telja að ekki sé hægt að ganga lengra en hér er gert í að skylda framkvæmdaraðila til að mæta ýtrustu kröfum um öryggi við hönnun og lagningu vega. Ávallt verður eitthvert mat að fara fram og má lagatextinn ekki binda hendur framkvæmdaraðila um of. Því er lagt til að þeim verði veitt svigrúm til að framkvæma slíkt mat með tilliti til notkunar og aðstæðna hverju sinni að því tilskildu að gerð sé vegrýni og framkvæmdir séu í samræmi við viðurkennda öryggisstaðla. Ákvæði 1. gr. vekur því ekki upp hlutlæga skyldu framkvæmdaraðila, heldur verður ábyrgð þeirra áfram matskennd að einhverju leyti.

Ákvæði 1. gr. er takmarkað við þjóðvegi samkvæmt upptalningu í III. kafla vegalaga, nr. 45/1994. Áfram munu því óskráðar réttarreglur gilda um gerð annarra vega.

Við vegagerð, eins og aðrar stórar verklegar framkvæmdir, er stuðst við viðurkennda staðla hvað varðar uppbyggingu vega og við mat á nauðsyn öryggisbúnaðar. Þannig er það ekki og má ekki vera háð breytilegum ákvörðunum ráðamanna hvaða kröfur skal gera um slík atriði við gerð vega hverju sinni.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að svokölluð vegrýni, þ.e. ákveðnir öryggisstaðlar, verði fest í lög. Nokkrir slíkir staðlar eru til og vinnur FÍB að úttekt á hluta þjóðvegakerfisins eftir slíkri vegrýni (EuroRap).

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að fest verði í lög sú regla að staðlar sem notaðir skulu við gerð þjóðvega hverju sinni skuli tilteknir í vegáætlun. Með því að birta staðla í vegáætlun gefst ráðamönnum og almenningi tækifæri til að kynna sér þá og gagnrýna val þeirra.

Alvarlegustu afleiðingar umferðarslysa verða þegar bílar lenda hvor framan á öðrum. Samkvæmt rannsóknarnefnd umferðarslysa verða þessi slys þegar ökumenn missa stjórn á ökutæki – oft vegna hálku eða snjóa, sofna við stýri eða missa einbeitingu við aksturinn. Því verða þessi óhöpp hvar sem er á þjóðvegum landsins. Í Noregi, Svíþjóð og víðar hafa verið gerðar tilraunir með svokallaða 2+1 vegi með vegrið á milli aksturstefna, en það eru vegir sem auðvelda framúrakstur og hindra árekstra. Þessi útfærsla eykur umferðaröryggi um leið og hún eykur umferðarrýmd veganna. Í Svíþjóð hafa verið lagðir meira en 1.000 km af þessum vegum og hefur banaslysum á þeim fækkað um 90%. Þessar og aðrar upplýsingar koma fram í skýrslu Línuhönnunar hf. sem unnin var að beiðni Vegagerðarinnar og kom út árið 2001. Skýrslan gefur ástæðu til að ætla að svokallaðir 2+1 vegir séu vænlegur kostur við nýbyggingar vega og lagfæringar á eldri vegum hér á landi.

Margt mætti telja upp sem þarfnast sérstakrar aðgæslu við hönnun vega og vegagerð. Þekktum slysavöldum frá vegagerð fyrri tíma þarf að útrýma, svo sem einbreiðum brúm, og úrbætur á svokölluðum „svörtum blettum“ í vegakerfinu verður að setja í forgangsröð við gerð samgönguáætlunar.

Þau svæði sem liggja að þjóðvegum landsins þarf að móta með tilliti til öryggis ökumanna ef útafakstur og slys ber að höndum. Háir kantar, skurðir og gil auka líkur á alvarlegum slysum á fólki við útafakstur eða bílveltur. Brattar brekkur, brattar hlíðar, vegir við sjó og vötn og knappar beygjur kalla á vegrið í meira mæli en sett hafa verið upp til þessa.

Alvarlegustu árekstrar í þéttbýli eru á gatnamótum. Hönnun gatnamóta fer eftir umferðarþunga og þar verða öryggissjónarmið að vega þungt í stað þess að meta hönnun að mestu leyti eftir kostnaði við mannvirkið.

Úttekt á umhverfi vega út frá öryggissjónarmiðum hefur verið í þróun í Evrópu um margra ára skeið og hefur nú náð viðurkenndum stöðlum, t.d. EuroRap. Öryggiskerfið kallast vegrýni á íslensku og hefur FÍB fengið aðstoð við að kortleggja hluta þjóðvegakerfisins eftir slíkum stöðlum. Víða má sjá alvarlegar slysagildrur við hönnun vega og brúa, sjálfra mannvirkjanna eða við frágang og landslag með fram vegum. Mikið fræðslu- og forvarnastarf er sífellt unnið á sviði umferðaröryggismála og ekki vafi á að allt slíkt skilar árangri. En forvarnir felast ekki eingöngu í fræðslu heldur einnig og ekki síður í hönnun og gerð þess umhverfis sem umferðinni er búið. Þar verður að tryggja öryggi til hins ýtrasta.


## Fylgiskjal.

*Línuhönnun:*


### Úr skýrslu Línuhönnunar, verkfræðistofu, til Vegagerðarinnar.
(Júní 2001.)

Útfærsla 2+1 vegar er í aðalatriðum þannig:

- Tvær akreinar eru í aðra áttina og ein akrein í hina.
- Með u.þ.b. 1–1,5 km millibili er akreinafjöldanum víxlað milli aksturstefna (sjá myndir 1 og 2).
- Til að aðgreina aksturstefnurnar og auka þannig öryggi eru settir víraleiðarar á milli aksturstefna (sjá mynd 1).



Mynd 1: Skýringarmynd 2+1 vegar. Tvær akreinar í aðra áttina, ein í hina. Víxlast á rúmlega 1 km fresti. Víraleiðari aðgreinir akstursstefnur (rautt). Öryggissvæði er milli akstursstefna þegar akreinum fækkar úr tveimur í eina.




Mynd 2: Skýringarmynd 2+1 vegar í Þýskalandi /Meewes et al./

## 815. Fyrirspurn [546. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi.

Frá Sigurrós Þorgrímsdóttur.

Hvenær er fyrirhugað að hefjast handa við uppbyggingu hjúkrunarheimils aldraðra við Boðaþing í Vatnsendahverfi í Kópavogi og stækkun Sunnuhlíðar?

## 816. Fyrirspurn [547. mál]

til menntamálaráðherra um skattlagningu tekna af hugverkum.

Frá Merði Árnasyni.

Hver er afstaða ráðherra til þeirrar tillögu Bandalags íslenskra listamanna að tekjur af hugverkum beri sama skatt og fjármagnstekjur?

## 817. Fyrirspurn [548. mál]

til forsætisráðherra um aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hvaða skilyrði fyrir aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu uppfyllir Ísland og hver ekki?
2. Hefur ráðherra von um að Ísland geti uppfyllt þau í náinni framtíð?

## 818. Fyrirspurn [549. mál]

til menntamálaráðherra um faghåskóla.

Frá Sigurrós Þorgrímsdóttur.

Er fyrirhugað að heimila framhaldsskólum að setja á stofn nám á faghåskólastigi?

## 819. Svar [536. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

1. *Hve margir hafa óskað eftir réttaraðstoð samkvæmt lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996, frá því að lögin voru sett, sundurliðað eftir árum?*
2. *Hversu oft hefur slík réttaraðstoð verið veitt á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?*

| Ár | Óskað eftir réttaraðstoð | Réttaraðstoð veitt |
|---|---|---|
| 2006 | 14 | 7 |
| 2005 | 15 | 6 |
| 2004 | 17 | 7 |
| 2003 | 24 | 17 |
| 2002 | 17 | 10 |
| 2001 | 23 | 13 |
| 2000 | 20 | 12 |
| 1999 | 11 | 6 |
| 1998 | 21 | 10 |
| 1997 | 27 | 23 |
| 1996 | 20 | 7 |
| **Alls** | **209** | **118** |

## 820. Svar [346. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um tekjur af olíu- og kílómetragjaldi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað er áætlað að olíu- og kílómetragjald á bifreiðar sem vega meira en 10.000 kg skapi ríkissjóði miklar tekjur á árinu 2005 og hverjar eru tekjurnar áætlaðar á árinu 2006?*

Olíu- og kílómetragjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 87/2004 sem komu til framkvæmda í júlí 2005. Kílómetragjald er lagt á eftirfarandi ökutæki:

1. Bifreiðar sem skráðar eru hér á landi sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki af bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga.
2. Eftirvagna sem skráðir eru hér á landi og eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.
3. Bifreiðar og eftirvagna, sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands.

Kílómetragjaldið fer eftir leyfðri heildarþyngd ökutækisins og er frá 0,29 kr./km til 12,89 kr./km. Eins og nafnið bendir til er gjaldið í réttu hlutfalli við akstursvegalengd, enda er tilgangur gjaldsins aðallega að greiða fyrir það slit á vegakerfi landsins sem þessi ökutæki valda.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra námu tekjur ríkissjóðs af kílómetragjaldi á bifreiðar 473,8 millj. kr. árið 2005 en gjaldtaka þess hófst á miðju því ári. Árið 2006 er áætlað að tekjurnar af kílómetragjaldi á bifreiðar nemi 1.029,0 millj. kr. Báðar tölurnar eru á rekstrargrunni.

Olíugjald er hluti af útsöluverði ólitaðrar dísilolíu og nemur 41 kr. á hvern lítra. Ekki er haldið sérstaklega utan um sölu á dísilolíu til bifreiða sem vega meira en 10.000 kg.

## 821. Frumvarp til laga [550. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Við 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Maður sem enga launaða vinnu hefur með höndum skal reikna sér endurgjald sem um hálft starf væri að ræða við fjármálaumsýslu fyrir óskyldan eða ótengdan aðila hafi hann 6 millj. kr. eða meira í árlegar fjármagnstekjur og sem um fullt starf væri að ræða séu tekjurnar 24 millj. kr. eða meira.

2. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður er verður 9. tölul. og orðast svo:

Rekstrarhagnað lögaðila yngri en 15 ára sem ráðstafað er til að styrkja eiginfjárstöðu þeirra fyrstu þrjú rekstrarár þar sem afkoma er jákvæð og eftir að frádráttur skv. 8. tölul. þessarar greinar er að fullu nýttur, enda sé ekki greiddur arður til hluthafa á sama tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2008 vegna tekna á árinu 2007.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa komið fram upplýsingar um að þeim fjölgi nú ört sem engar launatekjur telja fram til skatts en hafa hins vegar umtalsverðar fjármagnstekjur og lifa af þeim. Sérstaka athygli vekur að fleiri hundruð einstaklingar, og ört stækkandi hópur, hafa nú orðið mjög umtalsverðar fjármagnstekjur, svo nemur a.m.k. fleiri tugum eða hundruðum milljóna, án þess að telja fram neinar tekjur vegna launaðrar vinnu. Þetta leiðir til þess að viðkomandi borgar ekki gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, greiðir ekki útsvar til síns sveitarfélags og mun ekki borga nefskatt til Ríkisútvarpsins, sbr. nýsamþykkt lög um Ríkisútvarpið ohf., komi álagning hans til framkvæmda 2009 eins og lög gera nú ráð fyrir. Telja verður eðlilegt að þeir sem þannig háttar til um séu meðhöndlaðir sem séu þeir sjálfstætt starfandi við fjármálaumsýslu, þ.e. í vinnu fyrir sjálfa sig við að ávaxta eigið fé. Þeim verði því gert að reikna sér endurgjald eins og öðrum sjálfstætt starfandi aðilum og þeim sem vinna við eigin atvinnurekstur eins og kveðið er á um í 1. gr.

Hitt efnisatriði frumvarpsins lýtur að því að nýstofnuðum fyrirtækjum og yngri en 15 ára sé gert kleift að styrkja eiginfjárstöðu sína fyrstu rekstrarár sem afkoma þeirra er jákvæð og áður en til skattgreiðslna kemur. Með ákvæðinu er sérstaklega haft í huga að gera smærri fyrirtækjum sem oft hefja starfsemi með takmörkuðu hlutafé og eiga erfitt uppdráttar fyrstu árin kleift að styrkja stöðu sína með því að nota rekstrarhagnað fyrstu áranna sem afkoma er jákvæð og uppsöfnuð töp hafa verið að fullu nýtt til skattfrjálsrar aukningar á eigin fé. Líta má á ákvæðið sem skattalegt hvatningarúrræði og til stuðnings stofnun og uppbyggingu nýrra fyrirtækja. Með lagabreytingum 2002 var einstaklingum gert auðveldara að flytja rekstur af eigin kennitölu yfir í einkahlutafélög án þess að þurfa að greiða skatt af þeirri eignamyndun sem kunni að hafa orðið til í rekstrinum með sama hætti og áður. Sá tæplega 20% munur sem er á skattlagningu hagnaðar af fyrirtækjum og af launatekjum hjá frumkvöðlum í atvinnulífi sem reka sína starfsemi á eigin kennitölu skiptir vissulega verulegu máli, enda nýta sífellt fleiri sér leið einkahlutafélagaformsins. Eftir stendur samt að fyrirtæki frumkvöðla og ný fyrirtæki almennt sem leggja upp með takmarkað fjármagn og veika eiginfjárstöðu hafa mikla þörf fyrir að nota sem allra mest af hagnaði fyrstu rekstraráranna til að byggja upp eigið fé og styrkja stöðu sína. Frumvarpið felur í sér tiltekið skattalegt hagræði fyrirtækja einmitt við slíkar aðstæður.

# 822. Skýrsla [551. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2006.

**1. Inngangur.**

Af þeim fjölmörgu málum sem fjallað var um á vettvangi Evrópuráðsþingsins á árinu 2006 má segja að þrjú málefni hafi helst verið í brennidepli en þau tengjast öll grundvallarhlutverki Evrópuráðsþingsins um að standa vörð um hugsjónir aðildarríkjanna um lýðræði, mannréttindi og réttarríkið.

Í fyrsta lagi var ítarlega fjallað um ólöglega fangaflutninga og leynifangelsi í Evrópu sem bandaríska leyniþjónustan CIA stóð fyrir í samvinnu við evrópskar öryggisstofnanir. Evrópuráðsþingið brást fyrst alþjóðastofnana við fréttum fjölmiðla af ólöglegum fangaflutningum og leynifangelsum í lögsögu Evrópuríkja og hóf eigin rannsókn á málinu í desember 2005. Svissneski þingmaðurinn Dick Marty stjórnaði rannsóknninni sem m.a. leiddi í ljós að einstaklingar hefðu verið handteknir af útsendurum bandarísku leyniþjónustunnar CIA án dóms og laga og verið fluttir með borgaralegum flugvélum milli landa í Evrópu. Þeim var haldið í leynilegum fangelsum, jafnvel í ríkjum sem eru alræmd fyrir pyndingar. Þessar ólöglegu handtökur og fangaflutningar fóru fram með vitund eða samvinnu öryggisstofnana í sumum aðildarríkjum Evrópuráðsins. Tilgangur rannsóknarinnar var hvorki að fordæma né sakbenda aðila málsins heldur koma í veg fyrir svipaða starfsemi í framtíðinni. Fangaflugsmálið og rannsókn þess er skýrt dæmi um það hvers Evrópuráðsþingið er megnugt þrátt fyrir takmarkaðar bjargir.

Í öðru lagi voru hinar miklu deilur og átök sem brutust út í kjölfar birtingar danska dagblaðsins Jótlandspóstsins á skopmyndum af Múhameð spámanni mjög til umfjöllunar í Evrópuráðsþinginu. Kjarni deilunnar snerist um mörk tjáningarfrelsis og virðingu fyrir trúarbrögðum en myndbirtingarnar ollu mjög hörðum viðbrögðum í ríkjum múslima og á meðal múslima í Evrópu. Evrópuráðsþingið hvatti til umburðarlyndis og virðingar gagnvart trúarbrögðum en áréttaði að ekki mætti setja hömlur á tjáningarfrelsi enda væri það óvefengjanlegur réttur.

Í þriðja lagi var ítrekað rætt um nýja stofnun Evrópusambandsins á sviði mannréttindamála, Stofnun ESB um grundvallarréttindi (Agency of Fundamental Rights), sem tekur til starfa í Vín í ársbyrjun 2007. Margir þingmenn Evrópuráðsþingsins lýstu áhyggjum sínum af því að ESB væri með stofnuninni að seilast inn á kjarnastarfssvið Evrópuráðsins. Það gæti haft í för með sér óhagræði í formi tvíverknaðar og samkeppni á milli þessara stofnana. Því var lýst eftir skýrri verkaskiptingu á milli þessara alþjóðastofnana. Enn fremur var bent á að Evrópuráðið hefði frá stofnun sinni staðið vörð um mannréttindi og lýðræði í Evrópu og þar sem aðildarríki ráðsins væru 46 hefði Evrópuráðið mun víðari skírskotun í álfunni í þessum málaflokki en ESB.

**2. Almennt um Evrópuráðið og Evrópuráðsþingið.**

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um grundvallarhugsjónir aðildarríkjanna um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið auk þess að stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á lýðræði og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og -samtök. Þar ber að sjálfsögðu hæst mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Frá lokum kalda stríðsins hefur Evrópuráðið m.a. gegnt því veigamikla hlutverki að styðja við lýðræðisþróun í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með laga-, stjórnsýslu- og tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört síðan Berlínarmúrinn féll og eru þau nú 46 talsins. Búist er við að Svartfjallaland, sem sleit ríkjasambandi við Serbíu eftir þjóðaratkvæðagreiðslu í maí 2006, verði aðili að Evrópuráðinu á árinu 2007. Munu ríki Evrópuráðsins þá mynda eina órofa pólitíska heild í álfunni – aðeins að Hvíta-Rússlandi undanskildu.

Evrópuráðsþingið er vettvangur fulltrúa þjóðþinga 46 aðildarríkja Evrópuráðsins og gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi þess enda hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 315 fulltrúar og jafnmargir til vara. Ólíkt ráðherranefndinni þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í tíu málefnanefndum og 24 undirnefndum þeirra. Þá sitja forseti, 20 varaforsetar, formenn málefnanefnda og formenn flokkahópa í forsætisnefnd þingsins, sem hefur umsjón með innri málefnum þess, og sami hópur skipar stjórnarnefnd þingsins ásamt formönnum landsdeilda. Loks starfa á þinginu fimm flokkahópar. Þingið kemur saman ársfjórðungslega, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

– eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum til ráðherranefndarinnar,
– hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir og
– vera samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna og efla þannig tengsl þjóðþinga.

Á þingfundum Evrópuráðsþingsins eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær og bregst við ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál og menningar- og menntamál, og eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Ólíkt Evrópuþinginu eru fulltrúar á Evrópuráðsþinginu þjóðkjörnir þingmenn og hafa störf þingsins því beina skírskotun til starfa þjóðþinganna sjálfra. Þingfundir Evrópuráðsþingsins þar sem menn starfa saman á jafnræðisgrundvelli, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum eru því afar mikilvægir. Hefur þetta farsæla samstarf hraðað mjög þeirri öru lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í Mið- og Austur-Evrópu á undangengnum árum. Þá hefur reynslan sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi og ekki síður möguleika Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni, ekki síst í ljósi þess að Evrópuráðið og þingmannasamkunda þess er eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem Ísland nýtur fullrar aðildar.

**3. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.**

Í upphafi árs 2006 voru aðalmenn Íslandsdeildar Birgir Ármannsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Siv Friðleifsdóttir, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Hinn 9. mars tilkynnti forseti Alþingis að Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks, tæki sæti í Íslandsdeildinni í stað Sivjar Friðleifsdóttur og jafnframt að Jónína Bjartmarz, þingflokki Framsóknarflokks, tæki sæti Birkis J. Jónssonar sem varamaður.

Ný Íslandsdeild var kjörin 2. október í upphafi 133. þings og var skipan aðalmanna óbreytt. Sú breyting varð á skipan varamanna að Sæunn Stefánsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, varð varamaður í stað Jónínu Bjartmarz. Hinn 5. október voru Birgir Ármannsson og Kristinn H. Gunnarsson endurkjörnir sem formaður og varaformaður Íslandsdeildar.

Í upphafi árs var Arna Gerður Bang ritari Íslandsdeildar en Stígur Stefánsson tók við 1. febrúar.

Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir Evrópuráðsþingsins í lok árs 2006 var sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd: | Birgir Ármannsson. |
| Til vara: | Kristinn H. Gunnarsson. |
| Stjórnarnefnd: | Birgir Ármannsson. |
| Til vara: | Kristinn H. Gunnarsson. |
| Stjórnmálanefnd: | Birgir Ármannsson. |
| Til vara: | Einar Oddur Kristjánsson. |
| Laga- og mannréttindanefnd: | Birgir Ármannsson. |
| Til vara: | Einar Oddur Kristjánsson. |
| Jafnréttisnefnd: | Margrét Frímannsdóttir. |
| Til vara: | Guðrún Ögmundsdóttir. |
| Efnahagsnefnd: | Kristinn H. Gunnarsson. |
| Til vara: | Sæunn Stefánsdóttir. |
| Umhverfis- og landbúnaðarnefnd: | Kristinn H. Gunnarsson. |
| Til vara: | Sæunn Stefánsdóttir. |
| Þingskapanefnd: | Birgir Ármannsson. |
| Til vara: | Einar Oddur Kristjánsson. |
| Mennta- og vísindanefnd: | Kristinn H. Gunnarsson. |
| Til vara: | Sæunn Stefánsdóttir. |
| Félags- og heilbrigðismálanefnd: | Margrét Frímannsdóttir. |
| Til vara: | Guðrún Ögmundsdóttir. |
| Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna: | Margrét Frímannsdóttir. |
| Til vara: | Guðrún Ögmundsdóttir. |

**4. Fundir Evrópuráðsþingsins 2006.**

Þingfundir Evrópuráðsþingsins fara fram í Evrópuhöllinni í Strassborg og eru haldnir fjórum sinnum á ári, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Auk þess kemur stjórnarnefnd Evrópuþingsins saman til funda á milli þinga og afgreiðir mál sem æðsta vald Evrópuráðsþingsins á milli þingfunda.

*Fyrsti fundur Evrópuráðsþingsins.*

Dagana 23.–27. janúar fór fyrsti þingfundur Evrópuráðsþingsins árið 2006 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Birgir Ármannsson formaður, Birkir J. Jónsson og Margrét Frímannsdóttir, auk Þrastar Freys Gylfasonar, starfandi ritara. Á vorfundi Evrópuráðsþingsins bar einna hæst umræður um fangaflutninga og leynileg fangelsi í Evrópu, mannréttindabrot í Tétsníu og um ofbeldisverk kommúnistastjórna.

Í upphafsávarpi sínu ræddi van der Linden, forseti þingsins, um fangaflug og ólögleg, leynileg fangelsi. Hann sagði að Evrópuráðið væri án vafa rétti vettvangurinn til umfjöllunar um þetta mál og fagnaði því frumkvæði sem Evrópuráðsþingið hefði tekið. Þakkaði hann Evrópuþinginu einnig fyrir pólitíska stuðning. Þá ræddi van der Linden um samskipti Evrópuráðsþingsins við Evrópusambandið. Hann sagði að Varsjárfundurinn hefði verið mikilvægur sem fyrsta skrefið í þeirri umræðu. Hann varaði við þeirri þróun sem væri fyrirsjáanleg með sérstakri mannréttindastofnun Evrópusambandsins, Stofnun ESB um grundvallarréttindi, sem fyrirhugað væri að koma á laggirnar. Hann taldi það óásættanlegt að búið væri til annað eintak af Evrópuráðinu innan Evrópusambandsins og sagði að ef Evrópusambandið þyrfti að

setja á laggirnar nýja stofnun í þessum sömu efnum ætti hún að einbeita sér að því að safna upplýsingum og greina þær. Hún ætti ekki að fást við þriðju ríki eða herma eftir öðru grunnstarfi Evrópuráðsins. Að lokum kvaddi forseti þingsins framkvæmdastjóra Evrópuráðsþingsins, Bruno Haller, sem sótti sinn síðasta fund og voru honum þökkuð góð störf.

Á þinginu kynnti svissneski þingmaðurinn Dick Marty annað minnisblað sitt um flutninga bandarísku leyniþjónustunnar CIA á föngum um evrópska lofthelgi og flugvelli og leynileg fangelsi í Evrópu. Evrópuráðið vann þá að öflun upplýsinga hjá aðildarríkjum vegna málsins. Komust færri þingmenn að en vildu í almennri umræðu um málið.

Þingið samþykkti ályktun og tilmæli um aðlögun kvenna í hópi innflytjenda í Evrópu. Í ályktuninni hvatti Evrópuráðsþingið aðildarríki sín til að tryggja grundvallarréttindi kvenna í hópi innflytjenda sem oft horfi fram á tvöfaldan vanda þar sem aðgengi þeirra sé takmarkað hvað varðar þátttöku í opinberu, pólitísku og efnahagslegu lífi. Fordæmd var hin tvöfalda mismunun á grunni kyns og uppruna sem bæði kæmi fram í gistiríkinu og í samfélagi innflytjendanna sjálfra. Skoraði þingið á aðildarríki sín að tryggja að konum, sem flyttu í nýtt ríki undir merkjum fjölskyldusameiningar, yrði tryggt sjálfstæði í lagalegu tilliti frá maka sínum, helst innan árs frá komu. Enn fremur skoraði þingið á aðildarríkin að setja lagaramma þar sem innflytjendakonum væri tryggður rétturinn til að hafa vegabréf og dvalarleyfi og að viðurlög yrðu sett við því að taka í vörslu sína þessi skjöl úr hendi kvennanna. Evrópuráðsþingið hafnaði því að löggjöf ríkja utan Evrópu gæti kveðið á um rétt kvenna í hópi innflytjenda sem væri á skjön við mannréttindasáttmála Evrópu og sjöunda viðauka við hann eða þar sem þau stönguðust á við grundvallarréttinn um jafnrétti kynjanna. Þá hvatti þingið til verndunar kvenna gegn mansali.

Þingið samþykkti ályktun þar sem fordæmd voru stórtæk mannréttindabrot alræðisstjórna kommúnismans og lýst yfir samúð og skilningi með fórnarlömbum. Í ályktuninni kom fram að þessi brot fælu meðal annars í sér morð og aftökur á einstaklingum og hópum, dauðsföll í þrælkunarbúðum, svelti, útlegð, pyndingar og þrælahald. Taldi þingið að borgarar fyrrum Sovétríkja væru í algerum meiri hluta fórnarlamba og skoraði á alla kommúnistaflokka og fyrrum kommúnistaflokka í aðildarríkjum Evrópuráðsins sem hefðu ekki gert svo að „endurmeta sögu kommúnismans og sína eigin sögu [...] og fordæma hana fortakslaust". Taldi þingið sig vel sett til að taka þess háttar umræðu fyrir þar sem öll fyrrum kommúnistaríki Evrópu væru nú aðilar að Evrópuráðinu, að Hvíta-Rússlandi undanskildu, og vernd mannréttinda og laganna reglu væru nú grundvallaratriði.

Í tengslum við fundinn efndi Íslandsdeildin ásamt Auði Guðjónsdóttur hjúkrunarfræðingi til kynningar á mænuskaðaverkefni íslenskra heilbrigðisyfirvalda og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, í Evrópuhöllinni. Fjöldi evrópskra þingmanna, embættismanna og erindreka sótti kynninguna og var heimildarmyndin „Hvert örstutt spor" sýnd þar sem meðal annars er lýst eftir þekkingu fagfólks um allan heim og upplýsingum um meðhöndlun á fólki sem hlotið hefur mænuskaða. Alþjóðlegur gagnabanki er í undirbúningi og verður þar safnað saman margvíslegum upplýsingum um mænuskaða sem verða öllum aðgengilegar, bæði fagfólki og almenningi. Birgir Ármannsson, formaður Íslandsdeildar, flutti ræðu við þetta tækifæri og lýsti verkefninu í stuttu máli og kynnti á hvaða stigi það er. Hann þakkaði Auði Guðjónsdóttur fyrir óeigingjarnt starf hennar á þessu sviði í 10 ár. Auður hefur verið hvatamaður þess að kynna málefni þeirra sem hlotið hafa mænuskaða og barist fyrir stofnun alþjóðlegs gagnabanka um mænuskaða. Íslandsdeildin stóð fyrir kynningunni í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið.

Fund Evrópuráðsþingsins ávörpuðu m.a. eftirtaldir tignargestir: Bruno Haller, framkvæmdastjóri Evrópuráðsþingsins; Jan Eliasson, forseti 60. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna; Serguei Stanishev, forsætisráðherra Búlgaríu; Traian Băsescu, forseti Rúmeníu; Enrique Jackson Ramírez, forseti efri deildar mexíkóska þingsins; Mihai-Răzvan Ungureanu, utanríkisráðherra Rúmeníu og formaður ráðherranefndarinnar; og Rita Verdonk, ráðherra innflytjendamála í Hollandi.

*Fundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í París.*

Þann 17. mars var efnt til stjórnarnefndarfundar Evrópuráðsþingsins í París. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildar Birgir Ármannsson formaður auk Stígs Stefánssonar alþjóðaritara.

René van der Linden, forseti Evrópuráðsþingsins, stjórnaði fundinum. Í upphafi fundar var gengið frá kjörbréfum nýrra þingmanna Evrópuráðsþingsins og breytingum í einstökum landsdeildum. Sú breyting var gerð á Íslandsdeildinni að Siv Friðleifsdóttir hætti sem aðalmaður og Birkir J. Jónsson sem varamaður en í stað þeirra komu Kristinn H. Gunnarsson sem aðalmaður og Jónína Bjartmarz til vara.

Kosningaeftirlit Evrópuráðsþingsins við kosningarnar í Palestínu 25. janúar 2005 var til umræðu og flutti Russell-Johnston lávarður stjórnarnefndinni skýrslu. Russell-Johnston lagði áherslu á að kosningarnar hefðu farið vel fram, raunar betur en í sumum aðildarlanda Evrópuráðsins. Það væri samdóma álit kosningaeftirlitsmanna en auk þess væru úrslitin í sjálfu sér staðfesting þessa. Kosningarnar voru skipulagðar og framkvæmdar af Al-Fatah sem laut í lægra haldi og viðurkenndi ósigur sinn að kosningunum loknum.

Átökin og mótmælin sem brutust út í kjölfar birtingar Jótlandspóstsins á skopmyndum af Múhameð spámanni voru tekin til sérstakrar umræðu. Fjölmargir þingmenn kvöddu sér hljóðs og var sameiginlegur grunntónn í máli þeirra að tjáningarfrelsið væri ófrávíkjanlegur réttur sem tekið hefði aldir að tryggja í Evrópu. Trúarbrögð hefðu framan af hamlað rétti til frjálsrar tjáningar en á 20. öldinni hefðu alræðisstjórnkerfi kommúnismans og nasismans takmarkað hann. Tjáningarfrelsi væri órjúfanlegur hluti af vestrænni lýðræðishefð og ekki væri hægt að takmarka tjáningarfrelsi í einu landi vegna viðkvæmni eða almenningsálits í öðru landi. Þær raddir heyrðust að ljóst væri að stjórnvöld í ákveðnum ríkjum Mið-Austurlanda hefðu notfært sér skopmyndamálið til þess að beina athygli frá innlendum vandamálum og efla þjóðernishyggju og stuðning við sig. Stjórnvöld hefðu í sumum tilfellum beinlínis hvatt til og stjórnað skipulagningu mótmæla. Fulltrúi Dana á fundinum, Hanne Severinsen, skýrði frá því að saksóknari hefði komist að þeirri niðurstöðu að ekki bæri að ákæra Jótlandspóstinn fyrir myndbirtingarnar umdeildu. Hún greindi jafnframt frá því að samtök lýðræðissinnaðra múslima hefðu verið stofnuð í Danmörku til mótvægis við þau samtök sem vilja skerða tjáningarfrelsið þegar kemur að myndbirtingum sem sært gætu trúartilfinningar fólks. Tyrkneski þingmaðurinn Mevlüt Cavusoglu tók til máls og var sá eini sem gagnrýndi dönsk stjórnvöld og sagði það alvarleg mistök að þau hefðu ekki beðist opinberlega afsökunar á myndbirtingunum.

Fyrir utan hefðbundin stjórnarnefndarstörf áttu nefndarmenn viðræður við Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, sem var sérstakur gestur fundarins. Juncker hefur lagt fram drög að skýrslu um samband og samstarf Evrópuráðsins og Evrópusambandsins (ESB) og voru þau til umræðu. Fram kom á fundinum nokkur gagnrýni á að ESB væri að seilast inn á svið Evrópuráðsins. Hlutverk ráðsins væri fyrst og fremst að standa vörð um mannréttindi og lýðræði. Evrópuráðið væri eins konar lýðræðisskóli enda hefði ráðið gegnt mikilvægu hlutverki við lýðræðisvæðingu fyrrum austantjaldsríkja eftir fall kommúnismans.

Skýr verkaskipting hefði ríkt en nú þegar breyta á miðstöð ESB sem fylgist með kynþáttahyggju og útlendingaandúð í mannréttindastofnun, Stofnun ESB um grundvallarréttindi (Agency of Fundamental Rights), er farið beint inn á kjarnasvið Evrópuráðsins. Bent var á að mörg lönd Evrópuráðsins væru ekki í ESB og að ESB hefði því ekki þá skírskotun til allrar Evrópu sem ráðið hefur.

Að loknum föstum dagskrárliðum stjórnarnefndarfundarins var rætt um þær skýrslur og ályktunardrög sem fyrir fundinum lágu. Ástæðulaust er að rekja almennar umræður en af þeim málum sem mest kvað að má nefna skýrslu um að fordæma stjórnartíð Francos hershöfðingja á Spáni. Fulltrúi Spánar sagði í umræðunum að ef til vill þætti þetta gerast heldur seint en þó væri það svo að ekki hefði verið farið í að gera upp Franco-tímabilið og kortleggja umfang mannréttindabrota fyrr en á síðustu árum. Sú vinna stæði enn yfir.

*Annar fundur Evrópuráðsþingsins.*

Dagana 10.–13. apríl fór vorfundur Evrópuráðsþingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Birgir Ármannsson formaður, Kristinn H. Gunnarsson og Guðrún Ögmundsdóttir, í fjarveru Margrétar Frímannsdóttur, auk Stígs Stefánssonar ritara. Á fundinum bar hæst samband og samskipti Evrópuráðsins og Evrópusambandsins. Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, flutti þinginu sérstaka skýrslu um samskipti þessara alþjóðastofnana. Juncker lagði í framsögu sinni áherslu á að samskipti og verkaskipting þessara stofnana yrði að vera skipulögð þannig að komið væri í veg fyrir óþarfa tvíverknað og samkeppni. Meginviðfangsefni Evrópuráðsins hefði frá upphafi verið að standa vörð um mannréttindi og lýðræði í Evrópu og þar sem aðildarríkin væru 46 hefði ráðið mun víðari skírskotun í álfunni í þessum málaflokki en ESB. Enginn ágreiningur væri á milli þessara stofnana um mannréttindi og lýðræðisgildi og hvatti Juncker til að ESB gerðist sjálfstæður aðili að mannréttindasáttmála Evrópu. Verkaskiptingin gæti verið á þá leið að Evrópuráðið stæði sem fyrr vörð um réttarríkið og lýðréttindi innan aðildarríkja sinna en ESB ætti í mannréttinda- og lýðræðisstarfi sínu að einbeita sér að samskiptum við grannsvæði Evrópu og samræðum við ólíka menningarheima. Tillögur Junckers ber að skoða í ljósi þess að ESB hyggst stofna sérstaka mannréttindastofnun, Stofnun um grundvallarréttindi (Agency of Fundamental Rights) í Vín en í máli margra þingmanna kom sú gagnrýni fram að með stofnuninni væri ESB að seilast inn á starfssvið Evrópuráðsins. Málaflokksins væri vel gætt hjá Evrópuráðinu og engin þörf á stofnanauppbyggingu hjá ESB á þessu sviði. José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, ávarpaði þingfundinn og fagnaði skýrslu Junckers. Hann sagði fyrirhugaða mannréttindastofnun mundu einbeita sér að réttri lagaframkvæmd innan ESB og að forðast skyldi tvíverknað með formlegu samstarfi og upplýsingamiðlun milli hinnar nýju stofnunar og Evrópuráðsins. Wolfgang Schüssel, kanslari Austurríkis, sem fer með formennsku í ráðherraráði ESB, sagði að tryggja þyrfti skilvirkni í skipulagi og uppbyggingu evrópskra stofnana á 21. öld og þar væri ekkert svigrúm fyrir tvíverknað. Evrópuráðið hefði mikilvægu hlutverki að gegna við að hjálpa ríkjum við uppbyggingu réttarríkis og umbreytingu til lýðræðislegra stjórnkerfa. Evrópuráðinu stafaði ekki hætta af nýrri mannréttindastofnun ESB heldur byði sú stofnun upp á tækifæri til samstarfs. Á þingfundinum voru samþykkt tilmæli þar sem Evrópuráðsþingið lýsti áhyggjum sínum af stofnuninni og því að tvær samhliða alþjóðastofnanir á þessu sviði í álfunni gætu skapað nýjar klofningslínur og væru því ekki til gagns fyrir samrunaferli Evrópu.

Sérstök umræða fór fram um mansal kvenna og barna til kynlífsþrælkunar í tengslum við heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem fram undan var í Þýskalandi. Talið var að 30.000–

60.000 konur yrðu seldar mansali til Þýskalands til vændis meðan á keppninni stæði. Samþykkt var ályktun þar sem Evrópuráðsþingið hvatti Alþjóðaknattspyrnusambandið FIFA til að fordæma mansal í tengslum við keppnina og axla þannig ábyrgð sem skipuleggjandi. Í ályktuninni var minnt á sáttmála Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali frá mars 2005. Þar er kveðið á um aðferðir til að berjast gegn mansali, verndun fórnarlamba og ákærur gegn þeim sem að baki mansali standa. Í ályktuninni voru ríkisstjórnir ríkja Evrópuráðsins hvattar til að staðfesta sáttmálann án tafar.

Sérstök umræða fór einnig fram um forsetakosningarnar í Hvíta-Rússlandi í mars 2006. Þess var krafist að þær yrðu endurteknar vegna stórfellds kosningasvindls og ofsókna gegn frambjóðendum stjórnarandstöðunnar. Krafist var nýrra og frjálsra kosninga samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Stjórnarandstaðan var jafnframt hvött til að halda einingu sinni og stjórnvöld voru krafin þess að láta lausa úr haldi alla þá pólitísku fanga sem hnepptir voru í varðhald í tengslum við kosningarnar.

Fundinn ávörpuðu m.a. eftirtaldir tignargestir: Tomas Hammerberg, mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins; Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar; Calin Popescu-Tariceanu, forsætisráðherra Rúmeníu; Wolfgang Schüssel, kanslari Austurríkis; José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB; Mihai-Razavan Ungureanu, utanríkisráðherra Rúmeníu; og Vlado Buchkovski, forsætisráðherra „fyrrverandi lýðveldis Júgóslavíu, Makedóníu".

*Þriðji fundur Evrópuráðsþingsins.*

Dagana 26.–30. júní fór sumarfundur Evrópuráðsþingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Birgir Ármannsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson auk Stígs Stefánssonar ritara. Á fundinum bar hæst skýrslu svissneska þingmannsins Dicks Martys um leynilega fangaflutninga og fangelsi á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA í lögsögu Evrópuríkja. Í opnunarræðu sinni gerði forseti Evrópuráðsþingsins, René van der Linden, starf Martys að umræðuefni og sagði fangaflugsmálið og rannsókn þess skýrt dæmi um það hvers Evrópuráðsþingið væri megnugt þrátt fyrir takmarkaðar bjargir. Evrópuráðsþingið hefði fyrst alþjóðastofnana brugðist við fréttum af ólöglegum fangaflutningum enda væri það kjarnastarfssvið Evrópuráðsins að standa vörð um lýðræði, mannréttindi og réttarríkið í álfunni. Van der Linden lagði áherslu á að þótt það væri mikilvægt að benda á mistök og brot fortíðar væri enn mikilvægara að tryggja að slík brot ættu sér ekki stað í framtíðinni. Það hlyti að vera aðalatriði málsins en ekki að ala á andúð gegn Bandaríkjunum. Þegar fangaflutningamálið var á dagskrá fundarins sagði Marty í framsögu sinni það vera staðreynd að einstaklingar hefðu verið handteknir af útsendurum bandarískra öryggisstofnana án dóms og laga og verið fluttir með borgaralegum flugvélum milli landa í Evrópu. Þeim hefði verið haldið í leynilegum fangelsum, jafnvel í ríkjum sem eru alræmd fyrir pyndingar. Þessar ólöglegu handtökur og fangaflutningar hefðu farið fram með vitund eða samvinnu öryggisstofnana í sumum ríkjum Evrópuráðsins. Marty lagði áherslu á að í ályktuninni sem fylgdi skýrslunni væri enginn fordæmdur en öllu máli skipti að koma í veg fyrir slíka starfsemi í framtíðinni. Vissulega væri mikilvægt forgangsverkefni að berjast gegn hryðjuverkum en sú barátta mætti ekki vera á kostnað lýðræðis, mannréttinda og réttarríkisins, þeirra grunngilda frjáls og opins samfélags sem baráttunni er einmitt ætlað að verja.

Franco Frattini, varaforseti framkvæmdastjórnar ESB, sem jafnframt fer með dóms-, frelsis- og öryggismál innan stjórnarinnar, tók til máls og sagði skýrsluna gott dæmi um farsæla samvinnu Evrópuráðsins og ESB en framkvæmdastjórnin hefði aðstoðað Marty við

rannsóknina. Skýrslan sýndi fram á að umbætur þyrfti einkum á tveimur sviðum. Annars vegar yrði að auka eftirlit með öryggisstofnunum Evrópuríkja svo að þær athöfnuðu sig ekki án dóms og laga. Hvatti Frattini til að ríkisstjórnirnar ykju samstarfið sín á milli til að tryggja að sameiginleg grunngildi réttarríkisins og reglur yrðu í heiðri höfð í samstarfi öryggisstofnana. Þá hvatti hann til þess að eftirlit þjóðþinga með öryggisstofnunum yrði aukið. Hins vegar væru umbætur á loftferðalöggjöf og reglum um flugvelli nauðsynlegar og þyrftu að gerast á vettvangi ESB.

Tjáningarfrelsi og virðing fyrir trúarbrögðum var annað stórmál á sumarfundinum. Málið komst á dagskrá í kjölfar átaka og mótmæla sem brutust út síðasta vetur vegna birtingar Jótlandspóstsins á skopmyndum af Múhameð spámanni. Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, ávarpaði fundinn og benti á að umburðarlyndi og fjölmenningarhyggja væru mikilvæg til að viðhalda friði, jafnt í Evrópu sem heiminum öllum. Tjáningarfrelsi væri hornsteinn lýðræðis og nútímalegra stjórnarhátta en því fylgdi jafnframt mikil ábyrgð. Tjáningarfrelsi og mannréttindi gætu vel samrýmst virðingu fyrir trúarbrögðum. Tjáningarfrelsi væri ekki frelsi til að móðga. Tjáningarfrelsi er ekki algert heldur fylgja því einhver takmörk í öllum menningarheimum. Margir þingmenn tóku til máls að loknu ávarpi Erdogans og voru flestir sammála um að engar hömlur mætti setja á tjáningarfrelsi og að trúarbrögð ættu ekki rétt á sérstakri vernd umfram almennar lífsskoðanir eða lífsstefnur.

Barátta þjóðþinga gegn ofbeldi gegn konum var þriðja stórmálið á dagskrá þingsins og flutti Minodora Cliveti, talsmaður jafnréttisnefndar, skýrslu um málið. Hún minnti á að þriðji leiðtogafundur Evrópuráðsins hefði ákveðið að hrinda af stað herferð gegn ofbeldi gegn konum. Þjóðþingum ráðsins hefði verið boðið að gerast aðilar að átakinu og ráðast í aðgerðir gegn þessu samfélagsmeini á tímabilinu nóvember 2006 til mars 2008. Í skýrslu jafnréttisnefndar var fjöldi tillagna um baráttu þjóðþinganna og voru þau hvött til að grípa til aðgerða og gera baráttuna gegn ofbeldi gegn konum að forgangsmáli á árinu 2007. Yakin Ertürk, sérstakur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í baráttunni gegn ofbeldi gegn konum, tók einnig til máls og fagnaði átaki Evrópuráðsþingsins. Hún lagði áherslu á að heimilisofbeldi gegn konum ætti sér stað um allan heim þvert á menningarsvæði og óháð efnahagslegu þróunarstigi samfélaga. Ýmsar ástæður væru fyrir því af hverju svo illa hefði gengið að berjast gegn ofbeldi gegn konum. Í fyrsta lagi væri skortur á upplýsingum um þessa glæpi þar sem ofbeldið færi fram inni á heimilum og væri því ekki sýnilegt. Í öðru lagi hefði ofbeldi gegn konum þar til nýlega ekki verið ofarlega á baugi í alþjóðlegum mannréttindalögum eða mannréttindabaráttu. Í þriðja lagi væri ofbeldi gegn konum ólíkt öðrum mannréttindabrotum sem yfirleitt beindust gegn afmörkuðum hópi innan samfélags. Ofbeldi gegn konum á sér stað þvert á stéttir, kynþætti og þjóðerni. Í fjórða lagi hefði barátta fyrir jafnrétti kynjanna að miklu leyti beinst gegn mismunun og því að ná jöfnum tækifærum á opinberum vettvangi og atvinnulífi en ekki náð að taka á ofbeldi innan veggja heimilisins.

Sérstök aukaumræða fór fram um þjóðaratkvæðagreiðsluna í Svartfjallalandi þar sem Svartfellingar ákváðu að slíta ríkjasambandi við Serbíu. Lord Russel-Johnston gagnrýndi fjölmiðla fyrir að gera ekkert úr atburðinum vegna þess hversu átakalítill hann var. Þetta væri þvert á móti stórkostlegur viðburður, fyrsti aðskilnaður ríkja á Balkanskaga sem fram fer með friðsamlegum hætti. Lord Russel-Johnston og aðrir sem tóku til máls gagnrýndu ESB harðlega fyrir að hafa krafist þess að 55% kjósenda yrðu að samþykkja viðskilnað svo að hann væri gildur. Það hefði getað valdið djúpstæðri stjórnmálakreppu og átökum ef til dæmis 54% hefðu verið hlynnt sambandsslitum og Svartfellingar þurft að búa við áframhaldandi ríkjasamband gegn vilja meiri hluta landsmanna. Í ályktun Evrópuráðsþingsins var lögð áhersla

á að í þjóðaratkvæðagreiðslum um sjálfstæði í framtíðinni skyldi reglan vera sú að einfaldur meiri hluti réði úrslitum kosninga.

Fundinn ávörpuðu m.a. eftirtaldir tignargestir: Franco Fattini, varaforseti framkvæmdastjórnar ESB; Sergey Mironov, forseti efri deildar rússneska þingsins; Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands; Jean Lemierre, forseti Þróunar- og endurreisnarbanka Evrópu; og Yakin Ertürk, sérstakur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í baráttunni gegn ofbeldi gegn konum.

*Fjórði fundur Evrópuráðsþingsins.*

Dagana 2.–6. október fór fjórði þingfundur Evrópuráðsþingsins fram í Strassborg. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildar Margrét Frímannsdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara. Í upphafsávarpi sínu ræddi René van der Linden, forseti Evrópuráðsþingsins, starf þess við að kortleggja og vekja athygli á leynilegu fangaflugi og fangelsum á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA í lögsögu Evrópuríkja. Van der Linden fagnaði því að George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, hefði viðurkennt að grunaðir hryðjuverkamenn hefðu verið í leynilegu haldi CIA. Þetta staðfesti niðurstöður rannsóknar Evrópuráðsþingsins undir forustu svissneska þingmannsins Dick Marty þrátt fyrir að þeim hefði verið mótmælt þegar þær komu fyrst fram. Þá ræddi van der Linden um tengsl tjáningarfrelsis og trúarbragða sem hafa verið ofarlega á baugi í starfi þingsins síðan skopmyndadeilan braust út í lok síðasta árs með birtingu Jótlandspóstsins á skopmyndum af Múhameð spámanni. Van der Linden hefur lagt til að trúarhópar geti fengið sérstaka aðkomu að Evrópuráðinu sem þannig gæti orðið vettvangur samræðu á milli trúarbragða og menningarheima til þess að auka skilning og umburðarlyndi.

Málefni Balkanskaga komu mikið við sögu fundarins og fluttu forsætisráðherrar Króatíu og Albaníu ávörp, auk formanns ráðherraráðs Bosníu og Hersegóvínu. Í máli Ivos Sanders, forsætisráðherra Króatíu, kom fram að eina lausnin við langvarandi sundurlyndi í Evrópu væri samruni og samþætting álfunnar. Króatía tæki þátt í samrunaþróuninni af fullum krafti og vildi jafnframt leggja sitt af mörkum til að tryggja stöðugleika í Suðaustur-Evrópu. Vonaðist Sander til þess að ekki liði langur tími þar til Króatía væri orðið aðildarríki að bæði ESB og NATO og að nágrannaríkin á Balkanskaga mundu sömuleiðis verða aðilar í framtíðinni. Sali Berisha, forsætisráðherra Albaníu, þakkaði Evrópuráðinu hjálp við umbreytinguna frá alræðiskerfi til lýðræðis í landinu og aðrar nauðsynlegar umbætur, t.d. við að draga úr miðstýringu og á sviði menntunar, tæknivæðingar og eignarréttar. Barátta við spillingu og skipulagða glæpastarfsemi væru forgangsverkefni stjórnvalda og þar hefði þegar náðst árangur í að draga úr fíkniefnasmygli. Adnan Terzic, formaður ráðherraráðs Bosníu og Hersegóvínu, lýsti áhyggjum sínum af því að ESB væri að hægja á stækkunaráformum sínum og sagði að það kæmi niður á ríkjunum á Balkanskaga. Hann gerði grein fyrir að brýnna umbóta væri þörf á flestum sviðum þjóðlífsins þar, svo sem í skattamálum, löggæslu og baráttunni gegn spillingu. Ungverski þingmaðurinn Mátyás Eörsi kynnti skýrslu og ályktunardrög stjórnmálanefndar Evrópuráðsþingsins um ástandið á Balkanskaga. Samþykkt var ályktun sem m.a. sagði að alþjóðasamfélaginu bæri að axla sína ábyrgð á lýðræðisþróun og umbótum á svæðinu. ESB var sérstaklega hvatt til að milda reglur um vegabréfsáritanir fyrir borgara ríkjanna á vestanverðum Balkanskaga og leggja fram skýran vegvísi með skilyrðum og mögulegri tímaáætlun fyrir aðild ríkjanna að ESB. Þá eru ríki Balkanskaga hvött til þess að sýna trúverðugleika í fordæmingu á stríðsglæpum og samstarfi sínu við stríðsglæpadómstólinn í Haag og tryggja verndun þjóðarbrota sem búa í eða eru að snúa aftur til ríkjanna.

Rússland er stærsta aðildarríki Evrópuráðsins og fer nú í fyrsta skipti með formennsku þess. Sergei Lavrov, utanríkisráðherra landsins, ávarpaði þingið og sagði að hlutverk Evrópuráðsins við að standa vörð um lýðræði, mannréttindi og réttarríkið væri óumdeilt en ekki mætti gleyma öðrum markmiðum sem tilgreind eru í stofnskrá ráðsins en þau eru að efla efnahagslega og félagslega þróun aðildarríkjanna með sameiginlegum aðgerðum. Þannig mætti efla Evrópuráðið og hlutverk þess en það væri keppikefli rússneskra stjórnvalda og mundu þau vinna að því markmiði í formennskutíð sinni.

Umræða fór fram um stofnanir Evrópuráðsins sem eru þingið, ráðherranefndin og ráðstefna sveitar- og héraðsstjórna og mannréttindadómstóllinn. Stofnanaverki ráðsins var komið á fót árið 1949 og þrátt fyrir að það hafi breyst í samræmi við þróunina í álfunni telur laganefnd Evrópuráðsþingsins þær ekki í fullum takti við gerbreyttar aðstæður í Evrópu. Í ályktun sem samþykkt var á fundinum er hvatt til þess að vægi Evrópuráðsþingsins verði aukið. Þingið var upphaflega samráðsvettvangur en hefur smám saman hlotið stærra hlutverk. Þingið ætti að koma að gerð nýrra sáttmála á fyrri stigum en nú er, taka þátt í viðræðum við aðrar alþjóðastofnanir og hafa aukin áhrif á fjárreiður Evrópuráðsins. Þá ætti þingið að hafa rétt til þess að vísa málum til mannréttindadómstólsins, auk þess sem ráðherranefndin ætti að hafa meira samráð við þingið við meðferð mála í ráðherranefndinni. Loks þarf að auka gagnsæi í störfum ráðherranefndarinnar samkvæmt ályktuninni.

Fundinn ávörpuðu m.a. eftirtaldir tignargestir: Ivo Sander, forsætisráðherra Króatíu; Sali Berisha, forsætisráðherra Albaníu; Adnan Terzic, formaður ráðherraráðs Bosníu og Hersegóvínu; Sergei Lavro, utanríkisráðherra Rússlands; Angel Gurría, framkvæmdastjóri OECD.

**5. Nefndarfundir utan þinga.**

Fulltrúar Íslandsdeildar sóttu nokkra nefndafundi á árinu. Kristinn H. Gunnarsson sótti fund efnahagsnefndar í Moskvu og Irkutsk í maí þar sem efnahagsþróunin í Rússlandi var í brennidepli. Kristinn sótti einnig fund umhverfis- og landbúnaðarnefndar í Ríga í júní og sat þar ráðstefnu um orkusamvinnu við Eystrasaltið. Margrét Frímannsdóttir sótti fundi heilbrigðisnefndar og jafnréttisnefndar í París í september þar sem jafnréttisnefndin gekkst m.a. fyrir málstofu um vændi.

Alþingi, 1. febrúar 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Birgir Ármannsson, form. | Kristinn H. Gunnarsson, varaform. | Margrét Frímannsdóttir. |

**Fylgiskjal.**

**Ályktanir, álit og tilmæli Evrópuráðsþingsins árið 2006.**

Eftirfarandi ályktanir, álit og tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins voru samþykkt á þingfundum Evrópuráðsþingsins árið 2006:

*Fyrsti hluti þingfundar, 23.–27. janúar:*

Á fundinum voru ræddar skýrslur og gerðar samþykktir í eftirtöldum málum:

- ályktun nr. 1476, um þingmannasamstarf við Sameinuðu þjóðirnar,
- tilmæli nr. 1731, um framlag Evrópu til bættrar vatnsnýtingar,

- tilmæli nr. 1732, um aðlögun kvenna í hópi innflytjenda í Evrópu,
- ályktun nr. 1477, um skuldbindingar Georgíu á vettvangi Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1478, um aðlögun kvenna í hópi innflytjenda í Evrópu,
- ályktun nr. 1479, um mannréttindabrot í Tétsníu: ábyrgð ráðherranefndarinnar og þingsins,
- tilmæli nr. 1733, um mannréttindabrot í Tétsníu: ábyrgð ráðherranefndarinnar og þingsins,
- ályktun nr. 1480, um rannsókn óstaðfestra kjörbréfa þingmanna Aserbaídsjan vegna vafaatriða,
- ályktun nr. 1481, um þörf á alþjóðlegri fordæmingu á ofbeldisverkum kommúnistastjórna,
- tilmæli nr. 1734, um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi fyrir forsetakosningarnar,
- ályktun nr. 1482, um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi fyrir forsetakosningarnar,
- ályktun nr. 1483, um réttarstöðu hælisleitenda sem snúið er frá Hollandi,
- tilmæli nr. 1735, um hugtakið „þjóð“,
- ályktun nr. 1484, um tilfærslu á framleiðslu til útlanda og efnahagslegar framfarir í Evrópu,
- ályktun nr. 1485, um áhrif á Evrópu vegna efnahagslegrar endurvakningar Kína,
- álit nr. 258, um drög að siðareglum til að forðast ríkisfangsleysi þegar ríki tekur við framkvæmd utanríkismála landsvæðis af öðru ríki.

*Stjórnarnefndarfundur 17. mars:*

- ályktun nr. 1486, um virka húsnæðisstefnu til að tryggja félagslega einingu í Evrópu,
- ályktun nr. 1487, um framtíð og enduruppbyggingu kolavinnslusvæða í Evrópu,
- ályktun nr. 1488, um endurskipulagningu landbúnaðarjarða í Mið- og Austur-Evrópu,
- ályktun nr. 1489, um aðferðir til að tryggja þátttöku kvenna í ákvarðanatöku,
- ályktun nr. 1490, um túlkun á grein 15a í samkomulagi um réttindi og friðhelgi Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1491, um viðbót við starfsreglur Evrópuráðsþingsins um nýja reglu um samstarf við Evrópuþingið,
- tilmæli nr. 1736, um nauðsyn alþjóðlegrar fordæmingar á stjórnartíð Franco-stjórnarinnar,
- tilmæli nr. 1737, um nýja stefnu og úrlausnarefni fyrir stefnu í innflytjendamálum á Evró-Miðjarðarhafssvæðinu,
- tilmæli nr. 1738, um aðferðir til að tryggja þátttöku kvenna í ákvarðanatöku,
- tilmæli nr. 1739, um kynjasjónarhorn við fjárlagagerð.

*Annar hluti þingfundar 10.–13. apríl:*

- tilmæli nr. 1740, um móðurmálskennslu í skólum,
- ályktun nr. 1492, um fátækt og baráttu gegn spillingu í aðildarríkjum Evrópuráðsins,
- tilmæli nr. 1741, um félagslega enduraðlögun fanga,
- tilmæli nr. 1742, um mannrétti hermanna,
- ályktun nr. 1493, um stöðu mála í Miðausturlöndum,
- ályktun nr. 1494, um að stöðva mansal kvenna fyrir heimsmeistaramótið í knattspyrnu í Þýskalandi,
- ályktun nr. 1495, um baráttu gegn endurreisn nasískrar hugmyndafræði,

- tilmæli nr. 1743, um samkomulag milli Evrópuráðsins og Evrópusambandsins,
- tilmæli nr. 1744, um Evrópuráðið og Stofnun ESB um grundvallarréttindi,
- ályktun nr. 1496, um Hvíta-Rússland að loknum forsetakosningum 19. mars 2006,
- ályktun nr. 1497, um flóttafólk í Armeníu, Aserbaídsjan og Georgíu,
- tilmæli nr. 1745, um Hvíta-Rússland að loknum forsetakosningum 19. mars 2006.

*Þriðji hluti þingfundar 26.–30. júní:*
- ályktun nr. 1505, um framkvæmd ályktunar 1480, um kjörbréf landsdeildar Aserbaídsjan,
- tilmæli nr. 1753, um utanríkissamskipti Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1506, um utanríkissamskipti Evrópuráðsins,
- tilmæli nr. 1754, um meintar leynilegar handtökur og ólöglega fangaflutninga á milli landa, m.a. milli landa Evrópuráðsins,
- tilmæli nr. 1755, um mannréttindi óreglulegra farandverkamanna,
- ályktun nr. 1507, um meintar leynilegar handtökur og ólöglega fangaflutninga á milli landa, m.a. milli landa Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1508, um framlag Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu til efnahagsþróunar í Mið- og Austur-Evrópu,
- ályktun nr. 1509, um mannréttindi farandverkamanna,
- ályktun nr. 1510, um tjáningarfrelsi og virðingu fyrir trúarbrögðum,
- tilmæli nr. 1756, um að framfylgja ákvörðunum þriðja leiðtogafundar Evrópuráðsins,
- tilmæli nr. 1757, um fólksflutninga og flóttafólk í ljósi þriðja leiðtogafundar Evrópuráðsins,
- tilmæli nr. 1758, um eftirfylgni við þriðja leiðtogafundinn: forgang menningarlegrar samvinnu,
- tilmæli nr. 1759, um sameiginlegt átak þjóðþinga í baráttunni gegn heimilisofbeldi gegn konum,
- tilmæli nr. 1760, um afstöðu Evrópuráðsþingsins til aðildarríkja og áheyrnarríkja Evrópuráðsins sem ekki hafa afnumið dauðarefsingu,
- ályktun nr. 1511, um fólksflutninga og flóttafólk í ljósi þriðja leiðtogafundar Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1512, um sameiginlegt átak þjóðþinga í baráttunni gegn heimilisofbeldi gegn konum,
- ályktun nr. 1513, um umbætur á stjórnarskrá Bosníu og Hersegóvínu,
- ályktun nr. 1514, um afleiðingar þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Svartfjallalandi,
- ályktun nr. 1515, um framvindu eftirlitsstarfs Evrópuráðsþingsins (maí 2006 til júní 2006),
- tilmæli nr. 1761, um hindrun skógarelda,
- tilmæli nr. 1762, um akademískt frelsi og sjálfstæði háskóla.

*Fjórði hluti þingfundar 2.–6. október:*
- tilmæli nr. 1763, um stofnanir Evrópuráðsins,
- tilmæli nr 1764, um innleiðingu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu,
- ályktun nr. 1516, um innleiðingu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu,
- tilmæli nr 1765, um almennar stjórnmálaviðræður um ástandið á Balkanskaga,
- ályktun nr. 1517, um almennar stjórnmálaviðræður um ástandið á Balkanskaga,

- ályktun nr. 1518, um OECD og hagkerfi heimsins,
- tilmæli nr. 1766, um fullgildingu aðildarríkja Evrópuráðsins á sáttmála um vernd þjóðarbrota,
- ályktun nr. 1519, um menningarlega stöðu Kúrda,
- ályktun nr. 1520, um þróunina í Líbanon í ljósi ástandsins í Miðausturlöndum,
- ályktun nr. 1521, um straum innflytjenda til Suður-Evrópu,
- tilmæli nr. 1767, um straum innflytjenda til Suður-Evrópu,
- ályktun nr. 1522, um stofnun evrópskrar miðstöðvar til minningar um fórnarlömb nauðungarflutninga og þjóðernishreinsana,
- tilmæli nr. 1768, um ímynd hælisleitenda, flóttamanna og innflytjenda í fjölmiðlum,
- tilmæli nr. 1769, um þörfina á að samþætta atvinnu og fjölskyldulíf,
- ályktun nr. 1523, um hagsmuni Evrópu af áframhaldandi efnahagsþróun í Rússlandi,
- tilmæli nr. 1770, um styrkingu sveitarstjórna við landamæri Evrópuráðsríkjanna.

*Stjórnarnefndarfundur 13. nóvember:*

- ályktun nr. 1524, um þörf á auknu gagnsæi í vopnaviðskiptum,
- tilmæli nr. 1771, um stöðugleikabandalag á Suður-Kákasussvæðinu,
- tilmæli nr. 1772, um réttindi þjóðernisminnihluta í Lettlandi,
- ályktun nr. 1525, um stöðugleikabandalag á Suður-Kákasussvæðinu,
- ályktun nr. 1526, um ástandið í Kasakstan og tengsl landsins við Evrópuráðið,
- ályktun nr. 1527, um réttindi þjóðernisminnihluta í Lettlandi,
- tilmæli nr. 1773, um leiðarvísi frá 2003 um notkun tungumála þjóðernisminnihluta í ljósvakamiðlum og staðla Evrópuráðsins: nauðsyn þess að efla samvinnu við ÖSE,
- tilmæli nr. 1774, um Tyrki í Evrópu: farandverkamenn og nýja evrópska borgara,
- tilmæli nr. 1775, um stöðu Sama og finnsk-úgrísks fólks,
- ályktun nr. 1528, um óánægju stúdenta með raunvísindanám,
- ályktun nr. 1529, um opnar og gagnsæjar atkvæðagreiðslur á Evrópuráðsþinginu,
- tilmæli nr. 1776, um selveiðar.

## 823. Skýrsla [552. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2006.

**1. Inngangur.**

Á tímum hraðrar hnattvæðingar og aukins viðskiptafrelsis verða utanríkisviðskipti sífellt mikilvægari fyrir íslenska hagkerfið. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og Evrópska efnahagssvæðið (EES) gegna þar mikilvægu hlutverki sem grundvallarstoðir íslenskrar utanríkisverslunar og eykst mikilvægi þeirra með ári hverju. Tvö mikilvæg mál voru sérstaklega í brennidepli í starfsemi þingmannanefndar EFTA árið 2006 og beindust bæði að því að tryggja markaðsaðgang og viðskiptafrelsi fyrir aðildarríkin. Annars vegar fjallaði þingmannanefndin um fyrirhugaða stækkun Evrópusambandsins (ESB) sem tók gildi 1. janúar 2007 og hins vegar um gerð fríverslunarsamninga á milli EFTA og ríkja utan ESB.

Á starfsárinu var gengið frá áframhaldandi stækkun ESB til austurs þegar framkvæmdastjórn ESB samþykkti í nóvember inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu 1. janúar sl. Samningavið-

ræður EFTA og ESB um samhliða stækkun EES voru því eðlilega veigamikið mál á dagskrá þingmannanefnda EFTA og EES. Nefndirnar fengu reglulega upplýsingar um gang mála í viðræðum sínum við ráðherra, embættismenn og sérfræðinga. Helsta bitbeinið í samningaviðræðunum voru kröfur framkvæmdastjórnar ESB um þróunarstyrki EFTA til handa nýju aðildarríkjunum tveimur. Fór svo að ekki náðist samkomulag á árinu og því varð ekki af samhliða stækkun ESB og EES.

Líkt og undanfarin ár voru samskipti við svokölluð þriðju ríki, þ.e. ríki utan ESB, ofarlega á baugi í starfi þingmannanefndar EFTA en EFTA hefur lagt mikla áherslu á að gera fríverslunarsamninga við þriðju ríki. Með aukinni svartsýni á að niðurstaða náist í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafa fleiri alþjóðastofnanir og ríki beint sjónum sínum að gerð tvíhliða fríverslunarsamninga og ljóst er að samkeppni fer harðnandi á því sviði. Mikið var lagt upp úr umræðum um fríverslun á fundum með ráðherrum á árinu og áhersla lögð á að EFTA verði leiðandi afl í gerð fríverslunarsamninga á heimsvísu. Á árinu tók fríverslunarsamningur EFTA og Suður-Kóreu gildi, gengið var frá samkomulagi um fríverslun við Egyptaland sem búist er við að undirritað verði á vormánuðum 2007 og áfram var unnið að fríverslunarsamningum við Kanada og fleiri ríki. Þingmannanefndin lagði m.a. áherslu á gerð fríverslunarsamninga við Bandaríkin og Kanada.

Af öðrum stórum málum sem komu til umræðu hjá þingmannanefnd EFTA og EES árið 2006 má nefna Lissabon-áætlunina um vöxt, framtíð og samkeppnishæfni hagkerfis Evrópusambandsins, þjónustutilskipun ESB, innflytjendastefnu ESB, bann ESB við notkun fiskimjöls til dýrafóðurs og framtíðarstefnu sambandsins í siglingamálum en unnið er að sjálfbærri heildarstefnu hvað varðar siglingar, hafnamál, strandlengjur og ýmis önnur hagsmunamál tengd hafinu.

## 2. Almennt um þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 með það meginhlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss. Þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja sitja í þingmannanefndinni. Starfsemi nefndarinnar hefur aukist jafnt og þétt, í samræmi við aukin umsvif EFTA, bæði hvað varðar samskipti við ESB og samstarf við svokölluð þriðju ríki, þ.e. ríki utan ESB. Starfssvið nefndarinnar jókst til muna með tilkomu EES-samningsins sem tók gildi 1. janúar 1994. Með gildistöku samningsins varð nefndin að formi til tvískipt þar eð Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin skiptist því annars vegar í fjögur ríki sem aðild eiga að EFTA og hins vegar í þrjú aðildarríki EFTA sem aðild eiga að EES. Þingmannanefnd EFTA fundar þó ávallt í einu lagi en Svisslendingar sitja sem áheyrnarfulltrúar þegar málefni sem varða EES-samninginn eru tekin fyrir. Í frásögnum hér á eftir verður fjallað um þessar tvær formlegu þingmannanefndir EFTA sem eina heild.

Alþingi á fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA líkt og önnur aðildarríki. Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári og á tveimur fundum sínum á hún auk þess fund með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar almennt um starfsemi EFTA, málefni EES og ESB, gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga og viðskiptamál í víðu samhengi. Nefndin á einnig samstarf við þing þeirra ríkja sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við. Þessi þáttur í starfi EFTA vex stöðugt og eru fríverslunarsamningar nú umfangsmikill hluti starfssviðs EFTA.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar hittist fyrir hvern fund og á milli funda ef þörf er á. Hún undirbýr starf nefndarinnar, hefur umsjón með verkefnum og gefur álit á fjárhags-

áætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), auk þess að fjalla um aðkallandi mál. Framkvæmdastjórnin kemur oft fram fyrir hönd þingmannanefndarinnar í samskiptum við þing þriðju ríkja. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-ríki, en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Auk formanns hefur af hálfu Íslandsdeildar einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Í EES-samningnum er gert ráð fyrir sameiginlegri þingmannanefnd EES (95. gr. samningsins). Í hinni sameiginlegu þingmannanefnd EES eru 24 þingmenn, tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá hinum þremur EES-aðildarríkjum EFTA (EFTA-hluti sameiginlegrar þingmannanefndar EES). Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Þingmannanefndin fylgist með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefur álit sitt á EES-málum. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda eftir þörfum. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni á milli ára.

Þingmannanefnd EES lætur til sín taka á öllum sviðum EES-samstarfsins. Hún tekur fyrir ákveðin málefni hverju sinni, stendur fyrir skýrslugerð og samþykkir ályktanir. Skýrslugerð um hvert mál sem tekið er fyrir er í höndum tveggja framsögumanna, annars úr hópi EFTA-þingmanna og hins úr hópi Evrópuþingsmanna. Skýrsla framsögumanna er alfarið á þeirra eigin ábyrgð en nefndin sendir venjulega frá sér ályktun þegar umfjöllun um málið er lokið. Ályktanir nefndarinnar eru sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, Evrópunefnda þjóðþinga ESB, Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA/EES-ríkja. Þingmannanefndin fylgist náið með því hvernig mál sem hún hefur tekið fyrir þróast og þegar hún telur að framvinda mála sé ófullnægjandi tekur hún þau upp aftur. Nefndin beinir einnig sjónum sínum sérstaklega að áhrifum þjóðþinga EFTA-ríkjanna á EES-samninginn og lagasetningu í tengslum við hann. Fulltrúar ráðherraráðs EFTA og embættismenn stofnana EFTA og ESB mæta á fundi nefndarinnar til að skýra frá framvindu mála og svara spurningum nefndarmanna.

### 3. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Í upphafi árs 2006 skipuðu Íslandsdeildina eftirfarandi þingmenn: Guðlaugur Þór Þórðarson formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Bjarni Benediktsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru þau Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Jón Gunnarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Sigurður Kári Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Hinn 9. mars 2006 tilkynnti forseti Alþingis að Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, tæki sæti í Íslandsdeildinni í stað Kristins H. Gunnarssonar og að Dagný Jónsdóttir yrði nýr varamaður í stað Birkis. Á fundi Íslandsdeildarinnar 15. mars var Birkir J. Jónsson kjörinn varaformaður nefndarinnar.

Ný Íslandsdeild var kjörin 2. október í upphafi 133. þings með óbreyttri skipan aðalmanna. Þær breytingar urðu á varamönnum að Ögmundur Jónasson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, varð varamaður í stað Þórunnar Sveinbjarnardóttur og Sæunn Stefánsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, varð varamaður í stað Dagnýjar Jónsdóttur. Hinn 5. október voru Guðlaugur Þór Þórðarson og Birkir J. Jónsson endurkjörnir sem formaður og

varaformaður Íslandsdeildar. Arna Gerður Bang var ritari Íslandsdeildar í upphafi árs en Stígur Stefánsson tók við 1. febrúar.

**4. Starfsemi Íslandsdeildar.**

Íslandsdeildin var venju samkvæmt mjög virk í starfi þingmannanefnda EFTA og EES á árinu og lét að sér kveða í öllum helstu málum sem komu til umræðu í nefndunum. Guðlaugur Þór Þórðarson var skýrsluhöfundur einnar af fjórum skýrslum þingmannanefndar EES ásamt breska Evrópuþingmanninum Diana Wallis. Skýrslan fjallaði um innleiðingu EES-löggjafar en í henni var skoðað hvort munur væri á EFTA-ríkjunum annars vegar og ESB-ríkjunum hins vegar hvað varðar að virða tímamörk við innleiðingu EES-gerða í innlenda löggjöf.

Þá tók Íslandsdeildin bann ESB við fiskimjöli til dýrafóðurs ítrekað upp á fundum þingmannanefndar EES en banninu var komið á árið 2001 þegar óttinn við kúariðu var hvað mestur. Bjarni Benediktsson lagði fram greinargerð um málið á fundi þingmannanefndar EES þar sem fram kom að engin vísindaleg rök væru gegn fiskimjölsfóðri. Bannið kom á sínum tíma til af ótta við að það yrði drýgt með ólöglegu kjöt- og beinamjöli en þegar árið 2003 var búið að finna örugga aðferð til að greina slíka blöndun. Þá lagði framkvæmdastjórn ESB til að banninu yrði aflétt en Evrópuþingið hefur sett sig á móti því. Þingmannanefndin hefur átt í viðræðum og bréfaskriftum við Evrópuþingið vegna málsins og mun halda áfram að vinna að lausn þess.

Guðlaugur Þór tók sjóræningjaveiðar á Norður-Atlantshafi og aðgerðir til að sporna við þeim upp innan þingmannanefndar EES. Dæmi eru um að skip, sem stunda veiðarnar og sigla undir hentifána, hafi fengið þjónustu í evrópskum höfnum. Auk þess að reifa málið á fundi þingmannanefndarinnar sendi Guðlaugur Þór nefndarmönnum bréf þar sem þau Evrópulönd voru talin upp sem veitt hafa skipum sem stunda sjóræningjaveiðar þjónustu í höfnum sínum. Þá var í bréfinu greint frá nýjum reglum, sem settar hafa verið að frumkvæði Íslendinga í Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni (NEAFC) þar sem bann er lagt við að hleypa skipum sem stunda ólöglegar veiðar til hafnar. Fór Guðlaugur Þór þess á leit við þingmenn nefndarinnar að þeir fylgdust með því að hinum nýju reglum yrði framfylgt í þeirra löndum.

Venja er að Íslandsdeildin haldi fund með Evrópunefnd þjóðþings þess ríkis sem stendur næst í röðinni til þess að taka við formennsku í ESB, en nýtt formennskuríki tekur við á sex mánaða fresti. Finnar tóku við formennsku á miðju ári og Þjóðverjar í ársbyrjun 2007.

Fundur Íslandsdeildar með fulltrúum Stórunefndar finnska þingsins, sem hefur Evrópumál á sínu starfssviði, fór fram í Helsinki 28. mars. Af hálfu deildarinnar sóttu fundinn þau Guðlaugur Þór Þórðarson formaður, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Bjarni Benediktsson auk Stígs Stefánssonar ritara. Jari Vilén, formaður Stórunefndar, gerði grein fyrir helstu áherslumálum Finna á síðari árshelmingi 2006 svo sem styrkingu hinnar norðlægu víddar ESB, vinnu að stækkun sambandsins og stjórnarskrármálinu. Guðlaugur Þór gerði grein fyrir aðkomu Íslands að Evrópusamstarfi með EES-samningnum, greiðslum í þróunarsjóði fyrir fátækari aðildarríki ESB og þátttöku í Schengen. Guðlaugur Þór sagði aðild að EES-samningnum að mestu óumdeilda á Íslandi og fór stuttlega yfir stefnu ríkisstjórnarinnar í Evrópumálum. Nokkuð var rætt um innleiðingu EES-gerða í íslenska löggjöf og að stundum ættu slíkar gerðir ekki við íslenskar aðstæður. Ingibjörg Sólrún nefndi samkeppnisreglur um raforku sem dæmi sem ættu illa við enda Ísland ekki tengt rafmagnsneti og þar með rafmagnsmarkaði meginlands Evrópu. Að lokum spurðu finnsku þingmennirnir út í stöðu varnarmála á Íslandi.

Fundur Íslandsdeildar með fulltrúum Evrópunefndar þýska þingsins fór fram í Berlín 30. nóvember. Af hálfu deildarinnar sóttu fundinn þeir Guðlaugur Þór Þórðarson formaður, Jón Gunnarsson og Birgir Ármannsson auk Stígs Stefánssonar ritara. Kurt Bodewig, varaformaður nefndarinnar, setti fundinn og gerði grein fyrir helstu áherslumálum Þjóðverja á fyrri árshelmingi 2007, svo sem áframhaldandi vinnu í stjórnarskrármálum ESB þar sem leitað verður leiða til að bjarga stjórnarskrárdrögum sem hafnað var í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi árið 2005. Áhersla verður lögð á að vinna áfram að markmiðum Lissabon-áætlunarinnar um að auka samkeppnishæfni ESB en gæta um leið að félagslegum réttindum borgara sambandsins. Einnig verður lögð sérstök áhersla á að móta sameiginlega stefnu ESB í orkumálum. Þá verður sérstakur leiðtogafundur haldinn í Berlín 25. mars nk. í tilefni af 50 ára afmæli Rómarsáttmálans. Á fundinum munu leiðtogarnir samþykkja yfirlýsingu um sameiginleg gildi og framtíðarsýn ESB. Enn fremur verður unnið að því að ná samkomulagi í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þó að svartsýni gæti um að það takist. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði það sem fyrir lægi um formennskuáætlun Þjóðverja valda áhyggjum hvað varðar efnahagslega styrkingu Evrópu og aukna samkeppnishæfni. Þörf væri kröftugra umbóta í efnahagsmálum álfunnar, aflétta þyrfti íþyngjandi reglugerðum af atvinnulífinu og tryggja því sveigjanlegri skilyrði til þess að standast hnattræna samkeppni. Illa hefði gengið að ná markmiðum Lissabon-áætlunarinnar og það yrði aðeins gert með því að auka viðskiptafrelsi og samkeppni á innri markaði ESB og EES. Guðlaugur Þór gerði því næst grein fyrir aðkomu Íslands að Evrópusamstarfi með EES-samningnum, greiðslum í þróunarsjóði ESB og þátttöku í Schengen. Hann sagði aðild að EES-samningnum að mestu óumdeilda á Íslandi en að margt stæði í vegi ESB-aðildar. Nefndi Guðlaugur Þór afdrif íslensks sjávarútvegs innan sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB, galla evrunnar fyrir íslenska hagkerfið og þungt regluverk ESB sem helstu hindranir fyrir aðild Íslands, auk þess sem pólitískur ávinningur aðildar væri óljós. Birgir Ármannsson nefndi að þó að Íslendingar ættu mikil viðskipti við ESB þá stæðu helstu viðskiptalönd eins og Bretland utan evrunnar og að hagsveiflur á Íslandi hefðu ekki fylgt sveiflum á meginlandi Evrópu. Þó væru margir aðilar innan atvinnulífsins þess sinnis að upptaka evru hefði fleiri kosti en galla. Jón Gunnarsson gerði grein fyrir stefnu Samfylkingarinnar í Evrópumálum. Kvaðst hann vonast til að Evrópumálin kæmust á dagskrá fyrir alþingiskosningarnar 12. maí nk. og nefndi að aðstæður og afstaða Íslands mundu gerbreytast ef Norðmenn sýndu aðild áhuga á nýjan leik.

**5. Yfirlit yfir fundi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu og frásagnir af þeim.**

Starfsemi nefndanna var með reglulegum hætti á árinu 2006 þar sem haldnir voru nokkrir fundir bæði þingmannanefndar EES og þingmannanefndar EFTA, auk funda með ráðherraráði EFTA og ráðgjafanefndar EFTA, en í henni sitja fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Auk hefðbundinna funda átti sendinefnd þingmannanefndar EFTA fundi með króatískum þingnefndum í samræmi við stefnu sína um að mynda tengsl við þjóðþing verðandi ESB/EES-ríkja. Fjórar skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Hér á eftir verður gerð grein fyrir fundum þingmannanefndar EFTA og EES á árinu.

*Fundir sendinefndar þingmannanefndar EFTA með króatískum þingnefndum í Zagreb 23. febrúar 2006.*

Á síðustu þremur árum hafa fulltrúar framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA heimsótt þing í verðandi ESB/EES-ríkjum eins og Póllandi, Eystrasaltsríkjunum, Tékklandi, Slóvakíu, Rúmeníu og Tyrklandi. Tilgangur þessara ferða hefur verið að kynna EES-samninginn sem hefur eða mun leysa af hólmi aðra eldri viðskiptasamninga EFTA við þessi lönd við inngöngu í ESB. Auk þess hafa þingmenn EFTA-ríkjanna kynnt sér aðstæður og úrlausnarefni í aðildarviðræðum umsóknarlandanna. Sendinefnd þingmannanefndar EFTA fór til Zagreb 23. febrúar og átti fundi með króatískum þingnefndum og fulltrúum króatíska utanríkisráðuneytisins. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina þau Guðlaugur Þór Þórðarson formaður og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir auk Stígs Stefánssonar ritara.

Í króatíska þinginu voru haldnir fundir með þremur nefndum, efnahagsnefnd undir forustu Dragutin Pukles, utanríkismálanefnd undir forustu Miomir Zuzul og Evrópunefnd sem Neven Mimica var í fyrirsvari fyrir. Auk þess átti sendinefndin fund með Zeljko Kupresak, aðstoðarutanríkisráðherra Króatíu. Vel var tekið á móti EFTA-sendinefndinni og króatísku þingmennirnir þekktu vel til EFTA og EES. Allir stjórnmálaflokkar Króatíu styðja aðild landsins að ESB. Ráðherraráð ESB ákvað í nóvember 2005 að hefja aðildarviðræður við landið eftir að stríðsglæpadómstóllinn í Haag lýsti því yfir að Króatía sýndi dómstólnum fulla samvinnu. Viðmælendur sendinefndarinnar voru á þeirri skoðun að aðild að ESB mundi festa í sessi þær umbætur og framfarir sem náðst hefðu í efnahagslífi landsins. Þeir gerðu jafnframt grein fyrir veikleikum hagkerfisins svo sem fjárlagahalla, erlendum skuldum, miklu atvinnuleysi og lítilli erlendri fjárfestingu. Fyrirsjáanlegt væri að erfiðustu svið aðildarviðræðnanna yrðu landbúnaðarmál, kvótar á nautgriparækt, vínyrkja, matvælaöryggi og gæðaeftirlit. Búast mætti við að umhverfismálin yrðu einnig erfið því dýrt væri að uppfylla ESB-staðla í þeim málum. Þá lýstu króatísku þingmennirnir áhyggjum af fasteignamarkaði, einkum því að ríkir ESB-borgarar mundu kaupa upp orlofshús og landareignir á strandlengju Króatíu. Vonuðust þingmennirnir til að Króatía gæti gengið í ESB árið 2008 eða 2009 en að markmið væri að geta tekið þátt í kosningunum til Evrópuþingsins í júní 2009. Guðlaugur Þór Þórðarson spurði hverju það sætti að svo mikill munur mældist í skoðanakönnunum á stuðningi við ESB-aðild annars vegar og NATO-aðild hins vegar. Í slíkum könnunum styður um helmingur aðspurðra ESB-aðild en einungis um 30% aðild að NATO. Svarið var á þá leið að enn væru blendnar tilfinningar í garð NATO eftir átökin á Balkanskaga og að enn hefðu margir Króatar samúð með Ante Gotovina hershöfðingja sem bíður dóms stríðsglæpadómstólsins í Haag. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir spurði hvernig skýra mætti minnkandi stuðning við ESB-aðild í skoðanakönnunum. Því var svarað svo til að stuðningur almennings við ESB-aðild færi mjög eftir því hvort hann teldi sambandið beita landið óþægilegum þrýstingi í viðræðunum en þá dala vinsældir aðildar. Þegar ESB þykir sýna hörku í viðræðunum minnkar þannig stuðningur við aðild.

*56. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 81./49. fundur þingmannanefndar EFTA sem haldnir voru í Brussel 29. mars 2006.*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina þau Guðlaugur Þór Þórðarson formaður, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Bjarni Benediktsson auk Stígs Stefánssonar, ritara Íslandsdeildar.

Á fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var farið yfir dagskrár og umræðuefni funda og ráðstefna sem þingmannanefndin gengst fyrir eða tekur þátt í á árinu. Rætt var

um að eiga fund með þeirri þingnefnd kanadíska þingsins sem fer með málefni utanríkisviðskipta og þrýsta á um niðurstöðu í viðræðum EFTA og Kanada um fríverslunarsamning. Í umræðu um undirbúning fyrir árlegan fund þingmannanefndar EFTA með EFTA-ráðherrunum á Höfn 26. júní var rætt um áherslur nefndarinnar varðandi framtíð EFTA. Guðlaugur Þór lagði mikla áherslu á að EFTA ætti mörg sóknarfæri, skoða þyrfti möguleika á að fjölga aðildarríkjum og leggja allt kapp á að fjölga fríverslunarsamningum samtakanna við þriðju ríki. Þá var farið yfir drög að dagskrá ráðstefnu sem þingmannanefndin hugðist gangast fyrir í samvinnu við ráðgjafanefnd EFTA í Genf 16.–17. nóvember 2006. Yfirskrift ráðstefnunnar var Evrópsk fríverslun í hnattvæddum heimi.

Á fundi þingmannanefndar EFTA voru helstu dagskrárliðir áherslur yfirstandandi formennsku Austurríkismanna í ESB, þróun í samstarfi EFTA við þriðju ríki, væntanlegar EES-gerðir á sviði þjónustu og fjármála auk þróunar EES-gerða um vöruskipti á innri markaðnum.

Áherslurnar í formennskutíð Austurríkis í ESB voru kynntar af Othmar Horvath, sérstökum sendifulltrúa efnahags- og atvinnumálaráðuneytis Austurríkis. Horvath sagði áherslu lagða á að klára þjónustutilskipun ESB á formennskutíma Austurríkis og að ný tillaga framkvæmdastjórnar ESB yrði lögð fyrir ráðherraráð samkeppnismála í maí. Þá greindi Horvath frá því að óljóst væri hvort vinnutímatilskipun sem setti þak á hámarksvinnutíma næði fram að ganga því ólíkar hefðir væru innan landa ESB um hvort þetta væri málefni stjórnvalda eða samningsatriði verkalýðsfélaga og atvinnurekenda á hverjum stað. Þá var greint frá því að EFTA-ríkin yrðu að ákveða fyrir lok apríl hvort þau framlengdu aðlögunartíma sinn gagnvart frjálsri för vinnuafls frá nýjum aðildarríkjum ESB. Þá leggja Austurríkismenn áherslu á þörf á nýrri orkustefnu sem tryggir að EES-svæðið sé ekki of háð einum orkuseljanda minnugir þess þegar Rússar skrúfuðu fyrir gassölu sína til Úkraínu. Guðlaugur Þór benti á að aukinnar verndarstefnu hefði gætt hjá sumum aðildarríkja ESB sem væri ekki í anda Lissabon-áætlunarinnar. Spurði hann hvort Austurríkismenn hefðu beitt sér gegn þessu í formennskutíð sinni. Horvath svaraði því til að menn hefðu óttast aukna efnahagslega þjóðernishyggju á fundum ráðherraráðsins en sú hefði þó ekki orðið raunin og ekkert verið rætt um þetta efni í ráðinu.

Þá var rætt um samstarf EFTA við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga. William Rossier, framkvæmdastjóri EFTA, gaf greinargott yfirlit yfir stöðu mála og ræddi framtíðarmöguleika á þessu sviði. Á síðustu árum hefur EFTA lagt aukna áherslu á samvinnu við ríki Asíu og Suður-Ameríku og það hefur þegar skilað árangri. Nefndi Rossier Argentínu, Brasilíu og Rússland sem möguleg ný samstarfslönd auk þeirra sem þegar er unnið að gerð fríverslunarsamninga við. Guðlaugur Þór sagði að góð vinna færi fram hjá EFTA á þessu sviði og spurðist fyrir um hvernig stæði með umleitanir á milli Sviss og Bandaríkjanna um gerð fríverslunarsamnings og hvort möguleiki væri á fríverslun við einhver af ríkjum Balkanskaga. Ingibjörg Sólrún spurðist fyrir um stöðu fríverslunar við heimastjórnarsvæði Palestínumanna. Rossier svaraði því til að Sviss hefði upphaflega viljað standa að fríverslunarviðræðum við Bandaríkin með EFTA en ekki hafi verið samstaða um það á meðal EFTA-ríkjanna. Sviss hefði því lagt í tvíhliða könnunarviðræður við Bandaríkin um fríverslun sem var hætt áður en kom að formlegum viðræðum. Rossier sagði sérstakt samkomulag hafa verið gert við palestínsku heimastjórnina en því væri ekki hægt að hrinda í framkvæmd nema með þátttöku Ísraels af tæknilegum orsökum.

EES-gerðir á sviði vöruskipta voru þá á dagskrá en þær eru ESB-gerðir um sameiginlega markaðinn sem EFTA-ríkjum EES er skylt að taka upp í eigin landslög eða reglugerðir. Geir Brekkevold frá skrifstofu EFTA flutti framsögu og taldist til að samkvæmt óopinberum tölum væri heildarfjöldi EES-gerða um 4.000 og af þeim væru um 2.700 á sviði vöruskipta. Gerði

Brekkevold grein fyrir á hvaða sviðum vöruskipta EFTA hefði skilað umsögnum við undirbúning gerða á undanförnum árum. Því næst fór hann yfir gerðir á sviði matvælaöryggis og loks var rætt um þróun orkumála á EES-svæðinu. Annars vegar var farið yfir aðgerðir til að auka enn frjálsræði á gas- og raforkumörkuðum og hins vegar nýja aðgerðaáætlun ESB fyrir sjálfbæra, samkeppnishæfa og örugga orku þar sem áhersla er lögð á sameiginlegan innri orkumarkað Evrópu.

Að lokum var þróunin hvað varðar þjónustu á EES-svæðinu til umræðu. Þórunn J. Hafstein frá skrifstofu EFTA gerði grein fyrir hinni umdeildu þjónustutilskipun ESB og aðkomu EFTA að mótun hennar. Tilgangur tilskipunarinnar er að auka flæði þjónustu yfir landamæri innan ESB til að skapa aukin tækifæri fyrir evrópsk fyrirtæki, auka framleiðni og skapa störf og skila ávinningi til neytenda með aukinni samkeppni á þessu sviði. Þórunn nefndi að umfang þjónustu væri að aukast á EES-svæðinu og næmi nú um 70% af vergri landsframleiðslu svæðisins auk þess sem um 60% vinnuaflans starfa við þjónustu.

*37. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES og 26. fundur þingmannanefndar EES sem haldnir voru í Tromsø 22.–23. maí 2006.*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina þeir Guðlaugur Þór Þórðarson formaður og Jón Gunnarsson auk Stígs Stefánssonar ritara.

Að venju var haldinn fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES þar sem starf nefndarinnar var skipulagt. Farið var stuttlega yfir ályktanadrög og breytingartillögur við þau fyrir Tromsø-fundinn. Þá var farið yfir hvaða mál nefndin hyggst taka fyrir á næstunni. Þar á meðal voru þjónustutilskipun ESB, áframhaldandi vinna að úttekt á innleiðingu EES-gerða, og aðgerðaáætlun vegna hinnar norðlægu víddar ESB. Guðlaugur Þór Þórðarson lagði áherslu á að áfram yrði unnið að því að fá banni ESB á fiskimjöli til fóðrunar dýra hnekkt.

Á fundi þingmannanefndarinnar var að venju rætt um þróun og stöðu EES-samningsins og viðbrögð framkvæmdarvaldsins við ályktunum síðasta fundar nefndarinnar. Á fundinn mættu eftirfarandi embættismenn frá EFTA og ESB til viðræðna um þau mál: Anton Kozusnk, sendiherra og fulltrúi austurrísku formennskunnar í EES-ráðinu, Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra og fulltrúi formennsku hinnar sameiginlegu EES-nefndar, Matthias Brinkmann frá framkvæmdastjórn ESB og Bjørn T. Grydeland, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA. Í umræðunum var samhljómur um það að framkvæmd EES-samningsins gengi vel. EFTA-ríkin innleiddu EES-gerðir hratt í löggjöf sína sem stuðlaði að reglusamræmingu á EES-svæðinu. Þá hefði stækkun EES-svæðisins í kjölfar stækkunar ESB 1. maí 2004 tekist vel. Sá háttur var hafður á að ný aðildarríki ESB urðu sjálfkrafa aðilar að EES til bráðabirgða þar til samningur um stækkun EES tók gildi eftir fullgildingu allra samningsaðila. Því ferli lauk 6. desember 2005. Nokkuð var rætt um fyrirhugaða stækkun ESB en áætlað var að Búlgaría og Rúmenía fengju aðild að sambandinu árið 2007 eða 2008. Rætt var um möguleika á að hafa sama háttinn við stækkun EES og 2004 þannig að hún tæki gildi samtímis stækkun ESB. Guðlaugur Þór varpaði fram þeirri spurningu hvort framkvæmdastjórn ESB óttaðist ekki að vandamál varðandi skipulagða glæpastarfsemi í Rúmeníu settu strik í reikninginn. Þá spurði hann hvernig framkvæmdastjórnin sæi fyrir sér framlög EFTA í þróunarsjóði fyrir fátæk ESB-ríki í framtíðinni. Loks spurði Guðlaugur Þór hvort einhver hreyfing væri á fiskimjölsmálinu og sagði að bann við notkun fiskimjöls til fóðrunar jórturdýra væri ótækt þar sem engin vísindaleg rök væru fyrir því að þar færi heilsufarsleg ógn. Matthias Brinkmann svaraði því til að skipulögð glæpastarfsemi væri vissulega vandamál og að framkvæmdastjórn ESB gæti ákveðið að fresta stækkun í október en það væri þó ólíklegt. Hvað varðar framlög

EFTA til þróunar fátækari ríkja ESB þá gilti núverandi þróunarsjóður EES sem samþykktur var vegna síðustu stækkunar, til 5 ára eða til ársins 2009. Búast mætti við að ESB færi fram á þriðjungs hækkun vegna Búlgaríu og Rúmeníu á núverandi gildistíma. Stefán Haukur Jóhannesson lagði áherslu á að EFTA-ríkin hefðu samkvæmt EES-samningnum enga lögformlega skyldu til að greiða í þróunarsjóði fyrir ný aðildarríki ESB svo hugmynd að einfaldri þriðjungs hækkun núverandi útgjalda væri óásættanleg. Þetta yrði leyst í samningaviðræðum EFTA og ESB. Stefán Haukur sagði smá skref hafa verið tekin í fiskimjölsmálinu í Evrópuþinginu í byrjun maí. Bannið væri þó enn við lýði og áfram yrði unnið að því að afnema það.

Þá voru skýrslur og ályktunardrög tekin til umfjöllunar. Svein Roald Hansen og Paul Rübig lögðu fram skýrslu um orku- og umhverfismál á norðurslóðum þar sem sjónum var einkum beint að því hversu háð Evrópa er orkuinnflutningi og hvernig aukin gas- og olíuvinnsla í Barentshafi gæti orðið liður í því að sporna við þeirri þróun. Auk þess fjallaði skýrslan um hinar hröðu loftslagsbreytingar á norðurslóðum og afleiðingar þeirra, t.d. hvernig hiti mun hækka, ísinn bráðna og yfirborð sjávar hækka á næstu áratugum. Vísindamenn búast við hækkun meðalhita allt frá 1,5°–6° og að sjávaryfirborð hækki um 0,5–1 m fyrir lok þessarar aldar. Dr. Jan-Gunnar Winther, forstöðumaður norsku Norðurskautsstofnunarinnar, flutti fyrirlestur um þessi mál. Að loknum fyrirlestrinum spurðist Guðlaugur Þór fyrir um óútkljáðar landamæradeilur Norðmanna og Rússa í Barentshafi og hvort loftslagsbreytingar hefðu þegar haft áhrif á ferðir og viðverustaði fiskstofna. Þá spurði Guðlaugur Þór hvort aukin notkun endurnýjanlegra orkugjafa, svo sem vatnsorku og jarðhita, væri ekki mikilvæg til þess að sporna gegn loftslagsbreytingum. Fram kom að ekki stendur til að leita olíu eða gass á þeim svæðum í Barentshafi sem Norðmenn og Rússar hafa ekki samið um skiptingu á. Deilan kemur ekki í veg fyrir orkunýtingu í Barentshafi þar sem deilurnar ná ekki til þeirra svæða sem ríkust eru talin að auðlindum. Loftslagsbreytingarnar eru þegar farnar að hafa áhrif á ferðir fiskstofna og talið er að þau muni aukast í framtíðinni. Þá sagði Winther vægi endurnýjanlegra orkugjafa aðeins geta aukist til lengri tíma litið og það væri mikilvægt fyrir alla umhverfisvernd og þar með sem liður í að hamla gegn loftslagsbreytingum. Í umræðum um ályktun skýrslunnar komu fram skiptar skoðanir um 13. gr. sem kvað á um að hvetja ætti framkvæmdastjórn ESB til að kanna hvort tengja mætti framlög EFTA-ríkjanna í þróunarsjóði EES við fjármögnun hinnar norðlægu víddar sambandsins þegar kæmi að því að endurskoða þróunarsjóði EES og Norðmanna. Brinkmann, fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar, taldi að slíkt yrði hrein viðbót við þau framlög sem farið verður fram á vegna Búlgaríu og Rúmeníu. Guðlaugur Þór taldi að málsgreinin væri ótímabær þar sem viðræður EFTA og ESB um framlög í þróunarsjóði eftir árið 2009 væru ekki hafnar og taldi réttara að þingmannanefndin biði með slíkar ályktanir þar til forsendur og grundvöllur viðræðnanna væru ljósar. Greidd voru atkvæði um málsgreinina sem var samþykkt en Guðlaugur Þór og Jón Gunnarsson sátu hjá.

Þegar kom að ályktun um ársskýrslu um virkni EES-samningsins spannst nokkur umræða um 18. gr. sem kvað á um að fagna framlögum EFTA-ríkjanna til þess að minnka félagslegt og efnahagslegt misræmi í Evrópu og óska þess að framlög þeirra héldu áfram. Í tengslum við greinina lét Guðlaugur Þór bóka sérstaklega að EFTA hefði engar lagalegar skyldur til að auka framlög í þróunarsjóði til handa nýjum aðildarríkjum ESB.

Þá voru tekin fyrir skýrsludrög Diana Wallis og Guðlaugs Þórs um innleiðingu EES-gerða á EES-svæðinu. Skoðað var hvort munur væri á innleiðingarferli annars vegar í EFTA-ríkjunum og hins vegar ESB-ríkjunum. Fullunnin skýrsla yrði lögð fyrir næsta fund þingmanna-

nefndar EES. Auk þeirrar skýrslu var ákveðið að vinna að skýrslu um stækkun ESB og fjármagnskerfi EES fyrir næsta fund. Þá yrði fiskimjölsmálið einnig tekið fyrir.

*57. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 82./49. fundur þingmannanefndar EFTA, 7. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðgjafanefnd EFTA og 34. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA sem haldnir voru á Höfn í Hornafirði 26. júní 2006.*

Fundina sátu Bjarni Benediktsson, Lúðvík Bergvinsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Sigurður Kári Kristjánsson auk Tómasar Brynjólfssonar, starfandi ritara Íslandsdeildarinnar.

Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu Bjarni Benediktsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir auk ritara. Þar var farið yfir helstu mál og starfið skipulagt. Meðal þess sem var efst á baugi í umræðu þingmannanefndar EFTA var fyrirhuguð ráðstefna hennar í Genf í nóvember um evrópska fríverslun í hnattrænum heimi og framtíð fríverslunarsamninga við þriðju ríki.

Sebastian Remöy frá skrifstofu EFTA í Brussel kom á fund þingmannanefndarinnar og kynnti þróun helstu stefnumála sem tengjast innri markaðnum. Meðal þess sem Remöy ræddi um voru innri markaðsstefnan, áætlunin um vöxt og störf, nágrannastefna Evrópu, samskipti ESB við innri markaðinn og öryggismál tengd innri markaðnum. Remöy lagði mesta áherslu á síðasta þáttinn og hvernig ýmsar tilskipanir varðandi innri markaðinn hefðu einnig tengsl við öryggishagsmuni. Hann ræddi um möguleg áhrif hryðjuverkaárása á starfshæfni innri markaðarins og ákvæði sem heimila stöðvun hans. Remöy fjallaði einnig um áhrif erfiðleika Doha-samningalotunnar á framtíð EFTA. Hann taldi að ef niðurstaða fengist ekki í Dohalotunni mætti búast við miklu kapphlaupi ríkja heims eftir fríverslunarsamningum. Rætt var stuttlega um tengsl fríverslunarsamninga og mannréttindaákvæða. Bjarni Benediktsson lagði áherslu á hlutverk EFTA sem fríverslunarstofnunar og að sá þáttur yrði að ganga fyrir og að hægt væri að þrýsta á um bætt mannréttindi eftir öðrum og betri leiðum. Einnig var ákveðið að skrifstofa EFTA gerði skýrslu um tengsl fríverslunarsamninga og tryggingu hugverkaréttar, sérstaklega á heilbrigðissviði. Rætt var um hugsanlega ferð þingmannanefndarinnar til Kanada til þess að þrýsta á þarlend stjórnvöld að ljúka fríverslunarsamningi við EFTA. Ráðgert er að ferðin verði farin vorið 2007.

Haldinn var sameiginlegur fundur þingmannanefndar EFTA og ráðgjafanefndar EFTA, en í henni sitja aðilar vinnumarkaðarins. Á fundinum var rætt um frjálst flæði vinnuafls, sérstaklega frá Austur-Evrópu. Nefndarmenn voru almennt sammála um að vandamál tengd fólksflutningum hefðu orðið minni hingað til en búist var við. Á fundinum var sérstaklega rætt um frekari stækkun ESB með inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu. Halldór Grönvold frá ASÍ benti á að hlutfall erlends vinnuafls væri hæst á Íslandi af öllum aðildarríkjum ESB. Hann sagði frá þróun mála á Íslandi og sagði að borið hefði á félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði, sérstaklega í hótel- og veitingarekstri og í byggingariðnaðinum.

Á fundi þingmannanefndar EFTA með ráðherrum voru á dagskrá samskipti við þriðju ríki, þ.e. gerð fríverslunarsamninga, og málefni EES. Rætt var um nýundirskrifaðan fríverslunarsamning við Tollabandalag suðurhluta Afríku (SACU). Einnig var fjallað um nýundirritaðan samning við Suður-Kóreu. Ráðherrarnir voru sammála um að viðræður innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar væru mikilvægar en ef niðurstöður fengjust ekki þar væri nauðsynlegt að EFTA yrði leiðandi afl í gerð fríverslunarsamninga. Ekki þyrfti lengur að elta Evrópusambandið, sem hefði einbeitt sér að samningum við Miðjarðarhafsríki, heldur gæti EFTA orðið leiðandi afl á þessu sviði sem tíunda stærsta hagkerfi heimsins.

Nokkur umræða varð um mikilvægi þess að aðildarríki EFTA nýttu sér stofnunina við samningagerð. Í þessu sambandi gerði norski þingmaðurinn Börge Brende tvíhliða viðræður Íslendinga við Kínverja um hugsanlegan fríverslunarsamning að umræðuefni. Hann taldi mikilvægt að slíkar viðræður yrðu færðar undir EFTA. Ráðherrarnir svöruðu því til að í sumum tilfellum, eins og varðandi Kína, þá hefði viðkomandi ríki aðeins áhuga á að gera fríverslunarsamning við eitt EFTA-ríkjanna frekar en að semja við aðildarríki stofnunarinnar í samfloti. Bjarni Benediktsson spurði um hugsanlega aðild Færeyja að EFTA. Svissneski ráðherrann var fyrir svörum. Hann sagði aðild Færeyja mjög ólíklega. Hann taldi að aðildin hefði í för með sér mikinn kostnað sem erfitt væri að réttlæta fyrir svo lítið land. Hann benti einnig á að nauðsynlegt væri að opna fríverslunarsamninga EFTA til þess að bæta Færeyjum við. Í sumum tilfellum gætu þriðju ríki þá tekið upp önnur mál og reynt að fá breytingar á viðkvæmum þáttum samninganna. Bjarni spurði einnig hvort hugsanleg ákvörðun ESB um að taka útblástur flugvéla inn í mengunarkvóta sambandsins hefði áhrif á áhuga EFTA-ríkjanna að ganga inn í kvótakerfið. Ráðherrarnir höfðu ekki svör á reiðum höndum. Bjarni spurði að lokum hvort breytinga væri von á þeirri stefnu Norðmanna að halda fjárfestingum fyrir utan fríverslunarsamninga. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir spurði að hvaða leyti EFTA-ríkin þyrftu að vera á varðbergi í tengslum við Lissabon-áætlunina um samkeppnishæfni. Framkvæmdastjóri EFTA svaraði því til að þrátt fyrir að EFTA-ríkin stæðu sig vel miðað við Evrópusambandið samkvæmt mælistikum Lissabon-áætlunarinnar þá stæðu ríkin frammi fyrir alþjóðlegri samkeppni þar sem nauðsynlegt væri að vera í fararbroddi. Ingibjörg spurði einnig um tengsl EFTA og mengunarkvóta ESB.

*58. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 83./50. fundur þingmannanefndar EFTA, 38. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES og 27. fundur þingmannanefndar EES í Brussel 9.–10. október 2006.*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina þau Bjarni Benediktsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir auk Stígs Stefánssonar ritara.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var farið yfir dagskrár og umræðuefni funda og ráðstefna sem þingmannanefndin gekkst fyrir eða tók þátt í á árinu. Farið var yfir drög að dagskrá ráðstefnu um evrópska fríverslun í hnattvæddum heimi sem þingmannanefndin gekkst fyrir í samvinnu við ráðgjafanefnd EFTA í Genf 16.–17. nóvember. Undirbúningur fundar í kanadíska þinginu til að þrýsta á um að niðurstöðu verði náð í viðræðum EFTA og Kanada um fríverslunarsamning var ræddur en stefnt er að því að halda fundinn í febrúar 2007.

Helstu dagskráratriði á fundi þingmannanefndar EFTA voru framtíðarstefna ESB í siglingamálum, innflytjendastefna ESB og félagsleg vídd í viðskiptastefnu ESB. Siv Christin Gaalas frá skrifstofu EFTA flutti framsögu um siglingamálastefnu ESB. Framkvæmdastjórn sambandsins lagði fram grænbók um nýja siglingamálastefnu í júní sl. og mun samráðsferli um hana standa til júní á næsta ári. Fram kom að Norðmenn hefðu skipað vinnuhóp til að hafa áhrif á ferlið. EFTA mun innan skamms gangast fyrir málstofu um grænbókina og hugsanleg áhrif siglingamálastefnu ESB á EES. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði mikla hagsmuni í húfi fyrir strandríki eins og Noreg og Ísland. Ríkin tvö yrðu að nýta sér aðgang að samráðsferlinu, enda allt sem varðar málefni hafsins nátengt afkomu þeirra.

Peter Bosch frá framkvæmdastjórn ESB gerði grein fyrir innflytjendastefnu sambandsins. Bosch sagði að árið 2010 mundi náttúruleg stækkun ESB-þjóðanna stöðvast og þær byrja að minnka. Innflutningur fólks mundi vega upp á móti, en um 700.000 manns með uppruna utan

sambandsins flytjast til ESB-ríkjanna á hverju ári. Þetta væri hins vegar ekki nauðsynlega það fólk sem hagkerfi ESB-ríkjanna þyrftu mest á að halda. Innflytjendur til Bandaríkjanna og Ástralíu eru betur menntaðir en þeir sem flytjast til ESB en ríkin tvö hafa komið á kerfum til að velja úr innflytjendur með það að markmiði að svara eftirspurn eftir faglærðu vinnuafli á vinnumörkuðum sínum. Það eru því þarfir vinnumarkaðarins sem ráða því að miklu leyti hverjir fá dvalar- og atvinnuleyfi. Í umræðum sem fylgdu erindinu nefndi Ingibjörg Sólrún Ísland sem dæmi þar sem mun fleiri störf hefðu skapast en framboð á innlendum vinnumarkaði réði við og æ meira vinnuafl væri flutt inn til lengri eða skemmri tíma. Hún nefndi einnig að önnur aðferð til þess að auka framboð á vinnuafli í ESB samhliða innflutningi fólks væri að nýta betur krafta kvenna og auka atvinnuþátttöku þeirra. Ingibjörg Sólrún benti í því sambandi á Norðurlönd þar sem velferðarþjónusta og stuðningur við fjölskylduna hefði leitt til meiri atvinnuþátttöku kvenna en víðast annars staðar.

Renete Nikolay frá skrifstofu Peter Mandelsons, sem fer með utanríkisviðskipti í framkvæmdastjórn ESB, hélt erindi um félagslega vídd í viðskiptastefnu sambandsins. Hún sagði vandrataðan þann meðalveg sem lægi á milli þess að gera félagslegar kröfur í tengslum við viðskiptasamninga ESB við þriðju ríki og hreinnar verndarstefnu. Þetta væri þó reynt að gera. Opinber afstaða ESB til Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar væri sú að enn væru helmingslíkur á að henni mætti bjarga og ná samningum. Margir sérfræðingar og stofnanir væru þó svartsýnni á árangur. Ef Doha-samningalotan siglir í strand munu ríki heims leggja aukna áherslu á tvíhliða fríverslunarsamninga. ESB mun leggja áherslu á að gera slíka samninga við Samtök Suðaustur-Asíuríkja (ASEAN) og Suður-Kóreu.

Eftir stuttan fund í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES um skipulag starfsins fram undan var haldinn fundur í sjálfri þingmannanefndinni. Á fundinum var að venju rætt um þróun og stöðu EES-samningsins og voru sérstakir gestir boðnir til að halda framsöguerindi. Umræður um stækkun EES samhliða inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu í ESB og kröfur Evrópusambandsins um aukin framlög EFTA-ríkjanna í þróunarsjóði fyrir sambandið voru fyrirferðarmiklar. Í máli Pekka Huhtaniemi, fulltrúa finnsku formennskunnar í ESB, og Matthias Brinkmann, fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB, kom fram að krafa sambandsins væri að Rúmenía og Búlgaría fengju sömu meðhöndlun og ríkin sem gengu í ESB við stækkunina árið 2004. Því væri eðlilegt að uppfæra fjárframlög til ESB úr þróunarsjóðum EES og Noregs miðað við fyrirhugaða stækkun. Brinkmann sagði afar mikilvægt að stækkun EES tæki gildi samtímis stækkun ESB og að í því ljósi væri áhyggjuefni að ekki hefði náðst samkomulag um uppfærslu á fjárframlögum EFTA-ríkjanna. Helge Skaara, fulltrúi norsku formennsku hins sameiginlega EES-ráðs, lagði áherslu á að möguleg framlög EFTA-ríkjanna til nýju ESB-ríkjanna tveggja væru spurning um pólitískt samkomulag en ekki einfalda tæknilega uppfærslu. Bent var á að aðstæður nú og viðskiptatengsl EFTA-ríkjanna við Búlgaríu og Rúmeníu væru allt annars eðlis en við ríkin sem gengu í sambandið við síðustu stækkun.

Þá voru skýrslur og ályktunardrög tekin til umfjöllunar. Diana Wallis og Bjarni Benediktsson, í fjarveru Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, lögðu fram skýrslu um innleiðingu EES-löggjafar. Skoðað var hvort munur væri á EFTA-ríkjunum annars vegar og ESB-ríkjunum hins vegar hvað varðar að virða tímamörk við innleiðingu EES-gerða í innlenda löggjöf. Bjarni Benediktsson lagði áherslu á mikilvægi þess að nýjar gerðir væru innleiddar samkvæmt tímaáætlun til að tryggja samræmt lagaumhverfi og virkni innri markaðarins. Tölur sýndu að EFTA-ríkin stæðu sig vel hvað þetta varðar og það gerðu hin nýju aðildarríki ESB líka en nokkra svarta sauði væri að finna á meðal eldri aðildarríkja. Samþykkt var ályktun þar sem m.a. er hvatt til að öll EES-ríki innleiði reglur á réttum tíma, að EES-ríkin efni til átaks í að

mennta opinbera starfsmenn um innleiðingu gerða og að íhugað verði hvernig hægt er að veita íbúum EFTA-ríkjanna aðkomu að eftirliti með EES-reglum eins og borgarar ESB hafa.

Því næst var skýrsla Mieczyslaw Janowski og Laila Dåvøy um stækkun EES tekin fyrir. Aftur spannst umræðan að mestu um fjárframlög EFTA-ríkjanna til Rúmeníu og Búlgaríu. Dåvøy sagði vel hafa tekist til með styrkjakerfi EFTA og Noregs sem komið var á við stækkunina 2004 en lagði jafnframt áherslu á að möguleg framlög EFTA-ríkjanna nú væru ekki spurning um sjálfkrafa uppfærslu. Í ályktun sem samþykkt var voru samningsaðilar m.a. hvattir til að komast fljótt að niðurstöðu um álitamál varðandi stækkun EES þannig að tryggt yrði að EES stækkaði samhliða ESB 1. janúar 2007. Það væri nauðsynlegt til að tryggja samræmi og virkni innri markaðarins.

Bann við fiskimjöli sem dýrafóðri í ESB kom loks til umræðu. Evrópuþingmaðurinn Struan Stevenson sagði frá tilraunum innan þingsins til þess að fá banninu hnekkt. Fiskimjöl hefði verið notað til að fóðra jórturdýr um aldir en var bannað af ótta við að kjötmjöli væri blandað saman við það þegar hræðslan við kúariðu var hvað mest. Fyrir liggur skýrsla sjávarútvegsnefndar Evrópuþingsins þar sem banninu er mótmælt en ekki hefur tekist að fá hana á dagskrá þingsins. Bjarni Benediktsson lagði fram greinargerð um þróun málsins og sagði með ólíkindum að bannið, sem sett var árið 2001, væri enn við lýði. Aldrei hefði því verið haldið fram að fiskimjöl væri óheilsusamlegt, þvert á móti væri næringargildi þess ótvírætt til eldis á nauta- og kúabúum. Engin vísindaleg rök væru gegn fiskimjölsfóðri en málið hefði drukknað í skriffinnsku. Bannið kom til af ótta við að það yrði drýgt með ólöglegu kjöt- og beinamjöli en þegar árið 2003 var búið að finna örugga aðferð til að greina slíka blöndun og þá lagði framkvæmdastjórn ESB til að banninu yrði aflétt. Evrópuþingið streittist á móti. Nýjar og óljósar siðferðislegar mótbárur gegn fiskimjöli komu fram og síðan hefur hvorki gengið né rekið. Ákveðið var að formaður þingmannanefndar EES skrifaði forseta Evrópuþingsins bréf og grennslaðist fyrir um afdrif skýrslu sjávarútvegsnefndarinnar. Þá mun þingmannanefnd EES áfram fylgjast með málinu.

Í lok fundar var ákveðið að taka mál sem varða siglingamálastefnu ESB og svokallaða „mjúka" lagasetningu í formi tilmæla framkvæmdastjórnarinnar til sérstakrar umfjöllunar á næsta fundi þingmannanefndarinnar.

*Ráðstefna þingmannanefndar EFTA um evrópska fríverslun í hnattvæddum heimi í samstarfi við ráðgjafanefnd EFTA í Genf, 16.–17. nóvember 2006.*

Ráðstefnuna sátu af hálfu Íslandsdeildar þeir Guðlaugur Þór Þórðarson formaður, Bjarni Benediktsson, Lúðvík Bergvinsson og Jón Gunnarsson, auk Tómasar Brynjólfsonar, starfandi ritara.

Efnt var til ráðstefnunnar í ljósi sífellt hraðari hnattvæðingar, vandræða í viðræðum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og fjölgunar fríverslunarsamninga EFTA við þriðju ríki. Aukin áhrif hnattvæðingar, aukin hlutdeild Kína í alþjóðahagkerfinu og gríðarlegir fólksflutningar voru meginþemu ráðstefnunnar. Ræðumenn voru almennt sammála um að EFTA-ríkin stæðu vel að vígi í alþjóðlegri samkeppni og að fríverslun hefði þar mikil og jákvæð áhrif. Hins vegar þyrfti að vera á varðbergi gagnvart hugsanlegum neikvæðum áhrifum aukinnar hnattvæðingar.

Ráðstefnan var sett af Kåre Bryn, framkvæmdastjóra EFTA. Hann sagði reynslu sögunnar og kenningar hagfræðinnar sýna skýrt fram á jákvæð áhrif fríverslunar. Bryn sagði þó vert að velta upp spurningum um framkvæmd og skipulagningu hnattvæðingar sem gæti haft mis-

munandi áhrif á ólíka þjóðfélagshópa. Hann varaði að lokum við að aukin efnahagsleg þjóðerniskennd væri að nokkru leyti að taka við af hefðbundinni verndarstefnu.

Jon Vea, formaður ráðgjafanefndarinnar, lagði því næst grunninn að umræðum ráðstefnunnar. Hann lagði áherslu á að efnahagslegur árangur EFTA-ríkjanna byggði á sameiginlegum grunngildum við stjórn efnahagsmála, þ.e. opnum hagkerfum með áhuga á viðskiptum, menntun, getu til þess að laga sig að aðstæðum, skilvirkri opinberri þjónustu, sterkum tengslum við evrópska markaði og litlu atvinnuleysi.

Því næst tóku við pallborðsumræður um úrlausnarefni á sviði alþjóðaviðskipta. Þar var m.a. rætt um framtíð Doha-viðræðnanna innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Fulltrúi Bandaríkjanna var ekki bjartsýnn á framtíð ferilsins og þátttakendur höfðu almennt áhyggjur af þróun viðræðnanna. Að mati fulltrúa Evrópusambandsins verður ekki mögulegt að ná samningum í Doha-ferlinu ef árangur næst ekki fyrir lok maí 2007. Bæði Bandaríkin og Evrópusambandið stefna að fleiri svæðisbundnum fríverslunarsamningum til þess að styrkja stöðu sína ef viðræður innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fara út um þúfur. Slíkir samningar eru þó ekki jafnskilvirkir og alþjóðlegir samningar sem gerðir eru innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður Íslandsdeildarinnar, spurði hverjar líkurnar væru á árangri í Doha-viðræðunum og hvort einhverjir aðrir möguleikar væru í stöðunni fyrir utan tvíhliða samninga. Fulltrúar Bandaríkjanna og Evrópusambandsins sögðu samningsaðila hafa náð nokkuð langt en síðasta skrefið væri ávallt það erfiðasta. Hins vegar mætti ekki útiloka að árangur næðist enda væri það öllum helstu hagkerfum heims í hag.

Annar hluti ráðstefnunnar fjallaði um félagslegar áskoranir í alþjóðaviðskiptum. Duncan Campbell, fulltrúi Alþjóðasamtaka verkalýðsfélaga, og Nigel Harris, prófessor við University College of London, fluttu erindi undir þeim dagskrárlið. Campbell sagði hraðari hnattvæðingu hafa leitt til aukinnar misskiptingar auðs í heiminum. Hann taldi einnig að áhrif hnattvæðingar á vinnumarkaði á Vesturlöndum ættu eftir að verða enn meiri en hingað til. Harris fjallið í erindi sínu um fólksflutninga, áhrif þeirra og mögulega framtíðarþróun. Hann sagði stjórnvöld á Vesturlöndum skorta framtíðarsýn, skilvirka stefnu og stjórn á fólksflutningum. Í því sambandi benti hann á að spár Evrópusambandsins um fólksflutninga við stækkun þess árið 2004 hefðu gert ráð fyrir að um 50.000 manns mundu flytja frá Austur-Evrópu til Bretlands. Tveimur árum síðar hafa hins vegar um 600.000 manns flust frá ríkjunum átta til Bretlands. Harris lagði einnig áherslu á að fólksflutningar væru skilvirkasta leiðin til tekjudreifingar í heiminum auk þess sem þeir ýttu undir vöxt mannauðs.

Þriðji hluti ráðstefnunnar fjallaði um viðbrögð við alþjóðlegum áskorunum. Berglind Ásgeirsdóttir, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, flutti erindi um samkeppnishæfni Evrópu. Berglind lagði áherslu á mikilvægi mannauðs. Hún sagði mannauð grundvöll þess að aðildarríki EFTA gætu staðist alþjóðlega samkeppni, sérstaklega í ljósi hækkandi meðalaldurs Evrópubúa. Spár OECD geri t.d. ráð fyrir því að árið 2050 verði aðeins þrír á vinnumarkaði fyrir hverja tvo eftirlaunaþega.

Næsti ræðumaður var Herbert Oberhänsli. Hann er yfirmaður efnahagsmála og alþjóðasamskipta hjá Nestlé. Hann sagði samkeppni skipta höfuðmáli fyrir árangur hagkerfa í alþjóðaviðskiptum. Helsta vandamál Evrópu að hans mati er of lítil atvinnusköpun miðað við aðra heimshluta. Fulltrúi evrópskra stéttarfélaga, Maria Helena André, fjallaði því næst um þær áskoranir sem aukin alþjóðavæðing hefði í för með sér fyrir evrópsk verkalýðsfélög. Jonas Moberg, fulltrúi Sameinuðu þjóðanna, kynnti því næst hvernig alþjóðleg fyrirtæki gætu tekið þátt í því að takmarka neikvæð áhrif alþjóðavæðingar með þátttöku í verkefni Samein-

uðu þjóðanna sem nefnist UN Global Compact. Með þátttöku í verkefninu gæfist fyrirtækjum tækifæri á að sýna viðskiptavinum sínum fram á jákvæð félagsleg áhrif starfsemi fyrirtækisins. Síðasti ræðumaður var Jörg Wuttke, varaformaður evrópska viðskiptaráðsins í Kína. Hann fjallaði um hraða þróun efnahagsmála í Kína og sérstaklega þau fjölmörgu félagslegu og umhverfislegu vandamál sem stjórnvöld þar í landi standa frammi fyrir. Hann lagði einnig áherslu á að Kína væri ekki aðeins góður staður til framleiðslu vöru til útflutnings heldur einnig sífellt stærri markaður. Að því búnu dró John Palmer frá European Policy Centre, sem stjórnað hafði umræðunum, efni ráðstefnunnar saman. Ráðstefnunni var slitið af Eugen David, formanni þingmannanefndarinnar.

*59. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 84./51. fundur þingmannanefndar EFTA og sameiginlegur fundi þingmannanefndar og ráðherra EFTA sem haldnir voru í Genf 1. desember 2006.*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina þeir Guðlaugur Þór Þórðarson formaður, Jón Gunnarsson og Birgir Ármannsson auk Stígs Stefánssonar, ritara Íslandsdeildar.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var farið yfir starfsáætlun þingmannanefndarinnar fyrir árið 2007 og dagskrár funda sem þingmannanefndin tekur þátt í á næstunni. Fundur sendinefndar þingmannanefndar EFTA í Kanada í febrúar var undirbúinn en honum er ætlað að þrýsta á um og fylgja eftir niðurstöðu í viðræðum EFTA og Kanada um fríverslunarsamning. Guðlaugur Þór varpaði fram þeirri hugmynd að sendinefndin notaði tækifærið og kynnti sér framkvæmd NAFTA-samningsins í Kanada. Fundur þingmannanefndar og ráðherra EFTA sem fram fór síðar um daginn var einnig undirbúinn. Þá samþykkti framkvæmdastjórnin nefndarálit um fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA.

Á fundi þingmannanefndar EFTA voru helstu dagskrárliðir annars vegar stækkun EES og hins vegar þróun í samstarfi EFTA við þriðju ríki. Dider Chambovey, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, gaf munnlega skýrslu um stækkun EES samhliða inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu í ESB 1. janúar 2007. Hann gerði grein fyrir yfirstandandi samningaviðræðum EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar ESB um stækkunina og kröfum framkvæmdastjórnarinnar um aukin framlög EFTA-ríkjanna í þróunarsjóði fyrir sambandið. Chambovey sagði framkvæmdastjórnina krefjast svipaðra framlaga til Rúmeníu og Búlgaríu og ákveðin voru við stækkunina árið 2004 þegar þróunarsjóðum EES og Noregs var komið á til þess að styðja við þróun í nýju ríkjunum tíu auk Grikklands, Portúgals og Spánar. EFTA-ríkin hafa lagt áherslu á að þau hafi engar lögbundnar skyldur til að hækka framlög sín en framkvæmdastjórn ESB hefur á móti sagt það óviðunandi að Búlgaría og Rúmenía gangi í EES á verri skilmálum en giltu við stækkunina árið 2004. Fjárhagslega ber nokkuð í milli en samningsaðilar hafa engu síður það markmið að ljúka samningum fyrir áramót svo stækkun ESB og EES fari fram samhliða.

Dieder Chambovey gaf fundarmönnum einnig yfirlit um samstarf EFTA við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga. Þó enn væri reynt að bjarga Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sagði Chambovey ljóst að stefnubreyting hefði orðið hjá ESB og sambandið legði nú áherslu á fríverslunarsamninga við stærri ríki og ríkjasamtök, eins og Indland, ASEAN-ríkin, MERCOSURE-ríkin o.s.frv. EFTA væri í samkeppni við ESB að þessu leyti og væri komið lengra gagnvart ýmsum ríkjum, t.d. Kanada, en vonast er til að hægt verði að ná niðurstöðu í samningaviðræðum við Kanada á fyrri hluta árs 2007. Samningsdrög um fríverslun EFTA-ríkjanna og Egyptalands liggja fyrir og búist er við undirskrift

með vorinu. EFTA stefnir að því að hefja fríverslunarviðræður við Rússland og Úkraínu um leið og ríkin tvö verða tekin inn í Alþjóðaviðskiptastofnunina en bæði ríkin hafa lýst áhuga á fríverslun við EFTA. Guðlaugur Þór tók til máls og sagði athyglisvert að ESB væri farið að leita eftir fríverslunarsamningum og það sýndi að í Brussel væri í raun búið að afskrifa Doha-samningalotuna. Hann lagði áherslu á að EFTA héldi áfram að vinna að gerð fríverslunarsamninga af fullum krafti og velti fyrir sér möguleikum á samningum við Bandaríkin. Þá benti Guðlaugur Þór á að í harðnandi samkeppni við ESB um fríverslunarsamninga yrði að tryggja skrifstofu EFTA nauðsynlegan styrk og starfsfólk til að ná árangri. Þá ætti þingmannanefndin að beita sér pólitískt til að greiða fyrir samböndum og viðræðum við Rússland og Úkraínu.

Á sameiginlegum fundi þingmannanefndarinnar og ráðherra EFTA var einnig rætt um samstarf EFTA við þriðju ríki. Doris Leuthard, efnahagsmálaráðherra Sviss, flutti framsögu og sagði samkomulag hafa náðst við Indland um gerð áreiðanleikakönnunar sem vonandi leiddi til fríverslunarviðræðna. Þá væri góður skriður á viðræðum við Kanada og Flóaráðið, en það er samtök sex ríkja við Persaflóa. Guðlaugur Þór spurðist fyrir um þróun mála gagnvart Færeyjum sem hafa lýst áhuga á því að ganga í EFTA. Leuthard sagði að af sögulegum og stofnanalegum ástæðum væri erfitt að taka ný ríki inn í EFTA og það væri skoðun sín að EFTA ætti að leggja áherslu á fleiri fríverslunarsamninga frekar en að taka inn nýja meðlimi. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra lýsti því yfir að formlegar tvíhliða fríverslunarviðræður Íslands og Kína hæfust 4. desember.

Einnig ræddu þingmenn og ráðherrar um þróun EES og viðræður um stækkun. Í ljósi umræðu í fjölmiðlum beindi Guðlaugur Þór spurningu til Dag Terje Andersen, viðskiptaráðherra Noregs, um möguleika á því að Noregur beitti neitunarvaldi gegn þjónustutilskipun ESB og hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir EES. Andersen sagði unnið í málinu og að hann væri þess fullviss að neitunarvaldi yrði ekki beitt. Þá gerðu ráðherrar grein fyrir fjárhagslegum hindrunum í samningaviðræðum um stækkun EES en vonuðust til að niðurstaða næðist fyrir áramót svo að tryggja mætti samhliða stækkun ESB og EES.

**6. Ályktanir þingmannanefndar EES árið 2006.**

- Ályktun um orku- og umhverfismál á norðurslóðum.
- Ályktun um ársskýrslu um virkni EES-samningsins fyrir árið 2005.
- Ályktun um innleiðingu EES-gerða.
- Ályktun um stækkun EES, reynslu og möguleika.

Alþingi, 1. febrúar 2007.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form. | Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. | Birkir J. Jónsson, varaform.

Bjarni Benediktsson. | Lúðvík Bergvinsson.

## 824. Fyrirspurn [545. mál]

til forsætisráðherra um fátækt barna og stuðning við barnafjölskyldur.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hver er staða Íslendinga gagnvart öðrum Norðurlandaþjóðum þegar kemur að fátækt barna, þ.e. hver er hlutfallslegur fjöldi fátækra barna á Íslandi annars vegar og hverju hinna Norðurlandanna hins vegar samkvæmt skilgreiningu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) árið 2004?
2. Hver var meðalfjárhæð barnabóta á Íslandi og hverju hinna Norðurlandanna sama ár?
3. Hve miklu vörðu Íslendingar í krónutölu á íbúa í eftirtalinn stuðning við barnafjölskyldur árið 2004 og hve miklu vörðu hinar Norðurlandaþjóðirnar:
   a. fjárhagsstuðning,
   b. niðurgreidda þjónustu,
   c. fjárhæð barnabóta á ári (í evrum með kaupmáttarleiðréttingu)?
4. Hver var opinber stuðningur við barnafjölskyldur hér á landi sem hlutfall af landsframleiðslu í samanburði við önnur OECD-ríki sama ár?

**Skriflegt svar óskast.**

## 825. Tillaga til þingsályktunar [553. mál]

um þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum.

Flm.: Lilja Rafney Magnúsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á möguleikum þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við vaxandi fiskveiðar við Austur-Grænland og skoða sérstaklega þann kost að þjónustumiðstöð og umskipunarhöfn fyrir siglingar í Norðurhöfum verði á Vestfjörðum. Haft verði náið samráð við heimamenn við gerð úttektarinnar.

Greinargerð.

Íbúar Vestfjarða hafa háð mikla varnarbaráttu í atvinnu- og byggðamálum og íbúaþróun hefur verið þar óhagstæð síðustu áratugi. Ekki er séð fyrir endann á þeirri neikvæðu þróun ef ekki tekst að snúa vörn í sókn, ekki síst hvað varðar atvinnulíf og launaþróun.

Á Ísafirði er lífhöfn frá náttúrunnar hendi og þar eru mikil mannvirki. Höfnin er stór og góð aðstaða fyrir allar stærðir skipa. Ísafjörður liggur mjög vel við þegar skip sem eru að veiðum við Austur-Grænland þurfa að sækja sér þjónustu og hafa útgerðir frá Noregi og Færeyjum helst nýtt sér þjónustuna undanfarin ár. Þjónustugetan er þó miklu meiri og því vannýttir möguleikar á að þjónusta útgerð, fiskvinnslu og flutninga til Austur-Grænlands. Mikilvægt er því að koma á tengslum og samvinnu milli Vestfjarða og byggðarlaga á Austur-

Grænlandi. Þjónusta í Ísafjarðarbæ er fjölbreytt og má þar nefna vélsmiðjur, veiðarfæragerð og framleiðslu á tækjum til veiða og vinnslu. Einnig er nægt kristalstært vatn úr Vestfjarðargöngum til staðar við höfnina. Umhverfi til atvinnurekstrar er því gott og víða leynast tækifæri á sviði sjávarútvegs. Mikilvægt er að fullnýta þá þjónustu sem býðst í Ísafjarðarbæ og styrkja þar með rekstrargrundvöll fyrirtækja sem hefur verið að veikjast vegna samdráttar í útgerð og fiskvinnslu.

Siglingar í Norðurhöfum munu aukast með hlýnandi veðráttu og Ísland því að flestra dómi álitlegur möguleiki þegar skoðaðir eru kostir fyrir umskipunarhöfn í Norður-Atlantshafi. Vestfirðir og þá einkum Dýrafjörður hefur verið nefndur í því sambandi. Þar er aðdjúpt og því góð náttúrleg skilyrði fyrir stórskipahöfn. Þar er einnig flugvöllur sem unnt væri að stækka. Miklu skiptir að sjálfsögðu að vanda staðarval, skipulag og hönnun umskipunarhafnar með umhverfissjónarmið í huga, ef til kemur.

Tillagan gerir ráð fyrir að Vestfirðir séu sérstaklega skoðaðir sem valkostur fyrir þjónustu og siglingar í Norðurhöfum. Varðandi frekari upplýsingar má m.a. benda á skýrslu utanríkisráðuneytisins, *Fyrir stafni haf. Tækifæri tengd siglingum á norðurslóðum*. Einnig eru margvísleg gögn í fórum heimamanna vestra og sjálfsagt að vinna málið í nánu samráði við þá.

## 826. Fyrirspurn [554. mál]

til fjármálaráðherra um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir einstaklingar hafa leitað heimildar til samninga um greiðslu tekjuskatts skv. 3. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og hversu margir hafa leitað nauðasamninga við skuldheimtumenn skv. 4. mgr. sömu greinar frá því að lögin voru sett, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margir slíkir samningar hafa verið gerðir á sama tíma sundurliðað skv. 3. og 4. mgr. 113. gr. laganna?
3. Um hve háar fjárhæðir hefur verið samið á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir umsóknum þar sem leitað hefur verið eftir heimild til samninga?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á lögunum sem miðar að því að gera úrræðið skilvirkara fyrir fólk í fjárhagsörðugleikum?

**Skriflegt svar óskast.**

# 827. Svar [405. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um húsnæðismál opinberra stofnana.

*1. Hefur ríkisstjórnin mótað sér stefnu í húsnæðismálum opinberra stofnana?*

Þegar afla þarf húsnæðis fyrir opinberar stofnanir er slík þörf almennt leyst með byggingu, kaupum eða leigu á almennum markaði. Þegar húsnæði er byggt gilda um slíkar framkvæmdir lög nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, og reglugerð nr. 215/2001, um skipulag opinberra framkvæmda. Þegar húsnæði er keypt eða leigt er það almennt á grundvelli sérstakrar heimildar Alþingis skv. 6. gr. fjárlaga. Á undanförnum árum hefur þeirri stefnumörkun verði fylgt að leigja almennt skrifstofuhúsnæði og tiltölulega ósérhæft húsnæði á markaði þar sem því verður við komið. Slík leiga á sér þá stað á samkeppnisgrundvelli í kjölfar auglýsingar þar sem óskað er eftir tilboðum í leigu fullbúins húsnæðis samkvæmt nánari lýsingu. Slík leiga hefur komið vel út að mati ráðuneytisins og byggist á því að kröfur og þarfir sem húsnæðið þarf að uppfylla séu vel skilgreindar í upphafi og að leigusalinn sjái alfarið um aðlögun og innréttingu á fasteigninni til að uppfylla þarfir leigjandans. Sem dæmi um slíkt húsnæði má taka húsnæði eftirtalinna: ríkislögreglustjóra, Héraðsdóms Reykjaness, sýslumannsins í Kópavogi, Héraðsdóms Vestfjarða, Brunamálastofnunar, Heilsugæslunnar í Spönginni, Heilsugæslunnar í Voga- og Heimahverfi, tveggja heilsugæslustöðva í Kópavogi, Landbúnaðarstofnunar á Selfossi og Fiskistofu í Hafnarfirði.

Þeirri stefnu hefur verið fylgt á undanförnum árum varðandi fasteignir sem þegar eru í eigu ríkisins að færa eins mikið og unnt er af þeim til Fasteigna ríkissjóðs til umsjónar og umsýslu. Fasteignir ríkissjóðs er sérstök stofnun í A-hluta ríkissjóðs sem tekur til umsýslu og umsjónar þau mannvirki í ríkiseigu sem ríkið afhendir stofnuninni. Stofnunin sérhæfir sig í rekstri og viðhaldi bygginga og mannvirkja og byggir starfsemi sína á því að innheimta leigutekjur af notendum sem standa undir rekstri og venjulegu viðhaldi eignarinnar. Markmið ríkisins með þessari stefnu er að sem mest af húsnæði í eigu ríkisins verði í umsýslu aðila sem hefur sérþekkingu á viðhaldi og rekstri fasteigna og tryggi þannig að vel og faglega sé staðið að þessum málum. Á síðasta ári leigðu Fasteignir ríkissjóðs út um 340 þús. $m^2$ húsnæðis til um 240 leigjenda sem er rúmlega þreföldun á fermetrafjölda frá árinu 1998. Þrátt fyrir að starfsemi Fasteigna ríkissjóðs hafi eflst mikið á síðustu árum og einstök ráðuneyti nýti sér þessa þjónustu í auknum mæli er þó enn nokkuð um að einstakar stofnanir sjái sjálfar um húsnæði sitt og beri ábyrgð á rekstrar- og viðhaldsmálum. Þannig hafa t.d. heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti kosið að láta stofnanir sínar að mestu leyti sjá um þennan þátt mála en dómsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti hafa hins vegar tekið ákvörðun um að færa flestar af þeim fasteignum sem heyra undir þau til Fasteigna ríkissjóðs til umsýslu.

*2. Hvaða opinberu stofnanir leigja húsnæði af einkaaðilum undir starfsemi sína?*

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytunum leigja eftirtaldar stofnanir ríkisins húsnæði af einkaaðilum að hluta eða öllu leyti undir starfsemi sína. Í sumum tilvikum leigir stofnun húsnæði af einkaaðilum undir meginstarfsemi sína en öðrum tilvikum er hún í húsnæði í eigu ríkisins en leigir viðbótarhúsnæði, t.d. geymsluhúsnæði eða útibú frá starfseminni á almennum markaði.

| | |
|---|---|
| **Æðsta stjórn ríkisins** | Alþingi<br>Umboðsmaður Alþingis |
| **Forsætisráðuneytið** | Skrifstofa umboðsmanns barna<br>Ríkislögmaður<br>Óbyggðanefnd<br>Skrifstofa Þingvallanefndar |
| **Menntamálaráðuneyti** | Fjölbrautaskóli Suðurlands<br>Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu<br>Kvennaskólinn í Reykjavík<br>Háskóli Íslands<br>Landsbókasafn<br>Menntaskólinn á Egilsstöðum<br>Ríkisútvarpið<br>Sinfóníuhljómsveit Íslands<br>Verkmenntskólinn á Akureyri<br>Fjölbrautaskólinn við Ármúla<br>Framhaldsskólinn á Laugum<br>Fjölbrautaskóli Snæfellinga<br>Háskólinn á Akureyri<br>Iðnskólinn í Hafnarfirði<br>Iðnskólinn í Reykjavík<br>Íslenski dansflokkurinn<br>Kennaraháskóli Íslands<br>Kvikmyndamiðstöð Íslands<br>Listasafn Íslands<br>Verkmenntaskólinn á Akureyri<br>Þjóðleikhúsið |
| **Utanríkisráðuneyti** | Þróunarsamvinnustofnun<br>Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli<br>Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli<br>Sendiráð (skrifstofur og starfsmannabústaðir) |
| **Landbúnaðarráðuneyti** | Veiðimálastofnun<br>Landgræðsla ríkisins<br>Hagþjónusta landbúnaðarins<br>Framleiðnisjóður landbúnaðarins<br>Landbúnaðarstofnun<br>Skógrækt ríkisins<br>Landshlutabundin skógrækt |
| **Sjávarútvegsráðuneyti** | Hafrannsóknastofnunin<br>Fiskistofa<br>SRA<br>Verðalagsstofa skiptaverðs |

| | |
|---|---|
| **Dóms- og kirkjumálaráðuneyti** | Héraðsdómur Vestfjarða |
| | Héraðsdómur Norðurlands vestra |
| | Héraðsdómur Reykjaness |
| | Ríkissaksóknari |
| | Ríkislögreglustjóri |
| | Lögregluskóli ríkisins |
| | Lögreglustjórinn í Reykjavík |
| | Landhelgisgæslan |
| | Sýslumaðurinn á Patreksfirði |
| | Sýslumaðurinn á Eskifirði |
| | Sýslumaðurinn á Höfn |
| | Sýslumaðurinn í Vík |
| | Sýslumaðurinn í Keflavík |
| | Sýslumaðurinn í Hafnarfirði |
| | Sýslumaðurinn í Kópavogi |
| **Félagsmálaráðuneyti** | Ráðuneytið, aðalskrifstofa |
| | Barnaverndarstofa |
| | Fjölmenningarsetur |
| | Íbúðalánasjóður |
| | Jafnréttisstofa |
| | Ráðgjafastofa um fjármál heimilana |
| | Ríkissáttasemjari |
| | Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík |
| | Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi |
| | Vinnumálastofnun |
| **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti** | Heilsugæslustöð Garði |
| | Heyrnar- og talmeinastöð Íslands |
| | Heilsugæslustöð í Mosfellsbæ |
| | Sjónstöð Íslands |
| | Heilsugæslustöð Grafarvogi |
| | Heilsugæslustöð Sandgerði |
| | Heilsugæslustöð Suðureyri |
| | Heilsugæslustöð Súðavík |
| | Landlæknisembættið |
| | Heilsugæslustöð Salahverfi Kópavogi |
| | Heilsugæslustöð Voga- og Heimahverfi |
| | Heilsugæslustöð Hafnarfirði, miðbæ |
| | Heilsugæslustöð Kópavogi, miðbæ |
| | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, stjórnsýsla |
| | Heilbrigðisráðuneytið, aðalskrifstofa |
| **Fjármálaráðuneyti** | Fasteignir ríkissjóðs |
| | Tollstjórinn í Reykjavík |
| | Fasteignamat ríkisins Egilsstöðum |

| | |
|---|---|
| **Samgönguráðuneytið** | Ferðamálastofa<br>Flugmálastjórn<br>Vegagerðin (þjónustumiðstöð Suðvestursvæðis)<br>Póst- og fjarskiptastofnun<br>Rannsóknarnefnd flugslysa<br>Rannsóknarnefnd umferðarslysa |
| **Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti** | Fjármálaeftirlitið<br>Byggðastofnun |
| **Umhverfisráðuneyti** | Brunamálastofnun<br>Landmælingar Íslands<br>Náttúrufræðistofnun Íslands<br>Umhverfisstofnun<br>Úrvinnslusjóður<br>Stofnun Vilhjálms Stefánssonar |

3. *Hefur þeim fjölgað frá árinu 1995?*

Með hliðsjón af þeirri stefnu ríkisins að leigja almennt skrifstofuhúsnæði og ósérhæft húsnæði, sbr. svar við 1 tölul. hér að framan, þá er ljóst að talsverð aukning hefur orðið á leigu slíks húsnæðis á almennum markaði frá árinu 1995. Í þessu sambandi er hins vegar rétt að benda á að á tímabilinu hefur að sama skapi orðið minna um að ráðuneyti og ríkisstofnanir byggi almennt skrifstofuhúsnæði og ósérhæft húsnæði.

## 828. Svar [498. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur og Ögmundar Jónassonar um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru brúttótekjur Íslandsspila sf. og Happdrættis Háskóla Íslands af söfnunarkössum og happdrættisvélum árin 2004, 2005 og 2006?*
2. *Hver voru heildarrekstrargjöld hvors fyrirtækis á þessum árum?*
3. *Hverjar voru heildarvinningsfjárhæðir hvors fyrirtækis sömu ár?*
4. *Hverjar voru tekjur hvors fyrirtækis að frádregnum vinningum og kostnaði?*

Leitað var eftir upplýsingum frá Íslandsspilum (sem hétu áður Íslenskir söfnunarkassar) og Happdrætti Háskóla Íslands vegna fyrirspurnarinnar. Byggjast meðfylgjandi tölur á upplýsingum frá þeim og sýna afkomu samkvæmt endurskoðuðum ársreikningum.

Ekki reyndist unnt að fá tölur fyrir árið 2006.

Vakin er athygli á að þeir peningar sem spilað er fyrir í vélum og kössum og eru greiddir út á staðnum, þ.e. úr tækjunum, eru ekki innleystir sem tekjur í bókhaldi, né eru vinningar gjaldfærðir. Því er ekki unnt að veita svar við 3. tölul. fyrirspurnarinnar um heildarvinningsfjárhæðir, nema hvað varðar greiðslu vinninga úr vélum Happdrættis Háskóla Íslands sem eru 50.000 kr. og hærri, þar með talinn gullpottur Gullnámunnar. Upplýsingarnar um Happ-

drætti Háskóla Íslands taka einungis til þess hluta starfseminnar sem lýtur að rekstri happdrættisvéla.

| | Íslandsspil | Happdrætti HHÍ |
|---|---|---|
| *Tekjur:* | | |
| 2004 | 1.278.000.000 kr. | 1.874.000.000 kr. |
| 2005 | 1.392.000.000 kr. | 2.374.700.000 kr. |
| *Heildarrekstrargjöld:** | | |
| 2004 | 421.000.000 kr. | 841.200.000 kr. |
| 2005 | 484.000.000 kr. | 1.146.700.000 kr. |
| *Vinningar:* | | |
| 2004 | 504.600.000 kr. | |
| 2005 | 590.600.000 kr. | |
| *Tekjur til ráðstöfunar:* | | |
| 2004 | 857.000.000 kr. | 528.200.000 kr. |
| 2005 | 908.000.000 kr. | 637.400.000 kr. |

*Einkaleyfisgjald meðtalið.

# 829. Frumvarp til laga [238. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd.

(Eftir 2. umr., 6. febr.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Markmið og gildissvið.*

Markmið laga þessara er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

Lög þessi gilda um eftirgreindar gerðir skipa ef þau eru notuð í millilandasiglingum:

a. farþegaskip, þ.m.t. háhraðaför,
b. flutningaskip 500 brúttótonn eða stærri og
c. færanlega borpalla.

Lög þessi gilda einnig um farþegaskip og flutningaskip í innanlandssiglingum. Undanskilja má ákveðnar tegundir og flokka skipa í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur.

Lög þessi gilda um útgerðir þeirra skipa sem nefnd eru í 1. og 2. mgr. og um hafnaraðstöðu þar sem slíkum skipum er þjónað.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:

9. *Umboðsmaður:* Sá sem annast milligöngu útgerðar eða leigutaka skips og stjórnvalda.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Landhelgisgæslu“ í 1. mgr. kemur: vaktstöð siglinga.
b. Í stað orðsins „útgerðarfélögum“ í 1. mgr., orðsins „útgerðarfélaga“ í a- og b-lið 3. mgr. og orðsins „Útgerðarfélög“ í 9. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: útgerðir.
c. Við 3. mgr. bætast tveir liðir sem orðast svo:
   h. gert sé áhættumat vegna siglinga innan íslenskrar efnahagslögsögu,
   i. gerð sé og viðhaldið Siglingaverndaráætlun Íslands.
d. Við bætist ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:

   Siglingastofnun Íslands annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Við framkvæmd eftirlits með siglingavernd skal fulltrúum Siglingastofnunar heimill aðgangur að skipum, hafnarsvæðum, mannvirkjum, búnaði, gögnum og skjölum eftir því sem telja má nauðsynlegt vegna eftirlitsins án undangengins dómsúrskurðar. Fulltrúar hafna, skipa og útgerða, sem lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim taka til, skulu veita stofnuninni þá aðstoð sem þörf er á vegna eftirlits í þágu siglingaverndar. Samgönguráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirlits í þágu siglingaverndar.
e. 1. málsl. 5. mgr., sem verður 6. mgr., orðast svo: Ríkislögreglustjóri ákveður vástig um borð í íslenskum skipum og í höfnum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Útgerðarfélög“ og orðsins „útgerðarfélagið“ í 1. mgr. kemur í viðeigandi tölu og beygingarfalli: útgerð.
b. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

   Skipstjóri og útgerð skips skulu halda skrá yfir nauðsynlegar upplýsingar vegna siglingaverndar eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

   Áður en skip skv. 2. gr. laganna kemur til hafnar skal höfn, útgerð, umboðsmaður eða skipstjóri skips veita upplýsingar skv. 3. mgr. sem að mati Siglingastofnunar Íslands eru nauðsynlegar vegna siglingaverndar og verndar íslenskra hafna.

   Ef skip uppfyllir ekki reglur um siglingavernd er Siglingastofnun Íslands heimilt að leggja farbann á skip, vísa því frá höfn, krefjast þess að það verði fært innan hafnar eða á milli hafna og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir brot á reglum um siglingavernd. Útgerð og skipstjóra skips er skylt að verða við fyrirmælum Siglingastofnunar samkvæmt þessari málsgrein. Um farbann fer að ákvæðum laga um eftirlit með skipum.

   Samgönguráðherra setur nánari reglur um skráningu upplýsinga vegna siglingaverndar, upplýsingaskyldu útgerða og skipstjóra og frekari aðgerðir Siglingastofnunar Íslands til framkvæmdar eftirlits í þágu siglingaverndar.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Aðgangur að hafnarsvæðum**, með einni grein, 8. gr., sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Aðgangur að hafnarsvæðum.*

Siglingastofnun Íslands er heimilt að höfðu samráði við hafnaryfirvöld að takmarka aðgang að höfnum og hafnarsvæðum, umferð um þær og dvöl skipa í þeim, svo og að banna

umgengni eða dvöl á slíkum svæðum, ef slíkt er talið nauðsynlegt vegna siglingaverndar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna, sem verður 10. gr.:

a. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald, farmverndargjald, af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða landað í höfn.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald, hafnarverndargjald, fyrir hvert skip sem fellur undir lög þessi og getur gjaldið tekið mið af stærð skips, komufjölda skipa og/eða dvalartíma við hafnaraðstöðu í rekstri þeirra.
c. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir hvern farþega sem kemur til eða fer frá landinu með skipi.

7. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein sem verður 11. gr. og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Þagnarskylda.*

Þeim aðilum sem starfa að siglingavernd ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna eða hagsmuna í þágu siglingaverndar. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti vegna siglingaverndar og fyrirhugaðar aðgerðir vegna siglingaverndar og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglum eða eðli máls.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna sem verður 13. gr.:

a. Í stað orðsins „útgerðarfélags“ tvívegis í 2. mgr. kemur: útgerðar.
b. Í stað orðanna „og um kennslu, þjálfun og æfingar vegna skipaverndar“ í 2. mgr. kemur: um kennslu, þjálfun og æfingar vegna skipaverndar, meðhöndlun trúnaðarskjala og eftirlit og skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila.
c. Á eftir orðinu „hafnaverndar“ í 3. mgr. kemur: vöktun og afmörkun hafnaraðstöðu og haftasvæða, meðhöndlun trúnaðarskjala og eftirlit og skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila.

9. gr.

Á eftir 11. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr., sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Afturköllun skipunar.*

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila á grundvelli laga þessara, tímabundið eða að fullu, vegna brota gegn lögum og reglum ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hins brotlega, varhugavert að hann sé skipaður. Ákvörðun um afturköllun skal rökstudd og starfsmanni gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin, í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Sé um að ræða alvarlegt brot í starfi, þar á meðal brot á trúnaðarskyldum, er Siglingastofnun heimilt að afturkalla skipan viðkomandi þegar í stað.

10. gr.

12. gr. laganna, sem verður 15. gr., orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Refsingar.*

Brot gegn 5., 10. og 11. mgr. 4. gr., 5. gr. og 6. gr. laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. Brot á þagnarskyldu skv. 11. gr. laganna er refsivert skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga. Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

11. gr.

Við 13. gr. laganna, sem verður 16. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með lögum þessum eru innleiddar í íslenskan rétt eftirtaldar gerðir Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið:

a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um aukið öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 14/2005 frá 8. febrúar 2005.
b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 34/2006 frá 10. mars 2006.
c. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnarvernd, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 65/2006 frá 2. júní 2006.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 830. Tillaga til þingsályktunar [555. mál]

um ferjusiglingar til staða utan þjóðvegakerfisins.

Flm.: Hjálmar Árnason, Birkir J. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa setningu reglugerðar er feli í sér að kostnaður farþega við að sigla með ferjum til staða utan þjóðvegakerfisins verði sambærilegur við þann kostnað er hlytist af akstri á þjóðvegum. Verki þessu skal lokið fyrir 1. maí 2007.

Greinargerð.

Til nokkurra byggða á Íslandi verður ekki komist landleiðina. Ferðir þangað og þaðan eru bundnar við skipa- eða flugferðir. Dæmi um slíka staði eru Vestmannaeyjar, Grímsey, Hrísey og Flatey á Breiðafirði. Fólk sem vill komast þaðan eða þangað er bundið af skipferðum eða flugferðum. Fyrir vikið má segja að íbúar þessara svæða séu bundnari en aðrir við áætlunarferðir. Þá má segja að ferðakostnaður fólks á umræddum svæðum geti verið hærri en almennt tíðkast vegna gjaldtöku. Þannig má taka dæmi af hjónum með einn ungling, tvö börn og bíl undir fimm metrum að lengd. Kostnaður þeirra við að ferðast fram og til baka frá Vestmanna-

eyjum með Herjólfi er á bilinu 8–13.000 krónur. Til samanburðar væri kostnaður þeirra við að fara Hvalfjarðargöng aðeins veggjaldið (600–1.000 kr.), óháð fjölda í bíl.

Hér er mikið ójafnræði meðal þegna landsins eftir því hvort þeir búa á eyjum við landið eða geta ferðast landleiðina á bílum sínum. Með rökum má halda því fram að siglingar með Herjólfi séu þjóðleiðin til Vestmannaeyja. Því er ekki óeðlilegt að gjaldskrá farþega með Herjólfi sé sniðin að því, þannig að kostnaður við að ferðast milli lands og eyja verði sambærilegur við það sem yrði ef ekið væri á milli. Hið sama gildir um önnur eyjasamfélög.

Þingsályktun þessi gerir ráð fyrir því að samgönguráðherra undirbúi breytingar á gjaldskrá ferja á fyrrgreindum forsendum og ljúki því verki fyrir 1. maí nk.

Ein lausn vandans gæti verið sú að íbúar með lögheimili á umræddum stöðum fengju að sigla gjaldfrjálst með hinum ríkisstyrktu ferjum. Með því móti væri aðstöðumunur jafnaður en kostnaður ríkisins af þessu væri óverulegur.

## 831. Fyrirspurn [556. mál]

til dómsmálaráðherra um kærur í nauðgunarmálum.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hve margar kærur hafa borist lögreglu um brot gegn ákvæðum 194.–196. gr. almennra hegningarlaga á árabilinu 1990–2006, skipt eftir árum?
2. Hve margar þeirra leiddu til ákæru og í hve mörgum málum var sakfellt?
3. Hversu mörg mál voru felld niður, m.a. skv. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála þar sem málið hefur ekki talist líklegt til sakfellingar, og hver er staða þeirra sem hafa verið kærðir?

**Skriflegt svar óskast.**

## 832. Fyrirspurn [557. mál]

til iðnaðarráðherra um vetnisrannsóknir og eldsneyti.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hver er staða vetnisrannsókna á Íslandi?
2. Telur ráðherra mögulegt að vetni verði orkugjafi í farartækjum innan 20 ára? Ef svo er, hyggst ráðherra greiða fyrir nauðsynlegum rannsóknum og uppbyggingu innviða til að slíkt geti orðið að veruleika?
3. Hefur ráðuneytið kannað möguleika á að nýta lífrænan afskurð (plöntur, gras o.fl.) og sorp til eldsneytisframleiðslu? Ef svo er, hver var niðurstaðan? Ef þetta hefur ekki verið kannað, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að það verði gert?

# 833. Frumvarp til laga [558. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „87,72%“ í 3. og 5. mgr. 13. gr. laganna kemur: 93,46%.

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „12,28%“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: 6,54%.

3. gr.

2. málsl. 4. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2007. Þeir aðilar sem hafa heimild til að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð í samræmi við 2. málsl. 4. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skulu frá sama tíma nota uppgjörstímabil í samræmi við 1. mgr. eða 1. málsl. 4. mgr. sömu greinar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt.

Í fyrsta lagi eru lagðar til tvær tæknilegar breytingar sem nauðsynlegar eru vegna breytingar á lægra skattþrepi virðisaukaskatts úr 14% í 7%, sem lögfest var með lögum nr. 175/2006 og tekur gildi 1. mars 2007.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lagt til að heimild til að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð verði afnumin.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með greininni er lögð til breyting sem leiðir af lækkun neðra skattþreps í virðisaukaskatti úr 14% í 7%. Láðist að taka breytinguna inn í frumvarp það sem lagt var fram á sl. haustþingi og varð að lögum nr. 175/2006 (svo kallað matarskattsfrumvarp). Breyting þessi hefur það í för með sér að þegar reikna þarf út skattskylda veltu vegna sölu, skv. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skal nota hlutfallstöluna 93,46% í stað 87,72%. Er sú tala fundin sem hlutfall út frá 7% í stað 14% áður.

Um 2. gr.

Með greininni er um að ræða breytingu sem leiðir af lækkun neðra skattþreps í virðisaukaskatti úr 14% í 7%. Láðist að taka breytinguna inn í frumvarp það sem lagt var fram á sl. haustþingi og varð að lögum nr. 175/2006. Samkvæmt greininni er lagt til að svo kallað afreikningshlutfall, sbr. 20. gr. laganna, vegna 7% virðisaukaskatts verði 6,54%. Samkvæmt núgildandi lögum er afreikningshlutfallið 12,28% miðað við 14% virðisaukaskatts.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að heimild til að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð verði felld úr gildi. Þessi heimild var upphaflega sett til að draga úr áhrifum fjárbindingar við yfirfærsluna úr söluskattskerfi í virðisaukaskattskerfi. Þannig er aðilum sem að jafnaði eru með útskatt sem er minni en helmingur innskatts heimilað að skila skýrslum örar til að endurheimta inneign sína fyrr og losa þannig um fjármagn. Þessi uppgjörstímabil eru nú aðeins nýtt af örfáum gjaldendum eða nánar tiltekið fjórum aðilum í janúar 2007. Þau valda allmiklum flækjum, bæði við almenna framkvæmd og við þróun rafrænnar þjónustu auk þess sem uppfærslur og breytingar á tölvukerfum eru flóknari en ella. Er því lagt til að heimildin verði felld úr gildi.

Um 4. gr.

Í 1. málsl. greinarinnar er kveðið á um gildistöku laganna og er hún í samræmi við gildistöku laga nr. 175/2006. Í 2. málsl. er kveðið á um að þeir aðilar sem hafa heimild til að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð í samræmi við 2. málsl. 4. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skuli frá 1. mars 2007 nota uppgjörstímabil í samræmi við 1. mgr. eða 1. málsl. 4. mgr. sömu greinar, þ.e. annaðhvort vera í almennum tveggja mánaða skilum eða mánaðarskilum.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu eru lagðar til tæknilegar breytingar varðandi afreikningshlutföll virðisaukaskatts sem leiðir af lagasetningu um lækkun á 14% skattþrepi virðisaukaskatts í 7% 1. mars nk. Auk þess er lagt til að heimild til að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð verði afnumin. Verði frumvarpið að lögum hefur það engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

# 834. Frumvarp til laga [559. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Gjaldið skal nema 6.314 kr. á hvern gjaldanda og kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru undanþegnir gjaldinu einstaklingar sem hafa tekjuskattsstofn skv. 1. og

3. tölul. 61. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, samtals lægri en 1.080.067 kr. á tekjuárinu 2007. Þegar um hjón eða samskattað fólk er að ræða skal þó skipta sameiginlegum fjármagnstekjum skv. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003 jafnt á milli þeirra þegar tekjuviðmiðun þessi er fundin. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af öldruðum og öryrkjum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007. Ákvæði laga nr. 1/2006, um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, skulu gilda við álagningu á árinu 2007 vegna tekna ársins 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt frumvarpi þessu verða þeir sem hafa fjármagnstekjur að greiða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra en samkvæmt núgildandi 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, eru þessir aðilar undanþegnir gjaldinu. Undanþegin gjaldinu eru áfram börn innan 16 ára, þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs og aldraðir og öryrkjar undir 70 ára aldri sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Einnig eru undanþegnir gjaldinu einstaklingar sem á tekjuárinu 2007 hafa tekjur undir 1.080.067 kr. og þegar um hjón er að ræða skal skipta sameiginlegum fjármagnstekjum jafnt á milli þeirra þegar þessi tekjuviðmiðun er fundin. Í 11. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. er vísað til 2. mgr. 10 gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, að því er varðar undanþágur frá gjaldskyldu og gerir frumvarpið því ráð fyrir að sömu reglur gildi um undanþágur frá gjaldskyldu vegna Ríkisútvarpsins ohf. og vegna Framkvæmdasjóðs aldraðra.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir sem hafa fjármagnstekjur greiði gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra en samkvæmt gildandi lögum eru þeir undanþegnir því að greiða gjald í sjóðinn. Gert er ráð fyrir að breytingin komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að fjárhæð gjaldsins breytist en það er 6.314 kr. á hvern gjaldanda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að gjaldendum sjóðsins fjölgi um 1,5% frá því sem nú er. Ef miðað er við sömu forsendur og liggja að baki áætlun um tekjur sjóðsins á árinu 2007 hefðu gjaldendur verið 2.600 fleiri og tekjur því orðið um 16 m.kr. hærri.

# 835. Frumvarp til laga [560. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Orðin „og sinnir hann öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölul. 8. gr.“ í 5. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

2. gr.

4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Engan má vista til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Ráðherra skipar þriggja manna nefndir til að meta vistunarþörf. Nefndirnar skulu skipaðar lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, hjúkrunarfræðingi með þekkingu á öldrunarþjónustu og félagsráðgjafa með þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skipa skal þrjá varamenn sem uppfylla sömu menntunarskilyrði og aðalmenn. Nánar skal kveðið á um fjölda nefnda og starfssvæði þeirra í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Í frumvarpinu er lagt til að gerð vistunarmats aldraðra, þ.e. faglegt einstaklingsbundið mat á þörf aldraðra einstaklinga fyrir vistun í dvalar- eða hjúkrunarrými eða önnur úrræði verði fært frá þjónustuhópum aldraðra á hendur fárra fagnefnda sem sinni því hlutverki einvörðungu. Markmiðið með þessari breytingu er að stuðla að auknu samræmi við gerð vistunarmats aldraðra og tryggja eins og kostur er faglegar og samanburðarhæfar niðurstöður vistunarmats um allt land. Þetta er í samræmi við tillögur Ríkisendurskoðunar í stjórnsýsluúttekt á þjónustu við aldraða (október 2005) þar sem segir: „Þessir hópar [þjónustuhóparnir] gegna mikilvægu hlutverki við að meta þörf einstaklinga fyrir stofnanaþjónustu. Vísbendingar eru um að þeir hafi misgóða möguleika á að sinna þessu hlutverki enda starfa þeir við mjög ólík skilyrði. Kanna þarf hvort ekki ætti að fækka hópunum og veita þeim enn betri fræðslu í þeirri aðferð sem beitt er við að meta einstaklinga.“

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja manna nefndir fagfólks og jafnmarga varamenn með sömu menntun og aðalmenn, til að sinna vistunarmati aldraðra. Nánar verður kveðið á um fjölda nefnda, starfssvæði þeirra og framkvæmd og fyrirkomulag vistunarmatsins í reglugerð. Fyrirhugað er að fagnefndir sem sinna vistunarmati verði sex til níu á landinu öllu.

Samkvæmt núgildandi lögum um málefni aldraðra sinna þjónustuhópar aldraðra gerð vistunarmats ásamt öðrum lögbundnum verkefnum sínum nema í Reykjavík þar sem vistunarmatinu er sinnt af sérstökum matshópi sem skipaður er af þjónustuhópi aldraðra. Þjónustuhóparnir eru um 40 talsins um allt land. Mikill munur er á mannfjölda og þar með fjölda aldr-

aðra á starfssvæði einstakra þjónustuhópa. Á fámennustu svæðunum gera þjónustuhópar aðeins mat á vistunarþörf örfárra einstaklinga á ári en í fjölmennustu sveitarfélögunum skipta matsgerðirnar tugum og matshópurinn í Reykjavík sinnir á fjórða hundrað matsgerðum á hverju ári. Til að skapa samræmi við faglegt mat á vistunarþörf og efla hlutlæg vinnubrögð er nauðsynlegt að matið sé á fárra höndum. Þannig fá matsaðilarnir mesta þjálfun og einnig er einfaldara að veita þeim samræmda fræðslu og sinna faglegu eftirliti.

Skynsamleg nýting dvalar- og hjúkrunarrýma ræðst að verulegu leyti af framkvæmd vistunarmats og vistun aldraðra á stofnanir. Miklu skiptir að einstaklingar fái þá þjónustu sem þeir þarfnast á því þjónustustigi sem best hentar þörfum þeirra á hverjum tíma. Stefna stjórnvalda í málefnum aldraðra er sú að styðja aldraða til sjálfstæðrar búsetu á eigin heimili eins lengi og unnt er, eins og kveðið er á um í lögum um málefni aldraðra. Kannanir hafa sýnt að aldraðir vilja upp til hópa búa heima eins lengi og kostur er, með eða án heimaþjónustu. Engu að síður er hlutfall aldraðra á stofnunum hér á landi nokkuð hátt í samanburði við nágrannaþjóðir okkar. Kannanir sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur staðið fyrir hafa leitt í ljós að nokkuð hátt hlutfall aldraðra sem búið er að meta í þörf fyrir vistun á dvalareða hjúkrunarheimili getur að eigin mati og að mati aðstandenda þeirra búið áfram heima við óbreyttar aðstæður og enn fleiri með auknum stuðningi. Þetta bendir til þess að biðlistar gefi að einhverju leyti ranga eða villandi mynd af raunverulegri þörf fyrir stofnanarými.

Langir biðlistar hafa tilhneigingu til að lengjast vegna þess að fólk telur að með því að skrá sig tímanlega á biðlista geti það tryggt sér þjónustu þegar það þarf hennar mögulega með í framtíðinni. Þegar öldrunarstofnanir taka inn nýja vistmenn ber þeim að láta þá ganga fyrir sem lengst hafa beðið með brýna eða mjög brýna þörf fyrir vistun samkvæmt vistunarmati. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að vistunarmat sé unnið á eins faglegan og samræmdan hátt og kostur er til að tryggja að þeir fái hjúkrunarrými sem helst þurfa á því úrræði að halda og að enginn sé vistaður á stofnun á röngum forsendum án þess að þörf eða vilji sé fyrir hendi.

Þjónustuhópar aldraðra sinna vistunarmati aldraðra samkvæmt núgildandi lögum um málefni aldraðra ásamt eftirliti með heilsufari og velferð aldraðra á starfssvæði sínu og eftirliti með þjónustu við þá jafnframt því að sinna stefnumótun sem felst í því að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu. Starfssvæði þeirra samkvæmt lögum og reglugerð um þjónustuhópa og vistunarmat aldraðra er skilgreint sem umdæmi heilsugæslustöðva og geta sveitarfélög sameinast um þjónustuhóp sé það talið hagkvæmt. Það er álit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að þótt vistunarmat aldraðra verði fært frá þjónustuhópum aldraðra hafi þeir eftir sem áður mikilvægu hlutverki að gegna og bindur ráðuneytið vonir við að þessar breytingar muni efla störf þjónustuhópanna á sviði eftirlits, ráðgjafar og stefnumótunar í málefnum aldraðra á sínum svæðum.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að sérstakar vistunarmatsnefndir meti þörf aldraðra til langdvalar á stofnun fyrir aldraða. Samkvæmt gildandi lögum sinna þjónustuhópar aldraðra vistunarmati

ásamt öðrum verkefnum en hóparnir eru um 40 og er kostnaður af starfi þeirra greiddur af sveitarfélögum. Í frumvarpinu er lagt til að í vistunarmatsnefndum sitji læknir, hjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi með sérþekkingu á þjónustu við aldraða. Megintilgangur breytinganna er að skapa samræmi og festu við faglegt og hlutlægt mat á vistunarþörf. Um fjölda nefnda og starfssvæði þeirra verður nánar kveðið á í reglugerð en miðað er við að þær verði sex til níu. Á árinu 2006 voru unnin um 1.700 vistunarmöt á landinu og þar af voru tæplega 340 á vegum Reykjavíkurborgar. Meðalkostnaður borgarinnar var tæplega 60.000 kr. á hvert mat eða rúmlega 20 m.kr. Ekki liggur fyrir hver er heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna vistunarmata en hann fellur niður við þessa breytingu.

Samkvæmt frumvarpinu mun ríkissjóður að öllu leyti taka á sig kostnað vistunarmata en gert er ráð fyrir að meðalverð hvers mats verði á bilinu 35–40 þús. kr. eða um 60–70 m.kr. á ári miðað við sama fjölda mata. Er þá gert ráð fyrir fækkun matsnefnda og auknu hagræði sem felst í því að hver nefnd vinni mun fleiri möt. Miðað er við að breytingin taki gildi 1. janúar 2008.

# 836. Frumvarp til laga [561. mál]

um breyting á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Stjórn sjóðsins er með samþykki fjármálaráðherra heimilt að veita sjóðfélaga sem fær launalaust leyfi frá störfum til að starfa hjá alþjóðastofnun, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, rétt til að greiða áfram iðgjald til B-deildar sjóðsins á starfstíma hans hjá viðkomandi alþjóðastofnun, enda hafi hann átt aðild að B-deildinni er hann hóf störf erlendis og njóti ekki lífeyrisréttar hjá viðkomandi alþjóðastofnun. Stjórn sjóðsins skal ákveða viðmiðunarlaun fyrir starfið með hliðsjón af 6. mgr. 23. gr. Nánar skal kveðið á um aðild samkvæmt þessari málsgrein í samþykktum sjóðsins.

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „9,5%“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: 7,5%.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 41. gr. laganna og orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglur um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna sem falla undir samkomulag Norðurlandanna frá 1. júní 2001 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Fela má Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins framkvæmd samkomulagsins. Kostnaður sem hlýst af framkvæmd þess greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er að ákveða í reglum, sbr. 1. mgr., að víkja megi frá skilyrðum laga þessara um upphaf lífeyristöku, enda teljist það nauðsynlegt við samhæfingu réttinda samkvæmt sam-

komulaginu. Með sama hætti má ákveða að upphæð ellilífeyris lækki svo að ekki aukist heildarskuldbindingar sjóðsins þegar ríkisstarfsmaður velur að hefja töku ellilífeyris fyrr en samkvæmt lögum þessum.

Reikna skal út aukinn kostnað við greiðslu lífeyris sem kann að leiða af framkvæmd samkomulagsins og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð.

Útreikningar skulu byggðir á sömu tryggingafræðilegu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins.

Ágreiningi sem rísa kann út af beitingu samkomulagsins verður skotið til úrskurðar fjármálaráðherra.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

### 4. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 27. gr. laganna og orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglur um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna sem falla undir samkomulag Norðurlandanna frá 1. júní 2001 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Fela má Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins framkvæmd samkomulagsins. Kostnaður sem hlýst af framkvæmd þess greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er að ákveða í reglum, sbr. 1. mgr., að víkja megi frá skilyrðum laga þessara um upphaf lífeyristöku, enda teljist það nauðsynlegt við samhæfingu réttinda samkvæmt samkomulaginu. Með sama hætti má ákveða að upphæð ellilífeyris lækki svo að ekki aukist heildarskuldbindingar sjóðsins þegar ríkisstarfsmaður velur að hefja töku ellilífeyris fyrr en samkvæmt lögum þessum.

Reikna skal út aukinn kostnað við greiðslu lífeyris sem kann að leiða af framkvæmd samkomulagsins og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð.

Útreikningar skulu byggðir á sömu tryggingafræðilegu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins.

Ágreiningi sem rísa kann út af beitingu samkomulagsins verður skotið til úrskurðar fjármálaráðherra.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr. öðlast þó gildi 1. janúar 2007.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru lagðar til þrjár breytingar á lögum sem snúa að lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisins.

Í fyrsta lagi er lagt til að starfsmönnum alþjóðastofnana, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, verði að uppfylltum vissum skilyrðum veittur réttur til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins á meðan starfstími þeirra erlendis stendur.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lögð til lækkun á viðbótarframlagi sveitarfélaga vegna lífeyrisiðgjalds kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Með lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, voru verkefni grunnskóla flutt frá ríki til sveitarfélaga. Þetta viðbótarframlag byggist á samkomulagi ríkis og sveitarfélag um kostnaðar- og tekjufærslu vegna flutnings grunnskólans. Í því samkomulagi var samið svo um að sveitarfélögin bæru ekki frekari ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum vegna kennara. Með lögum nr. 167/2006, um breytingu á lagaákvæð-

um um lífeyrissjóði, hækkaði mótframlag í B-deild sjóðsins úr 6% í 8%. Að óbreyttu hækkar því heildariðgjaldið úr 15,5% í 17,5% en það var ekki ætlunin. Er því sú breyting sem hér er lögð til nauðsynleg til að koma í veg fyrir að útgjöld sveitarfélaga hækki vegna hækkaðs mótframlags í B-deild sjóðsins.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar í tilefni af samkomulagi Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Samkomulagið var undirritað í Stokkhólmi 1. júní 2001 og öðlaðist gildi 1. mars 2002, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 38 frá 31. desember 2001.

Samkomulagið leysir af hólmi eldra samkomulag Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 18. desember 1973. Ísland átti ekki aðild að samkomulaginu en samkvæmt því átti ríkisstarfsmaður við starfslok rétt á að áunnin lífeyrisréttindi hans í sambærilegu starfi í öðru norrænu landi yrðu talin með við útreikning lífeyris og lífeyririnn yrði allur greiddur í því landi þar sem starflok urðu og taka lífeyris hófst. Ekki var gert ráð fyrir því að greiðslur kæmu frá öðrum löndum þar sem réttindi höfðu verði áunnin. Þetta eldra fyrirkomulag var ekki talið samræmast reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja. Reglur Evrópusambandsins á þessu sviði byggjast á sjónarmiðum um jafnræði milli launþega sem flytjast milli landa og þeirra sem búa í viðkomandi landi, enn fremur að við flutninginn glati launþegi ekki þeim réttindum sem hann hefur áunnið sér samkvæmt reglum viðkomandi lands og að lífeyrir sé greiddur út án tillits til þess hvar viðkomandi er búsettur innan Evrópusambandsins. Loks er byggt á því að lífeyrisþegi eigi rétt á að lífeyrir hans sé reiknaður hlutfallslega hjá hverju og einu landi þar sem hann hefur öðlast rétt til lífeyris (pro-rata-temporis).

Það samkomulag, sem Norðurlöndin hafa nú gert og Ísland er aðili að, byggist að meginstefnu á sömu sjónarmiðum og liggja til grundvallar reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og Norðurlandasamningi um almannatryggingar, sbr. lög nr. 66/2004. Mismunandi uppbygging lífeyriskerfa ríkisstarfsmanna og tengsl þeirra við almannatryggingakerfi landanna getur á hinn bóginn leitt til þess að ríkisstarfsmenn, sem taka við samsvarandi starfi í öðru norrænu landi, tapi réttindum. Samkomulagið fylgir þeim megintilgangi eldra samkomulags að stuðla að því að lífeyrismál hamli því ekki að ríkisstarfsmenn geti tekið við samsvarandi starfi í öðru norrænu landi. Þannig stefnir samkomulagið að því að lífeyrisréttindi starfsmanns sem starfað hefur í öðru norrænu landi verði sem líkust þeim réttindum sem hann hefði aflað hefði hann hvergi farið en haldið áfram í starfi sínu, þó þannig að réttindaávinnsla miðist ávallt við reglur hvers lands fyrir sig. Með sama hætti er ekki gert ráð fyrir því að ríkisstarfsmaður öðlist betri rétt en ella. Það er jafnframt einn megintilgangur samkomulagsins að útreikningur lífeyrisréttinda þeirra sem falla undir samkomulagið skuli byggjast á sömu sjónarmiðum og reglugerð (EBE) nr. 1408/71.

Í heiti samkomulagins er talað um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna (á sænsku: samordning av pensionsrätt enligt statliga pensionsordningar). Rétt er að leggja áherslu á að með samkomulaginu er ekki stefnt að einsleitum lífeyrisreglum fyrir norræna ríkisstarfsmenn. Réttara er í þessu sambandi að tala um að samhæfa útreikning lífeyrisréttinda vegna mismunandi lífeyriskerfa. Nokkur dæmi eru um að íslenskir ríkisstarfsmenn taki tímabundið við samsvarandi starfi í öðru norrænu landi eða hjá samnorrænum stofnunum. Mikilvægt er að mismunandi lífeyrisreglur landanna komi ekki í veg fyrir að menn fari úr starfi, sem veitir rétt til lífeyris ríkisstarfsmanna í einu norrænu landi, í samsvarandi starf í einhverju öðru þessara landa.

Samkomulagið felur í sér samhæfingu lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna, einkum á eftirfarandi sviðum:

- Við útreikning lífeyrisréttinda sem byggjast á lengd starfstíma eða sambærilegum tímaskilyrðum sé litið til samsvarandi starfstíma í öðru norrænu landi.
- Ríkisstarfsmaður geti, í því landi sem starfslok verða, virkjað þau lífeyrisréttindi sem hann hefur öðlast í öðru norrænu landi frá sama tíma, en þau verði þá oft fyrir skerðingu sem er mismunandi eftir reglum hvers lands.
- Mat á heilsufari við fyrri ráðningu í starf verði almennt lagt til grundvallar við útreikning lífeyris samkvæmt lífeyrisreglum annars norræns lands.
- Úrskurður um örorkulífeyri í einu landi sá lagður til grundvallar við útborgun örorkulífeyris í öðru norrænu landi.
- Í einstökum vafamálum sem upp kunna að koma um framkvæmd samkomulagsins er gert ráð fyrir að löndin hafi samráð áður en máli er ráðið til lykta.
- Jafnframt gerir samkomulagið ráð fyrir því að ákveðin samhæfing og samvinna eigi sér stað milli Norðurlandanna um útreikning og útborgun lífeyris fyrir þá ríkisstarfsmenn sem í hlut eiga.

Norræna samkomulagið tekur til lífeyrisréttinda vegna starfa sem falla undir lífeyrisreglur ríkisstarfsmanna á Norðurlöndum. Samkvæmt fylgiskjali með samkomulaginu er þar vísað til lífeyrisréttinda samkvæmt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Jafnframt er rétt að benda á að samkomulagið tekur til ríkisstarfsmanna í skilningi laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem uppfylla aðildarskilyrði að sjóðunum.

Með frumvarpi þessu fylgja drög að reglum sem settar verða nái frumvarpið fram að ganga. Jafnframt fylgir frumvarpinu Samkomulag Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna frá 1. júní 2001.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að nýju ákvæði verði bætt við 4. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ákvæðinu er ætlað að veita stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, með samþykki fjármálaráðherra, heimild til að veita starfsmönnum alþjóðastofnana, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, rétt til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins á starfstíma þeirra hjá viðkomandi alþjóðastofnun, enda hafi þeir átt aðild að B-deildinni er þeir hófu störf erlendis og hafi jafnframt fengið launalaust leyfi til að sinna starfinu erlendis. Ríkisstarfsmenn hafa ekki átt rétt til að halda áfram að ávinna sér réttindi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins meðan þeir starfa hjá alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að. Þegar samfelldar iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla niður af þessum sökum getur það komið niður á réttindaávinnslu þeirra. Yfirleitt eiga viðkomandi starfsmenn ekki rétt á aðild að öðrum lífeyrissjóði á meðan og jafnvel þótt þeir greiði í söfnunarsjóði í staðinn kemur það ekki í sama stað niður. Stjórn sjóðsins er falið að ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af með hliðsjón af 6. mgr. 23. gr. laganna en almennt er gert ráð fyrir því að iðgjald verði greitt af þeim launum sem starfsmaður hafði áður en hann hóf störf hjá alþjóðastofnun og taki þau breytingum með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn. Um nánari aðild og framkvæmd skal ákveðið í samþykktum sjóðsins. Í ákvæðinu felst að ekki er um sjálfkrafa rétt að ræða heldur þarf stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

að heimila og þarf fjármálaráðherra að samþykkja þær fjárhagslegu skuldbindingar ríkisins sem af þessu hljótast. Heimildin er einnig bundin við starfstíma erlendis, að viðkomandi hafi fengið launalaust leyfi, um sé að ræða alþjóðastofnun sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, starfsmaðurinn þarf að hafa átt aðild að B-deildinni er hann hóf störf erlendis og njóti ekki lífeyrisréttar hjá viðkomandi alþjóðastofnun.

Um 2. gr.

Með greininni er lögð til lækkun á viðbótarframlagi sveitarfélaga vegna kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Með lögum nr. 167/2006, um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, sem gengu í gildi 1. janúar 2007, hækkaði mótframlag í B-deild sjóðsins úr 6% í 8%. Breytingin hefur þær afleiðingar að mótframlag sveitarfélaga vegna grunnskólakennara sem eru í B-deild hækkar úr 15,5% í 17,5%. Þetta viðbótarframlag byggist á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjufærslu vegna flutnings grunnskólans. Í því samkomulagi var samið svo um að sveitarfélögin bæru ekki frekari ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum vegna kennara og er því þessi breyting nauðsynleg til að koma í veg fyrir að útgjöld sveitarfélaga hækki vegna hækkaðs mótframlags í B-deild sjóðsins.

Um 3. og 4. gr.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði nýju ákvæði við lög nr. 1/1997 og með samsvarandi hætti einnig við lög nr. 2/1997. Ákvæðin eru efnislega samhljóða. Með þeim er fjármálaráðherra fengin heimild til þess að setja í reglur fyrirmæli um framkvæmd norræna samkomulagsins þannig að sjóðfélagi geti notið þeirra réttinda sem það gerir ráð fyrir. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum stefnir samkomulagið að því að samhæfa lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna, þó þannig að réttindaávinnsla miðist við reglur hvers lands fyrir sig.

Lagt er til að í reglum fjármálaráðherra verði ríkisstarfsmanni m.a. heimilt að virkja réttindi sín í samræmi við efni samkomulagsins þótt þau séu umfram ákvæði laganna. Leiði útreikningur réttinda við upphaf lífeyristöku ríkisstarfsmanns í ljós aukinn kostnað vegna samhæfingar réttinda hans er gert ráð fyrir að slíkur umframkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Dæmi um tilvik sem falla hér undir væri það þegar litið er til starfstíma í öðru norrænu landi, t.d. við útreikning á svonefndri 95 ára reglu. Enn fremur er gert ráð fyrir því að í reglum fjármálaráðherra verði, í samræmi við efni 4. gr. samkomulagsins, heimilt að víkja frá skilyrði um upphaf töku lífeyris. Það á einkum við um ellilífeyri úr B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga sem miðast við 65 ára aldur. Þær reglur sem gilda um upphaf töku ellilífeyris eru mismunandi milli Norðurlandanna. Samkomulagið gerir ráð fyrir því að taka ellilífeyris sé fyrst möguleg við 60 ára aldur. Gert er ráð fyrir því að í reglum fjármálaráðherra verði heimilt að ákveða að taka ellilífeyris geti miðast við sama tímamark og ríkisstarfsmaður hefur öðlast í öðru landi. Jafnframt er lagt til að heimilt verði að skerða ellilífeyri nýti ríkisstarfsmaður heimild til snemmtöku lífeyris samkvæmt reglunum. Hér verður að líta til þess að um val ríkisstarfsmanns er að ræða og að gert er ráð fyrir því við beitingu samkomulagsins að ríkisstarfsmaður hvorki tapi réttindum né öðlist aukin réttindi við það að hann taki við sambærilegu starfi í öðru norrænu landi. Vilji hann njóta óskerts lífeyris getur hann valið að bíða uns rétti til lífeyristöku er náð.

Lagt er til að í þeim reglum sem settar yrðu samkvæmt framansögðu verði m.a. mælt fyrir um heimild til útborgunar lífeyris, greiðslu kostnaðar og önnur atriði er varða samhæfingu lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna sem tekið hafa við samsvarandi starfi annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra verði heimilt að fela Líf-

eyrissjóði starfsmanna ríkisins framkvæmd samkomulagsins. Í því felst m.a. að sjóðurinn annist upplýsingagjöf, leiðbeiningar og útreikninga í einstökum málum og taki við fyrirmælum fjármálaráðuneytisins um útborgun lífeyris samkvæmt samkomulaginu. Komi upp ágreiningur vegna meðferðar sjóðsins á einstökum málum er gert ráð fyrir að honum verði skotið til fjármálaráðherra. Slíkt fyrirkomulag þykir eins og hér háttar til eðlilegt, m.a. í því ljósi að fjármálaráðuneytið hefur haft umsjón með gerð samkomulagsins fyrir hönd Íslands og að í 6. gr. þess er m.a. við það miðað að aðildarlöndin aðstoði hvert annað eins og þörf krefur við beitingu samkomulagsins og semji sín á milli vegna deilna sem rísa kunna við túlkun eða beitingu þess.

Loks er mælt fyrir um að kostnaður sem leiðir af framkvæmd samkomulagsins greiðist úr ríkissjóði. Ekki er gert ráð fyrir því að umtalsverður kostnaður falli á ríkissjóð af framkvæmd samkomulagsins, enda um tiltölulega fá mál á ári að ræða.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal I.

### SAMKOMULAG

### milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa, í því skyni að lífeyrismál komi ekki í veg fyrir að menn fari úr starfi, sem veitir rétt til lífeyris ríkisstarfsmanna í einu norrænu landi, í samsvarandi starf í einhverju öðru þessara landa, komið sér saman um eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Samkomulagið tekur til lífeyrisréttinda vegna starfa sem falla undir lífeyrisreglur ríkisstarfsmanna á Norðurlöndum.

Með lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er átt við þau lög og þær reglur um lífeyri ríkisstarfsmanna sem talin eru upp í fylgiskjali með samkomulagi þessu.

Ef reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, tekur til lífeyrisreglna ríkisstarfsmanna í viðkomandi landi skal ákvæðum þessa samkomulags því aðeins beitt að annað gildi ekki samkvæmt reglugerðinni.

2. gr.

Þegar sá sem gegnt hefur starfi er 1. gr. nær til tekur við samsvarandi starfi í einhverju hinna norrænu landanna skulu þær lífeyrisreglur, sem gilda um annað starfið og varða lengd ráðningartíma eða lágmarksiðgjaldagreiðslutíma til að öðlast lífeyrisrétt eða ámóta tímatakmarkanir, einnig teljast hafa gilt um hitt starfið.

3. gr.

Sé farið beint úr starfi sem 1. gr. nær til í samsvarandi starf í einhverju hinna norrænu landanna skal hugsanlegri takmörkun lífeyrisréttinda af heilsufarsástæðum ekki beitt samkvæmt þeim lífeyrisreglum sem gilda um seinna starfið hafi slík takmörkun ekki gilt fyrir starfsskiptin.

Ef takmarkanir lífeyrisréttinda af heilsufarsástæðum giltu fyrir starfsskiptin skal litið fram hjá hugsanlegu versnandi heilsufari eftir þau. Þau gögn, sem lögð voru til grundvallar við heilsufarsmat fyrir starfsskiptin, skulu einnig lögð til grundvallar við heilsufarsmat samkvæmt þeim lífeyrisreglum sem gilda um seinna starfið.

4. gr.

Taki sá, er gegnt hefur starfi sem 1. gr. nær til í að minnsta kosti þann lágmarkstíma sem þarf til að öðlast lífeyrisrétt, við samsvarandi starfi í einhverju hinna norrænu landanna heldur hann þeim lífeyrisréttindum sem áunnust í fyrra starfinu.

Fyrir þann sem fær elli-, maka- eða barnalífeyri vegna starfs sem 1. gr. nær til skulu lífeyrisréttindi sem áunnin eru í einhverju hinna landanna reiknuð út samkvæmt reglum þess lands. Þá skal beita reglum þess lands um útreikning og verðtryggingu lífeyris. Lífeyrisrétthafinn skal, ef hann óskar þess, geta notið allra áunninna lífeyrisréttinda sinna samkvæmt samkomulagi þessu frá sama tíma og hann öðlast rétt til elli-, maka- eða barnalífeyris í því landi þar sem lífeyrisgreiðslur hans hefjast. Þetta á eingöngu við þegar greiðsla elli-, maka- eða barnalífeyris hefst í beinu framhaldi af starfslokum eða fráfalli starfsmanns. Taka ellilífeyris er þó fyrst möguleg frá og með 60 ára aldri. Lífeyrir greiðist af því landi þar sem hann var áunninn.

5. gr.

Þessari grein verður einvörðungu beitt ef reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, á ekki við.

Ef sá sem gegnir starfi sem 1. gr. nær til fær örorkulífeyri vegna skertrar starfsgetu samkvæmt lífeyrisreglum starfslandsins má samræma örorkulífeyrinn og lífeyri sem áunninn er samkvæmt samkomulagi þessu í einhverju hinna norrænu landanna. Við slíka samræmingu skal hafa til hliðsjónar ákvæði greinar 46b í reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja.

Sé einhver með ráðningu samtímis í fleiri en einu Norðurlanda í starf sem 1. gr. nær til skal örorkulífeyrir hans reiknast samkvæmt lífeyrisreglum starfslandsins eða í því landi þar sem lífeyrisrétthafi hefur aðalstarf sitt. Lífeyrir samkvæmt öðrum lífeyrisreglum sem koma til álita reiknast samkvæmt reglum þess lands og almennt í hlutfalli við ávinnslutíma þar.

6. gr.

Til þess bær yfirvöld og stofnanir í aðildarlöndum samkomulagsins skulu aðstoða hvert annað eins og þörf krefur við beitingu samkomulags þessa og semja sín á milli vegna deilna sem rísa kunna við túlkun eða beitingu þess.

Lífeyrisrétthafi skal sækja um lífeyri hjá lífeyrisyfirvöldum í hverju landanna fyrir sig þar sem hann ávann sér lífeyrisréttindi. Í þeim tilvikum að lífeyrisrétthafi sækir aðeins um lífeyri

í því landi þar sem hann byrjar lífeyristöku skal viðkomandi lífeyrisyfirvald senda umsókn hans áfram til lífeyrisyfirvalda í þeim löndum sem málið varðar.

7. gr.

Umsókn, umsögn eða kæra, sem á að berast yfirvaldi í einu landanna innan ákveðins tímafrests, telst hafa borist tímanlega hafi hún borist samsvarandi yfirvaldi í einhverju hinna landanna áður en fresturinn rann út. Þá skal síðarnefnda yfirvaldið umsvifalaust senda umrædda umsókn, umsögn eða kæru áfram til bærs yfirvalds í hinu landinu.

8. gr.

Viðkomandi yfirvöld á Norðurlöndum skulu eins fljótt og auðið er tilkynna hvert öðru um allar breytingar á og viðbætur við lífeyrisreglur sem gilda varðandi þær greiðslur sem getið er um í 1. gr.

9. gr.

Samkomulag þetta gildir um þá sem enn hafa ekki hafið töku lífeyris eða, þar sem það á við, hefur enn ekki verið veitt heimild til töku lífeyris við gildistöku þess.

Hver einstaklingur, sem fyrir gilditöku samkomulags þessa hafði gegnt starfi sem 1. gr. nær til í fleiri en einu landanna og féll þá undir samkomulag Svíþjóðar, Danmerkur, Finnlands og Noregs frá 18. desember 1973 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna og fundargerð frá 28. júní 1990 um breytingu á því samkomulagi, á rétt á að velja um að fá lífeyri sinn reiknaðan eftir eldra samkomulaginu svo fremi að annað leiði ekki af reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja. Þetta gildir í 5 ár frá gildistöku þessa samkomulags og að því tilskildu að lífeyristakan hefjist innan þeirra tímamarka og að látið sé af starfi sem 1. gr. nær til.

10. gr.

Þegar nauðsynlegum formsatriðum vegna gildistöku er lokið skal viðkomandi land þegar tilkynna það öðrum aðilum samkomulagsins. Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánuðar eftir að síðasta tilkynningin þar að lútandi hefur borist sænska utanríkisráðuneytinu.

Þegar samkomulag þetta tekur gildi fellur úr gildi samkomulag Svíþjóðar, Danmerkur, Finnlands og Noregs frá 18. desember 1973 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna og fundargerð frá 28. júní 1990 um breytingu á því samkomulagi.

11. gr.

Aðildarland getur sagt samkomulaginu upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til sænsku ríkisstjórnarinnar sem tilkynnir þá hinum aðilunum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar.

Uppsögnin tekur aðeins til þess aðila sem að uppsögninni stendur og hún tekur gildi frá og með næstu áramótum eftir að minnsta kosti 6 mánuðir eru liðnir frá því að sænsku ríkisstjórninni barst uppsagnartilkynningin.

12. gr.

Frumeintak samkomulags þessa er varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðilunum staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar aðildarlandanna undirritað samkomulagið að framlögðum viðeigandi umboðum.

Gjört í Stokkhólmi hinn 1. júní 2001 í einu eintaki á danskri, finnskri, íslenskri, norskri og sænskri tungu og eru allir textarnir jafngildir.

## Fylgiskjal
## með samkomulagi Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um lífeyrismál.

Með *dönskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna* er átt við lög nr. 724 frá 9. september 1993, um lífeyri opinberra starfsmanna, sem taka til starfsmanna ríkisins, grunnskólans og þjóðkirkjunnar, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 316 frá 14. maí 1997 og lögum nr. 346 frá 2. júní 1999, lög nr. 82 frá 12. mars 1970, um eftirlaun borgaralegra starfsmanna o.fl. í hernum, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 821 frá 25. nóvember 1998, sem og lífeyrisreglur sem ríkið fjármagnar eða ábyrgist sem eru í aðalatriðum efnislega samhljóða lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna o.fl.

Með *finnskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna* er átt við lög nr. 280 frá 20. maí 1966, um ríkislífeyri, lög nr. 281 sama dag, um gildistöku laga um ríkislífeyri, lög nr. 774 frá 31. desember 1968, um fjölskyldulífeyri ríkisins, lög nr. 775 sama dag, um gildistöku laga um fjölskyldulífeyri ríkisins, lög nr. 1152 frá 11. desember 1997, um reglur um lífeyrisvernd við styttri ráðningartíma hjá ríkinu en einn mánuð, reglugerðir samkvæmt heimildum í ofangreindum lögum svo og lög og reglugerðir sem lífeyrisgreiðslur frá ríkinu grundvallast á eða hafa grundvallast á að teknu tilliti til viðeigandi hluta ofannefndra laga og reglugerða.

Við ráðningar samkvæmt öllum framantöldum finnskum lögum og reglugerðum er farið eftir reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja.

Með *íslenskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna* er átt við lög nr. 1 frá 10. janúar 1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lög nr. 2 frá 10. janúar 1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

Með *norskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna* er átt við lög nr. 26 frá 28. júlí 1949, um Lífeyrissjóð ríkisins, með síðari viðbótum.

Með *sænskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna* er átt við þau ákvæði um lífeyri ríkisstarfsmanna o.fl. sem sett hafa verið að tilhlutan ríkisstjórnarinnar eða af yfirvaldi eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar eða, hvað varðar þjóðþingið og stofnanir þess, að tilhlutan þjóðþingsins. Með lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er þó ekki átt við ákvæði um viðbótarhlutalífeyri né heldur ákvæði um varalífeyri eða samsvarandi eingreiðslu.

**Fylgiskjal II.**

## Drög að reglum

## um samræmingu lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna sem falla undir norrænt samkomulag um lífeyrismál.

1. gr.

*Gildissvið og tilgangur.*

Reglur þessar taka til ríkisstarfsmanna sem áunnið hafa sér lífeyrisréttindi í störfum sem falla undir samkomulag Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 1. júní 2001, um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Í reglum þessum nefnt samkomulagið.

Til ríkisstarfsmanna samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem falla undir gildissvið laga um réttindi og skyldur starfmanna ríkisins og öðlast hafa lífeyrisréttindi samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Reglunum er ætlað að stuðla að því að lífeyrismál komi ekki í veg fyrir að ríkisstarfsmenn taki við samsvarandi starfi í öðru norrænu landi.

2. gr.

*Samræming réttinda.*

Við beitingu samkomulagsins skal við það miðað að ríkisstarfsmaður hvorki tapi áunnum réttindum né öðlist aukin réttindi við að hann taka við sambærilegu starfi í öðru norrænu landi.

3. gr.

*Starfstími í samsvarandi starfi.*

Ríkisstarfsmaður getur óskað eftir því að litið sé til réttindatímabila í öðru norrænu landi til að virkja rétt til lífeyris eða til að iðgjaldagreiðsluskylda hans falli niður.

Samkomulagið tryggir ríkisstarfsmanni ekki áframhaldandi aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 1/1997, né að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, sbr. 6. mgr. 17. gr. laga nr. 2/1997, hafi hann látið af starfi sínu hér á landi vegna starfa erlendis lengur en í 12 mánuði. Þetta á þó ekki við um launalaus leyfi frá starfi.

4. gr.

*Um útborgun lífeyris.*

Jafnan skal miða við að lífeyrisþegi geti, þegar hann óskar þess, notið áunninna lífeyrisréttinda í öðru norrænu landi frá sama tíma og hann öðlast rétt til töku lífeyris í því landi þar sem lífeyrisgreiðslur til hans hefjast enda hefjist taka lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum eða fráfalli starfsmannsins.

Ríkisstarfsmaður, sem lætur af starfi í öðru norrænu landi og hefur töku ellilífeyris samkvæmt reglum þess lands en hefur jafnframt áunnið sér lífeyriséttindi í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, getur farið fram á að réttindi úr þessum sjóðum verði virk frá sama tíma, þó svo að hann hafi ekki öðlast rétt til töku lífeyris

samkvæmt almennum reglum um sjóðina. Taka ellilífeyris er þó fyrst möguleg eftir 60 ára aldur.

Nú ákveður ríkisstarfsmaður að hefja töku ellilífeyris úr B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga áður en hann hefur öðlast rétt til hans, sbr. 2. mgr., og skal þá lækka réttindi hans hlutfallslega svo að heildarskuldbindingar sjóðsins aukist ekki. Leggja skal til grundvallar útreikning tryggingafræðings, sem byggður er á sömu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins.

5. gr.

*Framkvæmd og skipulag.*

Fjármálaráðherra er í fyrirsvari gagnvart öðrum aðilum samkomulagsins um framkvæmd þess og um úrlausn deilumála sem upp kunna að rísa við túlkun eða beitingu þess.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tekur við umsóknum um útborgun lífeyris, annast útreikning hans og veitir jafnframt upplýsingar og leiðbeiningar til ríkisstarfsmanna um réttindi þeirra samkvæmt samkomulaginu. Lífeyrissjóðurinn gerir fjármálaráðuneytinu grein fyrir framkomnum umsóknum og útreikningum sínum.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins annast greiðslu lífeyris samkvæmt samkomulaginu. Mismunur sem leiðir af framkvæmd þess og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, greiðist úr ríkissjóði.

Telji ríkisstarfsmaður að lífeyrir hans sé ekki rétt ákveðinn samkvæmt samkomulaginu eða reglum þessum, sker fjármálaráðherra úr.

6. gr.

*Kostnaður.*

Fjármálaráðuneytið ber kostnað af framkvæmd reglna þessara og gerir samning við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um uppgjör á kostnaði sjóðsins af framkvæmd þeirra.

7. gr.

*Lagaheimild og gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í 41. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og 27. gr. laga nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og taka til þeirra sem öðlast hafa lífeyrisréttindi vegna starfa sem falla undir samkomulagið, sem undirritað var 1. júní 2001 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda og tók gildi 1. mars 2002, en höfðu ekki hafið töku lífeyris við gildistöku þess.

**Fylgiskjal III.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.**

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Breytingarnar snúa annars vegar að því að tryggja betur og samræma lífeyrisréttindi þeirra ríkisstarfsmanna sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða annars staðar á Norðurlöndum. Hins vegar miða breytingarnar að því að leiðrétta iðgjaldaprósentu sveitarfélaga vegna starfsmanna grunnskóla þannig að hún hækki ekki frá því sem áður var samið um og kveðið á um í lögum þótt mótframlag vinnuveitenda hafi almennt verið hækkað úr 6% í 8%. Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi teljandi áhrif á útgjaldaskuldbindingar ríkissjóðs þar sem fremur fáir starfsmenn munu falla undir ákvæðin á ári hverju.

## 837. Fyrirspurn [562. mál]

til iðnaðarráðherra um fólksfækkun í byggðum landsins.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hefur farið fram athugun á stöðu byggðarlaga sem glíma við viðvarandi fólksfækkun? Ef svo er, hvenær hófst sú vinna og hvenær verða niðurstöður athugunarinnar birtar?

## 838. Fyrirspurn [563. mál]

til iðnaðarráðherra um hækkun raforkugjalda.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin koma til móts við íbúa dreifbýlis vegna stórhækkunar raforkugjalda í framhaldi af setningu nýrra laga um raforkumál?

## 839. Fyrirspurn [564. mál]

til viðskiptaráðherra um starfsemi Samkeppniseftirlitsins.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað eru mörg óafgreidd mál hjá Samkeppniseftirlitinu frá 2005–2007 og eldri?
2. Hvað telur ráðherra vera ásættanlegan afgreiðslutíma kvartana sem berast Samkeppniseftirlitinu?
3. Telur ráðherra líkur á að þjónustuaðilar og neytendur hafi borið skaða af drætti á afgreiðslu mála hjá stofnuninni?

## 840. Fyrirspurn [565. mál]

til forsætisráðherra um stuðning Íslendinga við hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hafa Bandaríkjamenn leitað hófanna hjá ríkisstjórn Íslands um svipaðan stuðning við hugsanlegan hernað gegn Íran og aflað var í aðdraganda innrásarinnar í Írak?
2. Ef svo er eða verði það gert, hver er þá afstaða ríkisstjórnarinnar?
3. Hefur ríkisstjórnin tekið til skoðunar að afturkalla loforð gefin Bandaríkjamönnum í aðdraganda innrásar í Írak um atbeina í formi afnota af íslenskum flugvöllum og lofthelgi?

## 841. Svar [521. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um símhleranir og eftirgrennslana-, öryggis- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar.

1. *Telur dómsmálaráðuneytið sig engar almennar skyldur hafa til að upplýsa um símhleranir og eftirgrennslana- eða leyniþjónustustarfsemi lögreglunnar frá því á umliðnum árum?*

Ráðuneytið hefur svarað öllum fyrirspurnum um mál af þessum toga sem til þess hefur verið beint og ráðherra hefur t.d. tvisvar svarað spurningum fyrirspyrjanda, á þingfundum 9. október 2006 og 24. janúar 2007. Að fyrirspyrjandi sætti sig ekki við svör ráðuneytisins jafngildir því alls ekki að ráðuneytið svari ekki fyrirspurnum um þetta mál. Hinn 24. janúar 2007 sagðist ráðherra ekki geta sagt meira um þessi mál en hann vissi. Með þessum orðum er ekki brotið gegn 54. gr. stjórnarskrárinnar. Greinin mælir fyrir um rétt þingmanna til að „óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.“ Að fyrirspyrjandi fái ekki þau svör sem hann væntir er ekki nýmæli en á hinn bóginn er ekki unnt að álykta sem svo að þau vonbrigði séu merki þess

að ráðherra hafi brotið gegn stjórnarskránni og ekki verður þess krafist af ráðherra að hann segi meira um einstakt mál en vitneskja hans leyfir.

Vorið 2006 var samstaða um það meðal þingflokka og þingmanna að skipuð skyldi sérstök nefnd til að kanna mál af þessum toga. Allsherjarnefnd Alþingis var samstiga í afstöðu sinni til þess hvernig að þessu nefndarstarfi skyldi staðið og lýsti því þannig í áliti sínu um þingsályktunartillögu forsætisráðherra um málið (þskj. 1467, 803. mál 132. löggjafarþings):

„Nefndin hefur fjallað um málið. Með tillögunni er lagt til að skipuð verði nefnd til að annast skoðun gagna í vörslu opinberra aðila sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991. Markmiðið er að leiða í ljós hvort í opinberum gagnasöfnum sé að finna upplýsingar um persónulega hagi einstaklinga eða dæmi um ólögmæta upplýsingaöflun.

Samkvæmt tillögunni er lagt til að nefndin verði skipuð stjórnarformanni Persónuverndar, þjóðskjalaverði, forseta Sögufélags, skrifstofustjóra Alþingis og formanni stjórnmálafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Enn fremur segir að nefndin skuli í samráði við forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti ákveða aðgang fræðimanna að gögnunum og skila Alþingi skýrslu um störf sín eigi síðar en í árslok 2006.

Allsherjarnefnd telur rétt að forseti Alþingis og formenn þingflokka eigi þess kost að fylgjast með framgangi starfsins og leggur til breytingar í þá veru. Óþarft er að tekið sé fram í tillögugreininni að samráð skuli haft við stjórnarráðið en engu að síður er ljóst að ráðuneytin þurfa að leggja nefndinni lið við gagnaöflun. Lagt er til grundvallar að nefndin byggi niðurstöður sínar um aðgang á mikilvægi gagnanna fyrir fræðilegar rannsóknir og gildandi lögum.“

Í upphafi þess þings sem nú situr flutti forseti Alþingis ásamt þingflokksformönnum frumvarp til laga um aðgang þessarar nefndar að trúnaðarskjölum. Í greinargerð með frumvarpinu, sem samþykkt var samhljóða, segir (sjá þskj. 27, 27. mál):

„Í tilefni af umfjöllun sl. vor um sagnfræðilega rannsókn á hlerunum á dögum kalda stríðsins var samþykkt þingsályktun 3. júní 2006 þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálsan aðgang fræðimanna að þeim. Með þessari þingsályktun hefur sú pólitíska stefna verið mörkuð að þessar upplýsingar skuli gerðar fræðimönnum aðgengilegar og sérstakri nefnd síðan falið að gera tillögu um hvernig staðið skuli að því, en nefndin var skipuð 22. júní 2006.

Áður en nefndin getur skilað tillögum sínum um tilhögun á aðgangi fræðimanna að gögnunum þarf hún að kanna hvaða stjórnvöld hafa slík gögn í vörslum sínum og gera könnun á þeim. Þannig verður þá hægt að taka afstöðu til þess hvort rétt er að gera tillögu um að gögn um öryggismál Íslands frá þessu tímabili verði varðveitt í sérstakri deild, t.d. á Þjóðskjalasafni Íslands. Einnig þarf að kanna hvaða einkalífsupplýsingar hafa verið skráðar og taka afstöðu til þess hvort ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs leggja skyldu á löggjafann að setja í lög ákvæði til verndar þeim einstaklingum sem sætt hafa eftirliti eða rannsókn af hálfu stjórnvalda með vísan til öryggishagsmuna íslenska ríkisins.

Þar sem ætla verður að öll gögn og upplýsingar um öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991 séu ekki aðgengileg almenningi á grundvelli upplýsingalaga, nr. 50/1996, aðallega vegna einkalífsverndar þeirra sem sættu eftirliti eða rannsókn á þessu tímabili, er nauðsynlegt að mæla í lögum fyrir um aðgangsrétt nefndarmanna að þessum gögnum og leggja um leið þagnarskyldu á þá. Frumvarp þetta er flutt til þess að lögfesta slíka aðgangsheimild nefndarmanna. Þá er jafnframt lagt til að lögfest verði að öllum opinberum starfsmönnum,

bæði núverandi og fyrrverandi, verði skylt að svara fyrirspurnum nefndarinnar um verklag við öflun, skráningu og varðveislu upplýsinga um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 þrátt fyrir ákvæði laga um þagnarskyldu. Ákvæðið er nefndinni nauðsynlegt svo að hún geti kannað með hvaða hætti gögn um öryggismál Íslands urðu til og hvernig varðveislu þeirra var hagað, hvar þau er að finna og hvaða gögnum hefur verið eytt.

Þá er í frumvarpinu mælt svo fyrir að upplýsingalög, nr. 50/1996, gildi ekki um störf nefndarinnar. Þykir það rétt í ljósi eðlis starfa nefndarinnar sem er að gera tillögu um rýmri aðgang að gögnum um öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991, en af því tilefni er nefndarmönnum nauðsynlegt að kanna umfang og eðli fyrirliggjandi gagna. Auk þess er rétt að benda á að væri slíkt ákvæði ekki sett mundu öll gögn, sem nefndin aflaði sér frá dómstólum í málum sem fjallað var um á árunum 1945–1991, færast undir gildissvið upplýsingalaga þar sem þau væru þá komin í vörslur stjórnvalds og orðin þáttur í ákveðinni stjórnsýslu nefndarinnar.

Rétt þykir að taka upp í lögin það ákvæði sem var í síðari málsgrein þingsályktunarinnar frá 3. júní 2006 um að nefndin hafi á starfstíma sínum samráð við forseta Alþingis og formenn þingflokka um framvindu verksins. Slíkt samráð er afar mikilvægt til að tryggja áfram þá samstöðu um málið sem náðist við samþykkt ályktunarinnar sl. vor.“

Af þeim ákvörðunum sem þingmenn hafa einhuga tekið um fyrrgreinda rannsókn er ljóst að hún er unnin í samráði við forseta Alþingis og formenn þingflokka. Ráðherra hefur staðið að því með öðrum þingmönnum að þessi leið verði farin til að afla upplýsinga um þessi mál. Svör við öðrum liðum fyrirspurnarinnar eru gefin með þeim fyrirvara að hinni ítarlegu rannsókn nefndarinnar er ekki lokið og skýrsla hennar hefur því ekki birst. Ráðuneytið telur að með rannsókn óhlutdrægs aðila sé best tryggt að allt sé upplýst um þessi mál sem unnt er með vísan til heimilda. Ráðuneytið vekur einnig athygli á því að í áliti allsherjarnefndar kemur fram að ráðuneyti skuli leggja nefndinni lið við gagnaöflun. Hefur það verið gert af hálfu ráðuneytisins og stofnana þess.

2. *Hversu umfangsmikil var þessi starfsemi hvað varðar fjölda þeirra einstaklinga sem símar voru hleraðir hjá og/eða spjaldskrár á grundvelli stjórnmálaskoðana voru færðar um?*

Í bókinni Óvinir ríkisins eftir Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing er að finna tölur um fjölda þeirra sem koma við sögu þegar leitað er heimildar hjá sakadómara til að hlera síma í þeim tilvikum sem sérstaklega eru rannsökuð af sagnfræðingnum. Í rannsókn sinni beindi Guðni Th. Jóhannesson athygli að málum sem tengdust stjórnmálaátökum. Hann birtir þessar tölur:

Mars 1949: Óskað var eftir heimild til hlerunar á 16 símum.
Janúar 1951: Óskað var eftir heimild til hlerunar á 15 símum.
Apríl 1951: Óskað var eftir heimild til hlerunar á 25 símum.
Febrúar 1961: Óskað var eftir heimild til hlerunar á 14 símum.
September 1963: Óskað var eftir heimild til hlerunar á 6 símum.
Júní 1968: Óskað var eftir heimild til hlerunar á 17 símum.

Hafi verið færðar spjaldskrár með upplýsingum um stjórnmálaskoðanir einstakra manna eru þær ekki í vörslu ráðuneytisins eða stofnana á þess vegum.

Augljóst er af öllu sem sagt hefur verið um þetta mál að umfang þessarar starfsemi á vegum lögreglu hefur aldrei verið mikið. Tveir til fimm menn virðast hafa sinnt verkefnum á þessu sviði frá því um upphaf sjötta áratugarins.

3. *Nákvæmlega hvernig var háttað samvinnu Útlendingaeftirlits, lögreglu og dómsmálaráðuneytis við bandaríska sendiráðið og leyniþjónustumenn þar og njósnadeildir hersins í Keflavík?*

Starf af hálfu Útlendingaerftirlits, lögreglu og dóms- og kirkjumálaráðuneytis hefur byggst á lögheimildum íslenskra yfirvalda og dómsúrskurðum á grundvelli slíkra heimilda. Hvenær og hvort leyniþjónustumenn hafi starfað í bandaríska sendiráðinu eða njósnadeild á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli getur ráðuneytið ekki staðfest.

4. *Hvernig var háttað samstarfi og samskiptum ráðherra og skrifstofa flokka þeirra við íslenska og bandaríska leyniþjónustuaðila, t.d. varðandi mannaráðningar Bandaríkjahers?*

Af hálfu íslenskra stjórnvalda voru samskipti við Bandaríkjaher undir forsjá utanríkisráðuneytis.

5. *Hvenær lauk sérstakri eftirgrennslana- eða leyniþjónustustarfsemi hjá lögreglunni eða hefur slík starfsemi farið fram í einhverjum mæli allt til þessa dags og þá hvar og í hvaða umfangi?*

Svar við fyrirspurn fyrirspyrjanda um leyniþjónustustarfsemi (251. mál, 24. janúar 2007) var svohljóðandi:

„Fyrirspurnir hv. þingmanns eru sprottnar af grein eftir dr. Þór Whitehead í tímaritinu Þjóðmálum þar sem sagt er frá því að á 4., 5. og 6. áratug síðustu aldar hafi verið lagður grunnur að því hjá lögreglustjóranum í Reykjavík að gert væri yfirlit yfir styrk kommúnista í ýmsum lykilstofnunum ríkisins með það í huga að þeir kynnu að geta misnotað aðstöðu sína, sérstaklega á stríðstímum, ef flokkur þeirra krefðist, eins og segir í ritgerð Þórs, með leyfi forseta:

„Þá hafi rannsókn á útlendingum í landinu vafalaust tengst viðvörun Dana um njósnanet danskra kommúnista en einn þeirra átti einmitt að sinna viðgerðum hjá Ríkisútvarpinu.“

Segir Þór frá því að einn maður, Pétur Kristinsson, hafi sinnt skrásetningarstarfi hjá lögreglustjóranum í Reykjavík í upphafi 6. áratugarins og hann hafi starfað náið með Árna Sigurjónssyni, yfirmanni Útlendingaeftirlitsins, og þá hafi verið vitað um a.m.k. þrjá hjálparmenn sem vöktuðu sovéska sendiráðið um þetta leyti. Í ritgerðinni er því lýst hvernig þessi starfsemi þróaðist í tímans rás. Ljóst er að aldrei var hún umfangsmikil. Má vafalaust finna umræður um hana í þingtíðindum ef grannt er skoðað.

Á árinu 1986 ákvað ríkisstjórn undir forsæti Steingríms Hermannssonar að setja á laggirnar starfshóp til að huga að skipulagi innri öryggismála. Baldur Möller, sem þá hafði nýlega látið af störfum sem ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, var formaður hópsins og skilaði forsætisráðherra munnlegri skýrslu um málið snemma árs 1987.

Af bráðabirgðaskýrslu sem Baldur ritaði 27. desember 1986 verður ráðið að skömmu áður en hópurinn hóf störf hafi verið gripið til úrbóta í öryggismálum æðstu stjórnar landsins, eins og Baldur orðar það, og telur hann þær aðgerðir á allgóðum vegi en í bráðabirgðaskýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Nú er unnið að mjög kröftugri eflingu tölvustýrðs upplýsingastreymis frá öryggismálastofnunum í öðrum löndum og telur starfshópurinn að þar verði um mjög mikilvæga framþróun að ræða. Jafnframt telur starfshópurinn nauðsynlegt að kanna vel öryggisaðstæður ýmissa viðkvæmustu ríkisstofnana og starfsemi utan þrengstu miðstjórnar ríkisins, svo sem fjarskiptastofnana, útvarps, orkustofnana og flugvalla.“

Af þessari frásögn dreg ég þá ályktun að á þessum tíma hafi íslenska ríkið verið að búa sig undir að sinna þeim verkefnum sem hv. fyrirspyrjandi ræðir á annan veg en gert var á 6., 7. og 8. áratugnum. Skömmu síðar varð hv. þingmaður samgönguráðherra og hlýtur hann að hafa tekið afstöðu til þess hvernig staðið skyldi að öryggi þeirra stofnana sem heyrðu undir ráðuneyti hans.

Í lok júnímánaðar sl. var birt opinberlega úttektarskýrsla sérfræðinga ráðherraráðs Evrópusambandsins í hryðjuverkavörnum. Var úttektin gerð fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Niðurstaða skýrslunnar er að íslenska ríkið reki ekki neina starfsemi sem unnt sé að kenna við leyniþjónustu. Skýrslan gefur gleggri mynd en nokkur önnur opinber gögn af þessum málum hér á landi og þar er gerð tillaga um að koma á laggirnar íslenskri öryggis- og greiningarþjónustu. Sérfræðingarnir töldu hana með öðrum orðum ekki fyrir hendi í landinu.

Ég vænti þess að nefnd undir formennsku dr. Páls Hreinssonar, sem starfar á grundvelli ályktunar Alþingis, geti upplýst þingheim um það efni sem hv. þingmaður nefnir í 2. lið fyrirspurnar sinnar [sjá svar við 1. lið fyrirspurnarinnar hér að framan]. Ég hef hvorki þekkingu né vitneskju til að lýsa umfangi þeirrar starfsemi sem fyrirspyrjandi nefnir, hverju var safnað, hverjir vissu um þessa starfsemi eða hverjir höfðu aðgang að upplýsingunum.“

6. *Á grundvelli hvaða lagaheimilda, þ.m.t. fjárheimilda, voru stundaðar símhleranir og rekin eftirgrennslana- eða leyniþjónustustarfsemi?*

Löggæsla var á hendi sveitarfélaga til ársins 1972 en þá tók ríkið við allri fjármögnun hennar. Allar fjárveitingar til lögreglu byggjast á fjárlögum. Enn fremur voru allar beiðnir um símahleranir byggðar á gildandi lögum á hverjum tíma og ávallt lagðar fyrir dómara í samræmi við kröfur þar um.

7. *Hverjir í stjórnsýslunni höfðu vitneskju um símhleranir og eftirgrennslanastarfsemi lögreglunnar?*

Embættismenn, dómarar, lögreglumenn og símamenn sem komu að því að afla og framkvæma lögmæltar heimildir höfðu vitneskju um starfsemina.

8. *Hyggst dómsmálaráðuneytið upplýsa þá einstaklinga eða eftirlifandi aðstandendur þeirra sem sættu símhlerunum eða öðrum persónunjósnum um það hve lengi eftirlitið stóð og um annað sem máli skiptir í því sambandi?*

Ráðuneytið hefur ekki slík áform sem spurt er um.

9. *Hefur dómsmálaráðuneytið tekið til skoðunar þann möguleika að greiða þolendum þessara aðgerða sem brotið var á bætur hliðstætt og gert hefur verið í Noregi?*

Ráðuneytið hefur kynnt sér hvernig staðið var að málum í Noregi og telur atvik þar annars eðlis en hér á landi.

# 842. Frumvarp til laga [566. mál]

um meginreglur umhverfisréttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Almenn ákvæði.

### 1. gr.
*Markmið.*

Markmið laga þessara er að stuðla að sjálfbærri þróun, sjálfbærri nýtingu umhverfis og samþættingu umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið og að draga úr neikvæðum áhrifum ákvarðana á umhverfið með hag núlifandi og komandi kynslóða að leiðarljósi.

Stefnt skal að markmiði 1. mgr. með því að:

a. útfæra meginreglur umhverfisréttar skv. II. kafla við setningu og framkvæmd laga og reglugerða sem áhrif hafa á umhverfi,
b. beita meginreglum umhverfisréttar skv. II. kafla við undirbúning og töku ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi.

## II. KAFLI
## Meginreglur.

### 2. gr.
*Samþætting.*

Samþætta skal sjónarmið um umhverfisvernd við önnur sjónarmið þegar undirbúnar eru ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfi.

### 3. gr.
*Fyrirbyggjandi aðgerðir.*

Þegar teknar eru ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfi skal eins og mögulegt er draga úr þeim, minnka þau eða koma í veg fyrir þau og að umhverfi skerðist að magni eða gæðum.

### 4. gr.
*Lausn umhverfisvandamála við upptök.*

Umhverfisvandamál skal eins og kostur er leysa þar sem þau eiga upptök sín.

### 5. gr.
*Varúðarregla.*

Þegar hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum áhrifum á umhverfi og náttúruauðlindir skal skorti á vísindalegri fullvissu ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem geta komið í veg fyrir áhrifin eða dregið úr þeim.

### 6. gr.
*Greiðsluregla.*

Í því skyni að tekið sé tillit til umhverfiskostnaðar skal beita hagrænum stjórntækjum í samræmi við meginregluna um að sá sem mengar beri að jafnaði þann kostnað sem hlýst af því að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum vegna mengunar.

III. KAFLI
**Leiðbeiningar og gildistaka.**
7. gr.
*Leiðbeiningar.*

Umhverfisráðherra gefur út leiðbeiningar um útfærslu meginreglna umhverfisréttar skv. II. kafla.

8. gr.
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**I. Inngangur.**

Frumvarp þetta er lagt fram af umhverfisráðherra og er ætlað að auðvelda framkvæmd sjálfbærrar þróunar, sjálfbærrar nýtingar umhverfis og stuðla að samþættingu sjónarmiða um umhverfisvernd við önnur sjónarmið. Liður í því er að leggja til að nokkrar af mikilvægustu meginreglum umhverfisréttarins verði lögfestar.

Þessar meginreglur eru:

1. reglan um samþættingu, sbr. 2. gr.,
2. reglan um fyrirbyggjandi aðgerðir, sbr. 3. gr.,
3. reglan um lausn við upptök, sbr. 4. gr.,
4. varúðarreglan, sbr. 5. gr., og loks
5. greiðslureglan (oft nefnd mengunarbótaregla), sbr. 6. gr.

Tvívegis áður hafa sambærileg frumvörp verið lögð fram á Alþingi. Á 117. löggjafarþingi 1993–94 var lagt fram frumvarp til laga um lögfestingu nokkurra meginreglna umhverfisréttar o.fl., sbr. þskj. 1182, og á 122. löggjafarþingi 1997–98 var lagt fram frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar, sbr. þskj. 1339. Hvorugt þessara frumvarpa varð að lögum.

Frumvarpið sem nú er lagt fram hefur að geyma flestar af meginreglunum sem voru í fyrri frumvörpum. Frumvarpið hefur þó víðtækara gildissvið og skírskotun, fyrst og fremst vegna meginreglunnar um samþættingu. Jafnframt eru í frumvarpinu nokkuð ítarlegri athugasemdir en voru í fyrri frumvörpum.

Eins og fram kemur í 1. gr. eru markmið frumvarpsins að stuðla að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu umhverfis og samþættingu umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið og draga úr umhverfisáhrifum ákvarðana sem varða umhverfi. Að öllu þessu er stefnt með hag núlifandi og komandi kynslóða að leiðarljósi.

Unnið skal að markmiðunum með þeim hætti að útfæra meginreglur umhverfisréttarins nánar í löggjöf sem áhrif hefur á umhverfi og beita þeim þegar undirbúnar eru ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfi.

**II. Ávinningur lögfestingar meginreglna umhverfisréttar.**

Ávinningur þess að lögfesta meginreglur umhverfisréttarins er margþættur. Í fyrsta lagi verða í einum lagabálki nokkrar af mikilvægustu reglum umhverfisréttarins. Þetta auðveldar undirbúning allra ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfi, þ.m.t. undirbúning nýrrar löggjafar, reglugerða og ákvarðanatöku í einstökum tilvikum.

Í öðru lagi er leitast við að skýra meginreglurnar og gera grein fyrir helstu röksemdum sem að baki þeim búa. Jafnframt eru veittar upplýsingar um hvernig meginreglurnar hafa verið útfærðar og þeim beitt, m.a. af dómstólum.

Í þriðja lagi verður auðveldara að vinna að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu umhverfis og einstakra þátta þess þar sem nokkrar af meginreglunum hafa beinlínis verið þróaðar með þessi markmið í huga.

Í fjórða lagi verður að hafa meginregluna um samþættingu umhverfissjónarmiða sérstaklega í huga. Reglan er ein mikilvægasta regla umhverfisréttarins og hefur þróast vegna sérstöðu málaflokksins og þeirrar staðreyndar að ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfi eru undirbúnar og teknar af mörgum stjórnvöldum.

Loks, í fimmta lagi, er umfjöllunin í frumvarpinu, og skýringar einstakra meginreglna, sett í ákveðið samhengi við þróun umhverfisréttar á alþjóðlegum vettvangi, þ.m.t. innan Evrópusambandsins (ESB), en gerðir Evrópubandalagsins (EB) á sviði umhverfisréttar eru eins og kunnugt er margar hluti af samningi um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum).

## III. Stjórnsýsla umhverfismála.

Í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 3/2004 um Stjórnarráð Íslands, ásamt síðari breytingum, fer umhverfisráðuneyti með ýmsa málaflokka sem í daglegu tali eru nefnd umhverfismál. Undir verksvið umhverfisráðuneytis falla málefni sem varða m.a. náttúruvernd, þ.m.t. vernd vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni og erfðaauðlinda, þjóðgarða, friðunar- og uppgræðsluaðgerðir, rannsóknir og umhverfisvöktun, mengunarvarnir, hollustuhætti, eiturefni og hættuleg efni, matvæli, skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum, byggingarmál og brunavarnir, veðurþjónustu, dýravernd og stjórn veiða á villtum fuglum og villtum landspendýrum, loftslagsvernd og loks landmælingar og kortagerð.

Ef ákvæði tilvitnaðrar reglugerðar eru skoðuð nánar er ljóst að ábyrgð og framkvæmd nokkurra þátta umhverfismála er á verksviði annarra ráðuneyta en umhverfisráðuneytis, fyrst og fremst sjávarútvegsráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis.

Í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu umhverfis er eðlilegt að umhverfisráðherra leggi fram frumvarp um meginreglur umhverfisréttar. Á þann hátt verður auðveldara að vinna að samþættingu umhverfissjónarmiða, sem er kjarni sjálfbærrar þróunar, við undirbúning allra umhverfismála hvar sem þau eru vistuð í Stjórnarráði Íslands.

## IV. Umhverfi.

Í frumvarpinu er ekki að finna skýringu á hugtakinu „umhverfi“ enda er nokkrum vandkvæðum bundið að skýra það með tæmandi hætti. Í nokkrum lagabálkum hefur þess verið freistað að skýra hugtakið og eru skýringarnar nánast samhljóða.

Í dæmaskyni er bent á nýlega skýringu 4. tölul. 2. gr. laga nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, þar sem segir: „*Umhverfi:* Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta.“

Hugtakið umhverfi er mjög víðtækt og getur sjálfbær nýting umhverfis tekið til hvers konar landnotkunar eins og nýtingar og verndar.

## V. Ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfi.

Rétt er að víkja sérstaklega að „ákvörðunum sem áhrif hafa á umhverfi“ en vísað er til þeirra í 1.–3. gr. Hér undir falla ekki einvörðungu ákvarðanir sem samkvæmt stjórnsýslurétti eru jafnan nefndar stjórnvaldsákvarðanir. Tilvísun til ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfi hefur víðtæka skírskotun og er ætlað að ná yfir allar ákvarðanir sem munu hafa áhrif á um-

hverfi þegar þær í fyllingu tímans koma til framkvæmda. Undir þetta getur því fallið opinber stefnumörkun, framkvæmda- og skipulagsáætlanir, lög og reglugerðir, svo og einstakar ákvarðanir, þ.m.t. stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru í samræmi við lög. Er þessi víðtæka nálgun í samræmi við kjarnann í meginreglunni um samþættingu. Verði frumvarp það sem hér er lagt fram að lögum ber að framkvæma þau á þann hátt að útfæra meginreglurnar eins og við á hverju sinni í nýrri löggjöf sem áhrif hefur á umhverfi og einnig ber að útfæra þær og beita þeim þegar teknar eru ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfi.

## VI. Umhverfisréttur.

*1. Helstu þróunardrættir.*

Á undanförnum árum hefur umhverfisréttur þróast hratt hér á landi eins og umfang réttarsviðsins ber með sér. Ástæðan er einkum þríþætt, þ.e. stofnun umhverfisráðuneytis árið 1990, aðild Íslands að alþjóðlegum samningum á sviði umhverfisréttar og loks aðild Íslands að EES-samningnum.

Frá 1990 hafa margir nýir lagabálkar verið lögfestir. Má hér í dæmaskyni nefna lög nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Samhliða hafa eldri lagabálkar sætt endurskoðun, t.d. skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, svo nokkur dæmi séu nefnd. Í mörgum gildandi lögum er jafnframt beint eða óbeint komið inn á svið umhverfisréttar. Má t.d. nefna lög nr. 3/1955, um skógrækt, lög nr. 17/1965, um landgræðslu, lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lög nr. 44/2002, um geislavarnir, raforkulög, nr. 54/2003, lög nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, lög nr. 58/2006, um fiskirækt, og lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Hvatinn að lögfestingu nýrra lagabálka og endurskoðun annarra hefur ekki síst verið að stuðla að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu umhverfis, svo og að útfæra skuldbindingar ýmissa alþjóðlegra samninga, þ.m.t. innleiðing EES-gerða í íslenskan rétt.

Ákveðnir erfiðleikar eru því samfara að afmarka hvað nákvæmlega fellur undir umhverfisrétt en almennt séð má segja að reglur réttarsviðsins hafi að markmiði að fyrirbyggja og koma í veg fyrir umhverfisvandamál annars vegar og hins vegar að leysa slík vandamál. Fullyrða má að kjarni réttarsviðsins hafi að geyma ákveðnar meginreglur, m.a. þær reglur sem verða að lögum verði frumvarpið samþykkt.

*2. Meginreglur og hlutverk þeirra.*

Því hefur verið haldið fram að eitt af einkennum umhverfisréttar sé hve mikið beri á tilvísunum til ákveðinna meginreglna. Margar þeirra eru fyrst og fremst hluti umhverfisréttar, t.d. greiðsluregla, en aðrar, t.d. varúðarregla, eru einnig vel þekktar á sviði löggjafar sem varðar öryggi matvæla og lyfja.

Hlutverk meginreglnanna er öðrum þræði að marka ákveðna stefnu og stundum verður vart greint á milli þeirra og stefnumótunar. Mikilvægasta hlutverk meginreglnanna er þó að veita ákveðnar upplýsingar um hvernig og á hvaða forsendum þeirra verður gætt og hvernig þær verða teknar upp við setningu laga og reglna varðandi réttindi og skyldur sem þær kveða á um.

Einnig skipta meginreglurnar miklu máli þegar einstök lagaákvæði eru skýrð.

**3. Sjálfbær þróun og sjálfbær nýting umhverfis.**

Frumvarp það sem lagt er hér fram hefur að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu umhverfis. Lögfesting meginreglna umhverfisréttar er einn liður í þessari viðleitni.

Eins og kunnugt er varð hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun að alþjóðlegu markmiði með útgáfu Brundtland-skýrslunnar árið 1987 (*Sustainable Development Our Common Future, World Commission on Environment and Development*) en samkvæmt skýrslunni er kjarni sjálfbærrar þróunar eftirfarandi:

*„Sjálfbær þróun leitast við að mæta þörfum og væntingum nútíðar án þess að stefna í hættu möguleikum til að mæta þörfum framtíðar.*

Það sem einkennir hugmyndafræðina um sjálfbæra þróun er einkum sú yfirgripsmikla umgjörð að líta á efnahagslega, þjóðfélagslega og umhverfislega þætti sem þríeyki á leið inn í framtíðina í stað þess að líta á þá sem óásættanlegar andstæður.

Ekki er þó öll þróun sjálfbær því þeirri þróun eru sett ákveðin takmörk. Hún skal eiga sér stað á þann hátt að ekki sé stefnt í hættu vistkerfum og þeim möguleikum sem umhverfi og náttúruauðlindir hafa til þess að endurnýja sig og aðlagast breytingum sem verða í umhverfinu.

Brundtland-skýrslunni var fylgt eftir á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó de Janeiró 1992. Á þeirri ráðstefnu var m.a. samþykkt yfirlýsing, oftast nefnd Ríó-yfirlýsingin. Í henni er að finna margar af helstu meginreglum umhverfisréttarins, m.a. regluna um samþættingu umhverfissjónarmiða, varúðarregluna og greiðsluregluna, og því beint til ríkja að setja sér virka umhverfislöggjöf.

Tíu árum eftir ráðstefnuna í Ríó var haldin önnur ráðstefna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg. Á þeirri ráðstefnu var samþykkt önnur yfirlýsing, Jóhannesarborgar-yfirlýsingin um sjálfbæra þróun, þar sem Ríó-yfirlýsingin og aðrar samþykktir frá 1992 voru ítrekaðar. Þótt Ríó-yfirlýsingin hafi ekki stöðu þjóðréttarsamnings er óumdeilt að margar af þeim meginreglum sem Ríó-yfirlýsingin hefur að geyma hafa haft afgerandi áhrif á þróun umhverfisréttar. Þetta á bæði við um þróun alþjóðlegs umhverfisréttar og einnig umhverfisréttar einstakra ríkja. Meginreglur yfirlýsingarinnar eru jafnframt liður í sjálfbærri þróun.

Frumvarp það sem hér er lagt fram hefur fyrst og fremst að markmiði að lögfesta ákveðnar meginreglur sem geta stuðlað að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu umhverfis og eru margar þeirra hluti af Ríó-yfirlýsingunni.

*4. Þróun á alþjóðlegum vettvangi.*

Á alþjóðlegum vettvangi hefur markvisst verið unnið að þróun og útfærslu meginreglna umhverfisréttarins og í einstökum efnisreglum alþjóðlegra samninga eru réttindi og skyldur ríkja útfærðar í samræmi við markmið og gildissvið þeirra. Ísland er aðili að mörgum þessara samninga. Til dæmis má nefna samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR-samningur), samning um líffræðilega fjölbreytni, samning um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka, samning um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórn veiða úr þeim og Kýótó-bókunina við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Þróunin hefur ekki verið bundin við alþjóðlegan umhverfisrétt því að samþætting umhverfissjónarmiða verður ekki að veruleika nema öll svið alþjóðlegs réttar sem áhrif hafa á umhverfi verði jafnframt þróuð að þessu leyti og hefur alþjóðasamfélagið tekið mið af því.

Á vettvangi ESB hefur ötullega verið unnið að meginreglum umhverfisréttarins og sjálfbærri þróun. Samningurinn um ESB (ESB-samningur) og samningurinn um EB (EB-samningur) byggjast báðir á meginreglunni um sjálfbæra þróun og útfæra hana. ESB-samningurinn hefur m.a. að markmiði að vinna að efnahags- og þjóðfélagslegum framförum og sjálfbærri þróun og það sama á við um EB-samninginn. Sérstaklega er tekið fram í aðfaraorðum EB-samningsins að samþætta beri kröfur sem lúta að umhverfisvernd við skilgreiningar og framkvæmd stefnu EB í öllum málaflokkum.

Markverðasta nýmælið í umhverfisrétti EB er vafalaust tilfærsla á meginreglunni um samþættingu. Hún er nú í 6. gr. EB-samningsins, þ.e. í almenna hluta samningsins, og á þar af leiðandi við um alla málaflokka sem EB lætur til sín taka. Meginreglan var áður í 2. mgr. 130r. gr. (nú 174. gr.), eða í þeim hluta samningsins þar sem sérstaklega er fjallað um umhverfismál, og átti samkvæmt því einungis við um samþættingu á því sviði. Í 6. gr. EB-samningsins segir að samþætta beri kröfur sem lúta að umhverfisvernd við skilgreiningar og framkvæmd stefnu EB í öllum málaflokkum.

Markmiða á sviði umhverfismála og meginreglna er getið í 174. gr. EB-samningsins. Í 2. mgr. 174. gr. EB-samningsins er sérstaklega tekið fram að stefna EB skuli byggjast á varúðarreglunni, reglunni um fyrirbyggjandi aðgerðir, að umhverfisvandamál skuli að jafnaði leyst við upptök og að sá sem mengi skuli greiða. Einstakar meginreglur eru síðan útfærðar nánar í EB-gerðum þar sem skyldur aðildarríkjanna eru nánar skilgreindar.

Eins og kunnugt er byggist texti 73. gr. EES-samningsins á 174. gr. EB-samningsins eins og hún hljóðaði fyrir Maastricht-breytingarnar (var þá grein 130r).

Í 2. mgr. 73. gr. segir orðrétt:

„Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur.[1] Kröfur um umhverfisvernd skulu vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum."

Jafnframt segir í aðfaraorðum EES-samningsins að samningsaðilar hafi einsett sér „að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða ..."

Framangreindar tilvitnanir má ekki túlka þannig að samningsaðilum beri að beita meginreglunum umfram þær skyldur sem eru hluti af einstökum EB-gerðum og hafa verið gerðar hluti af EES-samningnum. Tilvísanirnar þjóna fyrst og fremst þeim tilgangi að veita upplýsingar um meginreglurnar og undirstrika mikilvægi þeirra. En vissulega er ríkjum frjálst að útfæra reglurnar í samræmi við eigin markmið í umhverfismálum og flestar þeirra eru hluti alþjóðlegra samninga á sviði umhverfisréttar sem Ísland er aðili að. Vert er að hafa í huga að texti EES-samningsins hefur lagagildi á Íslandi í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið.

[1] Vakin er athygli á ónákvæmri þýðingu í 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins en orðin „bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur" eiga með réttu að vera „og að sá sem mengar skuli greiða". Enski textinn hljóðar svo: „... and that the polluter should pay."

*5. Meginreglur í íslenskum rétti.*

Óhætt er að fullyrða að íslenskur umhverfisréttur byggist á meginreglunni að gripið skuli til fyrirbyggjandi aðgerða í því skyni að koma í veg fyrir að umhverfi verði fyrir tjóni eða skerðingu og nægir í því sambandi að benda á lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Að auki er að finna ýmis lagaákvæði í íslenskum rétti þar sem aðrar meginreglur hafa verið útfærðar sérstaklega. Má t.d. nefna meginregluna um samþættingu og 6. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, um jarðabætur. Hún skal miða að því að bæta aðstöðu til búskapar og stuðla að framförum auk þess stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa, taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbærrar þróunar og stuðla að framþróun vistvænna og lífrænna búskaparhátta. Einnig er bent á 21. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Í greininni segir að þess skuli gætt að nýting auðlindanna sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða. Í raforkulögum, nr. 65/2003, segir að markmið þeirra sé að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti. Loks má nefna lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Markmið þeirra er að stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð. Þetta er gert á þann hátt að metin eru umhverfisáhrif tiltekinna áætlana sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfi.

Dæmi um varúðarregluna er að finna í 28. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Þar segir m.a. að þegar hætta er talin á að matvæli geti valdið alvarlegu heilsutjóni sé ráðherra heimilt að fyrirskipa nauðsynlegar varúðar- og varnaraðgerðir. Einnig byggjast lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, á varúðarreglunni, einkum og sér í lagi kröfur sem lúta að mati á áhættu.

Í íslenskum rétti er að finna margs konar ákvæði þar sem þeim sem mengar eða ábyrgð ber á mengun er gert að standa straum af kostnaði vegna mengunarvarna. Einnig geymir löggjöfin ákvæði um ýmis gjöld og skatta sem telja má til umhverfisgjalda og -skatta. Dæmi um þetta er ákvæði í lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, t.d. ákvæði um skilagjöld. Einnig er bent á 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Samkvæmt ákvæðinu ber mengunarvaldur hlutlæga ábyrgð á bráðamengun og skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu til þess að standa straum af kostnaði vegna bráðamengunartjóns.

*6. Helstu meginreglur.*

Umhverfisréttur hefur að geyma margar meginreglur, t.d. regluna um að grípa skuli til fyrirbyggjandi aðgerða (á ensku: *preventive approach* eða *principle*), að leysa skuli umhverfisvandamál við upptök (á ensku: *source principle*), varúðarregluna (á ensku: *precautionary approach* eða *principle*), greiðsluregluna (á ensku: *polluter pays principle*). Aðrar meginreglur eru t.d. reglan um mat á umhverfisáhrifum (á ensku: *environmental impact assessment* og *strategic environmental assessment*), reglan um þátttöku almennings (á ensku: *public participation*), reglan um jöfnuð innan kynslóðar (á ensku: *intra generational equity*), reglan um jöfnuð milli kynslóða (á ensku: *inter generational equity*), sjálfbær notkun náttúruauðlinda (á ensku: *sustainable use*), reglan um samþættingu umhverfissjónarmiða (á ensku: *integration* eða *external integration*) og reglan um sameiginlega en misjafna ábyrgð ríkja (á ensku: *common but differentiated responsibility*).

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er einvörðungu fjallað um fimm meginreglur, þ.e. samþættingu umhverfissjónarmiða, að grípa skuli til fyrirbyggjandi aðgerða, lausn við upptök, varúðarregluna og greiðslureglunna.

Valið er ekki tilviljun. Í aðfaraorðum EES-samningsins er sérstaklega vísað til sjálfbærrar þróunar og að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða og í 2. mgr. 73. gr. samningsins er vísað til reglunnar um fyrirbyggjandi aðgerðir og að auki til greiðslureglu, reglunnar um lausn við upptök og reglunnar um samþættingu. Rétt er að undirstrika að allar þessar meginreglur eru með einum eða öðrum hætti hluti af alþjóðlegum samningum á sviði umhverfisréttar sem Ísland er aðili að.

Verður nú gerð nánari grein fyrir þeim meginreglum frumvarpsins.

*Samþætting umhverfissjónarmiða.*

Reglan um samþættingu umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið er af mörgum talin kjarni sjálfbærrar þróunar og má það til sanns vegar færa.

Í 4. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar segir orðrétt í íslenskri þýðingu:

*„Til þess að af sjálfbærri þróun geti orðið verður umhverfisvernd að vera óaðskiljanlegur liður í þróunarferlinu og því er ekki hægt að slíta hana úr samhengi við það.“*

Meginreglan er ítrekuð og útfærð í mörgum nýlegum alþjóðlegum samningum sem varða umhverfisvernd. Í dæmaskyni má nefna b-lið 6. gr. samningsins um líffræðilega fjölbreytni en þar segir að sérhver samningsaðili skuli samþætta (á ensku: *integrate*) áform, áætlanir og stefnumál, sem varða hina ýmsu geira þjóðfélagsins, vernd og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni, og í a-lið 10. gr. sama samnings segir að samþætta skuli athugun á vernd og sjálfbærri notkun líffræðilegra auðlinda innlendri ákvarðanatöku. Einnig má nefna 4. mgr. 3. gr. rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar en samkvæmt greininni ber samningsaðilum að samþætta aðgerðir sem miða að loftslagsvernd við aðra opinbera stefnumörkun og áætlanagerð.

Á vettvangi ESB hefur reglan um samþættingu fengið annað og aukið vægi eftir að hún varð hluti af 6. gr. EB-samningsins. Nú er meginreglan í almenna hluta samningsins og á þar af leiðandi við um alla málaflokka sem EB vinnur að.

Í 6. gr. EB-samningsins segir að samþætta beri kröfur sem lúta að umhverfisvernd við skilgreiningar og framkvæmd stefnu EB í öllum málaflokkum. Þetta hefur í för með sér að taka ber tillit til markmiða EB í umhverfismálum skv. 1. mgr. 174. gr. EB-samningsins og meginreglnanna sem er að finna í 2. mgr. sömu greinar þegar stefna í öðrum málaflokkum, t.d. samgöngu-, landbúnaðar- og orkumálum, er útfærð. Margt er þó enn óljóst um samþættingu samkvæmt EB-rétti og hvernig ber að framkvæma hana en hér hafa verið nefnd aðalatriðin.

Í EES-samningnum er meginreglunnar getið í 2. mgr. 73. gr. samningsins eins og fyrr var komið að.

Í íslenskum rétti er að finna nokkur lagaákvæði sem beint eða óbeint varða samþættingu. Má t.d. nefna 6. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, um jarðabætur. Þær skulu miða að því að bæta aðstöðu til búskapar og stuðla að framförum auk þess stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa, taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistvænna og lífrænna búskaparhátta.

Einnig er bent á 21. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Í greininni segir að þess skuli gætt að nýting auðlindanna sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða. Tilvísun til umhverfissjónarmiða kom inn þegar frumvarpið var til með-

ferðar á Alþingi. Í nefndaráliti (þskj. 733, 126. löggjafarþing 2000–2001) segir að við veitingu leyfis til leitar, rannsókna og vinnslu skuli umhverfissjónarmið í víðtækri merkingu í hávegum höfð.

Í raforkulögum, nr. 65/2003, segir að markmið þeirra sé að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti. Hvorki í lögunum né í frumvarpinu sem varð að raforkulögum er að finna nánari skýringar á þessum sjónarmiðum.

Loks má nefna lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Markmið þeirra er að stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð. Þetta er gert á þann hátt að metin eru umhverfisáhrif tiltekinna áætlana sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfi.

Að lokum er bent á ákvæði á sviði sem ekki er dæmigert fyrir umhverfismál. Það er að finna í 3. mgr. 26. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup. Samkvæmt því er heimilt að taka tillit til umhverfissjónarmiða við mat á hagkvæmni tilboðs. Hvorki í lögunum né í athugasemdum frumvarpsins sem varð að fyrrgreindum lögum er skýrt nánar við hvað er átt með tilvísun til þessara sjónarmiða.

Í framangreindum dæmum er oftast notað orðalagið „að taka tillit til umhverfissjónarmiða“. Skilja verður þessi ákvæði þannig að samþætta eigi umhverfissjónarmið við önnur sjónarmið og umhverfissjónarmiðin geti verið jafnrétthá öðrum sjónarmiðum þegar teknar eru ákvarðanir um umhverfið.

*Fyrirbyggjandi aðgerðir.*

Löggjöf sem hefur að markmiði að vernda umhverfi byggist á meginreglunni um fyrirbyggjandi aðgerðir. Meginreglan sem slík er hluti af íslenskum rétti. Þá skal nefna að vísað er til hennar sérstaklega í 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. ákvæði laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið.

Markmiðið sem er fólgið í meginreglunni er að fyrirbyggja eða koma í veg fyrir að umhverfi verði fyrir varanlegri skerðingu sem ómögulegt eða óraunhæft er að bæta úr síðar. Að baki liggur vitneskja um óæskileg umhverfisáhrif verði ekki gripið til ákveðinna fyrirbyggjandi aðgerða og að þörf sé á ákveðnum verndaraðgerðum, jafnvel þótt þær hafi í för með sér einhverjar takmarkanir á eignarráðum eða athafnafrelsi einstaklinga og lögaðila.

Í stórum dráttum birtist meginreglan á tvo vegu í íslenskri löggjöf. Annars vegar hafa ýmiss konar boð- og bannreglur verið samþykktar. Dæmi um þetta eru reglur sem lúta að notkun ýmissa mengandi efna, t.d. ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglur um notkun eiturefna og hættulegra efna í samræmi við ákvæði laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, reglur sem varða stýringu á veiðum, t.d. ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og ákvæði laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Hins vegar hafa verið samþykkt ýmis lagaákvæði sem lúta að leyfisveitingum og eftirliti af hálfu opinberra stofnana, t.d. starfsleyfi í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og opinbert eftirlit með starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, einnig á grundvelli fyrrgreindra laga.

Ef litið er til dóma Hæstaréttar er ljóst að gerðar eru miklar kröfur til skýrleika réttarheimilda á sviði umhverfisréttar ef beiting þeirra hefur í för með sér skerðingu eða takmarkanir á eignarréttindum eða athafnafrelsi, sbr. það sem fram kemur í dómi Hæstaréttar; H 2000 1621, Stjörnugrísmálið fyrsta. Meiri hluti réttarins taldi þágildandi 6. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, sem heimilaði umhverfisráðherra að ákveða matsskyldu vegna framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir

og samfélag, fela í sér víðtækt og óheft framsal löggjafans á valdi sínu til framkvæmdarvaldsins og að hún væri einungis takmörkuð af almennri markmiðslýsingu 1. gr. laganna sem ekki var talin nægja að mati meiri hlutans. Niðurstaðan undirstrikar einnig nauðsyn þess að efnisreglur umhverfisréttarins hafi að geyma ákveðin viðmið svo að þeir sem taka ákvarðanir á grundvelli þessara réttarheimilda hafi eitthvað til þess að styðjast við þegar einstakar ákvarðanir eru undirbúnar.

Flestar aðrar meginreglur umhverfisréttarins eru með einum eða öðrum hætti fyrirbyggjandi í eðli sínu þótt röksemdirnar og forsendur þeirra séu með mismunandi hætti.

*Lausn við upptök.*

Kjarninn í meginreglunni er sá að leysa beri umhverfisvandamál þar sem þau eiga upptök sín og að forðast beri að færa þau til í umhverfinu. Meginreglan endurspeglast m.a. í kröfum sem settar eru um magn ýmissa mengandi efna sem heimilt er að sleppa í viðtaka og að nota skuli mengunarvarnabúnað í því skyni að takmarka mengun umhverfisins þar sem mengunin verður til eða á upptök sín.

Til meginreglunnar er vísað í 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins þar sem segir að „áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt". Fjölmargar reglugerðir sem eru settar með stoð í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, byggjast á og útfæra meginregluna. Á síðustu árum hefur reglan fengið aukið vægi í umhverfisrétti EB og hefur m.a. haft afgerandi áhrif á túlkun reglna um úrgang, einkum flutning úrgangs á milli svæða innan Evrópu.

*Varúðarreglan.*

Röksemdirnar að baki varúðarreglunni er óvissa, yfirleitt vísindaleg óvissa og skortur á upplýsingum, um hvort ákveðnar athafnir (eftir atvikum athafnaleysi) muni hafa óæskileg umhverfisáhrif. Þrátt fyrir þessa óvissu ber samt sem áður að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana, varúðarráðstafana, jafnvel þótt ekki sé mögulegt að sýna fram á orsakatengslin á milli tiltekinna athafna og áhrifa þeirra.

Ein þekktasta útgáfa varúðarreglunnar er í 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar. Þar segir orðrétt í íslenskri þýðingu:

*„Í því skyni að vernda umhverfið skulu ríki í ríkum mæli beita varúðarreglunni eftir því sem þau hafa getu til. Skorti á vísindalegri fullvissu, þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, skal ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll."*

Varúðarreglu er getið eða hún útfærð í flestum nýlegum alþjóðlegum samningum á sviði umhverfisréttar. Til dæmis er vísað til kjarna reglunnar í a-lið 2. mgr. 2. gr. OSPAR-samningsins og í 6. gr. samningsins um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórn veiða úr þeim er að finna tiltekna útfærslu.

Varúðarreglan er ekki hluti af 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins. Hins vegar er vísað til hennar í aðfaraorðum EES-samningsins þar sem segir að samningsaðilar hafi einsett sér að „sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar ... einkum á grundvelli ... þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana ..." Meginreglan er hins vegar hluti af EES-rétti og margar EB-gerðir sem eru hluti af EES-samningnum byggjast á henni og útfæra hana. Í dæmaskyni má nefna gerðir sem varða erfðabreyttar lífverur sem hafa verið innleiddar í íslenskan rétt með lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Oft er erfitt að gera sér grein fyrir hvort löggjöf eða einstök ákvæði laga byggjast á varúðarreglu en sjaldan er vísað beint til hennar í lagatexta eða miklar upplýsingar að finna í

lögskýringargögnum. Þó er slík dæmi að finna í löggjöfinni, t.d. í 28. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Þar segir m.a. að þegar hætta sé talin á að matvæli geti valdið alvarlegu heilsutjóni sé ráðherra heimilt að fyrirskipa nauðsynlegar varúðar- og varnaraðgerðir.

Jafnframt er bent á dóm EFTA-dómstólsins, mál E-3/00, Kelloggs-málið. Í málinu var deilt um lögmæti ákvörðunar norskra stjórnvalda sem bönnuðu innflutning á járnbættu morgunkorni og byggðist ákvörðunin á norskum lögum. Noregur réttlætti bannið með tilvísun til varúðarreglu. EFTA-dómstóllinn vísaði til dómafordæma EB-dómstólsins og taldi mögulegt að beita meginreglunni í því skyni að banna innflutning á vörum sem væru taldar ógna heilsu almennings og það væri ríkisins að ákveða hversu mikla áhættu væri mögulegt að taka í þessu skyni. Jafnframt taldi dómstóllinn nægja að sýna fram á að fyrir hendi væri vísindaleg óvissa með tilliti til áhættunnar sem væri talin til staðar. Hins vegar hafði Noregur ekki metið áhættuna á viðeigandi hátt áður en ákvörðunin var tekin og ekki nægði að leggja fram gögnin þegar málið var flutt.

Eitt af því sem veldur vandkvæðum þegar varúðarreglu er beitt er að taka afstöðu til þess hversu mikil óvissa má vera til staðar svo mögulegt sé að beita reglunni og réttlæta þær ráðstafanir sem gripið er til. Í máli EB-dómstólsins, **C-157/96,** *kúariðumálinu,* var deilt um lögmæti ákvörðunar framkvæmdastjórnar EB þess efnis að banna Bretlandi að flytja nautakjöt til annarra ríkja EB. Ástæða bannsins voru nýjar upplýsingar sérfræðinganefndar um tengsl á milli kúariðu og Creutzfeldt-Jakob sjúkdóms í mönnum. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ákvörðunin væri lögmæt og lagði m.a. á það áherslu að upplýsingarnar um tengslin væru byggðar á nýju hættumati og að líklega væri samband á milli kúariðu og sjúkdómsins sem enn væri ólæknandi. Jafnframt lagði dómstóllinn á það áherslu að ekki væri nauðsynlegt að afleiðingarnar yrðu að öllu leyti ljósar áður en gripið væri til verndarráðstafana.

Loks er rétt að benda á dóm Hæstaréttar; **H 1997 2488,** *laxagengd í efri hluta Laxár.* Í málinu var m.a. deilt um það hvort landeigendur ættu bótarétt vegna skerðingar á eignaréttindum jarðar. Þeir héldu því fram að ákvörðun þess efnis að leggjast gegn áformum um að gera laxi kleift að ganga í efri hluta Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu kæmi í veg fyrir að þeir fengju notið arðs og verðauka af jörðum sínum. Ekki var fallist á þessi sjónarmið. Hæstiréttur lagði m.a. til grundvallar í niðurstöðu sinni sérstöðu svæðisins, sem er friðað með sérstökum lögum, og vísaði einnig til þess að hagsmunafélagi veiðiréttarhafa og landeigenda hefði einungis verið meinað að standa að aðgerðum er tefldu lífríkinu við Laxá og Mývatn í tvísýnu að mati vísindamanna.

Í dóminum er öðrum þræði byggt á varúðarsjónarmiðum og ljóst að mögulegt er að réttlæta tilteknar verndaraðgerðir, a.m.k. á friðlýstum svæðum, þótt ákveðin óvissa um afleiðingar sé til staðar.

*Greiðslureglan.*

Ein elsta regla umhverfisréttarins er svokölluð greiðsluregla (einnig nefnd mengunarbótaregla). Meginreglan kom fyrst fram á sjónarsviðið í stefnumörkun Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) árið 1970. Kjarni hennar felst í því að tiltekinn kostnaður tengdur vörnum gegn umhverfismengun og úrræðum sem gripið er til í því skyni að bæta fyrir umhverfismengun skal borinn beint af mengunarvaldi og á að endurspeglast í vöruverði og þjónustu. Gagnstæð nálgun er sú að þjóðfélagið í heild sinni, eða eftir atvikum sveitarfélög, beri kostnað, t.d. vegna hreinsunar umhverfis og heilsutjóns almennings. Að baki býr einnig það sjónarmið að gera mengunarvald ábyrgari og meðvitaðri um ábyrgð sína sem er

öðrum þræði samfélagsleg. Samtímis hvetur þessi nálgun mengunarvald til þess að þróa betri tækni og framleiðsluaðferðir og jafnar loks samkeppnisaðstöðu fyrirtækja, sérstaklega á alþjóðlegum markaði.

Allt frá 1973 hefur greiðslureglan verið hluti af umhverfisstefnu EB og hefur hún verið útfærð í mörgum EB-gerðum sem varða mengun og varnir gegn mengun. Margar af þeim eru hluti af EES-samningnum og hafa verið innleiddar í íslenskan rétt.

Sérstaklega er vísað til greiðslureglunnar í 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins. Þar að auki hafa verið samþykktar leiðbeiningar um skiptingu kostnaðar og eru þær hluti af EES-samningnum (tilmæli ráðsins 75/436/KBE, KSE, EBE um hvernig opinber yfirvöld skipta kostnaði vegna umhverfismála). Greiðslureglan er einnig hluti af alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að og má nefna tilvísun til hennar í b-lið 2. mgr. 2. gr. OSPAR-samningsins sem dæmi.

Í íslenskum rétti er að finna margs konar ákvæði þar sem þeim sem mengar eða ábyrgð ber á mengun er gert að standa straum af kostnaði við mengunarvarnir. Einnig geymir löggjöfin ákvæði um ýmis gjöld og skatta sem telja má til umhverfisgjalda og -skatta. Í dæmaskyni er bent á ákvæði í lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, t.d. ákvæði um skilagjöld.

Jafnframt er að finna nokkur dæmi um sérstakar útfærslur í löggjöfinni, t.d. í 15. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt ákvæðinu verður rekstraraðili urðunarstaðar að leggja fram fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð sem ætlað er að uppfylla þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal lokunar- og eftirlitsaðgerðir í kjölfar lokunar urðunarstaðarins. Tryggingin skal gilda í 30 ár eftir að honum er lokað.

Einnig er bent á 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Samkvæmt ákvæðinu ber mengunarvaldur hlutlæga ábyrgð á bráðamengun og skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu til þess að standa straum af kostnaði vegna bráðamengunartjóns.

Loks má nefna 3. mgr. 7. gr. laga nr. 33/2004 en samkvæmt henni er sölu- og dreifingaraðilum olíu gert skylt að taka á móti olíuúrgangi frá skipum og tryggja viðeigandi eyðingu hans.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. mgr. eru markmið tilgreind. Þau eru fjögur: Að stuðla að sjálfbærri þróun, sjálfbærri nýtingu umhverfis og samþættingu sjónarmiða um umhverfisvernd við önnur sjónarmið og að draga úr neikvæðum áhrifum ákvarðana á umhverfið. Að öllu þessu er stefnt með hag núlifandi og komandi kynslóða að leiðarljósi.

Í 2. mgr. er fjallað um hvernig stefnt skuli að markmiði 1. mgr. Leiðirnar eru tvær.

Í fyrsta lagi skal stefnt að markmiði laganna með því að taka afstöðu til einstakra meginreglna umhverfisréttarins við setningu laga og reglugerða sem áhrif hafa á umhverfi. Það sama á við þegar lög og reglugerðir koma til framkvæmda. Í þessu felst að útfæra þarf einstakar meginreglur í viðkomandi lögum og reglugerðum eins og við á hverju sinni og gera grein fyrir réttindum og skyldum einstaklinga og lögaðila, svo og hlutverk stjórnvalda með tilliti til viðkomandi meginreglu. Jafnframt þurfa efnisreglur að innihalda viðmið svo að ákvarðanir sem byggjast á þeim stuðli raunverulega að markmiði laganna. Tilvísun til laga og reglugerða er áréttuð sérstaklega í a-lið þótt við það sé miðað að „ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfi“ hafi víðtæka skírskotun og sé ætlað að ná yfir allar ákvarðanir sem hafa áhrif á umhverfi þegar þær koma til framkvæmda, þ.m.t. lög og reglugerðir.

Í öðru lagi ber að beita fyrrgreindum meginreglum þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á umhverfi, sbr. b-lið. Það fer eftir efni viðkomandi meginreglna hvort mögulegt er að beita þeim þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á umhverfi, þ.e. án þess að styðjast við tiltekið laga- eða reglugerðarákvæði þar sem viðkomandi meginregla hefur verið útfærð. Hins vegar er alltaf mögulegt að styðjast við einstakar meginreglur þegar ákvæði laga og reglugerða eru skýrð.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um samþættingu sjónarmiða um umhverfisvernd við önnur sjónarmið þegar undirbúnar eru ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfi. Í meginreglunni felst að stjórnvöld verða að taka tillit til eða a.m.k. til skoðunar, sjónarmið og markmið sem lúta að umhverfisvernd, svo og að útfæra meginreglur umhverfisréttarins eins og við á, þegar undirbúnar eru ákvarðanir sem áhrif munu hafa á umhverfi. Eðli málsins samkvæmt ber að samþætta sjónarmið um umhverfisvernd við ákvarðanatöku í öllum málaflokkum sem með einum eða öðrum hætti eru á ábyrgð stjórnvalda og geta haft áhrif á umhverfi. Þannig verður að horfa til umhverfissjónarmiða sem og annarra sjónarmiða sem varða samgöngu-, landbúnaðar- og orkumál, umferðaröryggi og byggðaþróun. Krafan um samþættingu hefur í raun þær afleiðingar að meta verður hvort og hvaða umhverfisáhrif ákvarðanir muni hafa komi þær til framkvæmda og á þetta við um alla málaflokka sem stjórnvöld bera ábyrgð á.

Um 3. gr.

Í 4. gr. er fjallað um meginregluna um að grípa skuli til fyrirbyggjandi aðgerða í því skyni að minnka eða koma í veg fyrir að umhverfi verði fyrir áhrifum eða skerðist að magni eða gæðum. Óhætt er segja að allar aðrar meginreglur umhverfisréttarins séu á einn eða annan hátt byggðar á þessari meginreglu og útfæri hana eins og við á hverju sinni. Það sem býr hér að baki er ákveðin fyrirhyggja, þ.e. að koma í veg fyrir alvarleg eða óafturkræf áhrif á umhverfi í stað þess að reyna að bæta úr þeim seinna enda sé ljóst að ákveðnar athafnir (athafnaleysi) hafi í för með sér þessi áhrif. Meginreglan er fyrst og fremst útfærð með ýmsum boð- og bannreglum sem hafa verið lögfestar og miða að því að koma í veg fyrir áhrif á umhverfi og einnig þannig að teknar eru stjórnvaldsákvarðanir sem eiga sér stoð í lögum og hafa sama markmið.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um meginregluna um lausn við upptök. Í henni felst m.a. að leysa skuli umhverfisvandamál, eins og mögulegt er, þar sem þau eiga upptök sín. Meginreglan endurspeglast fyrst og fremst í þeim kröfum sem gerðar eru til mengandi starfsemi og er kjarninn sá að beita ákveðnum úrræðum, t.d. mengunarvarnarbúnaði og losunarmörkum fyrir mengandi efni, til þess að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfismengun.

Um 5. gr.

Það sem greinir varúðarreglu frá meginreglunni um að grípa skuli til fyrirbyggjandi aðgerða er ákveðin óvissa sem fyrir hendi er. Oft er vísað til vísindalegrar óvissu og fellur skortur á upplýsingum þar undir. Svo varúðarregla eigi við þarf að vera til staðar möguleiki á alvarlegum eða óafturkræfum umhverfisáhrifum. Ekki er nauðsynlegt að sýna fram á eða skýra að fullu orsakasambandið á milli ákveðinna athafna (athafnaleysis) og afleiðinga þeirra eða gera á tæmandi hátt grein fyrir hvaða afleiðingum megi búast við. Því síður þurfa afleið-

ingarnar að vera komnar fram. Hins vegar þarf á hlutlægan hátt að meta þessa þætti og hverjar líkurnar eru á því að framangreindar afleiðingar verði. Eftir því sem meiri líkur eru á alvarlegum eða óafturkræfum afleiðingum er auðveldara að rökstyðja og réttlæta fyrirbyggjandi aðgerðir (varúðaraðgerðir) sem gripið er til jafnvel þótt þær séu kostnaðarsamar.

Aðgerðirnar sem gripið er til geta verið margs konar, t.d. lögfesting ýmissa boð- og bannreglna og reglna sem miða að því að stýra umhverfi og nýtingu þess á ákveðinn hátt. Einnig geta aðgerðirnar falist í því að beita tilteknum málsmeðferðarreglum og matsferlum eða matsaðferðum. Loks geta þær falist í því að teknar eru einstakar stjórnvaldsákvarðanir grundvallaðar á lagaákvæðum sem gera ráð fyrir að varúðarreglu sé beitt í ákveðnum tilvikum. Þetta hefur í för með sér að útfæra verður ákveðin viðmið og gera kröfur um notkun matsferla eða matsaðferða í einstökum lagaákvæðum svo að mögulegt sé að taka ákvarðanir á þessum grundvelli ef nauðsynlegt reynist.

Vegna eðlis varúðarreglunnar verður henni varla beitt nema samkvæmt skýru lagaákvæði þótt ekki sé það útilokað. Þess vegna er nauðsynlegt að þróa viðmið í samræmi við þá hugsun sem býr að baki meginreglunni og gera þau að hluta af efnisreglum einstakra lagabálka. Í einstökum tilvikum þarf einnig að taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að slaka á sönnunarbyrði eða að snúa henni við í einhverjum tilvikum.

Varúðarreglan er einna best þróuð á sviði mengunarvarna og eiturefna en hún þekkist einnig á öðrum sviðum umhverfisréttar, t.d. á sviði náttúruverndar, og má nefna sem dæmi vernd líffræðilegrar fjölbreytni og stjórn nýtingar úr ákveðnum nytjastofnum.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um greiðslureglu. Samkvæmt henni skal sá sem ábyrgð ber á umhverfismengun jafnframt bera kostnaðinn sem hlýst af því að koma í veg fyrir, draga úr og bæta fyrir umhverfisáhrif mengunarinnar.

Til þess að greiðsluregla hafi tilætluð áhrif og stuðli að markmiði laganna þarf að útfæra hana með skýrum hætti í lögum. Meðal annars þarf að taka afstöðu til þess hver það er sem ber ábyrgðina, þ.e. tilgreina verður þann eða þá sem ábyrgðina bera hverju sinni, og einnig hvaða kostnaður það nákvæmlega er sem viðkomandi aðilar eiga að standa straum af.

5. Aðildarríkið getur sett aukin og ítarlegri skilyrði um útreikning á tryggingaskuld í því skyni að tryggja að hagsmunir sjóðfélaganna og lífeyrisþeganna séu varðir með fullnægjandi hætti.

6. Í því skyni að samræma betur reglur um útreikning á tryggingaskuld sem unnt er að færa rök fyrir, einkum um vaxtastig og aðrar forsendur sem hafa áhrif á fjárhæð tryggingaskuldar, skal framkvæmdastjórnin gefa út skýrslu á tveggja ára fresti eða að beiðni aðildarríkis um það með hvaða hætti starfsemi yfir landamæri þróast.

Framkvæmdastjórnin skal gera tillögu um nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega röskun vegna mismunandi vaxtastigs og til að verja hagsmuni lífeyrisþega og sjóðfélaga að kerfum.

*16. gr.*

**Fjármögnun tryggingaskuldar**

1. Heimaaðildarríkið skal krefjast þess að sérhver stofnun hafi ávallt yfir að ráða nægum og viðeigandi eignum til að standa undir tryggingaskuld að því er varðar öll lífeyriskerfi sem starfrækt eru.

2. Heimaaðildarríkið getur heimilað að stofnun hafi ekki nægar eignir til að standa undir tryggingaskuld í takmarkaðan tíma. Í slíku tilviki skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnunin samþykki raunhæfa og framkvæmanlega endurreisnaráætlun til þess að tryggja að farið sé aftur að kröfunum sem gerðar eru í 1. mgr. Eftirfarandi reglur skulu gilda um áætlunina:

a) stofnunin skal gera raunhæfa og framkvæmanlega áætlun um það hvernig eignir munu ná tilskilinni fjárhæð til að standa undir tryggingaskuld innan tilskilins tíma. Áætlunin skal vera tiltæk sjóðfélögum eða, þegar við á, fulltrúum þeirra og/eða vera með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu,

b) þegar áætlunin er gerð skal tekið til tillit til sérstakra aðstæðna stofnunarinnar, einkum samsetn-

ingu eigna/skulda, áhættustefnu, lausafjáráætlunar, aldursdreifingar sjóðfélaga sem eiga rétt á eftirlaunum, nýstofnaðra kerfa og kerfa sem færast frá því að vera ekki fjármögnuð eða fjármögnuð að hluta yfir í það að vera fjármögnuð að fullu,

c) ef til þess kemur að hætt er með lífeyriskerfi á tímabilinu sem um getur framar í þessari málsgrein skal stofnunin tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu. Stofnunin skal fastsetja málsmeðferð til þess að flytja eignir og samsvarandi skuldir til annarrar fjármálastofnunar eða sambærilegs aðila. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu upplýst um þessa málsmeðferð og almennt ágrip hennar skal vera aðgengilegt sjóðfélögum eða, þar sem við á, fulltrúum þeirra í samræmi við meginregluna um trúnaðarskyldu.

3. Ef um er að ræða starfsemi yfir landamæri, sem um getur í 20. gr., skal tryggingaskuld ávallt fjármögnuð að fullu í öllum lífeyriskerfum sem starfrækt eru. Ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hlutast til í samræmi við 14. gr. Til þess að fara að þessari kröfu getur heimaaðildarríkið krafist þess að eignum og skuldum sé haldið aðgreindum.

*17. gr.*

**Lögboðið eigið fé**

1. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir, sem starfrækja lífeyriskerfi, þar sem stofnunin sjálf en ekki aðildarfyrirtækið tekur að sér skuldbindingu gagnvart áhættu sem tengist ævilíkum manna eða ábyrgist tiltekinn fjárfestingarárangur eða tiltekin réttindi, hafi yfir að ráða varanlegum viðbótareignum umfram tryggingaskuld til að verjast sveiflum. Umrædd fjárhæð skal endurspegla tegund áhættu og eignagrunn allra þeirra kerfa sem starfrækt eru. Þessar eignir skulu vera án allra fyrirsjáanlegra skuldbindinga og mynda öryggisfjármagn til að jafna út mismun á ætluðum og raunverulegum kostnaði og hagnaði.

2. Við útreikning á lágmarksfjárhæð viðbótareignanna skulu reglur, sem mælt er fyrir um í 27. og 28. gr. tilskipunar 2002/83/EB, gilda.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu þó ekki koma í veg fyrir að aðildarríki krefjist þess af stofnunum á yfirráðasvæði þeirra að þær hafi yfir að ráða lögboðnu eigin fé eða setji ítarlegri reglur að því tilskildu að þær sé rökstuddar út frá varfærnissjónarmiði.

*18. gr.*

**Fjárfestingareglur**

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir á yfirráðasvæðum þeirra fjárfesti í samræmi við varfærnisregluna (prudent person rule), einkum í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) við fjárfestingar í eignum skal hafa hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega að leiðarljósi. Ef um er að ræða hugsanlegan hagsmunaárekstur skal stofnunin eða einingin sem stýrir safni hennar sjá til þess að fjárfestingin sé eingöngu í þágu sjóðfélaga og lífeyrisþega,

b) fjárfest skal í eignum með þeim hætti að öryggi, gæði, lausafjárstaða og arðsemi safnsins í heild sé tryggt.

Við fjárfestingar í eignum til jöfnunar á móti tryggingaskuld skal hafa hliðsjón af eðli og tímalengd væntanlegra eftirlauna í framtíðinni,

c) fyrst og fremst skal fjárfest með eignunum á skipulegum mörkuðum. Fjárfesting í eignum, sem eru ekki skráðar á skipulegum fjármálamarkaði, verður ávallt að vera innan varfærnismarka,

d) fjárfesting í afleiddum gerningum skal möguleg að því marki sem þeir geta dregið úr fjárfestingaáhættu eða stuðlað að skilvirkri stýringu eignasafnsins. Þá skal meta á varfærnisgrundvelli, með hliðsjón af eigninni sem liggur til grundvallar, og fella inn í matið á eignum stofnunarinnar. Stofnunin skal einnig forðast óþarfa áhættu gagnvart einum mótaðila og gagnvart annarri notkun afleiðna,

e) eignirnar skulu vera nægilega fjölbreytilegar þannig að komast megi hjá því að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda eða fyrirtækjasamstæðu og uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild.

Fjárfestingar í eignum, sem eru gefnar út af sama útgefanda eða af útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki leiða til þess að stofnunin lendi í óhóflegri áhættusamþjöppun,

f) fjárfesting í aðildarfyrirtækinu skal ekki vera meiri en 5% eignasafnsins í heild og, þegar aðildarfyrirtækið er hluti af samstæðu, skal fjárfesting í fyrirtækjum í sömu samstæðu og aðildarfyrirtækið tilheyrir ekki vera yfir 10% eignasafnsins.

Þegar nokkur fyrirtæki greiða til stofnunarinnar skal fjárfesting í þessum aðildarfyrirtækjum vera varfærin og með hliðsjón af nauðsyn þess að dreifingin sé nægjanlega mikil.

Aðildarríkin geta ákveðið að framfylgja ekki kröfunum, sem um getur í e- og f-lið, gagnvart fjárfestingum í ríkisskuldabréfum.

2. Heimaaðildarríkið skal banna stofnuninni að taka lán eða taka á sig ábyrgð fyrir hönd þriðju aðila. Aðildarríki geta hins vegar heimilað stofnunum að stunda lántökur að nokkru marki, þó einungis til að afla lausafjár og til skamms tíma.

3. Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra fjárfesti í tilteknum eignaflokkum.

4. Aðildarríkin skulu ekki skilyrða fjárfestingarákvarðanir stofnunar á yfirráðasvæði þeirra eða forstöðumann fjárfestinga við neins konar fyrirframsamþykki eða kerfisbundna tilkynningarskyldu, sbr. þó 12. gr.

5. Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við ákvæði 1.–4. mgr., að mæla fyrir um ítarlegri reglur um stofnanir á yfirráðasvæðum þeirra, þar á meðal reglur um magn, að því tilskildu að þær séu rökstuddar út frá varfærnissjónarmiði, til að endurspegla öll lífeyriskerfi sem þessar stofnanir starfrækja.

Aðildarríkjunum er einkum heimilt að beita ákvæðum um fjárfestingar sem eru sambærilegar við ákvæðin í tilskipun 2002/83/EB.

Aðildarríkin skulu þó ekki hindra stofnanir í eftirfarandi atriðum:

a) að fjárfesta fyrir allt að 70% eignanna sem eru til jöfnunar tryggingaskuldar eða alls stofnsins í kerfum þar sem sjóðfélagarnir bera fjárfestingaáhættuna í hlutabréfum, framseljanlegum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf og fyrirtækjaskuldabréfum, skráðum á skipulegum mörkuðum og að ákveða hlutfallslegt vægi þessara verðbréfa í fjárfestingasamvali þeirra. Aðildarríkjum er þó heimilt, að því tilskildu að slíkt sé rökstutt út frá varfærnissjónarmiði, að nota lægri mörk gagnvart stofnunum sem bjóða lífeyriskjör með langtímavaxtaábyrgð, bera fjárfestingaáhættuna og gangast sjálf í ábyrgðir,

b) að fjárfesta fyrir allt að 30% eignanna sem eru til jöfnunar tryggingaskuldar í eignum sem tilgreindar eru í öðrum gjaldmiðlum en þeim sem skuldbindingarnar eru tilgreindar í,

c) að fjárfesta í áhættufjármagnsmörkuðum.

6. Ákvæði 5. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geti krafist þess að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra beiti strangari reglum um fjárfestingar, einnig gagnvart einstökum stofnunum, að því tilskildu að þær séu rökstuddar út frá varfærnissjónarmiði, einkum með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem stofnunin gengst undir.

7. Þegar um er að ræða starfsemi yfir landamæri, eins og getur um í 20. gr., geta lögbær yfirvöld í sérhverju gistiaðildarríki krafist þess að reglurnar, sem settar eru fram í annarri undirgrein, gildi um stofnunina í heimaaðildarríkinu. Í því tilviki gilda þessar reglur einungis um þann hluta eigna stofnunarinnar sem er sambærilegur starfseminni sem fer fram í tilteknu gistiaðildarríki. Þær skulu enn fremur einungis gilda ef sömu eða strangari reglur gilda einnig um stofnanir í gistiaðildarríkinu.

Reglurnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru sem hér segir:

a) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 30% af þessum eignum í hlutabréfum, öðrum verðbréfum sem farið er með sem hlutabréf og skuldabréfum sem eru ekki skráð á skipulegan markað eða fjárfesta fyrir a.m.k. 70% af þessum eignum í hlutabréfum, öðrum verðbréfum sem farið er með sem hlutabréf og skuldabréfum sem eru skráð á skipulegan markað,

b) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 5% af þessum eignum í hlutabréfum og öðrum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf, skuldabréf og aðra peninga- og fjármagnsmarkaðsgerninga sem sama fyrirtæki gefur úti, og ekki fyrir meira en 10% af þessum eignum í hlutabréfum og öðrum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf, skuldabréfum og skuldabréfum sem ekki er verslað með á almennum markaði og öðrum peninga- og fjármagnsmarkaðargerningum sem fyrirtæki sem tilheyra sömu samstæðu gefa út,

c) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 30% af þessum eignum í eignum sem tilgreindar eru í öðrum gjaldmiðlum en þeim sem skuldbindingarnar eru tilgreindar í.

Til þess að fara að þessum kröfum getur heimaaðildarríkið krafist þess að eignunum sé haldið aðgreindum.

*19. gr.*

**Stjórnun og varsla**

1. Aðildarríkin skulu ekki standa gegn því að stofnanir tilnefni forstöðumenn fjárfestinga sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð til að annast þessa starfsemi, til að stýra fjárfestingasamvalinu í samræmi við tilskipun 85/611/EBE, 93/22/EBE, 2000/12/EB and 2002/83/EB og einnig þá sem um getur í 1. mgr. 2. gr. í þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skulu ekki standa gegn því að stofnanir tilnefni aðila til vörslu á eignum sínum, vörsluaðila, sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð í samræmi við tilskipun 93/22/EBE eða tilskipun 2000/12/EB eða eru viðurkennd fjárvörslufyrirtæki í skilningi tilskipunar 85/611/EBE.

Ákvæðið sem um getur í þessari málsgrein skal ekki koma í veg fyrir að heimaaðildarríkið geri tilnefningu vörsluaðila eða fjárvörslufyrirtækis lögboðna.

3. Sérhvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að það geti bannað samkvæmt landslögum, í samræmi við 14. gr., að eignum í umsjón vörsluaðila eða fjárvörslufyrirtækis á yfirráðasvæði þess sé ráðstafað að vild ef heimaðildarríki stofnunarinnar fer fram á slíkt.

*20. gr.*

**Starfsemi yfir landamæri**

1. Með fyrirvara um innlenda félagsmála- og vinnulöggjöf um skipulag lífeyriskerfa, þ.m.t. skylduaðild og niðurstöður almennra kjarasamninga, skulu aðildarríki heimila fyrirtækjum á yfirráðasvæðum sínum að greiða til stofnana um starfstengdan lífeyri sem veitt hefur verið leyfi fyrir í öðrum aðildarríkjum. Þau skulu einnig heimila stofnunum um starfstengdan lífeyri, sem veitt hefur verið leyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, að samþykkja greiðslur frá fyrirtækjum á yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja.

2. Um stofnun, sem óskar eftir því að samþykkja greiðslur frá aðildarfyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, gildir að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki hennar hafi veitt til þess heimild áður, eins og um getur í 5. mgr. 9. gr. Hún skal tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins, þar sem henni hefur verið veitt leyfi, að hún hyggist samþykkja greiðslur frá aðildarfyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra, sem áforma að fá greiðslur frá fyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, leggi fram eftirfarandi upplýsingar þegar þau gefa út tilkynningu skv. 2. mgr.:

a) gistiaðildarríkið eða gistiaðildarríkin,

b) heiti aðildarfyrirtækisins,

c) aðaleinkenni lífeyriskerfisins sem starfrækja skal fyrir aðildarfyrirtækið.

4. Í því tilviki að lögbært yfirvald í heimaðildarríki fær tilkynningu skv. 2. mgr., og ef það hefur ekki ástæðu til að efast um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða stofnunarinnar eða orðstír og fagþekking eða reynsla þeirra aðila sem reka stofnunina séu samrýmanleg rekstrinum sem áformaður er í gistiaðildarríkinu, skal það, innan þriggja mánaða frá því að það fær allar upplýsingar, sem um getur í 3. mgr., senda þessar upplýsingar til lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkisins og láta stofnunina vita.

5. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki skulu, áður en stofnunin hefur rekstur lífeyriskerfis fyrir aðildarfyrirtæki í öðru aðildarríki, og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þau fá upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr., tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaðaðildarríkinu, ef við á, um þær kröfur í félagsmála- og vinnulöggjöf sem eiga við um starfstengdan lífeyri og segir til um hvernig lífeyriskerfi, sem fyrirtæki í gistiaðildarríki greiðir til, skuli starfrækt og aðrar reglur sem beita skal í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta stofnuninni í té þessar upplýsingar.

6. Þegar stofnun berst tilkynning, sem um getur í 5. mgr., eða ef engin tilkynning hefur borist frá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki þegar sá frestur rennur út, sem kveðið er á um í 5. mgr., er stofnuninni heimilt að hefja rekstur lífeyriskerfisins sem fyrirtæki í gistiaðildarríkinu greiðir til, í samræmi við kröfur félagsmála- og vinnulöggjafar gistiaðildarríkisins sem eiga við um starfstengdan lífeyri og allar reglur sem beita skal í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar.

7. Um stofnun, sem fyrirtæki í öðru aðildarríki greiðir til, skulu einnig gilda, að því er varðar sambærilega sjóðfélaga allar upplýsingakröfur sem settar eru af lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu um stofnanir í því aðildarríki, í samræmi við 11. gr.

8. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu um allar verulegar breytingar á kröfum í félagsmála- og vinnulöggjöf heimaaðildarríkisins sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi sem kunna að hafa áhrif

á eiginleika lífeyriskerfisins að því marki sem það snertir rekstur lífeyriskerfisins sem fyrirtæki í gistiaðildarríkinu greiðir til og breytingar á öllum reglum sem verður að beita í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar.

9. Stofnunin skal sæta stöðugu eftirliti lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu þar sem fylgst er með því að starfsemin fari fram í samræmi við kröfur í vinnu- og félagsmálalöggjöf gistiaðildarríkisins sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi, sem um getur í 5. mgr., og upplýsingakröfur sem um getur í 7. mgr. Ef þetta eftirlit leiðir í ljós brot á reglum ber lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu um það tafarlaust. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, með samhæfingu við lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að stofnunin láti af hinu uppgötvaða broti á félagsmála- og vinnulöggjöf.

10. Ef stofnunin heldur áfram að brjóta viðeigandi ákvæði í félagsmála- og vinnulöggjöf gistiaðildarríkisins, sem eiga við um svið starfstengdra lífeyriskerfa, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu hafa gert eða vegna þess að viðeigandi ráðstafanir eru ekki gerðar í heimaaðildarríkinu, er lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu heimilt, eftir að hafa tilkynnt lögbærum yfirvöldum í heimaðildarríkinu um það, að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot, þ.m.t. að koma í veg fyrir rekstur stofnunarinnar í gistiaðildarríkinu fyrir aðildarfyrirtækið að því marki sem ýtrustu nauðsyn ber til.

*21. gr.*

**Samvinna milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar**

1. Aðildarríkin skulu tryggja með viðeigandi hætti að beiting þessarar tilskipunar sé samræmd með reglulegum skiptum á upplýsingum og reynslu í því skyni að þróa bestu starfsvenjur á þessu sviði og nánara samstarf og skulu á þann hátt koma í veg fyrir röskun á samkeppni og skapa aðstæður sem nauðsynlegar eru fyrir snurðulausa félagsaðild yfir landamæri.

2. Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa nána samvinnu í því skyni að auðvelda eftirlit með rekstri stofnana um starfstengdan lífeyri.

3. Hvert aðildarríki skal skýra framkvæmdastjórninni frá öllum meiri háttar vandkvæðum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld þeirra aðildarríkja sem hlut eiga að máli skulu skoða slík vandkvæði svo fljótt sem unnt er til þess að finna viðeigandi lausn.

4. Fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu þar sem eftirfarandi atriði hafa verið endurskoðuð:

a) beiting 18. gr. og framfarir sem hafa orðið í aðlögun innlendra eftirlitskerfa og

b) beiting annarrar undirgreinar 2. mgr. 19. gr., einkum aðstæður sem fyrir hendi eru í aðildarríkjum varðandi notkun fjárvörslufyrirtækja og hvaða hlutverki þau gegna þar sem við á.

5. Lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu er heimilt að fara fram á það við lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu að þau ákveði að halda eignum og skuldum stofnunarinnar aðgreindum, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. og 7. mgr. 18. gr.

*22. gr.*

**Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 23. september 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að fresta til 23. september 2010 beitingu 1. og 2. mgr. 17. gr. gagnvart stofnunum á yfirráðasvæði þeirra sem ekki ná lágmarksmörkum um eigið fé sem krafist er skv. 1. og 2. mgr. 17. gr. á þeim degi sem tiltekinn er í 1. mgr. þessarar greinar. Hins vegar er stofnunum, sem æskja þess að starfrækja lífeyriskerfi yfir landamæri í skilningi 20. gr., ekki heimilt að gera það fyrr en þær uppfylla reglur þessarar tilskipunar.

4. Aðildarríkjum er heimilt að fresta til 23. september 2010 að beita f-lið 1. mgr. 18. gr. gagnvart stofnunum á yfirráðasvæði þeirra. Hins vegar er stofnunum, sem æskja þess að starfrækja lífeyriskerfi yfir landamæri í skilningi 20. gr., ekki heimilt að gera það fyrr en þær hlíta reglum þessarar tilskipunar.

*23. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

*24. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 3. júní 2003.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | N. CHRISTODOULAKIS |
| *forseti.* | *forseti.* |

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

## 1. Almennt.

Með frumvarpi þessu er kveðið á um innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, frá 3. júní 2003, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun (e. Directive 2003/41/EC of the European Parliament and of the Council of 3 June on the activities and supervision of institutions for occupational retirement provision). Til einföldunar og afmörkunar eru umræddir lögaðilar í frumvarpinu nefndir starfstengdir eftirlaunasjóðir. Umrædd tilskipun (hér eftir nefnd „tilskipunin") er liður í þeirri viðleitni Evrópusambandsins að þróa hinn innri markað á Evrópska efnahagssvæðinu á þann veg að fjármálastofnunum sé gert kleift að starfa í öðrum aðildarríkjum og tryggja víðtæka vernd fyrir neytendur fjármálaþjónustu. Með tilskipuninni er lögaðilum gert fært að bjóða skilgreinda þjónustu yfir landamæri innan hins Evrópska efnahagssvæðis og skapaðar eru forsendur fyrir öflugri innri markaði fyrir starfstengdan eftirlaunasparnað.

Með tilskipuninni er gengið út frá því að forræði einstakra ríkja hvað varðar fyrirkomulag lífeyrismála sé ekki skert. Hún hefur því ekki áhrif á hið svo kallaða þriggja stoða kerfi lífeyrismála og nær ekki til skyldubundins framlags til lífeyrissjóða sem og skylduaðildar að lífeyrissjóðum sem kveðið er á um í fyrstu stoðinni en íslenska lífeyrissjóðakerfið hefur verið skilgreint þar undir eins og rakið er nánar í almennum athugasemdum.

## 2. Samspil tilskipunarinnar og íslenska lífeyrissjóðakerfisins.

Tilskipunin nær til lögaðila sem sjá um starfstengd eftirlaun í skilningi hennar, þ.e. lögaðila sem taka við iðgjöldum til myndunar og útgreiðslu eftirlaunaréttinda, starfa á sjóðmynduðum grunni og eru aðskildir frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Frá þessu almenna gildissviði eru hins vegar mikilvægar undantekningar sem kveðið er á um í tilskipuninni. Sú mikilvægasta er að lífeyrissjóðir sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð (EBE) nr. 574/72 (sem vísað er til í 1. gr. frumvarpsins) eru undanþegnir tilskipuninni. Í 1. málsl. 3. gr. tilskipunarinnar er sérstaklega fjallað um sjóði sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og er ákvæðið svohljóðandi:

„Stofnanir um starfstengdan lífeyri, sem einnig starfrækja skyldubundin atvinnutengd lífeyriskerfi sem litið er á sem almannatryggingakerfi sem falla undir reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, skulu falla undir þessa tilskipun að því er varðar þann hluta þeirra sem er vegna starfstengdra lífeyrisgreiðslna sem ekki eru skyldubundnar."

Með vísan til 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 falla þær deildir sjóða sem taka við lögbundnum iðgjöldum til öflunar lífeyrissjóða ekki undir tilskipunina. Á það því við um skyldubundin framlög til íslensku lífeyrissjóðanna. Taki viðkomandi lífeyrissjóðir hins vegar

jafnframt við iðgjöldum sem ekki eru skyldubundin skulu þau vistuð í sérstökum deildum og eignum sem standa eiga undir þeim réttindum og haldið algerlega aðskildum frá eignum sem tilheyra skyldubundnu deildunum. Kunna þá slík framlög að falla undir ákvæði tilskipunarinnar, að því tilskildu að þau séu starfstengd og valkvæð.

Með vísan til laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, hefur verið litið svo á að undir skyldubundin framlög til lífeyrissjóða falli lögbundið 12% framlag, auk skyldubundinna framlaga á grundvelli kjarasamninga og/eða sérlaga. Skyldubundin framlög falla því í öllum tilvikum utan gildissviðs tilskipunarinnar.

Einstaklingsbundinn viðbótarlífeyrissparnaður, skv. II. kafla laga nr. 129/1997, fellur ekki undir tilskipunina þar sem hann er byggður á ákvörðun einstaklings en er ekki starfstengdur í skilningi tilskipunarinnar. Starfstengdur eftirlaunasjóður hefur því ekki heimild til að taka á móti iðgjaldagreiðslum vegna einstaklingsbundins viðbótarlífeyrissparnaðar, í skilningi laga nr. 129/1997, nema að hann hafi hlotið sérstakt starfsleyfi fjármálaráðherra til þess í samræmi við II. kafla laga nr. 129/1997. Ef viðkomandi lögaðili hefur bæði starfsleyfi til að taka móti einstaklingsbundnum viðbótarlífeyrissparnaði og starfsleyfi sem starfstengdur eftirlaunasjóður ber að halda þeim deildum lögaðilans fjárhagslega aðskildum.

Með frumvarpi þessu er við innleiðingu tilskipunarinnar, út frá uppbyggingu íslenska lífeyrissjóðarkerfisins og reglugerðar (EBE) 1408/71, því litið svo á að starfstengdir eftirlaunasjóðir í skilningi tilskipunarinnar séu sjálfstæðar einingar til hliðar við hina venjubundnu íslensku lífeyrissjóði og lagarammi þeirra afmarkaður út frá því. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfstengdum eftirlaunasjóðum og meginreglur laga nr. 129/1997 eiga við um slíka sjóði, eins og nánar er kveðið á um í frumvarpi þessu, sbr. nánari athugasemdir við einstakar greinar.

**3. Skattlagning starfstengdra eftirlaunasjóða.**

Við skattlagningu lífeyrisiðgjalda, eigna lífeyrissjóða og lífeyrisgreiðslna hér á landi er byggt á svokallaðri EET-skattlagningaraðferð (þ.e. „exempt, exempt, tax"). Í henni felst eftirfarandi:

a. Lífeyrisiðgjöld eru undanþegin skattlagningu.
b. Tekjur lífeyrissjóða eru undanþegnar fjármagnstekjuskatti.
c. Greiðslur úr lífeyrissjóðum eru skattlagðar eins og hverjar aðrar launatekjur.

*3.1 Iðgjöld.*

Samkvæmt 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru iðgjöld launþega og sjálfstætt starfandi manna, sbr. lög nr. 129/1997, frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Hámark frádráttar vegna skyldutryggingar er 4% af iðgjaldsstofni hjá launþeganum. Mótframlag atvinnurekanda er að jafnaði 8% og myndar frádráttarbæran kostnað hjá honum og er jafnframt undanþegið skattskyldu hjá launþeganum. Samanlagt iðgjald er því alla jafna 12%, nema sérstaklega hafi verið samið um annað í kjarasamningum. Þess ber að geta að launþegum með takmarkaða skattskyldu hér á landi ber einnig að greiða í lífeyrissjóði og njóta þeir skattalegs frádráttar með sama hætti og aðrir launþegar. Launþegar á EES-svæðinu ávinna sér rétt í lífeyrissjóði hér á landi eins og íslenskir væru. Launþegar á EES-svæðinu geta hins vegar haldið áfram að greiða í lífeyrissjóði heimalands síns, ef þeir vinna tímabundið á Íslandi og koma með sérstakt E-101 vottorð frá viðkomandi heimalandi um að þeir njóti réttar samkvæmt almannatryggingalöggjöf heimalandsins. Aftur á móti gilda þær reglur um launþega sem koma frá ríkjum utan EES-svæðisins, að þeir fá

iðgjöldin endurgreidd við brottför, og þá bæði hlut launþega og launagreiðenda, en greiða jafnframt almennan skatt af endurgreiðslunni.

Að auki er launþega heimilt að greiða allt að 4% iðgjald til viðbótar skylduiðgjaldinu sem fæst frádregið frá skattskyldum tekjum, enda sé iðgjaldinu varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign (viðbótarlífeyrissparnaður). Jafnframt er launagreiðanda heimilt að greiða 2% á móti séreignariðgjaldi launþegans og gilda sömu reglur um það mótframlag eins og um skyldutrygginguna.

*3.2 Skattlagning lífeyris.*

Um skattlagningu lífeyrissparnaðar gilda þær reglur að lífeyrisréttindi sem myndast á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eru skattlögð eins og hverjar aðrar launatekjur við útgreiðslu, enda hafi iðgjöldin verið frádráttarbær frá skatti. Þetta á jafnt við um lífeyrisgreiðslur vegna skyldutryggingar og viðbótartryggingarverndar og greiðslur úr þeim séreignarsjóðum sem undir lífeyrislögin heyra.

*3.3 Skattaleg staða starfstengdra eftirlaunasjóða í skilningi tilskipunarinnar.*

Ekki gilda neinar sérreglur varðandi skattlagningu á lífeyri aðila sem búsettir eru erlendis, en hafa greitt í íslenskan lífeyrissjóð sem hefur hlotið viðurkenningu sem slíkur. Um er að ræða almenna skattskyldu skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. og 5. tölul. 28. gr. sömu laga. Tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis gætu þó vikið þessari skattlagningu á lífeyrisgreiðslum til hliðar, en samkvæmt þeim eru lífeyrisgreiðslur alla jafna skattlagðar í búseturíki móttakanda. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt sem tekur af öll tvímæli um skattalega meðferð greiðslna úr starfstengdum eftirlaunasjóðum í skilningi tilskipunarinnar. Samkvæmt því frumvarpi verður í skattalegu tilliti farið með greiðslur úr slíkum sjóðum á sama hátt og greiðslu lífeyris úr almennum lífeyrissjóðum. Þess ber að geta að skattlagning greiðslna úr lífeyrissjóðum er mismunandi í landsrétti þeirra ríkja sem íslensk stjórnvöld hafa gert tvísköttunarsamning við en í mörgum tilvikum eru slíkar greiðslur ekki skattlagðar við útgreiðslu og ekki veittur frádráttur þegar iðgjöld eru greidd.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með greininni er gildissvið frumvarpsins afmarkað og er ákvæðið í samræmi við 2.–3. gr. tilskipunarinnar. Í 2. gr. tilskipunarinnar er gildissviðið skilgreint þannig að það nái ekki yfir skyldubundin framlög á grundvelli laga eða kjarasamninga. Um þann hluta gilda því lög nr. 129/1997, sbr. nánari umfjöllun í almennum athugasemdum.

Markmið frumvarpsins er sem áður segir að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB og setja nauðsynlegan lagaramma fyrir starfstengda eftirlaunasjóði til að starfa eftir. Eins og kemur fram í greininni er með frumvarpinu einvörðungu verið að kveða á um starfstengda eftirlaunasjóði í skilningi tilskipunarinnar en ekki starfstengda lífeyrissjóði sem fjallað er um í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um 2. gr.

Greinin er sambærileg 6. gr. tilskipunarinnar þar sem skilgreind eru helstu hugtök frumvarpsins.

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni skal aðild að starfstengdum eftirlaunasjóðum byggjast á samningi á milli starfsmanna og vinnuveitenda þeirra, en auk þess er sjálfstætt starfandi aðilum heimilt að semja um aðild að starfstengdum eftirlaunasjóðum. Er ákvæðið í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB.

Um 4. gr.

Með greininni er kveðið á um þau skilyrði sem starfstengdur eftirlaunasjóður þarf að uppfylla til að fjármálaráðuneytið geti veitt viðkomandi lögaðila starfsleyfi. Um þessi skilyrði er fjallað í 9. gr. tilskipunarinnar og er greinin innleiðing á því ákvæði.

Í þeim köflum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem vísað er til í 2. mgr., er kveðið á um eftirfarandi grundvallaratriði: Almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar, starfsleyfi lífeyrissjóða, rekstur og innra eftirlit, fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða, ársreikninga og endurskoðun, eftirlit og umsjónaraðila, slit og samruna. Er með greininni lagt til að starfstengdir eftirlaunasjóðir, í skilningi tilskipunarinnar, verði bundnir af þeim efnisákvæðum þeirra kafla laga nr. 129/1997 sem vísað er til í greininni, nema kveðið sé á um annað í frumvarpinu. Þar sem 5. gr. frumvarpsins fjallar um fjárfestingarstefnu starfstengdra eftirlaunasjóða er tekið fram í 2. mgr. að ákvæði 36. gr. laga nr. 129/1997 gildi ekki um starfsemi starfstengdra eftirlaunasjóða, en það ákvæði kveður á um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða, sbr. nánari umfjöllun um 5. gr.

Um 5. gr.

Með greininni er kveðið á um fjárfestingarreglur starfstengdra eftirlaunasjóða og er greinin innleiðing á 18. gr. tilskipunarinnar. Fjárfestingarreglur þær sem koma fram í 18. gr. tilskipunarinnar eru talsvert rýmri en þær sem gilda um almenna lífeyrissjóði og koma fram í 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hins vegar ber að geta þess til hliðsjónar að lögaðilar sem taka á móti og ávaxta einstaklingsbundinn viðbótarlífeyrissparnað, skv. II. kafla laga nr. 129/1997, eru ekki bundnir af þeim fjárfestingarreglum sem koma fram í 36. gr. sömu laga.

Í inngangi tilskipunarinnar kemur fram í umfjöllun um fjárfestingarreglur að vegna þess að starfstengdir eftirlaunasjóðir séu langtímafjárfestar með litla lausafjáráhættu er þeim fært að fjárfesta í bundnum eignum, s.s. hlutabréfum og einnig í áhættufjármagnsmörkuðum innan varfærnismarka. Þeir geti einnig nýtt sér kosti alþjóðlegrar fjölbreytni. Af þeim sökum séu ekki rök til að takmarka fjárfestingu slíkra aðila í hlutabréfum, áhættufjármagnsmörkuðum og gjaldmiðlum, að öðru leyti en út frá almennri varfærni (sk. „prudent manner principle“). Er greinin í samræmi við þau sjónarmið tilskipunarinnar.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að starfstengdum eftirlaunasjóði er heimilt að taka á móti iðgjaldagreiðslum vegna starfsmanns sem starfar í öðru ríki. Ákvæði 20. gr. tilskipunarinnar kveður nánar á um þegar um slíkar greiðslur er að ræða frá aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða greiðslur frá aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins skal viðkomandi eftirlaunasjóður tilkynna Fjármálaeftirlitinu frá hvaða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins iðgjaldagreiðslan kemur, nafn greiðanda og helstu einkenni viðkomandi samnings. Með greininni er einnig kveðið á um hlutverk Fjármálaeftirlitsins í þessu sambandi, í samræmi við 20. gr. tilskipunarinnar, þ.e. að láta eftirlitsaðila í öðru að-

ildarríki Evrópska efnahagssvæðisins í té umræddar upplýsingar og tilkynna eftirlaunasjóðnum þar um.

Um 7. gr.

Í 55. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er kveðið á um refsiviðurlög við brotum gegn þeim lögum. Með hliðsjón af uppbyggingu og tilvísunum í frumvarpinu þykir eðli máls samkvæmt eðlilegt að sams konar refsiviðurlög gildi varðandi brot gegn ákvæðum frumvarpsins, verði það að lögum.

Um 8. gr.

Greinin felur í sér almenna reglugerðarheimild og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin kveður á um að verði frumvarpið að lögum feli þau lög í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006 sem birt var 19. október 2006 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52. Tilskipunin er birt sem fylgiskjal.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði.**

Frumvarp þetta miðar að því að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með starfstengdum eftirlaunasjóðum. Tilskipunin tekur ekki til skyldubundins framlags og aðildar að lífeyrissjóðum sem tíðkast almennt hér á landi. Tilskipunin tekur einungis til eftirlaunasjóða sem eru starfstengdir og valkvæðir og á því ekki heldur við um séreignarsjóði sem myndaðir eru með viðbótarlífeyrissparnaði einstaklinga þar sem þeir eru ekki starfstengdir. Ákvæði frumvarpsins eiga þannig við um eftirlaunasjóði sem komið væri á fót í frjálsum samningum milli starfsmanna og vinnuveitenda þeirra um tiltekin störf. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

# 845. Skýrsla [569. mál]

Jónínu Bjartmarz samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar 2006.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2006

### 1. Inngangur

Norðmenn gegndu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2006. Í formennskuáætlun sinni settu þeir norðursvæði Evrópu í öndvegi, ásamt norræna velferðarkerfinu og nokkrum lykilhugtökum eins og þekkingu, endurnýjun og verðmætasköpun.

Frá því að þing Norðurlandaráðs var haldið í Reykjavík haustið 2005 hefur ráðherranefndin náð margvíslegum árangri og áföngum í starfsemi sinni:

Gerð var úttekt á *stöðu sjálfstjórnarlandanna* í norrænu samstarfi. Umræðan um bætta stöðu þeirra í norrænu samstarfi heldur áfram með því markmiði að úrbótatillögur verði lagðar fyrir þing Norðurlandaráðs haustið 2007.

Verkefni til *stuðnings námsmönnum frá Hvíta-Rússlandi* hófst á árinu. Frá árinu 2005 hafa ráðherranefndin og Evrópusambandið (ESB) staðið straum af námskostnaði fyrir 350 námsmenn við European Humanities University (EHU) í Vilníus. Haustið 2006 voru 200 námsmenn til viðbótar teknir inn í EHU-verkefnið auk þess sem ákveðið var að gefa 100 námsmönnum kost á að sækja um sérstaka námsstyrki á vegum ráðherranefndarinnar og ESB til náms í Úkraínu.

Rennt var sterkari stoðum undir *starfsemi ráðherranefndarinnar í Rússlandi* og verkefni betur afmörkuð. Nú er áhersla einkum lögð á starfsdvalir rússneskra borgara á Norðurlöndum og myndun tengslaneta, stuðning við frjáls félagasamtök í Rússlandi, Eystrasaltsríkjunum og Hvíta-Rússlandi og samstarf þeirra við félagasamtök á Norðurlöndum, stuðning við fjárfestingar norrænna smáfyrirtækja fyrir atbeina Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (NOPEF) og þátttöku í samstarfi innan ramma Norðlægu víddarinnar. Ný skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar var opnuð í Kalíníngrad.

Samstarfið við *Eystrasaltsríkin* hélt áfram að þróast í jafnræðisátt. Frá 2008 verða Eystrasaltsríkin þátttakendur í Nordplus styrkjakerfinu á sviði menntunar til jafns við Norðurlönd. Skiptidvalaráætlun fyrir starfsmenn ráðherranefndarinnar og Eystrasaltsráðsins (CBSS) var sett á laggirnar á haustmánuðum.

Ákveðið var að styrkja starfsemina á *norðurskautssvæðinu* í tilefni af alþjóðlega heimskautaárinu 2007–2008. Norðurskautsrannsóknir eru sérlega mikilvægar í þessu samhengi. Tímabundinn starfshópur skipaður af fulltrúum frá Bandaríkjunum, Kanada, Rússlandi og Norðurlöndum á að koma með tillögur um frekari rannsóknir og menntunartilboð.

Á árinu var haldið áfram að auka samstarf Norðurlanda á sviði *rannsókna og nýsköpunar*. NordForsk, Nordic Innovation Center (NICe) og Norrænar orkurannsóknir eru burðarásar þess samstarfs. Norræna ráðherranefndin átti frumkvæðið að ESB-verkefninu „Baltic Sea Innovation Network“ sem er rekið af 13 aðilum frá 10 löndum á Eystrasaltssvæðinu. Í samstarfi við ESB hélt ráðherranefndin ráðstefnu um auknar fjárfestingar í rannsóknum og nýsköpun í þeim tilgangi að stuðla að framþróun norræna nýsköpunar- og rannsóknarsvæðisins NORIA (Nordic Innovation and Research Area) sem hluta af evrópska rannsóknar-

svæðinu ERA (European Research Area). Verið er að gera tilraunir með markvissari rannsóknarverkefni í löndunum.

Með því að leggja til norræna fjármuni hefur *NordForsk* (*Norræna rannsóknarráðið*) tekist að kveikja umtalsverðan áhuga hjá rannsóknarráðum landanna á að fjárfesta í norrænum rannsóknarverkefnum. Það sést best á því að nú er verið að byrja á tveim umfangsmiklum norrænum verkefnum, „Matur, næring, heilsa“ og „Velferð“. Á fimm ára tímabili hyggst NordForsk leggja allt að 90 millj. n.kr. í fyrra verkefnið og allt að 75 millj. n.kr. í hið síðarnefnda.

Á vegum ráðherranefndarinnar er unnið að verkefni sem hefur það markmið að safna þekkingu og reynslu af *neytendastýrðri nýsköpun.* Flest ríkin á Eystrasaltssvæðinu taka þátt í verkefninu.

Umfangsmiklu rannsóknarverkefni um *velferð á Norðurlöndum* lauk á árinu. Eftirfylgni við verkefnið miðast við nokkur afmörkuð svið. Nú er unnið að rannsóknarverkefni um velferð á vettvangi NordForsk.

Tilraunaverkefnið *Nordic Masters* – norrænar mastersgráður – var kynnt til sögunnar á árinu. Markmiðið er að skilgreina og þróa styrkleika Norðurlanda á sviði æðri menntunar.

Gerð var rannsókn á *flæði vinnuafls* í kjölfar stækkunar ESB. Aukið samstarf Norðurlanda í þessum málaflokki mun taka mið af rannsókninni.

Ráðherranefndin hóf samstarf við breiðan hóp hagsmunaaðila á Norðurlöndum um verkefnið *„Ny Nordisk Mad“*. Markmið samstarfsins er að kynna norræna matarhefð sem einn af styrkleikum Norðurlanda.

Ráðherranefndin jók þátt sinn í starfi sem miðar að því að koma í veg fyrir *ólöglegar og óskráðar fiskveiðar á hafsvæðum Norðurlanda.* Rannsókn er hafin á lagalegum skilyrðum þess að unnt sé að bæta eftirlit með höfnum og einnig á að kortleggja þá efnahagslegu hagsmuni sem liggja að baki ólöglegum og óskráðum fiskveiðum.

Sú mikilvæga spurning hvernig Norðurlönd geti aðlagað sig hlýnun andrúmsloftsins varð á árinu miðlægari en áður í samstarfinu um stefnu í loftslagsmálum. Jafnframt var unnið að loftslagsrannsóknum sem eiga að stuðla að því að Norðurlönd geti komið sterk inn í samningaviðræður um alþjóðlegt samkomulag sem á að taka gildi eftir 2012 þegar Kyoto-samningurinn rennur út.

Aðgerðir gegn *stjórnsýsluhindrunum* héldu áfram á árinu. Búið er að tilnefna tvo fulltrúa á sviði heilbrigðis- og félagsmála og atvinnumála en þeir eiga að fylgja eftir því starfi sem fulltrúi samstarfsráðherranna, Poul Schlüter fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, sinnti áður. Hafin er rannsókn á efnahagslegum afleiðingum stjórnsýsluhindrananna.

Kynntar voru úrbætur á þeirri tölfræði sem sýnir *flæði norrænna borgara* yfir landamærin vegna vinnu eða náms. Tölfræðin er hluti af aðgerðum ráðherranefndarinnar gegn stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum.

Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um *sjálfbæra þróun* var bætt með því að mótaðir voru umhverfisvísar til þess að mæla framvindu og árangur. Umhverfisvísarnir voru meðal annars kynntir fyrir ESB í tengslum við áætlun sambandsins um sjálfbæra þróun.

Endurskoðun var gerð á *norræna menningarsamstarfinu* sem hefur nú fengið nýja og bætta ásýnd. Samstarfið fer nú að mestu fram innan ramma tímabundinna verkefna. Verkefni um tölvuleiki var sett á laggirnar á árinu. Hin árvissa ráðstefna „Nordic Game“ laðar að sér fólk í þróunarvinnu, rannsóknum og stefnumótun, en segja má að ráðstefnan hafi fest sig í sessi sem einn mikilvægasti vettvangur sinnar tegundar í Evrópu. Ákvörðun var tekin um að á árinu 2007 verði farið af stað með starfsdvalarverkefni annars vegar og lista- og menningarverkefni hins vegar.

Undirrituð var *yfirlýsing um tungumálastefnu* í þeim tilgangi að styrkja stöðu norrænu tungumálanna og skilning á þeim.

Samin var norræn aðgerðaráætlun um *heilsu og lífsgæði* sem á að styrkja samstarf Norðurlanda um lýðheilsu.

Haldið var áfram að kanna möguleikana á samstarfi um *sameiginlega framleiðslu á bóluefni gegn fuglaflensu.* Bent hefur verið á nokkra möguleika á sameiginlegum aðgerðum Norðurlanda hvað þetta varðar.

Aðgerðir ráðherranefndarinnar í málefnum *barna og ungmenna* voru endurskoðaðar. Nú er m.a. lögð áhersla á að leita leiða til að fá ungmenni sem eru ekki af norrænum uppruna til þess að taka þátt í norrænu samstarfi.

Lokið var við umfangsmikla könnun á áhrifum *klámvæðingar* á það hvernig drengir og stúlkur skynja kynferði. Um leið gefur könnunin mikilvægar upplýsingar um notkun ungmenna á nýjum miðlum.

Skipaðir voru tveir nýir *vinnuhópar um endurnýjanlega orku og um orkusparnað.* Þetta er til merkis um að styrkleiki Norðurlanda á orkusviðinu hefur pólitískt vægi í samstarfinu, en vinnuhóparnir eiga að koma með framlag Norðurlanda til orkumálastefnu Evrópu.

Áfram var unnið að því að gera störf *Norrænu ráðherranefndarinnar nútímalegri og skilvirkari.* Vinna hófst við að endurskoða stofnanakerfi ráðherranefndarinnar á félagsmálasviðinu.

Á árinu voru lögð drög að nýjum starfsháttum í *fjárlagagerðinni* vegna ársins 2008 og unnið að því að *bæta og styrkja ímynd* Norrænu ráðherranefndarinnar og norræns samstarfs út á við.

## 2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu tvo fundi á starfsárinu, óformlegan sumarfund sem haldinn var á Svalbarða 19. júní og formlegan fund 31. október í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Sama dag áttu forsætisráðherrarnir fundi með stjórnarleiðtogum Álands, Færeyja og Grænlands og forsætisnefnd Norðurlandaráðs, en daginn áður fund með forsætisráðherrum Eistlands, Lettlands og Litháens.

Ráðherrarnir fjölluðu að venju um þau mál sem hæst bar í norrænu samstarfi, samstarfinu við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, málefni ESB og Evrópska efnahagssvæðisins (EES) auk alþjóðlegra málefna og þá sérstaklega málefni Sameinuðu þjóðanna.

Málefni norðlægra svæða og samstarf sem að þeim snýr var til umræðu á fundum ráðherranna enda voru þau í brennidepli í formennskuáætlun Norðmanna. Meðal annars var í því sambandi vikið að gildi aukins samstarfs Norrænu ráðherranefndarinnar við Norðurskautsráðið m.a. vegna Alþjóðlega heimskautaársins 2007–2008.

Mikilvægi þeirrar starfsemi sem snýr að Norðvestur-Rússlandi var áréttað og bent á að brýnt væri að nýta hina nýstofnuðu skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kalíníngrad auk þeirrar sem fyrir er í Pétursborg til að vinna að forgangsmálum í Rússlandssamstarfinu. Þá var lýst stuðningi við liðveislu ráðherranefndarinnar við hvítrússneska útlagaháskólann (EHU) í Vilníus og samstarfið við ESB um málefni skólans.

Bent var á að áfram þyrfti að vinna að því að einfalda og hagræða í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á sama hátt og nú er leitast við að hagræða í starfsemi Sameinuðu þjóðanna en ráðherrarnir voru sammála um að brýn þörf væri á að hagræða í störfum Sameinuðu þjóðanna þó mörg ljón stæðu í vegi fyrir nauðsynlegum aðgerðum.

Forsætisráðherrarnir fjölluðu á fundi sínum 31. október um það hver tæki við af Per Unckel framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar þegar hann léti af störfum um ára-

mót 2006/2007 og sameinuðust um að Halldóri Ásgrímssyni fyrrverandi forsætisráðherra skyldi boðin staðan.

Á fundi forsætisráðherranna með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna var rætt um gang aðildarviðræðna ESB við umsóknarríkin. Forsætisráðherra Íslands lýsti ánægju yfir opnu upplýsingaflæði milli ESB og EES og kvaðst vona að stækkunarferli ESB leiddi til þess að hinar langvinnu deilur Tyrklands og Kýpur leystust.

Í umræðu á fundinum með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna um orkumál í Evrópu kom fram að rík áhersla væri lögð á að minnka þörfina á innfluttri orku og því væri mikils vert að öll aðildarríkin ættu aðkomu að evrópsku orkuneti. Þá væri brýnt að í orkusamningum ESB við Rússland væri grundvallarreglum markaðarins fylgt og sjálfbærni og öryggi í dreifingu höfð að leiðarljósi.

Á fundi forsætisráðherranna með stjórnarleiðtogum sjálfstjórnarlandanna lýstu Færeyjar eftir stuðningi Íslands og Noregs við aðildarumsókn sína að EFTA og forsætisráðherrar Íslands og Noregs lýstu fullum stuðningi við hana.

Staða sjálfstjórnarlandanna var til umræðu á öllum fundum forsætisráðherranna. Ráðherrarnir töldu mikilvægt að staða þeirra í norrænu samstarfi yrði styrkt sem mest innan þeirra marka sem Helsingforssamningurinn setur. Einnig var því beint til Danmerkur og Finnlands að kanna grannt hvað þau gætu gert einhliða til að styrkja stöðu þeirra í samstarfinu. Á fundi forsætisráðherranna með stjórnarleiðtogum sjálfstjórnarlandanna kom fram að Grænland æskti þess að fá fulla aðild að Norðurlandaráði og aðild að Norrænu ráðherranefndinni á þeim sviðum sem landið hefði fengið fullt forræði yfir. Þetta studdi Áland. Af hálfu Færeyja kom fram að það væri full aðild bæði að ráðinu og ráðherranefndinni, sem Færeyingar hefðu sótt um og á það vildu þeir láta reyna. Á fundi forsætisráðherranna með forsætisnefnd kom fram að forsætisnefnd hefði ekki fremur en forsætisráðherrarnir komist að endanlegri niðurstöðu varðandi breytingar á Helsingforssamningnum en að hún teldi nauðsynlegt að fá úr því skorið hvaða umbætur væri unnt að gera án þess að ráðast í breytingar á samningnum. Niðurstaða forsætisráðherranna var að samstarfsráðherrarnir skyldu kanna til hlítar strax að loknu þingi Norðurlandaráðs hvaða möguleikar væru fyrir hendi.

### 3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

*Hlutverk.*

Forsætisráðherrar Norðurlanda móta meginstefnuna í norrænu samstarfi ásamt samstarfsráðherrum Norðurlanda (MR-SAM). Samstarfsráðherrarnir bera síðan ábyrgð á að framkvæma þá stefnu en hún kemur hvað skýrast fram í norrænu fjárlögunum. Fjárlögin eru mikilvægasta einstaka tæki þeirra til að framfylgja settum markmiðum, en fjárlögin eru unnin í samráði við Norðurlandaráð. Samstarfsráðherrarnir bera einnig ábyrgð á ýmsum þverfaglegum samstarfsmálum á borð við sjálfbæra þróun, aðgengismál fatlaðra, málefni barna og ungmenna, málefni norðurskautsins og aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum. Þá er alþjóðlegt samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar einnig á ábyrgðarsviði samstarfsráðherranna, en undir það fellur m.a. samstarfið við ESB, þar sem áætlunin um Norðlægu víddina gegnir veigamiklu hlutverki, og samstarf við önnur fjölþjóðleg samtök. Alþjóðlegt samstarf ráðherranefndarinnar hefur aukist mjög á undanförnum árum og má fastlega gera ráð fyrir að sú þróun muni halda áfram.

Norræna samstarfsnefndin (NSK) starfar í umboði norrænu samstarfsráðherranna og undirbýr fundi þeirra. Þá er nefndin jafnframt stjórn aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn.

*Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.*

Norrænu fjárlögin árið 2006 voru samtals 839,643 millj. d.kr. á verðlagi þess árs en voru 825,893 millj. d.kr. árið 2005. Að raunvirði var fjárhagsramminn þó óbreyttur miðað við 2005 ef undan er skilið að uppsafnað lausafé sem nam 10 þús. d.kr. (m.v. verðlag 2005) var ekki lengur til ráðstöfunar fyrir Norrænu ráðherranefndina. Í samræmi við ákvörðun samstarfsráðherranna þar að lútandi var horfið frá þeirri ráðstöfun sem tekin var upp árið 2001 um að færa fjárlögin í þrepum á greiðslugrunn og nýta þannig jákvæða lausafjárstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar. Á árabilinu 2001–2005 voru löndin árlega krafin um samtals 10 millj. d.kr. lægra framlag en sem nam fjárlagaupphæðinni hverju sinni. Við það myndaðist óinnleyst krafa á löndin sem nam 50 millj. d.kr. og var hún afskrifuð árið 2005. Að því er varðar fjárlög 2006 var því um 10 millj. d.kr. raunvirðislækkun að ræða milli ára.

Endurskipulagning á innri starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar, sem m.a. fólst í því að fagráðherranefndum var fækkað úr 18 í 11, hafði ekki áhrif á upphæð fjárlaganna enda var það ekki takmarkið með breytingunum. Markmið breytinganna voru aukin hagræðing, meiri skilvirkni og betri nýting á norrænum fjármunum. Á undanförnum árum hefur það einnig einkennt norræna fjárlagaferlið að losa sem mest um fjármuni til að ná fram þeim sveigjanleika sem er nauðsynlegur til að bregðast skjótt og vel við nýjum áskorunum í samstarfinu.

Ein mikilvægasta breytingin sem orðið hefur á norrænu samstarfi á undanförnum árum er að það beinist í æ ríkari mæli út á við. Meginstefnan í fjárlögum ársins 2006 bar þessu glöggt vitni. Efling samstarfs við grannríki og svæði, samstarf við ESB og önnur samtök ásamt aðgerðum til að efla Norðurlönd og Eystrasaltssvæðið sem sameiginlegan markað eru í forgrunni. Einnig njóta forgangs aðgerðir til að auka samkeppnisfærni Norðurlanda í alþjóðlegri samkeppni, bæði á sviði nýsköpunar og rannsókna. Í því sambandi skiptir ekki hvað síst máli að ryðja úr vegi þeim stjórnsýsluhindrunum sem enn er að finna á Norðurlöndum. Lögð er áhersla á að nýta það samkeppnisforskot sem felst í gamalgrónu norrænu samstarfi.

*Nýskipan í fjárlagagerð Norrænu ráðherranefndarinnar.*

Í framhaldi af því að innleitt var nýtt innra skipulag í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar var hafist handa við að endurskoða fjárlagaferlið með það að markmiði að aðlaga það nýjum veruleika, færa það í nútímalegra horf og ná fram meiri einföldun og betri yfirsýn. Norrænu fjárlagasérfræðingunum, en þann hóp skipa fulltrúar úr fjármálaráðuneytum landanna, var falið að gera úttekt á norrænu fjárlögunum og koma með tillögur til úrbóta. Einnig skyldi hópurinn hafa samráð við Norðurlandaráð, sem kom á framfæri ábendingum og óskum um úrbætur. Fyrstu tillögur fjárlagasérfræðinganna voru kynntar á fundi samstarfsráðherranna í desember og varða þær m.a. verkefnastjórnun og ráðstöfunarrétt á verkefnafé, pólitíska skírskotun í fjárlögum ráðherranefndarinnar, útlit fjárlaganna (þ.e. umbrot og texta), lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar og framreikning á framlögum landanna. Lokatillögurnar verða til umfjöllunar á fyrsta fundi ráðherranna 2007.

*Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet).*

Nefndin er ráðgefandi fyrir samstarfsráðherra Norðurlanda en fjármálaráðuneyti á fulltrúa í nefndinni fyrir Íslands hönd (sjá nánar um nefndina í kafla 12).

*Norðurlönd – sigursvæði á heimsvísu.*

Síðla hausts 2005 kom út skýrslan „Norden som en global vinderregion – På sporet af den nordiske konkurrencemodel". Það voru Norræna ráðherranefndin og danska útgáfufyrirtækið Mandag Morgen sem stóðu að útgáfunni. Markmiðið með þessari útgáfu var að koma með innblástur og örva umræðuna um samkeppnishæfni Norðurlanda sem sérstaks svæðis í hnattvæddum heimi. Óhætt er að fullyrða að þetta hafi tekist en skýrslan vakti talsverða athygli og var stöðugt í norrænni umræðu á árinu. Skýrsluhöfundar leituðu til 27 aðila sem þeir töldu vera skoðanamyndandi í samfélaginu – „opinionsdannere" – og báðu þá að meta efnahagshorfur og tækifæri Norðurlanda á heimsvísu. Á grundvelli þess eru settar fram nokkrar ábendingar eða ráðleggingar um það hvernig Norðurlönd geti bætt samkeppnisstöðu sína með því að snúa bökum saman og stilla saman strengi, standa vörð um norræna samfélagsgerð og að notfæra sér þann auð sem felst í sameiginlegri menningu, hefðum og gildismati Norðurlandabúa.

Skýrslan var í aðalhlutverki á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn þegar forsætisráðherrar Norðurlanda og leiðtogar stærstu stjórnarandstöðuflokkanna ræddu hana á norrænum leiðtogafundi á fyrsta degi þingsins.

*Samstarf ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum, í Rússlandi, Hvíta-Rússlandi, Póllandi og Eystrasaltsríkjunum.*

Í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er nokkur hefð fyrir því að kalla frjáls félagasamtök til ráðuneytis um stefnumótun og ákvarðanatöku í mikilvægum málum. Á árinu var mótuð ný stefna um samstarf og samráð ráðherranefndarinnar, annars vegar við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum og hins vegar við frjáls félagasamtök í Rússlandi, Hvíta-Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum. Jafnframt var samþykkt áætlun um fjárstuðning við félagasamtök í síðartöldu löndunum fyrir tímabilið 2006–2008. Í báðum tilvikum var stefnumótunin unnin í samráði við fulltrúa frjálsra félagasamtaka í viðkomandi löndum. Frjáls félagasamtök eru skilgreind sem landssambönd sem sameinast í regnhlífarsamtök og hafa bæði þann stöðugleika og bakland sem hlýtur að teljast nauðsynlegur fyrir trúverðugleika þeirra.

Nýja stefnan byggir í fyrsta lagi á því að gefa félagasamtökum á Norðurlöndum færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ráðherranefndin tekur mikilvægar ákvarðanir, í öðru lagi á samstarfi fagráðherranefnda við frjáls félagasamtök á ákveðnum sviðum norræns samstarfs (málefni fatlaðra, málefni barna og ungmenna o.s.frv.) og í þriðja lagi á samstarfi frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum við hliðstæð samtök í Eystrasaltsríkjunum, Póllandi, Rússlandi og Hvíta-Rússlandi en í því tilviki er unnt að sækja um fjárstuðning til Norrænu ráðherranefndarinnar. Mikil áhersla er lögð á að styðja við samstarf norrænna og rússneskra/hvítrússneskra félagasamtaka enda er það talin ein besta leiðin til að styðja við lýðræðisöflin í þeim löndum.

*Staða sjálfstjórnarlandanna í norrænu samstarfi.*

Staða Færeyja, Grænlands og Álandseyja hefur verið til umfjöllunar í hópi samstarfsráðherranna með hléum frá því í lok árs 2002 þegar Færeyingar tilkynntu þá ákvörðun sína að sækja um fulla aðild að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Forsætisráðherra Dana kynnti málið á sumarfundi norrænu forsætisráðherranna 2003 og í kjölfarið ákváðu þeir að vísa málinu til samstarfsráðherranna. Það hefur síðan verið í vinnslu bæði hjá Norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði. Er það bæði viðkvæmt og flókið viðureignar í þjóðréttarlegum skilningi og margar mismunandi hliðar sem taka verður tillit til. Má þar og nefna

spurninguna um hugsanlegar breytingar á Helsingforssamningnum og einnig að tengsl sjálfstjórnarlandanna við móðurlöndin eru á margan hátt ekki hin sömu.

Í lok árs 2005 náðist samstaða um að skipa norrænan starfshóp sérfræðinga á sviði lögfræði og þjóðréttarfræði sem var falið að kortleggja á hlutlausan hátt hina raunverulegu stöðu sjálfstjórnarlandanna gagnvart móðurlöndunum, norrænum samningum sem og reglugerðum og starfsháttum bæði Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Hópurinn skilaði úttekt um málið sem var lögð fram til kynningar á fundi samstarfsráðherranna í júní. Í kjölfarið var úttektin send til umsagnar í löndunum. Málið hefur verið rætt í hópi samstarfsráðherranna á haustmánuðum án þess að endanleg niðurstaða liggi fyrir. Talin er þörf á að kanna frekar þær hindranir sem standa í vegi fyrir fullri aðild sjálfstjórnarlandanna að Norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði. Stefnt er að því að tillögur liggi fyrir á þingi Norðurlandaráðs í Ósló í lok október 2007.

*Áætlun um sjálfbæra þróun – umhverfisvísar 2006.*

Samstarf Norðurlanda um sjálfbæra þróun fer eftir rammaáætlun sem gildir til ársins 2020, en samhliða eru mótaðar skammtímaáætlanir sem gilda fjögur ár í senn. Núgildandi áætlun nær yfir tímabilið 2005–2008. Í tengslum við áætlunina hefur verið lögð mikil vinna í að móta vísa þar sem leitast er við að sýna með tölulegum vísbendingum hvernig miðar í átt til sjálfbærrar þróunar og eru Norðurlönd í fararbroddi í mótun slíkra mælitækja. Á árinu voru í annað sinn gefnar út slíkar tölulegar vísbendingar og voru þær kynntar víða utan Norðurlanda, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, ESB og OECD sem framlag Norðurlanda til alþjóðlegs samstarfs um sjálfbæra þróun.

Umhverfisráðuneytið kemur að samstarfinu um sjálfbæra þróun fyrir Íslands hönd (sjá nánar um umhverfismál, kafla 13).

*Opnun skrifstofu í rússneska héraðinu Kalíníngrad.*

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Kalíníngrad var opnuð formlega 14. september að viðstöddum fulltrúum stjórnvalda í Kalíníngrad, framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar og norrænna ráðherra. Daninn Arne Grove er framkvæmdastjóri skrifstofunnar og er að því stefnt að hún nái jafn góðri fótfestu á svæðinu og raun hefur orðið með skrifstofuna í Pétursborg, að ógleymdum skrifstofunum í Tallinn, Ríga og Vilníus.

*Aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum.*

Það var álit samstarfsráðherranna að enn um sinn væri verk að vinna við að ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum. Þessar hindranir koma niður á bæði almennum borgurum og norrænum fyrirtækjum. Að tillögu Norðmanna, sem fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu, var ákveðið að þróa nýjar starfsaðferðir til að kljást við þessi viðfangsefni, en Poul Schlüter, sem verið hafði sérstakur erindreki samstarfsráðherranna í málinu skilaði umboði sínu í byrjun árs eftir þriggja ára árangursríkt starf.

Hin nýja nálgun á stjórnsýsluhindranirnar byggir á útnefningu sérstakra fulltrúa sem hafa bæði sérþekkingu á viðkomandi sviðum og pólitískt vægi. Þeir fá umboð norrænu ríkisstjórnanna til að knýja á um það bæði heima fyrir og á norrænum vettvangi að óþarfa hindrunum sé rutt úr vegi á hinum ýmsu sviðum samstarfsins. Þegar hafa verið útnefndir fulltrúar sem munu reka á eftir aðgerðum er varða viðskipta- og atvinnulífið og á sviði félags- og heilbrigðismála. Miðað er við að umboð fulltrúanna renni út fyrir þing Norðurlandaráðs 2008, en að þeir gefi í fyrsta sinn skýrslu um störf sín á þingi ráðsins haustið 2007.

*Rússlandssamstarfið – þekkingaruppbygging og myndun tengslaneta.*

Á fjárlögum ársins 2006 voru tæplega 87,3 millj. d.kr. ætlaðar í samstarfið við nágrannaríki og -svæði, eða það sem í fjárlagatextanum er kallað „nabopolitik". Í samræmi við Rússlandsáætlun ráðherranefndarinnar sem gekk í gildi í byrjun ársins var áformað að af þessum fjármunum yrði 30,5 millj. d.kr. varið til þekkingaruppbyggingar og myndunar tengslaneta í Norðvestur-Rússlandi og einnig eftir atvikum í Hvíta-Rússlandi. Norrænum starfshópi var falið að móta tillögur um hvernig þessum fjármunum yrði best varið og lagði hann til að mótuð yrði áætlun um vistaskipti og starfsdvalir fyrir rússneska borgara og að hún næði að einhverju leyti einnig til hvítrússneskra borgara. Þannig myndu einstaklingar, hópar, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrk til Norrænu ráðherranefndarinnar til þess að fjármagna fræðsluferðir og kynnisdvalir á vinnustöðum og stofnunum á Norðurlöndum.

Meginútlínur fyrir áætlun þessa efnis voru samþykktar á fundi samstarfsráðherranna um miðjan júní og var síðan unnið að nánari útfærslu hennar á haustmánuðum. Endanleg áætlun lá fyrir og var samþykkt á desemberfundi ráðherranna, en hún miðast við eftirtalin áherslusvið og markhópa: samstarf á sveitarstjórnarstigi, baráttu gegn mansali, félagsmálasamstarf, orkumálasamstarf, dómstóla- og ákæruvaldssamstarf, rannsóknarsamstarf, menntasamstarf, vaxtarmöguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja, blaðamanna- og fjölmiðlasamstarf, menningarsamstarf, þingmannasamstarf og starfskynningar í norrænum stofnunum. Áætlunin verður kynnt í Rússlandi og Hvíta-Rússlandi og kemur að fullu til framkvæmda í byrjun árs 2007, en tekið skal fram að hún nær hvorki til opinberra starfsmanna né stjórnvalda í Hvíta-Rússlandi.

*Námsstyrkjakerfi fyrir hvítrússneska námsmenn.*

Aðstoð við hvítrússneska námsmenn var framhaldið á árinu en ráðherranefndin hefur frá 2005 styrkt útlagaháskólann European Humanities University (EHU) í samstarfi við ESB, Finnland, Svíþjóð og ýmis samtök. Við háskólann, sem er nú starfræktur í Vilníus, stunda um 350 hvítrússnesk ungmenni nám, en skólanum var á sínum tíma lokað af hvítrússneskum stjórnvöldum og hann gerður útlægur frá Minsk þar sem hann hafði aðsetur sitt.

Á haustmánuðum tóku Norræna ráðherranefndin og ESB höndum saman um að hleypa af stokkunum nýju verkefni til stuðnings hvítrússneskum námsmönnum. Um er að ræða námsstyrkjakerfi sem verður starfrækt næstu þrjú árin. Á tímabilinu er gert ráð fyrir að samtals 305 ungmenni fái styrk til að sækja sér menntun annars vegar við EHU og hins vegar við úkraínskar háskólastofnanir. Með þátttöku sinni í þessu nýja verkefni tvöfaldar ráðherranefndin stuðning sinn við hvítrússneska stúdenta. Með tilkomu nýja námsstyrkjakerfisins er áætlað að fjölgun nemenda við EHU verði á næstu árum um 200.

*Óformlegt samstarf.*

Á árinu kom til framkvæmda nýtt skipulag í norrænu samstarfi, en mikilvægasta breytingin var að ráðherranefndum fækkaði úr 18 í 11 (sjá nánar sk. samst.ráðh. 2005, bls. 3). Ýmist voru fagráðherranefndir lagðar niður, eða sameinaðar öðrum nefndum. Að ákvörðun samstarfsráðherranna gafst þeim nefndum sem voru lagðar niður kostur á að sækja um fjármuni til samstarfsverkefna úr sérstökum aðlögunarsjóði. Auk þess gátu þær sótt sér einhverja skrifstofuaðstoð til skrifstofu ráðherranefndarinnar, en sérfræðiaðstoð lagðist af.

Ráðherranefnd um neytendamál var ein þeirra nefnda sem lagðist formlega af. Í kjölfarið ákváðu neytendamálaráðherrarnir að stofnsett skyldi nefnd tengiliða þeirra ráðuneyta sem fara með neytendamál á Norðurlöndum, Nor-disk konsumentgruppe. Nefndinni var falið að hafa umsjón með framkvæmd samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um neytendamál 2005–2010 sem samþykkt var af ráðherrunum árið 2004. Samtímis var hvatt til þess að samstarfsaðilar í hinu norræna tengslaneti á sviði neytendamála skyldu vinna áfram að gagnlegum samnorrænum verkefnum með fjárstyrk úr aðlögunarsjóði þegar það ætti við eða beint á milli stofnana og samtaka sem starfa að neytendamálum á Norðurlöndum. Á árinu voru veittir nokkrir styrkir til óformlegs samstarfs um neytendamál og auk þess skipulagði Nordisk konsumentgruppe hugmyndaþing þar sem m.a. var rætt um nánari framkvæmd samstarfsáætlunarinnar svo og hugmyndir að verkefnaumsóknum úr aðlögunarsjóði.

Unnt verður að sækja um fjármuni úr aðlögunarsjóði 2007, en óvíst er hvaða háttur verður hafður á styrkveitingum eftir það.

*Samstarf við Norðurlandaráð.*

Samstarfið við Norðurlandaráð var með ágætum á árinu, en það varðaði einkum undirbúning fjárlaganna. Samstarfsráðherrarnir leggja ríka áherslu á samráð við ráðið á öllum stigum fjárlagagerðarinnar og átti formaður þeirra nokkra fundi með fulltrúum fjárlagahóps ráðsins þar sem framvinda fjárlagavinnunnar var kynnt og ráðinu gafst jafnóðum kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum og óskum um pólitískar áherslur. Með þessu náðist mjög góð sátt um fjárlögin 2007 sem voru samþykkt endanlega á Norðurlandaráðsþingi sem kom saman í 58. sinn í Kaupmannahöfn 31. október – 2. nóvember. Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu fund með forsætisnefnd Norðurlandaráðs í tengslum við þinghaldið og einnig áttu varnar- og utanríkisráðherrarnir fund með forsætisnefnd við sama tækifæri. Þá átti samstarfsráðherra fund með eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs þar sem málefni Vestur-Norðurlanda voru til umræðu. Haldinn var tvíhliða fundur samstarfsráðherra með forseta Norðurlandaráðs og forseta norska Stórþingsins þar sem rætt var um ytri ramma norræns samstarfs. Þá hitti forseti Norðurlandaráðs einnig forsætisráðherra á tvíhliða fundi.

Í lok þings Norðurlandaráðs voru ný og eldri tilmæli ráðsins samtals 33 og hefur þeim fækkað enn samanborið við hin fyrri ár. Átta tilmælum er beint til norrænu ríkisstjórnanna, þar af eru sjö tilkomin á árinu. Kemur það í hlut þess lands sem fer með formennsku hverju sinni að svara þeim. Öðrum tilmælum er beint til Norrænu ráðherranefndarinnar og skiptast þau eftir efni á mismunandi fagsvið. Svörum við tilmælum Norðurlandaráðs er árlega skilað í lok júní.

*Formennskuáætlun Finnlands 2007: Norræn tækifæri – innan seilingar.*

Um áramótin 2006/2007 tóku Finnar við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og var formennskuáætlun þeirra venju samkvæmt lögð fram til kynningar á þingi Norðurlandaráðs. Með réttu áttu Finnar að fara með formennsku í ráðherranefndinni 2006, en þar sem fyrirsjáanlegt var að þeir myndu á sama tíma gegna formennsku í ESB féllust Norðmenn á að skipta við þá. Formennsku þeirra í ESB lýkur því um leið og þeir taka við leiðandi hlutverki í norrænu samstarfi. Þessi skipti endurspeglast að einhverju leyti í formennskuáætluninni. Formennska Finnlands í Barentsráðinu 2007 hefur hér einnig áhrif.

Á formennskuárinu ætla Finnar að leggja áherslu á norrænt samstarf í evrópsku og alþjóðlegu samhengi. Norrænt samstarf hnattvæðist og í sameiningu geta Norðurlönd mætt þeim áskorunum sem hljótast af hratt vaxandi alþjóðlegri samkeppni. Mikilvægt er að nýta

norrænt samstarf til þess að byggja upp Norðurlönd sem sameiginlegt svæði og að efla samkeppnisfærni þeirra og aðdráttarafl sem eitt markaðssvæði. Í því sambandi benda Finnar á að ryðja þurfi úr vegi óþarfa stjórnsýsluhindrunum sem komið geti í veg fyrir að þessi markmið náist. Máli skiptir að efla norrænar stofnanir eins og NordForsk og NICe til þess að stuðla að myndun öflugs norræns heimamarkaðar. Áhersla er lögð á að þetta gerist á sjálfbæran hátt og að áfram verði farið að ýtrustu kröfum um umhverfisvernd. Finnar vilja efla enn frekar samstarfið við önnur fjölþjóðleg samtök á svæðinu og ná fram bættri verkaskiptingu við þau.

Í formennskuáætlun sinni leggja Finnar áherslu á aukin áhrif borgaranna á störf Norrænu ráðherranefndarinnar. Í því sambandi telja þeir mikilvægt að bæta upplýsingaflæðið frá ráðherranefndinni til almennings. Áhersla er og lögð á bætta möguleika Norðurlandabúa til að fara í náms- og starfsdvalir í öðru norrænu landi og að þetta sé sérstaklega mikilvægt fyrir norrænt samstarf þar sem kynslóðaskipti eigi sér stað í röðum embættismanna sem við það hafi fengist.

Norðlæga víddin er einnig í lykilhlutverki í formennskuáætlun Finnlands, sem vill sjá beina tengingu milli hinnar norrænu og evrópsku málefnadagskrár. Finnar telja að hugmyndin um Norðlægu víddina sameini allar þær þjóðir sem búa nyrst í Evrópu, jafnt ESB-lönd, EES-lönd og þau lönd sem standa utan við formlegt evrópsk samstarf, en þar er Rússland e.t.v. mikilvægast. Innan ramma Norðlægu víddarinnar er nú þegar unnið að ýmsum mikilvægum verkefnum, s.s. á sviði heilbrigðismála, umhverfismála, orkumála og upplýsingamála. Þetta samstarf vilja Finnar styrkja enn frekar og stefna þeir að því á formennskuárinu að marka stefnu til lengri tíma um Norðlægu víddina á norrænum vettvangi.

Nánar má lesa um formennskuáætlun Finnlands á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar (www.norden.org).

### 4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Utanríkisráðherrar Norðurlanda funda að jafnaði fjórum sinnum á ári. Það norrænu landanna sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni býður til tveggja ráðherrafunda á ári, í apríl og ágústmánuði, og er annar þeirra sameiginlegur fundur ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Auk þess funda utanríkisráðherrarnir reglulega í upphafi þings Norðurlandaráðs og við setningu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Í lok síðasta áratugar varð um það samkomulag milli norrænu landanna, með tilliti til nýrra aðstæðna í Evrópu, að gagnlegt væri að halda reglulega samráðsfundi varnarmálaráðherra Norðurlanda. Varnarmálaráðherrarnir funda að jafnaði tvisvar á ári en utanríkisráðherra hefur farið með þann málaflokk hvað Ísland varðar.

Norðurlandasamstarfið er byggt á traustum grunni og hefur það endurnýjast með tilkomu grannríkjasamstarfs og sér í lagi með dýpri samvinnu við Eystrasaltsríkin og með þátttöku í Eystrasaltsráðinu, Barentsráði og Norðurskautsráði. Þá er gert ráð fyrir auknu samráði við önnur norræn lönd í ljósi nýrra aðstæðna í öryggismálum Íslands.

Samskipti utanríkisþjónustu norrænu landanna eru umsvifamikil og regluleg og ná til flest allra málaflokka. Á þeim stöðum þar sem öll norrænu löndin eru til staðar með sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum eru haldnir reglulegir samráðsfundir, stundum vikulega eða oftar, þar sem skipst er á upplýsingum og afstaða til einstakra mála samræmd svo sem mögulegt er. Sendiráð norrænu landanna erlendis koma við ákveðin tækifæri fram sem heild þegar mikilvægum skilaboðum er komið á framfæri við viðkomandi stjórnvöld. Þetta samstarf, sem er viðtekinn þáttur í starfsemi utanríkisráðuneyta Norðurlanda, hefur einnig leitt til þess að í mörgum málaflokkum skilgreina aðrar þjóðir „norræna“ afstöðu. Eystrasaltsríkin

taka síaukinn og mikilvægan þátt í þessu samstarfi og fylgja oftar en ekki afstöðu Norðurlanda á alþjóðavettvangi.

Þar sem Noregur átti með höndum formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu, var fyrri fundur utanríkisráðherranna haldinn á Svalbarða dagana 18.–20. apríl með þátttöku Geirs H. Haarde, þáverandi utanríkisráðherra. Á fundinum skýrði utanríkisráðherra Danmerkur frá stöðunni er varðar hið svonefnda skopteikningamál og mótmælaöldunni gegn Dönum í Miðausturlöndum. Lagði ráðherrann áherslu á að mikilvægt væri að fram færi samræða milli menningarheima en ekki væri hægt að draga úr þeim gildum og mannréttindum sem giltu í hinum vestræna heimi.

Rætt var um komandi formennsku Noregs í Norðurskautsráðinu næstu tvö árin, en formennskan verður í höndum norrænu landanna til ársins 2012. Í formennskutíð sinni leggja Norðmenn áherslu á að ráðið fjalli um umhverfisstaðla og loftlagsbreytingar auk þess sem þeim er mikið í mun að stofna skrifstofu fyrir ráðið í Tromsø. Talið er sérstaklega mikilvægt fyrir samstarfið að Bandaríkin og Rússland taki áfram þátt og sjái sér hag af því. Eitt af meginverkefnum norrænnar formennsku sé að tryggja að svo verði.

Fjallað var sérstaklega um réttarstöðu Svalbarða og auðlindanýtingu á fundinum og reifaði Geir H. Haarde utanríkisráðherra sjónarmið Íslands í því máli. Öryggismál á norðurslóðum voru einnig til umræðu þar sem gerð var grein fyrir samningaviðræðum Íslands og Bandaríkjanna. Lögð var áhersla á nauðsyn þess að efla samstarf og samráð um öryggi í siglingum og viðbúnað ríkja við Norður-Atlantshaf til að bregðast við fyrirsjáanlegri mikilli aukningu sjóflutninga á Norður-Íshafi og Norður-Atlantshafi í tengslum við auðlindanýtingu á norðurslóðum, ekki síst olíu- og gasvinnslu. Þá var fjallað um stuðning og aukið samstarf varðandi neyðaraðstoð af völdum stórslysa eða náttúruhamfara og að efla ræðismannatengslin í því skyni.

Rætt var ítarlega um málefni Sameinuðu þjóðanna, ástandið í Mið-Austurlöndum og framtíð friðarferlisins, kjarnorkuvopnaáætlun Írans og nýafstaðnar kosningar í Hvíta-Rússlandi. Gerð var grein fyrir undirbúningi að framboði Íslands til öryggisráðsins og stuðningsaðgerðum hinna norrænu landanna vegna þess. Var ákveðið að styrkja enn fremur samráð landanna hjá fastanefndunum í New York.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra tók þátt í utanríkisráðherrafundi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) í Ósló dagana 24. og 25. ágúst. Að venju einkenndist sá fundur af undirbúningi og samhæfingu fyrir setningu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í septembermánuði. Danir, sem nú eiga sæti í öryggisráðinu, drógu nokkuð dökka mynd af framgangi helstu viðfangsefna ráðsins á þeim tíma, þar á meðal ástandinu í Líbanon, málefnum Ísraels, Palestínu og Súdans auk kjarnorkumála Írans. Störf ráðsins eru að miklu leyti háð vilja þeirra fimm ríkja sem eiga fastasæti í því og halda á neitunarvaldi þannig að samþykki þeirra allra er nauðsynlegt til að niðurstaða fáist í mikilvægum málum. Kína hefur undanfarið látið mun meira til sín taka í öryggisráðinu sem gerir það á stundum enn erfiðara að ná samstöðu í veigamiklum málum.

Á allsherjarþinginu hefur árangursleysi í þremur málum einkum valdið vonbrigðum; ekki hefur tekist að ná samstöðu um alþjóðlega stefnu gegn hryðjuverkum, kjarnorkumál Norður-Kóreu og Írans og endurbætur á öryggisráðinu.

Auk Súdans var fjallað um eftirlitssveitirnar í Srí Lanka (SLMM) sem nú eru alfarið á vegum Noregs og Íslands eftir að hinar þrjár Norðurlandaþjóðirnar hættu þátttöku í ágústmánuði.

Samvinna NB8 um aðgerðir gegn mansali og starfshópur ríkjanna átta frá árinu 2003 til að efla þessar aðgerðir hefur verið til fyrirmyndar og stuðlað að því að hugarfarsbreyting hefur átt sér stað. Valgerður Sverrisdóttir skýrði frá því að Ísland stefndi að því að fullgilda sáttmála Evrópuráðsins gegn mansali á næsta ári.

Í framhaldi af fundinum í Ósló hittust utanríkisráðherrar Norðurlanda í New York þann 20. september í tilefni af setningu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna þar sem ofangreind málefni voru reifuð frekar. Þar undirrituðu utanríkisráðherrar Íslands, Noregs og Danmerkur, auk lögmanns Færeyja, einnig samkomulag um afmörkun landgrunns í Síldarsmugunni.

Á fundi utanríkisráðherranna þann 1. nóvember í tengslum við setningu þings Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn voru málefni norðurslóða aðalefni og þá sérstaklega samstarfið innan Norðlægrar víddar. Leiðtogafundur Norðurskautsráðsins síðar í nóvembermánuði stefndi að því að samþykkja ramma sem styrki þetta samstarf enn frekar með ákvörðun varanlegra markmiða í stað tímabundinna framkvæmdaáætlana. Einnig er það talið mikilvægt skref að Ísland, Noregur og Rússland færast nú formlega inn í samstarfsferli ESB á þessu sviði.

Noregur gerði grein fyrir áherslum sínum í formennskunni í Norðurskautsráðinu og nefndi þar afgerandi mikilvægi stjórnunar á orkumálum og öðrum auðlindum Barentshafsins. Mikilvægt sé að tryggja nýtingu náttúruauðlinda, öryggi flutninga og umhverfismál. Stjórnun fiskveiða á svæðinu er einnig afar mikilvæg.

Valgerður Sverrisdóttir skýrði frá síðustu þróun í varnar- og öryggismálum Íslands og frá endanlegri brottför varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli. Á fundinum kom fram staðfastur áhugi utanríkisráðherra Noregs og Danmerkur á að kanna forsendur fyrir nánara samstarfi við Ísland varðandi öryggi sjóflutninga, gæslu og björgun á hafi og nýtingu öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli. Þá var fjallað um þau málefni Sameinuðu þjóðanna sem efst eru á baugi og stöðu framboðs Íslands til öryggisráðsins.

Sama dag fór einnig fram fundur utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda en á þeim fundi var m.a. ákveðið að endurvekja fundi viðskiptastjóra Norðurlanda sem voru aflagðir þegar Finnland og Svíþjóð gerðust aðilar að ESB.

Varnarmálaráðherrar norrænu landanna funda tvisvar á ári, þar af einu sinni með varnarmálaráðherrum Eystrasaltsríkjanna. Ráðherrarnir fjalla á náinn og óformlegan hátt um sameiginlega hagsmuni, þ.á m. friðargæslu og aðrar traustvekjandi aðgerðir auk grannríkjasamstarfs. Þátttaka af Íslands hálfu er að jafnaði á stigi sendiherra sem fulltrúa utanríkisráðherra.

## 5. Menningarmál

Norræna ráðherranefndin (MR-K), sem í situr af hálfu Íslands Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, hélt tvo fundi á árinu auk sérstaks fundar með útvarpsstjórum Norðurlanda um útvarp í almannaþágu og stafræna þróun hljóðvarps og sjónvarps.

Helstu áherslur Norðmanna á formannsári þeirra var þróun norrænna tölvuleikja og stafrænt sjónvarp, aðgangur barna og ungs fólks að listum og menningu, tengsl menningar og viðskiptalífs og menningarleg fjölbreytni. Héldu Norðmenn vel sóttar ráðstefnur um þessi viðfangsefni. Þá var unnið áfram að því að þróa norrænan málskilning og undirrituðu ráðherrarnir yfirlýsingu um tungumálastefnu sem samþykkt var á árinu.

Meginviðfangsefni ráðherranefndarinnar var þó að ljúka við endurskipulagningu á menningarsamstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar, sem hefur átt sér stað á síðastliðnum tveim árum í samráði við embættismannanefndina (EK-K). Gömlu listanefndirnar og stofnanir þeim tengdar hafa verið lagðar niður og unnið hefur verið að því að fella starfsemi þeirra að hinu

nýja skipulagi. Ný menningarstofnun „Kulturkontakt Nord“ tók til starfa um sl. áramót og er aðsetur hennar í Sveaborg í Finnlandi. Er stofnuninni ætlað að annast umsýslu þeirra verkefna sem Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið. Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur fulltrúum og verður Ísland með varamann í stjórn fyrstu þrjú árin. Meginverkefnin eru nú þrjú. Fyrst ber að nefna ferða- og dvalarstyrki listamanna með um 120 millj. ísl. kr. til ráðstöfunar. Þá var á árinu tekin ákvörðun um nýtt lista- og menningarverkefni frá og með ársbyrjun 2007. Er verkefnið ætlað til stuðnings starfandi listamönnum og þeim sem eru í fyrirsvari fyrir stofnanir og samtök á sviði lista og menningarstarfs. Til ráðstöfunar á árinu 2007 verða um 240 millj. ísl. kr. Þá er einnig áhersla lögð á verkefni sem ætlað er að styrkja tölvuleikjagerð og samstarf á því sviði á Norðurlöndum. Um 100 millj. ísl. kr. er nú varið til þess verkefnis árlega.

Norrænu menningarhúsin og þær norrænu menningarstofnanir sem ekki hafa verið lagðar niður hafa notið góðs af endurskipulagningunni og starfsemi þeirra verið styrkt fjárhagslega, en einnig hefur þeim verið falið aukið hlutverk. Þar má nefna Norrænu menningarstofnunina í Finnlandi (NIFIN) sem hefur fengið það hlutverk að sjá um barnamenningarnetsíðuna „Valhalla“, sem hefur verið starfrækt í tíu ár á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (www. valhalla.norden.org). Þá mun Norðurlandahúsið í Færeyjum (NHFØ) annast í framtíðinni framkvæmd norrænu tónlistarverðlaunanna. Nýr forstjóri Norræna hússins í Reykjavík tók við um áramótin 2006/2007.

Í tengslum við skipulagsbreytingarnar fól ráðherranefndin vinnunefnd embættismanna það verkefni að skila skýrslu um hvernig þátttaka sjálfstjórnarlandanna í hinu nýja skipulagi og hinna smærri málsamfélaga yrði sem best tryggð í framtíðinni. Megintillögur nefndarinnar snúa að því að tryggja sjálfstjórnarlöndunum þátttöku í nefndum ráðherranefndarinnar á jafnræðisgrundvelli, að efla starfsemi norrænu húsanna og að tryggt verði að upplýsingar um starfsemina frá „Kulturkontakt Nord“ séu ávallt fyrirliggjandi á öllum norrænu tungumálunum.

Þá var á árinu stofnað norrænt samstarfsnet þeirra aðila sem standa fyrir útrás norrænnar tónlistar. Stendur til að norrænu löndin muni sameiginlega standa að kynningum norrænnar tónlistar í Bandaríkjunum og Asíu með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar er fulltrúi Íslands í þessu samstarfi.

*Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn.*

Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar en auk hennar eru aðilar að sjóðnum allar kvikmyndastofnanir á Norðurlöndum og ríkissjónvarpsstöðvar auk einkastöðva í öllum löndum nema Finnlandi. Norræna ráðherranefndin borgar bróðurpartinn, en aðrir aðilar hlut samkvæmt norræna reiknistuðlinum.

Íslenskir aðilar að sjóðnum eru Kvikmyndamiðstöð Íslands, RÚV-Sjónvarp og Stöð 2. Aðrir aðilar eru Svensk filminstitut, TV4 og SVT í Svíþjóð; Norsk film fond, TV2 og NRK í Noregi; Dansk filminstitut, TV2 og DR í Danmörku og Finnish Film Foundation og YLE í Finnlandi. Stjórnina skipa fulltrúar aðilanna, annarra en ráðherranefndarinnar. Aðsetur sjóðsins er í Ósló og eiga norsk lög við um rekstur hans.

Markmið Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins er að efla kvikmyndagerð á Norðurlöndum með því að taka þátt í lokafjármögnun framleiðslu á leiknum kvikmyndum, leiknu sjónvarpsefni, stuttmyndum og listrænum heimildarmyndum. Til að hljóta styrk verða verkefni að hafa fengið brautargengi heima fyrir með styrk úr kvikmyndasjóði eða með fjármögnun og staðfestu vilyrði um sýningu í sjónvarpsstöð sem er aðili að sjóðnum. Þá þurfa

myndirnar að vera líklegar til að hljóta dreifingu og höfða til áhorfenda á Norðurlöndum.

Sjóðnum er einnig ætlað að efla kvikmyndagerð með styrkjum til þróunar einstakra verkefna, dreifingar í kvikmyndahús sem hefur verið gert með sérstökum styrkjum til dreifingarfyrirtækja, kynningar og þýðinga á önnur Norðurlandamál.

Sjóðurinn ráðstafar jafnframt fjárframlögum Norrænu ráðherranefndarinnar til menningarlegra viðburða í tengslum við kvikmyndir, t.d. kvikmyndahátíða og ýmiss konar námskeiða fyrir norrænt fagfólk.

Við veitingu styrkja er lagt mat á verkið sjálft út frá listrænum og markaðslegum forsendum, en ekki er um kvóta að ræða eða um ákveðið hlutfall á milli þjóðanna né hvernig þeim er skipað í lið lista- og tæknifólks sem að verkinu kemur. Sérstakur gaumur er gefinn að barna- og unglingamyndum.

Eftirfarandi íslensk verkefni hlutu styrk á árinu:

- „Veðramót". Handrit og leikstjórn: Guðný Halldórsdóttir.
- „The Good Heart". Handrit og leikstjórn: Dagur Kári.
- „Dugguholufólkið". Handrit og leikstjórn: Ari Kristinsson.
- Framleiðslustyrkur/Stuttmynd: „Bræðrabylta". Handrit og leikstjórn: Grímur Hákonarson.
- Dreifingarstyrkur í Noregi: „Elleve menn ut" (Strákarnir okkar). Leikstjóri: Robert Douglas.
- Dreifingarstyrkur í Svíþjóð: „Voksne mennesker" (Dark Horse). Leikstjóri: Dagur Kári. Nánari upplýsingar um Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn má nálgast á heimasíðu hans (www.nftf.net).

*Um norræna menningarsjóðinn.*

Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningarsamvinnu Norðurlanda með því að veita styrki til ákveðinna menningarverkefna á Norðurlöndum og til norrænna verkefna í öðrum löndum. Stjórn sjóðsins skipa þrettán fulltrúar, tveir frá hverju norrænu ríkjanna fimm, annar tilnefndur af Norðurlandaráði og hinn af Norrænu ráðherranefndinni auk eins fulltrúa frá hverju sjálfstjórnarlandanna þriggja: Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum. Fulltrúar Íslands í lok árs voru Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður og Stefán Baldursson leikstjóri.

Á árinu var úthlutað alls tæplega 25 millj. d.kr. til verkefna eða um það bil rúmlega 300 millj. ísl. kr. Af hálfu Íslands var sótt um styrki til margvíslegra verkefna. Íslendingar mega vel við una við úthlutanir á árinu. Tæplega helmingur íslensku umsóknanna hlaut brautargengi meðan um það bil þriðjungur sænskra, danskra, finnskra og norskra umsókna hlutu styrk. Í hlut Íslands komu rúmlega 20 millj. ísl. kr., sem dreifðust á 16 verkefni. Þá tengist Ísland mörgum umsóknum hinna landanna þótt Íslendingar séu þar ekki sjálfir umsækjendur. Auk þess að veita styrki til umsækjenda menningarverkefna á sjóðsstjórnin sjálf frumkvæði að nokkrum stórum verkefnum. Annað hvert ár er veitt verulegri styrkupphæð til norrænnar safnasýningar og var fyrsta sýningin opnuð í Stokkhólmi í lok nóvember 2005. Bar hún nafnið: „Kongóspor – Kongó á Norðurlöndum – Norðurlöndin í Kongó." Yfir 40 þúsund munir og minjar frá Afríkuríkinu Kongó eru til á söfnum á Norðurlöndum og fjallar sýningin um afskipti norrænna manna í Kongó og áhrif kongóskrar menningar á Norðurlönd.

Nú er í undirbúningi næsta sýning, sem opnuð verður í maí 2007 og ber hún heitið: „Bjartar nætur – dimmir dagar" (Nætter av lys – dage av mörke) og fjallar um áhrif bjartra nótta og myrkra daga á menningarlíf þeirra þjóða og þjóðarbrota sem búa norðan heimskauts-

baugs. Sýningarnar eru í heild sinni eða að hluta til farandsýningar sem ferðast milli landanna.

Þá lauk á sl. ári þriggja ára könnun og rannsóknarvinnu á vegum sjóðsins á skilningi ungs fólks á Norðurlöndum á skandinavísku málunum þremur: dönsku, sænsku og norsku, auk ensku. Um 1800 þátttakendur tóku þátt í þessari könnun og hefur hún nú verið gefin út á bók á vegum sjóðsins undir heitinu: „Håller språket ihop Norden?". Í rannsókninni er staðfest að skilningur ungs fólks á tungumálum nágrannaþjóðanna fer minnkandi miðað við foreldrakynslóðina, sem einnig tók þátt í könnuninni. Íslensk ungmenni koma allvel út úr könnuninni miðað við jafnaldra sína annars staðar á Norðurlöndum. Hafa niðurstöðurnar verið kynntar víða á norrænum vettvangi á vegum sjóðsins.

Á árinu var stigið lokaskrefið í að hafa öll samskipti við umsækjendur rafræn, þannig að einungis er nú tekið við umsóknum í rafrænu formi og hefur þessari breytingu verið vel tekið. Með þessu móti hefur tækifærum til að sækja um í sjóðinn verið fjölgað.

Frekari upplýsingar og fréttir af starfi Norræna menningarsjóðsins er að finna á heimasíðu sjóðsins (www.nordiskkulturfond.org).

Eftirfarandi íslenskar umsóknir hlutu styrk úr Norræna menningarsjóðnum á árinu:

- „Unger i myra". Ráðstefna og bókmenntahátíð um réttindi barna og ungmenna á sviði bókmennta og menningar. Norrænir rithöfundar halda fyrirlestra og heimsækja skóla. Haldið á vegum Norræna hússins í Reykjavík.
- Ráðstefna norrænna sagnfræðinga. Haldin á vegum Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands.
- Glíma. Kynningar- og sýningarferð Ungmennafélags Íslands til Danmerkur og Svíþjóðar til kynningar á íslenskri glímu og mikilvægi hennar sem norrænnar menningararfleifðar.
- Tónlistarhátíð með tónlist frá endurreisnartímanum. Haldin í Danmörku með íslenskum og sænskum hljóðfæraleikurum.
- Leiklistarhátíð daufdumbra. Alþjóðleg leiklistarhátíð daufdumbra með áherslu á Norðurlönd. Haldin á Akureyri á vegum leikhópsins Draumasmiðjunnar.
- Norræn vitafélagsráðstefna. Haldin í Stykkishólmi á vegum Íslenska vitafélagsins með þátttöku frá norrænu vitafélögunum, þar sem unnið er að uppbyggingu og nýtingu gamalla vita sem menningarsetra.
- Gula „gullið" og viðskipti á miðöldum. Rannsóknarfundir og samskipti á vegum Minjasafns Akureyrar, þar sem kannað er mikilvægi brennisteinsnotkunar og -verslunar á miðöldum út frá fornminjauppgreftri á Gásum í Eyjafirði.
- Garðarsstofa á Húsavík. Sýningin Garðarshólmi, sem haldin verður á nýstofnuðu Garðarssetri á Húsavík og fjalla mun um fund Íslands, siglingar og skipasmíðar á landnámstímanum.
- Norræn þjóðbúningaráðstefna. Ráðstefna og þjóðbúningasýning haldin í Reykjavík á vegum Þjóðbúningaráðs með þátttöku allra Norðurlanda.
- „Kvarts". Finnsk gler- og leirlist. Sýning tveggja frægra finnskra gler- og leirlistarkvenna á vegum Hönnunarsafns Íslands.
- „Øvelser i at berøre". Farandsýning á norskri myndlist haldin á vegum Norræna hússins í Reykjavík.
- Vestnorrænt handverk og listiðnaður. Farandsýning sem fer á milli Norðurlanda og til Berlínar. Umsækjandi: Akureyrarbær sem aðili að þessu vestnorræna verkefni.
- Norræn frásagnarráðstefna. Félag sagnaþula í Reykjavík heldur norræna ráðstefnu.

- Kórahátíðin „Mystik og musik“. Kórahátíð haldin í Garðabæ á vegum Tónmenntakennarafélags Íslands með þátttöku 500 barna og ungmenna frá Norðurlöndum.
- Norrænt mót um munnlega sagnahefð. Haldið í Reykjavík á vegum nýstofnaðrar deildar munnlegrar sögu við Háskóla Íslands.
- Norræn ráðstefna um heimilisiðnað. Ráðstefna haldin á vegum Heimilisiðnaðarfélags Íslands um varðveislugildi gamalla hefða og kunnáttu í heimilisiðnaði sem hvata og hugmyndagjafa í nútíma- og framtíðarhönnun.

## 6. Jafnréttismál

Árið var fyrsta starfsárið samkvæmt nýrri samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2006–2010 sem ber yfirskriftina „Með áherslu á kyn er stefnt að jafnréttissamfélagi“. Samkvæmt samstarfsáætluninni verða tvö meginsvið í fyrirrúmi, þ.e. kyn og völd og kyn og æska. Auk þess verður lögð áhersla á að fjalla um menningu og miðlun út frá sjónarhorni kynferðis.

*Ráðherrafundur.*

Fundur í Norrænu ráðherranefndinni um jafnréttismál (MR-JÄM) var haldinn í Tönsberg 10. maí sl. og var meginviðfangsefni fundarins kyn og völd ásamt umfjöllun um jafnréttismál ungs fólks í samræmi við samstarfsáætlunina. Drög að hvítbók um áherslur og væntingar norræns æskufólks í jafnréttismálum voru lögð fram. Hópur ungmenna frá norrænu löndunum hefur fundað og rætt stöðu og horfur í jafnréttismálum í þeim tilgangi að auka umræðu og meðvitund ungs fólks um mikilvægi þess að drengir og stúlkur eigi jafna möguleika í framtíðinni.

Fjallað var um sænska rannsókn á möguleikum þess að taka upp ákvæði um kynjakvóta í hlutafélagalögin í Svíþjóð. Skýrsla sem heitir „The Nordic 500 Women Board Directors and Executive Directors“ var kynnt og fjallað var um hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja á Norðurlöndum. Í tengslum við umfjöllun um konur og völd ákváðu jafnréttisráðherrarnir að fela norrænu embættismannanefndinni um jafnréttismál (EK-JÄM) að kanna möguleika á því að hrinda af stað verkefni árið 2007 er varðar leiðtoga á Norðurlöndum með hliðsjón af kynferði. Verkefnið yrði unnið í samvinnu við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina og Norrænu rannsóknastofuna í kynja- og kvennafræðum.

Nýtt embætti umboðsmanns jafnréttis- og mannréttindamála í Noregi var kynnt á fundinum en jafnréttismál og málefni samkynhneigðra, innflytjenda, fatlaðra og aldraðra voru sameinuð frá 1. janúar 2006 undir einum hatti þessa embættis.

Í framhaldi af ráðherrafundinum var haldinn ráðherrafundur með jafnréttisráðherrum Eystrasaltsríkjanna og var samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála fyrir árin 2007–2008 samþykkt.

*Ráðstefnur og skýrslur.*

Á 50. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í febrúar stóðu norrænu jafnréttisráðherrarnir fyrir sérstökum fundi um völd kvenna og þátttöku í stjórnmálum.

Lokaþáttur rannsóknarverkefnis um klámvæðinguna var ráðstefna sem haldin var í Ósló í september undir heitinu „Hur påverkar pornografin flickors och pojkars uppfattning om kön“. Á ráðstefnunni var lögð fram skýrslan „Unge, kön og pornografi i Norden“ (ANP; 2006:749).

Samræmdar aðgerðir til að vinna gegn mansali („Koordinerad indsats til bekæmpelse av kvinnehandel") var heiti á ráðstefnu sem var haldin í Ósló í september á vegum þeirra þriggja embættismannanefnda sem fjalla um jafnréttis-, félags- og löggjafarmál.

Embættismannanefndin hefur á síðastliðnum árum átt gott samstarf við Norðvestur-Rússland og á árinu átti embættismannanefndin aðild að ráðstefnu í Pétursborg í byrjun nóvember sem bar heitið „Nordic cooperation, gender equality and sustainable development in the EU´s Northern Dimension Region". Ráðstefnan var haldin í samvinnu við yfirvöld í Pétursborg og var ætluð fólki sem starfar í nefndum um félags- og jafnréttismál.

Rannsóknarverkefni um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð á Norðurlöndum lauk á árinu með lokaráðstefnu og skýrslu. Markmiðið með verkefninu er að gera áætlanir og kynna aðferðir sem nota má til að tryggja að jafnréttissjónarmið verði höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð á Norðurlöndum, en slík sjónarmið eru talin mikilvægt tæki til að stuðla að þróun í átt til aukins jafnréttis. Lokaráðstefnan var haldin í október í Helsingfors og skýrslan „Integrering av ett köns- och jämställdhetsperspektiv i de nordiska statsbudgeterna" (TemaNord 2006:531) var lögð fram.

Í nóvember sl. var haldin ráðstefna á Álandseyjum um málefni fjölskyldunnar og velferðarkerfið undir heitinu „Familie- og velfærdsordninger i Norden – ulike modeller og deres konsekvenser for likestilling mellom kjönnene". Á ráðstefnunni var kynnt yfirlit yfir stefnumótun landanna í velferðar- og fjölskyldumálum ásamt greiningu á stöðu og þróun mála.

*Rannsóknir og rannsóknarverkefni.*

Norræna stofnunin fyrir kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK) sem fjármögnuð er af ráðstöfunarfé embættismannanefndarinnar hrindir í framkvæmd, styður og samhæfir kvenna-, karla- og kynjarannsóknir á Norðurlöndum og utan þeirra auk þess sem hún tekur þátt í að mynda samnorrænan grundvöll fyrir kynjarannsóknir. Embættismannanefndin fjallaði um starfsemi NIKK og stefnumótun samfara endurnýjun samnings um rekstur stofnunarinnar. Norræna stofnunin fyrir kvenna- og kynjarannsóknir gefur út ársfjórðungslega blað um kynjarannsóknir og sinnir fjölþættum rannsóknum. Vísað er til heimasíðu stofnunarinnar (www. nikk.uio.no) í því sambandi.

## 7. Löggjafarsamstarf

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna um löggjafarmálefni byggir að meginstefnu til annars vegar á samstarfsáætlun og hins vegar formennskuáætlunum sem gefnar eru út ár hvert.

Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-Lov) hittast einu sinni á ári. Að öðru leyti á samstarfið sér stað undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-Lov) þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins, sameiginleg hagsmunamál rædd og enn fremur ný eða væntanleg löggjöf og styrkir veittir til einstakra norrænna verkefna. Um einstök réttarsvið eða álitaefni er fjallað í vinnuhópum, sem skipaðir eru embættismönnum eða sérfræðingum í ráðuneytunum. Þá kemur fyrir að embættismannanefndin setji á laggirnar sérstaka vinnuhópa sem fá fjárveitingu af norrænum fjárlögum.

Dómsmálaráðherrarnir starfa samkvæmt samstarfsáætlun sem samþykkt var árið 2005. Í áætluninni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggir á. Samstarfið miðar m.a. að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökuferli á Norðurlöndum og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast þar. Í áætluninni kemur fram að lög-

gjafarsamstarfið eigi að miða við „norrænt notagildi“. Miðað skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar hafi verið hefð fyrir að ná sérlega víðtækri samræmingu löggjafar. Þessu samstarfi beri að halda áfram og þróa frekar. Auk þess sé vaxandi þörf fyrir norrænt samstarf á sviði refsiréttar og löggæslu. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmingu löggjafar, t.d. vegna mismunandi siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu. Loks er í samstarfsáætluninni fjallað um hlutverk norræns löggjafarsamstarfs í evrópsku og öðru alþjóðlegu samhengi, en það er í stuttu máli að láta að sér kveða þegar tækifæri gefst og ástæða er til.

Þá var á árinu starfað samkvæmt formennskuáætlun Norðmanna. Helstu áhersluatriði er varðar löggjafarsamvinnu snéru meðal annars að því að beina sjónum að brotum barna og ungmenna, sömuleiðis að því er varðar brot gegn börnum þar sem gerandi nær sambandi við þau í gegnum netið, baráttunni gegn spillingu og sáttamiðlun í einkamálum.

Árlegur fundur dómsmálaráðherranna var haldinn í Utstein-klaustri skammt frá Stavanger í Noregi hinn 20. júní sl. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sat fundinn og gerði ráðherrunum meðal annars grein fyrir nýskipan lögreglumála á Íslandi, sem Alþingi samþykkti 2. júní sl., sbr. lög nr. 46 13. júní 2006. Ráðherrann ræddi einnig um aukin verkefni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og stofnana á þess vegum, lögreglu, landhelgisgæslu og björgunarmiðstöðvar vegna brottfarar varnarliðsins. Hann fagnaði góðu samstarfi við danska varnarmálaráðuneytið vegna öryggisgæslu og björgunarverkefna á sjó og landi, samvinnu við Svía við ákvarðanir vegna nýrrar flugvélar fyrir landhelgisgæsluna og við Norðmenn við ákvarðanir um björgunarþyrlur auk þess sem Danir og Norðmenn hefðu veitt mikla aðstoð við ákvarðanir um nýtt varðskip. Að frumkvæði Svía ræddu ráðherrarnir heimildir lögreglu til að beita sérstökum rannsóknaraðferðum og nauðsyn þess, að skýr lagaákvæði stæðu að baki slíkum heimildum. Þá var rætt um aukið samstarf saksóknara á Norðurlöndum og Finnar gerðu grein fyrir áherslum sínum í ESB þegar þeir fóru með forsæti þar síðari hluta ársins. Í umræðum um þessar hugmyndir tók Björn Bjarnason fram, að hann teldi það geta skapað vanda bæði innan ESB og Schengensamstarfsins að flytja refsirétt og samstarf á því sviði undir meirihlutaákvarðanir innan ESB.

Þá voru áherslumál rædd að venju í eftirtöldum óformlegum starfshópum sem ekki fá fjárveitingu af norrænum fjárlögum: sérfræðingahópi um sifjarétt, starfshópi ráðuneytanna um refsirétt og starfshópi um endurskoðun norrænna reglna um fullnustu refsidóma (sbr. lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl. nr. 69 12. desember 1963).

Einnig var starfandi starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem að jafnaði eru haldnir einu sinni á ári. Ekki var haldinn fundur að þessu sinni. Í áðurnefndri samstarfsáætlun norrænu dómsmálaráðherranna segir að samstarfið við Eystrasaltsríkin hafi áður fyrr miðað að því að stuðla að þróun í átt að lýðræði í Eystrasaltsríkjunum og efla sameiginlegt réttarfar, en það hafi þróast í þá átt að vera samstarf átta jafnréttháttra ríkja (NB8) í ljósi þess að áframhaldandi og náið samstarf á svæðinu sé mikilvægt í stækkuðu ESB og gagnvart ríkjum utan ESB.

*Málefni flóttamanna.*

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Samráðsnefndin hefur komið saman síðan laust eftir 1990 og fundar tvisvar á ári og er sá fundur, sem haldinn er í júní, jafnan haldinn daginn fyrir árlegan fund norrænna ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna. Upphaflega var eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna, en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem að útlendingamálum koma á Norðurlöndum. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, þar á meðal um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfræðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars 2001, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning vinnuafls.

Starf nefndarinnar á árinu fólst einkum í tveimur fundum. Fyrri fundurinn var haldinn í Vaxholm í Svíþjóð í júní en á síðari hluta ársins tók Ísland við formennsku nefndarinnar í fyrsta sinn og var síðari fundur nefndarinnar haldinn í Reykjavík.

*Björgunarsamstarf.*

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggir á rammasamningi um björgunarþjónustu frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans fer með samstarf það í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslands. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa Norðurlanda og stýrir hún samstarfinu. Heimasíða NORDRED er www.nordred.org.

Löndin skiptast á um formennsku til þriggja ára í senn og lýkur hverju tímabili með því að haldin er norræn björgunarráðstefna og gjarnan æfing tengd henni. Íslendingar fóru með formennsku í norrænni samvinnu um björgunarsamstarf frá maí 2003, þar til Finnar tóku við formennsku í maí sl.

Haldin var norræn björgunarráðstefna og skrifborðsæfing hér á landi 3.–5. maí sl. og var það í fyrsta sinn sem Íslendingar stóðu að slíkum viðburðum. Nánar tiltekið var um að ræða lokaða björgunarráðstefnu fyrir yfirmenn, stjórnendur, skipuleggjendur og þá sem annast kennslu neyðaraðgerða. Þema ráðstefnunnar var stórslys og tóku framsöguerindin mið af því. Á skrifborðsæfingunni var tekin fyrir sprenging og stórbruni sem áttu að hafa átt sér stað um borð í stóru farþegaskipi á hafinu norður af Vestfjörðum. Ráðstefnugestir fylgdust með æfingunni og voru ýmis málefni í tengslum við hana tekin til umræðu. Ráðstefnan og æfingin þóttu heppnast mjög vel.

Norræna ráðherranefndin styrkir NORDRED björgunarráðstefnurnar og æfingarnar.

## 8. Menntun og rannsóknir

Samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í verkefnum og styrkjakerfum sem stjórnað er af ráðgjafarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum sem starfa tímabundið. Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega.

*Fastar ráðgjafanefndir.*

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni. Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfa auk þess þrjár ráðgjafanefndir, ein sér um samstarf um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum tímabundnum verkefnum.

*Samstarf um skólamál.*

Verksvið NSS-nefndarinnar nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar er að stuðla að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og því tekur nefndin til umfjöllunar þau mál sem efst eru á baugi á hverjum tíma og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem í hlut eiga.

Á formennskuári Norðmanna var á sviði skólamála m.a. lögð hersla á alþjóðavæðingu, gæði í skólastarfi, samvinnu við Norðvestur-Rússland og starfsmenntun.

Árið 2005 setti NSS á laggirnar norrænan hóp rannsakenda sem skoðaði sérstaklega og bar saman niðurstöður norrænu landanna í PISA-rannsókninni 2003. Niðurstöður hópsins lágu fyrir í byrjun árs 2006 og gefið var út ritið „Northern Lights on Pisa 2003". Í maí sl. var haldin eins dags ráðstefna þar sem ritinu var dreift og niðurstöðurnar kynntar. Haldið var áfram með verkefni tengd starfsmenntun á Norðurlöndum og haldin málstofa um gæði í starfsmenntun. Norrænn vinnuhópur sem vann samanburðarskýrslu um kennaramenntun á Norðurlöndum, sérstaklega með tilliti til lestrarkennslu í kennaranámi, skilaði skýrslu í lok árs og er ætlunin að kynna niðurstöðurnar á málþingi á næsta ári. Þá var haldið áfram með ýmis verkefni tengd gæðum í skólastarfi. Af hálfu Norðmanna var sérstök áhersla lögð á að efla samstarf milli Norðurlanda og Norðvestur-Rússlands. Í upphafi ársins var stofnaður vinnuhópur sem tók saman yfirlit um núverandi samstarf og gerði tillögur um ný og/eða áframhaldandi verkefni. Fjölmennt málþing um samvinnu milli Norðurlanda og Norðvestur-Rússlands var haldið í Zapolyarny sl. haust. Þegar liggja fyrir tillögur í kjölfar málþingsins um verkefni á næstu árum.

*Háskólasamstarf.*

Stjórnarnefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk HÖGUT er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Vegvísar í starfi HÖ-GUT í formennskuáætlun Norðmanna voru: „Det nye Norden: Fornyelse og samarbeid i Nord-Europa".

Sett var á fót nefnd um norrænar mastersgráður (Nordic Master) þar sem fjallað er um samstarf háskóla í öllum norrænu löndunum um sameiginlega prófgráðu. Nefndin kom með tillögur um sértæk verkefni á þessu sviði. Í framhaldi af þeim tillögum verður auglýst eftir

umsóknum í byrjun árs 2007, þar sem háskólar á Norðurlöndum geta fengið sérstaka styrki til að setja upp sameiginlegar prófgráður milli tveggja eða fleiri háskóla.

Á árinu var lögð fram tillaga um úttekt á Nordplus-áætluninni. Áætlunin er mikilvægasta verkfæri HÖGUT til að auka og efla samstarf háskóla á Norðurlöndum með nemenda- og kennaraskiptum. Við val á verkefnum fyrir 2006 var lögð áhersla á náttúruvísindi, sameiginlegar prófgráður og samstarf háskóla og atvinnulífs. Ákveðið var að Eystrasaltsríkin tækju þátt í Nordplusáætluninni til jafns við Norðurlönd frá 2008. Samtímis var stofnuð sérstök áætlun um mannaskipti við Rússland, eða sk. Rússlandsáætlun.

Vinna við að samræma reglur lánasjóða á Norðurlöndum hélt áfram. Vinnuhópur sem settur var á fót árið 2003 skilaði sinni þriðju skýrslu á árinu með tillögum um frekari úrbætur og samræmi milli lánasjóða á Norðurlöndum til að auðvelda hreyfanleika nemenda í háskólanámi innan Norðurlanda.

Ráðstefna á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í formennsku Norðmanna bar heitið: „Eksterne dimensjonen i Bolognaprocessen". Ráðstefnan var haldin í Ósló. Í undirbúningi er ráðstefna í mars 2007 um kennaramenntun og í framhaldi er stefnt að því að gera samanburðarrannsókn á kennaramenntun á Norðurlöndum.

*Fullorðinsfræðsla.*

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) fjallar um þau málefni er varða menntun fullorðinna sem efst eru á baugi hverju sinni að undanskildum þeim málefnum er falla undir verksvið háskólanefndarinnar. Grundvallarmarkmiðið í norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu er að stuðla að og þróa skilning á fjölbreytileika og samkennd á þessu sviði á Norðurlöndum og efla norðlæga vídd á alþjóðavettvangi.

Stjórnarnefndin fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að vera íslenskur tengiliður í norrænu neti um fullorðinsfræðslu (NVL) í fjögur ár frá upphafi árs 2005. Norræna netinu er ætlað að vera fullorðinsfræðsluaðilum til stuðnings, fanga nýjar hugmyndir og eiga frumkvæði að nýjum verkefnum sem eru til þess fallin að vinna að á norrænum vettvangi. Þá á netið að afla og miðla upplýsingum um norrænt samstarf á sviði fullorðinsfræðslu.

Í ársbyrjun 2004 hófu göngu sína fimm nýjar áætlanir á vegum fræðslusviðs ráðherranefndarinnar þar á meðal Nordplus Junior sem styður við verkefni á sviði símenntunar og fullorðinsfræðslu og stuðlar að hreyfanleika og myndun samstarfsneta milli Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins veitir upplýsingar og aðstoð vegna þátttöku í norrænum samstarfsáætlunum í menntamálum.

*Vísindasamstarf.*

Norrænt vísindasamstarf er nú í meginatriðum skipulagt með aðstoð NordForsk sem tók til starfa í ársbyrjun 2005 sem sjálfstæð stofnun undir skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar en Norræna vísindastefnuráðið (FPR) og Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA) voru lögð niður á sama tíma. Stjórn NordForsk er skipuð fulltrúum rannsóknarráðanna í ríkjunum fimm, tveimur fulltrúum norrænna háskóla tilnefndum af samstarfi háskóla á Norðurlöndum (NUS) og einum fulltrúa atvinnulífs tilnefndum af ráðherranefnd iðnaðar- og atvinnumála. Af hálfu Íslands situr formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og formaður Rannsóknasjóðs í stjórninni. Rannís hefur með höndum starfræn tengsl við NordForsk og annast upplýsingamiðlun þar að lútandi.

Á sl. vori birti NordForsk fyrstu starfsáætlun sína fyrir tímabilið 2006–2009 og skilgreindi um leið framtíðarsýn og starfsaðferðir sínar. Lögð er sérstök áhersla á að byggja samstarf

landanna á innri styrk Norðurlanda og þeim þjóðfélagslegu gildum sem einkenna löndin fimm og beita samstarfinu í hnattrænu samhengi. NordForsk leitast við að marka áherslusvið sem rannsóknarráðin og fjármögnunaraðilar rannsókna í aðildarlöndunum telja mikilvæg og leggja sjálf til fjármagn að verulegu leyti. Fjármunir NordForsk eru fyrst og fremst ætlaðir til að tengja áherslusvið landanna sem best til að skapa samlegðaráhrif. Stofnunin rekur að þessu leyti ekki sjálfstæða stefnu í vali á áherslum en tekur mið af áherslum aðildarlandanna. Við mat á samstarfsverkefnum sem stofnunin tekst á hendur er lögð rík áhersla á alþjóðlega samkeppnishæfni rannsóknarverkefna á grundvelli vísindalegra gæða um leið og tekið er mið af þjóðfélagslegum þörfum.

Starfsaðferðir NordForsk byggjast á því að laða til samstarfs framsæknustu aðila í vísindum á Norðurlöndum til að ná fram sem sterkustu áhrifum í alþjóðlegu samhengi og gera árangurinn sýnilegan. Efnt er til samkeppni um hugmyndir og samstarfsverkefni. Sett hafa verið á laggirnar Norræn öndvegissetur (Nordic Center of Excellence, NCoE) á eftirfarandi sviðum:

- Matvæli, næring og heilsa.
- Velferðarsamfélagið.
- Hnattrænar breytingar.
- Læknisfræðileg sameindalíffræði.
- Hug- og félagsvísindi.

Starfræktir eru Norrænir rannsóknarnámsskólar í tengslum við Norrænu öndvegissetrin og skipulagt netsamstarf rannsóknarnámsskóla í aðildarlöndunum. Einnig hefur verið efnt til samstarfs milli öndvegissetra í aðildarlöndunum á sviðum sameindalíffræði, barnasálfræði og norrænna samanburðarmálvísinda. Þá heldur NordForsk utan um þemasamstarf milli stofnana á Norðurlöndum á sviði faraldsfræðilegra rannsókna, hafveðurfræðirannsókna og er bakhjarl Nordunet 3, sem er samstarf norrænna háskólaneta um þróun háhraðatenginga milli Norðurlanda og við umheiminn á grundvelli tenginets sem NorduNet AS starfrækir og RH-net er aðili að fyrir Íslands hönd.

## 9. Vinnumál og vinnuverndarmál

Árlegur fundur Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál (MR-A) var haldinn 10. október sl. í Losby gods, Ósló. Á dagskrá fundarins var meðal annars umfjöllun um stækkun hins evrópska vinnumarkaðar. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að nýta þennan vettvang til að norrænu ríkin gætu lært hvert af öðru. Gott væri að fylgjast með hvernig aðrir tækjust á við málin sem upp koma. Ákveðið var að halda áfram samráðinu vegna stækkunar ESB.

Þá greindi Finnland frá áherslum sínum í vinnumarkaðsmálum vegna formennsku í ESB meðal annars varðandi umræður um vinnutímatilskipun ESB. Einnig gerði Finnland grein fyrir áætlunum sínum vegna formennsku í ráðherranefndinni 2007. Meðal annars er stefnt að því að halda norræna ráðstefnu um áhrif stækkunar ESB á vinnumarkaðinn á Eystrasaltssvæðinu og að auk fulltrúa Norðurlanda munu taka þátt aðilar frá Póllandi, Eystrasaltsríkjunum og aðilum vinnumarkaðarins.

Samþykkt var breytt umboð og skipulag embættismannanefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál í samræmi við tillögur nefndarinnar sem greint er frá hér á eftir.

*Embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (EK-A).*

Norræna embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál hélt tvo fundi á árinu. Á fyrri fundinum var kynnt formennskuáætlun Norðmanna. Forföll frá vinnu vegna veikinda hafa verið mikið til umfjöllunar í Noregi. Það málefni hefur einnig verið til umfjöllunar á norrænum vettvangi. Það kom því ekki á óvart þótt verkefni sem lúta að rannsóknum á ástæðum fjarveru frá vinnu vegna veikinda yrðu á meðal forgangsverkefna á formennskuári Norðmanna. Haustið 2005 var haldin ráðstefna í Stokkhólmi um áhrif þess að Eystrasaltsríkin yrðu aðilar að samningnum um EES. Í framhaldinu barst erindi frá samstarfssamtökum norrænu alþýðusambandanna með ósk um að haldin yrði önnur ráðstefna þar sem fjallað yrði um viðfangsefni sem eru sameiginleg stjórnvöldum vinnumála á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum og samtökum aðila vinnumarkaðarins í löndunum. Embættismannanefndin tók erindið til umfjöllunar og var kannað hvort og hvernig hægt væri að samræma beiðnina formennskuáætlun Norðmanna. Ákveðið var að fresta málinu þar til Finnar tækju við formennsku í ráðherranefndinni og var vísað til tengsla og samstarfs þeirra við Eystrasaltsríkin á umliðnum árum. Áherslan í formennskuáætlun Noregs var á norðursvæði Norður-Evrópu og samstarfinu í Norður-Evrópu á sviði olíumála.

Nefndin fjallaði einnig um undirbúning ráðstefnu um mismunun á vinnumarkaðnum vegna aldurs en það málefni hefur dregið að sér vaxandi athygli á Norðurlöndum. Félagsmálaráðherra skipaði á sínum tíma nefnd til að fjalla um stöðu eldri starfsmanna á vinnumarkaðnum. Um þessar mundir er starfandi á vegum félagsmálaráðuneytisins verkefnisstjórn sem fjallar um stöðu miðaldra og eldra starfsfólks á vinnumarkaði. Ísland hefur stutt aukið norrænt samstarf á þessu sviði. Ráðstefnan var liður í formennskuáætlun Norðmanna og var haldin 3. október sl.

Breytingar á reglum ESB um ríkisstyrki og áhrif þeirra á vinnumarkaðinn var eitt af því sem kom til umfjöllunar nefndarinnar. Þetta hefur verið sérstakt áherslumál Norðmanna sem hafa gert tillögu um skipun starfshóps sem fari sérstaklega yfir þetta málefni.

Embættismannanefndin undirbjó fund norrænna vinnumálaráðherra en meginviðfangsefni fundarins var áhrifin sem stækkun ESB og EES hefur haft á norræna vinnumarkaðinn.

Viðamikið verkefni á árinu var endurskipulagning undirnefnda embættismannanefndarinnar. Tekin var ákvörðun um að leggja niður nefnd sem hefur farið með innflytjendamál. Jafnframt var ákveðið að víkka út umboð vinnumarkaðsnefndarinnar og fela henni umfjöllun um innflytjendamálin. Með þessu er stefnt að því að tengja betur en áður málefni innflytjenda og þátttöku þeirra í atvinnulífinu.

*Nefnd um vinnurétt (NAU).*

Starf norrænu nefndarinnar um vinnurétt hefur á undanförnum árum beinst að áhrifum lagasetningar á vettvangi ESB á réttarstöðuna í norræna atvinnulífinu. Nefndin hefur einnig fjallað um áhrifin af stækkun ESB á aðstæður á norræna vinnumarkaðnum, einkum á ráðningarsamband launamanns og atvinnurekanda. Á Íslandi var um skeið notað orðið launaverktaka yfir það sem hér um ræðir. Nefndin hélt áfram umræðum um þetta efni sem og starfsemi starfsmannaleiga. Á vettvangi nefndarinnar var skipst á upplýsingum um aðgerðir stjórnvalda til að hafa betra yfirlit yfir aðstreymi erlends verkafólks á norræna vinnumarkaðinn og hvernig hægt væri að koma í veg fyrir félagsleg undirboð.

Nefndin ræddi væntanlega aðild Búlgaríu og Rúmeníu að ESB og þar með að EES. Farið var yfir heimildir í stækkunarsamningunum til að fresta gildistöku ákvæða um frjálsa för launafólks frá þessum nýju aðildarríkjum.

Nefndin fór einnig yfir drög að nýjum tillögum að ESB-tilskipunum, m.a. tilskipun um lífeyrisgreiðslur. Rædd var tillaga um breytingu á tilskipun um aðilaskipti að fyrirtækjum svo og endurskoðun tilskipunar um útsenda starfsmenn.

*Atvinnuskipti ungs fólks.*

Stórt norrænt samstarfsverkefni á sviði vinnumarkaðar er Nordjobb, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli norrænu landanna en norrænu félögin annast þessi samskipti. Á árinu komu 155 ungmenni hingað til lands til starfa, en 46 íslensk ungmenni fóru til starfa á Norðurlöndum á vegum Nordjobb. Einnig var unnið að menningartengdu verkefni um ungmennaskipti, Snorraverkefni, þar sem tekið var á móti 15 vestur-íslenskum ungmennum á aldrinum 18–26 ára til sumardvalar. Enn fremur var tekið á móti 12 Vestur-Íslendingum sem komu til Íslands til að kynnast fólki í sinni atvinnugrein hér á landi. Í samstarfi við Íslendingafélögin á „Nýja-Íslandi" í Manitoba fóru 8 íslensk ungmenni til sumardvalar á árinu.

*Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd.*

Þær breytingar urðu í norrænu vinnuverndarsamstarfi á árinu að rannsóknarnefndin á vinnuverndarsviði og almenna vinnuverndarnefndin héldu sína síðustu fundi sl. vor. Á haustdögum var skipuð ný norræn samstarfsnefnd um vinnuvernd, sem á að taka yfir hlutverk beggja nefndanna en veruleg vinna fór í að samhæfa verklag. Samstarfsnefndin mun í styrkveitingum sínum gera auknar kröfur um að verkefni feli í sér mælanlegan samnorrænan árangur. Einnig verður lögð áhersla á rannsóknar-, þróunar- og samráðsverkefni sem fela í sér veruleg nýmæli og áherslur í samræmi við stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Íslendingar hafa tekið virkan þátt í nokkrum verkefnum og má þar nefna rannsóknarverkefni á svið öryggishegðunar á byggingarvinnustöðum. Er þetta í samræmi við stefnu Vinnueftirlits ríkisins að taka þátt í verkefnum sem hvað helst mæða á íslensku vinnuumhverfi en í dag eru byggingarslys algengustu vinnuslys á Íslandi. Þá er verið að vinna að verkefni er lýtur að áhrifum óreglulegs og langs vinnutíma á starfsfólk og er gert ráð fyrir að skýrsla um verkefnið líti dagsins ljós á næsta ári.

Í upphafi árs var haldinn samráðsfundur um menntun starfsmanna/eftirlitsmanna norrænu eftirlitsstofnananna og í kjölfar hans settar fram tillögur um að norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar standi að námskeiðum um sérhæfð málefni á sviði vinnuverndar. Slíkt mundi stuðla að samhæfingu verklags milli landanna og einnig gefa íslenskum vinnueftirlitsmönnum kost á fjölbreytilegri námskeiðum á sviði vinnuverndar en nú er. Einnig hefur verið fjallað um hvernig skuli taka á sálfélagslegum vinnuverndarmálum á vinnustöðum. Þá stóð nefndin fyrir samráðsfundum um reglur og leiðbeiningar á sviði vinnuverndar í bygginga- og mannvirkjagerð og framkvæmd þeirra, varasöm efni í vinnuumhverfinu og um einhæfa vinnu og vinnuaðstæður. Var síðastnefndi fundurinn með nýstárlegu sniði en þar komu saman rannsóknaraðilar og sérhæfðir eftirlitsmenn á sviðinu og deildu reynslu sinni.

Haldin var ráðstefna norrænu vinnueftirlitanna í Finnlandi undir fyrirsögninni „Från strategi till effektiv tillsynspraktik – kompetensen avgör". Þrír starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins sóttu ráðstefnuna.

Á árinu 2007 mun nefndin skoða hvernig samþætta eigi norrænar áherslur við áherslur á EES-svæðinu.

*Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA).*

Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar vann að undirbúningi námskeiða en á árinu 2007 er gert ráð fyrir þrettán námskeiðum (sjá heimasíðu stofnunarinnar www.niva.org). Unnið er áfram að þeim áherslubreytingum sem samþykktar hafa verið á undanförnum árum. Helstu nýjungar eru að gerð verður tilraun með svokallaðan NAM-Niva sumarskóla, en það er námskeið sem stendur í fimm daga. Boðið verður upp á þrjú stutt grunnnámskeið um vinnuvernd í tengslum við norræna vinnuverndarráðstefnu. Markmiðið er að breiðari hópur sæki námskeiðin. Víðtæk rannsóknarverkefni, sem norræna vinnuverndarnefndin hefur styrkt, verða áfram notuð sem grundvöllur fyrir námskeiðshald og sjást þess merki í áætlun næsta árs þar sem fjallað er um öryggishegðun á byggingarvinnustöðum.

Þá hefur haldið áfram umræða um hvernig stofnunin getur stutt við vinnuverndarstarf í Eystrasaltsríkjunum og í norðvesturhluta Rússlands. Einnig fer fram umræða um önnur jaðarsvæði sem hefur þó ekki enn leitt til námskeiða eða formlegrar starfsemi.

*Nefnd um vinnumarkaðinn.*

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni nefndarinnar á árinu tengdust samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar á vinnumálasviðinu fyrir tímabilið 2005–2008. Markmiðið með starfi nefndarinnar er full atvinna og að vinnuaflsframboð verði sem mest til þess að mæta fólksfjölgun.

Samstarf á vinnumarkaðssviðinu er styrkt með ýmsum hætti. Meðal þess er miðlun upplýsinga milli vinnumarkaðsnefndarinnar og annarra nefnda, þátttaka í nefndastarfi og boð um þátttöku á fundi vinnumarkaðsnefndarinnar. Þar sem innflytjendanefndin verður lögð niður hefur verið ákveðið að vinnumarkaðsnefndin taki yfir hluta þeirra verkefna sem innflytjendanefndin hefur haft umsjón með.

Megináherslurnar í starfi nefndarinnar eru tvær: annars vegar innra norrænt samstarf þar sem sjónum er einkum beint að þremur víðtækustu fagsviðum innan samstarfsins, þ.e. vinnumarkaðssviði, vinnuumhverfissviði og vinnuréttarsviði, og hins vegar norrænt samstarf á öðrum vettvangi en norrænum. Einkum verður lögð áhersla á miðlun norrænna sjónarmiða og reynslu svo og samræmingu í sambandi við ESB.

Starfshópur á vegum vinnumarkaðsnefndarinnar lagði fram skýrslu um hugmyndir um framtíðarstarf nefndarinnar. Niðurstaðan var að lögð skyldi áhersla á: 1) framboð vinnuafls, 2) framtíðareftirspurn vinnuafls og 3) veikindafjarvistir launþega og vinnumarkaður.

Nokkrum verkefnum er ólokið, en þau snúa að: 1) aðlögun flóttamanna og innflytjenda að norrænum vinnumarkaði, 2) aðlögun eldra fólks með takmarkaða menntun að vinnumarkaðnum og áhrif vinnumarkaðsaðgerða, 3) samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um vinnumarkaðinn og 4) forsendum hás atvinnustigs á Norðurlöndum.

Ýmsum verkefnum er hins vegar lokið en þau eru um: 1) alþjóðavæðingu norræns vinnumarkaðar og áhrif á eftirspurn eftir vinnuafli, 2) stækkun ESB og norrænan vinnumarkað, 3) tölfræði um för vinnuafls yfir landamæri og norrænan vinnumarkað, 4) reglur um atvinnuleysistryggingar á Norðurlöndum og miðlun upplýsinga um þær milli norrænu landanna, 5) norræna námstefnu um vinnumarkaðstölfræði, 6) sérfræðingafund um sameiginleg vandamál að því er varðar vinnumiðlun á jaðarsvæðum við Norður-Atlantshaf og 7) jafnrétti í launum kynjanna.

Meginþema í starfi nefndarinnar á árinu var þróun norræns vinnumarkaðar. Lögð var áhersla á vandamál sem snúa að fjarvistum vegna veikinda á vinnustöðum, afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum og norræn gildi auk framtíðareftirspurnar eftir vinnuafli.

Haldin var ráðstefna í Ósló í nóvember sl. um áhrif sem frjálst flæði vinnuafls hefur á norrænan vinnumarkað. Markmið ráðstefnunnar var að fjalla um vandamál tengd frjálsu flæði vinnuafls.

Gefin var út skýrsla um launajafnrétti kynjanna og lokaskýrsla um sameiginlegan norrænan vinnumarkað 1954–2004.

*Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál (NIAL).*

Samstarfshópurinn miðlar upplýsingum á vinnumálasviði en undir það falla vinnumarkaðs-, vinnuumhverfis- og vinnuréttarmál. Haldnir voru tveir fundir undir formennsku Norðmanna.

Gefin voru út þrjú tölublöð af „Arbejdsliv i Norden“ (AiN) og tvö af „Nordic Labour Journal“ (NLJ). Þema fyrsta tölublaðs AiN var „Et holdbart arbeidsliv“, í öðru tölublaði var þemað „Periferi i centrum – energiäventyret i nordområdena“ og í því þriðja „Gränslös kommunikation ändrar arbetets villkor“. Í NLJ var þema fyrsta tölublaðs „New thinking mobilising change“ og í öðru tölublaði var umfjöllunarefnið „Work place learning with a human face“.

## 10. Atvinnu-, orku- og byggðamál

Ráðherranefndin um orkumál og ráðherranefndin um byggðamál voru á árinu sameinaðar ráðherranefndinni um atvinnumál og varð Norræna ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER). Áfram störfuðu þó þrjár embættismannanefndir um viðkomandi málaflokka og höfðu yfir að ráða sömu fjármunum og áður. Haldinn var einn fundur þar sem saman komu embættismenn allra ofangreindra nefnda (EK-NER), tveir fundir voru haldnir sameiginlega með embættismönnum atvinnu- og orkumála, auk eins sameiginlegs ráðherrafundar, sem haldinn var í Bodø í Noregi. Nefndirnar héldu auk þess fundi hver fyrir sig. Þetta nýja fyrirkomulag er enn í mótun og eftir á að koma í ljós hvaða áhrif þessi sameining ráðherranefndanna hefur á starfið, en nokkuð skiptar skoðanir hafa verið um ágæti þessa nýja fyrirkomulags.

*Atvinnumál.*

Á ráðherrafundinum í Bodø var m.a. rætt um stöðu Norðurlanda innan Evrópu út frá ýmsum sjónarhornum. Af Íslands hálfu var fjallað um málefni Norðurlanda út frá vestnorrænu sjónarhorni. Meðal annars var vakin athygli á því að líkindi eru til þess að hlýnandi loftslag á norðurslóðum muni hafa þau áhrif að nýjar siglingaleiðir muni opnast í Norður-Atlantshafi eftir því sem hafísþekjan minnkar. Auk þess megi gera ráð fyrir að möguleikar á nýtingu orku muni breytast til muna við bráðnun íssins og að áhrif þess á atvinnulífið geti orðið mikil. Þá var einnig tekið fram að eðlilegt væri að þróa samstarf vestnorrænu landanna frekar og kanna möguleika á samstarfi við Írland, Skotland og Atlantshafsfylki Kanada.

Norræna embættismannanefndin um byggðamál lagði til að hafin yrði vinna við verkefni um landshlutamiðaða nýsköpunarstefnu. Norræna embættismannanefndin um atvinnumál (EK-N) studdi verkefnið sem taka mun tvö ár í vinnslu. Stefnt er að því að verkefninu ljúki með ráðstefnu þar sem niðurstöðurnar verða kynntar.

Áfram var unnið að því að afnema stjórnsýsluhindranir. Á árinu var sérstakur starfsmaður ráðinn í það verkefni að finna leiðir til að afnema stjórnsýsluhindranir í atvinnumálum. Hóf hann störf á seinni hluta ársins. Starfshópur um aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum á byggingavörumarkaði er enn að störfum.

Ákveðið var að setja saman vinnuhóp – eins konar norrænan vettvang um áhættufjármögnun (Nordisk Venture Forum). Var Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni (NICe) falið að leiða það verkefni. Fyrsta verkefni hópsins skyldi vera að meta möguleika á stofnun Norræns fjárfestingasjóðs. Í nóvember komu út tvær skýrslur varðandi verkefnið. Einnig var haldin ráðstefna um þessi málefni í Ósló í nóvember.

Á árinu var haldið áfram vinnu við verkefni um neytendastýrða nýsköpun sem hófst árið 2005. Með neytendastýrðri nýsköpun er átt við aðferðir til að þróa vöru og þjónustu í þá átt að uppfylltar séu þekktar og óþekktar þarfir neytandans. Til að finna út þessar aðferðir er rekstrarlegum og tæknilegum atriðum tvinnað saman við hönnun og félagsvísindi og með því móti bryddað upp á nýjungum sem talið er að neytandanum muni falla í geð enda þó hann hafi ekki sjálfur getað sagt til um það fyrirfram. Með þessu móti er talið að auka megi verulega verðmæti nýsköpunar. Vinnuhópurinn sem hefur verkefnið með höndum lauk vinnu við sameiginlega áætlun um málið á árinu. Á ráðherrafundinum var sú áætlun samþykkt. Ætlunin er að í framhaldinu verði fleiri löndum boðin þátttaka.

Norræna embættismannanefndin um menningarmál lét vinna skýrslu um norræna hönnun sem kom út á árinu. Í skýrslunni er fjallað um efnahagslegt gildi hönnunar og í henni eru lagðar fram tillögur um það hvernig megi efla og styrkja norræna hönnun. Skýrslan var tekin til umræðu í nefndinni um atvinnumál og einnig staða skapandi greina í víðara samhengi. Áhugi er fyrir því að leita leiða til að styrkja samvinnugrundvöll atvinnulífs og hinna skapandi greina. Verkefninu „Ný norræn matvæli“ var formlega hleypt af stokkunum þann 1. nóvember sl. Markmiðið með því verkefni er að vekja athygli á gildi þess að leggja áherslu á norræna menningu og hönnun við framreiðslu á veitingum. Talið er að þá sérstöðu sem felst í norrænni matarhefð megi nýta til að efla nýsköpun. Tveir fulltrúar frá hverju norrænu ríkjanna fimm gegna hlutverki „sendiherra fyrir ný norræn matvæli“ meðan á verkefninu stendur.

*Orkumál.*

Ráðherrar orkumála samþykktu nýja aðgerðaáætlun í orkumálum fyrir árin 2006–2009 á fundi sínum á Grænland í ágúst 2005 (Handlingsplan for det nordiske energisamarbejde 2006–2009). Árið 2006 var því fyrsta árið sem starfað var eftir hinni nýju áætlun. Markmið með norrænu samstarfi á sviði orkumála er m.a. að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndum. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska skírskotun auk þess sem línurnar fyrir samstarfið eru lagðar í fyrrnefndri aðgerðaáætlun. Á ráðherrafundi sem haldinn var í Bodø í Noregi í september sl. voru orkumálaráðherrarnir sammála um mikilvægi norrænnar samvinnu á þessum vettvangi og að hana þyrfti að styrkja enn frekar. Orkumál hafa verið æ umfangsmeiri í almennri umræðu undanfarin misseri í heiminum öllum og eru Norðurlönd þar engin undantekning. Auk sameiginlegra funda í embættismannanefndinni um atvinnu-, orku- og byggðamál voru haldnir sex fundir í embættismannanefndinni um orkumál (EK-E).

*Ný aðgerðaáætlun um samstarf í orkumálum 2006–2009.* Í aðgerðaáætluninni er lögð höfuðáhersla á þrjú meginsvið, þ.e. orkumarkaðinn á Norðurlöndum og í nágrannaríkjunum, sjálfbær orkukerfi og Norðurlönd í alþjóðlegu samstarfi.

*Orkumarkaður Norðurlanda og nágrannaríkja.* Hér er fyrst og fremst átt við þróun raforkumarkaðarins og uppbyggingu raforkukerfis landanna, bæði innbyrðis og ekki síður tenginguna til Evrópu. Einnig falla hér undir mál er varða gasmarkaðinn svo og húshitun. Starfandi er vinnuhópur sem fjallar um raforkumarkaðinn og samþættingu innan hans.

*Sjálfbær orkukerfi.* Með sjálfbærum orkukerfum er átt við aukna notkun endurnýjanlegra orkulinda, aukna orkunýtni og orkusparnað og þá einkum í því skyni að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda við orkuframleiðslu. Starfandi hafa verið fjórir vinnuhópar sem falla undir þennan yfirflokk. Eru það vinnuhópar um orkuhagkvæmni, endurnýjanlega orkugjafa og vinnuhópur sem snýr að orkumálum Vestur-Norðurlanda. Fjórði vinnuhópurinn er sameiginlegur með embættismannanefndinni um umhverfismál og fjallar hann um loftslagsmál. Ísland hefur tekið þátt í starfi vinnuhópsins. Orkumálin snúast í æ meira mæli um losun gróðurhúsalofttegunda. Þar njótum við Íslendingar algjörrar sérstöðu þar sem raforkuframleiðsla okkar er nær öll frá endurnýjanlegum orkulindum og upphitun sömuleiðis. Vandamál okkar eru því ekki þau sömu og blasa við nágrannaþjóðunum. Þó eru aðstæður í samgöngumálum hér á landi ekki ólíkar því sem er í hinum löndunum, þ.e. mikil notkun á jarðefnaeldsneyti.

*Vestur-Norðurlönd.* Undanfarin ár hefur verið starfandi vinnuhópur sem hefur haft það að markmiði að finna umhverfisvænar orkulausnir fyrir Vestur-Norðurlönd, aðallega Grænland og Færeyjar. Sérstaða Grænlands og Færeyja í orkumálum er mikil þar sem bæði löndin þurfa að treysta nær eingöngu á jarðefnaeldsneyti bæði til raforkuframleiðslu og til húshitunar. Einnig er raforkudreifing erfiðleikum háð vegna strjálbýlis, sérstaklega á Grænlandi. Þegar talað er um Vestur-Norðurlönd hefur fram til þessa einkum verið átt við Grænland, Ísland og Færeyjar, en síðustu árin einnig Noreg eða að minnsta kosti Vestur-Noreg. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í þessu starfi Vestur-Norðurlanda og á ráðherrafundinum í Bodø lýsti iðnaðarráðherra því yfir að leggja þyrfti enn frekari áherslu á þetta samstarf og þar bæri Íslendingum að vera í framvarðasveit. Áhugi hefur vaknað á því að útvíkka samstarfið og hefur m.a. verið horft til austurstrandar Kanada og til Hjaltlandseyja. Hjaltlendingar hafa sýnt þessu mikinn áhuga og hefur verið boðað til ráðstefnu um orkumál á Vestur-Norðurlöndum á Hjaltlandi í október 2007.

*Norðurlönd í alþjóðlegu samstarfi.* Í aðgerðaáætluninni er sett fram það markmið að Norðurlönd verði öðrum þjóðum til fyrirmyndar hvað varðar orkumál, ekki hvað síst innan ESB. Jafnframt er lögð mikil áhersla á að efla samstarfið við þjóðirnar við Eystrasaltið og að koma á auknum tengslum við Rússland. Helsti samstarfsvettvangur Norðurlandaþjóðanna og grannríkjanna við Eystrasalt í orkumálum fer fram á vegum BASREC (Baltic Sea Region Energy Cooperation) á vettvangi Eystrasaltsráðsins (Council of the Baltic Sea States, CBSS).

Á fundum norrænu embættismannanefndarinnar um orkumál og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða EES og þróun orkumála innan ESB. Fyrir reglulega fundi í ráðherraráði ESB um orkumál eru haldnir óformlegir fundir norrænu orkuráðherranna og sitja fulltrúar Íslands og Noregs þá fundi. Síðustu árin hafa fulltrúar Eystrasaltsríkjanna einnig setið fundina. Þessir fundir geta verið mikilvægir fyrir okkur Íslendinga, sem ekki eigum möguleika á að taka þátt í öllum málaflokkum, sem heyra undir orkusviðið innan ESB.

*Orkurannsóknir.* Norrænar orkurannsóknir (NEF) eru að mestu fjármagnaðar beint af orkuráðuneytum landanna með sömu kostnaðarskiptingu og tíðkast í norrænu fjárlögunum. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknarstofnana o.fl. með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Áherslur nor-

rænna orkurannsókna hafa beinst að fimm höfuðverkefnum, þ.e. orkumarkaðsmálum, endurnýjanlegum orkulindum, orkunýtni, vetnissamfélaginu og áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda. Þá hefur skrifstofa norrænna orkurannsókna annast verkefnisstjórnun fyrir einstök verkefni sem unnin hafa verið á vegum embættismannanefndarinnar.

Á árinu var úthlutað styrkjum til orkurannsóknarverkefna að upphæð 86,2 millj. n.kr. til alls 16 verkefna. Verkefnin eru skipulögð af framúrskarandi rannsóknarstofnunum á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi.

Tvö verkefnanna eru undir íslenskri stjórn, „Climate and energy systems" og „Nordic CoE on H2 storage". Auk þess eru Íslendingar meðumsækjendur í fimm öðrum verkefnum; „Primary energy efficiency", „BioH2", „Nordic Energy", „Energy Forum" og „New innovative pretreatment of wood". Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Norrænna orkurannsókna (www.nordicenergy.net).

*Byggðamál.*

Starfið á árinu byggðist sem áður á samstarfsáætlun sem gildir fyrir árin 2005–2008 (Nordisk regionalpolitisk samarbeidsprogram 2005–2008) svo og formennskuáætlun Norðmanna.

*Starfsemi.* Aðalatriðin í formennskuáætlun Norðmanna hvað byggðamálum viðvíkur voru:

- áhersla á norður- og vestursvæði Norðurlanda,
- efling velferðarsamfélagsins,
- samstarf yfir landamæri og aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum,
- samstarf þvert á fagsviðin,
- styrking Nordregio.

Á árinu hélt embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) fimm reglulega fundi og var einn sameiginlegur með embættismannanefndunum um atvinnumál og orkumál. Að venju voru nokkrar nefndir starfandi á vegum embættismannanefndarinnar til að vinna að einstökum málum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim þáttum sem fyrirferðarmestir voru í starfsemi embættismannanefndarinnar á árinu.

*Svæðasamstarf yfir landamæri.* Svæðisbundið samstarf fer fram á átta svæðum á Norðurlöndum sem eru afar ólík eins og bent hefur verið á í fyrri skýrslum. Málefni svæðisbundna samstarfsins yfir landamæri hafa verið til sérstakrar umfjöllunar hjá embættismannanefndinni um byggðamál á undanförnum tveim árum og hefur verið mörkuð stefna í málum þeirra með aðstoð norrænu fræðslustofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio). Svæðin sjálf hafa einnig haft tækifæri til að koma að stefnumótuninni á öllum stigum.

Sú stefna sem nú hefur verið mótuð grundvallast á eftirfarandi: Skýrt og gagnsætt samhengi er á milli skiptingar styrkja og stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar hvað svæðasamstarf yfir landamæri varðar. Aðferðin við úthlutun styrkja er sveigjanleg og gefur færi á að ný svæði verði styrkt og/eða að styrkveitingum til svæða sem styrkja njóta verði hætt. Kerfið er einfalt og hægt að fylgjast með því sem er í gangi á grundvelli innsendra ársskýrslna. Kerfið tekur gildi í áföngum frá fjárhagsárinu 2007.

Á árinu 2007 fær hvert svæði grunnstyrk sem er á bilinu 400 þús. til 1 millj. d.kr., að undanskilinni Norrænu Atlantsnefndinni (NORA) sem fær 4,5 millj. d.kr. Til viðbótar fá svæðin, að NORA undantekinni, upphæð sem er breytileg og er úthlutað eftir samþykktum reglum. Í þriðja lagi geta svæðin svo og ný svæði sótt um styrki til sérverkefna en auglýst er eftir umsóknum. Í það fjármagn getur NORA líka sótt. Þetta kerfi hefur í för með sér að

styrkir til einstakra svæða lækka en hækka til annarra. Á árinu 2007, sem er aðlögunarár, mun þó ekkert svæði skert um meir en 20% af fjárveitingum ársins 2006. Rétt er að taka fram að endurskoða á reglurnar þegar reynsla er komin á þær. Einnig að þessar breytingar hafa ekki áhrif á fjárframlög til NORA. Svæðasamstarf yfir landamæri fær stærstan hluta þess fjár sem embættismannanefndin um byggðamál ráðstafar.

*Vestur-Norðurlönd.* Norðmenn hafa lagt mikla áherslu á Vestur-Norðurlönd á formennskuári sínu svo og norðursvæðin. Þær starfsnefndir sem settar hafa verið á laggirnar hafa ekki síst beint sjónum að málum sem eru mikilvæg fyrir hin strjálbýlu vestur- og norðursvæði. Samkomulag hefur náðst um bein fjárframlög Færeyja, Grænlands, Íslands og Noregs til starfsemi NORA frá og með árinu 2007.

*Starfsnefndir.* Sem jafnan áður voru nokkrar tímabundnar starfsnefndir að störfum á vegum embættismannanefndarinnar um byggðamál. Þar má nefna nefnd til að gera úttekt á landshlutamiðaðri nýsköpunarstefnu sem er samstarfsverkefni með embættismannanefndunum um atvinnu- og orkumál og unnið í samstarfi við Nordregio og NICe. Verkefninu er ætlað að skoða nýsköpunarstefnu með hliðsjón af mismunandi svæðum en því á að ljúka snemma árs 2008. Þá var stofnuð nefnd til að skoða markmiðs- og árangursstýringu í byggðamálum. Er nefndinni ætlað að ljúka störfum á árinu 2007. Enn fremur starfaði embættismannanefnd um borgarstefnu allt árið og mun ljúka störfum árið 2007.

*Nordregio, rannsóknarverkefni og ráðstefnur.* Sem jafnan áður rann stór hluti ráðstöfunarfjár embættismannanefndarinnar til Nordregio en um þá stofnun er fjallað sérstaklega. Þó skal þess getið hér að á fundi í desember var gengið frá samkomulagi á milli embættismannanefndarinnar um byggðamál og Nordregio um starfsemi Nordregio fyrir árin 2007–2009. Þá voru styrkt ýmis rannsóknarverkefni og ráðstefnur. Meira var um en áður að styrkt væru verkefni sem eru samstarfsverkefni fleiri sviða Norrænu ráðherranefndarinnar.

*Nordregio.*

*Skipulag og fjármál.* Nordregio er norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum. Stofnunin er staðsett í Stokkhólmi og starfar þar einn Íslendingur. Í lok ársins 2005 störfuðu 27 manns hjá stofnuninni.

Hlutverk Nordregio er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála auk þess að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í málum tengdum Eystrasaltsríkjunum, hefur farið vaxandi undanfarin ár.

Heildarvelta Nordregio á árinu 2005 var alls 30,9 millj. s.kr. Í stjórn sitja aðalfulltrúar frá norrænu ríkjunum fimm, en að auki áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi. Þá sitja í fagráði stofnunarinnar 21 einstaklingur, þrír frá hverju norrænu ríkjanna og tveir frá hverju sjálfstjórnarlandanna.

*Fræðslustarfsemi, námskeið og ráðstefnur.* Auk umfangsmikilla rannsókna á sínu sérsviði stundar Nordregio fræðslustarf í formi námskeiða og rekur m.a. skólann „Nordregio Academy“, sem hélt alls 19 námskeið og ráðstefnur með 640 þátttakendum á árinu 2005.

*Útgáfustarfsemi.* Stofnunin gefur út tímaritið „Journal of Nordregio“ sem kemur út ársfjórðungslega. Því er dreift ókeypis til áskrifenda, en einnig má sækja það af vefsíðu Nordregio (www.nordregio.se). Einnig heldur stofnunin úti rafræna fréttabréfinu „Bifröst“ og „European Journal of Spatial Development“ sem er rafrænt tímarit um skipulagsmál og byggðaþróun.

*Rannsóknir.* Á árinu 2005 gaf Nordregio út 5 stórar rannsóknaskýrslur og 4 vinnuskýrslur, sem er nokkru færri en árið áður. Vísindamenn stofnunarinnar hafa þó gefið út eða átt hlutdeild í alls 8 bókum á árinu, auk 56 fræðigreina og bókarkafla.

*Norræna Atlantsnefndin (NORA).*

Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa nefndarinnar er í Þórshöfn í Færeyjum en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Ísland á þrjá fulltrúa í stjórn nefndarinnar, en löndin skiptast á um formennsku og fer Ísland með formennskuna 2006–2007. Stærstur hluti tekna Norrænu Atlantsnefndarinnar kemur frá Norrænu ráðherranefndinni.

NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna,
m.a. með áherslu á auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni og eflingu fámennra byggðarlaga. Áhersla er lögð á samstarf við aðra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum milli landanna. Verkefni innan Norrænu Atlantsnefndarinnar hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli landanna sé að ræða.

Á árinu var tvívegis úthlutað verkefnastyrkjum. Í maí var úthlutað rúmum 48 m.kr. til 22 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 17 þeirra. Í desember var úthlutað rúmum 28 millj.kr. til 10 verkefna, en Íslendingar taka þátt í 7 af þeim. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er því mjög góð. Á heimasíðu Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is) er að finna yfirlit yfir ný og eldri verkefni.

Innan Norrænu Atlantsnefndarinnar er áhugi á auknum tengslum og verkefnasamstarfi við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada. Liður í því var hin árlega ráðstefna NORA sem að þessu sinni var haldin í Labrador í nóvember sl. og fjallaði hún um skapandi lausnir í fámennum strandsamfélögum.

## 11. Heilbrigðis- og félagsmál

Árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda (MR-S) var haldinn 11.–13. júní sl. í Norður-Noregi. Ráðherrarnir voru sammála um að freista þess að vinna áfram að því að framleitt verði sameiginlega bóluefni vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu. Á fundinum var samþykkt að kanna áfram kosti og galla tveggja mögulegra lausna í þessu sambandi. Annars vegar að framleiða bóluefni á vegum landanna sjálfra undir opinberri stjórn, en sú leið nýtur stuðnings meirihluta landanna, og hins vegar að gera samkomulag við tiltekin lyfjafyrirtæki um að stofna fyrirtæki í eigu landanna og viðkomandi fyrirtækis eða fyrirtækja. Er þessi leið kennd við Svía og kölluð sænska leiðin. Endanlegt faglegt mat á kostum og ókostum þessara tveggja leiða átti að liggja fyrir 1. nóvember sl. en það hefur dregist.

Á fundinum var einnig fjallað um mansal, vændi, glæpi og mannréttindabrot gegn konum sem tengjast mansali og vændi. Lögðu allir ráðherrarnir ríka áherslu á skyldur norrænu landanna í samfélagi þjóða til að berjast gegn mansali og vændi. Ráðherrarnir töldu brýnt að setja málið á dagskrá með afgerandi hætti á næstunni.

Norðmenn gerðu grein fyrir áformum um gríðarlega uppbyggingu á norðurslóðum í tengslum við fyrirhugaða olíu- og gasvinnslu við norðurströnd Noregs og Rússlands. Var í þessu sambandi sérstaklega rætt um samstarf þjóða á norðurslóðum, einkum Norðmanna og Rússa. Fram kom í máli norska heilbrigðisráðherrans og í erindi, sem flutt var um framtíðina á norðurslóð séð með augum blaðamanns, að hvergi í heiminum væri nú eins mikill lífskjaramunur og á þessu svæði.

Norrænu lýðheilsuverðlaunin 2006 komu í hlut sænsks lýðheilsuprófessors við Háskólann í Umeå. Það var Stig Wall sem fékk verðlaunin að þessu sinni fyrir framlag sitt til lýðheilsu og skárra heilsufars í heimalandinu, en ekki síður erlendis. Hefur Wall haft mikil áhrif á norrænum og alþjóðlegum vettvangi t.d. með því að rökstyðja og gera sýnilega þá samfélagslegu þætti sem áhrif hafa á heilsufar einstaklinga, hópa og þjóða.

Haldinn var aukafundur norrænu heilbrigðisráðherranna 30. maí í Ósló um viðbúnað gegn heimsfaraldri inflúensu og framleiðslu bóluefnis gegn henni. Markmiðið með fundinum var að meta stöðu málsins og undirbúa ráðherrafundinn í júní.

Á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn um mánaðarmótin október/ nóvember tóku flestir heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar Norðurlanda þátt í pallborðsumræðu um framtíð norræna velferðarsamfélagsins.

*Embættismannanefndin.*

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (EK-S) hélt fjóra fundi á árinu. Á fundi nefndarinnar í apríl var m.a. fjallað um formennskuáætlun Norðmanna, norrænt samstarfsráð á sviði fjarlækninga, samstarf í lyfjamálum, velferðarrannsóknir og samvinnu við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland. Embættismannanefndin þingaði einnig í tengslum við ráðherrafundinn í júní, bæði vegna undirbúnings hans og til að skipuleggja hvernig ákvörðunum ráðherranna yrði hrint í framkvæmd. Á fundum embættismannanefndarinnar í október og nóvember var m.a. rætt um verkefnaáætlanir, fjárveitingar komandi árs, mat á starfsemi undirstofnana, stofnanasamninga, stjórnsýsluhindranir, starf frjálsra félagasamtaka, norræna velferðarmódelið og norræna samvinnu um framleiðslu bóluefnis vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu.

*Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV).*

Norræni lýðheilsuháskólinn er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir í heilbrigðisfræði. Háskólinn er staðsettur í Gautaborg í Svíþjóð og starfar samkvæmt sérstökum samningi við Norrænu ráðherranefndina sem gerður er til þriggja ára í senn. Megináherslan er á nám til meistara- eða doktorsgráðu í lýðheilsufræðum en einnig er hægt að sækja þar einstök námskeið. Nám við skólann er byggt upp á námskeiðum sem yfirleitt standa í tvær vikur í senn, auk mikillar verkefna- og rannsóknarvinnu.

Þeir sem sækja nám við skólann koma flestir frá norrænu löndunum en nokkrir einstaklingar frá Eystrasaltsríkjunum námu einnig við skólann. Þá vann skólinn að uppbyggingu náms í lýðheilsufræðum í Norðvestur-Rússlandi.

Tólf Íslendingar námu við skólann á árinu en alltaf eru fleiri umsækjendur frá Íslandi en komast þar að hverju sinni. Heildarfjöldi þeirra sem stunduðu nám við skólann á árinu var 541 einstaklingur, 26 luku meistaragráðu og þrír doktorsgráðu.

Starfsemi skólans á árinu einkenndist af endurskoðun á markmiðum og áherslum í námi auk endurskoðunar á verkferlum. Ákvörðun var tekin um meiri áherslu á fjarnám til að stytta fjarveru nemenda frá heimili og vinnustað. Þá var mikil umræða um hvort NHV gæti tekið

að sér ákveðið samhæfingarhlutverk milli skóla á Norðurlöndum sem bjóða upp á kennslu í lýðheilsufræðum. Verður þeirri vinnu haldið áfram á næsta ári.

*Norræna tannlækningastofnunin (NIOM).*

Starfsemi Norrænu tannlækningastofnunarinnar á sviði tannlækninga spannar fjögur meginsvið: (1) stöðlun, (2) prófun efna, (3) rannsóknir og (4) fræðslu. Á alþjóðlegum vettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale).

Rekstur og starfsemi NIOM hefur verið með hefðbundnum hætti. Upplýsingastarfsemi gagnvart heilbrigðisyfirvöldum, tannheilsustéttum, tannlæknaháskólum, almenningi og ýmsum áhugahópum um heilsu hefur aukist mikið. Sérstaklega hefur óháð álit stofnunarinnar til ýmissa áhugahópa verið hjálplegt við að koma í veg fyrir misskilning og mistúlkanir. Fréttabréfið og greinar undir fyrirsögninni „Nýtt frá NIOM“ hafa verið birtar í tannlæknablöðum og sérfræðingar stofnunarinnar haldið erindi á ráðstefnum tannlæknafélaga norrænu landanna.

Norrænn gagnagrunnur um þau efni sem seld eru á Norðurlöndum til tannlækninga er að mestu fullgerður og hefur verið að hluta opnaður til notkunar.

*Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).*

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna hefur það markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Starfsemin miðast að verulegu leyti við samfélagslegar rannsóknir, samfélagslækningar og samfélagsgeðlækningar. Rannsóknarnefndinni er ætlað að auka þekkingu manna á neyslu vímuefna, forvörnum, stefnumótun og meðferð á fíklum. Helsta verkefnið er að stuðla að öflugum sameiginlegum rannsóknum á þessu sviði og miðla upplýsingum. Rannsóknarnefndin á að vera vettvangur skoðanaskipta og upplýsinga fyrir norræna þegna sem hafa áhuga á áfengis- og vímuefnamálum.

Á fundum rannsóknarnefndarinnar voru m.a. kynntar fyrstu niðurstöður könnunar sem gerð var í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi um áhrif skattalækkunar á áfengi á neyslu þess, en von er á frekari niðurstöðum. Enn fremur var kynnt þróun áfengismála innan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Ræddar voru rannsóknir sem framkvæmdar eru á vegum NAD, samstarf og sameiginleg stefnumótun á sviði áfengis- og vímuvarna svo og hlutverk rannsóknarnefndarinnar í samþættingu í því sambandi. Rætt var um að leggja áherslu á áhrif áfengisneyslu á þriðja aðila, s.s. börn foreldra í neyslu. Ákveðið var að leggja til að drög að áfengisstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) innan Evrópu yrðu höfð til viðmiðunar í stefnumótun áfengismála.

*Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).*

Helsta verkefni samstarfsmiðstöðvarinnar er að stuðla að því að markmið Norðurlanda um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra verði að veruleika. Samstarfsmiðstöðin styrkir fjölda verkefna sem hafa það að markmiði að auka og bæta þjónustu við fatlaða á Norðurlöndum og auðvelda þeim aðgang að upplýsingasamfélaginu. Á stefnuskrá er einnig að styrkja stöðu fatlaðra í stefnumótun velferðarsamfélagsins.

Á fundum stjórnar á árinu var m.a. fjallað um áherslur Norðmanna á formennskuárinu á vettvangi NSH. Haldið var áfram umræðunni frá árinu áður um fátíðar fatlanir og norrænu áætlunina um „Aðgengi fyrir alla 2005–2007“. Fjallað var um upplýsingamiðlun til stofnana

og einstaklinga í löndunum. Kynntar voru fyrirhugaðar áherslubreytingar á sviði hátækni í þróun lausna á hjálpartækjasviðinu. Enn fremur var rætt aukið samstarf norrænna stofnana og samtaka sem láta sig málefni fatlaðra varða. Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra hefur þegar stofnað til samstarfs við norræna samstarfsnetið um fötlunarrannsóknir (NNDR).

*Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).*

Markmiðið með starfsemi stofnunarinnar er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. Hún á jafnframt að styrkja faglega þróun starfsfólks á umræddu sviði og þeirra stofnana eða samtaka sem starfsfólkið tengist.

Hlutverk menntamiðstöðvarinnar er að bjóða norræna menntun á sviði daufblindu sem bætir upp menntunartilboð landanna. Í fyrsta lagi að safna og þróa þekkingu á sviði daufblindu og að byggja upp og viðhalda þekkingar- og samstarfsneti bæði á norrænum vettvangi og alþjóðlega; í öðru lagi að miðla þekkingu t.d. með fréttabréfum, ritum, bókasafnsþjónustu og sérfræðingum frá NUD sem eiga samstarf við sviðið í einstökum löndum og með fjarfundum. Auk þess er unnið að því að skrá norræna þekkingu á sviði daufblindu.

Á árinu var haldið eitt grunnnámskeið, þrjú þemanámskeið, ein ráðstefna opin þátttakendum á Norðurlöndum og í Evrópu og tvær norrænar ráðstefnur. Átta norrænir fundir voru haldnir í menntamiðstöðinni um þróunarverkefni á starfssviði stofnunarinnar. Hér skal nefnt málefni tengd kuðungsígræðslu svo og fjarkennsluverkefni í samstarfi við þekkingarmiðstöðina í Álaborg. Því verkefni átti að ljúka á árinu en var metið vænlegt til áframhaldandi formlegs samstarfs. Tvær námstefnur og eitt málþing um þróun menntamiðstöðvarinnar voru haldin á árinu.

*Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO).*

Meginmarkmið NOMESKO er að vinna að samræmingu og söfnun tölfræðilegra upplýsinga um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum. Starfið fer að töluverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar, skráningu og afmörkun einstakra þátta til þess að tryggja að um sé að ræða sem líkastar upplýsingar og sem best sambærilegar.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri í meginriti sínu „Health Statistics in the Nordic Countries", en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar (www.nom-nos.dk). Í árbók NOMESKO er í viðbæti fjallað um þjónustu heilsugæslunnar en Ísland tók þátt í gerð þess kafla.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á árinu hafa verið athugun á mannafla og fjármagni í heilbrigðisþjónustunni, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, upplýsingar um lyfjanotkun, gæðamat á flokkun aðgerða o.fl.

Undanfarin ár hefur heilbrigðistölfræðinefndin átt mikið samstarf við Eystrasaltsríkin og hefur m.a. unnið að útgáfumálum og námskeiðshaldi fyrir þau lönd. Áfram er unnið á því sviði.

Norræna stofnunin um sjúkdómaflokkanir í Uppsölum starfar í nánu samstarfi við NOMESKO. Samræming flokkunarkerfa hefur í auknum mæli verið unnin af stofnuninni, sem er rekin sameiginlega af heilbrigðisráðuneytum Norðurlanda. Hún er viðurkennd af WHO sem samstarfsstofnun.

*Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).*

Meginverkefni hagskýrslunefndarinnar á sviði félagsmála er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Af öðrum verkefnum má nefna að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að samræmingu upplýsinga sem koma frá þátttökulöndunum. Öll norrænu ríkin fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROSflokkun.

Í ársskýrslu nefndarinnar var fjallað ítarlega um starfstengda endurhæfingu á Norðurlöndum. Meðal helstu mála sem fjallað var um á fundum nefndarinnar má nefna samstarfið við ESB og EUROSTAT, hugmyndir um mælingar á velferðinni, breytingar á ársskýrslu og heimasíðu nefndarinnar, þemanúmer 2007 og 2008, upplýsingar um sjálfbæra þróun, samstarf við Eystrasaltsríkin og væntanlega úttekt á starfsemi NOSOSKO.

*Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS).*

NOPUS er norræn miðstöð fyrir hugmynda- og reynslumiðlun á sviði félagslegrar þjónustu á Norðurlöndum. Markhópurinn er starfsfólk sem hefur eða gæti haft með höndum forystuhlutverk í félagsþjónustu. Markmiðið með starfsemi miðstöðvarinnar er að styrkja samstarf Norðurlanda með því að taka þátt í og standa að norrænum ráðstefnum og þróunarstarfi af ýmsu tagi og miðla viðeigandi upplýsingum á hinu félagslega sviði.

Á fundum stjórnarinnar á árinu voru á dagskrá staða starfsáætlunar NOPUS og áherslur á ákveðnum sviðum hennar. Stjórnin lagði áherslu á mikilvægi samvinnu á sviði netvinnu, ráðstefna og málþinga ýmiskonar. Í starfsáætluninni fyrir árið voru fjögur málefnasvið og meginmarkmið: 1) netvinna og námskeið, 2) styrking starfseminnar gagnvart nágrannasvæðum Norðurlanda, 3) miðlun upplýsinga og reynslu og 4) þættir er lúta að stjórnun, markaðsvinnu og þróun upplýsingatækni.

*Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar.*

Markmið vinnuhópsins er að fylgjast með framkvæmd landanna á sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar, sérstaklega Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Vinnuhópurinn á að ræða almenna framkvæmd samningsins og einstök mál tengd honum og jafnframt að vera ríkjunum ráðgefandi um almannatryggingar. Skal vinnuhópurinn meta hvort þörf er á að endurskoða ákvæði samningsins vegna breytinga á löggjöf eða reglum í ríkjunum. Þá skal vinnuhópurinn einnig fylgjast með vandamálum sem tengjast stjórnsýsluhindrunum á Norðurlöndum og leggja til lausnir til að koma í veg fyrir slíkar hindranir.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar hefur það hlutverk að upplýsa um Norðurlandasamninginn um almannatryggingar og vinna að ráðgjöf um upplýsingastarfsemi og menntun á sviði samningsins. Vinnuhópurinn ræðir spurningar sem upp koma um EES-samstarf á félagslega sviðinu í eðlilegu framhaldi af Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Einnig ræðir hópurinn önnur sameiginleg mál sem tengjast almannatryggingum og getur skipað sérstaka starfshópa til þess að kryfja tiltekin mál.

Á fundi vinnuhópsins um almannatryggingar var m.a. fjallað um samvinnu í örorkumálum, sameiginlegan bækling fyrir Norðurlandasamninga um almannatryggingar og félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, sameiginlegt upplýsingaefni og ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi í júní sl. um frjálsa för fólks. Einnig gáfu vinnuhópar um lífeyrismál, fjölskyldubætur, lagaval og endurhæfingu skýrslur. Þá var rætt um stofnun norræns upplýsingavefjar

um almannatryggingar, þörf fyrir sameiginlegan norrænan aðlögunartexta í viðauka við ESB-reglugerð nr. 883/2004 um almannatryggingar og framkvæmdareglugerð ESB. Að lokum var rætt um nýja starfsáætlun og umboð norræna vinnuhópsins um almannatryggingar.

*Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.*

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú í heild til 22 faghópa en Ísland er einungis aðili að 19 hópum. Eftirlitsnefnd samningsins tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingar eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

Haldnir voru tveir fundir á árinu. Haldið var áfram umræðu um framkvæmd norræna samningsins með tilliti til stækkunar ESB, stöðu og áhrif nýrrar tilskipunar ESB um starfsréttindi heilbrigðisstétta og áhrif þjónustutilskipunar ESB á starfsréttindi. Af Íslands hálfu var gerð grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á lögum og reglum er varða starfsréttindi þriggja heilbrigðisstétta á Íslandi svo og löggildingu nýrrar stéttar áfengis- og vímuvarnarráðgjafa.

## 12. Efnahags- og fjármál

Fjármálaráðherrar Norðurlanda (MR-Finans) héldu tvo fundi á árinu. Sá fyrri var haldinn í Asker í Noregi 20. júní. Ráðherrarnir ræddu stöðu og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndum á grundvelli skýrslu sem formennskulandið hafði unnið. Í umræðunum kom m.a. í ljós að atvinna hefur aukist víða meðan atvinnuleysi er viðvarandi annars staðar. Var því ákveðið að kanna hreyfanleika vinnuafls, einkum milli norrænu landanna, og hvern þátt hann á í að viðhalda áframhaldandi jöfnum hagvexti. Rætt var um norrænt samstarf á sviði upplýsingaskipta við sk. skattaparadísir og kynnt nýleg skýrsla um hagræn stjórntæki á umhverfissviði. Seinni ráðherrafundur ársins var haldinn í Kaupmannahöfn 30. október. Þar var m.a. ákveðið að ráðast í athugun á verði og skattlagningu orku á Norðurlöndum.

*Helstu nefndir, skýrslur o.fl.*

*Embættismannanefndin um efnahags- og fjármál (EK-Finans) og ýmsir vinnuhópar.* Embættismannanefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni hennar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum.

Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum á síðasta ári:

1) *Norræna efnahagsnefndin (Nordisk konjunkturgrupp).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu (Ekonom-

iska utsikter i Norden) um efnahagsmál til fjármálaráðherranna sem síðan er gefin út á vegum Norðurlandaráðs. Á síðustu árum hefur tilgreind skýrsla legið fyrir þegar fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa mætt til reglulegs haustfundar.

2) *Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Miljø- og økonomigruppen).* Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál og umhverfismál. Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Á vegum nefndarinnar var gefin út skýrsla um hagræn stjórntæki á sviði umhverfismála sem auk Norðurlanda tekur nú til Eystrasaltsríkjanna. Slíkar skýrslur hafa verið gerðar á 2–3 ára fresti undanfarin ár og þykja gefa mjög gott yfirlit yfir stöðu mála á þessum vettvangi. Unnið var verkefni um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Gefnar voru út skýrslur um aftengingu hagvaxtar og álags á umhverfi en áfram verður unnið að athugunum á því efni. Fram undan eru verkefni sem fjalla um þjóðhagsleg áhrif stefnumótunar í umhverfismálum og notkun hagrænna stjórntækja til að ná markmiðum reglugerðar ESB um notkun efnavara.

3) *Samþætting fjárlagagerðar og jafnréttis.* Árið 2002 var settur á fót norrænn starfshópur sem var falið að gera tillögur um norrænt verkefni um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis. Í hópnum voru einn fulltrúi frá fjármálaráðuneyti hvers lands og einn fulltrúi jafnréttismála í hverju norrænu landanna. Starfshópurinn setti fram þá tillögu að unnið yrði að samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis í hverju landi fyrir sig með tilraunaverkefni, en auk þessa yrði ráðinn verkefnisstjóri sem hefði yfirumsjón með fræðslu og utanumhaldi um verkefnin. Verkefninu lauk með ráðstefnu í Helsingfors í nóvember sl. Fyrirliggjandi er skýrsla verkefnisstjóra hópsins og einnig samantekt á verkefnum einstakra landa.

4) *Athugun á auknu samstarfi norrænna kauphalla.* Áfram er unnið að samvinnu um innleiðingu EU-tilskipana á fjármálasviði og að öðru sem stuðlar að aukinni hagræðingu á norrænum verðbréfamörkuðum.

5) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga.* Verkefni þessarar nefndar er að fjalla um skattamál á Norðurlöndum, sérstaklega þau sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hélt fund í Uppsölum síðastliðið sumar þar sem m.a. var til umfjöllunar rannsóknarskýrsla um samspil skatta og framboðs á vinnuafli. Þar var einnig fjallað um umhverfisskatta og nýjungar í skattamálum.

6) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne-och personalutskottet).* Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir ráðherranefndarinnar svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri undirbúning fundanna en nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. des. 1988, um réttarstöðu norrænna stofnana, og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Á árinu var m.a. farið yfir nýjar starfsmannareglur, en stefnt er að því að þær taki gildi á árinu 2007, og fjallað um stjórnarlaun stofnananna á nýju

ári. Rætt var um óánægju starfsmanna skrifstofanna í Kaupmannahöfn með launakjör og ráðningartímabil, hvort tímabundnar ráðningar sem tíðkast hafa standist lög í heimalöndunum og/eða reglur ESB og hvort dönsk starfsmannalög og -reglur gildi um starfsmenn ráðherranefndarskrifstofunnar. Greint var frá jafnréttisáætlun 2006–2007. Fjallað var um skort á reglum um eftirlaunaaldur starfsmanna á skrifstofunum í Kaupmannahöfn og rætt um verkefnaráðningar á stofnunum.

7) *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling).* Markmiðið með norrænu starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu og hefur Norræna ráðherranefndin haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum í öðrum norrænum löndum. Starfsmannaskiptin hafa verið möguleg allt frá árinu 1979. Á árinu var hlutdeild Íslendinga 8% af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar en þar að auki fékkst heimild til að færa á milli ára ónotaða fjárveitingu fyrra árs til Íslendinga. Íslenskir styrkþegar ársins voru átta og hlutu þeir styrki til eins til fimm mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Flestir fóru sem fyrr til Danmerkur eða sjö. Einn fór til Noregs. Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.

8) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.* Tilgangur samstarfsins er að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í einum árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á fundi ársins var gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig á síðustu tólf mánuðum. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á Norðurlönd, en sú umræða er orðin fastur liður á þessum fundum. Einnig var rætt um OECD samstarfið. Að lokum er á þessum fundum almennt fjallað um einstök stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða.

9) *Norræna skattrannsóknarráðið.* Markmið skattrannsóknarráðsins er að stuðla að skattrannsóknum í lögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund einu sinni á ári auk þess sem árlega er haldin ráðstefna í einhverjuaðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir mismunandi rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Ráðstefnan í ár var haldin í október og var umfjöllunarefnið skattlagning lífeyrisgreiðslna.

10) *Norrænn embættismannafundur í skattamálum.* Nefndin ræðir málefni er varða norræna tvísköttunarsamninginn frá 1996 og þau vandamál er upp koma hverju sinni við túlkun samningsins og samræmir túlkun hans sín á milli. Á árinu 2005 hófst endurskoðun samningsins.

11) *Samstarf fjárlagastjóra Norðurlanda.* Fjárlagastjórar, það er forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Fjallað er um þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlaga að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Á árinu kom sérfræðinganefndin að vinnu á úrbótum norrænu fjárlagana.

12) Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen). Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjár-

laganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Á árinu kom sérfræðinganefndin að vinnu á úrbótum norrænu fjárlagana.

*Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.*

1) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk nefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánu samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Þessari áætlun lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.
2) *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar.* Haustið 2000 var ákveðið að styrkja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til undirbúnings funda á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Settar voru á laggirnar tvær embættismannanefndir með þátttöku frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna, en það eru norræna-baltneska fjármálanefndin og norræna-baltneska fulltrúanefndin. Helstu verkefni nefndanna eru að undirbúa fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Loks er nefndunum falið að fylgjast náið með öllu starfi innan sjóðsins með milligöngu skrifstofunnar í Washington og undirbúa þær ákvarðanir sem þar þarf að taka.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náin samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eystrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

## 13. Umhverfismál

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-M) byggir á norrænni framkvæmdaáætlun í umhverfismálum. Framkvæmdaáætlun sem nú er unnið eftir gildir fyrir árin 2005–2008 og var hún unnin undir formennsku Íslands á árinu 2004.

Fjögur meginefni eru í forgrunni í áætluninni. Þau eru:

- maðurinn og heilsan,
- hafið,
- verndun náttúrunnar,
- sjálfbær framleiðsla og neysla.

Norræna embættismannanefndin um umhverfismál (EK-M) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni.

Hugmyndin að baki þessum meginefnum er að ekki sé hægt að skoða umhverfismál á einangraðan hátt heldur verði að skoða þau í heild sinni. Til dæmis verði þannig að skoða hættuleg efni bæði út frá þeim áhrifum sem þau geti haft á heilsu manna og út frá áhrifum

sem þau hafi á náttúruna. Í nýrri framkvæmdaáætlun er áhersla lögð á aukna samþættingu milli geira svo og samvinnu milli vinnuhópa. Framkvæmdaáætluninni er ætlað að vera leiðsögurit fyrir samstarfið á þessum fjórum árum milli norrænu landanna, við ESB og aðrar alþjóðlegar stofnanir, grannsvæðin og norðurskautssvæðið. Vinna er vel á veg komin við að meta hvernig til hefur tekist að innleiða áætlunina. Fyrstu niðurstöður benda til að vel hafi tekist með innleiðingu á norrænu framkvæmdaáætluninni.

Umhverfisráðherrar Norðurlanda voru sammála um að ná þurfi samstöðu um harðari aðgerðir á alþjóðavísu til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012. Orkuframleiðsla og orkunotkun hafa mest áhrif á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum eins og víðast annars staðar. Þess vegna var samhljómur um að mikilvægustu aðgerðirnar til að draga úr losun koltvísýrings (CO2) út í andrúmsloftið væri aukin notkun endurnýjanlegra orkugjafa og minni orkunotkun. Viðurkennt er að aðgerðir til að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda séu komnar of skammt á veg og veðurfarsbreytingar séu nú þegar staðreynd. Norrænu löndin munu sameiginlega beina spjótum sínum á næstunni að sameiginlegum aðgerðum og áætlunum í loftslagsmálum. Þannig hafa norrænu umhverfisráðherrarnir sett af stað vinnu sem miðar að því að kortleggja hvaða áhrif tveggja gráðu hlýnun hefði í för með sér á Norðurlöndum. Veðurfarsbreytingar munu hafa ólík áhrif á einstökum svæðum allt frá Grænlandi austur til Finnlands og Eystrasalts, en eitt og annað er þó sameiginlegt sem gefur fullt tilefni til samstarfs landanna. Ísland kynnti hugmynd þess efnis að Norðurlönd tækju upp samnorrænt loftslagslíkan. Hugmyndin kom fram á alþjóðlegri ráðstefnu um hafstrauma og loftslagsmál sem umhverfisráðuneytið og fleiri ráðuneyti héldu hér á landi í september sl. Slíku líkani er ætlað að gera vísindamönnum kleift að spá í og rannsaka breytingar á loftslagi norðurslóða.

Umhverfisráðherrar Norðurlanda ákváðu að stuðla að efldri baráttu gegn mengun af völdum kvikasilfurs og þrávirkra lífrænna efna. Norðurlönd munu beita sér fyrir gerð alþjóðlegs sáttmála gegn kvikasilfursmengun, sem fer vaxandi víða, m.a. á norðurslóðum. Unnið verður upplýsingaefni um mengun af völdum kvikasilfurs, sem kynnt verður í alþjóðlegum viðræðum um aðgerðir gegn slíkri mengun. Einnig verður lagt til hliðar fjármagn, sem nota má við framkvæmd alþjóðlegs samnings um kvikasilfur, ef samkomulag næst um gerð slíks samnings á fundi Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna í febrúar 2007. Þá munu norrænu löndin vinna að því að ný efni verði tekin inn í Stokkhólms-samninginn, sem kveður nú á um takmörkun á losun tólf þrávirkra lífrænna efna.

Samþykkt var sérstök áætlun um kemísk efni og loftslagsbreytingar á norðurskautssvæðinu en hún er hugsuð sem innlegg umhverfissviðsins í víðtækari stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar í norðurskautsmálum. Áætlunin gerir ráð fyrir að áhersla verði lögð á áhrif kemískra efna og loftslagsbreytinga á náttúru og heilsu fólks sem býr við norðurskautið.

*Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).*

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið heyrir undir norrænu ráðherranefndina um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 17.2.)

*Norræn áætlun um sjálfbæra þróun.*

Í kjölfar yfirlýsingar forsætisráðherra Norðurlanda í nóvember 1998 um sjálfbær Norðurlönd samþykktu þeir áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Ytri rammi áætlunarinnar nær allt til ársins 2020 en ráðgert er að endurskoða markmið hennar með jöfnu millibili. Fyrsta endurskoðun áætlunarinnar fór fram á árinu 2004. Í endurskoðaðri áætlun eru sett fram ný markmið og verkefni fyrir tímabilið 2005–2008 án þess að hróflað sé við langtímamark-

miðum rammaáætlunarinnar. Lögð er áhersla á eftirtalin þverfagleg svið: Sjálfbæra neyslu og framleiðslu, félagslegu víddina, loftslag, líffræðilega fjölbreytni, hafið, efni og efnavörur og öryggi matvæla. Lögð er meiri áhersla á hina félagslegu og efnahagslegu vídd en í upphaflegu áætluninni. Kaflinn um sjálfbæra neyslu og framleiðslu er nýtt áherslusvið sem á m.a. rætur að rekja til framkvæmdaáætlunar leiðtogafundarins í Jóhannesarborg árið 2002.

Áætlun Norðurlanda um sjálfbæra þróun er að finna á slóðinni www.norden.org/pub/sk/showpub.asp?pubnr=2005:1108.

Ríkisstjórnir Norðurlanda bera meginábyrgð á að fylgja eftir þeim markmiðum og verkefnum sem sett eru fram á hverju tímabili innan rammaáætlunarinnar. Aðrar fagráðherranefndir móta starf sitt og áherslur með hliðsjón af þeim áherslum sem fram koma á hverju tímabili og sérstakur stýrihópur skipaður einum fulltrúa frá hverju landi fylgist með framgangi hennar.

Á árinu var gefin út skýrsla með tölulegum vísbendingum þar sem leitast er við að sýna hvernig miðar í átt að settum markmiðum um sjálfbæra þróun í löndunum. Skýrsluna er að finna á slóðinni www.norden.org/pub/sk/showpub. asp?pubnr=2006:002.

Á árinu var einnig efnt til ráðstefnu þar sem fjallað var um framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í framkvæmdaáætluninni og hvernig má nýta hana sem lyftistöng fyrir starf að sjálfbærri þróun á Norðurlöndum og í alþjóðlegu starfi.

*Fastir vinnuhópar á vegum umhverfisráðherra Norðurlanda.*

Á vegum norrænu umhverfisráðherranna eru fimm fastir vinnuhópar og fimm þverfaglegir hópar sem eru í samstarfi við önnur samstarfssvið í norrænu samstarfi, í samræmi við þá reglu að samþætta eigi umhverfissjónarmið á öllum sviðum samfélagsins.

*Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.*

Nefndin styrkir verkefni sem stuðla að uppbyggingu þekkingar um mengun hafs og lofts, einkum í tengslum við alþjóðlega samninga. Meðal þessara samninga eru CLRTAP, OSPAR og HELCOM, AMAP og Stokkhólmssamningurinn, auk verkefna í tengslum við ESB er varða loftgæði og tilskipanir um útblástur, mótun evrópskar stefnu um hafið og framkvæmd rammatilskipunar um vatn. Á árinu var veittur styrkur til 19 verkefna sem snerta m.a. rykmengun, næringarefnaofauðgun í hafinu og líkanagerð og þrávirk lífræn mengunarefni.

*Efnavörunefndin.*

Vinnunefndin um efnavörur er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna.

Markmið starfsins er að notkun efna hafi ekki í för með sér óæskileg áhrif á heilsu og umhverfi og að losun skaðlegra efna verði hætt. Nefndin stuðlar að samstarfi stjórnvalda og samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best.

Unnið er að verkefnum sem nýtast Norðurlöndum sérstaklega. Megináherslan hefur þó beinst að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegu samstarfi og samningum, einkum innan ESB og EES. Verkefnin eru af ýmsu tagi. Nefna má söfnun upplýsinga og bætt aðgengi að upplýsingum til að auka þekkingu á efnum sem eru á markaði, þróun aðferða til að meta áhættu og aðgerðir til að draga úr notkun hættulegra efna. Vaxandi áhersla hefur á liðnum árum verið á verkefni er tengjast væntanlegri efnalöggjöf í Evrópu (Registration, Evaluation and Authorisation of Chemicals, REACH). Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í átta þeirra á árinu.

Niðurstöður úr verkefnum vinnuhópanna hafa verið gefnar út sem skýrslur, prófunaraðferðir og kynningar- og fræðsluefni. Gagnabankar sem komið hefur verið á fót á vegum nefndarinnar gegna stöðugt stærra hlutverki fyrir sérfræðinga á Norðurlöndum, í Evrópu og víðar enda eru þeir mikilvæg verkfæri fyrir stjórnvöld og aðra sem þurfa að afla upplýsinga um notkunarsvið og áhrif af notkun efna.

*Nefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.*

Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst:

- að vernda líffræðilega fjölbreytni þ.m.t. erfðaauðlinda,
- að samþætta vernd náttúru- og menningarumhverfis þ.m.t. landslags,
- að standa vörð um útivist sem byggist á almannarétti og auka möguleika fólks, sérstaklega barna, til útivistar m.a. sem liður í heilsuvernd.

Kynnt voru níu verkefni sem hafa verið unnin samkvæmt norrænni verkefnaáætlun um náttúru- og menningarminjavernd á heimskautssvæðum (Grænlandi, Íslandi og Svalbarða) 2000–2006. Eitt stærsta verkefnið fjallar um „Áhrif botnvörpuveiða á norðurslóðum“ á lífríki og menningarminjar. Verkefnið var unnið undir stjórn Hafrannsóknarstofnunarinnar og voru rannsóknir vegna hörpudiskveiða notaðar sem dæmi. Verkefnið NoNaKlim fjallaði um áhrif loftslagsbreytinga á náttúru Norðurlanda og vakti það töluverða alþjóðlega athygli.

Verkefnið NOBANIS er gerð gagnagrunns sem er aðgengilegur á netinu og geymir ýmsar upplýsingar um ágengar erlendar tegundir. Þar má finna upplýsingar um tegundirnar, reglugerðir og viðbrögð svo og upplýsingar um ýmsar heimildir og sérfræðinga á sviðinu. Verkefnið hefur verið fyrirmynd fyrir evrópska gagnagrunna og nýtur stuðnings margra landa og er liður í að efla vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Byrjað var á tveimur verkefnum sem eru hluti af markmiðinu um að stöðva tap á líffræðilegri fjölbreytni fyrir árið 2010. Annað verkefnið er unnið með þátttöku sveitarfélaga. Verkefnið „Réttur barna og ungs fólks til að eiga heilbrigt líf með möguleika á útivist í náttúrulegu og ómenguðu umhverfi“ sýnir m.a. hvernig hægt er með einföldum hætti að tryggja opin svæði, aukna notkun barna á þeim og mikilvægi þessa sem þáttar í góðri heilsu barna. Þátttakendur í verkefninu voru nemendur úr 42 skólum, þ.e. 179 bekkir og 3275 nemendur frá 9 löndum (Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi).

Haldin var ráðstefna um mikilvægi útivistar í borgum og bæjum og einnig tengsla við þjóðgarða.

*Vinnunefnd um vörur og úrgang.*

Verkefni nefndarinnar eru á sviði umhverfisvænnar vöruþróunar, hreinni framleiðslutækni og úrgangsmála. Vinna í nefndinni fer að miklu leyti fram í verkefna- og tengiliðahópum. Þessir hópar stýra tilteknum verkefnum og vinna að því að bæta upplýsingastreymi milli aðila innan málaflokksins. Þá tekur vinna nefndarinnar mið af EES-samningnum, bæði varðandi gerðir sem eru í farvatninu og framkvæmd EES-gerða. Nefndin hefur m.a. unnið að umhverfisstjórnun, skilgreiningu á bestu fáanlegu tækni og umhverfismálum í litlum samfélögum. Þá tekur nefndin þátt í skilgreiningu á bestu fáanlegu tækni á Evrópuvettvangi. Nefndin er m.a. aðili að heimasíðu um úrgangsmál á Norðurlöndum (www.nordic-waste.info) og tengist heimasíðu um líftímagreiningu (www.norlca.org). Á árinu var áfram unnið að verkefnum er varða bestu fáanlegu tækni (BAT) og komu m.a. út bæklingar um BAT í fiskeldi og um meðhöndlun úrgangs í fiskiskipum. Þá var fullgerð skýrsla um bílaverkstæði og bílaþvottastöðvar. Forverkefni um umhverfisstjórnun í dreifðum byggðum var lokið og

gefnar út tvær skýrslur. Þá var lokið við verkefni um samsetningu heimilisúrgangs. Hópurinn tók þátt í undirbúningi að ráðstefnu um Staðardagskrá 21 og sjálfbæra þróun sem haldin var í Ósló í október. Hafið var verkefni um meðhöndlun úrgangs í höfnum og úrgangsáætlanir fyrir hafnir, en það er unnið hér á landi. Nefndin vinnur náið með samstarfsnefndinni um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

*Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna.*

Vinnunefndin leggur höfuðáherslu á þrjá málaflokka; líffræðilega fjölbreytni, hættuleg lífræn efni (POPs) og verkefni tengd rammatilskipun ESB um vatn.

Verkefni sem vinnunefndin beitir sér fyrir má skipta í þrjá flokka: undirbúningsvinnu til greiningar á þörf fyrir ný vöktunarverkefni m.a. með rannsóknum á útbreiðslu; vöktun, en í henni felst m.a. þróun aðferða, gæðastjórnun vöktunargagna og samhæfing vöktunaraðferða; úrvinnslu og nýtingu gagna með þróun umhverfisvísa sem notaðir eru til þess að miðla upplýsingum um niðurstöður vöktunarverkefna auk líkana og sviðsmynda þar sem vöktunargögn eru notuð til þess að segja fyrir um þróun.

Verkefni vinnunefndarinnar innan þessara málaflokka eru m.a. myndun þekkingarnets vegna ágengra tegunda, kortlagning vistgerða og vöktun þeirra, áhættugreining vegna efna- og lyfjanotkunar í sjávareldi, notkun landfræðilegra upplýsingakerfa við strandsvæðaflokkun, mat á aðferðum og vöktunargögnum vegna lífrænna efna í lofti og úrkomu og samanburðarúttekt á POPs efnum og afleiðum þeirra í lífríki á Norðurlöndum.

Vinnuhópurinn er ábyrgur fyrir samræmingu á langtímavöktun á Norðurlöndum og styður sambærileg verkefni á grannsvæðunum. Öll verkefni vinnuhópsins skulu vera unnin í samstarfi við aðra vinnuhópa ráðherranefndarinnar eða verkefni sem ráðherranefndin eða embættismannanefndin hefur óskað eftir.

*Þverfaglegir vinnuhópar – samstarf við aðra geira:*
*Samstarfsnefnd um loftslagsmál.*

Á vegum umhverfis- og orkumálaráðuneyta er starfandi samstarfsnefnd um loftslagsmál. Starf nefndarinnar hefur að stærstum hluta snúið að verkefnum sem fjalla um framkvæmd Kyoto-bókunar loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Hingað til hafa verkefnin snúið að framkvæmd Kyoto-bókunarinnar, en beinast nú meira að framtíðarskuldbindingum ríkjanna og leiðum að markmiðum loftslagssamningsins eftir 2012. Sumarfundur samstarfsnefndarinnar var haldinn á Íslandi.

*Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál.*

Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál og umhverfismál (sjá nánar um vinnuhópinn, kafla 12).

*Samstarfsnefnd um fiskveiðar og umhverfismál.*

Nefndin er samstarfsvettvangur embættismannanefndanna um sjávarútvegs- og umhverfismál. Hún er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju norrænu landanna þ.e. einum frá yfirvöldum fiskveiða og einum frá umhverfisyfirvöldum.

Nefndin fjallar um stefnumótun í starfinu og úthlutun styrkja til verkefna á starfssviði nefndarinnar og hefur m.a. verið rædd væntanleg stefnumótun ESB um málefni hafsins (European Marine Strategy). Helstu verkefni sem njóta stuðnings nefndarinnar eru rannsóknir á djúpsjávarsamfélögum á norðvestursvæðinu, könnun á ástandi beltisþara í Skagerak svo og

málstofur um hlutverk friðlýstra svæða í fiskveiðistjórnun, kaldsjávarkórala, kortlagningu vistgerða og botngerð sjávar og úrgang frá skipum.

*Samstarfsnefnd um umhverfi, landbúnað og skógrækt.*

Í nefndinni starfa saman fulltrúar af umhverfis- og landbúnaðarsviði. Stefnumörkunin byggist á eftirfarandi sjö meginþáttum: bættri nýtingu auðlinda, líffræðilegri fjölbreytni, jarðvegseyðingu, hreindýrabúskap, nýjum framleiðsluaðferðum, menningarumhverfi og menningarlandslagi og alþjóðlegu samstarfi.

*Samstarfsnefnd um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.*

Nefndin er þverfaglegur samstarfsvettvangur aðila sem starfa að umhverfismálum, neytendamálum og málefnum atvinnulífsins. Aðalmarkmiðið með starfi nefndarinnar er að draga úr neikvæðum áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Þetta á að gera m.a. með því að huga að umhverfisþáttum í öllum framleiðsluþáttum og nýta auðlindir á eins sjálfbæran hátt og unnt er. Meðal grunnþátta í starfi nefndarinnar eru verkefni sem varða umhverfisupplýsingar til neytenda og opinber vistvæn innkaup. Nefndin hefur fylgst náið með og unnið að umhverfisstöðlum á alþjóðlegum vettvangi. Nefndin gegnir mikilvægu hlutverki í því starfi á sviði sjálfbærrar framleiðslu og neyslu. Nefndin kom að alþjóðlegri norrænni ráðstefnu um opinber græn innkaup sem haldin var í Noregi í nóvember sl. og vann að sameiginlegum norrænum innkaupaviðmiðunum og verkefnum á sviði umhverfistækni. Nefndin hefur náið samráð við vinnunefndina um vörur og úrgang.

### 14. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvælamál og skógrækt

Starfið innan ráðherranefndarinnar fyrir sjávarútveg, landbúnað, matvælamál og skógrækt (Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir matvæli, MR-FJLS) er nú sem óðast að fá á sig fast form en á umliðnum árum hefur það gengið í gegnum umtalsverða endurskipulagningu. Þannig er nú starfandi ein embættismannanefnd (EK-FJLS), sem starfar í fjórum fagdeildum en þær voru þrjár áður og störfuðu hver fyrir sig sem sjálfstæðar embættismannanefndir. Deildirnar eru sjávarútvegsdeild, landbúnaðardeild, matvæladeild og skógræktardeild auk sérstakrar deildar sem fer með þverfagleg málefni og allt það er lýtur að samræmingu á starfi fagdeildanna, s.s. að undirbúa dagskrá ráðherrafunda. Þá hefur samstarfinu verið sett heilstæð áætlun sem unnið er eftir og gildir hún út árið 2008. Í fyrri skýrslu hefur verið gerð grein fyrir helstu efnisþáttum áætlunarinnar og verður það ekki endurtekið hér.

Norðmenn fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni þetta árið undir einkunnarorðunum „Ný Norðurlönd: Endurnýjun og samstarf í Norður-Evrópu". Gáfu þessi einkunnarorð eðlilega tóninn í samstarfinu innan ráðherranefndarinnar fyrir matvæli rétt eins og á öðrum sviðum þótt vitaskuld sé margt í starfi fagdeildanna fast í formi og miði fyrst og fremst að samstarfi innan Norðurlanda frekar en að samstarfi þeirra út á við.

Ráðherranefndin sjálf kom saman til tveggja funda þetta árið. Hinn árlegi sumarfundur matvælaráðherra Norðurlanda fór fram í Svolvær á Lófóten í Noregi hinn 6. júlí. Í tengslum við fundinn var haldin almenn ráðstefna í Bodø um byggðaþróun í dreifbýli til sjávar og sveita og fundur ráðherranna með fulltrúum atvinnugreinanna sem heyra til verksviðs ráðherranefndarinnar. Þá fór þann 7. nóvember fram fundur ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) í Jevnaker í Noregi. Fundurinn með ráðherrum Eystrasaltsríkjanna fer fram þriðja hvert ár en fundir í fagdeildunum og samræmingarnefndinni fara fram tíðar; til jafnaðar árlega.

Helstu mál á sumarfundinum á Lófóten var að samþykkt var ítarleg ályktun um byggðaþróun í dreifbýli til sjávar og sveita (Ministererklæring om kyst-, skov- og landdistriktsudvikling i Norden), ákvörðun var tekin um næstu skref í samstarfinu um erfðaauðlindir, þ.m.t. frælagerinn á Svalbarða, ályktað var um að herða baráttuna gegn ólöglegum og óskráðum fiskveiðum, þá gerðu ráðherrarnir formlega samþykkt um áætlun um að auka heilbrigði og lífsgæði almennings á Norðurlöndum, viðbragðaáætlanir gagnvart dýrasjúkdómum og loks um aukna hagnýtingu lífrænnar orku (bioenergi). Verður ítarlegri grein gerð fyrir ályktununum eftir því sem við á í skýrslum fagdeildanna hér á eftir.

Á fundi matvælaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var samþykkt sambærileg ályktun um byggðaþróun og á sumarfundinum. Einnig voru samþykktar ályktanir um formlega samstarfsáætlun vegna dýrasjúkdóma og um erfðaauðlindir sem báðar tóku mikið mið af sambærilegum ályktunum frá sumarfundinum. Enn fremur var samþykkt ályktun um gráselastofninn í Eystrasalti.

*Sjávarútvegsmál.*

Norðmenn lögðu í krafti formennsku sinnar höfuðáherslu á tvö viðfangsefni á árinu, annars vegar baráttuna gegn ólöglegum og óskráðum fiskveiðum og hins vegar að stuðla að aukinni áherslu á vistkerfisnálgun í stjórnun fiskveiða. Bæði þessi mál eru okkur Íslendingum afar hugleikin og áherslan á vistkerfisnálgunina á sér raunar upphaf á formennskuári Íslands 2004.

Á sumarfundinum á Lófóten samþykktu ráðherrarnir einarða ályktun gegn ólöglegum veiðum og að gripið skuli til aðgerða. Hefur embættismannanefndin þegar samþykkt tvö verkefni í því sambandi, annars vegar að skoða á hvaða rekstrarlegum stoðum veiðarnar standa út frá listum yfir þau skip sem uppvís hafa orðið að slíkum veiðum og hins vegar að skoða lagalega og framkvæmdalega möguleika á að auka hafnríkiseftirlit með löndun fisks. Bæði verkefnin verða unnin í samráði og samstarfi með aðilum sem vinna að sama markmiði.

Í september stóðu Norðmenn ásamt Norrænu ráðherranefndinni og Íslendingum, í samstarfi við Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO), að ráðstefnu um upptöku vistkerfisnálgunar í fiskveiðum (Implementing the Ecosystem Approach to Fisheries). Ráðstefnan fór fram í Björgvin og var öflug fræðilega séð og fjölsótt en þátttakendur voru u.þ.b. 150 frá 38 löndum. Í framhaldinu gekk embættismannanefndin frá ályktun um efnið sem send verður FAO ásamt fræðilegri samantekt frá ráðstefnunni og er þess vænst að þetta geti orðið öflugt innlegg á næsta FAO-COFI fund í mars 2007.

Unnið er að fleiri verkefnum innan sjávarútvegsdeildar EK-FJLS. Hér má t.d. nefna að ráðstefna um hagræna fiskveiðistjórn var haldin á árinu í Færeyjum, unnið er að rannsókn á því hvort til staðar séu einhverjar viðskiptahindranir sem hamla verslun með fisk innan Norðurlanda og unnið er að gerð fræðilega fullnægjandi vísa („indikatorer") varðandi mat á sjálfbærni fiskveiða á Norðurlöndum.

Starfið innan vísindavinnuhóps embættismannanefndarinnar (NAF) gekk vel á árinu og sama máli gegnir um samráðshóp sjávarútvegs- og umhverfismála (MiFi).

Norðurlönd eiga einnig samstarf við Eystrasaltsríkin á sviði sjávarútvegsmála en á árinu var haldinn ráðherrafundur á þessum vettvangi. Á þeim fundi var samþykkt gagnmerk ályktun um gráselastofninn í Eystrasalti sem hefur verið friðaður um alllangt skeið og hefur fjölgað sér mjög. Í ályktuninni er lögð áhersla á að taka þurfi upp sjálfbæra nýtingu á þessari sjávarauðlind sem öðrum og Íslendingar geta eindregið stutt það sjónarmið.

*Landbúnaður.*

Meginviðfangsefni landbúnaðardeildar embættismannanefndarinnar á árinu var að fylgja eftir ályktunum ráðherrafundarins í Árósum í Danmörku í júní 2005.

Í framhaldinu hefur verið unnið að því að móta nýja samstarfstarfsáætlun sem fengið hefur heitið „Ný norræn matvæli“ og hefur það hlutverk að varpa ljósi á þá fjölbreyttu möguleika til verðmætasköpunar sem felast í matvælaframleiðslu Norðurlanda. Tilgangurinn er að auka samstarf landanna í matvælaframleiðslu og matreiðslu og jafnframt að tengja þetta verkefnum á sviði ferðaþjónustu, heilbrigðis, byggðaþróunar og viðskipta. Matvæli gegna fjölþættu hlutverki í efnahagslífinu sem ekki hefur verið metið að verðleikum og ýmsir möguleikar á þessu sviði hafa enn ekki verið nýttir. Norrænu löndin eru þekkt fyrir hreinleika, ferskleika og einfaldleika og þetta eru þættir sem eiga ríkan þátt í lífsgæðum þjóðanna. Þessir þættir einkenna einnig norræn matvæli. Möguleikarnir til að nýta þessi tækifæri hafa langt frá því verið tæmdir. Umræða um og skilningur á gildi norrænna matvæla og matreiðsluhefðar hefur aukist til muna undanfarin ár. Margir einstaklingar á Norðurlöndum hafa átt ríkan þátt í þessu og stuðlað að því að norræn matvæli eru í dag litin öðrum augum en áður var. Verkefni um ný norræn matvæli var formlega ýtt úr vör með athöfn í Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn í tengslum við þing Norðurlandaráðs í nóvember sl. Við það tækifæri útnefndi Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, ellefu einstaklinga frá norrænu ríkjunum fimm „sendiherra fyrir ný norræn matvæli“. Hlutverk þeirra er að standa vörð um þau gildi sem gera norræn matvæli og eldamennskuna einstaka og tala fyrir mikilvægi þessara gilda. Þeir eiga að auka skilning á mikilvægi norrænna matvæla og fræða um norrænar matvælahefðir. Þeir eiga einnig að stuðla að nýsköpun og framþróun nýrra hugmynda um norræn matvæli og matvælamenningu.

Á árinu var unnið áfram að verkefninu NordFram um framtíðarhlutverk landbúnaðarins og menningarlandslagið. Í tengslum við ráðherrafundinn í Lófóten var haldið málþing þar sem niðurstöður þessarar vinnu voru dregnar saman. Þróun byggðanna er að hluta háð okkar eigin gerðum og ákvörðunum en í vaxandi mæli því sem gert er og gerist á alþjóðlegum vettvangi. Hlutverk stjórnvalda hefur breyst úr því að vera beinn þátttakandi í framvindu atvinnugreinanna í það að skapa þeim umhverfi og setja leikreglur. Hin dreifða frumframleiðsla þarfnast æ færri handa. Því er nauðsynlegt að skapa ný störf og viðfangsefni til hliðar við og/eða í tengslum við frumframleiðsluna. Nýsköpun og frumkvöðlastarf eru því lykilatriði. Það kallar á fjármagn, ekki síst til rannsókna, þróunar og ráðgjafar, sem getur skapað einstaklingunum örvandi umhverfi, en árangurinn veltur fyrst og fremst á markvissu framtaki þeirra. Síðustu árin hefur áhersla verið lögð á hinn nýja landbúnað, landbúnað sem mætir fleiri kröfum þegna og samfélags en kröfunni um iðnaðarhráefni og mat. Uppfylla þarf kröfur um gæði, fjölbreytni og hollustu matvæla sem og afþreyingu og sameiginleg lífsgæði, þ.e. umhverfisvernd, siðfræði framleiðslunnar, varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika, menningarlandslags og svæðabundinnar menningar. Þessi atriði styrkja ferðaþjónustuna, sem er vaxandi atvinnugrein á norðurslóðum.

Mikilvægt er að styrkja byggðir til lands og stranda. Styrk sinn geta þær fyrst og fremst sótt í mannauðinn. Nauðsynlegt er að skapa fjölbreytni í arðgæfum atvinnukostum; það gerist fyrst og fremst með því að áhersla sé lögð á nýsköpun og frumkvöðlastarf. Nýting staðbundinna auðlinda, hvort heldur eru efnisleg verðmæti eða sú saga og menning sem mótast hafa á svæðinu er þýðingarmikill liður í að tryggja sjálfbærni atvinnulífsins og þar á hinn nýi landbúnaður mikla möguleika.

Unnið var að framkvæmd ályktunar ráðherrafundarins í Árósum varðandi samstarf um viðbragðsáætlanir gegn útbreiðslu dýrasjúkdóma. Viðbragðsáætlun eða æfing vegna hugsanlegs gin- og klaufaveikifaraldurs fór fram í október sl. með þátttöku frá fimm norrænu landanna. Sameiginlega búa þjóðirnar yfir mikilli reynslu og hafa á að skipa fjölmennu liði færustu sérfræðinga. Æfingin gaf því verðmæta reynslu og sýndi ljóslega gagnsemi slíks samstarfs, ekki síst fyrir okkur Íslendinga. Norðurlönd hafa einnig síðustu misserin tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um viðbúnað gegn útbreiðslu fuglaflensu. Fyrir Ísland er norrænt samstarf á sviði dýraheilbrigði og fyrirbyggjandi aðgerða afar mikilvægt.

Á formennskuári Norðmanna var lögð mikil vinna í að samræma sjónarmið landanna varðandi skipulag á varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði. Á árinu 2004 var gerð úttekt á norrænu samstarfi á þessu sviði og í kjölfarið komu fram hugmyndir um endurskipulagningu samstarfsins. Þær fólu m.a. í sér sameiningu Norræna genabankans fyrir plöntur og Norræna genabankans fyrir húsdýr og hugsanlega fleiri samstarfsverkefna í eina stofnun, NORDGEN. Stefnt er að því að á sumarfundi matvælaráðherra Norðurlanda í Finnlandi í lok júní 2007 verði teknar endanlegar ákvarðanir um skipulag þessara mála.

Norðmenn ákváðu á árinu að byggja á eigin kostnað nýjan frælager á Svalbarða til afnota fyrir Norræna genabankann fyrir plöntur. Einnig verður öðrum þjóðum boðin aðstaða í þessum nýja frælager fyrir geymslu á erfðaefni sinna nytjaplantna.

Áfram hefur verið unnið að því að efla samstarf við Eystrasaltsríkin.

*Matvælamál.*

Á þessu ári var framtíðarstarfsemi matvæladeildarinnar innan EK-FJLS endurskipulögð og tók Ísland fullan þátt í því starfi. Það fólst m.a. í því að sex fastanefndir sem heyrðu áður undir EK-Livs og fjölluðu um eiturefnafræði matvæla og áhættugreiningu (NNT), matvælaörverufræði og áhættugreiningu (NNM), matvælaeftirlit (NNK), matvælalöggjöf (NNL), manneldi (NKE) og dýraheilsu og dýravelferð (NND) voru sameinaðar í þrjár fastanefndir. Hinar nýju nefndir eru um matvælaeftirlit og löggjöf (NMF), um mataræði, fæðu og eiturefnafræði (NKMT) og örverufræði og dýraheilsu/dýravelferð (NMD).

Á árinu lögðu matvæladeild EK-FJLS og fastanefndir hennar áherslu á að:

- tryggja neytendum örugg matvæli,
- verja neytendur fyrir villandi upplýsingum um matvæli,
- fræða neytendur um heilnæmi matvæla,
- stuðla að gerð áætlunar um bætta heilsu og aukin lífsgæði með æskilegu fæði og hreyfingu,
- stuðla að aukinni þekkingu og skilningi á gildi næringar með útgáfu skýrslna og með því að halda norræna næringarráðstefnu fjórða hvert ár.

Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi allra fastanefnda matvæladeildarinnar svo og undirnefnda og verkefnahópa en þar er unnið að einstökum sérgreindum verkefnum tengdum matvælum. Samstarf í vinnunefndunum hefur eðlilega tekið mið af starfsáætlunum fyrir árin 2005–2008 auk þess sem ný matvælalöggjöf ESB, sem tók gildi í aðildarríkjum sambandsins 1. janúar 2006, hefur verið fyrirferðamikil. Á árinu var m.a. sett upp samnorrænt áhættumatslíkan þar sem fyrirtæki og starfsemi er flokkuð og er ætlunin að byggja tíðni opinbers eftirlits á þessu líkani. Fjölmörg verkefni og tengiliðanet sérfræðinga hafa verið í gangi og hafa niðurstöður verið birtar í TemaNord ritröðinni. Þá hafa verið haldnar ráðstefnur og ýmsir minni fundir.

Eftirtaldir fastanefndafundir, verkefnafundir og málþing voru skipulögð á Íslandi á árinu:

- Fundur norrænna sérfræðinga um manneldi (NKE).

- Fundur í tengslaneti norrænna sérfræðinga um sérfæði.
- Fundur norrænna sérfræðinga um eiturefni og áhættugreiningu (NNT). Auk þessa tók Ísland þátt í verkefnum og fundum um:
- varnarefnaeftirlit (NNK),
- kjöteftirlit (NNK),
- díoxín,
- bragðefni (NNT),
- matvælaumbúðir (NNT),
- nýja matvælalöggjöf ESB (NNK).
- áhættuflokkun fyrirtækja (NNK),
- fæðubótarefni (tengslanet),
- sérfæði (tengslanet),
- norrænu matvælarannsóknanefndina (NMKL),
- undirbúning vegna fimmtu norrænu eftirlitsráðstefnunnar sem haldin verður í Helsingfors í janúar 2007,
- módel til að meta ásættanlega íblöndun bætiefna í matvæli.

Ísland tók fullan þátt í vestnorrænum samstarfsvettvangi um matvælaeftirlit á árinu en tók hins vegar ekki þátt í sambærilegu samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Þó má geta þess að fundur um það samstarf verður haldinn í Reykjavík í febrúar 2007.

*Skógrækt.*

Þó að skógræktardeildin sé ný innan EK-FJLS stendur starf hennar þó á gömlum grunni en um mál skógræktar var áður fjallað innan embættismannanefndar sem fór með hvort tveggja landbúnað og skógrækt.

Fulltrúar landanna gáfu skýrslu um stöðu skógarmála í hverju landi fyrir sig og farið var yfir og sett upp áætlun um eftirfylgd samþykkta frá fundi norrænu skógarmálaráðherranna. Í því felst:

- að efla samræðu um skóga á hverjum stað, meðal íbúa, yfirvalda, skógareigenda, atvinnulífs og félagasamtaka, m.a. til þess að gera staðbundin og svæðisbundin verðmæti skóga sýnilegri og með því að hvetja sveitarfélög til þess að taka ábyrgð á gildum skógarins innan þeirra svæða sem þau ná til hvert og eitt,
- að þróa frekar möguleika sveitarfélaga til þess að færa sér í nyt skóga til útivistar og til þess að fegra umhverfi sitt, bæta þjónustu sveitarfélaga og þróa enn frekar möguleika almennings til að njóta útiveru, m.a. með hliðsjón af þörfum ólíkra hópa.

Samþykkt var að skipa norræna nefnd með einum til tveimur frá hverju landi sem hafi það hlutverk að fjalla um ofangreindar samþykktir. Auk þessa var fjallað um fjárveitingar og styrki til verkefna.

Þá var ákveðið skipunarbréf fyrir nefndina. Fjallað var um lífræna orku og samþykkt að setja upp norræna vefsíðu með upplýsingum er varða nýtingu lífrænnar orku.

Farið var yfir fjárhagsstöðu nefndarinnar og ákveðin framlög til ýmissa aðila m.a. Norrænna skógarrannsókna (SNS). Fulltrúar frá SNS kynntu starf sitt og mikilvægi þess á alþjóðavettvangi.

## 15. Samstarf við nágrannasvæðin

Samstarfið við nágrannasvæðin er í stöðugum vexti og á sér stað í fagráðherranefndum og norrænum stofnunum eins og Norræna umhverfisfjármögnunarfélaginu, Nordregio,

Norrænu samstarfsmiðstöðinni um málefni fatlaðra og Norræna genabankanum. Norræna ráðherranefndin og Eystrasaltsríkin hafa þróað samstarf á afmörkuðum þemasviðum, t.d. um aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum, rannsóknir, nýsköpun og menntun, upplýsingatækni, félags- og heilbrigðismál, svo og umhverfismál og sjálfbæra þróun.

Á árinu ræddu ráðherranefndin og ríkisstjórnir Eystrasaltsríkjanna aukið samstarf innan styrkjakerfisins Nordplus, sem verður fjármagnað sameiginlega frá árinu 2008.

Eftir ítarlega umfjöllun á norrænum vettvangi og samráð við Eystrasaltsríkin þrjú var ákveðið að ýta úr vör nýju styrkjakerfi á menntasviði þar sem Eystrasaltsríkin munu taka þátt á jafnréttisgrundvelli. Markmiðið með nýja kerfinu er að bæta menntakerfið og gera alla framkvæmd hnitmiðaðri og samræmdari. Árið 2007 verður notað til undirbúnings en gamla Nordplus-kerfið verður við lýði út árið. Sérstakri útfærslu á „Nordplus nabo"-áætluninni verður komið á til að tryggja góða þátttöku landanna þriggja.

Önnur norræn-baltnesk skiptidvalarkerfi verða metin á árinu 2007. Norræna ráðherranefndin um umhverfismál eyrnamerkti sérstaka fjárveitingu til starfsmannaskipta milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á umhverfissviði.

Samkomulag náðist við Eystrasaltsríkin um að löndin þrjú tækju þátt í rannsóknaáætluninni Nordunet3, sem felur í sér samstarf norrænna háskólaneta á jafnréttisgrundvelli, og ráðgerður er fundur ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um menntun og rannsóknir um mitt ár 2007.

*Þrjú svæðisráð á norðlægum slóðum.*

Á formennskuári Noregs var mikil áhersla á samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við önnur svæðissamtök, þ.e. Barentsráðið, Norðurskautsráðið og Eystrasaltsráðið.

*Barentsráðið (BEAC).*

Samstarfið við Barentsráðið tekur mið af áætlun ráðherranefndarinnar um samstarf við nágrannasvæðin og byggir á Rússlandsáætluninni sem samstarfsráðherrarnir hafa samþykkt. Á árinu fóru fram viðræður við Barentsráðið til að afmarka sameiginleg viðfangsefni og samkomulag náðist um að hefja samstarf um loftlagsmál, málefni frumbyggja, efnahagslega þróun og atvinnumál. Ráðherranefndin og Barentsráðið munu móta sameiginlegt verkefni á sviði loftslagsmála. Að því er varðar málefni frumbyggja munu Barentsráðið og ráðherranefndin í samstarfi við norsku Barentsskrifstofuna þróa verkefni um konur sem frumkvöðla í þeim tilgangi að styrkja efnahagslega stöðu rússneskra sama. Á sviði efnahagslegrar þróunar styrkir ráðherranefndin fundinn „6. Barents Industrial Partnership", sem haldinn verður í apríl 2007, með þátttöku norrænu fjármálastofnananna Nopef og NEFCO.

Norræna ráðherranefndin vann á árinu að verkefnum með norsku Barentsskrifstofunni í Kirkenes. Menningarnámstefna var haldin í Kirkenes og Nikel í nóvember sl. um þátt menningar í þróun Barentssvæðisins. Á námstefnunni var m.a. fjallað um hvaða forsendur eru skilyrði fyrir sjálfbæru þróunarstarfi á sviði menningar og lista á svæðinu sem einkennist af sambúð þjóðabrota, menningarlegri fjölbreytni og síauknum áhuga á nýtingu náttúruauðlinda. Ráðgert er að fylgja námstefnunni eftir í Pétursborg í 2007.

*Norðurskautsráðið (AC).*

Norræna ráðherranefndin hélt áfram samstarfi sínu við Norðurskautsráðið. Starfsemi ráðherranefndarinnar á norðurskautssvæðinu fer fram samkvæmt norðurskautsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar, sem er mikilvægt framlag til Norðurskautsráðsins. Á árinu voru fjárveitingar til norðurskautsáætlunarinnar um 7 millj. d.kr. af norrænum fjárlögum og var þeim veitt til um 20 verkefna á þremur áherslusviðum: lífskjör og efnahagslegir og menningarlegir þróunarmöguleikar frumbyggja, norrænt rannsóknarstarf með sérstöku tilliti til alþjóðlega heimskautaársins 2007–2008 og norrænt samstarf um loftlagsbreytingar á norðurskautssvæðinu. Til að styðja við norðurskautsáætlunina eru fagráðherranefndirnar með eigin starfsáætlanir um málefni norðurskautsins. Ráðherranefndin hóf á árinu að endurmeta norðurskautssamstarf sitt á tímabilinu 2003–2005 og skýrsla um niðurstöðurnar var lögð fyrir samstarfsráðherrana í lok ársins.

*Eystrasaltsráðið (CBSS).*

Samstarf ráðherranefndarinnar við Eystrasaltsráðið er í stöðugri þróun. Upplýsingum er miðlað jafnóðum milli skrifstofa þessara stofnana og reglulegir fundir eru haldnir milli skrifstofanna og formennskunnar á hverjum tíma. Á árinu var samþykkt samkomulag um skiptidvöl starfsmanna skrifstofanna og fylgst er með möguleikum á sameiginlegum aðgerðum, þ.m.t. afmörkuðum verkefnum. Markmiðið er að komast hjá tvíverknaði í starfsemi samtakanna og ná um leið fram samlegðaráhrifum í starfsemi þeirra aðila sem starfa á Eystrasaltssvæðinu.

Sem dæmi um samstarfsverkefni má nefna BEN-verkefnið (Baltic Euro-regional Network), sem fjármagnað er af Norrænu ráðherranefndinni, CBSS og ESB. Samstarf fer einnig fram um orkumál, upplýsinga- og fjarskiptatækni, börn og ungmenni og menningarmál. Sjálfbær þróun er samstarfsþema og einnig hefur reynslu á sviði atvinnulífsins verið miðlað. Samstarf fer fram innan Baltic Sea Initiative (BSI), sem er tengslanet á Eystrasaltssvæðinu. Unnið hefur verið að því að auka samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála í samræmi við samstarf á þessu sviði innan Norðlægu víddarinnar.

## 16. Norrænar stofnanir á Íslandi

### 16.1. Norræna húsið

Norræna húsið hefur staðið fyrir öflugri og fjölbreyttri dagskrá starfsárið 2006 og verður hér gerð grein fyrir helstu viðburðum.

*Sýningar í anddyri Norræna hússins.*

„Nordisk Barnelitteratur krysser grenser“ var sýning á plakötum en hálfs dags námskeið var haldið í sambandi við sýninguna. Samvinnuaðili var Norrænt tengslanet fyrir barnabókasöfn og menningu en Norðurlöndin í fókus styrkti.

„Siberian Beauty“ var sýning á tveimur myndböndum eftir rússnesku listakonuna Lena von Lapschina. Myndböndin draga fram muninn milli pólitísks áróðurs og markaðsáróðurs. Í raun er um eitt og sama myndbandið að ræða en þar sem þýðingartextar undir myndunum eru ekki þeir sömu fá þau gjörólíka merkingu. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda styrkti.

„Den røde tråd i Bibelen, fra påske til pinse“ var sýning á dúkristum eftir börn á aldrinum 12–13 ára frá Grænlandi, Færeyjum, Danmörku, Noregi og Íslandi. Viðfangsefnið er Píslarsagan. Upphafið að verkefninu átti Folkekirkernes Skoletjeneste í Frederiksberg og Kaup-

mannahöfn og var það í samstarfi við Billedskolen í Tvillingehallen og Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn ásamt Trondheim Kunstmuseum í Noregi. Jafnframt studdi íslenska þjóðkirkjan sýninguna en biskup Íslands opnaði hana. Norðurlöndin í fókus styrkti.

„Tasiliaq í dag" var sýning á ljósmyndum fra Austur-Grænlandi eftir danska ljósmyndarann Ole G. Jensen. Þetta var fjölbreytt ljósmyndasýning sem sýnir daglegt líf Grænlendinga í Tasiliaq. Norðurlöndin í fókus styrkti.

Barnabókaskreytingar eftir finnsku listakonuna Linda Bondestam voru sýndar. Bókaskreytingar Bondestam hafa verið sýndar á fleiri stöðum m.a. í London, Feneyjum, Tetuan í Mexíkó, Helsingfors og Kemi í Finnlandi. Norðurlöndin í fókus í Finnlandi styrkti.

Í verkefninu „Polar radio" gerðu börn frá Íslandi (Vestmannaeyjum), Grænlandi og Færeyjum útvarpsviðtöl og þætti um fólk á sínum heimaslóðum en það var liður í kennslu ungmenna um gerð útvarpsþátta. Að baki sýningunni stendur m.a. danska útvarpskonan Rikke Houd. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda og Norðurlöndin í fókus styrktu.

*Dagskrá fyrir börn og ungmenni.*

*Kvikmyndir.*

Kvikmyndasýningar fyrir börn á grunnskólaaldri eru haldnar í Norræna húsinu á vorin og haustin. Aðgangur að kvikmyndasýningunum er ókeypis. Sýndar voru norsku kvikmyndirnar „Frá níu til þrettán", „Grái traktorinn" og „Hlustaðu nú" eftir leikstjórann Pjotr Sapegin. Finnskar kvikmyndir á árinu voru „Pelíkanamaðurinn" eftir leikstjórann Liisa Helminen og „Stráhatturinn og flókaskórnir" eftir leikstjórann Kaisa Rastimo. Enn fremur voru sýndar sænsku kvikmyndirnar „Ljónatemjarinn", en leikstjóri hennar var Manne Lindwall, og „Litli bróðir á þjófaveiðum" eftir leikstjórann Clas Lindberg. Sýnd var ein dönsk kvikmynd, „Terkel í klípu", eftir leikstjórann Stefan Fjeldmark.

*Leiksýningar.*

„Undir drekavæng" er íslensk barnaópera Strengjaleikhússins. Fyrir leiksýninguna fór fram grímugerð og börnunum voru kenndir söngtextarnir sem sungnir voru í leiksýningunni. Höfundar óperunnar eru Mist Þorsteinsdóttir og Messíana Tómasdóttir en flytjendur voru Marta G. Halldórsdóttir, Bergþór Pálsson og Örn Magnússon. Sýningin var afar vel sótt og fékk styrk frá Norðurlöndunum í fókus.

Teater Tamine frá Helsingfors sýndi finnsku leiksýninguna „Ást! Ást!" Tove Appelgrein er leikstjóri og höfundur en leikari er C.G. Wentzel. Sýningarnar voru fimm talsins og voru vel sóttar en grunnskólum í Reykjavík var boðið að koma með nemendur sína. Sýning var sett upp í sambandi við „Krakkar úti í mýri", alþjóðlega menningarhátíð fyrir börn og ungmenni sem haldin var í Norræna húsinu. Norðurlöndin í fókus í Finnlandi styrkti.

*Tónleikar.*

Í Norræna húsinu fara fram fjölmargir tónleikar árið um kring. Stór hluti tónleikanna er á vegum aðila sem leigja sig inn í húsið, bæði innlendir og erlendir. Að auki halda ýmsar stofnanir og tónlistarsamtök fundi og tónleika í húsinu, t.d. Tónlistarskólinn í Reykjavík sem heldur flesta nemendatónleika sína í húsinu og Wagner félagið sem heldur reglulega fundi.

Norræna húsið er samstarfsaðili nokkurra íslenskra tónlistarhópa, má þar nefna „Háskólatónleikana" sem á þessu ári hafa haldið níu hádegistónleika en þeir eru mjög vel sóttir. „15:15 hópurinn" er líka samstarfsaðili sem haldið hefur sjö afar fjölbreytta tónleika í ár. „KaSa hópurinn" hélt nokkra tónleika og flutti m.a. íslenska kammertónlist á 20. öld.

Af erlendum tónleikum og tónlistarfólki sem Norræna húsið hefur styrkt má nefna finnska fiðluleikarann Dagmar Prochazka og píanóleikarann Katariina Liimatainen sem héldu tónleika í febrúar, kammerhljómsveit frá Bærum Kommunale Kulturskole í Noregi og spunakvöld með finnska tónskáldinu Sami Klemola. „Freyjuleiðangurinn" sem samanstendur af vísnasöngvurum frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Íslandi hélt samnorræna vísnatónleika.

Undir fyrirsögninni „Dönsk lýrik og danskur jazz" héldu hinn vinsæli fyrirlesari Johannes Møllehave og tríó Valdemar Rasmussen vel sótta tónleika og fyrirlestur um lýrik. Einnig má nefna nokkra tónlistarhópa sem komu á eigin vegum. Danski kvennakórinn „Crescendo" frá Horsens í Danmörku hélt tónleika svo og sænski karlakórinn „Växjö Manskör" sem er einn af elstu karlakórum þar í landi. Norski píanóleikarinn Joachim Kjelsaas Kwetzinsky frumflutti tónverkið „Cycles" eftir Gunnar Andreas Kristinsson. Jazzbandið „Dissapeahear", sem samanstendur af danska píanistanum Nikolaj Hess og norsku söngkonunni Sissel Vera Pettersen, hélt tónleika í október.

*Aðrir dagskrárliðir.*

Kvikmyndir eftir sænska leikstjórann Ingmar Bergman eru sýndar á vegum sænska lektorsins í Norræna húsinu og Háskóla Íslands. Sýningarnar fara fram á vorin og haustin og eru aðallega fyrir stúdenta í sænsku í Háskóla Íslands.

Norræna húsið var þátttakandi í „Safnanótt" sem var í tengslum og samvinnu við Vetrarhátíð í Reykjavík á vegum Reykjavíkurborgar. Dagskráin í Norræna húsinu samanstóð af samískum kvikmyndum og samískum joik-söng sem var fluttur af samísku söngkonunni Marit Hetta Överli. Kvikmyndirnar voru „Dansinn" eftir leikstjórann Paul-Anders Simma, „Útvarpsballettinn" eftir Per Ivar Jensen, „Hundalíf" eftir leikstjórana Mathias Nordahl og Per Vaage, „Leiðsögumaðurinn", sem var tilnefnd til óskarsverðlauna með Helga Skúlasyni í einu aðalhlutverkinu og undir leikstjórn Nils Gaup og „Piparsveinafélagið í Kautokeino" eftir leikstjórann Paul Anders Simma. Samvinnuaðilar voru Norræna félagið og Norræna húsið.

Fyrir tilstilli tungumálaráðgjafar á Íslandi og með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni var haldin norsk-sænsk kvikmyndavika fyrir grunnskóla. Sýndar voru sænsku kvikmyndirnar „Pabbi lögga", „Sandor/slash/Ida", „Illskan" og „Sem á himni". Norsku myndirnar voru „Glerbrot", „Tufte IL", „Markus og Diana" og „Olsenbanden jr.".

Fjölmargir styrktaraðilar stóðu að baki kvikmyndahátíðarinnar „Norðrið í kanadískri kvikmyndagerð", íslenskir og erlendir. Á hátíðinni voru sýndar sjö kvikmyndir, þ.e. „The importance of being Icelandic", „The Snow Walker", „Broken Promises", „Atanjaruat", „Tales from the Gimli Hospital", „La grande séduction" og „Memoires".

Dagskrá um Dag Hammarskjöld og Sameinuðu þjóðirnar var haldin í samvinnu við sænska sendiráðið. Erindi fluttu sendiherra Svíþjóðar á Íslandi Madleine Ströje Wilkens, Dr. Hans Blix og þáverandi utanríkisráðherra Geir H. Haarde. Auk þess var sýnd kvikmynd um ævi Dag Hammarskjöld.

Samíski leikhópurinn Beaivvás frá Norður-Noregi sýndi joikóperuna „Skuolfi" sem er byggð á samísku ævintýri. Norræni menningarsjóðurinn styrkti.

Í júní kom til landsins finnski danshópurinn „Kypsa Dance Group". Hópurinn hélt sýningar í Norræna húsinu og á nokkrum stöðum í Reykjavík. Norræni menningarsjóðurinn styrkti.

Þriggja metra hár leirskúlptúr, „Glóandi skúlptúr“ eftir danska leirlistamanninn Jørgen Hansen, var byggður fyrir utan Norræna húsið í samstarfi við Menningarnótt Reykjavíkur. Skúlptúrinn var afhjúpaður á afmæli Reykjavíkurborgar 19. ágúst sl.

Norska kammeróperan „Madonna Furiosa“, sem frumsýnd var í Niðarósdómkirkjunni í Þrándheimi árið 2005, heimsótti Norræna húsið. Í óperunni komu fram fimm norrænir söngvarar þar á meðal íslenska söngkonan Ásgerður Júníusdóttir sem söng aðalhlutverk sýningarinnar. Þrír dansarar tóku þátt í sýningunni. Hljómsveitin samanstóð af átta hljóðfæraleikurum. Leikstjóri og danshöfundur er Ella Fiskum, höfundur óperunnar er Bertil Palmar Johanssen og libretto er samin af Tale Næss. Sýningin fór fram í Grafarvogskirkju.

Hin alþjóðlega ljóðahátíð Nýhils var haldin í nóvember. Norðurlöndin í fókus styrkti.

Eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs og þingforseti norska þjóðþingsins, Torbjörn Jagland með föruneyti heimsóttu Norræna húsið.

Að lokum má geta þess að þjóðhátíðardagar Noregs, Svíþjóðar og Finnlands voru haldnir hátíðlegir í Norræna húsinu.

*Bókasafn.*

Bókasafnið er hjarta Norræna hússins og er vel sótt af Íslendingum sem og öðrum Norðurlandabúum, sem búa hér eða dvelja um stundarsakir við nám eða störf.

Safnkosturinn var um 30.000 eintök í lok ársins 2005 og bættust 1000 eintök við árið 2006. Útlán eru um 17.000 á árinu og virk lánþegaskírteini rúmlega 1100. Um er að ræða fjölskylduskírteini, svo fleiri eru að jafnaði á bak við hvert skírteini. Auk þess koma margir til að líta í blöð og tímarit eða nota gestatölvur safnsins. Þær gestakomur eru ekki taldar. Safnið lætur ungu fólki sem er í atvinnuskiptum með Nordjobb í té ókeypis lánþegaskírteini og er þessi hópur mjög virkur yfir sumarmánuðina. Safnið lánar út bækur, tímarit, myndbönd, mynddiska og innrammaðar grafíkmyndir. Auk þess er notkun á tölvum innifalin í skírteininu. Í ársbyrjun var hlúð að grafíksafninu og keyptar grindur til að koma safninu í viðunandi geymslu.

Í samvinnu við Borgarbókasafn og Norrænt tengslanet fyrir barnabókasöfn og menningu voru rithöfundar og barnabókaskreytar fengnir til að lesa úr bókum sínum og segja börnum frá myndefninu. Einnig unnu starfsmenn bókasafnsins við barnamenningarhátíðina „Krakkar úti í mýri“.

*Sýningarsalur.*

Í sýningarsal í kjallara Norræna hússins voru fjórar stórar sýningar á árinu.

Fyrsta sýningin var „Desire to see“ sem var sett upp í samvinnu við finnska sendiráðið. Fimm finnskar listakonur áttu verk á sýningunni sem samanstóð af málverkum, innsetningum, tréskúlptúr og tréútskurði og vídeólist.

Á sýningunni „Transform – Vestnordisk Design“ var sýnd list og hönnun frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi en frá Færeyjum og Íslandi var sýning á fatnaði og silfurskartgripum. Frá Grænlandi voru fjölbreytilegir sýningarmunir skornir út í bein og stein. Norðurlöndin í fókus styrkti.

Sumarsýning Norræna hússins var að þessu sinni íslensk og bar nafnið „Out of office“. Það voru íslensku listakonurnar Ilmur Stefánsdóttir og Steinunn Knútsdóttir sem stóðu að sýningunni sem samanstóð af innsetningum og gjörningum.

Sýningin „Pílagrímaferðin 14 + 1 Áfangi – Æfing í að snerta“ eftir norsku listakonuna Borgny Svalastog er farandsýning og samvinnuverkefni Norræna hússins, Museo de Peregrina í Santiago de Compostela á Spáni, Erkebispegården í Þrándheimi, Kunstcentret Silkeborg Bad í Danmörku og Kunstbanken Hedmark í Noregi. Sýningin er afar fjölbreytileg með kirkjulegum munum, aðallega unnum úr gleri, vefnaði og blandaðri tækni. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda og Norðurlöndin í fókus styrktu.

*Ráðstefnur og málþing.*

„Krakkar úti í mýri“ var alþjóðleg menningarhátíð fyrir börn og ungmenni og voru íslenskir og erlendir rithöfundar ásamt fyrirlesurum gestir hátíðarinnar. Rithöfundarnir heimsóttu grunnskóla Reykjavíkur og lásu úr verkum sínum. Fyrirlestrar, málþing og pallborðsumræður voru í Norræna húsinu. Hátíðin fjallaði ekki eingöngu um barnabókmenntir, heldur voru líka fyrirlestrar um réttindi barna. Norðurlöndin í fókus og fleiri aðilar styrktu.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og stofnun Sigurðar Nordal hafa í samvinnu við Norræna húsið haldið fleiri ráðstefnur í Norræna húsinu. Að auki notar Háskóli Íslands húsið mjög mikið til funda- og ráðstefnuhalds.

Fyrirlestrarsalur hússins er í stöðugri notkun allan ársins hring, salurinn er eftirsóttur sem funda- og ráðstefnusalur og eru notendur bæði Íslendingar og erlendir aðilar.

**16.2. Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)**

Norræna eldfjallasetrið (Nordisk Vulkanologisk Center) er starfrækt innan Jarðvísindastofnunar Háskólans samkvæmt samningi á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskóla Íslands, með fulltingi menntamálaráðuneytisins. Núverandi samningur gildir til ársloka 2007, en Háskólinn hefur farið fram á framlengingu hans um a.m.k. eitt ár. Samkvæmt samningnum er Norræna eldfjallasetrið áfram á norrænum fjárlögum og öllum verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar er þar haldið áfram. Framlög af norrænum fjárlögum til starfsemi Norræna eldfjallasetursins hafa þó minnkað í þrepum á samningstímanum. Til þess að vega upp á móti þeirri lækkun hefur menntamálaráðuneytið aukið fjárveitingar til starfseminnar þannig að árið 2007 verður rekstrarfé af opinberum framlögum svipað því sem verið hefur og norrænt framlag um helmingur þess.

Á árinu héldu Norræna eldfjallasetrið og Jarðvísindastofnun Háskólans áfram norrænum verkefnum og tengslum innan eldfjallafræði og skyldra faggreina á svipaðan hátt og verið hefur síðastliðin ár og Norræna eldfjallastöðin gerði áður. Rekstrar- og stjórnskipulag Norræna eldfjallasetursins innan Jarðvísindastofnunar og stofnunarinnar í heild er í mótun og miðast við að samnýta þá aðstöðu og sérþekkingu sem nú er saman komin innan Jarðvísindastofnunar Háskólans á eins skilvirkan hátt og mögulegt er. Á árinu hófst samþætting rekstrar stofnunarinnar hvað varðar sameiginlegan búnað og norrænir styrkþegar njóta leiðsagnar úr hópi starfsmanna stofnunarinnar allrar í verkefnum sínum. Samnýting tækja og mannauðs nýtist Norræna eldfjallasetrinu vel, en á móti kemur að andlit eldfjallasetursins út á við og hópkennd þess hóps sem að verkefnum þess standa er ekki eins greinileg og áður. Til þess að mæta þessu hefur stjórn Jarðvísindastofnunar skipað Norræna eldfjallasetrinu sérstakan oddvita til bráðabirgða, en hann mun hafa umsjón með norrænum styrkþegum við setrið sem og öðrum norrænum og alþjóðlegum samskiptum í tengslum við setrið. Sá rannsóknarhópur á Jarðvísindastofnun sem með einhverjum hætti tengist Norræna eldfjallasetrinu hefur stækkað og er nú um 30 manns. Kjarni rannsóknarhóps Norræna eldfjallasetursins samanstóð

í lok ársins 2005 af átján manns, þar af eru átta erlendir vísindamenn. Samþættingu rekstrar og starfsemi verður haldið áfram á árinu 2007.

Mikilvægasti liðurinn í norrænni starfsemi felst enn sem fyrr í stöðum fyrir unga norræna vísindamenn á Norræna eldfjallasetrinu. Fimm slíkar stöður eru veittar á hverju ári til eins árs í senn. Þessar stöður hafa verið einn af hornsteinum norrænnar eldfjallafræði allt frá stofnun Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Þar að auki er eitt stöðugildi norræns sérfræðings við setrið. Ráðið var í stöðuna til tveggja ára um mitt ár. Jarðvísindastofnun og Norræna eldfjallasetrið tóku þátt í skipulagningu vikulangrar alþjóðlegrar ráðstefnu um eldfjallafræði til heiðurs George Walker sl. sumar, en hann var mjög virtur og heimsþekktur eldfjallafræðingur sem vann mikið starf hér á landi.

Jarðvísindastofnun lét framkvæma alþjóðlega úttekt á starfsemi stofnunarinnar á árinu með því að kalla til fjóra þekkta erlenda jarðvísindamenn til álitsgerðar. Þeim var afhent ítarleg skýrsla sem lýsir starfsemi stofnunarinnar, þar með rekstri Norræna eldfjallasetursins, og vinnuumhverfi hennar. Álit fjórmenninganna hefur að geyma gagnlegar ábendingar um bæði styrk og veikleika stofnunarinnar. Almennar lýsingar þeirra á stofnuninni eru jákvæðar og benda þeir t.d. á að hún sé samkeppnishæf við margar af helstu jarðvísindastofnunum Evrópu, alþjóðlega sýnileg og skili rannsóknarniðurstöðum af háum gæðum og miklum afköstum. Jafnframt er bent á að eldfjallafræðin tengi saman ólíka þætti rannsóknarstarfsemi stofnunarinnar.

*Norræn verkefni og samstarf.*

Á árinu luku tveir styrkþegar störfum við Norræna eldfjallasetrið. Annar þeirra var ráðinn til rannsóknarstarfa við „Swiss Federal Institute of Technology" (ETH) í Zürich í Sviss og heldur þar áfram rannsóknum á sprengigígum. Hinn styrkþeginn heldur áfram doktorsnámi við Háskólann í Björgvin og vinnur að rannsóknum á jarðefnafræði úthafshryggja. Tveir nýir norrænir styrkþegar hófu störf við Norræna eldfjallasetrið og þrír til viðbótar fengu framlengingu á sínum stöðum. Rannsóknarverkefni núverandi styrkþega varða bindingu kolefnis í eldfjöllum, umhverfisáhrif mikils eldgoss í Þrengslaborgum og Lúdentsborgum í Mývatnssveit fyrir um 2500 árum sem m.a. myndaði Mývatn í núverandi mynd, bergfræði framandsteina úr djúpskorpu og efri möttli jarðar, flikruberg sem finnst í gömlum jarðlögum á Austurlandi og myndaðist í kröftugu sprengigosi og jarðskorpuhreyfingar á Suðurlandi. Sænskur vísindamaður situr í stöðu norræns sérfræðings við stofnunina til tveggja ára, en áhersla er lögð á að á hverjum tíma sé a.m.k. einn þeirra sem leiða rannsóknir á Norræna eldfjallasetrinu frá öðru norrænu landi. Einn danskur vísindamaður með styrk frá Rannís vinnur áfram að rannsóknum á jarðskorpuhreyfingum með mælingum úr gervitunglum.

*Alþjóðleg verkefni og samstarf.*

Á árinu birtust um 20 greinar í alþjóðlegum vísindatímaritum með rannsóknarniðurstöðum Norræna eldfjallasetursins. Flest verkefnanna sem kynnt voru eru alþjóðleg samvinnuverkefni þar sem leitast var við að auka skilning á þeim grundvallarferlum sem móta jarðskorpu, eldvirkni og hegðun jarðarinnar. Gosmökkur Heklugossins 2000 var rannsakaður í samstarfi við vísindamenn Bandarísku geimvísindastofnunarinnar (NASA), en flugvél geimvísindastofnunarinnar hlaðin ýmis konar mælitækjum flaug í gegnum gosmökkinn meðan á eldgosinu stóð. Unnið var að rannsóknum á kvikuhreyfingum neðanjarðar á Azoreyjum í samstarfi við heimamenn þar. Kvika safnast nú fyrir undir eldfjalli nálægt höfuðborg eyjanna, Ponta Delgada, og leitast er við að greina almennt samspil kvikusöfnunar, gasút-

streymis, jarðskjálfta og skriðufalla. Á síðastliðnum árum hefur Norræna eldfjallasetrið tekið þátt í ýmsum fjölþjóðlegum rannsóknarverkefnum styrktum af ESB. Einu slíku verkefni lauk á árinu, en áfram er unnið að verkefninu VOLUME (Volcanoes – Understanding subsurface mass movements) þar sem leitast er við að greina hvaða þættir stjórna kvikuflæði neðanjarðar. Verkefnið er unnið í samstarfi við vísindamenn frá Írlandi, Ítalíu, Spáni, Portúgal og Nýja Sjálandi. Íslenskir þátttakendur eru Veðurstofa Íslands auk Norræna eldfjallasetursins og Jarðvísindastofnunar Háskólans.

*Íslensk verkefni og samstarf.*

Unnið hefur verið að rannsóknum á hreyfingum jarðskorpunnar og misgengjum á Reykjanesskaga og Suðurlandsundirlendinu á undanförnum árum og var þeirri vinnu haldið áfram. Afrakstur þeirrar vinnu er m.a. nýtt sprungukort af Reykjanesskaga og túlkun á því sem sýnir að misgengi á svæðinu eru mynduð í fjölmörgum mismunandi atburðum þar sem bæði kvikuhreyfingar og jarðskjálftar koma við sögu. Af rannsóknum á jarðskorpuhreyfingum má nefna að á árinu fékkst nýr skilningur á svörun jarðar við breytilegu fargi jökla. Nákvæmar samfelldar mælingar Veðurstofu Íslands með GPS-landmælingatækjum sýna hvernig árstíðabundin sveifla, allt að um 2 sentimetrar, mælist í landhæð og staðsetningu flestra mælistöðva á landinu. Þessi „taktur Íslands" hefur nú verið útskýrður sem afleiðing af árstíðabundinni sveiflu í massa jökla – landið sígur á veturna og dregst að jöklunum þegar snjóar á þá. Yfirlit yfir rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum á Íslandi síðustu áratugi birtist á árinu á alþjóðlegum vettvangi í nýrri bók „Iceland Geodynamics – Crustal Deformation and Divergent Plate Tectonics" sem gefin er út og dreift af Springer Verlag.

## 17. Norrænar lánastofnanir

### 17.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)

Starfsemi Norræna fjárfestingarbankans á árinu einkenndist af minni eftirspurn eftir lánum bankans, sér í lagi í aðildarríkjunum, sökum mikils framboðs lánsfjár á alþjóða fjármálamörkuðum. Afkoma NIB var engu að síður góð. Vaxtamunur bankans fyrstu átta mánuði ársins nam 10,8 milljörðum króna (120 millj. evra) samanborið við 9,9 milljarða króna (110 millj. evra) á sama tímabili á fyrra ári. Hagnaður bankans á tímabilinu var 8,1 milljarðar króna (90 millj. evra) en var 10,5 milljarðar króna (117 millj. evra) á sama tímabili árið 2005.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans var 1.620 milljarðar króna í lok ágúst (18 milljarðar evra) í samanburði við 1.640 milljarða króna við áramótin 2005/2006 (18,2 milljarðar evra). Á tímabilinu fengu eigendur bankans greidda fimm milljarða króna (55 millj. evra) arð af hagnaði ársins 2005.

Umsamin ný útlán námu 76 milljörðum króna (848 millj. evra) en útgreidd lán fyrstu átta mánuði ársins námu 73 milljörðum króna (807 millj. evra). Þetta eru umtalsvert minni útgreiðslur en á metárinu 2005 en þá námu útgreiðslur fyrstu átta mánuði ársins 124 milljörðum króna (1.378 millj. evra). Heildarútlán bankans 31. ágúst námu 1.030 milljörðum króna (11.455 millj. evra) sem er svipuð fjárhæð og um áramótin 2005/2006.

Á tímabilinu gaf bankinn út 42 flokka skuldabréfa í 8 mismunandi myntum, samtals að fjárhæð 174 milljarðar króna (1.929 millj. evra). Bandaríkjadalur var mikilvægasti lántökugjaldmiðill bankans. Á vormánuðum gaf bankinn í fimmta sinn út flokk alþjóðlegra skulda-

bréfa (global bonds) til fimm ára að fjárhæð 1 milljarður bandaríkjadala. Einnig gaf bankinn í fyrsta sinn út skuldabréf í áströlskum dölum.

Útlána- og eignasafn bankans er áfram í hæsta gæðaflokki. Engin framlög voru á sértækan afskriftarreikning til að mæta útlánatöpum.

*Útlán innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.*

Minni eftirspurn var eftir lánum bankans á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum á fyrstu átta mánuðum ársins. Sér í lagi var lánað minna til Svíþjóðar og Finnlands en hins vegar meira til Íslands. Samþykkt lán námu 44 milljörðum króna (484 millj. evra). Stærstur hluti útlána innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var til iðnaðarmála, eða 27%. Lánað var til dæmis til fjármögnunar á málmbræðslum í Skandinavíu og umhverfisvænna fjárfestinga í pappírsiðnaði. Næststærsti hluti útlána í aðildarríkjum bankans, eða 22%, var til orkumála, sér í lagi til umhverfisvænna orkufjárfestinga á Íslandi. Stærsta einstaka verkefnið var fjármögnun vegagerðar í Noregi.

*Útlán utan aðildarríkja.*

Eftirspurn eftir alþjóðalánum bankans var mikil á tímabilinu og voru samþykkt lán hærri utan aðildarríkja heldur en innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Samþykkt lán námu 54 milljörðum króna (595 millj. evra). Stærstu lántökusvæðin voru Asía og Austur-Evrópa. Í lok ágúst voru útistandandi lán til 29 ríkja utan aðildarríkja bankans. Alþjóðalán bankans eru oftast veitt til opinberra framkvæmda með ábyrgð hins opinbera. Hins vegar hefur aukinn hluti lánanna á undanförnum árum runnið til einkaaðila, einkum til einkavæddra innviða á sviði orkumála og fjarskipta en einnig t.d. til pappírsiðnaðar. Á fyrstu átta mánuðum ársins var t.d. fjármagnað orkuver í Póllandi, almenningssamgöngur í Chile og Tyrklandi, hafnarframkvæmdir í Marokkó, fjarskiptakerfi í Brasilíu og Rússlandi og pappírsverksmiðja í Jórdaníu. Einnig voru samþykktir lánarammar við fjármálaráðuneyti Kína og Víetnam.

*Umhverfislán.*

Fjármögnun umhverfisverkefna er einn af hornsteinunum í lánastarfsemi bankans. Á tímabilinu samþykkti bankinn 6 ný umhverfislán að fjárhæð 2,8 milljarðar króna (31 millj. evra). Af útborguðum lánum á tímabilinu voru umhverfislán 12%. Meðal verkefna má nefna jarðhitaorkuver, vindorkuver, upphitun íbúðahúsnæðis, umhverfisvænar fjárfestingar í landbúnaði og minnkun útblásturs í pappírsiðnaði.

Norræni fjárfestingarbankinn gegnir mikilvægu hlutverki í Northern Dimension Partnership (NDEP) sem er samstarf ESB, Rússlands, NIB, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Evrópska fjárfestingarbankans, Alþjóðabankans og einstakra landa um fjármögnun brýnna umhverfisframkvæmda í norðvesturhluta Rússlands. NIB hefur forystu fyrir undirbúningi, skipulagningu og fjármögnun sjö af þrettán umhverfisverkefna á vegum NDEP. Heildarfjárhæð verkefna á áætlun NDEP nemur meira en 2 milljörðum evra. Bankinn heldur áfram að efla starfsemi sína í Norðvestur-Rússlandi innan ramma NDEP-samstarfsins. Fyrsta verkefninu er nú lokið, en það er fráveitustöð í Pétursborg. Stöðin mun koma til með að gegna þýðingarmiklu hlutverki við að bæta umhverfi Eystrasalts. Annað verkefni sem Norræni fjárfestingarbankinn leiðir er Ladóga-verkefnið en það hefur að markmiði að lána til stórra einkaverkefna í pappírs- og málmiðnaði á Ladóga-svæðinu. Á tímabilinu var samþykkt eitt nýtt slíkt lán.

*Breytingar á skipulagi og stefnu.*

Á árinu voru kynntar breytingar á stefnu Norræna fjárfestingarbankans. Bankinn mun í framtíðinni leggja sérstaka áherslu á að styrkja samkeppnishæfni og atvinnulíf á Eystrasaltssvæðinu auk Noregs og Íslands auk þess að fjármagna umhverfisfjárfestingar. Fjárfestingar í orkumannvirkjum, flutningum og umhverfisvænni tækni munu njóta forgangs í starfsemi bankans. Utan aðildarríkjanna mun bankinn leggja áherslu á verkefni í Rússlandi og Úkraínu. Þá mun bankinn þróa áfram lánaramma til fjármálastofnana.

Á árinu tóku einnig gildi umfangsmiklar skipulagsbreytingar í NIB og nýir lykilstjórnendur tóku til starfa. Lánadeildir bankans, þ.e. norræna deildin og alþjóðadeildin, voru sameinaðar í eina deild. Í nýju deildinni verður sjónum m.a. beint í auknum mæli að verkefnafjármögnun. Þá tók til starfa ný deild sem metur áhættu allra nýrra verkefna bankans.

Norræni fjárfestingarbankinn átti 30 ára afmæli á árinu og var haldið upp á það með alþjóðlegri ráðstefnu um samkeppnishæfni Eystrasaltssvæðisins. Á 30 ára starfstíma bankans hafa 1.745 lán verið samþykkt, samtals að fjárhæð 2.367 milljarðar króna. Um 80% lánanna hafa verið til viðskiptavina í aðildarríkjum bankans. 36% hafa verið veitt til iðnaðar, 22% til orkumála og 15% til flutninga.

*NIB á Íslandi.*

Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu um 67 milljörðum króna (740 millj. evra) í árslok. Þetta samsvarar um 8% af heildarlánveitingum bankans til lántaka á Norðurlöndum.

Útborguð ný lán til verkefna á Íslandi á árinu námu tæplega 14 milljörðum króna (152 millj. evra) en það er svipað og árið áður. Lánað var til 7 verkefna á árinu. Verkefnin voru fjölbreytt. Tekið var þátt í að fjármagna orkumannvirki, álver, útrás íslenskra fyrirtækja til Eystrasaltsríkjanna og lánaramma til Byggðastofnunar. Þá var í lok ársins samþykkt lánveiting að fjárhæð 4,5 milljarðar króna til fjármögnunar Tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík.

Á árinu voru samþykkt og greidd út lán til Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja samtals að fjárhæð 9,5 milljarðar króna. Lánin voru veitt til fjármögnunar á flutningslínum raforku til Norðuráls og Fjarðaráls og jarðvarmavirkjana á Hellisheiði og Reykjanesi. Mikil áhersla var lögð á að fylgja eftir þessum stóru orkuframkvæmdum. Þá var lögð áhersla á að fylgja eftir lánveitingu til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar frá árinu 2004, sér í lagi mati bankans á umhverfisáhrifum þeirra. Þá hafa umhverfisáhrif fyrirhugaðra fjárfestinga í orkugeiranum verið athuguð. Bankinn er mjög mikilvægur þátttakandi í fjármögnun orkuframkvæmda á Íslandi og hlutdeild hans í fjármögnun jarðvarmavirkjana er t.a.m. um 50%.

Í starfsemi Norræna fjárfestingarbankans á Íslandi hefur jafnan verið lögð áhersla á náið samstarf við íslenska banka í útlánum til einstakra verkefna, sér í lagi til einkafyrirtækja. Í því skyni hafa verið veittir sérstakir lánarammar til íslenskra banka. Tilgangurinn með þessum lánarömmum er að beina útlánum bankans til smárra og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Skilyrði lánveitinga er að verkefni feli í sér norræna hagsmuni. Með þessu móti getur fjármögnun bankans nýst fleiri fyrirtækjum og verkefnin þar með orðið fjölbreyttari. Í samstarfi við íslenska banka hefur verið lögð áhersla á umhverfisstefnu NIB með kynningu á stefnunni samhliða því sem bankarnir hafa tekið umhverfismál á dagskrá í tengslum við sínar eigin lánveitingar.

**Lykiltölur NIB (í millj. evra)**

| | 1–8/2006 | 1–8/2005 | 1–12/2005 |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 120 | 110 | 168 |
| Hagnaður | 90 | 117 | 165 |
| Útborguð lán | 807 | 1.378 | 2.092 |
| Samningsbundin lán | 848 | 1.747 | 2.616 |
| Tekin lán (ný) | 1.929 | 1.923 | 2.059 |
| Hagnaður / eigið fé (%) | 6,8 | 9,6 | 8,9 |

| | 31/8 2006 | 31/8 2005 | 31/12/2005 |
|---|---|---|---|
| Útistandandi lán | 11.455 | 11.315 | 11.717 |
| Niðurstaða efnahagsreiknings | 17.970 | 18.526 | 18.178 |
| Handbært fé | 2.961 | 3.445 | 3.101 |

**17.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)**

Umhverfisráðherrar Norðurlanda stofnuðu Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (Nordic Environment Finance Corporation) árið 1990. NEFCO hefur aðsetur í Helsingfors. Stjórn félagsins er skipuð einum fulltrúa frá hverju norrænu landanna.

Meginmarkmiðið með stofnun Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins var að vinna að verkefnum sem bæta umhverfið í löndum Austur- og Mið-Evrópu en hafa jafnframt jákvæð áhrif á umhverfið á Norðurlöndum. Í öllu starfi félagsins er lögð áhersla á arðsemi þess að leysa mengunarvandamál svæðisbundið og hafa í því samhengi verið kynntir útreikningar þar sem niðurstöður sýna að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingar hans þegar þær gera vart við sig á Norðurlöndum. Við mat á umsóknum til félagsins er þannig lögð áhersla á arðsemi og fjárhagslegar forsendur viðkomandi verkefna jafnframt því sem umhverfisáhrif eru metin.

Stofnfé Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins er nú um 114 millj. evrur og var á árinu unnið að rúmlega 250 litlum og meðalstórum verkefnum á vegum félagsins. Má þar meðal annars nefna verkefni sem varða hreinsun frárennslis, vatnsveitur, hreinni tækni í iðnaði, orkumál og ráðgjöf á sviði umhverfismála. Íslensku orkufyrirtækin Virkir-Orkint og Orkuveita Reykjavíkur vinna að jarðhitaverkefnum í Slóvakíu í samstarfi við NEFCO.


Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið hefur frá upphafi unnið með bæði opinberum fjárfestum og einkaaðilum. Félagið vinnur ýmist á eigin vegum, með öðrum alþjóðlegum fjármálastofnunum eða svæðisbundnum samtökum eins og t.d. Eystrasaltsráðinu og innan hinnar Norðlægu víddar ESB. Verkefnin beinast einkum að því að innleiða umhverfisvænni tækni, bæta mengunarvarnir og meðferð úrgangs svo og að bæta orkunýtni. Í upphafi var aðallega unnið að verkefnum í Eystrasaltsríkjunum þremur, þ.e. Eistlandi, Lettlandi og Litháen auk Rússlands. Eftir inngöngu Eystrasaltsríkjanna í ESB í maí 2004 hefur verið lögð aukin áhersla á önnur lönd svo sem Norðvestur-Rússland, Úkraínu, Hvíta-Rússland, Pólland, Tékkland og Slóvakíu. Eftir 16 ára starf hefur starfsfólk félagsins öðlast verðmæta þekkingu á því lagalega og fjárhagslega umhverfi sem félagið starfar í. Á þann hátt hefur tekist að byggja upp traust samskipti og nýtur félagið velvilja fjölda opinberra aðila og einkaaðila í þeim löndum þar sem það starfar.

Á árinu samþykkti stjórn Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins nýjar áherslur í starfseminni á næstu árum. Áfram verður unnið að meginverkefnum sem tengjast vatni, loftmengun og loftlagsmálum en aukin áhersla lögð á ný svið eins og t.d. þrávirk lífræn efni og þungmálma. Þá var einnig rætt um að hefja samstarf á fjarlægari svæðum eins og t.d. í Suður-Afríku og Kína en þar hefur komið fram áhugi fyrir samstarfi á grundvelli þeirra hugmynda sem starf NEFCO byggir á. Viðræður standa yfir við yfirvöld umhverfismála í Kína um að hefja eitt tilraunaverkefni. Samstarf við Kína getur haft talsverða þýðingu fyrir norðurskautssvæðin sem eru viðkvæm fyrir mengun sem berst þaðan.


Hugmyndir stjórnar Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins um stefnu næstu ára voru kynntar fyrir norrænu umhverfisráðherrunum á fundi þeirra í ágúst sl. Í tengslum við nýjar áherslur er jafnframt ráðgert að vinna að framkvæmdaáætlun og upplýsingastefnu fyrir félagið.

Auk þeirrar daglegu starfsemi sem snertir viðfangsefni NEFCO hefur félaginu verið falið að hafa umsýslu með ýmsum öðrum sjóðum sem taka þátt í fjármögnun umhverfisverkefna. Má þar m.a. nefna verkefnasjóð Norðurskautsráðsins og sjóð sem opinberir aðilar og einkaaðilar á Norðurlöndum og í Þýskalandi hafa stofnað til að annast kaup og sölu á losunarkvótum í tengslum við sameiginlega framkvæmd Kyoto-bókunarinnar.

**Fjárfestingar NEFCO eftir sviðum**




**Fjárfestingar NEFCO eftir löndum**



*Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).*

Umhverfisráðherrar Norðurlanda og Norræna ráðherranefndin stofnuðu Norræna umhverfisþróunarsjóðinn (Nordiska miljöutvecklingsfonden) árið 1996. Stjórn NEFCO er einnig stjórn NMF. Markmið sjóðsins er að veita hagstæð lán eða styrki til að vinna að umhverfisbætandi verkefnum í Austur-Evrópu sem hafa mikla þýðingu fyrir umhverfið á viðkomandi svæði en uppfylla ekki þau fjárhagslegu skilyrði sem sett eru fyrir lánum frá NEFCO. Eftir inngöngu Eystrasaltsríkjanna, þ.e. Eistlands, Lettlands og Litháens í ESB var starfsemi sjóðsins í þeim löndum hætt en aukin áhersla lögð á verkefni í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Árlegt framlag Norðurlanda til sjóðsins nemur um 14,2 millj. d.kr. og af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar renna árlega 10 millj. d.kr. í sjóðinn.

Í lok ársins var 40 af þeim verkefnum sem Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn hefur tekið þátt í lokið en 20 ný hafa verið samþykkt.

### 17.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nordiska Projektexportfonden) hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að styðja við útflutning fyrirtækja á skilgreindum verkefnum og með stuðningi við fyrirtæki sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Þau verkefni sem sjóðurinn kemur að verða að liggja utan EFTA- og ESB-landanna, en sérstök áhersla hefur verið á Eystrasaltsríkin, Norðvestur-Rússland og Pólland.

Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð o.fl. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er hægt að fara fram á að láninu verði breytt í styrk liggi fyrir skýrsla um árangur verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 40% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins en lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Sjóðurinn hefur lagt áherslu á samstarfsverkefni norrænna og baltneskra fyrirtækja sem stuðla að alþjóðavæðingu í Eystrasaltsríkjunum: Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Þessi lönd hafa nú gengið í ESB og hefur Norræna ráðherranefndin tekið ákvörðun um að Nopef geti starfað þar til ársloka 2007 með því að draga hægt og bítandi úr starfseminni og hætta henni alfarið að þeim tíma liðnum.

Helstu forsendur fyrir stuðningi frá Norræna verkefnaútflutningssjóðnum eru:

- að verkefnið sé vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni,
- að verkefnið tengist löndum utan ESB og EFTA,
- að norrænir hagsmunir liggi að baki verkefninu,
- að raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins liggi fyrir.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju norrænu landanna. Nopef er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans, Norræna þróunarsjóðsins og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagins. Þessar stofnanir eru allar með aðsetur í Helsingfors í Finnlandi. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans (www.nopef.com).

Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu. Á milli stjórnarfunda eru verkefnafundir, þar taka starfsmenn, framkvæmdastjóri og formaður stjórnar fyrir þær umsóknir sem borist hafa og afgreiða þær í samræmi við þær heimildir sem sjóðsstjórnin hefur samþykkt. Niðurstaðan er síðan formlega staðfest á næsta stjórnarfundi á eftir. Þessi vinnuregla á að bæta þjónustu sjóðsins

við viðskiptavinina og stytta tímann frá því að umsókn berst þar til svar liggur fyrir. Formennska í stjórn Nopef var í höndum fulltrúa Finnlands.

Í apríl var haldinn kynningarfundur á Nopef hér á Íslandi í samvinnu við Útflutningsráð, Samtök iðnaðarins og Iðntæknistofnum. Á fundinum kynnti framkvæmdastjóri Nopef, sem er jafnframt svæðisstjóri fyrir Ísland, starfsemina.

*Verkefni.*

Nopef bárust 145 umsóknir á árinu en þær voru 200 árið 2005, 220 árið 2004 og 270 árið 2003. Samþykktar umsóknir voru samtals 108 á árinu, 122 árið 2005, 132 árið 2004 og 184 árið 2003. Tvær umsóknir bárust á árinu frá Íslandi, en þær voru báðar samþykktar.

**17.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)**

Norræni þróunarsjóðurinn er í eigu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Sjóðurinn hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans í Helsingfors og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns, sem er útgreiddur, og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar Norræna þróunarsjóðsins eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 millj. SDR og 330 millj. evra, eða alls um 930 millj. evra (um 84 milljarðar ísl. kr.). Á árinu undirritaði sjóðurinn 2 lánasamninga, sem höfðu verið samþykktir á árinu 2005, að fjárhæð 13 millj. evra (um 1,2 milljarðar ísl. kr.). Viðbótarlán til útistandandi verkefna voru veitt að fjárhæð 15 millj. evra (um 1,35 milljarðar ísl. kr.). Engin lán til nýrra verkefna voru samþykkt á árinu. Frá stofnun hefur NDF veitt lán að fjárhæð 980 millj. evra (um 88,2 milljarðar ísl. kr.) til 190 verkefna í 39 þróunarlöndum. Um 50% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við bandaríkjadali á ári. Um 43% lána Norræna þróunarsjóðsins hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 bandaríkjadalir/ári), 41% til lágtekjulanda (LIC, <760 bandaríkjadalir/ári) og 16% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761–3030 bandaríkjadalir/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum sjóðsins frá fyrstu árum sjóðsins og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá NDF. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu árin við um tuttugu samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda.

Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 26 millj. evra (um 2,1 milljarðar króna).

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum Norræna þróunarsjóðsins árið 2001 og sjóðurinn getur nú veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán skulu þó aðeins vera lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin eru veitt á þrenna vegu: 1) beint til fjárfestingarverkefna; 2) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; 3) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í þróunarlöndunum. Sjóðurinn starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF á jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Aureos West Africa Fund og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu) og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 millj. SDR (tæpir 2 milljarðar ísl. kr.). Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og annast eftirlit.

Á árinu fór fram úttekt á stöðu sjóðsins með hliðsjón af því að fyrir lá niðurstaða um að leggja sjóðinn niður. Í framhaldi af því var ráðinn nýr forstjóri. Meginhlutverk stjórnar og forstjóra verður á næstu mánuðum að undirbúa aðgerðaáætlun um hvernig best verði að standa að framkvæmd niðurlagningu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur lagt fyrir Norrænu ráðherranefndina tillögu um framhald málsins með hliðsjón af þeim aðstæðum sem liggja fyrir. Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar norrænu ríkjanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 14.

### 17.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

*Útlán.*

Lánasjóðurinn lánar fé til fjárfestinga fyrirtækja í Færeyjum og á Grænlandi. Einnig til íslenskra fyrirtækja, að því tilskildu að um sé að ræða samstarfsverkefni íslensks og annað hvort færeysks eða grænlensks fyrirtækis. Þetta er í samræmi við samþykktir frá árinu 1998. Sjóðurinn hefur á árinu greitt út níu lán, sjö til Færeyja og tvö til Grænlands, samtals að upphæð 24 millj. d.kr.

*Rekstur.*

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2005/2006 119,7 millj. d.kr. og á sama tíma námu útlán samtals 110 millj. d.kr.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða svo á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja Norrænu Atlantsnefndina (NORA) um allt að 1,5 millj. d.kr. á ári. Í ársreikningnum fyrir árið 2005 er hagnaðurinn 200.646 d.kr., sem verður styrkur sjóðsins til NORA árið 2006.

*Stjórn.*

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess. Aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda eiga Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland.

Nánari upplýsingar má finna á slóðinni www.vestnorden.is.

## II. MEGINÁHERSLUR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2007

Megináherslur norrænu fjárlaganna fyrir starfsárið 2007 eru eftirfarandi:

Menntun, rannsóknir og nýsköpun sem og þróun norræna velferðarkerfisins eru forgangssvið á vettvangi norræns samstarfs. Þetta endurspeglar megináskoranir þekkingarsamfélagsins. Á þessum sviðum er þörf lítilla landa á samstarfi og samræmdum aðgerðum óvenju skýr.

Eftirfylgni skýrslunnar um Norðurlönd sem sigursvæði og framtíð norræna velferðarkerfisins eru miðlæg málefni til lengri tíma í norrænu samstarfi. Skýrslunni verður fylgt eftir víða á vettvangi ráðherranefndarinnar.

Annað mikilvægasta samstarfssvið ráðherranefndarinnar er menningarmálasviðið. Þörf er á að efla norræna menningarlega samkennd á grundvelli sameiginlegra gilda, svo norræn samkennd haldi velli í alþjóðlegu og evrópsku umhverfi. Norræna menningarsjóðnum verður tryggð öflug staða í norrænu menningarmálasamstarfi.

Samstarf um aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum heldur áfram. Afnám stjórnsýsluhindrana er mikilvægt fyrir aðdráttarafl Norðurlanda. Upplýsingaþjónustan Halló Norðurlönd verður þróuð í átt að miðlægri upplýsingaveitu fyrir þá sem flytjast búferlum innan Norðurlanda. Auknu fjármagni verður veitt til samstarfs á landamærasvæðum.

Samstarf um málefni norðurskautsins verður eflt. Með þeim hætti fá norrænu löndin sterkari sess á alþjóðlega heimskautaárinu. Sérstök áhersla verður lögð á loftslagsmálefni.

Norræn matvæli verða kynnt sem nýtt áherslusvið. Áætluninni „Ný norræn matvæli“ er ætlað að marka sérstöðu norrænna gæða og gera þau sýnileg á alþjóðlegum vettvangi, með því að sameina styrk Norðurlanda og huga sérstaklega að svæðisbundnum matvælum, matargerðarlist, þróun atvinnugreinarinnar, hráefni og ferðamennsku.

Evrópskt sjónarhorn og samkennd í Norður-Evrópu og í kringum Eystrasaltið fléttast stöðugt inn í fleiri þætti starfsemi ráðherranefndarinnar. Með norrænu samstarfi má styrkja stöðu Norðurlanda í Evrópu, m.a. með rannsóknum og afnámi stjórnsýsluhindrana. Á báðum þessum sviðum hafa Norðurlönd hag af því að koma fram sem ein heild frekar en fimm norræn lönd.

Í kringum Eystrasaltið eru miklir hagvaxtarmöguleikar. Áherslur fjárlaganna endurspegla með skýrum hætti metnað á þessi svið ekki síst hvað varðar menntun og rannsóknastörf og samstarf við frjáls félagasamtök.

Allt frá upphafi tíunda áratugarins hefur ráðherranefndin átt mikið samstarf við Eistland, Lettland og Litháen og nú einnig við Norðvestur-Rússland. Samstarfið við Eystrasaltsríkin breytist yfir í samstarf á jafnréttisgrundvelli og áhersla á aðgerðir í Norðvestur-Rússlandi verður aukin. Starfsemi sem snýr að borgurum Hvíta-Rússlands er nýtt svið þar sem sameiginlegar norrænar aðgerðir geta orðið mikilvægar. Hlutdeild ráðherranefndarinnar í starfsemi European Humanities University (EHU) í Vilnius er jákvætt dæmi um samstarf ráðherranefndarinnar og ESB.

## Heildarrammi fjárlaganna

Fjárhagsrammi fjárlaganna fyrir árið 2007 er samtals 858,572 millj. d.kr. á verðlagi ársins 2007. Að raungildi er hann óbreyttur frá árinu 2006.

Á eftirfarandi yfirliti má sjá hvernig fjárlögin skiptast milli fagráðherranefndanna og samstarfsráðherranna. Í fjárlögunum eru ráðherranefndir flokkaðar samkvæmt skipuriti ráðherranefndarskrifstofunnar. Við endurskipulagningu ráðherranefndarinnar, þar sem ráðherranefndum var fækkað úr 18 í 11, var skrifstofa ráðherranefndarinnar endurskipulögð.

## Samanburður á fjárlögum fyrir árin 2007 og 2006

| Verðlag hvers tíma í þús. d.kr. | Fjárlög 2007 | Hlutdeild | Fjárlög 2006 | Hlutdeild | Mismunur +/ | Mismunur % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Menningarmál, Jafnréttismál og Löggjafarmál** | **173.369** | **20,2%** | **169.706** | **20,2%** | **3.663** | **2,2%** |
| Menningarmál | 163.525 | 19,0% | 160.031 | 19,1% | 3.494 | 2,2% |
| Jafnréttismál | 8.515 | 1,0% | 8.352 | 1,0% | 163 | 2,0% |
| Löggjafarmál | 1.329 | 0,2% | 1.323 | 0,2% | 6 | 0,5% |
| **Menntun og rannsóknir, Vinnumarkaðsmál** | **237.021** | **27,6%** | **230.280** | **27,4%** | **6.741** | **2,9** |
| Menntun og rannsóknir | 223.961 | 26,1% | 217.342 | 25,9% | 6.619 | 3,0% |
| Vinnumarkaður og umhverfi | 13.060 | 1,5% | 12.938 | 1,5% | 122 | 0,9% |
| **Atvinnu- orku- og byggðamál, Heilbrigðis- og félagsmál og Efnahags- og fjármál** | **159.948** | **19,6%** | **155.593** | **18,5%** | **4.355** | **2,8%** |
| Atvinnu-, orku- og byggðamál | 118.425 | 13,8% | 108.195 | 12,9% | 10.230 | 9,5% |
| Heilbrigðis- og félagsmál | 39.786 | 4,6% | 45.730 | 5,4% | -5.944 | -13,0% |
| Efnahags- og fjármál | 1.737 | 0,2% | 1.668 | 0,2% | 69 | 4,1% |
| **Umhverfismál, Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt og matvæli** | **85.652** | **10,0%** | **81.723** | **9,7%** | **3.929** | **4,8%** |
| Umhverfismál | 45.480 | 5,3% | 43.908 | 5,2% | 1.572 | 3,6% |
| Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og matvæli | 40.172 | 4,7% | 37.815 | 4,5% | 2.357 | 6,2% |
| **Nágrannapólitík** | **94.211** | **11,0%** | **87.286** | **10,4%** | **6.925** | **7,9%** |
| **Samstarfsráðherra** | **105.305** | **12,3%** | **107.525** | **12,8%** | **-2.220** | **-2,1%** |
| Skrifstofa ráðherranefndarinnar | 67.822 | 7,9% | 64.469 | 7,7% | 3.353 | 5,2% |
| Önnur samnorræn starfsemi | 37.483 | 4,4% | 43.056 | 5,1% | -5.573 | -12,9% |
| **Aðlögunarsjóður** | **3.066** | **0,4%** | **7.530** | **0,9%** | **-4.464** | **-59,3%** |
| **Samtals** | **858.573** | **100,0%** | **839.643** | **100,0%** | **18.926** | **2,3%** |

## Yfirlit yfir fjárlagaliði norrænu fjárlaganna

Hér á eftir er gerð grein fyrir fjárlagaliðum norrænu fjárlaganna. Fyrst er gerð grein fyrir helstu hækkunum og lækkunum tiltekinna fjárlagaliða. Því næst kemur skýring á uppbyggingu fjárlagaliða og flokkun þeirra. Þá er yfirlit yfir framlög til allra fjárlagaliða 2006 og 2007. Loks koma fyllri lýsingar á markmiðum og forgangsröðun 2007 ásamt niðurstöðum 2005 fyrir alla fjárlagaliði.

Vegna tilfærslu á fjárlagaliðum milli fagsviða getur gætt ósamræmis milli fjárlagatillögu fyrir árið 2007 og áður útgefinna fjárlaga hvað varðar upplýsingar um árið 2005.

## Meiri háttar breytingar á tilteknum fjárlagaliðum

Í fjárlögunum nema hækkanir/lækkanir á tilteknum fjárlagaliðum samtals 151,345 millj. d.kr. Í töflunni hér að neðan má sjá hvernig helstu hækkanir skiptast á tiltekna fjárlagaliði. Eins má sjá hvar niðurskurður á fjárlagaliðum er mestur.

**Meiri háttar hækkanir** ***(verðlag ársins 2006 í þús. d.kr.)***

| Hækkanir | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| 1-2221-2 | Tölvuleikir/UT | 10.000 | 6.114 | 3.886 |
| 1-2222-2 | Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn | 23.740 | 21.890 | 1.850 |
| 1-2223-1 | Endurmenntun norrænna blaðamanna | 3.171 | 0 | 3.171 |
| 1-2228-3 | Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM) | 2.895 | 2.210 | 685 |
| 1-2254-2 | Ferða- og dvalarstyrkir | 13.350 | 10.190 | 3.160 |
| 1-4410-1 | Verkefni - Jafnréttismál | 3.300 | 3.028 | 272 |
| 1-2251-2 | Lista- og menningarverkefnið | 20.000 | 0 | 20.000 |
| 1-2259-3 | „Kulturkontakt Nord" | 5.000 | 0 | 5.000 |
| 1-2270-3 | Norræna húsið í Reykjavík | 8.568 | 7.768 | 800 |
| 1-2272-3 | Norðurlandahúsið í Færeyjum | 12.541 | 11.188 | 1.353 |
| 1-2274-3 | Norræna stofnunin á Álandseyjum | 2.714 | 2.114 | 600 |
| 1-2277-3 | Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA) | 5.853 | 5.053 | 800 |
| 1-2548-3 | Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN) | 6.074 | 5.424 | 650 |
| 2-2505-1 | Ráðstöfunarfé – Menntun og rannsóknir | 5.307 | 4.430 | 877 |
| 2-3100-3 | Norræna rannsóknarráðið (NordForsk) | 101.336 | 69.582 | 31.754 |
| 3-3310-1 | Verkefni – Umhverfismál | 33.036 | 32.444 | 592 |
| 3-6310-1 | Verkefni – Skógrækt | 1.549 | 0 | 1.549 |
| 3-6510-1 | Verkefni – Landbúnaður | 3.565 | 3.131 | 434 |
| 4-3220-3 | Norrænar orkurannsóknir (NEF) | 5.064 | 1.075 | 3.989 |
| 4-5150-1 | Verkefni – Atvinnumál, orkumál og byggðamál | 31.152 | 0 | 31.152 |
| 4-4310-1 | Verkefni – Heilbrigðis- og félagsmál | 8.261 | 6.025 | 2.236 |
| 5-0180-3 | Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS) | 66.623 | 64.469 | 2.154 |
| 5-1011-1 | Upplýsingastarfsemi | 9.870 | 0 | 9.870 |
| 5-1021-1 | Alþjóðleg starfsemi | 863 | 0 | 863 |
| 5-1035-1 | Stjórnsýsluhindranir/Halló Norðurlönd | 6.144 | 0 | 6.144 |
| 6-0820-2 | Þekkingaruppbygging og tengslanet | 32.570 | 30.570 | 2.000 |
| 6-0870-1 | Samstarf á norðurskautssvæðum | 8.159 | 7.172 | 987 |
| 6-0960-1 | Frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu | 5.216 | 1.019 | 4.197 |
| 6-0970-3 | Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi | 8.126 | 6.126 | 2.000 |
| 6-0980-1 | Samstarfsverkefni með öðrum alþjóðlegum stofnunum | 6.924 | 0 | 6.924 |
| | Aðrar minni háttar hækkanir | | | 1.396 |
| **Hækkanir samtals** | | | | 151.345 |

| Lækkanir | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| 1-2203-1 | Framlag til sérstakra menningarmála | 1.000 | 6.112 | -5.112 |
| 1-2214-1 | Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu | 0 | 1.309 | -1.309 |
| 1-2220-1 | Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlastarf | 0 | 2.145 | -2.145 |
| 1-2229-3 | Norræni blaðamannaháskólinn (NJC) | 0 | 3.171 | -3.171 |
| 1-2230-1 | Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK) | 0 | 7.731 | -7.731 |
| 1-2239-1 | Norræna safnanefndin (Museikommittén) | 0 | 1.211 | -1.211 |
| 1-2255-3 | Norræna sviðslistanefndin (NordScen) | 0 | 6.562 | -6.562 |
| 1-2256-1 | Norræna tónlistarnefndin (NOMUS) | 0 | 6.460 | -6.460 |
| 1-2258-3 | Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA) | 0 | 6.601 | -6.601 |
| 1-2296-1 | Norræn menningarverkefni erlendis | 0 | 2.165 | -2.165 |
| 1-4480-3 | Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK) | 5.000 | 5.324 | -324 |
| 2-3111-1 | Norræn öndvegissetur, hnattrænar breytingar | 0 | 5.377 | -5.377 |
| 2-3133-1 | Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði | 0 | 3.231 | -3.231 |
| 2-3136-2 | Rannsóknaráætlunin NORDUnet3 | 0 | 3.634 | -3.634 |
| 2-3138-1 | Norræn áætlun um rannsóknarskóla | 0 | 2.582 | -2.582 |
| 2-3139-1 | Norræn öndvegissetur, læknisfræði | 0 | 3.109 | -3.109 |
| 2-3180-2 | Norræna eðlisfræðistofnunin (NORDITA) | 10.621 | 15.932 | -5.311 |
| 2-3182-2 | Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS) | 4.743 | 7.116 | -2.373 |
| 2-3184-2 | Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK) | 4.846 | 7.270 | -2.424 |
| 2-3185-2 | Norræna samíska stofnunin (NSI) | 1.831 | 3.662 | -1.831 |
| 4-3210-1 | Verkefni – Orkumál | 0 | 4.951 | -4.951 |
| 4-5110-1 | Verkefni – Atvinnumál | 0 | 1.116 | -1.116 |
| 4-6110-1 | Verkefni – Byggðamál | 0 | 20.959 | -20.959 |
| 4-4510-1 | Verkefni – samstarf í vímuefnamálum | 0 | 2.343 | -2.343 |
| 4-4620-1 | Velferðarrannsóknir | 0 | 6.312 | -6.312 |
| 5-0185-1 | Afnám landamærahindrana | 0 | 1.732 | -1.732 |
| 5-0190-1 | Endurskipulagning stofnana | 0 | 300 | -300 |
| 5-0195-1 | Evrópa og Norðlæga víddin | 0 | 198 | -198 |
| 5-0410-4 | Samband Norrænu félaganna | 1.370 | 3.259 | -1.889 |
| 5-0430-1 | Norrænt tölfræðisamstarf | 0 | 1.787 | -1.787 |
| 5-0450-2 | Framlag til frjálsra félagasamtaka | 0 | 1.223 | -1.223 |
| 5-0460-1 | Sjálfbær Norðurlönd | 3.000 | 3.975 | -975 |
| 5-1000-1 | Aðlögunarsjóður | 3.000 | 7.530 | -4.530 |
| 5-1010-1 | Upplýsingamiðlun | 0 | 3.829 | -3.829 |
| 5-1020-1 | Upplýsingamiðlun utan Norðurlanda | 0 | 979 | -979 |
| 5-1025-1 | Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar) | 0 | 4.897 | -4.897 |
| 5-1030-1 | Halló Norðurlönd | 0 | 4.474 | -4.474 |
| 5-1040-1 | Þýðingar og túlkun | 0 | 1.088 | -1.088 |
| 5-8030-1 | Útgáfustarfsemi | 400 | 732 | -332 |
| 6-0790-1 | Samstarf á landamærasvæðum | 0 | 1.019 | -1.019 |
| 6-0940-1 | Þátttaka í samstarfsverkefnum ESB, samstarf á Barents-svæðinu og við frjáls félagasamtök í Norðvestur-Rússlandi | 0 | 9.975 | -9.975 |
| | *Aðrar minni háttar lækkanir* | | | *-3.774* |
| ***Lækkanir samtals*** | | | | *-151.345* |

**Yfirlit yfir alla fjárlagaliði (Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.)**

| Menningarmál, Jafnréttismál, Löggjafarmál | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Mismunur +/- | Mismunur % |
|---|---|---|---|---|---|
| | | 173.369 | 169.706 | 3.663 | 2,2% |
| ***Menningarmál*** | | ***163.525*** | ***160.031*** | ***3.494*** | ***2,2%*** |
| | *Almennt framlag til menningarmála* | *34.459* | *38.348* | *-3.889* | *-10%* |
| 1-2203-1 | Framlag til sérstakra menningarmála | 1.022 | 6.112 | -5.090 | -83% |
| 1-2204-1 | Norrænn menningarvettvangur | 1.533 | 1.019 | 514 | 50,4% |
| 1-2205-2 | Norræni menningarsjóðurinn | 31.904 | 31.217 | 687 | 2,2% |
| | *Börn og unglingar* | *7.315* | *8.466* | *-1.151* | *-13,6%* |
| | *Verkefni og almennir styrkir* | *7.315* | *8.466* | *-1.151* | *-13,6%* |
| 1-2210-1 | Norrænt íþróttasamstarf | 1.281 | 1.253 | 28 | 2,2% |
| 1-2212-1 | Norræna æskulýðsnefndin | 6.034 | 5.904 | 130 | 2,2% |
| 1-2214-1 | Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu | 0 | 1.309 | -1.309 | -100% |
| | *Kvikmyndir og fjölmiðlar* | *40.670* | *35.530* | *5.140* | *14,5%* |
| | *Verkefni og almennir styrkir* | *37.723* | *30.149* | *7.574* | *25,1%* |
| 1-2220-1 | Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf | 0 | 2.145 | -2.145 | -100,0% |
| 1-2221-2 | Tölvuleikir/ UT | 10.220 | 6.114 | 4.106 | 67,2% |
| 1-2222-2 | Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn | 24.262 | 21.890 | 2.372 | 10,8% |
| 1-2223-1 | Endurmenntun norrænna blaðamanna | 3.241 | 0 | 3.241 | - |
| | *Stofnanir* | *2.947* | *5.381* | *-2.434* | *-45,2%* |
| 1-2228-3 | Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM) | 2.947 | 2.210 | 737 | 33,3% |
| 1-2229-3 | Norræni blaðamannaháskólinn (NJC) | 0 | 3.171 | -3.171 | -100% |
| | *Listasvið* | *39.155* | *38.755* | *400* | *1.0%* |
| | *Verkefni og almennir styrkir* | *34.084* | *25.592* | *8.492* | *33,2%* |
| 1-2230-1 | Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK) | 0 | 7.731 | -7.731 | -100,0% |
| 1-2238-2 | Sleipnir | 0 | 0 | 0 | - |
| 1-2239-1 | Norræna safnanefndin (Museikommittén) | 0 | 1.211 | -1.211 | -100,0% |
| 1-2246-4 | Norræna listamannaheimilið í Róm | 0 | 0 | 0 | - |
| 1-2251-2 | Lista- og menningarverkefnið | 20.440 | 0 | 20.440 | - |
| 1-2254-2 | Ferða- og dvalarstyrkir | 13.644 | 10.190 | 3.454 | 33,9% |
| 1-2256-1 | Norræna tónlistarnefndin (NOMUS) | 0 | 6.460 | -6.460 | - |
| | *Stofnanir* | *5.071* | *13.163* | *-8.092* | *-61,5%* |
| 1-2255-3 | Norræna sviðslistanefndin (NordScen) | 0 | 6.562 | -6.562 | - |
| 1-2257-3 | Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen) | 0 | 0 | 0 | - |
| 1-2258-3 | Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA) | 0 | 6.601 | -6.601 | - |
| 1-2259-3 | „Kulturkontakt Nord" | 5.071 | 0 | 5.071 | - |
| | *Norræn menningarhús (stofnanir)* | *37.682* | *32.614* | *5.068* | *15,5%* |
| 1-2270-3 | Norræna húsið í Reykjavík | 8.954 | 7.768 | 1.186 | 15,3% |
| 1-2272-3 | Norðurlandahúsið í Færeyjum | 12.767 | 11.188 | 1.579 | 14,1% |
| 1-2274-3 | Norræna stofnunin á Álandseyjum | 2.752 | 2.114 | 638 | 30,2% |
| 1-2277-3 | Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA) | 5.958 | 5.053 | 905 | 17,9% |
| 1-2279-1 | Viðhald menningarhúsa | 1.090 | 1.067 | 23 | 2,2% |
| 1-2548-3 | Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN) | 6.161 | 5.424 | 737 | 13,6% |
| | *Annað menningarsamstarf* | *4.244* | *6.318* | *-2.074* | *32,8%* |
| | *Verkefni og almennir styrkir* | *4.244* | *6.318* | *-2.074* | *32,8%* |
| 1-2234-4 | Samískt samstarf | 4.244 | 4.153 | 91 | 2,2% |
| 1-2296-1 | Norræn menningarverkefni erlendis | 0 | 2.165 | -2.165 | -100,0% |
| **Jafnréttismál** | | **8.515** | **8.352** | **163** | **2,0%** |

| | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Mismunur +/- | % |
|---|---|---|---|---|---|
| | *Verkefni* | *3.373* | *3.028* | *345* | *11,4%* |
| 1-4410-1 | Verkefni – Jafnréttismál | 3.373 | 3.028 | 345 | 11,4% |
| | *Stofnanir* | *5.142* | *5.324* | *-182* | *-3,4%* |
| 1-4480-3 | Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK) | 5.142 | 5.324 | -182 | -3,4% |
| | **Löggjafarmál** | **1.329** | **1.323** | **6** | **0,5%** |
| 1-7110-1 | Verkefni – Löggjafarmál | 1.329 | 1.323 | 6 | 0,5% |

| **Menntun og rannsóknir, Vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál** | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Mismunur +/- | % |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **237.021** | **230.280** | **6.741** | **2,9%** |
| **Menntun og rannsóknir** | | **223.961** | **217.342** | **6.619** | **3,0%** |
| | *Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi* | *5.424* | *4.430* | *994* | *22,4%* |
| 2-2505-1 | Ráðstöfunarfé – Menntun og rannsóknir | 5.424 | 4.430 | 994 | 22,4% |
| | *Stefnumörkun o.fl.* | *12.465* | *12.400* | *65* | *0,5%* |
| 2-2510-1 | Norrænt skólasamstarf (NSS) | 1.580 | 1.567 | 13 | 0,8% |
| 2-2520-1 | Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) | 1.124 | 1.115 | 9 | 0,8% |
| 2-2530-1 | Stjórnarnefnd um æðri menntun (HÖGUT) | 1.331 | 1.320 | 11 | 0,8% |
| 2-2544-1 | Norræna málráðið | 1.275 | 1.265 | 10 | 0,8% |
| 2-2550-1 | Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) um upplýsingatækni | 0 | 0 | 0 | - |
| 2-2553-1 | Stefnumótun, þekkingarsamfélög og uppbygging upplýsingatækni | 575 | 574 | 1 | 0,2% |
| 2-3110-1 | Norræna vísindastefnuráðið (FPR) | 0 | 0 | 0 | - |
| 2-3127-2 | Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu | 6.580 | 6.559 | 21 | 0,3% |
| | *Ferðastyrkir og tengslanet* | *72.705* | *72.471* | *234* | *0,3%* |
| 2-2512-2 | Nordplus junior | 20.139 | 20.074 | 65 | 0,3% |
| 2-2522-2 | Nordplus voksen | 8.993 | 8.964 | 29 | 0,3% |
| 2-2532-2 | Nordplus (Æðri menntun) | 32.494 | 32.390 | 104 | 0,3% |
| 2-2534-4 | Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU) | 1.141 | 1.137 | 4 | 0,4% |
| 2-2543-1 | Nordplus sprog | 8.903 | 8.874 | 29 | 0,3% |
| 2-2545-2 | Kennsla um Norðurlönd erlendis | 1.035 | 1.032 | 3 | 0,3% |
| | *Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)* | *107.784* | *91.070* | *16.714* | *18,4%* |
| 2-3100-3 | Norræna rannsóknarráðið (NordForsk) | 104.218 | 69.582 | 34.636 | 49,8% |
| 2-3115-3 | Norræn stofnun um vísindamenntun (NorFA) | 0 | 0 | 0 | - |
| 2-0462-1 | Norræn vísindaáætlun um haffræði | 0 | 0 | 0 | - |
| 2-3111-1 | Norrænt öndvegissetur, hnattrænar breytingar | 0 | 5.377 | -5.377 | - |
| 2-3128-1 | Norrænt rannsóknarsamstarf | 0 | 0 | 0 | - |
| 2-3129-1 | Norrænar vísindaupplýsingar (Nordbib) | 2.606 | 2.598 | 8 | 0,3% |
| 2-3133-1 | Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði | 0 | 3.231 | -3.231 | - |
| 2-3136-2 | Rannsóknaráætlunin NORDUnet3 | 0 | 3.634 | -3.634 | |
| 2-3138-1 | Norræn áætlun um rannsóknarskóla | 0 | 2.582 | -2.582 | - |
| 2-3139-1 | Öndvegissetur, læknisfræði | 0 | 3.109 | -3.109 | - |
| 2-3140-1 | Norræna lífsiðfræðinefndin | 960 | 957 | 3 | 0,3% |
| | *Annað rannsóknarsamstarf* | *25.583* | *36.971* | *-11.388* | *-30,8%* |
| 2-3180-2 | Norræna eðlisfræðistofnunin (NORDITA) | 10.855 | 15.932 | -5.077 | -31,9% |
| 2-3181-2 | Norræna sjóréttarstofnunin (NIfS) | 3.057 | 2.991 | 66 | 2,2% |

| Menntun og rannsóknir, Vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Mismunur +/- | Mismunur % |
|---|---|---|---|---|---|
| 2-3182-2 | Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS) | 4.847 | 7.116 | -2.269 | -31,9% |
| 2-3184-2 | Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK) | 4.953 | 7.270 | -2.317 | -31,9% |
| 2-3185-2 | Norræna samíska stofnunin (NSI) | 1.871 | 3.662 | -1.791 | -48,9% |
| **MR-A** | **Vinnumarkaður og vinnuumhverfi** | **13.060** | **12.938** | **122** | **0,9%** |
| | *Verkefni* | *10.169* | *10.079* | *90* | *0,9%* |
| 2-4110-1 | Verkefni – Vinnumarkaður og vinnuumhverfi | 6.285 | 6.369 | -84 | -1,3% |
| 2-4120-2 | Nordjobb | 2.453 | 2.287 | 166 | 7,3% |
| 2-4130-1 | Upplýsingaverkefnið | 1.431 | 1.423 | 8 | 0,6% |
| | *Stofnanir* | *2.891* | *2.859* | *32* | *1,1%* |
| 2-4180-3 | Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA) | 2.891 | 2.859 | 32 | 1,1% |

| Atvinnu-, orku- og byggðamál, Heilbrigðis- og félagsmál, Efnahags- og fjármál | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Mismunur +/- | Mismunur % |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **159.948** | **155.593** | **4.355** | **2,8%** |
| **Atvinnu-, orku- og byggðamál** | | **118.425** | **108.195** | **10.230** | **9,5%** |
| | *Verkefni* | *31.837* | *27.026* | *4.811* | *17,8%* |
| 4-5150-1 | Verkefni – Atvinnu-, orku- og byggðamál | 31.837 | 0 | 31.837 | - |
| 4-5110-1 | Verkefni – Atvinnumál | 0 | 1.116 | -1.116 | - |
| 4-3210-1 | Verkefni – Orkumál | 0 | 4.951 | -4.951 | - |
| 4-6110-1 | Verkefni – Byggðamál | 0 | 20.959 | -20.959 | - |
| 4-5190-1 | Expo 2005 | 0 | 0 | 0 | - |
| | *Stofnanir* | *86.588* | *81.169* | *5.419* | *6,7%* |
| 4-5180-3 | Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) | 71.346 | 70.082 | 1.264 | 1,8% |
| 4-6180-3 | Norræn stofnun um rannsóknir og þróun í byggðamálum (Nordregio) | 10.034 | 10.012 | 22 | 0,2% |
| 4-3220-3 | Norrænar orkurannsóknir (NEF) | 5.208 | 1.075 | 4.133 | 384,5% |
| **Heilbrigðis- og félagsmál** | | **39.786** | **45.730** | **-5.944** | **-13,0%** |
| | *Verkefni* | *11.182* | *17.387* | *-6.205* | *-35,7%* |
| 4-4310-1 | Verkefni – Heilbrigðis- og félagsmál | 8.443 | 6.025 | 2.418 | 40,1% |
| 4-4320-1 | Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR) | 1.022 | 1.010 | 12 | 1,2% |
| 4-4340-1 | Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (Nomesko) og Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (Nososko) | 1.717 | 1.697 | 20 | 1,2% |
| 4-4620-1 | Velferðarrannsóknir | 0 | 6.312 | -6.312 | - |
| 4-4510-1 | Verkefni – Samstarf í vímuefnamálum | 0 | 2.343 | -2.343 | - |
| | *Stofnanir* | *28.604* | *28.343* | *261* | *0,9%* |
| 4-4381-3 | Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV) | 33.791 | 33.716 | 75 | 0,2% |
| 4-4382-3 | Norræna tannlækningastofnunin (NIOM) | 9.681 | 9.508 | 173 | 1,8% |
| 4-4383-3 | Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD) | 2.914 | 2.902 | 12 | 0,4% |
| 4-4384-3 | Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH) | 7.180 | 7.164 | 16 | 0,2% |
| 4-4385-3 | Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD) | 7.223 | 7.167 | 56 | 0,8% |
| 4-4386-3 | Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS) | 1.606 | 1.602 | 4 | 0,2% |
| **Efnahags- og fjármál** | | **1.737** | **1.668** | **69** | **4,1%** |
| 4-5210-1 | Verkefni – Efnahags- og fjármál | 1.737 | 1.668 | 69 | 4,1% |


| Umhverfismál, sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt og matvæli | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Mismunur +/- | Mismunur % |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **85.652** | **81.723** | **3.929** | **4,8%** |
| **Umhverfismál** | | **45.480** | **43.908** | **1.572** | **3,6%** |
| 3-3310-1 | Verkefni – Umhverfismál | 33.763 | 32.444 | 1.319 | 4,1% |
| 3-3320-2 | Umhverfisþróunarsjóður (NEFCO) | 9.412 | 9.209 | 203 | 2,2% |
| 3-6720-4 | SVANURINN – Norrænt umhverfismerki | 2.305 | 2.255 | 50 | 2,2% |
| **Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt og matvæli** | | **40.172** | **37.815** | **2.357** | **6,2%** |
| | *Verkefni* | *0* | *0* | *0* | - |
| 3-6410-1 | Verkefni – Sameiginlegur sjóður | 0 | 0 | 0 | - |
| 3-6530-1 | Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi | 0 | 0 | 0 | - |
| | *Sjávarútvegur* | *7.479* | *7.399* | *80* | *1,1%* |
| 3-6610-1 | Verkefni – Sjávarútvegur | 7.479 | 7.399 | 80 | 1,1% |
| | *Landbúnaður og skógrækt* | *25.691* | *23.489* | *2.202* | *9,4%* |
| | *Verkefni landbúnaður* | *7.798* | *7.250* | *548* | *7,6%* |
| 3-6510-1 | Verkefni – Landbúnaður | 3.643 | 3.131 | 512 | 16,4% |
| 3-6520-1 | Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ) | 833 | 815 | 18 | 2,2% |
| 3-6540-1 | Norræni genbankinn fyrir húsdýr | 3.322 | 3.304 | 18 | 0,5% |
| | *Stofnanir – landbúnaður* | *9.985* | *9.981* | *4* | *0,0%* |
| 3-6580-3 | Norræni genbankinn (NGB) | 9.985 | 9.981 | 4 | 0,0% |
| | *Verkefni – skógrækt* | *7.908* | *6.258* | *1.650* | *26,4%* |
| 3-6310-1 | Verkefni – Skógrækt | 1.583 | 0 | 1.583 | - |
| 3-6581-1 | Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS) | 6.325 | 6.258 | 67 | 1,1% |
| | *Matvæli* | *7.002* | *6.927* | *75* | *1,1%* |
| 3-6810-1 | Verkefni – Matvæli | 5.765 | 5.704 | 61 | 1,1% |
| 3-6820-1 | Rannsóknir – Matvæli | 1.237 | 1.223 | 14 | 1,1% |

| Nágrannapólitík | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Mismunur +/- | Mismunur % |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **94.211** | **87.286** | **6.925** | **7,9%** |
| 6-0820-2 | Þekkingaruppbygging og tengslanet | 33.287 | 30.570 | 2.717 | 8,9% |
| 6-0940-1 | Þátttaka í samstarfsverkefnum ESB, samstarf á Barentssvæðinu og við frjáls félagasamtök í Norðvestur-Rússlandi | 0 | 9.975 | -9.975 | - |
| 6-0980-1 | Samstarfsverkefni með öðrum alþjóðlegum stofnunum | 7.076 | 0 | 7.076 | - |
| 6-0960-1 | Frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu | 5.331 | 1.019 | 4.312 | 423,2% |
| 6-0930-1 | Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland | 0 | 0 | 0 | - |
| 6-5280-3 | Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) | 20.158 | 19.872 | 286 | 1,4% |
| 6-0970-3 | Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi | 8.272 | 6.126 | 2.146 | 35,0% |
| 6-0810-3 | Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen | 9.666 | 9.495 | 171 | 1,8% |
| 6-0920-1 | Verkefni í Eistlandi, Lettlandi og Litháen | 0 | 0 | 0 | - |
| 6-0910-1 | Pólitísk forgangsmál | 2.083 | 2.038 | 45 | 2,2% |
| 6-0790-1 | Samstarf á landamærasvæðum | 0 | 1.019 | -1.019 | - |
| 6-0870-1 | Samstarf á norðurskautssvæðum | 8.338 | 7.172 | 1.166 | 16,3% |

| Samstarfsráðherrar | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Mismunur +/- | Mismunur % |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **105.305** | **107.525** | **-2.220** | **-2,1%** |
| | *Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)* | *67.822* | *64.469* | *3.353* | *5,2%* |
| 5-0180-3 | Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS) | 67.822 | 64.469 | 3.353 | 5,2% |
| | *Önnur samnorræn starfsemi* | *37.483* | *43.056* | *-5.573* | *-12,9%* |
| 5-0185-1 | Afnám landamærahindrana | 0 | 1.732 | -1.732 | - |
| 5-0190-1 | Endurskipulagning rannsóknarstofnana | 0 | 300 | -300 | - |
| 5-0195-1 | Evrópa og Norðlæga víddin | 0 | 198 | -198 | - |
| 5-0410-4 | Samband Norrænu félaganna | 1.400 | 3.259 | -1.859 | -57,0% |
| 5-0425-4 | Framlag til Vestur-Norðurlanda | 2.756 | 2.724 | 32 | 1,2% |
| 5-0430-1 | Norrænt tölfræðisamstarf | 0 | 1.787 | -1.787 | - |
| 5-0435-1 | Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra | 389 | 385 | 4 | 1,0% |
| 5-0445-1 | Formennskusjóður | 10.220 | 9.502 | 718 | 7,6% |
| 5-0450-2 | Framlag til frjálsra félagasamtaka | 0 | 1.223 | -1.223 | - |
| 5-0460-1 | Sjálfbær Norðurlönd | 3.066 | 3.975 | -909 | -22,9% |
| 5-1010-1 | Upplýsingamiðlun | 0 | 3.829 | -3.829 | - |
| 5-1011-1 | Upplýsingastarfsemi | 10.087 | 0 | 10.087 | - |
| 5-1020-1 | Upplýsingamiðlun utan Norðurlanda | 0 | 979 | -979 | - |
| 5-1021-1 | Alþjóðleg starfsemi | 882 | 0 | 882 | - |
| 5-1025-1 | Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar) | 0 | 4.897 | -4.897 | - |
| 5-1030-1 | Halló Norðurlönd | 0 | 4.474 | -4.474 | - |
| 5-1035-1 | Stjórnsýsluhindranir / Halló Norðurlönd | 6.279 | 0 | 6.279 | - |
| 5-1040-1 | Þýðingar og túlkun | 0 | 1.088 | -1.088 | - |
| 5-1050-2 | Starfsmannaskipti | 1.995 | 1.972 | 23 | 1,2% |
| 5-8030-1 | Útgáfustarfsemi | 409 | 732 | -323 | -44,1% |
| **Aðlögunarsjóður** | | | | | |
| **5-1000-1** | **Aðlögunarsjóður** | **3.066** | **7.530** | **-4.464** | **-59,3%** |

## Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2001–2005

Óráðstafað fjármagn er skilgreint sem fjármagn sem ekki hefur verið ákveðið að verja á tiltekinn hátt. Óráðstafað fjármagn kemur einungis fram á fjárlagaliðum sem varða verkefni og styrki, en þeir eru samtals um það bil 53% af fjárlögum ráðherranefndarinnar fyrir árið 2007.




## Óráðstafað fjármagn við árslok 2001–2005

| Fagsvið (þús. d.kr.) | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | Breyting 2003–2004 | 2005 | Breyting 2004–2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Menningarsamstarf | 1.649 | 2.200 | 2.615 | 5.025 | 2.410 | 5.561 | 536 |
| Norræni menningarsjóðurinn | 2.148 | – | – | – | – | – | – |
| Menntun og rannsóknir | 1.437 | 2.411 | 1.218 | 2.092 | 874 | 6.450 | 4.358 |
| Ráðherranefnd um upplýsingatækni | 89 | 32 | 69 | 350 | 281 | 4 | -346 |
| Nágrannapólitík | 2.396 | 2.218 | 2.653 | 1.403 | -1.250 | – | -1.403 |
| Orkumál | 107 | -1.760 | 1.239 | 394 | -845 | – | -394 |
| Umhverfismál | 1.051 | 347 | 663 | 2.729 | 2.066 | 277 | -2.452 |
| Efnahagsmál | 170 | 146 | 297 | 227 | -70 | 443 | 216 |
| Byggðamál | 2.283 | 790 | 3 | 48 | 45 | 71 | 23 |
| Samgöngumál | 42 | 15 | 1 | 174 | 173 | 149 | -25 |
| Landbúnaður og skógrækt | 346 | 123 | 166 | 30 | -136 | 10 | -20 |
| Sjávarútvegsmál | 116 | 184 | 3 | 33 | 30 | 184 | 151 |
| Vinnumarkaður og vinnuumhverfi | 760 | 242 | 311 | 176 | -135 | 593 | 417 |
| Félags- og heilbrigðismál | 310 | 463 | 448 | 728 | 280 | 1.712 | 984 |
| Jafnréttismál | 806 | 72 | 17 | 177 | 160 | 421 | 244 |
| Samstarf í vímuefnamálum | 157 | 610 | 85 | 143 | 58 | 85 | -58 |
| Atvinnumál | 475 | 68 | 38 | 116 | 78 | 996 | 880 |
| Bygginga- og húsnæðismál | 24 | 0 | 59 | 35 | -24 | 147 | 112 |
| Neytendamál | 851 | 1.569 | 229 | 70 | -159 | 356 | 286 |
| Matvæli | 317 | 20 | 12 | 20 | 8 | 266 | 246 |
| Löggjafarmál | 164 | 308 | 360 | 336 | -24 | 2.266 | 1.930 |
| Önnur samnorræn starfsemi | 2.931 | 1.133 | 2.756 | 2.627 | -129 | 10.194 | 7.567 |
| SAMTALS | 18.629 | 11.191 | 13.242 | 16.932 | 3.690 | 30.185 | 13.253 |

Frá árinu 2004 til 2005 hækkaði óráðstafað fjármagn um u.þ.b. 13 millj. d.kr. og er nú eins mikið og það var á árinu 2000. Það þýðir að óráðstafað fjármagn í árslok er hærra en markmið Norrænu ráðherranefndarinnar um að ekki meira en 5 % af verkefnafé og fjármagni til styrkja sé óráðstafað í árslok.

Þrjár megin ástæður eru fyrir þessari hækkun. Á árinu 2005 var ráðherranefndum fækkað úr 18 í 11. Þær ráðherranefndir sem leggja átti niður voru því ekki virkar allt árið og nýjum verkefnum ekki hrint af stað í sama mæli og áður. Á árinu 2005 tafðist stofnun nýrra verkefnissamninga um 2 mánuði vegna innleiðslu nýs fjárhagskerfis og ekki hafði þá tekist að hrinda öllum áætluðum verkefnum í framkvæmd við árslok 2005. Auk þess hefur orðið tæknileg breyting við að gera upp óráðstafað fjármagn sem leiðir það af sér að fjármagn sem í fyrri uppgjörum taldist ráðstafað telst nú vera óráðstafað. Gert er ráð fyrir að hækkun af tveim fyrstnefndu ástæðunum hverfi árið 2006.

**Þróun fjárlaganna á tímabilinu 1997–2007**




Á raunvirði hafa fjárlögin verið nokkurn veginn óbreytt undanfarin 10 ár að undanskildu tímabilinu 2001–2005 en þá jókst starfsemin. Á árinu 2006 dró aftur úr starfseminni. Þessar breytingar ber að skoða í ljósi ákvörðunar um að auka starfsemina á þessu tímabili til að draga úr lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar. Með samþykkt fjárlaga fyrir árið 2006 var þessu hætt og þá dró úr starfseminni í raun frá árinu 2005 til 2006.


## Tekjuliðir fjárlaganna og framlög landanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar er fyrst og fremst fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum. Grundvallarreglan er sú að framlag landanna er sama upphæð og fjárlagaramminn að frádregnum gjöldum af tekjum starfsmanna, vaxtatekjum og öðrum tekjum sbr. eftirfarandi yfirlit. Framlag landanna er ákveðið samkvæmt sérstakri skiptireglu, sem byggist á hlutdeild hluteigandi lands í vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, þ.e. fyrir árin 2003 og 2004.

| **Tekjur**<br>**Þús. d.kr.** | **Uppgjör**<br>**2005** | **Skiptiregla**<br>**2005** | **Fjárlög**<br>**2006** | **Skiptiregla**<br>**2006** | **Fjárlög**<br>**2007** | **Skiptiregla**<br>**2007** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Gjöld af tekjum starfsmanna (sem renna til skrifstofu NMR) | 9.344 | | 8.000 | | 8.000 | |
| Vaxtatekjur | 5.535 | | 4.600 | | 4.600 | |
| Aðrar tekjur | 325 | | 200 | | 200 | |
| Framlag landanna | 814.093 | | 826.843 | | 845.772 | |
| – Danmörk | 185.613 | 22,8% | 186.040 | 22,5% | 193.682 | 22,9% |
| – Finnland | 145.723 | 17,9% | 148.832 | 18,0% | 153.085 | 18,1% |
| – Ísland | 8.955 | 1,1% | 9.095 | 1,1% | 9.303 | 1,1% |
| – Noregur | 214.106 | 26,3% | 214.979 | 26,0% | 213.135 | 25,2% |
| – Svíþjóð | 259.696 | 31,9% | 267.897 | 32,4% | 276.567 | 32,7% |
| Samtals : | 825.893 | 100,0% | 839.643 | 100,0% | 858.572 | 100,0% |
| Afgangur | 3.404 | | | | | |

**Þróun lausafjárstöðu**

Á eftirfarandi línuriti má sjá þróun lausafjárstöðu frá upphafi ársins 2001 til 17. nóvember 2006.




Þetta línurit sýnir mynstur sem er einkennandi fyrir lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar. Mynstrið er afleiðing þess að greiðslur frá ráðherranefndinni dreifast tiltölulega jafnt yfir árið og að framlag landanna er innheimt tvisvar á ári, í upphafi árs (primo) og um mitt árið (medio). Það að greiðslur dreifast svo jafnt og að umfang starfseminnar hefur verið stöðugt á föstu verðlagi, sýnir að meðallausafjárstaða hefur verið nokkurn veginn stöðug á því tímabili sem línuritið nær til að árunum 2003 og 2004 undanteknum, en þau ár var staðan lægri.

Að mati landanna var lausafjárstaða ráðherranefndarinnar almennt of há og því var ákveðið að draga úr henni. Á tímabilinu 2001–2005 innheimti ráðherranefndin því upphæð sem er 10 millj. d.kr. lægri en eiginlegt framlag frá löndunum. Með samþykkt fjárlaga fyrir árið 2006 var þessu hætt.

**Samstarf við frjáls félagasamtök og aðra aðila sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir**

Eins og undanfarin ár er í fjárlögum fyrir 2007 sérstakt yfirlit yfir fjárveitingar til frjálsra félagasamtaka. Frá árinu 2003 hefur í yfirlitinu yfir fjárveitingar verið gerður skýr greinarmunur á þremur flokkum og tekið mið af inntaki samstarfsins við samtök sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir og falla frjáls félagasamtök þar undir. Samstarf ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök markast af að samræmdar kröfur um starfsemina eru ekki forsenda þess að viðkomandi samtök falli undir hugtakið frjáls félagasamtök. Því eru styrkir sem einstaklingar/óformlegir hópar jafnt sem frjáls félagasamtök geta sótt um, hluti af yfirlitinu. Það sem skiptir máli er hvort styrkþegi sé opinber aðili eða einkaaðili.

Yfirlitið tekur því mið af eftirgreindum flokkum:
1) Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka.
2) Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagasamtök stjórna fyrir hönd ráðherranefndarinnar.
3) Styrkir sem frjáls félagasamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um.

Á yfirlitinu sem hér fer á eftir má sjá hvaða fjárlagaliðir fela í sér fjárveitingar og hversu háar upphæðirnar eru, samkvæmt ofangreindri flokkun. Það skal tekið fram, að upphæðirnar á hverjum lið fyrir sig eru byggðar á mati og því ekki bindandi fyrir einstaka fjárlagaliði. Matið endurspeglar væntingar og byggir á reynslu fyrri ára og þeim áætlunum sem liggja fyrir um hin ýmsu fagsvið fyrir árið 2007. Hafa ber í huga að yfirlitið er samið áður en skipting ráðstöfunarsjóðs fór fram. Einnig ber að hafa í huga að vegna breytinga á Nordplus styrkjakerfinu er ekki hægt að meta hve mikið fjármagn verður notað á því sviði árið 2007.

| Fjárlagaliður | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Ráðstafað 2005 |
|---|---|---|---|---|
| *Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka* | | | | |
| 1-2210-1 | Norrænt íþróttasamstarf | 1.281 | 1.253 | 1.271 |
| 1-2212-1 | Norræna æskulýðsnefndin | 1.389 | 1.600 | 1.697 |
| 1-2255-3 | Sviðslistir á Norðurlöndum (NordScen) | 0 | 760 | 814 |
| 1-2256-1 | Norræna tónlistarnefndin – NOMUS | 0 | 760 | 150 |
| 1-2270-3 | Norræna húsið í Reykjavík | 150 | 150 | 150 |
| 1-2272-3 | Norðurlandahúsið í Færeyjum | 100 | 200 | 22 |
| 1-2274-3 | Norræna stofnunin á Álandseyjum | 250 | 223 | 200 |
| 1-2277-3 | Norræna stofnunin á Grænlandi | 120 | 120 | 57 |
| 1-2234-1 | Samískt samstarf | 4.244 | 4.153 | 4.153 |
| 2-2534-4 | Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU) | 1.141 | 1.137 | 1.151 |
| 1-4410-1 | Verkefni – Jafnréttismál | 300 | 400 | 300 |
| 3-3310-1 | Verkefni – Umhverfismál | 1.100 | 1.000 | 970 |
| 4-4310-1 | Verkefni – Heilbrigðis- og félagsmál | 1.000 | 750 | 1.290 |
| 6-0920-1 | Verkefni í Eistlandi, Lettlandi og Litháen | 0 | 0 | 1.410 |
| 6-0930-1 | Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland | 0 | 0 | 3.000 |
| 5-0410-4 | Samband Norrænu félaganna | 1.400 | 3.259 | 3.303 |
| 5-0435-1 | Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjórans | 0 | 175 | 185 |
| 6-0960-1 | Frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu | 500 | 0 | 0 |
| ***Samtals*** | | **11.075** | **15.940** | **20.123** |

| Fjárlagaliður | | Fjárlög 2007 | Fjárlög 2006 | Ráðstafað 2005 |
|---|---|---|---|---|
| *Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagsamtök stjórna fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar* | | | | |
| 1-2212-1 | Norræna æskulýðsnefndin | 400 | 500 | 390 |
| 1-2214-1 | Stjórnarnefnd um norræna barna- og unglingamenningu | 0 | 0 | 0 |
| 4-4120-2 | Nordjobb | 2.453 | 2.287 | 2.244 |
| 4-6710-1 | Verkefni - Neytendamál | – | 0 | 350 |
| 5-1025-1 | Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar) | 0 | 4.897 | 4.964 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 5-1000-1 | Aðlögunarsjóður | 170 | – | – |
| 5-1011-1 | Upplýsingastarfsemi | 4.848 | – | – |
| 5-1030-1 | Halló Norðurlönd | 3.000 | 3.000 | 3.000 |
| ***Samtals*** | | **10.871** | **10.684** | **10.948** |
| ***Styrkir sem frjáls félagsamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um*** | | | | |
| 1-2205-2 | Norræni menningarsjóðurinn | 10.000 | 10.800 | 8.925 |
| 1-2212-1 | Norræna æskulýðsnefndin | 2.661 | 2.400 | 2.454 |
| 1-2231-2 | Sleipnir | 0 | 0 | 2.760 |
| 1-2246-2 | Norræna listamannaheimilið í Róm | 0 | 0 | 839 |
| 1-2257-3 | Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen) | 0 | 0 | 800 |
| 1-2258-3 | Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA) | 0 | 0 | 1.475 |
| 1-2254-2 | Ferða- og dvalarstyrkir | 13.644 | 10.190 | – |
| 2-2522-2 | Nordplus Voksen | – | 8.964 | – |
| 2-2543-2 | Nordplus Sprog | – | 8.874 | – |
| 4-4384-3 | Norræn samstarfsnefnd um málefni fatlaðra (NSH) | 0 | 1.900 | 0 |
| 5-0450-2 | Framlag til frjálsra félagasamtaka | 0 | 1.223 | 1.240 |
| 5-0445-1 | Formennskusjóður | 0 | 0 | 185 |
| 5-1011-1 | Upplýsingastarfsemi | 1.210 | – | – |
| 6-0820-2 | Þekkingaruppbygging og tengslanet | 10.800 | 15.000 | 12.000 |
| 6-0960-1 | Frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu | 5.231 | 1.000 | – |
| 6-0870-1 | Samstarf á norðurskautssvæðum | 200 | 0 | 350 |
| ***Samtals*** | | **43.746** | **60.351** | **31.028** |
| ***Samtals*** | | **65.692** | **86.975** | **65.099** |

## Starfsemi í þágu barna og ungmenna

Eftirfarandi yfirlit sýnir hvaða fjárlagaliðir fela í sér samstarf í þágu barna og unglinga. Það skal tekið fram að upphæðir á hverjum fjárlagalið fyrir sig eru byggðar á mati og því ekki bindandi fyrir fjárlagaliðina. Matið fyrir árin 2006 og 2007 endurspeglar væntingar og byggir á reynslu fyrri ára og áætlunum fagsviðanna fyrir árið 2007. Hafa ber í huga að yfirlitið er samið áður en skipting ráðstöfunarsjóðs fór fram. Einnig ber að hafa í huga að vegna breytinga á Nordplus styrkjakerfinu er ekki hægt að meta hve mikið fjármagn verður notað á því sviði árið 2007.

| **Fjárlagaliður** | | **Fjárlög 2007** | **Fjárlög 2006** | **Ráðstafað 2005** |
|---|---|---|---|---|
| 1-2205-2 | Norræni menningarsjóðurinn | 3.000 | 2.400 | 2.696 |
| 1-2210-1 | Norrænt íþróttasamstarf | 1.281 | 1.253 | 1.271 |
| 1-2212-1 | Norræna æskulýðsnefndin | 6.034 | 5.904 | 6.294 |
| 1-2214-1 | Stjórnarnefnd um norræna barna- og unglingamenningu (BUK) | 0 | 1.309 | 6.129 |
| 1-2230-1 | Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK) | 0 | 1.200 | 0 |
| 1-2239-1 | Norræna safnanefndin (Museikommittén) | 0 | 180 | 0 |
| 1-2255-3 | Sviðslistir á Norðurlöndum (NordScen) | 0 | 200 | 0 |
| 1-2256-3 | Norræna tónlistarnefndin (NOMUS) | 0 | 1.500 | 1.500 |
| 1-2270-3 | Norræna húsið í Reykjavík | 240 | 240 | 160 |
| 1-2272-3 | Norðurlandahúsið í Færeyjum | 1000 | 1.000 | 749 |
| 1-2274-3 | Norræna stofnunin á Álandseyjum | 250 | 300 | 195 |
| 1-2277-3 | Norræna stofnunin á Grænlandi | 900 | 900 | 998 |
| 1-2296-1 | Menningarverkefni erlendis | 0 | 500 | – |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1-2548-3 | Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN) | 375 | 2.100 | 375 |
| | **Menningarmál samtals** | **13.080** | **18.986** | **20.640** |
| 1-4410-1 | Verkefni – Jafnréttismál | 300 | 800 | 600 |
| | **Jafnréttismál samtals** | **300** | **800** | **600** |
| 2-2510-1 | Norrænt skólasamstarf | 1.580 | 1.567 | 2.564 |
| 2-2512-2 | Nordplus junior | 20.139 | 20.074 | 20.309 |
| | **Menntamál og rannsóknir samtals** | **21.719** | **21.641** | **22.873** |
| 3-3310-1 | Verkefni – Umhverfismál | 500 | 600 | 670 |
| | **Umhverfismál samtals** | **500** | **600** | **670** |
| 3-6310-1 | Verkefni – Skógrækt | 0 | 0 | 40 |
| 3-6510-1 | Verkefni – Landbúnaður | 0 | 0 | 60 |
| 3-6610-1 | Verkefni – Sjávarútvegur | 0 | 400 | 270 |
| 3-6810-1 | Verkefni – Matvæli | 500 | 400 | 400 |
| | **Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli samtals** | **500** | **800** | **770** |
| 4-4310-1 | Verkefni – Heilbrigðis- og félagsmál | 1.300 | 1.300 | 1.065 |
| 4-4384-3 | Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH) | 2.500 | 1.500 | 1.500 |
| 4-4385-3 | Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD) | 2.000 | 2.000 | 2.000 |
| 4-4386-3 | Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS) | 500 | 500 | 24 |
| 4-4483-3 | Norræna nefndin um áfengis- og vímuefna-rannsóknir (NAD) | 200 | 200 | 150 |
| | **Heilbrigðis- og Félagsmál samtals** | **6.500** | **6.300** | **4.739** |
| 4-6710-1 | Neytendamál | – | 0 | 1.550 |
| | **Neytendamál samtals** | **–** | **0** | **1.550** |
| 6-0810-3 | Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen | 150 | 0 | 150 |
| 6-0820-2 | Þekkingaruppbygging og tengslanet | 1.000 | 0 | 1.000 |
| 6-0870-1 | Samstarf á Norðurskautssvæðum | 100 | 0 | 100 |
| 6-0920-1 | Verkefni í Eistlandi, Lettlandi og Litháen | – | 0 | 1.161 |
| 6-0930-1 | Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland | – | 0 | 1.395 |
| | **Nágrannapólitík samtals** | **1.250** | **0** | **3.815** |
| 5-0445-1 | Formennskusjóður | 750 | 0 | 500 |
| 5-1021-1 | Upplýsingastarfsemi | 600 | 600 | 0 |
| 5-1000-1 | Aðlögunarsjóður | 0 | 600 | 750 |
| 5-0460-1 | Sjálfbær Norðurlönd | 50 | 0 | 500 |
| | **Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi samtals** | **1.400** | **1.200** | **1.750** |
| **BÖRN OG UNGLINGAR SAMTALS** | | **45.249** | **49.527** | **57.125** |

## Heildaryfirlit yfir starfsemi ráðherranefndarinnar á nágrannasvæðunum

Starfsemi ráðherranefndarinnar á nágrannasvæðunum er annars vegar fjármögnuð af fjárveitingum fagsviðanna og hins vegar af fjárlagaliðnum Nágrannapólitík. Hvað varðar niðurstöður fyrir árin 2004 og 2005, byggja þær á skráningu verkefnis þegar fjárveitingin var veitt og á ársskýrslum frá stofnunum, samstarfsnefndum og styrkjakerfum.

| Verðlag hvers tíma í þús. d.kr. | Uppgjör 2004 | | Uppgjör 2005 | |
|---|---|---|---|---|
| | Hlutdeild | Upphæð | Hlutdeild | Upphæð |
| Menningarmál | 5 | 7.200 | 5 | 8.000 |
| Jafnréttismál | 6 | 520 | 1 | 86 |
| Löggjafarmál | 8 | 107 | 7 | 90 |
| Menntun og rannsóknir | 2 | 3.991 | 5 | 9.600 |
| Vinnumarkaður og -umhverfi | 9 | 1.100 | 3 | 350 |
| Atvinnu-, orku- og byggðamál | 3 | 3.150 | 10 | 10.850 |
| Efnahagsmál | 0 | 0 | 8 | 130 |
| Heilbrigðis- og félagsmál | 4 | 1.475 | 2 | 850 |
| Umhverfismál | 28 | 10.600 | 34 | 14.270 |
| Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli | 13 | 1.206 | 16 | 6.139 |
| Samstarfsráðherrar | 7 | 7.790 | 0,5 | 400 |
| Nágrannapólitík | 100 | 85.951 | 100 | 84.956 |
| Samgöngumál | 14 | 150 | 9 | 100 |
| Upplýsingatækni | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Bygginga- og húsnæðismál | 11 | 100 | 10 | 90 |
| Neytendamál | 2 | 200 | 6 | 510 |
| Aðlögunarsjóður | – | – | 0 | 0 |
| **SAMTALS** | **15** | **123.540** | **16** | **136.425** |

## Jafnréttismál

Allt frá árinu 2001 hefur Norræna ráðherranefndin haft yfirlýsta stefnu í jafnréttismálum. Aðgerðir ráðherranefndarinnar í jafnréttismálum byggja á norrænu samstarfsáætluninni um jafnréttismál 2006–2010 „Með áherslu á kyn er stefnt að jafnréttissamfélagi“. Meginmarkmið starfsins er þróun lýðræðislegra og jafnra tækifæra fyrir bæði kynin ásamt samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í þjóðfélaginu (Gender Mainstreaming).

Til að gera úttekt á því hvernig þeim starfsreglum ráðherranefndarinnar sem byggja á jafnréttisáætluninni hefur verið framfylgt á hinum ýmsu fagsviðum lét skrifstofa ráðherranefndarinnar gera spurningakönnun á hverju fagsviði fyrir sig.

Í framhaldi af ákvörðun samstarfsráðherranna um að endurskipuleggja Norrænu ráðherranefndina voru fagráðherranefndirnar í spurningakönnuninni beðnar um að gera grein fyrir því hvernig þær muni framfylgja jafnréttissjónarmiðum í framkvæmda- og stefnumörkunaráætlunum sínum í nýju skipulagi. Þær voru sömuleiðis beðnar um að meta hvaða áhrif niðurstöður fyrri úttekta á jafnréttissjónarmiðum hafi haft og hvaða áhrif búist er við að þær hafi á komandi ákvarðanir eða breytingar á áður teknum ákvörðunum. Niðurstöður

spurningakönnunarinnar voru kynntar á Norðurlandaráðsþingi í Kaupmannahöfn haustið 2006.

Könnunin sýndi að á ákveðnum sviðum formlegs norræns samstarfs var kynja- og jafnréttissjónarmið ekki samþættur hlutur ákvarðanaferlis.

Ráðherranefndin um jafnréttismál hefur ákveðið að fylgja niðurstöðum könnunarinnar eftir og á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar er unnið að eflingu jafnréttis.

Skýrar starfsreglur um þátttöku kvenna og karla í hinum ýmsu samstarfsnefndum og -stofnunum hafa verið samdar. Ábyrgð á samþættingu jafnréttissjónarmiða hvílir á öllum leiðandi samstarfsnefndum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Þá skal samþætta jafnréttissjónarmið í upplýsinga- og fræðslustarfsemi og í ákvarðanaferli m.a. með reglubundinni birtingu á kynjaskiptri tölfræði.

Á málþingum sem ráðherranefnd um jafnréttismál skipuleggur fyrir formenn embættismannanefnda verður fjallað um hvernig samþætta skuli kynja- og jafnréttissjónarmið í starfsemi ráðherranefndarinnar.

Á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar hefur framkvæmdastjórinn sett á fót þverfaglegan starfshóp með fulltrúum deildanna. Umfjöllunarefni starfshópsins verður hvernig Norræna ráðherranefndin geti afmarkað aðgerðir til að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í starfsemi sinni og gert þær sýnilegri.

## 846. Frumvarp til laga [570. mál]

um breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, með síðari breytingum.**

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf.

Eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. skal lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Landsvirkjun fer eftir það með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf.

Stjórn Orkubús Vestfjarða hf. skal skipuð þremur til fimm mönnum og jafnmörgum til vara samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Starfsemi Orkubús Vestfjarða hf. sem tengist framleiðslu og sölu raforku skal falin sjálfstæðu sölufélagi sem einungis hefur þá starfsemi með höndum. Orkubúi Vestfjarða hf. er heimilt að eiga og reka slíkt sölufélag í samvinnu við Rafmagnsveitur ríkisins hf. Um eignaraðild annarra aðila að sölufélaginu og samruna Orkubús Vestfjarða hf. og sölufélagsins við önnur fyrirtæki fer samkvæmt samkeppnislögum.

Tryggja skal að fullur rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður verði á milli sölufélagsins og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar. Skal sölufélagið rekið sem sérstakur lögaðili.

Fjármálaráðherra tilnefnir stjórnarmenn sölufélagsins, sem skulu vera þrír, og jafnmarga til vara. Stjórnarmenn og starfsmenn Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar skulu ekki sitja í stjórn eða varastjórn sölufélagsins. Á sama hátt er stjórnarmönnum og starfsmönnum sölufélagsins óheimilt að sitja í stjórn eða varastjórn Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar. Hið sama gildir um þá sem eru makar umræddra stjórnarmanna og starfsmanna, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.

Öll viðskipti sölufélagsins og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar skulu byggð á sömu sjónarmiðum og viðskipti milli óskyldra aðila. Hvers konar samvinna eða samstilltar aðgerðir milli sölufélagsins og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar eru óheimilar, sbr. 10. gr. samkeppnislaga. Ákvæði samkeppnislaga, þar með talin bannákvæði samkeppnislaga og úrræði til eftirlits og íhlutunar, gilda um þessa starfsemi.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fyrir árslok 2009 skal taka ákvæði 4.–7. mgr. 7. gr. laga þessara til endurskoðunar með hliðsjón af þróun samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og sölu raforku.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Rafmagnsveitum ríkisins hf.

Eignarhlutur ríkisins í Rafmagnsveitum ríkisins hf. skal lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Landsvirkjun fer eftir það með eignarhlut ríkisins í Rafmagnsveitum ríkisins hf.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur til fimm mönnum og jafnmörgum til vara samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins hf. sem tengist framleiðslu og sölu raforku skal falin sjálfstæðu sölufélagi sem einungis hefur þá starfsemi með höndum. Rafmagnsveitum ríkisins hf. er heimilt að eiga og reka slíkt sölufélag í samvinnu við Orkubú Vestfjarða hf. Um eignaraðild annarra aðila að sölufélaginu og samruna Rafmagnsveitna ríkisins hf. og sölufélagsins við önnur fyrirtæki fer samkvæmt samkeppnislögum.

Tryggja skal að fullur rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður verði á milli sölufélagsins og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar. Skal sölufélagið rekið sem sérstakur lögaðili.

Fjármálaráðherra tilnefnir stjórnarmenn sölufélagsins, sem skulu vera þrír, og jafnmarga til vara. Stjórnarmenn og starfsmenn Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar skulu ekki sitja í stjórn eða varastjórn sölufélagsins. Á sama hátt er stjórnarmönnum og starfsmönnum sölufélagsins óheimilt að sitja í stjórn eða varastjórn Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar. Hið sama gildir um þá sem eru makar umræddra stjórnarmanna og starfsmanna, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.

Öll viðskipti sölufélagsins og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar skulu byggð á sömu sjónarmiðum og viðskipti milli óskyldra aðila. Hvers konar samvinna eða samstilltar aðgerðir milli sölufélagsins og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar eru óheimilar, sbr. 10. gr. samkeppnislaga. Ákvæði samkeppnislaga, þar með talin bannákvæði og úrræði til eftirlits og íhlutunar, gilda um þessa starfsemi.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fyrir árslok 2009 skal taka ákvæði 4.–7. mgr. 3. gr. laga þessara til endurskoðunar með hliðsjón af þróun samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og sölu raforku.

III. KAFLI

**Gildistaka.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðbirgða.**

Eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. og Rafmagnsveitum ríkisins hf. skal lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun fyrir 1. júlí 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í desember 2006 samþykkti Alþingi breytingar á ýmsum lögum á orkusviði sem fólu í sér að fyrirsvar ríkisins varðandi eignarhluti í Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf. og Rafmagnsveitu ríkisins hf. fluttust frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra. Jafnframt var þá lagt til að allur eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins yrði lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Sú breyting náði þá ekki fram að ganga.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að allur eignarhlutur ríkisins, annars vegar í Orkubúi Vestfjarða hf. og hins vegar í Rafmagnsveitum ríkisins hf., en íslenska ríkið á og fer með fullan hlut í báðum félögunum, verði lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkisins. Með því verða Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins að fullu dótturfélög Landsvirkjunar, sem fer eftir það með eignarhlutina. Verði frumvarpið að lögum verður því eign ríkisins óbein í félögunum tveimur. Með breytingunni má ná fram ýmiss konar hagræðingu í rekstri fyrirtækjanna tveggja. Auk þess er æskilegt að ríkið reyni að halda utan um hagsmuni sína í rekstri raforkufyrirtækja í einu öflugu félagi. Slíkt viðbótareigandaframlag ríkisins til Landsvirkjunar mun einnig styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar. Ekki liggur fyrir endanlegt mat á virði þessara hluta, en eigið fé félaganna tveggja, Rafmagnsveitna ríkisins hf. og Orkubús Vestfjarða hf., samkvæmt ársreikningum fyrir árið 2005 nemur samanlagt

rúmum 17 milljörðum kr. Sú fjárhæð var líklega nokkru hærri í árslok 2006. Gert er ráð fyrir því að eignarhlutir ríkisins í félögunum tveimur (verðgildi hlutafjár) verði lagðir til Landsvirkjunar miðað við bókfært verð eigin fjár að undangengnu mati, ef þurfa þykir, í árslok 2006.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins hefur komið fram að með framangreindu fyrirkomulagi þurfi að huga að markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar á markaðnum fyrir smásölu raforku til stórnotenda og á markaðnum fyrir framleiðslu og heildsölu á raforku. Enn fremur kunni Landsvirkjun að komast í markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir smásölu raforku til almennra nota. Gæta verði að því að fyrirkomulagið á þessu sviði hindri ekki virka samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og smásölu raforku í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Með hliðsjón af þessu og samkeppnisaðstæðum að öðru leyti er því lagt til í frumvarpinu að sett verði skilyrði sem miða að því að tryggja aðskilnað í framleiðslu og sölu raforku. Þessi skilyrði koma fram í 4.–7. mgr. 1. og 3. gr. frumvarpsins.

Í fyrsta lagi er lagt til að starfsemi Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins sem tengist framleiðslu og sölu raforku skuli falin sjálfstæðu félagi sem einungis hefur þá starfsemi með höndum. Félögunum er heimilt að reka slíkt orkusölufélag saman og í samvinnu við aðra en Landsvirkjun, sem hefur markaðsráðandi stöðu í framleiðslu og sölu raforku, þ.e. á meðan staða Landsvirkjunar á raforkumarkaði er eins og hún er nú. Um eignaraðild annarra að sölufélaginu og samruna félaganna tveggja (Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða) og/eða sölufélagsins við önnur fyrirtæki eða félög fer samkvæmt samkeppnislögum.

Í öðru lagi fela skilyrðin í sér að orkusölufélagið verði rekið sem sérstakur lögaðili og að tryggður verði fullur rekstarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður milli slíks orkusölufélags og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar.

Í þriðja lagi er lagt til að fjármálaráðherra tilnefni alla stjórnarmenn og varastjórnarmenn orkusölufélagsins. Þá er kveðið á um að stjórnar- og starfsmenn Landsvirkjunar og annarra félaga innan samstæðu Landsvirkjunar skuli ekki sitja í stjórn orkusölufélagsins.

Í fjórða lagi er kveðið á um að öll viðskipti orkusölufélagsins við Landsvirkjun og önnur félög innan sömu samstæðu skuli byggð á sömu sjónarmiðum og viðskipti milli óskyldra aðila. Þá gildi bann 10. gr. samkeppnislaga um hvers konar samvinnu eða samstilltar aðgerðir milli orkusölufélagsins og Landsvirkjunar eða annarra félaga innan samstæðunnar. Ákvæði samkeppnislaga gildi og um þessa starfsemi. Enn fremur er lagt til að framangreind skilyrði verði endurskoðuð fyrir árslok 2009 í ljósi samkeppnisaðstæðna á þeim tíma.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 2. efnismgr. er lagt til að eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. verði lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Landsvirkjun fer eftir það með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. Gert er ráð fyrir að eignarhlutur ríkisins í félaginu (verðgildi hlutafjár) verði lagður inn til Landsvirkjunar miðað við bókfært verð eigin fjár að undangengnu mati, ef þurfa þykir, í árslok 2006.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að stjórnarmenn Orkubús Vestfjarða geti verið þrír til fimm samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Stjórnin er nú skipuð fimm mönnum en þyki ástæða til þess að fækka stjórnarmönnum í fjóra eða þrjá þyrfti ekki að koma til sérstök breyting á lögum félagsins. Eðlilegt er að slík ákvörðun liggi hjá eiganda félagsins.

Í 4.–7. mgr. koma fram þau skilyrði sem eðlilegt þykir að setja vegna stöðu Landsvirkjunar á raforkumarkaðnum. Vísast í þessu efni til almennra athugasemda.

Um 2. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er lagt til að framangreind skilyrði í 4.–7. mgr. 7. gr. laganna verði endurskoðuð fyrir árslok 2009 með hliðsjón af þróun samkeppni á þessu sviði. Rétt þykir að fjármálaráðherra, sem fer með eignarhlutinn í Landsvirkjun, hafi forgöngu um slíka endurskoðun og að iðnaðarráðuneytið komi eftir atvikum jafnframt að þeirri vinnu.

Um 3. gr.

Í 2. efnismgr. er lagt til að allur eignarhlutur ríkisins í Rafmagnsveitum ríkisins hf. verði lagður til Landsvirkjunar sem viðbótareigandaframlag ríkisins í Landsvirkjun. Með því verða Rafmagnsveitur ríkisins hf. dótturfélag Landsvirkjunar og í 100% eigu Landsvirkjunar. Gert er ráð fyrir að eignarhlutur ríkisins í félaginu (verðgildi hlutafjár) verði lagður til Landsvirkjunar miðað við bókfært verð eigin fjár að undangengnu mati, ef þurfa þykir, í árslok 2006.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að stjórnarmenn félagsins geti verið þrír til fimm samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Um þetta atriði vísast til athugasemda við 3. mgr. 1. gr.

Í 4.–7. mgr. koma fram þau skilyrði sem eðlilegt þykir að setja vegna stöðu Landsvirkjunar á raforkumarkaðnum. Vísast í þessu efni til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er lagt til að framangreind skilyrði í 4.–7. mgr. 3. gr. laganna verði endurskoðuð fyrir árslok 2009 með hliðsjón af þróun samkeppni á þessu sviði. Rétt þykir að fjármálaráðherra, sem fer með eignarhlutinn í Landsvirkjun, hafi forgöngu um slíka endurskoðun og að iðnaðarráðuneytið komi eftir atvikum jafnframt að þeirri vinnu.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að taka fram með skýrum hætti fyrir hvaða tíma flutningur á eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. og Rafmagnsveitum ríkisins hf. skuli fara fram. Miðað er við að flutningurinn fari fram fyrir 1. júlí árið 2007.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu er lagt til að eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. og Rafmagnsveitum ríkisins hf. verði lagður inn til Landsvirkjunar sem viðbótar- eigendaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Landsvirkjun mun eftir það fara með eignarhlut ríkisins í þessum fyrir-

tækjum. Með hliðsjón af samkeppnisaðstæðum eru í frumvarpinu skilyrði sem tryggja eiga aðskilnað í framleiðslu og sölu raforku. Þar er m.a. lagt til að starfsemi Orkubús Vestfjarða hf. og Rafmagnsveitna ríkisins hf. sem tengst hefur framleiðslu og sölu á raforku skuli vera falin sjálfstæðum sölufélögum sem einungis hafi þá starfsemi með höndum. Enn fremur skuli vera tryggt að fullur rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður verði á milli þessara sölufélaga og Landsvirkjunar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

## 847. Skýrsla [417. mál]

utanríkisráðherra um þróunarsamvinnu og þróunarhjálp, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Utanríkisráðherra hefur borist beiðni um skýrslu um þróunarsamvinnu og þróunarhjálp (þskj. 484). Eftirfarandi eru svör við þeim spurningum sem þar koma fram. Upplýsingar sem hér birtast er einnig að finna í stöðuskýrslu um þróunarsamvinnu Íslands frá því í nóvember 2006, en hún var birt í heild sinni í skýrslu utanríkisráðherra um alþjóðamál (þskj. 395) sem lögð var fram á Alþingi í nóvember sl.

*Þróunaraðstoð 2002–2006 (1 a–d).*

Heildarupphæð framlaga á árinu 2006 liggja ekki fyrir. Samkvæmt fjárlögum 2006 er gert ráð fyrir að heildarframlög til þróunarmála nemi 2,6 milljörðum kr., sjá fylgiskjal.

*Aðstoð til annarra ríkja (1 e).*

Upplýsingar um skiptingu aðstoðar við samstarfslönd Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ).

Á tímabilinu 2002–2006 hafa íslensk stjórnvöld ekki veitt bein fjárframlög til ríkisstjórna þróunarríkja vegna hamfara, hvorki náttúruhamfara né ófriðarástands. Neyðaraðstoð og aðstoð vegna enduruppbyggingar er ýmist veitt til félagasamtaka eða undirstofnana Sameinuðu þjóðanna sem sjá um framkvæmd aðstoðar á vettvangi. Framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar og enduruppbyggingar hafa verið sem hér segir (í millj. kr.).

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| Afganistan – matvælaaðstoð | | | | 8,0 |
| Austur-Tímor – matvælaaðstoð | | | | 7,4 |
| Bosnía og Herzegóvína – enduruppbyggingarstarf | 4,4 | 3,4 | | |
| Indónesía – neyðaraðstoð vegna jarðskjálfta | | | | 7,4 |
| Írak – neyðaraðstoð og enduruppbyggingarstarf | 91,0 | 116,7 | 69,0 | 23,0 |
| Íran – neyðaraðstoð vegna jarðskjálfta | | 10,0 | | |
| Líbanon – neyðaraðstoð vegna stríðsátaka | | | | 23,0 |
| Neyðaraðstoð vegna flóðbylgja í Indlandshafi | | 5,0 | 35,0 | |
| Neyðaraðstoð vegna fellibyls í Karíbahafi | | 3,0 | 2,0 | |
| Malaví – matvælaaðstoð | | | 6,0 | |
| Pakistan – neyðaraðstoð vegna jarðskjálfta | | | 30,0 | |

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| Palestína – flóttamannaaðstoð (UNRWA) | 3,1 | 3,3 | 3,3 | 7,0 |
| Palestína – neyðaraðstoð | | | | 20,2 |
| Súdan – neyðaraðstoð í Darfúr | | 5,0 | | 20,0 |
| Súdan – enduruppbyggingarstarf | | | 10,0 | 10,0 |

*Aðstoð til frjálsra félagasamtaka (1 f).*

Í skýrslu Jónasar H. Haralz frá 16. apríl 1997 um þróunaraðstoð Íslandinga var m.a. lagt til að ÞSSÍ yki samstarf sitt við frjáls félagasamtök sem fram að því hafði ekki verið mikið. Af íslenskum frjálsum félagasamtökum var þá aðeins um að ræða samstarf við Rauða krossinn um uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í Mósambík og var það samstarf nýhafið. Einnig var þá um að ræða nokkur lítil samstarfsverkefni við erlend frjáls félagasamtök í starfslöndum ÞSSÍ, en þau verkefni voru bæði fá og smá í sniðum. Í kjölfar tillögu Jónasar hefur af hálfu stofnunarinnar verið lögð áhersla á að auka mjög samstarfið við frjáls félagasamtök; bæði íslensk samtök og frjáls félagasamtök í samstarfslöndum ÞSSÍ. Útgjöld til slíkra samstarfsverkefna eru ekki sérgreind í ársreikningum stofnunarinnar en sem dæmi má nefna að á árinu 2001 námu útgjöld hennar, sem færð eru undir útgjaldaliðinn „önnur þróunaraðstoð" en til þess teljast m.a. framlög til samstarfsverkefna við frjáls félagasamtök á Íslandi auk styrkveitinga aðallega til innlendra aðila til verkefna í þróunaraðstoð, samtals 8,1 millj. kr. Í nýsamþykktri rekstraráætlun ÞSSÍ fyrir árið 2007 er áætlað að verja 1,1 milljón bandaríkjadala eða 78,4 millj. kr. á fjárlagagengi þess árs til verkefna í samstarfi við frjáls félagasamtök. Þar af 41,4 millj. kr. til samstarfsverkefna með íslenskum frjálsum félagasamtökum og 37,0 millj. kr. til samstarfsverkefna með frjálsum félagasamtökum í starfslöndum stofnunarinnar. Meðal frjálsra félagasamtaka á Íslandi, sem ÞSSÍ hefur átt samstarf við um framkvæmd verkefna á sviði þróunaraðstoðar eru Rauði krossinn, Hjálparstarf kirkjunnar, ABC samtökin, SPES, Kertabörn og síðar Alnæmisbörn, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, Alþýðusamband Íslands, Skáksamband Íslands, Taflfélagið Hrókurinn sem og ýmis félög og félagsdeildir áhugasamtaka, svo sem Lionsklúbbar, Rotaryklúbbar og Soroptimistasamtök. Þar að auki hefur ÞSSÍ efnt til samstarfs við einstaka íslenska skóla um veitingu þróunaraðstoðar og hefur gert formlega samstarfssamninga um þróunarmál við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík, Íslenskar orkurannsóknir, Hagstofu Íslands, Fiskifélag Íslands, Rannsóknarstofu fiskiðnaðarins og fleiri íslenskar sérfræðistofnanir auk þess sem stofnunin á í miklu samstarfi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, einkum Sjávarútvegsskólann.

Kostnaðarhlutdeild ÞSSÍ í samstarfsverkefnum með frjálsum félagasamtökum er yfirleitt 50–60% heildarkostnaðar við verkefnin.


Sjá fylgiskjal varðandi sundurliðun á stuðningi utanríkisráðuneytisins við félagasamtök. Utanríkisráðuneytið veitir fyrst og fremst styrki til félagasamtaka vegna verkefna á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar.

*Þróunaraðstoð sem hlutfall af landsframleiðslu (2).*

Þróunaraðstoð Íslands hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Á árinu 1990 námu framlög til þróunarmála 230,7 millj. kr. Á árinu 2004 námu framlögin 1.482 millj. kr. og 1.711 millj. kr. á árinu 2005 (sjá mynd). Framlög til þróunarmála eru jafnan miðuð við hlutfall af vergum þjóðartekjum. Hefur hlutfallið á tímabilinu 2002–2005 verið sem hér segir: 2002: 0,16%; 2003: 0,17%; 2004: 0,18%; 2005: 0,18%. Samkvæmt fjárlögum 2006 er áætlað að

framlög ársins nemi 2,6 milljörðum kr., eða sem svarar til 0,24% af vergum þjóðartekjum. Ríkisstjórn Íslands hefur sett það markmið að hlutfallið skuli nema 0,35% árið 2009.

Slíkur samanburður í hlutfalli af vergum þjóðartekjum er þó hvergi nærri einhlýtur mælikvarði á opinber framlög til þróunaraðstoðar. Í fyrsta lagi geta framlögin hafa farið ört vaxandi þó að hlutfallið breytist lítið ef vergar þjóðartekjur vaxa hratt eins og raunin hefur verið á Íslandi hin síðari ár. Í öðru lagi njóta viðfangsefni ÞSSÍ gengistryggingar samkvæmt óskum stofnunarinnar enda eru allar erlendar skuldbindingar hennar umsamdar í bandaríkjadölum og stofnunin þannig varin fyrir gengissveiflum. Ráðstöfunarfé ÞSSÍ jókst þannig úr röskum fjórum milljónum bandaríkjadala árið 2001 í um 15 milljónir dala árið 2006 og umsvif stofnunarinnar þá um leið að sama skapi þótt sá mikli vöxtur kæmi ekki fram í hlutfallslegum samanburði við þróun vergra þjóðartekna annars vegar vegna þess hve þær tekjur uxu hratt og hins vegar vegna mikillar styrkingar á gengi íslensku krónunnar.




Framlög annarra ríkja á Norðurlöndum á árinu 2005 voru sem hér segir:

| | % af vergum þjóðartekjum | milljarðar USD |
|---|---|---|
| **Danmörk** | 0,81 | 2,1 |
| **Finnland** | 0,46 | 0,9 |
| **Noregur** | 0,94 | 2,8 |
| **Svíþjóð** | 0,94 | 3,4 |

*Verkefni (3 a–d).*

Umfjöllum um verkefni á vettvangi alþjóðastofnana og við enduruppbyggingu á ófriðarsvæðum er vísað til skýrslu utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál í nóvember 2006. Ítarlega umfjöllun um verkefni ÞSSÍ er að finna í ársskýrslu stofnunarinnar, sjá fylgiskjal.

*Forgangsröðun verkefna (4).*

Starfsemi ÞSSÍ byggir á tvíhliða milliríkjasamningum um þróunarsamvinnu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórna samstarfslandanna. Í gegnum tíðina hafa verkefni ÞSSÍ í miklum mæli beinst að sjávarútvegi en á undanförnum áratug hefur umfang félagslegra verkefna, svo sem á sviði heilbrigðismála og menntamála, aukist jafnt og þétt. Þá hafa orkumál bæst við sem áherslusvið á síðustu missirum.

Í mars 2004 samþykkti stjórn ÞSSÍ stefnu og verklagsreglur fyrir stofnunina. Í stefnunni segir m.a. að meginviðmið í tvíhliða samvinnu Íslendinga sé að vinna gegn fátækt og áhersla sé lögð á samvinnu við lönd þar sem lífskjör séu lökust að mati alþjóðlegra viðurkenndra stofnana. Þetta viðmið sé í samræmi við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna en aukin og markvissari alþjóðleg samvinna í baráttu gegn fátækt sé undirstaða markmiðanna. Aðstoð ÞSSÍ er veitt að beiðni og í samráði við stjórnvöld í viðtökuríkinu og er í samræmi við stefnumörkun þeirra stjórnvalda, fyrst og fremst er varðar baráttu gegn fátækt.

*Verkefni eftir málefnum (5).*

Utanríkisráðuneytið skrásetur ekki framlög til alþjóðastofnana eftir málefnum, enda er ekki hægt að sundurliða sérstaklega öll framlög til alþjóðastofnana þar sem margar þeirra vinna á mörgum ólíkum sviðum. Séu framlög til stofnana Sameinuðu þjóðanna skoðuð nánar, kemur m.a. í ljós að aukningin á sér stað í verkefnum sem varða hagsmuni kvenna (UNIFEM, UNFPA), hagsmuni barna (UNICEF, WHO) og vegna neyðaraðstoðar (WFP), sjá fylgiskjal.

Á árinu 2005 skiptust verkefni ÞSSÍ milli málaflokka sem hér segir: fiskimál 31%, félagsleg verkefni 21%, menntunarverkefni 13%, heilbrigðisverkefni 12%, jarðhitaverkefni 5% og önnur verkefni 7%, þar með talið stuðningur við íslensk frjáls félagasamtök.

*Samstarfslönd (6).*

Stjórn ÞSSÍ tekur ákvörðun um val á samstarfslöndum stofnunarinnar að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið. Meðal þeirra atriða sem höfð eru til grundvallar við ákvörðun samstarfslanda er stjórnsýsluumhverfi og efnahagsstjórn viðkomandi lands, þjóðartekjur á einstakling, staða mannréttinda, lýðræðisþróun og tekjujöfnun. Notaðar eru alþjóðlegar viðurkenndar mælivogir, t.d. GINI-tekjuskiptingarstuðull, CPIA-stjórnsýslustuðull Alþjóðabankans og jafnréttisstuðlar þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP).

*Mat á verkefnum (7–8).*

Öll þróunarverkefni ÞSSÍ eru hönnuð samkvæmt fastmótuðum reglum (Logical Framework Approach) þar sem fram koma m.a. markmið verkefnisins, mælikvarðar um framgang þess, áhættuatriði, ákvæði um sameiginlega yfirstjórn veitanda og þiggjanda, um verk- og kostnaðarskiptingu þeirra í milli o.s.frv. Á grundvelli slíks verksamnings eru öll verkefnin svo metin reglulega og samkvæmt verklagsreglum stofnunarinnar skal vera ákvæði þess efnis í öllum verkefnissamningum. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að gera á eigin kostnað innri úttekt á verkefnum ÞSSÍ. Úttektir óháðra aðila eru gerðar á kostnað verkefnanna með reglulegu umsömdu millibili og ávallt áður en þeim lýkur. Leiði úttekt í ljós að

tilætluðum markmiðum hafi ekki verið náð eða áætlanir ekki staðist, gera úttektaraðilar grein fyrir ástæðum þess og koma með tillögur til úrbóta. Óháðir úttektaraðilar eru ávallt a.m.k. tveir, annar tilnefndur af ÞSSÍ og hinn af viðeigandi stjórnvaldi samstarfslandsins. Þá eru ávallt samdar framvinduskýrslur verkefna á vegum stofnunarinnar og er það gert á sex mánaða fresti. Framvinduskýrslur eru samdar af starfsmönnum stofnunarinnar og formlegum samstarfsmönnum þeirra sameiginlega.

*Starfsmenn (9).*

Á árinu 2005 voru að jafnaði 18–20 íslenskir heilsársstarfsmenn á vegum ÞSSÍ í samstarfslöndunum sem þá voru fimm. Þrátt fyrir mjög aukin umsvif stofnunarinnar á síðari árum hefur íslenskum heilsársstarfsmönnum fremur fækkað en fjölgað og er það í samræmi við stefnu stofnunarinnar sem kýs heldur annars vegar íslenska skammtímaráðgjafa og hins vegar að ráða innlenda sérfræðinga til starfa þar sem þess er kostur. Skammtímaráðgjöfum á vegum ÞSSÍ hefur því fjölgað mjög sem og staðarráðnum sérfræðingum. Um 40 skammtímaráðnir starfsmenn voru þannig starfandi á árinu 2005 á vegum stofnunarinnar í ýmsum verkefnum og starfsnemar dvöldu í fimm mánuði í samstarfslöndunum í Afríku við sérverkefni. Auk þess voru um 25 fastráðnir erlendir starfsmenn á öllum umdæmisskrifstofum og veittu þar á meðal sérfræðilega ráðgjöf. Fjölmargir aðrir erlendir starfsmenn og koma að ýmsum verkefnum í öllum samstarfslöndunum. Fjölmennasta starfsstöðin er í Malaví, en þar starfa fimm Íslendingar auk erlendra starfsmanna á vegum stofnunarinnar. Á aðalskrifstofu ÞSSÍ í Reykjavík starfa átta manns. Á árinu 2006 var í fyrsta skipti ráðinn til starfa sérhæfður starfsmaður í fiskimálum á aðalskrifstofuna. Mun hann verða framkvæmdastjóra og umdæmisstjórum stofnunarinnar til ráðgjafar við undirbúning, framkvæmd og eftirlit með fiskimálaverkefnum.

Fjöldi starfsmanna á vegum Íslensku friðargæslunnar er nokkuð breytilegur eftir tímabilum. Á fyrri hluta ársins 2006 störfuðu að jafnaði 26 manns á vegum friðargæslunnar í sex löndum. 17 starfsmenn voru í Afganistan, einn í Írak, einn starfsmaður á vegum UNIFEM í Belgrad, einn starfsmaður á vegum Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna í Líberíu og einn starfsmaður á vegum EUPM í Bosníu og Hersegóvínu. Þá störfuðu fimm eftirlitsmenn á vegum eftirlitssveita SLMM á Sri Lanka.

Frá og með haustinu 2006 voru sex ungir íslenskir sérfræðingar, kostaðir af íslenskum stjórnvöldum, við störf á vegum Sameinuðu þjóðanna í þróunarlöndum. Þrír á vegum UNDP, tveir á vegum UNICEF og einn á vegum UNIFEM.

*Söfnunarfé frá almenningi (10).*

Utanríkisráðuneytið safnar ekki upplýsingum um hversu miklum fjármunum innlend félagasamtök afla hjá almenningi til starfsemi sinnar.

Félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki þegar bregðast þarf við neyðarástandi og því rennur ávallt verulegur hluti framlaga utanríkisráðuneytisins til neyðaraðstoðar um hendur þeirra. Á síðustu árum hafa íslensk félagasamtök einnig beitt sér af meira afli í þróunaraðstoð með langtímamarkmið að leiðarljósi. ÞSSÍ er þátttakandi í mörgum þessara verkefna og fer umfang þessa starfs vaxandi. Á árinu 2004 voru verkefni að upphæð 11,8 millj. kr. unnin í samstarfi ÞSSÍ við íslensk félagasamtök og á árinu 2005 nam upphæðin 33,2 millj. kr. Þá á ÞSSÍ einnig samstarf við frjáls félagasamtök í samstarfslöndum stofnunarinnar og leggur þeim til fé.

# Fylgiskjal.

## Opinber þróunaraðstoð (ODA)

| Í milljónum króna | 1999* | 2000* | 2001* | 2002* | 2003* | 2004* | 2005* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tvíhliða aðstoð** | **260,1** | **425,2** | **648,3** | **646,3** | **752,9** | **934,0** | **928,7** |
| Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) | 228,4 | 298,6 | 479,7 | 439,8 | 437,7 | 492,4 | 558,4 |
| þar af: Malavi | 56,0 | 80,8 | 170,3 | 143,7 | 149,7 | 159,6 | 139,0 |
| Mósambík | 40,2 | 91,9 | 127,9 | 97,9 | 78,4 | 86,9 | 98,1 |
| Namibía | 95,0 | 83,0 | 94,7 | 108,0 | 76,8 | 88,9 | 85,3 |
| Úganda | | | 35,5 | 43,6 | 73,2 | 85,4 | 101,0 |
| Sri Lanka | | | | | | | 19,1 |
| Nikaragva | | | | | | | 8,4 |
| Annað | 37,2 | 42,9 | 51,3 | 46,6 | 59,6 | 71,8 | 107,5 |
| Enduruppbygging á öfriðarsvæðum | 31,7 | 126,6 | 168,6 | 206,5 | 315,1 | 441,6 | 370,3 |
| þar af: Ísl. friðarg. (Bosnía, Kósóvó, Sri Lanka, Afganistan) | | 110,3 | 166,9 | 205,4 | 301,8 | 330,5 | 291,3 |
| Bosnía og Herzegóvína | 31,7 | 16,3 | 1,7 | 1,1 | 4,4 | 3,4 | |
| Írak (neyðaraðstoð undanskilin) | | | | | 9,0 | 107,7 | 69,0 |
| Súdan | | | | | | | 10,0 |
| **Fjölþjóðleg aðstoð** | **195,3** | **260,2** | **298,9** | **363,7** | **274,1** | **306,5** | **446,3** |
| Sameinuðu þjóðirnar | 54,7 | 39,0 | 66,1 | 60,0 | 76,0 | 59,9 | 169,4 |
| þar af: FAO | 7,0 | 7,3 | 10,1 | 11,4 | 8,3 | 4,5 | 1,7 |
| FAO - íslenskur styrktarsjóður | | | | | | | 20,0 |
| UNDP | 18,3 | 18,3 | 21,8 | 22,4 | 17,5 | 19,2 | 19,8 |
| UNDP - Ungliðaverkefni | | | | | | | 4,6 |
| UNICEF | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 11,6 | 10,4 | 11,4 | 15,3 |
| UNICEF - neyðaraðstoð | | | | | | | 6,2 |
| UNICEF - verkefni gegn barnahermennsku | | | | | | | 4,5 |
| UNIFEM | 2,5 | 2,5 | 2,5 | 3,1 | 2,8 | 2,5 | 11,7 |
| UNIFEM - réttindi kvenna í suðaustur-Evrópu | | | | | | | 12,5 |
| UNRWA | 0,5 | 0,6 | 3,1 | 2,9 | 3,1 | 3,3 | 3,3 |
| UNESCO | | | | | 2,2 | 1,9 | 1,7 |
| OCHA | 0,7 | | 3,1 | | | | 3,1 |
| UNFPA | 0,6 | | 1,0 | 1,1 | 1,0 | 1,0 | 3,0 |
| UNFPA - baráttan gegn fistúlu | | | | | | | 3,0 |
| UNHCR | 10,5 | | 11,0 | 6,0 | 4,4 | 4,1 | 5,8 |
| WFP | 0,4 | 0,4 | 3,6 | 1,0 | 18,0 | 3,9 | 29,5 |
| UNVFVT | 0,5 | 0,4 | 0,4 | 0,5 | 0,4 | | |
| WHO | | | | | 7,0 | 6,2 | 6,4 |
| WHO - mænusóttarverkefni | | | | | | | 3,0 |
| Þróunarsjóðir á sviði hafréttar og landgrunnsm. | | | | | | | 12,3 |
| IAEA - tæknisjóður | | | | | | | 2,0 |
| ILO | | | | | 1,0 | 1,9 | |

frh.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alþjóðabankinn | 79,7 | 95,3 | 108,6 | 110,7 | 148,9 | 157,5 | 193,2 |
| þar af: Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) | 79,7 | 95,3 | 95,0 | 95,0 | 145,0 | 145,0 | 145,0 |
| PROFISH | | | | | | | 20,2 |
| Íslenskur ráðgjafasjóður | | | 13,6 | 15,7 | 3,9 | 12,5 | 13,0 |
| Viðskiptaumhverfi í smáríkjum | | | | | | | 15,0 |
| Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) | 40,7 | 35,4 | 29,0 | 56,0 | 48,4 | 46,8 | 28,0 |
| Niðurfellinga skulda þróunarríkja (HIPC) | | 68,0 | 68,5 | 113,7 | | 25,9 | 22,9 |
| Styrktarsjóður fyrir smáeyþróunarríki | | | | | | | 14,0 |
| Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) | 19,8 | 22,1 | 26,2 | 21,9 | | | |
| Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) | | | | 0,9 | 0,9 | 0,9 | 3,8 |
| Alþjóðasjóður gegn alnæmi, berklum og malaríu | | | | | | 15,0 | 15,0 |
| Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD) | 0,4 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | | 0,5 | |
| **Annað** | **127,7** | **113,8** | **154,9** | **258,1** | **325,0** | **241,1** | **336,2** |
| Jarðhitaskóli Háskóla S.þ. | 44,0 | 50,3 | 51,8 | 63,0 | 67,4 | 67,3 | 92,3 |
| Sjávarútvegsskóli Háskóla S.þ. | 23,2 | 30,4 | 36,1 | 48,9 | 54,6 | 52,0 | 73,2 |
| Flóttamannaaðstoð | 39,0 | 17,0 | 15,0 | 27,5 | 38,7 | 20,2 | 56,1 |
| Framlög til félagasamtaka | 13,6 | 5,9 | 21,4 | 14,2 | 77,9 | 19,9 | 36,5 |
| þar af: ABC barnahjálp | | 0,9 | 2,0 | 2,0 | 3,3 | 3,9 | 5,0 |
| Alþjóða Rauði krossinn | 8,0 | 4,0 | 4,2 | 4,7 | 4,1 | | 7,5 |
| Barnaheill | 0,2 | | 0,2 | 3,0 | 7,0 | 0,5 | 4,0 |
| Indverska barnahjálpin | 0,2 | | | | | | |
| Rauði kross Íslands | 5,2 | | 10,5 | 2,5 | 52,0 | 15,0 | 15,0 |
| Hjálparstarf kirkjunnar | | 1,0 | 4,5 | 2,0 | 10,0 | 0,5 | 5,0 |
| Lúterska heimssambandið | | | | | 1,0 | | |
| Samband íslenskra kristniboðsfélaga | | | | | 0,5 | | |
| Ýmis framlög og neyðaraðstoð | 0,9 | 3,2 | 0,1 | 62,5 | 17,4 | 6,5 | 2,1 |
| Utanríkisráðuneyti og sendiskrifstofur | 7,0 | 7,0 | 30,5 | 42,0 | 44,0 | 40,1 | 41,0 |
| Norræn/baltnesk samræming, Alþjóðabankinn | | | | | 25,0 | 35,0 | 35,0 |
| **SAMTALS** | **583,1** | **799,3** | **1.102,1** | **1.268,1** | **1.352,0** | **1.481,6** | **1.711,2** |
| **Hlutfall af vergum þjóðartekjum (%)^** | **0,09** | **0,12** | **0,15** | **0,16** | **0,17** | **0,18** | **0,18** |

* Samkvæmt ríkisreikningi

^ Til og með árinu 2003 var hlutfallið reiknað af vergri landsframleiðslu

## 848. Svar [495. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um leiðbeiningarreglur varðandi uppsagnir starfsmanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað líður tillögum að leiðbeiningarreglum varðandi uppsagnir starfsmanna í anda samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158 sem ráðherra fól Rannsóknarsetri í vinnurétti og jafnréttismálum við Viðskiptaháskólann að Bifröst að gera með bréfi dags. 5. maí 2006 og berast áttu ráðuneytinu fyrir lok þess árs, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn fyrr á þessu þingi (143. mál)?*

Ráðuneytið óskaði eftir því með bréfi dags. 5. maí 2006 að Rannsóknarsetur í vinnurétti og jafnréttismálum við Háskólann að Bifröst semdi tillögu að leiðbeiningarreglum varðandi uppsagnir starfsmanna í anda samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Óskað var eftir því að tillagan bærist félagsmálaráðuneytinu fyrir lok árs 2006. Haustið 2006 fól ráðuneytið rannsóknarsetrinu að semja frumvarp vegna framkvæmdar á tilskipun Evrópusambandsins sem nauðsynlegt er að leiða í lög áður en yfirstandandi löggjafarþingi lýkur. Þar af leiðandi var setrinu veittur viðbótarfrestur til að skila tillögu að framangreindum leiðbeiningarreglum. Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytinu hafa borist er þess vænst að tillagan liggi fyrir innan skamms. Þá verður hún lögð fyrir samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um samskiptin við Alþjóðavinnumálastofnunina til umfjöllunar. Markmiðið er að sátt geti tekist með aðilum vinnumarkaðarins hér á landi um að leiðbeiningarreglurnar verði viðmið þegar þær aðstæður skapast að nauðsynlegt kann að vera að segja fólki upp störfum.

# 849. Tillaga til þingsályktunar [571. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2006, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2006 frá 22. september 2006, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga yfir landamæri.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

**1. Inngangur.**

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2006 frá 22. september 2006, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga yfir landamæri.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar gerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

**2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga yfir landamæri.**

Tilskipun 2005/56/EB (10. félagaréttartilskipunin) snertir innri markaðinn og er ætlað að koma til móts við þörf hlutafélaga í mismunandi ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu til að hafa með sér samvinnu og sameinast, en lagalegir og stjórnsýslulegir erfiðleikar hafa haft áhrif á þessu sviði. Með tilskipuninni er hlutafélögum auðveldaður samruni milli landa, m.a. með tilliti til aðildar starfsmanna og í góðu samræmi við fyrra samkomulag á því sviði sem komið var á með reglugerð um Evrópufélög (evrópsk hlutafélög), þ.e. reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE), og tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna. Til að ákvæði tilskipunarinnar gildi þarf að koma til samruni hlutafélaga frá minnst tveimur EES-ríkjum, m.a. samlagshlutafélaga og jafnvel einkahlutafélaga. Ríkin geta ákveðið hvort tilskipunin nái einnig til samvinnufélaga. Þau geta og á grundvelli almannahagsmuna og með vissum skilyrðum lagst gegn samruna. Í tilskipuninni er m.a. að finna ákvæði um samrunaáætlun, rannsókn óháðs sérfræðings á henni, meirihluta atkvæða á hluthafafundum í samrunafélögum, verndarráðstafanir til handa lánardrottnum og skýrslu um áhrif samruna á starfsmenn.

**3. Um stjórnskipulegan fyrirvara.**

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

**Fylgiskjal I.**

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 127/2006

**frá 22. september 2006**

**um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2006 frá 28. apríl 2006 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga yfir landamæri ([2]).

([1]) Stjtíð. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 105, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 34, 29.6.2006, bls. 16.
([2]) Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 1.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 10d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB) í XXII. viðauka við samninginn:

„10e. **32005 L 0056**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga yfir landamæri (Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/56/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*Oda Helen Sletnes*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Lilja Viðarsdóttir* *Matthias Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## Fylgiskjal II.

### TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/56/EB

**frá 26. október 2005**

**um samruna hlutafélaga yfir landamæri**

***(Texti sem varðar EES)***

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 44. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Þörf er á samvinnu og sameiningu félaga með takmarkaðri ábyrgð frá mismunandi aðildarríkjum. Við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri eiga þau þó við að etja margvíslega lagalega og stjórnsýslulega erfiðleika í Bandalaginu. Því er nauðsynlegt, með tilkomu og starfsemi innri markaðarins í huga, að mæla fyrir um ákvæði Bandalagsins til að auðvelda framkvæmd við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri þegar um er að ræða félög með takmarkaðri ábyrgð sem eru af ólíkum toga og heyra undir löggjöf mismunandi aðildarríkja.

2) Með þessari tilskipun er greitt fyrir samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri eins og hann er skilgreindur hér. Lög aðildarríkjanna skulu heimila samruna innlends félags með takmarkaðri ábyrgð og félags með takmarkaðri ábyrgð frá öðru aðildarríki yfir landamæri, að því tilskildu að innlend lög hlutaðeigandi aðildarríkja heimili samruna þess háttar félaga.

3) Í því skyni að auðvelda framkvæmd samruna yfir landamæri skal mæla fyrir um, að því tilskildu að þessi tilskipun kveði ekki á um annað, að hvert félag, sem tekur þátt í samruna yfir landamæri, ásamt hlutaðeigandi þriðja aðila, heyri áfram undir þau ákvæði og formsatriði innlendra laga sem giltu við samruna innanlands. Ekki skal innleiða höft á staðfesturétt eða frjálsa fjármagnsflutninga með neinum ákvæðum eða formsatriðum innlendra laga, sem vísað er til í þessari tilskipun, nema unnt sé að sýna fram á að þau séu í samræmi við dómaframkvæmd dómstólsins, einkum við kröfur er varða almenna hagsmuni, og séu bæði nauðsynleg og í réttu hlutfalli til að uppfylla slíkar forgangskröfur.

4) Semja skal sameiginlegu áætlunina um samruna yfir landamæri með sama orðalagi fyrir hvert hlutaðeigandi félag í aðildarríkjunum. Því ber að tilgreina lágmarksefni slíkra sameiginlegra samrunaáætlana en félögunum skal vera frjálst að semja um önnur atriði.

5) Í því skyni að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra skal birta áætlanirnar um samruna yfir landamæri og framkvæmd samruna yfir landamæri fyrir hvert samrunafélag með færslu í viðeigandi opinbera skrá.

6) Í lögum allra aðildarríkjanna skal kveðið á um að einn eða fleiri sérfræðingar geri skýrslu, á innlendum vettvangi, um sameiginlega áætlun um samruna yfir landamæri, fyrir hönd hvers samrunafélags. Í því skyni að draga úr kostnaði vegna sérfræðinga í tengslum við samruna yfir landamæri skal gefa kost á því að gera eina skýrslu fyrir alla félagsmenn sem taka þátt í framkvæmd samruna yfir landamæri. Samþykkja skal áætlun um samruna yfir landamæri á hluthafafundi hvers þessara félaga.

7) Í því skyni að auðvelda framkvæmd samruna yfir landamæri skal kveða á um að innlent yfir-

([1]) Stjtíð. ESB C 117, 30.4.2004, bls. 43.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 10. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 19. september 2005.

vald, sem fer með lögsögu yfir þessum félögum, skuli hafa eftirlit með framkvæmd og lögmæti ákvarðanatöku hvers samrunafélags en innlent yfirvald, sem fer með lögsögu yfir félaginu, sem verður til við samrunann, skal hafa eftirlit með framkvæmd og lögmæti samruna yfir landamæri. Viðkomandi innlent yfirvald getur verið dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir. Einnig skal tilgreina þau innlendu lög sem ákvarða hvaða dag samruni yfir landamæri tekur gildi, þ.e. lögin sem félagið, sem verður til við samrunann, heyrir undir.

8) Í því skyni að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra skal tilgreina hver lagaleg áhrif samruna yfir landamæri eru og greina á milli hvort félagið, sem verður til við samrunann sé yfirtökufélag eða nýtt félag. Til að tryggja réttaröryggi skal ekki lengur vera mögulegt að lýsa samrunann ógildan eftir að samruni yfir landamæri hefur tekið gildi.

9) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu löggjafar um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, bæði á vettvangi Bandalagsins með reglugerð (EB) nr. 139/2004 ([3]) og í aðildarríkjunum.

10) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf Bandalagsins viðvíkjandi lánamiðlunum og öðrum fjármagnsfyrirtækjum og innlendar reglur sem settar eru eða innleiddar samkvæmt slíkri löggjöf Bandalagsins.

11) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf aðildarríkis þar sem krafist er upplýsinga um staðsetningu yfirstjórnar eða aðalstarfsstöðvar sem fyrirhuguð er fyrir félagið sem verður til við samruna yfir landamæri.

12) Réttindi starfsmanna, önnur en þátttökuréttur, skulu eftir sem áður heyra undir ákvæði landslaga sem um getur í tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um hópuppsagnir ([4]), tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001 um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar ([5]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins ([6]) og tilskipun ráðsins 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á Bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn ([7]).

13) Ef starfsmenn hafa þátttökurétt í einu af samrunafélögunum í samræmi við skilyrði sem sett eru fram í þessari tilskipun og ef landslög aðildarríkisins, þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, hefur skráða skrifstofu, kveða ekki á um sömu þátttöku og í hlutaðeigandi samrunafélögum, þ.m.t. í nefndum eftirlitsstjórnar sem hafa ákvörðunarvald, eða þau veita starfsmönnum ekki sama rétt í þeim fyrirtækjum sem verða til við samruna yfir landamæri, skal setja reglur um þátttöku starfsmanna í félaginu sem verður til við samrunann og aðild þeirra að skilgreiningu slíks réttar. Í því skyni skulu meginreglur og málsmeðferð, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE) ([8]) og í tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001 um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna ([9]), liggja til grundvallar, þó með fyrirvara um breytingar sem taldar eru nauðsynlegar vegna þess að félagið, sem verður til við samrunann, heyrir undir landslög aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu. Í samræmi við b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2001/86/EB geta aðildarríkin séð til þess að samningaviðræður hefjist skjótt, skv. 16. gr. þessarar tilskipunar, í því skyni að koma í veg fyrir óþarfa tafir á samruna.

14) Í því skyni að ákvarða umfang þátttöku starfsmanna í viðkomandi samrunafélögum skal einnig hafa hliðsjón af hlutfalli fulltrúa starfsmanna í framkvæmdastjórninni, sem afkomu-

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20 janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) (Stjtíð. EB L 24, 29.1.2004, bls. 1).
([4]) Stjtíð. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16.
([5]) Stjtíð. EB L 82, 22.3.2001, bls. 16.
([6]) Stjtíð. EB L 80, 23.3.2002, bls. 29.
([7]) Stjtíð. EB L 254, 30.9.1994, bls. 64. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 97/74/EB (Stjtíð. EB L 10, 16.1.1998, bls. 22).
([8]) Stjtíð. EB L 294, 10.11.2001, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 885/2004 (Stjtíð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 1).
([9]) Stjtíð. EB L 294, 10.11.2001, bls. 22.

svið félagsins heyra undir, og þátttaka starfsmanna tekur til.

15) Þar sem aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð því markmiði sem fyrirhuguð aðgerð felur í sér, þ.e. að setja reglur með sameiginlegum þáttum sem gilda á fjölþjóðlegum vettvangi, og auðveldara er að ná markmiðinu á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og vegna áhrifa hennar, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, eins og segir í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki framar en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.

16) Hvetja skal aðildarríkin, í samræmi við 34. gr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([10]), til að semja fyrir sig og í þágu Bandalagsins sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Gildissvið**

Þessi tilskipun gildir um samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð, sem eru stofnuð í samræmi við lög aðildarríkis og eru með skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð í Bandalaginu, að því tilskildu að a.m.k. tvö þeirra heyri undir lög mismunandi aðildarríkja (hér á eftir nefndur samruni yfir landamæri).

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „félag með takmarkaðri ábyrgð", hér á eftir nefnt „félag":

   a) félag, eins og um getur í 1. gr. tilskipunar 68/151/EBE ([11]), eða

   b) félag með hlutafé og með réttarstöðu lögaðila sem á sérstakar eignir sem einar og sér duga til greiðslu skulda þess og er háð skilyrðum innlendra laga að því er varðar ábyrgðir, sem kveðið er á um í tilskipun 68/151/EBE, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra,

2. „samruni": framkvæmd þar sem:

   a) eitt eða fleiri félög yfirfæra við félagsslit, án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, allar eignir sínar og skuldir til annars félags, yfirtökufélagsins, í skiptum fyrir útgáfu verðbréfa eða hlutabréfa til félagsmanna sinna, sem nemur hlutafé hins félagsins, og greiðslu í handbæru fé, ef við á, sem nemur ekki meira en 10% af nafnvirðinu eða, sé nafnvirði ekki tilgreint, af bókfærðu verði þessara verðbréfa eða hlutabréfa eða

   b) tvö eða fleiri félög yfirfæra við félagsslit, án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, allar eignir sínar og skuldir til félags sem þau mynda, yfirtökufélagsins, í skiptum fyrir útgáfu verðbréfa eða hlutabréfa til félagsmanna sinna, sem nemur hlutafé nýja félagsins, og greiðslu í handbæru fé, ef við á, sem nemur ekki meira en 10% af nafnvirðinu eða, sé nafnvirði ekki tilgreint, af bókfærðu verði þessara verðbréfa eða hlutabréfa eða

   c) félag yfirfærir við félagsslit, án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, allar eignir sínar og skuldir til félagsins sem á öll verðbréfin eða hlutabréfin sem nemur hlutafé þess.

*3. gr.*

**Frekari ákvæði varðandi gildissviðið**

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal þessi tilskipun einnig gilda um samruna yfir landamæri þar sem lög, a.m.k. eins hlutaðeigandi aðildarríkis, heimila greiðslu í handbæru fé, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 2. gr., sem nemur meira en 10% af nafnvirðinu eða, sé nafnvirði ekki tilgreint, af bókfærðu verði verðbréfa eða hlutabréfa sem nemur hlutafé félagsins sem verður til við samrunann.

2. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að þessi tilskipun gildi ekki um samruna yfir landamæri með þátttöku samvinnufélags jafnvel þótt samvinnufélag-

([10]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

([11]) Fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

ið falli undir skilgreininguna „félag með takmarkaðri ábyrgð“ sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um samruna yfir landamæri með þátttöku félags sem hefur að markmiði sameiginlega fjárfestingu fjármagns, sem almenningur hefur lagt fram, sem starfar á grundvelli meginreglunnar um áhættudreifingu og hlutir í því eru beint eða óbeint endurkeyptir eða innleystir, að ósk eigenda, af eignum þessa félags. Aðgerðir, sem slíkt félag grípur til í því skyni að tryggja að verð hluta þess í kauphöll sé ekki verulega frábrugðið verðmæti hreinnar eignar þess, telst jafngilda slíkum endurkaupum eða innlausnum.

*4. gr.*

**Skilyrði varðandi samruna yfir landamæri**

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari tilskipun,

a) skal samruni yfir landamæri einungis vera mögulegur milli þeirra gerða félaga sem er heimilt samkvæmt landslögum hlutaðeigandi aðildarríkja að sameinast, og

b) skal félag, sem tekur þátt í samruna yfir landamæri, lúta ákvæðum og formsatriðum landslaga sem það heyrir undir. Lög aðildarríkis, sem gera innlendum yfirvöldum kleift að mótmæla tilteknum innri samruna af ástæðum er varða hagsmuni almennings, skulu einnig gilda um samruna yfir landamæri ef a.m.k. eitt samrunafélaganna heyrir undir lög þess aðildarríkis. Þetta ákvæði gildir ekki þegar 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 gildir.

2. Ákvæði og formsatriði, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu einkum taka til ákvarðanatöku varðandi samrunann og, með hliðsjón af því að samruninn nær yfir landamæri, til verndar lánardrottnum samrunafélaganna, eigendum verðbréfa og hlutabréfa, auk starfsmanna að því er varðar önnur réttindi en þau sem falla undir 16. gr. Aðildarríki er heimilt, að því er varðar félög sem taka þátt í samruna yfir landamæri og lúta lögum þess, að samþykkja ákvæði í því skyni að vernda með viðeigandi hætti minnihluta félagsmanna sem leggst gegn samruna yfir landamæri.

*5. gr.*

**Sameiginlegar samrunaáætlanir**

Framkvæmdastjórn eða stjórn sérhvers samrunafélaganna skal semja sameiginlega áætlun um samruna yfir landamæri. Í sameiginlegu áætluninni um samruna yfir landamæri skulu vera a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) form, heiti og skráð skrifstofa samrunafélaganna og félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,

b) skiptihlutfall verðbréfa eða hlutabréfa, sem nemur hlutafé félagsins, ásamt greiðslufjárhæð í handbæru fé,

c) skilmálar varðandi úthlutun verðbréfa eða hlutabréfa sem nemur hlutafé félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,

d) líkleg áhrif samruna yfir landamæri á atvinnumál starfsmanna,

e) frá hvaða degi réttur eigenda slíkra verðbréfa og hlutabréfa, sem nemur hlutafé félagsins, til hlutdeildar í hagnaði myndast og sérstök skilyrði sem hafa áhrif á þann rétt,

f) frá hvaða degi viðskipti samrunafélaganna skuli fá bókhaldsmeðferð sem viðskipti félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,

g) hvaða réttindi félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, veitir félagsmönnum sem njóta sérstakra réttinda eða eigendum annarra verðbréfa en hlutabréfa sem nemur hlutafé félagsins eða hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar í því sambandi,

h) hvaða sérstöku kjör, ef um slíkt er að ræða, bjóðast þeim sérfræðingum sem skoða samrunaáætlunina um samrunann yfir landamæri eða fulltrúum í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn samrunafélaganna,

i) samþykktir félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,

3. Upplýsingar, sem eru sendar í einhverju formi til einstaklinga sem vinna fyrir lögbær yfirvöld, dómstóla, önnur opinber yfirvöld og framkvæmdastjórnina, þ.m.t. upplýsingar sem eru tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar og geymdar í gagnasafninu sem um getur í 10. gr. og sem, væru þær látnar af hendi, myndu grafa undan:

- friðhelgi einkalífsins og ráðvendni einstaklingsins, einkum í tengslum við lög Bandalagsins um vernd persónuupplýsinga,
- viðskiptahagsmunum einstaklings eða lögaðila, þ.m.t. hugverkaréttur,
- málarekstri fyrir dómstóli og lögfræðiráðgjöf

eða

- tilganginum með eftirliti eða rannsóknum,

skulu vera trúnaðarmál og háðar kvöð um þagnarskyldu, nema nauðsynlegt sé að afhenda þær til að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins og yfirvaldið, sem sendir upplýsingarnar, samþykki að þær séu látnar af hendi.

4. Að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin samþykkja þau lagaákvæði sem eru nauðsynleg til að takmarka réttindi og skyldur skv. 10., 11. og 12. gr. tilskipunar 95/46/EB eftir því sem nauðsynlegt er til að standa vörð um þá hagsmuni sem um getur í d- og f-lið 1. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin getur takmarkað réttindi og skyldur skv. 4. gr. (1. mgr.), 11. gr., 12. gr. (1. mgr.), 13.–17. gr. og 37. gr. (1. mgr.) í reglugerð (EB) nr. 45/2001 ef slík takmörkun er nauðsynleg ráðstöfun til að verja þá hagsmuni sem um getur í a- og e-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

5. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*14. gr.*

**Upplýsingaskipti við þriðju lönd**

1. Lögbært yfirvald, sem fær upplýsingar frá yfirvaldi í þriðja landi, skal senda upplýsingarnar til viðeigandi lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum svo fremi að það sé leyft í tvíhliða samningi um aðstoð sem gerður er við þetta þriðja land og í samræmi við lög Bandalagsins um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga.

2. Upplýsingar, sem eru sendar samkvæmt þessari reglugerð, getur lögbært yfirvald einnig sent yfirvaldi þriðja lands samkvæmt tvíhliða samningi um aðstoð sem gerður er við það að því tilskildu að samþykki lögbæra yfirvaldsins, sem sendi upplýsingarnar upphaflega, liggi fyrir og í samræmi við lög Bandalagsins um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga.

*15. gr.*

**Skilyrði**

1. Aðildarríkin skulu falla frá öllum kröfum um endurgreiðslu á kostnaði við beitingu þessarar reglugerðar. Aðildarríki yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, skal þó áfram taka á sig ábyrgð gagnvart aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, á kostnaði eða tapi sem myndast í kjölfar ráðstafana sem dómstóll úrskurðar að séu tilefnislausar að því er varðar sakarefni brots innan Bandalagsins.

2. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur neitað að verða við beiðni um ráðstafanir til að framfylgja lögum skv. 8. gr. eftir að hafa átt viðræður við yfirvaldið sem leggur fram beiðni:

a) ef dómsmeðferð hefur þegar farið fram eða dómsyfirvöld í aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, eða yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, hafa þegar fellt endanlegan dóm varðandi sama brot innan Bandalagsins og gegn sömu seljendum eða birgjum,

b) ef yfirvaldið, sem beiðni er beint til, telur, að lokinni viðeigandi rannsókn, að ekkert brot hafi átt sér stað innan Bandalagsins

eða

c) ef það telur að yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, hafi ekki veitt nægar upplýsingar í samræmi við 1. mgr. 12. gr. nema yfirvaldið, sem beiðni er beint til, hafi þegar neitað að verða við beiðninni skv. c-lið 3. mgr. í tengslum við sama brot innan Bandalagsins.

3. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur neitað að verða við beiðni um upplýsingar skv. 6. gr.:

a) ef það telur, eftir viðræður við yfirvaldið sem leggur fram beiðni, að upplýsinganna sé ekki óskað í því skyni að ákvarða hvort brot hafi átt sér stað innan Bandalagsins eða til að ákvarða hvort rökstuddur grunur leiki á um að það geti átt sér stað,

b) ef yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, fellst ekki á að upplýsingarnar séu háðar ákvæðum um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu sem eru sett fram í 3. mgr. 13. gr.

eða

c) ef rannsókn sakamáls eða dómsmeðferð hefur þegar farið fram eða dómsyfirvöld í aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, eða yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, hafa þegar fellt

endanlegan dóm varðandi sama brot innan Bandalagsins og gegn sömu seljendum eða birgjum.

4. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur ákveðið að efna ekki skuldbindingarnar sem um getur í 7. gr. ef rannsókn sakamáls eða dómsmeðferð hefur þegar farið fram eða dómsyfirvöld í aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, eða yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, hafa þegar fellt endanlegan dóm varðandi sama brot innan Bandalagsins og gegn sömu seljendum eða birgjum.

5. Yfirvaldið, sem beiðni er beint til, skal tilkynna yfirvaldinu, sem leggur fram beiðni, og framkvæmdastjórninni um ástæðurnar fyrir því að það neitar að verða við beiðni um aðstoð. Yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, getur vísað málinu til framkvæmdastjórnarinnar sem skal skila áliti í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

6. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

## IV. KAFLI

## AÐGERÐIR BANDALAGSINS

*16. gr.*

### Samræming lagaframkvæmdar

1. Aðildarríkin skulu, í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum þessarar reglugerðar, tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um starfsemi sína í þágu Bandalagsins á sviðum eins og:

a) menntun embættismanna sinna sem annast lagaframkvæmd á sviði neytendaverndar, þ.m.t. tungumálakennsla og námskeiðshald,

b) söfnun og flokkun kvartana frá neytendum,

c) að koma á fót netum þar til bærra embættismanna í sérstökum atvinnugreinum,

d) þróun upplýsinga- og fjarskiptabúnaðar,

e) þróun staðla, aðferðafræði og leiðbeininga fyrir embættismenn sem annast lagaframkvæmd á sviði neytendaverndar,

f) embættismannaskipti.

Aðildarríkin geta, í samráði við framkvæmdastjórnina, unnið að sameiginlegri starfsemi á sviðum sem um getur í a- til f-lið. Aðildarríkin skulu, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, þróa sameiginlegan ramma um flokkun kvartana frá neytendum.

2. Lögbær yfirvöld geta skipst á þar til bærum embættismönnum til að bæta samvinnuna. Lögbæru yfirvöldin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þar til bærum embættismönnum, sem skipst er á, kleift að taka virkan þátt í starfsemi lögbæra yfirvaldsins. Þess vegna skulu slíkir embættismenn fá heimild til að vinna þau skyldustörf sem lögbær yfirvöld í gistiríkinu fela þeim í samræmi við lög viðkomandi aðildarríkis.

3. Á meðan skiptin standa yfir skal farið með einkaréttarábyrgð og refsiábyrgð þar til bærs embættismanns á sama hátt og embættismanna lögbæra yfirvaldsins í gistiríkinu. Þar til bærir embættismenn, sem skipst er á, skulu virða faglegar reglur og vera bundnir af viðeigandi innlendum siðareglum lögbæra yfirvaldsins í gistiríkinu sem tryggja einkum vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónulegra gagna, sanngjarna málsmeðferð og að ákvæðin um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu, sem sett eru með 13. gr., séu virt til fulls.

4. Ráðstafanir Bandalagsins, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, þ.m.t. tilhögun á framkvæmd sameiginlegrar starfsemi, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*17. gr.*

### Samvinna á sviði stjórnsýslu

1. Aðildarríkin skulu, í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum þessarar reglugerðar, tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um starfsemi sína í þágu Bandalagsins á sviðum sem geta verið t.d.:

a) upplýsingar og ráðgjöf til neytenda,

b) stuðningur við starfsemi fulltrúa neytenda,

c) stuðningur við starfsemi stofnana sem bera ábyrgð á lausn deilumála neytenda utan dómstóla,

d) stuðningur við aðgang neytenda að réttarkerfinu,

e) söfnun tölulegra upplýsinga, niðurstöður rannsókna eða aðrar upplýsingar í tengslum við hegðun neytenda, viðhorf og niðurstöður.

Aðildarríkin geta, í samráði við framkvæmdastjórnina, unnið að sameiginlegri starfsemi á sviðum sem um getur í a- til e-lið. Aðildarríkin skulu, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, þróa sameiginlegan ramma um starfsemina sem um getur í e-lið.

2. Ráðstafanir Bandalagsins, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, þ.m.t. tilhögun á framkvæmd sameiginlegrar starfsemi, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*18. gr.*

**Alþjóðasamningar**

Bandalagið skal eiga samstarf við þriðju lönd og við þar til bær alþjóðleg samtök á þeim sviðum sem falla undir þessa reglugerð með það fyrir augum að auka vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda. Tilhögun samvinnu, þ.m.t. að koma á fót tilhögun fyrir gagnkvæma aðstoð, getur verið hluti af samningum milli Bandalagsins og viðkomandi þriðju landa.

V. KAFLI

**LOKAÁKVÆÐI**

*19. gr.*

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

*20. gr.*

**Nefndarmeðferð**

1. Nefndin getur skoðað öll mál er varða beitingu þessarar reglugerðar sem formaður hennar leggur fram, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Hún getur einkum athugað og metið hvernig sú tilhögun samstarfs, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, reynist.

*21. gr.*

**Skýrslur**

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja eða úr samningum sem þau gera um málefni sem reglugerð þessi nær til, að undanskildum samningum sem fjalla um einstök mál.

2. Annað hvert ár eftir gildistökudag þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu hennar. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum.

3. Í skýrslunum skal fjallað um:

a) allar nýjar upplýsingar um stofnunina, heimildir, úrræði og skyldustörf lögbærra yfirvalda,

b) allar upplýsingar varðandi þróun, leiðir og aðferðir við að fremja brot innan Bandalagsins, einkum þær sem hafa leitt í ljós galla eða veilur í þessari reglugerð eða í lögunum til verndar hagsmunum neytenda,

c) allar upplýsingar um aðferðir við lagaframkvæmd sem hafa reynst árangursríkar,

d) samantekt tölulegra upplýsinga varðandi starfsemi lögbærra yfirvalda, s.s. aðgerðir samkvæmt þessari reglugerð, kvartanir sem hafa borist, aðgerðir við lagaframkvæmd og dóma,

e) samantekt mikilvægra innlendra dóma sem varða túlkun laga til verndar hagsmunum neytenda,

f) aðrar upplýsingar sem varða beitingu þessarar reglugerðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar fyrir Evrópuþingið og ráðið á grundvelli skýrslna aðildarríkjanna.

*22. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún gildir frá 29. desember 2005.

Ákvæðin um gagnkvæma aðstoð, sem eru sett fram í II. og III. kafla, gilda frá 29. desember 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 27. október 2004.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,* *Fyrir hönd ráðsins,*

J. P. BORRELL FONTELLES *forseti.*

A. NICOLAÏ *forseti.*

*VIÐAUKI*

**Tilskipanir og reglugerðir sem falla undir a-lið 3. gr.** [1]

1. Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar (Stjtíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB (Stjtíð. EB L 290, 23.10.1997, bls. 18).

2. Tilskipun ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva (Stjtíð. EB L 372, 31.12.1985, bls. 31).

3. Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtíð. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB (Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 17).

4. Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur, 10.–21. gr. (Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjtíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

5. Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka (Stjtíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59).

6. Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29). Tilskipuninni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/995/EB (Stjtíð. EB L 353, 30.12.2002, bls. 1).

7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni (Stjtíð. EB L 280, 29.10.1994, bls. 83).

8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga (Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2002/65/EB (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).

9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB frá 6. október 1997 um breytingu á tilskipun 84/450/EBE varðandi villandi auglýsingar þannig að hún taki einnig til samanburðarauglýsinga.

10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum (Stjtíð. EB L 80, 18.3.1998, bls. 27).

11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi (Stjtíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12).

12. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum: 86.–100. gr. (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/27/EB (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 34).

14. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur.

---

[1] Í tilskipunum nr. 1, 6, 8 og 13 er að finna sértæk ákvæði.

15. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004 frá 11. febrúar 2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður (Stjtíð. ESB L 46, 17.2.2004, bls. 1).

# 851. Tillaga til þingsályktunar [573. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2006 frá 2. júní 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

**1. Inngangur.**

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2006 frá 2. júní 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

**2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB.**

Tilskipun 2005/68/EB gildir um sjálfstæðan rekstur endurtrygginga af hálfu endurtryggingafélaga sem aðeins stunda endurtryggingar og staðsett eru innan Evrópusambandsins.[1] Tilskipunin gildir hins vegar ekki um vátryggingafélög sem tilskipanir 73/239/EBE og 2002/83/EB ná til og ekki um endurtryggingar sem eru með ríkisábyrgð.

[1] Rétt er að taka fram að þegar tilskipunin hefur verið felld inn í EES-samninginn mun þar sem segir „Evrópusambandið“ í þessum efnisútdrætti, sem byggist beint á tilskipuninni, eiga við um Evrópska efnahagssvæðið.

Í tilskipuninni er mælt fyrir um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að geta hafið rekstur endurtryggingafélags en þau lúta einkum að öflun starfsleyfis frá viðeigandi eftirlitsaðila.[2] Fáist starfsleyfi skal það gilda á öllu Evrópusambandssvæðinu. Um þrenns konar starfsleyfi getur verið að ræða, þ.e. leyfi sem nær til skaðaendurtrygginga, lífendurtrygginga eða hvers konar endurtrygginga.

Meginákvæði tilskipunarinnar fjalla um skilyrði reksturs endurtryggingafélags en þau er að finna í fjórum aðgreindum köflum.

1. kafli: Meginreglur og umfang eftirlits með endurtryggingastarfsemi. Í kaflanum kemur fram að fjárhagslegt eftirlit með endurtryggingafélagi og útibúum þess er alfarið á ábyrgð heimaríkis félagsins. Jafnframt kemur fram að endurtryggingafélag skuli skila eftirlitsaðila ársreikningi sem tekur til allrar starfsemi félagsins, fjárhagslegrar stöðu og gjaldþols ásamt öðrum tölulegum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til eftirlits með starfseminni. Í þessum kafla er jafnframt að finna ákvæði um virkan eignarhlut, trúnaðarskyldu, heimildir eftirlitsaðila til miðlunar upplýsinga og skyldur endurskoðanda.

2. kafli: Reglur um vátryggingaskuld. Þar segir að vátryggingaskuld endurtryggingafélags skuli vera í samræmi við alla starfsemi félagsins og að umfang hennar skuli ákveðið í samræmi við reglur tilskipunar 91/674/EBE. Jafnframt segir að endurtryggingafélag skuli fjárfesta í eignum til að mæta vátryggingaskuld og mælir tilskipunin fyrir um tilteknar reglur í því sambandi, t.d. varðandi fjölbreytni fjárfestinganna til að forðast það að félagið stóli um of á eina eign eða útgefanda í fjárfestingasafninu.

3. kafli: Gjaldþolsviðmið og ábyrgðarsjóður. Reglur tilskipunarinnar um gjaldþol félags taka annars vegar á tiltæku gjaldþoli og hins vegar lágmarksgjaldþoli. Hluta af lágmarksgjaldþolinu skal ráðstafað í ábyrgðarsjóð eftir reglum sem tilskipunin tilgreinir.

4. kafli: Afturköllun starfsleyfis. Ef vandkvæði eða óviss staða kemur upp hjá endurtryggingafélagi mælir tilskipunin fyrir um að eftirlitsaðili geti krafist þess að lögð verði fram áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Einnig eru ákvæði um undir hvaða kringumstæðum eftirlitsaðila er heimilt að afturkalla starfsleyfi endurtryggingafélags.

Loks geymir tilskipunin fyrirmæli varðandi a) takmarkaðar endurtryggingar, b) stofnsetningarrétt og þjónustufrelsi, c) endurtryggingarfélög með höfuðstöðvar utan Evrópusambandsins en starfsemi innan þess og d) dótturfélög móðurfélaga sem lög þriðja ríkis gilda um.

Lög og reglugerðir sem innleiða tilskipunina skulu hafa tekið gildi þann 10. desember 2007. Ljóst er að gera þarf breytingar á lögum til að innleiða tilskipun 2005/68/EC. Ekki er þó fyrirséð að þær breytingar verði mjög viðamiklar, enda er markmið tilskipunarinnar að færa reglur um rekstur endurtryggingafélaga til samræmis við gildandi reglur um rekstur frumtryggjenda.

### 3. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta

[2] Á Íslandi er viðeigandi eftirlitsaðili Fjármálaeftirlitið.

fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

**Fylgiskjal I.**

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 59/2006

**frá 2. júní 2006**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2006 frá 10. mars 2006 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

([1]) Stjtíð. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 50, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 33, 1.6.2006, bls. 19.
([2]) Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE):

„7b. **32005 L 0068**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í I. viðauka:

„– að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein: „Aktiengesellschaft", „Europäische Aktiengesellschaft (Societas Europaea)", „Genossenschaft";

– að því er varðar Konungsríkið Noreg: „aksjeselskaper", „allmennaksjeselskaper", „gjensidige selskaper";

– að því er varðar Ísland: „hlutafélög", „gagnkvæm félög"." "

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE), lið 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE), 11. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB) og lið 12c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB):

„– **32005 L 0068**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1)."

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/68/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. júní 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 2. júní 2006.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*R. Wright*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn* *M. Brinkmann*

## Fylgiskjal II.

### TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/68/EB

**frá 16. nóvember 2005**

**um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB**

**(Texti sem varðar EES)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga ([3]), tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar ([5]) er mælt fyrir um ákvæði sem lúta að því að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga í Bandalaginu.

2) Í þessum tilskipunum er mælt fyrir um lagaramma fyrir vátryggingafélög, sem annast vátryggingastarfsemi á innri markaðinum, að því er varðar staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu, til þess að auðvelda vátryggingafélögum með aðalskrifstofur í Bandalaginu að mæta skuldbindingum sínum innan Bandalagsins og til þess að gera vátryggingatökum kleift að leita, ekki aðeins til vátryggjenda með staðfestu í þeirra eigin landi heldur einnig til vátryggjenda með aðalskrifstofur í Bandalaginu og með staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

3) Fyrirkomulagið, sem mælt er fyrir um í þessum tilskipunum, gildir um alla starfsemi félaga sem annast frumtryggingar, þ.e. bæði um starfsemi á sviði frumtrygginga og endurtryggingastarfsemi sem felur í sér móttöku endurtrygginga; en endurtryggingastarfsemi, sem sérhæfð endurtryggingafélög annast, fellur þó hvorki undir þetta fyrirkomulag né neitt annað fyrirkomulag sem kveðið er á um í lögum Bandalagsins.

4) Endurtrygging er mjög mikilvæg fjármálastarfsemi þar sem hún gerir félögum á sviði frumtrygginga kleift að auka getu sína til að taka þátt í vátryggingastarfsemi og veita vátryggingavernd og einnig að lækka fjármagnskostnað sinn, með því að dreifa áhættunni víðar um heiminn. Endurtrygging gegnir auk þess lykilhlutverki fyrir fjárhagslegan stöðugleika þar sem hún er afgerandi þáttur í að tryggja fjárhagslegan styrkleika og stöðugleika á mörkuðum fyrir frumtryggingar sem og fjármálakerfisins í heild, vegna þess að hún tengist öllum stærstu aðilum í miðlun fjármálaafurða og stofnanafjárfestum.

5) Með tilskipun ráðsins 64/225/EBE frá 25. febrúar 1964 um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu á sviði endurtrygginga

([1]) Stjtíð. ESB C 120, 20.5.2005, bls. 1.
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 7. júní 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 17. október 2005.
([3]) Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).
([4]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.
([5]) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

([6]) voru höft á staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu í tengslum við ríkisfang eða búsetu þess sem veitir endurtryggingu afnumin. Með henni voru þó ekki afnumin höft sem leiðir af mismun í ákvæðum landslaga að því er varðar varfærnisreglur á sviði endurtrygginga.

Þessi staða hefur leitt til þess að ekki er haft jafnmikið eftirlit með öllum endurtryggingafélögum í Bandalaginu og skapar það hindranir í starfsemi endurtryggingafélaga, s.s. sú kvöð að endurtryggingafélög skuli veðsetja eignir til jöfnunar sínum hluta vátryggingaskuldar frumtryggingafélags, eða skuldbinding endurtryggingafélaga um að virða mismunandi eftirlitsreglur í mismunandi aðildarríkjum þar sem þau eru með starfsemi eða óbeint eftirlit með ýmsum þáttum í starfsemi endurtryggingafélags sem lögbær yfirvöld á sviði frumtrygginga annast.

6) Í aðgerðaáætluninni um fjármálaþjónustu er bent á að endurtryggingar séu atvinnugrein þar sem þörf er á aðgerðum innan Bandalagsins til þess að innri markaðurinn fyrir fjármálaþjónustu verði að veruleika. Enn fremur hafa mikilvægar fjármálastofnanir, s.s. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðasamband tryggingaeftirlita (IAIS), sérstaklega bent á að skortur á samræmdum eftirlitsreglum með endurtryggingastarfsemi innan Bandalagsins væri misbrestur á regluramma um fjármálaþjónustu sem rétt sé að ráða bót á.

7) Þessi tilskipun miðar að því að koma á ramma um varfærnisreglur vegna endurtryggingastarfsemi í Bandalaginu. Hún er hluti af heildarlöggjöf Bandalagsins á sviði vátrygginga sem miðar að því að koma á hinum innri markaði á sviði vátrygginga.

8) Þessi tilskipun er í samræmi við þá umfangsmiklu vinnu á alþjóðavettvangi sem fram fer í tengslum við varfærnisreglur á sviði endurtrygginga, einkum innan Alþjóðasambands tryggingaeftirlita.

9) Í þessari tilskipun er fylgt nálguninni í löggjöf Bandalagsins, sem samþykkt er á sviði frumtrygginga og felst í því að koma á nauðsynlegri grundvallarsamræmingu sem nægir til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á starfsleyfum og varfærniseftirlitskerfum, þannig að unnt verður að gefa út eitt starfsleyfi sem gildir alls staðar í Bandalaginu og beita meginreglunni um eftirlit heimaaðildarríkis

10) Því þarf framvegis eitt opinbert leyfi sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem endurtryggingafélag hefur aðalskrifstofu til að hefja og stunda endurtryggingastarfsemi. Slíkt starfsleyfi gerir félaginu kleift að annast starfsemi alls staðar í Bandalaginu samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu. Aðildarríkið, þar sem útibúið er eða þjónustan er veitt, getur ekki krafist þess að endurtryggingafélag, sem óskar eftir að reka þar endurtryggingastarfsemi og hefur þegar fengið leyfi í heimaaðildarríkinu, sæki um nýtt leyfi. Enn fremur ætti endurtryggingafélag, sem þegar hefur fengið starfsleyfi í heimaaðildarríki sínu, ekki að vera undir viðbótareftirliti eða sæta rannsóknum á fjárhagslegum styrkleika þess sem lögbært yfirvald vátryggingafélags, sem er endurtryggt af því endurtryggingafélagi, annast. Að auki skal aðildarríkjum ekki að vera heimilt að krefjast þess að endurtryggingafélag með starfsleyfi í Bandalaginu veðsetji eignir til jöfnunar sínum hluta vátryggingaskuldar frumtryggjanda. Skilgreina ber skilyrði varðandi veitingu eða afturköllun starfsleyfis. Lögbær yfirvöld skulu ekki veita endurtryggingafélagi starfsleyfi eða viðhalda starfsleyfi endurtryggingafélags sem uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

11) Þessi tilskipun gildir um endurtryggingafélög sem annast eingöngu starfsemi á sviði endurtrygginga en enga frumtryggingastarfsemi. Einnig gildir hún um svokölluð bundin (captive) endurtryggingafélög, sem stofnuð eru eða eru í eigu annaðhvort fjármálafyrirtækis, annars en vátrygginga- eða endurtryggingafélags, eða samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingahópi ([7]) eða eins eða fleiri fyrirtækja, sem ekki eru fjármálafyrirtæki, sem hafa að markmiði að endurtryggja eingöngu gegn áhættu fyrirtækjanna sem þau tilheyra. Þegar vísað er í endurtryggingafélög í þessari tilskipun er einnig átt við bundin endurtrygg-

([6]) Stjtíð. EB 56, 4.4.1964, bls. 878.

([7]) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

ingafélög nema þegar sett eru sérákvæði um bundin endurtryggingafélög. Bundin endurtryggingafélög tryggja ekki gegn áhættu sem leiðir af ytri frumtryggingastarfsemi eða endurtryggingastarfsemi vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem tilheyrir samstæðunni. Enn fremur mega vátryggingafélög eða endurtryggingafélög, sem tilheyra fjármálasamsteypu, ekki eiga bundið félag.

12) Þessi tilskipun gildir þó ekki um vátryggingafélög sem falla þegar undir tilskipun 73/239/EBE eða 2002/83/EBTil þess að fjárhagslegur styrkleiki vátryggingafélaga, sem einnig stunda endurtryggingastarfsemi, sé tryggður og að tilhlýðilegt tillit sé tekið til fyrirkomulags þessarar starfsemi í kröfum varðandi eigið fé þessara vátryggingafélaga gilda þó þau ákvæði þessarar tilskipunar sem tengjast gjaldþoli endurtryggingafélaga einnig um endurtryggingastarfsemi þessara vátryggingafélaga ef umfang hennar er verulega stór hluti af heildarstarfsemi þeirra.

13) Þessi tilskipun gildir ekki um endurtryggingavernd sem aðildarríki veitir eða ábyrgist að öllu leyti þegar það, af ástæðum sem varða verulega almenna hagsmuni, veitir endurtryggingavernd sem að öðrum kosti væri ófáanleg, einkum þegar ekki er hægt að fá viðunandi endurtryggingavernd á markaðskjörum vegna sérstakra markaðsaðstæðna. Í þessu samhengi merkir skortur á „viðunandi endurtryggingavernd á markaðskjörum“ fyrst og fremst vangetu markaðarins þar sem framboð á vátryggingavernd er augljóslega ófullnægjandi, þótt alltof há iðgjöld ættu í sjálfu sér ekki að merkja að um ófullnægjandi vátryggingavernd á markaðskjörum sé að ræða. Ákvæði d-liðar 2. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar gilda einnig um ráðstafanir milli vátryggingafélaga sem falla undir tilskipun 73/239/EBE eða 2002/83/EB og miða að því sameina fjárkröfur sem leiða af mjög mikilli áhættu, s.s. vegna hryðjuverka.

14) Endurtryggingafélög skulu takmarka starfsemi sína við endurtryggingar og tengda starfsemi. Þessi krafa kemur ekki í veg fyrir að endurtryggingafélög geti annast starfsemi á borð við tölfræðilega eða tryggingafræðilega ráðgjöf, áhættugreiningu eða rannsóknir fyrir viðskiptavini sína. Þetta getur einnig tekið til starfsemi eignarhaldsfélags og starfsemi á fjármálasviði í skilningi 8. liðar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu ([8]). Hvað sem öðru líður leyfir þessi krafa ekki að hægt sé að annast óskylda banka- og fjármálastarfsemi.

15) Í þessari tilskipun er betur skýrt valdsvið og eftirlitsheimildir lögbærra yfirvalda. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki endurtryggingafélagsins skulu annast eftirlit með fjárhagslegum styrkleika endurtryggingafélaga, m.a. gjaldþoli þeirra, fullnægjandi vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóðum og að þessi skuld og sjóðir séu tryggðir með viðeigandi eignum.

16) Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa nauðsynlegar eftirlitsheimildir til að tryggja að endurtryggingafélög reki starfsemi sína samkvæmt reglum alls staðar í Bandalaginu, hvort sem hún er rekin samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu. Einkum verða þau að geta gert viðeigandi verndarráðstafanir eða beita viðurlögum sem miða að því að koma í veg fyrir að ákvæði varðandi endurtryggingaeftirlit séu brotin eða að ekki sé farið eftir þeim.

17) Ákvæði um yfirfærslu vátryggingarstofns skulu vera í samræmi við það fyrirkomulag sem kveðið er á um í þessari tilskipun og gerir ráð fyrir einu starfsleyfi. Þau gilda um ýmiss konar yfirfærslu á vátryggingastofnum milli endurtryggingafélaga, s.s. yfirfærslu á vátryggingastofni sem leiðir af samruna endurtryggingafélaga eða sölu annarra gerninga sem falla undir félagarétt eða yfirfærslu á vátryggingastofni með útistandandi tapi við flutning til annars endurtryggingafélags. Enn fremur skulu í ákvæðum um yfirfærslu vátryggingastofns vera ákvæði sem varða sérstaklega yfirfærslu á safni vátryggingasamninga, sem gerðir eru á grundvelli staðfesturéttar eða frelsis til að veita þjónustu, til annars endurtryggingafélags.

18) Gera skal ráð fyrir að lögbær yfirvöld og yfirvöld eða stofnanir, sem í krafti stöðu sinnar stuðla að því að auka stöðugleika fjármálakerfisins, skiptist á upplýsingum. Til að tryggja þá leynd sem hvílir yfir þeim upplýsingum sem sendar eru áfram verður að gæta þess að fjöldi

([8]) Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2005/1/EB.

viðtakenda sé mjög takmarkaður. Nauðsynlegt er að tilgreina með hvaða skilyrðum fyrrnefnd upplýsingaskipti eru heimiluð. Þegar kveðið er á um að einungis megi afhenda upplýsingar með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda geta þau, þegar svo ber undir, sett það skilyrði fyrir samþykki sínu að farið sé að ströngum skilyrðum. Í þessu tilliti og í því skyni að tryggja viðeigandi eftirlit lögbærra yfirvalda með endurtryggingafélögum er rétt að í þessari tilskipun sé kveðið á um reglur sem gera aðildarríkjunum kleift að gera samninga um upplýsingaskipti við þriðju lönd að því tilskildu að um upplýsingarnar, sem látnar eru í té, ríki þagnarskylda.

19) Með það í huga að auka varfærniseftirlit með endurtryggingafélögum skal mæla fyrir um að löggiltum endurskoðanda beri skylda til að upplýsa lögbær yfirvöld jafnharðan, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, komist hann við störf sín á snoðir um tilteknar staðreyndir sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhagsstöðu eða stjórnsýslu og reikningshald endurtryggingafélags. Með hliðsjón af settu markmiði er æskilegt að aðildarríkin kveði á um að sama skylda gildi í öllum tilvikum þegar endurskoðandi kemst á snoðir um slík málsatvik við störf sín í félagi sem hefur náin tengsl við endurtryggingafélag. Skylda endurskoðenda til að upplýsa lögbær yfirvöld, eftir því sem við á, um tilteknar staðreyndir og ákvarðanir, sem varða endurtryggingafélag og þeir hafa komist á snoðir um við störf sín í félagi öðru en endurtryggingafélagi, breytir í sjálfu sér ekki eðli starfa þeirra í viðkomandi félagi né heldur með hvaða hætti þeir inna störf sín af hendi í félaginu.

20) Setja skal ákvæði um hvernig þessari tilskipun skuli beitt gagnvart starfandi endurtryggingafélögum, sem eru þegar með starfsleyfi eða hafa heimild til að stunda endurtryggingastarfsemi í samræmi við ákvæði aðildarríkjanna, áður en beiting þessarar tilskipunar hefst.

21) Til þess að gera endurtryggingafélagi kleift að standa við skuldbindingar sínar ber heimaaðildarríkinu að skylda endurtryggingafélag til að vera með fullnægjandi vátryggingaskuld. Ákveða skal fjárhæð slíkra vátryggingaskulda í samræmi við tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga ([9]) og skal heimaaðildarríkjunum einnig vera heimilt, að því er varðar starfsemi á sviði lífendurtrygginga, að mæla fyrir um sértækari reglur í samræmi við tilskipun 2002/83/EB.

22) Endurtryggingafélagi, sem annast endurtryggingar á sviði greiðsluvátrygginga, skal gert að mynda útjöfnunarsjóð, sem ekki er hluti af gjaldþoli þess, ef endurtryggingastarfsemi þess vegna greiðsluvátrygginga er umtalsverður hluti starfseminnar í heild. Þessi sjóður skal reiknaður samkvæmt einni aðferðanna sem mælt er fyrir um í tilskipun 73/239/EBE og teljast þær jafngildar. Enn fremur er rétt að þessi tilskipun heimili heimaaðildarríkinu jafnframt að skylda endurtryggingafélög, sem eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess, til þess að mynda útjöfnunarsjóði fyrir aðra áhættuflokka en endurtryggingar vegna greiðsluvátrygginga, samkvæmt reglum sem það heimaaðildarríki mælir fyrir um. Í framhaldi af innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS 4) skal í þessari tilskipun skýra varfærnismeðferð vegna útjöfnunarsjóða sem myndaðir eru í samræmi við þessa tilskipun. Þar sem nauðsynlegt er að endurmeta endurtryggingar samkvæmt „Gjaldþolsáætlun II“ (Solvency II) er þó ekki fjallað um eftirlit með endurtryggingum í framtíðinni samkvæmt „Gjaldþolsáætlun II“ í þessari tilskipun.

23) Endurtryggingafélag skal hafa yfir að ráða eignum til að mæta vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði sem miðist við þá tegund starfsemi sem það stundar, einkum hvað varðar eðli, fjárhæð og tímalengd áætlaðra kröfugreiðslna á þann hátt að tryggja nægilegt magn, greiðsluhæfi, öryggi, gæði, arðsemi og jöfnun fjárfestinga sinna sem félagið skal tryggja að séu fjölbreytilegar og hæfilega dreifðar og geri því kleift að bregðast með viðunandi hætti við breytingum í efnahagslífinu, einkum þróun á fjármála- og fasteignamörkuðum eða meiri háttar hamförum.

24) Nauðsynlegt er að endurtryggingafélag hafi, auk vátryggingaskuldar, yfir að ráða viðbótarvarasjóði, er nefnist gjaldþol, sem myndaður er úr kvaðalausum eignum og, með samþykki þar

([9]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).

til bærs yfirvalds, öðrum óbeinum eignum, þannig að það sé viðbúið neikvæðum sveiflum í starfseminni. Þessi krafa skiptir miklu máli við varfærniseftirlit. Þar til endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á núverandi fyrirkomulagi varðandi gjaldþol hefur farið fram samkvæmt „Gjaldþolsáætlun II", í því skyni að ákvarða tilskilið gjaldþol endurtryggingafélaga, skal beita reglum gildandi löggjafar á sviði frumtrygginga.

25) Í ljósi þess hve endurtryggingar vegna líftrygginga, sem taka til áhættu vegna dauða, og endurtryggingar vegna skaðatrygginga eru líkar, einkum hvað varðar vernd gegn tryggingaáhættu og gildistíma endurtryggingasamninga vegna líftrygginga, ber að ákvarða gjaldþol fyrir endurtryggingar vegna líftrygginga í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar að því er varðar útreikning á tilskildu gjaldþoli fyrir endurtryggingar vegna skaðatrygginga. Heimaaðildarríkinu skal þó heimilt að beita reglunum, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/83/EB, hvað varðar ákvörðun um tilskilið gjaldþol fyrir endurtryggingar vegna líftrygginga sem tengjast fjárfestingarsjóðum eða hlutdeildarsamningum.

26) Til þess að taka mið af sérstöku eðli ákveðinna tegunda endurtryggingasamninga eða viðskiptasviða er rétt að setja ákvæði vegna breytinga á útreikningi á tilskildu gjaldþoli. Framkvæmdastjórnin skal, við meðferð þess framkvæmdavalds sem henni er falið samkvæmt sáttmálanum, gera þessar breytingar að höfðu samráði við Evrópunefnd um vátryggingar og starfstengda lífeyrissjóði sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB ([10]).

27) Þessar ráðstafanir skulu samþykktar með því að beita málsmeðferðarreglunni sem um getur í 5. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([11]).

28) Skrá yfir liði, sem eru tækir til að mæta gjaldþoli sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu vera þeir sömu og kveðið er á um í tilskipun 73/239/EBE og 2002/83/EB.

29) Endurtryggingafélög skulu einnig vera með ábyrgðasjóð til þess að tryggja að þau hafi yfir nægilegu fé að ráða þegar þau eru stofnuð og jafnframt að gjaldþol fari aldrei niður fyrir tiltekið öryggislágmark meðan á starfsemi stendur. Til að taka tillit til sérkenna bundinna endurtryggingafélaga ber þó að kveða á um að heimaaðildarríki sé heimilt að fastsetja tilskilinn lágmarksábyrgðarsjóð með lægri fjárhæð fyrir bundin endurtryggingafélög.

30) Í tilteknum ákvæðum í þessari tilskipun eru settir lágmarksstaðlar. Heimaaðildarríki er heimilt að mæla fyrir um strangari reglur fyrir endurtryggingafélög sem hafa fengið starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum sínum, einkum að því er varðar kröfur um gjaldþol.

31) Þessi tilskipun gildir um takmarkaðar endurtryggingar. Því er nauðsynlegt að skilgreina takmarkaðar endurtryggingar vegna þessarar tilskipunar. Vegna sérstaks eðlis þessarar tegundar endurtryggingastarfsemi skal heimaaðildarríkjunum gefast kostur á að kveða á um sértæk ákvæði um starfsemi á sviði takmarkaðra endurtrygginga. Þessi ákvæði gætu verið frábrugðin almenna fyrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun að því er varðar allmörg sértæk atriði.

32) Í þessari tilskipun skal kveðið á um reglur fyrir félög með sérstakan tilgang sem taka á sig áhættur frá vátrygginga- og endurtryggingafélögum. Sérstakt eðli slíkra félaga með sérstakan tilgang, sem eru ekki vátrygginga- eða endurtryggingafélög, kallar á að sértæk ákvæði séu sett í aðildarríkjunum. Enn fremur skal í þessari tilskipun kveðið á um að heimaaðildarríkið mæli fyrir um ítarlegri reglur um skilyrði fyrir notkun útistandandi fjárhæða frá félagi með sérstakan tilgang sem vátryggingafélag eða endurtryggingafélag getur notað sem eignir til að mæta vátryggingaskuld. Í þessari tilskipun skal einnig kveða á um að endurheimtanlegar fjárhæðir frá félagi með sérstakan tilgang teljist vera frádráttarbærar samkvæmt endurtryggingasamningum innan þeirra marka sem sett eru í þessari tilskipun, með fyrirvara um að vátryggingafélag eða endurtryggingafélag hafi sótt um og fengið samþykki lögbærs yfirvalds.

33) Nauðsynlegt er að kveða á um ráðstafanir í þeim tilvikum sem fjárhagsstaða endurtryggingafélags verður slík að því reynist erfitt að standa við tryggingaskuldbindingar sínar. Við

([10]) Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 34.
([11]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

sérstakar aðstæður er einnig nauðsynlegt að lögbær yfirvöld hafi vald til íhlutunar nægilega snemma en ef til slíkrar íhlutunar kemur skulu lögbær yfirvöld, í samræmi við meginreglur um góða stjórnsýsluhætti og tilhlýðilega málsmeðferð, gera viðkomandi endurtryggingafélögum grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki slíkum eftirlitsaðgerðum. Á meðan slíkar aðstæður eru fyrir hendi skal komið í veg fyrir að lögbær yfirvöld votti um fullnægjandi gjaldþol endurtryggingafélags.

34) Nauðsynlegt er að kveða á um samstarf milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna til þess að tryggja að endurtryggingafélag, sem rekur starfsemi samkvæmt staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu, fari að þeim ákvæðum sem gilda í gistiaðildarríkinu.

35) Kveða ber á um rétt til að leita til dómstóla sé starfsleyfis synjað eða það afturkallað.

36) Mikilvægt er að kveða á um að endurtryggingafélög með aðalskrifstofu sína utan Bandalagsins, sem stunda endurtryggingastarfsemi í Bandalaginu, heyri ekki undir ákvæði sem hefðu í för með sér hagstæðari kjör en þau sem búin eru endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu sína innan Bandalagsins.

37) Til þess að taka tillit til alþjóðlegra þátta í endurtryggingu skal vera mögulegt að gera alþjóðasamninga við þriðju lönd sem miða að því að skilgreina heimildir til að hafa eftirlit með endurtryggingafélögum sem stunda sína starfsemi á yfirráðasvæði sérhvers samningsaðila.

38) Ákvarða skal sveigjanlega málsmeðferð svo að unnt sé að meta hvort varfærniseftirlit hjá þriðju löndum jafngildi því sem er í Bandalaginu í því skyni að auka frelsi í endurtryggingaþjónustu í þriðju löndum hvort sem það er með því að stofna félag eða veita þjónustu yfir landamæri. Í því skyni er í þessari tilskipun kveðið á um málsmeðferð vegna samningaviðræðna við þriðju lönd.

39) Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir, að því tilskildu að þær breyti ekki þessari tilskipun í grundvallaratriðum. Þessar framkvæmdarráðstafanir skulu gera Bandalaginu kleift að taka mið af framtíðarþróun á sviði endurtrygginga. Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun 1999/468/EB.

40) Því skal aðlaga gildandi lagaramma Bandalagsins fyrir vátryggingar og taka þannig mið af hinu nýja eftirlitsfyrirkomulagi fyrir endurtryggingafélög sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og tryggja samræmdan regluramma á sviði vátrygginga í heild. Einkum ber að aðlaga gildandi ákvæði sem heimila „óbeint eftirlit" með vátryggingafélögum á vegum yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með frumtryggingafélögum. Enn fremur er nauðsynlegt að ryðja úr vegi gildandi ákvæðum sem gera aðildarríkjunum kleift að krefjast þess að eignir verði veðsettar móti vátryggingaskuld vátryggingafélags, í hvaða formi sem krafan er sett fram, ef vátryggjandi er endurtryggður hjá endurtryggingafélagi sem hefur starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun eða hjá vátryggingafélagi. Að lokum skal samþykkja ákvæði um tilskilið gjaldþol vátryggingafélaga sem stunda endurtryggingastarfsemi þegar slík starfsemi er verulegur hluti starfsemi þess, með fyrirvara um gjaldþolsreglur fyrir endurtryggingafélög í þessari tilskipun. Því ber að breyta tilskipunum 73/239/EBE, 92/49/EBE og 2002/83/EB til samræmis við það.

41) Breyta skal tilskipun 98/78/EB til að tryggja að endurtryggingafélög í vátrygginga- eða endurtryggingasamstæðu lúti viðbótareftirliti á sama hátt og vátryggingafélög sem nú eru hluti af vátryggingasamstæðu.

42) Ráðið skal, í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([12]), hvetja aðildarríkin til að semja fyrir sig og í þágu Bandalagsins sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafana til að lögleiða hana og að gera þær opinberar.

i) óheimilt sé að endurgreiða þau að frumkvæði handhafa eða án þess að lögbært yfirvald hafi áður veitt samþykki sitt,

ii) útgáfusamningurinn verður að gera endurtryggingafélaginu kleift að fresta greiðslu vaxta af láninu,

iii) skipa skal kröfum lánveitanda á hendur endurtryggingafélaginu aftar öllum öðrum kröfum lánardrottna sem ekki eru víkjandi,

iv) í skjölunum, sem gilda um útgáfu verðbréfanna, skal kveðið á um að nota megi skuldir og ógreidda vexti til að mæta tapi á meðan endurtryggingafélaginu er gert kleift að halda áfram starfsemi sinni,

v) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.

4. Samkvæmt rökstuddri umsókn endurtryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis og að fengnu samþykki viðkomandi lögbærs yfirvalds má einnig telja til gjaldþols:

a) helming óinnborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, enda nemi hlutinn, sem greiddur hefur verið, a.m.k. 25% hlutafjár eða stofnfjár, og þessi liður verði í mesta lagi 50% af gjaldþoli eða tilskildu gjaldþoli hvort sem lægra reynist,

b) kröfur um viðbótarframlög sem gagnkvæm skaðatryggingafélög eða félög hliðstæðrar gerðar með óregluleg framlög geta gert á hendur félagsmönnum sínum á fjárhagsárinu sem geta numið allt að helmingi mismunarins milli hámarksframlaga og þeirra framlaga sem í raun er krafist en geta þó ekki numið meira en 50% af gjaldþoli eða tilskildu gjaldþoli, hvort sem lægra reynist. Lögbær innlend yfirvöld skulu mæla fyrir um viðmiðunarreglur um við hvaða aðstæður heimilt er að taka á móti viðbótarframlögum,

c) dulda nettóvarasjóði sem stafa af mati á eignum, að svo miklu leyti sem slíkir duldir nettóvarasjóðir eru ekki óvenjulegs eðlis.

5. Hvað lífendurtryggingar varðar má, samkvæmt rökstuddri umsókn endurtryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis og að fengnu samþykki viðkomandi lögbærs yfirvalds, einnig telja til gjaldþols:

a) til 31. desember 2009, fjárhæð sem nemur 50% af framtíðarhagnaði félagsins en þó aldrei meira en 25% af gjaldþoli eða tilskildu gjaldþoli, hvort sem lægra reynist; fjárhæð framtíðarhagnaðar fæst með því að margfalda áætlaðan árshagnað með stuðli sem sýnir þann meðalárafjölda sem tryggingaskírteini eiga eftir að vera í gildi; meðalárafjöldinn má þó aldrei vera hærri en sex; áætlaður árshagnaður skal ekki fara yfir meðalhagnað næstliðinna fimm fjárhagsára fyrir þá starfsemi sem skráð er í 1. mgr. 2. gr. í tilskipun 2002/83/EB.

   Lögbær yfirvöld geta einungis samþykkt að slík fjárhæð sé hluti af gjaldþoli:

   i) ef lögð hefur verið fyrir lögbær yfirvöld tryggingafræðileg skýrsla sem rennir stoðum undir líkur á því að slíkur hagnaður verði í framtíðinni og

   ii) að svo miklu leyti sem sá hluti framtíðarhagnaðar, sem verður fyrir tilstilli dulinna nettóvarasjóða sem um getur í c-lið 4. mgr., hefur ekki enn verið tekinn til greina,

b) ef Zillmer-aðferð er ekki beitt eða ef henni er beitt en miðað er við álag vegna kostnaðar við öflun vátrygginga sem er lægra en samsvarandi álag fólgið í iðgjöldum, mismuninn á annars vegar vátryggingasjóði sem ekki er reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferðinni eða reiknaður er að hluta samkvæmt Zillmer-aðferð og hins vegar vátryggingasjóði sem er reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferð þar sem gengið er út frá álagi á iðgjöld sem samsvarar kostnaðinum við öflun vátrygginganna; upphæðin má þó ekki fara yfir 3,5% af samanlögðum mismun á fjárhæðum vegna endurtrygginga á sviði líftrygginga og vátryggingasjóðum vegna allra skírteina þar sem unnt er að nota Zillmer-aðferð; frá þeim mismun skal draga allan óafskrifaðan eignfærðan öflunarkostnað.

6. Breytingar á 1.–5. mgr. þessarar greinar sem gerðar eru til að taka tillit til þróunar sem réttlætir tæknilega aðlögun þeirra liða sem mynda mega gjaldþol, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 55. gr.

2. þáttur

**Tilskilið gjaldþol**

*37. gr.*

**Tilskilið gjaldþol fyrir endurtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga**

1. Tilskilið gjaldþol skal annaðhvort ákveðið á grundvelli árlegrar fjárhæðar iðgjalda og framlaga eða á grundvelli meðaltjónakostnaðar þriggja næstliðinna fjárhagsára.

Þegar um er að ræða endurtryggingafélög, sem aðallega hafa með höndum eina eða fleiri tegundir áhættu sem falla undir greiðslu-, óveðurs-, hagl-, eða frostvátryggingar, skal þó miðað við sjö síðastliðin reikningsár til að finna meðaltjónakostnað.

2. Með fyrirvara um 40. gr. skal tilskilið gjaldþol jafnt og sú niðurstöðutala sem hærri er þeirra tveggja sem settar eru fram í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

3. Iðgjaldagrunnurinn skal reiknaður út með því að nota bókfærð iðgjöld og framlög, eins og þau eru reiknuð hér á eftir, eða brúttóiðgjöld ársins, hvort sem hærra reynist.

Iðgjöld eða framlög vegna 11., 12. og 13. greinaflokks, sem taldir eru upp í A-lið viðauka við tilskipun 73/239/EBE, skulu hækkuð um 50%.

Heimilt er að hækka iðgjöld eða framlög vegna 11., 12. og 13. greinaflokks, sem taldir eru upp í A-lið í viðauka við tilskipun 73/239/EBE, um allt að 50% vegna sérstakrar endurtryggingastarfsemi eða tegunda samninga til að taka mið af sérhæfni þessarar starfsemi eða samninga í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 55. gr. þessarar tilskipunar. Iðgjöld eða framlög, þ.m.t. viðbótargjöld eða viðbótarframlög sem féllu í gjalddaga á næstliðnu fjárhagsári vegna endurtryggingastarfsemi skulu lögð saman.

Frá þessari samtölu skal draga heildarfjárhæð niðurfelldra iðgjalda eða framlaga á næstliðnu fjárhagsári sem og heildarfjárhæð skatta og álagðra gjalda sem innifalin eru í iðgjöldum eða framlögum sem fara í samtöluna.

Fjárhæðinni, sem þannig fæst, er skipt í tvo hluta, annan, sem nemur allt að 50 000 000 evrum og hinn því sem umfram er: reiknuð eru 18% af fyrri fjárhæðinni og 16% af þeirri síðari og þær fjárhæðir lagðar saman.

Samtalan, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfalli milli heildartjóna næstliðinna þriggja fjárhagsára, sem endurtryggingafélagið ber í eigin

áhættu, eftir að hlutur endurtryggjenda (úttrygging) þess í tjónum hefur verið dreginn frá, og tjóna í heild; þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%. Samkvæmt rökstuddri umsókn endurtryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má einnig draga endurheimtanlegar upphæðir frá félögum með sérstakan tilgang, eins og um getur í 46. gr., sem endurtryggingar endurtryggjanda (úttrygging).

Að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda er heimilt að nota tölfræðilegar aðferðir til að áætla iðgjöld eða framlög.

4. Tjónagrunnur skal reiknaður á eftirfarandi hátt og skulu kröfur, vátryggingaskuld og endurheimtanlegar fjárhæðir, er varða 11., 12. og 13. greinaflokk sem taldir eru upp í A-lið viðauka við tilskipun 73/239/EBE, hækkaðar um 50%.

Heimilt er að hækka kröfur, vátryggingaskuld og endurheimtanlegar fjárhæðir fyrir aðra greinaflokka en 11, 12 og 13, sem taldir eru upp í A-lið viðauka við tilskipun 73/239/EBE, um allt að 50% vegna sérstakrar endurtryggingastarfsemi eða tegunda samninga til að taka mið af sérhæfni þessarar starfsemi eða samninga í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 55. gr. þessarar tilskipunar.

Fjárhæðir tjónagreiðslna, án frádráttar á tjónum sem endurtryggjendur (úttrygging) bera, á því tímabili sem tiltekið er í 1. mgr. skulu lagðar saman.

Við þessa samtölu skal bætt fjárhæð skuldar vegna tjónaskuldar í lok næstliðins fjárhagsárs.

Frá þeirri samtölu skal draga fjárhæðir endurheimtar á þeim tímabilum sem um getur í 1. mgr.

Frá þeirri upphæð, er þá stendur eftir, dregst fjárhæð skuldar vegna tjónaskuldar í upphafi annars fjárhagsárs á undan síðasta fjárhagsári sem reikningar eru til fyrir. Ef viðmiðunartímabilið, sem tilgreint er í 1. mgr., er sjö ár skal draga frá skuld vegna tjónaskuldar í upphafi sjötta reikningsárs á undan síðasta fjárhagsári sem reikningar eru til fyrir.

Einum þriðja eða einum sjöunda af þeirri fjárhæð, sem þannig fæst, en það fer eftir því tímabili sem miðað er við skv. 1. mgr., er skipt í tvo hluta, annan sem nemur 35 000 000 evra en hinn því sem umfram er; reiknuð eru 26% af fyrri fjárhæðinni og 23% af þeirri síðari og þessar tölur lagðar saman.

Samtalan, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfalli milli heildartjóna næstliðinna þriggja fjárhagsára, sem félagið ber í eigin áhættu, eftir að hlutur endurtryggjenda (úttrygging) þess í tjónum hefur verið dreginn frá, og tjóna í heild; þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%. Samkvæmt rökstuddri umsókn endurtryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má einnig draga endurheimtanlegar upphæðir frá félögum með sérstakan tilgang, eins og um getur í 46. gr., sem endurtryggingar endurtryggjenda (úttrygging).

Að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda er heimilt að nota tölfræðilegar aðferðir til að áætla kröfur, vátryggingaskuld og endurheimtanlegar fjárhæðir.

5. Ef tilskilið gjaldþol, eins og það er reiknað út í 2., 3. og 4. mgr., er lægra en tilskilið gjaldþol fyrra árs skal tilskilið gjaldþol nema a.m.k. tilskildu gjaldþoli fyrra árs, margfölduðu með hlutfalli vátryggingaskuldar vegna óuppgerðra tjóna í lok næstliðins fjárhagsárs og vátryggingaskuldar vegna óuppgerðra tjóna í byrjun næstliðins fjárhagsárs.

Í þessum útreikningum skal vátryggingaskuld reiknuð út að frádregnum hluta endurtryggjenda (úttrygging) en hlutfallið skal aldrei vera hærra en 1.

6. Hlutföllin, sem margfaldað er með í fimmtu undirgrein 3. mgr. og sjöundu undirgrein 4. mgr., skal lækka í 1/3 ef um endurtryggingar sjúkratryggginga er að ræða sem reknar eru á hliðstæðum tæknilegum grundvelli og líftryggingar, ef:

a) iðgjöld eru reiknuð á tryggingarstærðfræðilegum grunni út frá sjúkratöflum,

b) komið er upp sjóði vegna hækkandi aldurs,

c) viðbótariðgjöld eru innheimt til að koma upp hæfilegu öryggisálagi,

d) vátryggingafélagið getur sagt upp samningnum í síðasta lagi fyrir lok þriðja tryggingarárs,

e) samningurinn gerir ráð fyrir því að hækka megi iðgjöld eða lækka greiðslur jafnvel þegar um er að ræða samninga sem þegar eru í gildi.

38. gr.

**Tilskilið gjaldþol fyrir starfsemi á sviði lífendurtrygginga**

1. Tilskilið gjaldþol fyrir starfsemi á svið lífendurtrygginga skal ákvarðað í samræmi við 37. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er heimaaðildarríkinu heimilt að kveða á um að fyrir þá greinaflokka endurtrygginga á sviði líftrygginga, sem falla undir a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/83/EB sem tengjast fjárfestingarsjóðum eða hlutdeildarsamningum og starfsemi sem um getur í

b-lið 1. mgr. 2. gr., b-, c-, d- og e-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/83/EB, skuli tilskilið gjaldþol ákvarðað í samræmi við 28. gr. tilskipunar 2002/83/EB.

*39. gr.*

**Tilskilið gjaldþol fyrir endurtryggingafélag sem annast bæði skaðatryggingar og líftryggingar**

1. Heimaaðildarríkið skal gera kröfu um að öll endurtryggingafélög, sem annast bæði skaðaendurtryggingar og lífendurtryggingar, séu með gjaldþol til að mæta heildarfjárhæð tilskilins gjaldþols, bæði að því er varðar starfsemi á sviði skaðaendurtrygginga og lífendurtrygginga eins og það er ákvarðað í samræmi við 37. gr. annars vegar og 38. gr. hins vegar.

2. Ef gjaldþol nær ekki því stigi sem krafist er í 1. mgr. þessarar greinar skulu lögbær yfirvöld beita ráðstöfununum sem kveðið er á um í 42.–43. gr.

3. þáttur

**Ábyrgðarsjóður**

*40. gr.*

**Fjárhæð ábyrgðarsjóðs**

1. Ábyrgðarsjóður skal nema þriðjungi tilskilins gjaldþols eins og það er tilgreint í 37., 38. og 39. gr. Þessi sjóður skal myndaður af liðum sem tilgreindir eru í 1., 2. og 3. mgr. 36. gr. og, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins, í c-lið 4. mgr. 36. gr.

2. Ábyrgðarsjóður má þó ekki vera lægri en 3 000 000 evrur.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að lágmarksábyrgðarsjóður sé ekki undir 1 000 000 evrum þegar um er að ræða bundin endurtryggingafélög.

*41. gr.*

**Endurskoðun á fjárhæð ábyrgðarsjóðs**

1. Fjárhæðin í evrum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 40. gr., skal endurskoðuð árlega frá og með 10. desember 2007, með hliðsjón af breytingum á evrópskri vísitölu neysluverðs, sem öll aðildarríkin falla undir, eins og hún er gefin út af Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat).

Fjárhæðin skal aðlöguð sjálfkrafa með því að hækka grunnfjárhæðina í evrum í hlutfalli við breytingu á vísitölunni á tímabili sem stendur frá gildistöku þessarar tilskipunar til endurskoðunardags og skal fjárhæðin námunduð að margfeldi af 100 000 evrum. Ef breytingin á hlutfallinu frá síðustu aðlögun er undir 5% fer engin aðlögun fram.

2. Framkvæmdastjórnin skal ár hvert tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um endurskoðunina og aðlöguðu fjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr.

*4. KAFLI*

***Endurtryggingafélög sem eiga í erfiðleikum eða uppfylla ekki sett skilyrði og afturköllun starfsleyfis***

*42. gr.*

**Endurtryggingafélög sem eiga í erfiðleikum**

1. Fari endurtryggingafélag ekki að ákvæðum 32. gr. getur lögbært yfirvald í heimaaðildarríki þess bannað frjálsa ráðstöfun eigna þess eftir að hafa áður tilkynnt lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins um fyrirætlun sína.

2. Í því skyni að rétta við fjárhagsstöðu endurtryggingafélags þegar gjaldþol þess nær ekki lágmarksgjaldþoli skv. 37., 38. og 39. gr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu gera kröfu um að félagið leggi fram til samþykktar áætlun um að rétta við fjárhagsstöðu sína og koma henni á traustan grundvöll.

Í undantekningartilvikum getur lögbært yfirvald, telji það að fjárhagsstaða endurtryggingafélags eigi eftir að versna enn frekar, takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun eigna endurtryggingafélagsins. Það skal tilkynna yfirvöldum annarra aðildarríkja þar sem endurtryggingafélagið rekur starfsemi sína um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið og skulu þau, að beiðni þess fyrrnefnda, gera sömu ráðstafanir.

3. Reynist gjaldþol félagsins lægra en sem nemur ábyrgðarsjóði, eins og hann er skilgreindur í 40. gr., skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins gera kröfu um að endurtryggingafélagið leggi fram skammtímafjárhagsáætlun til samþykktar hjá því.

Það getur einnig takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun á eignum endurtryggingafélagsins. Það skal tilkynna yfirvöldum allra annarra aðildarríkja um ráðstafanirnar og skulu þau að beiðni þess gera sömu ráðstafanir.

4. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir svo það geti, í samræmi við landslög, bannað frjálsa ráðstöfun eigna sem eru á yfirráðasvæði þess, að beiðni heimaaðildarríkis endurtryggingafélagsins, í þeim tilvikum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., en heimaaðildarríkið skal tilgreina um hvaða eignir þessar ráðstafanir gilda.

*43. gr.*

**Áætlun um fjárhagslega endurreisn**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að krefjast áætlunar um fjárhagslega endurreisn fyrir þau endurtryggingafélög þar sem lögbær yfirvöld telja að skuldbindingum, sem leiðir af endurtryggingasamningum, sé stofnað í hættu.

2. Áætlunin um fjárhagslega endurreisn skal að lágmarki innihalda, fyrir næstu þrjú fjárhagsár, upplýsingar eða sannanir varðandi:

a) áætlaðan rekstrarkostnað, einkum almennan kostnað vegna daglegs reksturs og umboðslauna,

b) áætlun með nákvæmri spá um tekjur og kostnað vegna móttöku endurtrygginga (inn-endurtrygginga) og keyptrar endurtryggingaverndar (út-endurtrygginga),

c) áætlaðan efnahagsreikning,

d) áætlaðar fjármögnunarleiðir til að mæta vátryggingaskuldbindingum og tilskildu gjaldþoli,

e) heildarstefnu varðandi endurtryggingar (úttrygging).

3. Þegar fjárhagsstaða endurtryggingafélags fer versnandi og samningsbundnum skuldbindingum endurtryggingafélagsins er stofnað í hættu skulu aðildarríkin tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að skylda endurtryggingafélög til þess að hafa hærra lágmarksgjaldþol í því skyni að tryggja að endurtryggingafélagið sé í stakk búið til þess að uppfylla kröfur um gjaldþol í nánustu framtíð. Það skal byggt á áætluninni um fjárhagslega endurreisn, sem um getur í 1. mgr., hversu hátt þetta tilskilda gjaldþol skal vera.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að endurmeta til lækkunar alla þætti sem falla undir gjaldþol, einkum í þeim tilvikum þegar veruleg breyting hefur orðið á markaðsvirði þessara þátta frá lokum síðasta fjárhagsárs.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að draga úr lækkun, á grundvelli endurtryggingar (úttrygging), á gjaldþoli eins og það er skilgreint í samræmi við 37., 38. og 39. gr. þegar:

a) veruleg breyting hefur orðið á eðli eða gæðum endurtryggingasamninga (úttrygging) frá næstliðnu fjárhagsári,

b) engin eða lítil yfirfærsla áhættu felst í endurtryggingasamningunum (úttrygging).

6. Hafi lögbær yfirvöld krafist áætlunar um fjárhagslega endurreisn fyrir endurtryggingafélag í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skulu þau ekki gefa út vottorð skv. 18. gr. svo lengi sem þau telja að skuldbindingum, sem leiðir af endurtryggingasamningum, sé stofnað í hættu í skilningi téðrar 1. mgr.

*44. gr.*

**Afturköllun starfsleyfis**

1. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis, sem veitt hefur endurtryggingafélagi starfsleyfi, getur afturkallað það ef félagið:

a) nýtir ekki starfsleyfið innan tólf mánaða, afsalar sér því afdráttarlaust eða hættir rekstri starfseminnar í meira en sex mánuði, nema viðkomandi aðildarríki hafi kveðið á um að starfsleyfið renni út í slíkum tilvikum,

b) uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir staðfestu,

c) hefur ekki getað hrundið í framkvæmd, innan tilskilins frests, þeirri áætlun um að rétta við fjárhagsstöðu sína eða fjárhagsáætlun sem um getur í 42. gr.,

d) bregst alvarlega skyldum sem á því hvíla samkvæmt gildandi reglugerðum.

Sé starfsleyfi endurtryggingafélags afturkallað eða ef það rennur út tilkynnir lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu það til lögbærra yfirvalda í hinum aðildarríkjunum sem skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið hefji á ný starfsemi á yfirráðasvæði þeirra samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu.

2. Ákvörðun um að afturkalla starfsleyfi skal ítarlega rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi endurtryggingafélagi.

## IV. BÁLKUR

## ÁKVÆÐI UM TAKMARKAÐAR ENDURTRYGGINGAR OG FÉLÖG MEÐ SÉRSTAKAN TILGANG

*45. gr.*

**Takmarkaðar endurtryggingar**

1. Heimaaðildarríkinu er heimilt að setja sérstök ákvæði um starfsemi á sviði takmarkaðra endurtrygginga að því er varðar:

- lögboðin skilyrði sem skulu vera í öllum útgefnum samningum,
- traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, fullnægjandi kerfi fyrir innra eftirlit og kröfur um áhættustýringu,
- kröfur um reikningsskil, varfærnisupplýsingar og tölfræðilegar upplýsingar,
- myndun vátryggingaskuldar til að tryggja að þær séu fullnægjandi, áreiðanlegar og hlutlægar,
- fjárfestingu eigna til jöfnunar vátryggingaskuld til að tryggja að þær taki tillit til þeirrar tegundar starfsemi sem endurtryggingafélagið stundar, sérstaklega hvað varðar eðli, fjárhæð og lengd skuldbindinga vegna áætlaðra kröfugreiðslna, og með það að markmiði að tryggja nægilegt magn, greiðsluhæfi, öryggi, arðsemi og jöfnun eigna,
- reglur um gjaldþol, tilskilið gjaldþol og lágmarksábyrgðarsjóð sem endurtryggingafélög skulu hafa yfir að ráða vegna takmarkaðra endurtrygginga.

2. Til að tryggja gagnsæi skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni án tafar texta allra ráðstafana sem mælt er fyrir um í landslögum þeirra vegna 1. mgr.

*46. gr.*

**Félög með sérstakan tilgang**

1. Ef aðildarríki ákveður að heimila að félag með sérstakan tilgang í skilningi þessarar tilskipunar sé stofnað á yfirráðasvæði þess skal það krefjast opinbers starfsleyfis fyrir því áður.

2. Aðildarríkið þar sem félag með sérstakan tilgang er stofnað skal setja skilyrði um rekstur starfsemi slíks félags. Aðildarríkið skal einkum setja reglur um:

- gildissvið starfsleyfis,
- lögboðin skilyrði sem skulu vera í öllum útgefnum samningum,
- óflekkað mannorð og viðeigandi starfsmenntun og hæfi þeirra sem reka félag með sérstakan tilgang,
- hæfilegar og viðeigandi kröfur fyrir hluthafa eða aðila með virka eignarhlutdeild í félagi með sérstakan tilgang,
- traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, fullnægjandi kerfi fyrir innra eftirlit og kröfur um áhættustýringu,
- kröfur um reikningsskil, varfærnisupplýsingar og tölfræðilegar upplýsingar,
- kröfur um gjaldþol félaga með sérstakan tilgang.

3. Til að tryggja gagnsæi skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni án tafar texta allra ráðstafana sem mælt er fyrir um í landslögum þeirra vegna 1. mgr.

## V. BÁLKUR

## ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU

*47. gr.*

**Endurtryggingafélög sem fara ekki að lagaákvæðum**

1. Nú komast lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis að því að endurtryggingafélag, sem hefur útibú eða rekur starfsemi samkvæmt frelsi til að veita þjónustu á yfirráðasvæði þess, fer ekki að þeim lagaákvæðum sem um það gilda í því ríki og skulu þau þá krefjast þess af endurtryggingafélaginu að það bindi enda á það ástand og fari að settum reglum. Á sama tíma skulu þau vísa málinu til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu.

Nú heldur endurtryggingafélagið áfram að brjóta gegn lagaákvæðum sem gilda um það í gistiaðildarríkinu þrátt fyrir þessar ráðstafanir af hálfu lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu eða vegna þess að slíkar ráðstafanir eru ónógar og geta þá yfirvöld hins síðarnefnda, er þau hafa skýrt lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins frá því, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari brot eða refsa fyrir

frekari brot og þar á meðal, að því marki sem það er nauðsynlegt, komið í veg fyrir að endurtryggingafélagið geri fleiri endurtryggingasamninga á yfirráðasvæði þess.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að á þeirra yfirráðasvæði sé unnt að birta endurtryggingafélögum nauðsynleg lagaskjöl vegna slíkra ráðstafana.

2. Allar ráðstafanir, sem gripið er til skv. 1. mgr. og fela í sér viðurlög eða takmörkun á endurtryggingastarfsemi, skulu vel rökstuddar og tilkynntar því endurtryggingafélagi sem í hlut á.

*48. gr.*

**Slit félags**

Nú er endurtryggingafélagi slitið og skal þá gera upp skuldbindingar vegna samninga sem gerðir hafa verið fyrir milligöngu útibús eða samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, á sama hátt og þær sem eiga rætur að rekja til annarra endurtryggingasamninga félagsins.

## VI. BÁLKUR

## ENDURTRYGGINGAFÉLÖG MEÐ AÐALSKRIFSTOFUR UTAN BANDALAGSINS SEM STUNDA STARFSEMI Á SVIÐI ENDURTRYGGINGA INNAN ÞESS

*49. gr.*

**Meginregla og skilyrði fyrir rekstri endurtryggingastarfsemi**

Aðildarríki skulu ekki beita ákvæðum gagnvart endurtryggingafélögum sem eru með aðalskrifstofur utan Bandalagsins, hvort heldur er við stofnun þeirra eða þegar þau annast starfsemi á yfirráðasvæði þess, sem fela í sér hagstæðari kjör en veitt eru endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu sína innan Bandalagsins.

*50. gr.*

**Samningar við þriðju lönd**

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja fyrir ráðið tillögur vegna samningaviðræðna við eitt eða fleiri þriðju lönd um hvernig annast skuli viðbótareftirlit með:

a) endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu sína í þriðja landi og stunda starfsemi á sviði endurtrygginga í Bandalaginu,

b) endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu sína í Bandalaginu og stunda starfsemi á sviði endurtrygginga á yfirráðasvæði þriðja lands.

2. Í samningunum, sem um getur í 1. mgr., skal einkum leitast við að tryggja skilvirkan markaðsaðgang, á grundvelli skilyrða um samsvörunar í varfærnisreglum, fyrir endurtryggingafélög á yfirráðasvæði hvers samningsaðila og kveða á um gagnkvæma viðurkenningu á eftirlitsreglum og starfsvenjum í endurtryggingum. Í þeim skal einnig ætlað leitast við að tryggja:

a) að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geti aflað upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofur sínar í Bandalaginu og stunda starfsemi á yfirráðasvæðum viðkomandi þriðju landa,

b) að lögbær yfirvöld í þriðju löndum geti aflað upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofur sínar á yfirráðasvæði þeirra og stunda starfsemi í Bandalaginu.

3. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. 300. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin, með aðstoð Evrópunefndar um vátryggingar og starfstengdar lífeyrisgreiðslur, fara yfir niðurstöður samningaviðræðnanna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og meta árangur þeirra.

## VII. BÁLKUR

## DÓTTURFÉLÖG MÓÐURFÉLAGA SEM HEYRA UNDIR LÖGGJÖF ÞRIÐJA LANDS OG ÖFLUN SLÍKRA MÓÐURFÉLAGA Á EIGNARHLUTUM

*51. gr.*

**Upplýsingar frá aðildarríkjum til framkvæmdastjórnarinnar**

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna:

a) þegar starfsleyfi er veitt félögum sem beint eða óbeint eru dótturfélög, ef löggjöf þriðja lands gildir um móðurfélög þeirra, eitt eða fleiri,

b) þegar slíkt móðurfélag aflar sér eignarhlutar í

endurtryggingafélagi innan Bandalagsins sem gerir hið síðarnefnda að dótturfélagi þess.

Þegar starfsleyfið, sem um getur í a-lið, er veitt félagi, sem beint eða óbeint, er dótturfélag eins eða fleiri móðurfélaga er heyra undir löggjöf þriðja lands, skal, í tilkynningu sem lögbær yfirvöld senda framkvæmdastjórninni, tilgreina hvernig skipulagi samstæðunnar er háttað.

*52. gr.*

**Meðferð sem þriðju lönd veita endurtryggingafélögum Bandalagsins**

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis sem endurtryggingafélög þeirra lenda í við að öðlast staðfestu og við rekstur í þriðja landi eða þegar þau stunda starfsemi sína í þriðja landi.

2. Framkvæmdastjórnin skal reglulega semja skýrslu um kjör sem endurtryggingafélög Bandalagsins njóta í þriðju löndum, í skilningi 3. mgr., að því er varðar það að endurtryggingafélög Bandalagsins öðlist staðfestu í þriðju löndum, geti aflað eignarhluta í endurtryggingafélögum í þriðju löndum, stundað rekstur endurtryggingastarfsemi slíkra endurtryggingafélaga með staðfestu í þriðju löndum og endurtryggingastarfsemi yfir landamæri milli Bandalagsins og þriðju landa.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslurnar fyrir ráðið, ásamt tillögum og tilmælum, eftir því sem við á.

3. Telji framkvæmdastjórnin, annaðhvort á grundvelli skýrslna sem um getur í 2. mgr. eða annarra upplýsinga, að þriðja land heimili ekki endurtryggingafélögum Bandalagsins raunverulegan aðgang að markaðinum, getur hún beint tilmælum til ráðsins um að það veiti viðeigandi umboð til samningaumleitana til að ná fram bættum markaðsaðgangi fyrir endurtryggingafélög Bandalagsins.

4. Ráðstafanir, sem gerðar eru samkvæmt þessari grein, skulu vera í samræmi við skuldbindingar Bandalagsins samkvæmt alþjóðasamningum, einkum samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

## VIII. BÁLKUR

## ÖNNUR ÁKVÆÐI

*53. gr.*

**Réttur til að áfrýja til dómstóla**

Aðildarríkin skulu tryggja að unnt sé að vísa til dómstóls öllum ákvörðunum sem teknar eru um endurtryggingafélög samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem sett eru til framkvæmdar þessari tilskipun.

54. gr.

**Samvinna milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar**

1. Lögbær yfirvöld skulu starfa saman að því að auðvelda eftirlit með endurtryggingum innan Bandalagsins og beitingu þessarar tilskipunar.

2. Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu hafa með sér náið samstarf til þess að auðvelda eftirlit með endurtryggingum innan Bandalagsins og við að rannsaka vandkvæði sem upp geta komið við beitingu þessarar tilskipunar.

*55. gr.*

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar Evrópunefndar um vátryggingar og starfstengdar lífeyrisgreiðslur.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

*56. gr.*

**Framkvæmdarráðstafanir**

Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 55. gr.:

a) rýmkun rekstrarforms að lögum sem kveðið er á um í I. viðauka,

b) nánari útlistun á liðum, sem mynda gjaldþol og er að finna í 36. gr., með hliðsjón af gerð nýrra fjármálagerninga,

c) aukningu um allt að 50% á iðgjöldum eða fjárhæðum krafna sem notaðar eru við útreikning á tilskildu gjaldþoli, sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. 37. gr. í öðrum greinaflokkum en 11., 12. og 13. greinaflokki, sem taldir eru upp í A-lið í

viðaukanum við tilskipun 73/239/EBE, eða fyrir sérhæfða endurtryggingastarfsemi eða samningsgerðir, með hliðsjón af sérstöðu þessarar starfsemi eða samninga,

d) breytingu á lágmarksábyrgðarsjóði, sem kveðið er á um í 2. mgr. 40. gr., með hliðsjón af efnahags- og fjárhagsþróun,

e) nánari útlistun á skilgreiningum í 2. gr. til að tryggja sams konar beitingu þessarar tilskipunar í öllu Bandalaginu.

## IX. BÁLKUR

## BREYTINGAR Á GILDANDI TILSKIPUNUM

*57. gr.*

**Breytingar á tilskipun 73/239/EBE**

Tilskipun 73/239/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. og 2. mgr. 12. gr. a komi eftirfarandi:

„1. Hafa skal samráð við lögbær yfirvöld hins aðildarríkisins sem í hlut á áður en skaðatryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfélag vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða

b) dótturfélag móðurfélags vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi með starfsleyfi í öðru aðildarríki.

2. Hafa skal samráð við lögbært yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki, sem annast eftirlit með lánastofnunum eða fjárfestingarfyrirtækjum, áður en skaðatryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfélag lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

b) dótturfélag móðurfélags lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í Bandalaginu.“

2. Í 2. mgr. 13. gr. bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Heimaaðildarríki vátryggingafélags skal ekki hafna endurtryggingasamningi sem vátryggingafélagið hefur gert við endurtryggingafélag sem hefur starfsleyfi á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (*) eða vátryggingafélag sem hefur starfsleyfi á grundvelli þessarar tilskipunar eða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (**) á forsendum sem tengjast beint fjárhagslegum styrkleika þess endurtryggingaeða vátryggingafélags.

(*) Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.

(**) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).“

3. Í stað 2. og 3. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„2. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að öll vátryggingafélög noti eignir til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóð, sem um getur í 15. gr. a í þessari tilskipun, í samræmi við 6. gr. tilskipunar 88/357/EBE. Með hliðsjón af áhættu innan Bandalagsins skulu þessar eignir vera staðsettar innan þess. Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að vátryggingafélög hafi eignir sínar í tilteknu aðildarríki. Heimaaðildarríkið má þó heimila tilslakanir frá reglum um staðsetningu eigna.

3. Aðildarríkin skulu ekki viðhalda eða taka upp, vegna myndunar vátryggingaskuldar, kerfi sem krefst brúttóvarasjóðs sem bindur eignir til að mæta iðgjaldaskuld eða tjónaskuld ef endurtryggjandinn er endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB eða vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun eða tilskipun 2002/83/EB. Ef heimaaðildarríki heimilar að vátryggingaskuld sé tryggð með kröfum á hendur endurtryggjanda sem er hvorki endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB né vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun eða tilskipun 2002/83/EB skal það ákveða skilyrði fyrir viðurkenningu á slíkum kröfum.“

4. Ákvæðum 2. mgr. 16. gr. er breytt sem hér segir:

   a) í stað b-liðar fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

      „b) varasjóðir (bundnir og frjálsir varasjóðir) sem hvorki tengjast vátryggingaskuldbindingum né eru flokkaðir sem útjöfnunarsjóðir,“

   b) í stað inngangsorðanna og a-liðar í fjórðu undirgrein komi eftirfarandi:

      „Gjaldþol skal einnig lækkað sem nemur eftirfarandi:

      a) hlutdeild vátryggingafélagsins í:

         – vátryggingafélögum í skilningi 6. gr. þessarar tilskipunar, 4. gr. tilskipunar 2002/83/EB eða b-liðar 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB,

         – endurtryggingafélögum í skilningi 3. gr. tilskipunar 2005/68/EB eða endurtryggingafélögum í löndum utan Bandalagsins í skilningi 1-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

         – eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

         – lánastofnunum og fjármálastofnunum í skilningi 1. og 5. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB,

         – fjárfestingarfyrirtækjum og fjármálastofnunum í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE og 4. og 7. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 93/6/EBE“.

5. Ákvæðum 16. gr. a er breytt sem hér segir:

   a) eftirfarandi komi í stað sjöundu undirgreinar í 3. mgr.:

      „Samtalan, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfalli milli heildartjóna næstliðinna þriggja fjárhagsára, sem félagið ber í eigin áhættu eftir að hlutur endurtryggjenda þess í tjónum hefur verið dreginn frá, og fjárhæðar tjóna í heild; þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%. Samkvæmt rökstuddri umsókn vátryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má einnig draga endurheimtanlegar fjárhæðir, sem endurtryggingar, frá félögum með sérstakan tilgang, sem um getur í 46. gr. tilskipunar 2005/68/EB.“,

   b) eftirfarandi komi í stað sjöundu undirgreinar í 4. mgr.:

      „Samtalan, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfalli milli heildartjóna næstliðinna þriggja fjárhagsára, sem félagið ber í eigin áhættu eftir að hlutur endurtryggjenda þess í tjónum hefur verið dreginn frá, og fjárhæðar tjóna í heild; þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%. Samkvæmt rökstuddri umsókn vátryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má einnig draga endurheimtanlegar fjárhæðir, sem endurtryggingar, frá félögum með sérstakan tilgang, sem um getur í 46. gr. tilskipunar 2005/68/EB“

6. Eftirfarandi grein bætist við:

   *„17. gr. b*

   1. Aðildarríki skal gera kröfu um að þau vátryggingafélög, sem eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæðis þess og stunda endurtryggingastarfsemi, komi á fót lágmarksábyrgðarsjóði vegna starfseminnar í heild í samræmi við 40. gr. tilskipunar 2005/68/EB þar sem einu eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

   a) innheimt endurtryggingaiðgjöld nema meira en 10% af heildariðgjöldum,

   b) innheimt endurtryggingaiðgjöld nema meira en 50 000 000 evrum,

   c) vátryggingaskuld vegna móttekinna endurtrygginga nema meira en 10% af heildarvátryggingaskuld.

   2. Hverju aðildarríki er heimilt að beita ákvæðum 34. gr. tilskipunar 2005/68/EB gagnvart þeim vátryggingafélögum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess vegna starfsemi sem felst í móttöku endurtrygginga, að uppfylltu einu skilyrðanna sem mælt er fyrir um í téðri fyrstu málsgrein.

   Í því tilviki skal hlutaðeigandi aðildarríki gera kröfu um að halda skuli aðgreindum, stýra og skipuleggja allar eignir, sem vátryggingafélagið notar til að mæta vátryggingaskuld, sem samsvara móttöku endurtrygginga (inn-endurtryggginga) aðskilið frá frumtryggingastarfsemi vátryggingafélagsins án möguleika á yfirfærslu. Í slíkum tilvikum og eingöngu að því er varðar

móttöku endurtrygginga falla vátryggingafélög ekki undir 20., 21. og 22. gr. tilskipunar 92/49/EBE (*) og I. viðauka við tilskipun 88/357/EBE.

Hvert aðildarríki skal sjá til þess að lögbær yfirvöld þess sannreyni sundurgreininguna sem kveðið er á um í annarri undirgrein.

3. Ef framkvæmdastjórnin ákveður skv. c-lið 56. gr. tilskipunar 2005/68/EB að hækka fjárhæðir, sem eru notaðar til að reikna út tilskilið gjaldþol sem kveðið er á um í 3. og 4. gr. 37. gr. þeirrar tilskipunar, skal hvert aðildarríki beita gagnvart slíkum vátryggingafélögum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ákvæðum 35.–39. gr. að því er varðar móttöku endurtrygginga (inn-endurtrygginga).

(*) Tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB."

7. Í stað 4. mgr. 20. gr. a komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að draga úr lækkun, á grundvelli endurtryggingar, á gjaldþoli eins og það er skilgreint í samræmi við 16. gr. a þegar:

a) veruleg breyting hefur orðið á eðli eða gæðum endurtryggingasamninga frá síðasta fjárhagsári,

b) engin eða takmörkuð yfirfærsla vátryggingaáhættu felst í endurtryggingasamningunum."

*58. gr.*

**Breytingar á tilskipun 92/49/EBE**

Tilskipun 92/49/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. a í 15. gr. komi eftirfarandi:

„1a. Ef sá er aflar eignarhluta, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er vátryggingafélag, endurtryggingafélag, lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíkrar stofnunar eða einstaklingur eða lögaðili, sem hefur yfirráð yfir slíkri stofnun, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal mat á öflun eignarhlutanna ekki fara fram fyrr en að höfðu því samráði sem um getur í 12. gr. a í tilskipun 73/239/EBE."

2. Í stað 4., 5. og 6. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„4. Lögbær yfirvöld, sem fá vitneskju um trúnaðarmál í samræmi við 1. eða 2. mgr., mega einungis notfæra sér hana við skyldustörf sín:

- til að fylgjast með því að skilyrði fyrir því að hefja tryggingastarfsemi séu uppfyllt og til að auðvelda eftirlit með rekstri slíkrar starfsemi, einkum m.t.t. eftirlits með vátryggingaskuld, gjaldþoli, stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og innri eftirlitskerfum eða
- til að beita viðurlögum,
- þegar lögð er fram stjórnsýslukæra gegn ákvörðun lögbærs yfirvalds eða
- í dómsmálum, sem eru höfðuð skv. 53. gr. eða sérákvæðum sem kveðið er á í þessari tilskipun og öðrum tilskipunum sem samþykktar eru á sviði vátrygginga- eða endurtryggingafélaga.

5. Ákvæði 1. og 4. mgr. skulu ekki útiloka upplýsingaskipti innan aðildarríkis ef um er að ræða tvö eða fleiri lögbær yfirvöld í sama aðildarríkinu eða milli aðildarríkja, milli lögbærra yfirvalda og:

- yfirvalda sem annast opinbert eftirlit með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum og yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með fjármálamörkuðum,
- stofnana sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþroti vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarri sambærilegri málsmeðferð og
- aðila sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarra fjármálastofnana,

þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu eða veita stofnunum sem stjórna lögboðinni slitameðferð eða ábyrgðasjóðum nauðsynlegar upplýsingar til að gegna starfi sínu. Upplýsingar, sem þessi yfirvöld, stofnanir og aðilar fá, skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 1. mgr.

6. Þrátt fyrir 1.–4. mgr. geta aðildarríkin heimilað upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og:

- yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og öðrum sambærilegum málum eða

- yfirvalda sem annast eftirlit með aðilum sem falin er lögboðin endurskoðun reikninga vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármálastofnana eða
- óháðra tryggingafræðinga vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga sem annast lögboðið eftirlit með þessum félögum, svo og stofnana sem annast eftirlit með þessum tryggingafræðingum.

Aðildarríki, sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

- upplýsingarnar skulu fengnar til að annast eftirlit eða lögboðið eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,
- um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu,
- séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem afhentu þær og þá einungis, þar sem við á, til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld, aðilar og stofnanir geta þegið upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein.“

3. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 1. mgr. 21. gr.:

a) í stað inngangsorðanna komi eftirfarandi texti:

„1. Heimaaðildarríkið getur ekki leyft að vátryggingafélag láti annað en eftirfarandi eignarflokka standa bak við vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði:“,

b) eftirfarandi komi í stað f-liðar B-liðar:

„f) inneign hjá endurtryggjendum, þ.m.t. hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld, og hjá félögum með sérstakan tilgang sem um getur í 46. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (*).

(*) Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.“

c) í stað þriðju undirgreinar C-liðar komi eftirfarandi:

„Þótt eign eða eignaflokkur sé talinn með í skránni í 1. undirgrein táknar það ekki að allar þessar eignir séu sjálfkrafa viðurkenndar til jöfnunar vátryggingaskuld. Heimaaðildarríkið skal setja nánari reglur um skilyrði fyrir notkun á viðurkenndum eignum.“

4. Eftirfarandi í stað inngangsorðanna í 1. mgr. 22. gr.:

„1. Að því er varðar eignir til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóðum skal heimaaðildarríki gera kröfu um að hvert vátryggingafélag fjárfesti ekki meira en:“

*59. gr.*

**Breytingar á tilskipun 98/78/EB**

Tilskipun 98/78/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað titilsins

„Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátrygginga- og endurtryggingafélögum í vátrygginga- eða endurtryggingahópi“.

2. Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað c-, i-, j- og k-liðar:

„c) „endurtryggingafélag“: félag sem hefur fengið starfsleyfi yfirvalda í samræmi við 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (*),

(*) Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.“

„i) „eignarhaldsfélag á vátryggingasviði“: móðurfélag sem hefur það að meginmarkmiði að afla og eiga hlutdeild í dótturfélögum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega vátryggingafélög, endurtryggingafélög eða vátryggingafélög eða endurtryggingafélög utan Bandalagsins þar sem a.m.k. eitt dótturfélaganna er vátryggingafélag eða endurtryggingafélag og ekki blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (*),

j) „blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði“: móðurfélag sem er ekki vátryggingafélag eða endurtryggingafélag Bandalagsins, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í

skilningi tilskipunar 2002/87/EB þar sem a.m.k. eitt dótturfélaganna er vátryggingafélag eða endurtryggingafélag,

k) „lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem hafa heimild til að hafa eftirlit með vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum samkvæmt lögum eða reglum.

---

(*) Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).“

b) eftirfarandi liður bætist við:

„l) „endurtryggingafélag utan Bandalagsins“: félag sem þyrfti starfsleyfi í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2005/68/EB ef það hefði aðalskrifstofu sína í Bandalaginu,“.

3. Eftirfarandi komi í stað 2., 3. og 4. gr.:

*„2. gr.*

**Tilvik þar sem viðbótareftirlit er haft með vátryggingafélögum og endurtryggingafélögum**

1. Auk ákvæða tilskipunar 73/239/EBE, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (*) og tilskipunar 2005/68/EB, þar sem mælt er fyrir um reglur um eftirlit með vátryggingafélögum og endurtryggingafélögum, skulu aðildarríkin hafa viðbótareftirlit með sérhverju vátryggingafélagi eða sérhverju endurtryggingafélagi sem er hluteignarfélag a.m.k. eins vátryggingafélags, endurtryggingafélags, vátryggingafélags eða endurtryggingafélags utan Bandalagsins á þann hátt sem lýst er í 5., 6., 8. og 9. gr. þessarar tilskipunar.

2. Sérhvert vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, sem á að móðurfélagi eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins skal falla undir viðbótareftirlit á þann hátt sem lýst er í 2. mgr. 5. gr., 6., 8. og 10. gr.

3. Sérhvert vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, sem eiga að móðurfélagi blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, skulu falla undir viðbótareftirlit á þann hátt sem lýst er í 2. mgr 5. gr., 6. og 8. gr.

*3. gr.*

**Umfang viðbótareftirlits**

1. Framkvæmd viðbótareftirlits, í samræmi við 2. gr., gerir engan veginn þá kröfu á hendur lögbærum yfirvöldum að þau takist á hendur eftirlit með einstökum vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum utan Bandalagsins, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði eða blönduðum eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði.

2. Við viðbótareftirlit skal taka tillit til eftirfarandi félaga sem um getur í 5., 6., 8., 9. og 10. gr.:

- félaga sem eru tengd vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu,
- hluteignarfélaga vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins,
- félaga sem eru tengd hluteignarfélagi vátryggingafélagsins eða hluteignarfélagi endurtryggingafélagsins.

3. Við viðbótareftirlitið, sem um getur í 2. gr., er aðildarríkjunum heimilt að ákveða að taka ekki tillit til félaga með skráða skrifstofu í landi utan Bandalagsins ef lagalegar hömlur eru á því að flytja nauðsynlegar upplýsingar á milli, með fyrirvara um ákvæði liðar 2.5 í I. viðauka og 4. lið í II. viðauka.

Enn fremur er lögbærum yfirvöldum, sem annast viðbótareftirlit, heimilt, í þeim tilvikum sem talin eru upp hér á eftir, að ákveða í einstökum tilvikum að taka ekki tillit til félags við viðbótareftirlitið sem um getur í 2. gr.:

- ef félagið, sem taka ber með, hefur litla þýðingu sé tekið mið af markmiðum viðbótareftirlitsins með vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum,
- ef það væri óviðeigandi eða villandi að taka tillit til fjárhagsstöðu félagsins að því er varðar markmið viðbótareftirlitsins með vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum.

*4. gr.*

**Lögbær yfirvöld sem skulu annast viðbótareftirlit**

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu hefur verið veitt starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE eða 4. gr. tilskipunar 2002/83/EB eða 3. gr. tilskipunar 2005/68/EB, skulu annast viðbótareftirlitið.

2. Ef vátryggingafélög eða endurtryggingafélög, sem hafa starfsleyfi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, eiga að móðurfélagi sama eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, vátryggingafélag eða

endurtryggingafélag utan Bandalagsins eða blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, er lögbærum yfirvöldum í viðkomandi aðildarríki heimilt að komast að samkomulagi um hvert þeirra eigi að annast viðbótareftirlitið.

3. Ef í aðildarríki eru fleiri en eitt lögbært yfirvald sem hefur varfærniseftirlit með vátryggingafélögum og endurtryggingafélögum skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skipuleggja samræmi milli þessara yfirvalda.

---

(*) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB."

4. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 5. gr.:

„1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að lögbær yfirvöld fari fram á að í sérhverju vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi, sem fellur undir viðbótareftirlit, sé fullnægjandi innra eftirlitskerfi til að unnt sé að leggja fram nauðsynleg gögn og upplýsingar vegna viðbótareftirlitsins."

5. Eftirfarandi komi í stað 6., 7. og 8. gr.:

*„6. gr.*

**Aðgangur að upplýsingum**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra sem annast viðbótareftirlit hafi aðgang að öllum upplýsingum sem geta skipt máli í tengslum við viðbótareftirlit með vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi sem fellur undir slíkt viðbótareftirlit. Lögbærum yfirvöldum er aðeins heimilt að snúa sér beint til hlutaðeigandi félaga, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., til að afla sér nauðsynlegra upplýsinga, hafi verið beðið um slíkar upplýsingar frá vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu en þær ekki verið veittar.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbærum yfirvöldum þeirra sé heimilt að sannprófa á vettvangi, innan yfirráðasvæða þeirra, sjálf eða fyrir meðalgöngu einstaklinga sem þau tilnefna í því skyni, upplýsingarnar eins og um getur í 1. mgr.:

- hjá vátryggingafélaginu sem fellur undir viðbótareftirlit,
- hjá endurtryggingafélaginu sem fellur undir viðbótareftirlit,
- hjá dótturfélögum þess vátryggingafélags,
- hjá dótturfélögum þess endurtryggingafélags,
- hjá móðurfélögum þess vátryggingafélags,
- hjá móðurfélögum þess endurtryggingafélags,
- hjá dótturfélögum móðurfélags þess vátryggingafélags,
- hjá dótturfélögum móðurfélags þess endurtryggingafélags.

3. Ef lögbær yfirvöld eins aðildarríkis óska eftir því í ákveðnum tilvikum, þegar þessari grein er beitt, að sannreyna mikilvægar upplýsingar um félag, sem hefur aðsetur í öðru aðildarríki og er tengt vátryggingafélag, tengt endurtryggingafélag, dótturfélag, móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins sem fellur undir viðbótareftirlit þurfa þau að fara fram á það við lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu að fá þessa staðfestingu. Yfirvöldin, sem fá slíka beiðni, verða að bregðast við henni innan marka lögsögu sinnar með því að sjá um að sannreyna upplýsingarnar sjálf eða með því að leyfa yfirvöldunum, sem lögðu beiðnina fram, eða endurskoðanda eða sérfræðingi að sannreyna þær.

Lögbæra yfirvaldið, sem lagði fram beiðnina, getur tekið þátt í sannprófun sem það annast ekki sjálft ef það óskar eftir því.

*7. gr.*

**Samstarf milli lögbærra yfirvalda**

1. Ef vátryggingafélög eða endurtryggingafélög, sem stofnuð eru í mismunandi aðildarríkjum, tengjast beint eða óbeint eða eiga sameiginlegt hluteignarfélag skulu lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki senda hvert öðru, að fenginni beiðni, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera kleift eða auðvelda framkvæmd eftirlits samkvæmt þessari tilskipun og senda að eigin frumkvæði allar upplýsingar sem þau telja nauðsynlegar fyrir lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna.

2. Ef vátryggingafélag eða endurtryggingafélag og annaðhvort lánastofnun, eins og hún er skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (*), eða fjárfestingarfyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (**) eða hvort tveggja, tengjast beint eða óbeint eða eiga sameiginlegt hluteignarfélag skulu lögbær yfirvöld og yfirvöld, sem annast opinbert eftirlit með hinum félögunum, hafa með sér nána samvinnu. Með fyrirvara um ábyrgð hvers fyrir sig skulu þessi yfirvöld veita hvert öðru allar upplýsingar

sem geta auðveldað störf þeirra, einkum innan ramma þessarar tilskipunar.

3. Um upplýsingarnar, sem eru fengnar samkvæmt þessari tilskipun, einkum upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, gildir þagnarskylda eins og kveðið er á um í 16. gr. tilskipunar ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (***) og 16. gr. tilskipunar 2002/83/EB og 24.–30. gr. tilskipunar 2005/68/EB.

*8. gr.*

**Viðskipti innan samstæðu**

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbær yfirvöld annist almennt eftirlit með viðskiptum milli:

a) vátryggingafélags eða endurtryggingafélags og:

   i) félags sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu,

   ii) hluteignarfélags vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins,

   iii) félags sem er tengt hluteignarfélagi vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins,

b) vátryggingafélags eða endurtryggingafélags og einstaklings sem á hlutdeild í:

   i) vátryggingafélaginu, endurtryggingafélaginu eða einhverju félagi því tengdu,

   ii) hluteignarfélagi vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins,

   iii) félagi sem er tengt hluteignarfélagi vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins.

Þessi viðskipti varða einkum:

- lán,
- ábyrgðir og liði utan efnahagsreiknings,
- liði sem geta verið hluti af gjaldþoli,
- fjárfestingar,
- endurtryggingaviðskipti (úttrygging),
- samninga um kostnaðarskiptingu.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að vátryggingafélög og endurtryggingafélög hafi yfir að ráða viðeigandi áhættustýringaraðferðum og kerfum fyrir innra eftirlit, þ.m.t. áreiðanlegar skýrslugjafar- og reikningsskilaaðferðir, til að geta á heppilegan hátt sanngreint, metið, fylgst með og stýrt viðskiptum eins og kveðið er á um í 1. mgr. Aðildarríkin skulu einnig krefjast þess að vátryggingafélög og endurtryggingafélög gefi lögbærum yfirvöldum skýrslu um öll umtalsverð viðskipti, a.m.k. árlega. Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með þessum aðferðum og kerfum.

Ef í ljós kemur á grundvelli þessara upplýsinga að gjaldþol vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins sé eða kynni að verða teflt í tvísýnu skal lögbæra yfirvaldið gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu.

---

(*) (Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

(**) (Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/87/EB.

(***) (Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.“

6. Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 9. gr.:

„3. Sýni útreikningurinn, sem um getur í 1. mgr., fram á að aðlagað gjaldþol sé neikvætt skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu sem um ræðir.“

7. Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

   a) eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

   „Eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, vátryggingafélög utan Bandalagsins og endurtryggingafélög utan Bandalagsins“,

   b) eftirfarandi komi í stað 2. og 3. mgr.:

   „2. Í tilvikinu, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skal útreikningurinn taka til allra félaga sem eru tengd eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, vátryggingafélagi utan Bandalagsins eða endurtryggingafélagi utan Bandalagsins, á þann hátt sem kveðið er á um í II. viðauka.

   3. Úrskurði lögbær yfirvöld á grundvelli þessara útreikninga að gjaldþoli vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem er dótturfélag eignarhaldsfélagsins á vátryggingasviði, vátryggingafélags utan Bandalagsins eða endurtryggingafélags utan Bandalagsins, sé eða kunni að vera teflt í tvísýnu skulu

þau gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart því vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi.“

8. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 10. gr. a:

a) eftirfarandi komi í stað b-liðar 1. mgr.:

„b) endurtryggingafélögum sem eiga, sem hluteignarfélög, félög í skilningi 2. gr. sem hafa aðalskrifstofu sína í þriðja landi,

c) vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum utan Bandalagsins sem eiga, sem hluteignarfélög, félög í skilningi 2. gr. sem hafa aðalskrifstofu sína í Bandalaginu.“,

b) eftirfarandi komi í stað 2. mgr.:

„2. Í samningunum, sem um getur í 1. mgr., skal einkum leitast við að tryggja:

a) að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geti fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir viðbótareftirlit með vátryggingafélögum og endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu í Bandalaginu og eiga dótturfélög eða hlutdeild í félögum utan Bandalagsins og

b) að lögbær yfirvöld í þriðju löndum geti fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir viðbótareftirlit með vátryggingafélögum og endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæðum þeirra og eiga dótturfélög eða hlutdeild í félögum í einu eða fleiri aðildarríkjum.“

9. Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 98/78/EB komi II. viðauki við þessa tilskipun.

*60. gr.*

**Breytingar á tilskipun 2002/83/EB**

Tilskipun 2002/83/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Í 1. mgr. 1. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„s) „endurtryggingafélag“: endurtryggingafélag í skilningi c-liðar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (*).“

(*) Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„*9. gr. a*

**Fyrirframsamráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum**

1. Hafa skal samráð við lögbær yfirvöld hins aðildarríkisins áður en líftryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfélag vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða

b) dótturfélag móðurfélags vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi með starfsleyfi í öðru aðildarríki.

2. Hafa skal samráð við lögbært yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki sem annast eftirlit með lánastofnunum eða fjárfestingarfyrirtækjum áður en líftryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfélag lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

b) dótturfélag móðurfélags lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í Bandalaginu.

3. Viðkomandi lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu einkum hafa samráð sín á milli við mat á hæfi hluthafanna, svo og á orðspori og reynslu stjórnenda sem koma að stjórn annars aðila í sömu samstæðu. Þau skulu veita hvert öðru allar upplýsingar um hæfi hluthafa og um orðspor og reynslu stjórnenda sem skipta máli fyrir önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu vegna leyfisveitingar og yfirstandandi mats á því hvort skilyrði varðandi rekstur séu uppfyllt.“

3. Í 2. mgr. 10. gr. bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Heimaaðildarríki vátryggingafélagsins skal ekki hafna endurtryggingasamningi sem vátryggingafélagið hefur gert við endurtryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB eða vátryggingafélag sem starfar á grundvelli tilskipunar 73/239/EBE eða þessarar

tilskipunar á forsendum sem tengjast beint fjárhagslegum stöðugleika þess endurtrygginga- eða vátryggingafélags.“

4. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 15. gr.:

„1a. Ef sá er aflar eignarhluta, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er vátryggingafélag, endurtryggingafélag, lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili, sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast slíka eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal mat á öflun eignarhlutanna ekki fara fram fyrr en að höfðu því samráði sem um getur í 9. gr. a.“

5. Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað 4., 5. og 6. mgr.:

„4. Lögbær yfirvöld, sem fá vitneskju um trúnaðarmál skv. 1. eða 2. mgr., mega einungis notfæra sér hana við skyldustörf sín:

- til að fylgjast með því að skilyrði fyrir því að hefja vátryggingastarfsemi séu uppfyllt og til að auðvelda eftirlit með slíkri starfsemi, einkum m.t.t. eftirlits með vátryggingaskuld, gjaldþoli, stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og innri eftirlitskerfum eða
- til að beita viðurlögum eða
- þegar lögð er fram stjórnsýslukæra gegn ákvörðun lögbærs yfirvalds eða
- í dómsmálum sem eru höfðuð skv. 67. gr. eða sérákvæðum í þessari tilskipun og öðrum tilskipunum um vátryggingafélög og endurtryggingafélög.

5. Ákvæði 1. og 4. mgr. skulu ekki útiloka upplýsingaskipti innan aðildarríkis, ef um er að ræða tvö eða fleiri lögbær yfirvöld í sama aðildarríkinu, eða milli aðildarríkja eða milli lögbærra yfirvalda í mismunandi aðildarríkjum og:

- yfirvalda sem annast opinbert eftirlit með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum og yfirvalda sem annast eftirlit með fjármálamörkuðum,
- aðila sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþroti vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarri sambærilegri málsmeðferð og
- aðila sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarra fjármálastofnana,

þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu eða veita stofnunum sem stjórna lögboðinni slitameðferð eða ábyrgðasjóðum nauðsynlegar upplýsingar til að gegna starfi sínu. Upplýsingar, sem þessi yfirvöld, stofnanir og aðilar fá, skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

6. Þrátt fyrir 1.–4. mgr. geta aðildarríkin heimilað upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og:

- yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarri sambærilegri málsmeðferð eða
- yfirvalda sem annast eftirlit með aðilum sem falin er lögboðin endurskoðun reikninga vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármálastofnana eða
- óháðra tryggingafræðinga vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga sem annast lögboðið eftirlit með þeim félögum, svo og stofnana sem annast eftirlit með slíkum tryggingafræðingum.

Aðildarríki, sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

- upplýsingarnar skal nota í því skyni að hafa umsjón með og annast lögboðið eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,
- um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu,
- séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld, aðilar og stofnanir megi taka við upplýsingum samkvæmt þessari málsgrein.“,

b) eftirfarandi komi í stað 8. mgr.:

„8. Ákvæði 1.–7. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald veiti:

- seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki sem yfirvöld á sviði peningamála,
- eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem annast eftirlit með greiðslukerfum,

upplýsingar sem koma að haldi við störf þeirra, né heldur skulu þau koma í veg fyrir að viðkomandi yfirvöld eða stofnanir sendi lögbærum yfirvöldum upplýsingar sem þau geta þurft á að halda m.t.t. 4. mgr.

Um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt þessari grein.“

6. Í stað 4. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríki skulu ekki viðhalda eða taka upp, vegna myndunar vátryggingaskuldar, kerfi með bráttóvarasjóðum sem binda eignir til að mæta væntum iðgjöldum og útistandandi tjónaskuld ef endurtryggjandinn er endurtryggingafélag eða vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 73/239/EBE eða þessa tilskipun.

Þegar heimaaðildarríki heimilar að vátryggingaskuld sé tryggð með kröfum á hendur endurtryggjendum sem eru hvorki eru með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB né vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 73/239/EBE eða þessa tilskipun skal það ákveða skilyrði fyrir viðurkenningu á slíkum kröfum.“

7. Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað f-liðar B-liðar í 1. mgr:

„f) inneign hjá endurtryggjendum, þ.m.t. hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld og hjá félögum með sérstakan tilgang sem um getur í 46. gr. tilskipunar 2005/68/EB“,

b) eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr.:

„3. Þótt eign eða eignaflokkur sé talinn með í skránni í 1. mgr. táknar það ekki að allar þessar eignir séu sjálfkrafa viðurkenndar til jöfnunar vátryggingaskuld. Heimaaðildarríkið skal setja nánari reglur um skilyrði fyrir notkun á viðurkenndum eignum.“

8. Í 2. mgr. 27. gr. bætast eftirfarandi undirgreinar við:

„Eftirfarandi liðir skulu koma til lækkunar á gjaldþoli:

a) hlutdeild vátryggingafélagsins í:

- vátryggingafélögum í skilningi 4. gr. þessarar tilskipunar, 6. gr. tilskipunar 73/239/EB eða b-liðar 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingahópi (*),
- endurtryggingafélögum í skilningi 3. gr. tilskipunar 2005/68/EB eða endurtryggingafélögum í löndum utan Bandalagsins í skilningi 1. liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,
- eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,
- lánastofnunum og fjármálastofnunum í skilningi 1. og 5. mgr. 1. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (**),
- fjárfestingarfélögum og fjármálastofnunum í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (***) og 4. og 7. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (****),

b) allir eftirtaldir liðir sem vátryggingafélagið á í tengslum við aðila sem eru skilgreindir í a-lið og það á hlutdeild í:

- gerningar sem um getur í 3. mgr.,
- gerningar sem um getur í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 73/239/EBE,
- víkjandi kröfur og gerningar sem um getur í 35. gr. og 3. mgr. 36. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

Þegar hlutabréfeign í annarri lánastofnun, fjárfestingarfyrirtæki, fjármálastofnun, vátryggingaeða endurtryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð til endurskipulagningar eða til bjargar hlutaðeigandi aðila er lögbærum yfirvöldum heimilt að falla frá ákvæðunum um

frádrátt sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar.

Í stað þess að draga frá þá liði sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar sem vátryggingafélag á í lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum og fjármálastofnunum geta aðildarríkin heimilað vátryggingafélögum sínum að beita, að breyttu breytanda, aðferðum 1, 2 eða 3 í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (*****). Einungis skal beita aðferð 1 (samstæðureikningsskil) ef lögbæra yfirvaldið hefur fulla vissu fyrir því að hve miklu leyti stjórnun er samþætt og innra eftirlit viðhaft að því er varðar aðila sem á að taka með í samstæðureikningsskilunum. Jafnan skal beita aðferðinni, sem valin er, á sama hátt.

Aðildarríkin geta kveðið á um að vátryggingafélög, sem eiga að vera undir viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 98/78/EB eða viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 2002/87/EB, þurfi ekki, við útreikning á gjaldþoli, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, að draga frá liðina sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar þessarar greinar, sem eru eign í lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum, fjármálastofnunum, vátrygginga- eða endurtryggingafélögum eða eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði sem viðbótareftirlitið nær til. Að því er varðar frádrátt á hlutdeild sem um getur í þessari málsgrein er orðið hlutdeild notað í skilningi fliðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB.

(*) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

(**) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

(***) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/87/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

(****) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

(*****) Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB."

9. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 2. mgr. 28. gr.:

a) eftirfarandi komi í stað a-liðar:

„a)fyrri niðurstaða:

margfalda skal hluta sem nemur 4% af vátryggingasjóðum, í frumtryggingum og endurtryggingum, án frádráttar á hlut endurtryggjenda, og vegna móttekinna endurtrygginga, með hlutfallinu milli samanlagðra vátryggingafjárhæða, að frádregnum hlut endurtryggjenda, og heildarvátryggingafjárhæða eins og hlutfallið var á næstliðnu fjárhagsári. Þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 85%. Samkvæmt rökstuddri umsókn vátryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má draga endurheimtanlegar fjárhæðir, sem endurtryggingar, frá félögum með sérstakan tilgang, sem um getur í 46. gr. tilskipunar 2005/68/EB.",

b) eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar bliðar:

„b) seinni niðurstaða:

margfalda skal hluta, sem nemur 0,3% af áhættufjárhæð vátrygginga sem vátryggingafélag hefur tekið að sér, þar sem áhættufjárhæðin er ekki neikvæð tala, með hlutfallinu milli samanlagðrar áhættufjárhæðar í eigin áhættu félagsins eftir endurtryggingu og endurtryggingu endurtryggjenda (úttrygging) og samanlagðrar áhættufjárhæðar án frádráttar endurtrygginga eins og það var á næstliðnu fjárhagsári; hlutfallið má þó aldrei vera lægra en 50%. Samkvæmt rökstuddri umsókn vátryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má draga endurheimtanlegar fjárhæðir frá félögum með sérstakan tilgang, sem um getur í 46. gr. tilskipunar 2005/68/EB, sem endurtryggingar."

10. Eftirfarandi grein bætist við:

*„28. gr. a*

**Gjaldþol vátryggingafélaga sem annast starfsemi á sviði endurtrygginga**

1. Hvert aðildarríki skal beita ákvæðum 35.–39. gr. tilskipunar 2005/68/EB gagnvart þeim vátryggingafélögum sem eru með aðalskrifstofu á

yfirráðasvæði þess vegna starfsemi sem felst í móttöku endurtrygginga, að uppfylltu einu eftirtalinna skilyrða:

a) innheimt endurtryggingaiðgjöld nema meira en 10% af heildariðgjöldum,

b) innheimt endurtryggingaiðgjöld nema meira en 50 000 000 evrum,

c) vátryggingaskuld vegna móttekinna endurtrygginga nema meira en 10% af heildarvátryggingaskuld.

2. Hvert aðildarríki getur valið um að beita ákvæðum 34. gr. tilskipunar 2005/68/EB gagnvart þeim vátryggingafélögum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess vegna starfsemi sem felst í móttöku endurtrygginga, að uppfylltu einu skilyrðanna sem mælt er fyrir um í téðri fyrstu málsgrein. Í því tilviki skal viðkomandi aðildarríki krefjast þess að öllum eignum, sem vátryggingafélag notar til jöfnunar vátryggingaskuld, sem samsvara mótteknum endurtryggingum, sé haldið aðgreindum, þeim stýrt og þær skipulagðar aðgreindar frá allri annarri tryggingastarfsemi vátryggingafélagsins, án nokkurs möguleika á yfirfærslu. Í slíku tilviki og eingöngu að því marki sem um móttöku endurtrygginga er að ræða falla vátryggingafélög ekki undir 22.–26. gr.

Hvert aðildarríki skal sjá til þess að lögbær yfirvöld þess sannreyni aðgreininguna sem kveðið er á um í annarri undirgrein.“

11. Eftirfarandi komi í stað 4. mgr. 37. gr.:

„4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að draga úr lækkun, á grundvelli endurtryggingar, á gjaldþoli eins og það er skilgreint í samræmi við 28. gr. þegar:

a) veruleg breyting hefur orðið á eðli eða gæðum endurtryggingasamninga frá næstliðnu fjárhagsári,

b) engin eða lítil yfirfærsla áhættu felst í endurtryggingasamningunum.“

## X. BÁLKUR

## BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

*61. gr.*

**Áunnin réttindi starfandi endurtryggingafélaga**

1. Endurtryggingafélög, sem heyra undir þessa tilskipun og fengu starfsleyfi eða réttindi til að annast endurtryggingastarfsemi í samræmi við ákvæði aðildarríkjanna þar sem þau hafa aðalskrifstofur fyrir 10. desember 2005, teljast vera með starfsleyfi í samræmi við 3. gr.

Hins vegar er þeim skylt að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar, að því er varðar rekstur endurtrygginga, og kröfunum sem eru settar fram í 6. gr. (a-, c- og d-liður), 7., 8., 12. gr. og 32.–41. gr. frá 10. desember 2007.

2. Aðildarríkin geta heimilað að endurtryggingafélög, sem um getur í 1. mgr. og hafa ekki farið að 6. gr. (a-liður), 7., 8., og 32.–40. gr. 10. desember 2005, fái frest til 10. desember 2008 til þess að uppfylla þessar kröfur.

*62. gr.*

**Endurtryggingafélög sem hætta starfsemi**

1. Endurtryggingafélög, sem hætta að gera endurtryggingasamninga fyrir 10. desember 2007 og stjórna fyrirliggjandi vátryggingastofni eingöngu með það í huga að hætta starfsemi sinni, heyra ekki undir þessa tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu gera skrá yfir viðkomandi endurtryggingafélög og senda hana öllum hinum aðildarríkjunum.

*63. gr.*

**Aðlögunartímabil vegna 3. mgr. 57. gr. og 6. mgr. 60. gr.**

Aðildarríki er heimilt að fresta beitingu ákvæða 3. mgr. 57. gr. þessarar tilskipunar um breytingu á 3. mgr. 15. gr. tilskipunar 73/239/EBE og ákvæða 6. mgr. 60. gr. þessarar tilskipunar til 10. desember 2008.

*64. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 10. desember 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*65. gr.*

**Gildistaka.**

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

*66. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. nóvember 2005.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| J. BORRELL FONTELLES | Bach of LUTTERWORTH |
| *forseti.* | *forseti.* |

*I. VIÐAUKI*

Rekstrarform endurtryggingafélaga:

- í Konungsríkinu Belgíu: 'société anonyme/naamloze vennootschap', 'société en commandite par actions/commanditaire vennootschap op aandelen', 'association d'assurance mutuelle/onderlinge verzekeringsvereniging', 'société coopérative/coöperatieve vennootschap';
- í Tékklandi: 'akciová společnost';
- í Konungsríkinu Danmörku: 'aktieselskaber', 'gensidige selskaber';
- í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: 'Aktiengesellschaft', 'Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit', 'Öffentlich-rechtliches Wettbewerbsversicherungsunternehmen';
- í Lýðveldinu Eistlandi: 'aktsiaselts';
- í Lýðveldinu Grikklandi: 'ανώνυμη εταιρία', 'αλληλασφαλιστικός συνεταιρισμός';
- í Konungsríkinu Spáni: 'sociedad anónima';
- í Lýðveldinu Frakklandi: 'société anonyme', 'société d'assurance mutuelle', 'institution de prévoyance régie par le code de la sécurité sociale', 'institution de prévoyance régie par le code rural' and 'mutuelles régies par le code de la mutualité';
- á Írlandi: incorporated companies limited by shares or by guarantee or unlimited;
- í Lýðveldinu Ítalíu: 'società per azioni';
- í Lýðveldinu Kýpur: 'Εταιρεία Περιορισμένης Ευθύνης με μετοχές' ή 'Εταιρεία Περιορισμένης Ευθύνης με εγγύηση';
- í Lýðveldinu Lettlandi: 'akciju sabiedrība', 'sabiedrība ar ierobežotu atbildību';
- í Lýðveldinu Litháen: 'akcinė bendrovė', 'uždaroji akcinė bendrovė';
- í Stórhertogadæminu Lúxemborg: 'société anonyme', 'société en commandite par actions', 'association d'assurances mutuelles', 'société coopérative';
- í Lýðveldinu Ungverjalandi: 'biztosító részvénytársaság', 'biztosító szövetkezet', 'harmadik országbeli biztosító magyarországi fióktelepe';
- í Lýðveldinu Möltu: 'limited liability company/kumpannija tà responsabbiltà limitata';
- í Konungsríkinu Hollandi: 'naamloze vennootschap', 'onderlinge waarborgmaatschappij';
- í Lýðveldinu Austurríki: 'Aktiengesellschaft', 'Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit';
- í Lýðveldinu Póllandi: 'spółka akcyjna', 'towarzystwo ubezpieczeń wzajemnych';

- í Lýðveldinu Portúgal: 'sociedade anónima', 'mútua de seguros';
- í Lýðveldinu Slóveníu: 'delniška družba';
- í Lýðveldinu Slóvakíu: 'akciová spoločnost';
- í Lýðveldinu Finnlandi: 'keskinäinen vakuutusyhtiö/ömsesidigt försäkringsbolag', 'vakuutusosakeyhtiö/ försäkringsaktiebolag', 'vakuutusyhdistys/försäkringsförening';
- í Konungsríkinu Svíþjóð: 'försäkringsaktiebolag', 'ömsesidigt försäkringsbolag';
- í Breska konungsríkinu: incorporated companies limited by shares or by guarantee or unlimited, societies registered under the Industrial and Provident Societies Acts, societies registered or incorporated under the Friendly Societies Acts, 'the association of underwriters known as Lloyd's'.

*II. VIÐAUKI*

Eftirfarandi komi í stað I. og II. viðauka við tilskipun 98/78/EB:

*„I. VIÐAUKI*

**ÚTREIKNINGUR Á AÐLÖGUÐU GJALDÞOLI VÁTRYGGINGAFÉLAGA OG ENDURTRYGGINGAFÉLAGA**

1. VAL Á ÚTREIKNINGSAÐFERÐ OG ALMENNAR GRUNDVALLARREGLUR

A. Aðildarríkin skulu kveða á um að reikna skuli aðlagað gjaldþol vátryggingafélaga og endurtryggingafélaga, sem um getur í 1. mgr. 2 gr., í samræmi við eina af aðferðunum sem lýst er í 3. lið. Aðildarríki er þó heimilt að kveða á um að lögbær yfirvöld geti heimilað eða fyrirskipað að beitt sé annarri aðferð í 3. lið en þeirri sem aðildarríkið kaus.

B. **Hlutfall**

Þegar aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélags er reiknað skal tekið tillit til hlutfallslegs eignarhluta hluteignarfélagsins í félögum því tengdum.

„Hlutfallslegur eignarhluti" merkir annaðhvort, ef beitt er aðferð 1 eða 2, sem lýst er í 3. lið, hlutfall hlutafjár sem hluteignarfélagið á beint eða óbeint eða, ef notuð er aðferð 3 í 3. lið, þá hundraðshluta sem notaðir eru við gerð samstæðureikninganna.

Ef tengda félagið er hins vegar dótturfélag með ófullnægjandi gjaldþol verður að taka tillit til slíks ófullnægjandi gjaldþols í heild, sama hvaða aðferð er beitt.

Telji lögbær yfirvöld á hinn bóginn að ábyrgð móðurfélags, sem á hlutafé í félaginu, sé skýrt og ótvírætt bundin við það hlutafé geta lögbær yfirvöld heimilað að hlutfallslega verði tekið tillit til ófullnægjandi gjaldþols dótturfélagsins.

„Ef engin eignatengsl eru á milli sumra félaganna í vátryggingasamstæðu eða endurtryggingasamstæðu skal lögbært yfirvald ákvarða hvaða hlutfallslega eignarhlutar þurfi að taka tillit til.

C. **Útilokun á tvínotkun gjaldþolsliða**

C.1. *Almenn meðferð gjaldþolsliða*

Sama hvaða aðferð er notuð til að reikna aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélags verður að útiloka tvínotkun liða sem geta verið hluti af gjaldþoli hinna ýmsu vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga sem tekið er tillit til í útreikningnum.

Í því skyni skal, þegar reiknað er út aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélags og ekki er kveðið á um það í aðferðunum sem lýst er í 3. lið, sleppa eftirtöldum fjárhæðum:

- verðmæti sérhverrar eignar vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélags, sem ætlað er að fjármagna liði með, sem geta verið hluti af gjaldþoli eins af tengdum vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum þess,
- verðmæti sérhverrar eignar vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu, sem ætlað er að fjármagna liði með, sem geta verið hluti af gjaldþoli vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins,
- verðmæti sérhverrar eignar vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu, sem ætlað er að fjármagna liði með, sem geta verið hluti af gjaldþoli einhvers annars vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu.

C.2. *Meðferð tiltekinna liða*

Með fyrirvara um ákvæði liðar C.1 má aðeins taka með í útreikninginn:

- ágóðasjóði og framtíðarhagnað, sem falla til hjá líftryggingafélagi eða lífendurtryggingafélagi, sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu sem aðlagað gjaldþol er reiknað fyrir, og
- skráð, óinnborgað stofnfé vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu sem aðlagað gjaldþol er reiknað fyrir,

að því marki sem það getur fullnægt gjaldþolskröfu þess tengda félags. Þó skal skráð, óinnborgað stofnfé, sem hugsanlega skuldbindur hluteignarfélagið, ekki tekið með við útreikninginn.

Skráð, óinnborgað hlutafé hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði, sem hugsanlega skuldbindur tengt vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, skal heldur ekki tekið með við útreikninginn.

Skráð, óinnborgað hlutafé tengds vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem hugsanlega skuldbindur annað tengt vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sama hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði, skal ekki tekið með við útreikninginn..

C.3. *Yfirfærsla*

Telji lögbær yfirvöld að tilteknir liðir, sem geta verið hluti af gjaldþoli tengds vátryggingafélags eða endurtryggingafélags annarra en þeirra sem um getur í lið C.2, séu ekki raunverulega til umráða til að mæta gjaldþolskröfu hluteignarfélagsins á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði, sem verið er að reikna aðlagað gjaldþol fyrir, má aðeins taka þessa liði með við útreikninginn að því marki sem þeir geta fullnægt gjaldþolskröfu tengda félagsins.

C.4. Samtala liðanna, sem um getur í liðum C.2 og C.3, má ekki vera hærri en gjaldþolskrafa tengda vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins.

D. **Útilokun fjármögnunar innan samstæðunnar**

Þegar aðlagað gjaldþol er reiknað skal ekki taka tillit til neinna liða sem geta verið hluti af gjaldþoli og til falla við gagnkvæma fjármögnun vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins og:

- tengds félags,
- hluteignarfélags,
- annars félags sem er tengt einhverju hluteignarfélaga þess.

Enn fremur skal ekki tekið tillit til neinna liða, sem geta verið hluti af gjaldþoli vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu, sem aðlagað gjaldþol er reiknað fyrir, þegar viðkomandi liður verður til við gagnkvæma fjármögnun með öðru tengdu félagi þess vátryggingafélags eða endurtryggingafélags.

Einkum telst um gagnkvæma fjármögnun að ræða þegar vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, eða eitthvert félag því tengt, á hlutabréf í eða veitir lán öðru félagi sem, beint eða óbeint, ræður yfir lið sem getur verið hluti af gjaldþoli fyrrnefnda félagsins.

E. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að aðlagað gjaldþol sé reiknað jafnoft og gjaldþol vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga sem skal reiknað eins og mælt er fyrir um í tilskipunum 73/239/EBE, 91/647/EBE, 2002/83/EB og 2005/68/EB. Verðmæti eigna og skuldbindinga skal metið samkvæmt viðeigandi ákvæðum tilskipana 73/239/EBE, 91/647/EBE, 2002/83/EB og 2005/68/EB.

2. BEITING ÚTREIKNINGSAÐFERÐA

2.1. **Tengd vátryggingafélög og tengd endurtryggingafélög.**

Aðlagað gjaldþol skal reiknað í samræmi við almennu meginreglurnar og aðferðirnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

Samkvæmt öllum aðferðunum skal, þegar vátryggingafélag eða endurtryggingafélag er tengt fleiri en einu vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi, reikna aðlagað gjaldþol þess með hliðsjón af hverju og einu þessara tengdu vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga.

Þegar um er að ræða raðtengda hlutdeild (ef vátryggingafélag eða endurtryggingafélag er t.d. hluteignarfélag annars vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem sjálft er hluteignarfélag vátryggingafélags eða endurtryggingafélags) skal aðlagað gjaldþol reiknað fyrir hvert hluteignarfélag á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði sem er tengt a.m.k. einu vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi.

Aðildarríkin geta heimilað að útreikningi á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sé sleppt:

- ef vátryggingafélagið eða endurtryggingafélagið er tengt félagi annars vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í sama aðildarríki og tekið er tillit til tengda félagsins þegar aðlagað gjaldþol hluteignarfélagsins á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði er reiknað eða

- ef vátryggingafélagið eða endurtryggingafélagið er tengt félag eignarhaldsfélags á vátryggingasviði með skráða skrifstofu í sama aðildarríki og vátryggingafélagið eða endurtryggingafélagið og bæði er tekið tillit til eignarhaldsfélagsins á vátryggingasviði og tengda vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins við útreikninginn.

Aðildarríkin geta einnig heimilað að útreikningi á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sé sleppt ef það er tengt vátryggingafélag eða tengt endurtryggingafélag annars vátryggingafélags, endurtryggingafélags eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði sem hefur skráða skrifstofu í öðru aðildarríki og ef lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkja hafa samþykkt að veita lögbærum yfirvöldum síðarnefnda aðildarríkisins heimild til að annast viðbótareftirlitið.

Í báðum tilvikum er aðeins heimilt að veita undanþáguna ef lögbær yfirvöld eru þess fullviss að liðirnir, sem geta verið hluti af gjaldþoli vátryggingafélaganna eða endurtryggingafélaganna, sem útreikningurinn tekur til, dreifist á fullnægjandi hátt milli félaganna.

Hafi tengt vátryggingafélag eða tengt endurtryggingafélag skráða skrifstofu í öðru aðildarríki en vátryggingafélagið eða endurtryggingafélagið, sem verið er að reikna aðlagað gjaldþol fyrir, geta aðildarríkin kveðið á um að við útreikninginn sé, að því er varðar tengda félagið, tekið tillit til gjaldþols þess eins og það er metið af lögbærum yfirvöldum hins aðildarríkisins.

2.2. **Eignarhaldsfélög á vátryggingasviði sem eru milliliðir**

Við útreikning á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem á hlutdeild í tengdu vátryggingafélagi, tengdu endurtryggingafélagi eða vátryggingafélagi utan Bandalags-

ins, í gegnum eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, er tekið tillit til stöðu eignarhaldsfélagsins á vátryggingasviði. Eingöngu að því er varðar þennan útreikning, sem skal fara fram í samræmi við almennu meginreglurnar og aðferðirnar sem lýst er í þessum viðauka, skal litið á þetta eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eins og það væri vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sem fellur undir kröfuna um gjaldþolið núll og sömu skilyrði og mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 73/239/EBE, 27. gr. tilskipun 2002/83/EB eða 36. gr. tilskipunar 2005/68/EB að því er varðar liði sem geta verið hluti af gjaldþoli.

2.3. **Tengd vátryggingafélög og tengd endurtryggingafélög með skráða skrifstofu utan Bandalagsins**

Þegar reiknað er aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem er hluteignarfélag vátryggingafélags utan Bandalagsins eða endurtryggingafélags utan Bandalagsins, skal litið á síðarnefnt félag, einungis að því er varðar útreikninginn, á hliðstæðan hátt og tengt vátryggingafélag eða tengt endurtryggingafélag og beita almennu meginreglunum og aðferðunum sem lýst er í þessum viðauka.

Sé þess hins vegar krafist í landi utan Bandalagsins, þar sem þetta félag hefur skráða skrifstofu, að það hafi starfsleyfi, auk þess sem gerð er til þess krafa um gjaldþol sem er a.m.k. sambærileg við þá kröfu sem mælt er fyrir um í tilskipunum 73/239/EBE, 2002/83/EB eða 2005/68/EB, með hliðsjón af liðunum sem fullnægja þeirri kröfu, geta aðildarríkin kveðið á um að í útreikningnum sé tekið, að því er varðar það félag, tillit til kröfunnar um gjaldþol og liðanna sem fullnægja þeirri kröfu eins og mælt er fyrir um í viðkomandi landi utan Bandalagsins.

2.4. **Tengdar lánastofnanir, fjárfestingafyrirtæki og fjármálastofnanir**

Þegar reiknað er út aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem er hluteignarfélag í lánastofnun, fjárfestingafyrirtæki eða fjármálastofnun gilda reglurnar, sem mælt er fyrir um í 16. gr. í tilskipun 73/239/EBE, 27. gr. tilskipunar 2002/83/EBE og 36. gr. tilskipunar 2005/68/EB um frádrátt slíkrar hlutdeildar, að breyttu breytanda, svo og ákvæðin um að aðildarríkin geti, við tilteknar aðstæður, leyft aðrar aðferðir og að slík hlutdeild komi ekki til frádráttar.

2.5. **Fáist nauðsynlegar upplýsingar ekki**

Hafi lögbær yfirvöld, hver svo sem ástæðan kann að vera, ekki aðgang að upplýsingum, sem eru nauðsynlegar til að reikna aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélagsins og varða tengt félag með skráða skrifstofu í aðildarríki eða landi utan Bandalagsins, skal draga bókfært virði þess félags í hluteignarfélaginu á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði frá liðunum sem geta verið hluti af aðlöguðu gjaldþoli. Þegar svo ber undir er ekki hægt að líta á dulinn hagnað af slíkri hlutdeild sem lið sem getur verið hluti af aðlöguðu gjaldþoli

3. ÚTREIKNINGSAÐFERÐIR

*Aðferð 1:* **Frádráttar- og samlagningaraðferð**

Aðlagað gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði er mismunurinn á milli:

i) samtölu:

a) liðanna sem geta verið hluti af gjaldþoli hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði og

b) hlutfallslegs eignarhluta hluteignarfélagsins á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði í liðum sem geta verið hluti af gjaldþoli tengds vátryggingafélags eða tengds endurtryggingafélags

og

ii) samtölu:

a) bókfærðs virðis tengda vátryggingafélagsins eða tengda endurtryggingafélagsins hjá hluteignarfélagi á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði,

b) kröfu um gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði og

c) hlutfallslegs eignarhluta lágmarksgjaldþols tengda vátryggingafélagsins eða tengda endurtryggingafélagsins.

Ef hlutdeild í tengdu vátryggingafélagi eða tengdu endurtryggingafélagi felst, algjörlega eða að hluta til, í óbeinu eignarhaldi skal telja verðmæti óbeina eignarhaldsins með í a-lið ii-liðar, að teknu tilliti til viðkomandi raðtengdra hagsmuna, og b-liður i-liðar og c-liður ii-liðar skulu innihalda samsvarandi hlutfallslegan eignarhluta í liðum sem geta verið hluti af gjaldþoli tengda vátryggingafélagsins eða tengda endurtryggingafélagsins.

*Aðferð 2:* **Aðferð byggð á frádrætti kröfu**

Aðlagað gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða á endurtryggingasviði er mismunurinn á milli:

i) samtölu liðanna sem geta verið hluti af gjaldþoli hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði

og

ii) samtölu:

a) kröfu um gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði og

b) hlutfallslegs eignarhluta kröfu um gjaldþol tengda vátryggingafélagsins eða tengda endurtryggingafélagsins.

Þegar liðir, sem geta verið hluti af gjaldþoli, eru metnir er hlutdeild, í skilningi þessarar tilskipunar, metin með hlutdeildaraðferðinni, í samræmi við möguleikann sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 59. gr. tilskipunar 78/660/EBE.

*Aðferð 3:* **Aðferð byggð á samstæðureikningsskilum**

Aðlagað gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði skal reiknað á grundvelli samstæðureikninga. Aðlagað gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði er mismunurinn á liðunum sem geta verið hluti af gjaldþoli, reiknuðum á grundvelli samstæðureikninga og:

a) annaðhvort samtölu kröfu um gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði og hlutfallslegs eignarhluta í kröfu um gjaldþol tengdra vátryggingafélaga eða tengdra endurtryggingafélaga, á grundvelli hundraðshlutanna sem notaðir eru við uppsetningu samstæðureikninganna eða

b) gjaldþolinu, reiknuðu á grundvelli samstæðureikninga.

Ákvæði tilskipana 73/239/EBE, 91/674/EBE, 2002/83/EB og 2005/68/EB skulu gilda um útreikning á liðunum sem geta verið hluti af gjaldþoli og á gjaldþolskröfum, á grundvelli gagna um samstæðureikninga.

*II. VIÐAUKI*

**VIÐBÓTAREFTIRLIT MEÐ VÁTRYGGINGAFÉLÖGUM OG ENDURTRYGGINGAFÉLÖGUM SEM ERU DÓTTURFÉLÖG EIGNARHALDSFÉLAGS Á VÁTRYGGINGASVIÐI, VÁTRYGGINGAFÉLAGS UTAN BANDALAGSINS EÐA ENDURTRYGGINGAFÉLAGS UTAN BANDALAGSINS**

1. Ef um er að ræða tvö eða fleiri vátryggingafélög eða endurtryggingafélög sem um getur í 2. mgr. 2. gr. og eru dótturfélög eignarhaldsfélags á vátryggingasviði, vátryggingafélags utan Bandalagsins eða endurtryggingafélags utan Bandalagsins og eru stofnuð í mismunandi aðildarríkjum skulu lögbær yfirvöld tryggja að aðferðinni, sem lýst er í þessum viðauka, sé beitt með samræmdum hætti.

   Lögbær yfirvöld skulu sinna viðbótareftirliti svo oft sem mælt er fyrir um í tilskipunum að því er varðar útreikning á gjaldþoli vátryggingafélaga og endurtryggingafélaga samkvæmt tilskipunum 73/239/EBE, 91/647/EBE, 2002/83/EB og 2005/68/EB.

2. Aðildarríkin geta heimilað að útreikningnum, sem kveðið er á um í þessum viðauka að því er varðar vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, sé sleppt:

   - ef það vátryggingafélag eða endurtryggingafélag er tengt félag annars vátryggingafélags eða endurtryggingafélags og tekið er tillit til þess í útreikningnum sem kveðið er á um í þessum viðauka fyrir hitt félagið,

   - ef það vátryggingafélag eða endurtryggingafélag og eitt eða fleiri vátryggingafélög eða endurtryggingafélög önnur, sem hafa starfsleyfi í sama aðildarríki, eiga að móðurfélagi sama eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, vátryggingafélag utan Bandalagsins eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins og tekið er tillit til vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins í útreikningnum sem kveðið er á um í þessum viðauka fyrir eitt þessara félaga annarra,

   - ef það vátryggingafélag eða endurtryggingafélag og eitt eða fleiri vátryggingafélög eða endurtryggingafélög önnur, sem hafa starfsleyfi í öðrum aðildarríkjum, eiga að móðurfélagi sama eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, vátryggingafélag utan Bandalagsins eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins og gerður hefur verið samningur í samræmi við 2. mgr. 4. gr. um að veita eftirlitsyfirvaldi í öðru aðildarríki rétt til að sinna viðbótareftirlitinu sem fjallað er um í þessum viðauka.

     Ef um er að ræða raðtengda hlutdeild (s.s. eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða vátryggingafélag eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins sem er sjálft í eigu annars eignarhaldsfélags á vátryggingasviði, vátryggingafélags eða endurtryggingafélags utan Bandalagsins) er aðildarríkjunum einungis heimilt að beita útreikningunum, sem kveðið er á um í þessum viðauka, gagnvart móðurfélagi sem er höfuð vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins og er eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, vátryggingafélag utan Bandalagsins eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins.

3. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að fram fari útreikningar, hliðstæðir þeim sem lýst er í I. viðauka, í eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, vátryggingafélögum utan Bandalagsins eða endurtryggingafélögum utan Bandalagsins.

   Hliðstæðan skal felast í því að beita almennu meginreglunum og aðferðunum, sem lýst er í I. viðauka, gagnvart eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, vátryggingafélögum utan Bandalagsins eða endurtryggingafélögum utan Bandalagsins.

   Einungis að því er varðar þennan útreikning skal litið á móðurfélagið eins og um væri að ræða vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sem ber að lúta:

   - kröfu um gjaldþol sem jafngildir núlli ef um er að ræða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði,

   - kröfu um gjaldþol sem er ákvarðað í samræmi við meginreglur liðar 2.3 í I. viðauka ef um er að ræða vátryggingafélag utan Bandalagsins eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins,

   og lýtur sömu skilyrðum og mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 73/239/EBE, 27. gr. tilskipunar

2002/83/EB og 36. gr. tilskipunar 2005/68/EB að því er varðar liði sem taka má með við útreikning á gjaldþoli.

4. **Fáist nauðsynlegar upplýsingar ekki**

Hafi lögbær yfirvöld, hver svo sem ástæðan kann að vera, ekki aðgang að upplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir útreikninginn sem kveðið er á um í þessum viðauka og varða tengt félag með skráða skrifstofu í aðildarríki eða landi utan Bandalagsins skal draga bókfært virði þess félags í hluteignarfélaginu frá liðunum sem taka má með í útreikninginn sem kveðið er á um í þessum viðauka. Þegar svo ber undir er ekki hægt að líta á dulinn hagnað af slíkri hlutdeild sem lið sem taka má með í útreikninginn.“

# 852. Tillaga til þingsályktunar [574. mál]

um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2007–2010 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun:

## 1. ALMENN SAMGÖNGUVERKEFNI

Á árunum 2007–2010 skal unnið að rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum sem falla undir fimm meginmarkmið samgönguáætlunar. Markmiðin eru í samræmi við stefnumótun í samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018 auk stefnumótunar stjórnvalda um öryggi í umferð til ársins 2016:

### 1.1 Markmið um greiðari samgöngur.

*Verkefni:*

a. Farið verði yfir tilhögun og fjármögnun almenningssamgangna.
b. Gerð verði úttekt á framtíðarmöguleikum upplýsingakerfa í samgöngum í því skyni að auka afköst og bæta stýringu og öryggi umferðarkerfa.
c. Tryggt verði að Ísland hafi fullan aðgang að gervihnattakerfum sem komið verður upp til staðsetningar á sjó, landi og í lofti, svo sem GPS, EGNOS og Galileo.

### 1.2 Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.

*Verkefni:*

a. Markaðsöflin verði nýtt við fjármögnun, uppbyggingu og rekstur samgangna þar sem það á við.
b. Unnið verði að rannsóknum á aðferðafræði við styrkingu og breikkun vega á hagkvæman hátt.
c. Skoðað verði áfram og stefnt að því að taka upp gjaldtöku af samgöngum með tilliti til jafnræðis samgöngugreina og notenda samgangna. Unnið verði að undirbúningi nýrrar skipunar gjaldtöku, sem byggð er á nýjustu tækni, þ.m.t. GPS-mælingu fyrir umferð á vegum.
d. Unnið verði að þróun aðferða til kostnaðar/nytjagreiningar til nota við forgangsröðun stærri verkefna.

e. Unnið verði að öflun gagna um þróun þungaflutninga á vegum og áhrif þeirra á vegakerfið.

### 1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

*Verkefni:*

a. Unnið verði að því í samvinnu við fjármálaráðuneytið að breyta skattlagningu eignarhalds og notkunar bíla með þeim hætti að neyslugrannir bílar, t.d. tvinnbílar, tengitvinnbílar, bílar sem nota vistvænt eldsneyti og bílar sem nota gasolíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er. Sama skal gilda um notkun vistvænna skipavéla, sem nota svartolíu og sparneytna aðal- og hjálparvél, og vistvænna véla í flugvélum þar sem þetta getur átt við.
b. Unnið verði að könnun á sjávarflóðum og rannsóknum á hækkun sjávarborðs vegna veðurfarsbreytinga.
c. Efldar verði rannsóknir sem stuðla að umhverfisvænum samgöngum.
d. Unnið verði að rannsóknum á áhrifum vegagerðar á votlendi og aðferðum við endurheimt þess.
e. Unnið verði að rannsókn á áhrifum hávaða og náttúrufarsþátta eins og veðurs, flóða og náttúruhamfara á þægindi og öryggi umferðar.

### 1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.

*Verkefni:*

a. Unnið verði að rannsóknum á veðri og sjólagi með það að markmiði að kanna rek stórra skipa og hafíss. Enn fremur verði unnið að frekari þróun sjávarfallalíkans til stuðnings rannsóknum á reki.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð, um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð, á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur, að Reykjanesskóla.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi sunnan brúar á Hvannadalsá hjá Rauðamýri, út Langadalsströnd, um Melgraseyri, að Skjaldfannarvegi. (Þaðan er hann landsvegur um Kaldalón, að Unaðsdalskirkju.)
636 Hafnarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi um Pollgötu, Suðurgötu og Njarðarsund að Sindragötu.

639 Skutulsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Ísafjarðarflugvelli, fyrir Skutulsfjörð á Djúpveg, á Hauganesi.
640 Borðeyrarvegur: Af Djúpvegi, að Borðeyri.
641 Krossárdalsvegur: Af Djúpvegi sunnan Krossárbrúar, að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð, um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd, um Drangsnes og Kaldrananes, á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði, að flugvelli.
690 Steinadalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Brunnár í Saurbæ um Holtahlíð að Garpsdalsvegi skammt innan Gilsfjarðarbrekku. (Þaðan er hann landsvegur yfir heiðina, að Steinadal). Frá Steinadal, á Djúpveg í Kollafirði. (Samsett)
702 Heggstaðanesvegur: Af Hringvegi í Hrútafirði nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð, á Hringveg utan við Melstað.
703 Hálsbæjavegur: Af Hringvegi á Hrútafjarðarhálsi, um Sveðjustaði, á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
704 Miðfjarðarvegur: Af Hringvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan, á Hringveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá sunnan Brekkulækjar, fram Vesturárdal, að Huppahlíð.
711 Vatnsnesvegur: Af Hvammstangavegi við Klapparstíg á Hvammstanga, út Vatnsnes, um Hindisvík, yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Hringveg hjá Vatnshorni.
714 Fitjavegur: Af Hringvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal, um Ásland, yfir Miðfjarðarháls, á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur: Af Hringvegi hjá Deildarhóli, um Víðdalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi, út austan Víðidalsár, á Hringveg vestan Lækjamóta.
716 Síðuvegur: Af Hringvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu, á Vatnsnesveg hjá Grund.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk, um Stóruborg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
721 Þingeyravegur: Af Hringvegi vestan við Sveinsstaði, að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Hringvegi hjá Sveinsstöðum, fram Vatnsdal, vestan ár, um Grímstungu og Marðarnúp, út austan ár, á Hringveg nálægt Aralæk.
724 Reykjabraut: Af Hringvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns, á Svínvetningabraut hjá Tindum.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu, á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund, að Snæringsstöðum.
731 Svínvetningabraut: Af Hringvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri, á Hringveg norðan Svartárbrúar.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri, að Austurhlíð.

734 Svartárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði, að Fossum. (Þaðan er hann landsvegur suður á Kjalveg innan Seyðisár.)
740 Hafnarvegur Blönduósi: Af Hringvegi, um Húnabraut og Hafnarbraut, að höfn.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka, á Skagastrandarveg sunnan Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal, að Sturluhóli.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi innan við brú á Laxá, um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð, um Eyrarveg og Strandveg á Sauðárkróki, á Sauðárkróksbraut á Borgarsandi.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu og Laxárdal, á Þverárfjallsveg hjá Skíðastöðum.
747 Hafnarvegur Hofsósi: Af Hofsósbraut, um Norðurbraut og Hafnarbraut, að höfn.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði, að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi, að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi sunnan við Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Hringvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Litluhlíð.
753 Vindheimavegur: Af Hringvegi hjá Völlum, um Stokkhólma, yfir Svartá, á Skagafjarðarveg hjá Saurbæ.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa, að Héraðsdal.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breið, að Gilhaga.
757 Villinganesvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi II, að Tunguhálsi I.
759 Kjálkavegur: Af Hringvegi hjá Skeljungshöfða, að Flatatungu.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð, að Árgerði.
764 Hegranesvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi, um Helluland, Ketu, á Sauðárkróksbraut hjá Garði.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi, á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt, að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga, á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi, á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð, á Siglufjarðarveg hjá Þrastarstöðum.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hrolleifsár, um Skálá, austan Sléttuhlíðarvatns, á Siglufjarðarveg norðan Sléttuhlíðarvatns.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, að Sigríðarstöðum.
788 Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Haganesvík, á Siglufjarðarveg hjá Langhúsum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar, um Sléttu og Skeiðsfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.

792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará, að flugvelli.
5014 Hlíðarbæjarvegur: Af Hvalfjarðarvegi, að Hlíðarbæ.
5040 Fellsendavegur: Af Hringvegi nálægt Klafastöðum, um Stóru-Fellsöxl, á Akrafjallsveg hjá Litlu-Fellsöxl.
5064 Leirárgarðavegur: Af Leirársveitarvegi, að Eystri-Leirárgörðum 1.
5065 Heiðarskólavegur: Af Leirársveitarvegi, að kennarabústað við Heiðarskóla.
5113 Andakílsárvirkjunarvegur: Af Skorradalsvegi að Hvammi.
5120 Af Bæjarsveitarvegi, að Bæ 1.
5150 Auðsstaðavegur: Af Reykdælavegi hjá Steindórsstöðum, að Búrfelli.
5178 Reykholtsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Reykholti, að þorpskjarna hjá kirkju.
5190 Hýrumelsvegur: Af Hálsasveitarvegi, að Hýrumel.
5219 Þorgautsstaðavegur: Af Hvítársíðuvegi, að Þorgautsstöðum.
5240 Bifrastarvegur: Af Hringvegi, að gatnamótum íbúðahverfis á bak við skólahús.
5250 Kaðalstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut, að Kaðalstöðum.
5315 Heggstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut, að Kvígstöðum.
5317 Grímarsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi hjá Hvítárvöllum, um Grímarsstaði á Hvanneyrarveg.
5350 Stórafjallsvegur: Af Hringvegi, að Stórafjalli.
5630 Kolbeinsstaðavegur: Af Snæfellsnesvegi, um Lindartungu, á Heydalsveg.
5660 Miðhraunsvegur: Af Snæfellsnesvegi, að Miðhrauni 2.
5710 Arnarstapavegur: Af Útnesvegi, að Arnarstapahöfn.
5730 Hellnavegur: Af Útnesvegi, að bryggju.
5750 Kvíabryggjuvegur: Af Snæfellsnesvegi, að Krossnesi.
6009 Króksfjarðarnesvegur: Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi, að Vogalandi.
6020 Gautsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Geiradalsár, að Tindum.
7020 Reykjaskólavegur: Af Hringvegi, að Reykjaskóla.
7040 Mýravegur: Af Heggstaðanesvegi, að Mýrum 3.
7060 Staðarbakkavegur: Af Miðfjarðarvegi, að Staðarbakka 1.
7080 Laugarbakkaskólavegur: Af Miðfjarðarvegi, að Laugarbakkaskóla.
7125 Króksvegur: Af Fitjavegi, að Valdarásvegi.
7175 Hrappsstaðavegur: Af Víðidalsvegi, að Litluhlíðarvegi.
7185 Þorkelshólsvegur: Af Hringvegi, að Þorkelshóli.
7250 Holtavegur: Af Hringvegi sunnan Laxár á Ásum, að Neðraholti.
7350 Steinárvegur: Af Svartárdalsvegi, að Hólsvegi.
7420 Ásholtsvegur: Frá Skagaströnd, að Ásholti.
7425 Brekknavegur: Af Skagavegi, að Örlygsstaðavegi.
7450 Neðribyggðarvegur á Skaga: Af Skagavegi hjá félagsheimilinu Skagaseli, að Kleif.
7475 Sjávarborgarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Brennigerði, að Sjávarborg 3.
7515 Reykjaborgarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Varmalæk, að Ljósalandi.
7575 Merkigarðsvegur: Af Héraðsdalsvegi hjá Reykjum, að Lambeyri.
7595 Stóruakravegur: Af Hringvegi, að Stóruökrum.
7620 Húsabakkavegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Glaumbæ, að Jaðri.
7630 Geldingaholtsvegur: Af Sauðárkróksbraut sunnan við Syðra-Skörðugil, að vegamótum vestan Geldingaholts 1.
7650 Djúpadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miðgrund, að Kringlumýri.
7681 Víðimýrarvegur: Af Hringvegi, að Víðiholti í Skagafirði.
7750 Sleitustaðavegur: Af Siglufjarðarvegi austan Kolku, að Sleitustöðum.

7794 Neðraásvegur: Af Ásavegi, að Neðraási 3.
7875 Flókadalsvegur eystri: Af Siglufjarðarvegi hjá Sólgörðum, að Barði.

**Norðausturkjördæmi.**

1 Hringvegur: Frá kjördæmamörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, sunnan Grímsstaða á Fjöllum, um Biskupsháls, Víðidal og Langadal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, að kjördæmamörkum við Krossanes í í Hvalnesskriðum.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Hringvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að kjördæmamörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Hringvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni og Höfðahverfi, að Túngötu á Grenivík.
85 Norðausturvegur: Af Hringvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð, Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal á Hringveg við Gestreiðarstaðaaxlir.
87 Kísilvegur: Af Hringvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá, að verslunarhúsi.
92 Norðfjarðarvegur: Af Hringvegi hjá Egilsstöðum, um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð, að Skólavegi á Neskaupstað.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði og ferjubryggju á Seyðisfirði, á Hánefsstaðaveg.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík, að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði, um Fáskrúðsfjarðargöng, út Daladal, um Sævarendaströnd, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes, á Hringveg við Breiðdalsvík.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Hringvegi nálægt flugvelli, um Breiðdalsvík, á Suðurfjarðaveg hjá Þverhamri.
98 Djúpavogsvegur: Af Hringvegi, um Mörk og Víkurland, að hafnarsvæði í Gleðivík.
99 Hafnarvegur: Af Hringvegi um Höfn, að bryggju í Álaugarey.
801 Hafnarvegur Hrísey: Frá ferjuhöfn, að Norðurvegi.
803 Kleifavegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað, um brú á Ólafsfjarðarós, með fram flugvelli, að Sólheimum.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir, að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum, á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan, að Dæli.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi, að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi, að Hauganesi.
810 Hafnarvegur Dalvík: Af Ólafsfjarðarvegi, að höfn.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi, að Hjalteyri.

812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytribakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli, á Ólafsfjarðarveg niður undan Möðruvöllum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga, að Myrkárbakka.
815 Hörgárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan, á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Hringvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð, að Brávöllum.
818 Hlíðarvegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð, um Syðsta-Samtún, að Áslaksstöðum.
819 Hafnarvegur Akureyri: Af Hringvegi (Glerárgötu) skammt sunnan Glerár og niður með henni, um Tryggvagötu, Hjalteyrargötu og Laufásgötu, að höfn.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar, að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Hringvegi á Akureyri, um Hrafnagil, Grund og Saurbæ, að vegamótum við Halldórsstaði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes, á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Af Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil, á Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá, á Dalsveg hjá Litlagarði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, að Hvassafelli.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla, á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
828 Veigastaðavegur: Af Hringvegi hjá Hallandi, um Veigastaði, á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Hringvegi á Leirum, um Laugaland, Munkaþverá og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Hringvegi, að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá, að Höfða.
833 Illugastaðavegur: Af Hringvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Hringvegi hjá Víðivöllum, að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Hringvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Hringvegi hjá Hálsi, um Vaglaskóg og brú á Fnjóská hjá Hróastöðum, á Illugastaðaveg.
837 Hlíðarfjallsvegur: Af Hringvegi (Glerárgötu) á Akureyri skammt sunnan Glerár, upp með henni og yfir hana (um Borgarbraut), suður Hlíðarbraut að vegamótum vegar að skíðasvæði í Hlíðarfjalli. (Þangað telst landsvegur).
838 Hafnarvegur Grenivík: Af Grenivíkurvegi við íþróttavöll, að höfn.
841 Fremstafellsvegur: Af Hringvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Hringvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts, að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum, á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Hringvegi hjá Einarsstöðum, á Norðausturveg hjá Tjörn.

846 Austurhlíðarvegur: Af Hringvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla, út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Hringvegi sunnan og neðan við Narfastaði, að heimreið að Fellshlíð.
848 Mývatnsvegur: Af Hringvegi hjá Arnarvatni, um Vagnbrekku, á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
849 Baldursheimsvegur: Af Hringvegi skammt austan Arnarvatns, að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Kísilvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Útkinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum, að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða, að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytrafjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðrafjalls, um Laxárvirkjun, á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi, að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur í Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni, að flugvelli.
859 Hafnarvegur Húsavík: Af Norðausturvegi, að höfn.
862 Dettifossvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli, að Tóvegg. (Þaðan er hann landsvegur suður á Hringveg hjá Austaribrekku).
864 Hólsfjallavegur: Af Hringvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand, á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi, að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú, að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn að Sauðanesi.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi, að Kópaskeri.
871 Flugvallarvegur Þórshöfn: Af Langanesvegi utan Þórshafnar, að flugvelli.
897 Svalbarðstunguvegur: Af Norðausturvegi í Þistilfirði, að Hagalandi.
912 Bakkafjarðarhöfn: Af Hafnarvegi innan Hafnarár, að Bakkafjarðarhöfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk, að Hámundarstöðum I.
914 Skógavegur: Af Norðausturvegi hjá Ytri-Nýp, um Skóga og brú á Vesturá, á Vesturárdalsveg innan Skógalóns.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún, að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár, að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
918 Hafnarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi í Vopnafjarðarkauptúni, að höfn.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá um Hákonarstaði, að Aðalbóli.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Hjarðarhaga, yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár, á Hringveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá, á Hringveg hjá Urriðavatni.

927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni, um Brekku, á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Hafrafellsvegur: Af Hringvegi hjá Urriðavatni, að Hafrafelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar, um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Vallholti, um Skóga á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
932 Egilsstaðavegur: Af Hringvegi í kaupstaðnum, að býlunum.
933 Fljótsdalsvegur: Af Upphéraðsvegi hjá Hjarðarbóli, um Skriðuklaustur, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Víðivöllum ytri, um Hrafnkelsstaði, á Upphéraðsveg utan við Vallholt.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi austan Jökulsár, um brú á Kelduá, um Langhús, að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur: Af Fljótsdalsvegi austan brúar á Kelduárkvísl, að Klúku.
936 Þórdalsheiðarvegur: Frá Áreyjum, á Suðurfjarðaveg í Reyðarfjarðarbotni. (Landsvegur er yfir Þórdalsheiði, frá Hringvegi í Skriðdal, að Áreyjum.)
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár, inn Skriðdal, um brýr á Geitdalsá og Múlaá, á Hringveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú, að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Hringvegi í Víðigróf í Skriðdal, um Öxi, á Hringveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Hringvegi austan Lagarfljótsbrúar, að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði, um Hjaltastað, að Hjarðarhvoli.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum, um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi, á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, að Gilsárvöllum.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, um brú á Fjarðará, að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
948 Gilsárteigsvegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Eiðum, að mótum vegar að Ormsstöðum.
949 Þrándarstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Mýnesi, að Þrándarstöðum.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Vestdalseyri, að Sunnuholti.
952 Hánefsstaðavegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Búðareyri, að Flísarhúsalæk.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú, um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar, að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað, að Stóru-Breiðuvík.
955 Vattarnesvegur: Af Suðurfjarðavegi á Sléttuströnd í Reyðarfirði, um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Búðir, á Suðurfjarðaveg í Fáskrúðsfjarðarbotni.
957 Hafnarvegur Reyðarfirði: Af Norðfjarðarvegi á Búðareyri í Reyðarfirði, að höfn.
960 Hafnarvegur Breiðdalsvík: Af Breiðdalsvíkurvegi, um Hafnarbraut, að höfn.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Hringvegi í Breiðdal, um Norðurdal, að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Hringvegi hjá Heydölum, yfir Breiðdalsá hjá Sveinshyl, á Hringveg hjá Ósi.
966 Suðurbyggðarvegur: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði, á Breiðdalsveg við Skammadalsá.
8005 Grímseyjarvegur: Frá ferjubryggju, að flugvelli.
8010 Hæringsstaðavegur: Af Svarfaðardalsvegi, að vegamótum við Hæringsstaði.
8110 Lækjarbakkavegur: Af Möðruvallavegi, að Möðruvöllum 1.

8120 Dunhagavegur: Af Hörgárdalsvegi, að Litla-Dunhaga.
8140 Auðnavegur: Af Hringvegi, að Bakka.
8160 Eyrarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi, að Glæsibæ.
8170 Skjaldarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi, að Skjaldarvík.
8210 Leifsstaðavegur: Af Knarrarbergsvegi, að Leifsstöðum.
8220 Brekkuvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Svertingsstöðum.
8230 Garðsárvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Syðrahóli.
8240 Ytra-Laugalandsvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Laugarholti.
8243 Þelamerkurvegur: Af Hringvegi við Bægisá, á Hringveg við Fossá.
8315 Halllandsvegur: Af Veigastaðavegi, að Halllandi 2.
8325 Mógilsvegur: Af Hringvegi, að Mógili 2.
8335 Geldingsárvegur: Af Hringvegi, að Meyjarhóli.
8365 Vaglavegur: Af Vaglaskógarvegi, að skógarvarðarhúsi.
8370 Villingadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt utan við Torfufell, að Villingadal.
8420 Birkimelsvegur: Af Hringvegi, að Birkimel.
8440 Granastaðavegur: Af Útkinnarvegi, að Granastöðum.
8460 Lundarbrekkubýli: Af Lundarbrekkuvegi, að Lundarbrekku.
8480 Bjarnarstaðavegur: Af Lundarbrekkuvegi, að Bjarnarstöðum.
8490 Knarrarbergsvegur: Af Veigastaðavegi, um Leifsstaði, á Eyjafjarðarbraut eystri.
8505 Skriðuvegur: Af Norðausturvegi, að Rauðuskriðu.
8510 Hraunkotsvegur: Af Sandsvegi, að Hraunkoti.
8512 Sólheimavegur: Af Hringvegi á Svalbarðsströnd, að Sólheimum.
8515 Árbótarvegur: Af Norðausturvegi, að Núpum.
8520 Nesvegur: Af Aðaldalsvegi, að Árnesi.
8525 Hafralækjarskólavegur: Af Aðaldalsvegi, að skóla.
8530 Hafralækjarvegur: Af Aðaldalsvegi, að Hraungerði.
8535 Grundargilsvegur: Af Aðaldalsvegi, að Glaumbæ.
8545 Hjallavegur: Af Austurhlíðarvegi, að Breiðanesi.
8560 Hrísateigsvegur: Af Kísilvegi, að Hrísateigi.
8565 Hveravallavegur: Af Kísilvegi, að Hveravöllum.
8570 Klambraselsvegur: Af Kísilvegi, að Brúnahlíð.
8605 Héðinshöfðavegur: Af Norðausturvegi, að Héðinshöfða.
8610 Hallbjarnarstaðavegur: Af Norðausturvegi, að Hallbjarnarstöðum.
8705 Hraunborgarvegur: Af Hringvegi, að Hraunborg.
8710 Gautlandavegur: Af Baldursheimsvegi, að Gautlöndum.
8715 Grænavatnsvegur: Af Hringvegi, að Grænavatni.
8720 Vogavegur: Af Hringvegi, að Vogum.
8730 Grímsstaðavegur: Af Mývatnsvegi, að Grímsstöðum 2b.
8755 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi, að Keldunesi.
8765 Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi, að Gunnarsstöðum 1.
8770 Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi, að Hallgilsstöðum.
8843 Laxamýrarvegur: Af Norðausturvegi, að Laxamýri 2a.
8877 Fjallavegur: Af Norðausturvegi í Kelduhverfi, að Lóni.
8984 Hvammsvegur: Af Norðausturvegi, að Hvammi.
9120 Torfastaðavegur: Af Skógavegi nálægt Torfastöðum, að Torfastöðum 1.
9160 Refsstaðarvegur: Af Sunnudalsvegi, að Refstað.

9165 Svínabakkavegur: Af Sunnudalsvegi, að Akri.
9225 Hnefilsdalsvegur: Af Jökuldalsvegi eystri, að Mælivöllum 2.
9275 Hallfreðarstaðavegur: Af Hróarstunguvegi, að Hallfreðarstöðum 2.
9340 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi hjá Végarði, að Valþjófsstað 2.
9350 Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi, að Þorvaldsstöðum.
9430 Finnsstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi, að Finnsstöðum 2.
9460 Njarðvíkurvegur: Af Borgarfjarðarvegi, að Borg.
9617 Tóarselsvegur: Af Norðurdalsvegi í Breiðdal, að vegamótum að Skarði.

**Flokkun stofn- og tengivega samkvæmt 4.3.1 í undirflokka.**

**Stofnvegir.**

**1 Hringvegur.**
**22 Dalavegur.**
**30 Skeiða- og Hrunamannavegur.**
**31 Skálholtsvegur.**
**33 Gaulverjabæjarvegur:**
Baldurshagi á Stokkseyri–Eyrarbakkavegur.
**34 Eyrarbakkavegur.**
**35 Biskupstungnabraut:**
Hringvegur–Bræðratunguvegur og Laugarvatnsvegur–Hrunamannavegur.
**36 Þingvallavegur.**
**37 Laugarvatnsvegur.**
**38 Þorlákshafnarvegur.**
**39 Þrengslavegur.**
**40 Hafnarfjarðarvegur.**
**41 Reykjanesbraut.**
**42 Krýsuvíkurvegur:**
Reykjanesbraut–Vatnsskarð
**43 Grindavíkurvegur.**
**44 Hafnavegur:**
Reykjanesbraut–Keflavíkurflugvöllur.
**45 Garðskagavegur:**
Reykjanesbraut–Sandgerði.
**46 Víknavegur.**
**47 Hvalfjarðarvegur.**
**49 Nesbraut.**
**50 Borgarfjarðarbraut:**
**51 Akrafjallsvegur.**
**54 Snæfellsnesvegur.**
**55 Heydalsvegur.**
**56 Vatnaleið.**
**58 Stykkishólmsvegur.**
**60 Vestfjarðavegur.**
**61 Djúpvegur.**
**62 Barðastrandarvegur.**
**63 Bíldudalsvegur.**
**64 Flateyrarvegur.**
**65 Súgandafjarðarvegur.**
**67 Hólmavíkurvegur.**
**72 Hvammstangavegur.**
**74 Skagastrandarvegur.**
**75 Sauðárkróksbraut.**
**76 Siglufjarðarvegur.**
**77 Hofsósbraut.**
**82 Ólafsfjarðarvegur.**
**85 Norðausturvegur.**
**87 Kísilvegur.**
**92 Norðfjarðarvegur.**
**93 Seyðisfjarðarvegur.**
**96 Suðurfjarðavegur.**
**97 Breiðdalsvíkurvegur.**
**98 Djúpavogsvegur.**
**99 Hafnarvegur.**
**205 Klausturvegur.**
**240 Stórhöfðavegur.**
**343 Álfsstétt.**
**359 Bræðratunguvegur.**
**365 Lyngdalsheiðarvegur.**
**376 Breiðamörk:**
Hringvegur–Skólamörk.
**379 Hafnarvegur Þorlákshöfn.**
**409 Fossvogsbraut.**
**410 Elliðavatnsvegur.**
**411 Arnarnesvegur.**
**412 Vífilsstaðavegur.**
**413 Breiðholtsbraut.**
**414 Flugvallarvegur Reykjavík.**

**415 Álftanesvegur:**
Reykjanesbraut–Túngata.
**418 Bústaðavegur.**
**419 Höfðabakki.**
**421 Vogavegur.**
**423 Miðnesheiðarvegur.**
**424 Keflavíkurvegur.**
**427 Suðurstrandarvegur.**
**429 Sandgerðisvegur.**
**431 Hafravatnsvegur:**
Úlfarsárvegur–Hringvegur.
**432 Hallsvegur.**
**450 Sundabraut.**
**453 Sundagarðar.**
**454 Holtavegur.**
**470 Fjarðarbraut.**
**503 Innnesvegur:**
Höfði við Akranes–Akranesvegur.
**509 Akranesvegur.**
**531 Borgarbraut.**
**574 Útnesvegur:**
Hellissandur–Ólafsvík.
**617 Tálknafjarðarvegur:**
Bíldudalsvegur–Lækjargata á Sveinseyri.
**619 Ketildalavegur:**
Bíldudalsvegur–Hafnarteigur.
**622 Svalvogavegur:**
Vestfjarðavegur–Hafnargata á Þingeyri.
**636 Hafnarvegur Ísafirði.**
**744 Þverárfjallsvegur.**
**808 Árskógssandsvegur.**
**819 Hafnarvegur Akureyri.**
**820 Flugvallarvegur Akureyri.**
**821 Eyjafjarðarbraut vestri:**
Hringvegur–Miðbraut.
**823 Miðbraut.**
**829 Eyjafjarðarbraut eystri:**
Hringvegur–Miðbraut.
**837 Hlíðarfjallsvegur.**
**845 Aðaldalsvegur.**
**859 Hafnarvegur Húsavík.**
**867 Öxarfjarðarheiðarvegur.**
**917 Hlíðarvegur.**
**952 Hánefsstaðavegur:**
Seyðisfjarðarvegur–ytri vegamót Austurvegar.
**954 Helgustaðavegur:**
Norðfjarðarvegur–ytri vegamót Lambeyrarbrautar.
**955 Vattarnesvegur:**
Skólavegur á Búðum – Suðurfjarðavegur.

**Tengivegir.**
Aðrir vegir í upptalningu vega í 4.3.1 eru tengivegir.

**4.3.2 Ferjuleiðir.**

1. **Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn**
Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. **Stykkishólmur–Flatey–Brjánslækur.**
Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
3. **Ísafjörður–Æðey–Vigur.**
Til Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.
4. **Árskógsströnd–Hrísey.**
Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
5. **Akureyri–Hrísey–Dalvík–Grímsey.**
Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

6. **Neskaupstaður–Mjóifjörður.**
Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

**4.3.3 Grunnnet.**
**Stofnvegir í grunnneti:**
Stofnvegir teljast allir til grunnnets nema Heydalsvegur.

**Tengivegir í grunnneti:**
25 Þykkvabæjarvegur
26 Landvegur
32 Þjórsárdalsvegur
33 Gaulverjabæjarvegur
Hringvegur– Baldurshagi á Stokkseyri
35 Biskupstungnabraut
Bræðratunguvegur–Laugarvatnsvegur
Hrunamannavegur–Gullfoss
42 Krýsuvíkurvegur
Vatnsskarð–Suðurstrandarvegur
44 Hafnavegur
Keflavíkurflugvöllur–Hafnir
52 Uxahryggjavegur
Þingvallavegur–Kaldadalsvegur
83 Grenivíkurvegur
94 Borgarfjarðarvegur
208 Skaftártunguvegur
250 Dímonarvegur
253 Bakkavegur
261 Fljótshlíðarvegur
Hringvegur–Dímonarvegur
430 Úlfarsfellsvegur
431 Hafravatnsvegur
Hringvegur–Úlfarsárvegur
518 Hálsasveitarvegur
Borgarfjarðarbraut–Kaldadalsvegur
606 Karlseyjarvegur
Reykhólasveitarvegur–Reykhólaþorp
607 Reykhólasveitarvegur
Vestfjarðavegur–Karlseyjarvegur
622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur á Þingeyri–flugvöllur
631 Flugvallarvegur Ísafirði
643 Strandavegur
Djúpvegur–Drangsnesvegur
645 Drangsnesvegur
Strandavegur–Drangsnes

731 Svínvetningabraut
Kjalvegur–Hringvegur
752 Skagafjarðarvegur
Hringvegur–Héraðsdalsvegur
809 Hauganesvegur
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Miðbraut–Eyjafjarðarbraut eystri
842 Bárðardalsvegur vestri
846 Austurhlíðarvegur
Hringvegur–Laugar
848 Mývatnsvegur
870 Kópaskersvegur
931 Upphéraðsvegur
Hallormsstaður–Hringvegur

**Landsvegir í grunnneti:**
F26 Sprengisandsleið
35 Kjalvegur
F208 Fjallabaksleið nyrðri
550 Kaldadalsvegur

**Ferjuleiðir í grunnneti:**
Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn/Bakkafjara
Stykkishólmur–Brjánslækur
Hrísey–Árskógssandur
Grímsey–Dalvík
Mjóifjörður–Norðfjörður

## 5. UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN

### 5.1 Fjármál.

#### 5.1.1 Tekjur og framlög.

**Áætlun um fjáröflun.**

| *Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr.* | **2007** | **2008** | **2009** | **2010** |
|---|---|---|---|---|
| Frá vegáætlun | 261 | 364 | 333 | 325 |
| Umferðaröryggisgjald | 70 | 70 | 70 | 70 |
| Sérstök fjárveiting til umferðaröryggismála | 50 | 50 | 50 | 50 |
| **Til ráðstöfunar alls** | **381** | **484** | **453** | **445** |

### 5.2 Gjöld.

#### 5.2.1 Rekstur og stofnkostnaður.

| *Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr.* | **2007** | **2008** | **2009** | **2010** |
|---|---|---|---|---|
| Ökumaður og farartæki | 86 | 116 | 95 | 95 |
| Áróður og fræðsla | 110 | 110 | 110 | 110 |
| Öruggari vegir og umhverfi þeirra | 175 | 248 | 238 | 230 |
| Samstarf og þróun | 10 | 10 | 10 | 10 |
| **Samtals** | **381** | **484** | **453** | **445** |

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

## 1. INNGANGUR

Uppbygging fjögurra ára áætlunar fyrir árin 2007–2010 er í samræmi við lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002. Unnið er eftir þeirri stefnumótun sem lögð var fram í tólf ára samgönguáætluninni fyrir árin 2007–2018. Fyrsti kaflinn útskýrir rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefni sem falla undir fimm meginmarkmið samgönguáætlunar sem talin er sérstök ástæða að tiltaka hér vegna mikilvægis þeirra. Því næst skiptist áætlunin upp í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun, vegáætlun og að lokum er í 5. kafla gerð grein fyrir umferðaröryggisáætlun stjórnvalda líkt og gert var í fyrsta skipti í samgönguáætlun 2005–2008.

### 1.1 Almenn samgönguverkefni.

Samkvæmt samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 skal á tímabilinu unnið að verkefnum sem falla undir þau fimm stefnumarkmið sem lagt er upp með í samgönguáætlun 2007–2018. Ýmis verkefni eru enn í vinnslu frá fyrri áætlun og eru þau misjafnlega á veg komin þótt öðrum sé lokið. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem stefnt er að að vinna á tímabilinu. Verkefnalistinn er ekki tæmandi þar sem reikna má með að á tímabilinu verði ráðist í mörg önnur ný rannsóknar- og úttektarverkefni innan stofnana samgönguráðuneytis.

#### 1.1.1 Markmið um greiðari samgöngur.

Eftirfarandi markmið og verkefni sem tiltekin eru hér á eftir falla að meginmarkmiðum samgönguáætlunar 2007–2018:

**a. Farið verði yfir tilhögun og fjármögnun almenningssamgangna.**

Öll sérleyfi til fólksflutninga voru boðin út á árinu 2006 í samræmi við lög nr. 73/2001 til 2–3 ára. Jafnframt er hér lagt til að unnið verði að því að sveitarfélög takist á hendur meiri ábyrgð á uppbyggingu og stjórnun almenningssamgangna á landi, en talið er að það geti haft marga kosti í för með sér. Fyrir verður þó að liggja skýr vilji sveitarstjórna til að taka þetta verkefni að sér. Ljóst þykir að ef þetta verður ákveðið þarf að leggja verulega vinnu í þróun nýs kerfis almenningssamgangna á áætlunartímabilinu.

**b. Gerð verði úttekt á framtíðarmöguleikum upplýsingakerfa í samgöngum í því skyni að auka afköst og bæta stýringu og öryggi umferðarkerfa.**

Miklar framfarir hafa orðið í upplýsingatækni alls konar undanfarna áratugi og sér ekki enn fyrir endann á þeirri þróun. Margt af þessari tækni er hægt að nýta í þágu samgangna og má segja að hér á landi hafi aðeins verið stigin örfá skref miðað við alla þá möguleika sem fyrir hendi eru. Þegar markmið Fjarskiptaáætlunar nást skapast hér til að mynda miklir möguleikar. Mjög víða erlendis er unnið að úttekt og innleiðingu á margháttaðri nýrri tækni við umferðarstýringu, upplýsingasöfnun og upplýsingagjöf til vegfarenda og rekstraraðila vega. Fyrst og fremst byggist þetta á hinni öru þróun í upplýsingatækni sem verið hefur undanfarin ár. Ný upplýsingakerfi geta í mörgum tilfellum aukið öryggi og þægindi umferðar ásamt því að auka afköst vegakerfa, einkum í þéttbýli. Full ástæða er til að kanna hvaða þætti í þessari nýju tækni er æskilegt og mögulegt að innleiða hér á landi. Evrópusambandið hefur það sem eitt af meginmarkmiðum sínum í samgöngum að nýta kosti upplýsingakerfa til þess að gera samgöngur hagkvæmari og öruggari. Hér er lagt til að farin verði sama leið og nefnd er í c-lið hér á eftir og sömu aðilar hafi það sem verkefni að þessi úttekt sé gerð þegar á þessu ári.

**c. Tryggt verði að Ísland hafi fullan aðgang að gervihnattakerfum sem komið verður upp til staðsetningar á sjó, landi og í lofti, svo sem GPS, EGNOS og Galileo.**

EGNOS, en hér hafa verið settar upp tvær slíkar stöðvar, er fyrsta skrefið í uppbyggingu evrópsks gervihnattaleiðsögukerfis (Galileo) sem mun byggjast á 30 gervihnöttum sem munu þekja allan hnöttinn. Þegar Galileo-kerfið kemst í rekstur árið 2011 verður til fyrsta gervihnattaleiðsögukerfið sem er hannað og byggt með þarfir fyrirtækja og almennings í huga og mun kerfið auka nákvæmni og áreiðanleika staðsetninga GPS. Fullyrða má að fyrir samgöngumál skiptir GPS gervihnattakerfið (og önnur sambærileg kerfi) okkur Íslendinga miklu máli, sérstaklega hvað varðar nákvæmni í staðsetningu, öryggismál og mögulega framtíðargjaldheimtu á vegum. Fulltrúar frá samgönguráðuneyti, Vegagerðinni, Flugmálastjórn, Siglingastofnun og Póst- og fjarskiptastofnun, auk fleiri aðila, sitja nú í starfshópi sem vinnur að framtíðarstefnumótun um uppbyggingu leiðsögukerfa.

**1.1.2 Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.**

Eftirtalin verkefni falla að stefnu stjórnvalda um markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna sem lögð er fram í samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018:

**a. Markaðsöflin verði nýtt við fjármögnun, uppbyggingu og rekstur samgangna þar sem það á við.**

Sérstök nefnd á vegum samgönguráðuneytisins, með aðild borgaryfirvalda og hagsmunaaðila, komst að þeirri niðurstöðu að til greina kæmi að byggja samgöngumiðstöð á austursvæði Reykjavíkurflugvallar. Hún mundi þjóna bæði flugi og farþegaflutningum á landi og tengja þannig saman helstu æðar almenningssamgangna í landinu. Hugmynd er uppi um að fjármögnun, bygging og rekstur samgöngumiðstöðvarinnar verði boðin út sem einkaframkvæmd. Málefni samgöngumiðstöðvar er eitt af verkefnum samráðsnefndar samgönguráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um Reykjavíkurflugvöll sem starfar undir formennsku Helga Hallgrímssonar fyrrverandi vegamálstjóra. Endanlega ákvörðun um byggingu samgöngumiðstöðvarinnar verður væntanlega tekin í kjölfar þess að sú nefnd skilar af sér.

Samgönguráðherra skipaði starfshóp á árinu 2006 sem hafði það verkefni að fjalla um kosti einkaframkvæmdar í samgöngumálum. Hann hefur nýlega skilað af sér skýrslu þar sem m.a. koma fram þau skilyrði að mati starfshópsins sem verða að vera fyrir hendi til þess að hagkvæmt sé að ráðast í einkaframkvæmd fyrir ríkisvaldið. Skýrslan er nú til meðferðar í samgönguráðuneytinu en í samgönguáætlun eru ýmis verkefni tekin út sem sérstök fjármögnun þar sem m.a. kemur til greina að nýta kosti einkaframkvæmdar.

Með uppskiptingu Flugmálastjórnar nú um áramótin varð til nýtt opinbert hlutafélag sem ber nafnið Flugstoðir ohf. Ein af ástæðunum fyrir stofnun þess er að nýta kosti hlutafélagsformsins til þess að starfsemi sú sem um ræðir geti eflst sem mest.

**b. Unnið verði að rannsóknum á aðferðafræði við styrkingu og breikkun vega á hagkvæman hátt.**

Í samgönguáætlun 2007–2018 er lögð aukin áhersla á nauðsynlegar aðgerðir til að styrkja vegakerfið þannig að allir helstu vegir hafi fullt burðarþol allt árið og ekki þurfi að grípa til þungatakmarkana á ákveðnum tíma ársins. Einnig er ljóst að ráðast þarf í að breikka helstu flutningaleiðir á mörgum stöðum, enda flestir vegir á árum áður hannaðir fyrir minni umferð og annars konar flutningabíla en nú eru ráðandi. Þessa mjóu vegi þarf að breikka, ekki síst m.t.t. umferðaröryggis, og meðal annars þarf að breikka einhverja vegi til að gefa rými fyrir vegrið til að aðgreina akstursstefnur. Breikkun og styrking núverandi vega getur verið flókið

og kostnaðarsamt verkefni og breytileg frá einum stað til annars. Vinna þarf að rannsóknum og úttektum á því hvaða aðferðir eru hagkvæmastar við þessar aðgerðir, og innleiða í staðla og verklýsingar.

**c. Skoðað verði áfram og stefnt að því at taka upp gjaldtöku af samgöngum með tilliti til jafnræðis samgöngugreina og notenda samgangna. Unnið verði að undirbúningi nýrrar skipunar gjaldtöku sem byggð er á nýjustu tækni, þ.m.t. GPS-mælingu, fyrir umferð á vegum.**

Unnið var á síðasta áætlunartímabili verkefni á vegum Vegagerðarinnar, Flugmálastjórnar og Siglingastofnunar um jafnræði samgöngugreina hvað gjaldtöku varðar. Verkefnið er unnið af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og fólst í að kanna gjaldtöku og samfélagslegan kostnað sem rekja má beint til hverrar samgöngugreinanna þriggja. Vonast er til að niðurstaða verkefnisins geti skipt verulegu máli fyrir flutningsstefnu framtíðarinnar. Augljóst er að eigi að ná fram betra jafnræði í gjaldtöku milli og innan samgöngugreina þurfa að koma til nýjar gjaldtökuaðferðir, sbr. a-lið hér að framan. Áfram verður fylgst með helstu þróun á þessu sviði á áætlunartímabilinu og þau verkefni unnin sem nauðsynleg eru til þess að ná fram árangri á þessu sviði.

Starfshópur á vegum samgönguráðherra lagði fram drög að stefnumótun um framtíðargjaldtöku í vegakerfinu. Starfshópurinn skilaði skýrslu til ráðherra í febrúar 2005 þar sem grunnur er lagður að stefnumótun um gjaldtöku og einkafjármögnun umferðarmannvirkja næstu árin. Lagði hann til að næstu skref yrðu að kanna möguleika á innleiðingu á nýju gjaldtökukerfi þar sem gjaldtaka mundi taka sérstakt tillit til umhverfis-, umferðaröryggis- og notkunarþátta í vegakerfinu. Ástæða þess er m.a. að núverandi tekjustofn er þverrandi og er hugmynd uppi um að nýtt innheimtukerfi komi í stað núverandi skattlagningar á eldsneyti þar sem gætt verður persónuverndar og jafnræðis við gjaldtöku. Í þessu sambandi hefur Vegagerðin að látið þróa miðlægan stjórnbúnað til að ná sjálfvirkt í gögn um eknar vegalengdir úr farartækjum. Ef vilji er til verður þannig unnt að nota kerfið í framtíðinni í stað núverandi þungaskattsmæla í stórum bílum og síðan t.d. í öllum atvinnubílum. Enn fremur mælir ekkert á móti því að kerfið nái yfir allan bílaflotann ef ákveðið verður að taka upp gjaldtöku af umferð sem byggist á framangreindum atriðum. Þessi niðurstaða starfshópsins er enn í fullu gildi og er hér lagt til að unnið verði í samræmi við niðurstöðu hans á áætlunartímabilinu.

**d. Unnið verði að þróun aðferða til kostnaðar/nytjagreiningar til nota við forgangsröðun stærri verkefna.**

Með samningi við Vegagerðina hefur Hagfræðistofnun Háskóla Íslands undanfarin ár unnið viðamikið verkefni varðandi aðferðafræði við að forgangsraða verkefnum í samgöngumálum. Áður hefur Hagfræðistofnun unnið hliðstætt verkefni fyrir Siglingastofnun um forgangsröðun hafnarframkvæmda. Einkum hafa verið kannaðir kostir og gallar þess að innleiða svokallaða félagshagfræðilega greiningu, þar sem leitast er við greina áhrifa- og ábataliði fjárfestingarverkefna sem meta má til verðs og þeirra liða sem ekki verða verðlagðir. Á áætlunartímabilinu þarf að halda áfram með þetta verkefni og prófa aðferðafræðina, ákvarða viðmið og líkön.

**e. Unnið verði að öflun gagna um þróun þungaflutninga á vegum og áhrif þeirra á vegakerfið.**

Fjöldi flutningabíla hefur aukist mjög á vegum á undanförnum árum sem bæði hefur áhrif á endingu mannvirkjanna og öryggi vegfarenda. Aukin flutningastarfsemi kallar einnig á aukna þjónustu og upplýsingagjöf og hefur áhrif á ýmsa aðra þætti við rekstur vegakerfisins.

Gera þarf úttekt á þróun þungaflutninga og hlutfalli stórra bíla af heildarumferð á mismunandi vegum, en hlutfall þetta er ekki nógu vel þekkt. Einnig þarf að rannsaka hvaða áhrif þessi þróun hefur á umferðaröryggi og endingu mannvirkja og leggja fram tillögur um aðferðir til að mæta þeim breytingum sem þessu fylgja. Þá þarf að kanna hvaða samfélagskostnaður fylgir þeim þungatakmörkunum sem setja þarf á marga vegi á vorin vegna ónógs burðarþols.

### 1.1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Stjórnvöld hafa í samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018 m.a. sett inn markmið til að tryggja greiðar og umhverfisvænar samgöngur. Eftirfarandi verkefni falla að þessu markmiði:

**a. Unnið verði að því í samvinnu við fjármálaráðuneytið að breyta skattlagningu eignarhalds og notkunar bíla með þeim hætti að neyslugrannir bílar, t.d. tvinnbílar, tengitvinnbílar, bílar sem nota vistvænt eldsneyti og bílar sem nota gasolíu sem eldsneyti, verði fýsilegri kostur en nú er. Sama skal gilda um notkun vistvænna skipavéla, sem nota svartolíu og sparneytna aðal- og hjálparvél, og vistvænna véla í flugvélum þar sem þetta getur átt við.**

Í nýlegu nefndaráliti vettvangs um vistvænt eldsneyti sem er samstarfsvettvangur nokkurra ráðuneyta er lögð til stefnubreyting hvað varðar skattlagningu eignarhalds og notkunar bifreiða sem er í góðu samræmi við fyrri samgönguáætlanir, m.a. 2005–2008. Hugmyndin snýst í fáum orðum um það að umbuna þeim sem menga minnst en refsa þeim sem menga mest í gegnum gjaldtöku hins opinbera. Almennt er talið að þetta sé fyrsta og hagkvæmasta leiðin fyrir þjóðfélögin til þess að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda og mengun frá bifreiðum. Bæði Noregur og Svíþjóð hafa farið þess leið svo dæmi séu nefnd.

**b. Unnið verði að könnun á sjávarflóðum og rannsóknum á hækkun sjávarborðs vegna veðurfarsbreytinga.**

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hin svo kölluðu gróðurhúsaáhrif og líkindi þess að hlýnun jarðar muni leiða til hækkandi sjávarstöðu. Með þessu mjög svo mikilvæga verkefni sem Siglingastofnun Íslands mun hafa umsjón með er ætlunin að nýta vel í þessu skyni þá þekkingu sem nú þegar er fyrir hendi í stofnuninni á sviði öldufarsrannsókna og sjávarflóða. Hækkun sjávarborðs, ef af verður, mun hafa mikil og afdrifarík áhrif á byggð og samgöngur á Íslandi.

**c. Efldar verði rannsóknir sem stuðla að umhverfisvænni samgöngum.**

Mikilvægt er að minnka neikvæð umhverfisáhrif frá samgöngum og því brýnt að samgöngustofnanir vinni í nánu samstarfi við aðrar stofnanir og einkafyrirtæki við að uppfylla skuldbindingar Kyoto-samningsins. Lagt er til að áfram verði mikil áhersla lögð á umhverfismál samgangna við þessa endurskoðun samgönguáætlunar.

Enn fremur er áfram lagt til að settur verði á laggirnar starfshópur Vegagerðarinnar, Flugmálastjórnar og Siglingastofnunar sem á tveggja ára fresti, við endurskoðun samgönguáætlunar, leggi fram stöðumatsskýrslu, undir nafninu Umhverfisvænir orkugjafar í samgöngum, þar sem fram komi staða þróunar á nýtingu vetnis og annarra umhverfisvænna orkugjafa í samgöngum bæði hérlendis og erlendis.

Vegagerðin hefur frá og með árinu 2006 lagt aukna áherslu á umhverfismál í rannsóknaáætlun sinni. Siglingastofnun mun einnig leggja ríkari áherslu á þetta málefni á næstu árum í rannsóknaáætlunum sínum.

**d. Unnið verði að rannsóknum á áhrifum vegagerðar á votlendi og aðferðum við endurheimt þess.**

Víða hagar svo til að ekki er unnt að leggja nýja vegi án þess að raska votlendi sem er mikilvægt vistkerfi m.a. fyrir fuglalíf. Oft er í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda lögð fram krafa um að endurheimta skuli votlendi til jafns við það sem raskað er. Þegar hefur verið unnið nokkuð að rannsóknum á því hvaða áhrif það eru í raun sem vegagerð veldur við þessar aðstæður, bæði á gróðurfar, lífríki og grunnvatn. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með endurheimt votlendis við mismunandi aðstæður. Miðað er við að þessum rannsóknum verði haldi áfram á áætlunartímabilinu.

**e. Unnið verði að rannsókn á áhrifum umferðarhávaða í þéttbýli og náttúrufarsþátta eins og áhrifum veðurs, flóða og náttúruhamfara á öryggi umferðar í dreifbýli.**

Sífellt meiri kröfur eru gerðar til hljóðvistar í þéttbýli, og víða liggja vegir svo nærri byggð að umferðarhávaði er yfir mörkum. Kortleggja þarf hvar slíkar aðstæður eru fyrir hendi og gera tillögur til úrbóta. Vetrarveður, flóð í ám og hamfarir eins og snjóflóð og skriðuföll ógna víða öryggi vegfarenda. Gera þarf úttekt á því á landsvísu hvar slíkir staðir eru helst og kanna hvort eða með hvaða ráðum unnt er að bæta ástandið og auka öryggið.

**1.1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.**

Í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 voru sett inn markmið um að auka öryggi í samgöngum og er svo áfram í samgönguáætlun 2007–2018. Eftirfarandi sérstök verkefni falla að markmiðum um aukið öryggi í samgöngum.

**a. Unnið verði að rannsóknum á veðri og sjólagi með það að markmiði að kanna rek stórra skipa, útbreiðslu olíu og rek hafíss. Enn fremur verði unnið að frekari þróun sjávarfallalíkans til stuðnings rannsóknum á reki.**

Haldið verður áfram að kvarða reiknuð sjávarföll og verða niðurstöður líkansins bornar saman við mæld sjávarföll í höfnum og landgrunninu. Reklíkani, til að spá fyrir um rek og útbreiðslu olíumengunar, hefur verið bætt við sjávarfalla- og sjávarflóðalíkanið. Stefnt er að því að rek olíu og mengandi efna ásamt reki hluta, eins og gúmmíbjörgunarbáta og skipa, verði aðgengilegt. Stefnt er einnig að því að þróa reiknilíkanið þannig að hægt verði að spá fyrir um rek hafíss við Ísland í samvinnu við Háskóla Íslands og verkfræðistofuna VST.

**b. Unnið verði að úttekt á umhverfi vega í því skyni að draga úr hættu við útafakstur. Enn fremur verði unnið að úttekt á því hvar þurfi að setja ný vegrið eða lengja þau sem fyrir eru í því skyni að draga úr hættu við útafakstur.**

Rúm 60 % af slysum með meiðslum á þjóðvegum í dreifbýli verða við útafakstur. Liður í því að reyna að draga úr þeim slysum er að laga umhverfið og bæta við vegriðum. Áður en ráðist er í slíkar aðgerðir þarf að safna upplýsingum um umhverfi vega á samræmdan hátt, fyrst fyrir stofnvegi og síðan aðra vegi. M.a. þarf að:

a. Skrá hvar fláar eru of brattir.
b. Skrá staðsetningu á stórgrýti meðfram vegum sem hægt er að fjarlægja.
c. Skrá skurði sem eru of nálægt vegum.

Meta þarf umfang nauðsynlegra aðgerða á hverjum stað. Í hverju framangreindra tilvika þarf að meta hvort hægt er að bæta úr með því að draga úr bratta fláa, fjarlægja stórgrýti eða fylla í skurði. Þar sem ekki er hægt að bæta umhverfi er hugsanlegt að setja þurfi vegrið.

Safna þarf upplýsingum um hvar þurfi að setja ný vegrið miðað við nýjan vegriðsstaðal og hvar þurfi að lengja þau vegrið sem fyrir eru. Sérstaklega þarf að huga að vegriðum við brýr í þessu sambandi.

**c. Unnið verði á úttekt á mismunandi hámarkshraða á vegum með hliðsjón af vegferli.**

Á undanförnum árum hefur verið unnið að uppsetningu leiðbeinandi hraðamerkinga á öllu stofnvegakerfinu og hluta tengivega, og verður því verkefni haldið áfram. Þessar merkingar taka einkum mið af vegferli á hverjum stað. Ýmislegt bendir til að æskilegt sé með tilliti til umferðaröryggis að hafa ekki alls staðar sama hámarkshraða á vegum, en hann er nú 90 km/klst. á bundnu slitlagi og 80 km/klst. á malarvegum. Hámarkshraði er nú einungis lækkaður við og í þéttbýli, en úttekt þarf að gera á því hvort hann á einnig að lækka þar sem vegferill krefst lægri hraða.

**d. Unnið verði að rannsóknum á hagkvæmni og öryggi 2+1 vega.**

Mjög víða í Evrópu hafa verið byggðir svokallaðir 2+1 vegir með mjög góðum árangri. Þess konar vegir eru þannig að akreinin í miðju er notuð til framúraksturs, þannig að til skiptis eru kaflar með tveimur akreinum í aðra áttina og tveimur akreinum í gagnstæða átt. Megintilgangur með því að breyta hefðbundnum tveggja akreina vegum í 2+1 vegi er að auka umferðarrýmd og umferðaröryggi. Framúrakstur er auðveldari og hættuminni á 2+1 vegum en hefðbundnum vegum. Miklu skiptir að vegriði sé komið fyrir á miðdeili sem aðskilur akstursstefnur til að umferðaröryggi verði sem mest. Hlutverk vegriðsins er að koma í veg fyrir að ökutæki fari yfir á öfugan vegarhelming. Samkvæmt sænskum rannsóknum má búast við allt að 50% fækkun alvarlegra slysa og dauðaslysa þegar tveggja akreina vegum er breytt í 2+1 vegi með vegriði á miðdeili. Einn tilraunakafli af þessari tegund hefur verið gerður hérlendis, í Svínahrauni, og er góð reynsla af honum. Þó er almennt talið að hann sé of mjór, en hann er gerður samkvæmt sænskum vegstaðli. Stefnt er að því að nýir vegir af þessari gerð verði allt að 1,5 m breiðari en sænska þversniðið. Nú liggja einnig fyrir tillögur um þversnið og hönnunarleiðbeiningar fyrir slíka vegi, en full ástæða er til að halda áfram að skoða hagkvæmni og tæknilegar útfærslur á 2+1 vegum á Íslandi. Einnig þarf að kanna áhrif miðjuvegriðs á snjósöfnun og snjóhreinsun, og gerð stólpa til að lágmarka slys á ökumönnum vélhjóla sem lenda í óhöppum á slíkum vegi.

**e. Unnið verði áfram að reiknilíkönum, áhættugreiningu og veðurmælingum til að stuðla að auknu öryggi í samgöngumálum.**

Flugmálastjórn, Siglingastofnun og Vegagerðin eru þátttakendur í sameiginlegu rannsóknarverkefni sem Veðurstofan vinnur að um veðurspár byggðar á reiknilíkani sem gefa nákvæmari spár. Markmið verkefnisins er að bæta þau gögn sem liggja til grundvallar veðurspám með reikningum á þróun lofthjúpsins í mjög þéttriðnu reiknineti. Vonast er til að verkefnið muni nýtast til að gera samgöngur öruggari í framtíðinni.

**f. Áfram verði unnið að öflugum rannsóknum sem stuðla að auknu öryggi í samgöngum.**

Rannsóknir á slysum og atvikum í samgöngukerfinu eru mikilvægir þættir í því að ná settum markmiðum í samgöngumálum. Unnið verður að innleiðingu niðurstaðna úr fjölmörgum rannsóknarverkefnum sem unnin voru á vegum Rannsóknarráðs umferðaröryggismála,

RANNUM, auk þess sem Vegagerðin mun áfram starfa með öðrum stofnunum og fyrirtækjum að afmörkuðum verkefnum á þessu sviði. Sett verður á fót sérstök fagnefnd í þessu skyni.

Unnið verður að rannsóknum á alvarlegum slysum á sjómönnum með það að markmiði að draga úr slysum um borð í skipum. Einnig verður unnið að samanburði dauðaslysa og alvarlegra slysa sjómanna við slys hjá öðrum starfstéttum.

Á vegum verkefnisstjórnar um öryggi sjófarenda er unnið að málum er lúta að menntun sjómanna, öryggisfræðslu og þróun öryggisstjórnunarkerfa um borð í fiskiskipum.

Hjá Siglingastofnun er unnið að rannsóknum með tilliti til öryggis skipa og stöðugleika þeirra. Einnig verða hafnar rannsóknir á sjóveiki og þreytu áhafna um borð í fiskiskipum.

**1.5 Markmið um jákvæða byggðaþróun.**

Í samgönguáætlun 2007–2018 er í fyrsta skipti sett inn sérstakt markmið um jákvæða byggðaþróun sem eitt af meginmarkmiðum áætlunarinnar. Meginmarkmiðin eru því orðin fimm í stað fjögurra áður. Ástæður þess að þetta nýja markmið er tekið inn og gefið mikið vægi eru margar en hér skal eingöngu nefnt að í lögum um samgönguáætlun er tiltekið að uppbygging grunnkerfisins skuli ná til allra þéttbýlisstaða með 100 íbúa eða fleiri. Það er því ljóst að við forgangsröðun fjármagns verður t.d. ekki eingöngu tekið tillit til arðsemi framkvæmdar því að oft vega mjög þungt rök um frumtengingu byggða. Eftirfarandi verkefni falla að þessu meginmarkmiði.

**a. Metin verði áhrif bættra samgangna á byggðaþróun.**

Hér er um að ræða verkefni sem fyrst og fremst fælist í því að draga saman á einn stað þá þekkingu sem fyrir hendi er á þessu sviði og aðeins afla nýrrar ef þörf er talin á. Ætlunin er að niðurstaða verkefnisins verði nýtt almennt við forgangsröðun framkvæmda sbr. verkefni undir a-lið í kafla 1.2 hér að framan þar sem tiltekið er að vinna skuli áfram að þróun aðferða til kostnaðar/nytjagreiningar til nota við forgangsröðun stærri verkefna.

**b. Fylgt verði eftir fyrri rannsóknum á ferðavenjum innan lands með frekari rannsóknum.**

Á vegum Vegagerðarinnar og Flugmálastjórnar hefur verið unnið að ítarlegum rannsóknum á ferðavenjum hér innan lands og hafa verið gefnar út alls fimm skýrslur þar sem niðurstöður eru birtar. Talið er mjög mikilvægt að þessum rannsóknum verði haldið áfram til þess að hægt sé að fylgjast með þeim breytingum sem stöðugt verða á ferðavenjum eftir því sem tíminn líður. Þannig fæst heildstæð mynd af þróuninni. Með þessu mun jafnframt verða unnt að sjá fyrir breytingar og gera ráðstafanir í tíma áður en til vandræða kemur.

## 2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

### 2.1 Flugmálastjórn Íslands.

**Inngangur.**


Alþingi samþykkti á 132. löggjafarþingi ný lög sem staðfestu breytingu og uppskiptingu á starfsemi Flugmálastjórnar Íslands. Tilgangur breytinganna er aðskilnaður flugleiðsöguþjónustu og flugvallareksturs Flugmálastjórnar frá stjórnsýslu- og eftirlitsstarfsemi. Stofnað hefur verið sérstakt hlutafélag, Flugstoðir ohf., í eigu ríkisins um rekstur flugvalla og flugleiðsögu (lög nr. 102/2006) en stjórnsýslu, þ.m.t. eftirliti og alþjóðlegum samskiptum á því sviði, verði sinnt áfram af Flugmálastjórn Íslands, sbr. lög nr. 100/2006. Uppstokkunin á sér stað vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í umhverfi flugsamgangna, bæði hérlendis og erlendis, og vegna nýrra krafna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Evrópusambandsins um aðskilnað eftirlits og þjónustu. Þá er einnig tekið tillit til þess að samkeppni er hafin í flugumferðarþjónustu og að íslenskir flugrekendur hafa aukið starfsemi sína verulega á erlendum mörkuðum. Flugmálastjórn Íslands starfar því í breyttu formi frá 1. janúar 2007.

Meginverkefni Flugmálastjórnar er því annars vegar stjórnsýsla og eftirlit í þágu þjóðarinnar og almannaheilla og hins vegar hvers konar heimildaveitingar, vottanir og úttektir í þágu einstaklinga og rekstraraðila í flugi.

Í stjórnsýslu felast m.a. alþjóðleg samskipti í flugmálum við stofnanir eins og Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO), Samtök flugmálastjórna (ECAC) í Evrópu, Flugöryggissamtök Evrópu (JAA), Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) og aðrar stofnanir Evrópubandalagsins. Megintilgangurinn er að gæta hagsmuna Íslendinga á þessum vettvangi og greiða götu einstaklinga og þeirra íslensku lögaðila sem stunda atvinnurekstur tengdan flugi. Dæmi um slík verkefni er t.d. sú vinna sem fór fram við loftferðasamninga við ýmis erlend ríki, tryggja fylgi við undanþágu hjá EASA vegna skráningar loftfara hérlendis fyrir íslenska flugrekendur og þátttaka í gerð reglugerða og krafna í flugmálum sem henta hérlendis jafnvel og annars staðar í Evrópu. Að lokum má nefna mikil samskipti við flugmálastjórnir nánast í öllum heimshlutum þar sem íslenskir flugrekendur hafa haslað sér völl. Til að átta sig á umsvifum þessum þá er velta þessara íslensku fyrirtækja líklega samtals um 100 milljarðar kr. og á skrá á Íslandi eru yfir 80 þotur og skrúfuþotur og margar þeirra af stærstu gerð eins og Boeing 747.

Nýtt mikilvægt stjórnsýsluverkefni sem Flugmálastjórn Íslands þarf að sinna er þátttaka í Single European Sky áætlun ESB til að tryggja annars vegar samskipti í flugleiðsöguþjónustu við Evrópusambandið og hins vegar að tryggja að flugöryggisreglur vegna reksturs flugleiðsöguþjónustu hérlendis séu sambærilegar eða þær sömu og þær evrópsku.

Heimildaveitingar byggjast nánast eingöngu á að sýnt sé fram á að flugöryggislegar kröfur séu uppfylltar og votta þarf með úttektum að svo sé. Enn fremur er fylgst með því að staðaldri að skilyrði heimildaveitinga séu ávallt fyrir hendi. Heimildaveitingar lúta í fyrsta lagi að lofthæfi loftfara og í öðru lagi að flugrekendum sem stunda flutningaflug í atvinnuskyni. Í þriðja lagi lýtur heimildaveiting og eftirlit að einstaklingum eins og flugmönnum. Vegna hinna miklu umsvifa íslenskra flugrekenda eru eftirlitsmenn Flugmálastjórnar Íslands að störfum út um allan heim til að fylgjast með starfstöðvum, viðhaldi og flugi flugrekandanna. Umsvifin og þá um leið eftirlitsstaðirnir sjást á eftirfarandi mynd.



Veiting heimilda og vottanir á því að flugvellir hérlendis standist kröfur sem gerðar eru um milllandaflugvelli er líka mikilvægur og vaxandi hluti starfsemi Flugmálastjórnar. Það á bæði við um mannvirki og flugleiðsögubúnað á tilteknum flugvelli svo og að stjórnun rekstrarins sé í samræmi við alþjóðakröfur. Auk flugöryggislegra krafna er vaxandi áhersla og sífellt ítarlegri kröfur um flugvernd á flugvöllum og það er á starfsviði Flugmálastjórnar að fylgjast með því að eftir þeim kröfum sé farið svo og að hafa umsjón með framkvæmd flugverndaráætlunar fyrir Ísland.

Ein af ástæðum þess að framkvæmd flugleiðsöguþjónustu var skilin frá Flugmálastjórn var krafan um veitingu heimilda, vottun og eftirlit með þeirri starfsemi. Skilgreiningar og úthlutun á loftrými, svo og eftirlit með flugleiðsögustarfsemi, er í verkahring Flugmálastjórnar Íslands og er vaxandi verkefni með auknum kröfum og umsvifum á þessu sviði.

Enn fremur hefur Flugmálastjórn Íslands eftirlit með þeim þjónustusamningi sem stjórnvöld gerðu við Flugstoðir ohf. um rekstur flugvalla og flugleiðsögu. Á næstu árum mun verklag vegna eftirlits og samskipta við rekstaraðila flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu mótast frekar.

### 2.1.1 Fjármál.

Stjórnsýsluverkefni Flugmálastjórnar Íslands, alþjóðasamstarf svo og eftirlit í þágu almannaheilla, er ekki verulega breytilegt á milli ára og er áætlað að kostnaður sé um 170 millj. kr. á ári og sé greiddur af ríkisframlagi.

Vísbendingar eru um að kostnaður í tengslum við uppskiptinguna geti orðið meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2007. Fara þarf vel yfir þessa stöðu og endurmeta á miðju ári 2007. Enn fremur er vandséð að útgjaldaheimildir fyrir árið 2007 eins og fram koma í fjárlögum dugi fyrir þeim rekstri og þjónustu sem ætlast er til að Flugmálastjórn Íslands sinni samkvæmt lögum ef halda á uppi því þjónustustigi sem flugrekendur og eftirlitsskyldir aðilar

eru vanir frá flugöryggissviði Flugmálastjórnar Íslands. Þessi kostnaður verður endurmetinn með hliðstæðum hætti og kostnaður við uppskiptinguna.

Ný reglugerð um gjaldskrá fyrir þjónustu Flugmálastjórnar Íslands tók gildi 1. janúar 2007 og það skýrir mismunandi upphæðir ríkistekna og sértekna á árinu 2007 í samanburði við árin þar á eftir til ársins 2010. Ríkistekjur Flugmálastjórnar eru fyrst og fremst rekstrartekjur, þar sem einstaklingar og lögaðilar greiða fyrir þá þjónustu sem þeir hafa þörf fyrir.

Kostnaður og umsvif rekstrar Flugmálastjórnar Íslands eru töluvert háð umsvifum í íslenskum flugmálum. Hann vex eftir því sem þeim fjölgar sem hafa heimildir frá Flugmálastjórn og eftir því sem þeir eflast en dregst saman ef samdráttur verður. Þar sem ríkistekjur Flugmálastjórnar eru í rauninni þjónustutekjur þá verður viðbótartekna ekki aflað án þess að viðbótarvinnuframlag komi til. Erfitt er að áætla hve eftirspurn eftir vottunarþjónustu, heimildaveitingu og eftirliti eykst og umsvif Flugmálastjórnar aukast en nokkuð stöðugur vöxtur hefur verið undanfarin ár. Nauðsynlegt er að geta brugðist við breytingum með viðbótarfjárheimildum ef með þarf, enda greiða þeir sem þjónustuna fá allan kostnað af henni. Reiknað er með hægari vexti á næstu árum en til þessa, en ef hann verður meiri er nauðsynlegt að geta brugðist við. Stofnunin þarf að hafa heimild til að afla ríkistekna til þess að þjónustustig minnki ekki án þess að ríkisframlag sé skert, sbr. rökstuðninginn hér að framan.

Gert er ráð fyrir að á þessum árum, 2007–2010, greiði þeir rekstaraðilar sem hafa heimildir frá Flugmálastjórn Íslands yfir 50% af heildarkostnaðinum við rekstur stofnunarinnar, byggt á kostnaðarlíkani og greiningu sem endurspeglist í gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, þar á meðal eftirlit. Stefna ber að því að stofnunin verði B-hluta stofnun á fjárlögum 2008. Að lokum er rétt að geta þess að í flugmálum eru úttektir, skoðanir og eftirlit oftast eins konar framhaldsvottun á heimildaveitingu og er því beint í þágu rekstaraðila sem greiða fyrir þjónustu stofnunarinnar og stuðla að áframhaldandi rekstri öflugs samgöngukerfis.

### 2.2 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.

Samgönguráðuneytið hefur gert þjónustusamning um rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvalla og flugleiðsöguþjónustu innan lands við Flugstoðir ohf. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2008 hvað reksturinn varðar en til 31. desember 2007 hvað viðhald og uppbyggingu flugvalla varðar. Þjónustusamningurinn er í samræmi við samgönguáætlun þessa.

### Verðlagsgrundvöllur.

Allar tölur í tillögunni eru settar fram á verðlagi fjárlaga 2007.

### 2.2.1 Tekjur og framlög.

Ráðstöfunarfé til málaflokksins samanstendur af mörkuðum tekjum, ríkistekjum og framlögum úr ríkissjóði.

### Markaðar tekjur.

Markaðar tekjur málaflokksins eru flugvallaskattur og varaflugvallagjald. Brottfararfarþegar í millilandaflugi greiða varaflugvallagjald en því er ætlað að standa undir þeim viðbótarrekstrar- og fjárfestingarkostnaði sem hlýst af varaflugvallarhlutverki innanlandsflugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum. Flugvallaskatturinn er hins vegar lagður á alla brottfararfarþega bæði í innanlands- og millilandaflugi. Gert er ráð fyrir að tekjur af varaflugvallagjaldi og af flugvallaskatti hækki um 3% á ári, sem eingöngu verði rakið til fjölgunar farþega, ekki hækkunar á varaflugvallagjaldi og flugvallaskatti.

**Ríkistekjur.**
Ríkistekjur eru lendingar- og vopnaleitargjöld sem greidd eru af flugrekendum.

**Framlag úr ríkissjóði.**
Gert er ráð fyrir hækkun framlags úr ríkissjóði á milli áranna 2007 og 2008 en það helst eftir það óbreytt út áætlunartímabilið.

**Viðskiptahreyfingar.**
Afborganir lána vegna framkvæmda á Reykjavíkurflugvelli hófust árið 2004 og koma fram í áætluninni sem viðskiptahreyfingar. Afborgunum lána lýkur á árinu 2009.

**Sérstök fjáröflun.**
Gert er ráð fyrir að nokkrar framkvæmdir verði fjármagnaðar með sérstakri fjáröflun. Þar getur verið um að ræða einkafjármögnun í einhverri mynd eða beina lántöku. Hér er ekki tekin afstaða til þess með hvaða hætti fjár verður aflað til þessara framkvæmda. Sjá nánar 6. kafla, Sérstök fjáröflun.

**2.2.2 Rekstur og þjónusta.**
Rekstrarkostnaður flugvalla og flugleiðsöguþjónustu er skilgreindur í þjónustusamningi við Flugstoðir ohf. Í samningnum er tilgreint það þjónustustig sem samgönguráðuneytið sem verkkaupi greiðir fyrir sem og sú greiðsla sem Flugstoðir fá. Almennt gerir samningurinn ráð fyrir óbreyttu þjónustustigi miðað við þá þjónustu sem Flugmálastjórn Íslands veitti áður á þessu sviði.

Í þjónustusamningnum er ákvæði um að tekið verði tillit til breytinga á launum og verðlagi og öðrum breytingum sem helgast af laga- eða reglugerðabreytingum eða vegna breytinga á alþjóðlegum kröfum. Ætla má að kröfur til flugverndar aukist á tímabilinu og þar af leiðandi muni rekstrarkostnaður aukast á þeim flugvöllum sem teljast varaflugvellir vegna millilandaflugs. Gert er ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði breytist ekki árin 2008–2010 en viðbótarútgjöldum verði mætt með ráðstöfun á viðbótartekjum sem tilkomnar eru vegna fjölgunar farþega. Þannig renni stærstur hluti aukinna tekna af varaflugvallagjaldi til reksturs varaflugvallanna.

Í megindráttum eru þeir rekstrarliðir, sem heyra undir þjónustusamning samgönguráðuneytisins við Flugstoðir ohf., flugleiðsaga innan lands, framlag Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu og rekstur flugvalla og lendingarstaða.

**Flugleiðsöguþjónusta innan lands.**
Flugleiðsöguþjónusta í leiðarflugi innan lands er veitt frá flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Ein vinnustöð í flugstjórnarmiðstöðinni annast þessa þjónustu og er ekki fyrirsjáanleg nein breyting á umsvifum hennar á næstu árum. Þessi þjónusta nýtir sama búnað og kerfi og alþjóðaflugþjónustan sem felur í sér 80–90% af rekstri flugstjórnarmiðstöðvarinnar. Flugumferðarþjónusta er einnig veitt á flugvöllunum í Reykjavík, á Akureyri, á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum, en sú þjónusta telst kostnaðarlega til reksturs þessara flugvalla.

**Alþjóðaflugþjónusta.**
Auk þeirrar starfsemi, sem fram fer í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík, veita Flugfjarskipti ehf. og Veðurstofa Íslands þjónustu við alþjóðaflugið samkvæmt svonefndum „Joint Financing“ samningi milli íslenska ríkisins og 24 aðildarríkja samningsins. Auk Flugfjarskipta

eru Flugstoðir eigandi þróunarfyrirtækisins Flugkerfa hf. að tveimur þriðju hlutum á móti Háskóla Íslands. Þetta fyrirtæki annast einkum þróun kerfa fyrir flugumferðar- og fjarskiptaþjónustu. Daglega fljúga á bilinu 200–500 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið og greiðast 95% af kostnaði við þjónustuna af notendum hennar (þ.e. flugrekendum) en íslenska ríkið ber 5% kostnaðarins vegna þess hagræðis sem talið er felast í samningnum. Búast má við að tilkoma samevrópska loftrýmisins (Single European Sky) muni hafa mikil áhrif á starfsemi alþjóðaflugþjónustunnar á komandi árum.

Í þjónustusamningi samgönguráðuneytisins við Flugstoðir ohf. er starfsemi alþjóðaflugþjónustunnar framseld til Flugstoða ohf. Innifalið í rekstrarkostnaði samkvæmt þjónustusamningnum er 5% kostnaðarhlutdeild Íslands í alþjóðaflugþjónustunni.

**Rekstur flugvalla og lendingarstaða.**

Rekstur allra innanlandsflugvalla sem ekki eru í einkaeigu fellur undir þennan lið og fer stærstur hluti beins framlags úr ríkissjóði í rekstur flugvalla og lendingarstaða. Áætlunarflugvellir á landinu eru árið 2006 þrettán talsins að Keflavíkurflugvelli meðtöldum. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir eru fjörutíu talsins.

Sú breyting hefur nú verið gerð frá samgönguáætlun 2005–2008 að sjóður til reksturs tækja flyst frá stofnkostnaði í rekstrarlið. Þetta er gert þar sem tækjakostur verður afskrifaður hjá Flugstoðum, og telst það til rekstrarkostnaðar, en ekki gjaldfærður sem stofnkostnaður líkt og tíðkast hjá A-hluta stofnunum eins og Flugmálastjórn. Undir þennan lið falla kaup vélbúnaðar og tækja til reksturs flugvalla, svo sem vegna snjóruðnings-, björgunar- og öryggismála. Við forgangsröðun er fyrst horft til öryggis- og björgunarmála.

**Rannsóknir.**

Þær rannsóknir sem falla undir þennan lið eru fjármagnaðar af flugmálaáætlun og hafa einkum beinst að ýmsum verkefnum tengdum innanlandsflugi, svo sem reiknilíkönum, áhættugreiningu, veðurmælingum og þróun í flugflutningum hér á landi. Einnig hafa hávaðamælingar við Reykjavíkurflugvöll verið fjármagnaðar af þessum lið. Þá verður unnið að því að efla hagrænar rannsóknir vegna flugsamgangna bæði innan lands og utan. Eins og fram kemur í samgönguáætlun til 12 ára eru Flugstoðir virkur þátttakandi í fjölmörgum öðrum rannsóknarverkefnum sem flest tengjast flugumferðarþjónustu og eru kostuð af alþjóðaflugþjónustunni og færð þar til gjalda. Áformað er að auka þessar rannsóknir enn frekar til að styrkja undirstöður alþjóðaflugþjónustunnar hér á landi. Einkum er búist við að reglugerðir hins samevrópska loftrýmis (SEL) muni kalla á auknar rannsóknir á þessu sviði. Þessar rannsóknir verða að stærstum hluta fjármagnaðar af rekstri alþjóðaflugþjónustunnar og munu tengjast rannsóknarverkefnum Evrópusambandsins. Fyrst og fremst er um að ræða tæknileg verkefni sem varða þróun flugstjórnarkerfisins og stuðla að því að tryggja þessa þjónustu í sessi hér á landi í vaxandi samkeppni frá nágrannalöndunum.

**2.2.3 Viðhald.**

**Yfirborð brauta og hlaða, bundið slitlag.**

Stærstu þættir viðhaldsverkefna eru tengdir malbiki, klæðingu og málningu á flugbrautum. Gert er ráð fyrir að meðalendingartími malbiks sé 18 ár ef útlögn hefur tekist vel og undirbygging er góð. Á 18 ára fresti er lagt nýtt 4 cm yfirlag. Milli þess sem yfirlög eru lögð verður að fara fram eftirfarandi viðhald: Á tveggja ára fresti fer fram holufylling og sprunguviðgerð. Á fjögurra ára fresti er sprautað yfir með bindiefni. Heildarmagn malbikaðs yfirborðs í lok árs 2006 var um 517.250 $m^2$.

Gert er ráð fyrir að meðalendingartími klæðingar sé átta ár ef útlögn hefur tekist vel og undirbygging er í lagi. Ekki er gert ráð fyrir viðhaldi milli þess sem yfirlagnir fara fram. Axlir á snúningssvæðum brautarenda skal yfirleggja á fjögurra ára fresti. Í báðum tilvikum skal yfirleggja með einföldu slitlagi. Heildarmagn klæðingar er um 633.100 $m^2$. Gert er ráð fyrir að mála skuli malbikaðar flugbrautir á tveggja ára fresti, en klæddar flugbrautir á þriggja ára fresti. Heildarmagn málaðra flata er um 74.500 $m^2$. Allir flugvellir með bundnu slitlagi eru metnir árlega og slitlag og málning endurnýjuð þar sem þörfin er mest.

Þar sem mörg knýjandi verkefni liggja fyrir á flugvöllum landsins, einkum vegna flugöryggismála, er ekki kleift að byggja upp eigið fé viðhaldssjóðs til að standa að fullu straum af stærri viðhaldsverkefnum þegar þau eru áætluð. Því er nauðsynlegt að hægt sé að taka framkvæmdalán til þessara verkefna sem síðan verða greidd upp af tekjustofnum flugmálaáætlunar.

**Byggingar, búnaður og önnur verkefni.**

Undir þennan lið fellur viðhald bygginga, búnaðar, sérhæfðs rafmagns eða fjarskiptabúnaðar og rekstrarkerfa að undanskildu viðhaldi hreyfanlegra tækja sem falla undir tækjasjóð. Gert er ráð fyrir kostnaði árið 2007 vegna gæða- og öryggisstjórnunarkerfa í samræmi við reglugerðir um flugvelli og flugvernd.

**Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar.**

Undir þennan lið falla ýmis ófyrirséð verkefni og endurnýjun vegna bilana sem upp koma á áætlanatímabilinu. Algengt er að búnaður, sem ekki var ráðgert að endurnýja á tímabilinu, bili með þeim hætti að endurnýjun reynist óhjákvæmileg. Til að halda endurnýjunarkostnaði í lágmarki hefur verið notaður ýmis búnaður lengur en æskilegt er og talsvert af rafeindabúnaði er orðinn um og yfir 30 ára gamall. Því er eðlilegt að slíkur búnaður bili meira en áður og eins getur reynst erfitt að fá varahluti í hann. Þá er ekki um annað að ræða en að endurnýja búnaðinn, enda yfirleitt um flugöryggisbúnað að ræða. Til viðbótar þarf að fjármagna kaup á kvörðunarbúnaði, mælitækjum og öðrum sameiginlegum búnaði sem notaður er fyrir alla flugvelli af þessum lið.

**2.2.4 Stofnkostnaður.**

Undir þennan lið falla allar framkvæmdir á flugvöllum aðrar en viðhald samkvæmt lið 2.2.3.

**2.2.4.1 Framkvæmdir á einstökum flugvöllum í grunnneti.**
**Reykjavíkurflugvöllur.**

*Flugbrautir.*

Í samkomulagi samgönguráðuneytis og Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að flugbraut 06-24 (NA/SV flugbraut) á Reykjavíkurflugvelli verði lokað þegar flugbraut með sömu stefnur verður opnuð á Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir sérstakri fjármögnun árið 2008 til framkvæmda sem nauðsynlegar eru til opnunar þessarar NA-SV flugbrautar á Keflavíkurflugvelli.

*Flughlað á austursvæði flugvallarins.*

Verulegur vöxtur hefur átt sér stað á austursvæði flugvallarins vegna leiguflugs og umferðar með einkaþotum, sem krefst endurbóta á flughlaði við skýli 1og stækkunar. Gert er ráð fyrir að gerð verði tengiakbraut flughlaðsins til norðurs við svæði sem verður nýtt sem flugvélastæði. Ráðgert er að framkvæmdir við flughlaðið á austursvæði flugvallarins fari fram

árin 2007, 2008 og 2009. Gert er ráð fyrir sérstakri fjáröflun vegna flughlaðs við fyrirhugaða samgöngumiðstöð.

*Rif gamalla bygginga.*

Nokkrar byggingar eru hindranir í öryggissvæði brautar 19 01 og þær þarf að rífa og eru þær eftirfarandi: Flugskýli 8, Flugskýli 10, Vélageymslubraggi og Gamli flugturninn. Einnig eru þær hindrun fyrir akbraut Alfa meðfram hlaði við skýli 1. Þessar byggingar þarf að rífa eigi síðar en 2008. Rífa þarf skýli 7 sem er á byggingarreit nýrrar vélageymslu.

*Aðflugs- og leiðsögubúnaður.*

Gert er ráð fyrir að á tímabilinu verði fjarlægðarmæliviti endurnýjaður.

**Akureyrarflugvöllur.**

*Flugbrautir.*

Gera má ráð fyrir að þörf verði fyrir nýtt malbiksyfirlag árið 2009. Þessar framkvæmdir falla undir viðhaldslið sem er ekki færður sérstaklega á einstaka flugvelli.

Gerð hefur verið viðamikil könnun á þörf fyrir lengingu flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli og áætlun um kostnað við slíka framkvæmd. Gert er ráð fyrir sérstakri fjáröflun vegna lengingar flugbrautarinnar um 460 metra til suðurs árin 2008 og 2009. Þessi lenging gerir flugvöllinn mun betur í stakk búinn til að sinna hlutverki sínu sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug um Keflavíkurflugvöll.

*Endaöryggissvæði (RESA).*

Samkvæmt kröfum ICAO Annex 14 eiga að vera sérstök endaöryggissvæði (RESA) 90x90 metrar til viðbótar við flugbrautaröryggissvæði (Runway strip). Þessi svæði eru ekki til staðar og í stað þess að stytta braut verða þessi svæði byggð upp að norðanverðu árið 2007 og að sunnanverðu árin 2008 og 2009 í tengslum við fyrirhugaða lengingu flugbrautarinnar.

*Akbrautir.*

Binda þarf yfirborð akbrauta, sem nú eru með malaryfirborði, frá flugskýlum að akbraut inn á flughlað. Einnig þarf að framkvæma endurbætur á flughlaði, einkum vegna umferðar stórra millilandaflugvéla. Gert er ráð fyrir að ráðist verði í þessa framkvæmdir á næstu fjórum árum.

*Bílastæði.*

Bílastæði við flugvelli í flokki I skulu vera með bundnu slitlagi. Núverandi bílastæði eru aðeins að hluta með bundið yfirborð og er gert ráð fyrir að bæta úr því á árunum 2007 og 2009.

*Aðflugs- og leiðsögubúnaður.*

Á undanförnum árum hafa farið fram viðamiklar athuganir á aðflugsmálum Akureyrarflugvallar. Blindaðflug voru endurhönnuð og gerð sérstök öryggisúttekt á þessum aðflugum. Í framhaldi var ákveðið að gera endurbætur á aðflugsbúnaði til að tryggja ásættanleg blindaðflugslágmörk sem núverandi blindaðflugskerfi veita og er framkvæmdin í vinnslu.

Einnig fór fram prófun á nýju blindaðflugi, er Flugfélag Ísland tók þátt í, með stefnusendi sem staðsettur er norðan flugbrautar fyrir aðflug úr suðri beint á flugbraut. Niðurstöður eru jákvæðar. Gert er ráð fyrir uppsetningu stefnusendis og aðflugshallasendis árið 2008 með sér-

stakri fjáröflun. Þessi framkvæmd nýs blindaðflugskerfis mun lækka aðflugslágmark verulega. Fjarlægðarmæliviti verður endurnýjaður á tímabilinu. Þessi framkvæmd gerir flugvöllinn mun betur í stakk búinn til að sinna hlutverki sínu sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug um Keflavíkurflugvöll.

**Egilsstaðaflugvöllur.**

*Flugbrautir.*

Ráðgerðar eru hefðbundnar yfirsprautanir og viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

*Aðflugs- og leiðsögubúnaður.*

Á Egilsstaðaflugvelli eru engin aðflugsljós. Sérstaklega er brýnt að koma fyrir ljósum fyrir aðflug inn á flugbraut 04 sem er búin aðflugsstefnu og aðflugshallasendum. Á árinu 2007 fer fram undirbúningur að því að reisa 900 m langa aðflugsljósalínu með 30 m milli ljósastæða og verður aðflugsljósakerfið og niðurfelld þröskuldsljós sett upp árið 2008. Að þeirri framkvæmd lokinni uppfyllir Egilsstaðaflugvöllur kröfur flokks I. Á tímabilinu mun fjarlægðarmæliviti verða endurnýjaður.

*Bílastæði.*

Stækkun flugstöðvar er nú í framkvæmd og verða gerð bílastæði í tengslum við þá framkvæmd á árunum 2007 og 2008.

*Endaöryggissvæði (RESA).*

Samkvæmt kröfum ICAO Annex 14 eiga að vera sérstök endaöryggissvæði (RESA) 90x90 metrar til viðbótar við flugbrautaröryggissvæði (Runway strip). Þessi svæði eru ekki til staðar eins og er, stytta þarf braut að sunnanverðu þannig að endaljós verða flutt og í staðinn verða sett akbrautarljós. Að norðanverðu verður svæðið byggt upp norðan við braut. Heimilað verður að hefja flugtak frá endum svæðanna og þannig styttist ekki flugtaksvegalengd en lendingarvegalengd úr norðri styttist um 90 metra. Framkvæmdir vegna RESA munu fara fram árið 2008.

*Veðurbúnaður.*

Vindhraði og vindstefna eru mæld við snertipunkta beggja brautarenda. Árið 2003 var settur upp loftþrýstimælir með starfrænum útgangi og rakamæli á flugvöllinn. Árið 2009 er gert ráð fyrir að setja upp miðlægan búnað sem tengist öllum skynjurum og sér um birtingu upplýsinga og söfnun og dreifingu gagna.

*Vararafstöð.*

Vararafstöð verður endurnýjuð árið 2007.

*Brautarlenging.*

Áfram verður haldið með athuganir og kostnaðaráætlanagerð vegna fyrirhugaðrar lengingar flugbrautarinnar á Egilsstaðaflugvelli. Gert er ráð fyrir sérstakri fjáröflun vegna lengingar flugbrautarinnar á 2. og 3. tímabili 12 ára samgönguáætlunarinnar í tengslum við fyrirhugaða brúargerð yfir Lagarfljót í vegaáætlun.

**Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki.**

*Flugbrautir.*

Ráðgert er hefðbundið viðhald sem fjármagnað er úr viðhaldssjóði.

*Öryggissvæði.*

Öryggissvæði brautanna í Vestmannaeyjum eiga að ná 75 m út frá miðri braut til hvorrar hliðar. Þessu atriði er mjög áfátt á vellinum og á mörgum stöðum er öryggissvæði utan brautar næstum ekkert. Staðhættir eru þannig að ógerlegt er að uppfylla þessa kröfu að fullu, en víða er hægt að laga til og að því er stefnt. Haldið verður áfram með endurbætur öryggissvæðanna árið 2007. Öryggissvæði á Bakka uppfylla kröfur. PAPI ljós verða endurnýjuð.

**Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri.**

*Flugbrautir.*

Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

*Bílastæði.*

Núverandi bílastæði á Ísafjarðarflugvelli er með malaryfirborði að mestum hluta og þegar flugvélar eru að snúa á flughlaði kemur stundum fyrir að möl á bílastæði fýkur upp og lendir á bílum. Því er nauðsynlegt að binda yfirborð bílastæða, auk þess sem það þykir lágmarkskrafa til bílastæða við flugstöðvar nú. Áætlað er að framkvæmdin eigi sér stað árið 2008.

*Þingeyri tækjageymsla.*

Slökkvibifreið og snjóruðningstæki Þingeyrarflugvallar eru nú geymd í leiguhúsnæði á Þingeyri sem er allangt frá flugvelli og skapast af þessu ástandi mikið óhagræði. Því er gert ráð fyrir að byggja tækjageymslu á flugvellinum árið 2008.

*Þingeyri, nætursjónflug.*

Ný flugbraut hefur verið byggð á Þingeyrarflugvelli með ljósabúnaði og hindranalýsingu. Árið 2007 mun fara fram öryggisúttekt til athugunar á möguleikum fyrir nætursjónflug til flugvallarins.

*Blindaðflugsbúnaður.*

Núverandi blindaðflug að Ísafjarðarflugvelli byggist á stefnusendi og fjarlægðarmælivita í Ögri. Þessi tæki eru orðin yfir 20 ára gömul og erfitt að fá varahluti. Tækin byggjast á svonefndri „back course"-tækni sem ekki er lengur leyfð samkvæmt alþjóðastöðlum. Af þessum ástæðum er forgangsmál að endurnýja blindaðflugskerfið. Gert er ráð fyrir að aðflugsbúnaðurinn verði keyptur árið 2007 og settur upp árið 2008.

*Flugbrautarljós.*

Kant- og þröskuldsljós á flugbraut Ísafjarðarflugvallar eru 45 W og komin til ára sinna. Engin aðflugshallaljós eru til staðar. Vegna hindrana í umhverfinu eru lendingar aðeins leyfðar við sjónflugsskilyrði og því hefur ekki verið talin ástæða til uppsetningar á aðflugshallaljósum. Flugtak af flugbraut 09 er leyft í myrkri. Vegna þessa eru hindranaljós í Kirkjubólshlíð og leifturljós í Arnarnesi og í Hnífsdal. Gert er ráð fyrir að endurnýja flugbrautarljósin árið 2010.

**Sauðárkróksflugvöllur.**
*Flugbraut.*
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

*Raforkudreifikerfi.*
Vararafstöð er ekki til staðar. Áætlað er að setja upp vararafstöð árið 2009.

**Hornafjarðarflugvöllur.**
*Flugbraut.*
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

**Bíldudalsflugvöllur.**
*Flugbraut.*
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

**Þórshafnarflugvöllur.**
*Flugbraut.*
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

*Raforkudreifikerfi.*
Vararafstöð er ekki til staðar. Áætlað er að setja upp vararafstöð 2008.

**Grímseyjarflugvöllur.**
*Flugbraut.*
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

**Gjögurflugvöllur.**
*Flugbraut*
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

**Öryggissvæði.**
Gert er ráð fyrir að endurbætur öryggissvæða fari fram árið 2010.

**Vopnafjörður.**
*Flugbraut.*
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

**2.2.4.2 Framkvæmdir á öðrum flugvöllum og lendingarstöðum.**
*Flugbrautir og hlöð.*
Nær allar flugbrautir utan áætlunarvalla eru með malarslitlagi sem þarfnast viðhalds, en því hefur ekki verið sinnt sem skyldi á undanförnum árum vegna fjárskorts og nú er komið að því að nokkuð margir vellir þarfnast verulega viðhalds eða endurgerðar. Öryggissvæði þarf víða að lagfæra. Margir vellir hafa verið teknir af skrá undanfarin ár þar sem ekki hefur verið hægt að sinna eðlilegu viðhaldi. Verið er að vinna að forgangsröðun þessara verkefna í samvinnu við Almannavarnir ríkisins, landlækni og aðra notendur.

*Byggingar.*

Á mörgum þessara flugvalla á að vera hús fyrir flugradíóþjónustu og á nokkrum stöðum þarf að gera gagngerar endurbætur á þessum húsum. Einnig eru lítil hús, „píramídar“, sem einnig þjóna sem neyðarskýli, úr sér gengin og hafa þau verið tekin niður sums staðar. Þar af leiðir að nauðsynlegt er að hefja endurnýjun á þeim. Unnið verður að þessum framkvæmdum á tímabilinu.

*Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.*

Vegna breytinga á flugsamgöngum á síðastliðnum árum og nú síðast nýrrar reglugerðar um flugvelli eru þó nokkrir flugvellir sem nú flokkast sem lendingarstaðir en voru áður í flugvallaflokkum III og IV með aðflugsbúnað, þ.e. ljósa- og blindaðflugsbúnað sem ekki er nauðsynlegur miðað við þann flokk sem flugvöllurinn er í. Í flestum tilvikum er þessi búnaður kominn til ára sinna og illmögulegt að gera við hann nema með miklum tilkostnaði þegar hann bilar. Ljóst er að takmörkuðu fjármagni til flugmálaframkvæmda verður að forgangsraða og ganga þá fyrir framkvæmdir við ljósa- og blindaðflugsbúnað á áætlunarflugvöllum í grunnneti. Til að komast hjá kostnaði vegna endurnýjunar slíks búnaðar á lendingarstöðum verður hann lagður niður í áföngum en þess í stað verður stefnt að notkun GPS-aðflugstækni á þeim. Þó verður tekið tillit til öryggissjónarmiða, svo sem vegna sjúkra og neyðarflugs.

### 2.2.4.3 Önnur mannvirki, búnaður og verkefni.

Flugleiðsögukerfi einstakra flugvalla eru nú flokkuð með viðeigandi flugvelli, en leiðarflugsaga, sem og þau kerfi sem eru sameiginleg öllum flugvöllum, eru flokkuð hér. Þessi verkefni eru tengd gervihnattaleiðsögu, flugprófanabúnaði og veðurupplýsingakerfum. Einnig eru hér rannsóknarverkefni, kostnaður vegna hlutdeildar Íslands í verkefnum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og flugvernd og öryggismál auk liða til að koma til móts við aðkallandi verkefni sem upp geta komið.

*Flugstjórnarmiðstöð.*

Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í framkvæmdum Alþjóðaflugþjónustunnar.

*Leiðarflug.*

Til leiðarflugs telst allur búnaður sem er nauðsynlegur til leiðsögu milli einstakra flugvalla. Þessi búnaður skiptist í vita (NDB, VOR, DME) og fjarskiptabúnað.

*GNSS/AIS upplýsingaþjónusta.*

Af þessum lið greiðist kostnaður Flugstoða við þátttöku í þróun gervihnattaleiðsögu en GNSS stendur fyrir Global Navigation Satellite Systems. Gervihnattaleiðsaga er nú þegar orðin grunnkerfi til staðsetningar hér á landi og mun á komandi árum verða notuð í auknum mæli í stað hefðbundinnar leiðsögutækni. Mikilvægt er að ný kerfi eins og EGNOS og GALILEO, sem verið er að koma upp að frumkvæði Evrópusambandsins, verði notuð til hins ýtrasta til staðsetningar í lofti, á sjó og á landi. Auk vinnu við þróun tæknibúnaðar eru hönnun, mælingar, flugprófanir og útgáfa GPS aðflugsferla einnig kostaðar af þessum lið. Einnig er hér gert ráð fyrir fjárfestingarkostnaði vegna útgáfu á AIP flugmálahandbókinni. Alþjóðaflugmálastofnunin gerir nú kröfur um gæðakerfi í meðhöndlun flugupplýsinga og mælir með ISO vottun á því ferli. Flugstoðir hafa lokið við gerð ISO 9001 gæðakerfis fyrir þetta upplýsingaflæði.

*Veðurupplýsingakerfi.*

Á tímabilinu er ráðgert að halda áfram vinnu við að koma upp stöðluðum búnaði sem safnar saman veðurupplýsingum frá flugvöllum. Þetta er ákaflega mikilvægt til að tryggja auðvelda dreifingu þessara upplýsinga og einnig til að tryggja að þær séu geymdar til síðari úrvinnslu. Einnig er nauðsynlegt að endurnýja veðurbúnað sem er orðinn mjög gamall og ófáanlegur. Því er gert ráð fyrir að þessi liður fjármagni einnig nauðsynlega, ófyrirséða endurnýjun á veðurmælibúnaði á flugvöllum og minni viðbótarbúnað sem þarf til að flugvellir uppfylli kröfur til veðurbúnaðar fyrir viðkomandi flokk.

*Flugvernd og öryggismál.*

Undir þennan lið falla ráðstafanir á jörðu niðri, vegna öryggis og verndunar á fólki, loftförum og mannvirkjum. Með hugtakinu „öryggi“ (e. safety) er átt við ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fólk geti farið sér að voða á og við flugvelli. Með hugtakinu „vernd“ (e. security) er átt við ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólögmætt athæfi. Kröfur um ráðstafanir sem gera þarf vegna flugverndar og öryggismála koma m.a. fram í reglugerð um flugvelli, reglugerð um flugvernd og regluverki Evrópusambandsins og ICAO. Kröfur á þessu sviði hafa aukist til mikilla muna undanfarin ár og þá ekki síst í kjölfar árásanna á Bandaríkin 11. september 2001. Undir þennan lið fellur ýmis kostnaður vegna ráðgjafaþjónustu, starfsliðs og búnaðar á þessu sviði.

Mikil umsýsla og rekstur búnaðar fer fram vegna vopnaleitar og aðgangsstjórnunarkerfis hinna þriggja millilandaflugvalla. Einnig fer fram reglubundin þjálfun í flugvernd vegna starfsfólks Flugstoða og verktaka, svo sem lögreglu. Aðbúnaður og rekstur vegna flugverndar er enn þá í þróun í takt við fjármagn til þessara ráðstafana.

*Leiðréttingar og brýn verkefni.*

Margar kostnaðaráætlanir í flugmálaáætlun eru gerðar með talsverðum skekkjumörkum þar sem þær verður oft að byggja á frumáætlunum. Þá koma stundum til brýn verkefni sem verður að sinna, t.d. vegna flugöryggismála. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að þessi liður má undir engum kringumstæðum vera lægri en 25 millj. kr. á ári, en þessi upphæð er aðeins 4,5 % af ráðstöfunarfé til framkvæmda.

*Þróun og frumáætlanir.*

Af þessum lið eru greiddar frumáætlanir og rannsóknir vegna væntanlegra framkvæmdaverkefna sem ekki hafa verið skilgreind sem slík auk þróunar og kaupa á ýmsum upplýsingakerfum vegna framkvæmda og viðhalds.

*Stjórnunarkostnaður.*

Undir stjórnunarkostnað fellur kostnaður við umsýslu verkefna, þ.m.t. áætlanagerð, bókhald og eftirlit. Reynsla undanfarinna ára sýnir að nauðsynlegt er að leggja aukna áherslu á áætlanagerð og umsýslu með framkvæmdaverkefnum.

**2.2.5 Flokkun flugvalla.**

Til að stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna hefur flugvöllum verið skipt í þrjá flokka. Fyrir hvern flokk eru skilgreindar kröfur um eftirfarandi þætti:

a. Flugbrautir.
b. Öryggissvæði.
c. Hlöð.

d. Bílastæði.
e. Flugturn.
f. Flugstöð.
g. Tækjageymsla.
h. Sandgeymsla.
i. Slökkvi- og björgunarbúnaður.
j. Flugvernd.
k. Snjóhreinsibúnaður.
l. Flugleiðsögubúnaður.
m. Fjarskiptabúnaður.
n. Veðurmælibúnaður.
o. Flugbrautarljós.
p. Hlaðlýsing.
q. Raforkudreifikerfi.

Síðan er einstökum flugvöllum skipað í viðeigandi flokka og færð rök fyrir flokkuninni sem m.a. byggist á umferð síðustu ár, umferðarspá fyrir næstu ár, stöðu flugvallarins í byggð og landslagi umhverfis flugvöllinn.

**Flugvöllur I (alþjóðaflugvellir).**

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð flugvéla á borð við Fokker 50 og ATR42. Einnig eiga flugvellir í þessum flokki að geta þjónað a.m.k. sem varaflugvellir fyrir þotuflugumferð í stærðarflokki Boeing 757 eða sambærilegra véla. Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði og þess háttar eiga að geta þjónað a.m.k. einni fullhlaðinni þotu til viðbótar við hefðbundna umferð. Tækjabúnaður skal þannig samsettur að bilun í einu tæki valdi ekki truflun á rekstri flugvallarins. Þetta á við um raforkukerfi, rafeindakerfi og tækjabúnað. Allur búnaður á flugvellinum, bæði aðflugstæki og ljósabúnaður, skal uppfylla kröfur sem gerðar eru til flugvalla með CAT I nákvæmnisaðflug. Gerð er krafa til þess að hægt sé að opna flugbraut á innan við 60 mínútum miðað við 10 cm jafnfallna snjóþekju. Þá er miðað við að snjór sé ruddur og honum sópað í garða við brautarkanta. Gerð er krafa um að hægt sé að ryðja og blása öllum snjó út fyrir flugbrautarljós á innan við fjórum klukkustundum.

*Slökkvi- og viðbúnaðarþjónusta:* Tæki og mannafli uppfylli slökkviflokk 5 að staðaldri og hægt sé að auka viðbúnað í slökkviflokk 7 með lágmarksfyrirvara.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru í flokki I: Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur.

**Flugvöllur II (áætlunarflugvellir fyrir 19 farþega flugvélar og stærri).**

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð flugvéla, eftir því sem við á, á borð við Fokker 50, ATR42, Dornier og Twin Otter. (Nokkrir flugvellir eru með takmarkanir á flugvélagerð.) Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði og þess háttar eiga að geta annað a.m.k. tveimur flugvélum í þessum stærðarflokki samtímis. Búnaður flugvallarins skal þannig samsettur að allur búnaður sem er í notkun í aðflugi skal uppfylla það skilyrði að bilun í einu tæki valdi ekki röskun á aðfluginu. Hins vegar er ekki gerð krafa um að allur búnaður sem er nauðsynlegur til að opna flugbraut uppfylli þetta skilyrði. Fyrir flugvelli í þessum flokki er gerð krafa um a.m.k. grunnaðflugsbúnað (Non Precision Approach). Slíkt aðflug getur byggst á hringvitum (NDB) eða GPS leiðsögu.

*Slökkvi- og viðbúnaðarþjónusta:* Tæki og mannafli uppfylli slökkviflokk 2 til 5. Í vissum tilfellum er hægt að hækka þjónustustig. Nánari upplýsingar um flokkun eru gefnar upp í flugmálahandbók AIP.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru í flokki II: Vestmannaeyja-, Ísafjarðar- og Þingeyrarflugvöllur, Bíldudals-, Grímseyjar-, Gjögur-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Vopnafjarðar-, Þórshafnar- og Bakkaflugvöllur.

**Lendingarstaðir (aðrir flugvellir og lendingarstaðir).**

Í þessum flokki eru flugvellir og aðrir lendingarstaðir sem þjóna sjúkraflugi, æfinga- og kennsluflugi auk ferðaþjónustu með minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru flestir án flugradíóþjónustu og ómannaðir.

Eftirfarandi eru lendingarstaðir: Blönduós, Húsavík, Norðfjörður, Patreksfjörður, Raufarhöfn, Rif, Reykjahlíð, Selfoss, Siglufjörður, Stykkishólmur, Arngerðareyri, Breiðdalsvík, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Dagverðará, Djúpivogur, Fagurhólsmýri, Flúðir, Hella, Kópasker, Grímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Hólmavík, Húsafell, Hveravellir, Króksstaðamelar, Kaldármelar, Kerlingafjöll, Kirkjubæjarklaustur, Melgerðismelar, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Stóri-Kroppur, Vík og Þórsmörk.

## 3. SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN

**Inngangur.**

Siglingamálaáætlun fjallar um rekstur og framkvæmdir sem eru á forræði eða í umsjón Siglingastofnunar Íslands. Rekstrarverkefnum má skipta upp í stjórnsýsluverkefni, leiðsögukerfi á sjó, vöktun skipaumferðar (Vaktstöð siglinga), eftirlit með skipum, rannsóknir á náttúrufari hafs og stranda og öryggi sjófarenda og að lokum áætlun um öryggi sjófarenda. Áætlun um öryggi sjófarenda var í upphafi sjálfstæð áætlun sem Alþingi samþykkti sem þingsályktun 19. maí 2001. Síðar var Siglingastofnun Íslands falin framkvæmd áætlunar um öryggi sjófarenda, áætlunin felld inn í samgönguáætlun og hún því endurskoðuð á tveggja ára fresti á sama hátt og fjögurra ára samgönguáætlunin. Í verkbókhaldi Siglingastofnunar Íslands er haldið utan um kostnað við einstök verkefni. Kostnaði við yfirstjórn, bókhald og almenna skrifstofu er deilt út á verkefni og þannig séð til þess að þjónustuverkefni sem greidd eru af almennum viðskiptavinum, jafnt sem verkefni kostuð af ríkissjóði, standi undir kostnaði við yfirstjórn og skrifstofu.

Helstu framkvæmdir í umsjá Siglingastofnunar Íslands eru ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir og sjóvarnargarðar. Hafnakafli siglingamálaáætlunar byggir á hafnalögum, nr. 61/2003, með áorðnum breytingum. Í samræmi við ákvæði laganna mun ríkið draga úr fjárstuðningi til nýframkvæmda í höfnum á áætlunartímabilinu og þá sérstaklega í stærri höfnunum. Upphaflega stóð til að breyting á kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í nýjum hafnarmannvirkjum tæki gildi í upphafi árs 2007 en með lögum um breytingu á hafnalögum, nr. 11/2006, var gildistöku þessa ákvæðis hafnalaganna frestað til 1. janúar 2009.

### 3.1 Fjármál.

***Heildarfjármagn.***

Heildarfjármagn til siglingamála á áætlunartímabilinu 2007–2010 nemur 9.310 millj. kr. Stærsti hlutinn, eða 8.126 millj. kr., er framlag úr ríkissjóði en að auki eru markaðar tekjur, vitagjald, 608 millj. kr., og sértekjur, 564 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til rekstrarverkefna Siglingastofnunar Íslands haldist lítt breytt næstu fjögur árin en ákveðnir liðir vaxi þó í samræmi við aukna skipaumferð við landið. Þar er bæði átt við verkefni er tengjast aukinni umferð um hafnir landsins og stóraukinni umferð erlendra skipa um íslenska efnahagslögsögu, sem er afleiðing þess að leið skipa sem sigla með olíu og gas frá Rússlandi og Noregi til Bandríkjanna liggur nú um íslenskt hafsvæði.

Í framlögum til stofnkostnaðar munar mest um nýja ferjuhöfn í Bakkafjöru ásamt nýrri ferju sem ganga mun milli Bakkafjöru og Vestmannaeyja. Samtals er gert ráð fyrir að þessi verkefni muni kosta 4.900 millj. kr. Hér er við það miðað að ríkissjóður kosti þessi verkefni að fullu og hefðbundinni kostnaðarskiptingu samkvæmt hafnalögum verði því ekki fylgt. Framlög til hafnamála á tímabilinu 2007–2010 munu verða um 40% af framlögum áranna 2003–2006 þegar undanskilin er ferjuhöfnin í Bakkafjöru. Þegar kemur fram á árið 2009 lækka framlög til hefðbundinna hafnarmannvirkja. Kostnaðarþátttaka ríkissjóðs fellur þá niður í stærri höfnum að undanskildu viðhaldi á skjólgörðum og viðhaldsdýpkunum, sbr. ákvæði hafnalaga, nr. 61/2003.

***Verðlagsgrundvöllur.***

Allar tölur í tillögunni eru settar fram á verðlagi fjárlaga 2007.

### 3.1.1 Tekjur og framlög.

***Markaðar tekjur.***

Samkvæmt lögum um vitamál er vitagjaldi ætlað að standa undir starfsemi Siglingastofnunar Íslands, fyrst og fremst á sviði vitamála og til að afla upplýsinga um veður og sjólag og miðla þeim. Vitagjaldið er ákveðið í vitalögum, nr. 132/1999, 78,20 kr. af hverju brúttótonni skips og hefur gjaldið ekki breyst frá því lögin voru sett árið 1999. Erlend skip greiða fjórðung vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó ekki oftar en fjórum sinnum á hverju almanaksári. Upphæð innheimts vitagjalds hefur vaxið mjög ört síðustu 3–4 árin þar sem völuflutningar um hafnir hafa aukist samfara uppbyggingu og nýjum rekstri stóriðjufyrirtækja. Þá hefur komum stórra skemmtiferðaskipa til landsins fjölgað verulega. Gert er ráð fyrir að nokkuð hægi á þessum vexti og hér er reiknað með 4% árlegri aukningu næstu árin.

***Framlag úr ríkissjóði.***

Áætlað ríkisframlag til siglingamála á áætlunartímabilinu 2007–2010 nemur 9.726 millj. kr. Um helmingur þeirrar upphæðar, eða 4.900 millj. kr., mun renna til hafnar í Bakkafjöru og nýrrar Vestmannaeyjaferju.

***Sértekjur.***

Sértekjur koma af verkefnum sem seld eru út fyrir stofnunina. Stærsti einstaki liðurinn er þóknun fyrir umsjón og eftirlit með hafnarframkvæmdum. Af öðrum verkefnum má nefna yfirferð gagna vegna nýsmíða og breytinga á skipum, útleigu sérhæfðra mælitækja, ýmis skírteini fyrir skip og áhafnir og veðurathuganir fyrir Veðurstofu. Reiknað er með að sértekjur vegna umsjónar og eftirlits með hafnarframkvæmdum muni dragast saman á tímabilinu.

### 3.1.2 Viðskiptahreyfingar.

Kostnaður við rekstur Hafnabótasjóðs er fjármagnaður af eigin fé sjóðsins árin 2007 og 2008 og kemur þar fram sem jákvæð viðskiptahreyfing til Siglingastofnunar.

### 3.1.3 Rekstur og þjónusta.
### Stjórnsýsluverkefni o.fl.
***Hafnamál.***

Undir þennan lið falla verkefni sem Siglingastofnun Íslands eru falin með hafnalögum, lögum um sjóvarnir og lögum um samgönguáætlun, svo sem gerð áætlana um uppbyggingu hafna og sjóvarna og umsjón og/eða eftirlit með hafnarframkvæmdum og sjóvörnum. Með hafnlögum, nr. 61/2003, var Siglingastofnun falið það verkefni að sinna byggingareftirliti með öllum nýjum hafnarmannvirkjum óháð því hvort þau nytu framlags úr ríkissjóði eða ekki. Unnið verður að frumáætlunum vegna endurbóta á höfnum og innsiglingum samkvæmt verkáætlun samgönguáætlunar. Verði samþykkt að ráðast í rannsóknir er tengjast nýjum mannvirkjum, öðrum en hefðbundnum fiskihöfnum, verður að ætla þeim rannsóknum sérstakar fjárveitingar. Þar er t.d. átt við rannsóknir sem tengjast stóriðjuhöfnum. Unnið verður að dýptarmælingum, botnrannsóknum og rannsóknum á efnisflutningum, m.a. vegna brimrofs við strendur. Umsjón og eftirlit með slysavörnum í höfnum fellur undir þennan lið og umsagnir um ýmis mál er varða skipulag og mannvirki við ströndina sem og söfnun, úrvinnsla og miðlun ýmissa gagna er varða hafnarmannvirki og rekstur hafna.

Sértekjur sem Siglingastofnun hefur aflað sér með umsjón og eftirliti með ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum hafa að ákveðnu marki staðið undir stjórnsýsluverkefnum á sviði hafnamála. Í kjölfar þess að ríkið dregur úr styrkjum til hafnarframkvæmda munu þessar tekjur einnig dragast saman. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir að framlög til þessa rekstrarliðar muni aukast þegar líður á áætlunartímabilið.

***Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.***

Árlegt framlag til þessa verkefnis hefur staðið óbreytt að krónutölu í nokkur ár og er við það miðað að það hækki í 25 millj. kr. í lok tímabilsins. Undir þennan lið fellur m.a. gerð grunnkorta af höfnum, líkantilraunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum. Enn fremur verður sinnt dýptarmælingum og botnrannsóknum í tengslum við verkefni samgönguáætlunar.

*Grunnkort af höfnum.* Áhersla verður lögð á að endurnýja dýptarmælingar, staðsetja hafnarmannvirki í landskerfinu og gera hafnarkort með þessum upplýsingum aðgengileg á heimasíðu Siglingastofnunar.

*Líkantilraunir.* Árið 2007 verður lokið líkantilraunum af höfninni í Rifi er hafa það að markmiði að bæta innsiglinguna. Næstu verkefni í flokki almennra hafna eru Þórshöfn og Sauðárkrókur. Fyrir utan verkefni á samgönguáætlun liggja fyrir óskir um líkantilraunir vegna nýrrar stóriðjuhafnar á Húsavík og stækkunar stóriðjuhafnanna í Helguvík og Straumsvík. Röð verkefna mun verða í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda um uppbyggingu stóriðju.

***Rekstur Hafnabótasjóðs.***

Í hafnalögum er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands annist vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Í fjárlögum hefur verið afmörkuð sérstök upphæð til þessa rekstrarverkefnis.

Hafnabótasjóður skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. Hlutverk A-deildar sjóðsins er að fjármagna hlut ríkisins í ríkisstyrktum framkvæmdum en B-deildar að fjármagna viðgerðir tjóna á sömu mannvirkjum. Í fjárlögum 2004 var tekin sú stefna að fjármagna rekstur Hafnabótasjóðs með því að ganga á eigið fé sjóðsins. Hér er við það miðað að unnt sé að halda því áfram til og með ársins 2008 en eftir það verði að koma fjárveiting til að standa undir rekstrinum.

***Siglingavernd.***

Lög um siglingavernd, nr. 50/2004, komu til framkvæmda 1. júlí 2004. Markmið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólöglegum aðgerðum. Hlutverk Siglingastofnunar Íslands er að yfirfara og samþykkja verndaráætlanir og framkvæma úttektir á hafnaraðstöðum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Stofnunin heldur námskeið fyrir verndarfulltrúa hafna, hafnagæslumenn, starfsmenn útgerða og fyrirtækja sem vinna að útskipun og hafa þar af leiðandi hlutverki að gegna í siglingaverndinni. Þá annast stofnunin erlent samstarf tengt siglingaverndinni sem eðli máls samkvæmt er allmikið.

Gert er ráð fyrir að framlög til þessa verkefnis muni vaxa á tímabilinu. Stafar það af aukinni umferð erlendra skipa, sem er afleiðing mikils vaxtar stóriðju, og að komum skemmtiferðaskipa hefur fjölgað.

***Skipamál.***

Á stjórnsýslusviði Siglingastofnunar er unnið að undirbúningi og kynningu á laga- og reglugerðarsetningu á svið siglinga-, vita- og hafnamála og fylgir því erlent samstarf, m.a. við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO), Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA), Evrópusambandið (ESB) og fleiri aðila. Unnið er að innleiðingu alþjóðasamninga og EES-gerða með þýðingu þeirra og undirbúningi viðeigandi lagafrumvarpa og reglugerða.

Fundir siglingaráðs eru undirbúnir og drög að nýjum lögum og reglum lögð fyrir ráðið.

Haldin er skrá yfir skip og báta samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, og gefin út mælibréf, skrásetningarskírteini og þjóðernisskírteini fyrir íslensk skip. Í skipaskrá eru tilteknar grunnupplýsingar um skip og hvaða öryggisbúnaður sé um borð og þar er haldið utan um skoðanir á skipum og útgáfu haffærisskírteina. Úthlutað er umdæmisnúmerum fyrir skip og veitt einkaleyfi fyrir skipsnöfnum. Starfræktur er gagnagrunnur fyrir skipaskrá sem hýstur er hjá SKÝRR.

Gefin eru út alþjóðleg atvinnuskírteini til íslenskra sjómanna sem starfa á farþegaskipum og flutningaskipum (STCW), atvinnukafaraskírteini og skírteini fyrir leiðsögumenn og hafnsögumenn skipa.

Starfræktur er gagnagrunnurinn „Lög- og réttindaskráning sjómanna“ sem hefur að geyma upplýsingar um menntun og þjálfun íslenskra sjómanna, atvinnuskírteini, undanþágur og lögskráningar þeirra og lögskráningar á einstök skip. Í gagnagrunninn færa sýslumenn upplýsingar um útgáfu skírteina til sjómanna og lögskráningar, en gagnagrunnurinn er hýstur hjá SKÝRR. Siglingastofnun færir inn upplýsingar um undanþágur til sjómanna og frávik frá mönnun fiskiskipa í framhaldi af ákvörðunum undanþágunefndar og mönnunarnefndar, en stofnunin annast skrifstofuhald fyrir þær nefndir. Siglingastofnun hefur eftirlit með lögskráningu sjómanna.

Gefin eru út starfsleyfi til smábátaleiga, flúðasiglinga, kajakleiga og fyrirtækja í ferðaþjónustu á sjó, ám og vötnum.

Haft er eftirlit með því að menntun sjómanna sem veitt er hér á landi sé í samræmi við alþjóðakröfur.

Veittar eru lögboðnar umsagnir um dómsmál er varða skip og skipaútgerð.

**Vöktunarkerfi og skipaumferðarþjónusta.**

***Vitar og leiðsögukerfi.***

Undir þennan lið fellur rekstur vitakerfisins ásamt rekstri vöktunar- og upplýsingakerfa fyrir siglingar og fiskveiðar í íslensku efnahagslögsögunni. Auk landsvitakerfisins er um að

ræða rekstur leiðréttingastöðva fyrir GPS, svonefnt DGPS, rekstur sjálfvirks auðkenniskerfis skipa AIS og frá árinu 2008 móttaka upplýsinga frá LRIT (Long Range Identification and Tracking) um gervihnetti. Einnig er um að ræða umsjón með rekstri rafræns tilkynningakerfis skipa (SafeSeaNet) og rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag. Með SafeSeaNet kerfinu er tekið á móti tilkynningum um komu skipa, hættulegan farm o.fl. og upplýsingunum er á sjálfvirkan hátt miðlað til Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA). Einnig er þannig frá kerfinu gengið að allar tilkynningar til lögbærra aðila hér á landi (til tollayfirvalda, Schengen-tilkynningar, vegna hafnarríkiseftirlits o.s.frv.) eru innifaldar í því. Siglingastofnun Íslands sér um innleiðingu þessa kerfis í samvinnu við Vaktstöð siglinga sem tekur á móti tilkynningum og miðlar þeim til viðeigandi aðila. Innleiðingu SafeSeaNet á að ljúka fyrir árslok 2007. Verið er að undirbúa innleiðingu upplýsingakerfis (GIS-kerfis) um siglingar skipa sem eru innan sviðs sjálfvirka auðkenniskerfisins AIS. Kerfi þetta hefur verið þróað af Kystverket í Noregi. Í kerfi þessu er hægt að fylgjast með skipum við strendur landsins á sjókorti og fá fram upplýsingar um þau úr alþjóðagagnagrunnum. Kerfi þetta gerir Siglingastofnun kleift að veita höfnum, útgerðum og öðrum hagsmunaaðilum aðgang að þessum upplýsingum yfir internetið.

Vegna stóraukinnar umferðar erlendra skipa um íslenska efnahagslögsögu verður ýtt úr vör verkefni þar sem unnið verður áhættumat og tillögur lagðar fram um afmörkun siglingaleiða. Jafnframt þarf samhliða að vinna að aðgerðaáætlun varðandi það hvernig bregðast skuli við óhöppum sem gætu orðið vegna siglinga flutningaskipa. Nú er unnið að undirbúningi og útnefningu neyðarhafna og lýkur því verkefni á árinu 2007. Þessi vinna getur nýst í framtíðinni ef af olíuvinnslu verður innan íslensku efnahagslögsögunnar.

***Vaktstöð siglinga.***

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003 og hóf starfsemi í ágúst 2004. Framlög ríkissjóðs til rekstrar Vaktstöðvar siglinga falla undir fjárlagalið Siglingastofnunar Íslands og stofnunin hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvarinnar. Einnig sinnir stofnunin alþjóðlegu samstarfi er snýr að lögum um vaktstöðina svo sem við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO) og Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA).

Í þjónustusamningi sem Siglingastofnun Íslands gerði við Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg er þessum aðilum falið að annast sameiginlega rekstur vaktstöðvarinnar. Landhelgisgæslan fer með faglega forustu í vaktstöðinni og hefur með höndum daglegan almennan rekstur.

Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í efnahagslögsögu Íslands og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð, bæði erlenda og innlenda. Vaktstöðin hefur einnig það hlutverk að reka siglingaöryggisþjónustu við skip (Maritime Assistance Service, MAS) sem felur í sér m.a. að hafa afskipti af skipum sem virðast eiga í erfiðleikum og vísa skipum sem verða fyrir áföllum í skipaafdrep/neyðarhafnir. Einnig rekur vaktstöðin fjarskiptaþjónustu við skip ásamt Navtex-þjónustu. Forusta Landhelgisgæslunnar í Vaktstöð siglinga gerir hana að leitar- og björgunarmiðstöð á hafinu (MRCC) í samræmi við alþjóðasamninga þar að lútandi.

**Eftirlitsstörf.**

***Skipaeftirlit – eftirlit með íslenskum skipum.***

Öll íslensk skip, 6 metrar að lengd og lengri, eru skráningar- og skoðunarskyld. Skipin eru flokkuð í tvo meginflokka, opna vélbáta og þilfarsskip. Fjöldi opinna vélbáta á skrá er tæplega

1200 og þilfarsskip eru rúmlega 1.100. Skoðunaraðilar skipa eru viðurkennd flokkunarfélög, faggiltar skoðunarstofur skipa og Siglingastofnun Íslands. Viðurkennd flokkunarfélög skoða þau skip sem eru undir þeirra eftirliti í samræmi við samninga þeirra við Siglingastofnun Íslands og reglugerð þar um. Faggiltum skoðunarstofum skipa er í meginatriðum heimilt að skoða þau skip sem eru ekki undir eftirliti viðurkenndra flokkunarfélaga og eru minni en 400 brúttótonn fyrir utan farþegaskip sem eru yfir 24 m að lengd, í samræmi við reglugerð þar um. Siglingastofnun Íslands skoðar þau skip sem ekki eru undir eftirliti viðurkenndra flokkunarfélaga eða faggiltra skoðunarstofa skipa.

Siglingastofnun Íslands ber stjórnvaldslega ábyrgð á framkvæmd eftirlits með skipum og hefur eftirlit með starfsemi A- og B-faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar, viðurkenndra flokkunarfélaga og annarra starfsleyfishafa. Siglingastofnun Íslands annast upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, framkvæmir skyndiskoðanir, fer yfir teikningar og önnur gögn vegna nýsmíði skipa og breytinga á þeim, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína.

***Hafnarríkiseftirlit – eftirlit með erlendum skipum.***

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit og ákvæði í ýmsum öðrum alþjóðasamþykktum, sem Ísland á aðild að, annast Siglingastofnun Íslands eftirlit með ástandi og mönnun erlendra kaupskipa sem taka höfn hér á landi. Samkomulagið gerir ráð fyrir að 25% erlendra farþega- og flutningaskipa, sem koma til hafnar í hverju aðildarríki, séu tekin til skoðunar með það að markmiði að draga úr siglingum undirmálsskipa um heimshöfin. Reiknað er með að framlög til þessa verkefnis aukist á tímabilinu vegna vaxandi skipaumferðar til og frá landinu.

**Rannsóknir og öryggismál.**

***Rannsóknir og þróun.***

Kostnaður við rannsóknir og þróun á árinu 2007 er áætlaður 50 millj. kr. og fer hækkandi í 53 millj. kr. árið 2010.

Með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Helstu verkefnisflokkar eru:

***Hafna- og strandrannsóknir.***

Kostnaður við þessar rannsóknir er áætlaður 17–21 millj. kr. á ári.

Þessar rannsóknir tengjast höfnum og hafnargerð en eru óháðar einstökum mannvirkjum og felast m.a. í öldufarsreikningum og rannsóknum á efnisflutningum.

*Öldufarsrannsóknir.* Unnið verður að öldufarsrannsóknum á Grynnslunum utan Hornafjarðar, við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, Vík í Mýrdal, Surtsey auk öldufarsrannsókna við suðvesturströndina.

*Ferjulægi við Bakkafjöru.* Haldið verður áfram að fylgjast með öldufari og botnbreytingum undan Bakkafjöru.

*Vík í Mýrdal.* Auk öldufarsreikninga verður fylgst áfram með botnbreytingum.

Breiðamerkursandur. Unnið verður áfram að öldufarsrannsóknum og fylgst er með rofi niður á um 20 m dýpi með dýptarmælingum á nokkurra ára bili. Fyrir liggja tillögur að strandvörnum við Jökulsárlónið. Þessar tillögur byggjast m.a. á því að rofið nái niður á 10 til 15 m dýpi. Til að kanna betur strandrofið er stefnt að könnun á efnisburði meðfram ströndinni. Í dag

er aðgengi bæði að öldugögnum og eins tækni til að framkvæma slíkt mat. Þessi verkefni eru unnin í samvinnu við Vegagerðina.

*Öldufarsrannsóknir og siglingaöryggi stærri fiskiskipa á grunnsævi.* Skip fara stækkandi og eru því djúpristari sem aftur veldur erfiðleikum við að viðhalda nægu dýpi í aðsiglingu að höfnum og í höfnum. Sérstaklega er þetta bagalegt á stöðum eins og Grynnslunum utan Hornafjarðar, Þorlákshöfn, Sauðárkrókshöfn og við fleiri hafnir. Stefnt er að því að mæla lóðréttar hreyfingar skipa þegar þau sigla yfir Grynnslin. Við mælingarnar verður notaður mælibúnaður Siglingastofnunar. Á grundvelli þessara mælinga verður leitast við að meta við hve háa sjávarstöðu og ölduhæð viðkomandi fiskiskip getur siglt yfir Grynnslin og til annarra hafna án þess að taka niðri.

*Kennsla í strandverkfræði.* Siglingastofnun og Háskóli Íslands hafa samið um að stofnunin komi að kennslu í strandverkfræði á meistarastigi í byggingaverkfræði.

***Umhverfisrannsóknir.***

Kostnaður á ári við umhverfisrannsóknir er áætlaður 16–20 millj. kr. á ári.

Lögð verður sérstök áhersla á verkefni er tengjast siglingum stórra skipa í íslenskri efnahagslögsögu. Stefnt er að rannsóknum til að fá yfirlit yfir sjólag og veðurfar á Norður-Atlantshafi með það að markmiði að kanna rek stórra skipa sem er forsenda áhættumats siglinga þeirra. Helstu verkefni eru:

*Upplýsingakerfi um veður og sjólag.* Siglingastofnun er stöðugt að byggja upp upplýsingakerfið um veður og sjólag. Ölduspá Siglingastofnunar, sem er unnin í samvinnu við Evrópsku veðurmiðstöðina og Veðurstofu Íslands, er talin vera með um það bil 8% óvissumörk fyrir næstu tvo daga á hafsvæðinu umhverfis Ísland sem er með því besta sem gerist. Á heimasíðu Siglingastofnunar er nú hægt að fá ölduspá fyrir næstu daga með því að smella á „ölduhæð á stað" á korti yfir Íslandsmið. Þannig má líta á staðbundnar ölduspár eins og gögn frá ölduduflum Siglingastofnunar. Ákveðið hefur verið í samvinnu við Norðmenn að ölduspá Siglingastofnunar nái yfir allt hafsvæðið milli Noregs og Íslands. Siglingastofnun mun halda áfram að þróa ölduspár fyrir hafnir, grunnsævi og rastir og viðvörunarkerfi fyrir aftakaveður og sjávarflóð.

*Sjávarföll og sjávarflóð.* Sjávarfallalíkan Siglingastofnunar nær yfir um 5,7 milljón ferkílómetra svæði með 10 x 10 km upplausn á Norður-Atlantshafi og 2 x 2 km upplausn umhverfis landið þar sem hver fjórðungur nær yfir um 90.000 ferkílómetra svæði. Í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina og verkfræðistofuna VST er hafin vinna við söfnun gagna um sjávarföll á landgrunninu. Markmiðið er að kvarða betur sjávarfallalíkan Siglingastofnunar á landgrunninu og fá þar með betri nákvæmni við þróun kerfis sem staðsetur DST (sérútbúin mælitæki) merktan fisk út frá sjávarföllum. Hagnýtt gildi þessa verkefnis er m.a. við veiðistjórnun og stofnmat en ekki síst öryggismál á sjó. Þessi kvörðun mun nýtast vel fyrir reklíkan Siglingastofnunar sem verður notað til að spá fyrir um rek og útbreiðslu olíumengunar, rek gúmmíbáta og stórra olíuskipa. Í samvinnu við VST og Háskóla Íslands er unnið að því að gera spá um rek hafíss hér við land. Í tengslum við auknar siglingar olíuskipa innan efnahagslögsögu Íslands og hugsanlega olíuleit og olíuvinnslu á Drekasvæðinu verður unnið að úrvinnslu á veður- og öldugögnum fyrir Norður-Atlantshaf og reklíkanið notað til að segja fyrir um líkur á að stór vélvana olíuflutningaskip reki að landinu.

*Neyðarviðbrögð fyrir skip í erfiðleikum á norðurslóðum.* Um er að ræða samstarfsverkefni um umsókn til EB sem unnið er af Siglingastofnun og norskum og rússneskum rannsóknastofnunum á vegum verkefnisins „Öryggi sjófarenda á norðurslóðum" (Northern Periphery Programme) og verður unnið á árinu 2007. Markmiðið með verkefninu er að safna saman

viðbragðsáætlunum fyrir Norðvestur-Rússland, Norður-Noreg, Ísland, Kanada og austurströnd Bandaríkjanna, taka saman yfirlit um staðsetningu dráttarbáta og gera yfirlit yfir neyðaráætlanir stjórnvalda.

*Könnun á sjávarflóðum.* Nauðsynlegt er að takast á við afleiðingar aftakaveðra á sjó, við ströndina og í höfnum landsins og eins afleiðingar veðurfarsbreytinga sem kunna að verða í framtíðinni. Við þessi verkefni verður beitt nýjum og fullkomnum hugbúnaði til að reikna öldufar og sjávarflóð.

*Rannsóknir á hækkun sjávarborðs af völdum veðurfarsbreytinga.* Markmið verkefnisins er að safna öllum tiltækum sjávarborðsmælingum í íslenskum höfnum og gervitunglagögnum, leiðrétta þau fyrir sjávarföllum og túlka mismun á sjávarföllum hvað varðar breytta sjávarstöðu, jarðskorpuhreyfingar, þ.e. landris og landsig og hafstrauma. Verkefnið er unnið í samvinnu við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Á grundvelli þessara verkefna verður lagt mat á hugsanlega hækkun sjávarborðs hér við land og hættu á sjávarflóðum í náinni framtíð.

***Rannsóknir sem tengjast öryggi skipa og áhafna.***

Kostnaður við þessar rannsóknir er áætlaður 15 millj. kr. á ári.

Áhersla verður lögð á að vinna úr niðurstöðum rannsókna á sjóslysum og kappkostað að sá lærdómur, sem af þeim má draga, skili sér inn í reglur um öryggi skipa og áhafna. Helstu verkefni eru:

*Áhættumat minni fiskiskipa í hættulegum öldum.* Til að varast að fiskiskip verði fyrir áföllum eða þeim hvolfi er brýnt að þekkja tengslin milli stöðugleika skipsins og hæfni þess til að bregðast við áhrifum frá umhverfinu. Rannsóknir Siglingastofnunar á hreyfistöðugleika og á áhættustjórnun skipa í samvinnu við innlendar verkfræðistofur og erlenda aðila hafa leitt til einfaldari útfærslu á stöðugleikagögnum fyrir fiskiskip og þróuð hafa verið tengsl milli hreyfistöðugleika skipa og áhættumats á brotöldum sem fyrir liggur í upplýsingakerfi stofnunarinnar.

*Stöðugleiki skipa.* Samspil öldu og hreyfinga skips verður kannað með tilliti til stöðugleika skipa. Farið verður yfir gögn um skip sem sokkið hafa og lagt mat á áhrif öldu við þessa atburði.

*Nýting andveltigeyma.* Til að gera vinnu um borð í fiskiskipum öruggari er grundvallaratriði að draga úr veltingi eins og hægt er. Þetta er gert m.a. með andveltigeymi og í þróun er búnaður til að hámarka nýtingu andveltigeyma.

*Rannsóknir á sjóveiki og þreytu um borð í fiskiskipum.* Talið er að sjóveiki og þreyta valdi óbeint slysum á sjó og mun Siglingastofnun í samvinnu við Landspítala – Háskólasjúkrahús, verkfræðistofur, áhafnir og útgerðir skipa fara af stað með rannsóknarverkefni þar sem í fyrsta sinn verða mældar hreyfingar sjómanna við vinnu og álag á þá auk mælinga á hreyfingum skipanna sjálfra. Notaður verður hreyfimælibúnaður Siglingastofnunar til að mæla hreyfingar skipa og sænskur búnaður til að mæla hreyfingar sjómanna. Stefnt er að því að verkefnið geti hafist haustið 2007 og það verði doktorsverkefni við Landspítala – Háskólasjúkrahús, LHS. Verkefnið mun taka nokkur ár.

*Hleðsla og ofhleðsla smábáta.* Unnið verður að könnun á leyfilegri hleðslu smábáta og ofhleðslu þeirra almennt. Skoðað verður hvort stefna beri að því að leyfileg hámarkshleðsla smábáta verði skráð í haffærisskírteini þeirra eða jafnvel skráð á plötu á áberandi stað á stýrishúsi þeirra. Kannaðar verða einnig almennar stöðugleikakröfur til smábáta og hvort það rekstrarumhverfi sem smábátar búa við geti haft áhrif á öryggi þeirra.

*Loftflæði til aðalvéla skipa.* Kannaðar verða tæknilegar forsendur á rafeindastýrðum gangráði aðalvéla, einnig loftinntök og eldsneytissíur. Almennt ástand verður kannað með tilliti

til kerfisgreiningar á eldsneyti, loftinntökum, að- og frárennslislögnum, afgasi, kælikerfi og gangráði skipavéla. Unnið verður að upplýsingaöflum er varðar laga- og reglugerðaumhverfi. Einnig verður hugað að kröfum um menntun og þekkingu vélstjóra sem stjórna tölvustýrðum skipavélum.

*Viðhorfskönnun meðal sjómanna um aukna öryggisvitund.* Viðhorfskönnunin er samstarfsverkefni Siglingastofnunar og skosku systurstofnunar hennar á vegum verkefnis um öryggi sjófarenda á norðurslóðum (Northern Periphery Programme). Lagðar verða fyrir sjómenn allt að 100 spurningar sem reynsla er fyrir að auka öryggisvitund þeirra. Verkefnið verður unnið veturinn 2006–2007 og er stefnt að því að niðurstöður liggi fyrir á árinu 2007.

*Umhverfisvænir orkugjafar.* Íslenska samgöngukerfið og skipaflotinn brenna árlega rúmlega 500.000 tonnum af bensíni og olíu en það samsvarar 90.000 tonnum af vetni ef það væri notað í stað þessara hefðbundnu orkugjafa. Einnig þarf að taka til athugunar að efla rannsóknir sem beinast að orkusparnaði í skipum sem eru og verða í íslenska fiskiskipaflotanum næsta áratug.

*Loftræstikerfi skipa.* Rannsóknir Siglingastofnunar á vatnsþéttleika skipa og loftgæðum í skipum hafa sýnt að rými sem eiga að vera lokuð á sjó vegna vatnsþéttleika skipsins þurfa að vera vel loftræst því að annars eru þau höfð opin og rýra þannig öryggi skipsins. Farið verður yfir íslenskt og alþjóðlegt regluumhverfi loftræstingar í skipum, hönnunarforsendur, hreinsun loftræstikerfa og nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.

*Eigin skoðanir skipa.* Á síðustu árum hefur það færst í vöxt að erlend stjórnvöld hafa heimilað útgerðum minni skipa að framkvæma eftirlit með skoðun skipa sinna. Þannig ber útgerð skipsins fulla ábyrgð á eftirliti og skoðunum skipsins og fyllir út skoðunarskýrslur og sendir þær til þess aðila sem fer með stjórnvaldseftirlitið. Litið er svo á að eigendur skipa, útgerð þeirra og áhöfn þekki skip sín best og leggi því metnað sinn í að sinna eftirlitshlutverkinu á sem öruggastan og hagkvæmastan hátt. Stjórnvaldseftirlitið framkvæmir áfram upphafsskoðanir skipa og skyndiskoðanir eftir því sem við á og jafnvel almenna skoðun á fimm ára fresti. Farið verður yfir kosti og galla þessa kerfis með því að kanna upplýsingar frá innlendum og erlendum útgerðum um framkvæmd þessa eftirlitskerfis.

*Hávaði í skipum.* Rannsökuð verði hávaðamörk um borð í skipum. Rannsakað verður sérstaklega hver sé örsök hávaða um borð í skipum og hvaða áhrif hávaði hefur á hvíld skipverja.

*Loftgæði í skipum.* Tilgangur verkefnisins er í fyrsta lagi að komast að raun um hver loftgæði eru um borð í íslenskum skipum sem vinnustöðum, og þá sérstaklega í vélarrúmum skipa og vistarverum áhafna, og gera mælingar á CO, $CO_2$, $H_2S$ og $NO_x$ ásamt aðskotaögnum og fá þannig fram gögn með niðurstöðum til úrvinnslu.

***Áætlun um öryggi sjófarenda.***

Árlegur kostnaður við áætlun um öryggi sjófarenda er áætlaður 22 millj. kr. Markmið áætlunar um öryggi sjófarenda er m.a. að treysta og auka öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni áætlunarinnar eru menntun og þjálfun sjómanna, gerð fræðsluefnis og leiðbeininga, söfnun og miðlun upplýsinga, gæða- og öryggiskröfur um borð í skipum og rannsóknir. Siglingastofnun Íslands annast framkvæmd áætlunarinnar.

Verkefni sem eru nú í vinnslu og áætlað er að verði unnin árið 2007 eru viðhorfskönnun sjómanna, læknisfræðilegt mat sjóslysa, handbók fyrir áhafnir fiskiskipa, fræðslupésar um neyðarbúnað skipa og fyrir skemmtibáta, eigin skoðun skipa, veðurfræði fyrir sjómenn,

áhættumat vegna siglinga farþegaskipa og -báta og styrkir til ýmissa rannsókna er varða öryggi.

*Framtíðarsýn um þróun næstu ára.* Í áætlun um öryggi sjófarenda 2007–2010 eru lagðar til breytingar á áherslum verkefna. Breytingarnar fela það í sér að öryggisstjórnun um borð í skipum mun fá meira vægi í verkefnum en áður.

Tilgangur öryggisstjórnunar um borð í skipum er að tryggja sem best að öryggisþættir séu undir öruggri stjórn og að búnaður skips og hæfni skipverja sé eins góð og mögulegt er hverju sinni. Virk öryggisstjórnun hjá útgerðum og í skipum þeirra mun hafa í för með sér aukna öryggisvitund allra starfsmanna á landi sem á sjó sem aftur mun leiða af sé aukið öryggi þeirra. Virk öryggisstjórnun er undanfari þess að útgerð og áhafnir framkvæmi sjálf skoðun og eftirlit með skipum sínum því að þessir aðilar þekkja skip sín best. Slík aðferðafræði kallast „eigin skoðun skipa“ og mundi í þessu tilfelli Siglingastofnun hafa eftirlit með því að skoðunin fari rétt fram.

Undir öryggisstjórnun falla öryggisstjórnunarkerfi og áhættumat. Einnig flokkast hér undir skipuleg fræðsla og þjálfun áhafnar ásamt skráningu slysa og atvika („næstum-því-slys“) og greining á orsökum þeirra.

Á vegum áætlunar um öryggi sjófarenda 2003–2006 hófst vinna að undirbúningi þess að formleg öryggisstjórnun verði almennt viðhöfð í íslenskum fiskiskipum. Má hér nefna útgefið fræðsluefni um hættumat í skipum og notkun þjónustu-, þjálfunar- og vinnuöryggishandbóka í fiskiskipum.

Lögð verður áhersla á að hættumat verði gert í hverju skipi með það að markmiði að greina hættu við störfin og koma í veg fyrir eða minnka hana.

Einnig er lagt til að tekið verði upp öryggisstjórnunarkerfi í öllum íslenskum fiskiskipum. Vegna krafna Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) starfa öll farþegaskip, olíu- og efnaflutningaskip og önnur flutningaskip stærri en 500 BRT eftir öryggisstjórnunarkerfum byggðum á svokölluðum ISM kóða. Þörfin á formlegri stjórnun öryggismála í öðrum skipum er ekki minni en í kaupskipunum. Undirbúningur að þessu verkefni hefur staðið yfir um tíma og verður hægt meðal annars að byggja á öryggisstjórnunarkerfi sem þróað hefur verið fyrir fiskiskip en samgönguráðuneytið styrkti gerð þess kerfis á sínum tíma.

Samhliða þessum verkefnum er áhugi á að láta fara fram tryggingafræðilega úttekt á sjóslysum og kostnaði vegna þeirra og bera úttektina saman við það sem er að gerast í nágrannalöndum okkar.

Nýjar áherslur verða settar fram hvað varðar greiningu helstu verkefna og útgjalda til þeirra. Í áætlun um öryggi sjófarenda 2001–2003/2005–2008 var verkefnum skipt upp í níu áhersluatriði en þau verða dregin saman í fjögur áhersluatriði og þá með tilliti til samræmingar og þeirrar reynslu sem fengist hefur frá árinu 2001. Grunnur að áætluninni, sem lagður var árið 2000, verður endurmetinn. Reynt verður að leggja mat á viðhorf sjómanna til sinna öryggismála og áætlunarinnar með skoðunarkönnun eins og gert var í lok árs 2005 og einnig árið 2000 þegar áhersluatriði langtímaáætlunarinnar voru fyrst ákveðin. Einnig er stefnt að fræðilegu mati á slysum, alvarlegum slysum og dauðaslysum.

*Helstu málaflokkar áætlunar um öryggi sjófarenda 2007–2010 eru:*

**A. Menntun og þjálfun.**


**B. Fræðsluefni og miðlun upplýsinga.**

**C. Öryggisstjórnun.**


**D. Rannsókna- og þróunarverkefni.**

*Skilgreining stefnumótandi áherslna og markmiða.* Meginmarkmið áætlunar um öryggi sjófarenda er að fækka slysum á sjó. Stefnt skal að því að öryggi íslenskra skipa verði eins og


það gerist best með öðrum þjóðum. Hafin er úrvinnsla er varðar skilgreiningu á stefnumótandi áherslum og markmiðum og eru eftirfarandi myndir fyrsti liður í þessari úrvinnslu.




Mynd 1: Tilkynningar um slys.




Mynd 2: Banaslys á sjó.




Mynd 3: Fjöldi skipa sem hafa farist.

Mynd 1 sýnir þriggja ára meðaltalsfjölda tilkynntra slysa á sjómönnum til Tryggingastofnunar ríkisins og mynd 2 fjölda banaslysa. Þessar tilkynningar eru frá öllum skipum en fjöldi starfandi sjómanna á eingöngu við um fiskveiðar. Fjöldi starfandi sjómanna á kaupskipum á fyrri hluta tímabilsins var talsverður en er hverfandi á seinni hlutanum þannig að tilkynnt slys og dauðaslys per 10.000 manns eru marktæk á seinni hlutanum. Aukninguna á tilkynningum um slys frá tímabilinu 1984–1986 má skýra að hluta með breytingum á lögum um slysabætur.

*Mælanleg undirmarkmið.* Á vegum Landsspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) er unnið að heilsufræðilegum upplýsingum um slys á sjómönnum. Hér er um viðamikið verkefni að ræða sem þegar er hafið. Siglingastofnun mun koma að þessari vinnu og nýta þær upplýsingar sem fram munu koma til að fullgera neðangreind markmið.

*Markmið 1:* Stefnt verður að því að árin 2007–2018 muni dauðaslysum enn fækka en tíðni dauðaslysa er 2,85 af hverjum 10.000 starfandi sjómönnum á ári að meðaltali á þriggja ára tímabili (2004–2006). Hin síðari ár hefur dauðaslysum fækkað mjög.

*Markmið 2:* Stefnt verður að því að á árabilinu 2007–2018 muni skipsköðum fækka en skipskaðar hafa verið fimm af hverjum 10.000 fiskiskipum á ári að meðaltali á þriggja ára tímabilum áranna 1998–2006.

*Markmið 3:* Stefnt verður að fækkun alvarlegra slysa hjá sjómönnum og að þau verði færri með hverju ári þegar miðað er við skráningar LSH og Slysaskrá Íslands. Þegar skráning þessara aðila liggur fyrir er hægt að takast á við þetta verkefni af fullum krafti.

***Minjavernd og saga.***

Þær stofnanir sem mynduðu Siglingastofnun Íslands árið 1996 gegndu veigamiklu hlutverki í framþróun íslensks samfélags á 20. öld og er saga þeirra og viðfangsefni mikilvægur þáttur þjóðarsögunnar. Einnig eru varðveittar hjá stofnuninni minjar og skjöl af ýmsu tagi frá fyrri tímum. Siglingastofnun Íslands er ljós sú ábyrgð sem á henni hvílir gagnvart söguritun og minjavernd. Þegar hefur verið skráð saga íslenskra vita og nú stendur yfir ritun sögu hafnargerðar á Íslandi. Að því loknu þarf að takast á við skrásetningu á sögu annarra verkefna sem stofnunin fæst við.

Siglingastofnun Íslands hefur einnig hug á að kynna sjó- og strandminjar með því að setja upp upplýsingaskilti til dæmis um merka vita, verstöðvar, lendingarstaði og hafnarmannvirki í samvinnu við áhugasama aðila. Þá hafa nokkrir vitar verið friðaðir og má búast við að veita þurfi eitthvert fé til viðhalds þeim í samræmi við friðunarskilmála.

***Þjónustuverkefni.***

Hér er um að ræða ýmis verkefni sem seld eru viðskiptavinum Siglingastofnunar Íslands og greiðslur koma fyrir veitta þjónustu í formi sértekna. Kaupendur þjónustunnar eru fyrst og fremst hafnarsjóðir, útgerðir og sjómenn. Undir þennan lið falla t.d. hönnun, umsjón og eftirlit með hafnarframkvæmdum og sjóvörnum, tækjaleiga, rekstrarvörur vegna innsiglingarljósa í eigu hafnarsjóða, yfirferð gagna vegna nýsmíði og breytinga á skipum, útgáfa skipsskírteina, starfsleyfa og atvinnuréttindaskírteina, námskeiðahald og sala á fræðsluefni fyrir sjómenn.

### 3.1.4 Stofnkostnaður.

***Vitar og leiðsögukerfi.***

Miðað er við að framlög til stofnkostnaðar aukist heldur frá því sem verið hefur. Aukin umferð skipa innan íslensku efnahagslögsögunnar verður til þess að nauðsynlegt er að efla eftirlits- og upplýsingakerfi í samræmi við nýjustu og bestu tækni sem völ er á.

***Hafnamannvirki.***

Mat á áætluðum kostnaði ríkissjóðs við að ná framkvæmdamarkmiðum í höfnum miðast við að greiðsluþátttaka ríkissjóðs haldist óbreytt samkvæmt eldri hafnalögum til ársloka 2008, sbr. lög nr. 11/2006, um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003. Fram að þeim tíma verður áhersla lögð á jafnsetningu hafna í framkvæmdalegu tilliti eins og lögin kveða á um.

Frá 1. janúar 2009 verður kostnaðarþátttaka ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum eins og kveðið er á um í 24. gr. hafnalaga, nr. 61/2003. Innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt byggðakorti Eftirlitsstofnunar EFTA, sem gildir frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013, eru 36 hafnasjóðir sem falla undir a-, b- og c-liði 24. gr.

Fyrir b-lið er framreiknað tekjuviðmið nú $\leq$ 23 millj. kr. og aflaviðmið $\leq$ 693 millj. kr. Undir þessi mörk falla eftirtaldir hafnasjóðir:

Stykkishólmshöfn
Dalabyggðarhafnir
*Búðardalur, Skarðsstöð*
Reykhólahöfn
Tálknafjarðarhöfn
Súðavíkurhöfn
Norðurfjarðarhöfn
Drangsneshöfn
Hólmavíkurhöfn
Hvammstangahöfn
Blönduóshöfn
Grímseyjarhöfn
Borgarfjarðarhöfn
Breiðdalsvíkurhöfn

Að auki eru eftirtaldar hafnir sem hafa sameinast stærri hafnarsjóðum en eiga rétt á ríkisstyrk skv. b-lið í fimm ár frá sameiningu, sbr. 14. gr. hafnalaganna:

Norðurþing, Kópaskershöfn (júní 2011)
Norðurþing, Raufarhöfn (júní 2011)
Langanesbyggð, Bakkafjarðarhöfn (júní 2011)
Fjarðabyggð, Stöðvarfjarðarhöfn (Austurbyggð okt. 2008)

Fyrir c-lið er framreiknað tekjuviðmið nú $\leq$ 46 millj. kr. og aflaviðmið $\leq$ 1.733 millj. kr. Undir þessi mörk falla eftirtaldir hafnasjóðir:

Vesturbyggðarhafnir
*Brjánslækur, Patreksfjörður, Bíldudalur*
Skagastrandarhöfn
Siglufjarðarhöfn
Norðurþing, Húsavíkurhöfn
Langanesbyggð, Þórshöfn
Vopnafjarðarhöfn
Djúpavogshöfn

Aðrar hafnir sem rétt eiga á ríkisstyrk skv. a-lið 24. gr. eru:

Hafnir Snæfellsbæjar
*Arnarstapi, Rifshöfn, Ólafsvík*
Grundarfjarðarhöfn
Bolungarvíkurhöfn

Ísafjarðarhafnir
*Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Ísafjörður*
Skagafjarðarhafnir
*Sauðárkrókur, Hofsós, Haganesvík*
Hafnasamlag Eyjafjarðar
*Ólafsfjörður, Dalvík, Árskógssandur, Hauganes, Hrísey*
Hafnasamlag Norðurlands
*Hjalteyri, Akureyri, Svalbarðseyri, Grenivík*
Seyðisfjarðarhöfn
Fjarðabyggðarhafnir
*Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður*
Hornafjarðarhöfn
Vestmannaeyjahöfn
Þorlákshöfn
Grindavíkurhöfn
Sandgerðishöfn
Reykjaneshöfn
Vogahöfn

Siglingastofnun Íslands hefur skilgreint staðalkröfur fyrir fiskiskipahafnir og flokkað hafnir í fjóra flokka eftir umfangi þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Fyrir hvern flokk hafna eru annars vegar gerðar ákveðnar tæknilegar kröfur er lúta að gæðum hafnar og hafnarmannvirkja og hins vegar miðað við reglur um nýtingu mannvirkja. Jafnsetning hafnanna felur í sér að þær séu svipað á vegi staddar hvað það varðar að uppfylla staðalkröfur.

Allar óskir sem bárust um framkvæmdir á áætlunartímabilinu voru kostnaðarreiknaðar og þeim forgangsraðað samkvæmt reiknilíkani sem Siglingastofnun hefur notað frá árinu 2000.

Jafnsetning felur einnig í sér að endurbyggja viðlegukanta sem eru orðnir gamlir og úr sér gengnir. Um leið og endurnýjun á sér stað er mannvirkið aðlagað þeim breytingum sem orðið hafa í sjávarútvegi, m.a. djúpristari skipum og meira álagi á hafnarbakka. Í sumum höfnum hefur starfsemi dregist saman svo að ekki er þörf á að endurbyggja gamla viðlegukanta en nauðsynlegt getur reynst að fjarlægja slík mannvirki vegna öryggissjónarmiða.

Framkvæmdir sem áætlaðar eru árin 2007 og 2008 eru styrktar samkvæmt bráðabirgðaákvæði hafnalaga, nr. 61/2003, með síðari breytingum. Eftir það tekur 24. gr. laganna gildi en samkvæmt henni takmarkast þátttaka ríkisins í framkvæmdum grunnnetshafnanna nær eingöngu við viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða.

Í allmörgum höfnum standa yfir framkvæmdir sem hófust árið 2006 eða fyrr. Búið var að ráðstafa fjármunum í þessi verkefni sem færast yfir á árið 2007. Í eftirfarandi töflum er sýnt hvernig þetta lækkar fjárveitingarþörf til nýframkvæmda hjá viðkomandi höfnum árið 2007.

Að auki er óbundið fé frá árinu 2006 eða fyrr 585 millj. kr. sem ráðstafað verður í nýjar framkvæmdir á árinu 2007. Þeir fjármunir eru til komnir ýmist vegna þess að verk hafa orðið ódýrari en áætlað var eða hafnarsjóðir hafa ekki ráðist í þau verkefni sem samgönguáætlun gerði ráð fyrir.

## Hafnir í grunnneti – fjárveitingar.
## Fylgiskjal með töflu 3-2.

*) Ráðstafað í verklok skv. yfirliti dags. 14.12.2006

| *Kjördæmi* / Höfn | 2007 Ríkishl. í nýfram-kvæmdum (1) | 2007 *) Verk í gangi. (2) | 2007 Fjárveiting til nýfram-kvæmda (1) - (2) | 2008 Fjárveiting til nýfram-kvæmda | 2009 Fjárveiting til nýfram-kvæmda | 2010 Fjárveiting til nýfram-kvæmda (1) - (2) | **Samtals 2007 - '10** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Norðvesturkjördæmi** | | | | | | | |
| Snæfellsbær | 155,2 | 41,6 | 113,6 | 26,6 | 0,0 | 29,9 | 170,1 |
| Grundarfjörður | 61,4 | 16,5 | 44,9 | 17,2 | 0,0 | 0,0 | 62,1 |
| Stykkishólmur | 0,0 | | 0,0 | 0,0 | 10,8 | 13,3 | 24,1 |
| Vesturbyggð | 63,3 | 2,0 | 61,3 | 14,5 | 50,1 | 28,3 | 154,2 |
| Ísafjarðarbær | 79,4 | 13,0 | 66,4 | 47,0 | 0,0 | 0,0 | 113,4 |
| Bolungarvík | 67,7 | | 67,7 | 0,0 | 27,1 | 0,0 | 94,8 |
| Skagaströnd | 54,9 | | 54,9 | 11,1 | 0,0 | 10,7 | 76,7 |
| Skagafjörður | 0,0 | | 0,0 | 63,3 | 16,9 | 0,0 | 80,2 |
| | **481,9** | **73,1** | **408,8** | **179,7** | **104,9** | **82,2** | **775,6** |
| **Norðausturkjördæmi** | | | | | | | |
| Siglufjörður | 54,2 | | 54,2 | 0,0 | 36,5 | 18,5 | 109,2 |
| Hafnasamlag Eyjafjarðar | 47,4 | 1,2 | 46,2 | 5,6 | 14,5 | 16,9 | 83,2 |
| Hafnasamlag Norðurlands | 90,1 | 3,5 | 86,6 | 32,8 | 0,0 | 0,0 | 119,4 |
| Grímsey | 38,1 | | 38,1 | 0,0 | 0,0 | 26,1 | 64,2 |
| Norðurþing (Húsav. Raufarh.) | 60,9 | 52,4 | 8,5 | 86,7 | 6,8 | 7,0 | 109,0 |
| Langanesbyggð (Þórsh.) | 58,7 | | 58,7 | 12,5 | 0,0 | 0,0 | 71,2 |
| Vopnafjörður | 54,0 | 18,1 | 35,9 | 0,0 | 0,0 | 5,5 | 41,4 |
| Seyðisfjörður | 2,7 | 2,5 | 0,2 | 19,0 | 0,0 | 0,0 | 19,2 |
| Fjarðabyggð (Nesk., Esk., Rey., Fáskfj.) | 145,3 | 136,9 | 8,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 8,4 |
| Djúpivogur | 3,4 | 3,4 | 0,0 | 17,5 | 0,0 | 0,0 | 17,5 |
| | **554,8** | **218,0** | **336,8** | **174,1** | **57,8** | **74,0** | **642,7** |
| **Suðurkjördæmi** | | | | | | | |
| Hornafjörður | 65,4 | 8,2 | 57,2 | 49,3 | 0,0 | 0,0 | 106,5 |
| Vestmannaeyjar | 66,2 | 49,6 | 16,6 | 44,8 | 0,0 | 0,0 | 61,4 |
| Þorlákshöfn | 154,8 | 84,1 | 70,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 70,7 |
| Grindavík | 92,5 | 14,2 | 78,3 | 69,3 | 0,0 | 0,0 | 147,6 |
| Sandgerði | 5,9 | | 5,9 | 7,2 | 0,0 | 10,2 | 23,3 |
| Reykjanesbær | 0,0 | | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| | **384,8** | **156,1** | **228,7** | **170,6** | **0,0** | **10,2** | **409,5** |
| **Óskipt** | | | | | | | |
| Viðhaldsdýpk./skjólg. | 43,4 | 12,8 | 30,6 | 44,8 | 88,9 | 73,0 | 237,3 |
| Til slysavarna o.fl. | 12,0 | 9,1 | 2,9 | 9,6 | 9,6 | 7,2 | 29,3 |
| **Alls í grunnneti:** | **1.476,9** | **469,1** | **1.007,8** | **578,8** | **261,2** | **246,6** | **2.094,4** |

## Hafnir utan grunnnets – fjárveitingar.
## Fylgiskjal með töflu 3-4.

*) Ráðstafað í verklok skv. yfirliti dags. 14.12.2006

| Kjördæmi / Höfn | 2007 Ríkishl. í nýfram-kvæmdum (1) | 2007 *) Verk í gangi. (2) | 2007 Fjárveiting til nýfram-kvæmda (1) - (2) | 2008 Fjárveiting til nýfram-kvæmda | 2009 Fjárveiting til nýfram-kvæmda | 2010 Fjárveiting til nýfram-kvæmda | Samtals 2007 - '10 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Norðvesturkjördæmi** | | | | | | | |
| Snæfellsbær | 0,0 | | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Dalabyggð | 2,4 | 1,7 | 0,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,7 |
| Reykhólar | 9,3 | 6,8 | 2,5 | 0,0 | 0,0 | 38,6 | 41,1 |
| Tálknafjörður | 8,5 | | 8,5 | 0,0 | 81,0 | 18,8 | 108,3 |
| Ísafjarðarbær | 17,1 | | 17,1 | 43,5 | 0,0 | 0,0 | 60,6 |
| Súðavík | 2,2 | | 2,2 | 1,7 | 8,9 | 0,0 | 12,8 |
| Norðurfjörður | 3,9 | | 3,9 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 3,9 |
| Drangsnes | 5,1 | | 5,1 | 0,0 | 6,0 | 0,0 | 11,1 |
| Hólmavík | 4,3 | | 4,3 | 0,0 | 66,5 | 28,2 | 99,0 |
| Húnaþing vestra | 0,0 | | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 16,3 | 16,3 |
| Blönduós | 0,0 | | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Skagafjörður | 0,0 | | 0,0 | 9,6 | 0,0 | 0,0 | 9,6 |
| | **52,8** | **8,5** | **44,3** | **54,8** | **162,4** | **101,9** | **363,4** |
| **Norðausturkjördæmi** | | | | | | | |
| Hafnasamlag Eyjafjarðar | 0,0 | | 0,0 | 7,8 | 0,0 | 0,0 | 7,8 |
| Hafnasamlag Norðurlands | 7,6 | 1,0 | 6,6 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 6,6 |
| Norðurþing (Tjörn., Kópask.) | 0,0 | | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Langanesbyggð (Bakkafj.) | 1,3 | | 1,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,3 |
| Borgarfjörður eystri | 0,9 | 0,7 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 12,4 | 12,6 |
| Fjarðabyggð (Mjóifj., Stöðvarfj.) | 0,0 | | 0,0 | 2,5 | 0,0 | 0,0 | 2,5 |
| Fljótsdalshérað | 0,0 | | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Breiðdalsvík | 0,0 | | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 66,5 | 66,5 |
| | **9,8** | **1,7** | **8,1** | **10,3** | **0,0** | **78,9** | **97,3** |
| **Óskipt** | 0,0 | | | | | | |
| Viðhaldsdýpk./skjólg. | 3,7 | | 3,7 | 2,5 | 8,4 | 4,6 | 19,2 |
| Til slysavarna o.fl. | 4,8 | | 4,8 | 3,6 | 3,0 | 3,0 | 14,4 |
| **Alls utan grunnnets:** | **71,1** | **10,2** | **60,9** | **71,2** | **173,8** | **188,4** | **494,3** |

***Lendingarbætur.***

Hér er um að ræða styrki til einstaklinga, fyrirtækja eða sveitarfélaga til framkvæmda utan skilgreindra hafnasvæða. Styrkir þessir eru fyrst og fremst til framkvæmda á stöðum þar sem útgerð og/eða ferðaþjónusta er stunduð í atvinnuskyni.

***Ferjubryggjur.***

Undir þennan lið falla framlög til viðhalds og endurbyggingar hafnarmannvirkja utan skilgreindra hafnarsvæða þar sem ríkið styrkir ferjusiglingar, svo sem í Breiðafjarðareyjum og við Ísafjarðardjúp. Stærstu einstöku verkefnin eru endurbygging og lenging bryggju í Flatey á Breiðafirði 2007 og bætt aðstaða á Stað í Reykhólahreppi og í Vigur.

***Sjóvarnargarðar.***

Framkvæmdum er raðað í forgangsröð miðað við tiltekna forgangsflokka, A, B og C (sbr. „Yfirlitsskýrslu um sjóvarnir árið 2006“ útgefna af Siglingastofnun í desember 2006). A-framkvæmdum er lokið og flestum B-framkvæmdum. Eru því í þessari áætlun aðallega B–C-framkvæmdir og C-framkvæmdir.

Sjóvarnarframkvæmdum verður ekki lokið með þessari áætlun. Bæði er töluvert af sjóvörnum 15–20 ára og eldri er þarfnast styrkingar sem ekki eru í þessari áætlun. Svo er á hitt að líta að um 17 ár eru frá síðasta stórflóði suðvestanlands, en 10–12 ár á Norðurlandi og Vestfjörðum. Nýtt stórflóð mundi skapa nýja framkvæmdaþörf. Búast má við stórflóðum á 10–20 ára fresti sé tekið mið af reynslu.

Fjárveitingar til sjóvarna. Gert er ráð fyrir að vinna að sjóvörnum í 32 sveitarfélögum á áætlunartímabilinu fyrir samtals 649 millj. kr. Að auki er óráðstafað 68 millj. kr. sem hægt verður að grípa til ef mannvirki eru talin í hættu. Alls er því reiknað með að vinna að sjóvörnum fyrir 717 millj. kr. árin 2007–2010. Af þeirri upphæð greiðir ríkið 600 millj. kr. en sveitarfélög/landeigendur 117 millj. kr.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri sjóvarnarframkvæmda í desember 2006 er gert ráð fyrir að ónotaðar séu 107 millj. kr. af fjárveitingum ársins 2006 og fyrr sem verða nýttar í ný verkefni innan sömu sveitarfélaga. Fjárveiting í ný sjóvarnarverkefni árin 2007–2010 er því alls 493 millj. kr. Ef ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir í viðkomandi sveitarfélagi á árunum 2005–2008 er ónotuð fjárveiting flutt yfir á óskiptan lið.

Í töflunni hér að neðan er yfirlit um ráðstöfun ónotaðra fjárveitinga.

**Fylgiskjal með töflu 3-7.**
Sveitarfélög, yfirlit yfir ríkishlut í nýframkvæmdum við sjóvarnir.

| Kjördæmi / Sveitarfélag | 2007 Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1) | 2007 *) Ónotuð fjárv. (2) | 2007 Fjárveiting til nýframkv. (1) - (2) | 2008 Ríkishl. í nýfram-kvæmd | 2009 Ríkishl. í nýfram-kvæmd | 2010 Ríkishl. í nýfram-kvæmd | Alls fjárv. 2007 - 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **NORÐVESTURKJÖRDÆMI** | | | | | | | |
| Akraneskaupstaður | 25,8 | 24,0 | 1,8 | | | 22,9 | 24,7 |
| Hvalfjarðarsveit | | | | 2,6 | 12,3 | 4,9 | 19,8 |
| Snæfellsbær | 19,6 | 12,5 | 7,1 | 11,2 | | 5,7 | 24,0 |
| Dalabyggð | 3,1 | | 3,1 | | | | 3,1 |
| Reykhólahreppur | | | | | 4,6 | | 4,6 |
| Vesturbyggð | 4,6 | 3,2 | 1,4 | | | | 1,4 |
| Ísafjarðarbær | 17,7 | 16,0 | 1,7 | | 9,7 | | 11,4 |
| Súðavíkurhreppur | 4,4 | 4,4 | | | 5,8 | | 5,8 |
| Bæjarhreppur | 9,5 | 6,7 | 2,8 | | | | 2,8 |
| Húnaþing vestra | 11,4 | 7,0 | 4,4 | | | 3,2 | 7,6 |
| Blönduósbær | 13,1 | 9,2 | 3,9 | 15,1 | | | 19,0 |
| Höfðahreppur | | | | 11,7 | | 7,5 | 19,2 |
| Skagabyggð | | | | | | 9,4 | 9,4 |
| Skagafjörður, svf. | 2,0 | | 2,0 | | | 5,0 | 7,0 |
| | **111,2** | **83,0** | **28,2** | **40,6** | **32,4** | **58,6** | **159,8** |
| **NORÐAUSTURKJÖRDÆMI** | | | | | | | |
| Fjallabyggð | 29,3 | 5,3 | 24,0 | | | 3,8 | 27,8 |
| Dalvíkurbyggð | | | | 11,8 | | | 11,8 |
| Akureyrarkaupstaður (Hrísey) | 11,2 | | 11,2 | | | | 11,2 |
| Arnarneshreppur | 3,8 | | 3,8 | | | | 3,8 |
| Svalbarðsstrandarhr. | 4,4 | 3,9 | 0,5 | | | | 0,5 |
| Húsavíkurkaupstaður | | | | | 11,0 | | 11,0 |
| Borgarfjarðarhreppur | 6,5 | 4,2 | 2,3 | | | | 2,3 |
| | **55,2** | **13,4** | **41,8** | **11,8** | **11,0** | **3,8** | **68,4** |
| **SUÐURKJÖRDÆMI** | | | | | | | |
| Mýrdalshreppur | 0,9 | 0,9 | | 0,9 | 8,8 | 26,3 | 36,0 |
| Vestmannaeyjabær | 4,7 | 4,7 | | | | | |
| Árborg, svf. | | | | | 29,4 | 17,4 | 46,8 |
| Ölfus, svf. | 1,8 | 1,8 | | | 9,7 | | 9,7 |
| Grindavíkurkaupstaður | 11,5 | | 11,5 | | 4,4 | | 15,9 |
| Sandgerðisbær | 5,9 | 3,2 | 2,7 | | 6,8 | | 9,5 |
| Gerðahreppur | 5,0 | 4,7 | 0,3 | 5,1 | | | 5,4 |
| Reykjanesbær | 1,2 | | 1,2 | 4,4 | | | 5,6 |
| Vogar svf. | 36,3 | 27,7 | 8,6 | | | 3,2 | 11,8 |
| | **67,3** | **43,0** | **24,3** | **10,4** | **59,1** | **46,9** | **140,7** |
| **SUÐVESTURKJÖRDÆMI** | | | | | | | |
| Hafnarfjörður | 6,5 | | 6,5 | 24,6 | | | 31,1 |
| Álftanes svf. | 13,3 | 6,1 | 7,2 | | | 11,1 | 18,3 |
| Seltjarnarneskaupstaður | | | | 7,3 | | | 7,3 |
| | **19,8** | **6,1** | **13,7** | **31,9** | | **11,1** | **56,7** |
| **REYKJAVÍK** | | | | 17,7 | **19,5** | **2,9** | 40,1 |
| **ÓSKIPT** | 7,0 | 7,0 | | 8,6 | 10,0 | 8,7 | 27,3 |
| **Samtals allt landið** | **260,5** | **152,5** | **108,0** | **121,0** | **132,0** | **132,0** | **493,0** |

*) Ónotuð fjárveiting í árslok 2006 samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Siglingastofnunar dags. 27. desember 2006.

***Hafnabótasjóður framlag.***

Hér er átt við framlag til B-deildar sjóðsins sem veitt hefur styrki til lítilla hafnarsjóða til að aðstoða þá við að fjármagna hluta hafna í nýframkvæmdum og styrki til tjónaviðgerða. Verulega hefur gengið á eigið fé B-deildarinnar undanfarin ár þar sem ekki hafa komið fjárveitingar til sjóðsins frá því árið 2003. Hér er við það miðað að frá og með árinu 2009 verði ekki lengur gengið á sjóðinn og frá þeim tíma komi að nýju fjárveitingar til sjóðsins. Upphæðin er fengin úr kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins, sem fylgdi frumvarpi til hafnalaga, er varð að lögum nr. 61/2003, tölur framreiknaðar til verðlags 2007.

***Höfn í Bakkafjöru.***

Vestmannaeyjar hafa sérstöðu í samgöngum að því leyti að þar er einungis um almenningssamgöngur að ræða á sjó og í lofti, en ekki hefðbundnar vegasamsöngur. Reglubundnar siglingar eru á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Farnar eru tvær ferðir á dag og tekur siglingin aðra leiðina um þrjár klst. Allir vöruflutningar og meiri hluti fólksflutninga fer fram sjóleiðis. Reglubundnar flugferðir eru einnig milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur og Vestmannaeyja og Bakkaflugvallar. Á ríkisstjórnarfundi í lok júní 2006 var lögð fram tillaga samgönguráðherra þess efnis að ferjuhöfn í Bakkafjöru verði framtíðartenging milli Vestmannaeyja og lands. Tillagan fól í sér að lokið yrði við nauðsynlegar rannsóknir og undirbúning svo að unnt væri að taka ákvörðun um að framkvæmdir gætu hafist svo fljótt sem verða má. Áætlað er að á árinu 2007 fari fram umhverfismat, hönnun og öflun leyfa vegna framkvæmdarinnar. Til þess að gera það kleift var í fjárlögum 2007 samþykkt framlag að upphæð 200 millj. kr. til þessa undirbúnings ferjuhafnar í Bakkafjöru. Gert er ráð fyrir að heildarframkvæmdatími við ferjuhöfn og tengd mannvirki sé 2–2½ ár frá því að lokahönnun og umhverfismat liggur fyrir. Áætlaður smíðatími nýrrar ferju er 15–18 mánuðir. Miðað við þessar tímaáætlanir verður hægt að taka höfnina í notkun árið 2010.

Heildarkostnaður við gerð ferjuhafnar á Bakkafjöru og byggingu nýrrar ferju er áætlaður 4.900 millj. kr. á verðlagi fjárlaga 2007. Byggðir verða tveir 600 m langir brimvarnargarðar út frá Bakkafjöru, grafið verður út skipalægi innan garðanna og byggður þar 65 m langur viðlegukantur ásamt ekjubrú. Í verkinu felst einnig að byggðir verða upp fyrirstöðugarðar meðfram Markarfljóti og sjóvarnargarða frá ósum Markarfljóts að ferjuhöfninni. Einnig er innifalin í verkinu gerð rúmlega 3 km vegar frá Bakkaflugvelli að ferjuhöfninni, jarðvegsmanir og uppgræðsla til varnar sandfoki.

Í kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir 20% álagi til að mæta ófyrirséðum kostnaði og umsjón. Virðisaukaskattur er meðtalinn nema í kostnaði við ferju en skipsmíði er undanþegin virðisaukaskatti. Heildarkostnaðurinn er færður sem útgjöld í siglingamálakafla samgönguáætlunar þar sem ekki liggur ljóst fyrir eftir hvaða leiðum ferjuhöfnin verður fjármögnuð. Sjá nánar 6. kafla, Sérstök fjármögnun.

Verði sú leið valin, að ferjuhöfnin falli undir ákvæði hafnlaga, yrði um ákveðna kostnaðarskiptingu að ræða milli ríkissjóðs og hafnarsjóðs Bakkafjöruhafnar. Framlög úr ríkissjóði umfram það hámark sem hafnlög kveða á um yrðu þá að byggjast á heimildum í öðrum lögum og þá væntanlega vegalögum. Ríkið mun væntanlega kosta alfarið varnargarðana meðfram Markarfljóti, sjóvarnargarðana, landgræðsluna og veginn niður að höfn.

***Vestmannaeyjaferja.***

Áætlun um nýtt skip miðast við smíði bíla- og farþegaferju sem verði um 60 m löng og allt að 15 m breið með 3,3–3,5 m djúpristu. Gert er ráð fyrir að hún geti flutt um 250 farþega í

hverri ferð og um 45–50 bíla. Siglingatími ferjunnar verður um 35 mínútur hver ferð milli lands og Eyja. Hugmyndir eru um að bjóða út smíði og rekstur ferjunnar sem einkaframkvæmd.

**3.2 Flokkun hafna.**

Siglingastofnun hefur skilgreint staðalkröfur fyrir fiskihafnir. Staðalkröfurnar greinast í tvennt:

A. Tæknikröfur sem lúta að skipulagi hafna og hafnasvæða, gæðum innsiglingar og kyrrð í höfninni.
B. Notendakröfur sem eru reglur varðandi mat á nýtingu á bryggjuplássi, þ.e. hvort höfn annar þeim fjölda skipa sem þar leggur að og landar. Enn fremur hvort aðstaða þarf að vera fyrir farmskip og viðmiðunarreglur varðandi ýmsan búnað hafna.

Þróun fiskiskipaflotans hefur síðustu áratugi verið í átt að stærri og djúpristari skipum. Siglingastofnun hefur aðlagað staðalkröfur til fiskiskipahafna að þessari þróun og er nú t.d. krafist meira dýpis í stórskipahöfnum en áður var. Einnig hafa kröfur um burðarþol hafnarbakka aukist. Fyrir um tveimur áratugum var algengast að miða leyfilegt álag við 1–3 t/m$^2$. Nú er krafa um notaálag 4 t/m$^2$ á hafnarbökkum þar sem losun og lestun flutningaskipa fer fram og búast má við notkun gámalyftara.

Höfnum er skipt niður í fjóra flokka og eru mismunandi staðalkröfur gerðar í hverjum þeirra. Flokkun þessi hefur verið nýtt við að forgangsraða framkvæmdum með tilliti til ríkisframlags á hafnaáætlun. Flokkunin er unnin með hjálp reiknilíkans sem tekur mið af eftirfarandi:

1. Þjónustustigi sem höfn veitir.
2. Aflamagni sem landað er í viðkomandi höfn.
3. Verðmæti afla sem landað er.
4. Magni sem unnið er í viðkomandi verstöð.
5. Völuflutningum sem fara um höfnina.
6. Aðstæðum til hafnargerðar á viðkomandi stað.

Allar hafnir í flokkum I og II eru í grunnneti. Auk þess eru í grunnneti ferjuhafnir þar sem eru reglubundnar ferjusiglingar og iðnaðarhöfnin á Grundartanga. Utan grunnnets eru flestar fiskihafnir í flokki III og IV og iðnaðarhöfnin við þörungaverksmiðjuna á Reykhólum. Flokkunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti, um leið og 12 ára áætlunin.

**Tafla 3-4. Flokkun hafna.**

Flokkur I, stórar fiskihafnir:

| | | |
|---|---|---|
| *Akraneshöfn | *Akureyrarhöfn | *Eskifjarðarhöfn |
| *Fáskrúðsfjarðarhöfn | Grindavíkurhöfn | Hafnarfjarðarhöfn |
| *Hornafjarðarhöfn | Ísafjarðarhöfn | *Neskaupstaðarhöfn |
| Reykjavíkurhöfn | *Reykjaneshöfn | Sauðárkrókshöfn |
| *Seyðisfjarðarhöfn | *Siglufjarðarhöfn | *Vestmannaeyjahöfn |
| *Þorlákshöfn | | |

* Þær hafnir eru stjörnumerktar þar sem löndun er á uppsjávarfiski.

Flokkur II, meðalstórar fiskihafnir:

| | | |
|---|---|---|
| *Bolungarvíkurhöfn | Dalvíkurhöfn | Djúpavogshöfn |
| Grundarfjarðarhöfn | Húsavíkurhöfn | Kópavogshöfn |
| Ólafsfjarðarhöfn | Ólafsvíkurhöfn | Patreksfjarðarhöfn |
| Reyðarfjarðarhöfn | Rifshöfn | Sandgerðishöfn |
| Skagastrandarhöfn | *Vopnafjarðarhöfn | *Þórshöfn |

* Þær hafnir eru stjörnumerktar þar sem löndun er á uppsjávarfiski.

Flokkur III, bátahafnir:

| | | |
|---|---|---|
| Bíldudalshöfn | Flateyrarhöfn | Hólmavíkurhöfn |
| Hvammstangahöfn | Raufarhöfn | Stykkishólmshöfn |
| Stöðvarfjarðarhöfn | Suðureyrarhöfn | Súðavíkurhöfn |
| Tálknafjarðarhöfn | Þingeyrarhöfn | |

Flokkur IV, smábátahafnir:

| | | |
|---|---|---|
| Arnarstapahöfn | Árskógssandshöfn | Bakkafjarðarhöfn |
| Blönduóshöfn | Borgarfjarðarhöfn eystri | Breiðdalsvíkurhöfn |
| Brjánslækjarhöfn | Drangsneshöfn | Grenivíkurhöfn |
| Grímseyjarhöfn | Hjalteyrarhöfn | Hofsóshöfn |
| Hríseyjarhöfn | Kópaskershöfn | Mjóafjarðarhöfn |
| Norðurfjarðarhöfn | Vogahöfn | |

Auk þeirra 59 fiskihafna sem tilgreindar eru í framantöldum fjórum flokkum eru nokkrir minni löndunarstaðir.

Fyrir hvern flokk er miðað við hönnunarskip sem skilgreint er út frá lengd, breidd og djúpristu (sjá töflu 3-5).

**Tafla 3-5. Skilgreining á hönnunarskipum eftir flokkum hafna.**

| | **Flokkur I**<br>**Stórar fiskihafnir** | **Flokkur II**<br>**Meðalstórar fiskihafnir** | **Flokkur III**<br>**Bátahafnir** | **Flokkur IV**<br>**Smábátahafnir** |
|---|---|---|---|---|
| | **Fiskiskip** | **Fiskiskip** | **Fiskiskip** | **Fiskiskip** |
| | 70–80 m löng | 50–60 m löng | 40–50 m löng | 10–15 m löng |
| | 12–16 m breið | 10–12 m breið | 7–9 m breið | 3–4 m breið |
| **Hönnunarskip** | 8,0–9,0 m djúprista | 6,0–8,0 m djúprista*) | 5–6 m djúprista *) | 2–3 m djúprista |
| | **Flutningaskip** | **Flutningaskip **)** | | |
| | 100–130 m löng, | 80–110 m löng, | | |
| | 14–20 m breið | 12–16 m breið | | |
| | 6–7 m djúprista | 5–6 m djúprista | | |

*) Ef löndun á uppsjávarfiski er yfir 10.000 tonnum að meðaltali miðað við þriggja ára tímabil er tekið mið af flokki I, stórar fiskihafnir.

**) Ekki er þörf á aðstöðu fyrir flutningaskip ef samgöngur við nálæga flutningahöfn eru greiðar allt árið.

**Tafla 3-6. Helstu staðalkröfur fyrir fjóra flokka hafna.**

| | Flokkur I<br>Stórar fiskihafnir | Flokkur II<br>Meðalstórar fiskihafnir | Flokkur III<br>Bátahafnir | Flokkur IV<br>Smábátahafnir |
|---|---|---|---|---|
| **Innsigling, breidd rennu** | Breidd siglingarennu 2,0 - 5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum | Breidd siglingarennu 2,0 - 5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum | Breidd siglingarennu 2,0 - 5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum | Breidd siglingarennu 2,0 - 5 x breidd hönnunarskips háð aðstæðum |
| **Sæflötur hafnar** | Stærri en 10 ha | Stærri en 5 ha | Hafnarkví stærri en 1 ha með öruggu skjóli fyrir báta | Hafnarkví stærri en 70 m² x fjöldi smábáta sem notar höfnina >5% tímans |
| **Snúnings-svæði** | *Flutningaskip*<br>D > 1,5 x lengd hönnunarskips. Sé snúið við bryggju eða ef dráttarbátur er til aðstoðar telst vera í lagi þó þvermál snúnings sé um 15% minna<br>*Fiskiskip*<br>D > 1,2 x lengd hönnunarskips | *Flutningaskip*<br>D > 1,5 x lengd hönnunarskips. Má þó vera allt að 20% minna snúningsþvermál sé snúningur við bryggju eða ef dráttarbátur er til staðar.<br>*Fiskiskip*<br>D > 1,2 x lengd hönnunarskips | D > 1,2 x lengd hönnunarskips | D > 1,2 x lengd hönnunarskips |
| **Dýpi:** | | | | |
| **Innsigling** | > 9,5 m á smástr.fj. háð kenniöldu | > 8 m á smástr.fj. háð kenniöldu | *6,5 m á smástr.fj. háð kenniöldu* | 4 m á smástr.fj. háð kenniöldu |
| **Snúningssv.** | > 9 m á smástr.fj. | >7,5 m á smástr.fj. | > 6 m á smástr.fj. | >3 m á smástr.fj. |
| **Löndunarbr.** | >9 m á stórstr.fj. | > 8 m á stórstr.fj. | >6,5 m á stórstr.fj. | >2,5 m á stórstr.fj. |
| **Kyrrð, gæði viðlegukanta** | A - B | A - B | A - B | A - B |
| **Landrými við kanta** | Athafnasvæði við flutninga- og löndunarkanta >30 m á breidd.<br>Ef athafnasvæði er minna og lestun/ losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants | Athafnasvæði við löndunarkanta >25 m á breidd.<br>Ef athafnasvæði er minna og lestun/ losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants | Athafnasvæði við löndunarkanta > 20 m á breidd.<br>Ef athafnasvæði er minna og lestun/ losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants | Smábátar landa við krana. Akstursbreidd við krana > 12 m |

## 4. VEGÁÆTLUN

### Inngangur.

Í mars árið 2003 var í fyrsta skipti samþykkt á Alþingi samgönguáætlun til fjögurra ára (2003–2006) og til tólf ára (2003–2014). Með því voru vegáætlun, sem löng hefð er fyrir því að gera, og langtímaáætlun um vegagerð felldar inn í áætlanagerð annarra samgöngugreina. Í lögum um samgönguáætlun er kveðið á um að tólf ára áætlunina skuli endurskoða á fjögurra ára fresti og fjögurra ára áætlunina á tveggja ára fresti. Nú stendur yfir endurskoðun tólf ára áætlunarinnar í samræmi við þetta og sú endurskoðun fjögurra ára áætlunarinnar sem hér er fjallað um er einnig í samræmi við áðurnefnd lög. Hún tekur mið af þeim stefnumiðum sem sett eru fram í tólf ára áætluninni og er í samræmi við fyrsta tímabil hennar.

Upphæðir áætlunarinnar á árinu 2007 eru í samræmi við samþykkt fjárlög fyrir það ár. Í því sambandi þarf að hafa í huga að frestað er framkvæmdum sem áður voru fyrirhugaðar á því ári fyrir 3.500 millj. kr. og eru þá fjárveitingar af söluandvirði Símans meðtaldar. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til þessara verkefna komi til baka á árinu 2008.

Umferðaröryggisáætlun er nú hluti af samgönguáætlun eins og verið hefur undanfarin ár. Gerð er grein fyrir þeim útgjöldum í viðkomandi köflum hér á eftir.

### 4.1 Fjármál.

**Heildarfjármagn.**

Heildarfjármagn til vegamála á árinu 2007 er 18.464 millj. kr. Af því fara 314 millj. kr. í greiðslu skulda við ríkissjóð. Ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar verður þá 18.150 millj. kr.

Tæplega 69% fjárins koma frá mörkuðum tekjustofnum, eða 12.520 millj. kr. Aðrar sértekjur eru um 10 millj. kr. Til viðbótar þessu koma framlög úr ríkissjóði. Skipta má þeim í þrennt. Í fyrsta lagi er ráðstöfun á söluandvirði Símans, 1.500 millj. kr. Í öðru lagi er ríkisframlag 2.694 millj. kr. og í þriðja lagi framlag til jarðgangagerðar 1.750 millj. kr.

Áætlað er að ríkisframlag umfram markaðar tekjur aukist frá núgildandi áætlun og verði alls rúmlega 44.000 millj. kr. á tímabilinu 2007–2010. Gert er ráð fyrir að markaðir tekjustofnar verði hækkaðir til samræmis við verðlagshækkanir á tímabilinu, svo og ríkisframlög, þannig að áætlunin haldi verðgildi sínu.

Síðasta endurgreiðsla af láni vegna ferjunnar Herjólfs er á árinu 2007 og afborgunum af lánum vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga lýkur á árinu 2008. Þegar afborgunum af ferjulánum er lokið taka við afborganir af 500 millj. kr. viðbótarframlagi úr ríkissjóði frá árinu 1999 og lýkur þeim á árinu 2010.

Í áætluninni er að þessu sinni gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun til að standa straum af kostnaði við nokkrar framkvæmdir sem gerð verður grein fyrir síðar.

**Verðlagsgrundvöllur.**

Allar tölur í tillögunni eru settar fram á verðlagi fjárlaga 2007. Gert er ráð fyrir að við meðferð málsins á Alþingi verði tölur áranna 2008–2010 hækkaðar til áætlaðs verðlags 2008.

### 4.1.1 Tekjur og framlög.

**Markaðar tekjur.**

Vegagerðin hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekjustofnum. Þeir eru bensíngjald, olíugjald og þungaskattur á bifreiðar yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga.

Jafnan hefur verið miðað við byggingarvísitölu þegar upphæð bensíngjalds hefur verið ákveðin. Bensíngjald var síðast hækkað 1. júlí 2005 um 6,7%. Það var gert í tengslum við það að þungaskattskerfið var lagt niður og í staðinn tekið upp olíugjald. Hækkun bensíngjaldsins átti að vega upp á móti þeirri lækkun tekna til vegamála sem áætluð var vegna þessara kerfisbreytinga.

Áfram dregur í sundur með gjaldskrá bensíngjalds og byggingarvísitölu, þ.e. breytingar á gjaldskránni fylgja ekki lengur þróun byggingarvísitölu. Í ársbyrjun 2006 var slaki í bensíngjaldi 26,9%. Í tillögunni er gert ráð fyrir að þess verði gætt að þróun bensíngjalds fylgi verðlagsþróun á tímabili áætlunarinnar.

Olíugjald er nú 41 kr./l. Það tók gildi með lögum nr. 87/2004 og var þar ákveðið 45 kr./l en var svo lækkað til bráðabirgða um 4 kr./l vegna aðstæðna á heimsmarkaði.

Áfram er lagður þungaskattur eða kílómetragjald á bifreiðar sem eru yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga.

Hér á eftir fer tafla yfir áætlaða álagningu markaðra tekna á árunum 2007–2010. Allar upphæðir eru í milljónum króna á verðlagi fjárlaga 2007.

**Tafla 4-1. Áætluð álagning markaðra tekna 2007–2010, millj. kr.**

| Ár | Bensíngjald | Olíugjald | Þungaskattur, km-gjald | Leyfisgjöld flutninga | Leyfisgjöld leigubifreiða | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 6.590 | 4.920 | 1.000 | 4 | 6 | 12.520 |
| 2008 | 6.656 | 5.481 | 1.020 | 4 | 6 | 13.167 |
| 2009 | 6.722 | 5.563 | 1.040 | 4 | 6 | 13.335 |
| 2010 | 6.790 | 5.647 | 1.061 | 4 | 6 | 13.508 |

*Bifreiðaeign.*

Frá 1995 hefur bifreiðaeign landsmanna aukist jafnt og þétt. Nýskráningar bifreiða voru í nokkurri lægð á árunum 2001 og 2002 en jukust þá aftur og hafa aldrei verið fleiri en á árinu 2005 þegar nýskráningar voru tæplega 26.000 talsins. Í árslok 2004 komst bifreiðaeign landsmanna yfir 200.000 bifreiðar og í ársbyrjun 2006 var hún alls 214.885 bifreiðar.

**Tafla 4-2. Bifreiðaeign landsmanna frá 1960–2006.**

| Ársbyrjun | Fólksbílar | Fólksbílar á 1.000 íbúa | Hópferða-bílar | Vörubílar | Bifreiðar alls |
|---|---|---|---|---|---|
| 1960 | 14.228 | 89 | 325 | 5.703 | 20.256 |
| 1970 | 37.304 | 183 | 555 | 5.727 | 43.586 |
| 1980 | 81.025 | 357 | 1.117 | 7.873 | 90.015 |
| 1988 | 120.153 | 488 | 1.238 | 11.757 | 133.148 |
| 1999 | 125.226 | 499 | 1.298 | 12.078 | 138.602 |
| 1990 | 124.273 | 490 | 1.328 | 12.177 | 137.778 |
| 1991 | 119.731 | 468 | 1.328 | 13.122 | 134.181 |
| 1992 | 120.862 | 466 | 1.389 | 14.623 | 136.874 |
| 1993 | 120.146 | 459 | 1.157 | 14.845 | 136.148 |
| 1994 | 116.195 | 439 | 1.193 | 14.451 | 131.839 |
| 1995 | 116.243 | 435 | 1.249 | 14.348 | 131.840 |
| 1996 | 119.232 | 445 | 1.295 | 14.757 | 135.284 |
| 1997 | 124.909 | 463 | 1.363 | 15.260 | 141.532 |
| 1998 | 132.468 | 487 | 1.483 | 16.027 | 149.978 |
| 1999 | 140.372 | 510 | 1.544 | 16.550 | 158.466 |
| 2000 | 151.409 | 543 | 1.621 | 17.807 | 170.837 |
| 2001 | 158.936 | 562 | 1.673 | 19.432 | 180.041 |
| 2002 | 159.865 | 558 | 1.711 | 19.990 | 181.566 |
| 2003 | 161.721 | 561 | 1.699 | 20.278 | 183.698 |
| 2004 | 166.869 | 574 | 1.709 | 21.235 | 189.813 |
| 2005 | 175.427 | 598 | 1.762 | 23.035 | 200.224 |
| 2006 | 187.442 | 625 | 1.899 | 25.544 | 214.885 |

*Tekjur af bensíni.*

Síðastliðin fimmtán ár hefur sala á bensíni aukist um rétt rúmlega 1% á ári að meðaltali. Á árinu 2005 fór salan í um 200 milljónir lítra sem var 1,8% aukning frá árinu á undan. Bensínsala ársins 2006 var svipuð og árið 2005. Gert er ráð fyrir að bensínsala aukist um 1% á ári í lítrum talið, á tímabili áætlunarinnar.

Bensíngjald var síðast hækkað þegar lög um olíugjald tóku gildi um mitt ár 2005. Hækkunin nam 6,7% og er gjaldið núna 32,95 kr./l af blýlausu bensíni. Slaki í bensíngjaldi er nú

26,9%. Reiknað er með að bensíngjald hækki miðað við verðlagsþróun á vegáætlunartímabilinu.

*Tekjur af þungaskatti.*

Þungaskattur er innheimtur af öllum bifreiðum sem eru yfir 10 tonnum að leyfðum heildarþunga. Einungis er um að ræða kílómetragjald en það er stighækkandi frá 0,29 kr./km í flokki bifreiða 10–11 tonn, upp í 12,89 kr./km, fyrir bifreiðar sem eru 31 tonn eða meira. Gert er ráð fyrir að tekjur af kílómetragjaldi verði um 1.000 millj. kr. á árinu 2007 og aukist um 2% á ári vegna aukins aksturs þungra bifreiða með vaxandi þungaflutningum á vegum.

*Tekjur af olíugjaldi.*

Lög um olíugjald tóku gildi 1. júlí 2005 og í þeim var gert ráð fyrir að gjaldið yrði 45 kr./l. Vegna breytinga á verðlagi dísilolíu á heimsmarkaði var sett inn bráðabirgðaákvæði um að lækka gjaldið í 41 kr./l tímabundið í hálft ár. Sú lækkun hefur verið framlengd þrisvar sinnum og nú síðast til ársloka 2007. Í áætlunum var gert ráð fyrir að tekjur Vegagerðarinnar mundu lækka talsvert frá því sem verið hafði. Þess vegna var bensíngjaldið hækkað á sama tíma til að vega upp á móti áætluðu tekjutapi. Reynslan á fyrsta ári olíugjaldsins er sú að tekjur hafa orðið mun meiri en áætlað var. Gert var ráð fyrir að salan gæti numið um 74 milljónum lítra á ári en sölutölur á fyrsta árinu sýna að salan var rúmlega 125 milljónir lítra, eða tæplega 70% meiri en áætlað hafði verið.

Í forsendum þeirrar áætlunar sem nú er lögð fram er því gert ráð fyrir að salan verði um 120 milljónir lítra á árinu 2007 og aukist um 1,5% á ári vegna aukinnar umferðar.

*Tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða.*

Aðrar tekjur eru, annars vegar leyfisgjöld flutninga og hins vegar leyfisgjöld leigubifreiða. Vegagerðin sér um útgáfu leyfa til fólks- og vöruflutninga samkvæmt lögum nr. 73/2001 og um útgáfu atvinnuleyfa til leigubílstjóra samkvæmt lögum nr. 134/2001 og innheimtir gjald fyrir leyfin samkvæmt lögunum. Áætlaðar tekjur af leyfisveitingum eru 10 millj. kr. á ári á tímabili áætlunarinnar.

**Ríkisframlag.**

Gert er ráð fyrir stórauknum framlögum úr ríkissjóði. Heildarframlag á tímabili áætlunarinnar er rúmlega 44 milljarðar króna. Framlagið er þrískipt. Í fyrsta lagi er ráðstöfun á söluandvirði Símans að upphæð 15.000 millj. kr. Í öðru lagi er framlag vegna jarðgangaáætlunar, alls 11.392 millj. kr., og í þriðja lagi almennt framlag úr ríkissjóði, 17.653 millj. kr.

**Sérstök fjáröflun.**

Gert er ráð fyrir að nokkrar framkvæmdir, sem síðar verður gerð grein fyrir, verði fjármagnaðar með sérstakri fjáröflun. Þar getur verið um að ræða einkafjármögnun í einhverri mynd eða beina lántöku. Hér er ekki tekin afstaða til þess með hvaða hætti fjár verður aflað til þessara framkvæmda. Sjá nánar í 6. kafla, Sérstök fjármögnun.

**4.1.2 Viðskiptahreyfingar.**

Á árinu 2007 verður lokið við að greiða afborganir af ferjulánum og nemur sú afborgun 274 millj. kr. það ár. Endurgreiðslum láns sem tekið var vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga lýkur á árinu 2008 en sú greiðsla hefur verið 40 millj. kr. á ári. Á árunum 2008 til 2010 verða

afborgarnir af 500 millj. kr. láni úr ríkissjóði frá árinu 1999. Gert er ráð fyrir að greiða 140 millj. kr. árið 2008 og 180 millj. kr. hvort ár 2009 og 2010.

**4.1.3. Rekstur og þjónusta.**

Uppsetning áætlunarinnar er í samræmi við uppsetningu samgönguáætlunar og annarra stofnanaáætlana og er að mestu leyti eins og í vegáætlun fyrir árin 2005–2008.

**Yfirstjórn.**

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar, framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Þessi svið sjá um stjórnun stofnunarinnar, fjármál hennar, bókhald og almennt skrifstofuhald í Reykjavík, fjárhags- og rekstraráætlanir, kostnaðareftirlit, lögfræði- og starfsmannamál, umferðareftirlit, upplýsingaþjónustu, hönnun verka, stjórnun verka og eftirlit með þeim, gerð áætlana, setningu staðla og ýmsar rannsóknir.

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdirnar sem ráðist er í hafa stöðugt orðið stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en áður. Undirbúningur verkanna verður því tímafrekari og dýrari. Þá vex stöðugt þörfin fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlit með þeim. Vinna við stjórn og eftirlit verkefna varðandi fólks- og vöruflutninga og umsjón og eftirlit með almenningssamgöngum er orðin mjög umfangsmikil. Loks má nefna að kröfur um upplýsingagjöf og þjónustu til vegfarenda auka kostnaðinn.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 332 millj. kr. árið 2007 og fari hækkandi, verði 385 millj. kr. 2008, 399 millj. kr. 2009 og 405 millj. kr. 2010.

**Umsýslugjald til ríkissjóðs.**

Umsýslugjaldið er 0,5% af mörkuðum tekjum til vegagerðar. Á árinu 2007 er áætlað að gjaldið nemi 59 millj. kr. og 60 millj. kr. á árunum 2008–2010.

**Upplýsingaþjónusta.**

Upplýsingasöfnun um ástand vegakerfisins og umferð hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Jafnframt hefur þörf á upplýsingagjöf til vegfarenda vaxið hröðum skrefum. Lagt er til að fjárveitingar verði 91 millj. kr. 2007, 97 millj. kr. 2008, 101 millj. kr. 2009 og 101 millj. kr. 2010.

**Umferðareftirlit.**

Eftirlitsstörf Vegagerðarinnar með umferðinni hafa aukist á undanförnum árum. Kemur þar hvort tveggja til að samgönguráðuneytið hefur fært verkefni úr ráðuneytinu til stofnana í samræmi við stjórnsýslulög og svo hitt að umferðareftirlit Vegagerðarinnar hefur fengið auknar heimildir og ný eftirlitsverkefni.

Verkefnum sem falla undir þennan lið fjölgar því stöðugt. Frá ársbyrjun 1994 hefur umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með þungaskatti sem áður var í höndum fjármálaráðuneytis. Frá árinu 1996 annast umferðareftirlit eftirlit með ökuritum og að reglum um hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita sé fylgt. Árið 2001 var bætt við eftirliti með atvinnuleyfishöfum í fólks-, vöru- og efnisflutningum og árið 2002 eftirliti með leyfishöfum fyrir leigubifreiðar. Á árinu 2005 bættist við eftirlit vegna innheimtu olíugjalds og kílómetragjalds. Nýjasta verkefnið er eftirlit með frágangi á hleðslu og frágangi farms. Þessi þróun hefur kallað á aukið vinnuframlag Vegagerðarinnar og sérhæfingu á sviði eftirlits með stórum ökutækjum,

sem hefur haft í för með sér aukinn kostnað. Í framtíðinni þarf að leggja aukna áherslu á innra eftirlit flutningsfyrirtækjanna sjálfra og að þau noti aðferðir gæðastjórnunar í rekstri sínum. Eftirlit með fyrirtækjunum yrði þá fyrst og fremst í formi gæðaeftirlits. Fram til ársins 2005 var eftirlitið í samvinnu við lögreglu og samningur við hana var greiddur af fjárveitingu til umferðaröryggis af viðhaldsfé. Fjárveitingar til þessa liðar hafa ekki verið hækkaðar þrátt fyrir fjölgun verkefna og þá staðreynd að nú annast umferðareftirlitið hluta af þeim verkefnum sem lögreglan sinnti áður. Í ljósi framangreindra atriða er lagt til að fjárveitingar til þessa liðar verði hækkaðar verulega á árinu 2008.

Lagt er til að fjárveitingar verði 70 millj. kr. 2007 og 115 millj. kr. 2008, 2009 og 2010.

**Þjónusta.**

Þjónusta tekur til þeirrar viðhalds- og viðgerðarvinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem gera þarf til að viðhalda ástandi þeirra og að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Áætlað hefur verið að fjárþörf til almennrar þjónustu sé um 3.100–3.500 millj. kr. á ári. Kostnaður við vetrarþjónustu hefur verið 1.000–1.250 millj. kr. á ári undanfarin fimm ár. Kröfur um aukna þjónustu fara vaxandi og þar með fjárþörf. Lagt er til að fjárveitingar verði 3.091 millj. kr. árið 2007, 3.278 millj. kr. 2008, 3.369 millj. kr. 2009 og 3.465 millj. kr. 2010.

Verkefnum þessum er skipt í sex meginflokka, þ.e. til þjónustusvæða, til vega og vegyfirborðs, til brúa og vegganga, til merkinga og vegbúnaðar, til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis og loks til vetrarþjónustu.

*Þjónustusvæði.*

Lagt er til að fjárveitingar verði 316 millj. kr. 2007 og verði varið til þess að greiða kostnað á svæðum Vegagerðarinnar við stjórnun, upplýsingamiðlun og eftirlit með vegum auk margs annars sem stuðlar að því að fólk komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt. Ýmis sameiginleg og ófyrirséð verkefni verða einnig greidd af þessum lið. Lagt er til að fjárveiting verði 330 millj. kr. 2008, 331 millj. kr. 2009 og 338 millj. kr. 2010.

*Vegir og vegyfirborð.*

Lagt er til að fjárveiting verði 533 millj. kr. árið 2007 en helstu kostnaðarliðir eru viðgerðir á bundnu slitlagi og malarvegum, vegheflun, rykbinding, lagfæring á öxlum (hliðarsvæði við akbraut) og aðrir þættir sem tengdir eru þjónustu á vegum. Lagt er til að 569 millj. kr. verði varið til þessa liðar 2008, 583 millj. kr. 2009 og 590 millj. kr. 2010.

*Brýr og veggöng.*

Lagt er til að fjárveiting verði 87 millj. kr. árið 2007 og henni verði varið til þess að greiða kostnað við umhirðu og minni háttar viðgerðir á brúm, ristarhliðum og undirgöngum, stærri vegræsum og jarðgöngum, svo og vegskálum og öðrum hrun- og snjóflóðavörnum. Lagt er til að fjárveitingar verði 94 millj. kr. 2008, 101 millj. kr. 2009 og 104 millj. kr. 2010.

*Vegmerkingar og vegbúnaður.*

Lagt er til að fjárveiting verði 592 millj. kr. á árinu 2007 og verði henni varið til þess að greiða kostnað við lýsingu með fram vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum, yfirborðsmerkingar á vegum og gerð og viðhald áningarstaða. Sá hluti umferðaröryggisáætlunar sem snýr að merkingum greiðist af þessum lið. Fjárþörf til þessara verkefna hefur aukist verulega á undanförnum árum, m.a. vegna aukinnar lýsingar og vaxandi

krafna um yfirborðsmerkingar. Lagt er til að fjárveiting þessi verði 620 millj. kr. 2008 en hækki síðan í 639 millj. kr. 2009 og 651 millj. kr. 2010.

*Þéttbýlisvegir.*

Fjárveitingum á þessum lið er varið til að greiða kostnað við þjónustu á þjóðvegum í þéttbýli.

Vegagerðin hefur í flestum tilfellum samið við viðkomandi sveitarfélög um að annast þessa þjónustu og er það ástæða þess að hagkvæmt þykir að halda þessum þætti sem sérstökum lið en í eðli sínu er þjónusta á þessum vegum á engan hátt frábrugðin þjónustu á öðrum vegum.

Lagt er til að fjárveiting verði 356 millj. kr. árið 2007, 378 millj. kr. árið 2008, 377 millj. kr. árið 2009 og 390 millj. kr. 2010.

*Vetrarþjónusta.*

Vetrarþjónusta tekur, auk snjómoksturs og hálkuvarnar, til kostnaðar á svæðum Vegagerðarinnar við eftirlit og upplýsingaþjónustu við vegfarendur, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum, svo og viðhalds á snjóstikum, merkinga og annars er varðar öryggi vegfarenda að vetrarlagi. Kröfur til þessarar þjónustu aukast ört og þá ekki síst kröfur um auknar hálkuvarnir. Mun kostnaður því fara vaxandi.

Eins og áður kom fram hefur meðalkostnaður við vetrarþjónustu verið milli 1.000 og 1.250 millj. kr. á ári undanfarin fimm ár, lægstur um 1.000 millj. kr. 2001 en hæstur um 1.250 millj. kr. 2005.

Töluverð skuld hafði safnast á þennan lið á árunum fyrir 2001 en léttari vetur undanfarið hafa gert mögulegt að greiða þessa skuld verulega niður, þó var enn um 190 millj. kr. skuld um síðustu áramót. Mjög brýnt er að auka við vetrarþjónustu og þá einkum hálkuvörn sem telja verður með því brýnasta sem unnt er að gera til að auka umferðaröryggi. Auknar hálkuvarnir eru hins vegar kostnaðarsamar og má því búast við að fjárþörf til þessa liðar vaxi mjög verulega á næstu árum. Lagt er til að fjárveiting verði 1.207 millj. kr. á árinu 2007, 1.287 millj. kr. árið 2008, 1.338 millj. kr. árið 2009 og 1.392 millj. kr. árið 2010.

**Almenningssamgöngur.**

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 1.182 millj. kr. árið 2007, 1.230 millj. kr. 2008, 1.203 millj. kr. 2009 og 904 millj. kr. 2010.

*Ferjur og flóabátar.*

Af þessum lið eru greiddir rekstrarstyrkir til ferjurekstraraðila á leiðum sem falla undir ákvæði vegalaga, svo og annar kostnaður þeirra vegna, afborganir af lánum og vextir vegna nýsmíði eða kaupa á ferjunum og búnaði þeirra.

Áætlað er að greiðslur rekstrarstyrkja verði um 450 millj. kr. á ári en síðasta afborgun af lánum fer fram á árinu 2007, 274 millj. kr.

Með aukinni þjónustu á undanförnum árum hafa styrkgreiðslur hækkað og kostnaður við þennan lið þar með aukist. Sérstaklega á þetta við vegna fjölgunar ferða Herjólfs á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Töluverð skuld hefur safnast á ferjuliðinn vegna þessa og er nauðsynlegt að mæta henni með auknum framlögum.

Alls eru sex ferjuleiðir greiddar af þessum lið og hefur rekstur þeirra allra verið boðinn út.

*Áætlunarflug.*

Alls eru styrkt áætlunarflug til átta áfangastaða á landinu. Þeir eru Gjögur, Bíldudalur, Sauðárkrókur, Grímsey, Þórshöfn, Vopnafjörður, Höfn og nú síðast Vestmannaeyjar. Á árinu 2006 fór fram útboð á flugi til allra þessara staða nema Vestmannaeyja og tóku samningar samkvæmt útboðunum gildi 1. janúar 2007. Um er að ræða samninga til þriggja ára. Gerður var bráðabirgðasamningur um áætlunarflug til Vestmannaeyja í október 2006 þegar áætlunarflug þangað lagðist af. Áætlað er að bjóða þá flugleið út á árinu 2007.

Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna þessa liðar verði á bilinu 240–250 millj. kr. á ári á tímabili áætlunarinnar.

*Sérleyfi á landi.*

Af þessum lið eru greiddir styrkir til sérleyfishafa. Allur sérleyfisakstur var boðinn út á árinu 2005 og tóku samningar samkvæmt því útboði gildi 1. janúar 2006 nema vegna aksturs á Suðurlandi þar sem ekki náðust samningar. Það svæði var því boðið út aftur á árinu 2006 og hófst akstur samkvæmt því útboði 1. október 2006. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna þessa liðar verði um 190 millj. kr. á ári.

**Rannsóknir.**

Fjárveiting til þessa liðar er 1% af mörkuðum tekjum til vegagerðar í samræmi við 24. grein vegalaga. Fram til ársins 2006 var lögð sérstök áhersla á umferðaröryggismál og var þeim rannsóknum stýrt af Rannsóknarráði umferðaröryggismála (RANNUM) sem Vegagerðin var í forsvari fyrir. Á árunum 2007–2010 verður lögð áhersla á umhverfismál og upplýsingatækni í rannsóknum.

Nú hefur verið lögð fram sérstök rannsóknastefna Vegagerðarinnar. Megináhersla verður lögð á verkefni sem Vegagerðin skilgreinir sjálf og fær sérfræðinga til að vinna. Áfram er þó einnig gert ráð fyrir að aðilar utan stofnunar geti sótt um fjárveitingar og styrki til afmarkaðra verkefna sem þeir skilgreina sjálfir. Rannsóknum Vegagerðarinnar er nú skipt í fjóra flokka: Mannvirki, umferð, umhverfi og samfélag, sjá nánar hér á eftir. Þrjár fagnefndir verða til ráðgjafar um rannsóknarflokkana, ein um mannvirki, önnur um umferð og sú þriðja um umhverfi og samfélag. Nefndirnar verða skipaðar starfsmönnum Vegagerðarinnar og aðilum utan stofnunarinnar verður einnig boðið að sitja í nefndunum.

Reiknað er með að árið 2007 skiptist rannsóknafé nokkuð jafnt á framangreinda flokka. Þetta er svipuð skipting og verið hefur sl. tvö ár. Verkefni um upplýsingatæknimál tengjast öllum flokkunum og lögð verður áhersla á slík verkefni auk þess sem gera má ráð fyrir að hlutur umhverfisrannsóknaverkefna aukist á tímabilinu.

Á vegáætlun 2007–2010 er stefnt að því að vinna einkum að eftirtöldum verkefnum, skipt eftir flokkuninni í rannsóknarstefnunni. Í seinni tveimur flokkunum verða unnin verkefni í samvinnu við Flugmálastjórn og Siglingastofnun eftir því sem tilefni verða til.

*Mannvirki.*

Undir þennan flokk falla rannsóknir sem snúa að veginum sjálfum og þeim mannvirkjum sem tengjast honum, svo sem brýr og jarðgöng. Hér getur verið um að ræða rannsóknir á uppbyggingu vegarins og undirlagi hans, til dæmis hvernig hægt er að styrkja og breikka núverandi vegakerfi, rannsóknir varðandi brýr og steinsteypu, jarðfræði og jarðtækni, áhrif jarðskjálfta á mannvirki, nýjar hönnunaraðferðir, hagkvæmari framkvæmdir og þess háttar. Einnig fellur undir þennan flokk fastur búnaður sem fylgir veginum eins og vegrið o.fl.

*Umferð.*

Í þessum flokki eru rannsóknir sem snúa að umferð á vegum, svo sem öryggi vegfarenda, þjónustu, umferðarstjórnun, upplýsingum til vegfarenda og þess háttar. Unnið verður að því að koma niðurstöðum RANNUM samstarfsins í notkun þar sem það á við. Rannsóknir munu einnig beinast að atriðum sem vegfarendur gera helst athugasemdir við, svo sem að hálkuvörnum á þjóðvegum.

*Umhverfi.*

Undir þennan flokk falla rannsóknir sem snúa að ytra umhverfi vegarins, svo sem umhverfisáhrifum framkvæmda og umferðar, veðurfars, náttúruvá og þess háttar. Áhersla verður áfram lögð á rannsóknir á áhrifum vegagerðar á votlendi og endurheimt votlendis, uppgræðslu, frágang eldri efnistökustaða og almennan frágang við framkvæmdir. Einnig verður áfram stutt við rannsóknir á snjóflóðum og jökulhlaupum og áhrifum slíkra atburða á öryggi mannvirkja og vegfarenda. Þá verða unnin verkefni á sviði landnotkunar og skipulags.

*Samfélag.*

Í þessum flokki eru rannsóknir sem snúa að samfélaginu í víðara samhengi, svo sem rannsóknir á samfélagslegum áhrifum samgangna, arðsemi, kostnaði, flutningum, hreyfanleika og þess háttar. Gjaldtaka af umferð verður skoðuð. Áfram verður unnið að rannsóknum á viðmiðum til að meta samgöngukerfið og árangur af samgönguáætlun.

Fjárveiting til rannsókna og þróunar á hverju ári er eins og áður sagði 1% af mörkuðum tekjum til vegagerðar, en í drögum að breytingum á vegalögum er lagt til að þetta hlutfall verði hækkað í 1½%, enda þáttur rannsókna- og þróunarstarfs sífellt mikilvægari í starfsemi Vegagerðarinnar og vega- og samgöngumálum almennt.

**Minjar og saga.**

Aukin áhersla hefur á síðustu árum verið lögð á varðveislu gamalla muna, tækja og mannvirkja hjá Vegagerðinni. Sérstakur samningur er í gildi við Samgöngusafn Íslands að Skógum undir Eyjafjöllum varðandi sýningarhald á hluta af þeim tækjum og munum sem eru í eigu Vegagerðarinnar. Miðað er við að þetta fyrirkomulag verði áfram í gildi, auk þess sem reiknað er með viðbótarsamningi varðandi þátttöku Vegagerðarinnar í fjármögnun geymsluskemmu fyrir tæki sem ekki eru á sýningu hverju sinni. Þáttur Vegagerðarinnar í þeim kostnaði verður greiddur af andvirði áhaldahúss á Hvolsvelli sem nú hefur verið selt, en var síðustu árin notað sem geymsluhúsnæði fyrir gömul tæki í eigu stofnunarinnar. Á næstu árum er fyrirhugað að rita sögu Vegagerðarinnar.

Lagt er til að fjárveiting í þennan lið verði 15 millj. kr. árið 2007 og 24 millj. kr. 2008, 2009 og 2010.

**4.1.4. Viðhald.**

Viðhald vega miðar að því að varðveita verðmæti þeirra og hæfni til að bera þann umferðarþunga sem þeim er ætlaður.

Viðhald vega tekur til endurnýjunar bundinna slitlaga, endurnýjunar malarslitlaga, styrkinga og endurbóta vega með bundnu slitlagi og vega með malarslitlagi, viðhalds brúa, varnargarða og vegganga, öryggisaðgerða, umferðaröryggisáætlunar, vatnaskemmda, viðhalds girðinga og frágangs gamalla efnisnáma.

Í árslok 2006 var komið bundið slitlag á um 4.800 km af vegakerfinu. Stærsti hluti bundinna slitlaga er á stofn- og tengivegum eða um 4.400 km. Þeir vegir eru flestir byggðir upp

fyrir þunnt og ódýrt slitlag, klæðingu, en einungis umferðarmestu vegirnir eru byggðir upp fyrir malbiksslitlag. Uppbygging vegakerfisins með bundnu slitlagi hófst að verulegu marki um 1979 og hafa vegir með bundnu slitlagi lengst um nálægt 160 km að meðaltali á ári frá þeim tíma, mest fyrstu árin, en nokkuð hefur dregið úr lengingunni á síðari árum.

Þær forsendur sem lágu til grundvallar við hönnun vega fyrir 20–30 árum hvað varðar magn umferðar, umferðarþunga og umferðarhraða voru allt aðrar en raunveruleikinn er nú. Þess vegna er ekki nægilegt að gera ráð fyrir að varðveita einungis það ástand sem var í upphafi, heldur þarf að gera ráð fyrir verulegum endurbótum á vegakerfinu til að uppfylla þarfir dagsins í dag og nánustu framtíðar.

Uppbygging vega með bundnu slitlagi var mest á árunum 1985–1988 eða 266 km að meðaltali á ári. Gera má ráð fyrir að meðalendingartími efsta hluta burðarlags þessara vega sé um 20 ár. Með hliðsjón af þeim miklu verðmætum sem liggja í vegum með bundnu slitlagi, aukinni þungaumferð og kröfum vegfarenda um betra vegyfirborð er nauðsynlegt að leggja aukna áherslu á styrkingu vega með bundnu slitlagi. Slík verkefni verða að falla undir viðhald meðan ekki fæst nýbyggingafjármagn til þeirra endurbóta.

Með þeim endurbótum sem gera þarf á vegakerfinu til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru hefur þörf fyrir fé til viðhalds verið áætluð um 4.800–5.000 millj. kr. á ári. Hér er lagt til að fjárveiting verði 3.114 m.kr árið 2007, 3.227 millj. kr. 2008, 4.065 millj. kr. 2009 og 4.375 millj. kr. árið 2010.

**Endurnýjun bundinna slitlaga.**

Endurnýjun bundinna slitlaga er mjög þýðingarmikil aðgerð vegna þeirra miklu verðmæta sem í þeim eru og vegna hins margþætta hlutverks sem slitlagið gegnir bæði fyrir umferðina og einnig til að verja undirliggjandi lög veganna. Gert er ráð fyrir að auka þurfi yfirlagnir með malbiki á umferðarmestu vegina vegna aukins álags frá umferðinni, til að auka umferðaröryggi og þægindi umferðarinnar.

Þar sem bundið slitlag í vegakerfinu eykst á hverju ári eykst þörf fyrir fé til viðhalds þess. Hér þarf því að ná mestum hluta af áætlaðri þörf. Lagt er til að fjárveiting verið 1.130 millj. kr. 2007. Árið 2008 er lagt til að fjárveiting verði 1.183 millj. kr., 1.250 millj. kr. 2009 og 1.315 millj. kr. 2010.

**Malarvegir.**

Stofn- og tengivegir með malarslitlagi eru um 3.800 km í árslok 2006. Með áframhaldandi uppbyggingu vega með bundnu slitlagi styttast malarvegirnir og stöðugt minni hluti umferðarinnar þarf að aka á malarslitlagi. Gert er ráð fyrir að í lok áætlunartímabilsins verði stofn- og tengivegir með malarslitlagi innan við 3.500 km og að umferðin á þeim verði minna en 6 % af heildarumferðinni. Verulega vantar á að unnt sé að sinna viðhaldi malarvega með því fjármagni sem er til staðar í dag. Hluti malarvega er án raunverulegs slitlags þar sem fjármagn til endurnýjunar þeirra hefur einungis verið um 60% af áætlaðri þörf, en þar sem malarvegir styttast í takt við lengingu vega með bundnu slitlagi ætti fjárþörf til þeirra að fara minnkandi til lengri tíma litið. Hér er lagt til að fjárveitingar til þessa liðar nái bæði til endurnýjunar malarslitlaga og styrkinga malarvega. Malarvegirnir eru margir hverjir mjög gamlir og byggðir fyrir minni og léttari umferð en nú er. Til þess að halda þessum malarvegum í viðunandi ástandi er gert ráð fyrir að þurfi um 500 millj. kr. á ári, en þörfin fer minnkandi með endurbyggingu veganna með bundnu slitlagi. Þegar núverandi malarvegir eru styrktir er nauðsynlegt að taka tillit til þeirrar umferðar sem um þá fer og skoða hverju sinni möguleika á að setja bundið slitlag samhliða styrkingu á vegi með umferð yfir 80 bifreiðar á dag.

Hér er lagt til að fjárveiting verði 240 millj. kr. árið 2007, 249 millj. kr. 2008, 270 millj. kr. 2009 og 290 millj. kr. 2010.

**Styrkingar og endurbætur.**

Þessum lið er ætlað að kosta styrkingar og endurbætur á stofn-, og tengivegum með bundnu slitlagi og á malarvegum eða á um 8.200 km. Fyrst og fremst er um að ræða styrkingu á efsta hluta burðarlags veganna sem brotnar niður undan aukinni og sífellt þyngri umferð en einnig er um að ræða eðlilegt slit og niðurbrot. Fyrir um 25 árum hófst að verulegu marki uppbygging vega með bundnu slitlagi en 20 ár eru talin eðlilegur endingartími burðarlaga. Nú þegar er komin fram veruleg þörf fyrir endurbætur á þessum vegum og mun hún fara vaxandi á næstu árum, sérstaklega þegar horft er til þeirrar miklu lengingar á vegum með bundnu slitlagi sem varð á 9. áratug síðustu aldar. Samhliða styrkingu þarf að breikka þessa elstu vegi og lagfæra umhverfi þeirra og öryggisbúnað. Um 2.100 km af stofn- og tengivegum með bundnu slitlagi uppfylla ekki þá staðla sem nú er unnið eftir við byggingu nýrra vega. Stærstur hluti þessara vega er byggður í 6,5 m breidd en ættu samkvæmt núgildandi reglum að vera 7,5 m breiðir. Einhver hluti vegakerfisins er byggður í 7,5 m breidd en ætti samkvæmt stöðlum að vera 8,5 m. Þegar gamall vegur er breikkaður er í mörgum tilfellum jafnframt nauðsynlegt að endurbæta burðarlag hans til þess að lengja um leið endingartíma þess. Eðlilegt er að leggja malbik í stað klæðingar á þá vegi sem hafa mesta umferð. Við breikkun veganna þarf einnig að taka tillit til þess að auka umferðaröryggi með ýmsum öðrum aðgerðum, svo sem flatari fláum, uppsetningu vegriða og hreinsun umhverfis veganna. Til þessa verkefnis er áætlað að þurfi um 2.100 millj. kr. á ári eða 8.400 millj. kr. á hverju fjögurra ára tímabili.

Hér er lagt til að fjárveiting verði aukin í þrepum þannig að í lok áætlanatímabilsins verði fjárveiting um 85% af áætlaðri þörf, eða 890 millj. kr. árið 2007, 921 millj. kr. 2008, 1.600 millj. kr. 2009 og 1.800 millj. kr. 2010.

**Brýr, varnargarðar og veggöng.**

Á þjóðvegum eru í notkun 1.245 brýr lengri en 4 m og er heildarlengd þeirra rúmir 30 km. Af þessum brúm eru 802 einbreiðar og 443 með tveimur eða fleiri akreinum. Endurstofnverð brúa er um 39.500 millj. kr., en vegna þess að meðalaldur þeirra er um 34 ár er verðmæti þeirra metið á um 22.800 millj. kr. að teknu tilliti til afskrifta. Mikil þörf er því fyrir endurnýjun á brúm á þjóðvegum bæði vegna aldurs og þess að margar þeirra uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru í dag til umferðaröryggis og burðarþols. Auk þess að viðhalda brúm er þessum fjárveitingalið ætlað að viðhalda varnargörðum og veggöngum. Í viðhaldi varnargarða liggja fyrir allstór verkefni sem eiga meðal annars þá skýringu að rennsli vatnsfalla frá jöklum er að aukast vegna bráðnunar þeirra og jafnframt eru farvegir jökulvatna að breytast. Veggöngum fjölgar og má búast við að viðhaldsþörf þeirra aukist nokkuð.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 290 millj. kr. árið 2007, 298 millj. kr. 2008, 350 millj. kr. 2009 og 370 millj. kr. 2010.

**Öryggisaðgerðir.**

Fjárveitingum samkvæmt þessum lið er varið til að auka öryggi í umferðinni. Að undanförnu hefur verið unnið að endurbótum á hættulegum stöðum og sérstök áhersla lögð á svokallaða svartbletti. Unnið er að endurbótum á slysastöðum eftir sérstakri framkvæmdaáætlun í samræmi við umferðaröryggisáætlun. Full þörf er á að auka þessa starfsemi verulega. Lagt er til að fjárveiting verði 185 millj. kr. 2007, 189 millj. kr. árið 2008 og 200 millj. kr. árin

2009 og 2010, en töluverður hluti af því fé fer til að fjármagna aðra liði í umferðaröryggisáætlun en svartbletti.

**Umferðaröryggisáætlun.**

Eins og getið var um í inngangi greinargerðar um vegáætlun er sérstök umferðaröryggisáætlun hluti samgönguáætlunar. Árlegur heildarkostnaður við áætlunina er 441 millj. kr. Af þessari upphæð koma um 321 millj. kr. af vegáætlun.

Sérstakar fjárveitingar til áætlunarinnar eru því 109 millj. kr. á árunum 2007 og 2008 og 110 millj. kr. á árunum 2009 og 2010. Þær rúmlega 210 millj. kr. sem á vantar á hverju ári verða teknar af liðunum vegmerkingar og vegbúnaður, öryggisaðgerðir og girðingar. Þetta skýrist af því að gert er ráð fyrir sérstökum aðgerðum við vegmerkingar, lagfæringu hættulegra staða (svartbletta) og nýjum girðingum meðfram vegum í umferðaröryggisáætluninni.

**Vatnaskemmdir.**

Fjárþörf þessa liðar er eðlilega breytileg. Lagt er til að fjárveiting verði 170 millj. kr. árið 2007 og 179 millj. kr. 2008 og 180 millj. kr. árin 2009 og 2010.

**Viðhald girðinga.**

Árlegur meðalfjöldi búfjárslysa á vegum hefur verið um 230 undanfarin ár. Viðhald girðinga og hvernig því er sinnt hefur áhrif á fjölda slíkra slysa. Kostnaður Vegagerðarinnar við viðhald girðinga er tvíþættur. Annars vegar er um að ræða að Vegagerðin er skuldbundin til þess að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum á móti landeigendum þar sem girðingum er haldið við og eru í lagi, samkvæmt úttekt. Hins vegar er um að ræða heimild Vegagerðarinnar til þess að taka að sér viðhald girðinga meðfram vegum þar sem sumarumferð er meiri en 300 bifreiðar á dag, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð. Til þess að geta nýtt sér þá heimild er þörf á auknum fjárveitingum til viðhalds girðingum.

Lagt til að fjárveiting verði 67 millj. kr. árin 2007 og 2008, 70 millj. kr. árið 2009 og 75 millj. kr. 2010.

**Frágangur gamalla efnisnáma.**

Á árinu 2004 gaf Vegagerðin út langtímaáætlun um námufrágang. Í henni kemur fram að Vegagerðin stefnir að því að ljúka við frágang á eldri efnisnámum, sem stofnunin ber ábyrgð á. Gert var ráð fyrir að verkið yrði unnið á 15 árum frá 2004 til 2018. Í áætluninni kemur fram að um er að ræða um 900 námur og gert ráð fyrir að ganga frá um 60 námum á ári. Þar sem ekki hafa verið sérstakar fjárveitingar til verkefnisins hefur það sóst hægar en til stóð.

Mun heppilegra er að til þessa verkefnis sé ákvörðuð sérstök upphæð árlega og er hér lagt til að á árinu 2007 verði varið 33 millj. kr. til verkefnisins, 32 millj. kr. árið 2008 og 35 millj. kr. á ári 2009 og 2010.

**4.1.5 Stofnkostnaður.**

Útgjöldum er skipt í samræmi við skiptingu samgönguáætlunar og vegflokka samkvæmt gildandi vegalögum. Lengd vega eftir vegflokkum er sýnd á fskj. (4.3).

**Grunnnet.**

Til grunnnetsins teljast samkvæmt skilgreiningum samgönguáætlunar allir stofnvegir nema Heydalsvegur og tengivegir og landsvegir sem falla undir skilyrði grunnnetsins. Samtals teljast um 5.200 km vega til grunnnetsins, þar af um 4.250 km af stofnvegum.

Lagt er til að skipting fjárveitinga til einstakra verkefnaflokka verði eins og sýnt er á eftirfarandi töflu:

| | 2007 millj. kr. | 2008 millj. kr. | 2009 millj. kr. | 2010 millj. kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1. Almenn verkefni | 571 | 578 | 518 | 518 |
| 2. Verkefni á höfuðborgarsvæði | 1.002 | 3.308 | 2.213 | 2.213 |
| 3. Verkefni á landsbyggð | 3.300 | 3.581 | 2.846 | 2.847 |
| 4. Söluandvirði Símans | 1.500 | 7.200 | 3.700 | 2.600 |
| 5. Jarðgöng | 1.750 | 3.222 | 3.235 | 3.185 |
| 6. Landsvegir í grunnneti | 60 | 60 | 60 | 60 |

*Almenn verkefni.*

Fjárveitingar á árunum 2007 og 2008 eru í samræmi við vegáætlun fyrir árin 2005–2008 að teknu tilliti til breytinga á verðlagi. Fjárveiting áranna 2009 og 2010 er samkvæmt því sem gert var ráð fyrir í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014. Fjárveitingum er skipt til einstakra verkefna við vinnslu áætlunarinnar á Alþingi.

*Verkefni á höfuðborgarsvæði.*

Hér er miðað við að höfuðborgarsvæðið nái frá Hafnarfirði (vegamótum Krýsuvíkurvegar) í suðri og að Hvalfjarðargöngum í norðri. Til austurs er miðað við vegamót Hringvegar og Hafravatnsvegar. Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þörf fyrir úrbætur hefur vaxið ört á undanförnum árum og ýmsar kostnaðarsamar aðgerðir aðkallandi. Á þessu svæði er einnig unnt að fækka umferðarslysum mest. Nokkur tilfærsla er á fjárveitingum milli áranna 2007 og 2008 og eru fjárveitingar 1.002 millj. kr. 2007, 3.308 millj. kr. 2008 og 2.213 millj. kr.hvort áranna 2009 og 2010.

*Verkefni á landsbyggð.*

Í þessum verkefnaflokki eru allar helstu framkvæmdir á grunnnetinu utan höfuðborgarsvæðisins. Fjárveitingar 2007 og 2008 eru í samræmi við vegáætlun 2005–2008 þar sem greidd er til baka frestun frá árunum 2005 og 2006. Fjárveitingar 2009 og 2010 eru í samræmi við samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

*Söluandvirði Símans.*

Fjárveitingar til þessa liðar eru í samræmi við sérstök lög um ráðstöfun söluandvirðis Símans.

*Jarðgöng.*

Fjárveitingar til þessa liðar miðast við að lokið verði við Héðinsfjarðargöng síðari hluta árs 2009. Til viðbótar er gert ráð fyrir að unnið verði að gerð jarðganga á milli Hnífsdals og Bolungarvíkur og þeim lokið árið 2010. Núverandi göng um Oddsskarð eru löngu ófullnægjandi og vegna stækkunar atvinnusvæðis á Austurlandi með tilkomu nýs álvers og nauðsynlegra samgöngubóta í Fjarðabyggð í tengslum við það, þarf að hefja framkvæmdir við Norðfjarðargöng eins fljótt og auðið er. Rannsóknir, hönnun og annar undirbúningur Norðfjarðarganga fer fram 2007 og 2008 og verða göngin boðin út á árinu 2009. Jafnframt verður,

vegna nauðsynlegra samgöngubóta milli norður- og suðurhluta Vestfjarða, unnið að rannsóknum, hönnun og öðrum undirbúningi að Arnarfjarðargöngum árin 2007 og 2008. Göngin verða boðin út þannig að hefja megi framkvæmdir strax að lokinni vinnu við Óshlíðargöng.

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir jarðgöngum undir Vaðlaheiði sem einkaframkvæmd. Er í því sambandi miðað við þær heimildir sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til nýrra vegalaga, sbr. 17. gr. þess. Vegagerðinni verði falið strax á árinu 2007 að hefja viðræður við hagsmunaaðila. Þar verði fjallað um framkvæmdir, fjármögnun og þátt ríkisins í verkefninu.

Vegna hugmynda um önnur jarðgöng er á áætlunartímabilinu gert ráð fyrir að unnið verði að frumrannsóknum og áætlunum vegna jarðganga á höfuðborgarsvæðinu, til Vopnafjarðar og á Miðausturlandi. Gert er ráð fyrir að kostnaður við þessar rannsókir og áætlanagerð verði fjármagnaður af heildarfjárveitingu til jarðganga.

*Landsvegir í grunnneti.*

Samkvæmt skilgreiningum grunnnetsins falla landsvegirnir Sprengisandsleið, Kjalvegur, Fjallabaksleið nyrðri og Kaldadalsvegur undir grunnnetið. Uppbygging þessara vega krefst mikils fjármagns og er ljóst að þær fjárveitingar sem hér er gerð tillaga um nægja aðeins til örlítillar byrjunar á verkefninu.

**Tengivegir.**

Lagt er til að fjárveiting til tengivega verði 640 millj. kr. árið 2007, 1.151 millj. kr. árið 2008 og 1.144 millj. kr. árin 2009 og 2010. Fjárveitingar til þessara vega hafa að undanförnu verið mun lægri en þær þyrftu að vera en nú er gert ráð fyrir verulegri hækkun. Eins og fram hefur komið hér á undan falla nokkrir tengivegir undir skilgreiningu grunnnetsins og ætti það að létta nokkuð á þessum lið þegar fram í sækir. Einnig er verulegum hluta fjármagns til ferðamannaleiða varið til tengivega.

**Til brúargerðar.**

Lagt er til að gerð einnar brúar sem endurbyggja átti 2007 verði frestað til 2008. Fjárveitingar verða þá 317 millj. kr. 2007, 523 millj. kr. árið 2008 og 346 millj. kr. hvort áranna 2009 og 2010. Þessu til viðbótar koma fjárveitingar til brúargerðar af liðnum verkefni á landsbyggð. Gert er ráð fyrir að fjárveitingin skiptist eins og áður á milli brúa 10 m og lengri og smábrúa.

Að undanförnu hefur mest áhersla verið lögð á breikkun eða endurbyggingu einbreiðra brúa og endurbyggingu brúa sem ekki þola þá þyngd ökutækja sem heimiluð hefur verið í samræmi við reglur sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Gert er ráð fyrir að áfram verði meginhersla lögð á þessi atriði. Fjöldi einbreiðra brúa er sýndur á fskj. (4.3.1).

**Ferðamannaleiðir.**

Lagt er til að fjárveitingar verði 195 millj. kr. árið 2007, 196 millj. kr. árið 2008 og 192 millj. kr. hvort áranna 2009 og 2010.

Við skiptingu fjár milli kjördæma er tekið mið af lengd vega og akstri í viðkomandi kjördæmi. Skipting fyrir árin 2007 og 2008 er í samræmi við vegáætlun 2005–2008. Fyrir árin 2009 og 2010 eru reiknuð ný hlutföll.

**Þjóðgarðavegir.**

Þessi liður var fyrst tekinn upp í vegáætlun 2005–2008 og er lagt til að honum verði haldið enn um sinn. Lagt er til að sömu vegir og áður fái fjárveitingar af þessum lið, þ.e. Uxahryggja-

vegur í og við Þingvallaþjóðgarð, Útnesvegur í Snæfellsjökulsþjóðgarði og Hólmatungnavegur í og við þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.

**Girðingar.**

Eins og fram kom í umfjöllun um viðhald girðinga er, með tilliti til umferðaröryggis, mikil þörf á að loka vegsvæðum betur en nú er gert og þyrfti að auka fjármagn til þessa liðar verulega. Lagt er til að fjárveiting verði 75 millj. kr. árið 2007, 80 millj. kr. 2008, 90 millj. kr. 2009 og 95 millj. kr. 2010. Hluta þessara fjárveitinga er varið í samræmi við umferðaröryggisáætlun.

**Landsvegir utan grunnnets.**

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegir sem tengja saman landshluta og ekki teljast stofnvegir eða tengivegir auk vega innan þjóðgarða og vega til nokkurra fjölsóttra ferðamannastaða.

Sumir þessara vega teljast til grunnnetsins eins og kom fram hér að framan. Gert er ráð fyrir að viðhald og almenn þjónusta þess hluta þessara vega sem opnir eru fyrir allri almennri umferð verði greidd af liðunum þjónusta og viðhald.

Lagt er til að fjárveiting verði 119 millj. kr. á ári nema 120 millj. kr. árið 2008.

**Safnvegir.**

Safnvegir nú svara að mestu til sýsluvega áður. Lagt er til að fjárveiting verði 350 millj. kr. 2007, 358 millj. kr. árið 2008 en 357 millj. kr. árin 2009–2010.

**Styrkvegir.**

Styrkvegir eru ýmsir vegir sem áður gátu verið sýsluvegir eða aðrir fjallvegir, sbr. 16. gr. vegalaga.

Lagt er til að fjárveiting verði 70 millj. kr. árin 2007 og 2008 og 72 millj. kr. hvort áranna 2009–2010.

**Reiðvegir.**

Lagt er til að fjárveiting verði 60 millj. kr. á ári.

**4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.**

Hér að framan er gerð tillaga um skiptingu fjárveitinga til almennra verkefna í grunnneti til tengivega og til ferðamannaleiða á milli kjördæma. Gert er ráð fyrir að nánari skipting til einstakra verkefna á þessum vegum verði gerð við meðferð tillögunnar á Alþingi.

Einnig er gerð tillaga um sundurliðun framkvæmda við verkefni á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð í grunnneti. Við gerð þessara tillagna er eftir því sem unnt er fylgt skiptingu samgönguáætlunar fyrir árin 2003–2014 á fjármagni til einstakra verkefna á árunum 2007–2010.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir tillögum þessum.

### 4.2.1 Framkvæmdir í grunnneti.

**Almenn verkefni.**

Við gerð vegáætlunar fyrir árin 2005–2008 var fjármagni til almennra verkefna á stofnvegum skipt á milli kjördæma með eftirfarandi reiknilíkingu:

$$\frac{L + U + M}{3}$$

þar sem

L = hlutfall lengdar stofnvega í kjördæminu af heildarlengd stofnvega á landinu,
U = hlutfall umferðar (aksturs) í kjördæminu af umferð á öllum stofnvegum,
M = hlutfall af lengd malarslitlags á stofnvegum í kjördæminu af heildarlengd malarslitlags á stofnvegum á öllu landinu.

Lagt er til að þessi aðferð verði notuð áfram. Fyrir árin 2007 og 2008 eru notuð sömu hlutföll og áður en ný hlutföll sem taka mið af breytingum sem orðið hafa á síðustu árum eru notuð fyrir árin 2009 og 2010.

**Verkefni á höfuðborgarsvæði.**

**Hringvegur.**

Reiknað er með því að hafin verði vinna við breikkun Hringvegar bæði til austurs frá Reykjavík og á Kjalarnesi. Þessi verk verði fjármögnuð með sérstakri fjáröflun. Þar getur bæði verið um að ræða einkaframkvæmd í einhverri mynd eða lántökur.

Að auki eru lagðar til fjárveitingar til að ljúka breikkun Vesturlandsvegar upp í Mosfellsbæ og til minni háttar endurbóta á gatnamótum.

**Hafnarfjarðarvegur.**

Lagt er til að hafist verði handa við gerð mislægra gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar árið 2009. Gatnamót við Nýbýlaveg verði endurgerð árin 2008 og 2009.

**Reykjanesbraut.**

Lagt er til að lokið verði greiðslu kostnaðar við endurbætur á Sæbraut 2007. Árið 2008 verði hafist handa við gerð mislægra gatnamóta við Bústaðaveg, 2007 verði hafin bygging mislægra gatnamóta við Arnarnesveg, gatnamót við Vífilsstaðaveg verði gerð á árunum 2008 og 2009 og lokið verði að greiða kostnað við gatnamót við Urriðaholtsveg árið 2008. Loks verði vegurinn breikkaður í fjórar akreinar frá Kaldárselsvegi að Krýsuvíkurvegi á árunum 2008 til 2010 ásamt gerð mislægra gatnamóta við Krýsuvíkurveg. Til þess verks verði einnig varið fjármagni af söluandvirði Símans.

**Krýsuvíkurvegur.**

Lagt er til að gerðar verði endurbætur á Krýsuvíkurvegi næst Reykjanesbraut í tengslum við gerð mislægra gatnamóta sem fjallað var um hér að framan.

**Nesbraut.**

Þær fjárveitingar sem lagðar eru til eru til að ljúka greiðslu á framkvæmdum sem lokið er við.

**Hlíðarfótur.**
Hlíðarfótur er hluti Fossvogsbrautar. Lagt er til að á árinu 2007 verði fjárveiting í nýja tengingu frá Hringbraut að flugstjórnarmiðstöð og hugsanlegri samgöngumiðstöð. Verkefnið fékk einnig fjárveitingu árið 2006.

**Arnarnesvegur.**
Fjárveiting sem lögð er til 2007 er til að greiða kostnað við gatnamót við Fífuhvammsveg. Lagt er til að á árunum 2008–2010 komi fjárveitingar til að halda áfram gerð vegarins austan Reykjanesbrautar að Breiðholtsbraut en mjög mikil þörf er á því vegna þróunar byggðar í Kópavogi.

**Álftanesvegur.**
Lagt er til að Álftanesvegur verði endurbyggður frá Hafnarfjarðarvegi að Bessastaðavegi á árunum 2007 og 2008.

**Sundabraut.**
Lagt er til að fjárveiting verði 100 millj. kr. árið 2007 en síðan eru fjárveitingar af söluandvirði Símans á árunum 2008–2010 samtals 8.000 millj. kr. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um endanlega legu vegarins og verður það tæpast gert fyrr en í lok árs 2007 þar eð ákveðið hefur verið að meta umhverfisáhrif eins valkosts til viðbótar.

**Göngubrýr og undirgöng.**
Lagt er til að áfram verði haldið gerð göngubrúa og undirganga á mestu umferðarvegunum til að auka öryggi gangandi vegfarenda.

**Smærri verk og ófyrirséð.**
Samkvæmt reynslu fellur á þessu svæði til mikið af smærri verkefnum sem erfitt er að áætla þannig að lagt er til að höfð sé ósundurliðuð upphæð til að sinna þeim.

**Verkefni á landsbyggð.**
**Hringvegur á Suðurlandi.**
Lagt er til að á árunum 2008–2010 séu fjárveitingar til að gera nýjan veg og brú yfir Hornafjarðarfljót en einnig er fjárveiting til þessa verkefnis af söluandvirði Símans. Á árinu 2007 er lögð til fjárveiting til að auka umferðaröryggi á milli Reykjavíkur og Hveragerðis. Gert er ráð fyrir að framhald þess verkefnis verði fjármagnað með sérstakri fjáröflun og getur þar verið um að ræða einkafjármögnun í einhverri mynd eða lántökur.

**Bakkavegur.**
Lagt er til að á árunum 2009 og 2010 séu fjárveitingar til að byggja nýjan veg frá Bakkaflugvelli að væntanlegri ferjuhöfn í Bakkafjöru.

**Bræðratunguvegur.**
Lagt er til að fjárveitingar komi til að gera nýjan veg og brú á Hvítá nálægt Flúðum á árunum 2007–2010. Til þessa verkefnis eru einnig fjárveitingar af söluandvirði Símans á árunum 2008 og 2009.

**Suðurstrandarvegur.**

Fjárveiting sem lögð er til á árinu 2010 kemur til viðbótar fjárveitingum af söluandvirði Símans 2008 og 2009. Lagt er til að næsti áfangi sem tekinn verður fyrir verði kaflinn milli Þorlákshafnar og Selvogs.

**Lyngdalsheiðarvegur.**

Lagt er til að fjárveitingar til verksins verði 2007 og 2008 og koma þær til viðbótar fjárveitingu 2006. Gert er ráð fyrir að nýr vegur verði lagður milli Laugarvatns og Þingvallavegar nálægt Miðfelli.

**Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík.**

Lagðar eru til fjárveitingar á árunum 2007 og 2008 og koma þær til viðbótar fjárveitingum af söluandvirði Símans á árunum 2007–2009. Gert er ráð fyrir að lokið verði kaflanum Strandaheiði–Reykjanesbær. Í framhaldinu verði hafist handa við breikkun vegarins frá Hafnarfirði eins og greint var frá í kaflanum um höfuðborgarsvæðið hér að framan. Ekki er í þessari áætlun gert ráð fyrir kostnaði ríkisins vegna breytingar á legu Reykjanesbrautar sem leiðir af hugsanlegri stækkun álvers Alcan í Straumsvík þar sem ekki liggur fyrir aðalskipulag sem sýnir færslu vegarins. Þegar breytt aðalskipulag liggur fyrir verða teknar upp viðræður við þá er málið varðar.

**Keflavíkurvegur.**

Lagt er til að fjármagn verði veitt í nýja tengingu af Reykjanesbraut inn í Keflavík.

**Hringvegur á Norðvesturlandi.**

Lokið verði við að greiða lán og aðrar skuldbindingar sem stofnað var til vegna tenginga Hvalfjarðarganga. Á árinu 2008 er fjárveiting til endurbóta á veginum um Borgarnes. Þá verði lokið endurbyggingu vegarins í Stafholtstungum í Borgarfirði (Grafarkot–Brekkunef), í botni Hrútafjarðar og um Norðurárdal í Skagafirði. Hluti af framkvæmdunum í Hrútafirði og í Norðurárdal er endurbygging síðustu einbreiðu brúnna á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur.

**Snæfellsnesvegur.**

Haldið verði áfram uppbyggingu vegar yfir Fróðárheiði árið 2010 og lokið við að greiða kostnað við gerð vegar og brúar yfir Kolgrafafjörð árið 2007.

**Vestfjarðavegur.**

Þær fjárveitingar sem lagt er til að veittar verði til Vestfjarðavegar koma til viðbótar fjárveitingum af söluandvirði Símans. Með þessu fjármagni á að vera unnt að ljúka endurbyggingu vegarins frá Þorskafirði í Kollafjörð.

**Djúpvegur.**

Lagt er til að endurbyggður verði kaflinn Heydalsá–Þorpar sunnan Hólmavíkur, lokið verði endurbyggingu vegar í Ísafirði og yfir Mjóafjörð. Þessu verki á að vera að fullu lokið 2009 en stefnt er að því að umferð komist á veginn haustið 2008. Loks verði haldið áfram endurbótum á veginum milli Súðavíkur og Bolungarvíkur.

**Þjóðbraut.**
Lagt er til að fjármagn verði veitt í gerð nýrrar tengingar inn í Akranes.

**Vegur um Arnkötludal.**
Að undanförnu hefur verið unnið að undirbúningi vegagerðar um Arnkötludal milli Króksfjarðar og Steingrímsfjarðar. Þær fjárveitingar sem hér eru lagðar til koma til viðbótar fjárveitingum af söluandvirði Símans. Miðað er við að vegurinn verði opnaður til umferðar haustið 2008 og honum verði að fullu lokið 2009.

**Þverárfjallsvegur.**
Þær fjárveitingar sem lagðar eru til miðast við, ásamt fjárveitingum af söluandvirði Símans, að ljúka gerð vegarins.

**Hringvegur á Norðausturlandi.**
Lagt er til að fjármagn verði veitt til endurbóta á gatnamótum á Akureyri, til að ljúka gerð vegar um Skjöldólfsstaðafjall sem er síðasti malarkaflinn á milli Akureyrar og Egilsstaða, haldið verði áfram endurbyggingu vegarins um Skriðdal, hafin endurbygging vegar í Berufjarðarbotni, lokið endurbyggingu kaflans frá Valtýskambi að Sandbrekku og lokið endurbótum á veginum um Þvottár- og Hvalnesskriður.

**Snjóflóðavarnir á Ólafsfjarðarvegi.**
Lagt er til að gerðar verði varnir gegn snjóflóðum við Ólafsfjarðarveg hjá Sauðanesi.

**Norðausturvegur.**
Með þeim fjárveitingum sem hér er lagt til að komi til Norðausturvegar og eru til viðbótar fjárveitingum af söluandvirði Símans ætti að vera unnt að leggja nýjan veg milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar og að ljúka tengingu frá Vopnafirði að Hringvegi.

**Kísilvegur.**
Lagt er til að áfram verði unnið að endurbyggingu Kísilvegar.

**Orku- og iðjuvegir.**
Þessar framkvæmdir voru sérstakur liður í vegáætlun 2005–2008 en eru hér teknar með öðrum framkvæmdum á landsbyggð. Um er að ræða lok þeirra endurbygginga á vegum sem ákveðið var að ráðast í í sambandi við uppbyggingu orkuvers og stóriðju á Austurlandi. Lokið verður við endurbyggingu Norðfjarðarvegar um Hólmaháls milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar.

**Samgöngurannsóknir.**
Lagt er til að fjárveitingar til þessa liðar verði 15 millj. kr. á ári. Fjárveitingarnar verði notaðar til ýmissa samgöngurannsókna svo sem verið hefur á undanförnu áætlunartímabili.

**Söluandvirði Símans.**
Samtals er varið 15 milljörðum kr. til ýmissa vegagerðarverkefna samkvæmt sérstökum lögum þar um. Gerð hefur verið grein fyrir þessum verkefnum í umfjöllun um áætlaðar framkvæmdir hér að framan.

**4.2.2 Framkvæmdir utan grunnnets.**
**Tengivegir.**

Við skiptingu fjármagns til tengivega á milli kjördæma hefur verið notuð reiknilíking þar sem tekið er tillit til heildar lengdar tengivega í viðkomandi kjördæmi, og þeirrar umferðar sem á þeim er. Líkingin er eftirfarandi:

$$\frac{L + U}{2}$$

þar sem

L = hlutfall lengdar tengivega í kjördæminu af heildarlengd tengivega á öllu landinu.
U = hlutfall umferðar (akstur) á tengivegum í kjördæminu af heildarumferð á öllum tengivegum á landinu.

Lagt er til að þessi aðferð verði notuð áfram. Fyrir árin 2007 og 2008 eru notuð sömu hlutföll og notuð voru við gerð vegáætlunar fyrir árin 2005–2008. Fyrir árin 2009 og 2010 eru notaðar nýjustu upplýsingar um lengdir og umferð.

**4.2.3 Sérstök fjáröflun.**

Gert er ráð fyrir að breikkun og aðskilnaður aksturssstefna á helstu umferðaræðum út frá höfuðborgarsvæðinu verði fjármagnaður að hluta til með sérstakri fjáröflun.

Þær framkvæmdir sem hér er um að ræða eru Hringvegurinn milli Selfoss og Reykjavíkur og frá Kjalarnesi í Borgarnes.

**4.3. Um flokkun vega.**

*Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum.*

Í þessum tillögum eru vegir flokkaðir eftir 8. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem tengivegur endar við bæ er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst safnvegur eða einkavegur.

Í fskj. (4.3) eru sýndar í töfluformi vegalengdir hinna ýmsu vegflokka.

**Stofnvegir.**

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á þeim vegum sem töldust stofnvegir samkvæmt vegáætlun 2005–2008.

96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði, um Fáskrúðsfjarðargöng, út Daladal, um Sævarendaströnd, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes, á Hringveg við Breiðdalsvík.

Lega vegar breytist og hann styttist. Hann liggur nú um Fáskrúðsfjarðargöng í stað þess að fara fyrir Vattarnes.

365 Lyngdalsheiðarvegur.

Vegur óbreyttur. Vegheiti breytt, var áður Gjábakkavegur.

955 Vattarnesvegur: Af Suðurfjarðavegi á Sléttuströnd í Reyðarfirði, um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Búðir, á Suðurfjarðaveg í Fáskrúðsfjarðarbotni.

Nýtt vegnúmer og heiti. Var áður sá hluti Suðurfjarðavegar sem féll út með tilkomu Fáskrúðsfjarðarganga.

Vegurinn er tengivegur nema syðsti kaflinn, sem tengir Búðakauptún við Suðurfjarðaveg í Fáskrúðsfjarðarbotni, sá er stofnvegur.

**Tengivegir.**

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á þeim vegum sem töldust tengivegir samkvæmt vegáætlun 2005–2008.

281 Sumarliðabæjarvegur.

Vegur óbreyttur og vegheiti en vegnúmeri var breytt, var áður 2907.

410 Elliðavatnsvegur: Af Arnarnesvegi í Leirdal, vestan Vífilsstaðavatns, á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.

Vegna breytingar á byggð styttist vegurinn og lega hans breytist nokkuð. Hann hófst áður á Breiðholtsbraut við Dimmu og lá um Vatnsenda.

(430 Úlfarsfellsvegur: Af Hringvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells, á Hafravatnsveg.)

Vegur fellur niður, sem þjóðvegur, vegna breytingar á byggð.

435 Nesjavallaleið

Vegur óbreyttur. Vegheiti lagfært, var áður Nesjavallavegur.

813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli, á Ólafsfjarðarveg niður undan Möðruvöllum.

Suðurendi vegar breytist. Lá áður frá Möðruvöllum á Hörgárdalsveg.

862 Dettifossvegur.

Vegur óbreyttur. Vegheiti breytt, var áður Hólmatungnavegur.

955 Vattarnesvegur: Af Suðurfjarðavegi á Sléttuströnd í Reyðarfirði, um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Búðir, á Suðurfjarðaveg í Fáskrúðsfjarðarbotni.

Nýtt vegnúmer og heiti. Var áður sá hluti Suðurfjarðavegar sem féll út með tilkomu Fáskrúðsfjarðarganga.

Vegurinn er tengivegur nema syðsti kaflinn, sem tengir Búðakauptún við Suðurfjarðaveg í Fáskrúðsfjarðarbotni, sá er stofnvegur.

(956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár, að Hólagerði.)

Vegur fellur niður sem nafn og númer. Suðurfjarðavegur sunnan Fáskrúðsfjarðarganga leysti hann af hólmi.

*Fskj. (4.3).*

**Þjóðvegir 30. júní 2006.**

| Kjördæmi | Stofnvegir km | Tengivegir km | Safnvegir km | Landsvegir km | Samtals km |
|---|---|---|---|---|---|
| Suðurkjördæmi | 936 | 1.105 | 558 | 957 | 3.555 |
| Suðvesturkjördæmi | 127 | 100 | 33 | 14 | 274 |
| Reykjavíkurkjörd. (bæði) | 72 | 11 | 23 | 8 | 115 |
| Norðvesturkjördæmi | 1.756 | 1.753 | 956 | 626 | 5.091 |
| Norðausturkjördæmi | 1.339 | 1.037 | 655 | 972 | 4.003 |
| Alls | 4.230 | 4.006 | 2.225 | 2.577 | 13.038 |

*Fskj. (4.3.1).*

**Brýr á stofnvegum, 10 m og lengri.**
Breidd brúa flokkuð eftir umferð.*
(Fjöldi brúa.)

| Meðalumferð á dag (ÁDU) | 6 m breiðar og breiðari | Mjórri en 6 m | Alls |
|---|---|---|---|
| 0- 100 | 3 | 37 | 40 |
| 101– 500 | 58 | 123 | 181 |
| 501–1000 | 34 | 12 | 46 |
| 1001–2000 | 37 | 1 | 38 |
| > 2000 | 62 | 3 | 65 |
| Samtals | 194 | 176 | 370 |

* Heimild: Brúaskrá Vegagerðarinnar 2006.

## 5. UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN

Framkvæmd umferðaröryggismála hefur nú verið hjá samgönguráðuneyti frá 1. janúar 2004. Á þeim tíma hefur verið starfandi sérstakur stýrihópur sem var m.a. falið að móta heildarstefnu í umferðaröryggismálum og um leið stilla saman krafta stofnana og annarra aðila sem fara með umferðaröryggismál.

Mótuð var umferðaröryggisáætlun þar sem sett voru fram markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2016 en þau eru að:

a. Fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2016.
b. Fjöldi látinna og alvarlegra slasaðra í umferð lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2018.

Markmiðin skulu metin út frá meðaltali undangenginna 5 ára.

Þegar þessi stefna var mótuð var m.a. lögð til grundavallar skýrsla og tillögur starfshóps um umferðaröryggisáætlun til ársins 2012 – markmið og aðgerðir. Þar var að finna um 130 tillögur að aðgerðum í umferðaröryggismálum. Valdar voru aðgerðir til frekari skoðunar með hliðsjón af virkni þeirra til fækkunar slysa og lækkunar slysakostnaðar.

Við mat á forsendum um ávinning af fækkun óhappa og slysa var stuðst við skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um kostnað vegna umferðarslysa á Íslandi sem gefin var út árið 1996. Fjöldi slysa og óhappa miðast við skrár Umferðarstofu sem unnar eru á grundvelli lögregluskýrslna. Þess ber að geta að fjölmörg óhöpp í umferð á Íslandi eru ekki skráð af lögreglu. Við mat á forsendum um virkni aðgerða var í flestum tilfellum stuðst við erlendar rannsóknir og ber þar sérstaklega að nefna handbók Transportøkonomisk Institutt í Noregi um virkni umferðaröryggisaðgerða.

Aðgerðum hefur verið skipt í eftirfarandi meginflokka: Ökumaður og farartæki, fræðsla og áróður, öruggari vegir og umhverfi þeirra og samstarf og þróun. Gerð verður frekari grein fyrir einstökum verkefnum síðar í þessum kafla.

Sérfræðingar í umferðaröryggismálum eru almennt sammála um að umferðarmál hafi sérstöðu að því leyti að sýnilegt eftirlit og viðurlög eru afgerandi þættir í því að hafa áhrif á hegðun ökumanna. Þess vegna hefur verið lögð veruleg áhersla á þessa þætti. Í áætluninni kemur þetta m.a. fram í áherslu á hið sérstaka eftirlit lögreglu með umferðarhraða og ölvunarakstri og fjölgun hraðamyndavéla. Auk þess hafa viðurlög og sektir vegna brota á umferðarlögum verið hert verulega ásamt því að sektarmörk hafa verið lækkuð.

Fjöldi alvarlega slasaðra í umferð á Íslandi var 112 fyrstu tíu mánuði ársins 2006 og ljóst er að þessar tölur eru töluvert hærri er árið þar á undan og stefnir í að vera töluvert yfir

meðaltölum síðustu ára. Hið sama er að segja um fjölda látinna í umferðinni sem voru 30 á árinu 2006. Leita þarf til ársins 2000 til að finna hærri tölur. Ef horft er hins vegar til ársins 2005 þá er það eitt besta árið í umferðinni hvað varðar fjölda alvarlega slasaðra og látinna. Meðalfjöldi látinna í umferð á síðustu 10 árum er um níu á hverja 100.000 íbúa. Til samanburðar má nefna að í þeim löndum sem náð hafa hvað bestum árangri á sama tímabili létust einungis sex af hverjum 100.000 íbúum í umferð. Ísland er nálægt Finnum sem eru með svipaða dánartíðni og eru að mörgu leyti í svipaðri stöðu með dreifbýlt land þar sem ungt fólk fær ökuréttindi snemma og einkabílinn er allsráðandi samgöngutæki. Sjálfsagt væru aðrir mælikvarðar sanngjarnari fyrir okkur, t.d. ef miðað væri við ekna kílómetra eða fjölda bifreiða á hvern íbúa, en eftir sem áður er fjöldi banaslysa óásættanlegur.

Slæm útkoma síðasta árs gefur tilefni til að staldra við og huga að áherslum. Ljóst er af tölum úr umferðargreinum Vegagerðarinnar að umferðarhraði hér á landi er of mikill og verulegt áhyggjuefni. Brugðist hefur verið við þessu með umtalsverðri hækkun sekta og annarra viðurlaga. En háttarlag ökumanna er augljóslega að töluverðu leyti siðferðislegur vandi.

Brugðist hefur verið við slæmri útkomu síðasta árs með breyttum áherslum í áróðri þar sem horft verður frekar til vitundarvakningar með meiri áherslu á fræðslu og upplýsingar. Einnig verður horft til þess að beita öðrum áherslum til að ná til ungs fólks með öðrum hætti en í gegnum sjónvarp og blöð. Þá verður farið í heildarendurskoðun á ökunámi og ökukennslu og leitast við að tengja hana námi í efri bekkjum grunnskóla og fyrsta ári í framhaldsskóla. Jafnframt verði lögð ríkari áhersla á siðferðileg gildi í umferðinni. Þá er ákveðið að skylda nýja ökunema til náms á aksturskennslusvæði frá ársbyrjun 2008.

**Yfirlit yfir slasaða og látna 1996–2006.**

| | Látnir | Alvarlega slasaðir | Lítið slasaðir | Slasaðir alls |
|---|---|---|---|---|
| 1996 | 10 | 229 | 1335 | 1574 |
| 1997 | 15 | 203 | 1293 | 1511 |
| 1998 | 27 | 229 | 1349 | 1605 |
| 1999 | 21 | 222 | 1483 | 1726 |
| 2000 | 32 | 168 | 1316 | 1516 |
| 2001 | 24 | 158 | 1120 | 1302 |
| 2002 | 29 | 164 | 1321 | 1514 |
| 2003 | 23 | 145 | 1076 | 1244 |
| 2004 | 23 | 115 | 1041 | 1179 |
| 2005 | 19 | 129 | 884 | 1032 |
| 2006 | 30 | 150 | 1197 | 1377 |

### 5.1 Fjármál.

Gert er ráð fyrir að til umferðaröryggisáætlunarinnar verði varið alls 1.763 millj. kr. á tímabili áætlunarinnar, 381 millj., 484 millj., 453 millj. og 445 millj. árin 2007–2010. Gert er ráð fyrir lægri fjárhæð vegna ársins 2007 þar sem enn eru ónýttar fjárheimildir frá fyrra ári, aðallega vegna tafa sem orðið hafa á uppsetningu á myndavélabúnaði og frestun á sérstöku eftirliti með ölvunarakstri.

Fjármagnið kemur að hluta af vegáætlun eða alls 1.283 millj. Af sérstöku umferðaröryggisgjaldi koma 70 millj. kr. árlega, sem er tvöföldun frá fyrri áætlun, og auk þess er gert ráð fyrir sérstakri 50 millj. kr. árlegri fjárveitingu til umferðaröryggismála, samtals 480 millj. kr. á tímabilinu.

**5.2 Framkvæmdaáætlun í umferðaröryggi.**

Áfram verði unnið að framkvæmd í umferðaröryggismálum í samræmi við umferðaröryggisáætlun með það að markmiði að auka öryggi vega, bifreiða og ökumanna.

Áfram verði unnið markvisst að rannsóknum og upptöku nýrrar tækni sem stuðlar að auknu öryggi í samgöngum.

Efld verði söfnun og úrvinnsla upplýsinga um hvers konar atvik og atburði til að nýta megi til að koma í veg fyrir frekari óhöpp og stuðla þannig að auknu öryggi.

Áhersla verði lögð á vitundarvakningu með það að markmiði að byggja upp öryggismenningu í umferðinni með sérstaka áherslu á unga ökumenn.

Sérstök áhersla verði lögð á aukið samstarf og samvinnu samgönguyfirvalda við önnur yfirvöld, sveitarfélög og hagsmunaaðila á sviði samgöngumála með bætt öryggi að leiðarljósi.

Við uppbyggingu nýrra vega og endurbætur á eldri vegum verði tekið sérstakt tillit til umferðaröryggis. Stefnt skal að því að aksturssstefnur verði aðgreindar á umferðarmestu vegunum.

Við val á aðgerðum til aukins umferðaröryggis er byggt á áætlaðri arðsemi einstakra aðgerða. Gert er ráð fyrir að á áætlunartímabilinu verði unnið að eftirtöldum verkefnum og er jafnframt sýnt það fjármagn sem áætlað er að verja til þeirra (verðlag fjárlaga 2007, millj. kr.).

Heildarfjárframlag til umferðaröryggismála er 1.763 millj. kr. yfir fjögurra ára tímabil og verður fjármunum fyrir árin 2007–2010 skipt niður milli verkefna á grundvelli tillagna samráðshóps vegna umferðaröryggisáætlunar.

Verkefni sem miða að fækkun slysa í umferðinni hafa í meginatriðum verið felld undir eftirfarandi meginflokka:

1 Ökumaður og farartæki.
2 Fræðsla og áróður.
3 Öruggari vegir og umhverfi þeirra.
4 Samstarf og þróun.

Áhersla verði lögð á eftirfarandi verkefni í áætluninni:

| Heiti verkefna | Flokkur | Millj. kr. |
|---|---|---|
| Hraðakstur og bílbeltanotkun | 1–2 | 486 |
| Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum | 3 | 15 |
| Eyðing svartbletta | 3 | 447 |
| Umhverfi vega | 3 | 289 |
| Ölvun/fíkniefni við akstur – eftirlit, fræðsla, áróður | 1–2 | 146 |
| Umferðaröryggi í umferðarstjórnun fyrirtækja | 2 | 8 |
| Umferðaröryggi í námskrá grunn- og leikskóla | 2 | 100 |
| Ýmis fræðslu- og áróðursverkefni | | 64 |
| Forvarnir fyrir erlenda ökumenn | 2 | 28 |
| Takmörkun á lausagöngu búfjár | 3 | 140 |
| Kynningar og rannsóknir | 4 | 40 |
| Samtals | | 1.763 |

| Heiti verkefna | Flokkur | Millj. kr. |
|---|---|---|
| 1 Ökumaður og farartæki | | 392 |
| 2 Fræðsla og áróður | | 440 |
| 3 Öruggari vegir og umhverfi þeirra | | 891 |
| 4 Samstarf og þróun | | 40 |
| **Samtals** | | **1.763** |

Ljóst er að einhver tilflutningur getur orðið á fjármagni milli einstakra verkefna við framkvæmd áætlunarinnar.

### 5.2.1. Ökumaður og farartæki.

Eins og áður er lögð áhersla á að draga úr hraða með auknu eftirliti sem annars vegar felst í eftirliti lögreglu og hins vegar í uppsetningu eftirlitsmyndavéla. Stefnt er að því að koma í veg fyrir ofsaakstur og jafnframt að því að allir farþegar og ökumenn noti öryggisbelti.

5.2.1.1 Samningur milli ríkislögreglustjóra (RLS) og Umferðarstofu (US).

Samningur verður gerður til tveggja ára um eftirlit lögreglu vegna hraðaksturs, bílbeltanotkunar og aksturs undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna. Hluti af kostnaði er vegna kaupa á ratsjártækjum með myndavélum í lögreglubíla (eyewitness búnaði), öndunarsýnamælum og vélhjólum til afnota fyrir lögreglu.

Eftirlit verður aukið á þeim stöðum í vegakerfinu þar sem kostnaður vegna slysa gefur tilefni til. Yfir sumarmánuðina verður lögð áhersla á eftirlit við þjóðvegi í dreifbýli. Reiknað er með að stofnkostnaður verði m.a. vegna búnaðar fyrir hraðaeftirlit auk þess sem fjármögnuð verða nokkur vélhjól en þau eru nánast eingöngu notuð í umferðareftirlit. Gert ráð fyrir rekstrarkostnaði vegna eftirlits, áróðurs og úrvinnslu gagna úr hraðamyndavélum.

Þá er áfram gert ráð fyrir sérstöku ölvunareftirliti lögreglu en í um 10% banaslysa er aðalorsök talin vegna áfengis- eða vímuefnanotkun og 2,4% allra umferðarslysa má rekja til ölvunaraksturs. Gert er ráð fyrir verulega auknum afskiptum lögreglu af ökumönnum. Áhersla verður áfram á áróður og kynningarefni ásamt fræðsluefni fyrir skóla. Rekstrarkostnaður verður m.a. sérstakt framlag til ölvunareftirlits og úrvinnslu, fræðslu og þjálfunar á vegum Umferðarstofu og birtingarkostnaður áróðursefnis.

5.2.1.2 Samningur um sjálfvirkt myndavélaeftirlit milli ríkislögreglustjóra, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu.

Sérstök áhersla verður lögð á að auka sjálfvirkt myndavélaeftirlit en þessi aðferð hefur gefið góða raun víða í Evrópu. Frakkland hefur verið í fararbroddi í sjálfvirku hraðaeftirliti með myndavélum og hefur banaslysum þar fækkað um þriðjung frá því átak hófst þar árið 2003.

Þegar er búið er að setja upp tvær myndavélar á Vesturlandsvegi en lagnir að vélunum og tengingar hafa reynst tafsamari og kostnaðarsamari en áætlað var. Gert er ráð fyrir uppsetningu á 16 vélum í næsta áfanga en reikna má með að þær verði allt að 30 í lok áætlunartímans. Fjölgun myndavéla kemur til viðbótar við sérstakt eftirlit lögreglu en kallar á vinnu við úrvinnslu gagna frá vélunum. Samið hefur verið til tveggja ára um sjálfvirkt myndavélaeftirlit og úrvinnslu gagna úr þeim. Gert er ráð fyrir allt að tveimur stöðugildum vegna úrvinnslunnar.

5.2.1.3 Aukin verði áhersla á nýtingu upplýsingatækni á sviði umferðaröryggismála.

Mikil þróun hefur orðið á tæknibúnaði bifreiða og nýir bílar eru að verulegu leyti tölvustýrðir. Þetta hefur opnað fyrir möguleika til nýtingar tölvu- og upplýsingatækni í ríkara mæli til að auka öryggi í umferðinni. Hér má nefna þróun neyðarbúnaðar eins og neyðarsenda (eCall), ökurita, hraðatakmarkara, hraðastýringu umferðar (Intelligent Speed Adaption) og áfengisskynjara o.fl. Í áætluninni er gert ráð fyrir að fylgst verði náið með þessari þróun og þessi nýja tækni nýtt til að bæta öryggi og til eftirlits hér á landi.

**5.2.2. Fræðsla og áróður.**

Gert er ráð fyrir að framlag til áróðursmála verði óbreytt en með breyttum áherslum á fræðslu og upplýsingatengdan áróður. Áróðri verði sérstaklega beitt sem leið til „vitundarvakningar“ með áherslu á umferðarmenningu. Með vitundarvakningu er átt við að fræðsla og upplýsingar verði ríkari þáttur áróðursins, að unnið sé að áróðri sem miðar að því að breyta viðhorfi þess hóps ökumanna sem telja áhættuhegðun í umferðinni vera til fyrirmyndar. Dregin verði upp sú mynd af einstaklingum sem ástunda áhættuhegðun í umferðinni að til verði almennt það viðhorf að hegðun þeirra sé ámælisverð. Þá þarf að skoða sérstaklega hvernig hægt verði að hafa áhrif á umfjöllun fjölmiðla um umferðarslys en t.d. er talið að breyting á umfjöllun fjölmiðla í Danmörku, þar sem áhersla var lögð á nánari upplýsingar um þá sem lentu í slysum og afleiðingar þeirra, hafi haft áhrif á viðhorf og háttsemi ökumanna þar í landi. Þá verði lögð meiri áhersla á að áróður tengist framkvæmd og áföngum einstakra verkefna.

Aukning fjármagns til þessa hluta áætlunarinnar verði til fræðslu.

5.2.2.1 Sérstök „áróðurs“-verkefni.

Gerð verði könnun í aðdraganda stærri „áróðurs“-verkefna og aftur að þeim loknum svo að hægt sé að leggja mat á árangur. Sett verði markmið og sýnt fram á mælanlegan árangur. Helstu áhersluatriði í áróðri verði eftirfarandi:

*Hraðakstur.*

Lögð verður sérstök áhersla á unga ökumenn og vélhjólamenn, en vélhjólaslysum hefur fjölgað um 260% frá 2002 til ársins 2006 en tekið skal fram að þá er aðeins miðað við fyrstu 10 mánuði ársins 2006. Þessi aukning er samstiga auknum fjölda vélhjóla. Stefnt skal að því að efla samstarf við hagsmunasamtök vélhjólamanna, t.d. með uppsetningu sérstakrar forvarnarsíðu á vefnum.

*Ölvun/fikniefni við akstur.*

Leita þarf nýrra og sértækra leiða í því skyni að uppræta ölvunarakstur hjá fólki sem á við áfengisvandamál að etja. Líkur eru á því að áróður og almenn fræðsla nái takmarkað til fólks sem eru virkir alkóhólistar. Skoða þarf hvort hægt sé að koma á samstarfi um hugmyndir og leiðir til aðgerða í þessum efnum með t.d. SÁÁ og heilbrigðisstofnunum sem sérhæfa sig í meðferð á þessu sviði. Í meðferð við áfengisvanda verði m.a. lögð áhersla á fræðslu um alvarleika ölvunaraksturs.

*Bílbelti, aukin notkun öryggisbelta.*

Áfram verði almenningur hvattur til að nota öryggisbelti, aukið verði eftirlit lögreglu með beltanotkun og efld kynning á mikilvægi þess að nota öryggisbelti og aukinn áróður í skólum

fyrir notkun öryggisbelta. Lögð verði einnig áhersla á bílbeltanotkun í hópbílum. Styrkt verði verkefni sem miða að því að hvetja til eflingar öryggisbeltanotkunar.

*Áhrif þreytu á akstur.*

Ljóst er að syfja og þreyta hafa mikil áhrif á akstur og að alvarleg slys hér á landi hafa verið rakin til þessa. Hafist verði handa við gerð fræðsluefnis og áhersla lögð á kynningu í framhaldinu.

5.2.2.3 Erlendir ökumenn (nýbúar), áróður, fræðsla, efni á móðurmálinu, skilti.

Sérstakt átak er í gangi til að kynna fyrir erlendum ferðamönnum hættur og sérstök atriði sem hafa ber í huga við akstur á landinu. Efni á fjórum tungumálum er dreift á bílaleigur, hótel og víðar. Þetta hefur skilað góðum árangri því að verulega hefur dregið úr fjölda óhappa þar sem erlendir ferðamenn hafa átt hlut að máli. Minna hefur farið fyrir efni og leiðbeiningum fyrir útlendinga sem búsettir eru hér á landi. Verkefnið miðar annars vegar að því að kanna hvort breyta þurfi skráningaraðferðum þannig að greint sé á milli erlendra ökumanna sem eru ferðamenn og þeirra sem búsettir eru hér á landi. Jafnframt verði hugað að kynningarefni þ.m.t. þýðing á meginreglum umferðarlaga á móðurmál stórra innflytjendahópa (tengist verkefni um útgáfu fræðsluefnis). Þá þarf að huga að því að þar sem sett eru skilti með leiðbeiningartexta vegna vegaframkvæmda sé hann jafnframt á ensku og e.t.v. fleiri erlendum tungumálum.

5.2.2.4 Kennsluefni, umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla.

Efld verði enn frekar gerð kennsluefnis fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Samhæfa þarf það við efni um umferðarfræðslu sem Grundarskóli, í samvinnu við Námsgagnastofnun og Umferðarstofu, vinna að. Einnig verði kannað hvort og hvernig námsefni lögreglunnar í umferðarfræðslu geti nýst í gerð þessa námsefnis. Markmiðið er að efla kennslu um umferðaröryggi og gera að föstum lið í námskrá grunnskóla og leikskóla. Gert er ráð fyrir að sérfræðingur verði ráðinn til Umferðarstofu með áherslu á umferðaröryggi.

5.2.2.5 Samþætting umferðarfræðslu í grunn- og framhaldsskóla við ökunám.

Með verkefninu verður settur á fót starfshópur til að gera úttekt á og fara ofan í saumana á ökunámi og ökukennslu hér á landi. Markmiðið er að mynda samfellu í ökunámi og ökukennslu frá síðustu bekkjum grunnskóla og á fyrsta ári í framhaldsskóla með áherslu á síðferðilega þætti. Jafnframt verði skoðað fyrirkomulag og kennsla ökukennara. Vinnan verði tengd heildarendurskoðun umferðarlaga. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði starfsmaður til eins árs til að vinna að þessu verkefni með starfshópnum.

5.2.2.6 Útgáfa fræðsluefnis.

Hugað verði að útgáfu bæklinga og/eða að gerð fræðslumynda fyrir sjónvarp og netmiðla með sértækum upplýsingum um umferðaröryggismál til að auðvelda aðgang almennings og atvinnulífsins að þessum upplýsingum. Gerð verði þarfagreining á því hvaða upplýsingum er mikilvægast að koma á framfæri í þessu formi. Í þessu sambandi má nefna möguleika á gerð 20–30 sek. langra fræðslumynda sem fjallað geta um margt það sem betur má fara í umferðinni en fellur ekki undir helstu áhersluatriði umferðaráróðurs. Nefna má stefnuljósanotkun, akstur í hringtorgum, loftþrýsting í hjólbörðum o.s.frv.

Sérstakt átak verði gert í því að skýra gildandi reglur fyrir atvinnubílstjórum, t.d. varðandi ökurita, stærð og þyngd ökutækja, akstur og hvíld o.fl.

Enn fremur verði markhópar skilgreindir og fræðsluefni útbúið eftir þörfum, t.d. fyrir aldraða í umferðinni, gangandi vegfarendur og hjólreiðamenn.

Gerðar verði heimildarmyndir um tiltekin umferðarslys og í þeim fjallað á fræðandi hátt um aðdraganda, orsakir og afleiðingar á hreinskilinn og opinskáan hátt. Slysin sem um ræðir hafa orðið vegna hraðaksturs, ölvunaraksturs og skorts á notkun bílbelta. Myndirnar yrðu sýndar í sjónvarpi auk þess sem þær yrðu notaðar í ökukennslu og forvörnum t.d. í framhaldsskólum. Myndirnar lúta hefðbundnum lögmálum heimildarmynda en þessari aðferð hefur t.d. verið beitt á beinan og óbeinan hátt í áróðri gegn reykingum víða erlendis.

5.2.2.7 Sjálfvirkt umferðarútvarp.

Sjálfvirkt umferðarútvarp er þekkt víða. Flest nýleg útvarpsviðtæki í bifreiðum eru búin þeim möguleika að hægt sé að rjúfa útsendingar FM útvarps með umferðarupplýsingum ef bifreiðareigandi velur þá stillingu. Þessari aðferð yrði beitt þegar nauðsyn ber til vegna umferðar, t.d. vegna upplýsinga um slys eða lokanir vega burtséð frá því hvaða bylgjulengd stillt er á. Verkefnið miðar að því að hafist verði handa við að innleiða tæknina hér á landi. Huga þarf að sendum og öðrum fjarskiptamálum, þ.m.t. heimildum til þess að rjúfa útsendingar útvarps. Umferðarstofa hefur þegar á að skipa starfsfólki til framkvæmdarinnar og aðstöðu sem til þarf.

5.2.2.8 Ungir ökumenn.

Farið verður í könnun á viðhorfi og skoðunum ungra ökumanna til alls þess sem varðar umferðarmál. Niðurstöður þeirrar könnunar verði grundvöllur verkefna sem ætlað er að efla umferðarhegðun ungra ökumanna.

5.2.2.9 Umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja.

Verkefnið lýtur að sérstakri fræðslu meðal bifreiðastjóra fyrirtækja. Horft er til fyrirtækja sem hafa umsjón með 15 bifreiðum eða fleiri. Talið er að um 185 fyrirtæki á Íslandi falli í þennan flokk. Verkefnið er nokkuð á veg komið og er enn á reynslustigi. Reiknað er með að um 20 fyrirtæki taki þátt í þessu verkefni á ári. Kostnaður við það tengist gerð fræðsluefnis, bæklinga og auglýsinga, verkefnisstjórnun, námskeiðshaldi og birtingu auglýsinga.

5.2.2.10 Umferðaröryggisvika og umferðaröryggisdagur.

Umferðaröryggisvika SÞ er haldin þriðja hvert ár og verður næst haldin 23.–29. apríl 2007. Evrópusambandið hefur einnig staðið fyrir umferðarviku og umferðardegi sem haldinn verður ár hvert. Gert er ráð fyrir að sambærilegir viðburðir verði haldnir hér á landi og lögð áhersla á að samræma áherslur, þ.m.t. áróður og fræðslu. Jafnframt verði í ríkara mæli reynt að virkja grasrótina til góðra verka í umferðarmálum. Stefnt er að því að styrkja sérstök verkefni er tengjast þessu.

### 5.2.3. Öruggari vegir og umhverfi þeirra.

5.2.3.1 Eyðing svartbletta.

Vegagerðin hefur staðið fyrir úttekt á slysastöðum um land allt og áfram verður unnið að því að bæta aðstæður þar sem slys eru tíð. Lögð verður aukin áhersla á vinnu við lagfæringar svartbletta af ýmsum toga. Vegagerðin leggur árlega fram áætlun um lagfæringu slysastaða samkvæmt sérstakri verklagsreglu.

5.2.3.3 Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum.

Leiðbeinandi hraði er miðaður við akstursskilyrði á auðum blautum vegi eins og gert er ráð fyrir í forsendum hönnunarhraða í vegstöðlum og er því verið að upplýsa vegfarendur um öruggan hraða við þær aðstæður. Lokið hefur verið við að setja upp skilti með upplýsingum um leiðbeinandi ökuhraða á stofnvegum. Jafnframt hafa nokkrir tengivegir verið merktir með þessum hætti. Árið 2007 verður haldið áfram að setja upp leiðbeinandi hraðamerki á tengivegi og stefnt að því að ljúka merkingu sem flestra þeirra. Kostnaður við verkefnið er vegna innkaupa á skiltum auk rekstrarkostnaðar, m.a. vegna viðhalds merkja.

5.2.3.4 Takmörkun á lausagöngu búfjár, girðingar.

Áfram verður unnið að því að girða af vegi þar sem áhætta vegafarenda vegna lausagöngu búfjár er mest. Áætlað er að girða við helstu slysastaði sem eru af þessum toga miðað við reynslu síðustu ára. Þetta verkefni hefur reynst flóknara en ætlað var í fyrstu og tregða hefur verið í sveitarfélögum á að banna lausagöngu búfjár.

5.2.3.5 Varúðarreglur við vegavinnu.

Farið verður í að skoða sérstaklega verklagsreglur Vegagerðarinnar og þær síðan notaðar sem fyrirmynd að setningu reglugerðar um varúðarreglur við vegavinnu.

5.2.3.6 Vetrarmerkingar við vegi (ökuhraði, breytileg hraðamörk).

Verkefnið miðar að því að skoða hagkvæmni þess að taka upp sérstök hraðamörk að vetrarlagi og hvernig standa ætti að framkvæmd og merkingum vegna þess.

5.2.3.7 Umhverfi vega og aukin notkun vegriða.

Safna þarf upplýsingum um umhverfi vega á samræmdan hátt:

a. Skrá hvar fláar eru of brattir
b. Skrá staðsetningu á stórgrýti meðfram vegum sem hægt er að fjarlægja
c. Skrá skurði sem eru of nálægt vegum

Meta þarf umfang nauðsynlegra aðgerða á hverjum stað. Í hverju ofangreindra tilvika þarf að meta hvort hægt er að bæta úr með því að draga úr bratta fláa, fjarlægja stórgrýti eða fylla í skurði. Þar sem ekki er hægt að bæta umhverfi er hugsanlegt að setja þurfi vegrið.

Safna þarf upplýsingum um hvar þurfi að setja ný vegrið miðað við nýjan vegriðsstaðal og hvar þurfi að lengja þau vegrið sem fyrir eru. Sérstaklega þarf að huga að vegriðum við brýr í þessu sambandi.

Markmið fyrir árið 2007:

Safna skal framangreindum upplýsingum um umhverfi vega sem tilheyra stofnvegakerfinu (4.200 km).

Safna skal framangreindum upplýsingum um vegrið meðfram vegum sem tilheyra stofnvegakerfinu (4.200 km).

Í framhaldi af þessari upplýsingasöfnun þarf að forgangsraða aðgerðum.

5.2.3.8 Áningarstaðir við þjóðvegi.

Gerð verði áætlun um hvíldarsvæði vegna flutningabifreiða og hvernig hagkvæmast sé að fjármagna slíkt verk. Settur verði á laggirnar samstarfshópur í samráði við Vegagerðina sem hafi það verkefni að „kortleggja“ vegakerfið út frá reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna og hvar æskilegt sé að setja niður aðstöðu til að leggja flutningabílum og koma fyrir

hvíldaraðstöðu fyrir ökumenn. Kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir því að bjóða út einhvers konar þjónustustarfsemi á einhverjum af þeim stöðum sem til greina koma sem áningastaðir. Slíkt svæði mundi einnig nýtast vegna eftirlits og vigtunar.

**5.2.4. Samstarf og þróun.**

5.2.4.1 Úrbætur í löggjöf, endurskoðun umferðarlaga og reglugerða.

Ljóst er að fara þarf í heildarendurskoðun á umferðarlögunum með áherslu á samræmingu viðurlaga, taka upp nýjar tegundir viðurlaga í ljósi nýrrar tækni, t.d. varðandi ökurita, hraðatakmarkara og ölvunarlása. Þá þarf að gera álagningu og innheimtu sekta skilvirkari, t.d. með því að breyta viðurlögum við minni háttar brotum á umferðarlögum í gjald í stað sekta og taka upp hlutlæga ábyrgð eiganda bifreiða sem einfaldar mjög innheimtu í tengslum við notkun hraðamyndavéla. Þá þarf að kanna hvort hagkvæmt sé að tekjutengja viðurlög. Þá þarf að láta hluta sekta, t.d. þær sem verða til með sjálfvirka myndavélaeftirlitinu, renna beint til umferðaröryggisaðgerða og lögreglu. Gert er ráð fyrir að endurskoðun laganna verði lokið á árinu 2008.

Skoða þarf framkvæmd eftirlits með þungaflutningum og atvinnurekstri í tengslum við flutninga á vegum. Leggja verður ríkari áherslu á innra eftirlit flutningafyrirtækjanna sjálfra og að opinbert eftirlit felist í gæðaeftirliti. Þetta hefur verið gert á sviði flugmála með góðum árangri.

5.2.4.2 Aukin samræming og samstarf samgönguyfirvalda við önnur yfirvöld, sveitarfélög og hagsmunaaðila á sviði samgöngumála með bætt öryggi að leiðarljósi.

Efla þarf samstarf samgönguyfirvalda við önnur yfirvöld, sveitarfélög og hagsmunaaðila á sviði samgöngumála. Komið verði á samstarfshópi til að skoða samræmingu á sviði umferðaröryggismála. Starfshópur skoði samræmingu umferðarhraða og uppsetningu hraðahindrana eða annarra aðgerða þar sem nauðsynlegt er á „breiðstrætum“ með 30 km hraðahámarki.

5.2.4.3 Alþjóðleg samvinna verði aukin, m.a. með þátttöku í samevrópskum átaksverkefnum á sviði öryggismála.

Umferðarmál eru fjölþjóðleg og mikilvægt er að samræma það sem gert er hér á landi við það sem gert er erlendis, sérstaklega í Evrópu og á Norðurlöndum. Efla þarf samstarf við aðrar þjóðir með þátttöku í fundum og ráðstefnum á sviði umferðaröryggismála.

5.2.4.4 Söfnun tölfræðiupplýsinga.

Til að hægt sé markvisst að fækka umferðarslysum er nauðsynlegt að skilja orsakir þeirra, kringumstæður og afleiðingar, svo að hægt sé að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Af þessu leiðir að gagnagrunnar um slys og meiðsli í umferðinni er afar mikilvægur til að meta hlutlægt hvers konar vandamál er við að eiga. Greina þarf hvaða upplýsingar eru mikilvægar og beita sömu aðferðum við mælingar til að sjá stöðu mála yfir visst tímabil. Gera þarf heildaryfirlit yfir söfnun tölfræðiupplýsinga hér á landi og hvort ekki sé tilefni til að auka samstarf þeirra sem vinna að þessum málum.

**6. Sérstök fjáröflun.**

Í áætlun þessari er gert ráð fyrir að nokkrar framkvæmdir og verkefni á sviði flugmála, siglingamála og vegamála, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, verði fjármögnuð með sérstakri fjáröflun á áætlunartímabilinu. Ástæðan er sú að um er að ræða það viðamikla útgjaldaliði að í þá verður ekki ráðist innan heildarramma samgönguáætlunar 2007–2018.

Þau mikilvægu verkefni, sem um ræðir, eru bygging samgöngumiðstöðvar í Reykjavík, sem hefur verið talin falla vel að einkaframkvæmd, bygging og rekstur Bakkafjöruferju, sem einnig er talin ákjósanleg einkaframkvæmd, svo og sérstakt átaksverkefni í uppbyggingu vel skilgreindra flutningabrauta frá Reykjavík til Akureyrar annars vegar og frá Reykjavík að Markarfljóti hins vegar. Þá er gert ráð fyrir því að Vegagerðin hefji nú þegar viðræður við hagsmunaaðila um gerð Vaðlaheiðarganga og við það miðað að ljúka þeim viðræðum sem fyrst þannig að niðurstaða fáist um fjármögnun og þátt ríkisins í verkefninu.

Hér er ekki tekin bein afstaða til þess með hvaða hætti hið sérstaka átaksverkefni í vegagerð verði boðið út, en þess í stað er vísað til álits nefndar um einkaframkvæmd í samgöngum sem fjallað er nánar um hér á eftir. Með einkaframkvæmd er hér átt við að einkaaðilum verði falið samkvæmt samningi hönnun, framkvæmd, rekstur og fjármögnun tiltekinna verkefna sem almennt samkomulag er um að opinberir aðilar sinni í þágu almennings.

Sérstök fjáröflun eins og það hugtak er sett fram í þessari áætlun getur verið með ýmsum hætti. Þar getur verið um að ræða einkaframkvæmd, sem byggist á fjáröflun með notendagjöldum eða samblandi af notendagjöldum, ríkisframlagi og framlagi einkaaðila. Þar getur einnig verið um að ræða hefðbundnar framkvæmdir, sem byggðar eru á hefðbundnum útboðum, en í þeim tilvikum byggist sérstök fjáröflun þá alfarið á sérstöku ríkisframlagi eða lántöku sem felur í sér að ríkið greiðir framkvæmdina á lengri tíma en nú er venjan.

Nefnd um einkaframkvæmd, sem samgönguráðherra skipaði á síðasta ári, hefur nýlega skilað skýrslu til ráðherra þar sem m.a. er sett fram eftirfarandi álit:

a. Markaðir tekjustofnar til samgöngumála standa að margra mati ekki undir brýnum framkvæmdum. Því er mikilvægt að finna fjáröflunarleiðir til þess að sinna slíkum samgönguframkvæmdum.
b. Með einkaframkvæmd, sem byggist á veggjöldum, má auka tekjur til vegamála. Einkaframkvæmd er að mati nefndarinnar álitleg leið í samgöngufram kvæmdum, ef hún að núvirði er ódýrari kostur en eiginframkvæmd, ef hagkvæm leið til gjaldtöku er fyrir hendi og annar kostur er um leiðarval, þegar sértækri gjaldtöku er beitt. Með þeim hætti hefur einkaframkvæmd ekki áhrif á röð annarra framkvæmda. Tryggt verði að jafnræðis og gagnsæis verði gætt við val á framkvæmdaraðilum.
c. Til greina kemur að vinna einstök arðsöm eða brýn verkefni í einkaframkvæmd þótt veggjald og bein framlög þriðja aðila standi ekki undir öllum kostnaði. Nefndin telur koma til álita að uppfylltum tilteknum skilyrðum að ganga til samstarfs við áhugaaðila um einkaframkvæmd ef hann tryggir fjármagn til verksins í formi veggjalds eða beinna framlaga sem standa a.m.k. undir 90% framkvæmdakostnaðar. Þannig hefði einkaframkvæmd óveruleg áhrif á röð annarra framkvæmda. Tryggja verður að útboðsreglum ríkisins verði fylgt og jafnræðis og gagnsæis verði gætt við val á framkvæmdar- og/eða rekstraraðila.
d. Auka þarf gagnsæi ákvarðana í samgöngufram kvæmdum. Hugað verði að breyttu vinnulagi við röðun framkvæmda þar sem tvinnuð verði saman núverandi markmiðsaðferð annars vegar og kostnaðar-/ábatagreining hins vegar.

Í upphafi þessa kafla var staðhæft að ýmsum brýnum verkefnum í samgöngumálum verði ekki sinnt nema til komi aukin fjáröflun. Auk einkaframkvæmdar sem álitlegrar leiðar til fjármögnunar er bent á nýja gjaldtöku af umferðinni er miðist við stund og stað notkunar vegakerfisins. Enn fremur er ástæða til þess að kanna þá leið til hlítar að taka langtímalán til arðbærra og sérstaklega skilgreindra brýnna samgönguverkefna. Gefi almenn staða efnahags- og atvinnumála tilefni til eru vandséð rök fyrir því að fresta arðbærum samgöngufram kvæmdum þannig að samfélagið fari á mis við þann ábata sem af þeim hlýst.

# 853. Tillaga til þingsályktunar [575. mál]

um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2007–2018 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við áætlun þessa sem felur í sér:

a. stefnumótun í samgöngumálum og helstu markmið sem vinna skal að,
b. skilgreiningu á grunnneti samgöngukerfisins sem nær til alls landsins og er ætlað að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur,
c. áætlun um fjáröflun til samgöngumála,
d. yfirlit um útgjöld til allra helstu þátta í rekstri samgöngustofnana, svo og viðhalds, öryggismála og nýframkvæmda á sviði flugmála, siglingamála og vegamála.

## 1. STEFNUMÓTUN.

### 1.1 Markmið um greiðari samgöngur.

Stefnt skal að nægum hreyfanleika[1] í samgöngukerfinu sem taki bæði til fólks og vöru. Þessu markmiði skal ná með bættu aðgengi að samgöngum og aukinni afkastagetu kerfisins þar sem hún er takmörkuð, einnig með því að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá þjónustukjarna á ekki meira en einni klukkustund og til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3 klst. ferðatíma.

*Meðal leiða og aðgerða til að ná þessu markmiði verði:*

a. Grunnnetið byggt upp samkvæmt tillögum um forgangsröðun framkvæmda.
b. Þjónusta í grunnnetinu aukin.
c. Lokið endurbyggingu allra helstu stofnleiða á landi og að tengja allar byggðir með fleiri en 100 íbúa við vegakerfi með bundnu slitlagi og viðunandi burðarþoli.
d. Almenningssamgöngur í lofti, á sjó og á landi skipulagðar þannig að þær nái til allra þéttbýlisstaða með um það bil 200 íbúum eða fleiri. Skoðaðir verði möguleikar á eflingu þessarar samgöngugreinar á áætlunartímabilinu.
e. Reykjavíkurflugvöllur áfram miðstöð innanlandsflugs og byggð verði þar samgöngumiðstöð.
f. Nýjasta tækni nýtt til að afla og miðla upplýsingum um aðstæður til samgangna í lofti, á láði og legi.
g. Á þeim hluta grunnkerfisins, þar sem fram fer meginhluti umferðarinnar, á svokölluðum flutningabrautum, lögð áhersla á að vegir verði með nægjanlegt burðarþol allt árið, breidd þeirra verði nægjanleg og þeir verði lagðir bundnu slitlagi. Fyrir þennan hluta grunnkerfisins verði sett markmið um hraða uppbyggingu vega til að þjóna atvinnulífinu með viðunandi hætti auk þess að stuðla að auknu umferðaröryggi.
h. Tryggt verði aðgengi fyrir alla, fullfríska sem fatlaða, að mannvirkjum og þjónustu samgöngukerfisins.

---

[1] Hreyfanleiki er skilgreindur sem samanlögð farin vegalengd hvers einstaklings á dag, akandi, fljúgandi, hjólandi, gangandi o.s.frv.

**1.2 Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.**

Stefnt skal að aukinni hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna. Þetta taki til samgöngumannvirkja, leiðsögukerfa og annarrar öryggisþjónustu svo og samgangna í kerfinu að svo miklu leyti sem ríkið kemur að þeim.

*Meðal leiða og aðgerða til að ná þessu markmiði verði:*

a. Leitað leiða til þess að nýta kosti markaðsaflanna við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins, m.a. með einkaframkvæmd þar sem það á við.
b. Rekstur samgangna í lofti, á sjó og á landi, sem ríkið kemur að, boðinn út til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi.
c. Á áætlunartímabilinu komið á breyttri skipan gjaldtöku sem byggist á nýjustu tækni þ.m.t. GPS-mælingu fyrir umferð á vegum og við það miðað að eigi síðar en í lok annars tímabils áætlunarinnar greiði öll ökutæki í samræmi við ekna vegalengd þar sem tillit verði tekið til ytri kostnaðar. Jafnframt verði núverandi kerfi sérstakra eldsneytisskatta lagt niður.
d. Nýttar aðferðir kostnaðar-nytjagreiningar við forgangsröðun stærri verkefna.
e. Jafnræðis gætt við gjaldtöku ólíkra samgöngugreina.

**1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.**

Stefnt skal að sjálfbærum samgöngum, en það merkir að

a. notkun á endurnýjanlegum auðlindum sé undir endurnýjunarhraða þeirra og
b. að ekki sé gengið hraðar á óendurnýjanlegar auðlindir en svo að mögulegt sé að þróa og skipta yfir í endurnýjanlegar auðlindir.

Markmiðið er í samræmi við alþjóðlega stefnumörkun og tekur til þess að umhverfisáhrifum samgangna, hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka. Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda með minni notkun jarðefnaeldsneytis. Stefnt verði að því að samgöngutæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum auk orkusparandi aðgerða við farartæki sem eru og verða fyrir hendi í landinu eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir. Markmið þessi taka mið af Kyoto-sáttmálanum um losun gróðurhúsalofttegunda sem Ísland hefur staðfest. Sáttmálinn gildir til 2012 eða um helming áætlunartímabilsins. Á þeim tíma mun umferð bíla aukast, en nauðsynlegt er að útblástur gróðurhúsalofttegunda aukist ekki að sama skapi. Dregið verði úr hávaða og loftmengun frá samgöngum og þeim haldið innan viðmiðunargilda í stöðlum Evrópusambandsins.

*Meðal leiða og aðgerða til að ná þessu markmiði verði:*

a. Stuðlað að nýtingu umhverfisvænna orkugjafa. Miðað verði við að í lok áætlunartímabilsins verði notkun vistvæns eldsneytis 20% af heildarnotkun í samgöngum. Fylgst verði grannt með þróun tækni á sviði vistvæns eldsneytis og hún innleidd þegar hagkvæmt þykir. Einnig verði lögð áhersla á orkusparandi aðferðir og rannsóknir til að auka orkusparnað núverandi fiskiskipaflota landsmanna.

b. Skattlagning eignarhalds og notkunar bíla svo að neyslugrannir bílar, tvinnbílar, bílar sem nota vistvænt eldsneyti og bílar sem nota gasolíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er. Sama skal gilda um notkun vistvænna skipavéla sem nota svartolíu og sparneytna aðal- og hjálparvél, og vistvænna véla í flugvélum þar sem þetta getur átt við.
c. Gildistaka alþjóðlegra samþykkta og reglna sem takmarka losun efna frá skipum, bílum og flugvélum verði í samræmi við þá alþjóðlegu samninga sem gerðir hafa verið fyrir hönd Íslands.
d. Almenn fræðsla um akstur og aksturslag (vistakstur) aukin með það í huga að draga úr mengun og hávaða frá bílaumferð.
e. Hönnun vega í þéttbýli með þeim hætti að gætt verði hljóðvistar og uppfylltar verði kröfur reglugerðar um hljóðvist hverju sinni.
f. Aukin áhersla lögð á rannsóknir á ýmsum þáttum sem geta dregið úr mengun frá skipum, flugvélum og bifreiðum.

**1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.**

Stefnt skal að því að öryggi í samgöngum hér á landi verði eins og það gerist best með öðrum þjóðum og áfram verði:

a. unnið markvisst að flugöryggismálum og stuðlað að enn frekari fækkun alvarlegra flugatvika og slysa í flugi,
b. stefnt að því að fækka slysum á sjó enn frekar í samræmi við áætlun um öryggi sjófarenda, sem nú er hluti samgönguáætlunar,
c. í samræmi við umferðaröryggisáætlun, sem er hluti samgönguáætlunar, stefnt að því að fækka dauðaslysum í umferðinni þannig að fjöldi látinna á 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2016. Jafnframt skal stefnt að því að fjöldi alvarlegra slasaðra í umferðinni lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016 miðað við meðaltal áranna 2001–2005. Þessu markmiði verði náð með aðgerðum sem nái til ökumanna, ökutækja og vega.

*Meðal leiða og aðgerða til að ná þessum markmiðum verði:*

a. Byggt á aðgerðum í öryggismálum, sem leitt hafa til þess að slysatíðni í umferð á vegum, í flugumferð og siglingum hefur verið með því lægsta sem gerist í heiminum og þær þróaðar áfram.
b. Reglur Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) og Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) fullgiltar á Íslandi eftir því sem þær verða til sem löggjöf í Evrópusambandinu. Með markvissum rannsóknum og þátttöku í starfi alþjóðastofnana á sviði öryggismála skal tryggja að alþjóðlegar reglur taki mið af íslenskum aðstæðum.
c. Komið á gæðakerfi um öryggismál flugvalla og flugleiðsöguþjónustu í samræmi við gildandi reglugerðir og sjálfstætt eftirlit með þessari starfsemi eflt.
d. Verkefnaáætlun í öryggismálum sjófarenda gerð fyrir hvert ár með áherslu á
   1. menntun og þjálfun,
   2. fræðsluefni og miðlun upplýsinga,
   3. öryggisstjórnun og
   4. rannsókna- og þróunarverkefni.

e. Vöktun skipaumferðar, leiðsaga og öryggisþjónusta fyrir skip sem fara um íslenska efnahagslögsögu efld.
f. Áhersla lögð á öryggismál í höfnum, bæði við forgangsröðun verkefna og við hönnun, framkvæmdir og rekstur mannvirkja.
g. Stuðlað að ábyrgri hegðun á sjó, í umferð á vegum og götum með aukinni fræðslu og áróðri og auknu eftirliti.
h. Haldið áfram að vinna að framkvæmd í umferðaröryggismálum í samræmi við umferðaröryggisáætlun með það að markmiði að auka öryggi vega, bifreiða og ökumanna. Jafnframt þarf að gæta þess að svigrúm sé til að endurskoða framkvæmdaáætlun hennar reglulega svo að hægt sé að taka inn ný verkefni ef sýnt þykir að þau muni skila meiri árangri. Helstu langtímaaðgerðir, eru eftirfarandi:
   1. Aukin áhersla á umferðarmenningu og vitundarvakningu meðal ökumanna um ábyrgð sína.
   2. Eyðing svartbletta í vegakerfinu þar sem óvenju mörg slys hafa orðið auk áætlunar um úrbætur í umhverfi vega miðað við nýjan vegastaðal.
   3. Komið verði upp sérstökum hvíldarsvæðum vegna flutningabifreiða á langleiðum og fjölgað sérstökum eftirlitssvæðum vegna flutningabifreiða.
   4. Unnið verði einnig að umferðaröryggisstjórnun vegakerfa, sem auk lagfæringar svartbletta felur í sér umferðaröryggismat á fyrstu stigum skoðunar valkosta, umferðaröryggisrýni, sem felur í sér óháða úttekt umferðarmannvirkja á öllum stigum hönnunar, og umferðaröryggisúttekt, sem felur í sér reglubundna skoðun vegakerfisins.
   5. Stuðlað að frekari fækkun slysa og óhappa vegna lausagöngu búfjár með girðingum meðfram vegum þar sem áhætta vegfarenda er mest.
i. Götur og vegir gerðir öruggari, m.a. með endurskoðun staðla, bættri öryggishönnun, aðskilnaði bílaumferðar og óvarinna vegfarenda þar sem umferðin er mest og fækkun hættulegra staða í vegakerfinu. Við endurskoðun staðla verði sérstaklega hugað að breidd vega, ekki síst á þeim vegum þar sem umferð þungra bíla er mest. Haldið verður áfram breikkun umferðarmestu vega með aðskilnaði aksturs stefna. Í því skyni verði ráðist í breikkun Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar út frá Reykjavík. Gerð verði úttekt á umhverfi stofn- og tengivega og lagðar fram tillögur til úrbóta. Gerð verði úttekt á vegakerfinu í þeim tilgangi að meta hæfilegan leyfilegan hámarkshraða miðað við gerð vegar.
j. Samstarf við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila eflt enn frekar á sviði umferðaröryggismála
k. Fylgst með niðurstöðum innlendra og erlendra rannsóknarverkefna á sviði umferðaröryggis og þær nýttar eins og tilefni er til.

### 1.5. Markmið um jákvæða byggðaþróun.

Það hefur sýnt sig að samgöngubætur geta haft jákvæð áhrif á þróun byggðar eða í það minnsta skapað betri möguleika fyrir slíkri þróun. Í samgönguáætlun er leitast við að jafna út svo sem kostur er mismunandi aðgengi landsmanna að samgöngukerfinu og reynt að vinna á móti ókostum mikilla flutningsvegalengda. Undir þetta markmið falla framkvæmdir eða aðgerðir sem ekki geta talist arðsamar á hagkvæmnismælikvarða en telja verður nauðsynlegar í því skyni að skapa sem jafnasta stöðu landsmanna. Ekki er hægt að byggja upp samgöngu-

kerfi þjóðarinnar út frá þeirri forsendu einni að allar einstakar framkvæmdir skili reikningslegri arðsemi.

Með styttingu ferðatíma og tengingu byggðarlaga með yfir 100 íbúa við vegakerfið með bundnu slitlagi er stuðlað að jákvæðri byggðaþróun. Styrkt flug, sérleyfisakstur og ferjuflutningar til fámennra staða flokkast undir þann hluta leiða og aðgerða vegna þessa markmiðs er lýtur að þjónustu.

Gott samgöngukerfi og tenging byggðanna skapar möguleika á nýtingu auðlinda til lands og sjávar auk þess sem það stuðlar að auknum jöfnuði á milli landsmanna og auknum möguleikum til þjónustu og menntunar.

## 2. GRUNNNETIÐ.

*Skilgreining.*

Grunnnet vegakerfisins nær til allra byggðakjarna með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Það nær jafnframt til þeirra staða sem eru mikilvægastir fyrir félagslega og efnahagslega þróun íslensks samfélags þ.m.t. fyrir flutninga fólks og vöru, ferðaþjónustu og flutninga til og frá landinu. Netið er samfellt, liggur um þéttbýlisstaði þar sem svo háttar til og helstu samgönguæðar í stærstu þéttbýlisstöðum teljast til netsins. Til grunnnetsins teljast einnig helstu flugvellir og flugleiðir, helstu hafnir, ferju- og siglingaleiðir meðfram ströndinni og inn í hafnir. Á sama hátt teljast siglingaleiðir og flugleiðir til og frá landinu til grunnnets samgöngukerfisins.

*Flug.*

Flugvellir í grunnneti skulu vera:

- Keflavík
- Reykjavík
- Bíldudalur
- Ísafjörður/Þingeyri*
- Gjögur
- Sauðárkrókur
- Akureyri
- Grímsey
- Þórshöfn
- Vopnafjörður
- Egilsstaðir
- Höfn í Hornafirði
- Vestmannaeyjar/Bakki*

* Flugvellir sem tengjast flugvöllum í grunnneti.

Sérstök áhersla verður á lögð á þjónustu á þeim flugvöllum sem flokkast sem landamærastöðvar samkvæmt reglugerð dómsmálaráðuneytis.

*Hafnir.*

Hafnir í grunnneti skulu vera:

- Faxaflóahafnir
  - Reykjavíkurhöfn
  - Grundartangahöfn
  - Akraneshöfn
- Snæfellsbæjarhafnir
  - Rifshöfn
  - Ólafsvíkurhöfn
- Grundarfjarðarhöfn
- Stykkishólmshöfn (ferjuleið)
- Vesturbyggðarhafnir
  - Brjánslækjarhöfn (ferjuleið)
  - Patrekshöfn
  - Bíldudalshöfn
- Bolungarvíkurhöfn
- Hafnir Ísafjarðarbæjar
  - Ísafjarðarhöfn (ferjuleið)
- Skagastrandarhöfn
- Skagafjarðarhafnir
  - Sauðárkrókshöfn

Hafnir Fjallabyggðar
Siglufjarðarhöfn
Ólafsfjarðarhöfn
Hafnasamlag Eyjafjarðar
Dalvíkurhöfn
Árskógssandshöfn (ferjuleið)
Hríseyjarhöfn (ferjuleið)
Hafnasamlag Norðurlands
Akureyrarhöfn
Grímseyjarhöfn (ferjuleið)
Hafnir Norðurþings
Húsavíkurhöfn
Raufarhöfn
Hafnir Langanesbyggðar
Þórshöfn
Vopnafjarðarhöfn
Seyðisfjarðarhöfn
Hafnir Fjarðabyggðar
Mjóafjarðarhöfn (ferjuleið)
Norðfjarðarhöfn (ferjuleið)
Eskifjarðarhöfn
Reyðarfjarðarhöfn
Fáskrúðsfjarðarhöfn
Djúpavogshöfn
Hornafjarðarhöfn
Vestmannaeyjahöfn/Bakkafjara (ferjuleið)
Þorlákshöfn (ferjuleið)
Grindavíkurhöfn
Sandgerðishöfn
Reykjaneshöfn
Hafnarfjarðarhöfn
Kópavogshöfn

(Alls 40 hafnir, 27 hafnarsjóðir)

*Vegir.*

Vegir í grunnneti skulu vera:

*Stofnvegir:*

1 Hringvegur
22 Dalavegur
30 Skeiða og Hrunamannavegur
31 Skálholtsvegur
33 Gaulverjabæjarvegur:
Baldurshagi á Stokkseyri – Eyrarbakkavegur
34 Eyrarbakkavegur
35 Biskupstungnabraut
Hringvegur–Bræðratunguvegur og Laugarvatnsvegur–Hrunamannavegur
36 Þingvallavegur
37 Laugarvatnsvegur
38 Þorlákshafnarvegur
39 Þrengslavegur
40 Hafnarfjarðarvegur
41 Reykjanesbraut
42 Krýsuvíkurvegur
Reykjanesbraut–Vatnsskarð
43 Grindavíkurvegur
44 Hafnavegur
Reykjanesbraut–Keflavíkurflugvöllur
45 Garðskagavegur
Reykjanesbraut–Sandgerði
46 Víknavegur
47 Hvalfjarðarvegur
49 Nesbraut
50 Borgarfjarðarbraut
51 Akrafjallsvegur
54 Snæfellsnesvegur
56 Vatnaleið
58 Stykkishólmsvegur
60 Vestfjarðavegur
61 Djúpvegur
62 Barðastrandarvegur
63 Bíldudalsvegur
64 Flateyrarvegur
65 Súgandafjarðarvegur
67 Hólmavíkurvegur
72 Hvammstangavegur
74 Skagastrandarvegur
75 Sauðárkróksbraut
76 Siglufjarðarvegur
77 Hofsósbraut
82 Ólafsfjarðarvegur um jarðgöng til Siglufjarðar
85 Norðausturvegur
Hringvegur–Kópasker og Raufarhöfn–Hringvegur
87 Kísilvegur
92 Norðfjarðarvegur
93 Seyðisfjarðarvegur
96 Suðurfjarðavegur um jarðgöng
97 Breiðdalsvíkurvegur
98 Djúpavogsvegur
99 Hafnarvegur
205 Klausturvegur
240 Stórhöfðavegur
343 Álfsstétt
359 Bræðratunguvegur
365 Lyngdalsheiðarvegur

376 Breiðamörk
Hringvegur–Skólamörk
379 Hafnarvegur, Þorlákshöfn
409 Fossvogsbraut
410 Elliðavatnsvegur
411 Arnarnesvegur
412 Vífilsstaðavegur
413 Breiðholtsbraut
414 Flugvallarvegur, Reykjavík
415 Álftanesvegur
Reykjanesbraut–Túngata
418 Bústaðavegur
419 Höfðabakki
421 Vogavegur
423 Miðnesheiðarvegur
424 Keflavíkurvegur
427 Suðurstrandarvegur
429 Sandgerðisvegur
431 Hafravatnsvegur
Úlfarsárvegur–Hringvegur
432 Hallsvegur
450 Sundabraut
453 Sundagarðar
454 Holtavegur
470 Fjarðarbraut
503 Innnesvegur
Höfði við Akranes – Akranesvegur
509 Akranesvegur
531 Borgarbraut
574 Útnesvegur
Hellissandur–Ólafsvík
617 Tálknafjarðarvegur
Bíldudalsvegur–Lækjargata á Sveinseyri
619 Ketildalavegur
Bíldudalsvegur–Hafnarteigur
622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur–Hafnargata á Þingeyri
636 Hafnarvegur, Ísafirði
744 Þverárfjallsvegur
808 Árskógssandsvegur
819 Hafnarvegur, Akureyri
820 Flugvallarvegur, Akureyri
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Hringvegur–Miðbraut
823 Miðbraut
829 Eyjafjarðarbraut eystri
Hringvegur–Miðbraut
837 Hlíðarfjallsvegur
Hringvegur – vegamót við Glerárbrú efri
859 Hafnarvegur, Húsavík
867 Öxarfjarðarheiðarvegur
917 Hlíðarvegur
952 Hánefsstaðavegur
Seyðisfjarðarvegur – ytri vegamót Austurvegar
954 Helgustaðavegur
Norðfjarðarvegur – ytri vegamót Lambeyrarbrautar

*Tengivegir:*
25 Þykkvabæjarvegur
26 Landvegur
32 Þjórsárdalsvegur
33 Gaulverjabæjarvegur
Hringvegur – Baldurshagi á Stokkseyri
35 Biskupstungnabraut
Bræðratunguvegur–Laugarvatnsvegur
Hrunamannavegur–Gullfoss
42 Krýsuvíkurvegur
Vatnsskarð–Suðurstrandarvegur
44 Hafnavegur
Keflavíkurflugvöllur–Hafnir
52 Uxahryggjavegur
Þingvallavegur–Borgarfjarðarbraut
59 Laxárdalsvegur
83 Grenivíkurvegur
94 Borgarfjarðarvegur
208 Skaftártunguvegur
250 Dímonarvegur
253 Bakkavegur
261 Fljótshlíðarvegur
Hringvegur–Dímonarvegur
355 Reykjavegur
424 Keflavíkurvegur
430 Úlfarsfellsvegur
431 Hafravatnsvegur
Hringvegur–Úlfarsárvegur
503 Innnesvegur
511 Hvanneyrarvegur
518 Hálsasveitarvegur
Borgarfjarðarbraut–Kaldadalsvegur
605 Tröllatunguvegur
606 Karlseyjarvegur
Reykhólasveitarvegur–Reykhólaþorp
607 Reykhólasveitarvegur
Vestfjarðavegur–Karlseyjarvegur
622 Svalvogavegur
Hafnarvegur á Þingeyri – flugvöllur
631 Flugvallarvegur, Ísafirði
643 Strandavegur
Djúpvegur–Drangsnesvegur
645 Drangsnesvegur
Strandavegur–Drangsnes
731 Svínvetningabraut
Kjalvegur–Hringvegur

732 Kjalvegur
752 Skagafjarðarvegur
Hringvegur–Héraðsdalsvegur
809 Hauganesvegur
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Miðbraut – Eyjafjarðarbraut eystri
842 Bárðardalsvegur vestri
845 Aðaldalsvegur
846 Austurhlíðarvegur
Hringvegur–Laugar
848 Mývatnsvegur
870 Kópaskersvegur
931 Upphéraðsvegur
Hallormsstaður–Hringvegur

*Landsvegir:*
F26 Sprengisandsleið
35 Kjalvegur
F208 Fjallabaksleið nyrðri
550 Kaldadalsvegur
574 Útnesvegur
F862 Dettifossvegur

Ferjuleiðir og eftirtaldar hafnir eru hluti af grunnnetinu:
Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn/Bakkafjara, Mjóifjörður–Norðfjörður, Hrísey–Árskógsströnd, Grímsey–Dalvík, Stykkishólmur–Brjánslækur, Ísafjörður.
Ferjubryggjur í Flatey, Vigur og Æðey teljast utan grunnnets.

## 3. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN, ÚTGJÖLD OG HELSTU FRAMKVÆMDIR Í GRUNNNETI.

### 3.1 Flugmál.

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. | 1. tímabil 2007–2010 | 2. tímabil 2011–2014 | 3. tímabil 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| **3.1.1 Flugmálastjórn Íslands, fjármál** | | | |
| **3.1.1.1 Tekjur og framlög** | | | |
| **Beint framlag úr ríkissjóði** | 661 | 680 | 680 |
| **Ríkistekjur** | | | |
| Rekstrartekjur | 768,4 | 840 | 840 |
| Skatttekjur | 30 | 40 | 40 |
| **Sértekjur** | 68,6 | 10 | 10 |
| **Tekjur og framlög alls** | 1.528 | 1.570 | 1.570 |
| **Til ráðstöfunar** | **1.528** | **1.570** | **1.570** |
| **3.1.1.2 Gjöld** | | | |
| **Rekstur og þjónusta** | | | |
| Rekstur | 1.528 | 1.570 | 1.570 |
| **Rekstur samtals** | 1.528 | 1.570 | 1.570 |
| **Gjöld samtals** | **1.528** | **1.570** | **1.570** |
| **3.1.2 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta, fjármál** | | | |
| **3.1.2.1 Tekjur og framlög** | | | |
| **Markaðar tekjur** | | | |
| Flugvallaskattur | 1.954 | 2.265 | 2.549 |
| Varaflugvallagjald | 2.248 | 2.483 | 2.795 |
| **Markaðar tekjur samtals** | **4.202** | **4.748** | **5.344** |
| **Beint framlag úr ríkissjóði** | 3.362 | 3.540 | 3.540 |
| **Ríkistekjur** | 260 | 260 | 260 |
| **Tekjur og framlög alls** | **7.824** | **8.548** | **9.144** |

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. | 1. tímabil 2007–2010 | 2. tímabil 2011–2014 | 3. tímabil 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| **Viðskiptahreyfingar** | | | |
| Lántökur | 0 | 0 | 0 |
| Afborgnir lána/viðskiptafærsla | –294 | 0 | 0 |
| **Viðskiptahreyfingar samtals** | **–294** | **0** | **0** |
| | | | |
| **Til ráðstöfunar** | **7.530** | **8.548** | **9.144** |
| | | | |
| **Sérstök fjáröflun** | | | |
| Akureyrarflugvöllur – lenging | 570 | | |
| Keflavíkurflugvöllur – na/sv braut | 250 | | |
| Reykjavík – samgöngumiðstöð | 3.000 | | |
| Egilsstaðaflugvöllur – lenging | | 250 | 250 |
| **Sérstök fjáröflun samtals** | **3.820** | **250** | **250** |
| | | | |
| **Til ráðstöfunar alls** | **11.350** | **8.798** | **9.394** |
| | | | |
| **3.1.2.2 Gjöld** | | | |
| **Rekstur og þjónusta** | | | |
| Skv. þjónustusamningi við Flugstoðir | 5.151 | 5.448 | 5.448 |
| **Rekstur samtals** | **5.151** | **5.448** | **5.448** |
| | | | |
| **Viðhald og styrkir** | | | |
| Viðhaldssjóðir skv. þjónustusamningi | 656 | 1.000 | 1.000 |
| **Viðhald og styrkir samtals** | **656** | **1.000** | **1.000** |
| | | | |
| **Stofnkostnaður** | | | |
| Flugvellir í grunneti | 5.131 | 1.730 | 2.026 |
| Áður framkvæmt/afborganir | –287 | 0 | 0 |
| Aðrir flugvellir utan grunnnets | 274 | 120 | 120 |
| Önnur mannvirki, búnaður, verkefni | 425 | 500 | 800 |
| **Stofnkostnaður samtals** | **5.543** | **2.350** | **2.946** |
| | | | |
| **Gjöld alls** | **11.350** | **8.798** | **9.394** |

*Viðhald:*

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. | 1. tímabil 2007–2010 | 2. tímabil 2011–2014 | 3. tímabil 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| Yfirborð brauta og hlaða | 499 | | |
| Byggingar, búnaður og önnur verkefni | 107 | | |
| Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar | 50 | | |
| **Samtals viðhald** | **656** | **1.000** | **1.000** |

*Stofnkostnaður:*

Í töflunni eru ekki innifaldar þær stofnframkvæmdir sem áætlað er að verði fjármagnaðar sérstaklega.

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. | | 1. tímabil 2007–2010 | 2. tímabil 2011–2014 | 3. tímabil 2015–2018 |
|---|---|---|---|---|
| **Flokkur** | **Staður – verkefnaflokkur** | | | |
| **Alþjóðaflugvellir í grunnneti** | | | | |
| I | Reykjavíkurflugvöllur | 179 | | |
| I | Akureyrarflugvöllur | 315 | | |
| I | Egilsstaðaflugvöllur | 213 | | |
| **Samtals alþjóðaflugvellir í grunnneti** | | **707** | **947** | **1.137** |
| **Aðrir flugvellir í grunnneti** | | | | |
| II | Vestmannaeyjar / Bakki | 94 | | |
| II | Ísafjörður / Þingeyri | 115 | | |
| II | Bíldudalur | 30 | | |
| II | Sauðárkrókur | 3 | | |
| II | Þórshöfn | 3 | | |
| II | Hornafjörður | 0 | | |
| III | Gjögur | 72 | | |
| **Samtals grunnnet, aðrir flugvellir** | | **317** | **533** | **639** |
| **Aðrir flugvellir og lendingarstaðir** | | 274 | 120 | 120 |
| **Önnur mannvirki, búnaður og verkefni.** | | | | |
| | Flugstjórnarmiðstöð | 60,0 | | |
| | Leiðarflug | 14,0 | | |
| | GNSS/AIS/Upplýsingaþjónusta | 42,0 | | |
| | Flugprófunarbúnaður | 0,0 | | |
| | Veðurupplýsingakerfi | 24,0 | | |
| | Flugvernd og öryggismál | 20,0 | | |
| | Til leiðréttinga og brýnna verkefna | 103,0 | | |
| | Þróun og frumáætlanir | 50,0 | | |
| | Stjórnunarkostnaður | 112,0 | | |
| **Samtals önnur mannvirki, búnaður og verkefni** | | **425** | **500** | **800** |
| **Samtals stofnkostnaður** | | **1.723** | **2.100** | **2.696** |

## 3.2 Siglingamál.

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. | 1. tímabil 2007–2010 | 2. tímabil 2011–2014 | 3. tímabil 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur og framlög** | | | |
| **Markaðar tekjur** | | | |
| Vitagjald | 608 | 660 | 660 |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **8.126** | **4.744** | **4.744** |
| **Aðrar ríkistekjur** | | | |
| Vottorð | 8 | 4 | 4 |
| Skoðunargjöld skipa | 4 | 4 | 4 |
| **Sértekjur** | 564 | 548 | 548 |
| **Tekjur og framlög alls** | **9.310** | **5.960** | **5.960** |
| **Frá Hafnabótasjóði** | **22** | | |
| **Til ráðstöfunar alls** | **9.332** | **5.960** | **5.960** |
| | | | |
| **Sérstök fjáröflun** | **1.600** | | |
| | | | |
| **Gjöld** | | | |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Hafnamál | 93 | 108 | 108 |
| Hafnir, líkantilraunir og grunnkort | 93 | 100 | 100 |
| Rekstur Hafnabótasjóðs | 44 | 44 | 44 |
| Siglingavernd | 72 | 84 | 84 |
| Skipamál | 248 | 248 | 248 |
| Vitar og leiðsögukerfi | 542 | 560 | 560 |
| Vaktstöð siglinga | 852 | 852 | 852 |
| Skipaeftirlit | 356 | 356 | 356 |
| Hafnarríkiseftirlit | 96 | 108 | 108 |
| Rannsóknir og þróun | 206 | 212 | 212 |
| Áætlun um öryggi sjófarenda | 88 | 88 | 88 |
| Minjavernd og saga | 20 | 20 | 20 |
| Þjónustuverkefni | 576 | 576 | 576 |
| **Rekstrargjöld alls** | **3.286** | **3.356** | **3.356** |
| | | | |
| **Stofnkostnaður** | | | |
| Vitar og leiðsögukerfi | 107 | 120 | 120 |
| Hafnamannvirki | 2.004 | 1.740 | 1.740 |
| Lendingabætur | 30 | 28 | 28 |
| Ferjubryggjur | 38 | 40 | 40 |
| Sjóvarnargarðar | 493 | 528 | 528 |
| Hafnabótasjóður, framlag | 74 | 148 | 148 |
| Höfn í Bakkafjöru | 3.300 | | |
| **Stofnkostnaður alls** | **6.046** | **2.604** | **2.604** |
| | | | |
| **Gjöld alls** | **9.332** | **5.960** | **5.960** |
| | | | |
| **Gjöld samkvæmt sérstakri fjáröflun** | | | |
| Vestmannaeyjaferja | **1.600** | | |

*Hafnir:*

| Hafnarmannvirki | 1. tímabil 2007–2010 | 2. tímabil 2011–2014 | 3. tímabil 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| **Hafnir í grunnneti** | | | |
| Snæfellsbær (Rif, Ólafsvík) | 170,1 | | |
| Grundarfjörður | 62,1 | | |
| Stykkishólmur | 24,1 | | |
| Vesturbyggð (Brjánslækur, Patreksfjörður, Bíldudalur) | 154,2 | | |
| Ísafjarðarbær (Ísafjörður) | 113,4 | | |
| Bolungarvík | 94,8 | | |
| Skagaströnd | 76,7 | | |
| Skagafjörður | 80,2 | | |
| Siglufjörður | 109,2 | | |
| Hafnasamlag Eyjafjarðar (Dalvík, Ólafsfjörður) | 83,2 | | |
| Hafnasamlag Norðurlands (Akureyri) | 119,4 | | |
| Grímsey | 64,2 | | |
| Norðurþing (Húsavík, Raufarhöfn) | 109,0 | | |
| Þórshöfn | 71,2 | | |
| Vopnafjörður | 41,4 | | |
| Seyðisfjörður | 19,2 | | |
| Fjarðabyggð (Mjóifjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður) | 8,4 | | |
| Djúpivogur | 17,5 | | |
| Hornafjörður | 106,5 | | |
| Vestmannaeyjar | 61,4 | | |
| Þorlákshöfn | 70,7 | | |
| Grindavík | 147,6 | | |
| Sandgerði | 23,3 | | |
| Óskipt til viðhaldsdýpkana, viðhalds skjólgarða o.fl. | 266,6 | | |
| **Samtals hafnir í grunnneti** | **2.094,4** | | |
| Hafnir utan grunnnets | 494,3 | | |
| Óbundið fé í ársbyrjun 2007 skv. yfirliti dags. 14.12.2006 | –584,7 | | |
| **Hafnarmannvirki alls** | **2.004,0** | **1.740,0** | **1.740,0** |

## 3.3 Vegamál.

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. (vísitala vegagerðar 8900) | 1. tímabil 2007–2010 | 2. tímabil 2011–2014 | 3. tímabil 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur og framlög** | | | |
| **Markaðar tekjur** | **52.531** | **55.792** | **58.729** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **44.044** | **33.504** | **34.140** |
| **Tekjur og framlög samtals** | **96.575** | **89.296** | **92.869** |
| | | | |
| **Viðskiptahreyfingar** | | | |
| Lántökur | | | |
| Afborganir | –854 | | |
| **Viðskiptahreyfingar samtals** | **–854** | | |
| **Til ráðstöfunar** | **95.721** | **89.296** | **92.869** |
| | | | |
| **Sérstök fjáröflun** | **9.500** | **23.800** | **12.000** |

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. (vísitala vegagerðar 8900) | 1. tímabil 2007–2010 | 2. tímabil 2011–2014 | 3. tímabil 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| **Gjöld** | | | |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Yfirstjórn | 1.521 | 1.700 | 1.740 |
| Umsýslugjald til ríkissjóðs | 239 | 279 | 293 |
| Upplýsingaþjónusta | 390 | 410 | 430 |
| Umferðareftirlit | 415 | 480 | 500 |
| Þjónusta | 13.203 | 15.000 | 17.000 |
| Almenningssamgöngur | 4.519 | 3.574 | 3.644 |
| Þar af afborgun lána | –274 | | |
| Rannsóknir | 508 | 558 | 587 |
| Minjar og saga | 87 | 115 | 115 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **20.608** | **22.116** | **24.309** |
| **Viðhald samtals** | **14.781** | **18.500** | **19.000** |
| **Stofnkostnaður** | | | |
| **Grunnet** | | | |
| Almenn verkefni | 2.185 | 2.230 | 2.300 |
| Höfuðborgarsvæðið | 8.736 | 9.950 | 10.000 |
| Verkefni á landsbyggð | 12.574 | 11.430 | 11.500 |
| Áður framkv./Afborganir | –80 | | |
| Söluandvirði Símans | 15.000 | | |
| Jarðgangaáætlun | 11.392 | 13.200 | 13.200 |
| Landsvegir í grunnneti | 240 | 670 | 1.200 |
| **Grunnnet samtals** | **50.047** | **37.480** | **38.200** |
| **Utan grunnnets** | | | |
| Tengivegir og ferðamannaleiðir | 4.854 | 5.800 | 6.000 |
| Til brúagerðar | 1.532 | 1.500 | 1.500 |
| Þjóðgarðavegir | 1.076 | 800 | 600 |
| Girðingar | 340 | 450 | 470 |
| Landsvegir utan grunnnets | 477 | 500 | 520 |
| Safnvegir | 1.422 | 1.540 | 1.600 |
| Styrkvegir | 284 | 330 | 350 |
| Reiðvegir | 240 | 280 | 320 |
| **Utan grunnnets samtals** | **10.225** | **11.200** | **11.360** |
| Afskrift markaðra tekna | 60 | | |
| **Stofnkostnaður samtals** | **60.332** | **48.680** | **49.560** |
| **Gjöld** | **95.721** | **89.296** | **92.869** |
| **Gjöld samkvæmt sérstakri fjáröflun** | **9.500** | **23.800** | **12.000** |

**Verkefni á höfuðborgarsvæði.**

| Vegnr. | Vegheiti<br>Kaflaheiti | 1. tímabil<br>2007–2010<br>millj. kr. | 2. tímabil<br>2011–2014<br>millj. kr. | 3. tímabil<br>2015–2018<br>millj. kr. |
|---|---|---|---|---|
| **1** | **Hringvegur** | | | |
| | Hafravatnsvegur–Kollafjörður | 395 | 2.400 | 1.000 |
| | Gatnamót | | 1.000 | 2.800 |
| **40** | **Hafnarfjarðarvegur** | | | |
| | Gatnamót Kringlumbr./Miklubrautar | 2.027 | 1.600 | |
| | Gatnamót | 420 | 250 | 1.170 |
| | Breikkanir | | 700 | 200 |
| **41** | **Reykjanesbraut** | | | |
| | Mýrargata, Geirsgata | | 1.000 | |
| | Breikkanir og undirgöng | 375 | | 500 |
| | Gatnamót | 2.684 | | 500 |
| **42** | **Krýsuvíkurvegur** | | | |
| | Reykjanesbraut–Ásvellir | 100 | | |
| **49** | **Nesbraut** | | | |
| | Gatnamót og færsla | 300 | | |
| | Langahlíð–Stakkahlíð | | 1.400 | |
| **409** | **Hlíðarfótur** | | | |
| | Hringbraut–Öskjuhlíðargöng | 110 | | 800 |
| **410** | **Elliðavatnsvegur** | | | |
| | Breiðholtsbraut–Kaldárselsvegur | | 270 | 450 |
| **411** | **Arnarnesvegur** | | | |
| | Fífuhvammsvegur–Breiðholtsbraut | 925 | 250 | 800 |
| **412** | **Vífilsstaðavegur** | | | |
| | Hafnarfjarðarvegur–Elliðavatnsvegur | | | 500 |
| **415** | **Álftanesvegur** | | | |
| | Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur | 700 | | |
| **419** | **Höfðabakki** | | | |
| | Reykjanesbraut–Höfðabakki | | | 340 |
| **431** | **Hafravatnsvegur** | | | |
| | Úlfarsfellsvegur–Hringvegur | | | 120 |
| **432** | **Hallsvegur** | | | |
| | Fjallkonuvegur–Vesturlandsvegur | | 400 | |
| **450** | **Sundabraut**[1] | | | |
| | Sæbraut–Geldinganes | 100 | | |
| **470** | **Fjarðarbraut** | | | |
| | Endurbætur | | | 140 |
| | **Göngubrýr og undirgöng** | 280 | 280 | 280 |
| | **Smærri verk og ófyrirséð** | 320 | 400 | 400 |
| **Höfuðborgarsvæði samtals** | | **8.736** | **9.950** | **10.000** |

[1] Sjá auk þess ráðstöfun á söluandvirði Símans og sérstaka fjáröflun.

**Verkefni á landsbyggð.**

| Heiti verkefnis | 1. tímabil 2007–2010 millj. kr. | 2. tímabil 2011–2014 millj. kr. | 3. tímabil 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Hornafjarðarfljót | 782 | 270 | |
| Jökulsá á Breiðamerkursandi | | 50 | 50 |
| Brýr í Öræfum | | 120 | 600 |
| Breikkun brúa á Suðurlandi | | 700 | 520 |
| Hringvegur um Hellu | | 170 | |
| Hringvegur norðan Selfoss | | | 1.250 |
| Hringvegur á Hellisheiði | 325 | 600 | 600 |
| Bræðratunguvegur | 745 | 195 | |
| Lyngdalsheiðarvegur | 420 | | |
| Suðurstrandarvegur | 140 | 480 | 410 |
| Bakkavegur | 70 | | |
| Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur–Reykjanesbær | 767 | 1200 | |
| Keflavíkurvegur | 125 | 170 | |
| Hvalfjarðartengingar | 124 | | |
| Hringvegur um Borgarnes | 20 | | 620 |
| Hringvegur um Stafholtstungur | 380 | 55 | |
| Hringvegur á Holtavörðuheiði | | | 200 |
| Hringvegur í Hrútafirði | 265 | | |
| Hringvegur um Húnavatnssýslu | | | 300 |
| Hringvegur um Norðurárdal | 500 | | |
| Fróðárheiði | 100 | 460 | |
| Þverun Kolgrafafjarðar | 166 | | |
| Skógarströnd | | | 200 |
| Vestfjarðavegur, Þórisstaðir–Vatnsfjörður | 1.560 | 800 | 800 |
| Dynjandisheiði | | | 1.300 |
| Djúpvegur um Strandir | 95 | | 360 |
| Djúpvegur, Ísafjörður–Mjóifjörður | 1.725 | | |
| Djúpvegur, Álftafjörður–Bolungarvík | 40 | 170 | |
| Akranesvegur um Þjóðbraut | 100 | 100 | |
| Tröllatunguvegur | 140 | | |
| Strandavegur, Djúpvegur–Drangsnes | | 280 | |
| Þverárfjallsvegur | 310 | | |
| Breikkun brúa í Norðvesturkjördæmi | | 280 | 730 |
| Hringvegur um Akureyri | 30 | | 70 |
| Hringvegur, Akureyri–Hvalnesskriður | 1.180 | 700 | 540 |
| Jökulsá á Fjöllum | | 630 | |
| Hringvegur um Lagarfljót | | 950 | 100 |
| Snjóflóðavarnir á Ólafsfjarðarvegi. | 50 | | |
| Norðausturv. um Skjálfandafljót og Tjörn | | 750 | 150 |
| Norðausturv. um Hófaskarð og til Raufarhafnar | 1.045 | 300 | |
| Norðausturv., Þórshöfn–Vopnafjörður–Hringvegur | 745 | 900 | 400 |
| Kísilvegur | 65 | 300 | |
| Norðfjarðarvegur um Hólmaháls | 500 | | |
| Borgarfjarðarvegur | | 200 | 860 |
| Suðurfjarðavegur | | | 600 |
| Eyjafjarðarbraut vestri | | | 170 |
| Breikkun brúa í Norðausturkjördæmi | | 240 | 210 |
| Samgöngurannsóknir | 60 | 60 | 60 |
| Óráðstafað | | 300 | 400 |
| **Verkefni á landsbyggð samtals** | **12.574** | **11.430** | **11.500** |

**Söluandvirði Símans.**

| Heiti verkefnis | 1. tímabil 2007–2010 millj. kr. | 2. tímabil 2011–2014 millj. kr. | 3. tímabil 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Hornafjarðarfljót | 800 | | |
| Bræðratunguvegur | 300 | | |
| Suðurstrandarvegur | 400 | | |
| Gatnamót við Nesbraut | 600 | | |
| Reykjanesbraut | 1.600 | | |
| Sundabraut | 8.000 | | |
| Vestfjarðavegur | 700 | | |
| Arnkötludalur | 800 | | |
| Þverárfjallsvegur | 300 | | |
| Norðausturvegur | 1.500 | | |
| **Söluandvirði Símans samtals** | **15.000** | | |

**Jarðgangaáætlun.**

| Heiti verkefnis | 1. tímabil 2007–2010 millj. kr. | 2. tímabil 2011–2014 millj. kr. | 3. tímabil 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Arnarfjörður–Dýrafjörður | | 3.800 | |
| Óshlíðargöng | 3.680 | | |
| Héðinsfjarðargöng | 7.712 | | |
| Norðfjarðargöng | | 4.800 | |
| Lónsheiði og önnur jarðgöng | | 4.600 | 13.200 |
| **Jarðgangaáætlun samtals** | **11.392** | **13.200** | **13.200** |

**Sérstök fjáröflun.**

| Heiti verkefnis | 1. tímabil 2007–2010 millj. kr. | 2. tímabil 2011–2014 millj. kr. | 3. tímabil 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Breikkun Hringvegar, Markarfljót–Selfoss | | | 7.000 |
| Breikkun Hringvegar, Selfoss–Reykjavík | 6.700 | 6.800 | |
| Breikkun Hringvegar, Mosfellsbær–Borgarnes | 2.500 | 3.500 | |
| Breikkun Hringvegar, Borgarnes–Akureyri | | 1.500 | 5.000 |
| Vaðlaheiðargöng | 300 | | |
| Sundabraut | | 12.000 | |
| **Sérstök fjáröflun** | **9.500** | **23.800** | **12.000** |

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

**Formáli.**

Samgönguráðherra Sturla Böðvarsson lagði fram lagafrumvarp fyrir vorþing Alþingis 2002 um gerð samgönguáætlunar ásamt frumvarpi til breytinga á ákvæðum annarra laga sem varða samgönguáætlun. Frumvörpin voru samþykkt sem lög nr. 71/2002 og 72/2002. Í beinu framhaldi var fyrsta samgönguáætlunin 2003–2014 og fjögurra ára áætlun hennar 2003–2006 samþykkt á vorþingi 2003. Fjögurra ára áætlunin var síðan endurskoðuð með nýrri áætlun 2005–2008. Með framlagningu þessarar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2007–

2018 fer fram fyrsta endurskoðun tólf ára áætlunarinnar. Samhliða verður lögð fram tillaga að endurskoðun fjögurra ára áætlunarinnar 2007–2010.

Lögin um samgönguáætlun segja til um skipun samgönguráðs sem hefur yfirumsjón með gerð áætlunarinnar. Í samgönguráðinu eiga nú sæti formaður skipaður af ráðherra, Ingimundur Sigurpálsson, Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri, Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri og Pétur K. Maack flugmálastjóri, sem tók við því starfi 1. janúar 2007. Fram að þeim tíma átti Þorgeir Pálsson, þáverandi flugmálastjóri, sæti í ráðinu. Með samgönguráði starfar Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu. Eiríkur Bjarnason, verkefnastjóri í samgönguráðuneytinu, er starfsmaður þess.

Í lögum nr. 71/2002 segir: „Í samgönguáætlun skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Jafnframt skal mörkuð stefna fyrir allar greinar samgangna næstu tólf ár. Þá skal í samgönguáætlun meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur.

Í samgönguáætlun skal gera ráð fyrir eftirfarandi skilyrðum:

a. að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
b. að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,
c. að ná fram víðtæku samspili samgöngumáta og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins.“

Lögin um gerð samgönguáætlunar hafa það í för með sér að hún tekur til allra samgöngugreinanna, áætlanagerðin nær til 12 ára, markar stefnu fyrir allar greinar samgangna og tekur til allra þátta í rekstri stofnana samgöngumála.

Þingsályktunartillagan sem hér birtist er stefnumörkun samgönguáætlunarinnar og er ætlað að uppfylla framangreind skilyrði laganna. Í henni er grunnnet samgangna skilgreint, gerð grein fyrir áherslum og markmiðum tímabilsins, fjármálum og helstu framkvæmdum næstu tólf ára skipt niður á þrjú fjögurra ára tímabil. Í fjögurra ára áætluninni eru verkefnin skilgreind nánar.

Loks er í lögum um samgönguáætlun ákvæði um að ráðherra skuli árlega fyrir lok vorþings leggja fram á Alþingi skýrslur um framkvæmd samgönguáætlunar. Skýrslurnar innihalda yfirlit um flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun.

Að gerð þessarar samgönguáætlunar hefur auk samgönguráðs komið fjöldi aðila. Má þar nefna vinnuhópa frá viðkomandi stofnunum sem heyra undir samgönguráðuneytið og ýmsa ráðgjafa, sem unnið hafa fræðilegar skýrslur fyrir samgönguráð, m.a. frá Hagfræðistofnun HÍ og Land-Ráði. Enn fremur skal hér nefnt að borist hefur fjöldi erinda frá einstaklingum, sveitarstjórnum og samtökum víðs vegar af landinu og hefur verið horft til þeirra við gerð áætlunarinnar. Að lokum skal þess getið að samgönguráð stóð fyrir samgönguþingi í apríl 2006, þar sem kallað var eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila í samgöngum.

**Skipulag samgöngumála.**

Mynd 0-1 sýnir helstu málaflokka samgöngumála og ábyrgð á þeim. Þar kemur fram hver hefur viðkomandi rekstur með höndum, hvernig málaflokkurinn er fjármagnaður, hver fer með stjórnsýslulega framkvæmd málaflokksins og hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á málaflokknum.

**Mynd 0-1. Málaflokkar samgangna og ábyrgð þeirra.**

| Samgöngumál | Rekstur | Fjármögnun | Stofnun | Ráðuneyti |
|---|---|---|---|---|
| Flugvellir | Fst. | ngj.+rsj. | Flugmálastjórn | SAM |
| Hafnir | Hafnasjóðir | ngj.+ rsj.+ svfél. | Siglingastofnun | SAM |
| Vegir | Vg./sv.fél./eink. | mt.+rsj./svfél./eink. | Vg./svfél./eink. | SAM |
| **Flugvélar** | | | | |
| Skoðun | Flugmálastjórn | notendagjöld+rsj. | Flugmálastjórn | SAM |
| Lofthæfniskírteini | Flugmálastjórn | notendagjöld+rsj. | Flugmálastjórn | SAM |
| Atvinnuskírteini flugm. | Flugmálastjórn | notendagjöld+rsj. | Flugmálastjórn | SAM |
| Umferðarreglur í lofti | Flugmálastjórn | notendagjöld+rsj. | Flugmálastjórn | SAM |
| Leiðsaga og ferðauppl. | Flugstoðir | notendagjöld+rsj. | Flugmálastjórn | SAM |
| **Skip** | | | | |
| Skoðun | SÍ+einkarekstur | notendagjöld | Siglingastofnun | SAM |
| Haffæriskírteini | Siglingastofnun | notendagjöld | Siglingastofnun | SAM |
| Atvinnuskírteini sjóm. | Siglingastofnun | notendagjöld+rsj. | Siglingastofnun | SAM |
| Umferðarreglur á sjó | Siglingastofnun | ríkissjóður | Siglingastofnun | SAM |
| Leiðsaga og ferðauppl. | SÍ+fleiri | mt. | Siglingastofnun | SAM |
| Siglingavernd | SÍ+fleiri | notendagjöld+rsj. | Siglingastofnun | SAM |
| **Bifreiðar** | | | | |
| Skoðun | einkarekstur | notendagjöld | Umferðarstofa | SAM |
| Skoðunarvottorð | einkarekstur | notendagjöld | Umferðarstofa | SAM |
| Ökuskírteini | Lögreglan | notendagjöld | Lögr.+Umfst. | SAM |
| Umferðarreglur | Lögreglan | ríkissjóður | Lögreglan | SAM |
| Leiðsaga og ferðauppl. | Vegagerðin | markaðar tekjur | Vegagerðin | SAM |
| **Fólks- og vöruflutningar** | | | | |
| Áætlunarflug | einkarekstur | notendagjöld+ríkisj. | FMS/Vegag. | SAM |
| Sjóflutningar | einkarekstur | notendagjöld | Siglingastofnun | SAM |
| Strætisvagnar | svfél.+eink. | ngj.+svfél.+rsj. | Vegagerðin | SAM |
| Sérleyfisbifreiðar | einkarekstur | notendagjöld+rsj. | Vegagerðin | SAM |
| Hópferðabifreiðar | einkarekstur | notendagjöld | Vegagerðin | SAM |
| Vöruflutningar á landi | einkarekstur | notendagjöld | Vegagerðin | SAM |
| Ferjur | einkarekstur | notendagjöld+rsj. | Vegagerðin | SAM |
| Leigubifreiðar | einkarekstur | notendagjöld | Vegagerðin | SAM |

Skýringar á táknum: mt.: markaðar tekjur, ngj.: notendagjöld, rsj.: almennt skattfé, eink.: einkaaðilar, SAM: Samgönguráðuneytið, FMS: Flugmálastjórn, Fst: Flugstoðir, SÍ: Siglingastofnun Íslands, Vg.: Vegagerðin, Lögr.: lögreglan, Umfst.: Umferðastofa.

Alþingi samþykkti á 132. löggjafarþingi ný lög sem staðfestu breytingu og uppskiptingu á starfsemi Flugmálastjórnar Íslands. Tilgangur breytinganna er aðskilnaður flugleiðsöguþjónustu og flugvallareksturs Flugmálastjórnar frá stjórnsýslu- og eftirlitsstarfsemi. Stofnað hefur verið sérstakt hlutafélag, Flugstoðir ohf., í eigu ríkisins um þjónustuþætti Flugmálastjórnar (lög nr. 102/2006), en stjórnsýslu, þ.m.t. eftirlit og alþjóðleg samskipti á því sviði, verður sinnt af Flugmálastjórn Íslands, sbr. lög nr. 100/2006. Uppstokkunin á sér stað vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í umhverfi flugsamgangna, bæði hérlendis og erlendis, og vegna nýrra krafna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Evrópusambandsins um aðskilnað eftirlits og þjónustu. Þá er einnig tekið tillit til þess að samkeppni er hafin í flugumferðarþjónustu og að íslenskir flugrekendur hafa aukið starfsemi sína verulega á erlendum mörkuðum. Ný stofnun og fyrirtæki tóku formlega til starfa 1. janúar 2007.

Keflavíkurflugvöllur hefur sérstöðu að því leyti að hann hefur um langt árabil verið innan varnarsvæðisins sem skilgreint er í varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna. Um varnar-

svæði gilda sérstök lög, en samkvæmt þeim hefur utanríkisráðherra farið með allt stjórnvald á þessum svæðum. Í því felst m.a. að utanríkisráðherra hefur farið með yfirstjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli, en framkvæmd þeirra hefur verið í höndum Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli sem hefur verið sérstök rekstrar- og stjórnsýslueining á vegum utanríkisráðuneytisins. Hins vegar hefur flugvöllurinn þurft starfsleyfi frá Flugmálastjórn Íslands samkvæmt reglugerð um flugvelli nr. 347/2004 og verið undir eftirliti stofnunarinnar hvað varðar flugöryggismál og heimild til að starfa sem alþjóðaflugvöllur í borgaralegu flugi. Sérstök lög um Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli sem voru sett vorið 2006 kveða á um að sú stofnun taki að sér allan rekstur Keflavíkurflugvallar, þ.m.t. þann hluta sem varnarliðið hefur annast til þessa. Auk þess að hefur stofnunin eftirlit með ýmsum þáttum í rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sem nú er í höndum sérstaks hlutafélags í eigu ríkisins. Fagleg stjórnun flugumferðarþjónustu á Keflavíkurflugvelli hefur þó um áratuga skeið fallið undir flugumferðarsvið Flugmálastjórnar Íslands. Flugstoðir ohf. tóku að sér þetta hlutverk eftir 1. janúar 2007. Sameiginleg aðflugsstjórn, sem er í flugturninum á Keflavíkurflugvelli, er rekin fyrir flugvellina í Reykjavík og Keflavík. Hún er mönnuð flugumferðarstjórum frá báðum aðilum. Flugmálastjórn Íslands annast allt öryggiseftirlit með flugstarfseminni á Keflavíkurflugvelli, þ.m.t. með viðhaldsstöðvum og rekstri flugfélaganna auk þess að hafa eftirlit með flugöryggi og flugvernd.

Núverandi skipulag mála á Keflavíkurflugvelli er til bráðabirgða, en í samræmi við lög nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, er gert er ráð fyrir að yfirstjórn allrar flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli verði á hendi samgönguráðuneytisins. Þetta er mikilvægt skref til að koma á heildstæðu skipulagi um rekstur flugsamgöngukerfisins á Íslandi og stjórnsýslu flugmála undir yfirstjórn samgönguráðherra, þar sem tekið er mið af þeirri nýskipan flugmála sem tók gildi 1. janúar 2007. Eitt helsta markmið slíkrar endurskipulagningar verður að auka enn flugöryggi og ná meiri hagkvæmni í rekstri með því að aðskilja með skýrum hætti eftirlit með flugstarfseminni og ná fram samlegð í rekstri flugvalla og flugleiðsöguþjónustu.

**Almennar forsendur og spá um þróun lykilstærða.**

**Innanlandsflug.**


Á undanförnum tveimur áratugum hefur flugsamgöngukerfi landsins og notkun þess tekið stórfelldum breytingum. Frá árinu 1982 hefur heildarfarþegafjöldi í áætlunarflugi aukist úr tæplega 300 þúsund í rúmlega 400 þúsund farþega árið 2005 eða um 35%. Á sama tíma hefur flugvöllum, sem notaðir eru fyrir áætlunarflug, fækkað úr því að vera á fjórða tug talsins í um tólf. Mikil fjölgun farþega varð þegar óheft samkeppni í innanlandsflugi var lögleidd árið 1997. Þessi áhrif hafa nú gengið til baka og flutningarnir eru með jafnari hætti.

Um 87% allra farþega í innanlandsflugi fljúga á fimm flugleiðum, þ.e. milli Reykjavíkur, Akureyrar, Egilsstaða, Ísafjarðar og Vestmannaeyja/Bakka. Um 13% farþega fljúga á öðrum flugleiðum innan lands.

Farþegafjöldi í innanlandsflugi ræðst fyrst og fremst af umfangi og umsvifum atvinnulífsins á landsbyggðinni annars vegar og þróun ferðaþjónustu hins vegar. Eðlilegt er að setja fram fleiri en eina spá um þróunina á næstu árum. Um er að ræða jafna aukningu, sem væri annars vegar um 2% og hins vegar um 4% á ári eins og sýnt er á meðfylgjandi mynd (mynd 0-2). Myndin sýnir leiðnitölur (trend) sem byggist á þeirri forsendu að engin veruleg breyting verði á atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og erlendum farþegum fjölgi lítið í innanlandsflugi. Hin spáin gerir ráð fyrir stöðugum vexti sem birtist í hægri 2% fjölgun farþega á ári

upp í allt að 4% fjölgun, sem telst vera í efri mörkum. Þá má ætla að aukið millilandaflug geti haft töluverð áhrif á innanlandsflugið með fjölgun erlendra ferðamanna. Eftir því sem vegalengdir styttast með betri þjóðvegum eru flugflutningar komnir í verulega samkeppni við einkabílinn. Ef leiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur yrði stytt um 50–80 km hefði það áhrif á áætlunarflug til Akureyrar. Einnig má gera ráð fyrir að þegar jarðgöng verða komin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hafi það þau áhrif á flugsamgöngur til Sauðárkróks, að áætlunarflug þangað leggist af. Ef áframhaldandi fólksfækkun verður á Vestfjörðum ásamt frekari vegabótum mun það einnig hafa áhrif á áætlunarflugið.

**Mynd 0-2. Fjöldi innanlandsfarþega á hverjum legg og spár um þróun næstu ár.**




**Millilandaflug.**

Aukið millilandaflug á undanförnum árum hefur verið snar þáttur í atvinnu- og verðmætasköpun landsins. Millilandaflug fer að langstærstum hluta um Keflavíkurflugvöll og náði farþegafjöldinn um þennan flugvöll rúmlega 2 milljónum árið 2006. Þetta eru um 98% af farþegafjöldanum í millilandaflugi. Um 2% fóru um flugvellina á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík, þar af um 70% um þann síðastnefnda. Þessir flugvellir gegna hins vegar veigamiklu hlutverki sem varaflugvellir fyrir Keflavíkurflugvöll. Án þeirra væri millilandaflug til og frá landinu háð varaflugvöllum í Skotlandi sem auk mikillar óhagkvæmni varðar flugöryggi. Millilandaflug hefur aukist um Akureyrarflugvöll á undanförnum árum, mest leiguflug með farþega til ýmissa borga í Evrópu. Lággjaldaflugfélög sýna nú Akureyrarflugvelli meiri áhuga og sumarið 2006 var flogið þaðan tvisvar í viku í áætlunarflugi til Kaupmannahafnar og London. Nauðsynlegt er að endurbætur verði gerðar á aðflugskerfi Akureyrarflugvallar til að lækka blindaðflugslágmörk bæði vegna rekstraröryggis innanlandsflugs sem og vegna varaflugvallarhlutverks flugvallarins. Gert er ráð fyrir að lengja flugbrautina til suðurs um 460 m með sérstakri fjáröflun.

Á Egilsstaðaflugvelli hefur frá því að nýja flugbrautin var tekin í notkun vegna varaflugvallarhlutverksins verið stundað leiguflug með stórum farþegaþotum til annarra landa og þá


mest á haustin. Erfitt er að spá fyrir um reglubundið millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll, eftir að stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi lýkur, en ljóst er að áfram verður leiguflug að einhverju marki til annarra landa í náinni framtíð. Gert er ráð fyrir lengingu flugbrautar á Egilsstöðum til suðurs með sérstakri fjáröflun til að uppfylla betur hlutverk flugvallarins sem varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll og vegna þarfa flugrekenda og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og flutningum.

Frá Reykjavíkurflugvelli er flogið reglubundið áætlunarflug til Voga í Færeyjum og til nokkurra staða á Grænlandi, til Kulusuk og Constable Point á Austur-Grænlandi allt árið, en Narsarsuaq á Suður-Grænlandi á sumrin. Sumarið 2006 hófst í fyrsta sinn áætlunarflug til höfuðstaðar Grænlands, Nuuk, á Vestur-Grænlandi. Gert er ráð fyrir að áframhald verði á þessu flugi. Flugvöllurinn er einnig áfangastaður fyrir einkaflugvélar í millilandaflugi, einkum viðskiptaflugi, en það flug hefur aukist verulega. Vegna aukinna krafna í flugvernd er forgangsmál að byggja nýja samgöngumiðstöð, meðal annars til að tryggja aðskilnað milli innanlandsflugs og millilandaflugs á flugvellinum og gera kleift að afgreiða stórar flugvélar sem lenda á flugvellinum vegna hlutverks hans sem varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll.

Mjög mikil aukning hefur verið á farþegaflutningum um Keflavíkurflugvöll á undanförnum árum. Á árinu 2004 fóru rúmlega 1,6 milljónir farþega um flugvöllinn og ef þróunin verður svipuð áfram má búast við að farþegar verði í lok þessa áætlunartímabils um eða yfir 2,5 milljónir á ári. Um þetta er þó mjög erfitt að spá en á árinu 2006 voru farþegar rúmlega 2 milljónir og hafði því fjölgað um 11% milli ára, og var það annað árið í röð sem slík fjölgun varð. Rekstraröryggi Keflavíkurflugvallar skiptir höfuðmáli við að tryggja að áframhaldandi vöxtur verði í flugsamgöngum um þennan aðalmilliandaflugvöll landsins. Vel búnir varaflugvellir í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum gegna veigamiklu hlutverki í að tryggja rekstraröryggi Keflavíkurflugvallar auk þess að vera mikilvægir vegna öryggis í flugi til og frá landinu vegna mikillar fjarlægðar til varaflugvalla í nágrannalöndunum.

Eftirfarandi mynd sýnir fjölda farþega sem fóru um Keflavíkurflugvöll árin 1989–2004:

**Mynd 0-3. Fjöldi farþega um Keflavíkurflugvöll árin 1989–2004.**




**Flugleiðsaga.**

Á Íslandi eru gerðar sömu kröfur til nákvæmni og áreiðanleika í flugleiðsögu og gerðar eru erlendis, svo sem í Bandaríkjunum og annars staðar í Evrópu. Varðandi kröfur í flugleiðsögu er t.d. skilgreint hver nákvæmnin skal vera, áreiðanleikinn og uppitíminn. Þessar kröfur, sem gerðar eru til flugleiðsögu, eru tilkomnar vegna þarfa notendanna og eru auk þess gerðar

með tilliti til öryggisþátta sem metnir eru af öryggisstofnunum fyrir flugumferð og flugstjórn. Kröfurnar eru birtar af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO), Flugöryggissamtökum Evrópu (JAA) og bandarísku flugmálastjórninni (FAA). Reglugerðir Evrópusambandsins sem að mestu eru byggðar á kröfum Eurocontrol um flugöryggiskröfur til flugleiðsöguþjónustu munu taka gildi hérlendis á næstunni.


Þessi misseri er verið að stíga fyrstu skrefin í notkun GPS við aðflug að flugvöllum á Íslandi. Það er á áætlun að auka þessa notkun GPS verulega hérlendis, en fram að þessu hefur GPS-leiðsaga aðeins verið notuð við farflugsleiðsögu flugvéla á milli staða. Þess konar aðflugsleiðsaga, sem hér um ræðir, er þó aðeins svokölluð grunn GPS-leiðsaga, en meiri nákvæmni næst með kerfum, sem styðja við GNSS-kerfin.

Evrópska EGNOS-kerfið mun reynast mikilvægt kerfi innan íslenska flugstjórnarsvæðisins í náinni framtíð, bæði til að auka öryggi við farflug og einnig mun það bjóða upp á nákvæmnisaðflugsleiðsögu að flugbrautum fyrir flugvélar búnar tækjum sem styðja þessa staðla. Hugsanlegt er að í framtíðinni muni WAAS einnig verða notað hérlendis, en til þess þurfa að koma til WAAS-viðmiðunarstöðvar hérlendis. Með tilkomu þessara kerfa verður viðmiðunin APV-I- eða APV-II-aðflugsstaðlarnir með hugsanlegum möguleika á CAT-I-nákvæmni við frekari þróun kerfanna. Þátttaka Íslendinga í bæði evrópska og bandaríska kerfinu er mikilvæg vegna stöðu landsins sem miðpunkts milli þjónustusvæða þessara kerfa. Vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur með samvirkni milli kerfanna, munu flugmenn geta notið leiðréttrar GNSS-leiðsögu á leið sinni alla leið milli Bandaríkjanna og Evrópu ef stöðvar frá báðum kerfunum yrðu settar upp hérlendis. Nokkrar stofnanir, þar á meðal Flugmálastjórn, hafa haldið þeim hugmyndum á lofti að með því að gera þennan möguleika að veruleika aukist enn öryggi farþega innan íslenska flugstjórnarsvæðisins og Ísland verði áfram meðal fremstu þjóða í gæðum flugleiðsögutækni. Þó er ljóst að EGNOS mun bjóða upp á þjónustu í háum gæðaflokki í kringum landið og austur til Evrópu.

**Umsvif í siglingum.**


Hafnir þjóna í meginatriðum tvíþættum tilgangi, þ.e. fiskveiðum og vöruflutningum bæði innan lands og milli landa. Auk þess eru ferjusiglingar frá nokkrum höfnum. Á síðasta áratug hefur magn landaðs sjávarfangs aukist um 15%. Botnfisksafli hefur dregist saman en meira veiðst af uppsjávarfiski. Talið er að fiskstofnar séu að mestu fullnýttir. Ekki er gert ráð fyrir að aukning verði í sjávarafla á áætlunartímabilinu, en landaður afli hefur verið á bilinu 1,6 til 2,2 milljónir tonna undanfarin 10 ár.

**Mynd 0-4. Landaður afli og spá um þróun næstu ára.**




Vöruflutningar um hafnir hafa aukist um 30% á síðustu 10 árum og má rekja 75% af þeirri aukningu til flutninga vegna stóriðju. Sjóflutningar milli hafna innan lands hafa dregist saman og strandsiglingar eru að mestu aflagðar nema olíuflutningar og annar sértækur flutningur. Töluverð aukning er aftur á móti í umferð leiguskipa sem sigla beint á ákveðnar hafnir. Heildarvöruflutningar um hafnir landsins voru tæplega 4,1 millj. tonn árið 1995 en áratug síðar rúm 5,3 millj. tonn. Gert er ráð fyrir að vöruflutningar um hafnir aukist um 90% næstu 12 árin. Aukningin verður að jafnaði rúm 5% á ári. Þetta má að stærstum hluta rekja til fyrirsjáanlega aukinna flutninga vegna stóriðju. Flutningar til og frá landinu dreifast nú á fleiri hafnir en áður eftir að strandflutningar lögðust af.


**Mynd 0-5. Vöruflutningar og spá um þróun næstu ára.**



Heildarflutningar með ferjum hafa aukist lítillega undanfarin ár. Fyrir liggur niðurstaða nefndar um samgöngur við Vestmannaeyjar. Hún leggur til að byggð verði ferjuhöfn í Bakkafjöru að uppfylltum skilyrðum sem verið er að sannreyna með frekari rannsóknum. Niðurstöður rannsóknanna eiga að liggja fyrir í lok mars 2007. Gert er ráð fyrir áframhaldandi ferjusiglingum Norrænu milli Íslands og meginlands Evrópu. Talsverð aukning hefur orðið á flutningum með ferjunni og árið 2004 voru farþegar til og frá landinu nálægt 22 þúsund. Á síðustu árum hefur viðkomum skemmtiferðaskipa fjölgað. Árið 2005 fóru um 110 þúsund farþegar um hafnir landsins með þessum skipum og er þá miðað við að farþegar séu taldir í hvert skipti sem skemmtiferðaskip kemur til hafnar. Í Reykjavík og á Akureyri hefur fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum aukist um 120% á einum áratug. Helstu viðkomustaðir skipanna eru Reykjavík, Akureyri, Seyðisfjörður, Ísafjörður, Húsavík og Grundarfjörður. Gert er ráð fyrir að við lok tímabilsins muni um 220 þúsund farþegar fara um hafnir landsins með skemmtiferðaskipum. Gera verður ráð fyrir því að á öðru og þriðja tímabili þurfi hafnir að bæta aðstöðu fyrir þessi skip bæði í landi og með viðlegumannvirkjum.

Skipaflotinn hefur verið á bilinu 230–270 þús. brúttótonn síðastliðin 15 ár. Gert er ráð fyrir að hann haldist óbreyttur næstu 12 ár. Engin íslensk kaupskip eru lengur á skipaskrá. Öll kaupskip í eigu íslenskra aðila eru skráð erlendis.

**Mynd 0-6. Skipastóll.**




**Horfur í siglingum.**

Líklegt er að uppbygging í höfnum vegna sjávarútvegs verði í takt við þróun fiskiskipaflotans. Krafa neytenda um ferskt hráefni veldur því að veiðiferðir styttast, öflugir hraðfiskibátar koma til með að leysa hefðbundin skip af hólmi og í stað stórra línubáta koma jafnvel aðrir enn stærri sem fara þó í stutta veiðitúra. Þetta þýðir meiri umferð um hafnir og örari landanir. Uppsjávarveiðiskipin verða einnig stærri sem leiðir af sér kröfu um aukið dýpi í þeim höfnum þar sem þau landa. Góðar samgöngur að millilandaflugvelli verða mikilvægari þar sem ferskar sjávarafurðir eru í sókn á erlendum mörkuðum. Nálægð við flugvelli verður

mikilvæg. Bolfiski er nú landað á rúmlega 60 stöðum á landinu, þar af koma 60% á land í 10 höfnum. Breytt aflasamsetning mun líklega leiða til þess að afla verði landað í færri höfnum.

Siglingaleiðir við landið verða óbreyttar að því undanskildu að líklegt er að tekið verði tillit til líffræðilega mikilvægra svæða með afmörkun siglingaleiða. Telja verður víst að sú þróun til hagræðingar, sem hófst með myndun hafnasamlaga og síðar stofnun sameignarfélags um rekstur Faxaflóahafna, muni halda áfram og sameinaðar verði hafnir á Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Eyjafirði og Suðurnesjum svo að nokkur svæði séu nefnd.

Ógjörningur er nefna hvenær Norðuraustursiglingaleiðin milli Asíu og Evrópu opnast til almennrar skipaumferðar, en þá skapast möguleiki á að hér verði umskipunarhöfn norðursins. Fylgjast þarf vel með ísbráðnun norðurheimskautsins þannig að Íslendingar geti verið virkir þátttakendur ef norðausturleiðin opnast. Á næstu 12 árum verða helstu framkvæmdir í höfnum endurbygging hafnamannvirkja, stofndýpkanir og gerð viðlegukanta með meira dýpi.


**Akstur á vegum.**

Árið 1980 voru 359 km þjóðvega með bundnu slitlagi, en voru um 4.520 km í lok árs 2005. Vegum er nú haldið opnum allt árið í miklu ríkari mæli en áður var. Á þessu tímabili fjölgaði bílum um rúmlega 100 þúsund, sem er meira en tvöföldun, og voru þeir 200 þúsund árið 2004 (sjá mynd 0-8).


Akstur á þjóðvegum utan þéttbýlis jókst um nær 250% á árunum 1980–2000. Frá árinu 2000 er akstur mældur á öllum þjóðvegum, sjá stökk á mynd 0–7, og hefur árleg aukning verið um 3,4% síðan (sjá mynd 0-7). Stökkið í línuritinu skýrist af því að umferð á þjóðvegum í þéttbýli er mæld frá árinu 2000. Bílaeign er hér með því mesta sem gerist í heiminum eða 642 fólksbílar á 1.000 íbúa í lok árs 2006 og Íslendingar ferðast meira en flestar aðrar þjóðir, þ.e. hver íbúi ferðast að meðaltali 43 km á dag.

**Mynd 0-7. Þróun umferðar 1980–2004.**

(Stökkið árið 2000 skýrist af því að þá er farið að mæla umferð á þjóðvegum innan þéttbýlis.)





**Mynd 0-8. Fjöldi ökutækja 1980–2004.**




Á tímabilinu 1980–2006 fjölgaði landsmönnum úr 229 þúsund í 307 þúsund eða um 34%. Hagvöxtur á tímabilinu hefur verið mun meiri en sem því nemur. Vöxtur umferðar hefur verið um 70% frá 1988–2004 á meðan vöxtur landsframleiðslu hefur verið um 50% á sama

tíma. Af þessu sést að heildarumsvif í samgöngum vaxa örar en íbúatala landsins og jafnvel örar en sem nemur hagvexti.

**Mynd 0-9. Samanburður hagvaxtar og heildaraksturs.**




Vísbendingar eru um að meira fjármagni, sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, sé varið í uppbyggingu samgöngukerfisins en í öðrum Evrópulöndum að Noregi undanskildum. Þetta skýrist af því að samgöngukerfið í báðum löndunum hefur verið mjög ófullkomið og er enn þá a.m.k. á Íslandi. Það er helst að uppbygging vega á höfuðborgarsvæðinu standist nú orðið erlendan samanburð. Samgönguáætlun tekur mið af áframhaldandi þróun og að heildarumsvif í samgöngum vaxi a.m.k. í takt við hagvöxtinn. Vegaumferðin hefur aukist hraðast að undanförnu og líklegt er að svo verði áfram á áætlunartímabilinu. Vegakerfið er á hinn bóginn skemmst á veg komið af samgöngukerfunum þremur. Mest af fjármagni áætlunarinnar fer því í vegakerfið og þar eiga að verða mestar framfarir.

Fjárfestingum í vegakerfinu er að stærstum hluta ætlað að uppfylla lágmarkskröfur sem gera verður til grunnnetsins á landsbyggðinni og hins vegar að auka afkastagetu vegakerfisins á höfuðborgarsvæðinu.

Að höfuðborgarsvæðinu frátöldu má segja að afkastageta kerfisins sé ekki fullnýtt og á þetta við um alla þætti þess. Með hliðsjón af því getur samgöngukerfið tekið allvel við aukinni umferð og er ekki mjög viðkvæmt fyrir því að einstakir þættir samgangna vaxi örar en aðrir.

Sú stefna sem mörkuð er í samgönguáætlun mun stytta ferðatíma og lækka flutningskostnað atvinnulífsins og ferðakostnað almennings. Hún mun að öllu samanlögðu hafa mikil og jákvæð áhrif á líf fólks í landinu. Markmið þessi munu nást m.a. með styttingu leiða, lagningu bundins slitlags þar sem það vantar, betri ferli vega, minni öxulþungatakmörkunum og betri vetrarþjónustu.

## 1. STEFNUMÓTUN SAMGÖNGUÁÆTLUNAR.

### Almennt.

Góðar samgöngur eru ein af grundvallarforsendum fyrir öflugu atvinnulífi og kraftmiklu þjóðlífi. Almennt er litið svo á að góðar samgöngur hafi verið meginforsenda framfara á undanförnum áratugum. Hinn mikli vöxtur í samgöngum hefur þó einnig neikvæð áhrif á lífsgæði og umhverfi og grefur undan þeim ávinningi sem fylgir góðum samgöngum, sé ekkert að gert. Umferðarslys taka allt of stóran toll og áhrif umferðar á umhverfið eru mikil og oft á tíðum neikvæð.

Það er eitt af brýnustu verkefnum næstu ára að draga svo úr neikvæðum áhrifum samgangna að þau falli innan marka sjálfbærrar þróunar, án þess að hinir miklu kostir góðra samgangna glatist. Um þetta verkefni þarf alþjóðlega samstöðu, og skilningur á því fer ört vaxandi í hinum tæknivædda hluta heimsins. Samgönguáætlun tekur mið af þessu.

Ef horft er nokkra áratugi fram í tímann í samgöngumálum þjóðarinnar er ekki líklegt að íslensk stjórnvöld geti stýrt þeirri þróun sem verða mun nema að hluta til. Margir utanaðkomandi þættir munu hafa afgerandi áhrif eins og vaxandi eftirspurn í heiminum eftir orku og þar með hærra orkuverð, tækniþróun í notkun nýrra og endurnýjanlegra orkugjafa eða orkubera t.d. metans og vetnis, breyting á aldursuppbyggingu þjóðarinnar með vaxandi öldrun og minni fæðingartíðni, breytt vinnu- og lífsmynstur og tenging upplýsingatækninnar við flutninga. Stjórnvöld geta vart stýrt þessum þáttum, en þau þurfa að vera við þeim búin og takast á við þróunina og aðlagast henni.

Líta þarf heildstætt á málin þegar mótuð er stefna til framtíðar og varast óæskileg hliðaráhrif þeirrar þróunar sem af stefnumörkuninni kann að leiða. Má þar nefna endurnýjanlega orkugjafa, greiðslu raunkostnaðar í flutningum (notkunargjöld), þróun skipulags þéttbýlis inn á við í stað til úthverfa og heildstætt flutningakerfi. Þannig er krafan um raunkostnað í flutningum nátengd verðþróun fyrir hreyfanleika vegna hækkandi olíuverðs og breytinga yfir í endurnýjanlega orkugjafa eins og metan og vetni. Verður því aðeins unnt að innleiða greiðslu fyrir raunkostnað í áföngum svo að þanþoli viðskiptalífisins og þjóðfélagsins í heild verði ekki ofboðið. Í stefnumótun til framtíðar verður heldur ekki undan því vikist að horfa til núllsýnar í umferðaröryggismálum og nýta öll hugsanleg meðul til að auka umferðaröryggi. Núllsýnin á uppruna sinn í Svíþjóð og í henni felst sú stefna að hindra með tæknilegum aðgerðum á vegum að umferðarslys leiði til alvarlegra slysa eða dauða. Má í þessu sambandi nefna aðgreiningu akstursstefna, fjarlægingu hindrana á hliðarsvæðum vega, hraðastjórnun umferðar (Intelligent Speed Adaption), auk ýmissa annarra aðgerða.

Auk öflugrar stefnumörkunar eru mörg einstök atriði sem þjóna sem stjórntæki í samgöngumálum. Sem dæmi má nefna umhverfisskatta, viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda í flutningum, veggjöld fyrir öll ökutæki, endurbyggingu bæja, bætta þjónustu í almenningssamgöngum, hvatningu til göngu- og hjólaferða, samnýtingu og sameign ökutækja, hraðatakmarkanir og hraðastýringu auk margs annars. Það eru augljóslega óteljandi verkefni framundan á sviði samgöngumála og skipulags á næstu áratugum.

### Meginmarkmið samgönguáætlunar.

Í samgönguáætlun þessari er sett fram meginmarkmið í samgöngumálum þjóðarinnar. Síðan eru dregin fram fimm aðalmarkmið frá meginmarkmiðinu og eru þau hér á eftir útskýrð nánar.

*Meginmarkmið samgönguáætlunar:*

*Jafnframt því að ná fram nægum hreyfanleika[1] (mobility) þarf að stuðla að jafnvægi milli manns, náttúru og hagkvæmrar nýtingar á auðlindum landsins. Það verði gert með því að byggja upp samgöngukerfi sem skapar jöfnuð milli fólks og fellur að þörfum þess og fyrirtækja og eykur velferð og verðmætasköpun í landinu öllu.*

Samgönguáætlunin leggur áherslu á fimm aðalmarkmið:

1. Markmið um greiðari samgöngur (hreyfanleika í samgöngukerfinu).
2. Markmið um hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu samgangna.
3. Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
4. Markmið um öryggi í samgöngum.
5. Markmið um jákvæða byggðaþróun.

### 1.1 Markmið um greiðari samgöngur.

Lögð er áhersla á aukinn hreyfanleika (mobility) í samgöngukerfinu og að hann nái bæði til fólks og vöru. Sterk tengsl eru á milli hreyfanleika og öflugs hagkerfis eins og áður hefur verið rakið. Hér á landi er hreyfanleiki fólks mikill eða um 43 km/dag, nokkru minni en í Bandaríkjunum (rúmlega 50 km/dag), en nokkru meiri en í Vestur-Evrópu (tæplega 40 km/dag). Samgönguáætlun tekur mið af stöðugri kröfu um aukinn hreyfanleika, en jafnframt þarf að gæta þess að auka aðgengið þar sem þess er kostur, en aukið aðgengi getur einmitt minnkað þörfina fyrir samgöngur og þar með hreyfanleikann eins og t.d. með styttingu leiða eða flutning þjónustu nær notendunum. Aukin umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er staðreynd og ber að stuðla að henni. Með auknu aðgengi fyrir slíka umferð má draga úr annars konar umferð og ná þannig fram bættum áhrifum fyrir heilbrigði og umhverfi. Í tengslum við endurskoðun vegalaga og hugsanlegar heimildir þar mun koma til skoðunar þátttaka ríkisins í gerð hjóla- og göngustíga meðfram stofnvegum í þéttbýli. Á sama hátt verði skoðuð þátttaka ríkisins í gerð hjóla- og göngustíga meðfram fjölförnustu stofnvegum í dreifbýli.

Með auknum hreyfanleika stækka atvinnu- og þjónustusvæði og grundvöllur myndast fyrir öflug vaxtarsvæði á landsbyggðinni. Tengsl höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar eflast og er miðað við að langflestir landsmenn geti komist til höfuðborgarinnar á minna en 3 klst. með bíl eða flugi, ferju og bíl eða bíl og flugi. Ljóst er að ef þetta markmið á að nást á fullnægjandi hátt verður miðstöð innanlandsflugsins að vera á höfuðborgarsvæðinu. Því er í áætluninni gert ráð fyrir að starfsemi Reykjavíkurflugvallar verði að mestu óbreytt og byggð verði samgöngumiðstöð við Reykjavíkurflugvöll, ásamt tengivegum, sem þjóna mun farþegum í framtíðinni. Í samgönguáætlun þessari er kynnt sú ætlan að skoða ferðatíma að þjónustukjörnum í héraði og sett verði markmið um að hann verði ekki meiri en ein klukkustund. Leggja þarf hins vegar í verulega greiningarvinnu vegna þessa markmiðs og er ætlunin að henni verði lokið á fyrsta tímabili áætlunarinnar.

Með greiðari samgöngum er stuðlað að betri nýtingu auðlinda landsins, svo sem fiskimiða, jarðefna, orkulinda og náttúrunnar í þágu ferðaþjónustu. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs við útlönd styrkist með tryggari og ódýrari aðdráttum og flutningi framleiðsluvara á markaði innan lands og utan.

---

[1] Hreyfanleiki er skilgreindur sem samanlögð farin vegalengd hvers einstaklings á dag, akandi, fljúgandi, hjólandi, gangandi o.s.frv.


Auknum hreyfanleika verður best náð með bættu aðgengi, betri samgöngumannvirkjum og markvissri þjónustu í samgöngum, og aukinni afkastagetu samgöngukerfisins þar sem hún er takmörkuð. Með bættu aðgengi á að tryggja að fólk geti sótt atvinnu, skóla og þjónustu hvers konar á sem auðveldastan hátt. Gott aðgengi tryggir einnig hagkvæma aðdrætti til atvinnulífsins og flutning vara á markað.

Uppbygging grunnnets, sem nær til allra þéttbýlisstaða landsins með 100 íbúa eða fleiri, ásamt aukinni þjónustu í því grunnneti, er meðal þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í samgönguáætlun til að auka hreyfanleikann. Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnuvegur sem byggist fyrst og fremst á góðum samgöngum á milli fjölfarinna ferðamannastaða. Lykilatriði fyrir áframhaldandi vöxt hennar er bætt aðgengi og aukinn hreyfanleiki þó svo að huga þurfi jafnframt að því að halda eftir ósnortnum svæðum. Nauðsynlegt er að mæta sérstökum þörfum ferðaþjónustunnar og gerir samgönguáætlun ráð fyrir að það sé gert.

Samgönguáætlun miðar að aukinni upplýsingaþjónustu á öllum sviðum samgangna við notendur og alla umferð. Upplýsingaþjónustan á að ná bæði til samgöngukerfanna og þeirra samgangna sem boðið er upp á.

**Flugmál.**

Framkvæmdir á flugvöllum miða flestar að því að bæta nýtingarhlutfall þeirra, auka öryggi og veita farþegum og flugrekendum betri þjónustu. Helstu leiðir til að auka nýtingarhlutfall flugvalla felast í því að bæta búnað vegna blindaðflugs, ljósakerfa, veðurupplýsinga og snjóruðnings auk endurbóta á flugbrautum með hliðsjón af flugvélagerðum sem fara um flugvöllinn. Hér er sýnt nýtingarhlutfall flugvallanna með þeim hætti að skráð er hve oft áætlunarflug fellur niður og þau flug sem falla niður eru reiknuð sem hlutfall af uppsettu áætlunarflugi. Skoðuð hafa verið tvö þriggja ára tímabil, árin 1996–1998 og 2002–2004 og eru þá eingöngu skoðaðir þeir flugvellir sem hafa áætlun frá Reykjavíkurflugvelli. Á fyrra tímabilinu féllu 7,55% af uppsettu áætlunarflugi niður, en á seinna tímabilinu 4,54%. Þannig náðist umtalsverður árangur milli þessara tveggja tímabila sem varð vegna betri aðflugs- og ljósabúnaðar og snjóhreinsitækja. Eftirfarandi súlurit sýnir nýtingarhlutfall átta flugvalla með áætlun út frá Reykjavík:




| | Akureyri | Egilsstaðir | Ísafjörður | Vestmeyjar | Hornafjörður | Sauðárkrókur | Bíldudalur | Gjögur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1996-1998 | 98,94% | 99,31% | 90,78% | 89,70% | 96,65% | 99,79% | 97,97% | 90,83% |
| 2002-2004 | 99,02% | 99,38% | 92,78% | 97,76% | 96,95% | 99,58% | 97,89% | 92,28% |

Nýtingarhlutfall Reykjavíkurflugvallar er um 98% og takmarkast flug frá honum einkum vegna hliðarvinds og skýjahæðar.

Stefnt er að því að auka nýtingarhlutfall Ísafjarðarflugvallar með bættu blindaðflugskerfi og áframhaldandi rekstri flugvallarins á Þingeyri eftir að uppbyggingu hans er lokið til að tryggja greiðari flugsamgöngur til norðursvæða Vestfjarða. Sama á við um aðra áætlunarflugvelli þar sem leitast verður við að nýta nýjustu tækni á hverjum tíma til þess að bæta nýtingarstuðul þeirra.

Ljóst er að ákvörðun um óbreytta stöðu Reykjavíkurflugvallar skiptir mjög miklu máli til að viðhalda háu nýtingarhlutfalli annarra innanlandsflugvalla, en nýtingarhlutfall Reykjavíkurflugvallar er í dag um 98%. Samkvæmt aðal- og deiliskipulagi Reykjavíkurborgar fyrir Reykjavíkurflugvöll verður starfsemi flugvallarins nánast í núverandi mynd fram til ársins 2016. Ef aðeins verður ein flugbraut eftir 2016 er öruggt að nýtingarhlutfall flugs um Reykjavíkurflugvöll snarminnkar og verður um 91% eins og gert er grein fyrir í skýrslu samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins í janúar 2001. Í skýrslu samráðsnefndar um úttekt á Reykjavíkurflugvelli, yfirlit um stöðu verkefnisins í maí 2006, er nýtingarhlutfallið fyrir eina braut talið vera innan við 80%. Af þessu leiðir að fyrir áframhaldandi rekstur Reykjavíkurflugvallar eru a.m.k. tvær flugbrautir nauðsynlegar. Lokun NA/SV brautar á Reykjavíkurflugvelli leiðir til þess að taka verður í notkun á ný hliðstæða braut á Keflavíkurflugvelli. Er fyrirhugað að það verði gert á 1. tímabili áætlunarinnar.

Almennt má segja að hlutverk og þýðing Reykjavíkurflugvallar endurspeglist í eftirfarandi atriðum: Flugvöllurinn er tenging höfuðborgarsvæðisins við landsbyggðina, hann tryggir greiðar samgöngur við hátæknisjúkrahús, hann er varaflugvöllur fyrir alþjóðaflugið, er sjúkraflugvöllur og frá honum er stundað millilandaflug. Jafnframt er mikilvægt af öryggisástæðum að tveir flugvellir, Keflavíkurflugvöllur og Reykjavíkurflugvöllur, séu á suðvesturhorni landsins. Í alþjóðlegu samhengi sjást kostir Reykjavíkurflugvallar vel á því að allar höfuðborgir Evrópu eru með flugvöll innan við 20 km frá borgarmiðju og helmingur þeirra er með flugvöll innan við 10 km frá borgarmiðju.

Unnið er að athugun á valkostum um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Er að vænta niðurstöðu nefndar um þau mál á fyrri hluta árs 2007. Helstu kostir um staðsetningu vallarins, auk óbreytts flugvallar, eru núverandi völlur í breyttu formi (3 valkostir), flugvöllur á Hólmsheiði ofan Reykjavíkur, flugvöllur á Lönguskerjum í utanverðum Skerjafirði og að lokum flutningur vallarins til Keflavíkur. Er gert ráð fyrir að á 1. tímabili samgönguáætlunar verði unnið að frekari rannsóknum vegna hugsanlegrar staðsetningar vallarins á Hólmsheiði og Lönguskerjum, en aðstæður á þessum stöðum eru minnst þekktar.

**Siglingamál.**

Leiðsögukerfi og önnur upplýsingakerfi fyrir sjófarendur eru í stöðugri framþróun í samvinnu þjóða og nauðsynlegt er að vel sé fylgst með á því sviði. Þannig verða áfram best tryggðar greiðar siglingar að og frá landinu. Uppsetningu landstöðva sjálfvirks auðkenniskerfis skipa (AIS) á almennum siglingaleiðum með strönd landsins lauk árið 2006, en eftir er að setja upp stöðvar svo að kerfið nái inn á firði og flóa. Rafrænt tilkynningakerfi Evrópusambandsins um siglingar skipa (SafeSeaNet) verður tekið upp hér á landi árið 2007. Á árinu 2008 verður væntanlega innleidd ný tilskipun Evrópusambandsins um eftirlits- og upplýsingakerfi vegna siglingar skipa, VTMIS (Vessel Traffic Monitoring and Information Service), sem verður útvíkkun á SafeSeaNet með tengingu við eftirlit um gervihnetti. Kerfi þetta hefur fengið vinnuheitið STIRES (SafeSeaNet Traffic Information Relay and Exchange

System). Reiknað er með að innleiðingu þess verði lokið árið 2010. Í Evrópu er víðtækt samstarf milli ríkja um upplýsingaskipti varðandi siglingar skipa bæði í Eystrasalti (HELCOM) og Norðursjó. Norðmenn hafa óskað eftir samstarfi við Íslendinga um slík skipti á upplýsingum og samstarfi um vöktun umferðar á sameiginlegu hafsvæði. Kystverket í Noregi og Siglingastofnun hafa átt nokkra fundi af því tilefni. Allt útlit er fyrir að á árinu 2008 verði komið upp, fyrir tilstuðlan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, eftirliti með siglingum skipa á úthöfum með gervihnöttum. Eftir 2008 ætti því að vera unnt að fylgjast með allri skipaumferð í lögsögunni.

Siglingastofnun hefur skilgreint staðalkröfur fyrir fiskihafnir. Eru það tæknikröfur, sem lúta t.d. að skipulagi hafna, gæðum innsiglingar og kyrrð í höfn, svo og notendakröfur varðandi mat á atriðum eins og nýtingu á bryggjuplássi. Höfnum hefur verið skipt niður í fjóra flokka og eru mismunandi staðalkröfur gerðar í hverjum flokki. Áætlanir um ríkisstyrki til hafnargerðar hafa verið við það miðaðar að ná því markmiði að hver höfn uppfylli viðeigandi staðalkröfur. Framkvæmdir í höfnum eru flestar vegna endurnýjunar eða til þess að mæta breytingum í fiskiskipaflotanum eða útgerðarháttum. Eins getur þurft að breyta eldri höfn eða byggja nýja ef verksmiðjurekstur eða stóriðja kallar eftir nýrri eða aukinni aðstöðu. Eftir 2008 er ekki gert ráð fyrir að ríkisvaldið veiti fjármuni til nýframkvæmda í hafnagerð í grunnneti. Ríkissjóður mun þó eftir sem áður taka þátt í grunnrannsóknum í hafnagerð, styrkja áfram framkvæmdir í minnstu höfnunum og endurnýja mannvirki í höfnum sem búa við óhagstæðustu náttúrulegu skilyrðin.

**Vegamál.**

Vegir í grunnneti eru með mismunandi mikla umferð og má þar af leiðandi skipta þeim í nokkra flokka. Hér verður þeim skipt í fjóra flokka eftir framkvæmdamarkmiðum. Við þessa endurskoðun samgönguáætlunar er hér reiknað með eftirtöldum framkvæmdamarkmiðum til viðbótar þeim sem eru í gildandi samgönguáætlun:

*Ia Vegir utan höfuðborgarsvæðisins með ÁDU um það bil 1000 bílar á dag eða meira.*

Þessir vegir, sem eru hluti umferðarþyngstu flutningabrautanna, eru með bundið slitlag og á áætlunartímabilinu verða þeir styrktir þannig að ekki þurfi að koma til ásþungatakmarkana á þeim. Þær brýr sem enn eru með aðeins einni akrein á þessum vegum verða breikkaðar. Stefnt er að því að minnsta breidd þessara vega verði 8,5 m, en meiri þar sem þörf er á vegna umferðar. Á umferðarþyngstu vegunum í þessum flokki verða gerðir svokallaðir 2 + 1 vegir eða 2 + 2 vegir. Lagfæra þarf vegamót á þessum vegum og fækka þeim eins og unnt er.

*Ib Vegir á höfuðborgarsvæði.*

Gera þarf nýja vegi á höfuðborgarsvæðinu, endurbæta eldri vegi og lagfæra gatnamót a.m.k. í þeim mæli að umferðarástand versni ekki frá því sem nú er. Hafa þarf í huga að vegabætur í þéttbýli eru yfirleitt kostnaðarsamar vegna mikillar umferðar sem oft leiðir til flókinna mannvirkja. Tekið verði til sérstakrar athugunar varðandi vegi nálægt miðkjarna að hönnunarhraði vega verði tiltölulega lágur, t.d. 50–60 km/klst, þannig að minnka megi rýmisþörf veganna. Með þessu móti er unnt að fella umferðarmannvirkin mun betur að umhverfi sínu en ella og geta þau eftir aðstæðum orðið lítt áberandi. Með þessu móti má einnig draga úr umhverfisáhrifum vegna hávaða.

*II. Aðrar þýðingarmiklar landshluta- og þéttbýlistengingar.*

Í þessum flokki eru aðalflutningavegir landsins sem ekki eru í flokki Ia. Þar er um að ræða þann hluta Hringvegarins sem ekki er í flokki Ia ásamt tengingum til stærstu þéttbýlisstaða utan Hringvegar. Á áætlunartímabilinu þarf að ljúka endurbyggingu og lögn bundins slitlags á þessa vegi. Allir nýir vegir verði minnst 7,5 m breiðir og hafi fullt burðarþol. Lokið verði að mestu endurbyggingu og breikkun einbreiðra brúa á þjóðvegi 1 á áætlunartímabilinu og á öðrum vegum þar sem ÁDU er meira en 250 bílar á dag.

*III. Aðrir vegir í grunnneti.*

Áhersla verður lögð á endurbætur á hættulegum og ógreiðfærum vegaköflum og bundið slitlag lagt eins og fjármagn leyfir.

Framkvæmdir við jarðgöng eru hluti samgönguáætlunar, og er miðað við að unnið sé samfellt að gerð jarðganga í vegakerfinu allt áætlunartímabilið. Helstu jarðgangaframkvæmdir á áætlunartímabilinu eru Héðinsfjarðargöng, Óshlíð, Dýrafjarðargöng, Oddsskarð og Lónsheiðargöng. Enn fremur er gert ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist við jarðgöng við Hlíðarfót undir Öskjuhlíð í Reykjavík. Þá standa nú yfir athuganir á því hvort hagkvæmt sé að leggja Sundabraut í jarðgöngum undir Kleppsvík.


Þá er einnig miðað við að endurskipuleggja almenningssamgöngur á landi og að þær nái til allra þéttbýlisstaða með meira en 200 íbúa. Sérleyfi vegna þessara samgangna voru boðin út á árinu 2005 að mestu í óbreyttri mynd. Fyrir liggur að farþegum í almenningssamgöngum úti á landi hefur fjölgað lítillega á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að því að finna leiðir til þess að bæta þessa þjónustu og verður m.a. skoðað hvort taka megi upp aukið samstarf við sveitarfélögin í því skyni. Með bættu skipulagi almenningssamgangna á að nást enn frekar áðurnefnt markmið um ferðatíma og bætt aðgengi. Ef orkuverð heldur enn áfram að hækka má við því búast að á áætlunartímanum þurfi að leita sérstakra leiða til þess að efla þessa samgöngugrein.

Almenningssamgöngur í þéttbýli hafa verið á hendi sveitarfélaga. Ríkið hefur styrkt sveitarfélögin við þetta verkefni með því að endurgreiða þeim meiri hluta þeirra gjalda sem lögð eru á þessa samgöngugrein. Lagt er til að í samráði við sveitarfélög verði farið yfir fyrirkomulag og kostnað við almenningssamgöngur í þéttbýli.


Afkastageta samgöngukerfisins er fyrst og fremst takmörkuð á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess. Takmarkanir eru þó ekki meiri en gerist á borgarsvæðum erlendis af svipaðri stærð en ástandið hefur farið versnandi. Sett eru fram markmið um að tryggja afkastagetuna, og gerðar tillögur um uppbyggingu grunnnetsins á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við það. Meðal verkefna til að ná þessu markmiði er að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautar með mislægum gatnamótum, framkvæmdir við Sundabraut, þjóðveg 1 og Arnarnesveg auk margra annarra verkefna.

Langstærsti hluti fjármuna samgönguáætlunarinnar fer í að byggja upp samgöngumannvirki og bæta þau. Af samgöngugreinunum þremur fer mest til vegamála. Miðað er við það að lokið verði við að mestu að leggja bundið slitlag á þjóðveg 1 á 1. og 2. tímabili.


**Vegir í grunnneti 1. janúar 2005.**




**Vegir með bundnu slitlagi 1. janúar 2006.**



**Grunnnet samgangna (ásamt flokkun vega í grunnneti).**




**Sérleyfishafar og sérleyfisferðir.**



**Samgöngur fyrir alla.**

Samgöngumannvirki og samgöngutæki í eigu og rekstri ríkisins eða sem háð eru samþykki ríkisins verði þannig úr garði gerð, að allir geti notað þau, jafnt fullfrískir sem fatlaðir. Þessu markmiði skal náð með markvissri hönnun samgöngumannvirkja og með viðeigandi kröfum við gerð útboðs- og verklýsinga við úthlutun leyfa og kaup á samgönguþjónustu.

Í skipulags- og byggingarlögum og byggingarreglugerð er mælt fyrir um kröfur vegna aðgengis fatlaðra í mannvirkjum. Fyrirmælin gilda um samgöngumannvirki sem önnur mannvirki og efnislega má draga af þeim ályktanir í þeim tilvikum þegar vafi leikur á hvort byggingarreglugerðin gildir. Við hönnun gatnamannvirkja hjá sveitarfélögum hafa orðið til vinnureglur sem líta má á sem ígildi staðla. Má þar nefna frágang og niðurtektir gangstétta fyrir blinda og sjónskerta og fyrir notendur hjólastóla.

Með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar á næstu áratugum mun fólki með skerta hreyfigetu fjölga. Því verður æ brýnna að horft verði á heildstæðan hátt til aðgengis fyrir alla við hönnun samgöngumannvirkja. Við hönnun vega og tengdra mannvirkja í þéttbýli verður litið til frágangs gangstétta, skábrauta, göngustíga og fleiri atriða fyrir notendur hjólastóla og sjónskerta. Við gerð flugstöðvabygginga gildir byggingarreglugerð. Við kaup á þjónustu almenningssamgangna, ferja og áætlunarbíla, verður gerð krafa um fullt aðgengi fyrir fatlaða í samræmi við bestu lausnir hvers tíma.

Samgönguráðuneytið mun setja á laggirnar vinnuhóp með hagsmunaaðilum og sérfræðingum stofnana, sem heyra undir ráðuneytið, sem verður ætlað að yfirfara stöðu mála varðandi aðgengi fatlaðra í samgöngumannvirkjum sem rekin eru af ríkinu. Vinnuhópurinn mun meta ástand núverandi mannvirkja og gera tillögur um frágang til framtíðar.

**1.2 Markmið um hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu samgangna.**

Grunnnet samgangna hefur verið skilgreint til þess að tryggja góðar og öruggar samgöngur á landinu öllu á sem hagkvæmastan hátt. Grunnnetið er skilgreint annars vegar út frá umferðarþunga og hins vegar markmiðum um aðgengi og þjónustu. Í samgönguáætlun er uppbyggingu og þjónustu í grunnnetinu ætlaður forgangur. Með því er stuðlað að hagkvæmni í samgöngum, enda grunnnetið mikilvægasti hluti samgöngukerfisins sem ber uppi mesta umferðarþungann.

Það að skilgreina grunnnetið var í sjálfu sér fyrsti áfanginn í að afmarka mikilvægasta viðfangsefnið og ráðstafa fjármagni á hagkvæman hátt við uppbyggingu samgöngukerfisins. Hins vegar eru verkefnin mörg og hægt að meta þau frá ólíkum forsendum, svo sem út frá slysahættu, áhrifum á flutningskostnað, byggðarsjónarmiðum, arðsemi og aðgengi. Unnið hefur verið að öflun grunngagna um gjaldtöku og samfélagslegan kostnað við land- og sjóflutninga, og skoðaðar aðferðir nágrannalanda við forgangsröðun framkvæmda. Þessi gögn ásamt frekari rannsóknum verða notuð til að leggja mat á hagkvæmni og heildaráhrif af uppbyggingu og rekstri grunnkerfis samgangna, og til að byggja upp líkön til að nota við forgangsröðun og mat á hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur í skýrslu um „Forgangsröðun í samgöngum“ (október 2005) lagt fram tillögur um aðferðafræði til að ákvarða hagkvæmni við uppbyggingu og er stefnt að því að móta þá aðferðafræði frekar á fyrsta áætlunartímabilinu.

Í þessu samhengi þarf einnig að fylgjast grannt með og jafnvel taka frumkvæði í fjölþjóðlegri umræðu um þróun nýrra siglingaleiða milli heimsálfa um Norðurheimskautið.

Stefnt verði að því að stuðla að markvissri uppbyggingu hafna með tilliti til hagkvæmustu lausna. Það verði gert með því að stuðla að grunnrannsóknum og líkanatilraunum. Enn

fremur verði stuðlað að enn frekari sameiningu hafna innan svæða með það að markmiði að efla starfsemina í breyttu umhverfi, styrkja hafnirnar sem mikilvæga undirstöðu atvinnulífs svæðanna og bjóða viðskiptavinum betri og hagkvæmari þjónustu. Með sameiningu hafna má enn fremur ná fram betri landnýtingu og verkaskiptingu.

Einnig eru sett fram ýmis markmið sem varða t.d. samvinnu samgöngustofnana, og samræmingu milli þeirra, gjaldtöku af notendum, samkeppni sem ætlað er að stuðla að hagkvæmustu lausnum í viðkomandi málaflokki, og um hlutverk markaðsaflanna í rekstri og uppbyggingu samgangna.

Stefnt er að markvissum rekstri samgöngustofnana og samgöngukerfisins. Í því skyni verði hugað að frekari viðskiptavæðingu stofnananna séu markaðsforsendur fyrir hendi. Unnið verði að athugunum og úttektum á hinum ýmsu þáttum í rekstrinum í þessu skyni. Í því sambandi verða skoðaðir kostir þess að flétta saman rannsóknir, frumáætlanir og framkvæmdir t.d. fyrir vegi og hafnarmannvirki. Einnig kemur til greina að horfa til samstarfs á sviði umferðaröryggismála og siglingaöryggismála. Meðal verkefna sem unnið verður að, auk þeirra sem talin eru í þingsályktunartillögunni, má nefna eftirfarandi:

- Kostir eignastjórnunarkerfis (asset management) verði kannaðir og kerfið tekið upp ef hagkvæmt þykir.
- Nýttir verði til fullnustu þeir kostir til hagræðingar, sem fylgja því að Keflavíkurflugvöllur verður felldur undir samgönguráðuneytið.
- Rekstur flugvalla er stöðugt í endurskoðun í ljósi óbreyttra fjárframlaga og síaukinna krafna. Gerðir hafa verið samningar við Vegagerðina, sveitarfélög og einstaka verktaka um rekstur sjö flugvalla utan grunnnets þar sem hlutverk þeirra og þjónustustig hefur verið skilgreint. Áfram verður unnið að því að ná slíkum samningum með aukna hagræðingu í huga. Athugað verði hvort hagkvæmt sé að bjóða út sérstaka rekstrarþætti flugvallanna. Þetta þarf að endurskoða með hliðsjón af uppskiptingu Flugmálastjórnar í stofnun og opinbert hlutafélag.
- Væntingar eru til um að aukin notkun GPS- og leiðréttingakerfa í flugleiðsögu bjóði upp á það að hefðbundnum leiðsögutækjum á jörðu niðri megi fækka og leiða þannig til sparnaðar í rekstri flugkerfa í landinu. Ekki er á þessu stigi ljóst hversu umfangsmikill sparnaðurinn getur orðið, en nú þegar er fyrirséð að nokkra flugleiðsöguvita megi leggja niður. Hægfara þróun í uppsetningu GPS-búnaðar í flugflota á alþjóðavettvangi hefur tafið almenna notkun þessa búnaðar til blindaðflugs.
- Unnið verður áfram að hagræðingu í rekstri sjúkraflugvalla í samvinnu við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins þar sem kveðið verður á um hvaða flugvellir og lendingarstaðir skuli þjóna sem sjúkraflugvellir og verkefni þeirra skilgreind.
- Unnið verði að skilgreiningu neyðarflugvalla vegna hamfara.
- Unnið verði að skilgreiningu á þörfum ferðaþjónustunnar fyrir flugvelli í samráði við Ferðamálastofu og Samtök ferðaþjónustunnar.
- Unnið verði að skilgreiningu á þörfum einkaflugsins og flugskóla fyrir flugvelli í samráði við þá aðila.
- Unnið verði áfram að aukinni sjálfvirkni í rekstri vita- og leiðsögukerfa fyrir sjófarendur er leiði til hagræðingar sem m.a. verði nýtt til að þróa og byggja upp nýjungar á því sviði.
- Á undanförnum fáum árum hefur orðið sú grundvallarbreyting á vöruflutningum innan lands að flutningar hafa að mestu leyti flust af sjó yfir á vegakerfið. Hefur þessi þróun

orðið m.a. vegna kröfu markaðarins um skjóta þjónustu alla leið heim að dyrum. Breytingin var fyrirvaralítil og um leið afdrifarík fyrir vegakerfið. Með tilkomu mikils fjölda stórra og þungra ökutækja inn í vegakerfið eykst þörfin fyrir breiðari vegi og vegi með fullt burðarþol allt árið. Um leið liggur alls ekki fyrir hve hagkvæm nýting flutningakerfisins í rauninni er, hvort fjöldi flutningabíla er á ferðinni á sömu leiðum og sömu tímum með takmarkaða nýtingu flutningsgetunnar. Hagkvæmni vöruflutningakerfisins á vegum er lykilatriði fyrir flutningskostnað og afkomu íbúa landsins. Auk þess kann að skipta máli fyrir slysatíðni á vegum, að landflutningum verði haldið í lágmarki. Því mun verða gerð könnun á skipulagi og nýtingu landflutningakerfisins og leitað leiða til að auka hagkvæmni þess. Jafnframt verði gjaldskrár hafna skoðaðar með það að markmiði að þær verði byggðar upp með það í huga að þær mismuni ekki notendum hafnanna. Með því móti kann að vera unnt að skapa grundvöll fyrir því að einhver hluti landflutninganna geti flust yfir á skip á hagkvæman hátt. Mat á flutningakerfinu verði unnið í samráði við samtök í atvinnulífinu.

**Samkeppni og jafnræði notenda.**

Mikil umræða hefur farið fram um landflutninga samanborið við sjóflutninga og að gjaldtaka hins opinbera mismuni notendum og hafa ýmsar hliðar þessara mála verið rannsakaðar. Í þessu sambandi þykir rétt að minna á skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um jöfnuð samgöngugreina. Í henni komu fram ábendingar um að gjaldtaka af strandflutningum væri til muna meiri en samfélagslegur kostnaður við greinina. Þegar gjaldtakan af greininni var skoðuð sérstaklega kom fram að hlutfall hafnargjalda var óeðlilega hátt, a.m.k. sé miðað við fiskiskip. Samgönguráð telur brýnt að þessi mál verði skoðuð frekar, en telja verður líklegt að fyrirtækin í greininni muni sífellt skoða þá möguleika sem fyrir hendi eru, ekki síst í ljósi vaxandi flutningskostnaðar á landi með síhækkandi orkuverði. Þá er við setningu laga og reglugerða lögð áhersla á að:

- Reglur sem settar eru stuðli að bættu öryggi án þess að mismuna notendum umfram það sem óhjákvæmilegt er.
- Stuðningur ríkisins sé skilgreindur og sýnilegur og skekki ekki samkeppnisstöðu einstakra flutningagreina.

**Gjaldtaka fyrir not samgöngukerfisins.**

Nýjar aðferðir við gjaldtöku vegna notkunar vegamannvirkja eru mjög til umræðu í Evrópu. Megininntak þeirrar umræðu er tvenns konar:

- Gjaldtakan miðist við jaðarkostnaðarregluna og taki bæði til innri og ytri kostnaðar.
- Gjaldtakan færist við stund og stað notkunar. Með því að færa gjaldtöku að stund og stað notkunar er átt við að mæld notkun á samgöngumannvirki sé reikningsfærð t.d. með aðstoð nýrrar tækni sem verið er að þróa bæði hérlendis og erlendis og byggist m.a. á GPS-sambandi við gervihnött og gagnasendingum gegnum þráðlaust símkerfi. Jaðarkostnaður er þekkt hagfræðilegt hugtak og tekur til innri og ytri kostnaðar sem ein bifreið til viðbótar veldur, t.d. við slit á mannvirki eða með útblæstri gróðurhúsalofttegundar. Gjaldtaka byggð á jaðarkostnaði stuðlar að hagkvæmustu nýtingu kerfisins. Með því að sömu reglur gildi fyrir allar samgöngugreinar á að koma í veg fyrir að þeim sé mismunað þannig að flutningar fari eftir þeim leiðum sem hagkvæmar eru þjóðhagslega hverju sinni. Innri kostnaður snýr að beinni notkun samgöngumannvirkja en ytri kostnaður lýtur að slysum, töfum í umferð, notkun á umhverfisgæðum o.þ.h. Að innleiða að-

ferðir af þessu tagi krefst mikillar vinnu, jafnframt því sem fylgjast verður vel með þróuninni í Evrópu, bæði að því er varðar aðferðir og tæknilegar lausnir. Nú þegar hafa þessar aðferðir verið teknar upp hvað varðar akstur flutningabifreiða í Sviss, Austurríki og Þýskalandi. Aðferðum þessum er jafnframt farið að beita með góðum árangri á borgarumferð til þess að minnka umferð, t.d. í London og nú nýverið í Stokkhólmi. Tiltekið er að þessar aðferðir byggjast ekki á hreinum jarðarkostnaðarútreikningi. Reiknað er með að nýjar aðferðir verði teknar upp víða í Evrópu á samgönguáætlunartímabilinu og því nauðsynlegt að marka stefnu íslenskra stjórnvalda á þessu sviði sem fyrst, samanber tillögur nefndar um gjaldtöku sem skilaði tillögum til samgönguráðherra í febrúar 2005. Varðandi gjaldtöku af vegaumferð mætti hugsa sér að hún miðist í upphafi við að standa undir öllum rekstri, viðhaldi og almennri uppbyggingu og endurbótum á vegakerfinu. Stærri mannvirki eins og jarðgöng, stórar fjarðarþveranir og stærstu mannvirki á höfuðborgarsvæðinu mætti svo fjármagna með hærri gjöldum eða sérstökum framlögum. Markmiðið ætti þó að vera að ná fram gjaldtöku sem byggist á jaðarkostnaði þar sem tekið er tillit til ytri áhrifa eins og umhverfisáhrifa, þrengsla, slysakostnaðar o.s.frv. Það er samt fyrirséð að erfiðlega mun ganga að endurheimta kostnað með hliðsjón af jaðarkostnaði á fáfarnari vegum á landsbyggðinni. Hér þarf því sérstök aðlögun að koma til. Í þessari samgönguáætlun er lagt upp með það markmið að koma nýju gjaldakerfi í framkvæmd eigi síðar en á öðru áætlunartímabili.

Í kjölfar þess að EFTA-dómstóllinn úrskurðaði að eldra gjaldtökukerfi flugvallagjalds væri ólöglegt var lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála breytt í maí 2004, þannig að greiddur er sérstakur skattur (flugvallaskattur) vegna hvers manns sem ferðast með loftfari innan lands eða frá Íslandi til annarra landa. Flugvallaskatturinn er sama upphæð hvort heldur flogið er í innanlandsflugi eða utanlandsflugi. Til að fjármagna viðbótarkostnað vegna reksturs og viðhalds alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi er greitt sérstakt gjald (varaflugvallagjald) vegna hvers manns sem ferðast með loftfari í flutningaflugi frá Íslandi til annarra landa.

Gjaldtaka í höfnum er frjáls og alfarið á ábyrgð eigenda hafna.

**Markaðslausnir.**

Á undanförnum árum hafa einkaaðilar komið í auknum mæli að ýmsum þáttum samgöngumála. Þróun þessi hefur átt sér stað af ýmsum ástæðum. Þær helstu eru auknar kröfur um að markaðslögmálin séu nýtt þar sem aðstæður leyfa, svo sem virk samkeppni, og einnig hafa skapast nýjar leiðir fyrir aðkomu einkafjármagns að opinberum framkvæmdum. Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og markaðurinn verði nýttur í vaxandi mæli þar sem hagkvæmt er. Í samræmi við framangreint verður leitast við að:

- nýta rekstrarþekkingu einkaaðila í samgöngumálum,
- vinna að frekari útboðum stórra þjónustuverkefna,
- skoða hvort einstök verkefni henti sem einkaframkvæmd með gjaldtöku að miklu eða öllu leyti; dæmi um einkaframkvæmd með gjaldtöku eru Vaðlaheiðargöng sem til umræðu eru um þessar mundir,
- halda áfram að bjóða út rekstur samgangna í lofti, á sjó og landi, sem ríkið kemur að, til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi,
- skoða kosti þess að sameina rekstur á Keflavíkurflugvelli, þ.m.t. rekstur flugstöðvarinnar, og rekstur Flugstoða ohf.

### 1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Stefnt skal að því að samgöngur verði sjálfbærar. Markmið um sjálfbærar samgöngur fela í sér að samgöngur séu í samræmi við stefnumótun stjórnvalda til ársins 2020, sem fram kemur í ritinu „Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi". Þannig fjalla markmið um sjálfbærar samgöngur um að samræma umhverfisleg, efnahagsleg og samfélagsleg markmið innan samgöngugeirans. Umhverfisleg markmið fela m.a. í sér takmörkun á nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda, að ekki sé gengið á endurnýjunarmöguleika auðlinda, samgöngur ógni ekki heilsu fólks eða vistkerfum og mótvægisaðgerðum sé beitt til að sporna við neikvæðum umhverfisáhrifum. Sett eru fram markmið er stuðla að sjálfbærum samgöngum og fjallað um leiðir til að ná markmiðunum, að svo miklu leyti sem unnt er innan lands. Árangur á þessu sviði ræðst þó að mjög miklu leyti af alþjóðlegri tækniþróun. Samgöngur hafa áhrif á náttúrulegt og manngert umhverfi og á heilsu fólks. Umhverfisáhrif samgangna geta verið staðbundin, svæðisbundin eða hnattræn eftir því hvar umhverfisáhrifanna gætir miðað við upptök þeirra. Þau eru margs konar og ná m.a. yfir loftmengun, gróðurhúsaáhrif, áhrif á heilsu, hávaða, sjónræn áhrif o.s.frv. Mörg þessara áhrifa samgangna á umhverfið hafa aukist á síðustu árum, önnur hafa staðið í stað eða minnkað, en munu hugsanlega aukast á ný með auknum samgöngum, verði ekki brugðist við í tíma.

Markmiðið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur tekur í ríkum mæli mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands og er þar helst að nefna Kyoto-bókunina, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest. Gildistími hennar er til 2012 og er Íslandi heimilt að auka losun gróðurhúsalofttegunda um 10 % til 2012 miðað við losun 1990. Aukning bílaumferðar verður líklega umfram þessi mörk og er verkefnið að sjá til þess að aukning losunar gróðurhúsalofttegunda frá umferð verði minni en aukning bílaumferðarinnar.

**Flug.**

Millilandaflugið er í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og ekki er gert ráð fyrir að innanlandsflugið standi undir umhverfiskröfum umfram millilandaflugið. Því er ekki gert ráð fyrir sérískenskum reglum á þessu sviði. Umhverfismálanefnd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (CAEP) vinnur stöðugt að endurskoðun staðla, útgáfu leiðbeininga og mati á umhverfisáhrifum flugsins. Einnig er mikið unnið á þessu sviði innan Evrópusambandsins og búast má við því að nýjar reglur um þetta verði settar fyrir atvinnugreinina.

**Siglingar.**

Siglingar eru mjög háðar alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og umhverfiskröfur til íslenskra skipa og erlendra skipa er hingað sigla hljóta því að taka mið af því sem gerist í nágrannalöndunum. Taka ber upp alþjóðlegar kröfur um áhrif siglinga á umhverfið og taka stefnumarkandi ákvarðanir um beitingu þvingunarúrræða þar sem það á við. Auka þarf rannsóknir sem taka á orkusparandi aðgerðum skipa sem eru og verða í íslenska fiskiskipaflotanum næsta áratug. Beina þarf sérstaklega athyglinni að sparnaði í eldsneytisnotkun skipa, að botnmálning þeirra sé umhverfisvæn og að kælimiðlar hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið. Nauðsynlegt er einnig að mældur verði útblástur fiskiskipa til að meta mengunarefni frá aðalvélum þeirra. Komið verði upp starfshópi frá Siglingastofnun og Vegagerðinni sem á tveggja ára fresti leggi fram stöðuskýrslu um vetni og aðra umhverfisvæna orkugjafa í samgöngum bæði hérlendis og erlendis byggða á tæknilegum, viðskiptalegum og umhverfislegum þáttum og kynntar nýjungar til að beisla þessa tækni sem aflgjafa í íslenska samgöngukerfinu og

fiskiskipaflotanum. Eftirfarandi má draga saman sem áhersluatriði í umhverfismálum siglinga:

- Vinna að upplýsingamiðlun og fræðslu um leiðir til þess að bæta umhverfið.
- Meta losun $CO_2$ frá skipum og setja reglur sem stuðla að takmörkun þess.
- Leita leiða til að farga úreltum skipum og skipsflökum.
- Stefna að gildistöku alþjóðlegra reglna sem leiða til frekari takmörkunar á mengandi efnum frá samgöngutækjum.
- Stuðla að notkun umhverfisvænna orkugjafa eins og t.d. vetnis, metanóls eða metans.
- Setja reglur um takmörkun siglinga um líffræðilega mikilvæg hafsvæði.
- Leitast við að draga úr notkun spilliefna í siglingum og við uppbyggingu og rekstur hafna.

**Vegir.**

Bílaumferð á vegum á langstærstan þátt í umhverfisáhrifum samgangna innan lands. Áhrifunum má skipta í 4 flokka: Hnattræn áhrif, svæðisbundin áhrif, staðbundin áhrif í þéttbýli og staðbundin áhrif í dreifbýli.


- Hnattræn áhrif.
  - Losun gróðurhúsalofttegunda: Dregið verði úr losun frá jarðefnaeldsneyti. Áfram verði unnið að því að beita hagrænum aðgerðum til að hvetja til notkunar umhverfisvænna farartækja og eldsneytis. Fræðsla og áróður, stjórnun umferðar og fleira getur einnig komið að gagni við að draga úr eldsneytisnotkun. Gjaldtaka af umferð er sennilega áhrifaríkasta stjórntækið í þessum tilgangi.
  - Orkunotkun: Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa verði aukið og stefnt að því að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga. Stefnt verði að því að farartæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir.

    Allar líkur eru á að heimsmarkaðsverð jarðefnaeldsneytis muni fara stighækkandi á næstu árum og verði þeirri þróun vart snúið við. Auk þess hefur þjóðin tekið á sig þær skuldbindingar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. í samgöngum, sem ekki verður gert á annan hátt en að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Til fróðleiks má geta þess að tilskipun Evrópusambandsins, sem að vísu gildir ekki hér, kveður á um, að 10% díselolíu og bensíns skuli unnin úr plöntum árið 2010. Því er áríðandi nú þegar að undirbúa og ráðast í breytingar sem gera þjóðina óháðari jarðefnaeldsneyti en nú er. Þær breytingar eru umfangsmiklar og munu hafa mikil áhrif á allt þjóðfélagið. Því er nauðsynlegt að hafist verði handa strax við að undirbúa jarðveginn fyrir þær og fá þjóðina til að aðlagast þeim hægt og sígandi. Á þessum tíma verða miklar breytingar á dreifingarkerfi eldsneytisins og er áríðandi að breytingarnar gerist hægt og á löngum tíma. Lokasýnin er því sem næst algjör umskipti frá notkun jarðolíu yfir í endurnýjanlega orkugjafa, en breyting þessi mun taka nokkra áratugi. Fram að þeim tíma þarf að eiga sér stað aðlögun sem auðvitað getur orðið á ýmsa vegu, en hér er sett fram eftirfarandi sýn:

    1. Hvatt verði til notkunar sparneytinna ökutækja með skattalegum aðgerðum. Þannig verði notkun lítilla díselbifreiða gerð sérstaklega álitleg, en einnig stórra dísilbifreiða, þar sem díselvélin er bæði sparneytnari og mengar minna en bensínvélin.

2. Hvatt verði með skattalegum aðgerðum til notkunar bíla sem nota annað og umhverfisvænna eldsneyti en jarðolíu.
3. Athugað verði hvort hagkvæmt sé strax að blanda díselolíu með lífolíu og bensín með etanóli. Bæði dísel- og bensínvélar geta tekið við þessum efnum án teljandi breytinga. Aðgerðir þessar verði studdar með skattalegum aðgerðum.
4. Unnið verði að því að metanvæða ákveðna markhópa ökutækja á höfuðborgarsvæðinu. Hugsanlega væri hægt að reka tvinnbíla sem bæði gengju fyrir metani og dísel sem eykur sveigjanleikann varðandi dreifingarkerfi eldsneytis.
5. Lokatakmarkið er að bílaflotinn gangi fyrir endurnýjanlegri orku, og reyndar fiskiskipaflotinn líka, en því markmiði verður ekki náð fyrr en bílar sem nýta slíka orku eru orðnir almenn markaðsvara a.m.k í Evrópu.

Á eftirfarandi línuriti er sýn þessi á myndrænu formi:




- Sæðisbundin áhrif.
  - Félagsleg- og efnahagsleg áhrif: Gerð verður grein fyrir þessum áhrifum í sérstökum kafla samgönguáætlunar sem fjallar um mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar. Unnið verði að því að festa í sessi aðferðir til að meta sæðisbundin áhrif sem þátt í forgangsröðun framkvæmda.
- Staðbundin áhrif í þéttbýli.
  - Loftmengun: Loftmengun af völdum umferðar verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er og mið tekið af Evrópustöðlum. Dregið verði úr loftmengun, einkum svifryki, á höfuðborgarsvæðinu þannig að hún verði umtalsvert minni innan nokkurra ára en nú. Telja má víst að aukin þrif gatna geti breytt hér allmiklu og er það skjótvirkasta aðgerðin til að stemma stigu við vaxandi rykmengun. Er því nauðsynlegt að taka tillit til þess við ákvörðun þjónustustigs vega í þéttbýli.

- Hávaði: Hávaði við helstu umferðargötur verði kortlagður í samvinnu við sveitarfélög í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir. Tekið verði tillit til hljóðvistar við hönnun umferðarmannvirkja í samvinnu við sveitarfélög eins og verið hefur, og fylgst með þróun í aðferðum til að bæta hljóðvist í þéttbýli.
- Landnotkun: Aukin verði samvinna samgöngustofnana og skipulagsyfirvalda til að halda landnotkun samgöngumannvirkja í lágmarki, og draga úr umferðarþörf eins og kostur er með styttingu leiða við skipulag byggðar. Þetta er ef til vill eitt af mikilvægustu verkefnum framtíðarinnar á þessu sviði.
- Hjóla- og göngustígar: Stefnt skal að því að breyta vegalögum í þá átt að ríkinu verði heimilað að taka þátt í gerð hjóla- og göngustíga meðfram stofnbrautum í þéttbýli og meðfram umferðarmestu þjóðvegunum í dreifbýli til jafns við reiðvegi. Sérstök fjárveiting verði tryggð til þessa í samgönguáætlun.

• Staðbundin áhrif í dreifbýli.
  - Loftmengun: Unnið verði að rannsóknum á aðferðum til að draga úr loftmengun við framkvæmdir.
  - Vatnsmengun: Við framkvæmdir skal gæta sérstaklega að mengunarvörnum á vatna- og strandsvæðum. Gera þarf úttekt á flutningi hættulegra efna um vatnsverndarsvæði. Skilgreina þarf öruggar hjáleiðir við mikilvæg vatnsból.
  - Landnotkun: Tekið skal tillit til umhverfissjónarmiða við hönnun mannvirkja. Gerð skal grein fyrir landnotkun í mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda. Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár.
  - Frágangur: Huga skal sérstaklega að frágangi til hliðar við vegi, bæði með tilliti til umhverfis- og öryggissjónarmiða. Fylgja skal eftir sérstakri áætlun um frágang gamalla efnisnáma.
  - Jarð- og menningarminjar: Forðast skal röskun sérstakra minja og gera skilmerkilega grein fyrir þeim í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.
  - Lífríki: Forðast skal eins og kostur er að skerða votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Stefnt skal að endurheimt votlendis sem samsvarar því sem raskað er við framkvæmdir.
  - Sjónræn áhrif: Gæta skal að staðsetningu, útliti og umhverfi mannvirkja með tilliti til þess að halda sjónrænum áhrifum í lágmarki. Fella skal öll mannvirki að landslagi svo sem kostur er.
  - Víðerni: Leitast verði við að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónrænum áhrifum.
  - Förgun og spilliefni: Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs frá samgöngum og stefna að endurnotkun og endurnýtingu þar sem þess er kostur. Notkun spilliefna verði takmörkuð eins og mögulegt er.
  - Akstur utan vega: Ljúka skal í samvinnu við umhverfisráðuneyti kortlagningu vegslóða og taka ákvörðun um lokun einhverra þeirra fyrir umferð. Takmarka skal eins og kostur er akstur vinnuvéla utan vegsvæðis við framkvæmdir.

Til að unnt sé að meta árangur þarf að skilgreina markmið varðandi mörg framangreindra verkefna og ákvarða mælikvarða fyrir hvert þeirra. Markmiðin þurfa að vera metnaðarfull en jafnframt raunsæ og mælanleg svo að unnt sé að fylgjast með og stýra þróuninni. Með

markmiðssetningu er unnt að leggja áherslu á aðgerðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum samgangna. Unnið er að því á vegum Evrópusambandsins og ýmissa alþjóðlegra samtaka að ákveða og staðla mælikvarða til að fylgjast með umhverfisáhrifum af völdum samgangna í einstökum löndum. Stefnt er að því að nota þessa mælikvarða hérlendis. Tímasett markmið með mælikvörðum þar sem það á við, ásamt upplýsingum um þróun áhrifamestu umhverfisþátta, koma fram í umhverfisstefnu og umhverfisskýrslum einstakra stofnana samgöngumála, og eru m.a. hluti af grænu bókhaldi þeirra stofnana sem það færa.

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn laga og reglna um umhverfismál en eftirlit með framkvæmd þeirra er í mörgum tilfellum á hendi samgönguráðuneytisins. Góð samvinna við umhverfisráðuneytið og reyndar fjármálaráðuneytið einnig er nauðsynleg til þess að tryggja framgang margra markmiða varðandi umhverfismál. Ýmsar leiðir sem kynntar hafa verið í stefnumörkun umhverfisyfirvalda fela m.a. í sér stjórnvaldsaðgerðir af ýmsu tagi, upplýsingamiðlun og kennslu, rannsóknir og nýtingu tækniþróunar. Með því að fara þessar leiðir má ná góðum árangri í umhverfismálum samgangna. Alþjóðleg tækniþróun ræður þó mestu um árangur á flestum sviðum umhverfisáhrifa samgangna og þá ekki síst hvað varðar hin hnattrænu áhrif.

### 1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.


**Flugmál.**

*1. Forsaga og staða.*

Grunnurinn að núverandi stjórnunar- og eftirlitskerfi með flugöryggi á Íslandi var lagður árið 1990 með aðild Flugmálastjórnar Íslands að Flugöryggissamtökum Evrópu JAA. Fram til þessa tíma hafði fyrst og fremst verið farið að almennum kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Fyrsta reglugerðin vegna aðildar að JAA kom út 1994 og fjallaði um kröfur til viðhalds í flutningaflugi (JAR-145). Síðan komu kröfur og reglugerðir um flugrekstur (JAR-OPS) árið 1998 og um þjálfunar- og skírteinamál (JAR-FCL) árið 1999. Flugöryggissvið Flugmálastjórnar Íslands tók virkan þátt í þróun og mótun þessara krafna og reglna og var Ísland oftast í hópi þeirra Evrópuþjóða sem fyrstar komu þessum reglum formlega á. Flugöryggissamtök Evrópu (JAA) sendu síðan hópa sérfræðinga til að taka út og fylgjast með því að þessar reglur væru ekki aðeins teknar upp formlega, heldur væri farið eftir þeim og þeim fylgt eftir af flugöryggissviði Flugmálastjórnar Íslands. Niðurstöður úttekta sérfæðinga á vegum JAA voru í flestum tilfellum jákvæðar og leiddu allar til gagnkvæmra viðurkenninga annarra ríkja JAA á viðkomandi sviði og leiddu til þess að íslensk vottorð og skírteini hlutu viðurkenningu í öðrum ríkjum JAA.

Starfsmenn Flugmálastjórnar hafa síðan tekið þátt í að endurbæta reglur JAA og komið sjónarmiðum og hagsmunum íslenskra aðila í flugrekstri á framfæri.

Evrópusambandið kom árið 2003 á fót Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) m.a. til að tryggja innleiðingu krafna JAA í öllum aðildarríkjum ESB. Stofnuninni er því ætlað að taka við starfi JAA og þróa það áfram. Alþingi samþykkti árið 2004 með breytingu á loftferðalögum að Flugmálastjórn taki þátt í starfi EASA með því markmiði að auka öryggi í flugi og koma að sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda í starfi stofnunarinnar. Aðildin að EASA var síðan innleidd í íslenskan rétt sumarið 2005. Á mynd 1 má sjá þróun íslensks flugrekstrar og umsvif flugöryggissviðs Flugmálastjórnar Íslands sem haldist hafa í hendur við innleiðingu nýrra krafna um flugöryggi.




*2. Stefnan og framtíðin.*

Staðfesting íslenskra stjórnvalda á aðild Íslands að EASA felur í sér að fylgja skal sameiginlegum flugöryggiskröfum Evrópulanda og stefnan sem tekin var árið 1990 um að nota bestu alþjóðlegu viðmið og vera ekki með séríslensk ákvæði nema í algjörum undantekningartilvikum var endanlega fest í sessi. Þar með er stefnan í flugöryggismálum sett um ófyrirséða framtíð.

Áherslur EASA á komandi árum til að efla flugöryggi og þá um leið áherslur íslenskra stjórnvalda eru þessar:

1. Á árinu 2006 og 2007 verður skoðunum á erlendum loftförum sem fljúga til Evrópu (SAFA-skoðanir) komið í fastara form, þar á meðal ákvörðunum um bannlista og jafnvel sérstakt evrópskt flugrekendaskírteini.
2. Á árinu 2007 verður samevrópskum reglum EASA um flugrekstur og þjálfunar- og skírteinamál komið í gagnið. Reglur sem væntanlega byggjast að mestu á JAR-OPS og JAR-FCL. Að þessu er unnið.

   Flugmálastjórn er vel í stakk búin að taka við og innleiða þessar reglur, enda hefur hún unnið eftir slíkum reglum undanfarin ár um leið og stofnunin hefur tekið virkan þátt í SAFA-samstarfinu. Hins vegar þarf að huga vel að eflingu og þjálfun starfsfólks, túlkun krafna og framkvæmd eftirlits með reglugerðunum í þeim nýja búningi sem þeim verður búinn og tryggja að hið innra verklag Flugmálastjórnar verði í samræmi við nýjar áherslur.
3. Frá árinu 2008 mun EASA hafa sett reglur um framkvæmd við vottun flugvalla, vottun flugleiðsöguþjónustu og eftirliti með því.

Hér er mikið og mikilvægt verk að vinna fyrir íslensk flugmálayfirvöld. Í fyrsta lagi með því að taka virkan þátt í þróun evrópskra reglna og hefur það verið gert að nokkru leyti hvað flugvelli varðar. Flugmálastjórn Íslands hefur tekið þátt í því starfi hjá Eurocontrol sem snertir flugöryggislegar kröfur til flugleiðsöguþjónustu og hugleiða þarf inngöngu í Eurocontrol til að formfesta betur þátttöku Íslands í þessu starfi. Áhersla verður lögð á þessa þætti á komandi árum sem og innleiðingu evrópskra flugöryggisreglna í flugleiðsöguþjónustunni. Í öðru lagi verður rekstur flugvalla og flugleiðsögu aðlagaður að nýjum kröfum EASA. Þó svo að flugvellir á Íslandi hafi fengið heimildir til rekstrar samkvæmt íslenskri reglugerð um flugvelli sem byggist fyrst og fremst á kröfum ICAO er líklegt að kröfur og reglur EASA verði mun ítarlegri og óvíst hver staða íslenskra flugvalla verður með tilliti til þeirra krafna. Má gera ráð fyrir að verulegar og kostnaðarsamar kröfur verði að gera til varanlegra mannvirkja og rekstrar ef fylgja á þessum reglum til hins ítrasta í framtíðinni. Skipting Flugmálastjórnar í þjónustuhluta annars vegar og stjórnsýslu- og eftirlitshluta hins vegar er liður í þessari þróun.

Til að vera samstiga öðrum Evrópuríkjum er nauðsynlegt að huga að því að styrkja enn frekar þær heimildir sem eru í loftferðalögum til að geta tekið upp tæknilegar kröfur jafngildar reglugerðum án tafa og þá áður en þeim er komið á sem viðbót við EES-samninginn.

Hvað varðar verkaskiptingu Flugmálastjórnar og EASA verður lögð áhersla á það við þátttöku í gerð og túlkun reglna að Flugmálastjórn geti veitt sem flestar heimildir fyrir hönd EASA svo að viðskiptavinir þurfi ekki að sækja slíka þjónustu beint til höfuðstöðva EASA í Köln. Það getur þó ekki átt við meiri háttar tæknilegar vottanir svo sem tegundarskírteini loftfara. Enn fremur verði reynt að stuðla að því að einkareknar vottunarstofur (fyrirtæki) t.d. svonefnd DOA-fyrirtæki (Design Organisational Approval) verði starfræktar á Íslandi.

Meginmarkmið Flugmálastjórnar auk þess að sinna eftirlitsskyldu er að leiðbeina og aðstoða aðila í flugstarfsemi við að uppfylla kröfur á virkan og hagkvæman hátt jafnframt því að fylgjast grannt með því og votta að svo sé. Enn fremur er það meginmarkmið að standast með sóma úttektir EASA og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á sviði flugöryggis.

Hvað varðar aðra flugstarfsemi sem reglugerðir EASA taka ekki til verður haldið áfram á sömu braut og nú að stuðla að því að slíkt flug sé innan félaga sem annist að mestu sín mál sjálf, þó þannig að þau þurfi samþykki Flugmálastjórnar til starfans í samræmi við reglugerðir og hafi viðurkenndar handbækur þar sem fram koma ábyrgðarmenn og verklag við stjórnun flugöryggis. Við gerð slíkra reglugerða verða öryggiskröfur á Norðurlöndunum og í Evrópu hafðar að leiðarljósi en jafnframt verður tekið tillit til sérstöðu Íslands hvað varðar veðurfar og strjálbýli.

*3. Flugvernd.*

Reglugerð ESB um flugvernd 2320/2003 var staðfest formlega árið 2005 hérlendis svo og viðbótarreglugerðir sem lýsa nánar framkvæmd við flugvernd. Sýnt var fram á með áhættumati að framkvæmd flugverndar í innanlandsflugi hérlendis gæti verið með öðrum hætti en í öðrum ríkjum ESB. Hvað varðar alþjóðaflug verður framkvæmdin með sama hætti og innan ESB.

Kostnaðaráhrif reglugerðar um flugvernd nr. 361/2005 voru metin á miðju ári 2004 miðað við þáverandi kröfur, sem síðan hafa aukist. Til að uppfylla kröfurnar hefur þurft og þarf að ráðast í verulega kostnaðarsamar aðgerðir sem felast annars vegar í breyttu fyrirkomulagi á flugvöllum eins og afmörkun og lokun svæða og kaupum á búnaði til leitar. Hins vegar er um að ræða kostnað vegna daglegs reksturs sérstakrar stoðdeildar hjá Flugstoðum ohf. (eftir 1.

janúar 2007) vegna flugvalla í þágu flugverndar. Til viðbótar þessu kemur síðan beint eftirlit og úttektir Flugmálastjórnar Íslands á almennri og daglegri framkvæmd flugverndar hérlendis. Enn fremur verða flugrekendur, flutningsaðilar og þeir sem þjónusta flugfarþega að koma sér upp verklagi í flugvernd sem Flugmálastjórn Íslands samþykkir og fylgist með. Unnið verður áfram að innleiðingu ráðstafana vegna flugverndar á millilandaflugvöllum Flugstoða ohf. (flugvellir í flokki I) til samræmis við þróun alþjóðlegra og innlendra krafna á því sviði. Þá er mikilvægt að fylgst sé grannt með framkvæmd flugverndar á Keflavíkurflugvelli til að tryggja viðurkenningu eftirlitsstofnunar EFTA vegna flugs til Evrópu svo og TSA vegna flugs til Bandaríkjanna.

Mótuð hefur verið sú stefna að fylgja kröfum Evrópusambandsins í flugverndarmálum svo og að gera flugrekendum kleift að stunda flug til og frá Bandaríkjunum og annarra ríkja sem gera sérstakar kröfur um flugvernd. Í þeim tilvikum geta rekstraraðilar flugvalla svo og flugrekendur þurft að uppfylla kröfur til viðbótar kröfum ESB. Að auki er nauðsynlegt að vera viðbúinn því að aðstæður geti breyst hérlendis og framkvæmd flugverndar í innanlandsflugi verði að vera með sama hætti og annars staðar í Evrópu.

Á gildistíma þessarar samgönguáætlunar er mikilvægt er að tryggja verklag og aðstöðu við flugvernd, svo sem við skoðun á frakt, skimun og þjálfun starfsfólks á flugvöllum í flokki I. Á Reykjavíkurflugvelli er aðstaða ekki fullnægjandi til að afgreiða og aðskilja millilanda- og innanlandsflug og verður ekki séð að hægt sé að leysa úr því máli nema með tilkomu nýrrar samgöngumiðstöðvar. Flugstöðin á Egilsstöðum verður stækkuð árið 2007 og mun það leysa aðskilnaðarmál við afgreiðslu farþega.

Á undanförnum árum hafa lögregluembættin annast þann þátt flugverndarráðstafana á flugvöllum sem lýtur að öryggisskoðun farþega og farms (vopnaleit) sem fjármagnaður hefur verið með fjárveitingum til samgönguráðuneytis og dómsmálaráðuneytis.

*4. Varaflugvellir.*

Í tengslum við sívaxandi starfsemi millilandaflugs á Keflavíkurflugvelli er augljós nauðsyn góðra varaflugvalla fyrir flugvöllinn. Vegna flugöryggis skipta varaflugvellir miklu máli þurfi flugvél skyndilega að lenda, og af veðurfarsástæðum er nauðsynlegt að hafa varaflugvelli á ólíkum veðursvæðum. Þar að auki gerir það að hafa varaflugvelli á Íslandi mögulegt að spara eldsneytisbirgðir flugvéla miðað við að fljúga þyrfti til varaflugvalla í öðrum löndum. Varaflugvellir fyrir Keflavíkurflugvöll eru þrír: Egilsstaðir, Reykjavík og Akureyri. Egilsstaðaflugvöllur hefur þann meginkost að vera á öðru veðursvæði en Keflavíkurflugvöllur og aðflug er tiltölulega auðvelt. Akureyri er einnig á öðru veðursvæði, en aðflug er erfitt fyrir þá sem ekki þekkja til aðstæðna.

*5. Rannsókna- og þróunarverkefni.*

Um 1980 var á vegum Flugmálastjórnar byrjað að þróa kerfi hér á landi til notkunar við stjórn flugumferðar. Þessi þróun fór fram í samvinnu við Kerfisverkfræðistofu Háskóla Íslands, enda hafði komið í ljós að slík þróun væri hagkvæm. Þessi þróunarstarfsemi jókst jafnt og þétt næstu tvo áratugina. Árið 1997, í ljósi aukinna umsvifa, stofnaði Flugmálastjórn ásamt Háskóla Íslands hlutafélagið Flugkerfi hf. til að taka við þróunarverkefnum sem áður voru unnin í samstarfi þessara tveggja stofnana. Flugkerfi hf. er frá 1. janúar 2007 í eigu Flugstoða ohf. Starfsfólk Flugstoða og Flugkerfa gegnir mikilvægu hlutverki í því að tryggja að fyrir hendi sé staðgóð og sérhæfð þekking á öllum þáttum flugumferðarstjórnar.

Þótt umsvif Flugmálastjórnar hafi einkum verið á sviði kerfisþróunar hafa rannsóknarverkefni farið vaxandi á undanförnum árum. Til dæmis tók stofnunin þátt í umfangsmiklu rannsóknarverkefni á sviði gervihnattaleiðsögu ásamt bandarísku flugmálastjórninni (FAA) árin 1997–99. Einnig hefur FMS tekið þátt í þróun EGNOS-kerfisins. Stofnunin hefur stýrt umfangsmiklum rannsóknum á flugumferð yfir Norður-Atlantshafi sem unnin er á vegum þeirra ríkja er veita flugumferðarstjórn á þessu svæði. Í árslok 2005 setti stofnunin upp þrjár ADS-B jarðstöðvar til þess að rannsaka og fylgjast með þróun í nýrri gagnafjarskiptatækni við flugumferðarstjórn. Rannsóknir Flugmálastjórnar á undanförnum árum hafa meðal annars verið í samstarfi við Háskóla Íslands, bandarísku flugmálastjórnina, bandarísku flug- og geimvísindastofnunina (NASA), Airbus, evrópsku flugstjórnarstofnunina (Eurocontrol) og MIT-tækniháskólann í Bandaríkjunum. Þessi verkefni eru unnin í þágu Alþjóðaflugþjónustunnar og fjármögnuð af tekjum hennar. Auk slíkra umfangsmeiri rannsóknaverkefna hefur FMS einnig stutt við og tekið þátt í minni verkefnum eins og tölfræðigreiningu á þróun í flugöryggismálum. Gert er ráð fyrir aukinni þátttöku Alþjóðaflugþjónustunnar og Flugstoða á næstu árum í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum svo og meistara- og doktorsverkefnum hérlendis.

Auk framangreindra verkefna hefur verið unnið að margvíslegum rannsóknum fyrir fé af flugmálaáætlun. Þessar rannsóknir hafa aðallega beinst að ýmsum verkefnum tengdum innanlandsflugi, svo sem reiknilíkönum og áhættugreiningu. Einnig hafa hávaðamælingar og úrvinnsla slíkra mælinga vegna flugumferðar um Reykjavíkurflugvöll verið fjármagnaðar af þessum lið. Reiknað er með að rannsóknar- og þróunarvinna innan vébanda Flugstoða muni aukast verulega á gildistíma samgönguáætlunar, enda hefur reynsla undanfarinna ára staðfest gagnsemi hennar. Sérstaklega má búast við auknum rannsóknum á sviði flugöryggis.

**Siglingamál.**

Í fyrri áætlunum um öryggi sjófarenda var málaflokkum skipt upp í níu áhersluatriði en í áætluninni 2007–2018 verða þau dregin saman í 4 áhersluatriði og þá með tilliti til samræmingar og þeirrar reynslu sem fengist hefur frá árinu 2001. Grunnur að áætluninni, sem lagður var árið 2000, verður endurmetinn. Reynt verður að leggja mat á viðhorf sjómanna til öryggismála sinna og áætlunarinnar með skoðanakönnun eins og gert var árið 2000 þegar áhersluatriði langtímaáætlunarinnar voru endanlega ákveðin. Einnig er stefnt að fræðilegu mati á slysum, alvarlegum slysum og dauðaslysum.

Helstu málaflokkar áætlunar um öryggi sjófarenda 2007–2018 eru:

a. Menntun og þjálfun.
b. Fræðsluefni og miðlun upplýsinga.
c. Öryggisstjórnun.
d. Rannsókna- og þróunarverkefni.

Í áætlun um öryggi sjófarenda 2007–2018 eru lagðar til breytingar á áherslum verkefna. Breytingin felur það í sér að öryggisstjórnun fær meira vægi í verkefnum en áður. Tilgangur öryggisstjórnunar er að tryggja sem best að öryggisþættir séu undir stjórn og að búnaður skips og hæfni skipverja sé eins góð og mögulegt er hverju sinni. Virk öryggisstjórnun hjá útgerðum og í skipum þeirra mun hafa í för með sér aukna öryggisvitund allra starfsmanna á landi sem á sjó sem aftur mun leiða af sé aukið öryggi þeirra.

Á vegum áætlunar um öryggi sjófarenda 2003–2006 hófst undirbúningur þess að formleg öryggisstjórnun verði almennt viðhöfð í íslenskum fiskiskipum.

*1. Þróun og núverandi staða.*

Í byrjun árs 2000 ákvað samgönguráðherra að láta hefja undirbúning að gerð langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda. Eftir undirbúning ráðuneytisins var skipuð verkefnisstjórn til að halda utan um verkið. Hún var skipuð fulltrúum frá samtökum sjómanna og útgerðarmanna, frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, Siglingastofnun og auk formanns frá samgönguráðuneyti.

Eftir frekari undirbúning á vettvangi samgönguráðuneytisins og siglingaráðs var framkvæmdin falin Siglingastofnun, sem vann með verkefnastjórninni að framkvæmd verksins. Verkefnið var kynnt á heimasíðu Siglingastofnunar og voru allir, sem láta sig öryggismál sjómanna varða, hvattir til að koma með hugmyndir til að bæta öryggi um borð í skipum.

Þegar athugasemdir höfðu verið teknar saman kom í ljós að taka þurfti til hendinni í þessum málaflokki. Sett var upp verkáætlun með áhersluatriðum sem að meginhluta voru byggð á tillögum og athugasemdum sjómanna sjálfra.

Áhersluatriði við gerð langtímaáætlunarinnar tóku meðal annars á menntun sjómanna, stöðugleika skipa, átaksverkefnum, gerð fræðsluefnis og leiðbeininga, miðlun upplýsinga til sjómanna og rannsóknum á sviði öryggismála.

Ákveðið var að festa áætlunina í sessi og bera hana undir Alþingi í formi þingsályktunartillögu um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda. Í tillögunni, sem Alþingi samþykkti 19. maí 2001, ályktaði Alþingi um að á árunum 2001 til 2003 skyldi gert átak í öryggismálum sjófarenda. Markmið átaksins skyldi vera að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu. Stefnt skyldi að því að skilgreina hlutverk þeirra sem vinna að öryggismálum sjófarenda og að slysum til sjós fækkaði um að minnsta kosti þriðjung fram til ársins 2004 og að sama skapi drægi úr tjóni vegna sjóslysa.

Í dag eru öryggismál sjófarenda orðin hluti af samgönguáætlun samkvæmt lögum um samgönguáætlun, sem áætlun um öryggi sjófarenda.

Á vegum áætlunar um öryggi sjófarenda hefur verið gefið út ýmislegt fræðsluefni fyrir sjófarendur, í formi handbóka, mynddiska og bæklinga, og er því m.a. dreift í öll íslensk skip. Einnig hefur verið haldin öryggisvika sjómanna með ráðstefnu o.fl. í september annað hvert ár og farin fundaherferð um landið þau ár sem öryggisvikan er ekki haldin.

Aðrir mikilvægir þættir sem hrundið hefur verið í framkvæmd síðast liðin ár eru ný lög um rannsóknarnefnd sjóslysa og endurskipulagning á starfsemi hennar ásamt stofnun Vaktstöðvar siglinga í Skógarhlíð. Þá hefur fjölgun björgunarskipa Slysavarnafélagsins Landsbjargar umhverfis landið bætt öryggi sjófarenda og mun tilkoma nýs varðskips og flugvélar hjá Landhelgisgæslunni auka öryggið enn fremur.

*2. Framtíðarsýn um þróun næstu ára.*

Í áætlun um öryggi sjófarenda 2007 til 2018 eru lagðar til breytingar á áherslum verkefna. Breytingarnar fela það í sér að öryggisstjórnun mun fá meira vægi í verkefnum en áður.


Tilgangur öryggisstjórnunar er að tryggja sem best að öryggisþættir séu undir stjórn og að búnaður skips og hæfni skipverja sé eins góð og mögulegt er hverju sinni. Virk öryggisstjórnun hjá útgerðum og í skipum þeirra mun hafa í för með sér aukna öryggisvitund allra starfsmanna á landi sem á sjó sem aftur mun leiða af sé aukið öryggi þeirra.

Samhliða þessum verkefnum er áhugi á að láta fara fram tryggingafræðilega úttekt á sjóslysum og kostnaði vegna þeirra og bera úttektina saman við það sem er að gerast í nágrannalöndum okkar.

*3. Skilgreining stefnumótandi áherslna og markmiða.*


Meginmarkmið áætlunar um öryggi sjófarenda er að fækka slysum á sjó. Stefnt skal að því að öryggi íslenskra skipa verði eins og það gerist best með öðrum þjóðum. Hafin er úrvinnsla er varðar skilgreiningu á stefnumótandi áherslum og markmiðum og eru meðfylgjandi myndir fyrsti liður í þessari úrvinnslu.

**Mynd 1. Tilkynningar um slys.**





Mynd 1 sýnir þriggja ára meðaltalsfjölda tilkynntra slysa á sjómönnum til Tryggingastofnunar ríkisins og mynd 2 fjölda dauðaslysa. Þessar tilkynningar eru frá öllum skipum en „fjöldi starfandi“ á eingöngu við um fiskveiðar. Fjöldi starfandi sjómanna á kaupskipum á fyrri hluta tímabilsins var talsverður en er hverfandi á seinni hlutanum þannig að tilkynnt slys og dauðaslys á hver 10.000 manns eru marktæk á seinni hlutanum. Aukningu á tilkynningum um slys frá tímabilinu 1984–1986 má skýra að hluta með breytingum á lögum um slysabætur.

**Mynd 2. Dauðaslys á sjó.**




**Mynd 3. Fjöldi skipa sem hafa farist.**



*4. Mælanleg undirmarkmið.*

*Markmið 1:*

Dauðaslysum á sjó hefur fækkað mjög hin síðari ár eins og sjá má af mynd 2. Á þriggja ára tímabili 2004–2006 urðu að meðaltali 2,85 dauðaslys á hverja 10.000 starfandi sjómenn. Stefnt verður að því árin 2007–2018 að dauðslysum fækki enn frekar.

*Markmið 2:*

Skipsskaðar hafa að meðaltali verið fimm árlega á þriggja ára tímabilum 1998–2006. Stefnt verður að því árin 2007–2018 að skipssköðum fækki enn frekar.

*Markmið 3:*

Stefnt verður að fækkun alvarlegra slysa hjá sjómönnum og að þau verði færri með hverju ári þegar miðað er við skráningar LSH og Slysaskrá Íslands. Þegar skráning þessara aðila liggur fyrir er hægt að takast á við þetta verkefni af fullum krafti.

*Siglingavernd.*

Lög um siglingavernd 50/2004 tóku gildi þann 14. júní 2004 og komu til framkvæmda 1. júlí 2004. Markmið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

Í dag eru 29 vottaðar hafnir með 79 hafnaraðstöðum á Íslandi. Siglingastofnun hefur reglulega framkvæmt úttektir á hafnaraðstöðunum og skipum síðan siglingaverndin kom til framkvæmda. Í dag eru engin skip skráð á Íslandi sem þurfa að uppfylla kröfur um siglingavernd.

Siglingavernd hefur kallað fram miklar og kostnaðarsamar aðgerðir fyrir hafnir, útgerðarfélög og fyrirtæki sem bera sjálf kostnað af siglingavernd svo og stofnanir ríkisins vegna undirbúnings, innleiðingar, viðhalds, námskeiða, eftirlits og úttekta á siglingavernd.

Siglingastofnun í samstarfi við aðrar stofnanir hefur haldið regluleg námskeið fyrir verndarfulltrúa og starfsmenn hafna með sérstakt hlutverk varðandi siglingavernd.

Siglingastofnun tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi vegna siglingaverndar, m.a. hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) og Evrópusambandinu (ESB). Fyrirséð er að þetta samstarf mun aukast á komandi árum m.a. með aðkomu Eftirlitsstofnunar EFTA, Evrópusambandsins og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA). Því má gera ráð fyrir að kostnaður Siglingastofnunar vegna siglingaverndar fari eitthvað vaxandi.

Stefnan er að uppfylla kröfur IMO og ESB hvað varðar siglingavernd til íslenskra hafna og skipa. Það er gert til að gera íslenskum höfnum mögulegt að taka á móti og þjónusta skip sem falla undir siglingavernd og íslenskum skipum mögulegt að stunda siglingar til og frá löndum sem gera kröfu um siglingavernd.

Framkvæmd siglingaverndar hefur gengið vel en fyrirséð er að kröfur og vinna henni tengd mun aukast á næstu árum, en náið er fylgst með þróun krafna og reglna IMO og ESB á sviði siglingaverndar. Væntanlegar breytingar á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands vegna IMO sem tengjast siglingavernd eru viðbætur á STCW (International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers) og LRIT (Long Range Identification and Tracking Systems). Væntanlegar reglugerðir Evrópusambandsins um siglingavernd sem verða innleiddar í íslenska löggjöf á næstunni eru reglugerð Evrópuþingsins og Evrópuráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um aukið öryggi skipa og öruggari

hafnaraðstöðu, reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um eftirlit framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar og tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnavernd. Auk þess er væntanlegt nýtt rafrænt tilkynningakerfi skipa (SafeSeaNet) sem mun m.a. innihalda upplýsingar í tengslum við siglingavernd.

**Vegamál.**

Í samgönguáætlun er það markmið sett að öryggi í umferð verði eins og það gerist best í öðrum löndum Evrópu.

Þann 1. janúar 2004 voru umferðarmál flutt frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis og í framhaldi af því skipaði samgönguráðherra stýrihóp til þess að móta nýja heildarstefnu í umferðaröryggismálum og um leið stilla saman krafta stofnana sem fara með umferðaröryggismál. Til grundvallar vinnu hópsins var m.a. lögð fram skýrsla um tillögur starfshóps um umferðaröryggisáætlun til ársins 2012 sem unnin var á vegum dómsmálaráðherra. Í hinni nýju umferðaröryggisáætlun var í fyrsta sinn gerð grein fyrir fjármögnun verkefnaáætlunar um aukið umferðaröryggi á Íslandi og varð hún hluti samgönguáætlunar fyrir tímabilið 2005–2008.

Umferðarslys hafa fylgt umferð frá upphafi. Á síðustu áratugum hefur þó tíðni alvarlegra slysa stórlækkað víðast hvar í heiminum, enda er ekki ásættanlegt fyrir menningarþjóðfélög að takast ekki á við þennan vanda. Margt þarf að koma til. Utanaðkomandi þættir eru t.d. rannsóknir til grundvallar betri og öruggari bílum og búnaði þeirra, en inn á við þarf að takast á við gerð betri umferðarmannvirkja, eftirlit með umferðinni, fræðslu þátttakenda í umferðinni og ekki síst hugarfarsbreytingu þjóðarinnar, sem mun ekki sætta sig við að tiltekinn fjöldi borgaranna látist eða örkumlist af völdum umferðarslysa.

Þau lönd sem eru í fararbroddi hvað umferðaröryggi varðar eru Bretland, Svíþjóð, Holland og Noregur með 6–7 íbúa látna á 100.000 íbúa m.v. meðaltal áranna 1999–2003. Á sama tímabili voru 9 látnir á 100.000 íbúa á Íslandi. Til að ná sama árangri og þau lönd sem best standa þarf að efla öryggisstarfið og miðar samgönguáætlun við það. Reyndar er íhugunarefni hvort samanburður við erlend lönd með fjölda látinna á 100.000 íbúa gefur rétta mynd. Fjöldi látinna á milljón ekinna km gefur væntanlega betri mynd, en þá er komið inn í myndina hve stór hluti ferða er farinn í bíl, sem er afar mismunandi eftir löndum. Sem dæmi má nefna eru 42% allra ferða í Danmörku farnar í bíl, en 82% í Bandaríkjunum. Ferðamynstur Íslendinga er væntanlega mun líkara ferðamynstri Bandaríkjamanna en Dana. Í vegaumferð eru ekki fyrir hendi alþjóðlegar reglur í sama mæli og í flugi og siglingum, þótt þess sé að vænta að í framtíðinni leggi ESB aukna áherslu á þetta svið. Alþjóðlegt samstarf er meira í því fólgið að skiptast á upplýsingum um aðferðir og rannsóknir. Rannsóknir þessar snúa að ökumanni, samgöngumannvirkjum og tæknibúnaði hvers konar. Áfram verður að fylgjast vel með nýjungum á þessu sviði. Sem dæmi um erlent samstarf á vettvangi umferðaröryggismála má nefna að á vegum OECD er að störfum vinnuhópur sem hefur safnað saman öllum tiltækum rannsóknarniðurstöðum um öryggi ungra ökumanna. Ísland á fulltrúa í vinnuhópnum og var skýrsla birt árið 2006. Vitað er að yngstu ökumennirnir eru í mestri hættu í umferðinni og er mikil áhersla lögð á að leita leiða til að draga úr umferðarslysum af þeirra völdum. Því er miðað við að niðurstöður skýrslunnar verði skoðaðar ítarlega af þar til bærum aðilum með það í huga að auka öryggi þessa aldurshóps í umferðinni.

Í umferðaröryggisáætlun er lögð mikil áhersla á eftirlit með hraðakstri, bílbeltanotkun, ölvun og fíkniefnanotkun. Jafnframt er þar lögð áhersla á áróður og fræðslu. Með samspili

aðgerða annars vegar og áróðri og fræðslu hins vegar er stuðlað að ábyrgri hegðun í umferðinni. Mikil ástæða er til að fylgjast með hraða á þjóðvegum í dreifbýli en þar verður stærstur hluti slysa með meiðslum á fólki við útafakstur. Nauðsynlegt er að fara kerfisbundið yfir vegakerfið og meta hvaða leyfilegur hámarkshraði sé hæfilegur. T.d. þarf að meta hvar eigi hugsanlega að lækka leyfilegan hámarkshraða á löngum vegköflum sem ekki þola núgildandi hámarkshraða. Samkvæmt núgildandi reglum er leyfður hámarkshraði allt að 90 km/klst. á vegum með bundnu slitlagi en allt að 80 km/klst. á malarvegum. Norðmenn lækkuðu leyfilegan hámarkshraða úr 80 km/klst. í 70 km/klst. á 247 hættulegum vegarköflum árið 2001 og leiddi það til að slysum með meiðslum fækkaði en fækkunin var þó mest í fjölda látinna og mjög alvarlega slasaðra. Jafnframt lækkuðu þeir hámarkshraða úr 90 km/klst. í 80 km/klst. á 47 hættulegum köflum en sú lækkun hafði hins vegar ekki tilætluð áhrif. Vorið 2004 hækkuðu Danir almennan hámarkshraða á hraðbrautum úr 110 km/klst í 130 km/klst. Þessi nýi hámarkshraði er ekki merktur með skiltum. Hraðbrautir þar sem hámarkshraði er áfram 110 km/klst. eru hins vegar merktar með skiltum. Samhliða breytingunni var lögreglueftirlit aukið og sektarákvæði hert. Eftir breytinguna er meðalhraði nokkurn veginn óbreyttur en hraðadreifing er jafnari, færri aka mjög hægt eða mjög hratt. Því minni sem hraðadreifingin er því meira er umferðaröryggi, t.d. dregur mjög úr framúrakstri. Svíar hafa einnig hækkað leyfilegan hámarkshraða á tilteknum harðbrautum. Úttekt á leyfilegum hámarkshraða á vegum í dreifbýli er í raun forsenda þess að vænta megi umtalsverðs árangurs af sjálfvirku hraðaeftirliti en mikil áhersla er lögð á þess konar eftirlit í umferðaröryggisáætlun. Í því sambandi má sérstaklega nefna svonefnt meðalhraðaeftirlit en það felst í því að mældur er meðalhraði ökutækja á nokkurra kílómetra kafla. Norðmenn og fleiri þjóðir eru nú að gera tilraunir með sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit og er fyrstu niðurstaða að vænta frá Noregi í byrjun árs 2006. Kostir meðalhraðaeftirlits eru fyrst og fremst þeir að það kemur í veg fyrir svonefndan „kengúruakstur“ sem er þannig að menn hægja ferðina rétt áður en þeir koma að hraðaeftirlitsmyndavél. Meðalhraðaeftirlit virðist einnig henta vel fyrir íslenskar aðstæður þar sem slys eru oft dreifð yfir langa vegarkafla.

Þótt frumorsök umferðarslysa sé í langflestum tilvikum tengd ökumanninum sjálfum er nauðsynlegt að gera samgöngumannvirki og umhverfi þeirra þannig úr garði að afleiðingar mistaka ökumanns verði sem minnstar. Í ljósi þess að á tímabilinu 2001–2004 varð þriðjungur banaslysa, tæp 60% slysa með miklum meiðslum og ⅔ hlutar slysa með litlum meiðslum á þjóðvegum í dreifbýli við útafakstur, er lögð sérstök áhersla á úttekt og lagfæringar á umhverfi vega. Vegfarendur sem verða fyrir því óláni að aka út af vegi ættu ekki að þurfa að slasast, a.m.k. ekki alvarlega, að því gefnu að þeir hafi beltin spennt. Þar sem ekki dugir að fletja fláa, fylla í skurði og hreinsa stórgrýti meðfram vegum þarf að tryggja öryggi vegfarenda með uppsetningu vegriða eða öðrum aðgerðum.

Rúm 36% banaslysa á þjóðvegum í dreifbýli á tímabilinu 2001–2004 urðu við það að bifreið ók framan á aðra sem kom á móti. Í útafakstrinum sem áður var getið er oft um að ræða að ekið er út af vegi til vinstri. Með vaxandi umferð er aukin hætta á að bifreið sem stefnir í að aka til vinstri út af vegi lendi í árekstri við bifreið sem á móti kemur. Full ástæða er því til að huga að enn frekari aðgreiningu akstursstefna á umferðarmestu vegum. Nýlega var opnaður fyrsti 2 + 1 vegurinn á Íslandi með aðskildum akstursstefnum en hann er gerður að sænskri fyrirmynd. Þess konar vegir eru þannig að akreinin í miðju er notuð til framúraksturs, þannig að til skiptis eru kaflar með tveimur akreinum í aðra áttina og tveimur akreinum í gagnstæða átt. Búast má við aukinni snjósöfnun vegna vegriðsins sem er á milli akstursstefna og verður því að auka vetrarþjónustu til að koma í veg fyrir að vandamál skapist.

Eins og áður segir er fjármögnun umferðaröryggisáætlunar nú hluti fjögurra ára samgönguáætlunar. Stærstur hluti fjármagnsins hefur verið merktur verkefnum er snúa að eftirliti með hegðun ökumanna. Þar fyrir utan felur meiri hluti aðgerða í rekstri og uppbyggingu vegakerfisins í sér úrbætur í öryggismálum. T.d. er unnið markvisst að fækkun einbreiðra brúa hjá Vegagerðinni og hefur slysum við einbreiðar brýr fækkað verulega á undanförnum árum. Samvinna allra aðila sem vinna að öryggismálum er mjög mikilvæg og þá um leið að hlutverkaskipan sé skýr. Þess er vænst að flutningur umferðarmála frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis geri vinnu í málaflokknum skilvirkari. Umferðarstofa sinnir verkefnum er varða skráningu ökutækja, tæknileg atriði sem tengjast ökutækjum, umferðarreglur og reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, forskriftir að skoðun ökutækja og eftirlit með skoðunarstofum og skráningu á evrópskum heildargerðarviðurkenningum ökutækja á EES-svæðinu fyrir Norðurlöndin. Einnig annast Umferðarstofa innleiðingu EES reglugerða um gerð, búnað og notkun ökutækja, umsjón og eftirlit með ökunámi og ökuprófum, slysaskráningu, fræðslu og miðlun upplýsinga um umferðaröryggismál. Ljóst er að markmið um aukið öryggi í vegaumferð munu ekki nást nema áfram verði mikið og gott samstarf milli Vegagerðarinnar, Umferðarstofu og lögregluyfirvalda.

Í samræmi við umferðaröryggisáætlun skal stefnt að því að fækka dauðaslysum í umferð þannig að fjöldi látinna á 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2016. Jafnframt skal stefnt að því að fjöldi alvarlegra slasaðra í umferð lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016 miðað við meðaltal áranna 2001–2005. Náist fullnægjandi árangur miðað við markmið umferðaröryggisáætlunar verður minnst fjórum dauðsföllum forðað á ári og í lok áætlunartímabils umferðaröryggisáætlunar 2016 hefur alvarlega slösuðum fækkað um 45%.

*Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:*

a. Haldið verði áfram að vinna að framkvæmd í umferðaröryggismálum í samræmi við umferðaröryggisáætlun með það að markmiði að auka öryggi vega, bifreiða og ökumanna. Jafnframt þarf að gæta þess að svigrúm sé til að endurskoða framkvæmdaáætlun hennar reglulega í fjögurra ára samgönguáætlun svo að hægt sé að taka inn ný verkefni ef sýnt þykir að þau muni skila meiri árangri.
b. Götur og vegir verði gerð öruggari, m.a. með endurskoðun staðla, bættri öryggishönnun, aðskilnaði bílaumferðar og óvarinna vegfarenda þar sem umferðin er mest og fækkun hættulegra staða í vegakerfinu. Við endurskoðun staðla verði sérstaklega hugað að breidd vega, ekki síst á þeim vegum þar sem umferð þungra bíla er mest. Haldið verður áfram kerfisbundnum aðskilnaði akstursstefna á umferðarmestu vegum. Gerð verði úttekt á umhverfi stofn- og tengivega og lagðar fram tillögur til úrbóta. Gerð verði úttekt á vegakerfinu í þeim tilgangi að meta hæfilegan leyfilegan hámarkshraða miðað við gerð vegar.

   Varðandi afköst vega og val á kennisniði má hafa til hliðsjónar að tveggja akreina vegur, 1 + 1 vegur, afkastar um 10–12.000 bílum á sólarhring, þriggja akreina vegur, 1 + 2 vegur, afkastar um 15–20.000 bílum á sólarhring og fjögurra akreina vegur, 2 + 2 vegur, getur afkastað allt að 60.000 bílum á sólarhring. Hér ber að hafa í huga að afköst hinna einstöku gerða vega ráðast af mörgum ólíkum atriðum, eins og samsetningu umferðar (hlutfalli þungra bíla), dreifingu umferðar yfir sólarhringinn, planlegu vegarins og hæðarlegu svo að eitthvað sé nefnt. Sérstaklega ber að geta þess að vegir geta verið

misbreiðir í hverjum flokki og hefur breiddin einnig mikil áhrif á afköst. 2 + 2 vegir geta þannig verið á bilinu 19–34 m breiðir.

Samkvæmt athugunum verkfræðistofunnar Línuhönnunar á slysatíðni mismunandi vegflokka má áætla að við breytingu á 1 + 1 vegi í 2 + 1 veg lækki tíðni allra slysa um 25–30% og tíðni slysa með meiðslum um 45%. Við breytingu á 1 + 1 vegi í 2 + 2 veg má vænta að tíðni allra slysa lækki um 40%, en tíðni slysa með meiðslum um 55%. Fyrirvari er um að aðstæður eins og bratti vega, fjöldi og gerð gatnamóta o.fl. geta skipt hér nokkru máli.

c. Niðurstöður rannsóknarverkefna sem Rannsóknarráð umferðaröryggismála styrkti á tímabilinu 2001–2005 verði nýttar í þágu umferðaröryggis. Rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur verið efld enn frekar þannig að unnt er að kanna orsakir fleiri umferðarslysa en banaslysa. Lögð verði áhersla á að fylgjast með rannsóknarverkefnum annarra Evrópulanda og nýta niðurstöður þeirra í þágu umferðaröryggis hér á landi.

Auk þeirra verkefna í öryggismálum sem áður eru talin í kafla 1.4 þarf að:


- Auka vetrarþjónustu, sérstaklega hálkuvarnir á vegum. Kannað hefur verið hversu stórt hlutfall slysa með meiðslum á fólki á þjóðvegum í dreifbýli varð við aðstæður þar sem hálka eða ísing var á vegi á tímabilinu 2001–2004. Tæp 20% banaslysa á þjóðvegum í dreifbýli urðu í ísingu eða hálku á því tímabili sem skoðað var. Rúmur fjórðungur slysa með miklum meiðslum á þjóðvegum í dreifbýli varð við vetraraðstæður, en tæp 36% slysa með litlum meiðslum á þjóðvegum í dreifbýli urðu við þannig aðstæður.
- Tryggja GSM-símasamband við vegi grunnnets og helstu ferðamannavegi utan grunnnets í samræmi við Fjarskiptaáætlun. Ef slys verður getur skipt sköpum að ná sambandi við viðbragðsaðila sem allra fyrst. Fjarskiptaáætlun 2005–2010 gerir ráð fyrir að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1, öðrum helstu stofnvegum og helstu ferðamannastöðum árið 2007.
- Huga að því að koma flutningi flugvélabensíns af þjóðvegum sem liggja um þéttbýli, sbr. flutninga frá Örfirisey til Keflavíkurflugvallar.
- Huga að auknu eftirliti með vöruflutningum á vegum með tilliti til hæðar, þyngdar og umbúnaðar farms. Þá þarf að huga að reglum um eftirlit með hættulegum efnum á þeim leiðum sem það á við.
- Fylgjast með því sem efst er á baugi varðandi nýja tækni (ITS), þ.e. búnað meðfram vegum sem kemur í veg fyrir bifreiðar fari út af eða rekist saman.
- Stuðla enn frekar að innlendum rannsóknum og innleiðingu niðurstaðna úr erlendum verkefnum sem hafa leitt til gagnlegra aðgerða.

**Rannsóknanefndir – RNF, RNS, RNU.**

Þessar nefndir eru þýðingarmikill hlekkur í öryggi samgangna. Rannsóknanefndirnar annast rannsókn slysa og atvika sem tengjast öryggi í samgöngum. Markmið með rannsóknum rannsóknanefndanna er að finna og skilgreina veikleika og galla sem skaðað geta öryggi, svo og að finna orsakaþætti eða líklega orsakaþætti, og einnig meðvirkandi orsakaþætti sem leiddu til þess að slys eða atvik varð. Tilgangurinn er ekki að úrskurða um hvort lög eða reglur hafi verið brotin eða hvort einhver hafi gerst sekur um vítavert gáleysi eða afglöp í starfi. Mikilvægt er að skýrslur rannsóknanefndanna séu ávallt teknar til formlegrar meðferðar í viðkomandi stofnunum.

**1.5 Markmið um jákvæða byggðaþróun.**

Góðar samgöngur eru ein af grundvallarforsendum fyrir öflugu atvinnulífi og kraftmiklu þjóðlífi. Gæði samgangna geta haft afgerandi áhrif á stærð atvinnu-, verslunar- og þjónustusvæða. Þannig geta bættar samgöngur stuðlað að stækkun markaðssvæða og breytt um leið samkeppnis- og búsetuskilyrðum. Bættar samgöngur eru mikilvæg forsenda fyrir styrkingu landshluta- og byggðakjarna og leggja grunninn að farsælli sameiningu sveitarfélaga. Aukin þjónusta við bílaumferð, endurbætur hins almenna vegakerfis, gerð jarðganga undir fjöll og firði og þverun fjarða hafa á undanförnum árum leitt til mikillar styttingar vegalengda og ferðatíma og þar með fært byggðirnar nær hver annarri í anda markmiðs um jákvæða byggðaþróun. Í samgönguáætlun er leitast við að jafna út svo sem kostur er mismunandi aðgengi landsmanna að samgöngukerfinu og reynt er að vinna á móti ókostum langra flutningsvegalengda. Undir þetta markmið falla einnig framkvæmdir eða aðgerðir sem ekki geta talist arðsamar á hagkvæmnismælikvarða en telja verður nauðsynlegar í því skyni að skapa sem jafnasta stöðu landsmanna. Nýjar aðferðir hagfræðinnar taka tillit til félagslegra þátta sem ekki verða beinlínis metnir til fjár og geta þær þannig stutt ákvarðanir sem tengjast markmiði um jákvæða byggðaþróun. Mjög mikilvægt er að í samgönguáætlun sé leitast við að ná jafnvægi á milli hinna mörgu ólíku sjónarmiða sem um þetta eru. Í henni er litið á það sem grunnréttindi allra þegna þessa lands að hafa tiltekinn aðgang að grunnneti samgöngukerfisins. Þau markmið, sem hér hefur verið lýst, eru í meginatriðum samhljóða markmiðum þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 varðandi samgöngumál. Eftirfarandi mynd sýnir byggðaþróun á Íslandi 1994–2004:



## 2. GRUNNNET SAMGÖNGUKERFISINS.

### 2.1 Skilgreining grunnnets.

Samgöngukerfinu er ætlað að uppfylla þarfir þjóðarinnar fyrir alla flutninga á fólki og vöru, þ.m.t. flutninga vegna fiskveiða og -vinnslu. Í víðasta skilningi eru því öll mannvirki sem nota má til þessara flutninga hluti af samgöngukerfinu. Þegar unnið er að samgönguáætlun er mikilvægt að draga sérstaklega fram þau mannvirki sem mestu skipta fyrir heildina og mynda eðlilegt samfellt samgöngukerfi um land allt. Þetta grunnkerfi samgangna er hér nefnt grunnnet.

- Með grunnnetinu er burðarkerfi samgangna skilgreint. Það er þýðingarmesti hluti samgöngukerfisins sem tengir saman byggðarlög landsins og myndar eina heild og því eðlilegt að það njóti forgangs við uppbyggingu.
- Líta ber á grunnnetið sem landskerfi er gagnast landsmönnum öllum. Uppbygging þess er í þágu landsins alls fremur en einstakra byggðarlaga.

Miðað er við að allir byggðakjarnar með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri tengist grunnnetinu. Einnig er grunnnetið látið ná til þeirra staða sem gert er ráð fyrir að verði hvað mikilvægastir fyrir fiskveiðar, ferðaþjónustu og flutninga að og frá landinu. Grunnnetið er samfellt, liggur um þéttbýlisstaði þegar svo háttar til og helstu samgönguæðar á stærstu þéttbýlissvæðunum teljast til netsins.

Grunnnetinu eru gerð nánari skil hér á eftir og gerð grein fyrir helstu atriðum sem liggja að baki hugmyndum að því. Það er sýnt í stórum dráttum á mynd 2-1. Þar sem breytingar á samgönguháttum eru örar má búast við að endurskoða þurfi skilgreiningar á grunnnetinu reglulega. Á kortinu er lega veganna sýnd eins og hún er nú. Í nokkrum tilvikum munu vegir flytjast til þegar kemur að því að endurbyggja þá. Nú þegar liggja fyrir hugmyndir um tilflutning á nokkrum stöðum. Landsvegirnir eru í nokkurri sérstöðu að þessu leyti en þar er undirbúningur skemmst á veg kominn. Verður að reikna með því að verulegar breytingar geti orðið á legu þeirra.

Á flutningabrautum grunnkerfisins verður lögð áhersla á að vegir verði með nægjanlegt burðarþol allt árið, breidd þeirra verði nægjanleg og þeir verði lagðir bundnu slitlagi. Fyrir þennan hluta grunnkerfisins verða sett markmið um hraða uppbyggingu vega til að þjóna atvinnulífinu með viðunandi hætti auk þess að stuðla að auknu umferðaröryggi.

*Flugvellir.*

Flugvöllum í grunneti er skipt í flokka eftir stærð flugvéla sem geta athafnað sig á hverjum flugvelli. Í flokki I eru þeir flugvellir sem þjóna heföbundnum flugvélum í innanlandsflugi en geta auk þess þjónað sem varaflugvellir fyrir millilandaflugvélar. Í þessum flokki eru Keflavíkurflugvöllur, Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur. Þrír hinir síðarnefndu eru varaflugvellir fyrir millilandaflug um Keflavíkurflugvöll. Flugvellir í grunnneti sem þjóna fyrst og fremst flugvélum í áætlunarflugi innan lands eru í flokki II eða lendingarstaða. Aðrir flugvellir flokkast sem lendingarstaðir.

*Siglingar/hafnir.*


Þær hafnir teljast til grunnnets samgönguáætlunar sem um fara árlega meira en 10 þúsund tonn af vörum eða þar sem landað er meira en 8 þúsund tonnum af sjávarafla, auk ferjuleiða og viðkomandi hafna. Stórskipahafnir, sem yfir 50 þúsund tonn af vöru fara um árlega, eru 13 talsins. Til viðbótar fara árlega yfir 10 þúsund tonn af vörum og/eða yfir 8 þúsund tonna afli um 21 höfn. Samtals teljast því 34 hafnir til grunnnetsins auk sérstakra ferjuhafna. Til

grunnnetsins teljast einnig siglingaleiðir meðfram ströndinni, siglingaleiðir á hafnir og siglingaleiðir til og frá landinu.

*Vegir.*

Vegir flokkast í stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Allir stofnvegir teljast til grunnnetsins nema Heydalsvegur. Netið tekur einnig til jarðganga en á móti falla út þeir stofnvegir sem göngin leysa af hólmi. Þá eru teknir með tengivegir og landsvegir sem falla undir skilyrði grunnnetsins. Lengd vega í netinu er um 5.200 km. Þá teljast þrjár ferjuleiðir til grunnnetsins.

**Mynd 2-1. Grunnnet samgangna.**




## 2.2 Almennar áherslur varðandi grunnnetið.

Forsendur fyrir skilgreiningu grunnnetsins eru metnaðarfullar og miðað við fjármagn samgönguáætlunar tekur langan tíma að uppfylla sett markmið, sérstaklega hvað varðar vegakerfið. Þau miðast við að styrkja samgöngur á landinu öllu og efla þjónustu og vaxtarkjarna á landsbyggðinni. Grunnnetið styður vel við vöxt slíkra kjarna með því að stuðla að styttingu ferðatíma og efla samgöngur innan svæða og milli þeirra. Í þessari áætlun er horft á samgöngugreinarnar saman. Vegakerfið tengir byggðir, hafnir og flugvelli. Bætt vegakerfi stækkar þjónustusvæði flugvalla og hafna. Samgönguáætlunin miðast við að nýta betur þá fjármuni sem í samgöngur fara og er skilgreining grunnnetsins liður í þeirri viðleitni.

*Ferðaþjónusta og samgöngur.*

Í samgönguáætlun er víða komið til móts við þarfir ferðaþjónustunnar með ýmsum vegabótum, t.d. fækkun einbreiðra brúa, lagningu bundins slitlags og endurbyggingu vega. Á sama hátt nýtast áform um almenningssamgöngur mjög vel fyrir ferðaþjónustuna. Þá er mörkuð stefna um framtíð Reykjavíkurflugvallar í áætluninni sem er ferðaþjónustunni mjög mikilvæg. Við Reykjavíkurflugvöll er gert ráð fyrir byggingu samgöngumiðstöðvar sem þjóna mun öllu landinu á sviði ferðamála. Fyrirhugað er að aðrar umferðarmiðstöðvar verði nýttar til tengingar og samræmingar allra tegunda ferðaþjónustunnar. Við það er miðað í áætluninni að auka vetrarþjónustu og mun hún koma ferðaþjónustunni til góða. Mikilvægt er að bæta merkingar í samgöngukerfinu og að þær verði á erlendum tungumálum auk íslensku. Aðgengi að fjölmennum ferðamannastöðum þarf að bæta enn frekar. Nauðsynlegt er að upplýsingar um ástand vega séu aðgengilegar, auðskildar og í samræmi við árstíð. Á nokkrum stöðum er verið að bæta aðstöðu fyrir ferðaþjónustu í höfnum. Ljóst er að fara þarf yfir sértækar þarfir ferðaþjónustunnar í samgöngumálum.

*Stytting vegalengda.*


Styttingu leiða, sem eru til hagræðis fyrir alla flutninga, er mikill gaumur gefinn í þessari áætlun. Í allmörgum þeim verkefnum sem áætlunin tekur til styttast leiðir. Dæmi um þetta eru hringvegur á nýjum stað um brú á Hornafjarðarfljóti, Þverárfjallsvegur á milli Skagafjarðar og Húnaflóa og Norðausturvegur um Öxarfjarðarheiði. Þá leiða jarðgöng samkvæmt áætluninni til mikillar styttingar vegalengda. Má þar nefna kaflann á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og Vestfjarðaveg milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Eftirfarandi eru dæmi um mögulegar styttingar á þjóðvegi 1:

- Svínavatnsleið 15,5 km
- Varmahlíð 3,5 km
- Vaðlaheiði 15,5 km
- Skriðdalur – Berufjörður 60 km
- Lón 4 km
- Hornafjarðarfljót 11 km
- Svínafells- og Skaftafellsá 5 km

Aksturstími styttist jafnan þegar leiðir styttast. Aksturstími styttist einnig vegna betri legu nýrra vega en gamalla og þegar lagt er bundið slitlag í stað malar. Í heild mun því aksturstími styttast víða á vegakerfinu. Eftirfarandi eru dæmi um styttingu ferðatíma með gerð hjáleiða:

- Hjáleið um Borgarnes.
- Hjáleið um Selfoss.

**Mynd 2-2. Möguleg stytting hringvegarins.**




Unnið er að athugunum á styttingarmöguleikum á öllu grunnnetinu og nær hún til leiðanna Reykjavík–Akureyri og Reykjavík–Ísafjörður/Patreksfjörður. Að auki er þjóðvegur 1 skoðaður í heild svo og hálendisvegir milli Reykjavíkur og Egilsstaða. Litið er á hugmyndir um styttingar, gamlar og nýjar, gerð grein fyrir nýrri legu vega í grófum dráttum og metin hver stytting fyrir sig og kostnaður við hana. Í samgönguáætlun er stytting vegalengda forgangsmál þar sem það er talið hagkvæmt.

*Tenging stofnvega fram hjá byggðakjörnum.*

Stofnvegir landsins liggja gjarnan í gegnum þéttbýli með þeim kostum og göllum sem því fylgja. Víða leitar byggðin í átt að vegunum og þorp og kaupstaðir myndast við vegamót. Venjan er að þéttbýli vilji hafa það gagn sem af umferðinni leiðir vegna atvinnustarfsemi og viðskipta og fólk er þá frekar reiðubúið til að taka á sig ókostina. Ljóst er að með því að leggja þjóðvegi og leiða fjarumferðina framhjá byggðakjörnum má auka ferðahraðann og jafnframt umferðaröryggi á þéttbýlisstöðunum. Samráð er haft við sveitarfélögin um þessi mál.

## 2.3 Staða grunnnetsins og horfur.

*Flug.*

Allir flugvellir grunnnetsins eru með uppbyggðum flugbrautum sem eru malbikaðar eða lagðar klæðingu. Flugstöðvar á öllum þessum flugvöllum, nema Reykjavíkurflugvelli, eru nýlegar eða hafa verið endurbyggðar. Á flestum flugvallanna hafa brautarljós verið endur-

nýjuð, svo og fjarskiptabúnaður og annar fastur öryggisbúnaður. Jafnframt hefur mikið áunnist í endurnýjun hreyfanlegs öryggisbúnaðar. Aðflugsbúnaður er í meginatriðum eins fullkominn og landfræðilegar aðstæður leyfa og tækjabúnaður þeirra flugvéla sem nota þessa flugvelli gefur tilefni til. Leiðsögu- og fjarskiptabúnaður vegna flugs milli flugvalla innan lands er góður og í mörgum tilvikum mun betri en hægt væri að búast við í svo strjálbýlu landi. Þetta skýrist m.a. af kerfum sem komið hefur verið upp vegna alþjóðaflugþjónustunnar eða á sínum tíma á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Þrátt fyrir þessa stöðu eru mikilvæg verkefni fram undan til að þessir flugvellir uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar samkvæmt stöðlum sem Flugmálastjórn vinnur eftir og meðal annars má finna í reglugerð um flugvelli. Fyrst og fremst er brýnt að ljúka verkefnum sem varða flugöryggi, einkum gerð öryggissvæða kringum flugbrautir og endurnýjun og viðbótum við ljósa- og aðflugsbúnað. Mikilvægt er að ekki dragist að byggja nýja samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli enda uppfyllir núverandi flugstöð ekki þær kröfur sem gerðar eru til slíks mannvirkis. Samgöngumiðstöð hefur gildi umfram það að vera miðstöð flugsamgangna í landinu. Hún er miðstöð áætlunarsamgangna með langferðabílum fyrir allt landið, auk þess sem hún tengir báðar þessar tegundir samgangna við almenningssamgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins.

Víða þarf að bæta byggingar á flugvöllum til að hýsa þann búnað sem notaður er til að reka flugsamgöngumannvirki. Mikilvægt er að halda áfram að endurnýja vélbúnað sem notaður er við almennan rekstur flugvallanna, þ.m.t. vegna snjóruðnings. Einnig þarf að endurnýja öryggis- og björgunarbúnað í samræmi við hertar kröfur á þessu sviði. Sífellt verða háværari nýjar kröfur um flugvernd, sem krefjast hvers konar búnaðar og aðstöðu til vopnaleitar á farþegum og í farangri og flutningi.

Meðal helstu viðfangsefna í rekstri flugsamgöngukerfisins er að innleiða ný rekstrarkerfi, svo sem öryggisstjórnunarkerfi og önnur gæðastjórnunarkerfi sem auka öryggi, skilvirkni og gæði þjónustunnar á flugvöllum og í flugumferðarþjónustu. Innleiðing þessara nýju kerfa er átaksverkefni sem er lykillinn að því að starfsemi flugvalla og flugumferðarþjónustu hljóti vottun og sæti ytra öryggiseftirliti í samræmi við alþjóðlegar kröfur. Ein af þeim meginkröfum sem uppfylla þarf í þessu sambandi er að tryggja að á litlu flugvöllunum séu nægilega margir starfsmenn, einkum til að tryggja að nægilegur viðbúnaður sé til staðar þegar umferð er um þá. Þá fer þörf fyrir þjálfun starfsmanna stöðugt vaxandi svo að uppfylla megi kröfur um flugöryggi. Þetta mun allt valda auknum kostnaði.

Nýting flugsamgöngukerfisins á Íslandi er nú langt undir afkastagetunni. Þannig er ljóst að flugumferð innan lands gæti aukist stórlega án mikils aukakostnaðar. Tvöföldun núverandi umferðar mundi líklega hafa í för með sér óverulega fjölgun starfsmanna og ekki krefjast neinna verulegra fjárfestinga í byggingum og búnaði. Núverandi flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli, Akureyri og Egilsstöðum munu þó ekki anna slíkri aukningu. Nákvæm greining hefur þó ekki farið fram á því hver áhrif mikillar aukningar yrðu. Ákveðið hefur verið að stækka flugstöðina á Egilsstaðaflugvelli en greiningarvinna er hafin vegna flugstöðvar á Akureyri.

Eftir stækkun flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli er auðvelt að auka afköst hennar langt umfram það sem núverandi umferð krefst. Keflavíkurflugvöllur getur tekið við margfalt meiri umferð og því engin vandkvæði á því að auka farþegaflug milli Íslands og annarra landa. Þetta á einnig við um vöruflutninga þar sem nýrri aðstöðu til vöruafgreiðslu hefur verið komið upp á flugvellinum á vegum tveggja fyrirtækja.

Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík getur tekið við aukinni umferð bæði í innanlands- og millilandaflugi. Engar hindranir eru í vegi fyrir því að taka á móti þeirri auknu umferð sem búist er við á komandi árum samkvæmt alþjóðlegum spám um flugumferð yfir Norður-Atlantshafi.

Reykjavíkurflugvöllur hefur verið endurbyggður, þ.e. flugbrautir og akstursbrautir, auk þess sem flugbrautaljós og ýmis annar tækjabúnaður hefur verið endurnýjaður. Lögð hefur verið áhersla á umhverfismál flugvallarsvæðisins sem hefur verið ræktað upp og fegrað. Þessu til viðbótar er aðkallandi að byggja samgöngumiðstöð við Reykjavíkurflugvöll sem yrði miðstöð almenningssamgangna í landinu. Ákvörðun um þær framkvæmdir sem þegar hafa verið gerðar var m.a. byggð á arðsemismati sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði árið 1997 fyrir Flugmálastjórn og Reykjavíkurborg þar sem gengið var út frá 25 ára afskriftatíma.

Hlutverk Reykjavíkurflugvallar er fyrst og fremst að vera miðstöð innanlandsflugsins auk þess sem þaðan er stundað áætlunarflug til Grænlands og Færeyja. Hann gegnir einnig mikilvægu hlutverki sem varaflugvöllur fyrir millilandaflugið. Reykjavíkurflugvöllur er jafnframt miðstöð sjúkraflugsins í landinu og þar hefur Landhelgisgæslan aðstöðu fyrir allan flugrekstur sinn. Þá er flugvöllurinn áfangastaður fyrir einkaflugvélar í millilandaflugi, einkum viðskiptaflugi. Flugkennsla í landinu er að mestu leyti rekin á Reykjavíkurflugvelli, þótt unnið sé að því að flytja æfingaflug (snertilendingar) á aðra flugvelli. Þá er aðalaðstaða einkaflugs í landinu á Reykjavíkurflugvelli.

Helsta breyting sem fyrirsjáanleg er á framangreindu hlutverki Reykjavíkurflugvallar er að æfingaflug flyst af flugvellinum sem dregur verulega úr fjölda flughreyfinga. Flugbraut með bundnu slitlagi á Sandskeiðsflugvelli verður tekin í notkun árið 2007 og mun æfingaflug væntanlega færast þangað að verulegu leyti yfir sumarmánuðina. Þá mun einkaflug á Reykjavíkurflugvelli væntanlega dragast saman eftir því sem aðstaða fyrir einkaflug verður byggð upp á öðrum flugvöllum.

*Siglingar/hafnir.*

Löng reynsla hefur sýnt að kröfur til íslenskra hafna eru síbreytilegar og að þróun þeirra verður að haldast í hendur við þróun fiskiskipaflotans. Á undanförnum áratugum hefur hvert þróunartímabilið tekið við af öðru í hafnargerð þar sem lögð hefur verið áhersla á að mæta þörfum mismunandi fiskiskipa fyrir öruggar og afkastamiklar hafnir, þ.e. góða viðlegu og löndunarkanta, athafnasvæði á landi, dýpi í höfn og á innsiglingaleið og víða einnig ytri mannvirki til að veita skjól.

Víðast er búið að ná því marki að bátum sem gerðir eru út frá viðkomandi höfn hefur verið skapað öruggt skjól í öllum veðrum og því er ekki mikil þörf fyrir nýja skjólgarða á næstunni.

Mikil endurnýjun hefur átt sér stað í fiskiskipaflotanum síðustu árin og nýjustu uppsjávarveiðiskipin rista yfir 9 m en á síðasta áratugi var yfirleitt miðað við 7–7,5 m djúpristu við hönnun hafna. Til að koma á móts við þessa þróun er dýpkunar því þörf í nokkrum höfnum. Í öðrum höfnum eiga sér stað efnisflutningar eða sandburður og þær þarf að dýpka með reglulegu millibili.

Nokkrar bryggjur sem eru í góðu ástandi eru orðnar úreltar vegna þess að þær voru hannaðar fyrir minna dýpi en fiskveiðiflotinn krefst í dag. Þá eru allvíða hafnarmannvirki sem endast ekki öllu lengur. Þetta á einkum við um viðlegukanta úr tré og stáli sem nú þarfnast endurbyggingar.

Ytri mannvirki verða fyrir mikilli áraun af völdum náttúruaflanna. Gera verður ráð fyrir að þau þurfi að styrkja eða endurbyggja með reglulegu millibili.

Siglingastofnun hefur skilgreint staðalkröfur fyrir fiskiskipahafnir og flokkað hafnir í fjóra flokka eftir umfangi þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Fyrir hvern flokk hafna eru annars vegar gerðar ákveðnar tæknilegar kröfur er lúta að gæðum hafnar og hafnarmannvirkja og hins vegar miðað við reglur um nýtingu mannvirkja. Við gerð áætlunarinnar er við það miðað að hafnir í grunnneti uppfylli staðalkröfur. Þá er fyrirséð að endurnýja þarf hafnarmannvirki í nokkrum mæli til að uppfylla þarfir sjávarútvegsins og mæta jafnframt nýjum þörfum sem leiða af þróun atvinnugreinarinnar.

Með lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, og reglugerð um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa, nr. 672/2006, var tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins 2002/59/EC um að setja á stofn rafrænt eftirlits- og upplýsingakerfi varðandi siglingar skipa til hafna innan sambandsins innleidd hér á landi. Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála er varða vaktstöð siglinga en Siglingastofnun Íslands fer með framkvæmd þeirra. Með þjónustusamningi sem Siglingastofnun Íslands gerði við Landhelgisgæsluna, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg var þessum aðilum falið að annast daglegan rekstur vaktstöðvarinnar.

Verkefni og hlutverk vaktstöðvar siglinga er m.a. að

- sinna eftirlits- og upplýsingakerfi fyrir umferð á sjó með það að markmiði að auka öryggi og skilvirkni skipaumferðar og bæta viðbrögð við atvikum, slysum eða hættum sem kunna að skapast á sjó og stuðla þannig betur að því að koma í veg fyrir eða greina mengun af völdum skipa,
- taka á móti öllum tilkynningum og hafa eftirlit með og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skipstjórar, rekstraraðilar og umboðsaðilar skipa sem og farmsendendur eða eigendur hættulegra eða mengandi vara sem fluttar eru um borð í slíkum skipum uppfylli tilskildar kröfur,
- gegna hlutverki leitar- og björgunarmiðstöðvar á hafinu umhverfis Ísland í samræmi við alþjóðasamning um leit og björgun í hafinu. Landhelgisgæslan fer með faglega stjórn vaktstöðvarinnar samkvæmt þjónustusamningi við Siglingastofnun.

Vaktstöð siglinga skal auk þess annast, eftir því sem nánar er ákveðið í þjónustusamningi:

- vöktun, rekstur og viðhald á sjálfvirku tilkynningakerfi skipa (STK),
- vöktun á sjálfvirku alþjóðlegu auðkennikerfi skipa (AIS),
- vöktun, rekstur og viðhald á alþjóðlegu neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi skipa (GMDSS),
- almenna fjarskiptaafgreiðslu fyrir skip,
- móttöku og miðlun neyðarkalla frá skipum, tilkynninga frá farþegaskipum vegna talningar og skráningar farþega og frá skipum sem flytja hættulegan varning. Vaktstöðin móttekur og miðlar tilkynningum um óhöpp eða slys á sjó, um komu skipa til íslenskra hafna og skráningu skipa sem falla undir hafnarríkiseftirlit. Þá tekur vaktstöðin á móti og miðlar tilkynningum og upplýsingum um bilanir í vitakerfinu og farartálma á sjó og upplýsingum um neyðarhafnir og skipaafdrep og samskipti við hafnir sem Siglingastofnun hefur tilnefnt sem neyðarhafnir.

Haustið 2004 hóf Siglingastofnun Íslands að setja upp sjálfvirkt auðkennikerfi skipa, AIS (Automatic Identification System) Verkinu lauk árið 2006 og er nú hægt að fylgjast með

siglingum skipa er falla undir þetta kerfi á öllum siglingaleiðum við landið. Fyrir liggja tillögur frá Evrópuráðinu um innleiðingu AIS búnaðar í öll fiskiskip 15 m að lengd og stærri fyrir árið 2010.

Haustið 2005 hófst innleiðing rafræns tilkynningakerfis skipa í samræmi við áðurnefnda tilskipun. Kerfi þetta nefnist SafeSeaNet og nær til allra skipa sem eru 300 BT og stærri sem falla undir SOLAS-reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og sigla til hafna innan Evrópusambandsins auk Noregs og Íslands. Kerfi einstakra aðildarlanda eru tengd miðlægum netþjóni þannig að hægt er að senda fyrirspurnir um skip milli aðildarríkja og fá svör á sjálfvirkan hátt. Áætlað er að kerfið verði komið í notkun hér á landi á árinu 2007. Enn fremur er unnið að útnefningu svonefndra neyðarhafna (places of refuge) í samræmi við áðurnefnda tilskipun. Neyðarhafnir eru hafnir eða skjólsælar legur sem hægt er að beina skipum í til að fá aðstoð í neyðartilvikum. Á vettvangi IMO er nú unnið að samþykkt um hnattrænt tilkynningakerfi skipa, LRIT (Long Range Information and Tracking), og flest bendir til að þetta kerfi verði komið í notkun í lok árs 2008. Með tilkomu LRIT, ásamt þeim kerfum sem til staðar eru, verður í fyrsta sinn til yfirlit yfir siglingar allra skipa í lögsögu landsins.

*Vegir.*


Vegakerfið er umfangsmest hinna þriggja samgöngukerfa í grunnnetinu og þar af leiðandi langdýrast í uppbyggingu og rekstri. Miklar framfarir hafa orðið á vegakerfinu undanfarin ár og áratugi. Ástand þess er þó enn mjög mismunandi. Stórir landshlutar búa við malarvegi þar sem takmarka verður leyfðan þunga hluta úr árinu. Eitt af brýnustu verkefnum þessarar samgönguáætlunar er að leysa frumþarfir þessara byggðarlaga fyrir vegasamgöngur. Það krefst hins vegar mikilla fjármuna.

Á mynd 2-3 eru sýndir þeir vegir sem voru með bundið slitlag í lok árs 2005. Af 3.966 km eru 3.450 km á grunnnetinu en það er um 5.200 km. Lengd malarvega á grunnnetinu er því um 1.750 km.

Annað fjárfrekt verkefni er að endurbæta vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu þannig að umferðarástand versni ekki frá því sem nú er. Ætla má að umferðarástand á höfuðborgarsvæðinu nú standist samanburð við sambærileg borgarsvæði í nágrannalöndunum. Fjölgun íbúa hefur verið ör og það ásamt vaxandi bílaeign veldur hraðri aukningu umferðar. Frá sjónarmiði hagkvæmni, umferðaröryggis og umhverfis er brýnt að mæta þessari þróun með auknum fjárfestingum frá því sem verið hefur.

Auk þessara tveggja verkefnaflokka eru nokkrir aðrir sem sinna verður til að bæta úr ágöllum vegakerfisins. Má þar nefna framkvæmdir við að byggja upp elstu vegina, stytta leiðir, breikka brýr þar sem mjóar brýr skapa hættu, lagfæra vegi þar sem erfiðar aðstæður skapast að vetrarlagi og styrkja vegi gagngert til þess að koma í veg fyrir öxulþungatakmarkanir. Jafnframt þarf að byggja upp samgöngumiðstöð í Reykjavík, m.a. til þess að unnt sé að koma á betra almenningssamgöngukerfi við landsbyggðina.

**Mynd 2-3. Bundið slitlag í árslok 2005.**




Öryggi í vegasamgöngum er í verulegum mæli sambærilegt við það sem best er í nálægum löndum. Ekki verður þó hjá því komist að beina verulegum kröftum að öryggismálum veganna. Þetta snýr einnig að þeirri þjónustu sem veitt er í vegakerfinu og þá ekki síst vetrarþjónustu, þ.m.t. hálkuvörnum. Þetta kallar á aukið fjármagn og tekur samgönguáætlun nokkurt mið af því. Landsvegirnir fjórir sem teljast til grunnnetsins hafa mikla sérstöðu. Mestur hluti þessara vega er óuppbyggðar malarslóðir. Samgönguáætlun felur í sér að þeim verði komið í „gott horf“ samkvæmt nánari skilgreiningu. Fjármagn í áætluninni dugir þó einungis fyrir litlum hluta verkefnisins, en hefjast þarf handa hið fyrsta við að skilgreina hlutverk þeirra og hvaða kröfur þeir eiga að uppfylla.

Þrjár ferjuleiðir eru í grunnnetinu og eru tvær þeirra alllangar, Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn og Stykkishólmur–Brjánslækur. Nú hefur lokið störfum nefnd til að meta samgöngukosti við Vestmannaeyjar. Leggur hún til að byggð verði ný ferjuhöfn í Bakkafjöru og keypt ný ferja. Stýrihópur um höfn í Bakkafjöru vinnur að undirbúningi málsins í samráði við Siglingastofnun.

## 3. FJÁRMÁL SAMGÖNGUÁÆTLUNAR.

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir tekjur og framlög til samgöngugreinanna þriggja á hverju tímabili samgönguáætlunar 2007–2018 og samtals.

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. | 2007–2010 | 2011–2014 | 2015–2018 | 2007–2018 |
|---|---|---|---|---|
| **Flugmálastjórn Íslands** | | | | |
| Tekjur | 867 | 890 | 890 | **2.647** |
| Ríkisframlag | 661 | 680 | 680 | **2.021** |
| **Tekjur og framlög samtals** | **1.528** | **1.570** | **1.570** | **4.668** |
| | | | | |
| **Flugstoðir ohf.** | | | | |
| Tekjur | 4.462 | 5.008 | 5.604 | **15.074** |
| Ríkisframlag | 3.362 | 3.540 | 3.540 | **10.442** |
| Sérstök fjáröflun | 3.820 | 250 | 250 | **4.320** |
| **Tekjur og framlög samtals** | **11.644** | **8.798** | **9.394** | **29.836** |
| | | | | |
| **Siglingamál** | | | | |
| Tekjur | 1.206 | 1.216 | 1.216 | **3.638** |
| Ríkisframlag | 8.126 | 4.744 | 4.744 | **17.614** |
| Sérstök fjáröflun | 1.600 | 0 | 0 | **1.600** |
| **Tekjur og framlög samtals** | **10.932** | **5.960** | **5.960** | **22.852** |
| | | | | |
| **Vegamál** | | | | |
| Tekjur | 52.531 | 55.792 | 58.729 | **167.052** |
| Ríkisframlag | 44.044 | 33.504 | 34.140 | **111.688** |
| Sérstök fjáröflun | 9.500 | 23.800 | 12.000 | **45.300** |
| **Tekjur og framlög samtals** | **106.075** | **113.096** | **104.869** | **324.040** |
| | | | | |
| **Samgöngumál samtals** | | | | |
| Tekjur | 59.066 | 62.906 | 66.439 | **188.411** |
| Ríkisframlag | 56.193 | 42.468 | 43.104 | **141.765** |
| Sérstök fjáröflun | 14.920 | 24.050 | 12.250 | **51.220** |
| **Tekjur og framlög samtals** | **130.179** | **129.424** | **121.793** | **381.396** |

### 3.1 Flugmálaáætlun.

### 3.1.1 Flugmálastjórn Íslands.

#### 3.1.1.1 Fjármál.

Tekjur og framlög eru sett fram óbreytt á öllu tímabili áætlunarinnar. Þetta merkir þó ekki að umsvif stofnunarinnar geti ekki aukist verulega. Framsetningin endurspeglar eingöngu að ekki er reiknað með því að starfsemi stofnunarinnar í þágu almannaheilla aukist. Einnig skal hafa í huga að Flugmálastjórn Íslands annast frá 1. janúar 2007 ekki framkvæmdir á flugvöllum eða í flugleiðsögukerfinu. Ekki er því gert ráð fyrir að þörf verði á auknu beinu fjárframlagi úr ríkissjóði vegna reksturs stofnunarinnar á tímabilinu. Hins vegar er nauðsynlegt að stofnunin geti stutt áfram ötullega við bakið á öllum sem starfa að flugmálum en eðlilegt er að reikna með því að eftirlitsskyldir aðilar greiði allan kostnað af þeirri þjónustu. Þetta hefur í för með sér að rekstrartekjur geta aukist verulega.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að Flugmálastjórn Íslands gegnir mikilvægu hlutverki í útrás íslenskra fyrirtækja í flugmálum og fram hefur komið í meistaraprófsritgerð að

sveigjanleiki og þjónustulipurð Flugmálastjórnar Íslands hafi skipt sköpun í útrás íslenskra flugrekenda. Sérstaka athygli vakti samstarf opinberrar stofnunar og einkafyrirtækja í þessu samhengi.

Á tímabili áætlunarinnar þarf að þróa stofnunina áfram til að hún geti sinnt hlutverki sínu enn betur og finna henni form í hinu opinbera umhverfi. Ljóst er að verði Flugmálastjórn áfram A-hluta-stofnun á fjárlögum á hún erfitt með að bregðast við breyttum aðstæðum og sýna sveigjanleika og veita þjónustu sem hentar þeim sem starfa að íslenskum flugmálum.

Stofnun sem þessi, sem annast vottunarstarf og heimildaveitingar, er í raun í beinni samkeppni við samsvarandi systurstofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu. Viss hætta er á því að starfsemi íslenskra fyrirtækja á sviði flugmála flytji úr landi, t.d. til Eystrasaltsríkjanna, ef stofnunin getur ekki sinnt þeim sem skyldi.

Meginmarkmið í rekstri Flugmálastjórnar Íslands á þessu tímabili er, auk stjórnsýslu og starfsemi á sviði flugöryggis í þágu almannaheilla, að stuðla að öflugum rekstri á öllum sviðum flugmála í náinni samvinnu við fyrirtækin í landinu en þó þannig að öllum forsendum vottunar- og eftirlitsstofnunar sé fylgt. Þetta er mikilvægt þar sem ekki verður séð að á tímabilinu verði þessi stjórnsýslu-, vottunar-, og eftirlitsstarfsemi, eins og gerð loftferðasamninga og heimildaveitingar, falin einkaaðilum.

Á tímabilinu þarf því stofnunin að hafa frumkvæði að því, ásamt samgönguráðuneytinu, að þróast svo að hún geti sinnt verkefnum sínum af krafti og þjónað viðskiptavinum sínum eins og þeir vænta í samræmi við alþjóðakröfur. Að slíku verkefni þyrftu einnig að koma önnur ráðuneyti, flugrekendur og rekstraraðilar flugvalla og flugleiðsögu. Vel kæmi til greina að eiga samstarf við og setja af stað rannsóknaverkefni við háskóla landsins í þessu samhengi.

### 3.1.1.2 Nokkur atriði sem snerta þróun flugmála.

Á áætlunartímabilinu má vænta verulegra breytinga á ýmsum sviðum flugmála en það er eðli flugmála að breytingar taka töluverðan tíma og eru vel ígrundaðar. Til að gefa einhverja hugmynd um þá þróun sem er að verða í flugstarfsemi og stofnunin þarf að geta mætt, má nefna eftirfarandi:

- Kröfur um öryggi í flugi verða stöðugt víðtækari og alþjóðlegri.
- Útlit er fyrir að kröfur um flugvernd aukist enn frekar en vonandi næst að samræma þær kröfur á alþjóðavettvangi, ekki síst milli Evrópu og Bandaríkjanna.
- Reikna má með að á Íslandi verði fjórir alþjóðaflugvellir. Áherslur í rekstri þeirra gætu orðið mismunandi en ljóst er að allir verða að uppfylla sams konar alþjóðakröfur á sviði flugverndar og flugöryggis.
- Leitast verður við að ná samkomulagi við sem flestar þjóðir heims á sviði loftferða, ekki síst með hagsmuni fyrirtækja á Íslandi að leiðarljósi.
- Rekstur flugleiðsöguþjónustu þarf að laga sig að nýjum kröfum um flugöryggi og samkeppni frá erlendum aðilum. Ekki er útilokað að fyrirtæki staðsett á Íslandi gæti t.d. annast tiltekna flugleiðsöguþjónustu hvar sem er á hnettinum.
- Líklegt er að tómstundaflug aukist í öðrum loftförum en flugvélum svo sem fisum, og tryggja þarf öryggi án þess að íþyngja um of þeim sem það stunda. Það verður líklega best gert með stuðningi við klúbbstarfsemi sem tekur að sér hluta eftirlits.
- Almannaflug mun taka breytingum með breyttum þjóðfélagsháttum og nýjum gerðum flugvéla. Kaup á afnotarétti í flugvélum verða algengari og viðskiptaflug með einkaþotum er í stöðugum vexti. Aðgengi að flugvelli inni í borg er mikilvægt í því samhengi.

- Vænta má aukins flugs með ferðamenn með hefðbundnum flugvélum en einnig þyrlum og hugsanlega loftbelgjum.
- Loftskip gætu haslað sér völl hér.
- Með aukinni starfsemi á flestum sviðum flugmála þarf að huga vel að allri menntun og þjálfun. Nýir skólar sem kenna flugvélatækni munu væntanlega koma fram og huga ber alvarlega að því að menntun flugmanna, flugumferðarstjóra og flugvéltækna verði færð á háskólastig.

Hér að ofan hefur fátt eitt verið nefnt sem sýnir að fjölbreytt verkefni bíða stofnunarinnar á sviði flugmála á tímabili þessarar áætlunar.

### 3.1.2 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.

Áætlunin er sett fram á verðlagi fjárlaga fyrir árið 2007. Samgönguráðuneytið hefur gert þjónustusamning um rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvalla og flugleiðsöguþjónustu innan lands við Flugstoðir ohf. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2008 hvað reksturinn varðar en til 31. desember 2007 hvað viðhald og uppbyggingu flugvalla varðar. Þjónustusamningurinn er í samræmi við þessa samgönguáætlun. Í samningnum er ákvæði um að tillit verði tekið til verðlags- og launahækkana, sem og kostnaðarauka vegna breytinga sem helgast af laga- eða reglugerðabreytingum eða breytingum á alþjóðlegum kröfum.

#### 3.1.2.1 Tekjur.

Markaðar tekjur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu eru flugvallaskattur og varaflugvallagjald. Brottfararfarþegar í millilandaflugi greiða varaflugvallagjald en því er ætlað að standa undir þeim viðbótarrekstrar- og fjárfestingarkostnaði sem hlýst af varaflugvallarhlutverki innanlandsflugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum. Flugvallaskatturinn er hins vegar lagður á alla brottfararfarþega bæði í innanlands- og millilandaflugi. Gert er ráð fyrir að tekjur af varaflugvallagjaldi og af flugvallaskatti hækki um 3% á ári, sem eingöngu verði rakið til fjölgunar farþega, ekki hækkunar á varaflugvallagjaldi og flugvallaskatti.

Gert er ráð fyrir stöðugleika í framlagi úr ríkissjóði til þessa málaflokks frá árinu 2008 út tímabilið.

Gert er ráð fyrir að nokkrar framkvæmdir verði fjármagnaðar með sérstakri fjáröflun. Þar getur verið um að ræða einkafjármögnun í einhverri mynd eða beina lántöku. Hér er ekki tekin afstaða til þess með hvaða hætti fjár verður aflað til þessara framkvæmda. Sjá nánar 4. kafla, Sérstök fjármögnun.

#### 3.1.2.2 Rekstrargjöld.

Í kafla 3.1.2.2 í tillögugreininni er birtur kostnaður við rekstur og þjónustu flugmála fyrir áætlunartímabilið. Helsta breytingin á kostnaði milli tímabila er í auknum útgjöldum vegna aukinna krafna samkvæmt reglugerðum um flugvelli og flugvernd, sér í lagi á varaflugvöllum til millilandaflugs. Samræmist það vel auknum tekjum af varaflugvallagjaldi.

Rekstrarkostnaður flugvalla og flugleiðsöguþjónustu er skilgreindur í þjónustusamningi við Flugstoðir ohf. Í samningnum er tilgreint það þjónustustig sem samgönguráðuneytið sem verkkaupi greiðir fyrir og sú greiðsla sem Flugstoðir fá. Almennt gerir samningurinn ráð fyrir óbreyttu þjónustustigi miðað við þá þjónustu sem Flugmálastjórn Íslands veitti áður á þessu sviði. Áætlun þessi gerir einnig ráð fyrir óbreyttu þjónustustigi út áætlunartímabilið.

Í megindráttum eru þeir rekstrarliðir, sem heyra undir þjónustusamning samgönguráðuneytisins við Flugstoðir ohf. flugleiðsaga innan lands, framlag Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu og rekstur flugvalla og lendingarstaða.

*Flugleiðsöguþjónusta innan lands.*

Flugleiðsöguþjónusta í leiðarflugi innan lands er veitt frá flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Ein vinnustöð í flugstjórnarmiðstöðinni annast þessa þjónustu og er ekki fyrirsjáanleg nein breyting á umsvifum hennar á næstu árum. Þessi þjónusta nýtir sama búnað og kerfi og alþjóðaflugþjónustan sem felur í sér 80–90% af rekstri flugstjórnarmiðstöðvarinnar. Flugumferðarþjónusta er einnig veitt á flugvöllunum í Reykjavík, á Akureyri, á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum, en sú þjónusta telst kostnaðarlega til reksturs þessara flugvalla.

*Alþjóðaflugþjónusta.*

Flugstjórnarmiðstöðin og stór hluti flugleiðsögu- og fjarskiptakerfisins þjóna alþjóðlegu flugi á stóru flugstjórnarsvæði yfir Norður-Atlantshafi þar sem Ísland ber ábyrgð á að stjórna flugumferð og veita almenna flugupplýsingaþjónustu auk þess að annast leitar- og björgunarþjónustu. Þessi þjónusta við alþjóðaflugið er ásamt veður- og fjarskiptaþjónustu að stærstum hluta greidd af notendunum og stefnt er að því að í framtíðinni verði hún að öllu leyti greidd af þeim. Flugstjórnarmiðstöðin annast einnig stjórnun innanlandsflugsins á flugleiðum milli flugvalla. Flugstoðir reka skóla til að mennta og þjálfa flugumferðarstjóra og aðra starfsmenn til starfa við flugupplýsingaþjónustu.

Auk þeirrar starfsemi, sem fram fer í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík veita Flugfjarskipti ehf. og Veðurstofa Íslands þjónustu við alþjóðaflugið samkvæmt samningi milli íslenska ríkisins og 24 aðildarríkja samningsins. Auk þess að eiga Flugfjarskipti eru Flugstoðir eigandi þróunarfyrirtækisins Flugkerfa hf. að tveimur þriðju hlutum á móti Háskóla Íslands. Þetta fyrirtæki annast einkum þróun kerfa fyrir flugumferðar- og fjarskiptaþjónustu. Daglega fljúga á bilinu 200–500 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið og greiðast 95% af kostnaði við þjónustuna af notendum hennar (þ.e. flugrekendum) en íslenska ríkið ber 5% kostnaðarins vegna þess hagræðis sem talið er felast í samningnum. Búast má við að tilkoma samevrópska loftrýmisins (Single European Sky) hafi mikil áhrif á starfsemi alþjóðaflugþjónustunnar á komandi árum.

Í þjónustusamningi samgönguráðuneytisins við Flugstoðir ohf. er starfsemi alþjóðaflugþjónustunnar framseld til Flugstoða ohf. Innifalin í rekstrarkostnaði samkvæmt þjónustusamningnum er 5% kostnaðarhlutdeild Íslands í alþjóðaflugþjónustunni. Vonast er til að á áætlunartímabilinu falli þessi kostnaðarhlutdeild Íslands niður og starfsemi alþjóðaflugþjónustunnar verði alfarið greidd af notendum.

*Flugvellir og lendingarstaðir.*

Þjónustu á flugvöllum er skipt í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða þjónustu við flugrekendur sem er skilgreind í alþjóðastöðlum og er í öllum tilvikum veitt samkvæmt þjónustusamningi við samgönguráðuneytið af Flugstoðum ohf. Hins vegar er um að ræða almenna þjónustu við flugfarþega og flugrekendur sem ýmist er veitt af Flugstoðum ohf. eða öðrum. Sú þjónusta sem skilgreind er í alþjóðastöðlum lýtur að rekstri flugleiðsögukerfa, lýsingarkerfa flugvalla og veðurupplýsingakerfa. Einnig fellur undir þennan málaflokk rekstur búnaðar til hreinsunar flugbrauta sem og allur slökkvi- og björgunarbúnaður flugvalla. Hversu umfangsmikil þessi þjónusta er fer eftir flugumferð og stærð flugvéla sem nota flugvöllinn

og einnig eftir því hver er lágmarksflughæð í aðflugi að flugvellinum. Þannig er þjónusta Flugstoða mismunandi á flugvöllum eftir því hvort þeir eru í flokki I eða II eða eru lendingarstaðir.

Meginhluti almennrar þjónustu á flugvöllum er rekstur flugstöðva. Flugstoðir ohf. reka flugstöðvar á öllum flugvöllum á Íslandi að undanteknum Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvöllum. Stærð og umfang flugstöðva er mismunandi eftir fjölda farþega sem um flugvöllinn fara. Flugrekendum er leigð aðstaða í flugstöðvum og ef um veitingarekstur er að ræða er hann yfirleitt boðinn út. Hlaðþjónusta við flugvélar sem og eldsneytisþjónusta er í höndum flugrekenda og olíufélaga.

Skilgreind eru eftirfarandi markmið fyrir þjónustuna:

- Flugvellir í flokki I skulu geta þjónað samtímis einni fullhlaðinni millilandaflugvél auk hefðbundinnar umferðar.
- Flugvellir í flokki II skulu hafa rými til að geta þjónað samtímis a.m.k. tveimur flugvélum fyrir innanlandsflug.

*Rannsóknir og þróun.*

Um 1980 var á vegum Flugmálastjórnar byrjað að þróa kerfi hér á landi til notkunar við stjórnun flugumferðar í samvinnu við Kerfisverkfræðistofu Háskóla Íslands, enda hafði komið í ljós að slík þróun væri hagkvæm. Þessi þróunarstarfsemi jókst jafnt og þétt næstu tvo áratugina. Í ljósi aukinna umsvifa stofnaði Flugmálastjórn ásamt Háskóla Íslands hlutafélagið Flugkerfi hf. árið 1997 til að taka við þróunarverkefnum sem áður voru unnin í samstarfi þessara tveggja stofnana. Starfsfólk þessa fyrirtækis ásamt starfsfólki Flugstoða gegnir nú mikilvægu hlutverki í því að tryggja að fyrir hendi sé staðgóð þekking á flugstjórnartækni, sem er mjög sérhæfð.

Þótt umsvif Flugmálastjórnar hafi einkum verið á sviði kerfisþróunar hafa rannsóknarverkefni farið vaxandi á undanförnum árum. Til dæmis tók stofnunin þátt í umfangsmiklu rannsóknarverkefni á sviði gervihnattaleiðsögu ásamt bandarísku flugmálastjórninni árin 1997–99. Stofnunin hefur stýrt umfangsmiklum rannsóknum á flugumferð yfir Norður-Atlantshafi, sem unnar eru á vegum þeirra ríkja er veita flugumferðarstjórn á þessu svæði. Flugstoðir ohf. munu halda áfram með þróunarstarfssemi á þessu sviði. Þar á meðal er þátttaka í rannsóknum á nýrri gagnafjarskiptatækni við flugumferðarstjórn á vegum Evrópusambandsins. Nú liggur fyrir áætlun um rannsóknarsamstarf Flugstoða, Háskóla Íslands, Bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAA) og MIT-tæknihaskólans í Bandaríkjunum um rannsóknir á sviði stjórnunar á flugumferð yfir úthafssvæðum. Þá hefur Flugstoðum verið boðin þátttaka í sameiginlegum rannsóknarvettvangi Flugstjórnarstofnunar Evrópu (Eurocontrol) og Bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAA). Þessi verkefni eru unnin í þágu Alþjóðaflugþjónustunnar og fjármögnuð af tekjum hennar. Gert er ráð fyrir aukinni þátttöku Alþjóðaflugþjónustunnar á næstu árum í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á þessu sviði.

Auk framangreindra verkefna hefur verið unnið að margvíslegum rannsóknum fyrir fé af flugmálaáætlun. Þessar rannsóknir hafa aðallega beinst að ýmsum verkefnum tengdum innanlandsflugi, svo sem reiknilíkönum og áhættugreiningu. Einnig hafa hávaðamælingar og úrvinnsla slíkra mælinga vegna flugumferðar um Reykjavíkurflugvöll verið fjármagnaðar af þessum lið. Reiknað er með að rannsóknar- og þróunarvinna innan vébanda Flugstoða muni aukast verulega á gildistíma samgönguáætlunar, enda hefur reynsla undanfarinna ára staðfest gagnsemi hennar. Sérstaklega má búast við auknum rannsóknum á sviði flugöryggis.

### 3.1.2.3 Viðhald.

Eftir því sem staðalkröfum í uppbyggingu flugvalla er náð verður viðfangsefnið fyrst og fremst að viðhalda mannvirkjum. Dýrustu framkvæmdir á þessu sviði á áætlunartímanum eru viðhald á yfirborði flugbrauta og annarra athafnasvæða flugvéla. Málun flugbrauta fellur undir þennan lið og viðhald bygginga og rafbúnaðar.

Markmið Flugstoða ohf. er að áætlunarflugvellir uppfylli fyrirliggjandi kröfur um viðhald. Kostnaður við að sinna nauðsynlegu viðhaldi hefur verið metinn og er hann sýndur í tillögugreininni.

### 3.1.2.4 Stofnkostnaður í grunnneti.

Áætlunartímanum er skipt niður í þrjú fjögurra ára tímabil. Helstu framkvæmdum í grunnneti er raðað á tímabil. Röðun framkvæmda á fyrsta tímabili fer fram við gerð fjögurra ára samgönguáætlunar en fyrstu tvö árin taka mið af nýgerðum þjónustusamningi milli samgönguráðuneytisins og Flugstoða ohf.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum í grunnneti.

Kostnaður við nýframkvæmdir á flugvöllum í grunnneti er áætlaður 10,8 milljarðar kr. á 12 árum. Framkvæmdum er skipt í þrjá meginflokka: flugbrautir og hlöð, byggingar og aðflugs- og öryggisbúnað. Gert er ráð fyrir að stærstur hluti fjármagnsins fari í nýframkvæmdir við flugbrautir og hlöð. Þar á eftir fer kostnaður vegna aðflugs og öryggisbúnaðar og bygginga.

Framkvæmdum hefur verið forgangsraðað þannig að á fyrsta tímabili verður lögð áhersla á að flugvellir í flokki I uppfylli kröfur um aðflugsbúnað, flugvernd og öryggissvæði þar sem það er mögulegt. Á öðru og þriðja tímabili er stefnt að því að flugvellir í flokki I uppfylli kröfur til bygginga og flughlaða, og að flugvellir í flokki II uppfylli kröfur til bygginga, flugbrauta og hlaða þar sem því verður við komið. Einnig verður lögð áhersla á endurnýjun aðflugs og flugleiðsögubúnaðar.

Á fyrsta tímabili áætlunarinnar er gert ráð fyrir að ljúka þeim endurbótum sem hófust á Reykjavíkurflugvelli árið 1999, m.a. með því að lagfæra flughlað við flugskýli 1 og rífa ónýtar byggingar. Gert er ráð fyrir að endurnýja fjarlægðarmælivita og ýmiss konar radíóbúnað. Ráðgert er að byggja nýja tækja- og sandgeymslu á fyrri hluta tímabilsins. Ýmis búnaður verður settur upp vegna flugverndar og aðgangsstýringar. Ljóst er að ekki er hægt að mæta ýtrustu kröfum í flugvernd vegna þröngrar aðstöðu í núverandi flugstöð. Bygging samgöngumiðstöðvar er því afar brýn.

Aðflugsmál Akureyrarflugvallar hafa verið í athugun til undirbúnings uppsetningar á búnaði sem gæti veitt lægri blindaðflugslágmörk en nú. Á fyrsta tímabili áætlunarinnar er gert ráð fyrir uppsetningu nýs blindaðflugskerfis með sérstakri fjáröflun. Fjarlægðarmæliviti og vararafstöð verður endurnýjuð og aðflugsljós endurbætt, sem og flughlað og akbraut. Með sérstakri fjáröflun er gert ráð fyrir lengingu flugbrautar til suðurs á fyrsta tímabili áætlunarinnar. Gerð verða endaöryggissvæði við flugbraut í samræmi við flugvallareglugerð.

Á Egilsstöðum verða aðflugsljós sett upp og auk þess endurnýjuð vararafstöð. Bílastæði verða endurbætt. Auk þess er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun til lengingar flugbrautar til suðurs á þriðja tímabili áætlunarinnar í tengslum við gerð Lagarfljótsbrúar. Endaöryggissvæði við flugbraut verða gerð í samræmi við flugvallareglugerð.

Í Vestmannaeyjum verður farið í endurbætur á öryggissvæðum og komið upp leifturljósum.

Á Ísafirði verður stefnusendir og ljósabúnaður endurnýjaður. Einnig verða gerð bílastæði og byggð tækjageymsla á Þingeyri.

Í lok tímabilsins er gert ráð fyrir uppsetningu vararafstöðvar og framkvæmdum við nýja tækjageymslu á Bíldudal.

Settar verða upp vararafstöðvar á Sauðárkróki og Þórshöfn.

Gert er ráð fyrir sérstakri fjáröflun vegna eftirfarandi framkvæmda:

Áætlað er að byggja samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli á 1. tímabili áætlunarinnar. Það er forgangsmál til að anna vaxandi innanlands- og millilandaflugi um flugvöllinn, einkum með hliðsjón af alþjóðlegum kröfum um aðskilnað millilanda- og innanlandsfarþega sem ekki er hægt að uppfylla í núverandi flugstöð. Vegna fyrirhugaðrar lokunar NA–SV-flugbrautar er gert ráð fyrir opnun flugbrautar með sömu stefnu á Keflavíkurflugvelli og verða endurbætur flugbrautarinnar í þessu skyni fjármagnaðar með sérstakri fjáröflun á fyrsta tímabili áætlunarinnar.

Flugbraut á Akureyrarflugvelli verður lengd um 460 m til að mæta þörfum flugvéla sem þurfa fulllestaðar að fara í flugtak til norðurs í meðvindi. Fjöll sunnan flugbrautar hindra flugtak í þá átt fyrir þessa gerð flugvéla en hún er einnig algengust hjá lággjaldaflugfélögum. Á Akureyrarflugvelli verður einnig sett upp nýtt ILS-nákvæmnislendingarkerfi fyrir blindaðflug til norðurs beint inn á flugbraut. Báðar þessar framkvæmdir munu eiga sér stað á fyrsta tímabili áætlunarinnar. Athugun fer fram á þörf og kostnaði vegna stækkunar flugstöðvar á Akureyrarflugvelli.

Egilsstaðaflugvöllur verður lengdur til suðurs í tengslum við gerð nýrrar brúar yfir Lagarfljót á þriðja tímabili áætlunarinnar.

Framkvæmdum hefur verið forgangsraðað samkvæmt þeim markmiðum sem fram koma hér að framan.

Þá er gert ráð fyrir búnaði sem ekki er nýttur af einstökum flugvöllum, heldur nýtist af mörgum, svo sem sameiginlegum upplýsingabúnaði og búnaði flugleiðsöguþjónustu. Einnig er í áætluninni óráðstafaður liður til leiðréttinga og brýnna verkefna sem upp kunna að koma á áætlunartímabilinu.

*3.1.2.5 Framkvæmdir utan grunnnets.*

Mörg flugvallamannvirki eru utan grunnnets. Alls verður framkvæmt fyrir 514 millj. kr. á flugvöllum utan grunnets. Markmið fyrir þennan hluta flugsamgöngukerfisins eru að flugvellir og lendingarstaðir uppfylli kröfur flugvallarreglugerðar. Fjárveitingar miðast við að sinna verkefnum á þessum hluta samgöngukerfisins jafn vel eða heldur betur en verið hefur undanfarið. Mest fé fer til viðhalds á slitlagi flugbrauta auk viðhalds bygginga.

Til þessa hluta flugsamgöngukerfisins teljast flugvellir sem ekki eru áætlunarflugvellir en þjóna sjúkraflugi og ýmiss konar leiguflugi. Sumir þessara flugvalla eru einkum nýttir af ferðaþjónustunni með tímabundnu leiguflugi að sumarlagi. Einnig eru hér taldir þeir flugvellir sem eru fyrst og fremst notaðir til kennslu- og æfingaflugs og einka- og sportflugs.

**3.2 Siglingamálaáætlun.**

**3.2.1 Fjármál.**

Áætlunin er sett fram á föstu verðlagi og er það verðlag fjárlaga 2007. Til að áætlunin haldi gildi sínu þarf að auka tekjuöflun til samræmis við hækkun verðlags eins og það verður

á áætlunartímanum. Er þá miðað við að tekjustofnar, framlag ríkisins og gjaldaliðir verði hækkaðir til verðlags.

### 3.2.1.1 Tekjur.

Samkvæmt lögum um vitamál er vitagjaldi ætlað að standa undir starfsemi Siglingastofnunar Íslands, fyrst og fremst á sviði vitamála og upplýsinga um veður og sjólag. Vitagjaldið er ákveðið í vitalögum, nr. 132/1999, og er það 78,20 kr. af hverju brúttótonni skips og hefur ekki breyst frá því lögin voru sett árið 1999. Erlend skip greiða fjórðung vitagjaldsins við hverja komu til landsins en þó ekki oftar en fjórum sinnum á hverju almanaksári. Upphæð innheimts vitagjalds hefur hækkað mjög ört síðustu 3–4 árin þar sem vöruflutningar um hafnir hafa aukist samfara uppbyggingu og nýjum rekstri stóriðjufyrirtækja. Þá hefur komum stórra skemmtiferðaskipa til landsins fjölgað verulega. Gert er ráð fyrir að nokkuð hægi á þessum vexti og hér er reiknað með 4% árlegri aukningu næstu árin.

Gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til rekstrarverkefna Siglingastofnunar Íslands haldist lítt breytt næstu 12 árin en ákveðnir liðir vaxi þó í samræmi við aukna skipaumferð við landið. Þar er bæði átt við verkefni er tengjast aukinni umferð um hafnir landsins og stóraukinni umferð erlendra skipa um íslenska efnahagslögsögu sem er afleiðing þess að Ísland er nú lent í þjóðbraut skipa er sigla með olíu og gas frá Rússlandi og Noregi til Bandaríkjanna.

Framlög til stofnkostnaðar lækka frá fyrsta áætlunartímabilinu til þess næsta. Ástæðan er sú að gert er ráð fyrir að frá og með árinu 2009 fari kostnaðarþátttaka ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum alfarið eftir hafnalögum, nr. 61/2003, en við það mun ríkisstyrktum hafnargerðarverkefnum fækka. Jafnframt er gert ráð fyrir að gerð nýrrar ferjuhafnar í Bakkafjöru ásamt nýrri Vestmannaeyjaferju falli undir siglingamálakafla samgönguáætlunar og að því verkefni verði lokið á fyrsta tímabili áætlunarinnar.

Gert er ráð fyrir að einstaka framkvæmdir verði fjármagnaðar með sérstakri fjáröflun. Þar getur verið um að ræða einkafjármögnun í einhverri mynd eða beina lántöku. Hér er ekki tekin afstaða til þess með hvaða hætti fjár verður aflað til þessara framkvæmda. Sjá nánar 4. kafla, Sérstök fjármögnun.

### 3.2.1.2 Útgjöld.

#### 3.2.1.2.1 Rekstrargjöld.

Í verkbókhaldi Siglingastofnunar Íslands er haldið utan um kostnað við einstök verkefni. Kostnaði við yfirstjórn, bókhald og almenna skrifstofu er deilt út á verkefni og þannig séð til þess að þjónustuverkefni sem greidd eru af almennum viðskiptavinum jafnt sem verkefni kostuð af ríkissjóði standi undir kostnaði við yfirstjórn og skrifstofu.

Hafnir landsins eru nær allar í eigu sveitarfélaga. Hafnarsjóðirnir eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem annast rekstur mannvirkja og ýmsa þjónustu hafnanna. Hver höfn ræður sinni gjaldskrá og þannig getur verið um samkeppni milli hafna að ræða. Það er því á ábyrgð hafnanna að setja markmið um þjónustuna önnur en þau sem fram koma í lögum og lúta að öryggi og starfsumhverfi.

Siglingastofnun Íslands á og rekur vita. Erfitt er að greina á milli viðhalds og rekstrar þar sem unnið er að fyrirbyggjandi viðhaldi og rekstri samhliða. Kostnaður við viðhald vita og leiðsögukerfa er því færður með rekstrinum. Viðhald hafnarmannvirkja er greitt af hafnarsjóðum í eigu sveitarfélaga og fellur því ekki undir fjárhagsramma samgönguáætlunar.

*Hafnamál.*

Undir þennan lið falla verkefni sem Siglingastofnun Íslands eru falin með hafnalögum, lögum um sjóvarnir og lögum um samgönguáætlun. Umsjón og eftirlit með slysavörnum í höfnum fellur undir þennan lið og umsagnir um ýmis mál er varða skipulag og mannvirki við ströndina sem og söfnun, úrvinnsla og miðlun ýmissa gagna er varða hafnarmannvirki og rekstur hafna.

*Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.*

Undir þennan lið falla m.a. gerð grunnkorta af höfnum, líkantilraunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum. Enn fremur verður sinnt dýptarmælingum og botnrannsóknum í tengslum við verkefni samgönguáætlunar.

*Rekstur Hafnabótasjóðs.*

Í hafnalögum er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands annist vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Í fjárlögum hefur verið afmörkuð sérstök upphæð til þessa rekstrarverkefnis.

*Siglingavernd.*

Lög um siglingavernd, nr. 50/2004, komu til framkvæmda 1. júlí 2004. Markmiðið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólöglegum aðgerðum. Hlutverk Siglingastofnunar Íslands er að yfirfara og samþykkja verndaráætlanir og framkvæma úttektir á hafnaraðstöðum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Stofnunin heldur reglulega námskeið fyrir verndarfulltrúa og starfsmenn hafna, útgerða og aðra sem hafa sérstakt hlutverk í siglingaverndinni. Þá annast stofnunin erlent samstarf tengt siglingaverndinni sem eðli máls samkvæmt er allmikið.

*Skipamál.*

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir skip og báta samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985. Stofnunin vinnur að undirbúningi og kynningu á laga- og reglugerðarsetningu á sviði siglingamála og fylgir því mikið erlent samstarf við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO), Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA), Evrópusambandið (ESB) og fleiri aðila. Undir þennan lið fellur einnig útgáfa atvinnuskírteina (STCW), mönnun farþegaskipa og flutningaskipa, þjónusta við mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd sjómanna og eftirlit með lögskráningu og menntun sjómanna. Jafnframt heyra hér undir lögboðnar umsagnir um dómsmál er varða skip og skipaútgerð.

*Vitar og leiðsögukerfi.*

Undir þennan lið fellur rekstur vitakerfisins ásamt rekstri leiðsögu-, vöktunar- og upplýsingakerfa fyrir siglingar og fiskveiðar í íslensku efnahagslögsögunni. Auk landsvitakerfisins er að ræða rekstur leiðréttingastöðva fyrir GPS, svonefnt DGPS, rekstur sjálfvirks auðkenniskerfis skipa AIS og frá 2008 móttaka upplýsinga frá LRIT (Long Range Identification and Tracking) um gervihnetti. Einnig er um að ræða umsjón með rekstri rafræns tilkynningakerfis skipa (SafeSeaNet) og rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag. Með SafeSeaNet-kerfinu er tekið á móti tilkynningum um komu skipa, hættulegan farm o.fl. og upplýsingunum er á sjálfvirkan hátt miðlað til Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA). Kerfið heldur einnig utan um allar tilkynningar til lögbærra aðila hér á landi (tollayfirvöld,

Schengen-tilkynningar, hafnaríkiseftirlit o.s.frv.). Siglingastofnun Íslands sér um innleiðingu þessa kerfis í samvinnu við vaktstöð siglinga sem tekur á móti tilkynningum og miðlar þeim til viðeigandi aðila. Innleiðingu SafeSeaNet á að ljúka fyrir árslok 2007.

Vegna stóraukinnar umferðar erlendra skipa um íslenska efnahagslögsögu er ætlunin að ýta úr vör verkefni þar sem unnið verður áhættumat og hugsanlega tillögur um afmörkun siglingaleiða. Jafnframt þarf samhliða að vinna að aðgerðaáætlun varðandi það hvernig á að bregðast við óhöppum sem gætu orðið vegna siglinga flutningaskipa. Þessi vinna getur nýst í framtíðinni ef af olíuvinnslu verður innan íslensku efnahagslögsögunnar.

*Vaktstöð siglinga.*

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003 og hóf starfsemi í ágúst 2004. Framlög ríkissjóðs til rekstrar hennar falla undir fjárlagalið Siglingastofnunar Íslands og stofnunin hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvarinnar. Einnig sinnir stofnunin alþjóðlegu samstarfi er snýr að lögum um vaktstöðina svo sem við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO) og Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA).

Í þjónustusamningi sem Siglingastofnun Íslands gerði við Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg er þessum aðilum falið að annast sameiginlega rekstur vaktstöðvarinnar. Landhelgisgæslan fer með faglega forustu í vaktstöðinni og hefur með höndum daglegan rekstur.

Hlutverk vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í efnahagslögsögu Íslands og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð bæði erlenda og innlenda. Vaktstöðin hefur einnig það hlutverk að reka siglingaþjónustu við skip (Maritime Assistance Service, MAS) sem felur í sér m.a. að vísa skipum sem verða fyrir áföllum í skipaafdrep/neyðarhafnir. Einnig rekur vaktstöðin svokallaða Navtex-þjónustu. Forusta Landhelgisgæslunnar í vaktstöð siglinga gerir hana að leitar- og björgunarmiðstöð á hafinu (MRCC) í samræmi við alþjóðasamninga þar að lútandi.

*Skipaeftirlit (íslensk skip).*

Öll íslensk skip, 6 m að lengd og lengri, eru skráningar- og skoðunarskyld. Skipin eru flokkuð í tvo meginflokka, opna vélbáta og þilfarsskip. Fjöldi opinna vélbáta á skrá er tæplega 1200 og þilfarsskipa rúmlega 1100. Skoðunaraðilar skipa eru viðurkennd flokkunarfélög, faggiltar skoðunarstofur skipa og Siglingastofnun Íslands. Viðurkennd flokkunarfélög skoða þau skip sem eru undir eftirliti þeirra í samræmi við samninga þeirra við Siglingastofnun Íslands og reglugerð þar um. Faggiltum skoðunarstofum skipa er í meginatriðum heimilt að skoða þau skip sem eru ekki undir eftirliti viðurkenndra flokkunarfélaga og eru minni en 400 brúttótonn fyrir utan farþegaskip sem eru yfir 24 m að lengd, í samræmi við reglugerð þar um. Siglingastofnun Íslands skoðar þau skip sem ekki eru undir eftirliti viðurkenndra flokkunarfélaga eða faggiltra skoðunarstofa skipa.

Siglingastofnun Íslands ber stjórnvaldslega ábyrgð á framkvæmd eftirlits með skipum og hefur eftirlit með starfsemi A- og B-faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar, viðurkenndra flokkunarfélaga og annarra starfsleyfishafa. Siglingastofnun Íslands annast upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, framkvæmir skyndiskoðanir, fer yfir teikningar og önnur gögn vegna nýsmíði og breytinga skipa, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína.

*Hafnarríkiseftirlit (erlend skip).*

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit og ákvæði í ýmsum öðrum alþjóðasamþykktum sem Ísland á aðild að annast Siglingastofnun Íslands eftirlit með ástandi og mönnun erlendra kaupskipa sem taka höfn hér á landi. Samkomulagið gerir ráð fyrir að 25% erlendra farþega- og flutningaskipa sem koma til hafnar í hverju aðildarríki séu tekin til skoðunar með það að markmiði að draga úr siglingum undirmálsskipa um heimshöfin.

*Rannsóknir og þróun.*

Meginákersla verður lögð á öryggismál sjófarenda og umhverfismál svo sem öldufarsreikninga og sjávarföll og sjávarflóð. Í gangi er rannsóknarverkefni um stöðugleika skipa og haldið verður áfram að þróa upplýsingakerfið um veður og sjólag. Á fyrsta tímabili áætlunarinnar verður lögð sérstök áhersla á verkefni er tengjast siglingu stórra skipa fram hjá Íslandi. Stefnt er að rannsóknum til að fá yfirlit yfir sjólag og veðurfar á Norður-Atlantshafi með það að markmiði að kanna rek skipa en það er forsenda áhættumats siglinga þeirra. Unnið verður úr niðurstöðum á læknisfræðilegu mati á alvarlegum slysum og kappkostað að lærdómur sem af þeim má draga skili sér inn í reglur um öryggi skipa og áhafna. Á síðari tímabilunum verður aukin áhersla lögð á hættumat og öryggisstjórnunarkerfi um borð í fiskiskipum.

Samkvæmt lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, er það m.a. hlutverk Siglingastofnunar Íslands að taka til formlegrar afgreiðslu tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa til úrbóta í öryggismálum á sjó og gera nefndinni grein fyrir úrbótum sem gerðar hafa verið. Þá ber Siglingastofnun Íslands, samkvæmt reglugerð nr. 133/2001, að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

*Áætlun um öryggi sjófarenda.*

Markmið áætlunar um öryggi sjófarenda er m.a. að treysta og auka öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni áætlunarinnar eru menntun og þjálfun sjómanna, gerð fræðsluefnis og leiðbeininga, söfnun og miðlun upplýsinga, gæða- og öryggiskröfur um borð í skipum og rannsóknir. Siglingastofnun Íslands annast framkvæmd áætlunarinnar í samráði við verkefnisstjórn sem skipuð er hagsmunaaðilum í sjávarútvegi.

*Minjavernd og saga.*

Þær stofnanir sem mynduðu Siglingastofnun Íslands árið 1996 gegndu veigamiklu hlutverki í framþróun íslensks samfélags á 20. öld og er saga þeirra og viðfangsefni mikilvægur þáttur þjóðarsögunnar. Einnig eru varðveittar hjá stofnuninni minjar og skjöl af ýmsu tagi frá fyrri tímum. Siglingastofnun Íslands er ljós sú ábyrgð sem á henni hvílir gagnvart söguritun og minjavernd. Þegar hefur verið skráð saga íslenskra vita og nú stendur yfir ritun sögu hafnargerðar á Íslandi. Að því loknu þarf að takast á við skrásetningu annarra verkefna sem stofnunin fæst við.

Siglingastofnun Íslands hefur einnig hug á að kynna sjó- og strandminjar með því að setja upp upplýsingaskilti, t.d. um merka vita, verstöðvar, lendingarstaði og hafnarmannvirki í samvinnu við áhugasama. Þá hafa nokkrir vitar verið friðaðir og má búast við að leggja þurfi eitthvert fé til viðhalds þeirra í samræmi við friðunarskilmála.

*Þjónustuverkefni.*

Hér er um að ræða ýmis verkefni sem seld eru viðskiptavinum Siglingastofnunar Íslands. Greiðslur koma fyrir veitta þjónustu í formi sértekna. Kaupendur þjónustunnar eru fyrst og fremst hafnarsjóðir, útgerðir og sjómenn. Undir þennan lið falla t.d. hönnun, umsjón og eftirlit með hafnarframkvæmdum og sjóvörnum, tækjaleiga, rekstrarvörur vegna innsiglingarljósa í eigu hafnarsjóða, yfirferð gagna vegna nýsmíði og breytinga á skipum, útgáfa skipsskírteina, starfsleyfa og atvinnuréttindaskírteina, námskeiðahald og sala á fræðsluefni fyrir sjómenn.

**3.2.1.2.2 Stofnkostnaður.**

*Vitar og leiðsögukerfi.*

Aukin umferð skipa innan íslensku efnahagslögsögunnar gerir kröfu til að eftirlits- og upplýsingakerfi verði efld og endurbætt í samræmi við nýjustu og bestu tækni sem völ er á.

*Hafnarmannvirki.*

Mat á áætluðum kostnaði ríkissjóðs við að ná framkvæmdamarkmiðum í höfnum miðast við að greiðsluþátttaka ríkissjóðs haldist óbreytt samkvæmt eldri hafnalögum til ársloka 2008, sbr. lög nr. 11/2006, um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003. Fram að þeim tíma verður áhersla lögð á jafnsetningu hafna í framkvæmdalegu tilliti eins og lögin kveða á um. Frá 1. janúar 2009 verður kostnaðarþátttaka ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum eins og kveðið er á um í 26. gr. hafnalaga, nr. 61/2003.

Siglingastofnun Íslands hefur skilgreint staðalkröfur fyrir fiskiskipahafnir og flokkað hafnir í fjóra flokka eftir umfangi þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Fyrir hvern flokk hafna eru annars vegar gerðar ákveðnar tæknilegar kröfur er lúta að gæðum hafnar og hafnarmannvirkja og hins vegar miðað við reglur um nýtingu mannvirkja. Jafnsetning hafnanna felur í sér að þær séu svipað á vegi staddar hvað það varðar að uppfylla staðalkröfur.

Jafnsetning felur einnig í sér að endurbyggja viðlegukanta sem eru orðnir gamlir og úr sér gengnir. Um leið og endurnýjun á sér stað er mannvirkið aðlagað þeim breytingum sem orðið hafa í sjávarútvegi, m.a. djúpristari skipum og meira álagi á hafnarbakka. Í sumum höfnum hefur starfsemi dregist saman svo ekki er þörf á að endurbyggja gamla viðlegukanta en út frá öryggissjónarmiði getur þurft að fjarlægja slík mannvirki.

Helstu framkvæmdum sem áætlaðar eru á aðlögunartíma hafnalaga, nr. 61/2003, sbr. lög nr. 11/2006, árin 2007 og 2008 er lýst í næsta kafla. Eftir það tekur 24. gr. gildi en samkvæmt henni takmarkast þátttaka ríkisins í flestum höfnum nær eingöngu við viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða.

Báta og smábátahafnir utan grunnnetsins eru 24 að tölu. Stór hluti þeirra er þó innan sveitarfélags eða hafnasamlags þar sem er ein eða fleiri grunnnetshafnir. Framkvæmdir í þessum höfnum falla þar af leiðandi ýmist undir a-, b- eða c-lið 26. gr. hafnalaga eftir 1. janúar 2009. Þetta eru Arnarstapahöfn, Búðardalshöfn, Skarðsstöðvarhöfn, Reykhólahöfn, Tálknafjarðarhöfn, Þingeyrarhöfn, Flateyrarhöfn, Suðureyrarhöfn, Súðavíkurhöfn, Norðurfjarðarhöfn, Drangsneshöfn, Hólmavíkurhöfn, Hvammstangahöfn, Hofsóshöfn, Haganesvíkurhöfn, Hauganeshöfn, Hjalteyrarhöfn, Svalbarðseyrarhöfn, Grenivíkurhöfn, Kópaskershöfn, Bakkafjarðarhöfn, Borgarfjarðarhöfn, Stöðvarfjarðarhöfn og Breiðdalsvíkurhöfn.

Eftirtaldar litlar hafnir í smærri sveitarfélögum geta eftir 1. janúar 2009 notið ríkisstyrks samkvæmt b-lið 24. gr. hafnalaga: Stykkishólmshöfn, Dalabyggðarhöfn, Reykhólahöfn, Tálknafjarðarhöfn, Súðavíkurhöfn, Norðurfjarðarhöfn, Drangsneshöfn, Hólmavíkurhöfn,

Hvammstangahöfn, Blönduóshöfn, Grímseyjarhöfn, Borgarfjarðarhöfn, Breiðdalsvíkurhöfn. Að auki hafa eftirtaldar hafnir sameinast stærri hafnarsjóðum en eiga rétt á ríkisstyrk í fimm ár frá sameiningu skv. 14. gr. hafnalaga: Kópaskershöfn (Norðurþingi), Raufarhöfn (Norðurþingi), Bakkafjarðarhöfn og Stöðvarfjarðarhöfn (Fjarðabyggð). Eftirtaldar hafnir falla undir c-lið 24. greinar hafnalaga: Vesturbyggðarhafnir, Skagastrandarhöfn, Siglufjarðarhöfn, Húsavíkurhöfn (Norðurþingi), Þórshöfn (Langanesbyggð), Vopnafjarðarhöfn og Djúpavogshöfn.

Áætlaður framkvæmdakostnaður á árunum 2007–10 í höfnum innan grunnnets er 4.941 millj. kr. og utan grunnnets 781 millj. kr.

Hlutur ríkissjóðs í framkvæmdum í höfnum er á árunum 2007–18 áætlaður 5.484 millj. kr., þar af eru til 584 millj. kr. ónotaðar frá fyrri árum.

*Lendingarbætur.*

Hér er um að ræða styrki til einstaklinga, fyrirtækja eða sveitarfélaga til framkvæmda utan skilgreindra hafnarsvæða. Styrkir þessir eru fyrst og fremst til verkefna á stöðum þar sem útgerð og/eða ferðaþjónusta er stunduð í atvinnuskini. Hlutur ríkissjóðs í framkvæmdum á árunum 2007–18 er áætlaður 86 millj. kr.

*Ferjubryggjur.*

Undir þennan lið falla framlög til hafnarmannvirkja utan skilgreindra hafnarsvæða á stöðum þar sem ríkið styrkir ferjusiglingar. Hlutur ríkissjóðs í framkvæmdum á árunum 2007–18 er áætlaður 118 millj. kr.

*Sjóvarnargarðar.*

Undir þennan lið falla framlög ríkisins til sjóvarnargarða. Sjóvarnir eru varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna, segir í lögum um sjóvarnir, nr. 28/1997. Ríkissjóður greiðir allt að ⅞ hlutum kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir við sjóvarnir. Landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu, greiða minnst ⅛ hluta. Gert er ráð fyrir að framlög til sjóvarnargarða hækki lítið eitt frá því sem verið hefur, enda sýnir nýleg úttekt Siglingastofnunar að ekki má slá slöku við í vörnum gegn landbroti af völdum ágangs sjávar. Hlutur ríkissjóðs í framkvæmdum á árunum 2007–18 er áætlaður 1.549 millj. kr.

*Hafnabótasjóður, framlag.*

Hér er átt við framlag til B-deildar Hafnabótasjóðs er veitir styrki til tjónaviðgerða á hafnarmannvirkjum sem notið hafa ríkisstyrks.

*Höfn í Bakkafjöru – Vestmannaeyjaferja.*

Heildarkostnaður við gerð ferjuhafnar á Bakkafjöru og smíði nýrrar ferju er áætlaður 4.900 millj. kr. á verðlagi 2007 (samanber lokaskýrslu starfshóps samgönguráðherra um samgöngur til Vestmannaeyja, júní 2006). Heildarkostnaðurinn er færður sem útgjöld í siglingamálakafla samgönguáætlunar þar sem ekki liggur ljóst fyrir eftir hvaða leiðum ferjuhöfnin verður fjármögnuð. Gert er ráð fyrir að byggðir verði tveir 600 m langir brimvarnargarðar út frá Bakkafjöru, grafið verði út skipalægi innan garðanna og byggður þar 65 m langur viðlegukantur ásamt ekjubrú. Í verkinu felst einnig að byggja upp fyrirstöðugarða með fram

Markarfljóti, rúmlega 3 km vegur frá Bakkaflugvelli að ferjuhöfninni og jarðvegsmanir og uppgræðsla til varnar sandfoki.

Áætlun um nýtt skip miðast við smíði bíla- og farþegaferju sem yrði um 60 m löng og allt að 15 m breið með 3,3–3,5 m djúpristu. Gert er ráð fyrir að ferjan geti flutt um 250 farþega í hverri ferð og 45–50 bíla. Siglingatími ferjunnar milli lands og Eyja verður um 35 mínútur.

**3.2.1.2.2.1 Siglingar/hafnir.**

Á fyrsta tímabili áætlunarinnar, þ.e. 2007–2010, er framkvæmdakostnaður við hafnir í grunnneti sem njóta ríkisstyrks alls áætlaður 4.941 millj. kr. þar af er fjárveiting ríkissjóðs 484 millj. kr og 1.070 millj. kr. með fjárveitingum fyrri ára og þar af er búið að ráðstafa í verkefni sem eru í gangi 505 millj. kr. Í þessum tölum eru ekki taldar framkvæmdir hjá Faxaflóahöfnum sf., Hafnarfjarðarhöfn og Kópavogshöfn en þessar þrjár hafnir fjármagna sínar framkvæmdir að fullu með eigin aflafé. Útgjöld eru eingöngu sundurliðuð á fyrsta fjögurra ára tímabilið á einstakar hafnir. Fyrirséð er að endurnýja þarf hafnamannvirki til að uppfylla þarfir sjávarútvegsins og jafnframt mæta nýjum þörfum sem fylgja þróun sjávarútvegsins. Við nútíma fiskveiðar er stöðugt tekist á við breytt ytri og innri skilyrði. Þessu fylgja breytingar á samsetningu fiskiskipaflotans og því hvar landað er. Hraðfiskibátar (smábátar) veiða álíka mikið magn á ári eins og litlir skuttogarar gerðu fyrir rúmum 15 árum síðan. Þessar öru breytingar á útgerð kalla á breytingar í höfnum og þar af leiðandi hafnarframkvæmdir. Þessar aðstæður valda því að framkvæmdir tímabilana 2011–18 eru ekki skilgreindar. Með tilkomu hafnalaga, nr. 61/2003, takmarkast þátttaka ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum. Eftir 1. janúar 2009 takmarkast fjárveitingar við minni hafnir og viðhaldsdýpkanir, viðhald skjólgarða og hafnsögubáta stærri hafna.

**Helstu framkvæmdir árin 2007–2010.**

*Rifshöfn.*

Austurkantur lengdur um 80 m og dýpkað að Austurkanti. Innsigling inn að Rifshöfn dýpkuð.

*Ólafsvík.*

Norðurtangi lengdur í báða enda um alls 40 m. Dýpkað að lengingu og innan hafnar.

*Grundarfjörður.*

Lokið við endurbyggingu nýrrar bryggju sunnan við Litlu bryggju. Efsti hluti Stóru bryggju endurbyggður.

*Vesturbyggð.*

Endurbyggt stálþil, alls um 280 m á Patreksfirði. Ferjubryggja á Brjánslæk lengd um 28 m.

*Tálknafjörður.*

Gamla bryggja endurbyggð, alls um 140 m. Flotbryggjur endurnýjaðar.

*Ísafjarðarbær.*

Lokið við endurbyggingu Ásgeirsbakka. Byggð ný bryggja (60 m) á Mávagarði vegna olíubirgðastöðvar. Olíumúlinn endurbyggður. Á Flateyri verður löndunarkanturinn lengdur

um 40 m. Á Suðureyri verður smábátaaðstaða endurbætt og löndunarbryggjan endurbyggð að hluta.

*Bolungarvík.*
Endurbyggður efsti hluti Brjótsins, um 120 m. Grundargarður endurbyggður.

*Hólmavík.*
Endurbyggð að hluta stálþilsbryggja, alls um 154 m.

*Skagaströnd.*
Ásgarður endurbyggður, alls um 120 m af stálþili. Staurabryggja lengd við hafnarvog.

*Skagafjörður.*
Skjólgarður byggður frá Strandvegi, alls um 330 m.

*Siglufjörður.*
Öldubrjótur lengdur um allt að 80 m. SR-bryggja rifin og Óskarsbryggja lengd um 120 m.

*Dalvík.*
Byggð 40 m löng ferjubryggja fyrir Sæfara. Timburbryggja á Suðurgarði endurbyggð. Suðurgarður endurbyggður.

*Akureyri.*
Lokið verður við lengingu á Tangabryggju. Unnið verður við endurbyggingu Ísbryggju og lengingu Oddeyrarbryggju um 65 m.

*Húsavík.*
Lokið verður við þekju og lagnir á Bökugarði. Suðurgarður verður endurbyggður, alls um 210 m.

*Þórshöfn.*
Byggður verður þvergarður á Norðurgarð til að draga úr ölduhreyfingu innan hafnar. Hafskipabryggja endurbyggð.

*Vopnafjörður.*
Lokið verður við þekju og lagnir á lengingu löndunarbryggju. Lokið við endurbyggingu Miðbryggju.

*Fjarðabyggð.*
Lokið verður við smíði hafnsögubáts og frágang stóriðjuhafnar.

*Hornafjörður.*
Unnið verður að viðhaldsdýpkun og stofndýpkun innan hafnar. Byggð 100 m löng stálþilsbryggja, Álaugarey. Endurbyggð bryggja við Vogarhús.

*Vestmannaeyjar.*
Básaskersbryggja og Nausthamarsbryggja endurbyggðar.

*Bakkafjöruhöfn.*
Gert er ráð fyrir að byggja ferjuhöfn í Bakkafjöru. Sérfjárveitingu þarf að veita í þetta verkefni og er það því ekki í meðfylgjandi samantekt á hafnarframkvæmdum.

*Þorlákshöfn.*
Lokið við endurbyggingu Svartaskers. Dýpkun innan hafnar verði lokið. Byggð ný löndunarbryggja, 35 m löng. Hafnsögubátur endurnýjaður.

*Grindavík.*
Lokið við byggingu stálþilsbryggju vestan Miðgarðs. Keyptur nýr hafnsögubátur. Innri renna breikkuð og dýpkuð.

**Helstu framkvæmdir 2011–2018.**
*Viðhaldsdýpkanir, hafnsögubátar og endurbygging skjólgarða:*
Unnið verður að viðhaldsdýpkunum í höfnum á eftirtöldum stöðum: Arnarstapa, Rifi, Ólafsvík, Suðureyri, Bolungarvík, Ísafirði, Skagaströnd, Haganesvík, Sauðárkróki, Haugasandi, Ólafsfirði, Dalvík, Húsavík, Raufarhöfn, Þórshöfn, Hornafirði, Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn. Kostnaður við viðhalsdýpkanir er metinn um 85–150 millj. kr. á ári. Á tímabilinu 2011–2018 er kostnaður áætlaður 950 millj. kr.

Unnið verður að endurbyggingu skjólgarða á tímabilinu. Gera þarf ráð fyrir að endurbyggja þurfi garða á Rifi, í Bolungarvík, á Skagaströnd, Ólafsfirði, Bakkafirði, Þórshöfn, í Þorlákshöfn og Sandgerði. Kostnaður við endurbyggingu skjólgarða verður 40–120 millj. kr. á ári eða alls um 640 millj. kr. á tímabilinu.

Gert er ráð fyrir að endurnýjaðir verði hafnsögubátar á Akureyri, Hornafirði og í Reykjanesbæ og keyptur hafnsögubátur á Húsavík. Heildarkostnaður er áætlaður 510 millj. kr.

Endurnýjun innsiglingamerkja í nokkrum minni höfnum, alls er áætlaður kostnaður 20 millj. kr.

*Nýbygging og endurbygging viðlegumannvirkja.*
Unnið verður að endurbyggingu viðlegumannvirkja eins og þörf verður á. Gert er ráð fyrir að framkvæmt verði fyrir um 170 millj. kr. á ári. Heildarkostnaður á tímabilinu verður 1.360 millj. kr.

*Vitar og leiðsögukerfi.*
Miðað er við að framlög til stofnkostnaðar aukist heldur frá því sem verið hefur. Aukin umferð skipa innan íslensku efnahagslögsögunnar gerir kröfu til að leiðsögu- og upplýsingakerfi verði efld og endurbætt í samræmi við nýjustu og bestu tækni sem völ er á.

### 3.3. Vegáætlun.

**Verðlag.**

Áætlunin er sett fram á föstu verðlagi og er miðað við verðlag fjárlagafrumvarpsins 2007. Til að áætlunin haldi gildi sínu þarf að auka tekjuöflun til samræmis við hækkun verðlags eins og það verður á áætlunartímanum. Er þá miðað við að tekjustofnar samgöngustofnananna hækki í samræmi við verðlag, svo og framlag ríkisins.

### 3.3.1 Tekjur til vegamála.

Markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar eru bensíngjald, olíugjald og kílómetragjald sem lagt er á bifreiðar sem eru þyngri en 10 tonn. Þessir tekjustofnar eru lögbundnir og allar tekjur af þeim renna til vegamála.

Gert er ráð fyrir auknum akstri í samræmi við umferðarspár en að á móti komi sparneytnari bifreiðar. Ekki er reiknað með neinum gjaldskrárhækkunum frá því sem nú er.

Áætlað er að sala á bensíni verði um 200 milljónir lítra árið 2007 og aukist um 1% á ári eftir það. Það þýðir um 11,5% söluaukningu á tímabili áætlunarinnar sem er í takti við söluaukningu á bensíni sl. 12 ár.

Reiknað er með að sala á gjaldskyldri olíu aukist að meðaltali um 1,5% á milli ára. Þótt áætluð umferðaraukning sé mun meiri er gert ráð fyrir að á móti komi sparneytnari bifreiðar sem dragi úr aukningunni.

Kílómetragjald sem lagt er á bifreiðar yfir 10 tonnum var sett á um leið og olíugjaldið. Tekjur af því eru áætlaðar rúmlega 1 milljarður kr. á ári í byrjun áætlunarinnar en gert ráð fyrir að árleg akstursaukning þessara bifreiða verði um 2%.

Vegagerðin hefur lítils háttar sértekjur, aðallega leyfisgjöld vegna flutningaiðnaðarins. Ekki er reiknað með breytingum á þeim tekjum út áætlunartímabilið.

Gert er ráð fyrir umtalsverðu fjárframlagi frá ríkinu á áætlunartímabilinu. Fyrst ber að nefna framlög vegna jarðgangaáætlunar, alls um 37,8 milljarða kr. Þar eru fyrstar í röðinni framkvæmdir við Héðinsfjarðargöng en vinna við þau hófst á árinu 2006.

Í öðru lagi er um að ræða þann hluta af söluandvirði Símans sem ríkisstjórnin ákvað að verja til vegaframkvæmda. Það eru alls 15 milljarðar kr. og eru þeir allir á fyrsta tímabilinu, 2007–2010.

Í þriðja lagi er almennt ríkisframlag, alls um 49 milljarðar kr. eða 16–17 milljarðar kr. á hverju tímabili.

Framlög ríkisins verða langhæst á fyrsta tímabilinu vegna söluandvirðis Símans en haldast nokkuð stöðug á seinni tveimur tímabilunum. Áætlað er að markaðar tekjur aukist um rúmlega 15% í heildina eða um 1,3% að meðaltali á ári.

Viðskiptahreyfingar eru fólgnar í afborgunum lána til ríkissjóðs. Um er að ræða lán vegna smíði ferja, vegagerðar að Hvalfjarðargöngum og lán til framkvæmda í vegagerð árið 1999.

Gert er ráð fyrir að nokkrar framkvæmdir, sem síðar verður gerð grein fyrir, verði fjármagnaðar með sérstakri fjáröflun. Þar getur verið um að ræða einkafjármögnun í einhverri mynd eða beina lántöku. Hér er ekki tekin afstaða til þess með hvaða hætti fjár verður aflað til þessara framkvæmda. Sjá nánar 4. kafla, Sérstök fjáröflun.

**Tafla 3.3-1. Tekjur til vegamála.**

| | 1. tímabil 2007–2010 millj. kr. | 2. tímabil 2011–2014 millj. kr. | 3. tímabil 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Markaðar tekjur | 52.531 | 55.792 | 58.729 |
| Framlag úr ríkissjóði | 42.544 | 29.004 | 30.340 |
| Tekjur og framlög samtals | 95.075 | 84.796 | 89.069 |
| | | | |
| Viðskiptahreyfingar samtals | –854 | | |
| Til ráðstöfunar | 94.221 | 84.796 | 89.069 |
| | | | |
| Sérstök fjáröflun | 9.500 | 23.800 | 12.000 |

### 3.3.2 Útgjöld til vegamála.

Útgjöld vegáætlunar skiptast í aðalatriðum í þrennt, rekstur og þjónustu, viðhald og stofnkostnað.

#### 3.3.2.1 Rekstrargjöld.

Stærstu gjaldaliðirnir eru kostnaður við yfirstjórn, almenningssamgöngur og þjónusta við vegakerfið, sem er langstærsti liðurinn.

Sett markmið hafa verið metin til kostnaðar og er niðurstaðan sýnd í töflunum hér á eftir. Kostnaður við rekstur og þjónustu vega fer vaxandi þegar líður á áætlunartímabilið. Þetta á sérstaklega við um þjónustuna og gildir um flesta liði hennar eins og sýnt var í töflu 3-2. Reiknað er með að kröfur um þjónustu á vegakerfinu fari mjög vaxandi á áætlunartímabilinu.

**Tafla 3.3-2. Rekstrargjöld.**

| | 1. tímabil 2007–2010 millj. kr. | 2. tímabil 2011–2014 millj. kr. | 3. tímabil 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 1.521 | 1.700 | 1.740 |
| Umsýslugjald til ríkissjóðs | 239 | 279 | 293 |
| Upplýsingaþjónusta | 390 | 410 | 430 |
| Umferðareftirlit | 415 | 480 | 500 |
| Þjónusta | 13.203 | 15.000 | 17.000 |
| Almenningssamgöngur | 4.519 | 3.574 | 3.644 |
| Þar af afborgun lána | –274 | | |
| Rannsóknir | 508 | 558 | 587 |
| Minjar og saga | 87 | 115 | 115 |
| **Rekstrargjöld samtals:** | **20.608** | **22.116** | **24.309** |

#### 3.3.2.2 Yfirstjórn.

Undir þennan lið fellur kostnaður við stefnumörkun og áætlanagerð, samræmingu og stjórnun, faglega og fjármálalega vinnu, auk samskipta við Alþingi, ráðuneyti og vinnu vegna alþjóðasamninga.

#### 3.3.2.3 Umsýslugjald til ríkissjóðs.

Umsýslugjald er 0,5% af mörkuðum tekjum eins og verið hefur og rennur það í ríkissjóð.

### 3.3.2.4 Upplýsingaþjónusta.

Vegagerðin rekur umfangsmikið upplýsingakerfi fyrir vegfarendur. Þar er einkum um að ræða upplýsingar um veður, færð á vegum og ástand vega. Kostað er kapps um að gera upplýsingarnar sem aðgengilegastar fyrir almenning. Verður áfram unnið að þróun kerfisins og tekið mið af nýjustu tækni á hverjum tíma. Þá verður leitað leiða til þess að bæta fjarskiptasamband á vegum landsins. Á næstu árum er að vænta hraðrar þróunar í fjarskiptatækni sem auðveldar vegfarendum að tengjast upplýsingaveitum og afla sér nauðsynlegra upplýsinga jafnharðan og þeirra er þörf. Vegagerðin mun fylgjast með þeirri þróun og taka fyrir sitt leyti þátt í henni og stuðla þannig að virkri upplýsinga- og leiðsöguþjónustu á vegakerfinu.

### 3.3.2.5 Umferðareftirlit.

Eftirlitsstörf samgöngustofnana lúta að stærstum hluta að því að tryggja öryggi þeirra sem nota samgöngukerfið, þ.e. gæta þess að fyrirtæki, farartæki og einstaklingar uppfylli lágmarksöryggiskröfur, sem settar eru í lögum og reglugerðum, til þeirra sem nota samgöngukerfið eða koma að rekstri þess. Eftirlitsstörf Vegagerðarinnar með umferðinni hafa aukist á undanförnum árum. Kemur þar hvort tveggja til að samgönguráðuneytið hefur fært verkefni frá sér til stofnana í samræmi við stjórnsýslulög og svo hitt að umferðareftirlit Vegagerðarinnar hefur fengið auknar heimildir og ný eftirlitsverkefni. Helstu verkefni nú eru eftirlit með því að farið sé að reglum um stærð og þyngd ökutækja, hleðslu og frágang farms auk þess að hafa eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita. Enn fremur er eftirlit með atvinnuleyfishöfum og eftirlit vegna innheimtu olíugjalds og kílómetragjalds. Þessi þróun hefur kallað á aukið vinnuframlag frá Vegagerðinni og sérhæfingu á sviði eftirlits með stórum ökutækjum. Miðað er við að umfang eftirlits verði í megindráttum óbreytt fyrst um sinn en einhver aukning kunni að verða á afmörkuðum sviðum.

### 3.3.2.6 Þjónusta.

Þjónusta Vegagerðarinnar miðar að því að tryggja greiða og örugga umferð. Þjónusta á vegakerfinu tekur til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu. Vegmerkingar og vegbúnaður fellur einnig undir þjónustu sem og heflun vega og öll umhirða um vegi og vegsvæði, þar með taldar brýr, jarðgöng og annað sem tilheyrir vegunum. Kröfur um þjónustu í vegakerfinu hafa vaxið undanfarin ár og mun svo verða áfram. Áætlunin tekur mið af þessu og fara útgjöldin því vaxandi á áætlunartímanum. Kostnaður við þjónustu sundurliðast á helstu þætti samkvæmt töflunni.

**Tafla 3.3-3. Kostnaður við þjónustu á vegum.**

| | **1. tímabil** 2007–2010 millj. kr. | **2. tímabil** 2011–2014 millj. kr. | **3. tímabil** 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Þjónustusvæði í almennri þjónustu | 1.315 | 1.500 | 1.700 |
| Vegir og vegyfirborð | 2.275 | 2.595 | 2.935 |
| Brýr, göng, varnargarðar | 386 | 440 | 495 |
| Vegmerkingar og vegbúnaður | 2.502 | 2.855 | 3.235 |
| Þéttbýlisvegir | 1.501 | 1.710 | 1.935 |
| Vetrarþjónusta | 5.224 | 5.900 | 6.700 |
| **Samtals** | **13.203** | **15.000** | **17.000** |

Miðað er við að hægt verði að hafa heildregið (sbr. mynd 2-1) vegakerfi grunnnetsins opið alla daga vikunnar að vetrinum. Einnig er ráðgert að auka hálkuvarnir samkvæmt sérstakri áætlun þar um.

Skilgreind eru markmið fyrir þjónustuna sem hér segir:

- Þjónusta á vegakerfinu uppfylli gæðastaðal.
- Eyjabyggðum og byggðarlögum án vegasamgangna hluta ársins verði tryggðar samgöngur sem fullnægi almennri flutningaþörf.
- Aðgengi að fjölsóttustu ferðamannastöðunum verði tryggt allt árið með bættri vetrarþjónustu.

### 3.3.2.7 Almenningssamgöngur á landsvísu.

Það er eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar að öruggum almenningssamgöngum verði haldið uppi. Þær skulu ná til allra þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri. Stefnt er að því að ferðatími frá þéttbýlisstöðum á landinu til höfuðborgarinnar verði ekki meiri en um þrjár klukkustundir með bíl eða flugi og bíl eða ferju og bíl.

Vegagerðin hefur umsjón með öllum almenningssamgöngum sem ríkið styrkir.

Allir samgöngumátar, sem gefa almenningi kost á að kaupa far milli staða samkvæmt útgefinni tímaáætlun, teljast til almenningssamgangna. Allt áætlunarflug telst því til þeirra. Greiðar flugsamgöngur við höfuðborgina eru forsenda þess að fyrirtæki og stofnanir á landsbyggðinni geti tekið virkan þátt í atvinnulífi landsins. Miðað er við að áætlunarflug verði starfrækt á öllum flugleiðum í grunnnetinu og til nokkurra flugvalla að auki, einkum til að tryggja lágmarkssamgöngur á einangruðum stöðum. Meginhluti áætlunarflugs er rekinn á viðskiptagrundvelli án styrkja. Ríkið styrkir flug á nokkra staði þar sem ekki hefur reynst mögulegt að halda uppi áætlunarflugi án þess.

Vestmannaeyjar hafa sérstöðu í samgöngum að því leyti að þar er einungis um almenningssamgöngur að ræða. Allir vöruflutningar og meiri hluti fólksflutninga fer fram sjóleiðis með ferjunni Herjólfi. Reglubundnar flugferðir eru einnig milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur og Vestmannaeyja og Bakkaflugvallar. Frá árinu 2006 hefur Herjólfur farið tvær ferðir á dag og annar hann í flestum tilvikum flutningaþörf en þó kemur fyrir að þörf er fyrir stærra bíladekk á skipinu. Það tekur Herjólf tæplega þrjár klukkustundir að sigla milli Eyja og Þorlákshafnar. Óskir um styttingu þess tíma hafa verið ofarlega á baugi undanfarin ár. Starfshópur á vegum samgönguráðuneytisins um samgöngur til Vestmannaeyja hefur lokið störfum og lagt til að Siglingastofnun verði falið að ljúka rannsóknum og undirbúningi fyrir höfn í Bakkafjöru við Landeyjasand. Samhliða verði framkvæmt áhættumat á siglingum ferju milli Eyja og Bakkafjöru og ef ekkert athugavert kemur ljós við þá athugun né við frekari rannsóknir á byggingu hafnar í Bakkafjöru, verði ráðist í þá framkvæmd. Samgönguráðherra hefur í kjölfarið lagt til að farið verði að tillögum hópsins. Gert er ráð fyrir að við upphaf framkvæmda verði lagt til fjármagn með láni til 12 ára fyrir stærstum hluta framkvæmdanna.

Lokið verður við afborgun eldri lána á árinu 2007 og taka þá við greiðslur vegna kaupa á nýrri Grímseyjarferju. Styrkur til ferjusiglinga á Breiðafirði fer minnkandi á áætlunartímabilinu. Framlög til ferja fara lækkandi á tímabilinu í samræmi við það.

Áætlunarleiðir sérleyfishafa voru boðnar út á árinu 2005 og í framhaldi gerðir samningar um akstur til þriggja ára. Gert er ráð fyrir að kerfi áætlunarleiða á vegum sérleyfishafa verði endurskipulagt innan þriggja ára eða áður en samningar við núverandi sérleyfishafa renna út.

### 3.3.2.8 Rannsóknir og þróun.

Rannsóknir, þróun og tilraunir af ýmsu tagi verða stöðugt nauðsynlegri á öllum sviðum þjóðlífsins. Það á ekki síður við um samgöngusviðið en önnur. Samgöngustofnanir leitast einnig við að sinna þessum verkefnum eins og unnt er. Þær standa sjálfar að rannsóknum og hafa samvinnu við rannsóknarstofnanir af ýmsu tagi innan lands og utan. Þær hafa einnig samvinnu sín á milli og standa sameiginlega að ýmsum rannsóknarverkefnum.

Rannsóknarverkefni á sviði samgöngumála eru einkum af eftirfarandi toga:

1. Tæknileg rannsóknarverkefni sem hafa að markmiði að finna nýjar lausnir á tilgreindum viðfangsefnum í gerð eða rekstri einhvers hluta samgöngukerfisins.
2. Hagrænar rannsóknir á eðli samgöngukerfisins og hvernig staðið skuli að uppbyggingu þess, m.a. til að ákveða hvernig ráðstafa skuli opinberu fé.
3. Rannsóknir sem varða öryggi í samgöngum.
4. Rannsóknir sem varða umhverfisáhrif samgangna og hvernig draga megi úr óæskilegum áhrifum þeirra á umhverfið.

Ljóst er að stofnanir samgöngumála reka nú þegar umfangsmiklar rannsóknir hver á sínu sérsviði, sem einkum falla í fyrsta flokkinn, en einnig að töluverðu leyti í hina flokkana. Þær hafa til að mynda sameinast um hagrænar rannsóknir á samgöngukerfinu. Samgönguáætlun gerir ráð fyrir að samvinna á sviði rannsókna verði styrkt og umfang þeirra aukið. Samgönguráð hafi yfirumsjón með samgöngurannsóknum og móti samræmda rannsóknarstefnu sem verði sett fram í samgönguáætlun og fylgt eftir m.a. með gerð rannsóknaráætlana. Einkum verður lögð áhersla á verkefni sem eru til þess fallin að auka skilning á eiginleikum og eðli samgöngukerfisins í heild og möguleikum þess til að ná markmiðum um flytjanleika, hagkvæmni, öryggi og umhverfisáhrif. Samgönguráð mun útfæra þessar hugmyndir nánar og koma með tillögur um tilhögun þessara mála.

*Vegagerðin.*

Samkvæmt vegalögum skal 1% af mörkuðum tekjum til vegagerðar renna til tilrauna, rannsókna og þróunar. Árlega er unnið að u.þ.b. 100 sjálfstæðum rannsókna- og þróunarverkefnum, sem skipað hefur verið í eftirfarandi fjóra flokka: Mannvirki – umferð – umhverfi – samfélag. Vegagerðin stýrir flestum af þessum rannsóknum, en þær eru að miklum meiri hluta unnar af háskólastofnunum, rannsóknastofnunum atvinnuveganna, verkfræðistofum og öðrum sjálfstæðum aðilum. Þá er einnig nokkuð um að veittir séu styrkir til rannsóknarverkefna á vegum annarra aðila en Vegagerðarinnar, enda snerta þá verkefnin vegi og umferð. Þá hefur Vegagerðin tekið þátt í og fjármagnað að stórum hluta þau sameiginlegu verkefni sem unnin eru undir hatti samgönguráðs.

Síðustu 10–20 ár hefur með u.þ.b. fimm ára millibili verið efnt til átaks um afmörkuð rannsóknarsvið. Þá er reynt að efna til samstarfs við aðrar stofnanir, félög og fyrirtæki, sem vinna að sambærilegum málefnum. Þannig var á árunum 1995–2000 lögð áhersla á rannsóknir á sviði steinefna, burðarlags og slitlags, en á árunum 2001–2005 var lögð sérstök áhersla á umferðaröryggi. Af því tilefni stóð Vegagerðin fyrir því að koma á fót Rannsóknarráði umferðaröryggismála (RANNUM), með þátttöku 15 opinberra stofnana, félaga og samtaka. Tæplega 100 fjárveitingar voru til verkefna sem unnin voru á þessu tímabili og heildarkostnaður var um 83 millj. kr. Verkefnin skiptust í tæknileg efni, sálfræði/hegðun ökumanna, fræðslumál, tölfræði, líffræði/læknisfræði og kostnaðarmál tengd slysum. Átaksverkefni áranna 2006–2010 verða annars vegar á sviði umhverfismála og hins vegar upplýsingatækni.

### 3.3.2.9 Minjar og saga.

Minjar Vegagerðarinnar eru einkum af tvennum toga. Annars vegar eru mannvirki, brýr, vegkaflar eða veghlutar (t.d. hleðslur) frá fyrstu áratugum vegagerðar í landinu. Hins vegar eru tæki og búnaður af ýmsu tagi og frá ýmsum tímum, sem varpa ljósi á vinnubrögð og tæknistig við vega- og brúargerð, aðbúnað fólks o.þ.h.

Á undanförnum árum hefur Vegagerðin hugað nokkuð að báðum þessum þáttum. Nokkrum eldri mannvirkjum hefur verið haldið við í þessu skyni og sum færð til upphaflegs horfs. Reynt er að finna þessum mannvirkjum léttara hlutverk en áður, en gjarnan kappkostað að halda þeim í einhverri notkun. Þá hafa tæki frá upphafi vélaaldar verið gerð upp í nokkrum mæli, sem og eldri tæki og búnaður. Nokkuð af tækjum og búnaði Vegagerðarinnar hefur verið til sýnis í Samgönguminjasafni Íslands að Skógum, samkvæmt sérstökum samningi milli aðila. Er það í samræmi við þá stefnu Vegagerðarinnar að sýning gripa hennar sé betur komin hjá söfnum sem hafa sýningarhald á verkefnaskrá sinni, fremur en að Vegagerðin komi sér sjálf upp sýningaraðstöðu. Vegagerðin hefur stutt Verkfræðingafélag Íslands við gerð bókar um sögu brúargerðar og á næstu árum hefur Vegagerðin í hyggju að láta rita sögu Vegagerðarinnar.

### 3.3.2.10 Viðhald vega.

Tryggja þarf að ekki glatist þau verðmæti sem bundin eru í vegum, brúm, jarðgöngum og öðrum mannvirkjum landsamgangna. Þetta tekur til alls viðhalds, svo sem endurnýjunar slitlags, styrkinga og endurbóta, viðhalds brúa, jarðganga, varnargarða, vegbúnaðar, umferðaröryggisaðgerða, verkefna samkvæmt umferðaröryggisáætlun og girðinga. Markmiðið með viðhaldi vega er að varðveita þessi verðmæti og endurbæta þá vegi sem ekki uppfylla gildandi staðla um breidd, burðarþol og umferðaröryggi. Malarvegum á stofn- og tengivegum sé jafnframt komið í viðhaldshæft ástand. Eftirfarandi eru viðhaldsmarkmið:

- Varðveita verðmæti vegamannvirkja.
- Uppfylla gildandi reglur um vegbreiddir og burðarþol.
- Uppfylla gildandi kröfur um umferðaröryggi

*Viðhaldskostnaður.*

Kostnaður við að sinna nauðsynlegu viðhaldi hefur verið metinn og er hann sýndur í töflunum hér á eftir.

**Tafla 3.3-4. Viðhaldskostnaður vega.**

| | **1. tímabil** 2007–2010 millj. kr. | **2. tímabil** 2011–2014 millj. kr. | **3. tímabil** 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Bundið slitlag | 4.878 | 5.340 | 5.480 |
| Malarvegir | 1.049 | 1.200 | 1.350 |
| Styrkingar og endurbætur | 5.211 | 8.000 | 8.000 |
| Brýr, varnargarðar, veggöng | 1.308 | 1.500 | 1.550 |
| Öryggisaðgerðir | 774 | 830 | 910 |
| Umferðaröryggisáætlun | 438 | 440 | 440 |
| Vatnaskemmdir og ófyrirséð | 709 | 720 | 720 |
| Viðhald girðinga | 279 | 330 | 410 |
| Frágangur gamalla efnisnáma | 135 | 140 | 140 |
| **Samtals** | **14.781** | **18.500** | **19.000** |

Veruleg aukning er á fjárþörf til viðhalds vegamannvirkja. Það helgast ekki síst af því að auk markmiða um að viðhalda þeim verðmætum sem bundin eru í vegakerfinu er gert ráð fyrir því að breikka og styrkja þá hluta grunnvegakerfisins sem bera mesta og þyngsta umferð en voru byggðir fyrir minna umferðarálag. Auka þarf lögn malbiks í stað klæðinga á fjölförnustu vegunum. Samhliða öðrum aðgerðum þarf að auka umferðaröryggi með lagfæringum á umhverfi veganna og endurbæta slysastaði. Styrkja þarf þá malarvegi sem mesta þýðingu hafa innan sveitarfélaga í dreifbýli og leggja bundið slitlag þar sem umferð er mest.

### 3.3.2.11 Stofnkostnaður.

#### 3.3.2.11.1 Framkvæmdir í grunnneti.

Skilgreind hafa verið æskileg framkvæmdamarkmið fyrir grunnnetið og kostnaður metinn við að ná þeim.

**Markmið með framkvæmdum á vegum í grunnneti.**

Áætlunartímanum er skipt niður í þrjú fjögurra ára tímabil. Helstu framkvæmdum í grunnneti er raðað á tímabil. Röðun framkvæmda á fyrsta tímabili fer fram við gerð fjögurra ára áætlunar samgönguáætlunar. Í grunnneti er miðað við að stofnvegir og tengivegir séu byggðir upp með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi. Landsvegum í grunnnetinu verði komið í „gott horf" samkvæmt nánari skilgreiningu, en það felur meðal annars í sér að þeir séu með allgóða legu í hæð og fleti og fái bundið slitlag. Þá eru sett markmið um öryggisþætti. Á höfuðborgarsvæðinu eru sett fram markmið hliðstætt því sem lagt var til grundvallar vinnu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Umferð og þar með þörf fyrir fjárfestingu í gatnakerfinu ræðst mjög af íbúaþróun og skipulagi byggðar og því voru gögn úr svæðisskipulaginu höfð til hliðsjónar við mat á framkvæmdaþörf þar. Rétt þótti að setja markmiðin fram með þessum hætti til þess að fá fram umfang kostnaðar við að byggja grunnnetið upp. Ljóst er að fjárhagsrammi samgönguáætlunar leyfir ekki að þessum framkvæmdum verði lokið á áætlunartímabilinu.

Eftirfarandi eru framkvæmdamarkmið vegamála:

- Byggja upp grunnnet stofn- og tengivega sem skilgreint er í samgönguáætlun með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi.
- Endurbyggja/breikka einbreiða kafla með bundnu slitlagi með umferð yfir 400 ÁDU (ÁrDagsUmferð-meðalumferð á dag yfir árið) þar sem bundið slitlag var lagt á gamla vegarkafla án endurbóta sem reynst hafa hættulegir, svo og kafla þar sem vegferill er ónothæfur.
- Breikka vegi þar sem umferð er svo mikil að flutningsgeta og umferðaröryggi verða vandamál.
- Grafa jarðgöng í samræmi við jarðgangaáætlun.
- Útrýma einbreiðum brúm á vegum með umferð yfir 200 ÁDU.
- Lagfæra vegi á hættulegum stöðum í samræmi við sérstaka áætlun.
- Hefja endurbætur á helstu landsvegum (dregnir með slitinni línu í mynd 2-1 af grunnkerfinu). Markmið endurbótanna sé að koma þessum vegum í „gott horf" samkvæmt nánari skilgreiningu.
- Girða meðfram vegum með umferð yfir 300 ÁDU þannig að þar verði unnt að banna lausagöngu búfjár.
- Byggja/endurbæta vegi og brýr á höfuðborgarsvæðinu í þeim mæli að umferðarástand versni ekki frá því sem er í dag.

Í eftirfarandi töflu er sýnt gróft mat á kostnaði við að uppfylla framkvæmdamarkmiðin. Til samanburðar er sýnt það fjármagn sem er til umráða samkvæmt áætluninni.

**Tafla 3.3-5. Kostnaður við framkvæmdamarkmið vega borinn saman við fjármagn áætlunarinnar og skipting fjármagns á tímabil.**

| Vegir í grunnneti | Kostnaður millj. kr. | Fjármagn millj. kr. | 2007–2010 millj. kr. | 2011–2014 millj. kr. | 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Almenn verkefni | 7.000 | 6.715 | 2.185 | 2.230 | 2.300 |
| Verkefni á höfuðborgarsv. | 78.000 | 28.686 | 8.736 | 9.950 | 10.000 |
| – – símafé | | 9.320 | 9.320 | | |
| Verkefni á landsbyggð | 67.000 | 35.504 | 12.574 | 11.430 | 11.500 |
| – – símafé | | 5.680 | 5.680 | | |
| Áður framkv./afborganir | | | –80 | | |
| Jarðgangaáætlun | 40.000 | 37.792 | 11.392 | 13.200 | 13.200 |
| Landsvegir í grunnneti | 14.000 | 2.110 | 240 | 670 | 1.200 |
| **Samtals** | **206.000** | **125.807** | **50.047** | **37.480** | **38.200** |

Þrír síðasttöldu liðirnir, verkefni á landsbyggð, jarðgöng og landsvegir, taka til allra framkvæmdamarkmiðanna utan höfuðborgarsvæðisins í grunnneti. Að baki talna í verkefnum á landsbyggð liggur skrá um allar nauðsynlegar framkvæmdir í vega- og brúargerð til þess að fullnægja markmiðunum. Heildarkostnaður við þær er metinn á nærri 70 milljarða kr. Kostnaður við jarðgöng er áætlaður um 3,2–3,3 milljarðar kr. á ári, frá og með árinu 2008, en það svarar til þess að unnt sé að vinna nokkurn veginn samfellt að gerð tvennra jarðganga samtímis og stunda rannsóknir jafnframt. Í mati á heildarkostnaði er þessi árlegi kostnaður reiknaður út tímabilið. Fjármagn í samgönguáætlun dugir til að ljúka við Héðinsfjarðargöng og göng um Óshlíð á fyrsta tímabili. Á öðru tímabili verður lokið við göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og Norðfjarðargöng. Þá verður hafist handa við Lónsheiðargöng en frekari ákvarðanir bíða endurskoðunar samgönguáætlunar.

Kostnaður við framkvæmdamarkmið á höfuðborgarsvæðinu er áætlaður 78 milljarðar kr. Þess ber að geta að þar er um það að ræða að halda óbreyttu umferðarástandi. Þó að það tækist yrði áfram mikil fjárfestingaþörf á höfuðborgarsvæðinu og líklega a.m.k. jafnmikil á næstu 12 árum eftir áætlunartímabilið eins og fyrir tímabilið.

Þróun skipulags á höfuðborgarsvæðinu hefur mikil áhrif á fjárþörf svæðisins svo og röðun framkvæmda. Má í því sambandi bæði nefna meginstefnu skipulags (staðsetning nýrra hverfa, þétting byggðar o.þ.h.) og staðsetningu stórra stofnana/vinnustaða (sjúkrahús, skólar o.þ.h.), en hvort tveggja getur haft mikil áhrif á umferðina og flæði hennar.

Liðurinn almenn verkefni er ætlaður til að mæta nýjum og ófyrirséðum þörfum og um leið að skapa sveigjanleika í áætluninni. Ekki er með nokkru móti unnt að sjá fyrir allar þarfir til svo langs tíma sem hér um ræðir, og er þessi liður því nauðsynlegur.

Á heildina litið dugir fjármagnið til þess að ljúka við um 60% af framkvæmdamarkmiðunum. Eins og sést á töflunni verða einstakir liðir misjafnlega langt komnir í lok áætlunartímans.

### 3.3.2.11.2 Framkvæmdir utan grunnnets.

Meiri hluti þjóðvegakerfisins er utan grunnnets, þ.e. um 7.835 km af rúmlega 13.000 km. Meiri hluti tengivega og landsvega er í þessum flokki og allir safnvegir. Fjárveitingar eru sýndar í töflu hér að neðan. Eru þar einnig teknar með fjárveitingar til vega sem ekki eru þjóðvegir, en fá framlög úr vegasjóði samkvæmt ákvæðum í vegalögum. Fjárveitingar til

brúa og ferðamannaleiða verða nýttar í ýmsum flokkum vega og jafnvel að einhverju leyti á grunnnetinu. Fjárveitingar til girðinga verða notaðar í miklum mæli í grunnnetinu, en einnig utan þess. Til einföldunar eru þessir liðir þó taldir á einum stað.

**Tafla 3.3-6. Framkvæmdakostnaður utan grunnnets.**

| Framkvæmdir utan grunnnets | 2007–2010 millj. kr. | 2011–2014 millj. kr. | 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Tengivegir og ferðamannaleiðir | 3.354 | 3.800 | 4.000 |
| Til brúagerðar | 1.532 | 1.500 | 1.500 |
| Þjóðgarðavegir | 1.076 | 800 | 600 |
| Girðingar | 340 | 450 | 470 |
| Landsvegir utan grunnnets | 477 | 500 | 520 |
| Safnvegir | 1.422 | 1.540 | 1.600 |
| Styrkvegir | 284 | 330 | 350 |
| Reiðvegir | 240 | 280 | 320 |
| **Utan grunnets samtals** | **10.225** | **11.200** | **11.360** |

Hér er um mjög fjölbreytt verkefni að ræða. Sum þeirra snúa fyrst og fremst að aðgengi dreifbýlisins að samgöngukerfinu, svo sem tengivegir, safnvegir og að nokkru leyti brýr. Önnur lúta einkum að ferðamennsku og má þar nefna ferðamannaleiðir, landsvegi og styrkvegi. Í þriðja lagi má telja verkefni sem varða umferðaröryggi, eins og girðingar, reiðvegi og brýr að nokkru leyti.

Um alla þessa liði gildir í raun það sama og um vegi í grunnnetinu að þörfin fyrir endurbætur er mjög mikil. Með þeim fjárveitingum sem hér eru lagðar til er þessum verkefnum sinnt heldur betur en verið hefur á undanförnum árum.

**Helstu framkvæmdir á vegum í grunnneti.**

Af fjármagni til framkvæmda á grunnnetinu fer stærsti hlutinn til verkefna á landsbyggðinni (alls um 47,9 milljarðar kr. á áætlunartímabilinu) og til höfuðborgarsvæðisins (alls um 38 milljarðar kr.). Áætluð skipting þessa fjármagns á helstu verkefni og tímabil er sýnd í töflu í tillögugreininni.

### 3.3.2.12 Verkefni á höfuðborgarsvæðinu.

Miðað er við að höfuðborgarsvæðið nái frá Hafnarfirði (vegamótum Krýsuvíkurvegar) í suðri og að Hvalfjarðargöngum og að Gljúfrasteini í norðri. Til austurs er miðað við Geitháls. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu framkvæmdaáformum.

*Hringvegur.*

Á fyrsta tímabili er gert ráð fyrir að lokið verði við breikkun vegarins í fjórar akreinar upp í Mosfellsbæ. Á öðru og þriðja tímabili verði lokið við hliðstæða breikkun austur að Hafravatnsvegi og upp í Kollafjörð en jafnframt verði farið að gera mislæg gatnamót í stað hringtorga. Að öðru leyti er vísað til áforma um sérstaka fjármögnun.

*Hafnarfjarðarvegur.*

Lagt er til að gerð verði mislæg gatnamót á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar á fyrsta og öðru tímabili, unnið verði að lagfæringum á öðrum gatnamótum vegarins á öllum tímabilum áætlunarinnar. Unnið verði að breikkun vegarins í Fossvogi og Kópavogi á öðru og þriðja tímabili. Innifalið í því verki er breikkun brúa yfir Nýbýlaveg.

*Reykjanesbraut.*

Lagt er til að hlutur ríkisins í kostnaði við breytingar á Mýrargötu og Geirsgötu verði greiddur á öðru tímabili. Á fyrsta tímabili verði lokið breikkun vegarins í fjórar akreinar að Krýsuvíkurvegi og á þriðja tímabili verði unnið að frekari breikkunum og gerð undirganga. Lagt er til að á fyrsta tímabili verði gerð mislæg gatnamót við Bústaðaveg, Arnarnesveg, Vífilsstaðaveg og Krýsuvíkurveg. Lagt er til að á þriðja tímabili verði haldið áfram gerð mislægra gatnamóta.

*Krýsuvíkurvegur.*

Lagt er til að á fyrsta tímabili séu gerðar nauðsynlegar lagfæringar á veginum næst Reykjanesbraut vegna tengingar við mislæg gatnamót.

*Nesbraut.*

Nesbraut er samheiti vegar 49 sem liggur um Vesturlandsveg, Miklubraut, Hringbraut og Eiðsgranda.

Fjárveiting á fyrsta tímabili er til greiðslu á framkvæmdum sem lokið er við. Á öðru tímabili er lagt til að gerðar verði lagfæringar á gatnamótum við Lönguhlíð.

*Hlíðarfótur.*

Lagt er til að á fyrsta tímabili verði gerð tenging að nýrri samgöngumiðstöð. Á þriðja tímabili verði haldið áfram framkvæmdum á þessari leið.

*Elliðavatnsvegur.*

Lagt er til að hafist verði handa við endurbætur á Elliðavatnsvegi á öðru tímabili og þeim haldið áfram á því þriðja.

*Arnarnesvegur.*

Lagt er til að gerð Arnarnesvegar austan Reykjanesbrautar verði lokið á fyrsta og öðru tímabili og gerð verði mislæg gatnamót við Breiðholtsbraut á þriðja tímabili.

*Vífilsstaðavegur.*

Lagt er til að vegurinn austan Reykjanesbrautar verði endurbyggður á þriðja tímabili og ýmsar endurbætur gerðar.

*Álftanesvegur.*

Lokið verði á fyrsta tímabili endurbyggingu vegarins frá Hafnarfjarðarvegi að Bessastaðavegi.

*Höfðabakki.*

Lagt er til að á þriðja tímabili verði unnið að færslu og endurbótum á Höfðabakka.

*Hafravatnsvegur.*

Lagt er til að gerðar verði endurbætur á milli Úlfarsfellsvegar og Hringvegar á þriðja tímabili.

*Hallsvegur.*
Lagt er til að unnið verði að gerð vegarins á þriðja tímabili.

*Sundabraut.*
Fjárveiting á fyrsta tímabili er til áframhaldandi undirbúnings. Að öðru leyti er fjárveiting af söluandvirði Símans og því til viðbótar gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun til verksins.

*Fjarðarbraut.*
Lagt er til að fjárveiting verði til endurbóta á veginum á þriðja tímabili.

*Göngubrýr og undirgöng.*
Lagt er til að áfram verði unnið að gerð göngubrúa og undirganga til að auka öryggi gangandi vegfarenda.

*Smærri verk og ófyrirséð.*
Samkvæmt reynslu fellur á þessu svæði til mikið af smærri verkefnum sem erfitt er að áætla þannig að lagt er til að höfð sé ósundurliðuð upphæð til að sinna þeim.

**3.3.2.13 Verkefni á landsbyggð.**
*Hornafjarðarfljót.*
Gert er ráð fyrir að núverandi legu Hringvegar verði breytt í samræmi við aðalskipulag Hornafjarðar og er lagt til að framkvæmdir hefjist á fyrsta tímabili og ljúki á öðru. Við það mun Hringvegurinn styttast um 11 km.

*Jökulsá á Breiðamerkursandi.*
Treysta þarf núverandi brú á Jökulsá og árfarveginn. Einnig þarf að vinna að framtíðarlausn á þessum stað. Lagt er til að varið verði til þessara verkefna 50 millj. kr. á öðru sem og þriðja tímabili.

*Brýr í Öræfum.*
Þörf er á að endurbyggja brýr á Hringvegi í Öræfum og er lagt til að það verk hefjist á öðru tímabili.

*Breikkun brúa á Suðurlandi.*
Gert er ráð fyrir að fjármagn af þessum lið, á öðru og þriðja tímabili, verði notað til að breikka nokkrar stórar einbreiðar brýr. Má þar nefna brú á Jökulsá á Sólheimasandi, Stóru-Laxá og Breiðbalakvísl. Áfram verður haldið breikkun brúa fyrir fjárveitingar til brúagerðar.

*Hringvegur um Hellu.*
Lagt er til að á öðru tímabili verði gerðar endurbætur á veginum við Hellu.

*Selfoss.*
Lagt er til að Hringvegurinn um Selfoss verði færður norður fyrir byggðina, samkvæmt skipulagi og verkið hefjist á þriðja tímabili.

*Hringvegur á Hellisheiði.*
Lagt er til að fjárveitingar séu á öllum tímabilum til endurbóta á veginum yfir Hellisheiði. Gert er ráð fyrir að til viðbótar verði aflað fjármagns með sérstakri fjáröflun til endurbóta á veginum.

*Bræðratunguvegur.*
Hafist verði handa um vega- og brúargerð á nýrri tengingu milli Aratungu og Flúða á fyrsta tímabili og verkinu lokið á öðru tímabili.

*Lyngdalsheiðarvegur.*
Vegagerð hefjist og ljúki á fyrsta tímabili.

*Suðurstrandarvegur.*
Lagt er til að fjárveitingar komi til verksins á hverju tímabili. Áætlað er að þær dugi til að ljúka verkinu.

*Bakkavegur.*
Lagt er til að á fyrsta tímabili verði gerð tenging að nýrri ferjuhöfn.

*Reykjanesbraut, Hafnarfjörður–Keflavík.*
Tvöföldun brautarinnar heldur áfram. Verkinu lýkur á öðru tímabili áætlunarinnar í aðalatriðum, en skipulag í Hafnarfirði er þó ófrágengið enn þá og því ekki ljóst hver kostnaður verður þar.

*Keflavíkurvegur.*
Lagt er til að ný tenging verði gerð frá Reykjanesbraut inn í Keflavík á fyrsta og öðru tímabili.

*Hvalfjarðartengingar.*
Greiðslu skulda og skuldbindinga sem stofnað var til við gerð Hvalfjarðarganga lýkur á fyrsta tímabili.

*Hringvegur um Borgarnes.*
Lagfæringar verði gerðar á veginum í Borgarnesi á fyrsta tímabili og á þriðja tímabili verði Hringveginum við Borgarnes breytt og hann færður út úr þéttbýlinu.

*Hringvegur um Stafholtstungur.*
Fyrirhugað er að ljúka við endurbyggingu þessa kafla Hringvegarins á fyrsta tímabili.

*Hringvegur á Holtavörðuheiði.*
Lagt er til að hafin verði endurbygging vegarins með fram Holtavörðuvatni á þriðja tímabili.

*Hringvegur í Hrútafirði.*
Lagt er til að á fyrsta tímabili verði legu Hringvegar í botni Hrútafjarðar breytt og ný brú byggð yfir Hrútafjarðará sem kemur í stað núverandi brúar og einbreiðrar brúar yfir Síká.

*Hringvegur um Húnavatnssýslu.*
Lagt er til að hafin verði gerð Hringvegar í nýrri legu norðan Svínavatns á þriðja tímabili.

*Hringvegur í Norðurárdal.*
Lagt er til að á fyrsta tímabili verði lokið endurbyggingu vegarins um Norðurárdal í Skagafirði ásamt endurbyggingu brúa í stað einbreiðra brúa sem nú eru á þessari leið.

*Fróðárheiði.*
Hafin verði endurbygging vegar yfir Fróðárheiði á fyrsta tímabili og lokið á öðru tímabili.

*Þverun Kolgrafafjarðar.*
Lokið verði við að greiða eftirstöðvar kostnaðar við þessa framkvæmd sem er lokið.

*Skógarströnd.*
Lagt er til að endurbygging vegar um Skógarströnd hefjist á þriðja tímabili.

*Vestfjarðavegur, Þórisstaðir–Vatnsfjörður.*
Lagt er til að unnið verði að framkvæmdum á þessum vegi allt áætlunartímabilið og honum lokið.

*Vestfjarðavegur á Dynjandisheiði.*
Lagt er til að unnið verði að endurbyggingu vegarins yfir heiðina á þriðja áætlunartímabili og henni lokið.

*Djúpvegur um Strandir.*
Hér er lagt til að unnið verði áfram við endurbætur á veginum um Strandir á fyrsta og þriðja tímabili.

*Djúpvegur, Ísafjörður–Mjóifjörður.*
Þessi vegarkafli hefur verið boðinn út og verður honum lokið á fyrsta tímabili.

*Djúpvegur, Álftafjörður–Bolungarvík.*
Lagt er til að unnið verði að endurbótum á þessari leið á fyrsta áætlunartímabili og vegur í Álftafirði breikkaður á öðru tímabili.

*Akranesvegur um Þjóðbraut.*
Lagt er til að ný tenging verði gerð inn í Akranes.

*Tröllatunguvegur.*
Lagt er til að unnið verði að gerð nýs vegar yfir heiðina, um Arnkötludal, á fyrsta áætlunartímabili og henni lokið.

*Strandavegur, Djúpvegur–Drangsnes.*
Lagt er til að endurbótum á leiðinni að Drangsnesi ljúki á öðru áætlunartímabili.

*Þverárfjallsvegur.*
Fjárveitingar miðast við að lokið verði við veginn um Laxárdalsheiði og Gönguskörð, á fyrsta áætlunartímabili.

*Breikkun brúa í Norðvesturkjördæmi.*
Lagt er til að fjárveitingar verði til þessa verkefnis á öðru og þriðja tímabili. Einnig verður unnið að breikkun brúa fyrir fjármagn af liðnum til brúagerða.

*Hringvegur um Akureyri.*
Lagt er til að unnið verði við lagfæringar vegamóta á veginum um Akureyri á fyrsta en einkum á þriðja tímabili.

*Hringvegur, Akureyri–Hvalnesskriður.*
Undir þennan lið fellur endurbygging vegarins um Skjöldólfsstaðafjall (í stað Arnórsstaðamúla), Skriðdal, botn Berufjarðar, í Hamarsfirði og um Þvottár- og Hvalnesskriður.

*Jökulsá á Fjöllum.*
Lagt er til að ný brú verði byggð á Jökulsá á Fjöllum á öðru tímabili. Núverandi brú sem er einbreið hefur ekki nægilegt burðarþol.

*Hringvegur um Lagarfljót.*
Lagt er til að ný brú yfir Lagarfljót milli Fellabæjar og Egilsstaða verði byggð á öðru tímabili.

*Snjóflóðavarnir á Ólafsfjarðarvegi.*
Lagt er til að á fyrsta tímabili verði gerðar varnir gegn snjóflóðum við Ólafsfjarðarveg hjá Sauðanesi.

*Norðausturvegur um Skjálfandafljót og Tjörn.*
Lagt er til að brú á Skjálfandafljóti í Köldukinn verði endurbyggð ásamt vegi á öðru tímabili og veginum við Tjörn verði breytt á þriðja tímabili.

*Norðausturvegur um Hófaskarð og til Raufarhafnar.*
Haldið verði áfram byggingu vegar á þessari leið. Vegurinn er kominn austur í Núpasveit og er þá eftir að leggja veg yfir Öxarfjarðarheiði (Hófaskarðsleið) og endurgera veg til Raufarhafnar. Lagt er til að þessum framkvæmdum ljúki á öðru tímabili.

*Norðausturvegur, Þórshöfn–Vopnafjörður–Hringvegur.*
Lagt er til að á öðru tímabili verði hafist handa við endurbyggingu Norðausturvegar milli Þórshafnar og Bakkafjarðar.
Haldið verði áfram gerð tengingar Vopnafjarðar við Hringveg og því lokið á fyrsta tímabili.

*Kísilvegur.*
Fjárveitingar eru til verksins á fyrsta og öðru tímabili og því verði þá lokið.

*Norðfjarðarvegur um Hólmaháls.*
Lokið verði við veg um Hólmaháls í fyrsta tímabili.

*Borgarfjarðarvegur.*
Gerðar verði verulegar endurbætur á veginum frá Eiðum og út í Njarðvíkurskriður á öðru og þriðja tímabili.

*Suðurfjarðavegur.*
Gerðar verði verulegar endurbætur á veginum frá Fáskrúðsfirði og suður í Breiðdal á þriðja tímabili.

*Eyjafjarðarbraut vestri.*
Lagt er til að á þriðja tímabili verði fjárveitingar til endurbyggingar á Eyjafjarðarbraut vestri.

*Breikkun brúa í Norðausturkjördæmi.*
Lagt er til að fjárveitingar verði til þessa verkefnis á öðru og þriðja tímabili. Einnig verður unnið að breikkun brúa fyrir fjármagn af liðnum til brúagerða.

**3.3.2.14 Samgöngurannsóknir.**
Lagt er til að áfram verði varið nokkru fé til samgöngurannsókna. Fjárveitingar þessar verða notaðar til ýmissa samgöngurannsókna svo sem verið hefur að undanförnu, m.a. rannsókna sem notaðar eru við gerð samgönguáætlunar.

**3.3.2.15 Söluandvirði Símans.**
Samtals er varið 15 milljörðum kr. til ýmissa vegagerðarverkefna samkvæmt sérstökum lögum þar um. Samkvæmt þeim kemur allt þetta fjármagn á fyrsta tímabili. Gerð er nánari grein fyrir ráðstöfun þess í fjögurra ára áætlun fyrir árin 2007–2010.

**3.3.2.16 Jarðgangaáætlun.**
Í gildandi samgönguáætlun er við það miðað að aðeins sé unnið að einum jarðgöngum á hverjum tíma. Í þeirri áætlun sem hér er lögð fram er lagt til að unnt verði að vinna við gerð tvennra jarðganga samtímis.

Fjárveitingar til þessa liðar miðast við að lokið verði við Héðinsfjarðargöng síðari hluta árs 2009. Til viðbótar er gert ráð fyrir að unnið verði að gerð jarðganga á milli Hnífsdals og Bolungarvíkur og þeim lokið árið 2010. Núverandi göng um Oddsskarð eru löngu ófullnægjandi og vegna stækkunar atvinnusvæðis á Austurlandi með tilkomu nýs álvers og nauðsynlegra samgöngubóta í Fjarðabyggð í tengslum við það þarf að hefja framkvæmdir við Norðfjarðargöng eins fljótt og auðið er. Rannsóknir, hönnun og annar undirbúningur vegna Norðfjarðarganga fer fram 2007 og 2008 og verða þau boðin út á árinu 2009. Jafnframt verður, vegna nauðsynlegra samgöngubóta milli norður- og suðurhluta Vestfjarða, unnið að rannsóknum, hönnun og öðrum undirbúningi að Arnarfjarðargöngum árin 2007 og 2008. Göngin verða boðin út þannig að hefja megi framkvæmdir strax að lokinni vinnu við Óshlíðargöng.

Í framhaldi af þessum framkvæmdum verði hafist handa við göng undir Lónsheiði og önnur jarðgöng sem síðar verða ákveðin.

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir jarðgöngum undir Vaðlaheiði sem einkaframkvæmd. Er í því sambandi miðað við þær heimildir sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til nýrra vegalaga, sbr. 17. gr. þess. Vegagerðinni verði falið strax á árinu 2007 að hefja viðræður við hagsmunaaðila. Þar verði fjallað um framkvæmdir, fjármögnun og þátt ríkisins í verkefninu.

Vegna hugmynda um önnur jarðgöng er á áætlunartímabilinu gert ráð fyrir að unnið verði að frumrannsóknum og áætlunum vegna jarðganga á höfuðborgarsvæðinu, til Vopnafjarðar og á Miðausturlandi. Gert er ráð fyrir að kostnaður við þessar rannsóknir og áætlanagerð verði fjármagnaður af heildarfjárveitingu til jarðganga.

### 3.3.2.17 Sérstök fjáröflun.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan er gert ráð fyrir að nokkrar framkvæmdir verði fjármagnaðar með sérstakri fjáröflun.

Þær framkvæmdir sem hér um ræðir eru breikkun umferðarmesta hluta Hringvegarins bæði til austurs og vesturs og norður frá höfuðborgarsvæðinu. Þá er lagt til að hluta af fjármagni til lagningar Sundabrautar verði aflað með þessum hætti. Loks er gert ráð fyrir því að fjármagni til tengingar Vaðlaheiðarganga geti verið aflað með þessum hætti. Sjá nánar 4. kafla, Sérstök fjáröflun.

## 4. Sérstök fjáröflun.

Í áætlun þessari er gert ráð fyrir því að nokkrar framkvæmdir og verkefni á sviði flugmála, siglingamála og vegamála, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, verði fjármagnaðar með sérstakri fjáröflun á áætlunartímabilinu. Ástæðan er sú að um er að ræða það viðamikla útgjaldaliði að í þá verður ekki ráðist innan heildarramma samgönguáætlunar 2007–2018.

Þau mikilvægu verkefni, sem um ræðir, eru bygging samgöngumiðstöðvar í Reykjavík, sem hefur verið talin falla vel að einkaframkvæmd, bygging og rekstur Bakkafjöruferju, sem einnig er talin ákjósanleg einkaframkvæmd svo og sérstakt átaksverkefni í uppbyggingu vel skilgreindra flutningabrauta frá Reykjavík til Akureyrar annars vegar og frá Reykjavík að Markarfljóti hins vegar. Þá er gert ráð fyrir því að Vegagerðin hefji nú þegar viðræður við hagsmunaaðila um gerð Vaðlaheiðarganga og við það miðað að ljúka þeim viðræðum sem fyrst þannig að niðurstaða fáist um fjármögnun og þátt ríkisins í verkefninu.

Hér er ekki tekin bein afstaða til þess með hvaða hætti hið sérstaka átaksverkefni í vegagerð verði boðið út, en þess í stað er vísað til álits nefndar um einkaframkvæmd í samgöngum, sem fjallað er nánar um hér á eftir. Með einkaframkvæmd er hér átt við að einkaaðilum verði falið samkvæmt samningi hönnun, framkvæmd, rekstur og fjármögnun tiltekinna verkefna sem almennt samkomulag er um að opinberir aðilar sinni í þágu almennings.

Sérstök fjáröflun eins og það hugtak er sett fram í þessari áætlun getur verið með ýmsum hætti. Þar getur verið um að ræða einkaframkvæmd sem byggist á fjáröflun með notendagjöldum eða samblandi af notendagjöldum, ríkisframlagi og framlagi einkaaðila. Þar getur einnig verið um að ræða hefðbundnar framkvæmdir sem byggðar eru á hefðbundnum útboðum, en í þeim tilvikum byggist sérstök fjáröflun þá alfarið á sérstöku ríkisframlagi eða lántöku sem felur í sér að ríkið greiðir framkvæmdina á lengri tíma en nú er venjan.

Nefnd um einkaframkvæmd, sem samgönguráðherra skipaði á síðasta ári, hefur nýlega skilað skýrslu til ráðherra, þar sem m.a. er sett fram eftirfarandi álit:

a. Markaðir tekjustofnar til samgöngumála standa að margra mati ekki undir brýnum framkvæmdum. Því er mikilvægt að finna fjáröflunarleiðir til þess að sinna slíkum samgönguframkvæmdum.

b. Með einkaframkvæmd, sem byggist á veggjöldum, má auka tekjur til vegamála. Einkaframkvæmd er að mati nefndarinnar álitleg leið í samgönguframkvæmdum, ef hún að núvirði er ódýrari kostur en eiginframkvæmd, ef hagkvæm leið til gjaldtöku er fyrir hendi og annar kostur er um leiðarval þegar sértækri gjaldtöku er beitt. Með þeim hætti hefur einkaframkvæmd ekki áhrif á röð annarra framkvæmda. Tryggt verði að jafnræðis og gagnsæis verði gætt við val á framkvæmdaraðilum.
c. Til greina kemur að vinna einstök arðsöm eða brýn verkefni í einkaframkvæmd, þótt veggjald og bein framlög þriðja aðila standi ekki undir öllum kostnaði. Nefndin telur koma til álita að uppfylltum tilteknum skilyrðum að ganga til samstarfs við áhugaaðila um einkaframkvæmd, ef hann tryggir fjármagn til verksins í formi veggjalds eða beinna framlaga, sem standa a.m.k. undir 90% framkvæmdakostnaðar. Þannig hefði einkaframkvæmd óveruleg áhrif á röð annarra framkvæmda. Tryggja verður að útboðsreglum ríkisins verði fylgt og jafnræðis og gagnsæis verði gætt við val á framkvæmdar- og/eða rekstraraðila.
d. Auka þarf gagnsæi ákvarðana í samgönguframkvæmdum. Hugað verði að breyttu vinnulagi við röðun framkvæmda þar sem tvinnuð verði saman núverandi markmiðsaðferð annars vegar og kostnaðar-/ábatagreining hins vegar.

Í upphafi þessa kafla var staðhæft að ýmsum brýnum verkefnum í samgöngumálum verði ekki sinnt, nema til komi aukin fjáröflun. Auk einkaframkvæmdar sem álitlegrar leiðar til fjármögnunar er bent á nýja gjaldtöku af umferðinni, er miðist við stund og stað notkunar vegakerfisins. Enn fremur er ástæða til þess að kanna þá leið til hlítar að taka langtímalán til arðbærra og sérstaklega skilgreindra brýnna samgönguverkefna. Gefi almenn staða efnahags- og atvinnumála tilefni til eru vandséð rök fyrir því að fresta arðbærum samgönguframkvæmdum, þannig að samfélagið fari á mis við þann ábata sem af þeim hlýst.

## Fylgiskjal.

# Umhverfismat samgönguáætlunar 2007–2018. Umhverfisskýrsla.
(VSÓ-ráðgjöf, janúar 2007.)

**Samantekt matsvinnu**

Samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana hefur verið unnið umhverfismat fyrir samgönguáætlun 2007 til 2018 (SGÁ). Matsvinnan felur í sér gerð umhverfisskýrslu, þar sem gerð er grein fyrir helstu afleiðingum áætlunarinnar á umhverfi og samfélag. Umhverfisskýrslan var kynnt fyrir hagsmunaaðilum og almenningi og öllum gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum varðandi umhverfisáhrif áætlunarinnar. Með matsvinnunni er stuðlað að því að mið sé tekið af umhverfissjónarmiðum við gerð tillögu að samgönguáætlun og samræmi samgönguáætlunar við aðrar áætlanir. Með umhverfismatinu hafa verið skilgreind þau áhrif sem kunna að verða veruleg og lagðar fram tillögur um hvernig skuli bregðast við slíkum afleiðingum.

Umhverfismatið er unnið af vinnuhópi sem í sitja fulltrúar frá samgönguráðuneytinu, Vegagerðinni, Siglingastofnun og Flugmálastjórn Íslands. Vinna við umhverfismatið hófst í mars 2006 áður en frumvarp til laga um umhverfismat áætlana varð að lögum.

Meginniðurstaða matsvinnu snýr að samræmi við áætlanir, lög og alþjóðlega samninga, heildaráhrifum áætlunarinnar, hugsanlegum verulegum áhrifum og þeim aðgerðum sem lagt er til að ráðast í vegna þeirra.

**Samræmi við áætlanir, lög og alþjóðlega samninga**

Samgönguáætlun 2007 til 2018 er í samræmi við byggðaáætlun, ferðamálaáætlun 2006-2015 og heildarstefnu um málefni hafsins. Samgönguáætlun er að hluta til í samræmi við velferð til framtíðar – stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun til 2020, náttúruverndaráætlun 2004 til 2008 og náttúruminjaskrá. Ákveðin óvissa er um áhrif einstakra framkvæmda samgönguáætlunar á náttúrurfar, en líklegt er að einhverjar framkvæmdir kunni að vera í ósamræmi við áðurnefndar áætlanir. Til þess að eyða þeirri óvissu verður á síðari stigum ákvarðanatöku um framkvæmdir að meta áhrif á líffræðilega fjölbreytni og einstök vistkerfi, búsvæði eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar. Slíkt mat fer fram í umhverfismati skipulagsáætlana og/eða mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum 106/2000.

Varðandi málefni hafsins þarf að fylgjast með þróun siglingaleiða olíuskipa milli Barentshafs og Norður-Ameríku og skilgreina aðgerðir vegna hugsanlegra mengunaróhappa.

Samgönguáætlun er einnig í samræmi við lög og helstu alþjóðlegu samninga sem Ísland er aðili að. Þar má t.d. nefna Ramsarsamþykktina um votlendi, Bernarsamninginn, Ríósamninginn um líffræðilega fjölbreytni og Kyoto bókunina. Við nánari útfærslu og ákvörðun um framkvæmdir þarf að taka tillit til ofangreindra alþjóðlegra samninga.

Helstu umhverfisáhrif samgönguáætlunar 2007-2018 eru talin stafa af greiðari samgöngum, þar sem verið er að stytta leiðir, breikka vegi, stækkun flugvalla, uppbyggingu grunnnetsins, auknu öryggi, aukinni umferð og nýframkvæmdum. Helstu umhverfisþættirnir eru samfélag, heilsa, öryggi, loftslag, náttúrufar, hafið og landslag. Í matsvinnunni var mat lagt á hvernig samgönguáætlun hefur áhrif á þessa umhverfisþætti.

**Helstu áhrif á samfélag**

Megináhrif á samfélag snúa að umferðaröryggi, styttingu leiða og ferðatíma til þjónustu- og atvinnukjarna landsins. Jafnframt eru langflestar framkvæmdir á samgönguáætlun fallnar til þess að hafa jákvæð áhrif á ferðir meirihluta landsmanna en sumar gætu haft neikvæð staðbundin áhrif í því tilfelli að framkvæmdir ýta undir erfiða stöðu í jaðri stóru byggðakjarnanna.

Stór hluti framkvæmda á SGÁ snýr að þjóðvegakerfinu. Allar bætur og styttingar á því koma til með að bæta öryggi og auka umferð, þ.m.t. þungaflutninga. Á undanförnum árum hefur hlutdeild

landflutninga aukist mjög hratt og eru ástæður þess margvíslegar s.s. kostnaður fyrir flutnings- og dreifingaraðila og kröfur í samfélaginu.

Líklegt er að auknir landflutningar hafi neikvæð áhrif á almenna vegfarendur.

Fylgjast þarf með þróun mengunar frá samgöngum í þéttbýli, þ.e.a.s. umferðarhávaða og svifryki. Samstarf þarf að vera við sveitarfélögin vegna vöktunar og aðgerða varðandi þennan málaflokk.

Óvissa er um áhrif SGÁ á menningarminjar og þarf að meta þau á síðari stigum s.s. við gerð aðalskipulagsáætlana og/eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

**Helstu áhrif á náttúrufar**

Helstu áhrif einstakra framkvæmda SGÁ á náttúrufar eru tilkomin vegna Norðausturvegar, Héðinsfjarðarganga, Hornafjarðarfljóts, Vestfjarðavegar og Djúpvegar. Áhrifin eru neikvæð og snúa að raski á gróðri og jarðminjum, tapi á búsvæðum og skerðingu á friðlýstu og/eða ósnortnu landi. Mesta röskun nútímahrauns mun fylgja vegaframkvæmdum á Norðausturlandi og Suðvesturlandi. Óvissa er um áhrif vegna hafnar í Bakkafjöru og þarf að afla upplýsinga um náttúrufar við mat á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar.

Vatnsverndarsvæði eru oft í jaðri byggðar og nærri framkvæmdasvæðum og þarf að gefa þeim sérstakan gaum hvað umferð fólksbíla og flutningabíla varðar, sem og raski vegna framkvæmda.

Varðandi áhrif á víðerni, landslag og ímynd kann uppbygging hálendisvega að valda verulegum og neikvæðum áhrifum á þessa umhverfisþætti. Miðhálendi Íslands hefur ákveðna sérstöðu og verndargildi. Þar er að finna talsvert af náttúrufyrirbærum sem talin eru hafa sérstakt verndargildi s.s. jökla, jarðhitasvæði, gígaraðir og aðrar jarðmyndanir. Stærstur hluti þess er lítt gróinn en þó finnast víða gróðurvinjar sem eru búsvæði fugla og annarra lífvera. Þá eru einnig beitilönd og veiðivötn sem hafa verið nýtt um aldir.

Víðerni eins og miðhálendi Íslands eru nú óvíða annars staðar til í Evrópu nema helst í norðanverðri Skandinavíu og í því felst m.a. sérstaða þess. Helstu umhverfisáhrif vegna uppbyggingar hálendisvega eru á landslag og ímynd hálendisins. Í matsvinnunni kom fram að skort hefur samræmda stefnu stjórnvalda við landnotkun á þessu svæði. Það sé því mikilvægt verkefni stjórnvalda og almennings á næstu árum að samræma frekar sjónarmið um náttúruvernd og nýtingu þessara svæða en hagsmunir mismunandi aðila geta verið ólíkir frá einu svæði til annars.

Áður en ákvörðun er tekin um hálendisvegi þarf að eiga sér stað almenn umræða í þjóðfélaginu, þar sem margvísleg sjónarmið komi fram um tilgang og nauðsyn slíkra framkvæmda, sem og áframhaldandi stefnumörkun fyrir nýtingu hálendisins.

Ekki er talið líklegt að SGÁ hafi veruleg áhrif á víðerni og eins þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Fyrir utan hugsanleg áhrif vegna hálendisvega er talið að áhrif á náttúru verði í heild sinni ekki veruleg, sé þess gætt að komið verði í veg fyrir eða dregið úr röskun með eftirfylgni, t.d. við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skilgreiningu á mótvægisaðgerðum og/eða frekari skilmálum sem kunna að koma fram í skipulagsáætlunum.

Óvissa er um áhrif SGÁ á hafið en mikilvægt er að fylgja eftir þeirra heildarstefnumótun sem liggur fyrir um málefni hafsins, þ.m.t. að vernda hafsvæði sem teljast sérstök og viðkvæm. Hafið er mjög mikilvægur umhverfisþáttur, út frá náttúrufari og samfélagi. Stuðla þarf að áframhaldandi athugunum um verndargildi og líffræðilega fjölbreytni hafsvæða í lögsögu Íslands til þess að unnt verði að taka tillit til umhverfissjónarmiða við ákvarðanir um siglingaleiðir olíuskipa, neyðarhafnir eða aðra þætti sem kunna að hafa neikvæð áhrif á hafið.

**Helstu áhrif á loftslag**

Kyoto bókunin er einn af þeim alþjóðlegu samningum um umhverfismál sem eiga að hafa og munu hafa áhrif á framkvæmd SGÁ. Til þess að Ísland fái staðið við skuldbindingar sínar gagnvart samningnum er nauðsynlegt að horfa til samgangna sem stórs mengunarvalds. Samgöngur valda meira en 90% af brennslu eldsneytis á Íslandi og því er til mikils að vinna ef losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim er takmörkuð. Miðað við spár er fyrirsjáanlegt að mest aukning á losun $CO_2$ verði vegna flugumferðar, en fiskiskip og bílar eiga saman um 50% af $CO_2$ vegna samgangna. Mestu munar um aukið eldsneyti sem flugvéla- og skipaflotinn kaupir erlendis og má það rekja til aukinnar flugumferðar til landsins enda fjölgar flugfarþegum ár frá ári. Hins vegar er losun á $CO_2$ frá flugumferð ekki hluti af Kyoto-bókuninni.

Samkvæmt útstreymisspá sem Umhverfisstofnun hefur unnið fyrir umhverfisráðuneytið fellur hlutdeild samgangna sem hlutfallsleg uppspretta $CO_2$ ígilda úr 47% í 40% milli áranna 2006 og 2007 vegna ræsingar nýs álvers á Reyðarfirði. Það hlutfall helst svo óbreytt til loka áætlunartímabilsins ef ekki verður af frekari stóriðjuáformum en þegar hefur verið hafist handa við.

Litið er til þess að tækniframfarir geti orðið til þess að ekki sé gengið hraðar á óendurnýjanlegar auðlindir en svo að mögulegt sé að þróa og skipta yfir í endurnýjanlegar auðlindir sem er markmið áætlunarinnar.

Mikilvægt er að stefna að því að losun mengandi efna í andrúmsloftið frá bílum aukist ekki í sama hlutfalli og umferð. Samkvæmt spám umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Orkuspárnefndar er raunhæft að stefna að því að losun $CO_2$ í andrúmsloftið frá bílaumferð aukist ekki verulega til 2018.

## 1. Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana er samgönguáætlun 2007 til 2018 (SGÁ) matsskyld, þar sem hún:

- er undirbúin og samþykkt af stjórnvöldum
- er unnin samkvæmt lögum (lög nr. 71/2002 um samgönguáætlun)
- markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fjögurra ára áætlun SGÁ er fjárhagsáætlun, þ.e.a.s. greinir frá skiptingu fjármuna á einstakar framkvæmdir. Slíkar áætlanir eru ekki matsskyldar skv. lögum nr. 105/2006 eða tilskipun Evrópuráðsins um umhverfismat áætlana.

Umhverfismatið er unnið af vinnuhópi skipuðum af samgönguráðuneytinu, sem jafnframt veitir hópnum formennsku. Í hópnum sitja fulltrúar Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar Íslands og Flugmálastjórnar Íslands. Starfsmaður vinnuhópsins kom frá VSÓ Ráðgjöf. Í vinnuhópnum sitja:

| | |
|---|---|
| Eiríkur Bjarnason, formaður | Samgönguráðuneyti |
| Eymundur Runólfsson | Vegagerðin |
| Matthildur B. Stefánsdóttir | Vegagerðin |
| Helga R. Eyjólfsdóttir | Flugmálastjórn Íslands |
| Sigurður Sigurðarson | Siglingastofnun Íslands |
| Stefán Gunnar Thors, Inga Dagmar Karlsdóttir og Sebastian Peters | VSÓ Ráðgjöf |

Vinna við umhverfismatið hófst í mars 2006 og þ.a.l. áður en lögin um umhverfismat áætlana tóku gildi. Var nauðsynlegt að hefja vinnuna strax þar sem samgönguáætlun 2007-2018 verður lögð fram á Alþingi í ársbyrjun 2007. Verklag matsins hefur verið í samræmi við frumvarpið og síðar lögin um umhverfismat áætlana, tilskipun Evrópuráðsins 42/2001/EB um umhverfismat áætlana og drög að leiðbeiningum um umhverfismat áætlana sem Skipulagsstofnun er að vinna, að svo miklu leyti sem þær hafa verið til.

Umhverfisskýrslu SGÁ er skipt upp í fjóra hluta:

**I. hluti** gerir grein fyrir skipulagi og aðferðafræði matsvinnu.

**II. hluti** fjallar um stefnumið SGÁ og tengsl hennar við aðrar áætlanir og alþjóðlega samninga.

**III. hluti** fjallar um umhverfisáhrif SGÁ, vöktunaráætlun og aðra kosti.

**IV. hluti** er samantekt á athugasemdum og ábendingum sem fram komu við kynningu á tillögu að SGÁ og drögum að umhverfisskýrslu.

## 2. Markmið samgönguáætlunar 2007-2018

Samgönguáætlun er unnin skv. lögum nr. 71/2002 um samgönguáætlun. Samkvæmt lögunum á samgönguáætlun að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum. Hún skal vera stefnumótun í samgöngumálum og skilgreina þau markmið sem vinna skal að. Markmið samgönguáætlunar 2007-2018 eru:

a. Greiðari samgöngur

b. Hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna

c. Umhverfislega sjálfbærar samgöngur

d. Öryggi í samgöngum

e. Jákvæð byggðaþróun

## 3. Markmið umhverfismatsvinnu samgönguáætlunar

Markmið umhverfismatsvinnu samgönguáætlunar eru að:

- Stuðla eins og kostur er að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við gerð samgönguáætlunar.
- Skilgreina og meta líkleg og veruleg umhverfisáhrif SGÁ.
- Skilgreina eftirfylgd áætlunarinnar, s.s. ítarlegra mat, vöktun eða mótvægisaðgerðir á seinni stigum ákvarðanatöku, t.d. við gerð aðal- eða deiliskipulagsáætlana eða á framkvæmdastigi.
- Fá fram heildarsýn yfir áhrif SGÁ 2007-2018 á umhverfi og samfélag.
- Stuðla að samræmi milli áætlana og að SGÁ sé í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og samninga.
- Að kynna fyrir hagsmunaaðilum og almenningi tillögu að SGÁ og fá fram athugasemdir og ábendingar um hana, þ.m.t. umhverfisskýrslu.

Með því að fylgja eftir þessum markmiðum í vinnu við gerð SGÁ er stefnt að því að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum SGÁ og stuðlað að sjálfbærri þróun í samgöngumálum á Íslandi.

## 4. Áætlanagerð og umhverfismat samgönguáætlunar 2007-2018

Samgönguáætlun 2007-2018 er byggð á fyrri áætlun, þ.e. samgönguáætlun 2003 til 2014. Áætlanagerð samgönguáætlunar er ferli í stöðugri þróun. Í því kunna að koma fram nýjar áherslur og framkvæmdir, en ávallt er byggt í aðalatriðum á fyrri ákvörðunum og áætlun. Þar af leiðandi á samgönguáætlun sér ekki ákveðinn upphafstímapunkt og hún hefst ekki sem autt blað án tengingar við fyrri áætlanir og ákvarðanir.

Vinna við umhverfismat SGÁ hófst eins snemma og unnt var. Vinna við endurskoðun samgönguáætlunar 2007-2018 hófst á árinu 2005, umhverfismatsvinna samgönguáætlunar hófst í mars 2006 og var stuðst við frumvarp að lögum um umhverfismat áætlana en lögin tóku gildi í júní 2006. Því er ljóst að vinna við áætlun og umhverfismat gat aldrei hafist samtímis. Það er hins vegar stefna samgönguyfirvalda að byggja á þessari umhverfismatsvinnu við framvindu og endurskoðun samgönguáætlunar og þ.a.l. muni umhverfismat og áætlanagerð falla betur saman í tíma við næstu endurskoðun.

### 4.1 Stigskipting, umhverfismat og mat á umhverfisáhrifum

Í kynningu á tillögu að samgönguáætlun og drögum að umhverfisskýrslu bárust nokkrar athugasemdir við nákvæmni upplýsinga í umhverfismatinu. Snéru athugasemdirnar fyrst og fremst að vegaframkvæmdum og að ekki væri sýnd lega fyrirhugaðra vega og valkosta um legu.

Í lögum nr. 71/2002 segir: „Í samgönguáætlun skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera *meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu.* Jafnframt skal mörkuð stefna fyrir allar greinar samgangna næstu tólf ár. Þá skal í samgönguáætlun meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur. Í samgönguáætlun skal ganga út frá eftirfarandi skilyrðum:


- að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
- að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,
- *að ná fram víðtæku samspili samgöngugreina og samstarfi stofnana* samgönguráðuneytisins."

Samkvæmt ofangreindum lögum skal samgönguáætlun ná til allra samgöngugreinanna, hún skal vera til 12 ára, hafa stefnumótandi hluta og taka til allra þátta í rekstri stofnana samgöngumála.

Sú tillaga sem nú er til umfjöllunar er stefnumótandi hluti samgönguáætlunarinnar og er ætlað að skilgreina grunnnet samgangna, gera grein fyrir áherslum og markmiðum tímabilsins, fjármálum og skipta helstu framkvæmdum næstu tólf ára niður á þrjú fjögurra ára tímabil. Í fjögurra ára áætluninni eru síðan verkefnin skilgreind nánar.

Samgönguáætlun er landsáætlun, þ.e.a.s. hún er áætlun sem nær til alls landsins. Hún er stefnumótandi áætlun og tilgreinir líklegar framkvæmdir á næstu 12 árum. Stefnumótunin snýr að ákveðnum markmiðum, eins og fram kemur í kafla 9, og líklegar framkvæmdir koma fram í kafla 10. Undirbúningur þessara framkvæmda er á mismunandi stigum og ekki hefur verið tekin ákvörðun um allar framkvæmdir. Sumar framkvæmdir eru í matsferli skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og aðrar eru á hugmyndastigi. Í 12 ára samgönguáætlun er því mjög mismunandi hversu nákvæmar upplýsingar liggja fyrir um viðkomandi framkvæmd. Þar af leiðandi er ekki unnt að fjalla um einstakar veglínur eða valkosti fyrir flestar framkvæmdir og er nánari umfjöllun vísað til síðari stiga í umfjöllun um framkvæmdir. Þá er átt við gerð aðalskipulagsáætlana og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, sjá mynd 4.1.

Þess ber að geta að ekki er búið að taka ákvörðun um leyfi til framkvæmda á samgönguáætlun, þar sem nauðsynlegar leyfisveitingar s.s. framkvæmdaleyfi eru á vegum sveitarfélaga. Samráð við viðkomandi sveitarfélög er eftir að eiga sér stað, frekari gagnaöflun, nánari útfærsla á framkvæmdum og framkvæmdaraðili þarf í flestum tilvikum að vinna mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Í því mati eru bornir saman kostir varðandi legu og útfærslu framkvæmda. Við gerð skipulagsáætlana og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er fjallað nánar um framkvæmd og helstu framkvæmdakosti sem til greina koma, enda liggja þá mun ítarlegri upplýsingar fyrir bæði um framkvæmd og umhverfisþætti. Mynd 4.1 sýnir hvernig stigskiptingin er á milli samgönguáætlunar og aðalskipulagsáætlana og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.




**Mynd 4.1 Skýringarmynd um stigskiptingu áætlana**
UMÁ: Umhverfismat áætlana; MÁU: Mat á umhverfisáhrifum

## HLUTI I: MATSVINNA

*Í þessum hluta er farið yfir meginþætti matsvinnunnar, sem eru gagnaöflun, skilgreining áhrifaþátta og áhrifa, helstu framkvæmdir SGÁ, umhverfisskýrsla og kynning og samráð.*

### 5. Gagnaöflun

Í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana náði upplýsingaöflun matsvinnu til eftirfarandi gagna:

- Upplýsingar um verndarsvæði: Náttúruverndaráætlun, náttúruminjaskrá (friðlýst svæði, fólkvangar og aðrar náttúruminjar), víðerni, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.
- Upplýsingar um fyrirliggjandi skipulagsáætlanir: Upplýsingar um landnotkun, áætlanir um landnotkun og framkvæmdir sem þarf að taka tillit til.
- Aðrar áætlanir og stefnumörkun stjórnvalda sem vitað er um og þarf að taka tillit til: Byggðaáætlun 2006-2009, Velferð til framtíðar – stefnumörkun Íslands til 2020, Ferðamálaáætlun 2006-2015, Náttúruverndaráætlun 2004-2008, skógræktaráætlun, landgræðsluáætlun og heildarstefna Íslands í málefnum hafsins.
- Alþjóðlegir samningar: Ramsarsamþykkt um verndun votlendis, Bernarsamningur um verndun villtra plantna og dýra, Ríósamningurinn um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, Kyoto-bókunin, Marpolsamningurinn um varnir gegn mengun frá skipum, OSPAR, Osló-samningurinn um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum og Chicagosamningurinn um flugsamninga.
- Lög og reglugerðir: Ýmis lög og reglugerðir um náttúru- og umhverfisvernd svo sem lög um náttúruvernd nr. 44/1999, lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um fornminjar nr. 107/2001, lög um lax- og silungaveiði nr. 61/2006 og reglugerð um hávaða nr. 933/1999.
- Annað: Upplýsingar um vistgerðir, jarðfræði o.fl. Umhverfismat annarra áætlana innlendra og erlendra, sem kunna að nýtast við UMÁ fyrir SGÁ (EC Directive 2001/42, EC Commission guidance, Scotland's National Transport Strategy Consultation). Athugasemdir og ábendingar um tillögu að SGÁ og drög að umhverfisskýrslu.

Unnið var yfirlitskort í landupplýsingarkerfinu ArcGis og búinn til gagnagrunnur. Á kortið voru teiknaðar inn fyrirhugaðar framkvæmdir og aðrar upplýsingar lagðar þar ofan á til að meta áhrif (mynd 11.1). Kortið var lykilverkfæri í matsvinnunni og var notað sem grunnur til að skilgreina helstu áhrifaþætti, vinsun umhverfisþátta og mat á vægi helstu áhrifa.

Auk ofangreindra upplýsinga bættust við fleiri gögn í samræmi við ábendingar frá umsagnaraðilum og almenningi.

### 6. Skilgreining áhrifaþátta, umhverfisþátta, áhrifa og viðmiða

Í SGÁ eru stefnumið og listi yfir framkvæmdir. Ákveðið var strax við upphaf umhverfismatsvinnu að leggja mat á áhrif helstu framkvæmda á listanum og helstu áhrif vegna stefnumiða. Þær framkvæmdir sem fjallað var um falla undir 1. eða 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Helstu áhrifaþáttum eru gerð skil í kafla 14. Þeir byggjast á stefnumiðum (kafli 9) og helstu framkvæmdum SGÁ (10. kafli, tafla 10.1 – 10.4 og mynd 10.1). Farið var kerfisbundið yfir allar framkvæmdir og helstu stefnumið SGÁ og lagt mat á hvaða umhverfisþætti þær hefðu áhrif á.

Í kjölfar rýni á fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. SGÁ, lögum, reglugerðum, áætlunum, alþjóðlegum samningum, leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og upplýsingum um náttúrufar og samfélag voru skilgreindir meginumhverfisþættir sem fjalla þarf um í umhverfisskýrslu, (Tafla 6.1). Notaður var gátlisti til þess að meta hvaða umhverfisþættir kynnu að verða fyrir áhrifum af helstu stefnumiðum og framkvæmdum SGÁ. Miðað var við áhrif sem kynnu að vera talsverð til veruleg.

**Tafla 6.1 Yfirlit yfir helstu umhverfisþætti í umhverfisskýrslu SGÁ**

| Umhverfisþáttur | Umfjöllun |
|---|---|
| **Samfélag og byggðaþróun** | Samfélag og byggðaþróun er einn af grundvallarþáttum sem SGÁ hefur áhrif á. |
| **Öryggi** | Öryggi er þáttur sem fellur undir samfélag, en honum er gefið sérstakt vægi í umhverfisskýrslu.<br>Markmið SGÁ snúa m.a. að öryggi veg-, sjó- og flugfarenda. Umfjöllun um öryggi nær til slysa og óhappa á fólki og slysa sem geta valdið mengun eða röskun á umhverfi. |
| **Heilsa** | Heilsa er hluti af samfélagi. Heilsa er mikilvægur þáttur sem SGÁ getur haft áhrif á. Umfjöllun um heilsu snýr fyrst og fremst að mengun og hávaða frá farartækjum. |
| **Loftslag** | Stefnumið SGÁ snúa að því að stuðla að notkun umhverfisvænna orkugjafa, m.a. til að draga úr losun á mengandi efnum sem hafa áhrif á loftslag. |
| **Náttúrufar** | Náttúrufar er einn af grundvallarþáttum sem SGÁ hefur áhrif á. Umfjöllun um náttúrufar nær til gróðurs, dýralífs, vistkerfa, búsvæða, jarðmyndana, vatns og líffræðilegrar fjölbreytni. |
| **Hafið** | Hafið er mjög mikilvægur umhverfisþáttur. Siglingar og hafnarframkvæmdir hafa áhrif á hafið. |
| **Landslag og ímynd** | Framkvæmdir á SGÁ hafa áhrif á landslag og er landslag á Íslandi mikilvægur þáttur í upplifun á landinu. |

Skilgreining og mat á umfangi áhrifa fór m.a. fram í sérstöku matsteymi sérfræðinga sem skipað var til að leggja mat á helstu áhrif SGÁ og tilgreina veigamestu framkvæmdir og stefnumið SGÁ. Í teyminu sátu:

- Tveir sérfræðingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands með það hlutverk að rýna stefnumið SGÁ og fyrirhugaðar framkvæmdir m.t.t. líklegra áhrifa á náttúrufarsþætti og verndarsvæði.
- Sérfræðingur á sviði skipulagsfræða og landfræði frá Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri með það hlutverk að skilgreina og fjalla um líkleg samfélagsáhrif og um tengsl samgönguáætlunar við byggðaáætlun.
- Fulltrúi samgönguráðuneytisins til að skýra frá stefnumiðum SGÁ og framkvæmdum vegna flugsamgangna og hafnamála.
- Forstöðumaður áætlanadeildar og deildarstjóri umhverfis- og skipulagsmála Vegagerðarinnar með það hlutverk að greina frá helstu framkvæmdum og markmiðum þeirra.
- Þrír starfsmenn og leiðbeinendur teymisvinnunnar frá VSÓ Ráðgjöf

Matsteymið sat fjóra vinnufundi þar sem farið var yfir og rýnt í markmið og aðgerðir SGÁ. Helstu áhrifa- og umhverfisþættir voru skilgreindir og kortlagðir. Í framhaldi var lagt mat á vægi áhrifa, með tilliti til efnis og landfræðilegs umfangs SGÁ. Í allri matsvinnunni var áhersla lögð á að taka saman heildaráhrif áætlunarinnar og fjalla um aðra kosti ef veruleg áhrif voru líkleg.

Gerð er grein fyrir helstu áhrifa- og umhverfisþáttum í tengslum við SGÁ í III. hluta skýrslunnar (kaflar 14 til 22). Þá var þess gætt við umfjöllun um áhrif að skilgreina og/eða vísa ítarlegri umfjöllun á önnur stig ákvarðanatöku, s.s. aðalskipulag, mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitingu til framkvæmda.

Til grundvallar við mat á vægi var litið til viðmiða sem snúa að stefnumörkun yfirvalda (t.d. náttúruminjaskrá, náttúruverndaráætlun og byggðaáætlun, sjá kafla 11), laga og reglna (t.d. lög nr. 44/1999 um náttúruvernd) og þekkingar á umhverfisþáttum (matsteymi). Þá var litið til umfangs viðkomandi áhrifa, meðal annars m.t.t. stærðar áhrifasvæðis og sérstöðu viðkomandi umhverfisþáttar.

## 7. Umhverfisskýrsla

Samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana skulu eftirfarandi þættir koma fram í umhverfisskýrslu:

a. Yfirlit yfir efni og helstu stefnumið viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð.

b. Lýsing á þáttum í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang áætlunarinnar og umfjöllun um líklega þróun þeirra án þess að áætlun verði hrundið í framkvæmd.

c. Lýsing á umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar.

d. Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða áætlunina, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.

e. Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar.

f. Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar.

g. Upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar.

h. Yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir, sem um er að ræða, voru valdir og lýsing á því hvernig matið fór fram, þ.m.t. um erfiðleika, svo sem tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu við að taka saman þær upplýsingar sem krafist var.

i. Hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunarinnar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.

j. Samantekt stafliða a–i.

Vinnuferli umhverfismats SGÁ og samþykkt SGÁ

| | |
|---|---|
| Mars 2006 | Verkefnislýsing og samráð við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats og nákvæmni upplýsinga |
| Mars – ágúst 2006 | Vinna við gagnaöflun, tillögu að SGÁ og drög að umhverfisskýrslu |
| Okt. – nóv. 2006 | Kynning á tillögu að SGÁ og umhverfisskýrslu |
| Nóv. – des. 2006 | Unnið úr athugasemdum og ábendingum. SGÁ og umhverfisskýrsla endurskoðuð m.t.t. athugasemda. |
| Janúar 2007 | SGÁ 2007-2018 lögð fram á Alþingi ásamt umhverfisskýrslu |

## 8. Samráð og kynning

Tillaga að samgönguáætlun 2007-2018 og umhverfisskýrslu var send til lögbundinna umsagnaraðila og annarra samráðsaðila. Hún var auglýst til kynningar fyrir almenning og var aðgengileg á netinu. Athugasemdir og ábendingar sem bárust og viðbrögð við þeim eru hluti af umhverfisskýrslu.

Lögbundnir umsagnaraðilar vegna umhverfismats SGÁ eru eftirfarandi:

- Umhverfisstofnun
- Skipulagsstofnun
- Öll sveitarfélög á Íslandi

Einnig var leitað álits ýmissa fagstofnana og hagsmunaaðila. Tillaga að samgönguáætlun og umhverfisskýrsla eru aðgengileg á netinu á vefsíðum samgönguráðuneytisins (www.samgonguraduneyti.is), Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is), Siglingastofnunar Íslands (www.sigling.is) og Flugmálastjórnar Íslands (www.caa.is).

## HLUTI II: STEFNUMIÐ SGÁ, FRAMKVÆMDIR OG TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

*Í þessum hluta er gerð grein fyrir stefnumiðum og helstu aðgerðum sem fram koma í tillögu að* samgönguáætlun 2007 – 2018. Einnig er fjallað um tengsl SGÁ við aðrar áætlanir og alþjóðlega samninga á þann hátt að gerð er grein fyrir þeim þáttum sem eru í samræmi eða ósamræmi.

### 9. Stefnumið SGÁ

Eftirfarandi er upptalning á stefnumiðum SGÁ. Fyrir hvern þátt í tillögu að SGÁ er upptalning á aðgerðum til að ná viðkomandi markmiðum og listi yfir framkvæmdir sem ráðgert er að ráðast í á tímabili áætlunarinnar.

### 9.1 Markmið um greiðari samgöngur

Stefnt skal að nægum hreyfanleika[1] í samgöngukerfinu sem taki bæði til fólks og vöru. Þessu markmiði skal ná með bættu aðgengi að samgöngum og aukinni afkastagetu kerfisins þar sem hún er takmörkuð, einnig með því að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá þjónustukjarna á ekki meira en einni klukkustund og til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við þremur klukkustundum.

**Tafla 9.1 Aðgerðir í SGÁ til að ná markmiðum um greiðari samgöngur**

| | Aðgerðir vegna greiðari samgangna |
|---|---|
| a | Grunnnetið byggt upp samkvæmt tillögum um forgangsröðun framkvæmda. |
| b | Þjónusta í grunnnetinu aukin. |
| c | Lokið endurbyggingu allra helstu stofnleiða á landi og að tengja allar byggðir með meira en 100 íbúa með vegakerfi með bundnu slitlagi og viðunandi burðarþoli. |
| d | Almenningssamgöngur í lofti, á sjó og á landi skipulagðar þannig að þær nái til allra þéttbýlisstaða með um það bil 200 íbúum eða fleiri. Skoðaðir verði möguleikar á eflingu þessarar samgöngugreinar á áætlunartímabilinu. |
| e | Reykjavíkurflugvöllur áfram miðstöð innanlandsflugs og byggð verði þar samgöngumiðstöð. |
| f | Nýjasta tækni nýtt til að afla og miðla upplýsingum um aðstæður til samgangna í lofti, á láði og legi. |
| g | Á þeim hluta grunnkerfisins þar sem fram fer meginhluti umferðarinnar, á svokölluðum flutningabrautum, lögð áhersla á að vegir verði með nægjanlegt burðarþol allt árið, breidd þeirra verði nægjanleg og þeir verði lagðir bundnu slitlagi. Fyrir þennan hluta grunnkerfisins verði sett markmið um hraða uppbyggingu vega til að þjóna atvinnulífinu með viðunandi hætti auk þess að stuðla að auknu umferðaröryggi. |
| h | Tryggt verði aðgengi fyrir alla, fullfríska sem fatlaða, að mannvirkjum og þjónustu samgöngukerfisins. |

### 9.2 Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna

*Stefnt skal að aukinni hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.* Þetta taki til samgöngumannvirkja, leiðsögukerfa og annarrar öryggisþjónustu svo og samgangna í kerfinu að svo miklu leyti sem ríkið kemur að þeim.

[1] Hreyfanleiki er skilgreindur sem samanlögð farin vegalengd hvers einstaklings á dag, akandi, fljúgandi, hjólandi, gangandi o.s.frv.

**Tafla 9.2 Aðgerðir í SGÁ til að ná fram hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna**

| | Aðgerðir vegna hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna |
|---|---|
| a | Leitað leiða til þess að nýta kosti markaðsaflanna við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins, m.a. með einkaframkvæmd þar sem það á við. |
| b | Rekstur samgangna í lofti, á sjó og á landi, sem ríkið kemur að, boðinn út til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi. |
| c | Á áætlunartímabilinu verði komið á breyttri skipan gjaldtöku sem byggist á nýjustu tækni þ.m.t. GPS fyrir umferð á vegum og við það miðað að eigi síðar en í lok annars tímabils áætlunarinnar greiði öll ökutæki í samræmi við ekna vegalengd þar sem tillit verði tekið til ytri kostnaðar. Jafnframt verði núverandi kerfi sérstakra eldsneytisskatta lagt niður. |
| d | Nýttar aðferðir hagfræðinnar við forgangsröðun stærri verkefna |
| e | Jafnræðis gætt við gjaldtöku ólíkra samgöngugreina. |

## 9.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur

Stefnt skal að sjálfbærum samgöngum, en það merkir að (a) *notkun á endurnýjanlegum auðlindum sé undir endurnýjunarhraða þeirra* og (b) *að ekki sé gengið hraðar á óendurnýjanlegar auðlindir en svo, að mögulegt sé að þróa og skipta yfir í endurnýjanlegar auðlindir.* Markmiðið er í samræmi við alþjóðlega stefnumörkun og tekur til þess að umhverfisáhrifum samgangna, hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum, verði haldið innan viðunandi marka.

Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda með minni notkun jarðefnaeldsneytis og stefnt að því að samgöngutæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum, auk orkusparandi aðgerða við farartæki sem eru og verða fyrir hendi í landinu, eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir. Markmið þessi taka mið af Kyoto sáttmálanum um losun gróðurhúsalofttegunda, sem Ísland hefur staðfest. Sáttmálinn gildir til 2012 eða um helming áætlunartímabilsins. Á þeim tíma mun umferð bíla aukast en nauðsynlegt er að útblástur gróðurhúsalofttegunda aukist ekki að sama skapi. Dregið verði úr hávaða og loftmengun frá samgöngum og haldið innan viðmiðunargilda í stöðlum Evrópusambandsins.

**Tafla 9.3 Aðgerðir í SGÁ til að ná markmiðum um umhverfislegar sjálfbærar samgöngur**

| | Aðgerðir vegna umhverfislegra sjálfbærra samgangna |
|---|---|
| a | Stuðlað að nýtingu umhverfisvænna orkugjafa. Miðað verði við að í lok áætlunartímabilsins verði notkun vistvæns eldsneytis 20% af heildarnotkun í samgöngum. Fylgst verði grannt með þróun tækni á sviði vetnisnotkunar og annarra vistvænna orkugjafa og hún innleidd þegar hagkvæmt þykir. Einnig verði lögð áhersla á beitingu orkusparandi aðferða og rannsókna til að auka orkusparnað núverandi fiskiskipaflota landsmanna. |
| b | Skattlagning eignarhalds og notkunar bíla verði með þeim hætti að eyðslugrannir bílar, tvinnbílar, bílar sem nota vistvænt eldsneyti og bílar sem nota gasolíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er. Sama skal gilda um notkun vistvænna skipavéla sem nota svartolíu og sparneytna aðal- og hjálparvél og notkun vistvænna véla í flugvélum þar sem þetta getur átt við. |
| c | Gildistaka alþjóðlegra samþykkta og reglna sem takmarka losun efna frá skipum, bílum og flugvélum verði í samræmi við þá alþjóðlegu samninga sem gerðir hafa verið fyrir hönd Íslands . |
| d | Almenn fræðsla um akstur og aksturslag (vistakstur) aukin með það í huga að draga úr mengun og hávaða frá bílaumferð. |
| e | Hönnun vega í þéttbýli verði með þeim hætti að gætt verði hljóðvistar og uppfylltar verði kröfur reglugerðar um hljóðvist hverju sinni. |
| f | Aukin áhersla lögð á rannsóknir á ýmsum þáttum sem geta dregið úr mengun frá skipum, flugvélum og bifreiðum. |

### 9.4 Markmið um öryggi í samgöngum

Stefnt skal að því að öryggi í samgöngum hér á landi verði eins og það gerist best hjá öðrum þjóðum og áfram verði:

- Unnið markvisst í flugöryggismálum og stuðlað að enn frekari fækkun slysa í flugi.
- Stefnt að því að fækka slysum á sjó enn frekar í samræmi við áætlun um öryggi sjófarenda, sem nú er hluti samgönguáætlunar.
- Í samræmi við umferðaröryggisáætlun, sem er hluti samgönguáætlunar, stefnt að því að fækka dauðaslysum í umferð þannig að fjöldi látinna á 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2016. Jafnframt skal stefnt að því, að fjöldi alvarlegra slasaðra í umferðinni lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016 miðað við meðaltal áranna 2001-2005. Þessu verði náð með aðgerðum sem nái til ökumanna, ökutækja og umferðarmannvirkja.


### 9.5 Markmið um jákvæða byggðaþróun

Það hefur sýnt sig að samgöngubætur geta haft jákvæð áhrif á þróun byggðar eða í það minnsta skapað betri möguleika fyrir slíkri þróun. Í samgönguáætlun er leitast við að jafna út svo sem kostur er mismunandi aðgengi landsmanna að samgöngukerfinu og reynt að vinna á móti ókostum langra flutningsvegalengda. Undir þetta markmið falla framkvæmdir eða aðgerðir sem ekki geta talist arðsamar á hagkvæmismælikvarða en telja verður nauðsynlegar í því skyni að skapa sem jafnasta stöðu landsmanna. Ekki er hægt að byggja upp samgöngukerfi þjóðarinnar út frá þeirri forsendu að allar einstakar framkvæmdir skili reikningslegri arðsemi. Með styttingu ferðatíma og að öll byggðarlög með yfir 100 íbúa séu tengd við vegakerfið með bundnu slitlagi er stuðlað að jákvæðri byggðaþróun. Styrkt flug, sérleyfisakstur og ferjusiglingar til fámennra staða flokkast undir þann hluta þessa markmiðs er lýtur að þjónustu.

## 10. Helstu framkvæmdir á SGÁ

Fjölmargar framkvæmdir eru á SGÁ 2007-2018 (Mynd 10.1 og töflur 10.1, 10.2, 10.3 og 10.4). Hluti þeirra, sérstaklega vegaframkvæmdir, eru í 1. eða 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Við mat á áhrifum framkvæmda SGÁ var fyrst og fremst tekið tillit til þeirra framkvæmda sem eru í þessum viðaukum. Mynd 10.1 sýnir yfirlit yfir líklegar framkvæmdir SGÁ, en taka þarf fram að miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er Bakkafjara eina matsskylda hafnarframkvæmdin á SGÁ. Aðrar framkvæmdir eru dýpkanir, viðbætur eða viðhald á núverandi mannvirkjum og eru utan verndarsvæða. Ekki eru margar framkvæmdir á SGÁ vegna flugsamgangna. Ráðgerð er lenging flugbrautar á Akureyri og hugsanlega einnig á Egilsstöðum og bygging samgöngumiðstöðvar í Reykjavík. Í tillögu að SGÁ 2007-2018 eru taldar upp allar framkvæmdir SGÁ.

**Mynd 10.1 Yfirlit yfir líklegar framkvæmdir SGÁ.**




Mynd 10.2 Yfirlit yfir líklegar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu

**Tafla 10.1 Yfirlit yfir helstu vegaframkvæmdir á SGÁ og sveitarfélög. Sömu númer og eru á mynd 10.1**

| | Líklegar framkvæmdir | Sveitarfélag |
|---|---|---|
| 1 | Bakkavegur | *Rangárþing eystra* |
| 2 | Bræðratunguvegur (359) | *Bláskógabyggð* |
| | | *Hrunamannahreppur* |
| 3 | Lyngdalsheiðarvegur (Gjábakkavegur) | *Bláskógabyggð* |
| 4 | Uxahryggjavegur (52) | *Bláskógabyggð* |
| | | *Borgarbyggð* |
| 5 | Hringvegur (1): Framhjá Selfossi | *Sveitarfélagið Árborg* |
| 6 | Hringvegur (1): Reykjavík – Selfoss | *Reykjavík* |
| | | *Mosfellsbær* |
| | | *Kópavogsbær* |
| | | *Hveragerðisbær* |
| | | *Sveitarfélagið Ölfus* |
| 7 | Suðurstrandarvegur | *Sveitarfélagið Ölfus* |
| | | *Grindavíkurbær* |
| | | *Hafnarfjarðarkaupstaður* |
| 8 | Keflavíkurvegur (424) | *Reykjanesbær* |
| 9 | Reykjanesbraut (41): Hafnarfjörður - Reykjanesbær | *Sveitarfélagið Vogar* |
| | | *Reykjanesbær* |
| | | *Grindavíkurbær* |
| - | - | *Hafnarfjarðarkaupstaður* |
| 10 | Sundabraut | *Reykjavík* |
| 11 | Hringvegur (1): Mosfellsbær - Hvalfjarðargöng | *Mosfellsbær* |
| | | *Reykjavík* |
| | | *Sveitarfélagið Álftanes* |
| 12 | Hringvegur (1): Kjalarnes – breikkun vegar | *Reykjavík* |
| 13 | Hringvegur (1): Fram hjá Borgarnesi | *Borgarbyggð* |
| 14 | Hringvegur (1): Stafholtstungur | *Borgarbyggð* |
| 15 | Hringvegur (1): Holtavörðuheiði | |
| 16 | Útnesvegur (574): Háahraun - Saxhóll | *Snæfellsbær* |
| 17 | Snæfellsnesvegur (54): Fróðárheiði | *Snæfellsbær* |
| 18 | Snæfellsnesvegur (54): Skógarströnd | *Dalabyggð* |
| | | *Helgafellssveit* |
| 19 | Tröllatunguvegur | *Reykhólahreppur* |
| | | *Strandabyggð* |
| 20 | Vestfjarðavegur (60): Gufudalssveit | *Reykhólahreppur* |
| 21 | Vestfjarðavegur (60): Vattarfjörður - Flókalundur | *Reykhólahreppur* |
| | | *Vesturbyggð* |
| 22 | Vestfjarðavegur (60): Dynjandisheiði | *Vesturbyggð* |
| | | *Ísafjarðarbær* |
| 23 | Vestfjarðavegur (60): Arnarfjarðargöng | *Ísafjarðarbær* |
| 24 | Djúpvegur (61): Um Óshlíð - jarðgöng | *Bolungarvíkurkaupstaður* |
| | | *Ísafjarðarbær* |
| 25 | Djúpvegur (61): Breikkanir í Álftafirði | *Súðavíkurhreppur* |

**Tafla 10.1 frh. Yfirlit yfir helstu vegaframkvæmdir á SGÁ og sveitarfélög. Sjá á mynd 10.1**

| | Líklegar framkvæmdir | Sveitarfélag |
|---|---|---|
| 26 | Djúpvegur (61): Ísafjarðardjúp. Ísafjörður-Mjóifjörður | *Súðavíkurhreppur* |
| 27 | Strandavegur (643): Djúpvegur - Drangsnesvegur | *Kaldrananeshreppur* |
| 28 | Drangsnesvegur (645) | *Kaldrananeshreppur* |
| 29 | Djúpvegur (61): Um Strandir | *Bæjarhreppur*<br>*Strandabyggð* |
| 30 | Hringvegur (1): Í Hrútafirði | *Bæjarhreppur*<br>*Húnaþing vestra* |
| 31 | Hringvegur (1): Norðan Svínavatns | *Húnavatnshreppur* |
| 32 | Þverárfjallsvegur (744): Skagavegur-Sauðárkrókur | *Sveitarfélagið Skagafjörður* |
| 33 | Hringvegur (1): Norðurárdalur Skagafirði | *Akrahreppur* |
| 34 | Héðinsfjarðargöng | *Fjallabyggð* |
| 35 | Eyjafjarðarbraut vestri | *Eyjafjarðarsveit* |
| 36 | Hringvegur (1): Tenging Vaðlaheiðarganga | *Svalbarðsstrandarhreppur*<br>*Þingeyjarsveit* |
| 37 | Hringvegur (1): Vaðlaheiðargöng | *Svalbarðsstrandarhreppur*<br>*Þingeyjarsveit* |
| 38 | Norðausturvegur (85): Um Skjálfandafljót og Tjörn | |
| 39 | Kísilvegur (87): Þingeyjarsveit- Skútustaðahreppur | *Þingeyjarsveit* |
| 40 | Hringvegur (1): Jökulsá á Fjöllum | *Skútustaðahreppur* |
| 41 | Hólmatungnavegur (F862) (Dettifossvegur) | *Skútustaðahreppur* |
| 42 | Norðausturvegur (85): Húsavík - Þórshöfn | *Norðurþing*<br>*Tjörneshreppur*<br>*Svalbarðshreppur*<br>*Langanesbyggð* |
| 43 | Norðausturvegur (85): Hófaskarð - Raufarhöfn | *Norðurþing* |
| 44 | Norðausturvegur (85): Þórshöfn – Vopnafjörður - Hringvegur | *Langanesbyggð* |
| 45 | Borgarfjarðarvegur (94): Eiðar-Borgarfjörður Eystri | *Fljótsdalshérað*<br>*Borgarfjarðarhreppur* |
| 46 | Hringvegur (1): Yfir Lagarfljót, Brú | *Fljótsdalshérað* |
| 47 | Norðfjarðarvegur (92): Norðfjarðargöng | *Fjarðabyggð* |
| 48 | Norðfjarðarvegur (92): Hólmaháls | *Fjarðabyggð* |
| 49 | Suðurfjarðavegur (96): Fáskrúðsfjörður-Stöðvarfjörður | *Fjarðabyggð* |
| 50 | Hringvegur (1): Skriðdalur-Breiðdalur | *Breiðdalshreppur* |
| 51 | Hringvegur (1): Berufjarðarbotn | *Djúpavogshreppur* |
| 52 | Hringvegur (1): Hamarsfjörður | *Djúpavogshreppur* |
| 53 | Hringvegur (1): Þvottár- og Hvalnesskriður | *Djúpavogshreppur* |
| | Lónsheiðargöng | *Sveitarfélagið Hornafjörður*<br>*Djúpavogshreppur* |
| 54 | Hringvegur (1): Hornafjarðarfljót | *Sveitarfélagið Hornafjörður* |
| 55 | Hringvegur (1): Jökulsá á Breiðamerkursandi | *Sveitarfélagið Hornafjörður* |
| 56 | Hringvegur (1): Brýr í Öræfum | *Sveitarfélagið Hornafjörður* |
| | Hringvegur (1): Virkisá-Sæluhúsavatn | *Sveitarfélagið Hornafjörður* |

**Tafla 10.1 frh. Yfirlit yfir helstu vegaframkvæmdir á SGÁ og sveitarfélög. Sjá á mynd 10.1**

| | Líklegar framkvæmdir | Sveitarfélag |
|---|---|---|
| 57 | Fjallabaksleið nyrðri (Skaftárdalsvegur-Sprengisandsleið) | *Rangárþing ytra* |
| 58 | Sprengisandur: Hrauneyjar - Mývatn | *Þingeyjarsveit* |
| | | *Ásahreppur* |
| | | *Rangárþing ytra* |
| 59 | Kjalvegur: Gullfoss-Blöndudalur-Gilhagi | *Húnavatnshreppur* |
| | | *Bláskógabyggð* |
| | | *Hrunamannahreppur* |

**Tafla 10.2 Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Sjá mynd 10.x**

| | Líklegar framkvæmdir | Sveitarfélag |
|---|---|---|
| 1 | Mislæg gatnamót: Kringlumýrarbraut og Miklubraut | *Reykjavík* |
| 2 | Hafnarfjarðarvegur: Breikkun í Fossvogi og Kópavogi | *Reykjavík og Kópavogur* |
| 3 | Breytingar á Mýrargötu og Geirsgötu | *Reykjavík* |
| 4 | Mislæg gatnamót: Reykjanesbraut og Bústaðavegur | *Reykjavík* |
| 5 | Mislæg gatnamót: Reykjanesbraut og Arnarnesvegur | *Kópavogur og Garðabær* |
| 6 | Mislæg gatnamót: Reykjanesbraut og Vífilsstaðavegur | *Garðabær* |
| 7 | Gatnamót: Hringbraut og Lönguhlíð | *Reykjavík* |
| 8 | Hlíðarfótur | *Reykjavík* |
| 9 | Arnarnesvegur | *Reykjavík, Kópavogur, Garðabær* |
| 10 | Álftanesvegur | *Garðabær og sveitarfélagið Álftanes* |
| 11 | Hafravatnsvegur | *Reykjavík* |
| 12 | Elliðavatnsvegur: Breiðholtsbraut - Kaldárselsvegur | *Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík* |
| 13 | Höfðabakki: Höfðabakki - Reykjanesbraut | *Reykjavík* |
| 14 | Hallsvegur | *Reykjavík* |

**Tafla 10.3 Yfirlit yfir helstu hafnarframkvæmdir á SGÁ og sveitarfélög**

| | Líklegar hafnarframkvæmdir | Sveitarfélag |
|---|---|---|
| 1 | *Ólafsvík* – endurbygging á suður- og norðurgarði | *Snæfellsbær* |
| 2 | *Grundarfjörður* – ný Litlabryggja, lagnir og þekja | *Grundarfjarðarbær* |
| 3 | *Patreksfjörður* – Endurbygging stálspils rennu | *Vesturbyggð* |
| 4 | *Ísafjörður* – Ásgeirsbakki, lokið endurbyggingu og Bátahöfn, Ollumúli endurbygging. | *Ísafjarðarbær* |
| 5 | *Bolungarvík* - Endurbygging á þili efst við Brjót (100 m) og Grundargarður endurbygging. | *Bolungarvíkurkaupstaður* |
| 6 | *Skagaströnd* - Endurbygging Ásgarðs (75 m) og lenging viðlegukants við hafnarvog (40 m) | *Höfðahreppur* |
| 7 | *Sauðárkrókur* - Aðgerðir til að draga úr hreyfingu í höfn (suðurgarður). | *Sveitafélagið Skagafjörður* |
| 8 | *Siglufjörður* - SR-bryggja kaup og niðurrif og lenging skjólgarðs við Öldubrjót. | *Fjallabyggð* |
| 9 | *Dalvík* - Timburbryggja Suðurgarði, endurbygging (65 m). | *Dalvíkurbyggð* |
| 10 | *Akureyri* - Ísbryggja ÚA endurbygging (70 m). | *Akureyrarkaupstaður* |
| 11 | *Húsavík* - Bökugarður, lagnir og þekja og endurbygging á Suðurgarði (210 m). | *Norðurþing* |
| 12 | *Þórshöfn* - Aðgerðir til að draga úr hreyfingu í höfn (lenging Norðurgarðs) og hafskipabryggja endurbygging. (135 m). | *Langanesbyggð* |
| 13 | *Neskaupstaður* - Stálþil við bræðslu lengt (52 m). | *Fjarðabyggð* |
| 14 | *Reyðarfjörður* - Verklok stóriðjuhafnar, hafnsögubátur og innsiglingarmerki Stórhólma. | *Fjarðabyggð* |
| 15 | *Hornafjörður* - Bryggja við vogarhús endurbygging (50 m) og sandfangari út í Einholtskletta og styrking grjótvarnar á Suðurfjöru. | *Sveitarfélagið Hornafjörður* |
| 16 | *Vestmannaeyjar* - Básaskersbryggja, lokið endurbyggingu og Nausthamarsbryggja endurbyggð. (60m). | *Vestmannaeyjabær* |
| 17 | *Bakkafjara* - Gerð nýrrar ferjuhafnar í Bakkafjöru | *Rangárþing eystra* |
| 18 | *Þorlákshöfn* - Þil norðan Svartaskers, verklok og dýpkun og nýr hafnsögubátur. | *Sveitarfélagið Ölfus* |
| 19 | *Grindavík* - Stálþilsbryggja vestan Miðgarðs (100 m) og nýr hafnsögubátur. | *Grindavíkurbær* |

Auk þeirra framkvæmda sem gerð er grein fyrir í töflu 10.3 er gert ráð fyrir viðhaldsdýpkunum á höfnum víða um land. Slíkar framkvæmdir falla ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

**Tafla 10.4 Yfirlit yfir helstu flugvallarframkvæmdir á SGÁ og sveitarfélög**

| | Líklegar flugvallarkvæmdir | Sveitarfélag |
|---|---|---|
| 1 | *Reykjavík* – Samgöngumiðstöð | *Reykjavíkurborg* |
| 2 | *Keflavíkurflugvöllur* – SV/NV braut tekin í notkun á ný | *Reykjanesbær/ Sandgerði* |
| 2 | *Akureyri* – stækkun flugbrautar | *Akureyrarkaupstaður* |
| 3 | *Egilsstaðir* – stækkun flugbrautar og flugskýlis | *Fljótsdalshérað* |

## 11. Tengsl SGÁ við aðrar áætlanir og alþjóðlega samninga

Við skilgreiningu á umhverfisþáttum sem kunna að verða fyrir áhrifum og viðmiðum sem notuð eru til að meta vægi áhrifa var lögð áhersla á stefnumótun og áætlanir yfirvalda, lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga. Með hliðsjón af því er mikilvægt að gera grein fyrir helstu stefnumiðum, áætlunum og alþjóðlegum samningum sem í gildi eru og tekið var mið af við tillögu að SGÁ og umhverfisskýrslu. Mikilvægur hluti þess að meta hvort tillaga að SGÁ kunni að valda verulegum áhrifum er að athuga samræmi hennar við aðrar áætlanir og alþjóðlega samninga.

## 12. Aðrar áætlanir

### 12.1 Byggðaáætlun 2006-2009[2]

Með byggðaáætlun er stefnt að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. Eftirfarandi meginmarkmið eru lögð til grundvallar:

- Að landshlutakjarnar verði eflдir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
- Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.
- Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni. Sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands.

Þessi meginmarkmið eru í samræmi við stefnumið SGÁ. Ýmsar aðgerðir eru tilgreindar í Byggðaáætlun 2006-2009 og hafa eftirfarandi aðgerðir beina tengingu við efni samgönguáætlunar (Tafla 12.1).

**Tafla 12.1 Tengsl SGÁ við Byggðaáætlun 2006-2009**

| Aðgerð í byggðaáætlun | Tengsl / samræmi við samgönguáætlun |
|---|---|
| **Bættar og öruggari samgöngur** Unnið verði að mikilvægum samgöngubótum á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun og hugað að þróun almenningssamgangna. | Aðgerðin er í samræmi við markmið Samgönguáætlunar[3] |
| **Bætt fjarskipti** | Stefnt er að því í SGÁ að GSM samband verði við vegi grunnnets og helstu ferðamannavegi sem fer vel saman við uppbyggingu fjarskipta almennt um landið allt.[4] |
| **Gerð og framkvæmd vaxtarsamninga** | Samningar þessir fjalla að mestu leyti um atvinnuþróunarmál en samgöngumál ber oft á góma við gerð samninganna t.d. á Vestfjörðum og á Suðurlandi. Samræmi við SGÁ þarf að meta í hverju tilfelli fyrir sig. |
| **Söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun** | Slík vinna myndi stuðla að bættri og upplýstari ákvarðanatöku um þróun samgöngukerfisins. |
| **Undirbúningur að gerð landshlutaáætlana** | Landshlutaáætlanir líkt og vaxtarsamningar eru vettvangur til að forgangsraða og þróa samgöngukerfi innan landssvæða. |
| **Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina – efling opinberrar þjónustu** | Hefðbundnar atvinnugreinar eru hlutbundin framleiðsla á borð við iðnað og fiskvinnslu sem allar krefjast áreiðanlegra og oft tíðra flutninga á vegum, sjó og lofti. Uppbygging grunnnetsins styður við þessa aðgerð. |
| **Uppbygging ferðaþjónustu** | Í umfjöllun um grunnnetið segir að það skuli m.a. þjónusta staði mikilvæga fyrir ferðaþjónustuna. Uppbygging grunnnetsins styður við þessa aðgerð. |

### 12.1.1 Niðurstaða

Tillaga að SGÁ er í samræmi við markmið og aðgerðir sem fram koma í Byggðaáætlun 2006-2009.

## 12.2 Velferð til framtíðar – Stefnumörkun Íslands til 2020[5]

Velferð til framtíðar er stefnumörkun ríkisins um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Eftirfarandi útdráttur úr stefnumörkuninni sýnir þau markmið stefnumörkunar sem snerta efnisflokka SGÁ.

**Tafla 12.2 Tengsl / samræmi SGÁ við Velferð til framtíðar**

| Stefna í velferð til framtíðar | Tengsl / samræmi við SGÁ |
|---|---|
| **Heilnæmt andrúmsloft:**<br><br>Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er.<br><br>Dregið verði úr loftmengun á höfuðborgarsvæðinu þannig að hún verði umtalsvert lægri innan nokkurra ára en í dag. | Stuðlað að nýtingu umhverfisvænna orkugjafa. Miðað verði við að í lok áætlunartímabilsins verði notkun vistvæns eldsneytis 20% af heildarnotkun í samgöngum. Fylgst verði grannt með þróun tækni á sviði vetnisnotkunar sem og annarra vistvænna orkugjafa og hún innleidd þegar hagkvæmt þykir. Einnig verði lögð áhersla á orkusparandi aðferðir og rannsóknir til að auka orkusparnað núverandi fiskiskipaflota landsmanna.<br><br>Skattlagning eignarhalds og notkunar bíla verði með þeim hætti að eyðslugrannir bílar, tvinnbílar, bílar sem nota vistvænt eldsneyti og bílar sem nota gasolíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er. Sama skal gilda um notkun vistvænna skipavéla sem nota svartolíu og sparneytna aðal- og hjálparvél og vistvænna véla í flugvélum þar sem þetta getur átt við.<br><br>Gildistaka alþjóðlegra samþykkta og reglna sem takmarka losun efna frá skipum, bílum og flugvélum verði í samræmi við þá alþjóðlegu samninga sem gerðir hafa verið fyrir hönd Íslands.<br><br>Almenn fræðsla um akstur og aksturslag (vistakstur) aukin með það í huga að draga úr mengun og hávaða frá bílaumferð.<br><br>Lagt er til í samgönguáætlun að hreinsun gatna verði aukin og þannig dregið úr svifryki í þéttbýli. |
| **Vernd lífríkis Íslands:**<br><br>Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.<br><br>Unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt. | Markmiðið um sjálfbærar samgöngur tekur einnig til þess að umhverfisáhrifum samgangna, hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka miðað við gildandi lög og reglugerðir.<br><br>Almennt er forðast að raska votlendi við framkvæmdir SGÁ. Vegagerðin birtir tölur um skerðingu og endurheimt votlendis í grænu bókhaldi. |

**12.2 Tengsl / samræmi SGÁ við Velferð til framtíðar, frh.**

| Stefna í velferð til framtíðar | Tengsl / samræmi við SGÁ |
|---|---|
| **Vernd víðerna:**<br><br>Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands.<br><br>*Reynt verði að byggja mannvirki utan* skilgreindra víðerna[6] en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun. | Markmiðið um sjálfbærar samgöngur tekur einnig til þess að umhverfisáhrifum samgangna, hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka. |
| **Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa:**<br><br>Endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.<br><br>Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukið og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga. Stefnt verði að því að farartæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir.<br><br>Stuðlað verði að aukinni orkunýtni. | Sjá aðgerðir SGÁ í tengslum við heilnæmt andrúmsloft. |
| **Takmörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum:**<br><br>Ísland taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi sem miðar að því að koma í veg fyrir hættulega röskun á veðrakerfum jarðarinnar af mannavöldum með því að draga úr útstreymi og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda hér á landi.<br><br>Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis. | Sjá aðgerðir SGÁ í tengslum við heilnæmt andrúmsloft. |
| **Vernd líffræðilegrar fjölbreytni:**<br><br>Við framkvæmdir sem raska eða breyta lífandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. | Markmiðið um sjálfbærar samgöngur tekur einnig til þess að umhverfisáhrifum samgangna, bæði hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka. |

[6] Í 5. gr. laga nr. 44/1999 er víðerni skilgreint: Landsvæði sem er a.m.k. 25 km$^2$ að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.

12.2.1 Niðurstaða

Markmið sem fram koma í Velferð til framtíðar eru stefnumarkandi fyrir samgönguáætlun. Stefnumið SGÁ um sjálfbærar samgöngur sem varða að stórum hluta loftmengun og notkun jarðefnaeldsneytis eru í samræmi við stefnumörkun ríkisins um sjálfbæra þróun til 2020. Önnur stefnumið, s.s. um verndun víðerna, vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni eru viðmið sem taka þarf frekar tillit til á seinni stigum, þ.e.a.s. við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og/eða gerð skipulagsáætlana, sjá III. hluta umhverfisskýrslu. Það er því ákveðin óvissa um samræmi SGÁ við stefnumörkun um sjálfbæra þróun, þar sem upplýsingar liggja ekki fyrir til að leggja mat á samræmi þessara áætlana.

Almennt má því segja að SGÁ sé í samræmi við þau stefnumið sem fram koma í Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – Stefnumörkun Íslands til 2020. Á seinni stigum, s.s. við mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda, þarf að meta áhrif á líffræðilega fjölbreytni og einstök vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar. Við mat á vægi áhrifa þarf að líta til stefnumörkunar um sjálfbæra þróun og verndarákvæða í gildandi lögum sem snúa að umhverfismálum.

Við mat á því hvort áhrif áætlunarinnar séu ásættanleg á hverjum tíma er litið til þeirra áætlana og alþjóðlegu samninga sem eru í gildi. Til grundvallar eru lögð lög og reglugerðir, sérstaklega þeirra sem snúa að umhverfismálum, s.s. lög nr. 44/1999 um náttúruvernd, lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerðar um hávaða nr. 933/1999.

## 12.3 Náttúruverndaráætlun 2004-2008[7]

Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008 segir að á fimm árum skuli unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd. Í áætluninni eru upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem ástæða þykir til að friðlýsa.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 er lagt til að stærri skref í friðlýsingu svæða verði stigin næstu fimm árin en gert hefur verið áður. Þrjú verkefni ber hæst í náttúruvernd á þessu tímabili: Komið verði á heildstæðu neti verndaðra fuglasvæða með alþjóðlegt verndargildi, unnið verði að stækkun tveggja núverandi þjóðgarða og undirbúin verði stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og verndun svæða sem tengjast honum, en ákvörðun um Vatnajökulsþjóðgarð hefur þegar verið tekin af ríkisstjórn á grundvelli þingsályktunar. Að auki verður unnið að friðlýsingu nokkurra svæða þar sem er að finna sjaldgæfar plöntutegundir, náttúrulegan birkiskóg og sérstæðar jarðmyndanir (**Mynd 17.1**).

**Tafla 12.3 Tengsl / samræmi SGÁ við náttúruverndaráætlun 2004-2008**

| Náttúruverndaráætlun 2004-2008 | Tengsl / samræmi við SGÁ |
|---|---|
| **Vernd líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni:**<br>Skipuleg skráning tegunda, vernd og uppbygging náttúrulegra vistkerfa, tegunda og búsvæða þeirra. Byggt upp net verndarsvæða sem tryggja lágmarksvernd líffræðilegrar fjölbreytni, þ.m.t. jarðminja og landslags. | Fyrirhugaðar framkvæmdir á SGÁ geta í sumum tilvikum haft neikvæð óafturkræf áhrif á líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni. Með SGÁ er sett fram stefnumótun og aðgerðir sem stuðla að því að draga úr og/eða koma í veg fyrir áhrif. Stór hluti aðgerða fellur til á síðari stigum ákvarðanatöku þegar nákvæmari upplýsingar um möguleg áhrif liggja fyrir<br>Markmið um sjálfbærar samgöngur tekur til þess að umhverfisáhrifum samgangna, bæði hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka. |

[7] *Náttúruverndaráætlun 2004-2008.* Alþingistíðindi 2004 A

12.3.1 Niðurstaða

Tekið hefur verið tillit til náttúruverndaráætlunar 2004-2008 við skilgreiningu á viðkvæmum umhverfisþáttum og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum.

Almennt má segja að SGÁ gangi ekki gegn markmiðum náttúruverndaráætlunar 2004-2008 en framkvæmdir geta haft talsverð eða veruleg neikvæð áhrif á einstök svæði og er nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim í skipulagsvinnu og/eða í mati á umhverfisáhrifum hverrar framkvæmdar fyrir sig. Þá ber að geta þess að eingöngu lítill hluti þessara áætlana fellur saman í tíma, þar sem náttúruverndaráætlunin nær til 2008 en samgönguáætlun til 2018. En ef viðkomandi svæðum verður raskað er ljóst að ákveðinn hluti við framfylgd SGÁ gengur í berhögg við náttúruverndaráætlun og fyrir því þurfa að liggja fyrir haldgóð rök.

### 12.4 Svæði á náttúruminjaskrá

Í náttúruminjaskrá eru upplýsingar um friðlýstar náttúruminjar, náttúruminjar sem friðlýsa skal samkvæmt náttúruverndaráætlun og aðrar náttúruminjar þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.

Einstakar framkvæmdir samgönguáætlunar eru innan svæða sem eru friðlýst eða eru skilgreind sem aðrar náttúruminjar. Þá eru einnig framkvæmdir í jaðri þessara svæða. Stærsti hluti framkvæmda samgönguáætlunar eru þó utan þessara svæða.

12.4.1 Niðurstaða

Einstaka framkvæmdir samgönguáætlunar eru á svæðum á *náttúruminjaskrá* (**Mynd 17.1**). Til að meta áhrif á einstök svæði þarf að líta til umhverfismats skipulagsáætlana og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þá er nauðsynlegt að leita leyfis Umhverfisstofnunar ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir á friðlýstum svæðum og umsagnar sömu stofnunar ef ráðast á í framkvæmdir á svæðum sem falla undir aðrar náttúrminjar. Skýr rök þarf fyrir framkvæmdum sem eru innan ofangreindra svæða og verður að leggja þau fram eins snemma og kostur er, t.d. við gerð aðalskipulagsáætlana og í mati á umhverfisáhrifum. En ef viðkomandi minjum verður raskað er ljóst að ákveðinn hluti við framfylgd SGÁ gengur í berhögg við náttúruminjaskrá, en fyrir því þurfa eins og áður segir að liggja fyrir haldgóð rök.

### 12.5 *Landgræðsluáætlun*[8]

Landgræðsluáætlun 2003-2014 er byggð á lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og lögum um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna nr. 43/1975 og var samþykkt í apríl 2002. Markmið Landgræðslu ríkisins er að vinna að stöðvun gróðureyðingar og jarðvegsrofs, gróðureflirliti, gróðurvernd og landbótum.

12.5.1 Niðurstaða

Áætlunin gerir ráð fyrir að flest landgræðsluverkefni muni fara fram undir 500 m.y.s. þar sem einnig er að vænta flestra vegaframkvæmda. Gæta þarf að því við hönnun einstakra verkefna að ávinningi af landgræðsluverkefnum sé ekki ógnað og leitað verði samráðs og samvinnu við Landgræðslu ríkisins.

### 12.6 Skógræktaráætlun

Skógræktaráætlanir eru víðast hvar gerðar í samvinnu við landshlutafélög sem starfa þá samkvæmt lögum nr. 95/2006 um landshlutabundin skógræktarverkefni. Stjórnir félaganna skipa fulltrúar

---

[8] *Landgræðsluáætlun 2003-2014.* Alþingistíðindi 2002 A

landbúnaðarráðuneytis, Skógræktar ríkisins, skógarbænda og skógræktarfélags á viðkomandi svæði.

Áætlanir félaganna eru tölulegs en ekki landfræðilegs eðlis á svæði félagana, þ.e.a.s. ekki er ákveðið fyrirfram hvar skógrækt skuli fara fram heldur eingöngu á hversu stóru svæði. Öll landbúnaðarsvæði geta orðið skógræktarsvæði þyki jarðgæði henta.

#### 12.6.1 Niðurstaða

Huga þarf að framtíðarlegu vega og staðsetningu skógræktarsvæða framtíðarinnar. Samspil þessara tveggja mest vaxandi áhrifavalda á íslenskt landslag þarf að kortleggja og taka þarf ákvarðanir hvernig sambýlinu skal háttað með formlegum hætti.

### 12.7 Ferðamálaáætlun 2006-2015[9]

Í ferðamálaáætlun er vísað í SGÁ 2003-2014 og fjallað um nauðsyn bundins slitlags á öllum Hringveginum, bætts umferðaröryggis og jafnræðis í skattheimtu af ökutækjum. Meginmarkmið ferðamálaáætlunar 2006 – 2015 eru:

1. Náttúra Íslands, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.
2. Tryggð verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni.
3. Álag vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna.
4. Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.

**12.4 Tengsl / samræmi SGÁ við ferðamálaáætlun 2006-2015**

| Ferðamálaáætlun | Tengsl / samræmi við SGÁ |
|---|---|
| Áhersla á að bæta samgöngur til að auka ferðamennsku: | Sjá markmið SGÁ um greiðari og öruggari samgöngur. |
| Ljúka vegabótum á hringvegi og útrýma einbreiðum brúm. | Sjá markmið SGÁ um greiðari og öruggari samgöngur. |
| Bæta vetrarþjónustu og taka tillit til ferðaþjónustu við skipulagningu hennar. | Sjá markmið SGÁ um greiðari og öruggari samgöngur. |
| Bæta samgöngur við helstu náttúruperlur landsins. Huga að lagningu vega á hálendinu, er þó viðkvæmt vegna ásóknar í ósnortin víðerni. Skilgreina þarf hvaða vegir skulu torfærir slóðar og malarvegir, m.a. vegna ævintýraupplifunar. | Fyrirhugað er að bæta helstu hálendisvegi en frekari umræða um markmið þeirra vega á enn eftir að fara fram. Markmiðið um sjálfbærar samgöngur tekur einnig til þess að umhverfisáhrifum samgangna, hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka miðað við gildandi lög og reglugerðir sem snerta umhverfismál. |

[9] *Ferðamálaáætlun 2006-2015.* Alþingistíðindi 2006 A.

| | |
|---|---|
| Séð verði til þess að flugfélög geti haldið uppi þjónustu um landið, að og frá landinu árið um kring. Keflavíkurflugvöllur og Reykjavíkur-flugvöllur eru þar mikilvægastir hvor með sitt hlutverk. Flugvellir á Akureyri og Egilsstöðum eru líka mikilvægir innan-/utanlandsflugvellir. | Sjá markmið um greiðari samgöngur |
| Skemmtiferðaskip geti lagst að bryggju við nýjar flutningahafnir. | Sjá markmið um greiðari samgöngur |
| Þörf er á að beina ferðamannastraumi frá Reykjavík til landsbyggðarinnar. | Sjá markmið um greiðari samgöngur |

12.7.1 Niðurstaða

SGÁ er í samræmi við helstu markmið og aðgerðir ferðamálaáætlunar.

## 12.8 Heildarstefna Íslands um málefni hafsins[10]

Meginmarkmið stefnu Íslands í málefnum hafsins eru að viðhalda heilbrigði, líffræðilegum fjölbreytileika og framleiðslugetu hafsins svo að nýta megi lifandi auðlindir þess um alla framtíð. Í því felst sjálfbær nýting, verndun og umgengni er byggist á rannsóknum, tækni og þekkingu þar sem höfð er í fyrirrúmi virðing fyrir vistkerfi hafsins í heild sinni.

Í stefnunni kemur fram að skilgreina þurfi hvaða hafsvæði við Ísland teljast viðkvæm og fjölbreytt og því ástæða til að vernda. Áhugi á verndun hafsvæða hefur aukist á alþjóðavettvangi, einkanlega í tengslum við umræður um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Íslensk stjórnvöld taka undir mikilvægi þess að hafsvæði sem teljast sérstök og viðkvæm séu vernduð og að slík verndun byggist á heildstæðri stefnu sem grundvallist á rannsóknum og þekkingu. Hér er lagt til að verndarsvæði í hafi verði skilgreind sem þau svæði í hafinu þar sem lífríkið, hafsbotninn og/eða hafið sjálft sé verndað á skilgreindan hátt til þess að ná fram sértækum markmiðum. Markmið slíkrar verndunar geta verið allfjölbreytt. Má nefna verndun þess sem talið er sérstakt eða einstakt, verndun líffræðilegs fjölbreytileika og verndun sem lið í sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda og endurreisn búsvæða.

12.8.1 Niðurstaða

SGÁ er í samræmi við heildarstefnu um málefni hafsins. Má þar helst nefna markmið SGÁ um að umhverfisáhrifum samgangna, hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka. Þá falla aðgerðir SGÁ að stefnumótun um málefni hafsins, t.d.:

- Gildistaka alþjóðlegra samþykkta og reglna sem takmarka losun efna frá skipum, bílum og flugvélum verði í samræmi við þá alþjóðlegu samninga sem gerðir hafa verið fyrirhönd Íslands .
- Aukin áhersla lögð á rannsóknir á ýmsum þáttum sem geta dregið úr mengun frá skipum, flugvélum og bifreiðum.

*Fylgjast þarf með þróun siglingaleiða stórra olíuskipa milli Barentshafs og Norður-Ameríku og vinna* að skilgreiningu neyðarhafna (e. places of refuge) og hvernig skuli standa að aðgerðum vegna hugsanlegra óhappa, s.s. nauðsynlegur viðbúnaður og samstarf stofnana og þjóðríkja.

[10] Umhverfis-, sjávarútvegs- og utanríkisráðuneyti. 2004.

### 12.9 Aðalskipulag og svæðisskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga

Almennt eru framkvæmdir samgönguáætlunar á skipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélaga. Nokkrar undantekningar eru á því og er þá fyrst og fremst um að ræða staðsetningu eða legu vega. Unnið er að hagrænni úttekt á staðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Þegar hún liggur fyrir verður hún kynnt á opinberum vettvangi og verður innlegg í umfjöllun og ákvörðun um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Núverandi staðsetning flugvallarins er tryggð á áætlunartímabilinu skv. bókun með staðfestingu aðalskipulags Reykjavíkurborgar, þar til flugvellinum hefur verið fundinn annar staður.

Við frekari útfærslu og hönnun framkvæmda á SGÁ þarf að hafa náið samráð við sveitarfélög og fylgja því eftir að við ákvörðun um staðsetningu framkvæmda verði litið til markmiða SGÁ. Gæta þarf þess að viðkomandi framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlanir og því kann framfylgd SGÁ að vera háð nánari útfærslu á aðalskipulagsáætlunum og umhverfismati þeirra.

Þess ber að geta að aðal- og svæðisskipulagsáætlanir eru matskyldar eins og SGÁ. Einnig kunna deiliskipulagsáætlanir að vera matskyldar. Í matsvinnu fyrir skipulagsáætlanir þarf m.a. að taka tillit til SGÁ og greina frá samræmi þessara áætlana. Ítarlegri umfjöllun um samræmi og helstu áhrif á viðkomandi landshluta, sveitarfélag eða svæði verður í umhverfismati skipulagsáætlana.

#### 12.9.1 Svæðisskipulag Miðhálendisins

Niðurstaða umhverfismats SGÁ var að uppbygging hálendisvega kunni að hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér, sjá kafla 17. Með tilliti til þeirrar niðurstöðu var talið nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um tengsl og samræmi SGÁ við svæðisskipulag Miðhálendisins til 2015.

Samkvæmt svæðisskipulagi Miðhálendisins er stefnt að því að halda vegaframkvæmdum á hálendinu í lágmarki og að möskvar vegakerfisins verði sem stærstir. Einnig kemur fram að uppbygging vegakerfis taki fyrst og fremst mið af sumarumferð. Þá eru brýnustu vegaframkvæmdirnar sagðar vera stofnvegir sem liggja þvert yfir hálendið á milli byggðarlaga. Um "stofnvegi" hálendisins, þ.e. aðalfjallvegi, er sagt að þeir verði byggðir upp sem góðir sumarvegir og færir öllum venjulegum fólksbílum. Vegirnir verði opnir a.m.k. 4 til 6 mánuði á ári.

Í flokki aðalfjallvega eru Kaldadalsvegur, Kjalvegur, Sprengisandsvegur, Skagafjarðarleið, Eyjafjarðarleið, Dragleið, Jökuldalsvegur, Snæfellsleið og stífluvegur við Blöndulón.

Í skipulaginu kemur fram að gert sé ráð fyrir miklum endurbótum á aðalfjallvegum og hefur verið unnið að þeim undanfarin ár. Víða er gert ráð fyrir tilfærslum á vegum og jafnvel nýjum vegum á löngum köflum, t.d. nýrri leið yfir Sprengisand.

#### 12.9.2 Niðurstaða

Almennt má segja að SGÁ sé í samærmi við skipulagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga. Nokkrar undantekningar eru á því og er þá fyrst og fremst um að ræða staðsetningu eða legu einstakra vega. Gæta þarf þess að viðkomandi framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlanir og því kann framfylgd SGÁ að vera háð nánari útfærslu á aðalskipulagsáætlunum og umhverfismati þeirra.

Almennt er samgönguáætlun í samræmi við svæðisskipulag Miðhálendisins, þar sem stefnt er að aðfalfjallvegir verði góðir og færir venjulegum fólksbílum yfir sumartímann og möskvastærð vegakerfisins verði sem stærst. Ekki liggja fyrir tillögur um breytta legu og hlutverk veganna í SGÁ.

Ef stefnt verður að uppbyggingu aðalfjallvega og þjónustu á þann hátt að gert sé ráð fyrir almennri umferð á öðrum árstímum þarf að vinna slík áform í samráði við viðkomandi sveitarfélög og svæðisskipulagsnefnd Miðhálendisins og vinna umhverfismat fyrir viðkomandi breytingar á svæðisskipulaginu.

## 13. Alþjóðlegir samningar

### 13.1 Ramsarsamþykktin

Samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar), öðlaðist gildi hvað Ísland varðar á árinu 1978, sbr. auglýsing nr. 1/1978 í C-deild Stjórnartíðinda.

Í samþykktinni er votlendi skilgreint sem „hvers konar mýrar, flóar, fen og vötn, bæði náttúruleg og tilbúin, varanleg og óvaranleg, með kyrru vatni eða rennandi, fersku, hálfsöltu eða söltu, og þar á meðal sjór allt að sex metra dýpi um fjöru." Votlendisfuglar eru skilgreindir sem „þeir fuglar sem vistfræðilega byggja tilveru sína á votlendi."

Mikilvægustu skyldur sem Ramsarsamþykktin leggur aðildarríkjum á herðar snerta skipulagningu á notkun lands, skyldu til að tilnefna landsvæði á skrá yfir votlendissvæði sem hafa alþjóðlegt mikilvægi og þá vernd sem því svæði skal tryggð. Einnig að stuðla almennt að verndun votlendis og skynsamlegri nýtingu þess.

Þrjú votlendissvæði hafa verið tilnefnd af hálfu Íslands: Mývatn-Laxá, Þjórsárver og Grunnafjörður.

Krafa íslenska ríkisins um mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem hafa mögulega áhrif á votlendissvæði, sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, er í samræmi við kröfu um skynsamlega nýtingu.

#### 13.1.1 Niðurstaða

Í vinnu matsteymis var tekið tillit til svæða sem falla undir Ramsarsamþykktina og til mögulegra áhrifa á votlendi. Á meðan matsvinnu stóð var vegur um Grunnafjörð á lista yfir líklegar framkvæmdir á samgönguáætlun. Sú framkvæmd kann að hafa áhrif á Ramsarsvæði. Mikilvægt er að taka mið af verndargildi svæðisins og Ramsarsamþykktinni þegar ákvörðun verður tekin um framkvæmdina. Vinna þarf mat á umhverfisáhrifum fyrir fyrirhugaða framkvæmd, sem er á höndum Vegagerðarinnar, og einnig kann að þurfa að stofna friðland fyrir votlendisfugla á svipuðum slóðum í staðinn fyrir svæði sem kann að glatast verði af framkvæmdum. Ef vegagerð um Grunnafjörð verður heimiluð og ekki verður unnt að bæta fyrir áhrif framkvæmda, ber að tilkynna það umsjónarskrifstofu Ramsarsamningsins (Alþjóðasambandinu um náttúruvernd IUCN). Þess ber að geta að á lokastigum matsvinnu var vegur um Grunnafjörð tekinn út af lista yfir líklegar framkvæmdir á samgönguáætlun.

### 13.2 Bernarsamningurinn

Samningur um verndun villtra plantna, dýra og náttúrulegra búsetusvæða þeirra í Evrópu (Bern), öðlaðist gildi hvað Ísland varðar árið 1993, sbr. auglýsing nr. 17/1993 í C-deild Stjórnartíðinda.

Markmið samningsins eru að vernda villtar plöntur og dýr og lífssvæði þeirra, einkum þær tegundir og þau lífssvæði þar sem verndun krefst samvinnu margra ríkja. Sérstök áhersla er lögð á verndun tegunda sem eru óvenjulega viðkvæmar eða hætt komnar. Þrátt fyrir áherslu á vernd tegunda samkvæmt viðaukum samningsins felur hann einnig í sér vernd annarra tegunda plantna og dýra, einkum þeirra sem hætt eru komnar eða eru viðkvæmar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur gefið út svokallaða válista í samræmi við framangreindar skuldbindingar. Er þar um að ræða lista yfir tegundir fugla og plantna sem taldar eru eiga undir högg að sækja. Hafa slíkir listar einnig þann tilgang að auðvelda þeim sem taka ákvarðanir um landnotkun, auðlindanýtingu og mannvirkjagerð á Íslandi að sinna lögboðnum skyldum, m.a. við mat á umhverfisáhrifum.

13.2.1 Niðurstaða

Við rýni og mat á helstu umhverfisáhrifum SGÁ var höfð til hliðsjónar vitneskja um dýra- og plöntutegundir og/eða búsvæði með verndargildi. Ekki er hægt að leggja mat á áhrif SGÁ á einstakar tegundir þar sem slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir um áhrif framkvæmda og stefnumiða SGÁ. Almennt er þó líklegt að þar sem framkvæmd SGÁ felur í sér að óraskað eða lítið raskað land fari undir framkvæmdir aukist líkur á að skert sé búsvæði villtra plantna og dýra.

Við nánari útfærslu framkvæmda á SGÁ þarf að taka tillit til Bernarsamningsins, s.s. við mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda. Á því stigi er aflað nægjanlegra upplýsinga til að kveða upp úr um það hvort viðkomandi framkvæmd brjóti gegn samningnum um verndun villtra dýra og plantna og náttúrulegra búsvæða þeirra.

### 13.3 Ríósamningurinn um verndun líffræðilegrar fjölbreytni

Samningur um líffræðilega fjölbreytni öðlaðist gildi hvað Ísland varðar á árinu 1994, sbr. auglýsingu nr. 3/1995 í C-deild Stjórnartíðinda.

Markmið samningsins eru vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sjálfbær nýting efnisþátta hennar o.fl. Samningurinn hefur í för með sér ákveðnar skuldbindingar fyrir Ísland gagnvart varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærri nýtingu hennar, sem m.a. felst í því að koma eins og kostur er í veg fyrir útrýmingu tegunda. Samningurinn felur í sér að við vernd og sjálfbæra nýtingu sem getur haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni séu ákvarðanir um nýtingu teknar í samræmi við mat á umhverfisáhrifum.

13.3.1 Niðurstaða

Við rýni og mat á helstu umhverfisáhrifum SGÁ var höfð til hliðsjónar vitneskja um líffræðilega fjölbreytni. Ekki er hægt að leggja mat á áhrif SGÁ á einstakar tegundir þar sem slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir um áhrif framkvæmda og stefnumiða SGÁ. Almennt er þó líklegt að þar sem framkvæmd SGÁ felur í sér að óraskað eða lítið raskað land fari undir framkvæmdir aukist líkur á því að dregið sé úr líffræðilegum fjölbreytileika á svæðis- eða landsvísu.

Við nánari útfærslu framkvæmda á SGÁ þarf að taka tillit til Ríósamningsins, s.s. við mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda. Á því stigi er aflað nægjanlegra upplýsinga til að kveða upp úr um það hvort viðkomandi framkvæmd brjóti gegn samningnum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

## 13.4 Kyoto bókunin[11]

Markmið Kyoto bókunarinnar er m.a. að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að alþjóðlegri samvinnu um að auðvelda félagslega og efnahagslega aðlögun að loftslagsbreytingum.

**Tafla 13.1 Tengsl og samræmi SGÁ við Kyoto-bókunina**

| Markmið Kyoto | Tengsl / samræmi við SGÁ |
|---|---|
| Stemma stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.<br><br>Gera viðeigandi ráðstafanir og undirbúa aðgerðir sem auðvelda félagslega og efnahagslega aðlögun að loftslagsbreytingum.<br><br>Miðla tækni og skiptast á upplýsingum um aðgerðir og áætlanir til að draga úr loftslagsbreytingum og neikvæðum áhrifum þeirra, þ.m.t. viðeigandi vísindalegum, tæknifræðilegum, tæknilegum, hagfélagslegum og lögfræðilegum upplýsingum og upplýsingum um útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum. | Stuðlað að nýtingu umhverfisvænna orkugjafa. Miðað verði við að í lok áætlunartímabilsins verði notkun vistvæns eldsneytis 20% af heildarnotkun í samgöngum. Fylgst verði grannt með þróun tækni á sviði vetnisnotkunar og annarra vistvænna orkugjafa og hún innleidd þegar hagkvæmt þykir. Einnig verði lögð áhersla á beitingu orkusparandi aðferða og rannsókna til að auka orkusparnað núverandi fiskiskipaflota landsmanna.<br><br>Skattlagning eignarhalds og notkunar bíla verði með þeim hætti að eyðslugrannir bílar, tvinnbílar, bílar sem nota vistvænt eldsneyti og bílar sem nota gasolíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er. Sama skal gilda um notkun vistvænna skipavéla sem nota svartolíu og sparneytna aðal- og hjálparvél og vistvænna véla í flugvélum þar sem þetta getur átt við.<br><br>Gildistaka alþjóðlegra samþykkta og reglna sem takmarka losun efna frá skipum, bílum og flugvélum verði í samræmi við þá alþjóðlegu samninga sem gerðir hafa verið fyrir hönd Íslands.<br><br>Almenn fræðsla um akstur (vistakstur) aukin með það í huga að draga úr mengun og hávaða frá bílaumferð. |

### 13.4.1 Niðurstaða

Stefnumið og aðgerðir SGÁ eru í samræmi við ákvæði Kyoto-bókunarinnar. Sett eru fram mælanleg markmið í SGÁ og lagðar til ýmsar aðgerðir til að ná fram stefnumiðum sem eru í samræmi við Kyoto.

## 13.5 Ýmsir samningar um flugsamgöngur og málefni hafsins

### 13.5.1 Samningur um varnir gegn mengun frá skipum (Marpol 73/78)

Markmið samningsins er að koma í veg fyrir losun mengunarefna út í andrúmsloftið og í sjó, þ.m.t. í úthöf, frá farartækjum á sjó, þ.m.t. fastir eða fljótandi pallar sem eru á siglingu eða í höfnum.

### 13.5.2 OSPAR-samningurinn

Markmið samningsins er að koma í veg fyrir mengun Norðaustur-Atlantshafsins með því að draga úr mengun frá landi, mengun af völdum losunar úrgangs og mengun frá uppsprettum í hafi. Einnig tekur hann á verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins.

---

[11] Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna, Kyoto-bókunin.

### 13.5.3 Lundúnasamningurinn

Lundúnasamningurinn er um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna. Samningurinn er frá 1972 og tók gildi á Íslandi 1975. Markmið samningsins er að stýra og koma í veg fyrir varp úrgangsefna og mengunarefna í sjó utan landhelgisgrunnlína) frá skipum og flugvélum og bruna úrgangsefna á hafi..

### 13.5.4 Samningur um líffræðilega fjölbreytni (CBD)

Markmið samningsins er þríþætt: Að vernda líffræðilega fjölbreytni, að stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda og stuðla að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda, aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.

### 13.5.5 Chicago-samningurinn

Chicago-samningurinn um alþjóðlegt almenningsflug tekur til margvíslegra þátta flugsamgangna.

### 13.5.6 Niðurstaða

Stefnumið og aðgerðir SGÁ um að draga úr losun mengandi efna eru í samræmi við ofangreinda samninga um málefni hafsins. Einnig eru aðgerðir í SGÁ sem snúa að öryggismálum í samræmi við þessa samninga.

## HLUTI III: UMHVERFISÁHRIF SGÁ

Í þessum hluta umhverfisskýrslunnar verður fjallað um umhverfisáhrif SGÁ og gerð grein fyrir líklegum verulegum umhverfisáhrifum af stefnumiðum og framkvæmd áætlunarinnar.

Skilgreining og kortlagning líklegra umhverfisáhrifa fór fram í rýni vinnuhópsins og á sérstökum vinnufundum matsteymis. Teymið ryndi framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar á áætlunartímabilinu og lagði mat á áhrif stefnumótunar SGÁ og þróun samgangna. Reynt var að líta á heildar- og/eða uppsöfnuð áhrif út frá heildarsamhengi og þróun samgöngugeirans almennt og á þann hátt voru helstu áhrifaþættirnir skilgreindir. Skilgreining áhrifa SGÁ beindist að stórum hluta að samfélagslegum áhrifum og þróun og framtíð samgangna á landinu. Umfjöllun matsteymisins um samfélagsáhrif var fyrir hvern landshluta en frá áhrifum á náttúrufar er greint á almennari hátt og fyrir landið í heild sinni.

Í eftirfarandi köflum verður fjallað um heildaráhrif SGÁ á helstu umhverfisþættina sbr. töflu 6.1. Þá er umfjöllun um valkosti sem komið hafa upp í matsvinnunni og mögulegar vöktunaraðgerðir sem lagðar eru til í ljósi niðurstaðna matsvinnu. Að lokum er gerð grein fyrir meginóvissu og vandamálum í matinu og hugsanlegri þróun byggðar og náttúru ef SGÁ kæmi ekki til framkvæmdar. Fyrst er greint frá helstu áhrifaþáttum, þ.e. í kafla 14, því næst í kafla 15 er gerð grein fyrir meginháhrifum stefnumiða á helstu umhverfisþætti og í köflum 16 til 22 er gerð nánari grein fyrir áhrifum á umhverfi og samfélag.

### 14. Áhrifaþættir SGÁ

Stefnumótun og markmið SGÁ miða beint að því að bæta og þróa samgöngur til að ná fram jákvæðum samfélagslegum áhrifum. Matsteymið leit sérstaklega til framkvæmda í mismunandi landshlutum í því samhengi. Landshlutarnir voru Vesturland og Vestfirðir, Norðurland, Austurland og Suðurland. Þá var einnig fjallað sérstaklega um höfuðborgarsvæðið og um Miðhálendið þegar rætt var um áhrif á náttúru. Almennt fylgdi umfjöllun um áhrif SGÁ á náttúrufar ofangreindum landshlutum, en ákveðið var að í umhverfisskýrslu yrði fjallað um heildaráhrif SGÁ á náttúrufar vegna eðli áhrifa og fyrirliggjandi upplýsinga um þau.

**Tafla 14.1 Helstu áhrifaþættir SGÁ á náttúru og samfélag**

| Áhrifaþættir í SGÁ | Lýsing |
|---|---|
| **Greiðari samgöngur** | Stytting leiða á milli byggðakjarna til að lágmarka ferðatíma. Undir þetta markmið tilheyrir fjöldi aðgerða í formi framkvæmda, s.s. að stytta leiðir á milli staða með nýjum framkvæmdum, gera jarðgöng og byggja breiðari brýr, nýjar hafnir og stækkun flugvalla.<br>Bæta núverandi vegi; byggja þá upp úr snjó, breikka þá og bæta legu þeirra og tryggja fullt burðarþol allt árið. |
| **Uppbygging grunnnets** | Áhrifaþáttur sem miðar að því að tryggja og/eða auka afkastagetu kerfisins, fyrst og fremst í formi framkvæmda og aukinnar afkastagetu umferðarmannvirkja. Megin áherslan er á uppbyggingu vegakerfisins. Grunnnetið telur einnig hafnir og flugvelli sem eiga að halda í við tækniþróunina með rými fyrir stærri farartæki. |
| **Aukið öryggi** | Stefnumið um að draga úr slysum og óhöppum í samgöngum. Aðgerðir sem miða að því að fækka slysum, t.d. með styttingu leiða, byggja vegi upp úr snjó, breikka þá og bæta legu þeirra og ýmsar aðgerðir sem snúa að sjófarendum. |
| **Aukin umferð** | Aukin umferð vegna byggðaþróunar og bættra samgangna hefur neikvæð áhrif á losun mengandi efna í andrúmsloft og hljóðvist. |
| **Nýframkvæmdir** | Flestar nýframkvæmdir í SGÁ hafa einhver neikvæð og jafnvel óafturkræf áhrif á náttúrufar, s.s. á vistkerfi, búsvæði, líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir, vatnakerfi, landslag og víðerni. |

## 15. Áhrif stefnumiða SGÁ á umhverfisþætti

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áhrif stefnumiða samgönguáætlunar á helstu umhverfisþætti. Niðurstaða matsvinnu er að stefnumiðin hafi ekki verulega neikvæð áhrif á umhverfisþætti. Þeir þættir sem verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna stefnumiða SGÁ eru fyrst og fremst náttúrufar og landslag. Nánari lýsing á áhrifum er að finna í köflum 16 til 22.

**15.1 Áhrif stefnumiða SGÁ á helstu umhverfisþætti**

| Stefnumið SGÁ | Samfélag og byggðaþróun | Öryggi | Heilsa | Loftslag | Náttúrufar | Hafið |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Greiðari samgöngur** | **Jákvæð áhrif**<br>Meiri hreyfanleiki og greiðari samgöngur. Aukið þjónustustig samgangna og styttri ferðatími.<br>Eflir byggða kjarna. | **Jákvæð áhrif**<br>Uppbygging grunnets hefur jákvæð áhrif á umferðaröryggi. | **Neikvæð áhrif**<br>Greiðari samgöngur og aukið þjónustustig eykur umferð.<br>Að öðru óbreyttu eykur það mengun og hávaða, fyrst og fremst í þéttbýli. | **Neikvæð áhrif/jákvæð áhrif**<br>Greiðari samgöngur og aukið þjónustustig eykur umferð.<br>Aukin losun/útblástur mengandi efna.<br>Styttri ferðatími, bættar samgöngur og styttri vegalengdir draga úr losun/útblæstri efna. | **Neikvæð áhrif**<br>Uppbygging grunnets hefur neikvæð áhrif á náttúrufar. Ósnortið og lítt snortið land fer í auknum mæli undir samgöngumannvirki.<br>Framkvæmdir geta skert búsvæði tegunda sem og raskað vistkerfum. | **Óvissa**<br>Aukin umferð siglinga og flutninga kann að auka á losun mengandi efna í sjó. |
| **Hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna** | **Jákvæð áhrif**<br>Hagkvæmari samgöngur.<br>Forgangsröðun framkvæmda m.t.t. arðsemi.<br>Forgangsröðun kann að leiða til aukningar framkvæmda á þéttbýlustu svæðum landsins.<br>Stuðlað að jafnari samkeppnisaðstöðu samgöngugreina. | -- | -- | -- | -- | -- |


| Stefnumið SGA | Samfélag og byggðaþróun | Öryggi | Heilsa | Loftslag | Náttúrufar | Hafið |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Umhverfislegar og sjálfbærar samgöngur** | **Jákvæð áhrif**<br>Aukin tenging skatta og gjalda við orkunotkun og mengun.<br>Stuðlað að betri orkunýtingu. | -- | **Jákvæð áhrif**<br>Dregur úr losun mengandi efna og stuðlar að betri hljóðvist. | **Jákvæð áhrif**<br>Betri orkunýting og minni losun mengandi efna. | **Jákvæð áhrif**<br>Stuðlað að minni losun mengandi efna.<br>Viðmið um náttúrufar höfð til hliðsjónar við hönnun mannvirkja. | **Jákvæð áhrif**<br>Stuðlað að minni losun mengandi efna í hafið. |
| **Öryggi í samgöngum** | **Jákvæð áhrif**<br>Aukið öryggi í samgöngum hefur jákvæð áhrif á samfélag og byggðaþróun. | **Jákvæð áhrif**<br>Fækkun slysa í öllum samgöngugreinum. | -- | -- | **Neikvæð áhrif**<br>Aðgerðir til að auka öryggi í samgöngum leiða til þess að ósnortið og lítt snortið land fer í auknum mæli undir mannvirki. | -- |
| **Jákvæð byggðaþróun** | **Jákvæð áhrif**<br>Stefnt að styttingu vegalengda og ferðatíma. Það stækkar atvinnu- og þjónustusvæði og eflir byggðakjarna.<br>Kann að hafa neikvæð staðbundin áhrif.<br>Ráðist í framkvæmdir til að stuðla að sem jafnastri stöðu landsmanna. Leiðir til þess að ráðist er í framkvæmdir sem ekki eru reikningslega arðsamar. | **Jákvæð áhrif**<br>Bættar samgöngur m.t.t. jákvæðrar byggðaþróunar auka umferðaröryggi. | -- | -- | **Neikvæð áhrif**<br>Uppbygging samgöngumannvirkja vegna byggðaþróunar kann að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar. Ósnortið og lítið snortið land fer undir samgöngumannvirki | -- |

## 16. Áhrif á samfélag, byggðaþróun, öryggi og heilsu

Undir byggð og samfélag falla nokkrir þættir sem fjallað er um í umhverfisskýrslu. Þeir eru byggð og byggðaþróun, öryggi og heilsa. Sérstök umfjöllun er um þungaflutninga, þar sem þeir voru áberandi í allri umræðu um byggð, samfélag og öryggi.

### 16.1 Byggðaþróun

Á undanförnum árum hafa ákveðnir byggðakjarnar styrkst á landinu, en jaðarsvæði veikst. Helstu byggðakjarnarnir utan höfuðborgarsvæðisins eru Akureyri og Eyjafjörður, Ísafjörður, Egilsstaðir og Austur-Hérað, Reykjanesbær og Árborgarsvæðið. Mynd 16.1 sýnir þróun mannfjölda á tímabilinu 1994-2004.




**Mynd 16.1** **Þróun mannfjölda eftir landssvæðum og breytingar á tímabilinu 1994-2004**
Heimild: Byggðastofnun

### 16.2 Öryggi

Samkvæmt *Ársskýrslu umferðarslysa á Íslandi 2005*[12] hefur orðið jákvæð þróun á umferðaröryggi hér á landi samanborið við aðstæður fyrir áratug. Fækkun slasaðra og látinna miðað við 100 þúsund íbúa er 41%. Þá hefur slösuðum og látnum fækkað um 54% miðað við ekna kílómetra. Af þessu má sjá að slösuðum hefur fækkað umtalsvert og hafa ber í huga að árið 2004 slösuðust færri alvarlega en tvo síðustu áratugi. Ástæður þessarar þróunar má fyrst og fremst rekja til betri

[12] Umferðarstofa, 2006

öryggisbúnaðar bíla, aukinnar og almennari notkunar bílbelta, aukinnar löggæslu, áhrifa áróðurs og upplýsinga til almennings og betri vega.

Banaslys verða langflest á vegum utan þéttbýlis en 3 af 16 banaslysum urðu í þéttbýli árið 2005. Bendir það til þess að öryggi sé ekki með besta móti á vegum landsbyggðarinnar þar sem hraði er mikill og gagnstæð umferð er ekki aðskilin. Markmið stjórnvalda er „að fjöldi látinna í umferðinni verði aldrei meiri en það sem lægst gerist hjá þeim þjóðum sem best standa, fyrir árið 2016. Markmiðið er að vera meðal þeirra bestu í heiminum. Þá er það markmiðið að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% ár hvert til ársins 2016 og að miðað sé við meðaltal fimm ára tímabila."[13]

Rannsóknarnefnd sjóslysa (RNS) á samkvæmt reglugerð um starfsemi nefndarinnar að gefa út skýrslu árlega. Síðast kom út ársskýrsla á árinu 2005 og þá fyrir starfsemi ársins 2003. Slys sem tilkynnt eru RNS hefur hvorki fjölgað né fækkað svo heitið geti. Á árunum 1993-2003 var að meðaltali tilkynnt um 120 slys á ári hverju (staðalfrávik 20). Þróun heildarfjölda skráðra atvika helst ekki í hendur við þróun skipastóls sem fer fækkandi.[14]

Ársskýrsla Rannsóknarnefndar flugslysa 2003[15] segir frá þróun öryggismála frá 1982 til 2003. Þær tölur benda til þess að lítil breyting hafi verið á skráðum flugatvikum sem hlutfall af heildarfjölda flugstunda. Þó má segja að skráning hafi líklega orðið umfangsmeiri með árunum og öryggi því í raun batnað. Banaslys hafa t.d. verið 1 á ári að meðaltali s.l. 20 ár, 0,7 á ári s.l. 10 ár og 0,5 á ári s.l. 5 ár.

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir helstu aðgerðum sem fram koma í SGÁ er varða öryggi í samgöngumálum.

### 16.2.1 Aðgerðir vegna umferðaröryggis á vegum

Aðgerðir til að auka öryggi samgangna eru m.a. gerð svokallaðra 2+1 vega, breikkun vega, stytting leiða, lagfæringar á hættulegum vegstæðum og að fækka einbreiðum brúm. Í athugasemdum við SGÁ kemur m.a. fram að á áætlunartímabilinu:

- Verða vegir með árdagsumferð (ÁDU) meiri en 1.000 bílar á dag, sem eru hluti umferðarþyngstu flutningabrautanna, styrktir þannig að ekki þurfi að koma til ásþunga-takmarkana á þeim. Þær brýr sem enn eru með aðeins einni akrein á þessum vegum verða breikkaðar. Stefnt er að því að minnsta breidd þessara vega verði 8,5 m, en meiri þar sem þörf er á vegna umferðar. Lagfæra þarf vegamót á þessum vegum og fækka þeim eins og unnt er.
- Þurfi að gera nýja vegi á höfuðborgarsvæðinu, endurbæta eldri vegi og lagfæra gatnamót a.m.k. í þeim mæli að umferðarástand versni ekki frá því sem nú er.
- Verði stefnt að því að ljúka að mestu endurbyggingu og breikkun einbreiðra brúa á þjóðvegi 1 á áætlunartímabilinu og á öðrum vegum þar sem ÁDU er meira en 250 bílar á dag.
- Á öðrum vegum verði lögð áhersla á endurbætur á hættulegum og ógreiðfærum vegaköflum og bundið slitlag lagt eins og fjármagn leyfir.

Í samræmi við umferðaröryggisáætlun skal stefnt að því að fækka dauðaslysum í umferð þannig að fjöldi látinna á 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2016. *Jafnframt skal stefnt að því að fjöldi alvarlegra slasaðra í umferð lækki að jafnaði um 5% á ári til* ársins 2016 miðað við meðaltal áranna 2001-2005. Náist fullnægjandi árangur miðað við markmið umferðaröryggisáætlunar verður minnst fjórum dauðsföllum forðað á ári og í lok áætlunartímabils

---

[13] Umferðarstofa, 2006
[14] Rannsóknarnefnd sjóslysa, 2005
[15] Rannsóknarnefnd flugslysa, 2004

umferðaröryggisáætlunar 2016 er gert ráð fyrir að alvarlega slösuðum hafi fækkað um 45%. Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

- Tryggt verði að umferðaröryggisáætlun nái fram að ganga, en þess jafnframt gætt að svigrúm sé til að endurskoða framkvæmdaáætlun hennar reglulega í fjögurra ára samgönguáætlun svo að hægt sé að taka inn ný verkefni ef sýnt þykir að þau muni skila meiri árangri.
- Götur og vegir verði gerðir öruggari, m.a. með endurskoðun staðla, bættri öryggishönnun, aðskilnaði bílaumferðar og óvarinna vegfarenda þar sem umferðin er mest og fækkun hættulegra staða í vegakerfinu. Haldið verður áfram breikkun umferðarmestu vega með aðskilnaði akstursstefna. Í fyrsta áfanga verða Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur út frá Reykjavík breikkaðir. Gerð verði úttekt á umhverfi stofn- og tengivega og lagðar fram tillögur til úrbóta. Gerð verði úttekt á vegakerfinu í þeim tilgangi að meta hæfilegan leyfilegan hámarkshraða miðað við gerð vegar.
- Varðandi afköst vega og val á kennisniði má hafa til hliðsjónar að tveggja akreina vegur, 1 + 1 vegur, afkastar um 10 – 12.000 bílum/sólarhring, þriggja akreina vegur, 2 + 1 vegur, afkastar um 15 – 20.000 bílum/sólarhring og fjögurra akreina vegur, 2 + 2 vegur, getur afkastað allt að 60.000 bílum/sólarhring.
- Niðurstöður rannsóknarverkefna sem Rannsóknarráð umferðaröryggismála styrkti á tímabilinu 2001-2005 verði nýttar í þágu umferðaröryggis.

### 16.2.2 Aðgerðir vegna flugöryggiskrafna

Staðfesting íslenskra stjórnvalda á aðild Íslands að EASA felur í sér að fylgja skal sameiginlegum flugöryggiskröfum Evrópulanda og stefnan sem tekin var árið 1990 um að nota bestu alþjóðlegu viðmið og vera ekki með sérlslensk ákvæði nema í algjörum undantekningartilvikum var endanlega fest í sessi. Þar með er stefnan í flugöryggismálum sett um ófyrirséða framtíð. Áherslur EASA á komandi árum til eflingar flugöryggis og þá um leið áherslur íslenskra stjórnvalda eru þessar:

- Á árinu 2006 og 2007 verður skoðunum á erlendum loftförum sem fljúga til Evrópu (SAFA-skoðanir) komið í fastara form, þar á meðal ákvörðunum um bannlista og jafnvel sérstakt evrópskt flugrekendaskírteini.
- Á árinu 2007 verður samevrópskum reglum EASA um flugrekstur og þjálfunar- og skírteinamál komið í gagnið. Að þessu er unnið.
- Frá árinu 2008 mun EASA hafa sett reglur um framkvæmd við vottun flugvalla, vottun flugleiðsöguþjónustu og eftirliti með því.

### 16.2.3 Aðgerðir vegna öryggis sjófarenda

Meginmarkmið áætlunar um öryggi sjófarenda er að fækka slysum á sjó. Stefnt skal að því að öryggi íslenskra skipa verði eins og það gerist best með öðrum þjóðum. Hafin er úrvinnsla er varðar skilgreiningu á stefnumótandi áherslum og markmiðum.

- Stefnt verður að því að árin 2007-2018 verði ekki fleiri dauðaslys en 4 á ári miðað við hverja 10.000 starfandi sjómenn að meðaltali á 3 ára tímabilum.
- Stefnt verður að því að árin 2007-2018 farist ekki fleiri en 10 fiskiskip á ári af hverjum 10.000 skipum að meðaltali á 3 ára tímabilum.

Í áætlun um öryggi sjófarenda 2007 til 2018 eru lagðar til breytingar á áherslum verkefna. Breytingin felur það í sér að öryggisstjórnun mun fá meira vægi í verkefnum en áður. Tilgangur öryggisstjórnunar er að tryggja sem best að öryggisþættir séu undir stjórn og að búnaður skips og hæfni skipverja sé eins góð og mögulegt er hverju sinni. Virk öryggisstjórnun hjá útgerðum og í skipum

þeirra mun hafa í för með sér aukna öryggisvitund allra starfsmanna á landi sem á sjó sem aftur mun leiða af sé aukið öryggi þeirra. Undir öryggisstjórnun teljast öryggisstjórnunarkerfi, öryggisfulltrúar og áhættumat. Breytingar á áherslum skipast í þrjá áfanga:

- Fyrsti áfanginn er að öryggisfulltrúar verði skipaðir í fiskiskipum. Gert verður fræðsluefni fyrir þá og þeim verður boðið upp á viðeigandi námskeið.
- Í öðrum áfanga verður lögð áhersla á að hættumat verði gert í hverju skipi með það að markmiði að greina hættu við störfin og koma í veg fyrir eða minnka hana.
- Þriðji áfanginn er að tekin verði upp öryggisstjórnunarkerfi í öllum íslenskum fiskiskipum.

### 16.3 Áhrif á samfélag, byggðaþróun, öryggi og heilsu eftir landshlutum

#### 16.3.1 Vesturland og Vestfirðir

Aðgerðir á Vestfjörðum miða að því að tengja byggðir betur saman og bæta umferðaröryggi, með því að hafa þar greiðari vegi og stytta ferðatíma. Göng eru áætluð þar sem ekki er gerlegt að halda greiðum vegi, *m.a. vegna snjóa. Þessar aðgerðir eru í samræmi við stefnu byggðaáætlunar.* Framkvæmdir á SGÁ munu styrkja Ísafjörð sem byggðakjarna á Vestfjörðum.

Á Vestfjörðum er markmið með framkvæmdum SGÁ að tengja byggðir svæðisins betur saman við Ísafjörð, m.a. til þess að gera kosti bæjarins á sviði þjónustu, verslunar og atvinnu aðgengilegri. Óvissa er um að hve miklu leyti samgöngubætur breyti byggða- og mannfjöldaþróun á jaðarsvæðum, s.s. á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar er hins vegar tiltölulega langt til næsta kjarna og því líklegt að ýmis þjónusta verði áfram í boði á þessum svæðum.

Framkvæmdir á SGÁ koma einnig til með að stytta ferðatíma til höfuðborgarsvæðisins. Því fylgja jákvæð áhrif á byggðina, en það kann einnig að hafa neikvæð áhrif á jaðarbyggðir vegna þess að *ýmis þjónusta og verslun eigi erfiðara* með að standast samkeppni við höfuðborgarsvæðið.

Helstu áhrif á Vesturlandi eru aðgerðir til að auka umferðaröryggi á vegum og með færslu Hringvegar út úr þéttbýli í Borgarnesi.

Í umfjöllun um samfélag var bent á að stundum séu farnar tvær mismunandi leiðir að sömu markmiðum, s.s. að tengja Ísafjörð betur við höfuðborgarsvæðið á tvo vegu: um Ísafjarðardjúp og suðurfirði Vestfjarða. Slíkar aðgerðir eru ekki taldar eins markvissar og ef valin er ein meginleið til að tengja saman byggðir og/eða landshluta.

#### 16.3.2 Áhrif á Norðurlandi

Framkvæmdir á Norðurlandi miða að því að styrkja Akureyri og Eyjafjörð sem *aðalbyggðakjarna* Norðurlands. Veigamestu aðgerðirnar eru að tengja nærliggjandi svæði við Akureyri. Í SGÁ er einnig lögð mikil áhersla á að stytta ferðatíma á milli Norðurlands og höfuðborgarsvæðisins. Það kom fram í umræðum matsteymisins að allar fyrirhugaðar framkvæmdir á Þjóðvegi 1 séu líklegar til þess að hafa jákvæð áhrif á ýmsa samfélagsþætti, s.s. aðgengi að þjónustu og verslun, hagkvæmni flutninga og stækkun atvinnu- og þjónustusvæða.

Komu þó einnig fram sambærilegar spurningar og fyrir aðra landshluta, um það hvort styrking kjarnasvæða geti ýtt undir erfiðleika jaðarsvæða sem tengjast e.t.v. sem eru ekki lengur við Hringveginn eða missa þjónustuhlutverk og sérstöðu á svæðinu sem þau áður höfðu vegna færslu vega. Á heildina litið er þó talið að aðgerðir SGÁ á Norðurlandi séu til þess fallnar að hafa veruleg *jákvæð áhrif á þennan landshluta.*

Þá kom itrekað fram það sjónarmið að jaðarsvæði geta verið svo afskekkt að jafnvel gott vegakerfi nægi ekki til að bæta eða breyta samfélags- eða efnahagslegri þróun svæðisins. Var m.a. vísað til þróunar á Norðausturlandi. Á því svæði er stefnt að verulegum úrbótum með því að tengja byggðirnar betur saman.

Lenging flugbrautar og aðrar aðgerðir við flugvöllinn á Akureyri koma til með að hafa jákvæð áhrif á öryggi og styrkir forsendur fyrir áframhaldandi millilandaflug til og frá Akureyri.

Stytting vegalengda og greiðari og öruggari samgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og Eyjafjarðar kunna að draga úr flugsamgöngum á milli þessara staða.

### 16.3.3 Áhrif á Austurlandi

Á Austurlandi er stefnt að því að tengja saman byggðir og bæta umferðaröryggi. Þá er stefnt að því að lengja flugbrautina á Egilsstöðum. Bættar samgöngur og stytting vegalengda til Egilsstaða stytta ferðatíma til höfuðborgarsvæðisins.

Svipað álit kom fram hjá matsteyminu um samfélagsáhrif og á Norðurlandi en einnig eru ábendingar um nauðsyn þess að líta á heildina og meta valkosti í þróun samgangna á svæðinu í heild sinni og líta frekar til varanlegra lausna strax í upphafi. Ákveða þarf hvaða leið eigi að vera megin flutningaleið um þennan landshluta og miða allar nauðsynlegar framkvæmdir við þá ákvörðun.

Almennt er talið að framkvæmdir í þessum landshluta séu til þess fallnar að styrkja stærstu byggðakjarna á svæðinu.

### 16.3.4 Áhrif á Suðurlandi

Áhrif SGÁ á samfélag og byggð á Suðurlandi eru e.t.v. fjölbreyttari en á öðrum landshlutum. Stytting Hringvegar hefur jákvæð áhrif á þéttbýliskjarna á Suðurlandi sem og á Austurlandi. Fyrirhuguð ný höfn við Bakkafjöru kemur til með að gera allar samgöngur til Vestmannaeyja greiðfærari og tíðari.

Með framkvæmdum sem stefna að því að stytta eða gera samgöngur greiðari á suðvesturhluta landsins, færast byggðakjarnar í Ölfusi, Hveragerði og Árborg nær höfuðborginni, þegar litið er til ferðatíma, sem hefur áhrif á stærð þjónustu- og atvinnusvæða í þessum landshluta.

Hugmyndir um rekstur og samþættingu almenningssamgangna á Suðurlandi við strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu eru einn angi þessarar þróunar.

Suðurstrandarvegur kemur til með að tengja Ölfus og byggð á Suðurnesjum betur saman og hafa jákvæð áhrif á ferðamennsku.

Bættar samgöngur og styttri ferðatími kunna að draga úr flugsamgöngum til og frá höfuðborginni. Þá er sérstaklega litið til Vestmannaeyja og Hafnar í Hornafirði.

### 16.3.5 Áhrif á höfuðborgarsvæðinu

Framkvæmdir á SGÁ á höfuðborgarsvæðinu skera sig að miklu leyti úr í samanburði við verkefni annars staðar á landinu. Framkvæmdir snúa fyrst og fremst að afkastagetu samgöngumannvirkja og eru mannvirkin flest innan byggðar (tafla 10.2). Við mat á áhrifum framkvæmda er lögð áhersla á samélagslega þætti og áhrif umferðarinnar á heilsu íbúanna, s.s. loftmengun, hljóðvist og slysatíðni. Áhrif á náttúrufar á höfuðborgarsvæðinu er mun fremur af völdum byggðarinnar sem slíkrar en gerðar samgöngumannvirkja einna og sér.

SGÁ gerir ráð fyrir að flugvöllurinn verði áfram í Reykjavík, a.m.k. til 2018. Staðsetning flugvallar er lykilatriði til að ná því markmiði að komast til eða frá höfuðborgarsvæðinu innan þriggja klukkustunda. Ýmsir valkostir hafa verið til skoðunar um staðsetningu flugvallarins og vinnur sérstök

nefnd að samanburði þeirra. Því er að svo stöddu ekki lagt mat á þessa valkosti og mun umfjöllun um þá í umhverfisskýrslu bíða þar til niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir.

Samhliða því að auka afkastagetu samgöngumannvirkja er stefnt að aukningu hlutdeildar *almenningssamgangna í þéttbýli. Almenningssamgöngur hafa verið á hendi sveitarfélaga.* Í SGÁ kemur m.a. fram að:

- Ríkissjóður hefur styrkt sveitarfélögin við þetta verkefni með því að endurgreiða þeim meiri hluta þeirra gjalda sem lögð eru á þessa samgöngugrein. Lagt er til að í samráði við sveitarfélög verði farið yfir fyrirkomulag og kostnað við *almenningssamgöngur í þéttbýli.*

#### 16.3.5.1 Framkvæmdir og áhrif innan svæðis

Þróun vegakerfisins er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Markmiðið í SGÁ er *að viðhalda háu þjónustustigi á vegunum. Þrátt fyrir umkvartanir og umræðu um afkastagetu* vegakerfisins má segja að ástandið sé betra eða áþekkt því sem gengur og gerist í erlendum borgum. Almenningssamgöngur geta bara keppt við einkabílinn á hagkvæmnisgrundvelli. Svo lengi sem þægilegt og fljótlegt er að aka einkabíl, mun hann hafa betur í samkeppninni um farþegana. Engir stórir hópar fólks munu því kjósa að nota þjónustu Strætó af fjárhagslegum ástæðum eingöngu. Þróunin hefur sýnt að fyrr mun fólk spara við sig í stærð og gerð einkabíls. Framhjá því verður ekki litið að ákvörðun um að byggja upp samgöngukerfi til að viðhalda þjónustustigi samgangna í borginni styður ekki möguleika á að byggja upp öflugar almenningssamgöngur með talsvert meiri hlutdeild í ferðum en nú er.

Aukin umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er staðreynd og ber að stuðla að henni. Með auknu aðgengi fyrir slíka umferð má draga úr öðrum tegundum umferðar og ná þannig fram bættum áhrifum fyrir heilbrigði og umhverfi. Til að stuðla að frekari uppbyggingu göngu- og hjólastíga er mikilvægt að stuðla að gerð hjóla- og göngustiga meðfram stofnvegum í þéttbýli. Á sama hátt verði skoðuð þátttaka ríkisins í gerð hjóla- og göngustíga meðfram fjölförnustu stofnvegum í dreifbýli. Slíkar aðgerðir eru líklegar til að hafa margvísleg áhrif, þ.m.t. að draga úr aukningu umferðar ökutækja í þéttbýli.

Ýmsar stórar framkvæmdir eru á döfinni á höfuðborgarsvæðinu. Þessar framkvæmdir eru í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag einstakra sveitarfélaga. Meginóvissan felst í ákvörðun um forgangsröðun þessara framkvæmda og hvort flugvöllur verði áfram í Vatnsmýri í lok tímabils áætlunarinnar.

Hreyfanleiki og möguleikar íbúa til að fara ferða sinna á einkabíl munu aukast með auknum og bættum tengingum innan svæðisins. Að öllu leyti leiðir það til öflugra og hreyfanlegra samfélags með möguleikum á aukinni samkeppni milli borgarhverfa og fyrirtækja. Ósennilegt er að áhrifin verði þau sömu fyrir aðra vegfarendur en þá sem aka einkabíl.

Mikilvægt er að skerða ekki aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda eða þeirra sem eiga erfitt um vik vegna líkamsástands. Afleidd áhrif af mikilli umferð og háu þjónustustigi vega er minni líkamshreyfing fólks tengd ferðum.

#### 16.3.5.2 Tengingar út fyrir höfuðborgarsvæðið

Undanfarið hafa staðið yfir umbætur á Vesturlandsvegi milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Þar er einnig að vænta mislægra þvertenginga til Grafarvogs og Mosfellsbæjar. Þá er tenging Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar með mislægum gatnamótum langt á veg komin. Suðurlandsvegur mun einnig verða breikkaður milli Vesturlandsvegar og Norðlingaholts. Sundabraut er svo *hinn nýi vegur sem á að auka afkastagetu vegakerfisins til norðurs, létta á umferð um* Mosfellsbæ og stytta leiðina að Hvalfirði. Reykjanesbrautin tengir síðan hvort tveggja ýmis sveitarfélög innan höfuðborgarinnar og borgina við Suðurnes og Keflavíkurflugvöll.

Alls staðar þar sem mikil umferð kemur nærri mannabyggð verða árekstrar hagsmuna. Gæta þarf þess í útfærslu á mannvirkjum. Þá fer umferðin vaxandi með bættum umferðarmannvirkjum sem gerir framkvæmdirnar enn vandasamari.

Þá er staðsetning flugvallar í Reykjavík grundvallarforsenda fyrir því að flestir landsmenn komist til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við þriggja klukkustunda ferðatíma. Varðandi frekari umfjöllun og samanburð á milli staðarvalskosta er vísað í vinnu sem unnin er um hagræna úttekt á Reykjavíkurflugvelli og mun niðurstaða hennar liggja fyrir árið 2007.

### 16.3.6 Áhrif á hljóðvist og loftmengun

Svifryk er ein helsta mengunin sem borgarbúar verða fyrir af völdum umferðar. Útblástursmengun er að hluta uppspretta svifryksmengunar þegar díselbílar eru annars vegar. Hvort koma megi í veg fyrir þessa neikvæðu umhverfisþætti með tæknilegum lausnum er umdeilt og sama er að segja um grundvallarbreytingar á umferðarkerfinu sem myndu minnka umferðina almennt.

Hvort tveggja umferðarmagn og hraði valda hávaða sem er önnur mesta mengunin í borginni. Mikilvægt er að fylgjast með þróun hennar samhliða uppbyggingu og þróun samgangna. Rannsóknir hafa sýnt að hávaði getur leitt til heilsuvandamála og aukinna streitueinkenna. Það er talið víst að stöðugur hávaði í umhverfi sé heilsuspillandi en þó hefur WHO (World Health Organisation) talið að jafngildishljóðstig undir 50 dB(A) valdi litlu eða engu angri í samfélaginu. WHO hefur því lagt til að viðmiðunargildið sé 55 dB(A) fyrir jafngildishljóðstig utandyra.[16]

Hljóðvist í Vatnsmýrinni hefur verið skoðuð töluvert vegna legu flugvallarins, staðsetningar samgöngumiðstöðvar og hugmynda um framtíð flugvallarins. Athugun á hljóðvist umhverfis flugvöllinn í tengslum við svæðisskipulag fól m.a. í sér úttekt á hljóðvist miðað við mismunandi valkosti á flugvellinum fyrir þáverandi umferð og spá um flugumferð 2020.[17] Niðurstöður gefa til kynna að hljóðstig á háskólasvæðinu er á bilinu 60-67 dB(A).

Í íslenskum reglugerðum um hávaða er ekki að finna sérstök ákvæði eða viðmiðunarmörk fyrir flugvelli en að velja skuli viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum í einhverju hinna Norðurlandanna. Þó er tekið fram að:

- Flugvelli má ekki staðsetja eða breyta þeim þannig, að heilsuspillandi hávaði hljótist af eða truflun á einkalífi manna, vinnufriði eða næturró.
- Sérstakt tillit ber að taka til sjúkrahúsa eða annarra heilbrigðisstofnana.
- Bannað er að byggja íbúðarhús í nágrenni flugvalla í aðflugsstefnu flugbrauta þar sem hætta er á slysum og að hávaði fari yfir leyfileg mörk.
- Sveitarstjórn getur, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, takmarkað flugtök og lendingar flugvéla við ákveðna tíma sólarhrings á flugvöllum nálægt byggð og bannað alveg lendingar og flugtök þeirra flugvélagerða, sem eru sérstaklega hávaðasamar.
- Við flugvelli skulu gilda hávaðatakmarkanir vegna flugumferðar og sé flugi jafnan hagað svo að sem minnstri truflun valdi íbúum nærliggjandi byggða.

Ljóst er að þróun byggðar í þéttbýli verður til þess að umferð kemur til með að aukast. Víða hefur verið gripið til aðgerða til að draga úr hávaða frá umferð. Árið 2005 tók gildi reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir. Markmið hennar er að kortleggja og meta hávaða og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hávaða. Í reglugerðinni kemur m.a. fram að veghaldari og rekstraraðili flugvallar skulu gera hávaðakort sem sýni

---

[16] Cotzen Ben, English Colin, Enviromental Noise barriers, 1999
[17] Línuhönnun, Hljóðvist Reykjavíkurflugvallar, febrúar 2001

stöðu ársins á undan fyrir umferðarþunga vegi (umferð meiri en 3 milljónir bíla/ári) og stóra flugvelli (flughreyfingar fleiri en 50.000).

Sveitarstjórn skal útbúa hávaðakort sem sýni stöðu ársins á undan fyrir þéttbýlissvæði. Á þéttbýlissvæðum skal vera samvinna milli þeirra aðila sem ábyrgð bera á kortlagningu hávaða á svæðinu og skal niðurstaðan sýnd sem heildstætt hávaðakort sem sveitarstjórn gefur út. Komi í ljós við hávaðakortlagningu að hávaði er yfir umhverfismörkum skal vinna áætlun um aðgerðir með það að markmiði að draga úr áhrifum hávaða. Sveitarstjórn, hver á sínu svæði, ber ábyrgð á að aðgerðaáætlun sé gerð og skal hún unnin í samvinnu við veghaldara stórra vega og rekstraraðila stórra flugvalla á svæðinu. Þessar kvaðir eiga við víða á höfuðborgarsvæðinu og þar sem þjóðvegur fer um þéttbýli.

Líklegt er því að frekari útreikninga og athuganir þurfi að gera við deiliskipulag á einstökum uppbyggingasvæðum í nágrenni flugvallarins.

### 16.4 Valkostir

Í kynningu á tillögu að samgönguáætlun 2007 til 2018 og umhverfisskýrslu komu fram athugasemdir og ábendingar um að fjalla ítarlegar og nánar um valkosti. Var vísað til valkosta um forgangsröðun framkvæmda, sem skýra má sem stefnumið, og til valkosta varðandi einstakar umfangsmiklar framkvæmdir sbr. samgöngur milli lands og Vestmannaeyja.

#### 16.4.1 Forgangsröðun framkvæmda

Í matsvinnu kom fram að við skoðun og ákvörðunartöku um valkosti mætti leggja meiri áherslu á að stefna að varanlegri lausnum. Virðist sem sérstaklega vegaframkvæmdir hafi oft verið tiltölulega umfangslitlar og eingöngu svarað brýnustu þörfum um öryggi og ferðatíma en þó með þeirri vissu að síðar myndi vera þörf á umfangsmeiri framkvæmdum, s.s. nýjum vegum, brúar- og jarðgangagerð. Skynsamlegra og hagkvæmara er til lengri tíma litið að einbeita sér strax að varanlegri lausnum. Ljóst er þó að kostnaður við að ráðast í umfangsmeiri framkvæmdir, s.s. jarðgöng, hefur talsverð áhrif á aðrar framkvæmdir á landinu og seinkar þeim væntanlega. Það kann einnig að vera hagkvæmt út frá arðsemissjónarmiðum að ráðast ekki í dýrar framkvæmdir meðan umferð er lítil.

#### 16.4.2 Jarðgöng og aðrar umfangsmiklar framkvæmdir

Jarðgöng og aðrar umfangsmiklar framkvæmdir eru oftast mikil samgöngubót fyrir flesta byggðakjarna landsins. Á landinu öllu eru átta jarðgöng. Jarðgöng eru mun dýrari valkostur en vegaframkvæmdir en kunna að hafa umfangsminni neikvæð og staðbundin umhverfisáhrif í för með sér þar sem þau valda almennt minna raski á óhreyfðu landi en hefðbundin vegalagning. Jarðgöng hafa yfirleitt mjög sterk og jákvæð áhrif á samfélag, umferðaröryggi og byggðaþróun. Þau geta stytt vegalengdir verulega og þannig stækkað atvinnu- og þjónustusvæði og eflt byggðarkjarna. Þar sem vetrarumferð er erfið má með jarðgöngum tryggja heilsársumferð.

Í SGÁ *er gert ráð fyrir eftirfarandi jarðgöngum*; Vaðlaheiðargöngum, Héðinsfjarðargöngum, Arnarfjarðargöngum, jarðgöngum um Óshlíð, Oddskarðsgöngum og Öskjuhlíðargöngum. Auk þess eru jarðgöng orðin valkostur í umræðunni um Sundabraut.

Fram komu ábendingar um að ráðast í fleiri stórar framkvæmdir eins og jarðgöng á áætlunartímabilinu. Slíkar áherslubreytingar má flokka sem stefnukosti. Tafla 16.1 greinir frá áhrifum slíkra breytinga á heistu umhverfisþætti miðað við framlagða tillögu að SGÁ.

**Tafla 16.1 Samanburður á afleiðingum að ráðast í fleiri stærri framkvæmdir m.v. núverandi áætlun**

| Umhverfisþáttur | Áhrif | Ef stórum framkvæmdum yrði fjölgað t.d. jarðgöngum |
|---|---|---|
| **Samfélag og byggðaþróun** | jákvæð og verulega neikvæð | Þar sem t.d. jarðgöng verða byggð verða veruleg staðbundin jákvæð áhrif á samfélag og byggðaþróun og umferðaröryggi.<br>Væntanlega þarf að fresta öðrum framkvæmdum annars staðar sem eru nauðsynlegar til að bæta samgöngur, umferðaröryggi og efla byggðaþróun. Umfang slíkra áhrifa fer eftir því hversu stórum hluta fjármuna er varið í stór einstök verkefni og hversu viðfeðm áhrifin verða. Slík frestun kann að hafa veruleg neikvæð áhrif og ná til mun fleiri en þeirra sem njóta góðs af fjölgun stórra framkvæmda. |
| **Öryggi** | Jákvæð<br>Veruleg neikvæð | Jarðgöng stytta vegalengdir og auka þ.a.l. umferðaröryggi.<br>Væntanlega þarf að draga úr og seinka nauðsynlegum bótum á vegakerfinu til þess að auka umferðaröryggi, s.s. að breikka brýr og breikka vegi t.d. á Hringveginum. Slík frestun kann að hafa veruleg neikvæð áhrif og ná til mun fleiri en þeirra sem njóta góðs af fjölgun stórra framkvæmda. |
| **Heilsa** | Óvissa | Samgöngubætur hafa áhrif á mengun og hávaða frá umferð. Óvissa er um niðurstöðu samanburðar á áhrifum á heilsu. |
| **Loftslag** | Óvissa | Styttri vegalengdir draga úr losun á mengandi efnum sem hafa áhrif á loftslag. Þannig munu jarðgöng án efa stytta akstursvegalegndir á viðkomandi áhrifasvæði.<br>Með frestun annarra framkvæmda er m.a. slegið á frest styttingu á vegakerfinu sem felst ekki í gerð jarðganga. Þær framkvæmdir kunna að vera talsvert margar, þótt þær séu talsvert umfangsminni. |
| **Náttúrufar** | Jákvæð, en tímabundin að hluta | Almennt hafa framkvæmdir eins og jarðgöng minni umhverfisáhrif en vegaframkvæmdir, þar sem minna ósnortið land fer undir jarðgöng.<br>Hins vegar er verið að fresta öðrum nauðsynlegum vegabótum og um leið frestað því raski sem þær koma til með að valda. |
| **Hafið** | Engin áhrif | |
| **Landslag og ímynd** | Jákvæð, en tímabundin að hluta | Jarðgöng hafa mun minni áhrif á landslag og ímynd heldur en vegaframkvæmdir. Gangamunnar er það eina sem sést í landslaginu og þeir eru oftast fyrirferðalitlir. Staðbundin áhrif geta því verið veruleg og varanlega jákvæð. |

### 16.4.3 Þungaflutningar

Í matsvinnu var litið til möguleika á að færa vöruflutninga aftur yfir á strandsiglingar. Ástæðurnar eru fyrst og fremst að losa þungaflutninga af þjóðvegum, þar sem þeir hafa neikvæð áhrif á heföbundna vegfarendur og þeir valda miklu meira sliti á þjóðvegunum en önnur farartæki. Þá hefur verið nefnt að það voru ekki samgönguyfirvöld sem tóku ákvörðun um að draga úr strandflutningum og því umhugsunarefni hvort reyna eigi að breyta þessari þróun.

Strandflutningaskip voru ekki nógu vel nýtt en talið er að nýting flutningatækja sé betri nú en áður. Hafnir hafa aftur á móti orðið af talsverðum tekjum og munu margar hafnir þurfa að hagræða í rekstri sínum og er sameining hafna í hafnarsamlög nefnd sem dæmi um aðgerð til hagræðingar.[18] Flutningar með vörubílum eru tíðari en sjóflutningar en aukinn umferðarþungi ásamt misjöfnu ástandi vega getur dregið úr umferðaröryggi.

Ein af aðgerðum til að ná markmiðum um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna er að gæta jafnræðis við gjaldtöku ólíkra samgöngugreina. Það þýðir t.d. að hafnarsjóðir þurfa að huga að gjaldskrám sínum þannig, að flutningaskip greiði ekki meira en fiskiskip fyrir notkun hafna. Á sama hátt þarf að gæta jafnræðis við gjaldtöku á vegum og að bílar greiði í samræmi við þyngd og slit sem þeir valda.

Miðað við núverandi kröfur um þjónustu og tíðni flutninga er ekki gert ráð fyrir því að færsla vöruflutninga á ný yfir á sjóflutninga geti verið raunhæf nema það verði hagkvæmari kostur. Búast má við að kostnaður vegna viðhalds og uppbyggingar vega á helstu flutningaleiðum muni vaxa með auknum vöruflutningum og að umferðaöryggi sé jafnframt ógnað. Mikilvægt er því að fylgjast vel með þessari þróun og gera viðeigandi ráðstafanir. Í athugasemdum við SGÁ kemur m.a. fram að:

- Hagkvæmni vöruflutningakerfisins á vegum er lykilatriði fyrir flutningskostnað og afkomu íbúa landsins. Auk þess kann að skipta máli fyrir slysatíðni á vegum, að landflutningum verði haldið í lágmarki. Því mun verða gerð könnun á skipulagi og nýtingu landflutningakerfisins og leitað leiða til að auka hagkvæmni þess.
- Gjaldskrár hafna verði skoðaðar með því markmiði, að þær verði byggðar þannig upp, að þær mismuni ekki notendum hafnanna. Með því móti kann að vera unnt að skapa grundvöll fyrir því, að hluti landflutninganna geti flust yfir á skip á hagkvæman hátt.

### 16.4.4 Samgöngur milli Eyjafjarðar- og höfuðborgarsvæðisins

Umfang og vægi samgangna á landi hafa aukist verulega á síðustu árum. Ferðir einkabíla aukast jafnt sem ferðir flutningabíla. Samhliða því aukast kröfur um öryggi og þjónustu samgöngukerfisins.

Áhersla hefur verið lögð m.a. á samgöngur og flutninga á milli höfuðborgarsvæðisins og Eyjafjarðar og hefur verið litið til ferðatíma, öryggis og kostnaðar. Í matsvinnu var fjallað um þrjá valkosti sem hafa verið til umfjöllunar og áhrif kosta á helstu umhverfisþættina metin. Valkostirnir eru:

- Áframhaldandi uppbygging Hringvegar, breikkun vegar og stytting ferðatíma/vegalengda.
- Uppbygging hálendisvega þannig að þeir verði færir sem flutningaleiðir.
- Færa þungaflutninga í auknum mæli af vegum og yfir á sjósiglingar.

Talsverð umfjöllun hefur að undanförnu verið um þróun flutninga, þar sem landflutningar hafa aukist á kostnað strandflutninga. Ekki er búist við að veruleg breyting verði á þeirri þróun og eru ástæður fyrst og fremst hagkvæmni landflutninga og kröfur um tíðni flutninga (Samgönguráðuneytið, 2005). Strandflutningar eru ákveðinn kostur í þungaflutningum, en koma ekki til með að draga úr kröfum um öryggi og þjónustustig á helstu flutningaleiðum á landinu.

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu Hringvegar, þar sem áhersla er lögð á að stytta Hringveginn og ferðatíma, ásamt því að breikka hann á helstu flutningaleiðum til þess að auka umferðaröryggi.

Þá hefur verið rætt um þann kost að byggja upp vegi á hálendinu til að dreifa þungaumferð og stytta vegalengdir milli Eyjafjarðarsvæðis og höfuðborgarsvæðis. Niðurstaða matsvinnu er að vegagerð í samræmi við slíka valkosti verður umdeild vegna umhverfisáhrifa. Er það fyrst og fremst þar sem

---

[18] *Nefndarálit um þróun flutninga innanlands*, apríl 2005, bls. 13

raskað yrði stórum landslagsheildum og víðernum sem einkenna hálendið. Að mati vinnuhóps felst verndargildi hálendisins m.a. í ímynd þess. Þessi ímynd tengist fyrst og fremst landslagsheildum og umfangi víðerna, sjá m.a. kafla 17.2.

Í samgönguáætlun er hvorki litið á færslu þungaflutninga frá landi á sjó né uppbyggingu hálendisvega sem raunhæfann valkost. Áframhaldandi uppbygging á Hringvegi er raunhæfasti valkosturinn m.t.t. hagrænna þátta og umhverfissjónarmiða. Eftirfarandi tafla er samanburður á áhrifum valkosta á helstu umhverfisþætti.

**Tafla 16.2 Valkostir fyrir samgönguæðar milli höfuðborgarsvæðisins og Eyjafjarðarsvæðisins**

| Umhverfis-þættir | Breikkun og stytting Hringvegar | Hálendisvegir | Strandsiglingar |
|---|---|---|---|
| **Byggðaþróun/ samfélag** | **Mikil jákvæð áhrif**<br>Fullnægir flutningsþörf. Bætir samgöngur milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins. Styttir ferðatíma.<br>Dregur úr flugsamgöngum. | **Jákvæð/óveruleg áhrif**<br>Fullnægir flutningsþörf en þjónustustig gæti verið háð árstíð og veðurfari.<br>Hefur ekki áhrif á framkvæmdaþörf á Hringvegi.<br>Styttir ferðatíma fyrir vissa umferðarstrauma.<br>Kann að draga úr flugi. | **Óveruleg áhrif/neikvæð áhrif**<br>Fullnægir ekki flutningsþörf. Lengri flutningstími.<br>Hefur ekki áhrif á framkvæmdaþörf á Hringvegi. |
| **Öryggi** | **Jákvæð áhrif**<br>Breikkun og stytting Hringvegar hefur bein og jákvæð áhrif á umferðaröryggi.<br>Auknir og áframhaldandi þungaflutningar hafa neikvæð áhrif á öryggi annarra vegfarenda á Hringvegi. | **Óvissa**<br>Umferðaröryggi á hálendi er mjög háð árstíð.<br>Eykur öryggi vegfarenda með því að færa þungaflutninga að hluta af Hringvegi.<br>Dregur ekki úr kröfum um að breikka og stytta Hringveg fyrir aðra umferð en þungaflutninga | **Jákvæð áhrif**<br>Eykur öryggi, með því að færa þungaflutninga af Hringvegi.<br>Dregur ekki úr kröfum um að breikka og stytta Hringveg fyrir aðra umferð en þungaflutninga. |
| **Heilsa** | **Óveruleg/neikvæð áhrif**<br>Aukin þungaumferð eykur hávaða og mengun frá umferð. | **Óveruleg áhrif** | **Óveruleg áhrif** |
| **Loftslag** | **Óveruleg áhrif** | **Óveruleg áhrif** | **Óveruleg/jákvæð áhrif**<br>Með góðri nýtingu skipa geta áhrifin verið jákvæð á loftslag. |
| **Náttúrufar** | **Neikvæð/óveruleg áhrif**<br>Rask vegna framkvæmda. | **Neikvæð áhrif**<br>Rask vegna framkvæmda. Hugsanlegt rask á verndarsvæðum. | **Engin/óveruleg áhrif** |
| **Hafið** | **Jákvæð áhrif**<br>Dregur enn frekar úr sjóflutningum og áhrifum vegna þeirra á hafið. | **Jákvæð áhrif**<br>Dregur enn frekar úr sjóflutningum og áhrifum vegna þeirra á hafið. | **Óveruleg/neikvæð áhrif**<br>Auknar siglingar auka líkur á neikvæðum áhrifum á hafið, s.s. losun efna í hafið. |
| **Landslag og ímynd** | **Óveruleg áhrif**<br>Staðbundin áhrif, sérstaklega rask vegna nýrra vegstæða, ásýndarbreytingar. | **Verulega neikvæð áhrif**<br>Rask á víðerni. Talsverð áhrif á stóru svæði. Fyrst og fremst ásýndarbreyting. | **Engin áhrif** |

### 16.4.5 Samgöngur milli lands og Vestmannaeyja

Í skýrslu starfshóps samgönguráðherra um samgöngur til Vestmannaeyja (2006) eru skoðaðir kostir varðandi samgöngur milli lands og Eyja. Jarðgöng voru afskrifuð sem raunhæfur kostur vegna kostnaðar. Því til viðbótar voru efasemdir um jarðfræðilegar aðstæður og öryggi gagnvart eldvirkni. Gerð hafnar í Bakkafjöru var talin besti kosturinn m.t.t. kostnaðar og ferðatíma. Eftirfarandi tafla er samanburður á þremur kostum sem eru Bakkafjöruhöfn, nýr og stærri Herjólfur og sértækar aðgerðir til að niðurgreiða flugsamgöngur.

**16.3 Valkostir vegna samgangna milli lands og Vestmannaeyja (ferðatími milli Eyja og Reykjavíkur)**

| Umhverfis-þættir | Bakkafjara | Nýr Herjólfur | Flug |
|---|---|---|---|
| **Byggðaþróun/ samfélag** | **Veruleg jákvæð áhrif**<br>Fullnægir flutningsþörf. Bætir samgöngur milli lands og Eyja. Styttir ferðatíma. Ferðatími 2 klst. og 15 mín.<br>Dregur verulega úr almennu áætlunarflugi | **Jákvæð áhrif**<br>Fullnægir betur flutningsþörf en núverandi ástand.<br>Styttir ferðatíma að einhverju leyti. Ferðatími 2 klst. og 55 mín.<br>Dregur úr flugsamgöngum. | **Jákvæð áhrif**<br>Stysti ferðatími milli lands og Eyja. Fullnægir ekki flutningsþörf.<br>Ferðatími 25 mín.<br>Nauðsynlegt að hafa einnig siglingar. |
| **Öryggi** | **Óvissa**<br>Almennt er slysatíðni á vegum hærri en í flugi og siglingum | **Óvissa**<br>Almennt er slysatíðni á vegum hærri en í flugi og siglingum | **Óvissa**<br>Almennt er slysatíðni á vegum hærri en í flugi og siglingum |
| **Heilsa** | **Óveruleg áhrif** | **Óveruleg áhrif** | **Óveruleg áhrif** |
| **Loftslag** | **Óveruleg áhrif**<br>Óveruleg breyting á losun $CO_2$ eða annarra lofttegunda. Minni losun frá siglingum en bílum. | **Óveruleg áhrif** | **Óveruleg áhrif** |
| **Náttúrufar** | **Óveruleg/neikvæð áhrif**<br>Rask vegna framkvæmda við Bakkafjöru. Efnistaka, vegagerð, rask á strandlínu | **Engin áhrif** | **Engin áhrif** |
| **Hafið** | **Jákvæð áhrif**<br>Styttri siglingaleið | **Óveruleg áhrif** | **Engin áhrif** |
| **Landslag** | **Óveruleg/neikvæð áhrif**<br>Hefur áhrif á ásýnd strandlínu. | **Engin áhrif** | **Engin áhrif**<br>Gerð öryggissvæða |

### 16.4.6 Staðsetning Reykjavíkurflugvallar

Þá er í SGÁ gert ráð fyrir að staðsetning Reykjavíkurflugvallar verði óbreytt. Unnið er að hagrænni úttekt á staðsetningu flugvallarins og mun niðurstaða hennar hafa áhrif á ákvörðun um framtíðarstaðsetningu flugvallarins. Að svo stöddu liggur ekki annað fyrir í samgönguáætlun til 2018 en að flugvöllurinn verði í Vatnsmýri.

Það liggur þó fyrir að staðsetning flugvallar utan höfuðborgarsvæðisins leiðir til þess að markmiðið um að ferðatími til og frá höfuðborgarsvæðinu verði innan við 3 klst. mun í mörgum tilvikum ekki nást.

### 16.5 Heildaráhrif á samfélag, byggðaþróun, öryggi og heilsu

Það var eindregin niðurstaða matsvinnu að stefnumið SGÁ eru til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á samfélag, byggðaþróun, öryggi og heilsu (tafla 15.1).

Umræður matsteymis beindust að samfélagsáhrifum og ákvarðanatöku um þróun samgangna í landinu. Það sjónarmið kom ítrekað fram að yfirvöld þurfa að ákveða aðgerðir sem leysa samgönguvandamál til lengri tíma. Þessar ákvarðanir þurfa að vera í samræmi við heildarstefnumótun í byggðamálum. Litið var til valkosta að fjölga og/eða flýta stórum framkvæmdum. Með hliðsjón af því að um takmarkaða fjármuni sé að ræða sem áætlaðir eru til samgöngumála er talið að almennt geti slíkar aðgerðir haft neikvæð áhrif í för með sér á heildina litið. Ástæðan er að fresta þarf öðrum nauðsynlegum framkvæmdum. Heildaráhrif koma þó til með að taka mið af þeim fjölda sem er innan áhrifasvæðis framkvæmdanna.

Megináhrif á samfélag snúa að umferðaröryggi og stýringu leiða og ferðatíma til þjónustu- og atvinnukjarna landsins. Jafnframt eru langflestar framkvæmdir á SGÁ fallnar til þess að hafa jákvæð áhrif á ferðir meirihluta landsmanna en sumar gætu haft neikvæð staðbundin áhrif í því tilfelli að framkvæmdir ýta undir erfiða stöðu í jaðri stóru byggðakjarnanna.

Stór hluti framkvæmda á SGÁ snýr að þjóðvegakerfinu. Allar lagfæringar og styttingar á því koma til með að bæta öryggi og auka umferð, þ.m.t. þungaflutninga. Á undanförnum árum hefur hlutdeild landflutninga aukist mjög hratt og eru ástæður þess margvíslegar s.s. kostnaður fyrir flutnings- og dreifingaraðila og kröfur í samfélaginu. Fram kom að líklegt sé að auknir landflutningar hafi neikvæð áhrif á hinn almenna vegfarenda. Litið var til valkosta sem snúa að því að auka strandsiglingar og byggja upp flutningaleiðir um hálendið. Meginniðurstaðan samanburðar á valkostum er sú að á heildina litið er áframhaldandi uppbygging Hringvegar besti kosturinn m.t.t. helstu umhverfisþátta.

Helstu áhrif á heilsu snúa að hávaða og loftmengun. Fylgjast þarf með þróun mengunar frá samgöngum í þéttbýli, þ.e.a.s. umferðarhávaða og losun svifryks. Samstarf þarf að vera við sveitarfélögin vegna vöktunar og aðgerða varðandi þennan málaflokk.

Óvissa er um áhrif SGÁ á menningarminjar og þarf að meta þau á síðari stigum s.s. við gerð aðalskipulagsáætlana og/eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

## 17. Áhrif á náttúru, hafið og landslag

Undir flokkinn náttúra falla nokkrir umhverfisþættir og eru þeir náttúrufar, loftslag, haf, landslag og ímynd (Tafla 6.1). Gerð er grein fyrir helstu áhrifum stefnumiða samgönguáætlunar á þessa þætti í kafla 15.

Megináhrif framfylgdar SGÁ eru vegna taps á búsvæðum plöntu- og dýrategunda, skerðingar á landslagi og ímynd og hugsanlega áhrifa samgangna á loftslag. Fjallað er um þau umhverfisáhrif sem hafa mesta vægið að teknu tilliti til eðlis og umfangs samgönguáætlunar. Framkvæmdir hafa fyrst og fremst áhrif á náttúrufar, landslag og ímynd, en ýmsar aðgerðir í SGÁ hafa áhrif á loftslag og hafið.

Nýframkvæmdir eru fyrst og fremst vegaframkvæmdir, en einnig eru um að ræða stækkun flugvalla á Akureyri og Egilsstöðum og gerð Bakkafjöruhafnar. Auk rasks vegna þessara framkvæmda er efnistaka verulegur áhrifaþáttur á náttúrufar og landslag. Gert er ráð fyrir að efnistaka vegna vegagerðar sé um 10 milljón $m^3$ á ári. Óvissa er um umfang efnistöku vegna framkvæmda við flugvelli og hafnarframkvæmdir. Í matsvinnunni kom fram að áður fyrr hefði efnistöku ekki verið stýrt nægilega vel. Þróunin að undanförnu hefur verið jákvæð. Nú er reynt að fækka námum, stýra vali þeirra betur, koma nýtingu og frágangi þeirra í fastan farveg í samræmi við lagaákvæði, leyfisveitingar og eftirlit.

### 17.1 Áhrif á náttúrufar

Markmið um greiðari samgöngur kalla fyrst og fremst á auknar vegaframkvæmdir, jarðgöng og brýr sem eiga að standast kröfur um ferðatíma og umferðaröryggi. Þróun í vegagerð hefur leitt til þess að nýir vegir eru breiðari og hærri en áður og það hefur í för með sér meira landrask. Krafa um styttingu ferðatíma kallar á að ný lega vegar verður valin, í sumum tilfellum um svæði sem hafa verið ósnortin eða lítt röskuð.

Almennt var niðurstaða matsvinnu sú að SGÁ hefði ekki veruleg áhrif á náttúrufar landsins í heild sinni, en sumstaðar geta framkvæmdir haft bein, óafturkræf og neikvæð áhrif á sérstæðar jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum nr. 44/1999. Helstu vistkerfin sem geta orðið fyrir áhrifum eru: Eldhraun, votlendi, birkiskógar, fjörur, leirur, firðir og tjarnir (Tafla 17.1). Þá geta sumar nýframkvæmdir haft neikvæð áhrif á einstakar tegundir plantna og dýra, sem og búsvæði þeirra, og ósnortin svæði eða verndarsvæði sem eru á Náttúruminjaskrá eða Náttúruverndaráætlun (Tafla 17.1). Almennt er reynt að forðast röskun votlendis við framkvæmdir SGÁ. Vegagerðin birtir tölur um skerðingu og endurheimt votlendis í grænu bókhaldi.

Á heildina litið eru flestar fyrirhugaðar framkvæmdir SGÁ á svæðum sem áður verið raskað og fáar nýjar framkvæmdir liggja um verndarsvæði (mynd 16.1). Óvissa er um áhrif SGÁ á einstakar tegundir eða búsvæði.

**Mynd 17.1 Yfirlit yfir líklegar framkvæmdir á SGÁ og svæði sem eru á Náttúruminjaskrá og Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Sjá númer framkvæmda í töflu 10.1**

**Mynd 17.2 Yfirlit yfir líklegar framkvæmdir SGÁ og víðerni skv. lögum um náttúruvernd.** Heimild: Umhverfisstofnun. **Sjá númer framkvæmda í töflu 10.1**

Helstu áhrif einstakra framkvæmda SGÁ á náttúrufar eru tilkomin vegna, Norðausturvegar, Héðinsfjarðarganga, Hornafjarðarfljóts, Vestfjarðavegar og Djúpvegar. Áhrifin eru neikvæð og snúa að raski á gróðri og jarðminjum, tapi á búsvæðum og skerðingu á friðlýstu og/eða ósnortnu landi. Mesta röskun nútímahrauns mun fylgja vegaframkvæmdum á Norðausturlandi og Suðvesturlandi.

Óvissa er um áhrif vegna hafnar í Bakkafjöru og þarf að afla upplýsinga um náttúrufar við mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda.

Vatnsverndarsvæði eru oft í jaðri byggðar og nágrenni framkvæmdasvæða og þarf því að gefa þeim sérstakan gaum hvað umferð fólksbíla og flutningabíla varðar, sem og raski vegna framkvæmda.

**Tafla 17.1Yfirlit yfir framkvæmdir sem eru á eða nærri svæðum á Náttúruminjaskrá og/eða Náttúruverndaráætlun**

| Nr | Líklegar framkvæmdir | FR* | NMS* | NÁ* | 37. gr. | Lýsing | Helstu viðföng |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | Bræðratunguvegur (359) | • | | | | Pollengi og Tunguey | Votlendi, fuglalíf |
| 3 | Lyngdalsheiðarvegur (Gjábakkavegur) (365) | • | • | • | • | Heimsminjaskrá, Þingvellir | Eldhraun, jarðmyndanir, vistkerfi, vatnafar, menningarminjar |
| 6 | Hringvegur (1): Reykjavík - Selfoss | | • | • | | | Jarðmyndanir, vatnsvernd |
| 7 | Suðurstrandarvegur (427) | • | • | • | • | Reykjanesfólkvangur | Jarðmyndanir, vistgerðir, landslag, menningarsaga |
| 9 | Reykjanesbraut (41): Hafnarfjörður - Reykjanesbær | | • | | | | Fjara, ísaltar tjarnir, útivistarsvæði, söguminjar |
| 10 | Sundabraut | | • | • | | | Vatnasvið, fjörur, leirur, grunnsævi, jarðminjar, landslag, fuglalíf, gróður, útivistarsvæði, grónar eyjar, söguminjar |
| 14 | Hringvegur (1): Stafholtstungur | • | • | • | • | | Eldhraun, jarðmyndanir, landslag |
| 17 | Snæfellsnesvegur (54): Fróðárheiði | | • | • | • | Þjóðg. Snæfellsjökull | Landslag, eldstöðvar, eldhraun |
| 18 | Snæfellsnesvegur (54): Stykkishólmur-Dalir | • | • | | | Breiðafjörður | Vistkerfi, fuglalíf, strendur |
| 20 | Vestfjarðarvegur (60): Gufudalssveit | • | • | | • | Breiðafjörður | Fjörur, fitjar, sjávartjarnir, fuglalíf, birkiskógar, leirur, landslag |
| 21 | Vestfjarðarvegur (60): Vattarfjörður - Flókalundur | • | • | | | Breiðafjörður | Fuglalíf, gróðurfar, birkiskógar |
| 22 | Vestfjarðavegur (60): Dynjandisheiði | | • | | | | Landslag, gróðurfar, skóglendi |
| 23 | Vestfjarðavegur (60): Arnarfjarðargöng | | • | | | | Landslag, gróðurfar, jarðmyndanir, jökulminjar, menningarminjar |
| 26 | Djúpvegur(61): Ísafjarðardjúp. Ísafjörður-Mjóifjörður | | | | | | Landslag, gróðurfar, sjávarrofsmyndanir |
| 33 | Hringvegur (1): Norðurárdalur Skagafirði | | • | | | | Hálendur, jarðmyndanir, landslag, jöklar, fornleiðir |
| 34 | Héðinsfjarðargöng | | • | • | • | | Hálendur, jarðmyndanir, gróðurfar, landslag, útivistarsvæði |
| 39 | Kísilvegur (87): Þingeyjarsveit- Skútustaðahreppur | • | | | | Mývatn | Lífríki, jarðmyndanir, tegundir, búsvæði, vatnsvernd |
| 42 | Norðausturvegur (85): Húsavík - Þórshöfn | • | • | • | • | Jökulsárþjóðgarður | Lífríki, jarðmyndanir, tegundir, búsvæði |
| 43 | Norðausturvegur (85): Höfaskarð - Raufarhöfn | | | | • | | Eldhraun |
| 44 | Norðausturvegur (85): | | | • | | | Vatnasvið |
| 45 | Borgarfjarðarvegur (94): Eiðar-Borgarfjörður Eystri | | • | • | | | Votlendi, sandar, flóar, gróðurfar og fuglalíf |
| 47 | Norðfjarðarvegur (92): Norðfjarðargöng | | • | | | | Gróðurfar, birkikjarr |
| 48 | Norðfjarðarvegur (92): Hólmaháls | • | • | | | Hólmanes | Fuglalíf, jarðmyndanir |
| 50 | Hringvegur (1): Skriðdalur-Breiðdalur | | • | • | | | Jarðmyndanir, steingervingar, lífrikt vatn |

* FR = Friðlýst svæði, NMS = Náttúruminjaskrá, NÁ = Náttúruverndaráætlun (m.v. öll svæðin 75), 37. gr = 37. gr. í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999

**Tafla 17.2 Yfirlit yfir framkvæmdir sem eru á eða nærri svæðum á Náttúruminjaskrá og/eða Náttúruverndaráætlun**

| nr | Líklegar framkvæmdir | FR* | NMS* | NÁ* | 37. gr. | Lýsing | Helstu viðföng (umhverfisþættir) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 52 | Hringvegur (1): Hamarsfjörður | | • | • | • | | Tegundir og búsvæði, fjörur, leirur, fuglalíf, grunnsævi, eyjar |
| 53 | Hringvegur (1): Þvottár- og Hvalnesskriður | | • | | • | | Fjara, botngróður, sjávarfitjar, mýrlendi, tjarnir, landslag, fuglalíf |
| 54 | Hringvegur (1): Hornafjarðarfljót | | | | • | | Leirur, fjörur, fuglalíf, lífríki |
| 56 | Hringvegur (1): Brýr í Öræfum | | | • | | | Skeiðarársandur, fuglalíf, vistkerfi |
| | Hringvegur (1): Virkisá-Sæluhúsavatn | | | • | | | Skeiðarársandur, fuglalíf, vistkerfi |
| 57 | Fjallabaksleið nyrðri (Skaftárdalsvegur-Sprengisandsleið) | • | • | • | • | Friðland að fjallabaki | Viðerni, landslag, gróðurfar, jarðmyndanir |
| 58 | Sprengisandur: Hrauneyjar - Mývatn | • | • | • | • | Þjórsárver, Mývatn | Viðerni, landslag, gróðurfar, jarðmyndanir |
| 59 | Kjalvegur: Gullfoss-Blöndudalur-Gilhagi | • | • | • | • | Guðlaugstungur, Hveravellir | Viðerni, landslag, gróðurfar, jarðmyndanir |

* FR = Friðlýst svæði, NMS = Náttúruminjaskrá, NÁ = Náttúruverndaráætlun (m.v. öll svæðin 75), 37. gr = 37. gr. í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999

### 17.2 Áhrif á landslag

Uppbygging hálendisvega kann að hafa veruleg og neikvæð áhrif á víðerni, landslag og ímynd. Miðhálendi Íslands hefur ákveðna sérstöðu og verndargildi. Það liggur að stærstum hluta utan hefðbundinna eignarlanda, þ.e. landa sem háð eru einkaeignarrétti. Þar er að finna talsvert af náttúrufyrirbærum sem talin eru hafa sérstakt verndargildi s.s. jökla, jarðhitasvæði, gígaraðir og aðrar jarðmyndanir. Stærstur hluti þess er lítt gróinn en þó finnast víða gróðurvinjar sem eru búsvæði fugla og annarra lífvera. Þá eru einnig beitilönd og veiðivötn sem hafa verið nýtt um aldir. *Ýmis merkustu náttúrufyrirbæri hálendisins eru vernduð samkvæmt náttúruverndarlögum.*

Víðerni eins og miðhálendi Íslands eru nú óvíða annars staðar í Evrópu nema helst í norðanverðri Skandinavíu og í því felst m.a. sérstaða þess. Helstu umhverfisáhrif vegna uppbyggingar hálendisvega eru á landslag og ímynd hálendisins. *Í matsvinnunni kom fram að skort hefur samræmda* stefnu stjórnvalda við landnotkun á þessu svæði. Það sé því mikilvægt verkefni stjórnvalda og almennings á næstu árum að samræma frekar sjónarmið um náttúruvernd og nýtingu þessara svæða en hagsmunir mismunandi aðila geta verið ólíkir frá einu svæði til annars.

Matsteymið lagði áherslu á mikilvægi þess að áður en ákvörðun er tekin um hálendisvegi þurfi að eiga sér stað almenn umræða í þjóðfélaginu, þar sem margvísleg sjónarmið komi fram um tilgang og nauðsyn slíkra framkvæmda, sem og áframhaldandi stefnumörkun fyrir nýtingu hálendisins.

Ekki er talið líklegt að SGÁ hafi veruleg áhrif á víðerni, eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem flestar framkvæmdir SGÁ liggja utan við skilgreind víðerni (sjá mynd 17.2). Hins vegar þarf að líta til þess að nýbygging hálendisvega kann að raska víðernum og kunna þau áhrif að verða veruleg.

Fyrir utan hugsanleg áhrif vegna hálendisvega er talið að áhrif á náttúru verði í heild sinni ekki veruleg, sé þess gætt að komið verði í veg fyrir eða dregið úr röskun með eftirfylgd, t.d. við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skilgreiningu á mótvægisaðgerðum og/eða frekari skilmálum sem kunna að koma fram í skipulagsáætlunum. Þegar liggur fyrir mat á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmdir á SGÁ sem koma til með að raska náttúrufari, s.s. Héðinsfjarðargöng, Norðausturvegur um Hólaheiði og Suðurstrandarvegur.

### 17.3 Áhrif á hafið

Óvissa er um áhrif SGÁ á hafið en *mikilvægt er að fylgja eftir heildarstefnumótun þeirri sem liggur* fyrir um málefni hafsins, þ.m.t. að vernda hafsvæði sem teljast sérstök og viðkvæm. Hafið er mjög mikilvægur umhverfisþáttur, út frá náttúrufari og samfélagi. Stuðla þarf að áframhaldandi athugunum um verndargildi og líffræðilega fjölbreytni hafsvæða í lögsögu Íslands til þess að unnt verði að taka tillit til umhverfissjónarmiða við ákvarðanir um siglingaleiðir olíuskipa, neyðarhafnir eða aðra þætti sem kunna að hafa neikvæð áhrif á hafið. Áhersluatriði í umhverfismálum siglinga eru að:

- Vinna að upplýsingamiðlun og fræðslu um leiðir til þess að bæta umhverfið.
- Meta losun $CO_2$ frá skipum og setja reglur sem stuðla að takmörkun þess.
- Leita leiða til að farga úreltum skipum og skipsflökum.
- Stefna að gildistöku alþjóðlegra reglna sem leiða til frekari takmörkunar á mengandi efnum frá samgöngutækjum.
- Stuðla að notkun umhverfisvænna og endurnýjanlegra orkugjafa.
- Setja reglur um takmörkun siglinga, þá sérstaklega skipa með sjókjölfestutanka (ballast water tanks), um líffræðilega mikilvæg hafsvæði.
- Leitast við að draga úr notkun spilliefna í siglingum og við uppbyggingu og rekstur hafna.

17.3.1 Valkostir

Talið er að gerð hálendisvega kunni að valda verulegum umhverfisáhrifum. Helsti valkostirinn er að stytta Hringveginn eins og kostur er, til þess að draga úr kröfum um góðar vegtengingar yfir hálendið. Stytting Hringvegar kann að hafa talsverð staðbundin áhrif, hvort sem um áhrif á samfélag eða náttúrufar er að ræða, sjá umfjöllun í kafla 16.4.


Einnig þarf að skoða hvort strandsiglingar kunni að draga úr slíkum kröfum. Vegur um Grunnafjörð kann að hafa veruleg áhrif, þar sem hann kann að raska svæði sem er tilnefnt í Ramsarsamþykkt um verndun votlendis og svæðis sem nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd. Á þessu stigi er valkosturinn að fylgja núverandi vegi í stað vegar um Grunnafjörð. Meta þarf þessa kosti þegar unnið er mat á umhverfisáhrifum fyrir veginn. Þess ber þá að geta að á meðan matsvinnu stóð var vegur um Grunnafjörð tekinn út af lista líklegra framkvæmda á samgönguáætlun 2007 til 2018.

### 18. Áhrif á loftslag

Brennsla kolefnasambanda er einn veigamesti þátturinn í umhverfismálum Íslands líkt og annarra þjóða. Á alþjóðavísu er kolefnislosun og -binding þeir þættir sem mest áhrif hafa loftslag. Af þessum sökum er nauðsynlegt að gera grein fyrir áhrifum SGÁ á þessa þætti.

Aukning gróðurhúsaáhrifa, m.a. vegna aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum, veldur loftslagsbreytingum.

Samkvæmt orkuspá Orkuspárnefndar er hlutdeild samgangna í heildarolíunotkun að jafnaði um 91% á árunum 2007-2018.[19] Önnur notkun er til komin vegna upphitunar heimila og sundlauga, iðnaðar og þjónustu. Mynd 18.1 sýnir þróun hlutdeildar einstakra samgöngugreina í losun á $CO_2$ í andrúmsloftið. Aukningar er helst að vænta vegna flugsamgangna en bæði fiskiskip og bílar hafa lítil áhrif þar á. Bent skal á að losun $CO_2$ er í beinu hlutfalli við magn olíu sem brennt er.




**Mynd 18.1 Spá um losun $CO_2$ frá samgöngum frá 2007-2018.** Heimild: Eldsneytisspá 2005-2030, Orkuspárnefnd 2005. Upprunaleg heimild vísar til olíunotkunar í tonnum. Grafið sýnir umreiknaða $CO_2$ losun m.v. 3,07 tonn $CO_2$/tonn eldsneytis. $CO_2$ ígildi NOx lofttegunda er ekki talið með.

[19] Orkuspárnefnd. 2005.

Losun gróðurhúsalofttegunda veltur á jafnvægi *losunar og bindingar*. Losunin er sá þáttur sem Samgönguáætlun hefur áhrif á.

Eftirfarandi þættir eru áhrifaþættir á losun gróðurhúsaloftegunda:

- Mótvægistækni (hvarfakútar, síur o.s.frv.)
- Vélartækni (tvinnbílar, vetnisvélar, o.s.frv.)
- Fjöldi bíla
- Stærð slagrýmis véla
- Þyngd bíla
- Ekin vegalengd á mann
- Aksturslag og fjöldi ekinna ferða (hegðun)
- Gæði (hreinleiki) eldsneytis
- Tegund eldsneytis

Sumir þessara þátta eru utan beinna áhrifa SGÁ svo sem þróun tækni sem á sér stað meðal bílaframleiðanda. Vélaframleiðendum er þó ætlað að þróa vélar sem standast Evrópustaðla sem ESB setur. Í SGÁ er fjallað um þessi mál undir lið aðgerða sem styðja við markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur. En þar segir: *„Skattlagning eignarhalds og notkunar bíla [verði] með þeim hætti að neyslugrannir bílar, tvinnbílar, bílar sem nota vistvænt eldsneyti og bílar sem nota gasolíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er. Sama skal gilda um notkun vistvænna skipavéla sem nota svartolíu og sparneytna aðal- og hjálparvél og vistvænna véla í flugvélum þar sem þetta getur átt við."*

Fjöldi bíla á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum, um 665 bílar/1000 íbúa og raunar meiri en ætluð mettunarmörk voru fyrr á árum (600 bílar/1000 íbúa). Sú staða er að miklu leyti háð efnahagslegum aðstæðum almennt. Tiltölulega hátt þjónustustig á vegum innan byggðar ásamt útfærslu skipulags byggðarinnar hefur þar einnig töluvert að segja. Þróunin undanfarin ár mun þó vart halda áfram nema með áframhaldandi hagvexti í líkingu við það sem verið hefur s.l. áratug og vegna þess að hlutfall fólks á bílprófsaldri (17-75 ára) mun hækka lítið eitt. Vegna aukins heildarfjölda bíla hefur ekin vegalengd á bíl minnkað úr 13.000 km/ári á hvern bíl í 12.200 km/ári á bíl.[20]

Fjöldi stórra bíla hefur verið áberandi hér á landi eins og víðast hvar í hinum vestræna heimi. Þó hefur borið töluvert meira á stórum pallbílum í almennri umferð hér á landi sem falla í flokk atvinnubíla og bera því lægri tolla. Hvort sú þróun að bílar fari áfram stækkandi er fyrst og fremst efnahagsleg spurning sem hægt er að hafa áhrif á með gjaldheimtu. Aðgerðum í SGÁ er ætlað að hvetja fólk til notkunar á sparneytnum bílum. Ekki er þó fjallað um frekari þvinganir á ökumenn og eigendur stærri bíla.

Eitt af meginmarkmiðum SGÁ er að auka hreyfanleika fólks sem eitt og sér vinnur gegn markmiði um umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Mæta þarf aukningu útblásturs sem af auknum akstri hlýst með mótvægiaðgerðum sem annað hvort er að minnka losun eða auka bindingu kolefnis. Þá er fyrst og fremst litið til lausna sem felast í sparneytnari bílum og nýtingu umhverfisvænni orkugjafa.

Hegðun fólks hefur einna mest áhrif á eldsneytisbrennslu. Bæði það hvernig fólk notar bílinn sem samgöngutæki og hvernig það ekur honum getur haft mikil áhrif. Í SGÁ er talað um beitingu áróðurs og menntunar til að kenna fólki vistakstur. Fjöldi stuttra bílferða innanbæjar eru umhugsunarefni

---

[20] Orkuspárnefnd. 2005

fyrir samgönguyfirvöld og sveitarfélög. Gefst þar færi á að minnka allverulega eldsneytisnotkun heimilanna. Þá er einnig bent á mikilvægi þess að auka og bæta aðstöðu fyrir hjólandi vegfarendur.

Bensín og díselolía blönduð etanóli og lífolíu eru þeir möguleikar sem fjallað er um í SGÁ til að ná fram jafnvægi milli kolefnisbindingar og losunar. Líklegt þykir að blandað eldsneyti verði fyrr aðgengilegt almenningi en endurnýjanlegir orkugjafar vegna tæknilegra vandamála sem mörg eru enn óleyst.

### 18.1 Niðurstaða

*Kyoto bókunin er einn af þeim alþjóðlegu samningum um umhverfismál sem eiga að hafa og munu hafa áhrif á framkvæmd SGÁ.* Bókunin leggur bindandi takmarkanir á ríki um losun gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt útstreymisspá Umhverfisstofnunar til 2020 mun Ísland geta staðið við skuldbindingar sínar en lítið má út af bera. Til þess að Ísland fái staðið við skuldbindingar sínar gagnvart samningnum er nauðsynlegt að horfa til samgangna sem stórs mengunarvalds. Samgöngur standa fyrir meira en 90% af brennslu jarðefnaeldsneytis á Íslandi og því er til mikils að vinna ef losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim er takmörkuð. Miðað við spár er fyrirsjáanlegt að mest aukning á útlosun $CO_2$ verði vegna flugumferðar en fiskiskip og bílar eiga saman um 50% af $CO_2$ vegna samgangna (Mynd 18.1). Mestu munar um aukið eldsneyti sem flugvéla- og skipaflotinn kaupir erlendis og má það rekja til aukinnar flugumferðar til landsins enda fjölgar flugfarþegum ár frá ári. Hins vegar er losun á $CO_2$ frá flugumferð ekki hluti af Kyoto-bókuninni.

Samkvæmt útstreymisspá Umhverfisstofnunar fellur hlutdeild samgangna sem hlutfallsleg uppspretta $CO_2$ ígilda úr 47% í 40% milli áranna 2006 og 2007 og það hlutfall helst óbreytt til loka áætlunartímabilsins (Tafla 18.1). Meginástæða fyrir þessu falli er ræsing nýs álvers á Reyðarfirði. En til þess að hlutfall samgangna haldist um 40%, þrátt fyrir aukningu umferðar, þarf að grípa til ýmissa aðgerða sem m.a. er gerð grein fyrir í kafla 19.

**Tafla 18.1 Losun $CO_2$ frá samgöngum og heildarlosun $CO_2$ á Íslandi**

| Ár | Hlutdeild samgangna í heildarlosun $CO_2$ ígilda | Heildarlosun $CO_2$ samgangna | Heildarlosun $CO_2$ bifreiða og tækja | Heildarlosun $CO_2$ flugvéla og skipa |
|---|---|---|---|---|
| 2006 | 47,1 % | | | |
| 2007 | 39,8 % | 2.640 tonn | 870 tonn | 1.780 tonn |
| 2012 | 40,1 % | 2.780 tonn | 860 tonn | 1.910 tonn |
| 2018 | 40,5 % | 2.970 tonn | 900 tonn | 2.080 tonn |

Meginmarkmiðum um umhverfislega sjálfbærar samgöngur er skipt í undirmarkmið a) og b) (sjá kafla 9.3). Tækniframfarir geta orðið til þess að ekki verði gengið hraðar á óendurnýjanlegar auðlindir en svo að mögulegt sé að þróa og skipta yfir í endurnýjanlegar auðlindir. Tækniframfarir sem þessar eru þó utan áhrifasviðs áætlunarinnar.

Mikilvægt er að stefna að því að losun mengandi efna í andrúmsloftið frá bílum aukist ekki í sama hlutfalli og umferð. Samkvæmt spám umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Orkuspárnefndar er raunhæft að stefna að því að losun $CO_2$ í andrúmsloftið frá bílaumferð aukist ekki verulega til 2018.

### 19. Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum samgönguáætlunar 2007-2018

Við gerð tillögu að samgönguáætlun og matsvinnu komu fram ábendingar og hugmyndir um ýmsar aðgerðir sem mikilvægt er að taka tillit til þegar draga á úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif SGÁ. Í athugasemdum við SGÁ er gerð grein fyrir helstu aðgerðum til að halda áhrifum áætlunarinnar innan ásættanlegra marka. Áhrifum er skipt í 4 flokka, hnattræn áhrif, svæðisbundin áhrif og staðbundin áhrif í þéttbýli og dreifbýli. Þar kemur m.a. fram:

**Hnattræn áhrif**

- *Losun gróðurhúsalofttegunda*: Dregið verði úr losun frá jarðefnaeldsneyti. Áfram verði unnið að því að beita hagrænum aðgerðum til að hvetja til notkunar umhverfisvænni farartækja og eldsneytis. Fræðsla og áróður, stjórnun umferðar og fleira getur einnig komið að gagni við að draga úr eldsneytisnotkun. Gjaldtaka af umferð er sennilega áhrifaríkasta stjórntækið í þessum tilgangi.
- *Orkunotkun:* Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa verði aukið og stefnt að því að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga. Stefnt verði að því að farartæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir.

  Fram að þeim tíma þarf að eiga sér stað aðlögun, sem getur orðið á ýmsa vegu, en hér er sett fram eftirfarandi sýn:

  1. Hvatt verði til notkunar eyðslugrannra ökutækja með skattalegum aðgerðum. Þannig verði notkun lítilla díselbifreiða gerð sérstaklega álitleg, en einnig stórra dísilbifreiða, þar sem díselvélin er bæði neyslugrennri og mengar því minna en bensínvélin.
  2. Hvatt verði með skattalegum aðgerðum til notkunar bíla, sem nota annað og umhverfisvænna eldsneyti en jarðolíu.
  3. Athugað verði, hvort hagkvæmt sé strax að blanda díselolíu með lífolíu og bensín með etanóli. Bæði dísel- og bensínvélar geta tekið við þessum efnum án teljandi breytinga. Aðgerðir þessar verði studdar með skattalegum aðgerðum.
  4. Unnið verði að því að metanvæða ákveðna markhópa ökutækja á höfuðborgarsvæðinu. Hugsanlega væri hægt að reka tvinnbíla, sem bæði gengju fyrir metani og dísel, sem eykur sveigjanleikann varðandi dreifingarkerfi eldsneytis.
  5. Lokamarkið er, að bílaflotinn og reyndar fiskiskipaflotinn líka, verði knúinn af endurnýjanlegum orkugjöfum, en því markmiði verður ekki náð fyrr en slík tækni er orðin almenn markaðsvara a.m.k í Evrópu.

**Svæðisbundin áhrif**

- *Félagsleg og efnahagsleg áhrif*: Unnið verði að því að festa í sessi aðferðir til að meta svæðisbundin áhrif sem þátt í forgangsröðun framkvæmda.

**Staðbundin áhrif í þéttbýli**

- *Loftmengun*: Loftmengun af völdum umferðar verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er, og mið tekið af Evrópustöðlum. Dregið verði úr loftmengun, einkum svifryki, á höfuðborgarsvæðinu, þannig að hún verði umtalsvert lægri innan nokkurra ára en í dag. Telja má víst að aukin þrif gatna geti breytt hér allmiklu og er það skjótvirkasta aðgerðin til að stemma stigu við vaxandi rykmengun. Er því nauðsynlegt að taka tillit til þess við ákvörðun þjónustustigs vega í þéttbýli.
- *Hávaði*: Hávaði við helstu umferðargötur verði kortlagður í samvinnu við sveitarfélög í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir. Tekið verði tillit til hljóðvistar við hönnun umferðarmannvirkja í samvinnu við sveitarfélög eins og verið hefur, og fylgst með þróun í aðferðum til að bæta hljóðvist í þéttbýli.

- *Landnotkun*: Aukin verði samvinna samgöngustofnana og skipulagsyfirvalda til að halda landnotkun samgöngumannvirkja í lágmarki, og draga úr umferðarþörf eins og kostur er með styttingu leiða við skipulag byggðar. Þetta er ef til vill eitt af mikilvægustu verkefnum framtíðarinnar á þessu sviði.
- *Hjóla- og göngustígar*: Stefnt skal að því að breyta vegalögum í þá átt að heimilað verði að taka þátt í gerð hjóla- og göngustíga meðfram stofnbrautum í þéttbýli og meðfram umferðarmestu þjóðvegunum í dreifbýli til jafns við reiðvegi. Sérstök fjárveiting verði tryggð til þessa í samgönguáætlun.

**Staðbundin áhrif í dreifbýli**

- *Loftmengun*: Unnið verði að rannsóknum á aðferðum til að draga úr loftmengun við vegaframkvæmdir, t.d. við gerð klæðingar.
- *Vatnsmengun*: Við framkvæmdir skal gæta sérstaklega að mengunarvörnum á vatna- og strandsvæðum. Gera þarf úttekt á flutningi hættulegra efna um vatnsverndarsvæði. Skilgreina þarf öruggar hjáleiðir við mikilvæg vatnsból.
- *Landnotkun*: Tekið skal tillit til umhverfissjónarmiða við hönnun mannvirkja. Gerð skal grein fyrir landnotkun í mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda. Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár.
- *Frágangur*: Huga skal sérstaklega að frágangi meðfram vegum, bæði með tilliti til umhverfis- og öryggissjónarmiða. Fylgja skal eftir sérstakri áætlun um frágang gamalla efnisnáma.
- *Jarð- og menningarminjar*: Forðast skal röskun sérstakra minja og gera skilmerkilega grein fyrir þeim í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.
- *Lífríki*: Forðast skal eins og kostur er að skerða votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Stefnt skal að endurheimt votlendis sem samsvarar því sem raskað er við framkvæmdir. Forðast skal röskun lífríkis sem kostur er og gera skilmerkilega grein fyrir því í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.
- *Sjónræn áhrif*: Gæta skal að staðsetningu, útliti og umhverfi mannvirkja með tilliti til þess að halda sjónrænum áhrifum í lágmarki. Fella skal öll mannvirki að landslagi svo sem kostur er.
- *Víðerni*: Leitast verði við að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónrænum áhrifum.
- *Förgun og spilliefni*: Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs frá samgöngum og stefna að endurnotkun og endurnýtingu þar sem þess er kostur. Notkun spilliefna verði takmörkuð eins og mögulegt er.
- *Akstur utan vega*: Ljúka skal í samvinnu við umhverfisráðuneyti kortlagningu vegslóða og taka ákvörðun um lokun einhverra þeirra fyrir umferð. Takmarka skal eins og kostur er akstur vinnuvéla utan vegsvæðis við framkvæmdir.

## 20. Þróun og framvinda ef ekki verður af SGÁ

### 20.1 Samfélag, byggð, öryggi og heilsa

Stefnumið og framkvæmdir SGÁ stuðla flestar eða allar að jákvæðum áhrifum á byggð og samfélag. Víða er nauðsynlegt að ráðast í framkvæmdir til að bæta grunnnetið og auka öryggi. Umferð mun halda áfram að aukast með fjölgun landsmanna og því er líklegt að afkastageta samgöngumannvirkja í þéttbýli verði óviðunandi ef ekki verður ráðist í framkvæmdir. Þá er talið að byggðakjarnar styrkist síður í sama mæli ef ekki verður um samgöngubætur að ræða.

Vegna áframhaldandi fjölgunar landsmanna og stækkunar bílaflotans því samhliða, er ekki gert ráð fyrir að loft- og hávaðamengun verði minni ef SGÁ verður ekki að veruleika.

### 20.2 Loftslag, náttúra, hafið og landslag

Samgöngur geta haft margvísleg neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Í fyrsta lagi skerðast eða tapast vistgerðir/búsvæði tegunda, sér í lagi þar sem farið er um ósnortin svæði og eins þegar vegir eru breikkaðir. Framkvæmdir geta einnig haft áhrif á tegundasamsetningu gróðurs og dýra sem sumar eru jafnvel sjaldgæfar, á válista eða lykiltegundir innan áhrifasvæðisins. Þá geta framkvæmdir legið um náttúruverndarsvæði sem eru á Náttúruminjaskrá eða friðlýst og það rýrir gildi þeirra og landsvæði í flestum tilvikum. Samgönguframkvæmdir geta haft veruleg sjónræn áhrif í tengslum við upplifun fólks af landslagi og útsýni, sérstaklega þar sem ný vegarlagning á sér stað, vegir eru breikkaðir og hækkaðir og aukin veglýsing er notuð.

Almennt er ljóst að ef ekki yrði af fyrirhuguðum framkvæmdum SGÁ hefði það jákvæð áhrif á þróun náttúru og dýralífs landsins. Skýrasta dæmið í þessu samhengi er hálendið. Líffræðilegur fjölbreytileiki, víðerni og landslag myndi halda áfram að þróast án þess álags sem fylgir framkvæmdum á SGÁ og á það við um allt landið.

**Tafla 20.1 Þróun og áhrif ef ekki verður af SGÁ**

| Umhverfisþáttur | Áhrif | Þróun ef ekki verður af SGÁ |
|---|---|---|
| **Samfélag og byggðaþróun** | Verulega neikvæð | Ef ekki er hægt að bæta samgöngur landsins gæti það haft veruleg neikvæð áhrif á samfélag og byggðaþróun, þar sem beint samband er milli vaxtar í samgöngum og hagvaxtar.<br>Frekari samdráttur í þróun jaðarbyggða.<br>Þjónustustig samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu versnar. |
| **Öryggi** | Verulega neikvæð | Markmið SGÁ snúa m.a. að öryggi veg-, sjó- og flugfarenda. Umfjöllun um öryggi nær til slysa og óhappa á fólki og slysa sem geta valdið mengun eða röskun á umhverfi. Veruleg þörf er á að bæta öryggi í samgöngugreinum og engar aðgerðir munu hafa veruleg neikvæð áhrif á öryggi notenda. |
| **Heilsa** | Jákvæð/ neikvæð | Áframhaldandi fjölgun landsmanna og stækkun bílaflotans gerir það að verkum að loft- og hávaðamengun verður ekki minni þótt SGÁ verði ekki framfylgt heldur hugsanlega meiri vegna tafa í umferð.<br>Ef SGÁ verður ekki framfylgt mun þjónustustig samgöngumannvirkja lækka á áætlunartímabilinu. Það kann að hafa þau áhrif að fleiri nota almenningssamgöngur, hjól og fari gangandi. |
| **Loftslag** | Jákvæð/ verulega neikvæð | SGÁ hvetur til notkunar umhverfisvænna orkugjafa en á móti kemur aukin umferð sem eykur mengandi efni í andrúmsloftinu. Án framgangs SGÁ munu umferð og bílaflotinn halda áfram að aukast, sem og flugumferð og siglingar. Þótt lakara þjónustustig dragi að einhverju leyti úr notkun einkabíls, vegur það ekki upp á móti meiri losun $CO_2$ vegna tafa í umferðinni. |
| **Náttúrufar** | Verulega jákvæð | Ef SGÁ er ekki framfylgt hefði það jákvæð áhrif á þróun náttúru og dýralífs landsins. Minni umhverfisáhrif og minna rask. |
| **Hafið** | Óvissa | |
| **Landslag og ímynd** | Verulega jákvæð | Færri framkvæmdir þýða minna rask og minni umhverfisáhrif á landslag og ímynd. |

## 21. Helstu umhverfisvandamál samgönguáætlunar

**Tafla 21.1 Helstu umhverfisvandamál vegna framfylgdar samgönguáætlunar 2007-2018**

| | Lýsing á umhverfisvandamáli | Aðgerðir/vöktun |
|---|---|---|
| **Áhrif á loft og heilsu** | Aukning getur orðið á loftmengun og hávaða vegna fyrirhugaðara framkvæmda og aukinnar umferðar. Í þéttbýli er t.d. mögulegt að svifryk, útblástur $CO_2$ og hávaði frá umferð geti aukist. | Fylgjast með þróun mengunar frá samgöngum í þéttbýli. Samgönguyfirvöld fylgjast með mengunarmælingum Umhverfisstofnunar og viðkomandi heilbrigðiseftirlits.<br>Veghaldari og rekstraraðili flugvallar skulu kortleggja hávaða í þéttbýli á helstu samgönguleiðum og flugvöllum í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög. Sveitarstjórn, hver á sínu svæði ber ábyrgð á að aðgerðaáætlun sé gerð og skal hún unnin í samvinnu við veghaldara stórra vega og rekstraraðila stórra flugvalla á svæðinu.<br>Líta til tækniþróunar til að minnka losun.<br>Innleiða alþjóðleg viðmið og staðla sem snúa að loftmengun og hávaða.<br>Meta þarf áhrif einstakra framkvæmda á loft og heilsu á síðari stigum s.s. við gerð aðalskipulagsáætlana og/eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. |
| **Áhrif á landslag og ímynd** | Gerð nýrra vega hefur í för með sér áhrif á ásýnd umhverfisins. Mest eru áhrifin á svæðum sem hafa sérstakt gildi vegna landslags eins og verndarsvæði og víðerni hálendisins.<br>Uppbygging hálendisvega kann að valda verulegum og neikvæðum áhrifum á landslag og ímynd, þar sem það hefur ákveðna sérstöðu og verndargildi. | Reyna eins og kostur er að fella framkvæmdir vel inn í náttúrulegar landslagsheildir.<br>Taka tillit til grenndargróðurs við uppgræðslu raskaðra svæða. Ábyrgð er hjá framkvæmdaraðilum.<br>Skoða kortlagningu Umhverfisstofnunar á víðernum.<br>Meta þarf áhrif einstakra framkvæmda á landslag og ímynd á síðari stigum s.s. við gerð aðalskipulagsáætlana og/eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. |
| **Áhrif á náttúrufar** | Skerðing á náttúrufari getur komið til ef af SGÁ verður. Nýframkvæmdir og efnistaka hafa þar mest áhrif. Áhrifin geta verið bein, óafturkræf og neikvæð og haft áhrif á sérstæðar jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar eða eru friðuð.<br>Helstu vistkerfin sem geta orðið fyrir áhrifum eru: eldhraun, votlendi, birkiskógar, fjörur, leirur, firðir og tjarnir. Þá geta sumar nýframkvæmdir haft neikvæð áhrif á einstakar tegundir plantna og dýra sem og búsvæði þeirra, ósnortin svæði, þjóðgarða eða verndarsvæði sem eru á Náttúruminjaskrá og/eða Náttúruverndaráætlun.<br>Helstu áhrif einstakra framkvæmda á SGÁ á náttúrufar eru tilkomin vegna Norðausturvegar, Héðinsfjarðarganga (friðland), Hornafjarðarfljóts, Vestfjarðarvegar, Djúpvegar, hálendisvega og Bakkafjöru.<br>Óvissa er um heildaráhrif SGÁ á náttúrufar þar sem ekki liggja fyrir á þessu stigi nákvæmar staðsetningar framkvæmda og/eða framkvæmdarlýsingar einstakra framkvæmda. | Reynt eins og kostur er að forðast rask á náttúruverndarsvæðum.<br>Mótvægisaðgerðir geta falist í því að endurheimta votlendi og/eða stofna friðlönd í stað þeirra sem skerðast.<br>Taka tillit til grenndargróðurs við uppgræðslu raskaðra svæða. Ábyrgð er hjá framkvæmdaraðilum.<br>Meta umfang og áhrif efnistöku í aðalskipulagi og mati á áhrifum einstakra framkvæmda. Ábyrgðin er hjá framkvæmdaraðila og sveitarfélögum.<br>Stýra námuvali og bæta nýtingu og frágang náma.<br>Meta þarf áhrif einstakra framkvæmda á náttúrufar á síðari stigum s.s. við gerð aðalskipulagsáætlana og/eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. |

**Tafla 21.2 Helstu áhrif líklegra framkvæmda SGÁ á náttúrufar**

| Framkvæmdir | Lýsing | | Áhrif | Viðmið |
|---|---|---|---|---|
| Mannvirki:<br>-Vegir<br>-Hafnir<br>-Flugvellir | Vistgerðir og/eða búsvæði | Tegundir vistgerða/búsvæði<br>Sjaldgæfar vistgerðir<br>Votlendi | Skerðing eða tap<br>Rýrir gildi og landsvæði | Lög um náttúruvernd nr. 44/1999<br>Náttúruminjaskrá<br>Náttúruverndaráætlun<br>Alþjóðlegir samningar |
| | Gróður og dýr | Tegundasamsetning<br>Válistategundir<br>Ábyrgðategundir<br>Lykiltegundir<br>Friðlýstar tegundir | Mismunandi áhrif eftir umfangi framkvæmda. Allt frá engum upp í varanleg.<br>Í versta falli fækkar sumum lykiltegundum eða þær deyja út. | Lög um náttúruvernd nr. 44/1999<br>Náttúruminjaskrá<br>Náttúruverndaráætlun<br>Alþjóðlegir samningar |
| | Vatn | Grunnvatn<br>Vötn og ár<br>Tjarnir<br>Fossar | Möguleg áhrif á framkvæmdatíma<br>Mengun frá umferð<br>Mengun vegna slysa og óhappa | Reglugerðir um vatnsverndarsvæði<br>Skipulagsáætlanir |
| | Jarðminjar | Eldhraun<br>Eldvörp<br>Gervigígar | Skerðing | Lög um náttúruvernd nr. 44/1999<br>Náttúruminjaskrá<br>Náttúruverndaráætlun<br>Alþjóðlegir samningar |
| | Landslag og ímynd | Víðerni | Breyting á landslagi og ásýndar vegna mannvirkja og upplifun verður annars konar. | Lög um náttúruvernd nr. 44/1999<br>Náttúruminjaskrá<br>Náttúruverndaráætlun<br>Alþjóðlegir samningar |

## 22. Niðurstaða umhverfismats áætlana fyrir SGÁ

Góðar samgöngur eru ein af grundvallarforsendum fyrir öflugu atvinnulífi og kraftmiklu þjóðlífi. Almennt er litið svo á að góðar samgöngur hafi verið ein meginforsenda framfara á undanförnum áratugum. Hinn mikli vöxtur í samgöngum hefur þó einnig neikvæð áhrif á lífsgæði og umhverfi. Umferðarslys taka allt of stóran toll og umhverfisáhrif uppbyggingar samgöngukerfisins og umferðar um það eru í flestum tilvikum neikvæð.

Matsvinnan byggðist fyrst og fremst á almennum upplýsingum um umhverfið miðað við staðsetningu framkvæmda. Gögn sem voru höfð til hliðsjónar á vinnufundum matsteymis voru fyrst og fremst fyrirliggjandi upplýsingar um möguleg verndarsvæði, skipulagsgögn sveitarfélaga ásamt framkvæmdaáætlunum Vegagerðarinnar, Flugmálastjórnar Íslands og Siglingastofnunar Íslands.

Að öðru leyti var þekking á aðstæðum og umhverfi háð því hversu vel verkefni höfðu verið skilgreind af framkvæmdaraðila og hversu vel sérfræðingar teymisins þekktu til svæðisins. Þrátt fyrir skort á nákvæmum upplýsingum um umhverfisáhrif taldi matsteymið, að teknu tilliti til umfangs og eðlis samgönguáætlunar, upplýsingar og þekkingu nægjanlega til þess að greina áhrif og leggja mat á vægi þeirra. Við mat á vægi áhrifa voru lög og reglugerðir sem snúa að umhverfismálum lögð til grundvallar.

Aðaláhersla matsvinnunnar var að meta áhrif uppbyggingar grunnnets og þróunar samgöngukerfis í heild sinni. Almennt kom fram að framkvæmdir valda ávallt raski og að gæta þurfi mögulegra áhrifa á viðeigandi stigi ákvarðanatöku, s.s. á stigi skipulagsgerðar og/eða mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Á heildina litið og með tilliti til nákvæmni og eðlis SGÁ greindust í matsvinnunni ekki líkleg veruleg neikvæð umhverfisáhrif.

Þó komu fram einstaka þættir í áætluninni sem þarf að athuga betur á síðari stigum ákvarðanatöku og skoða mismunandi valkosti og gæta þess að áhrif verði ekki verulega neikvæð. Sérstaklega er bent á mögulega uppbyggingu hálendisvega og vegar um Grunnafjörð. Skoða þarf og ræða tilgang þessara framkvæmda betur, skilgreina og bera saman mögulega valkosti. Einnig er mikil þörf á að yfirvöld móti heildarstefnu og framtíðarsýn um hálendi Íslands svo að samræma megi SGÁ við hana.

Óvissa um áhrif SGÁ á samfélagslega þætti og byggðaþróun snýr fyrst og fremst að byggð á jaðarsvæðum. Tillaga um vöktun kom fram og að skilgreina þyrfti betur í framtíðinni áhrif breyttra og bættra samgangna á byggðaþróun. Minni óvissa í þeim málum myndi til að mynda auðvelda ákvarðanatöku um mismunandi valkosti.

Meginóvissa í mati á áhrifum SGÁ á náttúrufar snýr að áhrifum á einstakar tegundir eða vistkerfi, þar sem gögn liggja ekki fyrir um afleiðingar einstakra framkvæmda á þessa umhverfisþætti.

Í matsvinnunni var ekki lagt mat á eða bornir saman valkostir fyrir staðsetningu Reykjavíkurflugvallar en ljóst er að ákvörðun um framtíð flugvallarins mun valda talsverðum áhrifum sama hver niðurstaðan verður. Áhrifin snúa fyrst og fremst að samfélagslegum þáttum s.s. samgöngum, ferðatíma til höfuðborgarsvæðisins, loftmengun, hávaða og landgæðum.

Samgönguáætlun 2007 til 2018 er í samræmi við byggðaáætlun, ferðamálaáætlun 2006-2015 og heildarstefnu um málefni hafsins. Samgönguáætlun er að hluta til í samræmi við velferð til framtíðar – stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun til 2020, Náttúruverndaráætlun 2004 til 2008 og Náttúruminjaskrá, Ákveðin óvissa er um áhrif einstakra framkvæmda samgönguáætlunar á náttúrurfar, en líklegt er að einhverjar framkvæmdir kunni að vera í ósamræmi við áðurnefndar áætlanir.

Það er niðurstaða umhverfismats að SGÁ er líkleg til að valda talsverðum jákvæðum samfélagslegum áhrifum en ekki verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum, en mikilvægt er að fjalla um mismunandi nýtingu hálendisins við ákvörðun um gerð og legu hálendisvega.

**Tafla 22.1 Yfirlit um helstu áhrif SGÁ á umhverfi og samfélag**

| Umhverfisþáttur | Áhrif | Óvissa | Aðgerðir / vöktun |
|---|---|---|---|
| Samfélag og byggðaþróun | Eitt meginmarkmið SGÁ er að stuðla að jákvæðri byggðaþróun. Bættar vegasamgöngur munu stuðla að sterkari byggðakjörnum innan landsfjórðunga.<br>Betri tengingar Reykjaness, Suður- og Vesturlands við höfuðborgina munu styrkja bæði borgina í sessi og veita bæjunum í kring aukna möguleika. | Óvissa er um umfang áhrifa SGÁ á samfélagslega þætti og byggðaþróun á jaðarsvæðum. | Lagt til að rannsaka umfang og eðli áhrifa vegna samgangna á jaðarsvæði. Leita þarf til Byggðastofnunar og annarra stofnana sem fást við athuganir og rannsóknir á samfélagslegum áhrifum. |
| Menningarminjar | Mögulegt rask á menningarminjum vegna framkvæmda. | Óvissa er um áhrif SGÁ á menningarminjar. | Meta þarf áhrif á síðari stigum, s.s. við gerð skipulagsáætlana og í mati á umhverfisáhrifum. Ábyrgð er hjá framkvæmdaraðilum og sveitarfélögum. |
| Öryggi | Eitt af meginmarkmiðum SGÁ er að auka öryggi samgangna almennt. Þá styður markmiðið um greiðari samgöngur og styttri ferðatími við þetta markmið.<br>Vegir verða öruggari með fyrirhuguðum framkvæmdum, með betri legu vegar m.t.t. veðurfars og landslags, stærra öryggissvæði, færri kröppum beygjum og minni halla. | | Unnið er eftir erlendum reglum og samþykktum í lofti og legi, en væntanleg er tilskipun frá Evrópusambandinu um sambærilegar reglur á láði.<br>Vöktun með tölfræðilegum gögnum frá viðkomandi stofnunum. |
| Heilsa | Aukning á svifryki og hávaða fylgir aukinni umferð á höfuðborgarsvæðinu. | | Kortleggja hávaða í þéttbýli á helstu samgönguleiðum og flugvöllum. Ábyrgð er hjá veghaldara, flugmálayfirvöldum og sveitarfélögum.<br>Aukin sópun og hreinsun gatna í þéttbýli í samstarfi við sveitarfélögin. |
| Loftslag | Útblástur farartækjanna sem falla undir SGÁ er uppspretta 40% af $CO_2$ útblæstri landsins. | | Fylgjast með þróun mengunar.<br>Útreikningur Umhverfisstofnunar á losun.<br>Líta til tækniþróunar til að minnka losun.<br>Markmið SGÁ stuðla að minni mengun af völdum SGÁ, sbr. markmiðasetningu. |

**Tafla 22.1 Yfirlit um helstu áhrif SGÁ á umhverfi og samfélag, frh.**

| Umhverfisþáttur | Áhrif | Óvissa | Aðgerðir / vöktun |
|---|---|---|---|
| Náttúrufar (Vatn, jarð-myndanir, gróður og dýralíf) | Áhrif framkvæmda á gróður og dýralíf eru mismunandi. Í heildina eru þau ekki talin veruleg en kanna þarf aðstæður í hverju tilfelli fyrir sig. Í sumum tilfellum geta þau þó verið bein, neikvæð og varanleg | Sumstaðar á landinu var óvissa í matsvinnunni um umfang rasks á náttúrufari vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Óvissa takmarkaði þó ekki matsvinnuna. | Meta þarf áhrif á einstaka náttúrufarsþætti á síðari stigum, s.s. við gerð skipulagsáætlana og í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, og grípa til viðeigandi mótvægisaðgerða.<br>Taka tillit til grenndargróðurs við uppgræðslu raskaðra svæða. Ábyrgð er hjá framkvæmdaraðilum. |
| | Efnistaka er stór hluti af vegaframkvæmdum og getur haft töluverð áhrif á jarðmyndanir. | Óvissa um staðsetningu og umfang náma. | Stýring á námuvali, nýtingu og frágangi náma er komin í fasta formlega umgjörð lagaákvæða, leyfisveitinga og eftirlits. Kanna þarf aðstæður í hverju tilfelli fyrir sig bæði hvað varðar hinar eiginlegu framkvæmdir og efnisöflunina.<br>Meta umfang og áhrif efnistöku í aðalskipulagi og mati á áhrifum einstakra framkvæmda. Ábyrgðin er hjá framkvæmdaraðila og sveitarfélögum. |
| | Í einstökum tilvikum fara vegir yfir vatnsverndarsvæði. | Ekki hafa öll vatnsverndarsvæði á Íslandi verið skilgreind og afmörkun þeirra er í mörgum tilfellum óljós. | *Kanna þarf aðstæður í hverju tilfelli fyrir sig.* Ábyrgðin er hjá framkvæmdaraðila og heilbrigðiseftirliti. |
| Hafið | Mengun hafsins, áhrif (mengun, truflun) á dýralíf og vistgerðir. | Óvissa er um áhrif SGÁ á hafið. | Hafið er mjög mikilvæg auðlind fyrir Ísland og því þarf að fylgjast með þróun og fylgja eftir heildarstefnu Íslands um hafið.<br>Fylgjast þarf með þróun olíusiglinga og viðbragða við mengunaróhöppum. |

**Tafla 22.1 frh. Yfirlit um helstu áhrif SGÁ á umhverfi og samfélag, frh.**

| Umhverfisþáttur | Áhrif | Óvissa | Aðgerðir / vöktun |
|---|---|---|---|
| Landslag og ímynd | Gerð nýrra vega hefur almennt breytingar á ásýnd umhverfisins í för með sér. Mest vægi hafa áhrif sem ná til svæða sem hafa sérstakt gildi vegna landslags, s.s ýmis verndarsvæði og viðerni landsins. | | Taka tillit til landslags við veghönnun. Skoða aðstæður í hverju tilfelli fyrir sig og finna lausnir á stigi mats á umhverfisáhrifum framkvæmda ef hægt er.<br>Taka tillit til grenndargróðurs við uppgræðslu raskaðra svæða. Ábyrgð er hjá framkvæmdaraðila.<br>Umhverfisstofnun kortleggur víðerni. |
| | Hugsanlega kann SGÁ að valda verulegum áhrifum á Miðhálendið, s.s. í formi skerðingar á víðernum og ásýnd þess. | Óvissa um framtíðarþörf á uppbyggingu hálendisvega. | Vantar umfjöllun og ákvörðun yfirvalda jafnt og þjóðarumræðu um nýtingu hálendisins til framtíðar, sem og stefnumótun fyrir hálendið á borð við landsskipulag.<br>Skilgreina þarf markmið með uppbyggingu hálendisvega. Skoða þarf og meta mismunandi valkosti, s.s. styttingu og uppbyggingu þjóðvegar á milli Norður- og Suðurlands. |

## HLUTI IV: SAMANTEKT Á ATHUGASEMDUM OG VIÐBRÖGÐUM

Eftirfarandi er samantekt vegna athugasemda, sem borist hafa við kynningu á umhverfisskýrslu samgönguáætlunar 2007 – 2018. Athugasemdirnar eru teknar eftir stafrófsröð, þó með áherslu á aðalnafn sveitarfélags.

1. **Akraneskaupstaður**
   *Erindi barst frá Akraneskaupstaði, dags. 13.10.2006, þar sem tilkynnt var, að erindi um umhverfismat samgönguáætlunar hefði verið vísað til umfjöllunar Tækni- og umhverfissviðs. Sú umfjöllun hefur ekki borist.*

2. **Alcoa Fjarðaál**
   *Erindi barst frá Alcoa Fjarðaáli, dags. 14.10.2006, sem skrifað var sem innlegg í umræðuna um samgönguáætlun. Í erindinu kemur fram, að styrkja þurfi innviði á Mið-Austurlandi og þá öðru fremur að bæta samgöngur. Bent er sérstaklega á eftirfarandi vegarkafla og atriði, sem laga þarf:*

   - *Gerð jarðganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar*
   - *Lagfæring vegar yfir Hólmaháls*
   - *Lagfæring vegar á Fagradal við Grænafell*
   - *Færa þarf vetrarþjónustu á svæðinu upp í hæsta þjónustustig*

   Samgönguyfirvöld taka undir, að allar þessar framkvæmdir eru brýnar. Hlutverk umhverfismats samgönguáætlunar er hins vegar að fjalla um umhverfisáhrif áætlunarinnar í víðu samhengi en ekki að fjalla um röðun framkvæmda.

   Framangreindar framkvæmdir koma til skoðunar við frekari vinnslu samgönguáætlunar og röðun framkvæmda á árin 2007 – 2018. Þjónustustig vetrarþjónustu kemur til athugunar við næstu endurskoðun á snjómokstursreglum.

3. **Sveitarfélagið Álftanes**
   *Sveitarfélagið Álftanes gerir ekki athugasemd við umhverfisskýrsluna, sbr. bréf dags. 20.11.2006.*

4. **Sveitarfélagið Árborg**
   *Sveitarfélagið Árborg gerir ekki efnislegar athugasemdir við umhverfismat samgönguáætlunar, sbr. bréf dags. 20.11.2006. Bent er á, að vitnað er í lög um landshlutaverkefni í skógrækt, sem felld hafa verið úr gildi. Ný lög nr. 95/2006 komu í stað eldri laga.*

   Tilvísun í lög um landhlutaverkefni í skógrækt verður leiðrétt í umhverfiskýrslu samgönguáætlunar.

5. **Blönduósbær**
   *Í erindi Blönduósbæjar, dags. 15.11.2006, mótmælir bæjarstjórnin harðlega fram komnum hugmyndum um breytta legu á þjóðvegi nr. 1 um Blönduós. Í svæðisskipulagi Austur – Húnavatnssýslu komi fram stefna allra sveitarfélaga, sem að skipulaginu koma, að þjóðvegur 1 liggi áfram um Blönduós. Bæjarstjórn telur, að breyting þjóðvegar um Blönduós geti haft neikvæð byggðarleg áhrif á svæðið og sé því þvert á markmið stjórnvalda um svæðisbundnar byggðaaðgerðir.*

   Hugmyndir eru uppi um að færa þjóðveg 1 og leggja hann um Svínavatn. Með færslunni styttist leiðin á milli Reykjavíkur og Akureyrar um 15,5 km. Ef af færslunni yrði leiddi stytting leiðar meginhluta núverandi umferðar til aukins umferðaröryggis og minnkunar á útstreymi gróðurhúsalofttegunda og annarra mengandi efna. Hvort tveggja er meðal markmiða samgönguáætlunar. Eitt markmiða

samgönguáætlunar er styrking byggða landsins, og vel er hugsanlegt, að almenn styrking byggðar með styttingu vegalengda leiði til stað- eða svæðisbundinnar veikingar byggðar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er aðalskipulag sveitarfélaga á forræði þeirra, en krefst þó staðfestingar umhverfisráðherra. Ljóst er því, að umrædd færsla þjóðvegar 1 um Blönduós verður því ekki gerð, nema í góðu samkomulagi við viðkomandi sveitarfélög. Samgönguyfirvöld eru reiðubúin til viðræðna við Blönduósbæ um málið.

## 6. Fjórðungssamband Vestfirðinga

*Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir með bréfi, dags. 11.12.2006, eftirfarandi athugasemdir við umhverfisskýrsluna:*

- *Bent er á þrjár skýrslur sem heimildir við gerð umhverfisskýrslu samgönguáætlunar*
- *Bent er á í sambandi við yfirlit yfir helstu vegaframkvæmdir, að staðsetning þeirra í sveitarfélögum er ekki rétt fyrir tiltekin verkefni*
- *Bent er á vegna gerðar nýs vegar um Dynjandisheiði, að ekki er fjallað um gerð jarðganga á heiðinni sem valkost við heiðbundna vegagerð*
- *Bent er á, að jarðgöng um Óshlíð voru ekki tilgreind í samþykkt um samgöngumál á Fjórðungsþingi 2004, en gerð var samþykkt um verkefnið á Fjórðungsþingi 2005 á þeim forsendum, að forgangsröðun annarra samgönguverkefna á Vestfjörðum verði ekki breytt. Fjórðungssambandið styður verkefnið enda um brýnt öryggismál að ræða, sem verði leyst með sérfjármögnun*
- *Bent er á, að með umfjöllun í umhverfisskýrslu um, að ekki sé markvisst að velja tvær leiðir til að tengja Ísafjörð við höfuðborgarsvæðið, sé horft of langt til baka. Miðað við stefnumótun í byggðamálum sé þessi umfjöllun einnig óþörf*
- *Talið er æskilegt að taka tillit til nýjustu þróunar í skipaflutningum innanlands við gerð umhverfisskýrslu. Talið er mögulegt að stunda strandsiglingar með hagkvæmum hætti milli Faxaflóahafna og Vestfjarða samhliða þungaflutningum á landi*

Ábending um heimildir er móttekin og verður notuð í samræmi við vinnu við umhverfisskýrsluna. Staðsetning einstakra vegaframkvæmda í sveitarfélögum verður lagfærð.

Tekið er undir það, að jarðgöng undir Dynjandisheiði eru valkostur við heiðbundna vegagerð á heiðinni. Miðað við þau jarðgöng, sem eru nefnd líkleg á áætlunartímabilinu, er ólíklegt, að jarðgöng um Dynjandisheiði komi til framkvæmda á þessu áætlunartímabili.

Tekið er undir sjónarmiðið um sjóflutninga til Vestfjarða. Flutningar í landinu eru hins vegar á markaðslegum forsendum, og eru það flutningafyrirtækin, sem meta það, hvernig hagkvæmast er að standa að þeim. Vísbending er nú um, að einhver hluti flutninganna sé að flytjast aftur af vegum til skipa um þessar mundir.

## 7. Fornleifavernd ríkisins

*Í erindi Fornleifaverndar ríkisins, dags. 01.11.2006, er bent á, að í umhverfisskýrslu samgönguáætlunar sé lítið fjallað um fornleifar. Það, sem sagt er um fornleifar í skýrslunni, lýsi í raun vel stöðu mála varðandi skráningu fornleifa á Íslandi. Fornleifaskráning hafi aðeins farið fram á litlum hluta landsins. Í raun megi segja, að ekki sé fjallað í umhverfisskýrslunni um áhrif samgönguáætlunar 2007 – 2018 á fornleifar. Þeirri umfjöllun er vísað á skipulagsstig eða til mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þetta er skiljanlegt að mati Fornleifaverndar ríkisins, þar sem ekki liggja fyrir þau gögn um fornleifar, sem nauðsynleg eru til að fjalla um þær á þessu stigi.*

Í umhverfisskýrslu samgönguáætlunar segir: "Óvissa er um áhrif SGÁ á menningarminjar og þarf að meta þau á síðari stigum s.s. við gerð aðalskipulagsáætlana og/eða við mat á umhverfisáhrifum samgangna". Við þetta má bæta, að í lögum um umhverfismat áætlana er gert ráð fyrir, að matið sé

unnið á grundvelli fyrirliggjandi gagna, en ekki sé lagt út í nýjar rannsóknir á þessu stigi áætlunargerðarinnar.

**8. Landbúnaðarstofnun**

*Í erindi Landbúnaðarstofnunar, dags. 30.10.2006, er gerð sú athugasemd, að í kafla 16 í umhverfisskýrslu, sem fjallar um áhrif á náttúru, er hvergi fjallað um þau leyfi, sem framkvæmdaaðilar þurfa að afla sér vegna framkvæmda og efnistöku við ár og vötn samkvæmt 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, sem leystu lög nr. 76/1970 af hólmi.*

Atriði þessi um nauðsynleg leyfi einstakra framkvæmda eru það sértæk, að ekki er eðlilegt að þeirra sé getið í umhverfisskýrslu fyrir samgönguáætlun 2007 - 2018. Eðlilegt er, að þeirra sé getið í mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda enda liggja þá fyrir nauðsynlegar upplýsingar um leyfi sem sækja þarf um.

Í umhverfisskýrslu verður getið laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

**9. Landssamtök hjólreiðamanna**

*Landssamtök hjólreiðamanna gera athugasemdir við umhverfismat samgönguáætlunar í tveimur bréfum, dags. 19.11.2006 undirrituðu af Magnúsi Bergssyni, og dags. 20.11.2006 undirrituðu af Morten Lange, formanni samtakanna. Hér er valið að svara athugasemdunum sameiginlega. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:*

- *Almennt er fjallað um hjólreiðar og hve vistvænar þær eru. Með auknum hjólreiðum má draga úr losun gróðurhúsategunda, minnka svifryk, efla heilsurækt o.sv.fr.v. Sérstaklega er tiltekið, að texti í samgönguáætlun varðandi aukna umferð gangandi og hjólandi vegfarenda sem og aukin þátttaka ríkisins í gerð hjóla- og göngustíga sé jákvæður og sannur svo langt, sem hann nær. Nánari skilgreiningu á hjóla- og göngustígum vanti og gangandi umferð eigi ekki samleið með hjólandi umferð. Landssamtökin óska eftir, að samgönguráðuneytið hefji vinnu við að koma hjólreiðabrautum í vegalög og endurskoði umferðarlög, sem séu í skötulíki, þegar kemur að hjólreiðum. Ennfremur sé mikilvægt, að samgönguráðuneytið gefi út sérstaka handbók [um hjólreiðastíga].*
- *Bréfritara (Morten Lange) er óljóst, hvernig höfundar umhverfismatsins hafi komist að þeirri niðurstöðu, að drög að samgönguáætlun séu í samræmi við áætlanir, lög og alþjóðlega samninga. Æskilegt sé að skýrslur sem matið byggir á séu gerðar sem aðgengilegastar*
- *Sökum þess, hve alvarlegur gróðurhúsavandinn er, verði ekki boðlegt að sætta sig við að losun $CO_2$ í andrúmsloftið frá bílaumferð aukist verulega til 2018. Þar að auki muni þrýstingur aukast á að telja losun gróðurhúsalofttegunda frá flugi með í alþjóðasamningum*
- *Bréfritari telur það mikla framför að fjalla um litla líkamshreyfingu fólks tengda ferðum, sem sé afleiðing af mikilli umferð og háu þjónustustigi. Telur hann, að umhverfismatið eigi að fjalla meira um það.*
- *Bréfritari telur það lofsvert, þar sem sagt er, að mikilvægt sé að skerða ekki aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda eða þeirra sem eiga erfitt um vik vegna líkamsástands. Ekkert sé sagt um leiðir til að koma í veg fyrir þessa þróun.*
- *Fjallað er um, að æskilegt sé að stuðla að frekari hjólreiðum með skattalegum aðgerðum gagnvart reiðhjólum og varahlutum þeirra.*
- *Auk framangreinds eru fjölmargar ábendingar um ágæti og umhverfisvænleika hjólreiða sem og heilbrigði samfara þeim.*

Í samgönguáætlun er í fyrsta skipti fjallað um hjólreiðar sem samgöngugrein, sem ríkið muni taka þátt í að styrkja. Hingað til hefur verið litið svo á, að vegalög heimili ekki þátttöku ríkisins í gerð göngu- og hjólastíga. Í frumvarpi til nýrra vegalaga er opnað fyrir þátttöku ríkisins í þessum greinum samgangna meðfram stofnvegum í þéttbýli og meðfram stofnvegum með mikla umferð utan þéttbýlis. Ef þessi atriði

verða að lögum má reikna með, að Vegagerðin skapi sér vinnureglur eða geri staðla um gerð og frágang slíkra stíga. Aðkoma sveitarfélaganna verður einnig veruleg að þessum stígum, því að skipulagsskyldan liggur hjá þeim.

Meginástæðan fyrir þátttöku ríkisins í gerð hjóla- og göngustíga við stofnvegi eru öryggismál. Nauðsynlegt er að halda umferð gangandi og hjólandi frá umferðarþungum stofnvegum. Að öðru leyti eru stígakerfi af þessari gerð verkefni sveitarfélaganna.

Í umhverfisskýrslu verður fjallað um á skýrari hátt hvort og hvernig samgönguáætlun sé í samræmi við aðrar áætlanir og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Varðandi aðgengi að umræddum áætlunum og alþjóðlegum samningum er vísað í heimildarskrá, en þar er vísað í vefslóð umræddra gagna.

Ekki er raunhæft að ætla, að bílaumferð minnki á Íslandi á næstu árum. Þvert á móti bendir allt til þess að hún aukist. Draga má úr losun gróðurhúsalofttegunda með ýmsum aðgerðum: Skattalegum, þar sem lögð er áhersla á kaup díselbifreiða, tvinnbíla og notkun metanbíla svo dæmi séu nefnd. Eins má bæta lífolíu í dísilolíu og etanóli í bensín. Aðrar aðgerðir eru utan við áhrifasvið íslenskra stjórnvalda, en það eru t.d. tækninýjungar í bílum og eldsneyti. Samgönguáætlun gerir ráð fyrir að fylgst sé með öllum þessum þáttum og þeir nýttir eftir mætti til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Í umhverfismati samgönguáætlunar er ekkert dregið undan, hvað varðar mikilvægi þess að auka hreyfingu fólks, hvort sem það er með göngu, hjólreiðum eða á annan hátt. Ekki er efni til að fjalla frekar um það á þessum vettvangi.

Á undanförnum rúmum áratug hefur verið gert stórátak á höfuðborgarsvæðinu í gerð göngubrúa og undirganga yfir og undir stofnvegi til að skerða ekki aðgengi gangandi og hjólandi fólks. Áfram verður haldið á sömu braut í þessum málum.

## 10. Landssamband íslenskra útvegsmanna

*Landssambandið gerir eftirfarandi athugasemdir í bréfi, dags. 20.11.2006:*

- *Landssambandið telur hæpið, að landaður afli verði um og yfir tvær milljónir tonna á ári næstu árin*
- *Lagt er til, að hugmyndir um öryggisfulltrúa og öryggisstjórnunarkerfi í skipum verði unnar í góðu samráði við útgerðina*
- *Fullyrt er, að í ákveðnum tilvikum hafi verið gengið of langt í framkvæmd siglingaverndar með tilheyrandi kostnaði. Lögð er áhersla á, að framkvæmd siglingaverndar verði eins hagkvæm og kostur er*

Áætlun um, að landaður afli verði um tvær milljónir tonna á ári næstu árin er byggð á afla undanfarinna ára. Við frekari vinnu við samgönguáætlun verður tekið tillit til sjónarmiða LÍÚ varðandi þetta atriði. Ekki er því gert ráð fyrir aukningu afla á tímabili áætlunarinnar.

Unnið verður að öryggisáætlun sjófarenda í góðu samráði við útgerðina. Stjórnvöld hafa lagt sig fram um, að framkvæmd siglingaverndar verði eins hagkvæm og kostur er, og mun svo verða áfram.

## 11. Landvernd

*Landvernd fagnar í bréfi, dags. 23.11.2006, heildstæðri skoðun á samgöngumálum þjóðarinnar. Samtökin sjá ástæðu til að fjalla um eftirfarandi efnisatriði:*

- *Ekki er nóg, að samgönguáætlun gangi ekki gegn markmiðum náttúruverndaráætlunar 2004 – 2008 heldur þyrfti að segja, að samgönguáætlun sé í samræmi við náttúruverndaráætlun 2004 – 2008.*
- *Rétt sé að skilgreina, að umhverfiskostnaður skuli tekinn með í mati á hagkvæmni samgöngumannvirkja, og að unnin sé kostnaðar – ábatagreining í samræmi við aðferðir auðlindahagfræðinnar*
- *Landvernd setur spurningamerki á þessu stigi máls við það lokamarkmið, að bíla- og fiskiskipaflotinn gangi fyrir vetni. Of margt sé óljóst um þróun vetnistækninnar. Nærtækara væri að setja sér lokamarkmið, sem væri á þá leið, að bílaflotinn og reyndar fiskiskipaflotinn líka verði knúinn af endurnýjanlegum orkugjöfum, en því markmiði verði ekki náð fyrr en slík tækni verður orðin almenn markaðsvara a.m.k. í Evrópu.*
- *Landvernd telur, að göngu- og hjólastígar séu varla best staðsettir meðfram stofnvegum í þéttbýli. Bæði loftmengun og önnur mengun er mikil við slíka vegi. Æskilegra sé að hanna net göngu- og hjólastíga sem sjálfstætt samgöngunet með góðri tengingu við almenningssamgöngukerfið. Lágmark er, að slíkir stígar séu í hæfilegri fjarlægð frá stofnvegum.*
- *Landvernd leggur fram heildstæða stefnu um vegagerð á hálendinu og telur að stöðva beri frekari gerð uppbyggðra vega á hálendinu, nema afar ríkir þjóðhagslegir hagsmunir séu í húfi. Nauðsynlegt sé að samræma og skýra betur stefnu um vegagerð á hálendinu með því að fella saman ólíkar áætlanir í heildstætt landsskipulag.*
- *Þegar hugað er að samgönguúrbótum mætti líta í auknum mæli til gangagerðar. Með því megi stytta vegalengdir og auka öryggi samgangna. Á hinn bóginn verði að gæta varúðar í leiðavali. Dæmi séu um, að opnaðar séu leiðir í eyðifirði, sem nutu náttúrulegrar verndar.*

Í umhverfisskýrslu verður fjallað á skýrari hátt hvort og hvernig samgönguáætlun sé í samræmi við aðrar áætlanir og alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að, þ.m.t. náttúruverndaráætlun.

Í umhverfismatinu hefur verið litið til gildandi stefnu yfirvalda, laga og reglugerða, og alþjóðlegra samninga. Ekki er unnt að líta til áætlana, sem eru í vinnslu og enn er eftir að staðfesta af viðkomandi yfirvöldum.

Tekið er undir það með Landvernd, að æskilegt er, að umhverfiskostnaður skuli tekinn með í mati á hagkvæmni samgöngumannvirkja. Vegagerðin hefur á undanförnum misserum skoðað þær aðferðir, sem Danir og Norðmenn nota til að forgangsraða samgönguframkvæmdum sínum og meta hagkvæmni þeirra. Ljóst er, að þessar þjóðir taka mun fleiri breytur inn í reikninga sína á arðsemi en hér er gert, og er líklegt, að sama verði gert hér á landi innan tíðar.

Það er einnig rétt hjá Landvernd, að mikil óvissa er um þróun vetnistækninnar. Í rauninni var orðið vetni notað sem samheiti fyrir vistvænt eldsneyti í þeirri sýn sem sett var fram um umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Þar kemur ýmislegt annað til greina, svo sem metan, metanól, lífolía, etanól og rafhlöður. Sammerkt er með öllu þessu eldsneyti og orkugjöfum, að mikil þróun á eftir að eiga sér stað, áður en ljóst verður, hvaða tegund eða hverjar munu leysa jarðefnaeldsneyti af hólmi í framtíðinni. Því er hægt að fallast á að breyta orðalaginu í þessu samhengi í umhverfisskýrslunni.

Varðandi hjóla- og göngustíga þá er ljóst, að skipulagsskyldan er hjá sveitarfélögunum og ráða þau legu stígakerfisins og hafa meginhag af gerð stíganna. Hæpið er, að ríkið komi að stígagerð, sem er ekki í tengslum við gerð umferðarmikilla stofnvega. Áður hefur verið bent á, að aðkoma ríkisins byggir fyrst og fremst á öryggissjónarmiðum við þjóðvegi. Á það er hins vegar unnt að fallast, að heppilegt er almennt séð, að stígarnir séu í útjaðri helgunarsvæðis vega, þ.e. sem fjærst umferðinni.

Í umhverfisskýrslu er gert grein fyrir, að frekari umræða þurfi að fara fram í þjóðfélaginu áður en gerð, hlutverk og nánari lega hálendisvega verður ákveðin. Með því er í rauninni sagt, að ekki sé tekin afstaða til hálendisvega í þessari samgönguáætlun, enda ekki gert ráð fyrir neinni uppbyggingu þeirra,

sem heitið getur í áætluninni. Í umhverfisskýrslu hefur verið bætt við umfjöllun um og samanburði á valkostum fyrir flutningaleiðir milli höfuðborgarsvæðisins og Eyjafjarðarsvæðisins. Frekari umfjöllun og ákvörðun um hálendisvegi bíður því næstu samgönguáætlunar.

Almennt séð er hægt að taka undir það með Landvernd, að æskilegt væri að geta ráðist strax í stórar framkvæmdir eins og gangagerð til að stytta leiðir. Það ber hins vegar á að líta, að slíkar framkvæmdir eru alla jafna mjög dýrar og takmarka því framkvæmdagetu í málaflokknum annars staðar. Ef ráðist yrði í stórfellda jarðgangagerð, oft þar sem er lítil umferð, þyrfti á móti að fresta brýnum arðbærum framkvæmdum, eins og breikkun helstu stofnvega, styrkingu flutningaleiðanna og öryggisaðgerðum. Því þarf oft að fara bil beggja og fresta dýrum lausnum um sinn, sem kunna síðan að verða arðbærari í framtíðinni, þegar umferð hefur aukist. Bætt hefur verið við frekari umfjöllun um afleiðingar þess að ráðast í fleiri stórar framkvæmdir og er í því tilliti litið til helstu umhverfisþáttanna.

## 12. Lýðheilsustöð

*Lýðheilsustöð fagnar því í bréfi, dags. 20.11.2006, að metin hafi verið áhrif samgönguáætlunar á umhverfisþættina samfélag, heilsa og öryggi ásamt fleiru. Lýðheilsustöð álítur þó að leggja þurfi aukna áherslu á samgöngur gangandi og hjólandi sem raunverulegan, öruggan valkost. Lækkaður hraði á umferð og betri aðstæður séu það sem helst er talið auka hlut hjólandi og gangandi í umferð. Fjölgun ferða á hjóli eða gangandi sé talin mikilvæg leið til að draga úr losun $CO_2$ í andrúmsloftið.*

Vísað er til svara við athugasemdum Landverndar og Landssamtaka hjólreiðamanna hér að framan um hollustu hjólreiða og göngu. Umferðaröryggisáætlun er hluti samgönguáætlunar, og á vegum hennar er gert ráð fyrir verulegu fé og átaki til að halda niðri hraða á þjóðvegum landsins. Tekið er undir það með Lýðheilsustöð, að öll umhverfisleg rök hníga að því að halda umferðarhraða innan hóflegra marka.

## 13. Náttúruvaktin

*Náttúruvaktin gerir í bréfi dags. 21.11.2006, eftirfarandi athugasemdir við umhverfismat samgönguáætlunar:*

- *Eindregið er lagt til, að Vestfjarðavegur um Gufudalssveit verði settur í göng um Hjallaháls. Vegarlagning fyrir Hjallaháls muni hafa veruleg og óafturkræf neikvæð áhrif á ströndina og lífríki hennar, þar meða taldar fjörur, leirur, sjávarfitjar og tjarnir. Sömuleiðis á fuglalíf, en gjöfulasta arnarsetur Íslands er á í vegarstæðinu, og upprunalega birkiskóga.*
- *Bent er á mikilvægi þess að huga vel að náttúrufari við lagningu Vestfjarðavegar áfram til vesturs.*
- *Lýst er yfir áhyggjum vegna fyrirhugaðs hringvegar við Jökulsá á Fjöllum. Náttúruvaktin styður gerð góðs vegar vestan ár, en leggur jafnframt áherslu á, að ávallt verði gætt að hagsmunum náttúruverndar og mikilvægis Þjóðgarðsins við leiðarval.*

Vegurinn um og fyrir Hjallaháls er í úrskurðarferli hjá umhverfisráðherra vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Það matsstig er komið lengra í ákvörðunarferlinu en umhverfismat samgönguáætlunar. Ekki er því unnt að taka afstöðu til athugasemdar Náttúruvaktarinnar um Hjallaháls á þessu stigi máls. Þess ber að geta að í umhverfisskýrslu er Vestfjarðarvegur nefndur sem ein þeirra framkvæmda sem kunni að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Horft verður til athugasemda Náttúruvaktarinnar við frekari hönnun Vestfjarðavegar til vesturs og við lagningu nýs vegar við Jökulsá á Fjöllum. Vegurinn vestan ár er í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda um þessar mundir og er því ekki lengur á áhrifasviði umhverfismats samgönguáætlunar. Er hann í rauninni kominn á hærra og nákvæmara matstig. Engin áform eru uppi um framkvæmdir austan ár á þessari áætlun.

**14. Reykjavíkurborg**

*Reykjavíkurborg gerir með bréfi, dags. 27.11.2006, nokkrar athugasemdir við umhverfisskýrslu samgönguáætlunar. Í upphafi er kynnt samgöngustefna Reykjavíkur. Er þar mörkuð sú framtíðarsýn, að Reykjavíkurborg verði borg, sem tryggir greiðar og öruggar samgöngur fyrir alla; samgöngur, er jafnframt stuðli að bættu umhverfi, góðri heilsu og aðlaðandi borgarbrag. Að mörgu leyti falli samgönguáætlun vel að þeirri stefnu, sem Reykjavíkurborg hafi sett sér í samgöngumálum. Reykjavíkurborg fagnar því sérstaklega, að í samgönguáætlun er lagt til, að skattlagning eignarhalds og notkunar bíla verði með þeim hætti, að vistvænir bílar verði vænlegri kostur en nú er. Hið sama á við um þá tillögu, að Vegagerðinni verði veitt heimild að að taka þátt í gerð hjóla- og göngustíga meðfram stofnbrautum í þéttbýli.*

- *Reykjavíkurborg vill sjá meiri áherslu á vistvænar samgöngugreinar, þ.e. almenningssamgöngur, hjólreiðar og göngu*
- *Reykjavíkurborg hefði viljað sjá skýr markmið um loftgæði, þar sem lagðar væru til aðgerðir til að draga úr mengun frá samgöngum*
- *Bent er á, að Aðalskipulag Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir minnkandi umsvifum Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýri. Við það minnki hávaðamengun*
- *Lögð er áhersla á, að jafnframt því, að fylgst sé með þróun vetnis verði hið sama gert með aðra vistvæna orkugjafa eins og metan og rafmagn*
- *Vakin er athygli á nagladekkjum sem uppsprettu svifryks og hávaða*
- *Reykjavíkurborg telur mikilvægt, að samgönguáætlun leggi fram áætlun um, hvernig dregið verði úr útblæstri koltvísýrings frá samgöngum á næstu árum*
- *Reykjavíkurborg telur rétt að árétta, að dísilolía losar meira af $CO_2$ út í andrúmsloftið en bensín miðað við sama magn af viðkomandi eldsneyti. Minna útstreymi $CO_2$ frá dísilvélum stafi því af minni eldsneytiseyðslu dísilvéla að meðaltali, en ekki af því, að dísilolía sé vistvænna eldsneyti en bensín*

Við gerð samgönguáætlunar 2007 – 2018 hefur verið leitast við að hafa hliðsjón af vistvænum samgöngugreinum eftir því sem kostur er. Almenningssamgöngur í dreifbýli eru niðurgreiddar og felld eru niður gjöld af almenningsvögnum í þéttbýli. Nýmæli er í samgönguáætlun þessari, að stefnt er að þátttöku ríkisins í gerð göngu- og hjólastíga með stofnvegum í þéttbýli og umferðarmestu stofnvegum í dreifbýli. Á það er að líta, að skipulagsskyldan er hjá sveitarfélögunum og framangreind atriði eru fyrst og fremst á verksviði þeirra, þótt nú sé opnað fyrir þátttöku ríkisins næst helstu stofnvegum. Stór þáttur í ákvörðun um þátttöku í hjóla- og göngustígum er öryggismál, en áríðandi er að sjá til þess, að hjólandi og gangandi vegfarendur séu ekki á ferli á umferðarþungum stofnvegum. Samgönguáætlun er áætlun um flugmál, siglingamál og vegamál fyrst og fremst, og hljóta megináherslur að taka mið af því.

Möguleikar hins opinbera í frjálsu og opnu þjóðfélagi til að hafa áhrif á mengun frá samgöngum og þar með loftgæði felast fyrst og fremst í neyslustýrandi skattlagningu á ökutæki og eldsneyti eða boðum og bönnum sé beinlínis um starfsemi að ræða sem telst hættuleg. Ennfremur er mögulegt að taka þátt í verkefnum, sem miða að þróun vistvænnar orku framtíðarinnar. Á flestu þessu er tekið í samgönguáætlun. Þar að auki eru miklar vonir bundnar við þróun vistvæns eldsneytis og véla erlendis, sem lítil þjóð hefur einungis takmarkaða möguleika á að hafa áhrif á. Gert er ráð fyrir að nýta sér alla þá tækni, sem í boði verður til að draga úr mengun frá samgöngum og taka upp þau lög og reglugerðir á þessu sviði, sem alþjóðasamningar skylda landið til. Á þessu stigi máls er ekki raunhæft að setja fram töluleg markmið á þessu sviði.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 – 2024 var staðfest af umhverfisráðherra með bókun um, að uppbygging í Vatnsmýri og tímasetning hennar sé háð flutningi á flugstarfsemi af svæðinu, sbr. kafla 3.2.1. í Greinargerð I. Nú er að störfum nefnd skipuð af samgönguráðherra, sem hefur það verkefni að gera úttekt á og gera tillögur um framtíðarlegu Reykjavíkurflugvallar. Búist er við, að nefndin skili áliti

sínu snemma árs 2007. Eitt af markmiðum samgönguáætlunar er, að ferðatími af landsbyggðinni til Reykjavíkur verði ekki meiri en 3 klst. með bíl eða flugi, ferju og bíl eða bíl og flugi. Ljóst er, að ef markmið þetta á að nást, verður miðstöð innanlandsflugsins að vera á höfuðborgarsvæðinu.

Varðandi þá athugasemd Reykjavíkurborgar, að fylgjast verði jafnt með þróun annarra, nýrra vistvænna orkugjafa en vetnis þá er unnt að taka undir það sjónarmið heilshugar. Er vísað til svara við greinargerð Landverndar hér að framan varðandi það atriði.

Um það verður ekki deilt, að uppspretta svifryks er að hluta frá nagladekkjum. Nagladekkin eru hins vegar einnig öryggistæki í samgöngum, og eru þau óumdeild sem slík. Þannig stangast því á markmið í umhverfismálum og öryggismálum Nauðsynlegt er, að fram fari víðtæk umræða í þjóðfélaginu um hvort markmiðið á að ráða, áður en sett verður fram stefna um takmarkanir eða bann á nagladekkjum, eins og virðist vera lagt til í umsögn Reykjavíkurborgar. Kannanir Vegagerðarinnar benda til þess að meira en 70% ökumanna vilji nota nagladekk. Ekki er fyrir hendi heimild til skattlagningar nagladekkja. Í nýlegri skýrslu um hávaðamælingar á höfuðborgarsvæðinu kemur fram, að erfitt sé að fullyrða um áhrif nagladekkja á umferðarhávaða.[21] Kannanir sýni misvísandi niðurstöður. Líklegt sé, að hátíðnihljóð frá nagladekkjum fjari hratt út með fjarlægð frá hljóðuppsprettu.

Ekki er umdeilt, að dísilvélar eyða mun minna eldsneyti en bensínvélar. Ef skoðaðir eru tveir jafnstórir bílar af sömu gerð, en með mismunandi vélum, þá er það óumdeilt, að dísilbíllinn losar mun minna $CO_2$ út í andrúmsloftið en bensínbíllinn, þrátt fyrir að við brennslu díselolíu myndist lítið eitt meira af $CO_2$ en við brennslu á bensíni. Af þeirri ástæðu er hvatt til skattalegra aðgerða til að auka hlutdeild dísilbifreiða í bílaflotanum.

## 15. Samtök ferðaþjónustunnar

*Samtök ferðaþjónustunnar gera eftirfarandi athugasemdir í bréfi, dags. 10.11.2006:*

- *Samtökin árétta, að náið samráð verði haft við þau, þegar kemur að útfærslu vega, sem tengjast eiga fjölsóttum ferðamannastöðum og einnig vegtengingum á hálendi. Hagsmunir ferðaþjónustunnar lúta oftar en ekki að upplifun gesta á þeirri leið, sem verið er að fara, frekar en um sé að ræða greiðustu leið milli tveggja staða. Því sé mikilvægt, að það sjónarmið sé haft með strax við frumhönnun.*
- *Samtökin ítreka fyrri ályktanir um mikilvægi þess, að hraðað verði uppbyggingu samgöngumiðstöðvar í Reykjavík og framtíð Reykjavíkurflugvallar verði tryggð.*

Tekið er undir það, að eðlilegt er, að haft sé gott samráð við Samtök ferðaþjónustunnar við undirbúning vega að fjölsóttum ferðamannastöðum, s.s. í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Vakin er athygli á, að í samgönguáætlun 2007 – 18 er gert ráð fyrir, að byggð verði samgöngumiðstöð í Reykjavík, og að Reykjavíkurflugvöllur verði starfræktur áfram. Ennfremur má geta þess, að starfandi er nefnd um Reykjavíkurflugvöll, sem ætlað er að skila áliti á framtíðarlegu vallarins.

## 16. Samtök iðnaðarins

*Samtök iðnaðarins gera með bréfi, dags. 20.11.2006, engar efnislegar athugasemdir við umhverfismat samgönguáætlunar.*

---

[21] Hljóðvarnir við vegi. Rannsóknarverkefni unnið fyrir Vegagerðina, Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Garðabæ, Hafnarfjarðabæ og Mosfellsbæ. Línuhönnun – verkfræðistofa og Trivium ráðgjöf. September 2006.

**17. Samtök verslunar og þjónustu**

*Samtök verslunar og þjónustu gera með bréfi, dags. 17.11.2006, ekki efnislegar athugasemdir við umhverfismat samgönguáætlunar. Samtökin fagna sérstaklega áherslum í samgönguáætlun um greiðari samgöngur, aukið öryggi og jákvæða byggðaþróun. Bent er á varðandi hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna, að hagkvæmni til skemmri tíma getur verið óhagkvæm til lengri tíma.*

**18. Sveitarfélagið Skagafjörður**

*Sveitarfélagið Skagafjörður gerir með bréfi, dags. 06.12.2006, athugasemdir við umhverfismat samgönguáætlunar á þeirri forsendu, að inni í drögum að samgönguáætlun vanti vegaframkvæmdir, sem Skipulags- og byggingarnefnd Skagafjarðar vill sjá í áætluninni og þar með umhverfismat á þær framkvæmdir. Þar megi nefna bættar tengingar milli byggðakjarna á Norðurlandi.*

Áður hefur verið bent á, að hlutverk umhverfismats samgönguáætlunar er að fjalla um umhverfismat áætlunarinnar í víðu samhengi, en ekki röðun einstakra framkvæmda. Ef tilteknar framkvæmdir eru ekki á áætluninni, verður um þær fjallað, þegar þar að kemur við umhverfismat síðari samgönguáætlana, gerð aðalskipulags og umhverfismat aðalskipulagsins og enn síðar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

**19. Skipulagsstofnun**

Skipulagsstofnun kemur á framfæri í bréfi, dags. 20. nóvember 2006, eftirfarandi ábendingum við umhverfisskýrslu samgönguáætlunar 2007-2018:

**1. Tímasetning UMÁ**

*Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að umhverfismatið beri keim af því að stefnumörkun samgönguáætlunar hafi verið vel á veg komin þegar vinna við umhverfismatið hófst og að stofnuninni sé ekki ljóst með hvaða hætti umhverfismatið hefur haft áhrif á mótun tillögu að samgönguáætlun.*

Ábyrgðaraðili SGÁ bendir á að endurskoðuð áætlun er byggð á fyrri áætlun, þ.e. samgönguáætlun 2003 til 2014. Áætlanagerð er ferli sem er í stöðugri þróun og á sér ekki upphafspunkt í bókstaflegum skilningi. Slík vinnan hefst ekki á auðu blaði og af þeirri ástæðu er óraunhæft að tímasetja vinnu við umhverfismat sem upphaf áætlanagerðar.

Vinna við endurskoðun samgönguáætlunar 2007-2018 hófst á árinu 2005, lögin um umhverfismat áætlana tóku gildi í júní 2006 og umhverfismatsvinna samgönguáætlunar hófst í mars 2006. Því er ljóst að vinna við áætlun og umhverfismat gat aldrei hafist samtímis.

**2. Áhrif UMÁ á tillögu að SGÁ**

*Í umsögn Skipulagsstofnunar segir að ekki sé ljóst með hvaða hætti umhverfismatið hefur haft áhrif á mótun tillögu að samgönguáætlun.*

Ljóst er að samgönguáætlun og umhverfismat var ekki unnið samhliða við gerð áætlunarinnar frá upphafi, sbr. svar við tl. 1 hér að ofan. Hins vegar hafi verklag matsvinnunnar verið á þann hátt að ábyrgðaraðilar samgönguáætlunar hafa verið upplýstir um helstu áhrif, hvaða þættir séu líklegir til að valda verulegum áhrifum og hvernig sé unnt að bregðast við þeim. Ábyrgðaraðili vann stóran hluta matsvinnunnar og hefur því verið upplýstur um áhrif, vægi áhrifa og aðgerðir til að draga úr eða fylgjast

með áhrifum af framkvæmd samgönguáætlunar. Þá ber þess að geta að í matsvinnu var áfram unnið að gerð samgönguáætlunar.

Ábyrgðaraðili telur sig því hafa verið vel upplýstan um möguleg umhverfisáhrif þegar tillaga að SGÁ var mótuð. Á þann hátt hefur umhverfismat samgönguáætlunar haft bein áhrif á mótun SGÁ. Áhrif umhverfismatsvinnu á samgönguáætlun felast einnig í því að gerð er grein fyrir vöktun og aðgerðum sem mikilvægt er að grípa til þegar áætlunin kemur til framkvæmdar og á þann hátt er stuðlað enn frekar að því að draga úr áhrifum samgönguáætlunar á umhverfið. Vöktun og aðgerðir beinast að ýmsum aðilum s.s. opinberum aðilum sem eru ekki á vegum samgönguyfirvalda. Einnig eru skilgreindar aðgerðir sem beinast að samgönguyfirvöldum og eru til þess fallnar að draga úr umhverfisáhrifum við framfylgd samgönguáætlunar. Sjá kafla 19 og 22 í umhverfisskýrslu.

Eftifarandi er stutt lýsing á verklagi umhverfismatsvinnunnar:

> Skilgreining áhrifaþátta, umhverfisþátta og mat á vægi áhrifa, sem og umræða um valkosti, mótvægisaðgerðir og vöktun fór fram á vinnufundum sérstaks matsteymis. Í teyminu sátu sérfræðingar á sviði náttúrfræða, samfélags- og byggðaþróunar, svo og ráðgjafar vegna umhverfismats og fulltrúar ábyrgðaraðila samgönguáætlunar. Ábyrgðaraðili hafði það hlutverk að skýra frá stefnumótun og líklegum áherslum samgönguáætlunar, greina frá hugmyndum að baki áætluninni og svara spurningum þar að lútandi. Einnig var farið yfir þær framkvæmdir sem taldar eru upp í samgönguáætlun og helstu markmið þeirra, þar sem þau lágu fyrir. Sérfræðingar fengu það hlutverk að skilgreina áhrifaþætti og líkleg áhrif samgönguáætlunar og fjalla um vægi þessara þátta. Jafnframt skyldu þeir benda á mögulegar mótvægisaðgerðir og/eða vöktun áhrifa. Matsteymið hefur því góða þekkingu á samgönguáætlun og mögulegum áhrifum á umhverfið sem og góða þekkingu á viðmiðum sem taka þarf tillit til í slíku mati, s.s. umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda og alþjóðasamninga. Í umræðum um SGÁ og möguleg áhrif var tekið tillit til allra helstu áætlana og umhverfissjónarmiða. Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um skilgreiningu, viðmið og vægi umhverfisáhrifa voru lögð til grundvallar m.a. til þess að tryggja að mikilvægir umhverfisþættir myndu ekki gleymast eða yrðu vanmetnir.
>
> Sérfræðiteymið fór yfir allar framkvæmdir og var niðurstaða vinnunnar að ekki var lagt til að fella út framkvæmdir á samgönguáætlun. Hins vegar var vísað til mikilvægi þess að skoða einstakar framkvæmdir á síðari stigum, t.d. við gerð aðalskipulags og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

### 3. Tengsl áætlana

*Í umsögn Skipulagsstofnunar er talið að skýrar megi koma fram að framfylgd stefnu SGÁ er háð nánari útfærslu í skipulagsáætlunum og umhverfismati þeirra áður en kemur að mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda.*

Skýrt hefur verið nánar í umhverfisskýrslu hvort samgönguáætlun sé í samræmi við aðrar áætlanir og alþjóðlega samninga og að framfylgd stefnu samgönguáætlunar verði háð útfærslu í skipulagsáætlunum, umhverfismati þeirri og mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda.

### 4. Svæðisskipulag miðhálendisins

*Í umsögn Skipulagsstofnunar er bent á að í umfjöllun um tengsl mismunandi áætlana þarf að fjalla um tengsl Svæðisskipulags miðhálendisins við samgönguáætlun.*

Bætt hefur verið við sérstökum kafla um tengsl og samræmi SGÁ við Svæðisskipulag miðhálendisins í umhverfisskýrslu, sjá kafla 12.9.1 í umhverfisskýrslu.

### 5. Þróun og framvinda án framfylgdar SGÁ

*Í umsögn Skipulagsstofnunar er bent á að umfjöllun um þróun og framvindu án framfylgdar SGÁ sé ekki í samræmi við áherslur sem voru settar fyrir matsvinnuna sbr. töflu 6.1.*

Í samræmi við þessa ábendingu hefur verið bætt við umfjöllun í umhverfisskýrslu um þróun og framvindu helstu umhverfisþátta ef samgönguáætlun verði ekki framfylgt, sjá kafla 20 í umhverfisskýrslu. .

### 6. Umhverfisvandamál sem varða áætlunina

*Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telur æskilegt að birta á einum stað samantekt yfir helstu umhverfisvandamál sem varða áætlunina, s.s. vandamál sem tengjast röskun náttúru, útblástur og loftmengun vegna umferðar, skerðingar á náttúruverndarsvæðum o.s.frv.*

Í umhverfisskýrslu hefur verið bætt við yfirliti um helstu umhverfisvandamál sem varða SGÁ og greint frá því sem fram kom í matsvinnunni varðandi þessi mál, sjá kafla 21 í umhverfisskýrslu.

### 7. Umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda

*Í umsögn Skipulagsstofnunar er talið að skýrar þurfi koma fram í köflum 11-13 með hvaða hætti tekið var tillit til umhverfisverndarmarkmiða stjórnvalda í SGÁ.*

*Skipulagsstofnun telur út frá töflu 12.3 að ósamræmis gæti milli SGÁ og markmiða náttúruverndaráætlunar um verndun líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni.*

Skerpt hefur verið á umfjöllun um samræmi og ósamræmi samgönguáætlunar við aðrar áætlanir og stefnumiðum stjórnvalda um umhverfisvernd. Einnig hefur verið fjallað um með skýrari hætti hvernig skuli brugðist við þar sem um ósamræmi er að ræða eða óvissa um samræmi.

Þá ber að geta þess að í SGÁ er gerð grein fyrir markmiðum sem snúa að umhverfisvernd sem líta þarf til við hönnun vega og annarra samgöngumannvirkja. Slík markmið á undirbúnings- og hönnunarskeiði eru til þess fallin að stuðla að verndun mikilvægra umhverfisþátta og draga úr umhverfisáhrifum og taka beint mið af umhverfisverndarmarkmiðum stjórnvalda.

### 8. Mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum

*Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að ætla megi að SGÁ hafi frekar veruleg neikvæð áhrif á náttúrufarsþætti og landslag en á samfélagslega þætti.*

Almennt er fallist á að náttúrufar verði frekar fyrir neikvæðum áhrifum vegna SGÁ en samfélagslegir þættir. Hlutverk umhverfismatsins á öllum stigum er að draga úr áhrifum á þessa þætti.

Í matsvinnunni var kerfisbundið fjallað um áhrif á náttúru og landslag, sem og aðra umhverfisþætti, og gengið úr skugga um að tekið sé tillit til þessara umhverfisþátta. Niðurstaða vinnuhópsins var mjög skýr hvað þetta varðar og kom fram að samfélagsleg áhrif SGÁ vega þyngra en möguleg áhrif á náttúrufar þótt þau kunni að vera minna áþreifanleg.

### 9. Valkostir

*Í umsögn Skipulagsstofnunar er talið nauðsynlegt að bera saman m.t.t. umhverfisáhrifa annars vegar flugsamgöngur og hins vegar vegasamgöngur á milli a) Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins og b)*

*höfuðborgarsvæðisins og Vestmannaeyja/Bakka. Einnig var bent á samanburð valkosta á staðsetningu Reykjavíkurflugvallar*

Bætt hefur verið við umfjöllun um samanburð valkosta í umhverfisskýrslu vegna samgangna til Vestamanneyja. Valkostirnir eru Bakkafjöruhöfn, nýr Herjólfur og flugsamgöngur. Samanburðurinn nær til allra helstu umhverfisþátta skv. töflu 6.1 í umhverfisskýrslu. Sömuleiðis hefur verið bætt við umfjöllun um flutningaleiðir á milli höfuðborgar- og Eyjafjarðarsvæðisins: Litið er til þriggja kosta, sem eru uppbygging Hringvegar, sem felur í sér breikkun og styttingu vegarins, gerð hálendisvega og auknar strandsiglingar. Ekki verður fjallað um valkosti um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar og er beðið niðurstöðu nefndar um staðsetningu vallarins. Það er hins vegar ljóst að markmið um 3 klst. ferðatíma til höfuðborgarsvæðisins næst ekki ef flugvöllur verður staðsettur utan höfuðborgarsvæðisins. Umfjöllun um ofangreinda valkosti eru í kafla 16.4 í umhverfisskýrslu.

### 10. Dregið úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum

*Í umsögn Skipulagsstofnunar er talið að í umhverfisskýrslu sé ekki greint frá áhrifum stefnumiða SGÁ á skilgreinda umhverfisþætti.*

Í umhverfisskýrslu hefur verið bætt við umfjöllun um áhrif stefnumiða samgönguáætlunar á helstu umhverfisþættina í samræmi við ábendingu Skipulagsstofnunar, sjá kafla 15 í umhverfisskýrslu.

### 11. Vöktun

*Í umsögn Skipulagsstofnunar er bent á að koma þurfi fram hvernig skuli hagað vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunarinnar.*

Í umhverfisskýrslu hefur verið skerpt á umræðu um aðgerðir og vöktun sem talin var mikilvæg í matsferlinu. Varðandi sértækar aðgerðir skal bent á mikilvægi þess að taka tillit til umfangs og eðlis samgönguáætlunarinnar, sem stefnumótun á landsvísu. Umfang og nákvæmni upplýsinga um einstaka framkvæmdir eru þannig að ekki er eðlilegt að greina frá staðbundnum aðgerðum.

Í matsvinnunni var litið til vegaframkvæmda á hálendi Íslands sem sá áhrifaþáttur sem kann að valda verulegum umhverfisáhrifum á landsvísu. Niðurstaða matsvinnu var að nauðsynlegt yrði að stefna um nýtingu hálendisins og framtíðarþróun flutninga lægi fyrir áður en hægt verði að fjalla um framkvæmdir, áhrif, mótvægisaðgerðir og vöktun.

Í sumum tilfellum kemur fram sem mótvægisaðgerð eða vöktun að við framkvæmd SGÁ verði litið til annarrar stefnumótunar, alþjóðarsamninga og löggjafar. Í köflum 19 og 22 í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir helstu aðgerðum og vöktun vegna samgönguáætlunar.

### 12. Afgreiðsla áætlunar

*Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt lögunum er ekki gert ráð fyrir að aðeins séu kynnt drög að áætlun eða að gerður sé fyrirvari í auglýsingu um athugasemdir við tillögu að áætlun líkt og gert var í auglýsingu um umhverfismat samgönguáætlunar 2007-2018 sem birt var í Lögbirtingarblaðinu.*

Í 7. grein laga um umhverfismat áætlana er tiltekið að gefa skal almenningi sex vikna frest til að kynna sér tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu hennar **og gera athugasemdir við umhverfisáhrif**

**áætlunarinnar**, áður en áætlun er afgreidd af viðkomandi stjórnvaldi eða, eins í tilviki samgönguáætlunar, lögð fyrir Alþingi.

Í sex vikur til 20. nóvember var tillaga að samgönguáætlun og umhverfisskýrsla til kynningar. Umhverfisáhrifum áætlunarinnar hafa verið gerð skil í umhverfisskýrslunni og í auglýsingunni var athygli beint að umhverfisskýrslunni, til þess að tryggja frekar að athugasemdir beindust að umhverfisáhrifum áætlunarinnar í samræmi við 7. gr. ofangreindra laga. Tilgangurinn var einnig að stuðla að því að athugasemdir beindust ekki að því hvort einhver tiltekin framkvæmd væri talin upp eða ekki í samgönguáætlun.

## 20. Stykkishólmsbær

*Stykkishólmsbær gerir í bréfi, dags. 14.11.2006, athugasemd við, að Stykkishólmshöfn sé ekki lengur í grunnneti samgöngukerfisins. Stykkishólmshöfn þjónar mikilvægri tengingu yfir Breiðafjörð sem ferjuhöfn. Einnig er Stykkishólmshöfn ein af stærri ferðamannahöfnum landsins.*

Í skilgreiningu samgönguáætlunar á grunnneti samgangna segir, þar sem fjallað er um ferjuhafnir:

"*Ferjuleiðir og viðkomandi hafnir (hluti af grunnnetinu): ...Stykkishólmur – Flatey – Brjánslækur...*".

Af framangreindu er ljóst, að Stykkishólmshöfn er hluti af grunnneti samgöngukerfisins.

## 21. Sveitarfélagið Vogar

*Sveitarfélagið Vogar gerir eftirfarandi athugasemdir við samgönguáætlun í bréfi, dags. 21.11.2006:*

- *Athygli veki, að umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun komi ekki að gerð áætlunarinnar*
- *Mengun ætti að teljast með helstu umhverfisáhrifum samgönguáætlunar*
- *Meta þyrfti neikvæð umhverfisáhrif þess að flytja þungaflutninga á land og leggja af strandsiglingar*
- *Gefa þarf vatnsvernd sérstakan gaum*
- *Samræma þarf sjónarmið um náttúruvernd og nýtingu hálendissvæða og skilgreina markmið um uppbyggingu hálendisvega. Þungaumferð verði markvisst beint frá hálendisvegum, þeir verði lagaðir að landslagi og miðaðir við fólksflutninga fyrst og fremst. Þeir verði ekki endilega heilsársvegir. Skrá þarf og skilgreina hálendisvegi og slóða og taka afstöðu til notkunar þeirra*
- *Minnka þarf losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið*
- *Stuðla þarf að eflingu almenningssamgangna utan sem innan þéttbýlis til að draga úr neikvæðum áhrifum einkabílaumferðar*
- *Tekið er undir nauðsyn þess að skoða frekari þátttöku ríkisins í gerð hjóla- og göngustíga meðfram fjölförnustu stofnvegum í dreifbýli, svo sem Reykjanesbraut. Líku máli gegni um reiðvegi.*

Lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir, að sá sem ber ábyrgð á áætlanagerð, sem fellur undir lögin, beri ábyrgð á umhverfisskýrslunni. Samgönguráðuneytið og stofnanir þess, Flugmálastjórn, Siglingastofnun og Vegagerðin bera ábyrgð á samgönguáætlun og því umhverfisskýrslu hennar. Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum, en Umhverfisstofnun er lögbundinn umsagnaraðili um umhverfisskýrslu samgönguáætlunar.

Í umhverfisskýrslunni er víða fjallað um mengun sem fylgifisk starfsemi, sem fellur undir samgönguáætlun. Má þar nefna hávaðamengun frá umferð bíla og flugvéla, mengun frá gróðurhúsalofttegundum og öðrum útblæstri samgöngutækja, mengun frá skipum og svo mætti áfram telja. Mengun er því verulegur áhrifavaldur fyrir umhverfið af völdum samgangna. Ávallt er þó erfitt að

ákveða, að einn þáttur sé meiri en annar í þessu sambandi, enda getur verið erfitt að bera saman áhrif á landslag og loftslag svo dæmi séu tekin.

Lagt hefur verið lauslegt mat á færslu þungaflutninga af sjó á land. Góðurhúsaáhrif minnka við flutninginn, en reiknað er með, að slysahætta á vegum aukist. Í frjálsu hagkerfi er það þó ekki ríkisins að ákveða, hvar flutningarnir fara fram. Það gerist væntanlega, þar sem flutningarnir eru hagkvæmastir út frá þörfum og kröfum markaðarins. Svo vill til um þessar mundir, að teikn eru á lofti, að strandflutningar séu að hefjast aftur í einhverjum mæli. .

Tekið er undir að gefa þarf vatnsvernd sérstakan gaum, enda eru góð vatnsból einhverjar mikilvægustu náttúruauðlindir þjóðarinnar. Í umhverfisskýrslu er mikilvægi vatnsbóla og vatnsvernd ítrekað.

Um hálendisvegi er vísað til svars við athugasemdum Landverndar hér að framan.

Í kaflanum Umhverfislega sjálfbærar samgöngur í samgönguáætlun er fjallað um sýn til langs tíma, hvernig unnt verður að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sá samdráttur byggir að verulegu leyti á tækninýjungum, sem enn eiga að mestu eftir að koma fram, en að hluta er hægt að hafa áhrif á losunina með skattalegum aðgerðum.

Í samgönguáætlun eru veittir styrkir til almenningssamgangna í dreifbýli, og felld eru niður gjöld að hluta af almenningsvögnum í þéttbýli.

Gerðar eru tillögur um þátttöku ríkisins í gerð hjóla- og göngustíga með stofnvegum. Reiðstígar hafa verið styrktir um alllanga hríð.

## 22. Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun kemur á framfæri í bréfi, dags. 24. nóvember 2006, ábendingum við umhverfisskýrslu samgönguáætlunar 2007-2018. Eftir að bréf Umhverfisstofnunar barst var haldinn fundur með fulltrúum stofnunarinnar og vinnuhóps um umhverfismat samgönguáætlunarinnar. Var þar rætt almennt um tilgang umhverfismats áætlana og nálgun og aðferðafræði matsvinnu fyrir áætlanir á landsvísu. Eftir það var skerpt á umfjöllun um þá þætti sem Umhverfisstofnun gerði athugsemdir við, eftir því sem kostur var. Þó var ljóst að Umhverfisstofnun og vinnuhópurinn eru ekki fyllilega sammála um nálgun og nákvæmni umhverfismatsins og þeirra gagna sem að baki því liggja. .

*Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram það mat stofnunarinnar að umhverfisskýrsla SGÁ sé ekki í samræmi við markmið laga um umhverfismat áætlana. Þau eru m.a. að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við áætlanagerð að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða.*

*Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um einstaka umhverfisþætti og áhrif á þá sé of almenns eðlis og ekki fullnægjandi til að meta umhverfisáhrif áætlunarinnar. Kort sem sýna staðsetningu framkvæmda er í svo litlum mælikvarða að ekki er unnt að átta sig á því hvar veglínur liggja og hvernig friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði verða fyrir áhrifum af framkvæmdum. Ekki eru tilgreindir valkostir á friðlýstum svæðum eða öðrum svæðum á náttúruminjaskrá.*

Þar sem samgönguáætlun er landsáætlun og innihald hennar oft á tíðum almennt var það sett sem markmið umhverfismatsvinnu að skilgreina hvar sé líklegast að áætlunin hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Við það mat var litið til heildaráhrifa áætlunarinnar. Hugsanleg staðbundin umhverfisáhrif höfðu því minna vægi í þessu mati. Umfjöllun um þau og hugsanlegar aðgerðir gegn þeim mun eiga sér stað á síðari stigum ákvarðanatöku s.s. í gerð aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga

*eða í mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda. Þar verður mun nákvæmari umfjöllun um* einstaka framkvæmdakosti og þar er lagt mat á mismunandi valkosti, t.d. um legu og útfærslu vega.

Í umhverfisskýrslunni er ekki fjallað um mismunandi valkosti fyrir veglínur einstakra framkvæmda. Í fyrsta lagi er lega veglínu í fæstum tilfellum þekkt á þessu stigi. Í öðru lagi byggðist nálgun umhverfismatsins á þeirri forsendu að haga umfjöllun í umhverfisskýrslu með tilliti til eðlis og landfræðilegs umfangs samgönguáætlunar. Nákvæm lega vega eða útfærsla á þeim er ekki ákveðin í samgönguáætlun heldur er aðeins tekin ákvörðun um að leggja þurfi vegi til að uppfylla og ná markmiðum áætlunar um framtíðarþróun samgangna.

Markmið matsvinnu SGÁ var fyrst og fremst að fara yfir stefnu og aðgerðir SGÁ og skilgreina möguleg veruleg umhverfisáhrif svo að ábyrgðaraðili áætlanagerðarinnar geti tekið tillit til þeirra og gripið til aðgerða. Auk þeirra eru víða skilgreindar aðgerðir og viðmið í samgönguáætlun sem taka þarf tillit til við framfylgd áætlunarinnar, sem koma til með að draga úr umhverfisáhrifum.

Umhverfisskýrsla hefur verið uppfærð m.t.t. sjónarmiða Umhverfisstofnunar, þótt ekki sé fjallað ítarlega um hverja og eina framkvæmd sem talin er upp í tillögu að samgönguáætlun. Þar með talið hefur verið gerð skýrari grein fyrir því ef framkvæmdir kunna að valda áhrifum á friðlýst svæði eða önnur svæði á náttúruminjaskrá. Matsvinnan og þær breytingar sem gerðar hafa verið á umhverfisskýrslu í kjölfar kynningar á tillögu að samgönguáætlun og umhverfisskýrslu eru í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Á það m.a. við um framsetningu og nákvæmni gagna á þessu matsstigi.

### III.1 Samræmi við áætlanir, lög og alþjóða samninga

*Í umsögn Umhverfisstofnunar er gerð athugasemd þess eðlis að umfjöllun og niðurstöður um tengsl áætlana séu ekki nægilega vel rökstudd.*

Í matsvinnunni var fjallað um tengsl áætlana á almennan hátt og athugað hvort ósamræmi kynni að vera í heildarstefnu mismunandi áætlana. Áætlanir voru ekki rýndar í smáatriðum til þess að komast að mögulegum staðbundnum árekstrum áætlana. Gerð hefur verið skýrari grein fyrir þeim tilfellum þar sem hugsanlegt eða líklegt sé að staðbundin áhrif samgönguáætlunar séu ekki að fullu í samræmi við aðrar áætlanir. Bætt hefur verið við umfjöllum aðgerðir til þess að koma megi í veg fyrir eða draga úr áhrifum í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda eða í nákvæmari útfærslu á skipulagsstigi.

Í samræmi við ábendingar Umhverfisstofnunar hefur verið fjallað með skýrari hætti um samræmi og ósamræmi samgönguáætlunar og annarra áætlana.

### III.2 Velferð til framtíðar

*Í umsögn Umhverfisstofnunar er talið ófullnægjandi að ekki sé tekið tillit til annarra stefnumiða en loftmengunar við gerð SGÁ og nefnir sem helstu dæmi að umfjöllun vanti um vernd víðerna og líffræðilegra fjölbreytni.*

Vísað er til fyrra svars um nákvæmni umfjöllunar um umhverfisáhrif og samræmi við aðrar áætlanir. Bætt hefur verið við umfjöllun í umhverfisskýrslu um að líklegt sé að einstakar framkvæmdir kynnu að vera í ósamræmi við verndarmarkmið, s.s. varðandi víðerni eða líffræðilega fjölbreytni. Í flestum tilfellum var komist að þeirri niðurstöðu að frekari athugun ætti að fara fram á síðari stigum ákvarðanatöku þar sem möguleiki væri á að skilgreina valkosti eða draga úr áhrifum með sértækum mótvægisaðgerðum, sjá kafla 12.2.1 í umhverfisskýrslu.

### III.4 Náttúruminjaskrá

*Í umsögn Umhverfisstofnunar er talið að umfjöllun vanti um áhrif SGÁ á svæði á náttúruminjaskrá.*

Tekið hefur verið tillit til þessarar ábendingar og í umhverfisskýrslu hefur verið bætt við umfjöllun um svæði á náttúruminjaskrá og hvaða framkvæmdir kunni að valda raski á slíkum svæðum, sjá m.a. kafla 12.4 í umhverfisskýrslu.

Þegar áhrif samgönguáætlunar voru skilgreind var m.a. horft til mögulegra áhrifa á svæði á náttúruminjaskrá eins og hún liggur fyrir í dag. Í þeim tilfellum sem einstakar framkvæmdir kynnu að hafa áhrif á svæði á náttúruminjaskrá var í flestum tilfellum var komist að þeirri niðurstöðu að koma mætti í veg fyrir veruleg áhrif á síðari stigum ákvarðanatöku. Ítarlegt mat, staðsetning framkvæmda og nákvæm athugun á áhrifum einstakra framkvæmda á tilteknum stöðum verður að fara fram á viðeigandi stigi ákvarðanatöku þegar nægilega góðar upplýsingar liggja fyrir um allar aðstæður.

## IV Umhverfisáhrif SGÁ

*Umhverfisstofnun telur ekki nægilega vel rökstutt hvers vegna umhverfisáhrif samgönguáætlunar í heild sinni eru ekki talin veruleg. Að mati stofnunarinnar er ekki fullnægjandi að leggja mat á áhrif samgönguáætlunarinnar á náttúrufar í heild sinni.*

Forsenda umhverfismats SGÁ er að fjalla um umhverfisáhrif að teknu tilliti til markmiða áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar. Þessi nálgun var ákveðin í því augnamiði að líta til aðalatriða sem hafa vægi í heildarmatinu. Því var leitast við að fjalla um veigamestu áhrifin en ekki um áhrif sem eðlilegt er að fjalla frekar um á síðari stigum ákvarðanatöku.

Spurningar um útfærslu einstakra framkvæmda, s.s. um staðbundin áhrif og valkosti fyrir einstakar veglínur komu fram í matinu en eiga ekki erindi í umhverfisskýrslu. Í henni er fjallað um heildaráhrif og rætt um möguleg veruleg áhrif sem kunna að skipta máli í tengslum við ákvarðanir um stefnumótun í samgöngumálum.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar um umfjöllun hálendisvega og tengsl við svæðisskiplag Miðhálendisins eru teknar til greina og hefur verið bætt við sérstökum kafla um samræmi samgönguáætlunar og svæðisskipulags Miðhálendisins.

Mat á vægi heildaráhrif SGÁ taka tillit til margvíslegra þátta og þar vegur þungt umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda, aðrar áætlanir og alþjóðlegir samningar. Það er ljóst að einstakar framkvæmdir á SGÁ koma til með að valda verulegum staðbundnum áhrifum. Þegar litið er til heildaráhrifa og ofangreindra viðmiða er það niðurstaða matsvinnu að áætlunin komi ekki til með að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Í umhverfisskýrslu hefur verið reynt að skýra enn frekar þessa niðurstöðu matsvinnu.

### IV.2 Beinar og óbeinar aðgerðir

*Umhverfisstofnun telur að tilteknar aðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum sem eru nefndar í samgönguáætlun og umhverfisskýrslu séu ekki nægilega skýrar og óljóst er hverjir muni framkvæma tilgreindar aðgerðir. Jafnframt hefur stofnunin efasemdir um að sumar tilgreindar mótvægisaðgerðir falli undir valdsvið þeirra stofnana sem standa að samgönguáætlun.*

Í umhverfisskýrslu hefur verið skerpt á umfjöllun um aðgerðir og vöktun sem talin eru mikilvæg. Varðandi sértækar aðgerðir skal bent á mikilvægi þess að taka tillit til umfangs og eðlis samgönguáætlunarinnar, sem stefnumótun á landsvísu. Umfang og nákvæmni fyrirliggjandi upplýsinga um einstakar framkvæmdir eru þannig að ekki er eðlilegt að krefjast að greint sé frá staðbundnum aðgerðum. *Við gerð samgönguáætlunar ber að líta til heildarþróunar samgangna og til allra helstu þátta sem hafa áhrif á hana.* Það er því óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir og taka tillit til tækniþróunar í samgöngum, þótt hún sé utan valdsviðs samgönguyfirvalda.

Samhliða því að umhverfisáhrif samgönguáætlunar voru skilgreind í matsvinnunni var litið til mögulegra aðgerða til þess að koma í veg fyrir umhverfisáhrif eða draga úr þeim. Fram kom að bein áhrif vegframkvæmda eru vel þekkt út frá reynslu fyrri verkefna. Viðeigandi mótvægisaðgerðir fyrir einstaka framkvæmdir þarf að skilgreina með hliðsjón og þekkingu á staðbundnum aðstæðum og upplýsingum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Því er í mörgum tilfellum vísað til þess að nákvæmar mótvægisaðgerðir geta aðeins verið skilgreindar á viðeigandi stigi ákvarðanatöku.

Bætt hefur verið við umfjöllun um aðgerðir og vöktun í köflum 19 og 22 í umhverfisskýrslu.

### IV.3 Athugasemdir við einstakar framkvæmdir skv. SGÁ

*Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við einstakar framkvæmdir á samgönguáætlun. Fyrst og fremst eru athugasemdirnar þess eðlis að stofnunin telur upplýsingar um legu vega í umhverfisskýrslunni ekki vera nægilega góðar til þess að átta sig á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmda. Nákvæmari upplýsingar þyrfti sérstaklega í þeim tilfellum sem framkvæmdir séu líklegar til að hafa áhrif á verndarsvæði.*

Ábyrgðaraðili samgönguáætlunar hefur farið yfir athugasemdir stofnunarinnar varðandi einstaka framkvæmdir og tekið tillit til þeirra við endurskoðun umhverfisskýrslu. Þess ber að geta að, sbr. umfjöllun um umhverfisáhrif samgönguáætlunar hér að ofan, að kröfur um nákvæmni upplýsinga sem Umhverfisstofnun gerir til umhverfisskýrslu eru óraunhæfar miðað við fyrirliggjandi gögn. Ábyrgðaraðili samgönguáætlunar hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að fjalla um staðbundin áhrif og skoða mögulega valkosti á síðari stigum þegar nákvæmari upplýsingar liggja fyrir.

### 23. Vopnafjarðarhreppur

*Vopnafjarðarhreppur gerir athugasemd við, að jarðgöng milli Vopnafjarðar og Héraðs eru ekki nefnd í drögum að samgönguáætlun 2007 – 2018. Er þess krafist, að göngunum verði fundinn staður í áætluninni og hún leiðrétt með tilliti til þess. Jarðgöngin hafi grundvallarþýðingu fyrir byggðaþróun svæðisins og samræmist í einu og öllu meginmarkmiðum samgönguáætlunar.*

Tekið er undir það sjónarmið, að jarðgöng til Vopnafjarðar samræmist meginmarkmiðum samgönguáætlunar. Í umhverfismati samgönguáætlunar er ekki tekin afstaða til forgangsröðunar einstakra framkvæmda. Verður það gert á síðari stigum málsins. Í umhverfisskýrslu er fyrst og fremst verið að meta veruleg neikvæð umhverfisáhrif áætlunarinnar í heild sinni. Framangreind framkvæmd kemur því til skoðunar við frekari vinnslu samgönguáætlunar og röðun framkvæmda á árin 2007 – 2018

### 24. Þorsteinn Jóhannsson, Vallarhúsum 59, 112 Reykjavík

*Þorsteinn Jóhannsson gerir athugasemd við það orðalag að "stuðla að gerð hjóla- og göngustíga **meðfram** stofnvegum í þéttbýli. Á sama hátt verði skoðuð þátttaka ríkisins í gerð hjóla- og göngustíga **meðfram** fjölförnustu stofnvegum í dreifbýli". Bendir Þorsteinn á, að umhverfi stofnvega sé ekki til þess fallið að hvetja til hjólreiða, enda sé það beinlínis heilsuspillandi vegna mengunar.*

Meginmarkmið með stuðningi við göngu- og hjólastíga er að auka umferðaröryggi á þjóðvegum, en einnig hafa áhrif í þá átt að draga úr umferð og auka útivist og hreyfingu. Skipulagning stígakerfa er á ábyrgð sveitarfélaganna og að mestu verkefni þeirra. Að öðru leyti er vísað í svör við athugasemdum Landverndar o.fl. um staðsetningu göngu- og hjólreiðastíga hér að framan.

## 23. Heimildaskrá

Bernarsamningur um verndun villtra plantna og dýra.
http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/45

Chicago-samningurinn um flugsamninga
http://www.caa.is/Forsida/Logogreglur/LogogreglurARFSLbaekur/FlugmalahandbokSbok/

EC Commision's guidance on the implementation of directive 2001/42/EC on the assessment of the effects of certain plans and programmes on the environment. http://ec.europa.eu/-environment/eia-support.htm.

Cotzen, Ben; English, Colin. 1999. Enviromental Noise Barriers.

EC Directive 2001 on SEA. 2001/42/EC.
http://www. http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:32001L0042:EN:HTML

Ferðamálaáætlun 2006-2015 – Fylgiskjal við þingsályktunartillögu. 2006. Samgönguráðuneytið, Reykjavík.

Haraldur Sigurðsson. Maí 2004. Um ferðamáta á höfuðborgarsvæðinu – Úrvinnsla og túlkun á ferðakönnun. Borgarfræðasetur, maí 2004 Reykjavík.

Hálendi Íslands. http://www2.stjr.is/frr/halendi/

Landgræðsluáætlun 2003-2014. Alþingistíðindi 2002. 127. löggjafaþing A. Mál 555. Þingskjal 1448.

*Línuhönnun. 2001. Hljóðvist Reykjavíkurflugvallar. Febrúar 2001. Línuhönnun*, Reykjavík.

Loftslagssamningur SÞ, Kyoto-bókunin.
http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/127

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum

Lög nr. 17/1965 um landgræðslu

Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd

Lög nr. 95/2006 um landshlutabundin skógræktarverkefni

Lög nr. 91/2002 um vernd gegn landbroti [Áður Lög nr. 43/1975 ]

Manual on Strategic Environmental Assessment of Transport Infrastructure Plans. 2005. Prepared by DG Energy and Transport: BEACON manual. http://ec.europa.eu/environment/eia/sea-support.htm

Marpol samningurinn um varnir gegn mengun frá skipum. http://www.umhverfisraduneyti.is/-althjodlegt-samstarf/samningar/nr/133

Náttúruminjaskrá – 7. útgáfa [og síðari viðbætur ]. 1996 og 2006. Umhverfisstofnun áður Náttúruverndarráð), Reykjavík.

Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Alþingistíðindi 2004. 130. löggjafaþing A. Mál 477. Þingskjal 1842.

Orkuspárnefnd. 2005. Eldsneytisspá 2005-2030. 2005. Orkustofnun: Orkuspárnefnd, Reykjavík.

OSPAR samningurinn um verndun Norður Atlantshafsins. http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/146

Ramsarsamþykkt um verndun votlendis.
http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/157

Ársskýrsla Rannsóknarnefndar flugslysa 2003. 2004. Rannsóknarnefnd flugslysa. 2004.

Rannsóknarnefnd Sjóslysa. 2006. Ársskýrsla Rannsóknarnefndar sjóslysa 2003. 2006. Rannsóknarnefnd Sjóslysa, Stykkishólmiur.

Ríósamningurinn um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.
http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/58

Samgönguráðuneyti. 2005. Nefndarálit um þróun flutninga innanlands. Apríl 2005. Samgönguráðuneytið, Reykjavík.

Samgönguráðuneyti. 2006. Tillaga að samgönguáætlun Íslands 2007-2018. 2006. Samgönguráðuneytið, Reykjavík.

Scotland's National Transport Strategy Consultation. 2006. SEA-environmental report (2006) Smarter Scotland, Scottisch executive: Edinburgh.

Skipulagsstofnun 2006. Drög að leiðbeiningum um umhverfismat áætlana. 1. og 2. kafli. www.skipulag.is.

Skógræktaráætlun. Alþingistíðindi 1997. 121. löggjafaþing A. Mál 546. Þingskjal 1350.

Stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009. Alþingistíðindi 2006. 132. löggjafaþing A. Mál 391. Þingskjal 1496.

Umferðarstofa. 2006. Ársskýrsla umferðarslysa á Íslandi 2005. Reykjavík.

Umhverfis-, Sjávarútvegs- og Utanríkisráðuneyti. 2004. Heildarstefna Íslands í málefnum hafsins. http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Hafid_2004.pdf 2004. Umhverfis-, Sjávarútvegs- og Utanríkisráðuneyti.

Umhverfisráðuneyti. 2002. Svæðisskipulag Dala og Barðastrandarsýslu 1992-2012

Velferð til framtíðar - sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - stefnumörkun til 2020. Umhverfisráðuneytið 2002, Reykjavík.

Þingsályktun um ferðamál. Alþingistíðindi 2006. 132. löggjafaþing A. Mál 678. Þingskjal 1280.

**Gögn til hliðsjónar:**

Aðalskipulag Ásahrepps 2002-2014

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2004-2016

Aðalskipulag Bolungarvíkur 1980-2000

Aðalskipulag Borgarbyggðar 1997-2017

Aðalskipulag Borgarfjarðarsveitar 2004-2016

Aðalskipulag Djúpárhrepps 1998-2010

Aðalskipulag Fjarðabyggðar - Eskifjarðar 1988-2008

Aðalskipulag Fjarðabyggðar – Neskaupsstaðar 1979-1999

Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2002-2017

Aðalskipulag Grindavíkur 2000-2020

Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003-2015

Aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014

Aðalskipulag Húsavíkur 2005-2025

Aðalskipulag Hvalfjarðarstrandahrepps 2002-2014

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005-2017

Aðalskipulag Ólafsfjarðar 1991-2010

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014

Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015

Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014

Aðalskipulag Siglufjarðar 2003-2023

Aðalskipulag Skeggjastaðahrepps 2004-2022

Aðalskipulag Skilmannahrepps 2002-2014

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015

Aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995-2015

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014

Aðalskipulag Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014

Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018

Aðalskipulag Vopnafjarðar 1980-2000

Aðalskipulag Ölfuss 2002-2014

Svæðisskipulag Dala og Barðastrandarsýslu 1992-2012

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

Svæðisskipulag Héraðs 1998-2010

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001 -2024

# 854. Frumvarp til laga [576. mál]

um breyting á lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Vísitala neysluverðs skal reiknuð í mánuði hverjum miðað við verðlag í um það bil vikutíma um miðjan hvern mánuð. Heimilt er að safna verðupplýsingum yfir lengra tímabil ef verðlag vöru breytist ört. Ef ekki er unnt að miða við samtímaupplýsingar um verðlag eða verðbreytingar eða sé það ekki talið eiga við er Hagstofu Íslands heimilt að miða við meðaltal mánaðar eða mánaða eftir því sem við á. Vísitalan skal svo sem kostur er miðast við meðalverðlag í landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Í janúarmánuði 2008 skal Hagstofa Íslands reikna og birta vísitölu neysluverðs miðað við verðlag tvo fyrstu daga mánaðarins og einnig miðað við verðlag í um það bil vikutíma um miðjan mánuðinn. Hagstofunni er jafnframt heimilt að reikna vísitöluna miðað við verðlag tvo fyrstu daga febrúarmánaðar 2008 sé það talið nauðsynlegt vegna notkunar vísitölunnar til verðtryggingar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að vísitala neysluverðs verði reiknuð miðað við verð um miðjan mánuð í stað verðs í upphafi mánaðar eins og verið hefur.

Hinn 25. apríl 2006 samþykkti ráð Evrópusambandsins reglugerð (nr. 701/2006) um að samræma tíma verðsöfnunar fyrir samræmda vísitölu neysluverðs (Harmonized Index of Consumer Prices – HICP). Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2008 og kveður hún á um að söfnun verðupplýsinga fyrir samræmdu vísitöluna skuli fara fram í a.m.k. viku í miðjum hverjum mánuði. Þá er kveðið á um að miða skuli við verðlag yfir lengra tímabil þegar um er að ræða vörur sem breytast mjög ört í verði. Er þá sérstaklega átt við eldsneyti, grænmeti og ávexti.

Hagstofa Íslands reiknar vísitölu neysluverðs samkvæmt lögum nr. 12/1995 miðað við verðlag tvo fyrstu virka daga hvers mánaðar. Útreikningur Hagstofunnar á samræmdu vísitölunni fyrir Ísland er miðaður við sama tímabil. Við gildistöku hinnar nýju reglugerðar ESB er nauðsynlegt að laga verðsöfnunartíma vísitölu neysluverðs að hinum nýju Evrópuákvæðum þar sem ekki kemur til álita hér á landi að reikna tvær mismunandi neysluverðsvísitölur í hverjum mánuði.

Margt mælir með því að vísitala neysluverðs miðist við verðlag um miðjan mánuð fremur en við upphaf mánaðar og að mælingin taki til heldur lengra tímabils en verið hefur. Mestu skiptir þó í þessu sambandi sú samræming á reglubundnum verðmælingum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem að er stefnt. Eins og nú háttar er viðmiðunartími vísitalna ríkjanna mjög misjafn. Sum ríki miða við verðlag í byrjun mánaðar, önnur við verðlag um miðjan mánuð og mismunandi er í hve langan tíma verðupplýsingum er safnað. Mörg undan-

farin ár hefur verið unnið að samræmingu á vísitölum neysluverðs í EES-ríkjunum, hvað snertir þekju þeirra, skilgreiningar, flokkanir, aðferðir við gagnasöfnun og útreikning svo og gæði vísitalnanna og gæðaleiðréttingar. Þessi vinna hefur verið árangursrík og er nú svo komið að segja má að þær neysluverðsvísitölur ríkjanna, sem reiknaðar eru undir merkjum hinnar samræmdu neysluverðsvísitölu EES, séu að mestu samræmdar að öðru leyti en gildir um tíma verðsöfnunar og meðferð eigin húsnæðis í vísitölunum. Verðsöfnunartíminn verður nú samræmdur frá og með ársbyrjun 2008. Enn er unnið að samræmingu á meðferð eigin húsnæðis og er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki á árinu 2007. Reiknað er með að eigið húsnæði verði tekið með í samræmdu vísitölunni á svipaðan hátt og það er reiknað í vísitölu neysluverðs hér á landi.

Breytingin á vísitölu neysluverðs sem hér er lagt til að verði lögfest krefst talsverðrar breytingar á verklagi og umsvifum við söfnun verðupplýsinga á Hagstofunni. Vinna við söfnun upplýsinga mun aukast þar sem hún nær yfir lengra tímabil en nú háttar og þar sem nauðsynlegt er að upplýsinga sé safnað um helgar en ekki einungis á virkum dögum. Nokkur kostnaður mun hljótast af þessu en á móti kemur að upplýsingarnar, sem aflað er, ættu að verða fyllri en nú og vísitölumælingin því öruggari en ella. Breytingin er þó fremur einföld í framkvæmd sé eingöngu miðað við söfnun verðupplýsinga og útreikning og birtingu á vísitölu neysluverðs. Hins vegar hefur hún áhrif á beitingu vísitölunnar til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Í gildandi lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, vaxtalögum, segir í IV. kafla, 14. gr.:

„Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir."

Samkvæmt frumvarpi þessu verður verðupplýsingum vegna útreiknings vísitölunnar safnað um miðjan hvern mánuð og vísitalan birt í lok mánaðarins að lokinni yfirferð gagna og útreikningi. Eftir að tímasetningu á vísitölu neysluverðs hefur verið breytt á þennan hátt er naumast raunhæft að ákvæði vaxtalaga geti staðið óbreytt. Ástæðan er sú að tíminn frá birtingu vísitölunnar í lok hvers mánaðar til gildistöku hennar til verðtryggingar verður einfaldlega of stuttur. Er þá sérstaklega haft í huga að ekki mun gefast tími til að senda út innheimtuseðla vegna þeirra fjárskuldbindinga sem eru á gjalddaga fyrstu daga mánaðarins. Af þessu leiðir að samhliða breytingu á tímasetningu á verðsöfnun – og þar með útreikningi og birtingu – vísitölu neysluverðs þarf að breyta fyrrgreindum ákvæðum í vaxtalögum til þess að skýrt sé kveðið á um tímatafir milli útreiknings vísitölu neysluverðs og beitingar hennar til verðtryggingar. Er það gert í sérstöku frumvarpi.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í gildandi lögum segir að vísitala neysluverðs skuli reiknuð í mánuði hverjum miðað við verðlag tvo fyrstu virka daga hvers mánaðar. Þetta er sú meginregla sem gildir um mælinguna hvað tímasetningu snertir. Frá þessu eru í reynd frávik hvað snertir húsnæðislið vísitölunnar þar sem samtímaupplýsingar eru ekki tiltækar. Eigið húsnæði miðast við meðalsöluverð eigna næstliðna þrjá mánuði og vextir af íbúðalánum eru miðaðir við meðaltal síðustu tólf mánaða. Þá er viðhald húsnæðis miðað við breytingu vísitölu byggingarkostnaðar milli næstliðinna tveggja mánaða.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér á undan er í 1. gr. þessa frumvarps lagt til í meginatriðum að vísitala neysluverðs miðist við verðlag um miðjan hvern mánuð

til þess að fylgt sé áformum um samræmingu vísitölumælinga í ríkjum EES. Þau áform fela einnig í sér að verðupplýsingum sé safnað yfir lengra tímabil ef um er að ræða vörur sem breytast ört í verði. Þetta er tekið fram í 1. gr. frumvarpsins og er nýmæli. Þá er enn fremur lagt til að sé ekki unnt að miða við samtímaupplýsingar um verðlag eða verðbreytingar eða það ekki talið eiga við sé Hagstofunni heimilt að miða við meðaltal mánaðar eða mánaða eftir því sem við á. Þetta er til staðfestingar á því verklagi sem tíðkast hefur um árabil. Lokamálsliður 1. gr. að vísitalan skuli svo sem kostur er miðast við meðalverðlag í landinu er óbreyttur frá gildandi ákvæði.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum mun vinna Hagstofunnar við söfnun verðupplýsinga aukast nokkuð verði frumvarp þetta að lögum. Ástæður þessa eru þrenns konar: a) upplýsinganna verður aflað yfir lengri tíma en nú gildir og er það líklega ekki jafnskilvirkt og núverandi fyrirkomulag; b) kanna verður verð á sumum vöru- og þjónustuliðum oftar en einu sinni í mánuði og c) afla verður upplýsinganna um helgar jafnt sem á virkum dögum. Hafa verður í huga að verslanir eru nú yfirleitt opnar að meira eða minna leyti um helgar en það heyrði til undantekninga þegar núgildandi tilhögun var tekin upp. Kostnaður af störfum spyrla við öflun verðupplýsinga fyrir vísitölu neysluverðs er nú um 6 millj. kr. á ári. Breytingin á upplýsingasöfnuninni er lauslega áætluð kosta 2–3 millj. kr. á ári, þó 3–4 millj. kr. árið 2008 vegna þeirra aukamælinga sem þá er gert ráð fyrir.

Um 2. gr.

Lagt er til að breytingin á verðsöfnunartíma vísitölunnar taki gildi í ársbyrjun 2008; er þá fylgt ákvæðum um gildistöku reglugerðar ESB sem þetta varðar og því gætt fulls samræmis við breytingar á samræmdum vísitölum neysluverðs í aðildarríkjum EES.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir að Hagstofan reikni vísitölu neysluverðs samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps í fyrsta sinn um miðjan janúar 2008. Í ákvæði til bráðabirgða er jafnframt gert ráð fyrir að Hagstofan reikni vísitöluna samkvæmt núgildandi ákvæðum miðað við verðlag í byrjun janúar 2008. Þetta er talið nauðsynlegt því ella yrði of langt milli verðmælinganna auk þess sem þessi verðmæling kann að verða nauðsynleg vegna verðtryggingar. Enn fremur er lagt til að Hagstofunni verði heimilt að reikna vísitöluna aukalega í byrjun febrúarmánaðar sé það talið nauðsynlegt vegna notkunar hennar til verðtryggingar.

Ferill verðmælinga á þessu breytingaskeiði yrði þá þannig:

| | **Verðmæling** | **Birting** |
|---|---|---|
| Árið 2007 | 2 fyrstu virka daga mánaðar | U.þ.b. 12. dag mán. |
| Desember 2007 | 2 fyrstu virka daga desember | 12. desember |
| Janúar 2008 | 2 fyrstu virka daga janúar | 14. janúar |
| Janúar 2008 | Vika um miðjan mánuð | 30. janúar |
| Febrúar 2008 | 2 fyrstu virka daga febrúar | 12. febrúar |
| Eftir það | Vika um miðjan mánuð | Í lok hvers mánaðar |

Tekið skal fram að þess verður gætt að vísitalan verði birt ekki síðar en næstsíðasta dag hvers mánaðar. Það er nauðsynlegt vegna viðskipta með verðtryggð skuldabréf í Kauphöllinni.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995.**

Í frumvarpinu er lögð til sú meginregla að vísitala neysluverðs skuli reiknuð miðað við verðlag í um það bil vikutíma um miðjan hvern mánuð í stað verðlags tvo fyrstu virka daga hvers mánaðar eins og mælt er fyrir um í gildandi lögum. Í sérstökum tilvikum verður heimilt að miða við verðlag yfir önnur tímabil.

Gert er ráð fyrir að vinna Hagstofunnar við söfnun verðupplýsinga aukist nokkuð verði frumvarp þetta að lögum. Kemur þar til lengri verðsöfnunartími, auk þess sem kanna verður verð á sumum vöru- og þjónustutegundum oftar en einu sinni í mánuði og afla þarf upplýsinga jafnt um helgar sem á virkum dögum. Kostnaður af störfum spyrla við öflun verðupplýsinga fyrir vísitölu neysluverðs er nú um 6 m.kr. á ári. Áætlað er að sá kostnaður aukist varanlega um 2–3 m.kr. og verði á bilinu 8–9 m.kr. en 1 m.kr. umfram það tímabundið á árinu 2008 vegna þeirra aukamælinga sem þá er gert ráð fyrir. Að öðru leyti verður ekki séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs önnur en þau sem leiðir af áhrifum breytts verðsöfnunartíma á vísitöluna. Gera má ráð fyrir að til lengri tíma litið séu þau óveruleg.

## 855. Svar [467. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um tóbaksvarnir.

1. *Hver var fjárhæð sérstaks tóbaksgjalds skv. 9. gr. laga nr. 18/2003, sem Lýðheilsustöð fékk frá stofnun hennar árið 2003 til ársins 2006, skipt eftir árum?*

Umfang tóbaksvarna takmarkast af fjárheimildum, sem samkvæmt lögum eru 0,9% af bruttósölu tóbaks. Í töflunni hér á eftir má sjá bruttósölu tóbaks, upphæð til tóbaksvarna samkvæmt lögum um tóbaksvarnir, upphæð til tóbaksvarna í fjárlögum hvers árs, leiðréttingu í fjáraukalögum og að lokum leiðrétta upphæð til tóbaksvarna. Í töflunni er tekið tillit til þess að tóbaksvarnir voru í höndum Lýðheilsustöðvar hálft árið 2003.

**Tafla 1: Fjárheimildir Lýðheilsustöðvar til tóbaksvarna (allar tölur í millj. kr.)**

| Ár | Brúttósala tóbaks | Af brúttósölu 0,9% | Fjárlög lögbundið framlag | Fjáraukalög | Fjárlög + fjáraukalög |
|---|---|---|---|---|---|
| ½ 2003 | 3.479,1 | 31,3 | 28,0 | 11,8 | **39,8** |
| 2004 | 7.032,8 | 63,3 | 61,1 | | **61,1** |
| 2005 | 7.523,7 | 67,7 | 61,1 | 1,9 | **63,0** |
| 2006 | Áætlað | 66,4 | 61,1 | 12,1 | **73,2** |
| 2007 | Áætlað | 67,4 | 65,0 | | **65,0** |
| **Alls** | | **296,1** | **276,3** | **23,9** | **302,1** |

2. *Hvernig var því fé varið, sundurliðað eftir framlögum á hvern lið í*
   a. *verkefni í tóbaksvörnum og*
   b. *rekstur Lýðheilsustöðvar?*

Í töflunni hér á eftir er sýnd upphafsstaða fjárheimilda til tóbaksvarna, fjárheimildir eftir árum, ráðstöfun fjár til tóbaksvarna, hlutdeild tóbaksvarna í sameiginlegum rekstri Lýðheilsustöðvar og að lokum staða tóbaksvarna. Sem fyrr segir fluttust tóbaksvarnir til Lýðheilsustöðvar á miðju ári 2003 og er tekið tillit til þess í útreikningum.

**Tafla 2: Kostnaður við verkefni í tóbaksvörnum, árið 2007 er áætlað (allar tölur í millj. kr.).**

| Ár | Staðan í byrjun | Fé til tóbaksvarna | a. Verkefni í tóbaksvörnum alls | b. Rekstur LHS (hlutdeild í sameinginlegum rekstri) | Lokastaða tóbaksvarna |
|---|---|---|---|---|---|
| ½ 2003 | -26,6 | 13,2 | 16,8 | 4,9 | -3,6 |
| 2004 | | 61,1 | 52,1 | 9,8 | 9,0 |
| 2005 | | 63,1 | 52,2 | 14,3 | 10,8 |
| 2006 | | 73,2 | 57,1 | 12,5 | 16,1 |
| 2007 | | 65,0 | 70,2 | 7,5 | -5,2 |
| **Alls** | | **275,5** | **248,4** | **49,0** | **27,1** |

Í desember 2006 greiddi ríkissjóður 12,1 millj. kr. inn á reikning Lýðheilsustöðvar sem er leiðrétting á greiðslu lögbundins tóbaksvarnafjár síðastliðin þrjú ár. Sú upphæð skýrir 37% af ónýttu tóbaksvarnafé í árslok 2006. Ónýtt lögbundið tóbaksvarnafé verður nýtt á næstu þremur árum samhliða því fé sem fæst greitt árlega á sama tíma.

## 856. Svar [512. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um lyf gegn blindu.

1. *Hver er skýringin á því að nýtt lyf gegn blindu (Lucentis) sem talið er að geti bjargað sjón er ekki leyft hér á landi? Má vænta þess að leyfi til notkunar lyfsins fáist á næstunni?*

Lucentis verður skráð miðlægri skráningu hjá evrópsku lyfjamálastofnuninni og þar með á Íslandi. Búist er við að formleg skráning fari fram á næstu vikum. Hér er um nýja og mikilvirka meðferð að ræða og er undirbúningsvinna varðandi notkun þessa lyfs, svo og annarra sem notuð hafa verið gegn augnbotnahrörnun, þegar hafin innan Landspítala – háskólasjúkrahúss samkvæmt reglum þar um.

2. *Hve margir hér á landi eru verulega sjónskertir vegna hrörnunar í augnbotnum annars vegar og með slíka hrörnun á byrjunarstigi hins vegar og um hve mörg ný tilvik er að ræða að meðaltali á hverju ári?*

Talið er að um 800–900 einstaklingar séu verulega sjónskertir hér á landi vegna hrörnunar í augnbotnum, en áætlað er að yfir 10.000 séu með slíka hrörnun á byrjunarstigi. Ef gert er ráð fyrir að áætlun augnlækna um algengi þessa sjúkdóms standist má gera ráð fyrir a.m.k. 150 sjúklingum á ári sem þurfi á meðferð að halda vegna þessa sjúkdóms, þó að umtalsvert hærri tölur hafi verið nefndar.

3. *Hve mikill má ætla að árlegur kostnaður yrði vegna lyfsins yrði það leyft hér á landi og hvað má ætla að lyfið gæti bjargað sjón margra miðað við þá reynslu sem þegar er fyrir hendi af notkun lyfsins erlendis?*

Lyfjakostnaður vegna meðferðar 150 sjúklinga með Lucentis mundi nema um 170 millj. kr. á ári (1,1 millj. kr. á hvern sjúkling á ári) en þar sem meðferðin mun standa í tvö ár eða jafnvel lengur er ljóst að sú tala mun hækka umtalsvert á næstu árum. Hér er miðað við áætlað verð lyfsins. Rannsóknir á þessu lyfi hafa staðfest mjög góðan árangur af meðferðinni en ekki er unnt að fullyrða um fjölda þeirra sem hægt væri að forða frá blindu. Hafa ber í huga að þessi sjúkdómur er algengasta orsök blindu á Íslandi. Rannsóknirnar sem liggja til grundvallar skráningar á lyfinu stóðu í tvö ár og sýndu að mikill meiri hluti sjúklinganna hafði haft verulegt gagn af meðferðinni við lok rannsóknanna.

4. *Hefur verið veitt leyfi fyrir þessu nýja lyfi annars staðar á Norðurlöndum?*

Eins og áður hefur komið fram verður lyfið skráð miðlægt hjá evrópsku lyfjastofnuninni á næstunni. Lyfið er því ekki komið með markaðsleyfi neins staðar á Norðurlöndum og ekki í almenna notkun. Eftir því sem best er vitað er undirbúningur að notkun þessa lyfs hjá Landspítla – háskólasjúkrahúsi með svipuðum hætti almennt og komin álíka langt og á öðrum sjúkrahúsum á Norðurlöndum. Í Danmörku munu þó nú þegar einhver undanþáguleyfi hafa verið gefin út fyrir notkun lyfsins.

## 857. Svar [391. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Baldursdóttur um samtalsmeðferð við þunglyndi og kvíðaröskun.

1. *Hversu margir sjúklingar eru í samtalsmeðferð við þunglyndi og kvíðaröskun á ári hverju?*

Samtalsmeðferð sjúklinga með þunglyndi og kvíðaraskanir fer fram víðs vegar í heilbrigðisþjónustunni, í heilsugæslunni, á sjúkrahúsum og hjá sjálfstætt starfandi geðlæknum og sálfræðingum. Nákvæmar upplýsingar um fjölda sjúklinga sem fá slíkra meðferð árlega liggja ekki fyrir með svo skömmum fyrirvara sem gefinn er til að svara fyrirspurnum. Þó er ljóst að mestur fjöldi sjúklinga í slíkri meðferð er á geðsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss, á meðferðarstofum geðlækna og sálfræðinga, við geðdeild FSA, og á Reykjalundi, en samtalsmeðferð er að sjálfsögðu veitt á fleiri stofnunum en hér eru nefndar. Einnig er aukið framboð á slíkri meðferð í heilsugæslunni með tilkomu nýrrar sálfræðiþjónustu og sérverkefna á heilsugæslustöðvum.

Fyrir utan bráðaþjónustu eru árlega veitt um 17.500 meðferðarviðtöl á göngudeild geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss samkvæmt upplýsingum yfirlæknis og um 3.000 viðtöl á Hvítabandinu. Þar er veitt margs konar sérhæfð samtalsmeðferð sem aðrar heilbrigðisstéttir en geðlæknar og sálfræðingar taka einnig þátt í að veita í meðferðarteymum með mikla sérþekkingu. Athuga ber að í ráðuneytinu eru einungis til upplýsingar um hve oft er komið í slíka meðferð en ekki um fjölda einstaklinga.

Í ítarlegum skráningum Tryggingastofnunar ríkisins kemur fram að fjöldi árlegra meðferðarviðtala sjálfstætt starfandi geðlækna er um 38.000 og meðhöndla þeir á sjöunda þúsund manns árlega með ýmsum tegundum samtalsmeðferðar. Langflestir þessara sjúklinga, eða áætlað um níu af hverjum tíu, þjást af sjúklegu þunglyndi eða kvíðaröskun, sem eru algengustu geðsjúkdómarnir.

Mikill fjöldi fólks leitar eftir ráðgjöf og meðferð hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum, en upplýsingar um umfang starfsemi þeirra liggja ekki fyrir.

2. *Hversu margir hafa réttindi til að veita slíka meðferð hér á landi?*

Um 280 einstaklingar eru skráðir í Félag sálfræðinga, en óljóst er hve margir þeirra starfa við samtalsmeðferð. Um 70 manns hafa réttindi sem sérfræðingar í geðlækningum og barna- og unglingageðlækningum og meiri hluti þeirra starfar við að veita samtalsmeðferð af ýmsu tagi. Benda má á að aðrar starfsstéttir í heilbrigðisþjónustu veita einnig umtalsverða samtals- og stuðningsmeðferð, t.d. heimilislæknar, félagsráðgjafar og fjölskylduráðgjafar.

3. *Hvað verið gert á vegum ráðuneytisins til að gefa sjúklingum kost á að velja samtalsmeðferð?*

Aðgengi sjúklinga að fjölbreyttum meðferðarmöguleikum geðheilbrigðisþjónustunnar er víðast hvar gott. Þó er áhyggjuefni að stærstur hluti þeirrar sérhæfðu geðheilbrigðisþjónustu sem er í boði er, er á höfuðborgarsvæðinu. Stefna ráðuneytisins er að efla og skipuleggja enn frekar slíka þjónustu á landsbyggðinni með aukinni fjarþjónustu fagstétta, en góð reynsla hefur þegar fengist í tilraunaverkefnum á þessu sviði. Einnig er það stefna ráðuneytisins að efla möguleika á samtalsmeðferð á heilsugæslustöðvum.

Samtalsmeðferð er einn veigamesti þáttur meðferðar gegn þunglyndi og kvíðaröskunum með eða án ýmiss konar lyfjameðferðar, ráðgjafar og þjálfunar, allt eftir því hvað við á í hverju tilviki. Val á tegund samtalsmeðferðar gegn sjúkdómum er í höndum fagfólks og með samráði við sjúklinga.

4. *Hver er afstaða ráðherra til greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar í slíkri meðferð hjá sálfræðingum?*

Á undanförnum missirum hefur verði unnið að því að byggja upp samtalsmeðferð sálfræðinga á heilsugæslustöðvum og greiða þá sjúklingar hluta raunverulegs kostnaðar með sama hætti og fyrir aðra þjónustu heilsugæslustöðva. Nokkur stöðugildi sálfræðinga hafa nú þegar fengist á heilsugæslustöðvum og er ætlunin að sú þróun haldi áfram þannig að þjónusta sálfræðinga verði sem víðast. Þar af leiðir að ekki verða teknar ákvarðanir um að greiða fyrir samtalsmeðferð sálfræðinga á stofum með aðild Tryggingastofnunar ríkisins þar sem þessi þjónusta mun verða veitt á heilsugæslustöðvum í framtíðinni.

## 858. Breytingartillaga [238. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/2004, um siglingavernd.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Í stað orðanna „1. og 2. mgr.“ í 4. efnismgr. 1. gr. komi: 2. og 3. mgr.

## 859. Fyrirspurn [577. mál]

til menntamálaráðherra um Norræna blaðamannaskólann.

Frá Merði Árnasyni.

Hvers vegna kaus ráðherra að hafa að engu tilnefningar Blaðamannafélags Íslands við skipan í sérfræðingaráð Norræna blaðamannaskólans?

## 860. Fyrirspurn [578. mál]

til félagsmálaráðherra um Lánatryggingarsjóð kvenna.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var í desember 2005 til að endurskoða starfsgrundvöll Lánatryggingarsjóðs kvenna? Ef nefndin hefur lokið störfum, hverjar eru niðurstöður hennar?

## 861. Fyrirspurn [579. mál]

til iðnaðarráðherra um stuðning við atvinnurekstur kvenna.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað hefur verið gert til að styðja atvinnurekstur kvenna, svo sem gera skal skv. 19. tölul. þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009?
2. Hvernig hljóðar framkvæmdaáætlun til að ná markmiðum þingsályktunarinnar og hverjum hefur verið falið að framfylgja henni?

## 862. Fyrirspurn [580. mál]

til dómsmálaráðherra um fíkniefnahunda.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hversu margir fíkniefnahundar hafa verið í notkun árlega síðan árið 2000?
2. Hver er að meðaltali kostnaður við að þjálfa slíkan hund og árlegur rekstrarkostnaður hans?
3. Hafa stjórnvöld áform um að fjölga fíkniefnahundum við toll- og löggæslu?

**Skriflegt svar óskast.**

## 863. Fyrirspurn [581. mál]

til félagsmálaráðherra um undirbúning jafnréttisumsagnar með stjórnarfrumvörpum.

Frá Merði Árnasyni.

Hvenær lýkur undirbúningi þeim að jafnréttisumsögn með stjórnarfrumvörpum sem Alþingi fól félagsmálaráðherra með þingsályktunum um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 28. maí 1998 og 28. maí 2004?

## 864. Fyrirspurn [582. mál]

til heilbrigðisráðherra um styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hefur ráðherra fengið styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra til eigin verkefna? Ef svo er, hversu háar fjárhæðir og til hvaða verkefna? Sundurliðun óskast fyrir sl. fimm ár.
2. Eru heimildir til slíkra styrkja og hvar er þær að finna?
3. Hefur ráðherra veitt styrki úr sjóðnum til þriðja aðila, annarra en öldrunarstofnana? Ef svo er, til hverra og í hvaða tilgangi? Sundurliðun óskast fyrir sl. fimm ár.
4. Í hvað hafa styrkir farið sem flokkast undir liðinn „ráðherra og aðrir styrkir“ í yfirliti yfir greiðslur úr sjóðnum frá 2006? Svar óskast sundurliðað eftir fjárhæðum, verkefnum og styrkþegum.
5. Hafa styrkþegar, sem fengið hafa greiðslur úr sjóðnum af liðnum „aðrir styrkir“, verið upplýstir um að greiðslurnar væru úr Framkvæmdasjóðnum?
6. Í hvað er sú upphæð ætluð sem í yfirliti um áætlaðar greiðslur úr sjóðnum á þessu ári er á liðnum „aðrir styrkir – verkefni, kynningarefni og ýmis minni verkefni“ og nemur 15 millj. kr.?

**Skriflegt svar óskast.**

## 865. Fyrirspurn [583. mál]

til fjármálaráðherra um skattamál einkahlutafélaga og hluthafa þeirra árin 2003–2005.

Frá Ellerti B. Schram.

1. Hversu mörg einkahlutafélög töldu fram til skatts ár hvert árin 2003, 2004 og 2005? Hver var fjöldi hluthafa þessara félaga? Hversu margir hluthafanna voru í fullu starfi eða í hlutastarfi hjá félögunum? Hverjar voru hreinar tekjur ársins og tap ársins til skatts hjá þessum félögum framangreind ár? Hver voru greidd laun til hluthafa og reiknað endurgjald vegna starfa hluthafa?
2. Hvernig skiptast upplýsingar skv. 1. tölul. eftir atvinnugreinum, sbr. opinbera flokkun atvinnugreina:
   a. byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð,
   b. verslun og ýmis viðgerðarþjónusta,
   c. fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis þjónusta,
   d. heilbrigðis- og félagsþjónusta,
   e. önnur samfélagsþjónusta,
   f. aðrar atvinnugreinar?

3. Hversu mörg einkahlutafélög greiddu arð árin 2004 og 2005? Hver var greiddur arður samtals hvort ár? Hvernig flokkast félögin eftir hlutfalli greidds arðs af hlutafé miðað við greiðslur undir 20%, á bilinu 20–50%, á bilinu 50–100%, yfir 100%?
4. Hvernig skiptast upplýsingar skv. 3. tölul. eftir atvinnugreinum, sbr. flokkun í 2. tölul.?
5. Hver var fjöldi og heildarfjárhæð hækkana skattstjóra á framtöldum launum hluthafa einkahlutafélaga vegna áranna 2003, 2004 og 2005, sbr. ákvæði í 58. gr. laga um tekjuskatt?
6. Hver var fjöldi skattakæra vegna hækkana skv. 5. tölul.?

**Skriflegt svar óskast.**

## 866. Fyrirspurn [584. mál]

til forsætisráðherra um fjárskuldbindingar ráðherra fyrir hönd ríkisins.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hvert er lagalegt og siðferðilegt gildi fjárskuldbindinga ráðherra fyrir hönd ríkisins eftir að umboð þeirra er út runnið?

## 867. Fyrirspurn [585. mál]

til heilbrigðisráðherra um bólusetningar gegn veiru sem valdið getur leghálskrabbameini.

Frá Sæunni Stefánsdóttur.

Hvað finnst ráðherra um hugmyndir um bólusetningar gegn algengri veiru sem valdið getur leghálskrabbameini?

## 868. Fyrirspurn [586. mál]

til landbúnaðarráðherra um fóðurkostnað í loðdýrabúum.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hve mikið fé hefur hið opinbera veitt til þess að ná niður fóðurkostnaði í loðdýrabúum frá og með árinu 2004? Óskað er eftir upplýsingum um hvaða opinberu aðilar veittu féð, sundurgreint eftir árum, verkefnum, aðilum sem hlutu stuðning og fjárhæð.

**Skriflegt svar óskast.**

## 869. Fyrirspurn [587. mál]

til utanríkisráðherra um viðurkenningu á sjálfstæði Vestur-Sahara.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvaða ástæður liggja að baki því að Ísland hefur ekki viðurkennt sjálfstæði Vestur-Sahara?

## 870. Svar [380. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur og Margrétar Frímannsdóttur um málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss.

1. *Ætlar ráðherra að bregðast við nýlegri dómsniðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur um að stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) hafi brotið rétt á þáverandi yfirlækni æðaskurðlækningadeildar LSH, en upplýst hefur verið að LSH kýs að áfrýja ekki dómnum?*

Forsaga þessa dómsmáls er sú að á árinu 2001 ákvað yfirstjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) að stefnt skyldi að því að yfirmenn, þar með taldir yfirlæknar, skyldu vera í 100% starfi á spítalanum og ekki sinna störfum utan hans öðrum en kennslu við háskóla eða störfum í nefndum á vegum opinberra aðila. Í samræmi við þetta var í tengslum við ráðningu yfirlæknis æðaskurðlækningadeildar LSH árið 2002 gert samkomulag við yfirlækninn um að hann léti af stofurekstri utan spítalans innan tveggja ára svo fremi sem aðstaða og starfsumhverfi til þeirrar starfsemi sem hann sinnti á stofunni væri þá orðið viðunandi innan veggja spítalans að mati samningsaðila. Þegar yfirlæknirinn neitaði síðan að hætta stofurekstri í samræmi við samkomulagið var hann áminntur og í framhaldi af því sagt upp störfum hjá spítalanum.

Í dómsmálinu sem vísað er til í fyrirspurninni var einungis deilt um lögmæti áminningarinnar sem LSH veitti yfirlækninum en ekki þá ákvörðun spítalans að segja honum upp störfum. Þannig var deilt um það hvort unnt væri að líta svo á að yfirlæknirinn hefði óhlýðnast löglegum fyrirmælum stjórnenda, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um að hætta stofurekstri utan spítalans, en það var forsenda þeirrar áminningar sem veitt var. Réðust úrslit málsins af túlkun framangreinds samkomulags sem aðilar höfðu gert með sér.

Í forsendum dómsins kemur fram að í samkomulaginu hafi falist gagnkvæmar samningsskyldur þar sem yfirlæknirinn skuldbatt sig til að hætta rekstri lækningastofu sinnar að því tilskildu að aðstæður til að sinna sambærilegum störfum hjá LSH yrðu fyrir hendi. Taldi dómurinn ekki skýrt af orðalagi hins umdeilda ákvæðis í samkomulaginu né af gögnum málsins hverju spítalinn þyrfti nákvæmlega að hrinda í framkvæmd til þess að hann teldist hafa uppfyllt samningsskyldur sínar gagnvart yfirlækninum. Þá bendir dómurinn á að engin gögn hefðu verið lögð fram í málinu um að yfirlæknirinn hefði gert óþarfar eða óraunhæfar kröfur á hendur LSH um breytingar og endurbætur. Taldi dómurinn því ekki hafa verið sýnt fram á það af hálfu LSH að hann hafi uppfyllt samningsskyldur sínar gagnvart yfirlækninum. Var

staðhæfing LSH um að aðstæður á spítalanum, á þeim tíma sem um ræddi, hefðu verið í samræmi við lýsingu í samkomulagi aðila því talin ósönnuð og talið að spítalinn þyrfti að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Samkvæmt framansögðu taldi dómurinn að ekki hefði verið sýnt fram á það af hálfu LSH að yfirlækninum hefði verið skylt á grundvelli samkomulagsins að hætta rekstri lækningastofu sinnar. Því væri ekki unnt að líta svo á að hann hefði óhlýðnast löglegu boði eða banni eins og LSH hélt fram. Stjórnendur LSH höfðu því ekki lögmæta ástæðu til að veita stefnda áminningu og var hún því talin ólögmæt.

Á gildi ákvörðunar LSH um að segja yfirlækninum upp störfum hefur ekki reynt fyrir dómstólum né ráðuneytinu. Hins vegar liggur sú niðurstaða nú fyrir samkvæmt framangreindum dómi að meginforsenda uppsagnarinnar var ólögmæt en af því leiðir að uppsögnin er það líka. Ólögmæti stjórnvaldsákvörðunar leiðir hins vegar ekki sjálfkrafa til ógildis hennar heldur er það sjálfstætt úrlausnarefni hverju sinni hvort þeir annmarkar sem hafa ólögmæti í för með sér leiða til ógildingar hennar eða ekki. Ef litið er til dómaframkvæmdar Hæstaréttar í sambærilegum málum er ljóst að dómstólar hafa ekki talið að ólögmæti ákvörðunar um uppsögn leiði til ógildingar hennar með þeim hætti að viðkomandi eigi rétt á því að ganga inn í starf sitt aftur. Verður að ætla að sú yrði jafnframt niðurstaða Hæstaréttar ef á það reyndi í þessu máli. Hins vegar kann hin ólögmæta ákvörðun að leiða til bótaskyldu ríkisins séu önnur skilyrði bótaréttar uppfyllt.

Spurt er hvernig ráðherra ætli að bregðast við framangreindri dómsniðurstöðu. Áður en því er svarað er nauðsynlegt að íhuga hvaða valdheimildir ráðherra hefur til beinna inngripa í málum af þessu tagi. Í því sambandi verður að hafa í huga að með setningu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, var mótuð sú meginstefna í starfsmannamálum opinberra stofnanna að þau skyldu vera á forræði og ábyrgð forstöðumanns hverrar stofnunar. Þannig er það hlutverk forstöðumanna að ráða starfsmenn, áminna þá ef tilefni er til og segja þeim upp störfum hvort sem það er gert í kjölfar áminningar eða vegna annarra atvika, svo sem þegar rekstur stofnana er endurskipulagður. Ákvarðanir forstöðumanna í þessum málum eru ekki kæranlegar til ráðherra ef frá eru taldar ákvarðanir um uppsögn sem teknar eru í kjölfar áminningar eða á grundvelli sömu ástæðna og geta orðið tilefni áminningar samkvæmt lögunum, sbr. 21. gr. og 2. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996. Í því máli sem hér er til umræðu var eins og áður segir tekist á um lögmæti áminningar en ekki uppsagnar. Ákvörðun stjórnenda LSH um veitingu áminningar er ekki kæranleg til ráðherra en hins vegar er sú ákvörðun sem stjórnendur tóku í kjölfar áminningar um uppsögn kæranleg til ráðherra eins og að framan greinir. Berist ráðherra slík kæra er ljóst að ráðherra hlýtur samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar að taka málið til skoðunar og úrlausnar í samræmi við þær efnisreglur og dómaframfordæmi sem gilda á þessu sviði. Ekki verður hins vegar talið að ráðherra hafi sjálfstæðar heimildir til að fyrirskipa stjórnendum LSH að breyta ákvörðun sinni án þess að slíkt sé gert í úrskurði á grundvelli kæru. Leiðir þessi niðurstaða af stefnumörkun starfsmannalaganna sem áður er vikið að og því málsforræði sem felst í kæruheimildinni.

Forstöðumenn stofnana ríkisins bera ábyrgð á að stofnanir sem þeir stýra starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Verði misbrestur á þessu er ráðherra heimilt að veita forstöðumanni áminningu samkvæmt ákvæðum starfsmannalaga, nr. 70/1996, eða lausn frá störfum ef hann gerist sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi. Rétt er að taka fram að ráðherra hefur tekið til skoðunar hvort mál það sem hér er til umræðu gefi ástæðu til að grípa til þeirra úrræða sem hér greinir. Niðurstaða ráðherra er að svo sé ekki. Í því sam-

bandi telur ráðherra að líta verði til þess að framkvæmd starfsmannalaganna er flókin og kröfur til málsmeðferðar miklar. Niðurstaða dómsins hafi ráðist af túlkun á samkomulagi sem spítalinn hafi gert við yfirlækninn og spítalanum hafi ekki tekist að færa nægar sönnur á að ákvæði samningsins hafi verið uppfyllt. Taldi dómurinn að spítalinn þyrfti að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Mat ráðherra er að þessir annmarkar séu ekki þess eðlis að þeir gefi tilefni til veitingar áminningar af hans hálfu.

Þótt ráðherra telji ekki skilyrði eða tilefni til að veita áminningu samkvæmt framansögðu telur hann mikilvægt að stjórnendur spítalans dragi lærdóm af málinu þannig að koma megi í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig. Hefur ráðherra í þessu skyni átt viðræður við stjórnendur spítalans þar sem farið hefur verið yfir einstök efnisatriði málsins.

2. *Hvernig rökstyður ráðherra að stjórnendur LSH hafi framfylgt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í þessu máli eða að ákvörðun stjórnendanna sé í anda þeirrar starfsmannastefnu sem lögin byggjast á?*

Eins og ítarlega hefur verið rakið liggur fyrir héraðsdómur þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að ákvörðun stjórnenda LSH um að áminna yfirlækninn hafi verið ólögmæt og þannig í ósamræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Við þessa niðurstöðu verður að una og ekki kemur til álita að ráðherra rökstyðji aðra niðurstöðu í málinu.

3. *Telur ráðherra það farsæla þróun fyrir sjúklinga eina háskólasjúkrahúss landsins að mjög sérhæfðum læknum sé vikið úr starfi með aðgerðum sem nú hafa verið dæmdar ólögmætar?*

Ráðherra telur óheppilegt og ekki farsælt þegar í ljós kemur að ákvarðanir stjórnenda stofnana sem undir hann heyra reynast ólögmætar. Af hálfu ráðherra er lögð áhersla á að annmarkar eins og þeir sem reyndust vera á málatilbúnaði stjórnenda LSH í þessu máli endurtaki sig ekki.

Hins vegar telur ráðherra það farsæla þróun innan spítalans að yfirmenn séu í fullu starfi og að um það bil helmingur allra sérfræðilækna á spítalanum stundar nú ekki stofurekstur samhliða starfi sínu þar. Samkvæmt upplýsingum frá LSH hafa nú einungis fjórir yfirlæknar stofurekstur með höndum samhliða starfi sínu á spítalanum og er sá rekstur viðurkenndur af hálfu spítalans vegna smæðar þeirra sérgreina sem um ræðir og hagmuna spítalans í því sambandi.

4. *Hverjar eru skyldur og ábyrgð ráðherra þegar sú staða kemur upp að stjórnendur stofnunar sem heyrir undir ráðuneyti hans ákveða að skeyta því engu þótt dómstólar dæmi framgöngu þeirra gagnvart starfsmönnum ólögmætar og skaðabótaskylda ríksins virðist augljós af þeim sökum?*

Um þau atriði sem hér er spurt um er fjallað í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar og er vísað til þess sem þar segir.

5. *Telur ráðherra að hann hafi gert það sem í hans valdi stóð til að minnka tjón ríkisins vegna þessa máls?*

Eins og fram er komið stendur ákvörðun stjórnenda LSH um að segja yfirlækninum upp störfum óhögguð enda hefur ekki reynt á hana með stjórnsýslukæru fyrir ráðuneytinu né hefur yfirlæknirinn krafist ógildingar hennar fyrir dómstólum. Ákvörðun um að afturkalla

ákvörðunina eða breyta henni með einhverjum hætti er alfarið í höndum stjórnenda spítalans og ekki um að ræða að ráðherra hlutist til um það.

## 871. Svar [475. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um hækkun iðgjalda tryggingafélaganna.

Ráðuneytið fór þess á leit við Fjármálaeftirlitið að umbeðnum upplýsingum vegna 1.–5. tölul. fyrirspurnarinnar yrði komið til ráðuneytisins og óskaði eftir svari við 6. tölul. frá Samkeppniseftirlitinu. Byggir ráðuneytið svar sitt á upplýsingum sem bárust frá Fjármálaeftirlitinu og Samkeppniseftirlitinu.

Í upphafi er rétt að geta þess að Fjármálaeftirlitinu hafa ekki verið sendir ársreikningar vátryggingafélaga og tengd gögn fyrir árið 2006, þar sem frestur skv. 47. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, er ekki liðinn. Í svörum Fjármálaeftirlitsins er því stuðst við uppgjör áranna 2001–2005.

1. *Hver var hagnaður tryggingafélaganna og arðgreiðslur sl. 5 ár, sundurliðað eftir árum?*

Í töflunni hér á eftir sést samanlagður hagnaður allra félaganna sem hafa verið með starfsemi í ökutækjatryggingum á tímabilinu. Félögin sem um ræðir eru: Íslandstrygging hf. (2002–2004), Sjóvá – Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf., Vátryggingafélag Íslands hf., Vörður vátryggingafélag hf. (áður gt.) (2001–2004) og Vörður Íslandstrygging hf. (2005).

Dálkurinn fyrir arðgreiðslur sýnir arð sem ákveðinn var vegna afkomu ársins en greiddur árið eftir. Tölurnar fyrir árið 2005 eru þannig byggðar á áætlun félaganna í ársreikningum þess árs fyrir arðgreiðslur á árinu 2006.

| | Hagnaður | Arður (ráðstöfun hagnaðar) | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 2001 | 1.699 | 589 | 35% |
| 2002 | 1.632 | 669 | 41% |
| 2003 | 6.735 | 5.048 | 75% |
| 2004 | 7.834 | 7.676 | 98% |
| 2005 | 19.091 | 3.959 | 21% |

2. *Hver var staða tjónaskuldar (bótasjóða) í árslok 2002, 2003, 2004, 2005 og 2006 og hve mikið af tjónaskuldinni er áætlað vegna bifreiðatrygginga?*

Taflan hér á eftir sýnir upplýsingar um tjónaskuld sömu vátryggingafélaga og talin eru upp í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar.

| | Tjónaskuld í heild | Tjónaskuld í ökutækjatryggingum | Hlutfall ökutækjatrygginga |
|---|---|---|---|
| 2001 | 34.367 | 23.127 | 67% |
| 2002 | 36.415 | 24.657 | 68% |
| 2003 | 38.099 | 25.607 | 67% |
| 2004 | 39.314 | 26.412 | 67% |
| 2005 | 40.568 | 26.834 | 66% |

3. *Hver var mismunurinn milli áætlaðrar tjónaskuldar (bótasjóða) vegna bifreiðatrygginga og uppgjörs bifreiðatjóna árlega sl. 5 ár? Hve mikið hefur losnað úr tjónaskuld árlega á þessum árum vegna ofáætlaðra tjónaskulda?*

Fyrsta taflan í svari við þessum lið fyrirspurnarinnar sýnir hvernig tjónaskuldin þróaðist á árunum 2001–2005, sundurliðað eftir því hvenær tjón varð. Reitirnir þar sem reikningsár er sama og tjónsár sýnir hvernig óuppgerð tjón þess árs voru metin í tjónaskuld vátryggingafélaganna. Reitirnir þar til hægri sýna hvernig matið á tjónum sem enn eru óuppgerð frá viðkomandi tjónsári, þróast á eftirfarandi reikningsárum. Í efstu línunni er sýnt í einni summu hvernig matið á óuppgerðum tjónum sem urðu fyrir árið 2001 þróaðist á tímabilinu. Sé lagt saman í einstökum dálkum þessarar töflu fæst tjónaskuld reikningsársins í heild eins og hún var sýnd í svari við 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

| Reikningsár | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| *Ár þegar tjón varð:* | | | | | |
| Fyrir 2001 | 16.164 | 11.499 | 7.443 | 4.084 | 2.831 |
| 2001 | **6.963** | 6.055 | 4.560 | 3.458 | 1.643 |
| 2002 | | **7.104** | 6.157 | 4.514 | 3.115 |
| 2003 | | | **7.447** | 6.498 | 4.485 |
| 2004 | | | | **7.859** | 6.491 |
| 2005 | | | | | **8.269** |

Næsta tafla sýnir uppsafnaðar greiðslur vegna tjóna sem voru óuppgerð í lok hvers árs (óuppgerð í lok ársins 2001 í tilviku efstu línunnar) á hverju ári á eftirfarandi reikningsárum.

| Reikningsár: | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|
| *Ár þegar tjón varð:* | | | | |
| Fyrir 2001 | 3.143 | 5.285 | 6.629 | 7.448 |
| 2001 | 1.280 | 2.761 | 3.770 | 4.272 |
| 2002 | | 1.325 | 2.924 | 3.933 |
| 2003 | | | 1.666 | 3.521 |
| 2004 | | | | 1.890 |

Með því að leggja saman gildin í töflunum tveimur hér að framan fæst svokölluð matsþróun tjónaskuldar á tímabilinu. Matsþróunin sýnir hvernig tjónaskuld eins og hún er ákveðin á tilteknum tíma, þróast á milli reikningsára eftir því sem tjón eru uppgerð og tjón sem enn eru útistandandi eru endurmetin.

Í aftasta dálkinum er sýndur mismunurinn á annars vegar mati á óuppgerðum tjónum viðkomandi tjónsárs í lok ársins (í lok ársins 2001 í efstu línunni) og hins vegar á mati sömu tjóna í árslok 2005. Munurinn í heild er 5.908 millj. kr.

| Reikningsár: | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Mismunur uppgjörs |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Ár þegar tjón varð:* | | | | | | |
| Fyrir 2001 | 16.164 | 14.642 | 12.728 | 10.713 | 10.279 | 5.885 |
| 2001 | **6.963** | 7.335 | 7.321 | 7.228 | 5.915 | 1.048 |
| 2002 | 0 | **7.104** | 7.482 | 7.438 | 7.048 | 56 |
| 2003 | 0 | 0 | **7.447** | 8.164 | 8.006 | -559 |
| 2004 | 0 | 0 | 0 | **7.859** | 8.381 | -522 |
| 2005 | 0 | 0 | 0 | 0 | **8.269** | 0 |


Eftirfarandi tafla sýnir hvernig breytingin á mati, þ.e. umræddar 5.908 millj. kr. sundurliðast á hvert reikningsár á tímabilinu.

| Reikningsár | Matsþróun |
|---|---|
| 2002 | 1.150 |
| 2003 | 1.550 |
| 2004 | 1.435 |
| 2005 | 1.773 |

Eðlilegt er vátryggingafélög meti tjónaskuld af varfærni þannig að mat tjóna lækki heldur en hækki frá upphaflegu mati í ljósi reynslunnar. Því tekur Fjármálaeftirlitið ekki afstöðu til að um ofáætlun hafi verið ræða, miðað við það sem talist getur eðlileg varfærni.

4. *Hefur Fjármálaeftirlitið lagt mat á hvort hækkun iðgjalda tryggingafélaganna á liðnu ári og um sl. áramót sé eðlileg í ljósi afkomu tryggingafélaganna og stöðu tjónaskuldar (bótasjóðanna) sl. 5 ár? Hve miklar voru þessar hækkanir umfram verðbólgu?*

**Samanburður á þróun vísitölu bílatrygginga og vísitölu neysluverðs 2001–2006.**



Á myndinni sést að vísitala bílatrygginga samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands hækkaði um 19% frá desember 2005 til desember 2006. Á sama tíma var hækkun vísitölu neysluverðs 7%. Raunhækkun iðgjalda ökutækjatrygginga var því 11,4%. Myndin sýnir jafnframt að árin þar á undan var hækkunin lítil eða að iðgjöld lækkuðu.

Auglýstar hækkanir vátryggingafélaga í ökutækjatryggingum frá 1. janúar 2006 hafa verið sem hér segir:

| | Hækkun frá | |
|---|---|---|
| **Sjóvá – Almennar tryggingar hf.** | **1. janúar 2006** | **1. febrúar 2007** |
| Lögboðnar ökutækjatryggingar | 4% | 7% |
| Kaskótryggingar | 2% | 5% |
| **Tryggingamiðstöðinhf.** | **1. júlí 2006** | **1. janúar 2007** |
| Ökutækjatryggingar | 5% | |
| Þar af lögboðnar | 4% | |
| Ábyrðgðartrygging og kaskó | | 5% |
| Slysatrygging ökumanns | | 3% |
| **Vátryggingafélag Íslands hf.** | **1. ágúst 2006** | **1. janúar 2007** |
| Lögboðnar ökutækjatryggingar | 5% | 5% |
| Kaskótryggingar | 6% | 9% |
| **Vörður Íslandstrygging hf.** | **1. júlí 2006** | **1. október 2006** |
| Ökutækjatryggingar | 12% | 8% |

Hinn 11. júní 2004 birti Fjármálaeftirlitið á heimasíðu sinni frétt um niðurstöður athugunar sinnar á iðgjaldagrundvelli og tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum. Þar kom m.a. fram að á því ári hefðu sést þess merki að félögin væru í auknum mæli farin að lækka tilboð í vátryggingar einstakra viðskiptamanna. Af því tilefni beindi Fjármálaeftirlitið því til félaganna að takmarka frávik frá iðgjaldaskrá svo að allir viðskiptavinir „njóti góðs af hagstæðri stöðu greinarinnar".

Fjármálaeftirlitið hefur á þessari stundu vitneskju um að verulega hafi dregið úr frávikum frá iðgjaldaskrá og útskýrir það væntanlega að hluta til að auglýstar hækkanir félaganna eru lægri en hækkanir samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands.

Í 2. mgr. 55. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, segir að Fjármálaeftirlitið skuli fylgjast með að iðgjöld séu sanngjörn í garð vátryggingataka og í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað. Í þessu ákvæði felst lágmarksvernd fyrir vátryggingataka sem tryggir að vátryggingafélög þurfa að byggja iðgjaldaákvarðanir sínar á traustum og sanngjörnum forsendum en þau þurfa ekki að leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrirfram. Þar sem lögin skilgreina ekki hvað teljist eðlileg arðsemi af vátryggingarekstri verður að túlka ákvæðið svo að svigrúm félaganna til breytinga iðgjalda sé nokkuð rúmt.

Á allra síðustu árum hefur hagnaður af rekstri vátryggingafélaga einkum verið af fjárfestingastarfsemi. Hluti þeirra tekna skilar sér í einstakar vátryggingagreinar í formi liðarins „fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri" í rekstrarreikningi. Fjármálaeftirlitið hefur hins vegar ávallt litið á afkomu rekstrarins í heild í mati á afkomu vátryggingafélaga. Til langs tíma litið ætti viðvarandi góð afkoma félaganna af fjárfestingastarfsemi að skila hagstæðari rekstrarskilyrðum í ökutækjatryggingum.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki talið ástæðu til að gera athugasemdir við umræddar iðgjaldahækkanir vátryggingafélaganna í ökutækjatryggingum. Félögin hafa rökstutt að kostnaður hafi aukist á undanförnum árum og afkoma greinarinnar til skamms tíma því versnað. Fjármálaeftirlitið mun áfram fylgjast með afkomu félaganna í greininni og stöðu tjónaskuldar og grípa til aðgerða ef þurfa þykir.

5. *Er það mat Fjármálaeftirlitsins að framlög í bótasjóðina hafi verið eðlileg með tilliti til áætlaðra tjónaskulda og uppgjörs bifreiðatjóna sl. 5 ár?*

Í áðurnefndri athugun Fjármálaeftirlitsins á iðgjaldagrundvelli og tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum frá árinu 2004 sem tók til uppgjörs tjóna á árunum 1995–2002, komst eftirlitið að þeirri niðurstöðu að „tjónaskuld hafi á fyrri árum heldur verið ofmetin, en að dregið hafi úr því ofmati síðustu ár, m.a. vegna bætts verklags við mat á tjónum og aukins aðhalds."

Þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi ekki ráðist í jafn viðamikla heildarathugun frá þessum tíma telur eftirlitið að á síðustu árum hafi dregið úr öryggisálagi í tjónaskuld. Eins og sjá má í þriðju töflunni í svari við 3. tölul. fyrirspurnarinnar er lækkun mats á óuppgerðum tjónum á tímabilinu einkum vegna tjóna sem áttu sér stað á árunum fyrir 2001, sem einkenndust til dæmis af takmarkaðri reynslu félaganna af áhrifum breytinga á skaðabótalögum sem tóku gildi 1. maí 1999.

Eftirlit með tjónaskuld vátryggingafélaga var aukið árið 2004 með setningu reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 903/2004, um mat á tjónaskuld og gagnaskil, í því sambandi. Þar er kveðið á um almennar verklagsreglur sem Fjármálaeftirlitið fylgist með að farið sé eftir. Einnig eru í 7. gr. reglnanna sérákvæði um lágmörk tjónaskuldar í slysatjónum ábyrgðartrygginga ökutækja og slysatryggingu ökumanns og eiganda. Í 8. gr. þeirra eru ákvæði um efri viðmiðunarmörk í sömu greinum sem kalla eiga á sérstaka athugun Fjármálaeftirlitisins.

Reglurnar miðast við að hægt sé að nálgast uppgjörshraða tjóna með því að reikna hlutfall tjónaskuldar og bókfærðra tjóna á reikningsárinu. Taflan hér að neðan sýnir að vátryggingafélögin í heild hafa verið innan markanna og heldur nær neðri mörkunum síðan reglurnar tóku gildi.

| **Hlutföll tjónaskuldar af bókfærðum tjónum** | **Slysatjón ábyrgðartrygginga** | **Slysatrygging ökumanns og eiganda** |
|---|---|---|
| Lágmarksviðmið | 4,0 | 3,2 |
| Hlutfall 2004 | 5,0 | 4,6 |
| Hlutfall 2005 | 5,0 | 4,3 |
| Hámarksviðmið | 6,7 | 6,1 |

6. *Hvernig hefur eftirliti samkeppnisyfirvalda verið háttað frá árinu 1999 með því að eðlileg samkeppni ríki á tryggingamarkaði?*

Málefni vátryggingafélaganna hafa komið til kasta samkeppnisyfirvalda í fjölda mála á árunum 1999–2007. Í fyrsta lagi má nefna að samkeppnisráð beindi áliti til viðskiptaráðherra árið 2000 varðandi samkeppnishamlandi ákvæði í þágildandi reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna, sbr. álit nr. 3/2000, *Kvörtun vegna samkeppnishamlandi áhrifa reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna.* Taldi stofnunin að ákvæði reglugerðarinnar um að vátryggjandi mætti ekki brunatryggja húseign hjá öðru vátryggingafélagi, ef hann skuldaði eldri brunatryggingu vegna sömu húseignar, fara gegn markmiði samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun benti á að upplýsingamiðlun á milli keppinauta um viðskiptavini sína færi gegn markmiði samkeppnislaga, einkum í ljósi þess að íslenskur vátryggingamarkaður væri fákeppnismarkaður.

Í öðru lagi má nefna að yfirgripsmikilli rannsókn samkeppnisyfirvalda á íslenskum vátryggingamarkaði lauk með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/2004, *Rannsókn á samkeppnishindrandi samstarfi á íslenska vátryggingamarkaðnum*. Rannsóknin átti upphaf sitt að rekja til húsleitar samkeppnisyfirvalda hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) og Íslenskri endurtryggingu hf. (ÍE) árið 1997 vegna vísbendinga um að aðildarfélög SÍT hefðu brotið gegn bannákvæðum samkeppnislaga á vettvangi nefndra félaga. Í ákvörðuninni var komist að þeirri niðurstöðu að samvinna vátryggingafélaganna innan SÍT og ÍE hefði farið gegn samkeppnislögum. Með ákvörðuninni voru vátryggingafélögunum sett ýmis skilyrði varðandi stjórnarsetu, upplýsingamiðlun, opinbert fyrirsvar og hagsmunagæslu innan SÍT og ÍE með það að markmiði að koma í veg fyrir frekari röskun á samkeppni.

Í þriðja lagi tók samkeppnisráð ákvörðun 23. febrúar 2005 í máli nr. 9/2005, *Ólögmætt samráð tryggingafélaganna við að taka upp Cabas-tjónamatskerfi við bifreiðaréttingar og sprautun*. Í málinu var komist að þeirri niðurstöðu að Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS), Sjóvá – Almennar tryggingar hf. og Tryggingamiðstöðin hf. hefðu haft með sér ólögmætt samráð við innleiðingu á kerfi við mat á bifreiðatjónum. Var félögunum gert að greiða stjórnvaldssekt vegna samráðsins.

Í fjórða lagi beitti samkeppnisráð íhlutun vegna kaupa VÍS á Íslandstryggingu hf. og vegna samruna Íslandstryggingar og Varðar vátryggingafélags, sbr. ákvörðun ráðsins nr. 14/2005. Var samrunanum sett ýmis skilyrði sem miðuðu að því að koma í veg fyrir hugsanlega röskun á samkeppni. Skilyrðin lutu m.a. að rekstrarlegum og stjórnunarlegum aðskilnaði á milli rekstrar VÍS og rekstrar Varðar Íslandstryggingar, en að auki voru upplýsingaskiptum á milli félaganna settar ýmsar skorður. Málefni sömu félaga komu til kasta samkeppnisyfirvalda í annari ákvörðun síðla ársins 2005 þar sem samvinnu nefndra félaga á sviði bókhalds, innheimtu, upplýsingatækni og tjónaskoðunar voru sett takmörk, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2005, *Samvinna Vátryggingafélags Íslands hf. og Varðar Íslandstryggingar hf.*

Að lokum má nefna að málefni vátryggingafélaganna komu til kasta samkeppnisyfirvalda með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2006 þar sem beiðni SÍT um undanþágu frá bannreglu 10. gr. samkeppnislaga vegna sameiginlegs útboðs f.h. allra bifreiðatryggingafélaganna á flutningum tjónabifreiða af vettvangi á höfuðborgarsvæðinu var hafnað. Var beiðninni hafnað á þeim grundvelli að öll samvinna keppinauta á fákeppnismarkaði væri varhugaverð en ekki var talið að skilyrði væru til að veita undanþágu frá ákvæðinu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga.

Af framangreindu má ljóst vera að málefni vátryggingafélaganna og samkeppni á vátryggingamarkaði hafa verið til ítarlegrar skoðunar hjá samkeppnisyfirvöldum í fjölda mála á þeim árum sem fyrirspurnin lýtur að. Hér ber einnig að athuga að fyrir utan framangreind mál þar sem teknar voru ákvarðanir sem birtar voru opinberlega hafa ýmis smærri stjórnsýslumál tengd vátryggingafélögunum jafnframt komið til ákvörðunar samkeppnisyfirvalda á sama tíma.

# 872. Svar [476. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fjármagnstekjur og raunávöxtun vátryggingaskulda tryggingafélaganna.

Svar þetta byggist á upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Rétt er að geta þess að Fjármálaeftirlitinu hafa ekki verið sendir ársreikningar vátryggingafélaga og tengd gögn fyrir árið 2006, þar sem frestur skv. 47. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, er ekki liðinn. Í svörum Fjármálaeftirlitsins er því stuðst við uppgjör áranna 2001–2005. Gögn Varðar Íslandstryggingar hf. yfir árin 2001–2004 eru samanlögð gögn Varðar vátryggingafélags hf. og Íslandstryggingar hf.

1. *Hversu miklum fjármagnstekjum vegna vátryggingaskuldar (í krónum og sem hlutfall af heildarfjármagnstekjum) var skilað inn í skaðatryggingagreinarnar hjá tryggingafélögunum á sl. 5 árum, sundurliðað eftir árum, skaðatryggingagreinum og vátryggingafélögum?*

Töflurnar fjórar hér á eftir sýna hvernig fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri sundurliðast á hverja grein skaðatrygginga á árunum 2001–2005 fyrir fjögur stærstu skaðatryggingafélögin.

| **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.** | **2001** | **2002** | **2003** | **2004** | **2005** |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignatryggingar | 72.694 | 35.221 | 153.618 | 150.106 | 165.409 |
| Sjótryggingar | 11.816 | 5.091 | 22.623 | 20.592 | 10.016 |
| Flugtryggingar | 10 | 0 | 201 | 143 | 1.749 |
| Farmtryggingar | 10.676 | 4.720 | 18.927 | 16.738 | 8.676 |
| Ökutækjatryggingar | 1.036.073 | 469.730 | 1.573.256 | 1.137.857 | 1.168.905 |
| Greiðslu- og efndavátryggingar | 557 | 170 | 1.181 | 1.734 | 1.912 |
| Ábyrgðartryggingar | 109.575 | 51.430 | 180.144 | 131.375 | 152.100 |
| Slysa- og sjúkratryggingar | 88.013 | 47.109 | 184.049 | 153.554 | 175.512 |
| Endurtryggingar | 73.921 | 26.708 | 73.814 | 46.857 | 36.964 |

| **Tryggingamiðstöðin hf.** | **2001** | **2002** | **2003** | **2004** | **2005** |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignatryggingar | 43.140 | 44.490 | 76.692 | 69.965 | 57.163 |
| Sjótryggingar | 60.817 | 56.380 | 85.637 | 56.122 | 32.010 |
| Flugtryggingar | 655 | 388 | 356 | 183 | 40 |
| Farmtryggingar | 14.384 | 15.898 | 23.881 | 14.710 | 11.115 |
| Ökutækjatryggingar | 521.443 | 503.726 | 766.303 | 600.028 | 565.720 |
| Greiðslu- og efndavátryggingar | 1.847 | 2.219 | –553 | –4.425 | –4.475 |
| Ábyrgðartryggingar | 109.390 | 99.526 | 133.753 | 82.864 | 69.522 |
| Slysa- og sjúkratryggingar | 79.493 | 92.193 | 198.573 | 163.955 | 149.872 |
| Endurtryggingar | 22.203 | 14.753 | 19.804 | 11.866 | 6.634 |

| Vátryggingafélag Íslands hf. | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignatryggingar | 85.943 | 66.450 | 88.370 | 79.850 | 72.940 |
| Sjótryggingar | 15.200 | 11.900 | 14.800 | 13.920 | 13.280 |
| Flugtryggingar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Farmtryggingar | 7.920 | 4.900 | 6.140 | 6.390 | 6.040 |
| Ökutækjatryggingar | 1.169.420 | 836.100 | 1.191.095 | 1.181.167 | 1.098.390 |
| Greiðslu- og efndavátryggingar | 360 | 130 | 330 | 650 | 590 |
| Ábyrgðartryggingar | 118.310 | 86.390 | 121.100 | 127.900 | 127.360 |
| Slysa- og sjúkratryggingar | 201.150 | 150.240 | 226.200 | 233.700 | 196.380 |
| Endurtryggingar | 13.060 | 8.540 | 11.320 | 10.210 | 9.190 |

| Vörður Íslandstrygging hf. | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignatryggingar | 188 | 282 | 1.741 | 7.202 | 15.311 |
| Sjótryggingar | 1.799 | 1.036 | 748 | 2.504 | 7.040 |
| Farmtryggingar | 55 | 4 | 175 | 501 | 822 |
| Ökutækjatryggingar | 6.249 | 7.468 | 17.646 | 42.553 | 65.799 |
| Greiðslu- og efndavátryggingar | 0 | 0 | 19 | 151 | 200 |
| Ábyrgðartryggingar | 1.401 | 893 | 1.001 | 2.445 | 4.049 |
| Slysa- og sjúkratryggingar | 471 | 529 | 1.538 | 3.316 | 6.662 |
| Endurtryggingar | 654 | 223 | 432 | 284 | 0 |

Næsta tafla sýnir fjárfestingartekjur yfirfærðar á vátryggingarekstur í heild fyrir hvert þessara félaga.

**Fjárfestingartekjur yfirfærðar á vátryggingarekstur í heild**

| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 1.403.334 | 640.179 | 2.207.814 | 1.658.957 | 1.721.241 |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 853.371 | 829.519 | 1.304.446 | 995.268 | 887.601 |
| Vátryggingafélag Íslands hf. | 1.611.363 | 1.164.650 | 1.659.355 | 1.653.787 | 1.524.170 |
| Vörður Íslandstrygging hf. | 10.817 | 10.664 | 23.302 | 58.957 | 99.884 |

Tekjur vátryggingafélaga af heildarfjármálarekstri eru ekki sundurliðaðar á vátryggingagreinar.

Næsta tafla sýnir hlutfall fjárfestingartekna af vátryggingarekstri félaganna í heild af tekjum af fjármálarekstri. Hlutföllin gefa til kynna hversu mikinn hluta fjárfestingartekna sinna vátryggingafélögin telja mega rekja til þess sem þau telja raunhæfa ávöxtun af vátryggingaskuld. Hlutföllin ráðast annars vegar af stærð vátryggingaskuldar í hlutfalli af efnahagsreikningi félagsins og hins vegar af vup-viðmiðunarvaxtafæti (sjá svör við 2. og 3. lið).

**Hlutfall fjárfestingartekna af vátryggingarekstri af tekjum af fjármálarekstri**

| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 92% | 74% | 37% | 27% | 28% |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 79% | 66% | 64% | 30% | 9% |
| Vátryggingafélag Íslands hf. | 86% | 77% | 77% | 44% | 13% |
| Vörður Íslandstrygging hf. | 79% | 53% | 55% | 66% | 73% |

2. *Hversu mikil raunávöxtun vegna vátryggingaskuldar var tekjufærð inn á skaðatryggingagreinarnar hjá tryggingafélögunum á sl. 5 árum, sundurliðað eftir árum, skaðatryggingagreinum og vátryggingafélögum?*

Í eftirfarandi töflu má sjá vaxtafót sem notaður var við ákvörðun fjárfestingartekna af vátryggingarekstri. Taflan sýnir upplýsingar fyrir sömu vátryggingafélög og í 1. lið. Sýndur er vaxtafótur að nafnvirði sem og raunávöxtun sem fæst með því að taka tillit til hækkana á vísitölu neysluverðs á árinu. Vaxtafóturinn er sá sami fyrir allar vátryggingagreinar.

| | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Nafn | Raun | Nafn | Raun | Nafn | Raun | Nafn | Raun | Nafn | Raun |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 10,3% | 1,6% | | | | | | | | |
| Vátryggingafélag Íslands hf. | 10,5% | 1,7% | 7,0% | 4,9% | 9,6% | 6,6% | 9,5% | 5,4% | 9,1% | 4,8% |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 10,7% | 1,9% | 9,3% | 7,2% | 13,8% | 10,7% | 9,1% | 5,1% | 8,8% | 4,5% |
| Vörður vátryggingafélag | 10,5% | 1,7% | 8,2% | 6,1% | 10,7% | 7,7% | 6,1% | 2,1% | 8,0% | 3,7% |
| Íslandstrygging hf. | | | 5,6% | 3,5% | 6,1% | 3,2% | 10,2% | 6,1% | | |

Árin 2002–2005 gáfu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. upp aðferð við útreikning vaxtafótar en ekki vaxtafótinn sjálfan. Árið 2005 voru Vörður og Íslandstrygging sameinuð í Vörð Íslandstryggingu hf.

3. *Hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við hvernig fjármagnstekjur og raunávöxtun hefur skilað sér inn í skaðatryggingagreinarnar á sl. 5 árum?*

Í 10. gr. upphaflegrar reglugerðar nr. 613/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga, segir að fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri skuli vera reiknuð ávöxtun af meðaltali eigin vátryggingaskuldar í upphafi og lok reikningsársins auk reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á eigin vátryggingaskuld. Við vaxtaútreikninginn skuli nota vaxtafót sem er jafnhár og meðaltal ávöxtunarkröfu á reikningsárinu af þriggja til fimm ára verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs í viðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands (nú Kauphöll Íslands) og skuli Vátryggingaeftirlitið (nú Fjármálaeftirlitið) birta vátryggingafélögum þessa viðmiðun.

Í breytingum sem gerðar voru á reglugerðinni með reglugerð nr. 956/2001 var ákvæðinu breytt á þann veg að við ákvörðun vaxtafótar skyldi miða við eðlilega ávöxtun í samræmi við fjárstreymi í vátryggingarekstrinum. Þannig var horfið frá því að Fjármálaeftirlitið skyldi ákveða vaxtafót við ákvörðun fjárfestingartekna af vátryggingarekstri. Jafnframt var fellt niður ákvæði um að taka skyldi tillit til áhrifa verðlagsbreytinga.

Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2002, um reikningsskil vátryggingafélaga, voru gefin út í kjölfar skýrslu nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði til að endurskoða reglugerðir um ársreikninga vátryggingafélaga. Nefndin skilaði áliti í lok nóvember 2001. Tilmælin fjalla um framkvæmd á nefndri reglugerð nr. 613/1996. Í 8. tölul. tilmælanna segir að sem vaxtafót megi hvort sem er nota ytri viðmiðun, eins og kveðið var á um í ákvæðum eldri 10. gr. eða ávöxtun úr starfsemi félagsins. Ákvæði reglugerðar nr. 646/1995, um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld vátryggingafélaga, kunna að takmarka ávöxtunarmöguleika, þannig að réttlætanlegt getur verið að nota vaxtafót sem er annar en meðalávöxtun félagsins.

Ákvörðun vaxtafótar við ákvörðun fjárfestingartekna af vátryggingarekstri og viðmiða þar að lútandi er á ábyrgð vátryggingafélaganna sjálfra og birtast niðurstöður þar að lútandi í endurskoðuðum ársreikningi. Eftirlit Fjármálaeftirlitsins felst í því að skoða hvort viðmiðin

eru innan eðlilegra marka miðað við rökstuðning félaganna. Fjármálaeftirlitið hefur á síðastliðnum fimm árum ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir við viðmið félaganna.

# 873. Frumvarp til laga [588. mál]

um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Gildissvið, markmið og skilgreiningar.

### 1. gr.
*Gildissvið og yfirstjórn.*

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka til:

a. sölu á gistingu,
b. sölu og veitingar hvers kyns veitinga í atvinnuskyni á veitingastöðum og gististöðum og öðrum stöðum, svo sem samkomusölum eða um borð í skipum,
c. tækifærisleyfa vegna skemmtanahalds,
d. útleigu samkomusala í atvinnuskyni.

Lög þessi taka þó hvorki til framleiðslu og dreifingar matvæla, sbr. lög um matvæli, né hollustuhátta, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um veitingu og neyslu áfengis, að öðru leyti en kveðið er á um lögum þessum, fer eftir ákvæðum áfengislaga.

### 2. gr.
*Markmið.*

Markmið laga þessara er að tryggja allsherjarreglu í starfsemi veitinga- og gististaða og við skemmtanahald og stuðla að stöðugleika í rekstri, sem og að starfsemi falli að skipulagi viðkomandi sveitarfélags hverju sinni.

### 3. gr.
*Flokkun gististaða.*

Gististaðir eru staðir þar sem boðin er gisting til lengri eða skemmri tíma gegn endurgjaldi, svo sem á hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, íbúðum og sumarhúsum, með eða án veitinga. Heimagisting er gisting á heimili leigusala gegn endurgjaldi.

Heimilt er að gera mismunandi kröfur til starfsemi í rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum og haga gjaldtöku þess eftir tegund og flokkun gististaða.

Flokkun gististaða er sem hér segir:

Flokkur I: Heimagisting.
Flokkur II: Gististaður án veitinga.
Flokkur III: Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.
Flokkur IV: Gististaður með minibar.
Flokkur V: Gististaður með bar og/eða veitingaaðstöðu þar sem áfengi er veitt.

Í reglugerð er heimilt að kveða nánar á um einstakar tegundir gististaða, flokkun þeirra og búnað.

4. gr.

*Flokkun veitingastaða.*

Veitingastaðir eru staðir þar sem eitthvað af eftirfarandi á við:

a. Framreiddur er matur og/eða drykkur sem boðinn er viðskiptavinum í atvinnuskyni, til neyslu á staðnum, þar með taldir skemmtistaðir þar sem fram fer reglubundið skemmtanahald og samkomusalir sem leigðir eru í atvinnuskyni.
b. Framreiddur er og boðinn til sölu, í atvinnuskyni, matur sem ekki er til neyslu á staðnum, enda er sú starfsemi meginstarfsemi staðarins.

Heimilt er að gera mismunandi kröfur til starfsemi í rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum og haga gjaldtöku þess eftir tegund og flokkun veitingastaða.

Veitingastaðir flokkast með eftirfarandi hætti:

Flokkur I: Staðir án áfengisveitinga.

Flokkur II: Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist, og afgreiðslutími er ekki lengri en til kl. 23 og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Flokkur III: Umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er hávær tónlist og/eða afgreiðslutími er lengri en til kl. 23 og kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.

Á veitingastöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Leyfisveitandi getur þó heimilað í rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum að fram fari nektardans í atvinnuskyni á veitingastað, að fengnum jákvæðum umsögnum umsagnaraðila skv. 10. gr. Á slíkum stöðum er sýnendum óheimilt að fara um á meðal áhorfenda og jafnframt eru hvers konar einkasýningar bannaðar.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um einstakar tegundir veitingastaða, flokkun þeirra og búnað.

## II. KAFLI
## **Almenn ákvæði um veitingastaði.**

5. gr.

*Dvöl ungmenna á veitingastöðum.*

Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 22 á kvöldin og fram til lokunar staðarins nema í fylgd með foreldrum sínum, öðrum forráðamönnum, ættingjum eða maka, 18 ára eða eldri. Dyraverðir, eftirlitsmenn, framreiðslumenn og/eða aðrir sem ábyrgð bera á rekstri staðarins skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 22 að kvöldi, án framangreindrar fylgdar, sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt enda sé ástæða til að ætla að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

Veita má í reglugerð undanþágu frá reglu 1. mgr. sem tekur til ákveðinna tegunda veitingastaða og sérstakra tilefna, svo sem skóladansleikja, enda fari engar áfengisveitingar þar fram og afgreiðslutími viðkomandi veitingastaðar sé í samræmi við heimilan afgreiðslutíma

samkvæmt rekstrarleyfi staðarins, nema sótt hafi verið um tímabundið leyfi skv. 4. mgr. 18. gr.

6. gr.

*Dyravarsla.*

Dyravarsla á veitingahúsum og öðrum samkomum fer eftir flokkun þeirra, tegund, stærð, afgreiðslutíma og hvort um áfengisveitingar er að ræða. Nánar skal kveða á um hæfni og þjálfun dyravarða í reglugerð og er heimilt að kveða þar á um að dyraverðir skuli sækja sérstök námskeið þar sem farið er yfir atriði sem á reynir við dyravörslu, svo sem ákvæði áfengislaga, hjálp í viðlögum, viðbrögð við óspektum og hvernig þekkja megi merki um neyslu og sölu ólöglegra vímuefna. Leyfisveitanda er heimilt að binda útgáfu rekstrarleyfis því skilyrði að hluti dyravarða hafi lokið slíku námskeiði.

Nánar skal kveða á um skyldu til dyravörslu og framkvæmd námskeiða í reglugerð.

III. KAFLI

**Leyfisveitingar.**

7. gr.

*Leyfisskylda.*

Hver sá sem hyggst stunda starfsemi sem fellur undir lög þessi skal hafa til þess rekstrarleyfi útgefið af leyfisveitanda. Í rekstrarleyfi getur falist leyfi til sölu gistingar og/eða veitingar og sölu veitinga, hvort sem er í mat eða drykk, bæði áfengra og óáfengra, og/eða útleiga samkomusala í atvinnuskyni.

Rekstrarleyfið skal tilgreina þann flokk og þá tegund staðar sem starfsemi fellur undir og leyfi fæst fyrir.

Leyfisveitendur samkvæmt lögum þessum eru sýslumenn að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út leyfi í umdæmi hans.

Leyfisbréf vegna leyfisskyldrar starfsemi samkvæmt lögum þessum skal leyfishafi hafa sýnilegt fyrir viðskiptavini þar sem leyfisskyld starfsemi fer fram.

8. gr.

*Skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla.*

Til þess að öðlast rekstrarleyfi þarf umsækjandi og/eða forsvarsmaður umsækjanda ef hann er lögaðili að uppfylla eftirfarandi skilyrði og framvísa nauðsynlegum vottorðum því til staðfestingar:

a. Hafa búsetu á Íslandi.
b. Vera lögráða og hafa náð a.m.k. 20 ára aldri á umsóknardegi.
c. Hafa forræði á búi sínu.
d. Hafa tilkynnt atvinnurekstur til skráningar hjá viðkomandi skattstjóra.
e. Hafa ekki á síðustu fimm árum gerst sekur um háttsemi sem varðar við almenn hegningarlög, lög um ávana- og fíkniefni, lög um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald eða ársreikninga eða lög um tekjuskatt, lög um virðisaukaskatt, lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, lög um tryggingagjald né lög þessi sem og reglur settar samkvæmt tilgreindum lögum.
f. Hafa ekki verið sviptur leyfi til rekstrar gististaðar, veitingastaðar eða áfengisveitinga á síðustu fimm árum frá umsókn.

g. Skulda ekki skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóð sem nema samanlagt hærri fjárhæð en 500.000 kr.

Ákvæði c–g-liðar 1. mgr. gilda jafnt um umsækjanda sem er lögaðili og forsvarsmann umsækjanda.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði rekstrarleyfis og gögn sem afla þarf.

9. gr.

*Umsókn.*

Umsækjandi um leyfi samkvæmt lögum þessum getur verið hvort sem er einstaklingur eða lögaðili. Ef leyfishafi er lögaðili skal tilgreindur forsvarsmaður sem jafnframt ber ábyrgð á rekstrinum og uppfyllir skilyrði laga þessara.

Umsókn skal vera skrifleg og send leyfisveitanda í því umdæmi þar sem leyfisskyld starfsemi er fyrirhuguð. Sækja skal um rekstrarleyfi vegna sölu veitinga um borð í skipum til leyfisveitanda þar sem heimahöfn skipsins er samkvæmt lögum um skráningu skipa.

Umsóknareyðublað skal vera tiltækt bæði á prentuðu formi hjá leyfisveitanda og rafrænt á heimasíðu hans. Skal þar getið um þau gögn sem fylgja þurfa umsókn.

Heimilt er að skila umsókn rafrænt og skal á umsókn vera heimild til handa umsækjanda að fela leyfisveitanda að afla nauðsynlegra gagna sem fylgja þurfa umsókn rafrænt, þar sem slíkt er mögulegt. Kjósi umsækjandi að nýta sér þessa heimild skal það skoðast sem upplýst samþykki í skilningi laga um persónuvernd.

Heimilt er að kveða nánar á um það sem koma þarf fram í umsókn og um fylgigögn með umsókn í reglugerð.

10. gr.

*Umsóknarferli.*

Útgáfa rekstrarleyfis samkvæmt lögum þessum er háð því að starfsleyfi, sem gefin eru út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli, fáist fyrir þeirri starfsemi sem umsókn lýtur að.

Liggi starfsleyfi heilbrigðisnefndar ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má hjá leyfisveitanda, hvort sem er á skrifstofu hans eða heimasíðu. Um umsókn um starfsleyfi fer eftir ákvæðum laga og reglna sem um slík leyfi gilda.

Þegar fullnægjandi umsókn um rekstrarleyfi hefur borist leyfisveitanda skal hann þegar í stað senda umsókn til umsagnaraðila skv. 4. mgr. þrátt fyrir að starfsleyfi liggi ekki fyrir.

Leyfisveitandi skal leita umsagna eftirtalinna aðila í því umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð og skulu umsagnir vera skýrar og rökstuddar:

1. Sveitarstjórnar sem m.a. staðfestir að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um.
2. Heilbrigðisnefndar sem gætir að samræmi við starfsleyfi og metur grenndaráhrif starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist.
3. Slökkviliðs sem staðfestir að kröfum um brunavarnir sé fullnægt.
4. Vinnueftirlits sem m.a. kannar hvort aðstæður á vinnustað séu í samræmi við ákvæði laga og reglna.
5. Byggingarfulltrúa sem m.a. staðfestir að starfsemin sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála sem og að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu.
6. Lögreglu sem m.a. kveður á um nauðsyn til dyravörslu.

Óheimilt er að gefa út rekstrarleyfi ef einhver framangreindra aðila leggst gegn útgáfu leyfisins og skal rekstrarleyfi jafnframt bundið þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í umsögnunum.

Leita skal umsagnar Siglingastofnunar Íslands áður en leyfi er veitt til veitingarekstrar um borð í skipi auk annarra umsagna eftir því sem við á.

Heimilt er með reglugerð að kveða nánar á um umsóknarferli vegna rekstrarleyfa, þar á meðal útgáfu leiðbeininga fyrir umsagnaraðila um þau atriði sem umsögn skal lúta að og tímafresti.

11. gr.

*Rekstrarleyfi.*

Rekstrarleyfi til starfsemi samkvæmt lögum þessum skal veitt til fjögurra ára í senn og getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis að þeim tíma loknum.

Heimilt er að veita rekstrarleyfi til skemmri tíma óski umsækjandi eftir því eða sérstakar ástæður mæla með því en þó ekki í styttri tíma en til eins árs í senn. Rekstrarleyfi er bundið við leyfishafa og er á engan hátt framseljanlegt. Þá er rekstrarleyfið jafnframt bundið við hina tilgreindu starfsemi og staðsetningu.

Í rekstrarleyfi skal koma fram gildistími leyfis, sú starfsemi sem veitt er leyfi fyrir og þau skilyrði sem sett eru fyrir leyfi, svo sem um gestafjölda, heimilan afgreiðslutíma, heimild til útiveitinga, dyravörslu, hávaða, umgengni, öryggi, þrifnað og annan aðbúnað.

Heimilt er að binda rekstrarleyfi mismunandi skilyrðum og haga töku leyfisgjalds eftir flokkun og tegund starfsemi. Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um mismunandi kröfur sem gera má til starfsemi og mismunandi skilyrði sem setja má fyrir rekstrarleyfi eftir tegund og flokkun staða og annað það sem koma skal fram í rekstrarleyfi.

12. gr.

*Breytingar er varða rekstrarleyfi og leyfishafa.*

Leyfishafi skal tilkynna leyfisveitanda þegar í stað um fyrirhugaðar breytingar sem varða hina leyfisskyldu starfsemi. Kalli þær á breytingar á skilmálum gildandi rekstrarleyfis skal sótt um slíkar breytingar sérstaklega til leyfisveitanda.

Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi er fyrir samkvæmt lögum þessum eða hyggist leyfishafi hætta hinni leyfisskyldu starfsemi skal það tilkynnt leyfisveitanda án tafar. Leyfishafi ber ábyrgð á rekstrinum þar til slík tilkynning hefur borist leyfisveitanda en nýr aðili sem við rekstrinum tekur frá þeim tíma og skal hann þegar í stað sækja um nýtt rekstrarleyfi.

Með umsókn skv. 1.–2. mgr. skal að jafnaði fara eftir ákvæðum 9.–11. gr. eftir því sem við á. Leyfisveitanda er þó heimilt að falla frá öflun umsagna skv. 10. gr. að öllu leyti eða hluta ef um umsókn skv. 2. mgr. er að ræða telji hann slíkt óþarft, svo sem ef ekki er um breytingar að ræða á starfsemi sem rekstrarleyfi tekur til. Um umsókn og skilyrði fyrir rekstrarleyfi fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Á meðan umsókn skv. 1.–2. mgr. er til meðferðar má leyfisveitandi gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og giltu um hið fyrra leyfi, til allt að þriggja mánaða. Að liðnum þriggja mánaða gildistíma bráðabirgðaleyfis verður bráðabirgðaleyfi einungis framlengt ef umsækjanda verður ekki kennt um tafir á útgáfu rekstrarleyfis.

Leyfisveitandi skal tilkynna umsagnaraðilum um nýjan rekstraraðila eftir því sem við á.

Gildistími rekstrarleyfis sem sótt er um breytingar á skv. 1. mgr. breytist ekki við breytingar á starfsemi nema leyfisveitandi telji sérstakar ástæður til þess. Við gjaldtöku vegna við-

bótarstarfsemi skal miða við mismun gjalds vegna upphaflegs rekstrarleyfis og gjalds fyrir rekstrarleyfi eftir breytingu.

13. gr.

*Endurnýjun rekstrarleyfis.*

Leyfishafi sem vill endurnýja rekstrarleyfi sitt skal sækja um endurnýjun til leyfisveitanda a.m.k. tveimur mánuðum áður en gildandi rekstrarleyfi rennur út.

Meðan umsókn um endurnýjun er til meðferðar er leyfisveitanda heimilt að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og giltu um hið fyrra rekstrarleyfi, til allt að þriggja mánaða. Gildistími bráðabirgðaleyfis verður þó aldrei lengri en þrír mánuðir frá því að rekstrarleyfi rann út. Að þeim tíma liðnum verður bráðabirgðaleyfi ekki framlengt nema tafir á afgreiðslu endurnýjunar sé ekki að rekja til umsækjanda. Óheimilt er að gefa út bráðabirgðarekstrarleyfi hafi umsókn um endurnýjun borist eftir að fyrra rekstrarleyfi rann út.

Við mat á umsókn um endurnýjun skal taka mið af því hvernig starfsemi hefur gengið á leyfistíma og þeirri reynslu sem fengist hefur af rekstrinum. Skal við það hafa hliðsjón af tilkynningum og upplýsingum sem borist hafa frá eftirlitsaðilum skv. 21. gr. á leyfistíma og skal leyfisveitandi leita upplýsinga frá eftirlitsaðilum skv. 21. gr. og umsagna skv. 10. gr., um starfsemi, eftir því sem hann telur nauðsynlegt til afgreiðslu umsóknar.

Ef ekki er um breytingar á starfsemi að ræða og starfsemi hefur verið athugasemdalaus af hálfu eftirlitsaðila skv. 21. gr. á leyfistíma er leyfisveitanda heimilt að gefa út nýtt rekstrarleyfi án þess að leita umsagna skv. 10. gr.

Um endurnýjun starfsleyfis heilbrigðisnefnda fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## IV. KAFLI

## Synjun, brottfall, afturköllun og svipting rekstrarleyfis.

14. gr.

*Synjun rekstrarleyfis.*

Leyfisveitandi synjar um rekstrarleyfi ef einhver af skilyrðum 8. gr. eru ekki uppfyllt og/eða einhver umsagnaraðila skv. 10. gr. mælir gegn útgáfu rekstrarleyfis.

Umsækjanda skal tilkynnt um fyrirhugaða synjun skriflega og skal þar getið um ástæður hennar. Skal umsækjanda gefinn kostur á að bæta úr því sem er ábótavant við umsókn, ef þess er kostur, innan hæfilegs tíma sem tilgreindur skal í tilkynningu. Að öðrum kosti skal umsókn synjað.

15. gr.

*Brottfall, innlögn, afturköllun og svipting rekstrarleyfis.*

Rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum fellur niður við lok gildistíma sem tiltekinn er í leyfisbréfi. Rekstrarleyfi telst jafnframt niður fallið frá þeim tíma þegar það er móttekið hjá leyfisveitanda kjósi leyfishafi að leggja það inn.

Leyfisveitandi skal afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi eða forsvarsmaður uppfylla ekki lengur skilyrði 8. gr., sbr. þó heimild 16. gr.

Leyfisveitanda er heimilt að svipta leyfishafa rekstrarleyfi tímabundið verði hann eða forsvarsmaður hans uppvís að því að misnota rekstrarleyfið eða vanrækja skyldur sem á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum sem um reksturinn gilda eða brjóti hann

að öðru leyti gegn skilyrðum eða skilmálum leyfisins. Verði leyfishafi uppvís að ítrekuðum brotum samkvæmt þessari málsgrein er leyfisveitanda heimilt að svipta leyfishafa rekstrarleyfinu að fullu.

Áður en kemur til afturköllunar skv. 2. mgr. eða sviptingar skv. 3. mgr. skal leyfisveitandi senda leyfishafa viðvörun þar um, þar sem fram komi tilefni afturköllunar eða sviptingar og skal leyfishafa eftir atvikum gefinn frestur til að bæta úr annmörkum sé það mögulegt.

Komi til afturköllunar eða sviptingar rekstrarleyfis skal leyfishafa tilkynnt um það skriflega og frá hvaða tíma rekstrarleyfið telst niður fallið og skal leyfishafi skila leyfisbréfi til leyfisveitanda án tafar fyrir þau tímamörk. Leyfisveitandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd um afturköllun eða sviptingu rekstrarleyfis

Við innlögn rekstrarleyfis á leyfishafi ekki rétt á endurgreiðslu hluta gjalds sem greitt var fyrir rekstrarleyfi þótt leyfistími sé ekki liðinn. Sama gildir ef rekstrarleyfi er afturkallað skv. 2. mgr. eða leyfishafi er sviptur rekstrarleyfi skv. 3. mgr.

Beita skal úrræði 23. gr. um lokun staðar ef starfsemi er haldið áfram eftir brottfall rekstrarleyfis, afturköllun eða sviptingu þess skv. 1.–3. mgr.

16. gr.

*Gjaldþrot eða andlát.*

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur og tekur skiptastjóri þrotabúsins þá stöðu leyfishafa.

Dánarbúi leyfishafa eða þeim sem hefur tekið við starfsemi að arfi er heimilt að halda starfseminni áfram í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs rekstrarleyfis en sækja skal um bráðabirgðaleyfi ef rekstrarleyfi rennur út innan ársins. Að þeim tíma liðnum skal erfingi sækja um rekstrarleyfi vilji hann halda starfsemi áfram.

## V. KAFLI
## **Tækifærisleyfi.**

17. gr.

*Tækifærisleyfi.*

Sækja þarf um leyfi fyrir einstakar skemmtanir og atburði sem fram fara utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni og eru til þess fallnir að valda ónæði, svo sem vegna hávaða, og kalla á eftirlit og/eða löggæslu. Hér undir geta fallið t.d. útihátíðir, útitónleikar, skóladansleikir og tjaldsamkomur. Leyfi samkvæmt ákvæði þessu er bundið við einstaka skemmtun og/eða atburð og skal gildistími að jafnaði ekki vera lengri en 7 dagar. Ekki þarf leyfi fyrir einkasamkvæmum.

Sækja skal um tækifærisleyfi með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Umsækjandi og/eða forsvarsmaður ef umsækjandi er lögaðili skal uppfylla skilyrði 8. gr. eftir því sem við á. Leyfisveitanda er þó heimilt að víkja frá fjárræðisskilyrði í því tilviki að umsækjandi hafi ekki náð tilskildum aldri enda verði tilnefndur ábyrgðarmaður að skemmtun eða atburði sem uppfyllir skilyrðið.

Leyfisveitandi getur bundið leyfi eftirfarandi skilyrðum að fenginni umsögn lögreglustjóra:

1. að sá sem fyrir skemmtun stendur geri fullnægjandi ráðstafanir til að halda uppi reglu, öryggi og velsæmi,
2. að eigi annist aðrir dyravörslu en hann samþykkir,
3. að lögreglumenn verði á skemmtuninni,

4. að sá sem fyrir skemmtun stendur greiði kostnað af ráðstöfunum sem lögreglustjóri ákveður,
5. öðrum þeim skilyrðum sem nauðsyn ber til, svo sem um aldur og fjölda gesta og slit skemmtunar.

Leyfisveitandi skal jafnframt leita umsagna heilbrigðisnefnda og slökkviliðs og eftir atvikum annarra umsagnaraðila skv. 10. gr.

Heimilt er leyfisveitanda að krefja leyfishafa um þann kostnað sem leiðir af aukinni löggæslu umfram venjubundna löggæslu á sama tíma. Getur leyfisveitandi krafist þess að sá kostnaður verði greiddur fyrir fram eða trygging sett fyrir greiðslu hans.

Ákvæði 23. gr. gilda um úrræði vegna brota gegn ákvæði þessu.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd við útgáfu leyfa, skilyrði fyrir leyfum og innheimtu og ákvörðun löggæslukostnaðar.

18. gr.

*Tímabundin áfengisveitingaleyfi.*

Sækja þarf um leyfi til sölu og/eða afhendingar áfengisveitinga við einstök tækifæri í atvinnuskyni hvort sem um beina sölu veitinganna er að ræða eða hvers kyns afhendingu þeirra, svo sem í kynningarskyni, á sýningum eða sem lið í hvers konar samkomu- og/eða ráðstefnuhaldi, hvort sem er innandyra, undir berum himni eða í tjaldi. Slík leyfi verða eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftar en fjórum sinnum ár hvert vegna sama staðar.

Ekki þarf leyfi fyrir áfengisveitingum í einkasamkvæmum.

Tímabundið leyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki gefið út til veitingar og/eða sölu áfengisveitinga á stað sem hefur fengið útgefið rekstrarleyfi heldur fara allar áfengisveitingar á slíkum stöðum fram á grundvelli rekstrarleyfisins og á ábyrgð leyfishafa.

Rekstrarleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi samkvæmt ákvæði þessu sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga.

Um leyfi samkvæmt ákvæði þessu fer samkvæmt ákvæðum 17. gr. eftir því sem við á og er leyfið bundið við einstaka atburði og getur gilt í allt að 7 daga hið mesta. Ákvæði 23. gr. gilda um úrræði vegna brota.

Heimilt er að kveða nánar á um framkvæmd leyfisveitinga samkvæmt ákvæði þessu í reglugerð.

## VI. KAFLI
## **Upplýsingaskylda, eftirlit, viðurlög o.fl.**

19. gr.

*Upplýsingaskylda.*

Rekstraraðilar er undir þessi lög falla skulu veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands eða viðkomandi stjórnvalds. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustu almennt og/eða rekstri veitingastaða og gististaða sérstaklega sem atvinnugreinar.

20. gr.

*Skrá.*

Leyfisveitandi skal skrá útgefin rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum í miðlægt leyfakerfi sem nánar er kveðið á um í reglugerð og birta rekstrarleyfi í gildi með aðgengilegum

hætti, svo sem á heimasíðu sinni. Skráin skal innihalda upplýsingar um nafn leyfishafa, kennitölu, hvar aðalstarfsemin er rekin, útgáfu rekstrarleyfis og annað sem ákveðið kann að vera í reglugerð.

21. gr.
*Eftirlit.*

Lögreglustjórar hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar á meðal eftirlit með því að leyfishafi uppfylli skilyrði fyrir rekstrarleyfi, að fylgt sé skilyrðum sem leyfi er bundið, svo sem um dyravörslu, leyfilegan afgreiðslutíma og gestafjölda, einnig að fylgt sé ákvæðum laganna um dvöl ungmenna á veitingastöðum og um áfengisveitingar.

Um eftirlit með starfsemi sem lög þessi taka til fer að öðru leyti samkvæmt lögum og reglugerðum um matvæli, hollustuhætti og mengunarvarnir, eftirlit, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, brunamál og öðrum lögum sem átt geta við um viðkomandi starfsemi. Eftirlitið er í höndum þeirra sem lögin kveða á um hverju sinni.

Heilbrigðisnefnd skal tilkynna viðkomandi leyfisveitanda ef fyrirhuguð er svipting starfsleyfis.

Eftirlitsaðilar skulu tilkynna leyfisveitanda um alvarlegar athugasemdir sem þeir kunna að gera við rekstur leyfishafa og annað sem er tilefni athugasemda af þeirra hálfu við starfsemi og áhrif kann að hafa á rekstrarleyfið og endurnýjun þess, sem og ef fyrirhuguð er stöðvun starfseminnar á grundvelli heimildar viðkomandi laga.

22. gr.
*Viðurlög vegna brota.*

Hver sá er brýtur gegn 5. gr. um dvöl ungmenna á veitingastöðum eða rekur leyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis, sbr. 7., 12., 17. og/eða 18. gr., skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Brot gegn reglugerðum settum með stoð í lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Misbeiti leyfishafi sem hefur leyfi til veitingar áfengis leyfi sínu með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar áfengistegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt gegn fyrirmælum sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt áfengislögum.

Heimilt er jafnframt í tilefni brota skv. 1. og 2. mgr. að beita úrræði 23. gr. um lokun starfsstöðvar þar sem brot er framið.

23. gr.
*Þvingunarúrræði.*

Lögreglustjóri skal án fyrirvara eða aðvörunar stöðva leyfisskylda starfsemi sem fer fram án tilskilins leyfis. Á það við um eftirfarandi tilvik:

a. Þegar ekki hefur verið gefið út rekstrarleyfi vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi, útrunnið rekstrarleyfi hefur ekki verið endurnýjað, nýr rekstraraðili hefur ekki fengið útgefið nýtt rekstrarleyfi, rekstrarleyfi hefur verið lagt inn, það afturkallað eða leyfishafi sviptur því.
b. Þegar leyfisskyld starfsemi fer út fyrir mörk og skilmála útgefins rekstrarleyfis, svo sem varðandi heimilaðan afgreiðslutíma og þá tegund leyfisskyldrar starfsemi sem hið útgefna rekstrarleyfi tekur til.

c. Þegar veitingar áfengis, sem leyfisskyldar eru skv. 18. gr., fara fram án tilskilins leyfis eða út fyrir mörk og skilmála útgefins leyfis.

Lögreglustjóri skal jafnframt slíta samkomu sem fram fer á grundvelli 17. gr. ef hún brýtur gegn ákvæðum laga eða brotin eru fyrirmæli eða skilyrði sem leyfisveitandi hefur sett, ef regla á samkomu er eigi nægilega góð eða þegar slík samkoma fer fram án tilskilins leyfis.

Lögreglustjóri skal tilkynna heilbrigðisnefnd um beitingu þvingunarúrræða samkvæmt ákvæði þessu.

24. gr.

*Gjaldtaka.*

Um gjald fyrir rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

25. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

26. gr.

*Kæruheimild.*

Stjórnsýsluákvörðunum leyfisveitanda, svo sem um synjun á útgáfu leyfa og ákvörðun um sviptingu leyfa, má skjóta til ráðuneytisins. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum nema annars sé sérstaklega getið í lögum þessum.

## VII. KAFLI
## **Gildistaka, brottfall laga o.fl.**

27. gr.

*Gildistaka og brottfall laga.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög:

1. lög nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, og
2. lög nr. 120/1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma.

28. gr.

*Brottfall og breyting lagaákvæða.*

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. *Áfengislög, nr. 75/1998, með áorðnum breytingum:*
   a. Orðið „veitingar“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. fellur brott.
   b. 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. fellur brott.
   c. Á eftir 1. mgr. 3. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
      Um leyfi til veitingar áfengis fer eftir lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
   d. Orðið „veitingar“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. fellur brott.
   e. 2. málsl. 4. mgr. 4. gr. fellur brott.
   f. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.
   g. V. kafli fellur brott.

h. 2. mgr. 18. gr. fellur brott.
i. Á eftir „3. gr.“ í 4. mgr. 19. gr. kemur: laga þessara og III. kafla laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
j. Orðin „eða lögreglustjóri“ í 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. falla brott og í stað orðsins „ríkislögreglustjóri“ kemur: lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
k. VIII. kafli fellur brott.

2. *Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum:* Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr.:
a. 20.–24. tölul. orðast svo:

| | |
|---|---|
| 20. Gistileyfi skv. 3. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | |
| a. flokkur I | 18.500 kr. |
| b. flokkur II | 18.500 kr. |
| c. flokkur III | 24.500 kr. |
| d. flokkur IV | 74.500 kr. |
| e. flokkur V | 161.500 kr. |
| 21. Veitingaleyfi skv. 4. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | |
| a. flokkur I | 18.500 kr. |
| b. flokkur II | 124.500 kr. |
| c. flokkur III | 161.500 kr. |
| 22. Tækifærisleyfi skv. 17. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | 6.000 kr. |
| 23. Tímabundið áfengisveitingaleyfi skv. 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | 20.000 kr. |
| 24. Endurnýjun | |
| a. rekstrarleyfa skv. a–c-lið 20. tölul. og a-lið 21. tölul. | 5.500 kr. |
| b. rekstrarleyfa skv. d-lið 20. tölul. | 25.000 kr. |
| c. rekstrarleyfa skv. e-lið 20. tölul og b–c-lið 21. tölul. | 50.000 kr. |

b. 32. tölul. fellur brott.
c. 47. tölul. fellur brott.

3. *Lögreglulög, nr. 90/1996:* Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr.:
a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „Enn fremur má í slíkum reglum“ í 2. mgr. kemur: Lögreglustjóra er heimilt í sérstökum reglum sem dómsmálaráðherra setur að.

4. *Lög um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með áorðnum breytingum:* 2. mgr. 7. gr. fellur brott.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### I.

### Veitinga-, áfengisveitinga- og skemmtanaleyfi.

Leyfishafar sem hafa í gildi leyfi til sölu veitinga og gistingar samkvæmt lögum nr. 67/1985, áfengissöluleyfi skv. V. kafla áfengislaga, nr. 75/1998, og skemmtanaleyfi samkvæmt reglugerð nr. 587/1987, sbr. lög 120/1947, geta sótt um og fengið endurnýjað rekstrarleyfi skv. 13. gr. þegar einhver framangreindra leyfa renna út, þó ekki síðar en tveim-

ur árum frá gildistöku laga þessara. Að þeim tíma liðnum þarf leyfishafi samkvæmt gildandi lögum að sækja um rekstrarleyfi.

Leyfishafi sem sækir um endurnýjun rekstrarleyfis skv. 1. mgr. skal uppfylla skilyrði 8. gr. og jafnframt skal starfsemi hans hafa verið óaðfinnanleg á leyfistíma. Áður en endurnýjað rekstrarleyfi er gefið út leitar leyfisveitandi umsagna og álits aðila skv. 10. og 21. gr. í því skyni að kanna hvort rekstur hafi verið athugasemdalaus af þeirra hálfu og hvort ástæða er til að leggjast gegn endurnýjun og hvort setja þarf frekari skilyrði fyrir starfseminni. Í því tilviki að fallist er á endurnýjun er gefið út rekstrarleyfi. Allar breytingar á starfsemi frá fyrri leyfum, sbr. 1. mgr., kalla á umsókn um rekstrarleyfi.

## II.
## Tryggingar.

Tryggingarskylda sem grundvallast á 14. gr. áfengislaga skal falla niður frá og með gildistöku laga þessara. Tryggingar sem í gildi eru við gildistöku laganna halda gildi sínu á meðan leyfi það sem tryggingin stendur fyrir er í gildi. Leyfishafi sem hefur lagt fram tryggingu vegna áfengisveitingaleyfis til innheimtumanns ríkissjóðs skal framvísa staðfestingu á að hann hafi nýtt rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum eða lagt inn áfengisveitingaleyfi samkvæmt áfengislögum áður en tryggingu er skilað.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I.

Frumvarp þetta er samið af fulltrúum úr samgönguráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti og er ætlað að leysa af hólmi lög um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, V. og VIII. kafla áfengislaga, nr. 75/1998, og lög nr. 120/1947, um heimild til að marka skemmtunum og samkomum tíma.

Megintilgangur frumvarpsins er að einfalda leyfisveitingar til reksturs veitinga- og gististaða og draga úr þeim fjölda leyfa, gagna og umsagna sem umsækjendur þurfa nú að afla til að hefja slíkan rekstur. Þá er einnig lagaumhverfi fyrir þessa starfsemi gert einfaldara og skýrara með því að kveða á um leyfisveitingar í því sem næst einum lagabálki í stað margra.

### II.

Á undanförnum árum hafa leyfisveitingar í veitinga- og gistirekstri verið talsvert til umræðu og hefur umræðan að mestu snúist um hvernig einfalda megi umsóknarferlið, eftirlitið og kerfið í heild. Þau leyfi sem afla þarf til að hefja veitingarekstur í dag eru þessi:

1. Byggingarleyfi: Skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, þarf byggingarleyfi sveitarstjórnar ef byggja á húsnæði sem hýsa á veitingarekstur, breyta því, formi þess, svipmóti eða notkun. Slíkar framkvæmdir þurfa að samræmast aðal- og deiliskipulagi. Veitingarekstur verður því ekki hafinn í nýju húsnæði eða húsnæði sem ekki hefur hýst slíkan rekstur áður en fyrir liggur lokaúttektarvottorð byggingarfulltrúa sem gefið er út að lokinni úttekt á grundvelli byggingarleyfis. Telja má það breytta notkun í þessum skilningi ef grundvallarbreyting verður á eðli þess veitingarekstrar, sem fram fer í húsnæðinu, svo sem ef kaffihúsi er breytt í skemmtistað, sem kallar þá á nýtt byggingarleyfi.
2. Starfsleyfi: Veitingarekstur er ein þeirra atvinnugreina sem háð er starfsleyfi heilbrigðisnefndar á grundvelli 4. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. einnig III. kafla reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002. Í starfsleyfi eru rekstrinum

sett þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að fullnægt sé hollustuverndarkröfum, sjá einnig VIII. kafla laga um matvæli, nr. 93/1995, varðandi matarveitingar. Synji heilbrigðisnefnd um útgáfu starfsleyfis er ákvörðun kæranleg til úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir og eru úrskurðir nefndarinnar fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar. Lögin heyra hins vegar undir umhverfisráðherra og ber hann ábyrgð á málaflokknum.

3. Tóbakssöluleyfi: Til þess að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar skv. 8. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002. Þetta á m.a. við um veitingastaði þar sem selt er tóbak. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt tóbaksvarnalögum og eru ákvarðanir um synjun tóbakssöluleyfis kæranlegar til hans.
4. Veitingaleyfi: Lögreglustjórar veita veitingaleyfi á grundvelli laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, sbr. einnig reglugerð um veitinga- og gististaði nr. 288/1987. Leyfið er skilyrði þess að mega selja veitingar í atvinnuskyni. Umsækjandi þarf að uppfylla ákveðin skilyrði, m.a. um fjárræði og forræði bús. Leyfið er veitt að fengnum umsögnum sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits. Í veitingaleyfi er skilgreind tegund viðkomandi veitingarekstrar, svo sem kaffihús, veitingahús, skemmtistaður, bar eða næturklúbbur. Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði og eru ákvarðanir um synjun veitingaleyfis kæranlegar til hans.
5. Áfengisveitingaleyfi: Samkvæmt áfengislögum, nr. 75/1998, sbr. einnig reglugerð um smásölu og veitingar áfengis nr. 177/1999, þarf leyfi sveitarstjórnar til að veita áfengi í atvinnuskyni. Umsækjandi þarf að uppfylla ákveðin skilyrði, m.a. leggja fram tryggingu fyrir greiðslu krafna á hendur honum að ákveðinni fjárhæð komi til gjaldþrotaskipta eða rekstrarstöðvunar. Þá skal hann vera handhafi veitingaleyfis samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði. Heimilaður afgreiðslutími áfengis er tilgreindur í áfengisveitingaleyfi. Umsagnaraðilar eru lögreglustjórar og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna. Útgáfuaðili er sveitarstjórn. Sé umsækjanda synjað um áfengisveitingaleyfi er ákvörðunin kæranleg til úrskurðarnefndar um áfengismál og eru úrskurðir hennar fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar. Áfengislögin heyra hins vegar undir dómsmálaráðherra og fer hann með yfirstjórn mála samkvæmt þeim.
6. Skemmtanaleyfi: Samkvæmt reglugerð um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum nr. 587/1987, sem sækir stoð sína til laga um heimild til að marka skemmtunum og öðrum samkomum tíma, nr. 120/1947, og lögreglulaga, nr. 90/1996, má ekki halda skemmtun, sem aðgangur er seldur að, nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi ef hún á að standa lengur en til kl. 23:30. Í samræmi við reglugerðina hefur lögreglustjórinn í Reykjavík krafist þess að rekstraraðilar allra veitingastaða sem opnir eru lengur en til kl. 23:30 afli sér skemmtanaleyfis. Binda má skemmtanaleyfi ýmsum skilyrðum er lúta m.a. að gæslu á skemmtun en almennt skilyrði er að sá sem fyrir skemmtun stendur ábyrgist að á henni sé haldið uppi fullnægjandi dyravörslu og eftirliti að mati lögreglustjóra. Synji lögreglustjóri um skemmtanaleyfi er sú ákvörðun kæranleg til dómsmálaráðherra.

Eins og sjá má eru málefni er varða leyfisveitingar til reksturs veitinga- og gististaða á margra höndum og heyra undir nokkur ráðuneyti. Í október 2002 barst umhverfisráðuneytinu bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða frá 29. september sama ár þar sem fram kom nauð-

syn þess að samræma skilgreiningar á hugtökum varðandi veitinga- og gististaði sem og vinnubrögð milli þeirra ráðuneyta og stofnana sem að þessum málum koma.

Í framhaldi af því boðaði umhverfisráðuneytið til fundar með fulltrúum samgönguráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Hollustuverndar ríkisins, heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Samtaka ferðaþjónustunnar þar sem málið var reifað og ræddar aðgerðir til úrbóta. Niðurstaða fundarins var sú að beina þeim tilmælum til hlutaðeigandi ráðherra að settur yrði á fót starfshópur skipaður af löglærðum fulltrúum ráðuneytanna sem fengi það hlutverk að gera tillögur um hvernig best væri að standa að málum til frambúðar með hliðsjón af einföldun mála, svo sem útgáfu eins sameiginlegs leyfis sem innihéldi starfsleyfi og veitingaleyfi og einnig vínveitingaleyfi þar sem það á við. Jafnframt yrði leitað leiða til þess að einfalda og fella saman afgreiðsluferli vottorða sem krafist er vegna veitingareksturs. Starfshópurinn (hér eftir starfshópur I) hóf störf í febrúar 2003 og var hlutverk hans að gera tillögur að því hvernig best væri að standa að málum í framtíðinni og leita leiða til að einfalda og færa saman afgreiðsluferil vottorða sem krafist er fyrir gisti- og veitingarekstur. Starfshópur I hafði samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, Umhverfis- og heilbrigðisstofu í Reykjavík, lögreglustjórann í Reykjavík og leyfisveitingadeild Reykjavíkurborgar. Hópurinn hafði einnig til skoðunar greinargerð vinnuhóps lögreglustjórans í Reykjavík og Reykjavíkurborgar vegna leyfamála frá september 2001.

Starfshópurinn lauk ekki formlega störfum, en fyrir liggja drög að niðurstöðum hans, frá apríl 2005. Þar kemur fram að starfshópurinn taldi að sameina þyrfti einhver af þeim leyfum sem þarf til veitingareksturs og skoðaði ýmsa möguleika í því sambandi. Starfshópurinn taldi þó vandséð hvernig byggingarleyfi yrði sameinað öðrum leyfum en hins vegar mætti væntanlega sameina önnur leyfi og taldi hópurinn þar tvennt koma til greina, annaðhvort að sameina öll leyfin í eitt eða fara millileið og sameina annars vegar starfsleyfi og tóbaksleyfi heilbrigðisnefnda og hins vegar veitingaleyfi og skemmtanaleyfi lögreglustjóra og vínveitingaleyfi sveitarstjórnar. Taldi starfshópurinn að hvaða leið sem valin yrði þyrfti heildarútgáfa leyfa og framkvæmd öll að vera á einni hendi og mætti fela það hvort sem er lögreglustjórum eða heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Jafnframt taldi starfshópurinn að forræði á leyfisútgáfu vegna veitingastaða ætti annaðhvort að vera hjá dómsmálaráðuneytinu eða félagsmálaráðuneytinu, eftir því hverjum væri falin leyfisútgáfan.

Í framhaldi þessa var samgönguráðuneytinu fengið umboð til að fela lögfræðingum úr samgönguráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og umhverfisráðuneyti, auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga (hér eftir starfshópur II) að gera tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum og einföldun afgreiðslu leyfa til veitinga- og gistihúsareksturs. Var þeim falið að styðjast við niðurstöður starfshóps I.

Starfshópur II skilaði bráðabirgðatillögum í formi minnisblaðs til dóms- og kirkjumálaráðherra, samgönguráðherra og umhverfisráðherra í maí 2006 þar sem lögð var til veruleg einföldun á leyfisveitingakerfinu. Í kjölfarið var fulltrúum dóms- og kirkjumálaráðuneytis og samgönguráðuneytis í starfshópnum falið að semja lagafrumvarp í samræmi við tillögurnar að höfðu samráði við hina fulltrúa starfshópsins. Frumvarp þetta er afrakstur þeirrar vinnu.

Ákveðið var að hagkvæmara væri að semja nýtt frumvarp um útgáfu rekstrarleyfa til að reka veitinga- eða gististað heldur en breyta þeim sem fyrir eru. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að lagðar eru til verulegar breytingar á leyfisveitingum og ferlinu öllu. Þykir auðveldara fyrir þá sem að þessum málum koma að geta nálgast reglur sem um þetta fjalla á einum stað en ákvæði um þessi leyfi eru nú á mismunandi stöðum í löggjöfinni.

## III.

Helstu breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér frá gildandi lögum eru:

- Veitingaleyfi, áfengisveitingaleyfi og almennt skemmtanaleyfi eru sameinuð í eitt leyfi, rekstrarleyfi, sem gefin eru út af sýslumönnum að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út leyfi í umdæmi hans og er gildistími þess fjögur ár. Byggingarleyfi og starfsleyfi heilbrigðisnefnda verða áfram skilyrði fyrir útgáfu hins nýja rekstrarleyfis en umsóknarferli rekstrarleyfisins er einfaldað og gefinn er kostur á rafrænni afgreiðslu.
- Gagnaöflun vegna umsókna er einfölduð og miðað við að upplýsingar um ákveðin atriði, svo sem þau er varða sakaferil og skuldastöðu við lífeyrissjóði og hið opinbera taki eingöngu til umsækjanda eða forsvarsmanns fyrirtækis en ekki til allra stjórnarmanna eins og nú er.
- Endurnýjun rekstrarleyfis er einfölduð til muna í tilvikum þar sem ekki er um breytingar á rekstri að ræða og reksturinn hefur verið óaðfinnanlegur.
- Kveðið er á um leyfi til sölu gistingar og sölu og veitingu veitinga, hvort sem er í föstu eða fljótandi formi, áfengra eða óáfengra, á einum stað en ekki í ákvæðum á víð og dreif í löggjöfinni.
- Yfirstjórn mála er varða veitinga- og gististaði færist frá samgönguráðherra til dóms- og kirkjumálaráðherra og verða ákvarðanir er varða rekstrarleyfi kæranlegar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.
- Tryggingar sem hafa verið grundvöllur áfengisveitingaleyfis falla brott.
- Skýrar reglur eru varðandi allar breytingar hvort sem þær varða starfsemina eða leyfishafa sjálfan.
- Úrræði vegna brota eru skýr og er lögreglu gert skylt, án fyrirvara, að loka stöðum sem stunda starfsemi án tilskilins rekstrarleyfis.

Með frumvarpinu er lögð til veruleg einföldun á leyfisveitingakerfinu. Hún gengur út á að veitinga-, áfengisveitinga- og skemmtanaleyfi verði sameinuð í eitt leyfi sem sótt er um hjá leyfisveitanda, sem er eins og áður kom fram sýslumenn að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út leyfi í umdæmi hans, á þeim stað þar sem starfsemin er fyrirhuguð enda er um lík leyfi að ræða og samskonar upplýsingar og gögn sem leggja þarf fram við umsóknina. Hið sameinaða leyfi mun kallast rekstrarleyfi til aðgreiningar frá öðrum leyfum.

Ekki þótti ráðlegt að sameina byggingarleyfi hinu nýja rekstrarleyfi enda er byggingarleyfi veitt áður en rekstur hefst og kemur því á undan öðrum leyfum og er óháð daglegum rekstri veitingastaða. Ekki eru heldur gerðar tillögur um að sameina starfsleyfi heilbrigðisnefndar rekstrarleyfinu en samkvæmt gildandi lögum er starfsleyfi forsenda þess að veitingaleyfi verði gefið út. Starfsleyfið lýtur einkum að hollustuháttum við meðferð matvæla svo og hollustuháttum vegna starfsfólks og gesta. Stjórnsýsla matvælamála skiptist í dag á þrjú ráðuneyti: umhverfis-, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið. Sameining þessa leyfis við önnur sem varða veitingarekstur mundi væntanlega gera stjórnsýsluna er þetta varðar enn flóknari og dreifðari. Áfram er gert ráð fyrir að starfsleyfi verði forsenda þess að rekstrarleyfi verði gefið út en hins vegar er lagt til að hafi starfsleyfis ekki verið aflað þegar sótt er um rekstrarleyfi þá sé hægt að sækja um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má hjá leyfisveitanda rekstrarleyfis. Horfir það til einföldunar og tímasparnaðar fyrir umsækjanda.

Ekki er lagt til í frumvarpinu að tóbakssöluleyfi verði sameinað rekstrarleyfi enda er það ekki óhjákvæmileg nauðsyn við rekstur veitingastaðar. Eins og staðan er í dag þarf umsækjandi sem hyggst reka veitingastað fyrst að afla sér byggingarleyfis ef ekki er um að ræða húsnæði sem áður hefur verið notað undir slíka starfsemi. Þegar það liggur fyrir þarf viðkomandi að afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar. Þegar það hefur verið gefið út getur hann fengið útgefið veitingaleyfi hjá lögreglustjóra og að svo búnu getur hann snúið sér til sveitarstjórnar og sótt um áfengisveitingaleyfi, þ.e. ef hann hyggst bjóða upp á áfengar veitingar. Sé ætlunin að hafa opið lengur en til kl. 23:30 þarf að auki skemmtanaleyfi sem lögreglustjóri gefur út. Þetta fyrirkomulag hefur reynst flókið og hefur skapað verulegt óhagræði og umstang fyrir umsækjanda sem og leyfisveitendur auk þess sem í gildandi lögum er líftími þessara leyfa mjög mismunandi.

Ef þetta er skoðað nánar yfir 10 ára tímabil lítur það út á eftirfarandi hátt:

| | 1. ár | 2. ár | 3. ár | 4. ár | 5. ár | 6. ár | 7. ár | 8. ár | 9. ár | 10. ár |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veitingaleyfi | x | x | x | x | c | c | c | c | q | q |
| Áfengisleyfi | x | y | y | y | y | w | w | w | w | æ |
| Skemmtanaleyfi | x | y | z | z | z | z | b | b | b | b |
| x= gildistími allra leyfa þegar sótt er fyrst um | | | | | | | | | | |
| y= nauðsynleg fyrsta endurnýjun | | | | | | | | | | |
| z=nauðsynleg önnur endurnýjun | | | | | | | | | | |
| c=nauðsynleg þriðja endurnýjun | | | | | | | | | | |
| w=nauðsynleg fjórða endurnýjun | | | | | | | | | | |
| b=nauðsynleg fimmta endurnýjun | | | | | | | | | | |
| q=nauðsynleg sjötta endurnýjun | | | | | | | | | | |
| æ=nauðsynleg áttunda endurnýjun | | | | | | | | | | |

Eftir 10 ár eru 2 ár eftir af veitingaleyfinu, 3 ár eftir af áfengisleyfinu og nauðsynlegt að endurnýja skemmtanaleyfið á ný, til 4 ára. Með frumvarpi þessu er lagt til að þetta verði einfaldað til muna með því að einungis verður um eitt rekstrarleyfi að ræða, rekstrarleyfi, sem gildir í 4 ár og er endurnýjað til sama tíma hverju sinni. Með því að sameina þessi þrjú leyfi, veitingaleyfi, áfengisveitingaleyfi og skemmtanaleyfi, næst talsverður ávinningur og tímasparnaður.

Í frumvarpinu er lagt til að hið nýja leyfi verði svo til á einni hendi, þ.e. hjá sýslumönnum, nema sýslumanninum í Reykjavík en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út leyfi í umdæmi hans. Hér hefur verið tekið mið af þeim breytingum sem gerðar voru á skipan lögregluumdæma með lögum nr. 46/2006 og tóku gildi 1. janúar 2007. Ástæða fyrir þeirri leið sem valin er í frumvarpinu varðandi leyfisveitendur er að hún þykir heppilegust með tilliti til þeirra sem notfæra sér þjónustuna. Í dag fara lögreglustjórar með veitingu tveggja af þeim þremur leyfum sem stendur til að sameina í rekstrarleyfi. Við gildistöku laga nr. 46/2006 var lögregluumdæmum fækkað úr 26 í 15 og nú annast sýslumenn í 11 umdæmum af 25 ekki lengur stjórn lögreglu. Þykir rétt, til að halda sem bestri þjónustu við borgarana, að kveða á um að útgáfa leyfanna verði áfram í þeim 25 stjórnsýsluumdæmum sem nú eru

til staðar á landinu. Hjá lögreglustjóranum í Reykjavík (nú lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu) er starfrækt sérstök leyfadeild sem hefur séð um útgáfu umræddra leyfa. Þar hefur verið komið upp sérþekkingu og verklagi við útgáfu leyfa sem óæskilegt væri að hrófla við. Því er lagt til að leyfisútgáfa verði áfram þar vegna rekstrarleyfa sem gefin eru út í Reykjavík. Eðli þeirra leyfa sem gefin eru út í dag og eru grundvöllur rekstrarleyfis er slíkt að lítið sem ekkert mat er hjá leyfisveitanda um útgáfu þess. Matið fer að mestu leyti fram hjá umsagnaraðilum. Með því að bæta lögreglustjórum við sem umsagnaraðilum, þar sem það á við, er tryggt að sýslumenn, sem ekki fara jafnframt með stjórn lögreglu, verði í stakk búnir til að gefa út slík leyfi.

Eitt þeirra leyfa sem lagt er til að renni inn í hið nýja rekstrarleyfi er áfengisveitingaleyfi sem gefið er út af sveitarstjórnum í dag. Leyfi þessi voru þó gefin út af lögreglustjórum í tíð eldri laga en voru flutt til sveitarstjórna með setningu áfengislaga, nr. 75/1998. Ástæða þess að leyfin voru á þeim tíma flutt frá lögreglu til sveitarfélaga átti m.a. rætur að rekja til þess að sveitarfélögin vildu hafa hönd í bagga með hvar veitinga- og gististaðir væru staðsettir og hver afgreiðslutími þeirra væri.

Eins og reynslan hefur leitt í ljós hefur þessi breyting haft þann ókost í för með sér að flækja umsóknarferlið til muna. Með því að færa leyfisveitingarnar aftur til lögreglu og sýslumanna verður um einföldun á umsóknarferlinu að ræða. Í frumvarpinu er kveðið á um að óheimilt sé að gefa út rekstrarleyfi ef einhver umsagnaraðila leggst gegn því. Þar sem sveitarstjórnum er m.a. ætlað að gefa umsögn varðandi staðsetningu og afgreiðslutíma er því markmiði náð sem að var stefnt á sínum tíma. Þá verður ekki heldur horft framhjá því að lögregla hefur einnig mikilvægu hlutverki að gegna í sambandi við eftirlit með veitingastöðum og því æskilegt að leyfisveitingar séu á þeirri hendi sem fer með lögreglustjórn í sem flestum tilvikum.

Ekki eru gerðar breytingar á því að umsagnaraðilar þurfa eftir sem áður að skoða viðkomandi staði sem ætlaðir eru fyrir reksturinn og gera þær úttektir sem nauðsynlegar eru. Verður það gert í samráði við umsækjendur eins og nú er. Umsagnaraðilar eru þeir sömu og áður enda ekki tilgangur með þessari einföldun leyfisveitinga að slaka á þeim kröfum sem gerðar eru til staða og leyfishafa. Áfram þurfa t.d. eldvarnir og vinnuverndarmálefni að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í viðkomandi lögum.

Til að einfalda enn frekar umsóknarferlið er gert er ráð fyrir að það geti verið rafrænt. Þá er einnig gert ráð fyrir því að umsækjandi geti gefið leyfisveitanda heimild til að afla nauðsynlegra vottorða og gagna rafrænt. Umsóknarferlið allt og gagnaöflun er með þessu einfaldað verulega hvað umsækjanda varðar þar sem hann þarf einungis að skila umsókn um rekstrarleyfi á einn stað og getur auk þess sparað sér sporin við útvegun vottorða og gagna á mismunandi stöðum. Einföldun ferlisins byggist þó fyrst og fremst á því að vel sé frá umsóknum gengið og allar nauðsynlegar upplýsingar komi þar fram.

Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að tryggingar vegna áfengisleyfa verði felldar niður. Í gildandi áfengislögum er þeim sem fær leyfi til áfengisveitinga gert að setja tryggingu fyrir greiðslu krafna á hendur honum, ef til gjaldþrots kemur. Trygging þessi er í formi bankaábyrgðar eða annarrar sambærilegrar tryggingar og er stighækkandi eftir leyfilegum fjölda gesta frá 500.000 kr. til 3.000.000 kr. Tryggingarfé er ráðstafað til þrotabúsins, komi til gjaldþrots leyfishafans.

Trygging þessi hefur verið gagnrýnd og þá einkum vegna þess að enginn annar atvinnurekstur býr við sams konar tryggingarskyldu nema um neytendavernd sé að ræða. Í þeim tilfellum er trygging sett í því skyni að neytendur verði ekki fyrir tjóni og geti fengið endur-

greitt framlagt fé eins og t.d. tryggingar ferðaskrifstofa vegna alferða. Hér er ekki um neitt slíkt að ræða heldur rennur tryggingarfé til þrotabúsins og kemur til greiðslu krafna eftir því sem þeim er skipað í skuldaröð.

Í stað tryggingarskyldunnar er í 4. gr. frumvarpsins gert að ófrávíkjanlegu skilyrði rekstrarleyfis að umsækjandi, eða forsvarsmaður ef umsækjandi er lögaðili, skuldi ekki tiltekin opinber gjöld og að viðkomandi hafi ekki gerst sekur um háttsemi er varðar við nánar tiltekin lög. Afnám tryggingarskyldunnar grundvallast jafnframt á því að ástæðulaust þykir að þessari atvinnugrein sé íþyngt með slíkri tryggingarskyldu umfram aðrar atvinnugreinar þegar ekki er um neytendavernd að ræða.

Ekki er lagt til að tekið verði upp í frumvarpið ákvæði er heimilar ráðherra að kveða á um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða en slíkt ákvæði er í gildandi lögum um veitinga- og gististaði. Reglugerðarheimild þessi hefur ekki verið nýtt og þykir menntun starfsfólks sem starfar við þá starfsemi sem frumvarp þetta tekur til nægilega fyrirkomið hjá menntastofnunum landsins auk þess sem slík málefni eiga undir menntamálaráðuneytið. Hins vegar er kveðið á um í 6. gr. frumvarpsins að hægt sé að kveða á um í reglugerð að dyraverðir sæki sérstök námskeið.

Þá er í frumvarpi þessu lagt til að fellt verði út ákvæði 4. og 5. mgr. 2. gr. laga nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, um að heiti á starfsemi skuli falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli og hvernig fari um ágreining sem kunni að rísa vegna þess. Ekki er að sjá, á þeim heitum sem íslenskir veitingastaðir bera í dag, að ákvæði þessa hafi verið gætt og því ekki óeðlilegt að fella það úr gildi.

Eins og fram hefur komið er lagt til að skemmtanaleyfi í núverandi mynd verði lagt niður, með sameiningu veitinga-, áfengisveitinga- og skemmtanaleyfis í eitt rekstrarleyfi. Staðir sem hafa rekstrarleyfi þurfa því ekki lengur sérstakt skemmtanaleyfi. Frumvarpinu er hins vegar ekki ætlað að breyta því að áfram þarf leyfi fyrir einstakar skemmtanir, atburði, útihátíðir og aðrar uppákomur sem fara fram utan hefðbundinna veitingastaða og fara fram í atvinnuskyni. Engin sérstök ákvæði eru í gildandi lögum um slík leyfi en lög nr. 120/1947 hafa verið talin lagastoð fyrir reglugerð sem um slík leyfi fjallar. Lagastoð þessi hefur verið talin ótraust og hefur ítrekað sætt athugasemdum umboðsmanns Alþingis. Í frumvarpinu er farin sú leið að setja ákvæði um sérstakt tækifærisleyfi sem nær til þessara leyfa og fela lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og sýslumönnum úti á landi útgáfu þess.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að hægt sé að fá tímabundin áfengisveitingaleyfi vegna slíkra veitinga í einstökum tilvikum, í atvinnuskyni og er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um útgáfu þeirra og um útgáfu tækifærisleyfa eftir því sem við á.

Þar sem sýslumönnum, að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út leyfi í umdæmi hans, verður falið að annast útgáfu leyfa til áfengisveitinga í stað sveitarstjórna, er eðlilegt að gjald sem greiða skal til sveitarstjórnar vegna útgáfu leyfis til áfengisveitinga skv. 5. mgr. 14. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, falli brott. Þess í stað verður kveðið á um gjaldtöku vegna útgáfu leyfa í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Eins og fram hefur komið er aðalmarkmið laganna einföldun leyfisveitinga. Við þá einföldun er gert ráð fyrir að V. kafli áfengislaga er varðar veitingar áfengis verði felldur niður og hann tekinn upp í frumvarpið í breyttri mynd. Þá er einnig gert ráð fyrir að VIII. kafli áfengislaga um úrskurðarnefnd áfengismála falli niður þar sem ekki verður þörf fyrir slíka nefnd. Lagt er til að VI. kafli áfengislaga um meðferð og neyslu áfengis verði áfram staðsettur í áfengislögum enda er þar að mestu leyti kveðið á um stefnumótun er varðar meðferð og

neyslu áfengis. Einungis eitt ákvæði kaflans er flutt yfir í frumvarp þetta og fjallar það um dvöl ungmenna á skemmtistöðum jafnframt sem því er breytt lítillega. Þá er jafnframt kveðið á um í frumvarpinu að brot á meðferð og neyslu áfengis varði við áfengislög.

Loks ber að geta þess að samfara breytingum á áfengislögum vegna einföldunar á útgáfu leyfa til rekstur veitinga- og gististaða eru einnig í frumvarpinu tillögur að breytingum á sömu lögum vegna nýskipunar lögreglumála. Er hér um að ræða tilfærslu á útgáfu leyfa til framleiðslu, innflutnings og heildsölu á áfengi. Ríkislögreglustjóri hefur farið með slíkar leyfisveitingar en lagt er til í frumvarpinu að þær færist til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um I. kafla.

Í kafla þessum er að finna ákvæði um yfirstjórn mála samkvæmt frumvarpinu, gildissvið þess og flokkun á veitinga- og gististöðum. Auk þess er nýmæli að kveðið er á um markmið frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sú breyting er lögð til að yfirstjórn málaflokksins færist til dómsmálaráðherra. Þykir það eðlilegt þar sem leyfisveitingar vegna starfsemi sem undir frumvarpið fellur eru hjá lögreglustjórum og sýslumönnum sem eru undir yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins.

Hér er einnig kveðið á um gildissvið frumvarpsins en það tekur til sölu á hvers kyns gistingu og sölu og veitingu hvers kyns veitinga.

Gildissvið frumvarpsins er að því leyti sama og gildandi laga um veitinga- og gististaði að það tekur til sölu á allri gistingu til gesta og gangandi, hvort heldur er á almennum gististöðum eða einkaheimilum. Ekki eru með frumvarpinu lagðar til breytingar á því hvers konar gististaðir falli hér undir og eru t.d. áfram tjaldsvæði og orlofshús félagasamtaka undanskilin. Nánar er gerð grein fyrir þeim gististöðum sem undir frumvarpið falla í 3. gr. og athugasemdum við hana.

Einnig tekur frumvarpið til hvers kyns veitinga, bæði í mat og drykk og falla þar undir bæði áfengir og óáfengir drykkir. Hvers konar veiting eða sala á áfengi í atvinnuskyni fellur undir leyfisskylda starfsemi samkvæmt frumvarpinu og er hér ekki um að ræða breytingu frá gildandi áfengislögum. Nýmæli er hins vegar að leyfi til sölu og veitingar áfengis fellur undir frumvarpið í stað þess að um það sé fjallað í áfengislögum.

Nýmæli er að skemmtanaleyfi er ekki lengur til í sama formi og í gildandi lögum enda ekki talin ástæða til að veitingastaðir sem hafa rekstrarleyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins þurfi jafnframt að hafa sérstakt skemmtanaleyfi. Um þetta vísast nánar til þess sem kemur fram um rekstrarleyfi í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Má segja að frumvarpið taki til hvers kyns veitingar og sölu veitinga, í atvinnuskyni sem almenningur á aðgang að, bæði í mat og drykk hvort sem þeir eru áfengir eða óáfengir.

Í þessu felst að útleiga á samkomusölum og öðru slíku húsnæði í atvinnuskyni, til hvers kyns samkomuhalds, hvort sem eru opinberar eða einkasamkomur og hvort sem er með veitingum, í mat og/eða drykk eða án veitinga, fellur undir frumvarpið. Samkvæmt frumvarpinu er slíkt húsnæði leyfisskylt og háð ákveðnum skilyrðum, t.d. um hversu lengi samkoma má standa. Miðast þetta við að útleigan sé í atvinnuskyni og að einhvers konar endurgjald komi fyrir afnotin. Allt samkomuhald á slíkum stöðum fer því fram í skjóli rekstrarleyfis staðarins og þarf sá sem salinn leigir því ekki að huga að því að afla sér tímabundins leyfis fyrir sam-

komuna, eigi það við. Frumvarpið tekur einnig til svokallaðra tækifærisleyfa vegna skemmtanahalds og er með því átt við einstaka viðburði en um nánari skýringar vísast til athugasemda við 17. gr. frumvarpsins.

Leyfi til veitinga um borð í skipum fellur undir frumvarpið og er óbreytt frá gildandi lögum. Miðað er við að leyfið taki til skipa í skipulögðum hópferðum og í einstökum hópferðum af sérstöku tilefni innan landhelgi Íslands eins og samkvæmt gildandi lögum.

Rétt þykir að árétta á áfengislög gilda að sjálfsögðu áfram um neyslu og veitingu áfengis þar sem frumvarpinu sleppir.

Um 2. gr.

Í ákvæði þessu er leitast við að setja fram þau markmið sem ætlunin er að ná fram með frumvarpinu. Er þar helst að um starfsemina sem undir frumvarpið fellur gildi samræmd löggjöf sem sé skýr öllum þeim sem hún varðar og starfsemin falli að því skipulagi sem fyrir hendi er á hverjum stað.

Um 3. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um þá gistingu sem er leyfisskyld samkvæmt frumvarpinu og flokkun þeirra gististaða sem frumvarpið gerir ráð fyrir að leyfi þurfi til að reka.

Öll gisting sem boðin er til sölu á gististöðum eða sem heimagisting, gegn hvers kyns endurgjaldi, fellur undir frumvarpið og er þar með leyfisskyld. Endurgjaldið afmarkast ekki við að greitt sé með peningum heldur getur annars konar greiðslueyrir fallið þar undir. Með gistingu er átt við hvers kyns gistingu, hvort sem er í sérstöku húsnæði sem hannað er til slíkrar starfsemi svo sem hótel, gistiheimili og gistiskálar eða á einkaheimilum sem afmarkast við lögheimili leyfishafa eins og það er skilgreint í lögum. Jafnframt fellur hér undir útleiga íbúða, sumarhúsa og annars konar húsnæðis þar sem gisting er boðin gegn endurgjaldi. Efnislega er hér ekki um breytingar að ræða frá gildandi lögum á því hvaða gisting er leyfisskyld heldur varða breytingar fyrst og fremst það hvernig gististaðir eru flokkaðir í frumvarpinu.

Flokkun gististaða í frumvarpinu tekur mið af því hvort veitingar eru jafnframt á boðstólum á viðkomandi gististað en flokkun þessi er veruleg einföldum frá gildandi lögum. Ekki er kveðið á um það í frumvarpinu hvernig búnaður hinna mismunandi gististaða skal vera heldur er gert ráð fyrir að það verði gert í reglugerð. Verður að telja að það sé til einföldunar enda þarf að vera hægt að aðlaga slíkt að kröfum hverju sinni, með skjótum hætti.

Ástæða þykir að gera sérstaklega greinarmun á gististöðum og heimagistingu en ekki er gert ráð fyrir að leyfi til veitinga sé jafnframt innifalið í leyfi fyrir heimagistingu.

Gististöðum er í frumvarpinu skipt í fimm flokka. Flokkur I er heimagisting og eins og áður sagði er ekki gert ráð fyrir að leyfi til veitinga sé þar innifalið. Flokkur II eru gististaðir þar sem ekki er boðið upp á veitingar og má sem dæmi nefna gistiskála og mundi leiga á sumarhúsum og íbúðum væntanlega falla hér undir þar sem slíkt er almennt án veitinga. Flokkur III eru gististaðir þar sem boðið er upp á aðrar veitingar en áfengisveitingar og gætu hér undir t.d. fallið gistiheimili sem bjóða morgunverð. Flokkur IV og flokkur V eru síðan gististaðir þar sem boðið er áfengi, auk annarra veitinga. Greint er á milli þeirra sem einungis hafa minibar og þeirra sem hafa bar og/eða veitingaaðstöðu þar sem áfengi er veitt og mundi t.d. hótel falla þar undir.

Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um flokkun gististaða, tegundir þeirra og búnað í reglugerð, eins og samkvæmt gildandi lögum.

Um 4. gr.

Hvers konar veitingastarfsemi fellur undir frumvarpið og er að því leyti ekki um breytingu frá gildandi lögum að ræða.

Veitingastaðir samkvæmt frumvarpinu eru í fyrsta lagi allir staðir þar sem framreiddur er matur og/eða drykkir og boðnir viðskiptavinum gegn gjaldi og falla hér undir allir þeir staðir sem í daglegu tali kallast veitingahús og bjóða einhvers konar veitingar. Hér er miðað við að aðstaða sé á staðnum til að neyta veitinganna og mundu því t.d. bakarí og söluturnar sem hafa slíka aðstöðu (borð og stóla fyrir viðskiptavini) falla undir lögin. Einnig eiga hér undir þeir staðir sem bjóða skemmtanahald svo sem eins og tónlist og dans enda viðbúið að þar séu a.m.k. boðnar drykkjarveitingar.

Í öðru lagi falla undir frumvarpið þeir staðir sem bjóða veitingar þótt ekki séu til neyslu á staðnum og er með því fyrst og fremst átt við hvers konar veislu- og veitingaþjónustu og svokallaða heimsendingarstaði (take away). Hér er miðað við að þessi starfsemi sé meginstarfsemi viðkomandi staðar og mundu því verslanir sem selja tilbúinn mat ekki falla þar undir.

Með frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á flokkun veitingastaða og tekin upp ný viðmið er það varðar. Er um einföldun að ræða og tekið mið af þeirri starfsemi sem raunverulega fer fram á einstakra stöðum. Hér er frekar horft til þarfa á eftirliti og áhrifa starfsemi á umhverfi, svo sem vegna afgreiðslutíma, hávaða og áfengisveitinga, í stað þess að binda leyfin við úrval veitinga.

Flokkur I tekur yfir alla þá veitingastaði sem bjóða ekki áfengisveitingar og skiptir þá ekki máli hvaða aðrar veitingar eru þar á boðstólum.

Þeim stöðum sem bjóða áfengisveitingar er skipt í umfangslitla og umfangsmikla staði. Sú skipting tekur fyrst og fremst mið af þeim áhrifum sem viðkomandi staður getur haft á umhverfi sitt enda augljóst að langur afgreiðslutími og hávær tónlist kalla á allt aðrar kröfur, svo sem um staðsetningu og eftirlit, en þeir staðir þar sem slíkt á ekki við.

Flokkur II eru umfangslitlir áfengisveitingastaðir sem ekki hafa lengri afgreiðslutíma en til kl. 23. Má gera ráð fyrir vegna hins takmarkaða afgreiðslutíma séu áhrif á umhverfi hverfandi og lítil þörf á sérstöku eftirliti eða löggæslu.

Flokkur III eru síðan umfangsmiklir áfengisveitingastaðir en þar undir falla t.d. þeir staðir sem í daglegu tali kallast skemmtistaðir. Á þessum stöðum getur afgreiðslutími verið langur og þar leikin hávær tónlist. Slíkir staðir hafa almennt mikil áhrif á umhverfið og er meiri þörf á eftirliti og/eða löggæslu við slíka staði og mikilvægt að þeir séu staðsettir þar sem skipulag gerir ráð fyrir þeim.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir flokki veitingastaða sem kallast „næturklúbbar“ þar sem heimilt er að fram fari nektardans. Þar sem flokkun frumvarpsins byggist á öðrum sjónarmiðum en í gildandi lögum er kveðið á um það í 4. mgr. að heimila megi slíkan dans á veitingastöðum í stað þess að slíkt falli undir ákveðinn flokk. Ekki eru gerðar efnislegar breytingar á þeirri heimild sem er í gildandi lögum fyrir slíku en rétt þykir til áréttingar að taka fram að einkadans sé bannaður og sýnendum sé óheimilt að fara um meðal áhorfenda en samsvarandi ákvæði er í lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar og eru þeir „næturklúbbar“ sem eru starfandi dag bundnir af því. Hér er því ekki verið að leggja til neinar breytingar frá gildandi lögum hvað þetta varðar.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um almenn ákvæði er gilda um veitingastaði. Hér er einkum um að ræða ákvæði um dvöl ungmenna á veitingahúsum og skyldu til dyravörslu. Í VI. kafla gildandi áfengislaga eru ákvæði sem gilda um veitingu og meðferð áfengis á veitingastöðum Þykir viðeigandi að þau standi áfram í áfengislögum þar sem um er að ræða ákveðna heildarstefnumótun er varðar meðferð og neyslu áfengis. Hins vegar þótti eðlilegt að ákvæði um dvöl ungmenna á veitingastöðum sem varðar ekki sérstaklega veitingu áfengis yrði staðsett í sérlögum sem gilda um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Því er lagt til að 2. mgr. 18. gr. áfengislaga verði tekin upp í frumvarpinu og falli jafnframt út úr áfengislögum.

Um 5. gr.

Ákvæðið kveður á um heimila dvöl ungmenna á veitingastað sem hefur leyfi til sölu og veitingu áfengisveitinga. Ákvæðið er að grunni til sambærilegt og 2. mgr. 18. gr. áfengislaga. Hins vegar er lagt til að það tímamark sem miðað er við að ungmenni geti dvalist á veitingastað verði rýmkað nokkuð og einnig í fylgd hverra ungmenni getur dvalið á veitingastað eftir tímamark.

Í gildandi áfengislögum er miðað við að ungmenni yngri en 18 ára geti dvalið á veitingastað sem býður upp á áfengisveitingar til kl. 20. Bent hefur verið á að reglan sé óþarflega ströng og að erfitt geti verið að framfylgja henni. Eigi þetta sérstaklega við um skyndibitastaði sem selji bjór og léttvín.

Samkvæmt lögunum hefur 18 ára unglingur ekki heimild til að dvelja á slíkum stað eftir kl. 20 að kvöldi en engin takmörk eru á útivistartíma sama ungmennis samkvæmt barnaverndarlögum. Ungmenni sem eru orðin 18 ára eru á framhaldsskólaaldri og fylgja skólastarfi ýmsar hefðir svo sem árshátíðir, nemendamót o.fl. þar sem í mörgum tilfellum er farið út að borða á veitingastöðum þar sem áfengisveitingar eru seldar. Þá þykir það tímamark sem miðað er við í gildandi lögum einnig of knappt í ljósi þess að kvöldverðarvenjur Íslendinga hafa breyst. Eðlilegt þykir að miða við tímamarkið kl. 22 og er það lagt til í frumvarpinu. Lögð er áhersla á að ábyrgð hvílir á veitingamönnum að selja ekki, veita eða afhenda áfengi þeim sem eru yngri en 20 ára, sbr. 1. mgr. 18. gr. áfengislaga. Getur brot á slíku banni varðað sektum eða fangelsi allt að 6 árum samkvæmt þeim lögum.

Í dag er ungmennum yngri en 18 ára heimil dvöl á veitingastað, eftir tímamark, ef þau eru í fylgd annað hvort foreldra eða maka. Rétt þykir að víkka þetta út og láta jafnframt ná til annarra forráðamanna og ættingja, svo framarlega sem viðkomandi er yfir 18 ára aldri. Ástæða þess er að forráðamenn geta verið aðrir en foreldrar og einnig þykir rétt að aðrir ættingjar, svo sem afi og amma, geti boðið barnabörnum út að borða, án þess að vera bundin við það að þurfa að yfirgefa veitingahúsið kl. 22.

Regla um heimilan dvalartíma ungmenna á veitingastað sem selur áfengar veitingar er sérstaklega mikilvæg þegar um ræðir veitingastaði sem breytast í skemmtistaði eftir að borðhaldi lýkur, þ.e. staði þar sem meginhersla er lögð á sölu og veitingu áfengis. Í þeim tilvikum er mikilvægt að ungmenni séu ekki inni á viðkomandi veitingastöðum lengur en til kl. 22 nema í fylgd þeirra sem heimilt er. Hins vegar er gert ráð fyrir að hægt sé að veita undanþágu frá þessu og er þá fyrst og fremst verið að líta til skóladansleikja framhaldsskóla sem gjarnan eru haldnir á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Í þeim tilvikum verður ungmennum yngri en 18. ára heimil dvöl á slíkum stað, enda fari þá engar áfengisveitingar fram og afgreiðslutími viðkomandi veitingastaðar sé í öllum tilvikum í samræmi við rekstrarleyfi staðarins.

Hvað varðar aðra staði, svo sem skyndibitastaði, þykir ekki ástæða til að miða við svo ströng tímamörk og er því lagt til í ákvæðinu að undanþágu megi gera varðandi ákveðnar tegundir veitingastaða.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um skyldu til að hafa dyravörslu og helgast sú skylda af þeirri starfsemi sem um er að ræða og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að leyfisveitandi geti kveðið á um slíka skyldu við útgáfu rekstrarleyfis. Dyravarsla er mjög mikilvæg þegar kemur að eftirliti með því sem fram fer á veitingastöðum og mikilvægt að gott samstarf sé á milli dyravarða og lögreglu. Því er mikilvægt að kveðið sé á um heimild til námskeiðahalds fyrir dyraverði þar sem farið yrði yfir ýmis atriði sem á reynir í starfi þeirra. Einnig er nauðsynlegt að leyfisveitandi geti gert dyravörslu að skilyrði rekstrarleyfis og að hluti dyravarða hafi lokið námskeiði.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um þetta í reglugerð enda um að ræða atriði sem markast mjög af tíðaranda og þörf á hverjum tíma og þykja því frekar eiga heima í reglugerð en í lagatexta. Núverandi reglur um dyravörslu er að finna í reglugerð nr. 587/1987 en lagastoð þeirrar reglugerðar hefur þótt nokkuð ótraust. Er ákvæði þessu m.a. ætlað að bæta úr því.

Um III. kafla.

Kaflinn fjallar um leyfi fyrir starfsemi sem undir lögin fellur.

Um 7. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um hverjir fari með leyfisveitingar samkvæmt frumvarpinu og eru það sýslumenn að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út leyfi í umdæmi hans. Vísast um þetta til umfjöllunar í almennum athugasemdum í frumvarpinu.

Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að sú starfsemi sem undir frumvarpið fellur sé leyfisskyld og að sérstakt rekstrarleyfi þurfi til að stunda hana og að leyfisbréf skuli vera sýnilegt fyrir viðskiptavini.

Rekstrarleyfið tekur yfir þá starfsemi sem viðkomandi ætlar að stunda, hvort sem er í formi gististaðar með eða án veitinga, veitingastaðar með mat og drykk, kaffihúss, skemmtistaðar, dansstaðar, krárar, útleigu samkomusalar með eða án veitinga eða á annan hátt og er ekki gerður greinarmunur á leyfunum hvað þetta varðar. Einungis er um eitt leyfi að ræða og kemur þar fram fyrir hvaða starfsemi það gildir.

Hér er um verulega breytingu að ræða frá gildandi lögum þar sem ekki er gert ráð fyrir sérstöku áfengisveitingaleyfi heldur verður það innifalið í rekstrarleyfinu. Þá er skemmtanaleyfið í þeirri mynd sem það er nú ekki lengur til staðar. Leyfi sem tekur til einstakra atburða eða skemmtana verður þó áfram nauðsynlegt og er fjallað um það sérstaklega í 17. gr. frumvarpsins sem tækifærisleyfi.

Önnur leyfi sem nauðsynleg eru til reksturs veitingastaðar þ.e. byggingarleyfi og starfsleyfi rúmast ekki innan rekstrarleyfis en gert er ráð fyrir að umsóknarferli vegna þeirra leyfa verði auðveldað og er sérstaklega vikið að því í 10. gr. frumvarpsins.

Tóbakssöluleyfi er heldur ekki hluti af rekstrarleyfi en það leyfi er gefið út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga og verður svo áfram.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla til að fá rekstrarleyfi og er um nokkrar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Helsta breytingin felst í því að einungis er um eina umsókn að ræða vegna rekstrarleyfis og hafa skilyrði sem áður voru sett fyrir hverju leyfi verið sameinuð og eru nú þau sömu hvort sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar eða gististaðar eða veitingu og sölu áfengis.

Þau skilyrði rekstrarleyfis sem kveðið er á um í frumvarpinu eiga við um umsækjanda, hvort sem hann er einstaklingur eða lögaðili, en í þeim tilvikum sem umsækjandi er lögaðili þarf forsvarsmaður lögaðilans að uppfylla skilyrðin sem snúa að persónu. Ekki er tekin upp í frumvarpið sú framkvæmd sem hefur tíðkast að afla vottorða fyrir alla stjórnarmenn fyrirtækis með ótakmarkaða ábyrgð, svo sem sakarvottorðs, búsetuvottorðs, búsforræðisvottorðs og vottorðs um skuldastöðu, heldur er látið nægja að afla þurfi þeirra eingöngu vegna forsvarsmanns félagsins.

Fallið er frá skilyrði um lögheimili hér á landi enda samræmist það illa innri markaði Evrópu. Því er lagt til að einungis verði gerð krafa um búsetu leyfishafa eða forsvarsmanns. Sú breyting er gerð að krafist er lögræðis en áður hafði einungis verði krafist fjárræðis. Þykir eðlilegt að umsækjandi sýni jafnframt fram á að hann hafi sjálfræði. Einnig er sú breyting gerð að umsækjandi verður að vera 20 ára og er það í samræmi við ákvæði áfengislaga og þá reglu að ungmennum yngri en 20 ára er óheimilt að hafa áfengi með höndum og áfram er krafist búsforræðis. Nýmæli er að umsækjandi hafi tilkynnt um atvinnurekstur til skattstjóra og er þá aðallega átt við að viðkomandi hafi fengið virðisaukaskattsnúmer og nauðsynlegar tilkynningar vegna staðgreiðslu skatta og greiðslu tryggingagjalds hafi farið fram. Rétt þykir að setja þetta sem skilyrði fyrir rekstrarleyfi og er ekki talið að um íþyngjandi atriði sé að ræða þar sem þau eru nauðsynlegt skilyrði til að viðkomandi geti stundað atvinnurekstur og til þess fallin að draga úr „svartri atvinnustarfsemi“.

Einnig er skilyrði fyrir rekstrarleyfi að umsækjandi hafi ekki á síðustu fimm árum gerst brotlegur við tiltekin lög er varða atvinnurekstur og er hér um hertar kröfur að ræða að því leyti að í gildandi lögum er einungis um heimildarákvæði að ræða. Þá er jafnframt gert að skilyrði að umsækjandi skuldi ekki tiltekin gjöld en í gildandi áfengislögum og lögum um veitinga- og gististaði er heimilt að setja slíkt skilyrði. Ástæða þess að lagt er til að slíkt skilyrði verði ófrávíkjanlegt kemur til m.a. vegna tillögu frumvarpsins um að afnema tryggingagjald sem nú er skylt að leggja fram vegna áfengisleyfis. Rétt þykir að gæta mótvægis og herða á slíku skilyrði þegar slakað er á skyldum með afnámi tryggingar en um það vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu. Eðlilegt þykir einnig að umsækjandi hafi ekki verið sviptur leyfi til samskonar reksturs og umsókn lýtur að, á tilteknum tíma fyrir umsókn. Gert er ráð fyrir reglugerðarheimild til nánari útfærslu á skilyrðum og gagnaöflun.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta fjallar um leyfisumsóknina og hverjir geti sótt um. Tekið er fram að umsækjandi geti verið hvort sem er einstaklingur eða lögaðili en þá þarf að tilgreina aðila sem ber persónulega ábyrgð á rekstrinum.

Leyfi til veitinga um borð í skipum er áfram óbreytt frá gildandi lögum.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að sækja um rafrænt og nýmæli er að umsækjandi geti falið leyfisveitanda að afla gagna sem fylgja þurfa umsókn og til eru á rafrænu formi. Slíkt fyrirkomulag er liður í að einfalda umsóknarferlið fyrir umsækjendur en í stað þess að umsækj-

andinn fari á marga mismunandi staði og afli þeirra gagna sem krafist er getur leyfisveitandi kallað eftir þeim rafrænt.

Í ákvæðinu er kveðið nánar á um hvað skuli koma fram í umsókn og er gert ráð fyrir að þar séu allar upplýsingar um fyrirhugaðan rekstur og þær dugi til að hægt sé að koma umsóknarferlinu af stað. Heimilt er svo að kveða nánar á um í reglugerð hvað skuli koma fram í umsókn og hvernig hún skuli útfærð.

Um 10. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um umsóknarferlið og er um breytingar frá gildandi lögum að ræða. Áfram er gert ráð fyrir að starfsleyfi heilbrigðisnefndar þurfi fyrir starfseminni en nýmæli er að liggi slíkt leyfi ekki fyrir geti umsækjandi nálgast umsóknareyðublað hjá leyfisveitanda og gengið frá umsókn þar, samhliða umsókn um rekstrarleyfið. Leyfisveitandi getur þannig tekið við umsókn um starfsleyfi og sér þá um að áframsenda hana til heilbrigðisnefndar á svæðinu. Þetta breytir því að sjálfsögðu ekki að áfram verður hægt að sækja um starfsleyfið beint til viðkomandi heilbrigðisnefndar.

Áfram er gert ráð fyrir að leyfisveitandi afli umsagna tiltekinna aðila áður en rekstrarleyfi er veitt og er það í samræmi við gildandi lög. Gert er ráð fyrir að leyfisveitandi sendi umsókn til umsagnaraðila þótt starfsleyfi liggi ekki fyrir og er það til að koma sem mest í veg fyrir tafir á afgreiðslu en rekstrarleyfið verður ekki gefið út fyrr en starfsleyfið liggur fyrir.

Þótt umsagnir hafi ekki verið bindandi hefur framkvæmdin í raun verið sú að ávallt er farið eftir þeim. Því er lagt til í frumvarpinu að óheimilt verði að gefa út rekstrarleyfi ef einhver umsagnaraðila leggst gegn því og eru umsagnir þar með gerðar bindandi. Jafnframt er nauðsynlegt að umsagnir séu vel unnar og er því kveðið á um að umsagnir skuli vera skýrar og rökstuddar og umsagnaraðilum þannig gert að gera grein fyrir og færa rök fyrir því ef þeir leggjast gegn útgáfu rekstrarleyfis.

Hér er rétt að taka fram að þótt umsagnaraðili geti ekki fallist á umsókn að öllu leyti þarf það ekki að þýða að hann leggist gegn leyfisveitingu. Sem dæmi má nefna að sótt er um að fá að hafa opið til kl. 3 eftir miðnætti en sveitarstjórn fellst ekki á það, t.d. vegna skipulags, heldur leggur til að opnunartími verði til kl. 1 eftir miðnætti. Hér er ekki lagst gegn leyfisveitingu heldur sett skilyrði.

Mikilvægt að þær reglur séu samræmdar fyrir landið í heild og er því lagt til að kveða megi á um útgáfu leiðbeininga fyrir umsagnaraðila í reglugerð.

Annars er ekki gert ráð fyrir breytingum hvað varða umsagnir og þær úttektir sem þarf að gera þarf á húsnæði vegna leyfisveitinga. Þykir rétt að það helsta sem umsagnaraðilar skulu gefa umsagnir komi fram í frumvarpinu en ekki er um tæmandi talningu að ræða.

Umsagnaraðilar eru þeir sömu og samkvæmt gildandi lögum að því frátöldu að lögreglustjórum hefur verið bætt við sem umsagnaraðilum. Þetta á sér skýringu í því að í þeim tilfellum sem leyfisveitendur eru sýslumenn sem fara ekki jafnframt með lögreglustjórn er nauðsynlegt að lögregla veiti umsögn um þau atriði sem hún er bær um að meta. Í þeim tilvikum sem sýslumenn fara með lögreglustjórn og í tilviki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu er eðli máls samkvæmt ekki þörf á að leita umsagnar lögreglu.

Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði settar reglur um hvernig umsagnir skulu úr garði gerðar úr hendi umsagnaraðila og tímafrestir sem þeir hafa til skila á umsögnum, um umsóknarferlið og hvað skuli leita umsagna um.

Um 11. gr.

Ákvæði þetta hefur að geyma ýmis almenn atriði um rekstrarleyfið sjálft. Er þar kveðið á um tímalengd þess sem er fjögur ár í senn. Einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að sækja um styttra rekstrarleyfi en þó ekki styttra en til eins árs í senn. Þykir eðlilegt að svo sé, t.d. ef fyrirsjáanlegt er að reksturinn muni vara tiltekinn tíma eða ef ljóst er að staðsetning þarf að breytast. Rekstrarleyfi er jafnframt takmarkað við tiltekinn leyfishafa og tilgreinda starfsemi. Áfram er gert ráð fyrir að rekstrarleyfið sé óframseljanlegt.

Í rekstrarleyfi skulu jafnframt koma fram skilyrði leyfis, svo sem hámarksgestafjöldi, heimill afgreiðslutími, skylda til að hafa dyravörslu, sem og annað sem varðar aðbúnað og starfsemina eins og hávaði, umgengni, öryggi og þrifnað, einnig hvort heimild er til útiveitinga og annað sem getur skipt máli. Skilyrði þessi grundvallast á því um hvaða starfsemi er að ræða enda er t.d. mjög mismunandi hvort þörf er á dyravörslu eða sérstökum skilyrðum vegna umgengni og hávaða.

Við setningu skilyrða skal áfram miða við gildandi reglur lögreglunnar um löggæslu og slit á skemmtunum, nú samkvæmt reglugerð nr. 587/1987, auk lögreglusamþykkta sveitarfélaga. Einnig þykir rétt að sömu reglur um skyldu til dyravörslu og löggæslu gildi áfram þegar afgreiðslutíminn er langur. Leyfisveitendur taka því áfram mið af gildandi reglum þegar sótt er um rekstrarleyfi fyrir lengri afgreiðslutíma og skilyrðisbinda rekstrarleyfið til samræmis. Einnig má gera ráð fyrir að umsagnir sveitarfélaga fjalli um þetta og þá í samræmi við lögreglusamþykktir á hverjum stað sem kveða á um heimilan afgreiðslutíma veitingastaða.

Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir að í kjölfarið verði farið yfir allar þær reglur sem um þetta gilda í því skyni að bæta úr því sem ástæða þykir til.

Gert er ráð fyrir að heimilt verði að haga gjaldtöku vegna rekstrarleyfa eftir því um hvaða starfsemi er að ræða og mismunandi gjald verði greitt fyrir mismunandi flokka, t.d. eftir því hvort áfengi er veitt. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 29. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir að samhliða verði sett ný reglugerð sem m.a. kemur í stað reglugerðar nr. 587/1987 og kveður á um mismunandi kröfur til staða og skilyrði sem setja má í rekstrarleyfi og það sem þar skal koma fram.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um hvernig fara skuli með breytingar sem verða á starfsemi sem rekstrarleyfi hljóðar um og þegar nýr aðili tekur við leyfisskyldum rekstri.

Allar fyrirhugaðar breytingar á starfsemi eru háðar tilkynningu til leyfisveitanda og er leyfishafa gert að sækja um slíkar breytingar sérstaklega ef þær kalla á breytingar á skilmálum gildandi rekstrarleyfis. Má sem dæmi um það nefna ef aukið er við starfsemi, t.d. áfengisveitingum bætt við rekstur eða afgreiðslutími lengdur. Í ákvæðinu er einnig fjallað um þegar aðilaskipti verða að rekstrinum eða leyfishafi hyggst hætt starfsemi og er sú ábyrgð lögð á leyfishafa að tilkynna um slíkt án tafar enda gert ráð fyrir að hann beri ábyrgð á rekstrinum fram til þess tíma. Áfram er gert ráð fyrir að nýr aðili skuli þegar í stað sækja um nýtt rekstrarleyfi.

Í báðum framangreindum tilvikum, breytingar á starfsemi sem kalla á breytingar á skilmálum rekstrarleyfis og nýr rekstraraðili, er gert ráð fyrir nýrri umsókn um rekstrarleyfi. Almennt skal fara með slíkar umsóknir samkvæmt ákvæðum 9.–11. gr. en lagt er til að leyfisveitandi geti ákveðið að ekki þurfi að leita umsagnar allra aðila skv. 10. gr. ef hann telur slíkt óþarft. Hér er t.d. verið að líta til tilvika þegar engar breytingar verða á starfseminni sem nýr

rekstraraðili kemur að og starfsemin hefur gengið óaðfinnanlega. Í þeim tilvikum getur leyfisveitandi gefið út nýtt rekstrarleyfi, án þess að leita þurfi nýrra umsagna skv. 10. gr. en nýr leyfishafi verður að sjálfsögðu að uppfylla skilyrði 8. gr. og mun þurfa að afla gagna skv. 9. gr. Leyfisveitanda kann jafnframt að vera heimilt að ákveða að víkja frá gagnaöflum skv. 9. gr., t.d. ef um er að ræða breytingar á starfsemi en rekstraraðili er sá sami. Hins vegar kann í því tilviki að þurfa að leita umsagna skv. 10. gr. Einnig er rétt að árétta að nýr rekstraraðili þarf eflaust að sækja um nýtt starfsleyfi til heilbrigðisnefndar eftir þeim reglum sem um það gilda.

Leyfisveitanda er heimilt að gefa út bráðabirgðaleyfi til nýs rekstraraðila á meðan umsókn hans er til meðferðar og er slíkt leyfi í öllum atriðum grundvallað á því fyrra og bundið sömu starfsemi og skilyrðum fyrir henni. Gildistími bráðabirgðaleyfis getur verið allt að þrír mánuðir og telst það hæfilegur tími til að afgreiða nýja umsókn en heimilt er að framlengja ef tafir á útgáfu eru ekki umsækjanda að kenna. Með þessu ætti að vera tryggt að ekki þarf að stöðva rekstur þótt nýr aðili taki við enda má gera ráð fyrir að afgreiðsla nýs rekstrarleyfis taki ekki lengri tíma, svo framarlega sem rétt er frá umsókn gengið og öllum viðeigandi gögnum skilað í tíma.

Til að taka af allan vafa er kveðið á um það í frumvarpinu að þótt sótt sé um viðbót við starfsemi sem þegar hefur rekstrarleyfi og nýtt rekstrarleyfi þar með gefið út, t.d. lengri afgreiðslutíma, þá haldist gildistími hins fyrra rekstrarleyfis óbreyttur og í raun litið svo á að það rekstrarleyfi haldi gildi sínu og einungis sé um viðbót við það að ræða. Er það m.a. til að leyfishafi þurfi ekki að greiða leyfisgjöld á ný, heldur greiðir hann einungis fyrir viðbótarstarfsemina ef um hærra gjald er að ræða fyrir rekstrarleyfi eins og það hljóðar eftir breytingu. Sem dæmi má nefna að rekstrarleyfi er fyrir veitingastað í flokk II og kostar það samkvæmt frumvarpinu 124.000 kr. Ef sótt er um lengri afgreiðslutíma hljóðar rekstrarleyfið um veitingastað í flokki III en þar er leyfisgjaldið 160.000 kr. og þarf leyfishafi að greiða mismuninn á þessum tveimur gjöldum.

Um 13. gr.

Endurnýjunarferlið er einfaldað til muna með frumvarpinu og er nýmæli að ef starfsemi er óbreytt og engar athugasemdir hafa borist vegna hennar á leyfistíma eða koma fram við meðferð umsóknar, verður rekstrarleyfið almennt endurnýjað án þess að þurfi að leita umsagna á ný.

Hér er einkum miðað við að eftirlitsaðilar skv. 21. gr. hafi ekki tilkynnt um athugasemdir en einnig er leyfisveitanda gert að leita upplýsinga hjá þeim á meðan á meðferð umsóknar stendur og einnig upplýsinga en þó með óformlegri hætti en í umsagnarformi, til hvers af þeim umsagnaraðilum sem kveðið er á um í 10. gr. Er það lagt í hendur leyfisveitanda að meta hvort ástæða er til að leita formlegra umsagna á ný og má ganga út frá því að það geri hann ef einhverjar athugasemdir hafa borist á leyfistíma eða upplýsingar sem hann aflar i umsóknarferlinum gefa tilefni til þess. Þetta nýmæli um einfaldari endurnýjunarferli grundvallast fyrst og fremst á því að eðlilegt þykir að þeir sem eru með starfsemi sína og rekstur í góðu lagi njóti þess og þurfi ekki að fara í allt umsóknarferlið á ný, eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Enda er þessi starfsemi undir stöðugu eftirliti þeirra aðila sem getið er í 21. gr. og hafa þeir heimildir til úrræða ef út af bregður auk þess sem þeim hafa tilkynningarskyldu gagnvart leyfisveitanda. Má því gera ráð fyrir að ávallt liggi fyrir ef einhverjir þeir hnökrar eru á starfsemi sem leiða til að endurskoða þarf rekstrarleyfi og skilyrði fyrir því.

Endurnýjun starfsleyfis heilbrigðisnefnda fer eftir þeim reglum sem um það gilda hverju sinni enda fellur það leyfi ekki undir frumvarp þetta.

Gert er ráð fyrir að sótt sé um endurnýjun tveimur mánuðum áður en rekstrarleyfi fellur úr gildi og á sá tími að nægja til að taka afstöðu til endurnýjunar. Hins vegar má alltaf gera ráð fyrir að ekki sé sótt um innan tímafrests heldur jafnvel á síðasta degi. Því þykir rétt að kveða á um það í frumvarpinu að gefa megi út bráðabirgðaleyfi sem í öllum atriðum er samhljóða rekstrarleyfinu, til allt að þriggja mánaða, á meðan endurnýjunarumsóknin er til meðferðar. Með þessu er komið í veg fyrir að til úrræða verði að grípa skv. 23. gr. frumvarpsins, ef farist hefur fyrir að sækja um það tímanlega að endurnýjun náist, áður en rekstrarleyfið rennur út. Bráðabirgðaleyfið er þó einungis heimilt að gefa út ef sótt er um endurnýjum áður en rekstrarleyfið rennur út og verður gildistími þess því aldrei lengri en þrír mánuðir frá því tímamarki. Lagt er til að óheimilt verði að gefa út bráðabirgðaleyfi ef sótt er um endurnýjum eftir að rekstrarleyfi rennur þar sem eðlilegt þykir að þær kröfur séu gerðar til rekstraraðila að þeir sæki um í tíma enda um að ræða leyfi sem er nauðsynlegt skilyrði starfseminnar.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um með hvaða hætti rekstrarleyfi getur fallið úr gildi.

Um 14. gr.

Ákvæði þetta fjallar um synjun á rekstrarleyfi og er helst um að ræða að einhver skilyrði 8. gr. eru ekki uppfyllt og ef einhver umsagnaraðili er mótfallinn útgáfu rekstrarleyfisins. Ekki er um sérstakar breytingar að ræða frá gildandi lögum hvað þetta varðar.

Nýmæli er að tilkynna skuli umsækjanda skriflega um fyrirhugaða synjun og gefa honum kost á að bæta úr annmörkum. Er þetta í samræmi við góða stjórnsýsluhætti.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu, sem fjallar um það þegar rekstrarleyfi fellur niður er gerður greinarmunur á því hvenær rekstrarleyfi fellur sjálfkrafa niður, án afskipta stjórnvalda og hvenær hægt er að afturkalla rekstrarleyfið eða svipta viðkomandi því. Jafnframt er kveðið á um að leyfishafi geti lagt inn rekstrarleyfið.

Í 1. mgr. er fjallað um hvenær um sjálfkrafa niðurfellingu rekstrarleyfisins er að ræða og er um tæmandi talningu að ræða. Er það við lok gildistíma eða ef leyfishafi kýs að skila því. Í þessum tilvikum er engra utanaðkomandi aðgerða þörf við niðurfellingu rekstrarleyfisins. Þó kann að vera að starfsemi haldi áfram og er því gert ráð fyrir að beita megi úrræði 23. gr. um lokun staðar.

2. mgr. kveður á um skyldu leyfisveitanda til að afturkalla rekstrarleyfið ef leyfishafi uppfyllir ekki lengur skilyrði 8. gr.

Um heimildir leyfisveitanda til að svipta leyfishafa rekstrarleyfi er kveðið á um í 3. mgr. Er miðað við að svipting sé í upphafi tímabundin og verði í þeim tilvikum, t.d. ef leyfishafi misnotar rekstrarleyfi og má sem dæmi nefna að starfsemi er umfram það sem rekstrarleyfið kveður á um. Einnig ef hann verður uppvís að brotum gegn ákvæðum þeirra laga sem tengjast starfseminni, þar á meðal áfengislaga eða vanræki skyldur sem á honum hvíla samkvæmt þeim. Eins og fram kemur í skýringum við II. kafla frumvarpsins er áfram gert ráð fyrir að ákvæði áfengislaga gildi óbreytt eftir því sem við á um meðferð og neyslu áfengis og því eðlilegt að brot gegn þeim varði leyfissviptingu eins og samkvæmt gildandi áfengislögum. Munur er þó á að samkvæmt frumvarpinu er hinn brotlegi sviptur rekstrarleyfi sem innifelur

leyfi til tiltekins reksturs en takmarkast ekki við sölu og/eða veitingu áfengis. Svipting rekstrarleyfis að fullu er síðan heimil við ítrekuð brot.

Svipting eða afturköllun verður einungis eftir að leyfishafi hefur fengið viðvörun og átt þess kost að bæta úr því sem mundi valda brottfalli rekstrarleyfisins. Nánar er síðan kveðið á um tilkynningu til leyfishafa um brottfall rekstrarleyfis. Einnig er leyfisveitanda gert að tilkynna heilbrigðisnefnd um afturköllun eða sviptingu rekstrarleyfis enda kann það að hafa áhrif á starfsleyfi viðkomandi.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimild bústjóra til að halda rekstri áfram og taka stöðu leyfishafa. Einnig er erfingja heimilt að halda starfsemi áfram í allt að ár á grundvelli rekstrarleyfisins og þá þótt það renni út á tímanum. Er þá gert ráð fyrir að bráðabirgðaleyfi verði gefið út fyrir þann tíma sem eftir er af árstímabilinu. Ekki er um breytingu að ræða frá gildandi lögum hvað þetta varðar.

Um V. kafla.

Í kafla þessum er fjallað um svokölluð tækifærisleyfi, bæði vegna einstakra skemmtana og atburða og til veitingar áfengisveitinga. Eins og heitið ber með sér er hér um að ræða sérstök tímabundin leyfi sem bæði einstaklingar og lögaðilar geta sótt um, vegna ákveðinna tilvika og eiga því um margt aðrar reglur við en um almenn rekstrarleyfi.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um svokölluð tækifærisleyfi en þau eru gefin út fyrir einstökum atburðum og skemmtunum Í gildandi lagaumhverfi hefur vantað skýr ákvæði um slík leyfi og er frumvarpi þessu ætlað að bæta úr því.

Ákvæði þessu er ætlað að taka til atburða og skemmtana sem fara fram utan veitinga- og gististaða enda eru slíkir staðir rekstrarleyfisskyldir og fer allt skemmtanahald á þeim fram í skjóli þess rekstrarleyfis. Leyfisskylda samkvæmt ákvæði þessu afmarkast við að skemmtun og/eða atburður sé í atvinnuskyni og til þess fallinn til að valda ónæði og kalla á eftirlit lögreglu. Undir þetta mundu falla t.d. útihátíðir, útitónleikar, árshátíðir, bæjarhátíðir ýmiss konar, dansleiki og annars konar skemmtanir í samkomusölum svo og skóladansleikir. Gengið er út frá því að skemmtun/atburður sé í atvinnuskyni og því aðgangur seldur með einum eða öðrum hætti, hvort sem er með sölu aðgöngumiða kaupum á veitingum á viðkomandi skemmtun eða annars konar framlögum og eru hvers konar einkasamkvæmi því undanskilin. Erfitt kann að vera að setja skilin á milli leyfisskyldrar skemmtunar/atburðar og einkasamkvæmis. Ljóst er þó að undir einkasamkvæmi falla einkum samkvæmi fyrir fámennari hóp gesta, í heimahúsum og samkomusölum ýmiss konar, t.d. afmælisveislur, fermingar og brúðkaupsveislur enda má þá ganga út frá fríum aðgangi og veitingum.

Rétt er að taka fram að ákvæði þessu er ekki ætlað að ná til íþróttakappleikja eða opinberra hátíðarhalda svo sem á þjóðhátíðardaginn, Menningarnótt í Reykjavík, Reykjavíkurmaraþons og á Sjómannadaginn enda eru slíkir atburðir almennt ekki í atvinnuskyni eða aðgangur seldur að þeim.

Gert er ráð fyrir að útgáfa slíkra leyfa verði á sömu hendi og útgáfa rekstrarleyfa, þ.e. hjá sýslumönnum nema í Reykjavík, hjá lögreglustjóranum á höfðuborgarsvæðinu en samkvæmt gildandi lögum eru þessar leyfisveitingar hjá lögreglustjórum. Lagt er til að sækja þurfi um slíkt leyfi með a.m.k. viku fyrirvara. Þess er krafist að umsækjandi uppfylli skilyrði 8. gr.

eftir því sem við á en þar sem um einstök tímabundin leyfi er að ræða má gera ráð fyrir að þau eigi ekki alltaf öll við hverju sinni. Heimild er veitt til að víkja frá fjárræðisskilyrðinu og er þá fyrst og fremst verið að líta til skóladansleikja og annarra skemmtana sem fara fram á vegum skólafélaga framhaldsskólanna og forráðamaður viðkomandi félags er undir aldri. Í slíkum tilvikum er krafist ábyrgðarmanns fyrir skemmtuninni sem er fjárráða.

Kveðið er á um að leyfishafi geti sett ákveðin skilyrði fyrir útgáfu leyfis að fenginni umsögn lögreglustjóra umdæmisins, heilbrigðisnefndar og slökkviliðs og eftir atvikum annarra umsagnaraðila skv. 10. gr. Hér er áskilnaður um að leyfisveitandi afli umsagnar lögreglu um þá þætti sem ákvæðið tilgreinir áður en leyfi er gefið út. Er slíkur háttur hafður á þar sem um er að ræða atriði sem eðlilegast er að lögregla segi til um hvort eru nauðsynlegt skilyrði leyfis, miðað við þá skemmtun sem sótt er um leyfi vegna. Gert er ráð fyrir að umsagnir lögreglustjóra í þessum tilvikum séu bindandi sem og umsagnir heilbrigðisnefnda og slökkviliðs. Lagt er til að leitað sé umsagna aðila skv. 10. gr. frumvarpsins eftir því sem við getur átt en ekki þykir ástæða til að gera það að skyldu að leita umsagna frá þeim öllum. Helgast það fyrst og fremst að því að leyfi er veitt fyrir eitt ákveðið tilvik, hefur stuttan gildistíma og gert er ráð fyrir skömmum umsóknarfyrirvara.

Kveðið er á um að leyfisveitanda sé heimilt að krefja leyfishafa um aukinn kostnað við löggæslu og er það í samræmi við gildandi 1. mgr. 34. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Jafnframt er kveðið á um að krefjast megi kostnaðarins fyrir fram eða að trygging sé sett fyrir greiðslu. Um það er nú kveðið á í reglugerð nr. 587/1987 en nokkuð hefur þótt skorta á lagastoð fyrir þeirri reglugerð. Ákvæði þessu er ætlað að bæta úr því. Samhliða er lagt til að 1. mgr. 34. gr. lögreglulaga falli brott enda ekki nauðsyn að kveða á um heimtu löggæslukostnaðar vegna skemmtanahalds á mörgum stöðum í löggjöfinni. Þykir heimildin betur eiga heima í lögum sem kveða á um leyfi til að halda slíkar samkomur en í lögreglulögum sem kveða að öðru leyti ekki á um skemmtanahald.

Gert er ráð fyrir að löggæslukostnaður sem leyfisveitandi krefur leyfisbeiðanda um renni til lögreglustjórans í umdæminu.

Rétt þykir að árétta að ákvæði 2. mgr. 23. gr. kveða á um skyldu til að slíta skemmtum sem fer fram án leyfis samkvæmt ákvæði þessu. Nauðsynlegt þykir að hafa heimild til að setja nánari ákvæði í reglugerð er varða þessi leyfi.

Um 18. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um tímabundin áfengisveitingaleyfi. Í frumvarpinu eru slík leyfi skilgreind sem sala og/eða afhending áfengis í atvinnuskyni við einstök tækifæri hvort sem um beina sölu er að ræða eða hvers kyns afhendingu þeirra, hvar sem slíkt fer fram, innan- eða utandyra. Ákvæði þetta tekur því til ýmiss konar tilvika þegar áfengisveitingar eru ýmist seldar eða afhentar, svo sem í samkvæmum, á sýningum, við kynningar ýmiss konar og er almennt gert ráð fyrir að þetta sé að einhverju leyti í atvinnuskyni. Áhersla hér er á að veiting/afhending áfengisins sé að einhverju leyti í atvinnuskyni og falla því utan ákvæðisins móttökur ýmiss konar, hvort sem eru eftir ráðstefnur, fundi, fyrirtækjaheimsóknir eða annað slíkt, hvort sem er á vegum opinberra- eða einkaaðila.

Áfengisveitingar sem undir þetta ákvæði falla takamarkast ekki við að fari fram í svokölluðum samkomusölum heldur getur hvers kyns húsnæði fallið hér undir, svo sem íþróttahús og salir félagssamtaka og einnig þegar veitingin fer fram utandyra, hvort sem er undir berum himni eða í tjöldum. Almennt er gert ráð fyrir að leyfi sem þetta sé ekki gefið út vegna atburðar oftar en fjórum sinnum á ári vegna sama staðar. Þykir nauðsynlegt að hafa einhver

mörk til að koma í veg fyrir að hægt verði að nota húsnæði, svo sem skemmur, flugskýli og íþróttahús til reglulegs samkomuhalds, án þess að sótt sé um almennt rekstrarleyfi og þannig komist hjá almennu eftirliti og skilyrðum sem setja má fyrir slíkri starfsemi. Ekki er þó gert ráð fyrir að þetta sé fortaklaust því í sumum tilvikum kanna að vera nauðsynlegt að geta gefið leyfi oftar vegna sama staðar. Er þá verið að horfa til mjög stórra samkoma sem rúmast varla nema í stærstu íþróttahúsum svo sem árshátíðir stórfyrirtækja og flokksþing stjórnmálaflokka. Ákvæði þessu er ekki ætlað að koma í veg fyrir slík tilvik.

Veiting áfengis í einkasamkvæmum fellur ekki hér undir af sömu ástæðu og þau samkvæmi eru ekki leyfisskyld skv. 17. gr., enda eru slík samkvæmi ekki í atvinnuskyni.

Tímabundin áfengisveitingaleyfi verður hins vegar ekki gefið út ef salan og/eða veitingin fer fram í húsnæði sem hefur rekstrarleyfi sem innifelur leyfi til áfengisveitinga heldur fara þá allar áfengisveitingar fram á grundvelli þess rekstrarleyfis og á ábyrgð leyfishafans.

Hér er einnig kveðið á um heimild rekstrarleyfishafa til að sækja um tímabundið áfengisveitingaleyfi sem viðbót við það rekstrarleyfi sem hann hefur. Sem dæmi um þetta má nefna að í rekstrarleyfi fyrir samkomusal kveður á um afgreiðslutíma áfengisveitinga til kl. 1 en halda á árshátíð sem ætlunin er að standi til kl. 3. Í því tilviki gæti rekstrarleyfishafinn fengið tímabundið áfengisveitingaleyfi til að geta boðið upp á lengri afgreiðslu áfengisveitinga í því einstaka tilviki. Einnig má nefna að veitingastaðir í flokki II samkvæmt frumvarpinu kunna að vilja hafa lengri afgreiðslutíma í einstökum tilvikum t.d. á menningarnótt í Reykjavík.

Leyfisveitandi gefur út tímabundin leyfi samkvæmt ákvæði þessu og er miða við að sömu reglur gildi og kveðið er á um í 17. gr. um tækifærisleyfi, einnig er varðar gildistímann. Einnig er gert ráð fyrir að úrræði 23. gr. frumvarpsins verði beitt við brotum gegn ákvæðinu. Jafnframt er kveðið á um reglugerðarheimild vegna nánari útfærslu leyfisveitinga.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um skyldu leyfishafa til að veita yfirvöldum ákveðnar upplýsingar, skyldu leyfisveitanda til að halda skrá yfir þá sem reka leyfisskylda starfsemi samkvæmt frumvarpinu eftirlit með frumvarpinu og viðurlög við brotum gegn þeim. Þá er jafnframt kveðið á um gjaldtöluheimild vegna útgáfu rekstrarleyfa, almenna reglugerðarheimild og kæruheimild.

Um 19. gr.

Ákvæði þetta kveður á um upplýsingaskyldu rekstraraðila og er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 20. gr.

Ákvæði þetta kveður á um skrá sem halda skal yfir leyfishafa og er um sams konar skyldu að ræða og samkvæmt gildandi lögum. Nýmæli er að ítarlega er kveðið á um hvað skuli koma fram í skránni, að skráning skuli vera í miðlægu leyfakerfi og að rekstrarleyfi í gildi skuli birta með aðgengilegum hætti.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um eftirlit með framkvæmd þess sem kveðið er á um í frumvarpinu og að það sé í höndum lögreglustjórans á viðkomandi stað. Með þessu er lagt til að eftirlitið sé ekki alltaf hjá leyfisveitanda og helgast það af því að sýslumenn sem eftir 1. janúar 2007 hafa ekki jafnframt með höndum lögreglustjórn, hafa ekki nægar heimildir til að annast slíkt eftirlit.

Samkvæmt 1. mgr. mun eftirlit lögreglu snúa að framkvæmd laganna, að leyfishafi uppfylli skilyrði fyrir rekstrarleyfi og fylgi þeim skilyrðum sem rekstrarleyfi eru bundin, m.a. um dyravörslu og einnig að þeim reglum sem um sölu og veitingu áfengis gilda sé fylgt.

Ljóst er að starfsemi sú sem fellur undir frumvarpið á jafnframt undir ýmis önnur lög og reglur og má þar nefna vinnulöggjöf, matvælalög, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og brunamál. Þessi lög kveða á um ákveðnar skyldur og skilyrði sem þarf að uppfylla og einnig hvernig eftirlit skuli haft með að þeim sé fylgt. Er því gert ráð fyrir í 2. mgr. að allt slíkt eftirlit fari eftir viðkomandi lögum og reglum og sé á hendi þeirra sem þar er kveðið á um hverju sinni. Þannig mun Vinnueftirlitið áfram gæta að því að farið sé að lögum um öryggi og aðbúnað á vinnustöðum og heilbrigðisnefndir að skilyrði starfsleyfis séu uppfyllt.

Lögð er sú skylda á heilbrigðisnefndir að tilkynna leyfisveitanda ef til stendur að svipta viðkomandi aðila starfsleyfi enda er slíkt leyfi nauðsynlegt skilyrði þess að hafa rekstrarleyfi. Má því gera ráð fyrir að svipting starfsleyfis hafi í för með sér sviptingu rekstrarleyfis, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Jafnframt er sú skylda lögð á herðar eftirlitsaðilum að tilkynna leyfisveitanda um allt sem telst ábótavant við starfsemi og tekur það einnig til þess ef stöðvun starfseminnar er fyrirhuguð á grundvelli þeirra heimilda sem þeir aðilar hafa, enda getur slíkt valdið sviptingu rekstrarleyfis og einnig grundvallast einföldun á endurnýjun rekstrarleyfa á að rekstur hafi verið athugasemdalaus, m.a. frá hendi eftirlitsaðila.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um viðurlög vegna brota. Refsingar eru afmarkaðar við sektir og þykir ekki ástæða til að hafa þyngri viðurlög enda jafnframt gert ráð fyrir að beita megi þvingunarúrræði 23. gr. og loka starfsstöð þar sem brot fer fram. Má gera ráð fyrir að slíkt úrræði hafi mest varnaráhrif enda um að ræða úrræði sem hægt er að beita fyrirvaralítið og hefur bein áhrif, bæði á þann sem brotlegur er og einnig starfsemi hans.

Í 2. mgr. er sérstaklega fjallað um brot er varða misbeitingu á veitingu áfengis. Ákvæðið er samhljóða gildandi 26. gr. áfengislaga og fer um refsingu samkvæmt þeim lögum. Samkvæmt þessu gilda ákvæði áfengislaga um hlutdeild, tilraun og eignaupptöku einnig um slík brot.

Ekki er með frumvarpi þessu ætlunin að gera að öðru leyti breytingar frá gildandi lögum er varða meðferð og neyslu áfengis heldur er einungis verið að breyta umhverfi leyfisveitinga í þeim málaflokki.

Um 23. gr.

Hér er kveðið á um það nýmæli að lögreglustjóra er gert skylt að loka stað þar sem stundað er leyfisskyld starfsemi samkvæmt frumvarpinu án þess að tilskilið rekstrarleyfi sé fyrir hendi. Er þetta heimilað án þess að þörf sé á sérstökum fyrirvara eða aðvörun áður en starfsemi er stöðvuð. Eru í ákvæði talin upp þau tilvik þar sem þetta er skylt og er m.a. um að ræða að ekki hefur verið sótt um rekstrarleyfi, leyfi ekki endurnýjað, eða starfsemi er ekki í samræmi við útgefið rekstrarleyfi, svo sem ef rekstrarleyfi hljóðar um afgreiðslutíma til kl. 1 en haft er opið til kl. 3 eða áfengisveitingar sem leyfisskyldar eru skv. 18. gr. fara fram án leyfis. Nauðsynlegt þykir að lögreglan geti brugðist við með skjótum og áhrifaríkum hætti þegar þannig stendur á sem rakið er í ákvæðinu en í gildandi lögum skortir slíkar heimildir.

Þá er lögreglu gert skylt að slíta samkomu sem fram fer á grundvelli tækifærisleyfis skv. 17. gr. ef sérstakar tilgreindar ástæður liggja fyrir. Slík heimild er í dag til staðar í reglugerð

um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum en rétt þykir að treysta grundvöll reglunnar með því að kveða á um hana í lögum.

Um 24. gr.

Ákvæði þetta kveður á um gjaldtöku vegna útgáfu leyfa og er áfram gert ráð fyrir að heimildir til töku leyfisgjalda vegna rekstrarleyfis verði í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Um 25. gr.

Ákvæði þetta kveður á um heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Er þetta almenn reglugerðarheimild en jafnframt er kveðið á um þessa heimild í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Í gildandi lögum um veitinga- og gististaði er gert ráð fyrir samráði við Samtök ferðaþjónustunnar og Umhverfisstofu við gerð reglugerðar. Ekki er gert ráð fyrir í frumvarpi þessu að breytingar verði á því heldur verði reglugerðir sem settar eru á grundvelli frumvarpsins áfram sendar þessum aðilum sem og öðrum hagsmunaaðilum til umsagnar.

Um 26. gr.

Hér er kveðið á um kæruheimild og málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um gildistöku frumvarpsins og brottfall laga og lagaákvæða sem óhjákvæmilegt er vegna gildistökunnar.

Um 27. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2007.

Þar sem frumvarpið leggur til að ný lög leysi lögin um veitinga- og gististaði af hólmi falla hin síðarnefndu úr gildi.

Þá er einnig lagt til að lög nr. 120/1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, falli úr gildi. Lögin kveða á um að dómsmálaráðherra skuli heimilt að ákveða með auglýsingu hvenær skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagaheimilum eða veitingahúsum skuli í síðasta lagi slitið. Í þessu frumvarpi er lagt til að sveitarstjórnir ákveði afgreiðslutíma veitingastaða og gildir það jafnt um veitingastaði sem ætlað er að hafa stuttan eða langan afgreiðslutíma og án tillits til þess hvort áhersla er á áfengisveitingar eða dans eftir ákveðið tímamark. Þá er lagt til að leyfisveitendur kveði á um í tækifærisleyfum hvenær skemmtun skuli slitið, að fenginni umsögn lögreglustjóra. Að þessu gefnu er ekki lengur þörf á lögum nr. 120/1947.

Um 28. gr.

Við sameiningu veitingaleyfa og áfengisveitingaleyfa í eitt rekstrarleyfi verður óhjákvæmilega skörun milli þeirra lagabálka sem um þessi leyfi gilda nú.

Í 1. tölul. ákvæðisins er kveðið á um þær breytingar sem verða á áfengislögum.

V. kafli áfengislaga fjallar um veitingar áfengis og fellur allur sá kafli brott verði frumvarpið að lögum. Þá er jafnframt lagt til að VIII. kafli um úrskurðarnefnd um áfengismál falli niður. Hlutverk úrskurðanefndarinnar er að leysa úr ágreiningsmálum vegna úrskurða sveitarstjórna samkvæmt áfengislögum. Fá mál hafa komið til kasta nefndarinnar á síðustu árum og hafa þau öll snúist um kærur vegna synjunar á áfengisveitingaleyfi til veitingastaða. Þegar

áfengisveitingaleyfi verða sameinuð veitingaleyfum í rekstrarleyfi sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og sýslumenn gefa út verður dóms- og kirkjumálaráðuneytið æðra stjórnvald í skilningi stjórnsýsluréttar. Ákvarðanir verða því kæranlegar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Einu leyfisveitingar sem standa eftir hjá sveitarstjórnum á grundvelli áfengislaga verða leyfi til rekstrar áfengisútsölu. Ekki er talin nauðsyn að kveða á um sérstaka úrskurðarnefnd til að endurskoða slíkar ákvarðanir heldur er rétt að þær fylgi hefðbundnum leiðum innan sveitarstjórnarlaga.

Breytingar á liðum a–d eru tilkomnar vegna tillögu frumvarpsins um að kveðið verði á um leyfi til veitingar áfengis í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald en ekki í áfengislögum.

Í e-lið ákvæðisins er gert ráð fyrir að leyfisveitingar vegna framleiðslu, innflutnings og heildsölu áfengis færist frá ríkislögreglustjóra til lögreglustjóra. Breyting þessi er tilkomin vegna endurskoðunar sem gerð var á leyfamálum lögreglu og sýslumanna í kjölfar setningar laga nr. 46/2006 sem kveða á um umtalsverðar breytingar á málefnum sýslumanna og lögreglustjóra.

Leyfi til framleiðslu, innflutnings og til að selja áfengi í heildsölu hafa verið gefin út af ríkislögreglustjóra frá árinu 1998. Á þeim tíma þótti heppilegt að slík leyfi væru á einum stað og því nærtækast að embætti sem væri samnefnari fyrir öll lögreglustjóraembættin í landinu sinnti þeirri útgáfu. Á daginn hefur komið að embætti ríkislögeglustjóra er ekki sérlega hentugt til útgáfu leyfa þar sem slík starfsemi er mjög lítill hluti af annarri starfsemi embættisins. Frá árinu 2001 hafa samtals verið gefin út 105 leyfi til framleiðslu áfengis. Þessu fylgir jafnframt útgáfa leyfa á grundvelli 5. og 6. gr. áfengislaga til að kaupa og nota etanól, spíritus fortis o.fl. vegna iðnaðar. Frá sama tímamarki hafa verið gefin út 7 leyfi til innflutnings á áfengi og 169 leyfi til að selja áfengi í heildsölu.

Með því að fela lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins afgreiðslu þessara leyfa mun leyfaútgáfan áfram vera á einum stað sem er heppilegt vegna sérhæfingar. Þar verður starfrækt sérstök leyfadeild í líkingu við þá sem starfrækt var hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík og er mikið hagræði fólgið í að nýta þá sérþekkingu og verklag sem komið hefur verið upp við útgáfu leyfa af ýmsu tagi. Þessi leið þykir heppilegri en að fela lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og sýslumönnum á landsbyggðinni, eins og önnur ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir, útgáfu leyfanna þar sem flestir leyfishafar eru á höfuðborgarsvæðinu.

Í 2. tölul. ákvæðisins er kveðið á um þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Gjöld vegna rekstrarleyfa eru nú ákveðin í lögum um aukatekjur ríkissjóðs og V. kafla áfengislaga. Þar sem í frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á leyfisveitingum á þessu sviði er nauðsynlegt að gera allnokkrar breytingar á þessum lögum auk þess sem gjaldtakan samkvæmt áfengislögum er felld niður, sbr. framangreint.

Með frumvarpi þessu er lagt til að þetta verði einfaldað til muna með því að einungis verður um eitt leyfi að ræða, rekstrarleyfi, sem gildir í 4 ár og er endurnýjað til sama tíma hverju sinni. Gjaldtakan miðast við flokkun staða skv. 3. og 4. gr. frumvarpsins og tekur mið af þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Verði frumvarp þetta að lögum er lagt til að gjaldtaka skiptist með eftirfarandi hætti og breytingar verði gerðar á 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs til samræmis:

Í 20. tölul. er fjallað um gistileyfi skv. 3. gr. frumvarpsins. Miðað er við að fjárhæð leyfisgjalda sé að mestu leyti sú sama og samkvæmt gildandi lögum, að viðbættri hækkun neysluvísitölu frá síðustu breytingu, í desember 2004 til janúar 2007 og verða fjárhæðir því hærri sem því nemur. Í gildandi lögum eru gjöld vegna gistileyfis þrenns konar, 16.500, 22.000 og

55.000 kr. Áfram er miðað við sömu gjöld fyrir sams konar/svipaðrar starfsemi og verða þau með vísitöluhækkun 18.500 kr., 24.500 kr. og 61.500 kr. Því til viðbótar er gjald vegna áfengisveitinga og er um tvenns konar gjald að ræða, annars vegar vegna minibars eingöngu 50.000 kr. og hins vegar vegna áfengisveitinga almennt 100.000 kr. en nánar er gerð grein fyrir því gjaldi hér á eftir.

Í 21. tölul er fjallað um veitingaleyfi skv. 4. gr. frumvarpsins. Einnig hér er fjárhæð leyfisgjalda sú sama og í gildandi lögum, að viðbættri hækkun neysluvísitölu og áfram er miðað við sömu gjöld fyrir samskonar/svipaða starfsemi. Fjárhæðir eru þær sömu og í 20. tölul. Viðbótargjald vegna áfengisveitinga er einnig 100.000 kr.

Eins og sést af tillögum frumvarpsins um gjaldtöku er gert ráð fyrir að þeir staðir sem fá leyfi til að selja og veita áfengi greiði hærra gjald sem nemur 100.000 kr. frá því sem annars hefði verið, nema þegar einungis er um minibar að ræða, þá er lagt til að gjaldið sé 50.000 kr. Þetta sérstakt gjald vegna áfengisveitinga tekur mið af því að ekki þarf að sækja sérstaklega um áfengisveitingaleyfi og er sá gjaldstofn því felldur niður í áfengislögunum. Í staðinn er lagt til að staðir sem vilja veita áfengi greiði hærra gjald fyrir rekstrarleyfið. Þetta felur þó ekki í sér auknar álögur á starfsemi þar sem samkvæmt gildandi áfengislögum þurfa þeir sem hafa áfengisveitingaleyfi að greiða leyfisgjald sem er 100.000 kr. og gildir að hámarki í 4 ár. Við hverja endurnýjun gjaldsins þarf síðan að greiða fullt gjald.

Frumvarpið felur það hins vegar í sér að þetta hærra gjald vegna áfengisveitinga er einungis greitt einu sinni, þegar sótt er um rekstrarleyfi í fyrsta sinn. Endurnýjun sem lögð er til að verði á fjögurra ára fresti innifelur allt það sem felst í rekstrarleyfinu og greiðir leyfishafi einungis endurnýjunargjaldið. Í raun er því um að ræða minni gjaldtöku en samkvæmt gildandi lögum.

Í 22. tölul. er lagt til að gjald vegna tækifærisleyfis skv. 17. gr. frumvarpsins verði 6.000 kr. en það er nú 3.300 kr. samkvæmt gildandi lögum.

Í 23. tölul. er kveðið á um gjald vegna tímabundins áfengisveitingaleyfis skv. 18. gr. og er lagt til að það verði 20.000 kr. Í gildandi lögum er hægt að fá áfengisveitingaleyfi til allt að 6 mánaða og er gjaldið það sama. Með þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér þykir ekki ástæða til að hafa slíkan gildistíma á tímabundnu leyfi vegna áfengisveitinga heldur að það gildi bara um það ákveðna tilvik sem sótt er um vegna, í allt að 7 daga hið mesta og er þá verið að líta til að sami atburður standi þann tíma.

Í 24. tölul. er gjald vegna endurnýjunar og lagt til að það verði þríþætt. Þar er fyrst að nefna gjald vegna endurnýjunar rekstrarleyfis án áfengisveitingaleyfis, 5.500 kr. Í annan stað er um að ræða endurnýjun rekstrarleyfis til gististaða sem hafa heimild fyrir minibar, 25.000 kr. Þar sem um áfengisveitingar er að ræða, þótt takmarkaðar séu, þykir rétt að endurnýjunargjald sé hærra en þar sem engar áfengisveitingar eru heimilar. Í þriðja lagi er um að ræða endurnýjun rekstrarleyfis sem innifelur heimild til veitingu og sölu áfengis, 50.000 kr. Helgast sú fjárhæðið af því að með frumvarpinu er verið að fella í eitt leyfi núgildandi áfengisveitingaleyfi og veitingaleyfi. Eins og að framan er rakið þarf samkvæmt gildandi lögum að greiða fullt gjald fyrir áfengisveitingaleyfi þegar það er endurnýjað (100.000 kr.). Ekki er því um að ræða hærri álögur á þessa staði heldur í raun nokkuð minni og má þá einnig hafa í huga að þessir staðir þurfa almennt samkvæmt gildandi lögum að hafa skemmtanaleyfi og greiða fyrir það hár fjárhæðir. Verði frumvarp þetta að lögum er það gjald aflagt og með því verulegum álögum létt af starfseminni sem fellur undir frumvarpið.

Lagt er til að 32. og 47. tölul. falli brott en eins og fram hefur komið er lagt til í frumvarpinu að skemmtanaleyfið sem kveðið er á um í gildandi lögum verði fellt niður og ekkert annað gjald tekið upp í staðin.

Í 3. tölul. ákvæðisins er lagt til að 1. mgr. 34. gr. lögreglulaga falli brott en sambærilega heimild er að finna í 17. gr. frumvarpsins og er í því sambandi vísað til nánari umfjöllunar í athugasemdum með þeirri grein.

Í 4. tölul. ákvæðisins er lagt til að ákvæði í lögum um gjald af áfengi og tóbaki verði fellt brott. Þetta ákvæði útheimtir ákveðna vinnu og eftirlit í fjárlagagerð en breytir mjög litlu um útgjaldaheimildina til áfengiseftirlits. Ef þetta er fellt brott breytir það í raun engu nema að fjárheimildin verður fjármögnum með beinu framlagi úr ríkissjóð í stað ríkistekna.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Hér er lagt til að þeir sem hafa leyfi samkvæmt gildandi lögum þurfi ekki að sækja um nýtt rekstrarleyfi heldur geti farið beint í endurnýjunarferlið eins og það er samkvæmt frumvarpinu. Skilyrði er að reksturinn hafi verið í lagi og öll skilyrði starfseminnar uppfyllt. Gert er ráð fyrir að leyfisveitendur leiti álits og umsagnar hjá umsagnaraðilum skv. 10. gr. á rekstrinum og byggi ákvörðun sína um endurnýjun á því. Komi ekkert athugavert í ljós getur leyfishafi samkvæmt gildandi lögum fengi rekstrarleyfi eins og um endurnýjun væri að ræða og þarf ekki að fara í allt umsagnarferlið á ný eða greiða fullt leyfisgjald. Jafnframt er gert ráð fyrir að leyfisveitandi uppfylli skilyrði 8. gr. enda er að nokkru leyti um aðrar kröfur að ræða en í gildandi lögum. Hið nýja rekstrarleyfi sem fæst þannig útgefið verður alfarið samhljóða þeim leyfum sem það kemur í staðin fyrir auk þess sem leyfisveitanda verður heimilt að setja viðbótarskilyrði sem kunna að eiga við samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Allar breytingar á starfsemi kalla hins vegar á að sækja verður um rekstrarleyfi eftir þeim reglum sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Lagt er til að þessi sérstaka endurnýjun verði heimil í allt að tvö ár frá því frumvarpið tekur gildi en nauðsynlegt þykir að hafa einhver skil á því hvenær núgildandi leyfiskerfi er að fullu niðurfallið og það nýja tekið við. Þykja tvö ár hæfilegur tími til þess enda hafa gildandi leyfi mjög mismunandi gildistíma og sum hver eru endurnýjuð árlega. Með því að einungis þarf að greiða endurnýjunargjald er ljóst að verulega er létt álögum af starfsemi sem undir frumvarpið fellur.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er kveðið á um afnám tryggingarskyldu sem stendur til grundvallar áfengisveitingaleyfinu samkvæmt gildandi lögum, verði frumvarp þetta að lögum. Vísast nánar um þetta til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Tryggingar sem í gildi eru, verði frumvarp þetta að lögum, halda gildi sínu á meðan leyfi sem tryggingin er tekin vegna eru í gildi, í allt að 2 ár eða til 30. júní 2009 hið lengsta. Að þeim tíma liðnum eiga allir sem stunda leyfisskyldan rekstur að hafa sótt um nýtt rekstrarleyfi og þurfa ekki lengur að leggja fram tryggingar.

Tryggingar þessar eru varðveittar hjá innheimtumönnum ríkissjóðs og er það frágangsatriði milli þeirra og leyfishafa hvernig staðið verður að skilum trygginga. Þó er gert að skilyrði að leyfishafi framvísi staðfestingu á nýju rekstrarleyfi eða innlögn áfengisveitingaleyfis til innheimtumanns og að ekki er heimilt að afhenda tryggingar nema slíkt liggi fyrir.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.**

Meginmarkmiðið með frumvarpinu er að einfalda leyfisveitingar til rekstur veitinga- og gististaða og draga úr þeim fjölda leyfa, gagna og umsagna sem umsækjendur þurfa nú að afla til að fá slík leyfi. Helstu breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér frá núgildandi lögum eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi eru nokkur leyfi sameinuð í eitt leyfi, rekstrarleyfi. Með því verður gjaldtaka vegna leyfa breytt þar sem að gjaldtaka verður lægri en í núverandi lögum. Í öðru lagi er lagt til að gagnaöflun vegna umsókna og endurnýjun rekstrarleyfa verði einfaldað. Í þriðja lagi er lagt til að yfirstjórn mála er varða veigina- og gististaði færist frá samgönguráðherra til dóms- og kirkjumálaráðherra. Í fjórða lagi verða tryggingar sem hafa verið til grundavallar áfengisleyfa felldar á brott. Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar er skýra úrræði vegna brota þar sem leyfisveitenda með aðstoð lögreglu fær beina heimild til að loka stöðum sem stunda starfsemi án leyfis eða starfsemmin samræmist ekki útgefnu rekstrarleyfi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

## 874. Fyrirspurn [589. mál]

til umhverfisráðherra um merkingar á erfðabreyttum matvælum.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

Kemur til greina að mati ráðherra að setja reglugerð sem, auk kröfu um merkingu erfðabreyttra matvæla, krefst merkingar á vörum þar sem erfðabreytt hráefni hefur verið notað við framleiðsluna?

## 875. Fyrirspurn [590. mál]

til umhverfisráðherra um áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum í óreiðu.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað líður áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu sem gera skal samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004?

2. Hve mörg skip í höfnum má ætla að um sé að ræða og hversu mörg skipsflök við strendur landsins?
3. Mun tímaáætlun í ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 33/2004 standast en samkvæmt henni skal hreinsun lokið fyrir árslok 2008?

**Skriflegt svar óskast.**

# 876. Frumvarp til laga [591. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 6. tölul. 4. gr. laganna bætist: og starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. tölul. 28. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: og lögum um starfstengda eftirlaunasjóði.
b. Á eftir orðunum „réttindi í séreign“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eða réttindi til starfstengdra eftirlauna samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði.
c. Á eftir orðunum „réttinda í séreign“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða réttinda til starfstengdra eftirlauna samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. 2. málsl. 4. tölul. orðast svo: Að auki allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði.
b. 2. málsl. 5. tölul. orðast svo: Að auki allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. tölul. 31. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um fjárhæð sem félög í sömu félagaformum sem skattskyld eru skv. 7. tölul. 3. gr. og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa fengið greidda í arð.
b. Við 2. málsl. bætist: enda sé arðurinn ekki undanþeginn skattskyldu samkvæmt tvísköttunarsamningi, sbr. 119. gr.
c. Í stað orðanna „þessari málsgrein“ í 3. málsl. kemur: 3. málsl.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 62. gr. laganna:

a. 2. málsl. orðast svo: Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð karls og konu sem skráð er eða skrá má í þjóðskrá skv. 3. mgr. 7. gr. laga um lögheimili, enda eigi þau barn saman eða von á barni saman eða hafa verið samvistum í samfellt eitt ár hið skemmsta.
b. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður er verður 3. málsl., svohljóðandi: Skattstjóra er heimilt að leita umsagnar Þjóðskrár þyki leika vafi á um að skráningarskilyrði séu uppfyllt.

6. gr.

Í stað orðanna „og lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða“ í 1. tölul. 5. mgr. 71. gr. laganna kemur: lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. laganna bætist: og starfstengdir eftirlaunasjóðir, sbr. lög um starfstengda eftirlaunasjóði.

## III. KAFLI
## Gildistaka.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1., 2., 3., 6. og 7. gr. koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. júlí 2007 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2008. Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2008. Ákvæði 5. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til þrjár breytingar á lögum um tekjuskatt og breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Sú fyrsta tengist frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi og gerir ráð fyrir innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun. Er í frumvarpi þessu lagt til að starfstengdir eftirlaunasjóðir verði undanþegnir skattskyldu samkvæmt lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur á sama

hátt og lífeyrissjóðir. Jafnframt er lagt til að í skattalegu tilliti verði farið með framlag launagreiðanda til starfstengdra eftirlaunasjóða og skattlagningu einstaklinga sem greiða í slíkan eftirlaunasjóð með sama hætti og gildir um greiðslur í lífeyrissjóði og til aðila sem hafa heimild til að taka á móti viðbótarlífeyrissparnaði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í öðru lagi er lagt til að arðgreiðslur til lögaðila sem eru heimilisfastir á Evrópska efnahagssvæðinu og bera takmarkaða skattskyldu hér á landi verði skattlagðar með sama hætti og arðgreiðslur lögaðila sem bera fulla skattskyldu á Íslandi. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á skilyrðum fyrir samsköttun sambúðarfólks.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er að finna upptalningu á þeim aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu. Meðal þeirra eru lífeyrissjóðir sem starfa skv. III. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hér er lagt til að starfstengdir eftirlaunasjóðir sem settir eru á stofn á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB verði á sama hátt og gildir um lífeyrissjóði undanþegnir skattskyldu af hvers konar tekjum af starfsemi sem þeim heimilast samkvæmt lögum.

Um 2. gr.

Breyting sú sem hér er lögð til er til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu og varða starfstengda eftirlaunasjóði. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að framlag launagreiðanda til öflunar starfstengdra eftirlauna skuli almennt ekki teljast til tekna í skilningi tekjuskattslaga, að uppfylltum þeim skilyrðum sem koma fram í 5. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt. Um slíkt framlag fer því á sama hátt og um framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda í séreign. Með greininni er jafnframt kveðið á um mat á áunnum eftirlaunaréttindum og mat á framtíðarréttindum til starfstengdra eftirlauna en lagt er til að um þau atriði gildi sömu reglur og koma fram í 2. og 3. mgr. 5. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að mönnum verði heimilað að draga frá tekjuskattsstofni iðgjaldagreiðslur til starfstengdra eftirlaunasjóða með sama hætti og gildir um iðgjöld til aukningar lífeyrisréttinda og lífeyrissparnaðar skv. II. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hér er ekki um að ræða viðbót við 4% hámarkið sem kveðið er á um í 2. málsl. 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr., heldur er gert ráð fyrir að við nýtingu frádráttarheimildarinnar geti launþegar valið um hvort iðgjöld þeirra eru greidd til lífeyrissjóða eða annarra sem hafa heimild til að taka á móti viðbótarlífeyrissparnaði skv. 8. gr. laga nr. 129/1997 eða til starfstengdra eftirlaunasjóða sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði.

Um 4. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að lögaðilum sem bera takmarkaða skattskyldu skv. 7. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt og eru heimilisfastir í einhverju aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins verði heimill frádráttur sem nemur skattskyldum arðstekjum með sama hætti og innlendum félögum. Breyting þessi hefur það í för með sér að lögaðilar með takmarkaða skattskyldu á Íslandi verða skattlagðir með sambærilegum hætti og innlendir lögaðilar í sama

félagaformi. Breyting þessi mun þannig hafa áhrif á skattskyldu allra arðgreiðslna frá innlendum hlutafélögum, til lögaðila í þeim félagaformum sem tilgreind eru í 1., 2. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna og hafa heimilisfesti á Evrópska efnahagssvæðinu, óháð gildandi tvísköttunarsamningum við einstök aðildarríki innan EES. Réttur Íslands til þess að halda eftir tekjuskatti af arðgreiðslum til ríkja sem eru ekki aðilar að EES-samningnum mun hins vegar standa óbreyttur. Breyting samkvæmt þessari grein er m.a. lögð til í framhaldi af dómi EFTA-dómstólsins í málinu E-1/04 (Fokus Bank) og dómi Evrópudómstólsins í málinu C-170/05 (Denkavit).

Í b-lið greinarinnar er ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur eru hér tekin af tvímæli um að því aðeins er heimill frádráttur vegna arðgreiðslna frá erlendu félagi að arðurinn sæti skattlagningu hér á landi.

Um 5. gr.

Fyrir gildistöku 11. gr. laga nr. 65/2006, um breyting á lögum er varða réttarstöðu samkynhneigðra, var skráning í Þjóðskrá ekki skilyrði fyrir samsköttun. Karl og kona, sem bjuggu saman í óvígðri sambúð og áttu sameiginlegt lögheimili, áttu samkvæmt eldri lögum rétt á því að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau höfðu átt barn saman eða konan var þunguð eða sambúðin hafði varað samfleytt í a.m.k. eitt ár, enda hefðu þau óskað þess bæði skriflega við skattyfirvöld. Forsendur samsköttunar hafa ætíð verið viss varanleiki óvígðrar sambúðar í tíma talið eða vegna sameiginlegrar forsjár og framfærslu barna sem sambúðarfólk ætti saman. Fyrrgreind breyting hafði það í för með sér að skráning óvígðrar sambúðar í Þjóðskrá varð fortakslaust skilyrði þess að samsköttun samkvæmt tekjuskattslögum væri heimil. Nú hefur komið í ljós að breytingin mun standa í vegi þess að fjöldi sambúðarfólks, sem samskattað hefur verið á liðnum árum en látið hjá líða að skrá sambúð sína í þjóðskrá á þeim tíma eða síðar, uppfylli nú skilyrði sem tekjuskattslögin áskilja fyrir heimild til samsköttunar. Jafnframt hefur skilgreining þessi, skv. 11. gr. laga nr. 65/2006, á óskráðri óvígðri sambúð áhrif á samspil 3. mgr. 62. gr. tekjuskattslaga við önnur ákvæði tekjuskattslaganna, þegar kemur að ákvörðun barna- og vaxtabóta. Þrátt fyrir að með breytingunni með 11. gr. laga nr. 65/2006 hafi verið lagður fastari grunnur að skilgreiningu á óvígðri sambúð og fyrir rétti til samsköttunar er lagt til að slakað verði á skilyrðinu um skráningu í Þjóðskrá í skattalegu tilliti, en jafnframt lögð áhersla á að þeir sem óska samsköttunar uppfylli engu að síður skilyrði 3. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1990, um lögheimili. Skattstjórum verði jafnframt heimilt að leita umsagnar Þjóðskrár þyki vafi leika á því hvort m.a. skilyrði II. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, eru uppfyllt.

Um 6. gr.

Í 1. tölul. 5. mgr. 71. gr. tekjuskattslaga eru tilgreindar stofnanir sem eru undanþegnar greiðslu fjármagnstekjuskatts. Meðal þeirra eru lífeyrissjóðir og stofnanir sem atvinnu hafa af útlánum og greiða skatt í samræmi við lög um tekjuskatt. Til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. og 2. gr. frumvarpsins er hér lagt til að starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar verði undanþegnir greiðslu fjármagnstekjuskatts á sama hátt og gildir um lífeyrissjóði.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að starfstengdir eftirlaunasjóðir verði undanþegnir staðgreiðslu skatts á vaxtatekjur og fjármagnstekjur samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur

með sama hætti og gildir um lífeyrissjóði, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.**

Í frumvarpinu eru lagðar til þrenns konar breytingar á lagaákvæðum um tekjuskatt og fjármagnstekjuskatt. Í fyrsta lagi er ákvæði um að starfstengdir eftirlaunasjóðir verði undanþegnir tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti á sama hátt og aðrir lífeyrissjóðir hér á landi og að sama eigi við um iðgjöld launagreiðenda og launþega. Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að lögaðilum sem eru með takmarkaða skattskyldu á Íslandi og eru heimilisfastir í aðildarríki EES verði heimilt að draga frá tekjuskatti arðgreiðslur með sama hætti og innlendum félögum. Í þriðja lagi er lagt til að skráning óvígðrar sambúðar í þjóðskrá verði ekki skilyrði fyrir samsköttun sambúðarfólks en það skilyrði var í reynd sett með gildistöku laga um réttarstöðu samkynhneigðra, nr. 65/2006. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins hafi umtalsverð áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

## 877. Svar [394. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um ólöglega atvinnustarfsemi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu oft frá 1998 til 1. nóvember 2006 hefur lögregla farið á vinnustaði og athugað hvort ólögleg atvinnustarfsemi er stunduð?*
2. *Hve oft varð uppvíst um ólöglega atvinnustarfsemi?*
3. *Hve oft hefur verið dæmt í málum sem tengdust ólöglegri atvinnustarfsemi á tímabilinu?*
4. *Hvernig skiptast tilfelli þar sem uppvíst varð um ólöglega atvinnustarfsemi niður á einstakar atvinnugreinar?*

Í fyrirspurninni er ekki tekið fram hvers konar atvinnustarfsemi átt er við eða á grundvelli hvaða laga hún teljist ólögmæt.

Í svari sem ráðuneytið fékk frá embætti ríkislögreglustjóra kemur fram að ferðir lögreglunnar á vinnustaði eru ekki skráðar með þeim hætti að tölur um einstakar atvinnugreinar liggi

fyrir heldur er skráningin miðuð við lög sem ætluð brot falla undir eða brotaflokka sem vísa til ákvæða laga.

Í svari sem ráðuneytið fékk frá dómstólaráði kemur fram að ráðið telur sér ekki fært að gefa upplýsingar um þau atriði sem spurt er um, þar sem í málaskrá dómstóla séu sakamál skráð eftir þeim lagagreinum sem ákæra byggist á.

Miðað við framangreint og með vísan til 49. gr. þingskapalaga telur ráðuneytið því þörf á frekari skilgreiningum á ólöglegri atvinnustarfsemi í fyrirspurninni svo unnt sé að veita fullnægjandi upplýsingar.

## 878. Svar [485. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um losun gróðurhúslofttegunda frá stóriðju.

1. *Hvað má ætla að útstreymi koldíoxíðs, umfram útstreymi í Straumsvík og á Grundartanga árið 1990, verði mikið*
   a. *frá álverinu á Grundartanga miðað við 260 þús. tonna framleiðslu á ári annars vegar en 300 þús. tonna hins vegar (þar af 88 þús. tonn fyrir 1990),*
   b. *frá álverinu í Reyðarfirði miðað við 346 þús. tonn á ári,*
   c. *frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga miðað við 114 þús. tonn á ári (þar af 72 þús. tonn fyrir 1990),*
   d. *frá álverinu í Straumsvík miðað við 460 þús. tonn á ári (þar af 88 þús. tonn fyrir 1990),*
   e. *samtals miðað við fyrrnefndar framleiðslutölur?*

Meðfylgjandi tafla sýnir útstreymi koldíoxíðs ($CO_2$) og annarra gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju sem talin er upp í liðum a–e samkvæmt útreikningum Umhverfisstofnunar miðað við gefnar forsendur. Framleiðsla er gefin upp í þúsundum tonna, útstreymi í þúsundum tonna af $CO_2$-ígildum.

| | 1990 | | Útstreymi | |
|---|---|---|---|---|
| | Framleiðsla | $CO_2$ | $CO_2$ | Aðrar GHL |
| Norðurál, 260 kt (300 kt) | 0 | 0 | 390 (450) | 36 (42) |
| Fjarðaál 346 kt | 0 | 0 | 519 | 48 |
| ÍJ 119 kt | 63 | 203 | 388 | 1 |
| Alcan 460 kt | 88 | 136 | 696 | 64 |
| Samtals | | 339 | 1993 (2053) | 149 (155) |

2. *Hvert er leyfilegt árlegt hámark fyrir Ísland samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 („íslenska ákvæðinu") í tengslum við Kyoto-bókunina?*

Samkvæmt ákvörðuninni má heildarútstreymi koldíoxíðs frá iðnaðarvinnslu ekki fara yfir 1.600 þús. tonn að meðaltali á ári á skuldbindingartímabili bókunarinnar (2008–2012) svo heimilt sé að telja það fram sérstaklega utan almennra skuldbindinga Íslands um takmörkun á losun. Samkvæmt töflunni í svari við 1. lið mundi losun frá fyrrgreindum fjórum stóriðju-

verkefnum vera allt að 2.053 þús. tonn af $CO_2$ á ári þegar starfsemi væri komin í fullan gang en þar af mundu um 1.714 þús. tonn falla undir skilyrði ákvörðunar 14/CP.7. Þetta er heldur meira en fyrrgreind tala í ákvörðun 14/CP.7. Heimildin nær hins vegar til meðaltalslosunar á ári og þar sem möguleg stækkun Alcan kæmi t.d. ekki til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi á miðju skuldbindingartímabilinu, þá er ljóst að meðallosun á tímabilinu frá þessum fjórum stóriðjuverkefnum verður innan við þau mörk sem „íslenska ákvæðið" setur. Þegar Kyotobókunin var staðfest á Alþingi árið 2002 kom fram að árlegt útstreymi frá fjórum starfandi og fyrirhuguðum stóriðjuverkefnum væri áætlað um 1.823 þús. tonn af $CO_2$-ígildum á ári, en þá var miðað við 420 þús. tonna verksmiðju Reyðaráls en ekki verksmiðju Fjarðaáls sem nú er í smíðum. Þá kom fram að áætluð meðallosun af $CO_2$ væri áætluð 1.539 tonn á tímabilinu, miðað við þær forsendur. Meðallosun miðað við verksmiðju Fjarðaáls, sem er nokkru minni en fyrirhuguð verksmiðja Reyðaráls, er heldur minni og munar þar rúmlega 100 þús. tonnum af $CO_2$-ígildum á ári. Það bendir því allt til þess að losun frá stóriðju verði innan marka „íslenska ákvæðisins" á tímabilinu 2008–2012. Engu að síður telja stjórnvöld rétt að setja löggjöf sem skyldar stóriðjufyrirtæki að afla sér losunarheimilda, annaðhvort með úthlutun heimilda sem stjórnvöld hafa til umráða til þeirra eða með öðrum hætti, svo sem fjármögnun bindingar kolefnis í gróðri í jarðvegi eða kaupum á heimildum erlendis frá. Frumvarp þess efnis verður lagt fram fljótlega.

3. *Hversu mikil yrði losun annarra gróðurhúslofttegunda en koldíoxíðs frá þessum stóriðjuverum miðað við fyrrgreinda framleiðslu?*

Samkvæmt töflunni hér að ofan væri samanlögð losun annarra gróðurhúsalofttegunda en koldíoxíðs frá tilgreindum stóriðjuverum 149–155 þús. tonn miðað við að þau væru komin í fullan rekstur. Þarna er að langmestu um að ræða flúorkolefni (PFC) frá álframleiðslu. Árið 1990 var losun PFC frá málmframleiðslu ígildi 420 þús. tonna af $CO_2$. Mikill samdráttur hefur orðið í losun á PFC í álframleiðslu frá 1990, sem var ígildi 39 þús. tonna af $CO_2$ árið 2004, þ.e. aðeins um 10% af losuninni 1990 þrátt fyrir mikla aukningu í álframleiðslu. Í loftslagsstefnu stjórnvalda frá 2002 er miðað við að losun PFC verði 0,14 tonn af $CO_2$-ígildum á tonn af framleiddu áli og eru þau mörk ýmist bundin í starfsleyfum álvera eða verða sett þar inn. Þetta takmark hefur náðst í þeim tveimur álverum sem nú eru starfandi.

4. *Hvert er áætlað útstreymi gróðurhúslofttegunda á Íslandi árlega tímabilið 2008–2012 í $CO_2$-ígildum*
   a. *frá öðrum uppsprettum en stóriðju,*
   b. *frá stóriðju sem hafin var fyrir árið 1990?*
   *Er rúm fyrir útstreymi koldíoxíðs frá nýrri stóriðju í almennu Kyoto-heimildinni samkvæmt þeirri áætlun?*

Umhverfisstofnun hefur gert útstreymisspá, sem birt var árið 2006, þar sem gert er ráð fyrir útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá öðrum uppsprettum en stóriðju eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Hvað b-liðinn varðar eru eingöngu settar inn tölur um $CO_2$-losun frá álverinu í Straumsvík og Járnblendiverksmiðjunni árið 1990 sem fellur ekki undir íslenska ákvæðið og verður því að bókfærast til frádráttar frá almennum heimildum Íslands eins og a-liðurinn. Einnig þarf losun PFC frá álverum að rúmast innan almennra heimilda Íslands.

Útstreymi er gefið upp í þúsundum tonna af $CO_2$-ígildum.

| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|
| Annað en stóriðja | 2802 | 2796 | 2796 | 2793 | 2798 |
| Stóriðja fyrir 1990 | 339 | 339 | 339 | 339 | 339 |

Hvað síðustu spurninguna varðar, þá væri nokkurt rúm fyrir útstreymi koldíoxíðs (og annarra gróðurhúsalofttegunda) frá stóriðju í almennu Kyoto-heimildinni samkvæmt útstreymisspá fyrir tímabilið 2008–2012. Reyndar er meðferð „íslenska ákvæðisins“ með þeim hætti að losun frá nýrri stóriðju er fyrst tekin af almennum heimildum Íslands og eingöngu af hinni sérstöku heimild samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 eftir að almennar heimildir eru fullnýttar. Gangi spár eftir má því búast við að Ísland teljist hafa fullnýtt almennar heimildir sínar (10% aukningu á losun frá 1990) á skuldbindingartímabilinu, eins þótt losun gróðurhúsalofttegunda sem ekki fellur undir 14/CP.7 sé undir þessum heimildum. Hins vegar telja stjórnvöld að litlar líkur séu á því að losun fari yfir heimildir Íslands og að væntanlegt frumvarp um losun gróðurhúsalofttegunda muni tryggja að ný stóriðjuverkefni leiði ekki til þess að Ísland fari yfir losunarheimildir sínar samkvæmt Kyoto-bókuninni.

## 879. Nefndarálit [367. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2003, um Orkustofnun.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Þorkel Helgason og Elínu Smáradóttur frá Orkustofnun, Ólaf G. Flóvenz frá Íslenskum orkurannsóknum, Stefaníu Halldórsdóttur, Odd Sigurðsson og Þórarin Jóhannsson, fulltrúa starfsmanna Orkustofnunar og vatnamælingamanna, og Sveinbjörn Björnsson. Umsagnir bárust um málið frá Olíufélaginu ehf., Landsvirkjun, Norðurorku, Fasteignamati ríkisins, Orkuveitu Reykjavíkur, Landvernd, ríkisskattstjóra, Samorku, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Bændasamtökum Íslands, Starfsmannafélagi Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Veðurstofu Íslands, starfsmönnum vatnamælinga Orkustofnunar, Eyþingi og Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar færist undir Íslenskar orkurannsóknir og að Orkustofnun verði veittar heimildir til að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun til að sinna lögboðnu hlutverki sínu.

Við meðferð málsins í nefndinni kom í ljós að starfsmenn vatnamælinga Orkustofnunar voru ósáttir við það fyrirkomulag að starfsemin yrði færð undir Íslenskar orkurannsóknir. Í ljósi þessa leggur nefndin til verulegar breytingar á frumvarpinu þess efnis að öll ákvæði önnur en þau sem varða heimild Orkustofnunar til gagnaöflunar verði felld brott. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, sem og að safna ýmsum gögnum vegna eftirlits með framkvæmd leyfa sem henni hefur verið falið að annast. Nefndin leggur áherslu á að ákvæði varðandi úrræði stofnunarinnar við gagnaöflun verði lögfest þar sem misbrestur hefur orðið

á því að stofnunin hafi getað aflað þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru við undirbúning orkuspáa orkuspárnefndar og samantektar um orkunotkun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Hjálmar Árnason, form., frsm. | Sigríður A. Þórðardóttir. | Kjartan Ólafsson. |
| Jóhann Ársælsson. | Katrín Júlíusdóttir. | Arnbjörg Sveinsdóttir. |
| | Sigurjón Þórðarson. | |

## 880. Breytingartillögur [367. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2003, um Orkustofnun.

Frá iðnaðarnefnd.

1. 1. gr. falli brott.
2. 2. gr. orðist svo:
   Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Til að sinna hlutverki sínu skv. 3. tölul. 1. mgr. er Orkustofnun heimilt að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun, þ.m.t. gagna um innflutning, geymslu og sölu á jarðefnaeldsneyti. Skylt er þeim sem stunda atvinnurekstur er varðar framangreint að afhenda stofnuninni nauðsynleg gögn innan frests sem hún tilgreinir. Í reglugerð skal kveða nánar á um tegund gagna, gæði þeirra og skilafrest.
   Sé gögnum ekki skilað innan tilgreinds frests er Orkustofnun heimilt að leggja dagsektir á viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Dagsektir geta numið 10–100 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar. Innheimtar dagsektir skulu renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.
3. 3. gr. falli brott.
4. 4. gr. falli brott.
5. 5. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 881. Fyrirspurn [592. mál]

til dómsmálaráðherra um öryggisráðstafanir vegna barnaníðinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta öryggi borgaranna gagnvart barnaníðingum, t.d. þegar þeir afplána hluta dóms utan veggja fangelsis?
2. Telur ráðherra rétt að lögregla fái heimildir til að fylgjast með mönnum sem hafa afplánað dóm fyrir kynferðisbrot og til að nota tálbeitur til að koma upp um barnaníðinga?
3. Hefur ákvæði 67. gr. hegningarlaga um öryggisráðstafanir verið beitt gegn dæmdum kynferðisbrotamönnum eftir að afplánun lýkur og telur ráðherra ástæðu til að endurskoða og styrkja þau ákvæði?
4. Telur ráðherra koma til greina að taka upp rafræna vöktun með barnaníðingum með því að nota ökklaband sem skráir ferðir viðkomandi og gerir viðvart í eftirlitsstöð ef reglur um útivist eru brotnar, eins og gert er í nágrannalöndum, t.d. Bretlandi, Danmörku og Svíþjóð?
5. Hefur verið skoðað, t.d. í samráði við Barnaverndarstofu og aðra sérfróða aðila, hvort setja eigi ákvæði í hegningarlög um að dæma megi barnaníðinga til meðferðar, sbr. svar við fyrirspurn á 130. löggjafarþingi (843. mál)?

**Skriflegt svar óskast.**

## 882. Fyrirspurn [593. mál]

til menntamálaráðherra um Tæknisafn Íslands.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Með hvaða hætti hefur menntamálaráðuneytið komið að undirbúningsstarfi vegna Tæknisafns Íslands og hvernig verður aðkomunni háttað meðan undirbúningur stendur yfir?
2. Hver eru viðbrögð ráðherra við þeirri niðurstöðu áfangaskýrslu undirbúningsnefndar um Tæknisafn Íslands að brýn þörf sé fyrir tæknisafn og hvað hyggst ráðherra gera til úrbóta?

# 883. Nefndarálit [440. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2005.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti varðandi tillögur um breytingar á fjárheimildum og ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í ársloK. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkisendurskoðun.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til 934,6 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga. Í 2. gr. er lagt til að niður falli 1.848 m.kr. gjöld umfram heimildir.

Heildarfjárheimildir ársins námu 327,7 milljörðum kr. en útgjöld samkvæmt reikningi urðu 308,4 milljarðar kr. Fjárheimildastaða í ársloK er því jákvæð um 19,3 milljarða kr. nettó.

Fyrsti minni hluti leggur til nokkrar breytingar við frumvarpið til frekari samræmingar við niðurstöður ríkisreiknings fyrir árið 2005 og leiða breytingarnar annars vegar til 1,7 m.kr. lækkunar á fjárheimildum og hins vegar 33,7 m.kr. nettóaukningar á stöðum fjárheimilda sem falla niður í ársloK. Fjármögnunarliðurinn innheimt af ríkistekjum lækkar um 1,7 m.kr. en framlag ríkissjóðs breytist ekki.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum 1. minni hluta.

## SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

### 00 Æðsta stjórn ríkisins.

**620 Ríkisendurskoðun.**

Lagt er til að 3 m.kr. afgangur á viðfangsefni *6.21 Fasteignir* falli ekki niður heldur verði fluttur yfir á árið 2006. Afgangurinn er ætlaður til innréttingar á ónýttu rými í húsnæði stofnunarinnar á Skúlagötu 57. Framkvæmdir hafa tafist en gert er ráð fyrir að þær hefjist á þessu ári.

### 01 Forsætisráðuneyti.

**190 Ýmis verkefni.**

Lagt er til að 20,6 m.kr. afgangur á viðfangsefni *1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni* flytjist ekki yfir á árið 2006 heldur falli niður í ársloK 2005. Á fjáraukalögum 2005 var veitt 750 m.kr. fjárveiting, aðallega vegna sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf., sem eftir endanlegt uppgjör reyndist vera nokkuð umfram fjárþörf. Bókfærð útgjöld viðfangsins á árinu 2006 eru auk þess vel innan ramma fjárlaga.

### 02 Menntamálaráðuneyti.

**505 Fjöltækniskóli Íslands.**

Lagt er til að 1,5 m.kr. neikvæð staða liðarins falli ekki niður heldur verði flutt yfir á árið 2006 til samræmis við ríkisreikning. Í reikningnum er 1,5 m.kr. fjárheimild millifærð af liðnum yfir á lið *02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík* í tengslum við lokauppgjör síðarnefnda liðarins. Við það myndast 1,5 m.kr. neikvæð staða á lið Fjöltækniskólans sem er flutt yfir á árið 2006.

**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.**

**391 Húsnæði löggæslustofnana.**

Lagt er til að 20,8 m.kr. umframgjöld á viðfangsefni *6.21 Fasteignir* falli ekki niður heldur verði flutt yfir á árið 2006 eins og almennt á við um stöður annarra safnliða í stofnkostnaði.

**08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.**

**477 Dagvistun aldraðra, aðrar.**

Lagt er til að 6,2 m.kr. neikvæð staða liðarins í árslok falli niður í árslok líkt og staða liðar *08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur.* Á þessum liðum eru fjárveitingar til dagvistunar og dvalarrýma aldraðra hjá ýmsum smærri stofnunum sem ekki eru með hjúkrunarrými.

**10 Samgönguráðuneyti.**

**512 Póst- og fjarskiptastofnunin.**

Lagt er til að fjárveitingar vegna ríkistekjufrávika lækki um 1,7 m.kr., eða sem svarar til launabóta vegna tiltekinna kjarabreytinga á árinu, og verði 39,2 m.kr. í stað 40,9 m.kr. Launabætur stofnunarinnar þarf að fjármagna af mörkuðum tekjum eins og annan rekstur hennar en í forsendum frumvarpsins láðist að gera ráð fyrir því.

Alþingi, 12. febr. 2007.

Einar Oddur Kristjánsson, varaform., frsm. | Arnbjörg Sveinsdóttir. | Drífa Hjartardóttir.

Gunnar Örlygsson.

# 884. Breytingartillaga [440. mál]

við frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2005.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (EOK, ArnbS, DrH, GÖrl).

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 1:* | | | |
| **10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin** | | | |
| 1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin | 40,9 | -1,7 | 39,2 |
| *Innheimt af ríkistekjum* | *-14,9* | *-1,7* | *-16,6* |

## 885. Breytingartillögur [440. mál]

við frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2005.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (EOK, ArnbS, DrH, GÖrl).

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| 1. Við **00-620 Ríkisendurskoðun** | | | |
| 6.21 Fasteignir | 3,0 | -3,0 | 0,0 |
| 2. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **01-190 Ýmis verkefni** | | | |
| 1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni | 0,0 | 20,6 | 20,6 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *20,6* | *20,6* |
| 3. Við **02-505 Fjöltækniskóli Íslands** | | | |
| 1.01 Fjöltækniskóli Íslands | -1,5 | 1,5 | 0,0 |
| 4. Við **06-391 Húsnæði löggæslustofnana** | | | |
| 6.21 Fasteignir | -20,8 | 20,8 | 0,0 |
| 5. Við bætist nýr fjárlagaliður: | | | |
| **08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar** | | | |
| 1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar | 0,0 | -6,2 | -6,2 |
| *Greitt úr ríkissjóði* | *0,0* | *-6,2* | *-6,2* |

## 886. Nefndarálit [358. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Neytendastofu og Viðskiptaráði.

Í 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs er veitt heimild til að taka gjald fyrir útgáfu leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda. Er um að ræða gjald að fjárhæð 5.500 kr. Í 22. tölul. ákvæðisins eru talin upp þau starfsheiti sem lög nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, gilda um. Á síðastliðnu vori voru gerðar breytingar á þessum lögum sem miðuðu að því að löggilda starfsheiti grafískra hönnuða með því að bæta þeim við upptalninguna í lögunum. Þykir því samræmis vegna rétt að bæta við heimild í lög um aukatekjur ríkissjóðs um gjaldtöku fyrir útgáfu leyfa fyrir grafíska hönnuði.

Nefndin leggur til viðbætur við frumvarpið, þ.e. að bætt verði inn gjaldtökuheimildum fyrir löggildingu vigtarmanna og rafverktaka. Hér er hvorki um nýja né breytta gjaldtöku að ræða, heldur einungis verið að treysta lagagrundvöllinn fyrir þeirri gjaldtöku sem fyrir er.

Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

a. 22. tölul. orðast svo: Leyfi til arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, grafískra hönnuða, húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða), iðnfræðinga, landslagsarkitekta (landslagshönnuða), raffræðinga, skipulagsfræðinga, tæknifræðinga, tölvunarfræðinga og verkfræðinga.
b. Á eftir 29. tölul. koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
30. Löggilding vigtarmanna.
31. Bráðabirgðalöggilding vigtarmanna.
32. Löggilding rafverktaka.

Jóhanna Sigurðardóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. jan. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Lúðvík Bergvinsson. |
| Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. | Ásta Möller. |

## 887. Nefndarálit [378. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. á sviði Neytendastofu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Frey Guðmundsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Tryggva Axelsson frá Neytendastofu. Nefndinni bárust einnig umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands, Neytendasamtökunum, Neytendastofu, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar. Annars vegar eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga sem Neytendastofa hefur eftirlit með framkvæmd á. Miða þessar breytingar að því að unnt sé að skjóta öllum ákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Hins vegar eru lagðar til breytingar sem varða tilfærslu á framkvæmd faggildingar frá Neytendastofu til Einkaleyfastofu.

Nefndin leggur til tvenns konar breytingar á frumvarpinu. Er í fyrsta lagi lagt til að bætt verði við ákvæðum í viðeigandi lög þar sem kveðið verði á um að ákvarðanir Neytendastofu verði ekki bornar undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggi fyrir. Er með þessu kveðið á um að kæruleiðir innan stjórnsýslunnar verði tæmdar áður en málið er borið undir dómstóla. Sambærilegt ákvæði er að finna í 25. gr. laga um eftirlit með órétt-

mætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Í öðru lagi leggur nefndin til að við frumvarpið verði bætt ákvæði þess efnis að mál fyrir dómstólum skuli höfðað innan sex mánaða frá því aðili fær vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Er hér um að ræða ákvæði sem er sambærilegt 41. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Hér búa réttaröryggissjónarmið að baki en óvissa getur verið fólgin í því að málshöfðun í tilteknu máli, sem áfrýjunarnefndin hefur kveðið upp úrskurð í, geti verið yfirvofandi jafnvel um árabil.

Jóhanna Sigurðardóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. jan. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Lúðvík Bergvinsson. |
| Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. | Ásta Möller. |

## 888. Breytingartillögur [378. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. á sviði Neytendastofu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1., 4., 6. og 7. gr. Við bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.
   Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.
2. Við 2. gr. B-liður orðist svo: Við greinina bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda að undanskildum ákvörðunum um dagsektir.
   Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.
   Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
   a. 6. mgr. orðist svo:

Ákvörðunum Neytendastofu má skjóta til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda að undanskildum ákvörðunum um dagsektir.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

4. Við 5. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

Nú vill vottunaraðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

5. Við 8. gr.

a. 3. efnismgr. orðist svo:

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

6. Við bætist nýr kafli, IX. kafli, **Breyting á lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005**, með einni grein, 11. gr., sem orðist svo:

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

## 889. Svar [535. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um niðurfellingu á meðlagsskuldum.

1. *Hve margir einstaklingar hafa óskað eftir heimild til samninga um niðurfellingu á meðlagsskuldum að hluta eða öllu leyti eða lækkun á mánaðarlegum greiðslum á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, frá því að lögin voru sett, sundurliðað eftir árum?*

Á tímabilinu 1. júlí 1996 til 31. desember 2006 voru tekin fyrir á stjórnarfundum Innheimtustofnunar sveitarfélaga samtals 16.454 erindi frá meðlagsskuldurum og skiptast þau þannig á milli ára:.

| Ár | Fjöldi |
|---|---|
| 1996 | 818 |
| 1997 | 1592 |
| 1998 | 1337 |
| 1999 | 1438 |
| 2000 | 1641 |
| 2001 | 1326 |
| 2002 | 1458 |
| 2003 | 1644 |
| 2004 | 1862 |
| 2005 | 1662 |
| 2006 | 1676 |

2. *Hversu margar umsóknir hafa verið samþykktar á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?*

Nákvæm tölfræðileg greining á afgreiddum málum hefur ekki verið gerð enda eru niðurstöður með ýmsu móti. Þó eru til tölur um þriggja ára samninga, þ.e. samninga þeirra skuldara sem greitt hafa samfellt í þrjú ár og öðlast hafa möguleika á afskrift höfuðstóls. Hannað hefur verið eftirlitskerfi til að fylgjast með efndum á hinum fjölmörgu samningum sem stjórnin gerir við meðlagsgreiðendur.

Heildarfjöldi afskrifaðra mála á tímabilinu er 841 og skiptist þannig:

| Ár | Fjöldi |
|---|---|
| 1999 | 20 |
| 2000 | 90 |
| 2001 | 111 |
| 2002 | 120 |
| 2003 | 150 |
| 2004 | 105 |
| 2005 | 110 |
| 2006 | 135 |

3. *Hvaða félagslegir erfiðleikar umsækjenda hafa haft áhrif á samþykkt framangreindra umsókna? Svar óskast sundurliðað eftir samþykktum umsóknum.*

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga hefur byggt afgreiðslu mála á 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, eins og henni var breytt með lögum nr. 71/1996, og reglugerð nr. 491/1996. Í lögunum segir m.a.: „Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að gera tímabundna samninga sem kveða á um greiðslu skuldara á lægri upphæð en fellur til mánaðarlega þegar til skuldarinnar hefur verið stofnað sökum félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem af heilsufarsástæðum, ónógum tekjum, skertri starfsorku, mikilli greiðslubyrði, barnamergð eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Slíka samninga skal endurskoða reglulega og a.m.k. á sex mánaða fresti. Ef um áframhaldandi félagslega og fjárhags-

lega erfiðleika er að ræða hjá skuldara og stjórnin telur fulljóst að aðstæður skuldara séu þannig að hann geti eigi greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans, auk meðlaga sem falla til mánaðarlega, er stjórninni heimilt að afskrifa höfuðstól skuldara að hluta eða öllu leyti. Heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans er bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning skv. 1. málsl. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett í reglugerð.“ Ákvæði um framkvæmdina voru síðan sett í reglugerð nr. 491/1996 sem tók gildi 6. september 1996.

Í samræmi við framangreint lagaákvæði tekur stjórn Innheimustofnunar tillit til félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem heilsufars, lágra tekna, skertrar starfsorku, skulda, ómegðar og annarra ástæðna sem skert hafa greiðslugetu skuldara. Tæmandi listi yfir þau vandkvæði sem um er að ræða liggur ekki fyrir og félagsfræðileg eða tölfræðileg úttekt í þessum efnum hefur ekki verið gerð.

## 890. Svar [404. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um sölu á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg.

1. *Hver var ástæða þess að Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg var auglýst til sölu og seld á frjálsum markaði?*

Heilsuverndarstöðin var í sameign borgar og ríkis og átti Reykjavíkurborg 60% í fasteigninni en ríkissjóður 40%. Talsvert er síðan Reykjavíkurborg hætti allri starfsemi í húsinu og þar sem húsnæðið var laust var tekin ákvörðun um að nýta það sem aðsetur stjórnsýslu Heilsugæslunnar í Reykjavík. Þar sem borgin hafði ekki verið með starfsemi í húsnæðinu um árabil en ríkið ákveðið að hefja nýtingu þess fór borgin fljótlega fram á að borg og ríki fyndu leið til að borgin gæti dregið sig að öllu leyti út úr eignarhaldi stöðvarinnar, annaðhvort með því að ríkissjóður keypti hlut borgarinnar eða það yrði selt á markaði.

Á þeim árum þegar ríkið notaði húsnæðið var það að miklu leyti nýtt sem almennt skrifstofuhúsnæði en auk þess var ýmissi starfsemi á vegum heilsugæslunnar fundinn þar staður. Þar má nefna Miðstöð mæðraverndar sem áður var á Landspítalanum auk ýmissar starfsemi sem nú er að mestu komin til Lýðheilsustöðvar. Talsverður hluti fasteignarinnar var þó um margra ára skeið ekki nýttur undir starfsemi ríkisins, m.a. var efsta hæðin lánuð út sem lestraraðstaða fyrir nemendur Háskóla Íslands.

Á vegum ríkisins voru gerðar nokkrar kannanir á því hvernig nota mætti húsnæðið til framtíðar vegna þarfa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og stofnana þess, þar á meðal fyrir stjórnsýslu heilsugæslunnar, Landlæknisembættið, skrifstofur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, auk ýmissa annarra stofnana og aðila. Samhliða slíkum könnunum á undanförnum árum hafa farið fram athuganir á kostnaði annars vegar vegna kaupa ríkisins á 60% hlut Reykjavíkurborgar í húsnæðinu og hins vegar kostnaði vegna nauðsynlegra breytinga og endurbóta sem slík nýting hefði í för með sér. Niðurstöðurnar hafa verið á þá leið að slíkar lausnir teldust ekki heppilegar eða hagkvæmar fyrir ríkið og betra væri að leita annarra leiða. Í þessu sambandi hefur vegið þungt að húsnæðið sem er um 60 ára gamalt er að mestu leyti í upprunalegu ástandi og horfi og reynslutölur ríkisins varðandi kostnað við endurbyggingu sambærilegra eða svipaðra eigna hafa verið mjög háar. Einnig var horft til

þess að húsið er vel og sterklega byggt og ef ætlunin væri að laga húsnæðið að starfseminni en ekki starfsemina að húsnæðinu mætti búast við að slíkar breytingar yrðu ærið kostnaðarsamar. Í tengslum við endurbyggingu eða allsherjar endurbætur á húsnæðinu fyrir heilsugæsluna hefði að öllum líkindum einnig þurft að flytja alla starfsemina til bráðabirgða í annað húsnæði og síðan aftur í húsnæðið að loknum viðgerðum með öllum þeim kostnaði og röskun sem tvöfaldur flutningur starfseminnar hefði í för með sér.

Með hliðsjón af framangreindu var tekin sú ákvörðun að selja húsnæðið og freista þess að finna annað hentugt húsnæði undir starfsemina. Í því sambandi var einnig haft í huga að umdæmi heilsugæslunnar hafði stækkað til mikilla muna og nær nú jafnframt yfir Hafnarfjörð og Kjalarnes. Því þóttu sterk rök fyrir því að finna mætti betra og hentugra húsnæði fyrir starfsemina með tilliti til almenningssamgangna sem væri nær notendum þjónustunnar.

2. *Hvert var söluverð fasteignarinnar og hvernig skiptist söluandvirðið milli ríkissjóðs og borgarinnar?*

Söluverð fasteignarinnar var 980 millj. kr. og skiptist í samræmi við eignarhlutföll, þ.e. ríkissjóður fékk 40% andvirðisins en Reykjavíkurborg 60%.

3. *Hver er áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna flutnings á starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar, í fyrsta lagi í nýtt húsnæði í Mjódd, í öðru lagi þess hluta starfseminnar sem flyst á kvennadeild LSH og í síðasta lagi vegna röskunar á starfseminni á yfirstandandi ári?*

Samkvæmt upplýsingum sem fjármálaráðuneytið fékk frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, þá nemur beinn kostnaður vegna flutnings heilsugæslunnar í nýtt húsnæði, þ.e. flutningskostnaður, kaup á nýjum búnaði, merkingar og ráðgjafarvinna, samtals um 60 millj. kr. Að mati forstjóra heilsugæslunnar raskaðist starfsemi stöðvarinnar í sem nemur tveimur vikum sem hann hefur metið til u.þ.b. 20 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu losnaði rými á kvennadeild Landspítalans við að glasafrjóvgunardeild flutti þaðan. Ákveðið var að færa til starfsemi í húsinu til að nýta þetta húsnæði sem best og þá jafnframt að færa saman þær göngudeildir og móttökur sem að hluta hafa verið inni á legudeildum kvennasviðs. Fyrir móttöku vegna áhættuþungunar voru endurinnréttuð þrjú skoðunarherbergi og ein snyrting sem hluti af þessari sameiginlegri móttöku. Heildarkostnaður við breytingar á húsnæði og lagfæringar með tilliti til brunavarna var um 2 millj. kr. fyrir þetta verkefni. Þá þurfti að kaupa tvo skoðunarbekki sem kostuðu samtals um 400 þús. kr. Fjárveitingar fyrir þetta verkefni voru teknar af viðhalds- og tækjakaupafé LSH.

4. *Telur ráðherra koma til greina að kaupa aftur húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg?*

Umrætt húsnæði var selt að vel athuguðu máli og hafa húsnæðismál heilsugæslunnar verið leyst með ágætum hætti. Það kemur því ekki til álita að kaupa aftur umrætt húsnæði.

## 891. Fyrirspurn [594. mál]

til forsætisráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 892. Fyrirspurn [595. mál]

til utanríkisráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 893. Fyrirspurn [596. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 894. Fyrirspurn [597. mál]

til félagsmálaráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 895. Fyrirspurn [598. mál]

til fjármálaráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 896. Fyrirspurn [599. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 897. Fyrirspurn [600. mál]

til iðnaðarráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 898. Fyrirspurn [601. mál]

til landbúnaðarráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 899. Fyrirspurn [602. mál]

til menntamálaráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 900. Fyrirspurn [603. mál]

til samgönguráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 901. Fyrirspurn [604. mál]

til sjávarútvegsráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 902. Fyrirspurn [605. mál]

til umhverfisráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 903. Fyrirspurn [606. mál]

til viðskiptaráðherra um störf á landsbyggðinni.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?

**Skriflegt svar óskast.**

## 904. Lög [238. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd.

(Afgreidd frá Alþingi 15. febr.)

Samhljóða þskj. 829 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
2. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Markmið og gildissvið.*

Markmið laga þessara er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

Lög þessi gilda um eftirgreindar gerðir skipa ef þau eru notuð í millilandasiglingum:

a. farþegaskip, þ.m.t. háhraðaför,
b. flutningaskip 500 brúttótonn eða stærri og
c. færanlega borpalla.

Lög þessi gilda einnig um farþegaskip og flutningaskip í innanlandssiglingum. Undanskilja má ákveðnar tegundir og flokka skipa í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur.

Lög þessi gilda um útgerðir þeirra skipa sem nefnd eru í 2. og 3. mgr. og um hafnaraðstöðu þar sem slíkum skipum er þjónað.

# 905. Frumvarp til laga [607. mál]

um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson, Valdimar L. Friðriksson, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Íslenska táknmálið er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og skal íslenska ríkið hlúa að því og styðja.

Íslenska táknmálið er jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í millum og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir tala.

Íslenska ríkið skal tryggja fullnægjandi fjárframlög til íslenska táknmálsins ár hvert í samræmi við tilgang laga þessara.

2. gr.

Allir eiga rétt á kennslu og þjálfun í táknmáli frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst hjá þeim.

Nú fæðist barn heyrnarlaust, heyrnarskert eða daufblint eða það missir heyrn og/eða sjón á máltökuskeiði og skulu þá nánustu aðstandendur þess eiga rétt á endurgjaldslausri kennslu og þjálfun í táknmáli.

3. gr.

Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir eiga rétt á aðstoð táknmálstúlks til að sinna atvinnu sinni og námi og í daglegu lífi að öðru leyti.

4. gr.

Til túlkaþjónustu telst túlkun á íslenskt táknmál eða á annað form sem heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur maður skilur.

5. gr.

Notendur íslenska táknmálsins eiga rétt á að upplýsingar sem birtar eru opinberlega og fræðslu- og afþreyingarefni sem ætlað er almenningi verði gert þeim aðgengilegt með textun eða túlkun á íslenskt táknmál eftir því sem við á.

Óheimilt er að neita heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni um atvinnu, skólavist, tómstundir eða aðra þjónustu á grundvelli heyrnarleysis eða þess að hann notar táknmál.

6. gr.

Allar stofnanir og embætti ríkis og sveitarfélaga skulu útvega táknmálstúlka sem túlka fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda sem eiga erindi við viðkomandi stofnun eða embætti vegna þjónustu eða annarra atvika.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu ríkis og sveitarfélaga.

7. gr.

Sérhver notandi íslenska táknmálsins á rétt á a.m.k. 20 tíma endurgjaldslausri þjónustu táknmálstúlks mánaðarlega til að sinna persónulegum erindum sem ekki falla undir ákvæði 6. gr.

Daufblindir Íslendingar eiga rétt á a.m.k. tvöföldum tímafjölda skv. 1. mgr.

Notendur þjónustu táknmálstúlka eiga rétt á auknum tímafjölda samkvæmt þessari grein ef sérstaklega stendur á samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

8. gr.

Íslenska ríkið skal stuðla að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslenska táknmálsins og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda.

Íslenska ríkið skal efla menntun táknmálstúlka og styðja sérstaklega við kennslu í táknmálstúlkafræði. Þá skal íslenska ríkið í samræmi við ákvæði laga þessara og annarra laga leitast við að fullnægja eftirspurn eftir táknmálstúlkaþjónustu hverju sinni.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 130. og 131. löggjafarþingi. Var fyrsti flutningsmaður þá Sigurlín Margrét Sigurðardóttir. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Í frumvarpi þessu er að finna réttindaskrá um stöðu og réttindi þeirra sem tala íslenska táknmálið jafnframt því sem kveðið er á um að táknmál verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og réttur þeirra tryggður til hvers konar táknmálstúlkunar.

Líf heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra mun taka miklum stakkaskiptum við viðurkenningu á íslenska táknmálinu. Sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra mun eflast til muna. Þeir munu finna hvers virði það er að geta sinnt daglegum félagslegum þörfum hindrunarlaust og geta rofið þá einangrun sem hefur heft þá í langan tíma. Þeir munu geta tekið fullan þátt í atvinnulífinu. Þeir þurfa ekki lengur að „betla“ af t.d. vinnuveitanda að greiða fyrir þjónustu túlks á starfsmannafundum. Það styrkir sjálfsmyndina töluvert, sérstaklega á vinnustað, að vita að maður hefur sömu möguleika til launahækkana og til að vinna sig upp og heyrandi samstarfsmenn.

Að taka heyrnarskerta með inn í þetta mikilvæga mál veldur því að læknisfræðileg skilgreining á heyrnarleysi er nú farin að flokka sem flesta heyrnarskerta. Heyrnarlaus er því sagður „mjög heyrnarskertur“ þótt hann hafi aðeins 2% heyrn eða minna. Víðs vegar um heim eru þessi tvö orð tekin undir sama hatt, má þar nefna á ensku „deaf and hard of hearing“, á norsku „døve og sterk tunghørte“, á sænsku „döv og hörselskadad“. Hér á landi má sjá þessi tvö orð tekin undir það sama, sbr. nafn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og svo Hlíðaskóli – táknmálssvið fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn. Menningarleg sýn á heyrnarleysi birtist hins vegar í orðinu á ensku „profoundly deaf“ sem þýðir að sá sem sagður er vera það er heyrnarlaus frá fæðingu og hefur táknmál sem fyrsta mál sitt. Heyrnarskertir eru líka með fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa löngum verið sagðir „ekki þurfa á táknmálinu að halda“ og hafa því verið á svokölluðu „gráu svæði“, þ.e. ekki fundið sig almennilega í samskiptum með heyrandi samfélagi og ekki heldur með samfélagi heyrnarlausra vegna þess að þeir hafa ekki lært táknmálið á æviskeiði sínu. Rannsóknir

og frásagnir heyrnarskertra sjálfra hafa sýnt að sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust hafa styrkst eftir að þeir hafa lært táknmál og kynnst öðrum heyrnarlausum. Daufblindir eru þeir sem hafa skerta eða enga heyrn og skerta eða enga sjón samtímis. Daufblinda, sem nota snertitáknmál, er þess vegna sjálfsagt að taka með, enda er þar um að ræða fámennasta hóp fatlaðra hér á landi, ef svo má að orði komast. Þeir þurfa þó einhverja sérhæfðustu þjónustuna á forsendum samskipta og á táknmálið að skipa þar stóran sess. Þessir þrír hópar eiga táknmálið sameiginlegt, því má enginn þeirra vera settur út undan. Táknmál á að vera þessum þremur hópum velkomið aðgengistæki að upplýsingum, námi, menningu og daglegu lífi. Í þessu frumvarpi eiga réttindi þessara þriggja hópa á forsendum táknmálsins að vera tryggð, vera þeirra réttindaskrá.

Táknmál var bannað í u.þ.b. 100 ár en þennan tíma kalla heyrnarlausir einangrunartímabilið. Þessi ákvörðun var tekin í Mílanó árið 1880 á ráðstefnu heyrnleysingjakennara víðs vegar að úr heiminum. Niðurstaða ráðstefnunnar var að samþykkja að beita svokallaðri „oral"-stefnu eða raddmálsaðferð við menntun heyrnarlausra. „Oral"-stefnan felst í því að heyrnarlausir og heyrnarskertir læra að lesa af vörum og læra að tala með hjálp kennara án þess að nota táknmál.

Þessi stefna breiddist út um allan heim og heyrnarlausir kennarar voru reknir frá skólunum. Verulega dró úr menntun heyrnarlausra, störf þeirra urðu einfaldari og samfélag heyrnarlausra einangraðist frá heimi heyrandi manna. Heyrnarlausir voru í felum til þess að geta talað saman á því máli sem var þeim eðlilegast, táknmálinu. Þetta ástand varði í 100 ár.

Árið 1960 uppgötvaði bandarískur málvísindamaðurinn William Stokoe að táknmál eru mál eins og hver önnur mál. Þessi vitneskja breiddist út um allan heim og þeir málvísindamenn sem hafa fjallað um táknmál sjá að táknmál eru fullkomin og flókin mál. Heyrnarlausir brutu smám saman niður múrinn eftir að uppalendur og skólar tóku að viðurkenna mál þeirra.

Á Norðurlöndunum var táknmál viðurkennt á tímabilinu 1975–1980 en verður sýnilegt á Íslandi um 1986.

„Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn ... en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum vegna þess að málið er hluti af okkur sjálfum." Norski málvísindamaðurinn Terje Basilier sagði þessi orð og eiga þau sannarlega vel við þegar fjallað er um viðurkenningu íslenska táknmálsins.

Það er flókið að viðurkenna nýtt mál. Skoða þarf vandlega hvað viðurkenning á táknmáli þýðir fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda og hvaða þýðingu það hefur fyrir stjórnvöld. Flutningsmenn telja að fyrir þessa þrjá samfélagshópa sé viðurkenningin um leið viðurkenning á tilveru þeirra og ábyrgð stjórnvalda. Fyrir stjórnvöld þýðir viðurkenningin einfaldlega það að virða rétt hvers einstaklings til mismunandi þarfa og koma til móts við þá af virðingu.

Framtíðarsýnin í lagasetningunni er sú að táknmálið muni njóta sömu virðingar og önnur mál og að heyrnarlausum verði mögulegt að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á grundvelli laganna; að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir hafi rétt til að ákveða hvert er móðurmál þeirra og aðrir viðurkenni og virði þá ákvörðun. Það sæmir öllum þjóðfélögum sem vilja gera vel. Íslendingar hafa byggt upp öflugt velferðarkerfi sem hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Alþingi væri sómi að því að gera betur með því að viðurkenna táknmál sem móðurmál heyrnarlausra. Gera þarf heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum, sem aðallega eru notendur táknmálstúlkaþjónustu, hátt undir höfði svo að þeir geti og fái notið táknmálstúlkaþjónustu hindrunarlaust. Full þátttaka ríkissjóðs í greiðslu táknmálstúlkakostnaðar er því sjálfsögð. Samhliða frumvarpinu er flutt frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum

hvað varðar réttindi og réttarstöðu heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Frumvarp um textun sjónvarpsefnis er væntanlegt.

Félag heyrnarlausra hefur nú þegar sent formönnum allra þingflokka á Alþingi formlegt bréf og beðið um að lögð verði áhersla á að þeim sem eiga íslenska táknmálið að móðurmáli verði tryggt jafnræði í samfélaginu. Réttindaskrá sú sem birtist í þessu frumvarpi er fyrsta skrefið í átt að því að jafnræðið verði tryggt og í réttindaskránni felast í aðalatriðum langtímamarkmið þess á forsendum táknmálsins. Frumvarpið gengur í þá átt að íslenska táknmálið verði síðar formlega viðurkennt í stjórnarskrá Íslands til jafns við íslenskuna sem móðurmál.

Til að viðurkenning íslenska táknmálsins öðlist fullt gildi þarf þrennt jafnframt að vera tryggt:

*1. Efling táknmálsfræðináms.*

Í fyrsta lagi þarf að stórefla táknmálsfræðinám sem nú er stundað í Háskóla Íslands. Það er núna fjögurra anna nám. Nám í túlkafræði er tveggja anna nám og aðeins þeir sem hafa lokið námi í táknmálsfræði geta farið í nám í túlkun. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) annast kennslu í túlkanáminu í samvinnu við táknmálsfræði HÍ. Sjö nemendur eru í túlkanámi skólaárið 2003–2004. Svo að deildin geti dafnað og vaxið verður að mennta fleiri táknmálskennara. Í dag er lektor eini fasti starfsmaður deildarinnar, en tveir táknmálskennarar eru lausráðnir. Þessir tveir kennarar hafa starfað lengst allra við táknmálskennslu hér á landi og eru með mikla reynslu, en vegna ráðningarreglna deildarinnar er ekki hægt að fastráða þá af því að þeir eru ekki með MA-próf. Þá er ekki fastráðinn kennari við táknmálsfræðinámið.

Núna er ekkert nám í boði hér á landi til að heyrnarlausir geti öðlast viðurkennda menntun til að starfa sem táknmálskennarar. Þrír heyrnarlausir nemar útskrifuðust í vor frá Kennaraháskóla Íslands, en tveir þeirra starfa á táknmálssviði Hlíðaskóla og kenna þar grunnskólanemendum. Sá þriðji er einmitt einn af lausráðnum táknmálskennurum í táknmálsfræði sem nefndir eru hér á undan og stundar jafnframt MA-nám í kennslu- og uppeldisfræðum í HÍ. Aðrir sem annast táknmálskennslu í framhaldsskólum og á námskeiðum eru starfsmenn Samskiptamiðstöðvarinnar. Ef heyrnarlausir læra táknmálskennslu í Samskiptamiðstöðinni er það á engan hátt metið til eininga, ekkert diplómanám í táknmálskennslu er til hérlendis. Það þarf því augljóslega að bjóða heyrnarlausum upp á samfellt nám í táknmálskennslu og táknmálsfræði. Jafnvel þyrfti að koma á námi sambærilegu við táknmáls- og menningarfræði heyrnarlausra sem kennd er við Gallaudet-háskólann í Washington D.C. Hann er eini háskólinn í heiminum fyrir heyrnarlausa. Að öðrum kosti gæti íslenska ríkið stutt heyrnarlausa nemendur sem hyggja á nám í háskólum í formi skólagjalda. Gjald fyrir tvær annir í Gallaudet-háskóla er um 2 millj. kr. Einnig mætti skoða Bristol University í Bretlandi en þar hafa táknmáls- og menningarfræði heyrnarlausra (deaf studies) líka verið kennd.

Jafnframt þarf að veita meira fé til rannsókna á íslenska táknmálinu svo að fleiri geti lagt stund á þær. Í lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra frá árinu 1991 er kveðið á um að eitt af meginhlutverkum miðstöðvarinnar sé að stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Frá stofnun hennar hefur hún ekki gefið út neina rannsókn á táknmáli sem hægt er að vísa í og ekki gefið út námsefni á táknmáli nema það sem hún kennir sjálf. Nemendur í táknmálsfræði geta því ekki stuðst við neina rannsókn á íslensku táknmáli í námi sínu og veldur það þeim vissum erfiðleikum í náminu miðað við aðrar deildir í Háskóla Íslands. Alla táknmálsnámsefnisgerð þarf því að efla mikið til að hægt sé að kenna og nema málið á sem bestan hátt.

Þess er rétt að geta að Samskiptamiðstöðin vinnur á því sviði að verkefni hennar er táknmálið, málsamfélagið og menningin. Hún hefur í samvinnu við Námsgagnastofnun gefið út námsefni fyrir grunnskóla á táknmáli og er það vel. Efla mætti þennan þátt stöðvarinnar enn frekar með tilkomu laganna og yrði það námsefni heyrnarlausum og heyrnarskertum nemendum á táknmálssviði Hlíðaskóla mikil stoð þar sem stefna sviðsins er tvítyngi, þ.e. að börnin verði jafnfær á táknmál og skrifað mál. Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 kveður á um þetta og er það því eðlilegt að því sé fylgt.

Táknmál hefur á undanförnum áratug farið að sjást víða í samfélaginu. Má þar nefna grunn- og framhaldsskóla og háskólana sem heyrnarlausir sækja með aðstoð túlka. Táknmálsfréttir eru fluttar í Ríkissjónvarpinu í átta mínútur hvern einasta dag. Nýársræða forseta Íslands er túlkuð eftir á. Í lögum um réttindi sjúklinga segir að heyrnarlaus sjúklingur eigi rétt á táknmálstúlki í viðtali við lækni þannig að táknmál sést á heilsugæslustöðum og sjúkrahúsum. Dómur Hæstaréttar nr. 151/1999 kveður á um að síðustu framboðsumræður séu túlkaðar á táknmáli í beinni útsendingu kvöldið fyrir kjördag. Prestur heyrnarlausra, séra Miyako Þórðarson, er viðurkennd sem táknmálsprestur og flytur messur á táknmáli auk þess að vera með táknmálskór. Táknmál sést hér á Alþingi. Nokkuð stór hluti aðalnámskrár grunnskóla fjallar um táknmál. Þetta eru því nokkur dæmi sem sýna að táknmálið er orðið sjálfsagt mál í samfélaginu og mikilvægt að tryggja því það jafnræði sem ætlast er til af því.

Þar sem táknmál er sjónrænt mál eru rannsóknir á íslensku táknmáli ekki gerðar nema með upptökutækjum. Því þarf táknmálsfræðideildin að hafa til umráða stúdíó með upptökutækjum, sjónvörpum, myndböndum og mynddiskatölvum til úrvinnslu á upptökum í stafrænu formi. Táknmálsorðabækur eða rannsóknir á táknmáli víða erlendis eru gerðar með upptökum á táknum. Þessi upptökutækni er sambærileg við framburðarrannsóknir á erlendum tungumálum og íslensku talmáli.

Táknmálsfræðinámið í HÍ heyrir núna undir heimspekideild. Að loknu fjögurra anna námi eiga nemendur að vera orðnir nokkuð góðir í táknmáli og eiga að geta bjargað sér í samskiptum á táknmáli. Þeir þurfa því góða þjálfun. Núna felst þjálfunin í því að nemendur nái tengslum við heyrnarlausa með heimsóknum til þeirra eða heimsóknum til Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra býr þröngt og hefur ekki sal til umráða.

Táknmálsfræðinám í HÍ getur gefið nemum í öðrum námsgreinum háskólans möguleika á að læra táknmál. Þannig gætu heyrnarlausir notið þjónustu sálfræðings eða lögfræðings sem kann táknmál og nemendur í málvísindum geta lagt stund á táknmál og unnið að rannsóknum á því með námi og síðar að námi loknu. Nemendur í sagnfræði geta skoðað sögu táknmálsins og heyrnarlausra og lært táknmálið. Nemendur í mannfræði geta lært táknmál, fræðst um það og stundað rannsóknir á menningarlegum mun samfélaga heyrnarlausra og heyrandi.

Vesturhlíðarskólinn, eini grunnskólinn á Íslandi fyrir heyrnarlaus börn var lagður niður í vor og starfsemin flutt í Hlíðaskóla og nefnist núna Hlíðaskóli – táknmálssvið. Því er aðkallandi að kennarar í almennum skóla eins og Hlíðaskóla kunni táknmál og jafnvel kennarar í öðrum skólum sem heyrnarlaus eða heyrnarskert börn kunna að vera í, því að foreldrar heyrnarlausra eða heyrnarskertra barna geta valið þann möguleika að setja barn sitt í hverfisskóla. Táknmálsfræðideild HÍ gæti í náinni samvinnu við Kennaraháskóla Íslands boðið nemum KHÍ táknmálsfræðinám og metið það til eininga sem hluta af kennaraprófi. Þannig gætu nemendur í þroskaþjálfaskor, leikskólakennaraskor og íþróttakennaraskor lært táknmál samhliða námi sínu í KHÍ eins og nemendur í grunnskólaskor. Það yrði mikill hagur í því að fólk í þessum störfum kynni táknmál. Jafnvel mætti síðar kenna táknmál í Háskólanum á Akureyri eða öðrum háskóla á landsbyggðinni ef eftirspurn væri eftir því.

Táknmálsfræðinámið verður ekki eflt á einum degi. Það þarf að gefa þessu öllu tíma til að dafna. Sýna þarf þeim sem hafa áhuga á að fara í táknmálskennaranám að starfsgrundvöllur þeirra og framtíð séu tryggð.

*2. Túlkaþjónusta.*

Í öðru lagi þarf að tryggja fjárveitingar til allrar þeirrar túlkaþjónustu sem fellur undir frumvarpið. Tryggja þarf rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu í félagslegum tilgangi. Með því er jafnframt komið á menntunar- og atvinnuöryggi fyrir táknmálstúlka. Táknmálstúlkastarfið þarf að lögvernda. Tryggja þarf að táknmálstúlkanám í HÍ verði alltaf í boði því að fjölga þarf táknmálstúlkum á tveggja ára fresti – sérstaklega í ljósi þess að virkir vinnutímar táknmálstúlka eru aðeins 20 stundir á viku vegna þess hversu slítandi starf þeirra er. Þá þarf að mennta túlka daufblindra sérstaklega því að daufblindir nota snertitáknmál.

Með því að tryggja fé til allrar túlkaþjónustu verður heyrnarlausum tryggður réttur til að sinna daglegum þörfum. Þar má m.a. nefna táknmálstúlkun hjá fasteignasala, bankastjóra, fjármálaráðgjafa, arkítekt, byggingafræðingi, rafvirkja, pípulagningamanni, í íþróttum og tómstundum barna, á húsfélagsfundum, á tómstundanámskeiðum, á starfsnámskeiðum, á starfsmannafundum og í starfsviðtölum hjá einkafyrirtæki. Þessum hluta hefur verið sinnt undanfarin ár með fjárveitingu frá ráðuneytunum, fyrst frá félagsmálaráðuneyti, sem hætti úthlutun árið 1999 og tók þá forsætisráðuneytið af skarið og hefur veitt fé síðan, þó ekki reglulega. Félag heyrnarlausra hefur haft mikið fyrir því að fá af þessu fé sem í daglegu tali nefnist félagslegi túlkunarsjóðurinn. Síðast var veitt fé í sjóðinn í mars 2003, 4 millj. kr. Þar af fóru 2 millj. kr. til greiðslu skulda þannig að staða sjóðsins er núna um 800 þús. kr. (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, 19.11.2003.) Gallinn við þennan sjóð er að aðeins Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fær greitt úr honum. Eina einkarekna túlkaþjónustan, Hraðar hendur, getur ekki fengið greitt úr sjóðnum. Hraðar hendur hafa óskað eftir því við menntamálaráðuneytið að fá greitt fyrir þau félagslegu verkefni sem sú þjónusta tekur að sér. En málið snýst líka um frelsi heyrnarlausra til að velja sér túlk. Það er ótækt að Samskiptamiðstöðin ein skuli hafa yfirráð yfir öllum sjóðnum því að oft getur hún ekki útvegað túlk í félagsleg verkefni. Þar starfa nú aðeins fjórir túlkar og um 80% af verkefnum Samskiptamiðstöðvarinnar snúast um túlkun í framhaldsskólum. Hjá Hröðum höndum starfa hins vegar sex túlkar. Þeir geta tekið að sér túlkun í félagslegum verkefnum en fá ekki greitt fyrir það af opinberu fé og því lendir það kannski á hinum heyrnarlausa að borga úr eigin vasa fyrir túlkaþjónustuna eða betla – sem er mjög niðurlægjandi.

*3. Menning heyrnarlausra.*

Í þriðja lagi þarf að líta til menningar heyrnarlausra. Af öllum tungumálum sprettur upp menning. Oft hefur því verið haldið fram að heyrnleysingjaskólarnir séu vagga menningar heyrnarlausra. Það er í sjálfu sér rétt því að þar er oftast fyrsta táknmálsumhverfið sem heyrnarlaus maður kynnist. Þar lærist táknmálið af eldri kynslóðum. Á Íslandi er komin upp sú staða að vagga menningar heyrnarlausra er ekki lengur til í því formi sem áður var og er algengt víða um heim. Vesturhlíðarskólinn, skóli fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn, hefur verið lagður niður og nemendurnir stunda námið í deild í Hlíðaskóla sem ber nafnið Hlíðaskóli – táknmálssvið. Því verður lagt til í sérstöku frumvarpi að komið verði á fót Menningarsetri heyrnarlausra.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er texti af vísindavef Háskólans sem skýrir táknmál á mjög einfaldan hátt en eins og áður hefur komið fram hafa engar rannsóknir farið fram á íslensku táknmáli sem hægt er að vísa til.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og að íslenska ríkið veiti nægilegt fé til málefna sem snerta íslenska táknmálið ár hvert. Þá er tekið sérstaklega fram að ekki megi mismuna fólki eftir því hvort það talar íslensku eða íslenska táknmálið.

Ákveðið var að nota hugtakið „fyrsta mál“ í greininni þar sem sú skilgreining sem gefin hefur verið á hugtakinu móðurmál getur ekki gilt um heyrnarlausa almennt. Skilgreiningin er svohljóðandi: „Það mál sem er talað í því landi sem maður fæðist í og er talað af þeirri fjölskyldu sem elur mann upp telst vera móðurmál manns.“ (Málfræðiorðasafn.)

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rétt allra til kennslu og þjálfunar í íslenska táknmálinu frá þeim tíma sem þeir greinast með heyrnarskerðingu eða heyrnarleysi. Þá er kveðið á um rétt nánustu aðstandenda barns sem fæðist heyrnarskert, heyrnarlaust eða daufblint eða missir heyrn og/eða sjón á máltökuskeiði til að fá strax kennslu og þjálfun í táknmáli. Skal þjónustan veitt þeim að kostnaðarlausu. Mikilvægt er að fjölskylda barnsins fái þar með nægjanlegan stuðning við að læra táknmál og menningarfræði heyrnarlausra. Við samningu reglugerðar um þetta málefni er lögð sérstök áhersla á að fullt samráð verði haft við Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra barna (FSFH) sem og Félag heyrnarlausra.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að lögfestur verði sá réttur hvers heyrnarlauss, heyrnarskerts eða daufblinds Íslendings að njóta aðstoðar táknmálstúlks til að sinna atvinnu, námi og menningarlífi. Athuga þarf sérstaklega að ekki þykir rétt að gera greinarmun á því hvort einstaklingur þurfi að sinna starfi eða námi á Íslandi eða erlendis. Þannig ætti t.d. einstaklingur rétt á aðstoð táknmálstúlks ef hann þyrfti að sækja fund eða ráðstefnu erlendis vegna starfs síns, náms eða áhugamáls.

Um 4. gr.

Í greininni er inntak og umfang túlkaþjónustu nánar skýrt. Í samræmi við stöðu íslenska táknmálsins samkvæmt lögunum og rétt heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra til túlkaþjónustu verður að túlka hugtakið túlkaþjónusta rúmt. Markmiðið er að veita öllum einstaklingum jafnan rétt til tjáningar og þátttöku í samfélaginu hvort sem um vinnu, nám eða daglegt líf að öðru leyti er að ræða.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um rétt notenda íslenska táknmálsins til að fá notið fræðsluefnis, upplýsinga, afþreyingarefnis o.þ.h., annaðhvort með textun eða túlkun á íslenskt táknmál. Í þessu felst m.a. að sjónvarpsstöðvum ber annaðhvort að senda sjónvarpsefni út með íslenskum texta eða táknmálstúlkun. Hið sama gildir um kvikmyndahús og framleiðendur fræðslu-, auglýsinga- og afþreyingarefnis.

Þá leggur 2. mgr. bann við því að heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni sé neitað um atvinnu, skólavist, tómstundir eða aðra þjónustu á grundvelli heyrnarleysis síns.

Um 6. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar ríki og sveitarfélögum og öllum stofnunum og embættum sem undir þau heyra að útvega táknmálstúlka á eigin kostnað sem túlka fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda sem leita til viðkomandi stofnunar eða embættis. Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir þurfi því ekki að koma með túlk með sér þegar þeir sinna erindum hjá stofnun eða embætti sem heyrir undir ríki eða sveitarfélag heldur gangi þeir að túlki vísum hjá viðkomandi stofnun. Ákvæðið tekur til allra stofnana og embætta ríkis og sveitarfélaga, þ.m.t. dómstóla landsins, auk fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélög eiga helmingshlut í eða meira. Ekki er gert ráð fyrir að túlkarnir verði starfsmenn þeirra aðila sem skyldan hvílir á, enda er algjört skilyrði að túlkar séu óháðir í störfum sínum.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að hver heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur Íslendingur fái mánaðarlega að lágmarki 20 tíma endurgjaldslausa þjónustu táknmálstúlks til að sinna persónulegum erindum. Þessa tíma væri t.d. hægt að nota við foreldrafundi í skólum, ferð á fasteignasölu eða hvaðeina annað sem einstaklingur þarf að sinna og hann þarf aðstoð við. Þá er kveðið á um að sérhver daufblindur einstaklingur fái a.m.k. tvöfaldan þann tíma árlega sem aðrir heyrnarskertir og heyrnarlausir fá. Þá er gert ráð fyrir að notendur túlkaþjónustu geti fengið fleiri tíma en lágmarkið kveður á um þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um það en gera verður ráð fyrir að við samningu þeirra reglna verði tilgangur laga þessara og staða táknmálsins höfð að leiðarljósi. Heimild fyrir aukningu á tímafjölda má því ekki túlka of þröngt.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu íslenska ríkisins til að efla og styðja við nám og kennslu í táknmálstúlkafræði auk þess að hlúa sérstaklega að menningu og menntun þeirra sem ekki heyra. Jafnframt er kveðið á um að íslenska ríkið skuli á hverjum tíma leitast við að anna eftirspurn eftir túlkaþjónustu. Í því felst m.a. skylda til að gera nám í táknmálstúlkafræði eftirsóknarvert fyrir nýja nemendur, bæta starfsskilyrði og launakjör táknmálstúlka o.s.frv. Ef lögin eiga að ná markmiðum sínum verður að vera nægilegt framboð af táknmálstúlkum.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

---

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Hvað er táknmál? Er til alþjóðlegt táknmál fyrir heyrnarlausa? Svandís Svavarsdóttir. Birt á vísindavef Háskóla Íslands.

# 906. Nefndarálit [385. mál]

um frv. til l. um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Kristrúnu Lind Birgisdóttur, Karl Alvarsson og Svönu Margréti Davíðsdóttur frá samgönguráðuneytinu og Helga Jóhannesson frá Siglingastofnun Íslands. Umsagnir um málið bárust frá ríkislögreglustjóra, Samtökum verslunar og þjónustu, Sjómannasambandi Íslands, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landssambandi smábátaeigenda, Siglingastofnun Íslands, Guðmundi E. Konráðssyni, Konráði G. Eggertssyni og Haraldi Á. Konráðssyni og Þórarni Ólafssyni, sjávarútvegsfræðingi. Þá barst nefndinni sameiginleg umsögn frá Fjöltækniskóla Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna og Félagi skipstjórnarmanna.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram með nokkrum breytingum. Helstu breytingar frá fyrra frumvarpi eru á orðalagi og uppsetningu auk breytinga á ákvæðum um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna sem gerðar hafa verið að tillögu hagsmunaaðila. Með frumvarpinu er verið að laga íslenska löggjöf að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips (STCW-F) sem samþykkt var á fundi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) árið 1995. Þá felur frumvarpið í sér heildarendurskoðun á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum. Meginmarkmið frumvarpsins er að tryggja öryggi íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtiskipa og annarra skipa sem ekki teljast farþegaskip eða flutningaskip og áhafna þeirra. Í frumvarpinu er leitast við að ná þessu markmiði, m.a. með því að gera tilteknar kröfur um lágmarksfjölda manna í áhöfn skipa og um menntun, þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð og tryggja með því faglega hæfni áhafna þeirra skipa sem lögin taka til.

Auk ýmissa orðalagsbreytinga leggur nefndin til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að skilgreiningu á hugtakinu „önnur skip“ í 30. tölul. 3. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að fellt verði út það skilyrði að slík skip séu notuð í atvinnuskyni. Með þessari breytingu vill nefndin árétta að lögin gildi einnig um áhafnir björgunarskipa. Eðlilegt þykir að sömu kröfur séu gerðar til áhafna björgunarskipa og áhafna annarra skipa.
2. Lagt er til að í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um heimild Siglingastofnunar Íslands til að afturkalla skírteini, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, verði tiltekið að við afturköllun skírteinis skuli fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga. Þykir rétt að taka af öll tvímæli um að afturköllun skírteinis sé stjórnvaldsákvörðun sem falli undir gildissvið stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.
3. Lagt er til að í 12. gr. frumvarpsins verði mælt fyrir um að á skipi sem er styttra en 12 metrar að skráningarlengd megi skipstjóri vera hinn sami og vélavörður sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn, enda taki vinnu- og hvíldartími mið af 64. gr. sjómannalaga. Jafnframt er lagt til að í 1. tölul. a-liðar 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að á skipi sem er styttra en 12 metrar að skráningarlengd megi vélavörður vera hinn sami og skipstjóri sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn, enda taki vinnu- og hvíldartími

mið af 64. gr. sjómannalaga. Þykir eðlilegt að í framangreindum tilvikum sé gætt samræmis við 64. gr. sjómannalaga.

4. Samkvæmt 21. gr. frumvarpsins munu lögin öðlast gildi 1. maí 2007. Lagt er til að gildistökunni verði frestað til 1. janúar 2008 til að gefa þeim aðilum er lögin munu taka til og ekki hafa aflað sér tiltekinna réttinda (skírteina) möguleika á að hefja nám í Fjöltækniskóla Íslands enda taki skólinn mið af lagasetningu þessari við upphaf skólaárs í ágúst næstkomandi.
5. Lagt er til að í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og í töflu í viðauka verði sérstaklega tiltekið að þeir sem þegar hafa öðlast 30 brúttórúmlesta atvinnuréttindi haldi þeim réttindum. Með þessari breytingu vill nefndin árétta að þeir sem hafa á annað borð öðlast tiltekin réttindi skuli halda þeim réttindum óskertum, sbr. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason og Kristján L. Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Guðjón Hjörleifsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir. |
| Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Jón Kristjánsson. | Guðjón A. Kristjánsson. |

## 907. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til l. um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „skrásett sem fiskiskip“ í 5. tölul. og orðinu „gæsluskip“ í 23. tölul. komi: samkvæmt lögum um skráningu skipa.
   b. Orðin „að skuli vera fullnægt“ í 15. og 27. tölul. falli brott.
   c. 30. tölul. orðist svo: *Önnur skip* eru hver þau skip sem ekki teljast vera farþegaskip eða flutningaskip samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og teljast ekki vera fiskiskip, skemmtibátar eða varðskip samkvæmt lögum þessum.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „áskilnaði“ í 1. mgr. komi: skilyrðum.
   b. Á eftir orðinu „Siglingastofnunar“ í 3. mgr. komi: Íslands.
   c. Síðari málsliður 3. mgr. orðist svo: Til staðfestingar siglingatíma á skipum þar sem ekki er krafist lögskráningar má leggja fram vottorð tveggja trúverðugra manna.
3. 6. gr. orðist svo:

*Vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.*

Sá einn sem er lögmætur handhafi vélstjórnarskírteinis skv. 8. gr. og hefur fullnægt skilyrðum reglugerðar sem samgönguráðherra setur hefur rétt til starfa við vélstjórn um

borð í fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum. Lágmarksaldur til að fá útgefið vélstjórnarskírteini er 18 ár.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða erlendri, vottorði frá lögskráningarstjóra eða á annan fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar Íslands. Til staðfestingar siglingatíma á skipum þar sem ekki er krafist lögskráningar má leggja fram vottorð tveggja trúverðugra manna.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um vélgæslu- og vélstjórnarmenntun til grundvallar réttindum, m.a. að teknu tilliti til stærðar skips, vélarafls og farsviðs þess, auk aldurs, starfsreynslu og siglingatíma vélgæslu- og vélstjórnarmanns.

4. Við 7. gr.
   a. Í stað orðsins „verða“ í 2. mgr. komi: eru.
   b. Á eftir orðinu „notaðir“ í 4. mgr. komi: eru.
5. Við 8. gr.
   a. 4. mgr. orðist svo:

      Skírteini skv. 1.–3. mgr. skal veita umsækjanda sem:

      a. Fullnægir skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, m.a. um menntun, þjálfun og aldur. Skal hann m.a. hafa sótt þau námskeið sem krafist er til endurnýjunar atvinnuréttinda.
      b. Er svo heill heilsu að hann geti rækt störf sín af öryggi. Skal hann leggja fram vottorð læknis til staðfestingar á hæfni til vaktstöðu og því að hann uppfylli skilyrði um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur.
      c. Hefur að baki fullnægjandi siglingatíma, sbr. 5.–6. gr. og reglugerð þar um. Hann skal færa sönnur á siglingatíma sem hann telur sig hafa að baki. Staðfesting lögskráningarstjóra eða rétt útfyllt og árituð sjóferðabók telst fullnægjandi sönnun á siglingatíma. Umsækjandi skírteinis sem kveðst hafa að baki siglingatíma á skipi sem ekki er skráð á Íslandi skal færa sönnur á þann siglingatíma á fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar Íslands.
      d. Auk þess að uppfylla skilyrði a–c-liðar skal sá sem gegnir stöðu skipstjóra á íslensku skipi og hefur íslensku ekki að móðurmáli hafa staðist sérstakt próf um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem þeir fá réttindi til að gegna. Samgönguráðherra setur reglur um framkvæmd prófa samkvæmt ákvæði þessu.

   b. Orðin „ef og“ í 5. mgr. falli brott.
6. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „a.m.k. í“ í b-lið 3. mgr. komi: í a.m.k.
   b. Í stað orðanna „samkvæmt því“ í 2. tölul. c-liðar 3. mgr. komi: eftir því.
7. Við 10. gr. Í stað orðanna „á tilteknu skipi“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: á ákveðnu skipi.
8. Við 11. gr.
   a. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skírteini ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim til að vera skírteinishafi.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við afturköllun skírteinis skal fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.
   c. Á eftir orðinu „Siglingastofnun“ í 2. mgr. komi: Íslands.
   d. Í stað orðsins „reglum“ í 4. mgr. komi: lögum.

9. Við 12. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: Á skipi sem er styttra en 12 metrar að skráningarlengd má skipstjóri vera hinn sami og vélavörður sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn, enda taki vinnu- og hvíldartími mið af 64. gr. sjómannalaga.
   b. 4. málsl. a-liðar 1. mgr. orðist svo: Séu reglur um skilyrtan útivistartíma brotnar skal mönnunarnefnd afturkalla heimildina.
   c. 1. tölul. a-liðar 3. mgr. orðist svo: Vélavörður, sé skipið styttra en 12 metrar að skráningarlengd. Vélavörður má vera hinn sami og skipstjóri sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn, enda taki vinnu- og hvíldartími mið af 64. gr. sjómannalaga.
   d. Í stað orðanna „mestu lengd“ í 2. og 3. tölul. a-liðar 3. mgr. komi: skráningarlengd.
   e. Á eftir orðinu „Siglingastofnun“ í 3. tölul. a-liðar 3. mgr. komi: Íslands.
   f. 4. málsl. 3. tölul. a-liðar 3. mgr. orðist svo: Séu reglur um skilyrtan útivistartíma brotnar skal mönnunarnefnd afturkalla heimildina.
   g. Í stað orðanna „12 metrum og styttri“ í 4. mgr. komi: sem er 12 metrar eða styttra að skráningarlengd.
10. Við 14. gr.
   a. Í stað orðanna „viðkomandi hæfan“ í 2. mgr. komi: að viðkomandi sé hæfur.
   b. Í stað orðanna „næstu stöðu fyrir neðan“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: næstu lægri stöðu.
11. Á eftir orðinu „skal“ í 18. gr. komi: gjald.
12. Á eftir orðinu „ákvæðum“ í síðari málslið 20. gr. komi: III. kafla.
13. 1. mgr. 21. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.
14. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Á eftir orðunum „12 metrum“ í 4. mgr. komi: eða minna.
   b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þeir sem þegar hafa öðlast 30 brúttórúmlesta atvinnuréttindi halda þeim.
15. Á eftir málsliðnum „*Skipstjóri/stýrimaður* á skipi 30 rúmlestir eða minna í innanlandssiglingum“ í viðauka komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þeir sem þegar hafa öðlast 30 brúttórúmlesta atvinnuréttindi halda þeim.

## 908. Fyrirspurn [608. mál]

til samgönguráðherra um Marco Polo áætlun Evrópusambandsins.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hefur samgönguráðuneytið gert úttekt á því hvaða möguleikar felast í Marco Polo áætlun Evrópusambandsins fyrir íslenskt samgöngukerfi?
2. Hefur ráðuneytið kynnt skipafélögum sérstaklega möguleika sem felast í Marco Polo áætluninni?
3. Eru áðurnefndar kynningar fyrirhugaðar ef þær hafa ekki farið fram?
4. Hvaða þýðingu telur ráðherra að þessi áætlun geti haft fyrir Íslendinga?

## 909. Fyrirspurn [609. mál]

til samgönguráðherra um vegagerð í Hrútafjarðarbotni.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hefur náðst samkomulag við eigendur lands undir nýjan veg í Hrútafjarðarbotni og ef svo er, hvenær er fyrirhugað að bjóða framkvæmdir við vegagerðina út?
2. Ef svo er ekki, hvaða land hefur ekki náðst samkomulag um og af hvaða ástæðum? Verður óskað heimildar til eignarnáms á því landi sem um er deilt?

**Skriflegt svar óskast.**

## 910. Fyrirspurn [610. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afla línubáta á krókaaflamarki.

Frá Guðjóni Hjörleifssyni.

Hver var heildarafli línubáta á krókaaflamarki fiskveiðiárin 2001/2002 og 2005/2006, sundurliðaður eftir heimahöfn?

**Skriflegt svar óskast.**

## 911. Fyrirspurn [611. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um bótaskylda atvinnusjúkdóma.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvað líður setningu reglugerðar um bótaskylda atvinnusjúkdóma, sbr. 5. mgr. 22. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar?

## 912. Fyrirspurn [612. mál]

til umhverfisráðherra um frágang efnistökusvæða.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvað líður frágangi efnistökusvæða, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999?

## 913. Skýrsla [613. mál]

Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2006.

**1. Inngangur.**

Starfsemi NATO-þingsins árið 2006 einkenndist öðru fremur af umræðu um samskiptin yfir Atlantsála, baráttuna gegn hryðjuverkum og breytingar á hlutverki NATO sem gengur í gegnum róttækt umbreytingarskeið nú, ekki síður en gerðist við lok kalda stríðsins. Aðgerðum utan hefðbundins athafnasvæðis hefur fjölgað stórlega og teygja sig yfir fleiri heimsálfur eins og verkefni og aðgerðir í Pakistan, Afganistan, Írak og Darfúr bera vitni. Mikil eftirspurn er eftir aðstoð NATO enda er það svo að fæst önnur svæðisbundin samtök hafa bolmagn til að taka að sér friðargæslu- eða uppbyggingarverkefni. Bandalagið hefur aðlagað sig breyttu öryggisumhverfi og byggt upp hernaðarlega getu til að bregðast hratt og sveigjanlega við nýjum óhefðbundnum ógnum. Skýrasta birtingarmynd þess er hraðlið bandalagsins sem byggt hefur verið upp á undanförnum árum en tilkynnt var á leiðtogafundi NATO í Ríga í nóvember að hraðliðið sé nú að fullu starfhæft.

Langumfangsmesta verkefni NATO er í Afganistan en það er um leið tákngervingur hinna miklu breytinga sem eiga sér stað á bandalaginu. Alþjóðlegu öryggissveitirnar í Afganistan (ISAF) hafa starfað undir stjórn NATO frá því í ágúst 2003. NATO stækkaði aðgerðasvæði sitt verulega á árinu 2006 þegar bandalagið tók við stjórn herliðs í suðurhéruðum Afganistans í júlí og austurhluta landsins í október. Sveitir NATO taka nú til alls landsins og í þeim eru 31.000 menn frá 26 NATO-ríkjum og 11 samstarfsríkjum. Aðgerðin í Afganistan er fyrsta aðgerð NATO utan Evrópu og sú langfjölmennasta í sögu bandalagsins. Afganistan var mjög í brennidepli á vettvangi NATO-þingsins á árinu og lögðu þingmenn áherslu á að aðgerðin í Afganistan væri prófsteinn á getu bandalagsins til þess að takast á við nýjar ógnir og nýtt öryggisumhverfi.

Íslandsdeild NATO-þingsins var að venju mjög virk á starfsárinu 2006. Hún tók varnar- og öryggismál Íslands upp með kröftugum hætti á vettvangi NATO-þingsins eftir að Bandaríkjastjórn tilkynnti 15. mars um brotthvarf varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli fyrir lok september. Meðlimir Íslandsdeildar tóku málið upp í bréfaskriftum, í fyrirspurnum og á fundum en sérstök utandagskrárumræða var til að mynda haldin um varnir Íslands á fundi varnar- og öryggismálanefndar á vorfundi NATO-þingsins í París. Tvenns konar áherslur komu einkum fram í málflutningi þingmanna Íslandsdeildar. Annars vegar var varað við því að Ísland yrði eina aðildarríki NATO sem ekki hefði loftvarnir og að loftvarnasvæði NATO á Norður-Atlantshafi yrði að hluta óvarið við þessa breytingu. Það hefði auk þess áhrif á öryggi almenns farþegaflugs á flugstjórnarsvæðinu á Norður-Atlantshafi þar sem umferð er gríðarlega mikil. Hins vegar var lögð áhersla á að öryggi siglinga um Norður-Atlantshafið minnk-

aði verulega með einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar. Í þessu sambandi var bent á að búist er við mikilli aukningu á skipaumferð í hafinu umhverfis Ísland í kjölfar aukinnar olíu- og gasvinnslu í Barentshafi og öðrum hlutum Norðurskautssvæðisins. (Sjá nánar kafla 4. Íslandsdeildin og varnar- og öryggismál Íslands).

Þá hélt Íslandsdeild á starfsárinu áfram undirbúningi fyrir ársfund NATO-þingsins sem fram fer í Reykjavík 5.–9. október 2007.

**2. Almennt um NATO-þingið.**

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1954 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áhyggjuefni. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Á síðustu árum hefur aðildar- og aukaaðildarríkjum á þinginu fjölgað ört og hefur starfssvið þess verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Þá gætir aukinna samskipta NATO-þingsins við ríki í norðanverðri Afríku og fyrir botni Miðjarðarhafs með tilkomu Miðjarðarhafshópsins svonefnda. Níu lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hafa nú aukaaðild að þinginu (auk hlutlausu Evrópuríkjanna fjögurra: Austurríkis, Sviss, Svíþjóðar og Finnlands) sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu. Störf þingsins beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild, efnahagslegum og pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og hinu hnattræna öryggiskerfi. Með Rose Roth áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í ríkjum álfunnar og nálægum ríkjum.

*Hlutverk og starfssvið þingsins.*

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings NATO. Þingið hefur því ekki formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að upplýsa þingmenn og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins kleift að koma á framfæri áhugamálum og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á viðhorfum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum með aðferðum sem þau ákveða sjálf. Þar endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana. Þingið kemur saman tvisvar á ári, til vorfundar og ársfundar að hausti.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, félagsmálanefnd, efnahagsnefnd og vísinda- og tækninefnd. Auk þess fer mikið starf fram á vegum Miðjarðarhafshópsins sem þó hefur ekki stöðu formlegrar málefnanefndar. Þessar nefndir eru meginvettvangur umræðna og rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli getur hún kosið undirnefnd eða komið á fót vinnuhópi til að afla um það upplýsinga. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna, yfirlýsinga eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins, sem fer með æðsta ákvarðanavald innan NATO, og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða. Ályktunum þingsins er hins vegar beint til ríkisstjórna aðildarríkjanna.

Þótt þingið sé óháð NATO hafa samskipti þingsins við bandalagið smám saman tekið á sig fastara form og meðal formlegra samskipta má nefna formleg svör við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Norður-Atlantshafsráðsins, ávarp fram-

kvæmdastjóra bandalagsins á vorfundum og ársfundum þingsins, aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO, SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe – æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og einnig Evrópusambandsins, og loks fundi forustumanna í þinginu og Norður-Atlantshafsráðinu til gagnkvæmra skoðanaskipta.

*Aukaaðild og samskiptin við ríkin í austri.*

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft hefur þingið endurskoðað hlutverk sitt í ljósi mikilla breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantsála er þörf fyrir breytingar til aðlögunar að nýjum aðstæðum. Umfram allt kallar þetta á fyrirkomulag í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum. Við upphaf tíunda áratugarins var þjóðþingum nokkurra Austur-Evrópuþjóða veitt aukaaðild að þinginu. Með aðild margra þessara ríkja að NATO og NATO-þinginu hefur enn fleiri ríkjum, m.a. á Kákasussvæðinu, verið veitt aukaaðild. Auk þess hefur á undanförnum árum verið lögð aukin áhersla á samskipti ríkjanna við Miðjarðarhafið og hefur nokkrum ríkjum í Norður-Afríku og Miðausturlöndum verið veitt svokölluð Miðjarðarhafsaðild, m.a. var Máritaníu, Alsír, Jórdaníu og Ísrael veitt slík aðild árið 2005 og heimastjórnarþingi Palestínu var veitt áheyrnaraðild.

*Fulltrúar á NATO-þinginu og forustumenn þess.*

Á NATO-þinginu eiga sæti 248 þingmenn frá aðildarríkjunum 26. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn en Ísland er í hópi þeirra smæstu með þrjá þingmenn. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Alls eiga 59 þingmenn frá 13 aukaaðildarríkjum sæti á NATO-þinginu og taka þeir þátt í nefndarfundum, utan funda stjórnarnefndar, og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Þeir hafa þó rétt til þess að leggja fram breytingartillögur.

Forustumenn þingsins eru sjö og eru sex þeirra, forseti og fimm varaforsetar, kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi. Sjöundi embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndarformenn auk formanna allra landsdeilda aðildarríkja NATO.

**3. Íslandsdeild NATO-þingsins.**

Í upphafi árs 2006 skipuðu Íslandsdeild NATO-þingsins Össur Skarphéðinsson formaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Einar Oddur Kristjánsson varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, og Ágúst Ólafur Ágústsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Hinn 2. október 2006 við upphaf 133. þings tók Dagný Jónsdóttir sæti Magnúsar Stefánssonar sem aðalmaður í Íslandsdeild og Sæunn Stefánsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, tók sæti Dagnýjar sem varamaður. Á fundi Íslandsdeildar hinn 5. október voru Össur Skarphéðinsson og Einar Oddur Kristjánsson endurkjörnir sem formaður og varaformaður.

Stígur Stefánsson gegndi starfi ritara Íslandsdeildar á starfsárinu.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í starfi allra nefnda þess. Skipting Íslandsdeildar í nefndir árið 2006 var þannig:

| | |
|---|---|
| *Stjórnarnefnd:* | Össur Skarphéðinsson. |
| Til vara: | Einar Oddur Kristjánsson. |
| *Stjórnmálanefnd:* | Einar Oddur Kristjánsson. |
| Til vara: | Kjartan Ólafsson. |
| *Varnar- og öryggismálanefnd:* | Magnús Stefánsson og Dagný Jónsdóttir frá 2. október |
| Til vara: | Dagný Jónsdóttir og Sæunn Stefánsdóttir frá 2. október. |
| *Félagsmálanefnd:* | Össur Skarphéðinsson. |
| Til vara: | Ágúst Ólafur Ágústsson. |
| *Efnahagsnefnd:* | Magnús Stefánsson og Dagný Jónsdóttir frá 2. október. |
| Til vara: | Dagný Jónsdóttir og Sæunn Stefánsdóttir frá 2. október. |
| *Vísinda- og tækninefnd:* | Össur Skarphéðinsson. |
| Til vara: | Ágúst Ólafur Ágústsson. |
| *Miðjarðarhafshópur:* | Einar Oddur Kristjánsson. |

**4. Íslandsdeildin og varnar- og öryggismál Íslands.**

Íslandsdeildin tók varnar- og öryggismál Íslands upp með kröftugum hætti á vettvangi NATO-þingsins eftir að Bandaríkjastjórn tilkynnti 15. mars um brotthvarf varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli fyrir lok september 2006. Meðlimir Íslandsdeildar tóku málið upp í bréfaskriftum, í fyrirspurnum og á fundum nefnda NATO-þingsins, m.a. á tveimur stjórnarnefndarfundum, fundum stjórnmálanefndar og efnahagsmálanefndar auk þess sem sérstök utandagskrárumræða var haldin um varnir Íslands á fundi varnar- og öryggismálanefndar á vorfundi NATO-þingsins í París. Tvenns konar áherslur komu einkum fram í málflutningi þingmanna Íslandsdeildar. Annars vegar var varað við því að Ísland yrði eina aðildarríki NATO sem ekki hefði loftvarnir og að hluti loftvarnarsvæðis NATO á Norður-Atlantshafi yrði óvarið við þessa breytingu. Það hefði auk þess áhrif á öryggi almenns farþegaflugs á flugstjórnarsvæðinu á Norður-Atlantshafi þar sem umferð er gríðarlega mikil og gæti aukið hættu á hryðjuverkum. Hins vegar var lögð áhersla á að öryggi siglinga um Norður-Atlantshafið minnkaði verulega með einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar. Í þessu sambandi var bent á að búist er við mikilli aukningu á siglingum umhverfis Ísland í kjölfar aukinnar olíu- og gasvinnslu í Barentshafi og öðrum hlutum Norðurskautssvæðisins. Því hefur bæði verið vísað til mikilvægis hernaðarmáttar Bandaríkjanna, en einnig þess hlutverks sem þyrlubjörgunarsveit varnarliðsins hefur gegnt undanfarna áratugi. Þingmennirnir hafa bent á að Íslendingar munu eiga í erfiðleikum með að fylla í skarð Bandaríkjamanna með svo skömmum fyrirvara.

Málinu var fyrst hreyft á fundi stjónarnefndar NATO-þingsins í Gdynia 25. mars þar sem Össur Skarphéðinsson vakti athygli á fyrirhuguðu brotthvarfi varnarliðsins og áhrifum þess. Kynnti hann ákvörðun Bandaríkjastjórnar, viðbrögð íslenskra stjórnvalda og stöðu varnarmála á Íslandi. Fór hann fram á það við forseta NATO-þingsins, Pierre Lellouche, að málið yrði tekið fyrir á vorfundi NATO-þingsins í París sem fram undan var 26.–30 maí.

Til undirbúnings fyrir vorfundinn sendi Íslandsdeildin formönnum allra landsdeilda NATO-þingsins bréf þar sem atburðarásin var skýrð og grein gerð fyrir afstöðu og áhyggjum Íslands vegna fyrirhugaðs brotthvarfs varnarliðsins. Þrátt fyrir að ekki væri farið fram á svör við bréfinu fengust skrifleg svör frá formönnum landsdeilda Lettlands, Þýskalands, Lúxem-

borgar og Frakklands. Í bréfi lettnesku landsdeildarinnar var bent á að loftvarnareftirlit NATO sér um loftvarnir Eystrasaltsríkjanna og að nauðsynlegt væri að styrkja og stofnanabinda loftvarnareftirlit á vegum NATO þannig að það tæki til allra NATO-ríkja sem ekki eiga flugher til þess að standa undir nauðsynlegu eftirliti.

Á vorfundi NATO-þingsins var efnt til sérstakrar utandagskrárumræðu um varnar- og öryggismál Íslands á fundi varnar- og öryggismálanefndar. Var það gert samkvæmt samkomulagi Íslandsdeildar við Pierre Lellouche, forseta NATO-þingsins, og Joel Hefley formann varnar- og öryggismálanefndar. Össur Skarphéðinsson flutti framsögu í þeirri umræðu en Össur tók málið einnig upp í almennum umræðum stjórnmálanefndar NATO-þingsins. Í málflutningi sínum í utandagskrárumræðunni sagði Össur að íslensk stjórnvöld hörmuðu einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar um brotthvarf hersins auk þess sem hann og ýmsir aðrir stjórnmálamenn teldu hana brot á varnarsamningnum. Össur lagði áherslu á að tvíhliða varnarsamningurinn væri enn í gildi og að fyrir dyrum stæðu nýjar viðræður við Bandaríkjamenn um hvernig þeir hygðust standa við skuldbindingar sínar um varnir Íslands. Hann benti á að frumskylda og tilgangur NATO væri að tryggja varnir og öryggi aðildarríkjanna en útlit væri fyrir að Ísland stæði senn varnarlaust eitt NATO-ríkja. Því þyrfti að leita eftir aðkomu NATO ef tvíhliða viðræður Íslands og Bandaríkjanna bæru ekki árangur. Össur minnti einnig á að NATO hefði komið að því að tryggja loftvarnir þeirra NATO-ríkja sem ekki eiga eigin flugher, þ.e. Eystrasaltsríkjanna, Slóveníu og Lúxemborgar. Magnús Stefánsson tók einnig til máls í utandagskrárumræðunni. Hann gerði öryggisumhverfi Íslands og mögulegar ógnir að umræðuefni og sagði að Íslendingar stæðu frammi fyrir nýjum ógnum eftir lok kalda stríðsins líkt og aðrar NATO-þjóðir. Magnús lagði áherslu á að landfræðileg lega Íslands sem útvörður NATO í norðanverðu Atlantshafi væri engin vernd í sjálfu sér og að varnarleysi landsins og einangrun gætu gert landið að skotmarki hryðjuverkamanna. Helsta hættan að hans mati væri árás sem beindist gegn flugsamgöngum og flugsamgöngukerfum en íslenska flugstjórnarsvæðið er eitt hið stærsta í heimi með hátt í 100.000 flugvélar á ári á flugi yfir Atlantsála. Magnús nefndi einnig að með fyrirhugaðri olíu- og gasvinnslu Norðmanna í Barentshafi og mögulegri norðursiglingaleið frá Asíu mætti búast við aukinni skipaumferð á Atlantshafi og það krefðist öryggisráðstafana.

Joel Hefley, formaður sendinefndar fulltrúadeildar bandaríska þingsins og formaður varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins, svaraði ummælum Össurar og Magnúsar. Hann sagðist hafa rætt varnir Íslands við embættismenn úr bandaríska varnarmálaráðuneytinu Pentagon og að það lægi ljóst fyrir að Bandaríkjamenn mundu verja Ísland og standa við varnarsamninginn þótt þeir hefðu ekki fast herlið á landinu. Auk Hefleys tóku þingmenn frá Noregi, Lettlandi og Litháen til máls um brotthvarf varnarliðsins og lýstu allir yfir stuðningi við málstað Íslands og að öryggi landsins yrði tryggt. Norski þingmaðurinn Marit Nybakk sagði að ef ekki fengist lausn á vörnum Íslands í viðræðunum við Bandaríkjamenn væru Norðmenn tilbúnir að styðja að NATO kæmi sérstaklega að vörnum Íslands. Það væru líka hagsmunir Noregs að tryggja öryggi á norðanverðu Atlantshafi. Guntis Berzins, formaður lettnesku landsdeildarinnar, hvatti einnig til þess að varanleg lausn yrði fundin á loftvörnum þeirra NATO-ríkja sem ekki hafa flugher. Rasa Jukneviciene frá Litháen tók undir tillögu Berzins. Norðmaðurinn Per Ove Width sagði varnarmál Íslands ekki tvíhliða mál milli Íslands og Bandaríkjanna heldur mál sem varðaði NATO þar sem varnarlaust Ísland mundi draga mjög úr öryggi á norðanverðu Atlantshafinu.

Á vorfundinum sat Norður-Atlantshafsráðið og framkvæmdastjóri NATO, Jaap de Hoop Scheffer, fyrir svörum í sérstökum fyrirspurnatíma. Fyrir hönd Íslandsdeildar spurði Össur de Hoop Scheffer um aðkomu hans og mögulega aðkomu NATO að því að tryggja varnir

Íslands. De Hoop Scheffer sagðist fylgjast grannt með gangi viðræðna Íslands og Bandaríkjanna og að hann hefði rætt um þessi mál við Halldór Ásgrímsson og Geir H. Haarde. De Hoop Scheffer sagðist ekki geta sagt neitt um aðkomu NATO meðan á tvíhliða viðræðunum stæði en áréttaði að Ísland væri fullgildur aðili að NATO og að bandalagið mundi beita sér í samræmi við það.

Á stjórnarnefndarfundi NATO-þingsins í Brussel 29. september gerði Össur Skarphéðinsson grein fyrir samkomulagi sem náðst hefði í tvíhliða viðræðum íslenskra og bandarískra stjórnvalda um viðskilnað varnarliðsins og nýja varnaráætlun sem ætlað er að tryggja varnir Íslands með hreyfanlegum viðbúnaði og liðsafla. Þá væri ætlunin að halda árlegar tvíhliða eða fjölþjóðlegar heræfingar á Íslandi auk þess sem reglubundnum samráðsfundum um varnar- og öryggismál yrði komið á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda. Eftir brotthvarf varnarliðsins og hið nýja samkomulag við Bandaríkin væri Ísland engu að síður í mjög sérstakri stöðu innan NATO. Þar sem Ísland hefur ekki eigin her væri landið nú eina NATO-ríkið sem ekki hefði neins konar varanlegar varnir á landssvæði sínu. Enn fremur væri Ísland eina NATO-ríkið án loftvarna þó landið sé langt í frá eina aðildarríki bandalagsins sem ekki á flugher.

Á ársfundi NATO-þingsins í Quebec 13.–18. nóvember fjallaði efnahagsnefndin sérstaklega um orkuöryggi en það málefni hefur orðið æ fyrirferðarmeira í öryggismálaumræðu á síðustu missirum. Varað hefur verið við því að einstök NATO-ríki verði háð einum eða fáum birgjum við að uppfylla orkuþarfir sínar. Dagný Jónsdóttir kvaddi sér hljóðs og setti málið í samhengi við öryggismál á norðanverðu Atlantshafi og brotthvarfs varnaliðsins frá Keflavíkurflugvelli. Benti Dagný á að stór hluti ónýttra orkubirgða heimsins væru á norðurskautssvæðinu og að t.d. væri von á stóraukinni olíu- og gasvinnslu Norðmanna í Barentshafi á næstu árum sem væri mikilvægur þáttur í því að tryggja orkuöryggi NATO-ríkjanna. Þessi vinnsla auk mögulegrar norðursiglingaleiðar á milli Asíu annars vegar og Evrópu og austurstrandar Bandaríkjanna hins vegar mun stórauka skipaumferð á Norður-Atlantshafi en umferð risavaxinna tankskipa með gas og olíu hefur þegar aukist mjög. Dagný sagði það því slá skökku við að á sama tíma hefði verið dregið úr öryggisviðbúnaði á Norður-Atlantshafi með lokun herstöðvar Bandaríkjamanna í Keflavík. Aukið vægi Norður-Atlantshafssvæðisins hvað varðar orkuöryggi NATO kallaði á að ráðstafanir yrðu gerðar til að tryggja öryggi orkuflutninga og annarra samgangna á svæðinu.

Nánari umfjöllun um hvernig Íslandsdeildin tók varnar- og öryggismál Íslands upp á einstaka fundum NATO-þingsins má sjá í umfjöllun í næsta kafla.

**5. Fundir sem Íslandsdeild sótti á árinu.**

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund og svo ársfund að hausti. Auk þess fundar stjórnarnefnd sérstaklega ár hvert, ýmist í lok mars eða byrjun apríl. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra NATO og Norður-Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd og varnar- og öryggismálanefnd halda sameiginlegan fund. Á árinu 2006 hélt stjórnarnefndin sérstakan aukafund í september til undirbúnings leiðtogafundar NATO sem haldinn var í Ríga í lok nóvember. Þá sækir fjöldi NATO-þingmanna árlegan fund um Atlantshafssamstarfið sem fram fer í desember í samstarfi NATO-þingsins og bandaríska Atlantshafsráðsins. Loks halda nefndir og undirnefndir þingsins reglulega námsstefnur og fundi á milli þingfunda. Á árinu voru haldnar tvær Rose Roth námsstefnur.

Árið 2006 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum í Brussel, fundi stjórnarnefndar sem haldinn var í Gdynia í mars, vor- og ársfundum þingsins í París og Quebec, aukafundi stjórn-

arnefndar í Brussel í september og árlegum fundi um Atlantshafssamstarfið í Washington í desember, auk almennra nefndarfunda utan þingfunda.

*Febrúarfundir.*

Dagana 19.–21. febrúar sl. var efnt til svonefndra febrúarfunda NATO-þingsins í Brussel. Fyrirkomulag fundanna var með venjubundnum hætti, þ.e. að embættismenn Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins héldu erindi um afmörkuð málefni og gáfu svo þingmönnum færi á að beina til þeirra spurningum. Að auki átti stjórnarnefnd NATO-þingsins fund með Norður-Atlantshafsráðinu og framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu Einar Oddur Kristjánsson og Magnús Stefánsson fundina, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Framtíðarhlutverk og umbreyting NATO var mjög í brennidepli fyrsta fundardaginn. Martin Erdmann, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO, og Jamie Shea, yfirmaður stefnumótunarskrifstofu framkvæmdastjóra NATO, fluttu þá framsöguerindi. Að því loknu tóku þrír NATO-sendiherrar, Victoria Nuland frá Bandaríkjunum, Rüdiger Reyeis, Þýskalandi, og Richard Duqué, Frakklandi, þátt í hringborðsumræðu með þingmönnum. Rauður þráður í framsögum og umræðunum var að bandalagið gengur í gegnum róttækt umbreytingarskeið nú, ekki síður en gerðist við lok kalda stríðsins, þó það fari hljóðar í fjölmiðlum. Aðgerðum utan hefðbundins athafnasvæðis hefur fjölgað stórlega og teygja sig yfir fleiri heimsálfur eins og verkefni og aðgerðir í Pakistan, Afganistan, Írak og Darfúr sýna glögglega. Langumfangsmesta verkefni NATO er í Afganistan en það er um leið tákngervingur hinna miklu breytinga sem eiga sér stað á bandalaginu. Mikil eftirspurn er eftir aðstoð NATO enda er það svo að mörg önnur svæðisbundin samtök hafa ekki bjargir eða bolmagn til að taka að sér friðargæslu- eða uppbyggingarverkefni. Bandalagið hefur aðlagað sig breyttu öryggisumhverfi og byggt upp hernaðarlega getu til að bregðast hratt og sveigjanlega við nýjum óhefðbundnum ógnum. Fyrirhugaður leiðtogafundur NATO í Ríga í nóvember mundi bera yfirskriftina Umbreytingafundur (Transformation Summit). Þá væri vonast til að hægt yrði að tilkynna að hraðlið bandalagsins væri að fullu starfhæft.

Annan fundardag var sjónum einkum beint að hernaðarlegri getu og viðbúnaði NATO. Marshall Billingslea, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO fyrir fjárfestingar í vörnum, og John P. Colston, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO fyrir stefnumótun í varnarmálum, héldu framsögur og ræddu herstjórnarkerfi bandalagsins og tæknilega samþættingu herja ólíkra ríkja þess þegar til aðgerða er gripið. Þá fór fram fundur með Norður-Atlantshafsráðinu þar sem helstu umræðuefni voru aðgerðin í Afganistan, umsóknarlönd sem knýja dyra hjá NATO og fyrirhugaður leiðtogafundur í Ríga. Þingmennirnir hvöttu til þess að samskipti og samstarf NATO og ESB yrðu bætt til að koma í veg fyrir ólíðandi tvíverknað og sóun á skattfé en fundarmenn voru sammála um að samstarf þessara tveggja stofnana hefur ekki gengið sem skyldi undanfarin ár.

Síðasta fundardag voru skrifstofur framkvæmdastjórnar ESB heimsóttar og áttu NATO-þingmenn fund með Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál í framkvæmdastjórninni, Stefano Sannino, yfirmann viðbraga við neyðarástandi, og Paulo Casaca, formaður nefndar Evrópuþingsins sem sér um samskipti við NATO-þingið. Var einkum rætt um hvernig bæta mætti samskipti NATO og ESB. Rehn lagði í máli sínu áherslu á að stofnanirnar hefði átt gott samstarf í Bosníu og Kosovo þó rétt væri að það þyrfti að bæta. Varðandi næstu stækkun ESB sagði Rehn ekki hægt að bera hana saman við útvíkkun NATO þar sem mun flóknari skilyrði væru fyrir ESB-aðild sem næðu til allra þátta samfélags þeirra þjóða sem í það ganga. Útvíkkun ESB og NATO styrktu þó hvor aðra þar sem ESB stækkun þýddi í raun

útbreiðslu lýðræðislegra stjórnarhátta og stöðugleika í álfunni um leið og NATO tryggði hernaðarlegar varnir út á við.

*Fundur stjórnarnefndar.*

Laugardaginn 25. mars kom stjórnarnefnd NATO-þingsins saman til fundar í Gdynia í Póllandi. Fundinn sat af hálfu Íslandsdeildar Össur Skarphéðinsson formaður og Stígur Stefánsson ritari. Pierre Lellouche, forseti NATO-þingsins, stýrði fundi nefndarinnar.

Fyrsta dagskrármálið var umbætur á starfsháttum NATO-þingsins. Á ársfundi NATO-þingsins í Kaupmannahöfn í nóvember 2005 ákvað stjórnarnefndin að koma á fót vinnuhópi til þess að gera tillögur um umbætur. Vinnuhópurinn var undir stjórn kanadíska þingmannsins Pierre Claude Nolin sem kynnti bráðabirgðaskýrslu hópsins. Fyrsti kafli skýrslunnar fjallaði um samhæfingu og forgangsröðun í starfi NATO-þingsins. Að mati skýrsluhöfunda skorti á samhæfingu í starfi þingsins og leiddi það til óþarfa tvíverknaðar. Auk þess beinir þingið sjónum sínum of víða og væri kröftum þess betur varið ef horft væri til færri og afmarkaðri verkefna. Í skýrslunni var lagt til að stjórnarnefndin fengi aukið vald til að sjá um samhæfingu nefnda NATO-þingsins og að hún fengi starfsáætlanir þeirra til samþykktar. Þá var lagt til að fundur framkvæmdastjórnar og allra formanna nefnda og undirnefnda yrði haldinn við upphaf vor- og ársþings. Enn fremur var lagt til að dregið yrði úr kosningaeftirliti á vegum NATO-þingsins. Í öðrum kafla skýrslunnar var fjallað um málefnanefndirnar. Lagt var til að staða svokallaðs Miðjarðarhafshóps yrði óbreytt og að hann yrði ekki gerður að sérstakri nefnd. Lagt var til að fjölda undirnefnda yrði takmarkaður þannig að hver nefnd geti einungis haft eina undirnefnd innan sinna vébanda. Á móti gætu nefndirnar notað sérstaklega skipaða skýrsluhöfunda (special rapporteurs) í auknum mæli. Umboð undirnefnda ætti að endurnýja árlega til að tryggja að þær beini sjónum sínum að þeim málefnum sem efst eru á baugi. Í umræðum sem á eftir fylgdu ríkti óeining um nauðsyn þess að fækka undirnefndum. Þá lögðu skýrsluhöfundar til að leitað yrði leiða til að bæta starf sameiginlegrar þingmannanefndar NATO og Rússlands. Þriðji kafli skýrslunnar fjallaði um vor- og haustfundi NATO-þingsins. Ekki var samstaða í vinnuhópnum um hvort stytta bæri fundina. Í fjórði kafla var fjallað um tímatakmarkanir á setu í embættum NATO-þingsins. Lagt var til að takmörkunum yrði ekki breytt fyrir framkvæmdastjórnina en ef tillaga um fækkun undirnefnda næði fram að ganga þá skyldi takmarka embættistíma formanna nefnda og undirnefnda við 3 ár. Ákveðið var að ræða nánar um umbætur á starfsemi NATO-þingsins á vorfundinum í París 26.–30. maí.

Næst var rætt um starfsáætlun NATO-þingsins fyrir árið 2006 og gerðu nefndaformenn stuttlega grein fyrir áætlunum sinna nefnda. Össur Skarphéðinsson tók til máls og vakti athygli fundarmanna á hinni nýju stöðu sem upp var komin í varnarmálum Íslendinga. Bandaríkjastjórn hefði ákveðið einhliða að draga sveitir sínar frá Keflavíkurflugvelli en þar hefði Bandaríkjaher haft herstöð samkvæmt tvíhliða varnarsamningi ríkjanna frá 1951. Samningurinn kveður á um að Bandaríkin sjái, fyrir hönd NATO, um varnir Íslands. Ákvörðun Bandaríkjastjórnar kom þvert ofan í varnarviðræður sem stóðu yfir á milli landanna. Össur sagði íslensk stjórnvöld harma þessa ákvörðun og að hann og ýmsir aðrir stjórnmálamenn teldu hana brot á varnarsamningnum. Ísland væri eina NATO-ríkið sem ekki hefði her og því væri útlit fyrir að landið yrði varnarlaust í september þegar liðsveitir Bandaríkjahers hyrfu á braut. Össur lagði áherslu á að tvíhliða varnarsamningurinn væri enn í gildi og að fyrir dyrum stæðu nýjar viðræður við Bandaríkjamenn um hvernig þeir hygðust standa við skuldbindingar sínar um varnir Íslands. Ef viðræðurnar bæru ekki árangur þyrfti að leita eftir aðkomu NATO. De Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, hefði tekið málið upp á fundi

með Bush Bandaríkjaforseta en nú væri beðið átekta eftir því hvað kæmi út úr tvíhliða viðræðum ríkjanna. Össur harmaði að lokum að engin fulltrúi bandarísku landsdeildarinnar væri á fundinum enda hefði hann viljað ræða málið við bandaríska þingmenn. Taldi Össur blasa við að varnarmál Íslands þyrfti að ræða á vorfundi NATO-þingsins sem fram undan var í maí. Pierre Lellouche, forseti NATO-þingsins, sagði tíðindin koma á óvart og ljóst að málið ætti heima á borði varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins á vorfundinum. Auk þess kvaðst Lellouche ætla að skrifa formanni bandarísku landsdeildarinnar bréf og vekja athygli bandarískra þingmanna á málinu.

Þá var rætt um hvernig bregðast skyldi við úrslitum þingkosninga á sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna sem fram fóru 25. janúar 2006. Þingi Palestínumanna var veitt áheyrnaraðild að NATO-þinginu á ársfundi þess í Kaupmannahöfn haustið 2005. Pierre Lellouche, forseti NATO-þingsins, taldi erfiðleikum bundið að bjóða fulltrúum palestínska þingsins á fyrirhugaðan vorfund NATO-þingsins í maí eftir kosningasigur Hamas-samtakanna. Hamas væru á alþjóðlegum listum yfir hryðjuverkasamtök og ófært væri að bjóða palestínska þinginu og þar með Hamas á vorfundinn. Miklar umræður spunnust um málið og töldu sumir nefndarmenn að ótækt væri að taka upp samstarf við palestínska þingið, hvetja til lýðræðis og frjálsra kosninga og slíta svo samstarfinu af því sigurvegarar kosninganna eru ekki samkvæmt óskum Vesturlanda. Niðurstaðan var sú að ekki yrði hróflað við áheyrnaraðild palestínska þingsins að NATO-þinginu. Sérstakur fulltrúi NATO-þingsins mundi heimsækja sjálfstjórnarsvæði Palestínumanna og kanna hvort palestínska þingið samþykkti að senda sendinefnd á vorfundinn án Hamasliða. Annars yrði þinginu ekki boðið að senda fulltrúa á vorfundinn.

Næst var rætt um samstarf NATO-þingsins við Kínverja. Ekki var vilji til að bjóða sendinefnd frá Alþýðuþinginu á vorfundinn í París. Í staðinn var ákveðið að bjóða breiðari sendinefnd með fulltrúum frá ólíkum lögum kínversks samfélags á vorfundinn.

Þá samþykkti stjórnarnefndin harðorða yfirlýsingu um forsetakosningarnar í Hvíta-Rússlandi. Þær einkenndust annars vegar af grófum mannréttindabrotum, ofbeldi gagnvart stjórnarandstöðunni og lokunar óháðra fjölmiðla og hins vegar af stórfelldu kosningasvindli. Kosning Ljúkasjenkó forseta væri því ólögleg og stjórnarnefndin styður kröfuna um nýjar frjálsar kosningar. Jafnframt hvetur stjórnarnefndin öll bandalagsríki NATO til þess að styðja við bakið á lýðræðisöflum í Hvíta-Rússlandi.

Að lokum var farið yfir fundi fram undan. Sleit Pierre Lellouche svo fundi með því að bjóða alla viðstadda velkomna á vorfund NATO-þingsins sem fram undan var í París í lok maí.

*Vorfundur.*

Dagana 26.–30. maí sl. var vorfundur NATO-þingsins haldinn í París. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundinn Össur Skarphéðinsson formaður og Magnús Stefánsson, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Íslandsdeild lagði sérstaka áherslu á varnar- og öryggismál Íslands á NATO-þinginu eftir ákvörðun Bandaríkjastjórnar frá 15. mars um að kalla varnarliðið heim frá herstöðinni í Keflavík. Upptaka málsins á þinginu var vandlega undirbúin, annars vegar með því að Össur Skarphéðinsson kynnti málið á fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins 25. mars og hins vegar með því að Íslandsdeild sendi formönnum allra landsdeilda NATO-þingsins bréf þar sem atburðarásin var skýrð og grein gerð fyrir afstöðu Íslands. Samþykkt var að sérstök umræða færi fram um málið á fundi varnar- og öryggismálanefndar þingsins. Auk þess voru öryggis-

og varnarmál Íslands tekin upp í almennri umræðu á fundi stjórnmálanefndarinnar og í fyrirspurnatíma Norður-Atlantshafsráðsins.

Í almennum stjórnmálaumræðum við upphaf fundar stjórnmálanefndar kvaddi Össur Skarphéðinsson sér hljóðs og greindi frá því að þrátt fyrir að frumskylda og tilgangur NATO væri að tryggja varnir og öryggi aðildarríkjanna væri nú útlit fyrir að Ísland stæði senn varnarlaust eitt NATO-ríkja. Bandaríkjastjórn hefði lýst yfir einhliða ákvörðun sinni um að draga herafla sinn heim mitt í samningaviðræðum við íslensk stjórnvöld og þessi framkoma varpaði skugga á annars nána vináttu þessara tveggja stofnríkja NATO. Össur sagði það mat margra að einhliða ákvörðun Bandaríkjanna væri brot á varnarsamningi ríkjanna frá árinu 1951. Nýjar viðræður stæðu yfir við Bandaríkjamenn um það hvernig þeir hygðust standa við skuldbindingar sínar um að tryggja varnir Íslands samkvæmt varnarsamningnum. Össur taldi víst að ef þær viðræður skiluðu ekki ásættanlegri niðurstöðu þá yrðu Íslendingar að snúa sér til NATO og óska eftir virkri aðkomu bandalagsins að vörnum landsins. Joel Hefley, formaður sendinefndar fulltrúadeildar bandaríska þingsins og formaður varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins, sagði að Bandaríkin hefðu engin áform um annað en að standa við varnarsamninginn. Hins vegar væri hernaðartækni og sýn manna á hernaðarógnir að breytast og hægt væri að fara ólíkar leiðir til að tryggja öryggi Íslands. Verið væri að loka herstöðvum Bandaríkjanna víða um heim en annars vísaði Hefley til fyrirhugaðrar umræðu um þessi mál á fundi varnar- og öryggismálanefndar. Marit Nybakk frá Noregi tók þá til máls og sagði Norðmenn styðja Íslendinga í að ná fram tvíhliða lausn með Bandaríkjunum. Ef það tækist ekki væru Norðmenn tilbúnir að styðja að NATO kæmi sérstaklega að vörnum Íslands. Það væru líka hagsmunir Noregs að tryggja öryggi á norðanverðu Atlantshafi, svæðið væri mjög mikilvægt m.a. með tilliti til framtíðarmöguleika á sviði orkuvinnslu.

Af öðrum dagskrárliðum stjórnmálanefndar má nefna að lagðar voru fram skýrslur um Afganistan og framtíð NATO, hlutverk NATO varðandi öryggismál í Mið-Asíu og loks um mögulega kjarnorkuvæðingu Íran og afleiðingar þess fyrir samstarfið yfir Atlantsála. Þá var staða Kosovo rædd sérstaklega auk möguleika Úkraínu á að ganga í NATO. Loks flutti Alexander Milinkevich, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Hvíta-Rússlandi, erindi. Össur tók þátt í umræðunni um Afganistan og sagði að þó Íslendingar ættu ekki her þá legðu þeir sitt af mörkum til aðgerða NATO þar í landi og nefndi rekstur Kabúl-flugvallar í því sambandi. Hann sagði tón skýrslunnar of bjartsýnan og ástandið í Afganistan mjög óstöðugt. Forgangsverkefni til að vinna hug og hjörtu afgönsku þjóðarinnar væri að tryggja atvinnu- og tekjumöguleika fyrir hina fátækustu, t.d. smábændur sem standa uppi allslausir þegar valmúaakrar þeirra eru eyðilagðir. Þá væri samræmingu aðgerða herjanna í Afganistan ábótavant.

Á fundi varnar- og öryggismálanefndar var eins og fyrr sagði efnt til sérstakrar umræðu um varnarmál Íslands. Össur flutti framsögu og lýsti því að þótt varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna væri tvíhliða samningur þá væri hann gerður innan ramma NATO-samstarfsins enda kæmi skýrt fram í honum að Bandaríkin tækju að sér varnir Íslands fyrir hönd NATO. Eftir einhliða ákvörðun Bandaríkjanna um að kalla her sinn heim sæi Ísland fram á að vera varnarlaust eitt NATO-ríkja sem ekki væri ásættanlegt. Sú staða kynni að kalla á virka þátttöku NATO í að tryggja öryggi og varnir landsins. Össur sagðist ekki vilja vera með getgátur um það með hvaða hætti aðkoma NATO gæti orðið en minnti á að NATO hefur komið að því að tryggja loftvarnir þeirra NATO-ríkja sem ekki eiga eigin flugher, þ.e. Eystrasaltsríkjanna, Slóveníu og Lúxemborgar. Joel Hefley, formaður varnar- og öryggismálanefndarinnar, sagðist hafa rætt varnir Íslands við embættismenn úr bandaríska varnarmálaráðuneytinu Pentagon og að það lægi ljóst fyrir að Bandaríkjamenn mundu verja Ísland þó þeir hefðu ekki fast herlið á landinu. Guntis Berzins, formaður lettnesku landsdeildar-

innar, tók þá til máls og studdi málstað Íslands og hvatti til þess að varanleg lausn yrði fundin á loftvörnum þeirra NATO-ríkja sem ekki hafa flugher. Rasa Juknevičiene frá Litháen tók undir tillögu Berzins. Hún minnti á að Ísland hefði leikið mikilvægt hlutverk með því að vera fyrst NATO-ríkja til þess að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna og lýsti stuðningi við að fundin yrði lausn á öryggismálum Íslands innan NATO ef ekki næðist viðunandi samkomulag milli Íslands og Bandaríkjanna. Norðmaðurinn Per Ove Width sagði varnarmál Íslands ekki tvíhliða mál milli Íslands og Bandaríkjanna heldur mál sem varðaði NATO þar sem varnarlaust Ísland mundi draga mjög úr öryggi á norðanverðu Atlantshafinu. Erfitt væri að spá fyrir um pólitíska þróun í Rússlandi og þó samskipti Rússa og Vesturlanda hefðu verið góð að undanförnu væri engin trygging fyrir því að svo yrði áfram og það þyrfti að hafa í huga. Magnús Stefánsson tók þá til máls og gerði öryggisumhverfi Íslands og mögulegar ógnir að umræðuefni. Öllum væri ljóst að þungamiðja hefðbundinna átaka og ógna hefði flust í austur eftir lok kalda stríðsins og mikil endurskipulagning á herafla NATO stæði yfir til þess að mæta breyttu öryggisumhverfi. Nýjar óhefðbundnar ógnir hefðu leyst hinar hefðbundnu af hólmi og Íslendingar stæðu frammi fyrir þessum ógnum eins og allar aðrar NATO-þjóðir. Magnús lagði áherslu á að landfræðileg lega Íslands sem útvörður NATO í norðanverðu Atlantshafi væri engin vernd í sjálfu sér. Sagði Magnús allt eins hægt að færa rök fyrir því að einangrun Íslands gæti gert landið að skotmarki hryðjuverkamanna ef varnir væru ekki fyrir hendi eða svo langt undan sem nemur viðbragðs- og flugtíma herþota frá erlendum herflugvöllum þúsundir kílómetra í burtu. Helsta hættan væri árás sem beindist gegn flugsamgöngum og flugsamgöngukerfum en íslenska flugstjórnarsvæðið er eitt hið stærsta í heimi með hátt í 100.000 flugvélar á ári á flugi yfir Atlantsála. Þá nefndi Magnús að með fyrirhugaðri olíu- og gasvinnslu Norðmanna í Barentshafi og mögulegri norðursiglingaleið frá Asíu mætti búast við aukinni skipaumferð á Atlantshafi og það krefðist öryggisráðstafana.

Af öðrum dagskrárliðum varnar- og öryggismálanefndar má nefna skýrslur um lærdóm sem draga má af yfirstandandi aðgerðum NATO, um eflingu hraðaliðs Bandaríkjanna og áhrif þess á samstarfið innan NATO og um hlutverk NATO á Suður-Kákasussvæðinu.

Á þingfundi NATO-þingsins sat Norður-Atlantshafsráðið og framkvæmdastjóri NATO, Jaap de Hoop Scheffer, fyrir svörum í sérstökum fyrirspurnatíma. Fyrir hönd Íslandsdeildar spurði Össur de Hoop Scheffer um aðkomu hans og mögulega aðkomu NATO að því að tryggja varnir Íslands. De Hoop Scheffer sagðist fylgjast grannt með gangi viðræðna Íslands og Bandaríkjanna og að hann hefði rætt um þessi mál við Halldór Ásgrímsson og Geir H. Haarde. De Hoop Scheffer sagðist ekki geta sagt neitt um aðkomu NATO meðan á tvíhliða viðræðunum stæði en áréttaði að Ísland væri fullgildur aðili að NATO og að bandalagið mundi beita sér í samræmi við það.

Af öðrum helstu málum vorfundar NATO-þingsins má nefna umbætur á starfsemi þingsins og ályktanir sem samþykktar voru til stuðnings NATO-aðildar Georgíu annars vegar og Albaníu, Króatíu og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu hins vegar.

*Aukafundur stjórnarnefndar.*

Föstudaginn 29. september kom stjórnarnefnd NATO-þingsins saman til sérstaks aukafundar í Brussel. Fundinn sat af hálfu Íslandsdeildar Össur Skarphéðinsson formaður, auk Stígs Stefánssonar ritara. Pierre Claude Nolin, varaforseti NATO-þingsins, stýrði fundi nefndarinnar.

Aðaldagskrármál fundarins var að samþykkja yfirlýsingu um leiðtogafund NATO sem fram undan var í Ríga 28.–29. nóvember. Að öllu jöfnu samþykkir NATO-þingið og sendir frá sér tilmæli og ályktanir á ársfundi sínum að hausti. Sökum þess hve stutt var á milli árs-

fundar NATO-þingsins í Quebec 13.–17. nóvember og leiðtogafundarins í Ríga var ákveðið að efna til sérstaks aukafundar stjórnarnefndarinnar til að viðhorf NATO-þingsins kæmu fram með meiri fyrirvara. Yfirlýsingin var hugsuð sem innspil NATO-þingmanna til umræðna á leiðtogafundinum. Í yfirlýsingunni var m.a. lögð rík áhersla á að aðgerðir NATO í Afganistan væru prófsteinn á getu bandalagsins til þess að takast á við nýjar ógnir og nýtt öryggisumhverfi. Styrkja þyrfti aðgerðirnar með fjölgun hermanna og betri búnaði. Þá var í yfirlýsingunni lögð áhersla á að koma á kerfi til þess að kostnaður við aðgerðir NATO yrði greiddur sameiginlega af öllum aðildarríkjum en ekki einungis af þeim ríkjum sem takast á hendur einstök verkefni eins og verið hefur. Enn fremur var í yfirlýsingunni rætt um mikilvægi aðgerða NATO til að tryggja stöðugleika á vestanverðum Balkanskaga. Hvað varðar samskiptin við Rússland var tortryggni sögð standa í vegi fyrir nánara samstarfi en áhersla var jafnframt lögð á að ræða mál eins og mannréttindi, orkuöryggi og nágrannaríki Rússlands á opinskáan hátt. NATO á að vera opið fyrir ríkjum sem deila grunngildum bandalagsins og leiðtogarnir voru hvattir til að gefa skýrt til kynna hvenær Albanía, Króatía og fyrrum Júgóslavíulýðveldið Makedónía gætu vænst boðs um aðild.

Í fundarlok kvaddi Össur Skarphéðinsson sér hljóðs og gerði grein fyrir stöðu varnar- og öryggismála á Ísland. Össur vísaði til þess að hann hefði tekið fyrirhugað brotthvarf Bandaríkjahers frá Íslandi upp á fundi stjórnarnefndarinnar í Gdynia í Póllandi í mars og á fundum stjórnmálanefndar og varnarmálanefndar NATO-þingsins á vorfundinum í París í maí. Össur sagði síðustu bandarísku hermennina vera að yfirgefa herstöðina í Keflavík enda ætti að loka henni fyrir lok september. Eftir að Bandaríkjamenn tilkynntu það einhliða í mars að stöðinni yrði lokað hófust viðræður bandarískra og íslenskra stjórnvalda um hvernig Bandaríkin hygðust standa við varnarsamninginn frá 1951 þar sem Bandaríkin taka að sér að tryggja varnir Íslands fyrir hönd NATO. Össur upplýsti að samkomulag hefði tekist sem fæli í sér að Bandaríkin hefðu gert varnaráætlun sem ætlað væri að tryggja varnir landsins með hreyfanlegum viðbúnaði og liðsafla. Þá væri ætlunin að halda árlegar tvíhliða eða fjölþjóðlegar heræfingar á Íslandi auk þess sem reglubundnum samráðsfundum um varnar- og öryggismálum yrði komið á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda. Össur sagðist persónulega telja samkomulagið lélegt. Eftir brotthvarf bandarískra hersins og hið nýja samkomulag við Bandaríkin væri Ísland í mjög sérstakri stöðu innan NATO. Þar sem Ísland hefur ekki eigin her væri landið nú eina NATO-ríkið sem ekki hefði neins konar varanlegar varnir á landssvæði sínu. Enn fremur væri Ísland eina NATO-ríkið án loftvarna þó landið sé langt í frá eina aðildarríki bandalagsins sem ekki á flugher. Loftvarnareftirlit NATO sér um eftirlit með lofthelgi annarra NATO-ríkja sem ekki eiga flugher en það nær ekki til Íslands. Í lokin þakkaði Össur þeim þingmönnum sem hafa stutt málstað Íslands þegar varnar- og öryggismál landsins hafa verið til umræðu á vettvangi NATO-þingsins undanfarna mánuði og tiltók sérstaklega Eystrasaltríkin og Noreg í því sambandi.

*Ársfundur.*

Dagana 13.–18. nóvember var ársfundur NATO-þingsins haldinn í Quebec í Kanada. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundinn Össur Skarphéðinsson formaður, Dagný Jónsdóttir og Kjartan Ólafsson í forföllum Einars Odds Kristjánssonar, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Össur sat fundi stjórnmálanefndar, stjórnarnefndar og samstarfsnefndar NATO-þingsins og rússneska þingsins. Dagný sótti fundi varnar- og öryggismálanefndar og efnahagsnefndar og Kjartan tók þátt í fundum félagsmálanefndar og vísindanefndar. Málefni Afganistans voru í forgrunni á ársfundinum en NATO hefur nýverið aukið umsvif sín í landinu. Af öðrum málum sem voru í brennidepli má nefna kjarnorkuvæðingu Írans og þörfina á sameiginlegum

viðbrögðum NATO-ríkjanna gegn henni; samstarfið við þau ríki sem sækjast eftir fullri aðild að NATO, til að mynda Króatíu, Albaníu og Makedóníu sem talið er að verði með í næstu stækkun; og stöðu mála í Kosovo. Auk þess var m.a. rætt um þróun mála í Georgíu og Úkraínu og samband þessara ríkja við Rússland.

Á fundum stjórnmálanefndar var lögð fram skýrsla um Afganistan og umsvif NATO þar. Alþjóðlegu öryggissveitirnar í Afganistan (ISAF) hafa starfað undir stjórn NATO frá því í ágúst 2003. NATO stækkaði aðgerðasvæði sitt verulega á þessu ári þegar bandalagið tók við stjórn herliðs í suðurhéruðum Afganistans í júlí og austurhluta landsins í október. Sveitir NATO taka nú til alls landsins og í þeim eru 31.000 menn frá 26 NATO-ríkjum og 11 samstarfsríkjum. Aðgerðin í Afganistan er fyrsta aðgerð NATO utan Evrópu og sú langfjölmennasta í sögu bandalagsins. Hollenski þingmaðurinn Bert Koenders var framsögumaður skýrslunnar og lagði áherslu á að aðgerðirnar í Afganistan væru prófsteinn á getu bandalagsins til þess að takast á við nýjar ógnir og nýtt öryggisumhverfi. Ýmsar blikur væru á lofti í landinu, árásum vígamanna á öryggissveitirnar og óbreytta borgara fjölgaði í sumar og sjálfsmorðssprengjuárásir sem áður voru óþekktar í Afganistan væru orðnar tíðari. Þá hefði ópíumrækt aukist stórlega og næmu tekjur af eiturlyfjaframleiðslu nú meira en helmingi vergrar landsframleiðslu. Koenders sagði í fyrsta lagi nauðsynlegt að þróa aðgerðir NATO á þann veg að aukið samræmi yrði á milli öryggisaðgerða og uppbyggingarstarfs. Í öðru lagi þyrfti að auka við herlið og búnað í suður- og austurhluta Afganistans til að berjast gegn vígamönnum talíbana og tryggja öryggi. Í þriðja lagi yrði að gera strangar kröfur um að reglum Genfarsáttmálans væri fylgt í öllu starfi NATO til þess að vinna hug og hjörtu afgönsku þjóðarinnar. Í fjórða lagi yrði að knýja á um það við Pakistan að stöðva liðsöflun og þjálfun talíbana þar í landi. Að síðustu væri nauðsynlegt að berjast gegn fíkniefnaframleiðslu og tryggja smábændum aðra möguleika á lífsviðurværi en ópíumrækt.

Málefni Írans voru einnig á dagskrá stjórnmálanefndarinnar og lagði þýski þingmaðurinn Ruprecht Polenz fram skýrslu um kjarnorkuvæðingu landsins. Í máli hans kom fram að stjórnin í Teheran gæti dregið sig út úr samningnum um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna með þriggja mánaða fyrirvara. Kæmist Íran yfir kjarnorkuvopn mundi það leiða til vopnakapphlaups í Miðausturlöndum og auka enn á óstöðugleikann á svæðinu. Þrátt fyrir spennu í samskiptum Írans og Vesturlanda ættu þessi ríki margvíslega sameiginlega hagsmuni sem gætu orðið grunnur að samkomulagi til þess að fá Íran ofan af því að þróa kjarnorkuvopn. Hagkerfi og olíuútflutningur Írans eru háð stöðugleika og friði fyrir botni Persaflóa og Íranir þurfa á erlendri fjárfestingu og tækniþekkingu að halda til að þróa áfram olíuvinnslu sína og taka á miklu atvinnuleysi sem talið er vera um 30%. Íran þarf því á aðgangi að alþjóðlegum mörkuðum og fjármagni að halda. Polenz taldi að hægt væri að koma til móts við Írani í þessum efnum en forsenda þess væri að Vesturlönd mótuðu sér sameiginlega stefnu gagnvart landinu sem kæmi í veg fyrir að stjórnin í Teheran gæti spilað á óeiningu innan bandalagsins. Norður-Atlantshafsráðið væri kjörin vettvangur til slíkrar stefnusamræmingar. Össur Skarphéðinsson tók til máls og kvaðst vonsvikinn að fulltrúar Bandaríkjaþings væru gengnir af fundi. Áhrif nýafstaðinna kosninga í Bandaríkjunum á utanríkisstefnu landsins væru óljós og gætu haft úrslitaþýðingu um það hvort forsendur væru fyrir sameiginlegri stefnu NATO-ríkjanna gagnvart Íran. Össur vitnaði til bandarísks öldungadeildarþingmannsins Gordons Smith sem talað hafði í almennum umræðum nefndarinnar fyrr um daginn og verið opinn fyrir hernaðaraðgerðum gagnvart Íran. Jafnframt benti Össur á það mat sérfræðinga að einfaldar hernaðaraðgerðir, svo sem loftárásir á valin skotmörk sem talin eru tengjast kjarnorkuáætlun Írans, mundu í besta falli tefja en ekki koma í veg fyrir að Íranir komi sér upp kjarnorkuvopnum sé það einbeittur ásetningur þeirra.

Efnahagsnefnd tók meðal annars fyrir skýrslu um orkuöryggi en það málefni hefur orðið æ fyrirferðarmeira í öryggismálaumræðu á síðustu misserum. Í skýrslunni er m.a. hvatt til samráðs NATO og ESB um hvernig tryggja megi orkuöryggi. Þá er hvatt til samvinnu við Rússland um orkumál, annars vegar til að bæta skilvirkni í orkuvinnslu þar í landi og hins vegar til að hvetja leiðtoga Rússlands til þess að líta á orkuútflutning sinn út frá efnahagslegu sjónarmiði eingöngu en ekki sem diplómatískt vopn. Varað er við því að einstök NATO-ríki verði háð einum eða fáum birgjum við að uppfylla orkuþarfir sínar. Dagný Jónsdóttir tók til máls og benti á að stór hluti ónýttra orkubirgða heimsins væru á norðurskautssvæðinu og að t.d. væri von á stóraukinni olíu- og gasvinnslu Norðmanna í Barentshafi sem væri mikilvægur þáttur í því að tryggja orkuöryggi NATO-ríkjanna. Dagný benti á að þessi vinnsla, auk mögulegrar norðursiglingaleiðar á milli Asíu annars vegar og Evrópu og austurstrandar Bandaríkjanna, mun stórauka skipaumferð á Norður-Atlantshafi en umferð risavaxinna tankskipa með olíu og gas hefur þegar aukist mjög. Það slær því skökku við að á sama tíma hefur NATO dregið úr öryggisviðbúnaði á Norður-Atlantshafi með lokun herstöðvar Bandaríkjamanna í Keflavík. Dagný sagði hegðun Bandaríkjanna í aðdraganda lokunarinnar reyndar vera á mörkum þess sem talist gætu eðlileg samskipti vinaþjóða. Aukið vægi Norður-Atlantshafssvæðisins hvað varðar orkuöryggi NATO kallaði á að ráðstafanir yrðu gerðar til að tryggja öryggi orkuflutninga og annarra samgangna á svæðinu.

Á fundi stjórnarnefndar tók Össur Skarphéðinsson til máls um starfsáætlun NATO-þingsins fyrir árið 2007 og spurðist fyrir um málstofu um öryggi norðurskautssvæðisins sem mögulega ætti að halda á árinu. Össur benti á aukið vægi svæðisins hvað orkuöryggi varðar og auknar skipasamgöngur. Kvað hann það augljóst hagsmunamál NATO að taka öryggismál nyrstu svæða bandalagsins til endurskoðunar í ljósi þessa og að aukið vægi svæðisins væri í hrópandi mótsögn við minnkaðan öryggisviðbúnað. Fulltrúi Kanada tók undir orð Össurar og staðfesti að málstofan yrði skipulögð og haldin af kanadísku landsdeildinni í ágúst 2007. Í lok fundarins var rætt um næsta ársfund NATO-þingsins sem fram fer í Reykjavík 5.–9. október nk. Össur gerði grein fyrir undirbúningi fundarins. Hann sagði að Ísland væri hið eina af gömlu aðildarríkjunum í NATO sem ekki hefði haldið slíkan fund og sérlega ánægjulegt væri að gera breytingu þar á. Því næst bauð Össur nefndarmenn velkomna til ársfundar í Reykjavík að ári.

Þingfundur NATO-þingsins fór fram á síðasta degi ársfundarins. Var fundurinn með hefðbundnu sniði, tignargestir fluttu ávörp og svöruðu spurningum fundarmanna. Meðal þeirra sem fluttu erindi voru Gordon O'Connor, varnarmálaráðherra Kanada, Kolinda Grabar-Kitarovic, utanríkisráðherra Króatíu, og Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO. Þá var hollenski þingmaðurinn Bert Koenders sjálfkjörinn sem forseti NATO-þingsins til næstu tveggja ára og tók hann við embættinu af Frakkanum Pierre Lellouche. Í ræðu sinni lagði Koenders áherslu á mikilvægi aðgerða NATO í Afganistan sem prófsteins fyrir bandalagið. Auk þess ræddi Koenders hlutverk NATO-þingsins gagnvart samstarfslöndum bandalagsins, einkum hvað varðar aðstoð við lönd sem eru að umbreyta efnahags- og stjórnkerfum sínum. Áfram þyrfti að starfa náið með löndunum þremur á Balkanskaga sem sótt hafa um aðild að NATO auk þess sem styrkja þyrfti tengslin við samstarfslöndin á Kákasussvæðinu. Því næst samþykkti þingfundurinn breytingar á þingsköpum. Þá fluttu skýrsluhöfundar framsögur með þeim ályktunum sem málefnanefndirnar lögðu fram og voru þær allar samþykktar. Að lokum samþykkti þingfundurinn formlega yfirlýsingu NATO-þingsins vegna leiðtogafundar NATO í Ríga sem fram undan var 28.–29. nóvember. Listi yfir samþykktar ályktanir er fylgiskjal með skýrslu þessari.

*„Transatlantic Forum“.*

Dagana 11.–12. desember efndi NATO-þingið og Atlantshafsráð Bandaríkjanna, ásamt National Defence University, til árlegs fundar um helstu málefni Atlantshafssamstarfsins í Washington D.C. Fundurinn nefnist „Transatlantic Forum“ og fór fram í húsakynnum National Defence University í McNair-virki í Washington var þetta í fimmta sinn sem slíkur fundur var haldinn. Þátttakendur voru þingmenn aðildarríkja og aukaaðildarríkja NATO-þingsins auk embættismanna og sérfræðinga í alþjóðamálum. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Einar Oddur Kristjánsson varaformaður og Dagný Jónsdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Segja má að megintilgangur „Transatlantic Forum“ sé að gera fulltrúum NATO-þingsins kleift að ræða sameiginleg málefni er varða öryggi og varnir Evrópu og Bandaríkjanna við þá aðila í bandaríska stjórnkerfinu sem næstir eru ákvörðunartökuferlinu. Þátttaka hefur verið afar góð á þessum fundum og umræður hreinskiptnar og upplýsandi. Fundurinn var skipulagður á þann hátt að nokkur svið alþjóðamála sem hátt hafði borið á undangengnum missirum voru tekin fyrir. Þar má nefna stöðu NATO-samstarfsins eftir leiðtogafund NATO í Ríga 28.–29. nóvember, hugsanlegar breytingar á utanríkisstefnu Bandaríkjastjórnar eftir þingkosningarnar 7. nóvember þar sem demókratar unnu meiri hluta í báðum deildum Bandaríkjaþings, aðgerðir NATO í Afganistan og framtíðarhorfur þar í landi og ástand mála í Mið-Austurlöndum og baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi. Tilhögun fundarins var sú að bandarískir sérfræðingar héldu framsögur um málefnin og svöruðu svo spurningum þingmanna og annarra þátttakenda á fundinum.

Umræðan um leiðtogafund NATO í Ríga tengdist umræðunni um ástandið í Afganistan en margir þátttakendur lýstu vonbrigðum sínum með að ekki hefði tekist samkomulag leiðtoganna um að afnema þá fyrirvara og skorður sem mörg aðildarríki hafa sett við því hvernig beita megi hersveitum þeirra í Afganistan. Þessar takmarkanir kveða á um hvers konar aðgerðum hersveitir mega taka þátt í, á hvaða landsvæðum þær mega vera, hvers konar vopnum þær mega beita o.s.frv. Þessir fyrirvarar hafa bundið hendur herforingja NATO-herliðsins og komið veg fyrir að því megi beita af fullu afli og á skilvirkan hátt. Fyrir leiðtogafundinn þrýsti framkvæmdastjóri og herstjórn NATO mjög á um að fyrirvörum yrði fækkað en einungis var komið til móts við þessar kröfur að hluta. Mjög var deilt á fyrirvarana á „Transatlantic Forum“ fundinum. Einn breskur þingmaður sagði þá tifandi tímasprengju og að almenningsálitið í NATO-löndunum gæti snúast gegn bandalaginu ef t.d. hersveitir eins aðildarríkis gætu ekki komið hersveitum annars til bjargar við neyðaraðstæður vegna slíkra fyrirvara. Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, ávarpaði fundinn og tók svo djúpt í árinni að líkja fyrirvörunum við krabbamein innan bandalagsins. Óásættanlegt væri til lengdar að 5–6 aðildarríki bæru hitan og þungan af bardögum á meðan hersveitir annarra sætu hjá. Hann minnti á að ólíkt friðargæsluverkefnum NATO, þar sem hersveitir væru sendar til að standa vörð um frið milli stríðandi fylkinga, þá væri aðgerðin í Afganistan hefðbundin hernaðaraðgerð, sú fyrsta sinnar tegundar í sögu bandalagsins, þar sem NATO-sveitir berðust við vígamenn talíbana. Aukinn liðstyrk þyrfti til landsins auk þess sem aðrar alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðabankinn og ESB yrðu að koma af fullum krafti að þróunar- og uppbyggingarstarfi í landinu enda væri slíkt ekki á sérsviði NATO. Burns kvað aðgerðina í Afganistan langtímaverkefni og sagðist búast við að sveitir NATO yrðu enn í landinu að 10 árum liðnum.

Nokkuð var rætt um skiptar skoðanir leiðtoga NATO um samstarf við ríki utan bandalagsins. Sumir telja að leggja skuli áherslu á formlegt samstarfi við ríki utan Evró-Atlantshafssvæðisins sem deila lýðræðisgildum bandalagsins. Í þessu sambandi hefur verið bent á

að fjarlæg ríki eins og Japan, Ástralía, Nýja-Sjáland og Suður-Kórea leggja ríkulega til aðgerða NATO, sérstaklega í Afganistan, og deila gildum NATO-ríkjanna á sviði lýðræðis, réttarríkis og mannréttinda. Nicholas Burns sagði Bandaríkjastjórn leggja áherslu á hnattrænt samstarf NATO við þessi ríki og að það hefði verið niðurstaðan á leiðtogafundinum í Ríga. Aðrir fundarmenn bentu á þetta væri ekki óumdeilt, önnur aðildarríki legðu megináherslu á samstarf við ríki innan hins hefðbundna Evró-Atlantshafssvæðis og að orðalag í lokayfirlýsingu leiðtogafundarins væri veikt þegar rætt væri um hnattrænt samstarf og engin ríki væru nefnd á nafn.

Nancy Pelosi ávarpaði fundinn sem verðandi forseti fulltrúadeild Bandaríkjaþings en við því embætti tók hún 4. janúar 2007. Hún sagði öryggishugtakið sífellt víðara og taka til fleiri sviða og að nú beindust áhyggjur manna ekki síst að efnahagslegu öryggi og öryggisvanda sem getur komið til samfara miklum breytingum á umhverfinu og þá einkum loftslagi. Pelosi sagði að þegar nýtt þing kæmi saman undir forystu demókrata mundi hún beita sér fyrir að skapa þverpólitíska samstöðu um að taka á öryggismálum sem tengjast loftslagsbreytingum og orkuöryggi auk þess að vinna að hefðbundnum sviðum öryggismála

Dennis Ross, fyrrverandi sendiherra og sérlegur fulltrúi Bandaríkjastjórnar varðandi málefni Mið-Austurlanda, var gestur fundarins. Hann færði rök fyrir því að Bandaríkin ættu að beita sér á ný af fullum þunga fyrir diplómatískri lausn átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs. Í því sambandi þyrfti í fyrsta lagi að koma á vopnahléi á milli Palestínumanna og Ísraelsmanna og það yrði ekki gert öðruvísi en með nánu samstarfi öryggissveita beggja aðila. Í öðru lagi yrði að halda þjóðaratkvæðagreiðslu á meðal Palestínumanna um tveggja ríkja lausnina þar sem sjálfstæðu ríki Palestínu yrði komið á fót samhliða fullri viðurkenningu á tilvistarrétti Ísraels. Ross sagði að ekki væri lengur hægt að ganga út frá stuðningi við tveggja ríkja lausnina vísum í ljósi aðgerða Hamas og Hizbollah á undanförnum missirum. Því þyrfti að vinna hörðum höndum að því að tryggja stuðning við lausnina á meðal Palestínumanna. Í þriðja lagi yrði að semja við Sýrland um að láta af öllum stuðningi við Hamas og Hizbollah gegn því að Ísraelsmenn dragi herlið sitt tilbaka frá Gólanhæðum.

*Nefndarfundir.*

Fulltrúar Íslandsdeildar sóttu einnig nefndarfundi á árinu. Magnús Stefánsson sótti fundi öryggis- og varnarmálanefndar NATO-þingsins í Washington D.C. og San Diego í lok janúar. Össur Skarphéðinsson og Einar Oddur Kristjánsson sóttu fund Miðjarðarhafshóps NATO í Napólí í júlí.

Alþingi, 12. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Össur Skarphéðinsson, form. | Einar Oddur Kristjánsson. | Dagný Jónsdóttir. |

**Fylgiskjal.**

## Yfirlýsingar og ályktanir NATO-þingsins árið 2006.

*Vorfundur í París, 26.–30. maí:*

- Yfirlýsing um samband Georgíu og NATO.
- Yfirlýsing til stuðnings NATO-aðildar Albaníu, Króatíu og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu.

*Ársfundur í Quebec, 13.–18. nóvember:*
- Ályktun um leiðtogafund NATO í Ríga.
- Ályktun um framtíð Bosníu-Herzegóvínu í Evró-Atlantshafssamfélaginu.
- Ályktun um samband Georgíu og Rússlands.
- Ályktun um ítrekun markmiða NATO í Afganistan.
- Ályktun um að efla hnattrænt orkuöryggi.
- Ályktun um 50 ára afmæli uppreisnarinnar í Ungverjalandi árið 1956 og baráttu fyrir frelsi.
- Ályktun um framtíðarstöðu Kosovo.
- Ályktun um samhæfingargetu í aðgerðum.
- Ályktun um kjarnorkutilraunasprengingar Norður-Kóreu.

## 914. Fyrirspurn [614. mál]

til forsætisráðherra um aðgengi og afþreyingu fyrir ferðamenn í þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um:
a. byggingu nýs hótels í stað Valhallar,
b. merkingar á íslensku og t.d. ensku á merkum stöðum í sögu Þingvalla,
c. að stuðla að því að almenningi gefist kostur á að sjá Þingvelli frá nýju sjónarhorni, t.d. með því að rafknúið farþegaskip með góðri veitingaaðstöðu sigli á Þingvallavatni yfir sumartímann?

## 915. Skýrsla [615. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2006.

**1. Inngangur.**

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Stofnun Atlantshafsbandalagsins (NATO) árið 1949 skyggði nokkuð á starfsemi VES en með breyttri skipan öryggis- og varnarmála í kjölfar endaloka kalda stríðsins jókst mikilvægi stofnunarinnar til muna. Með Maastricht-sáttmálanum árið 1991 var VES falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins (ESB). Næstu ár efldist VES verulega og gegndi æ stærra hlutverki í öryggismálum Evrópu. Auk þess sem sambandinu var ætlað að annast framkvæmd á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB átti það að gegna hlutverki Evrópustoðar NATO. Af þessum sökum var litið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmála ESB.

Frá því á leiðtogafundi Bretlands og Frakklands í St. Malo í desember árið 1998 hefur Evrópusambandið tekið að sér stærra hlutverk á sviði öryggismála álfunnar. Þar var ákveðið að ESB kæmi sér upp sjálfstæðum hernaðarmætti og í framhaldinu var ákveðið á leiðtoga-

fundum ESB í Köln árið 1999 að stefna bæri að því að ESB tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok árið 2000. Nú er svo komið að utanríkismálastjóri ESB gegnir einnig stöðu framkvæmdastjóra VES og í fastaráði VES sitja fulltrúar í stjórnmála- og öryggismálanefnd ESB.

Árið 2000 staðfestu leiðtogar ESB að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins, en jafnframt að nauðsynlegt væri að koma á nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu Evrópuríkjunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu ESB þegar bregðast þyrfti við alþjóðlegum vanda. Samkvæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja ESB hefur nauðsynlegum stofnunum þegar verið komið á fót innan „annarrar stoðar" ESB.

Þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB hefur gert það að verkum að hlutverk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar hefur minnkað verulega. Jafnframt var í yfirlýsingu leiðtogafundar NATO kveðið á um mikilvægi þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB og að NATO-ríkin utan ESB fengju aðgang að búnaði NATO.

*VES-þingið.*

VES-þingið var stofnað árið 1954 og kom fyrst saman ári síðar þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Á VES-þinginu koma saman alls 370 þjóðkjörnir þingmenn. Stór hluti þeirra, eða 115 þingmenn, er frá stofnaðildarríkjum VES sem eru alls tíu talsins, Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Sambandsaðild (*e. affiliate member*) eiga átta ný ESB-ríki, Pólland, Tékkland, Ungverjaland, Slóvakía, Litháen, Eistland, Lettland og Slóvenía. Aukaaðild (*e. associate member*) að þinginu eiga þau þrjú evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, þ.e. Ísland, Noregur og Tyrkland. Sambandsaukaaðild (*e. affiliate associate member*) að VES-þinginu eiga Rúmenía og Búlgaría. Áheyrnaraðild (*e. observer countries*) eiga þau ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, Austurríki, Finnland, Svíþjóð og Írland, auk Danmerkur. Þá hafa tvö ný ESB-ríki stöðuna sambandsáheyrnaraðili (*e. affiliate observer countries*), þ.e. Malta og Kýpur. Króatía hefur samstarfssamning (*e. affiliate associate partner country*) við VES-þingið og fulltrúar þjóðþinga Albaníu, Makedóníu, Bosníu og Hersegóvínu og Serbíu og Svartfjallalands hafa stöðu sérlegra gesta (*e. special guests*). Loks hafa fulltrúar rússneska þingsins og úkraínska þingsins stöðu fastagesta (*e. permanent guests*).

VES-þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, tíu varaforsetar þess (einn frá hverju aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætis-

nefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna 4–5 fundi á ári utan þingfundanna.

Starfsemi og umræður á VES-þinginu má greina í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er þingið vettvangur þingmannavíddar Vestur-Evrópusambandsins og skv. 9. gr. endurskoðaða Brussel-sáttmálans frá 1954 er VES-þingið ráðherraráði VES innan handar og ráðgefandi. VES-þingið hefur eftirlit með framkvæmd sameiginlegra varnarskuldbindinga sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í 9. gr. sáttmálans kemur fram að „ráðherraráð Vestur-Evrópusambandsins skal birta árlega skýrslu um starfsemi sína [...] til þingmannasamkundu sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkja Brussel-sáttmálans [...]". Starfsemi VES-þingsins er þannig bundin í milliríkjasáttmála og er það því ein þriggja evrópskra þingmannasamkundna sem slíkt á við um. Hinar tvær eru Evrópuráðsþingið og Evrópuþingið. Í öðru lagi hefur VES-þingið haft það hlutverk, í kjölfar yfirtöku Evrópusambandsins á verkefnum VES árið 2000, að vera tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu og vettvangur þinglegrar meðferðar á sameiginlegri stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Í þriðja lagi hefur VES-þingið eftirlit með milliríkjasamstarfi á sviði hergagnaframleiðslu og rannsókna- og þróunarstarfs í hergögnum sem sinnt er af WEAG og WEAO, tveimur fjölþjóðastofnunum sem starfa undir væng Vestur-Evrópusambandsins.

VES-þingið hefur verið afgerandi þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Annað væri ótækt þar eð mál er lúti að beitingu herafla og útgjalda til öryggis- og varnarmála væru bundin við þjóðríkin, þau þyrftu að njóta samþykkis þjóðþinga og þar af leiðandi væri það hlutverk fjölþjóðlegrar þingmannasamkundu sem í sætu fulltrúar þjóðþinganna að ræða slík mál.

Hin sameiginlega öryggis- og varnarmálastefna ESB lýtur ekki stefnu framkvæmdastjórnar bandalagsins sem slíks heldur er um milliríkjamálefni að ræða. Í allri slíkri vinnu er það grundvallaratriði og hafa fulltrúar VES-þingsins því lagt ofuráherslu á að það séu þjóðþing aðildarríkjanna sem hafi eftirlit með þessum málaflokki en ekki Evrópuþingið. Það sé grundvallaratriði að fjölþjóðlegar þingmannasamkundur sem hafa bein tengsl við umbjóðendur, þ.e. kjósendur í aðildarríkjunum, endurspegli mikilvæg milliríkjamálefni. Reynslan af slíkum þingmannasamkundum hafi verið afar farsæl og nægi þar að nefna, auk VES-þingsins, NATO-þingið, Evrópuráðsþingið og þingmannasamkundu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Hins vegar er staðan sú að hvorki VES-þinginu né Evrópuþinginu hefur verið gefinn kostur á að tryggja nægilega hið þinglega eftirlit með starfsemi ESB á sviði öryggis- og varnarmála sem getið er um í endurskoðaða Brussel-sáttmálanum. Þar með er talin sú grundvallarskylda ráðherraráðs VES að birta þinginu ársskýrslu um starfsemina og að svara ályktunum þingsins og fyrirspurnum þingmanna.

Þrátt fyrir umfangsmiklar stofnana- og skipulagsbreytingar í Evrópu á undanförnum árum er VES-þingið enn sem komið er eina evrópska þingmannasamkundan sem gefur þjóðkjörnum þingmönnum færi á að fylgjast með og ræða sameiginleg öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið er vettvangur sem leiðtogar Evrópuríkja nýta til að skýra frá stefnumiðum sínum. Þá viðheldur VES-þingið nánum tengslum við rússnesku dúmuna og býður jafnframt þingmönnum frá Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu og Svartfjallalandi, Makedóníu og Úkraínu til funda.

Á árinu 2005 varð áframhald á lífseigri umræðu um framtíðarhorfur VES-þingsins og um stofnanatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið

en sem kunnugt er hafa miklar og örar breytingar átt sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu síðustu ár. Þessi umræða varð sérstaklega hávær í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslur Frakka og Hollendinga um nýja stjórnarskrá ESB, sem báðar þjóðirnar höfnuðu. Stjórnarskráin hefði haft þónokkur áhrif á stöðu varnar- og öryggismála innan ESB en samkvæmt stjórnarskrárdrögunum var staða þjóðþinganna veik, t.d. á sviði öryggis- og varnarmála. Eftir að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Frakklandi og Hollandi lá fyrir ákváðu leiðtogar Evrópusambandsins að fresta frekari ákvörðunartöku varðandi stjórnarskrána og taka sér umhugsunartíma um framtíð sambandsins. Austurríkismenn lýstu því yfir við upphaf forsetatíðar sinnar í ESB í ársbyrjun 2006 að þeir hefðu áhuga á að endurvekja stjórnarskrárferlið en lítill áhugi virðist vera á því innan sambandsins.

Ljóst er að ESB taldi útkomuna vera mikið áfall fyrir pólitíska þróun sambandsins og á fundinum kom glögglega fram að framhaldið væri að mestu óráðið. Á hinn bóginn mátti einnig greina að menn töldu að þessi nýja staða væri til þess fallin að greiða fyrir því að niðurstaða í helstu baráttumálum VES-þingsins undanfarin ár og missiri, þ.e. aukin þátttaka og hlutur þjóðþinga í lýðræðislegu eftirliti með öryggis- og varnarmálastefnu ESB, yrði farsælli en ella.

## 2. Íslandsdeild VES-þingsins árið 2006.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæða – eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa ekki heldur rétt til að tala á móðurmáli sínu á fundum þingsins. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

Í upphafi árs 2006 voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Guðjón Hjörleifsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Gunnar Örlygsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Einar Már Sigurðarson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks og Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingarinnar.

Á fundi Íslandsdeildarinnar 5. október 2006 var Guðjón Hjörleifsson endurkjörinn formaður og Gunnar Örlygsson varaformaður. Tómas Brynjólfsson gegndi starfi ritara Íslandsdeildar.

## 3. Þátttaka Íslandsdeildarinnar í starfsemi VES-þingsins á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í báðum hlutum þingfundarins.

### *a. Fyrri hluti 52. fundar VES-þingsins.*

Dagana 19.–21. júní var fyrri hluti 52. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Gunnar Örlygsson, varaformaður, Einar Már Sigurðarson og Kjartan Ólafsson, í fjarveru Guðjóns Hjörleifssonar, auk Tómasar Brynjólfssonar alþjóðaritara.

Fundurinn einkenndist af umræðum um framtíð VES-þingsins og auknum áhrifum Evrópuþingsins á evrópsku öryggis- og varnarstefnuna. Vandamál tengd stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins voru einnig til umræðu. Ýmsir þingmenn töldu að höfnun Frakka og Hollendinga á sáttmálanum hefði framlengt líf VES-þingsins og gefið því tækifæri til þess að styrkja stöðu sína í framtíðarstofnanaverki Evrópusambandsins.

Þingfundurinn hófst með því að Karel De Gucht, utanríkisráðherra Belgíu, sem tók við formennsku í VES 1. júlí, ávarpaði þingheim. De Gucht lagði áherslu á að nauðsynlegt væri fyrir aðildarríki ESB að horfa á jákvæðan árangur sambandsins undanfarna áratugi í stað þess að einblína á vandamál þess. De Gucht lagði í þessu sambandi áherslu á þann mikla árangur sem náðst hefur í samstarfi ESB-ríkja á sviði öryggis- og varnarmála á mjög stuttum tíma.

Seppo Kääriäinen, varnarmálaráðherra Finnlands, sem tók við formennsku í ESB 1. júlí, flutti því næst ávarp. Kääriäinen fjallaði um þrjú meginefni. Í fyrsta lagi áherslur Finna í formennskutíð sinni varðandi pólitískt öryggi sambandsins. Í öðru lagi kynnti hann nokkra þætti í varnarstefnu Finna og í þriðja lagi fjallaði hann um það bil sem myndast hefur milli Evrópusambandsins og íbúa í aðildarríkjunum. Kääriäinen sagði að Finnar mundu leitast eftir því að gera Evrópusambandið trúverðugan og samstíga þátttakanda í alþjóðastjórnmálum. Varnarmálaráðherrann lagði áherslu á samstarf ESB-ríkja við vopna- og tækjakaup auk þess sem hann sagði að samstarf sambandsins við þriðju aðila, sérstaklega NATO, þyrfti að styrkja. Hann lagði einnig áherslu á að Finnar mundu áfram standa utan hernaðarbandalaga þótt þeir tækju virkan þátt í öryggis- og varnarsamstarfi ESB og í friðargæsluaðgerðum á vegum bandalaga á borð við NATO. Kääriäinen lagði að síðustu áherslu á nauðsyn þess að kynna fyrir íbúum ESB-ríkja þau jákvæðu áhrif sem sambandið hefur haft á líf þeirra. Í því sambandi lagði hann áherslu á hlutverk Evrópusambandsins við að tryggja frið og öryggi í álfunni á undanförnum áratugum.

Á öðrum fundardegi flutti Vuk Draskovic, utanríkisráðherra Serbíu, erindi. Draskovic lagði áherslu á áhuga Serbíu á góðum samskiptum við ESB. Hann bað Evrópusambandið um að láta íbúa Serbíu ekki gjalda fyrir glæpi einstakra manna í stríðunum á tíunda áratugi síðustu aldar og kvað serbnesk stjórnvöld gera allt sem í sínu valdi stæði til þess að hafa hendur í hári stríðsglæpamannanna Ratko Mladic og Radovan Karadzic. Evrópusambandið hefur sagt að handtaka þeirra sé forsenda bættra samskipta þess við Serbíu. Draskovic fjallaði einnig mikið um Kosovo og lagði áherslu á þá stefnu serbneskra stjórnvalda að leyfa Kosovo-Albönum að hafa fullt sjálfræði í sínum málum. Skilyrðin sem Serbar setja í viðræðunum sem nú fara fram um framtíð héraðsins eru þau að Kosovo verði enn hluti Serbíu á opinberum kortum og að réttindi serbneska minni hlutans í héraðinu verði tryggð. Draskovic sagðist telja að ef alþjóðasamfélagið þrýsti á um sjálfstæði Kosovo yrði það vatn á myllu öfgaafla í Serbíu.

Utanríkisráðherra Grikklands, Dora Bakoyianni, flutti einnig ávarp á þingfundi. Hún fór yfir stöðu Grikklands í öryggis- og varnarsamstarfi Evrópu og áherslur þess í varnarsamstarfi innan álfunnar. Æðsti borgaralegi fulltrúi NATO í Afganistan, Hikmet Çetin, fór yfir stöðu mála í landinu og lagði áherslu á þau fjölmörgu vandamál sem alþjóðasamfélagið stæði enn frammi fyrir þar. Hann sagði frá auknu hlutverki NATO í suður- og austurhluta Afganistan og því mati sínu að ef alþjóðasamfélagið næði ekki að bæta ástandið í Afganistan mundu vandamál landsins flæða yfir til Evrópu.

*b. Síðari hluti 52. fundar VES-þingsins.*

Seinni hluti 52. VES-þingsins fór fram í París 18.–20. desember 2006. Fundinn sóttu fyrir hönd Alþingis Guðjón Hjörleifsson, formaður Íslandsdeildarinnar, Gunnar Örlygsson varaformaður og Einar Már Sigurðarson, auk Tómasar Brynjólfssonar, ritara deildarinnar.

Óvissa um framtíð stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins hafði mikil áhrif á umræður á desemberfundum VES-þingsins líkt og verið hefur undanfarið eitt og hálft ár. VES-þingið verður áfram eini samráðs- og eftirlitsvettvangur þingmanna ESB vegna varnar- og öryggissamstarfs aðildarríkja Evrópusambandsins þangað til stjórnarskrársáttmáli verður samþykktur af öllum aðildarríkjum sambandsins. Þingmenn lögðu áherslu á að hver sem niðurstaðan yrði varðandi framtíð stjórnarskrársáttmálans yrði að tryggja lýðræðislegt eftirlit með samstarfi Evrópusambandsríkja á sviði öryggis- og varnarmála. Þróun evrópsku varnar- og öryggisstefnunnar, samskipti Evrópusambandsins og NATO auk stöðu hergagnaframleiðslu í Evrópu voru meðal annarra málefna sem voru fyrirferðarmikil í umræðum á þingfundum í desember. Málefni Mið-Austurlanda voru þingmönnum einnig hugleikin. Átökin í Líbanon sumarið 2006 voru ítarlega rædd, sérstaklega ásakanir um skort á samstarfi og samstöðu aðildarríkja ESB við brottflutning Evrópubúa frá átakasvæðinu og við mönnun friðargæsluliðs á landamærum Ísraels og Líbanons.

Þingfundunum í desember má í raun skipta í þrennt. Í fyrsta lagi má nefna undirbúning fyrir starf VES-þingsins fyrir árið 2007, með kosningu yfirmanna þess og umræðum um fjármál þingsins og ráðherrahliðarinnar. Í öðru lagi ávörp ráðherra, fulltrúa þeirra og boðsgesta. Í þriðja lagi kynningar, umræður og kosningar um skýrslur og tillögur sem lagðar eru fram á þinginu.

Endurkjör Jean-Pierre Masseret sem forseta VES-þingsins bar hæst vegna undirbúnings fyrir 53. VES-þingið sem fram fer árið 2007. Auk þess voru tíu varaforsetar kjörnir fyrir sama tímabil. Forsetinn og varaforsetarnir nutu einróma stuðnings þingheims.

Günter Gloser, Evrópuráðherra Þýskalands, ávarpaði þingið fyrir hönd Þýskalands sem fer með formennsku í Evrópusambandinu og Vestur-Evrópusambandinu frá ársbyrjun 2007. Ráðherrann lýsti stefnu Þýskalands gagnvart evrópsku öryggis- og varnarstefnunni, auk afstöðu Þýskalands til næstu skrefa varðandi stjórnarskrá Evrópusambandsins. Gloser sagði evrópska varnar- og öryggisstefnu standa frammi fyrir fjölmörgum áskorunum vegna styrkingar og breikkunar stefnunnar. Til þess að bregðast við þessum áskorunum hyggjast stjórnvöld í Þýskalandi beina spjótum sínum að fjórum meginþáttum. Í fyrsta lagi verður lögð áhersla á verkefni og aðgerðir í nafni sambandsins. Í öðru lagi verður litið til styrkingar getu ESB til þess að ná stjórn á hættuástandi. Í þriðja lagi mun Þýskaland leggja áherslu á styrkingu hernaðarlegs samstarfs við þriðju aðila og í fjórða lagi á þróun hugmyndafræði stefnunnar. Gloser lagði í ræðu sinni áherslu á mikilvægi borgaralegra viðbragða ESB til þess að takast á við hættuástand. Hann sagði að næsta verkefni evrópsku varnar- og öryggisstefnunnar yrði í Kosovo eftir að samkomulag hefur náðst um framtíðarstöðu héraðsins. Hann sagði að einnig mætti vænta aukinna verkefna fyrir evrópskar sveitir í Afganistan.

Gloser lýsti því yfir að herfylki ESB yrðu reiðubúin til aðgerða frá 1. janúar 2007. Hann sagði þó einnig að enn vantaði ríki til þess að taka að sér verkefni á því sviði eftir árið 2008 og að enn skorti upp á getu stuðningssveita herfylkjanna, t.d. varðandi sjó- og loftflutninga. Auk þess þyrfti að auka enn samhæfingu borgaralegra og hernaðarlegra þátta í viðbragðsgetu ESB við hættuástandi. Einnig þyrfti að styrkja samskipti við aðra áhrifavalda í alþjóðakerfinu, sérstaklega Bandaríkin, NATO og Sameinuðu þjóðirnar. Einnig þyrfti að bæta þekkingu og skilning rússneskra stjórnvalda á evrópsku öryggis- og varnarstefnunni. Að lokum lagði ráðherrann áherslu á mikilvægi orkuöryggis fyrir orkustefnu og utanríkisstefnu sambandsins.

Í því samhengi þyrfti að líta til aukins samstarfs við ríki sem hafa olíu- og gasleiðslur til Evrópu á landsvæði sínu.

Pertti Torstila, ráðuneytisstjóri í finnska varnarmálaráðuneytinu, sagði getu sambandsins til aðgerða hafa aukist verulega á undanförnum missirum. Auk þess hefði aðgerðum fjölgað til muna og væntingar um aðkomu ESB að krefjandi alþjóðlegum verkefnum aukist verulega. Ráðuneytisstjórinn fjallaði um núverandi verkefni evrópsku öryggis- og varnarstefnunnar og lagði áherslu á mikilvægi borgaralegra viðbragða við hættuástandi. Hann sagði auk þess að ESB væri að líta til nýrra verkefna í ljósi þess að aðgerðum þess í Aceh-héraði í Indónesíu og í Kongó væri lokið. Meðal nýrra verkefna eru hugsanlegar aðgerðir í Kosovo og samstarf um þróun og endurbætur á löggæslu í Afganistan. Auk nýrra verkefna væri ESB að vinna að þróun stefnunnar sem liggur að baki þeirra, m.a. með samstarfi innan varnarmálastofnunar Evrópu og með því að prýsta mannréttindum framar á stefnuskrána. Aðrir gestir sem ávörpuðu þingið voru Nino Burjanadze, forseti þjóðþings Georgíu, Zoltan Nagy, deildarstjóri samstarfsdeildar stjórnmálasviðs NATO, Lorenzo Forcieri, varautanríkisráðherra Ítalíu með umsjón með varnarmálum, og André Flahaut, varnarmálaráðherra Belgíu.

Alþingi, 5. feb. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. | Gunnar Örlygsson, varaform. | Einar Már Sigurðarson. |

**Fylgiskjal.**

## Ályktanir, tilmæli og tilskipanir VES-þingsins árið 2006.

*Fyrri hluti 52. þingfundar, 19.–21. júní:*

1. tilmæli nr. 776 um ný viðfangsefni fyrir evrópsku öryggis- og varnaráætlunina – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
2. tilskipun nr. 122 um ný viðfangsefni fyrir sameiginlega utanríkis-, öryggis- og varnarstefnu Evrópu – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
3. tilskipun nr. 123 um samskipti VES-þingsins og Evrópuþingsins,
4. tilmæli nr. 777 um álit almennings á Althea-aðgerðinni, ári síðar,
5. tilmæli nr. 778 um borgaralega þætti evrópsku öryggis- og varnaráætlunarinnar – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
6. tilmæli nr. 779 um öryggi og stöðugleika við Miðjarðarhaf,
7. tilmæli nr. 780 um evrópskar sveitir í Afganistan og hvaða lærdóm má draga af starfi þeirra,
8. tilmæli 781 um fjármögnun eftirlauna VES,
9. tilmæli 782 um öryggisrannsóknir í Evrópu – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
10. tilmæli nr. 783 um vopn í geimnum,
11. tilmæli 784 um verkefni evrópskra lögreglusveita með herþjálfun,
12. tilmæli 785 um stöðvun útbreiðslu gereyðingarvopna.

*Síðari hluti 52. þingfundar, 18.–20. desember:*

1. tilmæli nr. 786 um NATO og samstarf bandalagsins við Evrópusambandið – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
2. tilskipun nr. 124 um NATO og samstarf bandalagsins við Evrópusambandið – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
3. tilmæli nr. 787 um viðvarandi lausn á málefnum Mið-Austurlanda og hlutverk Evrópu á því sviði,
4. tilmæli nr. 788 um fjármálatillögu þingsins fyrir árið 2007,
5. tilmæli nr. 789 um fjármál ráðherrahluta VES fyrir árið 2006,
6. tilmæli nr. 790 um öryggi og stöðugleika í Mið-Asíu,
7. tilmæli nr. 791 um evrópska landheri í verkefnum utan álfunnar,
8. tilmæli nr. 792 um samstarf yfir Atlantsála á sviði flugmála: Sameiginlega orrustuflugvélin,
9. tilmæli nr. 793 um aðgerðir Evrópusambandsins í Kongó – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
10. tilmæli nr. 794 um flugmálaiðnaðinn í Úkraínu – samstarf við Evrópu,
11. ályktun nr. 129 um VES-þingið sem verkfæri fyrir þjóðþing,
12. tilskipun nr. 125 um VES-þingið sem verkfæri fyrir þjóðþing,
13. ályktun nr. 140 um breytt viðhorf almennings og fjölmiðla gagnvart hryðjuverkum.

## 916. Frumvarp til laga [616. mál]

um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um samvinnu yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Fylgiskjal.

### REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2006/2004

**frá 27. október 2004**

**um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd)**

**(Texti sem varðar EES)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í ályktun ráðsins frá 8. júlí 1996 um samvinnu milli stjórnsýslustofnana um framkvæmd löggjafarinnar um innri markaðinn ([3]) er viðurkennt að stöðugt þurfi að leitast við að bæta samvinnu milli stjórnsýslustofnana og eru aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hvött til að hafa það sem forgangsverkefni að kanna möguleikann á því að styrkja samstarf stjórnvalda við framkvæmd löggjafar.

2) Núverandi innlent fyrirkomulag, við framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda, er ekki lagað að erfiðleikum við framkvæmd þeirra á innri markaðnum og árangursríkt og skilvirkt samstarf í slíkum tilvikum er ekki mögulegt sem stendur. Þessi vandkvæði koma í veg fyrir að opinber yfirvöld, sem framfylgja lögum, geti átt samstarf um að uppgötva, rannsaka og sjá til þess að brot á lögum til verndar hagsmunum neytenda innan Bandalagsins verði stöðvuð eða þau bönnuð. Skortur á árangursríkri lagaframkvæmd á landamærasvæðum gerir því seljendum og birgjum kleift að víkjast undan viðleitni til að framfylgja lögum með því að flytja sig um set innan Bandalagsins. Þetta veldur röskun á samkeppni löghlýðinna seljenda og birgja sem starfa annaðhvort í sínu eigin landi eða handan landamæranna. Erfiðleikar við að framfylgja lögum yfir landamæri grafa einnig undan tiltrú neytenda á tilboðum yfir landamæri og þar með tiltrú þeirra á innri markaðnum.

3) Því þarf að auðvelda samstarf milli opinberra yfirvalda, sem bera ábyrgð á framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda, þegar þau taka á brotum innan Bandalagsins og stuðla að snurðulausri starfsemi innri markaðarins, gæðum og samræmi í framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda og fylgjast með því að efnahagslegra hagsmuna neytenda sé gætt.

4) Í löggjöf Bandalagsins eru ákvæði um samstarfsnet til framkvæmdar lögum um að vernda neytendur umfram efnahagslega hagsmuni þeirra, ekki síst að því er varðar heilsufar. Miðla skal bestu starfsháttum á milli þeirra neta sem komið er á fót með þessari reglugerð og annarra neta.

5) Gildissvið ákvæða um gagnkvæma aðstoð í þessari reglugerð skal takmarkast við brot innan Bandalagsins á lögum Bandalagsins til verndar hagsmunum neytenda. Árangursrík meðhöndlun brota í einstökum löndum skal tryggja að engin mismunun eigi sér stað hvort sem um er að ræða innlenda starfsemi eða starfsemi annars staðar í Bandalaginu. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar brot einstakra aðildarríkja á lögum Bandalagsins og veitir framkvæmdastjórninni heldur ekki heimild til að stöðva brot sem framin eru innan Bandalagsins og skilgreind í þessari reglugerð.

([1]) Stjtíð. ESB C 108, 30.4.2004, bls. 86.
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 20. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 7. október 2004.
([3]) Stjtíð. EB C 224, 1.8.1996, bls. 3.

6) Til að vernda neytendur gegn brotum innan Bandalagsins er nauðsynlegt að koma upp neti opinberra yfirvalda sem framfylgja lögum í öllu Bandalaginu og þessi yfirvöld þurfa að lágmarki að hafa almenna rannsóknar- og framkvæmdaheimild til að geta beitt þessari reglugerð á árangursríkan hátt og komið í veg fyrir að seljendur og birgjar geri sig seka um brot innan Bandalagsins.

7) Mikilvægt er að lögbær yfirvöld hafi möguleika á því að starfa óhindrað saman á gagnkvæmum grunni, að því er varðar upplýsingaskipti, uppgötvun og rannsókn brota innan Bandalagsins og ráðstafanir til að stöðva eða banna brot, til að geta tryggt snurðulausa starfsemi innri markaðarins og vernd neytenda.

8) Lögbær yfirvöld skulu einnig nýta sér aðrar heimildir eða ráðstafanir, sem eru leyfðar á innlendum vettvangi, þ.m.t. heimildir til að hefja mál eða vísa málum til ákæruvaldsins með það fyrir augum að stöðva eða banna þegar í stað brot innan Bandalagsins, að fenginni beiðni um gagnkvæma aðstoð ef um slíkt er að ræða.

9) Upplýsingar, sem lögbær yfirvöld skiptast á, skulu vera háðar ítrustu trúnaðarkvöðum og þagnarskyldu til að tryggja að hvorki sé um að ræða málamiðlanir í rannsóknum né að orðspori seljenda eða birgja sé spillt að ósekju. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([4]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([5]) skulu gilda í tengslum við þessa reglugerð.

10) Viðfangsefni sem tengjast framkvæmd laga ná yfir landamæri Evrópusambandsins og gæta þarf hagsmuna neytenda í Bandalaginu gagnvart viðskiptaaðilum með staðfestu í þriðju löndum sem starfa ekki innan ramma laganna. Því er nauðsynlegt að gera alþjóðasamninga við þriðju lönd varðandi gagnkvæma aðstoð við framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda. Þessir alþjóðasamningar skulu gerðir á vettvangi Bandalagsins á svæðum þar sem þessi reglugerð gildir til að tryggja hámarksvernd neytenda í Bandalaginu og snurðulausa samvinnu við þriðju lönd um framkvæmd laga.

11) Rétt er að starf aðildarríkjanna í tengslum við lagaframkvæmd vegna brota innan Bandalagsins verði samræmt á vettvangi Bandalagsins með það fyrir augum að gera umbætur á beitingu þessarar reglugerðar og stuðla að auknum gæðum og samræmi í lagaframkvæmd.

12) Rétt er að samræma samstarf stjórnsýslustofnana aðildarríkjanna á vettvangi Bandalagsins með hliðsjón af starfsemi þeirra yfir landamæri með það fyrir augum að gera umbætur á beitingu laga til verndar hagsmunum neytenda. Þetta samstarf hefur þegar sýnt sig við stofnun evrópska netsins fyrir mál sem rekin eru utan dómstóla.

13) Ef samræmingin á starfsemi aðildarríkjanna samkvæmt þessari reglugerð felur í sér fjárhagsaðstoð Bandalagsins skal ákvörðun um að veita slíka aðstoð tekin í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 20/2004/EB frá 8. desember 2003 um almennan ramma fyrir fjármögnun aðgerða Bandalagsins til stuðnings neytendastefnu á tímabilinu 2004 til 2007 ([6]), einkum 5. og 10. aðgerð sem settar eru fram í viðaukanum við þá ákvörðun og í síðari ákvörðunum.

14) Neytendasamtök gegna afar mikilvægu hlutverki að því er varðar neytendaupplýsingar og fræðslu og við að vernda hagsmuni neytenda, þ.m.t. við lausn deilumála, og skulu þau hvött til að starfa með lögbærum yfirvöldum að því að gera beitingu þessarar reglugerðar áhrifaríkari.

15) Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([7]).

16) Árangursríkt eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar og skilvirkni neytendaverndar út-

([4]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([5]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 786/2004/EB (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 7).

([7]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

heimtir reglulega skýrslugjöf frá aðildarríkjunum.

17) Í þessari reglugerð er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem eru m.a. viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ([8]). Þar af leiðandi er rétt að túlka og beita þessari reglugerð með hliðsjón af þeim réttindum og meginreglum.

18) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. samstarfi milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd, vegna þess að þau geta ekki ein tryggt samstarf og samræmi og markmiðunum verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

**INNGANGSÁKVÆÐI**

*1. gr.*

**Markmið**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um við hvaða aðstæður lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, sem eru tilnefnd ábyrg fyrir framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda, skuli hafa samstarf sín á milli og við framkvæmdastjórnina til að tryggja að farið sé að þessum lögum og til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og auka fjárhagslega vernd neytenda.

*2. gr.*

**Gildissvið**

1. Ákvæðin um gagnkvæma aðstoð, sem eru sett fram í II. og III. kafla, gilda um brot innan Bandalagsins.

2. Þessi reglugerð er með fyrirvara um reglur Bandalagsins um alþjóðlegan einkamálarétt, einkum reglur í tengslum við lögsögu dómstóls og þá réttarreglu sem beitt er.

3. Þessi reglugerð er með fyrirvara um beitingu ráðstafana er varða dómsmálasamstarf í sakamálum og einkamálum í aðildarríkjunum, einkum starfsemi Evrópunets dómstóla.

4. Þessi reglugerð er með fyrirvara um að aðildarríkin standi við allar viðbótarskuldbindingar í tengslum við gagnkvæma aðstoð við vernd sameiginlegra, fjárhagslegra hagsmuna neytenda, þ.m.t. varðandi sakamál, sem leiðir af öðrum löggerningum, þ.m.t. tvíhliða eða marghliða samningar.

5. Þessi reglugerð er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda ([9]).

6. Þessi reglugerð er með fyrirvara um lög Bandalagsins um innri markaðinn, einkum þau ákvæði sem varða frjálsan flutning á vörum og þjónustu.

7. Þessi reglugerð er með fyrirvara um lög Bandalagsins um sjónvarpsútsendingar.

*3. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lög til verndar hagsmunum neytenda“: tilskipanir eins og þær eru leiddar í landslög aðildarríkjanna og reglugerðir sem eru tilgreindar í viðaukanum,

b) „brot innan Bandalagsins“: aðgerðir eða aðgerðaleysi andstætt lögum til verndar hagsmunum neytenda, eins og skilgreint er í a-lið, sem skaða, eða eru líkleg til að skaða, sameiginlega hagsmuni neytenda sem hafa búsetu í aðildarríki eða -ríkjum, þó ekki í því aðildarríki þar sem aðgerðirnar eða aðgerðaleysið var upprunnið eða átti sér stað eða þar sem seljandi eða birgir, sem ber ábyrgðina, hefur búsetu eða þar sem finnast sönnunargögn eða eignir sem tengjast aðgerðinni eða aðgerðaleysinu,

c) „lögbært yfirvald“: hvaða opinbert yfirvald sem vera skal sem hefur staðfestu annaðhvort á innanlands-, svæðis- eða staðargrundvelli sem hefur sérstökum skyldum að gegna við framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda,

d) „*miðlæg tengiskrifstofa*“: *opinbera yfirvaldið í* hverju aðildarríki sem er tilnefnt sem ábyrgðar-

([8]) Stjtíð. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

([9]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/65/EB (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).

aðili fyrir samræmingu á beitingu þessarar reglugerðar í því aðildarríki,

e) „þar til bær embættismaður“: embættismaður sem er lögbært yfirvald og ber ábyrgð á því að beita þessari reglugerð,

f) „yfirvald sem leggur fram beiðni“: lögbært yfirvald sem leggur fram beiðni um gagnkvæma aðstoð,

g) „yfirvald sem beiðni er beint til“: lögbært yfirvald sem tekur við beiðni um gagnkvæma aðstoð,

h) „seljandi eða birgir“: einstaklingur eða lögaðili sem, að því er varðar lög til verndar hagsmunum neytenda, starfar að sinni atvinnugrein, viðskiptum, iðju eða sérgrein,

i) „markaðseftirlitsstarfsemi“: aðgerðir lögbærs yfirvalds sem er tilnefnt til að komast að því hvort brot innan Bandalagsins hafi átt sér stað á umráðasvæði yfirvaldsins,

j) „kvartanir neytanda“: yfirlýsing, studd eðlilegum sönnunargögnum, um að seljandi eða birgir hafi brotið, eða sé líklegur til að brjóta, lög sem eru til verndar hagsmunum neytenda,

k) „sameiginlegir hagsmunir neytenda“: hagsmunir tiltekins fjölda neytenda sem hafa skaðast eða líklegt er að skaðist vegna brots.

*4. gr.*

**Lögbær yfirvöld**

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld og miðlæga tengiskrifstofu sem bera ábyrgð á beitingu þessarar reglugerðar.

2. Hvert aðildarríki getur tilnefnt önnur opinber yfirvöld, ef þörf krefur, til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð. Þau geta einnig tilnefnt stofnanir sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta í tengslum við að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins í samræmi við 3. mgr. 8. gr.

3. Hvert lögbært yfirvald skal, með fyrirvara um 4. mgr., hafa nauðsynlegar rannsóknar- og framkvæmdaheimildir fyrir beitingu þessarar reglugerðar og skal fara með þær í samræmi við innlend lög.

4. Lögbær yfirvöld geta, í samræmi við innlend lög, beitt heimildunum sem um getur í 3. mgr.:

a) annaðhvort beint samkvæmt sínum eigin heimildum eða undir eftirliti dómsmálayfirvalda,

b) eða með því að vísa máli til dómstóla sem eru þar til bærir að taka nauðsynlega ákvörðun, þ.m.t. með málskoti ef þörf krefur, ef ekki er orðið við beiðni um að taka þessa nauðsynlegu ákvörðun.

5. Ef lögbær yfirvöld beita heimildum sínum með því að vísa máli til dómstóla, í samræmi við b-lið 4. mgr., skulu þeir dómstólar vera þar til bærir að taka nauðsynlegar ákvarðanir.

6. Þeim heimildum, sem um getur í 3. mgr., skal aðeins beitt ef rökstuddur grunur leikur á um brot innan Bandalagsins og þær skulu a.m.k. fela í sér rétt til þess:

a) að fá aðgang að hvers konar viðeigandi skjölum í hvaða formi sem er sem tengjast viðkomandi broti innan Bandalagsins,

b) að krefjast þess af hvaða einstaklingi sem er að hann leggi fram viðeigandi upplýsingar í tengslum við viðkomandi brot innan Bandalagsins,

c) að framkvæma nauðsynlega vettvangsskoðun,

d) að krefjast þess skriflega að viðkomandi seljandi eða birgir láti af viðkomandi broti innan Bandalagsins,

e) að fá hjá seljanda eða birgi, sem hefur gerst sekur um brot innan Bandalagsins, loforð um að hann láti af því broti og, eftir því sem við á, birta það loforð,

f) að krefjast stöðvunar eða banns við öllum brotum innan Bandalagsins og, eftir því sem við á, að birta þær ákvarðanir sem eru teknar,

g) að krefjast þess að stefndi, sem tapar máli, greiði sekt til hins opinbera eða til rétthafa sem er tilnefndur í eða samkvæmt innlendum lögum ef hann fer ekki að ákvörðuninni sem er tekin.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að þar til bær yfirvöld fái þá fjármuni sem nauðsynlegir eru til að beita þessari reglugerð. Þar til bærir embættismenn skulu virða faglegar reglur og vera bundnir af viðeigandi innlendri málsmeðferð eða siðareglum sem tryggja einkum vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga, sanngjarna málsmeðferð og að ákvæðin um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu, sem sett eru með 13. gr., séu virt til fulls.

8. Sérhvert lögbært yfirvald skal láta almenning vita af réttindum og skyldum samkvæmt þessari reglugerð og skal tilnefna þar til bæra embættismenn.

*5. gr.*

**Skrár**

1. Hvert aðildarríki skal láta framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin vita af því hver lögbær yfirvöld eru, um önnur opinber yfirvöld og stofnanir sem eiga löglegra hagsmuna að gæta varðandi stöðvun og bann við brotum innan Bandalagsins og um miðlægu tengiskrifstofuna.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta og uppfæra skrá yfir miðlægar tengiskrifstofur og lögbær yfirvöld í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

II. KAFLI

**GAGNKVÆM AÐSTOÐ**

*6. gr.*

**Skipti á upplýsingum að fenginni beiðni**

1. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal, samkvæmt beiðni þar til bærs yfirvalds, í samræmi við 4. gr., þegar í stað veita allar viðeigandi upplýsingar sem þarf til að ákvarða hvort brot innan Bandalagsins hafi átt sér stað eða til að ákvarða hvort rökstuddur grunur leiki á um að slíkt brot geti átt sér stað.

2. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal gera viðeigandi rannsóknir, með aðstoð annarra opinberra yfirvalda ef þörf krefur, eða hvers konar aðrar, nauðsynlegar eða viðeigandi ráðstafanir í samræmi við 4. gr. til að afla þeirra upplýsinga sem þörf krefur.

3. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur, ef yfirvald sem leggur fram beiðni óskar eftir því, leyft þar til bærum embættismanni yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, að fylgjast með rannsóknum embættismanna yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

4. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*7. gr.*

**Skipti á upplýsingum án beiðni**

1. Ef lögbæru yfirvaldi verður kunnugt um brot innan Bandalagsins, eða hefur rökstuddan grun um að slík brot geti átt sér stað, skal það tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um það og veita þegar í stað allar nauðsynlegar upplýsingar.

2. Ef lögbært yfirvald gerir frekari ráðstafanir til framfylgja lögum eða fær beiðni um gagnkvæma aðstoð í tengslum við brot innan Bandalagsins skal það tilkynna lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni um það.

3. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*8. gr.*

**Beiðni um ráðstafanir til að framfylgja lögum**

1. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal, að fenginni beiðni frá yfirvaldi sem leggur fram beiðni, tafarlaust gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að knýja fram stöðvun eða bann við viðkomandi broti innan Bandalagsins.

2. Til að uppfylla skyldur sínar skv. 1. mgr. skal yfirvald, sem beiðni er beint til, beita þeim heimildum sem eru tilgreindar í 6. mgr. 4. gr. og öllum viðbótarheimildum sem það fær samkvæmt landslögum. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal ákvarða, með aðstoð annarra opinberra yfirvalda ef þörf krefur, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins á skilvirkan og árangursríkan hátt sem er í réttu hlutfalli við brotið.

3. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur einnig uppfyllt skyldur sínar skv. 1. og 2. mgr. með því að gefa stofnun, sem er tilnefnd í samræmi við annan málslið 2. mgr. 4. gr. og, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta varðandi stöðvun eða bann við brotum innan Bandalagsins, fyrirmæli um að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, sem hún hefur heimild til samkvæmt landslögum, til að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins fyrir hönd yfirvaldsins sem beiðni er beint til. Ef sú stofnun vanrækir að sjá til þess að viðkomandi brot innan Bandalagsins sé stöðvað eða bannað þegar í stað hvílir skyldan skv. 1. og 2. mgr. áfram á yfirvaldinu sem beiðni er beint til.

4. Yfirvaldið, sem beiðni er beint til, getur aðeins gert ráðstafanirnar sem eru settar fram í 3. mgr. að höfðu samráði við þar til bært yfirvald um beitingu þessara ráðstafana og að því tilskildu að bæði yfirvaldið sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem beiðni er beint til samþykki:

– að líklegt sé að beiting ráðstafananna í 3. mgr. leiði til stöðvunar eða banns við viðkomandi broti innan Bandalagsins á a.m.k. jafn skilvirkan og áhrifaríkan hátt og aðgerð af hálfu yfirvaldsins sem beiðni er beint til

og

– að fyrirmæli til stofnunarinnar, sem er tilnefnd samkvæmt landslögum, leiði ekki til þess að

þeirri stofnun séu afhentar neinar upplýsingar sem eru trúnaðarmál skv. 13. gr.

5. Ef yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, er þeirrar skoðunar að skilyrðin, sem sett eru fram í 4. mgr., séu ekki uppfyllt skal það senda yfirvaldinu, sem beiðni er beint til, skriflega tilkynningu um það og tilgreina ástæðurnar fyrir áliti sínu. Ef yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, og yfirvaldið, sem beiðni er beint til, eru ekki sömu skoðunar getur síðarnefnda yfirvaldið vísað málinu til framkvæmdastjórnarinnar sem skal skila áliti í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

6. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur haft samráð við yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, við gerð ráðstafana til að framfylgja lögum sem um getur í 1. og 2. mgr. Yfirvaldið, sem beiðni er beint til, skal þegar í stað tilkynna yfirvaldinu, sem leggur fram beiðni, lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem eru gerðar og hvaða áhrif þær hafa á brot innan Bandalagsins, þ.m.t. hvort þeim hefur fækkað.

7. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*9. gr.*

**Samræming starfs við markaðseftirlit og lagaframkvæmd**

1. Lögbær yfirvöld skulu samræma starf sitt við markaðseftirlit og lagaframkvæmd. Þau skulu skiptast á öllum nauðsynlegum upplýsingum til að ná því markmiði.

2. Ef lögbær yfirvöld fá vitneskju um að brot innan Bandalagsins skaði hagsmuni neytenda í fleiri en tveimur aðildarríkjum skulu viðkomandi lögbær yfirvöld, með milligöngu miðlægu tengiskrifstofunnar, samræma aðgerðir sínar við lagaframkvæmdina og beiðnir um gagnkvæma aðstoð. Þau skulu einkum leitast við að gera rannsóknir og ráðstafanir til að framfylgja lögum samtímis.

3. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa framkvæmdastjórnina fyrir fram um slíka samræmingu og þau geta boðið embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa heimild framkvæmdastjórnarinnar, að taka þátt í henni.

4. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*10. gr.*

**Gagnagrunnur**

1. Framkvæmdastjórnin skal viðhalda rafrænum gagnagrunni þar sem hún skal geyma og vinna upplýsingarnar sem hún fær skv. 7., 8. og 9. gr. Þessi gagnagrunnur skal einungis vera aðgengilegur lögbærum yfirvöldum til skoðunar. Varðandi þá skyldu lögbærra yfirvalda að tilkynna um þær upplýsingar sem á að geyma í gagnagrunninum og vinnslu persónuupplýsinga sem tengjast þeim skulu lögbær yfirvöld teljast vera ábyrgðaraðilar í samræmi við d-lið 2. mgr. tilskipunar 95/46/EB. Varðandi skyldur framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þessari grein og um vinnslu persónuupplýsinga í því sambandi skulu lögbær yfirvöld teljast vera ábyrgðaraðilar í samræmi við d-lið 2. mgr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

2. Ef lögbært yfirvald kemst að raun um að tilkynning skv. 7. gr. um brot innan Bandalagsins reynist ekki á rökum reist skal það draga tilkynninguna til baka og framkvæmdastjórnin skal þegar í stað fjarlægja þær upplýsingar úr gagnagrunninum. Ef þar til bært yfirvald tilkynnir framkvæmdastjórninni skv. 6. mgr. 8. gr. um að látið hafi verið af broti innan Bandalagsins skal eyða skráðum gögnum sem tengjast viðkomandi broti fimm árum eftir að tilkynningin berst.

3. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

III. KAFLI

**SKILYRÐI VARÐANDI GAGNKVÆMA AÐSTOÐ**

*11. gr.*

**Almenn ábyrgð**

1. Lögbær yfirvöld skulu uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð eins og væru þau að vinna fyrir hönd neytenda í sínu eigin landi og að eigin frumkvæði eða að beiðni annars lögbærs yfirvalds í heimalandi sínu.

2. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að beiting þessarar reglugerðar af hálfu lögbærra yfirvalda, annarra opinberra yfirvalda, stofnana sem þau hafa tilnefnt og eiga löglegra hagsmuna að gæta varðandi stöðvun eða bann við brotum innan Bandalagsins og þar til bærra dómstóla sé samræmd á skilvirkan hátt, með milligöngu miðlægu tengiskrifstofunnar.

3. Aðildarríkin skulu hvetja til samstarfs lögbærra yfirvalda og annarra aðila sem, samkvæmt landslögum, hafa löglega hagsmuni af því að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins, til að tryggja að hugsanleg brot innan Bandalagsins séu tilkynnt lögbærum yfirvöldum þegar í stað.

*12. gr.*

**Málsmeðferð við beiðni um gagnkvæma aðstoð og upplýsingaskipti**

1. Yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, skal sjá til þess að öllum beiðnum um gagnkvæma aðstoð fylgi nægar upplýsingar til að unnt sé að verða við beiðninni, þ.m.t. nauðsynleg sönnunargögn sem aðeins er unnt að fá á yfirráðasvæði yfirvaldsins sem leggur fram beiðni.

2. Yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, skal senda beiðnina til miðlægrar tengiskrifstofu yfirvaldsins sem beiðni er beint til með milligöngu miðlægrar tengiskrifstofu yfirvaldsins sem leggur fram beiðni. Miðlæg tengiskrifstofa yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, skal þegar í stað senda beiðnir til viðeigandi lögbærs yfirvalds.

3. Beiðni um aðstoð og öll miðlun upplýsinga skal vera skrifleg á stöðluðu eyðublaði og send rafrænt um gagnagrunninn sem komið er á fót skv. 10. gr.

4. Viðkomandi lögbær yfirvöld skulu, áður en beiðni er lögð fram, samþykkja tungumálin sem eru notuð í beiðnum og við upplýsingaskipti. Ef samþykki fæst ekki skulu beiðnir sendar á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkis yfirvaldsins sem leggur fram beiðni og svörin skulu vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkis yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

5. Upplýsingar, sem eru sendar í kjölfar beiðni, skulu sendar beint til yfirvaldsins sem leggur fram beiðni og jafnframt til miðlægra tengiskrifstofa yfirvaldsins sem leggur fram beiðni og yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

6. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*13. gr.*

**Notkun upplýsinga og vernd persónuupplýsinga og þagnarskylda og viðskiptaleynd**

1. Upplýsingar, sem eru látnar í té, má einungis nota í þeim tilgangi að tryggja samræmi við lög og verja hagsmuni neytenda.

2. Lögbær yfirvöld geta borið fyrir sig, sem sönnunargögn, hvers konar upplýsingar, skjöl, niðurstöður, yfirlýsingar, staðfest rétt endurrit eða vitneskju sem er miðlað á sama hátt og svipuðum skjölum sem þau geta fengið í sínu eigin landi.

3. Upplýsingar, sem eru sendar í einhverju formi til einstaklinga sem vinna fyrir lögbær yfirvöld, dómstóla, önnur opinber yfirvöld og framkvæmdastjórnina, þ.m.t. upplýsingar sem eru tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar og geymdar í gagnasafninu sem um getur í 10. gr. og sem, væru þær látnar af hendi, myndu grafa undan:

- friðhelgi einkalífsins og ráðvendni einstaklingsins, einkum í tengslum við lög Bandalagsins um vernd persónuupplýsinga,
- viðskiptahagsmunum einstaklings eða lögaðila, þ.m.t. hugverkaréttur,
- málarekstri fyrir dómstóli og lögfræðiráðgjöf

  eða

- tilganginum með eftirliti eða rannsóknum,

skulu vera trúnaðarmál og háðar kvöð um þagnarskyldu, nema nauðsynlegt sé að afhenda þær til að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins og yfirvaldið, sem sendir upplýsingarnar, samþykki að þær séu látnar af hendi.

4. Að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin samþykkja þau lagaákvæði sem eru nauðsynleg til að takmarka réttindi og skyldur skv. 10., 11. og 12. gr. tilskipunar 95/46/EB eftir því sem nauðsynlegt er til að standa vörð um þá hagsmuni sem um getur í d- og f-lið 1. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin getur takmarkað réttindi og skyldur skv. 4. gr. (1. mgr.), 11. gr., 12. gr. (1. mgr.), 13.–17. gr. og 37. gr. (1. mgr.) í reglugerð (EB) nr. 45/2001 ef slík takmörkun er nauðsynleg ráðstöfun til að verja þá hagsmuni sem um getur í a- og e-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

5. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*14. gr.*

**Upplýsingaskipti við þriðju lönd**

1. Lögbært yfirvald, sem fær upplýsingar frá yfirvaldi í þriðja landi, skal senda upplýsingarnar til viðeigandi lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum svo fremi að það sé leyft í tvíhliða samningi um aðstoð sem gerður er við þetta þriðja land og í samræmi við lög Bandalagsins um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga.

2. Upplýsingar, sem eru sendar samkvæmt þessari reglugerð, getur lögbært yfirvald einnig sent yfirvaldi þriðja lands samkvæmt tvíhliða samningi um aðstoð sem gerður er við það að því tilskildu að samþykki lögbæra yfirvaldsins, sem sendi upplýsingarnar upphaflega, liggi fyrir og í samræmi við lög Bandalagsins um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga.

*15. gr.*

**Skilyrði**

1. Aðildarríkin skulu falla frá öllum kröfum um endurgreiðslu á kostnaði við beitingu þessarar reglugerðar. Aðildarríki yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, skal þó áfram taka á sig ábyrgð gagnvart aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, á kostnaði eða tapi sem myndast í kjölfar ráðstafana sem dómstóll úrskurðar að séu tilefnislausar að því er varðar sakarefni brots innan Bandalagsins.

2. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur neitað að verða við beiðni um ráðstafanir til að framfylgja lögum skv. 8. gr. eftir að hafa átt viðræður við yfirvaldið sem leggur fram beiðni:

a) ef dómsmeðferð hefur þegar farið fram eða dómsyfirvöld í aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, eða yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, hafa þegar fellt endanlegan dóm varðandi sama brot innan Bandalagsins og gegn sömu seljendum eða birgjum,

b) ef yfirvaldið, sem beiðni er beint til, telur, að lokinni viðeigandi rannsókn, að ekkert brot hafi átt sér stað innan Bandalagsins

eða

c) ef það telur að yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, hafi ekki veitt nægar upplýsingar í samræmi við 1. mgr. 12. gr. nema yfirvaldið, sem beiðni er beint til, hafi þegar neitað að verða við beiðninni skv. c-lið 3. mgr. í tengslum við sama brot innan Bandalagsins.

3. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur neitað að verða við beiðni um upplýsingar skv. 6. gr.:

a) ef það telur, eftir viðræður við yfirvaldið sem leggur fram beiðni, að upplýsinganna sé ekki óskað í því skyni að ákvarða hvort brot hafi átt sér stað innan Bandalagsins eða til að ákvarða hvort rökstuddur grunur leiki á um að það geti átt sér stað,

b) ef yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, fellst ekki á að upplýsingarnar séu háðar ákvæðum um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu sem eru sett fram í 3. mgr. 13. gr.

eða

c) ef rannsókn sakamáls eða dómsmeðferð hefur þegar farið fram eða dómsyfirvöld í aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, eða yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, hafa þegar fellt endanlegan dóm varðandi sama brot innan Bandalagsins og gegn sömu seljendum eða birgjum.

4. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur ákveðið að efna ekki skuldbindingarnar sem um getur í 7. gr. ef rannsókn sakamáls eða dómsmeðferð hefur þegar farið fram eða dómsyfirvöld í aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, eða yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, hafa þegar fellt endanlegan dóm varðandi sama brot innan Bandalagsins og gegn sömu seljendum eða birgjum.

5. Yfirvaldið, sem beiðni er beint til, skal tilkynna yfirvaldinu, sem leggur fram beiðni, og framkvæmdastjórninni um ástæðurnar fyrir því að það neitar að verða við beiðni um aðstoð. Yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, getur vísað málinu til framkvæmdastjórnarinnar sem skal skila áliti í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

6. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

IV. KAFLI

**AÐGERÐIR BANDALAGSINS**

*16. gr.*

**Samræming lagaframkvæmdar**

1. Aðildarríkin skulu, í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum þessarar reglugerðar, tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um starfsemi sína í þágu Bandalagsins á sviðum eins og:

a) menntun embættismanna sinna sem annast lagaframkvæmd á sviði neytendaverndar, þ.m.t. tungumálakennsla og námskeiðshald,

b) söfnun og flokkun kvartana frá neytendum,

c) að koma á fót netum þar til bærra embættismanna í sérstökum atvinnugreinum,

d) þróun upplýsinga- og fjarskiptabúnaðar,

e) þróun staðla, aðferðafræði og leiðbeininga fyrir embættismenn sem annast lagaframkvæmd á sviði neytendaverndar,

f) embættismannaskipti.

Aðildarríkin geta, í samráði við framkvæmdastjórnina, unnið að sameiginlegri starfsemi á sviðum sem um getur í a- til f-lið. Aðildarríkin skulu, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, þróa sameiginlegan ramma um flokkun kvartana frá neytendum.

2. Lögbær yfirvöld geta skipst á þar til bærum embættismönnum til að bæta samvinnuna. Lögbæru yfirvöldin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þar til bærum embættismönnum, sem skipst er á, kleift að taka virkan þátt í starfsemi lögbæra yfirvaldsins. Þess vegna skulu slíkir embættismenn fá heimild til að vinna þau skyldustörf sem lögbær yfirvöld í gistiríkinu fela þeim í samræmi við lög viðkomandi aðildarríkis.

3. Á meðan skiptin standa yfir skal farið með einkaréttarábyrgð og refsiábyrgð þar til bærs embættismanns á sama hátt og embættismanna lögbæra yfirvaldsins í gistiríkinu. Þar til bærir embættismenn, sem skipst er á, skulu virða faglegar reglur og vera bundnir af viðeigandi innlendum siðareglum lögbæra yfirvaldsins í gistiríkinu sem tryggja einkum vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónulegra gagna, sanngjarna málsmeðferð og að ákvæðin um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu, sem sett eru með 13. gr., séu virt til fulls.

4. Ráðstafanir Bandalagsins, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, þ.m.t. tilhögun á framkvæmd sameiginlegrar starfsemi, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*17. gr.*

**Samvinna á sviði stjórnsýslu**

1. Aðildarríkin skulu, í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum þessarar reglugerðar, tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um starfsemi sína í þágu Bandalagsins á sviðum sem geta verið t.d.:

a) upplýsingar og ráðgjöf til neytenda,

b) stuðningur við starfsemi fulltrúa neytenda,

c) stuðningur við starfsemi stofnana sem bera ábyrgð á lausn deilumála neytenda utan dómstóla,

d) stuðningur við aðgang neytenda að réttarkerfinu,

e) söfnun tölulegra upplýsinga, niðurstöður rannsókna eða aðrar upplýsingar í tengslum við hegðun neytenda, viðhorf og niðurstöður.

Aðildarríkin geta, í samráði við framkvæmdastjórnina, unnið að sameiginlegri starfsemi á sviðum sem um getur í a- til e-lið. Aðildarríkin skulu, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, þróa sameiginlegan ramma um starfsemina sem um getur í e-lið.

2. Ráðstafanir Bandalagsins, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, þ.m.t. tilhögun á framkvæmd sameiginlegrar starfsemi, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*18. gr.*

**Alþjóðasamningar**

Bandalagið skal eiga samstarf við þriðju lönd og við þar til bær alþjóðleg samtök á þeim sviðum sem falla undir þessa reglugerð með það fyrir augum að auka vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda. Tilhögun samvinnu, þ.m.t. að koma á fót tilhögun fyrir gagnkvæma aðstoð, getur verið hluti af samningum milli Bandalagsins og viðkomandi þriðju landa.

V. KAFLI

**LOKAÁKVÆÐI**

*19. gr.*

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

*20. gr.*

**Nefndarmeðferð**

1. Nefndin getur skoðað öll mál er varða beitingu þessarar reglugerðar sem formaður hennar leggur fram, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Hún getur einkum athugað og metið hvernig sú tilhögun samstarfs, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, reynist.

*21. gr.*

**Skýrslur**

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja eða úr samningum sem þau gera um málefni sem reglugerð

þessi nær til, að undanskildum samningum sem fjalla um einstök mál.

2. Annað hvert ár eftir gildistökudag þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu hennar. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum.

3. Í skýrslunum skal fjallað um:

a) allar nýjar upplýsingar um stofnunina, heimildir, úrræði og skyldustörf lögbærra yfirvalda,

b) allar upplýsingar varðandi þróun, leiðir og aðferðir við að fremja brot innan Bandalagsins, einkum þær sem hafa leitt í ljós galla eða veilur í þessari reglugerð eða í lögunum til verndar hagsmunum neytenda,

c) allar upplýsingar um aðferðir við lagaframkvæmd sem hafa reynst árangursríkar,

d) samantekt tölulegra upplýsinga varðandi starfsemi lögbærra yfirvalda, s.s. aðgerðir samkvæmt þessari reglugerð, kvartanir sem hafa borist, aðgerðir við lagaframkvæmd og dóma,

e) samantekt mikilvægra innlendra dóma sem varða túlkun laga til verndar hagsmunum neytenda,

f) aðrar upplýsingar sem varða beitingu þessarar reglugerðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar fyrir Evrópuþingið og ráðið á grundvelli skýrslna aðildarríkjanna.

*22. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 29. desember 2005.

Ákvæðin um gagnkvæma aðstoð, sem eru sett fram í II. og III. kafla, gilda frá 29. desember 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 27. október 2004.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| J. P. BORRELL FONTELLES | A. NICOLAÏ |
| *forseti.* | *forseti.* |

*VIÐAUKI*

**Tilskipanir og reglugerðir sem falla undir a-lið 3. gr.** (1)

1. Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar (Stjtíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB (Stjtíð. EB L 290, 23.10.1997, bls. 18).

2. Tilskipun ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva (Stjtíð. EB L 372, 31.12.1985, bls. 31).

3. Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtíð. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB (Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 17).

4. Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur, 10.–21. gr. (Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjtíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

5. Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka (Stjtíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59).

---

(1) Í tilskipunum nr. 1, 6, 8 og 13 er að finna sértæk ákvæði.

6. Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29). Tilskipuninni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/995/EB (Stjtíð. EB L 353, 30.12.2002, bls. 1).

7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni (Stjtíð. EB L 280, 29.10.1994, bls. 83).

8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga (Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2002/65/EB (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).

9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB frá 6. október 1997 um breytingu á tilskipun 84/450/EBE varðandi villandi auglýsingar þannig að hún taki einnig til samanburðarauglýsinga.

10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum (Stjtíð. EB L 80, 18.3.1998, bls. 27).

11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi (Stjtíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12).

12. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum: 86.–100. gr. (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/27/EB (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 34).

14. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur.

15. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004 frá 11. febrúar 2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður (Stjtíð. ESB L 46, 17.2.2004, bls. 1).

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) verði tekin upp í innlendan rétt. Frumvarpið er lagt fram með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2006 frá 7. júlí 2006 þar sem ákveðið var að breyta XIX. viðauka við EES-samninginn (Neytendavernd) og fella umrædda reglugerð inn í samninginn. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Þá hefur utanríkisráðherra lagt fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2006, um breytingu á XIX. viðauka við EES-samninginn (Neytendavernd) og fella reglugerðina, sem lagafrumvarp þetta byggist á, inn í samninginn (þskj. 850, 572. mál).

Auk þess að taka reglugerðina upp í íslenskan rétt er nauðsynlegt að gera breytingar á nokkrum stöðum í löggjöf til að innleiða reglugerðina. Miða breytingarnar að því að tryggja að stjórnvöld þau sem fara með framkvæmd þeirra laga sem reglugerðin tekur til hafi þær heimildir sem reglugerðin gerir kröfu um. Eru gerðar tillögur um þessar breytingar í sérstöku frumvarpi sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

**Markmið og gildissvið reglugerðarinnar.**

Markmið reglugerðar um samvinnu um neytendavernd er að tryggja eftirfylgni við lagaákvæði á sviði neytendaverndar, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem um er að ræða viðskipti yfir landamæri og auka þar með virkni innri markaðarins og neytendavernd. Í reglugerðinni er kveðið á um að sett verði upp net opinberra eftirlitsstofnana sem ná skal yfir allt Evrópska efnahagssvæðið, en án samstarfs milli stjórnvalda yfir landamæri er mun erfiðara fyrir stjórnvöld sem gæta réttar neytenda í sínu ríki að draga brotlegt erlent fyrirtæki til ábyrgðar. Á grundvelli reglugerðarinnar öðlast stofnanirnar réttindi og skyldur varðandi gagnkvæma aðstoð við meðferð ákveðinna brota sem beinast gegn neytendum. Þau brot sem um ræðir eru brot gegn lagaákvæðum, sem innleiða þær gerðir Evrópusambandsins á sviði neytendaverndar sem taldar eru upp í reglugerðinni, alls 14 tilskipanir og ein reglugerð. Í reglugerðinni er lögbærum stjórnvöldum í hverju aðildarríki EES-samningsins heimilað að grípa til aðgerða gegn fyrirtæki frá aðildarríkinu, sem starfar á því sviði sem stjórnvald fer með eftirlit á, án tillits til þess í hvaða ríki innan EES-svæðisins neytandi, sem verður fyrir tjóni vegna brotsins, er staddur. Samkvæmt reglugerðinni eru tvö skilyrði fyrir því að unnt sé að beita ákvæðum hennar. Í fyrsta lagi þarf brot að eiga uppruna sinn í öðru ríki en afleiðingar þess koma fram í. Sem dæmi má nefna að fyrirtæki með staðfestu í Danmörku brýtur gegn ákvæði sem fellur undir tilskipunina, en brotið hefur áhrif á Ítalíu og veldur ítölskum neytendum tjóni. Í öðru lagi þarf brotið að valda eða vera líklegt til að valda tjóni á sameiginlegum hagsmunum neytenda. Með sameiginlegum hagsmunum neytenda er átt við hagsmuni hóps neytenda sem hafa orðið fyrir tjóni eða munu að öllum líkindum verða fyrir tjóni vegna brots. Undir þetta falla því aðeins lögbrot sem varða neytendur almennt, t.d. villandi markaðssetning. Réttur einstakra neytenda til t.d. riftunar og skaðabóta er varinn af ákvæðum annarra reglna og fellur því ekki hér undir.

**Lögbær stjórnvöld og miðlæg tengiskrifstofa.**

Reglugerð um samvinnu um neytendavernd mælir fyrir um að í hverju landi skuli tilnefnd lögbær stjórnvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar. Skulu lögbær stjórnvöld hafa þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem kveðið er á um í reglugerðinni, en framkvæmd rannsókna og eftirlits skal vera í samræmi við löggjöf hvers lands. Þó er gerð krafa um að stjórnvöldin hafi nánar tilteknar lágmarksheimildir til að framfylgja þeim ákvæðum sem falla undir reglugerðina, svo sem rétt til að krefjast afhendingar upplýsinga og gagna, rétt til að gera vettvangsrannsókn og rétt til að krefjast stöðvunar á broti eða leggja bann við því. Lögbær stjórnvöld skulu einnig sinna skyldum sínum og fjalla um brot sem framin eru yfir landamæri og beinast gegn neytendum í öðru EES-landi á sama hátt og þau mundu fjalla um mál er varðar neytendur í heimalandinu.

Á grundvelli reglugerðarinnar skal einnig tiltekið stjórnvald gegna hlutverki miðlægrar tengiskrifstofu í samstarfinu. Tilgangur miðlægrar tengiskrifstofu er að tryggja samræmi í meðferð mála í hverju landi.

**Ákvæði um gagnkvæma aðstoð.**

Í reglugerðinni er kveðið á um það hvernig lögbær stjórnvöld eiga að veita aðstoð. Þannig ber íslensku stjórnvaldi sem fær beiðni frá erlendu stjórnvaldi að veita allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort um brot sé að ræða og, ef svo er, grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að stöðva brotið. Yfirvald sem beiðni er beint til getur við ákveðnar nánar tilgreindar aðstæður neitað að verða við beiðninni.

Í reglugerðinni er einnig kveðið á um upplýsingaskipti án beiðni. Þannig ber lögbæru stjórnvaldi, sem verður kunnugt um brot innan Evrópska efnahagssvæðisins eða hefur rökstuddan grun um slíkt brot, að tilkynna öðrum lögbærum stjórnvöldum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um það.

Til að auðvelda samstarfið hefur framkvæmdastjórnin sett upp rafrænan gagnagrunn þar sem upplýsingar sem lögbær stjórnvöld hafa gefið verða geymdar og unnar. Verður gagnagrunnurinn einungis aðgengilegur lögbærum stjórnvöldum.

**Tilskipanir og reglugerðir sem falla undir reglugerð (EB) nr. 2006/2004.**

Í viðauka með reglugerðinni um samvinnu um neytendavernd eru taldar upp 14 tilskipanir og ein reglugerð, en innleiðing á þessum gerðum í landslög teljast lög til verndar hagsmunum neytenda í skilningi a-liðar 3. gr. reglugerðarinnar. Þær gerðir sem falla undir reglugerðina eru:

- Tilskipun ráðsins 84/450/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB um breytingu á tilskipun nr. 84/450/EBE þannig að hún taki einnig til samanburðarauglýsinga.
- Tilskipun ráðsins 85/577/EBE um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga.
- Tilskipun ráðsins 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi neytendalán.
- Tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um sjónvarpsrekstur.
- Tilskipun ráðsins 90/314/EBE um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðarpakka.
- Tilskipun ráðsins 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem boðin er neytendum.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða þegar mikil seinkun verður.

**Innleiðing reglugerðarinnar í íslenskan rétt.**

Reglugerðin um samvinnu um neytendavernd öðlaðist gildi 29. desember 2005 að undanskildum ákvæðum II. og III. kafla um gagnkvæma aðstoð, sem öðluðust gildi 29. desember 2006. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn 7. júlí 2006.

Til að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar hafa íslensk stjórnvöld tilnefnt lögbær stjórnvöld og miðlæga tengiskrifstofu. Þetta var gert með bréfi til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, dags. 12. júlí 2006. Þau stjórnvöld sem tilnefnd voru lögbær stjórnvöld eru Neytendastofa, Fjármálaeftirlitið, Lyfjastofnun, Flugmálastjórn Íslands og útvarpsréttarnefnd. Neytendastofa var jafnframt tilnefnd miðlæg tengiskrifstofa.

Ákvæði II. og III. kafla tilskipunarinnar um gagnkvæma aðstoð tóku gildi 29. desember 2006 og þarf því að innleiða þau sem fyrst.

Til að innleiða tilskipunina í íslensk lög er annars vegar lagt til að kveðið verði á um það í lögum að ákvæði reglugerðar um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) skuli hafa lagagildi hér á landi. Hins vegar þarf að gera breytingar á nokkrum lagabálkum þar sem kveðið er á um heimildir hinna lögbæru stjórnvalda, en skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar um samvinnu um neytendavernd skal lögbært stjórnvald hafa nauðsynlegar rannsóknar- og eftirlitsheimildir til að geta beitt reglugerðinni. Tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum eru gerðar í frumvarpi sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

Með frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp í innlendan rétt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 2006/2004, um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

Í frumvarpinu er kveðið á um að sett verði upp net opinberra eftirlitsstofnana sem nái yfir allt Evrópska efnahagssvæðið. Með slíku samstarfi er þess vænst að auðveldara verði fyrir stjórnvöld í viðkomandi ríki að gæta réttar neytenda gagnvart brotlegum erlendum fyrirtækjum. Íslensk stjórnvöld hafa tilnefnt Neytendastofu, Fjármálaeftirlitið, Lyfjastofnun, Flugmálastjórn Íslands og útvarpsréttarnefnd sem þær stofnanir sem sinna skuli þessu eftirliti fyrir Íslands hönd.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki annað séð en að útgjöld ríkissjóðs vegna þess verði óveruleg og muni rúmast innan útgjaldaramma fjárlaga.

# 917. Frumvarp til laga [617. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Breytingar á lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005.

1. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný grein er verður 20. gr. a, svohljóðandi:

Neytendastofa getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöðvum þeirra sem lög þessi taka til þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum Neytendastofu.

Við framkvæmd aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

2. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur ný grein er verður 21. gr. a, svohljóðandi:

Neytendastofu er heimilt að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd laga í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt milliríkjasamningum.

Við afhendingu upplýsinga og gagna skal setja sem skilyrði að:

1. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við þeim tekur,
2. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins notuð í því skyni sem kveðið er á um í viðkomandi milliríkjasamningi og
3. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins afhent öðrum með samþykki Neytendastofu og í þeim tilgangi sem samþykkið kveður á um.

## II. KAFLI
## Breytingar á lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 17. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

## III. KAFLI
## Breytingar á lögum um neytendalán, nr. 121/1994, með síðari breytingum.

4. gr.

2. málsl. 25. gr. laganna orðast svo: Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

## IV. KAFLI
## Breytingar á lögum um alferðir, nr. 80/1994, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

## V. KAFLI
## Breytingar á lögum um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23/1997, með síðari breytingum.

6. gr.

Á eftir 9. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (10. gr.)

Neytendastofa annast eftirlit með ákvæðum laga þessara. Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

b. (11. gr.)

Neytendastofa getur lagt bann við athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara.

Neytendastofa getur lagt dagsektir á aðila sem brýtur gegn ákvörðun sem stofnunin tekur á grundvelli 1. mgr. Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag.

## VI. KAFLI
## Breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir 14. gr. kemur ný grein er verður 14. gr. a, svohljóðandi:

*Upplýsingaskipti.*

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Við afhendingu upplýsinga og gagna skal setja sem skilyrði að:

1. gætt sé þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga þessara,
2. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins notuð í því skyni sem kveðið er á um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í samræmi við beiðni um upplýsingar,
3. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins afhent öðrum með samþykki Fjármálaeftirlitsins og í þeim tilgangi sem samþykkið kveður á um.

8. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna orðast svo: **Þagnarskylda. Upplýsingaskipti. Samskipti við eftirlitsstjórnvöld og Seðlabanka Íslands.**

VII. KAFLI

**Breytingar á útvarpslögum, nr. 53/2000, með síðari breytingum.**

9. gr.

Á eftir 1. málslið 5. mgr. 6. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Útvarpsréttarnefnd getur krafið leyfishafa um skriflegar upplýsingar vegna ætlaðra brota hans á ákvæðum VI. kafla og skulu þær veittar innan hæfilegs frests sem nefndin setur. Nefndin getur í framhaldi af slíkri athugun lagt bann við útsendingu efnis sem telst andstætt ákvæðum VI. kafla. Útvarpsréttarnefnd getur við rannsókn ætlaðra brota gegn VI. kafla gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð leyfishafa eða stað þar sem gögn eru varðveitt, þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn 7.–14. gr. laganna. Við framkvæmd aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

10. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein er verður 6. gr. a, svohljóðandi:

*Upplýsingaskipti.*

Útvarpsréttarnefnd er heimilt að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd ákvæða VI. kafla í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Við afhendingu upplýsinga og gagna skal setja sem skilyrði að:

1. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við þeim tekur,
2. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins notuð í því skyni sem kveðið er á um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í samræmi við beiðni um upplýsingar,
3. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins afhent öðrum með samþykki útvarpsréttarnefndar og í þeim tilgangi sem samþykkið kveður á um.

VIII. KAFLI

**Breytingar á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.**

11. gr.

Við 3. mgr. 126. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Jafnframt skal í reglugerð kveða á um heimildir Flugmálastjórnar Íslands til að tryggja eftirfylgni slíkra reglna, svo sem með hvers konar upplýsingaöflun, vettvangsskoðun, heimildum til að stöðva brot og krefjast þess að látið sé af brotum, auk birtingar slíkra ákvarðana eftir því sem við á. Þá skal setja í reglugerð ákvæði um heimild Flugmálastjórnar til að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu nauðsynlegar upplýsingar og gögn.

IX. KAFLI

**Breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.**

12. gr.

Við 18. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Lyfjastofnun getur krafið einstaklinga og lögaðila um skriflegar upplýsingar vegna ætlaðra brota á ákvæðum 13.–17. gr. og skulu þær veittar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur. Lyfjastofnun getur við rannsókn ætlaðra brota gegn ákvæðum 13.–17. gr. gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð eða stað þar sem gögn eru varðveitt, enda séu ríkar ástæður til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðunum. Við framkvæmd aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Lyfjastofnun er heimilt að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd ákvæða 13.–17. gr. í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Við afhendingu upplýsinga og gagna skal setja sem skilyrði að:

1. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við þeim tekur,
2. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins notuð í því skyni sem kveðið er á um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í samræmi við beiðni um upplýsingar,
3. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins afhent öðrum með samþykki Lyfjastofnunar og í þeim tilgangi sem samþykkið kveður á um.

## X. KAFLI
## Gildistaka.
### 13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru gerðar tillögur um lagabreytingar sem nauðsynlegt er að gera vegna innleiðingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd). Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp þar sem gerð er tillaga um að reglugerðin verði tekin upp í innlendan rétt. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2006 frá 7. júlí 2006 var ákveðið að breyta XIX. viðauka við EES-samninginn (Neytendavernd) og fella reglugerð nr. 2006/2004 inn í samninginn. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

**Efni reglugerðar um samvinnu um neytendavernd.**

Markmið reglugerðar um samvinnu um neytendavernd er að tryggja eftirfylgni við lagaákvæði á sviði neytendaverndar, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem um er að ræða viðskipti yfir landamæri. Í reglugerðinni er kveðið á um að sett verði upp net opinberra eftirlitsstofnana sem ná skal yfir allt Evrópska efnahagssvæðið og öðlast stofnanirnar réttindi og skyldur varðandi gagnkvæma aðstoð við meðferð ákveðinna brota sem beinast gegn neytendum. Þau brot sem um ræðir eru brot gegn lagaákvæðum, sem innleiða þær gerðir Evrópusambandsins á sviði neytendaverndar sem taldar eru upp í reglugerðinni, alls 14 tilskipanir og ein reglugerð.

Reglugerð um samvinnu um neytendavernd mælir fyrir um að í hverju landi skuli tilnefnd lögbær stjórnvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar. Lögbærum stjórnvöldum í hverju aðildarríki EES-samningsins er heimilað að grípa til aðgerða gegn fyrirtæki frá aðildarríkinu, sem starfar á því sviði sem stjórnvald fer með eftirlit á, án tillits til þess í hvaða ríki innan EES-svæðisins neytandi, sem verður fyrir tjóni vegna brotsins, er staddur. Skulu lögbær stjórnvöld hafa þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem kveðið er á um í reglugerðinni en framkvæmd rannsókna og eftirlits skal vera í samræmi við löggjöf hvers lands. Þó er gerð krafa um að stjórnvöldin hafi nánar tilteknar lágmarksrannsóknar- og eftirlitsheimildir til að framfylgja þeim ákvæðum sem falla undir reglugerðina, svo sem rétt til að krefjast afhendingar upplýsinga og gagna, rétt til að gera vettvangsrannsókn og rétt til að krefjast stöðvunar á broti eða leggja bann við því.

Markmið breytinga þeirra sem lagðar eru til á ýmsum lögum í frumvarpi þessu er að tryggja að stjórnvöld þau sem fara með framkvæmd þeirra laga sem reglugerðin tekur til hafi þær heimildir sem reglugerðin gerir kröfu um.

Til að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar hafa íslensk stjórnvöld tilnefnt lögbær stjórnvöld og miðlæga tengiskrifstofu. Þetta var gert með bréfi til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, dags. 12. júlí 2006. Þau stjórnvöld sem tilnefnd voru lögbær stjórnvöld eru Neytendastofa, Fjármálaeftirlitið, Lyfjastofnun, Flugmálastjórn Íslands og útvarpsréttarnefnd. Neytendastofa var jafnframt tilnefnd miðlæg tengiskrifstofa.

**Tilskipanir og reglugerðir sem falla undir reglugerð (EB) nr. 2006/2004.**

Í viðauka með reglugerðinni um samvinnu um neytendavernd eru taldar upp 14 tilskipanir og ein reglugerð, en innleiðing á þessum gerðum í landslög teljast lög til verndar hagsmunum neytenda í skilningi a-liðar 3. gr. reglugerðarinnar. Þær gerðir sem falla undir reglugerðina eru:

*Tilskipun ráðsins 84/450/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB um breytingu á tilskipun 84/450/EBE þannig að hún taki einnig til samanburðarauglýsinga.*

Tilskipun 84/340/EBE er innleidd í íslenskan rétt með lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 97/55/EB þannig að nú falla samanburðarauglýsingar einnig undir hana. Ákvæði um auglýsingar hérlendis voru fyrst í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Þegar þau lög voru felld úr gildi við gildistöku samkeppnislaga fluttust ákvæði um auglýsingar í samkeppnislög, en þau lög höfðu að geyma ítarlegri ákvæði um auglýsingar en áður hafði verði í íslenskum lögum. Þegar samkeppnislögum var breytt á árinu 2000 var bætt við þau ákvæði um samanburðarauglýsingar. Ákvæði um auglýsingar voru felld úr samkeppnislögum við gildistöku laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins 1. júlí 2005.

Neytendastofa fer með framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

*Tilskipun ráðsins 85/577/EBE um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga.*

Ákvæði þessara tveggja tilskipana voru tekin upp í íslenskan rétt með lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, en tilskipun ráðsins 85/577/EB, um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva, hafði áður verið lögleidd með setningu laga nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu.

Í lögunum er að finna margvíslegar lágmarksreglur sem miða að því að veita neytendum vernd með tilliti til fjarsölu á vöru og þjónustu. Réttarvernd neytenda samkvæmt lögunum felst m.a. í víðtækari rétti til upplýsinga af hálfu seljanda og rétti til að falla frá samningi ef varan uppfyllir ekki við skoðun og móttöku þær forsendur sem neytandi lagði til grundvallar við kaupin og gat vænst að hún uppfyllti samkvæmt upplýsingum frá seljanda.

Neytendastofa fer með eftirlit með viðskiptaháttum á grundvelli laganna.

*Tilskipun ráðsins 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi neytendalán.*

Tilskipunin er innleidd í íslenskan rétt með lögum um neytendalán, nr. 121/1994. Lögin ná til lánssamninga sem gerðir eru við lántakanda af hálfu verslana, framleiðenda og þjónustuaðila með vissum undantekningum. Þá ná lögin til lána vegna kaupa á lausafé og þjónustu, svo og almennra neyslulána. Þau taka jafnt til lánssamninga sem einstaklingar og lögaðilar gera. Tilgangur laganna er m.a. að bæta möguleika lántakenda til að bera saman mismunandi tilboð lánveitenda en lánveitanda ber á grundvelli laganna að upplýsa lántakanda í prósentum um svokallaða árlega hlutfallstölu kostnaðar áður en lánssamningurinn nær fram að ganga. Upplýsingar um þetta gera lántakanda auðveldara að meta hvort hann vill taka lánið.

Neytendastofa annast eftirlit með framkvæmd laganna.

*Tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um sjónvarpsrekstur.*

Tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með breytingu á útvarpslögum, nr. 82/1993. Breytingar voru gerðar á tilskipuninni með tilskipun 97/36/EB og voru þær leiddar í lög við setningu nýrra útvarpslaga, nr. 53/2000. Í þeim lögum er nú að finna ákvæði sem innleiða tilskipanirnar. Útvarpsréttarnefnd fer með framkvæmd laganna.

*Tilskipun ráðsins 90/314/EBE um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðarpakka.*

Tilskipunin var innleidd með lögum nr. 80/1994, um alferðir. Í lögunum eru m.a. ákvæði um upplýsingaskyldu gagnvart neytendum, form samninga, rétt neytenda til að falla frá samningi og bótarétt neytenda ef ferð er ekki í samræmi við ákvæði samnings. Neytendastofa fer með eftirlit með framkvæmd laganna.

*Tilskipun ráðsins 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.*

Ákvæði tilskipunarinnar voru innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 14/1995, sem breyttu lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Fólust breytingarnar í því að gerð var breyting á 1. mgr. 36. gr. samningalaga en auk þess var bætt við fjórum nýjum greinum, 36. gr. a–d. Gilda þau ákvæði um vissa samninga að því er snertir sanngirnismat, réttaráhrif sérstaklega skilgreindrar ósanngirni og túlkun. Þá var sett í lögin regla til að vernda neytendur gegn vissum ákvæðum um erlend lög sem gilda skulu um viðkomandi samninga. Tilskipunin miðar að því að koma í veg fyrir röskun á samkeppni og jafnframt auka vernd til handa neytendum. Markmið þeirra breytinga sem gerð voru á samningalögunum þegar tilskipunin var innleidd var að tryggja framkvæmd þeirra ákvæða tilskipunarinnar sem eru einkaréttarlegs eðlis, sbr. 3.–6. gr. hennar. Neytendastofu er hins vegar auk dómstóla ætlað að tryggja framkvæmd þeirra ákvæða tilskipunarinnar sem eru allsherjarréttarlegs eðlis.

*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni.*

Tilskipuninn var innleidd með lögum um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23/1997. Í lögunum eru reglur um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti af fasteign í þeim tilgangi að tryggja að hinn innri markaður starfi eðlilega og veita kaupendum nægilega vernd. Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laganna.

*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem boðin er neytendum.*

Í 17.–19. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005, eru ákvæði um verðmerkingar, heimild til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, auk ákvæðis um öflun og birtingu upplýsinga um verð og verðmyndun og önnur viðskiptakjör. Eru ákvæðin í samræmi við tilskipunina. Neytendastofa fer með framkvæmd laganna.

*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi.*

Tilskipunin um neytendakaup er tvíþætt. Fyrst og fremst felast í 2.–5. gr. tilskipunarinnar reglur um rétt neytenda gagnvart seljanda þegar vara er haldin göllum og var sá hluti tilskipunarinnar innleiddur með lögum nr. 48/2003, um neytendakaup. Með lögunum voru ákvæði um neytendakaup tekin úr lögum um lausafjárkaup og sett í sérstakan lagabálk með það að meginmarkmið að efla réttarstöðu neytenda. Í 6. gr. tilskipunarinnar er svo kveðið á um ábyrgðir, og voru þau ákvæði innleidd með breytingu á samkeppnislögum. Þau ákvæði eru nú í 10. og 11. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005.

Neytendastofa fer með framkvæmd laganna.

*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti).*

Tilskipunin var innleidd með lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002. Meginmarkmið tilskipunarinnar er að tryggja að um rafræna þjónustu gildi meginregla Evrópusambandsins um frjálst flæði þjónustu, þ.e. að unnt verði að veita þjónustuna á öllu Evrópska efnahagssvæðinu ef hún fullnægir lagaákvæðum upprunalands. Tilskipunin leggur þær skyldur á aðildarríkin að tryggja að réttarkerfi þeirra heimili að samningar séu gerðir með rafrænum hætti, með fáum undantekningum sem taka m.a. til samninga á sviði sifja- og erfðaréttar, samninga sem stofna eða yfirfæra rétt yfir fasteignum, nema þegar um leigurétt er að ræða, og samninga sem lögum samkvæmt krefjast þátttöku dómstóla, stjórnvalda eða annarra sem fara með opinbert vald.

Neytendastofa hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum.*

Tilskipunin er heildartilskipun á sviði lyfjamála. Með setningu hennar voru fjölmargar eldri tilskipanir sem um þetta svið giltu felldar saman. Forverar tilskipunar 2001/83/EB höfðu verið innleiddar í íslenskan rétt með setningu lyfjalaga, nr. 93/1994 og þar sem tilskipun 2001//83/EB fól ekki í sér neinar efnislegar breytingar er hún að fullu innleidd með gildandi lyfjalögum. Lyfjastofnun fer með framkvæmd laganna og eftirlit samkvæmt ákvæðum þeirra.

*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur.*

Tilskipunin var innleidd með lögum um fjarsölu á fjármálaþjónustu, nr. 33/2005. Tilgangurinn með tilskipuninni er að samræma löggjöf og reglur um fjarsölu á fjármálaþjónstu til neytenda. Þá er tilskipuninni ætlað að styrkja innri markaðinn og auka neytendavernd. Ákvæði tilskipunarinnar gilda um fjarsölusamninga um fjármálaþjónustu sem gerðir eru á milli þjónustuveitanda og neytanda og markaðssetningu sem ætlað er að leiða til slíkra samninga. Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með framkvæmd laganna.

*Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða þegar mikil seinkun verður.*

Reglugerðin var innleidd með reglugerð nr. 574/2005, sem sett var á grundvelli 126. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998.

Í reglugerðinni eru reglur um skaðabætur og aðstoð til handa flugfarþegum sem hefur verið neitað um far eða farþegum sem verða fyrir því að flugi er aflýst eða miklar seinkanir verða á flugi. Reglugerðin gildir um farþega sem fljúga til eða frá flugvelli innan Evrópska efnahagssvæðisins. Reglugerðin felur í sér aukna neytendavernd en hún kemur í stað reglugerðar ráðsins 259/91.

Flugmálastjórn Íslands fer með eftirlit með framkvæmd loftferðalaga og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

**Rannsóknar- og eftirlitsheimildir lögbærra stjórnvalda.**

Í 6. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar er nánar kveðið á um þær lágmarksrannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld eiga að hafa. Samkvæmt ákvæðinu skulu heimildirnar í fyrsta lagi fela í sér heimild stjórnvalds til að fá aðgang að hvers konar viðeigandi skjölum, í hvaða formi sem er, sem tengjast viðkomandi broti innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í öðru lagi skulu lögbær stjórnvöld hafa heimildir til að krefjast þess af hvaða einstaklingi sem er að hann leggi fram viðeigandi upplýsingar í tengslum við brot innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þriðja lagi skulu lögbær stjórnvöld hafa heimild til að framkvæma vettvangsskoðun. Í fjórða lagi eiga lögbær stjórnvöld að hafa heimild til að krefjast þess skriflega að viðkomandi seljandi eða birgir láti af broti innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í fimmta lagi skulu lögbær stjórnvöld hafa heimild til að fá hjá seljanda eða birgi, sem gerst hefur sekur um brot innan Evrópska efnahagssvæðisins, loforð um að hann láti af því broti og, eftir því sem við á, birta þau loforð. Í sjötta lagi skulu lögbær stjórnvöld hafa heimild til að krefjast stöðvunar eða banns við öllum brotum innan Evrópska efnahagssvæðisins og, eftir því sem við á, birta þær ákvarðanir sem eru teknar. Loks skulu lögbær stjórnvöld hafa heimild til að krefjast þess að brotlegur aðili greiði sekt ef hann fer ekki að ákvörðun sem er tekin.

Í 11. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um það að lögbærum stjórnvöldum beri að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerðinni eins og þau væru að vinna fyrir hönd neytenda í sínu eigin landi og að eigin frumkvæði eða að beiðni annars lögbærs yfirvalds í heimalandi sínu. Því munu íslensk stjórnvöld á grundvelli reglugerðarinnar geta beitt þeim rannsóknar- og eftirlitsheimildum sem þau hafa samkvæmt íslenskum lögum í málum sem varða brot á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem frumkvæði að rannsókn máls fellur innan ramma reglugerðarinnar. Þetta gildir einnig þó að það séu einungis neytendur í öðru landi en á Íslandi sem eru þolendur brotsins.

Misjafnt er hvaða rannsóknar- og eftirlitsheimildir lögbær stjórnvöld hafa nú þegar samkvæmt lögum. Í ljósi þess að sumar heimildir reglugerðar um samvinnu um neytendavernd geta verið íþyngjandi fyrir borgarana er lagt til að lögbærum stjórnvöldum verði aðeins heimilað að beita þeim heimildum sem lagt er til að þeim verði veittar í frumvarpi þessu í þeim málum sem falla innan ramma reglugerðarinnar. Þó er lagt til að heimildir Neytendastofu verði almennar þar sem stofnunin fer með framkvæmd flestra laga á sviði neytendaverndar og gegnir hlutverki miðlægrar tengiskrifstofu.

Verður nú gerð grein fyrir þeim rannsóknar- og eftirlitsheimildum sem lögbær stjórnvöld hafa samkvæmt núgildandi lögum og hvaða breytingar þarf að gera á einstökum lögum til að innleiða reglugerð um samvinnu um neytendavernd.

***Löggjöf á sviði Neytendastofu.***

Þeir lagabálkar sem innleiða tilskipanir sem falla undir reglugerð (EB) nr. 2006/2004 heyra undir Neytendastofu. Þetta eru lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005, lög um húsgöngu og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, lög um neytendalán, nr. 121/1994, lög um alferðir nr. 80/1994, lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, og lög um neytendakaup, nr. 48/2003. Neytendastofa þarf að hafa rannsóknar- og eftirlitsheimildir þær sem lögbærum stjórnvöldum ber að hafa, sbr. 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd, til að framfylgja ákvæðum framangreindra laga sem innleiða tilskipanir sem falla undir reglugerð um samvinnu um neytendavernd. Þegar litið er nánar á eðli og efni fyrrtalinna laga er ljóst að ákvæði laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og laga um neytendakaup eru einkaréttarlegs eðlis og að Neytendastofa fer ekki með framkvæmd þeirra. Því verður að telja óþarfi að gerðar séu breytingar á þeim lögum. Eftir stendur að festa verður þær lágmarksrannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld verða að hafa í önnur framantalin lög.

*Lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gangsæi markaðarins.*

Ákvæði tilskipunar 84/340/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar og tilskipunar 97/55/EB um breytingu á tilskipun 84/450/EBE þannig að hún taki einnig til samanburðarauglýsinga eru innleidd í íslenskan rétt með lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005.

Þegar farið er yfir þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem Neytendastofa hefur samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins sést að Neytendastofa hefur nú þegar flestar heimildir sem kveðið er á um að lögbært stjórnvald skuli hafa í reglugerðinni.

Þannig hefur stofnunin á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laganna heimild til að grípa til aðgerða gegn athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði laganna um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og geta aðgerðir Neytendastofu falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Verður að telja að þar með hafi stofnunin yfir að ráða heimildum samkvæmt d- og f-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd, en samkvæmt þeim ákvæðum skulu lögbær stjórnvöld hafa heimild til að krefjast þess skriflega að viðkomandi seljandi eða birgir láti af broti innan Evrópska efnahagssvæðisins og geta krafist stöðvunar eða banns við öllum brotum innan Evrópska efnahagssvæðisins og, eftir því sem við á, birta þær ákvarðanir sem eru teknar.

Í 22. gr. laganna um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins er Neytendastofu veitt heimild til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum. Því hefur stofnunin heimildir samkvæmt g-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar þar sem þess er krafist að lögbær stjórnvöld hafi heimild til að krefjast þess að brotlegur aðili greiði sekt ef hann fer ekki að ákvörðun sem er tekin.

Í e-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að lögbært stjórnvald skuli hafa heimild til að fá hjá seljanda eða birgi, sem gerst hefur sekur um brot innan Evrópska efnahagssvæðisins, loforð um að hann láti af því broti og, eftir því sem við á, að birta þau loforð. Ekkert ákvæði í lögum um óréttmæta viðskiptahætti kveður á um slíka heimild, en stofnunin hefur hins vegar heimild á grundvelli stjórnsýslulaga til að gera sátt við aðila sem gerst hefur brotlegur gegn ákvæðum þeirra laga sem stofnunin hefur eftirlit með í formi stjórnsýsluákvörðunar. Því er ekki talið að innleiða þurfi ákvæðið sérstaklega.

Í 1. mgr. 20. gr. lagana er að finna heimild fyrir Neytendastofu til að krefja þá sem lögin taka til um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Heimildin nær til þess að krefjast bæði munnlegra og skriflegra upplýsinga og getur stofnunin sett aðilum frest til að skila upplýsingunum. Þá getur Neytendastofa samkvæmt 2. mgr. 20. gr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar frá þeim aðilum sem lögin taka til. Loks getur Neytendastofa á grundvelli 3. mgr. greinarinnar krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum. Á grundvelli þessa verður að telja að stofnunin hafi yfir að ráða heimildum samkvæmt a- og b-liðum 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2006/2004 um samvinnu um neytendavernd.

Það er hins vegar ljóst að í lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins eru Neytendastofu ekki veittar þær lágmarksheimildir sem kveðið er á um í c-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd, en þar er kveðið á um heimild til að framkvæma vettvangsskoðun. Í I. kafla frumvarpsins eru því lagðar til breytingar sem ráða eiga bót á þessu. Þá er lagt til að sett verði í lögin ákvæði um heimild til upplýsingaskipta, en ákvæði 6. og 7. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd gera ráð fyrir að lögbær stjórnvöld á Íslandi veiti erlendum lögbærum stjórnvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða hvort brot hefur átt sér stað. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 1. og 2. gr. frumvarpsins.

*Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002.*

Ákvæði tilskipunar 2000/31/EB um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) eru innleidd í íslenskan rétt með lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002.

Í 19. gr. laga um rafræn viðskipti er kveðið á um að Neytendastofa hafi eftirlit með að farið verði eftir nánar tilgreindum ákvæðum laganna. Jafnframt er kveðið á um að ef brotið er gegn ákvæðum þeim sem Neytendastofa hefur eftirlit með, gilda ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins um úrræði Neytendastofu, stjórnvaldssektir og málsmeðferð. Þar sem í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem fela í sér að þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld verða að hafa á grundvelli 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd verði festar í lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins er ekki þörf á að gera breytingar á lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

*Lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000.*

Með lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga voru innleidd ákvæði tilskipunar 85/577/EBE um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga.

Neytendastofa fer með eftirlit með því að lögunum sé framfylgt. Lagt er til að kveðið verði á um það í lögunum að ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gildi um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð. Þar sem í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem fela í sér að þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld verða að hafa á grundvelli 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd verði festar í lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins er ekki þörf á að gera breytingar á lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

*Lög um neytendalán, nr. 121/1994.*

Með lögum um neytendalán var innleidd tilskipun 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi neytendalán.

Neytendastofa fer með eftirlit með því að lögunum sé framfylgt. Lagt er til að kveðið verði á um það í lögunum að ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gildi um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð. Þar sem í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem fela í sér að þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld verða að hafa á grundvelli 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd verði festar í lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins er ekki þörf á að gera breytingar á lögum um neytendalán.

*Lög um alferðir, nr. 80/1994.*

Tilskipun 90/314/EBE um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðarpakka er innleidd með lögum um alferðir.

Neytendastofa fer með eftirlit með því að lögunum sé framfylgt. Lagt er til að kveðið verði á um það í lögunum að ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gildi um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð. Þar sem í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem fela í sér að þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld verða að hafa á grundvelli 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd verði festar í lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins er ekki þörf á að gera breytingar á lögum um alferðir.

*Lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23/1997.*

Tilskipun 94/47/EB um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni er innleidd í íslenskan rétt með lögum um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23/1997. Í lögunum er ekki kveðið á um eftirlit með framkvæmd laganna að öðru leyti en því að í 9. gr. segir að viðskiptaráðherra fari með framkvæmd þeirra. Lagt er til að kveðið verði á um það að Neytendastofa fari með eftirlit með ákvæðum laganna. Þá er lagt til að ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gildi um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð. Þar sem í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem fela í sér að þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld verða að hafa á grundvelli 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd verði festar í lög um eftirlit með órétt-

mætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins er ekki þörf á að gera breytingar á lögum um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis.

***Löggjöf á sviði Fjármálaeftirlitsins.***

Lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu, nr. 33/2005, heyra undir Fjármálaeftirlitið. Með lögunum var innleidd tilskipun 2002/65/EB um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur sem fellur undir reglugerð nr. 2006/2004.

Í 20. gr. laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu segir að um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með framkvæmd laganna gildi ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Því verður að líta til þeirra laga um rannsóknar- og eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins. Þegar farið er yfir þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem Fjármálaeftirlitið hefur á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, sést að stofnunin hefur nú þegar allar þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem kveðið er á um að lögbært stjórnvald skuli hafa í reglugerð um samvinnu um neytendavernd.

Þannig er í 3. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi kveðið á um skyldu einstaklinga og lögaðila til að, í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga, láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg. Því hefur Fjármálaeftirlitið á grundvelli ákvæðisins fullnægjandi heimildir samkvæmt a- og b-liðum 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2006/2004. Þá verður að telja að stofnunin hafi einnig fullnægjandi heimildir samkvæmt c-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar á grundvelli 1. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga frá eftirlitsskyldum aðilum.

Í 1. mgr. 10. gr. laganna er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að krefjast þess að eftirlitsskyldur aðili sem ekki fylgir lögum og reglum sem gilda um starfsemi hans bæti úr innan hæfilegs frests. Verður að telja að þar með hafi stofnunin yfir að ráða heimildum samkvæmt d- og f-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2006/2004.

Á grundvelli 11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi getur Fjármálaeftirlitið lagt dagsektir á aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Þá getur stofnunin lagt févíti á aðila sem brjóta gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af stofnuninni. Því hefur Fjármálaeftirlitið fullnægjandi heimildir samkvæmt g-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Um heimildir samkvæmt e. lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2006/2004 vísast til umfjöllunar hér að framan um lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, en með þeim rökum sem þar koma fram er ekki talið að innleiða þurfi þetta ákvæði sérstaklega.

Því þarf ekki að gera breytingar á rannsóknar- og eftirlitsheimildum Fjármálaeftirlitsins í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi vegna innleiðingar reglugerðar um samvinnu um neytendavernd.

***Löggjöf á sviði útvarpsréttarnefndar.***

Framkvæmd útvarpslaga, nr. 53/2000, er í höndum útvarpsréttarnefndar, en tilskipun 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um sjónvarpsrekstur, sem fellur undir reglugerð nr. 2006/2004, er innleidd í íslenskan rétt í VI. kafla laganna þar sem fjallað er um auglýsingar, fjarsölu og kostun.

Í 30. gr. útvarpslaga er kveðið á um heimildir útvarpsréttarnefndar til að leggja stjórnvaldssektir á útvarpsstöðvar fari þær ekki að fyrirmælum ákvæða VI. kafla laganna um aug-

lýsingar, fjarsölu og kostun. Því hefur útvarpsréttarnefnd heimildir samkvæmt g-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um um samvinnu um neytendavernd.

Um heimildir samkvæmt e-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2006/2004 vísast til umfjöllunar hér að framan um lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, en með þeim rökum sem þar koma framer ekki talið að innleiða þurfi þetta ákvæði sérstaklega.

Í útvarpslögum er ekkert almennt ákvæði sem heimilar útvarpsréttarnefnd að krefjast stöðvunar eða banns við broti gegn VI. kafla laganna, sbr. d- og f-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd. Þá er ekki að finna í lögunum ákvæði sem heimilar nefndinni að krefjast nauðsynlegra upplýsinga við athugun einstakra mála og gera vettvangsrannsókn í samræmi við a-, b- og c- lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2006/2004. Því þarf að lögfesta slík ákvæði og eru gerðar tillögur um það í 9. gr. frumvarpsins.

***Löggjöf á sviði Flugmálastjórnar Íslands.***

Flugmálastjórn Íslands fer með framkvæmd laga um loftferðir, nr. 60/1998, en reglugerð (EB) 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða þegar mikil seinkun verður var innleidd með reglugerð nr. 574/2005, sem sett var með stoð í 126. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998.

Þar sem reglugerð 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða þegar mikil seinkun verður hefur verið innleidd með reglugerð þykir eðlilegast að þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem Flugmálastjórn þarf að hafa til að framfylgja ákvæðum þeim sem innleiða Evrópugerðina verði settar í reglugerð. Því er lagt til að lögfest verði í 3. mgr. 126. gr. loftferðalaga heimild til að kveða nánar á um rannsóknar- og eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar Íslands í reglugerð.

***Löggjöf á sviði Lyfjastofnunar.***

Framkvæmd lyfjalaga, nr. 93/1994, heyrir undir Lyfjastofnun, en lögin innleiða tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum. Ákvæði 86.–100. gr. tilskipunarinnar um lyfjaauglýsingar falla undir reglugerð nr. 2006/2004 og eru þau innleidd í 13.–18. gr. í VI. kafla lyfjalaga.

Í 18. gr. lyfjalaga er kveðið á um að Lyfjastofnun skuli hafa eftirlit með lyfjaauglýsingum. Í ákvæðinu kemur fram að stofnunin getur bannað og/eða látið afturkalla tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Þá getur stofnunin krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar á sambærilegan hátt. Í 47. gr. laganna er kveðið á um þær aðgerðir sem Lyfjastofnun getur beitt til að knýja á um úrbætur og framkvæmd ráðstöfunar eða vegna brota á lögunum. Getur stofnunin veitt áminningu, frest til úrbóta, beitt dagsektum og stöðvað eða takmarkað starfsemi eða notkun, m.a. lagt hald á vörur og fyrirskipað förgun þeirra. Því er ljóst að Lyfjastofnun hefur heimildir samkvæmt d-, f- og g-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um um samvinnu um neytendavernd.

Um heimildir samkvæmt e-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2006/2004 vísast til umfjöllunar hér að framan um lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, en með þeim rökum sem þar koma fram er ekki talið að innleiða þurfi þetta ákvæði sérstaklega.

Lyfjastofnun hefur hins vegar ekki heimildir til að krefjast upplýsinga við rannsókn mála, sbr. a- og b-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2006/2004. Þá hefur stofnunin ekki heimild til

að gera vettvangsskoðun. Í 11. grein frumvarpsins er því lagt til að Lyfjastofnun fái framangreindar heimildir þegar stofnunin framfylgir ákvæðum 13.–18. gr. lyfjalaga.

Rétt er að árétta að gert er ráð fyrir að auk þeirra sérstöku heimilda sem Lyfjastofnun eru færðar með frumvarpi þessu mun stofnunin áfram geta beitt öllum þeim þvingunarúrræðum sem kveðið er á um í 47. gr. lyfjalaga þegar um brot á ákvæðum 13.–18. gr. þeirra er að ræða.

**Ákvæði um upplýsingagjöf.**

Í 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 2006/2004 er fjallað um upplýsingaskipti milli lögbærra stjórnvalda. Er gert ráð fyrir að lögbær stjórnvöld á Íslandi veiti erlendum lögbærum stjórnvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða hvort brot hefur átt sér stað. Þá hvílir samkvæmt reglugerðinni skylda á lögbærum stjórnvöldum til að tilkynna lögbærum stjórnvöldum annarra ríkja ef þeim verður kunnugt um brot innan EES-svæðisins eða þau hafa rökstuddan grun um slíkt brot. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að setja ákvæði sem heimila upplýsingaskipti í lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, lyfjalög og útvarpslög auk þess sem gera þarf breytingu á loftferðalögum vegna þessa.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins ákvæði sem heimilar Neytendastofu að gera athuganir á starfsstöðvum þeirra sem lögin taka til að uppfylltum ákveðnum skilyrðum við rannsókn máls. Er breytingin nauðsynleg vegna innleiðingar reglugerðar um samvinnu um neytendavernd, en í c-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að lögbær stjórnvöld skuli hafa heimild til að gera vettvangsrannsóknir. Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði samkeppnislaga um vettvangsrannsókn að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að Neytendastofa geti lagt hald á gögn við vettvangsrannsókn. Fram að gildistöku laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins 1. júlí 2005 voru ákvæði laganna hluti samkeppnislaga og því var heimilt að framkvæma athuganir á starfsstöð þeirra sem lögin tóku til við rannsókn á meintum brotum á ákvæðum laganna.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Neytendastofa geti við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöðvum þeirra sem lögin taka til í þeim tilvikum þar sem ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins eða ákvörðunum Neytendastofu.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að við framkvæmd aðgerða skuli fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum. Hefur sambærilegt ákvæði í samkeppnislögum verið túlkað svo í framkvæmd að nauðsynlegt sé að afla dómsúrskurðar áður en vettvangsrannsókn er gerð.

Skilyrði fyrir beitingu heimilda til athugana á starfsstöðvum eru mjög ströng og er ætlunin að tryggja að heimildinni sé beitt á málefnalegum forsendum og aðeins þegar ríkar ástæður eru til.

Um 2. gr.

Í 6. og 7. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd er gert ráð fyrir að lögbær stjórnvöld á Íslandi veiti erlendum lögbærum stjórnvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða hvort brot hefur átt sér stað. Þá hvílir samkvæmt reglugerðinni skylda á lögbærum stjórnvöldum til að tilkynna lögbærum stjórnvöldum annarra ríkja ef þeim verður kunnugt um brot innan EES-svæðisins eða þau hafa rökstuddan grun um slíkt brot. Í ljósi þessa er lagt til að sett verði í lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins ákvæði um heimild til upplýsingaskipta. Sambærilegt ákvæði er nú í samkeppnislögum.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. 17. gr. laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga þar sem kveðið verði á um að ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gildi um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð. Ef tillögur frumvarps þessa ná fram að ganga mun Neytendastofa hafa allar þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld verða að hafa á grundvelli 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd á grundvelli laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að í 2. málsl. 25. gr. laga um neytendalán verði kveðið á um það að lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gildi um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð. Ef tillögur frumvarps þessa ná fram að ganga mun Neytendastofa hafa allar þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld verða að hafa á grundvelli 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd á grundvelli laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að bætt verði nýrri málsgrein við 17. gr. laga um alferðir þess efnis að ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gildi um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð. Ef tillögur frumvarps þessa ná fram að ganga mun Neytendastofa hafa allar þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld verða að hafa á grundvelli 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd á grundvelli laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Um 6. gr.

Lagt er til að tveimur greinum verði bætt við lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis.

Í fyrsta lagi er lagt til að í 10. gr. verði kveðið á um að Neytendastofa annist eftirlit með ákvæðum laganna. Þá er lagt til að bætt verði við lögin ákvæði þar sem kveðið er á um að ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gildi um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð. Ef tillögur frumvarps þessa ná fram að ganga mun Neytendastofa hafa allar þær rannsóknar- og eftirlitsheimildir sem lögbær stjórnvöld verða að hafa á grundvelli 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd á grundvelli laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Þá er lagt til að í 10. gr. verði kveðið á um að ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laganna verði skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Í öðru lagi er lagt til að í 11. gr. verði kveðið á um að Neytendastofa geti lagt bann við athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði laganna. Þá er lagt til að Neytendastofa fái heimild til að leggja dagsektir á aðila sem brjóta gegn ákvörðun sem stofnunin tekur á grundvelli 1. mgr. 11. gr. Lagt er til að dagsektir geti numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag.

Um 7. gr.

Í 6. og 7. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd er gert ráð fyrir að lögbær stjórnvöld á Íslandi veiti erlendum lögbærum stjórnvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða hvort brot hefur átt sér stað. Þá hvílir samkvæmt reglugerðinni skylda á lögbærum stjórnvöldum til að tilkynna lögbærum stjórnvöldum annarra ríkja ef þeim verður kunnugt um brot innan EES-svæðisins eða þau hafa rökstuddan grun um slíkt brot. Í ljósi þessa er lagt til að sett verði í lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi ákvæði um heimild til upplýsingaskipta. Sambærilegt ákvæði er nú í samkeppnislögum.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á kaflaheiti IV. kafla laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 8. gr. frumvarpsins um að bæta nýju ákvæði um upplýsingaskipti lögbærra stjórnvalda við kaflann.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við útvarpslög ákvæði þar sem lögfestar verði þær heimildir sem nefndin hefur ekki samkvæmt núgildandi lögum, en nauðsynlegt er að hún hafi vegna innleiðingar reglugerðar um samvinnu um neytendavernd.

Lagt er til að í ákvæðinu verði í fyrsta lagi kveðið á um heimild útvarpsréttarnefndar til að krefja leyfishafa um skriflegar upplýsingar vegna ætlaðra brota hans á ákvæðum VI. kafla laganna. Getur nefndin ákveðið að upplýsingarnar skuli veittar innan hæfilegs frests. Veitir ákvæðið útvarpsréttarnefnd heimildir í samræmi við a- og b-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2006/2004. Í öðru lagi er lagt til að útvarpsréttarnefnd geti lagt bann við útsendingu efnis sem telst andstætt ákvæðum VI. kafla útvarpslaga. Með ákvæðinu er lagt til að útvarpsréttarnefnd verði veittar heimildir í samræmi við d- og f-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd. Í þriðja lagi er lagt til að útvarpsréttarnefnd geti gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð leyfishafa eða stað þar sem gögn eru varðveitt, þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn 7.–14. gr. útvarpslaganna. Jafnframt er lagt til að við framkvæmd aðgerða skuli fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum. Hefur sambærilegt ákvæði í samkeppnislögum verið túlkað svo í framkvæmd að nauðsynlegt sé að afla dómsúrskurðar áður en vettvangsrannsókn er gerð. Skilyrði fyrir beitingu heimilda til athugana á starfsstöðvum eru mjög ströng og er ætlunin að tryggja að heimildinni sé beitt á málefnalegum forsendum og aðeins þegar ríkar ástæður eru til.

Um 10. gr.

Í 6. og 7. gr. reglugerðar um samvinnu um neytendavernd er gert ráð fyrir að lögbær stjórnvöld á Íslandi veiti erlendum lögbærum stjórnvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða hvort brot hefur átt sér stað. Þá hvílir samkvæmt reglugerðinni

skylda á lögbærum stjórnvöldum til að tilkynna lögbærum stjórnvöldum annarra ríkja ef þeim verður kunnugt um brot innan EES-svæðisins eða þau hafa rökstuddan grun um slíkt brot. Í ljósi þessa er lagt til að sett verði í útvarpslög ákvæði um heimild til upplýsingaskipta við framkvæmd ákvæða VI. kafla laganna. Svipað ákvæði er nú í samkeppnislögum.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á ákvæðum 3. mgr. 126. gr. loftferðalaga en í málsgreininni segir að nánar skuli í reglugerð kveðið á um bætur vegna umframskráningar og niðurfellingar flugs og um frávísun farþega, fyrirkomulag bótagreiðslna, ferðatilhögun, upphæð bóta og aðrar úrbætur til handa farþega.

Lagt er til að lögfest verði heimild til að kveða á um fleiri atriði í reglugerð, þ.e. heimildir Flugmálastjórnar Íslands til að tryggja eftirfylgni slíkra reglna, svo sem með hvers konar upplýsingaöflun, vettvangsskoðun, heimildum til að stöðva brot og að krefjast þess að látið sé af brotum, auk birtingar slíkra ákvarðana eftir því sem við á, og um ákvæði um heimild Flugmálastjórnar til að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja nauðsynlegar upplýsingar og gögn.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild Lyfjastofnunar til að krefja einstaklinga og lögaðila um upplýsingar vegna ætlaðra brota á ákvæðum 13.–17. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að stofnunin geti veitt ákveðinn frest til upplýsingagjafarinnar. Veitir ákvæðið Lyfjastofnun heimildir í samræmi við a- og b-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2006/2004.

Þá er lagt til að Lyfjastofnun geti gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð eða stað þar sem gögn eru varðveitt, þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn 13.–17. gr. lyfjalaga og veitir það Lyfjastofnun heimild í samræmi við c-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2006/2004. Jafnframt er lagt til að við framkvæmd aðgerða skuli fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum. Hefur sambærilegt ákvæði í samkeppnislögum verið túlkað svo í framkvæmd að nauðsynlegt sé að afla dómsúrskurðar áður en vettvangsrannsókn er gerð. Skilyrði fyrir beitingu heimilda til athugana á starfsstöðvum eru mjög ströng og er ætlunin að tryggja að heimildinni sé beitt á málefnalegum forsendum og aðeins þegar ríkar ástæður eru til.

13. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringa.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd og er vísað í kostnaðarumsögn með því frumvarpi. Í frum-

varpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum sem nauðsynlegt er talið að þurfi að breyta svo að af innleiðingu áðurnefnds frumvarps um neytendavernd geti orðið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki annað séð en að útgjöld ríkissjóðs vegna þess verði óveruleg og muni rúmast innan útgjaldaramma fjárlaga.

## 918. Frumvarp til laga [618. mál]

um breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár frá fyrsta degi þar næsta mánaðar.

2. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (VII.)
Vísitala sem reiknuð er og birt í janúarmánuði 2008 og grundvallast á verðupplýsingum miðað við verðlag tvo fyrstu virka daga janúar skal gilda um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár í febrúar 2008.

b. (VIII.)
Vísitala sem reiknuð er og birt í janúarmánuði 2008 og grundvallast á verðupplýsingum miðað við verðlag í um það bil vikutíma um miðjan janúar skal gilda um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár í mars 2008.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi ráðherra Hagstofu Íslands um breytingar á lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995.

Evrópusambandið hefur ákveðið með reglugerð, sem er bindandi fyrir EES-ríkin, að samræma tímabil fyrir söfnun verðupplýsinga fyrir hina samræmdu neysluverðsvísitölu EES. Frá og með janúarmánuði 2008 skal safna verðupplýsingum í að minnsta kosti vikutíma um miðjan hvern mánuð. Hagstofa Íslands reiknar vísitölu neysluverðs samkvæmt lögum nr. 12/1995 miðað við verðlag tvo fyrstu virka daga hvers mánaðar. Útreikningur Hagstofunnar á samræmdu vísitölunni fyrir Ísland er miðaður við sama tímabil. Við gildistöku reglugerðar ESB er óhjákvæmilegt að laga verðsöfnunartíma vísitölu neysluverðs að hinum nýju Evrópuákvæðum þar sem ekki kemur til álita hér á landi að reikna tvær mismunandi neysluverðsvísitölur í hverjum mánuði. Því er í sérstöku frumvarpi lagt til að vísitala neysluverðs verði reiknuð miðað við verð um miðjan mánuð í stað verðs í upphafi mánaðar eins og verið hefur.

Slík breyting á vísitölu neysluverðs hefur áhrif á beitingu vísitölunnar til verðtryggingar

sparifjár og lánsfjár. Í 14. gr. gildandi laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, segir í 1. mgr.: „Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir.“

Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögunum um vísitölu neysluverðs verður verðupplýsingum vegna útreiknings vísitölunnar safnað um miðjan hvern mánuð og vísitalan birt í lok mánaðarins að lokinni yfirferð gagna og útreikningi. Eftir að tímasetningu á vísitölu neysluverðs hefur verið breytt á þennan hátt geta ákvæði laga um vexti og verðtryggingu ekki staðið óbreytt. Ástæðan er sú að tíminn frá birtingu vísitölunnar í lok hvers mánaðar til gildistöku hennar til verðtryggingar verður einfaldlega of stuttur. Er þá sérstaklega haft í huga að ekki mun gefast tími til að senda út innheimtuseðla vegna þeirra fjárskuldbindinga sem eru á gjalddaga fyrstu daga mánaðarins. Af þessu leiðir að samhliða breytingu á tímasetningu á verðsöfnun – og þar með útreikningi og birtingu – vísitölu neysluverðs þarf að breyta fyrrgreindum ákvæðum í lögunum til þess að skýrt sé kveðið á um tímatafir milli útreiknings vísitölu neysluverðs og beitingar hennar til verðtryggingar. Er það efni þessa frumvarps.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um að vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildi um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir. Byggist þessi tilhögun á því að Hagstofa Íslands hefur hingað til safnað saman upplýsingum um verðlag tvo fyrstu daga hvers mánaðar og birt upplýsingar um niðurstöðu þeirra upplýsinga. Hefur vísitala neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár sem Hagstofan hefur birt á grundvelli þessara upplýsinga gilt í næsta mánuði á eftir. Hafa útreikningar Hagstofunnar verið birtir í tæka tíð til að unnt væri fyrir banka og aðra lánveitendur að tilgreina rétta fjárhæð afborgana og vaxta af verðtryggðum lánum á útsendum greiðsluseðlum.

Breyting sú sem frumvarpið leggur til er nauðsynleg til að unnt sé að senda út greiðsluseðla með réttum upplýsingum um áfallnar verðbætur. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum verður breyting á söfnun verðupplýsinga frá 1. janúar 2008. Sjálf söfnunin og úrvinnsla tekur það langan tíma að með öllu er óraunhæft að gera ráð fyrir að upplýsingar liggi fyrir fyrr en örfáum dögum fyrir mánaðamót. Er þá þegar búið að senda greiðsluseðla vegna þeirra lána sem eru á gjalddaga í næsta mánuði.

Af þessu leiðir að frumvarpið gerir nú ráð fyrir að framvegis muni birting Hagstofunnar á vísitölu neysluverðs gilda fyrir verðtryggingu sparifjár og lánsfjár þar næsta mánuð á eftir, í stað næsta mánaðar.

Um 2. gr.

Í bráðabirgðaákvæði í frumvarpi til laga um breyting á lögum um vísitölu neysluverðs er gert ráð fyrir tveimur söfnunum verðupplýsinga í janúar 2008. Sú fyrri fer fram tvo fyrstu virka daga mánaðarins, í samræmi við gildandi reglur, og hin síðari verður í samræmi við hina nýju tilhögun.

Til að taka af allan vafa um stöðu þeirra sem hagsmuni hafa, og til að mæta breytingum á yfirfærslutíma yfir í nýtt kerfi söfnunar verðupplýsinga og birtingar vísitölu neysluverðs, er með frumvarpinu lagt til að vísitala sú sem gildir í febrúarmánuði 2008 grundvallist á

söfnun tvo fyrstu daga janúar (eldra kerfi), en vísitala vegna marsmánaðar grundvallist á hinni nýju aðferðafræði, þ.e. söfnun verðupplýsinga um miðjan janúar.

Um 3. gr.

Til að gefa lánveitendum og öðrum sem hagsmuni eiga svigrúm til að aðlaga sig að ákvæðum frumvarpsins er, með sama hætti og í frumvarpi til laga um breyting á lögum um vísitölu neysluverðs, gert ráð fyrir gildistöku þann 1. janúar 2008.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.**

Frumvarpið er niðurstaða vinnuhóps undir formennsku hagstofustjóra þar sem farið var yfir þær breytingar sem gera þyrfti á innlendum lögum vegna reglugerðar Evrópusambandsins um að samræma tímabil fyrir söfnun verðupplýsinga fyrir samræmda neysluverðsvísitölu EES. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi ráðherra Hagstofu Íslands um breytingar á lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995, og er vísað í kostnaðarumsögn um það frumvarp.

Í gildandi lögum er kveðið á um að vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildi um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir. Í frumvarpinu er gerð sú breyting að framvegis muni birting Hagstofunnar á vísitölu neysluverðs gilda fyrir verðtryggingu sparifjár og lánsfjár þar næsta mánaðar á eftir.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

## 919. Skýrsla [619. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2006.

**1. Inngangur.**

Starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU) er margþætt, en Íslandsdeildin vill draga fram það sem hún telur mikilvægast í starfi sambandsins. Fyrst ber að nefna að sjaldan hefur verið meiri þörf á umræðum og skoðanaskiptum á milli menningarheima. Alþjóðaþingmannasambandið er eini vettvangurinn þar sem þingmenn frá nær öllum ríkjum heims geta rætt saman, skiptst á skoðunum og reynt að ná sameiginlegri niðurstöðu. Á slíkum fundum takast kynni með fólki frá ólíkum þingum og mikilvægt er að nýta vel þau tækifæri sem þar bjóðast og vinna markvisst að því að efla tengslin við þing frá fjarlægum menningarsvæðum. Ályktanir IPU eru ekki bindandi fyrir þjóðþing aðildarríkjanna. Þær endurspegla hins vegar umræðu um mikilvæg málefni sem hinar ýmsu þjóðir glíma við. Vegna virkrar þátttöku þingmanna í umræðum á þingum IPU og ólíkra sjónarmiða þeirra hafa alþjóðastofnanir lagt

áherslu á að fylgjast vel með ályktunum IPU, enda hafa þær iðulega bent á nýjar leiðir og nýjar hugmyndir að lausn mála.

Næst ber að nefna starf IPU til að efla lýðræði. Það er ljóst að mörg aðildarþing sambandsins eru ekki lýðræðislega kjörin og í sumum fer ekkert eiginlegt löggjafarstarf fram. Þingmenn frá slíkum þingum kynnast lýðræðislegum vinnubrögðum á þingum IPU, en jafnframt vinnur sambandið mjög þarft starf á milli þinga. Námskeið eru haldin fyrir þing sem eru að feta sig áfram á lýðræðisbraut um ýmsa þætti þingstarfsins, stundum í samvinnu við viðeigandi stofnun Sameinuðu þjóðanna eða aðra alþjóðastofnun. Sem dæmi um námskeið sem haldin voru árið 2006 má nefna námsstefnu í Víetnam fyrir þjóðþing í Asíu og á Kyrrahafssvæðinu um úrræði þinga á sviði barnaverndar, ráðstefnu fyrir kvenkyns þingmenn í Flóaríkjunum sem haldin var í Bahrein og námsstefna fyrir þingmenn sem sitja í mannréttindanefndum sem haldin var í Genf. IPU veitir jafnframt einstökum þingum tæknilega aðstoð og þjálfun. Þá gefur Alþjóðaþingmannasambandið út handbækur fyrir þingmenn til að hjálpa þeim að hafa áhrif í ólíkum málaflokkum. Það er mikilvægt fyrir lýðræðisríki að styðja vel við þessa starfsemi alla.

Í þriðja lagi vill Íslandsdeildin benda á nefnd sem starfar innan IPU um mannréttindi þingmanna. Nefndin vinnur mikið starf á milli þinga og gefur út skýrslu fyrir hvert þing IPU þar sem hún fer yfir mál þingmanna sem mannréttindi hafa verið brotin á, hvort sem um er að ræða fangelsun, hótanir, barsmíðar, mannshvarf eða dauðsfall. Nefndin heimsækir viðkomandi lönd, ræðir við málsaðila og aflar gagna. Málum er fylgt eftir, oft árum saman, þar til einhver niðurstaða fæst. Sem dæmi má nefna mál Victors Gonchar, þingmanns frá Hvíta-Rússlandi, sem hvarf sporlaust fyrir sjö árum, en rannsókn málsins þykir mjög ábótavant. Ráð IPU samþykkir á hverju þingi ályktanir sem grundvallast á skýrslu nefndarinnar. Vanda þarf val þingmanna í þessa nefnd og mikilvægt er að þeir hafi þekkingu og reynslu á sviði mannréttindamála. Á árinu 2006 þurfti að kjósa nýjan fulltrúa Tólf-plús hópsins í nefndina og stóð þá valið á milli þýsks þingmanns og þingmanns frá Hvíta-Rússlandi, en sá fyrrnefndi náði kjöri.

Alþjóðaþingmannasambandið tekur á þingum sínum hverju sinni fyrir mál sem eru á dagskrá alþjóðasamfélagsins, oft mál sem eru efst á baugi hjá Sameinuðu þjóðunum. Að venju tók hver fastanefnd þingsins fyrir eitt mál á hvoru þingi ársins 2006, þannig að ekkert eitt mál var efst á baugi. Þó má segja að hjá Íslandsdeildinni hafi eitt mál verið fyrirferðarmest. Ásta Möller hafði verið valin til að skrifa skýrslu og ályktunardrög fyrir 1. nefndina um orkuöryggi og baráttuna gegn hryðjuverkum sem var lögð fram á haustþinginu. Meðhöfundur Ástu var þingmaður frá Suður-Afríku. Verkefnið var vandasamt og fyrirfram talið að erfitt gæti verið að ná samstöðu um þessi mál, en skýrsluhöfundar hlutu mikið lof fyrir vinnu sína. Lesa má frekar um lokaályktun þingsins síðar í skýrslunni.

**2. Almennt um Alþjóðaþingmannasambandið.**

Aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu (IPU) eiga nú 148 þing en aukaaðilar að sambandinu eru sjö svæðisbundin þingmannasamtök. Hlutverk Alþjóðaþingmannasambandsins er að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum og hlúa að samstarfi þeirra. IPU fjallar um alþjóðamál og samþykkir ályktanir um þau og vinnur að framgangi mannréttindamála sem eins grundvallarþáttar lýðræðis og þingræðis. Þá vinnur IPU að styrkingu þjóðþinga og aðstoðar við þróun lýðræðislegra vinnubragða innan þeirra. Alþjóðaþingmannasambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á margvíslegt samstarf við stofn-

anir þeirra. Höfuðstöðvar Alþjóðaþingmannasambandsins eru í Genf, en sambandið rekur jafnframt skrifstofu í New York.

Þrjár fastanefndir starfa innan Alþjóðaþingmannasambandsins:

1. nefnd: friðar- og öryggismálanefnd;
2. nefnd: nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál;
3. nefnd: nefnd um lýðræði og mannréttindamál.

Alþjóðaþingmannasambandið heldur tvö þing á ári, eitt stærra þing að vori sem haldið er í einu af aðildarríkjum sambandsins og eitt minna þing að hausti sem er haldið í Genf nema annað sé ákveðið sérstaklega. Auk þess heldur sambandið nokkrar alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur á ári hverju, oftast um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá eru haldnar námsstefnur fyrir þjóðþing sem óska eftir slíku um ýmsa þætti löggjafarstarfsins og eflingu lýðræðis. Alþjóðaþingmannasambandið gefur reglulega út bækur, tímarit, handbækur og skýrslur sem nálgast má á skrifstofu Íslandsdeildarinnar og á vefsíðu IPU, www.ipu.org.

Ráð IPU, sem í eiga sæti þrír fulltrúar frá hverri landsdeild (fulltrúum fækkar í tvo ef sendinefnd samanstendur ekki af fulltrúum beggja kynja), markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Á milli funda hefur sautján manna framkvæmdastjórn umsjón með daglegum rekstri samtakanna, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess. Nefndir og vinnuhópar sem starfa innan Alþjóðaþingmannasambandsins skila skýrslum til ráðsins til afgreiðslu, en um er að ræða nefnd um mannréttindi þingmanna, nefnd um málefni Miðausturlanda, vinnuhóp um málefni Kýpur, nefnd til að auka virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, undirbúningsnefnd kvennafundar IPU og vinnuhóp um samstarf kynjanna.

**3. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.**

Íslandsdeild var í upphafi árs skipuð Ástu Möller, formanni, þingflokki sjálfstæðismanna, Kristjáni L. Möller, þingflokki Samfylkingarinnar, og Hjálmari Árnasyni, varaformanni, þingflokki framsóknarmanna. Varamenn voru Bjarni Benediktsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Jóhann Ársælsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki framsóknarmanna. Ný Íslandsdeild var kjörin í upphafi 133. þings, þann 2. október sl., en eina breytingin sem varð á skipan hennar var að Guðjón Ólafur Jónsson tók við sem varamaður fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna í stað Magnúsar. Ritari Íslandsdeildar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs. Íslandsdeildin hélt fjóra fundi á árinu, en á þeim fór aðallega fram undirbúningur undir þátttöku í þingum IPU.

**4. Svæðisbundið samstarf innan IPU.**

*Tólfplús-hópurinn.*

Venja er að daginn fyrir upphaf þings hittist svokallaður Tólfplús-hópur sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Hópurinn hittist síðan á fundum flesta morgna meðan þing stendur til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma afstöðu eins og hægt er. Á þeim fundum eru jafnframt fulltrúar hópsins í embætti og störf á vegum IPU valdir. Tveir þingmenn frá aðildarríkjum hópsins hafa seturétt á fundunum.

Á vorþinginu var starfsreglum hópsins breytt lítillega. Umdeildari breytingartillögur voru ræddar en ákveðið var að bíða til haustsins með afgreiðslu þeirra. Þjóðverjar vildu að þýska yrði eitt af vinnumálum hópsins, þannig að á öllum fundum yrði túlkað á og úr þýsku, auk ensku og frönsku. Töluverð andstaða var við þessa tillögu. Þá var rætt um að breyta nafni

Tólfplús-hópsins og voru mjög skiptar skoðanir á því máli, sérstaklega hvort nafnið eigi að vísa til Evrópu eins og sum ESB-ríki vilja, þó að í hópnum séu jafnframt lönd á borð við Kanada og Ástralíu. Þá var rætt nokkuð um fjáröflunarstarf IPU, en starfsmaður hefur verið ráðinn til að sinna fjáröflun frá utanaðkomandi aðilum. Féð á að nýta í margvísleg verkefni IPU á sviði lýðræðisuppbyggingar og mannréttindamála. Fannst fundarmönnum almennt mikilvægt að auka aðkomu þingmanna að verkefnastarfi IPU sem oft virðist eiga sér sjálfstætt líf. Þá lýstu margir fulltrúar áhyggjum af vinnuhópi forseta IPU um breytingar á starfi samtakanna. Hann hefði aðallega fengið þingforseta í vinnuhópinn, en ekki fólk sem þekkti starfsemi IPU. Var lögð áhersla á mikilvægi þess að svæðishóparnir innan IPU fengju fulltrúa í nefndinni og var það síðar samþykkt af forsetanum.

Fulltrúi Sameinuðu þjóðanna mætti á fund hjá Tólfplús-hópnum til að ræða fuglaflensuna og viðbrögð ríkja við henni. Vildi hann heyra álit þingmanna á starfi Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði og hvernig einstök ríki hefðu brugðist við hættunni. Kom fram að flest Evrópuríki eru vel undirbúin, en í Afríku hefur víða lítil undirbúningsvinna átt sér stað. T.d. ætti í Afríku víðast hvar eftir að þróa áætlanir til að borga bætur vegna fugla sem þyrfti að aflífa og væri því mjög hætt við að fólk mundi fela fiðurfé sitt til að missa ekki aleiguna. Í umræðum var lögð áhersla á að vandinn væri hnattrænn og að aðstoða yrði þau lönd sem ættu erfitt með að taka á þessu vandamáli. Þingmenn voru hvattir til að kalla ríkisstjórnir til ábyrgðar, m.a. með því að kalla ráðherra fyrir þingnefndir, óska eftir skýrslu um áætlanir ríkisstjórna o.s.frv. Ásta Möller tók þátt í umræðunum og lagði m.a. áherslu á að ekki mætti vekja ofsahræðslu hjá almenningi með því að blása vandann upp, þó að vissulega væri mikilvægt að gera viðeigandi ráðstafanir.

Á haustþinginu var fjallað um tvær tillögur til breytinga á starfsreglum hópsins sem ekki voru afgreiddar á vorþinginu. Í fyrsta lagi lá fyrir tillaga um að á fundum hópsins yrði framvegis möguleiki á að túlka á fleiri tungumál en ensku og frönsku og var sú tillaga felld. Í öðru lagi lá fyrir tillaga um að breyta nafni hópsins og lágu ýmsar tillögur fyrir í því sambandi, t.d. vestræni hópurinn og Evrópuhópurinn. Því var ákveðið að greiða fyrst um það atkvæði hvort yfirhöfuð ætti að breyta nafni hópsins og var sú tillaga felld. Því duttu tillögur um nýtt nafn um sig sjálfar. Þess má geta að Ísland sat hjá við atkvæðagreiðsluna, en innan norræna hópsins var ekki samstaða og greiddu Danir og Finnar atkvæði með tillögunni, en Norðmenn og Svíar á móti. Spennandi kosningar fóru fram um nýjan formann hópsins. Tveir þingmenn voru í framboði, þeir John Austin frá Bretlandi og Robert del Picchia, franskur öldungadeildarþingmaður. Á síðasta degi þingsins fór leynileg kosning fram á morgunfundi hópsins. 76 greiddu atkvæði sem féllu þannig að del Picchia fékk 37 atkvæði, Austin 38 og einn atkvæðaseðill var auður. Austin var því réttkjörinn formaður hópsins og tók við eftir lok þingsins í Genf. Þess má geta að íslensku þingmennirnir studdu Austin.

*Norrænt samstarf.*

Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Norðurlönd skiptast á að fara með stjórn norræna hópsins og voru Finnar í forustu á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Helsinki 6.–7. apríl og sá síðari í Valamo i 21.–22. september 2005. Ritari sótti báða fundina fyrir hönd Íslandsdeildar.

**5. Störf og ályktanir 114. þings IPU.**

Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið, sem haldið var í Nairóbí dagana 6.–12. maí, Ásta Möller, formaður Íslandsdeildar, Kristján L. Möller, Hjálmar Árnason og Belinda Theriault, ritari Íslandsdeildar. Fulltrúar 118 þjóðþinga tóku þátt í þinghaldinu. Auk þess sóttu þingið fulltrúar svæðisþinga sem eiga aukaaðild að IPU og fjölmargir áheyrnarfulltrúar frá stofnunum og samtökum.

Við setningu þingsins fluttu eftirfarandi aðilar ávörp: þingforseti Kenía, fulltrúi aðalritara Sameinuðu þjóðanna, varaforseti IPU og forseti Kenía. Síðar á þinginu fluttu utanríkisráðherra Kenía og nóbelsverðlaunahafinn Wangari Maathai erindi. Utanríkisráðherrann ræddi m.a. málefni grannríkisins Sómalíu og lagði áherslu á mikilvægi aðstoðar alþjóðasamfélagsins við tilraunir til að byggja þar upp lýðræði. Nóbelsverðlaunahafinn Maathai lagði m.a. áherslu á réttláta og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Pallborðsumræður fóru fram um tvö mál sem voru valin með tilliti til staðsetningar þingsins. Annars vegar fóru fram umræður um þróun Afríku og hins vegar um HIV/eyðni og börn, en þar var rætt um forvarnir, meðferð sjúkdómsins og vernd munaðarleysingja og barna í áhættuhópum.

Fastanefndirnar þrjár tóku fyrir fram ákveðin mál til umfjöllunar. Ályktanir nefndanna voru síðan afgreiddar á þingfundi. Hér er aðeins sagt lítillega frá samþykktum ályktunum, en nálgast má heildartextann á alþjóðasviði og á heimasíðu IPU.

Í 1. nefnd um frið og alþjóðleg öryggismál var rætt um hlutverk þjóðþinga til að stemma stigu við sölu léttra vopna og skotfæra og auka eftirlit með slíkri sölu. Ásta Möller tók þátt í starfi nefndarinnar. Í lokaályktun er hvatt til margvíslegra aðgerða til að stemma stigu við sölu slíkra vopna, m.a. með viðeigandi lagasetningu þjóðþinga.

2. nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál fjallaði um hlutverk þjóðþinga við stjórnun umhverfismála og í baráttunni gegn hnattrænum umhverfisspjöllum. Hjálmar Árnason tók þátt í störfum nefndarinnar. Í lokaályktun eru þing m.a. hvött til að tryggja þátttöku þingmanna í sendinefndum ríkisstjórna á alþjóðlega fundi um umhverfismál. Jafnframt er lagt til að Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) setji saman lista yfir markmið á sviði umhverfismála með sama hætti og gert var á sviði þróunarmála.

Í 3. nefnd um lýðræði og mannréttindi var fjallað um leiðir þjóðþinga til að berjast gegn ofbeldi gegn konum. Kristján L. Möller tók þátt í störfum nefndarinnar. Í lokaályktun eru þing, ríkisstjórnir og frjáls félagasamtök m.a. hvött til að vekja athygli almennings á þessu vandamáli með margvíslegum aðgerðum og farið er fram á að þjóðþing tryggi fjárveitingar til að uppræta ofbeldi gegn konum. Jafnframt er farið fram á að þing endurskoði löggjöf með það í huga að koma auga á venjur og hefðir sem vinna gegn jafnrétti.

Nokkrar tillögur um neyðarumræður lágu fyrir þinginu, en allar nema ein voru dregnar til baka þegar ljóst var að almennur vilji þingfulltrúa var að styðja tillögu Afríku-hópsins um ályktun um brýna þörf fyrir matvælaaðstoð til að berjast gegn hungursneyð af völdum þurrka og fátæktar í Afríku. Í ályktuninni er því beint til iðnríkja að hraða aðstoð við Afríku og auka hana umtalsvert. Lögð er áhersla á að aðstoðin nái þangað sem neyðin er stærst.

Þess má geta að formaður og ritari áttu í Nairóbí tvo fundi með fulltrúum Suður-Afríku þar sem efnistök skýrslunnar um orkuöryggi og baráttuna gegn hryðjuverkum voru rædd.

**6. Störf og ályktanir 115. þings IPU.**

115. þing IPU var haldið í Genf 15.–18. október 2006. Í forföllum þingmanna Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Jón Kristjánsson og Rannveig Guðmundsdóttir, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar.

Paul Wolfowitz, forseti Alþjóðabankans, hélt ræðu á þinginu og svaraði spurningum þingmanna. Hann sagði að efst á baugi í þróunarmálum væri að takast á við skuldir, fátækt og spillingu. Hann minnti á að 100 milljónir barna fengju enga skólagöngu og að í Afríku sunnan Sahara hefði fjöldi þeirra sem lifa undir fátæktarmörkum tvöfaldast á árunum 1981–2002 og væri nú helmingur allra íbúa. Þó taldi hann ástæðu til nokkurrar bjartsýni, því teikn væru á lofti um framfarir í Afríku og tækifærum þar væri að fjölga. Hann nefndi Rúanda og Mósambík sem dæmi um lönd þar sem efnahagslegar framfarir væru sýnilegar. Wolfowitz lagði áherslu á að mannauðurinn væri mikill í Afríku, en fólkið þyrfti tækifæri. Hann ræddi um nauðsynlegar umbætur á lagaumhverfinu í mörgum Afríkuríkjum til að laða að fjárfestingu, mikilvægi gegnsæis í stjórnkerfum landanna og upprætingu spillingar. Hann sagði að Alþjóðabankinn ynni náið með þjóðþingum margra samstarfsríkja á þessum sviðum og taldi t.d. mikilvægt að setja alls staðar lög gegn peningaþvætti til þess að gera einræðisherrum og öðrum skúrkum erfiðara fyrir að fela peninga erlendis. Hann ræddi jafnframt mikilvægi þess að fella niður skuldir fátækra ríkja, en lagði einnig áherslu á að fátt skaðaði fátækasta fólkið í þróunarríkjum meira en niðurgreiðslur í landbúnaði til ríkra bænda á Vesturlöndum. Í umræðum um stöðu kvenna tók Wolfowitz fram að Alþjóðabankinn vildi ekki þröngva vestrænum gildum upp á aðrar þjóðir, en það væri ljóst að ef konur væru ekki virkir þátttakendur í atvinnulífinu og samfélaginu almennt hefði það neikvæð áhrif á allt þjóðfélagið og möguleika þess til uppbyggingar.

Fastanefndirnar þrjár tóku fyrir fram ákveðin mál til umfjöllunar. Ályktanir nefndanna voru síðan afgreiddar á þingfundi. Jón Kristjánsson tók þátt í störfum 1. nefndar um frið og alþjóðleg öryggismál, en þar var rætt um samstarf Sameinuðu þjóðanna og þjóðþinga í baráttunni gegn hryðjuverkum og fyrir orkuöryggi. Ásta Möller hafði ásamt þingmanni frá Suður-Afríku skrifað skýrslu um þessi mál ásamt ályktunardrögum sem voru grundvöllur umræðunnar í nefndinni. Skýrslan hlaut mikið lof þingmanna í nefndinni. Hún þótti vönduð og til þess fallin að gera þingmönnum auðveldara að ná samstöðu um þessi umdeildu mál. Vissulega komu upp ágreiningsefni í meðförum nefndarinnar, en þau snerust aðallega um ágreining Ísraelsmanna og Palestínumanna, m.a. um skilgreiningu á hryðjuverkum. Fulltrúar Venesúela lýstu sig reyndar alfarið á móti ályktuninni. Í lokaályktun eru hryðjuverk í öllum myndum fordæmd og hryðjuverkamenn fordæmdir sem ótíndir glæpamenn. Þjóðþing eru hvött til að styðja undirbúning sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegum hryðjuverkum og að þrýsta á stjórnvöld til að ná samstöðu innan alþjóðasamfélagsins á skilgreiningu hryðjuverka. Bent er á að orkulindir og mannvirki á sviði orkumála séu í mörgum tilfellum freistandi skotmörk hryðjuverkamanna og jafnframt að orkuþörfin fari enn vaxandi í fyrirsjáanlegri framtíð. Farið er fram á frekari umfjöllun alþjóðasamfélagsins um orkumál í alþjóðlegu samhengi og tengsl orkuöryggis og hryðjuverkaógnarinnar og lögð er áhersla á aðkomu þjóðþinga að þeirri umræðu. Þjóðþing eru hvött til að setja lög sem hygla endurnýjanlegri og umhverfisvænni orku og jafnframt er hvatt til aðstoðar við þróunarríki á sviði endurnýjanlegrar orku og aðgangs að nútímalegri orkuþjónustu.

Rannveig Guðmundsdóttir tók þátt í störfum 2. nefndar um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál. Nefndin fjallaði um hlutverk þjóðþinga þegar kemur að því að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega hvað varðar skuldavandann og útrýmingu fá-

tæktar og spillingar. Í lokaályktun eru þjóðþing m.a. hvött til að sjá til þess að ríkisstjórnir standi við skuldbindingar sínar til að auka þróunaraðstoð í 0,7% í samræmi við þúsaldarmarkmiðin. Hvatt er til samstarfs þjóðþinga í baráttunni gegn spillingu og farið fram á að Doha-viðræðurnar fari í gang aftur. Þá eru þjóðþing hvött til að íhuga lækkun fjárveitingar til hermála og að fé verði frekar veitt til að uppfylla grundvallarþarfir borgaranna. Í ályktuninni eru margar tillögur settar fram um hvernig ná megi betri árangri í baráttunni gegn fátækt, bæði í þróunarlöndum og í ríkjum sem veita þróunaraðstoð.

3. nefnd um lýðræði og mannréttindi fjallaði um fólk sem hefur horfið sporlaust. Í lokaályktun er lögð áhersla á rétt fjölskyldunnar til að fá upplýsingar um horfna ættingja. Hvatt er til lagasetningar í öllum ríkjum og tiltekin margvísleg atriði sem slík lagasetning þurfi að ná yfir. Farið er fram á að IPU vinni handbók fyrir þingmenn um þessi mál.

Nokkrar tillögur um neyðarályktun eða utandagskrárefni voru lagðar fram fyrir upphaf þingsins, en aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum IPU. Nokkrir drógu tillögur sínar til baka, en greiða þurfti atkvæði á milli tveggja tillagna. Önnur fjallaði um uppbyggingu Líbanons og var lögð fram af Arabaríkjum en hin fjallaði um kjarnorkutillögur Norður-Kóreu og var lögð fram af japönsku sendinefndinni. Ákveðið var í Tólfplús-hópnum að styðja tillögu Japana. Aldrei þessu vant náði hópurinn árangri í atkvæðagreiðslu um neyðarályktun og var japanska tillagan samþykkt. Í ályktun sem þingið samþykkti er tilkynning norður-kóreskra stjórnvalda frá 9. október 2006 um að kjarnorkutilraun hefði verið framkvæmd í trássi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1695 fordæmd. Norður-Kórea er hvött til að endurskoða ákvörðun sína um að segja sig frá samningum gegn útbreiðslu kjarnavopna, að framkvæma ekki frekari kjarnorkutilraunir og hætta þegar í stað við áætlun sína um þróun kjarnavopna. Þá er hvatt til þess að sex ríkja viðræðum verði fram haldið eins fljótt og auðið er með það markmið að Kóreuskagi verði kjarnavopnalaus. Öll ríki heims eru hvött til að auka viðleitni sína til að koma í veg fyrir flutning tækja, efna og tækni sem hægt er að nota til útbreiðslu kjarnavopna. Sendinefnd Norður-Kóreu á IPU-þinginu fór fram á atkvæðagreiðslu um ályktunina, en hún var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða, þó að ýmsir hafi setið hjá og örfáir stutt Norður-Kóreu.

Þess má geta að 30,5% þingfulltrúa á 115. þingi IPU voru konur, sem er betri árangur en náðist á 114. þingi (28,4%). 11 sendinefndir, eða 9,7% sendinefnda með fleiri en einn fulltrúa, voru einungis skipaðar körlum, en sendinefnd Dana skipuðu konur eingöngu sem þótti heldur ekki til fyrirmyndar.

**7. Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU Council).**

*Ráðsfundir á 114. þingi.*

Ráð IPU kom tvívegis saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Paragvæ og Sómalía fengu endurinngöngu í IPU og Katar fékk inngöngu. Nefnd um mannréttindi þingmanna sem starfar innan IPU kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Ríkin sem í hlut áttu eru Bangladess, Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kambódía, Kólumbía, Ekvador, Erítrea, Hondúras, Indónesía, Líbanon, Malasía, Mongólía, Búrma, Pakistan, Palestína, Filippseyjar, Rúanda, Sri Lanka, Sýrland, Tyrkland og Simbabve.

Rætt var um samstarf IPU og Sameinuðu þjóðanna. Minnt var á að á 61. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 2006 ætti að leggja fram ályktun um málið. Taldi ráðið mikilvægt að í ályktuninni yrði staða þingmannafundar sem haldinn er árlega í tengslum við alls-

herjarþingið fest í sessi og að hann yrði í framtíðinni haldinn sameiginlega af IPU og Sameinuðu þjóðunum, að samráð á milli IPU og stofnana Sameinuðu þjóðanna yrði formlegt og samstarf náið. Þingmenn voru hvattir til að koma skýrum skilaboðum á framfæri við utanríkisráðuneyti sín og fastanefndir í New York.

*Ráðsfundir á 115. þingi.*

Ráð IPU kom þrisvar saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Gambía, Palau og Svartfjallaland fengu inngöngu í IPU. Djíbútí var vikið úr IPU vegna vangoldinna árgjalda. Þá var ákveðið að víkja Tælandi tímabundið úr IPU þar sem ekkert þing er þar starfandi eftir nýlegt valdarán. Þessi ákvörðun leiddi af sér að ekki yrði hægt að halda vorþing IPU 2007 í Bangkok, eins og til stóð. Indónesía bauðst til að halda næsta þing og var það samþykkt með þeim fyrirvara að viðunandi aðstaða fyndist með svo skömmum fyrirvara.

Drög að ályktun fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um samstarf Sameinuðu þjóðanna og IPU var samþykkt og voru landsdeildir hvattar til að vekja athygli fastanefnda í New York á henni og óska eftir stuðningi þeirra þegar drögin kæmu til afgreiðslu á allsherjarþinginu.

Ráðið samþykkti niðurstöður vinnuhóps forseta IPU um breytingar á starfsemi samtakanna sem gengu út á að gera starfið skilvirkara. Meðal niðurstaðna vinnuhópsins má nefna að haustfundurinn verði minni í sniðum, með áherslu á ráðsfund og umræður um mál sem efst er á baugi innan Sameinuðu þjóðanna á hverjum tíma. Rætt er um að lengja kjörtímabil forseta IPU í fjögur ár og fjölga fundum framkvæmdastjórnar IPU.

Kjósa þurfti um eitt sæti í nefnd um mannréttindi þingmanna á milli þingmanna frá Belgíu og Hvíta-Rússlandi, en sá fyrrnefndi vann kosninguna. Nefndin kynnti á ráðsfundinum skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Ríkin sem í hlut áttu eru Bangladess, Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kambódía, Kólumbía, Ekvador, Erítrea, Hondúras, Líbanon, Malasía, Mongólía, Búrma, Pakistan, Palestína/Ísrael, Filippseyjar, Rúanda, Sri Lanka, Tyrkland og Simbabve.

**8. Aðrir fundir.**

*Fundur IPU um jafnréttismál, haldinn 1. mars í New York.*

Í tengslum við 50. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var í New York stóð Alþjóðaþingmannasambandið fyrir þingmannafundi 1. mars, sem bar heitið „Jafnrétti kynjanna: framlag þjóðþinga“. Ásta Möller, formaður Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, og Jóhanna Sigurðardóttir sátu fundinn, ásamt Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar. Jafnframt sat forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, fundinn, en hún sótti jafnframt fund kvenþingforseta sem skipulagður var af IPU. Í umræðum um leiðir til að auka þátttöku kvenna í stjórnmálum ræddi Ásta Möller, formaður Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, hvernig kvennasamtök innan stjórnmálaflokka gætu hjálpað konum til áhrifa. Hún tók jafnframt þátt í umræðum um kynjakvóta og sagði skoðanir skiptar meðal stjórnmálaflokka á Íslandi um gildi þeirra. Í umræðum um samstarf karla og kvenna í jafnréttisbaráttunni sagði sendinefnd Alþingis frá fæðingarorlofslögum á Íslandi.

Um 160 þingmenn frá 60 ríkjum sóttu þingmannafundinn. Meðal fundarmanna voru þingkonur frá Írak, en þetta var fyrsta tækifæri nýja íraksa þingsins til að taka þátt í alþjóðlegum fundi af þessu tagi. Íslenskar þingkonur fengu tækifæri til að ræða við írakskar starfssystur sínar sem lögðu mikið áherslu á að ná tengslum við þingmenn annarra ríkja.

Formaður og ritari Íslandsdeildar notuðu tækifærið í New York til að eiga fundi í tengslum við skýrsluskrif um orkuöryggi og baráttuna gegn hryðjuverkum.

*6.–9. júní, heimsókn til Bretlandsdeildar IPU.*

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU) heimsótti breska þingið dagana 6.–9. júní í boði Bretlandsdeildar IPU. Í sendinefndinni voru Ásta Möller, formaður, Kristján Möller og Arnbjörg Sveinsdóttir, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar.

Tilgangur heimsóknarinnar var að styrkja samskipti þinganna, eiga viðræður við breska þingmenn um margvísleg mál og kynna sér starfsemi breska þingsins. Íslenska sendinefndin fékk tækifæri til að fylgjast með fyrirspurnatíma forsætisráðherra í neðri deild breska þingsins og fylgdist með umræðum í lávarðadeildinni. Sendinefndin átti viðræður við fjölda breskra þingmanna sem sýndu Íslandi mikinn áhuga. Sérstaklega höfðu breskir þingmenn áhuga á stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, útrás íslenskra fyrirtækja og fjárfestingar í Bretlandi, afstöðu Íslands til ESB, sjávarútvegsmálum og umhverfismálum. Auk þess kynntu íslensku þingmennirnir framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, stöðu varnarmála á Íslandi og þátttöku Íslands í friðargæslustarfi. Þau ræddu jafnframt sameiginlega hagsmuni við að koma í veg fyrir sjóræningjaveiðar á Reykjaneshrygg. Enn fremur var stjórnmálaástandið í báðum löndunum til umræðu, sem og starfshættir þinganna og starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins. Á fundum hitti sendinefndin meðal annarra Austin Mitchell sem spilaði stórt hlutverk í farsælum endi þorskastríðsins á sínum tíma, Jim Dowd sem hefur staðið fyrir áhugaverðum rannsóknum á samkeppnisstöðu á breskum matvælamarkaði og Sylviu Heal, varaforseta breska þingsins, auk fjölda annarra þingmanna úr báðum deildum breska þingsins.

**9. Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins árið 2006.**

*9.1. Ályktanir 114. þings IPU vörðuðu eftirfarandi efni:*

1. Hlutverk þjóðþinga til að auka eftirlit með sölu léttra vopna og skotfæra.
2. Hlutverk þjóðþinga við stjórnun umhverfismála og í baráttunni gegn hnattrænum umhverfisspjöllum.
3. Leiðir þjóðþinga til að berjast gegn ofbeldi gegn konum.
4. Þörfin fyrir brýna matvælaaðstoð til að berjast gegn hungursneyð og fátækt af völdum þurrka í Afríku.

*9.2. Ályktanir 115. þings IPU vörðuðu eftirfarandi efni:*

1. Samstarf Sameinuðu þjóðanna og þjóðþinga í baráttunni gegn hryðjuverkum og fyrir auknu orkuöryggi.
2. Umsjón þjóðþinga með framkvæmd þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega á sviði skuldavandans og útrýmingar fátæktar og spillingar.
3. Fólk sem hefur horfið sporlaust.
4. Kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu.

Alþingi, 7. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Ásta Möller, form. | Hjálmar Árnason, varaform. | Kristján L. Möller. |

# 920. Skýrsla [620. mál]

forsætisráðherra um meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis á 128.–131. löggjafarþingi.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Forsætisráðherra hefur á liðnum árum lagt fyrir Alþingi skýrslur um framkvæmd og meðferð á ályktunum Alþingis. Hin fyrsta þessara skýrslna var lögð fram á 112. löggjafarþingi, þá að beiðni nokkurra þingmanna, en síðari skýrslur voru teknar saman að frumkvæði forsætisráðuneytis.

Skýrsla sú, sem nú er lögð fram, nær til ályktana Alþingis á 128.–131. löggjafarþingi. Forsætisráðuneytið leitaði eftir því við önnur ráðuneyti með bréfi dags. 8. ágúst 2006 að þau tækju saman stuttar greinargerðir um meðferð og framkvæmd þeirra þingsályktana sem þeim hefði verið falin meðferð á og fara svör ráðuneytanna hér á eftir.

Skýrsla þessi er lögð fram með vísun til 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

**Forsætisráðuneyti.**

## ÞINGSÁLYKTANIR FORSÆTISRÁÐUNEYTISINS Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 16/131 um kynningu á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands frá 10. maí 2005 – þskj. 1418.

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta stefnu til þess að kynna íslenska list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands.*

Forsætisráðuneytið fól utanríkisráðuneytinu framkvæmd málsins – sjá greinargerð utanríkisráðuneytis.

### Þál. 20/131 um bætt heilbrigði Íslendinga frá 11. maí 2005 – þskj. 1485.

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um samræmdar aðgerðir til að efla lýðheilsu á Íslandi með hollara mataræði og aukinni hreyfingu.*

*Faghópur á vegum forsætisráðuneytis verði settur á laggirnar til að greina vanda sem tengist óhollu mataræði, offitu, átröskun og hreyfingarleysi, bæði orsakir vandans og afleiðingar. Að lokinni greiningu á orsökum og afleiðingum geri hópurinn tillögur að samræmdum aðgerðum og framkvæmdaáætlun sem lagðar verði fyrir ríkisstjórnina í apríl 2006.*

*Við mat á afleiðingum verði m.a. horft til áhrifa á einstaklinginn, heilbrigði hans og félagslega stöðu, á atvinnulífið og á heilbrigðis- og tryggingakerfið og heildarkostnaður samfélagsins af afleiðingum vandans metinn.*

*Við greiningu á orsökum verði horft vítt, svo sem á áhrif mataræðis og lífsstíls nútímafjölskyldna, áherslur á hreyfingu í starfi og aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Enn fremur verði hugað að verðlagsmálum, aðstöðu almennings til íþrótta, útivistar og hreyfingar, skipulagi byggðar og samgangna og hlutverki starfsmanna skóla og heilbrigðisþjónustu við greiningu á vanda einstaklinga í forvarnaráðgjöf til foreldra og eftirfylgni aðgerða.*

*Við skipun faghópsins verði haft í huga hve víðtækt verkefnið er og leitast við að tryggja*

*þátttöku sem flestra viðkomandi ráðuneyta svo og fulltrúa Lýðheilsustöðvar sem hefur veigamiklu lögbundnu hlutverki að gegna á þessu sviði.*

*Í starfi faghópsins verði haft til hliðsjónar markmið 11 í gildandi heilbrigðisáætlun, næringarráðleggingar manneldisráðs og samþykkt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar: „Global strategy on diet, physical activity and health".*

Forsætisráðherra skipaði nefnd 31. október 2005 til að greina vanda sem tengist óhollu mataræði, offitu, átröskun og hreyfingarleysi, bæði orsakir vandans og afleiðingar. Nefndin hefur nú skilað tillögum sínum til forsætisráðherra.

Í nefndinni sátu Þorgrímur Þráinsson blaðamaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Anna Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar, Árni Einarsson, uppeldis- og menntunarfræðingur, Halla Karen Kristjánsdóttir íþróttakennari, dr. Jón Óttar Ragnarsson næringarfræðingur, Petrína Baldursdóttir leikskólastjóri, Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, Sæunn Stefánsdóttir, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, og Valur N. Gunnlaugsson matvælafræðingur.

Forsætisráðuneytið hefur nú tillögur nefndarinnar til skoðunar.

## ÞINGSÁLYKTANIR FORSÆTISRÁÐUNEYTIS Á 130. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 10/130 um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri frá 16. mars 2004 – þskj. 1135.

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Áætlunin feli í sér sérstaka athugun á eftirfarandi þáttum og eftir atvikum tillögur til úrbóta:*

- *kostnaði við að stofna til atvinnurekstrar og aðgangi að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi,*
- *aðgangi smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu,*
- *kostnaði og aðgangi smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga,*
- *aðstöðu smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu,*
- *kostnaði og eftir atvikum öðrum hindrunum sem torvelda kynslóðaskipti í smáatvinnurekstri,*
- *kostnaði uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar,*
- *skattalögum og öðrum þáttum sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja,*
- *stöðu smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaði við samskipti við stjórnsýslu og stofnanir,*
- *stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja í atvinnurekstri,*
- *stöðu frumkvöðla,*
- *stöðu uppfinningamanna.*

*Áætlunin skal lögð fyrir Alþingi til staðfestingar haustið 2005 og þinginu síðan gerð grein fyrir framvindu mála með skýrslu á tveggja ára fresti.*

Forsætisráðuneytið fól iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti framkvæmd – sjá greinargerð iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

**Þál. 14/130 um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum frá 31. mars 2004 – þskj. 1294.**

*Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2003, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að vinna að aukinni samvinnu í heilbrigðismálum á Vestur-Norðurlöndum og leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína. Lagt er til að heilbrigðisyfirvöld gefi árlega út skýrslu um samstarfið og þau verkefni sem sameiginlega verður ráðist í.*

Forsætisráðuneytið fól heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu framkvæmd málsins – sjá greinargerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

**Þál. 18/130 um samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna frá 27. apríl 2004 – þskj. 1507.**

*Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2003, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla enn frekar samstarf landanna um veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum og stuðla að samningum sem tryggi áfram sjálfbæra nýtingu þeirra.*

Forsætisráðuneytið fól sjávarútvegsráðuneytinu framkvæmd málsins – sjá greinargerð sjávarútvegsráðuneytis.

**Þál. 25/130 um stofnun sædýrasafns frá 27. maí 2004 – þskj. 1824.**

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og hagkvæmni þess, með tilliti til ferðaþjónustu og almannafræðslu um lífríki hafsins, að byggt verði upp veglegt sædýrasafn sem yrði í senn lifandi fiskasafn og fróðleiksnáma um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna og umgengni um hafið.*

*Ríkisstjórnin skili skýrslu til Alþingis um kosti og galla slíks safns ásamt kostnaðarútreikningi og tillögu að mögulegri fjármögnun, rekstrarformi, eignarhaldi og staðsetningu fyrir 1. mars 2005.*

Forsætisráðuneytið fól menntamálaráðuneytinu framkvæmd málsins – sjá greinargerð menntamálaráðuneytis.

**Þál. 26/130 um skipulag sjóbjörgunarmála frá 27. maí 2004 – þskj. 1825.**

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys verða við erfiðar aðstæður.*

Forsætisráðuneytið fól dóms- og kirkjumálaráðuneytinu framkvæmd málsins – sjá greinargerð dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

## ÞINGSÁLYKTANIR FORSÆTISRÁÐUNEYTIS Á 128. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 2/128 um matvælaverð á Íslandi frá 11. desember 2002 – þskj. 664.

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna matvælaverð á Íslandi í samanburði við helstu nágrannalönd. Jafnframt verði reynt að gera grein fyrir hugsanlegum ástæðum mismunandi matvælaverðs, svo sem ólíkum verslunar- og framleiðsluháttum.*

*Niðurstöðum þessarar athugunar skal skila til Alþingis innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.*

Forsætisráðuneytið fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að vinna skýrslu um samanburð á matvælaverði á Íslandi, Norðurlöndunum og ríkjum Evrópusambandsins. Skýrsluna má finna á vef ráðuneytisins (http://www.forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/1533).

### Þál. 14/128 um neysluvatn frá 10. mars 2003 – þskj. 1168.

*Alþingi samþykkir að beina því til ríkisstjórnarinnar að*

*a. neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum,*

*b. málefni þess verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni og*

*c. stuðlað verði að útflutningi á fersku neysluvatni í samstarfi við vatnsútflutningsfyrirtæki og sveitarfélög.*

*Gert er ráð fyrir að eftirlit með gæðum vatns verði áfram á vegum Hollustuverndar ríkisins (Umhverfisstofnunar frá 1. janúar 2003) og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.*

Forsætisráðuneytið fól umhverfisráðuneytinu framkvæmd málsins – sjá greinargerð umhverfisráðuneytis.

### Þál. 17/128 um réttarstöðu samkynhneigðs fólks frá 11. mars 2003 – þskj. 1250.

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að gera úttekt á réttarstöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Skal nefndin jafnframt gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu.*

*Í nefndinni eigi sæti fulltrúi forsætisráðuneytis, sem jafnframt verði formaður nefndarinnar, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðra. Sérstakur starfsmaður verði nefndinni til aðstoðar.*

*Nefndin skili Alþingi skýrslu og tillögum eigi síðar en 15. janúar 2004.*

Forsætisráðherra skipaði nefnd um réttarstöðu samkynhneigðs fólks 8. september 2003. Í nefndinni sátu Anni G. Haugen félagsráðgjafi, tilnefnd af félagsmálaráðuneyti, Hjalti Zóphóníasson skrifstofustjóri, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Hólmfríður Grímsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri, tilnefnd af menntamálaráðuneytinu, Þorvaldur Kristinsson, til-

nefndur af Samtökunum '78, og Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem var skipuð formaður nefndarinnar. Dís Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, var starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin fór yfir íslensk lög og reglur um svið þar sem samkynhneigðir njóta ekki sömu réttarstöðu og gagnkynhneigðir og kannaði framkvæmd laga sem miða að því að vinna gegn mismunun gegn samkynhneigðum. Hún fékk einnig á sinn fund ýmsa sérfræðinga til viðræðna og ráðgjafar um einstaka þætti viðfangsefnisins. Á vegum nefndarinnar fór fram víðtæk upplýsingaöflun varðandi þróun í réttindamálum samkynhneigðra á Norðurlöndum og nokkrum Evrópulöndum. Var þar einkum litið til nýlegra lagabreytinga, svo og margvíslegra skýrslna og rannsókna síðustu ára frá sérfræðinganefndum um málefni samkynhneigðra í nokkrum nágrannalöndum, m.a. í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Einnig var litið til þróunar varðandi réttarstöðu samkynhneigðra í ýmsu alþjóðlegu samstarfi sem Ísland á aðild að, m.a. í alþjóðlegri mannréttindasamvinnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Evrópusambandsins.

Í skýrslu nefndarinnar um réttarstöðu samkynhneigðra birtist úttekt hennar og gerðar eru tillögur um úrbætur. Eru þær í megindráttum eftirfarandi:

- Lögum um lögheimili, nr. 21/1990, verði breytt þannig að samkynhneigð pör geti fengið óvígða sambúð skráða hjá Hagstofu Íslands með sömu réttaráhrifum og gagnkynhneigð pör. Í dag geta samkynhneigðir gengið í staðfesta samvist, sem er ígildi hjúskapar með nokkrum undantekningum, en geta ekki fengið sambúð sína skráða hjá Hagstofu Íslands.
- Lagaákvæðum í sérlögum sem veita sambúð karls og konu sérstök réttaráhrif, t.d. á vettvangi vinnumarkaðsréttar, skattamála, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, verði breytt þannig að þau nái einnig til samkynhneigðra para í sambúð.
- Fellt verði niður búsetuskilyrði 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, þess efnis að a.m.k. annar einstaklinganna þurfi að vera íslenskur ríkisborgari sem eigi fasta búsetu hér á landi.
- Nefndin hvetur þjóðkirkjuna til þess að breyta afstöðu sinni gagnvart hjónaböndum samkynhneigðra þannig að samkynhneigðir geti fengið kirkjulega vígslu eins og gagnkynhneigð pör.
- Samkynhneigðum pörum í staðfestri samvist verði heimilað að frumættleiða íslensk börn og 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist breytt í því skyni. Í dag er samkynhneigðum einstaklingi í staðfestri samvist aðeins heimilt að stjúpættleiða barn maka síns.
- Þrír nefndarmenn telja ekki rétt að svo stöddu að heimila ættleiðingar samkynhneigða para á erlendum börnum eða tæknifrjóvganir samkvæmt tæknifrjóvgunarlögum til tveggja kvenna í staðfestri samvist. Þrír nefndarmenn eru á öndverðri skoðun og leggja til að allar takmarkanir verði felldar niður varðandi ættleiðingar samkynhneigðra para og tæknifrjóvganir.
- Sett verði í lög sérstök verndarákvæði til að sporna við mismunun samkynhneigðra á vinnumarkaði. Nefndin telur mikilvægt í undirbúningi löggjafar sem nú stendur yfir um réttindi launþega á vinnumarkaði að vernd samkynhneigðra gegn mismunun varðandi ráðningu, starfsumhverfi eða uppsögn verði sérstaklega tilgreind.
- Fræðsla um samkynhneigð og málefni samkynhneigðra á ýmsum sviðum þjóðfélagsins verði efld til þess að vinna gegn fordómum, og fjallað verði um samkynhneigð í viðeigandi köflum aðalnámskráa grunnskóla og framhaldsskóla.

- Samkynhneigð fái sérstaka umfjöllun í grunnmenntun ýmissa stétta, svo sem kennara, hjúkrunarfræðinga, lækna, lögfræðinga, guðfræðinga, sálfræðinga, félagsráðgjafa og námsráðgjafa, lögreglumanna og fangavarða.
- Þá leggur nefndin til að verkefni sem miða að rannsóknum, fræðslu og ráðgjöf um málefni samkynhneigðra njóti aukinna opinberra styrkja, einkum vísindarannsóknir á lífi og líðan lesbía og homma á Íslandi til þess að komast að því hvar skórinn kreppir þannig að gera megi viðeigandi ráðstafanir á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála gagnvart þessum þjóðfélagshópi.

Þessum tillögum var fylgt eftir með lögum nr. 65/2006, um réttarstöðu samkynhneigðra. Í lögunum felst m.a. að samkynhneigðum pörum er heimilt að fá sambúð skráða í þjóðskrá og að ættleiða börn. Einnig er konu í óvígðri sambúð eða staðfestri samvist með annarri konu heimilt að gangast undir tæknifrjóvgun.

**Þál. 32/128 um áfallahjálp í sveitarfélögum frá 14. mars 2003 – þskj. 1422.**

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samstarfi við sveitarfélög að koma á skipulagðri áfallahjálp innan sveitarfélaga til að bregðast við þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum.*

Forsætisráðuneytið fól heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu framkvæmd málsins – sjá greinargerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

**Þál. 33/128 um uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs frá 15. mars 2003 – þskj. 1431.**

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Skipuð verði nefnd þar sem fulltrúar samtaka launafólks eigi aðild auk fulltrúa stjórnmálaflokka á þingi og skili nefndin áliti innan eins árs.*

Forsætisráðuneytið fól félagsmálaráðuneytinu framkvæmd málsins – sjá greinargerð félagsmálaráðuneytis.

**Þál. 34/128 um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla frá 15. mars 2003 – þskj. 1432.**

*Alþingi ályktar að skipaður verði starfshópur með fulltrúum ráðuneytis félagsmála, menntamála, umhverfismála, heilbrigðis- og tryggingamála, dómsmála, samgöngumála og fjármála og fulltrúum frá hagsmunasamtökum fatlaðra til að semja framkvæmdaáætlun sem hefur að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra. Jafnframt geri starfshópurinn kostnaðaráætlun um verkefnið. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins verði formaður starfshópsins.*

*Starfshópurinn leggi fram tillögur sínar fyrir 1. október 2003.*

Forsætisráðuneytið fól félagsmálaráðuneytinu framkvæmd málsins – sjá greinargerð félagsmálaráðuneytis.

**Þál. 35/128 um verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi frá 15. mars 2003 – þskj. 1433.**

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996 og leita eftir víðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi.*

Forsætisráðuneytið fól iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu framkvæmd málsins – sjá greinargerð iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

**Þál. 37/128 um rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar frá 15. mars 2003 – þskj. 1435.**

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd sem kanni þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið síðastliðin tíu ár. Nefndin skoði ítarlega hvernig fasteignir fólks á landsbyggðinni hafi rýrnað í verði og þá hversu mikið, leiti úrræða og komi með tillögur til úrbóta.*

*Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 2003.*

Forsætisráðuneytið fól iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu framkvæmd málsins – sjá greinargerð iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.**

ÞINGSÁLYKTANIR DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIS Á 130. LÖGGJAFARÞINGI

**Þál. 26/130 um skipulag sjóbjörgunarmála frá 27. maí 2004 – þskj. 1825.**

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys verða við erfiðar aðstæður.*

Landhelgisgæsla Íslands fer með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á hafinu umhverfis Ísland í samræmi við lög. 52/2006. Í því sambandi starfrækir Landhelgisgæslan sjóbjörgunarstjórnstöð (Maritime Rescue Co-ordination Centre, MRCC) í samræmi við alþjóðasamninga og reglur um yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands, nr. 207/1990, með síðari breytingum. Stjórnstöð þessi er sambyggð björgunarstjórnstöð og fjarskiptastöð fyrir gæslueiningar.

Þann 13. maí 2003 varð Landhelgisgæsla Íslands aðili að samstarfssamningi milli Flugmálastjórnar Íslands, ríkislögreglustjórans, Siglingastofnunar Íslands, Neyðarlínunnar hf. og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um starfrækslu sameiginlegrar leitar- og björgunarmiðstöðvar að Skógarhlíð 14, Reykjavík. Skyldu samningsaðilar m.a. stefna að auknu samstarfi sín á milli við upplýsingagjöf, svo sem með samræmdum boðunar- og gátlistum vegna aðgerða, viðbragðsáætlanagerðar o.fl.

Siglingastofnun Íslands var með lögum 41/2003 falið að starfrækja og fara með yfirstjórn mála er varða Vaktstöð siglinga. Vaktstöð siglinga hefur að markmiði að tryggja öruggar siglingar í íslenskri efnahagslögsögu og öryggi skipa, farþega og áhafna og efla varnir gegn mengun sjávar frá skipum. Sérstakur þjónustusamningur var gerður við þrjá aðila um rekstur vaktstöðvarinnar, Landhelgisgæslu Íslands sem fer með faglega stjórn hennar, Neyðarlínuna hf. og Slysavarnafélagið Landsbjörgu. Tilkynningarskyldan og fjarskiptastöð skipa í Gufunesi, Reykjavík radíó, fluttu í húsnæði Neyðarlínunnar í Skógarhlíð í ágúst 2004, en stjórnstöð Landhelgisgæslunnar í maí 2005. Þar með sameinuðust lykilaðilar vegna leitar og björgunar á hafsvæðinu umhverfis Ísland undir heitinu Vaktstöð siglinga.

Stöðin er vel búin fullkomnum tölvu- og fjarskiptabúnaði og getur starfað sjálfstætt, óháð hinu almenna fjarskiptakerfi í landinu. Er það gert til að tryggja fjarskiptasamband milli stjórnstöðvar og gæslueiningar þótt hið almenna fjarskiptakerfi bregðist, bæði hvað varðar fjarskipti innan lands og milli landa. Þannig getur stjórnstöð undir öllum kringumstæðum haldið uppi fjarskiptasambandi við varðskip eða erlendar björgunarstöðvar um eigin gervihnattastöðvar og stuttbylgjufjarskiptabúnað. Eru tölvukerfi stöðvarinnar einnig notuð til fjareftirlits og til útreikninga á leitarsvæðum.

Allar beiðnir um hjálp eða aðstoð berast fyrst stjórnstöð Landhelgisgæslunnar/Vaktstöð siglinga og þar eru fyrst settar í gang aðgerðir ef hættuástand á sjó er yfirvofandi. Öllum aðgerðum Landhelgisgæslunnar á sjó og í lofti er stjórnað frá stjórnstöðinni, en vakt er staðin allan sólarhringinn og beint samband er við Veðurstofu Íslands, Flugstjórnarmiðstöðina, Slysavarnafélag Íslands, lögregluembættið í Reykjavík, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og varnarliðið á Keflavíkurflugvelli.

## ÞINGSÁLYKTANIR DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIS Á 128. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 21/128 um reynslulausn frá 13. mars 2003 – þskj. 1330.

*Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að kanna og gera úttekt á veitingu reynslulausnar skv. 40.- 42.gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Kannað verði m.a. hversu algengt er að beita því úrræði, hvernig háttað er eftirliti með því að skilyrði reynslulausnar séu haldin og hversu mörg brot eru framin af einstaklingum á reynslulausn. Jafnframt verði sérstaklega kannað hvort ástæða sé til þess að breyta framkvæmd reynslulausnar á þann veg að það verði hlutverk dómara að ákveða hvort fangi skuli látinn laus til reynslu í stað Fangelsismálastofnunar ríkisins, sbr. 1.mgr. 40.gr. almennra hegningarlaga.*

Nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 6. október 2003, til að kanna og gera úttekt á veitingu reynslulausnar í samræmi við framangreinda þingsályktun, skilaði lokaskýrslu til ráðherra 26. febrúar 2004. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 19. mars 2004, var Alþingi send lokaskýrsla nefndarinnar.

Í nefndina voru skipuð: Sigríður J. Friðjónsdóttir, saksóknari við embætti ríkissaksóknara, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Jónas Jóhannsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness, Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Þorsteinn A. Jónsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins. Jóni Þór Ólasyni, lögfræðingi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, var síðar falið að vera ritari nefndarinnar.

Í skýrslunni er þess m.a. getið að af þeim sem afplána fangelsisrefsingu fá um 60% reynslulausn en um 40% afplána refsingu sína að fullu. Á tímabilinu 1996–2000 var um 62% fanga veitt reynslulausn hér á landi af þeim sem um hana sóttu. Eftirlit og stuðningur sem á sér stað í kjölfar veitingar reynslulausnar getur verið þannig að dómþoli kemur reglulega í viðtöl til sérfræðinga Fangelsismálastofnunar, hittir sálfræðinga stofnunarinnar, eða hefur símasamband mánaðarlega. Þá er samstarf við aðrar stofnanir, svo sem við lögreglu og meðferðarstofnanir, ásamt reglubundinni könnun á því hvort dómþoli hefur verið sakaður um refsiverðan verknað. Í skýrslunni er greint frá tölulegum upplýsingum umsókna um reynslulausn á árunum 1996–2003, veitingu reynslulausna sem og rofi á skilyrðum hennar, sundurgreint eftir því hvort um er að ræða reynslulausnir að loknum helmingi refsivistar eða tveimur þriðju hlutum. Er komist að þeirri niðurstöðu að hlutfall þeirra sem fremja afbrot meðan á reynslulausnartíma stendur sé nokkuð stöðugt frá ári til árs, eða um 18%.

Í ljósi könnunar á veittum reynslulausnum og tíðni reynslulausnarrofa á Íslandi árin 1996 til 2003, samanburðar á norrænni löggjöf og íslenskri, sem og samanburðar á framkvæmd hér á landi og á hinum Norðurlöndunum við veitingu reynslulausna, er það niðurstaða nefndarinnar að ekkert hafi komið fram sem kalli á breytingu á þann veg að það verði hlutverk dómara að ákveða hvort fangi skuli látinn laus gegn reynslu í stað Fangelsismálastofnunar. Sú niðurstaða er rökstudd með vísan til þess að starfsmenn Fangelsismálastofnunar þekki til fanga og ferlis þeirra og hegðunar í fangelsi, stofnunin annist afplánun refsinga og sé reynslulausn eðlilegt framhald afplánunar. Því sé stofnunin best til þess fallin að meta hvað henti föngum. Þá er bent á að ákvörðun um reynslulausn sé stjórnvaldsákvörðun sem fari eftir stjórnsýslulögum, fangar hafi málskotsrétt til dómsmálaráðuneytisins sem tryggi réttaröryggi þeirra ekki síður en ef dómstólar tækju ákvörðunina. Bent er á að meðferð reynslulausnarbeiðna sé almennt hraðvirk og hafi ekki í för með sér mikinn kostnað. Einnig er vakin athygli á að samfélagsþjónusta sé fyrirkomulag við fullnustu refsidóms er heyri undir Fangelsismálastofnun, reynslulausn sé það jafnframt og því eðlilegt að reynslulausn heyri undir Fangelsismálastofnun. Áratuga hefð hafi skapast fyrir því að fullnustuaðilar geti veitt dómþolum eftirgjöf á hluta fangelsisrefsingar að ákveðnum ströngum skilyrðum uppfylltum. Að lokum er það mat nefndarinnar að núverandi fyrirkomulag sé í fullu samræmi við 2. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, um þrískiptingu ríkisvaldsins.

**Félagsmálaráðuneyti.**

## ÞINGSÁLYKTANIR FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIS Á 130. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 29/130 um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára frá 28. maí 2004 – þskj. 1870.

*Alþingi ályktar skv. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, að samþykkja eftirfarandi áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, fyrir tímabilið frá maímánuði 2004 til maímánaðar 2008.*

#### *I. Verkefni ríkisstjórnarinnar.*

*Stefnumarkandi áherslusvið í jafnréttismálum fyrir næstu árin verði eftirfarandi:*

*1. Fræðsla um jafnréttismál.*

2. *Jafnrétti á vinnumarkaði.*
3. *Jafnréttisáætlanir ráðuneyta.*
4. *Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneyta.*
5. *Eftirfylgni með framkvæmdaáætlun.*

## *II. Verkefni ráðuneytanna.*

*A. Verkefni allra ráðuneytanna.*
1. *Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnum.*
2. *Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.*
3. *Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneytanna.*
4. *Jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir ráðuneytanna.*
5. *Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum undirstofnunum ráðuneyta.*
6. *Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.*
7. *Staða kvenna í ráðuneytunum og undirstofnunum þeirra.*

*Auk þessara verkefna taki einstök ráðuneyti þátt í, eða beri ábyrgð á, eftirtöldum verkefnum:*

*B. Forsætisráðuneyti.*
8. *Útgáfa jafnréttisgátlista til notkunar við stefnumótunarvinnu.*

*C. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.*
9. *Mansal.*
10. *Vernd vitna og þolenda afbrota.*
11. *Aðbúnaður kvenna innan lögreglunnar.*

*D. Félagsmálaráðuneyti.*
12. *Yfirstjórn samþættingar jafnréttissjónarmiða.*
13. *Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.*
14. *Nefndir og ráð í sveitarfélögum.*
15. *Áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof á jafnrétti kynjanna.*
16. *Fæðingarorlof og atvinnulíf.*
17. *Jafnrétti í vinnumiðlun.*
18. *Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti.*
19. *Karlar til ábyrgðar.*
20. *Starfs- og endurmenntun.*
21. *Kynbundinn launamunur.*
22. *Launamyndun og kynbundinn launamunur.*

*Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:*
9. *Mansal.*
10. *Vernd vitna og þolenda afbrota.*
37. *Konur í atvinnurekstri.*
50. *Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.*

*E. Fjármálaráðuneyti.*
23. *Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla.*
24. *Úttekt á almannatryggingakerfinu.*

*Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:*
13. *Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.*

*21. Kynbundinn launamunur.*
*F. Hagstofa Íslands.*
*25. Konur og karlar í atvinnurekstri.*
*G. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.*
*26. Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna.*
*27. Áhrif klámvæðingar á ungt fólk.*
*28. Heilsufarskönnun.*
*29. Notkun kvenna og karla á heilsugæslunni.*
*30. Mat á árangri og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.*
*31. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.*
*32. Áhættuhegðun karla.*
*33. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.*
*34. Jafnrétti og lýðheilsa.*
*Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:*
*19. Karlar til ábyrgðar.*
*H. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.*
*35. Konur og stjórnun fyrirtækja.*
*36. Stuðningur við konur í atvinnurekstri.*
*37. Konur í atvinnurekstri.*
*Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:*
*13. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.*
*I. Landbúnaðarráðuneyti.*
*38. Lifandi landbúnaður – Gullið heima.*
*J. Menntamálaráðuneyti.*
*39. Konur í vísindum.*
*40. Jafnrétti og listir.*
*41. Fræðsla um jafnréttismál í kennaranámi.*
*42. Jafnréttiskennsla í skólum.*
*43. Styrkir til jafnréttisfræðslu úr þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla.*
*44. Jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar.*
*45. Konur og fjölmiðlar.*
*K. Samgönguráðuneyti.*
*46. Störf kvenna á skipum.*
*L. Sjávarútvegsráðuneyti.*
*47. Úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.*
*48. Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.*
*M. Umhverfisráðuneyti.*
*49. Konur og Staðardagskrá 21.*
*N. Utanríkisráðuneyti.*
*50. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.*
*51. Jafnréttisstarf fulltrúa á vegum UNIFEM í löndum þar sem alþjóðlegt uppbyggingarstarf á sér stað.*
*Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:*
*9. Mansal.*

Félagsmálaráðuneytið hefur unnið að verkefnum sem falla undir ábyrgðasvið þess í þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára. Hér á eftir er í stuttu máli gerð grein fyrir stöðu einstakra verkefna í áætluninni í desember 2006. Jafnframt er unnið að endurskoðun áætlunarinnar í félagsmálaráðuneytinu ásamt skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála sem lögð mun verða fram á Alþingi vorið 2007.

**Félagsmálaráðuneytið sem ábyrgðaraðili:**

***Yfirstjórn samþættingar jafnréttissjónarmiða.***

Fræðslufundur um samþættingu jafnréttissjónarmiða var haldinn í félagsmálaráðuneytinu vorið 2005. Voru meðal annars ráðuneytisstjórar og aðrir úr yfirstjórnum ráðuneyta boðaðir. Sett hefur verið af stað tilraunaverkefni á sviði samþættingar innan stjórnsýslunnar sem síðan mætti ef til vill nýta sem fyrirmynd að stærra verkefni þar sem fleiri ráðuneyti og stofnanir gætu komið að. Markmið tilraunaverkefnisins er að kanna hvort þjónusta tiltekinna stofnana er starfa á málefnasviði ráðuneytisins nýtist körlum og konum jafnvel þannig að ekki sé um kynbundna þjónustu að ræða. Verkefnið stendur enn yfir en þess er að vænta að því ljúki fyrri hluta ársins 2007.

***Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.***

Samstarfshópur þriggja ráðuneyta var settur á fót. Verkefnið tengist mjög samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og hefur verið skoðað í því samhengi.

***Nefndir og ráð í sveitarfélögum.***

Félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa óskuðu eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um hlutfall kynjanna í sveitarstjórnum, nefndum, ráðum og öðrum stjórnum á þeirra vegum vorið 2006. Niðurstaðan úr þeirri könnun var að við lok kjörtímabilsins 2002–2006 voru 62% þeirra er sitja í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélaganna karlar og 38% konur. Vorið 2006 var nýkjörnum sveitarstjórnarmönnum sendur bæklingur þar sem vakin var athygli á jafnréttismálum, þar á meðal að lykilatriði væri að tilnefna bæði karla og konur til setu í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins. Þá var haldinn kynningarfundur og námskeið með fulltrúum í jafnréttisnefndum sveitarfélaganna í september 2006.

***Áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof á jafnrétti kynjanna og fæðingarorlof og atvinnulíf.***

Ákveðið var að vinna þessi tvö verkefni saman. Undirbúningur að rannsókn hófst árið 2005. Um er að ræða margþætta rannsókn sem nokkrir aðilar koma að. Niðurstaðna er að vænta árið 2007.

***Jafnrétti í vinnumiðlun.***

Verkefnið er hluti af tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins á sviði samþættingar jafnréttissjónarmiða.

***Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti.***

Verkefnið er ekki hafið þar sem ástæða þótti til að bíða eftir skýrslu úr verkefninu mælistikur á launajafnrétti og niðurstöðum úr verkefninu launamyndun og kynbundinn launa-

munur. Hafist verður handa við gerð framkvæmdaáætlunar fyrri hluta ársins 2007 í samráði við Jafnréttisráð og heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga.

***Karlar til ábyrgðar.***

Félagsmálaráherra setti verkefnið karlar til ábyrgðar aftur á laggirnar á fyrri hluta árs 2006. Markmið verkefnisins er að veita körlum sem beitt hafa heimilisofbeldi meðferð og aðstoð séu þeir reiðubúnir að leita sér hjálpar vegna ofbeldis.

***Starfs- og endurmenntun.***

Verkefnið er ekki hafið og þarfnast nánari skoðunar. Búist er við að menntamálaráðuneytið taki við verkefninu.

***Kynbundinn launamunur.***

Verkefnið er ekki formlega hafið þar sem ástæða þótti til að bíða eftir skýrslu úr verkefninu mælistikur á launajafnrétti og niðurstöðum úr verkefninu launamyndun og kynbundinn launamunur.

***Launamyndun og kynbundinn launamunur.***

Félagsmálaráðuneytið lét vinna fyrir sig rannsókn sem fól í sér að könnun sem gerð var árið 1995 um þætti sem hafa áhrif á laun og starfsframa kvenna og karla var endurtekin. Var markmiðið að kanna hvort sömu þættir hefðu áhrif á laun og starfsframa hjá konum og körlum. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar haustið 2006.

**Félagsmálaráðuneytið sem samstarfsaðili:**

***Mansal.***

Félagsmálaráðuneytið hefur verið til ráðgjafar þegar þess hefur verið talin þörf. Fulltrúar ráðuneytisins hafa meðal annars tekið þátt í verkefni á vegum samstarfs Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna um stuðning, vernd, örugga heimsendingu og endurhæfingu fyrir konur sem orðið hafa fórnarlömb manna sem stunda mansal með kynferðislega misnotkun kvenna að markmiði.

***Vernd vitna og þolenda afbrota.***

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 26. september 2006 aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis.

***Konur í atvinnurekstri.***

Vinnumálastofnun hefur unnið úttekt á stöðu Lánatryggingasjóðs kvenna en jafnframt vann Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun fyrir stofnunina meðal þeirra sem fengið hafa lánatryggingu hjá sjóðnum árin 2001–2003. Enn fremur skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða starfsgrundvöll Lánatryggingasjóðs kvenna auk annarra skyldra verkefna. Nefndin skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra sumarið 2006 og er verið að yfirfara tillögur hennar í ráðuneytinu.

***Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.***

Félagsmálaráðuneytið hefur átt í óformlegum viðræðum við utanríkisráðuneytið um framkvæmd verkefnisins.

## ÞINGSÁLYKTANIR FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIS Á 128. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 33/128 um uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs frá 15. mars 2003 – þskj. 1431.

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Skipuð verði nefnd þar sem fulltrúar samtaka launafólks eigi aðild auk fulltrúa stjórnmálaflokka á þingi og skili nefndin áliti innan eins árs.*

Félagsmálaráðuneytinu var falin framkvæmd þingsályktunarinnar með bréfi forsætisráðuneytisins, dags. 12. júní 2003. Félagsmálaráðherra óskaði í október 2003 eftir tilnefningum frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneyti, Samtökum atvinnulífsins, þingflokki sjálfstæðismanna, þingflokki framsóknarmanna, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þingflokki Samfylkingarinnar og þingflokki Frjálslynda flokksins í nefnd til að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur með uppsögnum eða mismunun í starfi. Var nefndin skipuð í febrúar 2004.

Nefndin skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra í janúar 2005. Í skýrslunni kom fram að nefndin væri sammála um að aðgerða væri þörf og lagði til að stjórnvöld kæmu af stað fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Var meðal annars lagt til að sjö manna verkefnisstjórn yrði skipuð sem hefði það að meginmarkmiði að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Verkefnisstjórnin var skipuð í apríl 2005 og var henni meðal annars ætlað að styrkja stöðu hópsins almennt með því að skapa jákvæða umræðu hér á landi um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, bæta ímynd þess og móta farveg fyrir viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu til þessa hóps. Verkefnisstjórnin er enn að störfum.

### Þál. 34/128 um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla frá 15. mars 2003 – þskj. 1432.

*Alþingi ályktar að skipaður verði starfshópur með fulltrúum ráðuneytis félagsmála, menntamála, umhverfismála, heilbrigðis- og tryggingamála, dómsmála, samgöngumála og fjármála og fulltrúum frá hagsmunasamtökum fatlaðra til að semja framkvæmdaáætlun sem hefur að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra. Jafnframt geri starfshópurinn kostnaðaráætlun um verkefnið. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins verði formaður starfshópsins.*

*Starfshópurinn leggi fram tillögur sínar fyrir 1. október 2003.*

Starfshópur var skipaður í samræmi við ályktunina árið 2003. Síðan þá hefur verið fundað í hópnum en einnig hafa undirhópar verið að störfum milli funda og starfsmenn hópsins hafa

enn fremur lagt sitt af mörkum til verkefnisins. Uppistaðan í efni skýrslu nefndarinnar liggur að mestu fyrir og umtalsverð vinna hefur verið lögð í framsetningu efnis hennar í því augnamiði að það verði sem skýrast.

Þess ber að geta að í félagsmálaráðuneytinu hefur frá því á haustmánuðum 2004 verið unnið að nýrri stefnu í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna. Drög að áætlun eru nú í kynningarferli, m.a. á heimasíðu ráðuneytisins, og er þess vænst að endanleg áætlun verði kynnt í lok mars 2007.

Þessi stefnumótun ráðuneytisins tengist verkefninu um aðgengi fyrir alla með þeim hætti að hún verður eins konar undirskjal þeirrar framkvæmdaáætlunar sem þar verður um að ræða, jafnt hugmyndafræðilega sem og hvað framkvæmd varðar. Sett eru fram grundvallarsjónarmið, framtíðarsýn og meginmarkmið í málaflokknum sem síðan eru greind niður í starfsmarkmið og leiðir að þeim. Þar verður því að finna stefnu félagsmálaráðuneytisins hvað varðar þjónustu við þá sem búa við fötlun, jafnframt því sem lögð er áhersla á samábyrgð þjóðlífssviða (d. sektoransvarsprincippet) sem væntanleg framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla byggir í rauninni á. Það felur í sér, eins og það er orðað í drögum að stefnu ráðuneytisins, að „málefni fatlaðs fólks varða öll svið þjóðlífsins, jafnt menntamál, atvinnumál, fjármál, samgöngumál og dóms- og kirkjumál sem húsnæðismál, heilbrigðis- og tryggingamál, umhverfismál o.s.frv. Þar eru hvorki ríki né sveitarfélög eða stofnanir þeirra undanskildar. Því þarf að hafa hugfast að ábyrgðin á jafnrétti, jafnræði og aðgengi fatlaðs fólks hvílir hvarvetna sem teknar eru ákvarðanir um umgjörð og innviði samfélagsins, hvort sem er af félagslegum eða fjárhagslegum toga."

Um þessar mundir er unnið að því að setja fram efni framkvæmdaáætlunarinnar um aðgengi fyrir alla með sama hætti og í drögum að stefnu félagsmálaráðuneytisins, þ.e. að skilgreina meginmarkmið, starfsmarkmið og leiðir fyrir hvern lið tuttugu og tveggja grunnreglna Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra.

Þá hefur verið samþykkt stefnumótun um þjónustu við geðfatlað fólk á vettvangi félagsmálaráðuneytisins vegna átaks sem lýtur að frekari uppbyggingu búsetu- og stoðþjónustu fyrir þann hóp árin 2006–2010. Sú stefna sem þar birtist er undirskjal téðrar stefnu ráðuneytisins í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna og því einnig hluti af framkvæmdaáætluninni um aðgengi fyrir alla.

Stefnt er að því að lokadrög að framkvæmdaáætluninni um aðgengi fyrir alla verði kynnt á árinu 2007.

**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.**

## ÞINGSÁLYKTANIR HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIS Á 130. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 14/130 um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum frá 31. mars 2004 – þskj. 1294.

*Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2003, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að vinna að aukinni samvinnu í heilbrigðismálum á Vestur-Norðurlöndum og leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína. Lagt er til að heilbrigðisyfirvöld gefi árlega út skýrslu um samstarfið og þau verkefni sem sameiginlega verður ráðist í.*

Þingsályktun um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum var samþykkt á 130. löggjafarþingi Íslendinga. Var sú ályktun gerð með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins um heilbrigðismál árið 2003. Í þingsályktuninni er ríkisstjórninni falið, í samstarfi við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að vinna að aukinni samvinnu í heilbrigðismálum á Vestur-Norðurlöndum og leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu var falin framkvæmd þingsályktunarinnar.

Á umliðnum árum hefur áhugi Vestur-Norðurlandanna á samvinnu aukist verulega og hafa embættismenn og ráðherrar landanna þriggja verið í nokkru sambandi og skipst á upplýsingum bæði í tengslum við ýmsa fundi og einnig bréflega. Einnig kom grænlenski heilbrigðisráðherrann, Asii Chemnitz, ásamt embættismönnum til sérstaks fundar á í heilbrigðisráðuneytinu í febrúar 2005. Tilefni fundarins var að fara yfir samning sem gerður var milli Grænlands og Íslands árið 1997. Samningurinn fól m.a. í sér að Íslendingar skyldu sinna bráðatilfellum frá Grænlandi og hefur Landspítali – háskólasjúkrahús tekið á móti sjúklingum og einnig Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Einnig höfðu Grænlendingar áhuga á að kynna sér undirbúning og framkvæmd heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 en hún var kynnt á ráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Illulisat sumarið 2003. Töldu Grænlendingar æskilegt að ráðherrarnir skiptust reglulega á skoðunum og að kannaðar yrðu forsendur fyrir frekari samvinnu á sviði heilbrigðismála.

Færeyingar hafa einnig sýnt áhuga á auknu samstarfi við Íslendinga og sendu meðal annars inn formlegt erindi sumarið 2003 þar sem óskað var eftir upplýsingum um kostnað vegna sjúklinga sem fara í hjáveituaðgerð á kransæðum annars vegar og kransæðavíkkanir hins vegar. Landspítali – háskólasjúkrahús sendi inn ítarlegar upplýsingar um kostnað annars vegar og gæði þjónustu hins vegar sem sendar voru Færeyingum. Það kom í ljós í framhaldi af þessum samskiptum að ekki var talinn grundvöllur fyrir því af hálfu Færeyinga að taka upp samstarf á þessu sviði.

Í tengslum við fund norrænu heilbrigðis- og félagsmálaráðherranna 13.–14. júní 2005 í Færeyjum átti þáverandi heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson fund með félags- og heilbrigðismálaráðherra Færeyja Hans Pauli Strøm. Ætlunin var að grænlenski ráðherrann sæti einnig fundinn en för hans til Færeyja var aflýst á síðustu stundu. Ráðherrar Íslands og Færeyja ákváðu þá að fara betur yfir þau verkefni sem hugsanlega gætu eflt samstarf landanna á sviði heilbrigðismála.

Heilbrigðisráðherrar Færeyja, Hans Pauli Ström, og Íslands, Siv Friðleifsdóttir, hittust síðast á fundi í Kaupmannahöfn 1. nóvember 2006. Á þeim fundi var ákveðið að ráðherrarnir hittust aftur í janúar á næsta ári til að ræða frekara samstarf. Fyrir þann fund munu embættismenn landanna og fagfólk á stærstu sjúkrahúsunum hafa farið yfir málið með það að markmiði að auka samstarf landanna á sviði heilbrigðisþjónustu.

Nokkur sameiginleg verkefni landanna á sviði heilbrigðismála hafa verið í vinnslu undanfarið. Má þar nefna verkefni á vegum Norðurskautsráðsins og verkefni í tengslum við norrænu ráðstefnuna um fjarlækningar sem haldin er annað hvert ár.

Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar ásamt aðilum í Norður-Noregi hafa tekið þátt í fjarlækningaverkefni sem miðar að því að þróa heilstæða heilbrigðisþjónustu fyrir sjófarendur á Norður-Atlantshafi. Þessu verkefni er nú lokið og var það styrkt af NORA eða Norrænu Atlantsnefndinni sem er stofnun á sviði byggðamála á norðvestursvæði Norðurlanda. Á lokafundi verkefnisins sem haldinn var í Færeyjum var lagt til að áfram yrði unnið að þessari þróun, með áherslu á skipulag nauðsynlegrar þjónustu í landi og fræðslu fyrir sjómenn.

Veturinn 2005 til 2006 aðstoðaði skrifstofustjóri lyfjamálaskrifstofa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins heilbrigðisyfirvöld í Færeyjum við mótun lyfjamálastefnu. Skrifstofustjórinn tók þátt í starfi nefndar sem skipuð var til þess að gera úttekt á lyfjamálum og semja drög að lyfjastefnu Færeyja til ársins 2015. Nefndin hefur nú lokið störfum.

## ÞINGSÁLYKTANIR HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIS Á 128. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 32/128 um áfallahjálp í sveitarfélögum frá 14. mars 2003 – þskj. 1422.

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samstarfi við sveitarfélög að koma á skipulagðri áfallahjálp innan sveitarfélaga til að bregðast við þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum.*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu var falin framkvæmd þingsályktunarinnar með bréfi forsætisráðuneytisins, dags. 26. janúar 2005.

Ráðuneytinu var kunnugt um að verið væri að fjalla um áfallahjálp á vegum landlæknisembættisins og óskaði því eftir áliti embættisins um framkvæmd þingsályktunarinnar og þeim þáttum sem það teldi brýnast að bregðast við í ljósi ályktunarinnar.

Ráðuneytinu barst svar frá embættinu, dags. 31. október sl., og kemur þar fram að síðastliðin ár hafi verið starfandi faghópur um áfallahjálp á vegum landlæknisembættisins í samstarfi við Rauða kross Íslands, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Landspítala – háskólasjúkrahús og þjóðkirkjuna. Héldu þessir aðilar m.a. vinnuþing á vormánuðum 2005 um áfallahjálp á landsvísu og var þátttaka mikil. Komu þar fram ýmsar tillögur til frekari þróunar þessara mála og tekur embætti landlæknis undir þær í bréfi sínu.

Embættið bendir á að faghópurinn hefur skipt áfallahjálp í tvö stig, fyrsta stigs hjálp sem er veitt af einstaklingum sem hafa hlotið til þess þjálfun og annars stigs hjálp sem veitt er af þjálfuðu heilbrigðisstarfsfólki. Lagt er til að sveitarfélög, eitt eða fleiri eftir stærð, setji á laggirnar samráðshóp um viðbrögð ef áföll verða í samfélaginu. Hópurinn sé skipaður fulltrúum þeirra sem veita velferðarþjónustu hins opinbera í samfélaginu auk félagasamtaka. Þá er það álit embættisins að fagleg þjónusta slíkra faghópa eigi að vera á ábyrgð heilbrigðisþjónustunnar, en að sveitarfélög eigi að tryggja að áfallahjálp sé tiltæk, enda taki úrræði og eftirfylgd að miklu leyti til þeirrar lögbæru þjónustu sem þau eiga að veita.

Eins og áður greindi barst álit landlæknisembættisins ráðuneytinu 31. október sl. og hefur því ekki unnist tími til að ræða við fulltrúa landlæknis um fyrrgreindar tillögur og framkvæmd þingsályktunartillögunnar.

**Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.**

## ÞINGSÁLYKTANIR IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIS Á 130. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 10/130 um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum frá 16. mars 2004 – þskj. 1135.

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Áætlunin feli í sér sérstaka athugun á eftirfarandi þáttum og eftir atvikum tillögur til úrbóta:*

- *kostnaði við að stofna til atvinnurekstrar og aðgangi að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi,*
- *aðgangi smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu,*
- *kostnaði og aðgangi smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga,*
- *aðstöðu smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu,*
- *kostnaði og eftir atvikum öðrum hindrunum sem torvelda kynslóðaskipti í smáatvinnurekstri,*
- *kostnaði uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar,*
- *skattalögum og öðrum þáttum sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja,*
- *stöðu smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaði við samskipti við stjórnsýslu og stofnanir,*
- *stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja í atvinnurekstri,*
- *stöðu frumkvöðla,*
- *stöðu uppfinningamanna.*

*Áætlunin skal lögð fyrir Alþingi til staðfestingar haustið 2005 og þinginu síðan gerð grein fyrir framvindu mála með skýrslu á tveggja ára fresti.*

Iðnaðarráðuneytið sendi forsætisráðuneytinu framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum sem Impra nýsköpunarmiðstöð vann að beiðni iðnaðarráðuneytis en forsætisráðuneyti fól iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti framkvæmd þingsályktunarinnar með bréfi, dags. 21. apríl 2004.

Meginmarkmið ályktunarinnar fellur að öllu leyti að starfsemi Impru og iðnaðarráðuneytisins almennt og myndar hluta af stærri heild verkefna sem eru til stuðnings litlum og meðalstórum fyrirtækjum og nýsköpun í atvinnulífinu. Vegna einstakra efnistriða í ályktuninni er rétt að upplýsa eftirfarandi:

- Impra veitir upplýsingar og leiðsögn um stofnun og rekstur fyrirtækja, þ.m.t. um styrki og aðra fjármagnsfyrirgreiðslu frá opinberum aðilum og fáanlega leiðbeiningaþjónustu.
- Samstarf er á milli Impru og Einkaleyfastofunnar um fræðslu um einkaleyfi.

- Nefnd á vegum iðnaðarráðuneytis um lagfæringar á skattalegu umhverfi nýsköpunarfyrirtækja skilaði tillögum haustið 2005 og eru flestar þeirra komnar í framkvæmd.
- Nefnd á vegum forsætisráðuneytis um einföldun regluumhverfis atvinnulífsins mun nýtast smáum jafnt sem stórum fyrirtækjum.
- Frumkvöðlar, einyrkjar og lítil fyrirtæki eru helstu viðskiptavinir Impru sem veitir þeim mjög víðtæka þjónustu um flest sem við kemur almennri starfsemi þeirra.

Skýrsla var lögð fram á Alþingi 9. desember 2006 (sjá http://www.althingi.is/altext/133/s/0642.html).

## ÞINGSÁLYKTANIR IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIS Á 128. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 18/128 um samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda frá 11. mars 2003 – þskj. 1251.

*Alþingi samþykkir að fela Byggðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Verkefninu verði ætlað fé í fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2004. Byggðarannsóknastofnun skili formlegum skýrslum til ráðherra byggðamála í lok árs 2005 og 2007 og síðan í lok verkefnisins. Þá verði stofnunin stjórnvöldum til ráðuneytis á tímabilinu verði þess óskað.*

Rannsóknarverkefnið mun standa í sex ár og lýkur gagnavinnslu árið 2008 og lokaskýrslu 2009. Að verkefninu standa iðnaðarráðuneyti, Byggðastofnun, Byggðarannsóknastofnun og Þróunarstofa Austurlands sem sameiginlega leggja því til 10,5 m.kr. á ári. Markmið verkefnisins er þríþætt: Í fyrsta lagi að safna gögnum sem geta orðið grundvöllur að mati sambærilegra verkefna í framtíðinni, í öðru lagi að renna stoðum undir íslenskt rannsóknasamfélag um byggðatengd málefni með rannsókn sem hefur mikilvægt vísindalegt gildi í alþjóðlegu samhengi og í þriðja lagi að gefa íslensku samfélagi bættar forsendur til að lágmarka neikvæðar afleiðingar stóriðjuframkvæmda en hámarka hinar jákvæðu. Í rannsóknunum er sjónum m.a. beint að þróun mannfjölda, efnahag, vinnumarkaði, sveitarfélögum, húsnæðismálum, margvíslegri þjónustu, opinberri grunngerð, nýtingu lands og auðlinda og anda samfélagsins almennt. Notast er við margvíslegar rannsóknaraðferðir og við það miðað að afla fjölþættra gagna. Gögnum er safnað frá opinberum aðilum og framkvæmdaaðilum, gerðar eru úrtaksrannsóknir og tekin viðtöl við einstaklinga jafnt sem forsvarsmenn fyrirtækja.

### Þál. 35/128 um verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi frá 15. mars 2003.

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996 og leita eftir víðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi.*

Í nóvember 2003 fól iðnaðarráðherra Byggðastofnun að kalla saman nefnd til að meta aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslagi í Árneshreppi. Nefndin lauk störfum og

skilaði hún iðnaðarráðherra tillögum á miðju ári 2004. Tillögurnar þóttu nokkuð sértækar og of bundnar við eitt hérað en tekið hefur verið tillit til þeirra með almennari hætti í starfsemi ráðuneytisins við gerð og framkvæmd byggðaáætlunar.

**Þál. 37/128 um rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar frá 15. mars 2003 – þskj. 1435.**

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd sem kanni þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið síðastliðin tíu ár. Nefndin skoði ítarlega hvernig fasteignir fólks á landsbyggðinni hafi rýrnað í verði og þá hversu mikið, leiti úrræða og komi með tillögur til úrbóta.*

*Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 2003.*

Á grundvelli þingsályktunarinnar skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til að meta stöðu og þróun fasteignamarkaðarins eftir einstaka svæðum. Einnig var gerður samanburður við þróun fasteignaverðs erlendis. Í greinargerð starfshópsins frá október 2005 er m.a. leitað svara við því hvers vegna fasteignaverð hefur þróast með misjöfnum hætti á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

**Landbúnaðarráðuneyti.**

ÞINGSÁLYKTANIR LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIS Á 128. LÖGGJAFARÞINGI

**Þál. 15/128 um innflutning dýra frá 10. mars 2003 – þskj. 1171.**

*Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefjast þegar handa um endurskoðun laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, og búnaðarlaga, nr. 70/1998, með það að markmiði að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna.*

Heildarendurskoðun laganna um innflutning dýra hefur ekki farið fram.

Breyting var samþykkt á lögunum 11. nóvember 2003, lög nr. 116. Lög þessi fela í sér heimild til landbúnaðarráðherra til að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gætu líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegum stofnum í hættu.

Breyting hefur verið gerð á ákvæðum búnaðarlaga, nr. 70/1998, um varðveislu erfðaauðlinda. Ákvæðin fela í sér að hlutverk erfðanefndar búfjár er útvíkkað og nafni hennar breytt í erfðanefnd landbúnaðarins. Í stað þess að fjalla einvörðungu um búfjárstofna og ferskvatnsfiska skal nefndin nú:

- annast samráð innan lands um varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði,
- að hvetja til rannsókna á sviði erfðaauðlinda í landbúnaði,
- stuðla að miðlun þekkingar um erfðaauðlindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings,
- veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði,

– annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.

**Þál. 16/128 um nýtingu innlends trjáviðar frá 10. mars 2003 – þskj. 1172.**

*Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að kanna möguleika á að nýta innlendan trjávið, sem fellur til við grisjun, til framleiðslu listmuna, byggingarefnis, límtrés eða til eldiviðarframleiðslu. Jafnframt verði gerð fagleg úttekt á því hvernig fullnýta megi þau verðmæti er til falla í skógum landsins.*

Viðarnýtingarnefnd var stofnuð 13. október 2004. Nefndin starfar sjálfstætt og heyrir ekki undir landbúnaðarráðuneytið. Að nefndinni standa: Skógrækt ríkisins, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins, BYKO, landshlutabundnu skógræktarverkefnin, Landssamtök skógareigenda, Skógræktarfélag Íslands, Trétækniráðgjöf og Viðarmiðlun Skógræktar ríkisins.

Efni þingsályktunarinnar þótti falla vel að starfi framangreindrar viðarnýtinganefndar og var talið eðlilegast að ráðuneytið styrkti þá nefnd fremur en skipa nýja. Landbúnaðarráðherra hefur styrkt viðarnýtingarnefnd þrisvar sinnum af ráðstöfunarfé sínu og um sl. áramót var nefndinni veitt hálf milljón króna af sameiginlegu ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar.

Leitað var til formanns nefndarinnar um upplýsingar um starf nefndarinnar og kemur þar fram að meginmarkmið nefndarinnar er að finna nýtingu á grisjunarvið úr fyrstu og annari grisjun.

Verksvið viðarnýtingarnefndar skiptist í þrjá höfuðþætti; viðarmiðlun, skólaverkefni og vöruþróunarverkefni. Til að sinna þessum þáttum hefur nefndin m.a. ákveðið, skilgreint og fjármagnað einstök verkefni; unnið að vöruþróun á grisjunarvið úr íslenskum skógum; sinnt fræðslu og unnið að markaðssetningu á skógarafurðum.

Viðarnýtingarnefnd hefur unnið markvisst að vöruþróun þar sem lögð er áhersla á nýtingu á við sem kemur úr fyrstu og annarri grisjun.

Þau vöruþróunarverkefni sem staðið hafa upp úr eru m.a. flísar sem eru notaðar til að klæða veggi og er verið að skoða kaup á vélum og búnaði til að koma af stað framleiðslu; stiklur sem eru 15–20 sm langir viðarbútar sem raðað er saman og mynda gangstíg eða plön; hesthúsabásar úr lerki, og hafa tvö hesthús verið innréttuð með þessu efni; reykflís, og er verið að skoða möguleika á frekari markaðssetningu á þessum vöruflokki og þá í neytendaformi; spænir til að nota undir húsdýr, og er sú vara enn á tilraunastigi; og efni sem notað er í skólunum.

**Þál. 36/128 um aðstöðu til hestamennsku frá 15. mars 2003 – þskj. 1434.**

*Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni og leggi fram tillögur um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar. Nefndin skili áliti fyrir 1. október 2003.*

Í kjölfar ályktunar Alþingis skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem falið var það hlutverk sem mælt var fyrir um í ályktun Alþingis. Nefndin skilaði skýrslu til landbúnaðarráðherra í janúar 2005. Helstu niðurstöður nefndarinnar eru þær að í fyrsta lagi virðist ljóst að notkun reiðhúsa (reiðhalla, reiðskála og reiðskemma) af ýmsu tagi virðist vera orðin svo stór hluti

af nútímareiðmennsku, bæði íþróttinni sem slíkri og atvinnugreininni, að slík aðstaða er nú talin nauðsynleg fyrir alla framþróun í hestamennsku á landinu og ómissandi til að hægt sé að halda uppi kennslu og námskeiðahaldi yfir veturinn sem og sýningarhaldi. Að mati nefndarinnar er uppbygging reiðhúsa án efa til þess fallin að bæta mjög aðstöðu barna og unglinga á landsbyggðinni til ástundunar á íþrótt sinni sem og að auðvelda námskeiðahald og kennslu sem ekki er hægt að bjóða upp á nú þar sem þessi aðstaða er ekki fyrir hendi.

Í öðru lagi virðist vanta sárlega reiðleiðir á mörgum stöðum, bæði innan félagssvæða og milli landshluta, en góðar reiðleiðir eru forsenda fyrir því að hægt sé að stunda hestaferðir á hættulausan og umhverfisvænan hátt. Í þriðja lagi má nefna að aukinn stuðningur við ungmennastarf hestamannafélaganna væri mjög æskilegur. Í fjórða lagi bendir nefndin á að aðstaða fyrir hestaferðamenn er af skornum skammti víða um land.

Uppbygging reiðhúsa er sérstaklega tekin fyrir í skýrslunni. Nefndin taldi að til þess að skýrsla nefndarinnar og vinna hennar kæmi að sem bestu gagni hvað þetta varðar væri best að setja fram ákveðnar tillögur um stuðning við uppbyggingu reiðhúsa á ákveðnum stöðum.

Á grundvelli vinnu fyrrgreindrar nefndar ákvað ríkisstjórn Íslands í mars 2006 að verja 330 milljónum króna til uppbyggingar reiðhalla, reiðskemma og reiðskála. Hér er um að ræða fjármagn og eignir sem eftir voru við niðurlagningu Lánasjóðs landbúnaðarins og ekki voru hluti af söluandvirði sjóðsins og telur ríkisstjórn Íslands að með þessari ákvörðun sé þessum peningum vel varið í þágu landbúnaðarins og til eflingar búsetu til sveita. Landbúnaðarráðherra var falið að skipa fjögurra manna nefnd til þess að úthluta styrkjum til uppbyggingar reiðhúsa í samræmi við fyrrgreind markmið. Nefndin hefur lokið störfum og gerði hún tillögu um styrk til 28 hestamannafélaga sem aðild eiga að Landssambandi hestamannafélaga víðs vegar um landið til byggingar reiðhalla, reiðskemmna og reiðskála.

## Þál. 39/128 um skógrækt 2004–2008 frá 15. mars 2003 – þskj. 1439.

*Alþingi ályktar að á árunum 2004–2008 skuli fjármagn veitt til skógræktar á Íslandi samkvæmt þeirri sundurliðun sem kemur fram í eftirfarandi töflum. Fjárhæðir miðast við verðlag í byrjun árs 2003 og skulu þær taka breytingum í samræmi við þróun verðlags á tímabilinu.*

*Fjármagni til landshlutabundinna skógræktarverkefna verði varið í samræmi við lög nr. 32/1991, um Héraðsskóga, lög nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga, og lög nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni.*

*Skógrækt ríkisins verji fjármagninu til yfirstjórnar, stjórnsýslu, rannsókna og umsjónar þjóðskóganna.*

*Áætlunina skal endurskoða að þremur árum liðnum.*

*Áætlun þessi tekur ekki til skógræktar á vegum skógræktarfélaga og almennings.*

***I. Landshlutabundin skógræktarverkefni.***

| *Fjárhæðir í millj. kr.* | ***2004*** | ***2005*** | ***2006*** | ***2007*** | ***2008*** |
|---|---|---|---|---|---|
| *Héraðsskógar* | *103* | *108* | *108* | *108* | *108* |
| *Austurlandsskógar* | *34* | *44* | *54* | *64* | *74* |
| *Suðurlandsskógar* | *102* | *121* | *139* | *156* | *174* |
| *Vesturlandsskógar* | *59* | *65* | *72* | *80* | *87* |
| *Skjólskógar* | *44* | *49* | *55* | *61* | *67* |
| *Norðurlandsskógar* | *98* | *110* | *122* | *134* | *146* |
| ***Samtals*** | ***440*** | ***497*** | ***550*** | ***603*** | ***656*** |

*II. Skógrækt ríkisins.*

| *Fjárhæðir í millj. kr.* | *2004* | *2005* | *2006* | *2007* | *2008* |
|---|---|---|---|---|---|
| *Yfirstjórn* | *36* | *36* | *36* | *36* | *36* |
| *Stjórnsýsla* | *37* | *37* | *37* | *42* | *47* |
| *Rannsóknir* | *71* | *74* | *77* | *80* | *83* |
| *Þjóðskógarnir* | *78* | *80* | *82* | *84* | *86* |
| ***Samtals*** | ***222*** | ***227*** | ***232*** | ***242*** | ***252*** |

Að mati ráðuneytisins skipti þessi þingsályktun sköpum fyrir skógræktarverkefnin þar sem þau gátu í fyrsta skipti gert áætlanir fram í tímann með tilliti til væntanlegra fjárveitinga. Þrátt fyrir að fjárveitingar hafi ekki að fullu náð því sem sett var fram í þingsályktuninni hafa þær þó tekið mið af henni að verulegu leyti.

## Menntamálaráðuneyti.

### ÞINGSÁLYKTANIR MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIS Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

**Þál. 25/130 um stofnun sædýrasafns frá 27. maí 2004 – þskj. 1824.**

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og hagkvæmni þess, með tilliti til ferðaþjónustu og almannafræðslu um lífríki hafsins, að byggt verði upp veglegt sædýrasafn sem yrði í senn lifandi fiskasafn og fróðleiksnáma um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna og umgengni um hafið.*

*Ríkisstjórnin skili skýrslu til Alþingis um kosti og galla slíks safns ásamt kostnaðarútreikningi og tillögu að mögulegri fjármögnun, rekstrarformi, eignarhaldi og staðsetningu fyrir 1. mars 2005.*

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að fresta vinnu starfshóps, sem hún skipaði 12. júlí 2005, þar til frumvarp til laga um Náttúrurminjasafn Íslands hefur verið samþykkt á Alþingi. Að lögum um Náttúruminjasafn samþykktum verður hlutverk starfshópsins endurmetið.

## Samgönguráðuneyti.

### ÞINGSÁLYKTANIR SAMGÖNGURÁÐUNEYTISINS Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

**Þál. 10/131 um ferðamál frá 3. maí 2005 – þskj. 1280.**

*Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í ferðamálum á tímabilinu 2006–2015 í samráði við ráðherra viðkomandi málaflokka:*

1. *Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.*
2. *Tryggð verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni.*
3. *Álagi vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna.*
4. *Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.*

*Enn fremur verði unnið að eftirfarandi markmiðum:*

1. *Ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum.*
2. *Ísland verði í forustu í umhverfisvænni ferðaþjónustu.*
3. *Fylgt verði eftir uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðaþjónustu sem samþættir útivist og náttúruvernd.*
4. *Ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðaþjónustu verði aukin í umhverfismálum.*

*Til að ná markmiðum í ferðamálum verði m.a. beitt eftirfarandi aðgerðum:*

***I. Rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar.***

1. *Opinber gjöld af aðföngum og búnaði til ferðaþjónustu verði sambærileg við gjöld í samkeppnislöndum.*
2. *Leitast verði við að fé til sameiginlegrar markaðssetningar verði tryggt til lengri tíma.*
3. *Unnið verði markvisst gegn leyfislausri starfsemi og skattsvikum.*
4. *Opinberir aðilar raski ekki samkeppnisstöðu einkarekinnar ferðaþjónustu.*
5. *Opinbert eftirlit með ferðaþjónustufyrirtækjum verði lágmarkað og einfaldað og eftirlit á vegum einstakra aðila sameinað þar sem hægt er.*

***II. Kynningarmál.***

1. *Áfram verði unnið að uppbyggingu ímyndar Íslands og hún varin með því að leggja áherslu á eftirfarandi þætti í kynningarstarfi ferðaþjónustunnar:*
   a. *einstaka og fjölbreytta náttúru,*
   b. *umhverfisvernd,*
   c. *menninguna og þjóðina,*
   d. *fagmennsku,*
   e. *gæði og öryggi,*
   f. *heilsu og hreinleika,*
   g. *gestrisni,*
   h. *myndræn auðkenni (lógó),*
   i. *slagorð.*
2. *Megináhersla í öllum kynningarmálum verði áfram lögð á Ísland, Norður-Ameríku, Bretland, norræn lönd og meginland Evrópu.*
3. *Aðgengi einkaaðila að opinberum framlögum til kynningar- og markaðsmála verði háð eigin framlögum þeirra til vel skilgreindra og vænlegra verkefna.*
4. *Samræmis verði gætt í allri kynningu á landinu í heild, sem og í aðlögun kynningarefnis og skilaboða fyrir einstaka markhópa eða markaðssvæði.*
5. *Aðferðafræðin sem notuð hefur verið við „Iceland Naturally“ í Norður-Ameríku (þ.e. sameiginleg kynning vöru og þjónustu) verði notuð við aðkomu opinberra aðila að kynningu Íslands á öðrum markaðssvæðum.*

***III. Nýsköpun og þróun.***

*Stjórnvöld taki virkan þátt í nýsköpunar- og vöruþróunarstarfi ferðaþjónustunnar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.*

***IV. Menntun.***

1. *Aukið tillit verði tekið til kostnaðar fyrirtækja í tengslum við starfsnám.*
2. *Námsbrautir framhaldsskóla og sérskóla tengist svo sem kostur er þannig að ekki myndist blindgötur eða óþörf skörun námsbrauta og skólastiga.*
3. *Háskólanám í ferðamálum byggist í vaxandi mæli á þeim grunni sem lagður er á framhaldsskólastigi þannig að við inntöku nemenda verði tekið tillit til menntunar og/eða reynslu á sviði ferðamála.*
4. *Tryggt verði aðgengi að háhraðaneti við fjarnám.*

***V. Rannsóknir.***

1. *Starfrækt verði gagnamiðstöð er vinni að söfnun, úrvinnslu og túlkun gagna til hagnýtingar bæði fyrir opinbera aðila og einkaaðila innan greinarinnar.*
2. *Hlúð verði að hvers kyns grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum í ferðamálafræði.*

***VI. Grunngerð.***

1. *Umferðarmiðstöðvar verði nýttar til að tengja og samræma allar tegundir almenningssamgangna og bættrar þjónustu við ferðamenn.*
2. *Upplýsingar um löggæslu, heilsugæslu, almenningssamgöngur og almannavarnir verði aðgengilegar á erlendum tungumálum auk íslensku.*
3. *Við gerð almannavarnaáætlana sé tryggt að upplýsingar um hættuástand og viðbrögð nái til fólks á ferð um landið.*
4. *Merkingar í samgöngukerfinu verði bættar og þess gætt að þær séu auðskiljanlegar fyrir erlenda ferðamenn.*
5. *Aðgengi að skilgreindum „seglum" verði tryggt allt árið, sbr. skýrsluna Auðlindin Ísland.*
6. *Skilgreindar verði lágmarkskröfur til upplýsingamiðstöðva sem lúta opinberu eftirliti.*
7. *Upplýsingamiðstöðvar sem lúta opinberu eftirliti verði auðkenndar sérstaklega.*

***VII. Fjölþjóðasamstarf.***

1. *Alþjóðlegt samstarf beinist sérstaklega að vestnorræna svæðinu öðrum norrænum löndum, meginlandi Evrópu og OECD-löndum.*
2. *Áfram verði haldið sérstöku samstarfi við önnur norræn lönd.*
3. *Kynning og aðstoð verði veitt við aðgang að fjármagni erlendis til verkefna í ferðaþjónustu.*
4. *Samstarf við erlenda ferðaþjónustuaðila verði aukið og því viðhaldið.*
5. *Þátttaka í fjölþjóðlegu tengslaneti verði aukin og því haldið við.*

***VIII. Gæða- og öryggismál.***

1. *Rekstrarleyfi verði höfð sýnileg, bæði á íslensku og fleiri tungumálum og útlit þeirra verði samræmt.*
2. *Áfram verði unnið að eflingu flokkunarkerfis gististaða og það kynnt frekar fyrir rekstraraðilum og neytendum.*
3. *Unnið verði að því að koma á flokkunarkerfi ráðstefnuaðstöðu.*
4. *Unnið verði að því að koma á flokkunarkerfi fólksflutningabifreiða.*

5. *Ferðamönnum sem ferðast um Ísland verði gert ljóst að þeir beri fulla ábyrgð á eigin gjörðum og þeim beri að fylgja leiðbeiningum sem þeir fá eða eru settar fram á viðkomustöðum þeirra.*

***IX. Umhverfismál.***

1. *Ferðamönnum verði gerð betur grein fyrir ábyrgð sinni varðandi verndun umhverfisins.*
2. *Skilgreindum „seglum" til að dreifa álagi á landið verði fjölgað og þeir gerðir aðgengilegir árið um kring.*

Í sama mánuði og þingsályktun um ferðamál var samþykkt á Alþingi var samþykkt frumvarp um skipan ferðamála. Þau lög tóku gildi 1. janúar sl.

Samkvæmt 4. gr. laganna (nr. 73/2005) er framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu á meðal verkefna Ferðamálastofu (áður Ferðamálaráð Íslands).

Samgönguráðuneytið hefur á þessu ári veitt viðbótarfjármuni til Ferðamálastofu vegna framkvæmdar þingsályktunar um ferðamál og eru eftirtalin verkefni nú þegar í vinnslu og sum komin vel á veg:

1. Þarfagreining um nauðsynlegar rannsóknir í ferðaþjónustu.
2. Stofnun gagnamiðstöðvar um tölfræði og rannsóknir í ferðaþjónustu.
3. Bókunarvefur fyrir íslenska ferðaþjónustu.
4. Samanburður á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu á Norðurlöndum.
5. Gæðakönnun meðal erlendra og innlendra ferðamanna.
6. Gæðaflokkun ráðstefnuaðstöðu.
7. Úttekt á stöðu deiliskipulags á fjölsóttum ferðamannastöðum.
8. Skilgreining á móttöku og úrvinnslu kvartana ferðafólks.
9. Skilgreining á lágmarkskröfum til upplýsngamiðstöðva og auðkenni þeirra.
10. Samstarf við Almannavarnir um nauðsynlega þjónustu við ferðamenn.

Í samræmi við það sem fram kemur í þingsályktuninni um að „aðferðafræðin sem notuð hefur verið við „Iceland Naturally" í Norður-Ameríku verði notuð ... á öðrum markaðssvæðum" gerði samgönguráuneytið í ársbyrjun 2006 samning til þriggja ára um verkefnið „Iceland Naturally í Evrópu".

Eins hefur samgönguráðuneytið styrkt fjölmörg verkefni sem samræmast því sem fram kemur í þingsályktuninni um að „skilgreindum „seglum" til að dreifa álagi á landið verði fjölgað og þeir gerðir aðgengilegir árið um kring".

Samgönguráðuneytið vinnur einnig, eðli málsins samkvæmt, að bættum samgöngum, uppbyggingu áningarstaða, úrbótum á fjölsóttum ferðamannastöðum, eflingu fjarskipta og markaðsverkefnum sem öll samræmast áherslum í þingsályktun um ferðamál.

Í nýjum árangursstjórnunarsamningi samgönguráðuneytis og Ferðamálastofu er farið fram á að í Ferðamálastofa leggi árlega fram skýrslu þar sem framkvæmd þingsályktunar um ferðamál eru gerð nákvæm skil.

**Þál. 17/131 um samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 frá 11. maí 2005 – þskj. 1441.**

*Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2005-2008 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun: [sjá http://www.althingi.is/altext/131/s/1441.html].*

Þessi áætlun er endurskoðuð á tveggja ára fresti en núgildandi áætlun, sem hér er endurskoðuð, tekur til áranna 2005–2008. Tekjur og gjöld fjögurra ára áætlunar rúmast innan ramma tólf ára samgönguáætlunar. Í fjögurra ára áætlun er áætlun fyrir hvert ár tímabilsins fyrir hverja stofnun samgöngumála, þ.e. Flugmálastjórn Íslands, Siglingastofnun Íslands og Vegagerðina. Sundurliðun fjögurra ára áætlunar er hagað þannig að ábyrgð og fjárheimildir hverrar stofnunar koma skýrt fram. Kaflar hennar skiptast m.a. í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun, og nú einnig umferðaröryggisáætlun sem sérstaklega eru gerð skil hér á eftir.

Gerð er grein fyrir fjáröflun og útgjöld skulu sundurliðuð eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Á hverju ári eru lagðar fram sérstakar skýrslur fyrir Alþingi um framkvæmd vegáætlunar, framkvæmd siglingaáætlunar og framkvæmd flugmálaáætlunar ársins á undan, svo og skýrsla um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar. Ráðgert er að gefa einnig út fjórðu skýrsluna á hverju ári sem tekur til framkvæmdar stefnumörkunar samgönguáætlunar almennt. Vísast til þessara skýrslna sem eru mjög ítarlegar.

*Um umferðaröryggisáætlun samgönguáætlunar.*

Í þessari áætlun er umferðaröryggisáætlun í fyrsta sinn hluti samgönguáætlunar. Samgönguáætlunin tekur að miklu leyti mið af gildandi samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, en þess skal þó getið að sú áætlun var samþykkt af Alþingi áður en umferðarmál voru flutt dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis 1. janúar 2004 og eru umferðaröryggismál því ekki hluti af þeirri áætlun.

Í fyrsta skipti er umferðaröryggisaðgerðum forgangsraðað með tilliti til arðsemi þeirra. Arðsemi er reiknuð miðað við áætlaða fækkun slysa og óhappa út frá forsendum um kostnað við hvert slys og fjölda atvika sem skráð eru í lögregluskýrslur. Reiknaður heildarkostnaður vegna umferðarslysa og óhappa er um 10 milljarðar kr. á ári. Fjárveiting til umferðaröryggisaðgerða er 1.540 millj. kr. á fjögurra ára tímabili, þ.e. 385 millj. kr. árlega 2005–2008 til framkvæmda vegna umferðaröryggisáætlunar, en þessir fjármunir skiptast þannig: Frá vegáætlun 200 millj. kr. fyrir árið 2005 en síðan 300 millj. kr. fyrir 2006, 2007 og 2008, sérstakt umferðaröryggisgjald er 35 millj. kr. á hverju ári og sérstök fjárveiting til umferðaröryggismála er 150 millj. kr. fyrir árið 2005, en síðan 50 millj. kr. á ársgrundvelli.

Í umferðaröryggisáætlun samgönguáætlunar var sett fram framkvæmdaáætlun um sérstakar aðgerðir sem eiga að leiða til fækkunar slysa og lækkunar slysakostnaðar. Til grundvallar á vali aðgerða var stuðst við tillögur starfshóps um umferðaröryggisáætlun til ársins 2012, markmið og aðgerðir. Við mat á forsendum um virkni aðgerða var í flestum tilfellum stuðst við erlendar rannsóknir og ber þá sérstaklega að nefna handbók Transportøkonomisk Institut í Noregi um virkni umferðaröryggisaðgerða.

Samgönguráðherra skipaði sérstakt umferðaröryggisráð sem ætlað var að vinna að framgangi þingsályktunarinnar. Í ráðinu sitja Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, og er hún formaður ráðsins, Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri. Jafnframt var skipaður samráðshópur um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar með fulltrúum sömu stofnana. Hlutverk samráðshópsins er að gera starfs- og framkvæmdaáætlun um framgang umferðaröryggisáætlunar samkvæmt ályktun Alþingis.

Helstu verkefni sem unnið er að á grundvelli umferðaröryggisáætlunar á árinu 2006 eru þessi: Hraðakstur og öryggibeltanotkun, eftirlit, áróður og fræðsla og uppsetning hraðaeftirlitsmyndavéla, leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum, eyðing svartbletta, takmörkun á lausagöngu búfjár, eftirlit með akstri ökumanna undir áhrifum áfengis/fíkniefna, umferðar-

öryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja, umferðaröryggi í námskrá grunnskóla/leikskóla, öryggisbeltanotkun í hópbílum, akstur erlendra ökumanna og kynningarmál og rannsóknir.

## Þál. 19/131 um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010 frá 11. maí 2005 – þskj. 1463.

*Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í fjarskiptamálum á tímabilinu 2005-2010 í samráði við ráðherra viðkomandi málaflokka: [sjá http://www.althingi.is/altext/131/s/1463.html].*

Alþingi samþykkti vorið 2005 þingsályktun um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010. Í fjarskiptaáætlun er skilgreind nánar aðkoma og markmið stjórnvalda í fjarskiptamálum til næstu ára, auk þess sem gerð er grein fyrir ástandi og horfum í fjarskiptamálum í landinu í ljósi alþjóðlegrar þróunar. Með samræmdri stefnumótun er stefnt að því að auka samkeppnishæfni landsins og stuðla að framþróun atvinnulífs og ná fram hagkvæmri nýtingu fjármagns og samræmdri forgangsröðun verkefna. Einnig er lögð áhersla á að aðgengi að fjarskiptum er mikilvægt fyrir alla landsmenn og fjallað um með hvað hætti aðstaða landsmanna hvað varðar aðgengi að fjarskiptum verði jöfnuð.

Fjarskiptaáætlun skiptist í 15 meginmarkmið en að auki eru 32 markmið sem unnið er að og skiptast niður á fimm kafla áætlunarinnar:

I. Forskot.
II. Háhraðavæðing.
III. Farsamband.
IV. Stafrænt sjónvarp og hljóðvarp.
V. Öryggi og persónuvernd.
VI. Samkeppnishæfni.

Verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar hefur yfirumsjón með framkvæmd fjarskiptaáætlunar fyrir hönd samgönguráðuneytisins. Verkefnisstjórnina skipa fimm manns, auk þess sem tilnefndir hafa verið tengiliðir annarra ráðuneyta við hana vegna framkvæmda einstakra verkefna sem undir þau heyra og kveðið er á um í fjarskiptaáætlun. Þá eru mörg verkefni áætlunarinnar á ábyrgð Póst- og fjarskiptastofnunar. Verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar virkar sem samráðs- og samstarfsvettvangur fyrir þá opinberu aðila sem vinna að fjarskiptamálum.

Auk þess að vera verkefnisstjórn um framkvæmd fjarskiptaáætlunar er hún jafnframt stjórn fjarskiptasjóðs en sá sjóður var stofnaður með lögum nr. 132/2005.

Fjarskiptasjóður hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Ríkissjóður hefur lagt sjóðnum til stofnfé að fjárhæð 2.500 millj. kr. sem er hluti af söluandvirði Landssíma Íslands hf. Þeir fjármunir sem samþykkt hefur verið að leggja í fjarskiptasjóð eiga að standa straum af þremur markmiðum fjarskiptaáætlunar:

1. Að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingum árið 2007.
2. Að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, á helstu ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum.
3. Að dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjábýlli svæða verði stafræn um gervihnött.

Framkvæmdir vegna framangreindra verkefna eru boðnar út og er það hlutverk stjórnar að ákveða tilhögun og stærð útboða. Nú þegar hefur fyrsti áfangi GSM-verkefnis verið

boðinn út en í því útboði er um að ræða áframhaldandi uppbyggingu á GSM-farsímakerfinu á hringveginum og fimm fjallvegum. Eru þessir vegarkaflar samanlagt um 500 km. Þá hefur fjarskiptasjóður í samvinnu við RÚV óskað eftir tilboðum frá rekstaraðilum gervihnatta um að dreifa sjónvarpsdagskrá RÚV auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2. Þá er mikil vinna hafin vegna háhraðaverkefnis, m.a. greining á núverandi útbreiðslu háhraðatenginga auk fyrirhugaðrar uppbyggingar markaðsaðila.

Í dag er unnið að öllum verkefnum fjarskiptaáætlunar og er nokkrum lokið sem lúta að stafrænu sjónvarpi og hljóðvarpi. Þá má nefna vegna verkefna er varða öryggi og persónuvernd að skipaður var starfshópur sem gera á tillögu um hvernig tryggja megi varasamband fjarskipta við umheiminn í framtíðinni og þá hefur verið unnið áhættumat á tengingu Íslands við útlönd. Þá var farið í kynningarherferð um landið til að kynna fjarskiptaáætlun.

Í lögum um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005, er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins skili skýrslu um starfsemi sjóðsins til samgönguráðherra sem leggur hana fyrir Alþingi til upplýsingar. Þar verða einstökum verkefnum sem sjóðurinn fjármagnar gerð nánari skil.

## ÞINGSÁLYKTANIR SAMGÖNGURÁÐUNEYTISINS Á 130. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 24/140 um umferðaröryggi á þjóðvegum frá 27. maí 2004 – þskj. 1823.

*Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að meta og gera tillögur um hvernig bæta megi umferðaröryggi á þjóðvegum.*

*Verkefni nefndarinnar verði að meta og gera tillögur um hvernig bæta megi umferðaröryggi þegar ökutæki mætast við einbreiðar brýr, t.d. með breytingum á umferðarlögum, merkingum um forgang umferðar eða á annan hátt. Nefndin meti hvort bæta megi gerð umferðarmerkja, t.d. svo þau sjáist frá hlið. Þá geri nefndin tillögur um hvernig merkja megi ökumönnum til varnaðar hættulega staði á þjóðvegum, svokallaða svarta bletti. Nefndin geri tillögur um hvernig bæta megi fræðslu fyrir erlenda ferðamenn um akstur á íslenskum vegum og hvernig megi auka öryggi þeirra með bættum vegmerkingum á erlendum tungumálum. Þá meti nefndin og leggi fram tillögur til úrbóta á umferðarlöggæslu og hverjum þeim þætti umferðaröryggismála sem hún telur þörf á. Þar sem það á við taki nefndin mið af umferðaröryggisáætlun 2002–2012 og því hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndum okkar þar sem svipaðar aðstæður eru.*

*Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. mars 2005.*

Við framkvæmd framangreindrar þingsályktunar var litið til þess að umferðarmál höfðu nýverið (1. janúar 2004) flust frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis og því var tekin ákvörðun um að fella framkvæmd þingályktunarinnar að hluta til inn í samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 í formi umferðaröryggisáætlunar fyrir sama tímabil.

Á grundvelli þingsályktunarinnar og breyttrar skipanar umferðarmála skipaði samgönguráðherra sérstakt umferðaröryggisráð sem í áttu sæti Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, og er hún formaður ráðsins, Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri. Jafnframt skipaði ráðherra samráðshóp um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar með fulltrúum sömu stofnana. Hlutverk samráðshópsins er að gera starfs- og framkvæmdaáætlun um framgang umferðaröryggismála samkvæmt ályktun Alþingis. Í árlegri skýrslu samgönguráðherra til

Alþingis er gerð grein fyrir framgangi þeirra verkefna sem unnið er að hverju sinni, en að undanförnu hafa þessi mál verið sett í forgang: Hraðakstur og öryggisbeltanotkun, eftirlit, áróður og fræðsla og uppsetning hraðaeftirlitsmyndavéla, leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum, eyðing svartbletta, takmörkun á lausagöngu búfjár, eftirlit með akstri ökumanna undir áhrifum áfengis/fíkniefna, umferðarröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja, umferðaröryggi í námskrá grunnskóla/leikskóla, öryggisbeltanotkun í hópbílum, akstur erlendra ökumanna og kynningarmál og rannsóknir.

## ÞINGSÁLYKTANIR SAMGÖNGURÁÐUNEYTISINS Á 128. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 19/128 um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 frá 13. mars 2003 – þskj. 1326.

*Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2003–2014 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við áætlun þessa sem felur í sér:*

a. *stefnumótun í samgöngumálum og helstu markmið sem vinna skal að,*
b. *skilgreiningu á grunnneti samgöngukerfisins sem nær til alls landsins og er ætlað að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur,*
c. *áætlun um fjáröflun til samgöngumála og*
d. *yfirlit um útgjöld til allra helstu þátta í rekstri samgöngustofnana, svo og viðhalds og nýframkvæmda á sviði flugmála, siglingamála og vegamála.*

*[Sjá nánar http://www.althingi.is/altext/128/s/1326.html.]*

Þessi áætlun er fyrsta tólf ára samgönguáætlunin og tekur til áranna 2003–2014. Áætlunin tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, og rekstrar stofnana. Í samgönguáætlun er skilgreint það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gerð er grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Jafnframt er mörkuð stefna fyrir allar greinar samgangna næstu tólf ár. Þá er í samgönguáætlun tekið tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur. Á hverju ári eru lagðar fram sérstakar skýrslur fyrir Alþingi um framkvæmd vegáætlunar, framkvæmd siglingaáætlunar og framkvæmd flugmálaáætlunar ársins á undan. Ráðgert er að gefa einnig út fjórðu skýrsluna á hverju ári sem tekur til framkvæmdar stefnumörkunar samgönguáætlunar almennt.

### Þál. 20/128 um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 frá 13. mars 2003 – þskj. 1327.

*Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2003-2006 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun: [sjá http://www.althingi.is/altext/128/s/1327.html].*

Þessi áætlun er fyrsta fjögurra ára samgönguáætlunin og tekur til áranna 2005–2008. Fjögurra ára áætlun er endurskoðuð á tveggja ára fresti. Tekjur og gjöld fjögurra ára áætlunar rúmast innan ramma tólf ára samgönguáætlunar. Í fjögurra ára áætlun er áætlun fyrir hvert ár tímabilsins fyrir hverja stofnun samgöngumála, þ.e. Flugmálastjórn Íslands, Siglingastofnun Íslands og Vegagerðina. Sundurliðun fjögurra ára áætlunar er hagað þannig að

ábyrgð og fjárheimildir hverrar stofnunar koma skýrt fram. Kaflar hennar skiptast m.a. í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun. Gerð er grein fyrir fjáröflun og útgjöld skulu sundurliðuð eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Á hverju ári eru lagðar fram sérstakar skýrslur fyrir Alþingi um framkvæmd vegáætlunar, framkvæmd siglingaáætlunar og framkvæmd flugmálaáætlunar ársins á undan. Ráðgert er að gefa einnig út fjórðu skýrsluna á hverju ári sem tekur til framkvæmdar stefnumörkunar samgönguáætlunar almennt.

## Sjávarútvegsráðuneyti.

### ÞINGSÁLYKTANIR SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIS Á 130. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 18/130 um samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna frá 27. apríl 2004 – þskj. 1507.

*Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2003, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla enn frekar samstarf landanna um veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum og stuðla að samningum sem tryggi áfram sjálfbæra nýtingu þeirra.*

Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna er mikið. Þjóðirnar starfa saman að þessu markmiði bæði í tvíhliða samstarfi og í víðara svæðisbundnu samstarfi, svo sem innan Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Sjávarútvegsráðherrar landanna hittast einnig reglulega og eiga náið samráð í ýmsum málum sem varða sjávarútveg auk þess sem samstarf embættismanna í ráðuneytunum er mikið. Bæði á vettvangi þess samstarfs sem sjávarútvegsráðherrar Norður-Atlantshafsins eiga og eins innan vébanda norræns samstarfs en þar hefur samstarf vestnorrænu sjávarútvsráðherranna verið gert skipulegra og markvissara allra síðustu árin með sameiginlegum fundum, gjarna í tengslum við atburði, ráðstefnur o.fl., sem þeir koma allir á.

Síðan þingsályktun um aukið samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna var samþykkt á Alþingi 27. apríl 2004 hefur umrætt samstarf aukist enn frá því sem áður var. Þannig tóku Vestur-Norðurlandaþjóðirnar þátt í að ná samkomulagi um stjórn kolmunnaveiða sem árin fyrir 2006 einkenndust af stjórnlausri ofveiði. Um var að ræða annars vegar strandríkjasamkomulag um stjórn kolmunnaveiða og hins vegar samþykkt NEAFC um stjórn kolmunnaveiða sem nær til úthafsins. Einnig má nefna að íslensk stjórnvöld hafa undanfarin missiri staðið í viðræðum við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um bætta stjórn á karfaveiðum á Reykjaneshrygg.

Ljóst er því að umrætt samstarf Vestur-Norðurlandaþjóðanna er mikið og vaxandi.

## Umhverfisráðuneyti.

## ÞINGSÁLYKTANIR UMHVERFISRÁÐUNEYTIS Á 130. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 28/130 um náttúruverndaráætlun 2004–2008 frá 28. maí 2004 – þskj. 1842.

*Alþingi ályktar, með vísan til 65. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Jafnframt verði á tímabilinu unnið áfram að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.*

*Náttúruverndaráætlunin taki til eftirfarandi svæða: [sjá http://www.althingi.is/altext/130/s/1842.html].*

Náttúruverndaráætlun var í fyrsta sinn lögð fyrir Alþingi á 130. þingi, árið 2003, og samþykkt 28. maí 2004. Náttúruverndaráætlun 2004–2008 felur í sér friðlýsingu 14 nýrra svæða á landinu auk stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs. Umhverfisstofnun hefur unnið að framkvæmd áætlunarinnar í samvinnu við umhverfisráðuneytið frá því um mitt ár 2004. Kynningarfundir hafa verið haldnir með sveitarstjórnum, landeigendum og íbúum á viðkomandi svæðum til þess að kynna áætlunina og hugmyndir um friðlýsingu þessara svæða. Samtímis hefur verið unnið að öflun ítarlegri upplýsinga um viðkomandi svæði, til að mynda um eignarhald, landeigendur og náttúrufar. Í kjölfar kynningarfundanna hefur síðan verið unnið að undirbúningi friðlýsingarskilmála í samvinnu við hagsmunaaðila, m.a. hefur vinnan miðað að því að skilgreina, frekar en gert er í náttúruverndaráætluninni, mörk viðkomandi svæða og forsendur og markmið friðlýsingar.

Þegar hefur eitt svæði á náttúruverndaráætlun verið friðlýst, en það er friðlandið Guðlaugstungur sem nær yfir Guðlaugstungur, Svörtutungur og Álfgeirstungur í Vestur-Húnavatnssýslu. Markmiðið með friðlýsingu svæðisins er að vernda víðfeðmt og gróskumikið votlendi og eitt stærsta og fjölbreyttasta rústasvæði landsins. Svæðið er mikilvægt varp- og beitiland heiðagæsar og hefur alþjóðlegt náttúruverndargildi vegna fjölda gæsa sem það nýtir. Friðlandið Guðlaugstungur var friðlýst í lok árs 2005 og er það 192 ferkílómetrar að stærð.

Undirbúningur að friðlýsingu nokkurra svæða er að komast á lokastig þ.e. friðlýsingarskilmálar, og mörk svæðanna hafa verið til umræðu milli Umhverfisstofnunar, landeigenda og sveitarstjórna og drög að friðlýsingu fimm svæða liggja fyrir en það eru Vestmannaeyjar, Vatnshornsskógur í Skorradal, Austara-Eylendið, Látrabjarg og Rauðasandur og Njarðvík og Loðmundarfjörður. Auk þess liggja fyrir tillögur að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og mun umhverfisráðherra mæla fyrir frumvarpi um stofnun þjóðgarðsins í lok nóvember. Tillögur um Vatnajökulsþjóðgarð gera ráð fyrir friðlýsingu alls Vatnajökuls ásamt umfangsmiklum svæðum umhverfis jökulinn alls um 13.400 km$^2$ lands. Markmiðið með friðlýsingu svæðisins er að vernda einstæðar jarðfræðilegar náttúruminjar ásamt landslagi sem einkennist af samspili eldvirkni og jökuls. Þjóðgarðurinn verður stærsti þjóðgarður Evrópu.

Í tengslum við undirbúning að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hefur verið rætt við landeigendur þriggja svæða á náttúruverndaráætlun, en það eru Öxarfjörður, stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og stækkun Skaftafellsþjóðgarðs. Gert er ráð fyrir hluta þessara svæða í

tillögum um Vatnajökulsþjóðgarð en samkomulag hefur ekki náðst um friðlýsingu annarra hluta þessara svæða enn þá.

Undirbúningur að friðlýsingu nokkurra svæða er vel á veg kominn og viðræður við hagsmunaaðila hafa verið í gangi um nokkurt skeið án þess að fyrir liggi drög að friðlýsingarskilmálum eða mörkum svæðisins. Þetta eru Álftanes, Akrar og Löngufjörur, Álftanes og Skerjafjörður, Látraströnd og Náttfaravíkur og Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg á Reykjanesskaganum. Viðræður um friðlýsingu Geysis í Haukadal hafa einnig verið í gangi um nokkurt skeið.

Vonir standa til þess að mögulegt verði að ljúka friðlýsingu nokkurra svæða í viðbót árið 2007 og vonir standa til þess að samkomulag náist um friðlýsingu flestra svæðanna á náttúruverndaráætlun 2004–2008 svo takast megi að ljúka friðlýsingu þeirra árið 2008.

## ÞINGSÁLYKTANIR UMHVERFISRÁÐUNEYTIS Á 128. LÖGGJAFARÞINGI

### Þál. 14/128 um neysluvatn frá 10. mars 2003 – þskj. 1168.

*Alþingi samþykkir að beina því til ríkisstjórnarinnar að*

a. *neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum,*
b. *málefni þess verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni og*
c. *stuðlað verði að útflutningi á fersku neysluvatni í samstarfi við vatnsútflutningsfyrirtæki og sveitarfélög.*

*Gert er ráð fyrir að eftirlit með gæðum vatns verði áfram á vegum Hollustuverndar ríkisins (Umhverfisstofnunar frá 1. janúar 2003) og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.*

Umhverfisráðherra skipaði starfshóp 8. september 2003 til að fjalla um framkvæmd framangreindrar þingsályktunar um neysluvatn. Starfshópurinn skilaði áliti sínu til umhverfisráðherra 3. mars 2004 þar sem m.a. var lagt til að málið yrði kynnt í ríkisstjórn og að settur yrði saman hópur á vegum ráðuneyta til að vinna að frekari vinnslu á tillögum þeim sem settar voru fram af hendi starfshópsins.

Þann 25. apríl 2005 skipaði umhverfisráðuneytið samráðsnefnd sem ætlað var að fara yfir tillögur framangreinds neysluvatnsstarfshóps og gera tillögur um endanlega afgreiðslu á þeim tillögum, sbr. samþykkt ríkisstjórnar þar um, dags. 1. október 2004. Í nefndinni sátu fulltrúar tilnefndir af iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins ásamt formanni sem skipaður var án tilnefningar. Nefndin lauk störfum 23. október 2006. Í stuttu máli komst samráðsnefndin að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á þeim breytingum varðandi lög og stjórnsýslu, sem lagðar voru til af hálfu neysluvatnsstarfshópsins, með e.t.v. þeirri undantekningu að kanna megi hvort hægt sé að einfalda málefni vatnsveitna með vistun málaflokksins í einu ráðuneyti. Hafa ber í huga að umtalsverð þróun hefur orðið í þessum málaflokki síðan þingsályktunartillagan kom fram í mars 2003, og er hér einkum átt við ný vatnalög á vettvangi iðnaðarráðuneytisins og rammalöggjöf Evrópusambandsins um vatnsvernd. Samráðsnefndin sá heldur ekki rök fyrir aukinni þátttöku stjórnvalda í kynningu á íslensku vatni sem útflutningsvöru eða sem opinbert framlag Íslands þar sem neyðarástand ríkir vegna náttúruhamfara eða átaka.

**Utanríkisráðuneyti.**

ÞINGSÁLYKTANIR UTANRÍKISRÁÐUNEYTIS Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

**Þingsályktun 2/131 um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 og 103/2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 10. mars 2005 – þskj. 954.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 frá 23. apríl 2004 og 103/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:*

1. *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik),*
2. *reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga,*
3. *tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun,*
4. *tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar óhlutdræga kynningu ráðlegginga um fjárfestingu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra.*

Ákvarðanirnar voru staðfestar af Íslands hálfu 6. apríl 2005 og öðluðust gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2005.

**Þingsályktun 3/131 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 10. mars 2005 – þskj. 955.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 6. apríl 2005 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2005.

**Þál. 4/131 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 10. mars 2005 – þskj. 956.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2004 frá 4. júní 2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjár-*

*málaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 21. apríl 2005 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2005.

**Þál. 5/131 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, 20. apríl 2005 – þskj. 1177.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 3. maí 2005 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2005.

**Þál. 6/131 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, 20. apríl 2005 – þskj. 1178.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 3. maí 2005 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2005.

**Þál. 7/131 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn, 20. apríl 2005 – þskj. 1179.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 2. maí 2005 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. september 2005.

**Þál. 8/131 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, 26. apríl 2005 – þskj. 1210.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 frá 9. desember 2004, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 29. apríl 2005 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2005.

**Þál. 9/131 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, 3. maí 2005 – þskj. 1279.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 14. júní 2005 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2005.

**Þál. 11/131 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 og samnings EFTA-ríkjanna um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, 10. maí 2005 – þskj. 1413.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirfarandi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og samning EFTA-ríkjanna er varða framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins:*

1. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 frá 4. júní 2004, um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 24 (um samvinnu varðandi eftirlit með samfylkingum) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.*
2. *Samning EFTA-ríkjanna frá 4. júní 2004 um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 18. maí 2005 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2005.

Samningur EFTA-ríkjanna frá 4. júní 2004 var staðfestur af Íslands hálfu 20. maí 2005 og öðlaðist gildi 1. júlí 2005.

## Þál. 12/131 um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og samninga EFTA-ríkjanna um framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, 10. maí 2005 – þskj. 1414.

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtaldar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar og samninga EFTA-ríkjanna er varða framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins:*

1. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004, um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.*
2. *Samning EFTA-ríkjanna frá 24. september 2004 um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.*
3. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2004 frá 3. desember 2004, um breytingu á bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.*
4. *Samning EFTA-ríkjanna frá 3. desember 2004 um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.*

Ákvarðanirnar voru staðfestar af Íslands hálfu 18. maí 2005. Ákvörðun nr. 130/2004 öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 19. maí 2005 og ákvörðun nr. 178/2004 öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2005.

Samningur EFTA-ríkjanna frá 24. september 2004 var staðfestur af Íslands hálfu 20. maí 2005 og öðlaðist gildi þann dag.

Samningur EFTA-ríkjanna frá 3. desember 2004 var staðfestur af Íslands hálfu 20. maí 2005 og öðlaðist gildi 1. júlí 2005.

## Þál. 13/131 um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005, 10. maí 2005 – þskj. 1415.

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 17. janúar og 15. febrúar 2005.*

Samningurinn, sem einungis var til eins árs, öðlaðist gildi til bráðabirgða 15. febrúar 2005. Honum var ekki veitt formlegt gildi.

**Þál. 14/131 um fullgildingu viðbótarsamnings nr. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans, 10. maí 2005 – þskj. 1416.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning nr. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans, sem gerður var í Strassborg 13. maí 2004.*

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 16. maí 2005 en hefur ekki enn öðlast gildi.

**Þál. 15/131 um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, 10. maí 2005 – þskj. 1417.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Líbanons sem undirritaður var í Montreux í Sviss 24. júní 2004.*

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 22. nóvember 2005 en hefur ekki enn öðlast gildi.

**Þál. 16/131 um kynningu á íslenskri list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands, 10. maí 2005 – þskj. 1418.**

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta stefnu til þess að kynna íslenska list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands.*

Utanríkisráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu var falið með bréfi forsætisráðuneytisins dags. 23. maí 2005 að fara með framkvæmd þingsályktunarinnar.

Í júní 2006 kom út skýrsla á vegum utanríkisráðuneytis og menntamálaráðuneytis um samstarf ráðuneytanna í menningarmálum. Þar er meðal annars farið yfir störf ráðuneytanna á sviði menningarsamskipta við útlönd og markmið í alþjóðlegum menningarsamskiptum, þ.m.t. kynningu á íslenskri list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands. Jafnframt er í skýrslunni lagt til að utanríkisráðuneyti og menntamálaráðuneyti geri með sér samning um samstarf á sviði menningarmála. Lagt er til að helstu efnisatriði samningsins verði eftirfarandi:

a. Samstarfsnefnd um menningarmál verði komið á fót sem skal sjá um öll meiri háttar verkefni á sviði menningarsamskipta við útlönd og samskipti ráðuneytanna og gera tillögur til ráðherra á þessu sviði.
b. Samstarfssjóði ráðuneytanna verði komið á fót sem skal hafa það hlutverk að styrkja verkefni að frumkvæði sendiskrifstofa, ráðuneyta og annarra aðila. Jafnframt skal stefnt að því að einkaaðilar komi að sjóðnum. Samstarfsnefndin fari með stjórn sjóðsins.
c. Formlegur samráðsvettvangur verði stofnaður fyrir stjórnvöld og samtök hagsmunaaðila í menningarlífinu til þess að vera ráðgefandi um stefnu ríkisins á þessu sviði.

ÞINGSÁLYKTANIR UTANRÍKISRÁÐUNEYTIS Á 130. LÖGGJAFARÞINGI

**Þál. 1/130 um staðfestingu sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu, Eistlands, Lettlands, Litháens, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu, 2. desember 2003 – þskj. 526.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild lýðveldisins Búlgaríu, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, Rúmeníu, lýðveldisins Slóvakíu og lýðveldisins Slóveníu sem gerðir voru í Brussel 26. mars 2003.*

Samningarnir voru staðfestir af Íslands hálfu 15. desember 2003 og öðluðust gildi 27. febrúar 2004, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7-13/2004.

**Þál. 2/130 um fullgildingu samnings á sviði refsiréttar um spillingu, 2. desember 2003 – þskj. 527.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning á sviði refsiréttar um spillingu sem gerður var í Strassborg 27. janúar 1999.*

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 11. febrúar 2004 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/2004.

**Þál. 3/130 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og bókun 37 við EES-samninginn, 11. desember 2003 – þskj. 654.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003 frá 14. mars 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og bókun 37 við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna og reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1896/2000 frá 7. september 2000 um fyrsta áfanga áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um sæfiefni og 1687/2002 frá 25. september 2002 um viðbótarfrest til að tilkynna tiltekin, virk efni sem eru þegar á markaði til notkunar sem sæfiefni eins og fastsett er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1896/2000.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 5. janúar 2004 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. mars 2004.

**Þál. 4/130 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, 11. desember 2003 – þskj. 655.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 5. janúar 2004 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. mars 2004.

**Þál. 6/130 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 23. febrúar 2004 – þskj. 940.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003 frá 14. mars 2003, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 30. mars 2004 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. maí 2004.

**Þál. 7/130 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, 23. febrúar 2004 – þskj. 941.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003 frá 16. maí 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 30. mars 2004 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. maí 2004.

**Þál. 8/130 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 16. mars 2004 – þskj. 1133.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á IX. við-*

*auka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 30. mars 2004 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. maí 2004.

**Þál. 9/130 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn, 16. mars 2004 – þskj. 1134.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003 frá 7. nóvember 2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 30. mars 2004 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2004.

**Þál. 11/130 um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, 29. mars 2004 – þskj. 1253.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003:*

1. *Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 22. maí og 4. júní 2003.*
2. *Samkomulag milli Íslands og Noregs um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gert var í Ósló 26. júní 2003.*

Samningurinn milli Íslands og Færeyja öðlaðist gildi til bráðabirgða 4. júní 2003, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 44/2003. Hann var staðfestur af Íslands hálfu 11. maí 2004 en var ekki veitt formlegt gildi.

Samkomulaginu milli Íslands og Noregs var beitt til bráðabirgða frá 26. júní 2003, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 45/2003. Það var staðfest af Íslands hálfu 11. maí 2004 en var ekki veitt formlegt gildi.

**Þál. 12/130 um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003, 29. mars 2004 – þskj. 1254.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 31. mars og 15. apríl 2003.*

Samningurinn öðlaðist gildi til bráðabirgða 15. apríl 2003, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 43/2003. Hann var staðfestur af Íslands hálfu 11. maí 2004 en var ekki veitt formlegt gildi.

**Þál. 13/130 um staðfestingu samninga milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen o.fl., 29. mars 2004 – þskj. 1255.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen o.fl.*

1. *Samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003.*
2. *Samning milli Íslands og Grænlands/Danmerkur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003.*
3. *Tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs sem gert var í Reykjavík 9. júlí 2003.*

Samningunum og samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 8. júlí 2003, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 48/2003. Þau voru staðfest af Íslands hálfu 25. maí 2004 en hefur ekki verið veitt formlegt gildi.

**Þál. 15/130 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 31. mars 2004 – þskj. 1295.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003 frá 11. ágúst 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 29. apríl 2004 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2004.

**Þál. 16/130 um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles, 31. mars 2004 – þskj. 1296.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Chiles sem undirritaður var í Kristiansand í Noregi 26. júní 2003.*

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 7. maí 2004 og öðlaðist gildi 1. desember 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 67/2004.

**Þál. 17/130 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 27. apríl 2004 – þskj. 1506.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003 frá 5. desember 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE, 86/635/EBE og 91/674/EBE um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 7. júní 2004 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2004.

**Þál. 19/130 um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar, 19. maí 2004 – þskj. 1727.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003.*

Samningurinn var staðfestur af Íslands hálfu 30. júní 2004 og öðlaðist hann gildi 1. september 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 51/2004.

**Þál. 20/130 um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004, 19. maí 2004 – þskj. 1728.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 25. og 30. mars 2004.*

Samningurinn, sem var aðeins til eins árs, öðlaðist gildi til bráðabirgða 30. mars 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 41/2004. Honum var ekki veitt formlegt gildi.

**Þál. 21/130 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 19. maí 2004 – þskj. 1729.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2004 frá 6. febrúar 2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003 um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE).*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 7. júní 2004 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. janúar 2005.

**Þál. 22/130 um aðild að Gvadalajara-samningi og Montreal-bókun nr. 4 og um fullgildingu Montreal-samnings, 19. maí 2004 – þskj. 1731.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að Ísland gerist aðili að samningi um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem er viðbót við Varsjársamninginn, sem gerður var í Gvadalajara 18. september 1961, og Montreal-bókun nr. 4 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með bókuninni sem gerð var í Haag 28. september 1955, undirrituð í Montreal 25. september 1975, og að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem gerður var í Montreal 28. maí 1999.*

Ísland gerðist aðili að Gvadalajara-samningnum 12. júlí 2004 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 10. október 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 48/2004.

Ísland gerðist aðili að Montreal-bókun nr. 4 28. júní 2004 og öðlaðist hún gildi að því er Ísland varðar 26. september 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 47/2004.

Montreal-samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 17. júní 2004 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 16. ágúst 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 46/2004.

**Þál. 23/130 um aðild að samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa, gerð um endurskoðun samningsins og samningi um beitingu 65. gr. samningsins, 19. maí 2004 – þskj. 1730.**

*Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa (evrópska einkaleyfasamningnum) sem gerður var í München 5. október 1973, gerð um endurskoðun samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa (evrópska einkaleyfasamningsins) sem gerð var í München 29. nóvember 2000 og samningi um beitingu 65. gr. samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa sem gerður var í Lundúnum 17. október 2000.*

Ísland gerðist aðili að samningnum um veitingu evrópskra einkaleyfa, gerðinni um endurskoðun hans og samningi um beitingu 65. gr. samningsins 31. ágúst 2004. Samningurinn um veitingu evrópskra einkaleyfa öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. nóvember 2004. Gerðin um endurskoðun samningsins og samningur um beitingu 65. gr. samningsins hafa ekki enn öðlast gildi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/2004.

## ÞINGSÁLYKTANIR UTANRÍKISRÁÐUNEYTIS Á 128. LÖGGJAFARÞINGI

**Þál. 1/128 um aðild að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi, 29. október 2002 – þskj. 308.**

*Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi sem gerður var í Ríó de Janeiró 14. maí 1966.*

Ísland gerðist aðili að samningnum 30. október 2002 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar sama dag, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 41/2002.

**Þál. 3/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002, um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, 12. desember 2002 – þskj. 725.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar, (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð, og (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 23. desember 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 2003.

**Þál. 4/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn, 12. desember 2002 – þskj. 726.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998, um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 23. desember 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. mars 2003.

**Þál. 5/128 um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr, 12. desember 2002 – þskj. 727.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Singapúr sem undirritaður var á Egilsstöðum 26. júní 2002.*

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 30. desember 2002 og öðlaðist hann gildi 1. janúar 2003, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 46/2002.

**Þál. 6/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn, 13. desember 2002 – þskj. 751.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka*

*(Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 23. desember 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 2003.

**Þál. 7/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 13. desember 2002 – þskj. 752.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB frá 27. september 2001, um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga af tiltekinni gerð sem og banka og annarra fjármálastofnana.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 23. desember 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 2003.

**Þál. 8/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, 13. desember 2002 – þskj. 753.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2002 frá 31. maí 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 23. desember 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 2003.

**Þál. 9/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, 13. desember 2002 – þskj. 754.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 23. desember 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 2003.

**Þál. 10/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 13. desember 2002 – þskj. 755.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE).*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 23. desember 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 2003.

**Þál. 11/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 13. desember 2002 – þskj. 756.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002 frá 12. júlí 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB frá 21. janúar 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), með það í huga að setja reglur um rekstrarfélög og einfaldaðar útboðslýsingar, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB frá 21. janúar 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), að því er varðar fjárfestingar slíkra fyrirtækja.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 23. desember 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 2003.

**Þál. 12/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 13. desember 2002 – þskj. 757.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 23. desember 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. maí 2003.

**Þál. 22/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, 13. mars 2003 – þskj. 1346.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/39/EB frá 10. júní 2002, um breytingu á tilskipun 97/67/EB með tilliti til þess að opna póstþjónustu bandalagsins enn frekar fyrir samkeppni.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 24. apríl 2003 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2003.

**Þál. 23/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, 13. mars 2003 – þskj. 1347.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins; sameiginlega yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um fyrirsvar starfsmanna.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 24. apríl 2003 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2003.

**Þál. 24/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, 13. mars 2003 – þskj. 1348.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002 frá 8. nóvember 2002, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002, um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97, um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 24. apríl 2003 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2003.

**Þál. 25/128 um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 13. mars 2003 – þskj. 1349.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB frá 5. mars 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 79/267/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol líftryggingafyrirtækja, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB frá 5. mars 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 73/239/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol skaðatryggingafyrirtækja.*

Ákvarðanirnar voru staðfestar af Íslands hálfu 24. apríl 2003 og öðluðust gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2003.

**Þál. 26/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 13. mars 2003 – þskj. 1350.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001, um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 24. apríl 2003 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2003.

**Þál. 27/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 13. mars 2003 – þskj. 1351.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001, um endurskipulagningu og slit lánastofnana.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 24. apríl 2003 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2003.

**Þál. 28/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, 13. mars 2003 – þskj. 1352.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 30. apríl 2003 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2003.

**Þál. 29/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, 13. mars 2003 – þskj. 1353.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002, um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 24. apríl 2003 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2003.

**Þál. 30/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, 13. mars 2003 – þskj. 1354.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992,*

*og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 15. maí 2003 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2003.

**Þál. 31/128 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, 13. mars 2003 – þskj. 1355.**

*Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998, um lögvernd uppfinninga í líftækni.*

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 29. apríl 2003 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 2004.

# 921. Frumvarp til laga [621. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI

**Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.**

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, er orðast svo:

Landbúnaðarráðherra úthlutar tollkvótum samkvæmt öðrum skuldbindingum Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum í fríverslunar- og milliríkjasamningum en þeim sem tilgreindar eru í 1.–3. mgr. enda sé tollur lagður á vöruna sem magntollur eftir því sem í tollskrá í viðauka I greinir. Um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari málsgrein fer skv. 65. gr. B laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „tollalög, nr. 55/1987“ í 1. mgr. kemur: tollalög, nr. 88/2005; og í stað orðanna „6. gr. A“ í sömu málsgrein kemur: 12. gr.
b. 1. málsl. 3. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðanna „skv. XIV. kafla tollalaga, nr. 55/1987“ í 4. mgr. kemur: skv. XXII. kafla tollalaga.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. A laganna:

a. Í stað orðanna „tollalög, nr. 55/1987“ í 1. mgr. kemur: tollalög, nr. 88/2005.
b. Í stað orðanna „6. gr. A“ í 1. og 2. mgr. kemur: 12. gr.

4. gr.

Á eftir 65. gr. A laganna kemur ný grein, 65. gr. B, er orðast svo:

Landbúnaðarráðherra úthlutar tollkvótum samkvæmt öðrum skuldbindingum Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum í fríverslunar- og milliríkjasamningum en þeim sem greinir í 65. gr. og 65. gr. A enda sé tollur lagður á vöruna sem magntollur eftir því sem í tollskrá í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005, greinir.

Um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein fer eftir 4. mgr. 12. gr. tollalaga. Úthlutun tollkvóta skal fara eftir ákvæðum 65. gr.

Landbúnaðarráðherra birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tolltaxtar, viðurlög við misnotkun, sbr. 4. mgr. 65. gr., og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er landbúnaðarráðherra heimilað að úthluta tollkvótum samkvæmt öðrum skuldbindingum Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum í fríverslunar- og milliríkjasamningum en þeim sem tilgreindar eru í 1.–3. mgr. 12. gr. tollalaga.

Hér má nefna að samkomulag náðist milli Íslands og Evrópusambandsins um sl. áramót um tvíhliða viðskipti með landbúnaðarvörur en gert er ráð fyrir gildistöku þess 1. mars nk. Samkomulagið er gert á grundvelli 19. gr. EES-samningsins sem kveður á um reglulega endurskoðun á viðskiptum með landbúnaðarafurðir milli EES-aðildarríkjanna og Evrópusambandsins. Umrætt samkomulag er hið fyrsta sem Ísland og Evrópusambandið hafa gert um viðskipti á grundvelli þeirrar greinar. Í samkomulaginu eru m.a. veittir gagnkvæmir tollkvótar.

Með ákvæði 1. gr. frumvarpsins er landbúnaðarráðherra veitt skýr lagaheimild til að úthluta tollkvótum samkvæmt öðrum skuldbindingum Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum en þeim sem lúta að WTO-tollkvótum og viðbótarmagni samkvæmt heimildum er ráðherra hefur í 65. gr. A í búvörulögum.

Við gildistöku laga nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, var hætt að veita heildsöluleyfi. Því er lagt til í b-lið 2. gr. frumvarpsins að fella brott ákvæðið „Umsókn um tollkvóta má aðeins taka til greina að umsækjandi hafi heildsöluleyfi.“ Samkvæmt ákvæðum laga um verslunaratvinnu er hins vegar skylt að skrásetja verslun í firmaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða skrá á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á.

Aðrar breytingar sem frumvarpið felur í sér eru gerðar til samræmis við kafla- og greinaskipan í nýjum tollalögum, nr. 88/2005, sem felldu úr gildi eldri tollalög, nr. 55/1987.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða.**

Megintilgangur frumvarpsins er að víkka út heimild landbúnaðarráðherra til úthlutunar á tollkvótum fyrir innflutning á landbúnaðarafurðum. Auk þess eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar orðalagsbreytingar til samræmis við aðrar lagabreytingar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Á hinn bóginn kunna tekjur ríkissjóðs af gjaldi fyrir tollkvóta að aukast en þær ráðast af niðurstöðum útboða.


## 922. Svar [492. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um gjaldtöku fyrir farsíma- og netþjónustu.

1. *Hver hefur verið þróun gjaldtöku fyrir farsíma- og netþjónustu sl. þrjú ár og hvernig er verðlagningu hérlendis háttað borið saman við gjaldtöku fyrir þessa þjónustu annars staðar á Norðurlöndum?*


Eftirfarandi samanburður á farsímaþjónustu byggist á gagnagrunni Teligen en þar eru valin tvö stærstu farsímafyrirtæki í hverju landi sem hafa sameiginlega meira en 50% markaðshlutdeild miðað við heildarfjölda notenda. Þess vegna eru farsímafélagið Sko sem hóf rekstur þann 1. apríl á síðasta ári og IMC Ísland ehf. sem hefur veitt staðbundna farsímaþjónustu á Akureyri frá júlí 2002 ekki með í þessum samanburði. Mynd 1 lýsir verðþróun farsímaþjónustu Símans og Og Vodafone (Vodafone) miðað við meðalnotkun farsíma fyrir eftirágreiddar áskriftir. Hjá Símanum hefur farsímaþjónusta notenda lækkað um 9% í verði frá nóvember 2003 til nóvember 2006. Á sama tíma hefur farsímaþjónsta Vodafone lækkað um 3%. Ef boðnar eru fríar mínútur eða SMS án skilyrða um notkun, þá er um eiginlegan afslátt að ræða sem hægt er að draga frá mánaðargjaldi, notuðum mínútum eða SMS. Verðlækkun á eftirágreiddum áskriftum hjá Símanum í nóvember 2006 stafaði m.a. af því að boðnar voru óskilyrtar fríar mínútur og tiltekinn fjöldi SMS sem tekið er tillit til hér. Ekki er hins vegar tekið tillit til afsláttar í formi mínútna og SMS ef hann er skilyrtur við tiltekin númer eða farsímanet.

**Mynd 1: Verðþróun á eftirágreiddum áskriftum.**
Heimild: Teligen.




Mynd 2 lýsir verðþróun farsímaþjónustu Símans og Og Vodafone (Vodafone) miðað við meðalnotkun farsíma og ódýrustu fyrirframgreiddu kortin. Hjá Símanum hefur farsímaþjónusta notenda hækkað um 25,9% í verði frá nóvember 2003 til nóvember 2006. Á sama tíma hefur farsímaþjónsta Vodafone hækkað um 25,4% í verði.

**Mynd 2: Verðþróun á fyrirframgreiddum kortum.**
Heimild: Teligen.





Mynd 3 sýnir verðþróun farsímaþjónustu á Norðurlöndunum síðastliðin þrjú ár. Um er að ræða ódýrustu meðalnotkun hvort sem um er að ræða eftirágreiddar áskriftir eða fyrirframgreidd kort. Á síðustu þremur árum hefur farsímaþjónusta lækkað um 9% í verði hér á landi en 46% í Finnlandi, 57% í Noregi, 59% í Svíþjóð og 63% í Danmörku.

Verðlækkun á Norðurlöndunum má m.a. rekja til óskilyrts afsláttar í formi tiltekins fjölda mínútna og SMS sem tekið er tillit til en ekki er tekið tillit til afsláttar ef hann er skilyrtur með einhverjum hætti eins og fyrr segir. Síminn hóf á árinu 2006 að bjóða óskilyrtan afslátt

af mínútum og fjölda SMS í áskriftum sem dreginn er frá mánaðargjaldi og verðlækkun sem átti sér stað í nóvember 2006 má m.a. rekja til þess. Rétt er að taka fram að Vodafone býður viðskiptavinum sínum tiltekinn fjölda af fríum mínútum og SMS-sendingum sem skilyrtur er við ákveðin númer í farsímaneti fyrirtækisins en ekki er tekið tillit til þessa í kostnaðarútreikningi Teligen.

**Mynd 3: Verðþróun farsímaþjonustu á Norðurlöndunum.**

Heimild: Teligen.




Við samanburð á innlendri verðþróun á netþjónustu er ekki hægt að styðjast við gagnagrunn Teligen þar sem fyrirtækið tekur ekki saman upplýsingar um verð fyrir þá þjónustu heldur er stuðst við upplýsingar frá Hagstofu Íslands.

Það gefur almennt ekki rétta mynd af verðþróun fyrir netþjónustu að bera eingöngu saman verð fyrir þessa þjónustu sl. þrjú ár þar sem hraði tenginga hefur aukist í kjölfar þróunar og uppfærslu á DSL-búnaði fjarskiptafyrirtækjanna, fleiri áskriftir eru í boði en fyrir þremur árum ásamt því að meira gagnamagn í erlendu niðurhali fylgir nú áskriftum. Verð fyrir netþjónustu hefur þrátt fyrir aukna þjónustu almennt lækkað um 13,5% frá desember 2003 til desember 2006 eins og sjá má í töflu 1 hér að neðan.

**Tafla 1: Verðþróun internetþjónustu síðastliðin 3 ár.**

Heimild: Hagstofa Íslands.

| Desember | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| Vísitala neysluverðs | 110 | 100 | 100 | 95,2 | -13,5% |

Skýring: Grunnur mars 1997=100, nema þegar undirvísitölu er bætt við síðar.
Vísitalan fær þá gildið 100.

Ráðgjafar- og rannsóknarfyrirtækið Wairuaconsulting (www.wairua.com) hefur tekið saman skýrslu[1] sem birt var í maí 2006 þar sem breiðbandsmarkaðurinn innan 26 OECD-landa var borinn saman. Ef eingöngu er litið á Norðurlöndin í þeirri skýrslu kemur m.a. fram að meðalkostnaður við netþjónustu hér á landi er næstmestur ef miðað er við mánaðaráskriftir allra breiðbandstenginga sem í boði eru, leiðrétt fyrir kaupmætti. Meðalkostnaður vegna tengigjalds fyrir DSL-áskriftir til heimila er mestur hér á landi af Norðurlöndunum.

2. *Er ástæða til að ætla að farsímafyrirtækin séu með samræmda gjaldtöku fyrir reikisímtöl í farsíma?*

Upplýsingar liggja ekki fyrir um slíkt en mismunandi verð er gefið upp af símafyrirtækjunum.

3. *Hver má ætla að kostnaður símafyrirtækja sé vegna flutnings símtala í farsíma annars vegar og hins vegar raunkostnaður fyrirtækjanna við símtalaflutning milli landa? Hver er síðan kostnaður neytenda af þessari þjónustu?*

Eins og flestum farsímanotendum er eflaust ljóst getur verið mjög kostnaðarsamt að nota farsíma á ferðalögum erlendis. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur um árabil beitt sér fyrir lækkun þessara gjalda með aðvörunum til neytenda, með skoðanakönnunum og með tilvísunum í samkeppnislög. Þrátt fyrir fyrirheit margra símafyrirtækja um lækkanir hafa þær ekki skilað sér til neytenda með þeim hætti sem framkvæmdastjórnin hefði kosið. Við nánari skoðun er ljóst að meðaltalsverð í smásölu er í sumum tilfellum meira en fimm sinnum hærra en raunkostnaður við að veita þjónustuna í heildsölu að sögn Evrópusambandsins. Nákvæm greining á þessum þjónustuþáttum stendur nú fyrir dyrum og má að öllum líkindum vænta niðurstöðu þeirra greininga á næstu mánuðum.

4. *Er á döfinni að setja bindandi reglur um hámarksgjald sem taka má fyrir farsímaþjónustu, líkt og fyrirhugað er innan Evrópusambandsins?*

12. júlí 2006 kom fram tillaga frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um setningu reglugerðar sem mun takmarka möguleika fjarskiptafyrirtækjanna á gjaldtöku fyrir reikisamtöl ef hún verður samþykkt.

Ef reglugerðin verður samþykkt fer hún í hefðbundið umsagnarferli til ESA sem síðan leiðir að öllum líkindum til innleiðingar hér á landi eins og EES-samningurinn segir til um.

## 923. Svar [520. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Katrínar Fjeldsted um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hyggst ráðherra beita sér fyrir því fyrir lok kjörtímabilsins að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað?*

---

[1] http://www.internetnz.net.nz/media/2006-05-29-research-report.

Hinn 22. nóvember sl. skipaði ráðherra starfshóp til þess að gera tillögur um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Í honum sitja Árni Bragason, formaður, Egill Sigurðsson, tilnefndur af Ásahreppi, Þorgils Torfi Jónsson, tilnefndur af Rangárþingi ytra, og Gunnar Örn Marteinsson, tilnefndur af Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Jafnframt er starfshópnum ætlað að hafa samráð við sérfræðinga og hagsmunaaðila á svæðinu og gera tillögur um stækkun friðlandsins svo og hugsanlegar breytingar aðrar á mörkum friðlandsins og einstökum atriðum friðlýsingarinnar.

Í skipunarbréfi starfshópsins var reiknað með að hann skilaði tillögum sínum til ráðherra fyrir 1. febrúar sl. en nú liggur fyrir að starfshópurinn muni skila tillögum sínum um næstkomandi mánaðamót.

Á grundvelli tillagna starfshópsins er það ætlun ráðherra að stækka friðlandið í Þjórsárverum.

## 924. Svar [480. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um verðmyndun á landbúnaðarvörum.

1. *Hvernig skiptist verðmyndun á helstu tegundum landbúnaðarvara á árunum 2005 og 2006, annars vegar innlendra og hins vegar innfluttra, sundurliðað milli eftirfarandi þátta, bæði hlutfallslega og í krónum:*
   a. *framleiðenda,*
   b. *heildsöluálagningar,*
   c. *smásöluálagningar,*
   d. *opinberra gjalda?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um þau atriði sem spurt er um hvað innlendar landbúnaðarvörur varðar, enda er verðmyndun þessara vara frjáls og óháð opinberum verðafskiptum. Þetta á þó ekki við um tilteknar mjólkurvörur, þ.e. nýmjólk, rjóma, undanrennu, skyr (ópakkað), smjör (allir flokkar), ost (17% og 26%) nýmjólkurduft og undanrennuduft, en á grundvelli 1. mgr. 13. gr. búvörulaga ákveður verðlagsnefnd búvara heildsöluverð þessara vara, þ.e. sömu vara og verðlagðar eru skv. 8. gr. búvörulaga að teknu tilliti til afurðaverðs til framleiðenda. Sjá auglýsingu um heildsöluverð þessara vara í Lögbirtingablaðinu dags. 21. desember 2005 og auglýsingu um lágmarksverð á mjólk til framleiðenda í Lögbirtingablaðinu dags. 28. desember 2005. Umbeðnar upplýsingar varðandi innfluttar landbúnaðarvörur liggja ekki fyrir hjá ráðuneytinu, en einhver hluti þeirra kann að fást hjá Hagstofu Íslands og Samkeppniseftirlitinu.

2. *Ef framangreindar upplýsingar liggja ekki fyrir, telur ráðherra rétt að slíkar upplýsingar liggi fyrir, séu aðgengilegar og uppfærðar reglulega og er hann tilbúinn að beita sér sérstaklega fyrir því?*

Að mati ráðherra er mikilvægt að fyrir liggi sem ítarlegastar upplýsingar um hagtölur í landbúnaði, landbúnaðarframleiðslu og verðmyndun landbúnaðarvara, m.a. í þeim tilgangi að auka sem mest gagnsæi og auðvelda ákvarðanatöku. Sama gildir um innfluttar landbúnaðarvörur og verðmyndun þeirra. Þær stofnanir sem sinna þessum málum einkum eru: Hagþjónusta landbúnaðarins, Hagstofa Íslands og Samkeppniseftirlitið. Hjá Hagþjónustu landbúnað-

arins hefur á síðustu árum verið gert átak í að bæta upplýsingar um afkomu og stöðu bænda og eru þær upplýsingar í aðgengilegu formi á heimasíðu Hagþjónustunnar. Ráðherra er einnig kunnugt um nokkra bót á söfnun upplýsinga, hagtalna er heyra undir Hagstofu Íslands og varða áburðarnotkun, búfé og uppskeru, framleiðslu og kjötneyslu og veiðitalna, en það er mat ráðherra að þar þurfi að bæta um betur. Á heimasíðu Bændasamtaka Íslands er einnig að finna hagnýtar upplýsingar í þessu sambandi.

3. *Hafa Bændasamtökin óskað eftir því að í það verði ráðist að fá fram sundurgreindar upplýsingar um verðmyndun á landbúnaðarvörum?*
   Eftir því sem best er vitað hefur slík ósk ekki komið fram.

4. *Telur ráðherra rétt að lögfest verði að hlutur bóndans í verði landbúnaðarvara verði sérstaklega skráður á þær vörur í verslunum?*
   Í þjóðfélögum þar sem meginreglan er frjáls verðmyndun eins og hér tíðkast telur ráðherra ekki rétt að lögfest verði hver hlutur bóndans er í verði landbúnaðarvara og það sérstaklega skráð á vörur í verslunum. Það yrði afar kostnaðarsamt bæði fyrir framleiðendur og neytendur og erfitt að hafa eftirlit með slíkri framkvæmd. Ráðherra telur á hinn bóginn mikilvægara að efla almennt verðlagseftirlit og miðlun upplýsinga til neytenda og framleiðenda, m.a. með verðkönnunum, birtingu upplýsinga um smásöluálagningu, heildsöluálagningu þar sem það á við, vinnslu- og dreifingarkostnað og hvað bóndinn fær fyrir framleiðsluvörur sínar.

## 925. Skýrsla [622. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2006.

**1. Inngangur.**

Í starfi Norðurlandaráðs árið 2006 var megináhersla lögð á tvennt. Annars vegar skilgreiningu á stöðu og möguleikum Norðurlanda á alþjóðavísu, sem og stöðu ákveðinna svæða innan Norðurlanda, og hins vegar stöðu og hreyfanleika norrænna borgara og fyrirtækja innan Norðurlanda.

Í samræmi við niðurstöður skýrslu um „Norðurlönd – sigursvæði á heimsvísu“ (Norden som global vinderregion) hófst vinna starfshóps um hvernig hægt væri að nýta sóknarfæri Norðurlanda í alþjóðlegri samkeppni.

Staða sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja í opinberu norrænu samstarfi var til umfjöllunar í forsætisnefnd og á Norðurlandaráðsþingi vegna umsóknar Færeyja um fullgilda aðild að opinberu norrænu samstarfi.

Norðurlandaráð tók þátt í verkefninu „Sambúð menningarheima“ (Co-existence of civilizations) sem fjallaði um hvernig leysa mætti menningarlega togstreitu meðal borgaranna og hvernig mætti koma í veg fyrir að slík togstreita skapaðist. Verkefninu var hleypt af stokkunum í kjölfar harðra deilna sem brutust út eftir að Jótlandspósturinn birti skopmyndir af Múhameð spámanni haustið 2005.

Þá var áfram haldið umræðu um landamærahindranir einstaklinga og fyrirtækja. Rætt var hvort koma ætti á fót embætti umboðsmanns norrænna einstaklinga og fyrirtækja til að yfirstíga þær hindranir sem fyrir eru.

Danir fóru með formennsku á starfsárinu 2006. Forseti Norðurlandaráðs var Ole Stavad og varaforseti Kristian Pihl Lorentzen.

**2. Almennt um Norðurlandaráð.**

Norðurlandaráð var stofnað árið 1952 og er samstarfsvettvangur þjóðþinga á Norðurlöndum. Sjálfstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland taka jafnframt þátt í samstarfinu. Alþingi hefur átt aðild að ráðinu frá stofnun þess. Norðurlandaráð kemur saman til þingfundar einu sinni á ári og ræðir og ályktar um norræn málefni. Auk þess kemur Norðurlandaráð saman til nefndarfunda þrisvar sinnum á ári. Á vegum Norðurlandaráðs er unnið að margvíslegum norrænum verkefnum sem þingmenn, nefndir eða flokkahópar ráðsins hafa átt frumkvæði að. Norðurlandaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um fjármagn sem er veitt til norrænnar samvinnu árlega. Norræna ráðherranefndin tekur verulegt tillit til þeirra ábendinga.

Í Norðurlandaráði sitja 87 þingmenn, þar af sjö alþingismenn. Hvert hinna landanna fjögurra (ásamt sjálfstjórnarsvæðunum) á 20 þingmenn í Norðurlandaráði. Hvert land skipar forseta Norðurlandaráðs á fimm ára fresti. Á árlegum þingfundi Norðurlandaráðs, sem stendur í þrjá til fjóra daga í senn um mánaðamótin október/nóvember, er fjallað um fram komnar tillögur og sendir þingið frá sér tilmæli til ríkisstjórna landanna eða Norrænu ráðherranefndarinnar. Forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar Norðurlanda gefa þinginu skýrslu og samstarfsráðherrar svara fyrirspurnum í sérstökum fyrirspurnatíma. Fjárlög komandi starfsárs eru jafnframt ákveðin á þinginu og skipað í nefndir og trúnaðarstöður. Í Norðurlandaráði starfa fjórir flokkahópar: jafnaðarmenn, miðjumenn, hægrimenn og vinstrisósíalistar og grænir. Flokkahóparnir móta sameiginlega afstöðu til einstakra mála og velja þingmenn í nefndir. Að öðru leyti byggist starf Norðurlandaráðs á landsdeildum aðildarríkjanna.

Málefnastarf Norðurlandaráðs fer að mestu fram í fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Á milli þinga stýrir forsætisnefnd starfi ráðsins, vísar tillögum til nefnda eða afgreiðir þær. Forsætisnefnd fer jafnframt með utanríkis- og öryggismál svo og samskipti Norðurlandaráðs við aðrar alþjóðastofnanir. Þá fer eftirlitsnefnd yfir ársreikninga ráðsins og stofnana sem starfa innan Norðurlandasamvinnunnar. Loks kemur kjörnefnd saman á þingum til að gera tillögu að skipan í nefndir og trúnaðarstöður á vegum Norðurlandaráðs.

**3. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.**

*Skipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.*

Í upphafi starfsársins 2006 skipuðu Íslandsdeildina þau Jónína Bjartmarz formaður, þingflokki Framsóknarflokks, Drífa Hjartardóttir varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Rannveig Guðmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Ásta Möller, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Mörður Árnason, þingflokki Samfylkingarinnar, Siv Friðleifsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, Bjarni Benediktsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Katrín Júlíusdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Sigurrós Þorgrímsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Þann 7. mars tók Siv Friðleifsdóttir, sem var varamaður í Íslandsdeild, sæti heilbrigðisráðherra í ríkisstjórn Íslands og 15. júní varð Jónína Bjartmarz, formaður Íslandsdeildar, umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda. Drífa Hjartardóttir, varaformaður Íslandsdeildar, var starfandi formaður frá 15. júní til 5. október.

Ný Íslandsdeild var kosin 2. október við upphaf 133. löggjafarþings. Tvær breytingar urðu á skipan aðalmanna þegar Sigríður A. Þórðardóttir tók við af Arnbjörgu Sveinsdóttur og Jón Kristjánsson af Jónínu Bjartmarz. Ein breyting varð á skipan varamanna, á þá leið að Arnbjörg Sveinsdóttir tók við af Bjarna Benediktssyni. Á fundi Íslandsdeildar 5. október var Sigríður A. Þórðardóttir kjörin formaður deildarinnar og Jón Kristjánsson varaformaður.

Stígur Stefánsson alþjóðaritari var ritari Íslandsdeildar til 1. mars 2006 þegar Lárus Valgarðsson alþjóðaritari tók við því starfi.

*Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.*

Kosið var í embætti og nefndir fyrir starfsárið 2006 á 57. þingi Norðurlandaráðs sem fram fór í Reykjavík 25. október til 27. október 2005. Eftir kosninguna var nefndarseta Íslandsdeildar sem hér segir: Jónína Bjartmarz, formaður Íslandsdeildar, og Rannveig Guðmundsdóttir sátu í forsætisnefnd. Drífa Hjartardóttir, varaformaður Íslandsdeildar, og Steingrímur J. Sigfússon áttu sæti í efnahags- og viðskiptanefnd, Drífa sem formaður nefndarinnar og Steingrímur J. Sigfússon sem varaformaður. Í menningar- og menntamálanefnd sat Arnbjörg Sveinsdóttir. Ásta R. Jóhannesdóttir átti sæti í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd. Í borgara- og neytendanefnd sat Kjartan Ólafsson. Kjartan átti einnig sæti í eftirlitsnefnd. Þegar Jón Kristjánsson tók sæti Jónínu Bjartmarz í Íslandsdeild Norðurlandaráðs tók hann sæti hennar í forsætisnefnd og þegar Sigríður A. Þórðardóttir tók við af Arnbjörgu Sveinsdóttur tók hún sæti hennar í menningar- og menntamálanefnd.

Fulltrúar Íslandsdeildar sátu auk þess í vinnuhópum á vegum Norðurlandaráðs og í stjórnum stofnana og voru fulltrúar þess út á við. Jónína Bjartmarz átti sæti í vinnuhópi um samfélagslegt öryggi á vegum forsætisnefndar og sat einnig í tengihópi Norðurlandaráðs á vegum forsætisnefndar við dönsku hugmyndasmiðjuna og fjölmiðlafyrirtækið Mandag morgen vegna verkefnis þess um sambúð menningarheima. Þegar hún varð ráðherra tók Drífa Hjartardóttir sæti hennar í tengihópnum. Arnbjörg Sveinsdóttir sat í vinnuhópi um nýja skipan norræns menningarsamstarfs á vegum menningar- og menntamálanefndar. Ásta R. Jóhannesdóttir sat í upplýsingahópi á vegum forsætisnefndar. Þá var Rannveig Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs hjá þingmannaráðstefnunni um Norðurskautsmál. Jónína Bjartmarz sat í stjórn norræna menningarsjóðsins á starfsárinu þangað til hún tók við ráðherraembætti, en þá tók varamaður hennar, Arnbjörg Sveinsdóttir, sæti hennar í stjórninni. Steingrímur J. Sigfússon átti sæti í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans og Þuríður Backman sat í stjórn Norrænu samstarfsmiðstöðvarinnar um málefni fatlaðra.

*Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.*

Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman til fundar sjö sinnum á árinu. Að venju var þátttaka í fundum og þingi Norðurlandaráðs undirbúin en þar að auki voru fjöldamörg mál á dagskrá svo og gagnkvæm upplýsingaskipti meðlima Íslandsdeildar um stöðu mála í einstökum nefndum og vinnuhópum Norðurlandaráðs.

Í upphafi árs var fjallað um fjárhagsáætlun Íslandsdeildarinnar og tilmæli Norðurlandaráðs frá Norðurlandaráðsþinginu 25. til 27. október 2005 í Reykjavík send fastanefndum Alþingis. Tilmæli Norðurlandaráðsþings eru jafnan send fastanefndum þjóðþinganna til upplýsingar og eftirfylgni í löggjafarstarfi ríkjanna þegar við á. Landsdeildir Norðurlandaráðs hafa síðan það hlutverk að fylgja tilmælunum eftir í fastanefndunum. Í samræmi við það sendi formaður Íslandsdeildar, Jónína Bjartmarz, íslenska þýðingu tilmæla þingsins til fastanefnda Alþingis og skiptu meðlimir Íslandsdeildar með sér verkum við að fylgja þeim eftir í fastanefndunum.

Í lok mars fundaði Íslandsdeild með fulltrúum Norræna félagsins á Íslandi. Fulltrúar félagsins á fundinum voru Bjarni Daníelsson formaður, Óðinn Albertsson framkvæmdastjóri og Esther Sigurðardóttir, skrifstofustjóri og verkefnisstjóri upplýsingaþjónustunnar Halló Norðurlönd. Halló Norðurlönd veitir upplýsingar og leiðbeiningar í síma og á vefsíðu fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem hyggjast flytja á milli Norðurlanda. Á fundinum voru kynntir helstu áhersluþættir í starfi félagsins um þær mundir og lýstu fulltrúarnir yfir áhyggjum af þróun einstakra mála innan norræns menningarsamstarfs og upplýsingamálum. Af hálfu félagsins var mikilvægi og velgengni Halló Norðurlönd ítrekað, en hingað til hefur símaþjónusta verið rekin á skrifstofum í hverju Norðurlandanna fyrir sig. Þá var einnig fjallað um norrænu bókasafnsvikuna, sem að sögn framkvæmdastjóra Norræna félagsins var stærsta norræna menningarverkefnið á árinu. Framkvæmdastjórinn velti einnig vöngum yfir afdrifum norræns samstarfs í skólamálum, t.d. nemendaskipta íslenskra barna innan Norðurlandanna, sem hefði fækkað til muna.

Í byrjun sumars fékk Íslandsdeild fulltrúa IMG ráðgjafar á sinn fund til að kynna nýútkomna skýrslu um íslensk fyrirtæki á Norðurlöndum. Þorgeir Pálsson, rekstrarráðgjafi hjá IMG ráðgjöf, kynnti skýrsluna sem fyrirtækið vann fyrir Útflutningsráð Íslands um íslensk fyrirtæki í útrás á Norðurlöndum. Við gerð hennar ræddi aðalhöfundur skýrslunnar, Sigrún Davíðsdóttir, blaðamaður í London, við á þriðja tug starfsmanna íslenskra fyrirtækja í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Helstu niðurstöður hennar eru að íslensk fyrirtækjamenning sé að ýmsu leyti frábrugðin því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum. Stjórnendur íslenskra fyrirtækja eru kannski áræðnari að sækja á markað og starfsmenn þeirra hafa meiri ábyrgð, en almannatengsl fyritækja eru á stundum vanmetin og jafnvel í höndum stjórnenda fyrirtækjanna í stað almannatengslafulltrúa. Íslandsdeildin veitti einnig fréttamannastyrki Norðurlandaráðs á fundi sínum 6. júní. Samanlögð styrkupphæð var 90 þúsund danskar krónur. Alls bárust átta umsóknir og var ákveðið fimm skyldu hljóta styrk að þessu sinni. Erna Guðrún Kaaber fékk 15.000 dkr., Helga Brekkan 25.000 dkr., Jóhann Hauksson 25.000 dkr., Óðinn Jónsson 10.000 dkr. og Sigrún María Kristinsdóttir 15.000 dkr.

Á fundi Íslandsdeildar 19. september var fjallað um breytingar á styrkleikahlutfalli flokkahópa í Norðurlandaráði eftir þingkosningar í Svíþjóð þann 17. september, en þær fólu í sér að flokkahópur jafnaðarmanna missti einn þingmann og miðflokkahópurinn tvo þingmenn, hægriflokkahópurinn bætti við sig þremur þingmönnum en fjöldi vinstrisósíalista og grænna var óbreyttur.

Staða sjálfstjórnarsvæðanna innan opinbers norræns samstarfs var einnig til umræðu á septemberfundi Íslandsdeildar. Fram kom að málið virtist vera erfiðara eftir þá bjartsýni sem ríkt hefði að loknum sumarfundi forsætisnefndar í Færeyjum þar sem næsta óhugsandi væri samkvæmt dönsku stjórnarskránni að einhver annar en handhafi konungsvaldsins væri aðili að milliríkjasamkomulagi á borð við Helsinkisáttmálann og erfitt fyrir Færeyinga að eiga aðild að Norðurlandaráði en ekki Norrænu ráðherranefndinni.

**4. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.**

*Forsætisnefnd.*

Í forsætisnefnd sátu á starfsárinu af hálfu Íslandsdeildar Rannveig Guðmundsdóttir og Jónína Bjartmarz. Jón Kristjánsson tók sæti Jónínu Bjartmarz þegar hún varð ráðherra. Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru á þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir á Norðurlöndunum og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Forsætisnefnd annast víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni og hefur yfirumsjón með öllum

málum í sambandi við Norðurlandaráðsþingið. Forsætisnefnd fjallar um norrænu fjárlögin en sérstakur vinnuhópur á vegum nefndarinnar tók þá vinnu sérstaklega að sér árið 2006, líkt og áður hafði verið gert. Þá sér forsætisnefnd um tengsl við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir og á í samstarfi við ESB/EES, ÖSE, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri. Forsætisnefnd fjallar um tillögur sem til hennar er beint og vísar öðrum tillögum sem lagðar eru fyrir ráðið til viðeigandi málefnanefnda. Forsætisnefnd fer með æðsta vald Norðurlandaráðs á milli þinga og hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Forsætisnefnd fundaði sex sinnum á árinu. Í janúar átti hún fund með formönnum norrænu félaganna sem eru grasrótin í norrænu samstarfi og hafa í sögulegu samhengi starfað að því að gera norrænar þjóðir meðvitaðar um sameiginlegan tungumála- og menningararf landanna. Á dagskrá fundarins voru m.a. áframhaldandi fækkun landamærahindrana, framtíð norræna menningarsamstarfsins, styrkjaáætlanir sem fjármagnaðar eru með norrænu fjármagni, t.d. Nordplus junior og Nordjobb, og spurningin um hvernig frjáls félagasamtök geta tekið þátt í upplýsingagjöf um opinbert norrænt samstarf.

Á fundi forsætisnefndar í apríl var til umræðu nýleg ráðning tveggja danskra starfsmanna á sameiginlega upplýsingadeild Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar, deildarstjóra og ráðgjafa. Þar létu helst Finnar að sér kveða, en af hálfu þeirra kom fram að það væri óviðunandi að Finni hefði ekki verið ráðinn og það að báðir nýju starfsmennirnir væru Danir gerði málið allt verra þar sem Finnar skildu illa dönsku. Því væri viðbúið að huga þyrfti að túlkun á fundum Norðurlandaráðs eða skipta yfir í ensku. Þá var á það bent að ekki væri einungis um finnskt hagsmunamál að ræða heldur Norðurlandanna allra þar sem ófullnægjandi og ófaglegt væri ef upplýsingadeildin gæti ekki gefið upplýsingar á finnsku. Sú skoðun var einnig látin í ljós að það væri fáránlegt að það þyrfti að ræða þetta mál þar sem það ætti að vera hægt að nota finnsku rétt eins og önnur tungumál í norrænu samstarfi. Rannveig Guðmundsdóttir taldi eðlilegt að í alþjóðlegu samstarfi væri ákveðin skipting á milli landanna en upplýsingadeildin væri slík lykildeild að tungumálakunnátta yrði að vera ráðningarforsenda. Jónína Bjartmarz lýsti yfir skilningi á afstöðu Finna en benti á að það þyrfti líka að taka visst tillit til íslenskunnar þar sem kunnáttu í norrænum málum hrakaði á Íslandi og því þyrftu Íslendingar hugsanlega túlkun í fyllingu tímans.

Sumarfundur forsætisnefndar var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum í júní 2006. Viðstaddir voru fulltrúar Færeyja og Álandseyja sem kynntu sjónarmið þeirra varðandi stöðu sjálfstjórnarsvæðanna, Færeyja, Grænlands og Álandseyja, innan opinbers norræns samstarfs.

Staða sjálfstjórnarsvæðanna var á dagskrá fundarins í framhaldi af skýrslu sem út kom í maí 2006 og unnin var á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Skýrslan var gerð að ósk norrænu samstarfsráðherranna sem tóku um það ákvörðun 27. október 2005. Á fundinum kynnti Frederik Harhoff dósent efni skýrslunnar. Samkvæmt útleggingu hans voru fjórir möguleikar í stöðunni varðandi aðild sjálfstjórnarsvæðanna, fyrst og fremst hvað varðaði Norðurlandaráð. Í fyrsta lagi óbreytt ástand. Í öðru lagi þátttökuaðild sem fælist í því að sjálfstjórnarsvæðin hefðu svipuð áhrif og sjálfstæðir aðilar, án formlegrar aðildar. Aðeins lönd geta átt aðild að Helsinkisáttmálanum. Sjálfstjórnarsvæðin búa í raun að einhverju leyti við sömu stöðu og löndin fimm sem eiga aðild að sáttmálanum, t.d. eiga þau fulltrúa í norrænu samstarfi, en þó innan landsdeilda Danmerkur og Finnlands. Þriðji möguleikinn var sjálfstæð aðild sem mundi kalla á miklar breytingar á Helsinkisáttmálanum. Loks var möguleiki á að hafa mismunandi aðild, sem hefði í för með sér að sjálfstjórnarsvæðin þrjú, Færeyjar, Grænland og Álandseyjar hefðu ólíka stöðu innan norræns samstarfs. Ef Færeyingum einum

yrði veitt sjálfstæð aðild mundu Færeyjar öðlast sterkari stöðu en hin sjálfstjórnarsvæðin. Innan nefndarinnar þótti fyrsti möguleikinn ólíklegur þar sem áður hefði komið fram tillaga í forsætisnefndinni um að óskir Færeyja um sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði yrðu teknar til umfjöllunar innan ráðsins. Taka þyrfti afstöðu til tillögunnar. Því voru hinir möguleikarnir þrír helst til umræðu á fundinum. Í heild má segja að forsætisnefndin hafi lagt áherslu á fá álit allra sem hlut eiga að máli og að vera í tengslum við Norrænu ráðherranefndina um málið til að gæta samræmis. Einnig lagði hún áherslu á að skilgreina þyrfti hvaða áhrif breytingar á stöðu sjálfstjórnarsvæðanna hefðu, og á hvaða hluta norræns samstarfs, og að leita þyrfti álits þinga sjálfstjórnarsvæðanna á slíkum breytingum. Hugsanlegt var talið að sjálfstjórnarsvæðin vildu fara ólíkar leiðir í þessu máli, í það minnsta hefðu Færeyingar sótt málið af meira krafti en hinar þjóðirnar.

Samstarf við Vestnorræna ráðið var rætt á fundinum í Færeyjum í framhaldi af umræðum um hvernig styrkja mætti samvinnu Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins á þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um ferðamennsku á Grænlandi í júní. Á ráðstefnunni komu fram hugmyndir um að ráðin tvö gætu styrkt samstarfið með því að undirrita samstarfssamning sem mundi festa formlegar vinnureglur í því sambandi, t.d. um að ályktanir beggja ráða væru kynntar hjá hinu ráðinu og að Norðurlandaráð hefði hugsanlega áheyrnarfulltrúa hjá Vestnorræna ráðinu. Fundarmenn voru almennt fylgjandi samstarfssamningi við Vestnorræna ráðið. Rannveig Guðmundsdóttir ítrekaði mikilvægi þess að Norðurlandaráð ætti áheyrnarfulltrúa hjá Vestnorræna ráðinu og sagði að annars yrði virknin ekki næg.

Landamærahindranir voru einnig á dagskrá fundarins í Færeyjum. Ole Stavad forseti upplýsti að þegar Poul Schlüter lét af störfum sem sérstakur fulltrúi ríkisstjórna Norðurlanda til að minnka landamærahindranir fyrir fólk og fyrirtæki innan Norðurlandanna hefðu margir þingmenn í Norðurlandaráði haft ákveðnar væntingar um að einhver annar héldi áfram svipuðu starfi. Norrænn umboðsmaður gæti safnað upplýsingum um mál sem upp kæmu þegar fólki þykir meðferð mála hafa verið ófullnægjandi af hinu opinbera og bent á hugsanlegt misræmi milli meðferðar mála og réttinda einstaklinga sem tryggð eru í norrænum samningum. Jafnframt gæti slíkur umboðsmaður tekið upp mál varðandi fyrirtæki sem telja sig fá óréttláta málsmeðferð eða að samspil þátta í kerfinu sé ófullnægjandi. Meðlimir forsætisnefndar studdu hugmyndir um norrænan umboðsmann en lýstu þó yfir áhyggjum af framtíð Halló Norðurlönd og óskuðu eftir því að fjárhagshópur forsætisnefndar legði áherslu á að tryggja hana. Rætt var um hvernig fjármögnun stöðu umboðsmanns skyldi hagað, auk þess sem rætt var um að starfssvið norræns umboðsmanns mætti ekki skarast við starfssvið umboðsmanna þjóðþinganna.

Tímasetning Norðurlandaráðsþings var tekið fyrir en þjóðþingin höfðu komið því á framfæri við Norðurlandaráð að hún væri óheppileg vegna anna í þjóðþingunum, sérstaklega vegna fjárlagagerðar. Af þessum sökum hafði forsætisnefnd unnið að því að finna betri tímasetningu fyrir þingið. Á fundi nefndarinnar í Færeyjum varpaði forsetinn fram þeirri hugmynd að þinginu yrði flýtt um einn dag, þ.e. að þingið sjálft hæfist á mánudegi í stað þriðjudags og lyki á miðvikudegi. Fundir flokkahópa yrðu þá haldnir á sunnudeginum. Þannig væri hægt að halda þingfundi í þjóðþingunum á fimmtudeginum og föstudeginum. Þessi hugmynd féll í góðan jarðveg. Ragnar Erlandsson upplýsti að setningardagur landsþings Álandseyja væri 1. nóvember og ef þingi Norðurlandaráðs yrði flýtt um einn dag minnkaði hættan á að þetta tvennt skaraðist. Forseti fékk umboð til að ákveða tímasetningu þingsins í samráði við Norræna ráðherraráðið og þjóðþing landanna.

Þá var rætt um tengihóp Norðurlandaráðs við Mandag Morgen. Inge Lønning upplýsti að hópurinn væri metnaðargjarn og vinnan mundi stuðla að umræðum á komandi Norðurlandaráðsþingi í Kaupmannahöfn. Lønning lagði til að framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs, forseti þess og hann sjálfur fengju umboð til að ákvarða hugsanleg fjárútlát til starfsins ásamt því að ákveða hver tæki sæti Jónínu Bjartmarz í hópnum, þar sem hún væri orðin ráðherra, og var það samþykkt.

Forseti Norðurlandaráðs, Ole Stavad, var fulltrúi Norðurlandaráðs á ársfundi Vestnorræna ráðsins í Færeyjum 18.–22. ágúst. Hann var einnig gestur á fundi norrænna þingforseta dagana 24. og 25. ágúst í Helsinki. Á fundi þingforsetanna í Helsinki var fallist á tillögu þess efnis að tímasetningu Norðurlandaráðsþings yrði flýtt um einn dag frá og með árinu 2008.

Í september var staða sjálfstjórnarsvæðanna í opinberu norrænu samstarfi aftur til umræðu, en nokkurt bakslag kom í málið vegna ákvæða dönsku stjórnarskrárinnar um milliríkjasamstarf. Það er ekki miklum vandkvæðum bundið að Færeyjar og önnur sjálfstjórnarsvæði fái aðild að Norðurlandaráði og því var beðið viðbragða Norrænu ráðherranefndarinnar um hvort og hvernig ætti að gera breytingar á Helsinkisáttmálanum til að leysa málið.

Á fundinum var einnig fjallað um formlegt samkomulag Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins um samstarf þeirra í millum og var vel tekið í tillögur sem fela m.a. í sér árlega fundi ráðanna og gagnkvæma upplýsingagjöf um ályktanir og tillögur, auk réttar Norðurlandaráðs til að eiga áheyrnarfulltrúa hjá Vestnorræna ráðinu. Formlegur samstarfssamningur Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins var síðan undirritaður á fundi ráðanna á Norðurlandaráðsþingi í Kaupmannahöfn.

Meðan á Norðurlandaráðsþingi stóð fundaði forsætisnefnd/formenn landsdeilda með forsetum þjóðþinganna. Fulltrúi Íslands í Norðurlandaráði á þeim fundi var Sigríður A. Þórðardóttir, formaður Íslandsdeildar, en Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, sótti fundinn. Til umræðu var starfsáætlun Norðurlandaráðs fyrir árið 2007 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2008, auk sameiginlegra málþinga fastanefnda þjóðþinganna, Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins.

Forsætisnefnd fundaði einnig með utanríkisráðherrum Norðurlandanna meðan á þinginu stóð. Á dagskrá var samstarf við ríkin við Eystrasalt, Norðlæga víddin, norðurskautsmál, og sambúð menningarheima.

Forsætisnefnd hélt síðan fund í Kaupmannahöfn 13. desember 2006 þar sem þrjú mál voru helst til umræðu: staða sjálfstjórnarsvæðanna í opinberu norrænu samstarfi, vinna gegn landamærahindrunum, og Norðurlönd sem sigursvæði á heimsvísu.

Staða sjálfstjórnarsvæðanna í opinberu norrænu samstarfi var áfram til umræðu, en gestur fundarins af þessu tilefni var Per Unckel, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, sem var ætlað að gera grein fyrir framgangi og stöðu mála eftir fund samstarfsráðherra Norðurlandanna 8. desember. Unckel greindi frá því að samstarfsráðherrarnir hefðu ákveðið að skipa tæknilegan starfshóp til þess að kanna að hvaða leyti sjálfstjórnarsvæðin gætu tekið þátt í öllum þáttum samstarfsins og sömuleiðis hvað staðið gæti í vegi fyrir því. Hópurinn átti að skila athugasemdum sínum í júní og mögulegt ætti að vera að komast að niðurstöðu í málinu á Norðurlandaráðsþinginu 2007 í Ósló. Hlutverk hópsins væri ekki að meta stöðu landanna hvað varðaði Helsinkisáttmálann heldur að draga fram hvaða atriði tengdust því helst að sjálfstjórnarsvæðin tækju að fullu þátt í opinberu norrænu samstarfi. Ole Stavad, forseti Norðurlandaráðs og formaður dönsku landsdeildarinnar, greindi frá því að danska landsdeildin hefði skrifað bréf til stjórna Færeyja, Grænlands og Danmerkur og óskað eftir

áliti þeirra á þátttöku Færeyja og Grænlands í norrænu samstarfi, en útkoman úr þeim bréfaskriftum lægi ekki fyrir.

Á fundinum í Kaupmannahöfn í desember var vinnan gegn landamærahindrunum rædd í tengslum við þá hugmynd að koma á fót skrifstofu norræns umboðsmanns sem ynni að afnámi landamærahindrana. Hugmyndin byggist á því að standa eigi vörð um flæði yfir landamæri þar sem það skapi Norðurlöndunum nauðsynlegan sveigjanleika. Hlutverk slíks umboðsmanns væri að hafa milligöngu þegar ósamræmi væri í stjórnsýslureglum landanna, benda á úrbætur á lögum vegna norrænna samninga, koma skráðum tilfellum um landamærahindranir á framfæri við Norðurlandaráð og norræn þjóðþing og koma með tillögur um nýja norræna samninga og umbætur til að greiða fyrir borgurum og fyrirtækjum að flytjast yfir landamærin. Á skrifstofunni mundu starfa a.m.k. fimm lögfræðingar. Á fundinum voru ræddar ýmsar hugmyndir um í hvaða formi og í hvaða farvegi vinnunni við að ryðja landamærahindrunum úr vegi væri best borgið. Athugasemdir komu fram um heitið „umboðsmaður" í þessu samhengi og um samsetningu starfsmanna skrifstofunnar. Einnig var rætt um að framvinda málsins yrði að vera í góðum tengslum við umboðsmenn þinganna í þjóðlöndunum, svo og Norrænu ráðherranefndina.

Þá var kynnt það sem helst var á döfinni í starfinu við Norðurlönd sem sigursvæði á heimsvísu, en fyrirhuguð er myndun norræns alþjóðavæðingarráðs og skipulagning málþings í lok mars 2007 í Kaupmannahöfn. Í kjölfar umfjöllunarinnar var samþykkt tillaga um að mynda nýjan starfshóp á grunni eldri hóps til að fylgja starfinu eftir, en hann samanstendur af fulltrúum frá öllum nefndum, flokkahópum og löndum. Fyrir hönd Íslands situr í hópnum Steingrímur J. Sigfússon.

Þá var á fundinum staðfest tilnefning íslensku landsdeildarinnar til stjórnar Norræna menningarsjóðsins. Rannveig Guðmundsdóttir var valin aðalmaður og Jón Kristjánsson varamaður.

*Menningar- og menntamálanefnd.*

Arnbjörg Sveinsdóttir var fulltrúi Íslandsdeildar í menningar- og menntamálanefnd á starfsárinu 2006, frá janúar til október þegar Sigríður A. Þórðardóttir tók sæti hennar. Menningar- og menntamálanefnd annast málefni sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti.

Til umfjöllunar á starfsárinu hjá menningar- og menntamálanefnd voru fyrst og fremst þær breytingar sem standa yfir á norrænu menningarsamstarfi á árunum 2006 og 2007. Breytingarnar fela í sér að fækka og sameina stofnanir og skapa betri grundvöll fyrir verkefnatengt og þverfaglegt samstarf. Nefndin skipaði starfshóp um málið og sat Arnbjörg Sveinsdóttir í honum. Einnig var fjallað um norræna málstefnu, grannsvæðasjónvarp, frjáls félagasamtök og Nordplus-áætlanir og jafnframt Norðurlönd í fararbroddi á alþjóðavísu og sambúð menningarheima.

Sumarfundur menningar- og menntamálanefndar var haldinn í Smálöndum þar sem auk fundardagskrár var fræðst um upprunaslóðir Carls von Linné, IKEA og sænskra vesturfara.

*Efnahags- og viðskiptanefnd.*

Fulltrúar Íslandsdeildar í efnahags- og viðskiptanefnd voru Drífa Hjartardóttir og Steingrímur J. Sigfússon sem gegndu stöðu formanns og varaformanns nefndarinnar. Efnahags- og viðskiptanefnd annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni.

Efnahags- og viðskiptanefnd átti á starfsárinu 2006 frumkvæði að eftirfylgni innan Norðurlandaráðs við sameiginlega skýrslu Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar 2005 „Norðurlönd sem sigursvæði á heimsvísu“ (Norden som global vinderregion). Skýrslan fjallaði um sameiginlega einkennisþætti í samfélögum Norðurlanda sem styrkir þau sem eitt svæði við markaðssetningu á alþjóðavettvangi. Meðal þessara þátta má nefna umhverfismál, lýðræðishefð, staða jafnréttismála, velferðarmál, og stuttar boðleiðir milli almennings og valdhafa. Skipaður var vinnuhópur skipaður fulltrúum fjögurra nefnda í málinu. Auk efnahags- og viðskiptanefndar áttu þar fulltrúa menningar- og menntamálanefnd, velferðarnefnd og umhverfis- og náttúruauðlindanefnd. Fulltrúi Íslandsdeildar í hópnum var Arnbjörg Sveinsdóttir. Vinnuhópurinn skilaði árangursríku starfi undir kröftugri forustu Marion Pedersen frá Danmörku. Í kjölfarið komst frekari skriður á málið auk þess sem það varð víðtækara, en áætlanir eru uppi um að það á starfsárinu 2007 að komið verði á fót sameiginlegu alþjóðavæðingarráði Norðurlandanna til að treysta ímynd þeirra í alþjóðlegri samkeppni.

Efnahags- og viðskiptanefnd heimsótti á árinu Norrænu nýsköpunarmiðstöðina (Nordisk innovationscenter, NIC) og átti þar fund með Odd Eriksen, viðskiptaráðherra Noregs. Eriksen kynnti áherslur Norðmanna á sviði efnahags- og viðskiptamála fyrir nefndinni. Auk þess kynnti Kjetil Storvik, forstjóri NIC, starfsemi og framkvæmdaáætlanir stofnunarinnar.

Þá átti efnahags- og viðskiptanefnd einnig fund með fulltrúum frá efnahags- og viðskiptanefndum norrænu þjóðþinganna. Á dagskrá var gagnkvæm upplýsingagjöf um framgang og stöðu mála í nefndum, auk áherslunnar á Norðurlönd sem sigursvæði á heimsvísu.

Drífa Hjartardóttir sat einnig á starfsárinu 2006, fyrir hönd efnahags- og viðskiptanefndar, fund forseta Norðurlandaráðs með formönnum fagnefnda. Þar gerði hún grein fyrir stöðu mála hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Þá var hún fulltrúi Norðurlandaráðs á sameiginlegum vinnufundi Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins í Tallinn um frjálsra för vinnuafls á Eystrasaltssvæðinu. Erindi Drífu fjallaði um upplýsingar um vinnumarkaðsmál til launþega frá Eystrasaltsríkjunum og Póllandi sem hyggjast sækja vinnu á Norðurlöndum.

*Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.*

Ásta R. Jóhannesdóttir var fulltrúi Íslandsdeildar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd á starfsárinu. Nefndin annast málefni er varða umhverfismál, landbúnað og skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál.

Tvö mál tengd Eystrasalti voru áberandi í umfjöllun nefndarinnar á árinu. Annars vegar var það losun landbúnaðarúrgangs í Eystrasaltið, sem veldur ofvexti þörunga, og hins vegar losun skolpúrgangs skipa í Eystrasaltið. Þá lagði umhverfis- og náttúruauðlindanefnd áherslu á umhverfismál á norðurslóðum á árinu en sumarfundur nefndarinnar var haldinn í Murmansk í Rússlandi og m.a. voru heimsótt miðstöð um sjávarlíffræði, kjarnorkuver og frjáls félagasamtök. Þá tók nefndin þátt í starfinu um Norðurlönd sem sigursvæði á heimsvísu.

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd stóð á árinu fyrir málþingi um samþætta stefnumótun ESB um hafið, svo og um meðhöndlun og geymslu geislavirks úrgangs á Eystrasaltssvæðinu.

Ásta R. Jóhannesdóttir tók fyrir hönd umhverfis- og náttúruauðlindanefndar þátt í ráðstefnunni Baltic Sea Conference um umhverfismál Eystrasaltsins sem haldin var í Helsinki í nóvember.

*Velferðarnefnd.*

Velferðarnefnd sinnir velferðar- og tryggingamálum, félagsþjónustu- og heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, bygginga- og húsnæðismálum, fjölskyldumálum, málefnum barna og unglinga og baráttu gegn misnotkun vímuefna. Enginn fulltrúi Íslandsdeildar sat í nefndinni á starfsárinu 2006.

Velferðarnefnd lagði á áherslu á stöðu geðheilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum. Nefndin heimsótti margar stofnanir og átti fundi með samtökum og sérfræðingum á þessu sviði. Meðal annars var fjallað um meðhöndlunarúrræði fyrir ungt fólk. Sumarfundur nefndarinnar var haldinn í Kaupmannahöfn og Malmö og þar kynntu nefndarmenn sér geðheilbrigðisþjónustu í tengslum við húsnæðismál, til að mynda heilbrigðisþjónustu á heimilum, og húsnæðismál geðsjúkra og heimilislausra.

*Borgara- og neytendanefnd.*

Fulltrúi Íslandsdeildar í borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs á starfsárinu 2006 var Kjartan Ólafsson. Borgara- og neytendanefnd annast málefni sem varða lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, jafnrétti, neytendamál, hollustu matvæla, baráttu gegn glæpastarfsemi, löggjöf, innflytjendur, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum.

Starf borgara- og neytendanefndar þetta árið var að miklu leyti helgað baráttunni gegn mansali og kynlífsþjónustu og kynlífsþrælkun. Borgara- og neytendanefnd heimsótti Norræna rannsóknastofu um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK) og kynnti sér starfsemi hennar. Nefndin fjallaði á árinu um tvær tillögur um aukið alþjóðlegt samstarf gegn kynlífsviðskiptum og kynlífsþrælkun, auk tillögu um athvarf í Eystrasaltslöndunum og á Norðurlöndum fyrir konur sem vilja losna úr vændi, og hlutu þær samþykki á Norðurlandaráðsþinginu í Kaupmannahöfn. Nefndin stóð einnig fyrir málþingi um mansal. Þar fluttu erindi Anders Oljelund, fulltrúi Svíþjóðar í alþjóðasamstarfi gegn mansali, Marco Gramegna, formaður sérfræðingahóps ESB um mansal, og Malin Björk, stjórnandi verkefnis um stuðning við fórnarlömb mansals á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum.

*Eftirlitsnefnd.*

Kjartan Ólafsson var einnig fulltrúi Íslandsdeildar í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs. Eftirlitsnefndin fylgist fyrir hönd Norðurlandaráðsþings með starfsemi sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna. Nefndin hefur einnig umsjón með málefnum sem snerta túlkun samninga um norræna samvinnu, vinnutilhögun Norðurlandaráðs og önnur innri málefni. Hluti af fastri starfsemi nefndarinnar er að fara yfir skýrslur dönsku ríkisendurskoðunarinnar um ársreikninga Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna menningarsjóðsins.

Eftirlitsnefnd hefur fundað með sama hætti og málefndanefndir Norðurlandaráðs en tók starfsaðferðir sínar til endurskoðunar á árinu. Um vorið snerist umræðan innan nefndarinnar um vinnuaðferðir og vinnuhraða rannsókna nefndarinnar og næsta rannsóknarefni. Ákveðið var að kanna norrænt samstarf á Vestur-Norðurlöndum og í framhaldi af því hélt eftirlitsnefndin sumarfund á Íslandi. Hér á landi átti hún fundi með fulltrúum norrænna samstarfsverkefna á borð við Norrænu Atlantsnefndina, Nordjobb, Halló Norðurlönd, Norræna félagið,

Norræna húsið, Norræna eldfjallasetrið og Nordplus-tungumálaáætlunina. Einnig átti nefndin fund með samstarfsráðherra Norðurlanda, Jónínu Bjartmarz. Eftirlitsnefnd samþykkti um haustið breytingar á vinnutilhögun sinni á þá leið að rannsókn nefndarinnar hefst strax að afloknu þingi Norðurlandaráðs og getur tekið allt að tvö ár í stað eins árs áður. Enn fremur geta utanaðkomandi aðilar jafnt sem nefndin sjálf unnið rannsóknir nefndarinnar. Einnig var ákveðið að nefndin haldi fund í nóvember/desember utan reglubundinna funda Norðurlandaráðs en komi að jafnaði ekki saman meðan janúar- og aprílfundum Norðurlandaráðs standa yfir.

**5. Verðlaun Norðurlandaráðs.**

Verðlaun Norðurlandaráðs eru fern, þ.e. bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun, náttúru- og umhverfisverðlaun, og kvikmyndaverðlaun. Þau eru að upphæð 350 þúsund danskar krónur. Verðlaunin fyrir árið 2006 voru afhent við hátíðlega athöfn í hátíðarsal Tívolí þann 1. nóvember í tengslum við 58. þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962. Þau eru veitt fyrir fagurbókmenntir sem skrifaðar eru á einu af norrænu tungumálunum. Til greina koma skáldsögur, leikrit, ljóða-, smásagna- eða ritgerðasöfn og önnur bókmenntaverk. Verðlaunaverkin skulu hafa til að bera mikið listrænt og bókmenntalegt gildi. Markmið verðlaunaveitingarinnar er að auka áhuga Norðurlandabúa á bókmenntum og tungumáli nágrannalandanna og á sameiginlegri menningararfleifð Norðurlanda. Það var sænski rithöfundurinn Göran Sonnevi sem hlaut bókmenntaverðlaunin að þessu sinni fyrir ljóðasafnið Oceanen. Í rökstuðningi sínum fyrir verðlaununum sagði dómnefndin: „Oceanen er orðahaf sem maður sekkur í og umvefur mann. Safnið fjallar um líf og ljóðlist sem er í senn lifandi, ólokið og leitandi. Sonnevi skrifar ljóð sem eru í stöðugum samræðum við bæði pólitíska og samfélagslega atburði og auk þess persónulegar spurningar eins og sekt og ábyrgð."

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965. Fram til ársins 1988 voru þau afhent annað hvert ár. Frá 1990 hafa þau hins vegar verið veitt á ári hverju, annað árið til tónskálds og hitt árið til tónlistarflytjenda. Tónlistarverðlaununum er ætlað að vekja athygli á tónlistarsköpun og tónlistarflutningi sem telst hafa mikið listrænt gildi. Árið 2006 hlaut norska tónskáldið Natasha Barrett verðlaunin fyrir rafræna tónverkið ... fetters .... Í umsögn dómnefndar sagði m.a.: „Helstu einkenni verðlaunaverksins eru hversu hin listræna tjáning er þroskuð, kraftmikil og sannfærandi og býður upp á sjálfstæða og trúverðuga túlkun. [...] ... fetters ... er róttæk og nýskapandi rafræn tónsmíð þar sem tónahráefnið er nýtt á afar listrænan og lifandi máta sem endurspeglar mörg litbrigði og tónaauð."

Náttúru- og umhverfisverðlaunum Norðurlandaráðs var komið á fót árið 1995. Verðlaunin eru veitt fyrirtæki, stofnun, samtökum eða einstaklingi sem skilað hefur sérstöku framlagi til náttúru- og umhverfisverndar. Árið 2006 var loftslagsbreytingum og loftslagsaðlögun gefin sérstakur gaumur við veitingu verðlaunanna. Horft var til þess að verðlaunin skyldi hljóta einstaklingur eða samtök sem vakið hefðu athygli á og miðlað þekkingu á loftslagsbreytingum. Færeyingurinn Bogi Hansen, prófessor og rithöfundur, hlaut verðlaunin fyrir árið 2006. Í greinargerð dómnefndar sagði m.a.: „Bogi Hansen hlýtur verðlaunin fyrir umfangsmiklar rannsóknir sínar á loftslagi og haffræði á norðurhöfum. Sérstaklega er vísað til rannsókna hans til margra ára á hafstraumum og þeirri hættu sem kann að vera á því að golfstraumurinn, meðal annarra strauma, gæti fært sig til. Jafnframt hefur honum tekist að miðla þekkingu á loftslagsbreytingum á skiljanlegan og einfaldan hátt jafnt til almennings, vísindamanna og stjórnmálamanna. Dómnefndin telur Boga Hansen vera verðugan fulltrúa norræna

vísindasamfélagsins, starf hans hefur haft mikla þýðingu í alþjóðlegu samhengi, m.a. sýndi hann snemma fram á áhrif loftslagsbreytinga á heimsskautssvæðinu."

Norðurlandaráð veitti kvikmyndaverðlaun í fyrsta sinn á 50 ára afmælisþingi sínu árið 2002. Frá 2005 hafa þau verið veitt árlega til handritshöfunda, leikstjóra og framleiðenda og skipst jafnt milli þeirra. Til þess að hljóta verðlaunin verður viðkomandi að hafa gert kvikmynd sem á rætur í norrænni menningu, sem hefur til að bera listrænan frumleika og sameinar alla þætti myndarinnar í heilsteyptu verki. Það var sænska kvikmyndin Zozo sem hreppti kvikmyndaverðlaunin árið 2006. Aðalpersóna kvikmyndarinnar er Zozo sem elst upp í Beirút og lifir venjulegu lífi þrátt fyrir átök í landinu, en dag einn verður hann, vegna skelfilegra atburða, að reyna að komast á eigin spýtur til hins framandi lands Svíþjóðar. Josef Fares, handritshöfundur og leikstjóri, og Anna Anthony, framleiðandi Zozo, skiptu verðlaununum á milli sín. Dómnefndin rökstuddi ákvörðun sína á eftirfarandi hátt: „Zozo er grípandi kvikmynd um þær aðferðir sem barn notar til þess að takast á við stríð, sorg og framandi menningu. Kvikmyndin notfærir sér margvísleg tjáningarform og tengir sterka raunsæisfrásögn við ljóðræna myndræna tjáningu, ímyndunarafl og húmor. Hún er aðgengileg og næm innsýn í raunveruleg átök og með því að notfæra sér skapandi kraft frá mismunandi kvikmyndamenningu leggur hún sitt af mörkum til endurnýjunar á sterkri hefð norrænna kvikmynda sem fjalla um uppvaxtarárin."

**6. Sameiginlegir fundir Norðurlandaráðs.**

Norðurlandaráð kemur að jafnaði saman til nefndafunda þrisvar sinnum á ári til þess að vinna þær tillögur og þau mál sem lögð eru fyrir Norðurlandaráðsþing. Í tengslum við þessa nefndafundi fara fram stuttir sameiginlegir fundir alls ráðsins þar sem ákveðin efni eru tekin fyrir.

*Janúarfundir Norðurlandaráðs í Ósló.*

Janúarfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Ósló dagana 24.–25. janúar. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Jónína Bjartmarz formaður, Drífa Hjartardóttir varaformaður, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kjartan Ólafsson, Mörður Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir. Auk hefðbundinna funda í nefndum og flokkahópum var haldinn einn sameiginlegur fundur alls ráðsins sem fjallaði um líftækni og möguleika á samræmdri norrænni líftæknistefnu.

Sú hefð hefur skapast í Norðurlandaráði að janúarfundirnir séu haldnir í því landi sem tekið hefur við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, en Norðmenn tóku við henni af Dönum 1. janúar 2006. Hugsunin að baki því er sú að gefa málefnanefndum Norðurlandaráðs kost á að funda með einstökum fagráðherrum um áherslur formennskulandsins á afmörkuðum sviðum. Það sem var sérstakt í Ósló var hins vegar fundur Norðurlandaráðs og forsætisráðherra Norðmanna, Jens Stoltenbergs. Sá fundur kom til af því að hinn nýi forsætisráðherra gat ekki tekið þátt í þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í október 2005. Í stað þess kynnti Stoltenberg formennskuáætlun Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni árið 2006 á sérstökum fundi með þingmönnum Norðurlandaráðs. Áætlun Norðmanna bar nafnið „Hin nýju Norðurlönd – Endurnýjun og samstarf í Norður-Evrópu". Megináherslurnar voru: samstarf á norðurslóðum, norræna velferðarkerfið og vægi þekkingar á tímum hnattvæðingar. Auk þess héldu Norðmenn í formennskutíð sinni áfram starfi fyrirrennara sinna við afnám landamærahindrana á Norðurlöndum og að tryggja skilvirkni í norrænu samstarfi. Í framsögu sinni sagðist Stoltenberg vera ákafur fylgismaður norræns samstarfs. Samstarfið byggðist ekki ein-

ungis á sameiginlegri sögu og menningu heldur sameiginlegri lífssýn og gildum, svo sem áherslu á frelsi, lýðræði, jafnrétti og jöfnuð. Varðandi samstarf á norðurslóðum lagði Stoltenberg áherslu á að beina sjónum að hinum víðfeðmu höfum ekki síður en landsvæðum þegar horft væri til auðlinda norðurslóða. Þar væru ríkuleg fiskimið, olía og gas en huga þyrfti sérstaklega að umhverfismálum hafsins við nýtingu þess. Einnig þyrfti að tryggja réttindi og aðkomu frumbyggja þegar ráðist væri í nýtingu þessara auðlinda. Vestur-Norðurlönd og Norður-Atlantshafið væru mjög mikilvæg í þessu sambandi. Pólitískt samstarf á norðurslóðum tæki til samstarfs Norðurlanda við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, sérstaks samstarfs á Barentssvæðinu, málefna norðurskautsins þar sem loftslagsbreytingar eru hraðar og hinnar norðlægu víddar ESB. Um norræna velferðarkerfið og þróun þess sagði Stoltenberg það verkefni Norðurlanda að tryggja að kerfið yrði sjálfbært til framtíðar. Stoltenberg benti á að erlendis væri mikill áhugi á norræna velferðarríkinu og bæði væri óskandi og nauðsynlegt að kynna það öðrum þjóðum. Árangur Norðurlanda við samþættingu atvinnuþátttöku og fjölskyldulífs hefði vakið mikla athygli en fæðingartíðni og atvinnuþátttaka kvenna er meiri á Norðurlöndum en annars staðar í Evrópu.

Hvað varðar vægi þekkingar sagði Stoltenberg góða menntun og þekkingu undirstöðu samkeppnishæfni Norðurlanda á tímum hnattvæðingar og þar með forsendu hagvaxtar og velsældar. Ole Stavad, nýr forseti Norðurlandaráðs, tók til máls að loknu erindi Stoltenbergs og taldi að einn lykillinn að hinu góða gengi og samstarfi Norðurlanda væri samkeppni þeirra á milli, hversu mótsagnakennt sem það kynni að hljóma. Þegar ein þjóð skaraði fram úr á afmörkuðu sviði hlypi hinum þjóðunum kapp í kinn og þær reyndu að læra af þeirri sem stæði sig vel. Uppbygging hátækniiðnaðar í Finnlandi væri gott dæmi sem hinar þjóðirnar hefði keppst við að fylgja.

Forsætisnefnd gekkst ásamt borgara- og neytendanefnd fyrir málstofu um hryðjuverkaógnina og öryggi borgaranna. Yfirmaður norsku öryggislögreglunnar, Jørn Holme, gerði grein fyrir því mati stofnunarinnar að í Evrópu stafaði hætta á hryðjuverkum fyrst og fremst frá eigin ríkisborgurum en ekki vígamönnum sem kæmu langt að til að fremja voðaverk. Hættan stafaði miklu fremur af innflytjendum í annarri og þriðju kynslóð sem hafa íslamskan menningarbakgrunn og gengju af einhverjum orsökum til liðs við trúarofstækishópa. Besta vörnin gegn hryðjuverkum væri því öflug aðlögunarstefna fyrir innflytjendur sem tryggði þeim sess og hlutverk í vestrænu samfélagi og kæmi í veg fyrir einangrun þeirra. Erling Johannes Husabø, lagaprófessor við Háskólann í Bergen, talaði um þá löggjöf ESB sem lyti að hryðjuverkum og undirstöðuatriði hryðjuverka, árásir, tjón og ótta. Fyrirlestur hans fjallaði einnig um mannréttindi innan lagaramma ESB. Kristina Stenmann, frá mannréttindastofnuninni í Åbo, ræddi þann vanda sem skapast vegna mannréttinda þegar barist er gegn hryðjuverkum. Erfitt væri að finna jafnvægi á milli þess að veita ríkisstjórnum hámarkssvigrúm og tæki til þess að berjast gegn hryðjuverkum og þess að tryggja frelsi, lýðréttindi og persónuvernd borgaranna.

Að loknum fundum Norðurlandaráðs fór fram þingmannafundur um málefni Barentssvæðisins 26. janúar 2006. Þrjú meginþemu fundarins voru efnahagsþróun, umhverfismál með áherslu á hinar hröðu loftslagsbreytingar og lýðheilsumál þar sem einkum var rætt um smitsjúkdóma, svo sem HIV/AIDS og berkla.

*Aprílfundir Norðurlandaráðs í Stokkhólmi.*

Aprílfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í sænska Ríkisdeginum dagana 24.–26. apríl 2006. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Jónína Bjartmarz formaður, Drífa Hjartardóttir

varaformaður, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kjartan Ólafsson, Steingrímur J. Sigfússon og Rannveig Guðmundsdóttir. Auk hefðbundinna funda í nefndum og flokkahópum var haldinn einn sameiginlegur fundur alls ráðsins um mansal.

Fundurinn um mansal var skipulagður í samstarfi við karlahóp Ríkisdagsins. Björn von Sydow, forseti Ríkisdagsins, byrjaði á því að bjóða fundarmenn velkomna og kynnti kvennahóp forseta Ríkisdagsins og karlahópinn. Því næst tók Ole Stavad, forseti Norðurlandaráðs, til máls og sagði að mansal væri fínna orð yfir þrælahald og hvatti til að strangari kröfur yrðu gerðar til ríkisstjórna Norðurlandanna. Þingmenn frá karlahópi Ríkisdagsins tóku næstir til máls. Lars U. Granberg sagði að mikið starf væri fyrir höndum hjá körlum í að koma málinu á dagskrá og lagði hann til að myndaðir yrðu karlahópar meðal þingmanna annarra landa. Lennart Gustavsson hvatti til umræðu um mansal í skólum, á vinnustöðum og á þjóðþingum og Ulrik Lindgren hafnaði því að taka þátt í brotum gegn konum og börnum. Á fundinum kynnti Kvennasamband jafnaðarmanna boli þar sem mótmælt var mansali í tengslum við heimsmeistarakeppni karla í knattspyrnu í Þýskalandi í júní 2006. Á þá var letrað „já við fótbolta, nei gegn vændi". Steingrímur J. Sigfússon spurði hvort Norðurlandaráð ætlaði ekki að ályktа kröftuglega gegn mansalinu í Þýskalandi. Hann sagði að þegar siðferðileg rök dygðu ekki væri fjárhagslegt tap það sem fengi fólk til að hugsa, t.d. vegna minnkandi auglýsingatekna frá sjónvarpsútsendingum. Að loknum umræðum tók danski þingmaðurinn Line Barfod saman helstu áherslur fundarins. Hún sagði að mikið starf væri óunnið og að athyglin ætti að beinast að fórnarlömbum vændis en það væri einfaldara að setja lög um mansal en að tryggja fórnarlömbunum bætur. Enn fremur sagði Barfod að ekki aðeins væri um vændi að ræða því margar konur væru ólöglegir starfsmenn í heimahúsum og í fyrirtækjum. Þá hvatti hún fólk til að gista ekki á hótelum sem tengjast vændi á einhvern hátt.

Forsætisnefnd og borgara- og neytendanefnd hélt vinnufund um þörf fyrir þvermenningarlegar samræður. Fundurinn var til kominn vegna deilna í kjölfar birtinga Jótlandspóstsins á skopmyndum af Múhameð spámanni haustið 2005. Markmið fundarins var að leggja grunn að ákvörðun um hvernig Norðurlandaráð gæti átt frumkvæði á Norðurlöndum til heilbrigðrar umræðu um skopmyndamálið. Í því sambandi væri mikilvægt að gera sér betur grein fyrir orsökum og atburðarás málsins, svo og hugsanlegum afleiðingum. Einnig hvernig norrænt samstarf gæti ýtt undir samræður milli fylkinga og komið í veg fyrir misskilning með tengslamyndun. Á fundinum héldu erindi þau Jørgen S. Nielsen, prófessor í íslamfræðum við Háskólann í Birmingham, Jonas Otterback, lektor við Háskólann í Malmö, og Unni Wikan, prófessor í félagsmannfræði við Óslóarháskóla.

Borgara- og neytendanefnd og efnahags- og viðskiptanefnd stóðu fyrir málþingi um öryggi í tölvumálum. Preben Andersen, ráðgjafi hjá DK Cert, lýsti þeim hættum sem fylgdi einkanotkun borgara á tölvum ef ekki væri hugað vel að öryggi. Rene Belsø, ráðgjafi hjá Norrænu ráðherranefndinni, tók fyrir hvernig tölvuþrjótar geta eytt ummerkjum eftir sig og fjallaði um möguleika ríkja til að hafa áhrif á öryggi í tölvumálum. Þeir hvöttu báðir til að Norðurlöndin tækju forustu í reglusetningu á þessu sviði þar sem þau væru í fararbroddi í notkun netsins.

*Septemberfundir Norðurlandaráðs í Lahti.*

Septemberfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Lahti dagana 19.–20. september 2006. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Drífa Hjartardóttir varaformaður, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kjartan Ólafsson, Jón Kristjánsson, Steingrímur J. Sigfússon og Rannveig Guðmundsdóttir. Fyrri daginn voru haldnir fundir flokkahópa, flokkahópastjórna, og landsdeilda, auk sam-

eiginlegs fundar og funda eftirlitsnefndar og kjörnefndar. Seinni daginn voru fundir málefnanefnda, fundur forseta Norðurlandaráðs með formönnum málefnanefnda og málþing. Þessi tilhögun var í samræmi við rammaskipulag um reglubundna fundi Norðurlandaráðs sem forsætisnefnd samþykkti á fundi 26. júní 2006 í Þórshöfn í Færeyjum.

Á fundi kjörnefndar 19. september voru til umfjöllunar breytingar á styrkleikahlutfalli flokkahópanna í Norðurlandaráði eftir þingkosningarnar í Svíþjóð 17. september. Eftir breytingarnar voru styrkleikahlutföll hópanna þannig: Jafnaðarmenn 27 þingmenn, miðflokkar 26 þingmenn, hægriflokkar 19 þingmenn, og vinstrisósíalistar og grænir 8 þingmenn.

Á sameiginlega fundinum voru tvö mál til umræðu, norðlæga víddin í áætlun Finna sem gegna formennsku í Evrópusambandinu seinni hluta árs 2006 og sambúð menningarheima. Harri Mäki-Reinikka, skrifstofustjóri skrifstofu um norrænt samstarf hjá utanríkisráðuneyti Finnlands, kynnti áherslur Finna varðandi norðlægu víddina og norrænt samstarf. Rakin var saga norðlægu víddarinnar og sérstaklega farið yfir hlut Finna í henni. Mäki-Reinikka sagði að stefna ESB í málefnum Miðjarðarhafssvæðisins og stefna þess varðandi norðlægu víddina styddu hvor aðra en tækju ekki hvor frá annarri, og það sama gilti um Eystrasalt og norðurskautsglugga norðlægu víddarinnar. Þá benti hann á að Finnar mundu leitast við að samræma áherslur Norrænu ráðherranefndarinnar og ESB í formennskutíð sinni í Norrænu ráðherranefndinni árið 2007, sem einnig tengdist norðlægu víddinni að einhverju leyti. Í fyrirspurnum eftir erindið minnti Rannveig Guðmundsdóttir á hversu mikilvægt væri að hafsvæðinu við norðurskaut væri gefinn gaumur í norðlægu víddinni, en þar biðu mörg verkefni á næstunni. Þar væri ekki síst um að ræða samhengi loftslagsbreytinga, bráðnunar heimskautaíssins og breytinga á lífríkinu sem hefði áhrif á afkomu fólks við sjávarsíðuna.

Verkefnið Sambúð menningarheima (Co-existence of civilizations) var kynnt af Inge Lønning. Hann var formaður tengihóps Norðurlandaráðs, sem Drífa Hjartardóttir átti sæti í, við hugmyndasmiðjuna og fjölmiðlafyrirtækið Mandag Morgen sem skipulagði verkefnið. Það var hugsað sem uppbyggileg viðbrögð við deilum í kjölfar skopmyndamálsins, tilkomið vegna birtinga Jótlandspóstsins á skopmyndum af Múhameð spámanni, og til að fyrirbyggja svipaðar deilur í framtíðinni. Lønning gerði grein fyrir stöðunni eftir ráðstefnuna „Copenhagen Lab of Co-existence“ sem haldin var í Kaupmannahöfn 5.–6. september. Í kjölfar ráðstefnunnar létu stjórnendur verkefnisins kefli ganga til ýmissa aðila sem hafa áhrif á þjóðfélagsþróun og er Norðurlandaráð fyrst til að taka við því kefli. Meðfylgjandi voru fimm áherslur varðandi úrlausnarefnið: að vinna gegn því að fólki finnist það vera fórnarlömb í deilunni, að tryggja trúarbragðafrelsi, að skapa vettvang fyrir sambúð mismunandi trúarhópa, að gera sér grein fyrir tengslum dómstóla og trúarbragða og að gera sér grein fyrir hvernig umfjöllun um öryggismál borgaranna geti skyggt á umræðu um sambúð ólíkra menningarhópa og aðgerðir til að sú sambúð sé friðsamleg. Tengihópur Norðurlandaráðs mótaði tillögur um aðgerðir fyrir þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

**7. 58. þing Norðurlandaráðs.**

Norðurlandaráðsþing, hið 58. í röðinni, var haldið dagana 31. október til 2. nóvember 2006. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu þingið Sigríður A. Þórðardóttir formaður, Jón Kristjánsson varaformaður, Rannveig Guðmundsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Guðmundur Hallvarðsson. Þingið var að þessu sinni haldið í danska þinginu í Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn, en þingið er haldið til skiptis á Norðurlöndunum fimm. Síðast var þingið haldið á Íslandi árið 2005.

Dagskrá þingsins var á þá leið að fyrsta daginn var þingsetning, norrænn leiðtogafundur, kynning á formennskuáætlun Finna í Norrænu ráðherranefndinni 2007 og almennar umræður. Á öðrum degi voru umræður um stöðu sjálfstjórnarsvæðanna í opinberu norrænu samstarfi, fyrirspurnatími norrænu samstarfsráðherranna, skýrsla utanríkisráðherranna, sambúð menningarheima, barátta gegn mansali og norræn velferðarstefna. Á þriðja degi voru umræður um samfélagslega aðlögun vegna loftslagsbreytinga á Norðurlöndum, norrænt samstarf um skipulag orkumála, norræn tungumála- og menningarstefna, rannsóknir, nýsköpun og menntun, áætlanir um norrænt samstarf árið 2007 og kosningar í nefndir og til trúnaðarstarfa á vegum Norðurlandaráðs.

Áður en Norðurlandaráðsþingið sjálft hófst voru haldnir fundir nefnda Norðurlandaráðs. Á nefndafundunum var þingið fram undan helst til umræðu og þau mál sem þar voru á dagskrá. Íslandsdeild Norðurlandaráðs fundaði einnig meðan á þinginu stóð.

Þá var tilkynnt áður en þingið var sett að Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, hefði verið valinn af forsætisráðherrum Norðurlandanna til að gegna starfi framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar í stað Per Unckel, sem lét af störfum um áramótin 2006/2007. Tveir sóttust eftir stöðunni og var hinn kandídatinn Jan Erik Enestam, samstarfsráðherra Norðurlanda í Finnlandi. Halldór Ásgrímsson sagði á blaðamannafundi eftir tilkynninguna að hann vildi færa norrænt samstarf nær Norðurlandabúunum og daglegu lífi þeirra og að hann vildi að Norðurlönd ynnu með Evrópusambandinu gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi.

Sú nýbreytni var tekin upp á þessu þingi að efna til norræns leiðtogafundar eftir þingsetningu. Aðalræðumenn á þessum þingfundi voru leiðtogar norrænu ríkisstjórnanna og oddvitar stjórnarandstöðunnar í hverju landi, auk fulltrúa Norðurlandaráðs. Fulltrúar Íslands voru Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Markmiðið með fundinum var að efna til umræðu þar sem sjónarmið stjórnar jafnt sem stjórnarandstöðu hvers ríkis kæmu skýrt fram. Umræðuefnið var þróun Norðurlanda sem sigursvæðis á heimsvísu og jafnvægið milli markaðsafla og velferðarsamfélags. Í framhaldi af greiningarvinnu um styrk Norðurlanda er það viðhorf ríkjandi í opinberu norrænu samstarfi að Norðurlöndin hafi einstaka möguleika og sóknarfæri. Þau hafa ákveðin sameiginleg gildi en jafnframt mismunandi styrkleikaþætti sem nýta má til að einkenna þau á alþjóðavísu og styrkja samkeppnishæfni svæðisins í heild og einstakra landa innan þess.

Geir H. Haarde sagði í sinni ræðu að til þess að ná árangri í samkeppni á alþjóðavísu væri nauðsynlegt að skilgreina og þekkja styrkleika sína, gera aðgerðaáætlun og setja sér markmið. Dæmi um styrkleika norrænu landanna væri langur lífaldur og há fæðingartíðni, fjárfestingar og gott umhverfi fyrir einkarekin fyrirtæki, sterk lýðræðishefð, velferðarkerfi samhliða markaðshagkerfi og staða jafnréttismála. Geir sagði að í heild mætti segja að styrkur Norðurlanda væri samfélagsgerð þeirra og dugmiklir og hæfir íbúar. Honum leist vel á hugmynd Fredriks Reinfeldts, forsætisráðherra Svíþjóðar, sem fram kom á þinginu um að myndað yrði norrænt alþjóðavæðingarráð ('nordiskt globaliseringsråd') til að samhæfa aðgerðir Norðurlandanna í alþjóðlegri samkeppni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vék í ræðu sinni fyrst að norræna velferðarsamfélaginu sem stolti Norðurlandabúa en sagði að þrátt fyrir velferðina mætti ekki slá slöku við því að velferðarsamfélagið legði skyldur á herðar okkar. Ef velferðarsamfélagið ætti að standa undir nafni þyrftu þjóðirnar að leggja harðar að sér í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi á konum og börnum og í baráttunni fyrir því að innflytjendur hefðu aðgang að samfélaginu, því ef innflytjendur yrðu valdalaus jaðarhópur gæti það skapað hættulega spennu í samfélaginu.

Þá ræddi Ingibjörg Sólrún stefnu í umhverfismálum. Hún sagði að nýlega hefði verið sýnt fram á að ef ekki yrði hafist handa nú þegar mundu loftslagsbreytingar hafa mjög slæm áhrif á hagkerfi heimsins. Því ættu Norðurlönd að taka forustu í þessum málum. Ingibjörg Sólrún hrósaði stefnu Svía á þessu sviði og benti á hversu framarlega Íslendingar stæðu í notkun umhverfisvænna orkugjafa á borð við vatnsorku og jarðhita. Þess háttar þekkingu ættu Norðurlandabúar að miðla til umheimsins.

Steingrímur J. Sigfússon, varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs, tók einnig þátt í umræðunum á norræna leiðtogafundinum. Hann veitti andsvar við ræðu Siv Jensen, oddvita norsku stjórnarandstöðunnar, frá norska Framfaraflokknum, varðandi ástæður þess að fólk yrði utanveltu í norrænu velferðarsamfélagi. Steingrímur andmælti orðum Jensen um að ástæðan væri sú að velferðarsamfélagið sljóvgaði fólk. Hann taldi að það væri frekar markaðshagkerfi nýfrjálshyggjunnar sem dæmdi fólk úr leik, en velferðarsamfélagið hefði komið í veg fyrir að enn fleiri væru utanveltu.

Steingrímur J. Sigfússon veitti einnig ræðu Anders Fogh Rasmussens, forsætisráðherra Danmerkur, andsvar og spurði hvers vegna íslensk fyrirtæki fengju jafn óblíðar viðtökur í Danmörku og blaðagreinar um fjárfestingar íslenskra fjárfesta bæru vitni um. Fogh Rasmussen svaraði því til að íslenskar fjárfestingar væru vel þegnar í Danmörku, líkt og aðrar erlendar fjárfestingar. Hann bætti við að hann hefði ekki stjórn á fjölmiðlum í Danmörku þar sem þar ríkti fjölmiðlafrelsi.

Eftir norræna leiðtogafundinn kynnti Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, áætlun Finnlands í formennskutíð sinni í Norrænu ráðherranefndinni árið 2007. Áætlunin nefnist: Norræn tækifæri – innan seilingar (Möjligheternas Norden – Nära dig). Í áætluninni er megináherslan lögð á þrjá þætti. Í fyrsta lagi að samræma formennsku Finna í ESB á seinni hluta 2006 og í Norrænu ráðherranefndinni árið 2007 þannig að skipulag ráðherranefndarinnar færist nær skipulagi ESB. Í öðru lagi að styrkja möguleika Norðurlanda á alþjóðavísu á sama tíma og tengsl Norðurlandabúa við velferðarsamfélagið eru treyst. Í þriðja lagi að beina athyglinni að umhverfismálum og heilsuvernd í norðlægu víddinni og styrkja tengslin við Rússland og Eystrasaltsríkin.

Þá tóku við almennar umræður. Sigríður A. Þórðardóttir, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, tók þátt í þeim. Hún ræddi styrk Norðurlandanna í alþjóðlegri samkeppni og sagði þau mynda sterkt svæði en velgengni þeirra kæmi ekki af sjálfu sér. Stöðugt þyrfti að halda vinnunni áfram því að áskoranirnar væru síbreytilegar. Sigríður tók fram hversu gleðilegt það væri að almenningur á Norðurlöndum styddi norrænt samstarf og hefði um það svipuð sjónarmið og ríktu á Norðurlandaráðsþinginu. Þar vitnaði Sígríður til þess að í skoðanakönnun sem Norðurlandaráð lét gera á Norðurlöndunum í aðdraganda þingsins kom í ljós að almenningur þekkti vel til og hefði jákvætt viðhorf til norræns samstarfs. Á Íslandi þekkja 90% til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar og 69% telja Norðurlöndin mikilvægan samstarfsaðila fyrir Ísland á alþjóðavettvangi. Til samanburðar nefna 52% ríki Evrópusambandsins, 23% Bandaríkin og 22% Kína sem mikilvægan samstarfsaðila landsins. Þá telja Íslendingar þrjá málaflokka mikilvægasta í norrænu samstarfi, þ.e. möguleika til náms og rannsókna í öðrum norrænum ríkjum, baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi og umhverfismál. Sigríður sagði að Norðurlöndin hefðu ýmsa sameiginlega styrkleikaþætti en einnig einstaka styrkleikaþætti. Einn styrkleikaþáttur sem Ísland gæti státað af sneri að orku- og umhverfismálum, sem gæfi landinu möguleika í alþjóðlegri samkeppni, og gat Sigríður þess að Ísland flytti þegar út þessa þekkingu til landa í Norður- og Suður-Ameríku, Afríku og Asíu. Þetta styrkti stöðu Norðurlandanna í framtíðinni.

Jón Kristjánsson, varaformaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, tók þátt í almennu umræðunum og talaði um jafnrétti kynjanna sem sameiginlegt norrænt gildi og hluta af lýðræðishefð Norðurlandanna. Jón taldi að það gæfi Norðurlöndum möguleika á forskoti á alþjóðavísu. Hins vegar sagði Jón að stöðugt þyrfti að halda upp árvekni fyrir jafnrétti kynjanna. Á Íslandi hefði nýleg könnun fyrir félagsmálaráðuneytið því miður leitt í ljós að launamunur kynjanna væri um það bil sá sami og fyrir tólf árum, eða um 16%. Hann taldi það ekki viðunandi og sagði að breytingum á þessu sviði mætti gjarnan miða hraðar. Stöðugt þyrfti að sýna aðhald og fylgjast með því að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla væri fylgt.

Rannveig Guðmundsdóttir tók þátt í almennu umræðunum. Hún vakti athygli á mannréttindum samkynhneigðra og rifjaði upp að fyrir um aldarfjórðungi hefðu norrænir þingmenn á vettvangi Norðurlandaráðsþings þrýst á um umbætur í þá átt að samkynhneigðum á Íslandi væri sýnd virðing. Nú væri svo komið að ástæða væri að ræða stöðu samkynhneigðra í Færeyjum í tilefni af árás á færeyskan söngvara og undirskriftasöfnun samkynhneigðum til stuðnings. Rannveig benti á að færeyska Lögþingið hefði tvisvar fellt frumvarp um að kynhneigð yrði eitt af þeim atriðum sem refsivert væri að mismuna fyrir. Í framhaldi af því sagðist hún vona að Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyja, stigi í ræðustól og upplýsti hvenær og hvernig Færeyjar hygðust veita samkynhneigðum í Færeyjum sömu réttindi og annars staðar á Norðurlöndum. Eidesgaard svaraði á þann veg að málið fengi um þær mundir lýðræðislega meðferð hjá færeyska þinginu og bíða ætti niðurstöðu þess, en tók jafnframt fram að halda þyrfti áfram almennri umræðu um málið í Færeyjum.

| 851020 | 28.0 | 7.0 | 8533 | 23.0 | 8.0 | 900661 | 8.0 | 3.0 |
| 851030 | 28.0 | 7.0 | 8534 | 7.0 | 3.0 | 900669 | 13.0 | 7.0 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 900691 | 16.0 | 1.0 | 930521 | 33.0 | 0.0 | 95051000 | 9.0 | 0.1 |
| 900699 | 16.0 | 1.0 | 930529 | 17.0 | 0.0 | 95059000 | 17.0 | 0.0 |
| 9007 | 7.0 | 0.0 | 93059 | 0.0 | 0.0 | 9506 | 14.0 | 2.0 |
| 9008 | 7.0 | 0.0 | 9306 | 11.0 | 0.0 | 950611 | 0.0 | 0.0 |
| 9009 | 5.0 | 0.0 | 9307 | 0.0 | 0.0 | 950612 | 6.0 | 0.7 |
| 9010 | 11.0 | 2.0 | | | | 950619 | 30.0 | 1.2 |
| 901010 | 4.0 | 0.0 | 94 | 0.0 | 0.0 | 950621 | 0.0 | 0.0 |
| 901060 | 7.0 | 0.0 | 94011000 | 1.7 | 17.0 | 950629 | 0.0 | 0.0 |
| 9011 | 0.0 | 0.0 | 94012001 | 1.7 | 0.5 | 950631 | 0.0 | 0.0 |
| 901180 | 4.0 | 0.0 | 94012002 | 1.7 | 0.1 | 950632 | 0.0 | 0.0 |
| 901190 | 11.0 | 2.0 | 94012009 | 1.7 | 0.1 | 95063900 | 14.0 | 0.9 |
| 9012 | 11.0 | 2.0 | 94013000 | 3.5 | 0.0 | 950651 | 52.0 | 52.0 |
| 9013 | 4.0 | 0.0 | 94014000 | 1.7 | 0.0 | 950659 | 32.0 | 15.0 |
| 901380 | 11.0 | 0.5 | 94015 | 3.5 | 1.3 | 95066100 | 14.0 | 20.0 |
| 901390 | 10.0 | 0.0 | 94016100 | 3.5 | 0.0 | 95066200 | 13.0 | 0.4 |
| 9014 | 4.0 | 0.0 | 94016900 | 4.0 | 0.0 | 95066900 | 36.0 | 3.4 |
| 9015 | 4.0 | 0.0 | 94017100 | 3.5 | 0.0 | 95067000 | 5.0 | 0.3 |
| 9016 | 4.0 | 0.0 | 94017900 | 3.5 | 0.0 | 95069100 | 5.0 | 0.0 |
| 9017 | 6.0 | 2.0 | 94018000 | 3.5 | 0.0 | 95069900 | 24.0 | 0.1 |
| 9018 | 4.0 | 3.0 | 94019000 | 3.5 | 0.0 | 9507 | 12.0 | 0.3 |
| 901811 | 6.0 | 2.0 | 9402 | 1.0 | 0.5 | 95073000 | 22.0 | 5.0 |
| 901812 | 8.0 | 2.0 | 94029000 | 3.2 | 0.1 | 95079011 | 12.0 | 4.6 |
| 901813 | 10.0 | 0.0 | 9403 | 1.6 | 0.0 | 95079019 | 22.0 | 12.0 |
| 901814 | 10.0 | 0.0 | 94032009 | 3.5 | 0.0 | 95079090 | 22.0 | 2.4 |
| 901819 | 6.0 | 2.0 | 940330 | 3.5 | 0.0 | | | |
| 901820 | 6.0 | 2.0 | 94034 | 1.6 | 0.0 | 96 | 0.0 | 0.0 |
| 901831 | 11.0 | 15.0 | 940360 | 3.5 | 0.0 | 9601 | 6.0 | 0.0 |
| 901832 | 11.0 | 15.0 | 94036001 | 1.4 | 0.0 | 9602 | 50.0 | 20.0 |
| 901839 | 11.0 | 15.0 | 940370 | 7.0 | 0.3 | 9603 | 32.0 | 8.0 |
| 9019 | 1.0 | 1.0 | 94037009 | 5.0 | 0.1 | 96035000 | 6.0 | 6.0 |
| 90200000 | 3.0 | 1.0 | 94038 | 2.5 | 2.5 | 96039000 | 0.0 | 0.0 |
| 9021 | 4.0 | 3.0 | 94039000 | 3.5 | 0.0 | 9604 | 45.0 | 25.0 |
| 90212100 | 0.5 | 0.5 | 9404 | 0.0 | 0.0 | 9605 | 45.0 | 25.0 |
| 90212900 | 12.0 | 18.0 | 94041000 | 2.5 | 0.0 | 9606 | 29.0 | 25.0 |
| 90214000 | 39.0 | 16.0 | 940430 | 12.0 | 0.0 | 9607 | 14.0 | 10.0 |
| 9031 | 4.0 | 3.0 | 9405 | 11.0 | 0.1 | 9608 | 30.0 | 10.0 |
| 90312000 | 6.0 | 4.0 | 94054001 | 4.6 | 0.3 | 9609 | 30.0 | 10.0 |
| 9032 | 4.0 | 3.0 | 94054009 | 1.1 | 0.0 | 9610 | 9.0 | 5.0 |
| 9033 | 4.0 | 3.0 | 94055000 | 2.4 | 0.0 | 9611 | 22.0 | 2.0 |
| | | | 94056001 | 4.6 | 0.2 | 9612 | 30.0 | 10.0 |
| 91 | 25.0 | 45.0 | 94056009 | 1.9 | 0.3 | 9613 | 30.0 | 10.0 |
| | | | 94059201 | 11.0 | 1.3 | 9614 | 35.0 | 15.0 |
| 92 | 0.0 | 0.0 | 94059202 | 11.0 | 4.2 | 9615 | 30.0 | 10.0 |
| 9201 | 0.0 | 0.0 | 94059209 | 11.0 | 6.0 | 9616 | 45.0 | 25.0 |
| 9202 | 0.0 | 0.0 | 94059910 | 11.0 | 0.8 | 9617 | 14.0 | 0.0 |
| 9205 | 0.0 | 0.0 | 94059921 | 11.0 | 12.0 | 9618 | 0.0 | 2.0 |
| 9206 | 0.0 | 0.0 | 94059929 | 11.0 | 0.8 | | | |
| 9207 | 0.0 | 0.0 | | | | 97 | 0.0 | 0.0 |
| 9208 | 0.0 | 0.0 | 95 | 22.0 | 2.4 | | | |
| 9209 | 3.0 | 3.0 | 9503 | 8.0 | 6.0 | 98 | 0.0 | 0.0 |
| | | | 950410 | 109.0 | 3.3 | | | |
| 93 | 0.0 | 0.0 | 950430 | 0.0 | 0.0 | 99 | 0.0 | 0.0 |
| 9302 | 0.0 | 0.0 | 950440 | 27.0 | 1.0 | | | |
| 9303 | 2.0 | 0.0 | 95049001 | 14.0 | 4.4 | | | |
| 9304 | 25.0 | 25.0 | 95049002 | 14.0 | 0.3 | | | |
| 930510 | 50.0 | 0.0 | 95049009 | 14.0 | 0.3 | | | |

2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2007.

# 930. Frumvarp til laga [624. mál]

um breyting á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Bjarni Benediktsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Skylt er að gera skriflega verksamninga við einkaaðila eða sveitarfélög sem fá fjárveitingu úr ríkissjóði til rekstrar sem varir lengur en eitt ár nema nákvæmlega sé kveðið á um verkefnið í reglugerð eða um fjárveitingu í eitt skipti sé að ræða.
b. Í stað orðanna „eftirlit með þjónustu“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: hvernig eftirliti verkkaupa með þjónustunni og árangri sé háttað, endurskoðun og bókhald.
c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ekkert fé má greiða úr ríkissjóði samkvæmt þessari grein nema öll skilyrði hennar séu uppfyllt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, með síðari breytingum, er einstökum ráðherrum veitt heimild til að gera verksamninga eða samninga um rekstrarverkefni sem eru bundnir til lengri tíma en fjárlagaársins. Í ákvæðinu er kveðið á um almennar kröfur um innihald slíkra samninga.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á framangreindu ákvæði. Er í fyrsta lagi lagt til að það verði skylda að gera verksamning við einkaaðila og sveitarfélög þegar um rekstur til langs tíma er að ræða nema kveðið sé nákvæmlega á um verkefnið í reglugerð eða ef ekki er ætlunin með fjárveitingunni að taka þátt í stöðugum rekstri heldur veita fé til hans í eitt skipti og svo ekki meir.

Í öðru lagi eru gerðar auknar kröfur til samningsins um að hann sé með nákvæm ákvæði um hvernig skuli staðið að eftirliti með starfseminni og þeim árangri sem að er stefnt með fjárveitingunni og rekstrinum. Einnig eru settar fram kröfur um að í samningi sé ákvæði um bókhald og hvernig endurskoðun bókhaldsins verði háttað. Í þriðja lagi er lagt bann við því að greiða fé úr ríkissjóði skv. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins nema öll skilyrði greinarinnar séu uppfyllt.

Reynsla undangenginna ára af framkvæmd fjárreiðulaga hefur verið góð. Þó hafa komið upp mál sem gera kröfu til þess að skerpt sé á eftirliti með greiðslum úr ríkissjóði til einkaaðila. Á það sérstaklega við um faglegt eftirlit, gæðaeftirlit og eftirlit með árangri, sem oft virðist skorta, sem og ákveðnara form varðandi samninga og eftirlit með fjármálum. Á því er tekið í frumvarpi þessu með því að þessi ákvæði eru bundin í lög sem og skýrt ákvæði þess efnis að ekki megi greiða fé úr ríkissjóði nema þessi ákvæði um samning séu uppfyllt.

Þetta frumvarp tekur mið af stefnu stjórnvalda um að koma sem víðast á samningum um árangursstjórnun. Þó eru opinberar stofnanir undanskildar þótt vel megi hugsa sér að einnig þar ættu þessi ákvæði að gilda. Þá vakna upp spurningar um hvort ekki eigi líka að gera verksamninga um fjárveitingar til verkefnis í eitt skipti. Í slíkum tilvikum er einnig verið að kaupa þjónustu eða verkefni sem ekki er síður ástæða til að skilgreina og semja um, sérstaklega til að skera úr um hvað gerist ef ekki verður af verkefninu eða þjónustan er ekki látin í té eins og til stóð. Þetta er hins vegar flóknara verkefni og er ekki gerð tillaga um að á því verði tekið að þessu sinni.

Ekki er gerð tillaga um hæfisskilyrði þeirra sem inna eiga verkefnið af höndum eða veita þjónustuna. Þar er við vanda að etja því verkefnin eru svo margbrotin og mismunandi að vandasamt getur verið að setja almenn hæfisskilyrði sem gilda á um þau öll. Þó verður að gera ráð fyrir að þeir sem geri slíka samninga fyrir hönd ríkisins kanni hæfi viðsemjenda sinna og geri til þeirra sæmilegar kröfur.

## 931. Frumvarp til laga [625. mál]

um breytingu á lögum um happdrætti, nr. 38/2005.

Flm.: Ellert B. Schram, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Valdimar L. Friðriksson, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, ef maður eða fyrirsvarsmaður lögaðila, af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, auglýsir, kynnir eða miðlar hvers konar upplýsingum, kynningum eða tilkynningum um happdrætti og/eða aðila sem rekur happdrætti sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum eða uppfyllir ekki skilyrði laganna. Á þetta jafnt við um hvers konar miðla sem birta auglýsingar, kynningar eða tilkynningar um slíka starfsemi og miðlun sem vísar til heimasíðna slíkra aðila og/eða starfsemi þeirra.

Sé auglýsandi ekki nafngreindur skal viðkomandi miðill eða ritstjóri hans, hafi honum verið kunnugt um að miðlunin væri brot á ákvæðum laga þessara, talinn bera ábyrgð á henni og/eða efni hennar. Skulu slík brot varða sektum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur með lagabreytingu þessari er að koma í veg fyrir að aðilar, innlendir sem erlendir, sem ekki hafa leyfi íslenskra stjórnvalda geti rekið happdrætti (e. betting, gambling and gaming) frá Íslandi og í því sambandi auglýst starfsemi sína í íslenskum fjölmiðlum í þeim tilgangi að ná til íslenskra neytenda.

Á Íslandi hafa gilt takmarkanir á rekstri happdrætta og er slíkur rekstur háður leyfi ráðherra. Eru leyfisskyldum félögum settar fyrir fram ákveðnar reglur um starfsemina og

eftirlit með henni skilgreint. Er með því verið að sporna við hvers konar misnotkun og þeim afleiðingum sem kunna að vera því samfara.

Með lagabreytingunni er jafnframt lögð frekari ábyrgð á fjölmiðla þannig að þeir verði meðvitaðri um þá starfsemi sem auglýsendur þeirra hafa undir höndum og þeim áhrifum sem aðgengi þeirra að almenningi kann að hafa.

Öllum þeim sem með þessum málum fylgjast er kunnugt að auglýsingar um veðmálastarfsemi, sem ekki er heimil hér á landi, hafa birst í fjölmiðlum sem og á netinu. Margsinnis hefur athygli yfirvalda lögreglu og dómsmála verið vakin á þessum auglýsingum og athugasemdum komið á framfæri. Löggæslan sem og ákæruvaldið hafa ekki treyst sér til aðgerða með skírskotun til þess að lög séu ekki nógu skýr til að taka á þessum málum. Frumvarp þetta er lagt fram í því skyni að lög taki allan vafa af um að sú starfsemi sem fram fer lögum og reglum samkvæmt njóti verndar gagnvart utanaðkomandi og óheimilli veðmálastarfsemi.

## 932. Svar [484. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sæunnar Stefánsdóttur um fjölda háskólanema á árunum 1995–2006.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver hefur verið fjöldi háskólanema á Íslandi á árunum 1995–2006, sundurliðað eftir árum, háskólum og námsgráðum, þ.e. BA/BS-námi, meistaranámi og doktorsnámi?*

Tafla hér að aftan sýnir fjölda háskólanema á Íslandi, sundurliðað eftir árum, háskólum og námsgráðum. Ekki liggja fyrir upplýsingar fyrir árið 2006. Upplýsingarnar eru unnar af Hagstofu Íslands. Tölurnar sýna fjölda nemenda eftir námsstigi óháð því hvort þeir eru í fullu námi eða hlutanámi. Taldir eru allir nemendur í námi til: 1) fyrstu háskólagráðu, 2) í viðbótarnámi eftir fyrstu háskólagráðu, 3) í námi til meistaragráðu og 4) doktorsgráðu.

Nemendum í háskólum í námi sem ekki leiðir til háskólagráðu er sleppt, en þar er t.a.m. um að ræða stutt hagnýtt nám í Háskóla Íslands, rekstrarfræði og kerfisfræði við Háskólann á Bifröst og við Háskólann í Reykjavík.

Sá fyrirvari er gerður að árið 1997 var ekki gerður greinarmunur á nemendum til meistaragráðu og í viðbótarnámi við Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) og eru þeir allir skráðir í námi til meistaragráðu. Nemendur í viðbótarnámi í KHÍ geta bætt við viðbótarnámið með áframhaldandi námi og lokið meistaragráðu. Nemendur í meistaranámi í Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands eru taldir frá árinu 2002. Frá árinu 1997 voru skólar beðnir um upplýsingar um alla nemendur en fyrir þann tíma eiga upplýsingarnar aðeins við um nemendur í fullu námi og í dagskóla.

Í eftirfarandi töflu, sem sýnir samandregnar upplýsingar um fjölda nemenda eftir árum og námsgráðum, kemur fram:

1. Nemendum í námi til 1. háskólagráðu hefur fjölgað úr 5.840 árið 1995 í 11.907 árið 2005, um 104%.
2. Nemendum í viðbótarnámi eftir 1. háskólagráðu hefur fjölgað úr 185 árið 1995 í 870 árið 2005, um 370%.
3. Nemendum í námi til meistaragráðu hefur fjölgað úr 183 árið 1995 í 2.080, um 1.037%.

4. Nemendum í námi til doktorsgráðu hefur fjölgað úr 8 árið 1995 í 155 árið 2005, um 1.837%.

| Fjöldi nemenda eftir prófgráðu | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. háskólagráða | 5.840 | 6.175 | 6.195 | 6.651 | 7.365 | 8.142 | 9.144 | 10.493 | 11.766 | 11.914 | 11.907 |
| Viðbótarnám eftir 1. háskólagráðu | 185 | 212 | 189 | 477 | 494 | 510 | 587 | 702 | 809 | 804 | 870 |
| Meistaragráða | 183 | 229 | 382 | 401 | 505 | 544 | 641 | 1.001 | 1.269 | 1.616 | 2.080 |
| Doktorsgráða | 8 | 10 | 14 | 20 | 18 | 50 | 38 | 45 | 51 | 134 | 155 |

**Fjöldi háskólanema 1995–2005.**

*Aðferð:* Taldir eru allir nemendur í námi til fyrstu háskólagráðu, í viðbótarnámi eftir fyrstu háskólagráðu, í námi til meistaragráðu og doktorsgráðu. Nemendum í háskólum í námi sem ekki leiðir til háskólagráðu er sleppt, t.d. stutt hagnýtt nám í HÍ, rekstrarfræði og kerfisfræði á Bifröst og HR.

| Skóli | Flokkun prófgráðu | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Endurmenntun Háskóla Íslands | Meistaragráða | – | – | – | – | – | – | – | 46 | 45 | 45 | 116 |
| Háskóli Íslands | 1. háskólagráða | 4.854 | 5.154 | 5.078 | 4.888 | 5.502 | 5.478 | 5.941 | 6.676 | 7.231 | 6.972 | 6.963 |
| Háskóli Íslands | Viðbótarnám eftir 1. háskólagráðu | 185 | 212 | 189 | 337 | 304 | 283 | 264 | 241 | 358 | 323 | 419 |
| Háskóli Íslands | Meistaragráða | 145 | 166 | 268 | 316 | 434 | 471 | 525 | 763 | 944 | 1.176 | 1.370 |
| Háskóli Íslands | Doktorsgráða | 8 | 10 | 14 | 20 | 18 | 50 | 35 | 41 | 45 | 127 | 148 |
| Háskólinn á Akureyri | 1. háskólagráða | 283 | 328 | 371 | 434 | 469 | 600 | 805 | 910 | 1.189 | 1.279 | 1.280 |
| Háskólinn á Akureyri | Viðbótarnám eftir 1. háskólagráðu | – | – | – | 34 | 30 | 3 | 9 | – | 50 | 71 | 27 |
| Háskólinn á Akureyri | Meistaragráða | – | – | – | – | – | 15 | 35 | 60 | 92 | 79 | 123 |
| Viðskiptaháskólinn í Rvk/ Háskólinn í Reykjavík | 1. háskólagráða | – | – | – | 111 | 183 | 643 | 738 | 809 | 900 | 965 | 1.541 |
| Háskólinn í Reykjavík | Viðbótarnám eftir 1. háskólagráðu | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 1 |
| Háskólinn í Reykjavík | Meistaragráða | – | – | – | – | – | – | 9 | 58 | 81 | 137 | 312 |
| Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal | 1. háskólagráða | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 14 |
| Kennaraháskóli Íslands | 1. háskólagráða | 513 | 481 | 512 | 966 | 867 | 849 | 1.020 | 1.252 | 1.418 | 1.622 | 1.391 |
| Kennaraháskóli Íslands | Viðbótarnám eftir 1. háskólagráðu | – | – | – | 106 | 160 | 224 | 304 | 432 | 361 | 372 | 390 |
| Kennaraháskóli Íslands | Meistaragráða | 38 | 63 | 114 | 85 | 71 | 58 | 72 | 74 | 79 | 91 | 25 |
| Kennaraháskóli Íslands | Doktorsgráða | – | – | – | – | – | – | 3 | 4 | 6 | 7 | 7 |
| Bændaskólinn á Hvanneyri/ Landbúnaðarháskólinn | 1. háskólagráða | 9 | 25 | 15 | 31 | 16 | 31 | 35 | 49 | 76 | 94 | 104 |
| Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri | Viðbótarnám eftir 1. háskólagráðu | – | – | – | – | – | – | – | – | 7 | – | – |
| Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri | Meistaragráða | – | – | – | – | – | – | – | – | 4 | 4 | 12 |
| Listaháskóli Íslands | 1. háskólagráða | – | – | – | – | 67 | 233 | 227 | 280 | 317 | 326 | 340 |
| Listaháskóli Íslands | Viðbótarnám eftir 1. háskólagráðu | – | – | – | – | – | – | 10 | 29 | 33 | 38 | 33 |
| Myndlista- og handíðaskóli Íslands | Meistaragráða | – | – | 2 | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Tækniskóli Íslands/ Tæknihaskóli Íslands | 1. háskólagráða | 165 | 163 | 188 | 195 | 221 | 262 | 304 | 335 | 420 | 445 | – |
| Samvinnuháskólinn/ Viðskiptaháskólinn á Bifröst | 1. háskólagráða | 16 | 24 | 31 | 26 | 40 | 46 | 74 | 182 | 215 | 211 | 274 |
| Viðskiptaháskólinn á Bifröst | Meistaragráða | – | – | – | – | – | – | – | – | 24 | 84 | 122 |

*Athugasemdir:* Nemendur á fyrstu tveimur árunum í rekstrarfræði í Samvinnuháskólanum/Viðskiptaháskólanum á Bifröst og í kerfisfræði við TVÍ/Viðskiptaháskólann í Reykjavík teljast ekki vera í námi til fyrstu háskólagráðu. Heldur ekki nemar í stuttu hagnýtu námi við HÍ. Árið 1997 var ekki gerður greinarmunur á nemendum til meistaragráðu og í viðbótarnámi við KHÍ og eru þeir allir skráðir í námi til meistaragráðu. Nemendur í viðbótarnámi í KHÍ geta bætt við viðbótarnámið með áframhaldandi námi og lokið meistaragráðu. Nemendur í meistaranámi í Endurmenntunarstofnun HÍ eru taldir frá árinu 2002. Frá árinu 1997 voru skólar beðnir um upplýsingar um alla nemendur en fyrir þann tíma eiga upplýsingarnar aðeins við um nemendur í fullu námi og í dagskóla.

## 933. Svar [375. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björns Inga Hrafnssonar um kostnað við íþróttaefni Ríkisútvarpsins.

1. *Hvert hefur framlag Ríkisútvarpsins til íþróttadeildar RÚV verið árin 2004, 2005 og 2006 og hver er áætlunin í þeim efnum fyrir árið 2007?*

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu hefur verið varið eftirfarandi fjárhæðum til íþróttadeildar RÚV:

| Ár | Samtals í millj. kr. |
|---|---|
| 2004 | 207 |
| 2005 | 174 |
| 2006* | 199 |
| 2007* | 207 |

*Áætlun

2. *Hvað greiðir Ríkisútvarpið árlega fyrir sýningarrétt frá Formúlu-kappaksturskeppninni?*

Ríkisútvarpið getur ekki veitt upplýsingar um kostnað við árlegan sýningarrétt á Formúlu-kappaksturskeppninni þar sem stofnunin er bundin trúnaði við viðsemjanda um umræddar greiðslur. Vísast um þetta til 5. gr. upplýsingalaga.

3. *Hver er áætlaður kostnaður Ríkisútvarpsins vegna sýningarréttar frá Evrópukeppni landsliða í knattspyrnu 2008?*

Ríkisútvarpið getur ekki veitt upplýsingar um kostnað við sýningarrétt á Evrópukeppni landsliða í knattspyrnu 2008 þar sem stofnunin er bundin trúnaði við viðsemjanda um umræddar greiðslur. Vísast um þetta til 5. gr. upplýsingalaga.

4. *Hefur kostnaður við sýningarrétt frá þessum viðburðum verið fjármagnaður með stuðningi kostunaraðila að einhverju eða öllu leyti?*

Sýningarréttur frá þessum viðburðum hefur að hluta til verið fjármagnaður með stuðningi kostunaraðila.

Minna má á að útsendingar Ríkisútvarpsins á vinsælum íþróttaviðburðum hafa talsvert verið til umræðu í fjölmiðlum og ekki síst á Alþingi. Í þessu sambandi er rétt að minna á umræður utan dagskrár þann 24. janúar 2002 um heimsmeistaramótið í knattspyrnu það sama ár og þjónustu Ríkisútvarpsins. Málshefjandi umræðunnar, þingmaður Samfylkingarinnar,

varpaði fram spurningu um hvort tryggja ætti RÚV efnahagslegar forsendur til að geta sýnt frá heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu sem þingmaðurinn taldi vera stærsta og vinsælasta alþjóðlega íþróttaviðburð ársins. Í kjölfarið skapaðist umræða í þinginu með þátttöku þingmanna allra flokka. Þingmaður Framsóknarflokks taldi rétt og eðlilegt að Ríkisútvarpið leitaðist við að tryggja útsendingar á vinsælum íþróttaviðburðum, þar á meðal heimsmeistarakeppni í vinsælum íþróttagreinum sem og Ólympíuleikum. Þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs taldi að allir væru sammála um að nauðsynlegt væri að allir landsmenn gætu fylgst með heimsmeistaramótinu í knattspyrnu líkt og öðrum heimsviðburðum. Hlutverk Ríkisútvarpsins væri að þjóna landsmönnum með beinum útsendingum af þessu tagi. Umræður sem átt hafa sér stað um hvort það sé í hlutverki Ríkisútvarpsins að sýna vinsælt íþróttaefni hafa m.a. gert það að verkum að Ríkisútvarpið hefur reynt að tryggja sér réttinn að slíku efni. Ástæða þess er sú krafa sem margir þingmenn ásamt almenningi hafa sett fram um þá skyldu Ríkisútvarpsins, sem fjölmiðils í almannaþágu, að sýna vinsælt íþróttaefni í opinni dagskrá fyrir alla landsmenn.

Forsenda þess að hægt sé að skapa heildstæða dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi er að bjóða fjölbreytt efni. Vinsælt íþróttaefni skipar ávallt stóran sess í fjölbreyttri dagskrá ríkisfjölmiðla sem vilja bjóða blöndu af ólíku efni í opinni dagskrá fyrir alla landsmenn.

## 934. Skýrsla [626. mál]

Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2006.

**1. Inngangur.**

Fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða var haldin í Reykjavík árið 1993, en nokkur samvinna norðurskautsríkja hófst þegar samþykkt var áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Rovaniemi í Finnlandi árið 1991. Ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 markaði hins vegar upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál sem sett var á laggirnar árið 1994. Nefndin er stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er á tveggja ára fresti. Á ráðstefnunni kemur saman stór hópur þingmanna frá ríkjunum við norðurskaut, sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Eitt meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar er að fylgja eftir samþykktum ráðstefnunnar sem og að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Þingmannanefndin fundar að jafnaði þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Almennt má segja að helstu verkefni í norðurskautssamstarfi lúti að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla einnig verið lögð á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð og velmegun íbúa norðursins.

Í fyrstu sneru verkefni þingmannanefndarinnar aðallega að ýmsum málum sem við komu stofnun Norðurskautsráðsins árið 1996, en ráðið byggist á sameiginlegri yfirlýsingu og samstarfi ríkisstjórna aðildarríkjanna átta. Nokkur samtök frumbyggja og ólíkra þjóðarbrota á norðurslóðum eiga fasta fulltrúa í ráðinu. Auk þess eiga ýmis ríki, alþjóðasamtök og frjáls

félagasamtök áheyrnaraðild að ráðinu. Jafnvel þótt samstarf norðurskautsríkja eigi sér fremur stutta sögu hefur það fætt af sér margvísleg sameiginleg verkefni og stofnanir. Eftirlit með og mat á umhverfi norðurskautssvæðanna hefur frá byrjun verið forgangsverkefni ráðsins. Fjölmargar vandaðar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar á vegum vinnuhópa ráðsins, m.a. um mengunarhættu, áhrif mengunar á vistkerfi norðurslóða og varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Á síðari missirum hefur Norðurskautsráðið í auknum mæli sinnt verkefnum sem miða ekki eingöngu að því að vega og meta mengunarhættu heldur leita leiða við að draga úr mengun á norðurslóðum. Þingmannanefndin hefur á undanförnum árum lagt sérstakan metnað í að hafa frumkvæði að mismunandi verkefnum sem hægt er að leggja fyrir Norðurskautsráðið til framkvæmda.

**2. Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.**

Í upphafi árs 2006 var Íslandsdeild skipuð þeim Sigurði Kára Kristjánssyni formanni, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Magnúsi Stefánssyni varaformanni, þingflokki Framsóknarflokks, og Björgvini G. Sigurðssyni, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Valdimar L. Friðriksson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Hinn 2. október 2006 við upphaf 133. þings tók Guðjón Ólafur Jónsson sæti Magnúsar Stefánssonar sem aðalmaður í Íslandsdeildinni. Á fundi Íslandsdeildar hinn 5. október var Sigurður Kári Kristjánsson endurkjörinn formaður og Guðjón Ólafur Jónsson kjörinn varaformaður. Formaður situr fyrir hönd Íslandsdeildarinnar í þingmannanefndinni, en í forföllum hans situr varaformaður fundi nefndarinnar. Öll Íslandsdeildin sækir ráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti. Íslandsdeild kemur saman eftir þörfum og þá gerir formaður grein fyrir starfi þingmannanefndarinnar og fær hún jafnframt upplýsingar um starf Norðurskautsráðsins. Í upphafi árs gegndi Guðfríður Lilja Grétarsdóttir starfi ritara Íslandsdeildar en Tómas Brynjólfsson tók við af henni 1. febrúar.

**3. Áherslur í málefnastarfi og helstu verkefni þingmannanefndar árið 2006.**

Umhverfismál og sérstaklega loftslagsbreytingar hafa verið mjög áberandi í norðurskautssamstarfinu. Undir lok formennskutíðar Íslands árið 2004 var gefin út skýrsla um áhrif loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðinu, Arctic Climate Impact Assessment (ACIA). Skýrslan er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsóknin á loftslagsbreytingum sem birt hefur verið eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Skýrslan vakti mikla athygli og hefur verið notuð sem eins konar grunnur að alþjóðlegri umræðu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum. Í skýrslunni kemur fram að gríðarlega hraðar loftslagsbreytingar hafa átt sér stað á norðurskautssvæðinu síðustu áratugi og loftslag fer ört hlýnandi. Ekki sér fyrir endann á þessum breytingum og spáð er enn örari þróun í þessa átt á næstu áratugum. Norðurslóðir einkennast af sérlega viðkvæmum vistkerfum og ljóst þykir að þróunin við norðurskaut sé eins konar fyrirboði þess sem verður annars staðar í heiminum. Áætlað er að þær loftslagsbreytingar sem eiga sér stað á 10 ára tímabili á norðurslóðum gerist á 25 ára tímabili annars staðar. Hitastig á norðurslóðum hækkar að jafnaði tvisvar sinnum hraðar en loftslag annars staðar í heiminum. Þótt hitastig sé að jafnaði að hækka á norðurslóðum sem og á jörðinni allri sýnir skýrslan hins vegar að loftslagsbreytingar hafa mismunandi og ójöfn áhrif á ólík svæði jarðar. Á sumum stöðum hlýnar til muna á meðan aðrir staðir kólna þótt meðaltal hitastigs jarðar fari hækkandi. Þessar víðtæku loftslagsbreytingar hafa margs konar afleiðingar, svo sem hækkun yfirborðs sjávar og breytingu sjávarfalla. Hlýnandi hafstraumar

leiða svo til enn meiri hröðunar loftslagsbreytinga. Sem dæmi um umfang bráðnunar jökla undanfarna áratugi mætti nefna að bráðnun Grænlandsjökuls jókst um 16% á árunum 1979–2002. Þessi 16% af yfirborði Grænlandsjökuls eru á stærð við Svíþjóð. Ísjakar á Beaufort- og Chuckchi-hafsvæðunum eru sömuleiðis 25% undir minnsta meðallagi sem mælst hefur frá upphafi. Allar spár skýrslunnar sýna að um næstu aldamót verði norðurskautshafsvæðið án íss og klaka að sumarlagi. Plöntutegundir og annað gróðurlendi færist æ norðar með hlýnandi loftslagi og vor- og sumartími lengist.

Umræða um siglingaleiðir var áberandi á árinu. Með minnkandi hafís á norðurskautssvæðinu og auknum þrýstingi alþjóðavæðingar um sífellt stærri flutningaskip má búast við að siglingaleiðir milli Asíu annars vegar og Evrópu og austurstrandar Norður-Ameríku hins vegar opnist á næstu árum. Þar með styttast siglingaleiðirnar verulega, eða um allt að helming. Auknar siglingar um norðurskautið munu hafa veruleg áhrif á Ísland sem gæti legið vel við sem umskipunarhöfn fyrir þessa miklu flutninga. Þeim tækifærum sem í þessu felast fylgir einnig nokkur áhætta, m.a. vegna meiri hættu á umhverfisslysum, og verulega aukin verkefni fyrir landhelgisgæsluna. Einnig hafa Norðmenn hafið mikla olíu- og gasvinnslu í Barentshafi og þykir líklegt að Rússar fylgi í kjölfarið á komandi árum. Stór hluti þessarar orku verður fluttur með skipum til Norður-Ameríku um íslenska landhelgi.

Á þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál í Kiruna í Svíþjóð árið 2006 var rætt um hugsanlegan alþjóðasamning um norðurskautið. Nokkur umræða hefur verið um þessi mál á undanförnum missirum í ljósi sífellt hraðari bráðnunar hafíssins á norðurskautinu. Slíkur samningur er til staðar um suðurskautið. Ólíklegt verður þó að teljast að sams konar samningur náist um norðurskautið þar sem ríki á borð við Kanada og Rússland gera tilkall til stærsta hluta svæðisins samkvæmt hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þau hafa því lítinn áhuga á að láta binda hendur sínar varðandi nýtingu svæðisins. Hins vegar er mögulega hægt að skýra og bæta þá alþjóðaumhverfissamninga sem ná til norðurskautssvæðisins og nýtingar náttúruauðlinda þess.

Alþjóðaár heimskautasvæðanna (e. International Polar Year) var undirbúið á árinu en það hefst í þriðja sinn í mars 2007. Vísindamenn frá yfir 60 löndum munu taka þátt í rannsóknum alþjóðaársins. Því er ætlað að leiða til stórátaks í rannsóknum og athugunum á heimskautasvæðum jarðar. Rannsóknir á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á umhverfi, lífríki og samfélag verða í brennidepli á rannsóknarárinu en lögð er sérstök áhersla á þverfaglegar rannsóknir.

**4. Fundir þingmannanefndar 2006.**

Þingmannanefndin hélt fjóra fundi á árinu. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður Íslandsdeildar, sat fyrir hönd Íslandsdeildar fundi nefndarinnar í Ottawa í mars, í Kaupmannahöfn í maí og í Kiruna í ágúst, en sá fundur var haldinn samhliða ráðstefnunni um norðurskautsmál. Guðjón Ólafur Jónsson, varaformaður Íslandsdeildar, sótti fund þingmannanefndarinnar í Ósló í nóvember, í fjarveru formanns. Tómas Brynjólfsson, ritari nefndarinnar, sótti fundina ásamt þingmönnunum. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir fundum þingmannanefndarinnar á árinu.

*Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Ottawa 27. mars 2006.*

Í upphafi fundarins var kynntur nýr framkvæmdastjóri þingmannaráðstefnunnar, Björn-Willy Robstad, lögfræðingur sem starfar hjá norska þinginu. Hill-Marta Solberg, formaður nefndarinnar, stýrði fundinum sem var vel sóttur. Sérstaklega var tekið eftir því að bandarískri öldungadeildarþingmaðurinn Lisa Murkowski mætti til fundarins.

Fyrsta dagskrármálið var kynning á stefnu Kanada gagnvart norðurskautinu. Í kynningu embættismanns frá kanadíska utanríkisráðuneytinu kom fram að Kanadamenn vilja stefna að því að komið verði á alþjóðlegu regluverki um málefni norðurskautsins. Slíkar hugmyndir voru til umræðu á þingmannaráðstefnunni í Kiruna í ágúst 2006. Kanadamenn vilja einnig að málefni norðurskautsins verði tengd umræðunni um mannöryggi (e. human security). Kanada leggur áherslu á mikilvægi norðurskautsráðsins í þessu starfi. Nokkrar umræður spunnust um tilraunir Kanadamanna til þess að tryggja fullveldi sitt í tengslum við norðurlandamæri ríkisins. Núverandi ríkisstjórn lagði á það áherslu í kosningabaráttunni að Kanada myndi styrkja hernaðarlega stöðu sína á þessu svæði, m.a. með smíði vopnaðra ísbrjóta. Kanadísku þingmennirnir lögðu áherslu á það að lausn deilumála á norðurskautssvæðinu myndi nást við samningaborðið. Að þessari umræðu lokinni var nefndarmönnum kynnt stefna Kanada gagnvart sjálfstjórnarsvæðinu Nunavat í norðurhluta Kanada, en þar búa tæplega 30.000 manns á svæði sem er tvær milljónir ferkílómetra að stærð.

Undir öðrum dagskrárlið var rætt um alþjóðaár heimskautasvæðanna árin 2007 og 2008. Þar kynntu Kanadamenn undirbúning sinn. Þingmennirnir lögðu áherslu á að litið yrði til félagsvísinda í rannsóknum á alþjóðaárinu. Við það mundi skýrsla Norðurskautsráðsins um sjálfbæra mannlífsþróun á norðurslóðum nýtast vel. Að lokinni kynningu Kanadamanna fóru fram umræður. Þar kom fram í máli Kuupik Kleist, fulltrúa Grænlands á danska þinginu, að dönsk stjórnvöld hefðu ekki sýnt alþjóðaárinu mikinn áhuga.

Ráðstefnan í Kiruna í Svíþjóð var kynnt í þriðja lið fundarins. Þar var einnig rætt um yfirlýsingu fundarins. Vonast var eftir frekari tillögum nefndarmanna um efni hennar á næsta fundi þingmannanefndarinnar í Kaupmannahöfn 19. maí 2006.

Fjórði dagskrárliður fundarins fjallaði um starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsmála innan einstakra aðildarríkja hennar. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður Íslandsdeildar þingmannaráðstefnunnar og fulltrúi Alþingis í þingmannanefndinni, fjallaði um þróun mála á Íslandi. Hann lagði áherslu á mikilvægi norðurskautsins fyrir Ísland, sem mætti m.a. sjá í fjölda verkefna sem íslensk stjórnvöld hafa unnið að í kjölfar formennskuárs Íslands í Norðurskautsráðinu frá 2002 til 2004. Íslendingar hafa sérstaklega unnið að eftirfylgni með skýrslu um sjálfbæra mannslífsþróun á norðurslóðum.

Næst var fjallað um sjálfstæða þróun á norðurslóðum. Þar var sérstaklega rætt um þróun upplýsingatækni á norðurskautssvæðinu og málefni barna og unglinga.

Sjötti dagskrárliður fjallaði um hina norðlægu vídd Evrópusambandsins og mótun nýrrar norðlægrar víddar númer 2. Diana Wallis, þingmaður á Evrópuþinginu, flutti stutta kynningu um málið og hugsanlega þróun þess á næstu missirum.

Að síðustu var rætt um hugmyndir um hvernig greiða ætti fyrir verkefni á vegum Norðurskautsráðsins, næsta fund nefndarinnar, sem haldinn var í Kaupmannahöfn, og verkefni á vegum undirstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNEP-GRID-Arendal.

*Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Kaupmannahöfn 19. maí 2006.*

Fyrsta dagskrármálið var kynning á áherslum Norðmanna vegna formennsku þeirra í Norðurskautsráðinu frá 2006 til 2008. Vert er að benda á að Svíar munu taka við af Norð-

mönnum og gegna formennsku í ráðinu frá 2008 til 2010 og Danir svo frá 2010 til 2012. Þrátt fyrir að um sé að ræða þrjú aðskilin formennskutímabil þá munu þjóðirnar hafa með sér víðtækt samráð. Norðmenn fara heldur ekki í grafgötur með áhuga sinn á að stofna skrifstofu Norðurskautsráðsins í Noregi sem yrði starfrækt þar til lengri tíma, en skrifstofan hefur hingað til fylgt formennskuríkinu. Skrifstofa Norðurskautsráðsins verður starfrækt í Tromsö á meðan Norðurlöndin þrjú fara með formennsku. Áhugi Norðmanna á stöðu framkvæmdastjóra þingmannanefndarinnar verður að skoðast í tengslum við þessa stefnu Norðmanna.

Norðmenn hafa þrjár grunnáherslur á formennskuári sínu. Í fyrsta lagi leggja þeir áherslu á sjálfbæra þróun og nýtingu náttúruauðlinda. Í öðru lagi leggja þeir áherslu á eftirfylgni með rannsóknum á loftslagsbreytingum. Í þriðja lagi leggja Norðmenn áherslu á stofnanauppbyggingu ráðsins, t.d. varðandi skrifstofu ráðsins og fjármögnun vinnuhópa.

Undir öðrum dagskrárlið var kynning á hinni norðlægu vídd Evrópusambandsins í tengslum við áherslu Finna á þá stefnu í formennskutímabili sínu í ráðherraráði ESB seinni hluta ársins 2006. Fjallað var um fjárframlög til verkefna á vegum Norðlægu víddarinnar og var sérstök áhersla lögð á að ekki væri aðeins horft til Rússlands heldur einnig víðar, m.a. á norðurheimskautssvæðið.

Í þriðja lagi var fjallað um þingmannaráðstefnuna í Kiruna sem fram undan var í ágúst. Þar var farið yfir undirbúning ráðstefnunnar og fjallað um drög að ályktun hennar. Í umræðum um ályktunardrögin vakti Sigurður Kári athygli á einhliða ákvörðun Bandaríkjanna um brotthvarf varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Sigurður Kári benti á að með auknum loftslagsbreytingum og minnkandi hafís mætti búast við enn frekari siglingum um norðurhöf, bæði vegna flutninga frá Asíu til Evrópu en einnig vegna aukinnar olíu- og gasvinnslu á svæðinu. Sigurður Kári kynnti stöðu björgunarmála á Íslandi og þær breytingar sem yrðu við brotthvarf Bandaríkjamanna. Sigurður Kári sagði að eftir brotthvarf þyrlubjörgunarsveitar varnarliðsins væru ekki lengur til staðar við Norður-Atlantshafið þyrlur sem gætu tekið eldsneyti á lofti. Sú staðreynd drægi stórlega úr öryggi siglinga og flugumferðar á svæðinu. Hann lagði því til að í ályktun þingmannaráðstefnunnar í Kiruna yrði sérstaklega hvatt til aukinnar samvinnu aðildarríkja Norðurskautsráðins á sviði siglingaöryggis, sérstaklega varðandi leitar- og björgunarmál. Hill-Marta Solberg, formaður stjórnarnefndarinnar, studdi tillögu Sigurðar Kára og var hann beðinn um að móta tillöguna frekar fyrir ályktunardrög sem lögð voru fyrir þingmannaráðstefnuna í Kiruna í byrjun ágúst.

Svokallaður Galthea-3 leiðangur var kynntur fyrir fundargestum. Í leiðangrinum verður siglt heimskautanna á milli og munu danskir vísindamenn fá tækifæri til að stunda rannsóknir á skipinu á meðan það er til sjós. Í leiðangrinum verður lögð sérstök áhersla á tengslin milli vísindarannsókna, fjölmiðla og skóla.

Í fjórða lagi var kynning á dönskum verkefnum í tengslum við alþjóðaár heimskautasvæðanna. Danir leggja áherslu á loftslagsbreytingar, Grænlandssinn og mannlega þáttinn í rannsóknum sínum.

Í fimmta lagi voru málefni Háskóla norðursins kynnt. Fulltrúi stjórnar skólans lagði áherslu á að góður árangur væri af starfi skólans og mikil aðsókn væri í verkefni á vegum hans, en um 730 nemendur voru við nám í skólanum árið 2005. Líkt og nokkrir aðrir sem kynntu verkefni fyrir nefndinni lagði fulltrúi skólans áherslu á þörf fyrir aukin fjárframlög til skólans.

Áherslur og erfiðleikar vegna þátttöku hópa frumbyggja í starfi Norðurskautsráðsins voru því næst til umræðu, auk kynningar á vefsvæði ACIA-verkefnisins.

Að lokum var farið yfir heimskautamálefni í aðildarríkjunum. Þar fjallaði Sigurður Kári um þingmannaráðstefnu Eystrasaltsráðsins sem stóð fyrir dyrum í Reykjavík í byrjun september og ráðningu Kristjáns Kristjánssonar hjá Rannís sem yfirmanns Vísindanefndar norðurskautsins (e. Arctic Science Committee).

*Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Kiruna í Svíþjóð 4. ágúst 2006.*

Á fundi þingmannanefndar um norðurskautsmál sem fram fór samhliða ráðstefnunni var Hill-Marta Solberg, fulltrúi norska þingsins, endurkjörin formaður nefndarinnar til tveggja ára og Björn Willy Robstad, starfsmaður Stórþingsins, ráðinn framkvæmdastjóri. Næstu fundur nefndarinnar var ákveðinn í nóvember 2006.

*Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Ósló í Noregi 21. nóvember 2006.*

Fyrsta dagskrárefni fundarins var kynning á alþjóðaári heimskautasvæðanna sem hefst 1. mars 2007 og þátttöku Noregs í verkefnum ársins. Norðmenn stefna að því að vera leiðandi á meðal norðurskautsþjóða og byggja stöðu sína m.a. á framlagi til vísindarannsókna. Olav Orheim, sem leiðir landsnefnd Noregs um alþjóðaárið, sagði miklar væntingar vera til alþjóðaársins og þeirra 200 rannsóknaverkefna sem tengjast því. Meðal annars mætti vænta mikilla framfara varðandi veðurspár á norðurskautssvæðinu og þekkingu varðandi loftslagsbreytingar. Einnig kom fram að fjölmiðlar í Noregi sýndu alþjóðaárinu athygli og búast megi við þónokkurri fjölmiðlaumfjöllun við upphaf alþjóðaársins. Rannveig Guðmundsdóttir, fulltrúi Norðurlandaráðs í þingmannanefndinni, vakti athygli á mikilvægi rannsókna á áhrifum loftslagsbreytinga á fiskstofna. Hún sagði mikilvægt að auka rannsóknir á þessu sviði, sérstaklega þar sem með hlýnandi sjó taki nýir og oft verðminni nytjastofnar við af þeim sem fyrir eru.

Því næst var rætt um reynsluna af þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem fram fór í Svíþjóð í ágúst síðastliðnum. Að því loknu kynntu nefndarmenn þróun norðurskautsmála innan ríkja sinna. Diana Wallis, fulltrúi Evrópuþingsins, sagði færri hafa sótt ráðstefnuna í Kiruna en fyrri ráðstefnur. Hún lagði auk þess áherslu á að þingmannanefndin mundi reyna að vekja aukna athygli á starfi sínu með fundum með þingnefndum Evrópuþingsins í tengslum við ráðstefnu um norðlægu víddina sem fram fer í Brussel í lok febrúar 2007. Að sögn Diönu Wallis vekur norðurskautssamstarfið ekki mikla athygli innan Evrópusambandsins. Að hennar sögn hafa málefni Eystrasaltsins skyggt á önnur norðursvæði eftir stækkun sambandsins árið 2004. Danski þingmaðurinn Niels Sindal var sammála Wallis. Hann sagði að norðlæga víddin hefði átt að beinast að norðurskautssvæðinu eftir mótun hennar árið 1998. Stefnan hefði hins vegar í auknum mæli beinst að Eystrasalti. Nefndin var sammála um að mikilvægt væri að vekja að nýju aukna athygli á norðurskautssvæðinu innan stefnunnar. Fundarmenn voru sammála um að fulltrúar í þingnefndinni yrðu að gera meira til þess að vekja athygli á ályktun ráðstefnunnar meðal þjóðþinga sinna og ráðherra, sérstaklega í ljósi lítillar þátttöku framkvæmdarvaldsins í ráðstefnunni.

Guðjón Ólafur Jónsson fjallaði um aukið samstarf Íslands við önnur ríki varðandi leitar- og björgunarmál. Hann sagði málefni norðurskautssvæðisins njóta síaukinnar athygli á Íslandi, bæði í fréttaumfjöllun og í tengslum við kynningu utanríkisráðherra á skýrslu sinni um utanríkismál á Alþingi. Því næst var rætt um ráðherrafund norðurskautsríkjanna í Salekhard í Rússlandi sem fram fór í lok nóvember 2006. Hill-Marta Solberg kynnti þar afstöðu þingmannanefndarinnar og ályktun ráðstefnunnar frá því í Kiruna.

Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, kynnti því næst stefnu Norðmanna vegna formennsku þeirra í Norðurskautsráðinu frá 2006 til 2008. Norðmenn hyggjast koma á fót skrifstofu með tveimur starfsmönnum í Tromsö til þess að halda utan um formennskutíð sína. Þeir vonast til að önnur ríki á Norðurlöndum muni einnig nýta skrifstofuna. Hún gæti þá orðið vísir að framtíðarskrifstofu Norðurskautsráðsins. Starfsemi þess heyrir undir utanríkisráðuneyti þess ríkis sem fer með formennskuna hverju sinni. Störe sagði að ályktun þingmannaráðstefnunnar hefði haft áhrif á viðræður ráðherraráðsins í Salekhard. Þrjú málefni munu njóta sérstakrar athygli í formennskutíð Noregs. Í fyrsta lagi munu Norðmenn leggja áherslu á þróun sjálfbærrar auðlindanýtingar, sérstaklega á hafinu. Í öðru lagi verður lögð áhersla á loftslagsbreytingar og í þriðja lagi verður litið til stofnanabreytinga innan Norðurskautsráðsins. Guðjón Ólafur spurði ráðherrann um aðgerðir ríkisstjórnanna vegna aukinna siglinga á norðurslóðum, sérstaklega mögulegt aukið samstarf til þess að tryggja öryggi á hafsvæðum norðursins. Störe lagði áherslu á að ríkin þyrftu að auka samstarf sitt á þessu sviði, sérstaklega til þess að tryggja sameiginlega staðla varðandi siglingaöryggi. Störe sagði að Íslandi yrði í framtíðinni í miðju mikillar skipaumferðar og nýs öryggiskerfis norðursvæða.

Að lokum var ákveðið að nefndin kæmi næst saman í tengslum við ráðstefnu um norðlægu víddina sem haldin verður í Brussel 28. febrúar til 1. mars 2007.

**5. Þingmannaráðstefna um norðurskautsmál.**

Sjöunda þingmannaráðstefnan um norðurskautsmál var haldin í Kiruna í Svíþjóð 2.–4. ágúst 2006. Fulltrúar ellefu þinga sóttu ráðstefnuna, ásamt öðrum gestum. Fundinn sóttu fyrir hönd Alþingis Sigurður Kári Kristjánsson formaður Íslandsdeildarinnar, Björgvin G. Sigurðsson og Jón Kristjánsson. Ráðstefnan hófst með því að gestir voru boðnir velkomnir af dr. Björn von Sydow, forseta sænska þingsins, Sylvíu Simma, formanns sænska Samaþingsins, og Runar Patriksson, fulltrúa sænska þingsins í þingmannanefnd um norðurskautsmál.

Fyrsti dagskrárliður ráðstefnunnar eftir opnunarræður var umfjöllun um stöðu samstarfs á norðurskautssvæðinu. Alexander Ignatiev, sendiherra, flutti fyrst stutta skýrslu um stöðu mála innan Norðurskautsráðsins, en Rússland fór með tveggja ára formennsku í ráðinu til ársloka 2006. Hans Dahlgren frá sænska utanríkisráðuneytinu greindi því næst frá áherslum Svía í norðurskautssamstarfinu. Hann lagði áherslu á að mikilvægt væri að fylgjast náið með þróun loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðinu þar sem afleiðinga þeirra gætir fyrr þar en á suðlægari breiddargráðum. Norðurskautssvæðið og atburðir þar skipta því sífellt fleiri ríki máli. Mikilvægi norðurskautsins sem hernaðarsvæðis hefur því vikið fyrir orkuöryggi og sjálfbærri þróun.

Hill-Marta Solberg, formaður þingmannanefndar um norðurskautsmál, sem er í stjórnarnefnd ráðstefnunnar, fjallaði því næst um starf nefndarinnar frá síðustu ráðstefnu í Nuuk árið 2004. Solberg lagði áherslu á mikilvægi rannsóknastarfs á norðurslóðum og aukinnar menntunar. Þingmannanefndin hefur fjallað ítarlega um skýrslur um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum og sjálfbæra mannlífsþróun þar. Auk þess minntist hún á stuðning þingmannanefndarinnar við Háskóla norðurslóða sem er mikilvægt tæki til þess að auka þekkingu á norðurskautssvæðinu. Fjöldi nemenda við skólann tífaldaðist frá árinu 2002 til 2005 og stunda nú um 730 manns nám við skólann. Að lokum var flutt skýrsla um þróun upplýsingatækni á norðurskautssvæðinu. Þingmannanefndin hefur lagt ríka áherslu á frekari nýtingu upplýsingatækni fyrir íbúa norðurskautssvæðisins, m.a. við kennslu og fjarlækningar. Áhersla nefndarinnar á þessi mál varð til þess að Norðurskautsráðið stendur nú að gerð matsskýrslu um þróun upplýsingatækni fyrir strjálar byggðir norðursins. Niðurstöður úr

könnuninni eiga að liggja fyrir í lok árs 2008. Íslendingar hafa verið leiðandi í þessu starfi og m.a. unnið vefgátt fyrir norðurskautið á veraldarvefnum.

Annar hluti ráðstefnunnar var tileinkaður umfjöllun um alþjóðaár heimskautasvæðanna árin 2007–2008. Fjallað var um skipulagningu ársins á vegum sameiginlegrar nefndar Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO) og Alþjóðavísindaráðsins (ICSU). Lögð er áhersla á þverfaglegar rannsóknir og hefur þingmannanefnd um norðurskautsmál lagt áherslu á þátt félagsvísinda, þ.e. hins svokallaða mannlega þáttar, í rannsóknaráætlunum. Rannsóknir á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á umhverfi, lífríki og samfélag verða í brennidepli á rannsóknarárinu. Nokkur rannsóknarverkefni voru kynnt og fjallað um mögulegar niðurstöður ársins. Vonast er til að alþjóðaárið geti virkað sem hvati til frekari áherslu á heimskautarannsóknir í framtíðinni.

Þriðji hluti ráðstefnunnar var tileinkaður alþjóðlegum lagaramma norðurskautssvæðisins og hugsanlegum alþjóðasamningi um norðurskautssvæðið í anda alþjóðasamnings um nýtingu suðurskautssvæðisins. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður Íslandsdeildarinnar, var annar stjórnenda umræðanna. Diana Wallis, þingmaður á Evrópuþinginu, lagði áherslu á mikilvægi þess fyrir Evrópusambandið að það tæki virkan þátt í þróun norðurskautssvæðisins. Að hennar mati er ekki mögulegt að koma fram með neinar einfaldar lausnir á þeim vandamálum sem norðurskautið stendur frammi fyrir. Hins vegar sé það skylda þjóðkjörinna fulltrúa að leita lausna, sérstaklega í ljósi hraðra breytinga á norðurskautssvæðinu. Leita verður lausna og vinna að mótun á skýrum lagaramma um nýtingu norðurskautssvæðisins áður en farið verður að berjast um hugsanleg auðæfi svæðisins.

Hans Corell, sendiherra og fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna með umsjón með þjóðréttarmálum, sagði í ræðu sinni að betra væri að fara vel yfir þá samninga sem þegar eiga við um norðurskautssvæðið en að reyna að móta nýjan samning. Hugsanlega væri hægt að fjölga samningum og bæta þá sem fyrir eru, en vinna við nýjan samning yrði vandkvæðum bundin og mundi hugsanlega skila litlu. Hann lagði einnig áherslu á að mikilvægt væri fyrir norðurskautssvæðið að fá sem flest ríki til þess að samþykkja samninga sem ná til svæðisins og nýtingu þess. Mikil umræða varð um þessi mál. Fulltrúar þjóðþinga Kanada og Rússlands voru áberandi í umræðunni enda gera ríkin tvö tilkall til stórra hafsvæða á norðurskautssvæðinu. Þau vilja því ekki nýja alþjóðlega samninga sem binda hendur þeirra frekar við nýtingu þeirra. Þingmennirnir virtust þó til umræðu um styrkingu alþjóðlegra náttúruverndarsamninga sem næðu til hafsvæðisins.

Fjórði og síðasti hluti ráðstefnunnar fjallaði um opnun nýrra siglingaleiða um norðurskautssvæðið milli Asíu annars vegar og Evrópu og Norður-Ameríku hins vegar. Auknar siglingar um norðurskautssvæðið gætu umbylt efnahagsstöðu svæðisins en einnig ógnað lífríki þess. Að mati ræðumanna er styttra í opnun siglingaleiðarinnar fyrir norðan Síberíu en um eyjasund Kanada eða yfir norðurpólinn. Hins vegar þurfi að gæta varúðar vegna áhrifa aukinna siglinga á lífríkið og veiðivenjur frumbyggja. Bent var á að nauðsynlegt væri að ríkin á norðursvæðum tryggðu að skip á þeirra hafsvæði væru sterklega byggð, en nokkuð hefur borið á skemmtiferðaskipum við Grænland sem smíðuð eru fyrir siglingar í Karíbahafinu. Norðurskautsráðið er að vinna að mati á siglingum á svæðinu í ljósi hlýnunar jarðar sem taka mun mið af þessum þáttum og verður kynnt síðar. Undir lok ráðstefnunnar var samþykkt yfirlýsing þar sem m.a. var kallað eftir auknum fjárframlögum til rannsókna og samstarfs norðurskautsríkja um öryggi á hafinu, sérstaklega leitar og björgunarmál. Þingmenn frá Noregi, Kanada og Rússlandi fögnuðu yfirlýsingunni sérstaklega en íslenskir þingmenn lögðu mikla áherslu á aukið samstarf þjóðanna á þessu sviði. Einnig var lögð rík

áhersla á að aðildarríkin mótuðu stefnu við eftirfylgni skýrslu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum þar sem niðurstöður skýrslunnar yrðu kynntar á alþjóðavísu. Ráðstefnan skoraði einnig á stjórnvöld norðurskautsríkja að auka aðgerðir til að draga úr gróðurhúsaáhrifum og styrkja fjölþjóðasamninga um umhverfismál norðurskautsins.

Alþingi, 7. febrúar 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Kári Kristjánsson, form. | Guðjón Ólafur Jónsson, varaform. | Björgvin G. Sigurðsson. |

# 935. Skýrsla [627. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2006.

## 1. Inngangur.

Fulltrúar Íslandsdeildar þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE-þingsins) sóttu alla helstu fundi þingmannasamkundunnar á árinu. Fullskipuð Íslandsdeild sótti vetrarfundina í Vínarborg í febrúarmánuði og ársfundinn sem haldinn var í Brussel að þessu sinni. Þá sótti formaður Íslandsdeildar aukastjórnarnefndarfund þingsins á Möltu. Ritari nefndarinnar fylgdi henni á alla fundi.

Íslandsdeildin var að venju afar virk í störfum sínum á árinu. Ber þar að nefna að meðlimir Íslandsdeildar tóku virkan þátt í nefndastörfum og almennum þingumræðum á ársfundi þingsins í Brussel. Umræða um eftirlit nefndar á vegum ÖSE-þingsins með fjármálum ÖSE hélt áfram og hélt Pétur H. Blöndal, formaður Íslandsdeildarinnar, merki hennar á lofti. Í kjölfar þess var formaðurinn skipaður sérstakur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins varðandi fjármál ÖSE.

Aðildarríkjum ÖSE og ÖSE-þingsins fjölgaði um eitt árið 2006. Svartfjallaland varð sjálfstætt ríki þegar það sleit ríkjasambandi við Serbíu. Þrátt fyrir fjölgun aðildarríkja á ÖSE enn í nokkrum erfiðleikum með að finna sér skýrt skilgreindan stað í stofnanaskógi evrópsks milliríkjasamstarfs. Enn er verið að vinna úr niðurstöðum nefndar vísra manna um framtíðarhlutverk ÖSE sem skilaði niðurstöðum sínum árið 2005. Ekki er útlit fyrir að tillögur nefndarinnar nái allar fram að ganga og að grundvallarbreytingar verði á skipulagi og starfi ÖSE á næstu missirum.

## 2. ÖSE og ÖSE-þingið.

Skýran greinarmun verður að gera á ÖSE annars vegar og ÖSE-þinginu hins vegar þótt stofnanirnar séu að sjálfsögðu tengdar. Starfsemi ÖSE fer fram í umboði stjórnvalda aðildarríkjanna 56 líkt og gildir um aðrar alþjóða- og milliríkjastofnanir. Stofnunin er því samráðsvettvangur ríkisstjórna aðildarríkjanna. Fulltrúar þeirra sitja því fundi ÖSE og taka ákvarðanir fyrir hönd þeirra. ÖSE-þingið starfar hins vegar í umboði þjóðþinga aðildarríkjanna en þing allra aðildarríkja ÖSE eiga fulltrúa á þinginu. Fulltrúar þjóðþinga sitja því fundi ÖSE-þingsins og greiða atkvæði eftir eigin sannfæringu en ekki afstöðu eigin ríkisstjórnar.

*Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu.*

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, er stærsta svæðisbundna alþjóðastofnun heims sem starfar eingöngu að öryggismálum. Hún starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Höfuðstöðvar hennar eru í Vínarborg. Stofnuninni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu á starfsvæði sínu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar. Í störfum sínum á sviði öryggismála beitir stofnunin mjög víðri nálgun sem tekur til flestra þátta samfélagsgerða þeirra ríkja eða svæða sem sjónum er beint að.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu er umfram allt samstarfsvettvangur ríkja þar sem þau hafa öll sömu réttindi og skyldur, a.m.k. að nafninu til. ÖSE er ólík öðrum alþjóða- og milliríkjastofnunum að því leyti að hún er í raun ekki skýrt afmörkuð heldur yfirheiti yfir allar þær ákvarðanir og starfsemi sem aðildarríkin hafa komið sér saman um að framfylgja.

Ákvarðanir ÖSE eru að stærstum hluta teknar innan fastaráðsins sem fundar vikulega. Þar sitja fastafulltrúar aðildarríkja ÖSE. Öryggissamstarfsvettvangur ÖSE (e. Forum for Security Co-operation) fundar einnig vikulega og ræðir sérstaklega um þau ríki eða svæði þar sem ófriðlega horfir. Leiðtogafundir eru æðsta ákvörðunarvald ÖSE. Milli þeirra fundar ráðherraráðið sem er vettvangur utanríkisráðherra aðildarríkjanna.

Einn mikilvægasti og sýnilegasti hluti starfsemi ÖSE á sér stað hjá vettvangsskrifstofum stofnunarinnar. Hann hefur skilað afar miklum árangri, ekki síst frá aldamótum. Fulltrúar ÖSE sem starfa á vettvangsskrifstofum stofnunarinnar starfa náið með valdhöfum í þeim ríkjum eða héruðum þar sem starfið fer fram og veita m.a. liðsinni við að efla mannréttindi og innviði lýðræðis. Vettvangsstarfið er einkar viðamikið og alls eru um 3000 manns alla jafna að slíkum störfum á hverjum tíma. Undanfarin ár hefur ÖSE einsett sér að styrkja vettvangsstörf stofnunarinnar og er það í takt við þær áherslur sem ítrekað hafa komið fram hjá þingmannasamkundu ÖSE.

Átökin á Balkanskaga á tíunda áratug síðustu aldar urðu til þess að ÖSE hlaut viðamikið hlutverk við uppbyggingarstarf. Vegur og virðing stofnunarinnar jókst í kjölfarið og umsvifin jukust í hlutfalli við það. Kákasuslýðveldin og Mið-Asíuríkin hafa notið samstarfsins við ÖSE í ríkum mæli á síðustu árum og missirum og ljóst er að mun meiri pólitísk vigt hefur verið lögð í að aðstoða ríkin í þessum heimshlutum. Af öðrum verkefnum má nefna kosningaeftirlit og baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, t.d. með alþjóðlegri samvinnu á sviði löggæslumála. Þá hefur ÖSE reynst afar mikilvægur samráðsvettvangur fyrir mörg önnur knýjandi málefni líkt og baráttuna gegn mansali, eiturlyfjasmygli og vopnasmygli.

Helsti styrkur ÖSE felst í fjölda aðildarríkjanna og tengingunni yfir Atlantshafið og austur til Mið-Asíu. Er stofnunin því breiður samráðs- og samvinnuvettvangur ólíkra ríkja sem hafa sett sér sömu markmið. ÖSE hefur mikilvægu hlutverki að gegna í því að efla samfélagslegt öryggi borgaranna á grunni forsendna um lýðræði, mannréttindi og réttarríkið og nýtist það starf einkar vel í baráttunni gegn hryðjuverkum, mansali og þjóðernisofstæki.

*ÖSE-þingið.*

ÖSE-þingið er samkunda 320 þingmanna frá öllum 56 aðildarríkjum ÖSE. Þingið hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 1992. Það rekur skrifstofur í Kaupmannahöfn og Vínarborg. ÖSE-þingið endurspeglar að mörgu leyti nefndastarf ÖSE sem byggist á hinum þremur víddum ÖSE, þ.e. stjórnmálum og öryggismálum, efnahags- og umhverfismálum og lýðræðis- og mannréttindamálum. Auk þess er þingið mikill aflvaki fyrir áherslubreytingar í starfi ÖSE og veitir stofnuninni óformlegan pólitískan stuðning. Fulltrúar ÖSE-þingsins hafa

verið ötulir talsmenn ÖSE og málefnasviða í eigin löndum og þjóðþingum. Sá stuðningur hefur reynst stofnuninni mjög mikilvægur í mörgum tilfellum.

Á undanförnum árum hefur gætt aukins skilnings á störfum þingsins og er nú svo komið að þingmannasamkundan á nokkuð farsælt samstarf við ÖSE, en þónokkuð skorti á það fyrir nokkrum árum. Ályktanir ÖSE-þingsins rata inn á borð ráðherraráðsins og fastaráðsins og hljóta þar umfjöllun. Ljóst þykir að þátttaka ÖSE-þingsins í yfirgripsmikilli starfsemi ÖSE er mikill akkur fyrir stofnunina. Þá tekur ÖSE-þingið afar virkan þátt í grasrótarstarfi stofnunarinnar, ekki síst með kosningaeftirlitsstörfum þingmanna sem sæti eiga á þinginu. Hlutverk ÖSE-þingsins við kosningaeftirlit hefur þó valdið nokkrum ágreiningi á undanförnum missirum milli þess og ODHIR, sem er sú stofnun framkvæmdarvaldsins sem kemur að kosningaeftirliti. ODHIR hefur viljað takmarka þátt þingsins og gagnrýnt aðferðir þess við eftirlit. Á undanförnum mánuðum hefur stofnunin ítrekað brotið gegn samstarfssamningi sínum og ÖSE-þingsins um samstarf þeirra við kosningaeftirlit. Til að reyna að draga úr þessum ágreiningi var árið 2006 skipaður sérstakur eftirlitsmaður til þess að fylgjast með kosningaeftirliti beggja stofnana. Þingmenn gegna sérstaklega mikilvægu hlutverki við kosningaeftirlit á starfsvæði ÖSE þar sem þeir eru lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóða sinna og hafa sjálfir gengið í gegnum kosningar.

Auk hefðbundinna nefndarstarfa ÖSE-þingsins eru starfræktar ýmsar sérnefndir sem ræða tiltekin mál og eru ráðgefandi svo sem um stöðu mála í Moldóvu, stjórnmálaástandið í Úkraínu og jafnréttismál ÖSE, svo fá dæmi séu nefnd. Auk þess getur forseti þingsins skipað þingmenn sérstaka fulltrúa sína í ákveðnum málefnum. Oftar en ekki hefur starf sérnefndanna og sérstöku fulltrúanna skilað miklum árangri við að fá deiluaðila að samningaborðinu og við að upplýsa mál og kynna þau fyrir almenningi.

*Samskipti ÖSE-þingsins og ÖSE.*

Samskipti ÖSE-þingsins og ÖSE eru nokkuð viðamikil þótt formleg tengsl séu lítil. Þau fara þó vaxandi. Helstu forsvarsmenn ÖSE ávarpa þingfundi og nefndarfundi og svara spurningum þingmanna. Ályktanir ársfundar ÖSE-þingsins eru einnig lagðar fyrir stofnunina og þeim svarað af hálfu framkvæmdarvaldsins. Því ber þó engin skylda til þess að fara að tilmælum þingsins. Á undanförnum árum hefur þingið sóst eftir auknu hlutverki við eftirlit með ÖSE, m.a. með stofnun sérnefndar um fjármál ÖSE og skipun sérstaks fulltrúa forseta ÖSE-þingsins varðandi fjármál ÖSE.

ÖSE-þingið er eðli málsins samkvæmt mun minna í sniðum en stofnunin sjálf. Rekstrarkostnaður þingsins er greiddur með fastaframlögum þjóðþinga aðildarríkjanna, eða af utanríkisráðuneytum þar sem því er að skipta. Alþingi greiðir um 0,19% heildarframlaga þingsins.

**3. Íslandsdeild ÖSE-þingsins.**

Aðalmenn Íslandsdeildar voru í upphafi ársins 2006 Pétur H. Blöndal, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Dagný Jónsdóttir, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Jóhanna Sigurðardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Við upphaf 133. þings tók Sæunn Stefánsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, sæti í nefndinni í stað Dagnýjar. Hún var auk þess kjörin varaformaður nefndarinnar. Varamenn voru Guðlaugur Þór Þórðarson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Hjálmar Árnason, þingflokki Framsóknarflokks, og Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Kristinn H. Gunnarsson tók varamannssæti Hjálmars við upphaf 133. þings. Tómas Brynjólfsson var ritari nefndarinnar árið 2006.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Skipting Íslandsdeildar í nefndir árið 2006 var þannig:

| | |
|---|---|
| 1. Nefnd um stjórnmál og öryggismál: | Pétur H. Blöndal. |
| Til vara: | Guðlaugur Þór Þórðarson. |
| 2. Nefnd um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál: | Dagný Jónsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir frá upphafi 133. þings. |
| Til vara: | Hjálmar Árnason, Kristinn H. Gunnarsson frá upphafi 133. þings. |
| 3. Nefnd um lýðræði og mannréttindamál: | Jóhanna Sigurðardóttir. |
| Til vara: | Ásta R. Jóhannesdóttir. |

**4. Lýðræðislegt eftirlit með fjármálum ÖSE.**

Lýðræðislegt eftirlit með alþjóða- og milliríkjastofnunum er eitt mikilvægasta verkefni alþjóðlegra þingmannasamtaka. ÖSE-þingið hefur um árabil stefnt að auknu eftirliti með ÖSE og sérstaklega fjármálum stofnunarinnar. Nýr forseti ÖSE-þingsins, sænski þingmaðurinn Göran Lennmarker, hefur lýst því yfir að hann telji þetta eitt mikilvægasta verkefni þingsins. Í viðleitni til þess að styrkja eftirlitshlutverk þingsins skipaði hann Pétur H. Blöndal, formann Íslandsdeildar, sérstakan fulltrúa sinn varðandi fjármál ÖSE í október 2006.

Skipun Péturs sem sérstaks fulltrúa þingforsetans kom í kjölfar þess að á vegum ÖSE-þingsins var stofnuð sérnefnd um fjármál ÖSE árið 2004. Formaður Íslandsdeildar átti frumkvæði að stofnun nefndarinnar. Hann og gjaldkeri ÖSE-þingsins, Jerry Grafsteins, áttu sæti í nefndinni ásamt einum varaforseta ÖSE-þingsins, hollenska þingmanninum Nebahat Albayrak, sem var skipuð formaður nefndarinnar. Nefndinni var umfram allt ætlað að auka gagnsæi í starfsemi ÖSE og eftirlit með þeim fjármunum sem aðildarríkin veita til stofnunarinnar. Líkt og hjá flestum öðrum alþjóðastofnunum er lýðræðislegt eftirlit með fjárveitingum til ÖSE ekkert eftir að framlög aðildarríkjanna hafa verið greidd. Þingið er að eigin mati eini vettvangurinn fyrir slíkt lýðræðislegt eftirlit og hefur formaður Íslandsdeildarinnar um árabil hvatt þingið til þess að styrkja starfsemi sína á þessu sviði. Framkvæmdarvaldið telur hins vegar að ÖSE-þingið hafi hvorki stofnanalega né lagalega stöðu til þess að sinna þessu eftirliti. Það telur þvert á móti að hvert þjóðþing sé ábyrgt fyrir eftirliti með eigin fjárframlögum til stofnunarinnar.

Áhugi þingmanna á fjármálum ÖSE og þrýstingur þingsins um úrbætur hefur vafalítið átt þátt í því að á undanförnum þremur árum hefur fjárveitingaferli stofnunarinnar verið einfaldað, framsetning fjárlaga þess batnað og upplýsingagjöf til ÖSE-þingsins aukist. Sérnefnd um fjármál stofnunarinnar kom hins vegar sjaldan saman, m.a. vegna fjarlægðar nefndarmanna hvers frá öðrum og anna þeirra í eigin þjóðþingum. Nefndin varð því aldrei það eftirlitstæki sem vonast hafði verið eftir. Framkvæmdarvaldið hafnaði því auk þess að þingið hefði hlutverki að gegna við eftirlit með fjármunum stofnunarinnar. Þrátt fyrir það hafa ríkisstjórnir aðildarríkjanna og flest formennskuríkin lagt áherslu á vilja til aukins samstarfs við þingið.

Í tengslum við fundi þingsins og nefnda þess í Vín í febrúar 2006 hvatti Pétur H. Blöndal nefndina til þess að koma saman og leggja grunn að atkvæðameira starfi en áður. Formaður

nefndarinnar gat hins vegar ekki sótt þingið vegna anna heima fyrir. Nefndin hélt því aðeins óformlegan vinnufund í Vín með starfsmönnum ÖSE-þingsins. Fyrir ársfund ÖSE-þingsins í Brussel í júlí 2006 hvatti Pétur nefndina á ný til þess að koma saman, en án árangurs. Í bæði skiptin fundaði Pétur með starfsmönnum þingsins um hvernig mögulegt væri að styrkja starfsemi nefndarinnar.

Á ársfundi ÖSE-þingsins í Brussel vakti Pétur enn á ný athygli þingsins á skorti á lýðræðislegu eftirliti þess með starfsemi ÖSE og takmörkuðu starfi sérnefndarinnar fram að því. Hann lagði einnig fram spurningu til framkvæmdastjóra ÖSE um upplýsingagjöf stofnunarinnar til þingsins um fjármál hennar. Í kjölfar ársfundarins skrifaði Pétur nýjum forseta ÖSE-þingsins bréf þar sem hann ítrekaði afstöðu sína um mikilvægi lýðræðislegs eftirlits með fjármunum ÖSE og hvatti til þess að starfsemi sérnefndarinnar yrði efld. Í svari forseta ÖSE-þingsins við bréfinu kvaðst hann sammála formanni Íslandsdeildarinnar og að sér væri umhugað um eftirlitshlutverk þingsins. Forsetinn sagði einnig að hann hygðist í samstarfi við formann sérnefndarinnar koma fram með tillögu um hvernig hægt væri að styrkja starfsemi hennar. Í kjölfar þess ákvað forseti ÖSE-þingsins að besta leiðin til þess að styrkja lýðræðislegt eftirlit með ÖSE og fjármunum stofnunarinnar væri að leysa sérnefndina upp og skipa í hennar stað Pétur H. Blöndal sem sérstakan fulltrúa sinn varðandi fjármál ÖSE.

Framkvæmdastjóri ÖSE kynnti drög að fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir árið 2007 á aukastjórnarnefndarfundi ÖSE-þingsins á Möltu í nóvember 2006. Í umræðum um fjármál stofnunarinnar sem fylgdu í kjölfarið tók Pétur H. Blöndal til máls sem sérstakur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins. Þar kynnti hann drög að starfsáætlun sinni fyrir þingmönnum og framkvæmdastjóranum. Í starfi sínu hyggst hann í fyrstu fara yfir tillögur ÖSE-þingsins frá síðastliðnum þremur árum sem hafa áhrif á fjárhag ÖSE. Í öðru lagi hyggst hann setja fram á skipulegan hátt hvernig ákvarðanir um fjármál stofnunarinnar eru teknar til þess að bæta aðkomu þingsins að ákvarðanatökuferlinu. Í þriðja lagi stefnir hann að því að reyna að auðvelda þinginu að fá heildarmynd yfir fjárhag ÖSE. Í fjórða lagi hyggst hann reyna að meta hvort fjármunum sem veitt er til ÖSE sé varið á viðunandi hátt. Pétur hyggst skila reglulegum skýrslum um starf sitt til forseta ÖSE-þingsins.

**5. Yfirlit yfir fundi á árinu og frásagnir af þeim.**

*Fundur stjórnarnefndar og málefnanefnda í Vínarborg.*

Dagana 23.–24. febrúar komu málefnanefndir ÖSE-þingsins og stjórnarnefnd þess saman til funda í Vínarborg. Var þetta í fimmta sinn sem efnt var til svonefndra vetrarfunda ÖSE-þingsins, eftir ákvörðun stjórnarnefndar þar að lútandi í febrúar árið 2001. Fundunum er aðallega ætlað að gefa fulltrúum ÖSE-þingsins sem sæti eiga í málefnanefndum þingsins færi á að auka samskiptin við embættismenn ÖSE og styrkja þannig samstarf þingsins og framkvæmdarvaldsins. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal, formaður, Dagný Jónsdóttir, varaformaður, og Jóhanna Sigurðardóttir, auk Tómasar Brynjólfssonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Átök milli tjáningarfrelsis og virðingar fyrir trúarbrögðum í kjölfar birtingar mynda af Múhameð spámanni settu mark sitt á nær allar umræður vetrarfundarins, bæði almennar umræður í nefndum og sérstakar umræður um málið sem samstarfsríkjunum við Miðjarðarhafið var einnig boðið að taka þátt í.

Fund stjórnarnefndarinnar ávörpuðu Andreas Khol, forseti austurríska sambandsþingsins, og Alcee L. Hastings, þáverandi forseti ÖSE-þingsins. Hastings fór í upphafsorðum sínum yfir embættisverk sín frá síðasta fundi stjórnarnefndarinnar. Hann fjallaði sérstaklega um

starf ÖSE-þingsins í Kákasusríkjunum og Mið-Asíu og lagði áherslu á að kosningaeftirlit væri einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi stofnunarinnar. Hastings sagði einnig að undirbúningur fyrir ársfund ÖSE-þingsins, sem haldinn var í Brussel í júlí hefði gengið mjög vel. Í kjölfar tölu forsetans kynnti gjaldkeri þingsins skýrslu sína. Þar kom fram að ÖSE-þingið starfaði innan fjárhagsáætlunar árið 2005 líkt og undanfarin ár. Gjaldkerinn sagði að þingið ætti fjármuni í sjóðum sem næmu 77% af árlegum starfskostnaði þess. Stefna gjaldkerans er að ÖSE-þingið eigi fjármuni í sjóðum sem nemi árlegum starfskostnaði þess.

Bruce George, fyrrverandi forseti ÖSE-þingsins, gagnrýndi Samband sjálfstæðra ríkja í ræðu sinni um kosningaeftirlit fyrir að grafa undan sanngjörnu og virku kosningaeftirliti ÖSE-þingsins. George sagðist telja sérstaklega mikilvægt að ÖSE-þingið stæði hart á grundvallarskoðunum sínum varðandi lýðræði og frjálsar kosningar í kosningaeftirliti, sérstaklega nú þegar ýmis fyrrverandi Sovétlýðveldi gagnrýndu starfsemi þess og ýttu undir efasemdir um starfsemi stofnunarinnar. Nokkrar umræður urðu einnig um skýrslu um mansal, sérstaklega um hlutverk íþróttaviðburða sem aðdráttarafls fyrir slíka starfsemi. Í þessu sambandi var sérstaklega rætt um heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem var fram undan í Þýskalandi, en búist var við því að milli 40.000 og 100.000 stúlkur yrðu fluttar frá Austur-Evrópu til keppnisstaðanna í þeim eina tilgangi að bjóða kynslífsþjónustu. Bandarískir þingmenn sögðu sams konar þróun hafa átt sér stað í tengslum við meiri háttar íþróttaviðburði þar í landi.

Síðasti liður á dagskrá stjórnarnefndarfundarins voru umræður um breytingar á reglum ÖSE-þingsins. Fulltrúi ítalska þingsins lagðist gegn umræðum um breytingarnar þar sem hugmyndir ítölsku landsdeildarinnar höfðu ekki hlotið náð fyrir augum sérstakrar nefndar um breytingar á reglunum og voru því ekki lagðar fram á fundi stjórnarnefndarinnar. Mestur styr stóð um hvort setja skyldi inn nýja reglu númer 14 sem hefði gefið haustfundum þingsins lagalega stoð. Ekki var samstaða um hvort halda mætti fundinn í aukaaðildarríkjunum við Miðjarðarhafið, en í tengslum við haustfundinn eru að jafnaði haldnar ráðstefnur um málefni þess heimshluta. Skopmyndamálið litaði umræður um breytingar á reglum ÖSE-þingsins og átti stóran þátt í því að umræðunum lauk án árangurs. Ákveðið var að fresta kosningu um breytingartillögurnar, a.m.k. fram að ársfundinum í júlí.

Á sameiginlegum fundi allra málefnanefnda voru tvö megindagskrárefni, annars vegar ræða forseta Austurríkis og hins vegar viðræður við formann ráðherraráðs ÖSE. Utanríkisráðherra Belgíu, þáverandi formennskuríkis ÖSE, hélt framsöguerindi og svaraði spurningum fundarmanna. Hann lagði áherslu á að stutt væri síðan Belgar hefðu tekið við formennskunni og því væri enn ekki hægt að meta árangur af formennskutíð þeirra. Hann lagði þó áherslu á að stefna Belgíu sem formennskuríkis tæki mið af þeirri umræðu sem verið hefur um breytingar á starfsemi stofnunarinnar og að Belgar einsettu sér að ljúka þeirri vinnu fyrir sumarið.

Allar þrjár málefnanefndir ÖSE-þingsins héldu fundi í tengslum við vetrarfundinn. Á fundum nefndanna þriggja var rætt um þau málefni sem stefnt var að því að ræða á ársfundi þingsins í júlí. Á fundi 1. nefndar um stjórnmál og öryggismál ræddi Rolf Ekeus, sérlegur erindreki ÖSE í réttindum minnihlutahópa (HCNM), um tengsl öryggismála og stefnu ríkja á athafnasvæði ÖSE gagnvart minnihlutahópum. Ekeus lagði áherslu á að ÖSE liti bæði á málefni eldri og nýrri minnihlutahópa í umfjöllun sinni, enda sýndu atburðir í Frakklandi árið 2005 að nauðsynlegt væri að líta vandlega á stefnu aðildarríkjanna varðandi aðlögun nýrra íbúa að þjóðfélaginu. Werner Wnendt, sendiherra og yfirmaður starfsemi ÖSE í Kosovo, hélt að því loknu erindi um starfsemi stofnunarinnar þar. Wnendt lagði á það áherslu að ÖSE ætti ekki beinan þátt í þeim viðræðum sem nú fara fram um framtíð Kosovo en að stofnunin yrði síðasta alþjóðastofnunin með mikla starfsemi í héraðinu og að starfsemi ÖSE og ÖSE-þings-

ins í Kosovo væri mikilvæg fyrir langvarandi lausn deilunnar. Umræður í lok fundarins snerust aðallega um átök Georgíu og Rússlands þar sem fulltrúar þjóðþinga beggja ríkja tókust á um mismunandi sýn á lausn deilunnar. Fulltrúi georgíska þingsins fór fram á að alþjóðlegt friðargæslulið tæki við af rússnesku friðargæsluliði sem nú er í landinu.

Í 2. nefnd um efnahags-, vísinda- og tækni- og umhverfismál var aðallega fjallað um spillingu, m.a. nýjan sáttmála Sameinuðu þjóðanna á því sviði. Auk þess var rætt um viðbrögð og endurbyggingu í kjölfar náttúruhamfara, sérstaklega í ljósi nýlegra atburða í Suður-Asíu og Bandaríkjunum. Sérfræðingar frá Sameinuðu þjóðunum og Alþjóða Rauða krossinum ávörpuðu fundinn.

Fund 3. nefndar um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál ávörpuðu þeir Christian Stohal, sendiherra og forstöðumaður Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE (ODIHR), Alcee L. Hastings, þáverandi forseti ÖSE-þingsins, og Miklos Haraszti, fulltrúi ÖSE á sviði eftirlits með frelsi fjölmiðla (RFOM). Auk þess ræddi Anne-Marie Lizin um hugmyndir að skýrslu sinni sem birt var á ársfundinum í Brussel.

Auk framangreindra funda var haldinn sérstakur fundur um baráttuna milli tjáningarfrelsis og virðingar fyrir trúarbrögðum að frumkvæði Hastings. Rúmlega 40 þingmenn tóku til máls, bæði frá aðildarríkjum ÖSE-þingsins og samstarfsríkjunum við Miðjarðarhaf. Mest bar á ræðum dönsku þingmannanna sem lögðu áherslu á að danskt þjóðfélag væri umburðarlynt og að tjáningarfrelsi væri einn af grundvallarþáttum dansks þjóðfélags. Því gætu dönsk stjórnvöld ekki skipt sér af ritstjórnarstefnu einstakra blaða. Pétur H. Blöndal, formaður Íslandsdeildar, tók til máls og ræddi m.a. um mikilvægi upplýsingaraldarinnar fyrir vestrænan skilning á hlutverki trúarbragða og vandamál varðandi skilgreiningar á guðlasti í ljósi aukinnar alþjóðavæðingar.

Í tengslum við vetrarfundinn var haldinn óformlegur vinnufundur sérnefndar um fjárlög ÖSE sem Pétur H. Blöndal átti sæti í.

Á lokafundi málefnanefndanna þriggja var sérstaklega rætt um starfsemi ÖSE-þingsins á sviði jafnréttismála og spunnust á ný umræður um mansal í tengslum við íþróttaviðburði.

*15. ársfundur ÖSE þingsins.*

Ársfundur ÖSE-þingsins var haldinn 3.–7. júlí í húsnæði Evrópuþingsins í Brussel. Fundinn sóttu meira en 200 fulltrúar yfir fimmtíu ríkja. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal, formaður, Dagný Jónsdóttir, varaformaður, og Jóhanna Sigurðardóttir, auk Tómasar Brynjólfssonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Yfirskrift fundarins var styrking mannöryggis á ÖSE-svæðinu. Auk formlegra ályktunardraga hverrar málefnanefndar fyrir sig voru fimmtán aukaályktanir lagðar fram á ársfundinum.

Aðild Svartfjallalands að ÖSE-þinginu bar hæst á fundi stjórnarnefndar þingsins. Nokkur umræða varð um starf nefndar sem endurskoða á reglur ÖSE-þingsins og vakti Kessler, þingmaður frá Ítalíu, sérstaka athygli á hversu hægt starf nefndarinnar hefði gengið. Ákveðið var að reyna að leggja fram tillögur að breytingum fyrir haustfund stjórnarnefndarinnar á Möltu.

Á setningarfundi ársfundarins flutti fráfarandi forseti ÖSE-þingsins, Alcee L. Hastings, stutta tölu um liðið ár í starfi þingsins. Ræða hans tók mið af því að kjörtímabili forsetans lauk á ársfundinum. Forsetar deilda þjóðþings Belga héldu einnig ræður auk Karel De Gucht, utanríkisráðherra Belgíu sem þá var einnig starfandi formaður ÖSE.

Framkvæmdastjóri ÖSE hélt einnig erindi og gafst tími fyrir spurningar að því loknu. Pétur H. Blöndal spurði framkvæmdastjórann hvort hann sæi einhverjar leiðir til þess að bæta upplýsingagjöf stofnunarinnar til þingsins, sérstaklega í tengslum við svör ÖSE við áliti

þingsins á fjármálum stofnunarinnar. Framkvæmdastjórinn gaf ekki skýr svör við spurningunni en benti á að ÖSE-þingið gæti nú nálgast nákvæmar upplýsingar um fjármál einstakra verkefna ÖSE í gegnum innra net stofnunarinnar. Hann sagði að ÖSE væri reiðubúið að starfa nánar með starfsmönnum ÖSE-þingsins á þessu sviði. Tine Tingsgård, sérstakur fulltrúi ÖSE-þingsins í kynjamálum, flutti að því loknu erindi um stöðu jafnréttismála innan ÖSE. Hún lagði áherslu á að þrátt fyrir að hlutur kvenna hefði aukist lítið eitt innan stofnunarinnar á undanförnum árum hefði hlutur þeirra í efri stjórnstigum ekki aukist að sama skapi.

Á fundi 1. nefndar (nefndar um stjórnmál og öryggismál) var tekin fyrir skýrsla austurríska þingmannsins Wolfgangs Grossruck sem bar yfirskrift meginþema fundarins, þ.e. styrkingu mannöryggis á ÖSE-svæðinu. Umræðurnar í nefndinni beindust að fjölmörgum málefnum sem tæpt var á í skýrslunni, en þó sérstaklega að málefnum Suðaustur-Evrópu. Ályktun nefndarinnar beindist að þessum sama heimshluta, sérstaklega samstarfi ríkja á svæðinu við að snúa flóttamönnum til síns heima og baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi, þar á meðal mansali. Á fundinum voru tekin fyrir viðbótarályktanadrög, þau samþykkt og þeim vísað til þingfundar. Ályktunardrög um málefni Moldóvu og Afganistans fengu mesta umfjöllun. Ýmsum nefndarmönnum þóttu ályktunardrögin um Afganistan of bjartsýn og var ástandið í landinu rætt í þaula.

Auk þess var rætt sérstaklega um skýrslu sérstaks sendifulltrúa ÖSE í málefnum minnihlutahópa, Rolfs Ekeus, um samanburð á stefnum nokkurra aðildarríkja í málefnum svokallaðra nýrra minnihlutahópa.

Í lok fundarins var kosið í embætti nefndarinnar. Kosningarnar fóru þannig að Mónakóbúinn Jean-Charles Gardetto var kjörinn formaður, Hans Raidel frá Þýskalandi varaformaður og danski þingmaðurinn Kristian Pihl Lorentzen var kjörinn skýrsluhöfundur.

Í 2. nefnd (nefnd um efnahags-, vísinda- og umhverfismál) var tekin fyrir skýrsla franska þingmannsins Rolands Blums sem einnig fjallaði um meginþema fundarins. Efnistökin voru þó önnur en í fyrstu nefnd og var megináherslan lögð á svæðisbundna efnahagssamvinnu, orkuöryggi og umbreytingu á hlutverki ÖSE á málefnasviði nefndarinnar.

Dagný Jónsdóttir, varaformaður Íslandsdeildarinnar, tók til máls í umræðum um orkuöryggi. Í ræðu sinni benti Dagný á að norðurslóðir mundu í framtíðinni skipta sífellt meira máli á sviði olíu- og gasvinnslu, enda sé áætlað að um fjórðung ókortlagðra olíulinda heimsins megi finna á þeim slóðum. Dagný benti á að með aukinni nýtingu þessara auðlinda mætti búast við sífellt meiri skipaumferð við Ísland. Einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar um brotthvarf varnarliðsins frá Íslandi veikti öryggi þessarar umferðar og skammur fyrirvari Bandaríkjamanna gerði Íslendingum erfitt fyrir að fylla í þau skörð sem myndast við brotthvarf þyrlubjörgunarsveitar varnarliðsins. Dagný sagðist einnig telja að sú leið sem Bandaríkjamenn fóru við að tilkynna brotthvarfið gæti ekki talist til góðra samskiptahátta vinaþjóða. Augljóst væri því að brotthvarf varnarliðsins varðaði ekki aðeins íslenska hagsmuni heldur einnig framtíðarorkuöryggi ÖSE-svæðisins, en efnahagsöryggi er eitt starfsvið stofnunarinnar og málefnasviða þingsins. Dagný þakkaði einnig Evrópuríkjum, sérstaklega Norðurlöndunum, fyrir aðstoð sem þau hafa veitt íslenskum stjórnvöldum í kjölfar ákvörðunar Bandaríkjanna.

Nefndin tók einnig til umræðu drög að aukaályktunum. Þar bar hæst umræðu um spillingu og baráttu þingmanna gegn henni. Í lok fundarins var kosið í trúnaðarstörf nefndarinnar. Kosningin fór þannig að Rússinn Leoníd Ivantsjenkó var kjörinn formaður, Grikkinn Petros Efthymiou varaformaður og Frakkinn Roland Blum endurkjörinn skýrsluhöfundur.

Í 3. nefnd (nefnd um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál) var tekin fyrir skýrsla belgíska þingmannsins Anne-Marie Lizin sem bar titil meginþema fundarins eins og hinar meginskýrslur fastanefndanna. Kosningaeftirlit, heiðursglæpir, þinglegt eftirlit með lögreglu og öryggissveitum, styrking öryggis minnihlutahópa, trúfrelsi og siðareglur sendinefnda á vegum ÖSE voru meginviðfangsefni skýrslu nefndarinnar og ályktunar hennar. Líkt og á undanförnum missirum var tekist á um aðferðir við kosningaeftirlit. Rússar og Hvít-Rússar telja kosningaeftirlit ÖSE halla á stuðningsmenn þeirra í ríkjum Austur-Evrópu og Mið-Asíu. Þeir vilja að byggt verði á starfi kosningaeftirlits ríkja Samveldis sjálfstæðra ríkja, en flestir eftirlitsmenn frá Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku telja því verulega ábótavant.

Jóhanna Sigurðardóttir tók til máls í umræðum um þinglegt eftirlit með lögreglu og öryggissveitum. Jóhanna vakti athygli á hugmyndum um stofnun sérstakrar öryggisdeildar ríkislögreglustjóra á Íslandi. Hún lagði áherslu á mikilvægi þinglegs eftirlits með slíkri stofnun og fagnaði ályktunardrögum ÖSE-þingsins í þá veru. Drögin voru síðar samþykkt og eru hluti Brussel-yfirlýsingar þingsins.

Nefndin tók einnig til umræðu drög að aukaályktunum. Í lok fundarins var kosið í trúnaðarstörf nefndarinnar. Kosningin fór þannig að Belginn Anne-Marie Lizin var kjörin formaður, sænski þingmaðurinn Cecilia Wigström endurkjörin varaformaður og Jesús López-Medel frá Spáni var kjörinn skýrsluhöfundur.

Eftir hádegi fimmtudaginn 6. júlí var efnt til almennrar þingumræðu. Pétur H. Blöndal tók til máls um mikilvægi þess að ÖSE-þingið sinnti starfi sínu á skilvirkan hátt. Pétur taldi að fundum og fundadögum þingsins hefði fjölgað stöðugt án þess að árangur af starfi þess ykist í samræmi við það. Pétur vakti einnig athygli á því að vinnuhópur um fjárlög ÖSE, sem hann á sæti í, hefði ekki starfað sem skyldi. Þinglegt eftirlit með fjárhag stofnunarinnar ætti þó að vera eitt helsta verkefni þingsins að mati Péturs. Á því sviði gæti þingið náð raunverulegum árangri sem oft væri erfitt að greina í starfi ÖSE-þingsins sem samþykkti fjöldann allan af ályktunum sem lítið væri farið eftir.

Dagný Jónsdóttir tók einnig til máls á þingfundinum og benti þingheimi á að áhrif hnattrænnar hlýnunar væru meiri í kringum Norðurskautið en nokkurs staðar annars staðar. Dagný sagði að þessi þróun leiddi bæði til vandræða og tækifæra fyrir ríkin á svæðinu. Aukin efnahagsleg tækifæri í kringum Norðurskautið, t.d. í tengslum við olíu- og gasvinnslu, myndu leiða til aukinna siglinga um hafið við Ísland. Hún benti á að einhliða brotthvarf varnarliðsins hefði slæm áhrif á öryggi þessara siglinga, sérstaklega þar sem Íslendingar gætu ekki fyllt það skarð sem þyrlubjörgunarsveitin skilur eftir sig að öllu leyti á aðeins hálfu ári.

Jóhanna Sigurðardóttir tók einnig til máls á þingfundinum. Jóhanna vakti athygli á ályktun sósíaldemókrata í Norðurlandaráði þess efnis að ríkisstjórnir landanna skuli vinni að sameiginlegri aðgerðaáætlun gegn mansali. Ásamt því að kynna tillögurnar hvatti Jóhanna þingmenn á ÖSE-þinginu til þess að beita sér fyrir því að kaup á vændi verði gerð ólögleg í aðildarríkjum stofnunarinnar. Jóhanna sagði að slík lagasetning væri mikilvægur þáttur í baráttunni gegn vændi og mansali, sem væru nátengd þjóðfélagsmein.

Síðasti dagskrárliður ársfundarins var þingfundur föstudaginn 7. júlí. Meðal dagskrárliða var skýrsla gjaldkera þingsins, kanadíska þingmannsins Jerrys Grafsteins, og skýrsla framkvæmdastjóra ÖSE-þingsins, Spencers Olivers. Þá var efnt til almennra umræðna um skýrslur og ályktunardrög málefnanefndanna. Á fundinum var ályktun Brussel-fundarins samþykkt en hún fjallar um öryggis-, efnahags-, umhverfis-, og mannréttindamál. Í ályktuninni er sérstaklega kallað eftir auknum stuðningi við starfsemi ÖSE utan höfuðstöðvanna, sérstaklega á Balkanskaganum. Einnig var kallað eftir auknu samstarfi við aðrar alþjóða-

stofnanir á þessu sviði. Í ályktuninni var einnig lögð sérstök áhersla á aukið orkuöryggi, leiðandi hlutverk stjórnmálamanna í kosningaeftirliti, réttindi barna og þinglegt eftirlit með lögreglu- og öryggissveitum. Þingmennirnir fóru þess einnig sérstaklega á leit við stjórnvöld aðildarríkja ÖSE að landsvæði þeirra væru ekki nýtt til þess að aðstoða við leynilegt fangaflug eða til þess að halda föngum í leynilegum fangelsum. Að lokum var sænski þingmaðurinn Göran Lindmarker kjörinn nýr forseti ÖSE-þingsins til eins árs. Auk þess voru kjörnir fjórir varaforsetar, þau Benjamin Cardin frá Bandaríkjunum, João Soares frá Portúgal og Tone Tingsgård frá Svíþjóð til þriggja ára og Wolfgang Grossruck frá Austurríki til eins árs.

Auk funda í málefnanefndum og þingfundar var efnt til sérlegra funda til hliðar við þinghaldið um málefni Miðjarðarhafsins, Hvíta-Rússlands og Nagorno-Karabak. Að venju var einnig efnt til sérlegs kvennafundar ÖSE-þingsins í boði bandarísku sendinefndarinnar.

*Aukastjórnarnefndarfundur.*

Stjórnarnefnd ÖSE-þingsins fundaði á Möltu 18. nóvember. Í tengslum við fundinn fóru fram ráðstefnur þingsins um innflytjendamál og málefni Miðjarðarhafsins. Fundi stjórnarnefndarinnar sótti Pétur H. Blöndal, formaður Íslandsdeildarinnar, auk Tómasar Brynjólfssonar, ritara nefndarinnar.

Yfir 250 fulltrúar 51 þjóðþings tóku þátt í fundunum. Við upphaf ráðstefnunnar um málefni innflytjenda hvatti forseti ÖSE-þingsins, Göran Lennmarker, þátttakendur til þess að minnast jákvæðra áhrifa fólksflutninga og fjölmenningarsamfélaga og einblína ekki á hið neikvæða. Á ráðstefnu um málefni Miðjarðarhafsins voru átökin fyrir botni Miðjarðarhafs helsta umræðuefnið, sérstaklega átökin milli Ísraels- og Palestínumanna og atburðir sumarsins í Líbanon.

Á fundi stjórnarnefndar ÖSE-þingsins var farið yfir árangur af ráðstefnunni um innflytjendamál. Formaður bresku landsdeildarinnar lagði til að gerðar yrðu breytingar á Dyflinnarsamkomulaginu um meðferð á flóttamönnum. Þingmenn voru almennt sammála um að auka þyrfti samstarf allra þeirra ríkja sem hlut eiga að máli vegna fólksflutninga, þ.e. ríkja sem innflytjendur koma frá, ferðast um og leita til. Að því loknu kynnti gjaldkeri ÖSE-þingsins fjármálastöðu þess. Fjárhagur þingsins stendur vel og er með því besta sem gerist hjá alþjóðastofnunum og allir reikningar hafa verið vottaðir af alþjóðlegum endurskoðunarfyrirtækjum. Spencer Oliver, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, fór því næst yfir starf skrifstofu þingsins frá ársfundinum í júlí. Hann sagði að forsetaskipti þingsins um sumarið hefðu leitt til aukinnar vinnu fyrir embættismenn þingsins, enda hefði Lennmarker verið mjög virkur í starfi. Oliver og fulltrúi ÖSE-þingsins gagnvart ÖSE, Andreas Nothelle, sögðu einnig frá vandamálum í samskiptum ÖSE-þingsins við ODHIR, sem er sú stofnun ÖSE sem fer með kosningaeftirlit af hálfu framkvæmdarvaldsins. Fram kom að á undanförnum missirum hefði verið reynt að draga úr áhrifum ÖSE-þingsins við kosningaeftirlit. Ágreiningur ÖSE-þingsins og ODHIR hefði leitt til þess að forseti ÖSE hefði skipað sérstakan fulltrúa til þess að fara yfir ágreiningsmálin og lægja öldurnar. Þingið hefði miklar áhyggjur af minnkandi áhrifum sínum og hverfandi áhuga framkvæmdarvaldsins á virkri þátttöku þingmannasamkundunnar í kosningaeftirlitinu.

Tillögur nefndar um breytingar á starfsreglum þingsins voru því næst kynntar og kosið um þær. Hæst bar að hver landsnefnd getur nú lagt fram eina skriflega spurningu til framkvæmdarvaldsins á ári hverju.

Framkvæmdastjóri ÖSE kynnti að því loknu tillögu að fjármálum stofnunarinnar fyrir árið 2007. Hann sagði mikinn þrýsting á stofnunina að auka ekki við kostnað, en á sama tíma

væru henni falin sífellt fleiri verkefni. Hann sagði 67% fjármuna ÖSE vera varið í verkefni utan stofnana ÖSE, 21% færi til aðalskrifstofunnar í Vín og 12% til annarra stofnana samtakanna, m.a. ODHIR í Póllandi. Yfir tveir þriðju hluta verkefna ÖSE eru í Austur-Evrópu. Framkvæmdastjórinn sagði fimm til sex stærstu ríkin ráða ferðinni við þróun fjármála ÖSE og ekki væru miklir möguleikar á að auka hlutverk þingsins eða annarra aðila í ferlinu.

Í kjölfar ræðu framkvæmdastjóra ÖSE gafst þingmönnum tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar á fjárhagstillögunni og leggja spurningar fyrir hann. Pétur H. Blöndal, formaður Íslandsdeildarinnar, tilkynnti framkvæmdastjóranum og stjórnarnefndinni að hann hefði verið skipaður sérstakur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins varðandi fjármál ÖSE.

Hann þakkaði framkvæmdastjóranum fyrir að kynna fjármálin fyrir þingmannasamkundunni og fyrir þann árangur sem náðst hefði varðandi einföldun fjármála stofnunarinnar og skýrari framsetningu þeirra. Pétur lýsti fyrir nefndinni og framkvæmdastjóranum verkáætlun fyrir starf sitt sem sérstakur fulltrúi forsetans varðandi fjármál ÖSE. Í fyrsta lagi hyggst Pétur skoða tillögur ÖSE-þingsins frá síðastliðnum þremur árum sem hafa áhrif á fjárhag ÖSE. Hann hyggst bera þær saman við aðgerðir stofnunarinnar og vekja athygli framkvæmdarvaldsins á eldri ályktunum sem ekki hefur verið farið eftir. Í öðru lagi hyggst hann setja fram á skipulegan hátt hvernig ákvarðanir um fjármál stofnunarinnar eru teknar. Í ljósi þess verður mögulegt að bæta aðkomu þingsins að ákvarðanatökuferlinu. Í þriðja lagi vill Pétur reyna að auðvelda þinginu að fá heildarmynd yfir fjárhag ÖSE. Í fjórða lagi hyggst Pétur reyna að meta hvort fjármunum sem veitt er til ÖSE sé varið á viðunandi hátt. Pétur hyggst skila reglulegum skýrslum um starf sitt til forseta ÖSE-þingsins. Afrakstri af starfinu verður svo komið á framfæri við þingið fyrst á vetrarfundinum í Vín 22. og 23. febrúar og svo á ársþinginu sem haldið verður í Kænugarði í Úkraínu í byrjun júlí.

Alþingi, 7. febr. 2007.

| Pétur H. Blöndal, form. | Sæunn Stefánsdóttir, varaform. | Jóhanna Sigurðardóttir. |
|---|---|---|

# 936. Skýrsla [628. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2006.

## 1. Inngangur.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi hinn 24. september 1985. Með því var formfest samstarf landanna þriggja, sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Markmið ráðsins eru að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landstjórna landanna og vera þingræðislegur tengiliður milli vestnorrænna samstarfsaðila. Vestnorræna

ráðið hefur ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfis-, auðlinda- og samgöngumál, aukið menningarsamstarf og íþrótta- og æskulýðsmál, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar sem fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð þingmanni frá hverju aðildarríki, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið heldur árlega þemaráðstefnu þar sem sérstakt málefni er tekið fyrir og getur auk þess skipað vinnunefndir um tiltekin mál. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landstjórna, virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samvinnu við norðurheimskautsstofnanir og skipulagningu á ráðstefnum og fundum.

## 2. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Árið 2006 skipuðu Íslandsdeildina eftirtaldir þingmenn: Halldór Blöndal, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Hjálmar Árnason, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Sigurjón Þórðarson, þingflokki Frjálslynda flokksins, Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Sigurrós Þorgrímsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Varamenn voru Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Helgi Hjörvar, þingflokki Samfylkingarinnar, Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks, Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokki Frjálslynda flokksins, og Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Í upphafi árs gegndi Arna Gerður Bang starfi ritara Íslandsdeildar en Tómas Brynjólfsson tók við af henni í byrjun febrúar.

Á fyrsta fundi nýrrar Íslandsdeildar hinn 9. október 2006 var Halldór Blöndal endurkjörinn formaður og Hjálmar Árnason endurkjörinn varaformaður.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt þrjá fundi á árinu. Á fyrri hluta ársins bar hæst undirbúning fyrir þemaráðstefnu um ferðamál sem haldin var á Grænlandi. Íslandsdeildin tók virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar og ræddi ýmsar tillögur að dagskrá og erindum. Ákveðið var að Íslandsdeildin legði fram þrjár tillögur til ályktana á ársfundi ráðsins sem haldinn var í Færeyjum í ágúst.

## 3. Starfsemi forsætisnefndar.

Forsætisnefnd hélt sex fundi á árinu. Halldór Blöndal, formaður Íslandsdeildar, sat fyrir hönd Íslandsdeildar fund nefndarinnar í Kaupmannahöfn 12. janúar, símafund 27. mars, fund í Maniitsoq 7. júní, en sá fundur var haldinn samhliða þemaráðstefnu ráðsins um ferðaþjónustu, auk fundar samhliða ársfundi ráðsins í Þórshöfn 18. ágúst. Hjálmar Árnason, varaformaður Íslandsdeildar, sat símafund forsætisnefndar 23. október og fundi í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Kaupmannahöfn 31. október til 2. nóvember, í fjarveru formanns. Tómas Brynjólfsson, ritari nefndarinnar, sótti fundina ásamt þingmönnunum nema fund 12. janúar sem Belinda Theriault sat.

Fyrsti fundur forsætisnefndar var haldinn í Kaupmannahöfn 12. janúar. Í upphafi fundar kynnti Már Másson, viðskiptafulltrúi í íslenska sendiráðinu, aðstoð sendiráðsins við útrás íslenskra fyrirtækja. Hann sá samstarfsmöguleika á Vestur-Norðurlöndum á sviði þjónustuviðskipta og ferðamála og innan matvælaiðnaðarins. Skoða mætti t.d. að kynna Vestur-Norðurlönd sem áfangastað fyrir ferðamenn með sameiginlegu lógói og átaki út á við, þó að menn kepptust síðan sín á milli um ferðamennina innan svæðisins. Hann benti á að slíkt

samstarf kallaði á traustar flugsamgöngur, sameiginlegt markaðsátak og samstarf um gagnagrunn á sviði markaðsmála.

Rætt var um dagskrá þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins sem fram undan var í júní í Færeyjum, auk skipulagningar ársfundar ráðsins. Var m.a. ákveðið að hafa guðsþjónustu í tengslum við skoðunarferð á sunnudeginum þar sem Jonathan Motzfeldt predikaði.

Rætt var um vestnorrænan dag sem samtök ungs fólks á Vestur-Norðurlöndum hefðu hug á að halda á Norður-Atlantshafsbryggjunni í október. Forsætisnefndarmenn voru mjög jákvæðir gagnvart þessu framtaki og var ákveðið að skrifa þingum vestnorrænu landanna bréf og mæla með því að verkefnið yrði styrkt af þingunum. Jafnframt var tekin ákvörðun um að athuga hvort Vestnorræna ráðið gæti með einhverjum hætti komið að þessum degi með kynningu á sinni starfsemi.

Ákveðið var að kynna framvegis verðlaunahafa barnabókaverðlaunanna með móttöku í landi vinningshafans í stað þess að kynna vinningshafann á ársfundinum. Voru allir sammála um að nýtt fyrirkomulag yrði hagkvæmara og betra fyrir alla sem að verðlaunaafhendingunni koma.

Rætt var um bréf frá norsku rannsóknaráði þar sem óskað er eftir fjárhagslegum stuðningi við útgáfu á rannsókn á velferðarmálum á Vestur-Norðurlöndum. Fundarmenn voru jákvæðir gagnvart verkefninu sem slíku, en ákváðu að hafna beiðninni þar sem Vestnorræna ráðið hefur hvorki vald né fjárráð til að veita styrki.

Forsætisnefnd hélt símafund 23. október. Á fundinum var rætt um fundi forsætisnefndarinnar í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í byrjun nóvember. Ákveðið var að fela framkvæmdastjóra ráðsins að gera drög að ályktun forsætisnefndar um stuðning hennar við hvalveiðar Íslendinga og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins.

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins hélt fundi með forsætisnefnd Norðurlandaráðs og sjávarútvegs-, menningar-, samstarfs- og ferðamálaráðherrum vestnorrænu landanna í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Kaupmannahöfn 31. október til 2. nóvember.

Forsætisnefndin kom fyrst saman til þess að ræða um fundina fram undan og starfsemi ráðsins. Þar kom fram að nokkrar umræður hefðu spunnist í Færeyjum og Grænlandi um ályktun um aukna kennslu í menningu, sögu og tungumálum hinna landanna. Í löndunum tveimur hafði verið lýst áhyggjum af því að auka þyrfti tungumálanám í skólakerfinu ef ályktunin næði fram að ganga. Forsætisnefndarmenn voru þó nokkuð vissir um að upphaflegur tilgangur ályktunarinnar, þ.e. að auka skilning skólabarna á menningu næstu nágrannaþjóða, mundi skýrast í meðferð þingnefnda. Grænlenska landstjórnin hefur auk þess bent á vankanta ályktunar um að löndin skiptist á ræðismannsskrifstofum. Samkvæmt Vínarsáttmálanum geta Grænland og Færeyjar ekki stofnað ræðismannsskrifstofur með diplómatíska stöðu hvort í annars landi, eins og hvatt er til í ályktun ráðsins, þar sem þau tilheyra sama ríki. Samstaða var innan forsætisnefndarinnar um að viðskiptaskrifstofur gætu komið í stað ræðismannsskrifstofa líkt og bent er á í greinargerð með ályktuninni. Framkvæmdastjóri ráðsins kynnti að því loknu tillögur að frímerkjum sem gefin verða út í löndunum þremur í upphafi árs 2007 í tilefni tíu ára afmælis Vestnorræna ráðsins. Auk þess er vilji til þess meðal forsætisnefndarinnar að efna til málþings í tengslum við ársfund ráðsins í Nuuk í ágúst. Einnig var ákveðið að næsti fundur forsætisnefndar skyldi haldinn í tengslum við ráðstefnu Evrópuþingsins um norðlægu víddina sem fram fer í Brussel í lok febrúar 2007. Formaður forsætisnefndarinnar taldi mikilvægt að ráðið léti að sér kveða í tengslum við ráðstefnu Evrópuþingsins til þess að koma í veg fyrir að norðurskautið gleymist í stefnumörkun Evrópusambandsins. Að lokum var rætt um tillögu að ályktun forsætisnefndar Vestnorræna

ráðsins um stuðning við hvalveiðar Íslendinga. Ályktunin var samþykkt af forsætisnefndinni undir lok Norðurlandaráðsþings.

Fyrsti fundur forsætisnefndar með ráðherrum var með menningarmálaráðherrum Færeyja og Grænlands og fulltrúa íslenska ráðherrans. Á fundinum kynnti Jonathan Motzfeldt, formaður forsætisnefndarinnar, starf Vestnorræna ráðsins á síðasta ári. Í máli sínu lagði hann áherslu á mikilvægi menningarmála í samstarfi ríkjanna sem eru í raun það sem heldur ríkjunum saman. Formaður forsætisnefndarinnar sagði ráðherrum einnig frá því að á næsta ári ætti ráðið tíu ára afmæli og að hugsanlega yrði sóst eftir samstarfi við ráðuneyti menningarmála varðandi hátíðarhöld vegna afmælisins. Nokkur umræða spannst um nýjan samstarfssamning ríkjanna varðandi menningarmál. Rætt var um ályktun 1/2001 um skrásetningu veiðimenningar ríkjanna og 1/2005 um rithöfundanámskeið. Ráðherrarnir bentu á að nokkuð hefði áunnist varðandi vinnu við varðveislu veiðimenningarinnar, hvort sem það yrði gert með skrásetningu, gerð heimildarmyndar eða á annan hátt. Ef meira ætti að gera þyrftu þeir fjármunir að dragast frá öðrum verkefnum. Á fundinum kom fram að mikilvægt væri fyrir Vestur-Norðurlönd að ný menningarmálastofnun Norðurlandanna yrði staðsett á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn að tillögu vestnorrænu landanna. Stofnunin fór að lokum til Finnlands. Ráðherrarnir fóru yfir breytingar á menningarsamstarfi landanna og hugsanleg áhrif þeirra.

Að loknum fundinum með menningarmálaráðherrum var fundur með ferðamálaráðherrum Færeyja og Grænlands, auk fulltrúa íslenska samgönguráðuneytisins. Að lokinni almennri kynningu á starfi ráðsins síðastliðið ár var rætt um flugsamgöngur milli Íslands og Narsasuaq næsta sumar. Flugið virðist vera í nokkru uppnámi m.a. vegna skorts á samkomulagi milli stjórnvalda Íslands og Grænlands um framkvæmd fjárstuðnings við flugið. Útlit er fyrir að ferðum verði fækkað og flugtímabilið stytt. Málið var rætt ítarlega á þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í júní 2006. Forsætisnefndin lagði á það mikla áherslu að samgöngur milli Íslands og Grænlands yrðu tryggðar a.m.k. um sumartímann.

Á fundi með umhverfisráðherrum landanna þriggja spannst veruleg umræða um samstarf á sviði nýtingar sjálfbærra orkugjafa sem komist hefur á í kjölfar ályktunar ráðsins. Auk þess var rætt um samstarf Íslands og Færeyja varðandi endurnýtingu plasts og veiðarfæra og hugsanlega þátttöku Grænlands í því samstarfi. Þemafundur ráðsins í ágúst um loftslagsbreytingar var kynntur ráðherrunum. Umhverfisráðherra Íslands kynnti fund um áhrif loftslagsbreytinga á Norður-Atlantshafi sem haldinn var á Íslandi í september. Á Grænlandi fara einnig fram loftslagsrannsóknir og sagði ráðherrann m.a. frá rannsóknum á áhrifum loftslagsbreytinga á seltustig sjávar.

Á fundi með samstarfsráðherrum var farið yfir starf ráðsins og ályktanir þess frá síðasta ársfundi. Einnig var rætt um stöðu ályktana frá fyrri ársfundum sem hafa enn ekki verið afskrifaðar. Formaður forsætisnefndarinnar kynnti einnig starfið fram undan, sérstaklega ársfundinn á næsta ári og þemaráðstefnuna sem haldin verður á Húsavík í júní um Vestur-Norðurlönd og fríverslun. Þónokkur umræða spannst um jafnréttismál í löndunum þremur, þó sérstaklega í Færeyjum. Á fundinum kynnti Hjálmar ákvörðun utanríkisráðherra Íslands um stofnun aðalræðismannsskrifstofu í Færeyjum á næsta ári. Henrik Old sagðist fagna nýjum fríverslunarsamningi Íslands og Færeyja en það þyrfti að ljúka ákveðnum atriðum sem lúta að sjávarútvegi.

Á fundi með forsætisnefnd Norðurlandaráðs var farið yfir starf ráðanna undanfarið ár og rætt um starfið fram undan. Því næst var rætt um stöðu sjálfstjórnarsvæðanna innan norræns samstarfs og samstarfssamning Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs og hann undir-

ritaður. Norðurlandaráð hefur beðið ríkisstjórnirnar um skýra afstöðu til sjálfstjórnarsvæðanna fyrir næsta Norðurlandaráðsþing. Samstaða er um að mikilvægt sé að fá svar sem fyrst og ekki sé hægt að víkja sér frekar undan því að taka afstöðu til þessa máls. Helst virðist vera andstaða meðal Svía sem óttast að með inngöngu sjálfstjórnarsvæðanna fái Danmörk í raun þrjú atkvæði og Finnland tvö. Nefndarmenn lýstu yfir miklum áhuga á að auka samstarf ráðanna um loftslagsmál og að embættismenn ráðanna tveggja ættu að athuga samstarfsmöguleika á því sviði við fyrsta tækifæri.

Á fundi með sjávarútvegsráðherrum landanna mætti aðeins íslenski ráðherrann. Hann fór yfir samstarf landanna á sviði sjávarútvegsmála, sérstaklega varðandi flökkustofna og hvalveiðar. Forsætisnefndin var sammála um mikilvægi sjálfbærrar nýtingar þeirra auðlinda sem hafið hefur að geyma. Forsætisnefndin hefur mikinn áhuga á að sjávarútvegsnefndir landanna fundi sem fyrst í samræmi við ályktun Vestnorræna ráðsins frá árinu 2005. Íslenska sjávarútvegsráðuneytið styður þátttöku ráðherra. Rætt var um að nefndirnar, ásamt fulltrúum ráðuneyta, gætu komið saman til funda fyrri hluta næsta árs.

Vestur-Norðurlönd og samstarf þeirra nutu nokkurrar athygli á Norðurlandaráðsþingi fyrir utan fundi forsætisnefndarinnar. Sem dæmi um það má nefna að fríverslunarsamningur Færeyja og Íslands, svokallaður Hoyvíkursamningur, tók gildi 1. nóvember og utanríkisráðherra Íslands tilkynnti um fyrirhugaða opnun aðalræðismannsskrifstofu í Færeyjum. Auk þess lýstu ráðherrar Íslands, Danmerkur og Noregs áhuga á að auka samstarf á sviði leitar- og björgunarmála. Formaður forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins hafði lagt áherslu á mikilvægi slíks samstarfs á fundum nefndarinnar með ráðherrum.

**4. Barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins.**

Í desember 2005 voru tilkynntar tilnefningar til Barna- og unglingabókaverðlauna Vestnorræna ráðsins árið 2006. Verðlaunin eru veitt annað hvert ár og var þetta í þriðja skipti sem tilnefningar fóru fram. Dómnefndir landanna þriggja tilnefna eina bók hver frá sínu landi.

Íslenska dómnefndin tilnefndi til verðlaunanna skáldsöguna Frosnu tærnar eftir Sigrúnu Eldjárn. Grænlenska dómnefndin tilnefndi barnabókina Jólasveinninn og litlu sveinarnir eftir Grethe Guldager sem Nuka Godfredsen myndskreytti. Dómnefnd Færeyja tilnefndi bókina Hundur, köttur og mús eftir Bárð Oskarsson til verðlaunanna. Vestnorræna dómnefndin veitti bókinni Hundur, köttur og mús eftir Bárð Oskarsson verðlaunin 2006 og voru þau afhent við hátíðlega athöfn í tengslum við ársfund ráðsins í ágúst. Verðlaunin verða næst veitt árið 2008.

Markmiðið með barnabókaverðlaununum er að hvetja vestnorræna barna- og unglingabókahöfunda til dáða. Auk þess er vonast til að með verðlaununum verði ungmennum Vestur-Norðurlanda gert betur kleift að kynna sér vestnorrænar bókmenntir og menningu en þær bækur sem hljóta tilnefningu eru þýddar á vegum menntamálaráðuneyta landanna á vestnorrænu málin og skandinavísku.

**5. Þemaráðstefna um ferðaþjónustu.**

Dagana 6.–9. júní var þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um ferðaþjónustu haldin í bænum Maniitsoq á vesturströnd Grænlands. Rúmlega fjörutíu fulltrúar frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi sóttu ráðstefnuna. Fyrir hönd Íslandsdeildar sátu ráðstefnuna Halldór Blöndal, formaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Sigurjón Þórðarson og Gunnar Örlygsson, auk Tómasar Brynjólfssonar ritara. Ráðherrar frá Grænlandi og Færeyjum sóttu einnig ráðstefnuna, svo og fulltrúar Norðurlandaráðs og norska þingsins.

Meginmarkmið ráðstefnunnar var að efla upplýsingaflæði milli landanna í þessum málaflokki og finna fleti á frekara samstarfi. Þingmenn báru saman bækur sínar um ástand og framtíð ferðaþjónustunnar. Leitað var leiða til að auka samvinnu landanna á milli og gera þá samvinnu sem fyrir er markvissari. Einnig var horft til samkeppnishæfni svæðisins til framtíðar og hugsanlegrar markaðssetningar þess í heild. Alþjóðlegir sérfræðingar fluttu erindi um margvíslegar hliðar ferðaþjónustunnar og hugsanlegt samstarf og markaðssetningu landanna þriggja.

Á ráðstefnunni kom fram að löndin þrjú þyrftu að gera sér vel grein fyrir styrkleikum sínum og leggja í því sambandi áherslu á náttúru, menningu og mat sem mikilvæga þætti í þeirri einstöku reynslu sem ferðalög um vestnorrænu löndin getur verið. Ekki sé mögulegt fyrir löndin að keppa við suðlægari láglaunalönd um fjölda ferðamanna. Löndin þrjú þyrftu þess í stað að einbeita sér að styrkleikum sínum og sérkennum. Í erindum frá löndunum þremur komu fram óskir um þéttara og uppbyggilegra samstarf. Áhersla var lögð á að samstarfið skyldi byggjast á menntun starfsmanna í ferðaþjónustu á Vestur-Norðurlöndum. Löndin þrjú kynntu auk þess stöðu ferðamála í sínu landi. Langflestir ferðamenn í löndunum þremur koma til Íslands og auka þarf þann fjölda sem flýgur áfram til hinna landanna tveggja. Þónokkur bjartsýni ríkir um framtíð ferðaþjónustu í löndunum. Á Grænlandi eru t.d. bundnar miklar vonir við beint flug til Baltimore í Bandaríkjunum.

Í tengslum við þróun ferðamannaiðnaðarins var mikið rætt um mikilvægi góðra samgangna. Árni Gunnarsson frá Flugfélagi Íslands lagði áherslu á mikilvægi frjálsra flugsamgangna milli landanna þriggja. Hann sagði einnig mikilvægt að flugbrautir yrðu lengdar og aðstaða á flugvöllum bætt auk þess sem mikilvægt væri fyrir Grænlendinga að hafa flugvelli sína opna á sunnudögum. Fulltrúar á ráðstefnunni virtust sammála um mikilvægi góðra og tíðra samgangna milli landanna þriggja fyrir öflugt samstarf þeirra í ferðamálum.

Einnig var rætt um stofnanaumgjörð vestnorræns samstarfs í ferðamálum. Grænlensk og íslensk ferðamálayfirvöld virtust ekki sammála um hvernig skuli haga því.

Halldór lagði áherslu á mikilvægi samstarfs ríkjanna í ferðamálum, sérstaklega á það grundvallarhlutverk sem góðar samgöngur á svæðinu gegna í auknu samstarfi landanna á sviði ferðaþjónustu. Anna Kristín lagði sérstaka áherslu á mikilvægi menntunar í ferðamálafræðum. Hún minntist á þann árangur sem náðst hefur á Íslandi á þessu sviði á undanförnum árum, m.a. í tengslum við sértæka menntun í ferðamálafræðum fyrir dreifbýli í háskólanum á Hólum.

Forseti Norðurlandaráðs, sem var gestur fundarins, ræddi um nauðsyn nánara og formlegra samstarfs Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins. Þessi hugmynd var tekin fyrir á forsætisnefndarfundi Vestnorræna ráðsins sem haldinn var samhliða ráðstefnunni. Þar fékk hún góðan hljómgrunn og var ákveðið að embættismenn skyldu vinna drög að samstarfssamningi fyrir ársfund ráðsins í ágúst.

## 6. Ársfundur Vestnorræna ráðsins.

Dagana 18.–22. ágúst 2006 var ársfundur Vestnorræna ráðsins haldinn í Þórshöfn í Færeyjum. Meginmálefni ársfundarins voru ferðaþjónusta, loftslagsbreytingar og fríverslun. Fyrir hönd Íslandsdeildar sátu fundinn Halldór Blöndal, formaður, Hjálmar Árnason, varaformaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson, auk Tómasar Brynjólfssonar, ritara Íslandsdeildar. Halldór Blöndal og ritari nefndarinnar sóttu forsætisnefndarfund ráðsins sem haldinn var í tengslum við ársfundinn.

Fyrir upphaf ársfundarins var tilkynnt að Bárður Oskarsson frá Færeyjum hlyti barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins sem veitt eru annað hvert ár. Þetta er í fyrsta skipti sem Færeyingur hlýtur verðlaunin. Við upphaf ársfundarins flutti fráfarandi formaður Vestnorræna ráðsins, Henrik Old, ræðu og formenn landsdeildanna fóru yfir þróun vestnorrænna málefna í sínu heimalandi.

Laugardaginn 19. ágúst var haldinn þemadagur um loftslagsbreytingar og hugsanleg áhrif þeirra á Norður-Atlantshafið og vestnorrænu löndin. Á fundinum fluttu margir af fremstu sérfræðingum vestnorrænu landanna í loftslagsmálum erindi. Þar kom m.a. fram að búist er við að hitastig á jörðinni eigi eftir að hækka um að meðaltali þrjár gráður næstu fimmtíu árin af völdum gróðurhúsaáhrifa. Búast mætti þó við enn meiri hækkun á norðurslóðum. Eftir erindi sérfræðinganna voru umræður um breytingarnar þar sem sérfræðingarnir sátu fyrir svörum. Sunnudaginn 20. ágúst var farið í útsýnisferð til Suðureyjar. Þar var þess m.a. minnst að 100 ár eru liðin frá upphafi færeyskrar útgerðar við strendur Grænlands.

Mánudaginn 21. ágúst var fundargestum skipt í vinnuhópa þar sem farið var yfir tillögur forsætisnefndar um framtíð fyrri ályktana Vestnorræna ráðsins. Ákveðið var að afskrifa þær ályktanir sem þegar höfðu verið uppfylltar. Ole Stavad, forseti Norðurlandaráðs, hélt því næst ræðu þar sem kom fram að forsætisnefndir Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins væru sammála um að gerð yrðu drög að formlegum samstarfssamningi þessara tveggja ráða. Hann lagði áherslu á að nauðsynlegt væri að færa athygli Norðurlandaráðs aftur til vesturs, en frá lokum kalda stríðsins hefði athygli þess beinst í síauknum mæli að Eystrasaltinu, Rússlandi og Austur-Evrópu almennt. Hann fjallaði einnig um hugsanlega aðild sjálfstjórnarsvæðanna þriggja að Norðurlandaráði. Sagði hann að málið væri pólitískt úrlausnarefni frekar en lagalegt deilumál. Þjóðirnar þrjár væru þó misvel undir aðild búnar og að Grænlendingar og Álendingar hefðu ekki lýst yfir jafnmiklum áhuga og Færeyingar.

Mikil umræða spannst um ferðamál í ljósi þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins á Grænlandi í júní 2006 og umhverfismál, m.a. um framtíð endurnýjanlegra orkugjafa í vestnorrænu löndunum. Hugmyndir eru um nýtingu vetnis í auknum mæli á Íslandi og í Færeyjum auk þess sem Grænlendingar stefna að aukinni nýtingu vatnsorku. Þónokkur umræða spannst einnig um jafnréttismál á Vestur-Norðurlöndunum þremur. Sérstaklega var rætt um hversu fáar konur sitja á færeyska þinginu.

Ársfundurinn samþykkti að þessu sinni fimm ályktanir sem verða lagðar fram sem þingsályktunartillögur á þjóðþingunum þremur. Í fyrsta lagi samþykkti ársfundurinn að leggja til við ríkisstjórnirnar að löndin opni ræðismannsskrifstofur með sendifulltrúastöðu hvert hjá öðru. Í öðru lagi skal ræða möguleika á stækkun fríverslunarbandalags Íslands og Færeyja (Hoyvíkursamkomulagið) með þátttöku Grænlands. Ráðið benti á að vestnorrænu þjóðirnar ættu langa samstarfshefð að baki og að fríverslunarsvæði milli eyjanna í Norður-Atlantshafi væri hagfellt íbúum, stjórnvöldum og atvinnulífi landanna þriggja. Gefinn er kostur á því í Hoyvíkursamkomulaginu að fleiri hlutar danska konungsríkisins geti orðið aðilar að því. Í þriðja lagi leggur ársfundurinn til við ríkisstjórnirnar að sett verði ferðaþjónustustefna fyrir Vestur-Norðurlönd í heild sinni. Þar verði gerðar áætlanir um styrkingu sameiginlegrar markaðssetningar Vestur-Norðurlanda sem ferðamannasvæðis og aukna kennslu í ferðamálafræðum. Í fjórða lagi var lagt til við ríkisstjórnirnar að í kennsluskrá grunnskóla landanna yrði sett kennsla í sögu, samfélagsgerð, menningu og tungumálum grannlanda á Vestur-Norðurlöndum. Í fimmta lagi var samþykkt að styrkja samstarf og upplýsingagjöf um skaðsemi reykinga.

Auk þess samþykkti ráðið einróma að hækka árleg framlög til barna- og unglingabókaverðlaunanna um 20.000 DKK, úr 60.000 í 80.000 DKK. Nauðsynlegt er að hækka framlögin til þess að þau standi undir öllum kostnaði við verðlaunin, sérstaklega í ljósi verðbólgu undanfarinna ára. Auk þess samþykkti ráðið að framlög þinganna til ráðsins skyldu héðan í frá ákveðin tvö ár fram í tímann til þess að koma til móts við fjárlagagerð í löndunum þremur. Heildarframlög til Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2007 verða því 969.503 DKK. Alþingi greiðir þar af 484.752 DKK. Framlögin fyrir árið 2008 verða þá 998.588 DKK. Alþingi greiðir þar af 499.294 DKK. Á fundinum var Jonathan Motzfeldt, forseti grænlenska landsþingsins, kosinn formaður Vestnorræna ráðsins, Halldór Blöndal var kjörinn fyrsti varaformaður og Henrik Old frá lögþingi Færeyja annar varaformaður.

**7. Ályktanir Vestnorræna ráðsins á ársfundi í Þórshöfn 18.–22. ágúst 2006.**

- Ályktun til þingsályktunar um sameiginlegar vestnorrænar ræðisskrifstofur.
- Tillaga til þingsályktunar um útvíkkun fríverslunarsamnings Íslands og Færeyja (Hoyvíkursamkomulagið) með þátttöku Grænlands.
- Tillaga til þingsályktunar um sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd.
- Tillaga til þingsályktunar um kennslu vestnorrænnar menningar í grunnskólum.
- Tillaga til þingsályktunar um samvinnu vestnorrænna landa og upplýsingamiðlun í baráttunni gegn reykingum.

Alþingi, 20. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Guðrún Ögmundsdóttir. |
| Anna Kristín Gunnarsdóttir. | Sigurjón Þórðarson. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |

## 937. Fyrirspurn [629. mál]

til dómsmálaráðherra um kostnað ríkisins við rannsókn og rekstur Baugsmálsins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Hjálmari Árnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hver er heildarkostnaður ríkisins við rannsókn og rekstur Baugsmálsins frá því í ágúst árið 2002 og fram til dagsins í dag eða til þess tíma á árinu 2007 sem upplýsingar liggja fyrir um, og hvernig skiptist hann á eftirfarandi þætti:
   a. rekstur efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra,
   b. aðkeypta sérfræðiaðstoð og annan útlagðan kostnað efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra (þ.m.t. ferða- og uppihaldskostnað) við rannsókn og rekstur málsins,
   c. störf sérstaks saksóknara í Baugsmálinu, þ.m.t. kostnaður við aðstoðarmenn og aðkeypta sérfræðiþjónustu,

d. kostnað sem íslenska ríkið hefur verið dæmt til þess að greiða vegna málsvarnarkostnaðar ákærðu í Baugsmálinu,
e. annað, áður ótalið, sem eðlilegt er að telja hafa lent á ríkissjóði vegna málsins?

2. Hve stór hluti af starfsemi efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra á framangreindu tímabili hefur farið í Baugsmálið?
3. Hversu margar vinnustundir starfsmanna ríkislögreglustjóra hafa farið í Baugsmálið frá júlí 2002 til dagsins í dag?

**Skriflegt svar óskast.**

## 938. Frumvarp til laga [630. mál]

um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Flm.: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson, Valdimar L. Friðriksson, Kristinn H. Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir, Katrín Fjeldsted, Sigurður Kári Kristjánsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Ásta Möller, Guðrún Ögmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Jóhann Ársælsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Dagný Jónsdóttir, Guðjón Ólafur Jónsson.

1. gr.

Íslenska táknmálið er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og skal íslenska ríkið hlúa að því og styðja.

Íslenska táknmálið er jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í millum og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir tala.

Íslenska ríkið skal tryggja fullnægjandi fjárframlög til íslenska táknmálsins ár hvert í samræmi við tilgang laga þessara.

2. gr.

Allir eiga rétt á kennslu og þjálfun í táknmáli frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst hjá þeim.

Nú fæðist barn heyrnarlaust, heyrnarskert eða daufblint eða það missir heyrn og/eða sjón á máltökuskeiði og skulu þá nánustu aðstandendur þess eiga rétt á endurgjaldslausri kennslu og þjálfun í táknmáli.

3. gr.

Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir eiga rétt á aðstoð táknmálstúlks til að sinna atvinnu sinni og námi og í daglegu lífi að öðru leyti.

4. gr.

Til túlkaþjónustu telst túlkun á íslenskt táknmál eða á annað form sem heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur maður skilur.

5. gr.

Notendur íslenska táknmálsins eiga rétt á að upplýsingar sem birtar eru opinberlega og fræðslu- og afþreyingarefni sem ætlað er almenningi verði gert þeim aðgengilegt með textun eða túlkun á íslenskt táknmál eftir því sem við á.

Óheimilt er að neita heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni um atvinnu, skólavist, tómstundir eða aðra þjónustu á grundvelli heyrnarleysis eða þess að hann notar táknmál.

6. gr.

Allar stofnanir og embætti ríkis og sveitarfélaga skulu útvega táknmálstúlka sem túlka fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda sem eiga erindi við viðkomandi stofnun eða embætti vegna þjónustu eða annarra atvika.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu ríkis og sveitarfélaga.

7. gr.

Sérhver notandi íslenska táknmálsins á rétt á a.m.k. 20 tíma endurgjaldslausri þjónustu táknmálstúlks mánaðarlega til að sinna persónulegum erindum sem ekki falla undir ákvæði 6. gr.

Daufblindir Íslendingar eiga rétt á a.m.k. tvöföldum tímafjölda skv. 1. mgr.

Notendur þjónustu táknmálstúlka eiga rétt á auknum tímafjölda samkvæmt þessari grein ef sérstaklega stendur á samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

8. gr.

Íslenska ríkið skal stuðla að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslenska táknmálsins og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda.

Íslenska ríkið skal efla menntun táknmálstúlka og styðja sérstaklega við kennslu í táknmálstúlkafræði. Þá skal íslenska ríkið í samræmi við ákvæði laga þessara og annarra laga leitast við að fullnægja eftirspurn eftir táknmálstúlkaþjónustu hverju sinni.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 130. og 131. löggjafarþingi. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Í frumvarpi þessu er að finna réttindaskrá um stöðu og réttindi þeirra sem tala íslenska táknmálið jafnframt því sem kveðið er á um að táknmál verði viðurkennt sem móðurmál

heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og réttur þeirra tryggður til hvers konar táknmálstúlkunar.

Líf heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra mun taka miklum stakkaskiptum við viðurkenningu á íslenska táknmálinu. Sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra mun eflast til muna. Þeir munu finna hvers virði það er að geta sinnt daglegum félagslegum þörfum hindrunarlaust og geta rofið þá einangrun sem hefur heft þá í langan tíma. Þeir munu geta tekið fullan þátt í atvinnulífinu. Þeir þurfa ekki lengur að „betla“ af t.d. vinnuveitanda að greiða fyrir þjónustu túlks á starfsmannafundum. Það styrkir sjálfsmyndina töluvert, sérstaklega á vinnustað, að vita að maður hefur sömu möguleika til launahækkana og til að vinna sig upp og heyrandi samstarfsmenn.

Að taka heyrnarskerta með inn í þetta mikilvæga mál veldur því að læknisfræðileg skilgreining á heyrnarleysi er nú farin að flokka sem flesta heyrnarskerta. Heyrnarlaus er því sagður „mjög heyrnarskertur“ þótt hann hafi aðeins 2% heyrn eða minna. Víðs vegar um heim eru þessi tvö orð tekin undir sama hatt, má þar nefna á ensku „deaf and hard of hearing“, á norsku „døve og sterk tunghørte“, á sænsku „döv og hörselskadad“. Hér á landi má sjá þessi tvö orð tekin undir það sama, sbr. nafn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og svo Hlíðaskóli – táknmálssvið fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn. Menningarleg sýn á heyrnarleysi birtist hins vegar í orðinu á ensku „profoundly deaf“ sem þýðir að sá sem sagður er vera það er heyrnarlaus frá fæðingu og hefur táknmál sem fyrsta mál sitt. Heyrnarskertir eru líka með fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa löngum verið sagðir „ekki þurfa á táknmálinu að halda“ og hafa því verið á svokölluðu „gráu svæði“, þ.e. ekki fundið sig almennilega í samskiptum með heyrandi samfélagi og ekki heldur með samfélagi heyrnarlausra vegna þess að þeir hafa ekki lært táknmálið á æviskeiði sínu. Rannsóknir og frásagnir heyrnarskertra sjálfra hafa sýnt að sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust hafa styrkst eftir að þeir hafa lært táknmál og kynnst öðrum heyrnarlausum. Daufblindir eru þeir sem hafa skerta eða enga heyrn og skerta eða enga sjón samtímis. Daufblinda, sem nota snertitáknmál, er þess vegna sjálfsagt að taka með, enda er þar um að ræða fámennasta hóp fatlaðra hér á landi, ef svo má að orði komast. Þeir þurfa þó einhverja sérhæfðustu þjónustuna á forsendum samskipta og á táknmálið að skipa þar stóran sess. Þessir þrír hópar eiga táknmálið sameiginlegt, því má enginn þeirra vera settur út undan. Táknmál á að vera þessum þremur hópum velkomið aðgengistæki að upplýsingum, námi, menningu og daglegu lífi. Í þessu frumvarpi eiga réttindi þessara þriggja hópa á forsendum táknmálsins að vera tryggð, vera þeirra réttindaskrá.

Táknmál var bannað í u.þ.b. 100 ár en þennan tíma kalla heyrnarlausir einangrunartímabilið. Þessi ákvörðun var tekin í Mílanó árið 1880 á ráðstefnu heyrnleysingjakennara víðs vegar að úr heiminum. Niðurstaða ráðstefnunnar var að samþykkja að beita svokallaðri „oral“-stefnu eða raddmálsaðferð við menntun heyrnarlausra. „Oral“-stefnan felst í því að heyrnarlausir og heyrnarskertir læra að lesa af vörum og læra að tala með hjálp kennara án þess að nota táknmál.

Þessi stefna breiddist út um allan heim og heyrnarlausir kennarar voru reknir frá skólunum. Verulega dró úr menntun heyrnarlausra, störf þeirra urðu einfaldari og samfélag heyrnarlausra einangraðist frá heimi heyrandi manna. Heyrnarlausir voru í felum til þess að geta talað saman á því máli sem var þeim eðlilegast, táknmálinu. Þetta ástand varði í 100 ár.

Árið 1960 uppgötvaði bandarískur málvísindamaður William Stokoe að táknmál eru mál eins og hver önnur mál. Þessi vitneskja breiddist út um allan heim og þeir málvísindamenn

sem hafa fjallað um táknmál sjá að táknmál eru fullkomin og flókin mál. Heyrnarlausir brutu smám saman niður múrinn eftir að uppalendur og skólar tóku að viðurkenna mál þeirra.

Á Norðurlöndunum var táknmál viðurkennt á tímabilinu 1975–1980 en verður sýnilegt á Íslandi um 1986.

„Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn ... en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum vegna þess að málið er hluti af okkur sjálfum.“ Norski málvísindamaðurinn Terje Basilier sagði þessi orð og eiga þau sannarlega vel við þegar fjallað er um viðurkenningu íslenska táknmálsins.

Það er flókið að viðurkenna nýtt mál. Skoða þarf vandlega hvað viðurkenning á táknmáli þýðir fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda og hvaða þýðingu það hefur fyrir stjórnvöld. Flutningsmenn telja að fyrir þessa þrjá samfélagshópa sé viðurkenningin um leið viðurkenning á tilveru þeirra og ábyrgð stjórnvalda. Fyrir stjórnvöld þýðir viðurkenningin einfaldlega það að virða rétt hvers einstaklings til mismunandi þarfa og koma til móts við þá af virðingu.

Framtíðarsýnin í lagasetningunni er sú að táknmálið muni njóta sömu virðingar og önnur mál og að heyrnarlausum verði mögulegt að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á grundvelli laganna; að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir hafi rétt til að ákveða hvert er móðurmál þeirra og aðrir viðurkenni og virði þá ákvörðun. Það sæmir öllum þjóðfélögum sem vilja gera vel. Íslendingar hafa byggt upp öflugt velferðarkerfi sem hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Alþingi væri sómi að því að gera betur með því að viðurkenna táknmál sem móðurmál heyrnarlausra. Gera þarf heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum, sem aðallega eru notendur táknmálstúlkaþjónustu, hátt undir höfði svo að þeir geti og fái notið táknmálstúlkaþjónustu hindrunarlaust. Full þátttaka ríkissjóðs í greiðslu táknmálstúlkakostnaðar er því sjálfsögð. Samhliða frumvarpinu er flutt frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum hvað varðar réttindi og réttarstöðu heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Frumvarp um textun sjónvarpsefnis er væntanlegt.

Félag heyrnarlausra hefur nú þegar sent formönnum allra þingflokka á Alþingi formlegt bréf og beðið um að lögð verði áhersla á að þeim sem eiga íslenska táknmálið að móðurmáli verði tryggt jafnræði í samfélaginu. Réttindaskrá sú sem birtist í þessu frumvarpi er fyrsta skrefið í átt að því að jafnræðið verði tryggt og í réttindaskránni felast í aðalatriðum langtímamarkmið þess á forsendum táknmálsins. Frumvarpið gengur í þá átt að íslenska táknmálið verði síðar formlega viðurkennt í stjórnarskrá Íslands til jafns við íslenskuna sem móðurmál.

Til að viðurkenning íslenska táknmálsins öðlist fullt gildi þarf þrennt jafnframt að vera tryggt:

*1. Efling táknmálsfræðináms.*

Í fyrsta lagi þarf að stórefla táknmálsfræðinám sem nú er stundað í Háskóla Íslands. Það er núna fjögurra anna nám. Nám í túlkafræði er tveggja anna nám og aðeins þeir sem hafa lokið námi í táknmálsfræði geta farið í nám í túlkun. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) annast kennslu í túlkanáminu í samvinnu við táknmálsfræði HÍ. Sjö nemendur eru í túlkanámi skólaárið 2003–2004. Svo að deildin geti dafnað og vaxið verður að mennta fleiri táknmálskennara. Í dag er lektor eini fasti starfsmaður deildarinnar, en tveir táknmálskennarar eru lausráðnir. Þessir tveir kennarar hafa starfað lengst allra við táknmálskennslu hér á landi og eru með mikla reynslu, en vegna ráðningarreglna deildarinnar er ekki

hægt að fastráða þá af því að þeir eru ekki með MA-próf. Þá er ekki fastráðinn kennari við táknmálsfræðinámið.

Núna er ekkert nám í boði hér á landi til að heyrnarlausir geti öðlast viðurkennda menntun til að starfa sem táknmálskennarar. Þrír heyrnarlausir nemar útskrifuðust í vor frá Kennaraháskóla Íslands, en tveir þeirra starfa á táknmálssviði Hlíðaskóla og kenna þar grunnskólanemendum. Sá þriðji er einmitt einn af lausráðnum táknmálskennurum í táknmálsfræði sem nefndir eru hér á undan og stundar jafnframt MA-nám í kennslu- og uppeldisfræðum í HÍ. Aðrir sem annast táknmálskennslu í framhaldsskólum og á námskeiðum eru starfsmenn Samskiptamiðstöðvarinnar. Ef heyrnarlausir læra táknmálskennslu í Samskiptamiðstöðinni er það á engan hátt metið til eininga, ekkert diplómanám í táknmálskennslu er til hérlendis. Það þarf því augljóslega að bjóða heyrnarlausum upp á samfellt nám í táknmálskennslu og táknmálsfræði. Jafnvel þyrfti að koma á námi sambærilegu við táknmáls- og menningarfræði heyrnarlausra sem kennd er við Gallaudet-háskólann í Washington D.C. Hann er eini háskólinn í heiminum fyrir heyrnarlausa. Að öðrum kosti gæti íslenska ríkið stutt heyrnarlausa nemendur sem hyggja á nám í háskólum í formi skólagjalda. Gjald fyrir tvær annir í Gallaudet-háskóla er um 2 millj. kr. Einnig mætti skoða Bristol University í Bretlandi en þar hafa táknmáls- og menningarfræði heyrnarlausra (deaf studies) líka verið kennd.

Jafnframt þarf að veita meira fé til rannsókna á íslenska táknmálinu svo að fleiri geti lagt stund á þær. Í lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra frá árinu 1991 er kveðið á um að eitt af meginhlutverkum miðstöðvarinnar sé að stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Frá stofnun hennar hefur hún ekki gefið út neina rannsókn á táknmáli sem hægt er að vísa í og ekki gefið út námsefni á táknmáli nema það sem hún kennir sjálf. Nemendur í táknmálsfræði geta því ekki stuðst við neina rannsókn á íslensku táknmáli í námi sínu og veldur það þeim vissum erfiðleikum í náminu miðað við aðrar deildir í Háskóla Íslands. Alla táknmálsnámsefnisgerð þarf því að efla mikið til að hægt sé að kenna og nema málið á sem bestan hátt.

Þess er rétt að geta að Samskiptamiðstöðin vinnur á því sviði að verkefni hennar er táknmálið, málsamfélagið og menningin. Hún hefur í samvinnu við Námsgagnastofnun gefið út námsefni fyrir grunnskóla á táknmáli og er það vel. Efla mætti þennan þátt stöðvarinnar enn frekar með tilkomu laganna og yrði það námsefni heyrnarlausum og heyrnarskertum nemendum á táknmálssviði Hlíðaskóla mikil stoð þar sem stefna sviðsins er tvítyngi, þ.e. að börnin verði jafnfær á táknmál og skrifað mál. Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 kveður á um þetta og er það því eðlilegt að því sé fylgt.

Táknmál hefur á undanförnum áratug farið að sjást víða í samfélaginu. Má þar nefna grunn- og framhaldsskóla og háskólana sem heyrnarlausir sækja með aðstoð túlka. Táknmálsfréttir eru fluttar í Ríkissjónvarpinu í átta mínútur hvern einasta dag. Nýársræða forseta Íslands er túlkuð eftir á. Í lögum um réttindi sjúklinga segir að heyrnarlaus sjúklingur eigi rétt á táknmálstúlki í viðtali við lækni þannig að táknmál sést á heilsugæslustöðum og sjúkrahúsum. Dómur Hæstaréttar nr. 151/1999 kveður á um að síðustu framboðsumræður séu túlkaðar á táknmáli í beinni útsendingu kvöldið fyrir kjördag. Prestur heyrnarlausra, séra Miyako Þórðarson, er viðurkennd sem táknmálsprestur og flytur messur á táknmáli auk þess að vera með táknmálskór. Táknmál sést hér á Alþingi. Nokkuð stór hluti aðalnámskrár grunnskóla fjallar um táknmál. Þetta eru því nokkur dæmi sem sýna að táknmálið er orðið sjálfsagt mál í samfélaginu og mikilvægt að tryggja því það jafnræði sem ætlast er til af því.

Þar sem táknmál er sjónrænt mál eru rannsóknir á íslensku táknmáli ekki gerðar nema með upptökutækjum. Því þarf táknmálsfræðideildin að hafa til umráða stúdíó með upptöku-

tækjum, sjónvörpum, myndböndum og mynddiskatölvum til úrvinnslu á upptökum í stafrænu formi. Táknmálsorðabækur eða rannsóknir á táknmáli víða erlendis eru gerðar með upptökum á táknum. Þessi upptökutækni er sambærileg við framburðarrannsóknir á erlendum tungumálum og íslensku talmáli.

Táknmálsfræðinámið í HÍ heyrir núna undir heimspekideild. Að loknu fjögurra anna námi eiga nemendur að vera orðnir nokkuð góðir í táknmáli og eiga að geta bjargað sér í samskiptum á táknmáli. Þeir þurfa því góða þjálfun. Núna felst þjálfunin í því að nemendur nái tengslum við heyrnarlausa með heimsóknum til þeirra eða heimsóknum til Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra býr þröngt og hefur ekki sal til umráða.

Táknmálsfræðinám í HÍ getur gefið nemum í öðrum námsgreinum háskólans möguleika á að læra táknmál. Þannig gætu heyrnarlausir notið þjónustu sálfræðings eða lögfræðings sem kann táknmál og nemendur í málvísindum geta lagt stund á táknmál og unnið að rannsóknum á því með námi og síðar að námi loknu. Nemendur í sagnfræði geta skoðað sögu táknmálsins og heyrnarlausra og lært táknmálið. Nemendur í mannfræði geta lært táknmál, fræðst um það og stundað rannsóknir á menningarlegum mun samfélaga heyrnarlausra og heyrandi.

Vesturhlíðarskólinn, eini grunnskólinn á Íslandi fyrir heyrnarlaus börn var lagður niður í vor og starfsemin flutt í Hlíðaskóla og nefnist núna Hlíðaskóli – táknmálssvið. Því er aðkallandi að kennarar í almennum skóla eins og Hlíðaskóla kunni táknmál og jafnvel kennarar í öðrum skólum sem heyrnarlaus eða heyrnarskert börn kunna að vera í, því að foreldrar heyrnarlausra eða heyrnarskertra barna geta valið þann möguleika að setja barn sitt í hverfisskóla. Táknmálsfræðideild HÍ gæti í náinni samvinnu við Kennaraháskóla Íslands boðið nemum KHÍ táknmálsfræðinám og metið það til eininga sem hluta af kennaraprófi. Þannig gætu nemendur í þroskaþjálfaskor, leikskólakennaraskor og íþróttakennaraskor lært táknmál samhliða námi sínu í KHÍ eins og nemendur í grunnskólaskor. Það yrði mikill hagur í því að fólk í þessum störfum kynni táknmál. Jafnvel mætti síðar kenna táknmál í Háskólanum á Akureyri eða öðrum háskóla á landsbyggðinni ef eftirspurn væri eftir því.

Táknmálsfræðinámið verður ekki eflt á einum degi. Það þarf að gefa þessu öllu tíma til að dafna. Sýna þarf þeim sem hafa áhuga á að fara í táknmálskennaranám að starfsgrundvöllur þeirra og framtíð séu tryggð.

*2. Túlkaþjónusta.*

Í öðru lagi þarf að tryggja fjárveitingar til allrar þeirrar túlkaþjónustu sem fellur undir frumvarpið. Tryggja þarf rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu í félagslegum tilgangi. Með því er jafnframt komið á menntunar- og atvinnuöryggi fyrir táknmálstúlka. Táknmálstúlkastarfið þarf að lögvernda. Tryggja þarf að táknmálstúlkanám í HÍ verði alltaf í boði því að fjölga þarf táknmálstúlkum á tveggja ára fresti – sérstaklega í ljósi þess að virkir vinnutímar táknmálstúlka eru aðeins 20 stundir á viku vegna þess hversu slítandi starf þeirra er. Þá þarf að mennta túlka daufblindra sérstaklega því að daufblindir nota snertitáknmál.

Með því að tryggja fé til allrar túlkaþjónustu verður heyrnarlausum tryggður réttur til að sinna daglegum þörfum. Þar má m.a. nefna táknmálstúlkun hjá fasteignasala, bankastjóra, fjármálaráðgjafa, arkítekt, byggingafræðingi, rafvirkja, pípulagningamanni, í íþróttum og tómstundum barna, á húsfélagsfundum, á tómstundanámskeiðum, á starfsnámskeiðum, á starfsmannafundum og í starfsviðtölum hjá einkafyrirtæki. Þessum hluta hefur verið sinnt undanfarin ár með fjárveitingu frá ráðuneytunum, fyrst frá félagsmálaráðuneyti, sem hætti úthlutun árið 1999 og tók þá forsætisráðuneytið af skarið og hefur veitt fé síðan, þó ekki reglulega. Félag heyrnarlausra hefur haft mikið fyrir því að fá af þessu fé sem í daglegu tali

nefnist félagslegi túlkunarsjóðurinn. Síðast var veitt fé í sjóðinn í mars 2003, 4 millj. kr. Þar af fóru 2 millj. kr. til greiðslu skulda þannig að staða sjóðsins er núna um 800 þús. kr. (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, 19.11.2003.) Gallinn við þennan sjóð er að aðeins Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fær greitt úr honum. Eina einkarekna túlkaþjónustan, Hraðar hendur, getur ekki fengið greitt úr sjóðnum. Hraðar hendur hafa óskað eftir því við menntamálaráðuneytið að fá greitt fyrir þau félagslegu verkefni sem sú þjónusta tekur að sér. En málið snýst líka um frelsi heyrnarlausra til að velja sér túlk. Það er ótækt að Samskiptamiðstöðin ein skuli hafa yfirráð yfir öllum sjóðnum því að oft getur hún ekki útvegað túlk í félagsleg verkefni. Þar starfa nú aðeins fjórir túlkar og um 80% af verkefnum Samskiptamiðstöðvarinnar snúast um túlkun í framhaldsskólum. Hjá Hröðum höndum starfa hins vegar sex túlkar. Þeir geta tekið að sér túlkun í félagslegum verkefnum en fá ekki greitt fyrir það af opinberu fé og því lendir það kannski á hinum heyrnarlausa að borga úr eigin vasa fyrir túlkaþjónustuna eða betla – sem er mjög niðurlægjandi.

*3. Menning heyrnarlausra.*

Í þriðja lagi þarf að líta til menningar heyrnarlausra. Af öllum tungumálum sprettur upp menning. Oft hefur því verið haldið fram að heyrnleysingjaskólarnir séu vagga menningar heyrnarlausra. Það er í sjálfu sér rétt því að þar er oftast fyrsta táknmálsumhverfið sem heyrnarlaus maður kynnist. Þar lærist táknmálið af eldri kynslóðum. Á Íslandi er komin upp sú staða að vagga menningar heyrnarlausra er ekki lengur til í því formi sem áður var og er algengt víða um heim. Vesturhlíðarskólinn, skóli fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn, hefur verið lagður niður og nemendurnir stunda námið í deild í Hlíðaskóla sem ber nafnið Hlíðaskóli – táknmálssvið. Því verður lagt til í sérstöku frumvarpi að komið verði á fót Menningarsetri heyrnarlausra.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er texti af vísindavef Háskólans sem skýrir táknmál á mjög einfaldan hátt en eins og áður hefur komið fram hafa engar rannsóknir farið fram á íslensku táknmáli sem hægt er að vísa til.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og að íslenska ríkið veiti nægilegt fé til málefna sem snerta íslenska táknmálið ár hvert. Þá er tekið sérstaklega fram að ekki megi mismuna fólki eftir því hvort það talar íslensku eða íslenska táknmálið.

Ákveðið var að nota hugtakið „fyrsta mál“ í greininni þar sem sú skilgreining sem gefin hefur verið á hugtakinu móðurmál getur ekki gilt um heyrnarlausa almennt. Skilgreiningin er svohljóðandi: „Það mál sem er talað í því landi sem maður fæðist í og er talað af þeirri fjölskyldu sem elur mann upp telst vera móðurmál manns.“ (Málfræðiorðasafn.)

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rétt allra til kennslu og þjálfunar í íslenska táknmálinu frá þeim tíma sem þeir greinast með heyrnarskerðingu eða heyrnarleysi. Þá er kveðið á um rétt nánustu aðstandenda barns sem fæðist heyrnarskert, heyrnarlaust eða daufblint eða missir heyrn og/eða sjón á máltökuskeiði til að fá strax kennslu og þjálfun í táknmáli. Skal þjónustan veitt þeim að kostnaðarlausu. Mikilvægt er að fjölskylda barnsins fái þar með nægjanlegan stuðning við að læra táknmál og menningarfræði heyrnarlausra. Við samningu reglugerðar

um þetta málefni er lögð sérstök áhersla á að fullt samráð verði haft við Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra barna (FSFH) sem og Félag heyrnarlausra.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að lögfestur verði sá réttur hvers heyrnarlauss, heyrnarskerts eða daufblinds Íslendings að njóta aðstoðar táknmálstúlks til að sinna atvinnu, námi og menningarlífi. Athuga þarf sérstaklega að ekki þykir rétt að gera greinarmun á því hvort einstaklingur þurfi að sinna starfi eða námi á Íslandi eða erlendis. Þannig ætti t.d. einstaklingur rétt á aðstoð táknmálstúlks ef hann þyrfti að sækja fund eða ráðstefnu erlendis vegna starfs síns, náms eða áhugamáls.

Um 4. gr.

Í greininni er inntak og umfang túlkaþjónustu nánar skýrt. Í samræmi við stöðu íslenska táknmálsins samkvæmt lögunum og rétt heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra til túlkaþjónustu verður að túlka hugtakið túlkaþjónusta rúmt. Markmiðið er að veita öllum einstaklingum jafnan rétt til tjáningar og þátttöku í samfélaginu hvort sem um vinnu, nám eða daglegt líf að öðru leyti er að ræða.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um rétt notenda íslenska táknmálsins til að fá notið fræðsluefnis, upplýsinga, afþreyingarefnis o.þ.h., annaðhvort með textun eða túlkun á íslenskt táknmál. Í þessu felst m.a. að sjónvarpsstöðvum ber annaðhvort að senda sjónvarpsefni út með íslenskum texta eða táknmálstúlkun. Hið sama gildir um kvikmyndahús og framleiðendur fræðslu-, auglýsinga- og afþreyingarefnis.

Þá leggur 2. mgr. bann við því að heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni sé neitað um atvinnu, skólavist, tómstundir eða aðra þjónustu á grundvelli heyrnarleysis síns.

Um 6. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar ríki og sveitarfélögum og öllum stofnunum og embættum sem undir þau heyra að útvega táknmálstúlka á eigin kostnað sem túlka fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda sem leita til viðkomandi stofnunar eða embættis. Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir þurfi því ekki að koma með túlk með sér þegar þeir sinna erindum hjá stofnun eða embætti sem heyrir undir ríki eða sveitarfélag heldur gangi þeir að túlki vísum hjá viðkomandi stofnun. Ákvæðið tekur til allra stofnana og embætta ríkis og sveitarfélaga, þ.m.t. dómstóla landsins, auk fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélög eiga helmingshlut í eða meira. Ekki er gert ráð fyrir að túlkarnir verði starfsmenn þeirra aðila sem skyldan hvílir á, enda er algjört skilyrði að túlkar séu óháðir í störfum sínum.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að hver heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur Íslendingur fái mánaðarlega að lágmarki 20 tíma endurgjaldslausa þjónustu táknmálstúlks til að sinna persónulegum erindum. Þessa tíma væri t.d. hægt að nota við foreldrafundi í skólum, ferð á fasteignasölu eða hvaðeina annað sem einstaklingur þarf að sinna og hann þarf aðstoð við. Þá er kveðið á um að sérhver daufblindur einstaklingur fái a.m.k. tvöfaldan þann tíma árlega sem aðrir heyrnarskertir og heyrnarlausir fá. Þá er gert ráð fyrir að notendur túlkaþjónustu geti fengið fleiri tíma en lágmarkið kveður á um þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um það en gera verður ráð fyrir að við samningu þeirra reglna verði tilgangur laga þessara og staða táknmálsins höfð að leiðarljósi. Heimild fyrir aukningu á tímafjölda má því ekki túlka of þröngt.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu íslenska ríkisins til að efla og styðja við nám og kennslu í táknmálstúlkafræði auk þess að hlúa sérstaklega að menningu og menntun þeirra sem ekki heyra. Jafnframt er kveðið á um að íslenska ríkið skuli á hverjum tíma leitast við að anna eftirspurn eftir túlkaþjónustu. Í því felst m.a. skylda til að gera nám í táknmálstúlkafræði eftirsóknarvert fyrir nýja nemendur, bæta starfsskilyrði og launakjör táknmálstúlka o.s.frv. Ef lögin eiga að ná markmiðum sínum verður að vera nægilegt framboð af táknmálstúlkum.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

---

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Hvað er táknmál? Er til alþjóðlegt táknmál fyrir heyrnarlausa? Svandís Svavarsdóttir. Birt á vísindavef Háskóla Íslands.

## 939. Frumvarp til laga [631. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Flm.: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson, Valdimar L. Friðriksson, Kristinn H. Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir, Katrín Fjeldsted, Sigurður Kári Kristjánsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Ásta Möller, Guðrún Ögmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Jóhann Ársælsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Dagný Jónsdóttir, Guðjón Ólafur Jónsson.

I. KAFLI

**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.**

*Breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum.*

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Í fangelsum þar sem vistaðir eru heyrnarlausir, heyrnarskertir eða daufblindir fangar skal séð til þess að táknmálstúlkur sá ávallt tiltækur. Þá skulu þeir njóta sömu réttinda og þjónustu og almennt gildir um þá sem tala íslenskt táknmál, m.a. með tilliti til menntunar, fræðslu- og afþreyingarefnis, vinnu o.fl.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Forstöðumaður skal sjá til þess að nægilegur fjöldi fangavarða og annars starfsliðs hafi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama gildir um heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda fanga.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fangi á rétt á að fá táknmálstúlk sér til aðstoðar þegar hann fær heimsóknir.

5. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fangelsi skal útvega heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum föngum sérstakan útbúnað til að annast samskipti samkvæmt þessari grein.

*Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.*

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

1. Þingmálið er íslenska eða íslenska táknmálið. Dómari skal kalla til táknmálstúlk þegar þess er þörf. Kostnaður af störfum hans greiðist úr ríkissjóði.

b. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal dómari kalla til táknmálstúlk sér til aðstoðar.

c. 2. málsl. 4. mgr. fellur brott.

*Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.*

7. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þingmálið er íslenska eða íslenska táknmálið. Dómari skal kalla til táknmálstúlk þegar þess er þörf og greiðist kostnaður af störfum hans úr ríkissjóði. Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal dómari kalla til táknmálstúlk sér til aðstoðar.

*Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989.*

8. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef gerðarþoli, gerðarbeiðandi, fyrirsvarsmaður aðila eða málsvari talar íslenska táknmálið skal sýslumaður kveðja táknmálstúlk sér til aðstoðar.

*Breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.*

9. gr.

Á eftir 1. mgr. 44. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þjóðkirkjan skal veita sóknarmönnum sem tala íslenska táknmálið sömu þjónustu og þeim sem tala íslensku.

*Breyting á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.*

10. gr.

Á eftir 1. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Stjórnvald skal kalla til táknmálstúlk sér til aðstoðar ef sá sem til þess leitar talar íslenska táknmálið og skal táknmálstúlkur jafnframt vera til staðar eftir því sem þörf krefur uns mál er til lykta leitt.

11. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef einhver nefndarmanna talar íslenska táknmálið skal stjórnvald sjá til þess að útvega nefndinni táknmálstúlk til aðstoðar.

## II. KAFLI

## **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.**

*Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.*

12. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

1.4. Notandi heilbrigðisþjónustu sem talar íslenska táknmálið á rétt á þjónustu táknmálstalandi heilbrigðisstarfsmanns eða aðstoð táknmálstúlks.

## III. KAFLI

## **Menntamálaráðuneyti.**

*Breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000.*

13. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Útvarpsstöðvar skulu virða jafna stöðu íslenskunnar og íslenska táknmálsins og gæta þess að mismuna ekki borgurum eftir því hvort málið þeir tala.

14. gr.

Á eftir 1. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Efni sem sent er út með íslensku tali skal ávallt fylgja íslenskur texti eða túlkun á íslenskt táknmál.

*Breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.*

15. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Barn sem notar íslenska táknmálið skal njóta handleiðslu leikskólakennara sem hefur fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu og menningarfræði heyrnarlausra.

*Breyting á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.*

16. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Grunnskólinn skal veita nemendum sem nota íslensku og íslenska táknmálið sömu þjónustu og ber að tryggja að kennarar og annað starfslið hafi fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

17. gr.

A-liður 2. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: íslenska, íslenska fyrir heyrnarlausa og íslenska táknmálið.

*Breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996.*

18. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Framhaldsskólinn skal veita nemendum sem nota íslensku og íslenska táknmálið sömu þjónustu og ber að tryggja að kennarar og annað starfslið hafi fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

19. gr.

Á eftir 2. mgr. 21. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Í aðalnámskrá skal kveðið á um kennslu í íslensku fyrir heyrnarlausa og íslenska táknmálinu.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 130. og 131. löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um íslenska táknmálið og réttindi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Með frumvarpinu eru gerðar nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum til að styrkja réttarstöðu þeirra sem nota íslenska táknmálið, einkum hvað varðar rétt til að nota það í samskiptum sínum við ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra. Ljóst er að ef frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra verður að lögum þarf að breyta fjölmörgum lögum í kjölfarið og þyrfti hvert ráðuneyti fyrir sig að taka lög á sínu málefnasviði til gagngerrar endurskoðunar. Í þessu frumvarpi er fyrst og fremst tæpt á helstu atriðum sem þurfa lagfæringar við.

## 940. Fyrirspurn [632. mál]

til fjármálaráðherra um virkjanaundirbúning Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Landsvirkjun láti af frekari virkjanaundirbúningi í neðri hluta Þjórsár í ljósi andstöðu landeigenda og fleiri heimamanna?
2. Telur ráðherra við hæfi að Landsvirkjun bjóði út hönnun mannvirkja á landi í einkaeign sem ekki hefur verið samið um afnot af eða um bætur fyrir og þegar ljóst er að landeigendur eru framkvæmdunum andvígir?

## 941. Fyrirspurn [633. mál]

til menntamálaráðherra um framfærslugrunn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Frá Sæunni Stefánsdóttur.

Hvað líður endurskoðun framfærslugrunns Lánasjóðs íslenskra námsmanna?

**Skriflegt svar óskast.**

## 942. Tillaga til þingsályktunar [634. mál]

um útboð jarðganga í Norðausturkjördæmi.

Flm.: Ólafur Níels Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta fara fram hagkvæmnisathugun á því að gera langtímaáætlun um jarðgangagerð í Norðausturkjördæmi og bjóða í einu lagi út verkefni þar til langs tíma.

Greinargerð.

Forsendur fyrir áframhaldandi mannsæmandi nútímalífi í dreifðum byggðum landsins eru traustar samgöngur. Tillaga þessi gerir ráð fyrir að röð jarðgangaframkvæmda í Norðausturkjördæmi verði boðin út í einu lagi og miðað við að framkvæmdatíminn verði langur, e.t.v. 15–17 ár. Röð jarðganga verði ákveðin áður en framkvæmdir hefjast.

Það er nauðsynlegt fyrir íbúa þeirra staða sem munu njóta góðs af jarðgöngunum að vita hvenær þeir verði komnir í samband við vegakerfi landsins á viðunandi hátt. Mörg aðkallandi jarðgangaverkefni blasa við á Norður- og Austurlandi. Má þar nefna:

- Lónsheiði,
- undir Berufjörð,
- milli Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar,
- milli Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar,
- milli Eskifjarðar og Norðfjarðar,
- milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar,
- milli Mjóafjarðar og Seyðisfjarðar,
- milli Reyðarfjarðar/Eskifjarðar og Héraðs,
- milli Héraðs og Vopnafjarðar,
- Vaðlaheiðargöng.

Næststærsta útflutningshöfn landsins verður Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði og til að hún geti blómstrað og kjördæmið notið þeirra kosta sem hún býður upp á verður að byggja upp vegakerfið. Jarðgöng munu stytta leiðir á milli staða með ólíkindum. Þá benda berglög á Austurlandi til þess að jarðgangagerð sé tiltölulega auðveld þar.

## 943. Tillaga til þingsályktunar [635. mál]

um flutning á starfsemi Fiskistofu.

Flm.: Ólafur Níels Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að hefja nú þegar undirbúning að flutningi Fiskistofu út á landsbyggðina með aðalstöðvar á Akureyri og starfsstöðvar í Hafnarfirði, í Grindavík, í Ólafsvík, á Ísafirði, á Þórshöfn, í Fjarðabyggð, á Hornafirði og í Vestmannaeyjum. Leitast verði við að starfseminni sé dreift sem jafnast á starfsstöðvarnar þar sem 8–15 manns starfi í hverri stöð. Flutningi stofnunarinnar verði lokið innan tveggja ára.

Greinargerð.

Grunnur allrar starfsemi Fiskistofu á rætur sínar að rekja út á landsbyggðina. Enga stofnun er auðveldara að flytja og að líkindum yrði hún mun ódýrari í rekstri með dreifðri starfsemi sem næst þeim aðilum sem stofnunin á að fylgjast með. Með þeim samskiptaleiðum sem til eru í dag á þetta að vera auðvelt. Ekki er verið að rétta landsbyggðinni neitt heldur færa starfsemi á þá staði þar sem hún á heima, þ.e. nær upprunanum. Það var stórslys þegar Fiskistofa var sett á laggirnar að hún skyldi ekki hafa aðalstöðvar úti á landi og enginn sá fyrir sér hvað þessi stofnun átti eftir að blása út.

Hjá Fiskistofu starfa nú 96 starfsmenn og þar af virðast 10 vera „staðbundnir“, sem á víst að þýða að þeir séu við starfsstöðvar úti í á landi. Þess vegna eru þeir staðbundnir. Ef þeir eru á höfuðborgarsvæðinu virðast þeir ekki vera staðbundnir.

Þróun ríkisstarfa hefur jafnframt verið sú að draga úr starfsemi úti á landi. Lítil byggðarlög hafa þannig tapað heilsársstörfum sem hafa verið þeim mikilvæg stoð. Með flutningi starfa sem tilheyra Fiskistofu nær upprunanum og á þá staði þar sem störfin eru unnin er jafnframt stigið mikilvægt skref í þá átt að styrkja búsetu á landsbyggðinni.

## 944. Tillaga til þingsályktunar [636. mál]

um könnun á samsetningu afla vinnsluskipa úr uppsjávarstofnum.

Flm.: Ólafur Níels Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta kanna samsetningu afla vinnsluskipa úr uppsjávarstofnum, annars vegar þeirra sem vinna aflann um borð og hins vegar þeirra sem koma með aflann til vinnslu í land.

Greinargerð.

Það er umtalað að vinnsluskip, sem veiða úr uppsjávarstofnum og frysta aflann um borð, séu með miklu betri stærðarflokkun, þessi skip frysti stærstu og bestu síldina en smásíld og hrati sé hent í sjóinn.

Best væri fyrir alla aðila að sett væri af stað rannsókn til að komast til botns í þessu máli og þá væri jafnvel hægt að hreinsa þennan leiðinlega stimpil af þeim sem vinna við þessa grein sjávarútvegs.

Það er algjörlega fráleitt þegar þessi skip vinna aflann um borð inni í fjörðum að hratinu sé hent í sjóinn en á sama tíma standi fiskimjölsverksmiðjur tómar vegna hráefnisleysis í sömu fjörðum.

## 945. Frumvarp til laga [637. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Við II. kafla laganna bætist ný grein er verður 9. gr. laganna og breytast númer annarra greina í samræmi við það. Greinin orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Breyting á vatnsfarvegi.*

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. vatnalaga, nr. 20/2006, er fasteignareiganda heimilt að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru í því skyni að verja land eða landsnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns.

Nú þarf sá sem ætlar að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. afnot af fasteignum annarra manna og getur þá ráðherra veitt heimild til eignarnáms. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati ef ekki semst með aðilum.

Ráðherra er rétt að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. enda sé það gert til að verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill. Landgræðsla ríkisins í samráði við Vegagerðina, eftir því sem við á, annast þær framkvæmdir sem ráðherra ákveður að ráðist skuli í. Heimilt er ráðherra að taka fasteignir eignarnámi í þessu skyni. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á vatnalögum, nr. 20/2006:

1. 1. mgr. 22. gr. orðast svo:
   Heimilt er fasteignareiganda að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru til vatnsveitugerðar, áveitugerðar, orkunýtingar o.s.frv.
2. 3. mgr. 22. gr. orðast svo:
   Ráðherra er rétt að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. enda sé framkvæmdin í þágu almannaheilla. Heimilt er ráðherra að taka fasteignir eignarnámi í þessu skyni. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.
3. Í stað 1. mgr. 34. gr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
   Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum þessum.
   Landbúnaðarráðherra fer með leyfisveitingar skv. 14. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við þinglega meðferð frumvarps til vatnalaga á 132. löggjafarþingi, sem varð að lögum nr. 20/2006 með gildistöku 1. nóvember 2007, kom í ljós að við smíð frumvarpsins hafði ekki verið höfð í huga sú skipan mála og verkaskipting sem nú er samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923, sbr. og 6. tölul. 9. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004. Í 75. gr. gildandi vatnalaga, nr. 15/1923, er fjallar um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna, er svohljóðandi ákvæði:

*1. Rétt er ríkinu, héruðum, vatnafélögum og einstökum mönnum að hleypa niður vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg, flóðgarða og fyrirhleðslur eða önnur mannvirki í vatni eða við það í því skyni að verja land eða landsnytjar við spjöllum af landbroti eða árennsli vatns.*

*2. Nú þarf sá, er vill framkvæma mannvirki slík sem í 1. lið segir, til þess afnot af landi annarra manna, og getur þá ráðherra veitt heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.*

*3. Nú þykir tjón eða hætta búin eign annars manns eða réttindum af mannvirkjum slíkum sem í 1. lið segir, eða að af þeim mundu stafa óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta hagsmunum almennings, og má þá því aðeins framkvæma verkið, að leyfi ráðherra komi til. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja vegna hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna.*

*4. Bæta skal tjón og spjöll á eignum annarra, sem leiðir af framkvæmdum samkvæmt þessari grein. Bætur skal ákveða með mati, ef eigi semur.*

Greinin mælir fyrir um heimild eða leyfi ráðherra til ákveðinna framkvæmda og til lögnáms. Í 151. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, segir að atvinnumálaráðherra fari með yfirstjórn þeirra mála er lögin mæla fyrir um. Eftir að atvinnuvegamálaráðuneytið var aflagt og sérgreind ráðuneyti fyrir landbúnað, sjávarútveg og iðnað og viðskipti urðu til deildust þau verkefni sem gildandi vatnalög mæla fyrir um á viðkomandi ráðuneyti eftir starfssviði þeirra, sbr. nú reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004. Samkvæmt framansögðu fór landbúnaðarráðherra með þær leyfisveitingar og leyfi til lögnáms sem mælt er fyrir um í 75. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, allt þar til frumvarp til nýrra vatnalaga hlaut samþykki sitt á Alþingi 16. mars 2006.

Í nýjum vatnalögum sem öðlast gildi 1. nóvember 2007 segir eftirfarandi í 14. gr. þar sem fjallað er um heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag:

*Nú breytist farvegur af náttúrulegum ástæðum og er þá fasteignareiganda hverjum sem bagi verður að breytingunni rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnot af annarri fasteign eru þau heimil samkvæmt leyfi ráðherra, en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem slíkt bakar honum. Ef ágreiningur verður skal skorið úr með eignarnámsmati.*

*Nú hefur sama ástand haldist í 20 ár eða lengur og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo.*

Í greinargerð frumvarpsins segir um 14. gr:

*Í greininni er kveðið á um heimild til að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Hún er nánast samhljóða 8. gr. gildandi vatnalaga. Sjá nánar um rökin Alþt. 1921, A-deild, bls. 182; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 62 og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 34.*

*Í samræmi við meginreglu 14. gr. frumvarpsins og Landsleigubálks Jónsbókar þess efnis að „vötn öll skulu svá renna sem at fornu runnit hafa; veit þat eingi maður af bæ eða á bæ annars, nema þat brjóti sjálft" er fasteignareiganda heimilt skv. 1. mgr. að fella vatn í forn-*

*an farveg eða koma honum í samt lag ef farvegur breytist án þess af mannavöldum sé. Ef til þess þarf afnot annarrar fasteignar eru þau heimil samkvæmt leyfi ráðherra, en þá getur viðkomandi fasteignareigandi krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem verkið bakar honum. Ef ágreiningur verður skulu dómkvaddir matsmenn skera úr. Ákvæði þessarar greinar gildir þó að sjálfsögðu með þeim takmörkunum sem leiða kann af öðrum lögum, sbr. 2. gr. frumvarpsins, þar á meðal vegna friðlýsingar.*

Í 22. gr. laganna, þar sem fjallað er um breytingar á vatnsfarvegi, segir eftirfarandi:

*Heimilt er fasteignareiganda að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru í því skyni að verja land eða landsnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns, til vatnsveitugerðar, áveitugerðar, orkunýtingar o.s.frv.*

*Nú þarf sá sem ætlar að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. afnot af fasteignum annarra manna og getur þá ráðherra veitt heimild til eignarnáms. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati ef ekki semst með aðilum.*

*Ráðherra er rétt að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. enda sé það gert til að verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill. Heimilt er ráðherra að taka fasteignir eignarnámi í þessu skyni. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.*

Í greinargerð frumvarpsins segir um 22. gr.:

*Greinin á sér að nokkru hliðstæðu í 75. gr. vatnalaga, en hefur verið víkkuð út í frumvarpinu. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 196; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 73. Með 1. mgr. er verið að verja hagsmuni fyrir ágangi vatna. Ákvæði 2. mgr. kveður á um heimild ráðherra til að veita heimild til eignarnáms vegna framkvæmda skv. 1. mgr. Þá er í 3. mgr. ákvæði sem beitt verður án tillits til þess hvort nota þarf land annars manns, en nægilegt er að hættan á spjöllum sé fyrir hendi. Hér er ráðherra heimilt að taka fasteignir eignarnámi í þessu skyni. Ákvæði þessarar greinar gilda þó að sjálfsögðu með þeim takmörkunum sem leiða kann af öðrum lögum, sbr. 2. gr. frumvarpsins, þar á meðal vegna friðlýsingar.*

Af tilvitnuðum texta úr nýjum vatnalögum sem samþykkt hafa verið á Alþingi og úr greinargerð sem fylgdi frumvarpi til þeirra laga er ljóst að ekki var ætlunin að breyta þeirri skipan sem nú er á málum er varða landbrot og varnir gegn ágangi vatns og snerta heimild landbúnaðarráðherra til að leyfa slíkar aðgerðir eftir ákvæðum laganna. Ljóst er að málaflokkurinn heyrir undir ráðuneytið, sbr. 6. tölul. 9. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti, fer Landgræðslan f.h. ráðherra með yfirstjórn þeirra mála sem lögin taka til. En tilgangur laganna er að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með fyrirhleðslum gegn ágangi vatna. Ákvæði þau sem með frumvarpi þessu eru hér flutt úr vatnalögunum í nýleg lög um varnir gegn landbroti þykja eiga vel heima í þeim lagabálki, enda er í greinunum fjallað um ágang vatns og heimildir landeigenda til að verja land sitt og breyta eða rétta farveg vatnsfalls vegna þess. Ef ákvæði hinna nýju vatnalaga taka gildi í óbreyttri mynd væru verkefni þar sem Landgræðsla ríkisins hefur sérfræðiþekkingu á málaflokknum og annast í umboði ráðherra færð til ráðuneytis þar sem enga sérfræðiþekkingu á landbroti er að finna. Tilgangur löggjafans var í rauninni ekki sá að færa þessi verkefni heldur verður að telja að um yfirsjón hafi verið að ræða sem auðvelt er að laga nú þar sem hin nýju vatnalög sem samþykkt hafa verið á Alþingi taka ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2007.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um heimildir fasteignareiganda til þess að breyta vatnsfarvegi í því skyni að verja land eða landsnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns. Heimild 1. mgr. til handa fasteignareiganda kann að takmarkast af ákvæðum annarra laga, svo sem lax- og silungsveiðilaga, og ávallt þarf að skýra heimildarákvæði 1. mgr. með hliðsjón af öðrum ákvæðum laga eftir því sem við á.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að veita eignarnámsheimild til fasteignareiganda ef hann þarf afnot af fasteign annars manns til þeirra framkvæmda sem heimilar eru skv. 1. mgr. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati ef ekki semst með aðilum.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. enda sé það gert til að verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill.

Um 2. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa. Um skýringu á 2. mgr. er vísað til almennra athugasemda með frumvarpi þessu.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti.**

Frumvarpi þessu er ætlað að færa valdmörk og verkaskiptingu milli landbúnaðarráðherra og iðnaðarráðherra, er varða leyfisveitingar ráðherra til tiltekinna framkvæmda og lögnáms, í sama horf og þau voru í fyrir samþykkt nýrra vatnalaga.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

# 946. Frumvarp til laga [638. mál]

um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi fjalla um sjúkdóma og sjúkdómsvalda sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill, svo og aðrar alvarlegar næmar sóttir. Með sjúkdómum er átt við sjúkdóma eða smitun sem smitefni, örverur eða sníkjudýr valda og einnig alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar eiturefna og geislavirkra efna. Lögin taka einnig til óvenjulegra og óvæntra atburða sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar meðal þjóða heims.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eða sjúkdómar af völdum eiturefna og geislavirkra efna eru skráningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir sjúkdómar tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill. Einnig skal tilkynna um sérhverja þá atburði sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar á meðal þjóða heims, þ.m.t. atburði sem eru af óþekktri orsök eða uppruna.

b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Skráin tekur til sjúkdóma, sjúkdómsvalda og atburða, sbr. 2. gr., ónæmisaðgerða, sbr. 1. tölul. 5. gr., og sýklalyfjanotkunar, sbr. 3. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Embætti sóttvarnalæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Sóttvarnalæknir er skipaður af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn. Hann skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

b. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Umhverfisstofnunar“ í 2. mgr. kemur: Geislavarna ríkisins.

b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti sóttvarnalæknis og skal hann vera ritari þess.

5. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn á undan greininni:

*3. Skyldur heilbrigðisfulltrúa, heilbrigðisnefnda, dýralækna, Geislavarna ríkisins, Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar.*

Heilbrigðisfulltrúar, samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, dýralæknar, starfsmenn Landbúnaðarstofnunar, Umhverfisstofnunar og Geislavarna ríkisins skulu tilkynna viðkomandi yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr., eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu eða hættu vegna eiturefna eða geislavirkra efna. Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr., eða sóttvarnalæknir skal á sama hátt tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd, dýralækni, Landbúnaðarstofnun, Umhverfisstofnun eða Geislavörnum ríkisins, eftir því sem við á, strax og þeim verður kunnugt um smithættu eða hættu af völdum eiturefna eða geislavirkra efna. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa eftirlit með því að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

Ráðherra skipar sérstaka samstarfsnefnd til að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu

manna. Í nefndinni sitja sóttvarnalæknir, sem jafnframt er formaður, tveir fulltrúar tilnefndir af Landbúnaðarstofnun og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um smitsjúkdóma í dýrum, einn frá Geislavörnum ríkisins og tveir frá Umhverfisstofnun og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um eiturefni. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin skal gefa öllum þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppræta hættu af völdum smits, eiturefna eða geislavirkra efna. Að öðru leyti skal framkvæmd vera í samræmi við lög þessi og, eftir því sem við á, sérlög um einstaka eftirlitsaðila.

6. gr.

1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Ráðherra ákveður að fenginni tillögu sóttvarnalæknis hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns.

7. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, svo sem alþjóðaheilbrigðisreglugerðar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Sóttvarnalæknir er tengiliður Íslands við samsvarandi tengilið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.

8. gr.

Við 4. mgr. 14. gr. laganna bætist: í samræmi við 23., 30.–32. og 45. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.

9. gr.

Við 17. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Læknisskoðun sem gerð er vegna umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi og er í samræmi við verklagsreglur sóttvarnalæknis skal greiðast að fullu af vinnuveitanda eða þeim sem sækir um dvalar- eða atvinnuleyfi. Leiði frekari læknisskoðun í ljós þörf fyrir frekari sértækar rannsóknir þá greiðir viðkomandi eða sjúkratrygging hans kostnað við þau heilsufarslegu vandamál sem greinast fyrstu sex mánuðina sem dvalið er í landinu. Vinnuveitandi greiðir læknisrannsókn sem hann óskar sérstaklega eftir.

Ef aðgerðir sóttvarnalæknis eru vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda og til þeirra er gripið á grundvelli alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem Ísland er aðili að, skulu ákvæði þeirra samninga gilda um greiðsluþátttöku sjúklinga.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi sóttvarnalög, nr. 19/1997, tóku gildi 1. janúar 1998. Með lögunum varð stjórnsýslan í landinu færari um að takast á við heilbrigðisógnir en áður hafði verið. Frá gildistöku laganna hafa hins vegar orðið miklar breytingar á viðhorfum til sóttvarna og heilbrigðisógna og hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögunum m.a. vegna þróunar innan lands, sbr. alvarlega faraldra af völdum kampýlóbakter- og salmonellusýkinga.

Miklar breytingar hafa einnig átt sér stað á alþjóðavettvangi. Heimurinn hefur staðið og stendur frammi fyrir alvarlegri heilbrigðisógn s.s. af völdum alnæmis, HABL (heilkenni alvarlegrar bráðalungnabólgu, „Severe Acute Respiratory Syndrome – SARS“), heimsfaraldri inflúensu og af völdum hryðjuverka þar sem sýkla-, eiturefna- og geislavopnum kann að vera beitt, sbr. miltisbrand og taugagas. Einnig er óttast að farsóttir á borð við bólusótt geti brotist út að nýju af slysni eða ásetningi. Við þessu hefur verið brugðist af hálfu Evrópubandalagsins (EB) með stofnun sérstakrar sóttvarnastofnunar (European Centre for Disease Prevention and Control – ECDC) og eflingu viðbragða við heilbrigðisógn á vegum framkvæmdastjórnar EB en Íslendingar hafa tekið þátt í því samstarfi. Þá hefur alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkt nýja alþjóðaheilbrigðisreglugerð, AHR (International Health Regulations), sem verður bindandi alþjóðasamningur með gildistöku 15. júní 2007. Þessi AHR hefur áhrif á íslenskt laga- og reglugerðaumhverfi sem bregðast þarf við.

Á undanförnum árum hefur alþjóðasamfélagið unnið að viðbúnaðar- og viðbragðsáætlunum við heimsfaraldri inflúensu. Íslendingar hafa einnig brugðist við þessari vá. Í 12. gr. laga nr. 19/1997 eru ákvæði um víðtækar heimildir ráðherra til að grípa til opinberra sóttvarnaráðstafana. Þar er einnig fjallað um beina upplýsingaskyldu sóttvarnalæknis við ráðherra og valdheimildir sóttvarnalæknis. Samvinna sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra er nauðsynleg til að ná fram víðtækum markmiðum sóttvarnaráðstafana, sbr. ákvarðanir ríkisstjórnar frá 7. október 2005 og 10. febrúar 2006. Í vinnu við viðbúnaðaráætlanir hefur komið fram að einhver tiltekinn aðili þurfi að bera ábyrgð á að til sé í landinu viðunandi magn lyfja og annars nauðsynlegs búnaðar til að bregðast við heilbrigðisógn á borð við farsóttir og aðra vá. Í reynd hefur sóttvarnalæknir haft þetta hlutverk.

Nauðsynlegt er að skýra með ótvíræðum hætti stjórnsýslustöðu sóttvarnalæknis í sóttvarnalögunum og eru því lagðar til breytingar á ákvæðum sóttvarnalaga um yfirstjórn sóttvarna.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Rétt þykir að leggja til að gildissviði sóttvarnalaganna verði breytt til samræmis við ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar og láta það ná til heilsufarslegra afleiðinga geislavirkra efna og eiturefna auk sýkinga en nauðsynlegt er að ótvíræð lagaheimild sé fyrir hendi á þessu mikilvæga sviði heilbrigðismála. Frumvarpsgrein þessi er í samræmi við 2. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar. Þar segir:

„Markmið og gildissvið þessarar reglugerðar er að hindra, vernda gegn og hafa, með sóttvarnaráðstöfunum, hemil á útbreiðslu sjúkdóma meðal þjóða heims sem er í samræmi við og bundið við ógn við heilsu manna og jafnframt að forðast ónauðsynlega röskun á alþjóðaumferð og viðskiptum.“

Orðalagið „útbreiðslu sjúkdóma meðal þjóða heims“ sem notað er í framangreindum texta er skýrt í greinargerð með ályktun 58. alþjóðaheilbrigðisþingsins þar sem endurskoðun reglugerðarinnar var samþykkt. Í greinargerðinni með ályktuninni segir að átt sé við sjúkdóma af

völdum sýkla, eiturefna og geislavirkra efna sem breiðast út af náttúrulegum ástæðum, slysni eða ásetningi. Með greininni er ætlunin að taka af öll tvímæli um að gildissvið sóttvarnalaganna nái til þessara sjúkdóma og sjúkdómsvalda. Frekari skýringar eru gefnar í viðauka 2 með alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni, sbr. fylgiskjal I.

Um 2. gr.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að gerðar séu á 3. gr. núgildandi laga eru þríþættar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að í 1. mgr. greinarinnar bætist við að ráðherra geti með reglugerð ákveðið hvaða sjúkdómar af völdum eiturefna eða geislavirkra efna séu skráningar- og tilkynningarskyldir. Í öðru lagi er í 1. mgr. bætt við tilkynningarskyldu um atburði sem ógnað geta heilsu manna á alþjóðavísu, einnig þá sem eru af óþekktri orsök eða uppruna. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að rýmka efni sjúkdómaskrár, sem sóttvarnalækni ber að halda skv. 3. mgr. greinarinnar, þannig að hún nái til sjúkdóma af völdum eiturefna og geislavirkra efna, svo og óvenjulegra eða óvæntra atburða sem haft geta alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar fyrir alþjóðasamfélagið.

Um 3. gr.

Allt frá því að sóttvarnalög, nr. 19/1997, öðluðust gildi í ársbyrjun 1998 hefur sóttvarnaráð ályktað um nauðsyn þess að stjórnsýsluleg ábyrgð sóttvarnalæknis væri skýrð betur. Nokkur áfangi náðist með breytingu sóttvarnalaga árið 2000 en engu að síður eru enn nokkrir annmarkar á núverandi skipulagi sem rétt þykir að lagfæra. Má segja að þar skipti mestu máli sú staðreynd að samkvæmt lögunum ber landlæknisembættið ábyrgð á framkvæmd sóttvarna enda þótt þar segi jafnframt að við embættið skuli starfa sóttvarnalæknir sem beri ábyrgð á sóttvörnum. Landlæknir er hins vegar fyrst og fremst ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar og eftirlitsaðili með heilbrigðisþjónustunni. Stjórnsýsluleg skil eru því ekki eins skýr og nauðsynlegt er og getur það valdið örðugleikum við framkvæmd sóttvarna. Sem dæmi má nefna að óljóst er hverjir eru starfsmenn sóttvarnalæknis. Þá má draga í efa hæfi landlæknis til að hafa eftirlit með sóttvörnum ef skil eru óljós á milli eftirlitshlutverks hans og framkvæmdar sóttvarna.

Þrátt fyrir þessa stjórnsýslubreytingu er eins og málum er háttað ekki þörf á að breyta fyrirkomulagi húsnæðis eða samnýtingu á skrifstofuhaldi landlæknis og sóttvarnalæknis.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um skyldur heilbrigðisfulltrúa, heilbrigðisnefnda og dýralækna í tengslum við opinberar sóttvarnaráðstafanir. Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að tilkynningarskylda gagnvart yfirlækni heilsugæslu eða sóttvarnalækni nái einnig til Landbúnaðarstofnunar, Umhverfisstofnunar og Geislavarna ríkisins. Jafnframt er tilkynningarskyldan látin ná til hættu vegna eiturefna og geislavirkra efna. Sams konar tilkynningarskylda af hálfu yfirlæknis heilsugæslu og sóttvarnalæknis er síðan einnig látin ná til þessara stofnana. Er þessi viðbót nauðsynleg í ljósi þess hlutverks sem umræddar stofnanir hafa lögum samkvæmt.

Í 2. mgr. eru lagðar til viðbætur af sama toga og um ræðir í 1. mgr. Jafnframt er gert ráð fyrir að fulltrúar Umhverfisstofnunar og Geislavarna ríkisins eigi sæti í samstarfsnefnd sem

ráðherra skipar til að afla gagna og hafa yfirumsjón með sóttvarnaráðstöfunum. Þá er valdsvið nefndarinnar rýmkað þannig að nefndinni er heimilt að gefa fyrirmæli sem miða að því að uppræta hættu af völdum smits, eiturefna og geislavirkra efna.

Um 6. gr.

Lagt er til að ráðherra ákveði að tillögu sóttvarnalæknis hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana. Samkvæmt gildandi lögum grípur ráðherra til slíkra ráðstafana að tillögu sóttvarnaráðs. Breyting þessi er lögð til vegna ráðgefandi hlutverks sóttvarnaráðs skv. 6. gr. gildandi laga og framkvæmdahlutverks sóttvarnalæknis.

Um 7. gr.

Á þessari grein er gerð sú breyting að sóttvarnalæknir er skilgreindur sem tengiliður Íslands (National Focal Point) við samsvarandi tengiliði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO Contact points) í samræmi við ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar en í 4. gr. hennar er tekið fram að tengiliðurinn skuli ávallt vera aðgengilegur vegna samskipta við tengilið WHO. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla verði í reglugerð þar sem tengslin verði frekar skýrð í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar reglugerðar.

Í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni er einnig fjallað um sóttvarnahlutverk stjórnvalda sem lúta að vöktun flutningstækja og farangurs, aðstöðu fyrir farþega við komu til landsins vegna sóttvarnaráðstafana, eftirliti með rottueyðingu, sótthreinsun, skordýraeyðingu, sótthreinsun farangurs, gáma, flutningstækja, vara, pósts og líkamsleifa manna. Þá skulu stjórnvöld vera ábyrg fyrir vöktun, fjarlægingu og eyðingu á menguðu vatni eða fæðu, úrgangi manna og dýra, skolpi og öllu menguðu efni frá flutningi. Þessi ákvæði snerta því einnig Umhverfisstofnun, heilbrigðiseftirlit, Landbúnaðarstofnun og Geislavarnir ríkisins eftir atvikum.

Í viðauka 1 með alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni er fjallað annars vegar um kröfur um kjarnaviðbúnað vegna vöktunar og viðbragða við heilbrigðisógn og hins vegar um kröfur um slíkan viðbúnað fyrir ákveðna flugvelli, hafnir og landamæri. Í kjarnaviðbúnaði felst m.a. aðgangur að viðeigandi læknisþjónustu, þ.m.t. aðstöðu til greiningar, sem staðsett er með þeim hætti að unnt sé að meta með skjótum hætti ástand sjúklings og veita sjúkum aðhlynningu og að til staðar sé nægur fjöldi starfsmanna, tæki og aðstaða. Einnig þurfa að vera til staðar tækjabúnaður og mannafli til sjúkraflutninga til viðeigandi sjúkrastofnunar, þjálfað starfsfólk til að kanna farartæki og trygging fyrir öruggu athvarfi fyrir ferðamenn, sem hafa viðkomu á flugvelli eða höfn við komu, þ.m.t. drykkjarvatn, aðstaða til að neyta matar, mötuneyti, salerni, viðeigandi sorphirsla fyrir fastan og fljótandi úrgang og önnur svæði til frekari aðgerða eftir því sem við á.

Um 8. gr.

Í 4. mgr. 14. gr. núgildandi sóttvarnalaga eru ákvæði um læknisrannsókn á þeim sem koma til landsins. Um slíkar rannsóknir er fjallað í 23., 30.–32. og 45. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar sem samþykkt var á alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 2005 og ætlað er að taka gildi 15. júní 2007. Alþjóðaheilbrigðisþingið fór þess á leit á fundi sínum í maí 2006 að aðildarríkin flýttu gildistöku þessara greina auk 46. gr. reglugerðarinnar, sbr. fylgiskjal II. Meginefni þessara greina er eftirfarandi:

Í 23. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar er kveðið á um að aðildarríki geti farið fram á upplýsingar um áfangastað ferðamanns svo unnt sé að hafa samband við hann vegna sýkingarhættu. Það getur einnig farið fram á læknisrannsókn sem skal vera eins lítið íhlutandi

og tök eru á svo ná megi nauðsynlegum sóttvarnamarkmiðum eða rannsókn á farangri, gámum, farartækjum, vörum, pósti og líkamsleifum manna. Þar er einnig kveðið á um að hægt sé að grípa til frekari heilbrigðisráðstafana gagnvart einstaklingum, einkum ferðamönnum sem grunur leikur á um að séu smitaðir eða hafi orðið fyrir smiti og skal læknisrannsókn vera eins lítið íhlutandi og mögulegt er svo ná megi þeim markmiðum að forða alþjóðlegri útbreiðslu sjúkdóms.

Í 30. gr. er kveðið á um að ferðamaður sem grunur leikur á um að sé smitaður og sætir heilbrigðisrannsókn megi halda áfram alþjóðlegu ferðalagi ef hann ógnar ekki heilsu manna með bráðum hætti. Skal ríkið sem ferðamaðurinn dvelst í upplýsa ábyrgt yfirvald í ríki sem ferðamaðurinn ætlar til um ástand hans og væntanlegan komutíma hans þangað, sé vitað um hann. Við komu skal ferðamaðurinn hafa samband við yfirvald á áfangastað.

Í 31. gr. eru sóttvarnaráðstafanir vegna komu ferðamanna skýrðar frekar. Þar er kveðið á um að frekari heilbrigðisráðstafanir séu heimilar þegar nauðsynlegt er að skera úr um hvort hætta steðji að heilsu manna, ef sótt er um tímabundið eða varanlegt landvistarleyfi. Þá er einnig fjallað um þau úrræði sem ríki hafa ef ferðamaður neitar að hlíta læknisrannsókn, bólusetningu eða annarri fyrirbyggjandi meðferð eða neitar að gefa upplýsingar eða að framvísa nauðsynlegum skjölum.

Í 32. gr. er fjallað um mannsæmandi meðferð ferðamanna og nauðsynlegar aðstæður sem þurfa að vera fyrir hendi þegar gripið er til sóttvarnaráðstafana sem beinast að þeim.

Í 45. gr. er fjallað um meðferð persónuupplýsinga og í 46. gr. er fjallað um flutning og meðferð lífrænna efna.

Um 9. gr.

Við 17. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar. Í fyrri málsgreininni er fjallað um læknisskoðun vegna umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi. Um framvísun heilbrigðisvottorðs vegna dvalar- og atvinnuleyfis er fjallað í reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 339/2005, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003. Ekki er þar sérstaklega tilgreint hvaða kröfur eru gerðar til slíks heilbrigðisvottorðs. Vinnuveitandi getur gert kröfur um að tilteknum skilyrðum sé fullnægt og stendur þá sjálfur straum að kostnaði við vottorðið. Jafnframt gerir hið opinbera vissar kröfur til heilbrigðisvottorðs sem taka mið af sóttvörnum og skulu þær fylgja verklagsreglum sóttvarnalæknis. Eftir atvikum stendur umsækjandi sjálfur eða vinnuveitandi straum af kostnaði við slík vottorð.


Í síðari málsgreininni er fjallað um aðgerðir vegna hættu á að farsóttir berist milli landa og kemur þar fram að þegar aðgerðir eru gerðar á grundvelli alþjóðasamninga skuli ákvæði þeirra gilda um greiðsluþátttöku sjúklinga vegna þeirra, Þarna eru m.a. höfð í huga ákvæði 40. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar sem fjallar um sóttvarnaráðstafanir vegna ferðamanna, en samkvæmt henni skal undir engum kringumstæðum taka gjald af ferðamönnum vegna læknisskoðunar og tengdra rannsókna, bólusetninga, einangrunar, afkvíunar, vottorða eða heilbrigðisráðstafana vegna farangurs.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal I.**

## Viðauki 2
## Ákvörðunarferli við mat og tilkynningu um atburði sem geta ógnað heilsu manna á alþjóðavettvangi




[a] Samkvæmt sjúkdómsskilgreiningu WHO

[b] Sjúkdómslistann skal aðeins nota í tilgangi þessarar reglugerðar

Dæmi um notkun ákvörðunarferlis til að meta og tilkynna um atburði sem geta haft bráðar alvarlegar alþjóðlegar heilsufarslegar afleiðingar. Dæmin sem talin eru upp í þessum viðauka eru ekki skuldbindandi en ber að líta á sem leiðbeiningar um notkun ákvörðunarferlisins.

**Uppfyllir atburðurinn a.m.k. tvö af eftirtöldum skilyrðum:**

**Eru áhrif atburðarins á heilsu manna alvarleg?**

**I. Eru áhrif atburðarins á heilsu manna alvarleg?**

1. *Er fjöldi tilfella og/ eða fjöldi dauðsfalla sem tengjast þessum atburði mikill miðað við stað, tíma eða þjóðfélagshópa?*

2. *Kann atburðurinn að hafa mikil áhrif á heilsu manna?*
EFTIRFARANDI ERU DÆMI UM KRINGUMSTÆÐUR SEM GETA LEITT TIL MIKILLA ÁHRIFA Á HEILSU MANNA:

- Atburðurinn er af völdum sýkils með mikla getu til að valda farsótt (mikil smithæfni sýkilsins, há dánartíðni sjúkdómstilfella, fjölbreyttar smitleiðir eða heilbrigðir smitberar).
- Vísbendingar um meðferðarbrest (nýtilkomið sýklalyfjaónæmi, brestur í bólusetningum, ónæmi eða brestur í móteitri).
- Atburðurinn er alvarleg ógnun við heilsu manna jafnvel þótt engin eða mjög fá sjúkdómstifelli hafi greinst í mönnum enn sem komið er.
- Sjúkdómstilfelli hafa greinst meðal heilbrigðisstarfmanna.
- Áhættuhópar eru sérstaklega næmir (flóttamenn, lítt bólusettir hópar, börn, eldra fólk, fólk með ónæmisbrest, vannærðir o.s.frv.).
- Kringumstæður sem geta hindrað eða tafið heilbrigðisviðbrögð. (náttúruhamfarir, vopnuð átök, óhagstæð veðurskilyrði, óhagstæð dreifing atburða innan aðildarríkisins).
- Atburður verður í fjölmennu þéttbýli.
- Útbreiðsla eitraðra, smitandi eða að öðru leyti hættulegra efna sem getur verið af náttúrulegum eða öðrum ástæðum og hefur mengað, sýkt eða getu til að menga eða sýkja þjóðfélagshópa og/eða stór landssvæði.

3. *Er þörf á alþjóðlegri aðstoð til að greina, rannsaka, bregðast við eða hefta viðkomandi atburð og til að koma í veg fyrir fleiri ný tilfelli.?*
EFTIRFARANDI ERU DÆMI UM ÞÖRF Á AÐSTOÐ:

- Ófullnægjandi starfskraftar, fjármagn, efnislegar og tæknilegar bjargir, einkum;
  - ófullnægjandi rannsóknaraðstaða og faraldsfræðileg geta til að rannsaka atburð (tæki, starfskraftar, fjármagn)
  - ófullnægjandi birgðir af móteitri, bóluefnum og öðrum lyfjum eða hlífðarbúnaði til að mæta áætlaðri þörf.
  - vöktunarkerfi sem fyrir liggja eru ófullnægjandi við greiningu á nýjum tilfellum með skjótum hætti.

**ERU ÁHRIF ATBURÐARINS Á HEILSU MANNA ALVARLEG?**

**Svarið er já ef svarið hefur verið játandi við spurningum 1, 2 eða 3 að ofan.**

| Er atburðurinn óvenjulegur eða óvæntur? | **II. Er atburðurinn óvenjulegur eða óvæntur?** |
|---|---|
| | 4. *Er atburðurinn óvenjulegur?*<br>EFTIRFARANDI ERU DÆMI UM ÓVENJULEGA ATBURÐI:<br>• Atburðurinn ef völdum óþekkts sjúkdómsvalds eða af óþekktum uppruna, farartækis eða þar sem smitleið er óvenjuleg eða óþekkt.<br>• Sjúkdómsþróun er alvarlegri og dauðsföll fleiri en búast má við eða að einkenni eru óvenjuleg.<br>• Atburðurinn sem slíkur er óvenjulegur fyrir tiltekið landsvæði, tímasetningu eða þjóðfélagshóp þar sem hans verður vart. |
| | 5. *Er atburðurinn óvenjulegur frá heilsufarslegu sjónarmiði?*<br>EFTIRFARANDI ER DÆMI UM ÓVENJULEGA ATBURÐI:<br>• Atburður af völdum sjúkdóms/sjúkdómsvalds sem hafði áður verið bægt frá aða útrýmt í aðildarríkinu eða hefur ekki verið tilkynnt um áður. |
| | **ER ATBURÐURINN ÓVENJULEGUR EÐA ÓVÆNTUR?**<br><br>**Svarið er já ef svarið hefur verið játandi við spurningum 4 eða 5 að ofan.** |

| Er marktæk hætta á alþjóðlegri útbreiðslu? | **III. Er marktæk hætta á alþjóðlegri útbreiðslu?** |
|---|---|
| | 6. *Eru faraldsfræðileg tengsl við svipaða atburði í öðrum ríkjum?* |
| | 7. *Eru einhverjar þær kringumstæður sem gefa tilefni til að ætla að sjúkdómsvaldurinn, farartækið eða hýsillinn geti borist til annarra ríkja?*<br>EFTIRFARNADI ERU DÆMI UM KRINGUMSTÆÐUR SEM LEITT GETA TIL ALÞJÓÐLEGRAR ÚTBREIÐSLU:<br>• Þar sem eru vísbendingar um staðbundna útbreiðslu, upprunatilfelli (eða tengt tilfelli) innan mánaðar með sögu um;<br>– alþjóðleg ferðalög (innan þess tíma sem nemur meðgöngutíma sjúkdóms ef sjúkdómsvaldurinn er þekktur),<br>– þátttaka í alþjóðlegum mannsöfnuði (pílagrímaferð, íþróttaatburðum, ráðstefnum o.s.frv.) eða<br>– náið samband við alþjóðlega ferðamenn eða þjóðfélagshóp sem ferðast mikið.<br>• Atburður af völdum umhverfismengunar sem getur borist til annarra ríkja.<br>• Atburður á svæði þar sem milliríkjaumferð er mikil og þar sem erfitt er að beita heilbrigðisráðstöfunum,umhverfisgreiningu eða sótthreinsun. |
| | **ER MARKTÆK HÆTTA Á ALÞJÓÐLEGRI ÚTBREIÐSLU?**<br><br>**Svarið er já ef svarið hefur verið játandi við spurningum 6 eða 7 að ofan.** |

| Hætta á ferða- eða viðskiptatakmörkunum? | IV. Er hætta á ferða- eða viðskiptatakmörkunum? |
|---|---|
| | 8. *Hafa álíka atburðir í fortíðinni valdið takmörkunum á ferðum og / eða viðskiptum?* |
| | 9. *Er vitað til þess að uppruninn sé matvæli, vatn eða önnur framleiðsla sem gæti verið menguð og hefur verið flutt til eða frá öðrum ríkjum?* |
| | 10. *Hefur atburðurinn orðið í tengslum við alþjóðlegan mannsöfnuð eða á svæði með umfangsmikla ferðamennsku?* |
| | 11. *Hefur atburðurinn valdið fyrirspurnum um frekari upplýsingar frá erlendum embættismönnum eða alþjóðlegum fjölmiðlum?* |
| | **ER MARKTÆK HÆTTA Á TAKMÖRKUNUM Á ALÞJÓÐLEGUM FERÐUM EÐA VIÐSKIPTUM?**<br><br>**Svarið er já ef svarið hefur verið játandi við spurningum 8, 9, 10 eða 11 að ofan.** |

**Aðildarríki sem svarar já við spurningunni hvort atburður uppfyllir einhver tvö af fjórum skilyrðum (I-IV) að ofan skal tilkynna það til WHO í samræmi við 6. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.**

**Fylgiskjal II.**

**5. hluti alþjóðaheilbrigðisreglugerðar WHO.**
**Sóttvarnaráðstafanir (PART V - PUBLIC HEALTH MEASURES)**

**23. gr. (Sóttvarnaráðstafir við komu og brottför).**
Í 23. gr. er fjallað um heimildir ríkis til að grípa til sóttvarnaráðstafana við komu og brottför ferðamanna sem lúta að upplýsingaöflun um áfangastað svo unnt sé að ná sambandi við viðkomandi, upplýsingum um ferðaslóð fyrir komu og heilbrigðisvottorð sem reglugerðin kann að krefjast og læknisskoðun sem er eins lítið nærgöngul og unnt er til að ná settum lýðheilsumarkmiðum. Ríki er einnig heimilt að kanna farangur, böggla, gáma, farartæki, póstsendingar og líkamsleifar.

Ríki hefur heimild til að beita strangari sóttvarnaráðstöfunum vegna heilbrigðisógna en getið er um í 1 mgr. 23. gr., sérstaklega vegna sýkts ferðamanns eða þess sem liggur undir grun um að vera sýktur þar sem þess er gætt að ekki sé gengið lengra en þörf er á til að koma í veg fyrir alþjóðlega útbreiðslu sjúkdóma.

Ekki má gera læknisfræðilega rannsókn, bólusetja, veita fyrirbyggjandi meðferð eða beita heilbrigðisráðstöfunum samkvæmt þessari reglugerð án upplýsts samþykkis ferðamanns eða foreldra eða gæslumanna barna, nema samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 31. gr. og í samræmi við lög viðkomandi ríkis.

Upplýsa skal ferðamenn, foreldra eða gæslumenn barna um sérhverja áhættu sem felst í bólusetningu eða fyrirbyggjandi meðferð sem boðin er í samræmi við þessa reglugerð og gagnsemi eða hættu sem hlýst af því að þiggja ekki bólusetningu eða fyrirbyggjandi meðferð í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar ríkis. Aðildarríki skal upplýsa lækna um þessar ráðstafanir í samræmi við lög ríkisins.

Sérhver læknisfræðileg rannsókn, læknisfræðileg aðgerð, bólusetning eða önnur fyrirbyggjandi meðferð sem felur í sér áhættu á útbreiðslu sjúkdóms skal aðeins gerð á eða veitt ferðamanni í samræmi við viðurkenndar þjóðlegar eða alþjóðlegar öryggisleiðbeiningar og staðla svo unnt sé að lágmarka slíka áhættu.

**30. gr. (Sóttvarnaeftirlit með ferðamönnum)**
Í samræmi við 43. gr. eða samkvæmt heimildum í alþjóðasamningum getur ferðamaður, sem grunur leikur á að haldinn sé sóttnæmum sjúkdómi og því settur undir eftirlit, haldið áfram ferðalagi sínu ef hann veldur ekki bráðri ógn við almannaheill og viðkomandi ríki upplýsi þar til bært stjórnvald á áfangastað um ástand mála. Við komu skal ferðamaður tilkynna sig til þessa stjórnvalds.

**31. gr. (Sóttvarnaráðstafanir við komu ferðamanna)**
Þótt ekki skuli farið fram á ífarandi læknisfræðilega rannsókn („invasive medical examination"), bólusetningar eða aðra fyrirbyggjandi meðferð þá hindrar þessi reglugerð ekki ríki að framkvæma læknisfræðilega rannsókn, bólusetningar eða aðra fyrirbyggjandi meðferð að teknu tilliti til ákvæða 32., 42. og 45. gr. reglugerðarinnar sem skilyrði fyrir komu til lands:
(a) Þegar nauðsynlegt er að ákveða hvort heilsu manna sé ógnað.
(b) Sem skilyrði fyrir komu sérhvers ferðamanns sem sækir um tímabundið eða varanlegt dvalarleyfi.
(c) Sem skilyrði fyrir komu sérhvers ferðamanns sbr. ákvæði 43. gr. eða viðauka 6 og 7.
(d) Sem má gera samkvæmt ákvæðum 23. gr.

2. Fari ríki fram á að ferðamaður sæti læknisfræðilegri rannsókn, bólusetningu eða annarri fyrirbyggjandi meðferð, sbr. 1. mgr. þessarar greinar og hann neitar sérhverri slíkri aðgerð eða neitar að veita upplýsingar eða þau gögn sem vísað er til í 1. mgr. (a) í 23. gr. getur ríki í samræmi við ákvæði 32., 42. og 45. gr. neitað ferðamanni um komu til ríkisins. Ef vísbendingar eru um yfirvofandi heilbrigðisógn getur ríki í samræmi við landslög og í samræmi við nauðsynlegar sóttvarnir fyrirskipað ferðamanni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. að sæta:

(a) Eins lítið íþyngjandi læknisrannsókn sem þörf er á til að ná nauðsynlegum lýðheilsumarkmiðum
(b) Bólusetningu eða annarri fyrirbyggjandi meðferð
(c) Viðbótar sóttvarnaráðstöfunum sem miða að því að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóms, þ.m.t. einangrun, sóttkví eða eftirlit með viðkomandi ferðamanni.

**32. gr. (Meðferð ferðamanna)**
Ef gripið er til sóttvarnaráðstafana í samræmi við þessa reglugerð skal ríki meðhöndla ferðamenn af virðingu fyrir þeim, mannréttindum þeirra og grundvallarfrelsi og draga úr eins og kostur er sérhverjum óþægindum og spennu í tengslum við slíkar ráðstafanir, þ.m.t. að:
(a) Meðhöndla alla ferðamenn af kurteisi og virðingu
(b) Taka tillit til kynferðis, kynþáttar félagslegs og trúarlegs bakgrunns ferðamanna
(c) Veita ferðamönnum fullnægjandi vatns- og matarbirgðir, tryggja viðunandi húsnæði, fatnað, skjól fyrir farangur og aðrar eignir, viðunandi læknismeðferð, tækifæri til upplýsingasamskipta á því máli sem þeir skilja sé þess kostur og aðra viðeigandi aðstoð fyrir ferðamenn sem eru í sóttkví, einangrun eða sæta læknisrannsókn eða öðrum sóttvarnaráðstöfunum.

**45. gr. (Meðferð persónuupplýsinga)**
1. Heilbrigðisupplýsingar, sem safnað er saman eða berast ríki í samræmi við þessa reglugerð frá öðru ríki eða frá WHO sem vísa á persónugreinanlegan einstakling, skal fara með sem trúnaðarupplýsingar og skal vinnsla þeirra vera ópersónugreinanleg í samræmi við landslög.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ríki gefið upp og unnið með persónugreinanleg gögn sé það í þágu sóttvarna en ríki, í samræmi við landslög, og WHO verða að tryggja að persónugögn séu:
(a) Unnin málefnalega og í samræmi við lög og ekki frekar unnin í ósamræmi við þau markmið.
(b) Fullnægjandi, viðeigandi og ekki umfram þörf.
(c) Nákvæm og, þar sem nauðsyn krefur, nýleg. Viðeigandi ráðstafanir þarf að gera til að tryggja að gögnum sem eru ónákvæm eða ófullnægjandi verði eytt eða þau færð í rétt horf.
(d) Ekki haldið lengur en nauðsyn ber til.

3. Sé þess farið á leit skal WHO, eins og frekast er kostur, veita einstaklingi persónuupplýsingar um hann eða hana sem getið um í þessari grein á skiljanlegan hátt án ónauðsynlegrar tafar eða kostnaðar og þegar nauðsynlegt er veita leyfi fyrir leiðréttingum.

**46. gr. (Flutningur og meðferð lífrænna efna, rannsóknarefni og efna til greininga)**
Í samræmi við landslög og að teknu tilliti til viðeigandi alþjóðlegra leiðbeininga skal ríki auðvelda flutning, innflutning og útflutning, meðferð og eyðingu lífrænna efna og greiningarsýna, rannsóknarefna og önnur greiningarefni til staðfestingar og sóttvarnaráðstafana í samræmi við þessa reglugerð.

**Fylgiskjal III.**

## DRÖG 20.11.2006

## Reglugerð um sóttvarnaráðstafanir

### I. kafli
### Göngudeildir sem sinna tilkynningarskyldum smitsjúkdómum

1. gr.

Göngudeildir sem sinna tilkynningarskyldum smitsjúkdómum skulu vera á Landspítala háskólasjúkrahúsi (LSH) og hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Sértæk göngudeild smitsjúkdóma fyrir börn skal vera á LSH. Þessar göngudeildir annast sjúklinga sem þangað er vísað eða þangað leita vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma eða annarra alvarlegra smitsjúkdóma eða gruns um slíka sjúkdóma. Hlutverk deildanna er einnig að rekja smit manna á milli, hafa upp á þeim einstaklingum sem kunna að hafa smitast af tilkynningarskyldum sjúkdómum og hindra frekari sjúkdómsútbreiðslu, sbr. 1. og 2. mgr. 16 gr. laga nr. 19/1997.

### Sýkingavarnir og sérstök aðstaða til einangrunar, afeitrunar og hreinsunar

2. gr.

Á LSH skal vera þekking og viðbúnaður sem snýr að sóttvörnum vegna sérstakra ógna sem steðjað geta að vegna sýkla, eiturefna og geislavirkra efna.
Sérstök aðstaða skal vera á LSH til einangrunar sjúklinga sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm eða vegna afleiðinga eiturefna- eða geislavirkra efna. Þar skal einnig vera aðstaða til sótthreinsunar og afeitrunar sjúklinga, fatnaðar, áhalda og farartækja.

Á heilsugæslustöðvum og öðrum heilbrigðisstofnunum skal vera til staðar þekking og grunnviðbúnaður sem snýr að sóttvörnum.

3. gr.

Á deildaskiptu sjúkrahúsi skal starfa sýkingavarnanefnd og eftir atvikum sýkingavarnadeild sem hefur það hlutverk að skrá aðgerðatengdar sýkingar og stuðla að sýkingavörnum innan stofnunarinnar.

### II. kafli
### Framkvæmd opinberra sóttvarnaráðstafana

4. gr.

*Göngudeildir sem sinna tilkynningarskyldum smitsjúkdómum*

Göngudeildir sem sinna tilkynningarskyldum smitsjúkdómum, heilsugæslustöðvar og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu sinna opinberum sóttvarnaráðstöfunum í samræmi við IV. kafla og 14. gr. laga nr. 19/1997 og reglugerð nr. 162/2003 skv. nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis.

5. gr.

*Almannavarnir*

Opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 12. gr. laga nr. 19/1997 og undirbúningur þeirra skulu gerðar í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

6. gr.

*Alþjóðlegar hafnir og flugstöðvar*

Landamærastöðvarnar á Keflavíkurflugvelli, Sundahöfn og Holtabakka og Seyðisfirði skulu vera sóttvarnastöðvar og uppfylla skilyrði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar um alþjóðlega landamærastöð.

7. gr.

*Öryggisbirgðahald*

Sóttvarnalæknir skal hafa umsjón með öryggisbirgðum lyfja og annars nauðsynlegs búnaðar í landinu til að bregðast við heilbrigðisógnum á borð við farsóttir eða aðra vá. Sóttvarnalæknir skal birta lista yfir slíkar birgðir í landinu á hverjum tíma í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

8. gr.

*Læknisrannsókn á fólki sem flyst til landsins.*

Göngudeildir samkvæmt 1. gr. og heilsugæslustöðvar annast læknisrannsókn á þeim sem koma til landsins og sækja um dvalarleyfi samkvæmt verklagsreglum sóttvarnalæknis sem miðast við sérstakt hættuástand vegna smitsjúkdóma farsótta á tilteknu landsvæði, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 19 /1997. Hafi umsækjandi fullgilt læknisvottorð að mati læknis og sé það ekki eldra en þriggja mánaða við komu til landsins þarf viðkomandi ekki að sæta læknisrannsókn enda sé vottorðið í samræmi við verklagsreglur sóttvarnalæknis.

9. gr.

*Læknisrannsókn á ferðamönnum við komu eða brottför*

Berist tilkynning frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um að næm sótt sem ógnað getur almannaheill breiðist út og gæti borist til landsins eða frá því skulu þeir sem koma til landsins eða hyggjast yfirgefa það og gætu hafa orðið fyrir smiti sæta læknisrannsókn samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis sbr. 13 gr. laga nr. 19/1997. Samkvæmt ákvæðum alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar ber ferðamanni að veita upplýsingar um áfangastað, gangast undir læknisrannsókn sem er eins takmörkuð og auðið er en uppfyllir jafnframt markmið sóttvarna og heimila könnun á farangri.

## III. kafli
## Greiðslur og undanþágur frá greiðsluhlutdeild.

10. gr.

*Dvalar- og atvinnuleyfi*

Læknisskoðun sem gerð er vegna umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfis og er í samræmi við verklagsreglur sóttvarnalæknis skal greiðast af vinnuveitenda eða þeim sem sækir um dvalar- eða atvinnuleyfi. Leiði frekari læknisskoðun í ljós þörf fyrir frekari sértækar rannsóknir þá greiðir viðkomandi eða sjúkratrygging hans kostnað við þau heilsufarslegu vandamál sem

greinast fyrstu sex mánuðina sem dvalið er í landinu. Læknisrannsókn sem vinnuveitandi óskar sérstaklega greiðast af vinnuveitandanum.

11. gr.

*Tilkynningarskyldir smitsjúkdómar*

Greining, meðferð og eftirfylgni tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, fyrir aðra en getið er um í 10. gr. sbr. reglugerð nr. 129/1999 um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma, skal vera sjúklingi, sem leitar til göngudeilda smitsjúkdóma skv. 1.gr. eða heilsugæslustöðva, að kostnaðarlausu. Sama gildir um þá sem kvaddir eru til rannsóknar til leitar að smiti.

12. gr.

*Ákvæði vegna Alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar*

Ferðamenn sem leggja þurfa fram vottorð og sæta þurfa læknisskoðun og tengdum rannsóknum, bólusetningum, einangrun, afkvíun, eða heilbrigðisráðstöfunum vegna farangurs samkvæmt ákvæðum alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar skulu ákvæði þeirra samninga gilda um greiðsluþátttöku sjúklinga og þeir undanþegnir greiðsluhlutdeild.

**Gildistaka.**

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18, gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, sbr. 12., 16. og 17. gr., öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 131/1999.

## Greinargerð með drögum að reglugerð um sóttvarnaráðstafanir

### Almennar athugasemdir

Um 1. gr.

Lagastoð fyrir ákvæðum 1. gr. er að finna í 18. gr. laga nr. 19/1997 en þar segir m.a. að ráðherra skuli með reglugerð setja nánari ákvæði um: „starfsemi göngudeilda skv. 16. gr. og hvaða deildir geti veitt þjónustu, sjúklingum að kostnaðarlausu, skv. 17. gr.“

Í reglugerð nr. 131/1999 er nákvæm lýsing á staðsetningu göngudeilda smitsjúkdóma innan LSH og Heilsuverndarstöðvarinnar og einnig tiltekið sérstaklega að starfrækja skuli göngudeildir fyrir berkla og kynsjúkdóma. Í sóttvarnalögunum er engin sérstök lagastoð fyrir því að reka göngudeildir fyrir einstaka tilkynningarskylda sjúkdóma. Nú er lagt til að skylda sjúkrahúss sé almennt orðuð og að sjúkrahúsið sjálft ákveði hvernig það framkvæmi ákvæði reglugerðarinnar og nýti sér þá sérfræðiþekkingu sem þar er til staðar.

Um 2. gr.

Í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 19/1997 segir: „Á sjúkrahúsum, sem heilbrigðisráðherra ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.“ Ráðherra hefur í reynd ákveðið að LSH skuli hafa sérstaka aðstöðu til einangrunar sjúklinga vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm. Þá þykir rétt að setja einnig ákvæði í reglugerð um sérstaka aðstöðu til sótthreinsunar, afeitrunar sjúklinga, fatnaðar, áhalda og farartækja en þetta er nauðsynlegur búnaður sem fylgir því að axla þá ábyrgð að einangra sjúklinga með hættulega smitsjúkdóma eða sjúklinga sem

orðið hafa fyrir eiturefnum eða geislavirkum efnum. Þetta ákvæði á sér stoð í síðasta málslið 18. gr. laga nr. 19/1997 en þar segir: „Þá er ráðherra heimilt að setja reglur ef grípa þarf til sérstakra ráðstafana vegna sóttvarna við náttúruhamfarir og aðra vá og að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.“

Um 3. gr.

Þessi grein er almenn útfærsla á umfjöllun um 2.gr. þar sem sérstök skylda er lögð á deildaskipt sjúkrahús að sinna sýkingavörnum og að tilkynna um aðgerðatengdar sýkingar, sbr. reglugerð nr. 129/1999 með síðari breytingum.

Um 4. gr.

Lagt er til að sérstakar göngudeildir skuli sinna opinberum sóttvarnaráðstöfunum samkvæmt fyrirmælum sóttvarnalæknis í samræmi við IV. kafla laga nr. 19/1997.
Ráðherra hefur með reglugerð nr. 162/2003 tilnefnt sérstaka yfirlækna heilsugæslu til að sinna sóttvörnum í héraði undir stjórn sóttvarnalæknis. Lagt er til að viðkomandi heilsugæslustöðvar geti tekið að sér verkefni sem ætlað er göngudeildum smitsjúkdóma í samræmi við 1. gr.

Um 5. gr.

Opinberar sóttvarnaráðstafanir eru sérstakar að því leyti að þær ná langt út fyrir hefðbundnar heilbrigðisráðstafanir. Þær geta eftir atvikum haft umtalsverð áhrif á samfélagið í heild sinni og starfsemi þess. Ráðstafanir á borð við einangrun, afkvíun, takmarkanir á ferðafrelsi, atvinnustarfsemi, skólahaldi og samkomubann miðast við að takmarka skæða farsótt. Þær verða ekki framkvæmdar án stuðnings almannavarna í landinu. Í reynd hefur ríkisstjórnin falið ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni að annast undirbúning viðbragða í samfélaginu við hugsanlegum heimsfaraldri inflúensu.

Um 6. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um í reglugerð hvaða hafnir og flugstöðvar sem skilgreindar eru sem landamærastöðvar í viðauka reglugerð nr. 53 /2003 skuli vera sóttvarnastöðvar. Ef hætta steðjar að vegna alvarlegra farsótta sem berast eða gætu borist til landsins verður nauðsynlegt að takmarka fjölda þeirra hafna og flugstöðva sem alþjóðleg umferð fer um svo hægt verði að beita virkum sóttvarnaráðstöfunum. Ákvæðið er í samræmi við alþjóðaheilbrigðisreglugerðina sem tekur gildi 15. júní 2007 en þar er gerð krafa um lágmarksviðbúnað á sérstaklega tilnefndum flugstöðvum og höfnum (í nýrri alþjóðaheilbrigðisreglugerð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er fjallað sérstaklega um kjarnaviðbúnað á landamærastöðvum („core capacity at a point of entry“).

Um 7. gr.

Í vinnu við viðbúnaðaráætlanir hefur komið fram að einhver tiltekinn aðili þurfi að bera ábyrgð á að til sé í landinu viðunandi magn lyfja og annars nauðsynlegs búnaðar til að bregðast við heilbrigðisógnum á borð við farsóttir og aðra vá. Í reynd hefur sóttvarnalæknir haft þetta hlutverk fyrir hönd. ráðuneytisins. Lagt er til að sóttvarnalæknir hafi umsjón með slíkum öryggisbirgðum fyrir hönd stjórnvalda.

Um 8. gr.

Lagt er til að göngudeildir sem sinna tilkynningarskyldum smitsjúkdómum og heilsugæslustöðvar sjái um læknisrannsókn vegna dvalarleyfisumsækjenda. Nánari útfærsla slíkrar rannsóknar skal vera samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis enda ekki rétt að binda framkvæmd hennar í reglugerð.

Um 9. gr.

Í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 19/1997 segir: „Telji sóttvarnalæknir hættu á að næmar sóttir sem ógnað geta almannaheill berist til landsins getur hann beint tilmælum til ráðherra um að setja reglugerð um að þeir sem koma til landsins og talin er hætta á að beri með sér slíkar sóttir skuli sæta læknisrannsókn.“ Í þeirri alþjóðaheilbrigðisreglugerð sem tekur gildi 15. júní 2007 eru sérstök ákvæði um heimildir til rannsókna á ferðamönnum og eftir atvikum sérstökum sóttvarnaráðstöfunum.

Um 10. gr.

Um framvísun heilbrigðisvottorðs vegna dvalar- og atvinnuleyfis er fjallað í reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga nr. 339/2005, lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 og reglugerð um útlendinga nr. 53/2003. Ekki er þar sérstaklega tilgreint hvaða kröfur eru gerðar til slíks heilbrigðisvottorðs. Vinnuveitandi getur gert kröfur um að tilteknum skilyrðum sé fullnægt og stendur þá sjálfur straum að kostnaði við vottorðið. Jafnframt gerir hið opinbera vissar kröfur til heilbrigðisvottorðs sem taka mið af sóttvörnum og skulu þær fylgja verklagsreglum sóttvarnalæknis. Eftir atvikum stendur umsækjandi sjálfur eða vinnuveitandi straum af kostnaði við slík vottorð.

Um 11. gr.

Athugasemdir hafa verið gerðar vegna takmörkunar á undanþágu frá greiðsluhlutdeild vegna tilkynningarskyldra sjúkdóma en slíkar undanþágur eru bundnar við göngudeildir sem sinna tilkynningarskyldum smitsjúkdómum og heilsugæslustöðvar. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á gildandi fyrirkomulagi um undanþágu frá greiðsluhlutdeild í þessari reglugerð að öðru leyti en því að slík undanþága nær einnig til eftirfylgni vegna framhaldsrannsókna og meðferðar tilkynningarskyldra sjúkdóma.

Um 12. gr.

Skv. ákvæðum 40. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar sem fjallar um sóttvarnaráðstafanir vegna ferðamanna skal undir engum kringumstæðum taka gjald af ferðamönnum vegna læknisskoðunar og tengdra rannsókna, bólusetninga, einangrunar, afkvíunar, vottorða eða heilbrigðisráðstafana vegna farangurs.

**Fylgiskjal IV.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19 17. apríl 1997.**

Í frumvarpinu er lagt til að í sóttvarnalögum verði stjórnsýslustaða sóttvarnalæknis skýrð með ótvíræðum hætti. Í ljósi aukins viðbúnaðar gegn farsóttum undanfarin missiri er talið nauðsynlegt að kveða skýrar á um yfirstjórn sóttvarna í landinu og stjórnsýslulega ábyrgð sóttvarnalæknis. Þá er nánar kveðið á um skyldur heilbrigðisfulltrúa, heilbrigðisnefnda og dýralækna í tengslum við opinberar sóttvarnaráðstafanir. Samhliða frumvarpinu er lögð fram reglugerð um sóttvarnaráðstafanir.

Að óbreyttu hefur hvorki samþykkt frumvarpsins né gildistaka reglugerðarinnar áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

## 947. Frumvarp til laga [639. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast eftirfarandi skilgreiningar, í réttri stafrófsröð:

1. *Berg:* Samsafn steinda, oftast margra mismunandi steinda, sem finnst í náttúrunni og ekki hefur orðið til fyrir tilverknað mannsins. Berggler, svo sem hrafntinna og biksteinn, telst einnig til bergtegunda.
2. *Steind:* Fast efni með ákveðna samsetningu, oftast kristallað, sem finnst sjálfstætt í náttúrunni og ekki hefur orðið til af manna völdum.
3. *Steingervingur:* Leifar og steingerðar leifar lífveru eða för eftir hana sem finnast í jarðlögum.
4. *Umhverfisverndarsamtök:* Samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.
5. *Útivistarsamtök:* Samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Óheimilt er að nema brott eða losa steingervinga af fundarstað. Umhverfisráðuneytið getur þó að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá ákvæði þessu í þágu jarðfræðirannsókna.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Steindir og steingervingar.*

3. gr.

2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laganna orðast svo: Náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella og dranga, svo og fundarstaði steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og bergforma, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu. Friðlýstar náttúrumyndanir nefnast náttúruvætti.

4. gr.

Við 63. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Innan friðlýstra náttúruverndarsvæða er óheimilt að losa um, nema á brott eða skemma hrafntinnu í formi bergglers og tæra silfurbergskristalla lengri en 5 cm. Sama gildir um aðrar sjaldgæfar tegundir steinda og bergs sem kunna að verða friðlýstar. Umhverfisráðuneytið getur þó að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá ákvæði þessu í þágu jarðfræðirannsókna.

5. gr.

Við 74. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda ákvörðunum Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum þessum geta skotið málinu til ráðherra í þeim tilgangi að fá ákvarðanir felldar úr gildi eða þeim breytt. Umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að möguleikar til endurskoðunar stjórnvaldsákvarðana á grundvelli náttúruverndarlaga verði auknir frá því sem nú er. Hins vegar er lagt til að kveðið verði á um aukna vernd bergtegunda.

Á undanförnum mánuðum hafa komið til úrlausnar stjórnvalda mál sem varða nám sjaldgæfra steinda og bergtegunda. Hafa þau gefið tilefni til að styrkja ákvæði náttúruverndarlaga um vernd slíkra sérstæðra fyrirbrigða í náttúrunni. Að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar er lagt til að ákvæði náttúrverndarlaga um friðlýsingu verði styrkt þannig að þau nái jafnframt til bergtegunda og bergforma. Einnig er lagt til að kveðið verði á um að óheimilt sé að losa um, nema á brott eða skemma sjaldgæfar tegundir steinda og bergs sem friðunarákvæði gilda um. Loks er lagt til að kveðið verði á um að óheimilt sé að nema brott eða losa steingervinga af fundarstað.

Meginregla stjórnsýsluréttarins varðandi kæruaðild er sú að aðeins þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta geti kært stjórnvaldsákvörðun. Á sviði umhverfisréttarins er viðurkennt að kæruaðild geti hins vegar verið rýmri en á öðrum sviðum. Á sviði náttúruverndar gildir svokallaður almannaréttur, þ.e. réttur almennings til umferðar um landið og náttúruupplifunar. Þykir því eðlilegt að kæruréttur nái í náttúruverndarlögum einnig til umhverfisverndarsamtaka og útivistarsamtaka.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til að lykilhugtök frumvarpsins verði skilgreind, þ.e. berg, steindir steingervingar, umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök. Jarðfræðihugtök eru skilgreind í samræmi við tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands. Lagt til að umhverfisverndarsamtök verði skilgreind með sama hætti og gert er í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Um 2. gr.

Lagt er til að bætt verði við 40. gr. laganna ákvæði um sérstaka vernd steingervinga, þ.e. að óheimilt verði að nema þá brott af fundarstað nema í þágu rannsókna. Nám steingervinga er óafturkræft og því mikilvægt að tryggja varðveislu þeirra. Steingervingar hafa einnig mikið vísinda- og fræðslugildi.

Um 3. gr.

Lagt er til að orðunum bergtegund og bergform verði bætt við 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laganna þannig að einnig verði heimilt að friðlýsa slíkar náttúrumyndanir. Eins og fram kemur í 2. mgr. 53. gr. getur friðlýsing samkvæmt ákvæðinu ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

Um 4. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um það að innan friðlýstra náttúruverndarsvæða sé óheimilt að losa um, nema á brott eða skemma hrafntinnu í formi bergglers og tæra silfurbergskristalla lengri en 5 cm. Hrafntinna, sem er ákveðið form bergtegundarinnar rhýólíts, er fremur sjaldgæf og finnst aðeins á eldfjallasvæðum. Hérlendis er hrafntinna þekkt frá allnokkrum stöðum en yfirleitt í mjög litlu magni. Í þeim fáu tilvikum þar sem hrafntinna finnst í einhverjum mæli gefur hún yfirborði myndunarinnar sérstaka glitrandi áferð, enda draga slíkir staðir gjarnan nafn sitt af hrafntinnunni. Hrafntinna í formi bergglers finnst t.d. í friðlandi að Fjallabaki. Silfurberg er það afbrigði kalsíts kallað sem alveg er gegnsætt. Stórir kristallar, stærri en u.þ.b. 5 cm, af silfurbergi eru fágætir, bæði á landsvísu og á heimsvísu. Kalsít hefur mjög hátt tvíbrot og voru stórir gegnsæir kristallar notaðir við ýmsar ljósfræðitilraunir allt fram á 20. öld. Hrafntinna og silfurberg hafa að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar mikið náttúruverndargildi. Nám steinda og bergtegunda er óafturkræft og því mikilvægt að tryggja verndun þess. Er því lagt til að sama regla gildi um aðrar sjaldgæfar tegundir steinda og bergs sem kunna að verða friðlýstar skv. 53. gr. laganna. Skv. 2. mgr. 53. gr. laganna getur friðlýsing náttúruminja ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

Um 5. gr.

Lagt er til að réttur til að kæra stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna verði rýmkaður frá því sem nú er og taki jafnframt til umhverfisverndar- og útivistarsamtaka sem og þeirra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Ákvæðið er samið m.a. með hliðsjón af 19. gr. frumvarps til laga um Vatnajökulsþjóðgarð sem lagt hefur verið fram á Alþingi enda eðlilegt að svipaðar reglur gildi um kæruaðild í þjóðgörðum og á öðrum friðlýstum svæðum.

Þær ákvarðanir Umhverfisstofnunar sem eru kæranlegar eru stjórnvaldsákvarðanir stofnunarinnar. Einkum er þar um að ræða ákvarðanir skv. 38. gr. laganna. Með 38. gr. er kveðið á um að vegna framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum þurfi

leyfi Umhverfisstofnunar. Í þeim tilvikum þar sem ákvörðun stofnunarinnar um takmörkun á umferð í óbyggðum skv. 19. gr. laganna beinist að tilteknum aðila eða aðilum og telst binda endi á stjórnsýslumál mundi hún einnig að vera kæranleg.

Á sviði umhverfisréttar geta komið upp vafatilvik um hverja beri að telja aðila máls. Úr slíkum vafatilvikum má leysa með heildstæðu mati á hagsmunum og tengslum umræddra aðila við úrlausn máls. Þau sjónarmið sem koma til skoðunar við mat á aðild eru hvort viðkomandi eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta.

Með beinum hagsmunum er vísað til þess hversu náið maður tengist hagsmunum af úrlausn málsins. Ekki er loku fyrir það skotið að maður sem á óbeinna eða afleiddra hagsmuna að gæta geti talist aðili máls. Við mat á því hvort afleiddir hagsmunir séu nægilega verulegir til þess að skapa manni aðilastöðu er til dæmis litið til eðlis og vægis hagsmunanna og hvernig þeir tengjast úrlausnarefni málsins og jafnframt hvaða þýðingu niðurstaða máls getur haft fyrir hlutaðeigandi.

Með verulegum hagsmunum getur m.a. verið átt við fjárhagslega og persónulega hagsmuni. Því meiri hagsmunir sem aðili máls hefur af úrlausn málsins þeim mun meiri líkur eru á því að hann teljist aðili málsins, svo framarlega sem önnur sjónarmið standi ekki í vegi fyrir því.

Það sem greinir almenna hagsmuni frá sérstökum hagsmunum er að með almennum hagsmunum er byggt á því að mjög margir eða nánast allir eiga sambærilegra hagsmuna að gæta af úrlausn máls, slíkir hagsmunir skapa ekki aðilastöðu í máli.

Með lögvörðum hagsmunum er vísað fyrst og fremst til þess hver uppspretta og eðli hagsmunanna eru. Til þess að um lögvarða hagsmuni sé að ræða þá þarf einstaklingur að sýna fram á að hann hafi hagsmuni af því að fá leyst úr þeim kröfum sem hann gerir eða öllu heldur verður hann að hafa beinna og einstaklingslega hagsmuni af úrlausnaratriði máls.

Hvað varðar hagsmuni á borð við áhuga á umhverfismálum þá nægja þeir einir og sér ekki til aðildar í málum. Þykir því ástæða til að mæla sérstaklega fyrir um aðild umhverfisverndarsamtaka og útivistarsamtaka sem eru samtök áhugafólks um umhverfisvernd og útivist þegar um er að ræða tilvik þar sem ekki er hægt að sýna fram á að tilteknir einstaklingar eigi lögvarða hagsmuni.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lögð til rýmkun á rétti til að kæra stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna. Þá eru aukin ákvæði um vernd bergtegunda.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

# 948. Svar [154. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um forvarnir gegn fíkniefnum og meðferð ungra fíkniefnaneytenda.

1. *Hver eru framlög hins opinbera til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum nú og hver voru árleg framlög 1995–2005 á núvirði? Hverjir hafa fengið framlögin og hversu mikið hefur hver um sig fengið?*

Spurt er um framlög hins opinbera til forvarna. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er einungis unnt að svara því sem snýr að ráðuneytinu og stofnunum þess en einnig renna fjármunir til félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis.

Ýmsar stofnanir hins opinbera beita sér fyrir forvörnum gegn fíkniefnum án þess að framlög til stofnana séu sérstaklega mörkuð þeim verkefnum. Til dæmis sinnir landlæknisembættið tilteknum þáttum þessa máls með ýmsum hætti. Sama er að segja um heilsugæslustöðvar og ýmsar heilbrigðisstofnanir. Þá hefur ráðuneytið styrkt ýmis verkefni sem tengjast forvörnum af ráðstöfunarfé ráðherra sem er 8 millj. kr. á ári og af öðrum fjárlagaliðum.

Áfengis- og vímuvarnaráð sem starfar á vegum Lýðheilsustöðvar hefur umsjón með Forvarnasjóði. Tilgangur Forvarnasjóðs er að stuðla að forvörnum gegn áfengis- og vímuefnaneyslu. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði áfengis- og vímuvarna í samræmi við stefnu og forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í áfengis- og vímuvörnum hverju sinni. Árlegir styrkir úr sjóðnum eru veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum.

Lýðheilsustöð er miðstöð vímuvarna í landinu. Hjá Lýðheilsustöð er unnið fræðsluefni um áfengi og önnur vímuefni fyrir almenning og stuðlað að samvinnu og samræmingu starfa á meðal allra þeirra sem vinna að vímuvörnum. Sem miðstöð forvarna hefur Lýðheilsustöð verið að eflast og þar með áherslan á forvarnir, meðal annars vímuvarnir. Gildir þetta bæði um stofnunina faglega og fjárhagslega en fjárveitingar til stofnunarinnar hafa hækkað umtalsvert á undanförnum árum. Fjárveitingar til stofnunarinnar voru 146,2 millj. kr. í fjárlögum ársins 2004 og hafa hækkað í 195,4 millj. kr. samkvæmt fjárlögum fyrir 2007.

Eftirfarandi yfirlit sýnir árleg framlög í Forvarnasjóð á árunum 1995–2007.

**Árleg framlög í Forvarnasjóð 1995–2005, millj. kr.**

| Ár | Verðlag ársins | Verðlag 2006 |
|---|---|---|
| 1995 | 29,5 | 44,1 |
| 1996 | 50,0 | 73,0 |
| 1997 | 55,0 | 78,9 |
| 1998 | 55,0 | 77,6 |
| 1999 | 55,0 | 75,0 |
| 2000 | 70,6 | 91,7 |
| 2001 | 80,3 | 97,8 |
| 2002 | 82,5 | 95,9 |
| 2003 | 78,6 | 89,5 |
| 2004 | 82,0 | 90,4 |
| 2005 | 85,8 | 90,9 |
| 2006 | 86,5 | |
| 2007 | 126,1 | |

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir úthlutanir úr Forvarnasjóði árin 1999–2006 ásamt yfirliti yfir framlög sem sjóðurinn hefur veitt til rannsóknaverkefna og til reksturs sjóðsins. Jafnframt fylgir sundurliðað yfirlit um úthlutanir úr Forvarnasjóði.

**Árlegar úthlutanir úr Forvarnasjóði 1999–2006, millj. kr.**

| Ár | Árlegar úthlutanir | Rekstur og rannsóknir |
|---|---|---|
| 1999 | 35,8 | 19,2 |
| 2000 | 43,5 | 27,1 |
| 2001 | 49,2 | 31,1 |
| 2002 | 43,9 | 38,6 |
| 2003 | 45,3 | 33,3 |
| 2004 | 44,6 | 37,4 |
| 2005 | 40,8 | 42,8 |
| 2006 | 43,3 | 43,2 |

Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á verkefnum og rannsóknum Lýðheilsustöðvar á sviði forvarna:

*Árið 2003:*
- ESPAD, samevrópsk rannsókn á vímuefnaneyslu 37 landa.
- Rannsóknir og greining, könnun á högum ungs fólks.

*Árið 2004:*
- Könnun á áfengisneyslu 15 ára og eldri.
- Rannsóknir og greining, könnun á högum ungs fólks.
- Viðhorfskönnun foreldra.
- Fræðslubæklingur um áfengi og áhrif þess á einstaklinginn. Tveir bæklingar, annar ætlaður fullorðnum og hinn ungu fólki.

*Árið 2005:*
- Notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna meðal ungmenna í framhaldsskólum.
- Rannsóknir og greining, könnun á högum ungs fólks.
- Innanhússverkefni:
  - Höldum heilanum heilum, fræðslubæklingur og veggspjöld um skaðsemi vímuefna (hönnun, prentun, útgáfa).
  - Áfengi engin venjuleg vara – þýðing, prentun og útgáfa á riti um áhrif stefnumörkunar í áfengismálum.
  - Ráðstefna vegna útkomu „Áfengi engin venjuleg vara“.
  - Gerð auglýsinga um áfengisnotkun.
  - Auglýsingar í ljósvaka- og prentmiðlum, gerð þeirra og birting.
  - Endurútgáfa á fræðslubækling fyrir ófrískar konur um afleiðingar neyslu áfengis og annarra vímuefna á meðgöngu.
  - „Vertu til“, unnið að forvörnum í sveitarfélögum.
  - Annar rekstur er viðkemur áfengis- og vímuvörnum, svo sem ráðstefnur og erlent samstarf.

*Árið 2006:*

- HBSC, rannsókn á heilsu og líðan grunnskólanema í 6., 8. og 10. bekk allra skóla á landinu.
- DAD, samnorræn rannsókn, könnuð þróun áfengisneyslu og tjón af hennar völdum á Íslandi 1990–2004.
- Styrkir til farar á ráðstefnu um forvarnir.
- Innanhússverkefni:
  - „Ábyrgð – öllum í hag", verkefni sem snýr að auknu öryggi á skemmtistöðum. Færniþjálfun og aukið samstarf.
  - Auglýsingar í ljósvaka- og prentmiðlum.
  - Endurprentun á „Höldum heilanum heilum", fræðsluefni um skaðsemi fíkniefna.
  - Skólafræðsla ætluð kennurum og forvarnafulltrúum og öðrum sem koma að málefnum ungs fólks, bæði á heimasíðu og til útgáfu.
  - Keyptar sýningar fyrir foreldra á forvarnaleiksýningu SÁÁ.
  - Samantekt skýrslu um möguleg áhrif stjórnvaldsaðgerða á áfengisneyslu.
  - „Vertu til" – forvarnir í sveitarfélögum.
  - Annar rekstur er viðkemur áfengis- og vímuvörnum, svo sem ráðstefnur og erlent samstarf.

2. *Hver eru framlög hins opinbera til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda á yfirstandandi ári, hver voru framlögin árin 1998–2005 og hver eru áætluð framlög árið 2007?*

Framlög til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda eru fyrst og fremst vegna starfrækslu meðferðarheimila fyrir börn og unglinga að 18 ára aldri á forræði félagsmálaráðuneytisins og undirstofnana þess. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti veitir þó fé til stofnana þar sem veitt er meðferð fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Framlög til stofnananna eru ekki mörkuð þessum hópi sérstaklega.

Eftirfarandi yfirlit sýnir framlög ríkisins til Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið, Krýsuvíkurskóla og Hlaðgerðarkots árin 1998–2007.

| Ár | Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið | Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili | Hlaðgerðarkot | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 1998 | 239,6 | 16,4 | 44,9 | 300,9 |
| 1999 | 251,0 | 18,0 | 46,9 | 315,9 |
| 2000 | 329,1 | 24,0 | 48,3 | 401,4 |
| 2001 | 356,0 | 19,1 | 55,8 | 430,9 |
| 2002 | 408,9 | 25,6 | 61,9 | 496,4 |
| 2003 | 399,6 | 38,7 | 61,8 | 500,1 |
| 2004 | 453,5 | 39,9 | 63,6 | 557,0 |
| 2005 | 471,3 | 41,2 | 65,6 | 578,1 |
| 2006 | 507,3 | 48,7 | 69,9 | 625,9 |
| 2007 | 576,2 | 60,9 | 75,8 | 712,9 |

Auk fyrrgreindra stofnana er meðferð fyrir fíkniefnaneytendur veitt á stofnunum sem heyra undir ráðuneytið. Má þar nefna Landspítala – háskólasjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri en framlög til verkefnanna eru hluti af heildarfjárveitingum til stofnananna. Enn fremur fá margar af smærri stofnunum styrki til meðferðarstarfs, ýmist af ráðstöfunarfé ráðherra eða öðrum fjárlagaliðum ráðuneytisins.

# 949. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til l. um sameignarfélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Björgvinsdóttur, dósent í Háskólanum í Reykjavík og höfund frumvarpsins, Guðmund Guðbjarnason, Ingvar Rögnvaldsson og Skúla Eggert Þórðarson frá embætti ríkisskattstjóra og Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust auk þess umsagnir um frumvarpið.

Með frumvarpinu er stefnt að setningu fyrstu heildarlöggjafar um sameignarfélög. Í sameignarfélögum er um að ræða félagsform þar sem samstarfið byggist á persónulegum forsendum og oft nánu sambandi milli félagsmanna enda bera félagsmenn beina, ótakmarkaða og óskipta ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins. Það hefur verið talinn bæði kostur og ókostur þessa félagaforms að ekki hefur verið við heildstæðar reglur að styðjast. Markmið frumvarpsins er að setja reglur sem skýra réttarstöðu sameignarfélaga, einkum þegar ekki liggja fyrir ákvæði í félagssamningi, en viðhalda samningsfrelsi að mestu leyti. Einnig eru með frumvarpinu lagðar til skýrar reglur um innbyrðis samband félagsmanna og stöðu viðsemjenda þeirra.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ákvæði III. kafla frumvarpsins um stjórnkerfi og réttarstöðu félagsmanna séu frávíkjanleg en önnur ákvæði verða ófrávíkjanleg, nema annað komi fram. Með öðrum orðum er meginregla frumvarpsins sú að reglur um innra skipulag og innbyrðis réttarsamband félagsmanna eru frávíkjanlegar. Mikið samningsfrelsi hefur ríkt um innri málefni sameignarfélaga og er eitt af markmiðum frumvarpsins að tryggja það áfram auk þess sveigjanleika sem félagsformið býr yfir. Þau ákvæði sem einkum eru ófrávíkjanleg eru þau sem kveða á um réttarsamband félagsins og félagsmanna út á við.

Í frumvarpinu er gerður greinarmunur á skráðum og óskráðum sameignarfélögum. Gert er ráð fyrir nýjum reglum um skráningu sameignarfélaga og verði frumvarpið samþykkt verður skylt að skrá í firmaskrá þau sameignarfélög sem stunda atvinnurekstur eða eru alfarið í eigu lögaðila. Einnig verður heimilt að óska skráningar þótt það sé ekki skylt.

Í 2. mgr. 21. gr. frumvarpsins er kveðið á um þá frávíkjanlegu meginreglu að hagnaði og tapi skuli skipt milli félagsmanna eftir eignarhlutföllum en ef þau verða ekki ráðin af félagssamningi skuli hagnaði og tapi skipt jafnt á milli félagsmanna. Sama regla gildir um skiptingu endurgreiðslu félagsmanna til félagsmanns sem þurft hefur að greiða félagsskuld og kostnað sem af því leiðir skv. 2. mgr. 22. gr. Um skiptingu endurgreiðslukröfunnar gildir regla 21. gr. um skiptingu hagnaðar og taps, þ.e. endurgreiðslunni skal skipt milli félagsmanna eftir eignarhlutföllum ef þau verða ráðin af félagssamningi en annars jafnt. Ranglega segir því í lok athugasemda við 22. gr. frumvarpsins að greiðslan skiptist skv. 21. gr. jafnt á milli félagsmanna sé ekki um annað samið í félagssamningi.

Ákvæði 31. gr. um að félagsaðild erfist ekki leiðir af því hve persónulegt samstarfið er eins og fram kemur í athugasemdum við greinina. Að jafnaði eru það einstaklingsbundnar forsendur sem ráða hverjir veljast saman til samstarfs í sameignarfélagi og því er ekki talið rétt að félagsréttindi erfist almennt með svipuðum hætti og m.a. hlutabréf. Þetta þekkist t.d. úr samvinnufélagalöggjöfinni, sbr. 17. gr. samvinnufélagalaga þar sem kveðið er á um að félagsréttindi séu hvorki framseljanleg né erfist. Í athugasemdum við 31. gr., þar sem segir að með tilliti til hagsmuna félagsmanna sé reglan sú að án sérstakrar heimildar í félagssamn-

ingi geti „eignarhluti“ í sameignarfélagi ekki gengið að erfðum til annars aðila, hefði e.t.v. verið skýrara að tala um félagsréttindi, enda eiga erfingjar rétt til greiðslu nettóeignarhluta hins látna í félaginu, sbr. 2. mgr. 31. gr. Reglan er hins vegar frávíkjanleg eins og fram kemur í 3. mgr. 31. gr. Regla 31. gr. er einnig í samræmi við ólögfestar reglur dansks réttar en samkvæmt þeim gengur dánarbú ekki inn sem félagsmaður og getur ekki krafist slita félagsins[1]. Aðrir félagsmenn gætu hins vegar mögulega krafist félagsslita, sbr. b-lið 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins.

Helstu athugasemdir í umsögnum til nefndarinnar lutu annars vegar að því að ekki væru gerðar breytingar á því fyrirkomulagi að sameignarfélög séu skráð í firmaskrá og hins vegar að því að ekki væru ákvæði um samlagsfélög í frumvarpinu. Nefndin tekur undir þá skoðun að æskilegt sé að gerðar verði breytingar í þá veru að skráning sameignarfélaga verði flutt til ríkisskattstjóra í eina miðlæga skrá fyrir landið þrátt fyrir að umfang skráningar sé mjög lítið. Til að það sé unnt verður hins vegar að skoða ákvæði annarra laga, svo sem laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, og líklega fella þau lög brott. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt að þessu leyti en mælist til þess að sem fyrst verði farið yfir þær breytingar sem þarf að gera í þessu skyni enda hlýtur hagræði að vera fólgið í því að hafa eina miðlæga skrá fyrir þessa tegund félaga líkt og er um t.d. hlutafélög. Þá getur nefndin einnig tekið undir þau sjónarmið að heppilegt væri að setja reglur um samlagsfélög í sama lagabálk og sameignarfélög svo sem dæmi eru um frá nálægum ríkjum. Í íslenskri löggjöf má sjá þess stað að samlagsfélagaformið sé til og viðurkennt, sbr. lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903. Þar er hugtakið samlagsfélag skilgreint í a-lið 33. gr., auk þess sem í 3. mgr. 9. gr. er kveðið á um að firma samlagsfélags skuli hið minnsta vera nafn eins félagsmanns sem hafi ótakmarkaða ábyrgð með viðauka sem bendi á félagsskap eða gefi til kynna að félagið sé samlagshlutafélag, ef tillög samlagsmanna eru í hlutabréfum. Þar sem sameignarfélög og samlagsfélög eru þó ekki það eðlislík að með einföldum hætti væri unnt að fella þau undir það frumvarp sem hér er til meðferðar telur nefndin að aðeins þurfi að doka við og skoða vel lagatæknilega hvernig væri best að fella ákvæði um samlagsfélög inn í íslenska löggjöf.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu:

1. Er í fyrsta lagi lögð til breyting á orðalagi 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Er með þessu hnykkt á því að 2. tölul. taki til óskráðra félaga en nefndinni þótti ákvæði frumvarpsins óljóst að þessu leyti.
2. Þá leggur nefndin til að orðin „íslenska ríkið og stofnanir þess“ í 6. gr. falli brott enda felast íslenska ríkið og stofnanir þess í hugtakinu lögaðili.
3. Lögð er til viðbót við 5. tölul. 2. mgr. 7. gr., þ.e. að um sjálfstæðan skattaðila verði vísað til ákvæða laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.
4. Í fjórða lagi er lögð til orðalagsbreyting á 1. málsl. 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins í þá veru að vísað verði til „annarra félagsmanna“ í stað „hvers og eins félagsmanns“. Þetta er orðalagsbreyting sem gerð er til nánari skýringar.
5. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 30. gr. frumvarpsins. Er í fyrsta lagi lagt til að í 2. málsl. 2. mgr. komi „framseljandi“ í stað „framsalshafa“ eins og ranglega kom fram í frumvarpstexta. Í öðru lagi er lögð til orðalagsbreyting á 1. málsl. 3. mgr. til að hnykkja á því að um sé að ræða skuldbindingar sem stofnuðust fyrir eigendaskipti en ekki við eigendaskipti og er auk þess bætt við að unnt sé að kveða á um annað í félagssamningi.

---

[1] Sören Friis Hansen, Dansk selskabsret 3, 2004.

6. Jafnframt leggur nefndin til að við 4. mgr. 32. gr. bætist nýr málsliður um réttaráhrif úrsagnar, þ.e. við hvaða tímamark beri að miða.
7. Lagðar eru til tvær breytingar á 39. gr. Annars vegar er lagt til að firmaskrá hafi með höndum þau verkefni sem kveðið er á um í 1. og 2. málsl. 2. mgr. Hins vegar er lagt til að 3. málsl. 2. mgr. verði sér málsgrein.
8. Þá leggur nefndin til viðbót við 40. gr. um ábyrgð skilanefndarmanna, þ.e. að þeir ábyrgist það tjón sem þeir kunni að valda í störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.
9. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 45. gr. Er í fyrsta lagi lagt til að við 1. mgr. verði bætt málslið þess efnis að tilkynningu til firmaskrár skuli fylgja tilskilin gögn. Í öðru lagi er lagt til að hnykkt verði á því í 5. mgr. að fyrir hönd félagsins megi krefjast skráningar í firmaskrá þrátt fyrir að sameignarfélag stundi ekki atvinnurekstur. Í þriðja lagi er lagt til að í stað orðsins „tölvutæku“ í 7. mgr. komi „rafrænu“.
10. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 51. gr. og 53. gr. Er þetta gert til nánari skýringar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhanna Sigurðardóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 20. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. | Ólafur Níels Eiríksson. |
| Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara. | Ásta Möller. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Ögmundur Jónasson. |

## 950. Breytingartillögur [79. mál]

við frv. til l. um sameignarfélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. 2. tölul. 1. mgr. orðist svo: óskráð sameignarfélög þar sem meiri hluti félagsmanna (félagsaðila) býr hér á landi, enda sé meginhluti starfsemi félagsins ekki rekinn í öðru landi.
2. Við 6. gr. Orðin „þar á meðal íslenska ríkið og stofnanir þess“ falli brott.
3. Við 7. gr. Við 5. tölul. 2. mgr. bætist: í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.
4. Við 22. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Fái félagsmaður ekki greitt frá félaginu getur hann krafist greiðslu þess hluta félagsskuldarinnar af öðrum félagsmönnum sem þeim ber að greiða samkvæmt félagssamningi.

5. Við 30. gr.
   a. Í stað orðsins „framsalshafi“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: framseljandi.
   b. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Framseljandi og framsalshafi eignarhlutar í sameignarfélagi bera óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu á hendur félaginu fyrir eigendaskiptin, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 8. gr., nema kveðið sé á um annað í félagssamningi skráðs sameignarfélags, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 8. gr.
6. Við 32. gr. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Réttaráhrif úrsagnar skv. 2. mgr. verða þegar krafa um úrsögn hefur borist félagsmönnum.
7. Við 39. gr.
   a. Í stað orðsins „héraðsdómur“ í 1. málsl. og orðsins „héraðsdóm“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: firmaskrá.
   b. 3. málsl. 2. mgr. verði 3. mgr.
8. Við 40. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn gagnvart félagsmönnum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.
9. Við 45. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tilkynningu til firmaskrár skulu fylgja tilskilin fylgiskjöl ásamt skráningar- og birtingargjöldum.
   b. Í stað orðanna „Krefjast má skráningar sameignarfélags í firmaskrá“ í 5. mgr. komi: Krefjast má fyrir hönd félagsins skráningar sameignarfélags í firmaskrá.
   c. Í stað orðsins „tölvutæku“ í 7. mgr. komi: rafrænu.
10. Við 51. gr. Síðari málsliður orðist svo: Einnig má gera sameignarfélagi sekt skv. II. kafla A í almennum hegningarlögum vegna vanrækslu forsvarsmanna á tilkynningum.
11. Við 53. gr. 1. tölul. orðist svo: Í stað orðanna „rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað“ í 8. gr. laganna kemur: stundar atvinnurekstur.

## 951. Tillaga til þingsályktunar [640. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands annars vegar og Danmerkur og Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja sem gerður var í Kaupmannahöfn og Reykjavík 1. og 2. febrúar 2007.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja sem gerður var í Kaupmannahöfn og Reykjavík 1. og 2. febrúar 2007. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Við útfærslu íslensku efnahagslögsögunnar í 200 sjómílur árið 1975 ákváðu stjórnvöld m.a. að nota klettinn Hvalbak sem viðmiðunarpunkt við ákvörðun miðlínu milli Íslands og Færeyja. Dönsk stjórnvöld gerðu fyrirvara við þessa ákvörðun fyrir hönd Færeyja og ákvörðuðu miðlínuna miðað við grunnlínur landanna án tillits til Hvalbaks. Þar með varð til umdeilt hafsvæði milli Íslands og Færeyja, um 3.700 km² að stærð.

Í kjölfar samningaviðræðna embættismanna landanna náðist samkomulag um afmörkun hins umdeilda hafsvæðis í Þórshöfn 25. september 2002 á fundi Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi utanríkisráðherra, og Anfinns Kallsberg, þáverandi lögmanns Færeyja. Í samkomulaginu fólst að nyrðri hluti umdeilda svæðisins, sem liggur norðan 63° 30′ og nemur um tveimur þriðju hlutum af svæðinu í heild, skiptist þannig milli aðila að Ísland fengi 60% í sinn hlut en Færeyjar 40%. Syðsti hluti umdeilda svæðisins, sem nefndur er „sérsvæðið", liggur sunnan 63° 30′ og nemur um þriðjungi af svæðinu í heild, skiptist hins vegar jafnt á milli aðila.

Vegna sérstakra aðstæðna á sérsvæðinu var um það samið að bæði íslensk og færeysk skip hefðu rétt til fiskveiða á því svæði öllu samkvæmt þeim reglum sem um þau gilda í eigin fiskveiðilögsögu. Er því í raun um sameiginlegt fiskveiðisvæði að ræða. Skulu skipin þar eingöngu háð eftirliti og lagaframkvæmd af hálfu eigin yfirvalda. Á sérsvæðinu er að finna rækjuhóla sem hvorki er að finna í næsta nágrenni til vesturs né austurs og hefði það gert fiskiskipum beggja aðila erfitt fyrir að stunda rækjuveiðarnar ef aðgangur þeirra að svæðinu hefði verið takmarkaður.

Enn fremur var um það samið að aðilum væri frjálst að stunda vísindalegar hafrannsóknir á öllu sérsvæðinu að frátalinni starfsemi sem lýtur að jarðefnaauðlindum á hafsbotni og í jarðlögum hans.

Ákveðið var að gengið yrði frá formlegum afmörkunarsamningi, sem myndi ná til allrar lögsögulínunnar milli Íslands og Færeyja, þegar tæknilegri endurskoðun á grunnlínupunktum hvors lands um sig væri lokið. Hinni tæknilegu endurskoðun lauk ekki fyrr en haustið 2006 en í kjölfarið náðist samkomulag um texta hins formlega afmörkunarsamnings sem hér er lagt til að verði staðfestur. Á uppdrætti, sem fylgir samningnum, má sjá endanlega markalínu milli Íslands og Færeyja og hvernig hið umdeilda svæði skiptist milli landanna. Á fundi sínum í Reykjavík 2. febrúar 2007 undirrituðu Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyja, samninginn en daginn áður hafði Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur, undirritað hann.

Með gerð þessa samnings er lokið með formlegum hætti afmörkun efnahagslögsögu Íslands gagnvart lögsögu nágrannalandanna, en áður hafði verið gengið frá afmörkun efnahagslögsögunnar gagnvart lögsögu Jan Mayen, Grænlands og Bretlands.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, er samningurinn háður samþykki Alþingis.

## Fylgiskjal.

**Samningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja.**

Ríkisstjórn Íslands annars vegar og ríkisstjórn konungsríkisins Danmerkur og landstjórn Færeyja hins vegar,

sem óska þess að viðhalda og styrkja hið góða nágrannasamband milli Íslands og Danmerkur/Færeyja,

sem vísa til samþykktrar fundargerðar sem var undirrituð í Þórshöfn hinn 25. september 2002,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

*1. gr.*

Markalínan milli hluta aðilanna af landgrunninu, sem jafnframt er markalínan milli sérefnahagslögsögu Íslands og fiskveiðilögsögunnar við Færeyjar á svæðinu milli Íslands og Færeyja, þar sem fjarlægðin milli grunnlína hvors um sig er minni en 400 sjómílur, er byggð á miðlínu milli viðkomandi strandlína Íslands og Færeyja ásamt þeim breytingum til aðlögunar og sérákvæðum sem aðilarnir hafa orðið ásáttir um. Markalínan er ákvörðuð sem beinar línur milli eftirfarandi punkta í neðangreindri röð:

| | | |
|---|---|---|
| 200M (N) | 65-41-22.63N | 5-34-42.22V |
| 1 | 65-30-26.28N | 6-05-08.98V |
| 2 | 65-13-03.52N | 6-47-11.81V |
| 3 | 64-30-00.00N | 8-13-30.37V |
| 4 | 64-00-00.00N | 9-15-00.70V |
| 5 | 63-30-00.00N | 10-18-53.63V |
| 6 | 62-32-21.56N | 12-08-43.42V |
| 7 | 61-55-34.00N | 12-57-51.48V |
| 8 | 61-34-02.80N | 13-18-22.87V |
| 200M (S) | 60-42-34.69N | 13-59-56.43V |

**Overenskomst mellem Islands regering på den ene side og Kongeriget Danmarks regering sammen med Færøernes landsstyre på den anden side om den maritime afgrænsning i området mellem Færøerne og Island**

Islands regering på den ene side og Kongeriget Danmarks regering sammen med Færøernes landsstyre på den anden side er

ud fra ønsket om at fastholde og styrke det gode naboforhold mellem Island og Danmark/Færøerne

under henvisning til "Agreed Minutes", undertegnet i Tórshavn den 25. september 2002

blevet enige om følgende:

*Artikel 1*

Grænselinjen mellem parternes dele af kontinentalsoklen, som tillige udgør grænselinjen mellem Islands eksklusive økonomiske zone og fiskeriterritoriet ved Færøerne i området mellem Island og Færøerne, hvor afstanden mellem deres respektive basislinjer udgør mindre end 400 sømil, er baseret på midtlinjen mellem de relevante kyststrækninger på Island og Færøerne med de tilpasninger og særlige bestemmelser, som parterne er blevet enige om. Grænselinjen er fastsat som rette linjer mellem følgende punkter i den rækkefølge, som er angivet nedenfor:

| | | |
|---|---|---|
| 200M (N) | 65-41-22.63N | 5-34-42.22W |
| 1 | 65-30-26.28N | 6-05-08.98W |
| 2 | 65-13-03.52N | 6-47-11.81W |
| 3 | 64-30-00.00N | 8-13-30.37W |
| 4 | 64-00-00.00N | 9-15-00.70W |
| 5 | 63-30-00.00N | 10-18-53.63W |
| 6 | 62-32-21.56N | 12-08-43.42W |
| 7 | 61-55-34.00N | 12-57-51.48W |
| 8 | 61-34-02.80N | 13-18-22.87W |
| 200M (S) | 60-42-34.69N | 13-59-56.43W |

Aðilarnir eru enn fremur sammála um að koma á sérstakri skipan vegna tiltekins svæðis sem teygir sig út beggja vegna markalínunnar sunnan 63° 30' N („sérsvæðið") og afmarkast með beinum línum milli eftirfarandi punkta:

| | | |
|---|---|---|
| 1 | 62-32-21.56N | 12-08-43.42V |
| 2 | 62-33-25.54N | 12-07-15.81V |
| 3 | 62-35-46.04N | 12-04-02.29V |
| 4 | 63-05-16.56N | 11-16-18.81V |
| 5 | 63-12-09.71N | 11-03-30.66V |
| 6 | 63-22-44.79N | 10-42-58.15V |
| 7 | 63-30-00.00N | 10-28-42.46V |
| 8 | 63-30-00.00N | 10-18-53.63V |
| 9 | 63-30-00.00N | 10-05-35.64V |
| 10 | 63-27-47.77N | 10-09-46.44V |
| 11 | 63-18-07.28N | 10-31-19.46V |
| 1 | 62-32-21.56N | 12-08-43.42V |

Allar beinar línur eru landfræðilegar línur.

Framangreindir punktar eru ákvarðaðir í landfræðilegri breidd og lengd með tilliti til World Geodetic System 1984 (WGS84).

Markalínan og framangreindir punktar eru til útskýringar merktir inn á uppdrátt sem er fylgiskjal með samningi þessum.

*2. gr.*

Bæði íslensk og færeysk skip geta nýtt réttinn til fiskveiða á öllu sérsvæðinu samkvæmt þeim reglum og ákvæðum sem um þau gilda í eigin fiskveiðilögsögu. Þau skulu eingöngu háð eftirliti og lagaframkvæmd af hálfu eigin yfirvalda.

Aðilunum er frjálst að stunda vísindalegar hafrannsóknir á öllu sérsvæðinu að frátalinni starfsemi sem lýtur að jarðefnaauðlindum á hafsbotni og í jarðlögum hans.

Valdi starfsemi, er um ræðir í þessari grein, öðrum aðilanum vanda getur hann farið þess á leit við hinn aðilann að efnt verði til samráðsfunda. Halda ber samráðsfundi eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 60 dögum eftir að fyrrnefndri beiðni er veitt viðtaka.

Parterne er endvidere blevet enige om at etablere en særlig ordning for et område, der udstrækker sig på begge sider af grænselinjen syd for 63° 30' N ("Det særlige Område") og er afgrænset ved rette linjer mellem følgende punkter:

| | | |
|---|---|---|
| 1 | 62-32-21.56N | 12-08-43.42W |
| 2 | 62-33-25.54N | 12-07-15.81W |
| 3 | 62-35-46.04N | 12-04-02.29W |
| 4 | 63-05-16.56N | 11-16-18.81W |
| 5 | 63-12-09.71N | 11-03-30.66W |
| 6 | 63-22-44.79N | 10-42-58.15W |
| 7 | 63-30-00.00N | 10-28-42.46W |
| 8 | 63-30-00.00N | 10-18-53.63W |
| 9 | 63-30-00.00N | 10-05-35.64W |
| 10 | 63-27-47.77N | 10-09-46.44W |
| 11 | 63-18-07.28N | 10-31-19.46W |
| 1 | 62-32-21.56N | 12-08-43.42W |

Alle rette linjer er geodætiske linjer.

De ovenfor nævnte punkter er defineret i geografisk bredde og længde i henhold til World Geodetic System 1984 (WGS84).

Grænselinjen og ovennævnte punkter er til illustration indtegnet på den kortskitse, som er vedlagt denne overenskomst.

*Artikel 2*

I hele Det særlige Område kan retten til fiskeri udøves af såvel islandske som færøske fartøjer i overensstemmelse med de regler og forskrifter, som er gældende for dem i deres respektive fiskerijurisdiktionszoner. De skal alene være underlagt kontrol og håndhævelse af deres egne respektive myndigheder.

I hele Det særlige Område kan parterne med egne fartøjer tilsvarende frit drive videnskabelig havforskning, bortset fra aktiviteter, der retter sig imod mineralske ressourcer på havbunden og i dens undergrund.

Såfremt en aktivitet i henhold til denne artikel volder problemer for en af parterne, kan denne part anmode den anden part om konsultationer. Sådanne konsultationer skal afholdes snarest, og senest 60 dage efter modtagelsen af en sådan anmodning.

*3. gr.*

Finnist jarðefnaauðlind í eða á landgrunni annars aðilans og hinn aðilinn er þeirrar skoðunar að auðlindin teygi sig inn á landgrunn hans getur síðarnefndi aðilinn, með framlagningu þeirra gagna sem þessi skoðun byggist á, komið henni á framfæri við fyrrnefnda aðilann.

Þegar slíkri skoðun er komið á framfæri skulu aðilarnir hefja viðræður um umfang auðlindarinnar og nýtingarmöguleika. Í viðræðunum skal aðilinn, sem hafði frumkvæði að þeim, rökstyðja skoðun sína með sönnunargögnum af jarðeðlisfræðilegum og jarðfræðilegum toga, þ.m.t. gögnum frá borunum, þegar slík gögn eru fyrir hendi, og skulu báðir aðilar gera sitt ítrasta til þess að tryggja að allar upplýsingar um málið liggi fyrir í viðræðunum. Ef í ljós kemur í viðræðunum að auðlindin nái yfir landgrunn beggja aðila, ásamt því að unnt sé að nýta auðlindina á landgrunni annars aðilans að öllu eða einhverju leyti frá landgrunni hins aðilans, eða að nýting auðlindarinnar á landgrunni annars aðilans hafi áhrif á nýtingarmöguleika auðlindarinnar á landgrunni hins aðilans, skal að ósk annars aðilans gera samning um nýtingu auðlindarinnar, meðal annars um hvernig nýta má slíka auðlind með sem mestum árangri og um hvernig skipta ber ávinningnum.

Aðilarnir skulu gera sitt ýtrasta til þess að leysa sérhvern ágreining eins fljótt og við verður komið. Nái aðilar ekki samkomulagi skulu þeir í sameiningu skoða allar færar leiðir til þess að leiða málið til lykta, meðal annars að leita eftir umsögnum óháðra sérfræðinga.

*4. gr.*

Samningur þessi hefur ekki áhrif á önnur afmörkunarmál milli Íslands og konungsríkisins Danmerkur.

*5. gr.*

Samningur þessi öðlast gildi þegar aðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

Gjört í Kaupmannahöfn og Reykjavík hinn 1. og 2. febrúar 2007 í tveimur eintökum á íslensku,

*Artikel 3*

Dersom der konstateres en mineralforekomst i eller på den ene parts kontinentalsokkel, og den anden part er af den opfattelse, at forekomsten strækker sig ind på dennes kontinentalsokkel, kan den sidstnævnte part ved fremlæggelse af det materiale, hvorpå opfattelsen støttes, gøre dette gældende over for den førstnævnte part.

Dersom en sådan opfattelse gøres gældende, skal parterne indlede drøftelser om forekomstens udstrækning og muligheden for udnyttelse. Under disse drøftelser skal den part, som har taget initiativ til dem, underbygge sin opfattelse med bevismateriale hidrørende fra geofysiske data og geologiske data, herunder boredata, når sådanne måtte foreligge, og begge parter skal gøre sig størst mulige bestræbelser for at sikre, at alle relevante informationer stilles til rådighed for disse drøftelser. Dersom det ved drøftelserne konstateres, at forekomsten strækker sig over begge parters kontinentalsokkel, samt at forekomsten på den ene parts kontinentalsokkel helt eller delvis vil kunne udnyttes fra den anden parts kontinentalsokkel, eller at udnyttelsen af forekomsten på den ene parts kontinentalsokkel ville påvirke mulighederne for udnyttelse af forekomsten på den anden parts kontinentalsokkel, skal der på begæring af en af parterne træffes aftale om udnyttelsen af forekomsten, herunder om hvorledes en sådan forekomst kan udnyttes mest effektivt, og om hvordan udbyttet skal fordeles.

Parterne skal gøre deres yderste for at løse enhver uenighed så hurtigt som muligt. Såfremt parterne ikke når til enighed, skal de i fællesskab overveje alle foreliggende muligheder for at bringe den fastlåste situation til ophør, herunder ved at indhente udtalelser fra uafhængige eksperter.

*Artikel 4*

Denne overenskomst er uden præjudice for andre afgrænsningsspørgsmål mellem Island og Kongeriget Danmark.

*Artikel 5*

Denne overenskomst træder i kraft, når parterne skriftligt har meddelt hinanden, at de hertil nødvendige procedurer er afsluttet.

Udfærdiget i København og Reykjavík den 1. og 2. februar 2007 i to eksemplarer på islandsk, dansk

dönsku og færeysku og skulu textarnir þrír vera jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Valgerður Sverrisdóttir

Fyrir hönd ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur
Per Stig Møller


Fyrir hönd landstjórnar Færeyja
Jóannes Eidesgaard

og færøsk, således at de tre tekster har samme gyldighed.

For Islands regering
Valgerður Sverrisdóttir

For Kongeriget Danmarks regering
Per Stig Møller

For Færøernes landsstyre
Jóannes Eidesgaard



## 952. Frumvarp til laga [358. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 21. febr.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

a. 22. tölul. orðast svo: Leyfi til arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, grafískra hönnuða, húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða), iðnfræðinga, landslagsarkitekta (landslagshönnuða), raffræðinga, skipulagsfræðinga, tæknifræðinga, tölvunarfræðinga og verkfræðinga.
b. Á eftir 29. tölul. koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
   30. Löggilding vigtarmanna.
   31. Bráðabirgðalöggilding vigtarmanna.
   32. Löggilding rafverktaka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 953. Frumvarp til laga [367. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun.

(Eftir 2. umr., 21. febr.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til að sinna hlutverki sínu skv. 3. tölul. 1. mgr. er Orkustofnun heimilt að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun, þ.m.t. gagna um innflutning, geymslu og sölu á jarðefnaeldsneyti. Skylt er þeim sem stunda atvinnurekstur er varðar framangreint að afhenda stofnuninni nauðsynleg gögn innan frests sem hún tilgreinir. Í reglugerð skal kveða nánar á um tegund gagna, gæði þeirra og skilafrest.

| Viðskiptaráðuneyti | 0,0 | 0,0 |
| Hagstofa Íslands | 0,0 | 0,0 |
| Umhverfisráðuneyti | 1,5 | 1,5 |
| Vaxtagjöld ríkissjóðs | 690,4 | 0,0 |
| **Samtals** | **1.881,7** | **374,4** |

Sundurliðun 1.

**Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna.**

Eftirfarandi liður í sundurliðun 1, **fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna,** breytist og verður svohljóðandi:

**10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin | 39,2 |
| Fjármögnun: | |
| Innheimt af ríkistekjum | -16,6 |
| Viðskiptahreyfingar | 55,8 |

Sundurliðun 2.
**Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta.**

Eftirfarandi liðir í sundurliðun 2, **niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta,** breytast eða bætast við og verða svohljóðandi:

**00-620 Ríkisendurskoðun**

| | |
|---|---|
| Stofnkostnaður: | |
| 6.21 Fasteignir | 0,0 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 0,0 |

**01-190 Ýmis verkefni**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins | 0,9 |
| 1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni | 20,6 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 21,5 |

**02-505 Fjöltækniskóli Íslands**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.01 Fjöltækniskóli Íslands | 0,0 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 0,0 |

**06-391 Húsnæði löggæslustofnana**

| | |
|---|---|
| Stofnkostnaður: | |
| 6.21 Fasteignir | 0,0 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | 0,0 |

**08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar**

| | |
|---|---|
| Almennur rekstur: | |
| 1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar | -6,2 |
| Fjármögnun: | |
| Greitt úr ríkissjóði | -6,2 |

# 957. Frumvarp til laga [641. mál]

um losun gróðurhúsalofttegunda.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Almenn ákvæði.

### 1. gr.
*Markmið.*

Markmið laganna er að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda.

### 2. gr.
*Gildissvið.*

Lögin gilda um skráningu og bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda á landi og í mengunarlögsögu Íslands og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, svo og heimildir til losunar koldíoxíðs frá tilteknum atvinnurekstri skv. 7. gr.

### 3. gr.
*Skilgreiningar.*

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Atvinnurekstur:* Öll starfsemi sem heimiluð er í samræmi við ákvæði starfsleyfis sem gefið er út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
2. *Ákvörðun 14/CP.7:* Ákvörðun 7. aðildarríkjaþings loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna um áhrif einstakra verkefna á losun á skuldbindingartímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012.
3. *Gróðurhúsalofttegundir:* Koldíoxíð ($CO_2$), metan ($CH_4$), díköfnunarefnisoxíð ($N_2O$), vetnisflúorkolefni (HFC), perflúorkolefni (PFC), brennisteinshexaflúoríð ($SF_6$).
4. *Losun gróðurhúsalofttegunda:* Útstreymi gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið af mannavöldum.
5. *Losunarheimild:* Heimild til losunar koldíoxíðs. Ein losunarheimild jafngildir heimild til losunar á einu tonni af koldíoxíði á ári.

### 4. gr.
*Yfirstjórn.*

Umhverfisráðuneyti hefur yfirumsjón með framkvæmd laga þessara eftir því sem nánar er tilgreint í lögum þessum í samráði við viðkomandi ráðuneyti.

Þriggja manna úthlutunarnefnd losunarheimilda, skipuð af umhverfisráðherra samkvæmt tilnefningu, sem í sitja fulltrúar iðnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis og fjármálaráðuneytis, úthlutar losunarheimildum til atvinnurekstrar sem fellur undir gildissvið laganna á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Fulltrúi iðnaðarráðuneytis skal vera formaður úthlutunarnefndar losunarheimilda. Tilnefningaraðilar bera kostnað af þátttöku sinna fulltrúa í úthlutunarnefndinni.

Umhverfisstofnun fer með framkvæmd laga þessara hvað varðar bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda, skráningarkerfi og eftirlit með losun koldíoxíðs frá atvinnurekstri

skv. 7. gr. Umhverfisstofnun skal vera úthlutunarnefndinni, sbr. 2. mgr., til ráðgjafar varðandi umsóknir um losunarheimildir og um annað sem nefndin óskar aðstoðar við.

## II. KAFLI
## Bókhald og skráningarkerfi.

### 5. gr.
*Bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda.*

Umhverfisstofnun heldur bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal taka saman upplýsingar varðandi landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt sem krafist er vegna bókhaldsins, sbr. 1. mgr., sem og upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði, og skila þeim til Umhverfisstofnunar. Orkustofnun skal taka saman og skila upplýsingum um orkumál, sem krafist er vegna bókhaldsins, til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun skal útbúa leiðbeiningar um skil á gögnum sem óskað er eftir í samráði við Landbúnaðarháskóla Íslands og Orkustofnun. Umhverfisráðherra staðfestir leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

### 6. gr.
*Skráningarkerfi.*

Umhverfisstofnun vistar skráningarkerfi um heimildir Íslands til losunar gróðurhúsalofttegunda og sér um rekstur þess.

Skráningarkerfið heldur utan um útgáfu, handhöfn, framsal og ógildingu heimilda íslenska ríkisins samkvæmt Kyoto-bókuninni auk losunarheimilda atvinnurekstrar skv. 7. gr. og annarra lögaðila. Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um nánari útfærslu á skráningarkerfinu, hvaða upplýsingar skuli skráðar í kerfið, um samvinnu og samtengingu við önnur kerfi, rekstur kerfisins og hvernig farið skuli með útgáfu, handhöfn, framsal og ógildingu heimilda Íslands auk losunarheimilda atvinnurekstrar skv. 7. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá vegna gjalds sem atvinnurekstur skv. 7. gr. og aðrir lögaðilar sem eiga reikning í skráningarkerfinu skulu greiða. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggjast á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

## III. KAFLI
## Losunarheimildir atvinnurekstrar.

### 7. gr.
*Skylda atvinnurekstrar til öflunar losunarheimilda.*

Atvinnurekstri skv. 2. mgr. er óheimilt að starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 nema hann hafi aflað sér losunarheimilda eða lagt fram áætlun um hvernig hann muni afla sér losunarheimilda vegna tímabilsins eða þess tímabils sem áætlað er að rekstur standi yfir og úthlutunarnefnd hefur fallist á.

Eftirfarandi atvinnurekstri ber að afla sér losunarheimilda vegna losunar koldíoxíðs á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012:

a. staðbundinni orkuframleiðslu með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega,
b. staðbundinni iðnaðarframleiðslu sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega.

8. gr.

*Umsókn um úthlutun losunarheimilda.*

Atvinnurekstur skal sækja um úthlutun á losunarheimildum til Umhverfisstofnunar eigi síðar en níu mánuðum áður en fyrirhugað er að starfsemin hefjist. Í umsókninni skal eftirfarandi koma fram:

a. upplýsingar um atvinnureksturinn (framleiðsluna), eiganda, staðsetningu og rekstraraðila,
b. upplýsingar um þann hluta starfseminnar sem er uppspretta losunar,
c. ráðstafanir sem gerðar eru til að halda losun í lágmarki,
d. áætlun um hvernig fylgst er með losun koldíoxíðs,
e. heildarmagn losunarheimilda sem óskað er eftir að úthlutað verði til viðkomandi atvinnurekstrar fyrir tímabilið.

Atvinnurekstur sem fellur undir þau skilyrði sem sett eru varðandi úthlutun sérstakra heimilda til Íslands samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 skal tilgreina hvernig losun koldíoxíðs fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í þeirri ákvörðun.

Umhverfisstofnun ber að fara yfir umsókn um úthlutun losunarheimilda og framsenda til úthlutunarnefndar ásamt umsögn stofnunarinnar þar sem fram kemur hvort umsóknin uppfylli skilyrði 1. og 2. mgr.

Úthlutunarnefnd losunarheimilda er heimilt að krefja atvinnurekstur um frekari upplýsingar á grundvelli umsagnar Umhverfisstofnunar og ef þær berast ekki vísa umsókn frá.

Atvinnurekstur sem sækir um úthlutun á losunarheimildum skal greiða til Umhverfisstofnunar 250.000 kr. umsóknargjald sem standa skal undir kostnaði stofnunarinnar við yfirferð yfir umsóknina.

9. gr.

*Áætlun um úthlutun losunarheimilda.*

Úthlutunarnefnd losunarheimilda skal gefa út áætlun eigi síðar en 1. október 2007 um úthlutun losunarheimilda til atvinnurekstrar vegna tímabilsins 1. janúar 2008 til 31. desember 2012.

Í áætlun úthlutunarnefndar skal tiltekið hve mörgum losunarheimildum er fyrirhugað að úthluta til hvers atvinnurekstrar sem sækir um, sbr. 8. gr., á hverju ári á tímabilinu. Áætlun úthlutunarnefndar er bindandi hvað varðar úthlutun til atvinnurekstrar nema ákvæði 4. mgr. eigi við. Úthlutunarnefnd skal við gerð áætlunarinnar fara eftir ákvæðum 11. gr. vegna úthlutunar til atvinnurekstrar.

Heildarmagn losunarheimilda sem úthlutunarnefnd hefur til úthlutunar fyrir tímabilið 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 er 10.500.000 losunarheimildir, þar af 8.000.000 losunarheimildir sem fullnægja þurfa skilyrðum sem sett eru fram í ákvörðun 14/CP.7.

Úthlutunarnefndin skal árlega fara yfir áætlunina með hliðsjón af skýrslum atvinnurekstrar, sbr. 13. gr., nýjum umsóknum sem kunna að berast og mati á breyttum aðstæðum. Einungis er heimilt að skerða losunarheimildir til atvinnurekstrar sem fengið hefur vilyrði um úthlutun í áætlun, sbr. 1. og 2. mgr., ef breytingar hafi orðið í rekstri þess sem hefur orðið

þess valdandi að starfsemi eða losun frá henni sé minni en gert var ráð fyrir við útgáfu áætlunarinnar.

10. gr.

*Úthlutun losunarheimilda.*

Úthlutunarnefnd losunarheimilda úthlutar árlega losunarheimildum til atvinnurekstrar sem sækir um úthlutun í samræmi við áætlun um úthlutun losunarheimilda. Úthlutunarnefndin sendir Umhverfisstofnun upplýsingar um árlega úthlutun til einstaks atvinnurekstrar, sbr. 2. mgr.

Losunarheimildir sem úthlutunarnefndin úthlutar eru bókfærðar af Umhverfisstofnun 1. mars ár hvert á reikning viðkomandi atvinnurekstrar í skráningarkerfinu.

11. gr.

*Viðmið um úthlutun losunarheimilda.*

Úthlutunarnefnd losunarheimilda skal hafa eftirfarandi viðmið til hliðsjónar við gerð áætlunar um úthlutun á losunarheimildum til atvinnurekstrar vegna tímabilsins 1. janúar 2008 – 31. desember 2012:

a. Fyrir atvinnurekstur sem var starfandi fyrir 1. janúar 2007 skal úthlutun taka mið af mældri eða áætlaðri meðaltalslosun koldíoxíðs á árunum 2005 og 2006.
b. Ef atvinnurekstur hefur ekki verið í rekstri í eitt eða fleiri af viðmiðunarárunum, eða aðrar ástæður leiða til þess að árabilið 2005–2006 lýsir ekki meðallosun, er heimilt að vísa til annarra viðmiðunarára eða sýna fram á hver sé meðallosun atvinnurekstrar á annan sambærilegan hátt.
c. Fyrir atvinnurekstur sem hefur starfsemi eftir 1. janúar 2007, eða hyggur á framleiðsluaukningu eftir þann tíma, skal taka mið af áætlaðri losun, miðað við að notuð sé besta fáanleg tækni til að halda losun koldíoxíðs í lágmarki.

Ef umsóknir um losunarheimildir fyrir tímabilið 2008–2012 eru samanlagt meiri en úthlutunarnefnd losunarheimilda hefur til umráða skal fyrst úthluta til þess atvinnurekstrar sem hafið hefur starfsemi áður en fyrsta skuldbindingartímabil hefst 1. janúar 2008. Því sem þá er eftir til ráðstöfunar skal úthluta til annarra umsækjenda sem hyggjast hefja starfsemi eða auka starfsemi eftir 1. janúar 2008. Umsækjendur sem hafa þegar starfsleyfi og/eða eru komnir langt í undirbúningi framkvæmda skulu njóta forgangs við ákvörðun um úthlutun losunarheimilda í áætlun úthlutunarnefndar umfram aðra sem skemmra eru komnir í undirbúningi.

12. gr.

*Skráning og meðferð losunarheimilda.*

Atvinnurekstur sem er skyldur til að eiga losunarheimildir skal fyrir 1. maí ár hvert færa nægjanlega margar losunarheimildir í samræmi við skýrslu um losunarheimildir síðasta árs inn á sérstakan lokareikning í skráningarkerfi.

Atvinnurekstri sem úthlutað er losunarheimildum er leyfilegt að færa ónotaðar heimildir á milli ára, enda fullnægi viðkomandi enn þá öllum skilyrðum varðandi úthlutun losunarheimilda.

Ónýttar losunarheimildir atvinnurekstrar 31. desember 2012 verða eign ríkisins og bókfærðar sem slíkar í skráningarkerfi.

13. gr.

*Eftirlit, áætlun og skýrslugerð.*

Með úthlutun losunarheimilda til atvinnurekstrar skal fylgja skrifleg greinargerð með skilyrðum varðandi eftirlit með framfylgd áætlunar og krafa um árlega skýrslu um losun koldíoxíðs.

Atvinnurekstur sem fær úthlutað losunarheimildum skal skila 1. mars 2009 og árlega eftir það skýrslu um losun koldíoxíðs til Umhverfisstofnunar. Í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um stöðu losunarheimilda í upphafi fyrra árs, losun koldíoxíðs á árinu og stöðu losunarheimilda í lok árs, auk annarra upplýsinga sem gerðar eru kröfur um við úthlutun losunarheimilda. Í hinni árlegu skýrslu skulu losunarheimildir reiknaðar eða mældar í samræmi við reglur sem settar verða í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um hvaða upplýsingum um losun koldíoxíðs skuli skilað, hvenær og á hvaða formi. Einnig skal kveðið á um heimildir Umhverfisstofnunar til að gera kröfu um staðfestingu áreiðanleika veittra upplýsinga.

Umhverfisstofnun ber að fara yfir hvort skýrsla um losun koldíoxíðs sé í samræmi við settar reglur. Stofnuninni ber að senda skýrslu um losun koldíoxíðs til úthlutunarnefndar losunarheimilda ásamt greinargerð.

Atvinnurekstri sem úthlutað er losunarheimildum ber einnig að skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um losun annarra gróðurhúsalofttegunda. Upplýsingunum skal skilað með árlegri skýrslu um losun koldíoxíðs eða með annarri skýrslugerð til stofnunarinnar.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir yfirferð yfir skýrslu um losun koldíoxíðs sem skila ber til stofnunarinnar. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggjast á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

14. gr.

*Öflun losunarheimilda án úthlutunar.*

Atvinnurekstri er heimilt að afla sér losunarheimilda á annan hátt en með úthlutun losunarheimilda skv. 9. gr., svo sem með fjármögnun verkefna á sviði bindingar kolefnis í gróðri og jarðvegi, með þátttöku í verkefnum á sviði loftslagsvænnar þróunaraðstoðar eða sameiginlegrar framkvæmdar eða kaupum á losunarheimildum erlendis frá. Umhverfisráðherra er heimilt að setja reglugerð með nánari ákvæðum um hvaða losunarheimildir hann metur gildar að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.

## IV. KAFLI
## **Viðurlög og gildistaka.**

15. gr.

*Viðurlög.*

Umhverfisstofnun leggur stjórnvaldssektir á atvinnurekstur sem er skylt að eiga losunarheimildir og hefur ekki lagt inn nægjanlegar heimildir á lokareikning fyrir 1. maí hvert ár vegna síðastliðins árs. Skal sektin nema 9.000 kr. vegna hverrar losunarheimildar sem upp á vantar í samræmi við skýrslu um losun koldíoxíðs frá atvinnurekstri þess árs, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. Sektir samkvæmt þessari grein renna í ríkissjóð.

Umhverfisstofnun er heimilt að ákvarða sektir allt að 100.000 kr. á dag ef atvinnurekstur sinnir ekki skyldu um skil á skýrslu skv. 13. gr.

16. gr.
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 107/2006, um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Starfandi atvinnurekstur sem fellur undir lög þessi skal sækja um losunarheimildir fyrir tímabilið 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 í síðasta lagi 1. júní 2007, sbr. 8. gr.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I. Inngangur.

Frumvarp þetta byggist á tillögum nefndar sem skipuð var af umhverfisráðherra til að semja drög að frumvarpi um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda. Nefndin skilaði tillögum sínum með bréfi dagsettu 1. febrúar 2007. Í nefndinni eiga sæti Kristín Linda Árnadóttir, formaður, og Hugi Ólafsson skrifstofustjóri frá umhverfisráðuneyti, Pétur Örn Sverrisson lögfræðingur, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti, og Ragnheiður Snorradóttir lögfræðingur, tilnefnd af fjármálaráðuneyti. Hinn 15. febrúar 2006 lét Pétur Örn Sverrisson af störfum í nefndinni og sæti hans tók Guðjón Axel Guðjónsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti. Ragnheiður Snorradóttir lét af störfum 10. janúar 2006 og tók sæti hennar Ingvi Már Pálsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti. Nefndin fékk á fund til sín fulltrúa frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Umhverfisstofnun og stóriðjufyrirtækjum og kynnti þeim drög að frumvarpi og fékk athugasemdir. Nefndin hafði í samræmi við skipunarbréf sitt reglulegt samráð við samstarfshóp ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis um helstu atriði frumvarpsins.

Nefndin skilaði með bréfi dagsettu 16. mars 2006 tillögu að frumvarpi til laga um skráningu og losun gróðurhúsalofttegunda. Nefndin lagði í bréfi sínu áherslu á að þær tillögur sem lagðar voru til væru að mati nefndarinnar einungis fyrsta skrefið og óskaði eftir áframhaldandi umboði ráðherra til að halda vinnu nefndarinnar áfram. Veitti ráðherra það umboð og hélt nefndin því áfram störfum sínum í samræmi við skipunarbréf og tók til nánari skoðunar hvernig hægt væri að tryggja að stjórnvöld hefðu stjórn á losun gróðurhúsalofttegunda.

Í næstu fjórum köflum er fjallað um helstu markmið frumvarpsins, um alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, stefnumörkun stjórnvalda í loftslagsmálum, spár um mögulega aukningu losunar frá Íslandi og sambærilegar réttarreglur í nágrannaríkjum og hjá Evrópusambandinu.

### II. Markmið frumvarpsins.

Í aðild Íslands að Kyoto-bókuninni felast skuldbindingar um að losun gróðurhúsalofttegunda af manna völdum fari ekki yfir ákveðin mörk á tímabilinu 2008–2012. Framkvæmd þeirra skuldbindinga fer þannig fram að í upphafi tímabilsins leggur skrifstofa samningsins tiltekið magn losunarheimilda inn á rafrænt skráningarkerfi og síðan eru heimildir dregnar frá í hlutfalli við losun og ber viðkomandi ríki að tryggja að staðan sé ekki neikvæð í lok tímabilsins. Hægt er að afla fleiri losunarheimilda á tímabilinu með bindingu kolefnis með skógrækt eða annarri uppgræðslu eða með útvegun heimilda frá öðrum ríkjum samkvæmt

svokölluðum sveigjanleikaákvæðum Kyoto. Ef staða heimilda Íslands er neikvæð í lok skuldbindingartímabilsins þarf Ísland að greiða „sekt“ í formi strangari skuldbindinga á næsta skuldbindingartímabili auk þess að afla þeirra losunarheimilda sem vantar upp á. Nauðsynlegt er fyrir stjórnvöld að hafa tiltæk ráð til að stjórna losun gróðurhúsalofttegunda frá stórum losendum gróðurhúsalofttegunda, þannig að tryggt sé að losun frá Íslandi fari ekki fram yfir þau mörk sem Íslandi eru sett samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum.

Losunarspár Umhverfisstofnunar hafa gefið til kynna að losun verði líklega innan þeirra marka sem Íslandi eru sett samkvæmt Kyoto-bókuninni á tímabilinu 2008–2012. Þar munar þó litlu ef ýtrustu áform um stóriðju ganga fram eins hratt og forsvarsmenn einstakra verkefna vonast til og af þeirri ástæðu einni er ráðlegt að setja reglur til að taka á hugsanlegri losun umfram heimildir á tímabilinu 2008–2012.

Ljóst er að öll stóriðjuverkefni sem nú hafa starfsleyfi eða eru í undirbúningi mundu losa meira magn gróðurhúsalofttegunda í fullum rekstri en núverandi heimildir Íslands samkvæmt Kyoto leyfa (sbr. yfirlit hér á eftir). Ísland verður hins vegar að öllum líkindum innan leyfilegra marka 2008–2012 vegna þess að aukningin í losun mundi að miklu leyti koma til í lok skuldbindingartímabilsins eða jafnvel eftir 2012. Óvissa ríkir um alþjóðlegar reglur um losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012 og mun nýhöfnum samningaviðræðum um það efni vart ljúka fyrr en 2009.

Frumvarpi þessu er ætlað að setja upp eins konar öryggisgirðingar til að tryggja að ný stóriðjuverkefni verði ekki til þess að Ísland brjóti alþjóðlega bindandi skuldbindingar sínar gagnvart Kyoto-bókuninni. Þetta er gert með því að skylda atvinnurekstur sem losar mikið magn koldíoxíðs til þess að afla sér losunarheimilda sem nægja fyrir losuninni. Stjórnvöld munu úthluta þeim heimildum sem Ísland hefur til ráðstöfunar til stórra losunaraðila eftir reglum sem settar eru í frumvarpinu og sett eru takmörk á magn losunarheimilda sem hægt er að úthluta. Fái atvinnurekstur ekki úthlutað nægum losunarheimildum frá stjórnvöldum fyrir losun sinni þarf hann að útvega sér þær eftir öðrum leiðum. Frumvarpið felur því ekki í sér að bann sé lagt á atvinnurekstur sem ekki fær úthlutað nægum losunarheimildum, en tryggir að kostnaður við það fellur á viðkomandi atvinnurekstur, en ekki á stjórnvöld. Eins og stendur hafa stjórnvöld engin stjórntæki til þess að takmarka losun á koldíoxíði frá stóriðju, en úr því er bætt með þessu frumvarpi.

Í frumvarpinu er fellt inn efni núgildandi laga, nr. 107/2006, um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda, og lagt til að samhliða verði þau lög felld úr gildi. Þannig eru ákvæði laganna um bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda auk skráningarkerfis losunarheimilda að mestu óbreytt. Helsta nýmælið í frumvarpinu er að lagt er til að tveir flokkar atvinnurekstrar, í fyrsta lagi staðbundin orkuframleiðsla með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega og í öðru lagi staðbundin iðnaðarframleiðsla sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega, megi ekki starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 nema þeir afli sér heimilda til losunar koldíoxíðs. Lagt er til að einungis verði tekið á losun koldíoxíðs frá þessum atvinnurekstri enda mun verða tekið á losun flúorkolefna í starfsleyfum en einnig taka kerfi landanna í kringum okkur einungis á losun koldíoxíðs. Lagt er til að þriggja manna nefnd, sem skipuð verði af umhverfisráðherra og í sitji fulltrúar iðnaðarráðuneytis, en fulltrúi þess yrði jafnframt formaður, umhverfisráðuneytis og fjármálaráðuneytis, geri áætlun um úthlutun losunarheimilda vegna atvinnurekstrar sem fellur undir gildissvið laganna. Heildarmagn þeirra losunarheimilda sem nefndinni er heimilt að úthluta er 10.500.000 losunarheimildir fyrir allt tímabilið, þ.e. 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Atvinnurekstur sem fellur undir gildissvið laganna getur sótt um losunarheimildir til úthlut-

unarnefndarinnar eða lagt fram áætlun um hvernig hann muni afla sér losunarheimilda eftir öðrum leiðum. Úthlutunarnefndinni ber að styðjast við ákveðin viðmið við gerð áætlunar um úthlutun losunarheimilda. Atvinnurekstrinum er síðan úthlutað árlega losunarheimildum í samræmi við áætlun úthlutunarnefndar.

Rétt er að benda á að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að atvinnurekstri verði heimilt að selja þær losunarheimildir sem honum er úthlutað frá úthlutunarnefndinni. Atvinnurekstrinum er hins vegar ætlað að afla sér losunarheimilda annars staðar frá ef hann fær ekki úthlutað nægilega mörgum losunarheimildum. Helsta ástæðan fyrir því að þessi leið er valin er sú að ákvörðun 14.CP/7 bannar viðskipti með losunarheimildir sem byggjast á þeirri ákvörðun en mikill meiri hluti losunarheimilda sem áætlað er að úthluta fellur undir þá ákvörðun.

Umhverfisstofnun er ætlað að gegna margþættu hlutverki í tillögu nefndarinnar að frumvarpi til laga um losun gróðurhúsalofttegunda. Eins og áður er stofnuninni ætlað að sjá um bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi auk skráningarkerfisins. Við bætist að Umhverfisstofnun er falið að fara yfir umsóknir sem berast frá atvinnurekstri um losunarheimildir, að sjá um reikninga atvinnurekstrar og annarra lögaðila í skráningarkerfinu og í þriðja lagi að fara yfir skýrslur atvinnurekstrar um losun koldíoxíðs.

**III. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunin.**

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna (loftslagssamningurinn) er stefnumarkandi alþjóðasamningur um viðbrögð við loftslagsbreytingum. Samningurinn hefur það meginmarkið að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu innan þeirra marka að komið verði í veg fyrir hættulega röskun á loftslagi af manna völdum. Þeim mörkum skal ná innan tímamarka sem nægja til þess að vistkerfi geti sjálf aðlagað sig loftslagsbreytingum. Markmið samningsins er því ekki að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar heldur að halda aftur af hraða þeirra og að koma þannig í veg fyrir hættulega röskun á loftslagi af mannavöldum.

Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992. Ísland gerðist aðili að samningnum 16. júní 1993 og öðlaðist hann gildi 21. mars 1994. Hann hefur ekki að geyma lagalega bindandi ákvæði um markmið eða einstakar aðgerðir. Með samningnum skuldbinda aðildarríki sig hins vegar til þess að grípa til aðgerða til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að auka bindingu kolefnis með ræktun eða verndun gróðurlenda. Einnig skuldbinda ríkin sig til þess að veita upplýsingar um losun sína, stefnumörkun og aðgerðir. Þá eru einnig skuldbindingar um samstarf á sviði tækniyfirfærslu og þekkingaruppbyggingar í þróunarríkjunum. Í samningnum er almenn skuldbinding um að heildarlosun iðnríkjanna verði ekki meiri árið 2000 en hún var árið 1990. Það markmið náðist, en ástæðu minni losunar má einkum rekja til efnahagssamdráttar ríkja í Austur-Evrópu.

Á fyrsta aðildarríkjaþingi rammasamningsins í Berlín 1995 var samþykkt að hrinda af stað nýju samningaferli þar sem stefnt yrði að auknum skuldbindingum iðnríkja um samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Afraksturinn af því samningaferli var Kyoto-bókunin, sem var samþykkt á þriðja aðildarríkjaþingi rammasamningsins sem haldið var í Kyoto 1.–10. desember 1997. Íslensk stjórnvöld fullgiltu Kyoto-bókunina 23. maí 2002. Bókunin gekk í gildi 16. febrúar 2005.

Kyoto-bókunin kveður á um að aðildarríki skuli draga úr útstreymi sex gróðurhúsalofttegunda, miðað við útstreymi eins og það var árið 1990, á skilgreindum tímabilum. Í viðauka

A er að finna þær lofttegundir sem samningurinn nær til, en þær eru koldíoxíð ($CO_2$), metan ($CH_4$), níturoxíð ($N_2O$), vetnisflúorkolefni (HFC), flúorkolefni (PFC) og brennisteinsflúor ($SF_6$). Fyrsta skuldbindingartímabil bókunarinnar er fimm ár, 2008–2012. Aðildarríki bókunarinnar skulu semja um ný skuldbindingartímabil í kjölfar þess fyrsta, sbr. 9. mgr. 3. gr. bókunarinnar.

Einn mikilvægasti þáttur Kyoto-bókunarinnar eru ákvæði um lagalega bindandi mörk fyrir útstreymi gróðurhúsalofttegunda á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar að því er varðar þau ríki sem getið er í I. viðauka við loftslagssamninginn. Þessi ríki eru aðildarríki Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD), ríki Austur-Evrópu og nokkur ríki sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Meginákvæði bókunarinnar um þetta er að finna í 3. gr. hennar. Þar er framangreindum ríkjum gert að takmarka sameiginlega og hvert um sig losun gróðurhúsalofttegunda þannig að samanlagt árlegt útstreymi þeirra á fyrsta skuldbindingartímabilinu 2008–2012 verði að meðaltali 5,2% minna en viðmiðunarárið 1990. Þessu markmiði skulu þau ná með því að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og/eða með bindingu kolefnis með ræktun. Hvert ríki skyldi sýna árið 2005 merkjanlegan árangur við að takmarka útstreymi.

Jafnframt því sameiginlega markmiði að minnka útstreymi þessara lofttegunda um 5,2% er sérhverju ríki sem skráð er í I. viðauka við rammasamninginn veitt heimild til losunar sem er hlutdeild í heildarmarkmiðinu. Þessar heimildir eru skráðar í viðauka B við bókunina. Í viðauka B er að finna öll EES-ríkin auk Ástralíu, Búlgaríu, Kanada, Króatíu, Japans, Mónakó, Nýja-Sjálands, Rúmeníu, Rússlands, Sviss, Úkraínu og Bandaríkjanna. Ákveðið var að taka tillit til aðstæðna ríkja þegar losunarmörk voru sett og eru þau á allt frá því að fela í sér 8% samdrátt miðað við árið 1990, yfir í það að nema 10% aukningu. Ríki Evrópusambandsins, Mið- og Austur-Evrópu og Sviss skulu draga úr útstreymi um 8%, Bandaríkin um 7% og Kanada, Ungverjaland, Japan og Pólland um 6%. Rússlandi, Nýja-Sjálandi og Úkraínu ber að halda útstreymi innan við útstreymismagnið árið 1990 en Noregi er heimilt að auka útstreymi um allt að 1% og Ástralíu um allt að 8%. Heimild Íslands til losunar er 10% aukning miðað við útstreymi árið 1990.

Í 4. gr. Kyoto-bókunarinnar er kveðið á um að ríki geti bundist formlegu samkomulagi um sameiginlega losunarheimild og skiptingu hennar sín á milli. Aðildarríki Evrópusambandsins á þeim tíma (ESB 15) ákváðu að nýta sér þennan kost. Þannig gerir Kyoto-bókunin ráð fyrir því að útstreymi Evrópusambandsins og aðildarríkja þess á skuldbindingartímabilinu verði 92% en í ákvörðun ráðsins nr. 2002/358 kemur fram raunveruleg skuldbinding hvers ríkis. Mestu munar um 21% samdrátt Þýskalands sem stendur fyrir því sem næst helmingi af öllum samdrætti innan ESB, á meðan sum ríki fá heimild til aukningar, t.d. Portúgal 27% og Grikkland 25%.

Í Kyoto-bókuninni er kveðið á um svokölluð sveigjanleikaákvæði en það eru þrenns konar markaðstæki sem ríkjum í viðauka B er heimilt að beita til að standa við skuldbindingar sínar. Sveigjanleikaákvæðin byggjast á 6., 12. og 17. gr. bókunarinnar.

Í fyrsta lagi er um að ræða viðskipti með losunarheimildir þar sem ríkjum er heimilað að kaupa heimildir frá öðrum ríkjum sem ekki nýta losunarheimildir sínar til fulls. Í öðru lagi er ríkjum í viðauka B heimilað að takast sameiginlega á hendur verkefni sem leiða til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda og skipta með sér þeim samdrætti sem um er að ræða. Í þriðja lagi er ríkjum heimilað að ráðast í verkefni í þróunarríkjunum sem leiða til samdráttar í losun og telja sér til tekna þann samdrátt heima fyrir. Gert er ráð fyrir að framan-

greindum sveigjanleikaákvæðum sé beitt til viðbótar við aðgerðir sem ríki grípa til heima fyrir til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda eða til að auka bindingu.

Viðskipti með losunarheimildir geta hafist árið 2008, en sameiginlegar framkvæmdir á meðal ríkja í viðauka B geta hafist fyrr þó að samdráttur í útstreymi sem af því leiðir komi viðkomandi ríki ekki til góða fyrr en á fyrsta skuldbindingartímabilinu.

Við samþykkt Kyoto-bókunarinnar var því lýst yfir af hálfu íslenskra stjórnvalda að Ísland gæti ekki staðið við þau útstreymismörk sem tilgreind eru í viðauka B við bókunina, vegna smæðar efnahagskerfisins og sérstöðu hvað varðar samsetningu á losun gróðurhúsalofttegunda. Það sem veldur vanda í tilviki Íslands eru hlutfallsleg áhrif einstakra verkefna á heildarútstreymi. Hér á landi vega einstök stóriðjuverkefni mjög þungt hlutfallslega og ljóst var að ekki yrði mögulegt að meðhöndla slík verkefni með sama hætti og í tilviki stærri efnahagskerfa. Íslensk stjórnvöld óskuðu eftir því á aðildarríkjaþinginu í Kyoto 1997 að aðildarríkjaþing samningsins tæki þetta vandamál sérstaklega fyrir. Var það samþykkt og málsgrein þess efnis að leitað yrði lausnar á þessu máli varð hluti af ákvörðun aðildarríkjaþingsins. Umfjöllun um málið lauk á aðildarríkjaþinginu í Marrakech með samþykkt ákvörðunar um útfærslu varðandi hlutfallsleg áhrif verkefna, ákvörðun 14/CP.7.

Ákvörðunin heimilar að koldíoxíðútstreymi frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvers, sem hefur starfsemi eftir 1990 og leiðir til meira en 5% aukningar í útstreymi á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar (2008–2012), verði haldið utan við losunarheimild bókunarinnar eftir að losunarheimildir viðkomandi ríkis hafa verið fullnýttar. Ákvörðunin nær aðeins til þeirra ríkja þar sem útstreymi var minna en 0,05% af heildarkoltvíoxíðútstreymi iðnríkjanna árið 1990. Þá eru sett eftirtalin viðbótarskilyrði: Gerð er krafa um notkun endurnýjanlegrar orku, að notkun hennar leiði til samdráttar í útstreymi, að besta fáanlega tækni sé notuð og að bestu umhverfisverndaraðgerðir séu viðhafðar við framleiðsluna. Með bréfi, dags. 17. október 2002, tilkynntu íslensk stjórnvöld að þau hyggðust nýta sér íslenska ákvæðið, en auk Íslands ætlar Mónakó að nýta sér ákvæðið.

Meiri kröfur eru gerðar til upplýsinga til skrifstofu loftslagssamningsins um útstreymi frá fyrirtækjum sem falla undir ákvörðunina en almennt gerist. Þannig er mælst til þess að aðildarríki með verkefni, sem uppfylla skilyrðin sem tilgreind voru hér að framan, veiti í árlegum skýrslum upplýsingar um útstreymi iðnaðarferla á hverja framleiðslueiningu, heildarútstreymi frá iðnaðarferlum þessara verkefna og mat á þeim samdrætti í útstreymi sem leiðir af notkun endurnýjanlegrar orku í þessum verkefnum. Einnig er mælst til þess að skrifstofa samningsins taki saman þessar upplýsingar og leggi fram samanburð við upplýsingar um útstreymi iðnaðarferla á hverja framleiðslueiningu frá öðrum aðildarríkjum og gefi skýrslu um þessar upplýsingar til þings aðildarríkja eftir að Kyoto-bókunin hefur öðlast gildi.

Ákvörðunin nær einungis til koldíoxíðsútstreymis og nær einungis upp að ákveðnu hámarki sem er 1,6 milljónir tonna. Ákvörðunin kemur í veg fyrir að Ísland geti selt losunarheimildir til annarra ríkja. Engar takmarkanir eru hins vegar á því að Ísland afli sér viðbótarlosunarheimilda með viðskiptum eða sameiginlegri framkvæmd. Með framangreindri ákvörðun var að mati stjórnvalda með fullnægjandi hætti tekið á sérstöðu Íslands og leystur sá vandi sem skilgreindur var á aðildarríkjaþinginu í Kyoto.

## IV. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda.

Árið 1990 var heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi um 3,3 milljónir tonna. Árið 2004 var heildarútstreymi orðið um 3,7 milljónir tonna og hafði aukist um 10,5% frá 1990. Sé tekið tillit til bindingar gróðurhúsalofttegunda með landgræðslu og skógrækt var

nettóútstreymi árið 1990 um 3,3 milljónir tonna og árið 2004 rúmlega 3,4 milljónir tonna. Nettóútstreymi hefur því aukist um 3,1% frá 1990 til 2005. Í þessum tölum er öll losun, einnig sú sem fellur undir skilyrði ákvörðunar 14/CP.7, talin með, en íslensk stjórnvöld hafa reglulega skilað inn upplýsingum um losun sem fellur undir skilgreiningar hennar þótt ákvæðið sjálft komi ekki til framkvæmda fyrr en í upphafi fyrsta skuldbindingartímabils Kyoto-bókunarinnar árið 2008.

Í stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands frá 2002 um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar kemur fram að áætlað útstreymi koldíoxíðs frá nýrri stóriðju eftir árið 1990 sem fallið getur undir íslenska ákvæðið verði að meðaltali 1.539 þús. tonn á skuldbindingartímabilinu og því örlítið lægri en losunarheimild samkvæmt ákvæðinu. Hámarkið miðast við meðaltal áranna fimm (2008–2012) og skiptir tímasetning verkefna innan tímabilsins því máli. Frá því að sú stefnumörkun var samþykkt hefur rafskautaverksmiðja á Katanesi fengið starfsleyfi og vinna hafist við undirbúning tveggja nýrra álvera, í Helguvík og við Húsavík.

Ef gert er ráð fyrir að öll ný og stækkuð stóriðjuver sem nú þegar hafa starfsleyfi verði að veruleika, auk tveggja nýrra álvera í Helguvík og við Húsavík, yrði áætluð heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá þeim nærri 3,5 millj. tonna, sbr. eftirfarandi töflu.

**Útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju (þús. tonn $CO_2$-ígildi).**

| Verksmiðja | $CO_2$ | PFC | GHL | Losun sem gæti fallið undir skilgreiningar 14/CP.7 |
|---|---|---|---|---|
| Alcan (460.000 tonn) | 690 | 92 | 782 | 553 |
| Norðurál (300.000 tonn) | 450 | 66 | 516 | 450 |
| Fjarðaál (322.000 tonn) | 486 | 71 | 557 | 486 |
| Járnblendi (190.000 tonn) | 665 | - | 665 | 462 |
| Rafskautaverksmiðja (320.000 tonn) | 125 | - | 125 | - |
| **Samtals (með starfsleyfi)** | **2.416** | **230** | **2.645** | **1.951** |
| Helguvík | 375 | 35 | 410 | 375 |
| Húsavík | 375 | 35 | 410 | 375 |
| **Samtals** | **3.166** | **300** | **3.466** | **2.701** |

Ef allar fyrrgreindar framkvæmdir væru komnar í hámarksframleiðslu árið 2008 væri ljóst að heimildir Íslands dygðu ekki fyrir samanlagðri losun verksmiðjanna. Losun sem fellur undir skilgreiningar 14/CP.7 er um 2,7 millj. tonna af $CO_2$, sem er um 1,1 millj. tonna umfram árlegar heimildir Íslands á tímabilinu 2008–2012 samkvæmt því ákvæði. Íslandi væri skylt að grípa til aðgerða til að afla heimilda fyrir losun umfram heimildir, annaðhvort með því að draga úr losun frá öðrum uppsprettum en stóriðju, auka bindingu í skógrækt og landgræðslu eða nýta sveigjanleikaákvæði Kyoto-bókunarinnar og afla heimilda erlendis frá. Það væri Íslandi svo í sjálfsvald sett hvort ríkisvaldið sæi um að afla þessarra heimilda eða hvort fyrirtækjum væri gert að afla sér þeirra eða fjármagna þær.

Ekki hefur verið ákveðið að ráðast í allar þær stækkanir sem gefið hefur verið starfsleyfi fyrir eða smíði þeirra nýju álvera sem nú eru á undirbúningsstigi. Augljóst er að ekki mun hafa komið til allra fyrrgreindra framkvæmda þegar fyrsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar hefst árið 2008. Það fer eftir tímasetningum framkvæmda hvernig þær falla að skuldbindingum Íslands, þ.m.t. „íslenska ákvæðinu“ (14/CP.7), þar sem Kyoto-bókunin nær

til tímabilsins 2008–2012 og ekki hefur verið gengið frá tölulegum skuldbindingum á síðari stigum. Árið 2006 kynnti umhverfisráðherra tólf sviðsmyndir sem unnar voru upp úr líkani sem Umhverfisstofnun hafði unnið og tóku til mismunandi möguleika á uppbyggingu stóriðju á næstu árum, alveg frá því að ekki verði ráðist í fleiri kosti en þá sem þegar eru í byggingu og upp í að ráðist verði í allar framkvæmdir eins skjótt og viðkomandi fyrirtæki töldu framast unnt. Í öllum sviðsmyndunum var niðurstaðan sú að Ísland ætti að geta verið undir mörkum Kyoto-bókunarinnar á tímabilinu 2008–2012. Ástæðan fyrir því er að 14/CP.7 heimilar að miða við meðallosun á tímabilinu, þannig að þær framkvæmdir sem hefjast í lok tímabilsins þurfa aðeins á litlum hluta heimildanna að halda. Það er þó ljóst að í þeim sviðsmyndum sem gerðu ráð fyrir mestri og hraðastri uppbyggingu stóriðju á komandi árum er árleg losun orðin meiri en meðalársheimildir Íslands í lok tímabilsins þannig að t.d. óbreytt kerfi eftir 2012 mundi þýða að Ísland þyrfti að afla sér viðbótarheimilda.

Hvað almennar skuldbindingar Íslands varðar fellur losun PFC frá álverum innan þeirra. Í stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar frá 2002 segir að tryggt verði að fyrirtæki í áliðnaði geri fullnægjandi ráðstafanir til þess að halda útstreymi flúorkolefna frá framleiðslunni í lágmarki. Samkvæmt spám er gert ráð fyrir að losun PFC frá álverum rúmist innan almennra losunarheimilda Íslands á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar. Mikil minnkun hefur orðið á losun PFC-efna frá álverinu í Straumsvík frá 1990 og mjög ströng mörk um losun hafa verið sett í starfsleyfi. Þessi ströngu mörk verða sett inn í starfsleyfi Norðuráls og Fjarðaáls og væntanlega annarra álvera sem kunna að fá starfsleyfi. Losun frá rafskautaverksmiðju á Katanesi mundi ekki falla undir íslenska ákvæðið þar sem hún nær ekki þeim stærðarmörkum sem þar eru sett og hún mundi ekki nýta endurnýjanlega orku sem meginorkugjafa. Óvíst er hvort af byggingu hennar verður þótt hún hafi gilt starfsleyfi.

## V. Yfirlit yfir réttarreglur í nágrannalöndunum.

*Noregur.*

Lög um viðskipti með losunarheimildir (Lov om kvoteplikt og handel med kvoter for utslip av klimagasser) tóku gildi í Noregi 1. janúar 2005. Lögin taka einungis til losunar koldíoxíðs frá ákveðinni atvinnurstarfsemi. Í lögunum er ekki kveðið á um magn þeirra heimilda sem úthlutað verður á fyrsta tímabilinu sem er 1. janúar 2005 – 31. desember 2007. Úthlutun til fyrirtækja á þessu tímabili byggist á meðaltalslosun starfseminnar yfir tímabilið 1998–2001. Lögin eru ekki ítarleg og er gert ráð fyrir víðtækri reglugerðarheimild til að útfæra þau.

Lögin gilda um eftirfarandi starfsemi án stærðarmarka: Orkuframleiðslu, olíuhreinsistöðvar, koksframleiðslu, framleiðslu og vinnslu járnmelmis og stáls og framleiðslu á kalki, sementi, gleri, trefjaplasti og keramik. Eftirfarandi starfsemi er undanþegin kvótaskyldu: Brennsla á lífmassa, brennsla sorps- og spilliefna og starfsemi sem greiðir koldíoxíðsskatt.

Haldið er utan um kerfið með rafrænni skráningu og ber fyrirtækjum að skila inn skýrslu um losun liðins árs fyrir 1. mars ár hvert. Skil á skýrslu er forsenda fyrir endurnýjun á úthlutuðum losunarheimildum. Sekt fyrir losun umfram úthlutaðar losunarheimildir er miðuð við 40 evrur á hvert tonn koldíoxíðs. Norsku lögin byggjast á kerfi Evrópusambandsins og gera Norðmenn ráð fyrir að taka upp tilskipun Evrópusambandsins um viðskipti með losunarheimildir.

*Danmörk.*

Lög um viðskipti með losunarheimildir voru sett í júní 2004 með gildistöku frá og með 1. janúar 2005. Lögin eru til innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins um viðskipti með losunarheimildir. Starfsemi sem fellur undir lögin er dregin í nokkra dilka, í fyrsta lagi starfsemi sem hófst fyrir 2. janúar 2002, í öðru lagi starfsemi sem hófst á tímabilinu 2. janúar 2002 – 31. mars 2004 og í þriðja lagi starfsemi sem hófst eftir 31. mars 2004. Á fyrsta skuldbindingartímabili laganna, þ.e. 1. janúar 2005 – 31. desember 2007, verður úthlutað samkvæmt meðaltalslosun frá viðkomandi starfsemi yfir tímabilið 1. janúar 1998 – 31. desember 2002. Ólíkt því sem gildir í Noregi er magn losunarheimilda fyrir fyrsta tímabilið fastsett við 100,5 milljónir kvóta, og þar af eru 5,025 milljónir kvóta boðnar upp til sölu en 3 milljónir kvóta til úthlutunar reksturs sem hófst eftir 31. mars 2004. Lögin eru mjög ítarleg og er m.a. ákveðið heildarmagn losunarheimilda til ákveðina fyrirtækjaflokka í lögunum. Það er efnahags- og atvinnumálaráðherrann sem ber ábyrgð á lögunum en t.d. rekstur á skráningarkerfi og eftirfylgni með fyrirtækjum fellur undir dönsku umhverfisstofnunina.

Starfsemi sem heyrir undir lögin er sambærileg við það sem fellur undir norska kerfið, en í nokkrum tilfellum er tiltekið að atvinnurekstur undir ákveðnum stærðarmörkum falli ekki undir lögin í samræmi við heimildir tilskipunar Evrópusambandsins. Haldið verður utan um kerfið með rafrænni skráningu og eftirlitsáætlun. Skila verður skýrslu fyrir 31. mars um losun liðins árs, og eru slík skil forsenda nýrrar úthlutunar. Sekt fyrir losun umfram úthlutaðar heimildir er 40 evrur á tonn koldíoxíðs á tímabilinu 2005–2007, en mun hækka í 100 evrur á tonn vegna tímabilsins 1. janúar 2008 til 31. desember 2012.

*Tilskipun Evrópusambandsins um viðskipti með losunarheimildir.*

Hinn 13. október 2003 samþykkti Evrópusambandið tilskipun 2003/87/EB um viðskipti með útstreymisheimildir (Directive of the European Parliament and of the Council establishing a scheme for greenhouse gas emission allowance trading within the Community and amending Council Directive 96/61/EC). Bakgrunn tilskipunarinnar má rekja aftur til ársins 2000 þegar framkvæmdastjórnin gaf út grænbók um viðskipti með útstreymisheimildir innan Evrópusambandsins vegna gróðurhúsalofttegunda. Tilskipunin fjallar um viðskipti með útstreymisheimildir en henni er ætlað að skapa skilyrði fyrir hagkvæmar hagrænar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að því Evrópusambandið og aðildarríki þess geti uppfyllt skuldbindingar samkvæmt Kyoto-bókuninni á hagkvæman hátt. Tilskipunin kveður ekki á um neinar skuldbindingar varðandi losun gróðurhúsalofttegunda heldur byggist á skuldbindingum samkvæmt Kyoto-bókuninni og ákvörðun ráðsins um skiptingu milli aðildarríkjanna (Burden Sharing Agreement). Í henni er að finna ýmis ákvæði sem ætlað er að skapa grunninn að mögulegum viðskiptum með útstreymisheimildir í samræmi við ákvæði Kyoto-bókunarinnar. Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar segir að tillagan kveði ekki á um hvernig markaður með útstreymisheimildir skuli byggður upp. Skipulag markaðarins skuli ákveðið af aðilum á markaði.

Gildissvið tilskipunarinnar tekur til útstreymis frá starfsemi sem talin er upp í viðauka I og gróðurhúsalofttegunda sem taldar eru upp í viðauka II. Gildissviðið ræðst því annars vegar af lofttegundum og hins vegar starfsemi. Samkvæmt viðauka II tekur tilskipunin í grunninn til allra gróðurhúsalofttegunda samkvæmt Kyótó-bókuninni, en þær eru koldíoxíð, metan, nituroxíð, kolvetnisflúoríð, flúorkolefni, brennisteinsflúoríð. Af viðauka I leiðir hins vegar að á fyrsta gildistímabili tilskipunarinnar nær hún aðeins til koldíoxíðs. Ástæða þessa er sú að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vildu tryggja að tilskipunin væri einföld í fram-

kvæmd til að byrja með og að betri tími gæfist til að þróa lausnir á þeim flækjum sem fylgja því að taka fleiri gróðurhúsalofttegundir inn í viðskiptakerfið. Á grundvelli þessa hefur eingöngu sú starfsemi sem losar stærstan hluta koldíoxíðs verið tekin inn í viðauka I, en um er að ræða fjóra flokka starfsemi, orku, framleiðslu og úrvinnslu járns, jarðefnaiðnað og pappírsiðnað.

Tilskipunin kveður á um úthlutun útstreymisheimilda á ákveðnum tímabilum. Fyrsta tímabilið hófst 1. janúar sl. og því lýkur 31. desember 2007. Næsta tímabil, og hvert tímabil þar á eftir, verða til fimm ára. Samkvæmt nýjustu upplýsingum falla 13 fyrirtæki undir tilskipunina. Tilskipunin gerir hins vegar ráð fyrir að skoðað verði hvort fella beri aðra starfsemi undir hana á næsta tímabili, 2008–2012, og eru áliðnaður og samgöngur nefndar sem dæmi í 30. gr. hennar.

Tilskipunin skapar fyrirtækjum sem undir hana falla möguleika á því að kaupa útstreymisheimildir af fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum. Þá heimilar tilskipunin að viðskiptakerfið sé tengt öðrum sambærilegum viðskiptakerfum með samningum við ákveðin þriðju ríki. Viðskiptakerfið skapar á sama hátt möguleika fyrir aðila sem fá úthlutað útstreymisheimildum á að selja ónotaðar heimildir.

Tilskipunin mælir fyrir um að aðildarríki Evrópusambandsins skuli úthluta losunarheimildum til fyrirtækja sem stunda starfsemi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar. Við úthlutun losunarheimilda eru aðildaríkin í raun að úthluta til fyrirtækja hluta af þeim losunarheimildum sem viðkomandi ríkjum hafa verið ákvarðaðar í Kyoto-bókuninni. Fyrirtækin geta síðan stundað viðskipti með þessar losunarheimildir innan Evrópusambandsins. Er meginmarkmið tilskipunarinnar því að nýta markaðslausnir til að koma hagkvæmustu skipan á úthlutun og viðskipti með losunarheimildir á innri markaði Evrópusambandsins.

Til að varpa ljósi á hvernig viðskiptakerfið virkar má taka sem dæmi fyrirtæki í Frakklandi sem úthlutað hefur verið losunarheimildum af frönskum stjórnvöldum. Franska fyrirtækið getur síðan selt þýsku fyrirtæki losunarheimildirnar, annaðhvort tímabundnar losunarheimildir þess eða varanlega heimild til losunar. Þar sem þeim losunarheimildum sem þýska fyrirtækið hefur keypt var úthlutað á grundvelli heimildar Frakklands samkvæmt Kyoto-bókuninni teljast þessar heimildir enn hluti af þeim heimildum sem Frakklandi var úthlutað samkvæmt bókuninni, þrátt fyrir að hin eiginlega losun eigi sér nú stað í Þýskalandi, og ber að færa losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt þessum heimildum á reikning franskra stjórnvalda samkvæmt þessu.

Til viðbótar ákvæðum um viðskiptakerfi með losunarheimildir mælir tilskipunin fyrir um að aðildarríkin skuli gera landsáætlanir um losun gróðurhúsalofttegunda og skila þeim til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Er þessu ákvæði ætlað að tryggja að aðildarríkin freistist ekki til þess að úthluta umframheimildum til þeirra fyrirtækja sem falla undir tilskipunina á kostnað starfsemi sem fellur utan við gildissvið hennar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá 1. gr. laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda en markmið laganna er að skapa skilyrði fyrir Ísland til að standa við þær skuldbindingar sem það hefur tekið á sig í samræmi við ákvæði rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunarinnar við hann. Í gildandi lögum um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda er gerð krafa um bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og skráningarkerfi en ein af grunnforsendum þess að hægt sé að standa við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undir-

gengist er að traustar upplýsingar séu til um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis. Í frumvarpi þessu er lagt til að við bætist ákvæði sem setur losun koldíoxíðs frá ákveðnum atvinnurekstri sem fellur undir 7. gr. skorður og tryggir þannig að Ísland standi við skuldbindingar sínar samkvæmt Kyoto-bókuninni um losun gróðurhúsalofttegunda á árabilinu 2008–2012.

Um 2. gr.

Í greininni er gildissvið laganna markað. Annars vegar gilda lögin um skráningu og bókhald vegna losunar og bindingar allra gróðurhúsalofttegunda sem falla undir alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og er greinin að mestu óbreytt frá 2. mgr. 1. gr. laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda. Til frekari skýringar á þessum þætti vísast til frumvaps til laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda. Hins vegar er gildissvið frumvarpsins þrengra hvað varðar upplýsingaskyldu atvinnurekstrar. Í lögum um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda er gildissvið varðandi upplýsingaskyldu atvinnurekstrar miðað við 30.000 tonn ígildis gróðurhúsalofttegunda en í frumvarpi þessu er lagt til að skylda til að eiga losunarheimildir miðist við 30.000 tonna losun af koldíoxíði. Aðrar gróðurhúsalofttegundir en koldíoxíð teljast því ekki með við ákvörðun um hvort atvinnurekstur fellur undir gildissvið frumvarpsins. Hins vegar er tiltekið í 4. mgr. 13. gr. frumvarpsins að atvinnurekstri sem falli undir gildissvið laganna beri einnig að skila upplýsingum um losun annarra gróðurhúsalofttegunda en koldíoxíðs. Einungis atvinnurekstur sem losar meira en 30.000 af koldíoxíði á ári mun falla undir gildissvið frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í greininni eru orð og orðasambönd skilgreind. Skilgreiningar eru óbreyttar frá lögum um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda að því undanskildu að tvær nýjar skilgreiningar bætast við og hugtakið ígildi losunarheimilda fellur út. Hvað varðar nánari útlistun á skilgreiningum sem er að finna í lögum um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda vísast til frumvarps til þeirra laga.

Í frumvarpinu er lögð til skilgreining á hugtakinu ákvörðun 14/CP.7. Er þar vísað til ákvörðunar 7. aðildarríkjaþings loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna um áhrif einstakra verkefna á losun á skuldbindingartímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Heitið „íslenska ákvæðið“ hefur einnig verið notað í almennu máli um þessa ákvörðun. Um nánari útlistun á ákvörðuninni vísast til III. kafla almennra athugasemda.

Hugtakið „losunarheimild“ er í frumvarpi þessu notað yfir inneign sem lögð er inn í skráningarkerfi og er heimild fyrir losun koldíoxíðs. Losunarheimildir eru gjaldmiðillinn í því „kolefnishagkerfi“ sem sett er á fót með Kyoto-bókuninni. Ein losunarheimild samsvarar losun eins tonns af koldíoxíði á einu ári. Samkvæmt Kyoto-bókuninni geta verið sex mismunandi tegundir heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda sem eru ýmist gefnar út af skrifstofu bókunarinnar og lagðar inn á skráningarkerfi viðkomandi lands eða gefnar út af aðildarríkjum með samþykki skrifstofu bókunarinnar, t.d. með bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi eða með þátttöku í loftslagsvænni þróunaraðstoð. Hver losunarheimild sem gefin er út samkvæmt ákvæðum Kyoto-bókunarinnar fær rafrænt einkennisnúmer og verður rafrænn gjaldmiðill sem hægt er að rekja í gegnum viðskipti og flutning heimilda, svipað og merkta peningaseðla. Þegar rætt er um losunarheimildir í frumvarpinu er átt við þennan rafræna gjaldmiðil þannig að þegar t.d. talað er um 30.000 losunarheimildir er átt við einingar sem veita heimild til losunar 30.000 tonna af koldíoxíði á einu ári.

Um 4. gr.

Í greininni segir að umhverfisráðuneytið hafi yfirumsjón með framkvæmd laganna og er það í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda um loftslagsmál og er greinin efnislega óbreytt frá lögum um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda. Við bætist að ráðuneytinu beri að hafa samráð við viðkomandi ráðuneyti. Er hér átt við samráð vegna starfsemi nefndar skv. 2. mgr. og nánari útfærslu á reglugerð um skyldur Umhverfisstofnunar við útgáfu og eftirlit með losunarheimildum atvinnurekstrar sem fellur undir gildissvið laganna.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli. Lagt er til að komið verði á fót sérstakri úthlutunarnefnd þar sem sæti eiga fulltrúar iðnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Lagt er til að formaður nefndarinnar komi frá iðnaðarráðuneyti í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda frá árinu 2002 en samkvæmt henni var iðnaðarráðuneytinu falin umsjón með úthlutun losunarheimilda samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 eða hins svokallaða íslenska ákvæði, en stærsti hluti þeirra losunarheimilda sem nefndinni ber að úthluta fellur undir íslenska ákvæðið. Nefndinni ber að gera tillögur um úthlutun á tilgreindum fjölda losunarheimilda og hafa við þá úthlutun hliðsjón af reglum sem settar eru fram í 11. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að ráðneytin beri kostnað af þátttöku sinna fulltrúa í nefndinni.

Í 3. mgr. er Umhverfisstofnun falið að fara með framkvæmd laganna hvað varðar bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og skráningarkerfið auk eftirlits með losun koldíoxíðs frá atvinnurekstri skv. 7. gr. Umhverfisstofnun er í núgildandi lögum falið að sjá um loftslagsbókhald og skráningarkerfi Íslands, auk upplýsingaöflunar frá helstu losendum gróðurhúsalofttegunda. Umhverfisstofnun er einnig falið það hlutverk að vera úthlutunarnefndinni til ráðgjafar. Úthlutunarnefndin þarf að eiga gott samstarf við Umhverfisstofnun varðandi öflun nauðsynlegra upplýsinga til grundvallar úthlutun losunarheimilda og mun Umhverfisstofnun sjá um framkvæmdina þegar úthlutaðar losunarheimildir eru bókfærðar í skráningarkerfi. Að auki mun Umhverfisstofnun taka á móti umsóknum um losunarheimildir og fara yfir skýrslur fyrirtækja um losun koldíoxíðs síðastliðins árs.

Um 5. gr.

Grein þessi er samhljóða 4. gr. laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði sem er samhljóða 1. mgr. 5. gr. laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda.

Lögð er til ný 2. mgr. sem er byggð á 2. mgr. 5. gr, gildandi laga en við bætist að skráningarkerfinu er einnig ætlað að halda utan um losunarheimildir atvinnurekstrar skv. 7. gr. auk annarra lögaðila sem óska eftir að eiga reikning í skráningarkerfinu. Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þær upplýsingar sem skráðar eru í kerfið, samvinnu við önnur kerfi, t.d. kerfi Evrópusambandsins, rekstur kerfisins og hvernig fara skuli með útgáfu, handhöfn, framsal og ógildingu losunarheimilda.

Í 3. mgr er að finna nýmæli. Gert er ráð fyrir að atvinnurekstri sem á reikning í skráningarkerfinu verði gert að greiða þjónustugjald sem fara skuli í rekstur skráningarkerfisins. Þessari gjaldtöku er einungis ætlað að standa undir þeim hluta kostnaðar sem varðar rekstur á þess hluta skráningarkerfisins sem snýr að atvinnurekstri skv. 7. gr. eða öðrum lögaðilum en ekki rekstur kerfisins vegna heimilda ríkisins eða kostnað vegna kaupa á skráningarkerfinu. Er það í samræmi við mengunarbótaregluna að það sé atvinnurekstrarins að greiða kostnað Umhverfisstofnunar að því leyti sem hann snýr að honum.

Um 7. gr.

Í 1. mgr er sett fram sú krafa að öllum atvinnurekstri sem fellur undir viðmiðanir í 2. mgr. verði gert að afla sér losunarheimilda vegna losunar koldíoxíðs á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Atvinnurekstri sem ekki hefur aflað sér slíkra losunarheimilda með annaðhvort úthlutun frá úthlutunarnefnd í samræmi við úthlutunaráætlun skv. 9. gr. eða með því að sýna fram á áætlun um hvernig hann muni afla sér slíkra losunarheimilda er óheimilt að starfa frá og með 1. janúar 2008. Ef atvinnurekstur hefur einungis áætlanir um að starfa hluta af þessu tímabili þarf einungis að sýna fram á losunarheimildir vegna þess tímabils sem rekstur fer fram.

Í 2. mgr. eru settar tvenns konar viðmiðanir varðandi starfsemi sem er skylduð til að afla sér losunarheimilda, annars vegar hvað varðar eðli starfseminnar og hins vegar stærð. Um er að ræða nokkra breytingu frá gildissviði laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda þar sem í þeim er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem hefur fengið starfsleyfi sem heimilar starfsemi sem losar meira en 30.000 tonn af ígildi koldíoxíðs á ári þurfi að skila upplýsingum um losunina til Umhverfisstofnunar ár hvert. Í frumvarpi þessu er lögð til ákveðin þrenging á þessari skilgreiningu, þ.e. að atvinnurekstur sem fellur undir ákvæði laganna sé staðbundin orkuframleiðsla með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega og að auki staðbundin iðnaðarframleiðsla sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega. Ekki verður því lengur miðað við ígildi koldíoxíðs sem tók til losunar allra gróðurhúsalofttegunda frá atvinnurekstrinum. Ákvæðið miðar eins og áður við atvinnurekstur sem hefur starfsleyfi í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og reglugerð nr. 785/1999, með síðari breytingum. Í starfsleyfi er atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun veitt heimild til ákveðinnar starfsemi og losunar. Mat á því hvort atvinnurekstur fellur undir kröfur þessarar greinar byggist á raunlosun frá atvinnurekstri annaðhvort í samræmi við losun síðastliðinna ára eða áætlaða losun. Ef óvissa er um hvort atvinnurekstur fellur undir gildissvið frumvarpsins sker úthlutunarnefnd úr um það. Eins og í gildandi lögum á enginn vafi að vera á því hvaða starfsþættir fyrirtækis falla undir skyldu til að afla sér losunarheimilda þar sem starfsleyfið mun segja til um það. Þannig fellur t.d. losun koldíoxíðs frá farartækjum sem tengjast starfsemi atvinnurekstrarins ekki þar undir. Þessar kröfur munu ná yfir atvinnurekstur sem hefur gilt starfsleyfi við gildistöku laganna og yfir nýja starfsemi. Krafan er að allur atvinnurekstur sem stundar staðbundna orkuframleiðslu með brennslu jarðefnaeldsneytis eða staðbundna iðnaðarframleiðslu sem losar meira en 30.000 tonn af koldíoxíði árlega skuli afla sér losunarheimilda. Við núverandi aðstæður mundi þetta þýða að a.m.k. fjórar verksmiðjur, starfandi eða í smíðum, yrðu skyldaðar til að afla sér losunarheimilda, þ.e. öll þrjú álverin og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Sementsverksmiðjan á Akranesi er með losun við þessi mörk og mundi mjög líklega sækja um losunarheimildir á tímabilinu 2008–1012. Að auki félli hugsanleg rafskautaverksmiðja í Hvalfirði, sem hefur nú þegar starfsleyfi, undir þessar skilgreiningar, auk annarar starfsemi sem kann að verða sett upp á tímabilinu 2008–2012 og losar meira en 30.000 tonn á ári.

Þessar viðmiðanir eru einfaldari en t.d. í tilskipun Evrópusambandsins þar sem talin er upp sú tegund starfsemi sem er úthlutað losunarheimildum. Þar er t.d. álframleiðsla ekki talin með, en settar viðmiðanir um uppsett afl (20 mW) orkuframleiðslu með jarðefnaeldsneyti sem geta leitt til þess að varaaflstöðvar og aflstöðvar sem eru lítið notaðar falla undir kerfið þrátt fyrir að losun frá þeim sé lítil. Þetta hefur verið gagnrýnt og hugmyndir settar fram um að setja lægri mörk um losun frá aflstöðvum, t.d. um 25.000 tonn af $CO_2$ á ári, sem er nálægt

þeim mörkum sem sett eru fram í þessu frumvarpi. Þess má geta í þessu samhengi að meðallosun fyrirtækja sem falla undir losunarkvótatilskipun ESB er um 150–200.000 tonn $CO_2$ á ári. Með því að setja mörkin við 30.000 tonn á ári, sem er tæplega 1% af heildarlosun Íslands, er tryggt að öll starfsemi af þeirri stærð sem gæti haft í för með sér umtalsverða aukningu á losun frá Íslandi sé skyldug til að afla sér losunarheimilda, en aftur á móti verður atvinnurekstur sem losar minna, svo sem fiskimjölsverksmiðjur, undanþegnar, nema losun frá þeim aukist verulega og umfram 30.000 tonn af koldíoxíði á ári.

Um 8. gr.

Í 1. mgr er kveðið á um að öllum atvinnurekstri sem fellur undir 2. mgr. 7 gr. beri að sækja um úthlutun á losunarheimildum eigi síðar en níu mánuðum áður en fyrirhugað er að starfsemi hefjist. Atvinnurekstri sem fellur undir lögin og er þegar í rekstri ber að sækja um úthlutun heimilda eigi síðar en 1. júní 2007 í samræmi við ákvæði til bráðabirgða við lögin. Í a-lið er gerð krafa um að upplýsingum sé skilað um þá starfsemi sem fer fram, eiganda, staðsetningu og rekstraraðila. Í b-lið er gerð krafa um að gerð sé grein fyrir þeim hluta starfseminnar sem er uppspretta losunar. Gerð er krafa um í c-lið að í umsókn sé gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að halda losun í lágmarki. Í þessu sambandi er rétt að benda á ákvæði 2. mgr. þar sem fjallað er um atvinnurekstur sem fellur undir skilyrði samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 við Kyoto-bókunina en gera má ráð fyrir að flestum atvinnurekstri sem fellur undir lögin beri að uppfylla skilyrði þeirrar ákvörðunar. Í d-lið er gert ráð fyrir að lögð sé fram áætlun um hvernig fylgst verði með losun koldíoxíðs. Að lokum ber að tiltaka í umsókn það heildarmagn losunarheimilda sem óskað er eftir að atvinnurekstri verði úthlutað. Er þar gert ráð fyrir að fylgt sé viðmiðum 11. gr.

Í 2. mgr. er fjallað um atvinnurekstur sem fellur undir skilyrði sem sett eru varðandi úthlutun sérstakra heimilda Íslands samkvæmt ákvörðun 14/CP.7. Er þessi skylda í samræmi við ákvæði gildandi laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda en meiri kröfur eru gerðar til upplýsinga um losun frá atvinnurekstri sem fellur undir ákvörðun 14/CP.7 en almennt gerist. Þannig er mælst til þess að aðildarríki með verkefni sem uppfylla skilyrði ákvörðunarinnar veiti í árlegum skýrslum upplýsingar um útstreymi frá iðnaðarferlum á hverja framleiðslueiningu, heildarútstreymi frá iðnaðarferlum þessara verkefna og mat á þeim samdrætti í útstreymi sem leiðir af notkun endurnýjanlegrar orku í þessum verkefnum. Einnig er mælst til þess að skrifstofa samningsins taki saman þessar upplýsingar og leggi fram samanburð við upplýsingar um útstreymi frá iðnaðarferlum á hverja framleiðslueiningu frá öðrum aðildarríkjum og gefi skýrslu um þessar upplýsingar til þings aðildarríkja eftir að Kyoto-bókunin hefur öðlast gildi. Mjög mikilvægt er að umsækjandi geri ítarlega grein fyrir hvernig atvinnureksturinn uppfyllir þessar kröfur enda þurfa íslensk stjórnvöld að gera grein fyrir því til samningsins.

Í 3. mgr. er tiltekið að Umhverfisstofnun beri að fara yfir umsóknir um úthlutun losunarheimilda. Yfirferð Umhverfisstofnunar skal snúa að því hvort umsóknirnar uppfylla kröfur sem settar eru fram í frumvarpi þessu. Umhverfisstofnun framsendir umsóknir sem berast til úthlutunarnefndar ásamt greinargerð þar sem fram kemur hvort umsókn uppfyllir skilyrði 1. og 2. mgr. og ef við á ábendingar til úthlutunarnefndarinnar um að umsókn uppfylli ekki skilyrði laganna og um hvaða upplýsingar skorti.

Í 4. mgr. er lagt til að úthlutunarnefnd verði heimilt að krefja atvinnurekstur um frekari upplýsinga á grundvelli umsagnar Umhverfisstofnunar. Ef atvinnurekstur verður ekki við þessari beiðni hefur úthlutunarnefnd heimild til að vísa umsókninni frá. Þar sem úthlutunar-

nefnd losunarheimilda telst hliðsett stjórnvald við ráðherra er ekki heimilt að kæra ákvarðanir nefndarinnar til ráðherra.

Í 5. mgr. er lagt til að atvinnurekstri sem sækir um úthlutun losunarheimilda til Umhverfisstofnunar verði gert að greiða 250.000 kr. gjald sem standa skal undir kostnaði stofnunarinnar við úrvinnslu og mat á hvort umsókn uppfyllir kröfur frumvarpsins. Upphæð gjaldsins er miðuð við að vinna Umhverfisstofnunar vegna hverrar umsóknar sé um 40 tímar. Rétt þykir að greiða verði gjaldið þegar umsókn er lögð inn þar sem annars getur verið erfitt að innheimta kostnað stofnunarinnar, t.d. frá atvinnurekstri sem ekki er úthlutað neinum heimildum eða ef umsókn er vísað frá.

Um 9. gr.

Í þessarri grein er fjallað um áætlun sem úthlutunarnefnd losunarheimilda gerir þegar á árinu 2007, áður en skuldbindingartímabilið gengur í garð, um væntanlega úthlutun heimilda á tímabilinu 2008–2012, sem byggist á umsóknum frá atvinnurekstri sem fellur undir ákvæði frumvarpsins og er þegar starfandi eða sér fram á að hefja starfsemi á tímabilinu. Megintilgangur slíkrar áætlunar er að eyða óvissu um væntanlega úthlutun losunarheimilda, þannig að atvinnurekstur geti búið við eins mikið starfsöryggi og hægt er. Þar nýtur atvinnurekstur sem þegar er starfandi eða mun hefja starfsemi fyrir upphaf skuldbindingartímabilsins forgangs, en atvinnurekstur sem hyggst hefja starfsemi eða auka starfsemi á tímabilinu 2008–2012 gæti lent í þeirri stöðu að ónógar losunarheimildir séu þá til ráðstöfunar, en hann þyrfti þá að afla sér losunarheimilda eftir öðrum leiðum eða hætta við framkvæmdir. Einnig er auðvitað möguleiki að einhverjar þeirra framkvæmda sem tilgreindar eru í áætluninni komi ekki til framkvæmda á tímabilinu og þá væri hægt að úthluta losunarheimildum sem þeim væru ætlaðar samkvæmt áætluninni til annarra. Ljóst er að alltaf verður einhver óvissa um raunverulega úthlutun losunarheimilda á tímabilinu, m.a. vegna óvissu um tímasetningu tiltekinna framkvæmda, en með gerð áætlunarinnar er reynt að lágmarka þessa óvissu þannig að öll fyrirtæki sem sækjast eftir losunarheimildum fá að vita hversu mörgum losunarheimildum þeim er úthlutað, svo fremi sem áætlanir þeirra sjálfra ganga eftir. Áætlunin er bindandi í þeim skilningi að ekki er heimilt að skerða úthlutun losunarheimilda til tiltekins atvinnurekstrar sem lofað er í áætluninni vegna þess t.d. að nýir aðilar koma inn sem sækja um úthlutun eða annarra aðstæðna sem viðkomandi atvinnurekstur ræður ekki við. Hins vegar mun atvinnurekstri sem hefur verið lofað úthlutun losunarheimilda á tilteknum tíma ekki verða úthlutað losunarheimilidum ef hætt hefur verið við framkvæmdir eða þeim frestað. Það er því mikilvægt að uppfæra áætlunina reglulega í ljósi hugsanlegra breytinga á aðstæðum.

Í 1. mgr. er lagt til að úthlutunaráætlunin skuli gefin út ekki síðar en 1. október 2007.

Í 2. mgr. segir að í áætluninni skuli tiltekið hve miklum losunarheimildum sé fyrirhugað að úthluta til hvers fyrirtækis sem sækir um úthlutun losunarheimilda. Tiltaka skal hversu miklum losunarheimildum hverjum atvinnurekstri skal úthlutað í samræmi við umsókn skv. 8. gr. og með hliðsjón af viðmiðunum skv. 11. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er tilgreint heildarmagn losunarheimilda sem er til úthlutunar á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012, sem er samtals 10.500.000 losunarheimildir. Þessi tala tekur mið af tvennu, annars vegar af þeim losunarheimildum sem eru til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 og hins vegar af því að eitthvað verði til ráðstöfunar til atvinnurekstrar sem losar yfir 30.000 tonn af koldíoxíði á ári af almennum heimildum Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni. Samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 er Íslandi heimilt að draga samtals 8 milljónir losunarheimilda frá heildarlosun sinni á tímabilinu 2008–2012 vegna einstakra fram-

kvæmda sem uppfylla ákveðin skilyrði sem fram koma í ákvörðuninni. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessum heimildum Íslands verði úthlutað til atvinnurekstrar sem uppfyllir skilyrðin.

Að auki er gert ráð fyrir að til ráðstöfunar séu 2,5 milljónir losunarheimilda á tímabilinu 2008–2012 sem komi af almennum losunarheimildum Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni, þ.e. um 500.000 losunarheimildir á ári að meðaltali. Þetta þýðir þó ekki að gert sé ráð fyrir mögulegri aukningu á losun sem fellur utan 14/CP.7 um svo mikið magn. Samkvæmt þeim viðmiðunarreglum sem settar eru fram í 11. gr. er ljóst að losun koldíoxíðs frá Járnblendiverksmiðjunni og álverinu í Straumsvík árið 1990 mundi falla innan þessa ramma, þ.e. um 206.000 tonn fyrir Járnblendiverksmiðjuna og 137.000 tonn fyrir álverið. Fyrir liggur að Ísland fær úthlutað heimildum fyrir þessarri losun á grunni Kyoto-bókunarinnar. Samtals er því um að ræða 343.000 tonn af koldíoxíði að meðaltali á ári, eða 1.715.000 losunarheimildir á tímabilinu 2008–2012 sem koma til vegna losunar koldíoxíðs frá Járnblendiverksmiðjunni og álverinu í Straumsvík á viðmiðunarárinu 1990. Þá eru eftir til úthlutunar 785.000 losunarheimildir á tímabilinu 2008–2012, eða 157.000 að meðaltali á ári. Þessar losunarheimildir eru hugsaðar til ráðstöfunar til nýs atvinnurekstrar, sem er skyldugur til að afla sér losunarheimilda, óháð því hvort hann fellur undir ákvæði 14/CP.7 eða ekki, eða til starfandi atvinnurekstrar sem eykur starfsemi sína þannig að hann fer yfir 30.000 tonna losunarmörkin. Þetta eru um 4,3% af þeim heimildum sem líklegt er að Íslandi verði úthlutað á grundvelli Kyoto-bókunarinnar. Eins og stendur er ekki fyrirsjáanlegt að hér verði settur upp atvinnurekstur sem þyrfti á þessum heimildum að halda utan stóriðjuframkvæmda sem fellur undir skilyrði 14/CP.7. Þar er þó undanskilin hugsanleg rafskautaverksmiðja á Katanesi sem hefur nú þegar starfsleyfi þótt annar undirbúningur að rekstri sé ekki hafinn og óvíst sé hvort af smíði verksmiðjunnar verði. Eins og áður segir er líklegt að Sementsverksmiðjan muni þurfa á hluta þessara heimilda að halda, en ólíklegt er að fiskimjölsverksmiðjur fari upp fyrir 30.000 tonna mörkin. Með því að hafa losunarheimildir til ráðstöfunar til skapast nokkurt svigrúm fyrir nýjan atvinnurekstur af slíku tagi á tímabilinu 2008–2012, en með því að takmarka útgáfu nýrra losunarheimilda við 4,3% af almennum heimildum Íslands að hámarki á jafnframt að vera nokkuð tryggt að Ísland fari ekki yfir heimildir sínar á tímabilinu af völdum starfsemi sem fellur undir ákvæði lagafrumvarps þessa.

Í 4. mgr. er lagt til að nefndinni beri að fara yfir úthlutunaráætlun sína árlega með hliðsjón af skýrslum atvinnurekstrar, sbr. 13. gr., nýjum umsóknum sem kunna að berast og mati á breyttum aðstæðum. Lagt er til að einungis verði heimilt að skerða losunarheimildir til atvinnurekstrar sem fengið hefur vilyrði um úthlutun í áætlun, sbr. 1. og 2. mgr., ef breytingar hafi orðið í rekstri þess sem hefur orðið þess valdandi að starfsemi eða losun frá henni er minni en gert var ráð fyrir við útgáfu áætlunarinnar. Ljóst er að ekki verður heimilt að skerða losunarheimildir atvinnurekstrar sem þegar hefur fengið vilyrði um úthlutun í úthlutunaráætlun vegna þess að t.d. nýr atvinnurekstur sækir um losunarheimildir og öllum losunarheimildum hefur verið úthlutað.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að úthlutunarnefnd losunarheimilda, sbr. 4. gr., sjái um úthlutun þeirra losunarheimilda sem til ráðstöfunar eru til atvinnurekstrar sem er skyldaður til að afla sér losunarheimilda á tímabilinu 2008–2012. Úthlutunarnefndinni ber að senda Umhverfisstofnun upplýsingar árlega um úthlutun til einstaks atvinnurekstrar. Gert er ráð fyrir að slíkar upplýsingar verði að berast stofnuninni eigi síðar en mánuði áður en Umhverfisstofnun ber að færa úthlutaðar losunarheimildir inn á reikning atvinnurekstrar.

Í 2. mgr segir einfaldlega að í kjölfar ákvörðunar úthlutunarnefndarinnar um úthlutun hvers árs séu losunarheimildir lagðar inn í skráningarkerfi á reikning viðkomandi atvinnurekstrar þar sem þær koma á móti losun koldíoxíðs. Er það á verksviði Umhverfisstofnunar að bókfæra losunarheimildir inn á reikning viðkomandi atvinnurekstrar í samræmi við tilkynningu frá úthlutunarnefndinni.

Um 11. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að úthlutunarnefnd skv. 4. gr. beri að hafa eftirfarandi viðmið til hliðsjónar við gerð áætlunar um losunarheimildir til atvinnurekstrar.

Í a-lið er lagt til að atvinnurekstur sem fellur undir gildissvið laganna og er starfandi fyrir 1. janúar 2007 skuli taka mið að meðaltalslosun koldíoxíðs, mældri eða áætlaðri, vegna áranna 2005 til 2006. Helsta ástæðan fyrir að lagt er til að miðað sé við losun áranna 2005 og 2006 er að miklill vöxtur hefur átt sér stað í uppbyggingu á atvinnurekstri sem fellur undir gildissvið þessa frumvarps á síðustu árum. Rétt þykir því að miða við losun áranna 2005 til 2006 til að hafa sem raunhæfastar tölur frá starfandi atvinnurekstri.

Í b-lið er lagt til að atvinnurekstri sem annaðhvort hefur ekki verið í rekstri í eitt eða fleiri af viðmiðunarárunum eða aðrar ástæður leiða til þess að árabilið 2005–2006 lýsir ekki meðallosun sé heimilt að vísa til annara viðmiðunarára eða sýna fram á hver sé meðallosun atvinnurekstrar á annan sambærilegan hátt. Eðlilegt er að atvinnurekstur sem t.d. hefur ekki verið í fullum rekstri vegna bilana á árunum 2005 eða 2006 verði heimilt að miða við önnur ár eða á annan hátt sýna fram á hver raunveruleg meðallosun er.

Í c-lið er kveðið á um að fyrir atvinnurekstur sem hefur starfsemi eftir 1. janúar 2007 skuli miðað við áætlaða losun og að notuð sé besta fáanlega tækni til að halda losun koldíoxíðs í lágmarki. Í raun þurfa þau fyrirtæki sem falla undir ákvæði 14/CP.7 að uppfylla kröfur um bestu fáanlegu tækni.

Í 2. mgr er fjallað um hvernig úthlutunarnefnd losunarheimilda skuli haga sinni úthlutun ef umsóknir um losunarheimildir eru samanlagt meiri fyrir tímabilið 2008–2012 en það sem úthlutunarnefnd losunarheimilda hefur til umráða. Gert er ráð fyrir að fyrst skuli úthlutað til atvinnurekstrar sem þegar hefur hafið starfsemi áður en fyrsta skuldbindingartímabil Kyotobókunarinnar hefst 1. janúar 2008. Því sem eftir er skal úthluta til annarra umsækjenda sem hyggjast hefja starfsemi eða auka starfsemi eftir 1. janúar 2008. Gert er ráð fyrir að þeir umsækjendur sem lengra eru komnir í undirbúningi vegna starfsemi sinnar skuli njóta forgangs umfram þá sem styttra eru komnir. Tilvísun til þess að atvinnurekstur hafi þegar aflað sér starfsleyfis þótt hann sé ekki kominn í rekstur miðast við gildistöku laganna. Einnig verður úthlutunarnefndinni heimilt að endurskoða áætlun sína í samræmi við áætlanir atvinnurekstrarins, þ.e. nefndinni verður heimilt að fella niður heimildir til atvinnurekstrar sem fengið hefur vilyrði um losunarheimildir ef sýnt þykir að hætt hafi verið við áætlanir um viðkomandi atvinnurkstur. Er þessi heimild mikilvæg til að tryggja að losunarheimildir séu ekki bundnar ákveðnum atvinnurekstri sem ljóst þykir að muni ekki hefja starfsemi.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að atvinnurekstur sem er skyldugur til að eiga losunarheimildir vegna starfsemi sinnar á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 skuli fyrir 1. maí ár hvert færa nægjanlega margar losunarheimildir í samræmi við skýrslu um losun síðastliðins árs inn á sérstakan reikning þar sem losunarheimildirnar verða gerðar ógildar. Þar sem atvinnurekstur fær úthlutað losunarheimildum inn á reikning sinn 1. mars ár hvert mun

atvinnurekstur því hafa fengið úthlutað losunarheimildum tvisvar sinnum áður en atvinnurekstri ber að yfirfæra losunarheimildir inn á lokareikning þar sem þær verða ógildar. Þessi aðferð veitir atvinnurekstri því nokkurt svigrúm milli ára

Í 2. mgr er kveðið á um heimildir atvinnurekstrar til að færa ónotaðar losunarheimildir milli ára, enda fullnægi hann enn þá öllum skilyrðum um úthlutun heimilda. Af ákvæðinu leiðir að hætti atvinnurekstur störfum á tímabilinu sem hlotið hefur úthlutun sem hann mun ekki geta nýtt sér verða þær losunarheimildir aftur eign íslenska ríkisins.

Tiltekið er í 3. mgr. að allar ónýttar losunarheimildir sem verða á reikningum atvinnurekstrar 31. desember 2012 verða eign íslenska ríkisins og verða bókfærðar sem slíkar.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að úthlutunarnefnd losunarheimilda beri við úthlutun á losunarheimildum að láta fylgja með skriflega greinargerð með skilyrðum um framfylgd áætlunar, sbr. d-lið 1. mgr. 8. gr., auk kröfu um árlega skýrslu um losun koldíoxíðs, sbr. 2. mgr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að atvinnurekstur sem fær úthlutað losunarheimildum skuli skila 1. mars 2009 og árlega eftir það skýrslu um losun koldíoxíðs til Umhverfisstofnunar. Lagt er til að í skýrslunni skuli koma fram upplýsingar um stöðu losunarheimilda í upphafi fyrra árs, losun koldíoxíðs á árinu og stöðu losunarheimilda í lok árs, auk annarra upplýsinga sem gerðar eru kröfur um við úthlutun losunarheimilda. Að auki er lagt til að Umhverfisstofnun beri að gera tillögur til ráðherra um nánari reglur um skýrslugjöfina.

Í lögum um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar sem kveði á um þær upplýsingar sem atvinnurekstri ber að skila til stofnunarinnar. Í frumvarpi þessu er í reynd verið að biðja um sömu upplýsingar og er því ekki um mikla breytingu að ræða á skyldum atvinnurekstrarins. Lagt er til að settar verði nákvæmar reglur um t.d. skil á grunnupplýsingum sem liggja á bak við útreikninga á losun en um slíkar upplýsingar gildir trúnaður, sbr. 16. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar er kveðið á um að starfsmenn sem starfi samkvæmt þeim lögum séu bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Mikilvægt er að Umhverfisstofnun hafi samráð við þá aðila sem ber að skila inn upplýsingum samkvæmt reglugerð þessari við undirbúning hennar. Lagt er til að í reglugerðinni verði heimilt að kveða á um heimildir Umhverfisstofnunar til að gera kröfu um staðfestingu á áreiðanleika veittra upplýsinga. Hér er því veitt heimild til að fela faggiltum skoðunaraðilum að fara yfir upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda frá fyrirtækjum. Vert er að benda á að ef Umhverfisstofnun er veitt slík heimild er stofnuninni ekki heimilt að krefja atvinnurekstur jafnframt um greiðslu skv. 3. mgr., enda er þá ekki ástæða fyrir stofnunina að fara yfir og staðfesta áreiðanleika þeirra gagna sem skilað hefur verið inn. Hér er um eðlilega kröfu að ræða sem byggist á fordæmi frá Noregi. Sambærilega heimild er að finna í lögum um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda. Skýrslur um losun geta verið mjög flóknar tæknilega og er því eðlilegt að sérhæfður aðili yfirfari þær og að atvinnureksturinn velji þann aðila og greiði honum fyrir.

Í 3. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun verði falið að fara yfir hvort skýrsla um losun sé í samræmi við settar reglur og að senda skýrslu um losun koldíoxíðs til úthlutunarnefndar losunarheimilda ásamt greinargerð. Ef stofnunin telur að skýrslan uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru ber henni að gera úthlutunarnefndinni grein fyrir því. Nefndinni ber þá að taka afstöðu til greinargerðar Umhverfisstofnunar. Telji nefndin að skýrsla um losun koldíoxíðs frá atvinnurekstri sé ekki fullnægjandi er henni heimilt að óska eftir frekari upplýsingum.

Í 4. mgr. er lagt til að atvinnurekstri sem fellur undir gildissvið laganna beri einnig að gera grein fyrir losun annarra gróðurhúsalofttegunda, annaðhvort með árlegri skýrslu um losun koldíoxíðs eða með annarri skýrslugjöf til stofnunarinnar, t.d. vegna starfsleyfis.

Í 5. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun sé heimilt að taka gjald fyrir vinnu við yfirferð yfir skýrslu um losun sem atvinnurekstri sem fellur undir 1. mgr. ber að skila til stofnunarinnar. Er miðað við að upphæð gjaldsins taki mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal hún byggjast á rekstraráætlun.

Um 14. gr.

Ef atvinnurekstri er ekki úthlutað losunarheimildum í samræmi við áætlaða losun koldíoxíðs, eða hann losar meira en hann hefur innstæðu fyrir í losunarheimildum, er ekki þar með sagt að atvinnureksturinn þurfi nauðsynlega að takmarka starfsemi sína við þær losunarheimildir sem úthlutað er af úthlutunarnefnd. Ákvæði Kyoto-bókunarinnar um bindingu kolefnis úr andrúmslofti og hin svokölluðu sveigjanleikaákvæði bókunarinnar veita ríkjum og þar með atvinnurekstri og öðrum lögaðilum sem geta átt reikning í skráningarkerfi losunarheimilda viðkomandi ríkis möguleika á að afla sér losunarheimilda með ýmsum hætti. Þessi grein veitir atvinnurekstri heimild til að afla sér sjálfur losunarheimilda. Slíkar losunarheimildir þurfa a.m.k. að vera viðurkenndar samkvæmt Kyoto-bókuninni. Umhverfisráðherra er heimilt að setja nánari reglur um hvaða losunarheimildir teljist gildar og önnur atriði varðandi öflun losunarheimilda.

Um 15. gr.

Lagt er til að atvinnurekstur sem fellur undir gildissvið laganna og hefur ekki lagt nægilegar heimildir inn á lokareiking sinn fyrir 1. maí vegna síðastliðins árs beri að greiða stjórnvaldssekt að upphæð 9.000 kr. vegna hverrar einstakrar losunarheimildar sem er umfram þær heimildir sem atvinnureksturinn hefur lagt inn á lokareikning sinn. Er það á valdsviði Umhverfisstofnunar að leggja sektina á og rennur hún í ríkissjóð. Miðað er við 9.000 kr. á hverja losunarheimild í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um viðskipti með losunarheimildir sem kveður á um 100 evra sekt vegna hvers tonns af koldíoxíði sem losað er umfram heimildir.

Í 2. mgr er kveðið á um heimildir Umhverfisstofnunar til að ákvarða dagsektir að upphæð allt að 100.000 kr. á dag ef atvinnurekstur sinnir ekki skyldu um að skila skýrslu um losun síðasta árs í samræmi við 13. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er lagt til að starfandi atvinnurekstri sem falli undir frumvarpið beri að sækja um úthlutun á losunarheimildum vegna tímabilsins 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 eigi síðar en 1. júní 2007.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um losun gróðurhúsalofttegunda.**

Markmið frumvarpsins er að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og ákvæði Kyoto-bókunarinnar við hann. Frumvarpinu, ef að lögum verður, er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 107/2006, um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda.

Helstu nýmæli í frumvarpinu eru að tiltekinn atvinnurekstur, sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs á ári frá ársbyrjun 2008 til ársloka 2012, skal sækja um losunarheimildir til Umhverfisstofnunar. Sett verður á fót þriggja manna nefnd fulltrúa iðnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis og fjármálaráðuneytis sem úthluta skal losunarheimildum til atvinnurekstrarins. Þeir sem fá losunarheimildir skulu árlega skila Umhverfisstofnun skýrslu um nýtingu heimildanna jafnframt því að skrá tilteknar upplýsingar í skráningarkerfi sem stofnunin vistar.

Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs koma fram hjá Umhverfisstofnun með þrennum hætti: í fyrsta lagi yfirferð og faglegt mat á umsóknum um losunarheimildir, í öðru lagi umsýsla og eftirlit með atvinnurekstrarhluta skráningarkerfis og í þriðja lagi yfirferð á skýrslum um losun sem atvinnurekstri ber að skila til stofnunarinnar. Reiknað er með að vegna þessa aukist kostnaður Umhverfisstofnunar tímabundið um 2,5 m.kr. í sex ár, þ.e. árin 2008–2013.

Samkvæmt frumvarpinu skal umsækjandi um losunarheimildir greiða Umhverfisstofnun 250.000 kr. umsóknargjald sem standa á undir kostnaði stofnunarinnar við úrvinnslu og faglegt mat á umsókn. Jafnframt er gert ráð fyrir að þau fyrirtæki, sem eiga reikning í skráningarkerfinu, greiði gjald sem standa á undir kostnaði við rekstur á þeim hluta skráningarkerfisins er varðar atvinnureksturinn. Enn fremur skal atvinnurekstur greiða Umhverfisstofnun gjald fyrir yfirferð yfir árlega skýrslu um losun, og er þar um að ræða yfirferð yfir upplýsingar sambærilegar og gerð er krafa til í gildandi lögum. Upphæð fyrstnefnda gjaldsins er miðuð við að vinna Umhverfisstofnunar við hverja umsókn sé 40 tímar. Gjaldskrár síðarnefndu gjaldanna skulu taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og byggjast á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á, og mega gjöldin ekki vera hærri en kostnaður. Tekjur sem innheimtar verða samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eru ríkistekjur og koma til með að færast yfir tekjuhlið ríkisreiknings.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er því sú að verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að árlegur kostnaður Umhverfisstofnunar hækki tímabundið um 2,5 m.kr. á árunum 2008 til 2013, eða alls 15 m.kr. Ríkistekjur stofnunarinnar hækka jafnmikið.

# 958. Svar [554. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt.

1. *Hve margir einstaklingar hafa leitað heimildar til samninga um greiðslu tekjuskatts skv. 3. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og hversu margir hafa leitað nauðasamninga við skuldheimtumenn skv. 4. mgr. sömu greinar frá því að lögin voru sett, sundurliðað eftir árum?*

Einstaklingar sem leitað hafa samninga skv. 3. og 4. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt:

| Ár | Beiðni skv. 3. mgr. | Beiðni skv. 4. mgr. |
|---|---|---|
| 2006 | 1 | 6 |
| 2005 | 1 | 4 |
| 2004 | 1 | 3 |
| 2003 | 2 | 6 |

2. *Hversu margir slíkir samningar hafa verið gerðir á sama tíma sundurliðað skv. 3. og 4. mgr. 113. gr. laganna?*

| Ár | Samningur skv. 3. mgr. | Samningur skv. 4. mgr. |
|---|---|---|
| 2006 | 0 | 3 |
| 2005 | 1 | 3 |
| 2004 | 1 | 2 |
| 2003 | 0 | 1 |

3. *Um hve háar fjárhæðir hefur verið samið á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir umsóknum þar sem leitað hefur verið eftir heimild til samninga?*

Á árinu 2005 var gerður einn samningur að fjárhæð kr. 1.896.504 á grundvelli 3. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003 og á árinu 2004 var gerður einn samningur að fjárhæð kr. 7.361.401.

Tveir nauðasamningar voru samþykktir á árinu 2006. Í öðrum samningnum var um að ræða 20% greiðslu á kr. 423.000 og innheimtust því kr. 91.000. Í hinum samningnum var um að ræða greiðslu á 15% af kr. 8.100.000 og innheimtust þar kr. 1.300.000. Í einu tilviki hefur gjaldandi greitt samkvæmt frumvarpi að nauðasamningi en málið hefur enn ekki farið fyrir héraðsdóm. Á árinu 2005 komust á þrír nauðasamningar. Í fyrsta lagi var um að ræða 10% greiðslu á kr. 7.000.000 og innheimtust því kr. 700.000. Í öðru lagi var um að ræða greiðslu á 15% af skuld að fjárhæð kr. 2.900.000 og innheimtust því rúmar kr. 432.000. Í þriðja lagi var um að ræða 25% greiðslu á kröfu að fjárhæð kr. 7.400.000 og innheimtust því kr. 1.900.000. Nauðasamningur komst á í tveimur tilfellum fyrir árslok 2004. Annars vegar var um að ræða 25% eingreiðslu á kröfu að fjárhæð kr. 12.200.000 og innheimtust því kr. 3.200.000. Í hinu tilfellinu var um að ræða greiðslu á 12% af 25.500.000 sem dreifðist á 15 mánuði. Einn nauðasamningur var samþykktur á árinu 2003 þar sem boðnar voru 35% af kröfu ríkissjóðs en ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um fjárhæð kröfunnar.

4. *Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á lögunum sem miðar að því að gera úrræðið skilvirkara fyrir fólk í fjárhagsörðugleikum?*

Ástæða þess að heimild til nauðasamninga var sett inn í lögin á sínum tíma var meðal annars sú að nauðasamningaleiðin var nokkuð torsótt fyrir einstaklinga utan rekstrar. Annars vegar áttu einstaklingar í greiðsluvandræðum erfitt með að kaupa sér sérfræðiaðstoð við nauðasamningagerð og hins vegar virtust innheimtumenn ríkissjóðs ekki mæla með nauðasamningum. Afstaða innheimtumanna byggðist á því að þeir töldu sér ekki fært að taka þátt í slíkum samningum þar sem almenn lagaheimild fyrir þá til að mæla með nauðasamningum væri ekki fyrir hendi og einnig væri mikilvægt að virða jafnræðisregluna við skattheimtu.

Með tilkomu ákvæðanna í 3. og 4. mgr. 113. gr. tekjuskattslaganna hafa einstaklingar í fjárhagsvandræðum úrræði til að ná tökum á fjármálum sínum og komast hjá gjaldþrotaskiptum en það var eitt af markmiðunum með lögfestingu ákvæðisins. Til að auðvelda einstaklingum að ná þessum úrræðum voru sett lög um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996, en í 1. gr. laganna segir að ríkinu sé heimilt að veita réttaraðstoð eftir því sem nánar er ákveðið í lögunum.

Á undanförnum árum hefur beiðnum um skuldbreytingu opinberra gjalda fækkað og nauðasamningar hafa einnig verið fáir á liðnum árum. Óljóst er hvað veldur. Innheimtumenn þekkja lagaákvæðin og benda einstaklingum á úrræðin þegar ástæða þykir til. Ráðuneytið telur því ekki þörf á lagabreytingum.

## 959. Svar [303. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingvarsdóttur um byggðakvóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Stendur til að breyta reglum um byggðakvóta?*
2. *Hversu stór hluti byggðakvóta hefur verið veiddur af þeim sem honum hefur verið úthlutað til sl. þrjú ár?*
3. *Hversu stórum hluta byggðakvóta hefur verið landað í þeim byggðum sem honum hefur verið úthlutað til sl. þrjú ár?*
4. *Hversu stór hluti byggðakvóta hefur verið unninn í þeim byggðarlögum sem honum hefur verið úthlutað til sl. þrjú ár?*

1. Undanfarið hefur verið unnið að því í sjávarútvegsráðuneytinu að yfirfara lög, reglugerð og framkvæmd um úthlutun byggðakvóta, m.a. með tilliti til athugasemda og ábendinga sem fram hafa komið frá umboðsmanni Alþingis í nokkrum álitum. Í því sambandi hefur ráðherra lagt fram frumvarp á Alþingi (þskj. 624, 459. mál) til breytinga á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sem lúta að úthlutun hans á byggðakvóta.

2. Þegar byggðakvóta er úthlutað til fiskiskips bætast þær aflaheimildir við aðrar heimildir skipsins. Við löndun á afla fiskiskips og skráningu á notkun á aflaheimildum í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu er ekki gerður greinarmunur á notkuninni eftir uppruna aflaheimilda. Því liggur ekki fyrir hve stór hluti byggðakvótans hefur verið veiddur af þeim sem fengu úthlutun.

3. Þar sem ekki er hægt að aðgreina afla eftir heföbundinni úthlutun annars vegar og úthlutun byggðakvóta hins vegar er ekki mögulegt að segja til um hversu stórum hluta byggðakvóta hefur verið landað í þeim byggðum sem honum hefur verið úthlutað til.

4. Ekki er mögulegt að segja til um hve stór hluti byggðakvóta hefur verið unninn í þeim byggðarlögum sem honum hefur verið úthlutað til. Hins vegar er hægt að kanna hvort afli skips, sem byggðakvóta var úthlutað á, hefur verið unninn í þeim byggðum sem úthlutuðu skipunum byggðakvóta. Samkvæmt yfirliti frá Fiskistofu er hægt að sjá hve mikið af byggðakvótategundum (þorsk, ýsu, ufsa og steinbít) hefur verið landað til vinnslu á hverjum stað, sbr. töflur hér á eftir.

Töflurnar sýna úthlutaðan byggðakvóta á skip í þorskígildiskílóum talið. Aftari dálkurinn sýnir landaðan afla (þorsk, ýsu, ufsa og steinbít) til vinnslu á þeim stað sem byggðakvótanum var úthlutað til. Ef engin tala kemur fram í aftari dálki hefur úthlutuðum byggðakvóta ekki verið landað til vinnslu á þeim stað sem byggðakvótanum var úthlutað til. Hins vegar gæti honum hafa verið landað annars staðar eða aflaheimild nýtt af öðru fiskiskipi. Eins og áður er komið fram er ekki hægt að greina byggðakvótann frá öðru aflamarki skipanna og því ekki hægt að rekja feril hans í flutningi aflamarks milli skipa.

Tafla 1 er vegna fiskveiðiársins 2003/2004, tafla 2 er vegna fiskveiðiársins 2004/2005 og tafla 3 er vegna fiskveiðiársins 2005/2006.

Tekið skal fram að framangreindar upplýsingar gilda eingöngu um byggðakvóta sem sjávarútvegsráðherra hefur úthlutað.

**Tafla 1. Úthlutaður byggðakvóti fiskveiðiárið 2003/2004 og afli til vinnslu í byggðarlagi.**

Magn í kg slægt. Afli til vinnslu í byggðarlagi er í þorskígildum og inniheldur þorsk, ýsu, ufsa og steinbít (sömu tegundir og byggðakvóti).

| Skip nr. | Heiti | Einkennisstafir | Heimahöfn | Byggðarlag | Þorskígildiskg Byggðakvóti alls | Afli til vinnslu í byggðarlagi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1376 | Víðir | EA 910 | Akureyri | Akureyri | 805 | 3.242.782 |
| 1395 | Kaldbakur | EA 1 | Akureyri | Akureyri | 1.102 | 4.059.076 |
| 1412 | Harðbakur | EA 3 | Akureyri | Akureyri | 841 | 3.585.533 |
| 1484 | Margrét | EA 710 | Akureyri | Akureyri | 737 | |
| 2154 | Árbakur | EA 5 | Akureyri | Akureyri | 651 | 2.861.908 |
| 2212 | Baldvin Þorsteinsson | EA 10 | Akureyri | Akureyri | 692 | |
| 2550 | Sléttbakur | EA 4 | Akureyri | Akureyri | 672 | 2.587.404 |
| 6075 | Árni | SU 58 | Fáskrúðsfjörður | Austurbyggð | 5.729 | 20.080 |
| 6662 | Litli Tindur | SU 508 | Fáskrúðsfjörður | Austurbyggð | 5.729 | 25.826 |
| 6821 | Örk | SU 135 | Fáskrúðsfjörður | Austurbyggð | 5.729 | 14.628 |
| 2126 | Stína | SU 400 | Stöðvarfjörður | Austurbyggð | 5.729 | 3.503 |
| 2485 | Narfi | SU 680 | Stöðvarfjörður | Austurbyggð | 5.729 | 426.496 |
| 6489 | Katrín | SU 49 | Stöðvarfjörður | Austurbyggð | 5.729 | |
| 10 | Fróði | ÁR 33 | Stokkseyri | Árborg | 12.800 | 15.376 |
| 1751 | Hásteinn | ÁR 8 | Stokkseyri | Árborg | 13.524 | 62.360 |
| 1359 | Álaborg | ÁR 25 | Eyrarbakki | Árborg | 3.857 | 270.015 |
| 1829 | Máni | ÁR 70 | Eyrarbakki | Árborg | 1.609 | 6.584 |
| 7076 | Óli Geir | ÁR 707 | Selfoss | Árborg | 1.410 | 2.817 |
| 6182 | Guðmundur Gísli | ST 23 | Norðurfjörður | Árneshreppur | 9.701 | |
| 6593 | Óskar III | ST 40 | Norðurfjörður | Árneshreppur | 5.700 | |
| 6957 | Fiskavík | ST 44 | Norðurfjörður | Árneshreppur | 12.102 | |
| 1184 | Dagrún | ST 12 | Djúpavík | Árneshreppur | 7.100 | |
| 1337 | Skafti | SK 3 | Sauðárkrókur | Blönduósbær | 65.007 | |

| Skip nr. | Heiti | Einkennisstafir | Heimahöfn | Byggðarlag | Þorskígildiskg Byggðakvóti alls | Afli til vinnslu í byggðarlagi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1502 | Páll Helgi | ÍS 142 | Bolungarvík | Bolungarvík | 2.463 | 2.567 |
| 1583 | Tjaldur | ÍS 6 | Bolungarvík | Bolungarvík | 562 | |
| 1686 | Gunnbjörn | ÍS 302 | Bolungarvík | Bolungarvík | 6.695 | 1.764 |
| 1862 | Hafrún II | ÍS 365 | Bolungarvík | Bolungarvík | 850 | |
| 1920 | Þjóðólfur | ÍS 86 | Bolungarvík | Bolungarvík | 929 | |
| 2086 | Guðný Anna | ÍS 9 | Bolungarvík | Bolungarvík | 1.114 | 38.963 |
| 2209 | Sjófugl | ÍS 220 | Bolungarvík | Bolungarvík | 867 | 7.018 |
| 2389 | Sirrý | ÍS 94 | Bolungarvík | Bolungarvík | 4.732 | 37.410 |
| 2446 | Þorlákur | ÍS 15 | Bolungarvík | Bolungarvík | 15.002 | 557.720 |
| 2494 | Jakob Valgeir | ÍS 84 | Bolungarvík | Bolungarvík | 3.393 | 92.408 |
| 2505 | Einar Hálfdánsson | ÍS 11 | Bolungarvík | Bolungarvík | 4.455 | 307.471 |
| 2529 | Glaður | ÍS 421 | Bolungarvík | Bolungarvík | 1.597 | 25.568 |
| 2547 | Siggi Bjartar | ÍS 50 | Bolungarvík | Bolungarvík | 3.697 | 201.487 |
| 2565 | Hrólfur Einarsson | ÍS 255 | Bolungarvík | Bolungarvík | 6.459 | 416.385 |
| 2570 | Guðmundur Einarsson | ÍS 155 | Bolungarvík | Bolungarvík | 7.142 | 471.723 |
| 2575 | Huldu Keli | ÍS 333 | Bolungarvík | Bolungarvík | 3.698 | 17.703 |
| 6641 | Nanna | ÍS 321 | Bolungarvík | Bolungarvík | 638 | 3.417 |
| 7147 | Sigrún | ÍS 37 | Bolungarvík | Bolungarvík | 594 | 18.775 |
| 7346 | Marín | ÍS 888 | Bolungarvík | Bolungarvík | 871 | 2.585 |
| 7377 | Elín | ÍS 2 | Bolungarvík | Bolungarvík | 652 | 19.353 |
| 2132 | Eydís | NS 32 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjarðarhreppur | 3.450 | 71.713 |
| 2465 | Sæfaxi | NS 145 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjarðarhreppur | 3.450 | 86.987 |
| 2508 | Sædís | NS 154 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjarðarhreppur | 3.450 | 50.694 |
| 6030 | Baui frændi | NS 28 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjarðarhreppur | 3.450 | 7.402 |
| 6605 | Góa | NS 8 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjarðarhreppur | 3.450 | 7.678 |
| 6827 | Teista | NS 57 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjarðarhreppur | 3.450 | 50.923 |
| 1935 | Björg | SU 3 | Breiðdalsvík | Breiðdalshreppur | 15.002 | 286.412 |
| 2072 | Dofri | SU 500 | Breiðdalsvík | Breiðdalshreppur | 14.002 | 58.850 |
| 616 | Stefán Rögnvaldsson | EA 345 | Dalvík | Dalvíkurbyggð | 5.000 | 64.293 |
| 1463 | Eiður | EA 13 | Dalvík | Dalvíkurbyggð | 1.210 | 156.716 |
| 1960 | Bliki | EA 12 | Dalvík | Dalvíkurbyggð | 4.152 | 19.291 |
| 5767 | Sigurjón Jónasson | EA 53 | Dalvík | Dalvíkurbyggð | 642 | 2.384 |
| 6077 | Valþór | EA 313 | Dalvík | Dalvíkurbyggð | 79 | 302 |
| 7095 | Ósk | EA 17 | Dalvík | Dalvíkurbyggð | 2.418 | 10.854 |
| 2178 | Þytur | EA 96 | Árskógssandur | Dalvíkurbyggð | 1.946 | 103.769 |
| 2303 | Særún | EA 161 | Árskógssandur | Dalvíkurbyggð | 5.000 | 228.698 |
| 7322 | Kópur | EA 325 | Árskógssandur | Dalvíkurbyggð | 1.357 | 13.417 |
| 2483 | Óli Lofts | EA 16 | Árskógsströnd | Dalvíkurbyggð | 5.000 | 56.726 |
| 1357 | Níels Jónsson | EA 106 | Hauganes | Dalvíkurbyggð | 5.000 | 5.078 |
| 7329 | Hulda | EA 628 | Hauganes | Dalvíkurbyggð | 4.243 | 22.457 |
| 7359 | Njáll | EA 105 | Hauganes | Dalvíkurbyggð | 1.255 | 6.283 |
| 6230 | Haförn | NK 15 | Neskaupstaður | Djúpavogshreppur | 2.300 | 18.561 |
| 1533 | Vigur | SU 60 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 7.317 | 25.925 |
| 1881 | Sigurvin | SU 380 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 1.308 | |
| 1910 | Glaður | SU 97 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 933 | 5.013 |
| 1915 | Tjálfi | SU 63 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 6.824 | 2.822 |
| 6342 | Seley | SU 148 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 1.685 | 6.513 |
| 6703 | Orri | SU 260 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 2.204 | |
| 7023 | Silla | SU 152 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 1.568 | 9.778 |
| 7057 | Birna | SU 147 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 3.459 | 2.497 |
| 7064 | Sæfari | SU 84 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 5.577 | 22.266 |
| 7081 | Þeyr | SU 17 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 963 | 5.219 |
| 7084 | Magga | SU 26 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 4.090 | 36.432 |

| Skip nr. | Heiti | Einkennisstafir | Heimahöfn | Byggðarlag | Þorskígildiskg Byggðakvóti alls | Afli til vinnslu í byggðarlagi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 7104 | Már | SU 145 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 4.432 | 34.703 |
| 7154 | Eyrún | SU 12 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 2.084 | |
| 7356 | Mar | SU 159 | Djúpivogur | Djúpavogshreppur | 2.260 | 11.980 |
| 1765 | Aldan | NK 28 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 1.393 | 192 |
| 1818 | Sævar | NK 18 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 7.125 | 53.231 |
| 1841 | Laxinn | NK 71 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 2.819 | 4.683 |
| 1842 | Nökkvi | NK 39 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 7.851 | 17.133 |
| 1867 | Nípa | NK 19 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 2.797 | 7.486 |
| 2318 | Sær | NK 8 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 9.206 | 72.229 |
| 2319 | Stella | NK 12 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 9.057 | 69.710 |
| 6420 | Veiðibjalla | NK 16 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 3.586 | 17.481 |
| 6517 | Ólsen | NK 77 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 1.944 | 8.058 |
| 6686 | Snorri | NK 59 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 3.916 | 11.823 |
| 6804 | Hafþór | NK 44 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 543 | 1.529 |
| 6902 | Mónes | NK 26 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 4.286 | 11.943 |
| 6909 | Drífa | NK 30 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 1.832 | 2.216 |
| 6974 | Fálki | NK 7 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 4.002 | 7.402 |
| 7151 | Hafliði | NK 24 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 2.365 | 1.357 |
| 7303 | Sandvíkingur | NK 41 | Neskaupstaður | Fjarðabyggð | 1.500 | 2.957 |
| 2045 | Guðmundur Þór | SU 121 | Eskifjörður | Fjarðabyggð | 196 | 64.870 |
| 6044 | Kristján | SU 106 | Eskifjörður | Fjarðabyggð | 850 | 1.772 |
| 7203 | Dögg | SU 229 | Reyðarfjörður | Fjarðabyggð | 5.236 | 8.860 |
| 102 | Kristinn Friðrik | GK 58 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 13.201 |
| 363 | Þórunn | GK 97 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 686 |
| 500 | Gunnar Hámundarson | GK 357 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 1.800 |
| 573 | Hólmsteinn | GK 20 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 708 |
| 923 | Röstin | GK 120 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 3.450 |
| 1305 | Garðar | GK 53 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 38 |
| 1468 | Harpa | GK 40 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 6.107 |
| 1481 | Sóley Sigurjóns | GK 200 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 8.136 |
| 1560 | Sandra | GK 25 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 230 |
| 1743 | Sigurfari | GK 138 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 6.001 |
| 1927 | Freyja | GK 364 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 2.434 |
| 2085 | Guðrún | GK 69 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 16.538 |
| 2430 | Benni Sæm | GK 26 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 1.390 |
| 2454 | Siggi Bjarna | GK 5 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 855 |
| 7105 | Alla | GK 51 | Garður | Gerðahreppur | 874 | 847 |
| 7219 | Magnús | KE 26 | Keflavík | Gerðahreppur | 874 | |
| 2005 | Birgir | RE 323 | Reykjavík | Gerðahreppur | 874 | 891 |
| 1390 | Jón Guðmundsson | ÍS 75 | Suðureyri | Gerðahreppur | 874 | |
| 1921 | Þorleifur | EA 88 | Grímsey | Grímseyjarhreppur | 800 | 136.220 |
| 2461 | Óli Bjarnason | EA 279 | Grímsey | Grímseyjarhreppur | 1.977 | |
| 2499 | Kolbeinsey | EA 352 | Grímsey | Grímseyjarhreppur | 570 | |
| 2544 | Björn | EA 220 | Grímsey | Grímseyjarhreppur | 753 | |
| 185 | Þorvarður Lárusson | SH 129 | Grundarfjörður | Grundarfjarðarbær | 951 | 4.019 |
| 1146 | Siglunes | SH 22 | Grundarfjörður | Grundarfjarðarbær | 102 | 20.875 |
| 1399 | Haukaberg | SH 20 | Grundarfjörður | Grundarfjarðarbær | 1.580 | 266.147 |
| 2508 | Sædís | NS 154 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjörður eystri | 8.454 | 43.149 |
| 2666 | Glettingur | NS 100 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjörður eystri | 8.454 | 146.656 |
| 6305 | Gletta | NS 99 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjörður eystri | 8.454 | 23.367 |
| 6605 | Góa | NS 8 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjörður eystri | 8.454 | 5.468 |
| 6827 | Teista | NS 57 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjörður eystri | 8.454 | 44.536 |
| 9055 | Hjörleifur | NS 26 | Borgarfjörður eystri | Borgarfjörður eystri | 8.454 | 1.780 |
| 7221 | Blíðfari | SU 53 | Fáskrúðsfjörður | Borgarfjörður eystri | 8.454 | 1.716 |
| 11 | Siggi Þorsteins | ÍS 123 | Flateyri | Breiðdalsvík | 124.701 | |
| 2389 | Björgin | SU 23 | Breiðdalsvík | Breiðdalsvík | 40.893 | 75.872 |
| 6857 | Sæfari | BA 110 | Brjánslækur | Brjánslækur | 2.720 | |

| Skip nr. | Heiti | Einkenns-stafir | Heimahöfn | Byggðarlag | Þorskígildiskg Byggðakvóti alls | Afli til vinnslu í byggðarlagi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 7070 | Bjarni G | BA 8 | Brjánslækur | Brjánslækur | 2.281 | |
| 616 | Stefán Rögnvaldsson | EA 345 | Dalvík | Dalvík | 12.000 | 84.232 |
| 1153 | Búi | EA 100 | Dalvík | Dalvík | 4.781 | 14.601 |
| 1463 | Eiður | EA 13 | Dalvík | Dalvík | 6.672 | 3.771 |
| 2612 | Fríða | EA 124 | Dalvík | Dalvík | 10.229 | 74.917 |
| 5767 | Sigurjón Jónasson | EA 53 | Dalvík | Dalvík | 1.632 | |
| 6077 | Valþór | EA 313 | Dalvík | Dalvík | 1.475 | 1.961 |
| 6706 | Svanur Þór | EA 318 | Dalvík | Dalvík | 1.854 | |
| 6711 | Ísborg | EA 153 | Dalvík | Dalvík | 2.906 | 2.430 |
| 6893 | Toni | EA 62 | Dalvík | Dalvík | 5.853 | 5.361 |
| 7095 | Ósk | EA 17 | Dalvík | Dalvík | 2.812 | 2.067 |
| 7439 | Sveini | EA 173 | Dalvík | Dalvík | 2.484 | 2.177 |
| 7464 | Árni G | EA 620 | Dalvík | Dalvík | 3.303 | 7.363 |
| 1910 | Glaður | SU 97 | Djúpivogur | Djúpivogur | 2.000 | |
| 2179 | Goði | SU 62 | Djúpivogur | Djúpivogur | 5.688 | 11.678 |
| 2418 | Öðlingur | SU 19 | Djúpivogur | Djúpivogur | 22.012 | 128.528 |
| 6342 | Seley | SU 148 | Djúpivogur | Djúpivogur | 4.806 | |
| 7057 | Birna | SU 147 | Djúpivogur | Djúpivogur | 5.001 | 927 |
| 7084 | Magga | SU 26 | Djúpivogur | Djúpivogur | 10.971 | 1.259 |
| 7154 | Eyrún | SU 12 | Djúpivogur | Djúpivogur | 5.523 | 385 |
| 7416 | Emilý | SU 157 | Djúpivogur | Djúpivogur | 5.001 | 14.462 |
| 741 | Grímsey | ST 2 | Drangsnes | Drangsnes | 8.500 | 54.519 |
| 1859 | Sundhani | ST 3 | Drangsnes | Drangsnes | 8.500 | 27.707 |
| 1991 | Mummi | ST 8 | Drangsnes | Drangsnes | 8.500 | 17.097 |
| 2307 | Sæfugl | ST 81 | Drangsnes | Drangsnes | 8.500 | 41.339 |
| 2502 | Skúli | ST 75 | Drangsnes | Drangsnes | 8.500 | 76.036 |
| 6599 | Hamravík | ST 79 | Drangsnes | Drangsnes | 8.500 | 13.096 |
| 9853 | Sæfinnur | ST 94 | Drangsnes | Drangsnes | 1.000 | 2.156 |
| 1359 | Álaborg | ÁR 25 | Eyrarbakki | Eyrarbakki | 27.030 | 216.313 |
| 1829 | Máni | ÁR 70 | Eyrarbakki | Eyrarbakki | 13.761 | 13 |
| 2102 | Þórir II | ÁR 77 | Eyrarbakki | Eyrarbakki | 1.209 | 10.011 |
| 2102 | Arney | HU 36 | Blönduós | Eyrarbakki | 20.000 | 10.011 |
| 1277 | Ljósafell | SU 70 | Fáskrúðsfjörður | Fáskrúðsfjörður | 32.999 | 2.282.167 |
| 1013 | Halli Eggerts | ÍS 197 | Flateyri | Flateyri | 25.313 | 2.186.185 |
| 2320 | Blossi | ÍS 125 | Flateyri | Flateyri | 3.538 | 144.865 |
| 2564 | Hringur | ÍS 305 | Flateyri | Flateyri | 2.404 | 19.932 |
| 2614 | Kristján | ÍS 816 | Flateyri | Flateyri | 5.916 | 611.231 |
| 2615 | Steinunn | ÍS 817 | Flateyri | Flateyri | 5.447 | 569.234 |
| 2710 | Friðfinnur | ÍS 105 | Flateyri | Flateyri | 5.052 | 421.089 |
| 5155 | Gummi Valli | ÍS 425 | Flateyri | Flateyri | 1.737 | 938 |
| 363 | Þórunn | GK 97 | Garður | Garður | 15.000 | |
| 500 | Gunnar Hámundarson | GK 357 | Garður | Garður | 9.825 | |
| 573 | Hólmsteinn | GK 20 | Garður | Garður | 6.023 | |
| 923 | Röstin | GK 120 | Garður | Garður | 12.663 | |
| 1481 | Sóley Sigurjóns | GK 200 | Garður | Garður | 15.000 | |
| 2006 | Árdís | GK 27 | Garður | Garður | 840 | |
| 2085 | Guðrún | GK 69 | Garður | Garður | 6.407 | |
| 2182 | Baldvin Njálsson | GK 400 | Garður | Garður | 15.000 | |
| 2339 | Einar | GK 103 | Garður | Garður | 5.922 | |
| 2366 | Von | GK 113 | Garður | Garður | 1.072 | |
| 2430 | Benni Sæm | GK 26 | Garður | Garður | 15.000 | |
| 2454 | Siggi Bjarna | GK 5 | Garður | Garður | 15.000 | |
| 5986 | Fram | GK 616 | Garður | Garður | 219 | |

| Skip nr. | Heiti | Ein-kenns-stafir | Heimahöfn | Byggðarlag | Þorskígildiskg Byggðakvóti alls | Afli til vinnslu í byggðarlagi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 7105 | Alla | GK 51 | Garður | Garður | 860 | |
| 7189 | Hafdís | GK 202 | Garður | Garður | 409 | |
| 7382 | Þórunn | GK 63 | Garður | Garður | 93 | |
| 7426 | Faxi | GK 84 | Garður | Garður | 666 | |
| 582 | Hannes Andrésson | SH 747 | Grundarfjörður | Grundarfjörður | 62.999 | |
| 1399 | Haukaberg | SH 20 | Grundarfjörður | Grundarfjörður | 23.600 | 443.431 |
| 1473 | Hringur | SH 535 | Grundarfjörður | Grundarfjörður | 15.000 | 422.475 |
| 1629 | Farsæll | SH 30 | Grundarfjörður | Grundarfjörður | 26.601 | 48.618 |
| 2017 | Helgi | SH 135 | Grundarfjörður | Grundarfjörður | 9.600 | 445.701 |
| 2018 | Garpur | SH 95 | Grundarfjörður | Grundarfjörður | 1.900 | 80.186 |
| 2497 | Láki | SH 55 | Grundarfjörður | Grundarfjörður | 300 | 86.279 |
| 1357 | Níels Jónsson | EA 106 | Hauganes | Hauganes | 3.481 | |
| 7329 | Hulda | EA 628 | Hauganes | Hauganes | 1.519 | |
| 1274 | Páll Pálsson | ÍS 102 | Hnífsdalur | Hnífsdalur | 31.197 | 3.315.269 |
| 2656 | Kögur | ÍS 40 | Hnífsdalur | Hnífsdalur | 5.803 | 14.260 |
| 7022 | Óskar | SK 13 | Hofsós | Hofsós | 90.999 | 58.975 |
| 7443 | Geisli | SK 66 | Hofsós | Hofsós | 16.001 | 24.490 |
| 2161 | Hallvarður á Horni | ST 26 | Hólmavík | Hólmavík | 17.500 | |
| 2324 | Straumur | ST 65 | Hólmavík | Hólmavík | 17.500 | |
| 2360 | Hlökk | ST 66 | Hólmavík | Hólmavík | 17.500 | |
| 2437 | Hafbjörg | ST 77 | Hólmavík | Hólmavík | 17.500 | |
| 2443 | Bensi Egils | ST 13 | Hólmavík | Hólmavík | 17.500 | |
| 2571 | Guðmundur Jónsson | ST 17 | Hólmavík | Hólmavík | 17.500 | |
| 7456 | Hilmir | ST 1 | Hólmavík | Hólmavík | 17.500 | |
| 7465 | Kópnes | ST 64 | Hólmavík | Hólmavík | 17.500 | |
| 978 | Svanur | EA 14 | Hrísey | Hrísey | 7.976 | |
| 2225 | Kristbjörg | EA 225 | Hrísey | Hrísey | 14.371 | 56.459 |
| 2356 | Eydís | EA 44 | Hrísey | Hrísey | 6.232 | |
| 2415 | Siggi Gísla | EA 255 | Hrísey | Hrísey | 19.312 | 238.181 |
| 6033 | Inga | EA 57 | Hrísey | Hrísey | 4.383 | |
| 6329 | Darri | EA 149 | Hrísey | Hrísey | 3.906 | 1.061 |
| 6337 | Steinunn | EA 155 | Hrísey | Hrísey | 7.394 | 1.333 |
| 6529 | Ásdís | EA 755 | Hrísey | Hrísey | 6.713 | 9.716 |
| 6643 | Þorfinnur | EA 120 | Hrísey | Hrísey | 5.570 | |
| 6816 | Svalur | EA 22 | Hrísey | Hrísey | 3.208 | 777 |
| 7466 | Ingi Jó | EA 711 | Hrísey | Hrísey | 8.557 | 56.836 |
| 7498 | Sigurveig | EA 527 | Hrísey | Hrísey | 6.170 | 10.781 |
| 2385 | Guðrún Helga | EA 85 | Akureyri | Hrísey | 13.209 | 166.140 |
| 1540 | Fleygur | ÞH 301 | Húsavík | Húsavíkurbær | 4.620 | |
| 1547 | Hinni | ÞH 70 | Húsavík | Húsavíkurbær | 10.006 | |
| 1639 | Dalaröst | ÞH 40 | Húsavík | Húsavíkurbær | 11.905 | |
| 1790 | Ásgeir | ÞH 198 | Húsavík | Húsavíkurbær | 11.548 | |
| 1999 | Fram | ÞH 62 | Húsavík | Húsavíkurbær | 5.306 | |
| 2076 | Magnús | ÞH 34 | Húsavík | Húsavíkurbær | 5.391 | |
| 2157 | Skýjaborgin | ÞH 118 | Húsavík | Húsavíkurbær | 6.209 | |
| 2186 | Hinni | ÞH 170 | Húsavík | Húsavíkurbær | 574 | |
| 2376 | Siggi Valli | ÞH 44 | Húsavík | Húsavíkurbær | 14.140 | |
| 2434 | Kalli í Höfða | ÞH 234 | Húsavík | Húsavíkurbær | 5.629 | |
| 2450 | Hrönn | ÞH 36 | Húsavík | Húsavíkurbær | 18.914 | |
| 2485 | Auður Þórunn | ÞH 344 | Húsavík | Húsavíkurbær | 9.983 | |
| 2690 | Karolína | ÞH 111 | Húsavík | Húsavíkurbær | 23.005 | |
| 6961 | Lundey | ÞH 350 | Húsavík | Húsavíkurbær | 523 | |
| 6395 | Smári | HF 122 | Hafnarfjörður | Hvammstangi | 3.324 | 353 |

| Skip nr. | Heiti | Einkenns-stafir | Heimahöfn | Byggðarlag | Þorskígildiskg Byggðakvóti alls | Afli til vinnslu í byggðarlagi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1081 | Harpa | HU 4 | Hvammstangi | Hvammstangi | 44.323 | 16.650 |
| 1834 | Neisti | HU 5 | Hvammstangi | Hvammstangi | 22.353 | 6.081 |
| 992 | Jón forseti | ÍS 85 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 10.616 | |
| 1303 | Örn | ÍS 31 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 18.361 | |
| 1403 | Halldór Sigurðsson | ÍS 14 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 7.613 | |
| 1543 | Gunnvör | ÍS 53 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 35.616 | |
| 1977 | Júlíus Geirmundsson | ÍS 270 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 29.576 | |
| 2019 | Aldan | ÍS 47 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 38.218 | |
| 1451 | Stefnir | ÍS 28 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 20.402 | |
| 2349 | Björg Hauks | ÍS 127 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 11.804 | 2.181 |
| 2357 | Norðurljós | ÍS 3 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 8.681 | 24.478 |
| 2398 | Jón Emil | ÍS 19 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 1.594 | 511 |
| 6083 | Óli málari | ÍS 98 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 1.950 | |
| 6145 | Ýr | ÍS 160 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 1.943 | |
| 6345 | Öngull | ÍS 93 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 2.982 | |
| 6858 | Guðni | ÍS 52 | Ísafjörður | Ísafjarðarbær | 1.648 | |
| 2117 | Hermann Jónsson | EA 18 | Akureyri | Kópasker | 6.250 | 16.482 |
| 1475 | Sæborg | ÞH 55 | Húsavík | Kópasker | 28.499 | 161.630 |
| 1803 | Stella | ÞH 202 | Kópasker | Kópasker | 27.500 | 17.945 |
| 6945 | Helga Sæm | ÞH 76 | Kópasker | Kópasker | 20.001 | 47.426 |
| 5913 | Drangavík | ST 160 | Norðurfjörður | Norðurfjörður | 833 | |
| 6182 | Guðmundur Gísli | ST 23 | Norðurfjörður | Norðurfjörður | 833 | |
| 6593 | Óskar III | ST 40 | Norðurfjörður | Norðurfjörður | 833 | |
| 6674 | Kleif | ST 72 | Norðurfjörður | Norðurfjörður | 833 | |
| 6957 | Fiskavík | ST 44 | Norðurfjörður | Norðurfjörður | 833 | |
| 7313 | Blær | ST 16 | Norðurfjörður | Norðurfjörður | 833 | |
| 1570 | Sæunn | ÓF 7 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 4.499 | |
| 1871 | Kópur | ÓF 54 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 4.498 | 957 |
| 2091 | Egill | ÓF 27 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 5.900 | 282 |
| 2122 | Sigurður Pálsson | ÓF 8 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 7.386 | |
| 2129 | Tjaldur | ÓF 3 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 5.685 | 641 |
| 5313 | Freymundur | ÓF 6 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 7.800 | 160 |
| 6089 | Árni | ÓF 44 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 4.055 | |
| 6169 | Þröstur | ÓF 24 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 7.587 | 142 |
| 6576 | Guðrún | ÓF 53 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 3.015 | |
| 6598 | Freygerður | ÓF 18 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 8.786 | 839 |
| 6931 | Smári | ÓF 20 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 6.500 | |
| 6987 | Ljón | ÓF 5 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 4.499 | 1.104 |
| 7286 | Marvin | ÓF 28 | Ólafsfjörður | Ólafsfjörður | 8.786 | 31 |
| 260 | Sveinbjörn Jakobsson | SH 10 | Ólafsvík | Ólafsvík | 10.889 | |
| 1134 | Steinunn | SH 167 | Ólafsvík | Ólafsvík | 10.889 | |
| 1244 | Gunnar Bjarnason | SH 122 | Ólafsvík | Ólafsvík | 10.889 | 3.483 |
| 1246 | Egill | SH 195 | Ólafsvík | Ólafsvík | 10.889 | 330.717 |
| 1304 | Ólafur Bjarnason | SH 137 | Ólafsvík | Ólafsvík | 10.889 | 437.490 |
| 1318 | Benjamín Guðmundsson | SH 208 | Ólafsvík | Ólafsvík | 10.889 | 15.235 |
| 1426 | Guðmundur Jensson | SH 717 | Ólafsvík | Ólafsvík | 10.889 | 18.416 |
| 1907 | Konráð | SH 60 | Ólafsvík | Ólafsvík | 10.889 | 46.757 |
| 2047 | Linni | SH 303 | Ólafsvík | Ólafsvík | 10.889 | 89.865 |
| 182 | Vestri | BA 63 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 23.188 | 571.250 |
| 1188 | Sæbjörg | BA 59 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 4.471 | 436 |
| 1527 | Brimnes | BA 800 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 19.909 | 492.453 |
| 1591 | Núpur | BA 69 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 25.000 | 1.672.914 |
| 1979 | Þorsteinn | BA 1 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 13.764 | 4.719 |

| Skip nr. | Heiti | Einkenns-stafir | Heimahöfn | Byggðarlag | Þorskígildiskg Byggðakvóti alls | Afli til vinnslu í byggðarlagi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2678 | Jón Páll | BA 133 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 5.314 | 17.613 |
| 6738 | Gylfi | BA 18 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 990 | 9.718 |
| 6777 | Búi | BA 230 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 1.014 | 563 |
| 7060 | Andri | BA 100 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 3.178 | 13.937 |
| 7220 | Steini Friðþjófs | BA 238 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 2.796 | 18.348 |
| 7263 | Vestfirðingur | BA 97 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 1.468 | 1.039 |
| 7437 | Svanur | BA 54 | Patreksfjörður | Patreksfjörður | 1.907 | 6.492 |
| 2390 | Jói Berg | GK 33 | Grindavík | Raufarhöfn | 8.660 | 14.102 |
| 1149 | Ásdís | ÞH 48 | Raufarhöfn | Raufarhöfn | 18.801 | 109 |
| 6408 | Fríða | ÞH 175 | Raufarhöfn | Raufarhöfn | 17.972 | 201 |
| 6584 | Guðný | ÞH 85 | Raufarhöfn | Raufarhöfn | 19.413 | 183 |
| 7007 | Andri | ÞH 28 | Raufarhöfn | Raufarhöfn | 14.550 | |
| 7430 | Hafsóley | ÞH 119 | Raufarhöfn | Raufarhöfn | 15.602 | 340 |
| 219 | Þorsteinn | SH 145 | Rif | Rif | 10.000 | 3.008 |
| 253 | Hamar | SH 224 | Rif | Rif | 10.000 | 325.061 |
| 1074 | Saxhamar | SH 50 | Rif | Rif | 10.000 | 52.620 |
| 1136 | Rifsnes | SH 44 | Rif | Rif | 10.000 | 1.637 |
| 1856 | Rifsari | SH 70 | Rif | Rif | 10.000 | 11.120 |
| 2330 | Esjar | SH 75 | Rif | Rif | 10.000 | 7.034 |
| 2340 | Bára | SH 27 | Rif | Rif | 10.000 | 6.935 |
| 1762 | Hafborg | GK 321 | Sandgerði | Sandgerði | 5.594 | 7.750 |
| 1958 | Þjóðbjörg | GK 110 | Sandgerði | Sandgerði | 6.217 | |
| 2106 | Óli Gísla | GK 112 | Sandgerði | Sandgerði | 5.380 | 155.404 |
| 2175 | Eyjólfur Ólafsson | GK 38 | Sandgerði | Sandgerði | 5.594 | 17.545 |
| 2195 | Helgi | GK 404 | Sandgerði | Sandgerði | 5.594 | 29.607 |
| 2256 | Guðrún Petrína | GK 107 | Sandgerði | Sandgerði | 5.594 | 99.754 |
| 2510 | Muggur | GK 70 | Sandgerði | Sandgerði | 10.729 | 118.959 |
| 2669 | Stella | GK 23 | Sandgerði | Sandgerði | 5.594 | 118.531 |
| 5843 | Júlíana Guðrún | GK 313 | Sandgerði | Sandgerði | 5.594 | 12.211 |
| 5871 | Hákon Tómasson | GK 226 | Sandgerði | Sandgerði | 207 | 59 |
| 6036 | Guðrún Ósk | GK 81 | Sandgerði | Sandgerði | 5.594 | 749 |
| 6856 | Ingólfur | GK 43 | Sandgerði | Sandgerði | 5.594 | 15.700 |
| 6882 | Addi afi | GK 62 | Sandgerði | Sandgerði | 5.594 | 11.860 |
| 7103 | Ísbjörn | GK 87 | Sandgerði | Sandgerði | 5.594 | 15.764 |
| 7427 | Diddi | GK 56 | Sandgerði | Sandgerði | 5.594 | 81.892 |
| 7463 | Líf | GK 67 | Sandgerði | Sandgerði | 5.385 | 23.145 |
| 1743 | Sigurfari | GK 138 | Garður | Sandgerði | 37.373 | 369.267 |
| 1905 | Berglín | GK 300 | Garður | Sandgerði | 42.966 | 1.498.224 |
| 2106 | Bergvík | KE 55 | Keflavík | Sandgerði | 213 | 155.404 |
| 1661 | Gullver | NS 12 | Seyðisfjörður | Seyðisfjörður | 34.000 | 1.483.697 |
| 2257 | Þeysir | NS 6 | Seyðisfjörður | Seyðisfjörður | 5.001 | 11.889 |
| 2282 | Auðbjörg | NS 200 | Seyðisfjörður | Seyðisfjörður | 6.001 | |
| 5917 | Björg I | NS 11 | Seyðisfjörður | Seyðisfjörður | 5.001 | 265 |
| 1452 | Guðrún Jónsdóttir | SI 155 | Siglufjörður | Siglufjörður | 9.347 | 10.189 |
| 1544 | Viggó | SI 32 | Siglufjörður | Siglufjörður | 7.258 | 180 |
| 2069 | Ásdís Ólöf | SI 24 | Siglufjörður | Siglufjörður | 12.300 | 5.326 |
| 2139 | Gunni Jó | SI 173 | Siglufjörður | Siglufjörður | 6.301 | 10.954 |
| 2280 | Minna | SI 36 | Siglufjörður | Siglufjörður | 29.263 | 1.377 |
| 2319 | Júlía | SI 62 | Siglufjörður | Siglufjörður | 13.847 | 11.741 |
| 2458 | Hafborg | SI 4 | Siglufjörður | Siglufjörður | 1.500 | 190 |
| 2471 | Otur | SI 100 | Siglufjörður | Siglufjörður | 7.713 | 254 |
| 2545 | Baddý | SI 277 | Siglufjörður | Siglufjörður | 6.301 | 1.417 |
| 2594 | Raggi Gísla | SI 73 | Siglufjörður | Siglufjörður | 15.516 | 36.940 |

| Skip nr. | Heiti | Einkenns-stafir | Heimahöfn | Byggðarlag | Þorskígildiskg Byggðakvóti alls | Afli til vinnslu í byggðarlagi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2599 | Jonni | SI 86 | Siglufjörður | Siglufjörður | 25.772 | 148.851 |
| 6209 | Jón Kristinn | SI 52 | Siglufjörður | Siglufjörður | 5.176 | 570 |
| 6539 | Hrönn II | SI 144 | Siglufjörður | Siglufjörður | 7.639 | 2.173 |
| 6632 | Aggi | SI 8 | Siglufjörður | Siglufjörður | 2.767 | 96 |
| 6725 | Anna | SI 6 | Siglufjörður | Siglufjörður | 15.889 | 652 |
| 6798 | Alfa | SI 65 | Siglufjörður | Siglufjörður | 3.200 | 223 |
| 6941 | Dúan | SI 130 | Siglufjörður | Siglufjörður | 9.507 | 4.829 |
| 6952 | Uggi | SI 167 | Siglufjörður | Siglufjörður | 9.035 | 722 |
| 7185 | Farsæll | SI 93 | Siglufjörður | Siglufjörður | 9.071 | 1.525 |
| 7396 | Hafdís | SI 131 | Siglufjörður | Siglufjörður | 6.301 | 5.446 |
| 7423 | Sif | SI 34 | Siglufjörður | Siglufjörður | 6.301 | 107 |
| 1184 | Dagrún | ST 12 | Djúpavík | Skagaströnd | 63.333 | |
| 530 | Hafrún | HU 12 | Skagaströnd | Skagaströnd | 63.333 | |
| 2586 | Alda | HU 112 | Skagaströnd | Skagaströnd | 13.333 | 226 |
| 10 | Fróði | ÁR 33 | Stokkseyri | Stokkseyri | 5.137 | |
| 1751 | Hásteinn | ÁR 8 | Stokkseyri | Stokkseyri | 3.865 | 23.465 |
| 162 | Arnar | SH 757 | Stykkishólmur | Stykkishólmur | 10.280 | 26.176 |
| 264 | Gullhólmi | SH 201 | Stykkishólmur | Stykkishólmur | 108.890 | 162.846 |
| 1424 | Þórsnes II | SH 109 | Stykkishólmur | Stykkishólmur | 90.831 | 474.309 |
| 1126 | Álftafell | SU 100 | Stöðvarfjörður | Stöðvarfjörður | 5.001 | |
| 1929 | Gjafar | SU 90 | Stöðvarfjörður | Stöðvarfjörður | 8.000 | |
| 2153 | Heiðrún | SU 15 | Stöðvarfjörður | Stöðvarfjörður | 52.499 | |
| 2628 | Narfi | SU 68 | Stöðvarfjörður | Stöðvarfjörður | 96.500 | |
| 2049 | Hrönn | ÍS 303 | Suðureyri | Suðureyri | 7.626 | 254.508 |
| 2064 | Arún | ÍS 103 | Suðureyri | Suðureyri | 1.706 | 18.462 |
| 2166 | Öngull | ÍS 115 | Suðureyri | Suðureyri | 1.729 | 16.313 |
| 2362 | Hrefna | ÍS 267 | Suðureyri | Suðureyri | 7.469 | 276.828 |
| 2482 | Lukka | ÍS 357 | Suðureyri | Suðureyri | 6.402 | 316.627 |
| 2490 | Mummi | ÍS 535 | Suðureyri | Suðureyri | 1.062 | |
| 2544 | Berti G | ÍS 727 | Suðureyri | Suðureyri | 6.190 | 42.291 |
| 2631 | Gestur Kristinsson | ÍS 333 | Suðureyri | Suðureyri | 9.186 | 393.381 |
| 6237 | Bryndís | ÍS 705 | Suðureyri | Suðureyri | 1.312 | 538 |
| 7116 | Blikanes | ÍS 51 | Suðureyri | Suðureyri | 2.179 | 23.580 |
| 7386 | Margrét | ÍS 202 | Suðureyri | Suðureyri | 1.062 | 31.280 |
| 7414 | Golan | ÍS 35 | Suðureyri | Suðureyri | 5.074 | 42.226 |
| 7561 | Lómur | ÍS 410 | Tálknafjörður | Súðavík | 10.000 | |
| 824 | Fengsæll | ÍS 83 | Súðavík | Súðavík | 63.524 | |
| 1436 | Snæbjörg | ÍS 43 | Súðavík | Súðavík | 110.120 | 2.438 |
| 2134 | Dagrún | ÍS 9 | Súðavík | Súðavík | 171 | 286 |
| 6013 | Gugga | ÍS 63 | Súðavík | Súðavík | 10.782 | |
| 6218 | Haukur | ÍS 154 | Súðavík | Súðavík | 3.555 | 5.179 |
| 7223 | Pési halti | ÍS 64 | Súðavík | Súðavík | 11.511 | |
| 7558 | Teista | ÍS 407 | Súðavík | Súðavík | 338 | |
| 610 | Jón Júlí | BA 157 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 840 | 865 |
| 1063 | Kópur | BA 175 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 27.408 | 1.093.354 |
| 1321 | Bjarmi | BA 326 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 1.510 | |
| 2331 | Viktoría | BA 45 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 1.391 | |
| 2341 | Gyllir | BA 214 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 2.313 | 20.673 |
| 2348 | Dagur | BA 12 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 2.633 | 3.584 |
| 2367 | Bangsi | BA 337 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 3.584 | 135.236 |
| 2432 | Njörður | BA 114 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 2.751 | 126.391 |
| 2435 | Sæli | BA 333 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 5.333 | 153.264 |
| 2538 | Sigurvon | BA 367 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 319 | |

| Skip nr. | Heiti | Einkenns-stafir | Heimahöfn | Byggðarlag | Þorskígildiskg Byggðakvóti alls | Afli til vinnslu í byggðarlagi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2589 | Garri | BA 90 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 3.982 | 2.094 |
| 6225 | Seifur | BA 17 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 159 | |
| 6562 | Jói | BA 4 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 2.638 | 1.567 |
| 6728 | Skarpur | BA 373 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 656 | |
| 6894 | Jónsnes | BA 400 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 2.000 | 1.302 |
| 6947 | Assa | BA 339 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 1.149 | 27.716 |
| 7354 | Gyða | BA 277 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 841 | 29.653 |
| 7413 | Jón Þór | BA 91 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 594 | |
| 7453 | Ferskur | BA 103 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 2.912 | 105.722 |
| 7467 | Indriði Kristins | BA 751 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 986 | 23.489 |
| 7554 | Már | BA 406 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 2.000 | 6.612 |
| 7555 | Langvía | BA 407 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 2.000 | 6.641 |
| 7556 | Stuttnefja | BA 408 | Tálknafjörður | Tálknafjörður | 2.000 | 3.667 |
| 1076 | Jóhanna Gísladóttir | ÍS 7 | Þingeyri | Þingeyri | 32.885 | |
| 1468 | Björgvin | ÍS 468 | Þingeyri | Þingeyri | 29.269 | 284 |
| 1730 | Dýrfirðingur | ÍS 58 | Þingeyri | Þingeyri | 1.795 | |
| 2199 | Bibbi Jóns | ÍS 65 | Þingeyri | Þingeyri | 2.077 | 510 |
| 2442 | Margrét | ÍS 42 | Þingeyri | Þingeyri | 1.795 | |
| 6129 | Margrét | ÍS 5 | Þingeyri | Þingeyri | 2.202 | |
| 6314 | Lóa | ÍS 802 | Þingeyri | Þingeyri | 1.795 | |
| 6955 | Ver | ÍS 90 | Þingeyri | Þingeyri | 1.795 | 369 |
| 7352 | Sól Dögg | ÍS 39 | Þingeyri | Þingeyri | 1.795 | 442 |
| 7415 | Bára | ÍS 48 | Þingeyri | Þingeyri | 1.795 | |
| 7537 | Ingvar | ÍS 70 | Þingeyri | Þingeyri | 1.795 | |
| 2160 | Litlanes | ÞH 52 | Þórshöfn | Þórshöfn | 1.500 | 3.002 |
| 2328 | Manni | ÞH 88 | Þórshöfn | Þórshöfn | 1.600 | 937 |
| 2408 | Geir | ÞH 150 | Þórshöfn | Þórshöfn | 9.400 | 75.849 |
| 6649 | Svana | ÞH 90 | Þórshöfn | Þórshöfn | 6.500 | |
| | | | | **Samtals** | **4.010.005** | **29.983.491** |

# 960. Frumvarp til laga [642. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Á eftir 16. gr. laganna koma sex nýjar greinar er orðast svo:

a. (17. gr.)

*Öryggismálasafn.*

Í Þjóðskjalasafni Íslands skal hafa sérstakt safn, öryggismálasafn, sem varðveitir öll skjöl og skráðar heimildir sem verið hafa í vörslum skilaskyldra aðila og snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. skulu skilaskyldir aðilar afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll skjöl og skráðar heimildir sem eru í vörslum þeirra og varða öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991.

Útbúin skal skrá yfir öll mál og skjöl þeirra sem tilheyra þessari deild safnsins.

b. (18. gr.)

*Aðgangur fræðimanna að öryggismálasafni.*

Öll skjöl öryggismálasafns, svo og skrá skv. 3. mgr. 17. gr., skulu vera aðgengileg fræðimönnum í Þjóðskjalasafni Íslands að uppfylltum skilyrðum þessarar greinar.

Sá sem fær aðgang að skjölum öryggismálasafns skal áður skrifa undir yfirlýsingu þar sem hann heitir því að virða þagnarskyldu skv. 3. og 4. mgr., svo og önnur ákvæði þessarar greinar.

Óheimilt er fræðimanni að skýra frá eða miðla á annan hátt persónugreinanlegum upplýsingum um lifandi einstaklinga sem taldir voru geta ógnað öryggi ríkisins samkvæmt skjölum safnsins nema sá samþykki sem í hlut á.

Óheimilt er að skýra frá eða miðla á annan hátt persónugreinanlegum upplýsingum um viðkvæm einkamálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari og finna má í skjölum öryggismálasafns nema sá samþykki sem í hlut á. Þetta bann fellur niður þegar liðin eru 80 ár frá því að gögn urðu til.

Eftir því sem skráningu mála í öryggismálasafni vindur fram skal Þjóðskjalasafn Íslands skrifa þeim einstaklingum sem á lífi eru bréf komi fram upplýsingar í gögnum öryggismálasafns um þá sem falla undir 3. mgr. og kanna hvort þeir vilji veita samþykki sitt fyrir því að birta megi opinberlega umræddar upplýsingar um þá. Með bréfinu skulu fylgja almennar leiðbeiningar um það hvaða réttaráhrif það hefur að veita slíkt samþykki.

Samþykki skv. 3.–5. mgr. skal vottað af lögbókanda eða tveimur lögráða vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram að útgefandi samþykkisins hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið sjálfráða er hann ritaði nafn sitt.

Fræðimönnum er óheimilt að taka út af safninu ljósrit, ljósmynd eða stafræna mynd af skjölum hafi þau að geyma upplýsingar sem falla undir 3. eða 4. mgr. nema sá sem í hlut á hafi samþykkt opinbera birtingu upplýsinganna, sbr. 5. mgr., eða veitt sérstakt samþykki fyrir heimild til afhendingar á ljósriti af skjalinu til fræðimannsins sem afhent skal Þjóðskjalasafni Íslands.

Til fræðimanna í skilningi þessarar greinar teljast þeir sem hafa stundað fræðirannsóknir í hug- eða félagsvísindum og birt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi. Fræðimaður skal sýna fram á að gögn öryggismálasafns hafi mikilsverða þýðingu fyrir rannsókn sem hann vinnur að. Heimilt er að kæra synjun þjóðskjalavarðar til menntamálaráðherra.

Persónugreinanlegar upplýsingar í skilningi 3. og 4. mgr. teljast þær upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.

Ef maður, sem fengið hefur aðgang að gögnum þessarar deildar Þjóðskjalasafns Íslands, brýtur í bága við ákvæði 3., 4. eða 6. mgr. varðar það sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Nú brýtur maður ákvæði 3. eða 4. mgr. af ásetningi eða gáleysi og má þá dæma hann til að greiða þeim sem upplýsingarnar varðar bætur fyrir fjártjón og miska.

c. (19. gr.)

*Upplýsingaréttur hins skráða.*

Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að skjölum í öryggismálasafni ef þau hafa að geyma persónugreinanlegar upplýsingar um hann sjálfan.

Ef í skjali koma jafnframt fram persónugreinanlegar upplýsingar um aðra einstaklinga sem falla undir 3. eða 4. mgr. 18. gr. skal afmá þær upplýsingar úr ljósriti eða afriti skjals áður en aðila er veittur aðgangur að því nema sá sem í hlut á hafi samþykkt opinbera birtingu upplýsinganna, sbr. 5. mgr. 18. gr.

d. (20. gr.)

*Upplýsingaréttur almennings.*

Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að skjölum öryggismálasafns, enda komi þar ekki fram upplýsingar sem falla undir ákvæði 3. eða 4. mgr. 18. gr.

Ef ákvæði 3. og 4. mgr. 18. gr. eiga aðeins við um afmarkaðan hluta skjals skal afmá þær upplýsingar og veita almenningi aðgang að öðru efni skjalsins.

e. (21. gr.)

*Afhending utanríkisráðuneytisins á gögnum til öryggismálasafns.*

Áður en gögn utanríkisráðuneytisins, sem falla undir 17. gr. laga þessara, eru afhent öryggismálasafni skulu þau skoðuð og skráð til afhendingar í samræmi við fyrirmæli Þjóðskjalasafns Íslands.

Skjöl sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með þjóðréttarsamningi við Norður-Atlantshafsbandalagið að halda leyndum skulu ekki afhent öryggismálasafni.

Skjöl sem hafa að geyma upplýsingar um virka varnar- og öryggishagsmuni íslenska ríkisins skulu ekki afhent öryggismálasafni ef:

a. þau hafa ekki náð þrjátíu ára aldri eða
b. sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka rétt almennings til aðgangs að þeim.

f. (22. gr.)

*Kæruheimild.*

Heimilt er að bera synjun Þjóðskjalasafns Íslands um að veita aðgang að gögnum öryggismálasafns undir menntamálaráðherra sem úrskurðar um ágreininginn. Hið sama gildir um synjun Þjóðskjalasafns Íslands um að veita ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er byggt á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði hinn 22. júní 2006 á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi hinn 3. júní sama ár þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að skoða gögn sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og gera tillögu um tilhögun á frjálsum aðgangi fræðimanna að þeim.

Í nefndina voru skipuð Páll Hreinsson, stjórnarformaður Persónuverndar, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Anna Agnarsdóttir, forseti Sögufélags, Helgi Bern-

ódusson, skrifstofustjóri Alþingis, Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður og Ómar H. Kristmundsson, formaður stjórnmálafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands.

Nefndin lauk störfum hinn 9. febrúar sl., með því að afhenda Alþingi sérstaka skýrslu um starf sitt samkvæmt framangreindri þingsályktun. Er sú skýrsla fylgiskjal með frumvarpi þessu. Í skýrslunni er að finna umfjöllun um nefndarstarfið og afmörkun þess, yfirlit yfir þau gögn sem til eru um innra og ytra öryggi íslenska ríkisins frá árunum 1945–1991, umfjöllun um þá lögvörðu hagsmuni sem geta staðið í vegi fyrir aðgangi að gögnum um öryggi íslenska ríkisins á árunum 1945–1991, umfjöllun um reglur um NATO-skjöl, um sérstakar þagnarskyldureglur og um rétt aðila að upplýsingum um sjálfan sig og um upplýsingarétt almennings. Í lokakafla skýrslunnar er síðan að finna tillögur nefndarinnar að frumvarpi þessu um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Í almennri umfjöllun nefndarinnar um frumvarp þetta segir í skýrslunni að til þess að auðvelda aðgang fræðimanna að gögnum, sem snerta öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991, er lagt til að stofnuð verði sérstök safnadeild við Þjóðskjalasafn Íslands, öryggismálasafn, þar sem þessi gögn verði varðveitt. Jafnframt er lagt til að ekki verði aðeins útbúin málaskrá yfir þau mál sem eru í deildinni heldur einnig þau skjöl sem tilheyra hverju máli.

Þá segir í umfjöllun nefndarinnar að í gögnum um öryggismál íslenska ríkisins frá árunum 1945–1991 komi í undantekningartilvikum fyrir viðkvæmar einkalífsupplýsingar um nafngreinda einstaklinga. Að mati nefndarinnar ber að koma í veg fyrir að slíkar persónuupplýsingar komi fyrir almenningssjónir á grundvelli 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Til þess að raunsönn mynd fáist af öryggismálum íslenska ríkisins á árunum 1945–1991 og sagnfræðirannsóknum verði ekki of þröngur stakkur skorinn er á hinn bóginn lagt til að fræðimönnum verði veittur aðgangur að slíkum upplýsingum, svo og að upplýsingum um nöfn þeirra sem voru grunaðir um að ógna öryggi ríkisins á þessum tíma, þannig að sögulegar staðreyndir málsins liggi fyrir. Aftur á móti er lagt til að á grundvelli 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar verði fræðimönnum meinað að skýra frá slíkum einkalífsupplýsingum með persónugreinanlegum hætti nema fyrir liggi samþykki þess sem í hlut á. Í samræmi við ákvæði 8. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er lagt til að þetta bann gildi í 80 ár frá því að hinar viðkvæmu einkalífsupplýsingar urðu til. Bannið tekur aðeins til umfjöllunar á persónugreinanlegum upplýsingum.

Í ljósi sjónarmiða um friðhelgi einkalífs leggur nefndin til að nöfnum þeirra einstaklinga, sem á lífi eru og sætt hafa slíkum rannsóknum, verði haldið leyndum, nema þeir sem í hlut eiga veiti samþykki sitt fyrir slíkri birtingu, en lagt er til að Þjóðskjalasafn skrifi þessum einstaklingum og kanni hug þeirra til þess. Eðli máls samkvæmt eru þeir hagsmunir sem friðhelgi einstaklinga er ætlað að vernda einkum fyrir hendi í lifanda lífi. Eftir andlát þessara einstaklinga er ekki talin ástæða til að halda nöfnum þeirra leyndum, enda dvína þá verndarhagsmunirnir verulega og verður að telja að þá vegi þyngra almannahagsmunir af því að hægt sé að fara á hlutlægan hátt yfir sögu kaldastríðsáranna.

Réttur til aðgangs að gögnum öryggismálasafns samkvæmt frumvarpinu er þrískiptur: 1) réttur fræðimanna til aðgangs að gögnunum, 2) réttur hins skráða að upplýsingum um sjálfan sig og 3) réttur almennings til aðgangs að gögnum safnsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

*Um a-lið (17. gr.).*

Til þess að auðvelda aðgang fræðimanna að gögnum, sem snerta öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991, er lagt til að stofnað verði sérstakt safn við Þjóðskjalasafn Íslands, öryggismálasafn, þar sem þessi gögn verða varðveitt. Jafnframt er lagt til að ekki verði aðeins útbúin málaskrá yfir þau mál sem eru í deildinni heldur einnig þau skjöl sem tilheyra hverju máli.

Þar sem mælt er svo fyrir í 6. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, að skilaskyld skjöl skuli afhenda Þjóðskjalasafni að jafnaði eigi síðar en þrjátíu árum eftir að þau urðu til má gera ráð fyrir því að skjöl er snerta öryggismál íslenska ríkisins og eru eldri en 30 ára hafi þegar verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Þar sem ekki er hins vegar sjálfgefið að gögn frá árunum 1977–1991 hafi verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands er í nýrri 17. gr. skilaskyldum aðilum gert að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll skjöl og skráðar heimildir, sem eru í vörslum þeirra og varða öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991, sbr. 17. gr.

*Um b-lið (18. gr.).*

Í 1. mgr. er mælt fyrir um meginregluna um upplýsingarétt fræðimanna. Sá upplýsingaréttur er þó bundinn ákveðnum skilyrðum og verður fræðimaður að undirrita yfirlýsingu um að hann muni virða þau skilyrði áður en hann fær aðgang að gögnum öryggismálasafns.

Í gögnum um öryggismál íslenska ríkisins frá árunum 1945–1991 koma í undantekningartilvikum fyrir viðkvæmar einkalífsupplýsingar um nafngreinda einstaklinga. Ber að koma í veg fyrir að slíkar persónuupplýsingar komi fyrir almenningssjónir á grundvelli 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Til þess að raunsönn mynd fáist af öryggismálum íslenska ríkisins á árunum 1945–1991 og sagnfræðirannsóknum verði ekki of þröngur stakkur skorinn er á hinn bóginn lagt til að fræðimönnum verði veittur aðgangur að slíkum upplýsingum svo og að upplýsingum um nöfn þeirra sem voru grunaðir um að undirbúa að fremja brot sem refsing er lögð við í ákvæðum X.–XI. kafla almennra hegningarlaga þannig að sögulegar staðreyndir málsins liggi fyrir. Aftur á móti er lagt til að á grundvelli 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar verði fræðimönnum meinað að skýra frá slíkum einkalífsupplýsingum með persónugreinanlegum hætti, nema fyrir liggi samþykki þess sem í hlut á. Í samræmi við ákvæði 8. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er lagt til að þetta bann gildi í 80 ár frá því að hinar viðkvæmu einkalífsupplýsingar urðu til. Bannið tekur aðeins til umfjöllunar á persónugreinanlegum upplýsingum í skilningi 9. mgr.

Í ljósi sjónarmiða um friðhelgi einkalífs er lagt til að nöfnum þeirra einstaklinga, sem á lífi eru og sætt hafa slíkum rannsóknum, verði haldið leyndum, nema þeir sem í hlut eiga veiti samþykki sitt fyrir slíkri birtingu, en lagt er til að Þjóðskjalasafn skrifi þessum einstaklingum og kanni hug þeirra til þess. Eðli máls samkvæmt eru þeir hagsmunir, sem friðhelgi einstaklinga er ætlað að vernda, einkum fyrir hendi í lifanda lífi. Eftir andlát þessara einstaklinga er ekki talin ástæða til að halda nöfnum þeirra leyndum, enda dvína þá verndarhagsmunirnir verulega og verður að telja að þá vegi þyngra almannahagsmunir af því að hægt sé að fara á hlutlægan hátt yfir sögu kaldastríðsáranna.

Í banni því sem er í 3. og 4. mgr. felst að fræðimaður má ekki á neinn hátt tjá sig við óviðkomandi um þær viðkvæmu upplýsingar sem hann fær aðgang að í öryggismálasafni og ákvæði 3. og 4. mgr. taka til. Til verndar þessum viðkvæmu upplýsingum er mælt svo fyrir í 7. mgr. að fræðimönnum sé óheimilt að taka út af safninu ljósrit, ljósmynd eða stafræna

mynd af skjölum hafi þau að geyma upplýsingar sem falla undir 3. og 4. mgr. nema sá sem í hlut á hafi samþykkt það.

Samkvæmt 8. mgr. telst fræðimaður í skilningi 18. gr. hver sá sem stundað hefur fræðirannsóknir í hug- eða félagsvísindum og birt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi óháð því hvort hann hefur lokið háskólaprófi á þessum þekkingarsviðum. Með hug- og félagsvísindum er m.a. átt við sagn-, félags- og stjórnmálafræði og aðrar þær fræðigreinar sem falla undir samnefnt fagsvið Rannsóknarmiðstöðvar Íslands. Birting á „viðurkenndum vettvangi" felur í sér útgáfu fræðirita, birtingu greina í ritrýnd tímarit, flutning erinda á ráðstefnum fræðimanna eða birtingu á öðrum sambærilegum vettvangi.

Samkvæmt 8. mgr. skal fræðimaður, sem hyggst fá aðgang að öryggismálasafni sem slíkur, og þar með fá rýmri aðgangsheimild en aðrir, sækja um sérstakt leyfi til þess konar aðgangs að skjölum öryggismáladeildar. Skal fræðimaður þá jafnframt sýna fram á með rökstuðningi hvers vegna skjöl með persónugreinanlegum upplýsingum hafi þýðingu fyrir rannsókn hans. Þjóðskjalavörður sker úr um ef vafi leikur á því hvort skilyrði þessi séu uppfyllt. Fræðimaður getur kært synjun þjóðskjalavarðar um aðgang að þess háttar skjölum til menntamálaráðherra.

Til þess að ákvæði 3., 4. og 6. mgr. nái markmiðum sínum að tryggja einkalífsvernd er lögð refsing við brotum á ákvæðunum í 10. mgr. Refsirammi ákvæðisins er í samræmi við 229. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í 11. mgr. er jafnframt mælt fyrir bótaskyldu séu ákvæði 3. eða 4. mgr. brotin. Skal hér áréttað að einfalt gáleysi nægir svo dæma megi tjónvald til að greiða tjónþola bætur fyrir miska.

*Um c-lið (19. gr.).*

Í greininni er fjallað um aðgang *hins skráða* að upplýsingum *um sjálfan sig*.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um gögn sem til verða hjá handhöfum framkvæmdarvalds í störfum þeirra. Lögin gilda á hinn bóginn ekki um gögn í vörslum Alþingis eða dómstóla og hið sama gildir eftir að gögn þessara aðila hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang hins skráða að þessum gögnum gildir 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, en þar segir að mælt skuli í reglugerð fyrir um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög taka ekki til, í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Þessi reglugerð hefur ekki verið sett og ríkir því nokkur réttaróvissa um inntak og umfang þessa upplýsingaréttar.

Af framansögðu leiðir að um aðgangsrétt hins skráða að gögnum öryggismálasafns fer samkvæmt upplýsingalögum stafi gögnin frá stjórnvöldum. Um aðgang að gögnum öryggismálasafns sem stafa frá Alþingi og dómstólum fer á hinn bóginn skv. 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Til þess að samræmdar reglur gildi um aðgang hins skráða að upplýsingum um sjálfan sig sem finna má í öryggismálasafni er lagt til að sett verði sérstakt ákvæði um það.

*Um d-lið (20. gr.).*

Í greininni er fjallað um aðgang *almennings* að upplýsingum.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um gögn sem til verða hjá handhöfum framkvæmdarvalds í störfum þeirra. Lögin gilda á hinn bóginn ekki um gögn í vörslum Alþingis eða dómstóla og hið sama gildir eftir að gögn þessara aðila hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang almennings að þessum gögnum gildir 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, en þar segir að mælt skuli í reglugerð fyrir um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög taka ekki til, í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum til-

lögum þjóðskjalavarðar. Þessi reglugerð hefur ekki verið sett og ríkir því nokkur réttaróvissa um inntak og umfang þessa upplýsingaréttar.

Af framansögðu leiðir að um aðgangsrétt almennings að gögnum öryggismálasafns fer samkvæmt upplýsingalögum stafi gögnin frá stjórnvöldum. Um aðgang að gögnum öryggismálasafns sem stafa frá Alþingi og dómstólum fer á hinn bóginn skv. 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Til þess að samræmdar reglur gildi um aðgang almennings að skjölum í öryggismálasafni er lagt til að sett verði sérstakt ákvæði um það.

*Um e-lið (21. gr.).*

Í vörslum utanríkisráðuneytis er að finna mikinn fjölda skjala er snerta öryggismál Íslands á árunum 1945–1991. Þannig er áætlað að í hinu almenna skjalasafni ráðuneytisins sé að finna 26.000 möppur (ca. 800 hillumetra) frá umræddu tímabili. Þar af áætlar ráðuneytið að 5% skjalanna kunni að geyma viðkvæmar upplýsingar vegna öryggishagsmuna. Er því óhjákvæmilegt að farið verði í gegnum allar þessar möppur, gögn skoðuð og þau skráð til afhendingar í samræmi við fyrirmæli Þjóðskjalasafns Íslands.

Vegna öryggishagsmuna íslenska ríkisins er ekki hægt að afhenda öll skjöl til Þjóðskjalasafns Íslands. Í greininni er mælt svo fyrir að skjöl, sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með þjóðréttarsamningi við Norður-Atlantshafsbandalagið að halda leyndum, skulu ekki afhent öryggismálasafni Þjóðskjalasafns Íslands. Þessi undanþága er í samræmi við undanþáguákvæði 2. málsl. 2. gr. upplýsingalaga og er talin nauðsynleg svo að íslenska ríkið geti virt þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem það hefur undirgengist með aðild að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Þetta ákvæði undanþiggur þó aðeins hluta NATO-skjala. Þannig bæri, að teknu tilliti til NATO-reglna, að afhenda NATO-skjöl sem ekki hafa verið árituð sem trúnaðarskjöl. Hið sama gildir um trúnaðarskjöl sem síðar hafa fengið lægra trúnaðarstig og fengið að lokum merkinguna „NATO UNCLASSIFIED“.

Í greininni er síðan mælt fyrir um tvær undanþágur frá því að skjöl skuli afhent öryggismálasafni Þjóðskjalasafns Íslands á grundvelli öryggishagsmuna ríkisins. Undanþágurnar eru í samræmi við gildandi reglur um takmörkun á aðgangi almennings að upplýsingum um öryggis- og varnarmálefni hjá stjórnvöldum samkvæmt upplýsingalögum, nr. 50/1996, og samkvæmt sérstökum þagnarskyldureglum.

*Um f-lið (22. gr.).*

Í greininni er fjallað um kæruheimild ákvarðana er lúta að synjun um aðgang að gögnum og synjun um að veita ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um gögn sem til verða hjá handhöfum framkvæmdarvalds í störfum þeirra. Kæruheimild samkvæmt þeim lögum er til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sbr. 14. gr. laganna. Upplýsingalögin gilda ekki um gögn í vörslum Alþingis eða dómstóla og hið sama gildir eftir að gögn þessara aðila hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang almennings að þessum gögnum gildir 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, og kæruheimild um þessar ákvarðanir er til menntamálaráðherra.

Til þess að tryggja samræmi og skilvirka stjórnsýslu er lagt til að kæruheimild sé til menntamálaráðherra um ákvarðanir sem teknar eru um aðgang að gögnum í öryggismálasafni.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal I.**

## Skýrsla nefndar samkvæmt ályktun Alþingis um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál Íslands 1945–1991.

### 1. Skipan nefndarinnar og afmörkun á umboði hennar.

Í tilefni af umfjöllun fjölmiðla sl. vor um sagnfræðilega rannsókn á hlerunum í kalda stríðinu urðu nokkrar umræður um nauðsyn þess að gera opinber gögn um öryggi íslenska ríkisins á tímum kalda stríðsins aðgengileg fræðimönnum. Af þessu tilefni var samþykkt þingsályktun hinn 3. júní 2006 þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að skoða gögn sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og gera tillögu um tilhögun á frjálsum aðgangi fræðimanna að þeim.

Með þessari þingsályktun var sú pólitíska stefna mörkuð að þessar upplýsingar skyldu gerðar fræðimönnum aðgengilegar og sérstakri nefnd síðan falið að gera tillögu um hvernig að því skyldi staðið.

Forsætisráðherra skipaði nefndina hinn 22. júní 2006 í samræmi við þingsályktunina. Í nefndina voru skipuð Páll Hreinsson, stjórnarformaður Persónuverndar, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Anna Agnarsdóttir, forseti Sögufélags, Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður, og Ómar H. Kristmundsson, formaður stjórnmálafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands.

Undir umboð nefndarinnar féll að gera tillögur um aðgang fræðimanna að gögnum sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila *á íslensku yfirráðasvæði*. Engin afstaða er því tekin til gagna sem um þetta efni fjalla og finna má í erlendum skjalasöfnum.

Áður en nefndin gæti skilað tillögum sínum um tilhögun á aðgangi fræðimanna að gögnunum var ljóst að hún þyrfti að kanna hvaða stjórnvöld hefðu slík gögn í vörslum sínum og gera könnun á eðli þeirra. Af því tilefni voru sett lög nr. 127/2006, um rétt nefndar samkvæmt ályktun Alþingis til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál, þar sem mælt var fyrir um frjálsan aðgang nefndarinnar að öllum gögnum í vörslum stjórnvalda sem snerta öryggismál Íslands. Á grundvelli þessa ákvæðis skrifaði nefndin öllum stjórnvöldum bréf og óskaði upplýsinga um hvort þau hefðu í vörslum sínum gögn sem hefðu að geyma upplýsingar er snertu öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945 til 1991. Væri svo var þess jafnframt óskað að útbúinn yrði listi yfir þau mál og hann sendur nefndinni. Flest stjórnvöld svöruðu nefndinni svo að engin slík gögn væru að finna í vörslum þeirra. Í viðauka 3–17 er að finna þau bréf stjórnvalda sem svöruðu nefndinni með öðrum hætti.

Nefndin gerði úrtakskönnun á þeim gögnum sem er að finna í vörslum Þjóðskjalasafn Íslands, utanríkisráðuneytisins og lögreglustjórans í Reykjavík. Í 2. kafla í skýrslunni er að finna yfirlit yfir þau gögn sem til eru og varðað geta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991.

Í lögum nr. 127/2006 er jafnframt mælt svo fyrir að öllum opinberum starfsmönnum sé skylt að svara fyrirspurnum nefndarinnar um verklag við öflun, skráningu og varðveislu upplýsinga um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 þrátt fyrir ákvæði laga um þagnarskyldu. Ákvæðið var nefndinni nauðsynlegt svo að hún gæti kannað með almennum hætti hvaða tegundir gagna um öryggismál Íslands hefðu orðið til og hvernig varðveislu þeirra

hefði verið hagað, hvar þau væri að finna og hvaða gögnum hefði verið eytt. Af þessu tilefni er rétt að taka skýrt fram að rannsókn á *einstökum málum* um innra öryggi ríkisins féll ekki undir starfssvið nefndarinnar. Á hinn bóginn kannaði nefndin þá málsmeðferð sem *almennt* var viðhöfð við hleranir á árunum 1945–1991 með það að markmiði að fá *yfirlit* um það hvaða tegundir gagna hefðu almennt orðið til við þá iðju, hvernig þau hefðu verið varðveitt og hverju af þeim hefði verið eytt. Í kafla 2.3. er að finna stutt yfirlit yfir það.

Í 3. kafla er farið yfir þá verndarhagsmuni, sem undanþágureglum upplýsingalaga, nr. 50/1996, og laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, er ætlað að slá skjaldborg um og tekin afstaða til þess hvort ástæða sé til að takmarka aðgang fræðimanna að upplýsingum um öryggismál í gögnum sem til hafa orðið á árunum 1945–1991 á grundvelli sömu sjónarmiða.

Í 4. kafla er farið stuttlega yfir það hvaða reglur gilda um NATO-skjöl sem finna má í skjalasafni utanríkisráðuneytisins og tillögur nefndarinnar er að þeim lúta.

Í 5. kafla er skýrt hvernig sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu geti staðið í vegi fyrir aðgangi almennings að upplýsingum skv. upplýsingalögum, nr. 50/1996, og lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, og kannað hvort ástæða sé til að áskilja einnig að sérstakar þagnarskyldureglur standi í vegi fyrir aðgangi fræðimanna að upplýsingum sem falla undir slíkar þagnarskyldureglur.

Í 6. kafla er vakin athygli á því að í ályktun Alþingis um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál, svo og skipunarbréfi nefndarinnar, er henni einvörðungu falið að semja reglur um aðgang *fræðimanna* að gögnum er snerta öryggismál Íslands á árunum 1945–1991. Nefndin telur hins vegar ástæðu til að setja reglur um upplýsingarétt *aðila að upplýsingum um sig sjálfan*, svo og um upplýsingarétt *almennings* til þess að samræma reglur.

Í 7. kafla er síðan að finna drög nefndarinnar að ákvæðum frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands. Til þess að auðvelda aðgang fræðimanna að gögnum, sem snerta öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991, er lagt til að stofnuð verði sérstök safnadeild við Þjóðskjalasafn Íslands, öryggismálasafn, þar sem þessi gögn verði varðveitt. Jafnframt er lagt til að ekki verði aðeins útbúin málaskrá yfir þau mál sem eru í deildinni heldur einnig þau skjöl sem tilheyra hverju máli.

Í gögnum um öryggismál íslenska ríkisins frá árunum 1945–1991 koma í undantekningartilvikum fyrir viðkvæmar einkalífsupplýsingar um nafngreinda einstaklinga. Að mati nefndarinnar ber að koma í veg fyrir að slíkar persónuupplýsingar komi fyrir almenningssjónir á grundvelli 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Til þess að raunsönn mynd fáist af öryggismálum íslenska ríkisins á árunum 1945–1991 og sagnfræðirannsóknum verði ekki of þröngur stakkur skorinn er á hinn bóginn lagt til að fræðimönnum verði veittur aðgangur að slíkum upplýsingum, svo og að upplýsingum um nöfn þeirra sem voru grunaðir um að ógna öryggi ríkisins á þessum tíma, þannig að sögulegar staðreyndir málsins liggi fyrir. Aftur á móti er lagt til að á grundvelli 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar verði fræðimönnum meinað að skýra frá slíkum einkalífsupplýsingum með persónugreinanlegum hætti nema fyrir liggi samþykki þess sem í hlut á. Í samræmi við ákvæði 8. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er lagt til að þetta bann gildi í 80 ár frá því að hinar viðkvæmu einkalífsupplýsingar urðu til. Bannið tekur aðeins til umfjöllunar á persónugreinanlegum upplýsingum.

Í ljósi sjónarmiða um friðhelgi einkalífs er lagt til að nöfnum þeirra einstaklinga, sem á lífi eru og sætt hafa slíkum rannsóknum, verði haldið leyndum, nema þeir sem í hlut eiga veiti samþykki sitt fyrir slíkri birtingu, en lagt er til að Þjóðskjalasafn skrifi þessum einstaklingum og kanni hug þeirra til þess. Eðli máls samkvæmt eru þeir hagsmunir sem friðhelgi

einstaklinga er ætlað að vernda einkum fyrir hendi í lifanda lífi. Eftir andlát þessara einstaklinga er ekki talin ástæða til að halda nöfnum þeirra leyndum, enda dvína þá verndarhagsmunirnir verulega og verður að telja að þá vegi þyngra almannahagsmunir af því að hægt sé að fara á hlutlægan hátt yfir sögu kaldastríðsáranna.

Réttur til aðgangs að gögnum kaldastríðssafns er þrískiptur: 1) réttur fræðimanna til aðgangs að gögnunum, 2) réttur hins skráða að upplýsingum um sjálfan sig og 3) réttur almennings til aðgangs að gögnum safnsins.

## 2. Yfirlit yfir þau gögn sem eru til um innra og ytra öryggi íslenska ríkisins frá árunum 1945–1991.

*2.1. Inngangur.*

Á grundvelli laga nr. 127/2006 skrifaði nefndin öllum stjórnvöldum bréf og óskaði upplýsinga um hvort þau hefðu í vörslum sínum gögn sem hefðu að geyma upplýsingar er snertu öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945 til 1991. Væri svo var þess óskað að útbúinn yrði listi yfir þau mál og hann sendur nefndinni. Flest stjórnvöld svöruðu nefndinni svo að engin slík gögn væru að finna í vörslum þeirra. Í viðauka 3–17 er að finna þau bréf stjórnvalda sem svöruðu nefndinni með öðrum hætti.

Rétt er að taka fram að undir umboð nefndarinnar féll að gera tillögur um aðgang fræðimanna að gögnum sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila *á íslensku yfirráðasvæði*. Nefndin tók því enga afstöðu til gagna sem um þetta efni fjalla og finna má í erlendum skjalasöfnum.

*2.2. Skjöl hjá utanríkisráðuneytinu um ytra öryggi og samskipti við varnarliðið.*

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu eru skjöl ráðuneytisins frá árunum 1945–1991 mikil að vöxtum og áætlar ráðuneytið að talsverður hluti þeirra snerti öryggismál Íslands. Í bréfi ráðuneytisins til nefndarinnar frá 19. janúar sl. (sjá viðauka 15) kemur fram að ráðuneytið áætli að skjöl í vörslum þess sem gætu varðað öryggismál Íslands í hinu almenna skjalasafni þess á þessu tímabili nemi um 800 hillumetrum og skjöl frá þessu tímabili í skjalasafni varnarmálaskrifstofu ráðuneytisins nemi um 50 hillumetrum. Þá er áætlað að könnun á öllum skjölum ráðuneytisins frá þessum tíma og vinna við að gera þau aðgengileg myndi kosta u.þ.b. þrjú ársverk að mati ráðuneytisins. Eru þá ótalin þau skjöl sem sé að finna í skjalasöfnum sendiráða, fastanefnda og aðalræðisskrifstofa Íslands frá þessu tímabili en þau nemi um 500 hillumetrum, en aðeins hluti þeirra skjala sé nú á Þjóðskjalasafni.

*2.3. Skjöl hjá lögreglustjóranum í Reykjavík um innra öryggi.*

### 2.3.1. Inngangur

Mikið hefur verið rætt opinberlega að undanförnu um hleranir vegna öryggi ríkisins og má raunar segja að þær séu tilefni nefndarstarfsins. Lítið er þó til af gögnum um þær og því reyndist nauðsynlegt fyrir nefndina að taka viðtöl við nokkra lykilmenn til að fá yfirsýn yfir hvernig verklagið var við hleranir á árunum 1945–1991, bæði af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík og af hálfu Pósts og síma. Nefndin hafði áhuga á að kanna hvaða skjöl og önnur gögn gætu hafa orðið til við hleranir. Í framhaldinu var reynt að komast að því hvort einhver gögn hafa varðveist og ekki síður hvort gögnum hafi verið eytt.

Nefndin tók viðtöl við eftirfarandi: Adolf Guðmundsson, fyrrv. starfsmann Pósts og síma, Boga Jóhann Bjarnason, fyrrv. starfsmann embættis lögreglustjórans í Reykjavík, Bjarka Elíasson, fyrrv. yfirlögregluþjón í Reykjavík, Jóhann Jóhannsson, fyrrv. starfsmann Útlendingaeftirlitsins, Jón Skúlason, fyrrv. póst- og símamálastjóra, Ólaf Tómasson, fyrrv. póst-

og símamálastjóra, Skúla Jónsson símamann, Skúla Magnússon, fyrrv. starfsmann Útlendingaeftirlitsins, Svein Blomsterberg, fyrrv. símsmið hjá Pósti og síma, og Þorstein J. Óskarsson, fyrrv. yfirmann notendabúnaðardeildar Pósts og síma. Enn fremur hitti nefndin Böðvar Bragason, þáverandi lögreglustjóra í Reykjavík, að máli svo og nokkra starfsmenn hann. Lög nr. 127/2006 aflétta þagnarskyldu opinberra starfsmanna sem nefndin kallaði á sinn fund, hvort sem þeir höfðu látið af störfum eða eru enn við störf. Var þeim skylt að svara fyrirspurnum nefndarinnar um verklag, skráningu og varðveislu upplýsinga um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 samkvæmt ákvæðum fyrrnefndra laga.

Þessi kafli skýrslunnar er í eðli sínu ágrip og byggist nær eingöngu á framburði áðurgreindra opinberra starfsmanna. Sumir viðmælenda nefndarinnar eru rosknir menn og báru stundum fyrir sig minnisleysi og vanheilsu. Þeir sem hefðu að öðru leyti getað varpað skýru ljósi á málið í heild eru flestir látnir.

Nefndin fékk vitneskju um að lögreglustjóri hefði haldið reglubundna fundi með nánustu samstarfsmönnum innan lögreglunnar í embættistíð Sigurjóns Sigurðssonar og voru færðar fundargerðir um þá. Þær fundargerðir hafa ekki komið í leitirnar.

### 2.3.2. Helstu niðurstöður viðtala voru eftirfarandi:

- Hleranir varðandi öryggi ríkisins áttu sér stað á árunum 1949–68.
- Lögreglan átti frumkvæðið að hlerunum í apríl 1951 og 1968. Um annað er ókunnugt.
- Ávallt var kveðinn upp dómsúrskurður sem heimilaði hleranir áður en þær voru framkvæmdar.
- Lögreglan gat ekki hlerað með þeim búnaði sem hún hafði á þessum árum án atbeina starfsmanna Pósts og síma.
- Þessar hleranir voru ekki teknar upp á segulbönd og við þær varð til lítið af skriflegum gögnum.
- Vinnubrögð og verklag voru almennt þannig að lítið var skráð af upplýsingum um öryggismál.
- Gögnum hjá Útlendingaeftirlitinu í lögreglustöðinni við Hverfisgötu var eytt 1976.
- Starfssvið forstöðumanns Útlendingaeftirlitsins laut m.a. að innra öryggi ríkisins.
- Útlendingaeftirlitið hafði eftirlit með erlendum sendiráðsmönnum, einkum frá ríkjum Varsjárbandalagsins.

### 2.3.3. Verklag við hleranir

Fyrir liggur að hleranir hafi átt sér stað á tímabilinu 1949–1968 eins og hér segir:[1]

1949: 26. mars (16 símanúmer). Aðild að Atlantshafsbandalaginu.
2. apríl (sömu 16 símanúmer [framlengd]).
6. apríl (9 símanúmer).

1951: 17. janúar (15 símanúmer). Heimsókn Dwights D. Eisenhowers, yfirhershöfðingja NATO.
24. apríl (25 símanúmer). Koma bandarískra varnarliðsins.
2. maí (1 símanúmer til viðbótar).

1961: 26. febrúar (14 símanúmer). Landhelgissamningur við Breta.

1963: 12. september (6 símanúmer). Heimsókn Lyndons B. Johnsons, varaforseta Bandaríkjanna.

1968: 1. júní (17 símanúmer). Utanríkisráðherrafundur NATO.

[1] ÞÍ, Sakadómur Reykjavíkur, 2005-FB/4, Lögreglubók 249.

Engin gögn hafa komið í ljós sem benda til þess að hleranir hafi verið heimilaðar um innra öryggi eftir 1968. Jafnframt þvertaka heimildarmenn nefndarinnar fyrir það að slíkar hleranir hafi átt sér stað eftir 1968. Eftir 1968 hafa hleranir hins vegar verið heimilaðar í sakamálum allar götur til dagsins í dag (sbr. nú 86.–87. gr. laga 19/1991, um meðferð opinberra mála).

Í þessum sex tilfellum virðist málsmeðferðin hafa verið sú að lögreglustjóri hafði samband við ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins sem skrifaði Sakadómi bréf um nauðsyn hlerunar. Aðeins í eitt skipti var það ráðherra sem skrifaði undir bréfið og var það Jóhann Þ. Jósefsson, settur dómsmálaráðherra, árið 1949.[2]

Dómari heimilaði hlerun með dómsúrskurði. Allir heimildarmenn fullyrða að engar tengingar hafa átt sér stað fyrr en dómsúrskurðurinn lá fyrir. Dómsúrskurðurinn var síðan sendur póst- og símamálastjóra sem skrifaði samþykki sitt á hann. Afrit fór síðan til línudeildar Pósts og síma sem sá um framkvæmd tenginganna. Yfirmaður línudeildar fékk upplýsingar um hvaða símanúmer skyldu hleruð. Hann kallaði á tæknimann sem vann á *tengigrind hjá bæjarsímanum og fékk sá uppgefna tengipunkta og tengdi símana þannig* að lögregla gæti hlerað þá. Sú tenging fór fram utan vinnutíma.

Í fjölmiðlum hafa menn talað um dularfullt *klikk* sem heyrðist í símum þeirra og vöktu grunsemdir um að síminn væri hleraður. Þeir tæknimenn Símans, sem nefndin ræddi við, fullyrða að þegar hlerað var heyrðist ekkert *klikk*, en hins vegar getur slíkt hljóð orsakast af ýmsum ástæðum sem eiga sér eðlilegar skýringar, svo sem við viðhald og viðgerðir.

### 2.3.4. Hvar fóru hleranir fram?

#### a) Hleranir í þágu innra öryggis ríkisins 1949–1968.

Hleranir fóru fyrst fram á 2. hæð lögreglustöðvarinnar í Pósthússtræti 3. Nokkrir símar voru settir upp með um fjórum til fimm tengingum. Segulbönd voru ekki notuð við hleranir á þessum tíma. Punktað var niður það sem þótti athugunarvert, m.a. nöfn. Heimildamenn fullyrða að aldrei hafi neitt verið skráð sem varðaði einkahagsmuni þeirra einstaklinga sem voru hleraðir. Í lok hvers dags var síðan metið hvað skipti máli og það varðveitt en hinu eytt. Nokkrir starfsmenn embættis lögreglustjórans í Reykjavík önnuðust hleranir, þ. á m. sérstakur trúnaðarmaður lögreglustjóra. Sökum manneklu var ekki hlerað að næturlagi.

#### b) Hleranir í sakamálum 1968–1991.

Eftir að lögreglustöðin var flutt upp á Hverfisgötu á árunum 1972–73 fóru hleranir fram í herbergi á 3. hæð sem Útlendingaeftirlitið hafði. Í kjallaraherbergi, sem tæknimaður Símans hafði einn aðgang að, voru mörg hundruð línur, í svokölluðum *húskössum*, sem lágu frá lögreglustöðinni beint út í tengihús á bak við leikvöllinn við Skúlagötu og eins inn í almannavarnabyrgið. Þar var opinn strengur beint niður á símstöð. Þegar beiðni um hleranir barst var tengt í gegnum kjallaraherbergið í lögreglustöðinni, og síðan var línan send upp í herbergi Útlendingaeftirlitsins. Lögreglan gat aldrei, með þeim búnaði sem hún hafði yfir að ráða á þessum tíma, tengt nema með aðstoð símamanna. Á lögreglustöðinni við Hverfisgötu voru segulbönd fyrst tekin í notkun.

Ljóst þykir að allar hleranir sem áttu sér stað eftir að lögreglustöðin var flutt upp á Hverfisgötu tengdust rannsókn á sakamálum, einkum fíkniefnum.

---

[2] ÞÍ, Sakadómur Reykjavíkur, 2005-FB/4 Y. Málsskjöl með lögregluþingbók 249.

**2.3.5. Tímalengd hlerana.**

Í dómsúrskurðunum á tímabilinu 1949–1968 er varða innra öryggi ríkisins segir „hlerað skal fyrst um sinn". Árið 1949 var póst- og símamálastjóra tilkynnt að „símahlustunum þeim, sem úrskurðaðar voru í lögreglurétti Reykjavíkur 26. þ.m. [mars] skuli hætt á næsta miðnætti". Er bréfið dagsett 31. mars.[3] Þann 9. apríl 1949 fékk póst- og símamálastjóri svipað bréf um að hlerunum sem höfðu verið heimilaðar 6. apríl skuli hætt.[4] Af þessu má ályktа að ekki stóðu hleranir lengi. Hins vegar hafa ekki fundist önnur skjöl um hversu lengi síðari hleranir stóðu yfir og hefur nefndinni ekki tekist að fá nákvæm svör við þeirri spurningu. Í nokkrum tilfellum segjast símamenn hafa aftengt línuna. Nú er greint nákvæmlega í dómsúrskurðum hversu lengi hleranir eru leyfðar.

**2.3.6. Gögn.**

**a) Lögreglan.**

Í dómsúrskurðunum var ávallt tekið fram: „skal efni samtalanna ritað, lögreglunni til afnota". Eins og þegar hefur komið fram var sitthvað punktað niður af lögreglunni úr símtölum. Þau skjöl voru merkt viðkomandi manni og eitthvað skráð sem tengdist tilefni hleranna. Þess var þó gætt, að sögn lögreglu, að upplýsingum væri eytt þegar menn létust. Engin gögn af þessu tagi hafa komið í leitirnar. Að sögn heimildarmanna voru þau gögn, sem til urðu við hleranir, ekki send dómsmálaráðuneytinu heldur eingöngu notuð af lögreglu þar til þeim var eytt (sjá hér á eftir).

**b) Póstur og sími.**

Skjalasafn Pósts og síma var afhent Þjóðskjalasafni er stofnanirnar voru einkavæddar, en er ófrágengið á 45 vörubrettum. Gróf yfirferð yfir allt skjalasafnið hefur ekki leitt til þess að skjöl varðandi símhleranir hafi komið fram í dagsljósið, en slík mál eru skráð í eldri skjalaskrár Símans. Komið hefur í ljós að hluti skjalasafnsins er enn í vörslu Símans hf. og hefur verið óskað eftir því að þeim skjölum verði skilað til Þjóðskjalasafnsins.

**2.3.7. Eyðing gagna.**

Nefndin hefur fengið staðfestingu á því að gögnum í vörslu Útlendingaeftirlitsins var eytt árið 1976. Ákveðið var að hreinsa til hjá lögreglunni. Samkvæmt þeim heimildum sem nefndin hefur var farið með „hálfan svartan plastpoka" af pappírum út úr Reykjavík þar sem þeir voru brenndir. Ekki er vitað fyrir víst hvers konar gögnum var eytt árið 1976, né heldur telur nefndin að hún hafi fullkomna mynd af því hvernig það var gert. Þar sem ekkert virðist hafa varðveist af gögnum er líklegt að eytt hafi verið spjaldskrám, úrklippum og öðrum gögnum sem snertu innra öryggi ríkisins og geymd voru hjá Útlendingaeftirlitinu.

**2.3.8. Útlendingaeftirlitið.**

Útlendingaeftirlitið hafði til afnota tvö herbergi á 3. hæð lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu. Þar var spjaldskrá í litlum skjalaskáp úr járni með mjóum skúffum og hillur með nokkrum möppum og „eitthvað sem lögreglan hafði tekið af fólki, skammbyssur ... með merkimiðum" eins og einn heimildarmaður komst að orði, að ógleymdum segulbandstækjun-

[3] ÞÍ, Sakadómur Reykjavíkur. 2005-FB/4 Y. Málsskjöl með lögregluþingbók 249.

[4] ÞÍ, Sakadómur Reykjavíkur. 2005-FB/4 Y. Málsskjöl með lögregluþingbók 249.

um sem stóðu á borði við gluggann. Meðal gagna sem var þar að finna voru blaðaúrklippur, myndir og gömul hlerunartæki úr Pósthússtræti, sem talið er að hafi verið fargað upp úr 1980.

Spjaldskrá Útlendingaeftirlitsins um erlenda menn sem bjuggu á Íslandi fram til 1965 hefur verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Heimildamenn telja að eftir 1976, þegar gögnunum var eytt, hafi þeirri starfsemi sem laut að innra öryggi og stunduð var hjá Útlendingaeftirlitinu að mestu verið hætt.

**a) NATO og leyniþjónustur erlendra ríkja.**

Eftir að Ísland gekk í NATO var sérstakt herbergi, kallað „NATO-herbergi" eða „blýherbergi", á 2. hæð í utanríkisráðuneytinu í Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu, haft undir skjöl frá bandalaginu, þar var ávallt lögregluvakt. Eftir að nýja lögreglustöðin var reist var NATO-skjalageymslan flutt þangað þar sem utanríkisráðuneytið var til húsa. Nú eru NATO-skjöl varðveitt í utanríkisráðuneytinu við Rauðarárstíg.

Lögreglustjóri, ásamt yfirmanni Útlendingaeftirlitsins, hafði tengsl við leyniþjónustur í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og á Norðurlöndum. Sóttu þeir fundi hjá nefnd NATO þar sem skipst var á upplýsingum um erlenda sendiráðsmenn. Heimildarmenn fullyrða að engin afskipti hefðu verið af Íslendingum.

**b) Erlendir tignarmenn.**

Íslenska lögreglan átti samstarf við erlendar leyniþjónustur um öryggisráðstafanir sem gerðar voru þegar erlendir tignarmenn sóttu Ísland heim, t.d. árið 1963 þegar varaforseti Bandaríkjanna, Lyndon B. Johnson, kom. Ábyrgðin á öryggi fyrirfólks var lögð á herðar lögreglustjóra, þótt þeir hafi haft eigin lífverði með sér. Símar voru hleraðir við heimsókn Johnsons 1963 en engar heimildir eru um viðlíkar ráðstafanir þegar Nixon og Pompidou funduðu á Íslandi árið 1973 né heldur þegar Gorbatsjov og Reagan komu árið 1986. Íslenska lögreglan átti þó fundi með fulltrúum frá erlendum leyniþjónustum um framkvæmd öryggismála.

**b) Eftirlit með sendiráðum.**

Útlendingaeftirlitið skráði og fylgdist með ferðum og störfum sendimanna frá Varsjárbandalagsríkjunum um tíma. Í hvert sinn sem utanríkisráðuneytið sendi upplýsingar um væntanlegan sendiráðsmann leitaði starfsmaður Útlendingaeftirlitsins upplýsinga um viðkomandi og hafði til þess NATO-skrár, þar sem t.d. voru tilgreindir þeir Varsjárbandalagsmenn sem ekki máttu koma til starfa í NATO-ríkjum. Skipst var á upplýsingum við önnur NATO-ríki um sendimenn Varsjárbandalagsríkja. Allir þessir sendiráðsmenn voru áritunarskyldir og var „lítil" spjaldskrá haldin um þá á meðan þeir dvöldust hér á landi. Þar voru m.a. skráðar persónuupplýsingar. Heimildarmaður telur þessi gögn hafa verið „fátækleg".

Eitt hlutverk Útlendingaeftirlitsins var að fylgjast með sendiráðum Varsjárbandalagsríkjanna hér á landi, fyrst og fremst Sovétríkjanna, en einnig hafa austur-þýsku og tékknesku sendiráðin verið nefnd í þessu sambandi. Lögreglan fylgdist með sovéska sendiráðinu frá því um 1953. Fyrst var eftirlitið frá Túngötu 18, í þýska sendiráðinu sem þá var í umsjá dómsmálaráðuneytisins. Vaktað var þaðan og úr bílum. Eftir að þýska sendiráðið tók aftur til starfa flutti lögreglan sig í hús við Garðastræti. Á áttunda áratugnum var komið fyrir myndatökuvél með sendi í kjallaraherbergi hússins og fylgst með ferðum í sendiráðið. Myndavélin var tengd sérstakri símalínu sem sendi myndirnar beint upp í herbergi Útlendingaeftirlitsins

á 3. hæð í lögreglustöðinni þar sem viðtökuskjár tók á móti myndunum. Starfsmaður eftirlitsins skoðaði síðan myndirnar en kveðst ekki hafa skráð mikið niður. Nefnt hefur verið að um 20–30 myndir hafi verið meðal gagna sem geymd voru hjá Útlendingaeftirlitinu.

Einn starfsmaður Útlendingaeftirlitsins var þjálfaður sérstaklega hjá leyniþjónustunni í Vestur-Þýskalandi. Var það m.a. hlutverk hans að bera kennsl á starfsmenn KGB-leyniþjónustunnar og starfsmenn GRU (leyniþjónusta sovéska hersins), en starfsmenn sovéska sendiráðsins voru fjölmargir. Oft var náin samvinna við starfsmenn bandarísku leyniþjónustunnar við eftirfylgnina. Starfsmönnum sovésku leyniþjónustanna var veitt eftirför í bílum í bænum og þegar t.d. GRU-mennirnir fóru úr bænum var þeir einstaka sinnum veitt eftirför í flugvélum, jafnvel upp á öræfi. Þótt lítið hafi komið út úr þessu að mati starfsmanna Útlendingaeftirlitsins þá var talið mikilvægt að starfsmenn KGB og GRU vissu að fylgst væri með þeim.

Fundað var í Útlendingaeftirlitinu á hverjum morgni og farið munnlega yfir atburði dagsins á undan. Þrír til fjórir menn voru á þessum fundum. Nánast ekkert var skráð en starfsmaðurinn bjó til „graf" um ferðir sovésku leyniþjónustumannanna. Að sögn heimildarmanna var ekkert eftirlit haft með þeim Íslendingum sem áttu erindi í sendiráðið. Þessi starfsemi mun hafa lagst af smám saman og fara litlar sögur af henni eftir 1980.

Áhuginn á að fylgjast með Varsjárbandalagsríkjunum „fjaraði út" upp úr 1990.

### 2.3.9. Dæmi um hlerunarmál – ráðherrafundur NATO árið 1968.

Nefndin hefur alltraustar heimildir um verklag við hleranir sem fram fóru árið 1968. Lögreglustjóra barst vitneskja um að hópur útlægra Grikkja væri væntanlegur til Reykjavíkur til að taka þátt í mótmælum meðan á fundi utanríkisráðherra NATO stæði í Reykjavík í júní 1968. Lögreglustjóri frétti í gegnum samstarfsaðila sína á Norðurlöndum, lögreglustjórana í Kaupmannahöfn og Ósló, að þessir menn væru tilbúnir í átök og skemmdarverk, einkum gagnvart utanríkisráðherra Grikklands sem var væntanlegur á ráðherrafundinn. Einnig fylgdu upplýsingar um tengiliði þeirra hér á landi. Lögreglunni bárust enn fremur upplýsingar um áform innlendra manna um skemmdarverk meðan á fundinum stóð. Andrúmsloftið var einnig lævi blandið eftir þau átök sem urðu 26. maí (á H-daginn) er spellvirki voru unnin í Reykjavíkurhöfn á herskipum NATO-ríkja.

Lögreglustjóra þótti ráðlegt að afla upplýsinga um þessa menn hérlendis og fá heimild til að hlera síma ákveðinna manna og stofnana. Leitað var til dómsmálaráðuneytisins og var rætt við ráðuneytisstjórann. Síðan var skrifað bréf til Sakadóms. Yfirsakadómari tók málið fyrir og úrskurðaði heimild til hlerunar. Úrskurðurinn var færður inn í sérstaka gerðarbók (Lögreglubók).[5] sem geymd var í peningaskáp í umsjón yfirsakadómara. Í framhaldi af því var haft samband við póst- og símamálastjóra, sem setti tæknimann í að tengja símana. Þá voru ekki notuð segulbönd og var punktað niður það sem þótti áhugavert og kom þessu máli við, nöfn o.fl. Einkalífsupplýsingar voru ekki skráðar. Það var m.a. með þessum hlerunum sem vitneskja fékkst um tengiliði við grísku útlagana. Þannig gat lögreglan verið í viðbragðsstöðu áður en þeir komu til landsins. Fundir lögreglumanna voru haldnir á hverjum degi meðan á NATO-fundinum stóð. Ekki var haldin nein gerðarbók en eingöngu skráðar á blað upplýsingar sem komu málinu við og voru taldar koma að notum. Öðru var eytt. Gögnin sem urðu til voru síðan afhent Útlendingaeftirlitinu og voru sennilega meðal þeirra gagna sem eytt var 1976.

Lögreglan fylgdist með Grikkjunum og var ekki talin ástæða til að vísa þeim úr landi.

---

[5] Hér er átt við Lögreglubók 249.

**2.3.10. Nokkrar athugasemdir.**

a) Eðli málsins samkvæmt hvíldi leynd yfir hlerunum. Af því sem rakið hefur verið og af máli heimildarmanna má álykta að verklagið við þær hafi miðað að því að sem fæstir hefðu heildarmynd af ferlinu. Eingöngu forstöðumaður Útlendingaeftirlitsins og lögreglustjóri hafa haft heildaryfirsýn yfir ferlið sem viðhaft var við hleranir. Gögn sem til urðu virðast hafa verið mjög fá.

b) Ekki verður séð að neinn hafi verið ákærður eða handtekinn á grundvelli þeirra gagna sem aflað var með hlerunum.

c) Ekkert liggur fyrir um hvort og þá hvaða gögn hafi verið afrituð eða afhent stjórnvöldum erlendra ríkja.

*2.4. Skjöl hjá Þjóðskjalasafni Íslands.*

Upplýsingar um skjöl sem þegar eru í vörslu Þjóðskjalasafns, og snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 er einkum að finna í eftirtöldum skjalasöfnum:

Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, varnarmálaskrifstofa, samgönguráðuneyti (þ.m.t. skjöl frá Flugmálastjórn og Pósti og síma), ríkislögreglustjóri, ríkissaksóknari, sýslumanns- og lögregluembætti í Reykjavík, á Keflavíkurflugvelli, í Hafnarfirði og Kópavogi. Skjöl þessi verða nær öll til áður en sett voru lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda (1996) og persónuvernd (2000). Skráning þeirra og frágangur í embættum hefur að sjálfsögðu mótast af því og þeim viðhorfum sem þá ríktu í samfélaginu til persónuverndar. Til undantekninga telst ef málamöppur hafa verið merktar sem trúnaðarmál í embættunum.

Varðandi sýslumenn, Sakadóm og lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli er það athugandi að yfirleitt er engin greining á málum. Bækur eru t.d. merktar sem sakadómsbækur, en hvers konar mál eru tekin fyrir í hverri bók kemur ekki fram. Málaheiti gefa mjög takmarkaðar upplýsingar um efni skjalanna. Þess vegna er við því að búast að undir málaheiti eins og „Ýmislegt“ og „Ýmis mál“ geti leynst skjöl varðandi öryggismál.

Sumir þessara aðila hafa skilað skjölum án þess að skjalaskrár fylgi og því er Þjóðskjalasafni Íslands ekki unnt að svara því hvort í þeim gögnum sé að finna upplýsingar um öryggismál ríkisins. Umfangsmest er skjalasafn Pósts og síma er afhent var þegar einkavæðing fyrirtækisins fór fram. Er áætlað að mati Þjóðskjalasafns Íslands að til þurfi um 20 millj. kr. til að ganga frá því skjalasafni svo það verði aðgengilegt.

*2.5. Tillögur um stofnun öryggismálasafns hjá Þjóðskjalasafni Íslands.*

Til þess að auðvelda aðgang fræðimanna að gögnum sem snerta öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991 leggur nefndin til að sett verði á fót sérstakt safn við Þjóðskjalasafn Íslands, öryggismálasafn, þar sem þessi gögn verða varðveitt. Jafnframt leggur nefndin til að útbúin verði skrá yfir öll mál og skjöl þeirra sem tilheyra öryggismálasafni.

Í 6. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, er mælt svo fyrir að skilaskyld skjöl skuli afhenda Þjóðskjalasafni að jafnaði eigi síðar en þegar þau eru þrjátíu ára. Almennt má því gera ráð fyrir því að skjöl, er snerta öryggismál íslenska ríkisins sem eru eldri en 30 ára, hafi verið afhent safninu. Ekki er hins vegar sjálfgefið að gögn frá árunum 1977–1991 hafi verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Af þessum sökum leggur nefndin til að skilaskyldum aðilum verði gert að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll skjöl og skráðar heimildir, sem eru í vörslum þeirra og varða öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991.

Þessar tillögur nefndarinnar koma fram í 17. gr. frumvarps sem nefndin hefur samið og er að finna í 7. kafla skýrslunnar.

### 3. Hvaða lögvarðir hagsmunir geta staðið í vegi fyrir aðgangi að gögnum um öryggi íslenska ríkisins á árunum 1945–1991?

*3.1. Inngangur.*

Að gildandi lögum eru það annars vegar upplýsingalög, nr. 50/1996, og hins vegar lög nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, sem hafa að geyma almennar reglur um aðgang almennings að gögnum í vörslum stjórnvalda. Í hvorum tveggja er þessi upplýsingaréttur almennings takmarkaður annars vegar með tilliti til einkahagsmuna og hins vegar með tilliti til opinberra hagsmuna. Nefndin fór yfir þá verndarhagsmuni sem þessum undanþágureglum er ætlað að slá skjaldborg um og tók afstöðu til þess hvort ástæða væri til að takmarka rétt fræðimanna til aðgangs að upplýsingum á grundvelli sömu sjónarmiða. Í köflum 3.2.–3.6. hér á eftir er farið yfir þessi sjónarmið.

Almennt er viðurkennt að ákveðna hagsmuni verði að verja fyrir óheftum aðgangi almennings. Líklega er það einmitt samspil þessara tveggja þátta, umfang meginreglunnar um óheftan aðgang að gögnum hins opinbera við þær undanþágureglur sem gera verður og hversu víðtækar þær eigi að vera, sem mesta umfjöllun hafa hlotið þegar löggjöf af þessum toga hefur verið til umræðu.

Upplýsingalögin nálgast þær upplýsingar sem verndar eiga að njóta á tvo vegu. Annars vegar með formlegum hætti þannig að *tiltekin gögn* sérstaks eðlis eru undanþegin aðgangi í 4. gr. Hins vegar efnislega í 5. og 6. gr. þannig að aðgangur að *ákveðnum upplýsingum* er takmarkaður.

4. gr. upplýsingalaga tekur til nokkurra tegunda gagna sem segja má að njóti það ríkrar sérstöðu að unnt sé að auðkenna þau með þeim hætti sem þar greinir.

Í 5. og 6. gr. eru matskennd ákvæði þar sem aðgangur er takmarkaður að gögnum í þágu nánar tiltekinna hagsmuna sem almennt er viðurkennt að verndar eigi að njóta fyrir óheftum aðgangi almennings, annars vegar á grundvelli sjónarmiða um friðhelgi einkalífsins og hins vegar á grundvelli nokkurs konar skaðleysissjónarmiða, þ.e. til að verja viðkomandi hagsmuni tjóni.

Þau rök, sem nefndin telur mæla með víðtækum aðgangi fræðimanna, eru að ef mikið af gögnum verður undanþegið aðgangi fræðimanna er hætt við að á skorti að þeir fái sýn á heildarmynd sögunnar af öryggismálum íslenska ríkisins. Þá eru slíkar undanþágur einnig til þess fallnar að skapa tortryggni. Loks taka þær reglur, sem nefndinni er falið að semja, einvörðungu til gagna um öryggismál íslenska ríkisins frá árunum 1945–1991. Upplýsingar í gögnunum eru því fyrst og fremst sögulegar og snerta afmarkaðan þátt í starfsemi ríkisins sem varðar hagsmuni alls almennings, þ.e. öryggi ríkisins. Af þeim sökum ætti ekki að vera jafnstrangar takmarkanir á aðgangi að þessum gögnum og fram koma í upplýsingalögum og lögum um upplýsingarétt um umhverfismál.

*3.2. Gögn undanþegin upplýsingarétti skv. 4. gr. upplýsingalaga.*

Í 1. tölul. 4. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, eru fundargerðir ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreinar á ráðherrafundum og skjöl sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi undanþegin aðgangi almennings. Samkvæmt 8. gr. upplýsingalaga falla þessar takmarkanir niður þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögn urðu til. Af þeim sökum takmarkar ákvæði 1. tölul. 4. gr. upplýsingalaga ekki aðgang að fundargerðum ríkisstjórnar nema frá árunum 1977–

1991. Meginmarkmið ákvæðisins er að slá skjaldborg um pólitíska umfjöllun og stefnumótun ríkisstjórnar. Í ljósi aldurs gagnanna ættu slíkir hagsmunir, sem í eðli sínu lúta að pólitískri stefnumótun, almennt ekki að standa í vegi fyrir aðgangi að þessum gögnum. Öðru máli gegnir hafi gögnin að geyma upplýsingar um viðkvæma einkalífshagsmuni eða virka öryggis- og varnarhagsmuni en um það er fjallað í köflum 3.4. og 3.6. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ekki þurfi að takmarka aðgang fræðimanna að gögnum um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 á grundvelli samsvarandi ákvæðis og fram kemur í 1. tölul. 4. gr. upplýsingalaga.

Í 2. tölul. 4. gr. upplýsingalaga er tekið fram að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað. Að baki þessari undanþágu býr það sjónarmið að hið opinbera, á sama hátt og hver annar aðili að dómsmáli, geti leitað ráðgjafar sérfróðra aðila án þess að þær upplýsingar, sem þannig er aflað, komist til vitundar gagnaðila. Ákvæðið tekur því til þess tíma er mál er undirbúið og það flutt. Samkvæmt 8. gr. upplýsingalaga falla þessar takmarkanir niður þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögn urðu til. Af þeim sökum takmarkar ákvæði 2. tölul. 4. gr. upplýsingalaga ekki aðgang að slíkum gögnum nema frá árunum 1977–1991. Í ljósi þess að yngstu gögnin sem veitt verður aðgangur að eru frá árinu 1991 verður ekki séð að þeir hagsmunir, sem þessu ákvæði er ætlað að vernda, verði skertir þótt fræðimönnum verði veittur aðgangur að gögnum um öryggismál Íslands frá árunum 1945–1991. Öðru máli gegnir hafi gögnin að geyma upplýsingar um viðkvæma einkalífshagsmuni eða virka öryggis- og varnarhagsmuni en um það er fjallað í köflum 3.4. og 3.6. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ekki þurfi að takmarka aðgang fræðimanna að gögnum um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 á grundvelli samsvarandi ákvæðis og fram kemur í 2. tölul. 4. gr. upplýsingalaga.

Í 3. tölul. 4. gr. upplýsingalaga er tekið fram að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til vinnuskjala sem stjórnvald hefur ritað til eigin nota. Þó skal veita aðgang að vinnuskjölum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá. Markmið ákvæðisins er að veita stjórnvöldum svigrúm til þess að vega og meta mál með skriflegum hætti til undirbúnings að úrlausn þess án þess að eiga það á hættu að uppkast að niðurstöðu verði gert opinbert um leið og ákvörðun málsins. Samkvæmt 8. gr. upplýsingalaga falla þessar takmarkanir niður þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögn urðu til. Af þeim sökum takmarkar ákvæði 3. tölul. 4. gr. upplýsingalaga ekki aðgang að vinnuskjölum nema frá árunum 1977–1991. Vinnuskjöl stjórnvalda geta haft mikla þýðingu við sagnfræðilegar rannsóknir þar sem þau veita oft vísbendingu um hvaða kostir voru vegnir og metnir áður en ákvarðanir voru teknar. Í ljósi þess að vinnuskjölin lúta að málum sem flest teljast til sagnfræði í dag verður ekki séð að þörf sé fyrir takmörkun af þessum toga um vinnuskjöl sem orðið hafa til á árunum 1945–1991 um öryggismál. Öðru máli gegnir hafi vinnuskjöl að geyma upplýsingar um viðkvæma einkalífshagsmuni eða virka öryggis- og varnarhagsmuni en um það er fjallað í köflum 3.4. og 3.6. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ekki þurfi að takmarka aðgang fræðimanna að gögnum um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 á grundvelli samsvarandi ákvæðis og fram kemur í 3. tölul. 4. gr. upplýsingalaga.

Í 4. tölul. 4. gr. upplýsingalaga er tekið fram að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til umsókna um störf hjá ríki eða sveitarfélögum og allra gagna sem þær varða. Þó er skylt að veita upplýsingar um nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn. Í ljósi þess að yngstu upplýsingarnar eru frá árinu 1991 ætti ekki að

vera þörf fyrir þessa takmörkun á aðgangi fræðimanna enda sé þess gætt að viðkvæmum upplýsingum um einkalífshagsmuni verði ekki miðlað án samþykkis þess sem í hlut á en um það er nánar fjallað í kafla 3.4. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ekki þurfi að takmarka aðgang fræðimanna að gögnum um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 á grundvelli samsvarandi ákvæðis og fram kemur í 4. tölul. 4. gr. upplýsingalaga.

*3.3. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál.*

Í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, er tekið fram að réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál taki ekki til efnis sem sé í vinnslu eða ófullgerðra skjala eða gagna, en þá skal jafnframt upplýst hvenær ætla má að gögnin verði tilbúin. Ákvæðið er m.a. byggt á því sjónarmiði að takmarka beri aðgang að gögnum sem ekki hefur verið unnið úr og geta talist villandi þar sem þau hafa ekki verið fullgerð eða kerfisbundnar leiðréttingar hafa ekki verið framkvæmdar á þeim. Þegar um gömul skjöl er að ræða sem eru ófullgerð er almennt lítil hætta á að þau hafi villandi áhrif þar sem sú þjóðfélagsumræða, sem gögnin eiga skírskotun til, heyrir sögunni til. Öðru máli gegnir um ófullgerð skjöl sem hafa að geyma upplýsingar um viðkvæma einkalífshagsmuni eða virka öryggis- og varnarhagsmuni, en um slíkar upplýsingar er fjallað í köflum 3.4. og 3.6. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ekki þurfi að takmarka aðgang fræðimanna að gögnum um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 á grundvelli samsvarandi ákvæðis og fram kemur í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál.

*3.4. Einkamálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.*

Í 1. málsl. 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Segja má að þetta ákvæði sé byggt öðrum þræði á ákvæði 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar þar sem tekið er fram að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar er þó tekið fram að þrátt fyrir 1. mgr. megi með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimils eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Svipað ákvæði kemur fram í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá er rétt að minna á að í 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar er tekið fram að hver sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hafi verið sönnuð. Sambærilegt ákvæði kemur fram í 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Í gögnum um öryggismál íslenska ríkisins frá árunum 1945–1991 koma í undantekningartilvikum fyrir viðkvæmar einkalífsupplýsingar um nafngreinda einstaklinga. Að mati nefndarinnar ber að koma í veg fyrir að slíkar persónuupplýsingar komi fyrir almenningssjónir á grundvelli 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Til þess að raunsönn mynd fáist af öryggismálum íslenska ríkisins á árunum 1945–1991 og sagnfræðirannsóknum verði ekki of þröngur stakkur skorinn leggur nefndin á hinn bóginn til að fræðimönnum verði veittur aðgangur að slíkum upplýsingum svo og að upplýsingum um nöfn þeirra sem voru grunaðir um að ógna öryggi ríkisins þannig að sögulegar staðreyndir málsins liggi fyrir. Aftur á móti leggur nefndin til að á grundvelli 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar verði fræðimönnum meinað að fjalla um slíkar einkalífsupplýsingar með persónugreinanlegum hætti nema fyrir liggi samþykki þess sem í hlut á. Í samræmi við ákvæði 8. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er lagt til að þetta bann gildi í 80 ár frá því að hinar viðkvæmu einkalífsupplýsingar urðu til. Þá

leggur nefndin til að það varði bæði refsingu og bótaskyldu brjóti fræðimaður gegn ákvæði laganna um einkalífsvernd, verði frumvarpið að lögum.

Í gögnum sem eru í vörslum Þjóðskjalasafns Íslands og varða innra öryggi ríkisins á árunum 1945–1991 koma fram upplýsingar um nöfn einstaklinga sem sætt hafa símhlerunum og öðrum rannsóknaraðgerðum vegna gruns um að ógna öryggi ríkisins með mögulegum brotum á einhverju af ákvæðum X.–XII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þessum málum var ekki fylgt eftir með útgáfu ákæru á hendur þessum einstaklingum. Í ljósi sjónarmiða um friðhelgi einkalífs telur nefndin að halda eigi leyndum nöfnum þeirra einstaklinga sem á lífi eru og sætt hafa slíkum rannsóknum, nema þeir sem í hlut eiga veiti samþykki sitt fyrir slíkri birtingu. Eftir andlát þessara einstaklinga er að mati nefndarinnar ekki ástæða til að halda nöfnum þeirra leyndum, enda dvína þá verndarhagsmunirnir verulega og verður að telja að þá vegi þyngra almannahagsmunir af því að hægt sé að gera upp sögu kaldastríðsáranna.

*3.5. Mikilvægir fjárhags- eða viðskiptahagsmunir fyrirtækja og annarra lögaðila.*

Í 2. málsl. 5. gr. upplýsingalaga er mælt svo fyrir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Markmið ákvæðisins er að koma í veg fyrir að fyrirtæki verði fyrir tjóni þar sem veittar eru upplýsingar um mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni þeirra. Af dómi Hæstaréttar frá 23. mars 2000 í máli nr. 455/1999 er hins vegar ljóst að þótt undanþiggja megi gögn m.t.t. ákvæðisins á meðan slíkar upplýsingar eru virkar þurfa ekki að líða mörg ár svo upplýsingarnar verði taldar úreltar og sem slíkar því ekki taldar geta valdið fyrirtækinu tjóni verði þær látnar af hendi. Málsatvik í dómsmálinu voru þau að blaðamaður krafðist þess að felldur yrði úr gildi úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál þar sem staðfest var ákvörðun utanríkisráðherra um að neita honum um aðgang að samkomulagi Sameinaðra verktaka hf. og Regins hf. við íslenska ríkið, eigenda Íslenskra aðalverktaka sf., um úttekt á eignum úr félaginu við slit þess og skiptingu þeirra sín á milli. Í dómi Hæstaréttar sagði m.a. svo: „Samkvæmt gögnum málsins hefur Reginn hf. þegar selt að minnsta kosti einhverjar þeirra eigna, sem komu í hlut félagsins við slit Íslenskra aðalverktaka sf. Að því leyti, sem aðrar þeirra kunna enn að vera í eigu Regins hf., geta upplýsingar um verðmat þeirra í samningum á fyrri hluta ársins 1997 engu raunverulegu máli skipt ef leitast er við að koma þeim nú í verð". Í ljósi þess að upplýsingarnar voru orðnar þriggja ára þegar réttur inn lagði dóm á málið voru ekki talin efni til að fallast á að hagsmunir Sameinaðra verktaka hf. og Regins hf. af trúnaði um samninga þeirra þriggja á milli varðandi slit Íslenskra aðalverktaka sf. vægju þyngra á metunum en þeir hagsmunir sem meginreglu 3. gr. upplýsingalaga um aðgang almennings að gögnum væri ætlað að tryggja. Krafa blaðamannsins um aðgang að gögnunum var því tekin til greina.

Í ljósi þess að yngstu upplýsingarnar, sem frumvarpinu er ætlað að ná til, eru frá árinu 1991 þykir nefndinni ljóst að hverfandi líkur séu á að í svo gömlum gögnum sé að finna virkar upplýsingar um mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja sem ákvæði 2. málsl. 5. gr. upplýsingalaga gæti tekið til. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ekki þurfi að takmarka aðgang fræðimanna að gögnum um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 á grundvelli samsvarandi ákvæðis og fram kemur í 2. málsl. 5. gr. upplýsingalaga.

*3.6. Takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna skv. 6. gr. upplýsingalaga.*

Í 1. tölul. 6. gr. upplýsingalaga er tekið fram að heimilt sé að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast enda hafi þau að geyma upplýsingar

um öryggi ríkisins eða varnarmál. Samkvæmt 8. gr. upplýsingalaga falla þessar takmarkanir niður þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögn urðu til. Af þeim sökum takmarkar ákvæði 1. tölul. 6. gr. upplýsingalaga ekki aðgang að öðrum gögnum en þeim sem til hafa orðið á árunum 1977–1991, nema gögnin falli samkvæmt efni sínu undir sérstaka þagnarskyldureglu eða þagnarskyldu samkvæmt þjóðréttarsamningi sem íslenska ríkið er aðili að, sbr. umfjöllun í kafla 4 og 5 hér á eftir.

Í ljósi þeirra breytinga, sem hafa átt sér stað í heiminum eftir að Sovétríkin liðu undir lok og kaldastríðinu lauk sem og þeim breytingum sem orðið hafa á vörnum landsins, ættu mjög fá skjöl, sem til hafa orðið í Stjórnarráðinu á árunum 1945–1991 um öryggi ríkisins, að geyma upplýsingar um virka öryggis- og varnarhagsmuni ríkisins. Þar sem ekki er þó hægt að útiloka að slík sjöl séu til telur nefndin ekki rétt að hagga við þeirri reglu sem fram kemur í 1. tölul. 6. gr. upplýsingalaga. Verður stjórnvöldum því heimilt að synja um aðgang að slíkum skjölum þar til þau verða þrjátíu ára gömul, sbr. 8. gr. upplýsingalaga.

Í 2. tölul. 6. gr. upplýsingalaga er tekið fram að heimilt sé að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast enda hafi þau að geyma upplýsingar um samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir. Þeir hagsmunir sem ákvæðinu er ætlað að vernda, eru tvenns konar. Annars vegar er verið að forðast það að erlendir viðsemjendur fái vitneskju um samningsmarkmið og samningsstöðu íslenskra stjórnvalda. Hins vegar er verið að tryggja góð samskipti og gagnkvæmt traust í skiptum við önnur ríki, þar á meðal innan þeirra fjölþjóðlegu stofnana sem ríkið á aðild að. Samkvæmt 8. gr. upplýsingalaga falla þessar takmarkanir niður þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögn urðu til. Af þeim sökum takmarkar ákvæði 2. tölul. 6. gr. upplýsingalaga ekki aðgang að öðrum gögnum en þeim sem til hafa orðið á árunum 1977–1991, nema gögnin falli samkvæmt efni sínu undir sérstaka þagnarskyldureglu eða þagnarskyldu samkvæmt þjóðréttarsamningi sem íslenska ríkið er aðili að, sbr. 4. og 5. kafla hér á eftir.

Í ljósi markmiða ákvæðisins er ljóst að upplýsingar, sem til hafa orðið á árunum 1977–1991, myndu sjaldnast falla undir ákvæði 2. tölul. 6. gr. í ljósi þess hversu gamlar þær eru. Í annan stað ber að hafa í huga að samskipti við Norður-Atlantshafsbandalagið falla ekki undir þetta ákvæði vegna fyrirmæla 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. þar sem segir að upplýsingalögin gildi ekki ef á annan veg sé mælt í þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að, en nánar er að því vikið í 4. kafla hér á eftir. Hið sama gildir um upplýsingar sem falla undir aðra þjóðréttarsamninga sem Ísland á aðild að sé þar mælt fyrir um þagnarskyldu. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ekki þurfi að takmarka aðgang fræðimanna að gögnum um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 á grundvelli samsvarandi ákvæðis og fram kemur í 2. tölul. 6. gr. upplýsingalaga.

Í 3. tölul. 6. gr. upplýsingalaga er tekið fram að heimilt sé að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast enda hafi þau að geyma viðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga, að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra. Samkvæmt 8. gr. upplýsingalaga falla þessar takmarkanir niður þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögn urðu til. Af þeim sökum takmarkar ákvæði 2. tölul. 6. gr. upplýsingalaga ekki aðgang að öðrum gögnum en þeim sem til hafa orðið á árunum 1977–1991. Hér skal minnt á að hlutafélög og sameignarfyrirtæki í eigu íslenska ríkisins falla almennt ekki undir upplýsingalög. Ákvæðið tekur því eingöngu til stofnana ríkis og sveitarfélaga. Í ljósi aldurs upplýsinganna er ekki ástæða til að ætla að þær geti haft skaðleg áhrif á þær fáu stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga sem eftir eru á markaði í samkeppni enda þótt slíkar upplýsingar verði gerðar almenningi aðgengilegar. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ekki þurfi að

takmarka aðgang fræðimanna að gögnum um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 á grundvelli samsvarandi ákvæðis og fram kemur í 3. tölul. 6. gr. upplýsingalaga.

Í 4. tölul. 6. gr. upplýsingalaga er tekið fram að heimilt sé að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast enda hafi þau að geyma fyrirhugaðar ráðstafanir eða próf á vegum ríkis eða sveitarfélaga ef þau yrðu þýðingarlaus eða næðu ekki tilætluðum árangri væru þau á almannavitorði. Samkvæmt 8. gr. skal veita aðgang að gögnum sem 4. tölul. 6. gr. tekur til jafnskjótt og ráðstöfunum eða prófunum er að fullu lokið. Í ljósi þess að yngstu upplýsingarnar sem til stendur að veita aðgang að eru frá árinu 1991 verður ekki séð að heimilt sé að takmarka aðgang að upplýsingum um ráðstafanir sem gripið hefur verið til á árunum 1945–1991 á grundvelli 8. gr. upplýsingalaga. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ekki þurfi að takmarka aðgang fræðimanna að gögnum um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 á grundvelli samsvarandi ákvæðis og fram kemur í 4. tölul. 6. gr. upplýsingalaga.

Í 5. tölul. 6. gr. upplýsingalaga er tekið fram að heimilt sé að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast enda hafi þau að geyma upplýsingar um umhverfismál og birting þeirra geti haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana. Í ljósi þess að hverfandi líkur eru á að þær upplýsingar, sem 5. tölul. 6. gr. upplýsingalaga tekur til, séu í gögnum sem að öðru leyti varða innra eða ytra öryggi ríkisins á árunum 1945–1991 telur nefndin ekki ástæðu til að taka slíka takmörkun upp í frumvarp þar sem mælt verður fyrir um aðgang fræðimanna að gögnum um kalda stríðið. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ekki þurfi að takmarka aðgang fræðimanna að gögnum um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991 á grundvelli samsvarandi ákvæðis og fram kemur í 5. tölul. 6. gr. upplýsingalaga.

Frumvarp nefndarinnar sem er að finna í 7. kafla skýrslunnar veitir á grundvelli framangreinds mats á margan hátt rýmri aðgang, ef að lögum verður, en upplýsingalög. Í því sambandi er rétt að minna á að samkvæmt 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga ganga ákvæði annarra laga framar upplýsingalögum heimili þau víðtækari aðgang að upplýsingum en upplýsingalög.

**4. Reglur um NATO-skjöl.**

Í þjóðréttarlegum samningum, sem íslenska ríkið er bundið af, er stundum að finna ákvæði um þagnarskyldu. Þá gilda ákveðnar þagnarskyldureglur um starfsemi flestra fjölþjóðastofnana sem íslenska ríkið á aðild að. Sem dæmi um slíka þjóðréttarskuldbindingu má nefna 2. mgr. 31. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 122. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Í 2. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er tekið fram að upplýsingalögin gildi ekki ef á annan veg sé mælt fyrir í þjóðréttarsamningum sem íslenska ríkið á aðild að.

Í heimsókn nefndarinnar til utanríkisráðuneytisins hinn 13. desember sl. kom fram hjá starfsmönnum ráðuneytisins að í NATO-skjalasafni ráðuneytisins væri að finna skjöl allt frá stofnun bandalagsins, þ.e. frá árinu 1949 til dagsins í dag að telja. Heildarmagn skjala í safninu væri um 70 hillumetrar. Fram kom að gróflega mætti flokka NATO-skjöl í tvo flokka:

a) Erlend NATO-skjöl sem annars vegar stafa frá nefndum eða ráðum í höfuðstöðvum bandalagsins og hins vegar frá öðrum aðildarríkjum bandalagsins.

b) Skjöl frá fastanefnd Íslands hjá NATO. Þau geyma öll formleg samskipti milli utanríkisráðuneytisins og fastanefndarinnar, samantektir, fundargerðir, tillögur og frásagnir svo að eitthvað sé nefnt.

Ísland hefur fullgilt samning um kjarnorkuupplýsingar frá 12. mars 1965 (Agreement between the Parties to the North Atlantic Treaty for Co-operation regarding Atomic Information) sbr. auglýsingu nr. 3 í C-deild Stjórnartíðinda 1965, sbr. viðauka 18.

Í 1. mgr. 5. gr. samningsins kemur fram að kjarnorkuupplýsingar sem miðlað er samkvæmt samningnum skulu njóta öryggismeðferðar í samræmi við viðeigandi NATO-reglugerðir og verkferla, samþykktar öryggisráðstafanir, innanlandslöggjöf og reglugerðir. Tekið er sérstaklega fram að NATO og aðildarríkjunum sé óheimilt að viðhafa vægari öryggisráðstafanir en þær sem um getur í viðeigandi NATO-öryggisreglugerðum og öðrum öryggisráðstöfunum sem í gildi eru þegar samningurinn tekur gildi. Í 2. mgr. 5. gr. samningsins segir m.a. að Norður-Atlantshafsráðið hafi yfirumsjón með gerð og samhæfingu öryggisáætlana í samræmi við verkferla sem settir eru fram í samþykktum öryggissamkomulögum. Í 5. mgr. 5. gr. samningsins kemur m.a. fram aðildarríkin samþykkja að kjarnorkuupplýsingum, sem þeim berast frá NATO, skuli hvorki miðlað til aðila sem ekki hefur vottun til að móttaka slíkar upplýsingar (e. unauthorised persons) né heldur út fyrir lögsögu ríkisins.

Þá hefur Ísland einnig undirritað samning milli aðildarríkja Norður-Atlantshafsbandalagsins um öryggi upplýsinga frá 16. ágúst 1998 (Agreement between the Parties to the North Atlantic Treaty for the Security of Information). Sá samningur hefur ekki enn verið fullgiltur af Íslands hálfu en af meginreglum þjóðaréttar leiðir að Íslandi ber að virða ákvæði samningsins í samskiptum sínum við NATO og við meðferð trúnaðarskjala frá NATO og aðildarríkjum þess. Í c-lið 6. gr. samningsins kemur fram að honum er ætlað að koma í stað eldri samnings um sama efni sem samþykktur var af Norður-Atlantshafsráðinu 19. apríl 1952.

Í 1. gr. samningsins kemur m.a. fram að samningsaðilarnir skuldbinda sig til vernda og tryggja öryggi trúnaðarupplýsinga sem merktar eru sem slíkar (e. classified information) og stafa frá NATO eða eru afhent því af aðildarríki. Sama gildir um trúnaðarupplýsingar, merktar sem slíkar, sem eitt NATO-aðildarríki afhendir öðru NATO-aðildarríki í tengslum við framkvæmd NATO-áætlunar, -verkefnis eða -samnings. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að viðhalda öryggistrúnaðarflokkun þeirra skjala sem að framan greinir og gæta í hvívetna viðhlítandi öryggis þeirra. Einnig skuldbinda samningsaðilarnir sig til að nota ekki trúnaðarupplýsingar, skv. framansögðu í öðrum tilgangi en þeim sem mælt er fyrir um í sáttmála Norður-Atlantshafsbandalagsins og ákvörðunum og ályktunum er varða sáttmálann. Þá skuldbinda samningsaðilarnir sig til þess að afhenda ekki trúnaðarupplýsingar skv. framansögðu til aðila, sem stendur utan NATO, án samþykkis þess aðila sem upplýsingarnar stafa frá (e. originator).

Í 2. gr. samningsins skuldbinda samningsaðilarnir sig til að koma á fót þjóðaröryggisyfirvaldi (National Security Authority) fyrir NATO-tengda starfsemi sem ætlað er að gera fyrirbyggjandi öryggisráðstafanir. Samningsaðilunum ber að setja sér og koma í framkvæmd öryggisstöðlum sem eiga að tryggja samræmt verndarstig trúnaðarupplýsinga. Á Íslandi er það embætti ríkislögreglustjóra sem gegnir hlutverki þjóðaröryggisyfirvalds samkvæmt samningnum að sögn utanríkisráðuneytisins.

Í 3. gr. samningsins um öryggi upplýsinga er að finna fyrirmæli um öryggisvottanir (e. security clearances). Þar er kveðið á um skyldur samningsaðilanna til að tryggja að allir starfsmenn viðkomandi ríkis, sem í tengslum við opinber störf sín þurfa að hafa aðang að upplýsingum með trúnaðarstigið (e. confidential) eða hærra, hafi hlotið öryggisvottun áður

en þeir hefja skyldustörf sín. Öryggisvottunarferlinu er ætlað að leiða í ljós hvort einstaklingur geti, að teknu tillit til tryggðar hans og heilinda, haft aðgang að trúnaðarupplýsingum án þess að það skapi óásættanlega hættu á öryggisbresti.

Að því er varðar öryggisstaðla og meðferð trúnaðarupplýsinga hefur NATO sett verklagsreglur. Utanríkisráðuneytið fer í dag með NATO-trúnaðarupplýsingar á grundvelli eldri verklagsreglna NATO sem bera heitið „Security Within The North Atlantic Treaty Organization C-M (55) 15 FINAL“ (hér eftir til styttingar nefndar C-M (55) 15 FINAL). Verklagsreglur þessar voru upphaflega samþykktar af Norður- Atlantshafsráðinu 8. mars 1955. Ný útgáfa reglnanna ber númerið C-M (2002) 49 og eru þær viðaukar samningsins um öryggi uplýsinga frá 16. ágúst 1998. Þar til sá samningur hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu ber Íslandi að fara með NATO-trúnaðarupplýsingar samkvæmt fyrirmælum C-M (55) 15 FINAL, en þær reglur er að finna í viðauka 20.

Fyrirmæli C-M (55) 15 FINAL um meðferð NATO-upplýsinga eru mjög ítarleg en rétt þykir að tæpa á nokkrum atriðum þeirra um aðgang og varðveislu NATO-trúnaðarskjala.

Í fimmtu málsgrein í viðauka C í C-M (55) 15 FINAL eru tilgreindar meginreglur varðandi öryggisráðstafanir sem hverri bandalagsþjóð ber að fara eftir. Þar segir að öryggisráðstafanirnar skuli:

a) ná til allra sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum,

b) vera til þess fallnar að greina og fjarlægja þá einstaklinga sem skapa öryggishættu,

c) koma í veg fyrir að aðilar án öryggisvottunar hafi aðgang að trúnaðarupplýsingum,

d) tryggja að miðlun trúnaðarupplýsinga byggi ávallt á upplýsingaþarfareglunni (e. Need to Know Principle) sem er meginreglan varðandi öll svið öryggis.

Af reglunum leiðir að einungis aðilar, sem fengið hafa öryggisvottun, geta fengið aðgang að trúnaðarupplýsingum. Jafnframt er ætíð tekið mið af upplýsingaþarfareglunni. Sú meginregla felur það í sér menn fá einungis öryggisvottun og trúnaðarstigsaðgang í samræmi við þörf þeirra fyrir aðgang að trúnaðarupplýsingum til að geta unnið skyldustörf sín.

Trúnaðarupplýsingar innan NATO eru flokkaðar í fjóra flokka. Lægsta trúnaðarstigið er með merkingunni takmarkaður aðgangur (e. restricted), næsta stig er trúnaðarmál (e. confidential), næstefsta stig er leyndarmál (e. secret) og efsta stigið er algert leyndarmál (e. top secret). Þessu til viðbótar er svo trúnaðarmerkingin „Cosmic Top Secret“.

Samkvæmt reglum NATO skal lækka trúnaðarstig skjala svo fljótt sem auðið er. Það er yfirlýst stefna NATO (e. policy statement), sbr. viðauka 21, að veita almenningi aðgang að NATO-skjölum sem talin eru hafa sagnfræðilegt gildi. Áskilið er þó að slík skjöl séu 30 ára eða eldri og trúnaðarstig þeirra hafi stöðuna NATO UNCLASSIFIED.

Samkvæmt framangreindum reglum, sem íslenska ríkið er bundið af að þjóðarétti, virðist einvörðungu heimilt að afhenda kaldastríðssafni Þjóðskjalsafns Íslands gögn sem hlotið hafa merkinguna NATO UNCLASSIFIED þar sem ætlunin er að veita einstaklingum aðgang að þeim sem ekki hafa hlotið öryggisvottun samkvæmt reglum NATO. Til þess að íslenska ríkið virði framangreindar þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar er að mati nefndarinnar nauðsynlegt að taka upp í frumvarp um öryggismálasafn ákvæði þess efnis að skjöl, sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með þjóðréttarsamningi við Norður-Atlantshafsbandalagið að halda leyndum, skuli ekki afhent öryggismálasafni.

**5. Sérstakar þagnarskyldureglur.**

Í niðurlagi 2. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er sérstaklega kveðið á um að almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarki ekki rétt til aðgangs að gögnum. Með gagnályktun er talið að sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu gangi hins vegar framar upplýsingalögum. Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess er varð að upplýsingalögum kemur fram skýring á því hvaða þagnarskylduákvæði talist geti almenn í þessum skilningi.[6] Þar kemur fram að skipta megi þagnarskylduákvæðum upp í tvo flokka eftir því hvort þau sérgreina þær upplýsingar sem þagnarskylda á að ríkja um. Þau þagnarskylduákvæði, sem hafa að geyma vísireglur og enga tilgreiningu á þeim upplýsingum sem þagnarskyldan tekur til, teljast almenn ákvæði laga um þagnarskyldu. Dæmi um slík ákvæði eru 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar segir: „Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.“ Einkenni almennra ákvæða er að þau sérgreina ekki þær upplýsingar sem þagnarskyldan tekur til heldur tilgreina aðeins „atriði“, „upplýsingar“ eða „það“ sem starfsmaður fær vitneskju um í starfi og leynt skal fara. Slík almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka sem fyrr segir ekki aðgang að gögnum skv. 1. mgr. 3. gr. og 9. gr. upplýsingalaga.

Það fer eftir efni og orðalagi hvernig slík þagnarskylduákvæði verða skýrð og samþýdd ákvæðum upplýsingalaga, en oft eru þeir hagsmunir, sem slíkum ákvæðum er ætlað að verja, einmitt hinir sömu og undanþáguákvæði 4.–6. gr. upplýsingalaga taka til. Það má því segja að slík ákvæði hindri *því aðeins* aðgang að gögnum, ef þau standa til að undanþiggja upplýsingar í *ríkari mæli* en gert er í 4.–6. gr. upplýsingalaga eða taka til *annarra* upplýsinga en þar eru undanþegnar. Fremur fátítt er að íslensk lög geymi slík ákvæði og óhætt að fullyrða að um óveruleg frávik sé að ræða frá þeim upplýsingarétti sem upplýsingalögin veita.

Í 3. tölul. 6. gr. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, er einnig tekið fram að réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál taki ekki til upplýsinga sem sérstök lagaákvæði um þagnarskyldu taki til.

Nefndin leggur til, í samræmi við framangreinda löggjafarstefnu, að sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu skuli takmarka aðgang fræðimanna að skjali frá árunum 1945–1991 falli upplýsingar í skjalinu undir slíka þagnarskyldu. Fá slík ákvæði eru í gildandi lögum um öryggishagsmuni ríkisins. Má þar nefna 1. mgr. 91. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en þar segir svo: „Hver, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslensku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta fangelsi allt að 16 árum.“ Hér má einnig geta 1. mgr. 92. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en þar segir svo: „Hver, sem af ásetningi eða gáleysi kunngerir, lýsir eða skýrir óviðkomandi mönnum frá leynilegum hervarnarráðstöfunum, er íslenska ríkið hefur gert, skal sæta fangelsi allt að 10 árum, eða sektum, ef brot er lítilræði eitt.“

**6. Réttur aðila að upplýsingum um sjálfan sig og upplýsingaréttur almennings.**

Í ályktun Alþingis um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál, svo og skipunarbréfi nefndarinnar, er henni einvörðungu falið að semja reglur um aðgang *fræðimanna* að gögnum er snerta öryggismál Íslands á árunum 1945–1991. Nefndin telur hins vegar ástæðu til að

[6] Alþt. 1995–1996, A-deild, bls. 3017–3018.

setja reglur um upplýsingarétt aðila að upplýsingum um sig sjálfan, svo og um upplýsingarétt almennings til þess að samræma reglur.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um gögn sem til verða hjá handhöfum framkvæmdarvalds í störfum þeirra. Lögin gilda á hinn bóginn ekki um gögn í vörslum Alþingis eða dómstóla og hið sama gildir eftir að gögn þessara aðila hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang að þessum gögnum gildir 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, en þar segir að mælt skuli í reglugerð fyrir um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög taka ekki til, í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Þessi reglugerð hefur ekki verið sett og ríkir því nokkur réttaróvissa um inntak og umfang þessa upplýsingaréttar.

Af framansögðu leiðir að um aðgangsrétt almennings að gögnum öryggismálasafns fer samkvæmt upplýsingalögum stafi gögnin frá stjórnvöldum. Um aðgang að gögnum öryggismálasafns sem stafa frá Alþingi og dómstólum fer á hinn bóginn samkvæmt 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands. Ef ætlunin er að samræmdar reglur gildi um aðgang almennings að gögnum öryggismálasafns verður að setja reglur þar um. Hið sama gildir um aðgang aðila að upplýsingum um hann sjálfan.

## 7. Tillögur nefndarinnar að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

### Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

1. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi sex nýjar greinar er orðast svo:

a. (17. gr.)

*Öryggismálasafn.*

Í Þjóðskjalasafni Íslands skal halda sérstakt safn, öryggismálasafn, sem varðveitir öll skjöl og skráðar heimildir sem verið hafa í vörslum skilaskyldra aðila og snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. skulu skilaskyldir aðilar afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll skjöl og skráðar heimildir, sem eru í vörslum þeirra og varða öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991.

Útbúin skal skrá yfir öll mál og skjöl þeirra sem tilheyra þessari deild safnsins.

b. (18. gr.)

*Aðgangur fræðimanna að öryggismálasafni.*

Öll skjöl öryggismálasafns, svo og skrá skv. 3. mgr. 17. gr., skulu vera aðgengileg fræðimönnum í Þjóðskjalasafni Íslands að uppfylltum skilyrðum þessarar greinar.

Sá sem fær aðgang að skjölum öryggismálasafns skal áður skrifa undir yfirlýsingu þar sem hann lofar að virða þagnarskyldu skv. 3. og 4. mgr., svo og önnur ákvæði þessarar greinar.

Óheimilt er fræðimanni að skýra frá eða miðla á annan hátt persónugreinanlegum upplýsingum um lifandi einstaklinga sem taldir voru geta ógnað öryggi ríkisins samkvæmt skjölum safnsins nema sá samþykki sem í hlut á.

Óheimilt er að skýra frá eða miðla á annan hátt persónugreinanlegum upplýsingum um viðkvæm einkamálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari og finna má í skjölum öryggismálasafns, nema sá samþykki sem í hlut á. Þetta bann fellur niður þegar liðin eru 80 ár frá því gögn urðu til.

Eftir því sem skráningu mála í öryggismálasafni vindur fram skal Þjóðskjalasafn Íslands skrifa þeim einstaklingum bréf, sem eru á lífi, komi fram upplýsingar í gögnum öryggismálasafns um þá sem falla undir 3. mgr. og kanna hvort þeir vilji veita samþykki sitt fyrir því að birta megi opinberlega umræddar upplýsingar um þá. Með bréfinu skulu fylgja almennar leiðbeiningar um það hvaða réttaráhrif það hefur að veita slíkt samþykki.

Samþykki skv. 3.–5. mgr. skal vottað af lögbókanda eða tveimur lögráða vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram að útgefandi samþykkisins hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið sjálfráða er hann ritaði nafn sitt.

Fræðimönnum er óheimilt að taka út af safninu ljósrit, ljósmynd eða stafræna mynd af skjölum hafi þau að geyma upplýsingar sem falla undir 3. eða 4. mgr. nema sá sem í hlut á hafi samþykkt opinbera birtingu upplýsinganna, sbr. 5. mgr., eða veitt sérstakt samþykki fyrir heimild til afhendingar á ljósriti af skjalinu til fræðimannsins sem afhent skal Þjóðskjalasafni Íslands.

Til fræðimanna í skilningi þessarar greinar teljast þeir sem hafa stundað fræðirannsóknir í hug- eða félagsvísindum og birt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi. Fræðimaður skal sýna fram á að gögn öryggismálasafns hafi mikilsverða þýðingu fyrir rannsókn sem hann vinnur að. Heimilt er að kæra synjun þjóðskjalavarðar til menntamálaráðherra.

Persónugreinanlegar upplýsingar í skilningi 3. og 4. mgr. teljast þær upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.

Ef maður, sem fengið hefur aðgang að gögnum þessarar deildar Þjóðskjalasafns Íslands, brýtur í bága við ákvæði 3., 4. eða 6. mgr. varðar það sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Nú brýtur maður ákvæði 3. eða 4. mgr. af ásetningi eða gáleysi og má þá dæma hann til að greiða þeim, sem upplýsingarnar varðar, bætur fyrir fjártjón og miska.

c. (19. gr.)

*Upplýsingaréttur hins skráða.*

Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að skjölum í öryggismálasafni ef þau hafa að geyma persónugreinanlegar upplýsingar um hann sjálfan.

Ef í skjali koma jafnframt fram persónugreinanlegar upplýsingar um aðra einstaklinga sem falla undir 3. eða 4. mgr. 18. gr. skal afmá þær upplýsingar úr ljósriti eða afriti skjals áður en aðila er veittur aðgangur að því, nema sá sem í hlut á hafi samþykkt opinbera birtingu upplýsinganna, sbr. 5. mgr. 18. gr.

d. (20. gr.)

*Upplýsingaréttur almennings.*

Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að skjölum öryggismálasafns, enda komi þar ekki fram upplýsingar sem falla undir ákvæði 3. eða 4. mgr. 18. gr.

Ef ákvæði 3. og 4. mgr. 18. gr. eiga aðeins við um afmarkaðan hluta skjals skal afmá þær upplýsingar og veita almenningi aðgang að öðru efni skjalsins.

e. (21. gr.)

*Afhending utanríkisráðuneytisins á gögnum til öryggismálasafns.*

Áður en gögn utanríkisráðuneytisins, sem falla undir 17. gr. laga þessara, eru afhent öryggismálasafni, skulu þau skoðuð og skráð til afhendingar í samræmi við fyrirmæli Þjóðskjalasafns Íslands.

Skjöl, sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með þjóðréttarsamningi við Norður-Atlantshafsbandalagið að halda leyndum, skulu ekki afhent öryggismálasafni.

Skjöl, sem hafa að geyma upplýsingar um virka varnar- og öryggishagsmuni íslenska ríkisins, skulu ekki afhent öryggismálasafni ef

a. þau hafa ekki náð þrjátíu ára aldri eða
b. sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka rétt almennings til aðgangs að þeim.

f. (22. gr.)

*Kæruheimild.*

Heimilt er að bera synjun Þjóðskjalasafns Íslands um að veita aðgang að gögnum öryggismálasafns undir menntamálaráðherra sem úrskurðar um ágreininginn. Hið sama gildir um synjun Þjóðskjalasafn Íslands um að veita ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Um a. (17. gr.)

Til þess að auðvelda aðgang fræðimanna að gögnum, sem snerta öryggismál íslenska ríkisins á árunum 1945–1991, er lagt til að stofnað verði sérstakt safn við Þjóðskjalasafn Íslands, öryggismálasafn, þar sem þessi gögn verða varðveitt. Jafnframt er lagt til að ekki verði aðeins útbúin málaskrá yfir þau mál sem eru í deildinni heldur einnig þau skjöl sem tilheyra hverju máli.

Þar sem mælt er svo fyrir í 6. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, að skilaskyld skjöl skuli afhenda Þjóðskjalasafni að jafnaði eigi síðar en þrjátíu árum eftir að þau urðu til má gera ráð fyrir því að skjöl, er snerta öryggismál íslenska ríkisins, sem eru eldri en 30 ára hafi þegar verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Þar sem ekki er hins vegar sjálfgefið að gögn frá árunum 1977–1991 hafi verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands er í nýrri 17. gr. skilaskyldum aðilum gert að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll skjöl og skráðar heimildir, sem eru í vörslum þeirra og varða öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991, sbr. 17. gr.

Um b. (18. gr.)

Í 1. mgr. er mælt fyrir um meginregluna um upplýsingarétt fræðimanna. Sá upplýsingaréttur er þó bundinn ákveðnum skilyrðum og verður fræðimaður að undirrita yfirlýsingu um að hann muni virða þau skilyrði áður en hann fær aðgang að gögnum öryggismálasafns.

Í gögnum um öryggismál íslenska ríkisins frá árunum 1945–1991 koma í undantekningartilvikum fyrir viðkvæmar einkalífsupplýsingar um nafngreinda einstaklinga. Ber að koma í veg fyrir að slíkar persónuupplýsingar komi fyrir almenningssjónir á grundvelli 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Til þess að raunsönn mynd fáist af öryggismálum íslenska ríkisins á

árunum 1945–1991 og sagnfræðirannsóknum verði ekki of þröngur stakkur skorinn er á hinn bóginn lagt til að fræðimönnum verði veittur aðgangur að slíkum upplýsingum svo og að upplýsingum um nöfn þeirra sem voru grunaðir um að undirbúa að fremja brot sem refsing er lög við í á ákvæðum X.–IX. kafla almennra hegningarlaga þannig að sögulegar staðreyndir málsins liggi fyrir. Aftur á móti er lagt til að á grundvelli 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar verði fræðimönnum meinað að skýra frá slíkum einkalífsupplýsingum með persónugreinanlegum hætti, nema fyrir liggi samþykki þess sem í hlut á. Í samræmi við ákvæði 8. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er lagt til að þetta bann gildi í 80 ár frá því að hinar viðkvæmu einkalífsupplýsingar urðu til. Bannið tekur aðeins til umfjöllunar á persónugreinanlegum upplýsingum í skilningi 9. mgr.

Í ljósi sjónarmiða um friðhelgi einkalífs er lagt til að nöfnum þeirra einstaklinga, sem á lífi eru og sætt hafa slíkum rannsóknum, verði haldið leyndum, nema þeir sem í hlut eiga veiti samþykki sitt fyrir slíkri birtingu, en lagt er til að Þjóðskjalasafn skrifi þessum einstaklingum og kanni hug þeirra til þess. Eðli máls samkvæmt eru þeir hagsmunir, sem friðhelgi einstaklinga er ætlað að vernda, einkum fyrir hendi í lifanda lífi. Eftir andlát þessara einstaklinga er ekki talin ástæða til að halda nöfnum þeirra leyndum, enda dvína þá verndarhagsmunirnir verulega og verður að telja að þá vegi þyngra almannahagsmunir af því að hægt sé að fara á hlutlægan hátt yfir sögu kaldastríðsáranna.

Í banni því sem er í 3. og 4. mgr. felst að fræðimaður má ekki á neinn hátt tjá sig við óviðkomandi um þær viðkvæmu upplýsingar sem hann fær aðgang að í öryggismálasafni og ákvæði 3. og 4. mgr. taka til. Til verndar þessum viðkvæmu upplýsingum er mælt svo fyrir í 7. mgr. að fræðimönnum sé óheimilt að taka út af safninu ljósrit, ljósmynd eða stafræna mynd af skjölum hafi þau að geyma upplýsingar sem falla undir 3. og 4. mgr. nema sá sem í hlut á hafi samþykkt.

Samkvæmt 8. mgr. telst fræðimaður í skilningi 18. gr. hver sá sem stundað hefur fræðirannsóknir í hug- eða félagsvísindum og birt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi óháð því hvort hann hefur lokið háskólaprófi á þessum þekkingarsviðum. Með hug- og félagsvísindum er m.a. átt við sagn-, félags- og stjórnmálafræði og aðrar þær fræðigreinar sem falla undir samnefnt fagsvið Rannsóknarmiðstöðvar Íslands. Birting á „viðurkenndum vettvangi“ felur í sér útgáfu fræðirita, birtingu greina í ritrýnd tímarit, flutning erinda á ráðstefnum fræðimanna eða birtingu á örðum sambærilegum vettvangi.

Samkvæmt 8. mgr. skal fræðimaður, sem hyggst fá aðgang að öryggismálasafni sem slíkur, og þar með fá rýmri aðgangsheimild en aðrir, sækja um sérstakt leyfi til þess konar aðgangs að skjölum öryggismáladeildar. Skal fræðimaður þá jafnframt sýna fram á með rökstuðningi hvers vegna skjöl með persónugreinanlegum upplýsingum hafi þýðingu fyrir rannsókn hans. Þjóðskjalavörður sker úr um ef vafi leikur á því hvort skilyrði þessi séu uppfyllt. Fræðimaður getur kært synjun þjóðskjalavarðar um aðgang að þess háttar skjölum til menntamálaráðherra.

Til þess að ákvæði 3., 4. og 6. mgr. nái markmiðum sínum að tryggja einkalífsvernd er lögð refsing við brotum á ákvæðunum í 10. mgr. Refsirammi ákvæðisins er í samræmi við 229. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í 11. mgr. jafnframt mælt fyrir bótaskyldu séu ákvæði 3. eða 4. mgr. brotin. Skal hér áréttað einfalt gáleysi nægir svo dæma megi tjónvald til að greiða tjónþola bætur fyrir miska.

Um c. (19. gr.)

Í greininni er fjallað um aðgang *hins skráða* að upplýsingum *um sjálfan sig*.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um gögn sem til verða hjá handhöfum framkvæmdarvalds í störfum þeirra. Lögin gilda á hinn bóginn ekki um gögn í vörslum Alþingis eða dómstóla og hið sama gildir eftir að gögn þessara aðila hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang hins skráða að þessum gögnum gildir 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, en þar segir að mælt skuli í reglugerð fyrir um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög taka ekki til, í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Þessi reglugerð hefur ekki verið sett og ríkir því nokkur réttaróvissa um inntak og umfang þessa upplýsingaréttar.

Af framansögðu leiðir að um aðgangsrétt hins skráða að gögnum öryggismálasafns fer samkvæmt upplýsingalögum stafi gögnin frá stjórnvöldum. Um aðgang að gögnum öryggismálasafns sem stafa frá Alþingi og dómstólum fer á hinn bóginn samkvæmt 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Til þess að samræmdar reglur gildi um aðgang hins skráða að upplýsingum um sjálfan sig sem finna má í öryggismálasafni er lagt til að sett verði sérstakt ákvæði um það.

Um d. (20. gr.)

Í greininni er fjallað um aðgang *almennings* að upplýsingum.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um gögn sem til verða hjá handhöfum framkvæmdarvalds í störfum þeirra. Lögin gilda á hinn bóginn ekki um gögn í vörslum Alþingis eða dómstóla og hið sama gildir eftir að gögn þessara aðila hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang almennings að þessum gögnum gildir 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, en þar segir að mælt skuli í reglugerð fyrir um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög taka ekki til, í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Þessi reglugerð hefur ekki verið sett og ríkir því nokkur réttaróvissa um inntak og umfang þessa upplýsingaréttar.

Af framansögðu leiðir að um aðgangsrétt almennings að gögnum öryggismálasafns fer samkvæmt upplýsingalögum stafi gögnin frá stjórnvöldum. Um aðgang að gögnum öryggismálasafns sem stafa frá Alþingi og dómstólum fer á hinn bóginn samkvæmt 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Til þess að samræmdar reglur gildi um aðgang almennings að skjölum í öryggismálasafns er lagt til að sett verði sérstakt ákvæði um það.

Um e. (21. gr.)

Í vörslum utanríkisráðuneytis er að finna mikinn fjölda skjala er snerta öryggismál Íslands á árunum 1945–1991. Þannig er áætlað að í hinu almenna skjalasafni ráðuneytisins sé að finna 26.000 möppur (c.a. 800 hillumetra) frá umræddu tímabili. Þar af áætlar ráðuneytið að 5% skjalanna kunni að geyma viðkvæmar upplýsingar vegna öryggishagsmuna. Er því óhjákvæmilegt að farið verið í gegnum allar þessar möppur, gögn skoðuð og þau skráð til afhendingar í samræmi við fyrirmæli Þjóðskjalasafns Íslands.

Vegna öryggishagsmuna íslenska ríkisins er ekki hægt að afhenda öll skjöl til Þjóðskjalasafns Íslands. Í greininni er mælt svo fyrir að skjöl, sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með þjóðréttarsamningi við Norður-Atlantshafsbandalagið að halda leyndum, skulu ekki afhent öryggismálasafni Þjóðskjalasafns Íslands. Þessi undanþága er í samræmi við undanþáguákvæði 2. málsl. 2. gr. upplýsingalaga og er talin nauðsynleg svo að íslenska ríkið geti

virt þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem það hefur undirgengist með aðild að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Þetta ákvæði undanþiggur þó aðeins hluta NATO-skjala. Þannig bæri, að teknu tilliti til NATO-reglna, að afhenda NATO-skjöl sem ekki hafa verið árituð sem trúnaðarskjöl. Hið sama gildir um trúnaðarskjöl sem síðar hafa fengið lægra trúnaðarstig og fengið að lokum merkinguna „NATO UNCLASSIFIED“.

Í greininni er síðan mælt fyrir um tvær undanþágur frá því að skjöl skuli afhent öryggismálasafni Þjóðskjalasafns Íslands á grundvelli öryggishagsmuna ríkisins. Undanþágurnar eru í samræmi við gildandi reglur um takmörkun á aðgangi almennings að upplýsingum um öryggis- og varnarmálefni hjá stjórnvöldum skv. upplýsingalögum, nr. 50/1996, og skv. sérstökum þagnarskyldureglum.

Um f. (22. gr.)

Í greininni er fjallað um kæruheimild ákvarðana er lúta að synjun um aðgang að gögnum og synjun um að veita ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um gögn sem til verða hjá handhöfum framkvæmdarvalds í störfum þeirra. Kæruheimild samkvæmt þeim lögum er til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sbr. 14. gr. laganna. Upplýsingalögin gilda ekki um gögn í vörslum Alþingis eða dómstóla og hið sama gildir eftir að gögn þessara aðila hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang almennings að þessum gögnum gildir 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, og kæruheimild um þessar ákvarðanir er til menntamálaráðherra.

Til þess að tryggja samræmi og skilvirka stjórnsýslu er lagt til að kæruheimild sé til menntamálaráðherra um ákvarðanir sem teknar eru um aðgang að gögnum í öryggismálasafni.

Reykjavík, 9. febrúar 2007.

Páll Hreinsson

Anna Ágnarsdóttir

Helgi Bernódusson

Ólafur Ásgeirsson

Ómar H. Kristmundsson

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.**

Með frumvarpinu er lagt til að stofna skuli sérstakt safn, öryggismálasafn, sem varðveitir öll skjöl og skráðar heimildir sem hafa verið í vörslu skilaskyldra aðila og snerta öryggismál Íslands á árunum 1945–1991. Áætlað er að umfang þeirra gagna sem hér um ræðir sé samtals um 2.200 hillumetrar. Þar af eru 1.350 hillumetrar frá utanríkisráðuneytinu, um 650 hillumetrar frá Pósti og síma og um 200 hillumetrar frá ýmsum öðrum aðilum. Áætlað er að það taki um fjögur ár að vinna úr og flokka skjölin. Áætlað er að kostnaður við að setja öryggismálasafnið á stofn sé samtals um 150 m.kr. sem mun dreifast á fjögur ár. Þar af eru um 100 m.kr. vegna úrvinnslu á skjölum, 42 m.kr. vegna húsnæðis, 5,5 m.kr. vegna umsýslukostnaðar og 3,4 m.kr. vegna umbúða. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn verði samtals um 20 m.kr. árið 2007 en verði svo hærri næstu þrjú árin þar á eftir.

# 961. Frumvarp til laga [643. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Í stað 2.–3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir sem orðast svo: Sama gildir um erlend skip sem stunda veiðar eða vinnslu á afla sem brýtur í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að, þar með talið skip sem hafa verið skráð hjá svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum, og sigla ekki undir fána aðildarríkja þeirra, fyrir brot gegn reglum settum á grundvelli slíkra samninga. Komist skip sem um ræðir í þessari málsgrein til íslenskrar hafnar er þeim óheimilt að landa eða umskipa afla í höfn og skal án tafar vísa þeim úr höfn eftir að þau hafa verið skoðuð af eftirlitsaðilum og eftir atvikum veitt neyðaraðstoð. Óheimilt er að veita skipum sem um ræðir í þessari málsgrein, skipum sem flytja afla þeirra, skipum sem þjónusta þau, sem og útgerðum þessara skipa, þjónustu, þar með talið í íslenskum höfnum, í fiskveiðilandhelgi Íslands og utan hennar. Kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum er skylt að láta sjávarútvegsráðuneytinu eða Fiskistofu í té, ókeypis og í því formi sem þessi stjórnvöld ákveða, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd framangreindra ákvæða.

2. gr.

3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Óheimilt er að gefa út leyfi til erlendra skipa sem notuð hafa verið til brota gegn lögum þessum, öðrum lögum um fiskveiðar, stjórn-

valdsreglum settum með heimild í þeim, reglum svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og/eða milliríkjasamninga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan sjávarútvegsráðherra og er ætlað að vera liður í baráttunni gegn ólöglegum veiðum erlendra fiskiskipa í fiskveiðilandhelginni og einnig utan hennar, m.a. á úthafinu, en með frumvarpinu er stefnt að því að skapa enn tryggari grundvöll og fjölga þeim úrræðum sem íslenskum stjórnvöldum eru tæk í baráttunni við að uppræta ólöglegar fiskveiðar á úthafinu.

Ólöglegar og óábyrgar veiðar eru alþjóðlegt vandamál og ljóst er að árangur næst ekki í baráttunni gegn þeim nema í náinni samvinnu ríkja sem og með fullnægjandi lagalegum heimildum til að taka á málum sem upp koma í tengslum við ólöglegar veiðar. Á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana, Sameinuðu þjóðanna sem og á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna hafa aðildarríki samþykkt margháttaðar reglur sem ætlað er að sporna gegn ólöglegum og óábyrgum veiðum hentifánaskipa á úthafinu. Er m.a. um að ræða reglur sem taka til skipa sem staðin hafa verið að ólöglegum veiðum á úthafinu og verið færð á svokallaða „svarta lista" svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana, svokallaða IUU-lista (Illegal, unreported and unregulated fisheries). Meðal reglna sem samþykktar hafa verið á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana eru bann við komu umræddra skipa til hafna aðildarríkja þeirra, bann við þjónustu við þau, bann við að færa þau á fána aðildarríkja og tilmæli um að fyrirtæki eigi ekki í viðskiptum með sjávarafla sem er upprunninn í skipum sem staðin hafa verið að ólöglegum veiðum.

Það er óumdeilt að svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir sem og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) gegna mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn ólöglegum fiskveiðum. Hins vegar hafa komið upp ýmsar brotalamir við framkvæmd samþykktra reglna þeirra af hálfu aðildarríkjanna. Komið hefur í ljós að stundum hefur skort nokkuð á að aðildarríki hafi haft nægjanlegan lagagrunn til að framfylgja slíkum reglum.

Ljóst er að til að unnt sé að framfylgja fjölþjóðlegum reglum sem samþykktar hafa verið í baráttunni gegn ólöglegum veiðum hér á landi verður íslensk löggjöf að vera þannig úr garði gerð að stjórnvöld hafi lagaheimildir til að grípa til þeirra úrræða sem talin eru nauðsynleg og lögð hafa verið til á þeim vettvangi. Í lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, eru ákvæði sem banna erlendum skipum að koma til íslenskra hafna hafi þau orðið uppvís að því að stunda ólöglegar fiskveiðar. Í orðalagi ákvæðisins felst mikilvæg heimild sem á að tryggja að skip sem staðin hafa verið að ólöglegum veiðum komist ekki til hafnar á Íslandi. Einnig eru þar fleiri úrræði gegn skipum sem staðin hafa verið að ólöglegum veiðum en nokkuð vantar á að í íslenskum lögum sé að finna öll þau úrræði sem lögð hafa verið til á framangreindum vettvangi.

Sjávarútvegsráðherra hafði af þessu tilefni forgöngu um að koma á starfshópi fulltrúa frá sjávarútvegs-, utanríkis-, dómsmála- og samgönguráðuneyti um ólöglegar veiðar á alþjóðlegu hafsvæði (IUU-fisheries) en starfshópurinn var skipaður 24. nóvember 2006. Starfshópnum var falið á grunni þeirra atriða sem hér hafa verið kynnt að fara yfir íslenska löggjöf og gera tillögur um breytingar og viðbætur sem ætlað er að tryggja betur lagalegan grunn Íslands í

baráttunni við að uppræta ólöglegar fiskveiðar á úthafinu. Helstu atriði sem starfshópurinn hefur haft til skoðunar eru eftirfarandi:

- skipum á óstaðfestum IUU-listum svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana verði óheimilt að landa afla í íslenskri höfn en þau beri að skoða af íslenskum eftirlitsaðilum,
- íslenskum veiði-, þjónustu- eða flutningaskipum verði óheimilt að taka þátt í veiðum með eða þjónusta skip á óstaðfestum IUU-listum,
- óheimilt verði að veita skipum á óstaðfestum IUU-listum þjónustu í höfn,
- skipum á staðfestum IUU-listum verði óheimilt að stunda veiðar í íslenskri lögsögu,
- óheimilt verði að skrá skip á staðfestum IUU-lista í íslenska skipaskrá/færa á íslenskan fána,
- óheimilt verði að skrá skip á staðfestum IUU-lista til leigu á íslenskum fána,
- innflutningur sjávarafla til Íslands sem upprunninn er á skipum sem eru á staðfestum IUU-listum verði óheimill,
- íslenskum fyrirtækjum (inn- og útflytjendum, þjónustuaðilum) verði óheimilt að stunda nokkur viðskipti með afla sem upprunninn er á skipum á staðfestum IUU-listum sem og við útgerðir þeirra,
- heimilt verði að krefja íslenska aðila um upplýsingar liggi fyrir rökstuddur grunur um aðild þeirra að viðskiptum með ólöglegan afla og/eða útgerðir skipa á staðfestum IUU-listum,
- heimilt verði að vísa skipum úr íslenskri höfn séu þau á IUU-listum eða hafi orðið uppvís að ólöglegum veiðum á úthafinu (á við ef skip komast til hafnar vegna yfirsjónar sem og í þeim tilfellum sem þau koma til hafnar vegna einhvers konar neyðarástands),
- heimilt verði að gera ólöglegan afla upptækan,
- hvaða heimildir og möguleikar séu fyrir íslensk stjórnvöld til að færa fánalaus skip sem eru að veiðum á úthafinu til hafnar, og hvaða úrræði til aðgerða þau kunna að hafa gegn skipum sem staðin hafa verið að ólöglegum veiðum á úthafinu.

Eins og fram hefur komið eru nokkur framangreindra úrræða nú þegar tryggð í löggjöf hér á landi en með frumvarpinu er bætt við texta laganna fleiri úrræðum sem íslensk stjórnvöld geta gripið til vegna ólöglegra veiða og heimildir til tiltekinna úrræða sem þegar hafa verið tryggðar í löggjöf eru gerðar skýrari. Hins vegar hefur, a.m.k. að svo stöddu, ekki verið talið fært að lögfesta öll framangreind úrræði sem nefndin hefur haft til skoðunar og er það m.a. vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningum og óvissu um réttarstöðu einstakra ríkja á úthafinu að þjóðarétti. Má þar nefna m.a. bann við innflutningi sjávarafla til Íslands sem upprunninn er á skipum sem eru á staðfestum IUU-listum sem og að íslenskum aðilum sé óheimilt að eiga viðskipti með afla sem upprunninn er á skipum á staðfestum IUU-listum. Önnur atriði sem talin eru upp hér að framan og falla undir verksvið annarra ráðuneyta eru enn til frekari skoðunar í viðkomandi ráðuneytum.

Einnig hefur starfshópurinn lagt áherslu á að íslensk stjórnvöld staðfesti svonefnt „FAO Compliance Agreement“, eða Fylgnisamninginn sem er hluti framfylgdar siðareglna FAO (FAO Code of Conduct) og tekur til ábyrgðar fánaríkja þeirra skipa sem stunda veiðar á úthafinu. Þá verði unnið að aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í tengslum við samstarf við önnur ríki í þessari baráttu, sem og skerpt á verklagi við tilkynningar erlendra skipa til íslenskra hafna.

Frumvarp þetta er byggt á vinnu starfshópsins en með því eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið um þau úrræði sem ekki hafa þegar verið lögfest eða nauðsynlegt þykir að hafa skýrari lagaheimildir fyrir.

Einnig liggja fyrir drög utanríkisráðuneytisins að tillögu til þingsályktunar um að Ísland staðfesti áðurnefnt „Compliance Agreement“ eða Fylgnisamninginn. Til þess að það geti orðið þurfa að liggja fyrir frumvörp um breytingar á tilteknum lögum sem varða efni samningsins og heyra undir önnur ráðuneyti en utanríkisráðuneytið. Sú vinna stendur yfir en er ekki lokið.

Þá verði unnið að því, í samvinnu ráðuneyta, að skoða hvort og með hvaða hætti megi best undirbúa „aðgerðaáætlun“ hvað varðar samstarf og samvinnu við önnur ríki í sameiginlegri baráttu við að uppræta ólöglegar veiðar á úthafinu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er orðalag greinarinnar skýrt frekar með tilliti til skipa sem skráð hafa verið hjá svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum (á IUU-listum) og tekið sérstaklega fram að þau skip falli undir ákvæði greinarinnar en það er gert til að árétta mikilvægi listanna á fjölþjóðlegum vettvangi þar sem þeir hafa grundvallarþýðingu í baráttunni gegn ólöglegum fiskveiðum. Með greininni er einnig bætt við 3. gr. laganna að heimilt sé að grípa til tiltekinna viðurlaga gegn erlendum skipum sem gerst hafa brotleg við veiðar, þ.e. að komist brotleg skip af einhverjum ástæðum til hafnar sé þeim óheimilt að landa eða umskipa afla í íslenskri höfn og að vísa skuli þeim þegar úr höfn að lokinni skoðun eftirlitsmanna og eftir atvikum að fenginni neyðaraðstoð. Umrædd viðurlög eru ekki í núgildandi ákvæði greinarinnar. Þá er orðalag greinarinnar gert skýrara að því er varðar tiltekin viðurlög sem þar er nú þegar kveðið á um, þ.e. um að óheimilt sé að veita brotlegum skipum, skipum sem flytja afla þeirra og skipum sem þjónusta þau, þjónustu sem og útgerðum þessara skipa, þar með talið í íslenskum höfnum, í fiskveiðilandhelgi Íslands og utan hennar. Loks er í greininni nýmæli um að kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum, sé skylt að láta sjávarútvegsráðuneytinu eða Fiskistofu í té, ókeypis og í því formi sem þessi stjórnvöld ákveða, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd framangreindra ákvæða. Síðastgreint ákvæði er svipað að efni til og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér nýmæli um að Fiskistofu sé óheimilt að gefa út tímabundin leyfi til erlendra skipa til veiða í fiskveiðilandhelginni samkvæmt ákvæðinu ef þau hafa gerst brotleg gegn lögum þessum, öðrum lögum um fiskveiðar, stjórnvaldsreglum settum með heimild í þeim, reglum svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og/eða milliríkjasamningum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.**

Tilgangur þessa frumvarps er að bæta þau úrræði sem íslensk stjórnvöld geta gripið til vegna ólöglegra veiða erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Frumvarpið er byggt á vinnu starfshóps sem sjávarútvegsráðherra skipaði en hópnum var ætlað að gera tillögur í þá veru að tryggja betur lagalegan grunn Íslendinga í baráttunni við ólöglegar fiskveiðar á úthafinu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

# 962. Frumvarp til laga [644. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, með síðari breytingum.**

1. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Við upplýsinga- og gagnaöflun samkvæmt þessari grein skal gæta meðalhófsreglu og að kröfur um upplýsingar og gögn séu í samræmi við tilefni. Upplýsingar og gögn má einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum, almennum tilgangi skv. 3. gr. eða til að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaverðs tekur samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

2. gr.

1. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Verðlagsstofa skiptaverðs skal með athugun einstakra mála og úrtakskönnunum fylgjast með því að við uppgjör á aflahlut áhafna sé lagt til grundvallar söluverðmæti afla með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum og samningum á hverjum tíma.

II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

3. gr.

Í stað 4. og 5. málsl. 3. mgr. 15. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks til fiskiskips skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til við-

miðunar hlutaskiptum. Samningur um fiskverð skal uppfylla kröfur Verðlagsstofu skiptaverðs sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, með síðari breytingum. Leiði athugun Verðlagsstofu skiptaverðs í ljós að útgerð skips hafi ekki gert upp við skipverja í samræmi við samning um fiskverð skal stofan þó ekki veita staðfestingu sína nema úr því hafi verið bætt eða hlutaðeigandi útgerð hafi sett fullnægjandi tryggingu fyrir réttu uppgjöri. Þá skal Verðlagsstofa skiptaverðs ekki veita staðfestingu sína hafi útgerð skips ekki veitt stofunni upplýsingar eða afhent henni gögn, sem hún hefur krafist, samkvæmt heimildum í lögum nr. 13/1998, með síðari breytingum, til að ganga úr skugga um að gert hafi verið upp við skipverja í samræmi við samning um fiskverð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verðlagsstofa skiptaverðs hefur samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, víðtækar heimildir til að krefjast upplýsinga og gagna til að sinna hlutverki sínu sem er „að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna“, sbr. 1. gr. laganna. Mikilvægur liður í því eftirliti er að fylgjast með því að útgerðir láti skipverja ekki taka þátt í kostnaði af kaupum á veiðiheimildum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Til að koma í veg fyrir það er m.a. mælt svo fyrir í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, að Fiskistofa skuli ekki staðfesta flutning aflamarks nema hún hafi fengið staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs á því að fyrir liggi samningur hlutaðeigandi útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum, sem uppfyllir kröfur sem Verðlagsstofa gerir samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998. Til að fylgjast með því að útgerðarmenn geri upp við áhafnir í samræmi við samninga hefur Verðlagsstofa m.a. beitt úrtakskönnunum. Í því hefur fólgist mikilvægt aðhald fyrir þá sem hlut eiga að máli. Nokkur brögð munu þó hafa verið að því að útgerðir hafi ekki gert upp við áhafnir í samræmi við gerða samninga um fiskverð og hefur Verðlagsstofa ekki haft nægilega virk úrræði til að bregðast við þegar slík mál hafa komið upp. Það er því þörf á að Verðlagsstofa leggi meiri áherslu á að fylgjast með einstökum útgerðum, sem ástæða er til að ætla að geri ekki upp við áhafnir í samræmi við samninga og fái jafnframt virkari úrræði til að fylgja slíkum málum eftir. Lagafrumvarpi þessu er ætlað að bæta úr þeirri þörf. Verði frumvarpið að lögum mun Verðlagsstofu ekki aðeins vera heimilt og skylt að hafa eftirlit með að fullgildir samningar um fiskverð liggi fyrir heldur ber henni jafnframt, eftir því sem tilefni er til og mögulegt er, að hafa eftirlit með og fylgja því eftir að gert sé upp við skipverja samkvæmt þeim samningum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ákvæðum 4. mgr. 5. gr. laga nr. 13/1998 verði breytt þannig að skýrt verði að heimildir Verðlagsstofu skiptaverðs til að krefjast upplýsinga og gagna samkvæmt greininni og að nýta slíkar upplýsingar og gögn nái til þess að undirbúa ákvarðanir um hvort stofan staðfestir samninga um fiskverð en slík staðfesting er forsenda þess að aflamark verði

flutt til fiskiskips, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sbr. 3. gr. þessa frumvarps.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að 1. málsl. 6. gr. laganna verði breytt þannig að skýrar verði á um það kveðið en gert er í núgildandi lögum að Verðlagsstofa skiptaverðs skuli með því að athuga einstök mál fylgjast með því að uppgjör á aflahlut áhafnar sé í samræmi við gildandi lög og samninga. Þessi breyting er í samræmi við það markmið lagafrumvarpsins að Verðlagsstofa leggi meiri áherslu á það en stofan hefur hingað til gert að fylgjast með einstökum útgerðum, sem ástæða er til að ætla að láti skipverja taka þátt í kostnaði af kaupum á aflaheimildum.

Um 3. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er varða staðfestingar Verðlagsstofu skiptaverðs á samningum um fiskverð. Í núgildandi lögum er kveðið á um að áður en Fiskistofa staðfesti flutning aflamarks skuli hún fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Í samræmi við tilgang þessa ákvæðis, sem er að koma í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kostnaði af kaupum á veiðiheimildum, hefur ákvæðinu verið framfylgt þannig að Fiskistofa hefur ekki staðfest flutning aflamarks til fiskiskips nema að fenginni umræddri staðfestingu Verðlagsstofu. Hér er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt til samræmis við þá framkvæmd. Þá er lagt til að við málsgreinina verði bætt ákvæðum þess efnis að leiði athugun Verðlagsstofu skiptaverðs í ljós að útgerð skips hafi ekki gert upp við skipverja samkvæmt samningum um fiskverð skuli stofan ekki staðfesta fiskverðssamning gagnvart Fiskistofu en það hefur þau áhrif að aflamark verður ekki flutt til hlutaðeigandi fiskiskips. Gert er ráð fyrir að í slíkum tilvikum muni Verðlagsstofa ekki veita staðfestingu sína fyrr en útgerð skips hefur leiðrétt uppgjörið eða sett fullnægjandi tryggingu fyrir að réttilega verði gert upp við skipverja ef ágreiningur er um rétt uppgjör með Verðlagsstofu og hlutaðeigandi útgerð. Þá er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir að Verðlagsstofa muni ekki heldur veita staðfestingu sína ef útgerð skips hefur ekki veitt stofunni upplýsingar og/eða gögn sem hún hefur krafist samkvæmt heimild í lögum nr. 13/1998, með síðari breytingum, og nauðsynleg eru til að hafa eftirlit með að réttilega sé gert upp við skipverja.

Um undirbúning og töku ákvarðana Verðlagsstofu um að hafna að staðfesta samninga um fiskverð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og eru þær ákvarðanir kæranlegar til sjávarútvegsráðuneytisins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

Tilgangur frumvarpsins er að kveða skýrar á um heimildir Verðlagsstofu skiptaverðs til að hafa eftirlit með því að útgerðir geri upp við áhafnir í samræmi við gerða samninga um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum, og veita stofunni virkari úrræði til að bregðast við séu þeir samningar ekki haldnir.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að vinna hjá Verðlagsstofu skiptaverðs aukist eitthvað og er gert ráð fyrir að sá kostnaður rúmist innan núverandi fjárveitinga stofunnar.

# 963. Nefndarálit [558. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti og Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar. Er annars vegar um að ræða tvær tæknilegar breytingar sem nauðsynlegt er að gera á lögum um virðisaukaskatt. Ástæða þessa eru þær breytingar sem urðu á lögum um virðisaukaskatt með lögum nr. 175/2006, þar sem lægra skattþrep virðisaukaskatts var fært úr 14% í 7%. Hins vegar er lagt til að heimild til að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð verði afnumin. Þessi heimild var upphaflega sett til að draga úr áhrifum fjárbindinga við yfirfærsluna á söluskattskerfi í virðisaukaskattskerfi en þjónar nú einungis örfáum gjaldendum og veldur flækjum við almenna framkvæmd og við þróun rafrænnar þjónustu.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson ritar undir álit þetta með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 20. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Ólafur Níels Eiríksson. | Birgir Ármannsson. |
| Ásta Möller. | Sæunn Stefánsdóttir. | Ögmundur Jónasson. með fyrirvara. |

## 964. Fyrirspurn [645. mál]

til utanríkisráðherra um óskir Georgíu um aðild að NATO.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hver er afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar til óska Georgíu um aðild að NATO?

## 965. Fyrirspurn [646. mál]

til samgönguráðherra um ökupróf.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvenær er áætlað að bjóða út framkvæmd ökuprófa en núverandi samningur rennur út 1. apríl nk.?
2. Er fyrirhugað að endurskoða það fyrirkomulag sem nú er viðhaft við framkvæmd ökuprófa, þ.e. að aðeins einn aðili annist prófin?
3. Hverjar eru meginástæður þess að starfsemi tengda ökuprófum þarf að reka með sérleyfi?
4. Hver er aðkoma Samkeppniseftirlitsins að núverandi fyrirkomulagi og hvernig er eftirliti háttað með verðlagningu á ökuprófum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 966. Tillaga til þingsályktunar [647. mál]

um samfélagsþjónustu.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Mörður Árnason, Katrín Júlíusdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að undirbúa lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að veita dómstólum heimild til að dæma mann til samfélagsþjónustu.

Greinargerð.

Ólíkt öllum öðrum ríkjum Evrópu geta dómstólar á Íslandi ekki dæmt einstakling til samfélagsþjónustu. Hér á landi er það stofnun á vegum stjórnvalda, Fangelsismálastofnun, sem fer með þetta úrræði.

Samkvæmt gildandi lögum er framkvæmdarvaldinu því þannig heimilt að taka upp refsi-

ákvarðanir dómstóla og ákveða mönnum önnur viðurlög en dómstólar hafa gert. Komið hafa fram efasemdir, m.a. frá dómstólaráði, um það hvort núverandi fyrirkomulag standist stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

Samfélagsþjónusta er viðurlög í eðli sínu og því er eðlilegt að um hana sé fjallað í almennum hegningarlögum, eins og um önnur refsiviðurlög. Það er ekki hlutverk stjórnvalda að ákveða viðurlög, refsingu, heldur dómstóla.

Fjölmargir hafa bent á að það sé óeðlilegt að ákvörðun um samfélagsþjónustu sé stjórnvaldsákvörðun en ekki á ákvörðunarvaldi dómstóla. Samfélagsþjónusta er hvarvetna í Evrópu hluti af viðurlagakerfi enda er það eitt megininntak dómsvaldsins að ákvarða mönnum refsingu.

Það eru að auki ýmis önnur rök fyrir því að samfélagsþjónusta eigi betur heima á valdsviði dómstóla en hjá stjórnvöldum. Dómstólar hefðu þá möguleika til þess að ákvarða mönnum aðra og vægari refsingu en fangelsi. Að sama skapi gæti komið til þess að dómstólar dæmi mann til samfélagsþjónustu sem ella hefði fengið skilorðsbundna refsingu.

Það viðbótarúrræði fyrir dómstóla að dæma í samfélagsþjónustu gæti nýst sérstaklega vel gagnvart ungum afbrotamönnum. Varðandi þann hóp afbrotamanna geta skilorðsbundnir dómar dregið úr varnaðaráhrifum á viðkomandi einstakling. Í sumum tilfellum getur samfélagsþjónusta verið heppilegri en óskilorðsbundinn fangelsisdómur fyrir unga afbrotamenn. Samfélagsþjónusta gæti því haft uppeldislegt gildi sé hún valkostur fyrir dómstóla landsins.

**Hvað er samfélagsþjónusta?**

Samfélagsþjónusta felur í sér tímabundið ólaunað starf í þágu samfélagsins, svo sem líknar- eða félagsstarf ýmiss konar, sem kemur í stað afplánunar fangelsisrefsingar í fangelsi. Starfið er unnið utan vinnutíma dómþola og getur hann því stundað atvinnu sína eða nám á meðan og verið virkur þjóðfélagsþegn. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð.

Þeir sem dæmdir hafa verið í allt að sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi geta sótt um samfélagsþjónustu. Þegar um er að ræða fangelsisrefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing ekki vera lengri en sex mánuðir. Sama gildir um blandaða dóma, þ.e. þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn. Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru að umsækjandi eigi ekki til meðferðar mál hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum, þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.

Hafi lögreglustjóri ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu fésektar sem er 60.000 kr. eða hærri er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klst. og mest 480 klst. Hafi sektarþoli fengið fimm eða fleiri sektir fyrir sambærileg brot verður vararefsing að jafnaði ekki fullnustuð með samfélagsþjónustu. Að uppfylltum m.a. þessum skilyrðum getur sektarþoli sótt um samfélagsþjónustu.

Lögin takmarka ekki heimild til samfélagsþjónustu við ákveðna brotaflokka en mat á því hvort almannahagsmunir mæla gegn ólaunaðri samfélagsþjónustu tengist broti.

Fangelsismálastofnun sér um að útvega hentuga vinnustaði fyrir samfélagsþjónustu. Í viðauka má finna yfirlit yfir þá vinnustaði sem hafa haft dómþola í samfélagsþjónustu frá janúar 2004 og til janúar 2007. Aðallega er um að ræða líknar- og félagsstörf hjá félagasamtökum og opinberum stofnunum. Starf getur t.d. falist í þrifum, viðhaldi, umönnun og skrifstofustörfum. Val á starfi fer eftir því hvaða störf eru laus á hverjum tíma og hvað telst hæfa umsækjanda að mati Fangelsismálastofnunar.

Fulltrúi frá Fangelsimálastofnun fer jafnan á vinnustaðinn í fyrsta skipti þegar umsókn dómþola hefur verið samþykkt og kannar aðstæður. Síðan fylgir stofnunin reglulega með framvindu og er talsvert eftirlit með dómþola á meðan samfélagsþjónustan stendur. Almennt séð hefur gengið vel að finna vinnu fyrir viðkomandi dómþola.

Fjöldi þeirra sem hefja samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar innan hvers árs:

| 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 20 | 45 | 49 | 84 | 60 | 80 | 82 | 88 | 83 | 59 | 74 | 93 |

Fjöldi þeirra sem hefja samfélagsþjónustu í stað vararefsingar innan hvers árs:

| 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 52 | 60 | 118 | 206 | 196 | 131 | 103 |

Samkvæmt ársskýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2003 kemur í ljós að til þess árs höfðu alls 1.027 einstaklingar hafið samfélagsþjónustu, þar af um 600 í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar. En frá byrjun ársins 2004 og til dagsins í dag hafa tæplega 700 dómþolar fengið heimild til að gegna samfélagsþjónustu. Samtals eru þeta um 1.700 manns.

Til að setja tölurnar í samhengi er rétt að benda á að í lok árs 2003 voru 120 fangar í afplánun en um 65 dómþolar að afplána refsingu með samfélagsþjónustu. 885 umsóknir um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar voru afgreiddar á árunum 1995–2003. Á þessu árabili hafa um 60 umsókn verið samþykktar, eða 68%, 253 umsóknum hefur verið synjað, eða um 29%, og 32 umsóknir, eða um 3%, dregnar til baka.

Samtals höfðu 849 umsóknir um samfélagsþjónustu í stað vararefsingar borist Fangelsismálastofnun frá árinu 2000 þegar lagaheimildin tók gildi og til loka ársins 2003. Af þessum umsóknum hafa verið samþykktar 495 umsóknir, eða rúmlega 58%, 255 umsóknum verið synjað, eða um 30%, og 94 umsóknir, eða 11%, dregnar til baka af umsækjendum. Ástæðan fyrir því að umsækjendur draga til baka umsókn sína er í flestum tilvikum sú að þeir greiða sektina/sektirnar.

Að jafnaði rjúfa 13% samfélagsþjónustu sem sinna henni í stað óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga og um 18% sem eru í samfélagsþjónustu í stað vararefsinga. Þá greiða að jafnaði um 68% þeirra sem rjúfa samfélagsþjónustu í stað vararefsinga sektir sínar í stað þess að afplána eftirstöðvarnar í fangelsi.

Þótt flutningsmenn telji að samfélagsþjónusta eigi að vera úrræði dómstóla en ekki Fangelsismálastofnunar er rétt að taka fram að stofnunin hefur almennt séð staðið sig vel þegar kemur að samfélagsþjónustunni.

**Upphaf samfélagsþjónustu á Íslandi.**

Samfélagsþjónusta var fyrst lögfest með lögum nr. 55/1994, um samfélagsþjónustu. Um var að ræða tilraunatímabil með samfélagsþjónustu og var ákveðið að hafa ákvörðun um samfélagsþjónustu stjórnvaldsákvörðun. Gildistími laganna var ákvarðaður frá 1. júlí 1995 til 31. desember 1997.

Samkvæmt lögunum var heimilt að láta afplána allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist með ólaunaðri samfélagsþjónustu, ef almannahagsmunir mæltu ekki gegn því, þannig að í stað refsivistar kæmi ólaunuð samfélagsþjónusta, minnst 40 klst. og mest 120 klst. Var

sérstakri þriggja manna nefnd, samfélagsþjónustunefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði, falið að taka ákvörðun um hvort orðið yrði við umsókn um samfélagsþjónustu.

Rökin fyrir því að hafa ákvörðun um samfélagsþjónustu stjórnvaldsákvörðun á tilraunatímabilinu voru m.a. þau að kostnaður við slíka framkvæmd væri lægri og góð stjórn yrði á tilrauninni og betur hægt að byggja upp, þróa og laga samfélagsþjónustu að aðstæðum hér á landi.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um samfélagsþjónustu kom hins vegar fram að ef ákveðið yrði að samfélagsþjónusta fengi varanlegan sess síðar kæmi vel til álita að fella ákvæði um hana inn í almenn hegningarlög og tekið fram að víðast erlendis væri dómstólaleiðin farin.

Einnig var hnykkt á því í nefndaráliti allsherjarnefndar að það kynni að vera eðlilegt að ákvæði um samfélagsþjónustu verði felld inn í almenn hegningarlög og dómstólum falið að ákveða hvort dæma beri mann, að fengu samþykki hans, til samfélagsþjónustu. Enn fremur kom fram að skipan samfélagsþjónustu væri sérstæð fyrir Ísland og undirstrikað að um tilraun væri að ræða.

Á þessu tilraunatímabili voru 40% dóma þar sem dæmd refsivist var þriggja mánaða fangelsi eða skemmra fullnustað sem samfélagsþjónusta. Fjörutíu klukkustunda samfélagsþjónusta jafngildir eins mánaðar fangelsisrefsingu.

En þar sem vel þótti til takast var ákveðið að halda áfram á sömu braut. Var þá farin sú leið árið 1997 að skjóta heimild til samfélagsþjónustu inn í frumvarp til breytinga á lögum um fangelsi og fangavist og hún skilgreind þar sem fullnustuúrræði. Jafnframt var lagt til að heimilt yrði að fullnusta allt að sex mánaða óskilorðsbundinn fangelsisdóm með samfélagsþjónustu í stað þriggja mánaða áður og að hámarksfjöldi klukkustunda í samfélagsþjónustu yrði 240 í stað120. Tóku ákvæðin um samfélagsþjónustu því gildi 1. janúar 1998.

Í frumvarpinu var tekið fram að samfélagsþjónusta yrði falin Fangelsismálastofnun til ákvörðunar í stað hinnar sérstöku samfélagsþjónustunefndar. Tekið var fram að samfélagsþjónustunefndin hafi í raun eingöngu metið það skilyrði hvort viðkomandi teljist hæfur til samfélagsþjónustu. Fangelsismálastofnun hafði undirbúið tillögur til nefndarinnar um afgreiðslu mála og hafði án undantekningar verið fallist á tillögur stofnunarinnar, bæði um það hvort veita eigi eða synja um samfélagsþjónustu og um vinnustað. Röksemd löggjafans voru því að um væri að ræða skilvirkari málsmeðferð að Fangelsismálastofnun taki þessar ákvarðanir og aukin réttavernd fælist í því að ákvarðanir um samfélagsþjónustu yrðu kæranlegar.

Með lögum nr. 49/2005, um fullnustu refsinga, voru lög um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, felld úr gildi og er nú fjallað um samfélagsþjónustu í ákvæðum 27.–31. gr. laga um fullnustu refsinga.

**Núverandi fyrirkomulag.**

Eins og fyrr segir er nú gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun ákveði hvort fangar fái að taka út refsingu sem samfélagsþjónustu. Í 29. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, segir að Fangelsismálastofnun ákveði hvort fangelsisrefsing verði fullnustuð með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónustu dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildir um það á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

En í 27. gr. sömu laga kemur enn fremur fram að þegar maður hefur verið dæmdur í allt að sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klst. og mest 240

klst. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð, enda nemi hún aldrei meira en einum fimmta hluta samfélagsþjónustunnar.

Í 28. gr. laga um fullnustu refsinga koma fram skilyrði fyrir samfélagsþjónustu. Þar segir m.a. að þegar fangelsisrefsing er fullnustuð með samfélagsþjónustu jafngildir 40 klst. samfélagsþjónusta eins mánaðar fangelsisrefsingu. Í 30. gr. koma fram þau skilyrði sem þarf að uppfylla á meðan viðkomandi er í samfélagsþjónustu. Í 31. gr. er fjallað um rof á skilyrðum samfélagsþjónustu.

Í 72. gr. laga um fullnustu refsinga kemur fram að hægt sé að fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu.

**Stjórnarskráin og mannréttindasáttmáli Evrópu.**

Á það hefur verið bent, m.a. af dómstólaráði, að núverandi fyrirkomulag um ákvörðun samfélagsþjónustu stangist hugsanlega á við meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um þrískiptingu ríkisvaldsins, í 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Dómstólaráð hefur nefnt nokkur atriði því til stuðnings.

Rökin eru m.a. þau að dómsvaldið hafi verið fært til framkvæmdarvaldsins þar sem því er heimilt að taka upp refsiákvarðanir dómstóla og ákveða mönnum önnur viðurlög en dómstólar hafa gert. Endanleg ákvörðun er því í fjölmörgum tilvikum á hendi framkvæmdarvaldsins. Málsmeðferð um ákvörðun viðurlaga er því endurtekin hjá framkvæmdarvaldinu og fer þar fram fyrir luktum dyrum og án þátttöku ákæruvalds.

Ef rof verða á skilyrðum samfélagsþjónustu skv. 31. gr. laga um fullnustu refsinga er Fangelsismálastofnun falið að taka margar matskenndar ákvarðanir. Stofnuninni er falið að ákvarða hvort skilyrðum samfélagsþjónustu skuli breytt, hvort tími hennar skuli lengdur, hvort refsing skuli afplánuð í fangelsi og hefur þá m.a. val um hvorri refsitegundinni, samfélagsþjónustu eða fangelsi, verði beitt.

Í 2. mgr. 31. gr. laganna er kveðið á um að hafi dómþoli verið kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað eða hann teljist ekki hæfur til að gegna samfélagsþjónustu geti Fangelsismálastofnun ákveðið að ákvörðun um fullnustu refsingar með samfélagsþjónustu verði afturkölluð og að dómþoli afpláni refsinguna í fangelsi. Enn fremur segir í 3. mgr. að þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða meint brot „er hvorki alvarlegt né ítrekað“ skuli veita áminningu áður en ákveðið er að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi.

Dómstólaráð bendir á að þessi málsmeðferð sé í brýnni andstöðu við það sem á við um rof á skilyrðum reynslulausnar en þar er það í verkahring dómstóla að kveða á um hvort reynslulausn hafi verið rofin og hvaða afleiðingar það hefur.

Að mati flutningsmanna er réttaröryggi borgaranna betur tryggt með því að hafa framangreinda ákvörðun undir dómstólum, þrátt fyrir að ákvörðun stjórnvalda um samfélagsþjónustu sé nú ívilnandi fyrir dómþola geti hún einnig verið íþyngjandi fyrir hann t.d. að hann afpláni eftirstöðvar dómsins með fangelsisvist.

Dómstólaráð telur því að núverandi fyrirkomulag veki áleitnar spurningar um hvort sú málsmeðferð, sem gert er ráð fyrir í 31. gr., standist 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

En það er ekki einungis dómstólaráð sem hefur gagnrýnt núverandi ástand heldur má einnig benda á grein Ragnheiðar Bragadóttur lagaprófessors sem bar nafnið „Samfélagsþjónusta – á réttri leið?“ og birtist í Afmælisriti Þórs Vilhjálmssonar frá árinu 2000. Þá hefur Jón Þór Ólason lögfræðingur sömuleiðis skrifað um þetta álitamál í greininni „Samfélagsþjónusta í

íslenskum rétti“ í Úlfljóti árið 2001. Hér er m.a. stuðst við báðar þessar greinar. Dómarafélag Íslands hefur sömuleiðis lýst yfir efasemdum um núverandi fyrirkomulag.

Að lokum má benda á dóm Hæstaréttar 1994:748 þar sem segir: „Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með dómsvaldið. Í því hlutverki felst meðal annars að ákvarða mönnum refsivist vegna ólögmætrar hegðunar, og eru ekki aðrir handhafara ríkisvaldsins bærir til þess.“

**Frekari gagnrýni á núverandi fyrirkomulag.**

Eins og áður hefur komið fram eru uppi efasemdir um hvort núverandi fyrirkomulag standist samkvæmt stjórnarskránni og mannréttindasáttmála Evrópu. En fleiri röksemdir eru gegn núverandi fyrirkomulagi.

Að hafa ákvörðunarvaldið um samfélagsþjónustu hjá framkvæmdarvaldinu hefur m.a. verið rökstutt á þá leið að framkvæmdarvaldið hafi nú þegar ýmis afskipti af dómum, sbr. t.d. reynslulausn og náðun. Þetta sjónarmið hefur hins vegar verið talsvert gagnrýnt, m.a. af hálfu dómstólaráðs, sem telur mikinn mun á því hvort um er að ræða reynslulausn eða náðun þar sem þau úrræði byggist á breyttum aðstæðum frá því að dómur var kveðinn upp en það eigi ekki við um samfélagsþjónustu.

Reynslulausn er veitt eftir að dómþoli hefur afplánað tiltekinn hluta refsingarinnar og er að vissu leyti umbun. Náðun er veitt í undantekningartilvikum og aðeins ef talið er að afplánun refsingar muni verða skaðleg fyrir velferð dómþola, svo sem heilsu hans. Samfélagsþjónusta er hins vegar annars eðlis en þar reynir ekkert á að dóminum sé framfylgt í samræmi við dómsorð hans.

Þá hefur það sjónarmið heyrst að með því að hafa ákvörðun um samfélagsþjónustu á einni hendi, þ.e. hjá Fangelsismálastofnun, fáist meiri samræmi á framkvæmdina. En með sömu rökum ætti einungis einn héraðsdómstóll að vera í landinu svo að tryggt væri fullkomið samræmi á milli dóma. Að sjálfstöðu styðjast dómstólar hver við annars fordæmi og ekki síst við fordæmi frá Hæstarétti. Þessi rök vega því ekki á móti þeim kosti og því grundvallaratriði sem felst í að heimila dómstólum að dæma í samfélagsþjónustu.

Varðandi þá röksemd, sem m.a. lá fyrir í athugasemdum með frumvarpi til laga um samfélagsþjónustu frá 1994, að kostnaðurinn yrði lægri væri ákvörðunin hjá stjórnvaldi í stað dómstóls þá telst hún í senn umdeilanleg og léttvæg að mati flutningsmanna.

Þá má benda á að í framkvæmd er samfélagsþjónusta talsvert notuð í óskilorðsbundnum dómum vegna ölvunaraksturs. Það er umhugsunarefni, sem m.a. Ragnheiður Bragadóttir lagaprófessor hefur bent á, hvort það sé rétt þróun í ljósi þeirra dómvenju að ölvunarakstur orsaki fangelsisdóm. Með því að beita samfélagsþjónustu við ölvunarbroti hefur Fangelsismálastofnun bæði dregið úr varnaðaráhrifum laga og þeim fordæmum sem dómstólar hafa ákveðið þegar kemur að ölvunarakstri. Slíkt á að vera á forræði dómstóla en ekki stjórnvalds.

Flutningsmenn telja að vel sé hægt að laga samfélagsþjónustu að aðstæðum hér á landi þó að dómstólar fari með ákvörðunarvaldið. Dómstólar mundu t.d. geta ákvarðað tímafjölda og afplánunartíma en öll atriði varðandi framkvæmd, uppbyggingu og nánara fyrirkomulag gæti verið á hendi Fangelsismálastofnunar sem fullnustuaðila.

**Samfélagsþjónusta sem refsitegund og sem skilyrði fyrir skilorðsdómi.**

Samkvæmt 31. gr. almennra hegningarlaga eru hegningar tvenns konar, fangelsi annars vegar og hins vegar fésektir. Til að ná fram markmiðum þessarar þingsályktunartillögu þyrfti að bæta við greinina samfélagsþjónustu sem úrræði fyrir dómstóla. Dómstólaráð vill að

samfélagsþjónusta verði fest varanlega í sessi í almennum hegningarlögum sem ein tegund viðurlaga við afbrotum, svo sem tíðkast í öllum Evrópulöndum þar sem samfélagsþjónusta hefur verið lögtekin.

Flutningsmenn telja hins vegar að það ekki eigi eingöngu að hafa samfélagsþjónustu sem sjálfstæða refsitegund, sem dómstólar geta dæmt, heldur einnig að skoða hvort það eigi að gera mögulegt að samfélagsþjónusta geti verið eitt af skilyrðum fyrir skilorðsdómi, sbr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

*Viðauki.*

**Samfélagsþjónusta, vinnustaðaskrá frá janúar 2004 til janúar 2007.**

**Höfuðborgarsvæðið**
ABC hjálparstarf
Alþjóðahúsið
Amnesty international
Áfangastaðurinn Ránargötu
Breiðholtskirkja
Búsetuþjónustan Bárugötu 19
Dvöl, athvarf fyrir geðfatlaða
Ekron, starfsþjálfun og endurhæfing
Fataflokkun RKÍ
Fjölskylduhjálp Íslands
Fjölsmiðjan
Foldabær – heimili fyrir alzheimersjúklinga
Fram
Fylkir
Geðhjálp
Góði hirðinn
Grensáskirkja
Hallgrímskirkja
Haukar – Ásvellir
Háteigskirkja
Hitt Húsið – Tipp Topp
Hjartaheill
Hjálparstofnun kirkjunnar
HK Digranesi
Húsdýragarðurinn
Hvítasunnukirkjan
Hæfingarstöðin
ÍR
Íþróttafélag Fatlaðra Reykjavík
Íþróttafélagið Valur
Kattholt
Klúbburinn Geysir
KR
Laugarneskirkja
Laugarnesprestakall
Líknarfélagið Takmarkið
Mannréttindaskrifstofa Íslands
Miklabraut 13 – Búsetuþjónusta
Mæðrastyrksnefnd
Norræna húsið
Omega / kristniboðskirkjan
Regnbogabörn
Sambýlið Árlandi 9
Sambýlið Fannafold
Sambýlið Grundarlandi 17
Sambýlið Hólmasundi
Sambýlið Hrauntungu
Sambýlið Hulduhlíð 32–34
Sambýlið Móaflöt 24
Samhjálp
SÁÁ
Seljakirkja
SEM
Skammtímavistunin Hólabergi
Svifflugfélag Íslands
Vernd, áfangaheimili
Verndaða heimilið
Vesturgarður
Vin – athvarf fyrir geðfatlaða
Vistheimili barna
Vímulaus æska
Væntumþykja, Hátúni

**Akranes**
Fjöliðjan
Gáma
Golfvöllurinn Akranesi
Sambýlið Einigrund
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

**Borgarnes**
Fjöliðjan

**Snæfellsnes**
Fangelsið Kvíabryggju
Golfklúbburinn Jökull
Grundarfjarðarkirkja
Íþróttahús Snæfellsbæjar

**Blönduós**
Félagsheimilið Blönduósi
Skógræktarfélag Austur-Húnvetninga

**Sauðárkrókur**
Áhaldahús
RKÍ á Norðurlandi

**Ísafjörður**
Hafnarmálasvið
Skóla- og fjölskylduskrifstofa

**Akureyri og nágrenni**
Áhaldahúsið Grýtubakkahreppi
Dalvíkurbyggð
Glerárkirkja
Hestamannafélagið Léttir
KA
Laut – athvarf fyrir geðfatlaða
Sambýlið við Þrastalund
Sambýlið, Hafnarstræti 16
Skautafélag Akureyrar
Þór íþróttafélag

**Húsavík**
Sambýlið Pálsgarði 2
Setrið – Fjölskylduþjónusta Þingeyinga

**Austurland / Austfirðir**
Egilsstaðasókn
Félagsþjónustan Fjarðarbyggð, Eskifirði
Heilbrigðisstofnun Austurlands (Stöðvarfirði, Höfn, Fáskrúðsfirði)
Svæðisskrifstofa fatlaðra Egilsstöðum

**Suðurland**
Byggðarsafn Árnesinga
Félagsþjónusta Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu
Golfklúbbur Hveragerðis
Götusmiðjan, Gunnarsholti
Hestamannafélagið Sleipnir
Selfosskirkja
Skálholt
Sólheimar, Grímsnesi
Sundhöll Selfoss
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, Selfossi

**Vestmannaeyjar**
Athvarfið
ÍBV
Kertaverksmiðjan Vestmannaeyjum

**Suðurnes**
Dagdvöl aldraðra
Golfklúbbur Suðurnesja
Íþróttafélag Keflavíkur
Keflavíkurkirkja
Njarðvíkurprestakall
Sambýlið Lyngmóa 17
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, Reykjanesbæ
UMF Njarðvík

# 967. Tillaga til þingsályktunar [648. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 frá 2. desember 2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri, tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB, og 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 98/30/EB, ásamt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB frá 11. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

**1. Inngangur.**

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 frá 2. desember 2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri, tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB, og 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 98/30/EB, ásamt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB frá 11. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirra gerða sem hér um ræðir. Gerðir þessar fela ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt viðkomandi gerðum.

**2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003, tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB og 2003/55/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB.**

Í mars 2001 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins svokallaðan orkupakka. Hann samanstóð af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar varðandi mótun innri orkumarkaðar Evrópusambandsins (Completing the Internal Energy Market), tillögu að reglugerð um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum vegna gegnumflutnings rafmagns og tillögum að breytingum á tilskipunum 96/92/EB (rafmagn) og 98/30/EB (gas). Pakkinn, sem samþykktur

var í júní 2003, inniheldur fjórar gerðir: reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003, tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB og 2003/55/EB ásamt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi (European Regulators Group for Electricity and Gas).

*Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003.*

Reglugerðinni er ætlað að skapa sanngjarnar leikreglur varðandi gegnumflutning á raforku yfir landamæri og auka þannig samkeppni. Reglugerðin kveður á um gjaldtöku vegna slíks gegnumflutnings, stjórnun, nýjar tengingar, upplýsingagjöf o.fl. Í 12. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að ríkin skuli kveða á um refsingar vegna brota á reglugerðinni en í greininni er framkvæmdastjórninni jafnframt veitt heimild til að beita refsingum í formi sekta, að hámarki 1% af veltu síðasta árs vegna brota á upplýsingaskyldu.

*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB.*

Tilskipuninni er ætlað að skapa sameiginlegar reglur fyrir framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Með henni eru lagðar reglur varðandi skipulag raforkugeirans, aðgang að mörkuðum, skilyrði og ferlar vegna útboða, leyfisveitingar og rekstur raforkukerfa.

Tilskipun 2003/54/EB felur í sér einstaka breytingar frá tilskipun 96/92/EB, einkum varðandi opnun markaða og aðskilnað samkeppnis- og einokunarþátta í rekstri raforkufyrirtækja. Tilskipunin mun kalla á smávægilegar breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, enda lagðar til breytingar er falla innan þeirrar meginstefnu sem mörkuð var með tilskipun 96/92/EB en horfa til bóta í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af framkvæmd hennar. Einna helst má nefna að tilskipunin felur í sér skýrari ákvæði um aðskilnað rekstrarþátta dreifiveitna. Einnig má nefna að tilskipunin skyldar ríki til að tryggja að öll fyrirtæki eigi rétt á að velja sér framleiðanda frá og með 1. júlí 2004 en slíkur réttur nái til allra notenda raforku frá 1. júlí 2007.

Rétt er að benda á að skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að bæði flutningur og dreifing skuli rekin af sjálfstæðum lögaðilum sem ekki mega hafa með höndum aðra starfsemi. Hins vegar skal tekið fram að í lokamálslið 15. gr. tilskipunarinnar er að finna undanþáguheimild hvað varðar kröfur um aðskilnað þar sem segir að aðildarríkjum sé heimilt að undanþiggja orkufyrirtæki, sem hafa færri en 100 þúsund tengda viðskiptavini eða þjónusta lítil einangruð kerfi, frá kröfum 1. og 2. mgr. 15. gr. Allar dreifiveitur á Íslandi eru undir þessum mörkum.

*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/55/EB.*

Tilskipuninni er ætlað að skapa sameiginlegar reglur fyrir flutning, dreifingu, sölu og geymslu á jarðgasi. Með henni eru lagðar reglur varðandi skipulag, aðgang að mörkuðum, leyfisveitingar og rekstur. Tilskipunin felur í sér nokkrar breytingar frá fyrri tilskipun um sama efni, nr. 98/30/EB.

*Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB.*

Með ákvörðuninni er sett á fót sérstök ráðgjafarnefnd. Nefndinni er ætlað að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar í málum er varða raforku og jarðgas. Í 4. mgr. 3. gr. kemur m.a. fram að sérfræðingar frá EES-ríkjum megi sitja fundi sem áheyrnaraðilar.

**3. Um stjórnskipulegan fyrirvara.**

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin

**Fylgiskjal I.**

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 146/2005

**frá 2. desember 2005**

**um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005 frá 8. júlí 2005 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri ([2]) skal felld inn í samninginn.

([1]) Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 34 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 21.
([2]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 1.

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 98/30/EB ([4]) skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 74.

5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB frá 11. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi ([5]) skal felld inn í samninginn.

6) Með tilskipun 2003/54/EB er felld úr gildi tilskipun 90/547/EBE ([6]) og með tilskipun 2003/55/EB er felld úr gildi tilskipun 91/296/EBE ([7]), en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott.

7) Með ákvörðun 2003/796/EB er felld úr gildi ákvörðun 92/167/EBE ([8]), en sú gerð myndar lagagrundvöll núverandi 4. viðbætis við IV. viðauka og ber því að fella hana brott.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

IV. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 11h (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB):

„ , eins og henni var breytt með:

– **1 03 T**: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, samþykkt 16. apríl 2003 (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).“

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 19. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB):

„20. **32003 R 1228**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 frá 26.

([3]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37.
([4]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 57.
([5]) Stjtíð. ESB L 296, 14.11.2003, bls. 34.
([6]) Stjtíð. EB L 313, 13.11.1990, bls. 30.
([7]) Stjtíð. EB L 147, 12.6.1991, bls. 37.
([8]) Stjtíð. EB L 74, 20.3.1992, bls. 43.

júní 2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri (Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Að því er EFTA-ríkin varðar skal fela stjórnsýsluverkefnin, sem um getur í 2. mgr. 12. gr., eftirlitsyfirvöldum í EFTA-ríkjunum.

b) Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar sem komið er á fót með 13. gr. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.

21. **32003 D 0796**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB frá 11. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi (Stjtíð. ESB L 296, 14.11.2003, bls. 34).

22. **32003 L 0054**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB (Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað orðanna „sáttmálans, einkum 86. gr." í 2. mgr. 3. gr. komi orðin „EES-samningsins, einkum 59. gr.".

b) Í stað orðanna „hagsmuni Bandalagsins" í 8. mgr. 3. gr. komi orðin „hagsmuni samningsaðilanna".

c) Í stað orðanna „86. gr. sáttmálans" í 8. mgr. 3. gr. komi orðin „59. gr. EES-samningsins".

d) Eftirfarandi bætist við í lok 10. gr.: „Þetta ákvæði gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.".

e) Í stað orðanna „sáttmálans, einkum 82. gr." í 8. mgr. 23. gr. komi orðin „EES-samningsins, einkum 54. gr.".

f) Eftirfarandi bætist við í lok síðasta málsliðar 1. mgr. 26. gr.: „og Ísland".

g) Texti 2. mgr. 26. gr. hljóði svo: „Ef EFTA-ríki reynist af tæknilegum ástæðum mjög torvelt að opna markað landsins fyrir tilteknum takmörkuðum hópum kaupenda annarra en heimila, sem um getur í b-lið 1. mgr. 21. gr., eftir að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 frá 2. desember 2005 öðlast gildi skal því heimilt að sækja um undanþágu frá þessu ákvæði

og getur Eftirlitsstofnun EFTA látið undanþágu af því tagi gilda í 18 mánuði hið lengsta eftir að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 frá 2. desember 2005 öðlast gildi.“

h) Ísland telst lítið einangrað kerfi í skilningi 26. mgr. 2. gr. Af þeim sökum gildir undanþágan sem mælt er fyrir um í 15. gr.

23. **32003 L 0055**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 98/30/EB (Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 57), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 74.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað orðanna „sáttmálans, einkum 86. gr.“ í 2. mgr. 3. gr. komi orðin „EES-samningsins, einkum 59. gr.“.

b) Í stað orðanna „hagsmuni Bandalagsins“ í 5. mgr. 3. gr. komi orðin „hagsmuni samningsaðilanna“.

c) Í stað orðanna „86. gr. sáttmálans“ í 5. mgr. 3. gr. komi orðin „59. gr. EES-samningsins“.

d) Eftirfarandi bætist við í lok 9. gr.: „Þetta ákvæði gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.“.

e) Eftirfarandi bætist við í lok fyrsta málsliðar 2. mgr. 17. gr.: „ , eins og hún stendur í EES-samningnum og með áorðnum breytingum samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að þeim samningi“.

f) Í stað orðanna „sáttmálans, einkum 82. gr.“ í 8. mgr. 25. gr. komi orðin „EES-samningsins, einkum 54. gr.“.

g) Noregur telst nýmarkaður í skilningi 31. mgr. 2. gr. frá 10. apríl 2004 að telja. Af þeim sökum gildir undanþágan sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr.

h) Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar sem komið er á fót með 30. gr. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.“

3. Texti 8. liðar (tilskipun ráðsins 90/547/EBE), 9. liðar (tilskipun ráðsins 91/296/EBE), 14. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB), og 16. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/30/EB), falli brott.

4. Texti 2., 3. og 4. viðbætis falli brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1228/2003, tilskipunar 2003/54/EB, tilskipunar 2003/55/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 74, og ákvörðunar 2003/796/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*Nikulás prins af Liechtenstein*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn* *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## Fylgiskjal II.

### REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1228/2003

**frá 26. júní 2003**

**um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri**

**(Texti sem varðar EES)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku ([4]) var mikilvægt skref í þá átt að koma endanlega á hinum innri markaði á sviði raforku.

2) Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 hvatti Evrópuráðið til þess að unnið yrði að því í flýti að koma endanlega á innri markaði bæði á sviði raforku og gass og að frelsi yrði aukið hið fyrsta á þessum sviðum með það fyrir augum að innri markaður verði starfhæfur að fullu á þessum sviðum.

3) Stuðla skal að sköpun raunverulegs innri markaðar á sviði raforku með því að auka viðskipti með raforku, sem eru sem stendur vanþróuð í samanburði við önnur svið efnahagslífsins.

4) Innleiða skal sanngjarnar, kostnaðartengdar og gagnsæjar reglur um gjaldskrár vegna flutnings yfir landamæri og úthlutunar á tiltækri flutningsgetu samtengilína sem gilda án frekari lögfestingar, hafa hliðsjón af samanburði milli skilvirkra kerfisstjóra neta á svæðum, sem eru sambærileg að uppbyggingu og koma til viðbótar ákvæðum tilskipunar 96/92/EB, í því skyni að tryggja skilvirkan aðgang að flutningskerfum vegna viðskipta yfir landamæri.

5) Í ályktun sinni frá 30. maí 2000 hvatti orkuráðið framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og innlend eftirlitsyfirvöld og stjórnvöld til að tryggja að ráðstafanir til að bregðast við kerfisöng komist tímanlega til framkvæmda og í samvinnu við Evrópska flutningskerfisstjóra (ETSO), til skjótvirkrar innleiðingar trausts gjaldskrárkerfis til lengri tíma þar sem kveðið er á um viðeigandi merki til markaðsaðila vegna kostnaðarskiptingar.

6) Í ályktun sinni frá 6. júlí 2000 um aðra skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um stöðu þeirrar viðleitni að auka frelsi á orkumörkuðunum kallaði Evrópuþingið eftir skilyrðum vegna notkunar neta í aðildarríkjum, sem hindra ekki raforkuviðskipti yfir landamæri, og fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram sértækar tillögur sem miða að því að vinna bug á öllum núverandi hindrunum á viðskiptum innan Bandalagsins.

7) Mikilvægt er að þriðju lönd, sem mynda hluta af evrópska raforkukerfinu, fari að þeim reglum, sem er að finna í þessari reglugerð og viðmiðunarreglunum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð, í því skyni að auka skilvirka starfsemi innri markaðarins.

8) Í þessari reglugerð skal mælt fyrir um grundvallarreglur gjaldskrársetningar og úthlutunar flutningsgetu og um leið skal greiða fyrir samþykkt viðmiðunarreglna þar sem er að finna nákvæmari lýsingu á viðeigandi meginreglum

([1]) Stjtíð. EB C 240 E, 28.8.2001, bls. 72, og (Stjtíð. EB C 227 E, 24.9.2002, bls. 440.
([2]) Stjtíð. EB C 36, 8.2.2002, bls. 10.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 13. mars 2002 (Stjtíð. ESB C 47 E, 27.2.2003, bls. 379), sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. febrúar 2003 (Stjtíð. ESB C 50 E, 4.3.2003, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 4. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([4]) Stjtíð. EB L 27, 30.1.1997, bls. 20.

og aðferðafræði í því skyni að gera kleift að aðlagast breyttum aðstæðum með skjótum hætti.

9) Á opnum markaði þar sem samkeppni ríkir skulu flutningskerfisstjórar, þaðan sem flæði yfir landamæri er upprunnið og kerfa þar sem flæðið endar, bæta flutningskerfisstjórum þann kostnað, sem stofnað er til, vegna hýsingar á rafmagnsflæði yfir landamæri á netum þeirra.

10) Taka skal tillit til útgjalda og tekna vegna jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra þegar gjaldskrár fyrir innlend net eru ákveðnar.

11) Mikill munur getur verið á þeim upphæðum, sem í raun ber að greiða fyrir aðgang að kerfinu yfir landamæri, eftir því hvaða flutningskerfisstjórar eiga hlut að máli og vegna mismunandi uppbyggingar gjaldskrárkerfa sem beitt er í aðildarríkjunum. Því er nokkurrar samræmingar þörf til að komast hjá röskun á viðskiptum.

12) Gott kerfi langtíma staðsetningarmerkja er nauðsynlegt, sem byggist á meginreglunni um að gjöld vegna aðgangs að netum skuli endurspegla jafnvægið milli framleiðslu og notkunar á svæðinu, sem um er að ræða, á grundvelli aðgreiningar á gjöldum vegna aðgangs að netum eftir framleiðendum og/eða neytendum.

13) Ekki er rétt að beita fjarlægðartengdum gjöldum, eða, að því tilskildu að viðeigandi staðsetningarmerki séu til staðar, sérstöku gjaldi sem einungis útflytjendum eða innflytjendum ber að greiða, til viðbótar við almenna gjaldið fyrir aðgang að innlenda netinu.

14) Forsenda skilvirkrar samkeppni á innri markaðinum eru gjöld vegna notkunar neta, sem eru gagnsæ og án mismununar, þ.m.t. samtengilínur í flutningskerfinu. Flutningsgetan, sem er tiltæk á þessum línum, skal vera hámarksgildið sem er í samræmi við öryggisstaðla um öruggan rekstur neta.

15) Mikilvægt er að komast hjá röskun á samkeppni vegna þess að flutningskerfisstjórar í aðildarríkjunum nota mismunandi öryggis-, rekstrar- og skipulagsstaðla. Enn fremur skal ríkja gagnsæi fyrir markaðsaðila, að því er varðar tiltæka flutningsgetu og öryggis-, skipulags- og rekstrarstaðla, sem hafa áhrif á tiltæka flutningsgetu.

16) Reglur skulu vera til staðar um ráðstöfun tekna vegna aðgerða til að bregðast við kerfisöng nema sérstakt eðli samtengils, sem hlut á að máli, réttlæti undanþágu frá þessum reglum.

17) Mögulegt skal vera að leysa vandamál í tengslum við kerfisöng á ýmsan hátt svo lengi sem aðferðirnar, sem notaðar eru, gefi flutningskerfisstjórum og markaðsaðilum rétt efnahagsleg merki og byggist á markaðsaðferðum.

18) Til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins skal kveða á um málsmeðferð, sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að samþykkja ákvarðanir og viðmiðunarreglur, m.a. um gjaldskrár og úthlutun flutningsgetu en tryggir um leið þátttöku eftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna í þessu ferli, eftir því sem við á, í gegnum evrópusamtök þeirra. Eftirlitsyfirvöld, ásamt öðrum viðeigandi yfirvöldum í aðildarríkjunum, gegna mikilvægu hlutverki við að stuðla að snurðulausri starfsemi innri markaðarins.

19) Þess skal krafist að aðildarríkin og lögbær, innlend yfirvöld veiti framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar. Framkvæmdastjórnin skal fara með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál. Ef nauðsynlegt er, skal framkvæmdastjórnin hafa tækifæri til að krefjast viðeigandi upplýsinga beint frá hlutaðeigandi fyrirtækjum að því tilskildu að lögbær innlend yfirvöld séu upplýst um það.

20) Innlend eftirlitsyfirvöld skulu tryggja að farið sé að reglunum, sem er að finna í þessari reglugerð og viðmiðunarreglunum, sem samþykktar eru á grundvelli þessarar reglugerðar.

21) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

22) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. að kveða á um samræmdan ramma fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri, og þar eð því markmiði verður, af þeim sökum, betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa mikil áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná megi því markmiði.

23) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar

þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([5]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Efni og gildissvið**

Markmiðið með þessari reglugerð er að setja sanngjarnar reglur um raforkuviðskipti yfir landamæri og auka þannig samkeppni á innri markaðinum með raforku að teknu tilliti til sérkenna innlendra markaða og svæðismarkaða. Þetta felur í sér að komið verði á fyrirkomulagi vegna jöfnunargreiðslna fyrir raforkuflæði yfir landamæri og að settar verði samræmdar meginreglur um gjöld vegna flutnings yfir landamæri og úthlutun tiltækrar flutningsgetu samtengilína milli innlendra flutningskerfa.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

1. Í þessari reglugerð skulu skilgreiningarnar, sem er að finna í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB ([6]), gilda að undanskilinni skilgreiningunni á „samtengli" en í hennar stað komi eftirfarandi:

„samtengill": flutningslína sem fer yfir eða liggur á landamærum aðildarríkja og sem tengir saman innlend flutningskerfi aðildarríkjanna.

2. Eftirfarandi skilgreiningar skulu jafnframt gilda:

a) „eftirlitsyfirvöld": eftirlitsyfirvöldin sem um getur í 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2003/54/EB,

b) „flæði yfir landamæri": raunverulegt raforkuflæði á flutningsneti aðildarríkis sem er til komið vegna áhrifa af aðgerðum framleiðenda og/eða neytenda utan þess aðildarríkis á flutningsneti þess. Ef flutningsnet tveggja eða fleiri aðildarríkja eru hluti, í heild sinni eða að hluta, af einni stýrieiningu, einungis að því er varðar fyrirkomulag jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra, sem um getur í 3. gr., skal stýrieiningin í heild teljast hluti flutningsnets eins af hlutaðeigandi aðildarríkjum til að komast hjá því að flæði innan stýrieininga teljist flæði yfir landamæri og gefi þannig tilefni til jöfnunargreiðslna skv. 3. gr. Eftirlitsyfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríkjum er heimilt að ákveða hvert af hlutaðeigandi aðildarríkjum skuli teljast vera aðildarríkið, sem stýrieiningin í heild telst vera hluti af,

c) „kerfisöng": aðstæður þar sem samtengilína, sem tengir saman innlend flutningsnet, getur ekki ráðið við allt raunverulegt flæði vegna innlendra viðskipta, sem markaðsaðilar hafa óskað eftir, vegna skorts á flutningsgetu samtenglanna og/eða hlutaðeigandi innlendra flutningskerfa,

d) „uppgefinn útflutningur": raforku, er sending raforku í einu aðildarríki á grundvelli fyrirliggjandi samningsákvæða þannig að samsvarandi viðtaka („uppgefinn innflutningur") raforku eigi sér stað samtímis í öðru aðildarríki eða þriðja landi,

e) „uppgefinn umflutningur": raforku eru aðstæður þar sem „uppgefinn útflutningur" raforku á sér stað og þar sem tilgreind leið viðskiptanna liggur um land þar sem hvorki sending né samsvarandi viðtaka raforkunnar á sér stað,

f) „uppgefinn innflutningur": raforku er viðtaka raforku í aðildarríki eða þriðja landi um leið og raforkan er send („uppgefinn útflutningur") í öðru aðildarríki,

g) „nýr samtengill": samtengill sem ekki er tilbúinn á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

*3. gr.*

**Fyrirkomulag jöfnunargreiðsla milli flutningskerfisstjóra**

1. Flutningskerfisstjórar skulu fá jöfnunargreiðslur vegna kostnaðar sem til fellur sökum hýsingar á raforkuflæði yfir landamæri á netum þeirra.

2. Kerfisstjórar innlendra flutningskerfa, þar sem flæði yfir landamæri á upptök sín og kerfa þar sem flæðið endar, skulu greiða jöfnunargreiðslurnar sem um getur í 1. mgr.

3. Jöfnunargreiðslur skulu greiddar reglulega fyrir tiltekið tímabil sem liðið er. Ef nauðsynlegt er skal gera leiðréttingar á jöfnunargreiðslunum eftir á til að endurspegla þann kostnað sem raunverulega er stofnað til. Ákveða skal fyrsta tímabilið, sem greiða skal jöfnunargreiðslur fyrir, í viðmiðunarreglunum sem um getur í 8. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr., ákveða fjárhæðir jöfnunargreiðslna sem ber að greiða.

5. Umfang flæðis yfir landamæri, sem hýst er, og umfang flæðis yfir landamæri, sem er tilgreint að eigi upptök og/eða endi í innlendum flutningskerf-

([5]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([6]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37.

um, skal ákvarðað á grundvelli raunverulegs flæðis raforku sem mælt er á tilteknu tímabili.

6. Kostnaður, sem stofnað er til vegna hýsingar á flæði yfir landamæri, skal ákvarðaður á grundvelli langtímaspár um meðalkostnaðarauka, að teknu tilliti til taps, fjárfestingar í nýjum grunnvirkjum og viðeigandi hlutfalls kostnaðar við grunnvirki, sem fyrir eru, svo fremi sem grunnvirki sé notað til flutnings á raforku yfir landamæri, einkum að teknu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja afhendingaröryggi. Við ákvörðun á kostnaði, sem stofnað er til, skal nota viðurkenndar, staðlaðar aðferðir við kostnaðarútreikninga. Taka skal tillit til ávinnings, sem neti hlýst af því að hýsa flæði yfir landamæri, til að draga úr jöfnunargreiðslunum.

*4. gr.*

**Gjaldtaka vegna aðgangs að netum**

1. Gjöld, sem kerfisstjórar neta leggja á vegna aðgangs að netum, skulu vera gagnsæ, taka tillit til nauðsynjar á netöryggi og endurspegla raunverulegan kostnað, sem stofnað er til, svo fremi að þau samsvari gjöldum skilvirks og sambærilegs kerfisstjóra nets hvað varðar uppbyggingu og þeim sé beitt án mismununar. Þessi gjöld skulu ekki vera fjarlægðartengd.

2. Heimilt er að leggja gjöld á framleiðendur og neytendur („álag“) fyrir aðgang að netum. Hluti heildarupphæðar netgjalda, sem framleiðendur greiða, skal, með fyrirvara um þörfina að gefa viðeigandi og skilvirk staðsetningarmerki, vera minni en hlutinn sem neytendur greiða. Eftir því sem við á, skal gjaldskráin, sem beitt er á framleiðendur og/eða neytendur, gefa staðsetningarmerki um alla Evrópu og taka tillit til taps og kerfisangar sem og kostnaðar við fjárfestingar í grunnvirki. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin gefi staðsetningarmerki á eigin yfirráðasvæði eða beiti aðferðum til að tryggja að gjöld, sem neytendur („álag“) greiða fyrir aðgang að neti þeirra, séu eins á öllu yfirráðasvæði þeirra.

3. Þegar gjöld fyrir netaðgang eru ákveðin skal taka tillit til eftirfarandi:

— greiðslna og tekna vegna fyrirkomulags jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra,

— raunverulegra greiðslna, sem inntar eru af hendi og tekið er við, sem og greiðslna sem búist er við á ókomnum tímabilum, sem áætlaðar eru á grundvelli liðinna tímabila.

4. Að því tilskildu að viðeigandi og skilvirk staðsetningarmerki séu til staðar, í samræmi við 2. mgr., skulu gjöld fyrir aðgang að netum lögð á framleiðendur og neytendur, óháð því hvert ákvörðunar- eða upprunalandið er fyrir raforkuna, eins og tilgreint er í viðskiptalega fyrirkomulaginu sem liggur því til grundvallar. Þetta skal ekki hafa áhrif á gjöld á uppgefinn útflutning og uppgefinn innflutning, sem eru tilkomin vegna viðbragða við að minnka líkur á kerfisöng, sem um getur í 6. gr.

5. Ekki skal vera sérstakt netgjald fyrir einstök viðskipti vegna uppgefins gegnumflutnings raforku.

*5. gr.*

**Tilhögun upplýsingamiðlunar um flutningsgetu samtengilína**

1. Flutningskerfisstjórar skulu koma upp samræmingar- og upplýsingaskiptikerfum til að tryggja öryggi neta með tilliti til viðbragða við kerfisöng.

2. Öryggis-, rekstrar- og skipulagsstaðlar, sem flutningskerfisstjórar í aðildarríkjunum nota, skulu birtir opinberlega. Í upplýsingunum, sem birtar eru, skal vera almennt kerfi til útreikninga á heildarflutningsgetunni og áreiðanleikavikmörkum flutnings sem byggjast á rafmagnseiginleikum og eðlisfræðilegum eiginleikum netsins. Slík kerfi skulu vera háð samþykki eftirlitsyfirvalda.

3. Flutningskerfisstjórar skulu birta áætlanir um tiltæka flutningsgetu fyrir hvern dag, þar sem tilgreind er tiltæk flutningsgeta sem þegar hefur verið tekin frá. Þetta skal birt með tilteknu millibili fyrir flutningsdaginn og þar skulu, í öllum tilvikum, vera áætlanir viku og mánuð fram í tímann ásamt magnbundnum upplýsingum um áætlaðan áreiðanleika tiltækrar flutningsgetu.

*6. gr.*

**Almennar meginreglur varðandi viðbrögð við kerfisöng**

1. Leysa skal vandamál í tengslum við kerfisöng með markaðstengdum lausnum án mismununar sem gefa markaðsaðilum og flutningskerfisstjórum, sem hlut eiga að máli, skilvirk efnahagsleg merki. Helst skal leysa vandamál í tengslum við kerfisöng með aðferðum, sem ekki eru viðskiptatengdar, þ.e. aðferðum sem fela ekki í sér val á milli samninga einstakra markaðsaðila.

2. Einungis skal nota aðferðir, sem fela í sér skerðingu á viðskiptum þegar um neyðartilvik er að ræða, þar sem flutningskerfisstjóri verður að bregðast við með skjótum hætti og endursending eða mótkaup (countertrading) eru ekki möguleg. Allri slíkri málsmeðferð skal beitt án mismununar.

Markaðsaðilum, sem hefur verið úthlutað flutnings-

getu, skal bætt hvers kyns skerðing nema ef um óviðráðanlegar aðstæður er að ræða.

3. Hámarksflutningsgeta samtengilína og/eða flutningsneta, sem hafa áhrif á flæði yfir landamæri, skal standa markaðsaðilum, sem uppfylla öryggisstaðla um öruggan rekstur neta, til boða.

4. Markaðsaðilar skulu tilkynna flutningskerfisstjórum, sem hlut eiga að máli, með hæfilegum fyrirvara fyrir viðkomandi rekstrartímabil, hvort þeir hafi í huga að nota flutningsgetuna sem þeim var úthlutað. Öll flutningsgeta, sem hefur verið úthlutað og verður ekki notuð, skal sett aftur á markað með opnum og gagnsæjum hætti án mismununar.

5. Flutningskerfisstjórar skulu, eftir því sem það er tæknilega mögulegt, jafna út kröfum um flutningsgetu á orkuflæði í gagnstæða átt á samtengilínunni, þar sem kerfisöng er til staðar, í því skyni að nota hámarksflutningsgetu þessarar línu. Með fullu tilliti til netöryggis skal aldrei synja um viðskipti sem leysa úr kerfisönginni.

6. Allar tekjur vegna úthlutunar á samtengingu skulu notaðar í eitt eða fleira af eftirfarandi:

a) sem trygging fyrir því að úthlutuð flutningsgeta sé raunverulega tiltæk,

b) fjárfestingar í netum til að viðhalda eða auka flutningsgetu samtengilína,

c) sem tekjur, sem eftirlitsyfirvöld skulu taka tillit til, þegar þau samþykkja aðferðafræði við að reikna út gjaldskrár neta og/eða við að meta hvort breyta eigi gjaldskrám.

*7. gr.*

**Nýir samtenglar**

1. Heimilt er að undanþiggja nýja jafnstraumssamtengla frá ákvæðum 6. mgr. 6. gr. í þessari reglugerð og 20. gr. og 2., 3., og 4. mgr. 23. gr. í tilskipun 2003/54/EB með eftirfarandi skilyrðum:

a) fjárfestingin verður að auka samkeppni á sviði afhendingar raforku,

b) áhættan í tengslum við fjárfestinguna er slík að fjárfestingin mundi ekki eiga sér stað nema undanþága væri veitt,

c) samtengillinn skal vera í eigu einstaklings eða lögaðila sem er, a.m.k. hvað varðar rekstrarform að lögum, aðskilinn kerfisstjórum sem byggja á samtengilinn inn í,

d) gjöld eru innheimt af notendum þessa samtengils,

e) frá því að markaðurinn var opnaður að hluta, eins og um getur í 19. gr. í tilskipun 96/92/EB, má enginn hluti fjármagns- eða rekstrarkostnaðar samtengilsins hafa verið endurheimtur með neinum þáttum gjalda sem innheimt eru vegna notkunar á flutnings- eða dreifikerfum sem samtengillinn tengir saman,

f) undanþágan er ekki skaðleg fyrir samkeppni eða skilvirka starfsemi innri markaðarins með raforku eða skilvirka starfsemi kerfisins sem samtengillinn er tengdur við.

2. Í undantekningartilvikum skal 1. mgr. einnig gilda um riðstraumssamtengla að því tilskildu að kostnaðurinn og áhættan vegna viðkomandi fjárfestingar sé sérstaklega mikil í samanburði við kostnaðinn og áhættuna, sem að jafnaði er stofnað til, þegar tvö samliggjandi innlend flutningskerfi eru tengd saman með riðstraumssamtengli.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda um verulega aukningu á flutningsgetu samtengla sem fyrir eru.

4. a) Eftirlitsyfirvaldinu er heimilt, í hverju tilviki fyrir sig, að taka ákvörðun varðandi undanþáguna sem um getur í 1. og 2. mgr. Aðildarríkjunum er hins vegar heimilt að kveða á um að eftirlitsyfirvöldin skuli leggja álit sitt á beiðninni um undanþágu fyrir viðeigandi aðila í aðildarríkinu, til formlegrar ákvarðanatöku. Þetta álit skal birt ásamt ákvörðuninni.

b) i) Undanþágan getur tekið til allrar flutningsgetu eða hluta flutningsgetu nýja samtengilsins eða samtengilsins, sem fyrir er, með verulega aukna flutningsgetu.

ii) Þegar ákveðið er að veita undanþágu skal taka tillit til þess, í hverju tilviki fyrir sig, hvort nauðsynlegt sé að setja skilyrði varðandi tímalengd undanþágunnar og aðgang, án mismununar, að samtenglinum.

iii) Þegar skilyrðin í i- og ii-lið eru ákveðin skal einkum taka tillit til viðbótarflutningsgetunnar, sem á eftir að búa til, væntanlegs tímaramma verkefnisins og innlendra aðstæðna.

c) Þegar undanþága er veitt getur viðkomandi yfirvald samþykkt eða ákveðið reglur og/eða aðferðir varðandi stjórnun og úthlutun flutningsgetu.

d) Ákvörðun um undanþágu, þ.m.t. öll skilyrði sem um getur í b-lið, skal rökstudd og birt á viðeigandi hátt.

e) Allar ákvarðanir um undanþágu skulu teknar að höfðu samráði við önnur aðildarríki eða hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld.

5. Lögbært yfirvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni, án tafar, um ákvörðun um undanþágu ásamt öllum upplýsingum sem varða ákvörðunina. Heimilt er að senda framkvæmdastjórninni fyrrnefndar upplýsingar í samanteknu formi til þess að gera henni kleift að komast að vel rökstuddri niðurstöðu. Upplýsingarnar skulu einkum innihalda:

— nákvæmar ástæður, sem eftirlitsyfirvald eða aðildarríki hafði til að veita undanþágu, þ.m.t. fjárhagslegar upplýsingar sem réttlæta nauðsyn undanþágunnar,

— greininguna sem fer fram á áhrifum undanþágunnar á samkeppni og skilvirka starfsemi innri markaðarins með raforku,

— ástæður fyrir því tímabili og þeim hluta af heildarflutningsgetu samtengilsins, sem um ræðir, og undanþágan er veitt fyrir,

— niðurstöður samráðs við hlutaðeigandi aðildarríki eða eftirlitsyfirvöld.

Framkvæmdastjórnin getur, innan tveggja mánaða frá því að henni berst tilkynning, óskað eftir því að hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald eða aðildarríki breyti eða dragi til baka þá ákvörðun að veita undanþágu. *Heimilt er að framlengja tveggja mánaða tímabilið* um einn mánuð til viðbótar ef framkvæmdastjórnin óskar eftir viðbótarupplýsingum.

Ef eftirlitsyfirvaldið eða hlutaðeigandi aðildarríki fer ekki að fyrrnefndum tilmælum innan fjögurra vikna skal tekin lokaákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 13. gr.

Framkvæmdastjórnin skal fara með viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem trúnaðarmál.

*8. gr.*

**Viðmiðunarreglur**

1. Ef við á, skal framkvæmdastjórnin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr., samþykkja og breyta viðmiðunarreglum um þau atriði, sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., og sem varða fyrirkomulag jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra, í samræmi við meginreglurnar sem eru settar fram í 3. og 4. gr.

Þegar þessar viðmiðunarreglur eru samþykktar í fyrsta sinn skal framkvæmdastjórnin trygga að þær taki í einum drögum að ráðstöfunum, a.m.k. til þeirra atriða sem um getur í a- og d-lið 2. mgr. og 3. mgr.

2. Í viðmiðunarreglunum skal tilgreina:

a) upplýsingar um málsmeðferðina til að ákvarða hvaða flutningskerfisstjórar eru skyldugir til að borga jöfnunargreiðslur vegna flæðis yfir landamæri, þ.m.t. að því er varðar skiptingu milli kerfisstjóra innlendra flutningskerfa, sem flæði yfir landamæri á upptök sín í, og kerfin, þar sem flæðið endar, í samræmi við 2. mgr. 3. gr.,

b) upplýsingar um málsmeðferðina sem fylgja skal við greiðslu, þ.m.t. ákvörðun á fyrsta tímabilinu sem greiða skal jöfnunargreiðslur fyrir, í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr. 3. gr.,

c) upplýsingar um aðferðafræðina við að ákvarða flæði yfir landamæri, sem hýst er og greiða skal jöfnunargreiðslur fyrir skv. 3. gr., að því er varðar bæði magn og tegund flæðis og tilgreining á umfangi slíks flæðis, hvort það á upptök og/eða endar í flutningskerfum einstakra aðildarríkja, í samræmi við 5. mgr. 3. gr.,

d) upplýsingar um aðferðafræðina við að ákvarða kostnaðinn og ávinninginn, sem hlýst af því að hýsa flæði yfir landamæri, í samræmi við 6. mgr. 3. gr.,

e) upplýsingar um meðhöndlun, í tengslum við fyrirkomulag jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra, á raforkuflæði sem á upptök eða endar í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins,

f) þátttöku innlendra kerfa, sem eru samtengd með jafnstraumslínum, í samræmi við 3. gr.

3. Í viðmiðunarreglunum skal einnig ákvarða viðeigandi reglur, sem leiða til samræmingar í áföngum á undirliggjandi meginreglum, til að ákveða gjöld, sem lögð eru á framleiðendur og neytendur (álag) samkvæmt innlendum gjaldskrárkerfum, þ.m.t. hvernig fyrirkomulag jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra endurspeglast í gjöldum innlendra neta og að gefin séu viðeigandi og skilvirk staðsetningarmerki, í samræmi við meginreglurnar sem eru settar fram í 4. gr.

Í viðmiðunarreglunum skal kveðið á um viðeigandi, skilvirk og samræmd staðsetningarmerki um alla Evrópu.

Engin samræming í þessu tilliti, skal koma í veg fyrir að aðildarríkin beiti aðferðum til að tryggja að gjöld, sem neytendur (álag) greiða fyrir aðgang að neti þeirra, séu sambærileg á öllu yfirráðasvæði þeirra.

4. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í

2. mgr. 13. gr., skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, breyta viðmiðunarreglunum um stjórnun og úthlutun á tiltækri flutningsgetu samtengilína milli innlendra kerfa, sem sett er fram í viðaukanum í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 5. og 6. gr., einkum til að fella inn nákvæmar viðmiðunarreglur um alla aðferðafræði við úthlutun flutningsgetu, sem beitt er í raun, og að tryggja að aðferðir við að bregðast við kerfisöng þróist á þann hátt sem samrýmist markmiðum innri markaðarins. Þegar þessar breytingar eru gerðar skal, eftir því sem við á, setja sameiginlegar reglur um lágmarksstaðla varðandi öryggi og rekstur vegna notkunar og reksturs netsins, eins og um getur í 2. mgr. 5. gr.

Við samþykkt eða breytingu á viðmiðunarreglum skal framkvæmdastjórnin tryggja að í þeim sé að finna þá lágmarkssamræmingu, sem nauðsynleg er, til að ná fram markmiðum þessarar reglugerðar og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er í því skyni.

Við samþykkt eða breytingu á viðmiðunarreglum skal framkvæmdastjórnin tilgreina til hvaða aðgerða hún hefur gripið, með tilliti til samræmis reglna í þriðju löndum sem mynda hluta Evrópska raforkukerfisins, við viðmiðunarreglurnar sem um ræðir.

*9. gr.*

**Eftirlitsyfirvöld**

Þegar eftirlitsyfirvöld rækja skyldur sínar skulu þau tryggja samræmi við þessa reglugerð og viðmiðunarreglur, sem samþykktar eru skv. 8. gr. Þau skulu vinna saman og með framkvæmdastjórninni til að uppfylla markmið þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

*10. gr.*

**Tilhögun upplýsingamiðlunar og trúnaðarskylda**

1. Aðildarríkin og eftirlitsyfirvöldin skulu, ef þess er óskað, veita framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar 4. mgr. 3. gr. og 8. gr.

Einkum, að því er varðar 4. og 6. mgr. 3. gr., skulu eftirlitsyfirvöld miðla reglulega upplýsingum um kostnað, sem innlendir flutningskerfisstjórar stofna í raun til, sem og gögnum og öllum viðeigandi upplýsingum um raunverulegt flæði í netum flutningskerfisstjóra og kostnaðinn við netin.

Framkvæmdastjórnin skal fastsetja eðlileg tímamörk til að veita upplýsingarnar, að teknu tilliti til þess hversu flóknar upplýsingarnar eru, sem krafist er, og hversu brýn þörfin fyrir upplýsingarnar er.

2. Ef hlutaðeigandi aðildarríki eða eftirlitsyfirvald veitir ekki þessar upplýsingar, innan tímamarkanna skv. 1. mgr., er framkvæmdastjórninni heimilt að krefjast allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru að því er varðar 4. mgr. 3. gr. og 8. gr., beint frá hlutaðeigandi fyrirtækjum.

Þegar framkvæmdastjórnin sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis ber henni samtímis að senda afrit af beiðninni til eftirlitsyfirvalda aðildarríkisins þar sem fyrirtækið hefur aðsetur.

3. Í beiðni sinni um upplýsingar skal framkvæmdastjórnin tilgreina lagagrundvöll beiðninnar, tímamörkin til að veita upplýsingarnar, tilgang beiðninnar og einnig viðurlögin, sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr., við að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja eðlileg tímamörk, að teknu tilliti til þess hversu flóknar upplýsingarnar eru, sem krafist er, og hversu brýn þörfin fyrir upplýsingarnar er.

4. Eigendur fyrirtækjanna eða fulltrúar þeirra og, ef um lögaðila er að ræða, einstaklingar, sem hafa heimild að lögum eða í stofnsamningi þeirra til að vera fulltrúar þeirra, skulu veita umbeðnar upplýsingar. Lögfræðingar, sem hafa fullt umboð, geta veitt upplýsingarnar fyrir hönd skjólstæðinga sinna en í því tilviki skal skjólstæðingurinn vera að fullu ábyrgur fyrir því ef upplýsingarnar, sem veittar eru, eru ófullnægjandi, rangar eða villandi.

5. Ef fyrirtæki veitir ekki umbeðnar upplýsingar, innan tímamarkanna sem framkvæmdastjórnin fastsetur eða veitir ófullnægjandi upplýsingar, er framkvæmdastjórninni heimilt með ákvörðun að krefjast þess að upplýsingarnar séu veittar. Í ákvörðuninni skal tilgreina hvaða upplýsinga er krafist og fastsetja viðeigandi tímamörk til að veita upplýsingarnar. Í henni skal tilgreina viðurlögin, sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. Í henni skal einnig tilgreindur rétturinn til að láta Dómstól Evrópubandalaganna endurskoða ákvörðunina.

Framkvæmdastjórnin skal á sama tíma senda afrit af ákvörðun sinni til eftirlitsyfirvalda aðildarríkisins þar sem einstaklingurinn hefur búsetu eða fyrirtækið aðsetur.

6. Upplýsingarnar, sem safnað er samkvæmt þessari reglugerð, skulu einungis notaðar að því er varðar 4. mgr. 3. gr. og 8. gr.

Framkvæmdastjórnin skal ekki afhenda upplýsingar, sem hún fær í hendur samkvæmt þessari reglugerð, ef þær eru af því tagi að þagnarskylda ríkir um þær.

*11. gr.*

**Réttur aðildarríkja til að kveða á um ítarlegri ráðstafanir**

Þessi reglugerð skal vera með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að viðhalda eða innleiða ráðstafanir, sem fela í sér ítarlegri ákvæði en þau sem sett eru fram í þessari reglugerð og viðmiðunarreglunum sem um getur í 8 gr.

*12. gr.*

**Viðurlög**

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu aðildarríkin setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 1. júlí 2004, og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt með ákvörðun að beita fyrirtæki sektum, sem eru ekki hærri en 1% af heildarveltu næstliðins viðskiptaárs, ef þau veita af ráðnum hug eða sökum vanrækslu rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í kjölfar beiðni, sem gerð er skv. 3. mgr. 10. gr., eða veita ekki upplýsingar innan tímamarkanna, sem ákveðin eru með ákvörðun sem samþykkt er samkvæmt fyrstu undirgrein 5. mgr. 10. gr.

Þegar upphæð sektarinnar er ákveðin skal taka tillit til alvarleika þess að kröfurnar í fyrstu undirgrein voru ekki uppfylltar.

3. Viðurlög, sem kveðið er á um skv. 1. mgr. og ákvarðanir sem eru teknar skv. 2. mgr., skulu ekki varða hegningarlög.

*13. gr.*

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

*14. gr.*

**Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar**

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framkvæmd þessarar reglugerðar. Eigi síðar en þremur árum eftir að reglugerð þessi tekur gildi skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu um fengna reynslu af beitingu hennar fyrir Evrópuþingið og ráðið. Í skýrslunni skal einkum kanna að hvaða marki reglugerðin hafi borið árangur við að tryggja að skilyrði aðgangs að netum fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri séu án mismununar og endurspegli kostnað og stuðli þannig að því að neytendur hafi valkosti á starfhæfum markaði og að afhendingaröryggi sé tryggt til langs tíma en jafnframt skal kanna að hvaða marki skilvirk staðsetningarmerki séu fyrir hendi. Ef þörf krefur skulu skýrslunni fylgja viðeigandi tillögur og/eða tilmæli.

*15. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. júlí 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2003.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | A. TSOCHATZOPOULOS |
| *forseti.* | *forseti.* |

*VIÐAUKI*

**Viðmiðunarreglur um stjórnun og úthlutun á tiltækri flutningsgetu samtengilína milli innlendra kerfa**

Almennt

1. Aðferðir við að bregðast við kerfisöng, sem aðildarríkin beita, skulu taka til skammtímakerfisangar á markaðstengdan og efnahagslega skilvirkan hátt en um leið gefa merki eða hvatningu um skilvirka fjárfestingu í netum og framleiðslu, á réttum stöðum.

2. Flutningskerfisstjórar, eða eftir því sem við á, aðildarríkin skulu leggja fram gagnsæja staðla án mismununar, sem lýsa þeim viðbraðgsaðferðum við kerfisöng sem þeir beita við mismunandi aðstæður. Þessum stöðlum, ásamt öryggisstöðlum, skal lýst í skjölum sem eru öllum aðgengileg.

3. Þegar hugað er að sértækum aðferðum við að bregðast við kerfisöng skal leitast við að halda í lágmarki öllum mismun á meðhöndlun mismunandi tegunda viðskipta yfir landamæri, hvort heldur er um að ræða raunverulega, tvíhliða samninga eða tilboð á erlendum, skipulögðum mörkuðum. Aðferðin við að úthluta takmarkaðri flutningsgetu skal vera gagnsæ. Sýna verður fram á að sérhver munur á meðhöndlun viðskipta raski hvorki né hindri þróun á samkeppni.

4. Merkin um verð, sem kerfið til að bregðast við kerfisöng gefur frá sér, skulu vera stefnuvirk.

5. Flutningskerfisstjórar skulu bjóða flutningsgetu sem er eins „áreiðanleg“ og mögulegt er. Heimilt er að bjóða á markaðnum hæfilegan hluta flutningsgetunnar með skilyrðum um minni áreiðanleika, en nákvæm skilyrði vegna flutnings á línum yfir landamæri skulu ávallt kynnt markaðsaðilum.

6. Að teknu tilliti til þess að netið á meginlandi Evrópu er mjög þéttofið og að notkun samtengilína hefur áhrif á orkuflæði, a.m.k. beggja vegna landamæra ríkja, skulu innlendir eftirlitsaðilar tryggja að engar aðferðir við að bregðast við kerfisöng, sem hafa veruleg áhrif á orkuflæði í öðrum netum, séu ákveðnar einhliða.

Staða langtímasamninga

1. Forgangsrétti að aðgangi að flutningsgetu samtengilínu skal ekki úthlutað til þeirra samninga sem brjóta í bága við 81. og 82. gr. EB-sáttmálans.

2. Langtímasamningar, sem fyrir eru, skulu ekki hafa fyrirfram gefinn rétt þegar þeir koma til endurnýjunar.

Tilhögun upplýsingamiðlunar

1. Flutningskerfisstjórar skulu hrinda í framkvæmd viðeigandi aðferðum til samræmingar og upplýsingaskipta til að tryggja öryggi netsins.

2. Flutningskerfisstjórar skulu birta öll viðeigandi gögn varðandi heildarflutningsgetu yfir landamæri. Auk gilda fyrir tiltæka flutningsgetu á veturna og á sumrin skulu flutningskerfisstjórar birta áætlanir um flutningsgetu fyrir hvern dag á nokkrum mismunandi tímum áður en flutningsdagurinn hefst. Nákvæmar áætlanir, a.m.k. viku fram í tímann skulu vera tiltækar fyrir markaðinn og flutningskerfisstjórar skulu leitast við að veita upplýsingar mánuð fram í tímann. Lýsing á áreiðanleika gagnanna skal fylgja með.

3. Flutningskerfisstjórar skulu birta almennt kerfi til útreikninga á heildarflutningsgetunni og áreiðanleikavikmörkum flutnings sem byggist á rafmagnseiginleikum og eðlisfræðilegum eiginleikum netsins. Slíkt kerfi skal vera háð samþykki eftirlitsaðila í hlutaðeigandi aðildarríkjum. Öryggisstaðlarnir og rekstrar- og skipulagsstaðlarnir skulu vera óaðskiljanlegur hluti upplýsinganna sem flutningskerfisstjórar skulu birta í skjölum sem eru öllum aðgengileg.

Meginreglur um aðferðir við að bregðast við kerfisöng

1. Helst skal leysa vandamál í tengslum við kerfisöng með aðferðum sem ekki eru viðskiptatengdar, þ.e. aðferðum sem fela ekki í sér val á milli samninga einstakra markaðsaðila.

2. Hlutaðeigandi flutningskerfisstjórar mega notast sameiginlega við samræmdar endursendingar eða mótkaup yfir landamæri. Kostnaðurinn, sem flutningskerfisstjórar stofna til við mótkaup eða endursendingar, verður hins vegar að vera í þeim mæli að hann sé skilvirkur.

3. Hugsanlegir kostir þess að sameina annars vegar að uppskiptingu markaðarins eða aðrar markaðstengdar aðferðir til leysa úr „varanlegri“ kerfisöng og hins vegar mótkaupa til að leysa úr tímabundinni kerfisöng skulu kannaðir tafarlaust sem varanlegri leið til að bregðast við kerfisöng.

Viðmiðunarreglur um opið uppboð

1. Uppboðskerfið skal hannað með þeim hætti að öll tiltæk flutningsgeta sé í boði á markaðnum. Þetta er hægt að gera með því að skipuleggja samsett uppboð, þar sem flutningsgetan er boðin upp fyrir mismunandi tímalengd og með mismunandi eiginleikum, (t.d. með tilliti til væntanlegs áreiðanleika tiltækrar flutningsgetu, sem um ræðir).

2. Bjóða skal heildarsamtengigetuna í röð uppboða, sem t.d. er hægt að halda, árlega, mánaðarlega, vikulega, daglega eða oft á dag, í samræmi við þarfir markaðanna, sem um ræðir. Í öllum þessum útboðum skal úthluta föstum hluta tiltækrar flutningsgetu auk allrar flutningsgetu, sem eftir er, og var ekki úthlutað í fyrri uppboðum.

3. Málsmeðferðin vegna opins uppboðs skal undirbúin í náinni samvinnu milli innlendra eftirlitsyfirvalda og hlutaðeigandi flutningskerfisstjóra og hönnuð með þeim hætti að bjóðendur geti einnig tekið þátt í daglegum viðskiptum allra skipulagðra markaða (t.d. orkukauphöll) í hlutaðeigandi löndum.

4. Orkuflæðið í báðar áttir yfir tengilínur, þar sem kerfisöng er til staðar, skal að meginreglu til vera jafnað út til að hámarka flutningsgetuna í þá átt þar sem kerfisöngin er til staðar. Aðferðin við að jafna flæði skal hins vegar vera í samræmi við öruggan rekstur orkukerfisins.

5. Til að bjóða markaðnum eins mikla flutningsgetu og mögulegt er skal ábyrgðin á fjárhagsáhættunni, sem tengist jöfnun flæðisins, borin af þeim aðilum sem valda því að áhætta verður að veruleika.

6. Allar uppboðsaðferðir skulu vera þannig að mögulegt sé að senda stefnuvirk merki um verð til markaðsaðila. Flutningur í gagnstæða átt við ríkjandi orkuflæði léttir á álaginu og leiðir því til viðbótarflutningsgetu á línunni þar sem kerfisöngin er til staðar.

7. Til að hætta ekki á að skapa eða auka vandamál, sem tengjast yfirburðastöðu markaðsaðila, skulu lögbæru eftirlitsyfirvöldin, þegar þau hanna uppboðskerfi, íhuga alvarlega að setja efri mörk að því er varðar það magn flutningsgetu sem markaðsaðili má kaupa/eiga/nota í uppboði.

8. Til að stuðla að því raforkumarkaður, þar sem seljanleiki er til staðar, verði til skal frjálst að versla með flutningsgetu, sem keypt er á uppboði, þar til flutningskerfisstjóra er tilkynnt um að flutningsgetan verði notuð.

## Fylgiskjal III.

### TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/54/EB

**frá 26. júní 2003**

**um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku ([4]) var mikilvægt framlag til þess að skapa innri markað fyrir raforku.

2) Reynslan, sem fengist hefur við beitingu framangreindrar tilskipunar, sýnir ávinninginn sem getur hlotist af innri markaði á sviði raforku, með tilliti til aukinnar skilvirkni, verðlækkana, betri þjónustu og aukinnar samkeppni. Hins vegar eru enn verulegir annmarkar og möguleikar á að bæta starfsemi markaðarins, nánar tiltekið er þörf á markvissum ákvæðum til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði að því er varðar framleiðslu, að draga úr hættunni á markaðsyfirráðum og undirverðlagningu, tryggja gjaldskrár fyrir flutning og dreifingu, sem eru án mismununar með aðgangi að netum á grundvelli gjaldskráa sem eru birtar áður en þær taka gildi, og standa vörð um rétt lítilla og vanmegna viðskiptavina og að upplýsingar um orkugjafa vegna raforkuframleiðslu séu birtar, sem og tilvísun í heimildir, ef þær eru fyrir hendi, þar sem er að finna upplýsingar um umhverfisáhrif þeirra.

3) Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 hvatti Evrópuráðið til þess að unnið yrði að því í flýti að koma endanlega á innri markaði bæði á sviði raforku og gass og að frelsi yrði aukið hið fyrsta á þessum sviðum með það fyrir augum að innri markaður verði starfhæfur að fullu. Í ályktun sinni frá 6. júlí 2000 um aðra skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um stöðu þeirrar viðleitni að auka frelsi á orkumörkuðum krafðist Evrópuþingið þess að framkvæmdastjórnin samþykkti ítarlega tímaáætlun um að ná fram nákvæmlega skilgreindum markmiðum með það fyrir augum að gefa orkumarkaðinn alveg frjálsan í áföngum.

4) Þau réttindi sem sáttmálinn tryggir evrópskum borgurum – frjálsir vöruflutningar, frelsi til að veita þjónustu og staðfesturéttur – eru einungis möguleg á markaði sem er að fullu opinn þar sem neytendur geta sjálfir valið sér birgi og birgjum er gert kleift að dreifa frjálst til allra viðskiptavina sinna.

5) Helstu hindranir við að koma á markaði, sem er að fullu starfhæfur og þar sem samkeppni ríkir, tengjast m.a. málefnum er varða aðgang að netinu, gjaldskrármálum og því að opnun markaðarins er mislangt komin í aðildarríkjunum.

6) Til að samkeppni sé virk verður aðgangur að netum að vera án mismununar, gagnsær og verðlagður með sanngjörnum hætti.

7) Aðgangur án mismununar að neti flutningseða dreifikerfisstjóra hefur grundvallarþýðingu til að koma að fullu á innri markaði á sviði raf-

([1]) Stjtíð. EB C 240 E, 28.8.2001, bls. 60 og Stjtíð. EB C 227 E, 24.9.2002, bls. 393.
([2]) Stjtíð. EB C 36, 8.2.2002, bls. 10.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 13. mars 2002 (Stjtíð. ESB C 47 E, 27.2.2003, bls. 350), Sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. febrúar 2003 (Stjtíð. ESB C 50 E, 4.3.2003, bls. 15) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 4. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([4]) Stjtíð. EB L 27, 30.1.1997, bls. 20.

orku. Flutnings- eða dreifikerfisstjórar geta verið eitt eða fleiri fyrirtæki.

8) Til að tryggja skilvirkan netaðgang án mismununar er rétt að dreifi- og flutningskerfi séu starfrækt af aðilum, sem eru aðskildir að lögum, ef lóðrétt samþætt fyrirtæki eru til staðar. Framkvæmdastjórnin skal meta ráðstafanir með sambærileg áhrif sem aðildarríkin þróa til að ná fram markmiði þessarar kröfu, og, eftir því sem við á, leggja fram tillögur um að breyta þessari tilskipun. Einnig er rétt að flutnings- og dreifikerfisstjórar hafi virkan ákvörðunarrétt með tilliti til eigna sem nauðsynlegar eru til að viðhalda netum, reka þau og þróa þegar eignirnar, sem um ræðir, er í eigu eða er reknar af lóðrétt samþættum fyrirtækjum. Nauðsynlegt er að sjálfstæði dreifikerfisstjóra og flutningskerfisstjóra sé tryggt einkum með tilliti til hagsmuna er varða framleiðslu og afhendingu. Sjálfstætt stjórnunarfyrirkomulag verður því að vera til staðar milli dreifikerfisstjóra og flutningskerfisstjóra annars vegar og allra framleiðslufélaga og birgja hins vegar.

   Hins vegar er mikilvægt að greina á milli slíks lagalegs aðskilnaðar og sundurgreiningar á eignarhaldi. Lagalegur aðskilnaður felur ekki í sér breytingu á eignarhaldi eigna og ekkert kemur í veg fyrir að svipuð eða eins starfsskilyrði gildi í öllu lóðrétt samþætta fyrirtækinu. Hins vegar skal tryggja ákvörðunartökuferli án mismununar með skipulagsráðstöfunum er varða sjálfstæði þeirra sem bera ábyrgð á ákvörðunartöku.

9) Ef um er að ræða lítil kerfi kann að vera nauðsynlegt að flutningskerfisstjórar, sem eru samtengdir litlum kerfum, tryggi að stoðþjónusta sé veitt.

10) Þó að þessi tilskipun taki ekki til málefna er varða eignarhald er minnt á að þegar um er að ræða fyrirtæki, sem annast flutning eða dreifingu og er aðskilið að því er varðar rekstrarform að lögum frá þeim fyrirtækjum sem stunda framleiðslu og/eða afhendingu, getur tilnefndur kerfisstjóri verið sama fyrirtækið og á grunnvirkið.

11) Til að komast hjá því að leggja of mikla fjárhagslega og stjórnsýslulega byrði á lítil dreifingarfyrirtæki skulu aðildarríkin geta, ef nauðsynlegt er, veitt slíkum fyrirtækjum undanþágu frá lagalegum kröfum um sundurgreinda dreifingu.

12) Málsmeðferð við leyfisveitingu skal ekki leiða til stjórnsýslubyrði sem er óhófleg miðað við stærð og hugsanleg áhrif raforkuframleiðenda.

13) Grípa skal til frekari ráðstafana til að tryggja að gjaldskrár séu gagnsæjar og án mismununar að því er varðar aðgang að netum. Þessar gjaldskrár skulu gilda um alla kerfisnotendur án mismununar.

14) Til að auðvelda raforkufyrirtæki, sem hefur staðfestu í aðildarríki, gerð samninga vegna afhendingar raforku til óbundinna viðskiptavina í öðru aðildarríki skulu aðildarríki og, eftir því sem við á, innlend eftirlitsyfirvöld vinna að einsleitari skilyrðum og að viðskiptavinir teljist vera óbundnir með sama hætti fyrir allan innri markaðinn.

15) Það að skilvirkt eftirlit sé til staðar, sem eitt innlent eftirlitsyfirvald eða fleiri framkvæma, er mikilvægur þáttur í að tryggja aðgang að netinu án mismununar. Aðildarríkin skulu tilgreina hlutverk, valdsvið og stjórnsýsluheimildir eftirlitsyfirvaldanna. Mikilvægt er að eftirlitsyfirvöld í öllum aðildarríkjum hafi sama lágmarksvaldsvið. Þessi yfirvöld skulu vera bær til að ákveða eða samþykkja gjaldskrár, eða a.m.k. aðferðafræðina sem býr að baki útreikningum á gjaldskrám fyrir flutning og dreifingu. Til að forðast óvissu og kostnaðarsöm og tímafrek deilumál skulu þessar gjaldskrár birtar áður en þær taka gildi.

16) Framkvæmdastjórnin hefur gefið til kynna fyrirætlan sína um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi sem myndi skapa hentugt ráðgjafarfyrirkomulag til að hvetja til samvinnu og samræmingar innlendra eftirlitsyfirvalda í því skyni að stuðla að þróun innri markaðarins á sviði raforku og gass og til að stuðla að samræmdri beitingu í öllum aðildarríkjum á ákvæðunum, sem sett eru í þessari tilskipun og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas ([5]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri ([6]).

17) Til að tryggja öllum markaðsaðilum greiðan markaðsaðgang, að meðtöldum nýjum orkusölum, er þörf á jöfnunarfyrirkomulagi sem er

([5]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 57.
([6]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 1.

kostnaðartengt og án mismununar. Um leið og seljanleiki á raforkumarkaðinum er nægilegur ætti þetta að nást með því að koma á gagnsæju, markaðstengdu fyrirkomulagi við afhendingu og kaup á raforku sem nauðsynlegt er innan rammans um jöfnunarkröfur. Ef markaður, þar sem seljanleiki ríkir, er ekki fyrir hendi ættu innlend eftirlitsyfirvöld að gegna virku hlutverki til að tryggja að gjaldskrár til jöfnunar séu kostnaðartengdar og án mismununar. Á sama tíma skal veita viðeigandi hvatningu til að jafna innmötun (in-put) og úttekt (off-take) raforku og til að stofna kerfinu ekki í hættu.

18) Innlend eftirlitsyfirvöld skulu geta ákveðið eða samþykkt gjaldskrár eða aðferðafræðina, sem býr að baki útreikningum á gjaldskrám, á grundvelli tillögu flutnings- eða dreifikerfisstjóra eða á grundvelli tillögu sem þessir stjórar og notendur kerfisins urðu ásáttir um. Þegar þau sinna þessum verkefnum skulu innlend eftirlitsyfirvöld tryggja að gjaldskrár vegna flutnings og dreifingar séu án mismununar og kostnaðartengdar og skulu taka tillit til langtíma frávikskostnaðar við net sem komist er hjá með dreifðri raforkuframleiðslu og stjórnun eftirspurnar.

19) Allur iðnaður og verslun, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, og allir ríkisborgarar í Bandalaginu, sem njóta efnahagslegs ávinnings af innri markaðinum, skulu einnig geta notið öflugrar neytendaverndar og einkum skulu heimili, og ef aðildarríkin telja það viðeigandi, lítil fyrirtæki njóta tryggingar á opinberri þjónustu einkum með tilliti til afhendingaröryggis og sanngjarnrar gjaldskrár af ástæðum er varða sanngirni, samkeppnishæfni og óbeint vegna atvinnusköpunar.

20) Viðskiptavinir skulu hafa frjálst val um birgi sem afhendir þeim raforku. Engu að síður skal notast við áfangaskipta aðferð við að koma að fullu á innri markaði á sviði raforku, til að gera iðnaðinum kleift að aðlagast og tryggja að viðeigandi ráðstafanir og kerfi séu til staðar til að verja hagsmuni viðskiptavina og tryggja að þeir hafi raunverulegt og skilvirkt val um birgi.

21) Opnun markaðarins smám saman, þar til hann er að fullu opinn, ætti, eins fljótt og auðið er, að fjarlægja mun á milli aðildarríkjanna. Tryggja skal gagnsæi og áreiðanleika í framkvæmd þessarar tilskipunar.

22) Nánast öll aðildarríki hafa kosið að tryggja samkeppni á markaði á sviði raforkuframleiðslu með gagnsærri málsmeðferð við leyfisveitingu. Aðildarríkin skulu hins vegar tryggja möguleikann á að stuðla að afhendingaröryggi með því að taka í notkun útboðsaðferð eða sambærilega aðferð ef nægileg raforkuframleiðslugeta er ekki tryggð með leyfisveitingarmálsmeðferðinni. Aðildarríkin skulu í þágu umhverfisverndar og kynningar á nýrri, óþróaðri tækni hafa möguleika á að bjóða út nýja flutningsgetu á grundvelli birtra viðmiðana. Ný flutningsgeta tekur m.a. til endurnýjanlegrar orku og samþættrar varma- og raforkuvinnslu (CHP).

23) Til að tryggja afhendingaröryggi skal fylgjast með jafnvæginu milli framboðs og eftirspurnar í einstökum aðildarríkjum og eftirlitinu skal fylgt eftir með skýrslu um stöðuna innan Bandalagsins að teknu tilliti til flutningsgetu samtengilína milli svæða. Slíkt eftirlit skal fara fram nægilega snemma til að gera kleift að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef afhendingaröryggi er stefnt í hættu. Smíði og viðhald á nauðsynlegu netgrunnvirki, þ.m.t. flutningsgeta samtengilína, skal stuðla að því að tryggja stöðugt framboð raforku. Smíði og viðhald á nauðsynlegu netgrunnvirki, þ.m.t. flutningsgeta samtengilína og dreifð raforkuframleiðsla, eru mikilvægir þættir til að stuðla að því að tryggja stöðugt framboð raforku.

24) Aðildarríkin skulu tryggja að viðskiptavinir sem kaupa til heimilisnota og eftir því sem aðildarríkin telja rétt, lítil fyrirtæki, eigi rétt á að fá afhenta raforku af tilteknum gæðum á verði sem er greinilega samanburðarhæft, gagnsætt og sanngjarnt. Til að tryggja að háu stigi opinberrar þjónustu sé viðhaldið í Bandalaginu skal tilkynna framkvæmdastjórninni reglulega um allar ráðstafanir, sem aðildarríkin grípa til, til að ná settum markmiðum þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal birta reglulega skýrslu þar sem greindar eru ráðstafanir, sem gripið er til á innlendum vettvangi, til að ná settum markmiðum um opinbera þjónustu og bera saman skilvirkni þeirra með það í huga að koma með tilmæli, að því er varðar ráðstafanir sem grípa skal til á innlendum vettvangi, til að koma á opinberri þjónustu á háu stigi. Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að vernda vanmegna viðskiptavini á innri raforkumarkaðinum. Slíkar ráðstafanir geta verið breytilegar í samræmi við tilteknar kringumstæður í hlutaðeigandi aðildarríkjum og geta falið í sér sérstakar ráðstafanir varðandi greiðslu raforkureikninga eða almennari ráð-

stafanir sem gripið er til innan almannatryggingakerfisins. Ef alþjónusta er einnig veitt litlum fyrirtækjum geta ráðstafanir til að tryggja að þessi alþjónusta sé veitt verið mismunandi eftir því hvort um heimili eða lítil fyrirtæki er að ræða.

25) Framkvæmdastjórnin hefur gefið til kynna fyrirætlan sína að hafa frumkvæði, einkum að því er varðar gildissvið ákvæða um merkingar og nánar tiltekið með hvaða hætti er hægt að koma upplýsingunum um umhverfisáhrif, a.m.k. með tilliti til losunar koltvísýrings og geislavirks úrgangs sem fellur til við raforkuframleiðslu frá mismunandi orkugjöfum, á framfæri með gagnsæjum hætti sem auðvelt er að nálgast og bera saman í öllu Evrópusambandinu og með hvaða hætti er hægt að einfalda ráðstafanirnar, sem gripið er til í aðildarríkjunum, til að hafa eftirlit með því hversu nákvæmar upplýsingarnar eru sem birgjarnir veita.

26) Grundvallarkrafa þessarar tilskipunar er að uppfylla kröfur um opinbera þjónustu og mikilvægt er að sameiginlegir lágmarksstaðlar, sem öll aðildarríkin uppfylla, séu tilgreindir í þessari tilskipun sem taka tillit til markmiðanna um sameiginlega vernd, afhendingaröryggi, umhverfisvernd og sambærilegt samkeppnisstig í öllum aðildarríkjunum. Mikilvægt er að hægt sé að túlka kröfurnar um opinbera þjónustu á innlendum grundvelli að teknu tilliti til innlendra kringumstæðna og með því skilyrði að lög Bandalagsins virt.

27) Aðildarríkjunum er heimilt að tilnefna skyldubirgi. Þessi birgir getur verið söludeild í lóðrétt samþættu fyrirtækis sem einnig sér um dreifingu að því tilskildu að það uppfylli kröfur þessarar tilskipunar um sundurgreiningu.

28) Ráðstafanir, sem aðildarríkin hrinda í framkvæmd til að ná settum markmiðum um félagslega og efnahagslega samheldni, geta einkum falið í sér efnahagshvata þar sem notuð eru, eftir því sem við á, öll tæki sem fyrir hendi eru, innlend og í Bandalaginu. Þessi tæki geta m.a. verið kerfi um skaðabótaábyrgð til að tryggja nauðsynlega fjárfestingu.

29) Að því marki sem ráðstafanirnar, sem aðildarríki gera til að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu, fela í sér ríkisaðstoð, skv. 1. mgr. 87. gr. sáttmálans, ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um þær skv. 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

30) Krafan um að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar synjanir um að veita heimild til að auka framleiðslugetu hefur reynst vera óþarfa stjórnsýsluálag og skal hún því lögð niður.

31) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. að skapa innri markað á sviði raforku sem starfhæfur er að fullu og þar sem samkeppni ríkir, og þar eð því markmiði verður, af þeim sökum, betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa mikil áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.

32) Í ljósi fenginnar reynslu af beitingu tilskipunar ráðsins 90/547/EBE frá 29. október 1990 varðandi gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi ([7]), skal grípa til ráðstafana til að tryggja einsleit aðgangskerfi án mismununar vegna flutnings, þ.m.t. raforkuflæði milli aðildarríkja yfir landamæri. Til að tryggja einsleita meðferð á aðgangi að raforkunetum, einnig að því er varðar gegnumflutning, skal fella þá tilskipun úr gildi.

33) Sökum þess hversu umfangsmiklar breytingarnar, sem gerðar eru á tilskipun 96/92/EB, eru er æskilegt, til glöggvunar og hagræðingar, að lagfæra viðkomandi ákvæði.

34) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. KAFLI

## GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

*1. gr.*

**Gildissvið**

Í þessari tilskipun eru settar sameiginlegar reglur um framleiðslu, flutning, dreifingu og afhendingu rafmagns. Settar eru reglur um skipulagningu og starfsemi á sviði raforku, markaðsaðgang, viðmiðanir og

([7]) Stjtíð. EB L 313, 13.11.1990, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/75/EB (Stjtíð. EB L 276, 13.10.1998, bls. 9).

málsmeðferð við útboð og leyfisveitingu og rekstur kerfa.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „framleiðsla“: framleiðsla rafmagns,
2. „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir rafmagn,
3. „flutningur“: flutningur rafmagns um samtengt hæst- eða háspennukerfi í þeim tilgangi að afgreiða það til kaupenda eða dreifiaðila, en það tekur ekki til afhendingar,
4. „flutningskerfisstjóri“: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á rekstri, viðhaldi og, ef með þarf, þróun flutningskerfis á tilteknu svæði og, eftir því sem við á, samtengilínum þess við önnur kerfi svo og ábyrgð á að tryggja getu kerfisins til lengri tíma til að uppfylla eðlilegar kröfur um flutning á rafmagni,
5. „dreifing“: flutningur rafmagns um háspennu-, millispennu- eða lágspennudreifikerfi í þeim tilgangi að afgreiða það til viðskiptavina, en hún tekur ekki til afhendingar,
6. „dreifikerfisstjóri“: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á rekstri, viðhaldi og, ef með þarf, þróun dreifikerfis á tilteknu svæði og, eftir því sem við á, samtengilínum þess við önnur kerfi svo og ábyrgð á að tryggja getu kerfisins til lengri tíma til að uppfylla eðlilegar kröfur um dreifingu á rafmagni,
7. „viðskiptavinir“: heildsalar og kaupendur rafmagns,
8. „heildsalar“: einstaklingar eða lögaðilar sem kaupa rafmagn til endursölu innan eða utan kerfisins sem þeir hafa staðfestu í,
9. „kaupendur“: viðskiptavinir sem kaupa rafmagn til eigin nota,
10. „viðskiptavinir sem kaupa til heimilisnota“: viðskiptavinir sem kaupa rafmagn til eigin nota á heimili, að undanskilinni viðskipta- eða atvinnustarfsemi,
11. „viðskiptavinir sem kaupa ekki til heimilisnota“: allir einstaklingar eða lögaðilar sem kaupa rafmagn sem ekki er ætlað til eigin notkunar á heimili og til þeirra skulu teljast framleiðendur og heildsalar,
12. „óbundnir viðskiptavinir“: viðskiptavinir sem mega kaupa rafmagn af birgi að eigin vali í skilningi 21. gr. þessarar tilskipunar,
13. „samtenglar“: búnaður sem notaður er til að tengja saman raforkukerfi,
14. „samtengt kerfi“: fjöldi flutnings- og dreifikerfa sem tengd eru innbyrðis með einum eða fleiri samtenglum,
15. „bein lína“: annaðhvort rafmagnslína sem tengir einangraðan framleiðslustað við einangraðan viðskiptavin eða rafmagnslína sem tengir rafmagnsframleiðanda og fyrirtæki, sem afhendir rafmagn, til eigin athafnasvæðis, dótturfyrirtækja og óbundinna viðskiptavina,
16. „efnahagsleg forgangsröðun“: röðun orkugjafa fyrir afhendingu rafmagns út frá efnahagslegum forsendum,
17. „stoðþjónusta“: öll þjónusta sem er nauðsynleg fyrir rekstur flutnings- eða dreifikerfa,
18. „kerfisnotendur“: einstaklingar eða lögaðilar sem afhenda rafmagn eða fá rafmagn afhent gegnum flutnings- eða dreifikerfi,
19. „afhending“: sala, þ.m.t. endursala rafmagns til viðskiptavina,
20. „samþætt raforkufyrirtæki“: lóðrétt eða lárétt samþætt fyrirtæki,
21. „lóðrétt samþætt fyrirtæki“: fyrirtæki eða hópur fyrirtækja með gagnkvæm tengsl sem skilgreind eru í 3. mgr. 3. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ([8]) og ef hlutaðeigandi fyrirtæki/fyrirtækjahópur starfar a.m.k. á einu eftirfarandi sviða flutnings eða dreifingar og annaðhvort framleiðslu eða afhendingar rafmagns,
22. „tengt fyrirtæki“: eignatengd fyrirtæki í skilningi 41. gr. sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983, sem byggð er á g-lið 2. gr. 44.

([8]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 (Stjtíð. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1).

gr. ([9]) sáttmálans um samstæðureikninga ([10]), og/eða hlutdeildarfyrirtæki, í skilningi 1. mgr. 33. gr. og/eða fyrirtæki í eigu sömu hluthafa,

23. „lárétt samþætt fyrirtæki“: fyrirtæki sem sér um a.m.k. eitt af eftirfarandi: framleiðslu til sölu eða flutning eða dreifingu eða afhendingu rafmagns og aðra starfsemi sem ekki tengist rafmagni,

24. „útboðsaðferð“: sú aðferð að sinna áætluðum viðbótarþörfum og endurnýjunargetu með því að nýta nýja framleiðslugetu eða framleiðslugetu sem þegar er fyrir hendi,

25. „gerð langtímaáætlana“: áætlanir um fjárfestingarþörf í framleiðslu- og flutningsgetu til lengri tíma, með það fyrir augum að mæta eftirspurn kerfisins eftir rafmagni og að tryggja framboð til viðskiptavina,

26. „lítið, einangrað kerfi“: kerfi þar sem notkun er innan við 3000 GWh á árinu 1996, og þar sem innan við 5% ársnotkunar eru fengin með samtengingu við önnur kerfi,

27. „einangrað örkerfi“: kerfi þar sem notkun er innan við 500 GWh á árinu 1996, og sem er ekki samtengt við önnur kerfi,

28. „öryggi“: bæði öryggi með tilliti til afhendingar og framboðs á raforku og tæknilegt öryggi,

29. „stjórnun með tilliti til orkunýtni/eftirspurnar“: víðtæk eða samþætt stefna sem miðar að því að hafa áhrif á magn og tímasetningu raforkunotkunar til að draga úr frumorkunotkun og álagstoppum með því að veita fjárfestingum í orkunýtniráðstöfunum eða öðrum ráðstöfunum, svo sem riftanlegum afhendingarsamningum, forgang fram yfir fjárfestingu til að auka framleiðslugetu, ef fyrri kostirnir eru skilvirkari og hagkvæmari, að teknu tilliti til jákvæðra umhverfisáhrifa af völdum minni orkunotkunar og í tengslum við þætti er varða afhendingaröryggi og lægri dreifingarkostnað,

30. „endurnýjanlegir orkugjafar“: endurnýjanlegir orkugjafar sem eru ekki jarðefnaeldsneyti (vindorka, sólarorka, jarðvarmaorka, öldu- og sjávarfallaorka, vatnsorka og orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi),

31. „dreifð raforkuframleiðsla“: orkuver sem eru tengd við dreifikerfið.

([9]) Titli tilskipunar 83/349/EBE hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 12. gr. Amsterdamsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í g-lið 3. mgr. 54. gr.

([10]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

## II. KAFLI

## ALMENNAR REGLUR UM SKIPULAGNINGU ATVINNUGREINARINNAR

*3. gr.*

### Skyldur um opinbera þjónustu og neytendavernd

1. Aðildarríkjunum ber að tryggja, á grunni skipulags stofnana sinna og með viðeigandi tilliti til dreifræðisreglunnar, að raforkufyrirtæki séu rekin í samræmi við meginreglur þessarar tilskipunar, með fyrirvara um 2. mgr., til að koma á samkeppnismarkaði á sviði raforku, og að fyrrnefndum fyrirtækjum sé ekki mismunað að því er varðar réttindi eða skyldur.

2. Aðildarríkjunum er heimilt, að teknu fullu tilliti til viðeigandi ákvæða sáttmálans, einkum 86. gr., að skylda fyrirtæki sem starfa á sviði raforku að sinna opinberri þjónustu, í þágu almennra efnahagslegra hagsmuna, sem getur varðað öryggi, þ.m.t. afhendingaröryggi, reglufesta, gæði og verð afhendingar og umhverfisvernd, þ.m.t. orkunýtni og loftslagsvernd. Slíkar skyldur skulu vera vel skilgreindar, gagnsæjar, án mismununar, sannprófanlegar og tryggja jafnan aðgang raforkufyrirtækja í Evrópusambandinu að innlendum neytendum. Í tengslum við afhendingaröryggi, stjórnun með tilliti til orkunýtni/eftirspurnar og að uppfylla umhverfismarkmið, eins og um getur í þessari málsgrein er aðildarríkjunum heimilt að koma á langtímaáætlunum um leið og gert er ráð fyrir að þriðju aðilar kunni að leita eftir aðgangi að kerfinu.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að á yfirráðasvæði þeirra eigi allir viðskiptavinir sem kaupa til heimilisnota og, eftir því sem aðildarríkin telja rétt, lítil fyrirtæki (nánar tiltekið fyrirtæki með færri en 50 starfandi einstaklinga og ársveltu eða efnahagsreikning sem er ekki meiri en 10 milljónir evra), rétt á alþjónustu, þ.e. að fá afhenta raforku af tilteknum gæðum á sanngjörnu verði sem er auðveldlega og greinilega samanburðarhæft og gagnsætt. Til að tryggja að alþjónusta sé veitt er aðildarríkjunum heimilt að tilnefna skyldubirgi. Aðildarríkin skulu leggja þá skyldu á dreifingarfyrirtæki að tengja viðskiptavini við dreifikerfi þeirra með skilmálum, skilyrðum og samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um

í 2. mgr. 23. gr. Ekkert í þessari tilskipun skal koma í veg fyrir að aðildarríkin styrki markaðsstöðu neytenda, sem kaupa til einkanota, og lítilla og meðalstórra neytenda með því að stuðla að möguleikanum á valfrjálsri sameiningu um fyrirsvar fyrir þennan flokk neytenda.

Fyrsta undirgreinin skal koma til framkvæmda á gagnsæjan hátt og án mismununar og skal ekki hindra að markaðurinn sem kveðið er á um í 21. gr verði opnaður.

4. Ef fébætur eða annarskonar bætur og einkaréttur, sem aðildarríki veitir til uppfyllingar á skyldunum sem settar eru fram í 2. og 3. mgr., eru veittar, skal það gert án mismununar og á gagnsæjan hátt.

5. Aðildarríkin skulu grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda kaupendur og skulu einkum tryggja að fyrir hendi séu fullnægjandi verndarráðstafanir til að vernda vanmegna viðskiptavini, þ.m.t. ráðstafanir til að hjálpa þeim til að komast hjá aftengingu. Í þessu tilliti er aðildarríkjunum heimilt að grípa til ráðstafana til að vernda kaupendur á afskekktum svæðum. Þau skulu tryggja öfluga neytendavernd, einkum með tilliti til gagnsæis, að því er varðar samningsskilmála og skilyrði, almennar upplýsingar og tilhögun á lausn deilumála. Aðildarríkin skulu tryggja að óbundnir viðskiptavinir geti í raun skipt um birgi. Þessar ráðstafanir skulu, a.m.k. að því er varðar viðskiptavini sem kaupa til heimilisnota, einnig fela í sér þær sem settar eru fram í viðauka A.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að raforkubirgjar tilgreini í reikningum eða láti fylgja með þeim og í kynningarefni sem kaupendum er gert tiltækt:

a) framlag hvers orkugjafa til heildareldsneytissamsetningar birgisins ársins á undan,

b) a.m.k. tilvísun í þær heimildir sem til staðar eru, s.s. vefsíður, þar sem upplýsingar um umhverfisáhrif, a.m.k. með tilliti til losunar koltvísýrings og geislavirks úrgangs sem fellur til vegna raforkunnar sem er framleidd með heildareldsneytissamsetningu birgisins á árinu á undan, eru gerðar aðgengilegar öllum.

Með tilliti til rafmagns, sem aflað er í raforkukauphöll eða sem er flutt inn frá fyrirtæki sem er staðsett utan Bandalagsins, er heimilt að nota samtölur fyrir árið á undan sem kauphöllin eða hlutaðeigandi fyrirtæki veita.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar, sem birgjar veita viðskiptavinum sínum samkvæmt þessari grein, séu áreiðanlegar.

7. Aðildarríkin skulu hrinda viðeigandi ráðstöfunum í framkvæmd til að ná settum markmiðum um félagslega og efnahagslega samheldni, umhverfisvernd, sem getur falið í sér ráðstafanir að því er varðar stjórnun, með tilliti til orkunýtni/eftirspurnar, og úrræði til berjast gegn loftlagsbreytingum og afhendingaröryggi. Slíkar ráðstafanir geta einkum falið í sér efnahagshvata, þar sem notuð eru, eftir því sem við á, öll innlend tæki og tæki í Bandalaginu, til viðhalds og smíði á nauðsynlegu netgrunnvirki, þ.m.t. flutningsgeta samtengilína.

8. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að beita ekki ákvæðum 6., 7., 20. og 22. gr. að því leyti sem beiting þeirra hindrar, að lögum eða í reynd, að raforkufyrirtækin gætu sinnt þeim skyldum sem á þau eru lagðar í þágu almennra, efnahagslegra hagsmuna og svo framarlega sem það kæmi ekki niður á þróun viðskipta þannig að það gengi þvert á hagsmuni Bandalagsins. Samkvæmt þessari tilskipun og 86. gr. sáttmálans liggja hagsmunir Bandalagsins m.a. í samkeppni með tilliti til óbundinna viðskiptavina.

9. Þegar aðildarríkin hrinda þessari tilskipun í framkvæmd skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir, sem samþykktar eru til að uppfylla skyldur um alþjónustu og opinbera þjónustu, þ.m.t. neytenda- og umhverfisvernd og hugsanleg áhrif þeirra á innlenda og alþjóðlega samkeppni, hvort sem slíkar ráðstafanir krefjast undanþágu frá þessari tilskipun eða ekki. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni á tveggja ára fresti eftir það um allar breytingar á slíkum ráðstöfunum, hvort sem þær krefjast undanþágu frá þessari tilskipun eða ekki.

*4. gr.*

**Eftirlit með afhendingaröryggi**

Aðildarríkin skulu tryggja eftirlit með málefnum er varða afhendingaröryggi. Ef aðildarríki telja það rétt geta þau falið eftirlitsyfirvöldunum, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., þetta verkefni. Þetta eftirlit skal einkum taka til jafnvægis milli framboðs og eftirspurnar á innlenda markaðnum, þess hversu mikil væntanleg framtíðareftirspurn verður og fyrirhugaðrar viðbótarframleiðslugetu, sem er verið að skipuleggja eða byggja upp, og gæða og viðhaldsstigs neta, sem og ráðstafana til að anna eftirspurn á álagstoppum og bregðast við skorti hjá einum eða fleiri birgjum. Lögbær yfirvöld skulu á tveggja ára fresti, eigi síðar en 31. júlí, birta skýrslu þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum eftirlits með þessum atriðum, sem og öllum ráðstöfunum, sem gripið er til eða fyrirhugaðar eru, til að fjalla um þau og þau skulu senda framkvæmdastjórninni þessa skýrslu þegar í stað.

*5. gr.*

**Tæknilegar reglur**

Aðildarríkin skulu tryggja að tæknilegar öryggisviðmiðanir séu skilgreindar og að þróaðar séu og birtar opinberlega tæknireglur um lágmarkskröfur um tæknihönnun og rekstur vegna tengingar framleiðslubúnaðar, dreifikerfa, beintengds notendabúnaðar, samtenglarása og beinna lína við kerfið. Þessar tæknireglur skulu tryggja rekstrarsamhæfi kerfa og vera hlutlægar og án mismununar. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um þær í samræmi við 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([11]).

III. KAFLI

**FRAMLEIÐSLA**

*6. gr.*

**Málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukinni framleiðslugetu**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja málsmeðferð við leyfisveitingu til aukinnar framleiðslugetu, sem skal fara fram í samræmi við viðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

2. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um viðmiðanir um veitingu leyfa til að auka framleiðslugetu á yfirráðasvæðum þeirra. Fyrrnefndar viðmiðanir kunna að varða:

a) öryggi og áreiðanleika raforkukerfisins, stöðva og tengds búnaðar,

b) vernd lýðheilsu og almannaöryggis,

c) umhverfisvernd,

d) landnýtingu og staðsetningu,

e) nýtingu lands í almannaeign,

f) orkunýtni,

g) eðli frumorkugjafans,

h) sérstök einkenni umsækjanda, svo sem tæknilega, efnahagslega og fjárhagslega getu,

i) samræmi við ráðstafanir sem samþykktar eru skv. 3. gr.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir litla og/eða dreifða framleiðslu taki tillit til takmarkaðrar stærðar þeirra og hugsanlegra áhrifa.

4. Birta skal opinberlega málsmeðferð við leyfisveitingu og viðmiðanirnar. Umsækjendum skal tilkynnt um allar ástæður þess að þeim var synjað um leyfi. Ástæðurnar þurfa að vera hlutlægar, án mismununar, gildar og rökstuddar á tilhlýðilegan hátt. Umsækjandinn skal hafa möguleika á að áfrýja synjuninni.

*7. gr.*

**Útboð vegna nýrrar framleiðslugetu**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að sá möguleiki sé fyrir hendi, vegna afhendingaröryggis, að kveða á um nýja framleiðslugetu eða nýjar stjórnunarráðstafanir að því er varðar orkunýti/eftirspurn með útboðsaðferð eða annarri sambærilegri aðferð án mismununar og sem er gagnsæ, á grundvelli viðmiðana sem birtar hafa verið. Þessa málsmeðferð er hinsvegar einungis hægt að hefja ef framleiðslugetan, sem verið er að auka, eða stjórnunarráðstafanir, að því er varðar orkunýtni/eftirspurn sem gripið er til á grundvelli málsmeðferðar vegna leyfisveitingar, eru ekki fullnægjandi til að tryggja afhendingaröryggi.

2. Aðildarríkin geta í þágu umhverfisverndar og kynningar á nýrri, óþróaðri tækni tryggt að sá möguleiki sé fyrir hendi að bjóða út nýja flutningsgetu á grundvelli birtra viðmiðana. Þetta útboð getur tekið til aukinnar framleiðslugetu eða stjórnunarráðstafana að því er varðar orkunýtni/eftirspurn. Málsmeðferð vegna útboðs er hinsvegar einungis hægt að hefja ef framleiðsluaðstaðan, sem verið er að byggja upp, eða ráðstafanir, sem gripið er til, eru, á grundvelli málsmeðferðarinnar vegna leyfisveitingar, ekki fullnægjandi til að ná fram þessum markmiðum.

3. Birta skal einstök atriði útboðsaðferðarinnar vegna aukinnar framleiðslugetu og stjórnunarráðstafanir, að því er varðar orkunýtni/eftirspurn, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í síðasta lagi sex mánuðum áður en tilboðsfrestur rennur út.

Gera skal útboðsgögn aðgengileg öllum fyrirtækjum, sem áhuga hafa og sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkisins, svo að þau hafi nægan tíma til að skila inn tilboði.

Með það í huga að tryggja gagnsæi og jafnræði skal í útboðsgögnum vera nákvæm lýsing á samningsatriðum og þeirri aðferð sem allir bjóðendur verða að nota og tæmandi listi yfir skilyrði sem ráða vali bjóðanda og úthlutun verks. Þessi atriði geta einnig tengst þeim sviðum sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

([11]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

4. Við útboð nauðsynlegrar framleiðslugetu þarf einnig að taka til greina tilboð um afhendingu rafmagns með langtímaábyrgð frá framleiðslueiningum, sem fyrir eru, ef fullnægja má viðbótarkröfunum á þann hátt.

5. Aðildarríkin skulu tilnefna yfirvald eða opinberan aðila eða einkaaðila, sem er óháður starfsemi á sviði framleiðslu, flutnings og dreifingar rafmagns og getur verið eftirlitsyfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 23. gr., til að bera ábyrgð á skipulagningu, eftirliti og stjórnun útboðsaðferðarinnar sem um getur í 1. til 4. mgr. Ef flutningskerfisstjóri er að fullu óháður annarri starfsemi, sem tengist ekki flutningskerfinu með tilliti til eignarhalds, er heimilt að tilnefna flutningskerfisstjóra til að bera ábyrgð á að skipuleggja, hafa eftirlit með og stjórna útboðsaðferðinni. Þessi aðili gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé með þær upplýsingar, sem fram koma í tilboðum, sem trúnaðarmál.

## IV. KAFLI

## REKSTUR FLUTNINGSKERFA

### 8. gr.

### Tilnefning flutningskerfisstjóra

Aðildarríkin skulu tilnefna eða krefjast þess að fyrirtæki, sem eiga flutningskerfi, tilnefni, í tiltekinn tíma sem aðildarríkin ákveða, með tilliti til skilvirkni og efnahagslegs jafnvægis, einn eða fleiri flutningskerfisstjóra. Aðildarríkin skulu tryggja að flutningskerfisstjórar fari að ákvæðum 9. til 12. gr.

### *9. gr.*

### Verkefni flutningskerfisstjóra

Allir flutningskerfisstjórar skulu bera ábyrgð á:

a) að tryggja langtímagetu kerfisins til að uppfylla sanngjarnar kröfur um raforkuflutninga,

b) að stuðla að afhendingaröryggi með fullnægjandi flutningsgetu og áreiðanleika kerfisins,

c) að stjórna orkuflæði um kerfið með tilliti til skipta við önnur samtengd kerfi. Í þeim tilgangi skal flutningskerfisstjóri tryggja öruggt, áreiðanlegt og skilvirkt raforkukerfi og í því sambandi sjá til þess að öll nauðsynleg stoðþjónusta sé til reiðu, að því marki að hún sé tiltæk óháð öðrum flutningskerfum sem kerfið er samtengt.

d) að veita kerfisstjórum allra annarra kerfa, sem kerfi hans er tengt við, nægar upplýsingar til að tryggja öruggan og skilvirkan rekstur samtengda kerfisins, svo og samræmda þróun þess og rekstrarsamhæfi,

e) að tryggja að kerfisnotendum eða flokkum kerfisnotenda, sé ekki mismunað, einkum í því skyni að draga taum fyrirtækja sem eru í eignatengslum við þá ,

f) að veita kerfisnotendum upplýsingarnar, sem þeir þurfa, til að fá fullnægjandi aðgang að kerfinu.

### *10. gr.*

### Sundurgreining flutningskerfisstjóra

1. Ef flutningskerfisstjóri er hluti af lóðrétt samþættu fyrirtæki skal hann vera óháður annarri starfsemi sem tengist ekki flutningskerfinu, a.m.k. að því er varðar lögákveðið rekstrarform, skipulag og ákvarðanatöku. Þessar reglur skulu ekki skapa skyldu um að aðskilja eignarhald á eignum flutningskerfisins frá lóðrétt samþætta fyrirtækinu.

2. Til að tryggja sjálfstæði flutningskerfisstjóra, sem um getur í 1. mgr., skulu eftirfarandi lágmarksviðmiðanir gilda:

a) þeim einstaklingum sem bera ábyrgð á stjórnun flutningskerfisstjóra er ekki heimilt að tilheyra fyrirtækjaskipulagi samþætta raforkufyrirtækisins sem ber, beint eða óbeint, ábyrgð á daglegum rekstri vegna framleiðslu, dreifingar og afhendingar rafmagns,

b) grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að tekið sé tillit til faglegra hagsmuna þeirra einstaklinga, sem bera ábyrgð á stjórnun flutningskerfisstjóra, með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti starfað sjálfstætt,

c) flutningskerfisstjóri skal hafa virkan ákvörðunarrétt, óháðan samþætta raforkufyrirtækinu, með tilliti til eigna sem eru nauðsynlegar til að reka, viðhalda eða þróa netið. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að til staðar séu viðeigandi samræmingaraðferðir til að tryggja að staðinn sé vörður um rétt móðurfélagsins til að hafa efnahagslega og stjórnunarlega yfirumsjón, með tilliti til tekna af eignum, í dótturfyrirtækjum, sem óbeint er haft eftirlit með í samræmi við 2. mgr. 23. gr. Þetta skal einkum gera móðurfélaginu kleift að samþykkja árlega fjárhagsáætlun, eða annan sambærilegan gerning, flutningskerfisstjóra, og að setja heildartakmarkanir á því hversu skuldsett dótturfyrirtæki þess sé. Það skal hvorki veita móðurfélaginu heimild til að gefa fyrirmæli um daglegan rekstur né að taka einstakar ákvarðanir varðandi lagningu eða endurnýjun flutningslína,

sem fara ekki fram úr árlegu fjárhagsáætluninni, eða öðrum sambærilegum gerningi,

d) flutningskerfisstjóri skal koma á eftirlitsáætlun, þar sem settar eru fram ráðstafanir sem gripið er til, til að tryggja að mismunun sé útilokuð og að fylgst sé með viðunandi hætti með því að henni sé fylgt. Í áætluninni skulu settar fram sérstakar skyldur starfsmanna til að uppfylla þetta markmið. Einstaklingurinn eða aðilinn, sem ber ábyrgð á að fylgjast með eftirlitsáætluninni, skal senda eftirlitsyfirvaldinu, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., ársskýrslu, þar sem settar eru fram ráðstafanirnar sem gripið er til, og birta hana.

*11. gr.*

**Álagsdreifing og -jöfnun**

1. Án þess að það hafi áhrif á afhendingu rafmagns á grundvelli samningsskuldbindinga, þ.m.t. þær sem felast í útboðsgögnum, skal flutningskerfisstjóri, ef hann hefur það hlutverk, bera ábyrgð á að dreifa álagi á framleiðslubúnað á svæði sínu og ákvarða notkun samtengla við önnur kerfi.

2. Ákvarða skal dreifingu álags á framleiðslubúnað og notkun samtengla á grundvelli viðmiðana, sem aðildarríkið getur samþykkt og sem verða að vera hlutlægar, birtar opinberlega og beitt án mismununar, til að tryggja að innri markaðurinn á sviði raforku starfi eðlilega. Viðmiðanirnar skulu taka tillit til efnahagslegs forgangs rafmagns frá framleiðslubúnaði, sem fyrir hendi er eða sem er flutt um samtengla, og taka tillit til tæknilegra takmarkana kerfisins.

3. Aðildarríki er heimilt að krefjast þess að kerfisstjóri láti framleiðslubúnað, sem notar endurnýjanlegar orkulindir eða úrgang eða sem framleiðir bæði varma og raforku, hafa forgang þegar álagi er dreift.

4. Af ástæðum er varða afhendingaröryggi er aðildarríki heimilt að ákveða að við dreifingu álags skuli framleiðslubúnaður, sem notar innlenda frumorkugjafa, hafa forgang, þó ekki meira en sem nemur 15% á hverju almanaksári af allri frumorku sem þarf til að framleiða það rafmagn sem notað er í viðkomandi aðildarríki.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að flutningskerfisstjórar uppfylli lágmarksstaðla, að því er varðar viðhald og þróun flutningskerfisins, þ.m.t. flutningsgeta samtengilína.

6. Flutningskerfisstjórar skulu, ef þeir gegna því hlutverki, útvega orkuna, sem þeir nota til að mæta orkutapi og þörfinni fyrir varaflutningsgetu í kerfum sínum, í samræmi við aðferðir sem eru gagnsæjar, án mismununar og markaðstengdar.

7. Reglurnar, sem flutningskerfisstjórar samþykkja til að skapa jafnvægi á raforkukerfinu, skulu vera hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, þ.m.t. reglur um gjaldtöku af kerfisnotendum á netum þeirra, vegna ójafnvægis í orkuflutningum. Ákvarða skal og birta skilmála og skilyrði, sem gilda um veitingu flutningskerfisstjóra á slíkri þjónustu, þ.m.t. reglur og gjaldskrár, samkvæmt aðferðafræði, sem samrýmist 2. mgr. 23. gr., og er án mismununar og kostnaðartengd.

*12. gr.*

**Þagnarskylda flutningskerfisstjóra**

Flutningskerfisstjóri skal, með fyrirvara um ákvæði 18. gr. eða aðra lagaskyldu þess efnis að afhenda upplýsingar, gæta trúnaðar um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem hann aflar sér með starfsemi sinni. Upplýsingar, sem hann birtir varðandi eigin starfsemi og sem geta falið í sér viðskiptalegan ávinning, skulu gerðar tiltækar án mismununar.

V. KAFLI

**REKSTUR DREIFIKERFA**

*13. gr.*

**Tilnefning dreifikerfisstjóra**

Aðildarríkin skulu tilnefna eða skulu krefjast þess að fyrirtæki, sem eiga eða bera ábyrgð á dreifikerfum, tilnefni, til tiltekins tíma sem aðildarríkin ákveða með tilliti til skilvirkni og efnahagslegs jafnvægis, einn eða fleiri dreifikerfisstjóra. Aðildarríkin skulu tryggja að dreifikerfisstjórar fari að ákvæðum 14. til 16. gr.

*14. gr.*

**Verkefni dreifikerfisstjóra**

1. Dreifikerfisstjóri skal halda starfandi öruggu, áreiðanlegu og skilvirku raforkudreifikerfi á sínu svæði, með tilhlýðilegu tilliti til umhverfisins.

2. Hann má ekki undir neinum kringumstæðum mismuna kerfisnotendum eða hópum kerfisnotenda, einkum í þágu fyrirtækja sem eru í eignartengslum við hann.

3. Dreifikerfisstjóri skal veita kerfisnotendum upplýsingarnar sem þeir þurfa til að fá fullnægjandi aðgang að kerfinu.

4. Aðildarríki er heimilt að krefjast þess að dreifikerfisstjóri láti framleiðslubúnað, sem notar endur-

nýjanlegar orkulíndir eða úrgang eða sem framleiðir bæði hita og rafmagn, hafa forgang þegar álagi er dreift.

5. Dreifikerfisstjórar skulu, ef þeir gegna því hlutverki, útvega orkuna sem þeir nota til að mæta orkutapi og þörfinni fyrir varaflutningsgetu í kerfum sínum í samræmi við aðferðir sem eru gagnsæjar, án mismununar og markaðstengdar. Þessi krafa skal ekki hafa áhrif á notkun raforku sem aflað er með samningum sem gerðir eru fyrir 1. janúar 2002.

6. Ef dreifikerfisstjórar bera ábyrgð á að skapa jafnvægi á raforkudreifikerfinu skulu reglur, sem þeir samþykkja, vera hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, þ.m.t. reglur um gjaldtöku af kerfisnotendum á netum þeirra vegna ójafnvægis í orkuflutningum. Ákvarða skal og birta skilmála og skilyrði, þ.m.t. reglur og gjaldskrár sem gilda um veitingu dreifikerfisstjóra á slíkri þjónustu, í samræmi við 2. mgr. 23. gr. án mismununar og á kostnaðartengdan hátt.

7. Við skipulagningu þróunar dreifikerfisins skal dreifikerfisstjórinn taka tillit til stjórnunarráðstafana, að því er varðar orkunýtni/eftirspurn og/eða dreifða framleiðslu, sem gætu komið í stað þess að þurfa að endurnýja kerfið eða auka flutningsgetuna.

*15. gr.*

**Sundurgreining dreifikerfisstjóra**

1. Ef dreifikerfisstjóri er hluti af lóðrétt samþættu fyrirtæki skal hann vera óháður annarri starfsemi, sem tengist ekki dreifikerfinu, a.m.k. að því er varðar lögákveðið rekstrarform, skipulag og ákvarðanatöku. Þessar reglur skulu ekki skapa skyldu um að aðskilja eignarhald á eignum dreifikerfisstjóra frá lóðrétt samþætta fyrirtækinu.

2. Auk krafnanna í 1. mgr. skal dreifikerfisstjóri ef hann er hluti af lóðrétt samþættu fyrirtæki vera óháður annarri starfsemi, sem tengist ekki dreifikerfinu, að því er varðar skipulag og ákvarðanatöku. Til að ná þessu fram skulu eftirfarandi lágmarksviðmiðanir gilda:

a) einstaklingum, sem bera ábyrgð á stjórnun dreifikerfisstjóra, er ekki heimilt að tilheyra fyrirtækjaskipulagi samþætta raforkufyrirtækisins sem ber, beint eða óbeint, ábyrgð á daglegum rekstri vegna framleiðslu, flutnings og afhendingar rafmagns,

b) grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að tekið sé tillit til faglegra hagsmuna þeirra einstaklinga, sem bera ábyrgð á stjórnun dreifikerfisstjóra, með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti starfað sjálfstætt,

c) dreifikerfisstjóri skal hafa virkan ákvörðunarrétt, óháðan samþætta raforkufyrirtækinu, með tilliti til eigna, sem nauðsynlegar eru, til að reka, viðhalda eða þróa netið. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að til staðar séu viðeigandi samræmingaraðferðir til að tryggja að staðinn sé vörður um rétt móðurfélagsins til að hafa efnahagslega og stjórnunarlega yfirumsjón, með tilliti til tekna af eignum, í dótturfyrirtækjum, sem er stýrt óbeint í samræmi við 2. mgr. 23. gr. Þetta skal einkum gera móðurfélaginu kleift að samþykkja árlega fjárhagsáætlun, eða annan sambærilegan gerning, dreifikerfisstjóra og að setja heildartakmarkanir varðandi það hversu skuldsett dótturfyrirtæki þess sé. Það skal hvorki veita móðurfélaginu heimild til að gefa fyrirmæli um daglegan rekstur né að taka einstakar ákvarðanir varðandi lagningu eða endurnýjun dreifilína, sem fara ekki fram úr árlegu fjárhagsáætluninni eða öðrum sambærilegum gerningi,

d) dreifikerfisstjóri skal koma á eftirlitsáætlun, þar sem settar eru fram ráðstafanir sem gripið er til, til að tryggja að mismunun sé útilokuð og að fylgst sé með viðunandi hætti með því að henni sé fylgt. Í áætluninni skulu settar fram sérstakar skyldur starfsmanna til að uppfylla þetta markmið. Einstaklingurinn eða aðilinn, sem ber ábyrgð á að fylgjast með eftirlitsáætluninni, skal senda eftirlitsyfirvaldinu, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., ársskýrslu, þar sem settar eru fram ráðstafanirnar sem gripið er til, og birta hana.

Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að beita ekki 1. og 2. mgr. gagnvart samþættum raforkufyrirtækjum, sem þjóna færri en 100 000 tengdum viðskiptavinum, eða þjóna litlum, einangruðum kerfum.

*16. gr.*

**Þagnarskylda dreifikerfisstjóra**

Dreifikerfisstjóri skal, með fyrirvara um ákvæði 18. gr. eða aðra lagaskyldu þess efnis að afhenda upplýsingar, gæta trúnaðar um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, sem hann aflar sér með starfsemi sinni, og skal koma í veg fyrir að upplýsingar varðandi eigin starfsemi, sem geta falið í sér viðskiptalegan ávinning, séu birtar á þann hátt að það feli í sér mismunun.

*17. gr.*

**Kerfisstjóri samsettra kerfa**

Reglurnar í 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 15. gr. koma ekki í veg fyrir að einn kerfisstjóri reki samsett flutnings- og dreifikerfi, sem eru óháð annarri starfsemi sem ekki tengist rekstri flutnings- og dreifikerfis, að því er varðar lögákveðið rekstrarform, skipulag og ákvarðanatöku og sem uppfyllir kröfurnar sem eru settar fram í a til d-lið. Þessar reglur skulu ekki skapa skyldu um að aðskilja eignarhald á eignum samsetta kerfisins frá lóðrétt samþætta fyrirtækinu:

a) einstaklingum, sem bera ábyrgð á stjórnun kerfisstjóra samsetta kerfisins, er ekki heimilt að tilheyra fyrirtækjaskipulagi samþætta raforkufyrirtækisins sem ber, beint eða óbeint, ábyrgð á daglegum rekstri vegna framleiðslu eða afhendingar rafmagns,

b) grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að tekið sé tillit til faglegra hagsmuna þeirra einstaklinga, sem bera ábyrgð á stjórnun kerfisstjóra samsetta kerfisins, með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti starfað sjálfstætt,

c) kerfisstjóri samsetts kerfis skal hafa virkan ákvörðunarrétt, óháðan samþætta raforkufyrirtækinu, með tilliti til eigna sem nauðsynlegar eru til að reka, viðhalda og þróa netið. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að til staðar séu viðeigandi samræmingaraðferðir til að tryggja að staðinn sé vörður um rétt móðurfélagsins til að hafa efnahagslega og stjórnunarlega yfirumsjón með tilliti til tekna af eignum, í dótturfyrirtækjum, sem óbeint er haft eftirlit með í samræmi við 2. mgr. 23. gr. Þetta skal einkum gera móðurfélaginu kleift að samþykkja árlega fjárhagsáætlun, eða annan sambærilegan gerning, kerfisstjóra samsetts kerfis og að setja heildartakmarkanir á því hversu skuldsett dótturfyrirtæki þess sé. Það skal hvorki veita móðurfélaginu heimild til að gefa fyrirmæli um daglegan rekstur né að taka einstakar ákvarðanir varðandi lagningu eða endurnýjun flutnings- og dreifilína, sem fara ekki fram úr árlegu fjárhagsáætluninni eða öðrum sambærilegum gerningi.

d) kerfisstjóri samsetts kerfis skal koma á eftirlitsáætlun þar sem settar eru fram ráðstafanir, sem gripið er til, til að tryggja að mismunun sé útilokuð og að fylgst sé með viðunandi hætti með því að henni sé fylgt. Í áætluninni skulu settar fram sérstakar skyldur starfsmanna til að uppfylla þetta markmið. Einstaklingurinn eða aðilinn, sem ber ábyrgð á að fylgjast með eftirlitsáætluninni, skal senda eftirlitsyfirvaldinu, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., ársskýrslu, þar sem settar eru fram ráðstafanirnar sem gripið er til, og birta hana.

VI. KAFLI

**SUNDURGREINING OG GAGNSÆI REIKNINGA**

*18. gr.*

**Réttur til aðgangs að reikningum**

1. Aðildarríkin eða hvert það lögbæra yfirvald, sem þau tilnefna, að meðtöldum eftirlitsyfirvöldunum, sem um getur í 23. gr., skulu, að því marki sem nauðsynlegt er til að starfrækja hlutverk þeirra, hafa aðgang að reikningum raforkufyrirtækja, eins og segir í 19. gr.

2. Aðildarríkin og öll lögbær yfirvöld, sem þau tilnefna auk eftirlitsyfirvaldanna, skulu gæta trúnaðar um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um birtingu slíkra upplýsinga ef slíkt er nauðsynlegt til þess að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sinna störfum sínum.

*19. gr.*

**Sundurgreining reikninga**

1. Aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að reikningar raforkufyrirtækja séu haldnir í samræmi við 2. til 3. mgr.

2. Raforkufyrirtæki, hvernig sem eignarhaldi þeirra eða rekstrarformi að lögum er háttað, skulu ganga frá ársreikningum sínum og leggja þá fram til endurskoðunar og birta í samræmi við ákvæði landslaga um ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð sem samþykkt eru á grundvelli tilskipunar ráðsins 78/660/EB frá 25. júlí 1978 sem byggist á g-lið 2. mgr. 44. gr. (*) sáttmálans um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([12]).

Fyrirtæki, sem ekki er skylt samkvæmt lögum að birta ársreikninga sína, skulu hafa afrit þeirra aðgengileg almenningi á aðalskrifstofu sinni.

3. Raforkufyrirtæki skulu halda í innra bókhaldi sínu aðskilda reikninga fyrir flutnings- og dreifingarstarfsemi sína eins og krafist væri af þeim ef aðskilin

(*) Titli tilskipunar 78/660/EBE hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 12. gr. Amsterdamsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í g-lið 3. mgr. 54. gr.

([12]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

fyrirtæki sæju um fyrrnefnda starfsemi, í þeim tilgangi að forðast mismunun, víxlniðurgreiðslur og röskun á samkeppni. Þau skulu einnig halda reikninga sem hægt er að steypa saman fyrir aðra raforkustarfsemi sem tengist ekki flutningi eða dreifingu. Til 1. júlí 2007 skulu þau halda aðskilda reikninga vegna afhendingarstarfsemi að því er varðar óbundna viðskiptavini og afhendingarstarfsemi að því er varðar bundna viðskiptavini. Tekjur vegna eignarhalds á flutnings-/dreifikerfi skulu tilgreindar í reikningunum. Þau skulu halda samsteypta reikninga, eftir því sem við á, fyrir aðra starfsemi sem ekki tengist rafmagni. Innra bókhaldinu skal fylgja efnahagsreikningur og rekstrarreikningur fyrir hverja tegund starfsemi.

4. Með úttektinni, sem um getur í 2. mgr., skal einkum ganga úr skugga um að skyldan um að forðast mismunun og víxlniðurgreiðslur, sem um getur í 3. mgr., sé virt.

## VII. KAFLI

## SKIPULAG AÐGANGS AÐ KERFINU

*20. gr.*

### Aðgangur þriðju aðila

1. Aðildarríkin skulu tryggja að kerfi sem komið er á fyrir aðgang þriðju aðila að flutnings- og dreifikerfum, sem byggist á birtum gjaldskrám, gildi um alla óbundna viðskiptavini og því sé beitt hlutlægt og án þess að kerfisnotendum sé mismunað. Aðildarríkin skulu tryggja að þessar gjaldskrár eða aðferðafræðin, sem liggur að baki útreikningi þeirra, séu samþykktar áður en þær taka gildi í samræmi við 23. gr. og að þessar gjaldskrár og aðferðafræði – ef einungis aðferðafræðin er samþykkt – séu birtar áður en þær taka gildi.

2. Kerfisstjóri flutnings- eða dreifikerfis má synja um aðgang ef nauðsynleg flutningsgeta er ekki fyrir hendi. Gefa þarf rökstuddar ástæður fyrir slíkri synjun, einkum með tilliti til 3. gr. Aðildarríkin skulu tryggja, eftir því sem við á og þegar synjað er um aðgang, að kerfisstjóri flutnings- eða dreifikerfis veiti viðeigandi upplýsingar um ráðstafanir sem væru nauðsynlegar til að styrkja netið. Heimilt er að krefja aðila, sem óskar eftir slíkum upplýsingum, um sanngjarnt gjald sem endurspeglar kostnaðinn við að veita slíkar upplýsingar.

*21. gr.*

### Markaðsopnun og gagnkvæmni

1. Aðildarríkin skulu tryggja að óbundnir viðskiptavinir séu:

a) til 1. júlí 2004, óbundnir viðskiptavinir eins og tilgreint er í 1. til 3. mgr. 19. gr. í tilskipun 96/92/EB. Aðildarríki skulu, eigi síðar en 31. janúar ár hvert, birta viðmiðanirnar fyrir skilgreiningu á þessum óbundnu viðskiptavinum,

b) frá 1. júlí 2004 í síðasta lagi, allir viðskiptavinir sem kaupa ekki til heimilisnota,

c) frá 1. júlí 2007, allir viðskiptavinir.

2. Til að forðast ójafnvægi við opnun raforkumarkaða:

a) má ekki banna samninga um afhendingu raforku við óbundna viðskiptavini í kerfi annars aðildarríkis ef viðskiptavinurinn telst óbundinn viðskiptavinur í báðum kerfunum,

b) er framkvæmdastjórninni heimilt, í tilvikum þar sem viðskiptunum, sem lýst er í a-lið, er synjað af því að viðskiptavinurinn er aðeins óbundinn viðskiptavinur í öðru kerfinu, og að teknu tilliti til ástandsins á markaðinum og sameiginlegra hagsmuna, að skylda þann aðila sem synjar um viðskiptin til að sjá um afhendingu sem farið var fram á að beiðni aðildarríkisins þar sem óbundni viðskiptavinurinn hefur aðsetur.

*22. gr.*

### Beinar línur

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

a) að allir raforkuframleiðendur og fyrirtæki, sem afhenda rafmagn og hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra, geti þjónað eigin athafnasvæði, dótturfyrirtækjum og óbundnum viðskiptavinum um beina línu,

b) að unnt sé að þjóna öllum óbundnum viðskiptavinum innan yfirráðasvæðis þeirra um beina línu frá framleiðanda og fyrirtækjum sem afhenda rafmagn.

2. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um viðmiðanir um veitingu leyfa til að leggja beinar línur á yfirráðasvæði þeirra. Þessar viðmiðanir skulu vera hlutlægar og án mismununar.

3. Það að heimilt er að afhenda rafmagn um beina línu, eins og um getur í 1. mgr., hefur ekki áhrif á það að unnt sé að semja um afhendingu í samræmi við ákvæði 20. gr.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að binda leyfi til að leggja beina línu því skilyrði að annaðhvort hafi verið synjað um aðgang að kerfi á grundvelli 20. gr. eða

að hafin sé málsmeðferð til lausnar deilumáli í samræmi við 23. gr.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að synja um leyfi fyrir beinni línu ef slík leyfisveiting bryti í bága við ákvæði 3. gr. Gefa þarf rökstuddar ástæður fyrir slíkri synjun.

*23. gr.*

**Eftirlitsyfirvöld**

1. Aðildarríkin skulu tilnefna einn eða fleiri þar til bæra aðila sem gegna hlutverki eftirlitsyfirvalda. Þessi yfirvöld skulu vera fullkomlega óháð hagsmunum raforkuiðnaðarins. Með beitingu þessarar greinar skulu þau a.m.k. bera ábyrgð á að tryggja jafnræði, virka samkeppni og skilvirka starfsemi markaðarins og einkum fylgjast með:

a) reglum um stjórnun og úthlutun flutningsgetu samtengilína, í samvinnu við eftirlitsyfirvald eða -völd þeirra aðildarríkja þar sem samtenging er fyrir hendi,

b) öllum aðferðum til að bregðast við skertri flutningsgetu vegna kerfisangar í innlenda rafkerfinu,

c) tímanum sem það tekur flutnings- og dreifingarfyrirtæki að koma á tengingum og gera við,

d) birtingu kerfisstjóra flutnings- og dreifikerfa á viðeigandi upplýsingum varðandi samtengla, notkun dreifikerfis og úthlutun flutningsgetu til hagsmunaaðila að teknu tilliti til nauðsynjar þess að fara þannig með upplýsingar, sem ekki er safnað saman, eins og viðskiptaleynd gilti um þær,

e) skilvirkri sundurgreiningu reikninga, eins og um getur í 19. gr., til að tryggja að engar víxlniðurgreiðslur séu milli framleiðslu-, flutnings- og dreifingarstarfsemi,

f) skilmálum, skilyrðum og gjaldskrám vegna tengingar nýrra framleiðenda rafmagns til að tryggja að þau séu hlutlæg, gagnsæ og án mismununar, einkum að teknu fullu tilliti til kostnaðar og ávinnings af ýmis konar tækni að því er varðar endurnýjanlega orkugjafa, dreifða framleiðslu og samþætta varma- og raforkuvinnslu,

g) að hvaða marki kerfisstjórar flutnings- og dreifikerfa uppfylla hlutverk sín í samræmi við 9. og 14. gr.,

h) að hve miklu leyti gagnsæi og samkeppni ríkir.

Yfirvöldin, sem komið var á fót samkvæmt þessari grein, skulu birta ársskýrslu um niðurstöður eftirlitsaðgerða þeirra sem um getur í a til h-lið.

2. Eftirlitsyfirvöldin skulu bera ábyrgð á að ákveða eða samþykkja a.m.k. aðferðafræðina, sem notuð er til að reikna út eða setja skilmála og skilyrði fyrir eftirfarandi, áður en þau taka gildi:

a) tengingu og aðgangi að innlendum netum, þ.m.t. gjaldskrár fyrir flutning og dreifingu. Þessar gjaldskrár eða aðferðafræði skulu gera kleift að nauðsynleg fjárfesting í netum geti átt sér stað með þeim hætti að þessar fjárfestingar tryggi virkni netsins,

b) veitingu þjónustu í tengslum við jöfnun.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að eftirlitsyfirvöldin skuli leggja fyrir viðkomandi aðila í aðildarríkinu, gjaldskrárnar eða a.m.k. aðferðafræðina, sem um getur í þeirri grein, sem og breytingarnar, sem um getur í 4. mgr, til formlegrar ákvarðanatöku. Viðkomandi aðili skal, í slíku tilviki, annaðhvort hafa vald til að samþykkja eða hafna drögum að ákvörðun sem eftirlitsyfirvaldið leggur fyrir. Þessar gjaldskrár eða aðferðafræðin eða breytingarnar á þeim skulu birtar ásamt ákvörðuninni um formlega samþykkt. Einnig skal birta allar formlegar synjanir á drögum að ákvörðunum ásamt rökstuðningi þar að lútandi.

4. Eftirlitsyfirvöld skulu hafa heimild til að krefjast þess að kerfisstjórar flutnings- og dreifikerfa, ef nauðsyn ber til, breyti þeim skilmálum og skilyrðum, gjaldskrám, reglum, aðferðum og aðferðafræði, sem um getur í 1., 2., og 3. mgr., til að tryggja að þær séu hlutfallslegar og þeim beitt án mismununar.

5. Allir aðilar, sem vilja leggja fram kæru á hendur kerfisstjóra flutnings- eða dreifikerfis með tilliti til málefnanna sem um getur í 1., 2. og 4. mgr., geta kært til eftirlitsyfirvaldsins, sem skal gegna hlutverki yfirvalds, sem sér um lausn deilumála, og gefa út ákvörðun innan tveggja mánaða frá því kæran berst. Heimilt er að framlengja þetta tímabil um tvo mánuði ef eftirlitsyfirvaldið óskar eftir viðbótarupplýsingum. Heimilt er framlengja þetta tímabil enn frekar með samþykki kærandans. Slík ákvörðun skal vera bindandi nema og þangað til henni er hnekkt með áfrýjun.

Ef kæran varðar gjaldskrár vegna tengingar á stórum, nýjum framleiðslubúnaði er eftirlitsyfirvaldinu heimilt að framlengja tveggja mánaða tímabilið.

6. Öllum aðilum, sem verða fyrir áhrifum og hafa rétt á að kæra vegna ákvörðunar um aðferðafræði

sem tekin er skv. 2., 3. eða 4. mgr., eða, ef eftirlitsyfirvaldinu ber skylda til að hafa samráð að því er varðar fyrirhugaða aðferðafræði, er heimilt í síðasta lagi innan tveggja mánaða, eða skemmra tímabils eins og aðildarríkin kveða á um, í kjölfar birtingar ákvörðunar eða tillögu að ákvörðun, að leggja inn kæru til umfjöllunar. Slík kæra skal ekki hafa áhrif til frestunar.

7. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að eftirlitsyfirvöld geti sinnt skyldum sínum, sem um getur í 1. til 5. mgr., á skilvirkan og skjótan hátt.

8. Aðildarríkin skulu koma á viðeigandi og skilvirku fyrirkomulagi stýringar, stjórnunar og gagnsæis til að forðast misnotkun á yfirburðastöðu einkum þegar hún kemur niður á neytendum og undirverðlagningu. Í þessu fyrirkomulagi skal tekið tillit til ákvæða sáttmálans, einkum 82. gr.

Til ársins 2010 skulu viðkomandi yfirvöld aðildarríkjanna, eigi síðar en 31. júlí ár hvert, í samræmi við samkeppnislög, gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um markaðsyfirráð, undirboð og samkeppnishamlandi starfshætti. Í þessari skýrslu skal auk þess vera að finna úttekt á breytilegu eignarhaldsmynstri og öllum raunverulegum ráðstöfunum, sem gripið er til á innlendum vettvangi, til að tryggja nægilega fjölbreytni aðila á markaðinum eða raunverulegar ráðstafanir, sem gripið er til, til að bæta samtengingar og auka samkeppni. Frá og með árinu 2010 skulu viðkomandi yfirvöld gefa slíka skýrslu á tveggja ára fresti.

9. Aðildarríkin skulu tryggja að gripið sé til viðeigandi ráðstafana, þ.m.t. stjórnsýsluaðgerðir, eða að höfðað sé sakamál í samræmi við innlend lög, gegn einstaklingum eða lögaðilum, sem bera ábyrgð, ef reglur um þagnarskyldu, sem settar eru með þessari tilskipun, hafa ekki verið virtar.

10. Nái deilumál yfir landamæri skal eftirlitsyfirvaldið, sem tekur ákvörðun, vera eftirlitsyfirvaldið, sem hefur lögsögu að því er varðar kerfisstjórann, sem synjar um notkun á kerfinu eða aðgang að því.

11. Kærurnar, sem um getur í 5. og 6. mgr., koma ekki í veg fyrir að málskotsréttur sé nýttur samkvæmt lögum Bandalagsins og innlendum lögum.

12. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu stuðla að þróun innri markaðarins og jöfnum samkeppnisskilyrðum með því að vinna saman og með framkvæmdastjórninni á gagnsæjan hátt.

## VIII. KAFLI

## LOKAÁKVÆÐI

*24. gr.*

### Verndarráðstafanir

Komi skyndilega til kreppu á orkumarkaðinum og sé öryggi fólks, tækja eða búnaðar eða heildstæði kerfisins stefnt í hættu, er aðildarríki heimilt að grípa tímabundið til nauðsynlegra verndarráðstafana.

Slíkar ráðstafanir þurfa að vera með því móti að þær valdi sem minnstum truflunum á starfsemi innri markaðarins og mega ekki vera víðtækari en nauðsynlegt er til að bregðast við vandanum sem komið hefur upp.

Viðkomandi aðildarríki skal tafarlaust tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir og þeim er heimilt að ákveða að aðildarríkinu beri að breyta ráðstöfununum eða afnema þær, að því marki sem þær raska samkeppni og hafa neikvæð áhrif á viðskipti á einhvern þann hátt sem stríðir gegn sameiginlegum hagsmunum.

*25. gr.*

### Eftirlit með innflutningi á raforku

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni á þriggja mánaða fresti um innflutning á raforku með tilliti til raunverulegs flæðis síðustu þrjá mánuði á undan frá þriðju löndum.

*26. gr.*

### Undanþágur

1. Aðildarríki, sem geta sýnt fram á, eftir að þessi tilskipun hefur öðlast gildi, að umtalsverð vandkvæði séu á rekstri lítilla, einangraðra kerfa þeirra, geta sótt um undanþágur frá þeim ákvæðum IV., V., VI. og VII. kafla sem máli skipta, auk III. kafla þegar um er ræða einangruð örkerfi, að því er varðar endurnýjun, uppfærslu og aukningu flutningsgetu, sem fyrir hendi er, og er framkvæmdastjórninni heimilt að veita þeim þessar undanþágur. Framkvæmdastjórnin tilkynnir aðildarríkjunum um þessar umsóknir áður en hún tekur ákvörðun, að teknu tilliti til trúnaðarkröfunnar. Ákvörðunin skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þessi grein gildir einnig um Lúxemborg.

2. Aðildarríki, sem, eftir að þessi tilskipun hefur tekið gildi, af ástæðum sem eru tæknilegs eðlis, á í umtalsverðum vandræðum með að opna markað sinn fyrir tilteknum afmörkuðum hópi viðskiptavina, sem ekki kaupa til heimilisnota og um getur í b-lið 1.

mgr. 21. gr., má sækja um undanþágu frá þessu ákvæði, sem framkvæmdastjórnin getur veitt því í tímabil sem varir ekki lengur en í 18 mánuði eftir dagsetninguna sem um getur í 1. mgr. 30. gr. Í öllum tilvikum skal slík undanþága fellur úr gildi á þeim degi sem um getur í c-lið 1. mgr. 21. gr.

*27. gr.*

**Endurskoðun**

Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu í skýrslunni, sem um getur í 3. mgr. 28. gr., í ljósi þess á hversu skilvirkan hátt netaðgangur hefur verið framkvæmdur í aðildarríki sem hefur í för með sér netaðgang sem er að fullu virkur, án mismununar og án hindrana að tilteknar skyldur, sem þessi tilskipun leggur á fyrirtæki (þ.m.t. þær sem fjalla um lagalega sundurgreiningu kerfisstjóra dreifikerfa) séu ekki í réttu hlutfalli við markmiðið, sem stefnt er að, er aðildarríkinu heimilt að leggja fram beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um undanþágu frá kröfunni sem um ræðir.

Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um beiðnina ásamt öllum viðkomandi upplýsingum, sem nauðsynlegar eru, til að sýna fram á að niðurstaðan, sem komist var að í skýrslunni um að skilvirkur aðgangur að netinu verði tryggður, muni gilda áfram.

Innan þriggja mánaða frá því að framkvæmdastjórninni berst tilkynning skal hún samþykkja álit með tilliti til beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis og, eftir því sem við á, leggja tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið um að breyta viðkomandi ákvæðum tilskipunarinnar. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja til í tillögunum að tilskipuninni, verði breytt að hlutaðeigandi aðildarríki verði undanþegið tilteknum kröfum, háð því að aðildarríkið grípi til jafn áhrifaríkra ráðstafana, eftir því sem við á.

*28. gr.*

**Skýrslugjöf**

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með og endurskoða beitingu þessarar tilskipunar og leggja heildarskýrslu um árangur fyrir Evrópuþingið og ráðið í lok fyrsta ársins eftir gildistöku þessarar tilskipunar og árlega eftir það. Þessi skýrsla skal a.m.k. taka til:

a) fenginnar reynslu og árangurs, sem næst við að koma endanlega á innri markað á sviði raforku sem verður starfræktur að fullu, og hindrana, sem eftir eru í þessu tilliti, þ.m.t. þættir varðandi markaðsyfirráð, samþjöppun á markaði, undirboð eða samkeppnishamlandi starfshættir og áhrif þessa með tilliti til markaðsröskunar,

b) þess að hvaða marki kröfur um sundurgreiningu og setningu gjaldskrár, sem er að finna í þessari tilskipun, hafa verið árangursríkar við að tryggja sanngjarnan aðgang án mismununar að raforkukerfi Bandalagsins og sambærilegt samkeppnisstig, sem og efnahagslegra, umhverfislegra og félagslegra afleiðinga af opnun raforkumarkaðar fyrir viðskiptavini,

c) rannsóknar á málefnum er tengjast flutningsgetu kerfis og afhendingaröryggi raforku í Bandalaginu og einkum núverandi og áætluðu jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar að teknu tilliti til raunverulegrar flutningsgetu fyrir skipti milli svæða,

d) þess að sérstakur gaumur verður gefinn ráðstöfunum, sem gripið er til í aðildarríkjunum, til að anna eftirspurn á álagstoppum og bregðast við skorti hjá einum eða fleiri birgjum,

e) framkvæmdar á undanþágunni, sem kveðið er á um skv. 2. mgr. 15. gr., með tilliti til hugsanlegrar endurskoðunar viðmiðunarmarkanna,

f) almenns mats á árangrinum, sem næst með tilliti til tvíhliða samskipta við þriðju lönd sem framleiða og flytja út eða flytja raforku, þ.m.t. árangur í markaðssamþættingu, félagslegar afleiðingar og afleiðingar fyrir umhverfið, sem viðskiptin með rafmagn og aðgangur að netum í slíkum þriðju löndum, hefur,

g) þarfarinnar á hugsanlegum samræmingarkröfum sem ekki tengjast ákvæðum þessarar tilskipunar,

h) þess með hvaða hætti aðildarríkin hafa í raun hrint kröfunum varðandi orkumerkingar, sem er að finna í 6. mgr. 3. gr., í framkvæmd og með hvaða hætti tekið hefur verið tillit til sérhverra tilmæla framkvæmdastjórnarinnar um þetta málefni.

Eftir því sem við á, geta í skýrslunni verið tilmæli, sérstaklega að því er varðar gildissvið og fyrirkomulag ákvæða um merkingar, t.d. með hvaða hætti er vísað til þeirra heimilda sem fyrir hendi eru og efni þessara heimilda og nánar tiltekið með hvaða hætti hægt sé að gera upplýsingarnar um umhverfisáhrif, a.m.k. með tilliti til koltvísýringslosunar og geislavirks úrgangs sem til fellur við raforkuframleiðslu með mismunandi orkugjöfum, tiltækar á gagnsæjan og sambærilegan hátt þar sem auðvelt er að nálgast þær í öllu Evrópubandalaginu og um það með hvaða hætti sé hægt að einfalda ráðstafanirnar, sem aðildarríkin grípa til, til að hafa eftirlit með áreiðanleika upplýsinganna, sem birgjar veita, og ráðstafanir til

að vega upp á móti neikvæðum áhrifum markaðsyfirráða og samþjöppunar á markaði.

2. Á tveggja ára fresti skal í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr., einnig fjallað um greiningu á mismunandi ráðstöfunum, sem aðildarríkin gera til að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu, ásamt könnun á skilvirkni þessara ráðstafana, einkum áhrifa þeirra á samkeppni á raforkumarkaðinum. Eftir því sem við á, geta í þessari skýrslu verið tilmæli, að því er varðar ráðstafanir sem gera skal á innlendum vettvangi til að koma á opinberri þjónustu á háu stigi, eða ráðstafanir, sem ætlað er að koma í veg fyrir hindranir á markaðsaðgangi.

3. Framkvæmdastjórnin, skal eigi síðar en 1. janúar 2006, senda Evrópuþinginu og ráðinu nákvæma skýrslu þar sem rakinn er árangur af því að skapa innri markað á sviði raforku. Skýrslan skal fyrst og fremst fjalla um:

— hvort netaðgangur án mismununar sé til staðar,

— skilvirka reglusetningu,

— þróun á grunnvirki til samtengingar og öryggi afhendingar í Bandalaginu,

— að hvaða marki fullur ávinningur af opnun markaða kemur litlum fyrirtækjum og heimilum til góðs, nánar tiltekið með tilliti til gæða opinberrar þjónustu og alþjónustu,

— að hvaða marki markaðir eru í raun opnir fyrir virkri samkeppni, þ.m.t. þættir varðandi markaðsyfirráð, samþjöppun á markaði, undirboð eða samkeppnishamlandi starfshættir,

— að hvaða marki viðskiptavinir eru í raun að skipta um birgi og semja um gjaldskrár,

— verðþróun, þ.m.t. afhendingarverð, með tilliti til þess hversu opnir markaðir eru,

— reynsluna, sem fengist hefur við beitingu tilskipunarinnar að því er varðar raunverulegt sjálfstæði kerfisstjóra í lóðrétt samþættum fyrirtækjum, og hvort aðrar ráðstafanir til viðbótar við sjálfstæði, að því er varðar starfsemi og aðskilið bókhald, hafa verið þróaðar sem hafa sambærileg áhrif og lagaleg sundurgreining.

Eftir því sem við á, skal framkvæmdastjórnin senda tillögur til Evrópuþingsins og ráðsins, einkum til að tryggja opinbera þjónustu á háu stigi.

Eftir því sem við á, skal framkvæmdastjórnin senda tillögur til Evrópuþingsins og ráðsins, einkum til að tryggja fullt og skilvirkt sjálfstæði kerfisstjóra dreifikerfa eigi síðar en 1. júlí 2007. Ef nauðsynlegt er skulu þessar tillögur, í samræmi við samkeppnislög, einnig varða ráðstafanir um málefni er varða markaðsyfirráð, samþjöppun á markaði, undirboð eða samkeppnishamlandi starfshætti.

*29. gr.*

**Niðurfelling**

Tilskipun 90/547/EBE skal felld úr gildi frá og með 1. júlí 2004. Tilskipun 96/92/EB falli hér með úr gildi frá og með 1. júlí 2004, með fyrirvara um skyldur aðildarríkja varðandi frest til lögleiðingar og beitingar fyrrnefndrar tilskipunar. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðauka B.

*30. gr.*

**Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að fresta framkvæmd 1. mgr. 15. gr. til 1. júlí 2007. Þetta skal vera með fyrirvara um kröfurnar sem er að finna í 2. mgr. 15. gr.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*31. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*32. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júní 2003.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | A. TSOCHATZOPOULOS |
| forseti. | forseti. |

*VIÐAUKI A*

**Ráðstafanir er varða neytendavernd**

Með fyrirvara um reglur Bandalagsins um neytendavernd, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB ([13]) og tilskipun ráðsins 93/13/EB ([14]), eiga ráðstafanirnar, sem um getur í 3. gr., að tryggja að viðskiptavinir:

a) eigi rétt á samningi við þann sem veitir þeim raforkuþjónustu, sem tilgreinir:

— heiti og heimilisfang birgisins,

— þjónustuna, sem veitt er, gæði þeirrar þjónustu sem boðin er svo og hvenær upphafleg tenging mun eiga sér stað,

— tegundir viðhaldsþjónustu ef hún er í boði,

— með hvaða hætti hægt er að nálgast uppfærðar upplýsingar um allar viðeigandi gjaldskrár og viðhaldsgjöld,

— gildistíma samningsins, skilyrði fyrir endurnýjun og uppsögn þjónustunnar og samningsins, hvort réttur til afturköllunar sé fyrir hendi,

— hvers kyns bóta- og endurgreiðslufyrirkomulag sem gildir ef þjónustugæðin, sem samið var um, eru ekki uppfyllt og

— hvernig hefja skal málsmeðferð til að leysa deilumál í samræmi við f-lið.

Skilyrðin skulu vera sanngjörn og vel þekkt fyrirfram. Í öllum tilvikum skulu þessar upplýsingar veittar áður en samningur er gerður eða staðfestur. Ef samningar eru gerðir í gegnum milliliði skulu framangreindar upplýsingar einnig veittar áður en samningurinn er gerður.

b) fái tilkynningu með nægilegum fyrirvara um allar fyrirætlanir um að breyta samningsskilyrðum og fái upplýsingar um uppsagnarrétt sinn þegar þeir fá þessa tilkynningu. Þjónustuveitendur skulu tilkynna áskrifendum sínum beint um allar hækkanir á gjöldum á viðeigandi tíma, eigi síðar en einu reikningstímabili eftir að hækkunin tekur gildi. Aðildarríkin skulu tryggja að viðskiptavinum sé frjálst að segja upp samningum ef þeir samþykkja ekki nýju skilyrðin sem sá sem veitir þeim raforkuþjónustu tilkynnir þeim um.

c) fái upplýsingar um viðeigandi verð og gjaldskrár, og um staðlaða skilmála og skilyrði með tilliti til aðgangs að og notkunar á raforkuþjónustu,

d) hafi víðtækt val um greiðsluaðferðir. Allur munur á skilmálum og skilyrðum skal endurspegla kostnað birgisins við mismunandi greiðslukerfi. Almennir skilmálar og skilyrði skulu vera sanngjörn og gagnsæ. Þau skulu sett fram á skýru og auðskiljanlegu máli. Viðskiptavinir skulu verndaðir gagnvart ósanngjörnum og villandi söluaðferðum.

e) þurfi ekki að borga fyrir að skipta um birgi,

f) njóti góðs af gagnsærri, einfaldri og ódýrri málsmeðferð við að fjalla um kvartanir þeirra. Slík málsmeðferð skal gera kleift að leysa deilumál á sanngjarnan og skjótvirkan hátt þannig að gert sé ráð fyrir endurgreiðslu- og/eða bótakerfi þar sem réttmæt ástæða er til slíks. Hún skal, eftir því sem kostur er, fylgja meginreglunum sem settar eru fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 98/257/EB ([15]).

g) sem hafa aðgang að alþjónustu samkvæmt ákvæðunum sem aðildarríkin samþykkja skv. 3. mgr. 3. gr., fái upplýsingar varðandi rétt sinn til alþjónustu.

([13]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.
([14]) Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29.
([15]) Stjtíð. EB L 115, 17.4.1998, bls. 31.

*VIÐAUKI B*

**Samsvörunartafla**

| Tilskipun 96/92/EB | Þessi tilskipun | |
|---|---|---|
| 1. gr. | 1. gr. | Gildissvið |
| 2. gr. | 2. gr. | Skilgreiningar |
| 3. gr. og 1. mgr. 10. gr. | 3. gr. | Skyldur um opinbera þjónustu og neytendavernd |
| — | 4. gr. | Eftirlit með afhendingaröryggi |
| 2. mgr. 7. gr. | 5. gr. | Tæknilegar reglur |
| 4. og 5. gr. | 6. gr. | Málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukinni framleiðslugetu |
| 4. og 6. gr. | 7. gr. | Útboð vegna nýrrar framleiðslugetu |
| 1. mgr. 7. gr. | 8. gr. | Tilnefning flutningskerfisstjóra |
| 3.–5. mgr. 7. gr. | 9. gr. | Verkefni flutningskerfisstjóra |
| 6. mgr. 7. gr. | 10. gr. | Sundurgreining flutningskerfisstjóra |
| 8. gr. | 11. gr. | Álagsdreifing og -jöfnun |
| 9. gr. | 12. gr. | Þagnarskylda flutningskerfisstjóra |
| 2. og 3. mgr. 10. gr. | 13. gr. | Tilnefning dreifikerfisstjóra |
| 11. gr. | 14. gr. | Verkefni dreifikerfistjóra |
| — | 15. gr. | Sundurgreining dreifikerfisstjóra |
| 12. gr. | 16. gr. | Þagnarskylda dreifikerfisstjóra |
| — | 17. gr. | Kerfisstjóri samsettra kerfa |
| 13. gr. | 18. gr. | Réttur til aðgangs að reikningum |
| 14. gr. | 19. gr. | Sundurgreining reikninga |
| 15. – 18. gr. | 20. gr. | Aðgangur þriðju aðila |
| 19. gr. | 21. gr. | Markaðsopnun og gagnkvæmni |
| 21. gr. | 22. gr. | Beinar línur |
| 3.–4. mgr. 20. og 22. gr. | 23. gr. | Eftirlitsyfirvöld |
| 23. gr. | 24. gr. | Verndarráðstafanir |
| — | 25. gr. | Eftirlit með innflutningi raforku |
| 24. gr. | 26. gr. | Undanþágur |
| — | 27. gr. | Endurskoðun |
| 25. og 26. gr. | 28. gr. | Skýrslugjöf |
| — | 29. gr. | Niðurfelling |
| 27. gr. | 30. gr. | Framkvæmd |
| 28. gr. | 31. gr. | Gildistaka |
| 29. gr. | 32. gr. | Viðtakendur |
| | Viðauki A | Ráðstafanir er varða neytendavernd |

## Fylgiskjal IV.

### TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/55/EB

**frá 26. júní 2003**

**um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 98/30/EB**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/30/EB frá 22. júní 1998 um sameiginlegar reglur um innri markað fyrir jarðgas ([4]) var mikilvægt framlag til þess að skapa innri markað fyrir jarðgas.

2) Reynslan, sem fengist hefur við beitingu framangreindrar tilskipunar, sýnir ávinninginn sem getur hlotist af innri markaði fyrir gas, með tilliti til aukinnar skilvirkni, verðlækkana, betri þjónustu og aukinnar samkeppni. Hins vegar eru enn verulegir annmarkar og möguleikar á að bæta starfsemi markaðarins, nánar tiltekið er þörf á markvissum ákvæðum til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði, að draga úr hættunni á markaðsyfirráðum og undirverðlagningu, tryggja gjaldskrár fyrir flutning og dreifingu, sem eru án mismununar með aðgangi að netum á grundvelli gjaldskráa sem eru birtar áður en þær taka gildi, og standa vörð um rétt lítilla og vanmegna viðskiptavina.

3) Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 hvatti Evrópuráðið til þess að unnið yrði að því í flýti að koma endanlega á innri markaði bæði á sviði raforku og gass og að frelsi yrði aukið hið fyrsta á þessum sviðum með það fyrir augum að innri markaður verði starfhæfur að fullu. Í ályktun sinni frá 6. júlí 2000 um aðra skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um stöðu þeirrar viðleitni að auka frelsi á orkumörkuðum krafðist Evrópuþingið þess að framkvæmdastjórnin samþykkti ítarlega tímaáætlun um að ná fram nákvæmlega skilgreindum markmiðum með það fyrir augum að gefa orkumarkaðinn alveg frjálsan í áföngum.

4) Þau réttindi sem sáttmálinn tryggir evrópskum borgurum – frjálsir vöruflutningar, frelsi til að veita þjónustu og staðfesturéttur – eru einungis möguleg á markaði sem er að fullu opinn þar sem neytendur geta sjálfir valið sér birgi og birgjum er gert kleift að dreifa frjálst til allra viðskiptavina sinna.

5) Með hliðsjón af því að búist er við að neytendur verði sífellt háðari jarðgasi skal taka tillit til framtaksverkefna og ráðstafana til að stuðla að gagnkvæmu fyrirkomulagi vegna aðgangs að netum þriðju landa og markaðssamþættingu.

6) Helstu hindranir við að koma á markaði, sem er að fullu starfhæfur og þar sem samkeppni ríkir, tengjast m.a. málefnum er varða aðgang að netinu, aðgang að geymslu, gjaldskrármálum, rekstrarsamhæfi milli kerfa og því að opnun markaðarins er mislangt komin í aðildarríkjunum.

7) Til að samkeppni sé virk verður aðgangur að netum að vera án mismununar, gagnsær og verðlagður með sanngjörnum hætti.

8) Aðgangur án mismununar að neti flutnings- og dreifikerfisstjóra hefur grundvallarþýðingu til að koma að fullu á innri markaði fyrir gas.

([1]) Stjtíð. EB C 240 E, 28.8.2001, bls. 60 og (Stjtíð. EB C 227 E, 24.9.2002, bls. 393.
([2]) Stjtíð. EB C 36, 8.2.2002, bls. 10.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 13. mars 2002 (Stjtíð. ESB C 47 E, 27.2.2003, bls. 367), sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. febrúar 2003 (Stjtíð. ESB C 50 E, 4.3.2003, bls. 36) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 4. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([4]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 1.

Flutnings- eða dreifikerfisstjórar geta verið eitt eða fleiri fyrirtæki.

9) Þegar um er að ræða fyrirtæki, sem annast flutning, dreifingu, geymslu eða starfsemi á sviði fljótandi jarðgass og er aðskilið að lögum frá þeim fyrirtækjum sem stunda framleiðslu og/eða afhendingu, getur tilnefndur kerfisstjóri verið sama fyrirtækið og á grunnvirkið.

10) Til að tryggja skilvirkan netaðgang án mismununar er rétt að flutnings- og dreifikerfi séu starfrækt af aðilum, sem eru aðskildir að lögum, ef lóðrétt samþætt fyrirtæki eru til staðar. Framkvæmdastjórnin skal meta ráðstafanir með sambærileg áhrif sem aðildarríkin þróa til að ná fram markmiði þessarar kröfu og, eftir því sem við á, leggja fram tillögur um að breyta þessari tilskipun.Einnig er rétt að flutnings- og dreifikerfisstjórar hafi virkan ákvörðunarrétt með tilliti til eigna sem nauðsynlegar eru til að viðhalda netum og reka þau og þróa þegar eignirnar, sem um ræðir, eru í eigu eða eru reknar af lóðrétt samþættum fyrirtækjum.Hins vegar er mikilvægt að greina á milli slíks lagalegs aðskilnaðar og sundurgreiningar á eignarhaldi. Lagalegur aðskilnaður felur ekki heldur í sér breytingu á eignarhaldi eigna og ekkert kemur í veg fyrir að svipuð eða eins starfsskilyrði gildi í öllu lóðrétt samþætta fyrirtækinu. Hins vegar skal tryggja ákvörðunartökuferli án mismununar með skipulagsráðstöfunum er varða sjálfstæði þeirra sem bera ábyrgð á ákvörðunartöku.

11) Til að komast hjá því að leggja of mikla fjárhagslega og stjórnsýslulega byrði á lítil dreifingarfyrirtæki skulu aðildarríkin geta, ef nauðsynlegt er, veitt slíkum fyrirtækjum undanþágu frá lagalegum kröfum um sundurgreinda dreifingu.

12) Til að auðvelda gasfyrirtæki, sem hefur staðfestu í aðildarríki, gerð samninga vegna afhendingar á gasi til óbundinna viðskiptavina í öðru aðildarríki skulu aðildarríki og, eftir því sem við, á innlend eftirlitsyfirvöld vinna að einsleitari skilyrðum og að viðskiptavinir teljist vera óbundnir með sama hætti fyrir allan innri markaðinn.

13) Það að skilvirkt eftirlit sé til staðar, sem eitt innlent eftirlitsyfirvald eða fleiri framkvæma, er mikilvægur þáttur í að tryggja aðgang að netinu án mismununar. Aðildarríkin skulu tilgreina hlutverk, valdsvið og stjórnsýsluheimildir eftirlitsyfirvaldanna. Mikilvægt er að eftirlitsyfirvöld í öllum aðildarríkjum hafi sama lágmarksvaldsvið. Þessi yfirvöld skulu vera bær til að ákveða eða samþykkja gjaldskrár, eða a.m.k. aðferðafræðina sem býr að baki útreikningum á gjaldskrám fyrir flutning og dreifingu og gjaldskrám fyrir aðgang að aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas. Til að forðast óvissu og kostnaðarsöm og tímafrek deilumál skulu þessar gjaldskrár birtar áður en þær taka gildi.

14) Framkvæmdastjórnin hefur gefið til kynna fyrirætlan sína um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi sem myndi skapa hentugt ráðgjafarfyrirkomulag til að hvetja til samvinnu og samræmingar innlendra eftirlitsyfirvalda í því skyni að stuðla að þróun innri markaðarins á sviði raforku og gass og til að stuðla að samræmdri beitingu í öllum aðildarríkjum á ákvæðunum, sem sett eru í þessari tilskipun og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku ([5]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri ([6]).

15) Til að tryggja öllum markaðsaðilum greiðan markaðsaðgang, að meðtöldum nýjum orkusölum, er þörf á jöfnunarfyrirkomulagi sem er kostnaðartengt og án mismununar. Um leið og seljanleiki á gasmarkaðinum er nægilegur ætti þetta að nást með því að koma á gagnsæju, markaðstengdu fyrirkomulagi við afhendingu og kaup á gasi sem nauðsynlegt er innan rammans um jöfnunarkröfur. Ef markaður, þar sem seljanleiki ríkir, er ekki fyrir hendi ættu innlend eftirlitsyfirvöld að gegna virku hlutverki til að tryggja að gjaldskrár til jöfnunar séu kostnaðartengdar og án mismununar. Á sama tíma skal veita viðeigandi hvatningu til að jafna innmötun (in-put) og úttekt (off-take) gass og til að stofna kerfinu ekki í hættu.

16) Innlend eftirlitsyfirvöld skulu geta ákveðið eða samþykkt gjaldskrár eða aðferðafræðina, sem býr að baki útreikningum á gjaldskrám, á grundvelli tillögu kerfisstjóra flutningskerfis, dreifikerfis eða kerfis fyrir fljótandi jarðgas eða á grundvelli tillögu sem þessir kerfisstjórar og notendur kerfisins urðu ásáttir um. Þegar þau sinna þessum verkefnum skulu innlend

([5]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37.
([6]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 1.

eftirlitsyfirvöld tryggja að gjaldskrár vegna flutnings og dreifingar séu án mismununar og kostnaðartengdar og skulu taka tillit til langtíma frávikskostnaðar við net sem komist er hjá með stjórnun eftirspurnar.

17) Allur iðnaður og verslun, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, og allir ríkisborgarar í Bandalaginu skulu njóta ávinnings, sem innri markaðurinn leiðir af sér, eins fljótt og auðið er af ástæðum er varða sanngirni, samkeppni og óbeint til að skapa atvinnu sem leiðir af aukinni skilvirkni sem fyrirtækin njóta.

18) Viðskiptavinir skulu hafa frjálst val um birgi sem afhendir þeim gas. Engu að síður skal notast við áfangaskipta aðferð við að koma að fullu á innri markaði fyrir gas, sem er tengd tilteknum tímamörkum, til að gera iðnaðinum kleift að aðlagast og tryggja að viðeigandi ráðstafanir og kerfi séu til staðar til að verja hagsmuni viðskiptavina og tryggja að þeir hafi raunverulegt og skilvirkt val um birgi.

19) Opnun markaðarins smám saman, þar til hann er að fullu opinn, ætti, eins fljótt og auðið er, að fjarlægja mun á milli aðildarríkjanna. Tryggja skal gagnsæi og áreiðanleika í framkvæmd þessarar tilskipunar.

20) Í tilskipun 98/30/EB er kveðið á um að aðgangur að geymslu verði hluti gaskerfisins. Í ljósi fenginnar reynslu af því að koma á innri markaðinum skal grípa til viðbótarráðstafana til að skýra ákvæðin um aðgang að geymslu og stoðþjónustu.

21) Geymsluaðstaða er grundvallarúrræði, m.a. til að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu, s.s. að tryggja afhendingaröryggi. Þetta skal ekki leiða til röskunar á samkeppni eða mismununar á aðgangi að geymslum.

22) Grípa skal til frekari ráðstafana til að tryggja að gjaldskrár séu gagnsæjar og án mismununar að því er varðar aðgang að flutningiÞessar gjaldskrár skulu gilda um alla notendur án mismununar. Ef geymsluaðstaða, leiðslurými eða stoðþjónusta er starfrækt á markaði, þar sem nægileg samkeppni ríkir, er hægt að leyfa aðgang á grundvelli markaðsaðferða sem eru gagnsæjar og án mismununar.

23) Til að tryggja afhendingaröryggi skal fylgjast með jafnvæginu milli framboðs og eftirspurnar í einstökum aðildarríkjum og eftirlitinu skal fylgt eftir með skýrslu um stöðuna innan Bandalagsins að teknu tilliti til flutningsgetu samtengileiðslna milli svæða. Slíkt eftirlit skal fara fram nægilega snemma til að gera kleift að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef afhendingaröryggi er stefnt í hættu. Smíði og viðhald á nauðsynlegu netgrunnvirki, þ.m.t. flutningsgeta samtengileiðslna, skal stuðla að því að trygga stöðugt framboð gass.

24) Aðildarríkjunum ber að tryggja, að teknu tilliti til gæðakrafna, að lífgasi og gasi úr lífmassa eða öðrum tegundum af gasi sé veittur aðgangur án mismununar að gaskerfinu, að því tilskildu að slíkur aðgangur sé til frambúðar í samræmi við viðkomandi tæknilegar reglur og öryggisstaðla. Þessar reglur og staðlar skulu tryggja að tæknilega mögulegt og öruggt sé að dæla þessum gastegundum inn í jarðgaskerfið og flytja þær um það og þær skulu einnig fjalla um efnafræðilega eiginleika slíkra gastegunda.

25) Langtímasamningar halda áfram að vera mikilvægur hluti af afhendingu gass til aðildarríkjanna og þeim skal viðhaldið sem möguleika fyrir gasafhendingarfyrirtæki, svo fremi sem þeir grafi ekki undan markmiðum þessarar tilskipunar og séu í samræmi við sáttmálann, þ.m.t. samkeppnisreglur. Því er mikilvægt að taka tillit til þeirra þegar verið er að skipuleggja afhendingar- og flutningsgetu gasfyrirtækja.

26) Til að tryggja að háu stigi opinberrar þjónustu sé viðhaldið í Bandalaginu skal tilkynna framkvæmdastjórninni reglulega um allar ráðstafanir, sem aðildarríkin grípa til, til að ná settum markmiðum þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal birta reglulega skýrslu þar sem greindar eru ráðstafanir, sem gripið er til, á innlendum vettvangi til að ná settum markmiðum um opinbera þjónustu og bera saman skilvirkni þeirra með það í huga að koma með tilmæli, að því er varðar ráðstafanirnar sem grípa skal til á innlendum vettvangi, til að koma á opinberri þjónustu á háu stigi.

Aðildarríkin skulu tryggja að þegar viðskiptavinir eru tengdir við gaskerfið séu þeir upplýstir um rétt sinn til að fá afhent jarðgas af tilteknum gæðum á sanngjörnu verði. Ráðstafanir, sem aðildarríkin gera til að vernda kaupendur, geta verið mismunandi eftir því hvort um heimili eða lítil og meðalstór fyrirtæki er að ræða.

27) Grundvallarkrafa þessarar tilskipunar er að uppfylla kröfur um opinbera þjónustu og mikilvægt er að sameiginlegir lágmarksstaðlar, sem

öll aðildarríkin uppfylla, séu tilgreindir í þessari tilskipun sem taka tillit til markmiðanna um neytendavernd, afhendingaröryggi, umhverfisvernd og sambærilegt samkeppnisstig í öllum aðildarríkjunum. Mikilvægt er að hægt sé að túlka kröfurnar um opinbera þjónustu á innlendum grundvelli að teknu tilliti til innlendra kringumstæðna og með því skilyrði að lög Bandalagsins séu virt.

28) Ráðstafanir, sem aðildarríkin hrinda í framkvæmd til að ná settum markmiðum um félagslega og efnahagslega samheldni, geta einkum falið í sér efnahagshvata, þar sem notuð eru, eftir því sem við á, öll innlend tæki og tæki í Bandalaginu. Þessi tæki geta m.a. verið kerfi um skaðabótaábyrgð til að tryggja nauðsynlega fjárfestingu.

29) Að því marki sem ráðstafanirnar, sem aðildarríki grípa til til að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu, fela í sér ríkisaðstoð, skv. 1. mgr. 87. gr. sáttmálans, ber skylda til að tilkynna framkvæmdastjórninni um hana skv. 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

30) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. að skapa innri markað fyrir gas sem starfræktur er að fullu og þar sem samkeppni ríkir, og þar eð því markmiði verður, af þeim sökum, betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa mikil áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.

31) Í ljósi fenginnar reynslu af beitingu tilskipunar ráðsins 91/296/EBE frá 31. maí 1991 varðandi gegnumflutning á jarðgasi um flutningskerfi ([7]), skal grípa til ráðstafana til að tryggja einsleit aðgangskerfi án mismununar vegna flutnings, þ.m.t. gasflæði milli aðildarríkja yfir landamæri. Til að tryggja einsleita meðferð á aðgangi að gasnetum, einnig að því er varðar gegnumflutning, skal fella þá tilskipun úr gildi, án þess að það hafi áhrif á samninga sem voru gerðir samkvæmt fyrrnefndri tilskipun. Niðurfelling tilskipunar 91/296/EBE skal ekki koma í veg fyrir að langtímasamningar séu gerðir í framtíðinni.

32) Sökum þess hversu umfangsmiklar breytingarnar, sem gerðar eru á tilskipun 98/30/EB, eru er æskilegt, til glöggvunar og hagræðingar, að lagfæra viðkomandi ákvæði.

33) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

34) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([8]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

## GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

*1. gr.*

### Gildissvið

1. Í þessari tilskipun eru settar sameiginlegar reglur um flutning, dreifingu, afhendingu og geymslu jarðgass. Settar eru reglur um skipulagningu og starfsemi á sviði jarðgass, markaðsaðgang, viðmiðanir og málsmeðferð við veitingu leyfa fyrir flutningi, dreifingu, afhendingu og geymslu jarðgass og rekstur kerfa.

2. Reglurnar, sem eru settar með þessari tilskipun að því er varðar jarðgas, þ.m.t. fljótandi jarðgas, skulu einnig gilda um lífgas og gas úr lífmassa eða aðrar tegundir gass, svo fremi að það sé tæknilega mögulegt og öruggt að dæla þessum gösum inn í jarðgaskerfið og flytja þau í gegnum það.

*2. gr.*

### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „jarðgasfyrirtæki“: einstaklingur eða lögpersóna sem starfar á a.m.k einu eftirtalinna sviða: framleiðslu, flutningi, dreifingu, afhendingu, kaupum á eða geymslu jarðgass, m.a. fljótandi jarðgass, og er ábyrgur fyrir verkefnum sem lúta að viðskiptum, tækni og/eða viðhaldi, sem aftur tengjast fyrrnefndum störfum, en er ekki kaupandi,

([7]) Stjtíð. EB L 147, 12.6.1991, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/49/EB (Stjtíð. EB L 233, 30.9.1995, bls. 86).

([8]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. „leiðslukerfi fyrir óunnið jarðgas“: leiðslur eða leiðslukerfi sem eru starfrækt og/eða lögð sem hluti af olíu- eða gasframleiðsluframkvæmd eða eru notuð til þess að miðla jarðgasi frá einni eða fleiri slíkum starfstöðvum til vinnslustöðvar eða birgðastöðvar eða endastöðvar við strönd,

3. „flutningur“: flutningur jarðgass um annars konar háþrýstileiðslukerfi en leiðslukerfi fyrir óunnið jarðgas í þeim tilgangi að afgreiða það til viðskiptavina, að undanskilinni afhendingu,

4. „flutningskerfisstjóri“: einstaklingur eða lögaðili sem starfar á sviði flutnings og ber ábyrgð á rekstri, viðhaldi og, ef með þarf, þróun flutningskerfis á tilteknu svæði og, eftir því sem við á, samtenglum þess við önnur kerfi svo og ábyrgð á að tryggja getu kerfisins til lengri tíma til að uppfylla eðlilegar kröfur um flutning á gasi,

5. „dreifing“: flutningur jarðgass um leiðslukerfi innan sveitarfélaga eða héraða í þeim tilgangi að afgreiða það til viðskiptavina, en hún tekur ekki til afhendingar,

6. „dreifikerfisstjóri“: einstaklingur eða lögaðili sem starfar á sviði dreifingar og ber ábyrgð á rekstri, viðhaldi og, ef með þarf, þróun dreifikerfis á tilteknu svæði og, eftir því sem við á, samtenglum þess við önnur kerfi svo og ábyrgð á að tryggja getu kerfisins til lengri tíma til að uppfylla eðlilegar kröfur um dreifingu á gasi,

7. „afhending“: sala, þ.m.t. endursala á jarðgasi, þ.m.t. fljótandi jarðgas, til viðskiptavina,

8. „afhendingarfyrirtæki“: einstaklingur eða lögaðili sem annast afhendingu,

9. „geymsluaðstaða“: aðstaða til þess að geyma jarðgas, sem er í eigu jarðgasfyrirtækis eða er starfrækt af slíku fyrirtæki, að meðtaldri aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas, sem er notuð til geymslu, en að þeim hluta undanskildum, sem er notaður til framleiðslu, og að undanskilinni aðstöðu sem eingöngu er ætluð flutningskerfisstjórum til að sinna starfsemi sinni,

10. „geymslukerfisstjóri“: einstaklingur eða lögaðili sem annast geymslu og ber ábyrgð á því að reka geymsluaðstöðu,

11. „aðstaða fyrir fljótandi jarðgas“: birgðastöð þar sem jarðgasi er breytt í vökva eða þar sem innflutningur, afferming, geymsla og endurgösun fljótandi jarðgass fer fram og skal hún einnig ná til stoðþjónustu og bráðabirgðageymslu fyrir endurgösunarferlið og síðari afhendingu í flutningskerfið, en ekki til hluta birgðastöðva fyrir fljótandi jarðgas sem eru notaðar til geymslu,

12. „kerfisstjóri fyrir fljótandi jarðgas“: einstaklingur eða lögaðili sem sér um að breyta jarðgasi í vökva eða innflutning, affermingu og endurgösun fljótandi jarðgass og ber ábyrgð á rekstri aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas,

13. „kerfi“: öll flutningskerfi, dreifikerfi, aðstaða fyrir fljótandi jarðgas og/eða geymsluaðstaða, sem jarðgasfyrirtæki á og/eða starfrækir, þ.m.t. leiðslurými og aðstaða þess og tengdra fyrirtækja, þar sem veitt er nauðsynleg viðbótarþjónusta til þess að veita aðgang að flutningi, dreifingu og fljótandi jarðgasi,

14. „stoðþjónusta“: öll þjónusta sem er nauðsynleg vegna aðgangs að og reksturs flutnings- og/eða dreifineta og/eða aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas og/eða geymsluaðstöðu, þ.m.t. álagsjöfnun og blöndun, en að undanskilinni aðstöðu sem eingöngu er ætluð flutningskerfisstjórum fyrir starfsemi þeirra,

15. „leiðslurými“: geymsla á gasi með þjöppun í gasflutnings- og dreifikerfum, að undanskilinni aðstöðu sem eingöngu er ætluð flutningskerfisstjórum fyrir starfsemi þeirra,

16. „samtengt kerfi“: fjöldi kerfa sem eru tengd innbyrðis,

17. „samtengill“: flutningsleiðsla sem fer yfir eða liggur á landamærum aðildarríkja í þeim eina tilgangi að tengja saman innlend flutningskerfi þessara aðildarríkja,

18. „bein leiðsla“: jarðgasleiðsla sem er til viðbótar samtengda kerfinu,

19. „samþætt jarðgasfyrirtæki“: lóðrétt eða lárétt samþætt fyrirtæki,

20. „lóðrétt samþætt fyrirtæki“: jarðgasfyrirtæki eða hópur fyrirtækja með gagnkvæm tengsl sem skilgreind eru í 3. mgr. 3. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (*) og ef hlutaðeigandi fyrirtæki/fyrirtækjahópur starfar a.m.k. á einu eftirfarandi sviða flutnings eða dreifingar, fljótandi jarðgass eða geymslu og a.m.k. annaðhvort á einu sviði framleiðslu eða afhendingar jarðgass,

---

(*) Titli tilskipunar 83/349/EBE hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 12. gr. Amsterdamsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í g-lið 3. mgr. 54. gr.

21. „lárétt samþætt fyrirtæki“: fyrirtæki sem starfar á a.m.k. einu eftirtalinna sviða: framleiðslu, flutningi, dreifingu, afhendingu eða geymslu jarðgass og stundar aðra starfsemi sem ekki tengist gasi,

22. „tengd fyrirtæki“: eignatengd fyrirtæki í skilningi 41. gr. sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 sem byggð er á g-lið 2. gr. 44. gr. ([9]) sáttmálans um samstæðureikninga ([10]), og/eða hlutdeildarfyrirtæki, í skilningi 1. mgr. 33. gr. og/eða fyrirtæki í eigu sömu hluthafa,

23. „kerfisnotendur“: einstaklingur eða lögaðili sem afhendir jarðgas eða fær jarðgas afhent gegnum kerfið,

24. „viðskiptavinir“: heildsalar og kaupendur jarðgass og jarðgasfyrirtæki sem kaupa jarðgas,

25. „viðskiptavinir sem kaupa til heimilisnota“: viðskiptavinir sem kaupa jarðgas til eigin heimilisnota,

26. „viðskiptavinir sem kaupa ekki til heimilisnota“: viðskiptavinir sem kaupa jarðgas sem er ekki til þeirra eigin heimilisnota,

27. „kaupendur“: viðskiptavinir sem kaupa jarðgas til eigin nota,

28. „óbundnir viðskiptavinir“: viðskiptavinir sem mega kaupa gas af birgi að eigin valin í skilningi 23. gr. þessarar tilskipunar,

29. „heildsalar“: einstaklingar eða lögaðilar, aðrir en kerfisstjórar flutningskerfa og dreifikerfa sem kaupa jarðgas til endursölu innan eða utan kerfisins sem þeir starfa í,

30. „gerð langtímaáætlana“: áætlanir jarðgasfyrirtækja um afhendingu og flutningsgetu til langs tíma með það fyrir augum að mæta þörfum kerfisins fyrir jarðgas, auka fjölbreytni linda og tryggja framboð til viðskiptavina,

31. „nývaxtarmarkaður“: aðildarríki þar sem fyrsta vöruafhending samkvæmt fyrsta jarðgaskaupasamningi til langs tíma fór fram fyrir tíu árum eða síðar,

32. „öryggi“: bæði öryggi með tilliti til afhendingar jarðgass og tæknilegt öryggi,

33. „nýtt grunnvirki“: grunnvirki sem ekki er tilbúið á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

([9]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 (Stjtíð. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1).

([10]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

## II. KAFLI

## ALMENNAR REGLUR UM SKIPULAGNINGU ATVINNUGREINARINNAR

*3. gr.*

### Skyldur um opinbera þjónustu og neytendavernd

1. Aðildarríkjunum ber að tryggja, á grunni skipulags stofnana sinna og með viðeigandi tilliti til dreifræðisreglunnar, að jarðgasfyrirtæki séu rekin í samræmi við meginreglur þessarar tilskipunar, með fyrirvara um 2. mgr., til að koma á samkeppnismarkaði fyrir jarðgas, og að fyrrnefndum fyrirtækjum sé ekki mismunað að því er varðar réttindi eða skyldur.

2. Aðildarríkjunum er heimilt, að teknu fullu tilliti til viðeigandi ákvæða sáttmálans, einkum 86. gr., að skylda fyrirtæki sem starfa á sviði jarðgass að sinna opinberri þjónustu, í þágu almennra efnahagslegra hagsmuna, sem getur varðað öryggi, þ.m.t. afhendingaröryggi, reglufesta, gæði og verð afhendingar og umhverfisvernd, þ.m.t. orkunýtni og loftslagsvernd. Slíkar skyldur skulu vera vel skilgreindar, gagnsæjar, án mismununar, sannprófanlegar og tryggja jafnan aðgang gasfyrirtækja í Evrópusambandinu að innlendum neytendum. Í tengslum við afhendingaröryggi, stjórnun með tilliti til orkunýtni/eftirspurnar og að uppfylla umhverfismarkmið, eins og um getur í þessari málsgrein, er aðildarríkjunum heimilt að gera langtímaáætlanir um leið og gert er ráð fyrir að þriðju aðilar kunni að leita eftir aðgangi að kerfinu.

3. Aðildarríkin skulu grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda kaupendur og til að tryggja öfluga neytendavernd og skulu einkum tryggja að fyrir hendi séu fullnægjandi verndarráðstafanir til að vernda vanmegna viðskiptavini, þ.m.t. viðeigandi ráðstafanir til að hjálpa þeim til að komast hjá aftengingu. Í þessu tilliti er þeim heimilt að grípa til ráðstafana til að vernda viðskiptavini á afskekktum svæðum sem tengdir eru við gaskerfið. Aðildarríkjunum er heimilt að tilnefna skyldubirgi fyrir viðskiptavini sem eru tengdir við gasnetið. Þau skulu tryggja öfluga neytendavernd, einkum með tilliti til gagnsæis, að því er varðar almenna samningsskilmála og skilyrði, almennar upplýsingar og tilhögun á lausn deilumála. Aðildarríkin skulu tryggja að óbundnir viðskiptavinir geti í raun skipt um birgi. A.m.k. að því er varðar viðskiptavini sem kaupa til heimilisnota,

skulu þessar ráðstafanir einnig fela í sér þær sem settar eru fram í viðauka A.

4. Aðildarríkin skulu hrinda viðeigandi ráðstöfunum í framkvæmd til að ná settum markmiðum um félagslega og efnahagslega samheldni, umhverfisvernd, sem geta falið í sér úrræði til að berjast gegn loftlagsbreytingum og um afhendingaröryggi. Slíkar ráðstafanir geta einkum falið í sér efnahagshvata þar sem notuð eru, eftir því sem við á, öll tæki, sem fyrir hendi eru, innlend og í Bandalaginu til viðhalds og smíði á nauðsynlegu netgrunnvirki, þ.m.t. flutningsgeta samtengileiðslna.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að beita ekki ákvæðum 4. gr. með tilliti til dreifingar að svo miklu leyti sem beiting þessara ákvæða myndi hindra, að lögum eða í reynd, að jarðgasfyrirtækin gætu sinnt þeim skyldum sem þeim ber í þágu almennra efnahagslegra hagsmuna og svo framarlega sem það kæmi ekki niður á þróun viðskipta þannig að það gengi þvert á hagsmuni Bandalagsins Samkvæmt þessari tilskipun og 86. gr. sáttmálans liggja hagsmunir Bandalagsins m.a. í samkeppni með tilliti til óbundinna viðskiptavina.

6. Þegar aðildarríkin hrinda þessari tilskipun í framkvæmd skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir, sem samþykktar eru til að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu, þ.m.t. neytenda- og umhverfisvernd og hugsanleg áhrif þeirra á innlenda og alþjóðlega samkeppni hvort sem slíkar ráðstafanir krefjast undanþágu frá þessari tilskipun eða ekki. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni á tveggja ára fresti eftir það um allar breytingar á slíkum ráðstöfunum, hvort sem þær krefjast undanþágu frá þessari tilskipun eða ekki.

*4. gr.*

**Málsmeðferð við leyfisveitingu**

1. Ef um það er að ræða að leyfi (t.d. nytjaleyfi, heimild, sérleyfi, samþykki eða viðurkenningu) þurfi til þess að reisa eða starfrækja virki fyrir jarðgas skulu aðildarríkin eða lögbær yfirvöld, sem þau tilnefna, veita leyfi til þess að reisa og/eða starfrækja slík virki, leiðslur og tilheyrandi tækjabúnað á yfirráðasvæði sínu í samræmi við 2. til 4. mgr. Aðildarríkin eða lögbær yfirvöld, sem þau tilnefna, geta einnig veitt heimild, á sama grundvelli, til afhendingar jarðgass og til heildsala.

2. Styðjist aðildarríkin við fyrirkomulag leyfisveitinga skulu þau mæla fyrir um markmið og viðmiðanir án mismununar sem fyrirtæki, sem sækir um leyfi til þess að reisa og/eða starfrækja jarðgasvirki eða sækir um leyfi til þess að afhenda jarðgas, skal uppfylla. Birta skal opinberlega viðmiðanir án mismununar og aðferðir við leyfisveitingar.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að ástæður fyrir synjun um leyfi séu hlutlægar og án mismununar og að umsækjanda sé tilkynnt um þær. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um ástæður slíkrar synjunar til upplýsingar. Aðildarríkin skulu samþykkja málsmeðferð sem gerir hlutaðeigandi umsækjanda kleift að áfrýja slíkri synjun.

4. Aðildarríkjunum er heimilt, með tilliti til þróunar svæða, þangað sem gasi hefur nýlega verið veitt, og skilvirks rekstrar almennt og með fyrirvara um ákvæði 24. gr., að synja um frekari leyfi til þess að reisa og starfrækja dreifikerfi á tilteknu svæði hafi slík dreifikerfi þegar verið reist eða fyrir liggja áætlanir um slíkt á því svæði og að því gefnu að sú aðstaða, sem fyrir er eða er fyrirhuguð, sé ekki fullnýtt.

*5. gr.*

**Eftirlit með afhendingaröryggi**

Aðildarríkin skulu tryggja eftirlit með málefnum er varða afhendingaröryggi. Ef aðildarríki telja það rétt geta þau falið eftirlitsyfirvöldunum, sem um getur í 1. mgr. 25. gr., þetta verkefni. Þetta eftirlit skal einkum taka til jafnvægis milli framboðs og eftirspurnar á innlenda markaðnum, þess hversu mikil væntanleg framtíðareftirspurnin og fyrirliggjandi birgðir eru, fyrirhugaðrar viðbótarframleiðslugetu, sem er verið að skipuleggja eða er í smíðum, og gæða og viðhaldsstigs neta, sem og ráðstafana til að anna eftirspurn á álagstoppum og bregðast við skorti hjá einum eða fleiri birgjum. Lögbær yfirvöld skulu, eigi síðar en 31. júlí á hverju ári, birta skýrslu þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum eftirlits með þessum atriðum, sem og öllum ráðstöfunum sem gripið er til eða fyrirhugaðar eru, til að fjalla um þau og þau skulu senda framkvæmdastjórninni þessa skýrslu þegar í stað.

*6. gr.*

**Tæknilegar reglur**

Aðildarríkin skulu tryggja að tæknilegar öryggisviðmiðanir séu skilgreindar og að þróaðar séu og birtar tæknireglur um lágmarkskröfur um tæknihönnun og rekstur vegna tengingar virkja fyrir fljótandi jarðgas, geymsluaðstöðu, annarra flutningsneta eða dreifikerfa og beinna lína við kerfið. Þessar tæknireglur skulu tryggja rekstrarsamhæfi kerfa og vera hlutlægar og án mismununar. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um þær í samræmi við 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní

1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([11]).

III. KAFLI

## FLUTNINGUR, GEYMSLA OG FLJÓTANDI JARÐGAS

*7. gr.*

### Tilnefning kerfisstjóra

Aðildarríkin skulu tilnefna eða krefjast þess að jarðgasfyrirtæki, sem eiga flutnings- eða geymsluaðstöðu eða aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas, tilnefni, í tiltekinn tíma sem aðildarríkin ákveða, með tilliti til skilvirkni og efnahagslegs jafnvægis, einn eða fleiri kerfisstjóra. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að kerfisstjórar flutnings- og geymslukerfa og kerfa fyrir fljótandi jarðgas fari að ákvæðum 8. til 10. gr.

*8. gr.*

### Verkefni kerfisstjóra

1. Allir kerfisstjórar flutningskerfa, geymslukerfa og/eða kerfa fyrir fljótandi jarðgas skulu:

a) reka, viðhalda og þróa, við skilyrði sem eru hagkvæm í efnahagslegu tilliti, traust, áreiðanleg og skilvirk flutningskerfi, geymsluaðstöðu og/eða aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas, þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til umhverfisins,

b) ekki mismuna kerfisnotendum eða flokkum kerfisnotenda, einkum í því skyni að draga taum fyrirtækja sem eru í eignatengslum við þá,

c) veita öðrum flutningskerfisstjórum, öðrum kerfisstjórum geymslukerfa, öðrum kerfisstjórum kerfa fyrir fljótandi jarðgas og/eða öðrum dreifikerfisstjórum fullnægjandi upplýsingar til þess að tryggt sé að flutningur geti farið fram og geymsla verið með þeim hætti sem er í samræmi við öruggan og skilvirkan rekstur samtengda kerfisins,

d) veita kerfisnotendum upplýsingarnar, sem þeir þurfa, til að fá fullnægjandi aðgang að kerfinu.

2. Reglurnar, sem flutningskerfisstjórar samþykkja til að skapa jafnvægi á gasflutningskerfinu, skulu vera hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, þ.m.t. reglur um gjaldtöku af kerfisnotendum á netum þeirra vegna ójafnvægis í orkuflutningum. Ákvarða skal og birta skilmála og skilyrði, þ.m.t. reglur og gjaldskrár sem gilda um veitingu flutningskerfisstjóra á slíkri þjónustu, samkvæmt aðferðafræði sem samrýmist 2. mgr. 25. gr. og er án mismununar og kostnaðartengd.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að flutningskerfisstjórar uppfylli lágmarkskröfur, að því er varðar viðhald og þróun flutningskerfisins, þ.m.t. flutningsgeta samtengileiðslna.

4. Flutningskerfisstjórar skulu útvega orkuna, sem þeir nota til að gegna hlutverki sínu, í samræmi við aðferðir sem eru gagnsæjar, án mismununar og markaðstengdar.

*9. gr.*

### Sundurgreining flutningskerfisstjóra

1. Ef flutningskerfisstjóri er hluti af lóðrétt samþættu fyrirtæki skal hann vera óháður annarri starfsemi, sem tengist ekki flutningskerfinu, a.m.k. að því er varðar lögákveðið rekstrarform, skipulag og ákvarðanatöku. Þessar reglur skulu ekki skapa skyldu um að aðskilja eignarhald eigna flutningskerfisins frá lóðrétt samþætta fyrirtækinu.

2. Til að tryggja sjálfstæði flutningskerfisstjórans, sem um getur í 1. mgr., skulu eftirfarandi lágmarksviðmiðanir gilda:

a) einstaklingum, sem bera ábyrgð á stjórnun flutningskerfisstjóra, er ekki heimilt að tilheyra fyrirtækjaskipulagi samþætta jarðgasfyrirtækisins sem ber, beint eða óbeint, ábyrgð á daglegum rekstri vegna framleiðslu, dreifingar og afhendingar jarðgass.

b) grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að tekið sé tillit til faglegra hagsmuna þeirra einstaklinga, sem bera ábyrgð á stjórnun flutningskerfisstjórans, með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti starfað sjálfstætt,

c) flutningskerfisstjórinn skal hafa virkan ákvörðunarrétt, óháðan samþætta gasfyrirtækinu, með tilliti til eigna sem nauðsynlegar eru, til að reka, viðhalda eða þróa netið. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að til staðar séu viðeigandi samræmingaraðferðir til að tryggja að staðinn sé vörður um rétt móðurfélagsins til að hafa efnahagslega og stjórnunarlega yfirumsjón, með tilliti til tekna af eignum, í dótturfyrirtækjum, sem óbeint er haft eftirlit með í samræmi við 2. mgr. 25. gr. Þetta skal einkum gera móðurfélaginu kleift að samþykkja árlega fjárhagsáætlun, eða annan sambærilegan gerning, flutningskerfisstjóra, og að setja heildartakmarkanir á því hversu skuldsett dótturfyrirtæki þess sé. Það skal hvorki veita

([11]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

móðurfélaginu heimild til að gefa fyrirmæli um daglegan rekstur né að taka einstakar ákvarðanir varðandi lagningu eða endurnýjun flutningsleiðslna, sem fara ekki fram úr árlegu fjárhagsáætluninni, eða öðrum sambærilegum gerningi.

d) flutningskerfisstjóri skal koma á eftirlitsáætlun, þar sem settar eru fram ráðstafanir sem gripið er til, til að tryggja að mismunun sé útilokuð og að fylgst sé með viðunandi hætti með því að henni sé fylgt. Í áætluninni skulu settar fram sérstakar skyldur starfsmanna til að uppfylla þetta markmið. Einstaklingurinn eða aðilinn, sem ber ábyrgð á að fylgjast með eftirlitsáætluninni, skal senda eftirlitsyfirvaldinu, sem um getur í 1. mgr. 25. gr., ársskýrslu, þar sem settar eru fram ráðstafanirnar sem gripið er til, og birta hana.

*10. gr.*

**Þagnarskylda flutningskerfisstjóra**

1. Kerfisstjóri flutningskerfis, geymslukerfis og/eða kerfis fyrir fljótandi jarðgas skal, með fyrirvara um ákvæði 16. gr. eða aðra lagaskyldu þess efnis að afhenda upplýsingar, gæta trúnaðar um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem hann aflar sér með starfsemi sinni og skal koma í veg fyrir að upplýsingar varðandi eigin starfsemi, sem geta falið í sér viðskiptalegan ávinning, séu birtar á þann hátt að það feli í sér mismunun.

2. Flutningskerfisstjórar, skulu ekki, í tengslum við sölu eða kaup tengdra fyrirtækja á jarðgasi, misnota viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem þau fá frá þriðju aðilum í tengslum við það að veita eða semja um aðgang að kerfinu.

IV. KAFLI

**DREIFING OG AFHENDING**

*11. gr.*

**Tilnefning dreifikerfisstjóra**

Aðildarríkin skulu tilnefna eða skulu krefjast þess að fyrirtæki, sem eiga eða bera ábyrgð á dreifikerfum, tilnefni, í tiltekinn tíma sem aðildarríkin ákveða með tilliti til skilvirkni og efnahagslegs jafnvægis, einn eða fleiri dreifikerfisstjóra og skulu tryggja að þeir kerfisstjórar starfi í samræmi við 12. til 14. gr.

*12. gr.*

**Verkefni dreifikerfisstjóra**

1. Allir dreifikerfisstjórar skulu starfrækja, viðhalda og þróa, við skilyrði sem eru hagkvæm í efnahagslegu tilliti, traust, áreiðanlegt og skilvirkt kerfi þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til umhverfisins.

2. Dreifikerfisstjóri skal þó aldrei mismuna kerfisnotendum eða flokkum kerfisnotenda, einkum í því skyni að draga taum fyrirtækja sem eru í eignatengslum við hann.

3. Dreifikerfisstjórar skulu veita öðrum kerfisstjórum dreifikerfa og/eða flutningskerfa og/eða kerfisstjórum kerfa fyrir fljótandi jarðgas og/eða kerfisstjórum geymslukerfa fullnægjandi upplýsingar til þess að tryggt sé að flutningur og geymsla jarðgass geti farið fram með þeim hætti sem er í samræmi við öruggan og skilvirkan rekstur samtengda kerfisins.

4. Dreifikerfisstjórar skulu veita kerfisnotendum upplýsingarnar sem þeir þurfa til að fá fullnægjandi aðgang að kerfinu.

5. Ef dreifikerfisstjórar bera ábyrgð á að skapa jafnvægi á gasdreifikerfinu skulu reglur, sem þeir samþykkja, vera hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, þ.m.t. reglur um gjaldtöku af kerfisnotendum vegna ójafnvægis í orkuflutningum. Ákvarða skal og birta skilmála og skilyrði, þ.m.t. reglur og gjaldskrár, sem gilda um veitingu kerfisstjóra á slíkri þjónustu, samkvæmt aðferðafræði sem samrýmist 2. mgr. 25. gr. og er án mismununar og kostnaðartengd .

*13. gr.*

**Sundurgreining dreifikerfisstjóra**

1. Ef dreifikerfisstjóri er hluti af lóðrétt samþættu fyrirtæki skal hann vera óháður annarri starfsemi, sem tengist ekki dreifikerfinu, a.m.k. að því er varðar lögákveðið rekstrarform, skipulag og ákvarðanatöku. Þessar reglur skulu ekki skapa skyldu um að aðskilja eignarhald á eignum dreifikerfisins frá lóðrétt samþætta fyrirtækinu.

2. Auk krafnanna í 1. mgr. skal dreifikerfisstjóri ef hann er hluti af lóðrétt samþættu fyrirtæki vera óháður annarri starfsemi, sem tengist ekki dreifikerfinu, að því er varðar skipulag og ákvarðanatöku. Til að ná þessu fram skulu eftirfarandi lágmarksviðmiðanir gilda:

a) einstaklingum, sem bera ábyrgð á stjórnun dreifikerfisstjóra, er ekki heimilt að tilheyra fyrirtækjaskipulagi samþætta jarðgasfyrirtækisins sem ber, beint eða óbeint, ábyrgð á daglegum rekstri vegna framleiðslu, flutnings og afhendingar jarðgass,

b) grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að tekið sé tillit til faglegra hagsmuna þeirra einstaklinga, sem bera ábyrgð á stjórnun dreifi-

kerfisstjóra, með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti starfað sjálfstætt,

c) dreifikerfisstjóri skal hafa virkan ákvörðunarrétt, óháðan samþætta gasfyrirtækinu, með tilliti til eigna sem nauðsynlegar eru til að reka, viðhalda eða þróa netið. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að til staðar séu viðeigandi samræmingaraðferðir til að tryggja að staðinn sé vörður um rétt móðurfélagsins til að hafa efnahagslega og stjórnunarlega yfirumsjón, með tilliti til tekna af eigna, í dótturfyrirtækjum, sem óbeint er haft eftirlit með í samræmi við 2. mgr. 25. gr. Þetta skal einkum gera móðurfélaginu kleift að samþykkja árlega fjárhagsáætlun, eða annan sambærilegan gerning, dreifikerfisstjóra og að setja heildartakmarkanir varðandi það hversu skuldsett dótturfyrirtæki þess sé. Það skal hvorki veita móðurfélaginu heimild til að gefa fyrirmæli um daglegan rekstur, né að taka einstakar ákvarðanir varðandi lagningu eða endurnýjun dreifileiðslna, sem fara ekki fram úr árlegu fjárhagsáætluninni, eða öðrum sambærilegum gerningi,

d) dreifikerfisstjóri skal koma á eftirlitsáætlun, þar sem settar eru fram ráðstafanir sem gripið er til, til að tryggja mismunun sé útilokuð og að fylgst sé með viðunandi hætti með því að henni sé fylgt. Í áætluninni skulu settar fram sérstakar skyldur starfsmanna til að uppfylla þetta markmið. Einstaklingurinn eða aðilinn, sem ber ábyrgð á að fylgjast með eftirlitsáætluninni, skal senda eftirlitsyfirvaldinu, sem um getur í 1. mgr. 25. gr., ársskýrslu, þar sem settar eru fram ráðstafanirnar sem gripið er til, og birta hana.

Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að beita ekki 1. og 2. mgr. gagnvart samþættu jarðgasfyrirtækjum sem þjóna færri en 100 000 tengdum viðskiptavinum.

*14. gr.*

**Þagnarskylda dreifikerfisstjóra**

1. Sérhver dreifikerfisstjóri skal, með fyrirvara um ákvæði 16. gr. eða aðra lagaskyldu þess efnis að afhenda upplýsingar, gæta trúnaðar um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem hann aflar sér með starfsemi sinni.

2. Dreifikerfisstjórar skulu ekki, í tengslum við sölu eða kaup tengdra fyrirtækja á jarðgasi, misnota viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, sem þeir fá frá þriðju aðilum, í tengslum við það að veita eða semja um aðgang að kerfinu.

*15. gr.*

**Kerfisstjóri samsetts kerfis**

Reglurnar í 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 13. gr. skulu ekki koma í veg fyrir að einn kerfisstjóri reki samsett kerfi fyrir flutning, fljótandi jarðgas, geymslu- og dreifingu, sem eru óháð annarri starfsemi sem ekki tengist rekstri flutningskerfis, kerfis fyrir fljótandi jarðgas, geymslukerfis og dreifikerfis, að því er varðar lögákveðið rekstrarform, skipulag og ákvarðanatöku og sem uppfyllir kröfurnar sem eru settar fram í a- til d-lið. Þessar reglur skulu ekki skapa skyldu um að aðskilja eignarhald á eignum samsetta kerfisins frá lóðrétt samþætta fyrirtækinu.

a) einstaklingum sem bera ábyrgð á stjórnun kerfisstjóra samsetta kerfisins er ekki heimilt að tilheyra fyrirtækjaskipulagi samþætta jarðgasfyrirtækisins sem ber, beint eða óbeint, ábyrgð á daglegum rekstri vegna framleiðslu og afhendingar jarðgass,

b) grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að tekið sé tillit til faglegra hagsmuna einstaklinga, sem bera ábyrgð á stjórnun kerfisstjóra samsetta kerfisins, með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti starfað sjálfstætt,

c) kerfisstjóri samsetta kerfisins skal hafa virkan ákvörðunarrétt, óháðan samþætta gasfyrirtækinu, með tilliti til eigna sem nauðsynlegar eru til að reka, viðhalda eða þróa netið. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að til staðar séu viðeigandi samræmingaraðferðir til að tryggja að staðinn sé vörður um rétt móðurfélagsins til að hafa efnahagslega og stjórnunarlega yfirumsjón með tilliti til tekna af eignum, í dótturfyrirtækjum, sem óbeint er haft eftirlit með í samræmi við 2. mgr. 25. gr. Þetta skal einkum gera móðurfélaginu kleift að samþykkja árlega fjárhagsáætlun, eða annan sambærilegan gerning, kerfisstjóra samsetts kerfis og að setja heildartakmarkanir á því hversu skuldsett dótturfyrirtæki þess sé. Það skal hvorki veita móðurfélaginu heimild til að gefa fyrirmæli um daglegan rekstur né að taka einstakar ákvarðanir varðandi lagningu eða endurnýjun flutnings- og dreifileiðslna, sem fara ekki fram úr árlegu fjárhagsáætluninni, eða öðrum sambærilegum gerningi,

d) kerfisstjóri samsetts kerfis skal koma á eftirlitsáætlun, þar sem settar eru fram ráðstafanir sem gripið er til, til að tryggja að mismunun sé útilokuð og að fylgst sé með viðunandi hætti með því að henni sé fylgt. Í áætluninni skulu settar fram sérstakar skyldur starfsmanna til að uppfylla

þetta markmið. Einstaklingurinn eða aðilinn, sem ber ábyrgð á að fylgjast með eftirlitsáætluninni, skal senda eftirlitsyfirvaldinu, sem um getur í 1. mgr. 25. gr., ársskýrslu, þar sem settar eru fram ráðstafanirnar sem gripið er til, og birta hana.

V. KAFLI

**SUNDURGREINING OG GAGNSÆI REIKNINGA**

*16. gr.*

**Réttur til aðgangs að reikningum**

1. Aðildarríkin eða hvert það lögbæra yfirvald, sem þau tilnefna, auk eftirlitsyfirvaldanna, sem um getur í 1. mgr. 25. gr. og yfirvaldanna, sem sjá um lausn deilumála og um getur í 3. mgr. 20. gr., skulu, að því marki sem nauðsynlegt er til að starfrækja hlutverk þeirra, hafa aðgang að reikningum gasfyrirtækja, eins og segir í 17. gr.

2. Aðildarríkin og öll lögbær yfirvöld, sem þau tilnefna, auk eftirlitsyfirvaldanna, sem um getur í 1. mgr. 25. gr., og yfirvaldanna, sem sjá um lausn deilumála, skulu gæta trúnaðar um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um birtingu slíkra upplýsinga ef slíkt er nauðsynlegt til þess að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sinna störfum sínum.

*17. gr.*

**Sundurgreining reikninga**

1. Aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að reikningar jarðgasfyrirtækja séu haldnir í samræmi við 2. til 5. mgr.

Ef fyrirtæki nýta sér undanþágu frá þessum ákvæðum á grundvelli 2. og 4. mgr. 28. gr. skulu þau halda innra bókhald sitt í samræmi við þessa grein.

2. Jarðgasfyrirtæki, hvernig sem eignarhaldi þeirra og rekstrarformi að lögum er háttað, skulu ganga frá ársreikningum sínum og leggja þá fram til endurskoðunar og birta í samræmi við ákvæði landslaga um ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð sem samþykkt eru á grundvelli tilskipunar ráðsins 78/660/EB frá 25. júlí 1978 sem byggist á g-lið 2. mgr. 44. gr. (*) sáttmálans um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([12]). Fyrirtæki, sem er ekki skylt samkvæmt lögum að birta ársreikninga sína, skulu hafa afrit þeirra aðgengileg almenningi á aðalskrifstofu sinni.

3. Jarðgasfyrirtæki skulu halda í innra bókhaldi sínu aðskilda reikninga fyrir starfsemi sína, sem tengist flutningi, dreifingu, fljótandi jarðgasi og geymslu, eins og krafist væri af þeim ef aðskilin fyrirtæki sæju um fyrrnefnda starfsemi, í þeim tilgangi að forðast mismunun, víxlniðurgreiðslur og röskun á samkeppni. Þau skulu einnig halda reikninga sem hægt er að steypa saman fyrir aðra gasstarfsemi sem tengist ekki flutningi, dreifingu, fljótandi jarðgasi og geymslu. Til 1. júlí 2007 skulu þau halda aðskilda reikninga vegna afhendingarstarfsemi að því er varðar óbundna viðskiptavini og afhendingarstarfsemi að því er varðar viðskiptavini sem eru bundnir Tekjur vegna eignarhalds á flutnings-/dreifineti skulu tilgreindar í reikningunum. Þau skulu halda samsteypta reikninga, eftir því sem við á, fyrir aðra starfsemi sem ekki tengist gasi. Innra bókhaldinu skal fylgja efnahagsreikningur og rekstrarreikningur fyrir hverja tegund starfsemi.

4. Með úttektinni, sem um getur í 2. mgr., skal einkum ganga úr skugga um að skyldan um að forðast mismunun og víxlniðurgreiðslur, sem um getur í 3. mgr., sé virt.

5. Fyrirtæki skulu tilgreina, í innra bókhaldi sínu, þær reglur um skiptingu eigna og skulda, útgjalda og tekna og um afskriftir, með fyrirvara um innlendar bókhaldsreglur, sem farið er eftir við gerð aðskildu reikninganna sem um getur í 3. mgr. Þessum reglum má aðeins breyta í undantekningartilvikum. Geta skal um slíkar breytingar og rökstyðja á tilhlýðilegan hátt.

6. Í athugasemdum við ársreikningana skal getið um öll umfangsmikil viðskipti við tengd fyrirtæki.

VI. KAFLI

**SKIPULAG AÐGANGS AÐ KERFINU**

*18. gr.*

**Aðgangur þriðju aðila**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að kerfi sem komið er á fyrir aðgang þriðju aðila að flutnings- og dreifikerfum og virkjum fyrir fljótandi jarðgas, sem byggist á birtum gjaldskrám, gildi um alla óbundna við-

(*) Titli tilskipunar 78/660/EBE hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 12. gr. Amsterdamsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í g-lið 3. mgr. 54. gr.

([12]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

skiptavini og því sé beitt hlutlægt og án þess að kerfisnotendum sé mismunað.

Aðildarríkin skulu tryggja að eftirlitsyfirvaldið, sem um getur í 1. mgr. 25. gr., samþykki þessar gjaldskrár eða aðferðafræðina, sem liggur að baki útreikningum þeirra, áður en þær taka gildi og að þessar gjaldskrár – og aðferðafræðin ef einungis aðferðafræðin er samþykkt – séu birtar áður en þær taka gildi.

2. Kerfisstjórar flutningskerfa skulu, ef það er nauðsynlegt til að þeir geti sinnt hlutverki sínu, þ.m.t. í tengslum við flutning yfir landamæri, hafa aðgang að neti annarra flutningskerfisstjóra.

3. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki koma í veg fyrir að gerðir séu langtímasamningar svo fremi sem þeir uppfylli samkeppnisreglur Bandalagsins.

*19. gr.*

**Aðgangur að geymslum**

1. Þegar skipuleggja á aðgang að geymsluaðstöðu og leiðslurými (linepack), ef það er tæknilega og/eða efnahagslega nauðsynlegt, til að veita fullnægjandi aðgang að kerfinu til að afhenda til viðskiptavina, sem og vegna skipulagningar á aðgangi að stoðþjónustu, geta aðildarríkin valið milli málsmeðferðanna, sem um getur í 3. og 4. mgr., eða valið þær báðar. Þessar málsmeðferðir skulu vera í samræmi við viðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um stoðþjónustu og bráðabirgðageymslu í tengslum við aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas sem er nauðsynleg fyrir endurgösunarferli og síðari afhendingu í flutningskerfið.

3. Þegar samið er um aðgang skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að jarðgasfyrirtæki og óbundnir viðskiptavinir, hvort sem er innan eða utan svæðisins sem samtengda kerfið þjónar, geti samið um aðgang að geymsluaðstöðu og leiðslurými, þegar það er tæknilega og/eða efnahagslega nauðsynlegt, til að veita fullnægjandi aðgang að kerfinu sem og að skipuleggja aðgang að annarri stoðþjónustu. Aðilum ber að semja um aðgang að geymsluaðstöðu, leiðslurými og annarri stoðþjónustu í góðri trú.

Gera skal samninga um aðgang að geymsluaðstöðu, leiðslurými og annarri stoðþjónustu við hlutaðeigandi kerfisstjóra geymslukerfis eða jarðgasfyrirtæki. Aðildarríkin skulu skylda kerfisstjóra geymslukerfa og jarðgasfyrirtæki til þess að birta helstu viðskiptakjör, sem þau bjóða vegna notkunar á geymsluaðstöðu, leiðslurými og annarri stoðþjónustu, fyrstu sex mánuðina eftir að þessi tilskipun kemur til framkvæmda og einu sinni á ári eftir það.

4. Þegar um stýrðan aðgang er að ræða skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að veita jarðgasfyrirtækjum og óbundnum viðskiptavinum, hvort sem er innan eða utan svæðisins sem samtengda kerfið þjónar, aðgangsrétt að geymsluaðstöðu, leiðslurými og annarri stoðþjónustu á grundvelli útgefinna gjaldskráa og/eða annarra skilmála og skuldbindinga, sem tengjast notkun þessarar geymsluaðstöðu og leiðslurými, þegar það er tæknilega og/eða efnahagslega nauðsynlegt til að veita fullnægjandi aðgang að kerfinu sem og að skipuleggja aðgang að annarri stoðþjónustu. Unnt er að veita óbundnum viðskiptavinum fyrrnefndan aðgangsrétt með því að gera þeim kleift að gera vörukaupasamninga við önnur jarðgasfyrirtæki, sem eru í samkeppni, önnur en eiganda og/eða kerfisstjóra kerfisins eða tengt fyrirtæki.

*20. gr.*

**Aðgangur að leiðslukerfum fyrir óunnið jarðgas**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að jarðgasfyrirtæki og óbundnir viðskiptavinir geti, óháð staðsetningu, fengið aðgang að leiðslukerfum fyrir óunnið jarðgas, m.a. að virkjum, sem veita tækniþjónustu sem fylgt getur slíkum aðgangi í samræmi við þessa grein, að undanskildum þeim hlutum slíkra kerfa og virkja sem eru notaðir við staðbundna framleiðslu á því svæði þar sem gasið er framleitt. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir í samræmi við ákvæði 33. gr.

2. Veita ber aðganginn, sem um getur í 1. mgr., með þeim hætti sem aðildarríkin ákveða í samræmi við viðeigandi löggerninga. Aðildarríkin skulu hafa það að markmiði að aðgangur sé með sanngjörnum hætti og frjáls, að til verði samkeppnismarkaður fyrir jarðgas og sneitt sé hjá misnotkun yfirburðastöðu, að teknu tilliti til þess að afhending sé örugg og fari reglulega fram, til flutningsgetu, sem er fyrir hendi eða telja má raunhæft að ná, svo og til umhverfisverndar. Taka má tillit til eftirfarandi:

a) að nauðsynlegt er að synja um aðgang ef tækniforskriftir eru ósamrýmanlegar og erfitt um vik að bæta úr því,

b) að nauðsynlegt er að sneiða hjá erfiðleikum, sem ekki er unnt að yfirstíga með eðlilegum hætti og sem kynnu að skaða skilvirka, yfirstandandi framleiðslu og fyrirhugaða framleiðslu vetniskolefna í framtíðinni, m.a. frá vinnslusvæðum sem eru á mörkum þess að vera lífvænleg.

c) að nauðsynlegt er að taka tillit til rökstuddra og eðlilegra þarfa eiganda eða kerfisstjóra viðkomandi leiðslukerfis fyrir óunnið jarðgas fyrir flutning og vinnslu gass og hagsmuna allra annarra notenda leiðslukerfisins fyrir óunnið jarðgas eða viðkomandi virkja, þar sem vinnsla og meðhöndlun fer fram og sem kunna að verða fyrir áhrifum og

d) að nauðsynlegt er að þau beiti lögum sínum og viðhafi stjórnsýslumeðferð í samræmi við lög Bandalagsins þegar veita á leyfi til framleiðslu eða þróunar í tengslum við óunnið jarðgas.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að til sé fyrirkomulag til lausnar deilumálum, m.a. yfirvald, sem er óháð málsaðilum og hefur aðgang að öllum viðkomandi upplýsingum, til þess að unnt sé að leysa deilumál, sem tengjast aðgangi að leiðslukerfum fyrir óunnið jarðgas, með fljótvirkum hætti, að teknu tilliti til þeirra viðmiðana, sem um getur í 2. mgr., og fjölda þeirra aðila sem kunna að vera þátttakendur í samningum um aðgang að slíkum leiðslukerfum.

4. Nái deilumál yfir landamæri skal styðjast við það fyrirkomulag til lausnar deilumálum sem gildir í því aðildarríki sem hefur lögsögu yfir leiðslukerfinu fyrir óunnið jarðgas sem synjað er um aðgang að. Ef viðkomandi leiðslukerfi fellur undir fleiri en eitt aðildarríki í deilumáli, sem nær yfir landamæri, skulu hlutaðeigandi aðildarríki eiga samráð sín á milli til þess að samræmi sé tryggt þegar ákvæðum þessarar tilskipunar er beitt.

*21. gr.*

**Synjað um aðgang**

1. Jarðgasfyrirtækjunum er heimilt að synja um aðgang að kerfinu sé nauðsynleg flutningsgeta ekki fyrir hendi eða ef aðgangur að kerfinu myndi koma í veg fyrir að þau geti sinnt þeirri opinberu þjónustu, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. og þeim er ætlað, eða sakir mikilla efnahagslegra og fjárhagslegra erfiðleika vegna samninga, þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð jafnvel þótt varan sé ekki afhent, með hliðsjón af þeim viðmiðunum og því verklagi, sem eru sett fram í 27. gr., og þeim kosti sem aðildarríkið velur í samræmi við 1. mgr. þeirrar greinar. Gefa þarf rökstuddar ástæður fyrir slíkri synjun.

2. Aðildarríkin geta gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að jarðgasfyrirtæki, sem synjar um aðgang að kerfinu sakir þess að nauðsynleg flutningsgeta eða tenging er ekki fyrir hendi, skuli gera nauðsynlegar úrbætur að því marki sem það er arðsamt eða þegar hugsanlegur viðskiptavinur er reiðubúinn til þess að greiða fyrir þær. Beiti aðildarríkin ákvæðum 4. mgr. 4. gr. skulu þau gera fyrrnefndar ráðstafanir.

*22. gr.*

**Ný grunnvirki**

1. Heimilt er að undanþiggja stór, ný gasvirki, t.d. samtengla milli aðildarríkja, aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas og geymsluaðstöðu, frá ákvæðum 18., 19. og 20. gr. og 2., 3. og 4. mgr. 25. gr. með eftirfarandi skilyrðum:

a) fjárfestingin verður að auka samkeppni á sviði gasframboðs og auka öryggi gasframboðs,

b) áhættan í tengslum við fjárfestinguna sé slík að fjárfestingin ætti sér ekki stað nema undanþága hafi verið veitt,

c) grunnvirkið skal vera í eigu einstaklings eða lögaðila sem er, a.m.k. hvað varðar rekstrarform að lögum, aðskilinn frá kerfisstjórum kerfisins sem byggja á grunnvirkið inn í,

d) gjöld séu innheimt af notendum þessa grunnvirkis,

e) undanþágan sé ekki skaðleg fyrir samkeppni eða skilvirka starfsemi innri markaðarins með gas eða skilvirka starfsemi stýrða kerfisins sem grunnvirkið er tengt við.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda um verulega aukningu á flutningsgetu grunnvirkja, sem fyrir eru, og um breytingar á slíkum grunnvirkjum sem gera kleift að þróa nýjar leiðir til að afhenda gas.

3. a) Eftirlitsyfirvaldinu, sem um getur í 25. gr., er heimilt, í hverju tilviki fyrir sig, að taka ákvörðun varðandi undanþáguna sem um getur í 1. og 2. mgr. Aðildarríkjunum er hins vegar heimilt að kveða á um að eftirlitsyfirvöldin skuli leggja álit sitt á beiðninni um undanþágu fyrir viðkomandi aðila í aðildarríkinu til formlegrar ákvarðanatöku. Þetta álit skal birt ásamt ákvörðuninni.

b) i) Undanþágan getur tekið til alls eða hluta nýja grunnvirkisins, grunnvirkisins, sem fyrir er, með verulega aukna flutningsgetu eða breytinganna á grunnvirkinu sem fyrir er.

ii) Þegar ákveðið er að veita undanþágu skal taka tillit til, í hverju tilviki fyrir sig, nauðsynjar þess að setja skilyrði varðandi tímalengd undanþágunnar og aðgangs án mismununar að samtenglinum.

iii) Þegar skilyrðin í þessari undirgrein eru ákveðin skal einkum taka tillit til gildistíma samninga, viðbótarflutningsgetunnar, sem á eftir að búa til, eða breytinga á flutningsgetunni, sem fyrir er, tímaramma verkefnisins og innlendra aðstæðna.

c) Þegar undanþága er veitt er viðkomandi yfirvaldi heimilt að ákveða reglur og aðferðir við stjórnun og úthlutun flutningsgetu svo fremi að það komi ekki í veg fyrir framkvæmd langtímasamninga.

d) Ákvörðunin um undanþágu, þ.m.t. öll skilyrði sem um getur í b-lið, skal rökstudd og birt á viðeigandi hátt.

e) Ef um er að ræða samtengil skulu allar ákvarðanir um undanþágu teknar að höfðu samráði við önnur aðildarríki eða hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld.

4. Lögbært yfirvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ákvörðun um undanþágu, ásamt öllum viðeigandi upplýsingum með tilliti til ákvörðunarinnar. Heimilt er að senda framkvæmdastjórninni fyrrnefndar upplýsingar í samanteknu formi til þess að gera henni kleift að komast að vel rökstuddri niðurstöðu.

Upplýsingarnar skulu einkum innihalda:

a) nákvæmar ástæður sem eftirlitsyfirvald eða aðildarríki hafði til grundvallar til að veita undanþágu, þ.m.t. fjárhagslegar upplýsingar sem réttlæta nauðsyn undanþágunnar,

b) greininguna sem fer fram á áhrifunum sem veiting undanþágunnar hefur á samkeppni og skilvirka starfsemi innri markaðarins með gas,

c) ástæður fyrir því tímabili og þeim hluta af heildarflutningsgetu gasgrunnvirkisins, sem um ræðir, sem undanþágan er veitt fyrir,

d) niðurstöður samráðs við hlutaðeigandi aðildarríki eða eftirlitsyfirvöld, ef undanþágan tengist samtengli,

e) framlag grunnvirkisins til fjölbreytileika á gasframboði.

Framkvæmdastjórnin getur, innan tveggja mánaða frá því að henni berst tilkynning, óskað eftir því að hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald eða aðildarríki breyti eða dragi til baka þá ákvörðun að veita undanþágu. Heimilt er að framlengja tveggja mánaða tímabilið um einn mánuð til viðbótar ef framkvæmdastjórnin óskar eftir viðbótarupplýsingum.

Ef eftirlitsyfirvaldið eða hlutaðeigandi aðildarríki fer ekki að fyrrnefndum tilmælum innan fjögurra vikna skal tekin lokaákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 30. gr.

Framkvæmdastjórnin skal fara með viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem trúnaðarmál.

*23. gr.*

**Markaðsopnun og gagnkvæmni**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að óbundnir viðskiptavinir séu:

a) til 1. júlí 2004, óbundnir viðskiptavinir eins og tilgreint er í 18. gr. í tilskipun 98/30/EB. Aðildarríki skulu, eigi síðar en 31. janúar ár hvert, birta viðmiðanirnar fyrir skilgreiningu á þessum óbundnu viðskiptavinum,

b) frá 1. júlí 2004 í síðasta lagi, allir viðskiptavinir sem kaupa ekki til heimilisnota,

c) frá 1. júlí 2007, allir viðskiptavinir.

2. Til að forðast ójafnvægi við opnun gasmarkaða:

a) má ekki banna afhendingarsamninga við óbundna viðskiptavini í kerfi annars aðildarríkis ef viðskiptavinurinn telst óbundinn viðskiptavinur í báðum kerfunum,

b) er framkvæmdastjórninni heimilt, í tilvikum þar sem viðskiptunum, sem lýst er í a-lið, er synjað af því að viðskiptavinurinn er aðeins óbundinn viðskiptavinur í öðru kerfinu, og, að teknu tilliti til ástandsins á markaðinum og sameiginlegra hagsmuna, að skylda þann aðila, sem synjar um viðskiptin, til að sjá um afhendinguna, sem farið var fram á, að beiðni annars aðildarríkisins þar sem kerfið er staðsett.

*24. gr.*

**Beinar leiðslur**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

a) að jarðgasfyrirtæki, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra, geti veitt óbundnum viðskiptavinum þjónustu um beina leiðslu,

b) að allir óbundnir viðskiptavinir á yfirráðasvæði þeirra fái þjónustu frá jarðgasfyrirtækjum um beina leiðslu.

2. Ef um það er að ræða að leyfi (t.d. nytjaleyfi, heimild, sérleyfi, samþykki eða viðurkenningu) þurfi til þess að leggja eða starfrækja beinar leiðslur skulu aðildarríkin, eða lögbær yfirvöld, sem þau tilnefna,

ákvarða viðmiðanir, sem gilda um veitingu leyfa, til þess að leggja eða starfrækja slíkar leiðslur á yfirráðasvæði þeirra. Þessar viðmiðanir skulu vera hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að binda leyfi til að leggja beina leiðslu því skilyrði að annaðhvort hafi verið synjað um aðgang að kerfi á grundvelli 21. gr. eða að hafin sé málsmeðferð til lausnar deilumáli í samræmi við 25. gr.

*25. gr.*

**Eftirlitsyfirvöld**

1. Aðildarríkin skulu tilnefna einn eða fleiri þar til bæra aðila sem gegna hlutverki eftirlitsyfirvalda. Þessi yfirvöld skulu vera fullkomlega óháð hagsmunum gasiðnaðarins. Með beitingu þessarar greinar skulu þau a.m.k. bera ábyrgð á að tryggja jafnræði, virka samkeppni og skilvirka starfsemi markaðarins og einkum fylgjast með:

a) reglum um stjórnun og úthlutun flutningsgetu samtengileiðslna, í samvinnu við eftirlitsyfirvald eða -völd þeirra aðildarríkja þar sem samtenging er fyrir hendi,

b) öllum aðferðum til að bregðast við skertri flutningsgetu vegna kerfisangar í innlenda gaskerfinu,

c) tímanum sem það tekur flutnings- og dreifikerfisstjóra að koma á tengingum og gera við,

d) birtingu flutnings- og dreifikerfisstjóra á viðeigandi upplýsingum varðandi samtengla, notkun dreifikerfis og úthlutun flutningsgetu til hagsmunaaðila að teknu tilliti til nauðsynjar þess að fara þannig með upplýsingar, sem ekki er safnað saman, eins og viðskiptaleynd gilti um þær,

e) skilvirkri sundurgreiningu reikninga, eins og um getur í 17. gr., til að tryggja að engar víxlniðurgreiðslur séu milli flutnings-, dreifingar- og geymslustarfsemi, starfsemi í tengslum við fljótandi jarðgas og afhendingarstarfsemi,

f) aðgangsskilyrðunum fyrir geymslu, leiðslurými og annarri stoðþjónustu, eins og kveðið er á um í 19. gr.,

g) að hvaða marki flutnings- og dreifikerfisstjórar uppfylla hlutverk sín í samræmi við 8. og 12. gr.,

h) að hve miklu leyti gagnsæi og samkeppni ríkir.

Yfirvöldin, sem komið var á fót samkvæmt þessari grein, skulu birta ársskýrslu um niðurstöður eftirlitsaðgerða þeirra sem um getur í a- til h-lið.

2. Eftirlitsyfirvöldin skulu bera ábyrgð á að ákveða eða samþykkja, a.m.k. aðferðafræðina, sem notuð er til að reikna út eða setja skilmála og skilyrði fyrir eftirfarandi, áður en þau taka gildi:

a) tengingu og aðgangi að innlendum netum, þ.m.t. gjaldskrár fyrir flutning og dreifingu. Þessar gjaldskrár eða aðferðafræði skulu gera kleift að nauðsynleg fjárfesting í netum geti átt sér stað með þeim hætti að þessar fjárfestingar tryggi virkni netsins,

b) veitingu þjónustu í tengslum við jöfnun.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að eftirlitsyfirvöldin skuli leggja fyrir viðkomandi aðila í aðildarríkinu gjaldskrárnar eða a.m.k. aðferðafræðina, sem um getur í þeirri grein, sem og breytingarnar, sem um getur í 4. mgr., til formlegrar ákvarðanatöku. Viðkomandi aðili skal, í slíku tilviki annaðhvort hafa vald til að samþykkja eða hafna drögum að ákvörðun sem eftirlitsyfirvaldið leggur fyrir.

Þessar gjaldskrár eða aðferðafræðin eða breytingarnar á þeim skulu birtar ásamt ákvörðuninni um formlega samþykkt. Einnig skal birta allar formlegar synjanir á drögum að ákvörðunum ásamt rökstuðningi þar að lútandi.

4. Eftirlitsyfirvöld skulu hafa heimild til að krefjast þess að kerfisstjórar flutningskerfa, kerfa fyrir fljótandi jarðgas og dreifikerfa, ef nauðsyn ber til, breyti þeim skilmálum og skilyrðum, gjaldskrám og aðferðafræði, sem um getur í 1., 2., og 3. mgr., til að tryggja að þær séu hlutfallslegar og þeim beitt án mismununar.

5. Allir aðilar, sem vilja leggja fram kæru á hendur kerfisstjóra flutningskerfis, kerfis fyrir fljótandi jarðgas eða dreifikerfis, með tilliti til málefnanna sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. og 19. gr., geta kært til eftirlitsyfirvaldsins, sem skal gegna hlutverki yfirvalds, sem sér um lausn deilumála, og gefa út ákvörðun innan tveggja mánaða frá því berst kæran. Heimilt er að framlengja þetta tímabil um tvo mánuði ef eftirlitsyfirvöld óska eftir viðbótarupplýsingum. Heimilt er framlengja þetta tímabil með samþykki kærandans. Slík ákvörðun skal vera bindandi nema og þangað til henni er hnekkt með áfrýjun.

6. Allir aðilar, sem vilja leggja fram kæru á hendur kerfisstjóra flutningskerfis, kerfis fyrir fljótandi jarðgas- eða dreifikerfis, með tilliti til málefnanna sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. og 19. gr., geta kært til eftirlitsyfirvaldsins, sem skal gegna hlutverki yfirvalds, sem sér um lausn deilumála, og gefa út ákvörðun innan tveggja mánaða frá því kæran berst.

Heimilt er að framlengja þetta tímabil um tvo mánuði ef eftirlitsyfirvöld óska eftir viðbótarupplýsingum. Heimilt er framlengja þennan tíma með samþykki kærandans. Slík ákvörðun skal vera bindandi nema og þangað til henni er hnekkt með áfrýjun.

7. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að eftirlitsyfirvöld geti sinnt skyldum sínum, sem um getur í 1. til 5. mgr., á skilvirkan og skjótan hátt.

8. Aðildarríkin skulu koma á viðeigandi og skilvirku fyrirkomulagi stýringar, stjórnunar og gagnsæis til að forðast misnotkun á yfirburðastöðu einkum þegar hún kemur niður á neytendum og undirverðlagningu. Í þessu fyrirkomulag skal tekið tillit til ákvæða sáttmálans, einkum 82. gr.

9. Aðildarríkin skulu tryggja að gripið sé til viðeigandi ráðstafana, þ.m.t. stjórnsýsluaðgerðir, eða að höfðað sé sakamál í samræmi við innlend lög gegn einstaklingum eða lögaðilum, sem bera ábyrgð, ef reglur um þagnarskyldu, sem settar eru með þessari tilskipun, hafa ekki verið virtar.

10. Nái deilumál yfir landamæri skal eftirlitsyfirvaldið, sem tekur ákvörðun, vera eftirlitsyfirvaldið, sem hefur lögsögu að því er varðar kerfisstjórann, sem synjar um notkun á kerfinu eða aðgang að því.

11. Kærurnar, sem um getur í 5. og 6. mgr., koma ekki í veg fyrir að málskotsréttur sé nýttur samkvæmt lögum Bandalagsins og innlendum lögum.

12. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu stuðla að þróun innri markaðarins og jöfnum samkeppnisskilyrðum með því að vinna saman og með framkvæmdastjórninni á gagnsæjan hátt.

## VII. KAFLI

## LOKAÁKVÆÐI

*26. gr.*

### Verndarráðstafanir

1. Komi skyndilega til kreppu á orkumarkaðinum og sé öryggi fólks, tækja eða búnaðar eða heildstæði kerfisins stofnað í hættu, er aðildarríki heimilt að grípa tímabundið til nauðsynlegra verndarráðstafana.

2. Slíkar ráðstafanir þurfa að vera með því móti að þær valdi sem minnstum truflunum á starfsemi innri markaðarins og mega ekki vera víðtækari en nauðsynlegt er til að bregðast við vandanum sem komið hefur upp.

3. Viðkomandi aðildarríki skal tafarlaust tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir og þeim er heimilt að ákveða að aðildarríkinu beri að breyta ráðstöfununum eða afnema þær, að því marki sem þær raska samkeppni og hafa neikvæð áhrif á viðskipti á einhvern þann hátt sem stríðir gegn sameiginlegum hagsmunum.

*27. gr.*

### Undanþágur frá skuldbindingum, þess efnis að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent

1. Standi jarðgasfyrirtæki frammi fyrir alvarlegum efnahags- og fjárhagsvanda eða telur að svo muni verða vegna skuldbindinga, sem það gengst undir með einum eða fleiri gaskaupasamningum þess efnis að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, getur það sent hlutaðeigandi aðildarríki eða tilnefndu lögbæru yfirvaldi umsókn um bráðabirgðaundanþágu frá ákvæðum 18. gr. Aðildarríkin geta valið, í hverju tilviki um sig, hvort umsóknum skuli skilað áður en eða eftir að synjað er um aðgang að kerfinu. Aðildarríkin geta einnig gefið hlutaðeigandi jarðgasfyrirtæki kost á því að velja hvort það skilar umsókn áður en eða eftir að synjað er um aðgang að kerfinu. Hafi jarðgasfyrirtæki synjað um aðgang skal skila umsókninni án tafar. Með umsókninni skulu fylgja allar viðkomandi upplýsingar um eðli og umfang þess vanda, sem við er að etja, og viðleitni jarðgasfyrirtækisins til þess að leysa hann.

Séu aðrar lausnir ekki tiltækar þannig að eðlilegt megi teljast, og að teknu tilliti til ákvæða 3. mgr., getur hlutaðeigandi aðildarríki eða tilnefnt lögbært yfirvald ákveðið að veita undanþágu.

2. Aðildarríkið eða tilnefnda lögbæra yfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ákvörðun sína þess efnis að veita undanþágu og leggja fram allar viðkomandi upplýsingar sem varða undanþáguna. Heimilt er að senda framkvæmdastjórninni samsafn fyrrnefndra upplýsinga til þess að gera henni kleift að komast að vel rökstuddri niðurstöðu. Framkvæmdastjórnin getur, innan átta vikna frá því að henni berst fyrrnefnd tilkynning, óskað eftir því að hlutaðeigandi aðildarríki eða tilnefnt lögbært yfirvald breyti eða dragi til baka þá ákvörðun að veita undanþágu.

Ef aðildarríkið eða hlutaðeigandi lögbært yfirvald, sem hefur verið tilnefnt, fer ekki að fyrrnefndum tilmælum innan fjögurra vikna skal tekin lokaákvörðun með skjótum hætti í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 30. gr.

Framkvæmdastjórnin skal fara með viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem trúnaðarmál.

3. Þegar teknar eru ákvarðanir um undanþágurnar, sem um getur í 1. mgr., skal hlutaðeigandi aðildarríki eða tilnefnt lögbært yfirvald og framkvæmdastjórnin einkum taka mið af eftirtöldum viðmiðunum:

a) því markmiði að koma á samkeppnismarkaði fyrir gas,

b) nauðsyn þess að rækja skyldur um opinbera þjónustu og tryggja afhendingaröryggi,

c) stöðu jarðgasfyrirtækisins á gasmarkaðinum og raunverulegri samkeppnisstöðu á þessum markaði,

d) því hversu alvarlegum efnahags- og fjárhagslegum erfiðleikum jarðgasfyrirtæki og fyrirtæki, sem annast flutning,eða óbundnir viðskiptavinir standa frammi fyrir,

e) dagsetningum undirskriftar og skilmálum viðkomandi samning eða samninga, m.a. að hve miklu leyti þeir gera ráð fyrir markaðsbreytingum,

f) viðleitni til þess að finna lausn á þeim vanda sem við er að etja,

g) að hve miklu leyti hlutaðeigandi fyrirtæki hefði átt að sjá fyrir, að teknu tilliti til ákvæða þessarar tilskipunar, líkur á að alvarlegir erfiðleikar myndu fylgja því að gangast undir skuldbindingar þess efnis að greiða tiltekna fjárhæð þótt vara sé ekki afhent,

h) í hve ríkum mæli kerfið er tengt öðrum kerfum og að hve miklu leyti er um rekstrarsamhæfi kerfanna að ræða og

i) þeim áhrifum, sem veiting undanþágu myndi hafa á rétta beitingu þessarar tilskipunar, með tilliti til snurðulausrar starfsemi innri jarðgasmarkaðarins.

Ákvörðun viðvíkjandi beiðni um undanþágu vegna samninga, þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, sem gerðir eru áður en tilskipun þessi öðlast gildi, ætti ekki að leiða til aðstæðna sem gera að verkum að ókleift er að finna aðra og fjárhagslega hagkvæmari afgreiðslukosti. A.m.k. skal líta svo á að ekki sé um alvarlega erfiðleika að ræða þegar sala jarðgass er ekki undir því lágmarki fyrir afgreiddan skammt, sem er tryggt í gaskaupasamningum, þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, eða svo fremi að unnt sé að gera breytingar á viðkomandi gaskaupasamningi, þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, eða að hlutaðeigandi jarðgasfyrirtæki geti fundið annars konar afgreiðslukosti.

4. Jarðgasfyrirtæki, sem hefur ekki verið veitt undanþága, eins og um getur í 1. mgr., skulu ekki eða skulu ekki framar synja um aðgang að kerfinu, af ástæðum sem varða skuldbindingar, þess efnis að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, sem gengist hefur verið undir í gaskaupasamningi. Aðildarríkin skulu tryggja að viðeigandi ákvæðum VI. kafla, nánar tiltekið ákvæðum 18. til 25. gr., sé hlítt.

5. Færa ber gild rök fyrir öllum undanþágum sem eru veittar samkvæmt ákvæðunum hér að framan. Framkvæmdastjórnin skal birta ákvörðunina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

6. Framkvæmdastjórnin skal, áður en fimm ár eru liðin frá því að tilskipun þessi öðlast gildi, leggja fram endurmatsskýrslu um þá reynslu sem fengist hefur af því að beita ákvæðum þessarar greinar til að gera Evrópuþinginu og ráðinu kleift, þegar þar að kemur, að fjalla um þörfina á að breyta henni.

*28. gr.*

**Nývaxtarmarkaðir og einangraðir markaðir**

1. Aðildarríkjum, sem eru ekki beintengd samtengdu kerfi annars aðildarríkis og hafa einungis einn erlendan birgi, er heimilt að víkja frá ákvæðum 4., 9., 23. og/eða 24. gr. þessarar tilskipunar. Birgir, sem hefur yfir 75% markaðshlutdeild, telst vera aðalbirgir. Undanþága þessi fellur sjálfkrafa úr gildi um leið og a.m.k. eitt þessara skilyrða á ekki lengur við. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um allar slíkar undanþágur.

2. Aðildarríki, sem uppfyllir skilyrði fyrir því að geta talist nývaxtarmarkaður og sem vegna beitingar ákvæða þessarar tilskipunar myndi lenda í verulegum vandræðum, er heimilt að víkja frá ákvæðum 4. og 7. gr.,, 1. og 2. mgr. 8. gr., 9. og 11. gr., 5. mgr. 12. gr., 13., 17. og 18. gr. og 1. mgr. 23. og/eða 24. gr. þessarar tilskipunar. Þessi undanþága fellur sjálfkrafa úr gildi um leið og aðildarríkið uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir því að geta talist nývaxtarmarkaður. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um allar slíkar undanþágur.

3. Á þeim degi sem undanþágan, sem um getur í 2. mgr., fellur úr gildi skal skilgreiningin á óbundnum viðskiptavinum leiða til markaðsopnunar sem jafngildir a.m.k. 33% af heildarársnotkun á gasi á innlendum gasmarkaði. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 23. gr. skulu gilda í tvö ár eftir það og ákvæði c-liðar 1. mgr. 23. gr. í þrjú ár eftir það. Þar til ákvæði b-liðar

1. mgr. 23. gr. taka gildi er aðildarríkinu, sem um getur í 2. mgr., heimilt að ákveða að beita ekki 18. gr., að því er varðar stoðþjónustu og bráðabirgðageymslu fyrir endurgösunarferlið og síðari afhendingu í flutningskerfið.

4. Þegar um það er að ræða að framkvæmd þessarar tilskipunar myndi valda verulegum vandræðum á landfræðilega takmörkuðu svæði í aðildarríki, einkum með tilliti til þróunar flutningsgrunnvirkja og stórra dreifigrunnvirkja og í því augnamiði að örva fjárfestingar, getur viðkomandi aðildarríki sótt um bráðabirgðaundanþágu til framkvæmdastjórnarinnar frá ákvæðum 4. og 7. gr., 1. og 2. mgr. 8. gr., 9. og 11. gr., 5. mgr. 12. gr., 13., 17. og 18. gr. og 1. mgr. 23. og/eða 24. gr. vegna þróunar innan fyrrnefnds svæðis.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að veita undanþáguna, sem um getur í 4. mgr., að teknu tilliti til eftirfarandi skilyrða sérstaklega:

— þarfarinnar fyrir fjárfestingar í grunnvirkjum sem ekki yrðu hagkvæmar á samkeppnismarkaði,

— hve mikilla fjárfestinga er þörf og ábatahorfa af þeim,

— stærðar gaskerfisins og þróunarstigs á viðkomandi svæði,

— framtíðarhorfa á viðkomandi gasmarkaði,

— landfræðilegrar stærðar og einkenna viðkomandi svæðis eða landshluta, og félagshagsfræðilegra og lýðfræðilegra þátta,

a) Einungis er heimilt að veita undanþágu fyrir gasgrunnvirki önnur en dreifigrunnvirki ef engin gasgrunnvirki hafa verið reist á fyrrnefndu svæði eða slík grunnvirki hafa verið þar skemur en 10 ár. Óheimilt er að veita bráðabirgðaundanþágu lengur en í 10 ár frá því að gas er fyrst afhent á svæðinu,

b) Ekki er heimilt að veita undanþágu fyrir grunnvirki til dreifingar lengur en í 20 ár fyrir dreifigrunnvirkið frá því að gas er fyrst afhent með fyrrnefndu kerfi á svæðinu.

6. Lúxemborg getur nýtt sér undanþágu frá 3. mgr. 8. gr. og 9. gr. í fimm ár frá 1. júlí 2004. Slík undanþága skal endurskoðuð fyrir lok fimm ára tímabilsins og allar ákvarðanir um að endurnýja undanþáguna í önnur fimm ár skulu teknar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 30. gr. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um allar slíkar undanþágur.

7. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um umsóknir, sem eru lagðar fram skv. 4. mgr., áður en hún tekur ákvörðun í samræmi við ákvæði 5. mgr., að teknu tilliti til trúnaðarkröfunnar. Birta skal þessa ákvörðun sem og undanþágurnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

8. Grikklandi er heimilt að víkja frá 4., 11., 12., 13., 18., 23. og/eða 24. gr. þessarar tilskipunar, að því er varðar landsvæðin og tímabilin sem tilgreind eru í leyfunum sem það gaf út fyrir 15. mars 2002, og í samræmi við tilskipun 98/30/EB, að því er varðar þróun og einkanýtingu á dreifikerfum á tilteknum landsvæðum.

*29. gr.*

**Endurskoðun**

Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu í skýrslunni, sem um getur í 3. mgr. 31. gr., í ljósi þess á hversu skilvirkan hátt netaðgangur hefur verið framkvæmdur í aðildarríki, – sem hefur í för með sér netaðgang sem er að fullu virkur, án mismununar og án hindrana – að tilteknar skyldur, sem þessi tilskipun leggur á fyrirtæki (þ.m.t. þær sem fjalla um lagalega sundurgreiningu dreifikerfisstjóra) séu ekki í réttu hlutfalli við markmiðið, sem stefnt er að, er aðildarríkinu heimilt að leggja fram beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um undanþágu frá kröfunni sem um ræðir.

Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um beiðnina ásamt öllum viðkomandi upplýsingum, sem nauðsynlegar eru, til að sýna fram á að niðurstaðan, sem komist var að í skýrslunni um að skilvirkur aðgangur að netinu verði tryggður, muni gilda áfram.

Innan þriggja mánaða frá því að framkvæmdastjórninni berst tilkynning skal hún samþykkja álit með tilliti til beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis og, eftir því sem við á, leggja tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið um að breyta viðkomandi ákvæðum tilskipunarinnar. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja til í tillögunum að tilskipuninni verði breytt, að hlutaðeigandi aðildarríki verði undanþegið tilteknum kröfum, háð því að aðildarríkið grípi til jafn áhrifaríkra ráðstafana, eftir því sem við á.

*30. gr.*

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

*31. gr.*

**Skýrslugjöf**

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með og endurskoða beitingu þessarar tilskipunar og leggja heildarskýrslu um árangur fyrir Evrópuþingið og ráðið í lok fyrsta ársins eftir gildistöku þessarar tilskipunar og árlega eftir það. Þessi skýrsla skal a.m.k. taka til:

a) fenginnar reynslu og árangurs, sem næst við að koma endanlega á innri markaði á sviði jarðgass sem verður starfræktur að fullu, og þeirra hindrana sem eftir eru í þessu tilliti, þ.m.t. þættir varðandi markaðsyfirráð, samþjöppun á markaði, undirboð eða samkeppnishamlandi starfshættir,

b) undanþágna sem eru veittar samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. framkvæmd á undanþágunni, sem kveðið er á um í 2. mgr. 13. gr., með tilliti til hugsanlegrar endurskoðunar viðmiðunarmarkanna,

c) að hvaða marki kröfur um sundurgreiningu og setningu gjaldskrár, sem er að finna í þessari tilskipun, hafa verið árangursríkar við að tryggja sanngjarnan aðgang án mismununar að gaskerfi Bandalagsins og sambærilegt samkeppnisstig, sem og efnahagslegar, umhverfislegar og félagslegar afleiðingar af opnun gasmarkaðar fyrir viðskiptavini,

d) rannsóknar á málefnum er tengjast flutningsgetu kerfis og afhendingaröryggi gass í Bandalaginu og einkum núverandi og áætluðu jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar að teknu tilliti til raunverulegrar flutningsgetu fyrir skipti milli svæða og þróunar á geymslu (þ.m.t. hvort markaðsstýringin á þessu sviði sé í réttu hlutfalli),

e) þess að sérstakur gaumur verður gefinn ráðstöfunum, sem gripið er til í aðildarríkjunum, til að anna eftirspurn á álagstoppum og bregðast við skorti hjá einum eða fleiri birgjum,

f) almenns mats á árangrinum, sem næst með tilliti til tvíhliða samskipta við þriðju lönd sem framleiða og flytja út jarðgas, þ.m.t. árangur í markaðssamþættingu, viðskiptum og netaðgangi í slíkum þriðju löndum,

g) þarfarinnar á hugsanlegum samræmingarkröfum sem ekki tengjast ákvæðum þessarar tilskipunar.

Eftir því sem við á, geta í skýrslunni verið tilmæli og ráðstafanir til að vega upp á móti neikvæðum áhrifum markaðsyfirráða og samþjöppunar á markaði.

2. Á tveggja ára fresti skal í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr., einnig fjallað um greiningu á mismunandi ráðstöfunum, sem aðildarríkin gera til að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu, ásamt könnun á skilvirkni þessara ráðstafana, einkum áhrifa þeirra á samkeppni á gasmarkaðinum. Eftir því sem við á, geta í þessari skýrslu verið tilmæli, að því er varðar ráðstafanir sem gera skal á innlendum vettvangi til að koma á opinberri þjónustu á háu stigi, eða ráðstafanir sem ætlað er að koma í veg fyrir hindranir á markaðsaðgangi.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2006, senda Evrópuþinginu og ráðinu nákvæma skýrslu þar sem rakinn er árangur af því að skapa innri markað á sviði gass. Skýrslan skal fyrst og fremst fjalla um:

— hvort netaðgangur án mismununar sé til staðar,

— skilvirka reglusetningu,

— þróun á grunnvirki til samtengingar, skilyrði vegna umflutnings og öryggi afhendingar í Bandalaginu,

— að hvaða marki fullur ávinningur af opnun markaðarins kemur litlum fyrirtækjum og heimilum til góða, nánar tiltekið með tilliti til gæða opinberrar þjónustu,

— að hvaða marki markaðir eru í raun opnir fyrir virkri samkeppni, þ.m.t. þættir varðandi markaðsyfirráð, samþjöppun á markaði, undirboð eða samkeppnishamlandi starfshættir,

— að hvaða marki viðskiptavinir eru í raun að skipta um birgi og semja um gjaldskrár,

— verðþróun, þ.m.t. afhendingarverð, með tilliti til þess hversu opnir markaðir eru,

— hvort skilvirkur aðgangur án mismununar er fyrir hendi fyrir þriðju aðila þegar það er tæknilega og/eða efnahagslega nauðsynlegt til að veita fullnægjandi aðgang að kerfinu,

— reynsluna, sem fengist hefur við beitingu tilskipunarinnar að því er varðar raunverulegt sjálfstæði kerfisstjóra í lóðrétt samþættum fyrirtækjum, og

hvort aðrar ráðstafanir til viðbótar við sjálfstæði, að því er varðar starfsemi og aðskilið bókhald, hafa verið þróaðar sem hafa sambærileg áhrif og lagaleg sundurgreining.

Eftir því sem við á, skal framkvæmdastjórnin senda tillögur til Evrópuþingsins og ráðsins, einkum til að tryggja opinbera þjónustu á háu stigi.

Eftir því sem við á, skal framkvæmdastjórnin senda tillögur til Evrópuþingsins og ráðsins, einkum til að tryggja fullt og skilvirkt sjálfstæði dreifikerfisstjóra eigi síðar en 1. júlí 2007. Ef nauðsynlegt er, skulu þessar tillögur, í samræmi við samkeppnislög, einnig varða ráðstafanir um málefni er varða markaðsyfirráð, samþjöppun á markaði, undirboð eða samkeppnishamlandi starfshætti.

*32. gr.*

**Niðurfelling**

1. Tilskipun 91/296/EBE skal felld úr gildi frá og með 1. júlí 2004, með fyrirvara um samninga sem eru gerðir skv. 1. mgr. 3. gr. í tilskipun 91/296/EBE, sem skulu gilda áfram og skulu koma til framkvæmdar samkvæmt skilmálum fyrrnefndrar tilskipunar.

2. Tilskipun 98/30/EB skal felld úr gildi frá og með 1. júlí 2004, með fyrirvara um skyldur aðildarríkja varðandi frest til lögleiðingar og beitingar fyrrnefndrar tilskipunar. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðauka B.

*33. gr.*

**Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að fresta framkvæmd 1. mgr. 13. gr. til 1. júlí 2007. Þetta skal vera með fyrirvara um kröfurnar sem er að finna í 2. mgr. 13. gr.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*34. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*35. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júní 2003.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | A. TSOCHATZOPOULOS |
| *forseti.* | *forseti.* |

*VIÐAUKI A*

**Ráðstafanir er varða neytendavernd**

Með fyrirvara um reglur Bandalagsins um neytendavernd, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB ([13]) og tilskipun ráðsins 93/13/EB ([14]), eiga ráðstafanirnar, sem um getur í 3. gr., að tryggja að viðskiptavinir:

a) eigi rétt á samningi við þann sem veitir þeim gasþjónustu, sem tilgreinir:

— heiti og heimilisfang birgisins,

— þjónustuna, sem veitt er, gæði þeirrar þjónustu sem boðin er svo og hvenær upphafleg tenging mun eiga sér stað,

— tegundir viðhaldsþjónustu ef hún er í boði,

— með hvaða hætti hægt er að nálgast uppfærðar upplýsingar um allar viðeigandi gjaldskrár og viðhaldsgjöld,

([13]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.
([14]) Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29.

— gildistíma samningsins, skilyrði fyrir endurnýjun og uppsögn þjónustunnar og samningsins, hvort réttur til afturköllunar sé fyrir hendi,

— hvers kyns bóta- og endurgreiðslufyrirkomulag sem gildir ef þjónustugæðin, sem samið var um, eru ekki uppfyllt og

— hvernig hefja skal málsmeðferð til að leysa deilumál í samræmi við f-lið.

Skilyrðin skulu vera sanngjörn og vel þekkt fyrirfram. Í öllum tilvikum skulu þessar upplýsingar veittar áður en samningur er gerður eða staðfestur. Ef samningar eru gerðir í gegnum milliliði skulu framangreindar upplýsingar einnig veittar áður en samningurinn er gerður.

b) fái tilkynningu með nægilegum fyrirvara um allar fyrirætlanir um að breyta samningsskilyrðum og fái upplýsingar um uppsagnarrétt sinn þegar þeir fá þessa tilkynningu. Þjónustuveitendur skulu tilkynna áskrifendum sínum beint um allar hækkanir á gjöldum á viðeigandi tíma, eigi síðar en einu reikningstímabili eftir að hækkunin tekur gildi. Aðildarríkin skulu tryggja að viðskiptavinum sé frjálst að segja upp samningum ef þeir samþykkja ekki nýju skilyrðin sem sá sem veitir þeim gasþjónustu tilkynnir þeim um.

c) fái upplýsingar um viðeigandi verð og gjaldskrár og um staðlaða skilmála og skilyrði með tilliti til aðgangs að og notkunar á gasþjónustu,

d) hafi viðtækt val um greiðsluaðferðir. Allur munur á skilmálum og skilyrðum skal endurspegla kostnað birgisins við mismunandi greiðslukerfi. Almennir skilmálar og skilyrði skulu vera sanngjörn og gagnsæ. Þau skulu sett fram á skýru og auðskiljanlegu máli. Viðskiptavinir skulu verndaðir gagnvart ósanngjörnum og villandi söluaðferðum.

e) þurfi ekki að borga fyrir að skipta um birgi,

f) njóti góðs af gagnsærri, einfaldri og ódýrri málsmeðferð við að fjalla um kvartanir þeirra. Slík málsmeðferð skal gera kleift að leysa deilumál á sanngjarnan og skjótvirkan hátt þannig að gert sé ráð fyrir endurgreiðslu- og/eða bótakerfi þar sem réttmæt ástæða er til slíks. Hún skal, eftir því sem kostur er, fylgja meginreglunum sem settar eru fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 98/257/EB ([15]).

g) sem eru tengdir við gaskerfið, séu upplýstir um rétt sinn til að fá afhent, samkvæmt viðeigandi innlendri löggjöf, jarðgas af tilteknum gæðum á sanngjörnu verði.

*VIÐAUKI B*

**Samsvörunartafla**

| Tilskipun 98/30/EB | Þessi tilskipun | |
|---|---|---|
| 1. gr. | 1. gr. | Gildissvið |
| 2. gr. | 2. gr. | Skilgreiningar |
| 3. gr. | 3. gr. | Skyldur um opinbera þjónustu og neytendavernd |
| 4. gr. | 4. gr. | Málsmeðferð við leyfisveitingu |
| — | 5. gr. | Eftirlit með afhendingaröryggi |
| 5. gr. | 6. gr. | Tæknilegar reglur |
| 6. gr. | 7. gr. | Tilnefning kerfisstjóra |
| 7. gr. | 8. gr. | Verkefni kerfisstjóra |
| — | 9. gr. | Sundurgreining flutningskerfisstjóra |
| 8. gr. | 10. gr. | Þagnarskylda flutningskerfisstjóra |

([15]) Stjtíð. EB L 115, 17.4.1998, bls. 31.

| Tilskipun 98/30/EB | Þessi tilskipun | |
|---|---|---|
| 1. mgr. 9. gr. | 11. gr. | Tilnefning dreifikerfisstjóra |
| 10. gr. | 12. gr. | Verkefni dreifikerfisstjóra |
| — | 13. gr. | Sundurgreining dreifikerfisstjóra |
| 11. gr. | 14. gr. | Þagnarskylda dreifikerfisstjóra |
| — | 15. gr. | Kerfisstjóri samsettra kerfa |
| 12. gr. | 16. gr. | Réttur til aðgangs að reikningum |
| 13. gr. | 17. gr. | Sundurgreining reikninga |
| 14.–16. gr. | 18. gr. | Aðgangur þriðju aðila |
| — | 19. gr. | Aðgangur að geymslum |
| 23. gr. | 20. gr. | Aðgangur að leiðslukerfum fyrir óunnið jarðgas |
| 17. gr. | 21. gr. | Synjað um aðgang |
| — | 22. gr. | Ný grunnvirki |
| 18. og 19. gr. | 23. gr. | Markaðsopnun og gagnkvæmni |
| 20. gr. | 24. gr. | Beinar leiðslur |
| 2. og 3. mgr. 21. gr. og 22. gr. | 25. gr. | Eftirlitsyfirvöld |
| 24. gr. | 26. gr. | Verndarráðstafanir |
| 25. gr. | 27. gr. | Undanþágur frá skuldbindingum þess efnis að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent |
| 26. gr. | 28. gr. | Nývaxtarmarkaðir og einangraðir markaðir |
| — | 29. gr. | Endurskoðun |
| — | 30. gr. | Nefnd |
| 27. og 28. gr. | 31. gr. | Skýrslugjöf |
| — | 32. gr. | Niðurfelling |
| 29. gr. | 33. gr. | Framkvæmd |
| 30. gr. | 34. gr. | Gildistaka |
| 31. gr. | 35. gr. | Viðtakendur |
| 30. gr. | 34. gr. | Gildistaka |
| | Viðauki A | Ráðstafanir er varða neytendavernd |

## Fylgiskjal V.

### ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

**frá 11. nóvember 2003**

**um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi**

**(Texti sem varðar EES)**

(2003/796/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af tillögu stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu tilskipunar 96/92/EB [1], tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 98/30/EB [2] og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri [3] er settur nýr reglurammi um innri markaðinn fyrir rafmagn og gas.

2) Í tilskipunum 2003/54/EB og 2003/55/EB er þess krafist að aðildarríkin tilnefni einn eða fleiri þar til bæra aðila sem gegna hlutverki eftirlitsyfirvalda til að framkvæma eftirlitsverkefnin sem tilgreind eru í þessum tilskipunum. Þessi eftirlitsyfirvöld þurfa að vera fullkomlega óháð hagsmunum rafmagns- og gasiðnaðarins.

3) Líklegt er að sundurliðun á skyldum og verkefnum innlendra stjórnvalda sé mismunandi eftir aðildarríkjum, en öll aðildarríkin verða að tilnefna a.m.k. eina eftirlitsstofnun til að beita reglum nýja reglurammans, þegar þær hafa verið teknar upp í landslög, einkum reglurnar sem varða daglegt eftirlit með markaðnum.

4) Í tilskipunum 2003/54/EB og 2003/55/EB eru sett markmið og þar er veittur rammi fyrir aðgerðir á innlendum vettvangi, en þar er jafnframt veittur sveigjanleiki á tilteknum sviðum til að beita reglunum í ljósi innlendra aðstæðna. Samræmd beiting viðkomandi reglna í öllum aðildarríkjunum skiptir sköpum um árangursríka þróun samevrópsks orkumarkaðar.

5) Framlag hóps evrópska eftirlitsaðila fyrir rafmagn og hóps evrópskra eftirlitsaðila fyrir gas hefur verið þýðingarmikið að því er varðar sameiginlegar aðferðir í málefnum sem varða viðskipti yfir landamæri. Þar sem báðir hópar verða áfram mikilvægir sem almennur umræðuvettvangur með þátttöku allra aðila, ríkisstjórna, eftirlitsaðila og iðnaðarins, er nú nauðsynlegt að búa eftirlitssamvinnu og samhæfi formlegri stöðu, til að greiða fyrir tilkomu innri orkumarkaðarins og í ljósi væntanlegrar inngöngu nýrra aðildarríkja.

6) Við þessar kringumstæður er rétt setja á fót „evrópskan hóp eftirlitsaðila með rafmagni og gasi“ til að auðvelda samráð, samræmingu og samstarf milli eftirlitsstofnana í aðildarríkjunum og milli þessara aðila og framkvæmdastjórnarinnar í þeim tilgangi að styrkja innri markaðinn og tryggja samræmda beitingu í öllum aðildarríkjunum á tilskipunum 2003/54/EB og 2003/55/EB og reglugerð (EB) nr.1228/2003.

7) Aðilar að evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi skulu vera forstöðumenn innlendra stjórnvalda, sem eru lögbær á sviði eftirlits með rafmagni og gasi í aðildarríkjunum. Háttsettir embættismenn skulu vera fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar.

8) Evrópski hópur eftirlitsaðila með rafmagni og gasi skal viðhalda náinni samvinnu við nefndirnar sem var komið á fót í krafti 30 gr. tilskipunar 2003/55/EB og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1228/2003. Starf hans skal ekki hafa áhrif á störf fyrrgreindra nefnda.

---

([1]) Stjtíð.ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37.
([2]) Stjtíð.ESB L 176, 15.7.2003, bls. 57.
([3]) Stjtíð.ESB L 176, 15.7.2003, bls. 1.

9) Rétt er að fella úr gildi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 95/539/EB ([4]) og 92/167/EBE ([5]) þar sem þessar ákvarðanir komu á fót nefndum í tengslum við ákvarðanir 91/296/EBE ([6]) og 90/547/EBE ([7]) um gegnumflutning á jarðgasi annars vegar og rafmagni hins vegar, sem felldar voru úr gildi með tilskipunum 2003/54/EB og 2003/55/EB,

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

**Efni og starfsemi**

1. Óháðum ráðgjafahópi um rafmagn og gas, sem er nefndur „evrópskur hópur eftirlitsaðila með rafmagni og gasi“ (hér á eftir nefndur „hópurinn“), er hér með komið á fót af framkvæmdastjórninni.

2. Hópurinn skal veita framkvæmdastjórninni aðstoð og ráðgjöf, að eigin frumkvæði eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, við að styrkja innri orkumarkaðinn, sérstaklega hvað varðar undirbúning á drögum að framkvæmdarráðstöfunum á sviði rafmagns og gass, og um öll málefni sem tengjast innri markaðinum fyrir gas og rafmagn. Hópurinn skal auðvelda samráð, samræmingu og samstarf innlendra stjórnvalda, sem stuðla að samræmdri beitingu, í öllum aðildarríkjunum, á ákvæðunum sem sett eru fram í tilskipun 2003/54/EB, tilskipun 2003/55/EB og reglugerð (EB) nr. 1228/2003 sem og hugsanlegri framtíðarlöggjöf Bandalagsins á sviði rafmagns og gass.

*2. gr.*

**Aðild að hópnum**

1. Í hópnum skulu sitja forstöðumenn innlendra stjórnvalda eða fulltrúar þeirra.

2. Í þessari ákvörðun er merking hugtaksins „innlent stjórnvald“ opinbert yfirvald sem komið er á fót í aðildarríki skv. tilskipunum 2003/54/EB og 2003/55/EB, en í samræmi við þær skulu aðildarríkin tilnefna einn eða fleiri þar til bæran aðila sem gegna hlutverki eftirlitsyfirvalda til að tryggja jafnræði, virka samkeppni og skilvirka starfsemi á gas- og rafmagnsmarkaðnum og einkum daglega beitingu á ákvæðum tilskipana 2003/54/EB og 2003/55/EB og reglugerðar (EB) nr. 1228/2003, hvað það varðar.

3. Fram að 1. júlí 2004, hafi aðildarríkin ekki tilnefnt einn eða fleiri þar til bæra aðila sem gegna hlutverki eftirlitsaðila, skal annað þar til bært opinbert yfirvald vera fulltrúi þess aðildarríkis í hópnum.

4. Nefndaraðilar skulu vera viðstaddir fundi hópsins og skulu tilnefna háttsettan fulltrúa til að taka þátt í öllum umræðum sem þar fara fram.

*3. gr.*

**Skipulagning hópsins**

1. Hópurinn kýs formann úr sínum röðum.

2. Hópurinn getur skipað starfshópa sérfræðinga til að rannsaka sérstök málefni fái hann til þess umboð og eftir því sem henta þykir.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að sitja alla fundi slíkra starfshópa sérfræðinga.

4. Sérfræðingum frá EES-löndum og þeim löndum sem sótt hafa um aðild að Evrópubandalaginu er heimilt að sitja fund hópsins sem áheyrnarfulltrúar. Hópnum er heimilt að bjóða öðrum sérfræðingum og áheyrnarfulltrúum að sitja fundi hópsins.

5. Hópurinn setur sér starfsreglur með samhljóða samþykki eða, ef samhljóða samþykki fæst ekki, með tveimur þriðju hluta atkvæða meirihluta, þar sem hvert aðildarríki hefur eitt atkvæði, með fyrirvara um samþykki framkvæmdastjórnarinnar.

6. Framkvæmdastjórnin skal leggja hópnum til skrifstofu.

7. Ferða- og dvalarkostnað vegna útgjalda meðlima hópsins, áheyrnarfulltrúa og sérfræðinga í tengslum við starfsemi hópsins, skal framkvæmdastjórnin endurgreiða í samræmi við gildandi ákvæði framkvæmdastjórnarinnar.

8. Hópurinn skal leggja ársskýrslu um starfsemi sína fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrsluna til Evrópuþingsins og ráðsins með athugasemdum, eftir því sem við á.

*4. gr.*

**Samráð**

Hópurinn skal frá upphafi hafa víðtækt samráð við markaðsaðila, neytendur og endanlega notendur á opinn og gagnsæjan hátt.

*5. gr.*

**Trúnaðarkvöð**

Ef framkvæmdastjórnin tilkynnir meðlimum hópsins að leynd hvíli yfir ráðgjöf sem óskað er eftir eða spurningu sem borin er upp skal þeim, sem og áheyrnarfulltrúum og öllum öðrum, vera skylt að láta

([4]) Stjtíð. EB L 304, 16.12.1995, bls. 57.
([5]) Stjtíð. EB L 74, 20.3.1992, bls. 43.
([6]) Stjtíð. EB L 147, 12.6.1991, bls. 37.
([7]) Stjtíð. EB L 313, 13.11.1990, bls. 30.

ekki í té neinar upplýsingar sem þeir hafa fengið í gegnum starf hópsins eða starfshópa hans með fyrirvara um ákvæði 287. gr. sáttmálans. Í slíkum tilvikum er framkvæmdastjórninni heimilt að ákveða að einungis meðlimir hópsins megi sitja fundi.

*6. gr.*

**Niðurfelling**

Ákvarðanir 95/539/EB og 92/167/EBE eru felldar úr gildi.

*7. gr.*

**Gildistaka**

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

2. Hópurinn skal hefja skyldustörf sín á gildistökudegi þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*
Loyola DE PALACIO
*varaforseti.*

# 968. Tillaga til þingsályktunar [649. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/ EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

**1. Inngangur.**

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

**2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004.**

Tilgangur tilskipunarinnar er að auka virkni innri markaðarins og stuðla að háu stigi neytendaverndar með samræmingu á lögum, reglum og stjórnvaldsfyrirmælum um óréttmæta viðskiptahætti sem skaða hagsmuni neytenda.

Tilskipunin mælir fyrir um fulla samræmingu (e. full harmonisation) á þeim sviðum sem tilskipunin tekur til. Fram til þessa hafa neytendaverndartilskipanir verið lágmarkstilskipanir en í því felst að hvert ríki getur sett sér strangari neytendaverndarreglur ef það vill. Þetta hefur leitt til ósamræmis í löggjöf ríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem að mati framkvæmdastjórnar ESB veldur hindrun á frjálsu flæði vöru og þjónustu. Var því ákveðið af hálfu sambandsins að krefjast fullrar samræmingar í þessari tilskipun.

Tilskipunin gildir um viðskipti neytenda við seljendur sem stunda starfsemi sína í atvinnuskyni. Utan gildissviðs tilskipunarinnar falla reglur samningaréttarins, reglur er varða heilsu og öryggi, reglur um lögsögu dómstóla, reglur um starfsstéttir, reglur um fjarsölu fjármálaþjónustu og fasteignir og reglur um eðalmálma.

Í 2. kafla tilskipunarinnar er mælt fyrir um bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Þar er tekið fram að til að um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða verði þeir að hafa efnisleg (fjárhagsleg) áhrif eða vera líklegir til að hafa efnisleg áhrif. Einnig er sett fram hugtakið meðalneytandi (e. average consumer) og gerð krafa um að hinir óréttmætu viðskiptahættir hafi áhrif á viðskiptalega hegðun hans.

Samkvæmt tilskipuninni skulu viðskiptahættir sérstaklega taldir óréttmætir ef þeir eru villandi eða ágengir. Í villandi viðskiptaháttum felst að gefnar eru rangar upplýsingar eða upplýsingar sem eru með einhverjum hætti villandi. Á það m.a. við ef heildarframsetning er villandi eða er líkleg til að villa um fyrir meðalneytandanum þótt upplýsingarnar séu ekki rangar sem slíkar. Undir villandi viðskiptahætti falla einnig villandi úrfellingar, þ.e. þegar mikilvægum upplýsingum er sleppt. Í ágengum viðskiptaháttum felst að, að teknu tilliti til allra aðstæðna, beitt sé þvingunum, hótunum, líkamlegu ofbeldi eða óviðeigandi áhrifum sem skerða verulega frelsi meðalneytandans við val á vöru eða þjónustu.

Í 3. kafla tilskipunarinnar er fjallað um heimild seljenda til að taka þátt í samstarfi um siðareglur sem skilgreini hvað séu óréttmætir viðskiptahættir. Siðareglur af þessu tagi eru nánast óþekktar í norrænum rétti en eru bæði þekktar og virkar í ríkjum sem beita fordæmisrétti (e. common law).

Í 4. kafla tilskipunarinnar er fjallað um hvernig henni skuli framfylgt. Er þar mælt fyrir um skyldu ríkja til að sjá til þess að áhrifaríkar leiðir séu til staðar til að berjast gegn óréttmætum viðskiptaháttum. Slíkar leiðir skulu m.a. fela í sér rétt hagsmunaaðila til að höfða dómsmál og/eða rétt þessara aðila til að fara með mál fyrir viðeigandi stjórnvald.

**3. Um stjórnskipulegan fyrirvara.**

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi að-

ildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin

**Fylgiskjal I.**

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 93/2006

**frá 7. júlí 2006**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2006 frá 2. júní 2006 ([1]).

2) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ([2]).

3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti) ([3]).

([1]) Stjtíð. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 7, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 6.
([2]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.
([3]) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 30d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„ , eins og henni var breytt með:

– **32005 L 0029**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).“

*2. gr.*

XIX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004):

„7g. **32005 L 0029**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti) (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 84/450/EBE), lið 3a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB) og lið 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB):

„– **32005 L 0029**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).“

3. Eftirfarandi bætist við í lið 7f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004):

„ , eins og henni var breytt með:

– **32005 L 0029**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).“

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/29/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. júlí 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*Oda Helen Sletnes*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn* *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## Fylgiskjal II.

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/29/EB**
**frá 11. maí 2005**

**um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004**

**(Tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti)**

**(Texti sem varðar EES)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í 1. mgr. og a-lið 3. mgr. 153. gr. sáttmálans er kveðið á um að Bandalagið skuli stuðla að því að ná fram háu stigi neytendaverndar með þeim ráðstöfunum sem það samþykkir í samræmi við 95. gr. hans.

2) Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. sáttmálans myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem tryggja skal frjálsa vöruflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og staðfesturétt. Þróun góðra viðskiptahátta á svæði án innri landamæra er skilyrði fyrir því að hægt sé að auka og efla starfsemi yfir landamæri.

3) Lög aðildarríkjanna um óréttmæta viðskiptahætti einkennast af þeim mun sem er á mörkuðum en það getur valdið umtalsverðri röskun á samkeppni og hindrað snurðulausa starfsemi innri markaðarins. Að því er varðar auglýsingar voru, með tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar ([3]), settar lágmarksviðmiðanir fyrir samræmingu lagasetningar um villandi auglýsingar, en þær koma ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti haldið áfram ráðstöfunum eða tekið upp ráðstafanir sem fela í sér víðtækari vernd fyrir neytendur. Af því leiðir að verulegt misræmi er á milli ákvæða aðildarríkja um villandi auglýsingar.

4) Þetta misræmi veldur óvissu um það hvaða innlendar reglur gilda um óréttmæta viðskiptahætti sem skaða fjárhagslega hagsmuni neytenda og skapa margar hindranir sem hafa áhrif á viðskipti og neytendur. Þessar hindranir auka kostnað fyrirtækja sem vilja nýta sér frelsi á innri markaðnum, einkum í tengslum við markaðssetningu yfir landamæri, auglýsingaherferðir og sölukynningar. Slíkar hindranir stuðla einnig að óöryggi neytenda varðandi réttindi sín og grafa undan tiltrú þeirra á innri markaðnum.

5) Séu engar samræmdar reglur til á vettvangi Bandalagsins er hægt að réttlæta hindranir á frjálsum flutningi á þjónustu og vöru yfir landamæri eða á staðfesturétti á grundvelli dómaframkvæmdar dómstóls Evrópubandalaganna svo fremi að tilgangurinn sé að vernda viðurkennd markmið um að gæta hagsmuna almennings og hindranirnar séu í réttu hlutfalli við þessi markmið. Í ljósi markmiða Bandalagsins, sem sett eru fram í ákvæðum sáttmálans og í afleiddri löggjöf Bandalagsins um frjálsan flutning, og í samræmi við stefnu framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar samskipti í viðskiptum eins og getið er í orðsend-

([1]) Stjtíð. ESB C 108, 30.4.2004, bls. 81.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 20. apríl 2004 (Stjtíð. ESB C 104 E, 30.4.2004, bls. 260), sameiginleg afstaða ráðsins frá 15. nóvember 2004 (Stjtíð. ESB C 38 E, 15.2.2005, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 24. febrúar 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 12. apríl 2005.

([3]) Stjtíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB (Stjtíð. EB L 290, 23.10.1997, bls. 18).

ingu framkvæmdastjórnarinnar sem nefnist „Eftirfylgni við grænbókina um samskipti í viðskiptum á innri markaðnum“, skal afnema slíkar hindranir. Þessar hindranir verða einungis afnumdar með því að setja samræmdar reglur á vettvangi Bandalagsins sem leiða af sér hátt stig neytendaverndar og með því að skýra tiltekin lagahugtök á vettvangi Bandalagsins að því marki sem nauðsynlegt er fyrir eðlilega starfsemi innri markaðarins og til að uppfylla kröfur um réttaröryggi.

6) Með þessari tilskipun eru því lög aðildarríkjanna um óréttmæta viðskiptahætti samræmd, þ.m.t. óréttmætar auglýsingar, sem skaða beint fjárhagslega hagsmuni neytenda og skaða þar með óbeint fjárhagslega hagsmuni lögmætra samkeppnisaðila. Í samræmi við meðalhófsregluna á þessi tilskipun að vernda neytendur fyrir afleiðingum slíkra óréttmætra viðskiptahátta ef þeir eru verulegir en viðurkennt er að í sumum tilvikum geta áhrif þeirra á neytendur verið óveruleg. Hún tekur ekki til og hefur ekki áhrif á innlend lög um óréttmæta viðskiptahætti sem skaða aðeins fjárhagslega hagsmuni samkeppnisaðila eða sem tengjast viðskiptum á milli söluaðila. Að teknu fullu tilliti til meðalhófsreglunnar munu aðildarríkin áfram geta sett reglur um slíka viðskiptahætti í samræmi við lög Bandalagsins ef þau kjósa að gera það. Þessi tilskipun nær ekki heldur til og hefur ekki áhrif á ákvæði tilskipunar 84/450/EBE um auglýsingar sem eru villandi í viðskiptum en eru ekki villandi fyrir neytendur og um samanburðarauglýsingar. Þessi tilskipun hefur ekki heldur áhrif á viðurkenndar auglýsingar og starfshætti við markaðssetningu, s.s. lögmæta markaðssetningu vörunnar, aðgreiningu vörumerkja eða boð um ívilnanir sem geta haft áhrif á afstöðu neytenda til vörunnar á lögmætan hátt og haft áhrif á hegðun þeirra án þess að dregið sé úr möguleikum neytandans til þess að taka upplýsta ákvörðun.

7) Þessi tilskipun tekur til viðskiptahátta sem er beinlínis ætlað að hafa áhrif á viðskiptaákvarðanir neytenda varðandi vörur. Hún tekur ekki til viðskiptahátta sem eru fyrst og fremst viðhafðir í öðrum tilgangi, þ.m.t. samskipti í viðskiptum sem beinast að fjárfestum, s.s. ársskýrslur og kynningarefni fyrirtækja. Hún tekur ekki til lagaskilyrða, sem tengjast smekk og velsæmi, sem eru mjög breytileg eftir aðildarríkjum. Viðskiptahættir, eins og tilmæli um viðskipti á götum úti, kunna að vera óæskilegir í einhverjum aðildarríkjum af menningarlegum ástæðum. Aðildarríkjum skal því heimilt, í samræmi við lög Bandalagsins, að banna áfram viðskiptahætti á yfirráðasvæði sínu af ástæðum sem varða smekk og velsæmi, jafnvel þótt slíkir viðskiptahættir takmarki ekki valfrelsi neytenda. Við beitingu þessarar tilskipunar, einkum þegar almennum ákvæðum hennar er beitt, skal taka fullt tillit til kringumstæðna í einstökum málum sem upp koma.

8) Með þessari tilskipun eru fjárhagslegir hagsmunir neytenda verndaðir beint fyrir óréttmætum viðskiptaháttum af hálfu fyrirtækja. Þar með veitir hún löglegum fyrirtækjum einnig óbeina vernd fyrir samkeppnisaðlum sem fara ekki eftir reglum þessarar tilskipunar og tryggir þannig heiðarlega samkeppni á sviðum sem hún tekur til. Ljóst er að til eru annars konar viðskiptahættir sem geta skaðað samkeppnisaðila og viðskiptavini þótt þeir skaði ekki neytendur. Framkvæmdastjórnin skal athuga vandlega þörfina á aðgerð Bandalagsins á sviði óréttmætrar samkeppni utan gildissviðs þessarar tilskipunar og, ef þörf krefur, leggja fram tillögu að lögum sem ná til þessara annarra þátta óréttmætrar samkeppni.

9) Þessi tilskipun er með fyrirvara um aðgerðir þeirra einstaklinga sem hafa orðið fyrir skaða vegna óréttmætra viðskiptahátta. Hún er einnig með fyrirvara um reglur Bandalagsins og innlendar reglur um samningalög, um hugverkarétt, heilbrigðis- og öryggismál varðandi framleiðsluvörur, um skilyrði fyrir staðfestu og fyrirkomulag leyfisveitinga, þ.m.t. þær reglur sem, í samræmi við lög Bandalagsins, varða fjárhættustarfsemi og um samkeppnisreglur Bandalagsins og innlend ákvæði til framkvæmdar þeim. Aðildarríkin geta á þennan hátt viðhaldið viðskiptaháttum eða innleitt takmarkanir og bönn við þeim á grundvelli þess að vernda heilbrigði og öryggi neytenda á yfirráðasvæði sínu hvar sem söluaðilinn er staðsettur, t.d. í tengslum við áfengi, tóbak eða lyf. Vegna þess hve þjónusta varðandi fjármál og fastafjármuni er margbrotin og mikil áhætta henni samfara er nauðsynlegt að gera ítarlegar kröfur, þ.m.t. að leggja jákvæðar skyldur á söluaðila. Þess vegna er þessi tilskipun með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að ganga lengra en ákvæði hennar segja til um á sviði fjármálaþjónustu og fastafjármuna til að vernda fjárhagslega hagsmuni neytenda. Ekki er heppilegt að setja hér reglur um vottun og ábendingar um hreinleika hluta úr eðalmálmi.

10) Nauðsynlegt er að tryggja samhengi á milli þessarar tilskipunar og núverandi laga Bandalagsins, einkum þar sem nákvæm ákvæði um óréttmæta viðskiptahætti gilda á sérstökum sviðum. Með þessari tilskipun er því breytt tilskipun 84/450/EBE, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([4]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda ([5]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur ([6]). Í samræmi við það gildir þessi tilskipun því aðeins að engin sértæk ákvæði séu í Bandalagslögum um einstaka þætti óréttmætra viðskiptahátta, s.s. kröfur um upplýsingar og reglur um það hvernig upplýsingunum er miðlað til neytandans. Hún veitir notendum vernd þar sem engin sértæk löggjöf er til á vettvangi Bandalagsins um einstök svið og kemur í veg fyrir að söluaðilar gefi ranga hugmynd um það hvers eðlis varan er. Þetta er sérlega mikilvægt þegar um er að ræða margbrotna vöru þar sem neytendur taka mikla áhættu, s.s. tiltekna þætti fjármálaþjónustu. Tilskipunin er því viðbót við þær gerðir Bandalagsins sem gilda um viðskiptahætti sem skaða fjárhagslega hagsmuni neytenda.

11) Sú mikla samleitni sem náðst hefur varðandi samræmingu innlendra ákvæða með ákvæðum þessarar tilskipunar felur í sér mikla, almenna neytendavernd. Með þessari tilskipun er sett eitt allsherjarbann við óréttmætum viðskiptaháttum sem raska hegðun neytenda í fjárhagslegu tilliti. Þar eru einnig settar reglur um uppáþrengjandi viðskiptahætti sem ekki hafa verið settar reglur um á vettvangi Bandalagsins.

12) Samhæfing eykur umtalsvert réttaröryggi, bæði fyrir neytendur og fyrirtæki. Bæði neytendur og fyrirtæki munu geta stuðst við einn reglurramma sem byggður er á lagahugtökum sem eru skýrt skilgreind og gilda um öll svið óréttmætra viðskiptahátta alls staðar innan ESB. Þetta mun verða til þess að uppræta þær hindranir sem stafa af ósamstæðum reglum um óréttmæta viðskiptahætti sem skaða fjárhagslega hagsmuni neytenda og greiða fyrir því að innri markaðnum verði komið á á þessu sviði.

13) Nauðsynlegt er, svo að unnt sé að ná markmiðum Bandalagsins með því að útrýma hindrunum á innri markaðnum, að skipta um núgildandi, ósamstæð, almenn ákvæði og lagalegar meginreglur Bandalagsins. Eitt, almennt allsherjarbann, sem sett er með þessari tilskipun, gildir því um óréttmæta viðskiptahætti sem raska hegðun neytenda í fjárhagslegu tilliti. Til að stuðla að tiltrú neytenda skal allsherjarbannið gilda jafnt um óréttmæta viðskiptahætti hvort sem þeir gerast utan samningsbundinna tengsla milli söluaðila og neytanda eða í kjölfar samningsgerðar og á samningstímabilinu. Almenna bannið er útfært með reglum um þá tvenns konar óréttmætu viðskiptahætti sem eru langalgengastir, þ.e. villandi viðskiptahættir og uppáþrengjandi viðskiptahættir.

14) Æskilegt er að hugtakið villandi viðskiptahættir nái til þeirra viðskiptahátta, þ.m.t. villandi auglýsinga, þar sem neytandinn er hindraður í því, með blekkingum, að taka upplýsta og þar með meðvitaða ákvörðun. Í samræmi við lög og starfsvenjur aðildarríkjanna um villandi auglýsingar eru villandi starfshættir flokkaðir sem villandi aðgerðir og villandi aðgerðarleysi í þessari tilskipun. Að því er aðgerðarleysi varðar er, í þessari tilskipun, settur fram takmarkaður fjöldi mikilvægra upplýsinga sem neytandinn þarf á að halda til að geta tekið upplýsta viðskiptaákvörðun. Slíkar upplýsingar þarf ekki að veita í öllum auglýsingum, heldur aðeins þegar söluaðili gerir sölutilboð en það er skýrt skilgreint hugtak í þessari tilskipun. Sú aðferð, sem er samþykkt með þessari tilskipun og er fyllilega samræmd, kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin skilgreini, í innlendum lögum, megineinkenni tiltekinnar vöru, eins og safngripa eða rafvara, þar eð það myndi skipta verulegu máli ef slíkum atriðum væri sleppt þegar sölutilboð er gert. Tilgangurinn með þessari tilskipun er ekki sá að draga úr valmöguleikum neytenda með því að banna kynningu á vörum, sem líkjast öðrum vörum í útliti, nema sú líking valdi því að neytendur geri ekki greinarmun varðandi viðskiptalegan uppruna vörunnar og sé þess vegna villandi. Þessi tilskipun er með fyrirvara um gildandi lög Bandalagsins þar sem aðildarríkjunum er sérstaklega heimilað að velja á milli nokkurra ákvæða um neytendavernd í tengslum við viðskiptahætti. Þessi tilskipun er einkum með

([4]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2002/65/EB (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).

([5]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/65/EB.

([6]) Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16.

fyrirvara um 3. mgr. 13. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta ([7]).

15) Ef sett er upplýsingaskylda í lögum Bandalagsins í tengslum við samskipti í viðskiptum, auglýsingar og markaðssetningu telst það til mikilvægra upplýsinga samkvæmt þessari tilskipun. Aðildarríkin skulu geta haldið eða bætt við upplýsingaskyldu í málum sem varða samningalög og afleiðingar þeirra ef það er heimilt samkvæmt lágmarksskilmálum í gildandi lagagerningum Bandalagsins. Í II. viðauka er að finna skrá, sem er ekki tæmandi, yfir slíka upplýsingaskyldu. Miðað við fulla samræmingu samkvæmt þessari tilskipun, telst sú upplýsingaskylda, sem krafist er í Bandalagslögum, einungis mikilvæg að því er varðar 5. mgr. 7. gr. Hafi aðildarríkin innleitt upplýsingaskyldu umfram það sem tilgreint er í Bandalagslögum, á grundvelli lágmarksskilmála, telst vöntun á þessum aukaupplýsingum ekki vera villandi samkvæmt þessari tilskipun. Hins vegar munu aðildarríkin geta, þegar það er heimilt samkvæmt lágmarksskilmálum í Bandalagslögum, viðhaldið eða innleitt strangari ákvæði í samræmi við Bandalagslög til að tryggja aukna vernd í tengslum við samningsrétt einstakra neytenda.

16) Ákvæðin um uppáþrengjandi viðskiptahætti skulu ná til þeirra viðskiptahátta sem skerða verulega valfrelsi neytenda. Það eru viðskiptahættir þar sem beitt er átroðningi, þvingunum, þ.m.t. líkamlegu ofbeldi, og ótilhlýðilegum áhrifum.

17) Æskilegt er að þessir viðskiptahættir, sem eru í öllum tilvikum óréttmætir, séu sanngreindir til að auka réttaröryggi. Í I. viðauka er því tæmandi skrá yfir slíka háttsemi. Þetta eru einu viðskiptahættirnir sem geta skoðast óréttmætir nema fram fari mat í hverju tilviki fyrir sig í ljósi ákvæða 5.–9. gr. Ekki má breyta skránni nema við endurskoðun á tilskipuninni.

18) Vernda ber alla neytendur fyrir óréttmætum viðskiptaháttum. Dómstóllinn hefur þó talið nauðsynlegt, við úrskurði sem tengjast auglýsingamálum, frá því að tilskipun 84/450/EBE öðlaðist gildi, að athuga áhrif þeirra á ímyndaðan, dæmigerðan neytanda. Í samræmi við meðalhófsregluna, og til að hægt sé að beita þeirri vernd sem þessi tilskipun felur í sér á skilvirkan hátt, er gengið út frá meðalneytandanum í þessari tilskipun, sem er tiltölulega vel upplýstur og tiltölulega athugull og varkár, að teknu tilliti til félagslegra, menningarlegra og málfarslegra þátta, eins og það er túlkað hjá dómstólnum, en hún hefur einnig að geyma ákvæði sem beinast að því að koma í veg fyrir að neytendur, sem eru sérstaklega berskjaldaðir fyrir óréttmætum viðskiptaháttum vegna sérkenna sinna, séu hafðir að féþúfu. Ef tilteknum viðskiptaháttum er sérstaklega beint að ákveðnum hópi neytenda, t.d. börnum, er æskilegt að áhrif þeirra viðskiptahátta séu metin út frá sjónarmiði meðaleinstaklingsins í þeim hópi. Því er rétt að í skrá yfir viðskiptahætti, sem eru undir öllum kringumstæðum taldir óréttmætir, séu tekin með ákvæði sem vernda börn fyrir beinni hvatningu til að kaupa, án þess að fela í sér blátt bann við auglýsingum sem beinast að börnum. Hugtakið meðalneytandi er ekki tölfræðilegt hugtak. Innlendir dómstólar og yfirvöld skulu sjálf ákvarða, að teknu tilliti til dómaframkvæmdar Dómstóls Evrópusambandsins, hvað teljast dæmigerð viðbrögð meðalneytandans í tilteknu máli.

19) Ef tiltekin sérkenni, s.s. aldur, líkamleg eða andleg fötlun eða trúgirni, gera neytendur sérstaklega viðkvæma fyrir tilteknum viðskiptaháttum, eða vörunni sem um er að ræða, og líklegt er að hegðum slíkra neytenda raskist einungis í fjárhagslegu tilliti af völdum þeirra viðskiptahátta þannig að söluaðilinn getur auðveldlega séð það fyrir, þá er rétta aðferðin til að tryggja þeim nægilega vernd sú að meta viðskiptahættina út frá meðaleinstaklingnum í þeim hópi.

20) Rétt er að ákvarða siðareglur sem gera söluaðilum kleift að beita viðmiðunarreglum þessarar tilskipunar á skilvirkan hátt á sérstökum sviðum efnahagslífsins. Á sviðum þar sem sértækar, lögboðnar kröfur eru gerðar um hegðun söluaðila er rétt að þær nái einnig til krafna um faglega kostgæfni á viðkomandi sviði. Hvetja ber til eftirlits af hálfu reglusetningaraðila innanlands eða á vettvangi Bandalagsins til að uppræta óréttmæta viðskiptahætti þar eð það getur leitt til þess að aðgerðir stjórnvalda eða lagalegar aðgerðir verði ónauðsynlegar. Neytendastofnanir skulu upplýstar um og taka þátt í samningu siðareglna með það fyrir augum að ná fram háu stigi neytendaverndar.

([7]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

21) Einstaklingar eða stofnanir sem teljast, samkvæmt innlendum lögum, hafa lögmætra hagsmuna að gæta í málinu skulu hafa lagaleg úrræði til þess að hefja málsmeðferð gegn óréttmætum viðskiptaháttum, annaðhvort hjá dómstóli eða stjórnvaldi sem er þar til bært að úrskurða í kærumálum, eða hefja viðeigandi málarekstur. Þótt sönnunarbyrðin sé ákveðin í innlendum lögum er rétt að dómstólar og stjórnvöld geti krafist þess að söluaðilar leggi fram sönnun fyrir því að staðhæfingar þeirra um staðreyndir séu réttar.

22) Nauðsynlegt er að aðildarríkin mæli fyrir um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar tilskipunar og þau verða að tryggja að þeim sé framfylgt. Viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

23) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að ryðja úr vegi, í innlendum lögum, hindrunum af völdum óréttmætra viðskiptahátta, sem standa í vegi fyrir starfsemi innri markaðarins, og að veita mikla almenna neytendavernd með samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um óréttmæta viðskiptahætti, og markmiðunum verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og fram kemur í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að afnema hindranir á innri markaðnum og ná fram háu stigi almennrar neytendaverndar.

24) Rétt er að endurskoða þessa tilskipun til að tryggja að hindranir á innri markaðnum hafi verið afnumdar og hátt stig neytendaverndar hafi náðst. Endurskoðunin gæti leitt til þess að framkvæmdastjórnin legði fram tillögu um breytingu á þessari tilskipun og það gæti haft í för með sér takmarkaða rýmkun undanþágunnar í 5. mgr. 3. gr. og/eða breytingar á öðrum lögum um neytendavernd sem endurspegla stefnumörkun Bandalagsins varðandi neytendavernd og þá skuldbindingu að endurskoða gildandi gerðir til að ná fram háu stigi almennrar neytendaverndar.

25) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. KAFLI

## ALMENN ÁKVÆÐI

*1. gr.*

### Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að stuðla að eðlilegri starfsemi innri markaðarins og ná fram háu stigi neytendaverndar með samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um óréttmæta viðskiptahætti sem skaða fjárhagslega hagsmuni neytandans.

*2. gr.*

### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „neytandi“: einstaklingur sem, að því er varðar viðskiptahætti sem þessi tilskipun nær til, starfar að markmiðum sem liggja utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðju eða sérgrein hans,

b) „söluaðili“: einstaklingur eða lögaðili sem, að því er varðar viðskiptahætti sem þessi tilskipun nær til, starfar að markmiðum sem varða atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein hans og hver sá sem starfar í nafni söluaðilans eða fyrir hönd hans,

c) „framleiðsluvara“: allar vörur eða þjónusta, þ.m.t. fastafjármunir, réttindi og skuldbindingar,

d) „viðskiptahættir fyrirtækja gagnvart neytanda“ (hér á eftir einnig kallað viðskiptahættir): hvers konar verknaður, aðgerðarleysi, hátterni eða framsetning, samskipti í viðskiptum, þ.m.t. auglýsingar og markaðssetning, af hálfu söluaðila, sem tengist beint kynningu, sölu eða afhendingu á vöru til neytenda,

e) „að raska verulega hegðun neytenda í fjárhagslegu tilliti“: að beita viðskiptaháttum með það fyrir augum að draga verulega úr getu neytandans til að taka upplýsta ákvörðun og valda því þar með að neytandinn tekur ákvörðun sem hann hefði ekki annars tekið,

f) „siðareglur“: samkomulag eða reglubálkur, sem leiðir ekki af lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis, þar sem skilgreind er hegðun söluaðila sem skuldbinda sig til að fara eftir reglunum að því er varðar tiltekna viðskiptahætti eða viðskiptasvið,

g) „reglusetningaraðili“: sérhver aðili, þ.m.t. söluaðili, eða hópur söluaðila, sem ber ábyrgð á því að setja og endurskoða siðareglur og/eða á því að fylgjast með því að þeir sem hafa skuldbundið sig til þess fari eftir reglunum,

h) „fagleg kostgæfni“: viðmiðun fyrir sérstaka færni og alúð sem með réttu má búast við að söluaðili viðhafi gagnvart neytendum, í samræmi við heiðarlega markaðsvenju og/eða almennu meginregluna um viðskipti í góðri trú á starfssviði söluaðilans,

i) „sölutilboð“: samskipti í viðskiptum sem gefa til kynna eiginleika og verð vörunnar á þann hátt sem hæfir þeirri tegund samskipta í viðskiptum sem um er að ræða og gerir þar með neytandanum kaupin möguleg,

j) „ótilhlýðileg áhrif“: að nýta sér valdastöðu í tengslum við neytandann til að beita þrýstingi, einnig án þess að beitt sé hótunum um líkamlegt ofbeldi, á þann hátt sem takmarkar verulega möguleika neytandans á því að taka upplýsta ákvörðun,

k) „viðskiptaákvörðun“: ákvörðun sem neytandi tekur varðandi það hvort, hvernig og með hvaða skilmálum skuli kaupa vöru, greiða fyrir hana, að fullu eða að hluta, halda vörunni eða láta hana af hendi eða að neyta samningsréttar varðandi vöruna, hvort sem neytandinn ákveður að hefja viðskipti eða láta það ógert,

l) „lögvernduð starfsgrein“: atvinnustarfsemi eða ýmsar hliðar atvinnustarfsemi þar sem sett eru skilyrði um sérstaka faglega hæfni, beint eða óbeint, samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, til aðgangs eða starfrækslu starfseminnar í einni eða annarri mynd.

*3. gr.*

**Gildissvið**

1. Þessi tilskipun gildir um óréttmæta viðskiptahætti fyrirtækja gagnvart neytanda, eins og mælt er fyrir um í 5. gr., áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöruna fara fram.

2. Þessi tilskipun er með fyrirvara um samningalög og einkum um reglur um gildi, gerð og áhrif samnings.

3. Þessi tilskipun er með fyrirvara um reglur Bandalagsins og innlendar reglur varðandi heilbrigðis- og öryggisþætti vörunnar.

4. Ef ósamræmi er á milli ákvæða þessarar tilskipunar og annarra Bandalagsákvæða sem varða sérstök svið óréttmætra viðskiptahátta skulu þau síðarnefndu gilda um þessi sérstöku svið.

5. Á sex ára tímabili frá og með 12. júní 2007 geta aðildarríkin áfram beitt innlendum ákvæðum á því sviði, sem er samræmt með þessari tilskipun, sem eru strangari eða innihalda ákveðnari fyrirmæli en þessi tilskipun og sem eru til framkvæmdar tilskipunum sem innihalda ákvæði um lágmarkssamhæfingu. Þessar ráðstafanir skulu vera nauðsynlegar til að tryggja að neytendur séu nægilega varðir gegn óréttmætum viðskiptaháttum og skulu vera í réttu hlutfalli við þessi markmið. Endurskoðunin, sem um getur í 18. gr., getur, ef það er talið heppilegt, innihaldið tillögu um að framlengja þessa undanþágu enn frekar í takmarkaðan tíma.

6. Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um öll innlend ákvæði sem er beitt á grundvelli 5. mgr.

7. Þessi tilskipun er með fyrirvara um reglurnar sem ákvarða lögsögu dómstólanna.

8. Þessi tilskipun er með fyrirvara um hvers konar skilyrði sem aðildarríkin geta, í samræmi við lög Bandalagsins, sett fagaðilum varðandi staðfestu eða fyrirkomulag við veitingu heimilda eða siðareglur starfsgreinar eða aðrar sértækar reglur sem gilda um lögverndaðar starfsgreinar með það fyrir augum að fagfólk muni áfram gæta ítrustu ráðvendni.

9. Þegar um er að ræða „fjármálaþjónustu“, sem er skilgreind í tilskipun 2002/65/EB, og fastafjármuni skulu aðildarríkin setja fram strangari kröfur eða fyrirmæli en í þessari tilskipun á þeim sviðum sem eru samræmd með henni.

10. Þessi tilskipun gildir ekki um beitingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna varðandi vottun og ábendingar um hreinleika hluta úr eðalmálmum.

*4. gr.*

**Innri markaðurinn**

Aðildarríkin skulu hvorki takmarka frelsi til að veita þjónustu né takmarka frjálsa vöruflutninga af ástæðum sem flokkast undir það svið sem er samræmt með þessari tilskipun.

2. KAFLI

## ÓRÉTTMÆTIR VIÐSKIPTAHÆTTIR

*5. gr.*

### Bann við óréttmætum viðskiptaháttum

1. Óréttmætir viðskiptahættir skulu bannaðir.

2. Viðskiptahættir teljast óréttmætir ef:

a) þeir ganga gegn kröfum um faglega kostgæfni

og

b) þeir raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega hegðun meðalneytandans í fjárhagslegu tilliti varðandi vöruna sem hann fær eða sem er ætluð honum eða meðalneytandans í hópnum þegar viðskiptaháttum er beint að sérstökum hópi neytenda.

3. Viðskiptahættir, sem eru einungis líklegir til að raska verulega hegðun hóps neytenda í fjárhagslegu tilliti, sem auðvelt er að greina og er sérlega berskjaldaður fyrir viðskiptaháttunum eða vörunni, sem um er að ræða, vegna andlegrar eða líkamlegrar fötlunar, aldurs eða trúgirni á þann hátt að söluaðilinn ætti auðveldlega að geta séð það fyrir, skulu metnir út frá meðaleinstaklingnum í þeim hópi. Þetta er með fyrirvara um almennar og lögmætar auglýsingaraðferðir þar sem settar eru fram ýktar fullyrðingar eða fullyrðingar sem ekki er ætlunin að séu teknar bókstaflega.

4. Viðskiptahættir teljast einkum óréttmætir ef:

a) þeir eru villandi eins og fram kemur í 6. og 7. gr.

eða

b) þeir eru uppáþrengjandi eins og fram kemur í 8. og 9. gr.

5. Í I. viðauka er skrá yfir þá viðskiptahætti sem skulu, við allar aðstæður, teljast óréttmætir. Sami listi skal gilda í öllum aðildarríkjunum og honum má einungis breyta með breytingu á þessari tilskipun.

1. þáttur

### Villandi viðskiptahættir

*6. gr.*

### Villandi aðgerðir

1. Viðskiptahættir skulu teljast villandi ef þeir fela í sér rangar upplýsingar og eru því ótrúverðugir eða ef þeir blekkja, eða eru líklegir til að blekkja, meðalneytandann, t.d. með almennri framsetningu, jafnvel þótt gefnar séu upp réttar staðreyndir í upplýsingunum, í tengslum við eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum, og valda því eða eru líklegar til að valda því, í hvaða tilviki sem er, að hann taki viðskiptaákvörðun sem hann hefði ekki annars gert:

a) tilvist vörunnar eða hvers eðlis hún er,

b) helstu einkenni vörunnar, t.d. hvort hún er tiltæk, ávinning af henni, áhættu, framkvæmd, samsetningu, fylgihluti, aðstoð við viðskiptavin og meðferð kvartana eftir sölu, framleiðsluaðferð og dagsetningu framleiðslu eða tilbúinnar vöru, afhendingu, hve vel varan þjónar tilgangi sínum, notkun, magn, gæðalýsingu, landfræðilegan eða viðskiptalegan uppruna eða þann árangur sem vænta má af notkun hennar eða niðurstöður og mikilvæg einkenni prófana eða athugana sem gerðar eru á vörunni,

c) hve miklar skuldbindingar söluaðili tekur á sig, ástæðuna fyrir viðkomandi viðskiptaháttum og hvers eðlis söluferlið er, yfirlýsingar eða teikn í tengslum við beina eða óbeina kostun eða samþykki varðandi söluaðilann eða vöruna,

d) verð eða aðferð sem notuð er við útreikning á verði og hvort um er að ræða sérstakt verðhagræði,

e) þörf fyrir þjónustu, varahluti, skipti á hlutum eða viðgerð,

f) aðstæður söluaðilans eða fulltrúa hans, einkenni hans og réttindi, t.d. með tilliti til þess hver hann er og hver fjárhagsstaða hans er, verðleikar hans, staða, samþykki, aðild, tengsl eða eignarhald á iðnaðar-, viðskipta- eða hugverkaréttindum eða verðlaun og viðurkenningar sem hann hefur fengið,

g) rétt neytandans, þ.m.t. réttinn til að fá skipti eða endurgreiðslu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi ([8]), eða áhættu sem hann kann að verða að taka.

2. Einnig má líta svo á að viðskiptahættir séu villandi ef þeir, í því samhengi og að teknu tilliti til allra þátta og aðstæðna, valda eða eru líklegir til að valda því að meðalneytandinn taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið og það hefur í för með sér:

a) markaðssetningu vöru, þ.m.t. samanburðarauglýsingar, sem valda því að ekki er gerður greinarmunur á henni og vöru, vörumerki, við-

([8]) Stjtíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12.

skiptaheiti eða öðrum auðkennismerkjum samkeppnisaðila,

b) að söluaðilinn stendur ekki við skuldbindingar sínar, samkvæmt siðareglum, sem hann hefur gengist undir, ef:

i) skuldbindingin er ekki háð væntingum heldur fastbundin og hægt að sannreyna hana

og

ii) söluaðilinn gefur til kynna í viðskiptum sínum að hann sé bundinn af siðareglunum.

*7. gr.*

**Villandi aðgerðaleysi**

1. Einnig má líta svo á að viðskiptahættir séu villandi ef, í sínu rétta samhengi og að teknu tilliti til allra séreinkenna, aðstæðna og takmarkana í tengslum við samskiptamiðla, mikilvægar upplýsingar vantar sem meðaltalsneytandinn þarf á að halda, eftir samhengi, til að taka upplýsta viðskiptaákvörðun og valda því, eða eru líklegir til að valda því, að meðaltalsneytandinn taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið.

2. Einnig skal litið á það sem villandi aðgerðaleysi, með tilliti til atriðanna sem koma fram í 1. mgr., þegar söluaðili leynir upplýsingum eða veitir á óljósan, óskiljanlegan, margræðan eða ótímabæran hátt mikilvægar upplýsingar, eins og um getur í þeirri málsgrein, eða lætur hjá líða að gera grein fyrir viðskiptalegum tilgangi viðkomandi viðskiptahátta, ef það hefur ekki þegar komið fram af samhenginu, og ef eitthvað af þessu annaðhvort veldur eða er líklegt til að valda því að meðaltalsneytandinn taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa gert.

3. Ef miðillinn, sem er notaður til samskipta í viðskiptum, veldur takmörkunum varðandi rými eða tíma skal taka tillit til þessara takmarkana þegar ákvarðað er hvort upplýsingar hafi vantað, svo og allra ráðstafana söluaðilans til að gera upplýsingarnar aðgengilegar fyrir neytendur með öðrum hætti.

4. Þegar um er að ræða sölutilboð skulu eftirfarandi upplýsingar teljast mikilvægar, hafi ekki mátt ráða þær af samhenginu:

a) helstu eiginleikar vörunnar, að því marki sem telst heppilegt með tilliti til miðilsins og vörunnar,

b) heimilisfang og deili á söluaðilanum, s.s. viðskiptaheiti og, ef við á, aðsetur og, ef hann starfar á vegum annars söluaðila, aðsetur þess aðila og deili á honum,

c) verð með sköttum eða, þegar varan er þess eðlis að ekki er hægt með góðu móti að reikna út verðið fyrir fram, á hvern hátt verðið er reiknað út og, eftir því sem við á, allur viðbótarkostnaður, afhendingar- eða póstgjöld eða, ef ekki er hægt að reikna þetta út fyrir fram með góðu móti, upplýsingar um að e.t.v. þurfi að greiða slíkan viðbótarkostnað,

d) greiðslufyrirkomulag, afhending, framkvæmd og meðferð kvartana, ef vikið er frá kröfum um siðareglur starfsgreina,

e) upplýsingar um rétt til afturköllunar eða niðurfellingar varðandi vörur eða viðskipti sem slíkur réttur fylgir.

5. Kröfur um upplýsingar varðandi auglýsingar eða markaðssetningu, sem hafa verið ákveðnar í lögum Bandalagsins í tengslum við samskipti í viðskiptum og er að finna í skrá í II. viðauka, sem er ekki tæmandi, teljast mikilvægar.

2. þáttur

**Uppáþrengjandi viðskiptahættir**

*8. gr.*

**Uppáþrengjandi viðskiptahættir**

Viðskiptahættir teljast vera uppáþrengjandi ef þeir, í sínu rétta samhengi og að teknu tilliti til allra séreinkenna og aðstæðna, með átroðningi, þvingunum, þ.m.t. líkamlegu ofbeldi eða ótilhlýðilegum áhrifum, skerða verulega, eða eru líklegir til að skerða verulega, frelsi meðaltalsneytandans til vals eða athafna varðandi vöruna og valda þar með eða eru líklegir til að valda því að hann taki viðskiptaákvörðun sem hann hefði ekki annars tekið.

*9. gr.*

**Átroðningur, þvinganir og ótilhlýðileg áhrif**

Við ákvörðun á því hvort viðskiptahættir feli í sér átroðning, þvinganir, þ.m.t. líkamlegt ofbeldi, og ótilhlýðileg áhrif skal taka tillit til:

a) tímasetningar slíkra viðskiptahátta, staðsetningar og hvers eðlis eða hve lengi slíkt stendur yfir,

b) notkunar ógnandi eða óviðurkvæmilegs talsmáta eða hegðunar,

c) þess ef söluaðilinn notar sér tiltekið áfall eða aðstæður, sem hann veit að neytandinn hefur orðið fyrir og er nógu alvarlegt til að slæva dómgreind

hans, til að hafa áhrif á ákvörðun neytandans varðandi vöruna,

d) hvers konar íþyngjandi eða óhóflegra hindrana frá hendi söluaðilans þegar neytandi vill neyta réttar síns samkvæmt samningi, þ.m.t. réttur til að rifta samningi eða skipta yfir á aðra vöru eða annan söluaðila,

e) hótana um að grípa til aðgerða sem ekki er hægt að gera lögum samkvæmt.

3. KAFLI

**SIÐAREGLUR**

*10. gr.*

**Siðareglur**

Tilskipun þessi útilokar ekki að eftirlit, sem aðildarríki geta stuðlað að, sé haft með óréttmætum viðskiptaháttum af hálfu reglusetningaraðila og að einstaklingar og samtök, sem um getur í 11. gr., geti skotið málum til slíkra aðila ef málsmeðferð af því tagi er viðbót við dómsmeðferð eða stjórnvaldsmeðferð sem um getur í þeirri grein.

Sé máli skotið til slíkra aðila skal það aldrei teljast ígildi þess að málinu sé vísað til dómstóls eða stjórnvalds eins og kveðið er á um í 11. gr.

4. KAFLI

**LOKAÁKVÆÐI**

*11. gr.*

**Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi séu fullnægjandi og árangursrík úrræði til að berjast gegn óréttmætum viðskiptaháttum með það fyrir augum að tryggja samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar í þágu neytenda.

Slíkar aðferðir skulu taka til ákvæða í lögum er heimila aðilum og samtökum, sem teljast hafa, samkvæmt landslögum, lögmæta hagsmuni í baráttunni gegn óréttmætum viðskiptaháttum, þ.m.t. samkeppnisaðilum:

a) að grípa til löglegra aðgerða gegn slíkum óréttmætum viðskiptaháttum

og/eða

b) að skjóta slíkum óréttmætum viðskiptaháttum til stjórnvalds sem er til þess bært, annaðhvort að úrskurða í kærumálum eða hefja viðeigandi málarekstur.

Aðildarríkin skulu ákveða hvert fyrir sig hver þessara möguleika skuli vera fyrir hendi og hvort dómstólar eða stjórnvöld eigi að geta krafist þess að áður séu reyndar aðrar þekktar leiðir til að bregðast við kvörtunum, þ.m.t. þær sem um getur í 10. gr. Þessir möguleikar skulu vera fyrir hendi óháð því hvort þeir neytendur, sem málið varðar, eru á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem söluaðilinn hefur staðfestu eða í öðru aðildarríki.

Aðildarríkin skulu ákveða hvert fyrir sig:

a) hvort beina skuli þessum lagaúrræðum að hverjum söluaðila um sig eða sameiginlega gagnvart mörgum söluaðilum í sömu starfsgrein

og

b) hvort beita megi þessum lagaúrræðum gagnvart reglusetningaraðila þegar viðkomandi reglur stuðla að því að farið sé í kringum lagakröfur.

2. Samkvæmt lagaákvæðum, sem um getur í 1. mgr., skulu aðildarríki veita dómstólum eða stjórnvöldum heimild er geri þeim kleift, telji þau slíkar ráðstafanir nauðsynlegar með tilliti til hagsmuna allra hlutaðeigandi, einkum hagsmuna almennings:

a) að fyrirskipa að hætt verði við eða hafinn viðeigandi málarekstur til að stöðva óréttmæta viðskiptahætti

eða

b) hafi óréttmætir viðskiptahættir ekki enn verið ástundaðir en eru yfirvofandi, að fyrirskipa bann við eða hefja viðeigandi málarekstur til að banna slíka viðskiptahætti,

einnig þótt ekki séu sannanir fyrir því að raunverulegt tap eða skaði hafi hlotist af ásetningi eða vanrækslu af hálfu söluaðilans.

Aðildarríkin skulu einnig setja ákvæði um að ráðstafanir, sem um getur í fyrstu undirgrein, sem skulu gerðar í flýtimeðferð:

– hafi annaðhvort áhrif til bráðabirgða eða

– endanleg áhrif

á þann skilning að hvert aðildarríki fyrir sig skuli ákveða hvorn kostinn skuli velja.

Aðildarríkin geta enn fremur veitt dómstólum eða stjórnvöldum umboð með það fyrir augum að útiloka áframhaldandi áhrif óréttmætra viðskiptahátta, sem tekin hefur verið endanleg ákvörðun um, sem heimilar þeim:

a) að krefjast birtingar þeirrar ákvörðunar í heild

eða að hluta til og í því formi sem þau telja fullnægjandi,

b) að krefjast þess til viðbótar að birt verði yfirlýsing um leiðréttingu.

3. Stjórnvöldin, sem um getur í 1. mgr., skulu:

a) vera þannig samsett að enginn vafi leiki á um óhlutdrægni,

b) hafa nægar heimildir til að geta, þegar þau ákvarða í kvörtunarmálum, fylgst með og framfylgt því á skilvirkan hátt að ákvarðanir þeirra séu virtar,

c) að öðru jöfnu rökstyðja ákvarðanir sínar. Ef stjórnvald veitir einkaleyfi samkvæmt heimildunum, sem um getur í 2. mgr., skal það alltaf færa rök fyrir ákvörðun sinni. Þar að auki skal, í því tilviki, ákveða málsmeðferð þar sem óviðeigandi eða ósanngjörn beiting stjórnvalds á heimildum sínum eða ósanngjörn eða óviðeigandi vanræksla við meðferð slíkra heimilda getur leitt til endurskoðunar dómsvalds.

*12. gr.*

**Dómstólar og stjórnvöld: rökstuðningur fyrir kröfum**

Aðildarríkin skulu veita dómstólum eða stjórnvöldum umboð er heimili þeim, í dóms- eða stjórnvaldsmeðferð sem kveðið er á um í 11. gr.:

a) að krefjast þess að söluaðilinn leggi fram sönnunargögn um réttmæti staðhæfinga um staðreyndir í tengslum við óréttmæta viðskiptahætti ef slík krafa virðist réttmæt, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna söluaðila og allra annarra aðila að málsmeðferðinni, ef slík krafa virðist viðeigandi á grundvelli aðstæðna í því tiltekna máli

og

b) að dæma staðhæfingar um staðreyndir rangar ef sönnunargögnin, sem krafist er samkvæmt a-lið, hafa ekki verið lögð fram eða eru talin ófullnægjandi af dóms- eða stjórnvaldi.

*13. gr.*

**Viðurlög**

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um refsingu fyrir brot á innlendum ákvæðum sem hafa verið samþykkt vegna beitingar þessarar tilskipunar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Þessar refsingar skulu vera skilvirkar, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

*14. gr.*

**Breytingar á tilskipun 84/450/EBE**

Tilskipun 84/450/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„*1. gr.*

Tilgangurinn með þessari tilskipun er að vernda söluaðila fyrir villandi auglýsingum og óréttmætum afleiðingum þeirra og að mæla fyrir um skilyrði fyrir því að leyfa samanburðarauglýsingar.“

2. Í 2. gr.:

– komi eftirfarandi í stað 3. mgr.:

„3. „söluaðili“: einstaklingur eða lögaðili sem starfar að þeim markmiðum sem varða atvinnugrein hans, iðn, fyrirtæki eða sérgrein og hver sá sem starfar í nafni söluaðilans eða fyrir hönd hans.“

– eftirfarandi liður bætist við:

„4. „reglusetningaraðili“: sérhver aðili, þ.m.t. söluaðili, eða hópur söluaðila, sem bera ábyrgð á framsetningu og endurskoðun siðareglna og/eða á því að fylgjast með því að þeir sem hafa skuldbundið sig til þess fari eftir reglunum“.

3. Í stað 3. gr. a komi eftirfarandi:

„*3. gr. a*

1. Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a) að þær séu ekki villandi í skilningi 2. gr. (2. mgr.), 3. gr. og 7. gr. (1. mgr.) þessarar tilskipunar eða 6. og 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (*),

b) að samanburðurinn taki til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota,

c) að gerður sé hlutlægur samanburður á einum eða fleiri mikilvægum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleikum vöru eða þjónustu, að meðtöldu verði ef vill,

d) að ekki sé kastað rýrð á eða talað með lítilsvirðingu um vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður samkeppnisaðila,

e) að ávallt séu bornar saman vörur með sömu merkingum ef um er að ræða vörur með upprunamerkingum,

f) að ekki sé með óréttmætum hætti hagnýttur orðstír vörumerkis, vöruheitis eða annarra auðkenna samkeppnisaðila eða upprunamerkingar samkeppnisvöru,

g) að vara eða þjónusta sé ekki kynnt sem eftirlíking eða eftirgerð vöru eða þjónustu sem ber verndað vörumerki eða vöruheiti,

h) að auglýsing verði þess ekki valdandi að söluaðilar villist á auglýsanda og keppinaut hans eða á vörumerkjum, vöruheitum, öðrum auðkennum, vörum og þjónustu auglýsanda og samkeppnisaðila.

(*) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.“

4. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 4. gr.:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi séu fullnægjandi og árangursrík úrræði til að berjast gegn villandi auglýsingum með það fyrir augum að tryggja samræmi við ákvæðin um samanburðarauglýsingar í þágu söluaðila og samkeppnisaðila. Slík úrræði skulu taka til ákvæða í lögum er heimila einstaklingum og samtökum, sem samkvæmt landslögum teljast hafa lögmætra hagsmuna að gæta í baráttunni gegn villandi auglýsingum eða við setningu reglna um samanburðarauglýsingar:

a) að höfða mál gegn slíkum auglýsingum

eða

b) að skjóta slíkum auglýsingum til stjórnvalds sem er þar til bært, annaðhvort að úrskurða í kærumálum eða hefja viðeigandi málarekstur.

Aðildarríkin skulu ákveða það hvert fyrir sig hver þessara möguleika skuli vera fyrir hendi og hvort dómstólar eða stjórnvöld eigi að geta krafist þess að áður séu reyndar aðrar þekktar leiðir til að bregðast við kvörtunum, þ.m.t. þær sem um getur í 5. gr.

Hvert aðildarríki fyrir sig skal ákveða:

a) hvort beina skuli þessum lagaúrræðum að hverjum söluaðila um sig eða sameiginlega gagnvart mörgum söluaðilum í sama atvinnuvegi

og

b) hvort beita megi þessum lagaúrræðum gagnvart reglusetningaraðila þar sem viðkomandi reglur stuðla að því að farið sé í kringum lagakröfur.“

5. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 7. gr.:

„1. Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin viðhaldi eða samþykki ákvæði um villandi auglýsingar í því skyni að tryggja víðtækari vernd fyrir söluaðila og samkeppnisaðila.“

*15. gr.*

**Breytingar á tilskipunum 97/7/EB og 2002/65/EB**

1. Í stað 9. gr. tilskipunar 97/7/EB komi eftirfarandi:

„*9. gr.*

**Óumbeðin vara eða þjónusta**

Með tilliti til banns við viðskiptaháttum sem fela í sér óumbeðna afhendingu vöru eða þjónustu, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (*), skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að undanþiggja neytendur hvers konar endurgjaldi þegar um er að ræða óumbeðna afhendingu þar eð það jafngildir ekki samþykki þótt slíku sé látið ósvarað.

(*) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.“

2. Í stað 9. gr. tilskipunar 2002/65/EB komi eftirfarandi:

„*9. gr.*

Með tilliti til banns við viðskiptaháttum, sem fela í sér óumbeðna afhendingu, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (*), og með fyrirvara um ákvæði í lögum aðildarríkjanna um endurnýjum fjarsölusamninga með þegjandi samþykki, þar sem slíkar reglur leyfa endurnýjun með þegjandi samþykki, skulu aðildarríkin gera ráðstafanir til að undanþiggja neytendur hvers konar skuldbindingum varðandi óumbeðna afhendingu þar eð það jafngildir ekki samþykki þótt slíku sé látið ósvarað.

(*) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.“

*16. gr.*

**Breytingar á tilskipun 98/27/EB og reglugerð (EB) nr. 2006/2004**

1. Eftirfarandi komi í stað 1. liðar viðaukans við tilskipun 98/27/EB:

„1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22)."

2. Í viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) ([9]) bætist við eftirfarandi liður:

„16. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22)."

*17. gr.*

**Upplýsingar**

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að veita neytendum upplýsingar um innlend lög til lögleiðingar þessari tilskipun og skulu, þegar við á, hvetja söluaðila og reglusetningaraðila til að veita neytendum upplýsingar um siðareglur sínar.

*18. gr.*

**Endurskoðun**

1. Eigi síðar en 12. júní 2011 skal framkvæmdastjórnin leggja ítarlega skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar, einkum 9. mgr. 3. gr., 4. gr. og I. viðauka, um umfang frekari samræmingar og einföldunar í lögum Bandalagsins sem tengjast neytendavernd og, með hliðsjón af 5. mgr. 3. gr., um allar ráðstafanir sem gera þarf á vettvangi Bandalagsins til að tryggja að neytendavernd sé ástunduð í nægilega ríkum mæli. Skýrslunni skal, ef þörf krefur, fylgja tillaga um að endurskoða þessa tilskipun eða aðra þá hluta Bandalagslaga sem málið varða.

2. Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við sáttmálann, leitast við að bregðast við sérhverri tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem er lögð fram skv. 1. mgr. innan tveggja ára frá framsetningu hennar.

*19. gr.*

**Lögleiðing**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12. júní 2007. Þau skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það og tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um allar síðari breytingar.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum eigi síðar en 12. desember 2007. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*20. gr.*

**Gildistaka.**

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

*21. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. maí 2005.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| J. P. BORRELL FONTELLES | N. SCHMIT |
| *forseti.* | *forseti.* |

([9]) Stjtíð. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1.

*I. VIÐAUKI*

**VIÐSKIPTAHÆTTIR SEM TELJAST Í ÖLLUM TILVIKUM ÓRÉTTMÆTIR**

Villandi viðskiptahættir

1. Að halda því fram að söluaðili hafi undirritað siðareglur þótt sú sé ekki raunin.
2. Að framvísa gæðavottun, gæðamerkingu eða sambærilegum gögnum án þess að hafa fengið nauðsynlega heimild.
3. Að halda því fram að siðareglur hafi fengið áritun frá opinberri stofnun eða annarri stofnum þótt sú sé ekki raunin.
4. Að halda því fram að söluaðilinn (þ.m.t. viðskiptahættir hans) eða vara hafi fengið samþykki, áritun eða heimild frá opinberri stofnun eða einkastofnun þótt sú sé ekki raunin eða haldið slíku fram án þess að fara að skilmálum um samþykkið, áritunina eða heimildina.
5. Að bjóða til sölu vöru á tilteknu verði án þess að söluaðilinn segi frá því að hann hafi gildar ástæður til að ætla að hann muni ekki geta afhent, eða fengið annan söluaðila til að afhenda, þessar vörur eða sambærilegar vörur á þeim tíma og á því verði og í því magni sem er sanngjarnt með tilliti til vörunnar, til þess í hve miklum mæli varan hefur verið auglýst og þess verðs sem boðið er (auglýsingar sem agn).
6. Að bjóða vöru til sölu á tilteknu verði:
   a) og neita síðan að sýna neytendum hina auglýstu vöru
      eða
   b) neita að taka við pöntunum á henni eða afhenda hana innan eðlilegra tímamarka
      eða
   c) að sýna gallað eintak af henni,

   með það fyrir augum að koma á framfæri annarri vöru (egna og breyta)
7. Að halda því fram með röngu að varan verði aðeins fáanleg í mjög stuttan tíma eða að hún verði aðeins fáanleg með tilteknum skilmálum í mjög stuttan tíma, í því skyni að fá neytandann til að taka skyndiákvörðun svo að hann hafi hvorki tíma né tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun.
8. Að gefa loforð um að veita neytandanum þjónustu eftir sölu og söluaðilinn hefur haft samband við hann um það áður en salan fór fram á tungumáli sem er ekki opinbert tungumál í aðildarríkinu þar sem söluaðilinn hefur aðsetur og gefið síðan einungis kost á slíkri þjónustu samkvæmt öðru tungumáli án þess að hafa gefið neytandanum greinilegar upplýsingar um það áður en hann skuldbatt sig til að eiga viðskiptin.
9. Að lýsa því yfir eða gefa á annan hátt þá hugmynd að löglegt sé að selja vöruna þótt sú sé ekki raunin.
10. Að setja fram réttindi, sem neytandinn hefur lögum samkvæmt, sem sérstaklega einkennandi fyrir tilboð söluaðilans.
11. Að nota ritstjórnarefni úr miðlum til að auglýsa vöru þegar söluaðilinn borgar fyrir auglýsinguna og lætur þetta ekki koma fram í auglýsingunni á myndum eða með hljóði sem neytandinn getur auðveldlega borið kennsl á (auglýsing með ritstjórnarefni). Þetta er með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 89/552/EBE ([10]).
12. Að setja fram efnislega rangar fullyrðingar varðandi eðli og umfang persónulegrar áhættu fyrir öryggi neytandans eða fjölskyldu hans ef hann kaupir ekki vöruna.
13. Að koma á framfæri vöru sem líkist vöru frá tilteknum framleiðanda á þann hátt að neytandinn sé vísvitandi blekktur til að trúa því að varan sé frá þeim framleiðanda þótt sú sé ekki raunin.
14. Að koma á fót, starfrækja eða kynna píramídafyrirkomulag þar sem neytandinn fellst á að fá tækifæri til að taka við þóknun sem er öllu fremur fyrir það að fá aðra neytendur með í kerfið en fyrir að selja eða neyta vörunnar.

---

([10]) Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23). Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjtíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

15. Að halda því fram að söluaðilinn sé um það bil að hætta verslun eða flytja sig um set þótt sú sé ekki raunin.
16. Að halda því fram að varan sé líkleg til að auðvelda vinning í happdrætti.
17. Að halda því fram með röngu að varan geti læknað sjúkleika, röskun á líffærastarfsemi eða vansköpun.
18. Að gefa efnislega rangar upplýsingar um markaðsaðstæður eða um möguleikann á því að fá vöruna í þeim tilgangi að telja neytandann á að eignast vöruna á óhagstæðari skilmálum en venjulegir markaðsskilmálar eru.
19. Að halda því fram að í viðskiptum sé samkeppni eða verðlaunaveiting í boði án þess að verðlaunin, sem er lýst, séu veitt eða annað sem jafngildir þeim.
20. Að lýsa vöru með orðunum „ókeypis“ „frítt“ „án endurgjalds“ eða ámóta orðalagi ef neytandinn þarf að greiða eitthvað annað en óhjákvæmilegan kostnað við að senda svar við viðskiptaháttum þessum og sækja eða greiða fyrir afhendingu hlutarins.
21. Að láta fylgja með markaðsefni, reikning eða ámóta gögn þar sem leitað er eftir greiðslu sem gefa neytandanum þá hugmynd að hann hafi þegar pantað markaðsvöruna þótt sú sé ekki raunin.
22. Að halda því fram með röngu eða gefa hugmynd um að söluaðilinn starfi ekki að markmiðum sem tengjast atvinnugrein hans, fyrirtæki, iðn eða sérgrein eða að hann sé ranglega kynntur sem neytandi.
23. Að gefa ranglega hugmynd um að þjónusta eftir sölu í tengslum við vöru sé fyrir hendi í öðrum aðildarríkjum en ríkinu þar sem varan er seld.

Uppáþrengjandi viðskiptahættir

24. Að gefa þá hugmynd að neytandinn geti ekki yfirgefið sölustaðinn fyrr en samningur hefur verið gerður.
25. Að fara í heimsóknir á heimili viðskiptamanns og taka ekki tillit til beiðni neytandans um að yfirgefa heimilið eða að koma ekki aftur nema í þeim tilvikum og að því marki sem það er réttlætanlegt, samkvæmt landslögum, til að framfylgja samningsskuldbindingum.
26. Að viðhafa þrálát og óæskileg tilmæli í síma, bréfasíma, tölvupósti eða með öðrum fjarskiptamiðlum nema í þeim tilvikum og að því marki sem það er réttlætanlegt, samkvæmt landslögum, til að framfylgja samningsskuldbindingum. Þetta er með fyrirvara um 10. gr. tilskipunar 97/7/EB og tilskipanir 95/46/EB ([11]) og 2002/58/EB.
27. Að krefjast þess að neytandi, sem gerir kröfur á grundvelli tryggingasamnings, leggi fram skjöl sem geta ekki með góðu móti talist varða það hvort krafan er réttmæt eða láta að jafnaði bréfum ósvarað í því skyni að ráða viðskiptavininum frá því að neyta samningsréttar síns.
28. Að láta felast í auglýsingu beina hvatningu til barna um að kaupa auglýsta vöru eða telja foreldra þeirra eða aðra fullorðna á að kaupa auglýsta vöru handa þeim. Þessi ákvæði eru með fyrirvara um 16. gr. tilskipunar 89/552/EBE um sjónvarpsrekstur.
29. Að krefjast staðgreiðslu eða að greiðslu sé frestað fyrir vöru eða vegna skila eða geymslu á vöru sem söluaðilinn afhendir en neytandinn hefur ekki beðið um nema þegar varan er afhent sem staðgönguvara í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 97/7/EB (óumbeðin afhending).
30. Að segja neytandanum það, skýrt og skorinort, að ef hann kaupi ekki vöruna eða þjónustuna sé atvinnu eða lífsviðurværi söluaðilans stefnt í voða.
31. Gefa ranga hugmynd um að neytandinn hafi þegar unnið, muni vinna, eða muni, ef hann fremur sérstakan verknað, vinna til verðlauna eða hljóta annan, sambærilegan ávinning þegar raunin er annaðhvort sú:
    - að ekki er um nein verðlaun eða ávinning að ræða

      eða
    - að sé gerð tilraun til að krefjast verðlauna eða sambærilegs ávinnings þurfi neytandinn að greiða fjárupphæð eða kostnað.

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31). Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

*II. VIÐAUKI*

**LAGAÁKVÆÐI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR VARÐANDI REGLUR UM AUGLÝSINGAR OG SAMSKIPTI Í VIÐSKIPTUM**

Ákvæði 4. og 5. gr. tilskipunar 97/7/EB

Ákvæði 3. gr. tilskipunar ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka ([12])

Ákvæði 3. mgr. 3. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni ([13])

Ákvæði 4. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum ([14])

Ákvæði 86.–100. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([15])

Ákvæði 5. og 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní. 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) ([16])

Ákvæði d-liðar 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB frá 16. febrúar 1998 um breytingu á tilskipun 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán ([17])

Ákvæði 3. og 4. gr. tilskipunar 2002/65/EB

Ákvæði 9. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB frá 21. janúar 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum með það í huga að setja reglur um verðbréfafyrirtæki og einfaldaðar útboðslýsingar ([18])

Ákvæði 12. og 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga ([19])

Ákvæði 36. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar ([20])

Ákvæði 19. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([21])

Ákvæði 31. og 43. gr. tilskipunar ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar ([22]) (þriðja tilskipun um skaðatryggingar)

Ákvæði 5., 7. og 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar ([23]).

---

([12]) Stjtíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59.
([13]) Stjtíð. EB L 280, 29.10.1994, bls. 83.
([14]) Stjtíð. EB L 80, 18.3.1998, bls. 27.
([15]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/27/EB (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 34).
([16]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.
([17]) Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 17.
([18]) Stjtíð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 20.
([19]) Stjtíð. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3.
([20]) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun ráðsins 2004/66/EB (Stjtíð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 35).
([21]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.
([22]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).
([23]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

# 969. Tillaga til þingsályktunar [650. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2006, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2006 frá 22. september 2006, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur varðandi heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (átjánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

**1. Inngangur.**

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2006 frá 22. september 2006, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur varðandi heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (átjánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE).

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar gerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

**2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur varðandi heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (átjánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE).**

Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB, sem er 18. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE, eru settar lágmarkskröfur til að vernda heilsu og öryggi starfsmanna gegn váhrifum frá rafsegulsviðum (0 Hz til 300 GHz), sem líklegt eða hugsanlegt er að þeir verði fyrir við vinnu sína. Tilskipunin kveður á um lágmarkskröfur og geta aðildarríki því tekið upp eða haldið hagstæðari ákvæðum til verndar starfsmönnum, einkum með því að ákveða lægri viðbragðsmörk eða viðmiðunarmörk váhrifa frá rafsegulsviðum en tilskipunin kveður á um.

Í tilskipuninni er fjallað um heilbrigðis- og öryggisáhættu starfsmanna vegna þekktra og skaðlegra skammtímaáhrifa í mannslíkamanum af völdum hringstreymis spanstrauma og

orkugleypni, svo og vegna snertistrauma. Í tilskipuninni er ekki fjallað um meint langtímaáhrif og ekki um áhættu vegna snertingar við straumleiðara.

Í tilskipuninni er kveðið á um skyldur vinnuveitenda, m.a. við að ákvarða váhrif og mat á áhættu sem og hvernig megi forðast eða minnka áhættu. Kveðið er á um að starfsmenn megi aldrei verða fyrir váhrifum yfir viðmiðunarmörkum. Fari váhrif yfir viðmiðunarmörk, þrátt fyrir ráðstafanir vinnuveitanda, skuli þegar gripið til aðgerða til að draga úr váhrifum svo þau verði undir viðmiðunarmörkum. Þá er fjallað um skyldu vinnuveitenda til upplýsingagjafar og þjálfunar starfsmanna sem eiga á hættu að verða fyrir váhrifum frá rafsegulsviðum við störf sín, sem og samráð og þátttöku starfsmanna eða fulltrúa þeirra um málefni sem tilskipunin tekur til um. Sérstök ákvæði er einnig að finna um heilsuvernd og eftirlit með heilsu starfsmanna. Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðurlög verði sett við brotum á ákvæðum tilskipunarinnar, sem skulu vera áhrifarík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

**3. Um stjórnskipulegan fyrirvara.**

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

**Fylgiskjal I.**

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 124/2006

**frá 22. september 2006**

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2005 frá 21. október 2005 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu að því er varðar váhrif sem starfsmenn verða fyrir af völdum eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (18. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ([2]), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 184, 24.5.2004, bls. 1.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16jb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/10/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„16jc. **32004 L 0040**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu að því er varðar váhrif sem starfsmenn verða fyrir af völdum eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (18. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtíð. ESB L 159, 30.4. 2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 184, 24.5.2004, bls. 1."

([1]) Stjtíð. ESB L 14, 19.1.2006, bls. 22, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 4, 19.1.2006, bls. 5.
([2]) Stjtíð. ESB L 159, 30.4.2004, bls. 1.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/40/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 184, 24.5.2004, bls. 1, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*Oda Helen Sletnes*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Lilja Viðarsdóttir* *Matthias Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## Fylgiskjal II.

### LEIÐRÉTTING

**Leiðrétting á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (átjánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)**

*(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 159 frá 30. apríl 2004)*

Tilskipun 2004/40/EB verði svohljóðandi:

### TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/40/EB

**frá 29. apríl 2004**

**um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviða) (átjánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 137. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]) sem lögð var fram að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt sáttmálanum getur ráðið, með útgáfu tilskipana, samþykkt lágmarkskröfur til að stuðla að úrbótum, einkum á vinnuumhverfi, til að tryggja betri heilsuvernd og bætt öryggi starfsmanna. Í slíkum tilskipunum ber að forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar varðandi aðgerðaáætlun hennar um framkvæmd stofnskrár Bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er kveðið á um að setja skuli lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna sem verða fyrir váhrifum frá eðlisfræðilegum áhrifavöldum. Í september 1990 samþykkti Evrópuþingið ályktun varðandi þessa aðgerðaáætlun ([4]) og hvatti framkvæmdastjórnina sérstaklega til að semja sérstaka tilskipun um áhættu vegna hávaða og titrings og allra annarra eðlisfræðilegra áhrifavalda á vinnustað.

3) Í fyrsta áfanga samþykktu Evrópuþingið og ráðið tilskipun 2002/44/EB frá 25. júní 2002 um lágmarkskröfur um öryggi og hollustu að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (titrings) (sextánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ([5]). Því næst samþykktu Evrópuþingið og ráðið, hinn 6. febrúar 2003, tilskipun 2003/10/EB um lágmarkskröfur um öryggi og hollustu að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (titrings) (sautjánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ([6]).

([1]) Stjtíð. EB C 77, 18.3.1993, bls. 12 og (Stjtíð. EB C 230, 19.8.1994, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB C 249, 13.9.1993, bls. 28.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 20. apríl 1994 (Stjtíð. EB C 128, 9.5.1994, bls. 146) staðfest 16. september 1999 (Stjtíð. EB C 54, 25.2.2000, bls. 75), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. desember 2003 (Stjtíð. ESB C E 66, 16.3.2004, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 30. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 7. apríl 2004.
([4]) Stjtíð. EB C 260, 15.10.1990, bls. 167.
([5]) Stjtíð. EB L 177, 6.7.2002, bls. 13.
([6]) Stjtíð. ESB L 42, 15.2.2003, bls. 38.

4) Nú er talið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að vernda starfsmenn fyrir áhættu sem tengist rafsegulsviðum vegna áhrifa þeirra á heilsu og öryggi starfsmanna. Í þessari tilskipun er þó ekki fjallað um langtímaáhrif, þ.m.t. hugsanleg krabbameinsvaldandi áhrif af því að verða fyrir váhrifum frá styrksveiflum raf-, segul- eða rafsegulsviða þar sem engar endanlegar, vísindalegar sannanir liggja fyrir sem staðfesta orsakasamhengi. Þessar ráðstafanir eiga ekki einungis að tryggja heilsu og öryggi hvers starfsmanns heldur einnig skapa grunn að lágmarksvernd alls launafólks í Bandalaginu til að komast hjá hugsanlegri röskun á samkeppni.

5) Í þessari tilskipun er kveðið á um lágmarkskröfur og aðildarríkjunum þannig gefið tækifæri til að viðhalda eða taka upp hagstæðari ákvæði til verndar starfsmönnum, einkum með því að ákveða lægri viðbragðsmörk eða viðmiðunarmörk váhrifa frá rafsegulsviðum. Ekki er unnt að bera fyrir sig framkvæmd þessarar tilskipunar til að réttlæta afturför á þessu sviði frá því sem nú tíðkast í aðildarríkjunum.

6) Kerfi til verndar gegn rafsegulsviðum skal takmarkast við skilgreiningu, án óþarfra smáatriða, á markmiðum sem ber að ná, meginreglum sem ber að fylgja, og gildum sem leggja skal til grundvallar og ber að nota til að aðildarríkin geti beitt lágmarkskröfunum á sambærilegan hátt.

7) Hægt er að draga úr váhrifum frá rafsegulsviðum á skilvirkari hátt með því að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir við hönnun verkstöðva og með því að velja vinnutæki, verkferli og vinnuaðferðir þannig að það hafi forgang að draga úr áhættunni strax við upptökin. Ákvæði varðandi vinnutæki og -aðferðir stuðla þannig að vernd hlutaðeigandi starfsmanna.

8) Vinnuveitendur skulu gera breytingar í ljósi tækniframfara og vísindalegrar þekkingar, að því er varðar áhættu sem fylgir því að verða fyrir váhrifum frá rafsegulsviðum, með það fyrir augum að bæta öryggi og heilsuvernd starfsmanna.

9) Þar eð tilskipun þessi er sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ([7]) gildir sú tilskipun um það er starfsmenn verða fyrir váhrifum frá rafsegulsviðum, með fyrirvara um strangari ákvæði og/eða sérákvæði í þessari tilskipun.

10) Tilskipun þessi er raunhæfur liður í því að gera félagsmálaþátt innri markaðarins að veruleika.

11) Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([8]).

12) Séu viðmiðunarmörk váhrifa og viðbragðsmörk virt á það að veita mikla vernd fyrir þekktum áhrifum á heilsu, sem geta stafað af váhrifum frá rafsegulsviðum, en þótt það sé gert er ekki víst að það komi í veg fyrir vandamál vegna truflana eða áhrifa á starfsemi í tengslum við lækningatæki, s.s. gervilíkamshluta úr málmi, gangráða og hjartastuðtæki, kuðungsígræði og önnur ígræði. Vandamál vegna truflana, einkum á gangráðum geta komið upp í minna mæli en viðbragðsmörkin sýna og skal því gera viðeigandi varúðar- og verndarráðstafanir vegna þess,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. ÞÁTTUR

## ALMENN ÁKVÆÐI

### *1. gr.*

### Markmið og gildissvið

1. Í tilskipun þessari, sem er átjánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE, er mælt fyrir um lágmarkskröfur til að vernda heilsu og öryggi starfsmanna gegn váhrifum frá rafsegulsviðum (0 Hz til 300 GHz) sem líklegt eða hugsanlegt er að þeir verði fyrir við vinnu sína.

2. Í þessari tilskipun er fjallað um heilbrigðis- og öryggisáhættu starfsmanna vegna þekktra og skaðlegra skammtímaáhrifa í mannslíkamanum af völdum hringstreymis spanstrauma og orkugleypni, svo og vegna snertistrauma.

3. Í þessari tilskipun er ekki fjallað um meint langtímaáhrif.

([7]) Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([8]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

4. Í þessari tilskipun er ekki fjallað um áhættu vegna snertingar við straumleiðara.

5. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að fullu um allt sviðið sem um getur í 1. mgr., sbr. þó þrengri og/eða sértækari ákvæði sem er að finna í þessari tilskipun.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „rafsegulsvið“: stöðusegulsvið og rafsvið, segulsvið og rafsegulsvið með styrksveiflum og tíðni allt að 300 GHz,

b) „viðmiðunarmörk váhrifa“: mörk váhrifa frá rafsegulsviðum, sem eru byggð beint á staðfestum áhrifum á heilsu og á líffræðilegum athugunum. Séu þessi mörk virt tryggir það að starfsmenn, sem komast í snertingu við rafsegulsvið, eru varðir fyrir öllum þekktum, skaðlegum áhrifum á heilsu,

c) „viðbragðsmörk“: umfang færibreytna, sem hægt er að mæla beint, sett fram sem styrkur rafsviðs (E), styrkur segulsviðs (H), þéttleiki segulflæðis (B) og aflþéttleiki (S) sem ein eða fleiri ráðstafanir, sem tilgreindar eru í þessari tilskipun, skulu miðast við. Séu þessi gildi virt tryggir það að samræmi helst við viðkomandi viðmiðunarmörk váhrifa.

*3. gr.*

**Viðmiðunarmörk váhrifa og viðbragðsmörk**

1. Viðmiðunarmörk váhrifa eru sett fram í töflu 1 í viðaukanum.

2. Viðbragðsmörk eru sett fram í töflu 2 í viðaukanum.

3. Aðildarríkin geta, þar til samræmdir evrópskir staðlar frá Rafstaðlasamtökum Evrópu (Cenelec) ná til allra viðeigandi aðstæðna við mat, mælingar og útreikning, notað aðra staðla eða viðmiðunarreglur, sem byggðar eru á vísindalegum grunni, við mat, mælingu og/eða útreikning á váhrifum á starfsmenn frá rafsegulsvæðum.

II. ÞÁTTUR

**SKYLDUR VINNUVEITENDA**

*4. gr.*

**Ákvörðun váhrifa og mat á áhættu**

1. Við að uppfylla þær skyldur, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/391/EBE, skal vinnuveitandi meta, og mæla og/eða reikna út, ef þörf krefur, hve miklum váhrifum starfsmenn verða fyrir af völdum rafsegulsviða. Mat, mælingar og útreikningar geta farið fram í samræmi við staðla og viðmiðunarreglur, sem eru byggð á vísindalegum grunni og um getur í 3. gr., þar til samræmdir Evrópustaðlar frá Rafstaðlasamtökum Evrópu ná til hvers konar viðeigandi mats, mælinga og útreikninga og, þegar við á, að teknu tilliti til losunarstigs, sem framleiðandi búnaðarins gefur upp, falli það undir viðeigandi tilskipanir Bandalagsins.

2. Á grundvelli mats á því á hvaða stigi rafsegulsvið eru, sem fer fram í samræmi við 1. mgr., skal vinnuveitandinn, ef farið er yfir viðbragðsmörkin, sem um getur í 3. gr., meta og, ef nauðsyn krefur, reikna út hvort farið hafi verið yfir viðmiðunarmörk váhrifa.

3. Mat, mæling og/eða útreikningur, sem um getur í 1. og 2. mgr. þarf ekki að fara fram á vinnustöðum, sem eru opnir almenningi, að því tilskildu að mat hafi þegar farið fram í samræmi við ákvæðin í tilmælum ráðsins 1999/519/EB frá 12. júlí 1999 um takmörkun á váhrifum sem almenningur verður fyrir af völdum rafsegulsviðs (0 Hz til 300 GHz) ([9]), og takmarkanir sem eru tilgreindar þar séu virtar að því er varðar starfsmenn og öryggisáhætta útilokuð.

4. Þar til bærar þjónustustofnanir eða einstaklingar skulu skipuleggja og framkvæma matið, mælinguna og/eða útreikningana, sem um getur í 1. og 2. mgr., með hæfilegu millibili, að teknu sérstöku tilliti til ákvæða 7. og 11. gr. tilskipunar 89/391/EBE um kröfur um hæfi þjónustustofnana eða einstaklinga og um samráð og þátttöku starfsmanna. Gögnin, sem fást úr matinu, mælingunni og/eða útreikningi á því hve mikil váhrifin eru, skulu varðveitt á viðeigandi formi til að þau geti komið að gagni síðar.

5. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. í tilskipun 89/391/EBE skal vinnuveitandinn huga sérlega vel að eftirfarandi atriðum við áhættumat:

a) stigi, tíðnirófi, tímalengd og tegund váhrifa,

b) viðmiðunarmörkum váhrifa og viðbragðsmörkum sem mælt er fyrir um í 3. gr. þessarar tilskipunar,

([9]) Stjtíð. EB L 199, 30.7.1999, bls. 59.

c) öllum áhrifum er varða heilbrigði og öryggi starfsmanna sem eru í sérlegri áhættu,

d) öllum óbeinum áhrifum, s.s.:

i) truflun af völdum rafræns lækningabúnaðar og -tækja (þ.m.t. gangráðar og önnur ígrædd tæki),

ii) hættu á skotum frá járnsegulhlutum í stöðusegulsviðum þar sem þéttleiki segulflæðis er yfir 3 mT,

iii) kveikingu á rafrænum kveikibúnaði (rafmagnshvellhettum),

iv) eldi og sprengingum sem verða þegar kviknar í eldfimum efnum út frá neistum af völdum spansvæða eða snertistrauma eða við neistaúrhleðslu,

e) hvort fyrir hendi er búnaður til endurnýjunar, ætlaður til að draga úr váhrifum frá rafsegulsviðum,

f) viðeigandi upplýsingum frá heilbrigðiseftirliti eftir því sem unnt er, þ.m.t. upplýsingar sem hafa verið birtar,

g) margvíslegum upptökum váhrifa,

h) váhrifum frá mörgum tíðnisviðum samtímis.

6. Vinnuveitandinn skal hafa í fórum sínum áhættumat í samræmi við a- lið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/391/EBE og tilgreina hvaða ráðstafanir þarf að gera í samræmi við 5. og 6. gr. þessarar tilskipunar. Áhættumatið skal skráð á heppilegum miðli í samræmi við landslög og venju og í því getur verið rökstuðningur vinnuveitanda fyrir því að frekara áhættumat sé ónauðsynlegt m.t.t. eðlis og umfangs áhættu sem tengist rafsegulsviðum. Uppfæra skal áhættumatið reglulega, einkum ef verulegar breytingar hafa orðið, sem gera það úrelt, eða ef niðurstöður heilbrigðiseftirlits benda til þess að það sé nauðsynlegt.

*5. gr.*

**Ákvæði sem miða að því að forðast eða minnka áhættu**

1. Að teknu tilliti til tækniframfara og tiltækra ráðstafana til að sporna við áhættunni strax við upptökin skal áhætta vegna váhrifa frá rafsegulsviðum útilokuð eða henni haldið í lágmarki.

Takmörkun áhættu vegna váhrifa frá rafegulsviðum skal byggð á almennu meginreglunum um forvarnir í tilskipun 89/391/EBE.

2. Á grundvelli áhættumatsins, sem um getur í 4. gr., getur vinnuveitandi, þegar farið hefur verið yfir viðbragðsmörkin sem um getur í 3. gr. nema matið, sem fer fram í samræmi við 2. mgr. 4. gr., sýni að ekki sé farið yfir gildi váhrifamarka og að hægt sé að útiloka heilbrigðisáhættu, útbúið og framkvæmt aðgerðaáætlun sem tekur til tæknilegra og /eða skipulagslegra ráðstafana, sem eiga að koma í veg fyrir að farið sé yfir viðmiðunarmörk váhrifa, og þá skal einkum taka tillit til:

a) annarra starfsaðferða þar sem menn verða síður fyrir váhrifum frá rafsegulsviðum,

b) vals á búnaði sem myndar rafsegulsvið í minna mæli, að teknu tilliti til verksins sem þarf að vinna,

c) tæknilegra ráðstafana til að draga úr myndun rafsegulsviða, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, notkunar samlæsinga, hlífa eða svipaðs heilsuverndarbúnaðar,

d) viðeigandi viðhaldsáætlana fyrir vinnutæki, vinnustað og vinnustaðarkerfi,

e) hönnunar og innréttingar vinnustaða og verkstöðva,

f) takmörkunar á tímalengd og krafti váhrifanna,

g) þess hvort nóg sé til af persónuhlífum.

3. Á grundvelli áhættumatsins, sem um getur í 4. gr., skal það gefið til kynna með viðeigandi merkingum á verkstöðvum ef starfsmenn geta orðið fyrir váhrifum frá rafsegulsviðum umfram viðbragðsmörk, í samræmi við tilskipun ráðsins 92/58/EBE frá 24. júní 1992 um lágmarkskröfur um uppsetningu öryggis- og heilbrigðismerkja á vinnustöðum (níunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE ([10]), nema matið, sem fer fram í samræmi við 2. mgr. 4. gr., sýni að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörk váhrifa og að hægt sé að útiloka heilbrigðisáhættu. Auðkenna skal viðkomandi svæði og takmarka aðgang að þeim sé það tæknilega mögulegt og ef hætta er á að farið sé yfir gildi viðmiðunarmarka váhrifa.

4. Starfsmenn mega aldrei verða fyrir váhrifum yfir viðmiðunarmörkum.

Ef váhrif fara yfir viðmiðunarmörk, þrátt fyrir ráðstafanir sem vinnuveitandinn gerir til að fara að þessari tilskipun, skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að draga úr váhrifum svo að þau verði undir viðmiðunarmörkum. Hann skal sanngreina ástæður

([10]) Stjtíð. EB L 245 26.8.1992, bls. 23.

þess að farið var yfir viðmiðunarmörk og breyta forvarnar- og verndarráðstöfunum sínum í samræmi við það til að koma í veg fyrir að aftur verði farið yfir mörkin.

5. Samkvæmt 15. gr. tilskipunar 89/391/EBE skal vinnuveitandinn laga ráðstafanirnar, sem um getur í þessari grein, að þörfum starfsmanna sem búa við sérstaka áhættu.

*6. gr.*

**Upplýsingar og þjálfun starfsmanna**

Með fyrirvara um 10. og 12. gr tilskipunar 89/391/EBE skal vinnuveitandi sjá til þess að starfsmenn, sem eiga á hættu að verða fyrir váhrifum frá rafsegulsviðum við störf sín, og/eða fulltrúar þeirra, fái allar nauðsynlegar upplýsingar og þjálfun í tengslum við niðurstöður áhættumats, sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar, einkum varðandi:

a) ráðstafanir sem eru gerðar til framkvæmdar þessari tilskipun,

b) gildi og hugtök sem varða viðmiðunarmörk váhrifa og viðbragðsmörk og hugsanlega áhættu í tengslum við þau,

c) niðurstöður mats, mælinga og/eða útreikninga á stigi váhrifa frá rafsegulsviðum, sem fást í samræmi við 4. gr. þessarar tilskipunar,

d) hvernig greina skuli skaðleg áhrif á heilsu vegna váhrifa og hvernig skuli tilkynna þau,

e) við hvaða aðstæður starfsmenn eiga rétt á heilbrigðiseftirliti,

f) öruggar vinnuaðferðir til að halda hættu á váhrifum í lágmarki.

*7. gr.*

**Samráð og þátttaka starfsmanna**

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra í samræmi við 11. gr. tilskipunar 89/391/EBE um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

III. ÞÁTTUR

**ÝMIS ÁKVÆÐI**

*8. gr.*

**Heilsuvernd**

1. Með það fyrir augum að fyrirbyggja og greina snemma öll skaðleg áhrif á heilsu vegna váhrifa frá rafsegulsviðum skal viðeigandi heilbrigðiseftirlit fara fram í samræmi við 14. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

Ef í ljós kemur að váhrif eru yfir viðmiðunarmörkum skal í öllum tilvikum gefa viðkomandi starfsmanni eða starfsmönnum kost á læknisskoðun í samræmi við landslög og venju. Ef heilsutjón hlýst af slíkum váhrifum skal vinnuveitandi endurmeta áhættuna í samræmi við 4. gr.

2. Vinnuveitandinn skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að læknirinn og/eða heilbrigðisyfirvöld, sem bera ábyrgð á heilbrigðiseftirliti, hafi aðgang að niðurstöðum áhættumatsins sem um getur í 4. gr.

3. Niðurstöður heilbrigðiseftirlits skulu varðveittar á viðeigandi formi svo að hægt sé að skoða þær síðar, að teknu tilliti til trúnaðarkvaða. Starfsmenn skulu, hver um sig, fá aðgang að sínum eigin heilsufarsskrám ef þeir óska eftir því.

*9. gr.*

**Viðurlög**

Aðildarríkin skulu kveða á um að hægt sé að beita hæfilegum viðurlögum ef brotið er gegn landslögum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun. Viðurlögin verða að vera áhrifarík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

*10. gr.*

**Tæknilegar breytingar**

1. Breytingar á viðmiðunarmörkum váhrifa og viðbragðsmörkum, sem sett eru fram í viðaukanum, skulu samþykktar af Evrópuþinginu og ráðinu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 137. gr. sáttmálans.

2. Hreinar, tæknilegar breytingar á viðaukanum í samræmi við:

a) samþykkt tilskipana á sviði tæknilegrar samhæfingar og stöðlunar að því er varðar hönnun, smíði, framleiðslu eða útfærslu vinnutækja og/eða vinnustaða,

b) tækniframfarir, breytingar á þeim samhæfðu Evrópustöðlum eða -forskriftum sem helst eiga við og nýjar, vísindalegar uppgötvanir varðandi rafsegulsvið,

skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferð að lögum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

*11. gr.*

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

IV. ÞÁTTUR

**LOKAÁKVÆÐI**

*12. gr.*

**Skýrslur**

Fimmta hvert ár skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu um verklega framkvæmd þessarar tilskipunar þar sem fram koma sjónarmið aðila vinnumarkaðarins.

Á fimm ára fresti skal framkvæmdastjórnin tilkynna Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og ráðgjafarnefndinni um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum um efni þessara skýrslna, um mat sitt á þróun á viðkomandi sviði og um hvers konar framtaksverkefni, einkum að því er varðar váhrif frá stöðusegulsviðum, sem kunna að vera heimiluð í ljósi nýrrar, vísindalegrar þekkingar.

*13. gr.*

**Lögleiðing**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2008.Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

1. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja eða hafa þegar samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*14. gr.*

**Gildistaka.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

*15. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 29. apríl 2004.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | M. McDOWELL |
| *forseti.* | *forseti.* |

*VIÐAUKI*

**VIÐMIÐUNARMÖRK VÁHRIFA OG VIÐBRAGÐSMÖRK VARÐANDI RAFSEGULSVIÐ**

Eftirfarandi eðlisfræðilegar stærðir eru notaðar til að lýsa váhrifum frá rafsegulsviðum:

*Snertistraumur* ($I_C$) á milli manns og hlutar er tilgreindur í amperum (A). Rafleiðandi hlutur getur fengið rafhleðslu af rafsviði þar sem hann er staðsettur.

*Straumþéttleiki* (J) er skilgreindur sem straumflæðið gegnum þversniðssvæði, hornrétt á stefnu sína í leiðara í tilteknu rými, t.d. mannslíkamanum eða hluta hans, tilgreindur í amperum á fermetra ($A/m^2$).

*Styrkur rafsviðs* er vigurstærð (E) sem svarar til þess afls sem verkar á rafhlaðinn hlut án tillits til hreyfingar hans í rými. Hann er tilgreindur í voltum á metra (V/m).

*Styrkur segulsviðs* er vigurstærð (H) sem, ásamt þéttleika segulflæðis, einkennir segulsvið hvar í rými sem er. Hann er tilgreindur í amperum á metra (V/m).

*Þéttleiki segulflæðis* er vigurstærð (B) sem svarar til þess afls sem verkar á hleðslu á hreyfingu, tilgreindur í teslum (T). Í auðu rými og í líffræðilegu efni er hægt að víxla þéttleika segulflæðis eða styrk segulsviðs yfir í hina eininguna með því að nota jöfnuna 1 A/m = $4\pi\ 10^{-7}$ T.

*Aflþéttleiki* (S) er hæfileg stærð til að nota við hátíðni og litla gegnþrengingu í líkamann. Um er að ræða geislunarafl hornrétt á flöt, deilt með yfirborði flatarins, tilgreint í vöttum á fermetra ($W/m^2$).

*Sérstök orkugleypni* (SA) er skilgreind sem sú orka sem er gleypt á hverja massaeiningu af lífrænum vef, tilgreint sem júl á kílógramm (J/kg). Í þessari tilskipun er hugtakið notað til að aðgreina varmalaus áhrif frá púlsaðri örbylgjugeislun.

*Sérstakur orkugleypnihraði* (SAR) er skilgreindur sem sú orka, að meðaltali um allan líkamann eða hluta hans, sem er gleypt á hverja massaeiningu líkamsvefjar og er tilgreind í vöttum á kílógramm (W/kg). Sérstakur orkugleypnihraði í öllum líkamanum er almennt viðurkennd aðferð til að finna tengslin á milli skaðlegra varmaáhrifa og váhrifa frá hátíðni. Auk meðalgildis fyrir sérstakan orkugleypnihraða í öllum líkamanum eru gildi fyrir staðbundna orkugleypni nauðsynleg til að meta og takmarka of mikla orkuupptöku í minni hlutum líkamans við sérstök váhrifaskilyrði. Dæmi um slík skilyrði eru: einstaklingar sem eru í jarðsambandi og verða fyrir váhrifum frá hátíðni á neðra MHz-svæðinu og einstaklingar sem verða fyrir váhrifum í námunda við loftnet.

Af þessum stærðum er hægt að meta beint þéttleika segulflæðis, snertistraum, styrk raf- og segulsviðs og aflþéttleika.

## A. VIÐMIÐUNARMÖRK VÁHRIFA

Háð tíðni eru eftirfarandi eðlisfræðilegar stærðir notaðar til að tilgreina viðmiðunarmörk váhrifa frá rafsegulsviðum:

- viðmiðunarmörk váhrifa eru ákveðin fyrir straumþéttleika sviða þar sem styrksveiflur eru allt að 1 Hz til að koma í veg fyrir áhrif á hjarta- og æðakerfið og miðtaugakerfið,
- á milli 1 Hz og 10 MHz eru viðmiðunarmörk váhrifa ákveðin fyrir straumþéttleika til að koma í veg fyrir áhrif á starfsemi miðtaugakerfisins,
- á milli 100 kHz og 10 GHz eru viðmiðunarmörk váhrifa við sérstakan orkugleypnihraða ákveðin til að koma í veg fyrir hitaálag á allan líkamann og óhóflega, staðbundna hitun á vefjum. Á bilinu 100 kHz til 10 MHz eru viðmiðunarmörk váhrifa ákveðin fyrir bæði straumþéttleika og sérstakan orkugleypnihraða,
- á milli 10 GHz og 300 GHz eru viðmiðunarmörk váhrifa fyrir aflþéttleika ákveðin til að koma í veg fyrir að vefir hitni óhóflega á eða nálægt yfirborði líkamans.

*Tafla 1*

**Viðmiðunarmörk váhrifa (1. mgr. 3. gr.). Uppfylla skal öll skilyrði**

| Tíðnisvið | Straumþéttleiki fyrir höfuð og bol J ($mA/m^2$) (rms) | Sérstakur orkugleypnihraði, meðaltal líkamans (W/kg) | Sérstakur orkugleypnihraði, staðbundinn (höfuð og bolur) (W/kg) | Sérstakur orkugleypnihraði, staðbundinn (útlimir) (W/kg) | Aflþéttleiki ($W/m^2$) |
|---|---|---|---|---|---|
| Allt að 1 Hz | 40 | — | — | — | — |
| 1 — 4 Hz | 40/f | — | — | — | — |
| 4 — 1000 Hz | 10 | — | — | — | — |
| 1000 Hz — 100 kHz | f/100 | — | — | — | — |
| 100 kHz — 10 MHz | f/100 | 0,4 | 10 | 20 | — |
| 10 MHz — 10 GHz | — | 0,4 | 10 | 20 | — |
| 10 — 300 GHz | — | — | — | — | 50 |

Athugasemdir:

1. f er tíðnin, Hertz.

2. Viðmiðunarmörk váhrifa fyrir straumþéttleika eru sett til verndunar gegn bráðum áhrifum váhrifa á vefi miðtaugakerfisins í höfði og bol líkamans. Viðmiðunarmörk váhrifa á tíðnisviðinu 1 Hz til 10 MHz eru byggð á þekktum skaðlegum áhrifum á miðtaugakerfið. Slík bráðaáhrif eru fyrst og fremst augnabliksáhrif og engin vísindaleg rök eru fyrir því að breyta viðmiðunarmörkum váhrifa sem standa stutt yfir. Þar eð viðmiðunarmörk váhrifa vísa til skaðlegra áhrifa á miðtaugakerfið geta þessi viðmiðunarmörk leyft hærri straumþéttleika í öðrum líkamsvefjum en miðtaugakerfinu við sömu váhrifaskilyrði.

3. Þar eð líkaminn er ekki rafrænt einsleitur er rétt að reikna út straumþéttleika sem meðaltal 1 $cm^2$ þverskurðar hornrétt á straumstefnuna.

4. Við tíðni allt að 100 kHz er hægt að finna toppgildi straumþéttleika með því að margfalda gildi fernings-meðaltals (rms) með $(2)^{1/2}$.

5. Fyrir minni tíðni en 100 kHz og fyrir segulsviðspúlsa er hægt að reikna mesta straumþéttleika, sem tengist púlsunum, út frá ris/falltíma þeirra, svo og mestu breytingar á þéttleika segulflæðis. Síðan má bera þéttleika spanaða straumsins saman við viðeigandi viðmiðunarmörk váhrifa. Þegar um er að ræða straumpúlsa af tímalengd $t_p$ skal sambærileg tíðni, sem á að gilda fyrir viðmiðunarmörk váhrifa, reiknuð sem $f = 1/(2_{tp})$.

6. Öll gildi fyrir sérstakan orkugleypnihraða skulu reiknuð sem meðaltal sex mínútna tímabils.

7. Staðbundinn, sérstakur orkugleypnihraði reiknast sem meðaltal 10 g massa af samhangandi vef; hámarksgildi fyrir sérstakan orkugleypnihraða, sem fæst þannig, skal vera gildið sem notað er til að meta váhrif. Þessi 10 g af vef eiga að vera massi af samfelldum vef með nærri einsleitum rafrænum eiginleikum. Þegar samfelldur massi af vef er tilgreindur er viðurkennt að þetta hugtak megi nota við útreikning á skammtamælingu en gæti valdið erfiðleikum við beinar, eðlisfræðilegar mælingar. Hægt er að nota einfalda rúmfræði, s.s. rúmfræðilegan vefmassa, að því tilskildu að reiknað „skammtamælt“ magn sé metið af varúð með tilliti til viðmiðunarreglna um váhrif.

8. Þegar um er að ræða púlsuð váhrif á tíðnibilinu 0,3 til 10 GHz eða staðbundin váhrif á höfuðið er mælt með því að frekari viðmiðunarmörk váhrifa verði sett til að takmarka og komast hjá áhrifum á heyrn vegna aukinnar þenslu af völdum varma. Sérstök orkugleypni skal því ekki fara yfir 10 mJ/kg að meðaltali þegar um er að ræða massa yfir 10 g.

9. Reikna skal orkuþéttni sem meðaltal fyrir 20 $cm^2$ svæði, sem verður fyrir váhrifum, og fyrir 68/f1,05-mínútna tímabil (þar sem f er GHz) til að vega upp á móti stöðugt minnkandi gegnþrengingu eftir því sem tíðnin eykst. Hámark aflþéttleika í rými, reiknað sem meðaltal fyrir 1 $cm^2$, skal ekki fara yfir 20 sinnum gildið fyrir 50 $W/m^2$.

10. Varðandi púlsuð eða skammvinn rafsegulsvið, eða almennt að því er varðar samtímis váhrif frá mörgum tíðnisviðum, þarf að beita viðeigandi aðferðum við mat, mælingu og/eða útreikning sem gerir mögulegt að greina eiginleika bylgjulögunar og eðli líffræðilegra víxlverkana að teknu tilliti til samræmdra Evrópustaðla sem Rafstaðlasamtök Evrópu hafa sett.

## B. VIÐBRAGÐSMÖRK

Viðbragðsmörkin sem um getur í töflu 2 eru fengin úr viðmiðunarmörkum váhrifa, samkvæmt rökstuðningi sem notaður er af Alþjóðaráðinu um varnir gegn ójónandi geislun (ICNIRP) í leiðbeiningum hennar um takmörkuð váhrif frá ójónandi geislun (ICNIRP 7/99).

*Tafla 2*

**Viðbragðsmörk (2. mgr. 3. gr.) (gildi ótruflaðs ferningsmeðaltals)**

| Tíðnisvið | Styrkur rafsviðs, E (V/m) | Styrkur segulsviðs, H (A/m) | Þéttleiki segulflæðis, B (μT) | Jafngildur afljéttleiki fjarbylgju, $S_{eq}$ ($W/m^2$) | Snertistraumur, $I_C$(mA) | Spanstraumur í útlimum, $I_L$(mA) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0 — 1Hz | — | $1{,}63x10^5$ | $2x10^5$ | — | 1,0 | — |
| 1 — 8 Hz | 20000 | $1{,}63x10^5/f^2$ | $2x10^5/f^2$ | — | 1,0 | — |
| 8 — 25 Hz | 20000 | $2x10^4/f$ | $2{,}5x10^4/f$ | — | 1,0 | — |
| 0,025 — 0,82kHz | 500/f | 20/f | 25/f | — | 1,0 | — |
| 0,82 — 2,5 kHz | 610 | 24,4 | 30,7 | — | 1,0 | — |
| 2,5 — 65 kHz | 610 | 24,4 | 30,7 | — | 0,4 f | — |
| 65 — 100 kHz | 610 | 1600/f | 2000/f | — | 0,4 f | — |
| 0,1 — 1 MHz | 610 | 1,6/f | 2/f | — | 40 | — |
| 1 — 10 MHz | 610/f | 1,6/f | 2/f | — | 40 | — |
| 10 — 110 MHz | 61 | 0,16 | 0,2 | 10 | 40 | 100 |
| 110 — 400 MHz | 61 | 0,16 | 0,2 | 10 | — | — |
| 400 — 2000 MHz | $3f^{1/2}$ | $0{,}008f^{1/2}$ | $0{,}01f^{1/2}$ | f/40 | — | — |
| 2 — 300 GHz | 137 | 0,36 | 0,45 | 50 | — | — |

Athugasemdir:

1. f er tíðni atriðanna sem eru tilgreind í dálknum fyrir tíðnisvið.
2. Við tíðni á bilinu 100 kHz og 10 GHz, skal reikna $S_{eq}$, E, H, B og $I_L$ sem meðaltal sex mínútna.
3. Við tíðni yfir 10 GHz skal reikna $S_{eq}$, E, H og B sem meðaltal tímabils sem er $68/f^{1.05}$ mínútur (f í GHz).
4. Við tíðni allt að 100 kHz er hægt að finna hæstu viðbragðsmörk fyrir sviðsstyrk með því að margfalda gildi ferningsmeðaltals (rms) með $(2)^{1/2}$.

   Þegar um er að ræða púls með tímalengdina $t_p$ skal sambærileg tíðni, sem skal gilda fyrir viðbragðsmörk, reiknuð sem $f = 1/(2_{tp})$.

   Við tíðni á bilinu 100 kHz til 10 MHz eru hæstu viðbragðsmörk fyrir sviðsstyrk reiknuð með því að margfalda viðeigandi ferningsmeðalgildi með 10, þar sem a = (0,665 log (f/10) + 0,176), f í Hz.

   Við tíðni á bilinu 10 MHz til 300 GHz eru hæstu viðbragðsmörk reiknuð með því að margfalda viðeigandi ferningsmeðalgildi með 32 fyrir sviðsstyrk og með 1 000 fyrir jafngildan afljéttleika fjarbylgju.
5. Varðandi púlsuð eða skammvinn rafsegulsvið eða almennt að því er varðar samtímis váhrif frá mörgum tíðnisviðum, þarf að beita viðeigandi aðferðum við mat, mælingu og/eða útreikning sem gerir það mögulegt að greina eiginleika bylgjulögunar og eðli líffræðilegra víxlverkana að teknu tilliti til samræmdra Evrópustaðla sem Rafstaðlasamtök Evrópu hafa sett.
6. Varðandi hámarksgildi púlsaðra, breyttra rafsegulsviða er einnig lagt til að burðartíðni, yfir 10 MHz, $S_{eq}$, sem meðaltal yfir púlsbreiddina, skuli ekki fara yfir 1 000 sinnum $S_{eq}$ viðbragðsmörk eða að sviðsstyrkur skuli ekki fara yfir 32 sinnum viðbragðsmörk sviðsstyrks fyrir burðartíðni.

# 970. Skýrsla [651. mál]

menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds á framhaldsskólastigi skólaárin 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

**Inngangur.**

Samkvæmt 46. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólahalds í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti. Sú skýrsla sem hér liggur fyrir nær til skólaáranna 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005. Er það í þriðja sinn sem menntamálaráðherra leggur slíka skýrslu fyrir Alþingi. Í skýrslunni er að finna margvíslegar upplýsingar um skólahald á framhaldsskólastigi, svo sem um fjölda skóla, nemenda og kennara, skiptingu nemenda á námsbrautir, brautskráningar, mat á skólastarfi og fjárveitingar til framhaldsskóla. Rétt er að benda á að vegna fyrirliggjandi gagna miðast upplýsingar í skýrslunni í sumum tilvikum við almanaksárin 2002–2005. Tölfræðilegar upplýsingar í skýrslunni eru að mestu fengnar frá Hagstofu Íslands, en menntamálaráðuneytið vann úr upplýsingunum til birtingar í skýrslunni.

**1. Skólar.**

*Fjöldi, stærð og gerð framhaldsskóla.*

Framhaldsskólar flokkast í fjölbrautaskóla, iðnskóla, menntaskóla og sérskóla. Þessi flokkun er þó ekki nema að hluta lýsandi fyrir námsframboð skólanna. Í viðauka I með skýrslunni er að finna lista yfir framhaldsskóla eftir landshlutum.

Framhaldsskólar voru 36 skólarárið 2002/2003, en 38 skólaárin 2003/2004 og 2004/2005 (sjá töflu 1.1). Í skýrslu menntamálaráðherra til Alþingis fyrir tímabilið 1999–2002 (988. mál 130. löggjafarþings) voru framhaldsskólar 35 allt tímabilið. Á árunum 2002–2003 hlutu þrír skólar viðurkenningu menntamálaráðuneytisins sem einkaskólar á framhaldsskólastigi á grundvelli 41. gr. laga um framhaldsskóla: Snyrtiskólinn (2002), Menntaskólinn Hraðbraut (2003) og Kvikmyndaskóli Íslands (2003). Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók til starfa haustið 2004. Sama ár færðist Bændaskólinn á Hólum á háskólastig. Ekki eru taldir með skólar þar sem mestur hluti námsframboðs var flokkaður á háskólastigi en buðu á tímabili því sem skýrsla þessi nær til nám á framhaldsskólastigi, svo sem Tækniháskóli Íslands (frumgreinadeild) og Háskólinn á Bifröst.

**Tafla 1.1. Fjöldi framhaldsskóla eftir landsvæðum 2002/2003–2004/2005.**

| Landsvæði | Fjöldi skóla | | |
|---|---|---|---|
| | 2002/2003 | 2003/2004 | 2004/2005 |
| Reykjavík | 15 | 16 | 17 |
| Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur | 4 | 5 | 4 |
| Suðurnes | 1 | 1 | 1 |
| Vesturland | 1 | 1 | 2 |
| Vestfirðir | 1 | 1 | 1 |
| Norðurland vestra | 2 | 2 | 1 |
| Norðurland eystra | 4 | 4 | 4 |
| Austurland | 4 | 4 | 4 |
| Suðurland | 4 | 4 | 4 |
| **Alls** | **36** | **38** | **38** |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Tafla 1.2 sýnir framhaldsskóla flokkaða eftir stærð, miðað við fjölda dagskólanemenda. Frá skólaárinu 2002/2003 til skólaársins 2004/2005 fjölgaði skólum með fleiri en 1.000 nemendur í dagskóla úr fimm í átta. Nemendafjöldi þessara átta skóla var haustið 2004 samtals 9.193, eða um 47% allra dagskólanemenda. Skólaárið 2004/2005 voru átta skólar með færri en 100 nemendur. Haustið 2004 stunduðu 298 nemendur nám í þessum skólum, eða innan við 2% dagskólanemenda. Á sama tíma voru um 5% nemenda í sjö skólum í flokknum 101–200 nemendur og svipað hlutfall í fjórum skólum í flokknum 201–400 nemendur.

**Tafla 1.2. Fjöldi skóla skipt eftir stærð 2002/03–2004/05.**

| Nemendafjöldi* | Fjöldi skóla** | | |
|---|---|---|---|
| | 2002/2003 | 2003/2004 | 2004/2005 |
| 50 og færri | 6 | 7 | 7 |
| 51–100 | 2 | 4 | 1 |
| 101–200 | 6 | 5 | 7 |
| 201–400 | 3 | 3 | 4 |
| 401–600 | 5 | 4 | 4 |
| 601–800 | 6 | 5 | 4 |
| 801–1.000 | 3 | 4 | 3 |
| Fleiri en 1.000 | 5 | 6 | 8 |
| **Alls** | **36** | **38** | **38** |

*Ekki eru meðtaldir skólar, þar sem nemendur voru að meiri hluta til í námi sem flokkaðist á öðru skólastigi, svo sem Tækniháskóli Íslands.
**Eingöngu er miðað við fjölda dagskólanemenda.
Heimild: Menntamálaráðuneyti og Hagstofa Íslands.

Einkaskólum á framhaldsskólastigi fjölgaði á tímabilinu 2002–2005. Haustið 2003 tók Menntafélagið ehf. yfir rekstur Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands. Skólarnir voru árið 2005 sameinaðir undir heitinu Fjöltækniskóli Íslands. Snyrtiskólinn fékk árið 2002 viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi og Kvikmyndaskóli Íslands árið 2003. Menntaskólinn Hraðbraut hóf starfsemi haustið 2003. Aðrir einkaskólar á framhaldsskólastigi voru: Verzlunarskóli Íslands, Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað og Hússtjórnarskólinn í Reykjavík.

Kvöldskólar (öldungadeildir, meistaraskólar) voru starfræktir í 13 framhaldsskólum á skólaárinu 2004/2005, þar af voru fimm í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur (sjá töflu 1.3). Þeim framhaldsskólum sem buðu upp á fjarnám fjölgaði frá fyrri skýrslu menntamálaráðherra til Alþingis úr sjö í ellefu skólaárið 2004/2005.

**Tafla 1.3. Kvöldskólar og fjarnám við framhaldsskóla, skipt eftir landsvæðum 2002/2003–2004/2005.**

| | 2002/2003 | | 2003/2004 | | 2004/2005 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Landsvæði | Kvöldskóli | Fjarnám | Kvöldskóli | Fjarnám | Kvöldskóli | Fjarnám |
| Reykjavík | 5 | 3 | 4 | 3 | 4 | 4 |
| Höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 3 |
| Suðurnes | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 |
| Vesturland | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| Vestfirðir | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| Norðurland vestra | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Norðurland eystra | 1 | 1 | 0 | 2 | 0 | 1 |
| Austurland | 3 | 1 | 3 | 2 | 3 | 2 |
| Suðurland | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 |
| **Alls** | **14** | **9** | **13** | **12** | **13** | **11** |

Heimild: Menntamálaráðuneyti og Hagstofa Íslands.


*Símenntunarmiðstöðvar.*

Á tímabili því sem skýrsla þessi nær til voru starfræktar níu símenntunarmiðstöðvar á landinu, þar af átta utan höfuðborgarsvæðisins. Starfsemi miðstöðvanna byggist á ákvæði í framhaldsskólalögunum um heimild til framhaldsskóla til að eiga aðild að stofnun fullorðinsfræðslumiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- og áhugahópa. Símenntunarmiðstöðvarnar eru sjálfseignarstofnanir. Tilgangur þeirra er fyrst og fremst að miðla menntun til íbúa á viðkomandi svæðum, bæði almennu námi, ýmiss konar starfstengdu námi og háskólanámi.

*Skólatími.*


Hagstofa Íslands kannar árlega fjölda kennslu- og prófadaga í framhaldsskólum en í lögum um framhaldsskóla er ákvæði þess efnis að árlegur skólatími skuli vera níu mánuðir og að kennsludagar skuli ekki vera færri en 145. Í reglugerð nr. 6/2001 um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga segir jafnframt að kennslu- og prófdagar skuli eigi vera færri en 175. Meðalfjöldi reglulegra kennsludaga í öllum framhaldsskólum skólaárið 2004/2005 var 145. Á sama skólaári var að meðaltali 26 dögum varið sérstaklega til prófahalds og annars námsmats. Í tíu framhaldsskólum var 30 dögum eða fleiri varið til prófahalds og annars námsmats, allt að 39 dögum. Myndir 1.1 og 1.2 sýna fjölda reglulegra kennsludaga og fjölda daga sem varið var til prófahalds eftir fjölda framhaldsskóla á skólaárunum 2002/2003 til 2004/2005.

**Mynd 1.1. Fjöldi kennsludaga skólaárin 2002/2003-2004/2005.**




Skýring: Myndin sýnir skóladagafjölda 31 skóla 2002/2003 og 2003/2004 og 32 skóla 2004/2005.
Heimildir: Menntamálaráðuneyti og Hagstofa Íslands.

**Mynd 1.2. Fjöldi daga í prófahald skólaárin 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005.**




Skýring: Myndin sýnir fjölda daga í 31 skóla 2002/2003, 32 skólum 2003/2004 og 33 skólum 2004/2005.
Heimildir: Menntamálaráðuneyti og Hagstofa Íslands.

## 2. Nemendur.

*Fjöldi nemenda.*

Fjöldi nemenda í dagskólum framhaldsskólanna var 18.464 haustið 2002 en var orðinn 19.593 haustið 2004 (sjá töflu 2.1). Fjölgunin nemur um 6%. Meðtaldir eru nemendur í starfsþjálfun sem ekki voru skráðir í skóla. Konur voru nokkru fleiri en karlar í dagskólum haustin 2002 og 2003 en haustið 2004 voru karlar orðnir nokkru fleiri. Séu nemendur í kvöldskólum og fjarnámi framhaldsskólanna taldir með var heildarfjöldi nemenda á framhaldsskólastigi 22.599 haustið 2004. Í þessum heildartölum voru konur nokkru fleiri en karlar öll árin (sjá töflu 2.3).

*Skipting nemenda eftir námsbrautum, kyni og aldursflokkum.*

Flestir dagskólanemendur voru skráðir á raungreinabrautir, félagsfræðabrautir og iðn- og tæknibrautir á því tímabili sem skýrslan nær til. Fæstir nemendur í dagskóla voru á heilsugæslubrautum og uppeldis- og íþróttabrautum (sjá töflu 2.1).


**Tafla 2.1. Fjöldi nemenda í dagskólum eftir námsbrautum og kyni, að hausti 2002, 2003 og 2004.**

| | 2002 | | | 2003 | | | 2004 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **Karlar** | **Konur** | **Alls** | **Karlar** | **Konur** | **Alls** | **Karlar** | **Konur** |
| Almennar brautir | 2.247 | 1.144 | 1.103 | 2.355 | 1.265 | 1.090 | 2.510 | 1.284 | 1.226 |
| Málabrautir | 1.351 | 279 | 1.072 | 1.255 | 244 | 1.011 | 1.304 | 262 | 1.042 |
| Listabrautir | 895 | 209 | 686 | 964 | 254 | 710 | 1.009 | 323 | 686 |
| Uppeldis- og íþróttabrautir | 363 | 187 | 176 | 304 | 138 | 166 | 314 | 125 | 189 |
| Félagsfræðabrautir | 3.439 | 1.299 | 2.140 | 3.807 | 1.528 | 2.279 | 3.923 | 1.588 | 2.335 |
| Viðskipta- og hagfræðabrautir | 1.460 | 667 | 793 | 1.254 | 529 | 725 | 1.206 | 524 | 682 |
| Raungreinabrautir | 3.922 | 1.957 | 1.965 | 4.124 | 2.102 | 2.022 | 4.364 | 2.316 | 2.048 |
| Iðn- og tæknibrautir | 3.305 | 2.980 | 325 | 3.310 | 2.920 | 390 | 3.400 | 3.010 | 390 |
| Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir | 1.094 | 424 | 670 | 1.046 | 405 | 641 | 1.066 | 430 | 636 |
| Heilsubrautir | 388 | 15 | 373 | 456 | 23 | 433 | 497 | 17 | 480 |
| **Alls** | **18.464** | **9.161** | **9.303** | **18.875** | **9.408** | **9.467** | **19.593** | **9.879** | **9.714** |

Skýringar: Iðnnemar á samningi eru meðtaldir. Hver nemandi er talinn aðeins einu sinni þannig að stundi nemandi nám í tveimur skólum þá telst hann aðeins í öðrum þeirra.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 2.1 og mynd 2.1 sýna að á tímabilinu 2002–2004 var kynjaskipting ójöfn á mörgum námsbrautum framhaldsskólastigs, t.d. á iðn- og tæknibrautum, þar sem hlutfall kvenna var að meðaltali 11%. Á heilsugæslubrautum var hlutfall karla að meðaltali 4% og 20% á málabrautum. Hlutfall kvenna og karla á raungreinabrautum var jafnt haustið 2002 en haustið 2004 voru 53% skráðra nemenda á raungreinabrautum karlar og 47% konur.

**Mynd 2.1. Hlutfall kynja á námsbrautum dagskóla haust 2004.**




Heimildir: Menntamálaráðuneyti og Hagstofa Íslands

Í töflu 2.2 má sjá skiptingu dagskólanemenda eftir námsbrautum og aldursflokkum. Taflan sýnir m.a. hátt hlutfall nemenda 20 ára og eldri á iðn- og tæknibrautum, eða 54% haustið 2004. Á þessum brautum voru að meðaltali 19% nemenda á tímabilinu 2002–2004 25 ára og eldri.

**Tafla 2.2. Fjöldi nemenda í dagskólum eftir námsbrautum og aldursflokkum, að hausti 2002, 2003 og 2004.**

| | 2002 | | | | | 2003 | | | | | 2004 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | 16 ára og yngri | 17–19 ára | 20–24 ára | 25 ára og eldri | Alls | 16 ára og yngri | 17–19 ára | 20–24 ára | 25 ára og eldri | Alls | 16 ára og yngri | 17–19 ára | 20–24 ára | 25 ára og eldri |
| Almennar brautir | 2.247 | 964 | 772 | 248 | 263 | 2.355 | 974 | 768 | 281 | 332 | 2.510 | 1.090 | 817 | 273 | 330 |
| Málabrautir | 1.351 | 281 | 832 | 212 | 26 | 1.255 | 265 | 771 | 193 | 26 | 1.304 | 333 | 765 | 171 | 35 |
| Listabrautir | 895 | 54 | 324 | 335 | 182 | 964 | 74 | 295 | 386 | 209 | 1.009 | 69 | 276 | 394 | 270 |
| Uppeldis- og íþróttabrautir | 363 | 50 | 188 | 112 | 13 | 304 | 42 | 162 | 84 | 16 | 314 | 49 | 161 | 66 | 38 |
| Félagsfræðabrautir | 3.439 | 505 | 2.064 | 766 | 104 | 3.807 | 616 | 2.162 | 890 | 139 | 3.923 | 701 | 2.210 | 854 | 158 |
| Viðskipta- og hagfræðabrautir | 1.460 | 350 | 765 | 262 | 83 | 1.254 | 368 | 649 | 161 | 76 | 1.206 | 394 | 645 | 92 | 75 |
| Raungreinabrautir | 3.922 | 984 | 2.484 | 415 | 39 | 4.124 | 1.101 | 2.563 | 385 | 75 | 4.364 | 1.247 | 2.670 | 368 | 79 |
| Iðn- og tæknibrautir | 3.305 | 329 | 1.247 | 1.104 | 625 | 3.310 | 363 | 1.216 | 1.133 | 598 | 3.400 | 417 | 1.153 | 1.163 | 667 |
| Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir | 1.094 | 57 | 291 | 473 | 273 | 1.046 | 61 | 284 | 438 | 263 | 1.066 | 83 | 259 | 463 | 261 |
| Heilsubrautir | 388 | 14 | 81 | 106 | 187 | 456 | 14 | 87 | 116 | 239 | 497 | 9 | 77 | 135 | 276 |
| **Alls** | **18.464** | **3.588** | **9.048** | **4.033** | **1.795** | **18.875** | **3.878** | **8.957** | **4.067** | **1.973** | **19.593** | **4.392** | **9.033** | **3.979** | **2.189** |

Sjá skýringar neðanmáls við töflu 2.1.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Séu tölur um heildarfjölda nemenda í dagskólum, kvöldskólum og fjarnámi á framhaldsskólastigi 2002–2004 skoðaðar kemur í ljós að fjölmennustu og fámennustu námsbrautirnar voru þær sömu og í dagskóla (sjá töflur 2.1. og 2.3).

**Tafla 2.3. Heildarfjöldi nemenda í dagskólum, kvöldskólum og fjarnámi, skipt eftir námsbrautum og kyni, að hausti 2002, 2003 og 2004.**

| | 2002 | | | 2003 | | | 2004 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur |
| Almennar brautir | 4.129 | 1.767 | 2.362 | 3.313 | 1.611 | 1.702 | 3.465 | 1.658 | 1.807 |
| Málabrautir | 1.380 | 284 | 1.096 | 1.312 | 253 | 1.059 | 1.375 | 271 | 1.104 |
| Listabrautir | 913 | 211 | 702 | 1.006 | 263 | 743 | 1.065 | 337 | 728 |
| Uppeldis- og íþróttabrautir | 372 | 187 | 185 | 385 | 147 | 238 | 453 | 141 | 312 |
| Félagsfræðabrautir | 3.777 | 1.416 | 2.361 | 4.570 | 1.778 | 2.792 | 4.699 | 1.839 | 2.860 |
| Viðskipta- og hagfræðabrautir | 1.526 | 675 | 851 | 1.363 | 543 | 820 | 1.412 | 550 | 862 |
| Raungreinabrautir | 3.996 | 1.999 | 1.997 | 4.240 | 2.152 | 2.088 | 4.483 | 2.368 | 2.115 |
| Iðn- og tæknibrautir | 3.615 | 3.260 | 355 | 3.862 | 3.385 | 477 | 3.791 | 3.353 | 438 |
| Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir | 1.218 | 453 | 765 | 1.241 | 436 | 805 | 1.151 | 447 | 704 |
| Heilsubrautir | 437 | 22 | 415 | 598 | 33 | 565 | 705 | 32 | 673 |
| **Alls** | **21.363** | **10.274** | **11.089** | **21.890** | **10.601** | **11.289** | **22.599** | **10.996** | **11.603** |

Heimild: Hagstofa Íslands.

*Skólasókn árganga 16–19 ára.*

Á tímabilinu 2002–2004 hófu 91–93% 16 ára ungmenna nám í dagskólum framhaldsskólanna að hausti. Tafla 2.4 sýnir að hlutfall þeirra sem voru við nám í hverjum árgangi 17–19 ára var talsvert lægra en við 16 ára aldur. Í öllum árgöngum 16–19 ára var hlutfall kvenna hærra en karla. Tölurnar í töflu 2.4 gætu bent til töluverðs brottfalls þar sem meiri hluti námsbrauta á framhaldsskólastigi er skipulagður sem fjögurra ára nám. Auk þess er ekki unnt að fullyrða mikið um námsframvindu út frá tölunum, t.d. hve hátt hlutfall 19 ára nemenda var á síðasta námsári.

**Tafla 2.4. Hlutfallsleg skólasókn árganga 16–19 ára í dagskóla eftir kyni, að hausti 2002, 2003 og 2004.**

| | 2002 | | | 2003 | | | 2004 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur |
| 16 ára | 91 | 88 | 93 | 91 | 90 | 93 | 93 | 92 | 94 |
| 17 ára | 81 | 79 | 83 | 82 | 80 | 85 | 83 | 81 | 85 |
| 18 ára | 72 | 69 | 74 | 74 | 72 | 75 | 74 | 71 | 77 |
| 19 ára | 67 | 63 | 72 | 68 | 64 | 73 | 68 | 65 | 71 |

Skýringar: Nemendur í reglubundnu námi frá og með fyrsta ári framhaldsskólastigs, innan lands og erlendis.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 2.5 sýnir hlutfallslega skólasókn nemenda sem hófu nám í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla, skólaárin 2002/03–2004/05 eftir landsvæðum lögheimilis.

**Tafla 2.5. Hlutfallsleg skólasókn 16 ára nemenda í dagskólum eftir landsvæðum lögheimilis 2002/2003–2004/2005.**

| | Fæðingarár 1986<br>Skólaár 2002/2003 | Fæðingarár 1987<br>Skólaár 2003/2004 | Fæðingarár 1988<br>Skólaár 2004/2005 |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 90 | 91 | 92 |
| Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur | 92 | 94 | 94 |
| Suðurnes | 83 | 90 | 90 |
| Vesturland | 91 | 86 | 94 |
| Vestfirðir | 93 | 90 | 91 |
| Norðurland vestra | 88 | 89 | 89 |
| Norðurland eystra | 90 | 92 | 93 |
| Austurland | 91 | 89 | 91 |
| Suðurland | 92 | 91 | 93 |
| **Alls** | **91** | **91** | **93** |

Skýringar: Nemendur fæddir 1986–1988 með lögheimili á Íslandi samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands. Fjöldi nemenda er talinn um miðjan október á hverju skólaári. Lögheimili miðast við þjóðskrá 1. desember ár hvert.
Heimild: Hagstofa Íslands.

*Nemendur í kvöldskólum og fjarnámi.*

Heildarfjöldi nemenda í kvöldskólum og fjarnámi jókst um tæplega 4% frá hausti 2002 til hausts 2004 (sjá töflu 2.6). Ef miðað er við fjölda nemenda í fjarnámi haustið 2001 þá fjölgaði nemendum í fjarnámi um 142% til hausts 2004. Konur voru í meiri hluta þeirra sem stunduðu nám í kvöldskólum og fjarnámi. Hlutfall þeirra var að meðaltali um 62% á tímabilinu.

**Tafla 2.6. Fjöldi nemenda í kvöldskólum og fjarnámi eftir námsbrautum og kyni, að hausti 2002, 2003 og 2004.**

| | 2002 | | | | | | 2003 | | | | | | 2004 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kvöldskóli | | | Fjarnám | | | Kvöldskóli | | | Fjarnám | | | Kvöldskóli | | | Fjarnám | | |
| | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur |
| Almennar brautir | 905 | 358 | 547 | 977 | 265 | 712 | 627 | 223 | 404 | 331 | 123 | 208 | 540 | 228 | 312 | 415 | 146 | 269 |
| Málabrautir | 25 | 5 | 20 | 4 | 0 | 4 | 47 | 6 | 41 | 10 | 3 | 7 | 33 | 6 | 27 | 38 | 3 | 35 |
| Listabrautir | 11 | 2 | 9 | 7 | 0 | 7 | 31 | 6 | 25 | 11 | 3 | 8 | 22 | 5 | 17 | 34 | 9 | 25 |
| Uppeldis- og íþróttabrautir | 5 | 0 | 5 | 4 | 0 | 4 | 73 | 7 | 66 | 8 | 2 | 6 | 124 | 8 | 116 | 15 | 8 | 7 |
| Félagsfræðabrautir | 303 | 112 | 191 | 35 | 5 | 30 | 375 | 149 | 226 | 388 | 101 | 287 | 377 | 122 | 255 | 399 | 129 | 270 |
| Viðskipta- og hagfræðabrautir | 33 | 3 | 30 | 33 | 5 | 28 | 93 | 11 | 82 | 16 | 3 | 13 | 138 | 11 | 127 | 68 | 15 | 53 |
| Raungreinabrautir | 55 | 35 | 20 | 19 | 7 | 12 | 91 | 42 | 49 | 25 | 8 | 17 | 60 | 24 | 36 | 59 | 28 | 31 |
| Iðn- og tæknibrautir | 271 | 242 | 29 | 39 | 38 | 1 | 389 | 359 | 30 | 163 | 106 | 57 | 313 | 301 | 12 | 78 | 42 | 36 |
| Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir | 65 | 7 | 58 | 59 | 22 | 37 | 106 | 8 | 98 | 89 | 23 | 66 | 26 | 1 | 25 | 59 | 16 | 43 |
| Heilsubrautir | 29 | 7 | 22 | 20 | 0 | 20 | 86 | 8 | 78 | 56 | 2 | 54 | 92 | 7 | 85 | 116 | 8 | 108 |
| **Alls** | **1.702** | **771** | **931** | **1.197** | **342** | **855** | **1.918** | **819** | **1.099** | **1.097** | **374** | **723** | **1.725** | **713** | **1.012** | **1.281** | **404** | **877** |

Skýringar: Hver nemandi er talinn aðeins einu sinni, þannig að stundi nemendi nám í tveimur skólum þá telst hann aðeins í öðrum þeirra.
Heimild: Hagstofa Íslands

*Sérkennsla.*

Sérkennsla í framhaldsskólum er ætluð fötluðum nemendum samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, sbr. 19. gr. gildandi laga um framhaldsskóla og reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum nr. 372/1998. Tafla 2.7 sýnir fjölda nemenda sem nutu sérkennslu eða einstaklingskennslu á skólaárunum 2002/2003–2004/2005.

**Tafla 2.7. Fjöldi nemenda í sérkennslu, að hausti 2002–2004.**

| | 2002 | 2003* | 2004 |
|---|---|---|---|
| Nemendur í sérdeildum | 248 | 260 | 275 |
| Nemendur utan sérdeilda | 91 | 85 | 79 |
| **Nemendur í sérkennslu alls** | **339** | **345** | **354** |

* Tölur fyrir 2003 eru birtar með fyrirvara.

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

*Brautskráningar.*

Brautskráningar úr framhaldsskólum voru að meðaltali 5.237 á skólaárunum 2002/2003 til 2004/2005 (sjá töflu 2.8). Fjölmennasti flokkur prófgráða voru stúdentspróf. Sveinspróf voru á þessu tímabili að meðaltali 557 á skólaári sem er örlítil fækkun frá meðaltali fyrri skýrslu. Hlutfall kvenna af þeim sem luku sveinsprófi var lágt, eða að meðaltali 21%. Önnur framhaldsskólapróf voru t.d. verslunarpróf, lokapróf af heilsugæslubrautum og próf í tækniteiknun.

**Tafla 2.8. Fjöldi brautskráninga eftir kyni, námsbrautum og prófgráðu, skólaárin 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005.**

| | 2002/2003 | | | 2003/2004 | | | 2004/2005 | | | Hlutfall (%) kynja að meðaltali | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| **Alls** | **5.179** | **2.582** | **2.597** | **5.251** | **2.499** | **2.752** | **5.281** | **2.532** | **2.749** | **48** | **52** |
| Almennt nám | 222 | 116 | 106 | 296 | 159 | 137 | 272 | 153 | 119 | 54 | 46 |
| Málabrautir | 308 | 56 | 252 | 274 | 46 | 228 | 264 | 51 | 213 | 18 | 82 |
| Listabrautir | 221 | 59 | 162 | 216 | 58 | 158 | 173 | 55 | 118 | 28 | 72 |
| Uppeldis- og íþróttabr. | 77 | 31 | 46 | 66 | 21 | 45 | 88 | 18 | 70 | 30 | 70 |
| Félagsfræðabrautir | 716 | 225 | 491 | 836 | 300 | 536 | 850 | 295 | 555 | 34 | 66 |
| Viðskipta- og hagfræðabr. | 721 | 324 | 397 | 549 | 212 | 337 | 575 | 189 | 386 | 39 | 61 |
| Raungreinabrautir | 971 | 444 | 527 | 1.059 | 437 | 622 | 1.026 | 471 | 555 | 44 | 56 |
| Iðn- og tæknibrautir | 1.264 | 1.136 | 128 | 1.223 | 1.110 | 113 | 1.284 | 1.124 | 160 | 89 | 11 |
| Búsýslu- og matvælabrautir og þjónustuiðnir | 537 | 181 | 356 | 553 | 145 | 408 | 556 | 164 | 392 | 30 | 70 |
| Heilsubrautir | 142 | 10 | 132 | 179 | 11 | 168 | 193 | 12 | 181 | 6 | 94 |
| **Prófgráður** | | | | | | | | | | | |
| Burtfararpróf úr iðn | 594 | 462 | 132 | 634 | 453 | 181 | 651 | 475 | 176 | 74 | 26 |
| Sveinspróf | 565 | 452 | 113 | 508 | 402 | 106 | 597 | 463 | 134 | 79 | 21 |
| Stúdentspróf verkgreina | 207 | 105 | 102 | 340 | 159 | 181 | 297 | 144 | 153 | 48 | 52 |
| Stúdentspróf almennt | 2.360 | 881 | 1.479 | 2.195 | 788 | 1.407 | 2.151 | 831 | 1.320 | 37 | 63 |
| Önnur framhaldsskólapróf | 1.451 | 682 | 769 | 1.574 | 697 | 877 | 1.585 | 619 | 966 | 43 | 57 |
| Iðnmeistarapróf | 144 | 76 | 68 | 112 | 89 | 23 | 129 | 88 | 41 | 66 | 34 |

Skýringar: Gögnum er safnað frá framhaldsskólum um nemendur sem útskrifast úr dagskóla, kvöldskóla eða fjarnámi í lok hvers misseris. Sami nemandi getur útskrifast af fleiri en einni námsbraut á sama ári.
Heimildir: Hagstofa Íslands og Landshagir 2004.

Hlutfall brautskráðra stúdenta af tölu tvítugra var hæst skólaárið 2004/2005, eða 61%. Öll skólaárin var hlutfall brautskráðra kvenna með stúdentspróf miklu hærra en karla, hæst skólaárið 2003/2004, eða 77% (sjá töflu 2.9).

**Tafla 2.9. Brautskráðir stúdentar í hlutfalli af tölu tvítugra, skólaárin 2002/2003–2004/2005.**

| | Alls % | Karlar % | Konur % |
|---|---|---|---|
| 2002/2003 | 58 | 45 | 71 |
| 2003/2004 | 60 | 44 | 77 |
| 2004/2005 | 61 | 49 | 72 |

Heimild: Hagstofa Íslands.

*Brottfall.*

Engin ein alþjóðleg skilgreining á brottfalli er viðurkennd. Til að mæla brottfall hér á landi hefur sú aðferð m.a. verið notuð að skoða breytingar á nemendahópnum milli skólaára. Er þá miðað við skráða framhaldsskólanemendur samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands um miðjan október og þeir bornir saman við nemendur í öllum skólum innan lands á sama tíma ári síðar. Nemendur á námssamningi og í annarri starfsþjálfun eru taldir með eftir því sem upplýsingar liggja fyrir um þá. Þeir nemendur sem ekki útskrifuðust á þessu tímabili, voru ekki látnir og voru ekki skráðir í skóla næsta haust á eftir teljast samkvæmt þessari skilgreiningu brottfallnir. Hagstofa Íslands hefur samkvæmt þessari skilgreiningu reiknað út brottfall milli skólaáranna 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005. Skólaárið 2002/2003 var brottfall í dagskólum 15,1%, skólaárið 2003/2004 var það 16,6% og skólaárið 2004/2005 16,4%.

Af þeim sem töldust brottfallnir 2002/2003 höfðu samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands samtals 43,8% hafið nám að nýju haustin 2004 og 2005 og af þeim sem töldust brottfallnir 2003/2004 höfðu samkvæmt sömu skrá 29,6% hafið nám að nýju haustið 2005.

## 3. Starfsfólk.

*Framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur.*

Í nóvember 2004 voru 79,5% kennara í framhaldsskólum landsins með kennsluréttindi en 20,5% án kennsluréttinda (sjá töflu 3.1). Hæst var hlutfall kennara með kennsluréttindi á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, eða 86%, og á Norðurlandi vestra um 84%. Í Reykjavík var hlutfall réttindakennara rúmlega 81%. Lægst var hlutfall réttindakennara á Vestfjörðum, eða um 56%. Sé hins vegar miðað við fjölda stöðugilda á sama tíma voru 86% kennslu í framhaldsskólum landsins í höndum réttindakennara og 14% í höndum leiðbeinenda (sjá töflu 3.2). Konur voru orðnar rúmlega helmingur kennara og leiðbeinenda skólaárið 2004/2005 (sjá töflu 3.3).

*Stjórnendur.*

Hlutfall kvenna meðal skólameistara á skólaárinu 2004/2005 var um 21% og meðal aðstoðarskólameistara um 18%. Meðal stjórnenda á kennslusviði var hlutfall kvenna 44–47% á því tímabili sem skýrslan nær til (sjá töflu 3.3).

**Tafla 3.1. Fjöldi og hlutfall starfsmanna við kennslu eftir aðsetri skóla, mars 2003 til nóvember 2004.**

| | Mars 2003 | | | | | Mars 2004 | | | | | Nóvember 2004 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landshlutar | Kennarar | | Leiðbeinendur | | Alls við | Kennarar | | Leiðbeinendur | | Alls við | Kennarar | | Leiðbeinendur | | Alls við |
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | kennslu | Fjöldi | % | Fjöldi | % | kennslu | Fjöldi | % | Fjöldi | % | kennslu |
| Reykjavík | 628 | 78,1 | 176 | 21,9 | 804 | 656 | 81,3 | 151 | 18,7 | 807 | 701 | 81,4 | 160 | 18,6 | 861 |
| Höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur | 193 | 78 | 53 | 21 | 246 | 196 | 82 | 41 | 17 | 237 | 209 | 86 | 34 | 14 | 243 |
| Suðurnes | 34 | 54,8 | 28 | 45,2 | 62 | 37 | 60,7 | 24 | 39,3 | 61 | 48 | 68,6 | 22 | 31,4 | 70 |
| Vesturland | 34 | 72,3 | 13 | 27,7 | 47 | 34 | 66,7 | 17 | 33,3 | 51 | 49 | 81,7 | 11 | 18,3 | 60 |
| Vestfirðir | 15 | 45,5 | 18 | 54,5 | 33 | 20 | 55,6 | 16 | 44,4 | 36 | 19 | 55,9 | 15 | 44,1 | 34 |
| Norðurl. vestra | 29 | 53,7 | 25 | 46,3 | 54 | 32 | 62,7 | 19 | 37,3 | 51 | 26 | 83,9 | 5 | 16,1 | 31 |
| Norðul. eystra | 164 | 81,2 | 38 | 18,8 | 202 | 163 | 80,3 | 40 | 19,7 | 203 | 167 | 76,6 | 51 | 23,4 | 218 |
| Austurland | 42 | 57,5 | 31 | 42,5 | 73 | 47 | 62,7 | 28 | 37,3 | 75 | 46 | 65,7 | 24 | 34,3 | 70 |
| Suðurland | 87 | 69 | 39 | 31 | 126 | 81 | 65,3 | 43 | 34,7 | 124 | 91 | 76,5 | 28 | 23,5 | 119 |
| **Landið allt** | **1.226** | **74,4** | **421** | **25,6** | **1.647** | **1.266** | **77** | **379** | **23** | **1.645** | **1.356** | **79,5** | **350** | **20,5** | **1.706** |

Heimild: Hagstofa Íslands.

**Tafla 3.2. Fjöldi og hlutfall stöðugilda eftir landsvæðum 2003–2004.**

| Landshlutar | Mars 2003 | | | | | Mars 2003 | | | | | Nóvember 2004 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kennarar | | Leiðbeinendur | | Stöðu-gildi alls | Kennarar | | Leiðbeinendur | | Stöðu-gildi alls | Kennarar | | Leiðbeinendur | | Stöðu-gildi alls |
| | Stöðugildi | % | Stöðugildi | % | | Stöðugildi | % | Stöðugildi | % | | Stöðugildi | % | Stöðugildi | % | |
| Reykjavík | 724 | 85 | 131 | 15 | 856 | 729 | 90 | 114 | 14 | 807 | 797 | 87 | 114 | 13 | 911 |
| Höfborgarsvæði utan Reykjavíkur | 220 | 86 | 36 | 14 | 256 | 234 | 99 | 28 | 12 | 237 | 248 | 91 | 26 | 9 | 273 |
| Suðurnes | 42 | 61 | 26 | 39 | 68 | 45 | 74 | 27 | 45 | 61 | 58 | 71 | 24 | 29 | 82 |
| Vesturland | 42 | 77 | 12 | 23 | 54 | 43 | 84 | 11 | 22 | 51 | 59 | 85 | 11 | 15 | 69 |
| Vestfirðir | 17 | 58 | 12 | 42 | 30 | 23 | 63 | 11 | 31 | 36 | 23 | 63 | 13 | 37 | 36 |
| Norðurl. vestra | 34 | 64 | 20 | 36 | 54 | 36 | 70 | 19 | 37 | 51 | 32 | 87 | 5 | 13 | 37 |
| Norðurl. eystra | 166 | 84 | 31 | 16 | 197 | 175 | 86 | 26 | 13 | 203 | 190 | 88 | 26 | 12 | 217 |
| Austurland | 44 | 63 | 26 | 37 | 70 | 46 | 61 | 23 | 31 | 75 | 53 | 75 | 18 | 25 | 71 |
| Suðurland | 92 | 74 | 32 | 26 | 124 | 87 | 70 | 32 | 26 | 124 | 101 | 80 | 26 | 20 | 126 |
| **Landið allt** | **1.381** | **81** | **327** | **19** | **1.708** | **1.418** | **86** | **291** | **18** | **1.645** | **1.560** | **86** | **262** | **14** | **1.822** |

Skýringar: Fjöldi stöðugilda reiknaður út frá heildarkennslumagni. Inn í þessum tölum eru allir þeir starfsmenn sem koma að kennslu sem og allt vinnuframlag þeirra, einnig það sem ekki snýr að kennslu.
Heimild: Hagstofa Íslands.

**Tafla 3.3. Fjöldi og hlutfall starfsfólks eftir starfsheiti og kyni, 2002–2005.**

| | 2002/2003 | | | | | 2003/2004 | | | | | 2004/2005 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Karlar | | Konur | | | Karlar | | Konur | | | Karlar | | Konur | | |
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Alls | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Alls | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Alls |
| Skólameistarar | 29 | 80,6 | 7 | 19,4 | 36 | 29 | 80,6 | 7 | 19,4 | 36 | 30 | 78,9 | 8 | 21,1 | 38 |
| Aðstoðarskólameistarar | 22 | 75,9 | 7 | 24,1 | 29 | 23 | 76,7 | 7 | 23,3 | 30 | 23 | 82,1 | 5 | 17,9 | 28 |
| Stjórnendur á kennslusviði | 179 | 55,6 | 143 | 44,4 | 322 | 167 | 54,9 | 137 | 45,1 | 304 | 151 | 53,0 | 134 | 47,0 | 285 |
| Framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur | 658 | 50,3 | 649 | 49,7 | 1.307 | 660 | 49,8 | 665 | 50,2 | 1.325 | 704 | 49,2 | 727 | 50,8 | 1.431 |
| Sérfræðingar og sérhæfðir starfsmenn | 24 | 60,0 | 16 | 40,0 | 40 | 22 | 55,0 | 18 | 45,0 | 40 | 12 | 48,0 | 13 | 52,0 | 25 |
| Ráðgjafar og starfsfólk á bókasafni | 21 | 16,9 | 103 | 83,1 | 124 | 21 | 14,9 | 120 | 85,1 | 141 | 34 | 21,5 | 124 | 78,5 | 158 |
| Skrifstofustörf og tölvuvinna | 39 | 25,8 | 112 | 74,2 | 151 | 41 | 28,3 | 104 | 71,7 | 145 | 46 | 31,1 | 102 | 68,9 | 148 |
| Starfsfólk við rekstur húsnæðis | 88 | 27,1 | 237 | 72,9 | 325 | 99 | 30,3 | 228 | 69,7 | 327 | 75 | 26,8 | 205 | 73,2 | 280 |
| Annað starfsfólk | 4 | 57,1 | 3 | 42,9 | 7 | 7 | 70,0 | 3 | 30,0 | 10 | 2 | 33,3 | 4 | 66,7 | 6 |


Skýringar: Tölur fyrir skólaárið 2002/2003 miðast við mars 2003. Tölur fyrir skólaárið 2003/2004 miðast við mars 2004. Tölur fyrir skólaárið 2004/2005 miðast við nóvember 2004.

Heimild: Hagstofa Íslands.

*Annað starfsfólk.*

Starfsfólki við önnur störf en kennslu, svo sem á skrifstofu og bókasafni, fækkaði um 5% á tímabilinu 2002/2003–2004/2005. Í þessum störfum voru konur yfirleitt í miklum meiri hluta (sjá töflu 3.3 og mynd 3.1).

**Mynd 3.1. Starfsfólk framhaldsskóla eftir starfsheitum og kyni 2004/2005**





Heimild: Hagstofa Íslands.

*Aldur starfsfólks við kennslu.*

Mynd 3.2 sýnir aldursdreifingu framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í nóvember 2004. Þar kemur fram að 44% kennara og leiðbeinenda voru 50 ára og eldri en einungis 24% voru 39 ára og yngri, þar af 6% 29 ára og yngri (sjá mynd 3.2).

**Mynd 3.2. Aldur og kyn starfsfólks við kennslu í nóvember 2004.**




Heimild: Hagstofa Íslands

*Endurmenntun.*

Endurmenntunarnefnd framhaldsskólakennara er skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn. Hlutverk nefndarinnar er að ákveða framboð á endurmenntun fyrir framhaldsskólakennara í samráði við faggreinafélög kennara og menntamálaráðuneyti. Nefndin ákveður einnig hvernig skipta skuli því fé sem veitt er á fjárlögum til endurmenntunar framhaldsskólakennara á hverju ári (sjá 6. kafla um fjárveitingar til endurmenntunar). Endurmenntun Háskóla Íslands sér um framkvæmd endurmenntunarnámskeiða fyrir framhaldsskólakennara.


Í töflu 3.4 má sjá fjölda þátttakenda í endurmenntunarnámskeiðum fyrir framhaldsskólakennara og leiðbeinendur. Annars vegar er um að ræða þátttöku í faggreinanámskeiðum sem haldin eru innan lands og í sumum tilvikum utan lands og hins vegar í námi samhliða kennslu Taflan sýnir einnig almennt meiri þátttöku kvenna en karla í faggreinanámskeiðum og námi samhliða starfi. Mynd 3.3 sýnir þátttöku í endurmenntunarnámskeiðum, skipt eftir námsgreinum.

**Tafla 3.4. Fjöldi þátttakenda á endurmenntunarnámskeiðum 2003–2005.**

| | Faggreinanámskeið | | | Nám samhliða kennslu | | | Þátttaka |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Karlar** | **Konur** | **Alls** | **Karlar** | **Konur** | **Alls** | **Alls** |
| 2003 | 185 | 254 | 439 | 23 | 51 | 74 | 513 |
| 2004 | 126 | 327 | 453 | 35 | 78 | 113 | 566 |
| 2005 | 148 | 382 | 530 | 27 | 66 | 93 | 623 |
| **Alls** | **459** | **963** | **1.422** | **85** | **195** | **280** | **1.702** |

Heimild: Endurmenntun Háskóla Íslands.

**Mynd 3.3. Fjöldi þátttakenda í endurmenntun 2003-2005, eftir greinum.**




Heimild: Endurmenntun Háskóla Íslands.

*Námsorlof.*

Námsorlof kennara og skólameistara voru 29 á skólaárunum 2002/2003–2004/2005, þar af voru fimm bundin við umsóknir frá einstökum framhaldsskólum. Er þeim ætlað að koma til móts við óskir skóla um endurmenntun kennara en önnur námsorlof eru einstaklingsbundin (sjá töflu 3.5).

**Tafla 3.5. Námsorlof 2002/2003–2004/2005.**

| Skólaár | Fjöldi umsókna | Fjöldi orlofsþega | Stöðugildi |
|---|---|---|---|
| 2002/2003 | 74 | 30 | 29 |
| 2003/2004 | 68 | 31 | 29 |
| 2004/2005 | 87 | 34 | 29 |
| **Alls** | **229** | **95** | **87** |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

*Laun framhaldsskólakennara og leiðbeinenda.*

Í töflu 3.6 má sjá meðaltal mánaðarlauna kennara árin 2003–2005, þ.e. dagvinnulaun, yfirvinnulaun, önnur laun og heildarlaun. Fram kemur m.a. að meðaltal heildarmánaðarlauna kennara á árinu 2005 var um 354 þús. kr. og höfðu þau hækkað um 16% frá árinu 2002 þegar þau voru um 305 þús. kr. Meðaltalshlutfall yfirvinnu og annarra launa af heildarlaunum árið 2005 var 27%. Taflan sýnir einnig nokkurn launamun kynja, sérstaklega ef litið er til heildarlauna.

**Tafla 3.6. Meðaltal mánaðarlauna kennara 2003, 2004 og 2005 (kr.)**

| | 2003 | | | 2004 | | | 2005 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Allir** | **Karlar** | **Konur** | **Allir** | **Karlar** | **Konur** | **Allir** | **Karlar** | **Konur** |
| Dagvinnulaun | 231.034 | 233.676 | 228.130 | 239.187 | 242.234 | 236.032 | 257.958 | 260.672 | 255.314 |
| Yfirvinnulaun | 81.373 | 99.344 | 61.614 | 80.532 | 100.200 | 60.168 | 87.332 | 107.881 | 67.322 |
| Önnur laun | 4.265 | 4.246 | 4.285 | 4.148 | 4.119 | 4.177 | 9.011 | 9.047 | 8.974 |
| **Heildarlaun** | **316.673** | **337.267** | **294.029** | **323.867** | **346.553** | **300.378** | **354.301** | **377.600** | **331.610** |

Heimild: Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna.
Skýringar: Greidd laun frá Fjársýslu ríkisins til félaga innan Kennarasambands Íslands sem starfa í framhaldsskólum. Ársmeðaltölin eru vegin meðaltöl hvers mánaðar.

## 4. Mat.

*Námsmat.*

Samkvæmt 24. gr. gildandi laga um framhaldsskóla skal almennt námsmat vera í höndum kennara og deildarstjóra. Skal matið byggjast á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá. Í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar lagagreinar og reglugerðar nr. 196/2003 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa voru haldin samræmd stúdentspróf á árunum 2004 og 2005. Á árinu 2004 voru á vor- og haustmisseri haldin samræmd stúdentspróf í íslensku og á árinu 2005 voru haldin samræmd stúdentspróf í íslensku, ensku og stærðfræði á vor- og haustmissri. Lagaákvæði um samræmd stúdentspróf var fellt úr gildi í maí 2006.

Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi og kveður ráðherra á um samræmingu og framkvæmd sveinsprófa með reglugerð. Skv. 5. gr. reglugerðar um sveinspróf nr. 525/2000 skipar menntamálaráðherra sveinsprófsnefndir til að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa.

*Sjálfsmat.*

Í 23. gr. laga um framhaldsskóla er kveðið á um að sérhver framhaldsskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Í lögunum er einnig ákvæði þess efnis að á fimm ára fresti skuli að frumkvæði menntamálaráðuneytis gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Á vormisseri 2002 hófust í samræmi við fyrrgreint lagaákvæði úttektir á sjálfsmatsaðferðum 14 framhaldsskóla. Var úttektunum síðan fram haldið næstu tvö misseri. Þær voru unnar af utanaðkomandi aðilum sem menntamálaráðuneytið réði að undangenginni auglýsingu. Vorið 2003 var lokið úttektum á sjálfsmatsaðferðum 29 framhaldsskóla, þ.e. allra almennra mennta-, fjölbrauta-, iðn- og sérskóla. Við úttektirnar var sjónum einkum beint að stöðu sjálfsmats, sjálfsmatskerfi og framkvæmd sjálfsmats í skólunum.

Helstu niðurstöður úttektanna á skólunum 29 voru að 14 framhaldsskólar höfðu unnið kerfisbundið sjálfsmat, eða 49% skólanna. Af þeim hafði kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum skólastarfsins farið fram í fjórum skólum en í tíu skólum á tilteknum þáttum skólastarfs. Allir skólarnir 29 höfðu unnið eitthvað við sjálfsmat. Í töflu 4.1 má sjá samantekt á niðurstöðum mats á sjálfsmatsaðferðum skólanna. Sjálfsmatsaðferðir 14 skóla af 29 töldust fullnægjandi eða fullnægjandi að hluta.

**Tafla 4.1 Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla**

| | Fjöldi skóla | Hlutfall |
|---|---|---|
| Fullnægjandi | 7 | 24% |
| Fullnægjandi að hluta | 7 | 24% |
| Ófullnægjandi | 15 | 52% |
| **Alls** | **29** | **100%** |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

*Ytra mat.*

Í reglugerð nr. 139/1997 um eftirlit með starfi framhaldsskóla og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa er ákvæði þess efnis að menntamálaráðherra geti látið fara fram úttekt á starfi framhaldsskóla. Slík úttekt getur miðast við ákveðna þætti skólastarfs eða heildarmat á starfi einstakra framhaldsskóla.

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Skoðaðir eru ýmsir þættir í innra starfi skólanna, svo sem stjórnun, kennsla, samskipti, samstarf, námsárangur, skólaandi og tengsl við samfélagið utan skólans.

Á því tímabili sem skýrsla þessi nær til hafa verið gerðar heildarúttektir á þremur skólum á framhaldsskólastigi: Snyrtiskóla Íslands 2003, Menntaskólanum Hraðbraut 2005 og Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum 2005. Auk þess voru á árinu 2003 gerðar fagúttektir á fjarkennslu við Fjölbrautaskólann við Ármúla og Verkmenntaskólann á Akureyri, og á upplýsinga- og tæknibraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Einnig var á sama ári gerð úttekt á forvarnarstarfi í framhaldsskólum.

Upplýsingar um einstakar úttektir er að finna á vef menntamálaráðuneytisins (www.menntamalaraduneyti.is).

**5. Aðstaða.**

*Húsnæði framhaldsskóla.*

Á árunum 2000–2002 varð sú breyting á viðhaldi og umsýslu húsnæðis framhaldsskóla að Fasteignir ríkisins yfirtóku húsnæðið og leigja skólunum. Enn hafa fasteignirnar þó ekki yfirtekið húsnæði Menntaskólans í Reykjavík og Menntaskólans að Laugarvatni. Verzlunarskóli Íslands, Iðnskólinn í Hafnarfirði og Fjölbrautaskóli Snæfellinga eru í einkareknu húsnæði og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu samnýtir Nýheima með sveitarfélaginu Hornafirði.

Framhaldsskólarnir og Fasteignir ríkisins hafa með sér leigusamninga. Til þess að standa straum af þeirri leigu reiknast skólunum framlag í reiknilíkani með hliðsjón af nýtingu húsnæðisins, einkum almennu húsnæði en heimavistarhúsnæði að hluta. Kerfinu er ætlað að hvetja til ráðdeildar bæði í byggingu og rekstri húsnæðis skólanna. Raunhúsnæði skólanna í reiknilíkani 2005 telst vera 176.548 fermetrar en reiknað húsnæði 183.483 fermetrar.

Heimavistarhúsnæði telst vera 15.632 fermetrar. Við framhaldsskólana á Akureyri og við Fjölbrautaskóla Suðurlands eru einkareknar heimavistir og eru þær ekki innifaldar í framangreindri fermetratölu.

*Nýbyggingar.*

Á árinu 2003 var lokið við 9. og 10. áfanga Verkmenntaskólans á Akureyri, 2.150 fermetrar að stærð. Árið 2004 var tekin í notkun sundlaug að Laugum í Reykjadal en gengið frá henni að fullu árið 2005. Nýtt íþrótta- og kennsluhús Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi var tekið í notkun á haustönn 2004. Stærð þess er 2.450 fermetrar, þar af teljast 2.050 fer-

metrar vera skólahúsnæði. Lokaáfangi kennslumiðstöðvar Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi var tekinn í notkun að hluta, 1.040 fermetrar að stærð. Ný kennsluálma Fjölbrautaskóla Suðurnesja var tekin í notkun, 2.800 fermetrar að stærð. Ný norðurálma Menntaskólans í Kópavogi var tekin í notkun, 1.640 fermetrar að stærð. Álman kom í stað 800 fermetra álmu sem var rifin. Á árinu 2005 var lokið við sundlaug að Laugum í Reykjadal. Lokaáfangi kennslumiðstöðvar Fjölbrautaskóla Vesturlands var tekinn í notkun að fullu.

Samkvæmt þessu yfirliti hafa 8.880 nýir fermetrar skólahúsnæðis framhaldsskóla verið teknir í notkun á árunum 2003–2005.[1]

**6. Fjárveitingar til framhaldsskólastigs.**

*Reiknilíkan, árangursstjórnun og skólasamningar.*

Ítarleg grein var gerð fyrir reiknilíkani til skiptingar fjár til framhaldsskóla í fyrri skýrslum menntamálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólahalds á framhaldsskólastigi (2000 og 2003).

Á árinu 2002 var gengið frá endurskoðun á reiknilíkani framhaldsskólastigsins. Margháttaðar breytingar voru gerðar og voru eftirfarandi breytingar veigamiklar: Ein launastika var tekin upp fyrir alla skólana í stað meðallauna hvers og eins áður. Þetta kom litlum skólum úti á landi einkum til góða. Tekið var að flokka alla kennslu í misdýrar kennslustofur auk mismunandi hópstærða sem áður hafði verið. Þetta kom starfsnámsskólum til góða. Tekin var upp aðgreining bóklegra áfanga í fagbóklega og aðra bóklega áfanga. Fagbóklegir áfangar fengu lægra viðmið hópstærða en aðrir bóklegir áfangar og kom það einnig starfsnámi til góða. Tekinn var upp nýr reikningur húsnæðisstærða sem heldur íþyngdi þeim sem höfðu mjög rúmt húsnæði. Heimavistir voru teknar inn í líkanið svo og öldungadeildir. Þessi endurskoðun reiknilíkansins leiddi í heild til um 4,5% hækkunar á reiknaðri fjárþörf framhaldsskólanna. Sú hækkun fékkst viðurkennd inn í ramma menntamálaráðuneytis 2004.

Í lok tímabilsins sem skýrslan nær til var ekki annað utan reiknilíkans en nokkur sérverkefni einstakra skóla og kennsla fatlaðra nemenda, þ.e. sérkennsla. Hafinn var undirbúningur þess að taka sérkennsluna inn í reiknilíkanið.

Á árunum 1998–2002 voru skólasamningar ráðuneytisins og einstakra skóla endurnýjaðir frá ári til árs. Samningarnir eru formgerð árangursstjórnunar ráðuneytisins gagnvart framhaldsskólum. Á árinu 2003 voru skólasamningar gerðir til þriggja ára við flesta skóla og giltu þannig út árið 2005. Þótt samningar væru ekki í öllum tilfellum undirritaðir var unnið í anda þeirra og sams konar samráð ráðuneytis og allra ríkisreknu skólanna viðhaft.

*Útgjöld til framhaldsskólastigs.*

Útgjöld hins opinbera til framhaldsskóla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu voru árin 2002–2005 á bilinu 1,38–1,48%, hæst árið 2003 (sjá töflu 6.1). Í krónum talið nemur hækkunin um 23% á tímabilinu. Kostnaður hins opinbera á hvern nemanda hækkaði frá árinu 2002 til 2005 úr 641 þús. kr. í 695 þús. kr. Í öllum tilvikum er miðað við verðlag viðkomandi árs.

[1] Heildartölu síðustu skýrslu um framkvæmd skólahalds (170.031 fermetri) að viðbættum þessum 8.880 fermetrum ber ekki saman við þá heildartölu sem varðveitt er í reiknilíkani fjárlagaársins 2005 (180.409). Ekki reynist unnt að rekja í hverju sá munur liggur.

**Tafla 6.1. Útgjöld til framhaldsskólastigs 2002–2005.**

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|
| *Útgjöld hins opinbera í millj. kr.* | 11.397 | 12.325 | 13.334 | 13.972 |
| Hlutfall af vergri landsframleiðslu | 1,42% | 1,48% | 1,46% | 1,38% |
| Kostnaður hins opinbera á nemanda í þús. kr. | 641 | 668 | 687 | 695 |
| *Útgjöld ríkissjóðs í millj. kr.* | 10.863 | 11.726 | 12.753 | 13.403 |
| Hlutfall af vergri landsframleiðslu | 1,35% | 1,41% | 1,39% | 1,32% |
| Kostnaður ríkisins á nemanda í þús. kr. | 611 | 636 | 657 | 667 |
| *Útgjöld sveitarfélaga í millj. kr.* | 534 | 599 | 581 | 569 |
| Hlutfall af vergri landsframleiðslu | 0,07% | 0,07% | 0,06% | 0,06% |
| Kostnaður sveitarfélaga á nemanda í þús.kr. | 100 | 101 | 102 | 103 |
| *Útgjöld heimila í millj. kr.* | 920 | 1.030 | 1.084 | 1.191 |
| Hlutfall af vergri landsframleiðslu | 0,11% | 0,12% | 0,12% | 0,12% |
| Kostnaður heimila á nemanda í þús. kr. | 52 | 56 | 56 | 59 |
| *Verg landsframleiðsla* | 804.723 | 830.621 | 915.286 | 1.012.201 |
| *Fjöldi nemenda á framhaldsskólastigi* * | 17.769 | 18.451 | 19.408 | 20.099 |

*Um er að ræða fjölda nemenda á framhaldsskólastigi í dagskólum.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 6.2 er að finna upplýsingar um fjárveitingar til þeirra framhaldsskóla sem heyra undir menntamálaráðuneytið samkvæmt niðurstöðutölum ríkisreikninga 2002–2004. Á árinu 2004 námu útgjöld vegna framhaldsskólastigs samkvæmt ríkisreikningi 34,1% af útgjöldum menntamálaráðuneytis.

**Tafla 6.2. Framlög til reksturs framhaldsskóla* samkvæmt fjárlögum, fjárheimildum og ríkisreikningi 2002, 2003 og 2004.**

| | 2002 | | | 2003 | | | 2004 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Í þús. kr. | Fjárlög | Fjárheim-ildir** | Ríkis-reikningur *** | Fjárlög | Fjárheim-ildir** | Ríkis-reikningur *** | Fjárlög | Fjárheim-ildir** | Ríkis-reikningur *** |
| Borgarholtsskóli | 393.000 | 458.400 | 441.500 | 428.000 | 564.700 | 530.400 | 468.300 | 567.600 | 595.300 |
| Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | 195.200 | 205.300 | 211.500 | 195.100 | 186.300 | 222.100 | 183.000 | 219.400 | 225.500 |
| Fjölbrautaskóli Snæfellinga | | | | | | | 25.600 | 39.200 | 50.900 |
| Fjölbrautaskóli Suðurlands | 356.400 | 383.500 | 388.100 | 357.900 | 388.100 | 423.700 | 383.600 | 428.100 | 442.000 |
| Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 292.800 | 314.400 | 339.300 | 308.400 | 377.100 | 386.200 | 341.600 | 438.100 | 416.600 |
| Fjölbrautaskóli Vesturlands | 280.900 | 326.900 | 321.000 | 291.000 | 332.000 | 324.200 | 296.500 | 337.400 | 343.700 |
| Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 555.600 | 560.700 | 654.600 | 588.400 | 677.000 | 668.900 | 641.800 | 677.200 | 658.900 |
| Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 222.000 | 295.900 | 313.000 | 219.500 | 309.600 | 360.700 | 288.600 | 349.900 | 379.300 |
| Fjölbrautaskólinn við Ármúla | 303.300 | 404.700 | 417.700 | 313.900 | 430.300 | 433.200 | 400.600 | 505.600 | 511.600 |
| Flensborgarskólinn | 243.000 | 258.300 | 281.500 | 236.100 | 259.900 | 291.500 | 247.800 | 301.100 | 316.300 |
| Framhaldsskóli A-Skaftafells-sýslu | 47.900 | 61.700 | 62.800 | 48.800 | 66.600 | 58.400 | 63.900 | 73.900 | 64.500 |
| Framhaldsskólinn á Húsavík | 74.400 | 75.000 | 79.900 | 76.300 | 88.700 | 92.100 | 77.800 | 98.300 | 98.400 |
| Framhaldsskólinn á Laugum | 78.600 | 100.400 | 82.600 | 80.300 | 90.100 | 102.300 | 82.400 | 104.100 | 107.400 |
| Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | 117.800 | 129.200 | 130.700 | 118.000 | 127.400 | 133.800 | 124.900 | 135.000 | 132.800 |
| Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað | 16.100 | 16.100 | 16.100 | 16.500 | 16.500 | 16.500 | 17.000 | 17.900 | 17.900 |
| Hússtjórnarskólinn í Reykjavík | 18.400 | 18.400 | 18.400 | 18.800 | 19.000 | 19.000 | 23.100 | 24.500 | 24.500 |
| Iðnskólinn í Hafnarfirði | 258.300 | 294.900 | 302.500 | 320.000 | 342.200 | 343.000 | 369.600 | 431.100 | 366.500 |
| Iðnskólinn í Reykjavík | 857.000 | 831.700 | 952.800 | 890.100 | 953.800 | 995.500 | 855.600 | 959.400 | 981.100 |
| Kvennaskólinn í Reykjavík | 216.900 | 220.100 | 231.200 | 216.400 | 223.400 | 237.700 | 215.300 | 245.200 | 246.600 |
| Listdansskóli Íslands | 54.800 | 49.700 | 71.300 | 57.500 | 52.600 | 69.700 | 56.500 | 56.200 | 72.300 |
| Menntaskólinn að Laugarvatni | 98.100 | 105.500 | 113.300 | 108.800 | 114.600 | 129.800 | 90.500 | 111.300 | 110.800 |

| Tafla 6.2 frh. | 2002 | | | 2003 | | | 2004 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Í þús. kr. | Fjárlög | Fjárheim-ildir** | Ríkis-reikningur *** | Fjárlög | Fjárheim-ildir** | Ríkis-reikningur *** | Fjárlög | Fjárheim-ildir** | Ríkis-reikningur *** |
| Menntaskólinn á Akureyri | 288.600 | 295.900 | 292.400 | 300.500 | 309.000 | 343.100 | 296.500 | 325.700 | 342.000 |
| Menntaskólinn á Egilsstöðum | 142.700 | 181.600 | 157.200 | 154.200 | 161.200 | 177.100 | 163.500 | 183.500 | 183.300 |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 142.000 | 152.600 | 163.400 | 147.400 | 170.300 | 170.500 | 156.800 | 189.900 | 192.800 |
| Menntaskólinn Hraðbraut | | | | | | | 107.600 | 107.600 | 107.600 |
| Menntaskólinn í Kópavogi | 435.500 | 481.700 | 524.100 | 459.000 | 544.200 | 519.700 | 468.200 | 552.400 | 519.400 |
| Menntaskólinn í Reykjavík | 313.700 | 321.300 | 328.300 | 313.700 | 336.000 | 351.900 | 320.200 | 390.000 | 374.900 |
| Menntaskólinn við Hamrahlíð | 398.700 | 458.100 | 485.700 | 410.000 | 473.900 | 499.500 | 458.500 | 511.800 | 521.600 |
| Menntaskólinn við Sund | 288.700 | 312.900 | 304.700 | 285.300 | 313.400 | 321.500 | 294.900 | 336.300 | 338.700 |
| Stýrimannaskólinn í Reykjavík | 46.400 | 46.900 | 53.700 | 58.100 | 51.800 | 60.100 | 60.500 | 66.600 | 71.600 |
| Verkmenntaskóli Austurlands | 108.900 | 120.100 | 137.900 | 107.800 | 122.200 | 140.200 | 117.900 | 137.900 | 139.900 |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | 517.200 | 516.700 | 593.600 | 540.200 | 616.800 | 650.100 | 626.200 | 688.200 | 704.500 |
| Verslunarskóli Íslands | 463.500 | 463.500 | 463.500 | 485.600 | 508.100 | 508.100 | 562.200 | 596.200 | 596.200 |
| Vélskóli Íslands | 84.600 | 101.100 | 114.400 | 115.600 | 152.900 | 156.500 | 144.600 | 165.100 | 180.300 |

* Eingöngu framhaldsskólar sem heyra undir menntamálaráðuneytið.

** Fjárheimild ársins nær til samþykktra fjárheimilda fyrir viðkomandi reikningsár, þ.e. samkvæmt fjárlögum ársins, fjáraukalögum ársins eða millifærslum af öðrum fjárlagaliðum, svo sem safnliðum og vegna launa- og verðbóta.

*** Ríkisreikningur sýnir rekstrargrunn bókhalds, þ.e. heildarútgjöld skólanna á rekstrarárinu að frádregnum sértekjum.

Heimildir: Ríkisreikningur fyrir árið 2002, ríkisreikningur fyrir árið 2003 og ríkisreikningur fyrir árið 2004.

*Sérkennsla.*

Tafla 6.3 sýnir fjárframlög til sérkennslu í framhaldsskólum á árunum 2002–2005. Framlögin hækkuðu um 24% frá árinu 2002 til ársins 2005.

**Tafla 6.3. Fjárframlög til sérkennslu 2002–2005.**

| Ár | Upphæð |
|---|---|
| 2002 | 270,0 millj. kr. |
| 2003 | 298,8 millj. kr. |
| 2004 | 293,8 millj. kr. |
| 2005 | 334,7 millj. kr. |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

*Endurmenntun.*

Í töflu 6.4. má sjá fjárframlög á fjárlögum til endurmenntunar framhaldsskólakennara á árunum 2003–2005.

**Tafla 6.4. Fjárframlög til endurmenntunar 2003–2005.**

| Ár | Upphæð |
|---|---|
| 2003 | 35.400.000 |
| 2004 | 25.900.000 |
| 2005 | 36.900.000 |

Skýringar: Hér er um að ræða framlög sem endurmenntunarnefnd framhaldsskóla ráðstafar til námskeiðahalds.

*Þróunarsjóður framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu.*

Á grundvelli 45. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 veitir Alþingi árlega fé til þróunarstarfs á framhaldsskólastigi og á sviði fullorðinsfræðslu. Á árunum 2002–2005 var styrkjum úthlutað til 156 þróunarverkefna. Heildarstyrkveitingar á fyrrgreindu tímabili námu 65.090.000 kr. og greinast sem hér segir:

**Tafla 6.5. Styrkveitingar úr Þróunarsjóði framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu 2002–2005.**

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|
| Heildarstyrkveiting í þús. kr. | 17.690 | 14.900 | 16.700 | 15.800 |
| Fjöldi styrktra verkefna | 43 | 37 | 35 | 41 |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Upplýsingar um styrkveitingar til einstakra skóla og verkefna úr þróunarsjóði framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu er að finna á vef menntamálaráðuneytis (www.menntamalaradu neyti.is).

*Styrkir til námsefnisgerðar.*

Menntamálaráðuneytið veitir árlega styrki til útgáfu og gerðar námsefnis í bóklegum og verklegum námsgreinum á framhaldsskólastigi. Samtals var úthlutað 79.100.000 kr. á árunum 2002–2005 (sjá nánar í töflu 6.6). Hlutverk styrkjanna er að bæta úr skorti sem er á náms-

efni í ýmsum námsgreinum, auka framboð á námsefni á íslensku og bæta gæði þess. Nefnd skipuð af menntamálaráðherra metur umsóknir og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun.

**Tafla 6.6. Styrkir til námsefnisgerðar á framhaldsskólastigi 2002–2005.**

| Ár | Upphæð |
|---|---|
| 2002 | 22.700 þús. kr. |
| 2003 | 18.200 þús. kr. |
| 2004 | 18.900 þús. kr. |
| 2005 | 19.300 þús. kr. |

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

## 7. Alþjóðlegt samstarf.

Íslenskir framhaldsskólar hafa í vaxandi mæli á undanförnum árum tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi. Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu urðu Íslendingar fullgildir aðilar að samstarfsáætlunum Evrópusambandsins á sviði menntamála og vísinda. Sókrates og Leonardó da Vinci áætlanirnar frá 1995 veittu íslenskum framhaldsskólum möguleika á þátttöku í margvíslegum samstarfsverkefnum milli skóla í Evrópu, kennara- og nemendaskiptum og námskeiðum. Hefur þessi þátttaka staðið síðan, og frá árinu 2000 innan annars hluta Sókrates og Leonardó da Vinci áætlananna sem ná til ársins 2007.

Menntamálaráðuneytið tók á árinu 2005 þátt í verkefni Evrópuráðsins um borgaravitund og lýðræði í skólastarfi (Education for Citizenship) og Evrópuári um þennan málaflokk í skólastarfi (European Year of Citizenship through Education 2005). Meginmarkmið með verkefninu var að vekja skólasamfélagið til umhugsunar um borgaravitund, lýðræði og mannréttindi í formlegri og óformlegri menntun á grunn- og framhaldsskólastigi. Meðal verkefna menntamálaráðuneytisins á árinu 2005 voru málþing ungs fólks á aldrinum 14–18 ára og dagur borgaravitundar og lýðræðis.

Ísland á aðild að svokallaðri Kaupmannahafnaryfirlýsingu sem undirrituð var af fulltrúum 31 ríkis í Evrópu og af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í nóvember 2002. Yfirlýsingin var síðan áréttuð á fundi sömu aðila í Maastricht í desember 2004. Með yfirlýsingunni takast löndin á hendur það verkefni að auka samstarf í starfsmenntamálum sín á milli og gera menntun og prófskírteini skýrari og gagnsærri í þeim tilgangi að ryðja úr vegi hindrunum fyrir auknu flæði námsmanna og launafólks innan Evrópu. Með yfirlýsingunni er og stefnt að því að auka aðgengi fólks að námi, efla fullorðinsfræðslu, auka gæði starfsmenntunar og leita leiða til þess að meta starfsreynslu fólks og fyrra nám þess, óháð því hvar það hefur verið stundað. Menntamálaráðuneytið hefur í þessum tilgangi tekið upp víðtækt samstarf við samtök aðila á vinnumarkaði um rekstur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem m.a. hefur það hlutverk að þróa aðferðir til þess að meta starfsreynslu og fyrra nám fólks, svokallað raunfærnimat. Menntamálaráðuneytið heldur úti sérstakri vefsíðu sem ætlað er að leiðbeina fólki um viðurkenningu starfsmenntunar erlendis frá.

Gegnum Nordplus-junior og Nordplus-voksen áætlanirnar veitir norræna ráðherranefndin fé til nemendaferða og náms á Norðurlöndum fyrir framhaldsskólanema.

Menntamálaráðuneytið er aðili að samstarfi menntavefja í Evrópu, Evrópska skólanetinu, en að því standa 28 ráðuneyti ýmissa Evrópuþjóða, auk Evrópusambandsins og stofnana í einkaeign. Ísland er einnig aðili að Norræna skólanetinu sem er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Auk samstarfs á vegum Evrópusambandsins tekur Ísland þátt í samstarfi Norðurlanda, Hollands og Kanada um upplýsingatækni í menntun, ICT-League.

Á tímabili því sem skýrsla þessi nær til hafa verið í gildi tveir samningar milli menntamálaráðuneyta Íslands og Danmerkur um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi, sá fyrri fyrir tímabilið 2000–2003 og sá síðari fyrir 2004–2007. Samstarfsverkefnið er fjármagnað af menntamálaráðuneytum beggja landanna. Í samningunum er m.a. kveðið á um ráðningu dansks sendikennara á háskólastigi, ráðningu danskra farkennara og aðstoðarkennara til starfa í grunn- og framhaldsskólum landsins og verkefni á sviði endurmenntunar kennara, námsefnisgerðar, þróunar og rannsókna. Sérstök samstarfsnefnd Dana og Íslendinga hefur umsjón með framkvæmd samningsins.

**8. Breytt námsskipan til stúdentsprófs.**

Í mars 2002 skipaði menntamálaráðherra verkefnisstjórn til að athuga hvort forsendur væru fyrir styttingu námstíma til stúdentsprófs, hvaða leiðir væru færar og hver áhrif breytingarinnar yrðu. Verkefnisstjórnin starfaði ásamt sérstökum verkefnisstjóra til desembermánaðar 2002 og skilaði skýrslu sem ráðuneytið gaf út sumarið 2003. Í skýrslunni komu fram tillögur sem miðuðu að því að gera sem minnstar breytingar á árlegum skólatíma en tryggja jafnframt að íslenskir nemendur fengju jafnmikla kennslu til stúdentsprófs og nemendur í nágrannalöndum. Valin var sú leið að gera tillögu um að stytta nám á framhaldsskólastigi frekar en nám á grunnskólastigi. Skýrslan var kynnt og umræðuþing ráðuneytisins opnað á menntagatt.is. Óskað var umsagna frá fjölmörgum hagsmunaaðilum, verkefnisstjóri var ráðinn til áframhaldandi vinnu að verkefninu og starfshópar skipaðir helstu hagsmunaaðilum fjölluðu um námskrár- og gæðamál, starfsmannamál og fjármál. Niðurstöður þessarar vinnu birtust síðan í skýrslunni Breytt námsskipan til stúdentsprófs – aukin samfella í námi sem út kom í ágúst 2004.

Í skýrslunni var tekið mið af því meginsjónarmiði sem kom fram í umsögnum aðila að stytting námstíma til stúdentsprófs mætti ekki koma niður á gæðum námsins. Skólaárum yrði fækkað um eitt en á móti kæmi að skólaárið yrði lengt og að hluti af námsefni framhaldsskólans í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði flyttist til grunnskólans. Menntamálaráðherra kynnti skýrsluna í ríkisstjórn 31. ágúst 2004 og voru tillögur og framkvæmdaáætlun sem fram komu í skýrslunni samþykktar af ríkisstjórn. Í kjölfarið hófst umfangsmikil kynning menntamálaráðherra og embættismanna ráðuneytisins á skýrslunni og ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Í ársbyrjun 2005 hófu vinnuhópar störf við endurskoðun námskráa grunn- og framhaldsskóla í ljósi tillagnanna og með áherslu á samfellu í námi. Afrakstur þeirrar vinnu var birtur til umsagnar á vef menntamálaráðuneytis í desember 2005.

**Viðauki I.**

**Framhaldsskólar skólaárið 2004/2005, skipt eftir landsvæðum.**

**Reykjavík**
Borgarholtsskóli
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Húsgtjórnarskólinn í Reykjavík
Iðnskólinn í Reykjavík
Kvennaskólinn í Reykjavík
Listdansskóli Íslands
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Stýrimannaskólinn í Reykjavík*
Tannsmiðaskóli Íslands
Verzlunarskóli Íslands
Vélskóli Íslands*
Menntaskólinn Hraðbraut
Kvikmyndaskóli Íslands

**Höfuðborgarsvæði utan Rvk.**
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Flensborgarskólinn
Iðnskólinn í Hafnarfirði
Menntaskólinn í Kópavogi
Snyrtiskólinn

**Suðurnes**
Fjölbrautaskóli Suðurnesja

**Vesturland**
Fjölbrautaskóli Vesturlands
Fjölbrautaskóli Snæfellinga

**Vestfirðir**
Menntaskólinn á Ísafirði

**Norðurland vestra**
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

**Norðurland eystra**
Framhaldsskólinn á Húsavík
Framhaldsskólinn á Laugum
Menntaskólinn á Akureyri
Verkmenntaskólinn á Akureyri

**Austurland**
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu
Húsgtjórnarskólinn á Hallormsstað
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Verkmenntaskóli Austurlands

**Suðurland**
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Garðyrkjuskóli ríkisins
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Menntaskólinn að Laugarvatni

*Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Vélskóli Íslands hétu frá og með vormisseri 2005 Fjöltækniskóli Íslands.
Heimild: Menntamálaráðuneyti.

# 971. Tillaga til þingsályktunar [652. mál]

um staðfestingu samninga milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs og gagnkvæma réttaraðstoð og staðfestingu ákvörðunar ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

1) að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs, sem undirritaður var í Vín 28. júní 2006;
2) að staðfesta samning milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um beitingu tiltekinna ákvæða samningsins frá 29. maí 2000 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og bókunar við hann frá 16. október 2001, sem undirritaður var í Brussel 19. desember 2003;
3) að samþykkja ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA um það hvaða ákvæði samningsins frá 1995 um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins og samningsins frá 1996 um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins teljist vera þróun á Schengen-gerðunum samkvæmt samningnum um þátttöku lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

**A. Inngangur.**

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað eftir heimild Alþingis til að staðfesta tvo samninga milli Íslands, Noregs og ríkja Evrópusambandsins um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs og gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum. Enn fremur er leitað heimildar Alþingis til að samþykkja ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA um það hvaða ákvæði samningsins frá 1995 um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins og samningsins frá 1996 um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins teljist vera þróun á Schengen-gerðunum samkvæmt samningnum um þátttöku lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Undanfarinn áratug hefur samstarf aðildarríkja Evrópusambandsins á sviði dóms- og innanríkismála stóraukist. Eitt þeirra sviða sem áhersla hefur verið lögð á í þeim efnum er aukin samvinna á sviði réttaraðstoðar í sakamálum, þ.m.t. framsal sakamanna. Samvinna milli aðildarríkja Evrópusambandsins á þessu sviði fellur að mestu leyti undir svonefnda þriðju stoð þess og ber af þeim sökum einkenni hefðbundins milliríkjasamstarfs.

Árið 1995 gerðu aðildarríki Evrópusambandsins samning sín á milli um einfaldaða málsmeðferð við framsal sín á milli og ári síðar gerðu þau samning um framsal sakamanna. Er markmið þessara tveggja samninga að einfalda og hraða framkvæmd framsalsmála. Nánar verður vikið að efni þessara samninga hér að neðan. Árið 2000 gerðu aðildarríki Evrópusambandsins sín á milli samning um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum. Er markmið samningsins að bæta og auka réttaraðstoð milli ríkjanna í sakamálum á grundvelli fyrirliggjandi samvinnu, þ.e. ákvæða Evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl

1959 ásamt síðari viðbótarbókun við þann samning, auk ákvæða Schengen-samningsins um þetta efni.

Þá samþykkti ráðherraráð Evrópusambandsins í júní 2002 rammaákvörðun nr. 2002/584/JHA um evrópsku handtökuskipunina. Ákvörðunin felur í sér ákveðnar grundvallarbreytingar á framkvæmd framsalsmála milli aðildarríkja Evrópusambandsins þar sem rammaákvörðunin gerir ráð fyrir því að gefi dómstóll í einu aðildarríkja Evrópusambandsins út handtökuskipun á hendur sakamanni vegna tilgreindra alvarlegra brota, þá beri yfirvöldum í því landi sem maðurinn dvelst að handtaka viðkomandi og framselja hann til þess ríkis þar sem handtökuskipunin var gefin út, án frekari atbeina ráðuneyta eða dómstóla í því landi sem sakamaður dvelst. Jafnframt er fallið frá þeirri meginreglu að sakamaður skuli ekki framseldur úr landi vegna verknaðar sem ekki er refsiverður þar sem hann dvelst (svonefnt skilyrði um tvöfalt refsinæmi) og jafnframt þeirri reglu að ríki sé ekki skylt að framselja eigin ríkisborgara.

Schengen-samningurinn frá 1990 hafði að geyma ákvæði um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum og framsal sakamanna. Hefur þróun samstarfs á meðal aðildarríkja Evrópusambandsins á þessu sviði því bein áhrif á framkvæmd Schengen-samstarfsins. Eigi að síður hefur það verið afstaða Evrópusambandsins að samstarf aðildarríkjanna á þessu sviði falli aðeins að hluta til undir Schengen-samstarfið. Með ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA var mælt fyrir um hvaða ákvæði framsalssamninganna frá 1995 og 1996 teldust vera þróun á Schengen-gerðunum samkvæmt samningnum um þátttöku lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. Gerir ákvörðunin ráð fyrir að hluti ákvæða framangreindra samninga teljist vera þróun á Schengen-gerðunum og skuli af þeim sökum gilda einnig gagnvart Íslandi og Noregi. Í 2. gr. samnings aðildarríkja Evrópusambandsins frá 2000 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum er jafnframt mælt fyrir um hvaða ákvæði samningsins teljist tengjast Schengen-gerðunum.[1] Afstaða Evrópusambandsins hefur hins vegar verið sú að rammaákvörðun ráðherraráðsins nr. 2002/584/JHA um evrópsku handtökuskipunina teldist í engu tengjast Schengen-gerðunum.

Þessi niðurstaða leiðir því til þess að aðeins hluti af þeim reglum sem gilda meðal aðildarríkja Evrópusambandsins um réttaraðstoð í sakamálum og framsal sakamanna telst falla undir Schengen-samstarfið og þar af leiðandi gildir aðeins sá hluti þeirra gagnvart þeim Schengen-ríkjum sem standa utan Evrópusambandsins (þ.e. Íslandi og Noregi og síðar Sviss). Eigi að síður gera hin nánu tengsl á milli Schengen-ríkjanna á sviði landamæravörslu það að verkum að þessi ríki eiga talsverða hagsmuni af samvinnu í baráttunni gegn afbrotum. Aukið samstarf á milli Schengen-ríkjanna á sviði réttaraðstoðar í sakamálum og framsals sakamanna er þannig til þess fallið að styrkja aðgerðir stjórnvalda í þessum ríkjum gegn skipulagðri afbrotastarfsemi og jafnframt einfalda til mikilla muna samstarf yfirvalda við rannsókn og meðferð sakamála og framkvæmd framsalsmála á milli þessara ríkja. Af þessum sökum var það sameiginleg niðurstaða Evrópusambandsins, aðildarríkja þess og Íslands og Noregs að hefja samningaviðræður um nánara samstarf á milli þessara ríkja á þessu sviði. Þessum samningaviðræðum lauk með gerð tveggja samninga. Annars vegar er um að ræða samning milli Evrópusambandsins, Íslands og Noregs um beitingu þeirra ákvæða samnings aðildar-

[1] Með þingsályktunartillögu, sem samþykkt var 11. maí 2001, heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að tilkynna fyrir Íslands hönd samþykki á ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins að því leyti sem ákvæði hans byggjast á Schengen-samningnum og var ráðherraráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands í kjölfarið.

ríkja Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum sem töldust ekki varða Schengen-gerðirnar skv. 2. gr. samningsins, en sá samningur var undirritaður í Brussel 19. desember 2003. Hins vegar liggur fyrir samningur um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs sem var undirritaður í Vín 28. júní 2006.

**B. Samningur um málsmeðferð við afhendingu.**

Hinn 2. september 2003 samþykkti ríkisstjórnin umboð til að samið yrði við ESB um framsalsmál með vísan til evrópsku handtökuskipunarinnar. Samningaviðræður hófust fljótlega í kjölfarið og var samningur undirritaður af Sveini Björnssyni, sendiherra í Vín, þann 28. júní 2006. Samningurinn kallar á breytingu á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum og vinnur dóms- og kirkjumálaráðuneytið að undirbúningi frumvarps af þeim sökum.

Efni samningsins er á flestum sviðum hliðstætt rammaákvörðun Evrópusambandsins um hina evrópsku handtökuskipun. Felur það m.a. í sér að leitast er við að einfalda það ferli sem viðhaft verður vegna meðferðar beiðna um afhendingu sakamanna. Samningurinn tekur til nánar tilgreindra brota sem afmarkast m.a. af refsiþyngd brotanna. Skilyrðinu um tvöfalt refsinæmi er framfylgt í samningnum, en fulltrúar Íslands höfðu frá upphafi viðræðna lagt áherslu á það skilyrði. Brot sem stendur að baki afhendingarbeiðni verður því að vera refsivert í báðum þeim ríkjum sem hlut eiga að máli, en heimilt er að hverfa frá þessu með sérstakri yfirlýsingu. Gert er ráð fyrir að slík yfirlýsing verði ekki gefin af hálfu Íslands. Þó má taka fram að samningurinn gerir ráð fyrir því að afhendingar verði ekki synjað vegna tiltekinna alvarlegra brota sem teljast til hryðjuverka, þegar þau eru framin af samtökum manna í þeim tilgangi sem getið er um í Evrópusamningi um varnir gegn hryðjuverkum og rammaákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins frá 13. júní 2002. Í samningnum er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að afhendingar eigin ríkisborgara verði ekki synjað, en frá þeirri meginreglu má víkja með sérstakri yfirlýsingu. Ætla má að slík yfirlýsing verði gefin af hálfu Íslands. Í samningnum eru að öðru leyti ákvæði um form og efni afhendingarbeiðna, málsmeðferð þeirra og fresti til ákvörðunartöku, en áhersla er lögð á að slíkt dragist ekki úr hófi fram. Einnig er mælt fyrir um hvernig staðið skuli að afhendingu viðkomandi einstaklings og innan hvaða tímamarka afhending skuli fara fram.

Ísland er aðili að samningi Evrópuráðsins um framsal sakamanna, frá 13. desember 1957, og tveimur viðbótarsamningum við hann, en allir samningarnir voru fullgiltir 20. júní 1984 og öðluðust gildi 18. september 1984. Samningur sá sem hér er til umfjöllunar er til fyllingar samningum Evrópuráðsins, en í einstökum tilvikum gengur hann lengra en fyrri samningar. Samningurinn mun koma í stað ákvæða Schengen-samningsins um framsal og annarra samninga Evrópusambandsins um framsal sem teljast tengjast Schengen-samstarfinu. Samningar á norrænum vettvangi, sem Ísland er aðili að, halda gildi sínu ef þeir samræmast markmiðum þessa samnings og verður því sérstakt norrænt fyrirkomulag áfram við lýði.

*Nánar um samning um málsmeðferð við afhendingu.*

Í inngangsorðum og í 1. gr. samningsins kemur fram það markmið hans að bæta réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs. Þetta skal þó gert með hliðsjón af ákvæðum um verndun einstaklingsfrelsis. Lögð er áhersla á að grundvallarmannréttindi skuli virt og þess jafnframt getið að þær persónuupplýsingar sem unnar eru í tengslum við framkvæmd samningsins njóti verndar í samræmi við meginreglur samn-

ings Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, en öll ríkin hafa fullgilt þann samning.

Í 2. gr. er að finna skilgreiningar.

Í 3. gr. er að finna heimild til útgáfu handtökuskipunar, vegna verknaða sem refsiverðir eru samkvæmt lögum útgáfuríkis. Það skilyrði er sett að hámarkstímabil þeirrar refsivistar eða öryggisráðstöfunar sem liggi við broti séu 12 mánuðir hið minnsta, en þegar refsing eða öryggisráðstöfun hefur þegar verið ákveðin skal hún vera fjórir mánuðir hið minnsta.

Í 4. gr. er mælt fyrir um þrjú tilvik sem leggja þá skyldu á dómsmálayfirvald framkvæmdarríkis að synja um framkvæmd handtökuskipunar vegna verknaðar hins eftirlýsta. Í fyrsta lagi á það við ef afbrotið fellur undir almenna sakaruppgjöf í framkvæmdarríkinu, hafi það ríki lögsögu til að sækja til saka fyrir afbrotið, í öðru lagi ef fullnaðardómur ríkis yfir hinum eftirlýsta hefur gengið vegna sama verknaðar (hafi refsing verið ákvörðuð, afplánun lokið eða standi yfir eða ekki sé lengur heimilt að fullnusta dóminn samkvæmt lögum dómsríkisins) og í þriðja lagi ef óheimilt er sakir aldurs þess eftirlýsta að láta hann sæta refsiábyrgð samkvæmt lögum framkvæmdarríkisins.

Samkvæmt 5. gr. samningsins hafa aðildarríki heimild til að skylda eða heimila dómsmálayfirvaldi framkvæmdarríkis að synja um framkvæmd handtökuskipunar í ákveðnum tilvikum, s.s. ef verið er að sækja manninn til saka í framkvæmdarríkinu fyrir sama verknað eða ef saksókn eða refsing er fyrnd.

Samkvæmt 6. gr. er óheimilt að synja um framkvæmd handtökuskipunar á grundvelli þess að framkvæmdarríkið kunni að líta á afbrotið sem stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot sem sprottið er af stjórnmálaástæðum.

Samkvæmt 7. gr. er óheimilt að synja um framkvæmd handtökuskipunar á þeim grundvelli að hinn eftirlýsti sé ríkisborgari framkvæmdarríkisins. Í ákvæðinu er samningsaðilum þó veitt heimild til að leggja fram yfirlýsingu um að þeir muni ekki afhenda eigin ríkisborgara eða afhendi þá einungis við sérstakar tilgreindar aðstæður. Sé slík yfirlýsing gefin af útgáfuríki handtökuskipunar er framkvæmdarríki heimilt að beita gagnkvæmni við framkvæmd handtökuskipunar.

Ákvæði 8. gr. veitir heimild til þess að setja skilyrði fyrir framkvæmd á handtökuskipun í ákveðnum tilvikum, s.s. ef handtökuskipun er gefin út til að framfylgja refsidómi eða öryggisráðstöfun á grundvelli ákvörðunar sem tekin var í fjarveru þess sem hún beinist gegn og viðkomandi hefur ekki fengið fullnægjandi upplýsingar við þá framkvæmd.

Í 9. gr. er að finna ákvæði um hvaða dómsmálayfirvald telst vera lögbært til að gefa út handtökuskipun.

Samkvæmt 10. gr. er samningsaðilum heimilt að senda hverjum öðrum tilkynningar um það hvaða miðlæg yfirvöld, eitt eða fleiri, skuli samkvæmt réttarkerfi viðkomandi ríkis vera lögbærum dómsmálayfirvöldum til aðstoðar.

Í 11. gr. er að finna ákvæði um efni og framsetningu handtökuskipunar.

Samkvæmt 12. gr. getur dómsmálayfirvald útgáfuríkis sent handtökuskipun beint til dómsmálayfirvalds framkvæmdarríkis, sé dvalarstaður eftirlýsts manns ljós. Dómsmálayfirvaldi útgáfuríkis er enn fremur heimilt að skrá eftirlýstan mann í Schengen-upplýsingakerfið.

Samkvæmt 13. gr. skal dómsmálayfirvald útgáfuríkis senda fyrirspurnir til að afla upplýsinga frá framkvæmdarríki, sé óljóst hvaða dómsmálayfirvald skuli annast framkvæmdina. Sé ekki unnt að nýta þjónustu Schengen-upplýsingakerfisins er því dómsmálayfirvaldi sem óskar afhendingar heimilt að leita til Alþjóðasambands sakamálalögreglu (interpol).

Samkvæmt 14. gr. hefur eftirlýstur maður þann skýlausa rétt að vera upplýstur um handtökuskipunina og efni hennar í samræmi við landslög og jafnframt um að hann eigi þess kost að samþykkja afhendinguna. Hinn handtekni á rétt til aðstoðar lögfræðings og túlks í samræmi við landslög framkvæmdarríkis.

Samkvæmt 15. gr. skal dómsmálayfirvald framkvæmdarríkis ákveða hvort handteknum manni (á grundvelli handtökuskipunar) verði haldið í gæsluvarðhaldi í samræmi við lög þess. Heimilt er að sleppa manni til bráðabirgða (í samræmi við landslög framkvæmdarríkis) að því tilskildu að allar ráðstafanir séu gerðar sem nauðsynlegar teljast til þess að koma í veg fyrir að hann komist undan.

Í 16. gr. kemur fram að í samræmi við landslög framkvæmdarríkis skal samþykki hins handtekna fyrir afhendingu og eftir atvikum afsal réttar til að verða ekki sóttur til saka í útgáfuríki fyrir annað brot en það sem er grundvöllur handtökuskipunarinnar gefið frammi fyrir dómsmálayfirvaldi þess. Sérhverjum samningsaðila ber að tryggja ráðstafanir sem stuðla að því að slíkt samþykki og afsal sé gefið af fúsum og frjálsum vilja, þeim sem í hlut á sé kunnugt um afleiðingarnar, en í því skyni skal eftirlýstur maður eiga rétt á ráðgjöf lögfræðings. Meginreglan er að samþykki þetta er óafturkallanlegt en hvert ríki getur þó kveðið á um annað í samræmi við landslög.

Samkvæmt 17. gr. á hinn handtekni rétt á því að skýrsla sé tekin af honum fyrir dómsmálayfirvaldi framkvæmdarríkis í samræmi við lög þess, samþykki hann ekki afhendingu.

Samkvæmt 18. gr. ber dómsmálayfirvaldi framkvæmdarríkis að ákveða hvort maður skuli afhentur. Teljist upplýsingar sem útgáfuríkið sendir með handtökuskipun ekki nægja til að mögulegt sé að taka ákvörðun þar um skal biðja um viðbótarupplýsingar og setja má frest fyrir móttöku þeirra.

Í 19. gr. kemur fram að ef tvö eða fleiri ríki hafa gefið út handtökuskipun á hendur sama manni skuli dómsmálayfirvald framkvæmdarríkisins taka ákvörðun um það hvor þeirra skuli koma til framkvæmda. Dómsmálayfirvaldið má leita ráða hjá Evrópsku réttaraðstoðinni (Eurojust) vegna þessarar ákvörðunar. Rísi ágreiningur um hvort handtökuskipun og framsalsbeiðni þriðja ríkis gangi framar skal lögbært yfirvald í framkvæmdarríkinu taka ákvörðun um það hvort skuli hafa forgang.

Í 20. gr. kemur fram sú meginregla að fjalla skuli um og framkvæma handtökuskipun eins fljótt og auðið er. Hafi eftirlýstur maður samþykkt afhendingu skal endanleg ákvörðun framkvæmd innan 10 daga frá samþykki. Liggi samþykki hins vegar ekki fyrir er frestur til ákvörðunartöku 60 dagar eftir handtöku mannsins. Verði töf ber að tilkynna það dómsmálayfirvaldi þess ríkis sem óskar afhendingar og er þá heimilt að framlengja frestinn um 30 daga.

Í 21. gr. er kveðið á um að dómsmálayfirvaldi sem annast framkvæmd handtökuskipunar vegna saksóknar beri annaðhvort að samþykkja að eftirlýstur maður fái að gefa skýrslu eða samþykkja tímabundinn flutning hans.

Samkvæmt 22. gr. skal dómsmálayfirvald framkvæmdarríkis taka skýrslu af hinum eftirlýsta og njóta til þess aðstoðar einstaklings sem er tilnefndur í samræmi við lög þess ríkis sem afhendingar óskar. Skýrslutakan skal vera í samræmi við lög framkvæmdarríkisins og með þeim skilyrðum sem hlutaðeigandi dómsmálayfirvöld beggja ríkja komast að gagnkvæmu samkomulagi um.

Í 23. gr. kemur fram að ef ákvörðun um afhendingu varðar eftirlýstan mann sem nýtur sérréttinda eða friðhelgi varðandi lögsögu eða fullnustu í framkvæmdarríkinu hefjist fresturinn ekki fyrr en tilkynnt hefur verið að þau hafi verið felld niður.

Í 24. gr. er tekið fram að samningurinn hafi ekki áhrif á skuldbindingar framkvæmdarríkisins þegar þriðja ríki framselur eftirlýstan mann til þess og hinn eftirlýsti nýtur verndar samkvæmt sérreglum í fyrirkomulagi því sem afhendingin er grundvölluð á.

Samkvæmt 25. gr. skal dómsmálayfirvald framkvæmdarríkis tilkynna dómsmálayfirvaldi útgáfuríkis þegar í stað þegar ákvörðun hefur verið tekin um hvort handtökuskipun komi til framkvæmdar.

Samkvæmt 26. gr. skal afhenda eftirlýstan mann við fyrsta tækifæri á þeim degi sem hlutaðeigandi yfirvöld koma sér saman um, en veittur er 10 daga frestur til afhendingar eftir að endanleg ákvörðun um framkvæmd handtökuskipunar liggur fyrir. Í undantekningartilvikum, s.s. þegar upp koma aðstæður sem ríkin ráða ekki við eða fresta þarf afhendingu af brýnum mannúðarástæðum, geta ríkin komið sér saman um annan afhendingardag. Sé eftirlýstur maður enn í haldi þegar framangreindir frestir renna út skal láta hann lausan.

Samkvæmt 27. gr. er dómsmálayfirvaldi því sem framkvæmdina annast heimilt að fresta afhendingu eftirlýsts manns eftir að ákvörðun um að framkvæma handtökuskipunina hefur verið tekin. Þannig er unnt að sækja hinn eftirlýsta til saka í framkvæmdarríkinu eða ef ákvörðun um refsingu hefur verið tekin láta hann afplána dóm á yfirráðasvæði þess fyrir annan verknað en þann sem um getur í handtökuskipuninni.

Í 28. gr. er kveðið á um skyldu hvers aðildarríkis samningsins til að heimila gegnumflutning eftirlýsts manns, sem er sendur til afhendingar um yfirráðasvæði sitt, að því tilskildu að það fái nánar tilgreindar upplýsingar varðandi flutninginn.

Samkvæmt 29. gr. ber útgáfuríki að draga þann gæsluvarðhaldstíma sem rekja má til framkvæmdar handtökuskipunarinnar frá þeim heildartíma refsingar sem viðkomandi ber að afplána í útgáfuríkinu á grundvelli úrskurðar um refsivist eða öryggisráðstöfun.

Í 2. mgr. 30. gr. kemur fram sú meginregla að óheimilt er að sækja mann sem afhentur er til saka, dæma hann til refsingar eða svipta hann að öðru leyti frelsi sínu fyrir annað afbrot en það sem hann var afhentur fyrir og var framið áður en til afhendingar kom. Undantekningar á þessari meginreglu er að finna í 1. og 3. mgr. ákvæðisins. Annars vegar er samningsaðilum heimilt að tilkynna um þá afstöðu að samþykki liggi fyrir brotum sem framin voru áður en afhending á sér stað. Hins vegar eru tilteknar ákveðnar aðstæður þar sem meginreglan gildir ekki, s.s. þegar afbrotið leiðir hvorki til fangelsisvistar né öryggisráðstöfunar eða ef viðkomandi hefur gefið samþykki sitt fyrir afhendingu.

Í 31. gr. eru talin upp tilvik sem heimila að maður, sem afhentur hefur verið útgáfuríki samkvæmt handtökuskipun, geti fengið sig afhentan öðru ríki en framkvæmdarríkinu samkvæmt handtökuskipun vegna afbrots sem framið var áður en til afhendingar kom, án samþykkis framkvæmdarríkisins.

Í 32. gr. kemur fram að því dómsmálayfirvaldi sem annast framkvæmd handtökuskipunar er skylt að leggja hald á og afhenda hluti sem gæti þurft sem sönnunargögn eða hinn eftirlýsti hefur aflað með afbroti sínu, að beiðni þess dómsmálayfirvalds sem gefur handtökuskipun út eða að eigin frumkvæði samkvæmt landslögum.

Samkvæmt 33. gr. samningsins greiðir framkvæmdarríkið allan kostnað við framkvæmd handtökuskipunar sem til fellur á yfirráðasvæði þess, en útgáfuríkið ber allan annan kostnað.

Samkvæmt 34. gr. skal samningurinn koma í stað samsvarandi ákvæða í tilgreindum samningum sem gilda um framsal milli Noregs og Íslands annars vegar og aðildarríkja ESB hins vegar. Samningsaðilum er heimilt að beita áfram tví- eða marghliða samningum sem í gildi eru þegar gerð samningsins lýkur, að því marki sem slíkur samningur er víðtækari en markmið þessa samnings og greiðir fyrir eða einfaldar málsmeðferð við afhendingu manna

sem handtökuskipun hefur verið gefin út á. Samningsaðilum er jafnframt heimilt að gera tvíeða marghliða samning eftir gildistöku samningsins ef slíkur samningur útvíkkar eða eykur við efni þessa samnings og stuðlar að því að einfalda eða greiða fyrir ofangreindri málsmeðferð.

**C. Samningur Íslands og Noregs við Evrópusambandið frá 2003 um beitingu tiltekinna ákvæða samnings aðildarríkja ESB um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum.**

Samningur Íslands og Noregs við Evrópusambandið um réttaraðstoð í sakamálum mælir fyrir um að þau efnisákvæði samnings aðildarríkja ESB um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 2000, sem ekki töldust vera þróun á Schengen-gerðunum skv. 2. gr. hans, skuli gilda í samskiptum Íslands og Noregs við aðildarríki Evrópusambandsins, sem og í gagnkvæmum samskiptum milli þessara tveggja ríkja. Þá mælir samningurinn fyrir um að tiltekin ákvæði bókunar við samning Evrópusambandsríkjanna frá 2001 skuli einnig gilda gagnvart Íslandi og Noregi. Enn fremur hefur samningurinn að geyma ákvæði um hvernig tryggja skuli samræmda beitingu og túlkun samningsins og hvernig leysa skuli úr ágreiningi varðandi túlkun og beitingu hans. Þá má vekja athygli á 3. gr. samningsins sem mælir fyrir um að í þeim tilfellum sem aðildarríki ESB kann að hafna beiðni frá Íslandi eða Noregi um aðstoð á grundvelli samningsins sé síðarnefndu ríkjunum heimilt að fara fram á það við viðkomandi aðildarríki að það greini Evrópsku réttaraðstoðinni (Eurojust) í Haag frá þeim vandamálum sem upp koma varðandi framkvæmd beiðninnar með það í huga að leita raunhæfra lausna. Þess má geta í þessu samhengi að Ísland gerði samstarfssamning við Eurojust þann 2. desember 2005.

*Nánar um samning aðildarríkja Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum.*

Eins og áður er getið um hefur ofangreindur samningur Íslands og Noregs við Evrópusambandið fyrst og fremst að geyma tilvísanir til ákvæða samnings aðildarríkja Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð frá árinu 2000. Nánar tiltekið gerir samningurinn ráð fyrir því að ákvæði 4., 8., 9., 10., 11., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 21., 22., 25., og 26. gr. samnings aðildarríkja ESB, sem og 1. gr. og 24. gr. hans að því marki sem þær greinar varða framangreindar greinar samningsins, skuli gilda í samskiptum Íslands og Noregs sín á milli og við aðildarríki ESB. Er því rétt að gera nánar grein fyrir efni samnings aðildarríkja ESB og helstu ákvæðum hans sem vísað er til í samningi Íslands og Noregs við Evrópusambandið frá 2003.

Markmið samnings ESB um gagnkvæma réttaraðstoð er að bæta og auka réttaraðstoð milli ríkjanna í sakamálum á þeim grundvelli sem þegar er fyrir hendi, en sú samvinna hvílir einkum á Evrópusamningi um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959, ásamt viðbótarbókun frá 17. mars 1978, og samningi frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 15. júní 1985 (Schengen-samningnum). Samningur ríkja Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum felur meðal annars í sér breytingu á Schengenreglum sem gilda á þessu sviði og getið er um í viðauka A við samninginn sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Samkvæmt 4. gr. samningsins skal, þegar gagnkvæm réttaraðstoð er veitt, það aðildarríki sem beiðni er beint til uppfylla þau formlegu skilyrði og fylgja þeirri málsmeðferð sem aðildarríkið sem leggur fram beiðni tilgreinir sérstaklega.

Samkvæmt 8. gr. samningsins um skil getur aðildarríki orðið við beiðni um að afhenda öðru aðildarríki hluti til umráða sem fengnir voru með ólögmætum hætti með það í huga að þeim verði skilað til réttmætra eigenda, með fyrirvara um réttindi þriðja aðila í góðri trú. Þá geta aðildarríki gert með sér samning um tímabundinn flutning manna sem eru í varðhaldi vegna rannsóknar, sbr. 9. gr. samningsins. Samningnum er ætlað að taka mið af þeim miklu tæknibreytingum sem orðið hafa á síðustu árum og er samningsaðilum gert kleift að nýta sér þá þróun. Þannig getur réttaraðstoðar verið óskað og hún veitt með yfirheyrslu á myndfundi, sbr. 10. gr. samningsins. Þá getur yfirheyrsla vitna og sérfræðinga farið fram á símafundi með þeirra samþykki, sbr. 11. gr. Samningnum er einnig ætlað að taka mið af nýjum aðstæðum sem skapast hafa við afnám eftirlits á sameiginlegum landamærum í kjölfar Schengensamningsins. Frjáls för fólks milli ríkja samningsaðila hefur leitt til breyttrar brotastarfsemi og sú þróun kallar á nýjar reglur sem gera yfirvöldum kleift að takast á við breyttar aðstæður. Ákvæði 12. gr. samningsins um afhendingu undir eftirliti við rannsókn sakamála vegna brota sem leitt geta til framsals hefur þegar verið innleitt, með lögum nr. 45/2001, um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984. Þá heimilar samningurinn aðildarríkjum, með gagnkvæmu samkomulagi, að koma á fót sérstökum sameiginlegum rannsóknarhópum, sbr. 13. gr. Aðildarríki geta einnig komið sér saman um að aðstoða hvert annað við rannsókn sakamáls með því að nota lögreglumenn sem starfa leynilega eða undir fölsku nafni (rannsókn með aðstoð flugumanna), sbr. 14. gr. samningsins. Um réttarstöðu slíkra rannsóknarmanna er fjallað í 15. og 16. gr. samningsins.

III. bálkur samningsins (17.–22. gr.) hefur að geyma ítarleg ákvæði um hlerun fjarskipta, sem taka tillit til þeirra miklu tæknibreytinga sem orðið hafa á því sviði, og er réttaraðstoð gerð skilvirkari og um leið árangursríkari hvað hleranir varðar. Ákvæði 1. mgr. 1. gr. Evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 1959 hefur hingað til legið til grundvallar réttaraðstoð milli ríkja, en þær skuldbindingar voru ekki taldar fullnægjandi í mörgum tilvikum. Sérstaklega var talin þörf á frekari skuldbindingu ríkja hvað varðar hleranir á sviði farsímakerfa. Á sviði farsíma hafa orðið hvað mestar tæknibreytingar á síðustu árum og að sama skapi eru farsímafjarskipti mikið notuð við framkvæmd refsiverðs athæfis. Skv. 17. gr. samningsins skal, að því er tekur til beitingar 18., 19. og 20. gr., þar til bært yfirvald merkja dómsmálayfirvald eða, þegar dómsmálayfirvöld hafa ekki lögsögu á því sviði sem ákvæðin ná yfir, sambærilegt þar til bært yfirvald sem tilgreint hefur verið af ríki og vinnur að rannsókn sakamáls. Hér á landi væri þar til bært yfirvald dómsmálaráðuneytið, nema annað sé ákveðið með samningi við annað ríki. Ákvæði 18. gr. samningsins fjallar um beiðnir um hlerun fjarskipta í þágu rannsóknar sakamáls í öðru ríki, 19. gr. fjallar um hlerun fjarskipta á eigin yfirráðasvæði með aðstoð þjónustuveitenda og 20. gr. fjallar um tilkynningar um hlerun fjarskipta án tæknilegrar aðstoðar annars aðildarríkis. Skv. 21. gr. skal það aðildarríki sem leggur fram beiðni bera kostnað sem fjarskiptafyrirtæki eða þjónustuveitendur stofna til þegar orðið er við beiðnum skv. 18. gr. samningsins. Í 22. gr. er tekið fram að framangreind ákvæði komi ekki í veg fyrir tvíhliða eða fjölþjóðlega samninga milli aðildarríkjanna til þess að auðvelda að tæknilegir möguleikar séu nýttir í nútíð og framtíð að því er varðar löglega hlerun fjarskipta.

Bókun við samninginn er viðbótarráðstöfun á sviði gagnkvæmrar réttaraðstoðar í sakamálum til að berjast gegn afbrotum. Bókuninni er sérstaklega ætlað að taka til skipulagðrar brotastarfsemi, peningaþvættis og efnahagsbrota. Ákvæði 1. gr. bókunarinnar fjallar um beiðni um upplýsingar um bankareikninga og skyldu aðildarríkja til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að geta veitt aðildarríki slíkar upplýsingar, að vissum skilyrðum uppfylltum.

Þá fjallar 2. gr. bókunar um beiðni um upplýsingar um bankaviðskipti, 3. gr. um beiðni um eftirlit með bankaviðskiptum, 4. gr. um trúnaðarkvöð, 5. gr. um upplýsingaskyldu og 6. gr. um viðbótarbeiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð. Skv. 7. gr. skal aðildarríki ekki skírskota til bankaleyndar sem ástæðu til að synja um samvinnu þegar beiðni berst um gagnkvæma réttaraðstoð frá öðru aðildarríki. Þá er aðildarríki ekki heimilt að synja um samvinnu á grundvelli þeirrar ástæðu að um sé að ræða rannsókn á skattabroti, sbr. 8. gr., eða að um sé að ræða stjórnmálaafbrot, sbr. 9. gr.

Dómsmálaráðherra flutti frumvarp til laga á síðasta löggjafarþingi um þær breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum sem samningur þessi kallar á. Varð frumvarpið að lögum nr. 71/2006.

**D. Ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA.**

Samkvæmt ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA frá 27. febrúar 2003 skal samningur frá 1995 um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins teljast vera þróun á Schengen-gerðunum samkvæmt Brussel-samningnum. Enn fremur mælir ákvörðunin fyrir um að nánar tilgreind ákvæði samningsins frá 1996 um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins skuli einnig teljast vera þróun á Schengen-gerðunum samkvæmt Brussel-samningnum. Í ákvörðuninni felst því að það fyrirkomulag á framsali sakamanna sem mælt er fyrir um í þessum samningum er útfært til þeirra Schengen-ríkja sem standa fyrir utan Evrópusambandið. Sökum þess að Schengen-samningurinn mælir fyrir um afnám persónueftirlits innan Schengen-svæðisins er brýnt að auðvelda og hraða meðferð framsalsbeiðna milli allra Schengen-ríkjanna, þ.m.t. Íslands og Noregs.

Ákvörðun nr. 2003/169/JHA og framsalsamningarnir tveir kalla á breytingu á lögum nr. 13/1984, um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Vinnur dómsmálaráðuneytið nú að undirbúningi nauðsynlegs lagafrumvarps.

*Meginefni samningsins frá 1995 um einfaldaða málsmeðferð við framsal.*

Með framsalssamningnum frá 1995 er stefnt að einfaldaðri málsmeðferð við framsal að því marki sem slíkt samrýmist meginreglum laga, þ.m.t. meginreglum Evrópusamningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Er markmið samningsins að greiða fyrir beitingu samnings Evrópuráðsins um framsal sakamanna frá 1957. Samningurinn kom til af því, að samkvæmt athugun á framsalsbeiðnum milli aðildarríkja Evrópusambandsins hafði sá sem framsals var óskað á í mörgum tilvikum samþykkt beiðnina. Þrátt fyrir að slíkt samþykki lægi fyrir gat málsmeðferðin og framsalið tekið óheyrilega langan tíma. Í ljósi þessa taldi ráð Evrópusambandsins að samþykkja þyrfti reglur sem tryggðu hraða málsmeðferð í þeim tilvikum þegar viðkomandi samþykkir framsal sitt. Hröð málsmeðferð var einnig talin nauðsynleg til að vernda mannréttindi og mannfrelsi viðkomandi einstaklings.

Meginatriði samningsins er að í þeim tilvikum sem fyrir liggur samþykki viðkomandi aðila. og þess ríkis sem beiðni beinist til, þá er viðkomandi afhentur án þess að til þurfi að koma beiðni um framsal og formleg málsmeðferð vegna framsals. Aðildarríki samningsins skuldbinda sig til að afhenda hvert öðru einstaklinga, sem óskast framseldir, í samræmi við einfölduðu málsmeðferðina, ef viðkomandi maður veitir til þess samþykki sitt og ríkið, sem beiðni er beint til, fellst á það í samræmi við samninginn. Það ríki sem leggur fram beiðni um framsal skal láta fylgja fullnægjandi upplýsingar með beiðni sinni, þ.m.t. upplýsingar um deili á þeim einstaklingi sem óskað er að verði framseldur, hvort fyrir liggi handtökuskipun

eða annað skjal sem hefur sama lagagildi eða aðfararhæfur dómur, eðli afbrotsins og lýsing á því samkvæmt lögum sem og afleiðingar afbrotsins.

*Meginefni samningsins frá 1996 um framsal.*

Meginmarkmið samnings Evrópusambandsríkjanna frá 1996 um framsal er að auðvelda framkvæmd á framsali sakamanna milli Evrópusambandsríkjanna. Samningurinn byggist m.a. á Evrópusamningnum um framsal sakamanna frá 1957, en felur þó í sér gagngera breytingu á því fyrirkomulagi sem þar er mælt fyrir um. Fyrst ber að nefna framsal á eigin ríkisborgurum. Evrópusambandsríkin töldu hinar nýju reglur sérstaklega nauðsynlegar vegna samstarfs í baráttunni gegn alvarlegum afbrotum, s.s. vegna hryðjuverka og skipulagðrar glæpastarfsemi, þá sérstaklega til auðvelda beitingu Evrópusamnings um varnir gegn hryðjuverkum, sem og ákvæða Schengen-samkomulagsins um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum. Aðildarríkin töldu sig geta fallist á slíkar breytingar í ljósi trúar sinnar á réttarkerfi aðildarríkjanna og getu þeirra til að tryggja sanngjörn réttarhöld, sérstaklega í ljósi þess að þau eru öll aðilar að samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950.

Rétt er að leggja áherslu á að samkvæmt ákvörðun nr. 2003/169/JHA skulu aðeins nánar tilgreind ákvæði samningsins gilda um Ísland, þ.e. ákvæði 2., 6., 8., 9. og 13 gr., fallist Ísland á efni ákvörðunarinnar. Þannig munu ákvæði samningsins um framsal eigin ríkisborgara ekki gilda gagnvart Íslandi. Að því er Ísland varðar, þá felur samningurinn í sér styttingu þeirrar frjálsræðissviptingar eða öryggisráðstöfunar sem afbrotið getur varðað. Einungis er heimilt að óska eftir framsali varði brotið, sem er ástæðan fyrir framsalsbeiðninni, a.m.k. 12 mánaða frelsissviptingu eða öryggisráðstöfun samkvæmt lögum þess ríkis sem leggur fram framsalsbeiðnina og frelsissviptingu eða öryggisráðstöfun í a.m.k. sex mánuði í því ríki sem beiðninni er beint til. Í þessu felst að Ísland gæti ekki óskað eftir framsali einstaklings nema á grundvelli afbrots sem samkvæmt íslenskum lögum varðaði a.m.k. 12 mánaða fangelsi. Þá mætti ekki óska eftir því við íslensk stjórnvöld að héðan yrði framseldur einstaklingur nema á grundvelli afbrots sem varðaði a.m.k. 6 mánaða fangelsi samkvæmt íslenskum lögum (var áður 12 mánuðir).

Ekki er heimilt samkvæmt samningnum að synja um framsal á þeim forsendum að brot eða fullnusta refsingar viðkomandi aðila sé fyrnd samkvæmt lögum aðildarríkisins sem beiðni er beint til. Hins vegar skal ekki verða við framsalsbeiðni vegna brots sem veitt er sakaruppgjöf fyrir í aðildarríkinu sem beiðni er beint til, hafi það ríki verið til þess bært að lögsækja fyrir brotið samkvæmt eigin hegningarlögum.

**Fylgiskjal I.**

SAMNINGUR

MILLI EVRÓPUSAMBANDSINS OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG KONUNGSRÍKISINS NOREGS UM MÁLSMEÐFERÐ VIÐ AFHENDINGU MILLI AÐILDARRÍKJA EVRÓPUSAMBANDSINS OG ÍSLANDS OG NOREGS

EVRÓPUSAMBANDIÐ

annars vegar og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

og

KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR

hins vegar,

sem nefnast hér á eftir „samningsaðilar“,

HAFA HUG Á að bæta réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs, sbr. þó ákvæði um verndun einstaklingsfrelsis.

HAFA Í HUGA að núverandi tengsl samningsaðilanna gera það að verkum að nauðsynlegt er að vinna náið saman að því að berjast gegn afbrotum.

LÁTA Í LJÓS gagnkvæma trú sína á skipulagi og starfsemi réttarkerfa sinna og getu allra samningsaðila til að tryggja sanngjörn réttarhöld.

HAFA Í HUGA að Ísland og Noregur hafa lagt fram ósk um að gerður verði samningur er geri þeim kleift að hraða fyrirkomulagi við afhendingu grunaðra og sakfelldra manna gagnvart aðildarríkjum Evrópusambandsins og að beita megi málsmeðferð við afhendingu gagnvart þeim.

HAFA Í HUGA að Evrópusambandið lítur einnig svo á að æskilegt sé að gera slíkan samning.

HAFA Í HUGA að af þeim sökum er rétt að koma á fót fyrirkomulagi fyrir málsmeðferð við afhendingu.

HAFA Í HUGA að öll aðildarríkin og Konungsríkið Noregur og lýðveldið Ísland eiga aðild að nokkrum samningum er varða framsal, þ.m.t. Evrópusamningur um framsal sakamanna frá 13. desember 1957 og Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum frá 27. janúar 1977. Á Norðurlöndum gilda samræmd lög um framsal sakamanna þar sem sami skilningur ríkir um það sem felst í hugtakinu „framsal sakamanns“.

HAFA Í HUGA að halda ber áfram samstarfi samkvæmt samningi ESB frá 10. mars 1995 um einfaldaða málsmeðferð við framsal og samningi ESB frá 27. september 1996 um framsal, ef ekki er unnt að auka það.

HAFA Í HUGA að fullnægjandi eftirlit skal haft með ákvörðunum um framkvæmd handtökuskipunar, eins og hún er skilgreind í þessum samningi, sem merkir að dómsmálayfirvald í ríkinu, þar sem eftirlýstur maður hefur verið handtekinn, verður að taka ákvörðun um afhendingu hans.

HAFA Í HUGA að hlutverk miðlægra yfirvalda við framkvæmd handtökuskipunar, eins og hún er skilgreind í þessum samningi, skal takmarkað við hagnýta og stjórnsýslulega aðstoð.

HAFA Í HUGA að í þessum samningi eru grundvallarréttindi virt, einkum Evrópusáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis.
Þessi samningur kemur ekki í veg fyrir að ríki beiti stjórnarskrárákvæðum sínum um tilhlýðilega málsmeðferð, félagafrelsi, prentfrelsi, tjáningarfrelsi í öðrum miðlum og frelsisbaráttumenn.

HAFA Í HUGA að ekki ætti að afhenda ríki mann ef veruleg hætta er á að hann verði látinn sæta dauðarefsingu, pyntingum eða annarri ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu.

HAFA Í HUGA að þar sem öll ríkin hafa fullgilt samning Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, skulu þær persónuupplýsingar sem eru unnar í tengslum við framkvæmd þessa samnings njóta verndar í samræmi við meginreglur þess samnings.

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

## 1. KAFLI
## ALMENNAR MEGINREGLUR
### 1. gr.
### Markmið og tilgangur.

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að bæta, í samræmi við ákvæði samnings þessa, málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkjanna annars vegar og Konungsríkisins Noregs og lýðveldisins Íslands hins vegar vegna saksóknar eða fullnustu dóma og hafa að lágmarki hliðsjón af skilmálum samningsins frá 27. september 1996 um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins.

2. Samningsaðilar skuldbinda sig, í samræmi við ákvæði þessa samnings, til að sjá til þess að framsalskerfi milli aðildarríkjanna annars vegar og Konungsríkisins Noregs og lýðveldisins Íslands hins vegar sé byggt á fyrirkomulagi við afhendingu samkvæmt handtökuskipun í samræmi við skilmála þessa samnings.

3. Þessi samningur hefur ekki áhrif til breytingar á skuldbindingu um að virða grundvallarréttindi og meginreglur laga eins og þær birtast í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis eða, að því er varðar framkvæmd dómsvalds í aðildarríki, meginreglunum sem um getur í 6. gr. sáttmála Evrópusambandsins.

4. Ekkert í þessum samningi skal túlkað á þann veg að óheimilt sé að synja um afhendingu manns sem handtökuskipun, eins og hún er skilgreind í þessum samningi, hefur verið gefin út á ef ástæða er til að ætla, á grundvelli hlutlægra þátta, að handtökuskipunin hafi verið gefin út í þeim tilgangi að sækja til saka eða refsa manni á grundvelli kyns, kynþáttar, trúar, þjóðernis, ríkisfangs, tungumáls, stjórnmálaskoðana eða kynhneigðar, eða að stöðu hans kunni að vera stefnt í hættu af einhverri þessara ástæðna.

2. gr.
Skilgreiningar.

1. „Samningsaðilar“: Evrópusambandið og Konungsríkið Noregur og lýðveldið Ísland.

2. „Aðildarríki“: aðildarríki Evrópusambandsins.

3. „Ríki“: aðildarríki, Konungsríkið Noregur eða lýðveldið Ísland.

4. „Þriðja ríki“: hvert það ríki annað en ríki sem er skilgreint í 3. mgr.

5. „Handtökuskipun“: dómsúrskurður sem ríki gefur út með það fyrir augum að annað ríki handtaki eða afhendi eftirlýstan mann svo að unnt sé að sækja hann til saka eða framfylgja úrskurði um refsivist eða öryggisráðstöfun.

3. gr.
Gildissvið.

1. Heimilt er að gefa út handtökuskipun vegna verknaða, sem eru refsiverðir samkvæmt lögum útgáfuríkisins, þar sem hámarkstímabil refsivistar eða öryggisráðstöfunar er a.m.k. 12 mánuðir eða, ef refsing hefur verið ákvörðuð eða úrskurður um öryggisráðstöfun liggur fyrir, ekki styttra en fjórir mánuðir.

2. Afhending skal, með fyrirvara um 3. og 4. mgr., fara fram með því skilyrði að þeir verknaðir, sem handtökuskipunin grundvallast á, feli í sér brot á lögum framkvæmdarríkisins, hver sem málsatvik eru eða hvernig sem því er lýst.

3. Með fyrirvara um 4. gr., 5. gr. (b- til g-liður 1. mgr.), 6. gr., 7. gr. og 8. gr. skal ríki í engu tilviki synja um framkvæmd handtökuskipunar sem gefin er út í tengslum við framferði manns, sem tekur þátt í athæfi hóps manna sem í sameiningu hyggjast fremja eitt eða fleiri afbrot er teljast til hryðjuverka og um getur í 1. og 2. gr. Evrópusamnings um varnir gegn hryðjuverkum og 1., 2., 3. og 4. gr. rammaákvörðunar frá 13. júní 2002 um baráttuna gegn hryðjuverkum, til ólöglegra viðskipta með fíkniefni og geðvirk efni eða morðs, alvarlegra líkamsmeiðinga, mannráns, ólöglegs halds, gíslatöku og nauðgunar, sem varðar frelsis-

sviptingu eða öryggisráðstöfun og skal hámarktímabil þessa vera a.m.k. 12 mánuðir, og gildir þá einu hvort viðkomandi hafi tekið þátt í raunverulegri framkvæmd afbrotsins eða afbrotanna enda hafi aðild hans verið með ásetningi og framkvæmd á grundvelli þeirrar vitneskju að þátttaka hans stuðli að því að samtökin nái markmiði afbrotastarfsemi sinnar.

4. Noregur og Ísland annars vegar og ESB hvaða aðildarríkja sinna sem er hins vegar geta lagt fram yfirlýsingu um að á grundvelli gagnkvæmni verði skilyrðinu um tvöfalt refsinæmi, sem um getur í 2. mgr., ekki beitt við þær aðstæður sem lýst er hér á eftir. Eftirtalin afbrot skulu, ef þau varða að hámarki a.m.k. þriggja ára refsivist eða öryggisráðstöfun í útgáfuríkinu og eins og þau eru skilgreind í lögum útgáfuríkisins, samkvæmt skilmálum þessa samnings og án þess að tvöfalt refsinæmi verknaðarins hafi verið sannreynt, vera tilefni afhendingar samkvæmt handtökuskipun:

- þátttaka í glæpasamtökum,
- hryðjuverk,
- mansal,
- kynlífsnotkun á börnum og barnaklám,
- ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni,
- ólögleg viðskipti með vopn, skotfæri og sprengiefni,
- spilling,
- svik, þ.m.t. svik sem hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna í skilningi samningsins frá 26. júlí 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna,
- þvætti ávinnings af afbrotum,
- peningafölsun, þ.m.t. á evrum,
- afbrot tengd tölvum,
- umhverfisafbrot, þ.m.t. ólögleg viðskipti með dýr, plöntur og yrki í útrýmingarhættu,
- aðstoð við óheimila komu til lands og búsetu,
- morð, alvarlegar líkamsmeiðingar,
- ólögleg viðskipti með líffæri og vefi úr mönnum,
- mannrán, ólöglegt hald og gíslataka,
- kynþátta- og útlendingahatur,
- skipulagt eða vopnað rán,
- ólögleg viðskipti með menningarverðmæti, þ.m.t. forngripi og listaverk,
- svindl,
- fjárglæfrar og fjárkúgun,

- eftirlíkingar og ólögleg nýting á vörum,
- fölsun opinberra skjala og viðskipti með þau,
- fölsun greiðslumiðla,
- ólögleg viðskipti með hormónaefni og aðra vaxtarhvata,
- ólögleg viðskipti með kjarnakleyf eða geislavirk efni,
- viðskipti með stolin ökutæki,
- nauðgun,
- íkveikja,
- afbrot sem heyra undir lögsögu Alþjóðlega sakamáladómstólsins,
- ólögmæt taka loftfars/skips,
- skemmdarverk.

4. gr.
Ástæður fyrir því að framkvæma ekki handtökuskipun.

Ríkin skulu leggja þá skyldu á herðar dómsmálayfirvaldinu sem annast framkvæmdina að synja um framkvæmd handtökuskipunar í eftirtöldum tilvikum:

1) ef afbrotið, sem handtökuskipunin er grundvölluð á, fellur undir almenna sakaruppgjöf í framkvæmdarríkinu, hafi þetta ríki lögsögu til að sækja til saka fyrir afbrotið samkvæmt refsilöggjöf sinni,

2) ef dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, fær upplýsingar um að fullnaðardómur ríkis yfir hinum eftirlýsta vegna sama verknaðar hafi gengið, að því tilskildu, hafi refsing verið ákvörðuð, að afplánun sé lokið eða standi yfir eða ekki sé lengur heimilt að fullnusta dóminn samkvæmt lögum dómsríkisins,

3) ef óheimilt er samkvæmt lögum framkvæmdarríkisins að láta þann sem handtökuskipunin er gefin út á sæta refsiábyrgð vegna verknaðarins, sem handtökuskipunin er grundvölluð á, sakir aldurs hans.

5. gr.
Aðrar ástæður fyrir því að framkvæma ekki handtökuskipun.

1. Ríki geta lagt þá skyldu á herðar dómsmálayfirvaldinu, sem annast framkvæmdina, eða heimilað því þann valkost að synja um framkvæmd handtökuskipunar í eftirtöldum tilvikum:

a) ef verknaðurinn, sem handtökuskipunin er grundvölluð á, telst ekki vera afbrot samkvæmt lögum framkvæmdarríkisins í öðru þeirra tilvika sem um getur í 2. mgr. 3. gr.; ekki skal þó synja um framkvæmd handtökuskipunar í tengslum við skatta eða gjöld, tolla og gjaldeyrisviðskipti af þeirri ástæðu að lög framkvæmdarríkisins kveða ekki á

um sams konar skatta eða gjöld eða það hefur ekki sams konar reglur varðandi skatta og gjöld, tolla og gjaldeyrisviðskipti og er að finna í lögum útgáfuríkisins,

b) ef verið er að sækja manninn, sem handtökuskipunin er gefin út á, til saka í framkvæmdarríkinu fyrir sama verknað og handtökuskipunin er grundvölluð á,

c) ef dómsmálayfirvöld í framkvæmdarríkinu hafa ákveðið annaðhvort að sækja ekki til saka fyrir afbrotið sem handtökuskipunin er grundvölluð á eða stöðva saksókn, eða fullnaðardómur hafi verið kveðinn upp í ríki gagnvart hinum eftirlýsta vegna sömu verknaða sem kemur í veg fyrir frekari málsmeðferð,

d) ef saksókn eða refsing gagnvart eftirlýsta manninum er fyrnd samkvæmt lögum framkvæmdarríkisins og verknaðirnir falla undir lögsögu þess ríkis samkvæmt refsilöggjöf þess,

e) ef dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, fær upplýsingar um að fullnaðardómur þriðja ríkis yfir hinum eftirlýsta hafi gengið vegna sama verknaðar, að því tilskildu, hafi refsing verið ákvörðuð, að afplánun sé lokið eða standi yfir eða ekki sé lengur heimilt að fullnusta dóminn samkvæmt lögum dómsríkisins,

f) ef handtökuskipun hefur verið gefin út í þeim tilgangi að framfylgja úrskurði um refsivist eða öryggisráðstöfun og eftirlýstur maður dvelur, er ríkisborgari eða er búsettur í framkvæmdarríkinu og það ríki tekur að sér að framfylgja refsidóminum eða öryggisráðstöfuninni í samræmi við landslög sín,

g) ef handtökuskipunin varðar afbrot:

i) sem litið er svo á samkvæmt lögum framkvæmdarríkisins að hafi verið framin í heild eða að hluta til á yfirráðasvæði þess ríkis eða á stað sem litið er á sem slíkan

eða

ii) sem voru framin utan yfirráðasvæðis útgáfuríkisins og óheimilt er samkvæmt lögum framkvæmdarríkisins að sækja til saka fyrir þau sömu afbrot þegar þau eru framin utan yfirráðasvæðis þess.

2. Sérhvert ríki skal upplýsa aðalskrifstofu ráðsins um það af hvaða ástæðum í 1. mgr., sem leiða til þess að handtökuskipun er ekki framkvæmd, það skyldar eigin dómsmálayfirvöld, sem annast framkvæmdina, að synja um framkvæmd handtökuskipunar. Aðalskrifstofan skal sjá til þess að öll ríkin og framkvæmdastjórnin fái þessar upplýsingar.

6. gr.
Undantekning vegna stjórnmálaafbrota.

1. Óheimilt er að synja um framkvæmd handtökuskipunar á grundvelli þess að framkvæmdarríkið kunni að líta á afbrotið sem stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot sem sprottið er af stjórnmálaástæðum.

2. Noregur og Ísland annars vegar og Evrópusambandið hvaða aðildarríkja sinna sem er hins vegar geta lagt fram yfirlýsingu um að 1. mgr. gildi einungis í tengslum við:

a) afbrotin sem um getur í 1. og 2. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum,

b) afbrot sem felast í samsæri eða samanteknum ráðum, sem svara til lýsingarinnar á því framferði sem um getur í 3. mgr. 3. gr., að fremja eitt eða fleiri þeirra afbrota sem um getur í 1. og 2. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum

og

c) 1., 2., 3. og 4. gr. rammaákvörðunar frá 13. júní 2002 um baráttuna gegn hryðjuverkum.

3. Ef ríki, sem hefur gefið út yfirlýsingu sem um getur í 2. mgr., eða ríki, þar sem aðrir hafa annast útgáfu slíkrar yfirlýsingar fyrir þess hönd, gefur út handtökuskipun er framkvæmdarríkinu heimilt að beita gagnkvæmni.

7. gr.
Undantekning vegna ríkisfangs.

1. Óheimilt er að synja um framkvæmd handtökuskipunar á grundvelli þess að maðurinn, sem óskað er eftir, er ríkisborgari í framkvæmdarríkinu.

2. Noregur og Ísland annars vegar og Evrópusambandið hvaða aðildarríkja sinna sem er hins vegar geta lagt fram yfirlýsingu um að þau muni ekki afhenda eigin ríkisborgara eða afhenda þá einungis við sérstakar, tilgreindar kringumstæður.

3. Ef ríki, sem hefur gefið út yfirlýsingu sem um getur í 2. mgr., eða ríki, þar sem aðrir hafa annast útgáfu slíkrar yfirlýsingar fyrir þess hönd, gefur út handtökuskipun er hverju hinna ríkjanna sem er heimilt að beita gagnkvæmni við framkvæmd handtökuskipunar.

8. gr.
Tryggingar sem útgáfuríki ber að veita í vissum tilvikum.

Heimilt er að setja eftirfarandi skilyrði fyrir framkvæmd dómsmálayfirvalds á handtökuskipun:

1) ef handtökuskipunin er gefin út til að framfylgja refsidómi eða öryggisráðstöfun á grundvelli ákvörðunar sem er tekin í fjarveru þess sem hún beinist gegn og hafi hlutaðeigandi ekki verið stefnt persónulega eða á annan hátt fengið upplýsingar um hvaða dag og hvar skýrslutakan, sem leiddi til ákvörðunar í fjarveru hans, skyldi fara fram er heimilt að setja það skilyrði fyrir afhendingu að dómsyfirvaldið, sem gefur handtökuskipunina út, veiti fullnægjandi tryggingu fyrir því að sá sem handtökuskipunin varðar fái tækifæri til að óska eftir því að réttað verði í málinu að nýju í útgáfuríkinu og úrskurður felldur í viðurvist hans,

2) ef afbrotið, sem handtökuskipunin er gefin út fyrir, varðar ævilangri refsivist eða ævilangri öryggisráðstöfun er heimilt að binda framkvæmd handtökuskipunarinnar því skilyrði að útgáfuríkið veiti fullnægjandi tryggingu fyrir því, að mati framkvæmdarríkisins, að það muni endurskoða uppkveðna refsingu eða ráðstöfun komi fram beiðni þar um eða eigi síðar en eftir 20 ár eða hvetja til beitingar vægari ráðstafana sem viðkomandi á rétt á samkvæmt lögum eða venjum útgáfuríkisins sem miða að því að slík refsing eða ráðstöfun komi ekki til framkvæmda,

3) ef maður, sem handtökuskipun vegna saksóknar varðar, er ríkisborgari eða búsettur í framkvæmdarríkinu er heimilt að setja það skilyrði fyrir afhendingu að hann skuli sendur aftur til framkvæmdarríkisins að lokinni skýrslutöku til að afplána þar refsivist eða sæta öryggisráðstöfun sem kveðin var upp gegn honum í útgáfuríkinu.

9. gr.
Ákvörðun um hvaða dómsmálayfirvald telst vera lögbært.

1. Dómsmálayfirvaldið, sem gefur handtökuskipunina út, skal vera það dómsmálayfirvald í útgáfuríkinu sem er til þess bært að gefa út handtökuskipun samkvæmt lögum þess ríkis.

2. Dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, skal vera það dómsmálayfirvald í framkvæmdarríkinu sem er til þess bært að annast framkvæmd handtökuskipana samkvæmt lögum þess ríkis. Þegar tilkynningin, sem um getur í 1. mgr. 39. gr., er lögð fram er heimilt að tilnefna dómsmálaráðherra sem lögbært yfirvald við framkvæmd handtökuskipunar hvort sem hann telst vera dómsmálayfirvald samkvæmt lögum þess ríkis eða ekki.

3. Samningsaðilar skulu tilkynna hver öðrum um lögbær yfirvöld sín.

10. gr.
Leitað til miðlægs yfirvalds.

1. Samningsaðilum er heimilt að senda hver öðrum tilkynningar um miðlægt yfirvald hvers ríkis, hafi það verið tilnefnt, eða, ef gert er ráð fyrir því samkvæmt réttarkerfi viðkomandi ríkis, um fleiri en eitt miðlægt yfirvald sem skal vera lögbærum dómsmálayfirvöldum til aðstoðar.

2. Jafnframt er samningsaðilum heimilt að greina frá því að á grundvelli skipulags dómskerfis í viðkomandi ríkjum beri miðlæga yfirvaldið eða yfirvöldin ábyrgð á sendingu og móttöku stjórnsýslunnar á handtökuskipunum og öll önnur opinber bréfaskipti þar að lútandi. Þessar upplýsingar eru bindandi fyrir öll yfirvöldin í útgáfuríkinu.

11. gr.
Efni og framsetning handtökuskipunar.

1. Í handtökuskipun skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar sem eru settar fram í samræmi við framsetningu í viðaukanum við þennan samning:

a) deili á hinum eftirlýsta og ríkisfang hans,

b) nafn, heimilisfang, síma- og bréfsímanúmer og netfang dómsmálayfirvaldsins sem gefur handtökuskipunina út,

c) sönnun þess að aðfararhæfur dómur hafi verið kveðinn upp, handtökuskipun gefin út eða að fyrir hendi sé önnur aðfararhæf dómsniðurstaða sem hefur sömu áhrif og fellur undir gildissvið 2. og 3. gr.,

d) eðli afbrots og vísun til refsiákvæða, einkum að því er varðar 3. gr.,

e) lýsing á því við hvaða aðstæður afbrotið var framið, þ.m.t. hvenær og hvar það var framið og hversu stóran þátt hinn eftirlýsti átti í því,

f) ákvörðun refsingar ef fullnaðardómur hefur gengið eða hvaða refsiramma mælt er fyrir um vegna afbrotsins samkvæmt lögum útgáfuríkisins,

g) aðrar afleiðingar afbrotsins, ef unnt er.

2. Þýða verður handtökuskipunina á opinbert tungumál eða eitt af opinberum tungumálum framkvæmdarríkisins. Samningsaðila er heimilt, við gerð þessa samnings eða síðar, að gefa út yfirlýsingu um að hann muni samþykkja þýðingu á eitt eða fleiri opinber tungumál ríkis.

## 2. KAFLI
## MÁLSMEÐFERÐ VIÐ AFHENDINGU

### 12. gr.
### Sending handtökuskipunar.

1. Þegar dvalarstaður eftirlýsts manns er kunnur getur dómsmálayfirvaldið, sem gefur handtökuskipunina út, sent hana beint til dómsmálayfirvaldsins sem annast framkvæmdina.

2. Dómsmálayfirvaldinu, sem gefur handtökuskipunina út, er í öllum tilvikum heimilt að skrá eftirlýstan mann í Schengen-upplýsingakerfið (SIS).

Færa skal slíka skráningu í samræmi við viðeigandi ákvæði laga Evrópusambandsins um skráningu einstaklinga vegna afhendingar í Schengen-upplýsingakerfið. Skráning í Schengen-upplýsingakerfið skal jafngilda handtökuskipun með þeim upplýsingum sem eru settar fram í 1. mgr. 11. gr.

3. Skráningin skal á aðlögunartímabili, þar til Schengen-upplýsingakerfið getur sent allar þær upplýsingar sem lýst er í 11. gr., jafngilda handtökuskipun þar til dómsmálayfirvaldinu, sem annast framkvæmdina, berst frumritið með tilhlýðilegum og viðeigandi hætti.

13. gr.
Ítarleg málsmeðferð við sendingu handtökuskipunar.

1. Ef dómsmálayfirvaldið, sem gefur handtökuskipunina út, hefur ekki upplýsingar um það hvaða lögbært dómsmálayfirvald skuli annast framkvæmdina skal það senda nauðsynlegar fyrirspurnir til að afla upplýsinga um það frá framkvæmdarríkinu.

2. Ef ekki reynist unnt að nýta þjónustu Schengen-upplýsingakerfisins er dómsmálayfirvaldinu, sem gefur handtökuskipunina út, heimilt að leita til Alþjóðasambands sakamálalögreglu (Interpol) um sendingu handtökuskipunarinnar.

3. Dómsmálayfirvaldinu, sem gefur handtökuskipunina út, er heimilt að senda hana skriflega eftir hverri þeirri leið sem telst örugg og gerir framkvæmdarríkinu kleift að ganga úr skugga um áreiðanleika handtökuskipunarinnar.

4. Öll vandamál varðandi sendingu eða áreiðanleika hvers konar skjala sem þarf til að framkvæma handtökuskipunina skal leysa beint milli hlutaðeigandi dómsmálayfirvalda eða, ef við á, með aðkomu miðlægra yfirvalda ríkjanna.

5. Ef það yfirvald sem fær handtökuskipun í hendur er ekki til þess bært að framkvæma hana skal það þegar í stað senda handtökuskipunina til lögbærs yfirvalds í eigin ríki og tilkynna dómsmálayfirvaldinu, sem gef handtökuskipunina út, um það.

14. gr.
Réttur eftirlýsts manns.

1. Þegar eftirlýstur maður er handtekinn skal dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, upplýsa hann, í samræmi við landslög, um handtökuskipunina og efni hennar og að hann eigi þess kost að samþykkja að vera afhentur dómsmálayfirvaldinu sem gefur handtökuskipunina út.

2. Eftirlýstur maður, sem er handtekinn vegna framkvæmdar handtökuskipunar, hefur rétt til aðstoðar lögfræðings og túlks í samræmi við landslög framkvæmdarríkisins.

15. gr.
Gæsluvarðhald.

Þegar maður er handtekinn á grundvelli handtökuskipunar skal dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, ákveða hvort honum skuli haldið í gæsluvarðhaldi í samræmi við lög framkvæmdarríkisins. Heimilt er að sleppa manninum hvenær sem er til bráðabirgða í samræmi við landslög framkvæmdaríkisins, að því tilskildu að lögbært yfirvald í því ríki geri allar ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar til að koma í veg fyrir hann komist undan.

16. gr.
Samþykki fyrir afhendingu.

1. Ef hinn handtekni gefur til kynna samþykki sitt fyrir afhendingu skal slíkt samþykki og, ef við á, skýlaust afsal á réttinum til að nýta sér sérregluna sem um getur í 2. mgr. 30. gr. gefið frammi fyrir dómsmálayfirvaldinu, sem annast framkvæmdina, í samræmi við landslög framkvæmdarríkisins.

2. Hvert ríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samþykki og, eftir atvikum, afsal, eins og um getur í 1. mgr., sé gefið með þeim hætti að ljóst sé að sá sem í hlut á hafi gert það af fúsum og frjálsum vilja og verið kunnugt um afleiðingarnar. Eftirlýstur maður skal, í því skyni, eiga rétt á ráðgjöf lögfræðings.

3. Bóka skal formlega samþykkið og, eftir atvikum, afsalið sem um getur í 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í landslögum framkvæmdarríkisins.

4. Að meginreglu til er samþykkið óafturkallanlegt. Hvert ríki getur kveðið á um að samþykki og, eftir atvikum, afsal megi afturkalla í samræmi við landslög. Í því tilviki er tímabilið frá því að tilkynnt er um samþykki til þess að tilkynnt er um afturköllun þess ekki talið með þegar frestir, sem mælt er fyrir um í 20. gr., eru ákveðnir. Noregur og Ísland annars vegar og Evrópusambandið fyrir hönd hvaða aðildarríkja sinna sem er hins vegar geta lagt fram yfirlýsingu, á sama tíma og tilkynninguna sem kveðið er á um í 1. mgr. 38. gr., um að þau óski eftir því að geta nýtt sér þennan möguleika og skulu þau tilgreina hvaða málsmeðferð skuli gilda um slíka afturköllun samþykkis og hvers kyns breytingar á þeirri málsmeðferð.

17. gr.
Skýrslutaka af eftirlýstum manni.

Ef hinn handtekni samþykkir ekki afhendingu, eins og um getur í 16. gr., skal hann eiga rétt á að tekin sé af honum skýrsla fyrir dómsmálayfirvaldinu sem annast framkvæmdina, í samræmi við lög framkvæmdarríkisins.

18. gr.
Ákvörðun um afhendingu.

1. Dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, skal ákveða, innan þess frests og með þeim skilyrðum sem skilgreind eru í þessum samningi, hvort maður skuli afhentur.

2. Telji dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, þær upplýsingar sem útgáfuríkið sendi ekki nægja til að það geti tekið ákvörðun um afhendingu skal það biðja um að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar, einkum að því er varðar 4.–6. gr., 8. gr. og 11. gr., verði látnar í té hið bráðasta og getur það sett frest fyrir móttöku þeirra, þar sem tillit er tekið til þess að virða beri frestinn í 20. gr.

3. Dómsmálayfirvaldið, sem gefur handtökuskipunina út, getur hvenær sem er framsent hverjar þær viðbótarupplýsingar til dómsmálayfirvaldsins, sem annast framkvæmdina, sem komið geta að gagni.

19. gr.
Ákvörðun þegar margar beiðnir eru lagðar fram.

1. Ef tvö ríki eða fleiri hafa gefið út evrópska handtökuskipun eða handtökuskipun á hendur sama manni skal dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, taka ákvörðun um hver þeirra skuli koma til framkvæmda og að teknu tilhlýðilegu tilliti til allra aðstæðna og þá einkum alvarleika afbrots og hvar það var framið, hvenær hver handtökuskipun var gefin út og hvort handtökuskipun hafi verið gefin út vegna saksóknar eða til að framfylgja úrskurði um refsivist eða öryggisráðstöfun.

2. Dómsmálayfirvald aðildarríkis, sem annast framkvæmdina, getur leitað ráða hjá Evrópsku réttaraðstoðinni (Eurojust) vegna ákvörðunarinnar sem um getur í 1. mgr.

3. Ef ágreiningur er um hvort handtökuskipun og framsalsbeiðni þriðja ríkis gangi framar skal lögbært yfirvald í framkvæmdarríkinu taka ákvörðun um það hvort skuli hafa forgang að teknu tilhlýðilegu tilliti til allra aðstæðna, einkum þeirra sem um getur í 1. mgr. og þeirra sem getið er í viðeigandi samningi.

4. Þessi grein er með fyrirvara um skuldbindingar ríkja samkvæmt samþykkt Alþjóðlega sakamáladómstólsins.

20. gr.
Frestir og málsmeðferð við töku ákvörðunar um að framkvæma handtökuskipun.

1. Fjalla skal um og framkvæma handtökuskipun eins fljótt og auðið er.

2. Ef eftirlýstur maður hefur samþykkt afhendingu sína skal endanleg ákvörðun um framkvæmd handtökuskipunar tekin innan 10 daga frá því að samþykki liggur fyrir.

3. Í öðrum tilvikum skal endanleg ákvörðun um framkvæmd handtökuskipunar tekin innan 60 daga frá því að eftirlýstur maður er handtekinn.

4. Ef ekki er unnt, í sérstökum tilvikum, að framkvæma handtökuskipun innan þess frests sem mælt er fyrir um í 2. eða 3. mgr. skal dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, þegar í stað tilkynna það dómsmálayfirvaldinu, sem gefur handtökuskipunina út, og tilgreina ástæður fyrir töfinni. Í því tilviki er heimilt að framlengja frestinn um 30 daga.

5. Evrópusambandinu, fyrir hönd hvaða aðildarríkis síns sem er, er heimilt að leggja fram, á sama tíma og tilkynninguna sem kveðið er á um í 1. mgr. 38. gr., yfirlýsingu þar sem fram kemur í hvaða tilvikum 3. og 4. mgr. eigi ekki við. Noregi og Íslandi er heimilt að beita gagnkvæmni í tengslum við hlutaðeigandi aðildarríki.

6. Dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, skal sjá til þess að nauðsynlegum efnislegum skilyrðum varðandi afhendingu sé áfram fullnægt þar til það tekur endanlega ákvörðun um handtökuskipunina.

7. Færa skal rök fyrir synjun um framkvæmd handtökuskipunar.

21. gr.
Ákvörðunar beðið.

1. Hafi handtökuskipun verið gefin út vegna saksóknar verður dómsmálayfirvaldið sem annast framkvæmdina:

a) annaðhvort að samþykkja að eftirlýstur maður fái að gefa skýrslu í samræmi við 22. gr.,

b) eða samþykkja tímabundinn flutning hins eftirlýsta.

2. Dómsmálayfirvaldið, sem gefur handtökuskipunina út, og dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, skulu komast að gagnkvæmu samkomulagi um það hvaða skilyrði skulu gilda um tímabundinn flutning og í hversu langan tíma hann má standa.

3. Ef maðurinn er fluttur annað tímabundið verður að gera honum kleift að snúa aftur til framkvæmdarríkisins til að vera við skýrslutökur sem hann varða og eru hluti af málsmeðferð við afhendingu.

22. gr.
Skýrslutaka af manni á meðan ákvörðunar er beðið.

1. Dómsmálayfirvald skal taka skýrslu af hinum eftirlýsa og njóta til þess aðstoðar annars einstaklings sem er tilnefndur í samræmi við lög ríkisins þar sem dómstóllinn, sem fer fram á afhendinguna, er staðsettur.

2. Taka skal skýrslu af hinum eftirlýsta í samræmi við lög framkvæmdarríkisins og með þeim skilyrðum sem dómsmálayfirvaldið sem gefur handtökuskipunina út og dómsmálayfirvaldið sem annast framkvæmdina komast að gagnkvæmu samkomulagi um.

3. Lögbæra dómsmálayfirvaldinu, sem annast framkvæmdina, er heimilt að tilnefna annað dómsmálayfirvald í sama ríki til að taka þátt í skýrslutöku af hinum eftirlýsta í því skyni að tryggja rétta beitingu þessarar greinar og þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um.

23. gr.
Sérréttindi og friðhelgi.

1. Ef eftirlýstur maður nýtur sérréttinda eða friðhelgi að því er varðar lögsögu eða fullnustu í framkvæmdarríkinu hefst fresturinn, sem um getur í 20. gr., ekki fyrr en þann dag sem dómsmálayfirvaldinu, sem annast framkvæmdina, er tilkynnt um að sérréttindi og friðhelgi hafi verið felld niður.

2. Framkvæmdarríkið skal sjá til þess nauðsynlegum efnislegum skilyrðum varðandi afhendingu sé fullnægt þegar eftirlýstur maður nýtur ekki lengur sérréttinda eða friðhelgi.

3. Ef yfirvald í framkvæmdarríkinu hefur vald til að fella niður sérréttindi eða friðhelgi skal dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, fara fram á að það nýti sér það vald þegar í stað. Ef yfirvald í öðru ríki eða alþjóðastofnun hefur vald til að fella niður sérréttindi eða friðhelgi skal dómsmálayfirvaldið, sem gefur handtökuskipunina út, fara fram á að það nýti sér það.

24. gr.
Árekstur milli alþjóðlegra skuldbindinga.

Þessi samningur hefur ekki áhrif á skuldbindingar framkvæmdarríkisins þegar þriðja ríki framselur eftirlýstan mann til þess ríkis og viðkomandi nýtur verndar samkvæmt sérreglum í því fyrirkomulagi sem framsalið er grundvallað á. Framkvæmdarríkið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fá þegar í stað samþykki ríkisins sem framselur hinn eftirlýsta þannig að afhenda megi hann ríkinu sem gaf handtökuskipunina út. Fresturinn, sem um getur í 20. gr., hefst ekki fyrr en daginn sem beitingu þessara sérreglna er hætt.

Framkvæmdarríkið skal sjá til þess að nauðsynlegum efnislegum skilyrðum fyrir afhendingu sé áfram fullnægt á meðan beðið er ákvörðunar ríkisins sem framselur hinn eftirlýsta.

25. gr.
Tilkynning um ákvörðun.

Dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, skal tilkynna dómsmálayfirvaldinu, sem gefur handtökuskipunina út, þegar í stað um það þegar ákvörðun hefur verið tekin um hvort handtökuskipun kemur til framkvæmdar.

26. gr.
Frestur til að afhenda eftirlýstan mann.

1. Afhenda skal eftirlýstan mann við fyrsta tækifæri á degi sem hlutaðeigandi yfirvöld koma sér saman um.

2. Afhending hans skal fara fram eigi síðar en 10 dögum eftir að endanleg ákvörðun um framkvæmd handtökuskipunar liggur fyrir.

3. Ef aðstæður, sem ríkin ráða ekki við, leiða til þess að ekki er unnt að afhenda eftirlýstan mann innan þess frests sem mælt er fyrir um í 2. mgr. skal dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, og dómsmálayfirvaldið, sem gefur handtökuskipunina út, þegar í stað hafa samband hvort við annað og koma sér saman um annan afhendingardag. Í því tilviki skal afhending fara fram innan 10 daga frá nýju dagsetningunni sem ákveðin er.

4. Í undantekningartilvikum er heimilt að fresta afhendingu tímabundið af brýnum mannúðarástæðum, t.d. ef veruleg ástæða er til að líta svo á að afhending myndi augljóslega stofna lífi eða heilsu hins eftirlýsta í hættu. Handtökuskipun skal koma til framkvæmdar um leið og þessar ástæður er ekki lengur fyrir hendi. Dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, skal þegar í stað upplýsa dómsmálayfirvaldið, sem gefur handtökuskipunina út, um það og skulu þau koma sér saman um annan afhendingardag. Í því tilviki skal afhending fara fram innan 10 daga frá nýju dagsetningunni sem ákveðin er.

5. Ef eftirlýstur maður er enn í haldi þegar fresturinn, sem um getur í 2.–4. mgr., rennur út skal láta hann lausan.

27. gr.
Afhendingu frestað eða hún bundin skilyrðum.

1. Dómsmálayfirvaldi, sem annast framkvæmdina, er heimilt að fresta afhendingu eftirlýsts manns eftir að ákvörðun um að framkvæma handtökuskipunina hefur verið tekin þannig að unnt sé að sækja hinn eftirlýsta til saka í framkvæmdarríkinu eða, ef refsing hefur þegar verið ákvörðuð, hann geti afplánað dóm á yfirráðasvæði þess fyrir annan verknað en þann sem um getur í handtökuskipuninni.

2. Dómsmálayfirvaldinu, sem annast framkvæmdina, er heimilt, í stað þess að fresta afhendingu, að afhenda eftirlýstan mann tímabundið til útgáfuríkisins samkvæmt skilyrðum sem dómsmálayfirvaldið sem annast framkvæmdina og dómsmálayfirvaldið sem gefur handtökuskipunina út komast að gagnkvæmu samkomulagi um. Samkomulagið skal vera skriflegt og skilyrði þess bindandi fyrir öll yfirvöldin í útgáfuríkinu.

28. gr.
Gegnumflutningur.

1. Hvert ríki skal heimila gegnumflutning eftirlýsts manns, sem er sendur til afhendingar, um yfirráðasvæði sitt, að því tilskildu að það fái upplýsingar um:

a) deili á þeim sem handtökuskipunin er gefin út á og ríkisfang hans,

b) að fyrir liggi handtökuskipun,

c) eðli afbrots og vísun til refsiákvæða,

d) lýsing á því við hvaða aðstæður afbrotið var framið, þ.m.t. hvenær og hvar það var framið.

Ríki, sem yfirlýsing er gefin út fyrir í samræmi við 2. mgr. 7. gr. um að ríkisborgarar þess verði ekki afhentir eða einungis afhentir undir sérstökum, tilgreindum kringumstæðum, getur á sama hátt synjað um gegnumflutning eigin ríkisborgara um yfirráðasvæði sitt eða sett sömu skilyrði um sérstakar, tilgreindar kringumstæður.

2. Samningsaðilar skulu tilkynna hver öðrum um það hvaða yfirvald hvert ríki hefur tilnefnt til að taka við beiðnum um gegnumflutning og nauðsynlegum skjölum þar að lútandi og annast önnur opinber samskipti sem varða beiðnir um gegnumflutning.

3. Heimilt er að beina beiðni um gegnumflutning og upplýsingunum, sem getið er í 1. mgr., til yfirvalds, sem er tilnefnt skv. 2. mgr., skriflega eftir hvaða leið sem er og skilur eftir sig staðfestingu. Gegnumflutningsríkið skal tilkynna um ákvörðun sína eftir sömu málsmeðferð.

4. Þessi samningur á ekki við um flutninga í lofti án áætlaðrar millilendingar. Ef lent er engu að síður utan áætlunar skal útgáfuríkið láta yfirvaldinu, sem er tilnefnt skv. 2. mgr., í té þær upplýsingar sem kveðið er á um í 1. mgr.

5. Ef gegnumflutningur varðar mann sem framselja á frá þriðja ríki til ríkis gildir þessi grein að breyttu breytanda. Þannig skal litið svo á að í stað orðsins „handtökuskipun“, eins og það er skilgreint í þessum samningi, komi „framsalsbeiðni“.

## 3. KAFLI
## ÁHRIF AFHENDINGAR

### 29. gr.
### Gæsluvarðhaldstími í framkvæmdarríkinu dreginn frá.

1. Útgáfuríkið skal draga frá allan gæsluvarðhaldstíma sem rekja má til framkvæmdar handtökuskipunar frá þeim heildartíma refsingar sem viðkomandi ber að afplána í útgáfuríkinu á grundvelli úrskurðar um refsivist eða öryggisráðstöfun.

2. Í þessu skyni skal dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, eða miðlæga yfirvaldið, sem er tilnefnt skv. 10. gr., senda dómsmálayfirvaldinu, sem gefur handtökuskipunina út, við afhendingu allar upplýsingar um tímalengd gæsluvarðhalds eftirlýsts manns á grundvelli handtökuskipunar.

### 30. gr.
### Möguleg saksókn vegna annarra afbrota.

1. Noregi og Íslandi annars vegar og Evrópusambandinu hvaða aðildarríkja sinna sem hins vegar er heimilt að tilkynna hverju öðru um að litið sé svo á að í samskiptum ríkjanna við önnur ríki, sem sama tilkynning tekur til, liggi fyrir samþykki um saksókn, ákvörðun refsingar eða varðhalds með það í huga að framfylgja úrskurði um refsivist eða öryggisráðstöfun fyrir afbrot, annað en það sem leiddi til afhendingar viðkomandi, sem er framið áður en afhending á sér stað, nema dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, taki annað fram, í tilteknu tilviki, í ákvörðun sinni um afhendingu.

2. Óheimilt er að sækja mann, sem er afhentur, til saka, dæma hann til refsingar eða svipta hann að öðru leyti frelsi sínu fyrir afbrot, annað en það sem hann var afhentur fyrir, sem var framið áður en til afhendingar kom, nema í þeim tilvikum sem um getur í 1. og 3. mgr.

3. Ákvæði 2. mgr. á ekki við í eftirfarandi tilvikum:

a) ef viðkomandi hefur haft tækifæri til að fara frá yfirráðasvæði ríkisins, þangað sem hann hefur verið afhentur, en hefur ekki gert það innan 45 daga frá því hann var endanlega látinn laus eða ef hann hefur komið aftur á yfirráðasvæðið eftir að hafa yfirgefið það,

b) ef afbrotið leiðir hvorki til refsivistar né öryggisráðstöfunar,

c) ef meðferð sakamáls gefur ekki tilefni til að beita ráðstöfunum til að skerða persónulegt frelsi hans,

d) ef honum er gert að sæta viðurlögum eða ráðstöfun sem felur ekki í sér frjálsræðissviptingu, þ.m.t. fésektir eða ráðstafanir í þeirra stað, jafnvel þótt þær kunni að skerða persónulegt frelsi hans,

e) ef viðkomandi hefur gefið samþykki sitt fyrir afhendingu og, eftir atvikum, afsalað sér réttinum til að nýta sér sérregluna í samræmi við 16. gr.,

f) ef hann hefur, eftir að hafa verið afhentur, skýlaust afsalað sér réttinum til að nýta sér sérregluna að því er varðar tiltekin afbrot sem hann framdi áður en hann var afhentur. Viðkomandi skal afsala sér þessum rétti frammi fyrir lögbærum dómsmálayfirvöldum í útgáfuríkinu og skal það skráð í samræmi við landslög í því ríki. Afsalið skal skráð með þeim hætti að ljóst sé að viðkomandi hafi gefið það af fúsum og frjálsum vilja og sé kunnugt um afleiðingarnar. Einstaklingurinn skal, í því skyni, eiga rétt á ráðgjöf lögfræðings,

g) ef dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina og afhendir einstaklinginn, gefur samþykki sitt í samræmi við 4. mgr.

4. Leggja skal beiðni um samþykki fyrir dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, ásamt þeim upplýsingum sem um getur í 1. mgr. 11. gr. og þýðingu eins og um getur í 2. mgr. 11. gr. Veita skal samþykki ef afbrotið, sem beiðni um samþykki varðar, leiðir sjálft til afhendingar í samræmi við ákvæði þessa samnings. Synja skal um samþykki af þeim ástæðum sem um getur í 4. gr. en að öðru leyti má einungis synja um það af þeim ástæðum sem um getur í 5. gr., 6. gr. (2. mgr.) og 7. gr. (2. mgr.). Ákvörðun skal tekin eigi síðar en 30 dögum eftir móttöku beiðninnar. Við þær aðstæður sem getið er í 8. gr. verður útgáfuríkið að veita þær tryggingar sem kveðið er á um þar.

31. gr.
Afhending eða framsal síðar.

1. Noregi og Íslandi annars vegar og Evrópusambandinu hvaða aðildarríkja sinna sem er hins vegar er heimilt að greina hvert öðru frá því, að því er varðar samskipti ríkjanna við önnur ríki sem sama tilkynning á við um, að fyrir liggi samþykki um afhendingu manns til ríkis, annars en framkvæmdarríkisins, samkvæmt handtökuskipun sem er gefin út vegna ann-

ars afbrots en þess sem afhending varðar, nema dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, taki annað fram, í tilteknu tilviki, í ákvörðun sinni um afhendingu.

2. Í öllu falli getur maður, sem hefur verið afhentur útgáfuríkinu samkvæmt handtökuskipun, í eftirfarandi tilvikum fengið sig afhentan öðru ríki en framkvæmdarríkinu, án samþykkis framkvæmdarríkisins, samkvæmt handtökuskipun sem er gefin út vegna afbrots sem framið var áður en til afhendingar kom:

a) ef hinn eftirlýsti hefur haft tækifæri til að fara frá yfirráðasvæði ríkisins, þangað sem hann var afhentur, en hefur ekki gert það innan 45 daga frá því hann var endanlega látinn laus eða ef hann hefur komið aftur á yfirráðasvæðið eftir að hafa yfirgefið það,

b) ef hinn eftirlýsti samþykkir að vera afhentur til annars ríkis en framkvæmdarríkisins samkvæmt handtökuskipun. Viðkomandi skal gefa samþykki sitt frammi fyrir lögbærum dómsmálayfirvöldum í útgáfuríkinu og skal það skráð í samræmi við landslög í því ríki. Það skal vera skráð með þeim hætti að ljóst sé að hann hafi gefið það af fúsum og frjálsum vilja og sé kunnugt um afleiðingarnar. Hinn eftirlýsti skal, í því skyni, eiga rétt á ráðgjöf lögfræðings,

c) ef hinn eftirlýsti fellur ekki undir sérregluna í samræmi við a-, e-, f- og g-lið 3. mgr. 30. gr.

3. Dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, samþykkir afhendingu til annars ríkis í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) beiðni um samþykki skal lögð fram í samræmi við 12. gr., ásamt þeim upplýsingum sem um getur í 1. mgr. 11. gr. og þýðingu eins og um getur í 2. mgr. 11. gr.,

b) veita skal samþykki ef afbrotið, sem beiðni um samþykki varðar, leiðir sjálft til afhendingar í samræmi við ákvæði þessa samnings,

c) ákvörðun skal tekin eigi síðar en 30 dögum eftir móttöku beiðninnar,

d) synja skal um samþykki af þeim ástæðum sem um getur í 4. gr. en að öðru leyti má einungis synja um það af þeim ástæðum sem um getur í 5. gr. eða 6. gr. (2. mgr.) og 7. gr. (2. mgr.).

Við þær aðstæður sem getið er í 8. gr. skal útgáfuríkið veita þær tryggingar sem kveðið er á um þar.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. skal ekki framselja mann, sem búið er að afhenda samkvæmt handtökuskipun, þriðja ríki án samþykkis lögbærs yfirvalds í ríkinu sem afhenti hann. Gefa skal slíkt samþykki í samræmi við þá samninga sem það ríki er bundið af og landslög þess.

32. gr.
Afhending hluta.

1. Dómsmálayfirvaldið, sem annast framkvæmdina, skal, að beiðni dómsmálayfirvaldsins, sem gefur handtökuskipunina út, eða að eigin frumkvæði, í samræmi við landslög, leggja hald á og afhenda hluti sem:

a) gæti þurft sem sönnunargögn eða

b) hinn eftirlýsti hefur aflað með afbroti sínu.

2. Hlutur, sem um getur í 1. mgr., skal afhentur enda þótt handtökuskipun verði ekki framkvæmd vegna andláts eða flótta hins eftirlýsta.

3. Ef heimilt er að leggja hald á hlutina sem um getur í 1. mgr. eða gera þá upptæka á yfirráðasvæði framkvæmdarríkisins getur það, ef nota þarf hlutina vegna sakamáls sem er til meðferðar, haldið þeim tímabundið eða afhent þá útgáfuríkinu með því skilyrði að þeim verði skilað.

4. Haldast skulu sérhver réttindi sem framkvæmdarríkið eða þriðju aðilar kunna að hafa öðlast í hlutunum sem um getur í 1. mgr. Þegar um slík réttindi er að ræða skal útgáfuríkið skila hlutunum til framkvæmdarríkisins um leið og meðferð sakamáls lýkur og án endurgjalds.

33. gr.
Kostnaður.

1. Framkvæmdarríkið skal greiða allan kostnað við framkvæmd handtökuskipunar sem til fellur á yfirráðasvæði þess.

2. Útgáfuríkið ber allan annan kostnað.

4. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI
34. gr.
Tengsl við aðra lagagerninga.

1. Við gildistöku þessa samnings skal hann koma í stað samsvarandi ákvæða eftirtalinna samninga sem gilda um framsal milli Noregs og Íslands annars vegar og aðildarríkjanna hins vegar, með fyrirvara um beitingu þeirra í samskiptum ríkjanna og þriðju ríkja:

a) ákvæða Evrópusamnings um framsal sakamanna frá 13. desember 1957, viðbótarsamnings við hann frá 15. október 1975, annars viðbótarsamnings við hann frá 17. mars 1978 og Evrópusamnings um varnir gegn hryðjuverkum frá 27. janúar 1977, að því er varðar framsal, eins og honum var breytt með bókun frá 2003 þegar hún öðlast gildi,

b) ákvæða 4. kafla III. bálks samningsins frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum,

c) ákvæða er varða Schengen í framsalssamningum ESB frá 1995 og 1996 að því marki sem þeir eru í gildi.

2. Ríkjunum er heimilt að beita áfram tvíhliða eða marghliða samningum eða samkomulagi sem eru í gildi við gerð þessa samnings að því marki sem slíkir samningar eða samkomulag er víðtækari en markmið þessa samnings og stuðla að því að einfalda eða greiða fyrir málsmeðferð við afhendingu manna sem handtökuskipun hefur verið gefin út á. Samningsaðilar skulu tilkynna hver öðrum um slíka samninga eða samkomulag.

3. Ríkjunum er heimilt að gera tvíhliða eða marghliða samninga eða samkomulag eftir gildistöku þessa samnings ef slíkir samningar eða samkomulag víkka út eða auka við efni þessa samnings og stuðlar að því að einfalda eða greiða fyrir málsmeðferð við afhendingu manna sem handtökuskipun hefur verið gefin út á, einkum með því að setja styttri fresti en þá sem um getur í 20. gr., bæta við skrána yfir afbrot sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 3. gr., takmarka enn frekar möguleika á synjun sem eru settir fram í 4. og 5. gr. eða með því að lækka refsirammann sem kveðið er á um í 1. eða 4. mgr. 3. gr.

Í engu tilviki mega samningar og samkomulag, sem um getur í fyrstu undirgrein, hafa áhrif á samskipti við ríki sem eiga ekki aðild að þeim.

Samningsaðilar skulu enn fremur tilkynna hver öðrum um nýjan slíkan samning eða samkomulag sem um getur í fyrstu undirgrein innan þriggja mánaða frá undirritun.

4. Ef þeir samningar, sem um getur í 1. mgr., taka til yfirráðasvæða ríkjanna eða yfirráðasvæða sem ríki annast utanríkismál fyrir og þessi samningur tekur ekki til skulu þessir gerningar gilda áfram um samskipti milli þessara yfirráðasvæða og hinna ríkjanna.

35. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Fyrirliggjandi gerningar um framsal skulu áfram gilda um framsalsbeiðnir sem berast fyrir gildistökudag þessa samnings. Þessi samningur gildir um beiðnir sem berast eftir þann dag.

2. Noregi og Íslandi annars vegar og Evrópusambandinu hvaða aðildarríkja sinna sem er hins vegar er heimilt að leggja fram, á sama tíma og tilkynninguna sem kveðið er á um í 1. mgr. 38. gr., yfirlýsingu þar sem greint er frá því að ríkið muni, sem framkvæmdarríki, halda áfram að beita, í tengslum við verknaði sem framdir voru fyrir þann dag sem þau tilgreina, því framsalskerfi sem gilti fyrir gildistöku þessa samnings. Þennan dag má ekki bera upp eftir gildistöku þessa samnings. Heimilt er að draga yfirlýsinguna til baka hvenær sem er.

36. gr.
Lausn deilumála.

Deiluaðila er heimilt að vísa sérhverjum ágreiningi, sem rís milli Íslands eða Noregs og aðildarríkis Evrópusambandsins varðandi túlkun eða beitingu samnings þessa, til fundar fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs með það fyrir augum að leysa deiluna innan sex mánaða.

37. gr.
Dómaframkvæmd.

Til að ná því markmiði að ná eins samræmdri beitingu og túlkun og unnt er á ákvæðum þessa samnings skulu samningsaðilar fylgjast stöðugt með dómaframkvæmd Dómstóls Evrópubandalaganna og einnig dómaframkvæmd þar til bærra dómstóla Íslands og Noregs varðandi slík ákvæði og ákvæði svipaðra samninga um afhendingu. Í þessu skyni skal koma á sérstöku fyrirkomulagi til að tryggja reglubundna og gagnkvæma miðlun slíkrar dómaframkvæmdar.

38. gr.
Tilkynningar, yfirlýsingar, gildistaka.

1. Samningsaðilar skulu tilkynna hver öðrum þegar nauðsynlegri málsmeðferð er lokið um að þeir samþykki að vera bundnir af þessum samningi.

2. Við afhendingu tilkynninga sinna skv. 1. mgr. skulu samningsaðilar leggja fram þær tilkynningar eða yfirlýsingar sem kveðið er á um í 5. gr. (2. mgr.), 9. gr. (3. mgr.), 28. gr. (2. mgr.) og 34. gr. (2. mgr.) þessa samnings og geta einnig lagt fram þær tilkynningar eða yfirlýsingar sem kveðið er á um í 3. gr. (4. mgr.), 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (2. mgr.), 10. gr. (1. mgr.), 11. gr. (2. mgr.), 16. gr. (4. mgr.), 20. gr. (5. mgr.), 30. gr. (1. mgr.), 31. gr. (1. mgr.), og 35. gr. (2. mgr.) þessa samnings. Heimilt er að leggja fram þær yfirlýsingar eða tilkynningar sem um getur í 3. gr. (4. mgr.), 10. gr. (1. mgr.) og 11. gr. (2. mgr.) hvenær sem er. Heimilt er að breyta þeim yfirlýsingum eða tilkynningum sem um getur í 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 28. gr. og draga til baka þær sem um getur í 5. gr. (2. mgr.), 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (2. mgr.), 10. gr. (1. mgr.), 16. gr. (4. mgr.), 20. gr. (5. mgr.), 34. gr. (2. mgr.) og 35. gr. (2. mgr.) hvenær sem er.

3. Ef Evrópusambandið leggur fram slíkar yfirlýsingar eða tilkynningar skal það gera grein fyrir því til hvaða aðildarríkja þess yfirlýsingin tekur.

4. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag sem aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins staðfestir að öllum formkröfum um samþykki af hálfu aðila að þessum samningi hefur verið fullnægt.

39. gr.
Aðild.

Aðild nýrra aðildarríkja Evrópusambandsins felur í sér réttindi og skyldur samkvæmt þessum samningi milli þeirra ríkja og Íslands og Noregs.

40. gr.
Sameiginleg endurskoðun.

Samningsaðilar samþykkja að endurskoða þennan samning sameiginlega eigi síðar en 5 árum eftir gildistöku hans og þá einkum yfirlýsingarnar sem gefnar eru skv. 3. gr. (4. mgr.), 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (2. mgr.) og 20. gr. (5. mgr.) þessa samnings. Ef yfirlýsingarnar, sem um getur í 2. mgr. 7. gr., eru ekki endurnýjaðar falla þær úr gildi 5 árum eftir gildistöku þessa samnings. Endurskoðunin skal einkum taka á hagnýtri framkvæmd, túlkun og þróun samningsins og getur einnig varðað málefni á borð við afleiðingar af frekari þróun Evrópusambandsins fyrir efni þessa samnings.

41. gr.
Uppsögn.

1. Samningsaðilum er heimilt að segja samningi þessum upp. Segi annaðhvort Ísland eða Noregur samningi þessum upp gildir hann áfram milli Evrópusambandsins og samningsaðilans sem hefur ekki sagt honum upp.

2. Uppsögn samningsins skv. 1. mgr. öðlast gildi sex mánuðum eftir að tilkynning um uppsögn er lögð fram. Hver sú málsmeðferð vegna beiðna um afhendingu sem bíður úrlausnar á þeim degi skal lokið í samræmi við ákvæði þessa samnings.

42. gr.
Vörsluaðili.

1. Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili samnings þessa.

2. Vörsluaðili skal birta opinberlega upplýsingar um hverja þá tilkynningu eða yfirlýsingu sem varðar samning þennan.

Gjört í Vín hinn 28. júní 2006 í einu eintaki á íslensku, norsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir.

FYRIR HÖND EVRÓPUSAMBANDSINS
FYRIR HÖND LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
FYRIR HÖND KONUNGSRÍKISINS NOREGS

**VIÐAUKI**

HANDTÖKUSKIPUN [1]

Lögbært dómsmálayfirvald gefur þessa handtökuskipun út. Farið er fram á að sá einstaklingur, sem getið er hér á eftir, verði handtekinn og afhentur til að unnt sé að sækja hann til saka eða vegna fullnustu dóms um refsivist eða öryggisráðstöfun [2].

a) Upplýsingar um hinn eftirlýsta:
Kenninafn: .....
Eiginnafn/-nöfn: .....
Meyjarnafn, ef við á: .....
Dulnefni, ef við á: .....
Kyn: .....
Ríkisfang: .....
Fæðingardagur og -ár: .....
Fæðingarstaður: .....
Búsetustaður og/eða þekkt heimilisfang: .....
.....
Tungumál, eitt eða fleiri, sem hinn eftirlýsti skilur (ef það er vitað):
.....
Sérkenni/lýsing á hinum eftirlýsta: .....
.....

Ljósmynd og fingraför af hinum eftirlýsta ef þau liggja fyrir og unnt er að senda þau eða upplýsingar um hvernig hafa má samband við þann sem getur útvegað þessi gögn eða gögn um DNA-eiginleika (ef unnt er að leggja þessi gögn fram hafi þau ekki fylgt)

b) Ákvörðun sem handtökuskipun grundvallast á:
1. Handtökuskipun eða dómsúrskurður sem hefur sömu áhrif: .....

Tegund: .....

2. Aðfararhæfur dómur: .....
.....

Tilvísun: .....

[1] Þessi handtökuskipun er notuð samkvæmt samningi milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs frá 28. júní um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs. Ef dómsmálayfirvald í aðildarríki Evrópusambandsins hyggst hins vegar, í samræmi við 2. og 3. mgr. 12. gr. samningsins, skrá einstakling í Schengen-upplýsingakerfið skal líta á evrópsku handtökuskipunina, sem fylgir rammaákvörðun (2002/584/JHA) frá 13. júní 2002 um evrópska handtökuskipun og málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkjanna, sem jafngilda þessu eyðublaði að því er þennan samning varðar.

[2] Þessi handtökuskipun skal skrifuð eða þýdd á eitt af opinberum tungumálum í framkvæmdarríkinu, ef ljóst er hvert það er, eða á hvert það annað tungumál sem það ríki samþykkir.

c) Upplýsingar um lengd refsingar:

1. Leyfileg hámarkslengd refsivistar eða öryggisráðstöfunar fyrir afbrotið/afbrotin: .....
.....

2. Uppkveðin lengd refsivistar eða öryggisráðstöfunar: .....
.....

Refsing sem enn á eftir að afplána: .....
.....
.....

d) Úrskurður var kveðinn upp í fjarveru viðkomandi einstaklings og:

– hann tók sjálfur við stefnu eða fékk með öðrum hætti upplýsingar um hvaða dag og hvar skýrslutaka skyldi fara fram sem leiddi til þess að úrskurður var kveðinn upp í fjarveru hans

eða

– hann tók hvorki sjálfur við stefnu né fékk með öðrum hætti upplýsingar um hvaða dag og hvar skýrslutaka skyldi fara fram sem leiddi til þess að úrskurður var kveðinn upp í fjarveru hans en fékk eftirfarandi lagalegar tryggingar að lokinni afhendingu (hægt er að veita slíkar tryggingar fyrir fram) .....
Tilgreinið lagalegar tryggingar .....
.....
.....
.....

e) Afbrot:

Þessi handtökuskipun varðar alls: ..... Afbrot.

Lýsing á því við hvaða aðstæður afbrotið eða afbrotin voru framin, þ.m.t. hvenær og hvar þau voru framin og hversu stóran þátt hinn eftirlýsti átti í þeim
.....
.....
.....

Eðli afbrots og vísun til refsiákvæða og viðeigandi lagaákvæði/-reglur:
.....
.....
.....

I. Eftirfarandi gildir einungis ef bæði útgáfuríki og framkvæmdarríki hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 4. mgr. 3. gr. samningsins: Ef við á skal merkja við eitt eða fleiri afbrot sem varða, í útgáfuríkinu, að hámarki a.m.k. 3 ára refsivist eða öryggisráðstöfun eins og skilgreint er í lögum þess ríkis:

0 þátttaka í glæpasamtökum,
0 hryðjuverk,
0 mansal,
0 kynlífsnotkun á börnum og barnaklám,
0 ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni,
0 ólögleg viðskipti með vopn, skotfæri og sprengiefni,
0 spilling,
0 svik, þ.m.t. svik sem hafa áhrif á fjárhagslega hagmuni Evrópubandalaganna í skilningi samningsins frá 26. júlí 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna,
0 þvætti ávinnings af afbrotum,
0 peningafölsun, þ.m.t. á evrum,
0 afbrot tengd tölvum,
0 umhverfisafbrot, þ.m.t. ólögleg viðskipti með dýr, plöntur og yrki í útrýmingarhættu,
0 aðstoð við óheimila komu til lands og búsetu,
0 morð, alvarlegar líkamsmeiðingar,
0 ólögleg viðskipti með líffæri og vefi úr mönnum,
0 mannrán, ólöglegt hald og gíslataka,
0 kynþátta- og útlendingahatur,
0 skipulagt eða vopnað rán,
0 ólögleg viðskipti með menningarverðmæti, þ.m.t. forngripi og listaverk,
0 svindl,
0 fjárglæfrar og fjárkúgun,
0 eftirlíkingar og ólögleg nýting á vörum,
0 fölsun opinberra skjala og viðskipti með þau,
0 fölsun greiðslumiðla,
0 ólögleg viðskipti með hormónaefni og aðra vaxtarhvata,
0 ólögleg viðskipti með kjarnakleyf eða geislavirk efni,
0 viðskipti með stolin ökutæki,
0 nauðgun,
0 íkveikja,
0 afbrot sem heyra undir lögsögu Alþjóðlega sakamáladómstólsins,
0 ólögmæt taka loftfars/skips,
0 skemmdarverk.

II. Ítarleg lýsing á afbroti eða afbrotum sem falla ekki undir I. hluta hér að framan:
. . . . . .
. . . . . .

f) Aðrar kringumstæður sem varða málið (valkvæðar upplýsingar):
(ATH.: Þetta gætu verið athugasemdir um úrlendisrétt, rof á tímafrestum og aðrar afleiðingar brots)
. . . . . .
. . . . . .

g) Þessi handtökuskipun tekur einnig til halds og afhendingar á eignum sem kunna að vera nauðsynlegar sem sönnunargögn:

Þessi handtökuskipun tekur einnig til halds og afhendingar á eignum sem hinn eftirlýsti hefur aflað með afbroti sínu.

Lýsing á eigninni (og staðsetningu hennar) (ef það er vitað):
. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .

h) Ef afbrot, eitt eða fleiri, sem handtökuskipunin er gefin út fyrir, varðar ævilanga refsivist eða ævilanga öryggisráðstöfun eða úrskurður um slíkt þegar fallinn:

veitir útgáfuríkið, að beiðni framkvæmdarríkisins, tryggingu fyrir því að það muni:

– endurskoða uppkveðna refsingu eða ráðstöfun komi fram beiðni þar um eða eigi síðar en eftir 20 ár,

og/eða

– hvetja til beitingar vægari ráðstafana sem viðkomandi á rétt á samkvæmt lögum eða venjum útgáfuríkisins sem miða að því að slík refsing eða ráðstöfun komi ekki til framkvæmda.

i) Dómsmálayfirvaldið sem gaf handtökuskipunina út:

Opinbert heiti: .....
.....
Nafn fulltrúa þess[1]: .....
.....
Staða (titill/röðun): .....
.....
Tilvísun í skjal: .....
Heimilisfang: .....
.....
Símanúmer: (landsnúmer) (svæðis-/borgarnúmer)(...) .....
Bréfsímanúmer (landsnúmer) (svæðis-/borgarnúmer)() .....
Tölvupóstur: .....
Leiðir til að ná sambandi við tengilið varðandi nauðsynlegar ráðstafanir við afhendingu: .....

Ef miðlægt yfirvald ber ábyrgð á sendingum og móttöku stjórnsýslunnar á handtökuskipunum:

Heiti miðlægs yfirvalds: .....
.....
Tengiliður ef við á (titill, röðun og nafn): .....
.....
Heimilisfang: .....
.....
Símanúmer: (landsnúmer) (svæðis-/borgarnúmer)(...) .....
Bréfsímanúmer: (landsnúmer)(svæðis-/borgarnúmer)(...) .....
Tölvupóstur: .....

Undirritun dómsmálayfirvaldsins sem gefur handtökuskipunina út og/eða fulltrúa þess:
.....

Nafn: .....
Staða (titill/röðun): .....
Dagsetning: .....

Opinber stimpill (ef hann er til)

[1] Í annarri tungumálaútgáfu fylgir með tilvísun í hver er handhafi dómsmálayfirvaldsins.

Yfirlýsing aðila að þessum samningi milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Noregs og Íslands:

„Samningsaðilar eru sammála um að hafa með sér samráð, eftir því sem við á, ef Lýðveldið Ísland eða Konungsríkið Noregur eða eitthvert aðildarríkja Evrópusambandsins lítur svo á að tilefni hafi gefist til þess, þannig að þessi samningur sé nýttur á eins skilvirkan hátt og kostur er, einnig með það í huga að koma í veg fyrir að ágreiningur rísi um virka framkvæmd og túlkun þessa samnings.“ Samráði skal hagað eins og hentugast þykir og með hliðsjón af núverandi tilhögun samvinnunnar.“

Yfirlýsing Evrópusambandsins:

„Evrópusambandið lýsir því yfir að einungis Sambandslýðveldið Þýskaland, Konungsríkið Danmörk, Lýðveldið Slóvakía og Konungsríkið Holland munu nýta sér þann möguleika samkvæmt öðrum málslið 2. mgr. 9. gr. að tilnefna dómsmálaráðherra sem lögbært yfirvald við framkvæmd handtökuskipunar.“

„Evrópusambandið lýsir því yfir að aðildarríkin muni beita 3. og 4. mgr. 20. gr. í samræmi við innlend lög sín um svipuð tilvik“.

Við samþykkt ákvörðunar ráðsins um að heimila undirritun þessara samningsdraga setja eftirtaldar tvær sendinefndir fram yfirlýsingu sem verður færð í fundargerð fundar ráðsins.

– Kýpur leggur fram eftirfarandi yfirlýsingu: „Lýðveldið Kýpur lýsir því yfir að það samþykki, einungis að því er þennan samning varðar, ákvæðin um rétt til synjunar á afhendingu vegna stjórnmálaafbrota, afbrota tengdum stjórnmálaafbrotum eða afbrota sem sprottin eru af stjórnmálaástæðum (6. gr.).“

– Grikkland leggur fram eftirfarandi yfirlýsingu: „Grikkland lýsir því yfir að það muni beita 6. gr. með stjórnarskrárákvæði sín í huga sem leggja bann við afhendingu manna sem eru sóttir til saka fyrir að vera frelsisbaráttumenn.“

Á sama tíma verða eftirfarandi tvær yfirlýsingar ráðsins færðar í fundargerð fundar ráðsins:

– „Ráðið vekur athygli á því að ekki beri að líta á þennan samning sem fyrirmynd annarra samninga og hann skuli því ekki vera fordæmi fyrir önnur tilvik síðar“.

– „Ráðið lýsir því yfir að ekki er heimilt að skírskota til neinna ákvæða samningsins milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs við túlkun gildandi eða síðari gerninga Evrópusambandsins um samstarf aðildarríkjanna í sakamálum.“

**Fylgiskjal II.**

SAMNINGUR
MILLI EVRÓPUSAMBANDSINS
OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG KONUNGSRÍKISINS NOREGS
UM BEITINGU TILTEKINNA ÁKVÆÐA
SAMNINGSINS FRÁ 29. MAÍ 2000
UM GAGNKVÆMA RÉTTARAÐSTOÐ Í SAKAMÁLUM
MILLI AÐILDARRÍKJA EVRÓPUSAMBANDSINS
OG BÓKUNAR VIÐ HANN FRÁ 2001

EVRÓPUSAMBANDIÐ

annars vegar, og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

og

KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR

hins vegar,

sem nefnast hér á eftir „samningsaðilar“,

HAFA HUG Á að bæta réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs, sbr. þó ákvæði um verndun einstaklingsfrelsis,

LÍTA SVO Á að núverandi tengsl samningsaðilanna geri það að verkum að nauðsynlegt sé að vinna náið saman að því að berjast gegn afbrotum,

BENDA Á þá sameiginlegu hagsmuni samningsaðila að tryggja að gagnkvæm réttaraðstoð milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs sé veitt fljótt og með skilvirkum hætti, sem samrýmist grundvallarreglum landslaga þeirra og í samræmi við rétt einstaklinga og meginreglur Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950,

LÁTA Í LJÓS gagnkvæma trú sína á skipulagi og starfsemi réttarkerfa sinna og getu allra samningsaðila til að tryggja sanngjörn réttarhöld,

HAFA EINSETT SÉR að láta samning milli Evrópusambandsins og Íslands og Noregs koma til viðbótar Evrópusamningi um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 og öðrum gildandi samningum á þessu sviði,

VIÐURKENNA að ákvæði þessara samninga gilda áfram í öllum málum sem ekki er fjallað um í samningi þessum,

HAFA HUGFAST að í þessum samningi, þ.m.t. í I. viðauka hans, eru settar reglur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum sem byggjast á meginreglum samningsins frá 20. apríl 1959,

HAFA Í HUGA að í 1. mgr. 2. gr. samningsins frá 29. maí 2000 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og í 15. gr. bókunarinnar við hann frá 16. október 2001 eru tilgreind ákvæði sem fela í sér þróun Schengen-gerðanna og Ísland og Noregur hafa þar með samþykkt á grundvelli skuldbindinga sinna samkvæmt samningnum frá 18. maí 1999 sem ráð Evrópusambandsins, Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,

HAFA Í HUGA að Ísland og Noregur hafa látið í ljós óskir um að gera samning sem gerir þeim kleift að beita einnig öðrum ákvæðum samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 og ákvæðum bókunarinnar frá 2001 í samskiptum sínum við aðildarríki Evrópusambandsins,

HAFA Í HUGA að Evrópusambandið lítur einnig svo á að nauðsynlegt sé að gera slíkan samning,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði þessa samnings skulu eftirfarandi ákvæði samningsins frá 29. maí 2000, sem ráð Evrópusambandsins gerði í samræmi við 34. gr. sáttmála Evrópusambandsins, um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, hér á eftir nefndur „samningur ESB um gagnkvæma réttaraðstoð“, gilda í samskiptum Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs og í gagnkvæmum samskiptum milli þessara ríkja hvors um sig og aðildarríkja Evrópusambandsins:

ákvæði 4., 8., 9., 10., 11., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 21., 22., 25. og 26. gr., svo og ákvæði 1. og 24. gr. að því marki sem þær greinar varða hinar greinarnar.

2. Með fyrirvara um ákvæði þessa samnings skulu eftirfarandi ákvæði bókunarinnar frá 16. október 2001, sem ráð Evrópusambandsins gerði í samræmi við 34. gr. sáttmála Evrópusambandsins, um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, hér á eftir nefnd „bókun ESB um gagnkvæma réttaraðstoð“, gilda í samskiptum Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs og í gagnkvæmum samskiptum milli þessara ríkja hvors um sig og aðildarríkja Evrópusambandsins:

ákvæði 1. (1. til 5. mgr.), 2., 3., 4., 5., 6., 7., 9., 11. og 12. gr.

3. Yfirlýsingar aðildarríkjanna skv. 9. gr. (6. mgr.), 10. gr. (9. mgr.), 14. gr. (4. mgr.), 18. gr. (7. mgr.) og 20. gr. (7. mgr.) samnings ESB um gagnkvæma réttaraðstoð og 2. mgr.

9. gr. bókunar ESB um gagnkvæma réttaraðstoð skulu einnig gilda í samskiptum við Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noreg.

2. gr.

1. Til að ná því markmiði að ná eins samræmdri beitingu og túlkun og unnt er á ákvæðunum, sem um getur í 1. gr., skulu samningsaðilar fylgjast stöðugt með dómaframkvæmd Dómstóls Evrópubandalaganna og einnig dómaframkvæmd þar til bærra dómstóla Íslands og Noregs varðandi slík ákvæði. Í þessu skyni skal koma á sérstöku fyrirkomulagi til að tryggja reglubundna og gagnkvæma miðlun þessarar dómaframkvæmdar.

2. Íslandi og Noregi er heimilt að leggja greinargerðir eða skriflegar athugasemdir fyrir dómstólinn í málum sem dómstóll aðildarríkis hefur beint til dómstólsins með beiðni um forúrskurð varðandi túlkun á ákvæði sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Ef beiðni er hafnað er Noregi eða Íslandi heimilt að fara fram á það við aðildarríkið, sem beiðninni er beint til, að það greini Evrópsku réttaraðstoðinni (Eurojust) frá þeim vandamálum sem upp koma varðandi framkvæmd beiðninnar með það í huga að leita raunhæfrar lausnar.

4. gr.

Deiluaðila er heimilt að vísa sérhverjum ágreiningi, sem rís milli Íslands eða Noregs og aðildarríkis Evrópusambandsins varðandi túlkun eða beitingu samnings þessa eða einhverra þeirra ákvæða sem um getur í 1. gr. þessa samnings, til fundar fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs með það fyrir augum að leysa deiluna innan sex mánaða.

5. gr.

Samningsaðilar samþykkja að endurskoða þennan samning sameiginlega eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hans. Endurskoðunin skal einkum taka til framkvæmdar samningsins í reynd, túlkunar hans og þróunar og getur einnig varðað málefni á borð við afleiðingar frekari þróunar Evrópusambandsins fyrir efni þessa samnings.

6. gr.

1. Samningsaðilar skulu tilkynna hver öðrum þegar nauðsynlegri málsmeðferð er lokið um að þeir samþykki að vera bundnir af þessum samningi.

2. Ísland og Noregur geta gefið hverja þá yfirlýsingu sem kveðið er á um í 9. gr. (6. mgr.), 10. gr. (9. mgr.), 14. gr. (4. mgr.), 18. gr. (7. mgr.) og 20. gr. (7. mgr.) samnings ESB um gagnkvæma réttaraðstoð og 2. mgr. 9. gr. bókunar ESB um gagnkvæma réttaraðstoð þegar þau afhenda tilkynningar sínar skv. 1. mgr. eða, sé gert ráð fyrir því, hvenær sem er eftir það.

3. Að því er viðeigandi ákvæðum samnings ESB um gagnkvæma réttaraðstoð viðvíkur öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag sem aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins staðfestir að öllum formkröfum, er varða samþykki af hálfu eða fyrir hönd aðila að þessum samningi hefur verið fullnægt, eða á þeim degi sem samningur ESB um gagnkvæma réttaraðstoð öðlast gildi í samræmi við 3. mgr. 27. gr. þess samnings, ef það er síðar. Að því er viðeigandi ákvæðum samnings ESB um gagnkvæma réttaraðstoð viðvíkur felur gildistaka þessa samnings í sér gagnkvæm réttindi og skyldur Íslands og Noregs og Íslands, Noregs og þeirra aðildarríkja ESB sem eru bundin af samningi ESB um gagnkvæma réttaraðstoð.

4. Að því er viðeigandi ákvæðum bókunar ESB um gagnkvæma réttaraðstoð viðvíkur öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag sem aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins staðfestir að öllum formkröfum, er varða samþykki af hálfu eða fyrir hönd aðila að þessum samningi hefur verið fullnægt, eða á þeim degi sem bókun ESB um gagnkvæma réttaraðstoð öðlast gildi í samræmi við 3. mgr. 13. gr. þess samnings, ef það er síðar. Að því er viðeigandi ákvæðum bókunar ESB um gagnkvæma réttaraðstoð viðvíkur felur gildistaka þessa samnings í sér gagnkvæm réttindi og skyldur Íslands og Noregs og Íslands, Noregs og þeirra aðildarríkja ESB sem eru bundin af bókun ESB um gagnkvæma réttaraðstoð.

5. Síðar munu slík réttindi og skyldur taka gildi milli Noregs, Íslands og annarra aðildarríkja ESB þegar samningur ESB um gagnkvæma réttaraðstoð og/eða bókun ESB um gagnkvæma réttaraðstoð öðlast gildi gagnvart öðrum aðildarríkjum ESB.

6. Þessi samningur gildir einungis um málsmeðferð við gagnkvæma réttaraðstoð sem hefst eftir að réttindi og skyldur samkvæmt honum hafa öðlast gildi á grundvelli 3. og 4. mgr.

7. gr.

Aðild nýrra aðildarríkja Evrópusambandsins að samningi ESB um gagnkvæma réttaraðstoð og/eða bókun ESB um gagnkvæma réttaraðstoð felur í sér réttindi og skyldur samkvæmt þessum samningi milli þeirra og Íslands og Noregs.

8. gr.

1. Samningsaðilum er heimilt að segja samningi þessum upp. Segi annaðhvort Ísland eða Noregur samningi þessum upp gildir hann áfram milli Evrópusambandsins og þess ríkis sem hefur ekki sagt honum upp.

2. Uppsögn samnings þessa skv. 1. mgr. öðlast gildi sex mánuðum eftir að tilkynning um uppsögn er lögð fram. Hverri þeirri málsmeðferð, er varðar beiðni um gagnkvæma réttaraðstoð, sem bíður úrlausnar á þeim degi, skal lokið í samræmi við ákvæði samnings þessa.

3. Samningur þessi fellur úr gildi ef samningnum frá 18. maí 1999 milli ráðs Evrópusambandsins, Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna er sagt upp.

4. Ef samningnum frá 18. maí 1999, sem um getur í 3. mgr., er sagt upp fellur samningur þessi úr gildi skv. 3. mgr. gagnvart þeim sama eða sömu aðilum og frá sama degi.

9. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili samnings þessa.

2. Vörsluaðili skal birta opinberlega upplýsingar um hverja þá tilkynningu sem varðar samning þennan.

10. gr.

Samningur þessi skal gerður í einu eintaki á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, írsku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir.

Gjört í .....

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir hönd Evrópusambandsins | Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands | Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs |

**I. VIÐAUKI**

BEITING AÐ ÞVÍ ER GÍBRALTAR VARÐAR

Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands staðfestir, sem það aðildarríki sem annast málefni Gíbraltar, þ.m.t. utanríkismál þess, að þessi samningur muni öðlast gildi á yfirráðasvæðinu þegar samningur ESB um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 og bókun frá 2001 verða látin taka til Gíbraltar sem byggist á því að samningur Evrópuráðsins um gagnkvæma aðstoð frá 1959 hafi einnig verið látinn taka til Gíbraltar. Breska konungsríkið mun, þegar þar að kemur, tilnefna viðeigandi lögbært yfirvald á Gíbraltar að því er þennan samning varðar. Formleg samskipti við þetta yfirvald skulu fara fram í samræmi við fyrirkomulag sem Breska konungsríkið og Konungsríkið Spánn hafa samþykkt varðandi yfirvöld á Gíbraltar í tengslum við gerninga ESB og EB og tengda sáttmála sem tilkynnt hafði verið um til aðildarríkjanna og stofnana Evrópusambandsins 19. apríl 2000.

**II. VIÐAUKI**

Yfirlýsing aðila að samningi milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um beitingu tiltekinna ákvæða samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og bókun við hann frá 2001.

Samningsaðilar eru sammála um að hafa með sér samráð, eftir því sem við á, ef Lýðveldið Ísland eða Konungsríkið Noregur eða eitthvert aðildarríkja Evrópusambandsins lítur svo á

að tilefni hafi gefist til þess, þannig að þessi samningur sé nýttur á eins skilvirkan hátt og kostur er, einnig með það í huga að koma í veg fyrir að ágreiningur rísi um framkvæmd samningsins í reynd og túlkun hans. Samráði skal hagað eins og hentugast þykir og með hliðsjón af núverandi tilhögun samvinnunnar.

Yfirlýsing Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs

Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur lýsa því yfir að þar til bær dómsmálayfirvöld þeirra muni, með hliðsjón af ákvæðum samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000 þar sem dómsmálayfirvöld hafa samskipti milliliðalaust, óska, ef við á, eftir því að senda nauðsynlegar fyrirspurnir til tengiliða hjá Evrópuneti dómstóla (European Judicial Network) í því skyni að fá staðfest hvaða dómsmálayfirvald í aðildarríki Evrópusambandsins er til þess bært á því svæði að leggja fram og verða við beiðnum um gagnkvæma réttaraðstoð.

## Fylgiskjal III.

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2003/169/JHA**
**frá 27. febrúar 2003**
**um það hvaða ákvæði samningsins frá 1995 um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins og samningsins frá 1996 um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins teljast vera þróun á Schengen-gerðunum samkvæmt samningnum um þátttöku Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum b-lið 31. gr. og c-lið 2. mgr. 34. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði Konungsríkisins Svíþjóðar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Til að ná markmiðum Evrópusambandsins gerði ráðið samning um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins ([3]) (hér á eftir nefndur „samningurinn um einfaldaða málsmeðferð við framsal“) og samning um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins ([4]) (hér á eftir nefndur „framsalssamningurinn“).

2) Til að tryggja skýra og ótvíræða réttarstöðu er brýnt að ákvarða tengslin milli ákvæða framangreindra samninga og ákvæða 4. kafla III. bálks samningsins frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum ([5]) (hér á eftir nefndur „Schengen-samningurinn“), sem felld voru inn í ramma Evrópusambandsins með gildistöku Amsterdam-sáttmálans 1. maí 1999.

3) Einnig er nauðsynlegt að Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur taki þátt í beitingu ákvæða samningsins um einfaldaða málsmeðferð við framsal og sumra ákvæða framsalssamningsins sem teljast vera þróun á Schengen-gerðunum og falla undir gildissvið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna ([6]).

([1]) Stjtíð. EB C 195, 11.7.2001, bls. 13.
([2]) Áliti var skilað 13. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).
([3]) Stjtíð. EB C 78, 30.3.1995, bls. 2.
([4]) Stjtíð. EB C 313, 23.10.1996, bls. 12.
([5]) Stjtíð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19.
([6]) Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

4) Málsmeðferðin, sem lýst er í samningnum sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna ([7]) (hér á eftir nefndur „samstarfssamningurinn") hefur verið virt með tilliti til þessarar ákvörðunar.

5) Þegar Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur fá tilkynningu um samþykkt þessarar ákvörðunar í samræmi við a-lið 2. mgr. 8. gr. samstarfssamningsins verður farið fram á það við þessi tvö ríki, þegar þau tilkynna ráðinu og framkvæmdastjórninni að þau hafi uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði, að þau leggi fram viðeigandi yfirlýsingar og sendi viðeigandi tilkynningar skv. 7. gr. (4. mgr.), 9. gr., 12. gr. (3. mgr.) og 15. gr. samningsins um einfaldaða málsmeðferð við framsal og skv. 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 13. gr. framsalssamningsins.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Samningurinn um einfaldaða málsmeðferð við framsal telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna, einkum 66. gr. Schengen-samningsins.

*2. gr.*

Ákvæði 2., 6., 8., 9. og 13. gr. framsalssamningsins, sem og 1. gr. hans að því marki sem sú grein varðar hinar greinarnar, teljast vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna, einkum 61. gr., 62. gr. (1. og 2. mgr.), 63. og 65. gr. Schengen-samningsins.

*3. gr.*

1. Með fyrirvara um 8. gr. samstarfssamningsins öðlast ákvæði samningsins um einfaldaða málsmeðferð við framsal gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, sama dag og samningurinn öðlast gildi í samræmi við 2. mgr. 16. gr. hans eða, ef sá dagur er fyrir 1. júlí 2002, þá á þeim degi.

2. Áður en samningurinn um einfaldaða málsmeðferð við framsal öðlast gildi, að því er Ísland eða Noreg varðar, er Íslandi og Noregi heimilt, þegar þau tilkynna um að þau hafi uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði í samræmi við 2. mgr. 8. gr. samstarfssamningsins, að lýsa því yfir að ákvæði samningsins muni gilda, að því er þau varðar, í samskiptum við aðildarríki sem hafa gefið sams konar yfirlýsingu. Þessar yfirlýsingar öðlast gildi 90 dögum eftir að þær eru afhentar til vörslu.

3. Með fyrirvara um 8. gr. samstarfssamningsins öðlast 2., 6., 8., 9. og 13. gr. framsalssamningsins gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, daginn sem framsalssamningurinn öðlast gildi í samræmi við 3. mgr. 18. gr. hans eða, ef sá dagur er fyrir 1. júlí 2002, þá á þeim degi.

4. Áður en ákvæði framsalssamningsins, sem um getur í 3. mgr., öðlast gildi, að því er Ísland eða Noreg varðar, er Íslandi og Noregi heimilt, þegar þau tilkynna um að þau hafi uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði í samræmi við 2. mgr. 8. gr. samstarfssamningsins, að lýsa því yfir að þessi ákvæði muni gilda, að því er þau varðar, í samskiptum við ríki sem hafa gefið sams konar yfirlýsingu. Þessar yfirlýsingar öðlast gildi 90 dögum eftir að þær eru afhentar til vörslu.

*4. gr.*

1. Ákvæði 66. gr. Schengen-samningsins falli niður frá og með þeim degi er samningurinn um einfaldaða málsmeðferð við framsal öðlast gildi skv. 2. mgr. 16. gr. hans. Engu að síður gildir það ákvæði áfram um framsalsbeiðnir sem lagðar voru fram fyrir þann dag, nema aðildarríkin, sem í hlut eiga, hafi þegar hafið beitingu samningsins um einfaldaða málsmeðferð við framsal sín á milli samkvæmt yfirlýsingum sem lagðar eru fram í samræmi við 3. mgr. 16. gr. hans.

2. Ákvæði 61. gr., 62. gr. (1. og 2. mgr.), 63. og 65. gr. Schengen-samningsins falli niður frá og með þeim degi er framsalssamningurinn öðlast gildi skv. 3. mgr. 18. gr. hans. Engu að síður gilda þau ákvæði áfram um framsalsbeiðnir sem lagðar voru fram fyrir þann dag, nema aðildarríkin, sem í hlut eiga, hafi þegar hafið beitingu framsalssamningsins sín á milli samkvæmt yfirlýsingum sem lagðar eru fram í samræmi við 4. mgr. 18. gr. hans.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2003.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. CHRISTOCHOÏDIS

*forseti.*

([7]) Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

**Fylgiskjal IV.**

*Drög.*

## SAMNINGUR

### um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins, gerður á grundvelli greinar K.3 í sáttmálanum um Evrópusambandið

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR samnings þessa, aðildarríki Evrópusambandsins,

VÍSA TIL gerðar ráðsins frá 9. mars 1995,

HAFA HUG Á að bæta dómsmálasamstarf í sakamálum milli aðildarríkjanna, bæði að því er snertir málsmeðferð og fullnustu dóma,

VIÐURKENNA mikilvægi framsals í dómsmálasamstarfi til að ná þessum markmiðum,

ERU SANNFÆRÐIR UM þörfina á að einfalda málsmeðferð við framsal að því marki sem slíkt samrýmist meginreglum laga þeirra, þ.m.t. meginreglur Evrópusamningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis,

BENDA Á að í fjölmörgum tilfellum um málsmeðferð við framsal samþykkir viðkomandi að vera afhentur,

BENDA Á að í slíkum tilvikum sé æskilegt að stytta, eins og unnt er, þann tíma sem málsmeðferð við framsal tekur sem og varðhaldstímann vegna framsals í hverju tilviki,

LÍTA SVO Á að því sé rétt að greiða fyrir beitingu Evrópusamningsins um framsal sakamanna frá 13. desember 1957 með því að einfalda og bæta málsmeðferð við framsal,

LÍTA SVO Á að ákvæði Evrópusamningsins um framsal gildi áfram á öllum þeim sviðum sem ekki er fjallað um í samningi þessum, og

HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI ÁKVÆÐI:

*1. gr.*
**Almenn ákvæði**

1. Markmiðið með þessum samningi er að greiða fyrir beitingu Evrópusamningsins um framsal sakamanna milli aðildarríkja Evrópusambandsins með því að bæta við ákvæði hans.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á beitingu hagstæðari ákvæða tvíhliða og marghliða samninga sem í gildi eru milli aðildarríkjanna.

*2. gr.*
**Skylda til að afhenda einstaklinga**

Aðildarríkin skuldbinda sig til að afhenda hvert öðru einstaklinga, sem óskast framseldir, í samræmi við einfölduðu málsmeðferðina sem kveðið er á um í þessum samningi, að því tilskildu að viðkomandi maður veiti til þess samþykki sitt og ríkið, sem beiðni er beint til, fallist á það í samræmi við þennan samning.

*3. gr.*
**Skilyrði fyrir afhendingu**

1. Í samræmi við ákvæði 2. gr. skal hver sá sem óskað er eftir að sé handtekinn og settur í gæslu, í samræmi við 16. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna, afhentur í samræmi við 4.–11. gr. og 1. mgr. 12. gr. þessa samnings.

2. Afhendingin, sem um getur í 1. mgr., er ekki háð framlagningu framsalsbeiðni eða skjala sem krafist er skv. 12. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna.

*4. gr.*
**Upplýsingar sem leggja skal fram**

1. Eftirfarandi upplýsingar frá ríkinu, sem leggur fram beiðni, skulu teljast fullnægjandi upplýsingar um hinn handtekna með þeim hætti, sem segir í 6. og 7. gr., svo og um lögbæra yfirvaldið sem um getur í 2. mgr. 5. gr.:

a) deili á þeim sem óskað er eftir,

b) hvaða yfirvald fer fram á handtökuna,

c) að fyrir liggi handtökuskipun eða annað skjal sem hefur sama lagagildi eða aðfararhæfur dómur,

d) eðli afbrotsins og lýsing á því samkvæmt lögum,

e) lýsing á aðstæðum þegar afbrotið var framið, þ.m.t. tími, staður og hversu stóran þátt sá, sem óskað er eftir, átti í því,

f) afleiðingar afbrotsins, að því marki sem unnt er.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að óska frekari upplýsinga ef upplýsingarnar, sem kveðið er á um í fyrrgreindri málsgrein, eru ekki fullnægjandi til að lögbæra yfirvaldið í ríkinu, sem beiðni er beint til, geti fallist á afhendinguna.

*5. gr.*
**Samþykki og leyfi**

1. Hinn handtekni skal gefa samþykki sitt í samræmi við 6. og 7. gr.

2. Lögbært yfirvald ríkisins, sem beiðni er beint til, skal gefa leyfi sitt í samræmi við innlenda málsmeðferð sína.

*6. gr.*
**Upplýsingar sem ber að veita þeim sem hlut á að máli**

Ef maður, sem óskast framseldur, er handtekinn á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal lögbært yfirvald upplýsa hann, í samræmi við landslög, um beiðnina um framsal hans og að hann eigi þess kost að samþykkja að vera afhentur ríkinu, sem leggur fram beiðnina, samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.

*7. gr.*
**Samþykki fengið**

1. Hinn handtekni skal gefa samþykki sitt og, eftir atvikum, afsala sér skýlaust réttinum til að nýta sér sérregluna frammi fyrir lögbæru dómsmálayfirvaldi ríkisins, sem beiðni er beint til, í samræmi við landslög þess ríkis.

2. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samþykki og, eftir atvikum, afsal, eins og um getur í 1. mgr., sé gefið með þeim hætti að ljóst sé að sá sem í hlut á hafi gert það af fúsum og frjálsum vilja og verið kunnugt um afleiðingarnar. Hinn handtekni skal, í því skyni, eiga rétt á ráðgjöf lögfræðings.

3. Bóka skal samþykki og, eftir atvikum, afsalið sem um getur í 1. mgr.; skal um málsmeðferð bókunarinnar fara að landslögum ríkisins sem beiðni er beint til.

4. Samþykki og, eftir atvikum, afsal, eins og um getur í 1. mgr., er óafturkallanlegt. Þegar skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu er aðildarríkjunum gefinn kostur á að láta þess getið í yfirlýsingu að samþykki, og eftir atvikum, afsal megi afturkalla í samræmi við landslög. Í því tilviki er tímabilið frá því að tilkynnt er um samþykki til þess að tilkynnt er um afturköllun þess ekki talið með þegar frestir, sem kveðið er á um í 4. mgr. 16. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna, eru ákveðnir.

*8. gr.*
**Tilkynning um samþykki**

1. Ríkið, sem beiðni er beint til, skal þegar í stað tilkynna ríkinu, sem leggur fram beiðni, um samþykki viðkomandi manns. Til að gera ríkinu, sem leggur fram beiðni, kleift að leggja fram framsalsbeiðni, eftir atvikum, skal ríkið, sem beiðni er beint til, tilkynna því, eigi síðar en 10 dögum eftir að viðkomandi hefur verið handtekinn og settur í gæslu, hvort hann hafi gefið samþykki sitt.

2. Tilkynningin, sem um getur í 1. mgr., skal send beint á milli lögbærra yfirvalda.

*9. gr.*
**Afsal réttar til að nýta sérregluna**

Hverju aðildarríki er heimilt að lýsa því yfir, þegar það afhendir skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, eða hvenær sem er, að reglurnar, sem mælt er fyrir um í 14. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna, gildi ekki ef maðurinn, í samræmi við 7. gr. þessa samnings, annaðhvort:

a) samþykkir framsal, eða

b) samþykkir framsal og afsalar sér skýlaust rétti sínum til að nýta sér sérregluna.

*10. gr.*
**Ákvörðun um framsal tilkynnt**

1. Þrátt fyrir reglurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna, skal tilkynna ákvörðun um framsal samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð og senda upplýsingar um einfaldaða málsmeðferð við framsal beint frá lögbæru yfirvaldi ríkisins, sem beiðni er beint til, til yfirvalds ríkisins, sem lagði fram beiðnina um handtöku og gæslu.

2. Tilkynna skal um ákvörðunina, sem um getur í 1. mgr., innan 20 daga frá því að maðurinn gaf samþykki sitt.

*11. gr.*
**Afhendingarfrestur**

1. Afhending skal fara fram innan 20 daga frá þeim degi þegar tilkynnt var um ákvörðun um framsal samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr.

2. Þegar fresturinn, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., er liðinn skal maðurinn látinn laus, ef hann er í haldi, á yfirráðasvæði ríkisins sem beiðni er beint til.

3. Hafi maðurinn ekki verið afhentur innan frestsins, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., sökum atvika sem ekki eru á valdi þess yfirvalds er um getur í 1. mgr. 10. gr., skal það tilkynna hinu yfirvaldinu um það. Yfirvöldin skulu koma sér saman um nýjan afhendingardag. Ef svo er skal afhending fara fram innan 20 daga frá nýrri dagsetningu sem þannig er ákveðin. Ef maðurinn er enn í haldi þegar sá frestur er liðinn skal hann látinn laus.

4. Ef ríkið, sem beiðni er beint til, óskar þess að beita 19. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna gilda ekki ákvæði 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

*12. gr.*
**Samþykki gefið eftir að fresturinn, sem mælt er fyrir um í 8. gr., rennur út eða við aðrar aðstæður**

1. Ef handtekinn maður gefur samþykki sitt eftir að 10 daga fresturinn, sem mælt er fyrir um í 8. gr., er útrunninn skal ríkið, sem beiðni er beint til:

— framfylgja einfölduðu málsmeðferðinni, eins og kveðið er á um í þessum samningi, ef því hefur ekki borist framsalsbeiðni í skilningi 12. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna,

— geta beitt einfölduðu málsmeðferðinni hafi því, í millitíðinni, borist framsalsbeiðni, í skilningi 12. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna.

2. Hafi ekki verið lögð fram beiðni um handtöku og gæslu og samþykki gefið eftir að framsalsbeiðni berst er ríkinu, sem beiðni er beint til, heimilt að beita einfölduðu málsmeðferðinni eins og kveðið er á um í þessum samningi.

3. Hvert aðildarríki skal, þegar það afhendir skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, láta þess getið hvort það hafi í hyggju að beita öðrum undirlið 1. mgr. og 2. mgr. og, ef svo er, með hvaða skilyrðum.

*13. gr.*
**Endurframsal til annars aðildarríkis**

Hafi hinn framseldi ekki nýtt sér sérregluna samkvæmt yfirlýsingu aðildarríkisins, sem kveðið er á um í 9. gr. þessa samnings, gildir 15. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna ekki um endurframsal hans til annars aðildarríkis nema kveðið sé á um annað í fyrrnefndri yfirlýsingu.

*14. gr.*
**Gegnumflutningur**

Þegar um er að ræða gegnumflutning samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 21. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna, og um er að ræða framsal samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð, gilda eftirfarandi ákvæði:

a) í neyðartilviki má senda aðildarríkinu, sem farið er í gegnum, skriflega beiðni í hvaða formi sem er ásamt upplýsingunum sem kveðið er á um í 4. gr. Ríkið, sem farið er í gegnum, getur tilkynnt ákvörðun sína með sama hætti,

b) upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 4. gr., skulu vera nægar til að lögbært yfirvald ríkisins, sem farið er í gegnum, geti gengið úr skugga um að um sé að ræða framsal samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð og gert þær takmarkandi ráðstafanir gagnvart þeim sem framseldur er sem þarf til að gegnumflutningurinn geti átt sér stað.

*15. gr.*
**Ákvörðun um lögbær yfirvöld**

Þegar skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu skal hvert aðildarríki tilgreina í yfirlýsingu hvaða yfirvöld eru lögbær í skilningi 4.–8., 10. og 14. gr.

*16. gr.*
**Gildistaka**

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu. Framkvæmdastjóri ráðsins tilkynnir öllum aðildarríkjunum um slíka afhendingu.

2. Samningur þessi öðlast gildi 90 dögum eftir að það aðildarríki, sem síðast verður til að uppfylla þessa formkröfu, hefur afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.

3. Þangað til samningurinn öðlast gildi getur aðildarríki, þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eða hvenær sem er, lýst því yfir að þessi samningur gildi, að því er það varðar, í samskiptum við aðildarríki sem hafa gefið sams konar yfirlýsingu, 90 dögum eftir að það afhendir yfirlýsinguna til vörslu.

4. Yfirlýsing, gerð skv. 9. gr., öðlast gildi 30 dögum eftir að hún er afhent til vörslu, þó eigi fyrr en þann dag sem samningur þessi öðlast gildi eða honum er beittí viðkomandi aðildarríki.

5. Samningur þessi gildir einungis um beiðnir sem lagðar eru fram eftir þann dag sem hann öðlast gildi eða honum er beitt í samskiptum ríkisins, sem beiðni er beint til og ríkisins, sem leggur fram beiðni.

*17. gr.*
**Aðild**

1. Öllum ríkjum, sem gerast aðilar að Evrópusambandinu, er heimilt að gerast aðilar að samningi þessum.

2. Aðalskrifstofa ráðs Evrópusambandsins gerir texta samnings þessa á tungumáli ríkisins sem fær aðild að samningnum og er hann samþykktur af öllum aðildarríkjunum og jafngildur öðrum gildum textum. Aðalframkvæmdastjórinn lætur hverju aðildarríki um sig í té staðfest endurrit.

3. Aðildarskjöl skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.

4. Samningur þessi öðlast gildi, fyrir hvert ríki sem fær aðild að honum, 90 dögum eftir að það hefur afhent aðildarskjöl sín til vörslu eða þann dag sem samningur þessi öðlast gildi ef hann hefur ekki þegar öðlast gildi að áðurnefndum 90 dögum liðnum.

5. Ef samningur þessi hefur ekki enn öðlast gildi þegar þau aðildarríki, sem fá aðild að samningnum, afhenda aðildarskjöl sín til vörslu gildir 3. mgr. 16. gr. um þau ríki.

En fe de lo cual los plenipotenciarios abajo firmantes suscriben el presente Convenio.

Til bekræftelse heraf har undertegnede befuldmægtigede underskrevet denne konvention.

Zu Urkund dessen haben die unterzeichneten Bevollmächtigten ihre Unterschriften unter dieses Übereinkommen gesetzt.

Σε πίστωση των ανωτέρω, σι υπσγράφσντες πληρεξοΰσιοι έθεσαν την υπογραφή τους κάτω από την παρούσα σύμθαση.

In witness whereof, the undersigned Plenipotentiaries have hereunto set their hands.

En foi de quoi, les plénipotentiaires soussignés ont apposé leurs signatures au bas de la présente convention.

Dá fhianú sin, chuir na Lánchumhachtaigh thíos-sínithe a lámh leis an gCoinbhinsiún seo.

In fede di che, i plenipotenziari sottoscritti hanno apposto le loro firme in calce alla presente convenzione.

Ten blijke waarvan de ondergetekende gevolmachtigden hun handtekening onder deze Overeenkomst hebben gesteld.

Em fé do que, os plenipotenciários abaixo-assinados apuseram as suas assinaturas no final da presente convenção.

Tämän vakuudeksi alla mainitut täysivaltaiset edustajat ovat allekirjoittaneet tämän yleissopimuksen.

Till bekräftelse haerav har undertecknade befullmäktigade ombud undertecknat denna konvention.

Hecho en Bruselas, el diez de marzo de mil novecientos noventa y cinco, en un ejemplar único, en lenguas alemana, inglesa, danesa, española, finlandesa, francesa, griega, irlandesa, italiana, neerlandesa, portuguesa y sueca, cuyos textos son igualmente auténticos y que será depositado en los archivos de la Secretaría General del Consejo de la Unión Europea. El Secretario General remitirá a cada Estado miembro una copia autenticada de dicho texto.

Udfærdiget i Bruxelles, den tiende marts nitten hundrede og femoghalvfems, i ét eksemplar på dansk, engelsk, finsk, fransk, græsk, irsk, italiensk, nederlandsk, portugisisk, spansk, svensk og tysk, hvilke tekster alle har samme gyldighed, og er deponeret i arkiverne i Generalsekretariatet for Rådet for Den Europæiske Union. Generalsekretæren fremsender en bekræftet genpart til hver medlemsstat.

Geschehen zu Brüssel am zehnten März neunzehnhundertfünfundneunzig in einer Urschrift in dänischer, deutscher, englischer, finnischer, französischer, griechischer, irischer, italienischer, niederländischer, portugiesischer, schwedischer und spanischer Sprache, wobei jeder Wortlaut gleichermaßen verbindlich ist; die Urschrift wird im Archiv des Generalsekretariats des Rates der Europäischen Union hinterlegt. Der Generalsekretär uebermittelt jedem Mitgliedstaat eine beglaubigte Abschrift dieser Urschrift.

Έγινε στις Βρυξέλλες, στις δέκα Μαρτίου χίλια εννιακόσια ενενήντα πέντε, σε ένα μόνον αντίτυπο, στην αγγλική, γαλλική, γερμανική, δανική, ελληνική, ιρλανδική, ισπανική, ιταλική, ολλάνδική, πορτογαλική, σουηδική και φινλανδική γλώσσα, όλα δε τα κεμενα είναι εξίσου αυθεντικά και κατατίθενται στα αρχεία της Γενικής Γραμματείας του Συμθουλίου της Ευρωπαϊκής Ένωσης. Ο Γενικός Γραμματέας διαθιθάζει επικυρωμένο αντίγραφο σε κάθε κράτο μέλος.

Done at Brussels this tenth day of March in the year one thousand nine hundred and ninety-five in a single original, in the Danish, Dutch, English, Finnish, French, German, Greek, Irish, Italian, Portuguese, Spanish and Swedish languages, each text being equally authentic, such original remaining deposited in the archives of the General Secretariat of the Council of the European Union, which shall transmit a certified copy to each of the Member States.

Fait à Bruxelles, le dix mars mil neuf cent quatre-vingt-quinze, en un exemplaire unique, en langues allemande, anglaise, danoise, espagnole, finnoise, française, grecque, irlandaise, italienne, néerlandaise, portugaise et suédoise, tous ces textes faisant également foi, exemplaire qui est déposé dans les archives du Secrétariat général du Conseil de l'Union européenne. Le Secrétaire général en transmet une copie certifiée conforme à chaque État membre.

Arna dhéanamh sa Bhruiséil, an deichiú lá de Mhárta míle naoi gcéad nócha a cúig, i scríbhinn bhunaidh amháin sa Bhéarla, sa Danmhairgis, san Fhionlainnis, sa Fhraincis, sa Ghaeilge, sa Ghearmáinis, sa Ghréigis, san Iodáilis, san Ollainnis, sa Phortaingéilis, sa Spáinnis agus sa tSualainnis agus comhúdarás ag na téacsanna i ngach ceann de na teangacha sin; déanfar an scríbhinn bhunaidh sin a thaisceadh i gcartlann Ardrúnaíocht Chomhairle an Aontais Eorpaigh. Cuirfidh an tArdrúnaí cóip dhílis dheimhnithe chuig gach Ballstát.

Fatto a Bruxelles, il dieci marzo millenovecentonovantacinque, in un unico esemplare in lingua danese, finlandese, francese, greca, inglese, irlandese, italiana, olandese, portoghese, spagnola, svedese e tedesca, i testi di ciascuna di queste

lingue facenti ugualmente fede, esemplare depositato negli archivi del Segretariato generale dell'Unione europea, che ne trasmette copia certificata conforme a ciascuno Stato membro.

Gedaan te Brussel, de tiende maart negentienhonderdvijfennegentig, in één exemplaar, in de Deense, de Duitse, de Engelse, de Finse, de Franse, de Griekse, de Ierse, de Italiaanse, de Nederlandse, de Portugese, de Spaanse en de Zweedse taal, zijnde alle teksten gelijkelijk authentiek, dat wordt neergelegd in het archief van het Secretariaat-Generaal van de Raad van de Europese Unie. De Secretaris-Generaal zendt een voor eensluidend gewaarmerkt afschrift daarvan toe aan elke Lid-Staat.

Feito em Bruxelas, em dez de Março de mil novecentos e noventa e cinco, em exemplar único, nas línguas alemã, dinamarquesa, espanhola, finlandesa, francesa, grega, inglesa, irlandesa, italiana, neerlandesa, portuguesa e sueca, fazendo igualmente fé todos os textos, depositado nos arquivos do Secretariado-Geral do Conselho da União Europeia. O Secretário-Geral remeterá uma cópia autenticada a cada Estado-membro.

Tehty Brysselissä kymmenentenä päivänä maaliskuuta vuonna tuhatyhdeksänsataayhdeksän-kymmentäviisi yhtenä ainoana kappaleena englannin, espanjan, hollannin, iirin, italian, kreikan, portugalin, ranskan, ruotsin, saksan, suomen ja tanskan kielellä kaikkien näiden tekstien ollessa yhtä todistusvoimaiset, ja se talletetaan Euroopan unionin neuvoston pääsihteeristön arkistoon. Pääsihteeristö toimittaa oikeaksi todistetun jäljennöksen siitä kaikille jäsenvaltioille.

Utfärdad i Bryssel den tionde mars år nittonhundranittiofem i ett enda exemplar, på danska, engelska, finska, franska, grekiska, irländska, italienska, nederländska, portugisiska, spanska, svenska och tyska, varvid alla texter är lika giltiga, och deponerad i arkiven vid generalsekretariatet för Europeiska unionens råd. Generalsekreteraren skall vidarebefordra en bestyrkt kopia till varje medlemsstat.

Pour le gouvernement du royaume de Belgique
Voor de Regering van het Koninkrijk België
Für die Regierung des Königreichs Belgien

For regeringen for Kongeriget Danmark

Für die Regierung der Bundesrepublik Deutschland

Για την κυθέονηοη της Ελληνικής Δημοκρατίας

Por el Gobierno del Reino de España

Pour le gouvernement de la République française

Thar ceann Rialtas na hÉireann
For the Government of Ireland

Per il governo della Repubblica italiana

Pour le gouvernement du grand-duché de Luxembourg

Voor de Regering van het Koninkrijk der Nederlanden
Für die Regierung der Republik Österreich

Pelo Governo da República Portuguesa

Suomen hallituksen puolesta

På svenska regeringens vägnar

For the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland

**Fylgiskjal V.**

*Drög.*

## SAMNINGUR

### um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins gerður á grundvelli greinar K.3 í sáttmálanum um Evrópusambandið

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR samnings þessa, aðildarríki Evrópusambandsins,

VÍSA TIL gerðar ráðs Evrópusambandsins frá 27. september 1996,

HAFA HUG Á að bæta dómsmálasamstarf í sakamálum milli aðildarríkjanna, bæði að því er snertir lögsókn og fullnustu dóma,

VIÐURKENNA mikilvægi framsals í dómsmálasamstarfi til að ná þessum markmiðum,

LEGGJA ÁHERSLU Á að það er aðildarríkjunum í hag að tryggja að málsmeðferð við framsal sé skilvirk og gangi hratt fyrir sig að því marki sem stjórnskipun þeirra byggist á meginreglum um lýðræði og aðildarríkin uppfylli þær skyldur sem mælt er fyrir um í samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950,

LÁTA Í LJÓS trú sína á skipulagi og starfsemi réttarkerfa sinna og getu allra aðildarríkjanna til að tryggja sanngjörn réttarhöld,

HAFA Í HUGA að með gerð frá 10. mars 1995 gerði ráðið samning um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins.

TAKA TILLIT TIL ÞESS að það er aðildarríkjum Evrópusambandsins í hag að gera með sér samning er komi til viðbótar Evrópusamningnum um framsal sakamanna frá 13. desember 1957 og öðrum gildandi samningum á þessu sviði,

LÍTA SVO Á að ákvæði þessara samninga gildi áfram á öllum þeim sviðum sem ekki er fjallað um í samningi þessum og

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

*1. gr.*
**Almenn ákvæði**

1. Markmiðið með þessum samningi er að bæta við eftirfarandi ákvæði og auðvelda beitingu þeirra í aðildarríkjum Evrópusambandsins:

— ákvæði Evrópusamnings um framsal sakamanna frá 13. desember 1957 (hér á eftir nefndur „Evrópusamningur um framsal sakamanna“)

— ákvæði Evrópusamnings um varnir gegn hryðjuverkum frá 27. janúar 1977 (hér á eftir nefndur „Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum“),

— ákvæði samningsins frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum í samskiptum þeirra aðildarríkja sem eru aðilar að þeim samningi, og

— ákvæði fyrsta kafla sáttmálans um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum milli Konungsríkisins Belgíu, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar og Konungsríkisins Hollands frá 27. júní 1962, eins og honum var breytt með bókun frá 11. maí 1974 (hér á eftir nefndur „Benelúx-sáttmálinn“) í samskiptum aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa hvorki áhrif á beitingu hagstæðari ákvæða tvíhliða eða marghliða samninga milli aðildarríkja né heldur, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 28. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna, samkomulag um framsal á grundvelli samræmdra eða gagnkvæmra laga um fullnustu handtökuheimilda, sem gefnar eru út á yfirráðasvæði eins aðildarríkis, á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

*2. gr.*
**Brot sem varðað geta framsali**

1. Heimila skal framsal þegar um er að ræða brot sem að lögum aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, varða frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun í a.m.k. tólf mánuði og að lögum aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun í a.m.k. sex mánuði.

2. Óheimilt er að synja um framsal á þeim forsendum að lög aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, kveði ekki á um samskonar öryggisráðstöfun og lög aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

3. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna og ákvæði 2. mgr. 2. gr. Benelúx-sáttmálans gilda einnig um tiltekin brot sem varða fésektum.

*3. gr.*
**Samsæri og samantekin ráð um að fremja brot**

1. Ef brotið, sem er ástæðan fyrir framsalsbeiðninni, samkvæmt lögum aðildarríkisins sem leggur fram beiðni, er flokkað sem samsæri eða samantekin ráð um að fremja brot og varðar a.m.k. tólf mánaða frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun, skal ekki synjað um framsal á grundvelli þess að samkvæmt lögum aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, teljist sami verknaður ekki brot, ef tilgangurinn með samsærinu eða samanteknu ráðunum er að fremja:

a) eitt eða fleiri af þeim brotum sem um getur í 1. og 2. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum;

   eða

b) hvert það brot annað, sem varðar frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun í a.m.k. tólf mánuði sem tengist ólöglegum viðskiptum með fíkniefni svo og aðra skipulagða brotastarfsemi eða önnur ofbeldisverk sem beinast gegn lífi, limum eða frelsi manna eða stofna fjölda fólks í hættu.

2. Í því skyni að ákvarða hvort samsærið eða samanteknu ráðin snúist um að fremja eitt af brotunum sem tilgreind eru í a- eða b-lið 1. mgr. þessarar greinar skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, taka tillit til upplýsinganna sem fram koma í handtökuskipun eða annarri skipun sem hefur sama lagagildi eða í dómsúrskurði yfir einstaklingnum sem farið er fram á að sé framseldur, sem og í greinargerð um brot, sem tilgreind voru í b-lið 2. mgr. 12. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna eða í b-lið 2. mgr. 11. gr. Benelúx-sáttmálans.

3. Hvert aðildarríki getur, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 18. gr., lýst því yfir að það áskilji sér rétt til að beita ekki 1. mgr. eða að beita henni með ákveðnum skilyrðum.

4. Hvert aðildarríki, sem gert hefur fyrirvara skv. 3. mgr. skal, skv. 1. mgr. 2. gr., láta varða framsali hegðun sérhvers einstaklings sem leggur sitt af mörkum til verknaðar hóps manna, sem fremja sameiginlega eitt eða fleiri brot á sviði hryðjuverka, eins og um getur í 1. og 2. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum, ólöglegra viðskipta með fíkniefni og annarrar skipulagðrar brotastarfsemi eða annarra ofbeldisverka sem beinast gegn lífi, limum eða frelsi manna eða sem stofna fjölda fólks í hættu, sem varða frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun í a.m.k. tólf mánuði, jafnvel þótt viðkomandi taki ekki þátt í sjálfri framkvæmd brotsins eða brotanna sem um ræðir; viðkomandi skal hafa lagt sitt af mörkum af ásettu ráði og með vitneskju um annað hvort markmið og almenna brotastarfsemi hópsins eða um ásetning hópsins að fremja umrætt eða umrædd brot.

*4. gr.*

**Ákvörðun um frjálsræðissviptingu, sem kemur til fullnustu annars staðar en í fangelsisstofnun**

Eigi skal synja um framsal vegna lögsóknar á grundvelli þess að beiðnin sé, í samræmi við a-lið 2. mgr. 12. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna eða a-lið 2. mgr. 11. gr. Benelúx-sáttmálans, studd ákvörðun dómsmálayfirvalda aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, um frjálsræðissviptingu sem kæmi til fullnustu annars staðar en í fangelsisstofnun.

*5. gr.*

**Stjórnmálaafbrot**

1. Við beitingu þessa samnings má aðildarríkið, sem beiðni er beint til, ekki líta á neitt brot sem stjórnmálabrot, brot tengt stjórnmálabroti eða brot sem sprottið er af stjórnmálaástæðum.

2. Hvert aðildarríki getur, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 18. gr., lýst því yfir að það muni aðeins beita 1. mgr. í tengslum við:

a) brotin sem um getur í 1. og 2. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum;

og

b) brotum sem felast í samsæri eða samanteknum ráðum, sem svara til þeirrar hegðunar sem lýst er í 4. mgr. 3. gr., í þeim tilgangi að fremja eitt eða fleiri af brotunum sem um getur í 1. og 2. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum.

3. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna og 5. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum haldast óbreytt.

4. Fyrirvarar, sem gerðir eru skv. 13. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum, gilda ekki um framsal milli aðildarríkja.

*6. gr.*
**Brot er varða skatta**

1. Að því er varðar skatta og gjöld, tolla og gjaldeyrisviðskipti skal einnig samþykkja framsal samkvæmt þessum samningi, Evrópusamningnum um framsal sakamanna og Benelúxsáttmálanum þegar um er að ræða brot sem svarar til svipaðs brots samkvæmt lögum aðildarríkisins sem beiðni er beint til.

2. Óheimilt er að synja um framsal á þeim forsendum að í lögum aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, sé ekki kveðið á um samskonar skatta eða gjöld eða að í þeim séu ekki sams konar ákvæði varðandi skatta, gjöld, tolla og gjaldeyrisviðskipti og í lögum aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

3. Hvert aðildarríki getur, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 18. gr., lýst því yfir að það muni einungis verða við framsalsbeiðni þegar um er að ræða brot er varða skatta ef um er að ræða verknað eða vanrækslu sem teljast til brota sem tengjast vörugjaldi, virðisaukaskatti eða tollum.

*7. gr.*
**Framsal á eigin ríkisborgurum**

1. Óheimilt er að synja um framsal á þeim grundvelli að viðkomandi sé ríkisborgari aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, í skilningi 6. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna.

2. Hvert aðildarríki getur, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 18. gr., lýst því yfir að það muni ekki verða við beiðni um framsal ríkisborgara sinna eða einungis með ákveðnum, tilteknum skilyrðum.

3. Fyrirvararnir, sem um getur í 2. mgr., gilda í fimm ár frá fyrsta degi beitingar þessa samnings í hlutaðeigandi aðildarríki. Þó má endurnýja slíka fyrirvara til fimm ára í senn.

Tólf mánuðum áður en fyrirvararnir falla úr gildi skal vörsluaðili senda hlutaðeigandi aðildarríki tilkynningu þar að lútandi.

Eigi síðar en þremur mánuðum áður en fimm ára tímabilið rennur út skal aðildarríkið tilkynna vörsluaðila hvort það ætlar að halda fyrirvörum sínum, breyta þeim til að einfalda skilyrði fyrir framsali eða draga þá til baka.

Sé tilkynningin, sem um getur í undirgreininni hér á undan, ekki send skal vörsluaðili tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki að fyrirvarar þess teljist hafa verið framlengdir sjálfvirkt til sex mánaða en aðildarríkið sendi tilkynningu fyrir lok þess tímabils. Hafi tilkynning ekki borist áður en það tímabil rennur út, fellur fyrirvarinn úr gildi.

*8. gr.*
**Fyrning**

1. Óheimilt er að synja um framsal á þeim forsendum að brot eða fullnusta refsingar viðkomandi manns sé fyrnd samkvæmt lögum aðildarríkisins sem beiðni er beint til.

2. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal eiga kost á að beita ekki 1. mgr. ef framsalsbeiðni byggist á brotum sem heyra undir lögsögu þess aðildarríkis samkvæmt hegningarlögum þess.

*9. gr.*
**Sakaruppgjöf**

Ekki skal verða við framsalsbeiðni vegna brots sem veitt er sakaruppgjöf fyrir í aðildarríkinu sem beiðni er beint til og það ríki var til þess bært að lögsækja fyrir brotið samkvæmt eigin hegningarlögum.

*10. gr.*
**Önnur brot en þau sem framsalsbeiðni byggist á**

1. Fyrir önnur brot en þau sem framsalsbeiðni byggist á, sem framin voru áður en hinn framseldi var afhentur, þarf ekki að fá samþykki aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, til að:

a) lögsækja hann eða kveða upp dóm yfir honum ef brotin varða ekki frjálsræðissviptingu;

b) ákæra hann eða dæma ef meðferð sakamáls gefur ekki tilefni til að beita ráðstöfunum til að takmarka persónufrelsi hans;

c) gera honum að sæta viðurlögum eða ráðstöfun sem ekki felur í sér frjálsræðissviptingu, þ.m.t. fésektir/-víti (?), eða ráðstafanir í stað þeirra, jafnvel þótt þær kunni að takmarka persónulegt frelsi hans;

d) ákæra hann, dæma eða hafa í haldi með það fyrir augum að fullnusta dóm eða öryggisráðstöfun eða láta hann sæta annarri takmörkun á persónufrelsi sínu ef hann hefur, eftir að hafa verið afhentur, skýlaust fallið frá því að nýta sérregluna að því er varðar tiltekin brot sem hann framdi áður en hann var afhentur.

2. Þegar hinn framseldi fellur frá því að nýta sérregluna, sem um getur í d-lið 1. mgr., skal hann lýsa því yfir frammi fyrir lögbærum dómsmálayfirvöldum aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og skal yfirlýsingin bókuð í samræmi við landslög þess aðildarríkis.

3. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að þegar sá sem í hlut á fellur frá því að nýta sérregluna, sem um getur í d-lið 1. mgr., séu aðstæður augljóslega þannig að ljóst sé að hann hafi gert það af fúsum og frjálsum vilja og verið kunnugt um afleiðingarnar. Hinn framseldi skal, í því skyni, eiga rétt á að fá lögfræðiaðstoð.

4. Þegar aðildarríkið, sem beiðni er beint til, hefur gefið út yfirlýsingu skv. 3. mgr. 6. gr. gilda a-, b- og c-liður 1. mgr. þessarar greinar ekki um brot er varða skatta önnur en þau sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

*11. gr.*

**Gert ráð fyrir samþykki aðildarríkisins sem beiðni er beint til**

Hvert aðildarríki getur, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 18. gr. eða hvenær sem er, lýst því yfir að í samskiptum við önnur aðildarríki, sem hafa gefið út sömu yfirlýsingu, sé gert ráð fyrir því að gefið hafi verið samþykki skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna og a-lið 1. mgr. 13. gr. Benelúx-sáttmálans, nema annað sé tekið fram þegar orðið er við framsalsbeiðni í tilteknu tilviki.

Hafi aðildarríki í tilteknu tilviki tilkynnt að ekki megi gera ráð fyrir samþykki þess gildir 1. mgr. 10. gr. engu að síður.

*12. gr.*

**Endurframsal til annars aðildarríkis**

1. Ákvæði 15. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna og ákvæði 1. mgr. 14. gr. Benelúx-sáttmálans gilda ekki um beiðnir um endurframsal frá einu aðildarríki til annars.

2. Hvert aðildarríki getur, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 18. gr., lýst því yfir að 15. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna og 1. mgr. 14. gr. Benelúx-sáttmálans gildi áfram, nema kveðið sé á um annað í 13. gr. samningsins um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins ([1]) eða sá sem í hlut á, samþykki að vera endurframseldur til annars aðildarríkis.

*13. gr.*

**Miðlægt yfirvald og sending skjala um bréfasíma**

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna miðlægt yfirvald eða, ef stjórnskipun þess krefst þess, miðlæg yfirvöld sem bera ábyrgð á að senda og taka við framsalsbeiðnum og nauðsynlegum fylgiskjölum, sem og öðrum opinberum bréfaskiptum í tengslum við framsalsbeiðnir, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

2. Hvert aðildarríki skal tilgreina, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 18. gr., hvaða stjórnvald eða stjórnvöld það hefur útnefnt skv. 1. mgr. þessarar greinar. Verði breyting á útnefningu skal hún tilkynnt vörsluaðila .

3. Heimilt er að senda framsalsbeiðnina og skjölin, sem um getur í 1. mgr., um bréfasíma. Sérhvert miðlægt yfirvald skal hafa yfir að ráða bréfasíma til að senda og taka við slíkum skjölum og skal tryggja að hann sé ætíð í nothæfu ástandi.

([1]) Stjtið. C 78, 30. 3. 1995, bls. 1.

4. Til að tryggja að skjölin, sem send eru, séu ósvikin og til að uppfylla trúnaðarkvaðir skal dulmálsbúnaður, sem tengdur er við bréfasíma miðlæga yfirvaldsins, vera í gangi þegar tækið er notað við beitingu þessarar greinar.

Aðildarríkin skulu hafa samráð sín á milli um tilhögun við beitingu þessarar greinar.

5. Til að tryggja að framsalsskjölin séu ósvikin skal miðlægt yfirvald aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, staðfesta í beiðninni að fylgiskjölin, sem send eru með þeirri beiðni, svari til frumritanna og tiltaka blaðsíðunúmer. Ef aðildarríkið, sem beiðni er beint til, dregur í efa að skjölin svari til frumritanna, á miðlægt yfirvald þess rétt á að krefjast þess að miðlægt yfirvald aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, leggi fram frumritin eða staðfest afrit af þeim innan hæfilegs frests, annaðhvort eftir diplómatískum leiðum eða eftir öðrum leiðum sem báðir aðilar hafa samþykkt.

*14. gr.*
**Viðbótarupplýsingar**

Hvert aðildarríki getur, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 18. gr., eða hvenær sem er, lýst því yfir að í samskiptum við önnur aðildarríki, sem gefið hafa út sömu yfirlýsingu, sé dómsmálayfirvöldum eða öðrum lögbærum yfirvöldum þessara aðildarríkja er heimilt, þegar við á, að snúa sér beint til dómsmálayfirvalda eða annarra lögbærra yfirvalda, sem bera ábyrgð á meðferð sakamáls á hendur þeim sem óskast framseldur, með beiðni um viðbótarupplýsingar í samræmi við 13. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna eða 12. gr. Benelúx-sáttmálans.

Þegar slík yfirlýsing er gefin skal aðildarríkið tilgreina dómsmálayfirvöld eða önnur lögbær yfirvöld sem hafa heimild til að senda og taka við slíkum viðbótarupplýsingum.

*15. gr.*
**Staðfesting um að skjöl séu ósvikin**

Skjöl eða afrit skjala, sem send eru vegna framsals, skulu undanþegin staðfestingu um að þau séu ósvikin eða öðrum formsatriðum nema þess sé sérstaklega krafist í ákvæðum þessa samnings, Evrópusamningsins um framsal sakamanna eða Benelúx-sáttmálans. Í síðara tilvikinu skulu afrit af skjölum talin staðfest þegar dómsmálayfirvöldin, sem gáfu út frumritið, eða miðlæga yfirvaldið, sem um getur í 13. gr., hefur vottað að um sé að ræða staðfest afrit.

*16. gr.*
**Gegnumferð**

Þegar um er að ræða gegnumferð, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 21. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna og 21. gr. Benelúx-sáttmálans, um yfirráðasvæði eins aðildarríkis á leið til annars aðildarríkis gilda eftirfarandi ákvæði:

a) í hverri beiðni um gegnumferð skulu vera fullnægjandi upplýsingar til að aðildarríkið, sem farið er um, geti metið beiðnina og beitt þeim takmarkandi ráðstöfunum gagnvart hinum framselda sem nauðsynlegar eru fyrir gegnumferðina.

Í þeim tilgangi teljast eftirfarandi upplýsingar fullnægjandi:

— hver hinn framseldi er,

— að fyrirliggjandi sé handtökuskipun, eða annað skjal sem hefur sama lagagildi, eða aðfararhæfur dómur,

— lýsing á því í hverju brotið felst og hvers konar lögbrot er um að ræða,

— lýsing á því við hvaða aðstæður brotið var framið, þar með talið hvenær og hvar það var framið;

b) senda má aðildarríkinu, sem farið er um, skriflega beiðni í hvaða formi sem er um gegnumferð og upplýsingarnar, sem kveðið er á um í a-lið. Aðildarríkið, sem farið er um, skal tilkynna ákvörðun sína með sama hætti.

c) þegar um er að ræða flutninga í lofti án áætlaðrar millilendingar, en þó er lent, skal aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, veita aðildarríkinu, sem farið er um, upplýsingarnar sem kveðið er á um í a-lið;

d) Ákvæði 1., 2., 5. og 6. mgr. 21. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna og 1. mgr. 21. gr. Benelúx-sáttmálans skulu gilda áfram með fyrirvara um ákvæði þessa samnings, einkum 3., 5. og 7. gr.

*17. gr.*
**Fyrirvarar**

Ekki er unnt að gera aðra fyrirvara við samning þennan en þá sem skýrt er kveðið á um í honum.

*18. gr.*
**Gildistaka**

1. Samningur þessi er háður samþykki aðildarríkjanna í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði þeirra hvers um sig.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna það til aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins þegar stjórnskipuleg skilyrði þeirra fyrir samþykkt samnings þessa hafa verið uppfyllt.

3. Samningur þessi öðlast gildi 90 dögum eftir að það aðildarríki af þeim ríkjum sem eru í Sambandinu þegar ráð Sambandsins samþykkir gerðina um að koma samningi þessum á

verður síðast til þess að uppfylla formkröfuna um að senda tilkynninguna, sem um getur í 2. mgr.

4. Þar til samningur þessi öðlast gildi getur hvert aðildarríki, þegar það birtir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir að þessi samningur muni gilda, af þess hálfu, í samskiptum við aðildarríki sem hafa birt sams konar yfirlýsingu. Slíkar yfirlýsingar skulu koma til framkvæmda 90 dögum eftir að þær eru afhentar til vörslu.

5. Samningur þessi gildir einungis um beiðnir sem lagðar eru fram eftir þann dag sem hann öðlast gildi eða er beitt í samskiptum aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, og aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina.

*19. gr.*
**Aðild nýrra ríkja**

1. Hverju ríki, sem gerist aðili að Evrópusambandinu, er heimilt að gerast aðili að samningi þessum.

2. Ráð Evrópusambandsins gerir texta samnings þessa á tungumáli ríkisins sem fær aðild að samningnum og er hann jafngildur öðrum textum.

3. Aðildarskjölin skulu afhent vörsluaðila.

4. Samningur þessi öðlast gildi, að því er varðar hvert ríki sem fær aðild að honum, 90 dögum eftir að það hefur afhent aðildarskjöl sín til vörslu eða þann dag sem samningur þessi öðlast gildi ef hann hefur ekki þegar öðlast gildi að 90 dögum liðnum.

5. Ef samningur þessi hefur ekki enn öðlast gildi þegar þau aðildarríki, sem fá aðild að samningnum, afhenda aðildarskjöl sín til vörslu gildir 4. mgr. 18. gr. um þau ríki.

*20. gr.*
**Vörsluaðili**

1. Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili samnings þessa

2. Vörsluaðilinn skal birta upplýsingar um framgang samþykkta og aðildar, yfirlýsingar og fyrirvara og allar aðrar tilkynningar sem varða samning þennan í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir en frumritið verður afhent til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins. Aðalframkvæmdastjórinn lætur hverju aðildarríki um sig í té staðfest afrit.

Pour le gouvernement du Royaume de Belgique
Voor de Regering van het Koninkrijk België
Für die Regierung des Königreichs Belgien

For regeringen for Kongeriget Danmark

Für die Regierung der Bundesrepublik Deutschland

Για την Κυβέρνηση της Ελληνιχής Δημοχρατίας

Por el Gobierno del Reino de España

Pour le gouvernement de la République française

Thar ceann Rialtas na hÉireann
For the Government of Ireland

Per il Governo della Repubblica italiana

Pour le gouvernement du Grand-Duché de Luxembourg

Voor de Regering van het Koninkrijk der Nederlanden

Für die Regierung der Republik Österreich

Pelo Governo da República Portuguesa

Suomen hallituksen puolesta
På finska regeringens vägn

På svenska regeringens vägnar

For the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland

*VIÐAUKI*

**Sameiginleg yfirlýsing um rétt til hælis**

Aðildarríkin lýsa því yfir að samningur þessi hefur hvorki áhrif á rétt til hælis, að því marki sem hann er viðurkenndur í stjórnarskrám viðkomandi ríkja, né á beitingu aðildarríkjanna á ákvæði samningsins um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, eins og við hann var bætt með samningnum um réttarstöðu ríkisfangslausra manna frá 28. september 1954 og með bókun um réttarstöðu flóttamanna frá 31. janúar 1967.

**Yfirlýsing Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar varðandi 7. gr. þessa samnings**

Danmörk, Finnland og Svíþjóð staðfesta að – eins og fram kom í samningaviðræðum þeirra um aðild að Schengen-samningnum – þau muni ekki, í samskiptum við önnur aðildarríki sem ábyrgjast samskonar málsmeðferð, bera fyrir sig yfirlýsingar sínar, skv. 1. mgr. 6. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna, sem ástæðu þess að synja um framsal á þeim sem þar eru búsettir en hafa ríkisfang annarra ríkja en Norðurlandanna.

**Yfirlýsing um hugtakið „ríkisborgari“**

Ráðið tekur tillit til þess að aðildarríkin skuldbinda sig til að beita samningi Evrópuráðsins frá 21. mars 1983 um flutning dæmdra manna gagnvart ríkisborgurum allra aðildarríkja í skilningi 4. mgr. 3. gr. téðs samnings.

Skuldbinding aðildarríkjanna, sem getið er í fyrstu málsgrein, hefur ekki áhrif á beitingu 2. mgr. 7. gr. þessa samnings.

**Yfirlýsing Grikklands varðandi 5. gr.**

Grikkland túlkar 5. gr. út frá 3. mgr. hennar. Þessi túlkun tryggir að skilyrðum grísku stjórnarskrárinnar sé hlítt, en hún:

— kveður skýrt á um bann við framsali útlendings sem eftirlýstur er fyrir baráttu fyrir frelsi,

og

— greinir á milli stjórnmálaafbrota og svokallaðra blandaðra brota en um þau gilda aðrar reglur en um stjórnmálaafbrot.

**Yfirlýsing Portúgals um framsal sem krafist er vegna brots sem varðar ævilangri fangelsisvist eða öryggisráðstöfun**

Portúgal, sem gerði fyrirvara við Evrópusamninginn um framsal sakamanna frá 1957 þess efnis að það myndi ekki framselja menn sem eftirlýstir væru vegna brots sem varðar ævilangri fangelsisvist eða öryggisráðstöfun, lýsir því yfir að þegar farið er fram á framsal vegna brots sem varðar ævilangri fangelsisvist eða öryggisráðstöfun muni það einungis heimila framsal, í samræmi við viðeigandi ákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Portúgals eins og þau eru túlkuð af stjórnskipunardómi þess, ef það telur að aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hafi lagt fram fullnægjandi tryggingar fyrir því að það muni hvetja, í samræmi við landslög og venjur varðandi fullnustu dóma, til beitingar vægari refsingar sem sá sem óskað er eftir framsali á, gæti átt rétt á.

Portúgal áréttar gildi þeirra skuldbindinga sem það hefur tekist á herðar með gildandi alþjóðasamningum, sem það er aðili að, einkum með 5. gr. samningsins um aðild Portúgals að samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins.

**Yfirlýsing ráðsins um eftirfylgni við samninginn**

Ráðið lýsir því yfir:

a) að það telji rétt að hefja, á grundvelli upplýsinga frá aðildarríkjunum, reglubundna endurskoðun á eftirfarandi atriðum:

— hvernig þessum samningi er komið í framkvæmd,

— hvernig samningur þessi reynist í framkvæmd eftir gildistöku hans,

— möguleikar aðildarríkjanna á að breyta fyrirvörum, sem hafa verið gerðir innan ramma þessa samnings, með það fyrir augum að milda skilyrðin fyrir framsali eða afturkalla fyrirvara,

— hvernig málsmeðferð um framsal reynist almennt í framkvæmd milli aðildarríkjanna;

b) að það muni íhuga, einu ári eftir gildistöku þessa samnings, hvort dómstóll Evrópubandalaganna fái lögsögu í þessum málum.

# 972. Frumvarp til laga [653. mál]

um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Orðin „enda njóti hann í þinghöldum aðstoðar lögmanns sem starfar hér á landi“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu eru til komnar vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA við að tvær tilskipanir Evrópusambandsins er varða þjónustu evrópskra lögmanna hér á landi séu ekki réttilega innleiddar í íslenskan rétt. Er þar um að ræða tilskipun 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um heimild evrópskra lögmanna til að veita tímabundna þjónustu hér á landi og tilskipun 98/5/EB frá 16. febrúar 1998 um heimild

evrópskra lögmanna til að staðfesta sig hér á landi og veita hér þjónustu. Í áliti Eftirlitsstofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda kemur fram að samkvæmt íslenskum lögum sé aðila heimilt að flytja mál sitt sjálfur. Því sé óheimilt að binda heimild lögmanna á Evrópska efnahagssvæðinu til að fara með mál fyrir dómstólum ávallt við að þurfa í þinghöldum að starfa með hérlendum lögmanni. Bendir stofnunin í því sambandi á dóm Evrópudómstólsins frá 25. febrúar 1988. Í því máli var um að ræða sams konar ákvæði í þýskum lögum og þeim íslensku. Niðurstaða dómsins var sú að ef lög gera ekki kröfu til að lögmaður mæti fyrir aðila í dómsmáli og heimila t.d. aðila að flytja mál sitt sjálfur þá sé óheimilt að takmarka heimild lögmanns á Evrópska efnahagssvæðinu við að hann starfi með innlendum lögmanni.

Ráðuneytið leitaði eftir sjónarmiðum Lögmannafélags Íslands á áliti Eftirlitsstofnunarinnar. Hafði félagið ekki athugasemdir við það sem þar kom fram. Er því lagt til að orðin „enda njóti hann í þinghöldum aðstoðar lögmanns sem starfar hér á landi“ verði felld út í 3. mgr. 2. gr. laganna.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 77/1998, um lögmenn, með síðari breytingum.**

Í frumvarpinu er lagt til að fallið verði frá þeirri skipan að binda heimild lögmanna á Evrópska efnahagssvæðinu til að fara með mál fyrir dómstólum hér á landi við aðstoð lögmanns sem starfar hér á landi þar sem það þykir ekki samrýmast skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ekki er ástæða til að ætla að útgjöld ríkissjóðs aukist verði frumvarpið að lögum.

## 973. Svar [598. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*
2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Árið 2006 fjölgaði starfsmönnum um tvo á starfsstöð Fasteignamats ríkisins á Akureyri og um einn á starfsstöð stofnunarinnar á Selfossi vegna aukins umfangs í umdæmunum. Jafnframt var gert ráð fyrir viðbótarstarfsmanni á skattstofu Austurlandsumdæmis í fjárlögum ársins 2006 vegna aukins umfangs. Ráðið verður í starfið á fyrri helmingi ársins 2007.

Eins og undanfarin ár mun fjármálaráðuneytið halda áfram að kanna með skipulegum hætti kosti þess að að koma á fót eða flytja verkefni á sviði ráðuneytisins undir stofnanir þess á landsbyggðinni með það fyrir augum að efla starfsemi þar.

## 974. Svar [478. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um erlenda ríkisborgara á vinnumarkaði.

Við vinnslu þessa svars aflaði ráðuneytið upplýsinga frá Vinnumálastofnun og Vinnueftirliti ríkisins.

1. *Hve margir erlendir ríkisborgarar komu til starfa á Íslandi annars vegar árið 2005 og hins vegar árið 2006? Í hvaða starfsgreinum voru þeir og hvar búsettir, skipt eftir landshlutum? Hvað má ætla að margir þeirra séu komnir hingað til skammtímadvalar og hve margir til langtímadvalar?*

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands störfuðu um 9.010 erlendir ríkisborgarar hér á landi árið 2005. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur fyrir árið 2006 en gera má ráð fyrir að þá hafi um 17.400 erlendir ríkisborgarar starfað á íslenskum vinnumarkaði og er sú niðurstaða byggð á neðangreindum upplýsingum:

Frá 1. maí 2006 hefur atvinnurekendum borið skylda til að tilkynna til Vinnumálastofnunar um ráðningu ríkisborgara frá Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Kýpur, Möltu, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi en 3.999 slíkar tilkynningar hafa borist Vinnumálastofnun. Þá er stofnuninni kunnugt um að 1.800 einstaklingar til viðbótar frá fyrrnefndum ríkjum hafi fengið útgefna kennitölu hér á landi en vinnuveitendur þeirra hafa ekki enn tilkynnt ráðningu þeirra til stofnunarinnar. Stofnunin hefur ítrekað þessa tilkynningarskyldu með bréfum til hlutaðeigandi atvinnurekenda. Starfsmannaleigur hafa tilkynnt um 814 starfsmenn til Vinnumálastofnunar auk þess sem gefin hafa verið út 2.849 tímabundin atvinnuleyfi. Þá eru um 2.000 ríkisborgarar frá gömlu aðildarríkjunum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið starfandi hér á landi en ekki er skylda að tilkynna ráðningu þeirra til Vinnumálastofnunar. Loks er gert ráð fyrir að af þeim 9.000 erlendu ríkisborgurum sem störfuðu hér á landi á árinu 2005 hafi 6.000 enn verið að störfum árið 2006.

Í töflunum hér á eftir má sjá skiptingu nýrra tímabundinna atvinnuleyfa á starfsgreinar og atvinnugreinar. Þær gefa þó takmarkaða mynd af stöðu mála 2006 því nauðsynlegt er að taka einnig með í myndina skráningar ríkisborgara frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins sem ekki þurftu atvinnuleyfi frá 1. maí 2006. Enn er unnið að úrvinnslu gagna þar um og því liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um í hvaða starfsgreinum eða atvinnugreinum ríkisborgarar nýju Evrópusambandsríkjanna störfuðu frá 1. maí 2006. Þó má áætla að flestir hafi starfað við mannvirkjagerð/byggingariðnað, matvælaframleiðslu og annan iðnað, auk þjónustugreina og að um sé að ræða verkafólk, sérhæft iðnverkafólk og iðnaðarmenn að stærstum hluta líkt og raunin var með þá sem fengu atvinnuleyfi.

**Útgefin ný atvinnuleyfi eftir starfsgrein:**

| | 2006 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|
| **Starfsgrein** | **Fjöldi** | **Hlutfall** | **Fjöldi** | **Hlutfall** |
| Stjórn/sérfr./tæknar/skrifstofufólk | 217 | 8% | 226 | 6% |
| Umönnun/gæsla/afgreiðsla | 112 | 4% | 154 | 4% |
| Iðnaðarmenn | 826 | 29% | 614 | 16% |
| Sérhæft iðnverkafólk | 339 | 12% | 547 | 14% |
| Véla- og vélgæslufólk | 91 | 3% | 310 | 8% |
| Verkafólk/sjómenn | 1.122 | 40% | 1.834 | 47% |
| Íþróttamenn/þjálfarar | 55 | 2% | 98 | 3% |
| Dansarar | 59 | 2% | 90 | 2% |
| Vantar upplýsingar | 28 | - | 24 | - |
| Alls | 2.849 | 100% | 3.897 | 100% |

**Útgefin ný atvinnuleyfi eftir atvinnugrein:**

| | 2006 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|
| **Atvinnugrein** | **Fjöldi** | **Hlutfall** | **Fjöldi** | **Hlutfall** |
| Landbúnaður | 53 | 2% | 92 | 2% |
| Sjávarútvegur | 34 | 1% | 88 | 2% |
| Fiskvinnsla | 172 | 6% | 409 | 11% |
| Slátrun og kjötiðnaður | 61 | 2% | 114 | 3% |
| Ýmis iðnaður/matvælaiðn. | 188 | 7% | 291 | 8% |
| Byggingariðnaður | 1.670 | 60% | 2.078 | 54% |
| Verslun og ýmis þjónusta | 279 | 10% | 435 | 11% |
| Hótel/veitingah./samg./flutn. | 270 | 10% | 211 | 6% |
| Opinber þjónusta | 72 | 3% | 114 | 3% |
| Vantar upplýsingar | 50 | - | 65 | - |
| Alls | 2.849 | 100% | 3.897 | 100% |

Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir útgefin atvinnuleyfi á árunum 2005 og 2006 eftir búsetu.

**Útgefin ný atvinnuleyfi eftir búsetu:**

| | 2006 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|
| **Búseta** | **Fjöldi** | **Hlutfall** | **Fjöldi** | **Hlutfall** |
| Höfuðborgarsvæðið | 1.067 | 38% | 1.266 | 32% |
| Suðurnes | 242 | 9% | 209 | 5% |
| Vesturland | 79 | 3% | 236 | 6% |
| Vestfirðir | 20 | 1% | 98 | 3% |
| Norðurland vestra | 43 | 2% | 113 | 3% |
| Norðurland eystra | 50 | 2% | 112 | 3% |
| Austurland | 1.194 | 42% | 1.560 | 40% |
| Suðurland | 138 | 5% | 302 | 8% |
| Vantar upplýsingar | 16 | - | 1 | - |
| Alls | 2.849 | 100% | 3.897 | 100% |

Hér á eftir er greining Hagstofu Íslands á erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði árið 2005 eftir atvinnugreinum og landshlutum en tölur frá 2006 liggja ekki fyrir.

| | Alls | Höfuðborgarsvæðið | Vesturland | Norðurland vestra | Norðurland eystra | Austurland | Suðurland | Suðurnes |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Frumvinnslugreinar:** | **510** | **70** | **70** | **30** | **50** | **50** | **150** | **20** |
| Landbúnaður | 270 | 40 | 30 | 30 | 20 | 10 | 120 | 0 |
| Fiskveiðar | 240 | 30 | 40 | 0 | 30 | 40 | 30 | 10 |
| **Iðngreinar:** | **4.210** | **1.330** | **290** | **70** | **170** | **1.340** | **310** | **360** |
| Fiskvinnsla | 1.220 | 230 | 140 | 30 | 100 | 140 | 90 | 260 |
| Annar iðnaður | 1.100 | 670 | 110 | 40 | 50 | 20 | 130 | 30 |
| Mannvirkjagerð | 1.890 | 430 | 40 | 10 | 20 | 1.170 | 90 | 70 |
| **Þjónustugreinar:** | **4.280** | **3.010** | **100** | **50** | **180** | **400** | **210** | **170** |
| Verslun | 610 | 470 | 10 | 10 | 20 | 10 | 20 | 30 |
| Hótel og veitingahúsarekstur | 640 | 510 | 10 | 0 | 20 | 20 | 40 | 10 |
| Samgöngur og flutningar | 300 | 210 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 40 |
| Fasteigna – og viðsk.þjónusta | 960 | 530 | 0 | 0 | 20 | 310 | 20 | 30 |
| Opinber stjórnsýsla | 200 | 140 | 20 | 0 | 20 | 10 | 10 | 0 |
| Fræðslustarfsemi | 300 | 190 | 10 | 10 | 40 | 10 | 20 | 0 |
| Heilbrigðis – og félagsþjónusta | 960 | 750 | 20 | 10 | 40 | 20 | 70 | 20 |
| Önnur þjónusta | 320 | 210 | 10 | 10 | 20 | 10 | 20 | 20 |

Ætla má að þeir sem starfað hafa við virkjanaframkvæmdir séu flestir að störfum í skamman tíma, þ.e. meðan á framkvæmdum stendur. Við byggingu álvers í Reyðarfirði vinna aðallega Pólverjar og gera má ráð fyrir að einhverjir þeirra snúi til annarra starfa í byggingageiranum ef eftirspurn verður áfram mikil á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að erlendum starfsmönnum við stóriðjuframkvæmdir fækki um 1.550 á árinu 2007 og á árinu 2008 er einnig gert ráð fyrir fækkun meðal erlendra starfsmanna við stóriðju sem gæti numið um 500 manns. Hér er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við stækkun álvers í Straumsvík eða undirbúningi annarra stóriðjuframkvæmda.

2. *Hvað má ætla að margir erlendir ríkisborgarar verði hér á landi árin 2007 og 2008 ef mið er tekið af áætlaðri stöðu í efnahags- og atvinnumálum?*

Gera má ráð fyrir að á bilinu 13.000–15.000 erlendir starfsmenn verði starfandi á Íslandi á árinu 2007 af þeim u.þ.b. 17.000 erlendu starfsmönnum sem störfuðu hér á landi á árinu 2006. Á árinu 2008 má gera ráð fyrir að milli 10.000 og 12.000 erlendir starfsmenn verði enn starfandi hér á landi.

Gera má ráð fyrir að eftirspurn dragist saman í byggingarframkvæmdum á almennum markaði, þar sem framboð á íbúðum er mikið og margir af þeim erlendu starfsmönnum sem starfa við þær framkvæmdir fara vafalaust úr landi. Auk þess má gera ráð fyrir að ný tækifæri geti opnast í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu og það gæti leitt til fækkunar.

3. *Hve margir erlendir ríkisborgarar störfuðu annars staðar á Norðurlöndunum á sl. ári sem hlutfall af heildarmannfjölda og hvert er hlutfallið hér á landi?*

Ekki liggja fyrir gögn um fjölda erlendra ríkisborgara á árinu 2006 á vinnumarkaði Norðurlandanna en á árinu 2005 voru hlutföllin eftirfarandi:

Í Danmörku voru 3,4% vinnuaflsins erlendir ríkisborgarar, í Finnlandi var hlutfallið 1,7%, í Noregi var hlutfallið 4,3% og í Svíþjóð var hlutfallið um 5%. Á Íslandi var hlutfallið 5,5% árið 2005 en hefur hækkað mikið og var að öllum líkindum um 9% á árinu 2006.

4. *Hvað má ætla að margir erlendir ríkisborgarar af EES-svæðinu hefðu verið ráðnir gegnum innlendar og erlendar starfsmannaleigur ef aðlögunarfrestur um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins hefði verið nýttur til 1. maí 2009?*

Hér á landi hefur verið mikil eftirspurn eftir vinnuafli síðustu ár og því má telja líklegt að álíka margir erlendir ríkisborgarar hefðu streymt til starfa hér á landi og raunin hefur orðið þrátt fyrir að aðlögunarfrestur um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins hefði verið nýttur til 1. maí 2009. Þar sem fyrrnefndur aðlögunarfrestur náði ekki til þjónustuviðskipta má ætla að ef hann hefði verið nýttur áfram hefði mikil aukning orðið hér á landi í tengslum við þjónustu starfsmannaleiga sem hafa staðfestu í nýju EES-ríkjunum (Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Kýpur, Möltu, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi) þar sem telja verður líklegt að atvinnurekendur hefðu mætt þessari miklu eftirspurn eftir vinnuafli með leigu á erlendum starfsmönnum með milligöngu fyrrnefndra starfsmannaleiga. Með því að nýta ekki aðlögunarfrestinn eftir 1. maí 2006 varðandi frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins má því ætla að náðst hafi töluverður árangur í því að styrkja það form að beint ráðningarsamband sé milli launamanns og atvinnurekanda, en slíkt ráðningarform hefur verið ríkjandi á íslenskum vinnumarkaði um langt skeið til heilla fyrir vinnumarkaðinn.

5. *Hve mörg tilvik komu upp árið 2005 annars vegar og árið 2006 hins vegar þar sem launakjör og aðbúnaður erlendra ríkisborgara var ekki í samræmi við íslenska löggjöf og kjarasamninga á vinnumarkaði?*

Að mati Vinnumálastofnunar má ætla að 50–70% starfsmanna starfsmannaleiga hafi fengið leiðréttingu á launum árið 2006. Gert er ráð fyrir að dregið hafi úr tilhneigingu til að veita þessum starfsmönnum lakari kjör, m.a. vegna aðhalds Vinnumálastofnunar og stéttarfélaga, en mörg slík mál eru leyst fyrir milligöngu stéttarfélaga. Vinnumálastofnun hefur komið með athugasemdir við talsverðan fjölda ráðningarsamninga og hafa þau mál flest verið leyst greiðlega í samvinnu við atvinnurekendur.

Að því er varðar eftirlit með aðbúnaði starfsmanna greinir Vinnueftirlit ríkisins ekki niðurstöður sínar eftir því hvort starfsmenn eru erlendir ríkisborgarar eða ekki. Vinnueftirlitið hyggur hins vegar á átak á þessu ári þar sem horft verður sérstaklega til vinnustaða þar sem erlendir ríkisborgarar starfa.

6. *Hvernig er fylgst með því að í útboðum verktaka séu launakjör erlendra ríkisborgara sem starfa á vegum þeirra í samræmi við íslenska löggjöf og kjarasamninga á vinnumarkaði?*

Farið er yfir ráðningarsamninga og þannig fylgst með því að þeir sem koma hingað til lands fái laun í samræmi við íslenska löggjöf. Því til stuðnings er óskað eftir afriti af þjónustusamningi og/eða verktakasamningi. Í upphafi var tilhneiging hjá einstökum fyrirtækjum til að nota starfsmannaleigur sem leið til þess að komast hjá því að greiða laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Hins vegar hafa lög um starfsmannaleigur sem tóku gildi í janúar 2006 torveldað notkun starfsmannaleiga í þessu skyni.

# 975. Svar [509. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um stöðu blindra og daufblindra.

1. *Hver er fjöldi blindra og daufblindra í þjóðfélaginu, annars vegar barna og hins vegar fullorðinna?*

Fjöldi blindra og sjónskertra barna og ungmenna eftir aldri og svæðum kemur fram í töflu 1, sundurliðaður eftir leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólaaldri samkvæmt upplýsingum frá Blindrafélaginu í febrúar 2007.

**Tafla 1.**

| Aldur | Reykjavík | Nágrenni | Suðurnes | Vesturland | Vestfirðir | Norðurl. vestra | Norðurl. eystra | Austurland | Suðurland | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0-5 | 6 | 10 | 2 | 1 | 0 | 2 | 8 | 0 | 2 | 31 |
| 6-15 | 31 | 12 | 4 | 1 | 2 | 1 | 10 | 4 | 9 | 74 |
| 16-20 | 11 | 4 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 5 | 22 |
| Samt. | 48 | 26 | 7 | 2 | 2 | 4 | 18 | 4 | 16 | 127 |

Fjöldi barna og ungmenna eftir svæðum og alvarleika sjónskerðingar samkvæmt greiningarviðmiðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) kemur fram í töflu 2.

Greiningarviðmiðin eru:

Lögblindir, sjón undir 6/60 eða sjónsvið þrengra en 10 gráður.

Sjónskertir, sjón undir 6/18 eða sjónsvið þrengra en 20 gráður.

Óviss sjónskerðing, af einhverjum ástæðum er ekki hægt að mæla sjón nákvæmlega en hún er undir sjónskerðingarmörkum.

**Tafla 2.**

| | Reykjavík | Nágrenni | Suðurnes | Vesturland | Vestfirðir | Norðurl. vestra | Norðurl. eystra | Austurland | Suðurland | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lögblindir | 19 | 12 | 2 | 1 | 1 | 2 | 7 | 1 | 7 | 52 |
| Sjónskertir | 21 | 12 | 3 | 1 | 0 | 2 | 9 | 3 | 6 | 57 |
| Óviss sjónsk. | 8 | 2 | 2 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 3 | 18 |
| Samt. | 48 | 26 | 7 | 2 | 2 | 4 | 18 | 4 | 16 | 127 |

Samkvæmt upplýsingum Sjónstöðvar Íslands var heildarfjöldi sjónskertra á landinu 1.416 um áramótin 2006/2007 samkvæmt greiningarviðmiðum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Af þeim voru 625 (44,1%) lögblindir og 791 (55,9%) með minni sjónskerðingu.

Heildarfjöldi sjónskertra skiptist eftir aldri eins og fram kemur hér á eftir, samkvæmt upplýsingum frá Sjónstöð Íslands 3. febrúar 2007.

0–20 ára: 142 einstaklingar.
21–69 ára: 307 einstaklingar.
70 ára og eldri: 967 einstaklingar.

Eins og sjá má gætir nokkurs misræmis á milli talna frá Sjónstöð Íslands og Blindrafélaginu. Sjónstöðin tilgreinir nokkuð fleiri sjónskert börn og ungmenni á aldrinum 0–20 ára (142) en Blindrafélagið (127). Félagsmálaráðuneytið leggur áherslu á að þessar upplýsingar verði samræmdar.

Hvað daufblinda varðar, þá hefur starfsfólk Sjónstöðvar leitast við að skrá sérstaklega þá skjólstæðinga stöðvarinnar sem einnig eru heyrnarskertir, nota t.d. heyrnartæki. Forstöðu-

maður stöðvarinnar tekur fram að sú skráning sé hvorki tæmandi né vísindaleg en samkvæmt henni eru 62 einstaklingar daufblindir, flestir eldri en 70 ára, eða 46.

Samkvæmt upplýsingum Daufblindrafélags Íslands eru hins vegar 30–40 einstaklingar nú taldir daufblindir á Íslandi. Í þeim hópi eru 3–4 börn. Líklegt má telja að munurinn á tölum Sjónstöðvarinnar og Daufblindrafélagsins felist í ólíkum greiningarviðmiðum.

2. *Telur ráðherra að þjónusta við blinda og daufblinda hér á landi standi langt að baki slíkri þjónustu annars staðar á Norðurlöndum?*

Til þess að hægt sé að gera sér nákvæmlega grein fyrir stöðu blindra og daufblindra á Íslandi samanborið við önnur ríki á Norðurlöndum þurfa að liggja fyrir nákvæmari upplýsingar en nú eru aðgengilegar. Þess ber að geta í því sambandi að Blindrafélagið er nú að láta vinna tvær skýrslur um stöðu blindra og sjónskerta í samfélaginu. Í annarri skýrslunni verður að finna tillögur og aðgerðaáætlun um þjónustu í skólamálum við blind og sjónskert börn á Íslandi og verður sú skýrsla kynnt innan tíðar.

Í hinni skýrslunni, sem unnin er af Pricewaterhouse Coopers, er fjallað um Sjónstöð Íslands og rekstrarvanda hennar. Sú skýrsla verður einnig kynnt á næstunni.

Það er mat Blindrafélagsins að almennt þurfi að styrkja ýmsa þætti þeirrar þjónustu sem blindum og sjónskertum er veitt af opinberum aðilum. Félagið bendir t.d. á nauðsyn þess að styrkja þjónustu skólakerfisins og nauðsyn þekkingarmiðstöðvar sem styðja mundi við bakið á hinu almenna skólakerfi þannig að það gæti enn betur rækt hlutverk sitt í þessum efnum. Einnig bendir félagið á nauðsyn þess að styrkja hæfingu og endurhæfingu og að blindir fái aukinn stuðning til að komast út á almennan vinnumarkað eftir að skólagöngu lýkur.

Það er ennfremur mat Daufblindrafélagsins að þau verkefni sem framundan eru til þess að styrkja stöðu daufblindra séu mörg og þurfi að vera afar fjölbreytileg þar sem þarfirnar séu afar mismunandi.

Til þess að geta gert raunhæfan samanburð á stöðu blindra og daufblindra á Íslandi við önnur ríki á Norðurlöndum þarf að ráðast í umfangsmiklar úttektir. Það er hins vegar mat félagsmálaráðuneytisins að stjórnvöld eigi að fara yfir og meta þær hugmyndir sem nú liggja fyrir og þær sem koma væntanlega fram í þeim skýrslum sem fyrr eru nefndar og bregðast við þeim í samráði og samvinnu við félög blindra og daufblindra.

3. *Njóta blindir annars vegar og daufblindir hins vegar þeirrar þjónustu og réttar sem lög og reglugerðir um málefni fatlaðra kveða á um? Óskað er eftir sundurliðun þeirrar þjónustu sem þeim stendur til boða.*

Í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003, er kveðið á um rétt þeirra sem eru andlega og líkamlega fatlaðir og þarfnast sérstakar þjónustu eða stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun og sjón- og heyrnarskerðingu. Ennfremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum og slysum.

Þjónusta sem blindum og daufblindum stendur til boða og snýr að félagsmálaráðuneytinu getur því verið af margvíslegum toga í samhengi við þær þarfir sem fyrir hendi eru. Um er að ræða þarfir fyrir þjónustu á heimilum sem felst í því að styrkja möguleika til aukins sjálfstæðis í heimilishaldi, þjónustu á sviðum hæfingar, endurhæfingar og atvinnu til þess að geta tekið aukinn þátt í samfélaginu, og sálfræðiþjónustu, ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þ.m.t. tómstundir og menningarlíf, auk þarfa fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegum stuðningi við fjölskyldur þeirra.

Þjónustustofnanir sem koma til móts við þessar þarfir geta því verið hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, atvinna með stuðningi á vegum svæðisskrifstofa málefna fatlaðra eða annarra þjónustuaðila, dagvistarstofnanir, verndaðir vinnustaðir og skammtímaþjónusta. Á sviði búsetu getur verið um að ræða stuðning við búsetu í félagslegum íbúðum, sambýlum, á áfangastöðum og heimilum fyrir börn.

4. *Þurfa blindir og daufblindir að bíða eftir þjónustu, og þá hverri og hve lengi?*

Sé horft til almennrar þjónustu ríkis og sveitarfélaga er biðtíminn afar mismunandi og ræðst hann að nokkru af búsetu, þ.e. aðgengi að þjónustu og þeim þörfum sem reynt er að koma til móts við. Ekki er því hægt að gefa einhlítt svar við því hver biðtíminn er eftir þjónustu.

Í upplýsingum frá Blindrafélaginu kemur fram að skortur sé á því að blindir og sjónskertir njóti jafnréttis. Sjónarmið daufblindra eru svipuð og hjá blindum og benda þeir auk þess á mikilvægi vandaðrar stefnumörkunar og samhæfingar.

5. *Hefur ráðherra tillögur um hvernig bæta megi stöðu blindra og daufblindra í þjóðfélaginu?*

20. september 2006 samþykkti ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga tillögu um aðkomu sjóðsins að ráðningu sérstaks kennsluráðgjafa fyrir blinda og sjónskerta nemendur á landsvísu. Meginmarkmiðið með ráðningu kennsluráðgafans er að veita þessum nemendahópi heildstæða kennsluráðgjöf, veita ráðgjöf í heimaskólum umræddra nemenda og fylgja henni eftir.

Ráðning kennsluráðgjafans grundvallast á samningi milli menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. tímabundna ráðningu er að ræða meðan fundin verður varanleg lausn á þjónustu og kennslufræðilegri ráðgjöf fyrir blinda og sjónskerta nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins. Aðkoma Jöfnunarsjóðs tekur mið af kennsluráðgjöf fyrir blinda og sjónskerta grunnskólanemendur í öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg. Kennsluráðgjafinn mun hafa aðsetur í þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar.

Þetta verkefni er tímabundið en mikilvægt er að á grundvelli reynslu af því verði tekin ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag.

Með þeirri viðamiklu stefnumótun í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna sem félagsmálaráðuneytið hefur unnið að undanfarin misseri og kynnt verður með formlegum hætti í lok mars kemur fram ríkur vilji og metnaður ráðuneytisins til þess að þjónusta við fatlaða á Íslandi verði til fyrirmyndar. Í stefnumótuninni birtist ákveðin framtíðarsýn og gerð er grein fyrir þeim grundvallarsjónarmiðum sem stefnan byggist á. Síðan er fjallað um einstök málasvið þar sem greint er á milli meginmarkmiða og starfsmarkmiða og gerð grein fyrir leiðum að þeim markmiðum.

Sett eru fram skýr markmið á málasviðum sem lúta að þjónustu við börn 0–17 ára, stoðþjónustu við 18 ára og eldri, þjónustu vegna búsetu, atvinnu og hæfingar svo eitthvað sé nefnt. Stefnumiðin og framkvæmd þeirra taka því mið af þjónustuþörfum blindra og daufblindra eins og þörfum annarra hópa fatlaðra.

Rétt er að benda á að nú er unnið að áætluninni „Aðgengi fyrir alla“ undir forystu félagsmálaráðuneytisins. Hugmyndin er sú að stefna og framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna verði samþætt þeirri áætlun, þ.e. verði hluti af því markmiði að tryggja öllum landsmönnum fullt aðgengi að samfélaginu. Þessi áætlun mun liggja

fyrir á vordögum. Ljóst er að þessi stefnumótun hefur mikil áhrif á líf og starf allra fatlaðra á næstu árum, nái stefnumiðin fram að ganga.

Hvað varðar sérstök úrræði, t.d. þau er lúta að stuðningi við búsetu og atvinnu, hjálpartækjum og annarri stoðþjónustu, er mikilvægt að koma á samstarfi við alla sem koma að málefnum blindra og daufblindra.

6. *Hvenær má vænta þess að sett verði á fót þekkingarmiðstöð sem yrði þjónustumiðstöð fyrir þessa hópa og aðstandendur þeirra líkt og nú eru starfandi annars staðar á Norðurlöndum?*

Blindrafélag Íslands hefur nýverið mótað áhugaverðar tillögur um endurhæfingar- og þekkingarmiðstöð blindra og sjónskertra. Þar er lagt til að þjónustu við blint og sjónskert fólk verði komið fyrir á einum stað, þ.e. Sjónstöð Íslands, þekkingarmiðstöð blindra og sjónskertra nemenda, námsgagnagerð á blindraletri og stækkuðu letri og endurhæfingu blindra og sjónskertra. Félagið telur að mikið hagræði geti orðið að því, bæði fyrir fagfólk og notendur, að hafa þessa starfsemi undir sama þaki.

Meginhársluatriði í starfseminni yrðu: hæfing og endurhæfing, umferli, ADL og sjónþjálfun, félagsráðgjöf, sálgæsla, tölvukennsla, atvinnuráðgjöf, kennsluráðgjöf, blindraleturskennsla, kynningarstarf, námskeiðahald, úttektir á aðgengi og ráðgjöf í meðferð hjálpartækja o.fl. Þannig yrði blindum og sjónskertum á öllum aldri veitt alhliða þjónusta í miðstöðinni.

Rök fyrir þessari tilhögun eru einkum þessi:

- Grunnur yrði lagður að sameiginlegri endurhæfingar- og þekkingarmiðstöð blindra og sjónskertra þar sem þjónustu við þá yrði komið fyrir á einum stað og aðgengi að henni þannig auðveldað.
- Aukin áhersla yrði lögð á endurhæfingu með það fyrir augum að auka atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra og bæta lífsgæði þeirra.
- Gert er ráð fyrir aðkomu sveitarfélaga og ráðuneyta menntamála, félagsmála og heilbrigðis- og tryggingarmála.
- Húsakynni Blindrafélagsins, sem hafa verið byggð upp í samstarfi við ríkið, geta nýst vel til þessarar starfsemi. Í samráði við Sjónstöð Íslands hefur húsnæði á 5. hæð í Hamrahlíð 17 verið endurhannað og þar má koma miðstöðinni fyrir. Enda þótt starfsemin heyri undir þrjú ráðuneyti, auk sveitarfélaga, má samnýta húsnæði og aðra stoðþjónustu.

Blindrafélagið leggur til að settur verður á fót framkvæmdahópur með aðild allra hlutaðeigandi aðila sem komi tillögunum í framkvæmd fyrir 1. janúar 2008.

Þessar tillögur eru allrar athygli verðar og líklegar til þess að koma til móts við þjónustuþarfir blinds og sjónskerts fólks sem þekkir vitaskuld best sjálft hvar skórinn kreppir. Félagsmálaráðuneytið vill taka þátt í samstarfi við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og þau hagsmunasamtök sem málið varðar um að móta tillögurnar frekar og stuðla að því að koma þeim í framkvæmd.

# 976. Svar [610. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Hjörleifssonar um afla línubáta á krókaaflamarki.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver var heildarafli línubáta á krókaaflamarki fiskveiðiárin 2001/2002 og 2005/2006, sundurliðaður eftir heimahöfn?*

**Línuafli og heildarafli krókaaflamarksbáta eftir heimahöfnum fiskveiðárin 2001/2002 og 2005/2006.**

Magn í kg upp úr sjó (óslægt) samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum.

| Nr. | Heimahöfn | 2001/2002 | 2005/2006 | Lína 2001/2002 | Lína 2005/2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **Vestmannaeyjar** | 436.948 | 839.753 | **232.001** | **547.410** |
| 9 | **Selfoss** | 28.254 | 392.846 | **20.598** | **392.846** |
| 11 | **Þorlákshöfn** | 704.750 | 754.680 | **553.736** | **747.956** |
| 13 | **Grindavík** | 2.479.004 | 8.519.488 | **2.298.775** | **8.030.039** |
| 15 | **Hafnir** | | 24.108 | | |
| 17 | **Sandgerði** | 916.019 | 2.817.793 | **747.457** | **2.280.133** |
| 19 | **Garður** | 451.464 | 758.891 | **218.333** | **554.032** |
| 21 | **Keflavík** | 984.422 | 2.027.012 | **644.320** | **1.741.814** |
| 23 | **Njarðvík** | 193.919 | 126.583 | **147.541** | **73.728** |
| 25 | **Vogar** | 41.252 | 69.655 | **34.537** | |
| 27 | **Hafnarfjörður** | 941.698 | 1.226.176 | **485.758** | **912.422** |
| 29 | **Garðabær** | 181.163 | 63.503 | **134.219** | |
| 31 | **Kópavogur** | 166.446 | 906.724 | **42.360** | **830.576** |
| 32 | **Seltjarnarnes** | | 14.646 | | |
| 33 | **Reykjavík** | 1.167.450 | 1.429.186 | **765.880** | **1.107.875** |
| 35 | **Akranes** | 324.145 | 1.022.539 | **205.473** | **824.634** |
| 37 | **Borgarnes** | 91.223 | 58.380 | **75.758** | |
| 38 | **Arnarstapi** | 138.043 | 120.813 | **17.623** | |
| 39 | **Hellnar** | 31.247 | 8.337 | | |
| 41 | **Hellissandur** | 346.509 | 648.132 | **287.458** | **646.486** |
| 42 | **Rif** | 748.639 | 1.968.486 | **542.822** | **1.788.510** |
| 43 | **Ólafsvík** | 2.506.497 | 5.887.396 | **2.320.193** | **5.454.131** |
| 45 | **Grundarfjörður** | 991.039 | 586.411 | **834.481** | **459.488** |
| 47 | **Stykkishólmur** | 850.072 | 2.444.149 | **494.061** | **2.100.799** |
| 49 | **Flatey á Breiðafirði** | | 956 | **0** | **956** |
| 55 | **Brjánslækur** | 44.858 | 130.118 | **18.802** | **63.814** |
| 57 | **Patreksfjörður** | 688.571 | 983.064 | **575.323** | **864.915** |
| 59 | **Tálknafjörður** | 2.968.080 | 1.292.193 | **2.853.243** | **988.889** |
| 61 | **Bíldudalur** | 145.208 | 313.521 | **111.865** | **221.420** |
| 63 | **Þingeyri** | 332.455 | 102.073 | **238.259** | **58.652** |
| 65 | **Flateyri** | 2.465.770 | 3.366.259 | **2.461.805** | **3.324.590** |
| 67 | **Suðureyri** | 2.239.850 | 3.123.083 | **2.113.291** | **2.950.407** |
| 69 | **Bolungarvík** | 4.063.857 | 5.511.089 | **3.814.437** | **5.082.280** |
| 71 | **Hnífsdalur** | | 440.308 | | **440.308** |
| 73 | **Ísafjörður** | 1.719.738 | 1.544.315 | **1.588.309** | **1.398.886** |
| 75 | **Súðavík** | 41.159 | 594.200 | | **477.416** |
| 77 | **Norðurfjörður** | 56.793 | 128.626 | | |
| 78 | **Djúpavík** | | 53.020 | | **10.128** |
| 79 | **Drangsnes** | 571.806 | 659.398 | **546.494** | **629.995** |

| Nr. | Heimahöfn | 2001/2002 | 2005/2006 | Lína 2001/2002 | Lína 2005/2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| 81 | **Hólmavík** | 581.113 | 1.388.918 | **561.515** | **1.302.881** |
| 83 | **Hvammstangi** | 100.853 | 1.995 | **100.853** | **852** |
| 85 | **Blönduós** | | 349.011 | **0** | **349.011** |
| 87 | **Skagaströnd** | 193.183 | 931.573 | **161.478** | **753.801** |
| 89 | **Sauðárkrókur** | 78.875 | 263.456 | **13.777** | **222.757** |
| 91 | **Hofsós** | 19.662 | 371.691 | **0** | **356.496** |
| 92 | **Haganesvík** | 1.936 | 210.187 | **0** | **205.915** |
| 93 | **Siglufjörður** | 512.898 | 2.510.395 | **399.209** | **2.316.003** |
| 95 | **Ólafsfjörður** | 65.311 | 188.864 | **0** | **93.302** |
| 97 | **Grímsey** | 1.396.895 | 2.543.318 | **1.187.954** | **2.028.552** |
| 99 | **Hrísey** | 278.891 | 1.345.014 | **159.802** | **1.285.026** |
| 101 | **Dalvík** | 82.941 | 840.200 | **7.637** | **617.464** |
| 102 | **Árskógssandur** | 192.734 | 891.020 | **177.719** | **875.113** |
| 103 | **Árskógssandur** | 123.089 | 483.350 | **119.866** | **483.350** |
| 104 | **Hauganes** | 52.983 | 63.191 | **43.609** | **24.320** |
| 107 | **Akureyri** | 288.053 | 540.903 | **125.627** | **467.791** |
| 111 | **Grenivík** | 132.120 | 42.683 | **98.673** | **32.188** |
| 115 | **Húsavík** | 260.964 | 3.203.142 | **177.474** | **3.153.480** |
| 117 | **Kópasker** | 5.754 | 15.159 | **0** | **7.557** |
| 119 | **Raufarhöfn** | 279.874 | 610.414 | **218.301** | **543.299** |
| 121 | **Þórshöfn** | 79.702 | 347.080 | **0** | **205.496** |
| 123 | **Bakkafjörður** | 699.193 | 798.814 | **522.871** | **625.554** |
| 125 | **Vopnafjörður** | 50.297 | 381.829 | **44.996** | **381.038** |
| 129 | **Borgarfjörður eystri** | 371.289 | 544.675 | **234.818** | **432.391** |
| 131 | **Seyðisfjörður** | 156.294 | 151.100 | **125.121** | **108.891** |
| 133 | **Mjóifjörður** | 42.917 | 35.768 | | |
| 135 | **Neskaupstaður** | 202.173 | 195.666 | **110.310** | **121.948** |
| 137 | **Eskifjörður** | 90.141 | 282.462 | **68.143** | **275.395** |
| 139 | **Reyðarfjörður** | 102.884 | 108.518 | **51.408** | **95.314** |
| 141 | **Fáskrúðsfjörður** | 159.841 | 105.018 | **124.899** | **53.260** |
| 143 | **Stöðvarfjörður** | 732.869 | 1.488.491 | **695.745** | **1.485.812** |
| 145 | **Breiðdalsvík** | 74.695 | 363.007 | **68.700** | **363.007** |
| 147 | **Djúpivogur** | 303.264 | 481.724 | **34.002** | **346.080** |
| 149 | **Hornafjörður** | 1.205.081 | 2.387.058 | **355.138** | **1.813.764** |
| | **Samtals** | 38.977.117 | 75.423.604 | **31.414.857** | **66.432.643** |

## 977. Svar [529. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði, uppsagnir og sveigjanleg starfslok.

1. *Hvernig metur ráðherra stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði með sérstöku tilliti til atvinnuöryggis, samkeppnishæfni og möguleika á sí- og endurmenntun?*

Atvinnuþátttaka er mikil hjá öllum aldurshópum á Íslandi ólíkt því sem tíðkast í öðrum vestrænum samfélögum. Þróunina má m.a. rekja til áttunda áratugarins en þá var brugðist við miklu atvinnuleysi meðal ungs fólks með því að auðvelda starfsmönnum að hverfa af vinnumarkaði og hefja töku lífeyris. Minnkandi atvinnuþátttaka er samfélagslegt vandamál þar sem sífellt færri einstaklingar standa undir þjóðarframleiðslunni og velferðarkerfinu sem

verður æ dýrara eftir því sem þjóðir eldast. Nú eru Evrópuríkin að bregðast við þróuninni sem af þessu hlaust en hins vegar bendir ýmislegt til þess að við Íslendingar munum standa frammi fyrir svipuðum vanda eftir nokkur ár verði ekkert að gert. Helstu ástæður þess er breytt aldurssamsetning þjóðarinnar, auknir lífsmöguleikar, velmegun og tilkoma séreignarlífeyrissjóðanna.

Kannanir sýna að það dregur úr þátttöku í sí- og endurmenntun með aldri og dregur það án efa úr samkeppnishæfni þeirra sem eldri eru. Vinnumarkaðurinn krefst sífellt meiri þekkingar og hraðari tækniþróun kallar á öflugri sí- og endurmenntun. Menntun er ekki lengur átaksverk heldur er hún orðin æviverk og símenntun er einn af þeim þáttum sem viðheldur færni fólks á vinnumarkaði. Rannsóknir benda hins vegar til að sí- og endurmenntunarþátturinn sé alls ekki einsleitur. Verulegur munur kemur fram eftir menntunarstigi. Lítill munur er á aldurshópum hvað varðar þátttöku í sí- og endurmenntun þegar litið er á þá sem hafa mesta menntun, en verulegur munur meðal þeirra sem minnsta menntunina hafa.

Erlendar rannsóknir og kannanir sýna að aldurstengd mismunun á vinnumarkaði er staðreynd. Viðhorfið til eldra fólks er einkum að það eigi erfiðara með að tileinka sér nýja hluti og taka breytingum. Þetta hafi áhrif á framgang eldra starfsfólks á vinnustað og birtingarmyndirnar eru einkum þær að þeir sem eldri eru fá ekki að taka fullan þátt í menntun/endurmenntun og fá sjaldnar ný verkefni og ögrandi viðfangsefni en þeir sem yngri eru.

Niðurstöður úr könnun sem unnin var á Íslandi árið 2004 gáfu ekki einhlítt svar við spurningum um aldurstengda mismunun hérlendis. Þegar fólk var spurt beint um eigin reynslu sagðist það ekki hafa fundið fyrir mismunun en margir kváðust hins vegar þekkja til fólks á sínum vinnustað sem hefði orðið fyrir slíkri mismunun. Í könnun sem Samtök atvinnulífsins létu gera á árinu 2004 meðal félaga sinna kom fram að eldra fólk er ekki talið síðri starfskraftur en yngra fólk. Það er sjaldnar frá vinnu vegna veikinda og er jákvæðara í garð vinnunnar en yngra fólk. Erlendar rannsóknir sýna sömu niðurstöður.

2. *Er langtímaatvinnuleysi algengara hjá miðaldra og eldra fólki en þeim sem yngri eru og ef svo er, hvaða úrræði sér ráðherra til að bæta úr því?*

Á Íslandi er atvinnuleysi meðal miðaldra og eldra fólks ekki meira en í öðrum aldurshópum. Hins vegar er langtímaatvinnuleysi meira viðvarandi hjá þessum hópi sem bendir til þess að fólki sem komið er yfir miðjan aldur og missir vinnuna reynist erfiðara að fá vinnu að nýju en fólki sem yngra er.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins starfar starfshópur sem gengur undir nafninu „50 plús“ og hefur það hlutverk að kanna stöðu eldra fólks á vinnumarkaði og koma með tillögur um úrbætur þar sem þeirra er þörf. Hópurinn var skipaður til fimm ára og unnið er að því að kanna stöðu fólks á vinnumarkaði sem orðið er eldra en 50 ára. Þegar niðurstaða þeirrar könnunar liggur fyrir mun hópurinn móta tillögur um aðgerðir og úrræði fyrir þennan aldurshóp á íslenskum vinnumarkaði. Starfshópurinn hefur jafnframt staðið fyrir opinberri umræðu um stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.

3. *Hver er afstaða ráðherra til þess að ætíð sé skylt að rökstyðja uppsögn starfsmanns?*

Þessi liður snýst um afstöðu til fullgildingar samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Þegar hefur verið svarað tveimur fyrirspurnum um sama efni á yfirstandandi þingi (mál nr. 143 og 495). Í svörum við þeim hefur komið fram að málið hefur lengi verið ágreiningsefni fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Stjórnvöld hafa ekki viljað beita sér fyrir fullgildingu samþykktar ILO nr. 158 í fullri andstöðu annars aðilans á vinnumarkaðnum. Samtök atvinnulífsins hafa eindregið lagst gegn fullgildingu með þeim rökum að með henni og framkvæmd samþykktarinnar dragi úr sveigjanleika og hreyfanleika á íslenskum vinnumarkaði. Hreyfanleiki, sveigjanleiki og öryggi eru aðalviðfangsefni vinnumála um þessar mundir. Alþýðusamband Íslands hefur lagt ríka áherslu á að samþykktin verði fullgilt og hefur fært fram sem rök að meiri harka sé á vinnumarkaðnum gagnvart fólki sem stendur höllum fæti vegna skorts á færni eða heilsu eða af öðrum ástæðum. Félagsmálaráðuneytið hefur haft að leiðarljósi í þessu máli sem og öðrum er varða vinnumarkaðinn að ná samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Í því skyni var Rannsóknarsetri í vinnurétti og jafnréttismálum við Háskólann á Bifröst falið að semja tillögu að leiðbeiningarreglum varðandi uppsagnir starfsmanna í anda samþykktar ILO nr. 158. Þegar tillagan liggur fyrir verður hún lögð fyrir samstarfsnefnd félagsmálaráðuneytisins um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins til frekari umfjöllunar.

4. *Hvað hefur ríkisstjórnin aðhafst til að auðvelda sveigjanleg starfslok?*

Um þetta málefni hefur m.a. fjallað nefnd sem starfaði á vegum forsætisráðuneytisins og skilaði af sér skýrslu í október 2002. Um efnisleg svör við fyrirspurninni er því vísað á forsætisráðuneytið.

## 978. Svar [532. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um fornleifaskráningu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver er staða fornleifaskráningar á Íslandi? Hversu mikið hefur verið skráð af fornleifum skv. 11. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001, og hvað er eftir?*

Svar þetta byggist á upplýsingum frá Fornleifavernd ríkisins sem hafði samband við þá aðila sem stunda fornleifaskráningu og óskaði eftir nýjustu upplýsingum um hversu mikið af fornleifum (mannvistarleifum) er skráð í gagnagrunna þeirra. Hér er einungis um að ræða fornleifar sem kannaðar hafa verið á vettvangi og staðsettar á korti og þar með vitað að þær eru enn til staðar. Auk þessa hafa vísbendingar um tugi þúsunda fornleifa verið skráðar úr rituðum heimildum en eftir er að kanna þær á vettvangi. Einnig ber að geta þess að hér er ekki um nákvæmar tölur að ræða, en þær ættu þó að vera nokkuð nærri lagi.

| Stofnun/fyrirtæki | Fjöldi skráðra fornleifa | Gagnagrunnur |
|---|---|---|
| Þjóðminjasafn Íslands | 5.000 | Sarpur* |
| Fornleifastofnun Íslands | 20.000 | Ísleifur** |
| Minjasafn Reykjavíkur | 1.900 | Sarpur/eigin gagnagrunnur |
| Byggðasafn Skagfirðinga | 6.000 | Sarpur/eigin gagnagrunnur |
| Byggðasafn Árnesinga | 470 | Sarpur |
| Fornleifafræðistofa Íslands | 3.000 | Fornleifaskrá Fornleifafræðistofu Íslands |
| Byggðasafn Hafnarfjarðar | 590 | Fornleifur |
| Byggðasafn Reykjaness | 450 | Fornleifaskrá Byggðasafns Reykjaness |

| Stofnun/fyrirtæki | Fjöldi skráðra fornleifa | Gagnagrunnur |
|---|---|---|
| Fornleifavernd ríkisins | 500 | Sarpur/eigin grunnur*** |
| Að auki hafa verið skráð um 450 minningarmörk í 20 kirkjugörðum í Kjalarnes- og Borgarfjarðarprófastdæmum á vegum Fornleifaverndar ríkisins. | | |

* Mikið af fornleifum er skráð frá fyrri tíð á vegum Þjóðminjasafns, en upplýsingar einungis handskrifaðar.

** Fornleifastofnun áætlar að við þetta muni bætast uþb 2500 fornleifar fyrir sumarið vegna verkefna sem þegar eru hafin.

*** Hér er að mestu um að ræða friðlýstar fornleifar.

Alls hafa því verið skráðar u.þ.b. 38.400 fornleifar á landinu öllu. Þessari tölu ber þó að taka með ákveðnum fyrirvara þar sem vegna fjölda gagnagrunna er líklegt að einhverjar fornleifar hafi verið tví- og jafnvel þrískráðar.

Ómögulegt er að segja með einhverri vissu til um fjölda þeirra fornleifa sem eftir er að skrá. Áætlanir gera ráð fyrir að allt frá 150.000 upp í 250.000 fornleifar séu á landinu. Þó er hægt að komast nærri fjölda ákveðinna tegunda fornleifa eins og til dæmis minningarmarka (legsteina, girðinga og umbúnaðar leiða) í kirkjugörðum. Um það bil 260 kirkjugarðar eru þekktir í landinu. Að meðaltali eru um 10 minningarmörk í hverjum garði sem eru eldri en 100 ára og enn til staðar í görðunum. Því má ætla að fornleifar af þessari gerð einni séu u.þ.b. 2600 talsins. Fornleifavernd hefur látið skrá öll minningarmörk í Hólavallagarði, bæði þau sem eru 100 ára og eldri og eins yngri minningarmörk. Fyrir nokkrum árum hafði Þjóðminjasafn Íslands látið skrá öll minningarmörk sem voru á þeim tímapunkti eldri en 100 ára og voru þau 223. Það sem Fornleifavernd hefur af minningarmörkum og gerðum reyndust vera 7465 minjar og eru þá meðtalin 223 minningarmörk sem skráð voru af Þjóðminjasafninu.

Ef gert er ráð fyrir að fornleifar í landinu séu 200.000 talsins hafa einungis tæp 20% þeirra verið skráð. Það er þó afar misjafnt eftir sveitarfélögum hversu mikið hefur verið skráð. Sum hafa nær lokið skráningu og í öðrum hefur engin skráning farið fram.

## 979. Svar [407. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur og Jóns Bjarnasonar um tónlistarnám og fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

1. *Hvað líður starfslokum nefndar um endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, sem starfað hefur á vegum ráðuneytisins síðan vorið 2004?*

Eins og áður hefur komið fram á Alþingi í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn frá Jóni Bjarnasyni um jafnrétti til tónlistarnáms (mál nr. 289 á yfirstandandi þingi) tók nefnd til starfa á vegum ráðuneytisins í mars 2004 er hafði það hlutverk að endurskoða lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Nefndinni var ætlað að gera tillögur um endurskoðun gildandi laga um tónlistarfræðsluna. Drög að frumvarpi hafa um langt skeið verið til umræðu í nefndinni en ýmis ágreiningsmál milli ríkis og sveitarfélaga sem tengjast beint efni frumvarpsins eru óleyst. Til dæmis er ágreiningur um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu tónlistarnáms nemenda á framhaldsskólaaldri.

Fulltrúar sveitarfélaga telja að kennslukostnaður við tónlistarnám nemenda á framhaldsskólaaldri eigi að falla á ríkið en fulltrúar ríkisins í nefndinni telja að óbreytt fyrirkomulag eigi að gilda um skyldur sveitarfélaga til að greiða kennslukostnað við tónlistarskólann að

óbreyttri kostnaðarskiptingu. Þá kom einnig fram í svari ráðherra við fyrrnefndri fyrirspurn í 289. máli að fyrir lá í upphafi skólaársins 2005–2006 að rekstrarfyrirkomulagi Listdansskóla Íslands yrði breytt á því ári. Lagði ráðherra því til við Samband íslenskra sveitarfélaga að flutningi grunnskólastigsins til sveitarfélaga yrði lokið með sambærilegri skiptingu á skólastigum listnáms. Sveitarfélögin bera ábyrgð á tónlistarkennslu, í samræmi við lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, þótt ríkið hafi aftur á móti staðið fyrir greiðslum og stuðningi við listdanskennslu. Að baki tillögu ráðherra var sú hugmyndafræði að grunnstig og miðstig listnáms ætti að vera á ábyrgð sveitarfélaganna og þá ætti ekki að skipta máli í hvaða listgrein nemendur stunduðu nám. Framhaldsstig í viðkomandi listnámsgrein væri á ábyrgð ríkisins. Með því átti ráðherra ekki eingöngu við einingarbært nám til námsloka frá framhaldsskóla, heldur allt framhaldsstigið í tónlist og listdansi.

Samkomulag náðist ekki á milli ríkis og sveitarfélaga um þessa tillögu ráðherra sem hefði haft í för með sér flutning 200 millj. kr. greiðsluskyldu frá sveitarfélögunum til ríkisins en á móti hefðu sveitarfélögin tekið á sig skuldbindingu um þátttöku í kennslukostnaði í listdansi á grunnstigi og miðstigi. Að mati ráðherra hefði samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga um framangreint verið til þess fallið að leysa úr vanda þeirra nemenda sem stunda nám í tónlistarskólum utan lögheimilissveitarfélags. Eins og kunnugt er stafa vandamál þeirra nemenda fyrst og fremst af breyttum reglum Reykjavíkurborgar um þátttöku í kennslukostnaði í tónlistarskólum sem tóku gildi frá og með skólaárinu 2003–2004. Reglur Reykjavíkurborgar hafa leitt til þess að fjöldi nemenda með lögheimili utan Reykjavíkur getur ekki haldið áfram tónlistarnámi sínu þar sem lögheimilissveitarfélög nemendanna sjá sér ekki fært að taka þátt í kennslukostnaði. Um tíma var hag þessara nemenda borgið á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá október 2004 um greiðslu kennslukostnaðar af einingabæru tónlistarnámi nemenda í framhaldsskólum, sem gilti fyrir skólaárið 2004–2005. Með samkomulaginu var leitast við að jafna aðstöðu nemenda í framhaldsskólum til tónlistarnáms, þrátt fyrir að ríkið hefði enga lagaskyldu til þess, með því að taka þátt í kennslukostnaði tónlistarskóla vegna framhaldsskólanemenda sem stunda tónlistarnám á tónlistarkjörsviði listnámsbrauta framhaldsskóla eða fá tónlistarnám sitt metið til eininga sem hluta af lokaprófi til framhaldsskóla. Samkvæmt framansögðu kom ekki til endurnýjunar samkomulagsins vegna viðræðuslita ríkis og sveitarfélaga um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu vegna náms í listdansi.

2. *Hefur ráðuneytið fallið frá því að vinna að verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi tónlistarnám á þeim grunni að ríkið yfirtaki ábyrgð á námi á framhaldsstigi en sveitarfélögin ábyrgist grunn- og miðstigið?*

Að mati ráðherra eru starfslok nefndar um endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla háð því að samkomulag náist á milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu vegna náms í listdansi og tónlist sem fram fer í samræmi við opinberar námskrár menntamálaráðuneytisins. Eins og fram hefur komið í fyrri svörum um þetta málefni telur ráðherra það vera skyldu Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldsins að komast að ásættanlegri niðurstöðu um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu vegna listnáms á öllum skólastigum. Slíkt samkomulag mundi greiða fyrir því að nefnd um endurskoðun laganna geti orðið samstíga í tillögum sínum um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu tónlistarfræðslu á milli ríkis og sveitarfélaga. Vegna gildandi laga verður hins vegar enn um sinn að búa við það að tónlistarfræðsla sé ekki meðal skylduverkefna sveitarfélaga. Hverju sveitarfélagi er í sjálfsvald sett hvort það ákveður að veita

fjármuni til tónlistarfræðslu og ráðstafa fénu í samræmi við stefnu sína í tónlistarfræðslumálum. Að óbreyttum lögum er tónlistarnám því á verksviði sveitarfélaganna en aðrar listgreinar eru á ábyrgð ríkisins.

Með hliðsjón af framansögðu skal áréttað að ráðherra hefur ekki fallið frá því að vinna að verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi listnám á þeim grundvelli að ríkið beri ábyrgð á kennslukostnaði vegna náms á framhaldsstigi en sveitarfélög beri ábyrgð á námi á grunn- og miðstigi. Ráðherra telur hins vegar engar líkur á slíku samkomulagi nema ábyrgð á kennslukostnaði vegna listdans lúti sömu lögmálum.

3. *Hver varð greiðsluþátttaka ríkisins vegna tónlistarkennslu á framhaldsstigi eftir að ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðu samkomulag um greiðslu kostnaðar við kennslu veturinn 2004–2005? Hvers vegna var samkomulagið ekki endurnýjað?*

Hvað varðar framkvæmd samkomulags um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu vegna tónlistarnáms framhaldsskólanemenda skólaárið 2004–2005, þá greiddi menntamálaráðuneytið alls 22.847.660 kr. til framhaldsskóla sem kennslukostnað vegna tónlistarnáms. Rétt er að benda á að þessir fjármunir voru ekki afhentir einhliða úr ríkissjóði heldur var fyrirvari í samkomulaginu um að tekið yrði tillit til útgjalda ríkissjóðs í síðari viðræðum nefndar félagsmálaráðherra um verkaskipti á milli ríkis og sveitarfélaga. Eins og rakið er að framan kom ekki til framlengingar samkomulagsins vegna viðræðuslita á milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu náms í listdansi og tónlist.

4. *Er ráðuneytinu kunnugt um að ekki hafi verið farið að ákvæði 3. tölul. 1. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, um að hverjum nemanda tónlistarskóla skuli veitt kennsla í aðalnámsgrein eina stund á viku? Hvaða úrræði hefur ráðuneytið til að tryggja að þessum réttindum nemenda sé framfylgt?*

Um eftirlit ráðuneytisins með tónlistarkennslu vísast í fyrsta lagi til orðalags 12. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Í 1. mgr. er kveðið á um að ráðuneytið skuli hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu og í 2. mgr. eru verkefni ráðuneytisins nánar útlistuð. Þar segir að verkefnin séu m.a. yfirstjórn námskrár- og námsefnisgerðar, sbr. 3. tölul. 1. gr. laganna, samræming náms, prófa og réttinda er þau veita, aðstoð varðandi ráðningar kennara, ráðgjöf varðandi gerð starfs- og fjárhagsáætlana skóla, upplýsingamiðlun og erlend samskipti. Þegar lögin voru sett var ekki að finna í 12. gr. ákvæði um faglega umsjón og eftirlit ráðuneytisins með tónlistarkennslu, en ákvæði þess efnis kom inn í lögin með lögum nr. 87/1989, er vörðuðu breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Umfram það sem segir í lagatextanum er ekki að finna í lögskýringargögnum leiðbeiningar um faglega umsjón og eftirlit ráðuneytisins með tónlistarkennslu. Í framkvæmd hefur ráðuneytið sinnt hinu lögboðna hlutverki sínu með ýmsum hætti. Þannig hefur ráðuneytið haft yfirumsjón með námskrárgerð og gaf út á árinu 2000 aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000. Aðalnámskrá tónlistarskóla er gefin út í 10 heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og níu einstaka greinahluta. Í almennum hluta aðalnámskrárinnar er m.a. gerð grein fyrir hlutverki og meginmarkmiðum tónlistarskóla, skipan tónlistarnáms, greinanámskrám og skólanámskrám, fjallað um kennslu og kennsluhætti, þætti í hljóðfæra- og tónfræðanámi, námsmat og próf, tengsl heimila og skóla og samvinnu í skólastarfi. Í lok almenna hlutans er umfjöllun um námsumhverfi og mat á skólastarfi.

Í greinahlutum aðalnámskrárinnar er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum. Jafnframt er gerð grein fyrir prófum og gefnar ábendingar um við-

fangsefni. Heftin sem komin eru út bera þessi heiti: Ásláttarhljóðfæri, Einsöngur, Gítar og harpa, Hljómborðshljóðfæri, Málmblásturshljóðfæri, Strokhljóðfæri, Tónfræðagreinar, Tréblásturshljóðfæri og Aðalnámskrá í rytmískri tónlist. Námskrá í tónfræðagreinum hefur verið dreift til tónlistarskóla, framhaldsskóla, skólaskrifstofa og annarra hagsmunaaðila. Í kjölfar útgáfu almenns hluta aðalnámskrár tónlistarskóla var sett á fót prófanefnd tónlistarskóla. Hlutverk prófanefndarinnar er að annast samræmt og hlutlaust mat á áfangaprófum í tónlistarskólum í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í aðalnámskrá tónlistarskóla. Menntamálaráðuneytið hefur veitt prófanefndinni styrki til að þróa starfið og mennta prófdómara.

Auk framangreinds hefur menntamálaráðuneytið reglulega safnað upplýsingum um starfsemi tónlistarskóla. Fyrr á árum var slíkum upplýsingum safnað árlega frá tónlistarskólum, en ekki voru unnar sérstakar skýrslur úr þeim gögnum. Á síðari árum hefur mats- og eftirlitsdeild ráðuneytisins þrisvar aflað upplýsinga um starfsemi tónlistarskóla og gefið út í skýrsluformi. Fyrst gaf ráðuneytið út rit með upplýsingum um leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla skólaárið 1996–1997. Spurt var um rekstrarform tónlistarskóla, skólagjöld, starfstíma, fjölda kennara, fjölda nemenda, skiptingu nemenda eftir deildum og stigum og samstarf við aðra skóla. Beiðni um upplýsingar um starfsemi tónlistarskóla 1999–2000 var send öllum starfandi tónlistarskólum. Spurt var um sambærilega þætti og árin 1996–1997. Þá lét menntamálaráðuneytið í febrúar 2003 gera könnun á tónmenntakennslu í grunnskólum skólaárið 2002–2003. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um hvernig staðið er að tónmenntakennslu í grunnskólum. Aðaláhersla var lögð á öflun upplýsinga um tímafjölda í hverjum árgangi og menntun þeirra sem kenna tónmennt í grunnskólum.

Menntamálaráðuneytið gerði árið 1997 samkomulag við Hagstofu Íslands um öflun tölulegra upplýsinga um skóla- og menningarmál og úrvinnslu þeirra í tengslum við hagskýrslugerð. Í samkomulaginu er m.a. sérstakur kafli um öflun upplýsinga um starfsemi tónlistarskóla en í samningnum gerði Hagstofan fyrirvara um á hvaða tíma verði hægt að standa skil á þessum flokki upplýsinga. Hagstofan hefur ekki enn sem komið er uppfyllt ákvæði samningsins um öflun upplýsinga um tónlistarskóla. Auk framangreinds er starfandi samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar skv. 13. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Nefndin tók til starfa fljótlega eftir setningu laganna og hefur tekið fyrir fjölmörg málefni sem snerta starfsemi tónlistarskóla, sem tengist m.a. námskrárgerð, námsgagnagerð, þróunarstarfi, mati á skólastarfi og almennt þróun þessa skólastigs. Nefndin hefur einnig fjallað um nauðsyn heildstæðrar löggjafar um tónlistarskóla og komið ábendingum þar að lútandi til ráðuneytisins.

Hvað varðar framkvæmd 3. tölul. 1. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og úrræði ráðuneytisins til að fylgja ákvæðinu eftir, skal tekið fram að lögin fela ekki í sér nein bein úrræði fyrir ráðuneytið utan þeirrar eftirlitsskyldu sem getið er um hér að framan. Vera má að komið geti til afturköllunar á sérstakri staðfestingu ráðuneytis skv. 5. tölul. 1. gr. laganna ef leitt er í ljós að tónlistarskóli uppfylli ekki lengur skilyrði 1. gr. laganna en ekki hefur reynt á slíkt ennþá hjá ráðuneytinu.

5. *Er ráðuneytinu kunnugt um að tónlistarskólar þurfi í auknum mæli að nota innheimt skólagjöld til að standa undir launakostnaði kennara og skólastjóra sem sveitarfélögunum ber að greiða skv. 10. gr. laganna? Hvaða úrræði hefur ráðuneytið til að tryggja að sveitarfélögin uppfylli skyldur sínar í þessum efnum?*

Varðandi ráðstöfun innheimtra skólagjalda til greiðslu launa kennara og skólastjóra og meint brot sveitarfélaga gegn 10. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla í því

sambandi skal tekið fram að lögin fela ekki í sér nein úrræði fyrir ráðherra til að bregðast við slíku. Lögin byggjast á því að rekstur tónlistarskóla sé annaðhvort á hendi sveitarfélaga eða annarra aðila sem njóta styrks úr sveitarsjóði að uppfylltum nánari skilyrðum laganna. Því gildir 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 16. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, um sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga og sú meginregla sem af þeim rétti leiðir, að ákvarðanir sveitarstjórnar sæta ekki endurskoðun af hálfu ráðherra nema fyrir því sé lagaheimild. Þótt ráðuneytinu sé með 12. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla falin fagleg umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu með þeim hætti sem lýst var að framan, telur ráðuneytið að hvorki það lagaákvæði né önnur ákvæði laganna geymi viðhlítandi heimild til ráðherra til að endurskoða ákvarðanir sveitarstjórna vegna fyrirkomulags við rekstur tónlistarskóla sem eru reknir á ábyrgð þeirra.

## 980. Frumvarp til laga [654. mál]

um breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

### I. KAFLI
### Breyting á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „lögreglustjórar“, „lögreglustjóri“ og „lögreglustjóra“ í 1. málsl. 3. mgr. 2. gr., 2. málsl. 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 12. gr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur í viðeigandi tölu og beygingarfalli: sýslumaður.

### II. KAFLI
### Breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43 30. mars 1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „tollstjórar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og sýslumenn, að undanskildum sýslumönnunum í Reykjavík og Keflavík.
b. Á eftir orðinu „tollstjórum“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. kemur: og sýslumönnum.
c. Á eftir orðinu „tollstjóra“ fyrra sinni í 1. málsl. 2. mgr. kemur: og sýslumanna.
d. Á eftir orðinu „tollstjóra“ síðara sinni í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eða sýslumanna.
e. Á eftir orðinu „tollstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eða sýslumanns.
f. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Tollstjórar og sýslumenn skulu hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmum sínum.

### III. KAFLI
### Breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

3. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 48. gr. laganna orðast svo: Enginn má stjórna bifreið eða bifhjóli, nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini, sem sýslumaður gefur út, að undanskildum sýslu-

manninum í Reykjavík, en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út ökuskírteini í umdæmi hans.

4. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjóri“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: útgefandi ökuréttinda.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. kemur: sýslumanns, að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík, en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer með það hlutverk.
b. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóri“ í 6. mgr. kemur: Útgefandi ökukennararéttinda.

6. gr.

Í stað orðanna „ríkislögreglustjóri“ og „ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 106. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjóri.

## IV. KAFLI
## Breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sýslumenn í hverju umdæmi skulu veita leyfisumsóknum viðtöku fyrir hönd lögreglustjóra umdæmisins.

8. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skulu bera einkennisfatnað eftir því sem ráðherra ákveður í reglugerð.

## V. KAFLI
## Breyting á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61 1. júní 1992, með síðari breytingum.

9. gr.

Á eftir orðinu „sýslumanns“ í 1. gr. laganna kemur: að höfðu samráði við lögreglustjóra.

## VI. KAFLI
## Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993, með síðari breytingum.

10. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: sýslumanns, að höfðu samráði við lögreglustjóra.

VII. KAFLI

**Breyting á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998, með síðari breytingum.**

11. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: lögreglustjóra; og orðið „lögreglustjóra“ í 2. málsl. sömu málsgreinar fellur brott.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „nema með leyfi ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: í atvinnuskyni nema með leyfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Orðið „lögreglustjóra“ í 4. málsl. 1. mgr. fellur brott.
d. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóra“ í 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: Lögreglustjóra.
e. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra.
f. Í stað orðanna „Ríkislögreglustjóri getur og“ í 2. málsl. 7. mgr. kemur: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu getur og, að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra.

13. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi lögreglustjóra, enda liggi fyrir staðfesting frá þar til bærum yfirvöldum um heimild fyrir innflutningi. Ákvæði þetta á aðeins við þegar um varanlegan útflutning er að ræða.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. kemur: lögreglustjóra.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Leyfi skv. 1. mgr. má aðeins veita skrásettu firma eða félagi, enda tilnefni firmað eða félagið mann með sérþekkingu á þeim vörum sem þar um ræðir sem hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins. Ráðherra setur nánari reglur um efni og skilyrði slíks leyfis.
c. 3. mgr. fellur brott.
d. 4. mgr. orðast svo:

   Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félagasamtökum leyfi til að selja skotelda í smásölu.
e. Orðin „lögreglustjóra og“ í 6. mgr. falla brott.
f. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 7. mgr. kemur: lögreglustjóra.

15. gr.

Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Lögreglustjóra.

16. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Í stað orðanna „ríkislögreglustjóri“ og „ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjóri.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: lögreglustjóra.
b. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

19. gr.

Síðari málsliður 4. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um úðavopn, svo sem gasvopn og táragasvopn.

VIII. KAFLI

**Breyting á lögum um verslunaratvinnu, nr. 28 8. apríl 1998, með síðari breytingum.**

20. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. mgr. 12. gr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. og orðsins „lögreglustjóri“ í 1. málsl. 5. mgr. 23. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumaður.

IX. KAFLI

**Gildistaka.**

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að höfðu samráði við samgönguráðuneytið, umhverfisráðuneytið og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Hinn 1. janúar sl. tóku gildi lög nr. 46/2006, um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, sem kveða á um umfangsmiklar breytingar á skipan lögreglumála, þ.m.t. fækkun lögregluumdæma úr 26 í 15. Við gildistöku laganna fara 11 sýslumenn ekki lengur með lögreglustjórn í umdæmum sínum.

Víðs vegar í lögum er kveðið á um að lögreglustjóri gefi út leyfi. Í ljósi þess að við gildistöku laganna hafa sýslumenn sem ekki eru jafnframt lögreglustjórar ekki lögformlegt umboð til að gefa út slík leyfi er nauðsynlegt að gera viðeigandi ráðstafanir.

Mikilvægt er að almenningur geti áfram sótt sömu þjónustu við útgáfu leyfa í sínu byggðarlagi, ýmist á lögreglustöð eða sýsluskrifstofu, án tillits til þess hvort sýslumaður hafi einnig á hendi lögreglustjórn.

Meginefni frumvarpsins lýtur að breytingum vegna fækkunar lögregluumdæma. Er sú leið farin í frumvarpinu að færa þær leyfisveitingar sem lögreglustjórar hafa með höndum samkvæmt núgildandi lögum til sýslumanna, að undanskildum þeim leyfisveitingum þar sem eðli leyfanna er með þeim hætti að sérþekkingar lögreglustjóra er þörf. Slík leyfi verða áfram gefin út af lögreglustjórum, en þar er meðal annars um að ræða leyfi á grundvelli vopnalaga, nr. 16/1998, og ákveðin leyfi á grundvelli umferðarlaga, nr. 50/1987. Í þeim tilvikum geti almenningur þó eftir sem áður lagt fram umsóknir um leyfi hjá sýslumanni í umdæmi sínu. Framkvæmdin verður þá með þeim hætti að sýslumaður veitir leyfisumsókn viðtöku, skráir

hana inn, innheimtir gjald, eftir atvikum, og framsendir hana til úrvinnslu og ákvörðunar hjá embætti lögreglustjóra umdæmisins. Að því loknu sendir lögreglustjórinn sýslumanni leyfið til afhendingar og eftir atvikum gjaldtöku.

Þá eru gerðar nokkrar breytingar á leyfisveitingum sem eru samkvæmt gildandi lögum á hendi ríkislögreglustjóra. Er hér einkum um að ræða leyfisveitingar samkvæmt umferðarlögum og vopnalögum. Samkvæmt gildandi vopnalögum eru það ýmist lögreglustjórar eða ríkislögreglustjóri sem gefa út leyfi. Hagræðing fylgir því að færa sem flestar leyfisveitingar til lögreglustjóra þar sem hún verður þá nær borgaranum. Í sumum tilfellum hafa leyfisveitingar þegar verið færðar frá ríkislögreglustjóra til lögreglustjóra á grundvelli sérstakra heimildarákvæða í lögunum. Sú framkvæmd hefur reynst vel og er í frumvarpinu lagt til að hún verði fest í sessi, sbr. VII. kafli frumvarpsins.

Samkvæmt umferðarlögum má enginn stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini sem lögreglustjóri gefur út. Í frumvarpinu er lagt til að sýslumenn verði útgefendur ökuskírteina, þó með þeirri undantekningu að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefi út ökuskírteini í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík. Rökin að baki þessari breytingu eru þau að ökuskírteini hafa hingað til verið gefin út hjá sýslumannsembættum úti á landi. Þátttöku lögreglu í útgáfu slíkra leyfa er ekki þörf þar sem allar upplýsingar eru í sérstöku ökuskrárkerfi og ekki þörf á upplýsingum úr skrám lögreglu. Útgáfa ökuskírteina hefur þó verið í höndum lögreglustjórans í Reykjavík sem heitir nú lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. Stendur sú tilhögun á gömlum merg en þar hefur verið starfrækt sérstök leyfadeild um langt skeið. Eðli máls samkvæmt hefur því skapast allmikil sérþekking í þessum málaflokki og þykir með hliðsjón af því eðlilegt að það embætti fari áfram með útgáfu ökuskírteina í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík. Aðrir sýslumenn á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Kópavogi og Hafnarfirði, munu hins vegar áfram gefa út ökuskírteini í sínum umdæmum. Sömu breytingar eru lagðar til varðandi útgáfu ökukennararéttinda, en samkvæmt umferðarlögum gefur ríkislögreglustjóri út slík réttindi, sbr. 3. og 5. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt gildandi umferðarlögum er ríkislögreglustjóra einnig falin endurveiting ökuréttinda. Um endurveitingu ökuréttinda gilda önnur sjónarmið en um útgáfu og endurnýjun ökuréttinda. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að leyfisveitandi hafi aðgang að lögregluskrám. Af þeim sökum er lagt til að slíkar leyfisveitingar verði í höndum lögreglustjóra, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Þrátt fyrir að meginefni frumvarpsins lúti að breytingum vegna fækkunar lögregluumdæma eru einnig af öðru tilefni lagðar til annars konar breytingar á vopnalögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, en þær breytingar eru að mestu leyti smáar í sniðum, sbr. 7., 8., 14., 16. og 19. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þær.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978, lætur lögreglustjóri af hendi meistarabréf og iðnaðarleyfi og er synjun um slík bréf og leyfi einnig í höndum hans. Þá fer lögreglustjóri með ýmis önnur verk samkvæmt lögunum, svo sem framsendingu tilkynninga til sérstakrar skrár vegna allra breytinga sem verða á atvinnurekstri. Er lagt til í samræmi við tilgang frumvarpsins að þessi verkefni verði færð í hendur sýslumanna. Eftirlit með framkvæmd laganna verður þó eftir sem áður í höndum lögreglustjóra enda um að ræða aðgerðir sem samræmast hlutverki lögreglu.

Um 2. gr.

Samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, gegna tollstjórar hlutverki lögskráningarstjóra, en í lögskráningu felst m.a. að skrá skipverja í og úr skiprúmi. Lögskráning í skiprúm miðar t.d. að því að tryggja sönnun fyrir því hvaða menn séu á skipi og hvort þeir hafi réttindi til að hafa með höndum störf þau sem þeir eru ráðnir til. Með lögum nr. 80/2006 sem breyttu tollalögum, nr. 88/2005, var tollumdæmum fækkað. Fyrir gildistöku laganna voru tollumdæmin 26 eins og stjórnsýsluumdæmin. Allir sýslumenn landsins, að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík, fóru því með lögskráningu sjómanna en tollstjórinn í Reykjavík sá um lögskráningu sjómanna fyrir Reykjavíkurumdæmi. Með breytingunum var tollumdæmum fækkað í átta. Lögreglustjórar í sjö umdæmum eru nú jafnframt tollstjórar, þ.e. lögreglustjórinn á Vestfjörðum, Akureyri, Seyðisfirði, Eskifirði, Selfossi, í Vestmannaeyjum og á Suðurnesjum. Áttunda umdæmið er umdæmi tollstjórans í Reykjavík. Í samræmi við breytingar sem urðu á embætti lögreglustjórans og sýslumannsins á Suðurnesjum er lagt til að tollstjórinn á Suðurnesjum fari með lögskráningar og að sýslumaðurinn í Keflavík fari ekki með þann málaflokk. Mikils hagræðis gætir af því að lögskráningu sjómanna verði áfram sinnt í umdæmum sýslumanna. Þannig skerðist ekki þjónusta við þá sem lögskráningarskylda snýr að auk þess sem þekking á málaflokknum er til staðar á sýslumannsembættum.

Um 3. gr.

Útgáfa ökuskírteina er í höndum lögreglustjóra samkvæmt umferðarlögum. Hér er lagt til að það verkefni verði í höndum sýslumanna, þó að því undanskildu að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu mun gefa út ökuskírteini í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík. Vísast um þetta til nánari umfjöllunar í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Um 4. gr.

Samkvæmt umferðarlögum er bæði útgáfa og afturköllun ökuréttinda í höndum lögreglustjóra. Eins og að framan er rakið er lagt til að útgáfa ökuskírteina verði færð í hendur sýslumanna og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Eðli máls samkvæmt þykir rétt að hið sama gildi um afturköllun ökuréttinda.

Um 5. gr.

Sömu breytingar eru lagðar til í tengslum við útgáfu ökukennararéttinda og varðandi ökuréttindi, en samkvæmt umferðarlögum gefur ríkislögreglustjóri út réttindi til ökukennara. Með frumvarpinu er lagt til að útgáfan verði færð í hendur sýslumanna, að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík, en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út ökukennararéttindi í umdæmi hans.

Að sama skapi eru lagðar til breytingar í tengslum við sviptingu ökukennararéttinda. Fór ríkislögreglustjóri áður með það verkefni en með frumvarpinu er eðli máls samkvæmt gert ráð fyrir að það verði lagt í hendur útgefenda ökukennararéttinda, þ.e. sýslumanna og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda og athugasemda með 3. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að endurveiting ökuréttinda færist frá ríkislögreglustjóra til lögreglustjóra. Um þetta vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 7. gr.

Með ákvæðinu er lögð til lögfesting á því að sýslumenn skuli veita leyfisumsóknum viðtöku fyrir hönd lögreglustjóra, en framkvæmdinni er lýst í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skuli bera einkennisfatnað eftir því sem ráðherra ákveður í reglugerð. Ýmsum opinberum embættismönnum er gert að klæðast einkennisbúningum við skyldustörf sín eða við framkvæmd sérstakra athafna við skyldustörf. Á þetta t.d. við um lögreglu, landhelgisgæslu, tollgæslu, fangaverði, sýslumenn, ákærendur og dómara. Upphaflega gilti um einkennisbúninga flestra áðurnefndra embættismanna reglugerð nr. 145/1946 um einkennisbúninga héraðsdómara, hreppstjóra, tollgæslumanna og bifreiðaeftirlitsmanna og sérstakra löggæslumanna. Sótti reglugerðin stoð sína í launalög, nr. 60/1945. Með tímanum voru ýmsir embættismenn teknir undan reglugerðinni og kveðið sérstaklega á um einkennisbúninga þeirra í einstökum reglugerðum. Löggæslumenn voru t.d. teknir undan reglugerðinni með reglugerð nr. 255/1980 um einkennisbúnað og búnað lögreglumanna, tollgæslumenn með reglugerð nr. 188/1989 um einkennisbúnað tollgæslumanna og héraðsdómarar með reglugerð nr. 228/1992 um skikkjur dómara og málflytjenda. Lagastoðir fyrir nefndum reglugerðum voru með tíð og tíma settar í þau sérlög sem um viðkomandi málefni giltu. Til stóð árið 1993 að setja sérstaka reglugerð um einkennisfatnað sýslumanna og var sérstök nefnd skipuð af dómsmálaráðherra til að fara yfir málið. Nefndin skilaði tillögum árið 1994 ásamt drögum að nýrri reglugerð en aldrei varð af setningu hennar. Upphaflega lagastoðin fyrir reglugerð nr. 145/1946 í launalögum frá 1945 féll niður þegar þau voru numin úr gildi og var heimildarákvæði tekið upp í 24. gr. starfsmannalaga, nr. 38/1954. Þegar ný starfsmannalög voru svo lögfest 1996 var sambærileg heimild ekki tekin upp í lögin. Þar með féll niður viðhlítandi stoð fyrir reglugerð nr. 145/1946 um einkennisfatnað sýslumanna og reglugerð nr. 228/1992 um skikkjur dómara og málflytjenda. Þrátt fyrir það hefur í framkvæmd verið farið eftir ákvæðum nefndra reglugerða. Ekki hefur þessi tilhögun valdið vandkvæðum hingað til enda ekki um að ræða reglugerðir sem kveða á um málefni borgaranna eða eru íþyngjandi fyrir þá á nokkurn hátt. Ljóst er að engin lagastoð er í gildandi lögum fyrir nefndum reglum. Því er lagt til í frumvarpinu að slíkri lagastoð verði komið inn í lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989.

Um 9. gr.

Sýslumenn gefa út leyfi samkvæmt lögum nr. 61/1992, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi. Ekki er lagt til að breyting verði þar á, en þó er lagt til að samráð verði haft við lögreglustjóra umdæmsins áður en slíkt leyfi er gefið út enda kalla slík leyfi á athugun ýmissa þátta sem lögregla er betur í stakk búin til að meta en sýslumenn.

Um 10. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er óheimilt að greftra eða brenna lík nema fyrir liggi staðfesting sýslumanns á því að andlát hafi verið tilkynnt. Áður en líkbrennsla fer fram þarf enn fremur að vera fyrir hendi vottorð lögreglustjóra þess efnis að hann sjái ekkert því til fyrirstöðu að líkbrennsla fari fram. Sú breyting er lögð til með frumvarpinu að sýslumaður gefi út slíkt vottorð, þó með þeim fyrirvara að honum ber að hafa samráð við lögreglustjóra áður en ákvörðun er tekin. Rétt þykir að kveða á um að slíkt samráð skuli haft en í því felst ákveð-

inn varnagli þar sem lík verður ekki rannsakað eftir að líkbrennsla fer fram. Getur þetta til dæmis skipt máli í þeim tilvikum sem andlát hefur leitt til lögreglurannsóknar. Að þessum skilyrðum uppfylltum er ekkert því til fyrirstöðu að færa þetta verkefni til sýslumanna.

Um 11. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að lögreglustjórum verði falin útgáfa leyfa til framleiðslu skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda í atvinnuskyni. Er þetta í samræmi við tilgang frumvarpsins um að færa leyfisveitingar nær borgaranum.

Um 12. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að útgáfa innflutningsleyfa í atvinnuskyni verði falin lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, en fram til 1. apríl 2005 fór ríkislögreglustjóri með þessar leyfisveitingar. Frá og með þeim degi fól ríkislögreglustjóri lögreglustjóranum í Reykjavík útgáfu leyfanna samkvæmt heimild vopnalaga. Sú framkvæmd hefur reynst vel og er því lagt til að hún verði fest í sessi. Rétt þykir að útgáfa leyfanna verði áfram á einni hendi, þ.e. eingöngu hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem mikilvægt er að yfirsýn glatist ekki í málaflokknum. Á þetta eingöngu við um innflutning í atvinnuskyni.

Í b-lið er lagt til að almenn heimild ríkislögreglustjóra til að fela lögreglustjórum útgáfu nefndra leyfa verði felld úr gildi eðli máls samkvæmt.

Í c-lið er lagt til að lögreglustjórar verði eðli máls samkvæmt felldir út sem umsagnaraðilar um slíkar leyfisveitingar þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að útgáfa nefndra leyfa verði falin þeim.

Í d-lið er lagt til að lögreglustjórum verði heimilt að veita þeim sem hafa skotvopnaleyfi leyfi til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota. Ekki þykir varhugavert að færa þessar leyfisveitingar til lögreglustjóra í hverju lögregluumdæmi þar sem um er að ræða innflutning til eigin nota og því ekki gert ráð fyrir að um stórfelldan innflutning verði að ræða.

Í e- og f-lið er lagt til að lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu verði falin útgáfa leyfa til framleiðslu vopna til útflutnings og leyfa til innflutnings vopna ef þau hafa ótvírætt söfnunargildi vegna aldurs þeirra eða tengsla við sögu landsins, en samkvæmt gildandi lögum gefur ríkislögreglustjóri út slík leyfi. Rétt þykir þó að hann leiti umsagnar ríkislögreglustjóra þar sem um er að ræða vopn sem ekki eru leyfð til almennrar notkunar hér á landi.

Um 13. gr.

Samkvæmt vopnalögum veitir ríkislögreglustjóri leyfi til útflutnings skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda. Frá og með 1. apríl 2005 fól ríkislögreglustjóri lögreglustjórum að annast útgáfu tímabundinna útflutningsleyfa samkvæmt heimild í vopnalögum. Sú framkvæmd hefur reynst vel og því lagt til með frumvarpinu að hún verði fest í sessi og jafnframt að lögreglustjórum verði falin útgáfa leyfa til varanlegs útflutnings.

Um 14. gr.

Lagt er til að leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda verði aðeins gefin út til skrásettra firma eða félaga, en ekki til einstaklinga. Helgast breytingin einkum af því að óeðlilegt er að einstaklingar geti stundað kaup og sölu þeirra vara sem hér um ræðir í stórum stíl án þess að hafa sérstakt félag um þau viðskipti. Með þessu fyrirkomulagi verður eftirlit með slíkri starfsemi einfaldara.

Með ákvæðinu er lagt til að lögreglustjórum verði falin útgáfa þessara leyfa, en ríkislögreglustjóri gefur þau út samkvæmt gildandi lögum, að fenginni umsögn lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra í viðkomandi umdæmi. Að fengnum jákvæðum umsögnum þessara aðila hafa viðkomandi leyfi verið gefin út og því hníga öll rök að því að lögreglustjórar gefi leyfin út að lokinni öryggis- og brunaúttekt. Með þessu móti einfaldast umsóknarferillinn og leyfisveitingar eru færðar nær borgaranum.

Svokölluð verslunarleyfi eru ekki lengur gefin út og er lagt til að greininni verði breytt til samræmis við það.

Um 15. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að lögreglustjórum verði falin útgáfa leyfa til reksturs skotvopnaleigu, en samkvæmt gildandi vopnalögum veitir ríkislögreglustjóri slíkt leyfi. Samkvæmt 53. gr. reglugerðar um skotvopn, skotfæri o.fl., nr. 787/1998, getur ríkislögreglustjóri sett frekari reglur um leigu á skotvopnum. Engar umsóknir hafa borist um slík leyfi og því hefur ekki verið talin þörf á að setja slíkar reglur. Ef til kæmi mundi lögreglustjóri annast öryggisúttekt og því eðlilegt að hann gefi leyfið út á grundvelli hennar.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að 2. mgr. 14. gr. vopnalaga falli brott. Um er að ræða undanþáguákvæði sem veitir heimild til að víkja frá ákvæði vopnalaga sem kveður á um að öll vopn sem flutt eru til landsins skuli bera eintaksnúmer framleiðanda. Í dag eru engar undanþágur veittar á grundvelli ákvæðisins þar sem öll vopn sem flutt eru til landsins bera eintaksnúmer framleiðanda. Varðandi eldri vopn af þessu tagi, sem voru á skrá án eintaksnúmers fyrir gildistöku vopnalaga, hefur framkvæmdin verið sú að við endurnýjun skotvopnaskírteinis, eða breytingu á skráningu, hafa eintaksnúmer verið slegin eða grafin á vopnin. Ekki er því lengur þörf á ákvæðinu.

Um 17. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að lögreglustjórum verði falin útgáfa svokallaðra söfnunarleyfa, en til þessa hafa þau verið gefin út af ríkislögreglustjóra, að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra. Að fengnum jákvæðum umsögnum þessara aðila hafa viðkomandi leyfi verið gefin út og því hníga öll rök að því að lögreglustjórar gefi leyfin út að lokinni öryggis- og brunaúttekt. Lögreglustjórar skulu þó leita heimildar ríkislögreglustjóra, sbr. 7. mgr. 5. gr. vopnalaga, varðandi vopn sem ekki eru leyfð til almennrar notkunar hér á landi.

Um 18. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að útgáfa leyfa til iðkunar skotfimi verði færð til lögreglustjóra, en samkvæmt gildandi lögum hafa þau verið gefin út af ríkislögreglustjóra, að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra. Að fenginni jákvæðri umsögn lögreglustjóra hafa leyfin verið gefin út. Ekkert mælir gegn því að lögreglustjórum verði falin útgáfa slíkra leyfa að lokinni öryggisúttekt. Með því móti einfaldast umsóknarferillinn og leyfisútgáfan er færð nær borgaranum.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að ákvæðinu verði breytt þannig að það nái með ótvíræðum hætti til allra svokallaðra úðavopna, en undir þau falla til dæmis gasvopn og táragasvopn. Hugtakið úðavopn er notað í reglum ríkislögreglustjóra er lúta að valdbeitingu lögreglu og því þykir rétt til samræmis að nota það hér.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að sýslumönnum verði falin leyfisveiting samkvæmt lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Samkvæmt lögunum gefa lögreglustjórar út leyfi til að halda ýmis uppboð, m.a. uppboð á notuðum ökutækjum, svokölluð frjáls uppboð og lokuð uppboð. Í tilviki frjálsra uppboða synjar lögreglustjóri um leyfi ef almannahagsmunir krefjast eða hann telur skipulagi uppboðs ábótavant. Ekkert er því til fyrirstöðu að sýslumönnum verði falin þessi framkvæmd en þeir fara með annars konar uppboð samkvæmt fyrirmælum laga, svo sem lausafjáruppboð og nauðungarsölur. Eftirlit með uppboðum, stöðvun starfsemi og annað slíkt verður þó eftir sem áður í höndum lögreglustjóra enda um að ræða aðgerðir sem eðlilegt þykir að séu í verkahring lögreglu.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl.**

Frumvarp þetta miðar að því að gera sýslumönnum kleift að gefa út þau leyfi sem þeir gáfu út fyrir gildistöku laga nr. 46/2006, um breytingu á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, en með þeim var lögregluumdæmum fækkað úr 26 í 15. Að mestu leyti er um að ræða formbreytingar sem felast í því að sýslumaður geti gefið út leyfi sem lögreglustjórar gáfu út áður. Markmiðið með frumvarpinu er að koma í veg fyrir að þessi þjónusta við hinn almenna borgara skerðist eftir að breytingarnar á lögreglulögunum tóku gildi. Í frumvarpinu eru þó einnig nokkrar efnisbreytingar á lögum nr. 16/1998, vopnalögum, og lögum nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

# 981. Frumvarp til laga [655. mál]

um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd eftirtalda alþjóðasamninga:

1. Samning frá 19. júní 1951 milli aðila að Norður-Atlantshafssamningnum um réttarstöðu liðsafla þeirra.
2. Samning frá 19. júní 1995 milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að Samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra ásamt bókunum við þann samning frá 19. júní 1995 og 19. desember 1997.

2. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um erlendan liðssafla sem dvelur á Íslandi á grundvelli þeirra alþjóðasamninga sem tilgreindir eru í 1. og 2. tölul. 1. gr. eða á grundvelli bókunar frá 28. ágúst 1952 varðandi réttarstöðu fjölþjóðlegra hernaðarlegra höfuðstöðva sem stofnsettar eru samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum.

Utanríkisráðherra er heimilt að ákveða með auglýsingu að ákvæði laga þessara skuli einnig gilda um annan erlendan liðsafla sem dvelur á Íslandi á grundvelli alþjóðasamninga sem veita slíkum liðsafla sömu réttarstöðu og veitt er í framangreindum samningum.

Mönnum í erlendum liðsafla sem dvelur hérlendis á grundvelli heimildar skv. 1. eða 2. mgr. er heimilt að bera vopn hérlendis enda hafi þeir heimild til þess samkvæmt reglum þess sendiríkis sem þeir tilheyra og að uppfyllt séu skilyrði sem íslensk stjórnvöld kunna að setja varðandi slíkan vopnaburð.

3. gr.

Utanríkisráðherra fer með fyrirsvar af hálfu íslenska ríkisins í samskiptum við erlendan liðsafla skv. 2. gr., sendiríki hans og þau hermálayfirvöld sem hann lýtur.

Utanríkisráðherra fer með fyrirsvar af hálfu íslenska ríkisins vegna undirbúnings og fyrirkomulags friðargæsluæfinga og heræfinga sem haldnar eru hérlendis með samþykki íslenskra stjórnvalda og þátttöku erlends liðsafla skv. 2. gr.

4. gr.

Erlendum hermálayfirvöldum er heimilt að fara með refsilögsögu og agavald yfir liðsafla sínum og borgaralegri deild hans, eða einstaklingi úr skylduliði framangreindra eininga, á íslensku yfirráðasvæði í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga skv. 2. gr.

5. gr.

Íslenskum lögregluyfirvöldum er heimilt að handtaka mann úr liðsafla sendiríkis eða borgaralegri deild þess, eða einstakling úr skylduliði framangreindra eininga, sé þess óskað vegna kæru fyrir verknað sem er refsiverður samkvæmt lögum sendiríkisins og hermálayfirvöld þess eiga lögsögu yfir á íslensku yfirráðasvæði á grundvelli alþjóðasamninga skv. 2. gr. Þetta gildir jafnvel þótt sá handtekni sé grunaður um verknað sem ekki er refsiverður samkvæmt íslenskum lögum. Framselja skal hinn handtekna til hermálayfirvalda sendiríkisins sem fyrst og í síðasta lagi tuttugu og fjórum tímum eftir handtökuna.

6. gr.

Hver sá sem ljóstrar upp um eða kemur á framfæri vitneskju sem leynt á að fara varðandi öryggi þess erlenda liðsafla, sem dvelur á Íslandi á grundvelli samninga skv. 2. gr., eða varðandi öryggi aðildarríkja þessara samninga skal sæta fangelsi allt að sextán árum.

Hver sá sem falsar, eyðileggur eða nemur á brott skjöl eða hluti sem hafa þýðingu fyrir erlendan liðsafla, sem dvelur hér á grundvelli samninga skv. 2. gr., eða aðildarríki þessara samninga skal sæta fangelsi allt að sextán árum.

Hver sá sem með gáleysi eða ásetningi skýrir frá án leyfis, tekur eða birtir myndir hvers konar, þ.m.t. loftmyndir, af hernaðarmannvirkjum, birgðaskemmum, búnaði eða hernaðarundirbúningsaðgerðum erlends liðsafla skv. 2. gr., skal sæta sektum eða fangelsi í allt að þremur árum.

Hafi verknaður skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar verið framinn af gáleysi varðar það fangelsi allt að þremur árum eða sektum ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

7. gr.

Erlendur liðsafli og borgaralegar deildir hans sem dvelja hér á landi á grundvelli alþjóðasamninga skv. 2. gr. skulu hérlendis njóta þess skattfrelsis og þeirra tollundanþágna sem samningarnir kveða á um.

8. gr.

Ákvæði þessara laga hafa engin áhrif á lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

9. gr.

Utanríkisráðherra setur með reglugerð fyrirmæli um málsmeðferð skaðabótakrafna utan samninga sem stofnast vegna verknaða manna sem dveljast hér á landi á grundvelli alþjóðasamninga skv. 2. gr., greiðslur úr ríkissjóði vegna slíkra krafna og endurkröfu þeirra. Utanríkisráðherra er heimilt að fela nefnd sérfræðinga að taka endanlega afstöðu til slíkra bótakrafna eða að kalla sér til ráðgjafar einn til þrjá sérfræðinga þegar sérkunnáttu þarf við úrlausn máls.

10. gr.

Utanríkisráðherra er með reglugerð heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**I. Inngangur.**

Frumvarp þetta er samið í utanríkisráðuneytinu. Í kjölfar brotthvarfs varnarliðs Bandaríkjanna frá Íslandi 30. september 2006 og með vísan til fyrirætlana íslenskra stjórnvalda um samstarf um varnir landsins við aðrar þjóðir en Bandaríkin þykir nauðsynlegt að lögfesta lágmarksreglur um framkvæmd tiltekinna þjóðréttarsamninga sem varða réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl. þegar hann dvelst hér á landi. Í frumvarpinu er að finna heimild til handa ríkisstjórninni til að fullgilda umræddа samninga fyrir Íslands hönd.

Jafnhliða er með aðild Íslands að þessum þjóðréttarsamningum leitast við að tryggja sem best réttarstöðu íslenskra friðargæsluliða erlendis. Aðild Íslands að þeim þjóðréttarsamningum sem lög þessi vísa til felur í sér aðgangsheimild, til handa íslenskum friðargæsluliðum, til þátttöku í verkefnum á vegum NATO og NATO-samstarfsríkja á erlendri grundu.

Frumvarpið byggist að miklu leyti á dönskum lögum um sama efni, þ.e. lögum nr. 143/1955 eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 201/1999. Á dönsku nefnast þessi lög „Lov om retsstillingen for styrker tilhørende deltagerne i NATO og Partnerskab for Fred m.v.“

**II. SOFA-samningurinn.**

Samningur milli aðila að Norður-Atlantshafssamningnum um réttarstöðu liðsafla þeirra var gerður 19. júní 1951. Til þessa samnings er oft vitnað sem „NATO-SOFA“-samningsins eða „SOFA“-samningsins en á ensku ber hann heitið „Agreement between the Parties to the North Atlantic Treaty regarding the Status of their Forces“. Samningurinn hefur þann tilgang að marka réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins þegar hann dvelur í öðru aðildarríki á grundvelli samnings milli viðkomandi aðildarríkja, m.a. til að aðstoða við landvarnir á grundvelli 5. gr. stofnsamnings Atlantshafsbandalagsins.

Ákvæði „SOFA“-samningsins eru að langstærstum hluta samhljóða ákvæðum í viðbæti við varnarsamninginn um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra en þau ákvæði hafa lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Öll stofnríki Atlantshafsbandalagsins hafa fullgilt „SOFA“-samninginn að Íslandi undanskildu. Í kjölfar aðildar sinnar hafa ný aðildarríki bandalagsins einnig orðið aðilar að honum.

Ísland undirritaði „SOFA“-samninginn 19. júní 1951 en fullgilti hann ekki. Ástæða þess var sú að Ísland gerði varnarsamninginn við Bandaríkin skömmu áður eða 5. maí 1951. Í 11. gr. síðarnefnda samningsins eru ákvæði þess efnis að ríkisstjórn Íslands veiti herliði hvers aðildarríkis Atlantshafsbandalagsins sömu réttindi og varnarliðið hefði samkvæmt varnarsamningum kæmi ósk um það frá viðkomandi aðildarríki ef herlið þess dveldist á Íslandi og starfaði þá í tengslum við bandaríska varnarliðið. Auk þess var talið að Ísland sem vopnlaus þjóð mundi aldrei senda herlið til annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Á þessum tíma var því ekki talin þörf á því að Ísland fullgilti „SOFA“-samninginn.

**III. Parísarbókunin.**

Ísland staðfesti 11. maí 1953, sbr. auglýsingu nr. 46 í A-deild Stjórnartíðinda 1953, bókun, sem gerð var í París 28. ágúst 1952, um réttarstöðu fjölþjóðlegra hernaðarlegra höfuðstöðva sem stofnsettar eru samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum. Bókun þessa er að finna á ensku í ritinu *Samningar Íslands við erlend ríki*, sem gefið var út 1963, merkt nr. 97. Bókunin inniheldur ákvæði um höfuðstöðvar sem stofnað er til í aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins. Þar eru enn fremur ákvæði um að „SOFA“-samningurinn skuli ákvarða réttarstöðu liðsafla aðildarríkjanna sem sendur er til slíkra höfuðstöðva.

**IV. Samningurinn um Samstarf í þágu friðar (PfP).**

Að frumkvæði Atlantshafsbandalagsins var Samstarfi í þágu friðar (e. Partnership for Peace – PfP) komið á fót 1994. Markmið þess var að gefa aðildarríkjum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu tækifæri til að vinna með og þróa samvinnu við Atlantshafsbandalagið, eftir áhuga hvers og eins þessara ríkja. Samstarf í þágu friðar er því grundvallað á

gagnkvæmnissamkomulagi milli Atlantshafsbandalagsins annars vegar og einstakra ríkja sem óska eftir samvinnu hins vegar. Samstarfsríki Atlantshafsbandalagsins í Samstarfi í þágu friðar eru nú eftirfarandi: Albanía, Armenía, Austurríki, Aserbaídsjan, Bosnía og Hersegóvína, Finnland, Georgía, Hvíta-Rússland, Írland, Króatía, Kasakstan, Kirgisistan, Moldavía, Rússland, Serbía, Svartfjallaland, Svíþjóð, Sviss, Tadsjikistan, Makedónía, Túrkmenistan, Úkraína og Úsbekistan.

Samstarf í þágu friðar snýst að miklu leyti um að gefa liðsafla samstarfsríkjanna tækifæri til að starfa við hlið liðsafla Atlantshafsbandalagsins, m.a. á vettvangi friðargæslu. Liður í þessu samstarfi eru sameiginlegar æfingar liðsafla Atlantshafsbandalagsins og einstakra samstarfsríkja sem ýmist fara fram í aðildarríkum Atlantshafsbandalagsins eða samstarfsríkjunum. Samningur milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að Samstarfi í þágu friðar, um réttarsstöðu liðsafla þeirra var, ásamt viðbótarbókun, gerður í Brussel 19. júní 1995 en gerð var frekari viðbótarbókun við samninginn 10. mars 1997. Samningur þessi kveður á um að ákvæði „SOFA"-samningsins skuli einnig gilda á milli aðildarríkja hans ef liðsafli og borgaralegar deildir þeirra dveljast í öðru aðildarríki. Ísland hefur undirritað samninginn og viðbótarbókanir hans en ekki fullgilt samninginn. Til að Ísland geti orðið aðili að samningnum um Samstarf í þágu friðar verður það að gerast aðili að „SOFA"-samningnum.

Ljóst er að „SOFA"-samningurinn mun einnig gegna svipuðu hlutverki í samstarfi Norðurlandanna um friðargæsluverkefni, svonefnt „NORDCAPS". Má jafnvel orða það svo að „SOFA"-samningurinn sé grundvallarsamningur í samstarfi aðildarríkja Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu um friðargæslu. Þátttaka Íslands í alþjóðlegri friðargæslu mun halda áfram að aukast á næstu árum. Íslandi er því nauðsynlegt að liðsmenn þess njóti sömu réttarstöðu og liðsmenn annarra þátttökuríkja.

## V. Um fullgildingu þjóðréttarsamninga samfara lagasetningu.

Þar sem „SOFA"-samningurinn er grundvallarsamningur í alþjóðlegri hernaðar- og friðargæslu getur það orðið mjög flókið fyrir Ísland að taka þátt í slíkri samvinnu ef það er ekki aðili að „SOFA"-samningnum og samningnum um Samstarf í þágu friðar ásamt viðbótarbókunum hans. Íslandi er því nauðsynlegt að fullgilda þá þjóðréttarsamninga sem tilgreindir eru í 1. gr. frumvarpsins og er í ákvæðinu að finna heimild til þess.

„SOFA"-samningurinn, samningurinn um Samstarf í þágu friðar, ásamt viðbótarbókunum, og Parísarbókunin eru birt með frumvarpi þessu sem fylgiskjöl í íslenskri þýðingu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með ákvæði 1. gr. er ríkisstjórninni veitt heimild fyrir hönd Íslands til að fullgilda „SOFA"-samninginn og samninginn um Samstarf í þágu friðar ásamt viðbótarbókunum hans. Um þörfina á aðild Íslands að þessum samningum er fjallað í V. kafla almennra athugasemda.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gildissvið laganna afmarkað. Þau taka til þeirra samninga og bókana sem tilgreindar eru í greininni og gerð hefur verið grein fyrir í II.– IV. kafla almennra athugasemda. Í ljósi þess að „SOFA"-samningurinn er grundvallarsamningur í alþjóðlegri hernaðar- og friðargæslusamvinnu er í 2. mgr. 2. gr. að finna heimild fyrir utanríkisráðherra til að veita

erlendum liðsafla sem á Íslandi kann að dveljast samkvæmt öðrum samningum sem eru þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir Ísland sömu réttarstöðu og ákvörðuð er í lögum þessum enda geymi þeir sömu ákvæði um réttarstöðu liðsafla sem dvelst í erlendu ríki og „SOFA"-samningurinn.

Í 3. mgr. er finna ákvæði sem heimilar vopnaburð erlends liðsafla skv. 1. eða 2. mgr. 2. gr. hérlendis að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Með þessari grein er innleitt í íslenskan rétt efni VI. gr. „SOFA"-samningsins en það samvarar 5. gr. viðbætis við varnarsamninginn.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. segir að utanríkisráðherra fari með fyrirsvar af hálfu íslenska ríkisins í samskiptum við erlendan liðsafla skv. 2. gr., sendiríki hans og þau hermálayfirvöld sem hann lýtur. Samskipti þau sem hér um ræðir eru milliríkjasamskipti og með ákvæðinu er hnykkt á þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. gr. laga nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, og 14. gr. reglugerðar nr. 3/2004, um Stjórnarráð Íslands, að það er hlutverk utanríkisráðherra að annast slík milliríkjasamskipti.

Í 2. mgr. 3. gr. er kveðið á um fyrirsvar utanríkisráðherra af hálfu ríkisins vegna undirbúnings og fyrirkomulags friðargæsluæfinga og heræfinga sem haldnar eru hérlendis og erlendur liðsafli skv. 2. gr. tekur þátt í. Ákvæðið er í samræmi við þá stjórnsýsluframkvæmd sem tíðkast hefur að utanríkisráðherra fari með þetta fyrirsvarshlutverk. Benda má á að skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, fer utanríkisráðherra með yfirstjórn öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli. Öryggissvæðið er ætlað til varnarþarfa, þ.m.t. heræfinga og eftir atvikum friðargæsluæfinga, m.a. á vegum Bandaríkjanna eða annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að erlend hermálayfirvöld fari með refsilögsögu og agavald yfir liðsafla sínum og borgaralegri deild hans, eða einstaklingi úr skylduliði framangreindra eininga, á íslensku yfirráðasvæði í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga skv. 2. gr.

Af ákvæðinu leiðir að refsilögsaga íslenskra yfirvalda gagnvart þessum erlendu aðilum kann að takmarkast í samræmi við ákvæði umræddra alþjóðasamninga.

Ákvæðin um refsilögsögu og refsivald sendiríkis er að finna í VII. gr. „SOFA"-samningsins sem og um skilin við refsilögsögu og refsivald viðtökuríkisins sem er Ísland í þessu tilfelli. Í 1. mgr. VII. gr. „SOFA"-samningsins eru ákvæði um hvenær sendiríkið og viðtökuríkið eigi refsilögsögu yfir herdeildum og borgaralegum starfsmönnum sendiríkisins. Í 2. mgr. er fjallað um það hvenær hvort ríki hafi eitt lögsögu en í 3. mgr. eru ákvæði um hvort ríkið hafi forrétt til lögsögu þegar bæði ríkin eiga hana samkvæmt ákvæðum samningsins. Ákvæði VII. gr. „SOFA"-samningsins samsvara 2. gr. viðbætis við varnarsamninginn. Hermálayfirvöld sendiríkisins hafa rétt innan viðtökuríkisins til að fara með refsilögsögu og agavald samkvæmt lögum sendiríkisins gagnvart þeim mönnum sem lúta herlögum sendiríkisins en bæði hermenn og borgaralegir starfsmenn geta lotið herlögum sendiríkisins. Viðtökuríkið hefur aftur á móti lögsögu yfir hermönnum sendiríkisins og borgaralegum starfsmönnum sendiríkisins fyrir refsiverð brot sem eru framin innan landsvæða viðtökuríkisins. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. viðbætis við varnarsamninginn samsvara 1. mgr. VII. gr. „SOFA"-samningsins.

Ákvæði a-liðar 2. mgr. VII. gr. „SOFA"-samningsins gera ráð fyrir að hermálayfirvöld sendiríkisins fari ein með lögsögu yfir hermönnum að því er varðar brot sem eru refsiverð samkvæmt lögum sendiríkisins en ekki refsiverð samkvæmt lögum viðtökuríkisins. Viðtöku-

ríkið hefur aftur á móti einkalögsögu skv. b-lið gagnvart bæði hermönnum og borgaralegum starfsmönnum sendiríkisins varðandi brot sem eru refsiverð í því ríki en ekki í sendiríkinu. Undir bæði a- og b-liði 2. mgr. falla brot gegn öryggi ríkjanna en þau eru frekar skilgreind í c-lið 2. mgr. Þessi ákvæði samsvara ákvæði 3. mgr. 2. gr. viðbætis við varnarsamninginn.

Þegar bæði viðtökuríki og sendiríki hafa rétt til lögsögu kveður 3. mgr. á um að hermálayfirvöld sendiríkisins skuli hafa forrétt til lögsögu gagnvart þeim mönnum sem lúta herlögum þeirra þegar brot beinist einungis gegn eignum eða öryggi sendiríkisins, gegn persónu eða eignum annars hermanns eða borgaralegs starfsmanns í liði sendiríkisins eða ef brot eru drýgð í sambandi við framkvæmd eða vanrækslu á starfsskyldu. Yfirvöld í viðtökuríkinu hafa forrétt til lögsögu varðandi önnur brot.

Í c-lið 3. mgr. eru ákvæði um að ríki sem hefur forrétt til lögsögu skuli tilkynni það hinu ríkinu ef það hefur ekki í hyggju að nýta rétt sinn. Yfirvöld þess ríkis sem hefur rétt til lögsögu skal taka til vinsamlegrar athugunar beiðni yfirvalda hins ríkisins um að horfið sé frá lögsögu þegar síðarnefnda ríkið telur það varða sig miklu máli.

Ákvæði 3. mgr. VII. gr. „SOFA"-samningsins samsvara 4. tölul. 2. gr. viðbætis við varnarsamninginn.

Í 4. mgr. VII. gr. er sérstaklega tekið fram að hermálayfirvöld sendiríkisins hafa engan rétt til að fara með lögsögu yfir mönnum sem hafa ríkisfang í viðtökuríkinu eða eiga þar fasta búsetu nema þeir séu liðsmenn í herliði sendiríkisins. Ákvæði a-liðar 1. mgr. 2. gr. viðauka við varnarsamninginn eru hliðstæð þessu ákvæði en þar segir að herdómstólar Bandaríkjanna skuli aldrei hafa lögsögu á Íslandi yfir íslenskum ríkisborgurum eða öðrum mönnum sem ekki lúta herlögum Bandaríkjanna.

Samkvæmt a-lið 7. mgr. VII. gr. samningsins er yfirvöldum sendiríkisins óheimilt að framkvæma dauðadóma í viðtökuríkinu nema kveðið sé á um slíka refsingu í hliðstæðu máli í löggjöf viðtökuríkisins. Þetta ákvæði er sambærilegt við a-lið 5. mgr. 2. gr. viðbætis við varnarsamninginn.

Um 5. gr.

Ákvæði 5. gr. tekur mið af 5. og 6. mgr. VII. gr. „SOFA"-samningsins sem kveða á um gagnkvæma aðstoð yfirvalda viðtökuríkis og sendiríkis varðandi rannsókn brota og handtöku manna úr liði sendiríkisins. Þau eru efnislega samhljóða 6. og 7. mgr. 2. gr. viðbætis við varnarsamninginn.

Um 6. gr.

Í 11. mgr. VII. gr. „SOFA"-samningsins er kveðið á um að þau ríki sem eru aðilar að samningnum skuli tryggja eftir því sem þau telja nauðsynlegt öryggi og vernd á landsvæði sínu fyrir búnað, tæki, eignir, skjöl og opinberar upplýsingar hinna samningsaðilanna og að mönnum verði refsað sem kunna að gerast brotlegir við þau lög. Ákvæði 6. gr. frumvarps þessa eru sett til að fullnægja þessari skuldbindingu sem Ísland tekst á hendur með því að fullgilda „SOFA"-samninginn. Ákvæðið á sér fyrirmynd í áðurnefndum dönskum lögum, nr. 143/1955.

Um 7. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru sett til að fullnægja ákvæðum „SOFA"-samningsins varðandi skatta- og tollaundanþágur hins erlenda liðsafla og borgaralegra deilda hans þegar hann

dvelur í viðtökuríki. Einkum er hér um að ræða X., XI., XII. og XIII. gr. samningsins en samsvarandi ákvæði er að finna í 7., 8. og 9. gr. viðbætis við varnarsamninginn.

Um 8. gr.

Frumvarpi þessu er í engu ætlað að hafa áhrif á lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess. Komi til þess að herlið Bandaríkjanna snúi aftur til Íslands mun réttarstaða þess byggjast á lögunum frá 1951 enda er varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 í gildi. Þar sem Bandaríkjamenn eru einnig aðilar að „SOFA"-samningum gæti hugsanlega komið til skörunar á milli þessara tveggja samninga. Í slíkum tilvikum sýnist nærtækast að láta þau samningsákvæði sem eru Bandaríkjamönnum hagstæðari ganga framar eftir því sem við verður komið.

Um 9. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um meðferð skaðabótakrafna utan samninga sem stofnast vegna verknaða manna sem dveljast hér á landi á grundvelli alþjóðasamninga skv. 2. gr. frumvarpsins. Í 5. mgr. VIII. gr. „SOFA"-samningsins, sem er að mestu samhljóða 2. mgr. 12. gr. viðbætis við varnarsamninginn, er kveðið á um skyldu viðtökuríkis til að fjalla um tilteknar skaðabótakröfur utan samninga og því m.a. heimilað að semja um slíkar kröfur og greiða þær. Í kjölfarið getur viðtökuríkið oftast nær endurkrafið sendiríkið um 75% af fjárhæð hinnar greiddu kröfu. Á vegum utanríkisráðuneytisins hefur um margra ára skeið starfað stjórnsýslunefnd sem tekið hefur afstöðu til skaðabótakrafna utan samninga vegna tjóns sem varnarliðsmenn hafa valdið utan samninga og hefur það fyrirkomulag gefist vel. Ákvæði 9. gr. byggist á framangreindri stjórnsýsluframkvæmd og heimilar utanríkisráðherra að fela nefnd sérfræðinga að taka endanlega afstöðu til slíkra bótakrafna eða að kalla sér til ráðgjafar einn til þrjá sérfræðinga þegar sérkunnáttu þarf við úrlausn máls. Gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra setji fyrirmæli um málsmeðferð slíkra skaðabótakrafna í reglugerð.

Um 10. og 11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal I.**

## Samningur milli aðila að Norður-Atlantshafssamningnum um réttarstöðu liðsafla þeirra.

Aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum, sem var undirritaður í Washington 4. apríl 1949,

sem telja að með samkomulagi sé unnt að senda liðsafla eins aðila til þjónustu á landsvæði annars aðila,

sem hafa í huga að ákvörðun þess efnis að senda hann og þau skilyrði sem munu gilda þar um, að því leyti sem ekki er mælt fyrir um slík skilyrði í samningi þessum, verða eftir sem áður efni sérstaks samkomulags milli hlutaðeigandi aðila,

sem óska þess, samt sem áður, að skilgreina réttarstöðu fyrrnefnds liðsafla þegar hann er á landsvæði annars aðila,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

1. Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:
   a) „liðsafli“ merkir liðsmenn í land-, sjó- eða flugher eins samningsaðila þegar þeir eru á landsvæði annars samningsaðila á svæði Norður-Atlantshafssamningsins í tengslum við opinber skyldustörf sín, að því tilskildu að hlutaðeigandi tveir samningsaðilar geti samið um það sín á milli að eigi beri að líta svo á að tilteknir einstaklingar, einingar eða fylkingar séu „liðsafli“, að því er varðar samning þennan, eða hluti af honum,
   b) „borgaraleg deild“ merkir borgaralega liðsmenn sem fylgja liðsafla samningsaðila og eru í þjónustu hers þess samningsaðila, enda séu menn þessir ekki ríkisfangslausir eða ríkisborgarar ríkis, sem er ekki aðili að Norður-Atlantshafssamningnum, eða ríkisborgarar þess ríkis þar sem liðsaflinn er staðsettur eða hafi fasta búsetu þar,
   c) „einstaklingur úr skylduliði“ merkir maka manns í liðsafla eða manns í borgaralegri deild eða barn slíks manns sem er á framfæri hans,
   d) „sendiríki“ merkir þann samningsaðila sem liðsaflinn tilheyrir,
   e) „viðtökuríki“ merkir þann samningsaðila sem á landsvæði þar sem liðsaflinn eða borgaraleg deild er staðsett, hvort sem hann eða hún hefur þar setu eða fer þar um,
   f) „hermálayfirvöld sendiríkis“ merkir þau yfirvöld sendiríkis sem samkvæmt lögum þess hafa vald til að framfylgja hermálalögum þess ríkis með tilliti til manna í liðsafla þess eða borgaralegum deildum,
   g) „Norður-Atlantshafsráð“ merkir ráðið, sem var komið á fót skv. 9. gr. Norður-Atlantshafssamningsins, eða einhverja undirstofnun þess sem hefur heimild til að koma fram fyrir hönd þess.

2. Samningur þessi gildir um yfirvöld sjálfstæðra umdæma samningsaðilanna, innan þeirra landsvæða þeirra sem samningurinn gildir um eða nær til í samræmi við XX. gr., með sama hætti og hann gildir um stjórnvöld sömu samningsaðila, að því tilskildu, samt sem áður, að eignir sjálfstæðra umdæma skuli ekki taldar eignir samningsaðila í skilningi VIII. gr.

II. gr.

Liðsafla og borgaralegri deild hans, ásamt mönnum í honum og henni og skylduliði þeirra, ber að virða lög viðtökuríkisins og hafast ekkert það að sem fer í bága við anda samnings þessa og einkum skulu þeir forðast að hafa nokkur afskipti af stjórnmálum í viðtökuríkinu. Sendiríkinu ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessu skyni.

III. gr.

1. Menn í liðsafla skulu undanþegnir reglum um vegabréf og áritanir og skoðun innflytjenda við komu eða brottför til eða frá landsvæði viðtökuríkis með þeim skilyrðum sem eru tilgreind í 2. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um að þau formsatriði sem viðtökuríkið ákveður um komu og brottför liðsafla eða manna í honum séu virt. Þeir skulu og undanþegnir reglum viðtökuríkisins um skráningu útlendinga og eftirlit með þeim, en eigi ber að líta svo á að þeir öðlist nokkurn rétt til fastrar búsetu eða lögheimilis á landsvæðum viðtökuríkisins.
2. Einungis er gerð krafa um eftirtalin skilríki vegna manna í liðsafla. Skylt er að framvísa þeim sé þess krafist:
   a) persónulegt kennivottorð, útgefið af sendiríkinu, þar sem fram koma nöfn, fæðingardagur og ár, staða og númer (ef um það er að ræða), þjónusta og ljósmynd,
   b) fyrirmæli til einstaklinga eða hóps um ferð hans, á tungumáli sendiríkis og á ensku og frönsku, sem til þess bær stofnun sendiríkisins eða Atlantshafsbandalagsins gefur út og staðfesta réttarstöðu viðkomandi einstaklings eða hóps, sem manns eða manna í liðsafla, og þá ferð sem fyrirmælin fjalla um. Viðtökuríki getur gert kröfu um að til þess bær fulltrúi þess meðáriti fyrirmæli um ferð.
3. Liðsmönnum í borgaralegri deild skal, ásamt skylduliði, lýst sem slíkum í vegabréfum þeirra.
4. Hætti maður í liðsafla eða borgaralegri deild í þjónustu sendiríkisins og sé hann ekki sendur heim skulu yfirvöld sendiríkisins tilkynna yfirvöldum viðtökuríkisins um það án tafar og veita umbeðnar upplýsingar. Yfirvöld sendiríkisins skulu, með sama hætti, tilkynna yfirvöldum viðtökuríkisins um hvern þann mann sem er fjarverandi með ólögmætum hætti lengur en tuttugu og einn dag.
5. Hafi viðtökuríkið farið fram á að maður í liðsafla eða borgaralegri deild verði fjarlægður af landsvæði sínu eða gefið út skipun um brottvísun fyrrum meðlims í liðsafla eða borgaralegri deild eða einstaklings úr skylduliði manns eða fyrrum meðlims í honum eða henni skulu yfirvöld sendiríkisins ábyrgjast viðtöku viðkomandi manns á landsvæði sínu eða að hann yfirgefi landsvæði viðtökuríkisins. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einvörðungu um menn, sem eru ekki ríkisborgarar viðtökuríkisins og hafa komið til viðtökuríkisins sem menn í liðsafla eða borgaralegri deild eða í því skyni að gerast meðlimir í honum eða henni, og um skyldulið þeirra.

IV. gr.

Viðtökuríkið skal gera eitt af tvennu:

a) taka gild, án þess að ökupróf fari fram eða gjald sé greitt, venjuleg ökuskírteini eða hermannaökuskírteini sem gefin eru út af sendiríkinu eða sjálfstæðu umdæmi þess til handa manni í liðsafla eða borgaralegri deild eða
b) gefa út eigið ökuskírteini til handa hverjum þeim manni í liðsafla eða borgaralegri deild sem hefur venjulegt ökuskírteini eða hermannaökuskírteini sem sendiríkið gefur út eða sjálfstætt umdæmi þess, enda sé ekki gerð krafa um ökupróf.

V. gr.

1. Menn í liðsafla skulu að jafnaði vera einkennisklæddir. Að vera borgaralega klæddur skal, með fyrirvara um samkomulag um hið gagnstæða milli yfirvalda sendi- og viðtökuríkisins, háð sömu skilyrðum og gilda um menn í liðsafla viðtökuríkisins. Menn í reglulegum einingum eða fylkingum liðsafla skulu vera einkennisklæddir þegar þær fara yfir landamæri.
2. Þjónustuökutæki liðsafla eða borgaralegrar deildar skulu, auk þess að hafa skráningarmerki, hafa sérstakt þjóðarauðkenni.

VI. gr.

Mönnum í liðsafla er heimilt að eiga og bera vopn, enda hafi þeir heimild til þess samkvæmt reglum er um þá gilda. Yfirvöld sendiríkisins skulu taka beiðnir viðtökuríkisins í þessum efnum til vinsamlegrar athugunar.

VII. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar:
   a) skulu hermálayfirvöld sendiríkisins eiga rétt á að beita, innan viðtökuríkisins, refsiréttarlögsögu og refsivaldi, sem lög sendiríkisins heimila þeim, gagnvart öllum mönnum sem heyra undir hermálalög sendiríkisins,
   b) skulu yfirvöld viðtökuríkisins hafa lögsögu yfir mönnum í liðsafla eða borgaralegri deild og skylduliði þeirra að því er varðar brot sem eru framin innan landsvæðis viðtökuríkisins og eru refsiverð samkvæmt lögum þess ríkis.
2. a) Hermálayfirvöld sendiríkisins eiga rétt á að fara ein með lögsögu yfir mönnum, sem heyra undir hermálalög þess ríkis, að því er varðar brot, meðal annars brot er varða öryggi þess, sem eru refsiverð samkvæmt lögum sendiríkisins en ekki lögum viðtökuríkisins.
   b) Yfirvöld viðtökuríkisins eiga rétt á að fara ein með lögsögu yfir mönnum í liðsafla eða borgaralegi deild og skylduliði þeirra, að því er varðar brot, meðal annars brot er varða öryggi þess ríkis, sem eru refsiverð samkvæmt lögum þess en ekki lögum sendiríkisins.
   c) Eftirfarandi telst til brota gegn öryggi ríkis, að því er þessa málsgrein varðar og 3. mgr. þessarar greinar:
      i. landráð,
      ii. skemmdarverk, njósnir eða brot á öllum lögum er varða leyndarmál hins opinbera í því ríki eða leyndarmál er varða landvarnir þess ríkis.
3. Beri réttur til lögsögu undir bæði ríkin skulu eftirfarandi reglur gilda:
   a) hermálayfirvöld sendiríkisins skulu hafa forrétt til lögsögu yfir manni í liðsafla eða borgaralegri deild að því er varðar:

i. brot er einungis beinast gegn eignum eða öryggi þess ríkis eða brot er einungis beinast gegn persónu eða eignum annars manns í liðsafla eða borgaralegri deild þess ríkis eða gegn persónu eða eignum einstaklings úr skylduliði hans,
ii. brot sem verða rakin til verknaðar eða vanrækslu í tengslum við opinber skyldustörf,

b) yfirvöld viðtökuríkisins hafa forrétt til lögsögu í öllum málum vegna annarra brota,
c) ákveði það ríki sem hefur forrétt til lögsögu að fara ekki með hana skal það tilkynna yfirvöldum hins ríkisins um það svo fljótt sem verða má. Yfirvöld þess ríkis sem forrétt hefur skulu taka til vinsamlegrar athugunar beiðni yfirvalda hins ríkisins um að horfið sé frá lögsögu þegar síðarnefnda ríkið telur það mjög brýnt.

4. Ákvæði þessarar greinar hér að framan veita hermálayfirvöldum sendiríkisins engan rétt til að fara með lögsögu yfir mönnum, sem hafa ríkisfang í viðtökuríkinu eða fasta búsetu þar, nema þeir séu menn í liðsafla sendiríkisins.

5. a) Yfirvöld viðtökuríkisins og sendiríkisins skulu veita hvort öðru aðstoð við handtöku manna í liðsafla eða borgaralegri deild eða einstaklinga úr skylduliði þeirra á landsvæði viðtökuríkisins, svo og við afhendingu þeirra til þess yfirvalds sem skal fara með lögsögu samkvæmt framanskráðum ákvæðum.
b) Yfirvöld viðtökuríkisins skulu tilkynna hermálayfirvöldum sendiríkisins tafarlaust um handtöku manns í liðsafla eða borgaralegri deild eða einstaklings úr skylduliði.
c) Sé sakborningur, sem er maður í liðsafla eða borgaralegri deild og viðtökuríkið skal hafa lögsögu yfir, í gæslu hjá yfirvöldum sendiríkisins skal hann vera þar áfram uns viðtökuríkið hefur saksókn gegn honum.

6. a) Yfirvöld viðtökuríkisins og sendiríkisins skulu veita hvort öðru aðstoð við nauðsynlega rannsókn á brotum og við að afla sönnunargagna og leggja þau fram; nefna má haldlagningu hluta er tengjast broti og, í málum þar sem það á við, afhendingu slíkra hluta. Afhending slíkra hluta getur, samt sem áður, verið með fyrirvara um að þeim sé skilað innan þeirra tímamarka sem yfirvöldin, sem afhentu þau, tilgreina.
b) Yfirvöld samningsaðilanna skulu tilkynna hvort öðru um lúkningu allra mála þar sem lögsögu getur borið undir hvorn aðila sem er.

7. a) Yfirvöld sendiríkisins skulu ekki fullnægja dauðadómum í viðtökuríkinu sé eigi kveðið á um slíka refsingu í hliðstæðu máli í löggjöf viðtökuríkisins.
b) Yfirvöld viðtökuríkisins skulu taka til vinsamlegrar athugunar beiðni yfirvalda sendiríkisins um aðstoð við fullnustu fangelsisdóms sem yfirvöld sendiríkisins kveða upp, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, innan landsvæðis viðtökuríkisins.

8. Hafi yfirvöld eins samningsaðila réttað í máli sakbornings samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og hafi hann verið sýknaður eða sakfelldur og er að taka út refsingu eða hefur þegar tekið hana út eða hafi hann verið náðaður skal þá yfirvöldum annars samningsaðila óheimilt að rétta í sama máli hans að nýju á sama landsvæði. Ekkert í málsgrein þessari skal, samt sem áður, koma í veg fyrir að hermálayfirvöld sendiríkisins taki agabrot manns í liðsafla sínum fyrir, þ.e. brot sem drýgt er í tengslum við verknað eða vanrækslu og er sakamál sem yfirvöld annars samningsaðila hafa réttað í.

9. Þegar maður í liðsafla eða borgaralegri deild eða einstaklingur úr skylduliði er sóttur til saka, og viðtökuríkið fer með lögsögu í málinu, á hann rétt á því:
a) að réttarhöldum yfir honum sé hraðað,
b) að fá vitneskju fyrir upphaf réttarhalda um sakargift eða sakargiftir á hendur honum,
c) að hann og vitni, sem bera gegn honum, séu samspurð,

d) að vitnum, sem geta borið honum í hag og eru innan lögsögu viðtökuríkisins, sé gert skylt að bera vitni,
e) að málflutningsmaður, að hans eigin vali, haldi uppi vörnum fyrir hann eða að njóta aðstoðar málflutningsmanns samkvæmt gildandi ákvæðum í viðtökuríkinu á hverjum tíma,
f) að hæfur dómtúlkur sé tilkvaddur, ef hann telur þess þörf, og
g) að hafa samband við fulltrúa ríkisstjórnar sendiríkisins og, ef dómreglur leyfa það, að sá fulltrúi sé viðstaddur réttarhöldin.

10. a) Reglulegum einingum eða fylkingum liðsafla ber réttur til að fara með lögregluvald í herbúðum, starfstöðvum eða öðrum athafnasvæðum, sem þær sitja í eða á, eftir því sem semst við viðtökuríkið. Lögreglu liðsafla er heimilt að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að halda uppi reglu og tryggja öryggi á fyrrnefndum athafnasvæðum.
b) Herlögreglu skal aðeins beitt utan athafnasvæðanna eftir samkomulagi við yfirvöld viðtökuríkisins og í samstarfi við þau og að því marki sem slík beiting er nauðsynleg til að halda uppi aga og reglu meðal manna í liðsaflanum.

11. Sérhver samningsaðili skal afla lagaheimilda, eftir því sem hann telur nauðsynlegt, til að tryggja fullnægjandi öryggi og vernd á landsvæði sínu fyrir búnað, tæki, eignir, skjöl og opinberar upplýsingar hinna samningsaðilanna og að mönnum verði refsað sem kunna að gerast brotlegir við lög sem eru samþykkt í því skyni.

VIII. gr.

1. Sérhver samningsaðili mun eigi gera kröfu um skaðabætur á hendur öðrum samningsaðilum vegna tjóns á eignum sem hann á og land-, sjó- eða flugher hans notar, hafi slíkt tjón:
i. hlotist af verknaði liðsmanns eða starfsmanns hers hins samningsaðilans er hann gegndi skyldustörfum sínum í tengslum við aðgerð samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum eða
ii. verði rakið til notkunar ökutækis, skips eða loftfars í eigu hins samningsaðilans sem her hans notaði, annaðhvort að því tilskildu að ökutækið, skipið eða loftfarið, sem rekja má tjónið til, hafi verið notað í tengslum við aðgerð samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum eða að tjónið hafi orðið á eign sem var notuð með þeim hætti.

Samningsaðili mun ekki gera kröfu til björgunarlauna á hendur öðrum samningsaðila ef skipið eða farmur, sem var bjargað, var í eigu samningsaðila og notaður af her hans í tengslum við aðgerð samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum.

2. a) Verði tjón á öðrum eignum, sem samningsaðili á og eru á landsvæði hans, með þeim hætti sem fram kemur í 1. mgr. skal einn gerðarmaður, sem er valinn skv. b-lið þessarar málsgreinar, ákvarða bótaábyrgð annars samningsaðila og meta tjónið, nema hlutaðeigandi samningsaðilar komi sér saman um annað. Gerðarmaðurinn skal og taka ákvörðun um gagnkröfur sem leiðir af sama atviki.
b) Gerðarmaðurinn, sem um getur í a-lið hér að framan, skal valinn, með samkomulagi hlutaðeigandi samningsaðila, úr hópi ríkisborgara viðtökuríkisins sem gegna eða hafa gegnt háu embætti innan réttarkerfisins. Komist hlutaðeigandi samningsaðilar ekki að samkomulagi um gerðarmann innan tveggja mánaða getur hvor þeirra sem er farið þess á leit við formann fulltrúaráðs Norður-Atlantshafsráðsins að hann velji mann sem uppfyllir þær kröfur um hæfi sem fyrr getur.
c) Ákvarðanir gerðarmanns eru bindandi fyrir samningsaðila og endanlegar.

d) Jafna ber niður bótafjárhæð, sem gerðarmaðurinn dæmir, samkvæmt ákvæðum i., ii. og iii. liðar e-liðar 5. mgr. þessarar greinar.
e) Ganga ber frá bótum, sem gerðarmaðurinn ákveður, með samkomulagi milli hlutaðeigandi samningsaðila og skulu þeir greiða þær, ásamt óhjákvæmilegum kostnaði vegna skyldustarfa gerðarmannsins, að jöfnu.
f) Engu að síður mun sérhver samningsaðili eigi gera bótakröfu í neinu slíku máli sé tjón minna en nemur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bandaríkin: | $ 1.400 | Ísland: | 22.800 kr. |
| Belgía: | 70.000 b. fr. | Ítalía: | 850.000 lí. |
| Breska konungsríkið: | £ 500 | Kanada: | $ 1.460 |
| Danmörk: | 9.670 d. kr. | Lúxemborg: | 70.000 l. fr. |
| Frakkland: | 490.000 f. fr. | Noregur: | 10.000 n. kr. |
| Holland: | 5.320 gy. | Portúgal: | 40.250 es. |

Enn fremur skulu aðrir samningsaðilar, sem urðu fyrir eignatjóni þegar sama atvik átti sér stað, fella niður bótakröfu upp að þeirri fjárhæð sem að framan greinir. Sé verulegt ósamræmi milli skráðs gengis þessara gjaldmiðla skulu samningsaðilar semja um hæfilegar breytingar á fyrrnefndum fjárhæðum.

3. Í 1. og 2. mgr. þessarar greinar tekur orðatiltækið „í eigu samningsaðila“, þegar um skip er að ræða, til skips sem samningsaðilinn tekur á þurrleigu eða krefst afhendingar á með þurrleiguskilmálum eða leggur hald á til hernota (nema að því leyti sem ábyrgð á skipinu eða áhætta vegna tjóns á því hvílir á öðrum aðila en slíkum samningsaðila).

4. Sérhver samningsaðili mun eigi gera kröfu um skaðabætur á hendur öðrum samningsaðilum vegna meiðsla eða dauða liðsmanns í her sínum á þeim tíma þegar slíkur liðsmaður sinnti opinberum skyldustörfum sínum.

5. Viðtökuríkið skal fjalla um kröfur (aðrar en samningskröfur og kröfur sem ákvæði 6. eða 7. mgr. þessarar greinar gilda um), sem leiðir af verknaði eða vanrækslu manna í liðsafla eða borgaralegri deild við opinber skyldustörf eða af öðrum verknaði, vanrækslu eða atburði, sem liðsafli eða borgaraleg deild ber ábyrgð á lögum samkvæmt og tjón hlýst af á landsvæði viðtökuríkis fyrir þriðja aðila annan en samningsaðila, í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) kröfur skulu gerðar, um þær fjallað og samið eða dómur á þær lagður, í samræmi við lög og reglur viðtökuríkisins, er um ræðir kröfur sem verða til vegna verka eigin liðsafla þess,
b) viðtökuríkið getur samið um hverja slíka kröfu og það skal greiða með innlendum gjaldeyri þá fjárhæð sem um er samið eða ákveðin er með dómi,
c) slík greiðsla, hvort sem staðið er skil á henni samkvæmt samningi eða úrskurði bærs dómstóls viðtökuríkisins í málinu, eða fullnaðardómur slíks dómstóls, þar sem synjað er um greiðslu, skal vera bindandi fyrir samningsaðilana og endanlegur,
d) sérhver krafa, sem viðtökuríkið greiðir, skal tilkynnt hlutaðeigandi sendiríkjum ásamt fullnægjandi upplýsingum og tillögu að niðurjöfnun skv. i., ii. og iii. lið e-liðar hér að aftan. Berist ekkert svar innan tveggja mánaða skal tillagan um niðurjöfnun teljast samþykkt,
e) kostnaði samfara því að fullnægja kröfum samkvæmt undirliðunum hér að framan og 2. mgr. þessarar greinar skal jafnað niður á samningsaðilana sem hér segir:
   i. þar sem sendiríki, eitt og sér, ber ábyrgð skal fjárhæð þeirri sem er ákveðin með

úrskurði eða dómi skipt í þeim hlutföllum að viðtökuríkið greiði 25% en sendiríkið 75%,

ii. þar sem fleiri en eitt ríki ber ábyrgð á tjóninu skal fjárhæð þeirri sem er ákveðin með úrskurði eða dómi skipt jafnt milli þeirra. Sé viðtökuríkið hins vegar ekki í hópi þeirra ríkja sem bera ábyrgð skal framlag þess vera helmingur framlags hvers og eins sendiríkis,

iii. ef tjónið er af völdum herja samningsaðilanna og eigi er unnt að rekja það til eins hers eða fleiri skal fjárhæð þeirri sem er ákveðin með úrskurði eða dómi skipt jafnt milli hlutaðeigandi samningsaðila. Sé viðtökuríkið hins vegar ekki í hópi þeirra ríkja sem herinn, sem olli tjóninu, tilheyrir skal framlag þess vera helmingur framlags hvers og eins hlutaðeigandi sendiríkis,

iv. senda ber hlutaðeigandi sendiríkjum skýrslu, á sex mánaða fresti, um þær fjárhæðir sem viðtökuríkið hefur greitt síðasta misserið vegna sérhvers máls, sem tillaga um niðurjöfnun hefur verið samþykkt vegna, ásamt kröfu um endurgreiðslu. Endurgreiðsla skal fara fram, eins fljótt og því verður við komið, í gjaldmiðli viðtökuríkisins,

f) í tilvikum þar sem beiting ákvæða b- og e-liðar þessarar málsgreinar myndi valda samningsaðila miklum erfiðleikum getur hann farið þess á leit við Norður-Atlantshafsráðið að það beiti sér fyrir því að annars konar samningur sé gerður,

g) eigi skal maður í liðsafla eða borgaralegri deild sæta málsmeðferð vegna fullnustu dóms sem hann hefur hlotið í viðtökuríkinu vegna máls sem komið hefur upp í tengslum við opinber skyldustörf hans,

h) ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um neinar kröfur, sem leiðir af eða tengjast siglingu eða notkun skips eða lestun, flutningi eða losun farms, aðrar en kröfur vegna dauða eða meiðsla sem 4. mgr. þessarar greinar gildir ekki um, nema að því marki sem ákvæði e-liðar þessarar málsgreinar gilda um kröfur sem 2. mgr. þessarar greinar tekur til.

6. Fjalla ber um kröfur á hendur mönnum í liðsafla eða borgaralegri deild, sem leiðir af verknaði eða vanrækslu sem tjón hlýst af í viðtökuríkinu, þegar slíkur verknaður eða vanrækslu á sér stað utan þess tíma þegar þeir gegna opinberum skyldustörfum sínum, með þeim hætti sem hér greinir:

a) yfirvöld viðtökuríkisins skulu fjalla um kröfuna og meta bætur til handa krefjanda á sanngjarnan og réttlátan hátt, að teknu tilliti til allra málsatvika, meðal annars háttsemi þess sem verður fyrir líkamstjóni, og taka saman skýrslu um málið,

b) afhenda ber skýrsluna yfirvöldum sendiríkisins sem skulu því næst ákveða, án tafar, hvort þau muni bjóða fram greiðslu án þess að bera skylda til þess að lögum (*ex gratia*) og, ef svo, að hvaða fjárhæð,

c) sé greiðsla boðin fram, sem ekki er lögum samkvæmt skylt að standa skil á, og krefjandi þiggur hana sem uppfyllingu kröfu sinnar að fullu skulu yfirvöld sendiríkisins sjálf inna greiðsluna af hendi og tilkynna yfirvöldum viðtökuríkisins um ákvörðun sína og þá fjárhæð sem er greidd,

d) ekkert í þessari málsgrein hefur áhrif á það að dómstólar viðtökuríkisins viðhafi lögsögu í máli, sem kann að verða sótt gegn manni í liðsafla eða borgaralegri deild, nema og þar til greiðsla til uppfyllingar kröfunni að fullu hefur verið innt af hendi.

7. Fjalla ber um kröfur, er leiðir af óheimilaðri notkun ökutækis hers sendiríkis, skv. 6.

mgr. þessarar greinar, nema að því leyti sem liðsaflinn eða borgaralega deildin ber ábyrgð lögum samkvæmt.

8. Rísi deila um hvort verknaður eða vanræksla manns í liðsafla eða borgaralegri deild, þ.e. verknaður eða vanræksla sem tjón hlýst af, hafi átt sér stað við opinber skyldustörf eða hvort notkun ökutækis hers sendiríkis hafi verið óheimil skal senda málið gerðarmanni, sem tilnefndur er skv. b-lið 2. mgr. þessarar greinar, til úrlausnar og skal úrskurður hans, að því er þetta atriði varðar, vera endanlegur og óhagganlegur.

9. Sendiríkið skal ekki gera kröfu um friðhelgi, að því er varðar lögsögu dómstóla viðtökuríkisins, til handa mönnum í liðsafla eða borgaralegri deild með tilliti til einkamálalögsögu dómstóla viðtökuríkisins, nema að því leyti sem mælt er fyrir um í g-lið 5. mgr. þessarar greinar.

10. Yfirvöld sendiríkisins og viðtökuríkisins skulu vinna saman að öflun gagna til þess að sanngjörn dómsmeðferð geti farið fram og unnt sé að fjalla um kröfur á réttmætan hátt í málum þar sem samningsaðilarnir eiga hagsmuna að gæta.

IX. gr.

1. Mönnum í liðsafla eða borgaralegri deild, ásamt skylduliði þeirra, er heimilt að kaupa á staðnum nauðsynlegar vörur til eigin neyslu og þá þjónustu sem þeir þarfnast á sömu kjörum og þegnar viðtökuríkisins.

2. Vörur, sem liðsafli eða borgaraleg deild þarfnast sér til viðurværis, skulu að jafnaði keyptar fyrir atbeina þeirra yfirvalda sem annast slík vörukaup fyrir her viðtökuríkisins. Bær yfirvöld viðtökuríkisins skulu, til að koma í veg fyrir að slík kaup hafi skaðleg áhrif á hagkerfi þess, tilgreina, ef nauðsyn krefur, þær vörutegundir sem takmarka eða banna ber kaup á.

3. Yfirvöld viðtökuríkisins skulu ein ábyrgjast, samkvæmt gildandi samningum eða samningum sem kunna að verða gerðir hér eftir milli réttbærra fulltrúa sendiríkisins og viðtökuríkisins, að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til að byggingar og land, sem liðsafla eða borgaralegri deild eru nauðsynleg, séu til reiðu fyrir hann eða hana ásamt tilheyrandi aðstöðu og þjónustu. Slíkir samningar og ráðstafanir skulu vera í samræmi við reglur um húsnæði og vistafar sambærilegra liðsmanna viðtökuríkisins, að svo miklu leyti sem því verður við komið. Hafi enginn sérsamningur verið gerður um hið gagnstæða skulu lög viðtökuríkisins skera úr um réttindi og skyldur er leiðir af setu í eða notkun á byggingum, landi, aðstöðu eða þjónustu.

4. Fullnægja ber staðbundnum þörfum liðsafla eða borgaralegrar deildar fyrir borgaralegt vinnuafl á sama hátt og um sambærilegar þarfir viðtökuríkisins væri að ræða og með aðstoð yfirvalda þess og fyrir milligöngu vinnumiðlana. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu vera þau sömu og mælt er fyrir um í lögum viðtökuríkisins. Eigi ber að líta svo á að slíkir borgarar, sem starfa fyrir liðsafla eða borgaralega deild, séu með neinum hætti menn í liðsaflanum eða hinni borgaralegu deild.

5. Hafi liðsafli eða borgaraleg deild ófullnægjandi aðstöðu til þess að veita læknis- eða tannlæknisþjónustu, þar sem hann eða hún er staðsett, geta menn hans eða hennar og skyldulið þeirra fengið sambærilega læknishjálp og tannlæknisþjónustu og sambærilegir liðsmenn viðtökuríkisins.

6. Viðtökuríkið skal taka beiðnir um að láta mönnum í liðsafla eða borgaralegri deild í té aðstöðu til að ferðast og um að veita þeim afslátt af fargjöldum til vinsamlegrar athugunar.

Hlutaðeigandi ríkisstjórnir munu gera með sér sérstakt samkomulag um fyrrnefnda aðstöðu og afslátt

7. Stjórn liðsafla skal inna af hendi tafarlausar greiðslur, í gjaldmiðli hlutaðeigandi ríkis, fyrir vörur, húsnæði og þjónustu, sem eru látin í té skv. 2., 3., 4. og, ef nauðsyn ber til, 5. og 6. mgr. þessarar greinar, með fyrirvara um almennar eða sértækar fjárhagsráðstafanir sem samningsaðilarnir semja um sín á milli.

8. Liðsafli, borgaraleg deild, menn í þeim eða skyldulið þeirra skulu ekki, í krafti ákvæða þessarar greinar, njóta undanþágu frá gjöldum eða tollum sem tengjast innkaupum og þjónustu og ber að greiða samkvæmt skattareglum viðtökuríkisins.

X. gr.

1. Þar sem hvers kyns skattheimta í viðtökuríki, lögum samkvæmt, er því háð að viðkomandi hafi þar búsetu eða lögheimili ber eigi að líta á þann tíma sem maður í liðsafla eða borgaralegri deild dvelur á landsvæði þess ríkis, einvörðungu vegna stöðu sinnar sem maður í slíkum liðsafla eða borgaralegri deild, sem búsetutíma þar eða að sá tími breyti einhverju um búsetu eða lögheimili viðkomandi að því er skattheimtu varðar. Menn í liðsafla eða borgaralegri deild skulu undanþegnir sköttum í viðtökuríkinu á laun eða þóknanir, sem sendiríkið greiðir þeim sem slíkum liðsmönnum, eða á efnislega lausamuni í þeirra eigu sem eru í viðtökuríkinu einvörðungu vegna tímabundinnar veru þeirra þar.

2. Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að skattar séu lagðir á mann í liðsafla eða borgaralegri deild vegna gróðavænlegs framtaks hans í viðtökuríkinu, annars en starfs hans sem slíkur liðsmaður, og, að öðru leyti en við kemur launum hans og þóknunum og þeim efnislegu lausamunum hans sem um getur í 1. mgr., skal ekkert í þessari grein koma í veg fyrir að skattar séu lagðir á slíkan liðsmann, þ.e. skattar sem honum ber að greiða samkvæmt lögum viðtökuríkisins, jafnvel þótt litið sé svo á að hann hafi búsetu eða eigi lögheimili utan landsvæðis þess.

3. Ekkert í þessari grein skal gilda um „toll“ samanber skilgreiningu í 12. mgr. XI. gr.

4. Að því er varðar ákvæði þessarar greinar nær merking hugtaksins „maður í liðsafla“ ekki til manna sem hafa ríkisfang í viðtökuríkinu.

XI. gr.

1. Menn í liðsafla og borgaralegri deild, ásamt skylduliði þeirra, skulu, nema kveðið sé á um hið gagnstæða berum orðum í samningi þessum, heyra undir þau lög og reglur sem tollyfirvöld viðtökuríkisins framfylgja. Tollyfirvöldum viðtökuríkisins skal einkanlega heimilt, samkvæmt almennum ákvæðum laga og reglna viðtökuríkisins, að leita á mönnum í liðsafla eða borgaralegri deild og skylduliði þeirra og skoða farangur þeirra og ökutæki og leggja hald á muni samkvæmt ákvæðum slíkra laga og reglna.

2. a) Heimila ber tímabundinn tollfrjálsan innflutning og endurútflutning þjónustuökutækja liðsafla eða borgaralegrar deildar, sem hann eða hún hefur yfirráð yfir, að framlögðu tollskjali í þríriti í þeirri mynd sem sýnd er í viðbætinum við samning þennan.

   b) Um tímabundinn innflutning fyrrnefndra ökutækja, sem fyrrnefndir aðilar hafa ekki yfirráð yfir, gilda ákvæði 4. mgr. þessarar greinar og um endurútflutning þeirra ákvæði 8. mgr.

   c) Þjónustuökutæki liðsafla eða borgaralegrar deildar skulu undanþegin gjöldum sem ber að greiða vegna notkunar ökutækja á vegum úti.

3. Eigi skal tollskoða innsigluð opinber skjöl. Sérstakir sendiboðar, sem flytja slík skjöl, skulu, án tillits til þess hvaða stöðu þeir gegna, hafa meðferðis fyrirmæli um ferð sína, útgefin í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. III. gr. Í fyrirmælunum skal tilgreina fjölda sendinga, sem sendiboðarnir hafa meðferðis, og votta að þær innihaldi einungis opinber skjöl.
4. Liðsafla er heimilt að flytja inn tollfrjálst tækjabúnað handa sjálfum sér og hæfilegt magn vista, birgða og annars varnings, einvörðungu til nota fyrir liðsaflann, og, í þeim tilvikum þegar viðtökuríkið heimilar slíka notkun, fyrir borgaralega deild sína og skyldulið. Þessi tollfrjálsi innflutningur skal háður því skilyrði að afhent sé, á tollskrifstofu á innflutningsstað, auk þeirra tollskjala sem gera ber samkomulag um, vottorð, í þeirri mynd sem viðtökuríkið og sendiríkið koma sér saman um, undirritað af manni sem sendiríkið veitir til þess umboð. Senda skal tollyfirvöldum viðtökuríkisins nafn þess manns sem hefur umboð til þess að undirrita vottorðin og sýnishorn af nafnritun og stimplum sem nota ber.
5. Manni í liðsafla eða borgaralegri deild er heimilt, þegar hann kemur í fyrsta sinn til viðtökuríkisins til þess að taka við starfi sínu þar eða þegar einstaklingur úr skylduliði hans kemur í fyrsta sinn til samvista við hann, að flytja tollfrjálst inn persónulega muni sína og húsgögn til afnota meðan hann gegnir starfi sínu þar.
6. Mönnum í liðsafla eða borgaralegri deild er heimilt að flytja inn vélknúin ökutæki sín í einkaeign til eigin nota og nota fyrir skyldulið sitt tímabundið og án þess að greiða innflutningstolla. Eigi ber, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að veita undanþágu frá gjöldum sem ber að greiða vegna nota á vegum fyrir ökutæki í einkaeign.
7. Vörur, sem yfirvöld liðsafla flytja inn, aðrar en vörur einvörðungu til nota fyrir liðsaflann og borgaralega deild hans, og vörur, aðrar en vörur sem er fjallað um í 5. og 6. mgr. þessarar greinar og menn í liðsafla eða borgaralegri deild flytja inn, skulu ekki, sökum ákvæða þessarar greinar, undanþegnar tolli eða öðrum skilyrðum.
8. Vörur, sem hafa verið fluttar inn tollfrjálst skv. b-lið 2. mgr. eða 4., 5. eða 6. mgr. hér að framan, skal fara með sem hér segir:
   a) heimilt er að flytja þær út aftur óhindrað, enda sé vottorð, útgefið skv. 4. mgr., lagt fram á tollskrifstofu ef um ræðir innflutning samkvæmt þeirri málsgrein. Tollyfirvöld mega samt ganga úr skugga um að endurútfluttar vörur samræmist því sem lýst er í vottorðinu, ef um slíkt vottorð er að ræða, og að þær hafi í raun verið fluttar inn í samræmi við skilyrði b-liðar 2. mgr. eða 4., 5. eða 6. mgr., eftir því sem við á,
   b) slíkar vörur skulu, að öllu jöfnu, eigi látnar af hendi í viðtökuríkinu, hvorki sem söluné gjafavara. Þó má, þegar sérstaklega stendur á, veita heimild til slíkrar afhendingar með þeim skilyrðum er hlutaðeigandi yfirvöld viðtökuríkisins setja (t. d. um greiðslu a tolli og gjöldum og um að kröfum um eftirlit með verslun og gjaldeyri sé fullnægt).
9. Vörur, sem keyptar eru í viðtökuríkinu, skulu einungis fluttar út þaðan samkvæmt gildandi reglum í viðtökuríkinu.
10. Tollyfirvöld skulu gera sérstakar ráðstafanir í þágu reglulegra eininga eða fylkinga, þegar farið er yfir landamæri, að því tilskildu að hlutaðeigandi tollyfirvöldum hafi verið tilkynnt um það fyrirfram með viðeigandi hætti.
11. Viðtökuríkið skal gera sérstakar ráðstafanir til þess að unnt sé að afgreiða, toll- og gjaldfrítt, eldsneyti, olíu og smurningsolíur fyrir þjónustuökutæki, -loftför og -skip liðsafla eða borgaralegrar deildar.
12. Merking eftirfarandi hugtaka í 1. til 10. mgr. þessarar greinar er sem hér segir:
   „tollur“ merkir tollgjöld og hvers konar aðra tolla og skatta sem greiða ber vegna

innflutnings eða útflutnings, eftir því sem við á, að undanskildum gjöldum og sköttum sem eru aðeins endurgjald fyrir veitta þjónustu,
„innflutningur“ merkir meðal annars að taka vöru úr tollvörugeymslu eða samfelldri vörslu tollyfirvalda, að því tilskildu að þær vörur er um ræðir hafi ekki verið ræktaðar, framleiddar eða unnar í viðtökuríkinu.

13. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki aðeins um umræddar vörur þegar þær eru fluttar inn til viðtökuríkisins eða út frá því, heldur einnig þegar þær eru fluttar um landsvæði samningsaðila og með tilliti til slíks umflutnings skal merking orðsins „viðtökuríki“ í þessari grein talin eiga við um hvern þann samningsaðila sem á landsvæði þar sem umflutningur varanna á sér stað.

XII. gr.

1. Yfirvöld tolla- og fjármála í viðtökuríkinu geta gert þá kröfu, sem skilyrði fyrir hvers konar undanþágu frá eða ívilnun vegna tolla eða gjalda sem kveðið er á í samningi þessum, að skilyrðum, sem þau telja nauðsynlegt að setja til þess að koma í veg fyrir misnotkun, sé fullnægt.

2. Fyrrnefnd yfirvöld geta synjað um undanþágur, sem kveðið er á um í samningi þessum, vegna innflutnings til viðtökuríkisins á vörum sem eru ræktaðar, framleiddar eða unnar þar og fluttar hafa verið út þaðan án þess að greidd hafi verið gjöld eða tollar, eða jafnhliða endurgreiðslu gjalda eða tolla, sem hefði verið heimilt að leggja á hefði ekki komið til slíks útflutnings. Líta ber svo á að vörur, sem hafa verið fjarlægðar úr tollvörugeymslu, séu innfluttar hafi afhending þeirra til vörslu í tollvörugeymslunni verið talin jafngilda útflutningi.

XIII. gr.

1. Yfirvöld viðtökuríkisins og sendiríkisins skulu veita hvort öðru aðstoð við rannsókn og öflun gagna í því skyni að koma í veg fyrir brot á lögum og reglugerðum um tolla og fjármál.

2. Yfirvöld liðsafla skulu veita alla þá aðstoð sem þeim er unnt til þess að tryggja að hlutir, sem yfirvöldum toll- og fjármála í viðtökuríkinu ber réttur til að haldleggja, eða að það sé gert fyrir þeirra hönd, séu afhentir þeim yfirvöldum.

3. Yfirvöld liðsafla skulu veita alla þá aðstoð sem þeim er unnt til þess að tryggja að tollar, gjöld og sektir, sem mönnum í liðsafla eða borgaralegri deild eða skylduliði þeirra ber að greiða, séu greidd.

4. Þjónustuökutæki og muni, sem tilheyra liðsafla eða borgaralegri deild hans en ekki manni í slíkum liðsafla eða borgaralegri deild og yfirvöld viðtökuríkisins leggja hald á í tengslum við brot á lögum og reglum þess um tolla og fjármál, skal afhenda réttum yfirvöldum hlutaðeigandi liðsafla.

XIV. gr.

a) Gjaldeyrisreglur sendiríkisins gilda áfram um liðsafla, borgaralega deild og liðsmenn hans og hennar, og um skyldulið þeirra, jafnframt því að reglugerðir viðtökuríkisins gilda áfram um þau.
b) Yfirvöld gjaldeyrismála í sendiríkinu og viðtökuríkinu geta sett sértækar reglur sem gilda um liðsafla eða borgaralega deild eða liðsmenn hans eða hennar og um skyldulið þeirra.

XV. gr.

1. Samningur þessi gildir áfram, skv. 2. mgr. þessarar greinar, komi til hernaðarátaka, sem falla undir gildissvið Norður-Atlantshafssamningsins, að því undanskildu að ákvæðin um greiðslu krafna í 2. og 5. mgr. VIII. gr. gilda ekki um tjón í styrjöldum og að hlutaðeigandi samningsaðilar skuli tafarlaust endurskoða ákvæði samningsins, einkum III. og VII. gr., og er þeim heimilt að semja sín á milli um breytingar sem þeir kunna að álíta æskilegar með tilliti til framkvæmdar samningsins þeirra í milli.

2. Komi til hernaðarátaka, er áður greinir, ber sérhverjum samningsaðila réttur til að fella hvaða ákvæði samnings þessa sem er tímabundið úr gildi, að því er hann varðar, með því að tilkynna hinum samningsaðilunum um það með 60 daga fyrirvara. Sé rétti þessum beitt skulu samningsaðilarnir eiga samráð sín á milli, eins fljótt og verða má, í því skyni að ná samkomulagi um viðeigandi ákvæði í stað þeirra sem numin eru tímabundið úr gildi.

XVI. gr.

Leysa ber allan ágreining milli samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa með samningaviðræðum þeirra í milli, án þess að slíkum ágreiningi verði skotið til utanaðkomandi dómsvalds. Ágreiningi, sem ekki er unnt að leysa með beinum samningaviðræðum, ber að vísa til Norður-Atlantshafsráðsins, nema hið gagnstæða sé ákveðið berum orðum í samningi þessum.

XVII. gr.

Sérhver samningsaðili getur, hvenær sem er, óskað eftir því að hvaða grein samnings þessa sem er verði tekin til endurskoðunar. Beiðni um endurskoðun skal beint til Norður-Atlantshafsráðsins.

XVIII. gr.

1. Fullgilda ber samning þennan og afhenda ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku til vörslu skjöl um fullgildingu, eins fljótt og við verður komið, sem aftur skal tilkynna hverju undirritunarríki um afhendingardagsetningu þeirra.

2. Þrjátíu dögum eftir að fjögur undirritunarríki hafa afhent skjöl sín um fullgildingu til vörslu öðlast samningur þessi gildi þeirra í milli. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju öðru undirritunarríki þrjátíu dögum eftir að skjal þess um fullgildingu er afhent til vörslu.

3. Samningur þessi skal, eftir að hann hefur öðlast gildi og með fyrirvara um samþykki Norður-Atlantshafsráðsins og með þeim skilyrðum sem það kann að ákveða, liggja frammi til aðildar af hálfu hvers þess ríkis sem gerist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Aðild fer fram með því að afhenda ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku til vörslu skjal um aðild sem aftur skal tilkynna hverju ríki, sem hefur undirritað samninginn og gerst aðili að honum, um afhendingardagsetningu þess. Í því tilviki er skjal um aðild er afhent til vörslu af hálfu ríkis skal samningur þessi öðlast gildi gagnvart því þrjátíu dögum eftir þann dag þegar slíkt skjal er afhent til vörslu.

XIX. gr.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt samningi þessum upp eftir að fjögur ár eru liðin frá þeim degi þegar samningurinn öðlast gildi.

2. Uppsögn samningsins af hálfu samningsaðila fer fram með skriflegri tilkynningu hans til ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku sem tilkynnir öllum öðrum samningsaðilum um hverja slíka tilkynningu og þann dag þegar henni er veitt viðtaka.
3. Uppsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tekur við tilkynningunni. Eftir að fyrrnefndu eins árs tímabili lýkur gildir samningurinn ekki lengur gagnvart þeim samningsaðila sem segir honum upp, en gildir áfram gagnvart þeim samningsaðilum sem eftir standa.

XX. gr.

1. Samningur þessi gildir, með fyrirvara um ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar, um móðurland samningsaðila eingöngu.
2. Hverju ríki er þó heimilt, þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu eða aðild til vörslu eða hvenær sem er eftir það, að lýsa því yfir með tilkynningu, sem afhent er ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku, að samningur þessi skuli ná (með fyrirvara um að gengið sé frá sérsamningi milli þess ríkis sem gefur yfirlýsinguna út og hvers hlutaðeigandi sendiríkis, telji hið fyrrnefnda slíkt nauðsynlegt) til allra eða einhvers þeirra landsvæða sem það annast milliríkjasamskipti fyrir á svæði Norður-Atlantshafssamningsins. Samningur þessi skal þá ná til þess landsvæðis eða landsvæða, sem eru tilgreind í tilkynningunni, þrjátíu dögum eftir að ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tekur við henni eða þrjátíu dögum eftir að gengið hefur verið frá fyrrnefndum sérsamningum, séu þeir nauðsynlegir, eða þegar hann hefur öðlast gildi skv. XVIII. gr., hvort sem síðar verður.
3. Ríki, sem hefur gefið út yfirlýsingu skv. 2. mgr. þessarar greinar þar sem gildissvið samnings þessa er látið ná til landsvæðis sem það annast milliríkjasamskipti fyrir, er heimilt, skv. ákvæðum XIX. gr., að segja samningnum upp sérstaklega með tilliti til þess landsvæðis.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í London 19. júní 1951 í einu frumeintaki á ensku og frönsku, sem afhenda ber til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, og eru báðir textarnir jafngildir. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal senda öllum ríkjum, sem undirrita samning þennan og gerast aðilar að honum, staðfest endurrit af fyrrnefndu frumeintaki.

## Fylgiskjal II.

### Bókun
### um réttarstöðu fjölþjóðlegra hernaðarlegra höfuðstöðva sem stofnsettar eru samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum.

Aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum, sem var undirritaður í Washington hinn 4. apríl 1949,

sem telja að unnt sé, með sérstöku samkomulagi, að setja á stofn fjölþjóðlegar hernaðarlegar höfuðstöðvar á landsvæðum sínum samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum og

sem vilja skilgreina réttarstöðu slíkra höfuðstöðva og liðsmanna í þeim innan þess svæðis sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til,

hafa orðið ásáttir um bókun þessa við samninginn, sem var undirritaður í London hinn 19. júní 1951, viðvíkjandi réttarstöðu liðsafla þeirra:

I. gr.

Í bókun þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a. „samningurinn“ merkir samninginn sem aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum undirrituðu í London hinn 19. júní 1951 og fjallar um réttarstöðu liðsafla þeirra,
b. „herstjórnarmiðstöð“ merkir herstjórnarmiðstöð NATO í Evrópu, höfuðstöðvar æðsta yfirmanns herafla NATO á Atlantshafi og aðrar fjölþjóðlegar hernaðarlegar höfuðstöðvar sem stofnsettar eru samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum,
c. „sameiginlegar höfuðstöðvar“ merkir herstjórnarmiðstöð og fjölþjóðlegar hernaðarlegar höfuðstöðvar sem stofnsettar eru samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum og eru næsta undirstofnun herstjórnarmiðstöðvar,
d. „Norður-Atlantshafsráð“ merkir ráðið, sem var komið á fót skv. IX. gr. Norður-Atlantshafssamningsins, eða einhverja undirstofnun þess sem hefur heimild til að koma fram fyrir hönd þess.

II. gr.

Samningurinn gildir, með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði bókunar þessarar, um sameiginlegar höfuðstöðvar á landsvæði aðila að bókun þessari á því svæði sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til og um hermenn og borgaralega liðsmenn í fyrrnefndum höfuðstöðvum og skyldulið þeirra, sem falla undir skilgreiningarnar í a-, b- og c-lið 1. mgr. III. gr. bókunar þessarar, þegar fyrrnefndir her- eða liðsmenn eru á einhverju því landsvæði er fyrr getur vegna opinberra skyldustarfa sinna eða, í tilviki einstaklinga úr skylduliði, opinberra skyldustarfa maka þeirra eða foreldris.

III. gr.

1. Þegar samningurinn skal gilda um sameiginlegar höfuðstöðvar skulu hugtökin „liðsafli“, „borgaraleg deild“ og „einstaklingur úr skylduliði“, hvar sem þau koma fyrir í samningnum, hafa þá merkingu sem sett er fram hér að aftan:
   a. „liðsafli“ merkir þá liðsmenn sem tengjast hinum sameiginlegu höfuðstöðvum og eru í land-, sjó- eða flugher aðila að Norður-Atlantshafssamningnum,
   b. „borgaraleg deild“ merkir borgaralega liðsmenn sem eru ekki ríkisfangslausir eða ríkisborgarar ríkis, sem er ekki aðili að Norður-Atlantshafssamningnum, eða ríkisborgarar viðtökuríkisins eða hafa fasta búsetu þar og eru i. tengdir hinum sameiginlegu höfuðstöðvum og eru í þjónustu hers aðila að Norður-Atlantshafssamningnum eða ii. í flokkum borgaralegra liðsmanna í þjónustu hinna sameiginlegu höfuðstöðva eftir því sem Norður-Atlantshafsráðið mun ákveða,
   c. „einstaklingur úr skylduliði“ merkir maka manns í liðsafla eða borgaralegri deild, samanber skilgreiningu í a- og b-lið þessarar málsgreinar, eða barn slíks manns sem er háð stuðningi hans.
2. Líta ber á sameiginlegar höfuðstöðvar sem liðsafla að því er varðar II. gr., 2. mgr. V. gr., 10. mgr. VII. gr., 2., 3., 4., 7. og 8. mgr. IX. gr. og XIII. gr. samningsins.

IV. gr.

Réttindi og skyldur, sem leiðir af samningnum fyrir sendiríkið eða yfirvöld þess með tilliti til liðsafla þess eða borgaralegra deilda hans eða skylduliðs, skulu, með tilliti til sameiginlegra höfuðstöðva og liðsmanna þeirra og skylduliðs sem samningurinn gildir gagnvart skv. II. gr. bókunar þessarar, bundin við eða tengd viðeigandi herstjórnarmiðstöð og ábyrgum yfirvöldum, sem undir hana heyra, með þeirri undantekningu þó:

a. að binda beri réttinn, sem hermálayfirvöldum sendiríkisins er veittur skv. VII. gr. samningsins til þess að beita refsiréttarlögsögu og refsivaldi, við hermálayfirvöld þess ríkis, ef um það er að ræða, þar sem þau hermálalög gilda sem hlutaðeigandi einstaklingi ber að halda,
b. að skyldur, sem lagðar eru á sendiríkið eða yfirvöld þess skv. II. gr., 4. mgr. III. gr., a-lið 5. mgr. og a-lið 6. mgr. VII. gr., 9. og 10. mgr. VIII. gr. og XIII. gr. samningsins, skuli tengdar hinum sameiginlegu höfuðstöðvum og hverju því ríki sem heldur úti her eða liðsmönnum eða starfsmönnum eða skylduliði þeirra sem málið varðar,
c. að sendiríkið skuli vera, að því er varðar a-lið 2. mgr. og 5. mgr. III. gr. og XIV. gr. samningsins og þegar um ræðir menn í liðsafla og skyldulið þeirra, það ríki sem heldur úti þeim her sem viðkomandi liðsmaður tilheyrir eða, þegar um ræðir liðsmenn í borgaralegri deild og skyldulið þeirra, það ríki, ef um það er að ræða, sem heldur úti þeim her sem viðkomandi liðsmaður starfar hjá,
d. að skyldur, sem lagðar eru á sendiríkið samkvæmt 6. og 7. mgr. VIII. gr. samningsins, skuli tengdar því ríki sem heldur úti her sem viðkomandi einstaklingur tilheyrir, þ.e. einstaklingur sem með verknaði sínum eða vanrækslu hefur gefið tilefni til kröfugerðar eða, þegar um ræðir liðsmann í borgaralegri deild, því ríki sem heldur úti þeim her sem hann starfar hjá eða, ef ekki er um slíkt ríki að ræða, þeim sameiginlegu höfuðstöðvum þar sem viðkomandi einstaklingur er liðsmaður.

Ríkið, ef um það er að ræða, sem hefur skyldum að gegna samkvæmt þessari málsgrein, og hlutaðeigandi sameiginlegar höfuðstöðvar skulu hafa rétt sendiríkis þegar skipa á gerðarmann skv. 8. mgr. VIII. gr.

V. gr.

Sérhver liðsmaður í sameiginlegum höfuðstöðvum skal hafa persónulegt kennivottorð, sem höfuðstöðvarnar gefa út, þar sem fram koma nöfn, fæðingardagur og -staður, ríkisfang, metorð eða staða, kennitala (ef um hana er að ræða), ljósmynd og gildistími. Skylt er að framvísa þessu vottorði sé þess krafist.

VI. gr.

1. Sú skylda, sem lögð er á samningsaðila skv. VIII. gr. samningsins, að gera ekki kröfu um skaðabætur tengist bæði þeim sameiginlegu höfuðstöðvum og þeim aðila að bókun þessari sem málið varðar.
2. Að því er varðar 1. og 2. mgr. VIII. greinar samningsins,
   a. skal eign sameiginlegra höfuðstöðva eða aðila að bókun þessari, sem sameiginlegar höfuðstöðvar nota, talin eign samningsaðila sem her hans notar,
   b. skal tjón, sem maður í liðsafla eða borgaralegri deild, sbr. skilgreiningu í 1. mgr. III. gr. bókunar þessarar, veldur, eða einhver annar starfsmaður sameiginlegra höfuðstöðva, talið vera tjón sem liðs- eða starfsmaður í her samningsaðila veldur,

c. skal skilgreining orðatiltækisins „í eigu samningsaðila“, sem er að finna í 3. mgr. VIII. gr., gilda gagnvart sameiginlegum höfuðstöðvum.

3. Til þeirra krafna sem ákvæði 5. mgr. VIII. gr. samningsins gildir um teljast kröfur (aðrar en samningskröfur og kröfur sem ákvæði 6. eða 7. mgr. þessarar greinar gilda um) sem leiðir af verknaði eða vanrækslu starfsmanna sameiginlegra höfuðstöðva, eða af öðrum verknaði, vanrækslu eða atburði sem sameiginlegar höfuðstöðvar bera ábyrgð á lögum samkvæmt og tjón hlýst af á landsvæði viðtökuríkis fyrir þriðju aðila, aðra en einhverja aðila að bókun þessari.

VII. gr.

1. Undanþága frá sköttum á laun og þóknanir, sem mönnum í liðsafla eða borgaralegri deild er veitt skv. X. gr. samningsins, gildir, að því er varðar liðsmenn í sameiginlegum höfuðstöðvum í skilningi a-liðar og i. liðar b-liðar 1. mgr. III. gr. bókunar þessarar, um laun og þóknanir, sem sá her sem þeir tilheyra eða ræður þá til starfa greiðir þeim sem slíkum liðsmönnum, þó með þeirri undantekningu að ákvæði þeirrar málsgreinar undanþiggur fyrrnefnda liðs- eða starfsmenn ekki frá sköttum sem ríki, þar sem þeir eiga ríkisfang, leggur á.
2. Starfsmenn sameiginlegra höfuðstöðva í flokkum, sem Norður-Atlantshafsráðið hefur samþykkt, skulu njóta undanþágu frá skatti á laun og þóknanir sem hinar sameiginlegu höfuðstöðvar greiða þeim sem slíkum starfsmönnum. Sérhver aðili að bókun þessari getur, engu að síður, gert samkomulag við hinar sameiginlegu höfuðstöðvar um að hann muni ráða til þeirra og úthluta þeim öllum þeim ríkisborgurum sínum (að þeim undanskildum sem ekki hafa fasta búsetu á landsvæði fyrrnefnds aðila, að fram kominni ósk hans þar um) sem til stendur að þjóni í starfsliði fyrrnefndra höfuðstöðva og greiða laun og þóknanir til slíkra einstaklinga úr eigin sjóðum samkvæmt launatöflu sem hann ákveður. Hlutaðeigandi aðili getur skattlagt laun og þóknanir, sem þannig eru greiddar, en allir aðrir aðilar skulu undanþiggja þau frá skatti. Geri aðili að bókun þessari samkomulag af því tagi er áður getur, þ.e. samkomulag sem síðar eru gerðar breytingar á eða sagt er upp, eru aðilar að bókun þessari ekki lengur skuldbundnir til þess, samkvæmt fyrsta málslið þessarar málsgreinar, að undanþiggja frá skatti laun og þóknanir sem ríkisborgurum þeirra eru greidd.

VIII. gr.

1. Í því skyni að auðvelda stofnun, byggingu, viðhald og rekstur sameiginlegra höfuðstöðva skulu þær njóta, eftir því sem við verður komið, skatta- og tollívilnana, sem hafa áhrif á tilkostnað þeirra í þágu sameiginlegra varna og eru í opinberri og eigin þágu þeirra, og skal sérhver aðili að bókun þessari hefja samningaviðræður við allar höfuðstöðvar, sem eru starfræktar á landsvæði hans, í því skyni að komast að samkomulagi um framkvæmd þessa ákvæðis.
2. Sameiginlegar höfuðstöðvar skulu hafa þann rétt sem liðsafla er veittur skv. XI. gr. samningsins og með sömu skilyrðum.
3. Ákvæði 5. og 6. mgr. XI. gr. samningsins gilda ekki gagnvart ríkisborgurum viðtökuríkjanna, nema því aðeins að þeir tilheyri her aðila að bókun þessari, annars en viðtökuríkisins.
4. Orðatiltækið „skattar og tollar“ í þessari grein tekur ekki til gjalda fyrir veitta þjónustu.

IX. gr.

Með fyrirvara um ákvarðanir Norður-Atlantshafsráðsins um annað,

a. skal ráðstafa eignum, sem eru keyptar með fé úr fjölþjóðlegum sjóðum sameiginlegra höfuðstöðva samkvæmt fjárhagsáætlun þeirra og þær hafa ekki lengur þörf fyrir, samkvæmt tilhögun sem Norður-Atlantshafsráðið samþykkir og skal útdeila ávinningnum milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins eða færa hann þeim til tekna í réttu hlutfalli við framlag þeirra til að mæta stofnkostnaði höfuðstöðvanna. Viðtökuríkið hefur forkaupsrétt að sérhverri fasteign, sem er ráðstafað með fyrrgreindum hætti á landsvæði þess, að því tilskildu að það bjóði ekki óhagstæðari skilmála en sérhver þriðji aðili,
b. skal skila viðtökuríkinu aftur landi, byggingum eða föstum mannvirkjum, sem viðtökuríkið afhendir sameiginlegum höfuðstöðvum til afnota endurgjaldslaust (að undanskildu lágmarksgjaldi) og höfuðstöðvarnar hafa ekki lengur þörf fyrir, og skal Norður-Atlantshafsráðið ákveða hækkun eða lækkun verðgildis eignar, sem viðtökuríkið afhendir, sem rekja má til notkunar höfuðstöðvanna (að teknu tilliti til gildandi laga viðtökuríkisins) og skal útdeila þeirri fjárhæð milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins eða færa hana þeim til tekna eða skuldfæra þau fyrir henni í réttu hlutfalli við framlag þeirra til að mæta stofnkostnaði höfuðstöðvanna.

X. gr.

Sérhver herstjórnarmiðstöð skal hafa réttarstöðu lögaðila og gerhæfi til samningsgerðar og til að kaupa eignir og ráðstafa þeim. Viðtökuríkið getur, engu að síður, haft þess konar gerhæfi samkvæmt sérstöku samkomulagi milli þess og hlutaðeigandi herstjórnarmiðstöðvar eða sameiginlegra höfuðstöðva sem eru undirstofnun hennar og koma fram fyrir hennar hönd.

XI. gr.

1. Herstjórnarmiðstöð getur, samkvæmt ákvæðum VIII. gr. samningsins, átt aðild að dómsmáli sem málshöfðandi eða varnaraðili. Viðtökuríkið og hlutaðeigandi herstjórnarmiðstöð, eða sameiginlegar höfuðstöðvar sem eru undirstofnun hennar og hún veitir umboð, geta komið sér saman um að viðtökuríkið komi fram fyrir hönd herstjórnarmiðstöðvarinnar í dómsmáli sem hún á aðild að og er rekið fyrir dómstólum viðtökuríkisins.
2. Sameiginlegar höfuðstöðvar skulu eigi sæta fullnustugerð eða hlíta ráðstöfunum, sem miða að haldlagningu eða löggeymslu eigna þeirra eða sjóða, nema að því er varðar ákvæði a-liðar 6. mgr. VII. gr. og XIII. gr. samningsins.

XII. gr.

1. Sameiginlegum höfuðstöðvum er heimilt að eiga fé og halda reikninga í hvaða gjaldmiðli sem er til þess að gera þeim kleift að framkvæma fjölþjóðlega fjárhagsáætlun sína.
2. Aðilar að bókun þessari skulu, að beiðni sameiginlegra höfuðstöðva, greiða fyrir því að þær geti yfirfært sjóði frá einu landi til annars og að sameiginlegar höfuðstöðvar geti skipt öllum gjaldmiðli sínum í hvaða annan gjaldmiðil sem er, þegar nauðsyn ber til í því skyni að fullnægja þörfum sameiginlegra höfuðstöðva.

XIII. gr.

Skjalasöfn og önnur opinber skjöl sameiginlegra höfuðstöðva, sem eru varðveitt á athafnasvæði sem fyrrnefndar höfuðstöðvar nota eða eru í vörslu tiltekins liðsmanns höfuðstöðvanna með réttu, skulu friðhelg, nema höfuðstöðvarnar hafi afsalað friðhelgi þeirra. Höfuðstöðvarnar skulu, að beiðni viðtökuríkisins og í viðurvist fulltrúa þess, votta hvers eðlis öll skjöl eru til þess að staðfesta megi að þeim beri friðhelgi samkvæmt þessari grein.

XIV. gr.

1. Bókun þessi eða samningurinn getur í heild eða að hluta gilt, samkvæmt ákvörðun Norður-Atlantshafsráðsins, gagnvart hvaða fjölþjóðlegum hernaðarlegum höfuðstöðvum eða stofnun sem er (að frátöldum þeim sem skilgreiningar í b- og c-lið I. gr. bókunar þessarar ná til) sem er komið á fót samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum.
2. Þegar varnarsamstarf Evrópu verður að veruleika getur bókun þessi gilt gagnvart liðsmönnum evrópska varnarliðsins, sem tengjast sameiginlegum höfuðstöðvum, og skylduliði þeirra, þegar og með þeim hætti sem Norður-Atlantshafsráðið kann að ákveða.

XV. gr.

Leysa ber allan ágreining, er kann að rísa milli aðila að bókun þessari eða milli sérhvers slíks aðila og sameiginlegra höfuðstöðva um túlkun eða framkvæmd bókunarinnar, með samningaviðræðum milli deiluaðila án þess að skjóta honum til utanaðkomandi dómsvalds. Ágreiningi, sem ekki er unnt að leysa með beinum samningaviðræðum, ber að vísa til Norður-Atlantshafsráðsins, nema annað sé ákveðið berum orðum í bókunn þessari eða samningnum.

XVI. gr.

1. Ákvæði XV. gr. og XVII. til XX. gr. samningsins gilda með tilliti til bókunar þessarar, sem væru óaðskiljanlegur hluti hennar, en með þeim hætti að unnt sé að endurskoða bókunina, fella hana tímabundið úr gildi, fullgilda hana, gerast aðili að henni, segja henni upp eða útvíkka hana í samræmi við fyrrnefnd ákvæði óháð samningnum.
2. Heimilt er að auka við bókun þessa með tvíhliða samningi milli viðtökuríkisins og herstjórnarmiðstöðvar og yfirvöld í viðtökuríki og herstjórnarmiðstöð geta komist að samkomulagi um að láta hvaða ákvæði bókunar þessarar eða samningsins, eins og hann gildir um hana, sem er koma til framkvæmda með stjórnsýsluaðgerðum áður en fullgilding fer fram.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar undirritað bókun þessa. Gjört í París hinn 28. ágúst 1952 í einu frumeintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, og eru báðir textarnir jafngildir. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal senda öllum ríkjum, sem undirrita bókun þessa og gerast aðilar að henni, staðfest endurrit af fyrrnefndu frumeintaki.

**Fylgiskjal III.**

## Samningur milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að Samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra.

Aðildarríkin að Norður-Atlantshafssamningnum, sem var gerður í Washington 4. apríl 1949, og ríkin sem þiggja boð um þátttöku í samstarfi í þágu friðar, sem þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnaleiðtogar aðildarríkja að Atlantshafsbandalaginu komu á framfæri og undirrituðu í Brussel 10. janúar 1994, og skrifa undir grunnskjalið um samstarf í þágu friðar,

sem saman mynda hóp ríkja sem taka þátt í samstarfi í þágu friðar,

sem telja að með samkomulagi sé unnt að senda liðsafla eins aðildarríkis að samningi þessum inn á landsvæði annars aðildarríkis og taka við honum þar,

sem hafa í huga að ákvörðun um að senda liðsafla og taka við honum verður áfram sérstakt samkomulagsatriði milli hlutaðeigandi aðildarríkja,

sem óska þess, samt sem áður, að skilgreina réttarstöðu fyrrnefnds liðsafla þegar hann er á landsvæði annars aðildarríkis,

sem minnast samningsins milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins um réttarstöðu liðsafla þeirra sem var gerður í London 19. júní 1951,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. gr.

Öll aðildarríki að samningi þessum skulu, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum og viðbótarbókunum við hann með tilliti til aðila að honum, beita ákvæðum samningsins milli aðila að Norður-Atlantshafssamningnum um réttarstöðu liðsafla þeirra, sem var gerður í London 19. júní 1951 og hér á eftir nefndur NATO-SOFA-samningurinn, eins og öll aðildarríki að samningi þessum væru aðilar að NATO-SOFA-samningnum.

II. gr.

Auk þess svæðis sem NATO-SOFA-samningurinn gildir um skal samningur þessi gilda um landsvæði allra aðildarríkja að samningi þessum sem eru ekki aðilar að NATO-SOFA-samningnum.

Að því er samning þennan varðar skal líta svo á að vísanir í NATO-SOFA-samningnum til þess svæðis sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til eigi einnig við um þau landsvæði sem um getur í 1. mgr. samnings þessa og líta skal enn fremur svo á að vísanir til Norður-Atlantshafssamningsins feli í sér vísanir til samstarfs í þágu friðar.

III. gr.

Komi til þess að beita ákvæðum samnings þessa vegna mála, er varða aðila sem eru ekki aðilar að NATO-SOFA-samningnum, skal túlka ákvæði NATO-SOFA-samningsins, sem fjalla um beiðnir eða ágreining sem vísa ber til Norður-Atlantshafsráðsins, formanns fulltrúaráðs Norður-Atlantshafsráðsins eða gerðarmanns, þannig að þess sé krafist af hlutaðeigandi aðilum að þeir leysi mál sín með samningaviðræðum sín á milli eða í sameiningu, án þess að þeim verði skotið til utanaðkomandi dómsvalds.

IV. gr.

Heimilt er að samþykkja viðbætur við samning þennan eða gera breytingar á honum með öðrum hætti í samræmi við reglur þjóðaréttar.

V. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu hvers þess ríkis sem er annaðhvort aðili að NATO-SOFA-samningnum eða þiggur boð um að gerast aðili að samstarfi í þágu friðar og hefur undirritað grunnskjalið um samstarf í þágu friðar.

Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Afhenda ber ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu sem aftur tilkynnir öllum ríkjum, sem hafa undirritað samninginn, um hverja slíka afhendingu.

Þrjátíu dögum eftir að þrjú undirritunarríki, þar sem að minnsta kosti eitt er aðili að NATO-SOFA-samningnum og eitt hefur þegið boð um að gerast aðili að samstarfi í þágu friðar og undirritað grunnskjalið um samstarf í þágu friðar, hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu skal samningur þessi öðlast gildi gagnvart þeim. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju öðru undirritunarríki þrjátíu dögum eftir að skjal þess er afhent til vörslu.

VI. gr.

Sérhver aðili að samningi þessum getur sagt honum upp með því að tilkynna ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skriflega um það sem aftur tilkynnir öllum undirritunarríkjum um hverja slíka tilkynningu. Uppsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tekur við tilkynningunni. Eftir að fyrrnefndu eins árs tímabili lýkur gildir samningur þessi ekki lengur gagnvart þeim aðila sem segir honum upp, nema að því er varðar samninga um útistandandi kröfur sem koma fram fyrir þann dag er uppsögnin tekur gildi, en gildir áfram gagnvart þeim aðilum sem eftir standa.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 19. júní 1995 í einu frumeintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, og eru báðir textarnir jafngildir. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal senda öllum undirritunarríkjum staðfest endurrit af fyrrnefndu frumeintaki.

**Fylgiskjal IV.**

## Viðbótarbókun
## við samninginn milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra.

Ríkin, sem eiga aðild að viðbótarbókun þessari við samninginn milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra, hér á eftir nefndur samningurinn,

sem taka tillit til þess að eigi er kveðið á um dauðarefsingu í innlendri löggjöf sumra aðila að samningnum,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. gr.

Sérhvert ríki, sem er aðili að viðbótarbókun þessari, skal, að því leyti sem það fer með lögsögu samkvæmt ákvæðum samningsins, eigi fullnægja dauðadómi yfir manni í liðsafla og borgaralegri deild hans og einstaklingum úr skylduliði þeirra sem eru frá öðru ríki sem er aðili að viðbótarbókun þessari.

II. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra aðila sem hafa undirritað samninginn.

Bókun þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Afhenda ber ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu, sem aftur skal tilkynna öllum undirritunarríkjum um hverja slíka afhendingu.

Bókun þessi öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag þegar þrjú undirritunarríki, þar sem að minnsta kosti eitt er aðili að NATO-SOFA-samningnum og eitt er ríki sem hefur þegið boð um að gerast aðili að samstarfi í þágu friðar og hefur undirritað grunnskjal um samstarf í þágu friðar, hafa afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.

Bókun þessi öðlast gildi gagnvart hverju öðru undirritunarríki þann dag þegar það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.

Gjört í Brussel 19. júní 1995 í einu frumeintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, og eru báðir textarnir jafngildir. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal senda öllum undirritunarríkjum staðfest endurrit af fyrrnefndu frumeintaki.

**Fylgiskjal V.**

**Frekari viðbótarbókun við samninginn milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra.**

að teknu tilliti til „samningsins milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra“ og viðbótarbókunarinnar við hann, bæði gerð í Brussel 19. júní 1995,

að teknu tilliti til nauðsynjar þess að ákvarða og koma reglu á réttarstöðu hernaðarlegra höfuðstöðva NATO og liðsmanna höfuðstöðva á landsvæði ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, í því skyni að auðvelda samskipti við heri einstakra samstarfsþjóða í þágu friðar,

að teknu tilliti til nauðsynjar þess að veita liðsmönnum herja samstarfsríkja, sem tengjast eða eru í sambandi við hernaðarlegar höfuðstöðvar NATO, og að teknu tilliti til þess að aðstæður í ákveðnum NATO-ríkjum eða samstarfsríkjum kunna að gera að verkum að æskilegt sé að mæta þeim þörfum sem lýst er hér að framan með bókun þessari,

hafa aðilar að bókun þessari orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Í bókun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Parísarbókunin merkir“ „Bókun um réttarstöðu fjölþjóðlegra hernaðarlegra höfuðstöðva sem stofnsettar eru samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum“, gerð í París 28. ágúst 1952,

a. „samningurinn“ merkir, þar sem orðið kemur fyrir í Parísarbókuninni, samning NATO um réttarstöðu liðsafla eins og hann er látinn gilda með ákvæðum „samningsins milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra“ sem var gerður í Brussel 19. júní 1995,

b. „liðsafli“ og „borgaraleg deild“, þar sem þau orðatiltæki koma fyrir í Parísarbókuninni, hafa þá merkingu sem þeim er gefin í 3. gr. Parísarbókunarinnar og taka einnig til slíkra einstaklinga sem tengjast eða eru í sambandi við hernaðarlegar höfuðstöðvar NATO og eru frá öðrum aðildarríkjum sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar,

c. „einstaklingur úr skylduliði“ merkir, þar sem orðatiltækið kemur fyrir í Parísarbókuninni, maka manns í liðsafla eða borgaralegri deild, samanber skilgreiningu í b-lið þessarar greinar, eða barn slíks manns sem er háð stuðningi hans,

2. „SOFA-samningur vegna samstarfs í þágu friðar“ merkir, þar sem orðatiltækið kemur fyrir í bókun þessari, „samninginn milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra“ sem var gerður í Brussel 19. júní 1995,

3. „NATO“ merkir Atlantshafsbandalagið,

4. „hernaðarlegar höfuðstöðva NATO“ merkir sameiginlegar höfuðstöðvar og aðrar fjölþjóðlegar hernaðarlegar höfuðstöðvar eða stofnanir sem falla undir 1. og 14. gr. Parísarbókunarinnar.

II. gr.

Aðilar að bókun þessari skulu, með fyrirvara um rétt aðildarríkja NATO eða ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar en ekki að bókun þessari, beita ákvæðum, sem eru samhljóða ákvæðum Parísarbókunarinnar, að undanskildum áorðnum breytingum á þeim samkvæmt bókun þessari, með tilliti til starfsemi hernaðarlegra höfuðstöðva NATO og hermanna og borgaralegra liðsmanna þeirra sem fer fram á landsvæði aðila að bókun þessari.

III. gr.

1. Auk þess svæðis sem Parísarbókunin gildir um skal bókun þessi gilda um landsvæði allra aðildarríkja að bókun þessari eins og fram kemur í 1. mgr. II. gr. sem eru ekki aðilar að SOFA-samningnum vegna samstarfs í þágu friðar.

2. Líta ber svo á að tilvísanir í Parísarbókuninni til þess svæðis þar sem Norður-Atlantshafssamningurinn gildir eigi, að því er bókun þessa varðar, við um þau landsvæði er um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

IV. gr.

Ákvæði Parísarbókunarinnar, sem fjalla um að vísa beri ágreiningi til Norður-Atlantshafsráðsins, skal túlka þannig, þegar beita á bókun þessari í tengslum við mál er varða samstarfsríki, að hlutaðeigandi aðilum beri að semja sín á milli án þess að vísa ágreiningi sínum til utanaðkomandi dómsvalds.

V. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja sem hafa undirritað SOFA-samninginn vegna samstarfs í þágu friðar.

2. Bókun þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Afhenda ber ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu sem aftur tilkynnir öllum ríkjum, sem hafa undirritað bókun þessa, um hverja slíka afhendingu.

3. Þegar tvö undirritunarríki eða fleiri hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu skal bókun þessi öðlast gildi gagnvart þeim ríkjum. Bókunin öðlast gildi gagnvart hverju öðru undirritunarríki þann dag þegar það afhendir skjal sitt til vörslu.

VI. gr.

Sérhver aðili að bókun þessari getur sagt henni upp með því að tilkynna ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skriflega um það sem aftur tilkynnir öllum undirritunarríkjum um hverja slíka tilkynningu. Uppsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tekur við tilkynningunni. Eftir að fyrrnefndu eins árs tímabili lýkur gildir bókun þessi ekki lengur gagnvart þeim aðila er segir henni upp, nema að því er varðar samninga um útistandandi kröfur sem komu fram fyrir þann dag er uppsögnin tekur gildi, en gildir áfram gagnvart þeim aðilum sem eftir standa.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

**Fylgiskjal VI.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.**

Meginmarkmiðið með þessu frumvarpi er að lögfesta lágmarksreglur varðandi framkvæmd tiltekinna þjóðréttarsamninga sem varða réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl. þegar hann dvelst hér á landi. Með frumvarpinu er ríkisstjórninni heimilað fyrir Íslands hönd að fullgilda þá þjóðréttarsamninga sem um ræðir. Jafnframt er að finna í frumvarpinu ákvæði varðandi fyrirsvar utanríkisráðherra vegna samskipta við hinn erlenda liðsafla o.fl.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu útgjöld ríkissjóðs aukast óverulega og gert er ráð fyrir að það muni rúmast innan fjárlagaramma viðkomandi ráðuneytis.

# 982. Frumvarp til laga [656. mál]

um breytingu á lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nefndin skal funda eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
b. Í stað 2.–5. málsl. 2. mgr. kemur einn nýr málsliður sem orðast svo: Utanríkisráðherra skipar fulltrúa í samráðsnefndina að höfðu samráði við stjórn Útflutningsráðs.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. niður frá og með 1. janúar 2013, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2013 vegna gjaldstofns ársins 2012.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**Tilgangur.**

Tilgangur með frumvarpi þessu er að tryggja áframhaldandi fjármögnun Útflutningsráðs. Núverandi fyrirkomulag rennur sitt skeið í lok ársins, en það hefur verið í gildi frá upphafi árs 2003. Í frumvarpinu er lagt til að núgildandi fjármögnun verði framlengd til fimm ára á

nýjan leik eins og gert var með gildandi lögum. Í frumvarpinu er einnig lagt til að breytingar verði á fyrirkomulagi og skipan funda samráðsnefndar atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð.

**Fjármögnun Útflutningsráðs – sögulegt yfirlit.**

Útflutningsráð Íslands hefur alla tíð verið sjálfstæð stofnun fjármögnuð beint af atvinnulífinu, án fjárframlaga á fjárlögum, nema að litlu leyti fyrstu árin. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, sem stofnuð var árið 1971, var forveri Útflutningsráðs.

Í fyrstu lögum um Útflutningsráð, sem samþykkt voru á Alþingi á árinu 1986, var gert ráð fyrir því að fyrirtæki innan iðnaðar og sjávarútvegs stæðu ein straum af fjármögnun starfseminnar og að framlag sjávarútvegs til Útflutningsráðs yrði tekjur af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum og að framlag iðnaðar yrði tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi. Um svipað leyti og Útflutningsráð tók til starfa var útflutningsgjaldið hins vegar lagt niður. Af þeim sökum var ákveðið að framlag sjávarútvegsins til Útflutningsráðs á árunum 1987–1989 yrði hluti af endurgreiddum uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Um áramótin 1989/1990 var söluskattur lagður niður en virðisaukaskattur tekinn upp í hans stað.

Vorið 1990 skipaði utanríkisráðherra fimm manna nefnd til að gera tillögur um stjórnarskipun og framtíðartekjustofna fyrir Útflutningsráð. Nefndin lagði til að tekjustofn Útflutningsráðs yrði sá sami og aðstöðugjaldsstofninn og samþykkti Alþingi í desember 1990 lög sem byggðust á tillögum nefndarinnar, þar sem ákveðið var að „útflutningsráðsgjald“ yrði 0,05% af aðstöðugjaldsstofni fiskvinnslu, iðnaðar og byggingarstarfssemi, 0,03% af aðstöðugjaldsstofni fiskveiða og 0,01% af aðstöðugjaldsstofni flutninga á sjó og flugrekstrar. Í bréfi nefndarinnar til ráðherra kom fram að nefndin fjallaði um þann möguleika að „allt atvinnulífið tæki þátt í fjármögnun aðgerða til að efla útflutning“ og taldi hann um „margt æskilegan“, enda uppi háværar raddir um að óeðlilegt væri að þessar greinar einar greiddu skatt af þessum toga.

Þegar innheimta aðstöðugjaldsins var lögð niður árið 1992 þótti ekki lengur ástæða að viðhalda aðstöðugjaldsstofninum eingöngu til þess að innheimta af honum þá aukaskatta sem við hann höfðu verið tengdir, svo sem útflutningsráðsgjald, iðnlánasjóðsgjald, iðnaðarmálagjald og kirkjugarðsgjald. Hið síðastnefnda var 1,5% álag á aðstöðugjaldið og rann til kirkjugarða í hlutaðeigandi sóknum. Forsvarsmenn atvinnurekenda innan Vinnuveitendasambands Íslands o.fl. beittu sér fyrir því haustið 1993 að samkomulag tækist um að kirkjugarðsgjaldið yrði afnumið í nokkrum þrepum og í stað þess kæmi nýtt markaðsgjald sem næmi 0,015% af veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún var skilgreind samkvæmt virðisaukaskattslögum. Markaðsgjaldið skyldi renna til Útflutningsráðs Íslands. Kirkjugarðsgjaldið og hið nýja markaðsgjald gáfu af sér svo til sömu skatttekjur. Skattbyrði var því létt af þeim atvinnurekstri sem áður greiddi einn útflutningsráðsgjaldið. Því takmarki sem nefndin frá 1990 hafði fjallað um, að „allt atvinnulíf tæki þátt í fjármögnun aðgerða til að efla útflutning“ var því náð. Lög um Útflutningsráð voru endurskoðuð af þessu tilefni og jafnframt sett inn sólarlagsákvæði um tekjustofninn. Skyldu lögin endurskoðuð fyrir árslok 1998 og félli innheimta markaðsgjaldsins niður frá og með árinu 1999 ef lögin yrðu ekki endurskoðuð. Var þetta m.a. gert vegna athugasemda um að vegna tengingar við veltu fyrirtækjanna þá félli markaðsgjaldið óeðlilega þungt á verslunarfyrirtæki, en þau greiddu þá um 38% gjaldsins.

Með hliðsjón af framansögðu skipaði utanríkisráðherra fimm manna nefnd haustið 1998 til að endurskoða lög um Útflutningsráð. Árið þar á undan hafði utanríkisráðuneytið sett á laggirnar sína eigin viðskiptaþjónustu (VUR) og var á margan hátt óljóst hver ætti að vera

verkaskipting milli hennar og Útflutningsráðs. Nefndin komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig heppilegast væri að skipa opinberri þjónustu við útflutningsatvinnuvegina og taldi ráðherra að lengri tíma þyrfti til að leiða þau mál til lykta. Alþingi samþykkti þó í lok árs 1998 veigamiklar breytingar á lögum um Útflutningsráð þar sem m.a. var stofnuð sérstök samráðsnefnd um Útflutningsráð, stjórnarmönnum var fækkað, ákvæði var sett í lögin um að ráðið skyldi ráðstafa 14% af tekjum af markaðsgjaldi til að markaðssetja Ísland fyrir erlenda fjárfesta og tekinn var upp nýr tekjustofn, markaðsgjald, sem nú var lagt á sama stofn og tryggingargjaldið. Var það reiknað sem 0,05% hlutfall af öllum launagreiðslum í landinu. Við þetta dreifðist skattbyrðin enn meira og féll hlutur verslunar niður í 11%, en starfsemi hins opinbera greiddi 20% gjaldsins. Sólarlagsákvæði til tveggja ára var sett á tekjustofninn með þeim rökum að enn ætti eftir að ákveða framtíðarfyrirkomulag útflutningsaðstoðarinnar og verkaskiptingu milli Útflutningsráðs og viðskiptaþjónustunnar. Markaðsgjaldið var framlengt enn á ný fyrir árslok 2000 til tveggja ára, m.a. með þeim rökum að lítið hefði áunnist í að samhæfa starfsemi Útflutningsráðs og viðskiptaþjónustunnar.

Haustið 2002 hófu forsvarsmenn viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráðs markvissa vinnu við að undirbúa „samtengingu til sóknar", þ.e. gerð rammasamnings er skýrði verka- og hlutverkaskiptingu aðilanna og tryggði að þjónusta þeirra gagnvart fyrirtækjunum væri gagnsæ og án tvíverknaðar. Formlegur samstarfssamningur var undirritaður á ársfundi Útflutningsráðs í mars 2003. Eru í samningnum m.a. ákvæði um sérstaka stýrinefnd er fylgi eftir markmiðum samningsins, settur var á laggirnar átakssjóður til að leggja fé í samstarfsverkefni aðilanna og ákveðið var að Útflutningsráð tæki að sér að selja þjónustu viðskiptafulltrúa sem starfa í sendiráðum Íslands erlendis. Í millitíðinni var gengið frá breytingum á lögum um útflutningsaðstoð. Var samráðsnefndinni m.a. gefið nýtt og veigameira hlutverk og skilgreiningar um þjónustuhlutverk Útflutningsráðs voru útvíkkaðar. Markaðsgjaldið, eins og það var ákveðið með lögum í desember 1998, var enn á ný framlengt, í það skiptið til fimm ára.

**Stefnumótun Útflutningsráðs.**

Stjórn Útflutningsráðs samþykkti á fundi sínum í desember 2006 stefnumótun fyrir Útflutningsráð til næstu ára. Um samstarfið við utanríkisráðuneytið annars vegar og fjármögnun starfseminnar hins vegar segir í stefnumótunarskjalinu:

> „Útflutningsráð hefur náið samstarf við utanríkisráðuneytið og sérstakur samstarfssamningur milli ráðsins og ráðuneytisins kveður á um ákveðna verkaskiptingu milli Útflutningsráðs og viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins með það að markmiði að efla íslenskan útflutning og styrkja samkeppnishæfni þjóðarinnar. Samkvæmt samningnum annast Útflutningsráð m.a. sölu á þjónustu viðskiptafulltrúa sem starfa í sendiráðunum. Með þessu samstarfi býðst viðskiptavinum Útflutningsráðs því ráðgjöf og ýmiss konar þjónusta á þeim markaðssvæðum þar sem sendiráðin eru staðsett. Samningsaðilar koma fram sem ein heild gagnvart fyrirtækjum og öðrum notendum þjónustunnar og stefna að því að kynna þjónustu sína erlendis undir einu heiti. Mikilvægt er að auka vægi viðskiptaþjónustu sendiráðanna m.a. með fjölgun viðskiptafulltrúa og efla hið víðtæka ræðismannanet utanríkisþjónustunnar, sem er einnig mikilvægur hlekkur í þjónustukeðjunni við íslensk fyrirtæki. Útflutningsráð er samkvæmt lögum samstarfsvettvangur fyrirtækja og stjórnvalda og hefur frá upphafi (1986) verið sjálfstæð stofnun, fjármögnuð beint af atvinnulífinu án fjárframlaga á fjárlögum, nema að litlum hluta fyrstu árin. Frá árinu 1998 hefur rekstur

Útflutningsráðs verið fjármagnaður að miklu leyti með markaðsgjaldinu, sem er 0,05% gjald á sama tekjustofn og tryggingargjaldið. Hefur þetta fyrirkomulag reynst mjög vel og skapað festu um reksturinn."

Af framangreindu er ljóst að samstarf Útflutningsráðs og utanríkisráðuneytisins er í góðum farvegi. Því er lagt til að núverandi fyrirkomulag á fjármögnun starfseminnar með markaðsgjaldinu verði óbreytt til næstu fimm ára.

Frumvarpið felur enn fremur í sér breytingar á skipan í samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð. Óþarft er að binda fjölda funda samráðsnefndarinnar og fundarstjórn í lög. Sama máli gegnir um skipan nefndarinnar. Hún er og verður áfram skipuð fulltrúum samtaka úr atvinnulífinu og stjórnvalda auk stjórnar Útflutningsráðs. Lögbindingin skapar óþarfa formfestu og í framkvæmd hefur fleiri aðilum en kveðið er á um í lögunum verið boðið á fundi, auk þess sem tiltölulega tíðar breytingar á samsetningu og nöfnum hagsmunasamtaka og stofnun nýrra gerir lagaákvæði af þessu tagi fljótt úrelt. Tilgangur almennara og opnara orðalags er að tryggja enn víðtækari þátttöku á fundum nefndarinnar, en m.a. verður höfð hliðsjón af skiptingu markaðsgjaldsins við samsetningu hennar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Breyting á 1. mgr. 1. gr. felur í sér fækkun lögbundinna funda samráðsnefndarinnar og afnám þess skilyrðis að utanríkisráðherra stjórni fundum. Tilgangur breytinganna er að auka sveigjanleika í störfum nefndarinnar, enda er heppilegra að nefndin haldi fundi þegar tilefni gefst til samkvæmt eigin ákvörðun. Þó er gert ráð fyrir að fundir verði að lágmarki tveir á ári.

Breyting á 2. mgr. 1. gr. hefur það að markmiði að auka möguleika á aðkomu fleiri aðila að fundum samráðsnefndarinnar og tryggja þannig sem víðtækasta þátttöku, hagsmunaaðilum til hagsbóta. Ábendingar frá þeim hafa leitt í ljós aukinn áhuga á þátttöku í samráðsnefndinni, en gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra skipi í nefndina að höfðu samráði við stjórn Útflutningsráðs.

Um 2. gr.

Ákvæðið felur í sér að sólarlagsákvæði gildandi laga, sem að óbreyttu félli niður í árslok 2007, er framlengt á nýjan leik um fimm ár.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002.**

Með frumvarpinu er lagt til að núverandi fjármögnun Útflutningsráðs verði haldið áfram ótímabundið. Fjármögnunin hefur fengist með 0,05% markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn

til greiðslu tryggingagjalds. Samkvæmt fjárlögum 2007 er áætlað að tekjur vegna markaðsgjalds verði 334,2 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

## 983. Nefndarálit [69. mál]

um till. til þál. um samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson frá Vestnorræna ráðinu og Berglindi Ásgeirsdóttur og Friðrik Jónsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að gera samkomulag um að löndin skiptist á ræðismönnum og að þau komi sér upp sameiginlegum ræðismannsskrifstofum. Með ályktun nr. 2/2006 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 21. ágúst 2006 í Þórshöfn samþykkti ráðið að skora á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að koma á slíkum ræðismannaskiptum.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneyti er stefnt að opnun nýrrar ræðisskrifstofu Íslands í Þórshöfn í Færeyjum 1. apríl næstkomandi. Þá hefur verið upplýst að Færeyingar hyggist opna ræðisskrifstofu í Reykjavík síðar á þessu ári.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 21. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Kristjánsson, varaform., frsm. | Jón Gunnarsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | Bjarni Benediktsson. | |

## 984. Nefndarálit [77. mál]

um till. til þál. um samvinnu vestnorrænna landa og upplýsingamiðlun í baráttunni gegn reykingum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson frá Vestnorræna ráðinu.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að auka og efla samvinnu og upplýsingamiðlun í baráttunni gegn reykingum. Jafnframt er skorað á löndin að halda námsstefnu eða ráðstefnu fyrir vestnorrænar heilbrigðisstéttir um málið. Með ályktun nr. 3/2006 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 21. ágúst 2006 samþykkti ráðið að skora á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og

Grænlands að beita sér í þessu efni en reykingar eru eitt erfiðasta heilsuvandamál sem við er að kljást á Vesturlöndum og eru Vestur-Norðurlönd þar engin undantekning.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 21. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Kristjánsson, varaform., frsm. | Jón Gunnarsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | | Bjarni Benediktsson. |

## 985. Nefndarálit [78. mál]

um till. til þál. um kennslu vestnorrænnar menningar í grunnskólum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson frá Vestnorræna ráðinu.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórn Íslands, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að tekin verði upp kennsla í grunnskólum landsins um sögu, þjóðfélagsgerð, menningu og tungumál vestnorrænna nágrannaþjóða. Með ályktun nr. 5/2006 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 21. ágúst 2006 samþykkti ráðið að beina þessari áskorun til ríkisstjórna Íslands, Færeyja og Grænlands. Jafnframt var lagt til að kennslan yrði fastur liður í námskrá á mismunandi og viðeigandi aldursstigum auk þess sem löndin voru hvött til að útbúa sameiginlegt kennsluefni á öllum málunum þremur í þessum tilgangi. Ráðið taldi það eina bestu fjárfestingu sem yfirvöld gætu gert til að styrkja vestnorræna samvinnu að kenna um þjóðfélagsgerð landanna strax í grunnskóla.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 21. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Kristjánsson, varaform., frsm. | Jón Gunnarsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | | Bjarni Benediktsson. |

## 986. Nefndarálit [83. mál]

um till. til þál. um útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands (Hoyvíkur-samningsins).

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson frá Vestnorræna ráðinu og Berglindi Ásgeirsdóttur og Friðrik Jónsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að ræða möguleikann á því að löndin geri með sér samkomulag um að útvíkka fríverslunarsamninginn sem Færeyjar og Ísland hafa gert með sér. Með ályktun nr. 1/2006 sem Vestnorræna ráðið samþykkti á ársfundi 21. ágúst 2006 var samþykkt að skora á ríkisstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands að gera samkomulag um útvíkkun fríverslunarsamningsins.

Markmið Hoyvíkur-samningsins er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja og tekur samningurinn til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar, samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa auk fleiri atriða. Við fullgildingu samningsins á 132. löggjafarþingi, lýsti nefndin þeirri skoðun sinni í nefndaráliti (þskj. 1223, 683. mál) að samningurinn væri mikilvægur áfangi í samvinnu og auknum viðskiptum milli Vestur-Norðurlanda og lagði áherslu á að kannað yrði að veita Grænlandi aðild að samningnum eins og 11. gr. hans gerði ráð fyrir og mynda þannig eitt vestnorrænt efnahagssvæði.

Nefndin áréttar fyrri afstöðu sína og leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 21. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Kristjánsson, varaform., frsm. | Jón Gunnarsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | Bjarni Benediktsson. | |

## 987. Nefndarálit [84. mál]

um till. til þál. um sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson frá Vestnorræna ráðinu og Berglindi Ásgeirsdóttur og Friðrik Jónsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi beini þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún, í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, móti sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd. Með ályktun nr. 4/2006 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 21. ágúst 2006 samþykkti ráðið að beina þeim tilmælum til ríkisstjórna Íslands, Færeyja og Grænlands að mótuð yrði sameiginleg stefna í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd sem

svæði en í því fælist m.a. sameiginleg markaðssetning og aukið samstarf um ferðamálamenntun.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað er talið brýnt að loftferðasamningar verði teknir til endurskoðunar og endurnýjunar til að auka möguleika ferðaþjónustuaðila við að gera Vestur-Norðurlönd að raunhæfum og aðlaðandi valkosti í ferðaþjónustu og gildir það einkum um flugumferð til og frá Grænlandi. Nefndin vekur athygli á því að rétt sé að taka þetta atriði til sérstakrar skoðunar við stefnumótunina.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 21. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Kristjánsson, varaform., frsm. | Jón Gunnarsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | Bjarni Benediktsson. | |

## 988. Fyrirspurn [657. mál]

til umhverfisráðherra um Múlavirkjun á Snæfellsnesi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hefur ráðherra kynnt sér hvort fylgt hafi verið lögum og reglum um undirbúning, útgáfu leyfa, hönnun og byggingu Múlavirkjunar á Snæfellsnesi?
2. Hvers vegna fór Múlavirkjun á Snæfellsnesi ekki í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum?
3. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við ef staðreynt er að virkjunin sé með allt öðrum hætti en upphaflega fékkst leyfi fyrir og skaðleg umhverfisáhrif mannvirkjanna mun meiri en ráð var fyrir gert?

**Skriflegt svar óskast.**

## 989. Fyrirspurn [658. mál]

til sjávarútvegsráðherra um margfeldisáhrif sjávarútvegs í þjóðarbúskapnum.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

Hefur farið fram athugun á því hver séu margfeldisáhrif sjávarútvegs í þjóðarbúskapnum?

## 990. Fyrirspurn [659. mál]

til fjármálaráðherra um barnabætur og barnabótaauka.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvert hefur verið framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka árlega frá og með árinu 1991, í millj. kr. á föstu verðlagi og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, sundurgreint sem hér segir:

a. ótekjutengdar barnabætur,
b. tekjutengdar barnabætur,
c. barnabætur alls?

**Skriflegt svar óskast.**

## 991. Nefndarálit [541. mál]

um frv. til l. um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sesselju Árnadóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félagsmálaráðuneyti, Gissur Pétursson frá Vinnumálastofnun, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Halldór Grönvold og Þorbjörn Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, Verkalýðsfélagi Akraness, Alþýðusambandi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Starfsgreinasambandi Íslands, Starfsgreinafélagi Austurlands, Tryggingastofnun ríkisins, Samtökum atvinnulífsins, ríkislögreglustjóra, Jafnréttisstofu, Alþjóðahúsi ehf., Vinnueftirliti ríkisins, Persónuvernd og landlæknisembættinu.

Frumvarp þetta er afrakstur vinnu starfshóps sem félagsmálaráðherra skipaði og í eiga sæti aðilar vinnumarkaðarins ásamt fulltrúum stjórnvalda. Í fylgiskjali með nefndaráliti félagsmálanefndar frá 26. apríl 2006 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES kemur fram að hlutverk hópsins hafi verið að yfirfara málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Í álitinu kom einnig fram sú afstaða félagsmálanefndar að þörf væri á að styrkja vinnumarkaðinn þannig að grundvallarréttindi launafólks yrðu betur varin.

Markmið frumvarpsins er í aðalatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi er því ætlað að tryggja að starfskjör, tryggingar og aðbúnaður starfsmanna fyrirtækja, sem hafa staðfestu í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins og veita tímabundna þjónustu hér á landi, sé ekki undir þeim lágmarksviðmiðunum sem kveðið er á um í lögum og kjarasamningum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Í öðru lagi miðar frumvarpið að því að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja sem

stunda atvinnustarfsemi hér á landi. Í þriðja lagi er tilgangurinn að auka skilvirkni eftirlits og gera stjórnvöldum betur kleift að hafa yfirsýn yfir íslenskan vinnumarkað.

Um starfskjör og starfstengd réttindi starfsmanna hinna erlendu þjónustufyrirtækja og frávik frá þeim reglum er fjallað í 4.–6. gr. frumvarpsins og í 7. gr. er kveðið á um slysatryggingar. Skv. 8. gr. ber þjónustufyrirtæki að veita tilteknar grunnupplýsingar áður en það hefur hér starfsemi og er þeirri kvöð ætlað að gera Vinnumálastofnun kleift að ganga úr skugga um að hlutaðeigandi fyrirtæki starfi löglega í því ríki þar sem það hefur staðfestu og jafnframt gefa stofnuninni færi á að fá vitneskju um starfsmenn fyrirtækisins, tryggingavernd þeirra, fyrirhugaðan dvalartíma og dvalarstað þeirra og, eftir atvikum, starfsréttindi. Enn fremur er tilgangur grunnupplýsingagjafar að tryggja vissu fyrir því að fyrirtæki stundi sannanlega þjónustustarfsemi hér á landi. Skv. 5. mgr. lagagreinarinnar ber Vinnumálastofnun að halda skrá yfir þau fyrirtæki sem veita upplýsingar samkvæmt lögunum. Vinnumálastofnun er jafnframt heimilt að fara fram á að fyrirtæki afhendi upplýsingar sem stofnunin álítur nauðsynlegar í þágu eftirlitsins, þ.m.t. þjónustusamninga, ráðningarsamninga og önnur gögn varðandi ráðningarkjör, sbr. 1. mgr. 13. gr. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að Vinnumálastofnun skuli láta öðrum eftirlitsstofnunum og, eftir atvikum, stéttarfélögum í té nánar tilgreindar upplýsingar, sbr. 4. mgr. 8. gr. og 14. gr. Í 19. gr. er svo heimild til handa ráðherra til útgáfu reglugerðar um samstarf þar til bærra eftirlitsstjórnvalda í einstökum aðildarríkjum EES.

Skylda til að veita grunnupplýsingar tekur til þeirra erlendu þjónustufyrirtækja sem veita þjónustu hér á landi lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum, sbr. þó 9. gr. frumvarpsins. Áskilnaðurinn í 10. gr. um að þjónustufyrirtæki skuli tilnefna sérstakan fulltrúa hér á landi, sem kemur fram gagnvart stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins, tekur á sama hátt mið af tímabili starfseminnar hér á landi en að auki er tekið mið af umfangi starfseminnar. Þannig verður skyldan aðeins virk þegar þjónustufyrirtæki veitir þjónustu samtals lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum og sex eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði hér á landi á vegum fyrirtækisins.

Lögð er sú skylda á herðar notendafyrirtæki að það afli skriflegrar staðfestingar frá þjónustufyrirtæki sem það á í viðskiptum við um að grunnupplýsingagjöf hafi verið sinnt og verði ekki orðið við þeirri beiðni ber notendafyrirtækinu að tilkynna um það til Vinnumálastofnunar, sbr. 3. mgr. 11. gr. Þá hefur stofnunin skv. 2. mgr. 13. gr. afmarkaðar heimildir til að krefja notendafyrirtæki um upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þágu eftirlitsins, þ.m.t. samning síðarnefnda fyrirtækisins við þjónustufyrirtækið.

Ef brotið er gegn ákvæðum laganna skal Vinnumálastofnun, að aðgættum reglum stjórnsýsluréttar um jafnræði og meðalhóf, beina því til hlutaðeigandi þjónustufyrirtækis að það hagi starfsemi sinni til samræmis við lög, sbr. 12. gr. Virði fyrirtækið þau tilmæli stofnunarinnar að vettugi getur hún fengið liðsinni lögreglu við að stöðva starfsemina hér á landi tímabundið þar til úrbætur hafa verið gerðar, sbr. 15. gr. Í 18. gr. frumvarpsins eru ákvæði um viðurlög sem taka jafnt til þjónustufyrirtækja og notendafyrirtækja.

Verði frumvarpið að lögum falla úr gildi lög nr. 54/2001 en þau voru samin á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/1998 og tilskipunar Evrópubandalagsins 96/71/EB. Þar sem frumvarp þetta fjallar öðrum þræði um starfsmannaleigur, sbr. 3. mgr. 1. gr., eru í 21. gr. lagðar til breytingar á núgildandi lögum, nr. 139/2005, um starfsmannaleigur.

Við umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að hlutfall erlends starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði sé um 9%. Var á það bent að frá því að Ísland gerðist aðili að Evrópska efna-

hagssvæðinu hafi komu þessa fólks einkum borið að með tvennum hætti, annars vegar á grundvelli frjálsrar farar launþega og hins vegar á grundvelli þjónusturéttarins. Er það álit þeirra sem fundað hafa með nefndinni að eftir að niður féll fyrirvari Íslands um tímabundna takmörkun á frjálsri för launþega frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins, sbr. lög nr. 19/2004 og lög nr. 21/2006, hafi þeim fjölgað sem hingað koma á grundvelli frjálsrar farar. Að sama skapi hefur dregið úr eftirspurn eftir starfsfólki þjónustufyrirtækja, þ.m.t. starfsmannaleigna sem helst hafa tengst neikvæðri umræðu um slæma meðferð starfsmanna. Jafnframt þykir frumvarpið vera framsækið og vel til þess fallið að vernda réttindi starfsmanna þjónustufyrirtækja til jafns við launþega sem eru í beinu ráðningarsambandi við íslensk fyrirtæki. Til að svo megi verða þurfi Vinnumálastofnun og stéttarfélögin í landinu þó að eiga með sér gott samstarf sem tryggir eftir því sem framast er kostur að erlend þjónustufyrirtæki og starfsmenn þeirra starfi raunverulega í samræmi við þær forsendur sem fram koma í þeim grunnupplýsingum sem þjónustufyrirtæki veita, þ.m.t. þeim sem lúta að starfsréttindum starfsmannanna.

Frumvarpið er sett í því augnamiði að styrkja innviði vinnumarkaðarins og telur nefndin að því sé ekki ætlað að hafa bein áhrif á þau eftirlitsúrræði sem verkalýðshreyfingin hefur á grundvelli núverandi laga og kjarasamninga, sbr. þó 14. gr. og 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Má í því sambandi minnast samkomulags Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá mars 2004 en þar er tekið fram um rétt trúnaðarmanna og, eftir atvikum, sérstakrar samráðsnefndar til að yfirfara gögn um laun og önnur starfskjör erlendra starfsmanna. Sameiginlegar tillögur þessara aðila vinnumarkaðarins frá júní 2006 voru hafðar að leiðarljósi við samningu þessa frumvarps.

Varðandi launarétt starfsmanna í veikinda- og slysatilvikum og áskilnað um að þeir skuli vera slysatryggðir sem kveðið er á um í 5. og 7. gr. frumvarpsins vill nefndin vekja á því sérstaka athygli að þessar greinar eiga sér fyrirmyndir í ákvæðum laga og kjarasamninga og eru öðrum þræði settar til hagsbóta fyrir þjónustufyrirtækin þannig að ekki fari á milli mála hvaða skyldur hvíli á þeim í þessum efnum.

Nefndin er þeirrar skoðunar að frumvarpið horfi til almannaheilla en leggur jafnframt áherslu á að markmiðum þess verði ekki náð nema vel takist til við framkvæmd eftirlits. Telur nefndin brýnt að Vinnumálastofnun séu tryggð góð starfsskilyrði og að stofnunin eigi gott samstarf við önnur hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld, hérlend sem erlend. Nefndin undirstrikar mikilvægi þess að við framkvæmd eftirlits verði gætt meðalhófs gagnvart eftirlitsskyldum aðilum þannig að samræmst fái skuldbindingum sem á íslenska ríkinu hvíla samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið auk þess sem samkeyrsla upplýsinga taki mið af almennum sjónarmiðum um persónuvernd. Hvetur nefndin til þess að fyrirkomulag skráningar verði gert eins einfalt og kostur er og enn fremur að þjónustufyrirtækin og starfsmenn þeirra geti nálgast sem flestar upplýsingar um réttindi sín og skyldur á einum stað.

Lagðar eru til smávægilegar breytingar á orðalagi núverandi 4., 8., 19. og 21. gr. frumvarpsins og að við bætist ný grein þar sem fram komi að með lögunum sé verið að innleiða efni Evróputilskipunar. Jafnframt leggur nefndin til þá breytingu að hinir sérstöku gildistökufrestir sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 20. gr. verði framlengdir um einn mánuð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Lúðvík Bergvinsson, Ellert B. Schram, Jóhann Ársælsson og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og gerir fyrirvara við álitið.

Alþingi, 21. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Dagný Jónsdóttir, form., frsm. | Guðjón Hjörleifsson. | Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. |
| Einar Oddur Kristjánsson. | Jóhann Ársælsson, með fyrirvara. | Ellert B. Schram, með fyrirvara. |
| Arnbjörg Sveinsdóttir. | Svanhvít Aradóttir. | Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara. |

## 992. Breytingartillögur [541. mál]

við frv. til l. um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr. 6. tölul. 1. mgr. orðist svo: Lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, 11., 29. og 30. gr.
2. Við 8. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Vinnumálastofnun skal afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, einkum skattyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá, upplýsingar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. eftir því sem við á.
3. Við 19. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:
   *Reglugerðarheimild.*
   Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um samstarf og veitingu upplýsinga milli þar til bærra stofnana innan aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EFTA-ríkis eða Færeyja.
4. Við bætist ný grein er verði 20. gr. og orðist svo ásamt fyrirsögn:
   *Innleiðing á tilskipun.*
   Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu.
5. Við 20. gr., er verði 21. gr.
   a. Í stað orðanna „1. maí 2007“ í 2. mgr. komi: 1. júní 2007.
   b. Í stað orðanna „1. apríl 2007“ í 3. mgr. komi: 1. maí 2007.
6. Við 21. gr., er verði 22. gr.
   a. 2. tölul. c-liðar orðist svo: Upplýsingar um dvalarstað og áætlaðan dvalartíma starfsmanna fyrirtækisins hér á landi þegar um erlenda starfsmenn er að ræða.
   b. 4. mgr. c-liðar orðist svo:
      Vinnumálastofnun er heimilt að afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, einkum skattyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá, upplýsingar skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. eftir því sem við á.

# 993. Nefndarálit [450. mál]

um frv. til l. um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sesselju Árnadóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félagsmálaráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Starfsgreinasambandi Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Jafnréttisstofu.

Hugsunin með stofnun evrópsks samvinnufélags er sú að losa aðila sem kjósa að reka starfsemi í fleiri en einu ríki Evrópska efnahagssvæðisins á grundvelli slíks félagsforms undan því óhagræði og kostnaðarauka sem fylgir því að þurfa að stofna útibú í samræmi við löggjöf viðkomandi aðildarríkja þar sem starfsemi er fyrirhuguð. Reglugerð ráðsins (EB) 1435, sbr. nú lög nr. 92/2006, gerir því ráð fyrir að evrópskt samvinnufélag þurfi einungis að starfa samkvæmt þeim meginreglum sem þar er lýst, nokkrum viðbótarákvæðum í landslögum skráningarríkisins og félagssamþykktum sínum. Í 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar kemur fram að óheimilt sé að skrá evrópskt samvinnufélag nema tilhögun á aðild starfsmanna að félaginu sé í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/72/EB. Með frumvarpinu stendur til að innleiða ákvæði umræddrar tilskipunar.

Stofnun evrópsks samvinnufélags getur borið að með mismunandi hætti en markmið frumvarpsins er að tryggja að réttindi starfsmanna til aðildar gagnvart stofnendunum skerðist ekki við þann gerning. Með aðild er að meginstefnu til átt við rétt starfsmanna til upplýsinga, samráðs og þátttöku í málefnum lögaðila sem þeir starfa hjá.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að eftir að fyrirsvarsmenn stofnenda hafa tilkynnt starfsmönnum sínum fyrirætlanir sínar um stofnun evrópsks samvinnufélags skuli komið á fót sérstakri samninganefnd, skipaðri fulltrúum starfsmanna, sem hefur það hlutverk að ná samkomulagi við stofnendurna um fasta tilhögun aðildar innan evrópska samvinnufélagsins. Er í frumvarpinu mælt fyrir um hvernig haga skuli kjöri fulltrúa í sérstöku samninganefndina og hvernig ákvarðanir eru teknar innan hennar. Samningsaðilar geta einnig samið svo um að um tilhögun aðildar skuli fara eftir ákvæðum III. kafla frumvarpsins þar sem er að finna almenn fyrirmæli um upplýsingamiðlun, samráð og þátttöku. Ákvæði kaflans gilda jafnframt þegar aðilar ná ekki samkomulagi innan tilskilins samningsfrests og þegar sérstaka samninganefndin ákveður að slíta samningaviðræðum.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að engin evrópsk samvinnufélög eru skráð hér á landi og því er ekki líklegt að frumvarpið muni hafa teljandi áhrif á íslenskan vinnumarkað, að minnsta kosti ekki að svo stöddu. Að gefnu tilefni er athygli þó vakin á þeim sjónarmiðum sem fram komu í áliti nefndarinnar frá 29. nóvember 2006 varðandi upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, sbr. núgildandi lög nr. 151/2006.

Með hliðsjón af tilskipun 2003/72/EB eru lagðar til breytingar á 4., 5., 6., 10. og 14. gr. frumvarpsins sem ætlað er að færa orðalag til betra horfs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 21. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Dagný Jónsdóttir, form., frsm. | Guðjón Hjörleifsson. | Lúðvík Bergvinsson. |
| Einar Oddur Kristjánsson. | Jóhann Ársælsson. | Ellert B. Schram. |
| Arnbjörg Sveinsdóttir. | Svanhvít Aradóttir. | Valdimar L. Friðriksson. |

## 994. Breytingartillögur [450. mál]

við frv. til l. um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr. Síðari málsliður orðist svo: Í því felst meðal annars að láta skal fulltrúum starfsmanna í té upplýsingar um heiti lögaðilanna, sem taka þátt, og dótturfyrirtækja eða starfsstöðva og fjölda starfsmanna þeirra.
2. Við 5. gr. Í stað orðsins „aðilum“ í b-lið 2. mgr. komi: fulltrúum.
3. Við 6. gr. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Þeir sem rétt eiga til að taka þátt í kjöri fulltrúa til setu í sérstöku samninganefndinni skulu kjósa hann úr sínum hópi.
4. Við 10. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Aðilar geta komið sér saman um að framlengja samningaviðræður fram yfir þann tíma sem um getur í 1. mgr. í allt að eitt ár frá stofnun sérstöku samninganefndarinnar.
5. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Um málsmeðferð við samningaviðræður skal fara samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem til stendur að skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins verði nema annað leiði af ákvæðum þessara laga eða eðli máls.

## 995. Breytingartillögur [378. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. á sviði Neytendastofu.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Við 1., 4., 5., 7. og 8. gr. 1. efnismgr. greinanna orðist svo:
   Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.
2. Við 2. gr. A-liður orðist svo: 2. málsl. orðast svo: Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

3. Við 3. gr. Við efnismálsgrein a-liðar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

Greinargerð.

Þar sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur fengið til meðferðar nýtt frumvarp um breytingu á lögum á sviði Neytendastofu (þskj. 917, 617. mál) þar sem að nokkru leyti eru lagðar til efnislega sömu breytingar og í því frumvarpi sem hér um ræðir er talið rétt til einföldunar að samræma efni frumvarpanna þannig að aðeins verði gerðar breytingar á tilgreindum ákvæðum í þessu frumvarpi. Í 3. tölul. í breytingartillögum þessum felst lagfæring en um er að ræða setningu sem var felld brott úr frumvarpinu fyrir slysni við aðra umræðu.

## 996. Breytingartillögur [558. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. 1. gr. fái fyrirsögnina: *Breytingar á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.*
2. Á eftir 3. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo ásamt fyrirsögn:
   a. (4. gr.)
      Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr viðauka við lögin: 2202.1011, 2202.1012, 2202.1013, 2202.1014, 2202.1015, 2202.1016, 2202.1019.
   b. (5. gr.)
      *Breyting á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum.*
      Við viðauka I við lögin bætist nýr liður, B-liður, svohljóðandi:
      Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða vörugjald krónur fyrir hvern lítra af vörunni sem hér segir:

| *Tollskrárnúmer* | kr./l |
|---|---|
| 2202.1011 | 6 |
| 2202.1012 | 6 |
| 2202.1013 | 6 |
| 2202.1014 | 6 |
| 2202.1015 | 6 |
| 2202.1016 | 6 |
| 2202.1019 | 6 |

3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum.

# 997. Nefndarálit [366. mál]

um frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 61/2003.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Kristrúnu Lind Birgisdóttur, Jóhann Guðmundsson og Svanhvíti Axelsdóttur frá samgönguráðuneytinu, Birgi Blöndal, Gísla Gíslason og Má Sveinbjörnsson frá Hafnasambandi Íslands. Umsagnir um málið hafa borist frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hafnasambandi Íslands, Siglingastofnun Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Félagi skipstjórnarmanna, Faxaflóahöfnum sf., Húnaþingi vestra, Vestmannaeyjahöfn, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Olíudreifingu ehf., Reykjaneshöfn, Samtökum verslunar og þjónustu, Sjómannasambandi Íslands, Byggðastofnun, hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar, Eimskipafélagi Íslands ehf., Samtökum atvinnulífsins, Hafnarfjarðarhöfn og Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Frumvarp þetta var samið af endurskoðunarnefnd skipaðri af samgönguráðherra í samræmi við ákvæði til bráðabirgða IV í gildandi hafnalögum, nr. 61/2003. Í frumvarpinu er lagt til að hafnarstjórn geri tillögu um skipulag hafnarsvæðis til skipulagsnefndar eða sveitarstjórna til samræmis við þá framkvæmd sem nú tíðkast. Einnig er lagt til að höfnum verði skylt að birta gjaldskrár með skýrum og aðgengilegum hætti og að hafnir í opinberum rekstri hafi jafnframt heimild til að birta gjaldskrár í B-deild Stjórnartíðinda. Þá er lagt til að gerðar séu breytingar á gjaldtökuheimildum 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003, til samræmis við meginreglur um opinber þjónustugjöld. Í því sambandi er lagt til að notendur hafna geti krafið hafnarstjórn um upplýsingar um kostnað sem almennt hlýst af því að veita þá þjónustu sem gjaldinu er ætlað að standa undir. Enn fremur er lagt til að höfnum í einkarekstri verði gert kleift að gera ákveðnar arðsemiskröfur við gjaldtöku. Í frumvarpinu er jafnframt mælt fyrir um skyldu svokallaðra neyðarhafna til að taka á móti skipum í sjávarháska eftir því sem mælt er fyrir um í áætlun um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands. Með þessu er leitast við að uppfylla tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó. Að lokum er í frumvarpinu lagt til að ný endurskoðunarnefnd verði skipuð ekki síðar en árið 2010 til að fara yfir reynsluna af lögunum.

Auk ýmissa orðalagsbreytinga leggur nefndin til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í 3. gr. frumvarpsins verði kveðið á um hverjir séu greiðendur þeirra gjalda sem talin eru upp í 1. tölul. a-liðar 3. gr. frumvarpsins. Í sameiginlegri gjaldskrá, sem samgönguráðherra gaf út á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I í gildandi hafnalögum, nr. 61/2003, og gilti fyrir allar hafnir fram til 1. júlí 2004, var sérstaklega tekið fram hverjir væru greiðendur hafnargjalda. Í gjaldskránni kom fram að skipstjóri og eigandi skips væru greiðendur þeirra gjalda sem greiða bæri vegna skipanna, t.d. skipagjalda og hafnsögugjalda, en móttakandi og sendandi vöru væru greiðendur vörugjalda. Í ljósi þess að höfnum er nú gert að setja sjálfum sér gjaldskrár er ekki sjálfgefið að þar komi fram hver sé greiðandi hafnargjalda. Með hliðsjón af framangreindu þykir rétt að lögfesta það sérstaklega hverjir séu greiðendur hafnargjalda.
2. Lagt er til að í 5. gr. frumvarpsins verði kveðið á um úrræði hafna vegna vanskila á gjöldum sem greiða skal vegna skipa og einnig hvernig bregðast má við svokölluðum

óreiðuskipum eða öðrum hlutum sem eru skildir eftir í hirðuleysi á hafnarsvæðum. Með óreiðuskipi er átt við skip sem enginn hirðir um, liggur undir skemmdum og hætta stafar af, þ.m.t. mengunarhætta. Sama getur gilt um aðra hluti sem eru á hafnarsvæði, svo sem báta, flutningstæki eða annan búnað.

Í gildandi hafnalögum, nr. 61/2003, er kveðið á um að tiltekin hafnargjöld, svokölluð skipagjöld, njóti lögveðsréttar. Ekki er hins vegar kveðið á um beina nauðungarsöluheimild í lögunum og hefur það í för með sér að aðgerðir til að innheimta gjöldin dragast á langinn og á meðan aukast vanskilin. Þá er lögveðsrétturinn tímabundinn í tvö ár. Til að bæta úr þessu er lagt til að í frumvarpinu verði mælt fyrir um beina nauðungarsöluheimild þannig að höfnum verði heimilað að krefjast nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Einnig er lagt til að nauðungarsala geti farið fram án þess að eiganda sé birt áskorun samkvæmt lögum um nauðungarsölu. Ástæða þessa er sú að eigandi er oft óþekktur eða hann finnst ekki en í slíkum tilvikum er það úrræði að krefjast nauðungarsölu í raun ónothæft. Þykir ótækt að sú staðreynd að eigandi sé óþekktur eða ófundinn geti stöðvað innheimtu þessara gjalda sem ástæða þykir til að njóti lögveðsréttar. Með þessum hætti er hægt að koma í veg fyrir að fyrir safnist ógreidd hafnargjöld árum saman.

Auk framangreinds er lagt til að eigandi eða umráðamaður skips, báts, flutningstækja á landi eða annars búnaðar á hafnarsvæði beri alltaf ábyrgð á að viðkomandi eign sé í lagi og valdi ekki óþrifnaði og/eða hættu á hafnarsvæðinu. Verði um slíkt að ræða, að mati hafnar, getur hún fyrirskipað að úrbætur skuli gerðar innan ákveðins frests. Í þessu sambandi þykir rétt að árétta að það er alfarið lagt í hendur hafnarinnar að meta hvort um óþrifnað eða hættu á hafnarsvæðinu sé að ræða. Sinni eigandi eða umráðamaður ekki slíkum fyrirmælum geta hafnir valið milli tveggja úrræða. Annars vegar geta hafnir fjarlægt hlutinn á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns og fært hann í vörslur viðkomandi en þetta úrræði byggist á því að eigandi eða umráðamaður sé þekktur og að auðvelt sé að flytja hlut milli staða. Hins vegar geta hafnir selt hlut á nauðungaruppboði án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda eða umráðamanns. Er hér um að ræða sérstaka beina nauðungarsöluheimild og undantekningu frá þeirri meginreglu að nauðsynlegur undanfari nauðungarsölu sé áskorun sem birt er eiganda með tryggilegum hætti. Þá er ekki nauðsynlegt að á undan fari dómur, sátt eða fjárnám enda ekki um að ræða nauðungarsölu sem fer fram til fullnustu peningakröfu. Þykir nauðsynlegt að kveða á um framangreinda heimild í ljósi þess að í mörgum tilvikum er eigandi eða umráðamaður óþekktur eða ófundinn en í slíkum tilvikum duga úrræði gildandi hafnalaga, nr. 61/2003, í raun skammt. Þegar svo háttar til geta hafnir setið uppi með óreiðuskip og aðra óreiðuhluti svo árum skiptir. Með framangreindu ákvæði vill nefndin bregðast við þeim vanda sem margar hafnir hafa glímt við vegna skipa sem liggja langtímum saman í höfn. Þau eru oft gömul og jafnvel ónýt en taka viðlegurými frá öðrum skipum sem koma með afla eða vörur að landi. Í slíkum tilvikum verða jafnframt oft vanskil á skipa- og hafnargjöldum.

Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að höfn skuli birta auglýsingu um uppboð með mest fjögurra vikna og minnst viku fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt í því tilviki þegar höfn ákveður að selja hlut á nauðungaruppboði þegar fyrir liggur að skip, bátur, flutningstæki á landi eða annar búnaður veldur óþrifnaði eða hættu og eigandi eða umráðamaður hefur ekki sinnt kröfum hafnar um úrbætur. Jafnframt skal höfn tilkynna eiganda eða umráðamanni bréflega um fyrirhugað uppboð og hvar og hvenær

það fer fram. Hins vegar er lagt til að það standi ekki í vegi fyrir nauðungarsölu þótt tilkynningu verði ekki við komið vegna þess að eigandi eða umráðamaður er óþekktur eða ófundinn. Auk þessa er lagt til að hafnargjöld sem njóta lögveðsréttar skuli greiðast af söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir kostnaði við nauðungarsölu og að um úthlutun söluandvirðis og framkvæmd nauðungarsölu fari eftir ákvæðum laga um nauðungarsölu eftir því sem við eigi. Með vísun til laga um nauðungarsölu eru tekin af öll tvímæli um að framkvæmd nauðungarsölu er í höndum sýslumanns og með því er gætt réttar annarra veðhafa skips eða hlutar til að lýsa kröfum og fá úthlutað söluandvirði.

Þá er lagt til að kveðið verði á um heimild hafnar til að láta farga hlut á kostnað eiganda eða umráðamanns sjái höfn ekki ástæðu til að selja hlut á nauðungarsölu vegna ástands hans. Gildir þetta þegar eigandi eða umráðamaður er þekktur og hann hefur ekki sinnt áskorun um úrbætur. Förgun hlutarins kann að hafa í för með sér að greiðsla komi fyrir hann, svo sem ef hlutur er seldur í brotajárn og er því lagt til að verðmæti sem kann að fást fyrir hlut með þessum hætti sé ráðstafað til greiðslu kostnaðar hafnar við geymslu og ráðstöfun hlutarins, og greiðslu hafnargjalda sem tryggð eru með lögveði í viðkomandi hlut. Að lokum er lagt til að í 5. gr. frumvarpsins verði mælt fyrir um hvernig fara skuli með þann hluta söluandvirðis sem fæst við uppboð og er eftir þegar allir rétthafar hafa fengið greitt. Slíkar eftirstöðvar eiga að renna til uppboðsþola en lagt er til að fjármagnið renni í ríkissjóð hafi uppboðsþoli ekki vitjað þess innan árs.

Nefndin vekur athygli á því að framangreindar breytingar fá stoð í skyldu hafna til móttöku skipa, sbr. 21. gr. gildandi hafnalaga, nr. 61/2003. Höfnum eru settar mjög takmarkaðar heimildir til að neita skipum um aðgang að höfnum á meðan rými og aðstaða leyfir. Móttökuskylda hafna gerir það að verkum að sérhæfðar hafnir eins og t.d. stóriðjuhafnir geta ekki komið í veg fyrir aðgang skipa sem flytja hráefni eða fullunna vöru til eða frá viðkomandi stóriðjuhöfn. Sama gildir um einstakar sérhæfðar bryggjur, t.d. loðnubryggjur eða bryggjur fyrir framan farmstöð. Þó er hægt að neita skipi um aðgang að höfn ef ekki er laust rými og ef engin aðstaða er til þess að taka á móti því. Hið sama gildir ef mönnum og umhverfi er talin stafa hætta af komu þess til hafnar, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. gildandi hafnalaga, nr. 61/2003. Í síðarnefnda tilvikinu er hins vegar einkum um að ræða tímabundna synjun svo að svigrúm gefist til þess að undirbúa komu skips í höfn eða grípa til nauðsynlegra varúðarráðstafana. Við eðlilegar aðstæður á tilkynning um komu skips með hættulegan farm að hafa borist höfninni með góðum fyrirvara.

3. Lagt er til að bætt verði við frumvarpið nýrri grein, þ.e. 7. gr. þar sem mælt verði fyrir um heimild hafnabótasjóðs til að bæta tjón á upptökumannvirkjum. Fyrir liggur að ríkissjóður hefur styrkt gerð margra upptökumannvirkja. Hingað til hefur hins vegar ekki verið til staðar heimild til þess að bæta tjón upptökumannvirkja líkt og er gagnvart öðrum hafnarmannvirkjum sem notið hafa styrkja. Þykir eðlilegt að samræmis sé gætt að þessu leyti. Nefndin áréttar að hér er eingöngu veitt heimild til að bæta tjón á upptökumannvirkjum í eigu opinberra aðila eða sveitarfélaga. Heimildin tekur því einungis til þess að bæta tjón á upptökumannvirkjum sem hafa verið byggð með ríkisstyrk. Í þessu sambandi ber að taka fram að miðað er við að bætur geti einungis tekið mið af endurbyggingarverði þess mannvirkis sem fyrir hendi var áður en tjónið varð. Með vísan til þessa er ekki heimilt að veita bætur til endurbyggingar mannvirkis sem er afkastameira en það sem fyrir var.

4. Í 1. málsl. 3. mgr. 18. gr. gildandi hafnalaga nr. 61/2003 er kveðið á um að rekstrarformi hafnar skuli breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir. Lagt er til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verði á um að 1. málsl. 3. mgr. 18. gr. laganna komi til framkvæmda 1. janúar 2012. Þykir eðlilegt að þeim höfnum sem falla undir framangreint ákvæði verði gefin lengri aðlögunartími áður en gripið verði til aðgerða á grundvelli ákvæðisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þórunn Sveinbjarnardóttir og Sigurrós Þorgrímsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og gerir fyrirvara við álit þetta.

Alþingi, 26. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason, með fyrirvara. | Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara. |
| Kristján L. Möller, með fyrirvara. | Guðjón Hjörleifsson. | Jón Kristjánsson. |

Guðjón A. Kristjánsson.

## 998. Breytingartillögur [366. mál]

við frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 61/2003.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu „Höfnum“ í 2. efnismálsl. komi: sem reknar eru.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Síðari málsliður 11. gr. laganna orðast svo: Notendur hafnar geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.
3. Við 3. gr. er verði 4. gr.
   a. Í stað orðanna „hafnar og reksturs hennar“ í inngangsmálslið efnismálsgreinar a-liðar komi: hafna og reksturs þeirra.
   b. Við 1. tölul. a-liðar bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skipstjóra, útgerðarmanni og eiganda skips ber að greiða til hafnar gjöld skv. a-, c- og d-lið en móttakandi vöru sem kemur til hafnar og sendandi vöru sem flutt er úr höfn greiða gjöld skv. b-lið. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal farmflytjandi sjá um innheimtu á gjöldum skv. b-lið hjá sendanda og móttakanda, eftir því sem við á, og standa höfn skil á þeim.
   c. Í stað orðsins „bíla“ í 2. tölul. a-liðar komi: bifreiðar.

d. Í stað orðanna „vegna umsýslu og yfirstjórnar, t.d. launum og skrifstofukostnaði“ í 11. tölul. a-liðar komi: við umsýslu og yfirstjórn, t.d. laun og skrifstofuhald.

4. Við 4. gr. er verði 5. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Gjaldtaka hafnar samkvæmt þessum kafla skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar, stofnkostnaði og kostnaði við viðhald hennar, auk þess sem heimilt er að taka tillit til arðsemi á endurmetnu eigin fé. Notendur hafnar geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.

5. Við 5. gr. er verði 6. gr. Greinin orðist svo:

21. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að taka á móti skipum í höfn eftir því sem rými og aðstaða leyfir. Hafnarstjórn er þó heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hætta af komu þess til hafnar. Höfn, sem telst neyðarhöfn í samræmi við áætlun um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands, sem Siglingastofnun Íslands gerir að höfðu samráði við viðkomandi höfn, Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnun, er skylt að taka á móti skipum í sjávarháska eftir því sem nánar er kveðið á um í áætluninni. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um áætlunina og neyðarhafnir í reglugerð.

Hafnargjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á skipum vegna vanefnda á hafnargjöldum án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms og án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda.

Höfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu hafnargjalda og fyrir kostnaði við að fjarlægja og/eða farga skipi séu taldar verulegar líkur á að það lendi í reiðileysi innan hafnar.

Eigandi eða umráðamaður skips, báts, flutningstækja á landi eða annars búnaðar á hafnarsvæði ber ábyrgð á að viðkomandi eign sé ávallt í lagi og valdi ekki óþrifnaði og/eða hættu á hafnarsvæðinu. Verði um slíkt að ræða, að mati hafnar, getur hún fyrirskipað að úrbætur skuli gerðar innan ákveðins frests. Sinni eigandi eða umráðamaður ekki slíkum fyrirmælum er höfn heimilt að láta fjarlægja hlutinn á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns og færa hann í vörslur viðkomandi eða selja hlut á nauðungaruppboði án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda eða umráðamanns.

Höfn skal birta auglýsingu um uppboð skv. 4. mgr. með mest fjögurra vikna og minnst viku fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt. Jafnframt skal höfn tilkynna eiganda eða umráðamanni bréflega um fyrirhugað uppboð og hvar og hvenær það fer fram. Það stendur ekki í vegi fyrir nauðungarsölu þótt tilkynningu verði ekki við komið vegna þess að eigandi eða umráðamaður er ekki þekktur eða finnst ekki. Hafnargjöld sem njóta lögveðsréttar greiðast af söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir kostnaði við nauðungarsölu. Um úthlutun söluandvirðis og framkvæmd uppboðs fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um nauðungarsölu eftir því sem við á.

Vitji eigandi eða umráðamaður ekki þess sem afgangs er við nauðungarsölu skv. 4. mgr. eða ráðstöfun skv. 5. mgr. innan árs frá sölu eða ráðstöfunardegi rennur andvirðið í ríkissjóð.

6. Við frumvarpið bætist ný grein er verði 7. gr., svohljóðandi:
   Á eftir orðunum „b-lið 2. mgr. 24. gr.“ í 3. tölul. 3. mgr. 26. gr. laganna kemur: eða tjón á upptökumannvirkjum.
7. Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Fyrri málsliður 3. mgr. 18. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2012.

## 999. Nefndarálit [621. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason ráðuneytisstjóra og Ólaf Friðriksson skrifstofustjóra frá landbúnaðarráðuneyti, Sigurgeir Þorgeirsson og Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Einar Örn Davíðsson frá félagi íslenskra stórkaupmanna og Gísla Tryggvason, talsmann neytenda.

Málið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Neytendasamtökunum, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum verslunar og þjónustu, tollstjóranum í Reykjavík, Alþýðusambandi Íslands og talsmanni neytenda.

Meginefni frumvarpsins er að skapa landbúnaðarráðherra traustan lagagrundvöll til að úthluta öðrum tollkvótum en þeim sem úthlutað er á grundvelli landbúnaðarsamnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og tollkvótum um viðbótarmagn vegna markaðsaðstæðna.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar frá 9. október 2006 um aðgerðir til lækkunar matvælaverðs. Hluti þessara aðgerða snýr að samningum um gagnkvæmar tollalækkanir og bættan markaðsaðgang gagnvart helstu viðskiptalöndum Íslands. Í framhaldinu var efnt til samningaviðræðna við Evrópusambandið um tvíhliða viðskipti með landbúnaðarvörur og náðust samningar um sl. áramót sem taka gildi 1. mars nk. Samkomulagið er gert á grundvelli 19. gr. EES-samningsins sem kveður á um reglulega endurskoðun á viðskiptum með landbúnaðarafurðir milli EES-aðildarríkjanna og Evrópusambandsins. Umrætt samkomulag er hið fyrsta sem Ísland og Evrópusambandið hafa gert um viðskipti á grundvelli þeirrar greinar. Í samkomulaginu eru m.a. veittir gagnkvæmir tollkvótar án aðflutningsgjalda í umfangi sem ekki hefur áður þekkst í milliríkjasamningum Íslands. Ísland veitir ESB-kvóta fyrir kjöt, kjötvörur, kartöflur, rjúpur og ost, en fær í staðinn kvóta fyrir skyr, smjör og pylsur.

Gildissvið frumvarpsins er bundið við tolla og hefur ekki áhrif á heilbrigðiskröfur sem gerðar eru til innfluttra matvæla.

Nefndin leggur til ýmsar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á nokkrum greinum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, þess efnis að leiðréttar eru tilvísanir í núgildandi tollalög, nr. 88/2005.

Í öðru lagi er lögð til orðalagsbreyting á 4. gr. frumvarpsins á þá leið að 2. efnismgr. verði felld brott og efni hennar fært í 1. efnismgr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Einar Már Sigurðarson og Gunnar Örlygsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jóhann Ársælsson og Jón Bjarnason skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 27. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Kristjánsson, varaform., frsm. | Kjartan Ólafsson. | Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara. |
| Jóhann Ársælsson, með fyrirvara. | Guðmundur Hallvarðsson. | Ólafur Níels Eiríksson. |
| | Jón Bjarnason, með fyrirvara. | |

## 1000. Breytingartillögur [621. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á undan 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „nr. 55/1987“ í 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: nr. 88/2005.
2. Við 4. gr., er verði 5. gr.
   a. Í stað orðanna „samkvæmt öðrum skuldbindingum“ í 1. efnismgr. komi: sem tilgreindir eru í 4. mgr. 12. gr. tollalaga er varða aðrar skuldbindingar.
   b. Við 1. efnismgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Úthlutun tollkvóta skal fara eftir ákvæðum 65. gr.
   c. 2. efnismgr. falli brott.
3. Á eftir 4. gr., er verði 5. gr., komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (6. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:
      a. Í stað orðanna „nr. 55/1987“ í 8. mgr. kemur: nr. 88/2005.
      b. Í stað orðanna „120. gr. A í tollalögum, nr. 55/1987“ í 9. mgr. kemur: 139. gr. tollalaga, nr. 88/2005.
   b. (7. gr.)
      Í stað orðanna „120. gr.“ í 86. gr. laganna kemur: 138. gr.

# 1001. Lög [451. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 27. febr.)

Samhljóða þskj. 955.

# 1002. Frumvarp til laga [660. mál]

um skattlagningu kaupskipaútgerðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Hlutafélög og einkahlutafélög, sem skattskyld eru skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og gera út kaupskip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá (IIS), geta ákveðið að greiða af kaupskipaútgerð sinni skatt samkvæmt lögum þessum í stað tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003.

Með kaupskipi samkvæmt lögum þessum er átt við hvert það skip sem flytur farm eða farþega gegn endurgjaldi í siglingum milli landa og farmflutningum innan lands og er 100 brúttótonn eða stærra.

2. gr.

Tilkynna skal skattstjóra skriflega um ákvörðun skv. 1. gr. fyrir upphaf fyrsta tekjuárs sem skattlagningunni er ætlað að taka til. Skattlagningin skal standa í þrjú ár hið skemmsta. Kjósi útgerðarfélag að þremur árum liðnum að hverfa aftur til almennrar skattlagningar samkvæmt lögum um tekjuskatt skal tilkynna skattstjóra það skriflega fyrir upphaf tekjuárs. Útgerðarfélag getur ekki valið skattlagningu samkvæmt lögum þessum að nýju fyrr en að þremur árum liðnum.

Sameinist tvö eða fleiri félög sem valið hafa skattlagningu samkvæmt lögum þessum skal þriggja ára lágmarkstími miðast við það félaganna sem skemmst hefur sætt slíkri skattlagningu. Hafi eitthvert hinna sameinuðu félaga ekki sætt skattlagningu samkvæmt lögum þessum skal hið sameinaða félag skattlagt samkvæmt þeim í þrjú ár hið skemmsta frá og með sameiningu. Þriggja ára lágmarkstími tekur einnig til skiptingar félaga.

Útgerðarfélagi sem velur skattlagningu samkvæmt lögum þessum heimilast ekki samsköttun skv. 55. gr. laga um tekjuskatt.

3. gr.

Kaupskipaútgerð samkvæmt lögum þessum telst flutningur í atvinnuskyni á farmi eða farþegum á milli áfangastaða með:

a. kaupskipum sem útgerðarfyrirtækið á,
b. kaupskipum sem leigð eru án áhafnar (bareboat-charter) og
c. kaupskipum sem leigð eru með áhöfn (time-charter).

Til kaupskipaútgerðar telst jafnframt útleiga kaupskips sem leigutaki notar til flutninga á farmi eða farþegum. Til kaupskipaútgerðar telst ekki útleiga kaupskips án áhafnar (bareboat-charter) til lengri tíma en þriggja ára.

Eftirtalið teljast rekstrarþættir í kaupskipaútgerð samkvæmt lögum þessum:

1. notkun gáma við farmflutninga,
2. rekstur út-, uppskipunar- og viðhaldsaðstöðu,
3. rekstur á miðasölu og farþegasölum,
4. rekstur skrifstofu og stjórnunaraðstöðu,
5. sala á vörum til neyslu um borð í kaupskipi.

Skattlagning samkvæmt lögum þessum tekur til útgerðar allra kaupskipa útgerðarfélags sem uppfylla skilyrði til skráningar á íslenska alþjóðlega skipaskrá.

Geri útgerðarfélag út kaupskip í sameign með öðrum tekur skattlagningin til hlutdeildar útgerðarfélagsins í útgerð þess kaupskips.

4. gr.

Önnur starfsemi en útgerð skipa sem uppfylla skilyrði 1. og 3. gr. fellur ekki undir sérstaka skattlagningu samkvæmt lögum þessum. Hafi útgerðarfélag jafnframt kaupskipaútgerð aðra starfsemi með höndum skulu tekjur af þeirri starfsemi skattleggjast samkvæmt lögum um tekjuskatt. Hafi kaupskipi verið lagt varanlega telst notkun þess ekki til kaupskipaútgerðar. Til kaupskipaútgerðar telst ekki notkun kaupskipa við t.d.:

1. undirbúningsrannsóknir, leit og úrvinnslu á kolvetnissamböndum eða öðrum náttúruauðlindum,
2. fiskveiðar og vinnslu afla,
3. byggingu og viðgerð hafna eða annarra mannvirkja, lagningu leiðslna á hafsbotni, jarðefnanám og -vinnslu,
4. köfun,
5. lóðsun og björgun,
6. fræðslu- og uppeldisstarf eða aðra félagslega starfsemi,
7. safnastarfsemi,
8. íþrótta-, skemmti- og tómstundastarf, þ.m.t. hvalaskoðun,
9. farþegasiglingar milli hafna innan lands sem ekki eru áfangar á leið milli landa.

5. gr.

Selji útgerð saman farmflutning með eigin kaupskipi og flutningsfari í eigu annars farmflytjanda skal heildarþjónustan skattleggjast hjá útgerðinni eftir lögum þessum. Annist útgerð sjálf flutning með öðru flutningsfari en kaupskipi skattleggst sá þáttur flutningsins ekki samkvæmt lögum þessum heldur samkvæmt lögum um tekjuskatt. Skipting söluverðs milli rekstrarþátta skal miðast við almennt gangverð.

6. gr.

Stofn til skatts af kaupskipaútgerð ákvarðast á grundvelli stærðar þeirra skipa sem gerð eru út óháð afkomu. Skattstofn ákvarðast samkvæmt eftirfarandi grunnfjárhæðum fyrir hver 100 nettótonn (NT) hvers skips á hverjum byrjuðum sólarhring, hvort sem skipið er í rekstri eða ekki:

1. Til og með 1.000 NT – 70 kr. á hver 100 NT.
2. Frá 1.001 NT til og með 10.000 NT – 45 kr. á hver 100 NT.

3. Frá 10.001 NT til og með 25.000 NT – 35 kr. á hver 100 NT.
4. Frá 25.001 NT – 10 kr. á hver 100 NT.

Frá skattstofni skv. 1. mgr. heimilast enginn frádráttur.
Skattur skal nema 18% af skattstofni.

7. gr.

Útgerðarfélög sem greiða skatt samkvæmt lögum þessum skulu halda tekjum og gjöldum af kaupskipaútgerð aðgreindum frá tekjum og gjöldum af annarri starfsemi í bókhaldi og ársreikningum.

8. gr.

Vextir, afföll og gengishagnaður, sbr. 8. gr. tekjuskattslaga, skiptast milli kaupskipaútgerðar og annarar starfsemi í réttu hlutfalli við bókfært verð eigna til nota í kaupskipaútgerð annars vegar og til annarra nota hins vegar.

9. gr.

Útgerðarkostnaður kaupskipa, svo og annar kostnaður sem eingöngu eða fyrst og fremst varðar tekjuöflun í kaupskipaútgerð, verður ekki færður til frádráttar þeim tekjum útgerðarinnar sem skattleggjast skulu samkvæmt ákvæðum tekjuskattslaga.

Varði kostnaður, annar en fjármagnskostnaður, í senn bæði öflun tekna í kaupskipaútgerð og öflun annarra tekna, að frátöldum fjármagnstekjum, skal skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar. Frádráttarbærni þess hluta kostnaðarins sem þannig telst varða öflun annarra tekna ræðst af ákvæðum laga um tekjuskatt.

Varði vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 49. gr. laga um tekjuskatt í senn öflun tekna í kaupskipaútgerð og öflun annarra tekna skal skipta þeim fjármagnskostnaði í réttu hlutfalli við bókfært verð eigna til nota í kaupskipaútgerð annars vegar og til annarra nota hins vegar. Frádráttarbærni þess hluta kostnaðarins sem þannig telst varða aðra tekjuöflun en í kaupskipaútgerð ræðst af ákvæðum laga um tekjuskatt.

10. gr.

Nemi tekjur sem tilheyra kaupskipaútgerð skv. 8. gr. hærri fjárhæð en kostnaður sem heyrir kaupskipaútgerðinni til skv. 3. mgr. 9. gr. skal mismunurinn skattlagður samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt.

11. gr.

Tap af kaupskipaútgerð verður ekki fært til frádráttar tekjum af annarri starfsemi útgerðarfélags hvorki á því ári þegar tap myndast né á síðari árum.

Hafi fyrir upphaf skattlagningar samkvæmt lögum þessum myndast rekstrartap í margþættri starfsemi, þ.e. kaupskipaútgerð og annarri starfsemi, skal því tapi skipt milli rekstrarþátta í réttu hlutfalli við bókfært verð eigna til nota í kaupskipaútgerð annars vegar og til annarra nota hins vegar.

12. gr.

Reikna skal árlega fyrningu eftir ákvæðum tekjuskattslaga og færa til lækkunar stofnverði rekstrarfjármunanna, þó ekki á því ári þegar eign er seld eða nýtingu hennar lýkur. Fyrning skal árlega nema meðalfyrningu í viðkomandi eignaflokki skv. 37. gr. laga um tekjuskatt.

13. gr.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna í kaupskipaútgerð skal ákvarðaður og skattlagður með sama hætti og af fyrnanlegum eignum samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt að teknu tilliti til lækkunar stofnverðs skv. 12. gr. Heimilt er að fresta tekjufærslu söluhagnaðar og færa hann til lækkunar stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna í kaupskipaútgerð sem keyptir eru á næstu tveimur rekstrarárum. Komi ekki til slíkra kaupa innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist. Ákvæði þessarar greinar taka til hagnaðar af sölu varanlegra rekstrarfjármuna í kaupskipaútgerð sem frestað hefur verið á síðustu tveimur rekstrarárum fyrir upptöku skattlagningar samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Við skiptingu tekna og kostnaðar skal miða verð og viðskiptakjör við það sem almennt gerist í viðskiptum óháðra aðila. Fari útgerð ekki eftir því getur skattstjóri leiðrétt tekjur og kostnað í samræmi við ákvæði 57. gr. laga um tekjuskatt.

15. gr.

Um álagningu og innheimtu skatts samkvæmt lögum þessum skal fara eftir ákvæðum laga um tekjuskatt, sbr. IX.–XIV. kafla.

16. gr.

Hlutafélög og einkahlutafélög, sem skattskyld eru skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og gera út kaupskip, sbr. 3. gr., sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá (IIS), skulu fá styrk sem svarar til 90% af réttilega ákvarðaðri fjárhæð tekjuskatts og útsvars í staðgreiðslu af launum áhafna á viðkomandi kaupskipum, að teknu tilliti til persónuafsláttar og sjómannaafsláttar. Staðgreiðslunni skal að öðru leyti ráðstafað þannig að 5% hennar skulu renna í ríkissjóð og 5% skulu renna til sveitarfélags viðkomandi manns í áhöfn. Ráðstöfun þessi skal koma í stað ráðstöfunar staðgreiðslu og skiptingu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tekjuskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða á um framkvæmd greiðslna skv. 1. mgr., þar með talið um form styrkumsóknar, greiðslutíma og skuldajöfnun á móti vangreiddum opinberum gjöldum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Hafi útgerðarfélag nýtt sér heimild í 1. gr. laga nr. 48/2006 skulu tekjur, sem þannig var frestað skattlagningu á, skattleggjast eftir ákvæðum tekjuskattslaga þrátt fyrir að útgerðarfélagið hafi síðar valið skattlagningu samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lögð til sambærileg skattlagning kaupskipaútgerða og í ýmsum nágrannalöndum okkar. Þannig er stuðlað að því að kaupskip sem skráð eru í útlöndum verði skráð hér á landi á íslenska alþjóðlega skipaskrá (IIS) og verði með því íslensk skip sem sigla

undir íslenskum fána. Samhliða þessu frumvarpi leggur samgönguráðherra fram frumvarp er snýr að stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár og er forsagan ítarlega rakin í athugasemdum þess.

Kaupskipaútgerð stendur frammi fyrir stöðugt vaxandi samkeppni á alþjóðlega vísu og hefur þróunin á Íslandi og í öðrum löndum verið á þá leið að útgerð hefur staðsett sig með hliðsjón af skattaumhverfi og ríkisaðstoð. Er nú svo komið að kaupskip Íslendinga í millilandasiglingum sigla öll undir erlendum fánum.

Evrópusambandið hefur tekið afstöðu til styrkja aðildarríkja við kaupskipaútgerð. Mótast hún af því að kaupskipum skráðum í skipaskrár Evrópulandanna hafði fækkað svo ört að hrun þótti blasa við í greininni. Var það talið óviðunandi að meirihluti kaupskipaflotans yrði skráður í löndum utan sambandsins og ríki þess háð þjóðum utan álfunnar með flutning. Bent hefur verið á að ESB gæti tapað lögsögu um gerð og öryggisbúnað kaupskipa auk þess sem störf og þekking á þessu sviði gætu glatast. Þetta réttlæti ríkisaðstoð og þá aðallega í formi skattahagræðis.

Vegna ríkisaðstoðar annarra ríkja hafa mál skipast þannig að kaupskipaútgerð hefur flust úr landi og fjöldi íslenskra farmanna sætir skattlagningu erlendis en ekki á Íslandi af launatekjum sínum. Verði frumvarpið að lögum skapast grundvöllur til að flytja kaupskipaútgerð heim aftur og þar með skattlagningarrétt af launum farmanna.

Með frumvarpi þessu er kveðið á um tvenns konar form ríkisaðstoðar við kaupskipaútgerðir. Í fyrsta lagi er lagt til að farin verði sú leið, sem fjölmargar þjóðir hafa farið, að setja sérstaka löggjöf um skattlagningu kaupskipaúgerðar er tekur mið af stærð skipa en ekki afkomu rekstrar. Grannþjóðir nefna skattinn tonnaskatt. Slíkur skattur er m.a. í Danmörku, Færeyjum, Noregi, Hollandi og Írlandi. Lagt er til að útgerðarfélög með ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi sem skráð hafa kaupskip sín á íslenska alþjóðlega skipaskrá eigi kost á að velja milli tekjuskatts á hagnað og skatts sem ræðst af flutningsrými kaupskipaflotans. Skattstofninn ákvarðast þá sem tiltekin krónutala á hver hundrað nettótonn hvers skips fyrir hvern sólarhring og skattur 18% af stofni. Skatturinn er þannig óháður rekstrarniðurstöðu. Lagður er til lágur skattur í samræmi við það sem gerist í öðrum ríkjum. Þannig er gert ráð fyrir að skattur af 3.500 nettótonna skipi nemi 119.902 kr. á ári. Tylft skipa af þeirri stærð sem notuð eru í siglingum milli Íslands og annarra ríkja, þ.e. á bilinu 1.500 til 8.000 nettótonn (að meðaltali rúm 3.500 NT) gæfi árlega í skatttekjur tæpa eina og hálfa milljón króna.

Í öðru lagi er lögð til ríkisaðstoð við hlutafélög og einkahlutafélög sem gera út kaupskip skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Gert er ráð fyrir að aðeins útgerðum sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi í skilningi tekjuskattslaga verði heimil slík skráning og geti þannig notið ríkisaðstoðar. Ríkisaðstoðinni er ætlað að nema 90% fjárhæðar samanlagðs ávinnings ríkissjóðs og sveitarfélaga af heimtu tekjuskatts og útsvars áhafnar sem að öðrum kosti hefði runnið til annarra ríkja. Þau 10% staðgreiðslufjár sem ekki er varið til aðstoðarinnar skiptast jafnt milli ríkis og sveitarfélaga óháð útsvarsprósentu í hverju og einu sveitarfélagi. Viðlíka aðstoð er veitt í ýmsum öðrum ríkjum, svo sem í Færeyjum og Danmörku.

Að gefnum þeim forsendum að árslaun hvers farmanns nemi 4.320.000 kr. mundi tekjuskattur og útsvar, að teknu tilliti til persónuafsláttar, sjómannaafsláttar og iðgjalds í lífeyrissjóð, nema 791.170 kr. Ríkisaðstoðin mundi nema 90% af þeirri fjárhæð, eða 712.053 kr. Þau 10% sem eftir standa, eða 79.117 kr., skiptast jafnt milli ríkis og sveitarfélaga. Áætla má að um 200 farmenn séu í áhöfnum kaupskipa í siglingum milli Íslands og annarra landa.

Með kaupskipi samkvæmt frumvarpi þessu er átt við hvert það skip sem flytur farm eða farþega gegn endurgjaldi í siglingum milli landa og farmflutningum innan lands og er 100

brúttótonn eða stærra. Kjósi útgerðarfélag skattlagningu samkvæmt frumvarpinu skal skattlagningin standa í þrjú ár hið skemmsta og sama gildir kjósi það að hverfa aftur til almennrar skattlagningar samkvæmt lögum um tekjuskatt. Hvorn kostinn sem útgerðin velur þá getur hún ekki valið hann til skemmri tíma en þriggja ára í senn. Samkvæmt frumvarpinu fellur ekki önnur starfsemi en kaupskipaútgerð undir hina sérstöku skattlagningu. Hafi útgerðarfélag jafnframt með höndum aðra starfsemi en kaupskipaútgerð skulu tekjur af þeirri starfsemi skattleggjast samkvæmt lögum um tekjuskatt.

Náist einnig það markmið að gera íslenska alþjóðlega skipaskrá aðlaðandi fyrir erlendar kaupskipaútgerðir má vænta þess að þær taki þann kost með tilheyrandi umsvifum hér á landi. Slík umsvif kalla á þjónustu innlendra fyrirtækja. Skip sem skráð verða á íslenska alþjóðlega skipaskrá munu lúta íslenskum lögum. Af því leiðir að skoðun skipanna og eftirlit með þeim verður á forsjá íslenskra aðila. Þannig getur öflug kaupskipaútgerð haft margfeldisáhrif á starfsemi og atvinnu í landi. Takist vel til geta skapast störf á sjó og í landi er skilað geta þjóðarbúinu tekjum.

Þar sem með frumvarpinu er kveðið á um ríkisaðstoð við tiltekna atvinnugrein ber með vísan til 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um áformaða ríkisaðstoð. Samhliða framlagningu þessa frumvarps á Alþingi verður ESA tilkynnt um frumvarpið og með þeim hætti leitað eftir afstöðu stofnunarinnar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í þessu upphafsákvæði frumvarpsins er kveðið á um það hvaða aðilum, og að uppfylltum hvaða skilyrðum, sé heimilt val um skattlagningu samkvæmt frumvarpi þessu af reglulegri starfsemi í stað þess að greiða almennan tekjuskatt af henni samkvæmt lögum nr. 90/2003. Þeir aðilar sem uppfylla skilyrði frumvarpsins eru kaupskipaútgerðir sem reknar eru af hlutafélögum og einkahlutafélögum og gera út kaupskip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Við skilgreiningu á kaupskipi er miðað við að lágmarksstærð þess sé 100 brúttótonn og að skipið sé í millilandasiglingum með farm og farþega eða í farmflutningum milli hafna innan lands. Skilgreiningunni er ekki ætlað að taka til skipa í farþegaflutningum hérlendis.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru settar formlegar kröfur um að viðkomandi skattstjóra sé tilkynnt um val útgerðarinnar fyrir upphaf fyrsta tekjuárs, sem skattlagningu samkvæmt frumvarpi þessu er ætlað að taka til.

Ákvörðun um skattlagningu samkvæmt frumvarpinu er bindandi og skal skattlagning að lágmarki taka til þriggja rekstrarára. Jafnframt er áskilið að hyggist kaupskipaútgerð hverfa frá skattlagningu samkvæmt frumvarpi þessu að loknum lágmarksbinditíma eða síðar, þá skuli tilkynna skattstjóra um þau áform fyrir upphaf þess árs þegar horfið yrði til almennrar skattlagningar samkvæmt tekjuskattslögum. Skattlagning samkvæmt frumvarpi þessu verður ekki tekin upp að nýju fyrr en að liðnum þremur árum. Ákvæði sem þetta er að finna í lögum þeirra ríkja, sem tekið hafa upp svokallaða „tonnaskattlagningu“ og er ætlað að sporna gegn því að skattlagningu verði hagað eftir því sem henta þykir frá ári til árs. Binditími annarra ríkja er skemmstur þrjú ár en víðast hvar tíu ár.

Í annarri málsgrein er undirstrikuð sú meginregla að hvert það félag sem valið hefur skattlagningu samkvæmt frumvarpinu skal að lágmarki bundið í þrjú ár. Sameining félaga,

þar sem eitt eða fleiri félaganna hafa valið tonnaskattlagningu, hefur þannig þau áhrif að hið sameinaða félag skal uppfylla skilyrði um að hvert það félag sem fellur undir sameininguna hafi sætt skattlagningu í þrjú ár. Við skiptingu félags, sem ekki hefur lokið þriggja ára binditíma, skulu þau félög sem skipt er upp bundin til loka þess tímabils sem hið skipta félag var bundið af.

Með vísan til ákvæða í frumvarpi þessu um að halda beri aðgreindum rekstri útgerðarfélags á kaupskipum frá öðrum rekstri, sem sætir almennri skattlagningu, þá þykir rétt að kveða á um að samsköttun samkvæmt tekjuskattslögum, þ.e. 55. gr., sé óheimil þann tíma sem útgerðarfélag hefur valið tonnaskattlagningu.

Um 3. gr.

Í greininni er hugtakið kaupskipaútgerð afmarkað. Útgerðin skal vera í atvinnuskyni og felast í flutningi á farmi eða farþegum með skipum sem útgerðin á eða hefur á leigu með eða án áhafnar. Jafnframt telst til kaupskipaútgerðar útleiga kaupskips ef leigutaki nýtir skipið sannanlega í kaupskipaútgerð við flutning á farmi og farþegum. Útleiga skips án áhafnar til lengri tíma en þriggja ára telst þó ekki til kaupskipaútgerðar, enda verður að telja slíkt tímamark hæfilegt til að mæta tímabundnum verkefnaskorti. Þannig mynda grundvöll tonnaskattlagningar þau kaupskip sem útgerðin nýtir í reglulegri starfsemi sinni.

Í ákvæðum þessarar greinar eru tiltaldir þeir rekstrarþættir, sem telja verður svo órjúfanlega þætti í kaupskipaútgerð að eðlilegt sé að falli undir tonnaskattlagningu, enda um að ræða þætti í tekjuöflun eða kostnað, sem með beinum eða óbeinum hætti á rætur sínar í kaupskipaútgerð og hefur áhrif á afkomu hennar.

Enn fremur er undirstrikað það meginsjónarmið að hafi kaupskipaútgerð valið tonnaskattlagningu skuli sú skattlagning taka til útgerðar allra þeirra skipa sem félagið gerir út og uppfylla skilyrði um skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Samkvæmt þessu er félagi óheimilt að fella ýmist undir tonnaskattlagningu eða tekjuskattslög einstök skip sem það gerir út.

Að lokum er það áréttað að ef útgerð sem valið hefur tonnaskattlagningu gerir út skip í sameign með öðrum tekur hún einnig til hlutdeildar útgerðarinnar í hinum sameiginlega rekstri.

Um 4. gr.

Tonnaskattlagning tekur einvörðungu til kaupskipaútgerðar svo sem hún er skilgreind í 3. gr. laga þessara. Hafi félagið jafnframt með höndum aðra starfsemi samhliða, þ.m.t. útgerð annarra skipa, verður hagnaður af slíkri starfsemi skattlagður samkvæmt ákvæðum tekjuskattslaga. Í ákvæði þessu eru talin upp í dæmaskyni tilvik um notkun kaupskipa sem falla utan tonnaskattlagningar. Það leiðir af eðli máls að skip sem lagt hefur verið varanlega telst ekki með skipastól sem nýttur er í kaupskiparekstri samkvæmt frumvarpinu.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta kveður á um að undir tonnaskattlagningu falli farmflutningur sem kaupskipaútgerð selur í einu lagi, þrátt fyrir að óskyldur aðili annist hluta þess flutnings. Þetta grundvallast á því að sá hluti farmflutningsins sem keyptur er af öðrum skattleggst í hendi þess aðila. Farmflutningur sem rekstraraðili kaupskipaútgerðar annast í eigin rekstri með öðrum flutningatækjum en kaupskipum fellur utan tonnaskattlagningar. Þessi skipan skattlagningar helgast m.a. af samkeppnisástæðum. Skipting söluverðs milli rekstrarþátta hjá

útgerðaraðila skal miðast við almennt gangverð, þ.e. það verð sem greitt hefði verið til óskylds aðila vegna farmflutnings sem ekki fer fram með kaupskipum.

Um 6. gr.

Skattstofn tonnaskatts er hlutlægur og tekur einvörðungu mið af nettótonnafjölda þeirra skipa, sem teljast til kaupskipaútgerðar. Hafi félag valið tonnaskattlagningu ákvarðast skattstofn fyrir hvern sólarhring sem margfeldi tonnafjölda hvers skips og tilgreindrar krónutölu. Fjárhæðin er hæst á fyrstu 100 tonnin til og með 1.000 tonnum, en fer síðan stiglækkandi í þrepum eftir stærð skipa. Skattstofn skal ákvarðaður fyrir hvern þann byrjaðan sólarhring sem úgerðin hefur viðkomandi skip í umráðum sínum hvort heldur það er í notkun eða ekki. Frá skattstofninum þannig reiknuðum heimilast enginn frádráttur. Skatthlutfallið er það sama og í tekjuskatti, þ.e. 18%.

Um 7. gr.

Gerð er krafa um aðgreiningu tekna og gjalda af kaupskipaútgerð annars vegar og annrri starfsemi hins vegar, sé slíkri annrri starfsemi til að dreifa, enda verður tekjuskattsstofn af þeirri starfsemi að öðrum kosti ekki rétt leiddur fram.

Um 8. gr.

Ef um blandaða starfsemi er að ræða skal skipta vöxtum, afföllum og gengishagnaði milli kaupskipaútgerðar og annarrar starfsemi. Bókfært verð eigna í hvorri starfsemi fyrir sig ræður skiptihlutfallinu.

Um 9. gr.

Kostnaður, sem varðar rekstur kaupskipaútgerðar undir tonnaskatti, verður hvorki færður til frádráttar tekjum, né myndar tap til frádráttar í annarri starfsemi sem útgerð stundar jafnframt kaupskipaútgerð.

Kostnaði öðrum en fjármagnskostnaði, svo sem stjórnunarkostnaði, sem varðar heildartekjuöflun í rekstri félags, sem rekur jöfnum höndum kaupskipaútgerð og aðra starfsemi, skal skipt í réttu hlutfalli við tekjur.

Fjármagnskostnaði, þ.e. vaxtagjöldum, afföllum og gengistapi, skv. skilgreiningu 49. gr. tekjuskattslaga skal skipt á sama hátt og fjármagstekjum í réttu hlutfalli við bókfært verð eigna í rekstri kaupskipa og bókfærðu verði annarra eigna.

Um 10. gr.

Samkvæmt 8. gr. og 3. mgr. 9. gr. skal skipta fjármagnstekjum og fjármagnsgjöldum, sbr. 8. og 49. gr. tekjuskattlaga, milli kaupskipaútgerðar og annarrar starfsemi. Reynist sá hluti fjármagnstekna, sem féll í hlut kaupskipaútgerðarinnar, nema hærri fjárhæð en fjármagnskostnaður samkvæmt fyrrgreindri skiptingu, skal skattleggja mismuninn samkvæmt almennum ákvæðum tekjuskattslaga enda ekki um að ræða beinar tekjur af kaupskipaútgerð heldur afleiddar tekjur. Grannþjóðir okkar hafa í löggjöf sinni sérstök ákvæði af þessum toga til að sporna gegn yfirfjármögnun af skattalegum ástæðum í kaupskipaútgerð undir tonnaskattlagningu.

Um 11. gr.

Samkvæmt 6. og 9. gr. er útgerðarkostnaður hvorki frádráttarbær í rekstri sem tonnaskattlagningu sætir né í öðrum rekstri. Til að taka af öll tvímæli er í ákvæði þessu kveðið á um að tap af kaupskipaútgerð, sem færð hefur verið undir tonnaskattlagningu, heimilist ekki til frádráttar öðrum tekjum, hvorki á meðan sú skattlagning stendur eða eftir að henni lýkur.

Hafi félag hins vegar verið rekið með tapi eða önnur þau félög, sem felld yrðu undir tonnaskattlagningu vegna sameiningar, þá skal því tapi skipt á milli kaupskipaútgerðar og annarrar starfsemi í réttu hlutfalli við bókfært verð þeirra eigna sem nýttar voru í rekstri félagsins í lok síðasta rekstrarárs fyrir upphaf tonnaskattlagningar.

Eftirstöðvar rekstrartapa frá því fyrir upphaf tonnaskattlagningar rakna við að nýju verði horfið frá henni síðar, að virtum tímamörkum 8. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga.

Um 12. gr.

Tonnaskattlagning kemur í stað tekjuskatts af reglulegri starfsemi kaupskipaútgerðar en ekki í stað skatts af óreglulegum tekjum, þ.m.t. af söluhagnaði varanlegra rekstrarfjármuna. Við ákvörðun söluhagnaðar slíkra fjármuna verður því að taka tillit til verðrýrnunar þeirra á þeim tíma sem nýting þeirra féll undir tonnaskattlagningu. Því er kveðið á um að árlega skuli reikna afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum í samræmi við ákvæði um fyrningar í tekjuskattslögum og færa þær til lækkunar á stofnverði fjármunanna. Afskriftarhlutfallið skal vera meðaltal afskriftarhlutfalla í hverjum fyrningarflokki fyrir sig.

Um 13. gr.

Söluhagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna í kaupskipaúgerð skal reiknaður með sama hætti og af fyrnanlegum eignum, sbr. 13. gr. tekjuskattslaga. Við þann útreikning skal lagt til grundvallar stofnverð að teknu tilliti til lækkunar vegna reiknaðra fyrninga og niðurfærslu vegna söluhagnaðar annarra eigna.

Um 14. gr.

Í greininni er mælt fyrir um beitingu milliverðlagsreglu (transfer pricing) við skiptingu tekna og kostnaðar.

Um 15. gr.

Grein þessi, sem kveður á um framkvæmd álagningar og innheimtu, þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um beina ríkisaðstoð við kaupskipaútgerð. Aðstoðin er bundin því skilyrði að kaupskip útgerðarinnar séu á íslenskri alþjóðlegri skipaskrá. Skilyrði skráningar er að útgerðin beri ótakmarkaða skattskyldu hér á landi í skilningi tekjuskattslaga. Ekki er gert að skilyrði fyrir þessari aðstoð að útgerðin velji tonnaskattlagningu í stað almenns tekjuskatts. Lagt er til að aðstoðin felist í beinum fjárframlögum sem svara til 90% tekjuskatts og útsvars af launum áhafna. Þau 10% staðgreiðslufjár sem ekki er varið til styrksins skiptast jafnt milli ríkis og sveitarfélaga óháð útsvarsprósentu í hverju og einu sveitarfélagi. Með þessu er, að því er skatt áhafnar varðar, vikið til hliðar reglum um ráðstöfun og skiptingu á greiðslu opinberra gjalda settum á grundvelli 1. mgr. 32. gr. laga nr. 45/1987, um stað-

greiðslu opinberra gjalda, lögum um tekjuskatt og IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Lagt er til að fjármálaráðherra ákveði í reglugerð framkvæmd ríkisaðstoðar.

Um 17. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um skattlagningu kaupskipaútgerðar.**

Vegna ríkisaðstoðar annarra ríkja hafa mál skipast þannig að öll kaupskip Íslendinga í millilandasiglingum sigla undir erlendum fánum og eru launatekjur áhafna þeirra skattlagðar þar. Tilgangur þessa frumvarps er að stuðla að því að kaupskipaútgerðin flytjist aftur til landsins. Í því skyni er í frumvarpinu lagt til að veitt verði opinber aðstoð við kaupskipaútgerðir með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er lagt til að farin verði sú leið sem margar þjóðir hafa farið með því að setja sérstaka löggjöf um skattlagningu kaupskipaútgerða sem tekur mið af stærð skipa en ekki af afkomu rekstrar þannig að lagður verði á svonefndur tonnaskattur. Slíkur skattur er m.a. í Danmörku, Færeyjum, Noregi, Hollandi og á Írlandi. Lagt er til að útgerðarfélög sem skattskyld eru hér á landi og hafa skráð kaupskip sín á íslenska alþjóðlega skipaskrá eigi kost á að velja milli tekjuskatts á hagnað og skatts sem ræðst af flutningsrými skipaflotans. Skattstofninn ákvarðast þá sem tiltekin krónutala á hver hundrað nettótonn skips fyrir hvern sólarhring og síðan greiðist 18% skattur af þeim stofni. Gert er ráð fyrir að tekjur af þessum skatti verði óverulegar eða í kringum 1,5 m.kr.

Í frumvarpinu er í öðru lagi lögð til opinber aðstoð við hlutafélög og einkahlutafélög sem gera út kaupskip skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá og eru skattskyld hér á landi. Lagt er til að aðstoðin felist í fjárframlögum sem svari til 90% tekjuskatts og útsvars af launum áhafna, að teknu tilliti til persónuafsláttar og sjómannaafslátta, en þeir skattar mundu að öðrum kosti renna til annarra ríkja. Viðlíka aðstoð er veitt í ýmsum öðrum ríkjum, svo sem í Færeyjum og Danmörku.

Erfitt er að segja fyrir um fjárhagsleg áhrif af lögfestingu frumvarpsins þar sem það fer eftir því hversu mörg skip verða skráð hér á landi í kjölfarið. Ákvarðanir bæði íslenskra og erlendra fyrirtækja um það munu ekki aðeins ráðast af því hversu hagstætt skattaumhverfið þykir vera heldur einnig af mismunandi launakostnaði eftir löndum og fleiri þáttum. Kaupskip í íslenskri eigu eru talin vera um 30 talsins og til að gefa til kynna hugsanlega stærðargráðu beinna áhrifa má taka sem dæmi að helmingur þeirra verði skráður hér á landi. Einnig væri þó hugsanlegt að erlendir aðilar sæju sér hag í að skrá skip sín hér á landi. Ef gengið er út frá því að meðalfjöldi í áhöfn 15 skipa sem færi lögheimili sitt til Íslands verði 17 manns og að árslaun þeirra verði um 4,3 m.kr. að meðaltali er útkoman sú að heildarskatttekjur, að meðtöldu tryggingargjaldi, yrðu um 225 m.kr. og styrkurinn yrði nálægt 155 m.kr. Beinn nettóávinningur hins opinbera yrði þannig tæplega 70 m.kr.

# 1003. Frumvarp til skipulagslaga. [661. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
*Almenn ákvæði.*

### 1. gr.
**Markmið.**

Markmið laga þessara er:

a. að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,
b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,
e. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

### 2. gr.
*Skilgreiningar.*

1. *Almenningur:* Einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar, samtök þeirra, félög eða hópar.
2. *Aðalskipulag:* Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.
3. *Byggingarleyfi:* Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra, sbr. ákvæði laga um mannvirki.
4. *Byggðamynstur:* Lögun og yfirbragð byggðar, svo sem hæð og þéttleiki.
5. *Deiliskipulag:* Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.
6. *Leyfi til framkvæmda:* Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.
7. *Framkvæmdaleyfi:* Leyfi til framkvæmda í samræmi við skipulag sem ekki eru háðar ákvæðum laga um mannvirki.
8. *Frístundabyggð:* Svæði fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til fastrar búsetu.
9. *Hverfisvernd:* Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.
10. *Landnotkun:* Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

11. *Landnýting:* Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall og þéttleika byggðar.
12. *Landsskipulagsáætlun:* Samræmd skipulagsáætlun til tólf ára sem Alþingi hefur samþykkt sem þingsályktun að tillögu umhverfisráðherra.
13. *Nýtingarhlutfall:* Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Um skilgreiningu brúttóflatarmáls fer samkvæmt Íslenskum staðli.
14. *Rammaskipulag:* Rammaskipulag er sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana.
15. *Skipulagsáætlun:* Áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands. Þar er gerð grein fyrir því að hvers konar framkvæmdum er stefnt og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka: svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti þar sem það á við.
16. *Skipulagskvaðir:* Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í deiliskipulagi, svo sem um umferðarrétt og legu lagna.
17. *Skipulagsskilmálar:* Bindandi ákvæði í deiliskipulagi um útfærslu skipulags, svo sem um byggðamynstur, byggingarlínur, útlit mannvirkja og form, fjölda bílastæða, gróður og girðingar.
18. *Svæðisskipulag:* Skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.
19. *Umsagnaraðilar:* Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála.
20. *Þéttleiki byggðar:* Landnýting miðað við brúttóflatarmál lands sem m.a. er lýst með nýtingarhlutfalli eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.
21. *Þéttbýli:* Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra. Afmarka má þéttbýli með öðrum hætti í aðalskipulagi sveitarfélags.

## II. KAFLI
## **Stjórn skipulagsmála.**

3. gr.

*Stjórn og framkvæmd skipulagsmála.*

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Skipulagsstofnun, sbr. 4. gr.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála á varnar- og öryggissvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006.

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir og veita framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum.

4. gr.

*Skipulagsstofnun.*

Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum er:

a. að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
b. að veita upplýsingar og leiðbeiningar um skipulagsmál,
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum,
d. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina þeim við gerð skipulagsáætlana,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulagsmála,
f. að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og vinna tillögu að landsskipulagsáætlun,
g. að stuðla að og standa fyrir rannsóknum á sviði skipulagsmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
h. að annast umsýslu Skipulagssjóðs,
i. að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

5. gr.

*Forstjóri Skipulagsstofnunar.*

Forstjóri Skipulagsstofnunar fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa háskólamenntun á sviði skipulagsmála. Ráðherra skipar forstjóra Skipulagsstofnunar til fimm ára í senn.

Forstjóri Skipulagsstofnunar ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Skipulagsstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

6. gr.

*Skipulagsnefndir.*

Í hverju sveitarfélagi skal starfa skipulagsnefnd sem kjörin er af sveitarstjórn.

Skipulagsnefndir fara með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana, undir yfirstjórn sveitarstjórna. Sveitarstjórn er heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að fela skipulagsnefnd eða öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins heimild til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum, sbr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, svo sem afgreiðslu deiliskipulagsáætlana og útgáfu framkvæmdaleyfa. Afgreiðsla á svæðis- og aðalskipulagi er þó ávallt háð samþykki sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna skipulagsnefndar. Um skipulagsnefndir og störf þeirra gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu skipulagsnefnda og ráðningu skipulagsfulltrúa.

7. gr.

*Skipulagsfulltrúar.*

Með hverri skipulagsnefnd skal starfa skipulagsfulltrúi ráðinn af sveitarstjórn og skal hún senda Skipulagsstofnun tilkynningu um ráðningu hans.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál og nefnist hann þá skipulags- og byggingarfulltrúi og skal hann þá uppfylla bæði kröfur um menntun og

reynslu skipulagsfulltrúa samkvæmt lögum þessum og byggingarfulltrúa samkvæmt lögum um mannvirki.

Skipulagsfulltrúi hefur umsjón með skipulagsgerð og annast að öðru leyti þau verkefni sem honum eru falin af sveitarstjórn.

Skipulagsfulltrúi situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Skipulagsfulltrúi skal uppfylla annað eftirfarandi hæfisskilyrða:

1. Vera skipulagsfræðingur sem hlotið hefur heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.
2. Vera arkitekt, byggingarfræðingur, landslagsarkitekt, tæknifræðingur eða verkfræðingur sem hlotið hefur heimild til þeirra starfsheita samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996, og hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála í námi eða með starfsreynslu. Með sérhæfingu á sviði skipulagsmála er átt við að viðkomandi hafi lagt stund á nám á sviði svæðis-, aðal- eða deiliskipulags og/eða unnið að svæðis-, aðal- eða deiliskipulagsgerð í a.m.k. tvö ár.

Umhverfisráðherra er heimilt að veita tímabundnu undanþágu frá 5. mgr. þar sem ekki fæst réttindamaður í starfið. Skal slík undanþága veitt til eins árs í senn og skal því aðeins framlengd að reynt hafi verið að fá starfsmann sem uppfyllir hæfisskilyrðin.

Ef ágreiningur kemur upp um hæfi skv. 2. tölul. 5. mgr. sker ráðherra úr.

8. gr.

*Skipulagsnefnd varnarsvæða.*

Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulagsmál á varnar- og öryggissvæðum eins og þau er skilgreind í lögum nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006 eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu. Utanríkisráðherra skipar skipulagsnefnd sem fer með þessi mál og getur hann falið nefndinni að sinna öðrum skyldum verkefnum á varnarsvæðum.

Nefndin skal í starfi sínu hafa náið samráð við sveitarfélög sem hlut geta átt að máli, svo sem á Suðurnesjum. Utanríkisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við umhverfisráðherra.

9. gr.

*Svæðisskipulagsnefndir.*

Sveitarstjórnir sem ákveða að gert skuli svæðisskipulag skulu koma á fót svæðisskipulagsnefnd sem hefur það hlutverk að vinna að tillögu að svæðisskipulagi. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi nema hlutaðeigandi sveitarfélög ákveði annað.

Þar sem í gildi er svæðisskipulag skal starfrækt svæðisskipulagsnefnd sem sér um framfylgd og breytingar á svæðisskipulaginu. Svæðisskipulagsnefnd skal skipuð að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar skulu sendar hlutaðeigandi sveitarstjórnum og eru skipulagsákvarðanir nefndarinnar, svo sem um samþykkt skipulagstillögu til auglýsingar og endanleg samþykkt svæðisskipulags, háðar samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Að fengnum tillögum svæðisskipulagsnefndar setur ráðherra henni starfsreglur sem auglýstar skulu í B-deild Stjórnartíðinda að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar.

## III. KAFLI
## Landsskipulag.

### 10. gr.
*Landsskipulagsáætlun.*

Umhverfisráðherra leggur fram tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun til tólf ára að afloknum hverjum alþingiskosningum. Landsskipulagsáætlun getur náð til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar.

Í landsskipulagsáætlun er mörkuð stefna stjórnvalda í skipulagsmálum sem varða almannahagsmuni og getur hún tekið á öllum þáttum skipulags sem þarf til að ná því markmiði. Í landsskipulagsáætlun er stefna stjórnvalda um sjálfbæra þróun útfærð með tilliti til skipulagsgerðar sveitarfélaga og eftir þörfum samræmd stefna opinberra aðila um landnotkun með tilliti til efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.

Til grundvallar landsskipulagsáætlun skal leggja markmið laga þessara og stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Jafnframt skal hafa til hliðsjónar fyrirliggjandi áætlanir opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun.

Endurskoða skal landsskipulagsáætlun á fjögurra ára fresti.

Landsskipulagsáætlun er bindandi við gerð skipulags samkvæmt lögum þessum og skulu sveitarfélög endurskoða staðfest skipulag sitt í samræmi við áætlunina innan tveggja ára frá samþykkt hennar.

### 11. gr.
*Málsmeðferð.*

Ráðherra ákveður áherslur landsskipulagsáætlunar hverju sinni og felur Skipulagsstofnun að vinna drög að landsskipulagsáætlun. Þau skulu unnin í samráði við hlutaðeigandi stofnanir og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skipulagsstofnun skal hafa aðgang að áætlunum annarra opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun.

Umhverfisráðherra tekur drög Skipulagsstofnunar að landsskipulagsáætlun til skoðunar og gengur frá tillögu að landsskipulagsáætlun að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti.

Umhverfisráðherra kynnir tillögu sína að landsskipulagsáætlun opinberlega. Tillagan skal auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og Lögbirtingablaðinu og jafnframt kynnt á heimasíðu ráðuneytisins. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan sé aðgengileg og skal öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skuli skila athugasemdum. Tillagan skal jafnframt send til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn tekur umhverfisráðherra tillöguna til skoðunar á ný og leggur fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun.

## IV. KAFLI
## Gerð og framkvæmd skipulagsáætlana.

### 12. gr.
*Skipulagsskylda.*

Skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og byggðaþróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur o.fl., í samræmi við markmið laga þessara.

Í skipulagsáætlunum skal m.a. lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér.

Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, viðkomandi stjórnvalda og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu.

Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

6. Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á grundvelli aðalskipulags og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 og hafa ekki verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða samþykktar af skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þetta skal gera innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara og skal sveitarstjórn gera Skipulagsstofnun grein fyrir því hvort hún hafi samþykkt viðkomandi áætlun. Hafi deiliskipulagsáætlun ekki verið samþykkt telst hún fallin úr gildi.
7. Byggingarsamþykktir sem settar hafa verið á grundvelli 37. gr. laga nr. 73/1997 og varða skipulagsákvarðanir halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samrýmast ákvæðum laga þessara.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I.

Vorið 2002 ákvað þáverandi umhverfisráðherra að ráðast í heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum. Við þessa endurskoðun var ákveðið að taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga og að ákvæði laganna um skipulagsmál yrðu sett í sérstök lög, skipulagslög, og ákvæði um byggingar og brunavarnir í sérstök lög, byggingarlög. Jafnframt að við endurskoðun ákvæða laganna um byggingarmál yrði tekið á eftirliti með byggingarvörum á markaði, réttindamálum iðnmeistara og stofnun sérstakrar stofnunar þar sem byggingarmál og brunavarnir yrðu vistaðar. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, skyldi endurskoðunin enn fremur taka til laga um brunavarnir með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um byggingar og önnur mannvirki til að einfalda framkvæmd þeirra, þar með að heimila notkun skoðunarstofa í eftirliti með gerð og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja.

Í áðurgreindu skyni ákvað ráðuneytið að skipa tvær nefndir til þess að endurskoða skipulags- og byggingarlög, annars vegar um skipulagsþáttinn og hins vegar um byggingarþáttinn. Nefndunum var ætlað að hafa náið samráð varðandi tillögugerð og ákveðið að frumvörp til breyttra laga yrðu lögð fram samtímis á Alþingi.

Nefnd sem falið var að semja frumvarp þetta var skipuð eftirfarandi aðilum: Formaður, Sigríður Auður Arnardóttir, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, skipuð án tilnefningar, Hrafn Hallgrímsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, einnig skipaður án tilnefningar, Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Guðmundur Jóhannsson, formaður umhverfisráðs Akureyrar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Örn Gunnarsson deildarstjóri, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti, og Stefán Thors skipulagsstjóri, tilnefndur af Skipulagsstofnun, en Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, þáverandi aðstoðarskipulagsstjóri, starfaði tímabundið með nefndinni í leyfi skipulagsstjóra. Gunnar Örn hvarf til annarra starfa og í hans stað tilnefndi iðnaðarráðuneyti 10. júlí 2003 Pétur Örn Sverrisson lögfræðing. Þann 16. nóvember 2003 var Kristín Linda Árnadóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneyti, jafnframt skipuð í nefndina.

Nefndinni var ætlað að taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga. Þau sjónarmið sem höfð voru til hliðsjónar við samningu frumvarpsins voru m.a. að skilgreina bæri með skýrari hætti mismunandi hlutverk skipulagsáætlana til að koma í veg fyrir skörun þeirra, tryggja eðlilegt samspil og samræmi milli skipulagsstiga og auka skilvirkni og sveigjanleika í skipulagsgerð. Jafnframt að auka samráð og kynningu við gerð skipulagsáætlana bæði gagnvart almenningi og opinberum aðilum. Nefndin fjallaði um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og um þörf á skipulagsákvæðum til almennrar stefnumörkunar á landsvísu. Þá var farið yfir hlutverk samvinnunefndar miðhálendis og hvernig fara skyldi með skipulagsákvarðanir á miðhálendinu.

Nefndin fékk á fund sinn í lok árs 2003 ýmsa aðila sem starfa að framkvæmd skipulagsmála en þeir voru eftirfarandi: Óskar Bergsson, formaður samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis, Fríða Björg Eðvarðsdóttir, starfsmaður sömu nefndar, Hjalti Steinþórsson, framkvæmdastjóri úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Ólafur Hauksson sýslumaður, formaður nefndar vegna frumvarps til laga um landeignaskrá o.fl. Einnig komu aðilar frá skipulagsfulltrúum sveitarfélaga, þau Finnur Birgisson, verkefnastjóri skipulagsmála á Akureyri, og Bergljót S. Einarsdóttir, þáverandi skipulagsfulltrúi í Garðabæ, Salvör Jónsdóttir, sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, og Ívar Pálsson, þáverandi lögfræðingur skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, og loks Guðjón Bragason, skrifstofustjóri sveitarstjórnarmála, og Róbert Ragnarsson stjórnmálafræðingur, verkefnisstjóri um sameiningu sveitarfélaga, frá félagsmálaráðuneytinu. Þá óskaði nefndin eftir því að Ásdís Hlökk Theodórsdóttir tæki saman skýrslu um skipulagsgerð á landsvísu á Norðurlöndum, en sú skýrsla var hluti af doktorsverkefni hennar um landsskipulag og umhverfismat áætlana, *Skipulagsgerð á landsvísu á Norðurlöndum, febrúar 2004*. Ásdís Hlökk kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir skýrslu sinni og var hún m.a. höfð til hliðsjónar við samningu ákvæða frumvarpsins um landsskipulagsáætlun.

Í störfum sínum leitaðist nefndin við að kljúfa sem gleggst á milli þeirra ákvæða sem annars vegar var talið að ættu að vera í skipulagslögum og hins vegar í lögum um mannvirki. Byggist þetta fyrst og fremst á því að framkvæmd mannvirkjalaga er talin tæknilegs eðlis en skipulagslög eru í eðli sínu bundin mótun stefnu um landnotkun.

Nefnd sú sem samdi frumvarp þetta lauk störfum í mars 2006 og sendi umhverfisráðherra tillögur sínar í formi frumvarps til skipulagslaga ásamt athugasemdum við lagafrumvarpið. Umhverfisráðuneytið taldi með hliðsjón af eðli þessara frumvarpa og hversu þau varða hagsmuni margra að rétt væri að senda frumvarp þetta ásamt frumvarpi til mannvirkjalaga til víðtækrar umsagnar. Voru frumvörpin þann 30. júní 2006 send 159 aðilum, þar á meðal öllum sveitarfélögum landsins, þar sem gefinn var kostur á að gera athugasemdir við frumvörpin fyrir 15. ágúst 2006. Jafnframt auglýsti ráðuneytið í fjölmiðlum og á heimasíðu sinni í byrjun júlí 2006 að frumvörpin lægju fyrir þar sem öllum var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við frumvörpin fyrir sama tíma. Ráðuneytið fór vandlega yfir allar athugasemdir sem því bárust og voru gerðar breytingar á frumvörpunum m.a. vegna ábendinga sem fram komu.

## II.

Alþingi samþykkti ný skipulags- og byggingarlög árið 1997. Samkvæmt þeim fer umhverfisráðherra með yfirstjórn skipulagsmála á landsvísu með aðstoð Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórnir fara með skipulagsmál sveitarfélaga. Í skipulags- og byggingarlögum er einnig gert ráð fyrir skipulagsgerð á svæðisstigi, þrátt fyrir að ekki sé til staðar samsvarandi

stjórnsýslustig. Þannig geta sveitarfélög unnið að svæðisskipulagi með öðrum sveitarfélögum og jafnframt fer sérstök samvinnunefnd með svæðisskipulagsmál á miðhálendinu. Með tilkomu skipulags- og byggingarlaganna 1997 varð talsverð breyting á skipulagskerfinu á Íslandi, bæði skilgreiningu skipulagsáætlana og stjórnkerfi skipulagsmála. Meginbreytingarnar má segja að hafi verið eftirfarandi:

- Sett markmið með gerð skipulagsáætlana, m.a. að stuðla að sjálfbærri þróun.
- Ábyrgð á framkvæmd skipulagsgerðar færð að verulegu leyti frá ríki til sveitarfélaga og skipulagsstjórn ríkisins lögð af.
- Skipulagsstofnun ætlað hlutverk vegna áætlana um landnotkun á landsvísu en ábyrgð á gerð skipulagsáætlana formlega flutt til sveitarfélaga.
- Skilgreindar þrjár tegundir skipulagsáætlana: svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.
- Allt land gert skipulagsskylt, aðalskipulag látið taka til alls lands viðkomandi sveitarfélags og deiliskipulagsskylda látin ná til allra leyfisskyldra byggingarframkvæmda.
- Skilgreint sérstakt skipulagssvæði miðhálendisins og nefnd sem fer með svæðisskipulagsmál á miðhálendinu sett á laggirnar en þessar breytingar komu inn með breytingu á eldri skipulagslögum frá 1993 og með breytingu á gildandi lögum frá 1999.
- Aukin áhersla lögð á kynningu og samráð við skipulagsgerð.
- Innleidd ákvæði um umhverfismat skipulagstillagna.
- Innleidd ný tegund leyfa, framkvæmdaleyfi, sem taka til meiri háttar framkvæmda annarra en þeirra sem háðar eru byggingarleyfi.
- Skilgreindar voru leiðir til að fjalla um ágreining um skipulagsmál.
- Komið á fót úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.
- Skilgreindar kröfur til þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem fara með skipulagsmál og þeirra ráðgjafa sem sinna gerð skipulagsáætlana.

Núverandi skipulagskerfi er þannig uppbyggt að öll sveitarfélög í landinu skulu vinna aðalskipulag fyrir allt land viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er afgreitt af sveitarstjórn, en jafnframt háð staðfestingu umhverfisráðherra. Sveitarfélög skulu jafnframt vinna deiliskipulag fyrir þau svæði þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Deiliskipulag er eingöngu samþykkt af sveitarstjórn, en það er þó háð yfirferð Skipulagsstofnunar áður en það er auglýst til gildistöku. Sveitarfélögum ber þannig bæði að gera aðalskipulag og deiliskipulag. Auk þeirra geta sveitarstjórnir tekið þátt í gerð svæðisskipulags. Svæðisskipulag er unnið af samvinnunefnd tveggja eða fleiri sveitarfélaga í þeim tilgangi að móta stefnu um sameiginleg hagsmunamál varðandi byggðaþróun og landnotkun. Svæðisskipulag er háð samþykki allra hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfestingu umhverfisráðherra. Þessu til viðbótar gilda sérstakar reglur um svæðisskipulagsgerð á miðhálendinu. Þar starfar viðvarandi sérstök samvinnunefnd sem fer með gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið og gegnir þar bæði hlutverki samvinnunefndar og sveitarstjórnar ef borið er saman við gerð svæðisskipulags á láglendi.

## III.

Skipulagslöggjöf á Norðurlöndum hefur þróast umtalsvert á síðustu tveim áratugum. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er líkt og hér á landi sameiginleg löggjöf um skipulags- og byggingarmálefni. Elstu skipulags- og byggingarlög á Norðurlöndum að stofni til eru í Noregi *(Plan- og bygningslov nr. 77/1985)* og í Svíþjóð *(Plan- och bygglagen 1987:10)* en þau hafa tekið talsverðum breytingum á síðustu árum. Í Noregi var árið 2003 lögð fram tillaga að frumvarpi til nýrra skipulagslaga, *NOU 2003:14, Bedre kommunal og regional*

*planlegging etter plan- og bygningsloven* og hafa á síðustu árum verið samþykktar ákveðnar breytingar á lögunum í samræmi við þær tillögur. Í Svíþjóð hefur um þriggja ára skeið átt sér stað viðamikil endurskoðun á skipulagslöggjöfinni, *SOU 2005:77, Får jag lov? Om planering og byggande,* og verður lagt fram frumvarp til breytinga á skipulags- og byggingarlögum á grundvelli þessarar endurskoðunar. Tillögur endurskoðunarnefndarinnar snerta velflesta þætti laganna og hafa þann tilgang að styrkja framkvæmd þeirra. Finnsku skipulagslögin, *Markanvändnings- och bygglag nr. 132/1999,* tóku gildi 2000. Danmörk er eitt Norðurlandanna með sérstök skipulagslög, *sbr. Bekendtgørelse af lov om planlægning nr. 883/2004,* en á dönsku skipulagslögunum var gerð grundvallarbreyting árið 2005 samhliða breytingum sem gerðar voru á sveitarstjórnarskipan þar í landi. Lögin tóku að fullu gildi 1. janúar 2007.

Breytingin á dönsku skipulagslögunum frá 2005 var hluti af viðamiklum breytingum á stjórnsýslu í Danmörku og eru áhrif breytinganna á skipulagslög talsverð. Með þeim var stjórnsýslustig amta aflagt og þannig fellur niður hið hefðbundna svæðisskipulagsstig. Í staðinn koma landshlutaráð, *regionsråd,* sem munu vinna þróunaráætlanir. Viðfangsefni skipulagsmála, náttúru og umhverfis verða í öllum aðalatriðum hjá sveitarfélögunum. Markmið laganna á sviði skipulagsmála er einkum að sveitarfélög hafi afgerandi hlutverk og að skipulagsáætlanir sveitarfélaganna, *kommuneplan,* gegni víðtæku hlutverki við áætlanagerð á vegum þeirra, að landshlutaráð vinni byggða- og þróunaráætlanir, *regional udviklingsplanlægning,* og að ríkið fái betur skilgreint hlutverk við að tryggja skipulagsmálefni á landsvísu.

Þegar litið er yfir skipulagskerfi Norðurlandanna með tilliti til markmiða, áherslna laganna og skipulagsferla sem þau mæla fyrir um má greina ákveðin einkenni og þróun. Áhersla er lögð á sjálfbæra þróun og lýðræðislega og gagnsæja skipulagsferla. Beitt er víðtæku samráði þegar ákvarðanir eru teknar. Þá gætir einnig vaxandi áherslu á að löggjöfin sé skýr varðandi alla málsmeðferð, svo sem hver séu hlutverk mismunandi aðila sem koma að skipulagsgerð og skipulagsstefnu, hverjir eiga aðild að skipulagsferli mismunandi skipulagsstefnuskjala eða skipulagsáætlana, hvernig staðið er að kynningu og afgreiðslu og hver áhrif einstakra skipulagsákvarðana eru gagnvart annarri skipulags- og áætlanagerð og framkvæmdum. Í þessu sambandi má einnig nefna aukna áherslu á að í lögum sé kveðið á um á hvaða efnislegum forsendum ríkið getur sett fram skipulagsstefnu og gripið inn í skipulagsákvarðanir sveitarfélaga.

## IV.

Í frumvarpi þessu er að finna ýmis nýmæli og breytingar á gildandi skipulags- og byggingarlögum og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu. Skýrari fyrirmæli er lögð til um samráð og kynningu við gerð skipulagsáætlana, bæði gagnvart almenningi og opinberum aðilum. Þannig er lögð áhersla á að auka aðkomu almennings við gerð skipulags og að samráðsaðilar komi að skipulagsferlinu eins snemma og unnt er. Með því er ætlunin að vanda gerð skipulags og tryggja að hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarfélögin þannig að þau geti tekið upplýsta ákvörðun við afgreiðslu skipulagsáætlunar.

Áhersla er lögð á að skipulagsgerð sé skilvirk og jafnframt sveigjanleg, svo sem varðandi breytingar á skipulagsáætlunum og afgreiðslu þeirra. Þannig er m.a. lagt til að Skipulagsstofnun sé falið það hlutverk að staðfesta svæðis- og aðalskipulagstillögur í stað umhverfisráðherra. Þó er gert ráð fyrir staðfestingu umhverfisráðherra í ákveðnum tilvikum. Með þessari breytingu er ætlunin að einfalda stjórnsýslu þessara mála þannig að eitt stjórnvald komi að staðfestingu skipulagsstillagna í stað tveggja áður og mun það auka skilvirkni við

afgreiðslu mála. Skipulagsstofnun mun hafa sama hlutverk og ráðherra varðandi yfirferð skipulagstillagna og m.a. að gæta þess að þær séu í samræmi við lög, svo sem samþykkta landsskipulagsáætlun. Þá er lagt til að lögfest verði svokallað rammaskipulag en slíkt skipulag er heildstæð áætlun um uppbyggingu og skipulag ákveðinna hluta aðalskipulags og gefur fyrirheit um hvernig það verður útfært í deiliskipulagi sem veitir íbúum sveitarfélagsins betri upplýsingar um fyrirhugaða framtíðarnotkun lands. Lögð er áhersla á að skýra hlutverk skipulagsáætlana á mismunandi skipulagsstigum og samspil þeirra og að komið sé í veg fyrir skörun einstakra skipulagsáætlana til að tryggja skilvirkni. Lagt er þannig til að skýr greinarmunur sé á svæðisskipulagi og aðalskipulagi. Svæðisskipulag skal eingöngu fjalla um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að því en ekki almennt um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun. Ekki er gerð krafa um að svæðisskipulagið taki til alls lands viðkomandi sveitarfélaga heldur getur svæðisskipulagið tekið til heilla landshluta eða ákveðinna þátta landnotkunar sem nær til fleiri en eins sveitarfélags. Jafnframt er lögð áhersla á að tryggja betur að skipulagsákvarðanir eigi þátt í að stuðla að sjálfbærri þróun um leið og þær séu betur færar um að stuðla að öðrum markmiðum frumvarpsins.

Í gildandi lögum er ekki fyrir hendi skýr farvegur fyrir ríkisvaldið til að setja fram almenna skipulagsstefnu sem markar stefnu um skipulagsákvarðanir sem varða almannahagsmuni og geta leyst úr ágreiningsmálum t.d. á milli ríkis og einstakra sveitarfélaga um skipulagsmál sem talin eru varða þjóðarhagsmuni. Eins og í gildandi skipulags- og byggingarlögum verður höfuðábyrgð á skipulagsgerð áfram hjá sveitarfélögum. Um leið og lögð er áhersla á forræði sveitarfélaga á skipulagsmálum er jafnframt viðurkennd þörf á að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum í svokallaðri landsskipulagsáætlun sem lögð verði til grundvallar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Enn fremur er gert ráð fyrir að aðalskipulag og svæðisskipulag sveitarfélaga verði að meginstefnu til háð staðfestingu Skipulagsstofnunar í stað umhverfisráðherra eins og áður sagði og hefur Skipulagsstofnun það hlutverk að sinna eftirliti með skipulagsákvörðunum sveitarfélaga og tryggja samræmi milli skipulagsáætlana og samræmi við stefnu ríkisins varðandi landnotkun og byggðaþróun.

Lagt er til að samvinnunefnd miðhálendisins verði lögð niður. Við gildistöku frumvarps þessa, 1. janúar 2009, eiga öll sveitarfélög í landinu að hafa lokið við gerð aðalskipulags í sínu sveitarfélagi en í 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum er kveðið á um að tíu árum frá gildistöku þeirra laga, eða 1. janúar 2008, skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Þannig verður við gildistöku þessa frumvarps, verði það að lögum, lokið því mikilvæga hlutverki samvinnunefndar miðhálendis að samræma aðalskipulag sem liggur að hálendinu við svæðisskipulag miðhálendisins. Þá er lagt til skv. 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða að umhverfisráðherra leggi fram á Alþingi 2009 tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun sem ætlað er að fjalla um stefnumörkun á miðhálendi Íslands. Landsskipulagsáætlun er þannig ætlað að taka yfir stefnumótandi þætti svæðisskipulags miðhálendisins. Rétt þykir að stefnumörkun um landnotkun á miðhálendi Íslands sé unnin á vegum stjórnvalda. Með vísan til framangreindra breytinga á skipan mála er ekki talin þörf á að samvinnunefnd miðhálendis haldi áfram störfum þar sem lagt er til að verkefni hennar verði færð til viðkomandi sveitarfélaga og ríkisvaldsins.

Skipulagskerfi og skipulagsáætlanir þarf að þróa með tilliti til samfélagsbreytinga og viðhorfa á hverjum tíma. Þeim tillögum sem frumvarpið hefur að geyma er ætlað að gera skipulagskerfið hæfara til að takast á við ákvarðanir um landnotkun og byggðaþróun. Tillögurnar endurspegla jafnframt þá þróun sem átt hefur sér stað á sviði skipulagsmála á Norðurlöndum, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna hér á landi.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

- Í markmiðsákvæði frumvarpsins er kveðið á um að tryggja skuli samráð við almenning við gerð skipulagsáætlana. Þessi krafa kemur víða fyrir í frumvarpinu. Með þessari breytingu er lögð áhersla á að við gerð skipulags sé almenningi gefið tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós og koma að athugasemdum sínum.
- Skilgreind eru hugtökin almenningur og rammaskipulag. Þá er nokkrum skilgreiningum breytt, svo sem skipulagsskilmálum, og kveðið er á um að í þeim skuli fjallað m.a. um útlit og form mannvirkja.
- Kveðið er afdráttarlaust á um hlutverk sveitarstjórna vegna eftirlits með framkvæmd skipulagsmála og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum, sbr. 3. og 16. gr.
- Fjallað er um hlutverk skipulagsfulltrúa og hæfisskilyrði sem þeir þurfa að uppfylla, sbr. 7. gr.
- Lagt er til að skylt sé að starfrækja sérstakar svæðisskipulagsnefndir þar sem í gildi er svæðisskipulag sem skulu sjá um gerð og framfylgd þess, sbr. 9. gr.
- Kveðið er á um sérstaka landsskipulagsáætlun, sbr. 10. gr., sem umhverfisráðherra leggur fram á Alþingi sem tillögu til þingsályktunar. Hún skal marka stefnu stjórnvalda í skipulagsmálum og fjalla um mál sem varða almannahagsmuni. Landsskipulagsáætlun er eftir þörfum ætlað að samræma stefnu stjórnvalda í ólíkum málaflokkum sem snerta skipulagsgerð sveitarfélaga og í henni er stefna stjórnvalda um sjálfbæra þróun útfærð.
- Við gerð skipulagsáætlana eru sveitarfélögin bundin af landsskipulagsáætlun, sbr. 12. gr.
- Kveðið er með skýrum hætti á um rétthæð skipulagsstiga innbyrðis, þannig er svæðisskipulag rétthærra en aðalskipulag en aðalskipulag er síðan rétthærra en deiliskipulag, sbr. 12. gr. og fleiri ákvæði frumvarpsins.
- Kveðið er á um með afdráttarlausum hætti að skipulagsskylda sveitarfélaga nái til hafsvæðis innan marka sveitarfélaga, sbr. 12. gr.
- Settar eru fram kröfur um útgáfu framkvæmdaleyfis og gildistíma þess, sbr. 15. gr.
- Lagt er til að skipulagsgjald sé eingöngu greitt af nýbyggingum sem virtar hafa verið til brunabóta í samræmi við framkvæmd af greiðslu skipulagsgjalda. Sveitarstjórn verði heimilt að innheimta gjald vegna skipulagsvinnu sem vinna þarf samfara framkvæmdum, sbr. 17. og 20. gr.
- Svæðisskipulag skal eingöngu fjalla um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu en ekki almennt um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun. Svæðisskipulagið þarf ekki að taka til alls lands viðkomandi sveitarfélaga heldur getur það tekið til heilla landshluta eða stærri heilda, sbr. 21. gr.
- Skylt er að fyrir hendi sé svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins en ekki einungis heimilt eins og nú gildir og skal svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins vera föst nefnd sem fer með breytingar og framfylgd þess skipulags, sbr. 22. gr.
- Vinna við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags skal hefjast með lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 23., 30. og 40. gr. Með því er lögð áhersla á að vinna við gerð skipulags sé unnin á gagnsæjan hátt allt frá upphafi. Heimilt er þó að falla frá slíkri lýsingu við gerð deiliskipulags.
- Lagt er til að heimilt sé að vísa ágreiningi nefndar sem skipuð er á grundvelli 34. gr. til ráðherra til úrskurðar. Skal aðalskipulag samræmt slíkum úrskurði.
- Ekki er gerð krafa um að óverulegar breytingar á aðalskipulagi séu auglýstar með þriggja vikna athugasemdafresti og er málsmeðferð vegna slíkra mála því einfölduð.

Auk þess eru sett fram viðmið um það hvenær breyting telst óveruleg, sbr. 36. gr.
- Skilgreint er til hvers konar ákvarðana deiliskipulag skuli taka eins og varðandi útlit mannvirkja og form, sbr. 37. gr.
- Lagt er til að sveitarstjórn sé skylt að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulags og gera nauðsynlegar formbreytingar á því í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar.
- Sett eru viðmið um hvenær um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi til að auðvelda mat á því, sbr. 43. gr.
- Lagt er til sérstakt ákvæði um grenndarkynningu og skylt er að grenndarkynna framkvæmdaleyfi eins og byggingarleyfi, sbr. 43. gr.
- Lagt er til að skipulagsáætlanir skuli ávallt vinna á stafræna kortagrunna, sbr. 46. gr.
- Lagt er til í 53. gr. að Skipulagsstofnun verði fengið ákveðið úrræði til að tryggja eftirfylgni á stöðvun framkvæmda í þeim tilvikum þar sem framkvæmdir eru ekki í samræmi við ákvæði laga.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um I. kafla.

Í kaflanum er gerð grein fyrir markmiðum frumvarpsins þar sem lögð er áhersla á þá þætti sem hafa mestu þýðingu við gerð og framkvæmd skipulags. Þá eru helstu hugtök sem frumvarpið byggist á skilgreind.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið frumvarpsins. 1.–3. mgr. ákvæðisins eru efnislega óbreyttar frá 1. gr. gildandi laga. Í 4. mgr., sem er nýmæli, er kveðið á um að tryggja skuli samráð við almenning við gerð skipulagsáætlana. Með þessari breytingu er lögð áhersla á að við gerð skipulags sé almenningi gefið tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós. Skipulagsákvarðanir sveitarfélaga geta varðað íbúa mjög miklu og nauðsynlegt er að sjónarmið þeirra komi fram við gerð skipulags þannig að þau liggi ljós fyrir áður en sveitarfélög samþykkja viðkomandi skipulagsáætlun. Í frumvarpi þessu er lögð áhersla á að auka aðkomu almennings að gerð skipulags og að samráðsaðilar komi að skipulagsferlinu eins snemma og unnt er. Með því er ætlunin að vanda gerð skipulags og tryggja að hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarfélögin þannig að þau geti tekið upplýsta ákvörðun um skipulagsáætlun. Í 5. mgr. er lögð áhersla á að tryggja þurfi faglegan undirbúning mannvirkjagerðar varðandi útlit bygginga og form. Þetta eru þættir sem meðal annars snerta fagurfræði og stöðu mannvirkis í umhverfi sínu sem taka þarf ákvörðun um við gerð skipulags. Þannig verður það í höndum skipulagsfulltrúa í umboði sveitarstjórna að fjalla um þennan þátt mannvirkjagerðar en ekki byggingarfulltrúa eins og nú gildir. Þá er lögð áhersla á að strax í stefnumótun við gerð skipulags sé gerð grein fyrir aðgengi fyrir alla.

Um 2. gr.

Í greininni eru helstu hugtök sem er að finna í frumvarpinu skilgreind. Nokkur hugtök eru óbreytt frá gildandi lögum og er því ekki gerð frekari grein fyrir þeim.

Skilgreining á almenningi er nýmæli en í frumvarpinu er víða vísað til almennings varðandi gerð skipulagsáætlana. Rétt þykir því að hugtakið sé skilgreint en það tekur til einstaklinga og lögaðila, samtaka þeirra, félaga eða hópa.

Skilgreining á aðalskipulagi er efnislega óbreytt en byggðaþróun er notað í stað þróunar byggðar þar sem það er meira lýsandi fyrir það hugtak auk þess sem gerð er krafa um að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir byggðamynstri. Hugtakið byggðamynstur er skilgreint í ákvæðinu.

Skilgreining á byggingarleyfi er sú sama og í frumvarpi til laga um mannvirki.

Skilgreining hugtaksins byggðamynstur er nýmæli í lögum en það hefur verið skilgreint í skipulagsreglugerð. Skilgreiningin er skýrari og afmarkaðri en í reglugerðinni.

Skilgreining hverfisverndar er óbreytt að öðru leyti en því að áréttað er að ákvæði í skipulagsáætlunum um verndun náttúruminja geta einnig talist til hverfisverndar.

Við greinina er bætt við nýrri skilgreiningu, frístundabyggð, til samræmis við breytingu sem gerð var á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, sem samþykkt voru á Alþingi 8. desember 2006, sbr. lög nr. 149/2006.

Skilgreining á landnotkun er efnislega óbreytt nema að því leyti að ekki er vísað til orðsins ítölu eins og í gildandi lögum en orðið hefur enga sérstaka þýðingu í þessu samhengi og því fellt brott. Bætt er við orðinu frístundabyggð til samræmis við lög nr. 149/2006.

Hugtakið landsskipulagsáætlun er í samræmi við 10. gr. frumvarpsins.

Skilgreining nýtingarhlutfalls er breytt. Vísað er í íslenskan staðal en ekki með númeri þar sem slíkt er breytingum háð.

Lögð er til ný skilgreining, rammaskipulag. Slíkt skipulag er heildstæð áætlun um uppbyggingu og skipulag heilla hverfa eða ákveðinna afmarkaðra svæða skipulagsins og er það grundvöllur að vinnu við deiliskipulagsáætlanir fyrir slík svæði í áföngum. Rammaskipulag er unnið sem hluti af aðalskipulagi eða sem breyting á því fyrir ný stærri hverfi og sem leiðarljós fyrir útfærslu þess í deiliskipulagi.

Hugtakið skipulagsáætlun er að mestu efnislega óbreytt.

Hugtakið skipulagskvaðir er að mestu óbreytt.

Hugtakinu skipulagsskilmálar hefur verið breytt en lagt er til að gerð sé grein fyrir slíkum skilmálum í deiliskipulagi, til að útfæra nánar skipulagsáætlunina, svo sem byggðamynstur og fjölda bílastæða. Einnig ber í skipulagsskilmálum að fjalla um útlit mannvirkja og form, gróður og girðingar.

Skilgreining á svæðisskipulagi er breytt að því leyti að ekki er gerð krafa um að samræma þurfi tiltekna þætti skipulags, heldur einungis þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Skilgreint er hugtakið umsagnaraðilar, þar sem í frumvarpinu er vísað til þessa hugtaks, sbr. 23. og 30. gr.

Skilgreining á þéttbýli er óbreytt en tekið er fram að afmarka megi þéttbýli með öðrum hætti í aðalskipulagi sveitarfélags.

Skilgreining á þéttleika byggðar er breytt að því leyti að hún vísar ekki einungis til þéttbýlis en hugtakið getur einnig átt við í dreifbýli, t.d. um fjölda sumarbústaða í dreifbýli. Þá er lagt til að notast sé við hugtakið nýtingarhlutfall en í gildandi lögum er notað hlutfall milli samanlagðs gólffletar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins. Hér er því lagt til að hugtakið sé nákvæmara en áður til samræmis við það hvernig hugtakið er notað í dag.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um hvaða aðilar fari með stjórn og framkvæmd skipulagsmála. Stjórn skipulagsmála er hjá ríki og sveitarfélögum. Umhverfisráðherra fari með yfirstjórn skipu-

lagsmála en Skipulagsstofnun er ráðherra til aðstoðar. Sveitarstjórnir fari með skipulagsmál í héraði og bera ábyrgð á gerð skipulagsáætlana. Skipulagsnefndir sem kjörnar eru af sveitarstjórn og skipulagsfulltrúar vinna í umboði sveitarstjórna. Svæðisskipulagsnefndir eru starfræktar þar sem í gildi er svæðisskipulag en þær eru skipaðar fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga. Á varnarsvæðum skipar utanríkisráðherra skipulagsnefnd sem fer með skipulagsmál þar.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um þau stjórnvöld sem fara með stjórn og framkvæmd skipulagsmála. Greinin er efnislega óbreytt frá 3. gr. og 1. mgr. 61. gr. gildandi laga. Í lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, er kveðið á um skipan mála til bráðabirgða á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar samnings um skil Bandaríkjanna á svæðinu til íslenskra stjórnvalda og þar til varanlegri skipan er komið á. Skv. 1. gr. laganna fer utanríkisráðherra með yfirstjórn mála, þ.m.t. skipulagsmála á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, uns gefin er út auglýsing um að landsvæðið hafi verið tekið til annarra nota. Í 3. mgr. er kveðið á um hlutverk sveitarstjórna varðandi eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Þetta er í samræmi við framkvæmdina í dag en það eru sveitarstjórnir sem sjá um gerð og framfylgd skipulagsáætlana. Einnig hafa þær haft eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum, sbr. 56. gr. gildandi laga og 18. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum. Hér er lagt til að kveðið sé með afdráttarlausum hætti á um hlutverk sveitarstjórna vegna framkvæmdar skipulagsmála.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Skipulagsstofnunar. Liðir a, c, d, e og i eru samhljóða samsvarandi liðum í 4. gr. gildandi laga. Liðir b, f og g eru breyttir og lagður er til nýr liður, h-liður.

Í b-lið er lagt til að hlutverk Skipulagsstofnunar sé að veita upplýsingar og leiðbeiningar um skipulagsmál. Hér er um mjög mikilvægt hlutverk stofnunarinnar að ræða og er þýðingarmikið m.a. gagnvart sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana. Þetta er til samræmis við hlutverk stofnunarinnar hvað þessa þætti varðar og lýsir því hlutverki betur heldur en nú er gert í b-lið greinarinnar.

Í f -lið er kveðið á um hlutverk Skipulagsstofnunar varðandi tillögugerð að landsskipulagsáætlun, sbr. 10. gr. frumvarpsins, en hér er um nýtt hlutverk stofnunarinnar að ræða. Í landsskipulagsáætlun er lagt til að samræmd sé eftir þörfum stefna opinberra aðila um landnotkun.

Samkvæmt g-lið er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun stuðli að og standi fyrir rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála.

H-liður er í samræmi við 35. gr. gildandi laga og þá breytingu sem gerð var á lögunum árið 2000 með tilkomu Skipulagssjóðs.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 5. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að skipulagsstjóri ríkisins beri heitið forstjóri Skipulagsstofnunar til samræmis við heiti forstjóra nokkurra stofnana umhverfisráðuneytisins eins og Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landmælinga Íslands.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um skipun og störf skipulagsnefnda og er hún að hluta til byggð á 6. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er lagt til að kveðið sé á um að í hverju sveitarfélagi skuli vera starfandi skipulagsnefnd sem kjörin sé af sveitarstjórn. Ekki er um efnisbreytingu að ræða en greinin er breytt þar sem ekki er kveðið á um byggingarnefndir enda er fjallað um stjórnsýslu byggingarmála í frumvarpi til laga um mannvirki. Í því frumvarpi er lagt til að byggingarnefndir sveitarfélaga verði lagðar niður. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á greininni til samræmis við framangreint.

Í 2. mgr. er fjallað um hlutverk skipulagsnefnda. Þá eru lagðar til breytingar á ákvæðinu til samræmis við 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, sem heimilar að fela nefndum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Lagt er til að sveitarstjórn sé heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að vísa afgreiðslum til skipulagsnefnda nema hvað varðar lokaafgreiðslur varðandi svæðis- og aðalskipulagsáætlanir en þó er skipulagsnefndum heimilt að hefja slíka vinnu.

Í 3. mgr. er kveðið á um fjölda nefndarmanna skipulagsnefnda og störf nefndarinnar og er ákvæðið efnislega óbreytt frá 4. mgr.

Í 4. mgr. er fjallað um samvinnu sveitarfélaga um kosningu skipulagsnefnda og er það óbreytt frá lögunum. Lagt er til að fellt sé brott ákvæðið um að hlutaðeigandi sveitarfélög geri með sér samning um stofnun nefndanna sem staðfest sé af ráðherra. Ekki er talin þörf á að slíkir samningar séu staðfestir af ráðherra enda hefur það ekki verið framkvæmdin. Sveitarstjórnir geti haft samvinnu um ráðningu skipulagsfulltrúa, eins og nú gildir.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk skipulagsfulltrúa. Í 1. mgr. er kveðið á um að með hverri skipulagsnefnd skuli starfa skipulagsfulltrúi. Ákvæðið er byggt á 2. mgr. 7. gr. gildandi laga. Ekkert er því til fyrirstöðu að sveitarstjórn ráði fleiri en einn skipulagsfulltrúa sé þörf á því. Fellt er brott ákvæði greinarinnar um að skipulagsfulltrúi skuli vera framkvæmdastjóri skipulagsnefndar enda ekki talin þörf á að kveða á um í lögum hvernig sveitarstjórnir hagi innra skipulagi sínu á sviði skipulagsmála en mikilvægt er að sveitarfélögin hafi svigrúm til að ákveða fyrirkomulag á skipulagi starfseminnar.

Í 2. mgr. er lagt til að byggingarfulltrúa sé heimilt að annast skipulagsmál og ber hann þá heitið skipulags- og byggingarfulltrúi og er ákvæðið óbreytt frá 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Kveðið er á um hlutverk skipulagsfulltrúa í 3. mgr. en hann hefur umsjón með skipulagsgerð og öðrum verkefnum sem sveitarstjórn felur honum.

Lagt er til í 4. mgr. að skipulagsfulltrúar sitji ávallt fundi skipulagsnefnda með málfrelsi og tillögurétt, en nú gildir að þeir skuli gera það, eftir því sem við á, sbr. 5. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 5. mgr. er kveðið á um hæfisskilyrði skipulagsfulltrúa og er það nýmæli. Kröfur um hæfi skipulagsfulltrúa eru í gr. 2.7 skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998, en rétt þykir að kveðið sé á um slíkar kröfur í lögunum. Greinin er efnislega óbreytt framangreindu ákvæði skipulagsreglugerðar. Þá er 6. mgr. efnislega samhljóða 3. mgr. í framangreindu ákvæði skipulagsreglugerðar um heimild ráðherra til að veita tímabundna undanþágu frá 5. mgr.

Lagt er til að ákvæði 3. mgr. 7. gr. gildandi laga sé fellt brott um hvaða störf starfsmönnum skipulagsnefnda er heimilt að vinna en um það fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, varðandi hæfi starfsmanna stjórnsýslunnar.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um skipulagsnefndir varnarsvæða. Greinin er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 61. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir sérstöku samráði nefndarinnar við Skipulagsstofnun umfram það sem gildir um samráð stofnunarinnar við sveitarfélög almennt. Í lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, er kveðið á um skipan mála til bráðabirgða á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar samnings um skil Bandaríkjanna á svæðinu til íslenskra stjórnvalda og þar til varanlegri skipan er komið á. Skv. 1. gr. laganna fer utanríkisráðherra með yfirstjórn mála, þ.m.t. skipulagsmála, á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli uns gefin er út auglýsing um að landsvæðið hafi verið tekið til annarra nota.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um svæðisskipulagsnefndir. Heimilt er samkvæmt gildandi lögum að skipa samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags, sbr. 12. gr. laganna. Lagt er til að í þeim tilvikum sem sveitarstjórnir ákveða að ráðist skuli í gerð svæðisskipulags skuli skipa svæðisskipulagsnefnd. Þar sem er í gildi svæðisskipulag skal vera starfandi svæðisskipulagsnefnd en það er nýmæli að svæðisskipulagsnefndir skuli ekki einungis skipaðar til að sjá um gerð svæðisskipulags, eins og á við um samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags samkvæmt gildandi lögum, heldur skulu þær starfa áfram og sjá um breytingar og framfylgd á svæðisskipulaginu. Svæðisskipulagsnefndir skulu vera skipaðar að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum og eru því að jafnaði skipaðar til fjögurra ára í senn. Þeim nefndum sem kunna að vera starfandi við gildistöku laganna ber að starfa áfram, sbr. 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Þessi breyting á starfi svæðisskipulagsnefnda er lögð til þar sem talið er nauðsynlegt að samfella og þekking myndist í starfi þeirra og til að einfalda meðferð breytinga á svæðisskipulagi.

Í 3. mgr. er kveðið á um með hvaða hætti svæðisskipulagsnefndir beri að tilkynna sveitarstjórnum um ákvarðanir sínar, en þeim ber að senda fundargerðir sínar til hlutaðeigandi sveitarstjórna. Ákvarðanir nefndarinnar eru háðar samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna líkt og nú gildir, sbr. 4. mgr. 12. gr. laganna.

4. mgr. er efnislega samhljóða 2. málsl. 4. mgr. 12. gr. gildandi laga nema lagt er til að ráðherra leiti umsagnar Skipulagsstofnunar áður en reglurnar eru settar.

Um III. kafla.

Í rannsókn sem gerð var á stöðu og framkvæmd landsskipulagsgerðar í heiminum í dag (Alterman 2001) er farið yfir ástæður þess hvers vegna yfirvöld ákveða ýmist að innleiða, efla eða draga úr skipulagsgerð á landsvísu á mismunandi tímum. Rannsóknin er byggð á dæmum frá tíu lýðræðisríkjum. Á grundvelli þessarar rannsóknar voru eftirtalin atriði skilgreind sem lykilatriði varðandi áhuga og/eða þörf á landsskipulagsgerð, en þau eru: til að skapa þjóðarsamstöðu, til að draga úr svæðisbundnum mismun milli svæða innan viðkomandi lands, til að móta stefnu og miðla málum m.t.t. umhverfis, grunngerðar og staðbundinna andstöðu við tilteknar framkvæmdir og til að takast á við tímabundna erfiðleika.

Í Danmörku, Finnlandi og Noregi hafa stjórnvöld á landsvísu markað alhliða samræmda skipulagsstefnu í tveimur fyrrnefndum löndunum á grundvelli ákvæða í skipulagslögum. Í Noregi án lagafyrirmæla, en nú liggur fyrir tillaga að frumvarpi sem gerir ráð fyrir slíkum ákvæðum í norsku skipulags- og byggingarlögunum eins og gerð var grein fyrir í almennum athugasemdum. Sú skipulagsstefna á Norðurlöndum sem mörkuð er á landsvísu á það sam-

eiginlegt að henni er fyrst og fremst ætlað að skapa leiðarljós fyrir skipulagsgerð á svæðis- eða sveitarfélagsstigi og setja fram stefnu sem varðar stærri hagsmuni, en alls staðar er gengið út frá því að höfuðábyrgð á skipulagi landnotkunar sé hjá sveitarfélögunum og að landsskipulag sé sett fram með það í huga að skipulagsákvarðanir séu teknar eins nærri borgurunum og kostur er.

Lagt er til að ákvæði um landsskipulagsáætlun verði að finna í frumvarpinu og er það nýmæli hér á landi. Með slíkri áætlun er gert ráð fyrir að tekið sé á málum sem varða almannahagsmuni og getur því varðað alla landsmenn. Sömu sjónarmið eiga við um gerð slíkrar landsskipulagsáætlunar eins og lýst hefur verið hér að framan um slíka stefnu á Norðurlöndum, þ.e. henni er fyrst og fremst ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skipulagsgerð á svæðis- eða sveitarfélagsstigi og að setja fram stefnu sem varðar stærri hagsmuni, en alls staðar er gengið út frá því að höfuðábyrgð á skipulagi landnotkunar sé hjá sveitarfélögunum. Landsskipulagsáætlun getur náð til landsins alls en getur hins vegar landfræðilega tekið til ákveðins svæðis, vegna þess að ekki er sjálfgefið að einstök atriði sem kveðið er á um í landsskipulagsáætlun varði allt landið eða efnahagslögsöguna, t.d. ef kveðið er á um miðhálendi Íslands í landsskipulagsáætlun.

Ástæða þess að lagt er til að kveðið sé á um landsskipulagsáætlun í frumvarpi þessu er sú að komið hafa fram sjónarmið um að ríkisvaldið skorti samnefnara í skipulagsmálum, þ.e. einn sameiginlegan aðila eða vettvang þar sem ríkisvaldið setur fram skipulagsstefnu sína þar sem stefna í ólíkum málaflokkum hefur verið tekin saman og samþætt. Þessu tengt er það sjónarmið að ríkinu beri að setja fram leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð hvað varðar landnotkunarákvarðanir sveitarfélaga. Þá er talin þörf á að ríkisvaldið setji fram stefnu um skipulag um þau atriði sem varða almannahagsmuni. Einnig að slík stefna hafi þýðingu þegar ríkisvaldið fer yfir skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Þannig verði til opinber og gegnsær grundvöllur fyrir eftirliti ríkisins með skipulagsgerð sveitarfélaga.

Um 10. gr.

Við samningu greinarinnar var höfð hliðsjón af ákvæðum um landsskipulag í dönsku, norsku og finnsku skipulagslögunum. Þá var einnig horft til tillagna í frumvarpi til skipulags- og byggingarlaga í Noregi þar sem kveðið er á með ítarlegri hætti á um landsskipulag heldur en í gildandi lögum.

Í 1. mgr. er lagt til að umhverfisráðherra leggi fram landsskipulagsáætlun sem þingsályktunartillögu fyrir þingið til tólf ára að afloknum hverjum alþingiskosningum. Hér er því mælt fyrir um að sama eigi við eins og t.d. um náttúruverndaráætlun og samgönguáætlun að tillögurnar séu kynntar Alþingi sem taki þær til endanlegrar afgreiðslu. Ekki er gerð krafa um að landsskipulagsáætlun taki til afmarkaðs svæðið en hún getur tekið til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar. Ef þörf er á að afmarka svæði með nákvæmum hætti í landsskipulagsáætlun skal gerð grein fyrir henni á uppdrætti eins og ætti við um landsskipulagsáætlun um miðhálendi Íslands sem yrði þá fylgiskjal með þingsályktun um viðkomandi áætlun.

Í 2. mgr. er kveðið á um efni landsskipulagsáætlunar en henni er ætlað að marka stefnu stjórnvalda í skipulagsmálum sem varða almannahagsmuni. Henni er því ekki ætlað að taka á málum einkaaðila eða sem varða einstaklingsbundin mál. Markmið með landsskipulagsáætlun er að marka stefnu fyrir landið allt eða einstaka landshluta og útfæra stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Þá skal hún miða við að samræma stefnu opinberra aðila, eins og þörf er á. Ljóst er að þörf er á að samræma ýmsar áætlanir sem gerðar eru á vegum opinberra

aðila, svo sem samgönguáætlun, náttúruverndaráætlun og rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma svo dæmi sé tekið. Skort hefur tæki sem getur skoðað slíkar áætlanir heildstætt og sett fram skýra stefnumörkun með tilliti til ákvörðunar um landnotkun við gerð skipulags. Þannig er sveitarfélögum markað skýrt leiðarljós stjórnvalda við gerð sinna skipulagsáætlana. Landsskipulagsstefnu er þannig ætlað að taka saman á einn stað og eftir atvikum samræma stefnu ríkisvalds í ólíkum málaflokkum sem snerta skipulagsgerð sveitarfélaga, auk þess sem hlutverk hennar er að miðla til skipulagsgerðar sveitarfélaga þeirri stefnu sem sett er fram í stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Dæmi um stefnu sem þannig væri heimilt að setja fram í landsskipulagsáætlun er stefnumörkun um landnotkun á tilteknum svæðum, svo sem á miðhálendi Íslands, þar sem horft væri á þætti eins og vernd og nýtingu náttúruauðlinda, samgöngukerfi og uppbyggingu ferðamannaiðnaðar. Með landsskipulagsáætluninni væri hægt að taka afstöðu til þess á hvaða svæðum ætti að fara fram frekari uppbygging vatnsafls- og jarðvarmavirkjana og á hvaða svæðum yrði ekki gert ráð fyrir virkjanaframkvæmdum sökum sérstöðu svæðis. Þá gæti stefnumörkun fyrir miðhálendið verið leiðarljós fyrir uppbyggingu vegna ferðamanna, búfjárbeit og lagningu vega svo dæmi séu tekin. Í 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að fyrsta landsskipulagsáætlunin taki til stefnumörkunar um landnotkun á miðhálendinu og er henni ætlað m.a. að taka yfir þá stefnumótandi þætti sem nú er að finna í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015. Landsskipulagsáætlun gæti einnig varðað stefnu um grunngerð á landsvísu svo sem samgöngukerfi, orkuöflunar- og dreifikerfi með tilliti til sjálfbærrar þróunar eða samþætta áætlanagerð á landshluta- eða landsvísu. Þá getur landsskipulagsáætlun varðað breytingar á búsetu í þéttbýli og dreifbýli og verið leiðarljós fyrir sveitarfélögin þegar þau vinna að stefnumörkun varðandi landnotkun, varðveislu menningarlandslags og ólíkar áherslur stefnumörkunar í þéttbýli og dreifbýli. Eðli landsskipulagsáætlunar getur samkvæmt framangreindu verið mismunandi eftir málaflokkum, hún getur þannig sagt fyrir um einstaka landnotkun, eins og á við um landsskipulagsáætlun á miðhálendi Íslands eða verið leiðarljós fyrir sveitarfélögin þegar þau vinna sína stefnumörkun og sett þá fram viðmið í þeim efnum, t.d. um hvaða sjónarmið eigi að liggja fyrir þegar tekin er ákvörðun um staðsetningu búgarða- og frístundabyggðar í skipulagi.

Lagt er til að til grundvallar landsskipulagsáætlun skuli leggja markmið frumvarpsins, sbr. 1. gr., stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun og áætlanir opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun, sbr. 3. mgr. Þannig er gert ráð fyrir að áætlanir opinberra aðila sem varða landnotkun séu hafðar til hliðsjónar við samningu landsskipulagsáætlunar.

Endurskoða skal landsskipulagsáætlun á fjögurra ára fresti og það þá metið hvort þörf sé á breytingum eða viðbótum, svo sem vegna nýrra aðstæðna eða atriða sem komið hafa upp við framkvæmd stefnunnar, sbr. 4. mgr. en stefnan er eins og áður segir til tólf ára. Einnig væri heimilt við slíka endurskoðun að taka inn nýja efnisþætti í áætlunina sem væru óskyldir þeirri áætlun sem áður hafði verið samþykkt og auka þannig efni hennar. Þannig mun landsskipulagsáætlun vera skjal sem sætir reglulegri endurskoðun og breytingum.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að landsskipulagsáætlun skuli vera bindandi fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga. Skipulagsyfirvöldum ber þannig að taka tillit til landsskipulagsáætlunar sem samþykkt hefur verið með viðhlítandi hætti. Landsskipulagsáætlun er því réttháesta skipulagsstigið sem ber að taka tillit til við gerð annarra skipulagsáætlana í þeim tilvikum þegar slík stefnumörkun liggur fyrir gagnvart einstökum skipulagsáætlunum. Í þessu felst einnig að í kjölfar setningar landsskipulagsáætlunar ber að laga gildandi skipulags-

áætlanir að nýrri landsskipulagsáætlun og gera breytingar á þeim innan tveggja ára frá samþykkt landsskipulagsáætlunarinnar.

Um 11. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þá málsmeðferð sem gildir um gerð landsskipulagsáætlana, en nauðsynlegt þykir að kveða á um það í lögunum þar sem mörg ráðuneyti og stofnanir koma að gerð stefnunnar þótt umhverfisráðherra beri ábyrgð á henni. Hlutverk ráðherra er að hafa frumkvæðið að vinnu við gerð landsskipulagsáætlunar og stýra þeirri vinnu. Hann ákveður þannig áherslur landsskipulagsstefnu hverju sinni en Skipulagsstofnun er falin framkvæmd vinnunnar. Stofnuninni er þannig ætlað að vinna drög að landsskipulagsáætlun til umhverfisráðherra og hafa við þá vinnu samráð við hlutaðeigandi stofnanir, eins og Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerð ríkisins svo að dæmi séu tekin. Einnig ber stofnuninni að hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. 1. mgr.

Skipulagsstofnun sendir ráðherra drög að landsskipulagsáætlun, sbr. 2. mgr., sem eru þá tillögur stofnunarinnar til ráðherra. Ráðherra ber að hafa samráð við önnur hlutaðeigandi ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga við gerð landsskipulagsstefnu.

Mikilvægt er að landsskipulagsáætlun sé kynnt opinberlega enda er í henni fjallað um almannahagsmuni og fá þannig fram sjónarmið íbúa og hagsmunaaðila. Mælt er fyrir um að tillaga að landsskipulagsstefnu skuli auglýst opinberlega til að tryggja að hún sé aðgengileg öllum og að almenningi verði gefið tækifæri til að koma með athugasemdir sínar við tillöguna innan átta vikna frá því að hún var birt. Jafnframt er lagt til að tillagan sé send til umsagnar sveitarfélaga og hagsmunasamtaka, sbr. 3. mgr.

Að loknum athugasemdafresti er tillagan skoðuð að nýju með tilliti til þeirra athugasemda sem borist hafa og ráðherra leggur síðan fram tillögu til þingsályktunar að landsskipulagsáætlun þegar vinnu við yfirferð athugasemda er lokið.

Um IV. kafla.

Kaflinn fjallar almennt um skipulagsskyldu sveitarfélaga sem nær til alls lands og hafs innan sveitarfélagsins. Fjallað er um þau meginmarkmið og sjónarmið sem hafa ber í huga við gerð skipulagsáætlana hvort sem um er að ræða svæðis-, aðal- eða deiliskipulag. Jafnframt er skýrt kveðið á um rétthæð skipulagsstiga innbyrðis. Einnig er kveðið á um hvaða framkvæmdir þurfa framkvæmdaleyfi og settar eru skýrar formreglur um umsókn og útgáfu framkvæmdaleyfis. Ákvæði um framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda sem eru matsskyldar eru auk þess til samræmis við lög nr. 74/2005 sem fólu í sér breytingar á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga. Þá er kveðið á um eftirlit sveitarfélaga með framkvæmdum.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga og að bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Ákvæðið er í samræmi við 9. gr. gildandi laga en skýrt er kveðið á um að skipulagsskylda sveitarfélaga nær einnig til hafs innan marka sveitarfélaga en það er í samræmi við þá skyldu sem hvílir á sveitarfélögum í dag samkvæmt gildandi rétti. Mörk sveitarfélaga eru ákveðin í lögum um sveitarfélög.

Kveðið er á um í 2. mgr. að í skipulagsáætlunum sé mörkuð stefna um landnotkun og byggðaþróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnu-

svæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur o.fl., í samræmi við 1. gr. frumvarps þessa. Greinin er í samræmi við gildandi lög en leggur áherslu á að með skipulagsáætlun er sveitarfélagið að marka stefnu til framtíðar um einstaka þætti.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á að skipulagsáætlanir skuli einnig innihalda lýsingu á umhverfi og aðstæðum á svæðinu við upphaf áætlunarinnar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér. Með því er lögð áhersla á mikilvægi þess að ljóst sé þegar stefna er tekin til framtíðar hver staðan sé.

Mikilvægi samráðs við hagsmunaaðila og íbúa er ítrekað í 4. mgr. þar sem kveðið er á um að almennt eigi að leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu. Lögð er jafnframt áhersla á mikilvægi samráðs við stjórnvöld sem gæta almannahagsmuna eins og á sviði samgangna. Skipulag getur t.d. haft áhrif á þjóðvegi sem fyrir eru, svo sem með því að auka á þeim umferðarþunga og fjölga tengingum. Slíkt samráð hefur verið viðhaft og er því er hér verið að lögfesta þá framkvæmd. Í þeim ákvæðum sem fjalla um svæðis-, aðal- og deiliskipulag er gerð nánari grein fyrir þeim lágmarkskröfum sem uppfylla þarf við samráð. Hér er lögð áhersla á að samráð við hagsmunaaðila er einn af hornsteinum við gerð skipulags.

Gert er ráð fyrir í 5. mgr. að í skipulagsáætlunum verði ávallt gerð grein fyrir áætluðum áhrifum áætlunarinnar og áhersla lögð á samanburð þeirra kosta sem til greina koma. Mikilvægt er að skoða ekki einungis einn kost heldur að við upphaf skipulagsvinnu séu nokkrir kostir skoðaðir, þeir bornir saman út frá mismunandi áhrifum sem hver kostur getur haft og með hliðsjón af þeim athugasemdum sem samráð við hagsmunaaðila hefur leitt í ljós. Einnig er vísað til þess að skipulagsáætlanir skuli hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi en um það atriði vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta. Þá er minnt á að setja beri í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd, ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar eða trjágróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að slík svæði hafi hlotið friðun samkvæmt öðrum lögum. Það er nýmæli að nú getur verndun náð til byggðar í heild en ekki eingöngu einstakra bygginga eða húsaþyrpinga.

Að lokum er í 6. mgr. kveðið á um að gildandi skipulagsáætlanir innan sveitarfélaga skulu vera í innbyrðis samræmi, eins og kveðið er á um í lögunum. Lagt er til það nýmæli að kveðið sé á um rétthæð skipulagsstiga innbyrðis, þannig að svæðisskipulag sé rétthærra en aðalskipulag og aðalskipulag er svo aftur rétthærra en deiliskipulag. Rétt þykir að kveðið sé afdráttarlaus á um þetta í frumvarpinu en lögin hafa verið túlkuð með þessum hætti. Þá er kveðið á um að við gerð framangreindra skipulagsáætlana eða breytingar á þeim séu sveitarstjórnir bundnar af gildandi landsskipulagsáætlun. Þannig eru sveitarstjórnir bundnar af þeirri stefnu sett er fram í landsskipulagsáætlun þegar þær vinna að gerð og afgreiðslu skipulagsáætlana sveitarfélaganna. Ákvæðið um landgræðslu- og skógræktaráætlanir er samhljóða 11. mgr. 27. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um almennt um framkvæmdaleyfi. Greinin er efnislega samhljóða 1.–4. mgr. og 8.–9. mgr. 27. gr. gildandi laga. Greinin setur fram kröfur sem fylgja þarf við yfirferð og útgáfu framkvæmdaleyfis. Lagt er til að gildandi ákvæði um framkvæmdaleyfi verði skipt í tvær greinar, annars vegar ákvæði sem fjallar almennt um framkvæmdaleyfi og hins vegar ákvæði um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmda. Þá er einnig lagt

til að ákvæði 27. gr. sem fjallar um gildistíma framkvæmdaleyfis sé fært í 15. gr. frumvarpsins sem fjallar um útgáfu og gildistíma framkvæmdaleyfis.

Í 1. mgr. er kveðið á um það hvenær afla þurfi framkvæmdaleyfis sveitarstjórna, þ.e. vegna meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess og vegna annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þannig þarf ætíð að afla framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og er það ekki breyting á því sem gilt hefur. Ekki er heimilt að hefja þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í ákvæðinu fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórna. Sé framkvæmd byggingarleyfisskyld fer um hana samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki og þarf þá ekki að afla framkvæmdaleyfis. Í 9. gr. frumvarps til laga um mannvirki eru tilgreindar þær framkvæmdir sem þarf að afla byggingarleyfis fyrir. Skýrt er kveðið á um að framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir séu ekki einungis framkvæmdir sem falla undir lög á umhverfisáhrifum heldur allar þær framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið.

Í 2. mgr. kveður á um að öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga sé háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd. Einnig er lagt til að framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skuli gefið út til tiltekins tíma og þar skuli gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis og ýmsum öðrum atriðum sem talin eru upp í greininni.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að þeim sem óska eftir framkvæmdaleyfi beri að senda skriflega umsókn um slíkt ásamt nauðsynlegum gögnum. Er þetta í samræmi við gr. 9.2 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að við útgáfu framkvæmdaleyfis beri sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við þær skipulagsáætlanir sem sveitarfélagið hefur tekið ákvörðun um. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Í 5. mgr. er fjallað um veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag. Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 23. gr. gildandi laga að gerð er krafa um að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag, varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Þannig eru ríkari kröfur gerðar til þess hvernig fara skuli með veitingu leyfa á svæðum þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag og þurfa þær að hafa ákveðna samsvörun við viðkomandi svæði. Fara skal fram grenndarkynning áður en leyfi er veitt samkvæmt ákvæðinu.

Í 6. mgr. er kveðið á um það hverjum sé heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar sé vafi um hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi og er ákvæðið samhljóða 8. og 10. mgr. 27. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Greinin er byggð á 4.–7. mgr. 27. gr. laganna, sbr. breytingar sem gerðar voru á skipulags- og byggingarlögum með lögum nr. 74/2005. Í 1. mgr. kemur fram að óheimilt sé að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld. Matsskyldar framkvæmdir eru þær framkvæmdir sem falla undir 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða þær framkvæmdir sem að mati Skipulagsstofnunar eru matsskyldar, sbr. 6. gr. sömu laga. Sveitarstjórn ber að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og kanna hvort um sé að ræða sömu framkvæmd og lýst er í matsskýrslu, sbr. 2. mgr. Sveitarstjórn ber síðan að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á um-

hverfisáhrifum. Þar sem Skipulagsstofnun gefur álit sitt um matsskýrslu framkvæmdaraðila er skýrslan þar með grundvöllur þess álits og þykir því eðlilegt að sveitarstjórn hafi kynnt sér matsskýrsluna áður en hún tekur afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Markmið hér er að sveitarstjórn taki upplýsta ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli allra þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar. Þar sem um er að ræða álit Skipulagsstofnunar sem sveitarstjórn ber að taka afstöðu til bindur það ekki hendur þess stjórnvalds sem fer með útgáfu framkvæmdaleyfis.

Í 3. mgr. er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að binda framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar og getur hún þannig í framkvæmdaleyfi tekið upp eitt eða fleiri af þeim skilyrðum. Skilyrði sem fram koma í áliti Skipulagsstofnunar geta kveðið m.a. á um mótvægisaðgerðir og samráð við tiltekna aðila. Sveitarstjórn er hins vegar heimilt en ekki skylt að taka upp slík skilyrði, enda er hún ekki bundin af áliti Skipulagsstofnunar eins og áður sagði. Það er þó bundið því skilyrði að önnur stjórnvöld, sem veita leyfi til framkvæmdanna, hafi ekki tekið afstöðu til skilyrðanna í áliti Skipulagsstofnunar. Þegar svo stendur á ber sveitarstjórn ekki að taka upp slík skilyrði, enda er það í höndum annarra leyfisveitenda að fjalla um þau. Ákvæðið er í samræmi við þau sjónarmið að niðurstöður mats skuli teknar til athugunar við útgáfu leyfis til framkvæmda, sbr. 8. gr. tilskipunar 85/337/EB eins og henni var breytt með 10. gr. tilskipunar 97/11/EB. Þá getur sveitarstjórn bundið framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins, enda þarf framkvæmd ávallt að vera í samræmi við slíkar áætlanir. Markmið með setningu slíkra skilyrða er að tryggja að framkvæmd samræmist þeim skipulagsákvörðunum sem sveitarfélag hefur tekið í viðkomandi skipulagsáætlun og að þeim sé fylgt eftir við útgáfu framkvæmdaleyfis. Sveitarstjórn er þannig veitt heimild til að taka efnisatriði skipulagsáætlunar upp sem skilyrði við útgáfu framkvæmdaleyfis. Ákvæðið felur því ekki í sér sjálfstæða heimild sveitarstjórnar til að setja framkvæmd viðbótarskilyrði. Markmið ákvæðisins er að tryggja að framkvæmd verði í samræmi við gildandi skipulagsáætlun.

Lagt er til í 4. mgr. að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar verði birt með auglýsingu í Lögbirtingablaði og dagblaði sem gefið er út á landsvísu og að í ákvörðun séu tilgreindar kæruheimildir og kærufrestir. Í auglýsingunni skal vísað til þess hvar álitið sé aðgengilegt í heild, en almenningur skal eiga greiðan aðgang að því samkvæmt framangreindu ákvæði. Hér er lagt til að sami háttur verði hafður á og Skipulagsstofnun hefur um kynningu á úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum. Þannig er tryggt að þeim sem hafa málskotsrétt vegna ákvarðana sveitarstjórnar sé kynnt ákvörðun hennar og forsendur þeirrar ákvörðunar og þeim þannig gefið tækifæri til gera athugasemdir sínar við þá ákvörðun.

Um 15. gr.

Í greininni er mælt fyrir um kröfur sem gerðar eru varðandi útgáfu framkvæmdaleyfis og um gildistíma þess. Hér er lagt til að fylgt sé sömu formkröfum og gerðar eru til byggingarleyfa, sbr. 45. gr. skipulags- og byggingarlaga. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að gefa út framkvæmdaleyfi þegar sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt skipulagsnefndar um veitingu framkvæmdaleyfis og þegar framkvæmdaleyfisgjald og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Í 2. mgr. er kveðið á um að framkvæmdaleyfi falli úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Stöðvist framkvæmdir í eitt ár eða lengur getur sveitarstjórn fellt

framkvæmdaleyfið úr gildi. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr. 27. gr. og 2. mgr. 45. gr. laganna.

Kveðið er á um í 3. mgr. að hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur sveitarstjórn að tillögu byggingarfulltrúa með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa. Ákvæðið er efnislega samhljóma 3. mgr. 45. gr. laganna.

Um 16. gr.

Grein þessi er nýmæli en hún er byggð á 41. gr. gildandi laga um eftirlit með byggingarleyfisskyldum framkvæmdum. Rétt þykir að kveðið sé á um eftirlit sveitarstjórna með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum eins og gert er um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir enda ekki síður þörf á eftirliti með slíkum framkvæmdum. Skv. 1. mgr. er sveitarstjórn falið eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi skal ætíð vera eftirlitsmönnum aðgengilegt.

Í 2. mgr. er lögð til heimild sveitarstjórnar til að krefja framkvæmdaraðila um aðgerðir við tilteknar aðstæður. Sveitarstjórn er þannig heimilt að leggja fyrir framkvæmdaraðila að grípa til aðgerða og bæta úr því sem áfátt er sé ásigkomulagi, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar ábótavant eða stafi af henni hætta að mati sveitarstjórnar. Sama á við þegar framkvæmd er ekki í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi.

Lagt er til að við greinina bætist ný málsgrein í samræmi við breytingu sem gerð var á skipulags- og byggingarlögum með lögum nr. 74/2005 sem heimilar sveitarstjórn í tilteknum tilvikum að skipa eftirlitsnefnd vegna eftirlits með matsskyldum framkvæmdum.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um þau gjöld sem standa eiga undir hluta af kostnaði við gerð skipulags. Skipulagsgjald sem innheimt er af þeim nýbyggingum sem virtar eru til brunabóta skal standa undir hluta af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulagsáætlana. Skipulagsgjald rennur í svokallaðan Skipulagssjóð og er kveðið á um með hvaða hætti greiðsla kostnaðar við gerð framangreindra skipulagsáætlana eigi að skiptast á milli sveitarfélaga og ríkisins. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta bílastæða- og framkvæmdaleyfisgjald til að standa undir kostnaði við gerð bílastæða og vegna framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um skipulagsgjald til að standa straum af kostnaði við gerð skipulagsáætlana og er ákvæðið að mestu samhljóða 35. gr. gildandi laga. Gerð er sú breyting í 1. mgr. að skipulagsgjald skuli einnig standa undir kostnaði við gerð þróunarverkefna, t.d. vegna kostnaðar við gerð hæðarmódels sem nýtist við kortagerð fyrir landið allt. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun vinni slík verkefni eða veiti styrki til slíkra verkefna, svo sem til sveitarfélaga.

Lagt er til í 2. mgr. að greitt skuli skipulagsgjald af nýbyggingum eins og verið hefur, sbr. 2. mgr. 35. gr. laganna. Sú breyting er hins vegar lögð til að fallið er frá skyldu til greiðslu skipulagsgjalds af þeim mannvirkjum sem ekki eru virt til brunabóta og er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur af greiðslu skipulagsgjalda. Mun því þessi breyting ekki leiða til lækkunar á innheimtu skipulagsgjalda miðað við það sem verið hefur. Ástæðan er sú að ekki hefur reynst framkvæmanlegt að greiða skipulagsgjald af öðrum mannvirkjum en nýbyggingum sem metnar eru til brunabóta þar sem önnur mannvirki hafa ekki verið metin til brunabóta og stofnverð þeirra hefur ekki verið skilgreint sem gjaldstofn hjá Fasteignamati

ríkisins. Hins vegar er lagt til í 2. mgr. 20. gr. að sveitarstjórn hafi heimild til að innheimta gjald þar sem nauðsynlegt er að vinna skipulagsáætlun eða breyta henni vegna leyfisskyldra framkvæmda. Þannig er gert ráð fyrir að við gerð mannvirkja sem ekki eru virt til brunabóta, eins og loftlína til flutnings raforku, aðal- og dreifiæðar vatnsveitna og stofnkerfi hitaveitna svo dæmi séu tekin, sé hægt að krefjast gjalds af framkvæmdaraðila sem stendur undir öllum kostnaði við skipulagsvinnu vegna framkvæmdarinnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um gjalddaga skipulagsgjalds og er ákvæðið í samræmi við 3. mgr. 35. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um greiðslu kostnaðar úr Skipulagssjóði vegna skipulagsvinnu. Greinin er að mestu óbreytt frá 34. gr. gildandi laga. Í 1. tölul. er kveðið á um kostnað við gerð landsskipulagsstefnu sem greiðast skal úr ríkissjóði.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóða 54. gr. laganna.

Um 20. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt sé að innheimta framkvæmdaleyfisgjald vegna útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir. Framkvæmdaleyfisgjald er þjónustugjald. Ljóst er að útgáfu framkvæmdaleyfa getur fylgt þónokkur kostnaður fyrir sveitarfélög, svo sem þegar um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir. Skýrt er því kveðið á um að heimilt sé að innheimta gjald fyrir þeim kostnaði sem útgáfa leyfis hefur fyrir sveitarfélagið og jafnframt fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu. Gera má ráð fyrir að sveitarfélög þurfi að leita til utanaðkomandi sérfræðinga ef um er að ræða útgáfu leyfa fyrir stórar eða flóknar framkvæmdir. Ákvæðið er að hluta til byggt á 53. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er nýmæli um heimild sveitarstjórnar til að innheimta gjald vegna vinnu við skipulagsáætlun eða breytingar á fyrirliggjandi skipulagsáætlunum sem er nauðsynleg samfara framkvæmdum sem falla undir 13. gr. Innheimta þessi skal gerast samhliða útgáfu framkvæmdaleyfis. Gjaldið skal ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við gerð skipulagsuppdráttar og skipulagsgreinargerðar og kynningu og auglýsingu skipulagsáætlunar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn skal setja gjaldskrá um innheimtu gjalda samkvæmt greininni og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um svæðisskipulag og þá málsmeðferð sem gildir við gerð þess, eins og samráð, kynningu og afgreiðslu þess. Lagt er til það nýmæli að Skipulagsstofnun staðfesti að meginstefnu til svæðisskipulag í stað umhverfisráðherra. Þó er gert ráð fyrir staðfestingu umhverfisráðherra í ákveðnum tilvikum. Hér er um að ræða sömu breytingar og lagðar eru til varðandi staðfestingu aðalskipulags. Þá eru lagðar til breytingar á svæðisskipulagi með það í huga að gera skýrari greinarmun á svæðisskipulagi samanborið við aðalskipulag þannig að komið sé í veg fyrir skörun og tvíverknað við gerð skipulags, en það gerir skipulagsferlið skilvirkara. Lagt er til að svæðisskipulag fjalli eingöngu um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu en ekki almennt um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun. Ekki er gerð krafa eins og nú gildir að svæðisskipulagið taki til alls lands

viðkomandi sveitarfélaga heldur getur svæðisskipulagið tekið til heilla landshluta eða ákveðinna þátta landnotkunar sem nær til fleiri en eins sveitarfélags. Þar sem lagt er til að efni svæðisskipulags sé breytt og það gert sveigjanlegra er ekki lengur talin þörf fyrir óverulegar breytingar á svæðisskipulagi og er því ekki lengur gert ráð fyrir slíkum breytingum á svæðisskipulagi. Sérstaklega er kveðið á um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og skal svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins vera föst nefnd sem fer með breytingar og framfylgd þess skipulags.

Um 21. gr.

Í greininni er fjallað um svæðisskipulag, hvað því ber að fjalla um og framsetningu þess. Greinin er að hluta til byggð á 12. gr. gildandi laga en lagðar eru til þó nokkrar breytingar frá henni. Í svæðisskipulagi er sett fram sameiginleg stefna þeirra sveitarfélaga sem standa að skipulaginu um byggðaþróun og landnotkun sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaga. Þannig er lögð áhersla á að í svæðisskipulagi sé eingöngu fjallað um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu en um aðra þætti ber því að fjalla um í aðal- og deiliskipulagi sveitarfélagsins. Dæmi um þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma eru t.d. atvinnuuppbygging, náttúruvernd, vatnsvernd, sorpurðun, frárennsli og samgöngur. Ekki er því gert ráð fyrir að í svæðisskipulagi sé fjallað um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun nema þegar það þykir nauðsynlegt t.d. til að tryggja sameiginlega hagsmuni viðkomandi sveitarfélags eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi. Dæmi um slíkar staðbundnar ákvarðanir eru t.d. línulagnir vegna veitufyrirtækja og önnur stór verkefni sem ná til svæðis sem taka til fleiri en eins sveitarfélags. Í upphafi vinnu við gerð svæðisskipulags verður að skilgreina til hvaða málaflokka skipulagið eigi að taka, svo sem fráveitumála, skólamála og hafnarmála auk hinna hagrænu þátta. Nauðsynlegt er að gerður sé skýr greinarmunur á svæðisskipulagi annars vegar og öðrum skipulagsáætlunum hins vegar en svæðisskipulaginu er ætlað að setja fram meginstefnu um helstu hagsmunaþætti sveitarfélaganna sem aðrar skipulagsáætlanir byggja á, en því er ekki ætlað að meginstefnu til að fjalla um einstakar framkvæmdir.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli þar sem lagt er til að svæðisskipulag geti tekið til heilla landshluta eða annarra stærri heilda. Því er ekki lengur gert ráð fyrir að svæðisskipulag taki til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli. Ekki er því lengur þörf á að fyrir hendi sé heimild til gerðar sérstaks svæðisskipulags, sbr. 15. gr. laganna þar sem nú þarf svæðisskipulag ekki að ná til alls lands sveitarfélags og er því lagt til að framangreint ákvæði gildandi laga verði fellt brott. Þannig er lagt til að heimilt verði að gera svæðisskipulag sem tekur til nokkurra sveitarfélaga til dæmis vegna línulagna, hafnareksturs o.fl.

Í 3. mgr. er lagt til að stefnumörkun svæðisskipulags taki a.m.k. til tólf ára eins og verið hefur.

Í 4. mgr. er fjallað um framsetningu svæðisskipulagsins en það skal að jafnaði sett fram í skipulagsgreinargerð en ekki í skipulagsuppdrætti eins og nú gildir. Það á þó ekki við þegar um er að ræða stefnu um staðbundnar ákvarðanir sem eru í svæðisskipulagi en þá ber að setja svæðisskipulag fram á þemauppdráttum með greinargerðinni og/eða á sérstökum skipulagsuppdrætti. Þetta er til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á innihaldi svæðisskipulags um að það marki meginstefnu en fjalli ekki um einstakar ákvarðanir um landnotkun og því á almennt ekki að vera þörf á að setja svæðisskipulagsáætlanir fram á uppdráttum. Í svæðisskipulagi skal gerð grein fyrir umhverfismati þess. Samþykkt hafa verið lög nr.

105/2006, um umhverfismat áætlana, sem gera ráð fyrir að skipulagsáætlanir fari í umhverfismat.

Um gerð og framsetningu svæðisskipulagsins fer að öðru leyti skv. 12. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á heimild til að gera svæðisskipulag en sveitarfélögum er það ekki skylt. Sé það gert skal skipa svæðisskipulagsnefnd.

Vegna sérstöðu höfuðborgarsvæðisins sem samliggjandi þéttbýliskjarna er hins vegar lagt til það nýmæli að skylt sé að hafa í gildi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis, en ekki sé einungis um heimild að ræða. Í gildi er svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001–2024 frá 20. desember 2002. Eins og fram kemur í 9. gr. skulu svæðisskipulagsnefndir vera starfandi þar sem í gildi er svæðisskipulag og fer þá nefndin með framfylgd og breytingar á því svæðisskipulagi. Lagt er til að svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðis verði föst nefnd sem ávallt verður starfandi og hefur framangreint hlutverk gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Skilgreint er í 2. mgr. til hvaða sveitarfélaga svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins nær og er það í samræmi við gildandi svæðisskipulag á þessu svæði.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um hvert sé hlutverk svæðisskipulagsnefnda. Svæðisskipulag er ekki gilt nema með samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna og er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 4. mgr.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um hvernig staðið skuli að gerð svæðisskipulags, kynningu þess og samráði við gerð þess. Greinin er að hluta til byggð á 13. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli að vinna við gerð svæðisskipulags hefjist með lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 1. mgr., þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hafi við gerð skipulagsins, forsendur þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Með ákvæðinu er lagt til að vinna við gerð svæðisskipulags sé í samráði við Skipulagsstofnun unnin á gagnsæjan hátt allt frá upphafi þeirrar vinnu þegar skipulagstillagan er í mótun. Með því er lögð áhersla á að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar, svo sem opinberar stofnanir, fái tækifæri til að kynna sér alveg frá upphafi hugmyndir sveitarfélaga að því svæðisskipulagi sem þau ætla að vinna að og þessir aðilar komi athugasemdum sínum á framfæri. Slík vinnubrögð við gerð svæðisskipulags stuðla að því að aflað sé víðtækra upplýsinga og sjónarmiða strax frá upphafi vinnu við gerð svæðisskipulagsins.

Næsta skref í vinnu við gerð svæðisskipulags er að kynna sjálfa skipulagstillöguna fyrir almenningi, forsendur hennar og umhverfismat, sbr. 2. mgr. Greinin er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 13. gr. laganna.

Að lokinni kynningu er endanleg tillagan lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir og send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. 3. mgr., sem er nýmæli varðandi gerð svæðisskipulags en slíkt ferli gildir við gerð aðalskipulags, sbr. 2. og 3. mgr. 17. gr. gildandi laga. Rétt þykir að Skipulagsstofnun hafi rétt til að gera athugasemdir við svæðisskipulagstillögur eins og hún hefur varðandi aðalskipulagstillögur. Ef stofnunin hefur athugasemdir sem sveitarstjórn vill ekki koma til móts við skal auglýsa þær athugasemdir með skipulagstillögunni.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um auglýsingu svæðisskipulagstillögu og er hún að hluta til byggð á 2. og 3. mgr. 13. gr. gildandi laga. Ekki er gert ráð fyrir að fylgigögn tillögu séu sérstaklega höfð til sýnis ásamt tillögunni eins og í gildandi lögum þar sem ekki þykir þörf á því.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um hvernig meðferð svæðisskipulagstillögu skuli vera eftir að auglýsingafrestur tillögunnar er liðinn. Greinin byggist að hluta til á 3.–5. mgr. 13. gr. gildandi laga. Svæðisskipulagsnefnd fjallar um tillöguna að loknum auglýsingafresti og hefur 12 vikur til að fara yfir athugasemdir og gera tillögu sína að svæðisskipulagi til hlutaðeigandi sveitarstjórna, sbr. 2. mgr.

Svæðisskipulagsnefnd getur samþykkt svæðisskipulagið að öllu leyti eða að hluta, sbr. 3. mgr., en ekki er gert ráð fyrir því í gildandi lögum að nefndin hafi heimild til að samþykkja það að hluta. Allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir verða að samþykkja svæðisskipulagið, sbr. 22. gr. Svæðisskipulagsnefnd skal senda Skipulagsstofnun tillögu sína ásamt athugasemdum og umsögnum nefndarinnar.

Lagt er til það nýmæli, sbr. 4., 5. og 6. mgr., að ráðherra staðfesti ekki svæðisskipulag eins og nú gildir heldur eingöngu í þeim tilvikum þegar Skipulagsstofnun telur að synja beri staðfestingar svæðisskipulags. Skipulagsstofnun er þannig að meginstefnu til ætlað að staðfesta endanlega skipulagstillögur sveitarfélaga og auglýsa þær í Stjórnartíðindum sem nú er hlutverk umhverfisráðherra. Lagt er til að stofnuninni séu sett ákveðin tímamörk varðandi staðfestingu svæðisskipulags. Með þessari breytingu er ætlunin að einfalda stjórnsýslu þessara mála þannig að eitt stjórnvald komi að staðfestingu skipulagsstillagna í stað tveggja áður og mun það auka skilvirkni þessara mála. Skipulagsstofnun mun hafa sama hlutverk og ráðherra varðandi yfirferð aðalskipulagstillagna og m.a. að gæta þess að þær séu í samræmi við lög, svo sem samþykkta landsskipulagsáætlun. Telji Skipulagsstofnun að synja beri staðfestingar svæðisskipulags ber umhverfisráðherra að fá slíkar tillögur til afgreiðslu og er þá hans hlutverk að taka afstöðu til staðfestingar tillögunnar í stað Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun skal rökstyðja tillögu sína til ráðherra um synjun staðfestingar sbr. 5. mgr. en það er nýmæli til samræmis við það sem gildir um tillögu stofnunarinnar að aðalskipulagi.

Í 6. mgr. er kveðið á um staðfestingu ráðherra á svæðisskipulagi og birtingu þess í Stjórnartíðindum.

Í 7. mgr. er tekið fram að sveitarfélög sem aðild eiga að svæðisskipulaginu séu bundin af stefnu þess við gerð aðalskipulags og er það til samræmis við 7. mgr. 12. gr. varðandi réttháð mismunandi skipulagsáætlana. Þannig ber við gerð aðalskipulags að taka mið af þeirri stefnu sem mörkuð er í viðkomandi svæðisskipulagi.

Um 26. gr.

Eins og fram kemur í 9. gr. skulu svæðisskipulagsnefndir skipaðar að loknum sveitarstjórnarkosningum. Lagt er því til að svæðisskipulagsnefnd meti þá hvort ástæða sé til að endurskoða það skipulag sem er í gildi eða að ákveða að það verði óbreytt. Hér er um sömu heimild að ræða eins og gildir um aðalskipulag, sbr. 31. gr. og 5. mgr. 16. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Greinin sem fjallar um heimild til að gera breytingar á gildandi svæðisskipulagi er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 14. gr. gildandi laga. Ekki er gert ráð fyrir að heimild sé til að gera óverulegar breytingar á svæðisskipulagi, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, enda ekki þörf á því þar sem gert er ráð fyrir því að í svæðisskipulagi sé stefnumörkun það almenn að hún leyfi ákveðinn sveigjanleika.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um aðalskipulag og þá málsmeðferð sem gildir við gerð aðalskipulags, eins og samráð, kynningu og afgreiðslu þess. Lagt er til það nýmæli að Skipulagsstofnun staðfesti að meginstefnu til aðalskipulag í stað umhverfisráðherra. Þó er gert ráð fyrir staðfestingu umhverfisráðherra í ákveðnum tilvikum. Hér er um að ræða sömu breytingar og lagðar eru til varðandi staðfestingu svæðisskipulags. Lagðar eru til breytingar um óverulegar breytingar á aðalskipulagi til að einfalda málsmeðferð þess. Lagt er til að gerð sé grein fyrir samhengi aðalskipulagsáætlunar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Hér er um að ræða umfjöllun sem fellur undir svokallað rammaskipulag og getur það sagt fyrir um hvað sé fyrirhugað varðandi þróun byggðar eins og eldri byggðar í sveitarfélaginu. Lagt er til að heimilt sé að vísa ágreiningi nefndar vegna atriða sem samræma þarf í aðalskipulagi fleiri en eins sveitarfélaga til ráðherra til úrskurðar. Skal aðalskipulag samræmt slíkum úrskurði. Með þessu er ætlað að taka á því vandamáli ef nefndin sem leysa á úr ágreiningi kemst ekki að sameiginlegri niðurstöðu þar sem fyrir hendi verður að vera úrræði til að skera úr ágreiningi.

Um 28. gr.

Í greininni er fjallað um efni og framsetningu aðalskipulags. Aðalskipulag nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og er þar sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins svo sem um landnotkun og byggðaþróun, sbr. 1. mgr. Það er nýmæli að í aðalskipulagi skuli sett fram stefna um byggðamynstur en það hugtak er skilgreint í 2. gr.

Aðalskipulag er grundvöllur að gerð deiliskipulags, sbr. 2. mgr., og er það í samræmi við 6. mgr. 11. gr. þar sem gerð er grein fyrir rétthæð einstakra skipulagsstiga en aðalskipulag er rétthærra en deiliskipulag. Lagt er til að í aðalskipulagi verði kveðið með nákvæmari hætti á um einstök atriði í skipulaginu en nú er svo sem um byggðamynstur fyrir einstök svæði, t.d. hvort um sé að ræða nýbyggingarsvæði eða uppbyggingu í eldri byggð. Þannig getur aðalskipulagið gefið nánari fyrirmæli um fyrirkomulag byggðar í sveitarfélaginu.

Í 3. mgr. er kveðið á um þann ramma sem markar stefnu í viðkomandi aðalskipulagi, en þar er um að ræða m.a. landsskipulagsstefnu sem sveitarstjórnir eru bundnar af og svæðisskipulag, sé það fyrir hendi.

Til samræmis við gerð svæðisskipulags skal í aðalskipulagi marka stefnu til a.m.k. tólf ára, sbr. 4. mgr. Gera skal grein fyrir samhengi áætlunarinnar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum með rammaskipulagi og er það nýmæli að kveðið sé á um rammaskipulag. Í 2. gr. er rammaskipulag skilgreint sem sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru nánar samfelld svæði eða bæjarhlutar með það að markmiði að ákvarða nánar um meginþætti þjónustukerfa og afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana. Með slíku skipulagi er hægt að einfalda málsmeðferð þannig að skipulagið geti sagt fyrir um hvað sé fyrirhugað varðandi þróun byggðar svo sem eins og eldri byggðar. Þetta skipulag hentar vel þegar verið er að skoða miðkjarna sveitarfélaga, en þróunaráætlun miðborgar Reykjavíkur er dæmi um slíkt skipulag.

Í 5. mgr. er kveðið á um með hvaða hætti eigi að setja fram aðalskipulag, en það skal annars vegar sett fram í skipulagsgreinargerð og hins vegar á skipulagsuppdrætti og eftir atvikum þemauppdráttum. Ákvæðið er nýmæli en til samræmis við þá framkvæmd sem verið hefur að aðalskipulagi sé lýst í greinargerð og á uppdrætti. Um umhverfismat aðalskipulags fer samkvæmt reglum sem fram koma í frumvarpi til laga um umhverfismat áætlana, sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Um 29. gr.

Í greininni er kveðið á um að sveitarstjórn beri ábyrgð á gerð aðalskipulags í sínu sveitarfélagi og að skipulagsnefnd í umboði sveitarstjórnar annist alla framkvæmd við gerð þess, þ.e. láti vinna tillögu að aðalskipulagi, kynna hana og afgreiða svo skipulagið. Um skipulagsnefndir fer skv. 6. gr.

Um 30. gr.

Í greininni er fjallað um hvernig staðið skuli að gerð aðalskipulags, kynningu þess og samráði við gerð þess. Greinin er að hluta til byggð á 17. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli að vinna við gerð aðalskipulags hefjist með lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 1. mgr. þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Hér er um að ræða samsvarandi ákvæði og á við um gerð svæðisskipulags, sbr. 23. gr. Með ákvæðinu er lagt til að vinna við gerð aðalskipulags sé unnin á gagnsæjan hátt allt frá upphafi þeirrar vinnu þegar skipulagstillagan er í mótun. Með því er lögð áhersla á að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar, svo sem opinberar stofnanir, fái tækifæri til að kynna sér alveg frá upphafi hugmyndir sveitarfélaga að viðkomandi aðalskipulagi og að þessir aðilar geti komið athugasemdum sínum á framfæri. Slík vinnubrögð stuðla að því að aflað sé víðtækra upplýsinga og sjónarmiða strax frá upphafi vinnu við gerð aðalskipulagsins. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum en þar er um að ræða stjórnvöld sem hafa sérþekkingu á þeim sviðum sem snerta einstaka þætti skipulagsins, svo sem Flugmálastjórn, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun. En mikilvægt er að fá umsagnir slíkra aðila eins snemma í ferlinu og unnt er.

Í 2. mgr. er kveðið á um kynningu á tillögu að aðalskipulagi og er hún að mestu efnislega óbreytt frá 1. mgr. 17. gr. laganna. Lagt er til að tillagan skuli kynnt svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum sem þær eru starfandi.

Sveitarstjórn fjallar um skipulagstillöguna að lokinni kynningu og sendir hana til Skipulagsstofnunar, sbr. 3. mgr. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 2. og 3. mgr. 17. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Í greininni er fjallað um auglýsingu aðalskipulagstillögu og er hún að hluta til byggð á 1. og 2. mgr. 18. gr. laganna. Auglýsa skal tillöguna með áberandi hætti en þar getur fallið undir að tillagan sé auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Jafnframt er kveðið á um hvar tillagan skuli vera aðgengileg, m.a. á netinu.

Um 32. gr.

Í greininni er fjallað um afgreiðslu sveitarstjórnar á aðalskipulagi og gildistöku þess. Í 1. mgr. er kveðið á um umfjöllun sveitarstjórnar um tillöguna eftir að auglýsingafresti er lokið skv. 27. gr. Greinin er efnislega óbreytt 3. mgr. 18. gr. gildandi laga nema að ekki er gerð krafa um umfjöllun skipulagsnefndar.

Í 2. mgr. er fjallað um afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögu á aðalskipulagi til Skipulagsstofnunar en lagt er til að það beri sveitarstjórn að gera innan tólf vikna og er því sá tími lengdur um fjórar vikur frá því sem nú gildir enda hefur sá frestur reynst of skammur.

Lagt er til það nýmæli, sbr. 3., 4. og 5. mgr., að ráðherra staðfesti ekki aðalskipulag eins og nú gildir heldur eingöngu í þeim tilvikum þegar Skipulagsstofnun telur að synja eða fresta

beri staðfestingu aðalskipulags að öllu leyti eða að hluta. Skipulagsstofnun er þannig að meginstefnu til ætlað að staðfesta endanlega skipulagstillögur sveitarfélaga og auglýsa þær í Stjórnartíðindum sem nú er hlutverk umhverfisráðherra. Lagt er til að stofnuninni séu sett ákveðin tímamörk varðandi staðfestingu aðalskipulags. Með þessari breytingu er ætlunin að einfalda stjórnsýslu þessara mála þannig að eitt stjórnvald komi að staðfestingu skipulagstillagna í stað tveggja áður og mun það auka skilvirkni þessara mála. Skipulagsstofnun mun hafa sama hlutverk og ráðherra varðandi yfirferð skipulagstillagna og m.a. að gæta þess að þær séu í samræmi við lög, svo sem samþykkta landsskipulagsáætlun. Telji Skipulagsstofnun að synja eða fresta beri staðfestingu aðalskipulags ber umhverfisráðherra að fá slíkar tillögur til afgreiðslu og er þá hans hlutverk að taka afstöðu til staðfestingar tillögunnar í stað Skipulagsstofnunar.

Í 6. mgr. er kveðið á um gildi aðalskipulags gagnvart deiliskipulagi og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa og er það nýmæli. Þannig verður deiliskipulag og útgáfa leyfa að vera í samræmi við aðalskipulag.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 20. gr. gildandi laga en það er nýmæli að heimilt er fresta gerð aðalskipulagsáætlunar ef óvissa eða ágreiningur ríkir um atriði sem geta haft veruleg áhrif á gerð skipulagsins. Dæmi um atriði sem geta valdið óvissu um framkvæmd skipulags er ef upplýsingar skortir um landfræði svæðisins. Felld hefur verið brott 2. mgr. 20. gr. laganna um frestun ráðherra á staðfestingu á aðalskipulagi enda ekki talin þörf á henni með þeirri breytingu sem hér er lögð til. Eins hefur ráðherra fengið ákveðið úrskurðarhlutverk skv. 4. mgr. 34. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Greinin er nær óbreytt 22. gr. gildandi laga en 4. mgr. er nýmæli. Ef nefnd sem skipuð er skv. 3. mgr. kemst ekki að sameiginlegri niðurstöðu skal senda málið til úrskurðar ráðherra. Ákvæðinu er ætlað að taka á því vandamáli ef nefndin kemst ekki að sameiginlegri niðurstöðu þar sem fyrir hendi verður að vera úrræði til að skera úr ágreiningi í þeim tilvikum ef ekki næst sameiginleg niðurstaða nefndarinnar í slíkum ágreiningsmálum. Niðurstaða ráðherra skal þá verða bindandi fyrir viðkomandi sveitarfélög og aðalskipulagsáætlunum breytt til samræmis við hana.

Um 35. gr.

Í greininni er fjallað um að sveitarstjórn skuli meta hvort endurskoða skuli aðalskipulag að loknum sveitarstjórnarkosningum og er það óbreytt 5. mgr. 16. gr. gildandi laga.

Um 36. gr.

Í greininni er fjallað um breytingu á aðalskipulagi. Lagt er til að sett sé fram viðmið um það hvenær breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg. Ekki er gerð krafa um að slíkar tillögur séu auglýstar með þriggja vikna athugasemdafresti eins og nú gildir. Skipulagsstofnun sendir tillögu sína til staðfestingar ráðherra eftir að hafa farið yfir mat sveitarstjórnar á því hvort um óverulega breytingu sé að ræða. Með þessu er málsmeðferð vegna óverulegra skipulagsbreytinga einfölduð þar sem slíkar tillögur þurfa ekki sömu umfjöllun og verulegar breytingar á aðalskipulagi. Sett er fram viðmið um það hvenær breyting á aðalskipulagi telst

óveruleg sem einfaldar ákvörðun um hvers konar málsmeðferð eigi að gilda um viðkomandi breytingu.

Lagt er til að felld sé brott sú krafa að skipulagstillögu fylgi yfirlýsing sveitarstjórnar um greiðslu skaðabóta sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Reglur skaðabótaréttar gilda um tjón einstaklinga vegna gerðar skipulags hvort sem breytingarnar á því eru verulegar eða ekki. Með þessu er ekki lögð til breyting á hugsanlegri bótaskyldu sveitarstjórnar heldur er þessi breyting lögð til þar sem ekki þykir þörf á slíku ákvæði enda er slíkur réttur tryggður samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um deiliskipulag og þá málsmeðferð sem gildir við gerð deiliskipulags, eins og um samráð, kynningu og afgreiðslu þess. Skilgreint er með skýrum hætti til hvers konar ákvarðana deiliskipulag skuli taka eins og varðandi útlit mannvirkja, form og svipmót. Þannig er lagt til að kveðið sé á um útlit mannvirkja, form og svipmót við ákvörðun deiliskipulags en það sé ekki hluti af umfjöllun um veitingu leyfa vegna mannvirkjagerðar eins og nú gildir. Rétt þykir að fjallað sé um þessa þætti við gerð skipulags en um öryggi mannvirkja og heilnæmi er fjallað í frumvarpi til laga um mannvirki. Sérstaklega er kveðið á um grenndarkynningu og í hvaða tilvikum heimilt sé að falla frá henni þegar augljóslega er ekki þörf á slíku ferli. Lagt er til að sveitarstjórn sé skylt að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulags og gera nauðsynlegar formbreytingar á því í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar. Með þessu verður eftirlitshlutverk Skipulagsstofnunar skýrara. Sett eru viðmið um það hvenær óveruleg breytingu á deiliskipulagi telst óveruleg til að auðvelda mat á því.

Um 37. gr.

Í greininni er fjallað um innihald deiliskipulags og framsetningu þess. Í 1. mgr. sem er nýmæli er skilgreint til hvers konar ákvarðana deiliskipulag tekur, svo sem um lóðir, lóðanotkun og byggingarreiti og einnig um útlit og form mannvirkja. Er þetta í samræmi við framkvæmdina en rétt þykir að í lögum sé afmarkaður rammi fyrir efnisþætti deiliskipulags. Dæmi um þætti sem varða útlit og form mannvirkja í deiliskipulagi er þegar tekin er afstaða til byggingar átta hæða húss í lágri, þéttri byggð sem getur verið veruleg breyting á svipmóti þeirrar byggðar. Í götu þar sem hús eru almennt stakstæð getur bygging þriggja hæða fjölbýlishúss með tveimur stigagöngum breytt þeirri götumynd verulega. Ákvarðanir um útlit og form varða stefnumótun um skipulag og getur sveitarstjórn þannig lagt fram stefnu sína í þessum málum í deiliskipulagi t.d. hvort hún vilji slíkar breytingar á byggð og götumyndum sem að framan eru nefndar. Í deiliskipulagi er þannig fjallað með mun nákvæmari hætti um einstaka þætti skipulags heldur en á við um svæðis- og aðalskipulag.

Í frumvarpi til laga um mannvirki sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu er kveðið á um hvenær þurfi að sækja um byggingarleyfi, sbr. 8. gr. þess frumvarps. Eins og þar kemur fram er ekki skylt í öllum tilvikum að fá byggingarleyfi fyrir mannvirkjagerð. Ef breyting varðar einungis ytra útlit mannvirkis og form sem ekki er byggingarleyfisskylt skal leita eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir slíkum breytingum samkvæmt frumvarpi þessu. Lagt er til að það verði því í höndum skipulagsfulltrúa í umboði sveitarstjórna að fjalla um þennan þátt mannvirkjagerðar en ekki byggingarfulltrúa eins og nú gildir.

Í 3. mgr. er kveðið á um að deiliskipulag taki til svæða sem mynda heildstæða einingu. Með því er ætlunin að koma í veg fyrir að skipulagðar séu einstakar lóðir þó að slíkt geti þó stundum átt við.

Í 4. mgr. er áréttað að deiliskipulag skuli vera í samræmi við stefnu aðalskipulags og er það í samræmi við 6. mgr. 28. gr. en hlutverk deiliskipulags er að útfæra nánar þá stefnu.

Núgildandi ákvæði 5. mgr. 23. gr. laganna um bæja og húsakönnun er felld brott þar sem ákvæðið er óljóst og því erfitt í framkvæmd. Unnið er að endurskoðun leiðbeininga á vegum Húsafriðunarnefndar ríkisins um deiliskipulag í eldri hverfum og húsakönnun tengdri því.

Kveðið er á um framsetningu deiliskipulags í 5. mgr. en það er sett fram í skipulagsgreinargerð og á uppdrætti.

Um 38. gr.

Greinin kveður á um að sveitarstjórn beri ábyrgð á og annist gerð deiliskipulags. Jafnframt getur landeigandi gert tillögu að deiliskipulagi á sinn kostnað, að fenginni heimild sveitarstjórnar. Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 23. gr. gildandi laga. Jafnframt er kveðið á um að málsmeðferð slíks skipulags skuli vera með sama hætti og á við um deiliskipulagstillögur sveitarstjórna.

Um 39. gr.

Greinin er óbreytt frá 24. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn taki saman lýsingu á deiliskipulagsverkefninu og er þetta til samræmis við sambærileg ákvæði varðandi svæðis- og aðalskipulag. Sömu sjónarmið eru hér að baki varðandi slíka lýsingu, sbr. 23. og 30. gr. Ákvæðið er nýmæli og byggist á þeirri meginreglu að því fyrr sem athugasemdir koma við gerð deiliskipulags því betra. Lagt er þó til að heimilt sé að falla frá gerð slíkrar lýsingar enda liggi fyrir allar meginforsendur í aðalskipulagi. Slík heimild er veitt til að forðast óþarfa endurtekningar og þá þyngri málsmeðferð.

Í 2. mgr. er kveðið á um kynningu deiliskipulagstillögunnar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum og er þar um að ræða sambærilegt ákvæði og um kynningu aðal- og svæðisskipulags. Veitt er þó heimild til að falla frá slíkri kynningu í ákveðnum tilvikum.

Um 41. gr.

Í greininni er kveðið á um auglýsingu deiliskipulagstillögu og samþykkt sveitarstjórnar á henni. Lögð er til sú breyting að eingöngu þurfi að kynna deiliskipulagstillögur aðliggjandi sveitarfélögum þegar þær ná að mörkum viðkomandi sveitarfélags, sbr. 1. mgr., og er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur.

Deiliskipulag skal byggt á stefnu aðalskipulags eins og fram kemur í 37. gr. og skal deiliskipulag vera í samræmi við gildandi aðalskipulag. Lögð er til sú breyting frá 3. mgr. 23. gr. gildandi laga að í þeim tilvikum sem deiliskipulag er ekki í samræmi við aðalskipulag sé skylt að auglýsa samsvarandi aðalskipulagsbreytingu samhliða eða áður, sbr. 2. mgr. Jafnframt er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að samþykkja samhliða slíkar breytingar á aðal- og deiliskipulagi. Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála hefur í úrskurði sínum, úrskurði nr. 11/2003, kveðið á um það að þegar gera þurfi breytingar á aðalskipulagi vegna breytinga á deiliskipulagi beri að afgreiða aðalskipulagið með staðfestingu ráðherra áður en

sveitarstjórn getur samþykkt viðkomandi deiliskipulag. Þetta hefur tafið afgreiðslu deiliskipulagstillagna og er því lagt til að afgreiðsla þessarar tillagna geti verið samhliða.

Um 42. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 3. mgr. 25. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli að sveitarstjórn er skylt að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulagsins og gera nauðsynlegar breytingar á því varðandi form þess ef þörf er á. Slíkar athugasemdir varða t.d. hvort deiliskipulag sé í samræmi við aðalskipulag og að athugasemdum á auglýsingatíma hafi ekki verið svarað. Hlutverk Skipulagsstofnunar við yfirferð deiliskipulags hvað varðar framsetningu og innihald þess verður þannig með svipuðum hætti og á við um svæðis- og aðalskipulag.

Um 43. gr.

Greinin er að mestu efnislega óbreytt frá 26. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli í 2. mgr. að sett eru fram viðmið í greininni um það hvenær um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða, en við mat á því þarf að skoða að hversu miklu leyti deiliskipulagstillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti, formi og svipmóti viðkomandi svæðis. Sem dæmi um óverulegar breytingar af þessu tagi er þegar iðnaðarhúsnæði er breytt í íbúðarhúsnæði, glerjun útisvala, skyggni yfir útidyr, dúkkuhús sem sett eru í garð o.s.frv. Slíkar breytingar á deiliskipulagi skulu þannig grenndarkynntar í stað þess að þær verði auglýstar.

Lagt er til það nýmæli í 3. mgr. að heimilt sé að víkja frá kröfum um óverulega breytingu á deiliskipulagi þegar um er að ræða útgáfu framkvæmdaleyfis enda hafi framkvæmdin í för með sér óveruleg frávik þannig að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Í slíkum tilvikum er ekki þörf á grenndarkynningu. Hér er um mat sveitarstjórnar að ræða hvort um óveruleg frávik er að ræða.

Lagt er til að felld sé brott sú krafa að skipulagstillögu fylgi yfirlýsing sveitarstjórnar um greiðslu skaðabóta sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, sbr. samsvarandi breytingu varðandi óverulega breytingu á aðalskipulagi. Reglur skaðabótaréttar gilda um tjón einstaklinga vegna gerðar skipulags hvort sem breytingarnar á því eru verulegar eða ekki. Með þessu er ekki lögð til breyting á hugsanlegri bótaskyldu sveitarstjórnar heldur er þessi breyting lögð til þar sem ekki þykir þörf á slíku ákvæði enda er slíkur réttur tryggður samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar.

Um 44. gr.

Lagt er til að sérstök grein fjalli um grenndarkynningu en hún er að hluta til byggð á 7. mgr. 43. gr. gildandi laga. Skipulagsnefnd skal grenndarkynna óverulegar breytingar á deiliskipulagi og leyfisskyldar framkvæmdir þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir, sbr. 1. mgr. Grenndarkynna ber bæði framkvæmda- og byggingarleyfi en það er nýmæli að skylt sé að grenndarkynna framkvæmdaleyfi enda ekki rök fyrir því að gera greinarmun á kynningum á leyfum eftir því um hvers konar leyfi er að ræða.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig grenndarkynning skuli fara fram. Í þeim tilvikum þegar óveruleg breyting á deiliskipulagi er grenndarkynnt skal að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar senda hana til Skipulagsstofnunar.

Í 3. mgr. er fjallað um heimild til að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta lýsa því yfir að þeir geri ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi eða leyfisskyldri framkvæmd, með áritun sinni á kynningargögn, svo sem skipulagsuppdrátt.

Lagt er til það nýmæli að heimilt sé að falla frá grenndarkynningu ef breytingar varða ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda. Hér er þessi varnagli settur enda augljóst að engin þörf er fyrir sérstaka kynningu í slíkum tilvikum þar sem breytingarnar varða eingöngu framangreinda aðila.

Um IX. kafla.

Í kaflanum er að finna ýmis ákvæði sem varða skipulagsvinnu og um skipulagsreglugerð. Verði frumvarp þetta að lögum þarf að gera breytinga á gildandi reglugerð til samræmis við efni frumvarpsins. Ákvæðin um landeignaskrá, skiptingu landa og lóða, forkaupsrétt sveitarstjórna að fasteignum, heimildir til eignarnáms og bætur vegna skipulags og yfirtöku eigna eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 45. gr.

Greinin fjallar um gerð skipulagsreglugerðar og innihald hennar. Núgildandi skipulagsreglugerð er nr. 400/1998, með síðari breytingum. Ef frumvarp þetta verður að lögum kallar það á breytingar á reglugerðinni til samræmis við efni frumvarpsins. Greinin er að mestu óbreytt 10. gr. gildandi laga en þó hafa verið lagðar til nokkrar breytingar á henni.

Í 2. mgr. er kveðið á um gerð lýsingar skipulagsverkefnis í skipulagsreglugerð og er það til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana varðandi lýsingu.

Í 3. mgr. fellt brott að skilgreina skuli hverfisvernd enda er hugtakið nú skilgreint með ítarlegri hætti í frumvarpinu, sbr. 2. gr., og í 4. mgr. er sú breyting gerð að í skipulagsreglugerð sé kveðið á um takmarkanir á landnotkun eins og vatnsvernd og er það í samræmi við gildandi skipulagsreglugerð en rétt þykir að taka þessa þætti fram í ákvæðinu.

Kveðið er á um friðun eldri byggðar, trjágróður, girðingar og auglýsingaskilti í 5. mgr. Hér er um að ræða atriði sem er að finna í byggingarreglugerð, sbr. 2. og 6. mgr. 37. gr. gildandi laga. Í byggingarreglugerð eru þessi ákvæði síðan útfærð nánar, svo sem í 67., 68. og 72. gr. hennar sem fjalla um skilti, trjágróður og girðingar. Í frumvarpi þessu er lagt til að kveðið sé á um útlit mannvirkja og yfirbragð við ákvörðun skipulags en að það sé ekki hluti af umfjöllun um mannvirkjagerð eins og nú gildir. Í frumvarpi til laga um mannvirki er hins vegar kveðið á um öryggi og heilnæmi mannvirkja sem eru þættir sem eru tæknilegs eðlis. Til samræmis við þessa aðgreiningu á frumvarpi þessu og frumvarpi til laga um mannvirki er lagt til að kveðið sé á um framangreinda þætti í skipulagsreglugerð.

Í 7. mgr. er nýmæli um að kveðið skuli nánar í skipulagsreglugerð á um framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir, svo sem um hvaða framkvæmdir skuli háðar framkvæmdaleyfi, um gögn sem lögð skulu fram vegna umsókna um framkvæmdaleyfi og um útgáfu framkvæmdaleyfa. Í 13. gr. er kveðið á um til hvers konar framkvæmda þurfi að afla framkvæmdaleyfis og í 15. gr. um útgáfu framkvæmdaleyfis. Skipulagsreglugerð hefur útfært þessi ákvæði nánar, sbr. 9. kafla reglugerðarinnar, og er breytingin því til samræmis við hana.

Um 46. gr.

Lagt er til það nýmæli að skipulagsáætlanir skuli ávallt vinna á stafræna kortagrunna, sbr. 1. mgr., vegna nýrrar tækni og krafna um skil í gagnasafn Skipulagsstofnunar og er það í samræmi við framkvæmd á vinnslu skipulagsáætlana. 2. mgr. hefur verið breytt til að samræma hana betur orðalagi 8. gr. laga nr. 103/2006 um landmælingar og kortagerð. Gerð hefur verið sú breyting til samræmis við framangreint ákvæði að ekki er vísað til þess að

mælingamenn geti farið um landareignir heldur er ákvæðið almennt. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að opinberir aðilar geti stundað landmælingar á einkalöndum án sérstakra heimilda landeigenda enda valdi slík starfsemi hvorki tjóni né ónæði.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 29. gr. gildandi laga nema gerðar hafa verið breytingar í samræmi við athugasemdir Fasteignamats ríkisins. Með lögum nr. 47/2000 var gerð breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976 og var markmið nýrra laga var m.a. að sameina helstu skrár um fasteignir í landinu með myndun samhæfðs gagna- og upplýsingakerfis um allar fasteignir í landinu sem nefnist Landskrá fasteigna. Með hliðsjón af framangreindum breytingum er lagt til að landeignaskrá skuli haldin í Landskrá fasteigna.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 30. gr. gildandi laga.

Um 49. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. gildandi laga.

Um 50. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. gildandi laga.

Um 51. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. gildandi laga nema tekið er nú fram að réttur til bóta vegna hugsanlegs tjóns vegna samþykktrar landsskipulagsáætlunar sé úr ríkissjóði enda er sú áætlun á ábyrgð ríkisins en ekki sveitarfélaga eins og við á um skipulagsáætlanir þeirra. Álitaefni um bætur kemur hins vegar ekki upp vegna landsvæðis sem er í ríkiseign eða þjóðlenda heldur vegna landsvæðis sem er í einkaeign. Í réttarframkvæmd hefur verið viðurkennt að löggjafanum sé heimilt að setja eignarráðum almennar takmarkanir án þess að bótaskylda stofnist enda lúti slíkar takmarkanir að því að verja almannahagsmuni en skilyrði landsskipulagsáætlunar er að hún varði almannahagsmuni, sbr. 10. gr.

Um X. kafla.

Í kaflanum er fjallað um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála en nefndin kveður eins og verið hefur upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál. Þvingunarúrræði til að framfylgja ákvæðum frumvarpsins eru afdráttarlausari og sett fram til samræmis við ákvæði gildandi laga varðandi þvingunarúrræði vegna byggingarleyfisskyldra framkvæmda.

Um 52. gr.

Í greininni er fjallað um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og er greinin samhljóða 8. gr. skipulags- og byggingarlaga eins og henni var breytt með 21. gr. laga nr. 74/2005.

Um 53. gr.

Greinin fjallar um stöðvun framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda ef framkvæmdir eru hafnar án leyfa, sbr. 1. mgr., eða eru í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi og þau skil-

yrði sem kunna að vera sett í slíkum leyfum, sbr. 2. mgr. Hér er um að ræða framkvæmdir sem falla undir 13. gr. Greinin er að hluta til byggð á 1. mgr. 56. gr. laganna nema að því leyti að ekki er fjallað um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir en fjallað er um þær í frumvarpi til laga um mannvirki. Lögð er til heimild til að fjarlægja ólöglega framkvæmd eins nú gildir um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir. Lagt er til það nýmæli í 4. mgr. að Skipulagsstofnun verði fengið ákveðið úrræði til að tryggja eftirfylgni á stöðvun framkvæmda í þeim tilvikum þar sem framkvæmdir eru ekki í samræmi við frumvarp þetta. Í ljósi framkvæmdarinnar er talið nauðsynlegt að slíkt úrræði sé fyrir hendi og þykir eðlilegast að það sé í höndum Skipulagsstofnunar í ljósi þess hlutverks sem stofnunin hefur í frumvarpi þessu. Með þessu er tryggt samræmi í framkvæmd vegna framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda. Skipulagsstofnun hefur að ákveðnu leyti gegnt eftirlitshlutverki með því að vera í samskiptum við einstakar sveitarstjórnir eftir ábendingar sem stofnuninni hafa borist. Hefur hún þá bent viðkomandi sveitarstjórn á þau atriði sem lagfæra þarf. Hér er lagt til að stofnunin geti fylgt slíkum ábendingum eftir ef á þarf að halda.

Um 54. gr.

Greinin er nýmæli og kveður á um heimild sveitarstjórnar til að leggja á dagsektir en sambærilegt ákvæði er um dagsektarheimildir byggingarfulltrúa og byggingarnefnda, sbr. 57. gr. eins og verið hefur. Heimild til álagningar dagsekta þurfa að vera fyrir hendi bæði varðandi bygginga- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 60. gr. gildandi laga.

Um 56. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Í greininni eru tiltekin ákvæði annarra laga sem gera þarf breytingar á verði frumvarp þetta samþykkt og frumvarp til laga um mannvirki sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. tölul.

Ákvæðið er samhljóða 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum.

Um 2. tölul.

Ákvæðið er samhljóða 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum.

Um 3. tölul.

Ákvæðið er samhljóða 13. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum.

Um 4. tölul. Eins og fram kemur í 9. gr. er gert ráð fyrir að starfræktar verði sérstakar svæðisskipulagsnefndir þar sem gert hefur verið svæðisskipulag sem komi þá í stað samvinnunefnda um gerð svæðisskipulags, sbr. 12. gr. laganna. Lagt er til að þær samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags sem settar hafa verið á fót í tíð gildandi laga og kunna að vera starfandi við gildistöku frumvarpsins starfi áfram ef og þar til skipuð hefur verður ný svæðisskipulagsnefnd að afloknum sveitarstjórnarkosningum, sbr. 9. gr. Sama málsmeðferð gildir fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags og svæðisskipulagsnefnd.

Um 5. tölul.

Í III. kafla er fjallað um landsskipulagsáætlun en eins og þar kemur fram er með slíkri áætlun gert ráð fyrir að tekið sé á málum sem varða almannahagsmuni og getur hún því varðað alla landsmenn. Slíkri áætlun er fyrst og fremst ætlað að skapa leiðarljós fyrir skipulagsgerð á svæðis- eða aðalskipulagsstigi og að setja fram stefnu sem varðar stærri hagsmuni en gengið er út frá því að höfuðábyrgð á skipulagi landnotkunar sé hjá sveitarfélögunum. Lagt er til að efni fyrstu landsskipulagsáætlunar sé m.a. stefnumörkun um landnotkun á miðhálendinu og er henni ætlað að taka yfir þá stefnumótandi þætti sem nú er að finna í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015, sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 10. maí 1999. Rétt þykir að slík stefnumörkun um landnotkun á miðhálendi Íslands sé í unnin á vegum stjórnvalda sem landsskipulagsáætlun. Hún fær umfjöllun og afgreiðslu Alþingis og fer í víðtækt samráðs- og kynningarferli, enda er þar fjallað um landnotkun sem varðar landsmenn alla. Eins og fram kemur í IV. kafla almennra athugasemda er lagt til að samvinnunefnd miðhálendisins verði lögð niður við gildistöku frumvarpsins eða 1. janúar 2009. Þann 1. janúar 2008 eiga hins vegar öll sveitarfélög í landinu að hafa lokið við gerð aðalskipulags í sínu sveitarfélagi. Því ætti við gildistöku laganna að vera búið að afgreiða aðalskipulag allra sveitarfélaga á miðhálendinu. Hlutverki samvinnunefndar miðhálendisins um að samræma aðalskipulag sem liggur að miðhálendinu við svæðisskipulag miðhálendis og að samræma innbyrðis aðalskipulag á miðhálendinu ætti þá að vera lokið. Þar sem landsskipulagsáætlun fyrir miðhálendi Íslands er ætlað að taka yfir þá stefnumótandi þætti sem fram koma í svæðisskipulagi miðhálendis Íslands og þar sem sveitarfélög sem liggja að hálendinu hafa við gildistöku laganna skipulagt landsvæði sitt með hliðsjón af svæðisskipulagi miðhálendis Íslands þykir ekki lengur þörf á sérstöku svæðisskipulagi fyrir miðhálendið þegar landsskipulagsáætlunin hefur verið samþykkt á Alþingi. Lagt er til að umhverfisráðherra beri að fella niður gildandi svæðisskipulag fyrir miðhálendi Íslands, Svæðisskipulag miðhálendis Íslands 2015, við samþykkt landsskipulagsáætlunar á Alþingi.

Um 6. tölul.

Í ákvæðinu er fjallað um skipulagsáætlanir sem ekki hafa hlotið formlega afgreiðslu en engu að síður hafa sveitarstjórnir byggt á þeim við gerð skipulags. Á þetta einkum við deiliskipulagsáætlanir sem gerðar hafa verið hjá Reykjavíkurborg. Nú er unnið að því að fara yfir slíkar deiliskipulagsáætlanir til að afgreiða þær með formlegum hætti eða vinna nýjar deiliskipulagsáætlanir sem komi þá í stað þeirra. Áætlað hefur verið að þessi vinna taki um tvö ár. Því er lagt til að þeim sveitarfélögum sem hafa byggt á slíkum deiliskipulagsáætlunum í sínu sveitarfélagi verði veittur tveggja ára frestur frá gildistöku frumvarpsins til að ganga frá formlegri afgreiðslu slíkra deiliskipulagsáætlana.

Um 7. tölul.

Lagt er til að þær byggingarsamþykktir sem settar hafa verið á grundvelli 37. gr. laga nr. 73/1997 varðandi skipulagsákvarðanir haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samrýmast ákvæðum laga þessara.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til skipulagslaga.**

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki, en saman er þessum tveimur frumvörpum ætlað að leysa af hólmi skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Í báðum frumvörpunum eru lögð til ýmis nýmæli og breytingar og er m.a. gert ráð fyrir að skilið verði á milli stjórnsýslu skipulagsmála og byggingarmála og að ábyrgð á framkvæmd byggingarmála færist frá Skipulagsstofnun til nýrrar stofnunar, Byggingarstofnunar.

Í þessu frumvarpi til skipulagslaga er leitast við að gera feril skipulagsgerðar skilvirkari og sveigjanlegri og lögð áhersla á að hlutverk og samspil skipulagsáætlana á mismunandi skipulagsstigum sé skýrt. Eins og í gildandi lögum verður höfuðábyrgð á skipulagsgerð áfram hjá sveitarfélögum en jafnframt er viðurkennd þörf á að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum með svokallaðri landsskipulagsáætlun.

Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs koma einkum fram með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er kostnaður Skipulagsstofnunar við að vinna drög að landsskipulagsáætlun á tólf ára fresti, endurskoðun hennar á fjögurra ára fresti og árleg eftirfylgni við að aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga séu í samræmi við landsskipulagsáætlun. Sú vinna er talin nema u.þ.b. einu ársverki og kosta 8 m.kr. á ársgrundvelli. Í öðru lagi er kostnaður umhverfisráðuneytis við gerð endanlegrar tillögu að landsskipulagsáætlun og er sú vinna talin samsvara einu ársverki á fjögurra ára fresti og kosta 2 m.kr. á ársgrundvelli. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að samfara gildistöku laganna verði samvinnunefnd miðhálendisins lögð niður, enda færast verkefni nefndarinnar til viðkomandi sveitarfélaga og ríkisvaldsins. Kostnaður nefndarinnar hefur verið um 11 m.kr. á ári.

Í frumvarpinu er auk þess mælt fyrir um að tekjur af skipulagsgjaldi skuli standa straum af kostnaði við gerð þróunarverkefna sem nýtast sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana. Kostnaður Skipulagsstofnunar við verkefni af þessum toga hefur verið um 1 m.kr. á ári en eftirleiðis munu tekjur af skipulagsgjaldi standa undir þeim verkefnum samkvæmt nánari ákvörðun fjárlaga. Ekki er gert ráð fyrir að útgjöld Skipulagsstofnunar lækki svo nokkru nemi í tengslum við flutning á umsjón byggingarmála til Byggingarstofnunar enda hefur óveruleg vinna verið lögð í þau verkefni hjá Skipulagsstofnun, eða sem nemur hálfu stöðugildi.

Í frumvarpinu er einnig lögð til sú breyting að umhverfisráðherra en ekki utanríkisráðherra hafi yfirstjórn skipulagsmála á flugvallarsvæði varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli og skipi skipulagsnefnd fyrir svæðið. Kostnaður við núverandi skipulags- og byggingarnefnd varnarsvæða hefur verið greiddur af utanríkisráðuneytinu. Gengið út frá því að fjárveiting vegna nefndarinnar verði flutt frá utanríkisráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er sú að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs séu óveruleg og rúmist fyllilega innan gildandi útgjaldaramma skipulagsmála hjá umhverfisráðuneyti.

# 1004. Frumvarp til laga [662. mál]

um mannvirki.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Almenn ákvæði.

### 1. gr.
*Markmið.*

Markmið laga þessara er:

a. Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt.
b. Að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum.
c. Að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.
d. Að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði.
e. Að stuðla að aðgengi fyrir alla.
f. Að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga.

### 2. gr.
*Gildissvið.*

Lögin gilda um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar. Lögin gilda um alla þætti mannvirkja, svo sem gerð burðarvirkja, lagnir, þ.m.t. neysluvatnslagnir, hitalagnir, fráveitulagnir, raflagnir, loftræsilagnir, gaslagnir og öryggiskerfi, lyftur og lyftubúnað, fjarskiptabúnað og eldvarnir. Lögin gilda einnig um gróður á lóðum, frágang lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, gáma og leik- og íþróttasvæði.

Lög þessi gilda ekki um hafnir, varnargarða eða fyrirhleðslur, vegi eða önnur samgöngumannvirki, svo sem flugvelli, jarðgöng, vegskála eða brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli.

### 3. gr.
*Skilgreiningar.*

1. *Aðaluppdráttur:* Heildaruppdráttur að mannvirki, ásamt afstöðumynd þess, þar sem gerð er grein fyrir formi, útliti, stærð og staðsetningu mannvirkis, byggingarefnum, byggingaraðferðum, innra skipulagi og notkun, brunavörnum, orkunotkun, meginskipulagi lóðar og aðlögun mannvirkis að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.
2. *Brunavarnir:* Eldvarnir, starfsemi slökkviliðs og aðrar aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja sem mælt er fyrir um í lögum þessum og lögum nr. 75/2000, um brunavarnir.
3. *Byggingarleyfi:* Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra. Leyfið felur í sér samþykkt aðal- og séruppdrátta og framkvæmdaáforma og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 12. gr.

4. *Byggingarlýsing:* Í byggingarlýsingu er gerð grein fyrir uppbyggingu mannvirkis, helstu byggingarefnum og áferð og hvort mannvirki er búið loftræsingu eða öryggiskerfum. Þar er einnig gerð grein fyrir hvernig mannvirkið uppfyllir ákvæði laga, reglugerða og staðla. Í byggingarlýsingu er greinargerð um notkun eða starfsemi í mannvirkinu, áætlaðan fjölda starfsmanna og mestan fjölda fólks í salarkynnum.
5. *Deiliuppdráttur:* Uppdráttur þar sem gerð er nánari grein fyrir einstökum atriðum sem fram koma á aðal- og séruppdráttum og útfærslu þeirra í smáatriðum.
6. *Eldvarnir:* Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.
7. *Mannvirki:* Hvers konar jarðfastar framkvæmdir manna, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.
8. *Neysluveitur rafmagns:* Raflagnir og raflagnabúnaður innan við stofnkassa (eða búnað sem gegnir hlutverki stofnkassa).
9. *Prófunarstofa:* Faggiltur aðili, sbr. lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., sem framkvæmir prófun.
10. *Samræmingaraðili:* Hönnuður aðaluppdrátta eða aðili sem eigandi mannvirkis ræður til að bera ábyrgð á samræmingu hönnunargagna, sbr. 4. mgr. 22. gr.
11. *Samþykkt hönnunargögn:* Hönnunargögn sem samþykkt hafa verið af útgefanda byggingarleyfis.
12. *Séruppdráttur:* Uppdráttur sem sýnir m.a. útfærslu einstakra byggingar- og mannvirkjahluta og tæknibúnaðar, ásamt tilvísunum í staðla um efniskröfur og annað sem þarf til að fullgera mannvirki að utan og innan.
13. *Skipulagsáætlun:* Áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands. Þar er gerð grein fyrir því að hvers konar framkvæmdum er stefnt og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka: svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti þar sem það á við.
14. *Skoðunarstofa:* Skoðunarstofa sem hefur faggildingu og starfsleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., til að annast tiltekin verkefni á sviði byggingareftirlits.
15. *Starfsmannabúðir:* Færanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar, daglegrar dvalar, vinnu eða samkomuhalds starfsfólks til skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi.

## II. KAFLI
## **Stjórnvöld mannvirkjamála.**

### 4. gr.
### *Stjórn mannvirkjamála.*

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mannvirkjamála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Byggingarstofnun, sbr. 5. gr.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að framkvæmd eftirlits byggingarfulltrúa sé í samræmi við ákvæði laga þessara. Byggingarfulltrúar annast eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 2. mgr. 8. gr.

5. gr.

*Byggingarstofnun.*

Ríkið starfrækir stofnun, Byggingarstofnun. Byggingarstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og laga um brunavarnir. Stofnunin skal tryggja samræmingu á byggingareftirliti og eldvarnaeftirliti og starfsemi slökkviliða um land allt í samráði við viðkomandi stjórnvöld. Önnur helstu verkefni Byggingarstofnunar eru:

1. að annast gerð leiðbeininga, verklagsreglna og skoðunarhandbóka á fagsviði stofnunarinnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila,
2. að annast aðgengismál,
3. að bera ábyrgð á eftirliti með neysluveitum rafmagns og raflagnabúnaði sem telst til fasts búnaðar mannvirkis,
4. að bera ábyrgð á skráningu og eftirliti með lyftum og lyftubúnaði til fólks- og vöruflutninga og togbrautarbúnaði til fólksflutninga,
5. að byggja upp og reka gagnagrunn fyrir upplýsingar um mannvirki um land allt, sbr. 48. gr.,
6. að annast kynningar og fræðslu fyrir almenning og hagsmunaaðila,
7. að gefa út byggingarleyfi og annast eftirlit með þeim framkvæmdum sem falla undir 3. mgr. 8. gr.,
8. að standa fyrir námskeiðum til réttinda fyrir hönnuði og byggingarstjóra og að gefa út löggildingar fyrir hönnuði, iðnmeistara og slökkviliðsmenn,
9. að bera ábyrgð á starfrækslu Brunamálaskóla fyrir slökkviliðsmenn, þ.m.t. slökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmenn,
10. að gefa út starfsleyfi til handa byggingarstjórum og skoðunarstofum sem starfa samkvæmt lögum þessum og að hafa eftirlit með starfsemi þeirra,
11. að gefa út starfsleyfi til handa þjónustu- og eftirlitsaðilum brunavarna og samþykkja brunavarnaáætlanir sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum laga um brunavarnir,
12. að annast og stuðla að rannsóknum á sviði mannvirkjamála og brunavarna í samvinnu við hagsmunaaðila og stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
13. að taka þátt í starfi Staðlaráðs Íslands um gerð staðla á sviði mannvirkjamála,
14. að eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum og á alþjóðavettvangi,
15. að vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um mannvirkjamál og veita umsagnir um ágreiningsmál á því sviði,
16. önnur verkefni sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

Byggingarstofnun skal árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu.

6. gr.

*Forstjóri Byggingarstofnunar og annað starfslið.*

Við Byggingarstofnun skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar.

Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Byggingarstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

7. gr.

*Byggingarfulltrúar.*

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarfulltrúi, ráðinn af sveitarstjórn, sem hefur eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 2. mgr. 8. gr. Sveitarfélög geta haft samstarf um framkvæmd byggingareftirlits og ráðið sameiginlegan byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál enda uppfylli hann einnig kröfur skipulagslaga um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa. Um störf og verksvið skipulagsfulltrúa fer samkvæmt skipulagslögum.

Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 24. gr. og skal sveitarstjórn senda Byggingarstofnun tilkynningu um ráðningu hans.

Byggingarfulltrúa eða starfsmönnum hans er óheimilt að vinna nokkurt það starf sem kann að koma til afgreiðslu í umdæmi hans nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar.

## III. KAFLI
## **Byggingarleyfi.**

8. gr.

*Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.*

Byggingarfulltrúar eða eftir atvikum Byggingarstofnun veita byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Óheimilt er að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum, eða breyta notkun þess nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarfulltrúa, sbr. þó 3. mgr. Sama gildir um nýframkvæmdir við fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta og breytingar á slíkum mannvirkjum, enda sé um að ræða meiri háttar breytingar á hönnunarforsendum eða staðsetningu slíkra mannvirkja. Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að minni háttar mannvirkjagerð eða smávægilegar breytingar á mannvirkjum skuli undanþiggja byggingarleyfi.

Óheimilt er að grafa grunn fyrir, reisa eða rífa eftirfarandi mannvirki eða breyta þeim hvað varðar burðarkerfi eða hönnunarforsendur nema að fengnu leyfi Byggingarstofnunar:

a. Virkjanir og önnur þau mannvirki sem reist eru í tengslum við slíkar framkvæmdir.
b. Fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta sem liggja innan fleiri en eins sveitarfélags.
c. Mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka.
d. Mannvirki á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar.
e. Mannvirki á varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar og á öryggissvæði, sbr. 49. gr.

Leiki vafi á því hvort mannvirki sé háð byggingarleyfi eða hvort það falli undir 2. eða 3. mgr. skal leita niðurstöðu úrskurðarnefndar, sbr. 46. gr. Niðurstaða nefndarinnar skal liggja fyrir innan eins mánaðar frá því að slíkt erindi berst.

Varði breyting á mannvirki skv. 2. mgr. einungis útlit og form skal leita eftir samþykki sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

9. gr.

*Umsókn um byggingarleyfi.*

Umsókn um byggingarleyfi skal send hlutaðeigandi byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnun ásamt hönnunargögnum og öðrum nauðsynlegum gögnum, þ.m.t. tilkynningu um hver verði samræmingaraðili mannvirkisins og samþykki meðeigenda samkvæmt ákvæðum laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994.

Með umsókn til Byggingarstofnunar vegna mannvirkja sem falla undir 3. mgr. 8. gr. skal fylgja staðfesting skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags á því að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir á svæðinu. Ef mannvirki fellur undir 2. mgr. 8. gr. skal byggingarfulltrúi leita umsagnar skipulagsfulltrúa leiki vafi á að framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum sveitarfélagsins.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um hvaða gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn og hvernig frá umsókn, uppdráttum og öðrum gögnum skuli gengið.

10. gr.

*Samþykkt byggingaráforma.*

Byggingarfulltrúi eða Byggingarstofnun, ef mannvirki fellur undir 3. mgr. 8. gr., fer yfir byggingarleyfisumsókn og gengur úr skugga um að aðaluppdrættir uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra og að tilkynnt hafi verið um samræmingaraðila mannvirkisins. Tilkynnir byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Byggingarstofnun umsækjanda skriflega um samþykkt byggingaráforma hans, enda sé fyrirhuguð mannvirkjagerð í samræmi við skipulagsáætlanir. Tilkynning samkvæmt þessari grein veitir umsækjanda ekki heimild til að hefja byggingarframkvæmdir.

11. gr.

*Sérstakar kröfur.*

Útgefanda byggingarleyfis er heimilt að krefjast prófunar, vottunar eða skoðunar á mannvirki, hlutum þess eða tæknibúnaði á kostnað umsækjanda ef rökstuddur grunur er um að það uppfylli ekki kröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Standist mannvirkið ekki prófun, vottun eða skoðun skal útgefandi byggingarleyfis gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti getur hann gripið til viðeigandi þvingunarúrræða eða látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað eiganda.

Þegar sérstaklega stendur á getur leyfisveitandi við útgáfu byggingarleyfis sett skilyrði um að prófun, vottun eða skoðun skuli framkvæmd á kostnað umsækjanda eftir að mannvirki er tekið í notkun til að tryggja að uppfyllt séu ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og viðeigandi aðgerðir til úrbóta.

Prófanir, skoðanir og vottanir skv. 1. og 2. mgr. skulu framkvæmdar í samræmi við viðeigandi staðla af aðila sem viðurkenndur er af Byggingarstofnun. Heimilt er útgefanda byggingarleyfis að krefjast þess að þær skuli framkvæmdar af faggiltum aðila, sbr. lög um faggildingu o.fl., nr. 24/2006. Í þeim tilfellum þegar staðlaðar prófunarlýsingar eru ekki til skal prófunaraðili leggja fram skriflega lýsingu á framkvæmd prófsins ásamt rökstuðningi fyrir réttmæti prófunaraðferðar.

12. gr.

*Útgáfa byggingarleyfis.*

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

1. Mannvirkið og notkun þess samræmist skipulagsáætlunum.
2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.
3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra.

4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum, sbr. þó 3. mgr.
5. Skráð hefur verið í miðlægan gagnagrunn Byggingarstofnunar að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ákvæði laga þessara, sbr. þó 3. mgr.

Leyfisveitandi getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt skriflegt leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Heimilt er að veita umsækjanda leyfi til að kanna jarðveg á framkvæmdasvæði án þess að byggingarleyfi hafi verið gefið út.

Byggingarleyfi vegna fráveitumannvirkja og dreifi- og flutningskerfa rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta skulu gefin út fyrir viðkomandi mannvirki eins og þau eru afmörkuð í umsókn um byggingarleyfi, enda uppfylli hönnunargögn skilyrði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Getur byggingarleyfi fyrir slíkum mannvirkjum náð til afmarkaðs svæðis, svo sem nýbyggingarhverfis. Ekki þarf að uppfylla skilyrði 4. og 5. tölul. 1. mgr. vegna mannvirkja sem falla undir þessa málsgrein, né þarf að óska eftir öryggis- eða lokaúttekt vegna þeirra.

Óheimilt er að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirki sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

13. gr.

*Gildistími byggingarleyfis.*

Byggingarleyfi fellur úr gildi hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um hvenær talið er að byggingarframkvæmdir séu hafnar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur leyfisveitandi þá að undangenginni aðvörun lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 43. gr., eða fellt byggingarleyfið úr gildi.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur leyfisveitandi tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Leyfisveitandi getur að undangenginni aðvörun fellt byggingarleyfi úr gildi ef eigandi mannvirkisins eða aðrir þeir aðilar sem bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum samkvæmt lögum þessum sinna ekki fyrirmælum eftirlitsaðila við byggingareftirlit eða gerast sekir um alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ítarlegri ákvæði um byggingarhraða sem sett eru af sveitarfélagi á grundvelli skipulagslaga gilda framar ákvæðum 1. og 2. mgr.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til mannvirkja sem falla undir 3. mgr. 12. gr.

## IV. KAFLI

## Ábyrgð eiganda mannvirkis og framkvæmd byggingareftirlits.

14. gr.

*Ábyrgð eiganda mannvirkis.*

Eigandi ber ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Eigandi skal hafa virkt innra eftirlit með því að þeir aðilar sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkið fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Samræmingaraðili framkvæmir innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis, sbr. 4. mgr. 22. gr. Byggingarstjóri mannvirkis framkvæmir innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Samræmingaraðili og byggingarstjóri skulu gera eiganda grein fyrir framkvæmd innra eftirlits samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð og samningi við eiganda.

Eigandi ber ábyrgð á að fram fari lögboðið eftirlit með byggingu mannvirkisins í samræmi við ákvæði laga þessara.

Eftirtaldir aðilar teljast eigendur samkvæmt þessari grein:

a. Lóðarhafi óbyggðrar lóðar.
b. Umsækjandi um byggingarleyfi.
c. Byggingarleyfishafi.
d. Eigandi mannvirkis í byggingu. Sé mannvirki selt í heild eða að hluta áður en lokaúttekt fer fram ber fyrri eigandi ábyrgð skv. 1. mgr. ásamt nýjum eiganda nema um annað sé samið í skriflegum samningi milli þeirra. Skal þá koma skýrt fram að nýr eigandi gangi inn í samning fyrri eiganda við byggingarstjóra mannvirkisins eða nýr byggingarstjóri sé ráðinn fyrir mannvirkið í heild.
e. Eigandi mannvirkis eftir að lokaúttekt hefur farið fram.

15. gr.

*Hlutverk útgefanda byggingarleyfis.*

Útgefandi byggingarleyfis hefur eftirlit með því að hönnun mannvirkis sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem sett eru samkvæmt þeim og að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir sem um mannvirkjagerðina gilda.

Útgefandi byggingarleyfis annast úttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og gefur út viðeigandi vottorð, sbr. 3. mgr., á grundvelli niðurstöðu skoðunarstofu eða eigin skoðana. Hann hefur eftirlit með að úttektir sem skoðunarstofur annast fari fram og beitir þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði laga þessara ef fyrirmælum um úrbætur er ekki sinnt eða vanrækt er að láta lögbundna úttekt fara fram.

Útgefandi byggingarleyfis gefur út vottorð vegna eftirfarandi úttekta, eftir atvikum á grundvelli skoðunarskýrslu skoðunarstofu eða eigin skoðunar:

1. Öryggisúttekt.
2. Lokaúttekt.
3. Við lok niðurrifs mannvirkis.

Útgefandi byggingarleyfis skal sjá um að hönnunargögn, eftirlitsskýrslur, gátlistar, úttektarvottorð og önnur gögn sem ákvarðanir hans eru byggðar á séu færð í miðlægan gagnagrunn Byggingarstofnunar.

16. gr.

*Framkvæmd eftirlits með mannvirkjum.*

Eftirlit með mannvirkjum skal framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til á grundvelli ákvæða laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um framkvæmd úttekta, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.

Komi upp ágreiningur um túlkun skoðunarhandbókar skv. 1. mgr. varðandi tæknileg atriði og framkvæmd eftirlits á grundvelli hennar skal leita álits Byggingarstofnunar. Ef ágreiningur snýst um eftirlit Byggingarstofnunar skal leita álits ráðherra. Byggingarstofnun getur að eigin frumkvæði gefið út álit um framkvæmd tæknilegs eftirlits vegna tiltekinnar mannvirkjagerðar eða vegna mannvirkjagerðar almennt. Álit Byggingarstofnunar og eftir atvikum ráðherra er bindandi fyrir alla aðila máls og sætir ekki endurskoðun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Hafi hönnunargögn verið yfirfarin eða úttektir framkvæmdar af skoðunarstofu takmarkast yfirferð útgefanda byggingarleyfis við framlagða skoðunarskýrslu. Sama gildir ef skoðunarstofa annast aðra þætti byggingareftirlits.

Byggingarfulltrúi getur ávallt ákveðið að leitað skuli umsagnar annarra eftirlitsaðila, svo sem slökkviliðs eða heilbrigðiseftirlits, við yfirferð aðaluppdrátta, óháð því hvort eftirlit er framkvæmt af byggingarfulltrúa eða skoðunarstofu.

Hafi hönnuðir, byggingarstjórar eða iðnmeistarar ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu á gæðastjórnunarkerfum sínum skal Byggingarstofnun gera úttektir á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfa þessara aðila. Byggingarstofnun er heimilt að fela faggiltri vottunarstofu framkvæmd úttekta af þessu tagi. Uppfylli gæðastjórnunarkerfi ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim skal gefa viðkomandi hönnuði, byggingarstjóra eða iðnmeistara kost á að bæta úr nema um alvarlegt brot sé að ræða. Um alvarleg og ítrekuð brot fer samkvæmt ákvæðum 44. gr.

17. gr.

*Hlutverk Byggingarstofnunar við eftirlit byggingarfulltrúa.*

Telji Byggingarstofnun að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og byggingarfulltrúi gerir ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skal Byggingarstofnun gera byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarstjórn aðvart og krefjast þess að úr sé bætt. Byggingarstofnun er heimilt, ef ekki er úr bætt, að beita sömu réttar- og þvingunarúrræðum gagnvart eiganda mannvirkis og byggingarfulltrúi, þar á meðal að gefa út eða fella úr gildi byggingarleyfi eða gefa út viðeigandi vottorð, enda sé málið ekki til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 46. gr.

Þegar meðferð Byggingarstofnunar skv. 1. mgr. er lokið skal eftirlit með mannvirkjagerðinni og önnur stjórnsýsla málsins vera í höndum viðkomandi byggingarfulltrúa. Byggingarstofnun skal tilkynna það byggingarfulltrúa með formlegum hætti þegar afskiptum stofnunarinnar af máli er lokið.

18. gr.

*Faggilding Byggingarstofnunar og byggingarfulltrúa sveitarfélaganna.*

Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar skulu hafa faggildingu til að yfirfara hönnunargögn og framkvæma úttektir nema sá þáttur eftirlitsins hafi verið falinn skoðunarstofu, sbr. 19. gr. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

19. gr.

*Faggiltar skoðunarstofur.*

Sveitarstjórn og Byggingarstofnun er heimilt að ákveða að tilteknir þættir eftirlits þeirra með mannvirkjum skuli framkvæmdir af skoðunarstofum sem hafa til þess starfsleyfi Byggingarstofnunar. Beiting réttar- og þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum skal þó ávallt

vera í höndum leyfisveitanda. Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm getur byggingarfulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar ákveðið að eftirlit með viðkomandi framkvæmd skuli í heild eða að hluta framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu.

Ákveði sveitarstjórn, byggingarfulltrúi eða Byggingarstofnun að eftirlit skuli framkvæmt af skoðunarstofu, sbr. 1. mgr., skal eigandi mannvirkisins annast ráðningu slíkrar skoðunarstofu og greiða kostnað af framkvæmd eftirlitsins, enda hafi skoðunarstofan starfsleyfi skv. 3. mgr. Byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun er í slíkum tilvikum einungis heimilt að taka gjald sem nemur kostnaði af framkvæmd þeirra þátta eftirlitsins sem þau annast.

Byggingarstofnun gefur út starfsleyfi til rekstrar skoðunarstofa skv. 1. mgr. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að skoðunarstofa hafi hlotið faggildingu og skoðunarmenn hennar og tæknilegur stjórnandi uppfylli viðeigandi skilyrði 20. gr. Í starfsleyfi skal tilgreina þá þætti eftirlits sem skoðunarstofu er heimilt að taka að sér. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

Byggingarstofnun getur svipt skoðunarstofu starfsleyfi ef hún uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef skoðunarstofa hlítir ekki fyrirmælum Byggingarstofnunar, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi. Starfsleyfi fellur sjálfkrafa niður verði skoðunarstofa svipt faggildingu sinni.

20. gr.

*Hæfi skoðunarmanna.*

Skoðunarmenn byggingarfulltrúa, Byggingarstofnunar eða skoðunarstofa skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Skoðunarmaður I: Iðnmeistarar með löggildingu Byggingarstofnunar og a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af Byggingarstofnun. Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar með a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af Byggingarstofnun.
b. Skoðunarmaður II: Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar sem hönnuðir aðal- eða séruppdrátta og a.m.k. þriggja ára reynslu sem löggiltir hönnuðir af störfum við byggingarframkvæmdir, hönnun mannvirkja, byggingareftirliti eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir.
c. Skoðunarmaður III: Verkfræðingar og tæknifræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og að lágmarki sjö ára starfsreynslu sem löggiltir hönnuðir af verk- og byggingarstjórn við mannvirkjagerð, byggingareftirlit eða hönnun.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða þætti eftirlits skoðunarmönnum I–III er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.

## V. KAFLI
## **Hönnun mannvirkja.**

21. gr.

*Hönnunargögn.*

Mannvirki skulu hönnuð á faglega fullnægjandi hátt í samræmi við viðurkenndar venjur, staðla og ákvæði laga og reglugerða um mannvirki og mannvirkjagerð.

Hönnunargögn mannvirkja sem heyra undir lög þessi greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti, séruppdrætti og deiliuppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. byggingarlýsingar, greinargerðir, forsendur og útreikningar.

22. gr.

*Ábyrgð hönnuða.*

Aðal- og séruppdrættir skulu vera gerðir af hönnuðum sem hafa fengið löggildingu, sbr. 24. og 25. gr.

Hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og mannvirkið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim enda hafi verið fylgt að fullu uppdráttum hönnuðar, verklýsingu, skriflegum fyrirmælum og viðurkenndum starfsvenjum. Hönnuðir skulu árita uppdrætti sína eigin hendi og þannig staðfesta ábyrgð sína.

Hönnuður séruppdrátta ber ábyrgð á því að hönnun hans samræmist aðaluppdráttum.

Eigandi mannvirkis skal við umsókn um byggingarleyfi tilnefna samræmingaraðila til að hafa yfirumsjón með hönnun mannvirkisins og ber sá aðili ábyrgð á því að samræming hönnunargagna fari fram. Samræmingaraðili skal vera löggiltur hönnuður. Samræmingaraðili skal árita séruppdrætti til staðfestingar á því að samræming hafi farið fram áður en þeir eru samþykktir af leyfisveitanda. Samræmingaraðili skal áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar. Uppfært yfirlit um innra eftirlit skal lagt fram við lok hönnunar mannvirkisins.

Skaðabótaábyrgð hönnuðar fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

23. gr.

*Gæðastjórnunarkerfi hönnuða og samræmingaraðila.*

Hönnuðir og samræmingaraðilar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari fyrirmæli í reglugerð. Hönnuður skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis. Gæðastjórnunarkerfi hönnuðar skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni hönnuðar, endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum varðandi einstakar framkvæmdir, gátlista um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla, skrá um samþykkt hönnunargögn, þ.m.t. allar breytingar á hönnunargögnum sem gerðar eru á framkvæmdatíma og samþykktar eru af byggingaryfirvöldum, skrá um samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, samræmingaraðila, eftirlitsaðila og byggingaryfirvalda vegna hönnunargagna. Gæðastjórnunarkerfi samræmingaraðila skal að auki innihalda lýsingu á og skrá um innra eftirlit samræmingaraðila á hönnunarstigi. Gæðastjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9000 uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfis samkvæmt þessari grein. Hönnuðir og samræmingaraðilar skulu tilkynna Byggingarstofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í miðlægan gagnagrunn stofnunarinnar.

24. gr.

*Löggilding hönnuða.*

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu Byggingarstofnunar. Löggildingin skiptist í eftirfarandi svið:

a. Arkitektar og byggingarfræðingar geta fengið löggildingu til að gera aðaluppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og tilheyrandi deiliuppdrætti.
b. Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu til að hanna og gera séruppdrætti að burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og fráveitukerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.
c. Byggingarverkfræðingar og byggingartæknifræðingar geta fengið löggildingu til að gera aðaluppdrætti og tilheyrandi deiliuppdrætti, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fimm ára starfsreynslu hjá löggiltum aðila á því sviði.
d. Innanhússarkitektar og landslagsarkitektar (landslagshönnuðir) geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði.
e. Rafiðnfræðingar geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta á sínu sviði. Ráðherra setur stærðartakmarkanir veitna í reglugerð.

Listi yfir löggilta hönnuði skal varðveittur í miðlægum gagnagrunni Byggingarstofnunar.

25. gr.

*Skilyrði fyrir löggildingu hönnuða.*

Skilyrði fyrir löggildingu skv. 24. gr. eru eftirfarandi:

a. Að umsækjandi hafi hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.
b. Að umsækjandi hafi staðist próf sem Byggingarstofnun stendur fyrir að undangengnu námskeiði um gildandi lög og reglur á sviði mannvirkjagerðar. Jafnframt skal á námskeiðinu fjallað um sérislenskar aðstæður sem taka þarf tillit til við hönnun.
c. Að umsækjandi hafi sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutíminn skal ekki vera skemmri en þrjú ár, þar af minnst eitt ár hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Starfsreynslutíma skal lokið áður en námskeið og próf skv. b-lið eru sótt.

Ráðherra ákveður gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf skv. b-lið 1. mgr. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði af námskeiðum og framkvæmd prófs. Byggingarstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd námskeiða og prófa fyrir hönd stofnunarinnar.

## VI. KAFLI
## **Byggingarstjórar og iðnmeistarar.**

26. gr.

*Byggingarstjórar.*

Við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri. Óheimilt er að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmd nema ráðinn hafi verið byggingarstjóri sem uppfyllir hæfniskröfur 27. gr. laganna.

Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Byggingarstjóri skal gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga þessara, reglugerðar og samningi við eiganda.

Byggingarstjóra er ekki heimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar sem hann fer með byggingarstjórn á. Sé um að ræða minni háttar mann-

virkjagerð til eigin nota, svo sem byggingu frístundahúss, bílskúrs eða viðbyggingu við íbúðarhús, getur eigandi þó falið einum af iðnmeisturum eða hönnuðum mannvirkisins byggingarstjórn þess enda hafi sá aðili starfsleyfi Byggingarstofnunar skv. 27. gr.

Heimildir byggingarstjóra takmarkast af gerð mannvirkis og umfangi framkvæmda svo sem hér segir:

1. Nýbygging einfalds atvinnuhúsnæðis, íbúðarhúsa, frístundahúsa og minni háttar mannvirkja auk breytinga, endurbyggingar eða niðurrifs á slíkum mannvirkjum.
2. Sérhæfð mannvirki, svo sem vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir, raforkuver og vatnsstíflur.
3. Önnur mannvirki en falla undir 1. og 2. tölul.

Ráðherra birtir í reglugerð nánari tilgreiningu mannvirkja skv. 3. og 4. mgr.

27. gr.

*Starfsleyfi byggingarstjóra.*

Byggingarstjóri skal hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að umsækjandi uppfylli viðeigandi hæfniskröfur 2.–4. mgr., hafi sótt sérstakt námskeið sem Byggingarstofnun stendur fyrir og hafi gæðastjórnunarkerfi samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð, sbr. 30. gr. Starfsleyfi byggingarstjóra skal gefið út til tiltekins tíma, mest til 10 ára í senn. Missi byggingarstjóri starfsleyfi er honum óheimilt að fara með umsjón framkvæmda og skal hann þegar segja sig frá framkvæmd verks með skriflegri tilkynningu til eiganda og leyfisveitanda. Byggingarstofnun ber að upplýsa leyfisveitendur um niðurfellingu starfsleyfis byggingarstjóra.

Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, blikksmíðameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum, sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 26. gr. Skulu þeir hafa hlotið löggildingu Byggingarstofnunar og hafa a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af stofnuninni. Byggingarstjórar sem falla undir þessa málsgrein og hafa starfað við byggingarstjórn í þrjú ár og hafa allan þann tíma haft fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi sem slíkir í samræmi við ákvæði laga þessara geta einnig öðlast starfsleyfi til að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 3. tölul. 4. mgr. 26. gr.

Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum, sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. Skulu þeir hafa a.m.k. fimm ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir, hönnun bygginga, byggingareftirliti eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og að lágmarki tíu ára starfsreynslu af verkstjórn við mannvirkjagerð, byggingareftirliti eða hönnun geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum, sem falla undir 1.–3. tölul. 4. mgr. 26. gr. Þar af skulu þeir hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu af stjórnun eða eftirliti við mannvirkjagerð.

Fyrirtæki og stofnanir geta í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð enda starfi þar aðili við byggingarstjórn sem hefur starfsleyfi til að annast umsjón með þeirri gerð mannvirkis, sbr. 4. mgr. 26. gr.

Byggingarstofnun heldur skrá um byggingarstjóra með starfsleyfi samkvæmt þessari grein og skal hún varðveitt í miðlægum gagnagrunni stofnunarinnar.

28. gr.

*Ábyrgð og verksvið byggingarstjóra.*

Byggingarstjóri ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Byggingarstjóri skal gera skriflegan samning við iðnmeistara sem hann ræður í umboði eiganda. Í samningi skal m.a. koma fram á hvaða verkþáttum iðnmeistari ber ábyrgð.

Byggingarstjóri skal í umboði eiganda annast samskipti við leyfisveitendur, eftirlitsaðila mannvirkis, hönnuði og iðnmeistara, auk annarra sem að framkvæmd verksins koma. Skal hann sjá um að aflað sé nauðsynlegra heimilda vegna framkvæmdarinnar, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.

Byggingarstjóri fer yfir hönnunargögn með iðnmeisturum mannvirkis vegna heildarskipulags og samræmingar á mismunandi verkþáttum. Leiki vafi á túlkun hönnunargagna skal byggingarstjóri skera úr, eftir atvikum í samráði við hönnuði, og skrá niðurstöður í gæðastjórnunarkerfi sitt. Falli mannvirki undir 2. eða 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. skal byggingarstjóri sjá til þess að skipulagðir samráðsfundir séu haldnir með eiganda og hönnuðum og skrá efni þeirra í gæðastjórnunarkerfi sitt.

Byggingarstjóri hefur yfirumsjón með því að aflað sé samþykktar leyfisveitanda á breytingum sem gerðar eru á hönnun eða gerð mannvirkis í byggingu og að ávallt sé framkvæmt í samræmi við nýjustu útgáfu samþykktra hönnunargagna.

Byggingarstjóri skal hafa virkt eftirlit með því að þeir aðilar sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við framkvæmd eftirlits var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðila aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi aðila. Sé athugasemdum byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við framkvæmd eftirlits skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Byggingarstjóri skal gera eftirlitsaðila viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta og vera viðstaddur úttektir. Hann skal jafnframt tilkynna viðeigandi iðnmeisturum og hönnuðum með sannanlegum hætti um úttektir nema samningur þeirra á milli kveði á um annað.

Hljóti eigandi eða annar þriðji maður tjón af völdum gáleysis í starfi byggingarstjóra ber hann skaðabótaábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að framkvæmd verks koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

29. gr.

*Byggingarstjóraskipti.*

Hætti byggingarstjóri umsjón með framkvæmdum áður en lokaúttekt fer fram skal hann tilkynna það á sannanlegan hátt til útgefanda byggingarleyfis. Fellur ábyrgð byggingarstjóra

á verkinu niður vegna verkþátta sem ólokið er við móttöku leyfisveitanda á slíkri tilkynningu. Eiganda er skylt að sjá til þess að framkvæmdir séu stöðvaðar þar til nýr byggingarstjóri hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu og útgefandi byggingarleyfis hefur staðfest að hann uppfylli skilyrði 26. og 27. gr. Leyfisveitandi skal án ástæðulauss dráttar frá móttöku tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði gera úttekt á stöðu framkvæmda og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi byggingarstjóra og hinum nýja.

Verði útgefandi byggingarleyfis þess var að byggingarframkvæmdum er fram haldið án byggingarstjóra skal hann tafarlaust stöðva framkvæmdir og loka vinnusvæði ef nauðsyn krefur.

30. gr.

*Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra.*

Byggingarstjóri skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis, sbr. 27. gr. Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni byggingarstjóra, endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum varðandi einstakar framkvæmdir, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila, skrá yfir athugasemdir við störf iðnmeistara, skrá yfir athugasemdir til hönnuða vegna hönnunargagna, lýsingu á og skrá um innra eftirlit byggingarstjóra með framkvæmdinni, lýsingu á undirbúningi og framkvæmd lokaúttektar þar sem m.a. er gengið frá skýrslu yfir allar úttektir, þ.m.t. öryggisúttekt, lýsingu á verki og samþykkt hönnunargögn. Gæðastjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9000 uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfis samkvæmt þessari grein.

31. gr.

*Ábyrgð og verksvið iðnmeistara.*

Byggingarstjóri skal tilkynna útgefanda byggingarleyfis skriflega um þá húsasmíðameistara, múrarameistara, pípulagningameistara, rafvirkjameistara, blikksmíðameistara, stálvirkjameistara, málarameistara og veggfóðrarameistara sem tekið hafa að sér að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum framkvæmdar og nauðsynlegt er að komi að viðkomandi verki. Skal slík staðfesting liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út. Ekki þarf þó að tilkynna um málarameistara eða veggfóðrarameistara vegna byggingar frístundahúss, bílskúrs, íbúðarhúss eða viðhalds og viðbyggingar slíkra mannvirkja til eigin nota eiganda.

Iðnmeistari ber ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að þeir verkþættir sem hann tekur að sér að framkvæma séu í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti, verklýsingar og ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skaðabótaábyrgð iðnmeistara fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við mannvirkjagerð sem hlotið hafa til þess löggildingu Byggingarstofnunar. Iðnmeistarar, sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa a.m.k. sambærilega menntun á hlutaðeigandi sviði, geta hlotið slíka löggildingu, enda séu þeir starfandi sem meistarar í iðn sinni.

Löggilding til handa rafvirkjameisturum sem gefin er út á grundvelli laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, jafngildir löggildingu skv. 3. mgr.

Byggingarstofnun heldur skrá yfir löggilta iðnmeistara og skal hún varðveitt í miðlægum gagnagrunni stofnunarinnar.

Iðnmeistarar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk lýsingar á og skrár um innra eftirlit iðnmeistarans í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð. Gæðastjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9000 uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfis samkvæmt þessari grein. Iðnmeistari skal tilkynna Byggingarstofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í miðlægan gagnagrunn stofnunarinnar.

32. gr.

*Iðnmeistaraskipti.*

Hætti iðnmeistari umsjón með verkþætti áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynna það útgefanda byggingarleyfis.

Byggingarstjóri skal sjá til þess að framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með séu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal byggingarstjóri gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðnmeistari hafði umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara og hinum nýja, ef þess er kostur. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

## VII. KAFLI
## **Eftirlit með mannvirkjagerð.**

33. gr.

*Áfangaúttektir.*

Mannvirki skulu byggð þannig að þau uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Gerðar skulu áfangaúttektir á einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar þar sem eftirlitsaðili fer yfir hvort sá þáttur sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög þessi og reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt þeim.

Byggingarstjóri mannvirkis, fyrir hönd eiganda þess, skal sjá til þess að áfangaúttektir fari fram og tilkynnir eftirlitsaðila um þær. Byggingarstjóra er skylt að vera viðstaddur áfangaúttektir. Enn fremur skal iðnmeistari eða aðili sem hann tilnefnir í sinn stað vera viðstaddur úttekt á þeim verkþáttum sem eru á hans ábyrgðarsviði nema um annað sé samið í samningi milli iðnmeistara og eiganda.

Geri eftirlitsaðili alvarlegar athugasemdir við úttekt verkþáttar skal byggingarstjóri sjá til þess að bætt sé úr og áfangaúttekt endurtekin.

Leggi eigandi mannvirkis fram skriflega greinargerð um framkvæmd innra eftirlits byggingarstjóra getur útgefandi byggingarleyfis heimilað byggingarstjóra eða iðnmeistara sem skráður er fyrir viðkomandi verkþætti að framkvæma sjálfir einstakar áfangaúttektir.

34. gr.

*Öryggisúttekt.*

Þegar mannvirki er tekið í notkun skal gerð úttekt á öryggi þess og hollustuháttum. Óheimilt er að flytja inn í eða taka í notkun mannvirki nema það uppfylli öryggis- og hollustukröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og útgefandi byggingarleyfis hafi gefið út vottorð um framkvæmd öryggisúttektar.

Byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir öryggisúttekt áður en það er tekið í notkun. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera, auk eftirlitsaðila og byggingarstjóra, fulltrúi slökkviliðs og þeir iðnmeistarar og hönnuðir sem þess óska eða eru til þess boðaðir

af byggingarstjóra. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir öryggisúttekt áður en mannvirki er tekið í notkun skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar. Einnig getur eigandi mannvirkis ávallt óskað eftir öryggisúttekt.

35. gr.

*Lokaúttekt.*

Innan þriggja ára frá því að mannvirki var tekið í notkun og öryggisúttekt fór fram skal framkvæmd lokaúttekt á mannvirkinu. Heimilt er að framkvæma samtímis öryggis- og lokaúttekt.

Byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir lokaúttekt. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera, auk eftirlitsaðila, byggingarstjóri og fulltrúi slökkviliðs. Byggingarstjóri skal tilkynna iðnmeisturum og hönnuðum mannvirkisins um framkvæmd lokaúttektar og gefa þeim kost á að vera viðstaddir. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir lokaúttekt innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar. Einnig getur eigandi mannvirkis óskað eftir að lokaúttekt sé framkvæmd.

Við lokaúttekt skal gerð úttekt á því hvort mannvirkið uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hafi verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn.

Sé mannvirki ekki fullgert við framkvæmd lokaúttektar, það uppfyllir ekki að öllu leyti ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim eða er ekki að öllu leyti í samræmi við samþykkt hönnunargögn getur eftirlitsaðili gefið út vottorð um framkvæmd lokaúttektar með athugasemdum. Þáttum sem varða aðgengi skal þó ávallt hafa verið lokið við framkvæmd lokaúttektar.

Komi í ljós við framkvæmd lokaúttektar að mannvirki uppfyllir ekki öryggis- eða hollustukröfur getur eftirlitsaðili fyrirskipað lokun mannvirkis og lagt fyrir eiganda þess að bæta úr og skal þá lokaúttektarvottorð ekki gefið út fyrr en það hefur verið gert.

36. gr.

*Aðgangur að mannvirki.*

Starfsmönnum Byggingarstofnunar, byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans, fulltrúum slökkviliðs, svo og starfsmönnum skoðunarstofa sem falið hefur verið eftirlit, sbr. 19. gr., skal frjáls aðgangur að lóðum og mannvirkjum til eftirlits með byggingarframkvæmdum.

Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af útgefanda byggingarleyfis, ásamt útgefnu byggingarleyfi, skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal eftirlitsaðila heimill aðgangur þar til eftirlits. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum úrskurði dómara.

## VIII. KAFLI

## Gjaldtaka og leyfisgjöld.

37. gr.

*Byggingaröryggisgjald.*

Vátryggingafélög og aðrir sem annast vátryggingar skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt byggingaröryggisgjald. Byggingaröryggisgjaldið skal nema 0,08 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga

sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging telst þó ekki gjaldskyld trygging í þessu efni né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Byggingaröryggisgjaldið skal notað til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar.

Þeir sem innheimta byggingaröryggisgjaldið skulu hafa staðið ríkissjóði skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra sem annast innheimtu þess liggja fyrir.

Ráðherra setur nánari reglur um innheimtu byggingaröryggisgjalds í reglugerð.

38. gr.

*Gjaldskrá vegna byggingareftirlits byggingarfulltrúa.*

Sveitarstjórnum er heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og útgáfu byggingarleyfis byggingarfulltrúa, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á, sbr. einnig 2. mgr. 19. gr. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

39. gr.

*Gjaldskrá Byggingarstofnunar.*

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Byggingarstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og útgáfu byggingarleyfis og vottorða, fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og yfirferð hönnunargagna. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á, sbr. einnig 2. mgr. 19. gr. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

40. gr.

*Greiðsla gjalda.*

Sveitarstjórnir og Byggingarstofnun ákveða í gjaldskrá sinni gjalddaga byggingarleyfisgjalda og hvernig þau skuli innheimt. Eigi má gefa út byggingarleyfi fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið hefur verið um greiðslu þeirra.

Vanskil á greiðslu gjalda skv. 1. mgr. veitir byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun heimild til að neita að gefa út vottorð um viðkomandi mannvirki.

Gjöldum skv. 38. og 39. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

## IX. KAFLI

## **Rannsóknir, þvingunarúrræði og viðurlög.**

41. gr.

*Rannsóknir á tjóni á mannvirkjum.*

Verði manntjón eða alvarleg hætta skapast vegna tjóns á mannvirki skal Byggingarstofnun rannsaka tjónið, framkvæmd byggingareftirlits og hvernig að hönnun mannvirkis og byggingarframkvæmdum hafi verið staðið. Um rannsóknir á tjóni vegna eldsvoða gilda ákvæði

VII. kafla laga um brunavarnir. Skilgreina skal nánar í reglugerð hvaða tjón Byggingarstofnun skal rannsaka samkvæmt þessari grein.

Eigandi mannvirkis sem verður fyrir tjóni sem fellur undir 1. mgr. skal tilkynna það til Byggingarstofnunar svo fljótt sem unnt er. Byggingarstofnun getur hafið rannsókn að eigin frumkvæði vanræki eigandi að tilkynna um tjónið.

Byggingarstofnun rannsakar vettvang þegar eftir að tjón hefur verið tilkynnt, eftir atvikum með aðstoð lögreglu ef um er að ræða slys sem sætir lögreglurannsókn samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Byggingarstofnun skal fá afrit af öllum rannsóknargögnum lögreglu að lokinni lögreglurannsókn, hafi hún farið fram. Byggingarstofnun kveður til sérfróða menn vegna rannsóknarinnar eftir því sem þörf krefur.

Vátryggingafélög skulu senda Byggingarstofnun upplýsingar ár hvert um bætt tjón á mannvirkjum.

42. gr.

*Stöðvun framkvæmda, lokun mannvirkis o.fl.*

Ef mannvirkjagerð sem fellur undir lög þessi er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ekki sótt um leyfi fyrir breyttri notkun mannvirkis, það byggt á annan hátt en leyfi stendur til, mannvirkið eða notkun þess brýtur í bága við skipulag, mannvirki er tekið í notkun án þess að öryggisúttekt hafi farið fram eða ef mannvirki er tekið til annarra nota en heimilt er samkvæmt útgefnu byggingarleyfi getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir eða notkun tafarlaust og fyrirskipað lokun mannvirkis. Sama gildir ef ekki er að öðru leyti fylgt ákvæðum laganna eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim við byggingarframkvæmdina. Ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 8. gr. skal stöðvun framkvæmda og lokun mannvirkis vera í höndum Byggingarstofnunar.

Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni eða hún brýtur í bága við skipulag getur byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Byggingarstofnun, ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 8. gr., krafist þess að hið ólöglega mannvirki eða byggingarhluti sé fjarlægt, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni eigandi ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun við þær aðgerðir er greinir í 1.–2. mgr.

Reynist öryggi mannvirkis ábótavant við öryggis- eða lokaúttekt þess eða það telst skaðlegt heilsu skal útgefandi byggingarleyfis fyrirskipa lokun þess og koma í veg fyrir að mannvirkið verið tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Sveitarfélag eða eftir atvikum ríkið á endurkröfu á eiganda mannvirkis á kostnaði sem það hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á lögveð fyrir kröfu sinni í öllu efni sem notað hefur verið við byggingarframkvæmdina.

43. gr.

*Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.*

Sé ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar ábótavant, af því stafar hætta eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum og byggingarlýsingu, skal gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er. Sama gildir ef vanrækt er að láta fara fram úttektir

samkvæmt lögum þessum, ef notkun mannvirkis er breytt án samþykkis byggingarfulltrúa eða ef notkun mannvirkis brýtur í bága við skipulag.

Byggingarstofnun og byggingarfulltrúa er heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt. Dagsektir sem byggingarfulltrúi leggur á renna í sveitarsjóð en í ríkissjóð ef þær eru lagðar á af Byggingarstofnun.

Byggingarfulltrúi og Byggingarstofnun geta látið vinna verk, sem þau hafa lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

44. gr.

*Áminning og missir löggildingar eða starfsleyfis.*

Ef hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi getur Byggingarstofnun veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur Byggingarstofnun svipt hönnuð eða iðnmeistara löggildingu.

Byggingarstofnun getur svipt byggingarstjóra starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef byggingarstjóri brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi.

Byggingarfulltrúi sem verður áskynja um brot hönnuðar, byggingarstjóra eða iðnmeistara samkvæmt þessari grein skal tilkynna um það til Byggingarstofnunar.

45. gr.

*Refsiábyrgð.*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

## X. KAFLI

## **Ýmis ákvæði.**

46. gr.

*Úrskurðir.*

Ágreiningur um framkvæmd laga þessara er kæranlegur til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 16. gr. Um meðferð kæru og um kæruaðild fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

Rísi ágreiningur milli Byggingarstofnunar og sveitarfélags eða byggingarfulltrúa um framkvæmd laganna, sem ekki fellur undir 2. mgr. 16. gr., skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

47. gr.

*Setning reglugerða.*

Ráðherra setur að tillögu Byggingarstofnunar og í samráði við hagsmunaaðila reglugerðir sem ná til alls landsins þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara. Við setningu reglugerða á grundvelli laga þessara skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga

um atriði er varða skyldur sveitarfélaga. Í reglugerð skulu vera ákvæði um eftirfarandi atriði, sbr. einnig önnur ákvæði laga þessara um setningu reglugerða:

1. Kröfur sem gera skal til hönnunar og mannvirkja um útlit, rýmisstærðir og samsvörun við næsta umhverfi, hagkvæmni og notagildi, aðgengi, öryggi, heilnæmi, tæknilegan frágang og viðhald, auk krafna um gróður og frágang lóða, þ.m.t. girðingar. Einnig lágmarkskröfur sem einstakir hlutar mannvirkja og mismunandi tegundir þeirra skulu uppfylla, svo sem varðandi undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftgæði, hljóðvist, birtu, lagnakerfi, hollustuhætti, brunavarnir og þess háttar. Jafnframt skal kveða á um kröfur til mannvirkja við verulegar breytingar á þeim eða breytingar á notkun mannvirkis. Í reglugerð er heimilt að vísa til staðla, sem Staðlaráð Íslands hefur staðfest eða sett, um tæknilega útfærslu eða annað sem snýr að mannvirkjum, eða til ákvæða og skuldbindinga sem fylgja aðild Íslands að alþjóðasamningum.
2. Hönnunargögn, byggingarlýsingar, skýrslur um innra og ytra eftirlit, greinargerðir og önnur gögn er skila þarf vegna umsóknar um byggingarleyfi. Í reglugerð skal kveða á um kröfur til hönnunargagna mismunandi mannvirkja og skiptingu uppdrátta í aðal-, sér- og deiliuppdrætti. Ákvæði um hvaða hönnunargögnum skal skilað vegna sérhæfðra mannvirkja, svo sem virkjana, fráveitumannvirkja, dreifi- og flutningskerfa rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, og til hvaða þátta eftirlit útgefanda byggingarleyfis skal taka til.
3. Framkvæmd innra eftirlits við byggingarframkvæmdir og þær kröfur sem gerðar eru til gæðakerfa hönnuða, samræmingaraðila, byggingarstjóra og iðnmeistara. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að gæðastjórnunarkerfi þessara aðila skuli vottuð af faggiltri vottunarstofu. Heimilt er að gera mismunandi kröfur til gæðakerfa samkvæmt lögum þessum eftir gerð mannvirkis.
4. Framkvæmd námskeiðahalds og prófs fyrir hönnuði skv. 25. gr. og lágmarksárangur til að standast það.
5. Nánari ákvæði um útgáfu starfsleyfis byggingarstjóra, flokkun starfsleyfa eftir gerð mannvirkja, framkvæmd námskeiðs, auk ákvæða um starfshætti, ábyrgð og verksvið byggingarstjóra, sbr. 26.–30. gr.
6. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfa faggiltra skoðunarstofa, sbr. 19. gr., gildistíma starfsleyfis, starfsemi skoðunarstofa, hæfi skoðunarmanna, sbr. 20. gr., og hvaða þáttum byggingareftirlits skoðunarmönnum I–III er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.
7. Úttektarskyldu, framkvæmd áfangaúttekta, öryggisúttektar og lokaúttektar, þar sem m.a. er kveðið á um þau gögn sem leggja þarf fram vegna þeirra.
8. Staðsetningu, gerð og frágang skilta.
9. Skilyrði fyrir veitingu stöðuleyfa fyrir gáma, báta, torgsöluhús, stór samkomutjöld o.þ.h. sem ætlað er að standa utan skipulagðra svæða í lengri tíma en tvo mánuði. Í reglugerð skal kveðið á um atriði er varða öryggi og hollustuhætti vegna þessara lausafjármuna og um heimildir byggingarfulltrúa til þess að krefjast þess að þeir séu fjarlægðir ef ekki eru uppfyllt ákvæði reglugerðarinnar.
10. Ákvæði um frágang leiksvæða, íþróttasvæða og annarra opinna svæða.
11. Miðlægan gagnagrunn Byggingarstofnunar, hvað skal skrá þar og með hvaða hætti. Skoðunarhandbók skal vera hluti af miðlægum gagnagrunni Byggingarstofnunar og skal

birt sem fylgiskjal við reglugerð. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um framkvæmd úttekta, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.
12. Nánari ákvæði um framkvæmd byggingareftirlits og verksvið byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar.
13. Nánari ákvæði um beitingu þvingunarúrræða skv. 42.–44. gr.
14. Ákvæði um skráningu, eftirlit og umsjón með lyftum og lyftubúnaði til fólks- og vöruflutninga og togbrautarbúnaði til fólksflutninga.

48. gr.

*Miðlægur gagnagrunnur Byggingarstofnunar.*

Byggingarstofnun skal starfrækja miðlægan gagnagrunn fyrir upplýsingar um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt í samræmi við ákvæði laga þessara Gagnagrunnurinn skal vera þannig gerður að unnt sé að tengja upplýsingar úr honum við Landskrá fasteigna. Byggingarfulltrúar og slökkvilið skulu hafa endurgjaldslausan aðgang að gagnagrunni Byggingarstofnunar í umdæmi þeirra.

49. gr.

*Um yfirstjórn byggingarmála á varnar- og öryggissvæðum.*

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn byggingarmála á varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar og á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006.

Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um byggingarmál á varnar- og öryggissvæðum, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 176/2006. Byggingarstofnun, í umboði utanríkisráðherra, gefur út byggingar- og framkvæmdaleyfi og hefur eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum leyfisskyldum framkvæmdum á öryggissvæði og varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar. Gerður skal þjónustusamningur milli Byggingarstofnunar og utanríkisráðherra um framkvæmd byggingareftirlits stofnunarinnar samkvæmt þessari grein. Um skipulag á varnar- og öryggissvæðum gilda ákvæði skipulagslaga.

Umhverfisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við samgönguráðherra og utanríkisráðherra. Heimilt er í reglugerð að gera sérstakar kröfur til mannvirkja á varnar- og öryggissvæðum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

50. gr.

*Þagnar- og trúnaðarskylda.*

Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru bundnir þagnarskyldu og trúnaði um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnar- og trúnaðarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að ástæðulausu.

51. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Byggingarstofnun skal þó taka til starfa 1. júní 2007 og vinna að undirbúningi gildistöku laga þessara í samráði við umhverfisráðherra.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. halda starfandi byggingarfulltrúar við gildistöku laga þessara fullum rétti sínum til starfa, sbr. þó 2. tölul.
2. Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar hafa frest til 1. janúar 2013 til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 18. gr., sbr. 20. gr. Fyrir 1. janúar 2010 skulu Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar hafa komið sér upp gæðastjórnunarkerfi. Hafi gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu skal Byggingarstofnun til 1. janúar 2013 gera úttektir á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfanna. Byggingarfulltrúar og starfsmenn þeirra sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu teljast uppfylla skilyrði a–c-liða 1. mgr. 20. gr.
3. Þeir hönnuðir sem öðlast höfðu, með löggildingu umhverfisráðherra eða með öðrum hætti, rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfisumsóknar í gildistíð eldri laga halda þeim rétti sínum. Þeir skulu enn fremur teljast uppfylla kröfur um hliðstæða löggildingu Byggingarstofnunar skv. b- og c-lið 1. mgr. 20. gr. og 4. mgr. 27. gr. laga þessara.
4. Iðnmeistarar sem fengið höfðu viðurkenningu byggingaryfirvalda eða löggildingu umhverfisráðherra í gildistíð eldri laga til að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar hver á sínu sviði halda þeim rétti. Þeir skulu enn fremur teljast uppfylla kröfur um löggildingu Byggingarstofnunar skv. a-lið 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 27. gr. laga þessara.
5. Hafi þeir aðilar, sem taldir eru upp í 24. gr., þegar við gildistöku laga þessara lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu skulu þeir eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.
6. Þeir aðilar sem sannanlega hafa tekið að sér byggingarstjórn mannvirkis í gildistíð eldri laga teljast uppfylla skilyrði 2.–3. mgr. 27. gr. og mega því annast byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. laga þessara. Til að starfa sem byggingarstjórar samkvæmt ákvæðum laga þessara skulu þeir hafa viðeigandi gæðastjórnunarkerfi og afla sér starfsleyfis Byggingarstofnunar.
7. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 2. mgr. 12. gr. hafa hönnuðir, samræmingaraðilar, byggingarstjórar og iðnmeistarar frest til 1. janúar 2010 til að uppfylla ákvæði 4. mgr. 22. gr., 29. gr. og 6. mgr. 30. gr. um gæðastjórnunarkerfi.
8. Sé virkt ytra eftirlit óháðra aðila á vegum eiganda með hönnun og framkvæmdum vegna mannvirkja sem falla undir a- og b-lið 3. mgr. 8. gr. eða 3. mgr. 12. gr. getur leyfisveitandi til 1. janúar 2014 heimilað að það komi að hluta til eða öllu leyti í stað opinbers eftirlits samkvæmt lögum þessum, enda uppfylli skoðunarmenn viðkomandi eftirlitsaðila hæfniskröfur 20. gr. eftir eðli framkvæmdarinnar og eftirlitsaðilinn hafi gæðastjórnunarkerfi sem útgefandi byggingarleyfis telur fullnægjandi. Eigandi mannvirkisins skal reglulega gera leyfisveitanda skriflega grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum eftirlitsins þegar þessi heimild er nýtt.
9. Starfsmenn Brunamálastofnunar, Skipulagsstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins sem vinna að þeim verkefnum sem færast þann 1. janúar 2009 til Byggingarstofnunar skulu eiga forgangsrétt til starfa hjá Byggingarstofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
10. Fram til 1. janúar 2012 skal Neytendastofa annast eftirlit með neysluveitum rafmagns og raflagnabúnaði sem telst til fasts búnaðar mannvirkis samkvæmt þjónustusamningi

við Byggingarstofnun. Fyrir 1. janúar 2012 skal endurskoða þessa framkvæmd eftirlitsins í ljósi fenginnar reynslu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**1. Almennt um undirbúning og gerð frumvarpsins.**

Vorið 2002 ákvað umhverfisráðuneytið að ráðast í heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Ákveðið var við endurskoðunina að taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga og að ákvæði laganna um skipulagsmál yrðu sett í sérstök lög, skipulagslög, og ákvæði um byggingar og brunavarnir í sérstök lög, byggingarlög. Jafnframt að við endurskoðun ákvæða laganna um byggingarmál yrði tekið á eftirliti með byggingarvörum á markaði, réttindamálum iðnmeistara og stofnun sérstakrar stofnunar þar sem byggingarmál og brunavarnir yrðu vistaðar. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, skyldi endurskoðunin enn fremur taka til laga um brunavarnir með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um byggingar og önnur mannvirki til að einfalda framkvæmd þeirra, þar með að heimila notkun skoðunarstofa í eftirliti með gerð og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja.

Í ofangreindu skyni ákvað ráðuneytið að skipa tvær nefndir til þess að endurskoða skipulags- og byggingarlög, annars vegar um skipulagsþáttinn og hins vegar um byggingarþáttinn. Nefndunum var ætlað að hafa náið samráð varðandi tillögugerð og ákveðið að frumvörp til breyttra laga yrðu lögð fram samtímis á Alþingi.

Í nefnd um endurskoðun byggingarlagaþáttarins áttu sæti: Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri umhverfisráðuneytinu, formaður, Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, Smári Þorvaldsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, Ágúst Þór Jónsson verkfræðingur, tilnefndur af forsætisráðuneyti, Eyjólfur Bjarnason tæknifræðingur, tilnefndur af Samtökum iðnaðarins, Magnús Sædal byggingarfulltrúi, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Björn Karlsson brunamálastjóri, tilnefndur af Brunamálastofnun.

Nefndinni var ætlað að hafa náið samráð við eftirtalda aðila við gerð frumvarpsins: Ólaf K. Guðmundsson byggingarfulltrúa, tilnefndan af Félagi byggingarfulltrúa, Baldur Þór Baldursson húsasmíðameistara, tilnefndan af Meistarafélagi húsasmíða, Sigmund Eyþórsson slökkviliðsstjóra, tilnefndan af Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi, Stefán Thors skipulagsstjóra, tilnefndan af Skipulagsstofnun, Jón Sigurjónsson, yfirverkfræðing hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, tilnefndan af iðnaðarráðuneyti, Hauk Ingibergsson forstjóra, tilnefndan af Fasteignamati ríkisins, Kristján Sveinsson verkfræðing, tilnefndan af félagi ráðgjafarverkfræðinga, Guðjón Bragason skrifstofustjóra, tilnefndan af félagsmálaráðuneyti, og Guðmund Magnússon, tilnefndan af Öryrkjabandalagi Íslands.

Á árinu 2001 áttu sér stað viðræður milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og umhverfisráðuneytis um að reglugerð nr. 431/1994, um viðskipti með byggingarvörur, sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setti til þess að uppfylla skyldur sem Ísland tók á sig með samningum um Evrópska efnahagssvæðið, yrði færð yfir til umhverfisráðuneytisins og undir skipulags- og byggingarlög. Ráðuneytin ákváðu í framhaldinu að tekið yrði á málinu við endurskoðun laganna og lagði nefndin til að reglugerðin færðist undir ný lög og yrði viðfangsefni nýrrar stofnunar, Byggingarstofnunar. Enn fremur varð að samkomulagi við félagsmálaráðuneytið að aðgengismál yrðu sérstakt verkefni nýrra byggingarlaga. Ekki náðist samkomulag um það við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið eftir að nefndin lauk störfum að eftirlit með byggingarvörum á markaði og ábyrgð á innleiðingu tilskipunar ráðsins 93/68/EB um viðskipti með

byggingarvörur yrði færð úr höndum iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Neytendastofu eins og nefndin lagði til. Þess vegna er í frumvarpinu ekki gerð tillaga um þennan þátt málsins.

Á starfstíma nefndarinnar komu fram þau sjónarmið að ástæða væri til þess að ný byggingarlög fjölluðu um öll mál er vörðuðu öryggi bygginga. Endurskoðunarnefndin kynnti sérstaklega fyrir umhverfisráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti þau áform að leggja til að rafmagnsöryggismál í byggingum ættu að falla undir lög um byggingarmál en þau eru vistuð í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og falla undir starfsemi Neytendastofu, áður Löggildingarstofu. Samkvæmt gildandi lögum er eftirlit með rafmagnsöryggi í mannvirkjum bæði í höndum byggingarfulltrúa og rafmagnsöryggisdeildar Neytendastofu og skilin milli þessara tveggja eftirlitsaðila ekki alltaf skýr. Ein birtingarmynd þessa tvöfalda kerfis hefur falist í því að rafvirkjameistarar hafa þurft tvenns konar löggildingar til starfa sinna, annars vegar löggildingu umhverfisráðherra að grundvelli skipulags- og byggingarlaga og hins vegar löggildingu Neytendastofu á grundvelli laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, og hafa fagfélög ítrekað kvartað yfir þessu fyrirkomulagi. Nefndin taldi því nauðsynlegt að rafmagnseftirlit yrði sameinað undir einu ráðuneyti og einni stofnun í því skyni að tryggja skilvirkni og koma í veg fyrir að byggingariðnaðurinn sætti tvöföldu eftirliti. Niðurstaðan af samráði við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið eftir að nefndin lauk störfum var sú að Byggingarstofnun hefði ábyrgð á eftirliti með rafmagnsöryggi í mannvirkjum en Neytendastofa annaðist eftirlit með neysluveitum rafmagns og raflagnabúnaði sem telst til fasts búnaðar mannvirkis í umboði Byggingarstofnunar. Fyrir 1. janúar 2012 skal endurskoða þessa framkvæmd eftirlitsins í ljósi fenginnar reynslu.

Nefndin benti enn fremur á að nauðsynlegt væri í mannvirkjakafla byggingarlaga að fleiri mannvirki yrðu sett undir byggingarleyfisskyldu en nú er. Skv. 36. gr. gildandi skipulags- og byggingarlaga taka ákvæði mannvirkjakafla laganna til hvers konar byggingar ofan jarðar og neðan og eru síðan talin upp mannvirki sem undanþegin eru byggingarleyfi og þar með afskiptum byggingarnefnda og byggingarfulltrúa. Þar er um að ræða götur, holræsi, vegi og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir enda séu þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Þó þarf byggingarleyfi fyrir varanlegum húsbyggingum sem reistar eru í tengslum við þessar framkvæmdir, þ.e. byggingar sem ekki eru varanlegar, svo sem starfsmannahús og starfsmannabúðir á hálendinu í tengslum við virkjunarframkvæmdir, eru undanþegnar kröfu um byggingarleyfi og þar með undanþegnar eftirliti byggingarfulltrúa. Nefndin telur nauðsynlegt að færa þessar framkvæmdir, að vegum og götum frátöldum, undir byggingarleyfisskyldu, ekki síst þar sem þessar framkvæmdir eru í æ ríkari mæli unnar af öðrum en opinberum aðilum, en það var meginástæða þess að þær voru undanskildar byggingarleyfisskyldu á sínum tíma. Yrði það þá hlutverk Byggingarstofnunar að veita slík byggingarleyfi enda um meiri háttar framkvæmdir að ræða sem þarfnast sérhæfingar og mikillar þekkingar af hálfu eftirlitsaðila.

Aðrir þættir sem endurskoðunarnefnd byggingarlagaþáttarins tók sérstaklega fyrir eru verkefni sem nú eru á vegum Vinnueftirlits ríkisins og varða eftirlit með lyftum og uppsetningu þeirra. Þessi atriði voru sérstaklega rædd við félagsmálaráðuneytið. Telur nefndin eðlilegt að þessi þáttur mannvirkja falli eins og aðrir undir ný lög um mannvirki enda enginn munur á þessum tæknibúnaði og öðrum sem settur er upp í mannvirkjum og lýtur byggingareftirliti samkvæmt gildandi lögum.

Endurskoðunarnefnd byggingarlagaþáttarins hefur því í störfum sínum, auk þeirra atriða sem henni var sérstaklega falið að fjalla um í skipunarbréfi, fjallað um aðgengismál, raf-

magnsöryggismál, eftirlit með lyftum og lyftubúnaði, auk útvíkkunar mannvirkjakafla gildandi laga og gerir tillögur um að þessir þættir falli undir ný byggingarlög og starfsemi Byggingarstofnunar og byggingarfulltrúa eftir því hvert umfang framkvæmdanna er.

Í störfum sínum leitaðist nefndin við að kljúfa sem gleggst á milli þeirra ákvæða sem annars vegar eiga að vera í skipulagslögum og hins vegar í byggingarlögum og sendi hugmyndir sínar til nefndar sem sérstaklega var falið að endurskoða skipulagsþátt laganna, sbr. það sem segir hér á undan. Byggist þetta fyrst og fremst á því að framkvæmd byggingarlaga sé tæknilegs eðlis en skipulagslög eru í eðli sínu bundin mótun stefnu um landnotkun.

Nefndin taldi nauðsynlegt að þannig yrði frá nýjum byggingarlögum gengið að um væri að ræða heildarlöggjöf sem tæki til allra öryggisþátta bygginga þannig að ákvæði þar að lútandi væri að finna í einum lögum, undir einu ráðuneyti, umhverfisráðuneyti, og einni stofnun, Byggingarstofnun, og byggingarfulltrúum sveitarfélaganna. Eftirlit með einstökum þáttum á að vera hægt að fela faggiltum aðilum og skoðunarstofum, jafnt opinberum sem og á almennum markaði, en ábyrgðin á eftirlitinu yrði eigi að síður í höndum byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar eftir atvikum.

Endurskoðunarnefnd byggingarlaga lauk störfum í mars 2006 eftir að hafa fengið athugasemdir þeirra aðila sem henni var falið að ráðfæra sig við auk nokkurra annarra aðila og sendi umhverfisráðherra tillögur sínar í formi frumvarps til laga um mannvirki ásamt athugasemdum við lagafrumvarpið og við einstaka greinar ásamt fylgiskjölum.

Endurskoðunarnefnd skipulagslaga skilaði um svipað leyti tillögum sínum til umhverfisráðherra. Umhverfisráðuneytið taldi með hliðsjón af eðli þessara frumvarpa og hversu hagsmuni margra þau varða rétt að senda þau til víðtækrar umsagnar og voru þau í því skyni þann 30. júní 2006 send 159 aðilum, þar á meðal öllum sveitarfélögum landsins. Gefinn var kostur á að gera athugasemdir við frumvörpin fyrir 15. ágúst 2006. Jafnframt kynnti ráðuneytið frumvörpin í fjölmiðlum og á heimasíðu sinni og var almenningi gefinn kostur á að gera athugasemdir við efni þeirra. Ráðuneytið fór vandlega yfir allar athugasemdir sem því bárust og voru gerðar breytingar á frumvörpunum m.a. vegna þeirra.

## 2. Saga löggjafar um byggingarmálefni á Íslandi.

Fyrstu heildarlög um byggingarmálefni sem náðu til landsins alls tóku gildi 1. janúar 1979, sbr. byggingarlög nr. 54/1978. Fram að þeim tíma höfðu gilt mismunandi reglur í þéttbýli og dreifbýli, bæði að því er varðaði stjórn og meðferð byggingarmála og einnig þær kröfur sem gerðar voru til bygginga. Um byggingarmálefni í þéttbýli giltu ákvæði laga nr. 19/1905, um byggingarsamþykktir fyrir verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði, og lög nr. 61/1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur. Auk ákvæða um stjórn og meðferð byggingarmála voru í byggingarsamþykktum ákvæði um gerð uppdrátta og bygginga. Árið 1967 gaf félagsmálaráðuneytið, sem þá fór með yfirstjórn málaflokksins, út fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir löggilta verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði og settu fjölmörg sveitarfélög sér byggingarsamþykktir að þeirri fyrirmynd. Um byggingarmálefni í dreifbýli giltu hins vegar, fyrir setningu laga nr. 54/1978, lög nr. 108/1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir. Samkvæmt þeim lögum skyldu sýslunefndir setja byggingarsamþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslu og gerðu flestar sýslunefndir það. Í byggingarsamþykktum sýslnanna voru hins vegar nær eingöngu ákvæði um stjórn og meðferð byggingarmála en ákvæði um tæknileg atriði skorti.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til þeirra byggingarlaga sem tóku gildi í ársbyrjun 1979 kemur fram að bein lagaákvæði um byggingarmálefni séu orðin gömul og að mörgu

leyti úrelt auk þess sem æskilegt sé að sömu lög gildi fyrir landið allt. Sum ákvæði laga nr. 54/1978 áttu sér fyrirmyndir í hinum staðbundnu byggingarsamþykktum en í öðrum tilvikum var um nýmæli að ræða. Í lögunum var í fyrsta sinn kveðið á um setningu byggingarreglugerðar fyrir landið allt þar sem sett yrðu ítarleg ákvæði um hin ýmsu tæknisvið byggingarmála, hliðstæð þeim sem áður var að finna í byggingarsamþykktum einstakra sveitarfélaga. Í lögunum voru einnig ákvæði um stjórn byggingarmála, um starfsemi byggingarnefnda og byggingarfulltrúa, kröfur um menntun, reynslu og landslöggildingu þeirra sem gera máttu uppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum, bæði aðal- og séruppdrætti. Þeir hönnuðir sem fengið höfðu staðbundna viðurkenningu samkvæmt staðbundnum byggingarsamþykktum til að leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd héldu þeim rétti.

Í lögum nr. 54/1978 voru enn fremur ný ákvæði um byggingarstjóra en samkvæmt eldri byggingarsamþykkt Reykjavíkur og flestum byggingarsamþykktum á skipulagsskyldum þéttbýlisstöðum veittu byggingarnefndir húsasmíðameisturum og múrarameisturum löggildingu til að hafa umsjón með og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Við hverja byggingarframkvæmd þurfti tvo löggilta meistara til að standa fyrir framkvæmdinni og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Í dreifbýli gátu byggingarnefndir veitt einum byggingarmeistara (húsasmíðameistara eða múrarameistara) réttindi til að standa fyrir byggingarframkvæmdum og var sá meistari þá einn ábyrgur fyrir öllu verkinu samkvæmt því sem segir í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 54/1978. Af ummælum í greinargerðinni má ráða að uppruna byggingarstjóraákvæðanna megi rekja til framangreindra ákvæða um ábyrgð iðnmeistara og að einn eða tveir slíkir bæru ábyrgð á hverju verki. Í nefndaráliti neðri deildar Alþingis með frumvarpi til byggingarlaga segir að ólíkar hugmyndir hafi verið uppi um það hvað fælist í hugtakinu byggingarstjóri samkvæmt frumvarpinu. Taldi nefndin að staða byggingarstjóra sem framkvæmdastjóra væri ekki réttindastaða sem menn fengju í eitt skipti fyrir öll með löggildingu, heldur næði viðurkenning byggingarnefndar á byggingarstjóra afmarkaðrar framkvæmdar aðeins til gerðar hvers mannvirkis út af fyrir sig sem byggingarleyfi væri veitt fyrir. Segja má að þetta fyrirkomulag hafi haldist allar götur síðan. Í meðförum þingsins árið 1978 breyttust ákvæðin um byggingarstjórana þannig að einungis var um heimild að ræða en ekki skyldu til að ráða byggingarstjóra að verki. Hins vegar þurftu viðkomandi iðnmeistarar, í fyrstu aðeins húsasmíðameistarar og múrarameistarar, en síðar einnig aðrir iðnmeistarar, að undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína á verki áður en byggingarleyfi var gefið út. Í framkvæmd var byggingarstjóraheimildin lítið notuð.

Á 121. löggjafarþingi 1996 var lagt fram frumvarp til skipulags- og byggingarlaga sem unnið var í umhverfisráðuneytinu í samvinnu við Samband íslenska sveitarfélaga og Skipulag ríkisins. Byggðist frumvarpið á frumvörpum um sama efni sem lögð voru fram á Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991 og 115. löggjafarþingi 1991–1992 og 118. löggjafarþingi 1994–1995 og náðu ekki fram að ganga. Sveitarfélögin í landinu kölluðu sérstaklega eftir endurskoðun laganna m.a. með það fyrir augum að einfalda meðferð mála á þessu sviði þannig að þau væru á ábyrgð sveitarfélaganna í ríkari mæli en verið hafði og þá aðallega hvað varðaði skipulagshlutann. Ákveðið var að sameina skipulags- og byggingarlög í einum lagabálki til hagræðis. Við heildarendurskoðun laganna og setningu sameiginlegra skipulags- og byggingarlaga var þó fyrst og fremst tekið á skipulagsþættinum. Ákvæði laganna um mannvirkjagerð og stjórnsýslu byggingarmála byggðust að mestu leyti á ákvæðum byggingarlaganna frá 1978 þó að gerðar væru lítils háttar breytingar og lagagrunnur stjórnsýslunnar styrktur í nokkrum tilvikum. Sett var á fót sérstök úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sem var nýmæli. Önnur nýmæli laganna frá árinu 1998 voru að sett var að

skilyrði að við gerð hvers mannvirkis skyldi vera einn ábyrgur aðili, byggingarstjóri, en eins og áður segir var samkvæmt eldri lögum aðeins um heimild að ræða. Kröfur laganna um hönnunargögn og löggildingu hönnuða voru styrkt og ný ákvæði sett um sérstaka samræmingar- og prófhönnuði. Ábyrgðartrygging hönnuða og byggingarstjóra var enn fremur gerð að skyldu.

Við umfjöllun umhverfisnefndar Alþingis um frumvarp til skipulags- og byggingarlaga bættist við heimild til handa sveitarstjórn til að fela faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta. Þessi heimild hefur að vissu marki verið nýtt við embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík með ágætum árangri. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er haldið áfram á þessari braut og leitast við að leggja enn betri grunn að notkun faggiltra skoðunarstofa við framkvæmd byggingareftirlits.

Frá gildistöku skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögunum en breytingar á byggingarþætti laganna hafa þó verið smávægilegar. Ný byggingarreglugerð tók gildi þann 9. júlí 1998.

### 3. Reynsla af framkvæmd skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Framkvæmd skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, hvað varðar byggingarþáttinn hefur gengið nokkuð vel en þó eru þar hnökrar sem m.a. byggjast á því að eftirlitið sem rekið er á vegum sveitarfélaganna í um 60 byggingareftirlitsumdæmum hefur ekki verið nægjanlega samræmt og oft með misjöfnum hætti. Helgast það m.a. af því að byggingareftirlitið getur ekki sótt ráðgjöf eða leiðbeiningar til sérstakrar stofnunar þar sem engin byggingarstofnun starfar hér á landi en hennar hlutverk ætti fyrst og fremst að vera að gæta samræmis og hafa yfirumsjón með því að framkvæmdin sé sú sama í landinu öllu. Mannvirkjagerð er stór atvinnugrein á Íslandi sem veltir milljörðum króna á ári hverju og þar ríkir mikil samkeppni. Því er afar mikilvægt að þar sitji allir við sama borð og eftirlitið sé samræmt og fyrirsjáanlegt. Með því að leggja til að sett verði á fót ný og öflug Byggingarstofnun, sem reka mun miðlægan gagnagrunn með skoðunarhandbókum, leiðbeiningum og upplýsingum um allt byggingareftirlit og mannvirkjagerð á landinu, er vonast til að þessi samræming náist.

Mannvirkjagerð er flókið tæknilegt svið sem er í stöðugri þróun. Mannvirki og búnaður þeirra verða sífellt flóknari og þarfnast sérhæfðra kunnáttumanna á mörgum sviðum. Að gerð eins mannvirkis koma margir slíkir aðilar sem þurfa að samræma vinnu sína og á sama tíma gæta þess að allt fari að settum reglum. Undanfarin missiri hafa einkennst af spennu á byggingarmarkaði og sjaldan eða aldrei hefur eins mikið verið byggt á eins stuttum tíma. Heyrst hafa raddir um fleiri galla í mannvirkjum m.a. vegna aukins hraða við byggingarframkvæmdir þó að ekki liggi fyrir neinar rannsóknir sem staðfesta það. Allt þetta kallar á að settar séu skýrar reglur til að tryggja öryggi og heilnæmi mannvirkja, að gerðar séu kröfur um hæfni og öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma og síðast en ekki síst að markvisst og faglegt byggingareftirlit fari fram. Á sama tíma þarf jafnframt að gæta þess að eftirlitið sé einfalt og ekki kostnaðarsamara eða flóknara en þörf krefur og að nýtt séu þau tæki sem tiltæk eru í nútímasamfélagi. Þó að í gildandi lögum hafi verið leitast við að tryggja framangreint þá kalla breyttir tímar á ýmsar breytingar í lagaumhverfi mannvirkjagerðar. Við endurskoðun byggingarþáttar skipulags- og byggingarlaga hefur verið leitast við að mæta framangreindum þörfum m.a. með því að færa stjórnsýslu byggingarmála úr höndum pólitískt kjörinna fulltrúa til byggingarfulltrúa og gera á sama tíma strangar kröfur til faglegrar hæfni þeirra. Annað sem lagt er til og nefnt er hér að framan er að allt eftirlit fari fram

í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem verða hluti af miðlægum gagnagrunni Byggingarstofnunar. Það eitt og sér ætti að einfalda allt eftirlit, gera það samræmt, markvisst og fyrirsjáanlegt. Það ýtir einnig undir að byggingareftirlit verði í auknum mæli falið faggiltum skoðunarstofum. Að lokum er leitast við að tryggja öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma með því að gera kröfu um að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi varðandi þá þætti rekstrar þeirra sem snýr að lögum og reglum um mannvirkjagerð. Slíkt gæðastjórnunarkerfi ættu aðilar að geta nýtt sér sem hluta af því gæðastjórnunarkerfi sem framkvæmdaraðilar eru í auknum mæli farnir að hafa m.a. til að tryggja hagkvæmni og skilvirkni í rekstri.

Samkvæmt gildandi lögum eru gerðar kröfur til menntunar og reynslu byggingarfulltrúa sem og hönnuða, meistara og byggingarstjóra sem allir eru í lykilhlutverki í tengslum við byggingarframkvæmdir. Almennt má segja að ákvæðin um hönnuði hafi virkað vel í framkvæmd fyrir utan það að heimild til að láta löggilta prófhönnuði yfirfara vandasama hönnun hefur ekki verið nýtt og er því í frumvarpi þessu lagt til að þau ákvæði verði felld niður. Hvað varðar ákvæði um byggingarstjóra þá hafa þau ekki alltaf virkað sem skyldi þó að almennt hafi þeirri skyldu verið fylgt eftir að einn byggingarstjóri stýri hverju byggingarleyfisskyldu verki. Bæði hefur hlutverk þeirra að nokkru leyti verið óljóst og deilt hefur verið um umfang ábyrgðar þeirra, en í lögunum segir að þeir beri ábyrgð á að byggt sé í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Hefur m.a. verið deilt um stöðu byggingarstjóra gagnvart iðnmeisturum, þ.e. hvort og þá að hvaða marki byggingarstjóri beri ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara. Í framkvæmd hefur byggingarstjórn oftar en ekki verið eins konar aukastarf eins af iðnmeisturum verksins. Í frumvarpi þessu er leitast við að skýra hlutverk byggingarstjórans betur og lögð er áhersla á hlutverk hans sem faglegur fulltrúi eiganda mannvirkis, við framkvæmd innra eftirlits og samskipti við hönnuði, iðnmeistara og byggingaryfirvöld. Í frumvarpinu er gengið út frá því að byggingarstjórar starfi sem slíkir í aðalstarfi, a.m.k. þegar um er að ræða umfangsmikla mannvirkjagerð. Þótt gert sé ráð fyrir að iðnmeistarar starfi samkvæmt gildandi lögum og að þeir þurfi löggildingu umhverfisráðherra sem slíkir kemur hvergi fram um hvaða iðnmeistara er að ræða heldur er það útlistað frekar í reglugerð. Eðlilegast er að tekið verði á þessum málum í lögum og er gerð tillaga um það í frumvarpi til nýrra laga um mannvirki.

Í gildandi skipulags- og byggingarlögum er sérstaklega tekið á þvingunarúrræðum og viðurlögum og má segja að þau hafi reynst nokkuð vel sem úrræði til þess að knýja á um framkvæmd þar sem lögum og reglum hefur ekki verið fylgt en misjafnt er hvernig sveitarfélögin hafa nýtt sér þessar heimildir. Þó hefur skort skýr ákvæði um heimildir eftirlitsaðila til að stöðva framkvæmdir og fyrirskipa lokun mannvirkis og er hér lagt til að slíkar heimildir verði lögfestar.

Eitt vandamál tengt framkvæmd núgildandi skipulags- og byggingarlaga varðar svokallaðar stöðu- og lokaúttektir, sem sérstaklega er fjallað um í byggingarreglugerð. Stöðuúttekt er úttekt áður en mannvirki er tekið í notkun og lokaúttekt á að fela í sér úttekt á því að viðkomandi hús sé fullbúið en þessar úttektir fara mjög sjaldan fram í raun. Sérstaklega er tekið á þessum þáttum í frumvarpinu þar sem lagt er til að óheimilt verði að flytja inn í eða taka í notkun mannvirki nema útgefandi byggingarleyfis hafi gefið út vottorð um framkvæmd svokallaðrar öryggisúttektar þar sem farið er yfir öryggisþætti og hollustuhætti bygginga. Einnig eru sett ítarlegri ákvæði um lokaúttektir og m.a. gert ráð fyrir að heimilt sé að gefa út lokaúttektarvottorð með athugasemdum ef mannvirki er ekki fullbúið að öllu leyti en það þarf þó ávallt að uppfylla öryggis- og hollustuháttakröfur og kröfur um aðgengi og frágengi.

**4. Helstu nýmæli frumvarpsins.**

*a. Byggingarstofnun og hlutverk hennar.*

Gert er ráð fyrir að nýrri stofnun, Byggingarstofnun, verði komið á fót og að hún taki til starfa 1. júní 2007 og undirbúi gildistöku laganna þann 1. janúar 2009. Við seinna tímamarkið verður Brunamálastofnun lögð niður og verkefni hennar færð undir Byggingarstofnun og ábyrgð á framkvæmd byggingarmála færð frá Skipulagsstofnun til Byggingarstofnunar.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirlit með þeim hluta laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, sem varðar neysluveitur og raflagnabúnað í mannvirkjum færist frá Neytendastofu til Byggingarstofnunar og eftirlit með lyftum, sbr. lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, færist frá Vinnueftirlitinu til Byggingarstofnunar, sbr. umfjöllun í kafla 1 hér að framan. Þá mun Byggingarstofnun annast aðgengismál.

Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun verði stjórnsýslustofnun sem hafi beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð og stuðli að samræmdu byggingareftirliti um allt land, m.a. með gerð leiðbeininga, skoðunarhandbóka og með beinum íhlutunarrétti ef byggingareftirlit sveitarfélaganna er ekki í samræmi við ákvæði laganna. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin annist löggildingar hönnuða og iðnmeistara í stað umhverfisráðherra og gefi út starfsleyfi fyrir byggingarstjóra og faggiltar skoðunarstofur á byggingarsviði. Stofnunin skal einnig taka þátt í gerð staðla á sviði byggingarmála.

*b. Byggingareftirlit byggingarfulltrúa.*

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að meginþungi byggingareftirlits í landinu verði áfram í höndum sveitarfélaganna. Þó er gert ráð fyrir þeirri breytingu að byggingarnefndir verði lagðar niður og sveitarstjórnir komi ekki með beinum hætti að stjórnsýslu byggingarmála. Þeirra hlutverk verður að ráða byggingarfulltrúa sem síðan munu sinna útgáfu byggingarleyfa og framkvæmd byggingareftirlits. Í eðli sínu eru byggingarmál tæknileg mál og þess vegna er eðlilegt að framkvæmd þeirra sé í höndum aðila með sérþekkingu á því sviði. Í gildandi lögum hefur verið heimild fyrir sveitarfélög til að einfalda feril byggingarleyfisumsókna og fela byggingarfulltrúa afgreiðslu minni háttar mála. Hafa mörg af stærri sveitarfélögunum nýtt sér þessa heimild og fram hefur komið vilji af þeirra hálfu til að ganga jafnvel enn lengra og fela byggingarfulltrúunum endanlega afgreiðslu stærri mála. Í framkvæmd hefur öll fagleg framkvæmd málaflokksins verið í þeirra höndum.

*c. Faggiltar skoðunarstofur – faggilding byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar.*

Gert er ráð fyrir að allt byggingareftirlit verði framkvæmt af faggiltum aðila í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til. Þetta þýðir að annaðhvort er byggingareftirlit, og þá aðallega yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta, framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum eða af byggingarfulltrúum sem þá þurfa að hafa fengið faggildingu til að annast slíkt eftirlit. Sama gildir um það beina eftirlit sem Byggingarstofnun mun hafa með höndum. Henni verður annaðhvort heimilt að fela það faggiltum skoðunarstofum eða að annast það sjálf og þarf þá að afla sér faggildingar. Í frumvarpinu eru tiltekin þau hæfnisskilyrði sem aðilar þurfa að uppfylla til að geta öðlast faggildingu og er gert ráð fyrir að þau séu misströng eftir umfangi mannvirkjagerðarinnar.

*d. Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.*

Samkvæmt 36. gr. núgildandi skipulags- og byggingarlaga taka ákvæði mannvirkjakafla laganna til hvers konar byggingar ofan jarðar og neðan. Síðan eru taldar upp framkvæmdir sem undanþegnar eru byggingarleyfi og þar með afskiptum byggingarnefnda og byggingarfulltrúa en þar er um að ræða götur, holræsi, vegi og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir enda séu þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum.

Eins og áður hefur komið fram taldi endurskoðunarnefnd byggingarlaga fulla þörf á að framangreind mannvirki sem nú eru undanþegin byggingarleyfi verði látin sæta byggingareftirliti eins og önnur mannvirkjagerð. Að hennar mati er engin ástæða til að láta stórframkvæmdir vera undanþegnar slíku eftirliti á meðan allar minni háttar framkvæmdir þurfa að lúta því. Sömu öryggissjónarmið og jafnvel meiri hljóta að gilda um þá mannvirkjagerð. Rökin fyrir undanþágunni á sínum tíma fólust í því að um framkvæmdir af hálfu opinberra aðila væri að ræða en í mörgum tilvikum er það ekki reyndin lengur, t.d. eftir nýlega breytingu á raforkulögum þar sem rekstrarumhverfi orkumannvirkja var breytt. Í frumvarpinu er því lagt til að eftirfarandi mannvirki verði háð byggingarleyfi og byggingareftirliti Byggingarstofnunar:

a. Virkjanir og önnur þau mannvirki sem reist eru í tengslum við slíkar framkvæmdir.
b. Fráveitumannvirki eða dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta sem liggja innan fleiri en eins sveitarfélags.
c. Mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka.
d. Mannvirki á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar.
e. Mannvirki á varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar og á öryggissvæði, sbr. 49. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að tiltekin mannvirki falli utan gildissviðs laganna, svo sem hafnir, varnargarðar og samgöngumannvirki. Þessi mannvirki og eftirlit með þeim falla undir aðra löggjöf, svo sem vegalög og siglingalög, og því eru þau undanþegin ákvæðum þessara laga.

*e. Byggingarlög og skipulagslög aðskilin.*

Þar sem ákveðið hefur verið að aðskilja byggingar- og skipulagsþátt skipulags- og byggingarlaga er nauðsynlegt að settar verði skýrar línur um mörk þessara laga. Gert er ráð fyrir að í lögum um mannvirki verði ákvæði er varða tæknilega gerð mannvirkja, sérstaklega varðandi öryggi, heilnæmi og aðgengi. Ákvæði er varða útlit mannvirkja, form og staðsetningu tilheyri hins vegar skipulagslögum.

*f. Ábyrgð aðila skýrð.*

Í frumvarpinu er lögð á það áhersla að skýra hlutverk og ábyrgð eiganda mannvirkis, hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara betur en gert er í gildandi lögum. Tekið er fram að hin endanlega ábyrgð sé eigandans en hann ráði til sín fagaðila sem sjái um afmarkaða þætti mannvirkjagerðarinnar og beri ábyrgð gagnvart eiganda. Þeir sjái um innra eftirlit eigandans og beiti gæðastjórnunarkerfum við undirbúning og stjórnun framkvæmda.

Eins og áður er komið fram er leitast við að tryggja öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma með því að gera kröfu um að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi varðandi þá þætti rekstrar þeirra sem snýr að lögum og reglum um mannvirkjagerð. Á þetta bæði við um hönnuði, byggingarstjóra og iðnmeistara.

Gert er ráð fyrir því að byggingarstjóri gegni áfram mikilvægu hlutverki við byggingarframkvæmdir, sé faglegur fulltrúi eiganda og sjái um samskipti við yfirvöld, hönnuði, iðnmeistara og aðra sem að mannvirkjagerðinni koma. Leitast er við að skýra nákvæmlega hvert sé hans hlutverk en um það hafa verið nokkuð deildar meiningar hingað til eins og áður segir. Í ljósi þess að byggingarstjóra ber að framkvæma innra eftirlit með því að þeir aðilar sem koma að byggingu mannvirkisins fari að settum reglum þá er lagt til að byggingarstjóri geti ekki samhliða verið hönnuður eða iðnmeistari verksins. Er þetta breyting frá því sem nú er og er hún talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir að mönnum sé ætlað að hafa eftirlit með sjálfum sér. Eina undantekningin frá þessu er ef um er að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota eiganda. Þá getur eigandi óskað eftir að einn af iðnmeisturum eða hönnuðum verksins taki að sér byggingarstjórn þess. Er þessi undanþága heimiluð þar sem ella væri hætta á að byggingarkostnaður smáframkvæmda mundi aukast og umfang slíkra verka er ekki þess eðlis að nauðsynlegt sé að sérstakur aðili annist innra eftirlit. Er það þá undir viðkomandi eiganda komið hvort hann vill leggja í þann kostnað að láta sérstakan aðila annast byggingarstjórn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tryggingarskylda byggingarstjóra og hönnuða verði afnumin. Þessum aðilum verður þó áfram heimilt að kaupa sér slíka tryggingu og líklegt að margir þeirra kjósi að gera það til að minnka áhættu sína vegna hugsanlegra skaðabótakrafna sem stofnast geta vegna gáleysis við framkvæmd starfans. Hins vegar er lagt til að ekki verði um lögbundna skyldutryggingu að ræða.

*g. Byggingaröryggisgjald.*

Lagt er til að gjald með nýju heiti, byggingaröryggisgjald, muni fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Ekki er um nýtt gjald að ræða heldur hefur ákvæði um svokallað brunavarnagjald, sem innheimt hefur verið á grundvelli laga um brunavarnir, verið fært inn í frumvarp til laga um mannvirki. Skattstofn gjaldsins er óbreyttur og er það innheimt áfram af vátryggingarfjáræð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Hér er hins vegar lagt til að gjaldið verði hækkað úr 0,045 prómillum í 0,08. Hingað til hefur brunavarnagjaldi verið einungis ætlað að standa undir rekstri Brunamálastofnunar vegna yfirumsjónar með brunavörnum en hér er lagt til að byggingaröryggisgjaldið renni til Byggingarstofnunar og standi þannig undir kostnaði við yfirumsjón byggingaröryggismála almennt. Með því að leggja slíkt gjald á brunatryggingar er gjaldtökunni dreift á mörg ár, þ.e. allan líftíma mannvirkisins, í stað þess að innheimta hærra gjald einu sinni í upphafi mannvirkjagerðar. Eigendur mannvirkja eiga að njóta góðs af yfireftirliti og umsjón Byggingarstofnunar allan líftíma mannvirkisins og því mæla góð rök með því að þessi leið verði valin.

*h. Úrskurðir um ágreining.*

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ágreiningur um framkvæmd laganna verði í höndum úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála eins og verið hefur. Þó er lögð til sú breyting að komi upp ágreiningur um framkvæmd eftirlits á grundvelli skoðunarhandbókar, þ.e. ágreiningur um tæknileg atriði, gefi Byggingarstofnun út álit sem séu bindandi fyrir alla aðila máls. Enn fremur er lagt til að Byggingarstofnun geti að eigin frumkvæði gefið út slík bindandi álit. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála er ekki ætlað að endurskoða bindandi álit Byggingarstofnunar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um heiti laganna og I. kafla frumvarpsins.

Þar sem gert er ráð fyrir að frumvarpið taki til allra mannvirkja en ekki bara bygginga er lagt til að ný lög verði nefnd lög um mannvirki. Heitið verður þannig lýsandi fyrir vítt gildissvið laganna. Í fyrsta kafla frumvarpsins eru almenn ákvæði um markmið, gildissvið og helstu hugtök skilgreind.

Um 1. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir markmiðum frumvarpsins sem hafa ber að leiðarljósi við framkvæmd laganna, skýringu þeirra og ekki síst við setningu reglugerða á grundvelli þeirra. Í a-lið er fjallað um þann grundvallartilgang löggjafar um mannvirkjagerð að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi þeirra og heilnæmi sé fullnægt. Síðan er í b-lið fjallað um að tilgangur frumvarpsins sé enn fremur að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum. Hagkvæmni mannvirkja ræðst m.a. af líftímakostnaði þeirra þar sem tekið er tillit til stofn- og rekstrarkostnaðar miðað við ákveðinn líftíma og notkun. Með tilliti til mannvirkjagerðar eru íslenskar aðstæður óvenjulegar, stormar eru hér tíðari og öflugri en annars staðar og líkur á jarðskjálftum óvíða meiri. Veðurálag, svo sem slagveður, skafrenningur og hitasveiflur, skiptir miklu varðandi útfærslur mannvirkja, t.d. þéttleika og þol gagnvart veðrun og þar með líftímakostnað og jarðskjálftahættan hefur mikil áhrif á burðarvirki og frágang mannvirkja og þar með stofnkostnað þeirra.

Í c-lið segir að það sé eitt af markmiðum frumvarpsins að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja þeirra. Mikilvægt er að hönnuðir og framkvæmdaraðilar gæti þess í framleiðslu og rekstri mannvirkja að þau valdi lágmarksálagi á umhverfi og leitast sé við að draga eftir föngum úr orku- og efnisnotkun t.d. með endurnýtingu byggingarefna, notkun vistvænna byggingarefna og gagnrýnu mati á lífskostnaði mannvirkja. Þessu tengt er sérstaklega tiltekið í f-lið það markmið laganna að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga. Í d-lið er sett fram það mikilvæga markmið frumvarpsins að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði. Að lokum er tekið í e-lið upp það mikilvæga markmið að stuðlað sé að aðgengi fyrir alla. Á það ekki síst við um setningu ákvæða reglugerðar þar sem settar eru kröfur um gerð og frágang mannvirkja og mögulegt að setja þar kröfur um útbúnað og frágang mannvirkja í því skyni að allir hafi aðgang. Með aðgengi er átt við að fólk sem á við fötlun eða veikindi að stríða geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í bruna, en jafnframt að við hönnun og útfærslu mannvirkja séu hafðar í huga mismunandi þarfir og geta fólks með tilliti til sjónar og heyrnar, t.d. við efnisval og útfærslur, og gætt sé að hljóðvist og birtuskilyrðum innan og utan húss.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um gildissvið frumvarpsins. Tekið er fram að það gildi um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar. Hugtakið mannvirki er síðan skilgreint í 3. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt er að taka sérstaklega fram að frumvarpið tekur ekki eingöngu til mannvirkjagerðar á landi heldur innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar. Með stjórnsýslu byggingarmála utan sveitarfélagamarka, þ.e. utan netlaga á hafi, þar sem sveitarfélagamörkin hafa verið talin liggja, fer Byggingar-

stofnun, sbr. b-lið 3. mgr. 8. gr. Þó að lítið hafi enn sem komið er verið um mannvirkjagerð á hafi úti er nauðsynlegt að tryggja að enginn vafi leiki á því að lögin nái einnig til slíkra mannvirkja á sama hátt og á landi. Til nánari skýringa er tekið fram að frumvarpið gildi um alla þætti mannvirkja, svo sem gerð burðarvirkja, lagnir, þ.m.t. neysluvatnslagnir, hitalagnir, fráveitulagnir, raflagnir, loftræsilagnir, gaslagnir og öryggiskerfi. Einnig að frumvarpið gildi um lyftur og lyftubúnað, fjarskiptabúnað og eldvarnir. Undir frumvarpið fellur enn fremur gróður á lóðum, frágangur lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, gámar og leik- og íþróttasvæði, en nákvæm ákvæði um þessa þætti eru sett í gildandi byggingarreglugerð og er oft kveðið á um útfærslu þeirra og gerð í tengslum við veitingu byggingarleyfis mannvirkja.

Að lokum eru í 2. mgr. talin upp mannvirki sem ekki falla undir lögin, svo sem hafnir, varnargarðar og samgöngumannvirki. Þessi mannvirki og eftirlit með þeim falla undir aðra löggjöf, svo sem vegalög og siglingalög, og því eru þau undanþegin ákvæðum þessara laga.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind helstu hugtök frumvarpsins. Þar sem í frumvarpinu er að finna mun ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum er nauðsynlegt að skýra mun fleiri hugtök nú en þar er gert. Flest hugtakanna eiga uppruna sinn í eldri löggjöf, bæði skipulags- og byggingarlögum, lögum um brunavarnir, lögum um faggildingu og byggingarreglugerð. Skilgreiningin á grundvallarhugtakinu mannvirki verður áfram nokkuð opin enda nánast ógjörningur að telja með tæmandi hætti upp þær framkvæmdir sem mönnum kann að detta í hug að ráðast í. Í dæmaskyni eru taldar upp nokkrar tegundir mannvirkja en alls ekki er um tæmandi talningu að ræða. Sérstaklega er tekið fram að til mannvirkja teljist einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar í 4 mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Nauðsynlegt er að framangreind mannvirki séu háð byggingareftirliti ef þeim er ætlað að vera bústaður eða vinnustaður manna til lengri tíma, m.a. til að unnt sé að tryggja öryggi þeirra sem þar dvelja. Hingað til hafa mannvirki af þessu tagi ekki verið háð byggingarleyfi eða byggingareftirliti og því verið óljóst hvaða kröfur ætti að gera um t.d. eldvarnir og hollustuhætti og síðan hver ætti að hafa eftirlit með slíku. Sem dæmi má nefna umfangsmiklar starfsmannabúðir vegna virkjanaframkvæmda á hálendinu sem ekki hafa verið háðar neinu byggingareftirliti þrátt fyrir að þar hafi dvalið þúsundir starfsmanna um nokkurra ára skeið. Erlendis hafa verið sambærileg vandamál tengd svokölluðum hjólhýsabyggðum og því er það sett hér inn. Fjögurra mánaða markið er sett í því skyni að undanskilja svo ekki verði um villst heföbundna notkun hjólhýsa vegna sumarleyfa eða starfsmannabúðir sem einungis eru settar upp til styttri tíma. Slíkar búðir eru eftir sem áður háðar reglum framangreindra hollustuháttareglugerðar. Í 2. gr. frumvarpsins er til nánari fyllingar mannvirkjahugtakinu að finna upptalningu á ýmsum þáttum mannvirkja sem þá eru hluti þeirra, svo sem burðarvirki, lagnir og fjarskiptabúnaður. Í þriðja málslið mannvirkjaskilgreiningarinnar er tekið fram að mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljist einnig til mannvirkja. Sem dæmi um þetta eru fiskeldiskvíar, olíuborpallar, olíuleiðslur og aðrar neðansjávarlagnir.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að yfirstjórn mannvirkjamála sé í höndum umhverfisráðherra og Byggingarstofnun sé honum til aðstoðar. Skv. 2. mgr. ber sveitarstjórn ábyrgð á framkvæmd byggingareftirlits byggingarfulltrúa. Hlutverk byggingarfulltrúa er að gefa út byggingarleyfi og annast eftirlit með byggingarframkvæmdum nema um sé að ræða mannvirki sem fellur

undir eftirlit Byggingarstofnunar. Hvað varðar byggingareftirlit sveitarfélaganna þá er um nokkrar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Lögð er til sú grundvallarbreyting að sveitarstjórn staðfesti ekki lengur ákvarðanir byggingarfulltrúa, auk þess sem lagt er til að byggingarnefndir verði lagðar niður. Tilhneigingu í þessa átt hefur mátt greina í nokkrum af stærri sveitarfélögum landsins, svo sem Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði, þar sem heimildir gildandi laga til setningar sérstakra samþykkta um endanlega afgreiðslu byggingarfulltrúa á byggingarleyfisumsóknum hafa verið nýttar. Heimildin hefur hins vegar samkvæmt lögunum verið bundin við minni háttar mannvirkjagerð en vilji sveitarfélaga hefur staðið til þess að færa hana frekar út. Helgast þetta m.a. af þeirri staðreynd að afgreiðslur byggingarfulltrúa eru að stórum hluta til tæknilegs eðlis og forsendur pólitískt kjörinna nefnda og sveitarstjórna til að taka slíkar ákvarðanir takmarkaðar. Því er hér lagt til að skrefið verði stigið til fulls og faglega hæfum byggingarfulltrúum falin útgáfa byggingarleyfa og eftirlit með byggingarframkvæmdum. Á þetta að verða til mikillar einföldunar á ferli byggingarleyfisumsókna. Á hinn bóginn er þá enn fremur nauðsynlegt að gera skýr skil milli ákvarðana sem í eðli sínu eru ekki tæknilegs eðlis og fela í sér pólitískar ákvarðanir um fyrirkomulag byggðar, útlit og staðsetningu. Slíkar ákvarðanir er eðlilegt að pólitískt kjörnir fulltrúar taki og þá á grundvelli skipulagslaga. Í frumvarpi til nýrra skipulagslaga er ferill þeirrar ákvarðanatöku markaður og skal byggingarfulltrúi taka fullt tillit til ákvarðana sem teknar eru á grundvelli skipulagslaga áður en hann gefur út byggingarleyfi.

Önnur meginbreyting á stjórnsýslu byggingarmála er tilkoma Byggingarstofnunar. Gert er ráð fyrir að stofnunin verði stjórnsýslustofnun sem hafi beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, þ.e. mannvirkjagerð sem í flestum tilvikum hefur hingað til ekki verið háð byggingareftirliti, og beri jafnframt ábyrgð á samræmingu byggingareftirlits um allt land, m.a. með gerð leiðbeininga, skoðunarhandbóka og með beinum íhlutunarrétti ef byggingareftirlit sveitarfélaganna er ekki í samræmi við ákvæði laganna.

Um 5. gr.

Hér er ítarlega lýst hlutverki hinnar nýju Byggingarstofnunar sem lagt er til að komið verði á fót og taki m.a. við hlutverki Brunamálastofnunar og þeim hluta Skipulagsstofnunar sem farið hefur með byggingarmál. Stofnunin skal hafa eftirlit með framkvæmd laga um mannvirki, laga um brunavarnir, sem lagt er til að standi áfram sjálfstæð og að mestu óbreytt, og þeim hluta laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem snýr að neysluveitum og raflagnabúnaði sem telst til fasts búnaðar mannvirkis. Eftirlit með síðastnefndu lögunum hefur hingað til verið í höndum öryggissviðs Neytendastofu. Kallar færsla á hluta málaflokksins til Byggingarstofnunar á endurskoðun á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Þarf þeirri endurskoðun að vera lokið fyrir 1. janúar 2009, þ.e. áður en lög um mannvirki taka gildi. Að hluta til hefur verið við lýði tvöfalt eftirlit með rafmagnsöryggi í mannvirkjum, þ.e. annars vegar af hálfu Neytendastofu og hins vegar af hálfu byggingarfulltrúa sveitarfélaganna. Er hér lögð til einföldun á þessu fyrirkomulagi að því leyti að allt eftirlit er varðar rafmagn í mannvirkjum, þ.e. neysluveitur og rafföng sem teljast til fasts búnaðar mannvirkis, verði á ábyrgð Byggingarstofnunar.

Þessu til viðbótar er í 4. tölul. lagt til að Byggingarstofnun beri ábyrgð á skráningu og eftirliti með lyftum og lyftubúnaði til fólks- og vöruflutninga og togbrautarbúnaði til fólksflutninga. Um er að ræða málaflokk sem Vinnueftirlit ríkisins hefur annast. Tæknilegt eftirlit af þessu tagi á mikla samleið með öllu því tæknilega eftirliti sem lagt er til að Byggingarstofnun annist auk þess sem lyftur og lyftubúnaður er einungis einn af mörgum þáttum mann-

virkja sem eðlilegt er að falli undir lög um mannvirki eins og allur annar tæknibúnaður mannvirkja. Gert er ráð fyrir að unnt verði að fela faggiltum skoðunarstofum þetta eftirlit eins og annað eftirlit í mannvirkjum.

Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun annist gerð leiðbeininga, verklagsreglna og skoðunarhandbóka í því skyni að samræma byggingareftirlitið og ýta undir notkun faggiltra skoðunarstofa. Mikið verk er fyrir höndum í upphafi við gerð og undirbúning slíkra skoðunarhandbóka en sú vinna mun skila sér margfalt til baka síðar með skilvirkara og samræmdara eftirliti. Miðlægur gagnagrunnur stofnunarinnar þar sem m.a. skoðunarhandbækur, gátlistar og niðurstöður skoðana eru vistaðar, er lykillinn að möguleikum stofnunarinnar til að hafa eftirlit með framkvæmd byggingareftirlits um land allt og til að heildaryfirsýn fáist yfir málaflokkinn, en mjög hefur skort á að slík yfirsýn hafi verið fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að unnt verði að tengja miðlægan gagnagrunn Byggingarstofnunar Landskrá fasteigna sem rekin er af Fasteignamati ríkisins. Með því má ná saman á einn stað upplýsingum um byggingar og mannvirki um land allt, sem bæði mun nýtast eigendum mannvirkja og stjórnvöldum. Leiðbeiningar, verklagsreglur og skoðunarhandbækur eru verkfæri allra fagaðila á sviði byggingariðnaðar svo sem hönnuða, byggingarstjóra, iðnmeistara og eftirlitsaðila við framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir að þar verði m.a. ákvæði um eftirlitsaðferðir, tæknilegt eftirlit, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.

Aðgengismál er einn af þeim málaflokkum sem gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun muni sinna en um er að ræða afar mikilvægan málaflokk sem Öryrkjabandalag Íslands og fleiri aðilar hafa lagt þunga áherslu á að yrði sinnt með viðunandi hætti.

Lagt er til að löggildingar hönnuða, iðnmeistara og slökkviliðsmanna verði færðar frá umhverfisráðuneytinu til Byggingarstofnunar auk þess sem gert er ráð fyrir að útgáfa starfsleyfis til handa byggingarstjórum og faggiltum skoðunarstofum verði einnig í höndum stofnunarinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin annist kynningar- og fræðslustarf bæði fyrir almenning og hagsmunaaðila, þ.m.t. byggingarfulltrúa og aðra þá sem sinna framkvæmd byggingareftirlits. Stofnunin skal standa fyrir námskeiðum og prófum til réttinda fyrir hönnuði, sem hingað til hefur verið í höndum sérstakrar prófnefndar, auk þess að standa fyrir námskeiðum fyrir byggingarstjóra. Enn fremur skal stofnunin starfrækja Brunamálaskóla fyrir slökkviliðsmenn. Hvað varðar framangreinda þætti þá er ekki nauðsynlegt að stofnunin sinni þessum verkefnum sjálf heldur getur hún falið menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans, sbr. lög um brunavarnir.

Í 12. tölul. 5. gr. segir að Byggingarstofnun skuli bæði annast og stuðla að rannsóknum á sviði byggingarmála og brunavarna í samvinnu við hagsmunaaðila, en svipað ákvæði er í gildandi lögum um brunavarnir. Ekki er ætlunin að Byggingarstofnun annist sjálf umfangsmiklar rannsóknir, enda sinna háskólar, einkareknar rannsóknastofur og opinberir aðilar slíkum rannsóknum að mestu leyti. Hins vegar verður Byggingarstofnun að hafa yfirsýn yfir mannvirkjagerð þannig að misfellur og vandamál í málaflokknum upplýsist. Vinna þarf úr upplýsingum frá byggingarfulltrúum og öðrum aðilum jafnóðum, stuðla að skýrslugerð og áætla rannsóknarþörfina, einkum vegna séríslenskra aðstæðna. Þessar niðurstöður þarf að birta stjórnvöldum og öðrum sem málið varðar, t.d. sem tölfræðilegar rannsóknarniðurstöður.

Að lokum er í 5. gr. að finna nýmæli um að Byggingarstofnun skuli árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu. Hefur mjög skort á að slíkar upplýsingar væru tiltækar á einum stað en með hinni nýju stofnun skapast tækifæri til að öðlast betri yfirsýn yfir mannvirkjagerð í landinu.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipun forstjóra Byggingarstofnunar og menntun hans. Sambærileg ákvæði eru í gildandi lögum um forstjóra Skipulagsstofnunar og brunamálastjóra.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk byggingarfulltrúa við byggingareftirlit. Það er á ábyrgð þeirra að hafa eftirlit með þeirri mannvirkjagerð sem fellur undir 2. mgr. 8. gr. Ákvæðið felur í reynd ekki í sér miklar breytingar á verkefnum byggingarfulltrúa þó að ábyrgðin sé samkvæmt frumvarpinu eingöngu á þeirra herðum í stað byggingarnefndar og sveitarstjórnar áður. Hlutverk þeirra er afmarkað þannig að þeir hafi eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, sem að mestu leyti er sú sama og sætt hefur eftirliti byggingarfulltrúa samkvæmt gildandi lögum. Það er síðan Byggingarstofnun sem fer með eftirlit með framkvæmd laganna að öðru leyti. Þó að lagðar séu til breytingar á heimildum byggingarfulltrúa til að gefa út byggingarleyfi án samþykkis sveitarstjórnar þá er ekki talin þörf á efnislegum breytingum á ákvæðum um byggingarfulltrúa og kröfum um hæfni þeirra, enda er um tiltölulega strangar kröfur að ræða samkvæmt gildandi lögum. Meginbreytingin felst í 18. gr. frumvarpsins þar sem gerð er sú krafa að byggingarfulltrúar og starfsmenn hans hafi faggildingu til að yfirfara uppdrætti og framkvæma úttektir ef þeir ætla sér að framkvæma þann hluta eftirlitsins sjálfir. Ekki er þó um ráðningarskilyrði að ræða þar sem byggingarfulltrúa er heimilt að starfa án faggildingar, en þá þarf að fela faggiltri skoðunarstofu yfirferð uppdrátta og framkvæmd áfangaúttekta.

Áfram verður heimilt að ráða sama aðila í starf skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa. Eftir skiptingu málaflokkanna í tvenn lög verður hins vegar enn mikilvægara en áður að byggingar- og skipulagsfulltrúar geri sér skýra grein fyrir því á grundvelli hvaða laga þeir eru að starfa í hverju tilviki fyrir sig, þar sem annars vegar getur verið um að ræða ákvarðanir sem þeim sjálfum er heimilt að taka og hins vegar ákvarðanir sem þurfa staðfestingu sveitarstjórnar.

Í 4. mgr. er ákvæði sem á sér hliðstæðu í 3. mgr. 7. gr. gildandi laga en hið síðarnefnda nær til starfsmanna byggingar- og skipulagsnefnda. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að byggingarfulltrúi eða starfsmenn hans starfi t.d. við hönnun að aukastarfi. Þótti slíkt fyrirkomulag óheppilegt og ósanngjarnt, sérstaklega gagnvart samkeppnisaðilum sem gátu þurft að lúta byggingareftirliti af hendi aðila sem á sama tíma var í samkeppni við þá í sínu aukastarfi. M.a. af þessum ástæðum var þessi regla tekin upp á sínum tíma. Þóttu vanhæfisreglur stjórnsýslulaga ekki tryggja hlutleysi byggingareftirlitsaðila nægjanlega og aukastarfaregla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nær ekki til starfsmanna sveitarfélaganna.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um það hvaða mannvirki eru háð byggingarleyfi og hvaða stjórnvald fer með útgáfu leyfisins. Sú grundvallarregla gildir að útgefandi byggingarleyfis hefur eftirlit með því að byggingarframkvæmdirnar séu í samræmi við ákvæði laganna. Útgefanda getur þó verið heimilt að fela öðrum framkvæmd eftirlitsins en ábyrgðin er ávallt útgefandans. Byggingarfulltrúar og Byggingarstofnun gefa út byggingarleyfi eftir tegund mannvirkisins. Útgáfa byggingarleyfis er í höndum byggingarfulltrúa í því umdæmi sem mannvirkið er staðsett nema um sé að ræða mannvirki sem talin eru upp í 3. mgr. Samkvæmt þessu þarf byggingarleyfi byggingarfulltrúa til þess að grafa grunn, reisa, rífa eða flytja

mannvirki, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum, eða breyta notkun þess, nema um sé að ræða mannvirki sem fellur undir 3. mgr. Sama gildir um nýframkvæmdir við fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta og breytingar á slíkum mannvirkjum, enda sé um að ræða meiri háttar breytingar á hönnunarforsendum eða staðsetningu slíkra mannvirkja. Þannig er ekki gert ráð fyrir að sækja þurfi um byggingarleyfi fyrir hefðbundnu viðhaldi á slíkum mannvirkjum eða lagfæringum sem ekki krefjast stórvægilegra breytinga á hönnunargögnum. Nánar verður útlistað í reglugerð hvaða framkvæmdir af þessu tagi verða byggingarleyfisskyldar. Byggingarleyfisskyldan hefur verið víkkuð nokkuð frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum og undanþágum frá byggingarleyfi verið fækkað. Enn þá eru undanþegin byggingarleyfi hafnir, varnargarðar og fyrirhleðslur, vegir og önnur samgöngumannvirki svo sem flugvellir, jarðgöng, vegskálar og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, en ábyrgð á eftirliti með hönnun þeirra er samkvæmt lögum á herðum annarra aðila, svo sem Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar.

Í síðasta málslið 2. mgr. er lagt til að ráðherra verði heimilt að undanþiggja minni háttar mannvirkjagerð eða smávægilegar breytingar á mannvirkjum byggingarleyfi. Er þetta talið nauðsynlegt í því skyni að einfalda byggingareftirlit og auka athafnafrelsi borgaranna upp að vissu marki. Í samræmi við markmið laganna skal byggingareftirlit miða að því að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi þeirra og heilnæmi sé fullnægt. Því er eðlilegt að minni háttar mannvirkjagerð sem ekki hefur áhrif á þessa þætti sé undanþegin byggingareftirliti. Of mikil orka byggingaryfirvalda hefur farið í slíkt eftirlit og er hér lagt til að við gerð nýrrar reglugerðar um byggingarmál verði leitast við að einfalda eftirlitið með þessum hætti. Þá ættu yfirvöld að geta einbeitt sér að þeim mannvirkjum þar sem raunveruleg þörf er á eftirliti með því að þau standist öryggis-, heilbrigðis- og aðgengiskröfur.

Í 3. mgr. eru sérstaklega tilgreind þau mannvirki sem háð eru byggingarleyfi Byggingarstofnunar. Í a-lið er kveðið á um að Byggingarstofnun veiti byggingarleyfi vegna virkjana en þær eru samkvæmt gildandi lögum undanþegnar byggingarleyfi þegar um er að ræða framkvæmdir á vegum opinberra aðila. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er talin full þörf á að þessar framkvæmdir sæti opinberu eftirliti eins og aðrar framkvæmdir ekki síst til að tryggja öryggi þeirra. Færst hefur í vöxt að virkjanir séu reistar af öðrum en opinberum aðilum, m.a. eftir nýlega breytingu á raforkulögum en það voru á sínum tíma meginrök þess að undanþiggja þær byggingarleyfi að þær væru reistar af opinberum aðilum. Þar sem um er að ræða sérhæfð og flókin mannvirki er talið eðlilegt að eftirlitið sé falið Byggingarstofnun sem mun hafa yfir að ráða þeirri faglegu þekkingu sem þarf til að bera ábyrgð á slíku eftirliti. Skv. 2. málsl. ákvæðisins þarf enn fremur byggingarleyfi Byggingarstofnunar fyrir öðrum þeim mannvirkjum sem reist eru í tengslum við virkjanaframkvæmdir. Til hagræðis er að leyfisveiting vegna einnar framkvæmdar sé á einni hendi þannig að sú staða komi ekki upp að virkjunin sé háð leyfi Byggingarstofnunar en húsbyggingar henni tengdar háðar leyfi byggingarfulltrúa. Sömu sjónarmið eiga við um fráveitumannvirki, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta sem liggja innan fleiri en eins sveitarfélags, sbr. b-lið. Þar er til mikils hagræðis fyrir framkvæmdaraðila að geta snúið sér til Byggingarstofnunar í stað þess að sækja um byggingarleyfi í mörgum sveitarfélögum fyrir einni framkvæmd. Í c-lið 3. mgr. kemur fram að mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka séu háð byggingarleyfi Byggingarstofnunar. Þar sem þessi mannvirki eru utan marka sveitarfélaga falla þau utan umdæma byggingarfulltrúa. Hins vegar er eðlilegt að þessi mannvirki sæti byggingareftirliti eins og mannvirki á landi og er því lagt til að Bygg-

ingarstofnun fái það verkefni að gefa út byggingarleyfi vegna þeirra og hafi eftirlit með slíkri mannvirkjagerð. Að lokum er í d- og e-lið gert ráð fyrir að Byggingarstofnun veiti byggingarleyfi á öryggis- og varnarsvæðum. Um þessi svæði er fjallað í nýlegum lögum, nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt þeim lögum skiptist varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli í flugvallarsvæði, öryggissvæði og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 38/2007 var mörkum varnarsvæðisins breytt þannig að síðastnefnda svæðið fellur utan skilgreinds varnarsvæðis. Í frumvarpi til skipulagslaga er lagt til að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn skipulagsmála á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar. Yfirstjórn skipulagsmála á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og varnarsvæðum annars staðar á landinu er hins vegar í höndum utanríkisráðherra. Undir d-lið ákvæðisins falla þannig mannvirki á því svæði sem skipulagsáætlanir umhverfisráðherra ná til en undir e-lið falla mannvirki á skipulagssvæði utanríkisráðherra. Við útgáfu byggingarleyfis á síðarnefnda svæðinu og við byggingareftirlit starfar Byggingarstofnun í umboði utanríkisráðherra, þar sem svæðið er utan íslensks yfirráðasvæðis. Á framangreindum svæðum gilda öll ákvæði laga um mannvirki og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim að því undanskildu að einstaka mannvirkjagerð á öryggissvæði er undanþegin opinberum gjöldum, sbr. 49. gr.

Í 4. mgr. er ákvæði um að ef vafi leiki á því hvort mannvirki sé háð byggingarleyfi eða hvort það falla undir byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnun þá skeri úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála úr. Í 5. mgr. eru síðan ákvæði um að ef breyting á mannvirki skv. 2. mgr. varði einungis ytra útlit þess eða form skuli leita eftir samþykki sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Slíkar breytingar eru ekki byggingarleyfisskyldar samkvæmt frumvarpinu, enda er ekki gert ráð fyrir að um þessi atriði sé fjallað í reglugerð á grundvelli mannvirkjalaga heldur í skipulagsskilmálum. Því er talið eðlilegra að um slíkar breytingar sé einungis fjallað á grundvelli skipulagslaga og þá af þeim aðilum sem um þá þætti fjalla, þ.e. skipulagsfulltrúum, skipulagsnefndum og sveitarstjórnum. Þegar breyting á útliti mannvirkis hefur áhrif á burðarvirki, t.d. þegar settur er kvistur á þak, er slík breyting hins vegar byggingarleyfisskyld skv. 2. mgr. 8. gr.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um umsóknir um byggingarleyfi og eru 1. og 3. mgr. að mestu samhljóða 4. mgr. 43. gr. gildandi laga. Nýtt er þó að tilkynna þarf um samræmingaraðila mannvirkisins strax við umsókn um byggingarleyfi en samkvæmt gildandi lögum hefur aðalhönnuður mannvirkis sjálfkrafa það hlutverk að samræma hönnun þess. Í 2. mgr. er nýtt ákvæði sem kemur til vegna skiptingar löggjafar um skipulags- og byggingarmál í tvenn lög, sem heyra að hluta til undir tvenn stjórnvöld og tvenns konar stjórnsýslu sveitarfélaganna. Í málsgreininni er kveðið er á um að umsókn um byggingarleyfi Byggingarstofnunar þarf að fylgja staðfesting skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags á því að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir á svæðinu. Er þetta talið nauðsynlegt til að tryggja að það sé réttur aðili sem metur það hvort mannvirkjagerð samræmist skipulagsáætlunum. Þegar um er að ræða mannvirki sem háð er leyfi byggingarfulltrúa þá þarf byggingarfulltrúinn einungis að leita umsagnar skipulagsfulltrúa ef vafi leikur á að framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum sveitarfélagsins. Oft er um augljóst atriði að ræða og þar sem bæði byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi starfa í umboði sama sveitarfélags þá er talið óþarfi að flækja málsmeðferðina með því að leita umsagnar skipulagsfulltrúans í öllum tilvikum. Sé byggingarfulltrúi hins vegar í vafa skal hann ætíð leita umsagnar skipulagsfulltrúans enda er það

hans að meta þetta atriði á grundvelli ákvæða skipulagslaga. Sé slíkrar umsagnar ekki leitað og mat byggingarfulltrúa á samræminu reynist rangt getur það leitt til ógildis byggingarleyfis.

Um 10. gr.

Hér er nýtt ákvæði sem fjallar um samþykkt byggingaráforma. Í því kerfi sem verið hefur við lýði hefur samþykkt byggingarnefndar og sveitarstjórnar á aðaluppdráttum í raun falið í sér samþykkt byggingaráforma. Útgáfa byggingarleyfis hefur svo farið fram síðar þegar önnur skilyrði laganna hafa verið uppfyllt, svo sem um greiðslu gjalda og tilkynningar um byggingarstjóra og iðnmeistara. Þessi tvískipting á samþykki byggingaryfirvalda er nauðsynleg þar sem hönnun mannvirkis er afar umfangsmikið verkefni og rétt að umsækjandi fái fyrst vilyrði fyrir byggingaráformunum, þ.e. að þau séu í samræmi við skipulagsáætlanir og aðaluppdrættir séu í samræmi við lög og reglur, áður en ráðist er í gerð allra þeirra séruppdrátta sem nauðsynlegir eru. Þegar þeirri hönnun er lokið og önnur skilyrði 12. gr. frumvarpsins eru uppfyllt er hins vegar fyrst heimilt að hefja byggingarframkvæmdirnar sjálfar.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild til handa útgefanda byggingarleyfis til að krefjast mats á mannvirki, hlutum þess eða tæknibúnaði á kostnað eiganda mannvirkis ef fyrir liggur rökstuddur grunur um að það uppfylli ekki kröfur laganna eða reglugerða. Svipuð heimild en þrengri er í 5. mgr. 42. gr. gildandi laga þar sem byggingarfulltrúa er heimilað að krefjast álagsprófunar mannvirkis til staðfestingar á burðarþoli og virkniprófun lagnakerfa á kostnað húsbyggjanda. Er talið nauðsynlegt að heimild sem þessi sé fyrir hendi í lögunum til að unnt sé að ganga úr skugga um öryggi mannvirkis eða aðra þætti sem lögin setja reglur um. Getur útgefandi byggingarleyfis hvenær sem er við byggingu mannvirkisins eða rekstur gert kröfu um mat óháðs aðila að því gefnu að fyrir liggi rökstuddur grunur um að það standist ekki ákvæði laganna eða reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Í 2. mgr. er heimild fyrir útgefanda byggingarleyfis að setja skilyrði við sérstakar aðstæður um að mat óháðs aðila sé gert á kostnað umsækjanda eftir að það er tekið í notkun til að tryggja að uppfyllt séu ákvæði laganna og reglugerða sem sett eru á grundvelli þeirra. Dæmi um notkun þessarar heimildar er að við útgáfu byggingarleyfis séu sett skilyrði um hljóðvistarprófanir eftir að mannvirki er tekið í notkun þannig að ganga megi úr skugga um að ákvæði reglugerðar um hljóðvist innan húss séu uppfyllt.

Í 3. mgr. segir að allar prófanir, skoðanir og vottanir skv. 1. og 2. mgr. skuli framkvæmdar í samræmi við viðeigandi staðla til að tryggja að matið verði byggt á viðurkenndum, þekktum aðferðum þannig að réttaröryggi eigenda mannvirkja verði sem best tryggt. Í þeim tilfellum þar sem staðlaðar aðferðir eru ekki til er þess krafist að prófanir séu byggðar á rökstuddum aðferðum sem er lýst skriflega. Heimilt er útgefanda byggingarleyfis að gera þá kröfu að vottunarstofur, prófunarstofur og skoðunarstofur hafi hlotið faggildingu.

Um 12. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við 44. gr. gildandi laga en nokkuð breytt. Ákvæði sambærilegt 1. mgr. er nú í 3. mgr. 43. gr. Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru í fyrsta lagi að mannvirkið og notkun þess samræmist skipulagsáætlunum á svæðinu. Er það ekki breyting frá því sem nú er en skipting málaflokksins í tvenn lög kallar á það að í vafatilvikum leiti byggingarfulltrúi umsagnar skipulagsfulltrúa um samræmið, sbr. umfjöllun um 9. gr. Annað skilyrði

fyrir útgáfu byggingarleyfis er að aðal- og séruppdrættir hafi verið yfirfarnir og leyfisveitandi áritað þá til staðfestingar á samþykki. Ákvæðið er nokkuð breytt þar sem byggingarnefndir hafa verið lagðar niður og umsóknir um byggingarleyfi eru ekki lengur lagðar fyrir sveitarstjórn. Lagt er til að það verði meginreglan að til að fá útgefið byggingarleyfi þurfi ekki aðeins aðaluppdrættir að liggja fyrir heldur einnig séruppdrættir, en í tíð gildandi laga hefur framkvæmdin hvað varðar skil á uppdráttum við útgáfu byggingarleyfis verið mjög misjöfn eftir byggingareftirlitsumdæmum. Standi sérstaklega á, t.d. þegar hönnun mannvirkis er sérstaklega umfangsmikil og séruppdrættir margir, er unnt að nýta heimild 2. mgr. og veita skriflegt leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. 3. tölul. er sambærilegur 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. gildandi laga að því undanskildu að tengigjöld þurfa ekki að vera greidd við útgáfu byggingarleyfis. 4. tölul. er efnislega samhljóða 3. mgr. 44. gr. gildandi laga. Í 5 tölul. er síðan nýtt ákvæði um að skráð hafi verið í miðlægan gagnagrunn Byggingarstofnunar að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistari hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ákvæði laganna. Ekki er gerð krafa um að gæðastjórnunarkerfið sjálft sé skráð í gagnagrunninn heldur einungis að skráð hafi verið að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistarar verksins hafi komið sér upp slíku kerfi. Er þetta talið nauðsynlegt skilyrði til að tryggja að fylgt verði nýjum ákvæðum frumvarpsins um gæðastjórnunarkerfi. Byggingarstofnun hefur eftirlit með því að byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi komið sér upp gæðastjórnunarkerfi og noti það við störf sín en hlutverk byggingarfulltrúa er þá að kanna í miðlægum gagnagrunni stofnunarinnar hvort þetta hafi verið gert.

Í 3. mgr. er sérákvæði um útgáfu byggingarleyfa fyrir fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta. Mannvirki þessi hafa hingað til ekki verið háð byggingarleyfi, nema þær varanlegu húsbyggingar sem þeim hafa tengst. Mannvirkin hafa verið háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar en við þá breytingu að gera þau byggingarleyfisskyld fellur framkvæmdaleyfisskyldan niður. Um er að ræða mjög sérhæfð mannvirki sem hafa þá sérstöðu að þau liggja um stór svæði, ýmist ofanjarðar eða neðan. Eðlilegt er að unnt sé að gefa út eitt byggingarleyfi fyrir framkvæmdum sem þessum og að framkvæmdaraðili ákveði afmörkun framkvæmdarinnar sjálfur í umsókn um byggingarleyfi. Má hugsa sér að gefið sé út eitt byggingarleyfi fyrir hitaveitulögnum í heilu nýbyggingarhverfi eða fyrir lagningu háspennulínu frá virkjunarsvæði að aðveitustöð, svo örfá dæmi séu tekin. Ekki er gerð krafa um byggingarstjóra eða iðnmeistara vegna framkvæmda sem falla undir þessa málsgrein né heldur öryggis- eða lokaúttektir.

Í 4. mgr. ákvæðisins er að lokum tilvísun til laga um mat á umhverfisáhrifum í því skyni að tryggja að fylgt sé málsmeðferð þeirra laga áður en byggingarleyfi mannvirkja er gefið út. Fjölmörg mannvirki geta fallið undir ákvæði þeirra laga og því nauðsynlegt að vísa til þeirra hér.

Um 13. gr.

Fyrstu þrjár málsgreinar ákvæðisins eru samhljóða 1.–3. mgr. 45. gr. gildandi laga en ákvæði 4. mgr. er nýtt. Þar er kveðið á um heimild leyfisveitanda til að fella byggingarleyfi úr gildi ef eigandi mannvirkis eða aðrir þeir aðilar sem ábyrgð bera á byggingarframkvæmdum sinna ekki fyrirmælum eftirlitsaðila við byggingareftirlit eða gerast sekir um alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Er um nauðsynlegt úrræði að ræða til að tryggja að lögunum sé fylgt. Við ákvarðanir byggingaryfirvalda vegna

slíkra brota gilda að sjálfsögðu stjórnsýslulög sem tryggja að gætt sé meðalhófs og annarra reglna laganna við beitingu slíkra úrræða.

Um IV. kafla.

Í fjórða kafla frumvarpsins eru ákvæði um ábyrgð eiganda mannvirkis og framkvæmd byggingareftirlits. Meginhluti kaflans er nýmæli í löggjöf og vega þar þyngst ákvæði um ábyrgð eiganda og um faggildingu eftirlitsaðila. Lögð er mikil áhersla á að yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta sé framkvæmd af faggiltum aðila, annað hvort á markaði eða opinberum aðila. Fordæmi fyrir slíku eftirliti er að finna í lögum um eftirlit með skipum og umferðarlögum vegna skoðunar ökutækja og hefur þótt gefast vel. Sömu sjónarmið eru hér að baki og sömu grunnreglur, þ.e. lög um faggildingu, gilda um faggildinguna. Hins vegar hefur hver málaflokkur sína sérstöðu og er því nauðsynlegt að setja sérstakar reglur í viðkomandi sérlögum um fyrirkomulag slíks eftirlits, um hæfni skoðunarmanna, starfsleyfi skoðunarstofa og ýmsa aðra framkvæmd.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er að finna þá meginreglu að eigandi mannvirkis beri ábyrgð á hönnun, byggingu og rekstri þess enda er það hann sem á mannvirkið og kostar gerð þess og rekstur. Þessa reglu hefur hingað til ekki verið að finna með beinum hætti í lögum um byggingarmál og því hefur ábyrgð eiganda að sumu leyti verið óljós, t.d. í tengslum við ábyrgð annarra aðila byggingarframkvæmda, svo sem hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara. Eigandinn ber samkvæmt ákvæðinu ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Skal eigandinn hafa virkt innra eftirlit með því að þeir aðilar sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkið fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Þar sem eigandinn kann að vera aðili sem ekki kann skil á reglum um byggingarframkvæmdir þá er lögð á hann sú skylda að ráða til sín byggingarstjóra, sem uppfyllir hæfniskröfur og hefur starfsleyfi sem slíkur, og framkvæmir hann innra eftirlit eigandans við byggingarframkvæmdina frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Við hönnun mannvirkis annast samræmingaraðili innra eftirlitið. Sérhver hönnuður mannvirkis ber ábyrgð á sinni vinnu við verkið og að hún samræmist hönnun annarra. Samræmingaraðila er ekki ætlað að yfirfara hönnun annarra heldur einungis að gæta þess að samræmingin hafi farið fram og framkvæma innra eftirlit eiganda á hönnunarstigi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessa innra eftirlits eru í 4. mgr. 22. gr. frumvarpsins en einnig verða settar um það ítarleg ákvæði í reglugerð. Í frumvarpi þessu er ríkáhersla lögð á hlutverk byggingarstjórans við byggingarframkvæmdirnar sem eins konar umboðsmanns eiganda, sem hefur eftirlit með því að aðrir sem að framkvæmdunum koma sinni sínum skyldum, sbr. umfjöllun hér síðar um hlutverk byggingarstjóra. Ekkert er því til fyrirstöðu að eigandi mannvirkis sé jafnframt byggingarstjóri þess, að því gefnu að hann uppfylli hæfniskröfur og hafi starfsleyfi sem slíkur. Byggingarfyrirtæki sem byggir í eigin nafni getur því jafnframt verið byggingarstjóri mannvirkisins séu framangreind skilyrði uppfyllt.

Samkvæmt 3. mgr. skal eigandi mannvirkis sjá til þess að fram fari lögboðið eftirlit með byggingu mannvirkisins. Í framkvæmd er það byggingarstjóri mannvirkisins sem hefur samskipti við byggingaryfirvöld fyrir hönd eigandans, aflar nauðsynlegra heimilda og óskar eftir úttektum. Það fyrirkomulag hefur verið við lýði síðan lög nr. 73/1997 tóku gildi og hefur gefist vel.

Til að taka af allan vafa er í 4. mgr. skilgreint hverjir það eru sem teljast eigendur í skilningi ákvæðisins. Í d-lið er tekið fram að ef mannvirki er selt í byggingu í heild eða að hluta skuli fyrri eigandi bera ábyrgð skv. 1. mgr. ásamt nýjum eiganda nema um annað sé samið í skriflegum samningi milli þeirra. Algengt er á Íslandi að mannvirki í byggingu séu seld í heild eða að hluta og misjafnt hvernig æskilegast er að ábyrgðarskiptingunni sé háttað. Ef t.d. byggingarfyrirtæki selur almenningi íbúðir fjölbýlishúss á byggingarstigi en tekur að sér að ljúka gerð þeirra þá er eðlilegt að byggingarfyrirtækið haldi áfram að bera ábyrgð samkvæmt lögunum. Einnig kann mannvirki að vera selt aðila sem fullfær er um að bera slíka ábyrgð eftir kaupin og þá er heimilt að semja um það sérstaklega. Skal þá koma skýrt fram að nýr eigandi gangi inn í samning fyrri eiganda við byggingarstjóra mannvirkisins eða nýr byggingarstjóri sé ráðinn fyrir mannvirkið í heild.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk útgefanda byggingarleyfis, sem getur ýmist verið byggingarfulltrúi eða Byggingarstofnun eftir gerð mannvirkis, sbr. 8. gr. Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að það er útgefandi byggingarleyfis sem ber ábyrgð á eftirliti með því að hönnun viðkomandi mannvirkis sé í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir sem um mannvirkjagerðina gilda. Framkvæmd eftirlitsins þarf hins vegar ekki að vera í höndum útgefandans sjálfs heldur getur það verið framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum, bæði hvað varðar yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta. Útgefandi byggingarleyfis gefur út vottorð um framkvæmd öryggis- og lokaúttektar eða við lok niðurrifs mannvirkis, eftir atvikum á grundvelli skoðunarskýrslu faggiltrar skoðunarstofu eða eigin skoðana. Sjálf útgáfa þeirra vottorða sem talin eru upp í 3. mgr. er stjórnvaldsathöfn sem ekki verður framseld til skoðunarstofa. Útgefandi byggingarleyfis ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 4. mgr. séu færðar í miðlægan gagnagrunn Byggingarstofnunar. Í framtíðinni má hugsa sér að faggiltar skoðunarstofur geti fengið takmarkaðan aðgang að gagnagrunninum til að færa sjálfar inn niðurstöður skoðana.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er lögð til sú mikilvæga breyting á framkvæmd eftirlits með mannvirkjum að það skuli framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til á grundvelli laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Breyting þessi mun gjörbylta öllu eftirliti með mannvirkjagerð í landinu og er meginforsenda þess að samræming þess takist. Mikil vinna er fram undan við gerð slíkra skoðunarhandbóka en sú vinna mun skila sér margfalt við framkvæmd eftirlitsins. Einn meginkostur slíkra handbóka er að eftirlitið verður fyrirsjáanlegt og einsleitt.

Í 2. mgr. er fjallað um það að Byggingarstofnun skuli gefa út bindandi álit vegna ágreinings um túlkun skoðunarhandbókar og framkvæmd tæknilegs eftirlits á grundvelli hennar. Um er að ræða tæknileg atriði sem eðlilegt verður að telja að sérhæfð fagstofnun á borð við Byggingarstofnun túlki. Ef um er að ræða sambærilegan ágreining sem upp kemur við framkvæmd eftirlits Byggingarstofnunar sker ráðherra úr. Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun geti einnig að eigin frumkvæði gefið út slík bindandi álit. Getur slíkt tæki nýst vel til samræmingar á eftirliti og til að skera úr um vafaatriði um tæknileg mál sem hugsanlega eru að valda vandræðum án þess að eiginlegur ágreiningur sé uppi. Þar sem um hrein tæknileg mál

er að ræða er gert ráð fyrir að álit Byggingarstofnunar og eftir atvikum ráðherra á grundvelli þessa ákvæðis sæti ekki endurskoðun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Tilgangur 3. mgr. er að koma í veg fyrir tvöfalt eftirlit ef skoðunarstofa annast eftirlit með mannvirkjagerð. Í þeim tilvikum skal yfirferð útgefanda byggingarleyfis takmarkast við framlagða skoðunarskýrslu og skal gjaldtaka hans miðast við það. Ekki er ætlast til að byggingaryfirvöld yfirfari skoðun faggiltu skoðunarstofunnar.

Í 4. mgr. er sérstaklega tekið fram að byggingarfulltrúi getur ávallt ákveðið að leitað skuli álits slökkviliðs við yfirferð aðaluppdrátta með tilliti til eldvarna, óháð því hvort eftirlitið er framkvæmt af byggingarfulltrúa eða skoðunarstofu. Nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli um að heimilt sé við byggingareftirlit að nýta þá þekkingu á sviði brunavarna sem slökkviliðin hafa yfir að ráða, óháð því hvort eftirlitið hafi verið fært í hendur einkamarkaðarins. Forvarnagildi slíkrar aðkomu slökkviliðs er mikið og auknar líkur eru á að slökkvilið hafi yfirsýn yfir stöðu brunavarna í sveitarfélaginu. Enn fremur hefur verið á það bent að í mörgum tilfellum sé nauðsynlegt að meta mögulegar afleiðingar bruna í mannvirki með tilliti til almannaheilla í víðara samhengi en hvað snertir mannvirkið eitt og sér.

Í 5. mgr. er að lokum fjallað um úttektir Byggingarstofnunar á gæðakerfum hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum laganna um gerð og virkni gæðakerfa. Einnig er fjallað um viðurlög ef í ljós kemur að gæðastjórnunarkerfin uppfylla ekki ákvæði laganna eða reglugerða sem um þau gilda.

Um 17. gr.

Eitt af því sem sætt hefur töluverðri gagnrýni varðandi framkvæmd gildandi laga er að byggingareftirlit sé alls ekki samræmt um land allt og að í sumum sveitarfélögum sé byggingareftirliti lítið eða ekkert sinnt og leyfislaus mannvirkjagerð látin óátalin. Hafa Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneytið, sem þó bera ábyrgð á framkvæmd byggingarmála, lítið getað aðhafst vegna þessa. Er lagt til að Byggingarstofnun hafi beinan íhlutunarrétt ef eftirliti byggingarfulltrúa er áfátt. Skal Byggingarstofnun þó ávallt áður benda byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarfélagi á það sem bæta þarf úr og gefa viðkomandi kost á að gera fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta. Í íhlutunarrétti Byggingarstofnunar felst að stofnunin getur í raun gengið inn í stjórnsýsluhlutverk byggingarfulltrúans og beitt sömu réttar- og þvingunarúrræðum gagnvart eiganda mannvirkis og byggingarfulltrúi, þar á meðal að gefa út eða fella úr gildi byggingarleyfi eða gefa út viðeigandi vottorð. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum en samkvæmt lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, hefur Brunamálastofnun beinan íhlutunarrétt. Ekki er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun beiti þessari heimild nema í undantekningartilvikum en engu að síður er nauðsynlegt að hún sé til staðar m.a. til að tryggja samræmt eftirlit um land allt og að Byggingarstofnun hafi raunverulegar heimildir í samræmi við ábyrgð stofnunarinnar á framkvæmd málaflokksins. Tekið er fram að stofnuninni er ekki heimilt að beita íhlutunarréttinum ef viðkomandi mál er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Ákveðin hætta er á skörun milli þessa ákvæðis og úrskurðarvalds nefndarinnar og er því nauðsynlegt að taka fram að Byggingarstofnun er ekki ætlað að grípa inn í mál sem eru til umfjöllunar hjá nefndinni. Reynslan hefur sýnt að sveitarfélögin hafa virt úrskurði nefndarinnar og hagað sinni stjórnsýslu í samræmi við þá. Það breytir því hins vegar ekki að íhlutunarréttur Byggingarstofnunar er nauðsynlegt neyðarúrræði sem þarf að vera fyrir hendi þannig að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu sem ábyrgðaraðili um framkvæmd laganna. Það er ófært að stofnunin þurfi að reiða sig á kærur frá utanaðkomandi aðilum til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í þeim tilvikum

sem hún verður vör við að framkvæmd eftirlits með mannvirkjagerð sé ekki í samræmi við lög. Íhlutunarrétti Byggingarstofnunar er hins vegar ekki ætlað að vera kæruleið fyrir hinn almenna borgara eða aðra aðila sem telja á sér brotið við framkvæmd byggingareftirlits. Í slíkum tilvikum skal sá aðili snúa sér til úrskurðarnefndar skv. 46. gr. frumvarpsins, nema um sé að ræða ágreining um túlkun skoðunarhandbókar vegna tæknilegs eftirlits, sbr. 2. mgr. 16. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram að þegar afskiptum Byggingarstofnunar lýkur tekur byggingarfulltrúi aftur við málinu og hefur eftirlit með mannvirkjagerðinni og annarri stjórnsýslu. Er þetta ákvæði sett til að tryggja að enginn vafi leiki á framhaldi máls ef Byggingarstofnun þarf að grípa inn í málsmeðferð byggingarfulltrúa. Sem dæmi um slíkt væri t.d. ef byggingarfulltrúi neitar að gefa út byggingarleyfi á ólögmætum forsendum eða gefur út byggingarleyfi án þess að skilyrði laga séu uppfyllt. Í þeim tilvikum gæti Byggingarstofnun gefið hið umdeilda byggingarleyfi út eða fellt það úr gildi. Sé byggingarleyfi gefið út tæki byggingarfulltrúi við málinu að því loknu eftir tilkynningu frá Byggingarstofnun og annaðist eftirlit með mannvirkjagerðinni eftir það. Sé um að ræða ógildingu byggingarleyfis gæti Byggingarstofnun þurft að beita nauðsynlegum þvingunarúrræðum gagnvart eiganda, t.d. um stöðvun framkvæmda áður en tilkynnt er um að afskiptum stofnunarinnar sé lokið. Ákvörðun um hvenær afskiptum er lokið er í höndum Byggingarstofnunar.

Um 18. gr.

Ákvæðið er nýmæli og kveður á um að Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar skuli hafa faggildingu til að yfirfara hönnunargögn og framkvæma úttektir. Ákvæðið tryggir ákveðinn ramma utan um eftirlitið og að opinberir eftirlitsaðilar og faggiltar skoðunarstofur sitji við sama borð og lúti sömu reglum við framkvæmd eftirlitsins. Byggingarstofnun eða byggingarfulltrúi geta aflað sér faggildingar til að sinna hluta eftirlits með mannvirkjagerð en ákveðið að fela faggiltri skoðunarstofu annað eftirlit. Einnig gætu byggingarfulltrúar ákveðið að afla sér ekki faggildingar og fela yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta alfarið skoðunarstofum. Hlutverk byggingarfulltrúanna yrði þá eftir sem áður útgáfa byggingarleyfa og útgáfa vottorða, auk þess sem það kæmi í þeirra hlut að grípa til viðeigandi þvingunarúrræða ef nauðsyn krefur.

Um 19. gr.

Ákvæðið er nýmæli og er í 1. mgr. fjallað um hvernig haga skal ákvörðun um að nota faggiltar skoðunarstofur við eftirlit með mannvirkjagerð. Skal það gert samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða Byggingarstofnunar, þegar um er að ræða eftirlit sem undir þá stofnun heyrir. Þá getur byggingarfulltrúi, án samþykkis sveitarstjórnar, ákveðið við meðferð byggingarleyfisumsóknar að tiltekið mannvirki sæti eftirliti af hálfu skoðunarstofu. Svipað fyrirkomulag hefur tíðkast í framkvæmd í tíð gildandi laga þótt ekki hafi ávallt verið gerð krafa um faggildingu. Tekið er fram í 1. mgr. að beiting réttar- og þvingunarúrræða skuli ávallt vera í höndum leyfisveitanda. Stjórnsýsluleg ábyrgð eftirlits með mannvirkjagerð er því alltaf í höndum byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnunar þó að heimilt sé að fela faggiltum skoðunarstofum framkvæmd þess að hluta.

Í 2. mgr. kemur fram að í þeim tilvikum sem ákveðið er að eftirlit með mannvirkjagerð sé framkvæmt af skoðunarstofu þá skuli eigandi mannvirkisins annast ráðningu slíkrar skoðunarstofu og greiða kostnað af framkvæmd eftirlitsins, enda hafi skoðunarstofan starfsleyfi. Með þessu er leitast við að tryggja að heilbrigð samkeppni geti skapast milli faggiltra

skoðunarstofa og eigandi mannvirkisins geti sjálfur valið þá stofu sem hann kýs að skipta við. Sú takmarkaða heimild sem nú er í lögum til að nota faggiltar skoðunarstofur er frábrugðin að því leyti að þar er það sveitarfélagið sem ræður skoðunarstofuna en eigandi mannvirkisins hefur ekkert um það að segja. Hér er því um nýmæli að ræða. Sömu aðferð er beitt við val á skoðunarstofum þegar um eftirlit með skipum og bátum er að ræða, eftirlit í sjávarútvegi og skoðun ökutækja.

Í 3. mgr. er ákvæði um starfsemi faggiltra skoðunarstofa og áskilið að þær þurfi starfsleyfi Byggingarstofnunar til að geta tekið að sér eftirlit með mannvirkjagerð samkvæmt frumvarpinu. Sambærilegur áskilnaður um starfsleyfi er í annarri löggjöf þar sem opinbert eftirlit hefur verið falið faggiltum skoðunarstofum, t.d. í lögum um eftirlit með skipum. Enn fremur er það skilyrði að skoðunarmenn skoðunarstofu og tæknilegur stjórnandi hennar uppfylli hæfnisskilyrði 20. gr. Hæfnisskilyrði þessi eru mismunandi eftir því hvort skoðunarstofan hefur faggildingu til að yfirfara uppdrætti eða framkvæma áfangaúttektir, auk þess sem gerðar eru mismunandi hæfniskröfur eftir gerð þeirra mannvirkja sem skoðunarstofunni er heimilt að hafa eftirlit með. Gert er ráð fyrir nánari útfærslu á þessu í reglugerð þar sem gerð verður nánari grein fyrir flokkun faggildingar.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þær hæfniskröfur sem gerðar eru til skoðunarmanna byggingarfulltrúa, Byggingarstofnunar eða skoðunarstofa. Er bæði gerð krafa um tiltekna menntun og reynslu. Er talið nauðsynlegt að skoðunarmenn hafi til að bera þekkingu og hæfni til að geta framkvæmt skoðanir og metið með fullnægjandi hætti hvort mannvirkjagerðin sé í samræmi við lög og reglur. Skoðunarmönnum er skipt í þrjá flokka, I–III, og síðan er gert ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði um hvaða þætti byggingareftirlits skoðunarmönnum í hverjum flokki er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.

Um V. kafla.

Ákvæði fimmta kafla byggjast að meginstefnu til á ákvæðum gildandi laga. Gerðar eru lítils háttar breytingar á kröfum um starfsreynslu hönnuða vegna löggildingar og lagt er til að löggildingar færist frá umhverfisráðherra til Byggingarstofnunar. Enn fremur eru gerðar kröfur um að hönnuðir hafi gæðastjórnunarkerfi og er það nýmæli.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að mannvirki skuli hönnuð þannig að þau uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Ákvæði 2. mgr. auk skilgreininga í 3. gr. frumvarpsins hvað varðar hönnunargögn byggjast á gildandi rétti. Ákvæði frumvarpsins eru þó ekki eins ítarleg og ákvæði gildandi laga um hönnunargögn og er gert ráð fyrir að ítarlegri ákvæði um hönnunargögn verði að finna í reglugerð. Þar sem fleiri mannvirki falla undir byggingarleyfisskyldu en áður má gera ráð fyrir að gera þurfi nokkrar breytingar á ákvæðum reglugerðar um hönnunargögn og hvaða hönnunargögn þurfa að liggja fyrir við veitingu byggingarleyfa vegna mismunandi mannvirkja. Er eðlilegt að nákvæm útfærsla á slíkum tæknilegum kröfum komi fram í reglugerð.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru sambærileg við 47. gr. gildandi laga. Þó er lagt til skýrara orðalag um í hverju ábyrgð hönnuða felist. Kemur fram að hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og að mannvirkið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í frumvarpi þessu og reglugerðum settum á grundvelli þess. Ekki er um neina efnislega breytingu að ræða frá því sem nú er. Í 3. mgr. er nýmæli um að hönnuður séruppdrátta beri ábyrgð á því að hönnun hans samræmist hönnun aðalhönnuðar. Hvergi í gildandi lögum hefur verið fjallað um ábyrgð hönnuðar séruppdrátta að þessu leyti. Í 4. mgr. er lögð til sú breyting að tilgreina skuli sérstakan aðila til að hafa yfirumsjón með hönnun mannvirkisins og ber hann ábyrgð á því að samræming aðal- og séruppdrátta fari fram. Kallast þessi aðili samræmingaraðili og skal hann verið löggiltur hönnuður. Samræmingaraðili framkvæmir innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis. Samkvæmt gildandi rétti annast hönnuður aðaluppdrátta ávallt slíka samræmingu og kallast þá samræmingarhönnuður. Þetta ákvæði hefur almennt ekki vera talið virka sem skyldi, sérstaklega þegar um er að ræða vandasama hönnun og mikinn fjölda séruppdrátta. Í þeim tilvikum hefur samræmingarhönnuður, sem oftast er arkitekt eða byggingarfræðingur, takmarkaða möguleika til að ganga úr skugga um að séruppdrættir samræmist innbyrðis eða samræmist aðaluppdráttum. Því er talið eðlilegt að tekin verði upp heimild til að fela öðrum þá samræmingu. Samræmingaraðili þarf ekki að vera einn af hönnuðum mannvirkisins. Samræmingaraðili getur samhliða sinnt starfi byggingarstjóra mannvirkisins enda uppfylli hann þær kröfur sem gerðar eru til slíkra aðila. Í lokamálslið 4. mgr. er einnig að finna nýmæli þar sem gerð er sú krafa að samræmingaraðili skuli áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar. Að lokum er í 5. mgr. ákvæði um fyrningu skaðabótaábyrgðar hönnuðar sem er sambærileg við ákvæði um fyrningu bótaábyrgðar byggingarstjóra og iðnmeistara.

Um 23. gr.

Ákvæðið fjallar um gæðastjórnunarkerfi hönnuða og samræmingaraðila og er gerð sú krafa að þessir aðilar hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari fyrirmæli í reglugerð. Í almennum athugasemdum eru rakin rök fyrir þessari kröfu um gæðastjórnunarkerfi. Skal hönnuður í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis. Í ákvæðinu eru talin upp þau atriði sem gæðastjórnunarkerfi hönnuða þurfa a.m.k. að fela í sér. Eru þetta þeir þættir sem hið opinbera gerir kröfur um að haldið sé utan um í gæðastjórnunarkerfinu. Hönnuður getur að auki ákveðið að hafa aðra þætti inni í sínu gæðastjórnunarkerfi, sem t.d. tengjast hefðbundnum rekstri, en það er ekki hlutverk hins opinbera að segja til um það eða hafa eftirlit með þeim þáttum kerfisins. Tekið er fram að gæðastjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9000 uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfis samkvæmt þessari grein. Hins vegar er ekki gerð krafa um að gæðastjórnunarkerfi hönnuðar skuli uppfylla ISO 9000 staðalinn heldur verða sett ákvæði í reglugerð um hvaða kröfur það verða og má gera ráð fyrir að í upphafi verði þær ekki eins ítarlegar og skv. ISO 9000. Segja má að ISO 9000 feli í sér ákveðna aðferðafræði en staðallinn segir hins vegar ekki til um umfang gæðastjórnunarkerfisins eða um innihald þess. Þetta þýðir aftur á móti að hönnuði sem hefur vottað ISO 9000 gæðastjórnunarkerfi dugir að framvísa slíkri vottun og þá telst hann uppfylla kröfur laganna um gæðastjórnunarkerfi. Í 47. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð að gæðastjórnunarkerfi hönnuða skuli vottuð af

faggiltri vottunarstofu. Það mun ráðast af reynslu af notkun gæðastjórnunarkerfa við mannvirkjagerð hvort sú heimild verður nýtt í framtíðinni.

Um 24. gr.

Ákvæði 24. og 25. gr. eru sambærileg 48. og 49. gr. gildandi laga en með breyttri framsetningu. Í þessu ákvæði er gerð grein fyrir skiptingu löggildingar í einstök sérsvið, en ekki er um efnislega breytingu að ræða frá gildandi lögum, nema gert er ráð fyrir að löggilding hönnuða verði í höndum Byggingarstofnunar í stað umhverfisráðherra. Í 2. mgr. kemur fram að listi yfir löggilta hönnuði skuli varðveittur í miðlægum gagnagrunni Byggingarstofnunar, en nokkuð hefur skort á að til sé slík miðlæg skráning hönnuða fyrir landið allt.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um þau skilyrði sem hönnuðir þurfa að uppfylla til að öðlast löggildingu skv. 24. gr. Skilyrðin eru að mestu þau sömu og í gildandi rétti. Í b-lið er lögð til sú breyting að Byggingarstofnun standi fyrir prófi og námskeiði fyrir mannvirkjahönnuði í stað sérstakrar prófnefndar. Er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun verði heimilt að fela öðrum framkvæmd námskeiða og prófa. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi. Í c-lið er fjallað um þá starfsreynslu sem umsækjendur um próf skulu hafa öðlast áður en þeir sækja námskeið og próf. Lagt er til að ákvæði um starfsreynslu hinna mismunandi fagaðila verði samræmd þannig að allir þurfi að ljúka þriggja ára starfsreynslu. Samkvæmt gildandi lögum þurfa arkitektar enga starfsreynslu en byggingarfræðingar 20 mánaða reynslu og er því um töluverða breytingu að ræða hvað þessa aðila varðar. Starfsreynslukröfur til hönnuða séruppdrátta, þ.e. verkfræðinga og tæknifræðinga, eru hins vegar óbreyttar, þ.e. þrjú ár.

Um VI. kafla.

Í sjötta kafla eru ítarleg ákvæði um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra og iðnmeistara. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins hefur við gerð þess verið lögð áhersla á umsjónar- og eftirlitshlutverk byggingarstjórans. Ekki hefur alltaf verið ljóst samkvæmt gildandi rétti hvað nákvæmlega fælist í ábyrgð þessa aðila og hver væri staða hans gagnvart öðrum aðilum, svo sem iðnmeisturum, hönnuðum og eiganda. Hér er leitast við að skýra hlutverk hans með nákvæmari hætti en áður. Í raun er þó ekki um neina stefnubreytingu að ræða þar sem ljóst er að frá upphafi hefur byggingarstjóranum verið ætlað mikilvægt yfirumsjónarhlutverk við byggingarframkvæmdir. Þó eru ný ákvæði um starfsleyfi byggingarstjóra, námskeið, innra eftirlit, gæðastjórnunarkerfi og flokkun byggingarstjóra í þrjá flokka eftir hæfniskröfum og umfangi mannvirkjagerðar sem þeim er heimilt að stýra. Í ljósi aukinnar áherslu á hlutverk byggingarstjórans er eðlilegt að gerðar séu ríkari kröfur til hæfni hans og verkhátta í því skyni að tryggja að byggingarstjórastarfinu sé sinnt með fullnægjandi hætti með aukið öryggi mannvirkja og hagkvæmni við mannvirkjagerð að leiðarljósi. Í framkvæmd má því gera ráð fyrir töluverðum breytingum á starfsháttum byggingarstjóra og því hverjir veljast til að sinna því starfi.

Um 26. gr.

Hér er almennt fjallað um hlutverk byggingarstjóra og tengsl hans við eiganda mannvirkis. Skv. 1. mgr. skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis. Gagnálykta má frá þessu að aðeins sé skylda að hafa byggingarstjóra þegar um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir er að ræða.

Í 2. mgr. kemur fram að byggingarstjóri sé faglegur fulltrúi eiganda við byggingarframkvæmdir og starfi í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Er byggingarstjóranum þannig ætlað að fara með hagsmuni eigandans við byggingarframkvæmdir. Í þessu felast trúnaðarskyldur byggingarstjórans gagnvart eiganda sem eru grundvöllur að hans hlutverki. Í þessu felst jafnframt að byggingarstjórinn hafi ákveðið stöðuumboð til þess að fara með daglegan rekstur framkvæmdar og taka ýmsar ákvarðanir fyrir hönd eiganda, sem eru bindandi fyrir hann. Þetta verður þó ávallt að vera gert með hagsmuni eigandans að leiðarljósi. Byggingarstjóra ber þó að bera stórvægilegar og óvenjulegar ákvarðanir undir eiganda.

Í 3. mgr. er kveðið á um þá nýskipan að byggingarstjóra sé ekki heimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða einstökum verkþáttum byggingarframkvæmdar. Er þetta nokkur breyting frá núverandi framkvæmd þar sem algengt er að byggingarstjóri og húsasmíðameistari byggingar séu einn og sami maðurinn. Hefur þetta valdið nokkrum vandkvæðum í framkvæmd og óvissu um skiptingu ábyrgðar milli byggingarstjóra og iðnmeistara. Þessi breyting er talin nauðsynleg ekki síst í ljósi þess hlutverks byggingarstjórans að gæta hagsmuna eigandans, m.a. gagnvart hönnuðum og iðnmeisturum. Er því talið nauðsynlegt að um sjálfstæðan aðila sé að ræða. Undanþága frá þessu er þó heimil þegar um er að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota en þá getur eigandi falið einum af iðnmeisturum eða hönnuðum mannvirkisins byggingarstjórn þess enda hafi sá aðili starfsleyfi sem slíkur. Þrátt fyrir það sem hér að framan er rakið er ekki talið réttlætanlegt að krefjast sérstaks byggingarstjóra vegna slíkra framkvæmda þar sem það gæti leitt til aukins byggingarkostnaðar og væri óþarflega flókið í framkvæmd. Eigandi, sem jafnframt er sá sem byggingarstjóra er ætlað að gæta hagsmuna fyrir, getur þannig kosið að fara þessa leið og ber þá sjálfur áhættuna af því, enda áskilið að mannvirkið sé ætlað til eigin nota. Önnur sjónarmið eru uppi ef eigandi mannvirkis á byggingarstigi ætlar það ekki til eigin nota, t.d. þegar byggingarfyrirtæki byggir hús til sölu á almennum markaði. Þá eru það hagsmunir seinni eigenda sem neytenda að fullnægjandi innra eftirlit byggingarstjóra með iðnmeisturum og hönnuðum fari fram á byggingarstigi. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að eigandi mannvirkis sé jafnframt byggingarstjóri þess enda uppfylli hann þær kröfur laganna sem gerðar eru til byggingarstjóra. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga þessara, reglugerðar og samningi við eiganda. Ekki er gert er ráð fyrir að byggingarstjóri geti takmarkað ábyrgð sína í samningi við eiganda.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heimildir byggingarstjóra takmarkist af gerð mannvirkis og umfangi framkvæmda. Er mannvirkjum skipt í þrjá flokka og mun í starfsleyfi byggingarstjóra verða gerð grein fyrir hvaða flokkum viðkomandi er heimilt að stýra. Í 27. gr. eru síðan ákvæði um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem byggingarstjórar þurfa að uppfylla til að mega stýra hverjum flokki fyrir sig. Eru mestar kröfur gerðar til byggingarstjóra sem mega stýra sérhæfðum og flóknum mannvirkjum svo sem vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum. Í liðum 1–3 er einungis að finna grófa flokkun mannvirkja en síðan er í 5. mgr. gert ráð fyrir að nákvæmur listi yfir mannvirki innan hvers flokks verði birtur í reglugerð.

Um 27. gr.

Nýmæli er í 1. mgr. um að byggingarstjórar skuli hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Til að tryggja ákveðna festu um starfsemi byggingarstjóra er talið nauðsynlegt að kveða á um slík starfsleyfi. Er það til einföldunar að Byggingarstofnun fari yfir það við veitingu starfsleyfis að viðkomandi uppfylli menntunar- og starfsreynslukröfur laganna í stað þess að

það sé gert í hvert sinn sem viðkomandi tekur að sér byggingarstjórn mannvirkis. Einnig er nauðsynlegt að tryggja ákveðið eftirlit með því að ákvæðum um gæðastjórnunarkerfi sé fylgt. Lagt er til að halda skuli sérstakt námskeið fyrir byggingarstjóra sem sé skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis. Er þetta talið nauðsynlegt til að tryggja að byggingarstjórum sé kunnugt um hlutverk sitt og skyldur en nokkuð hefur skort á samræmdan skilning á hlutverki byggingarstjóranna innan raða þeirra sjálfra. Hingað til hafa nokkur slík námskeið verið haldin og hafa þau verið vel sótt þótt ekki hafi verið um skyldu að ræða. Í 2. málsl. er kveðið á um að starfsleyfi skuli gefið út til tiltekins tíma, mest tíu ára í senn. Er talið nauðsynlegt að tímabinda starfsleyfið með þessum hætti til að ýta undir að einungis þeir aðilar sem starfandi eru í faginu hafi starfsleyfi. Sé aðili hins vegar starfandi sem byggingarstjóri með nauðsynleg gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ákvæðum laganna á endurnýjun starfsleyfis hins vegar að vera afar einföld aðgerð en eðlilegt er að Byggingarstofnun standi fyrir einhvers konar endurmenntunarnámskeiðum fyrir þessa aðila áður en starfsleyfi er endurnýjað. Kveðið er í 3. málsl. á um hvernig fara skuli með þau tilvik þegar byggingarstjóri missir starfsleyfi.

Í 2. mgr. er kveðið á um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem gerðar eru til þeirra aðila sem taka mega að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 26. gr., þ.e. einföldustu gerð mannvirkja. Hér eru taldir upp húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, blikksmíðameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar sem hlotið hafa löggildingu Byggingarstofnunar sem slíkir. Um er að ræða sömu iðnmeistara og mega vera byggingarstjórar samkvæmt gildandi lögum að öðru leyti en því að blikksmíðameisturum er bætt við en felld út heimild til handa vélvirkjameisturum til að annast byggingarstjórn, enda er ekki um að ræða iðngrein sem fjallað hefur verið um í byggingarreglugerð eða telst til byggingariðngreina. Teljast vélvirkjameistarar því ekki hafa þá hæfni eða þekkingu á sviði byggingarframkvæmda sem nauðsynleg er til að taka að sér byggingarstjórn. Nýmæli er að gerð er sú krafa að byggingarstjórar hafi auk framangreindrar grunnmenntunar og löggildingar reynslu af störfum við byggingarframkvæmdir. Er gerð krafa um tveggja ára reynslu sem löggiltir iðnmeistarar eða byggingarfræðingar af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af Byggingarstofnun. Miðað við þá ábyrgð sem byggingarstjóra er ætlað að bera er talið nauðsynlegt að hann hafi öðlast nokkra reynslu í starfi áður en hann tekur slíkt starf að sér. Í lokamálslið 2. mgr. er tekið fram að byggingarstjórar sem falla undir þessa málsgrein og hafa starfað við byggingarstjórn í þrjú ár og hafa allan þann tíma haft fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi geti einnig öðlast starfsleyfi til að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. Þannig er opnað fyrir það að iðnmeistarar með mikla reynslu af mannvirkjagerð og byggingarstjórn geti tekið að sér byggingarstjórn langflestra mannvirkja. Einungis allra sérhæfðustu og flóknustu mannvirkin, sem hingað til hafa ekki verið háð byggingarleyfum og því ekki þurft byggingarstjóra, verða undanskilin. Hvorki þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. né 3. mgr. þessarar greinar munu geta fengið starfsleyfi sem byggingarstjórar slíkra mannvirkja, heldur verður það bundið við þá sérhæfðu aðila sem taldir eru upp í 4. mgr. Aðrir eru ekki taldir hafa nægjanlega faglega þekkingu til að geta haft með höndum byggingarstjórn slíkra mannvirkja.

Í 3. mgr. er kveðið á um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem gerðar eru til þeirra aðila sem taka mega að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 26. gr., þ.e. önnur mannvirki en þau allra sérhæfðustu og flóknustu. Um er að ræða verk- og tæknifræðinga, arkitekta og byggingarfræðinga. Allir þessir aðilar geta verið byggingarstjórar samkvæmt gildandi lögum. Ekki er gerð krafa um að þessir aðilar hafi lög-

gildingu sem hönnuðir en lagt er til það nýmæli að þeir þurfi að hafa a.m.k. fimm ára reynslu af störfum sem verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar eða byggingarfræðingar við byggingarframkvæmdir, hönnun bygginga, byggingareftirliti eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir. Sömu rök eru að baki kröfum um starfsreynslu hér og í 2. mgr.

Í 4. mgr. eru taldir upp þeir sérhæfðu aðilar sem einir geta tekið að sér byggingarstjórn þeirra flóknu og sérhæfðu mannvirkja sem talin eru upp í 2. tölul. 4. mgr. 26. gr. Þessum aðilum er að auki heimilt að taka að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem talin eru upp í 1. og 3. tölul. Hér er um að ræða verk- og tæknifræðinga sem hafa löggildingu á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og þurfa þeir að hafa að lágmarki tíu ára reynslu af verkstjórn við hliðstæða mannvirkjagerð, byggingareftirlit eða hönnun. Þar af skulu þeir hafa a.m.k. þriggja ára reynslu af stjórnun eða eftirliti við mannvirkjagerð. Talið er nauðsynlegt að gera svo strangar kröfur þar sem um mjög flókna og sérhæfða mannvirkjagerð er að ræða. Hingað til hafa þessi mannvirki ekki verið háð byggingarleyfum og er það því nýtt að byggingarstjóra sé krafist vegna þeirra.

Í 5. mgr. er áfram sú heimild sem nú er í 3. tölul. 2. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga að fyrirtæki og stofnanir geti í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð. Sett er það skilyrði að þegar fyrirtæki eða stofnun fær heimild til að takast í eigin nafni á hendur ábyrgð byggingarstjóra í skjóli starfsmanns, sem hefur starfsleyfi, skuli sá starfsmaður annast byggingarstjórn á vegum fyrirtækisins. Tilgangur þessa ákvæðis er fyrst og fremst að takmarka þá persónulegu ábyrgð sem einstaklingur, sem starfar hjá byggingarfyrirtæki, ber á verkinu, enda hefur hann oft minna ákvörðunarvald varðandi bygginguna en sjálfstæður aðili. Ákvæði skaðabótalaga mundu einnig takmarka persónulega ábyrgð þessa einstaklings gagnvart vinnuveitanda sínum og þriðja manni, sérstaklega ef vinnuveitandinn hefur tryggingu sem tekur til ábyrgðarinnar.

Um 28. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. Eins og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að byggingarstjóri ráði iðnmeistara í upphafi verks eða samþykki ráðningu þeirra. Með hliðsjón af ríkri ábyrgð byggingarstjóra hefur verið talið eðlilegt að hann hafi eitthvað um það að segja hvaða iðnmeistarar séu ráðnir til verksins. Þannig getur hann gætt hagsmuna eigandans með því að samþykkja aðeins þá iðnmeistara sem hann treystir til að inna verkið faglega af hendi og í samræmi við lög. Tiltekið er sérstaklega að samningar byggingarstjóra við iðnmeistara skuli gerðir skriflega og að þeir séu gerðir í umboði eiganda. Byggingarstjórinn ber því sjálfur ekki ábyrgð á efndum þessara samninga, t.d. greiðslu fyrir verk og verður aldrei talinn vinnuveitandi iðnmeistara sem að verkinu koma. Tiltekið er einnig í 2. mgr. hlutverk byggingarstjóra sem samskiptaaðila sem er í samræmi við hlutverk hans sem faglegs umboðsmanns eiganda. Gert er í 3. mgr. ráð fyrir að byggingarstjóri skeri úr vafa um túlkun hönnunargagna, eftir atvikum að höfðu samráði við hönnuði. Sé um að ræða mannvirki sem falla undir 2. eða 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. skal byggingarstjóri sjá til þess að skipulagðir samráðsfundir séu haldnir með eiganda og hönnuðum og skal skrá efni þeirra í gæðastjórnunarkerfi byggingarstjórans. Að sjálfsögðu er einnig heimilt að halda slíka fundi vegna mannvirkja sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 26. gr.

Samkvæmt 4. mgr. hefur byggingarstjóri yfirumsjón með því að aflað sé samþykktar leyfisveitanda á breytingum sem gerðar eru á hönnun eða gerð mannvirkis í byggingu og að ávallt sé framkvæmt í samræmi við nýjustu útgáfu samþykktra hönnunargagna. Er nauðsynlegt að taka þetta sérstaklega fram þar sem algengt er við byggingarframkvæmdir að

hönnunargögn séu að taka breytingum eftir því sem verki vindur fram og þá er að sjálfsögðu mikilvægt að ekki sé framkvæmt eftir úreltum gögnum.

Í 5. mgr. er ákvæði um eftirlitsskyldur byggingarstjóra. Gert er ráð fyrir því að verði byggingarstjóri var við ágalla á verki geti hann losnað undan ábyrgð vegna þeirra ef hann hefur gert iðnmeistara og/eða eiganda viðvart og krafist úrbóta. Það er aðeins þegar ágalli, sem ekki hefði átt að geta dulist byggingarstjóra við eftirlit hans, kemur fyrst í ljós eftir að verki eða verkhluta á að vera lokið sem byggingarstjóri getur borið bótaábyrgð ásamt iðnmeistara gagnvart eiganda. Til að tryggja sönnun skulu byggingarstjóri og hlutaðeigandi aðilar skrá athugasemdir byggingarstjóra í gæðastjórnunarkerfi sitt.

Í 7. mgr. er fjallað sérstaklega um grundvöll skaðabótaábyrgðar byggingarstjóra og tekið fram að um hefðbundna sakarábyrgð sé að ræða á grundvelli almennra skaðabótareglna utan samninga. Gera má þó ráð fyrir að við sakarmat verði byggt á ströngum sérfræðimælikvarða. Sérstaklega er tekið fram að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara og annarra sem að verkinu koma, t.d. undirverktaka, né því að aðilar uppfylli samningsskyldur sínar, t.d. þegar verktakar eða iðnmeistarar fara frá verki án þess að því sé að fullu lokið.

Í 8. mgr. er sett sérstakt ákvæði um fyrningu ábyrgðar, en vafi hefur leikið á því í framkvæmd með hvaða hætti ábyrgð á þessu sviði fellur niður. Er hér kveðið á um að um fyrninguna gildi almennar reglur laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Um 29. gr.

Gerð er tillaga um að skerpa lítillega á ákvæðum um byggingarstjóraskipti, en ákvæði 5. mgr. 51. gr. gildandi laga er nokkuð skýrt hvað þetta varðar. Sérstaklega er tekið fram að ábyrgð byggingarstjóra falli niður frá móttöku leyfisveitanda á afsögn hans vegna verkþátta sem þá er ólokið. Byggingaryfirvöldum ber að láta fara fram úttekt strax eftir að byggingarstjóri hverfur frá verki en það er mikilvægt í ljósi hagsmuna beggja byggingarstjóra að ekki verði ágreiningur um það hver staða verksins var. Fráhvarf byggingarstjóra meðan á framkvæmdum stendur getur verið vísbending um ágreining eða trúnaðarbrest milli hans og eiganda og því ekki unnt að treysta því að eigandi haldi ekki framkvæmdum áfram án þess að nýr byggingarstjóri hafi verið ráðinn. Þess vegna verður úttektin að fara fram sem allra fyrst og að hún sé undirrituð af báðum byggingarstjórum til samþykkis á stöðu verksins við skiptin. Farin er sú leið að orða frest leyfisveitanda með almennum orðum í stað þess að setja tiltekin tímamörk. Verði leyfisveitandi valdur að tjóni vegna vanrækslu á að láta fara fram úttekt og getur hann orðið bótaskyldur vegna þess samkvæmt almennum reglum.

Um 30. gr.

Hér er lögð sú skylda á byggingarstjóra að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð. Í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks sem byggingarstjóri tekur að sér skal hann skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis sem starfsleyfi hans byggist á, sbr. 27. gr. Í ákvæðinu eru talin upp þau atriði sem gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra þurfa að uppfylla að lágmarki en síðan er gert ráð fyrir að ítarlegri reglur um gerð þeirra séu settar í reglugerð. Tekið er fram að gæðastjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9000 staðalsins teljist uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfis samkvæmt þessari grein. Hafi byggingarstjóri vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt þeim staðli þarf hann ekki að sýna með frekari hætti fram á að hann uppfylli kröfur ákvæðisins. Tilvísun til staðalsins merkir hins vegar ekki að ávallt skuli gerð krafa um gæðastjórnunarkerfi sem uppfyllir allar

kröfur hans. Gert er ráð fyrir að a.m.k. í fyrstu verði ekki gerðar svo strangar kröfur til gæðastjórnunarkerfis byggingarstjóra heldur verði það metið hvað hæfilegt er í þeim efnum þannig að raunhæft sé að gera þessa kröfu til byggingarstjóra. Lagt er til að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skuli vottuð af faggiltri vottunarstofu, sbr. 47. gr., en af sömu ástæðum og áður eru nefndar er ekki gert ráð fyrir að sú heimild verði nýtt í upphafi. Eðlilegt er að fagaðilar fái góðan tíma til að aðlagast þeirri breytingu sem felst í kröfunni um gæðastjórnunarkerfi og að ekki sé gengið lengra í upphafi en nauðsyn ber til. Verði góð reynsla af notkun gæðastjórnunarkerfa má hugsa sér að heimild þessi verði nýtt í framtíðinni. Í 3. tölul. 47. gr. er lagt til að heimilt verði að gera mismunandi kröfur til gæðastjórnunarkerfa byggingarstjóra eftir umfangi mannvirkjagerðar sem byggingarstjóra er heimilt að hafa umsjón með. Flókin mannvirkjagerð kallar á öðruvísi og nákvæmari gæðastjórnunarkerfi en einföld.

Um 31. gr.

Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og er í 52. gr. gildandi laga en nokkuð ítarlegra. Taldir eru upp þeir iðnmeistarar sem þurfa að staðfesta ábyrgð sína á verki áður en byggingarleyfi er gefið út en slíka upptalningu er einungis að finna í byggingarreglugerð í dag. Telja verður eðlilegt að þeirra sé sérstaklega getið í lögunum. Leyfisveitandi metur eftir eðli og gerð mannvirkja hverjir af þessum iðnmeisturum þurfa nauðsynlega að koma að verkinu. Í nánast öllum tilvikum þurfa húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar og rafvirkjameistarar að koma að verkinu til að tryggja að það standist allar öryggis- og hollustukröfur en metið skal í hverju tilviki hverja af hinum aðilunum þarf að gera kröfu um að ábyrgist verk. Mörg verk þarfnast einnig blikksmíðameistara og stálvirkjameistara til að tryggja öryggi þeirra og hollustuhætti, svo sem stálvirkjahús og byggingar með flóknum loftræsikerfum. Í færri tilvikum varðar vinna málarameistara og veggfóðrarameistara öryggi mannvirkja með beinum hætti heldur er þar fremur um að ræða kröfu til að tryggja gæði þeirra. Þess vegna er ekki alltaf sama þörfin á að gera kröfu um að þeir staðfesti ábyrgð sína á verki. Sé t.d. um að ræða íbúðarhús sem eigandi byggir til eigin nota þarf eigandi ekki að tilkynna um málarameistara eða veggfóðrarameistara sem ábyrgð beri á viðkomandi verki og skal þá leyfisveitandi ekki gera slíka kröfu. Sé hins vegar um að ræða t.d. byggingu fjölbýlishúss sem selt er tilbúið á almennum markaði er eðlilegt að fagmaður beri ábyrgð á málningar- og veggfóðraravinnu við slíkt hús.

Ákvæði um ábyrgð iðnmeistara er í 2. mgr. og er það sambærilegt við ákvæði 1. mgr. 52. gr. gildandi laga. Ekki eru lagðar til breytingar á ábyrgð eða verksviði iðnmeistara. Nýtt er þó í 2. málsl. ákvæði um fyrningu ábyrgðar, þar sem undirstrikað er að um fyrningu fari samkvæmt ákvæðum almennra laga. Ákvæði 3. mgr. samsvarar 2. mgr. 52. gr. gildandi laga. Í 4. mgr. er lagt til það nýmæli að löggilding rafvirkjameistara sem gefin er út á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga jafngildi löggildingu skv. 3. mgr. Samkvæmt gildandi lögum hafa rafvirkjameistarar bæði þurft löggildingu Neytendastofu á grundvelli framangreindra laga og löggildingu umhverfisráðherra á grundvelli skipulags- og byggingarlaga og hefur ítrekað verið kvartað yfir því tvöfalda fyrirkomulagi. Er hér lagt til að rafvirkjameistari sem hefur löggildingu Neytendastofu, eða Löggildingastofu, samkvæmt eldri lagaákvæðum, þurfi ekki að sækja um löggildingu Byggingarstofnunar. Þetta þýðir hins vegar ekki að löggilding Byggingarstofnunar komi í stað löggildingar á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga enda gera þau lög ráð fyrir að uppfylla þurfi mun strangari skilyrði til að hljóta slíka löggildingu.

Nýmæli er í 6. mgr. þar sem kveðið er á um að iðnmeistarar skuli hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk lýsingar á og skrár um innra eftirlit iðnmeistarans í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð. Ekki er gert ráð fyrir að gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara verði í upphafi mjög umfangsmikið eða íþyngjandi heldur innihaldi þau að meginstefnu til aðeins framangreind atriði. Tilvísun til gæðastjórnunarkerfis ÍST EN ISO 9000 þýðir einungis að þeir aðilar sem hafa gæðastjórnunarkerfi sem uppfylla sannanlega þær kröfur þurfa ekki að sýna frekar fram á að þeir uppfylli ákvæði laganna. Eins og með gæðastjórnunarkerfi hönnuða og byggingarstjóra þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að slík gæðastjórnunarkerfi skuli vottuð, sbr. 47. gr., en ekki er gert ráð fyrir að sú heimild verði nýtt í náinni framtíð.

Um 32. gr.

Hér er kveðið á um hvaða háttur skuli hafður á við skipti á ábyrgum iðnmeisturum verks og er ákvæði sama efnis og 4. mgr. 52. gr. gildandi laga.

Um 33. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um áfangaúttektir og er um nýmæli í lögum að ræða en byggt er á ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar og þeirri framkvæmd sem verið hefur við lýði. Eðlilegt er að fjallað sé um svo mikilvægan þátt byggingareftirlits í lögunum en ekki aðeins í reglugerð. Nýtt er þó að lögð er sú skylda á iðnmeistara að hann sé viðstaddur úttektir þeirra verkþátta sem hann hefur sinnt en samkvæmt gildandi rétti hvílir slík skylda einungis á byggingarstjóra, sem þó skal boða iðnmeistara til úttekta. Er þetta gert m.a. gert til að tryggja að verk sé raunverulega unnið af þeim iðnmeistara sem skrifað hefur upp á ábyrgð sína á verki. Samkvæmt gildandi lögum er í raun ekkert sem hindrar það að iðnmeistari skrifi upp á ábyrgð sína að verki og komi svo ekkert að byggingarframkvæmdum þrátt fyrir að ábyrgðin sé hans. Er það algerlega óviðunandi fyrir viðkomandi iðnmeistara og því nauðsynlegt að sett sé ákvæði um skyldu byggingarstjóra til að tilkynna þeim með sannanlegum hætti um úttektir sem þeir bera ábyrgð á. Samkvæmt ákvæðinu geta iðnmeistari og eigandi samið um annað fyrirkomulag í samningi sín á milli.

Í 4. mgr. er útgefanda byggingarleyfis veitt heimild til að leyfa að byggingarstjóri eða iðnmeistari framkvæmi sjálfir einstakar áfangaúttektir að því gefnu að gerð hafi verið skriflega grein fyrir innra eftirliti við byggingarframkvæmdina. Sambærilegt ákvæði hefur verið í gildandi byggingarreglugerð. Hér er veitt heimild til að slaka á opinberu eftirliti með framkvæmdum þar sem virkt innra eftirlit fer fram.

Um 34. gr.

Í ákvæðinu er nýtt ákvæði um svokallaða öryggisúttekt. Í gildandi byggingarreglugerð hafa verið ákvæði um svokallaða stöðuúttekt og lokaúttekt sem ekki hafa virkað sem skyldi. Stöðuúttekt á að gera áður en mannvirki er tekið í notkun, en hún er afar sjaldan framkvæmd í raun. Lokaúttekt á að framkvæma við lok byggingarframkvæmda en þeim hefur afar misjafnlega verið framfylgt í byggingarumdæmum landsins. Hér er lagt til að styrkt verði staða þeirrar úttektar sem kölluð hefur verið stöðuúttekt og að hún verði hér eftir kölluð öryggisúttekt. Mjög varasamt og jafnvel hættulegt getur verið að taka í notkun ófullgerð mannvirki ef ekki er hugað að öryggi þeirra og hollustuháttum. Eldvarnir, burðarþol og fallvarnir geta verið ófullgerðar og slysagildrur leynst víða. Þess vegna er hér lagt til að óheimilt

verði að taka mannvirki í notkun fyrr en gerð hefur verið úttekt á öryggi þeirra og hollustuháttum. Gefur útgefandi út vottorð um að slík úttekt hafi farið fram og þá fyrst er heimilt að taka mannvirkið í notkun. Ber byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda, ábyrgð á að óskað sé eftir slíkri lokaúttekt. Vanræki hann þær skyldur sínar er sú skylda lögð á útgefanda byggingarleyfisins að boða til úttektarinnar. Einnig getur eigandi mannvirkis ávallt óskað eftir öryggisúttekt. Þannig á að vera tryggt að þessar úttektir verði framkvæmdar. Við úttektina skulu einungis þeir þættir teknir út er varða öryggi og hollustuhætti en að öðru leyti getur mannvirkið verið ófullgert.

Um 35. gr.

Hér er fjallað um svokallaða lokaúttekt en ákvæði um hana hafa aðallega verið í byggingarreglugerð samkvæmt gildandi lögum. Nokkur misbrestur hefur verið á að lokaúttektir hafi farið fram. Í ákvæðinu er grunnur lokaúttektanna styrktur og kveðið á um að lokaúttekt skuli fara fram innan þriggja ára frá því að mannvirki er tekið í notkun og öryggisúttekt fer fram. Lokaúttekt felur það í sér að gerð er úttekt á því hvort mannvirkið uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hafi verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn. Nánari útfærsla um framkvæmd lokaúttektar verður í reglugerð og munu skoðunarhandbækur þar gegna mikilvægu hlutverki, en helsti vandinn við lokaúttektir samkvæmt gildandi rétti hefur verið að ekki hefur legið ljóst fyrir hvað ætti að fara yfir við framkvæmd lokaúttekta. Samkvæmt ákvæðinu er ekki áskilið að framkvæmdum sé að fullu lokið við framkvæmd lokaúttektar heldur getur eftirlitsaðili gefið út vottorð með athugasemdum. Þó skal þáttum er varða aðgengi ávallt lokið við framkvæmd lokaúttektar.

Ákvæði þetta er óháð hugsanlegum ákvæðum sem sett kunna að hafa verið í úthlutunarskilmála viðkomandi lóðar á grundvelli skipulagslaga um tímafrest fyrir húsbyggjendur til að ljúka frágangi mannvirkja utanhúss. Þessir þættir verða ekki hluti lokaúttektar samkvæmt frumvarpi þessu heldur verða sveitarfélög að beita þvingunarúrræðum skipulagslaga til að fylgja eftir slíkum skipulagsskilmálum. Í 5. mgr. eru svo ákvæði um heimild til lokunar mannvirkis ef það reynist ekki uppfylla öryggis- og hollustuháttakröfur við framkvæmd lokaúttektar.

Um 36. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 41. gr. gildandi laga.

Um 37. gr.

Hér er lagt til að lagt verði á gjald með nýju heiti, byggingaröryggisgjald, til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Ekki er um nýtt gjald að ræða heldur hefur ákvæði um svokallað brunavarnagjald, sem innheimt hefur verið á grundvelli laga um brunavarnir, verið fært inn í frumvarp til laga um mannvirki. Skattstofn gjaldsins er óbreyttur og er það innheimt áfram af vátryggingarfjáræð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Hér er hins vegar lagt til að gjaldið verði hækkað úr 0,045 prómillum í 0,08. Hingað til hefur brunavarnagjaldi verið einungis ætlað að standa undir rekstri Brunamálastofnunar vegna yfirumsjónar með brunavörnum en hér er lagt til að byggingaröryggisgjaldið renni til Byggingarstofnunar og standi þannig undir kostnaði við yfirumsjón byggingaröryggismála almennt. Með því að leggja slíkt gjald á brunatryggingar er gjaldtökunni dreift á mörg ár, þ.e. allan líftíma mannvirkisins, í stað þess að innheimta

hærra gjald einu sinni í upphafi mannvirkjagerðar. Eigendur mannvirkja eiga að njóta góðs af yfireftirliti og umsjón Byggingarstofnunar allan líftíma mannvirkisins og því mæla góð rök með því að þessi leið verði valin.

Um 38. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þau þjónustugjöld sem sveitarstjórnum er heimilt að setja vegna veittrar þjónustu og verkefna byggingarfulltrúa. Skal fjárhæð gjalds taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Gæta þarf þess sérstaklega við setningu gjaldskrár að óheimilt er að jafna kostnaði sem kemur til vegna faggildingar eftirlits, yfirferðar uppdrátta og framkvæmdar úttekta af hálfu byggingarfulltrúa og starfsmanna hans jafnt á alla umsækjendur byggingarleyfis óháð því hvort hluti eftirlitsins er framkvæmdur af faggiltum skoðunarstofum. Þeir aðilar sem ráðið hafa faggilta skoðunarstofu til að annast hluta eftirlitsins eiga einungis að greiða til byggingarfulltrúa gjöld sem taka mið af þeim kostnaði sem hlýst af umsókn þeirra, sbr. 2. mgr. 19. gr.

Um 39. gr.

Í ákvæðinu er Byggingarstofnun heimilað að setja sér gjaldskrá vegna þjónustu og verkefna sem stofnuninni er falið að annast eða tekur að sér. Þar sem gert er ráð fyrir að stofnunin fari með beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð er nauðsynlegt að henni sé heimilt að taka þjónustugjald fyrir á sama hátt og byggingarfulltrúar.

Um 40. gr.

Í ákvæðinu eru settar reglur um greiðslu gjalda og er ákvæðið efnislega samhljóða 55. gr. gildandi laga.

Um 41. gr.

Ákvæðið felur í sér nýmæli um rannsókn Byggingarstofnunar vegna tjóns á mannvirki þegar manntjón verður eða alvarleg hætta skapast. Svipað ákvæði hefur verið í lögum um brunavarnir vegna rannsókna á brunatjóni og er lagt til að það ákvæði haldist óbreytt en bætt verði við skyldu til að rannsaka önnur tjón á mannvirkjum, t.d. vegna veðurs, jarðskjálfta, flóða eða annarrar náttúruvár, eða í þeim tilvikum þegar mannvirki eða hlutir þess hrynja eða skemmast illa af óþekktum ástæðum. Hugsunin að baki ákvæðinu er að finna orsakir slíkra tjóna og læra af þeim mistökum sem kunna að hafa átt sér stað við hönnun eða gerð mannvirkisins. Einnig gætu slíkar rannsóknir leitt í ljós að breyta þurfi reglum um hönnun og byggingu mannvirkja. Nokkuð hefur skort á að slíkar rannsóknir færu fram með skipulögðum og samræmdum hætti.

Um 42. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 56. gr. gildandi laga en felld hafa verið út þau atriði sem varða skipulagshluta laganna. Þó er lögð til sú breyting á orðalagi varðandi mannvirki sem reist eru í óleyfi að byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnun sé heimilt að krefjast niðurrifs þeirra, að jarðrask sé afmáð eða starfsemi hætt, en ekki skylt eins og nú er. Er eðlilegt að þetta sé metið í hverju tilviki, m.a. með tilliti til meðalhófs. Nýtt er einnig í ákvæðinu að byggingarfulltrúi getur fyrirskipað lokun mannvirkis auk stöðvunar framkvæmda.

Um 43. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 57. gr. gildandi laga.

Um 44. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 58. og 59. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að áminning hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara og svipting löggildingar verði alfarið í höndum Byggingarstofnunar. Áður var það í höndum byggingarnefndar að veita þessum aðilum áminningu og síðan gat hún óskað eftir því við ráðherra að hann svipti hönnuð eða iðnmeistara löggildingu. Í 2. mgr. er ákvæði um sviptingu starfsleyfis byggingarstjóra ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu eða brýtur af sér í starfi. Byggingarstjóri sem sviptur hefur verið starfsleyfi getur öðlast það aftur ef hann uppfyllir að nýju skilyrði fyrir leyfisveitingu. Um endurútgáfu vegna brota í starfi gilda almennar reglur um mat á alvarleika brots. Sama á við um brot hönnuða og iðnmeistara.

Um 45. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 60. gr. gildandi laga.

Um 46. gr.

Þrátt fyrir skiptingu skipulags- og byggingarlaga í tvenn lög er gert ráð fyrir að ein og sama úrskurðarnefndin starfi á grundvelli beggja laganna. Ákvæði um störf nefndarinnar og málsmeðferð hennar eru í skipulagslögum og er vísað til þeirra í ákvæðinu. Ekki er því um efnislegar breytingar á starfsemi úrskurðarnefndarinnar að ræða. Þó er lagt til að ef upp kemur ágreiningur um túlkun skoðunarhandbókar og framkvæmd tæknilegs eftirlits á grundvelli hennar þá skuli leita álits Byggingarstofnunar sbr. 2. mgr. 16. gr., enda gert ráð fyrir að um tæknileg atriði sé að ræða sem eðlilegt er að sérfræðistofnun á borð við Byggingarstofnun úrskurði um. Sé hins vegar um að ræða ágreining vegna beins tæknilegs eftirlits Byggingarstofnunar gefur ráðherra út slíkt bindandi álit. Í frumvarpi til skipulagslaga eru ákvæði um hverjum sé heimilt að kæra ágreining til úrskurðarnefndarinnar og gilda þau ákvæði einnig um kærur vegna ágreinings á grundvelli laga um mannvirki.

Um 47. gr.

Í ákvæðinu er sagt fyrir um setningu reglugerða á grundvelli laganna og um innihald þeirra. Ákvæðið er ekki bundið við það að sett verði ein byggingarreglugerð eins og nú er heldur má hugsa sér að til einföldunar verði settar nokkrar reglugerðir, enda um afar víðfeðmt efni að ræða. Sambærilegt ákvæði er í 37. gr. gildandi laga en ákvæðið hefur þó verið aðlagað þeim breytingum sem frumvarpið kveður á um.

Um 48. gr.

Hér er fjallað um miðlægan gagnagrunn Byggingarstofnunar, þar sem allt er varðar byggingareftirlit með viðkomandi mannvirki er skráð frá því að umsókn um leyfi berst og þar til lokaúttekt hefur verið framkvæmd. Í gagnagrunninn má hugsa sér að verði færðar inn umsóknir um byggingarleyfi og fylgigögn þeirra, hönnunargögn á rafrænu formi, niðurstöður yfirferðar hönnunargagna, niðurstöður úttekta, vottorð sem gefin eru út vegna mannvirkjanna auk skoðunarhandbóka, gátlista og leiðbeininga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í gagnagrunninum verði skráðir allir þeir fagaðilar sem að mannvirkjagerðinni koma, hönnuðir, byggingarstjórar og iðnmeistarar, auk þess sem þar verður skráð hvort þessir aðilar hafa

komið sér upp gæðakerfi. Miðlægur gagnagrunnur er lykillinn að möguleikum Byggingarstofnunar til að hafa eftirlit með framkvæmd byggingareftirlits um land allt og til að heildaryfirsýn fáist yfir málaflokkinn, en mjög hefur skort á að slík yfirsýn hafi verið fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að unnt verði að tengja miðlægan gagnagrunn Byggingarstofnunar Landskrá fasteigna sem rekin er af Fasteignamati ríkisins. Með því má ná saman á einn stað upplýsingum um byggingar og mannvirki um land allt, sem bæði mun nýtast eigendum mannvirkja og stjórnvöldum.

Um 49. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um byggingarmál á varnar- og öryggissvæðum. Sambærilegt ákvæði er í 61. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að hér er einungis fjallað um byggingarþáttinn. Um þessi svæði er fjallað í nýlegum lögum, nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt þeim lögum skiptist varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli í flugvallarsvæði, öryggissvæði og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 38/2007 var mörkum varnarsvæðisins breytt þannig að síðastnefnda svæðið fellur utan skilgreinds varnarsvæðis. Eins og fram kemur í athugasemdum við 8. gr. þessa frumvarps er í frumvarpi til skipulagslaga lagt til að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn skipulagsmála á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar. Yfirstjórn skipulagsmála á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og varnarsvæðum annars staðar á landinu er hins vegar í höndum utanríkisráðherra. Til samræmis er í 1. mgr. ákvæðisins kveðið á um að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn byggingarmála á varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar og á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að Byggingarstofnun, í umboði utanríkisráðherra, gefi út byggingar- og framkvæmdaleyfi og hafi eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum leyfisskyldum framkvæmdum á þeim svæðum sem lúta yfirstjórn utanríkisráðherra. Tekið er fram að þrátt fyrir að stjórnsýsla mála sé að fyrrnefndu leyti með öðrum hætti þá gildi ákvæði laganna og reglugerða um byggingarmál á umræddum svæðum. Einstaka mannvirki kunna þó að vera undanþegin gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 176/2006.

Um 50. gr.

Hér er fjallað um þagnar- og trúnaðarskyldu eftirlitsaðila.

Um 51. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2009 en Byggingarstofnun taki þó til starfa fyrr og vinni að undirbúningi gildistöku laganna. Ærið verk bíður stofnunarinnar við samningu nýrra reglugerða á grundvelli laganna, skoðunarhandbóka og við kynningu á hinu nýja lagaumhverfi mannvirkjagerðar. Þar sem lögin taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2009 hefur Byggingarstofnun samkvæmt lögum ekkert stjórnsýsluhlutverk fram að þeim tíma heldur vinnur einungis að undirbúningi málsins. Brunamálastofnun mun þannig starfa áfram til 1. janúar 2009 og þau verkefni sem eru hjá Skipulagsstofnun, Neytendastofu og Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt gildandi lögum verða þar áfram til 1. janúar 2009.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 1. tölul. halda starfandi byggingarfulltrúar fullum rétti sínum til að starfa þó að þeir uppfylli ekki skilyrði 7. gr. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum. Hins vegar munu allir byggingarfulltrúar þurfa að afla sér faggildingar, sbr. 2. tölul., ef þeir ætla að

framkvæma úttektir eða yfirfara hönnunargögn. Í framkvæmd mundi embætti byggingarfulltrúa sem heild afla sér faggildingar og byggingarfulltrúi og starfsmenn hans starfa sem skoðunarmenn I–III eftir menntun og reynslu. Þeir byggingarfulltrúar og starfsmenn þeirra sem eru starfandi við gildistöku laganna teljast uppfylla kröfur sem gerðar eru til skoðunarmanna I–III. Nýir starfsmenn þurfa hins vegar að hafa viðeigandi menntun og reynslu til að mega starfa sem skoðunarmenn.

3. tölul. er sambærilegur við 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða gildandi laga. Í 2. málsl. er tekið fram að löggilding umhverfisráðherra jafngildir sams konar löggildingu Byggingarstofnunar. Enginn efnislegur munur er á þessum tveimur löggildingum heldur er einungis lagt til að annar aðili gefi löggildinguna út. Í 4. tölul. er sambærilegt ákvæði fyrir iðnmeistara. Ákvæði 5. tölul. er sambærilegt 7. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum. Skv. 6. tölul. geta þeir aðilar sem sannanlega hafa starfað sem byggingarstjórar í tíð eldri laga tekið að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem talin eru upp í 1. og 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. Byggingarstjórastarfið samkvæmt frumvarpi þessu er að mörgu leyti allt annað starf en verið hefur samkvæmt gildandi lögum og eins og fram kemur í nefndaráliti neðri deildar Alþingis með frumvarpi til eldri byggingarlaga, sbr. umfjöllun í 2. kafla almennra athugasemda, hefur byggingarstjórastaðan ekki verið réttindastaða sem menn hafa fengið í eitt skipti fyrir öll heldur staða sem aðeins hefur náð til gerðar hvers mannvirkis út af fyrir sig við veitingu byggingarleyfis. Því er ekki unnt að líta svo á að menn hafi áunnið sér réttindi til að starfa sem byggingarstjórar. Þrátt fyrir það er talið sanngjarnt að þeir sem tekið hafa að sér byggingarstjórn mannvirkja hingað til geti haldið áfram að vinna sem byggingarstjórar við sambærilega mannvirkjagerð áfram. Þau mannvirki sem talin eru upp í 2. tölul. 4. mgr. 26. gr. hafa almennt ekki verið háð byggingarleyfum og því hafa engir starfað sem byggingarstjórar við þá mannvirkjagerð í gildistíð eldri laga. Þess vegna nær 6. tölul. ákvæðis til bráðabirgða ekki til þeirra mannvirkja heldur þurfa allir sem taka að sér byggingarstjórn þeirra að uppfylla hæfnisskilyrði 4. mgr. 27. gr. frumvarpsins. Í 7. tölul ákvæðis til bráðabirgða er veittur frestur til 1. janúar 2010 til að taka gæðastjórnunarkerfi í notkun við mannvirkjagerð.

Samkvæmt 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er heimilt að viðurkenna ytra eftirlit óháðra aðila á vegum eiganda fráveitumannvirkja og dreifi- og flutningskerfa rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, þannig að það komi að öllu leyti eða að hluta til í stað opinbers eftirlits. Í mörgum tilvikum er slíkt ytra eftirlit til staðar nú þegar án lagaskyldu til að tryggja framgang og gæði framkvæmda. Hér er veitt heimild til að meta slíkt eftirlit til jafns við eftirlit á vegum opinberra aðila eða skoðunarstofa en sett það skilyrði að skoðunarmenn eftirlitsaðilans uppfylli sömu hæfniskröfur og starfsmenn annarra eftirlitsaðila. Enn fremur þarf eftirlitsaðilinn að hafa fullnægjandi gæðakerfi. Útgefanda byggingarleyfis skal gerð skriflega grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum slíks eftirlits og hefur hann eftirlit með því að það fari fram í samræmi við ákvæði laganna. Þannig er unnt að koma í veg fyrir að nýjar kröfur um byggingarleyfisskyldu þessara mannvirkja verði of íþyngjandi fyrir framkvæmdaraðila eða leiði til óþarfa tvöfalds eftirlits. Lagt er til að þessa heimild megi nýta til 1. janúar 2014, sem er talinn nægjanlegur aðlögunartími að því eftirlitskerfi sem byggt er á í lögunum. Eftir þann tíma gætu framkvæmdaraðilar samið við faggiltar skoðunarstofur um eftirlit með opinberum kröfum og nýtt þær jafnframt við framkvæmd þess ytra eftirlits sem framkvæmdaraðilar vilja viðhafa að öðru leyti við framkvæmdirnar.

Í 9. tölul. er kveðið á um forgangsrétt starfsmanna Brunamálastofnunar, Skipulagsstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins sem starfa við þau verkefni sem færast til Byggingarstofnunar til starfa hjá stofnuninni.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki.**

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til skipulagslaga en saman er þeim ætlað að leysa af hólmi gildandi skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Jafnframt er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000. Lögunum er ætlað að taka gildi 1. janúar 2009 en Byggingarstofnun skal þó taka til starfa 1. júní 2007 og vinna að undirbúningi gildistöku laganna í samráði við umhverfisráðherra.

Í frumvarpi til laga um mannvirki eru lögð til ýmis nýmæli og breytingar, m.a. er gert ráð fyrir að skilið verði á milli stjórnsýslu skipulagsmála og byggingarmála og að opinbert byggingareftirlit í landinu verði eflt og samræmt. Í því skyni er lagt til að sett verði á fót ný stofnun, Byggingarstofnun, sem hafi yfirumsjón með stjórnsýslu mannvirkjamála. Byggingarstofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laga um mannvirki og laga um brunavarnir. Ábyrgð á framkvæmd byggingarmála flyst þannig frá Skipulagsstofnun til Byggingarstofnunar og stofnunin tekur alfarið við hlutverki Brunamálastofnunar sem lögð verður niður. Sömuleiðis er lagt til að ábyrgð á skráningu og eftirliti með lyftum flytjist frá Vinnueftirliti ríkisins til Byggingarstofnunar. Enn fremur er gert ráð fyrir að ábyrgð á eftirliti með neysluveitum rafmagns og raflagnabúnaði sem telst til fasts búnaðar mannvirkis flytjist frá Neytendastofu til Byggingarstofnunar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal Neytendastofa þó annast það eftirlit fram til 1. janúar 2012 samkvæmt þjónustusamningi við Byggingarstofnun.

Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs stafa fyrst og fremst af nýjum og auknum verkefnum Byggingarstofnunar á sviði mannvirkjamála umfram verkefni sem Skipulagsstofnun hefur til þessa sinnt á sviði byggingarmála. Meðal nýrra verkefna er gerð leiðbeininga, verklagsreglna og skoðunarhandbóka á fagsviði stofnunarinnar; aðgengismál; uppbygging og rekstur gagnagrunns fyrir upplýsingar um mannvirki; kynning og fræðsla fyrir almenning og hagsmunaaðila; útgáfa byggingarleyfa fyrir tiltekin mannvirki og eftirlit með þeim framkvæmdum; námskeið til réttinda fyrir hönnuði og byggingarstjóra; löggildingar fyrir hönnuði, iðnmeistara og slökkviliðsmenn; útgáfa starfsleyfa til handa byggingarstjórum og skoðunarstofum; rannsóknir á sviði mannvirkjamála; þátttaka í starfi Staðlaráðs Íslands og árleg útgáfa skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar á Íslandi.

Í áætlunum umhverfisráðuneytis er gert ráð fyrir um 36 heilsársstörfum hjá Byggingarstofnun. Jafnframt verða 12 störf lögð niður hjá Brunamálastofnun og áætlað er að lyftueftirliti sé nú sinnt af sem svarar tveimur stöðugildum hjá Vinnueftirliti ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir að störfum fækki hjá Skipulagsstofnun. Þannig er því gert ráð fyrir að störfum fjölgi um 22 við stofnun Byggingarstofnunar. Út frá reynslutölum má reikna með að launagjöld geti numið 7,5 m.kr. á hvert stöðugildi og því má ætla að launagjöld hjá Byggingarstofnun verði um 265 m.kr. á ári. Miðað við að launagjöldin nemi 70% af heildargjöldum verður annar kostnaður slíkrar stofnunar um 115 m.kr. á ári og þar af má ætla að húsnæðiskostnaður sé 30 m.kr. Fjármálaráðuneytið áætlar því að á ársgrundvelli geti heildarkostnaður Byggingarstofnunar verið 380 m.kr. Í þessum tölum er ekki reiknað með verkefnum á sviði rafmagnseftirlits sem samkvæmt frumvarpinu eiga að flytjast undir ábyrgðarsvið Byggingarstofnunar 1. janúar 2009 en verður þó áfram sinnt af Neytendastofu til 1. janúar 2012, og er þar gert ráð fyrir óbreyttum kostnaði. Samkvæmt bókhaldi ríkisins nam heildarkostnaður Bruna-

málastofnunar, umfram 7 m.kr. sértekjur af endurleigðu húsnæði, 170 m.kr. á árinu 2006, og gera má ráð fyrir að beinn kostnaður Vinnueftirlits ríkisins við lyftueftirlit hafi numið 20 m.kr. Núverandi heildarkostnaður ríkissjóðs við þessi verkefni er því um 190 m.kr. á ári. Gangi þessar áætlanir eftir má því ætla að árlegur kostnaður ríkissjóðs við verkefni á sviði mannvirkjamála tvöfaldist og fari úr 190 m.kr. í 380 m.kr. Til viðbótar er tímabundinn kostnaður við undirbúning að gildistöku laganna og stofnun Byggingarstofnunar áætlaður 136 m.kr.

Til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar er gert ráð fyrir að lagt verði á sérstakt gjald, byggingaröryggisgjald. Í raun er ekki um nýtt gjald að ræða heldur er ákvæði um brunavarnagjald, sem innheimt hefur verið á grundvelli laga um brunavarnir, fært inn í frumvarp til laga um mannvirki en álagningu brunavarnagjalds verður jafnframt hætt, sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir. Brunavarnagjald er nú 0,045 prómill af gjaldstofni og álagðar tekjur af gjaldinu árið 2005 námu 202 m.kr. Í frumvarpinu er lagt til að byggingaröryggisgjald verði 0,08 prómill af gjaldstofni. Er þá miðað við að tekjur af byggingaröryggisgjaldi skili 190 m.kr. umfram það sem tekjur af óbreyttu brunavarnagjaldi hefðu skilað. Hefur í því sambandi verið tekið tillit til 22% hækkunar sem orðið hefur á heildarbrunabótamati fasteigna í landinu öllu frá árslokum 2004 til ársloka 2006.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er því sú að verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að frá og með árinu 2009 hækki kostnaður ríkissjóðs um 190 m.kr. á ársgrundvelli. Á móti hækka markaðar ríkistekjur um sömu fjárhæð. Auk þess er reiknað með alls 136 m.kr. tímabundnum kostnaði við undirbúning að gildistöku laganna og stofnsetningu Byggingarstofnunar.

## 1005. Frumvarp til laga [663. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Á eftir orðinu „eldvarnaeftirlit“ í 1. gr. laganna kemur: forvarnir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Skilgreining hugtaksins *eldvarnir* verður svohljóðandi: Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.
b. Skilgreining hugtaksins *mannvirki* verður svohljóðandi: Hvers konar jarðfastar framkvæmdir manna, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, samgöngumannvirki, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Byggingarstofnun er ráðherra til aðstoðar um málefni er falla undir lög þessi, sbr. lög um mannvirki.

4. gr.

5., 7. og 8. gr. laganna falla brott og breytist númeraröð annarra greina sem því nemur.

5. gr.

Í stað orðsins „Brunamálastofnun“ tvívegis í 6. gr. laganna, sem verður 5. gr., og hvarvetna annars staðar í lögunum nema í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr., 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: Byggingarstofnun.

6. gr.

9. gr. laganna, sem verður 6. gr., orðast svo:

Byggingarstofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer á vegum Byggingarstofnunar. Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn þriggja manna fagráð, og jafnmarga menn til vara, sem er Byggingarstofnun til ráðgjafar um fagleg málefni Brunamálaskólans. Samband íslenskra sveitarfélaga og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna tilnefna hvort sinn fulltrúa í fagráð og skal ráðherra skipa formann.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Brunamálaskólans og hlutverk fagráðs.

7. gr.

A- og b-liður 1. mgr. 12. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðast svo:

a. framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð,
b. gera úttekt á mannvirkjum í notkun, starfsemi í þeim með tilliti til brunavarna, lóðum og öðrum svæðum utandyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar úrgangs eða geymslu eldfimra efna, og gera kröfur um nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir.

8. gr.

Í stað orðanna „umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar“ í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna, sem verður 10. gr., kemur: samþykki Byggingarstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna sem verður 14. gr.:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: Byggingarstofnun.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:
   Slökkviliðsmenn sem stunda reykköfun skulu hafa staðist læknisskoðun samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.
c. 2. mgr., sem verður 3. mgr., orðast svo:
   Ráðherra skal að fenginni tillögu Byggingarstofnunar setja reglugerð um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu, um reglubundna læknisskoðun vegna reykköfunar og um réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna.

10. gr.

18. gr. laganna, sem verður 15. gr., orðast svo:

Slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi. Sama gildir um önnur störf er slökkviliðsmenn sinna eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, þ.m.t. sjúkraflutninga og björgunarstörf. Bætur skulu ákvarðast á grundvelli reglna I. kafla skaðabótalaga, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

Þeir sem slasast við störf sem tilgreind eru í 1. mgr. eiga rétt á að fá greiddar bætur úr sveitarsjóði, verði tjónið ekki bætt af vátryggingafélagi.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna sem verður 20. gr.:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og að brunavarnir taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma.
b. Í stað orðsins „byggingarnefnd“ á tveimur stöðum í 3. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: byggingarfulltrúi.
c. Í stað orðsins „hún“ í lokamálslið 3. mgr. kemur: hann.

12. gr.

Í stað orðanna „Brunamálastofnun og Löggildingarstofu“ í 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna, sem verður 24. gr., kemur: Byggingarstofnun.

13. gr.

Við 28. gr. laganna, sem verður 25. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Byggingarstofnun getur krafið sveitarfélög um hvers konar upplýsingar um stöðu brunavarna, búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna sem verður 26. gr.:

a. Á eftir orðinu „Byggingarfulltrúi“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: eða eftir atvikum heilbrigðiseftirlit viðkomandi sveitarfélags.
b. Orðin „sbr. 23.–24. gr., á grundvelli byggingarreglugerðar“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.

c. Á eftir orðinu „notkun“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utandyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna.
d. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Sé ákvæðum 2. mgr. beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur. Sveitarfélag skal setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir eftirlit samkvæmt þessari grein og um innheimtu þeirra. Gjöld skulu ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við framkvæmd eftirlitsins. Gjöldum samkvæmt þessari málsgrein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna sem verður 29. gr.:

a. Orðin „að fengnu samþykki sveitarstjórnar“ í 1. málsl. falla brott.
b. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Slökkviliðsstjóri tekur ákvörðun um að leggja á dagsektir samkvæmt þessari grein.

16. gr.

37. gr. laganna, sem verður 34. gr., orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Þjónustuaðilar brunavarna.*

Fyrirtæki sem bjóða þjónustu við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja og reykköfunarbúnaðar, svo og uppsetningu og viðhald brunaviðvörunarkerfa og slökkvikerfa, skulu hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Óheimilt er að bjóða slíka þjónustu nema að fengnu starfsleyfi Byggingarstofnunar. Skilyrði til að öðlast slíkt starfsleyfi er að fyrirtækið uppfylli kröfur reglugerðar sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfseminnar og að starfsmenn fyrirtækisins hafi lokið námskeiði og staðist próf sem Byggingarstofnun heldur um uppsetningu, viðhald og skoðun slíks búnaðar. Enn fremur er það skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis að fyrirtækið hafi fullnægjandi gæðakerfi í samræmi við kröfur sem ákveðnar eru í reglugerð.

Byggingarstofnun getur svipt þjónustuaðila starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef þjónustuaðili hlítir ekki fyrirmælum Byggingarstofnunar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Ráðherra setur í reglugerð nánari kröfur um framkvæmd þessa ákvæðis, þ.m.t. um framkvæmd námskeiða og prófs fyrir starfsmenn þjónustuaðila brunavarna.

17. gr.

1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna, sem verður 35. gr., orðast svo: Byggingarstofnun annast úthlutun styrkja.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í umhverfisráðuneytinu. Breytingarnar eru í fyrsta lagi tilkomnar vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til á löggjöf um byggingarmálefni í frumvarpi til laga

um mannvirki. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem komnar eru til vegna eldsvoða á athafnasvæði Hringrásar í Reykjavík í nóvember 2004 og úttektar Brunamálastofnunar í kjölfarið á ástæðum eldsvoðans. Í þriðja lagi eru lagðar til nokkrar breytingar til viðbótar sem æskilegt er talið að gerðar verði á lögum um brunavarnir í ljósi reynslu þeirra sex ára sem lögin hafa verið í gildi.

Í frumvarpi til laga um mannvirki eru lagðar til margháttaðar breytingar stjórnsýslu byggingarmála. Er lagt til að sett verði á fót ný stofnun, Byggingarstofnun, sem taki við því hlutverki sem Brunamálastofnun hefur sinnt, auk þess sem stofnunin taki við ábyrgð á framkvæmd byggingarmála sem hingað til hefur verið í höndum Skipulagsstofnunar. Gert er ráð fyrir að undir Byggingarstofnun heyri öll mál er varða öryggi bygginga, þ.m.t. brunavarnir, rafmagnsöryggi og eftirlit með lyftum, en þessir þættir hafa hingað til heyrt undir hinar ýmsu stofnanir og ráðuneyti. Með slíkri sameiningu málaflokksins er ætlunin að ná fram aukinni skilvirkni stjórnsýslu og gera unnt að einfalda allt eftirlit með öryggi mannvirkja með það að markmiði að auka gæði þeirra, endingu og öryggi. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að öll ákvæði sem verið hafa í lögum um brunavarnir varðandi hlutverk Brunamálastofnunar færist undir lög um mannvirki og undir Byggingarstofnun. Hins vegar er lagt til að lög um brunavarnir haldi gildi sínu sem sjálfstæð lög og að mestu óbreytt, fyrir utan þær breytingar á yfirstjórn málaflokksins sem hér eru raktar, enda hafa þau í aðalatriðum reynst vel frá því að þau voru sett árið 2000.

Í nóvember 2004 varð stórbruni á athafnasvæði fyrirtækisins Hringrásar í Reykjavík þegar eldur kom upp í miklu magni af hjólbörðum sem geymdir voru á lóð fyrirtækisins. Mikinn og þykkan reyk lagði frá svæðinu yfir íbúðarbyggð og þurfti að rýma hús á stóru svæði í nágrenni eldsvoðans. Í kjölfar brunans óskaði umhverfisráðherra eftir úttekt Brunamálastofnunar á atburðinum og skilaði stofnunin skýrslu til ráðherra í janúar 2005. Gerði Brunamálastofnun ýmsar tillögur til úrbóta, m.a. á lögum um brunavarnir, í því skyni að draga úr líkum á því að slík atvik endurtaki sig. Taldi stofnunin að skýra þyrfti heimildir eldvarnaeftirlits til að hafa eftirlit með og afskipti af brunavörnum á lóð og öðrum svæðum utandyra þar sem eldhætta gæti skapast. Enn fremur taldi stofnunin að auka þyrfti upplýsingaflæði milli heilbrigðiseftirlits annars vegar og eldvarnaeftirlits hins vegar og er lögð til lítils háttar breyting á lögunum til að undirstrika það.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Forvarnir eru afar mikilvægur þáttur eldvarnaeftirlits. Til að leggja áherslu á mikilvægi forvarna er lagt til að því orði verði bætt við markmiðsgrein laganna og mikilvægi þeirra þannig dregið enn betur fram en áður.

Um 2. gr.

Hér er í fyrsta lagi lögð til lítils háttar útvíkkun á hugtakinu eldvarnir. Lagt er til að eldvarnir nái einnig til þess að hindra útbreiðslu elds. Í öðru lagi er lögð til breyting á skilgreiningu hugtaksins mannvirki til samræmis við skilgreiningu hugtaksins í frumvarpi til laga um mannvirki. Sá munur er þó á að samgöngumannvirki teljast til mannvirkja samkvæmt lögum um brunavarnir en þau falla hins vegar utan gildissviðs laga um mannvirki. Í gildi er reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum sem sett var með stoð í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, og er gert ráð fyrir að hún haldi gildi sínu.

Um 3. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að Brunamálastofnun verði lögð niður og Byggingarstofnun taki við hlutverki hennar.

Um 4. gr.

Vegna breytinga á yfirstjórn brunamála er 5. gr. gildandi laga felld brott og færist efni hennar yfir í 5. gr. frumvarps til laga um mannvirki. Þar eru talin upp öll verkefni Byggingarstofnunar, þ.m.t. þau verkefni sem stofnunin hefur á grundvelli laga um brunavarnir. Er hlutverkið að mestu leyti óbreytt. Þó er lagt til að Byggingarstofnun hafi ekki það hlutverk, sem Brunamálastofnun hefur haft, að yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjórar og byggingarfulltrúar vísa til stofnunarinnar. Um er að ræða verkefni sem framangreindir aðilar eiga að geta sinnt og er hluti af byggingar- og eldvarnaeftirliti sveitarfélaganna. Ekki er talið eðlilegt að Byggingarstofnun komi með svo beinum hætti að eftirliti með einstökum mannvirkjum. Leiðbeiningar- og ráðgjafar hlutverki Byggingarstofnunar verður samkvæmt nýjum lögum sinnt með öðrum hætti, svo sem með útgáfu skoðunarhandbóka.

Þar sem lagt er til að stjórnsýsla byggingaröryggismála verði samræmd undir einni öflugri ríkisstofnun undir stjórn forstjóra sem ábyrgð ber á rekstri hennar er gert ráð fyrir að brunamálaráð sem starfað hefur á grundvelli laga um brunavarnir verði lagt niður. Brunamálaráð hefur verið forstjóra Brunamálastofnunar til ráðgjafar. Í frumvarpi til laga um mannvirki er lagt til að Byggingarstofnun leiti í störfum sínum samráðs við hina ýmsu hagsmunaaðila, þ.m.t. Samband íslenskra sveitarfélaga. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að sérstakt fagráð starfi að baki stofnunarinnar, heldur leiti stofnunin þeirrar ráðgjafar sem hún þarfnast hverju sinni eftir aðstæðum. Útvíkkun á hlutverki stofnunarinnar kallar á samráð við mun fleiri aðila en þá sem setið hafa í brunamálaráði. Eðlilegt er að stofnunin skipuleggi sjálf einhvers konar samráðsvettvang, mismunandi eftir málefnum og málaflokkum sem undir stofnunina heyra. Ekki er talin þörf á að binda slíkt samráð eða fyrirkomulag þess í lög umfram það sem gert er í frumvarpi til laga um mannvirki.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laganna um Brunamálaskólann vegna frumvarps til laga um mannvirki. Gerð er tillaga um að í stað skólaráðs Brunamálaskólans verði skipað sérstakt fagráð fyrir skólann forstjóra Byggingarstofnunar til ráðgjafar um fagleg málefni skólans. Ábyrgð á rekstri skólans verði hins vegar alfarið í höndum forstjóra Byggingarstofnunar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi skólans en að heimilt verði að fela menntastofnun starfrækslu hans. Byggingarstofnun verður þó ávallt ábyrg fyrir þeirri starfsemi hvort sem hún annast hana sjálf eða felur hana öðrum. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Um 7. gr.

Lagðar eru til breytingar til samræmis við ákvæði frumvarps til laga um mannvirki. Hér er hlutverk slökkviliðs við byggingareftirlit skilgreint og það m.a. tengt svokölluðum

öryggis- og lokaúttektum sem fjallað er nánar um í því frumvarpi. Öryggisúttekt er úttekt á öryggi og hollustuháttum mannvirkja þegar þau eru tekin í notkun og er óheimilt að flytja inn í eða taka mannvirki í notkun fyrr en slík úttekt hefur verið framkvæmd. Lokaúttekt skal framkvæmd innan þriggja ára frá því að mannvirki er tekið í notkun. Byggingarfulltrúar eða eftir atvikum faggiltar skoðunarstofur framkvæma öryggis- og lokaúttektir að viðstöddum fulltrúum slökkviliðs.

Í b-lið er hlutverk eldvarnareftirlits víkkað út þannig að það hafi ótvírætt heimild til að hafa afskipti af brunavörnum á lóðum og öðrum svæðum utandyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna. Þessar breytingar eru meðal þess sem Brunamálastofnun lagði til í skýrslu sinni vegna Hringrásarbrunans svokallaða. Var á það bent að heimildir eldvarnareftirlits til afskipta væru bundnar við mannvirki og starfsemi í þeim en næðu ekki til lóða og annarra svæða utandyra. Ljóst má vera af þeim atburðum að eldhætta getur ekki síður skapast utan mannvirkja og því er nauðsynlegt að eldvarnaeftirlitið hafi heimildir til afskipta þar.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að Byggingarstofnun samþykki brunavarnaáætlanir sveitarfélaga í stað þess að gefa um þær umsagnir. Breytingin hefur ekki áhrif á það vinnulag sem skapast hefur við afgreiðslu þessara áætlana.

Um 9. gr.

Samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki færast löggildingar hönnuða og iðnmeistara úr höndum umhverfisráðherra til Byggingarstofnunar. Lögð er til sama breyting hvað varðar löggildingar slökkviliðsmanna. Í b-lið er lagt til að lögfest verði að slökkviliðsmenn þurfi að standast læknisskoðun til að mega stunda reykköfun. Í undirbúningi er endurskoðun á reglugerð um reykköfun og hefur verið um það rætt að nauðsynlegt sé að lögfesta það verklag, sem mörg slökkvilið hafa tekið upp, að skylda starfsmenn sína til að standast læknisskoðun áður en þeim er heimilt að stunda reykköfun. Reykköfun er hættulegt og erfitt starf sem einungis hraust og vel þjálfað fólk er fært um að sinna. Þess vegna er talið nauðsynlegt að krefjast reglubundinnar læknisskoðunar.

Um 10. gr.

Hér er lögð til breyting á ákvæðum um slysatryggingu slökkviliðsmanna og kveðið á um að þeir skuli njóta sambærilegs réttar til bóta eins og aðrar starfsstéttir sem sinna hættulegum störfum, svo sem lögreglumenn og sjómenn. Samkvæmt gildandi lögum skal lágmarkstrygging slökkviliðsmanna vera í samræmi við skilmála um slysatryggingar starfsmanna sveitarfélaga samkvæmt kjarasamningum. Hér er lagt til að slökkviliðsmenn verði áfram slysatryggðir við störf sín en breyting er gerð á því með hvaða hætti bætur skuli ákvarðaðar. Er lagt til að bætur vegna slysa í starfi skuli ákvarðaðar á grundvelli reglna I. kafla skaðabótalaga, nr. 50/1993. Meginhugsunin að baki skaðabótalögum er sú að tjónþoli fái tjón sitt að fullu bætt. Þar eru m.a. ákvæði um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, þjáningar, varanlega örorku, miska og fyrir missi framfæranda. Við útreikning bóta fyrir varanlega örorku og missi framfæranda er tekið mið af þeim tekjum sem tjónþoli hafði fyrir slys. Það getur skipt tjónþola verulegu máli hvort bætur eru reiknaðar út frá ákvæðum skaðabótalaga eða hvort hann fær greiddar bætur sem miðast við tiltekna fyrir fram ákveðna upphæð samkvæmt ákvæðum kjarasamnings og skilmálum vátryggingar. Yfirleitt bæta greiðslur úr hefðbundinni

slysatryggingu launþega samkvæmt kjarasamningum ekki nema hluta af raunverulegu tjóni launþegans. Talið er eðlilegt og sanngjarnt með tilliti til eðlis starfa slökkviliðsmanna sem innt eru af hendi í almannaþágu og þeirrar hættu sem störfunum fylgja að þeim séu tryggðar fullar bætur verði þeir fyrir slysi í starfi.

Tekið er fram að slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi skuli slysatryggðir samkvæmt ákvæðinu. Sama gildir um önnur störf er slökkviliðsmenn sinna eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, þ.m.t. sjúkraflutninga og björgunarstörf. Starf slökkviliðsmanna hefur á síðustu árum þróast í þá átt að um alhliða björgunarstörf sé að ræða. Sinna þeir mörgum störfum sem ekki falla undir gildissvið laga um brunavarnir. Hér er tekið fram að slysatryggingin skal ná til allra þeirra starfa sem þeim er falið að sinna hvort sem er af slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Ekki skiptir máli þó að störfin falli utan sviðs laga um brunavarnir.

Ákvæði 2. mgr. er sambærilegt við ákvæði gildandi laga. Hafi ekki verið keypt slysatrygging hjá vátryggingafélagi greiðast bætur sem ákvarðaðar eru á sama hátt úr sveitarsjóði.

Um 11. gr.

Í a-lið er því bætt við að eigandi mannvirkis beri ábyrgð á brunavörnum á lóð þess. Er um að ræða sambærilega breytingu og í b-lið 7. gr. Í b- og c-lið eru lagðar til breytingar til samræmis við ákvæði laga um mannvirki þar sem lagt er til að byggingarnefndir sveitarfélaganna verði lagðar niður og byggingarfulltrúi taki við hlutverki þeirra.

Um 12. gr.

Þar sem lagt er til að verkefni rafmagnsöryggissviðs Neytendastofu, áður Löggildingarstofu, sem varða rafmagnsöryggi í mannvirkjum færist undir Byggingarstofnun er vísun til Löggildingarstofu felld brott hér, en rafmagnsöryggissviðið hefur m.a. sinnt rannsóknum á eldsvoðum vegna rafmagns.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að það verði sérstaklega tekið fram að Byggingarstofnun geti krafið sveitarfélög um hvers konar upplýsingar um stöðu brunavarna, búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu. Komið hefur fyrir að fyrirspurnum Brunamálastofnunar um þessi atriði hefur ekki verið sinnt en í ljósi eftirlitshlutverks stofnunarinnar er nauðsynlegt að henni berist slíkar upplýsingar.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að slökkviliðsstjóri geti leitað aðstoðar heilbrigðiseftirlits til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis í notkun eða á lóðum eða öðrum svæðum utandyra þar sem eldhætta getur skapast. Nauðsynlegt er að samstarf milli þessara aðila sé náið þar sem þeir hafa oft á tíðum eftirlit með sömu starfseminni. Þetta sýndi sig m.a. í Hringrásarmálinu. Í d-lið er lagt til að heimilt verði að innheimta kostnað við endurtekið eftirlit hjá eiganda mannvirkis eða umráðamanni. Eðlilegt er að hann beri kostnað af því ef mál eru í ólagi í stað þess að sá kostnaður lendi á viðkomandi slökkviliði, eins og nú er.

Um 15. gr.

Hér er lögð til sú breyting að slökkviliðsstjóri taki ákvörðun um álagningu dagsekta en ekki sveitarstjórn eins og nú er. Þykir það of þungt í vöfum að þurfa að leggja slíkar ákvarðanir fyrir sveitarstjórn, sérstaklega á þeim svæðum þar sem slökkvilið hafa sameinast og mörg sveitarfélög standa að rekstri eins slökkviliðs.

Um 16. gr.

Lagt er til að ákvæði laganna um brunavarnagjald falli niður en sambærilegt ákvæði verði tekið upp í frumvarp til laga um mannvirki og heiti hér eftir byggingareftirlitsgjald. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði innheimt með óbreyttum hætti með iðgjöldum vátryggingarfélaga og að gjaldstofninn verði áfram vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár. Þar sem gert er ráð fyrir að gjaldið verði notað til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar er eðlilegt að ákvæði um innheimtu þess verði fært yfir í lög um mannvirki.

Í stað ákvæðis um brunavarnagjald kemur nýtt ákvæði um þjónustuaðila brunavarna. Fjallað er um þessa aðila í e-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga en nánari útfærslu á þeim kröfum sem heimilt er að gera til starfsemi þessara aðila hefur skort. Um er að ræða aðila sem annast þjónustu við ýmsan búnað vegna brunavarna, svo sem handslökkvitæki, reykköfunarbúnað, brunaviðvörunarkerfi og slökkvikerfi. Allt er þetta mikilvægur öryggisbúnaður sem nauðsynlegt er að sé meðhöndlaður af traustum aðilum sem hafa yfir nægjanlegri þekkingu að ráða. Því er hér lagt til að þessir aðilar þurfi starfsleyfi Byggingarstofnunar.

Um 17. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2009 til samræmis við gildistöku nýrra laga um mannvirki.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki. Í frumvarpinu er lagt til að Brunamálastofnun verði lögð niður og þau verkefni sem hún hefur sinnt hingað til verði færð undir nýja stofnun, Byggingarstofnun. Kallar þetta á ýmsar aðrar breytingar á lögum um brunavarnir. Vísast til kostnaðarumsagnar um mannvirkjafrumvarpið varðandi áhrif á kostnað ríkissjóðs. Einnig er gert ráð fyrir að brunamálaráð og skólaráð Brunamálaskólans verði lögð niður og nokkrar aðrar minni háttar breytingar eru lagðar til sem ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

## 1006. Fyrirspurn [664. mál]

til umhverfisráðherra um framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er háttað formlegu samráði ráðuneyta vegna framkvæmdaáætlunar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020?
2. Er nefnd sú sem skipuð var 9. september 1998 og hafði það verkefni að fara yfir og meta stöðu einstakra þátta fyrri framkvæmdaáætlunar enn starfandi?
3. Er að vænta skýrslu um stöðu framkvæmdaáætlunarinnar?

**Skriflegt svar óskast.**

## 1007. Fyrirspurn [665. mál]

til félagsmálaráðherra um einangrun aldraðs heyrnarlauss fólks.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hefur verið gerð úttekt á því hversu margir aldraðir búa við alvarlega félagslega einangrun sökum heyrnarleysis?
2. Hafa stjórnvöld mótað stefnu um að rjúfa félagslega einangrun þeirra? Ef svo er, í hverju felst sú stefna?
3. Hafi slík stefna ekki verið mótuð, hyggst ráðherra beita sér fyrir að það verði gert og þá með hvaða hætti, t.d. varðandi samráð við samtök heyrnarlausra, og hvenær er áformað að stefnan liggi fyrir?

## 1008. Svar [605. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*

Byggðaáætlun var samþykkt á Alþingi 3. júní 2006. Hjá ráðuneytinu og stofnunum þess hafa orðið til tvö ný störf á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar.

2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Á Alþingi liggur nú fyrir lagafrumvarp um Vatnajökulsþjóðgarð. Gert er ráð fyrir að uppbygging þjóðgarðsins taki fimm ár og þegar henni verður að fullu lokið verða samtals 12 heilsársstarfsmenn hjá þjóðgarðinum, auk 20 landvarða í tímabundnum störfum yfir sumarið.

Einnig skal minna á að metið hefur verið að með tilurð Vatnajökulsþjóðgarðs fjölgi nýjum störfum í landinu um 400–500 árið 2012, þar af verði um þriðjungur í nágrenni þjóðgarðsins.

Annað verkefni sem umhverfisráðuneytið vinnur að og lýtur að því að efla og fjölga störfum á landsbyggðinni er verkefni tengt Staðardagskrá 21. Þar hefur ráðuneytið styrkt rekstur skrifstofu í Borgarnesi samkvæmt samningi við Samband íslenskra sveitarfélaga, en aukinn stuðningur hefur komið frá iðnaðarráðuneytinu á grundvelli byggðaáætlunar, sem hefur eflt skrifstofuna enn frekar. HInn 15. febrúar sl. skrifaði umhverfisráðherra undir samkomulag við iðnaðarráðherra um áframhald þessa verkefnis í tengslum við byggðaáætlun 2006, til að styðja við innleiðingu Staðardagskrár 21 í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni.

## 1009. Nefndarálit [465. mál]

um frv. til l. um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Róbert Ragnar Spanó prófessor, Pál Winkel frá embætti ríkislögreglustjórans, Svein I. Magnússon og Steinar Adolfsson frá Landssambandi lögreglumanna og Guðbjörn Guðbjörnsson frá Tollvarðafélagi Íslands. Umsagnir bárust um málið frá Tollvarðafélagi Íslands, ríkissaksóknara, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, ríkislögreglustjóranum, Lögmannafélagi Íslands og refsiréttarnefnd.

Í frumvarpinu er lagt til að refsihámark 106. gr. almennra hegningarlaga sem tekur til brota gegn valdstjórninni verði hækkað úr allt að sex ára fangelsi í allt að átta ára fangelsi þegar um er að ræða brot gegn opinberum starfsmanni sem hefur heimild samkvæmt lögum til líkamlegrar valdbeitingar. Með þessari breytingu er stefnt að því að refsingar fyrir brot gegn þessum aðilum verði þyngri, en eins og fram kemur í fylgiskjali I með frumvarpinu hefur sú refsivernd sem veitt er með ákvæði 106. gr. ekki endurspeglast nægjanlega vel í dómaframkvæmd.

Nefndin tók til sérstakrar umræðu hvort bæta ætti við frumvarpið bundinni refsihækkunarheimild sem mælti fyrir um tiltekna lágmarksrefsingu fyrir alvarleg brot þar sem efasemdir voru uppi meðal nefndarmanna um að það mundi nægja eitt og sér að hækka hámarksrefsingu fyrir þau brot sem frumvarpið tekur til. Þetta á sérstaklega við í ljósi þess að refsiramminn virðist illa nýttur af dómstólum. Eftir nokkra umræðu varð niðurstaðan hins vegar sú að með frumvarpinu væru send skýr skilaboð um þyngri dóma fyrir brot af þessu tagi. Því leggur nefndin ekki til að svo stöddu að bundinni lágmarksrefsingu verði bætt við ákvæði frumvarpsins, en leggur áherslu á að breytingin nái tilgangi sínum og að þyngri refsingum verði beitt í málum af þessu tagi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 27. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Guðjón Ólafur Jónsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. |
| Björgvin G. Sigurðsson. | Birgir Ármannsson. | Ellert B. Schram. |
| Kjartan Ólafsson. | Ingvi Hrafn Óskarsson. | Sigurjón Þórðarson. |

## 1010. Nefndarálit [515. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson, Hrein Hrafnkelsson og Lárus M. K. Ólafsson frá iðnaðarráðuneyti, Steinar Þór Guðlaugsson frá Íslenskum orkurannsóknum og Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Orkustofnun, Hafrannsóknastofnuninni, Alþýðusambandi Íslands, Landsvirkjun, Óbyggðanefnd og Olíufélaginu. Einnig bárust nefndinni gögn frá iðnaðarráðuneyti.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis þess efnis að kveðið verði nánar á um réttindi og skyldur leyfishafa, leyfisveitingar og ýmis stjórnsýsluverkefni færð frá iðnaðarráðuneyti til Orkustofnunar og að styrkari stoðum verði skotið undir gjaldtökuheimildir.

Töluverð umræða skapaðist í nefndinni um samræmi á milli þess frumvarps sem hér er til umræðu og frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem einnig er til meðferðar í nefndinni (542. mál). Í þessu sambandi tekur 1. minni hluti fram að með hliðsjón af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru Íslendingar bundnir á alþjóðlegum vettvangi hvað varðar ákvæði um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, en geta hins vegar hagað jarðhitaleitinni að eigin óskum. Jafnframt bendir 1. minni hluti á að gert er ráð fyrir því í auðlindafrumvarpinu að ákvæði um jarðhitaleit verði færð nær því sem gerist í olíuleitinni hvað varðar auglýsingar og fleiri þætti.

Nefndin ræddi sérstaklega um gjaldtöku fyrir nýtingu á kolvetni sem framleitt kann að vera. Nefndin aflaði sér upplýsinga um hvernig sköttum og gjöldum vegna leitar, rannsókna og vinnslu olíu er háttað í nágrannaríkjum Íslands, en þau hafa flest margþætt gjöld og skattheimtu til að tryggja sér hlutdeild í þeim hagnaði sem myndast getur af árangursríkri olíuvinnslu. Gjaldtakan og skattheimtan byggist þannig á svipuðum grunni, en útfærslan er mismunandi milli landa. Leyfishafi greiðir almennt leyfisgjald vegna undirbúnings og útgáfu leyfis og svæðisgjald fyrir afnot af því svæði sem honum er úthlutað til rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis. Þá eru innheimt sérstök framleiðslugjöld í sumum ríkjum, en önnur ríki hafa hætt því og taka í staðinn hlutdeild í leyfum sem þýðir að þau greiða ákveðinn hlut í

kostnaði og fá á móti hlutdeild í hagnaði. Þá greiðir leyfishafi að jafnaði einnig fyrirtækjaskatt og að auki eru innheimtir sérstakir olíuskattar af hagnaði olíuvinnslunnar. Á móti kemur að yfirleitt er heimilt að draga ýmsan kostnað, svo sem rannsóknakostnað, frá skattstofni. Í þessu sambandi áréttar 1. minni hluti að svæðisgjald samkvæmt ákvæði lokamálsgreinar bliðar 4. gr. frumvarpsins er hugsað sem leiga fyrir svæðið sjálft, en því til viðbótar kæmi svo gjaldtaka fyrir nýtinguna. Nefndin var upplýst um að slík gjaldtaka væri á forræði fjármálaráðuneytis og að vinnuhópur á vegum þess væri með það í athugun hvaða leið væri best að fara í þessum efnum. Þegar hópurinn hefði lokið störfum mætti búast við tillögum um leiðir varðandi gjaldtöku fyrir nýtingu. 1. minni hluti leggur áherslu á að hópurinn hraði vinnu sinni svo að óvissu í þessum efnum verði eytt sem fyrst.

Í c-lið 5. gr. frumvarpsins er að finna heimild til þess að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. 1. minni hluti telur heimildina of rúma og leggur því til breytingu á ákvæðinu þess efnis að birta skuli tilkynningu í Lögbirtingablaðinu og Stjórnartíðindum Evrópusambandsins þar sem fram komi afmörkun viðeigandi svæðis ásamt leiðbeiningum um hvar veittar séu frekari upplýsingar um leyfisveitingu á svæðinu.

Loks leggur 1. minni hluti til breytingu á ákvæði 13. gr. frumvarpsins varðandi þagnarskyldu starfsmanna Orkustofnunar. 1. minni hluti telur að trúnaðarskylda á gögnum á rannsóknarleyfistíma þurfi ekki að vera eins fortakslaus og gert er ráð fyrir í frumvarpinu og að heimilt ætti að vera að semja við umsækjendur um heimildir til rýmri aðgangs að og notkunar á rannsóknargögnum. Þannig gætu umsækjendur um rannsóknarleyfi gert grein fyrir því í umsókn hversu mikla leynd þeir teldu þurfa að vera á rannsóknargögnum. Í sumum tilvikum kynni gagnaleynd jafnvel að vera óþörf á rannsóknarleyfistíma að mati rannsóknarleyfishafa og niðurstöður því mögulega nýtanlegar til annarra rannsókna eða leyfisundirbúnings jafnóðum og þær berast. 1. minni hluti leggur áherslu á að með breytingunni er eingöngu um heimildarákvæði að ræða þannig að ekki er hægt að skylda rannsóknarleyfishafa til að veita aðgang að gögnum á gildistíma rannsóknarleyfis, heldur yrði slíkt ávallt samkomulagsatriði milli leyfisveitanda og leyfishafa.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Jóhann Ársælsson, Katrín Júlíusdóttir, Gunnar Örlygsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og stendur ekki að áliti þessu.

Alþingi, 28. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Hjálmar Árnason, form., frsm. | Sigríður A. Þórðardóttir. | Kjartan Ólafsson. |

Birgir Ármannsson.

## 1011. Breytingartillögur [515. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar (HjÁ, SAÞ, KÓ, BÁ).

1. Í stað 2. og 3. málsl. c-liðar 5. gr. komi: Áður en slíkt leyfi er veitt skal birta tilkynningu í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópusambandsins þar sem fram kemur afmörkun viðeigandi svæðis ásamt leiðbeiningum um hvar veittar eru frekari upplýsingar um leyfisveitingu á svæðinu. Verði umtalsverðar breytingar á þessum upplýsingum skal án tafar upplýsa um slíkt með nýrri tilkynningu. Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal einnig gefa leyfishöfum á aðlægum svæðum tækifæri til að sækja um rannsóknar- eða vinnsluleyfi á viðkomandi svæði. Þó er ekki hægt að taka til meðferðar umsóknir um leyfi eða veita leyfi samkvæmt þessari málsgrein fyrr en viðeigandi tilkynning hefur verið birt í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
2. Við 13. gr. bætist ný málsgrein sem verði 5. mgr., svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði um þagnarskyldu er starfsmönnum Orkustofnunar heimilt að semja við rannsóknarleyfishafa um heimildir til rýmri aðgangs að og notkunar á rannsóknargögnum.

## 1012. Fyrirspurn [666. mál]

til félagsmálaráðherra um félagsþjónustu sveitarfélaga við aldraða árin 2004–2006.

Frá Sæunni Stefánsdóttur.

1. Hve margir aldraðir, 67 ára og eldri, hafa notið heimaþjónustu sveitarfélaga?
2. Hvað fá notendur að jafnaði oft heimsókn í viku og í hve marga tíma? Hver er hámarksfjöldi heimsókna?
3. Stendur öldruðum til boða heimsendur matur og hve margir nýta þá þjónustu að jafnaði? Býðst heimsending matar alla daga vikunnar eða einungis virka daga?
4. Er veitt akstursþjónusta fyrir aldraða og hve margir nýta sér hana að jafnaði?
5. Er skipulagt félagsstarf fyrir aldraða á vegum sveitarfélaganna og hve margir nýta sér það að jafnaði?

Svar við framantöldum liðum óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum og árum á tímabilinu 2004–2006.

**Skriflegt svar óskast.**

# 1013. Frumvarp til laga [667. mál]

um íslenska alþjóðlega skipaskrá.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.
*Markmið.*

Markmið laga þessara er að stuðla að skráningu kaupskipa á Íslandi með því að setja reglur um íslenska alþjóðlega skipaskrá.

2. gr.
*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um skráningu kaupskipa á Íslandi á íslenska alþjóðlega skipaskrá.

3. gr.
*Orðskýringar.*

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök þá merkingu sem hér segir:

1. *Íslensk alþjóðleg skipaskrá (IIS)* er sérstök skipaskrá á Íslandi fyrir kaupskip, á ensku Icelandic International Shipregister.
2. *Kaupskip* er hvert það skip sem flytur farm og/eða farþega gegn endurgjaldi í siglingum milli landa og farmflutningum innan lands og er 100 brúttótonn eða stærra.

4. gr.
*Skráning.*

Skilyrði skráningar er að eigandi kaupskips sé íslenskur ríkisborgari ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja eða lögaðili skráður á Íslandi. Ríkisborgari annars ríkis en Íslands skal hafa íslenskan umboðsaðila sem staðsettur skal hér á landi.

Skráning á íslenska alþjóðlega skipaskrá verður annaðhvort með flutningi af annarri skipaskrá, hvort sem er íslenskri eða erlendri eða frumskráningu. Óheimilt er að skrá kaupskip á íslenska alþjóðlega skipaskrá sem samtímis er skráð á aðra skipaskrá, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Heimilt er að skrá kaupskip þurrleiguskráningu þegar aðilar skv. 1. mgr. hafa umráð þess með samningi og skilyrðum um eignarhald er ekki fullnægt.

Heimilt er að skrá kaupskip sem frumskráð er á íslenska alþjóðlega skipaskrá þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá þegar skilyrðum 1. mgr. um eignarhald er fullnægt.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að neita skipi um skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá ef viðkomandi skip hefur tekið þátt í eða tengst starfsemi sem er andstæð alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.

5. gr.
*Framkvæmd.*

Siglingastofnun Íslands heldur íslenska alþjóðlega skipaskrá og annast skráningu kaupskipa eftir því sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Heimahöfn kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá er í Reykjavík og skal réttindaskrá vegna réttinda í kaupskipum haldin við embætti sýslumannsins í Reykjavík.

Sækja skal um skráningu á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera tiltæk á íslensku og ensku, bæði á prentuðu formi hjá Siglingastofnun Íslands og rafrænt á heimasíðu stofnunarinnar og skal þar getið um þau gögn sem fylgja þurfa umsókn.

Siglingastofnun sendir sýslumanninum í Reykjavík tilkynningu um skráningu þegar hún hefur farið fram.

Um skráningu, þar á meðal um skilyrði skráningar og gögn sem fylgja þurfa umsókn, upplýsinga- og tilkynningarskyldu og útgáfu skírteina, og þurrleiguskráningu skal fara eftir gildandi íslenskum lögum hverju sinni um skráningu skipa á aðalskipaskrá, eftir því sem við á, og skulu slíkar reglur ávallt uppfylla alþjóðlegar kröfur um skráningu skipa að því leyti sem Ísland er skuldbundið til að framfylgja þeim reglum. Heimilt er að kveða á um sérstakar reglur sem gilda skulu um skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá eingöngu og framkvæmd skráningar í reglugerð.

6. gr.

*Réttaráhrif skráningar.*

Kaupskip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Um slík kaupskip gilda íslensk lög, þar á meðal um skráningu, eftirlit og skoðun, og eiga þau undir íslenska lögsögu nema lög þessi kveði á um annað.

Kaupskipum sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá er óheimilt að stunda áætlunarsiglingar með farþega milli hafna á Íslandi eingöngu.

7. gr.

*Eigendaskipti.*

Ef eigendaskipti verða á kaupskipi sem skráð er á íslenska alþjóðlega skipaskrá eða gerð er breyting á því sem máli skiptir vegna skráningar skal nýr eigandi tafarlaust tilkynna Siglingastofnun Íslands um breytinguna og leggja fram nauðsynleg skjöl og skilríki sem því tengjast.

Siglingastofnun Íslands skal tilkynna sýslumanninum í Reykjavík um nýjan eiganda þegar skráning hefur farið fram.

8. gr.

*Stimpilgjöld.*

Afsöl og önnur eignarheimildarskjöl vegna kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá eru stimpilfrjáls. Sama gildir um skjöl sem leggja höft eða bönd á slík skip og gefin eru út vegna kaupa á skipum eða smíði þeirra.

9. gr.

*Breyting á notkun kaupskips.*

Nú verður breyting á notkun kaupskips sem skráð er á íslenska alþjóðlega skipaskrá, þannig að það uppfyllir ekki lengur skilyrði skráningar samkvæmt lögum þessum, og er þá eiganda þess skylt að tilkynna það tafarlaust til Siglingastofnunar Íslands. Nú er breytingin varanleg og skal Siglingastofnun Íslands þá afskrá kaupskipið af íslensku alþjóðlegu skipaskránni.

10. gr.

*Afskráning.*

Siglingastofnun Íslands skal afskrá kaupskip af íslensku alþjóðlegu skipaskránni ef eitthvað af eftirfarandi á við:

1. skilyrðum skráningar samkvæmt lögum þessum er ekki lengur fullnægt,
2. ef kaupskip hefur farist svo um það sé kunnugt eða það hefur horfið án þess að til þess hafi spurst í sex mánuði,
3. ef kaupskip er rifið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði að við það sé gert,
4. ef kaupskip hefur legið ónotað í höfn eða skipalægi eða staðið á landi í þrjú ár samfleytt hérlendis eða erlendis.

11. gr.

*Mönnun og kjaramál.*

Hver íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum sem ákveðin eru í reglugerð um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar á rétt á að fá útgefið skírteini og starfa sem skipstjóri á kaupskipi skráðu á íslensku alþjóðlegu skipaskrána. Sama rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita öðrum ríkisborgurum heimild til að starfa sem skipstjórar á kaupskipum sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá eftir nánari skilyrðum sem ákveðin skulu í reglugerð. Að öðru leyti gilda ekki sérstakar reglur um þjóðerni áhafna skipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá.

Áhafnir kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá skulu uppfylla lágmarkskröfur alþjóðasamþykktar um viðmiðanir að því er varðar menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) og skal gætt reglna um öryggismönnun.

Um kjör skipverja í áhöfn kaupskips fer eftir þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið við stéttarfélög viðkomandi ríkja þar sem skipverji á lögheimili. Kjarasamningur gildir einungis fyrir félaga í því stéttarfélagi og ríkisborgara þess ríkis sem stéttarfélag á lögheimili í, enda eru þeir ekki í öðrum stéttarfélögum sem gerður hefur verið kjarasamningur við.

12. gr.

*Gjaldtaka.*

Gjaldtaka vegna skráningar kaupskipa á íslenska alþjóðlega skipaskrá skal nánar ákveðin í reglugerð og skal kveðið á um gjöldin í gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

13. gr.

*Viðurlög o.fl.*

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og skal farið með þau að hætti opinberra mála.

14. gr.

*Reglugerð.*

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár, hvaða kaupskip má skrá þar, útgáfu skírteina, tilkynningar- og upplýsingaskyldu, skoðun, eftirlit og merkingu

kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá, útgáfu skírteina vegna skráningarinnar og afskráningar og skilyrði um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar skipstjóra.

15. gr.
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I.

Frumvarp þetta er samið af fulltrúum samgönguráðuneytis og Siglingastofnunar Íslands og er frumvarpinu ætlað að setja ramma um íslenska alþjóðlega skipaskrá. Samhliða þessu frumvarpi leggur fjármálaráðherra fram frumvarp er snýr að þeim breytingum sem nauðsynlegt er að gera á skattalögum til að tilganginum með stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár verði náð.

### II.

Frumvarp þetta á sér langa forsögu í samgönguráðuneytinu. Sem dæmi má nefna að árið 1998 skilaði starfshópur með fulltrúum frá forsætisráðuneyti, samgönguráðuneyti og fjármálaráðuneyti tillögum að frumvarpi til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá. Af ýmsum ástæðum var ákveðið að leggja það frumvarp ekki fram á Alþingi þá þar sem í ljós kom að andstaða við það var ákveðnari en ætlað var.

Haustið 1999 var málið tekið upp að nýju af samgönguráðherra. Í samráði við fjármálaráðherra var starfshópur settur á laggirnar sem átti að taka málið upp þar sem frá var horfið. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum samgönguráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Siglingastofnunar Íslands. Af hálfu starfshópsins var farið ítarlega yfir málið og haft víðtækt samráð við hagsmunaaðila enda málið flókið og skoðanir margs konar.

Starfshópurinn skilaði vinnuskýrslu 2001. Þar kemur fram að þrátt fyrir að tillaga starfshópsins um breytingar á lögum um skráningu skipa, sem veitti heimild til þurrleiguskráningar kaupskipa, hafi náð fram að ganga með lögum nr. 153/2000, um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, og að það að kaupskipaútgerðum hafi verið veitt undanþága frá stimpilgjöldum á afsal og veðbönd með lögum nr. 157/1998, um breytingu á lögum nr. 36/1978, hafi skapað betri aðstæður fyrir íslenskar kaupskipaútgerðir til að færa skip sín á íslenska skipaskrá, hafi þessar lagabreytingar ekki skilað nægilegum árangri. Það þurfi því að grípa til annarra ráðstafana. Lagt var til af hálfu starfshópsins að lagt yrði fram frumvarp til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá og skoðað í því sambandi til hvaða stuðningsaðgerða þyrfti að grípa samhliða.

Af ýmsum ástæðum náðist á þessum tíma ekki samstaða um stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár hér á landi enda voru til að mynda hagsmunafélög sjómanna andsnúin því þar sem þau töldu að með því væri verið að opna vinnumarkað þeirra upp á gátt fyrir erlenda sjómenn. Einnig má nefna þá afstöðu Sambands íslenskra kaupskipaútgerða til stofnunar alþjóðlegrar skipaskrár að hún nægi ekki ein og sér til að kaupskipaútgerðir sjái hag sinn í að flytja kaupskip sín til baka á íslenska skipaskrá heldur verði t.d. stuðningsaðgerðir í formi skattaívilnana jafnframt að koma til.

Snemma árs 2004 hófust umræður aftur um nauðsyn þess að gripið yrði til aðgerða í því skyni að fá kaupskip íslensku kaupskipaútgerðanna skráð hér á landi enda ljóst að framtíð menntunar íslenskra farmanna var í mikilli hættu. Í skýrslu starfshóps hagsmunaaðila sem

í áttu sæti fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, nemendafélagi Vélskóla Íslands, Sjómannafélagi Reykjavíkur og Vélstjórafélagi Íslands, sem skilað var í febrúar 2004, mátti sjá að breyting hafði orðið á afstöðu félaganna til málsins. Skilaði starfshópurinn ályktun til ríkisstjórnar Íslands og samgöngunefndar Alþingis þar sem lýst er áhyggjum af þeirri einangrun sem Ísland hefur stefnt í á sviði viðskipta, siglinga og þekkingar á þessari grein atvinnulífsins og er skorað á íslensk stjórnvöld að gera viðeignandi ráðstafanir til úrbóta. Í júlí sama ár barst samgönguráðherra, fjármálaráðherra og formanni samgöngunefndar Alþingis bréf frá Samtökum atvinnulífsins, Félagi skipstjórnarmanna, Vélstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur þar sem enn er skorað á stjórnvöld að grípa til aðgerða til að skapa kaupskipaútgerð á Íslandi hagstæð rekstrarskilyrði og koma þannig í veg fyrir að þekking og störf flytjist úr landi. Sams konar áskorun kom síðan frá Samtökum íslenskra kaupskipaútgerða í ágúst 2004.

Í kjölfar þessa ákvað samgönguráðherra, í samráði við fjármálaráðherra, að kalla saman starfshóp til að fara yfir málið og kanna stöðuna. Starfshópurinn hóf störf í ágúst 2004 og skilaði ítarlegri skýrslu í nóvember sama ár. Skýrslan er fylgiskjal með frumvarpi þessu og skoðast sem hluti athugasemda við það.

Niðurstaða starfshópsins er í stuttu máli sú að ef koma eigi til móts við óskir atvinnugreinarinnar verði að stíga talsvert stórt skref í þá átt að gera íslenska skipaskrá samkeppnishæfa við erlendar skipaskrár. Eigi að setja á stofn íslenska alþjóðlega skipaskrá verði að fylgja henni ríkisstyrkir af einhverju tagi í samræmi við leiðbeinandi reglur ESB um ríkisaðstoð til sjóflutninga. Slíkt kerfi þurfi að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og fá samþykkt og það verði að vera vel ígrundað og útfært, eigi það að hafa tilætluð áhrif og geta keppt við aðrar skipaskrár í Evrópu. Telur starfshópurinn að ef leggja eigi grunn að íslenskri alþjóðlegri skipaskrá verði samhliða að útfæra slíkt ríkisstoðkerfi.

## III.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á stofn íslensk alþjóðleg skipaskrá sem verði vistuð hjá Siglingastofnun Íslands. Á þessa skipaskrá verði heimilt að skrá kaupskip í millilandasiglingum og farmflutningum innan lands og er markmiðið fyrst og fremst að kaupskip íslensku útgerðanna skrái skipin hér á landi í stað þess að þau séu skráð erlendis og sigli undir erlendum þjóðfána. Einnig er með þessu stefnt að því að erlendar kaupskipaútgerðir sjái hag sinn í því að skrá skip sín hér á landi og er því miðað við að skipaskrá þessi verði fyllilega sambærileg við þær erlendu skipaskrár sem mestra vinsælda njóta. Megináherslan er þó á íslensku útgerðirnar.

Ísland er eyja og eru því hvers konar siglingar mjög mikilvægar landi og þjóð enda á þessi atvinnugrein djúpar rætur hér. Gera má ráð fyrir að íslensk alþjóðleg skipskrá hafi í för með sér ýmiss konar hliðarstarfsemi sem líklegt er að hafi jákvæð áhrif á íslenskt atvinnulíf enda hefur þróunin víða verið sú þar sem slíkri skipaskrá hefur verið komið á fót.

Náist það markmið að gera íslenska alþjóðlega skipaskrá aðlaðandi kost fyrir erlendar kaupskipaútgerðir má búast við að þær sem skrá skipin hér muni jafnvel koma sér upp aðstöðu hér á landi vegna ýmiss konar umsýslu vegna skipanna. Þá má nefna banka- og fjármálastarfsemi ýmiss konar og margvíslega vinnu sérfræðinga, svo sem lögfræðinga og endurskoðenda, sem verður nauðsynleg m.a. vegna stofnunar fyrirtækja og skattamála. Þá má nefna að skip sem skráð verða á íslenska alþjóðlega skipaskrá verða íslensk og lúta íslenskum lögum. Af því leiðir að öll skoðun skipanna og eftirlit með þeim verður á ábyrgð íslenskra aðila.

Eitt af því sem valdið hefur áhyggjum er veruleg fækkun í stétt farmanna og lítill áhugi ungs fólks á því að mennta sig til starfa á kaupskipum. Þótt frumvarpið geri ekki ráð fyrir að skylt verði að hafa íslenska áhöfn á kaupskipum skráðum á íslenska alþjóðlega skipaskrá má gera ráð fyrir að slík skipaskrá hleypi nýju lífi í menntunarmál þessara stétta. Með skipaskránni er opnað fyrir nýja möguleika og ný tækifæri og aukin meðvitund þjóðarinnar með mikilvægi siglinga fyrir eyþjóð eins Ísland og ekki síst mikilvægi þess að fylgjast vel með og aðlaga sig þróun í siglingum á hverjum tíma. Átak í menntun og þjálfun þarf því að fylgja í kjölfarið.

Ljóst er að samkeppnin á þessum markaði er mikil og víða í heiminum eru til skipaskrár eins og þær sem kveðið er á um í frumvarpi þessu. Verði frumvarpið að lögum er því mjög mikilvægt að vel sé vandað til stofnunar íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár og þess hvernig að framkvæmd hennar verður staðið. Skráningin þarf að vera sveigjanleg, einföld og notendavæn og algerlega laus við skriffinnsku og skrifræði. Á sama tíma þarf hún að vera áreiðanleg, örugg og í hæsta gæðaflokki. Þjónustustig þarf að vera hátt og þurfa starfsmenn skrárinnar að vera við því búnir að veita þjónustu utan hefðbundins vinnutíma, jafnvel allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, ef mikið liggur við. Þá má kostnaður við skráninguna ekki vera mikill og gæta verður vel að því að öll gjöld séu vel samkeppnisfær við helstu keppinautana á þessu sviði.

Þetta hefur í för með sér að fylgjast þarf vel með því sem er að gerast á þessu sviði og til að íslensk alþjóðleg skipaskrá verði meðal þeirra fremstu í heiminum og eftirsóknarverð fyrir eigendur kaupskipa verður hún að vera síbreytileg og bjóða ávallt upp á það besta sem er að finna hverju sinni.

Í dag er staðan sú að engin íslensk kaupskip eru skráð hér á landi og því ekki til íslensk kaupskip í millilandasiglingum. Er því engu að tapa en allt að vinna með því að koma á fót íslenskri alþjóðlegri skipaskrá.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er að finna skýringar á því markmiði sem stefnt er að með frumvarpinu en það er að stuðla að skráningu kaupskipa á Íslandi. Er þar fyrst og fremst stefnt að því að kaupskip Íslendinga sem skráð eru í útlöndum verði skráð hér á landi og verði með því íslensk skip sem sigla undir íslenskum fána. Auk þess er það einnig markmið að koma á fót öflugri skipaskrá sem er vel samkeppnisfær þannig að fýsilegt verði fyrir erlenda aðila að skrá kaupskip sín hér en gera má ráð fyrir að slík skipaskrá mundi hafa í för með sér margvíslega hliðarstarfsemi hér á landi.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um gildissvið frumvarpsins en það tekur til skráningar kaupskipa á Íslandi. Önnur skip, svo sem fiskiskip, falla því ekki undir frumvarpið og verða ekki skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá.

Um 3. gr.

Í greininni eru skilgreiningar á hugtökum. Er þar fyrst að nefna íslenska alþjóðlega skipaskrá sem er sérstök íslensk skipaskrá fyrir kaupskip. Þar sem skipaskráin yrði alþjóðleg er gert ráð fyrir því að jafnhliða sé notast við enska þýðingu heitisins, þ.e. Icelandic International Shipregister eða skammstöfunina IIS.

IIS yrði íslensk skipaskrá, hliðstæð hinni almennu íslensku aðalskipaskrá, sbr. lög nr. 115/1985. Séreðli IIS fælist í því að hægt væri að óska eftir skráningu kaupskipa í þeim tilgangi að nálgast þau efnahagslegu og rekstrarfræðilegu markmið sem greint er frá í almennum athugasemdum við frumvarpið. Því þyrfti að setja sérreglur um ívilnanir vegna reksturs þeirra kaupskipa sem skráð eru á IIS.

Að sumu leyti er kveðið á um þessar ívilnanir í frumvarpinu sjálfu, þ.e. varðandi eignarhald og kjaramál, en því til viðbótar verða settar frekari reglur um skattaívilnanir sem nauðsynlegar eru til að markmiðum frumvarpsins verði náð. Um það vísast til frumvarps fjármálaráðherra sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Því er eðlilegt að um sé að ræða sérstaka skipaskrá sem aðgreind er frá aðalskipaskránni og um gilda sérlög.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eingöngu verði hægt að skrá kaupskip á íslensku alþjóðlegu skipaskrána. Því er nauðsynlegt að skýra það hugtak í frumvarpinu og er það skilgreint sem hvert það skip sem flytur farm eða farþega gegn endurgjaldi í millilandasiglingum og farmflutningum innan lands og er 100 brúttótonn eða stærra. Skilgreiningin felur það í sér að undir hugtakið falla ekki ferjur sem eingöngu flytja farþega gegn endurgjaldi innan lands. Einnig falla utan hugtaksins t.d. fiskiskip, herskip, dráttarskip, prammar og skemmtibátar. Heimilt er að kveða nánar á um það í reglugerð hvaða kaupskip má skrá og skilyrði sem þarf að uppfylla að þessu leyti, sbr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um skilyrði skráningar á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Þeir sem geta skráð kaupskip á skipaskrána samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Íslenskir ríkisborgarar.
2. Ríkisborgarar ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja.
3. Lögaðili skráður á Íslandi.

Samkvæmt þessu er heimild einstaklinga til að skrá kaupskip bundin við ákveðið ríkisfang. Ef ríkisborgari er erlendur er honum gert skylt að hafa umboðsaðila hér á landi sem kemur fram fyrir hans hönd í málefnum er varða skipið og skráningu þess. Getur slíkur umboðsaðili verið hvort sem er einstaklingur eða lögaðili og eina skilyrðið er að hann sé íslenskur og staðsettur hér á landi.

Að öðru leyti er heimild til skráningar bundin við íslenskan lögaðila, hvort sem er félag, samtök eða stofnun og þurfa því aðrir en tilgreindir ríkisborgarar sem vilja skrá kaupskip, hvort sem eru einstaklingar eða lögaðilar, að standa að stofnun slíks lögaðila hér á landi sem er eigandi kaupskipsins. Þykir eðlilegt að gera þessa kröfu þar sem skip sem skráð verður á íslenska alþjóðlega skipaskrá er íslenskt, lýtur íslenskum lögum og á undir íslenska lögsögu.

Ákvæði 3. og 4. mgr. eru um heimild til skráningar þurrleiguskráningar og eru sambærileg ákvæðum gildandi laga um slíka skráningu, sbr. 3. og 4. mgr. 1. gr. laga nr. 115/1985, sbr. lög nr. 153/2000, og er gert ráð fyrir að þau ákvæði gildi jafnframt um þurrleiguskráningu kaupskipa á íslensku alþjóðlegu skipaskrána og nánar sé kveðið á um það í reglugerð.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að heimilt sé að neita skráningu kaupskips ef það hefur tekið þátt í eða tengst starfsemi sem er andstæð alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.

Um 5. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um hvar halda skuli íslenska alþjóðlega skipaskrá og ýmsa framkvæmd er hana varðar. Gert er ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands haldi skrána og annist skráningu kaupskipa og framkvæmd frumvarpsins að öðru leyti, einnig að heimahöfn og réttindaskrá vegna þeirra sé á sama stað, í Reykjavík, og heldur sýslumaðurinn í Reykjavík utan um réttindaskrána.

Siglingastofnun er þannig falið að koma á fót sérstakri einingu innan stofnunarinnar sem verður hin íslenska alþjóðlega skipaskrá. Má gera ráð fyrir að slík eining verði nokkuð sjálfstæð frá öðrum rekstri stofnunarinnar þar sem m.a. má gera ráð fyrir að sinna verði þó nokkru markaðsstarfi, a.m.k. í upphafi, til kynningar á skránni, bæði hérlendis og erlendis, eigi markmið frumvarpsins að ná fram. Eins og rakið er í almennum athugasemdum með frumvarpinu er mjög mikilvægt að vel takist til og slík skrá verði einföld og fljótvirk og þjónustustig hátt og vísast um það til þeirrar umfjöllunar. Jafnframt skiptir miklu að skráin sé vel kynnt, bæði hjá innlendum kaupskipaútgerðum sem og erlendis.

Siglingastofnun Íslands sér í dag um aðalskipaskrá þar sem skráð eru íslensk skip. Framkvæmd þeirrar skráningar fer eftir lögum nr. 115/1985 og ólögfestum framkvæmdavenjum sem mótast hafa þar að lútandi og eru í samræmi við alþjóðlegar meginreglur um skráningu skipa.

Frumvarpi þessu er ætlað að vera ramminn utan um hina íslensku alþjóðlegu skipaskrá og er þar kveðið á um sérstakar reglur sem um þá skrá gilda og eru frábrugðnar þeim reglum sem gilda um hina íslensku aðalskipaskrá. Af þeim sökum er ekki lagt til að settar séu nákvæmar reglur um framkvæmd skráningarinnar í frumvarpið heldur að vísað sé til þess að um hana gildi samsvarandi reglur og í lögum nr. 115/1985, með síðari breytingum, eftir því sem við á og að ávallt skuli fylgja þeim alþjóðlegu reglum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja á þessu sviði. Með þessu er það ekki gert ófrávíkjanlegt að fara eigi eftir lögum nr. 115/1985, með síðari breytingum, enda ekki víst að þau lög eigi alltaf við um slíka skipaskrá sem frumvarp þetta fjallar um.

Ljóst er að til að skipaskrá þessi, sem frumvarpið kveður á um, verði að raunveruleika þurfa reglur að vera einfaldar í framkvæmd, án þess þó að slakað sé á kröfum um öryggi, eftirlit og mönnun. Taka verður mið af því besta sem fyrirfinnst í þeim löndum sem hafa slíkar skipaskrár enda kemur íslensk alþjóðleg skipaskrá til með að vera í beinni samkeppni við þær erlendu. Til þess þarf að vera hægt að bregðast fljótt við öllum breytingum sem gera þarf til að sú íslenska verði ávallt samkeppnisfær og í fremstu röð þeirra sem starfræktar eru. Af þessum sökum þykir heppilegt að heimilt verði að einhverju leyti að kveða á um reglur um skráningu í reglugerð frekar en að hafa þær í frumvarpinu sjálfu og er þar miðað við að það séu sérstakar reglur sem eiga bara við um skráningu á íslensku alþjóðlegu skipaskrána. Ekki þykir hætta á að það leiði til einhvers slaka á kröfum og framkvæmd þar sem um skráningu skipa gilda almennt alþjóðlegar meginreglur og er ekki ætlunin með frumvarpinu að breyting verði á því. Gert er ráð fyrir að allar reglur sem kunna að verða settar um skráningu á íslensku alþjóðlegu skipaskrána taki mið af þeim alþjóðlegu kröfum og reglum sem Ísland er skuldbundið til að fara eftir og taka upp, svo sem alþjóðakröfum IMO, og aðkomu viðurkenndra flokkunarfélaga að skoðun og eftirliti með skipum.

Jafnframt þykir rétt að um framkvæmd skráningarinnar megi kveða á í reglugerð enda má gera ráð fyrir að sú framkvæmd verði að einhverju leyti frábrugðin skráningu á aðalskipaskrána enda meginforsenda að vel takist til að skráning sé einföld og gangi fljótt fyrir sig og

einnig verður að taka tillit til þess að skráning verður að geta farið fram utan hefðbundins skrifstofutíma.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um réttaráhrif skráningar á íslenska alþjóðlega skipaskrá en þau eru að kaupskip sem þar eru skráð eru íslensk og hafa rétt til sigla undir íslenskum fána. Jafnframt gilda um kaupskipin íslensk lög og eiga þau undir íslenska lögsögu.

Í þessu felst að íslensk lög gilda um útgerð þessara skipa og má þar nefna lög nr. 115/1985, með síðari breytingum, um skráningu skipa, sbr. umfjöllun um 5. gr., og lög nr. 47/2003, um eftirlit með skipum. Um smíði, búnað, mengunarvarnir, innflutning og skoðun skipa, svo eitthvað sé nefnt, fer því eftir gildandi íslenskum lögum á hverjum tíma.

Í ákvæðinu er einnig afmarkað hvaða siglingar kaupskip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá geta ekki stundað en það eru áætlunarsiglingar milli hafna á Íslandi með farþega. Frumvarpið tekur því til áætlunarsiglinga með farm og/eða farþega til eða frá landinu auk áætlunarsiglinga með farm milli hafna á Íslandi eingöngu, þ.e. svokallaðra strandsiglinga. Engin ástæða þykir til annars en að þessar siglingar geti einnig nýtt sér þær ívilnanir sem íslensk alþjóðleg skipaskrá býður upp á.

Um 7. gr.

Ákvæðið fjallar um eigendaskipti og hvernig standa skuli að skráningu þeirra. Kveðið er á um skilyrðislausa skyldu nýs eiganda kaupskips að tilkynna um eigendaskiptin til Siglingastofnunar og framlagningu nauðsynlegra gagna því til staðfestingar enda margvísleg réttindi og skyldur tengd eignarhaldi. Nýr eigandi skips þarf einungis að tilkynna eigendaskiptin til Siglingastofnunar og framvísa gögnum um þau þar en stofnunin sér síðan um að tilkynna sýslumanninum í Reykjavík, sem heldur réttindaskrá kaupskipa, um hinn nýja eiganda. Þótt ekki sé sérstaklega kveðið á um það í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessar tilkynningar geti farið fram með rafrænum hætti og að nýjum eiganda sé ekki nauðsynlegt að framvísa frumriti afsals eða eignarheimildar til fá eigendaskiptin skráð, heldur dugi afrit skjalsins. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt þegar um erlenda aðila er að ræða en einnig til að slíkar skráningar gangi sem hraðast fyrir sig.

Um 8. gr.

Ákvæðið er til áréttingar þeirri undanþágu frá stimpilgjöldum sem kveðið var á um í lögum nr. 157/1998, um stimpilgjöld.

Um 9. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um það þegar breytingar verða á notkun kaupskips sem skráð er á íslensku alþjóðlegu skipaskrána þannig að það uppfyllir ekki lengur skilyrði skráningar þar. Í slíku tilviki ber eiganda að tilkynna Siglingastofnun tafarlaust um breytinguna og ef breytingin er varanleg ber að afskrá skipið. Í þessu felst að ef breyting er tímabundin þarf ekki að afskrá skipið en mat á því er hjá Siglingastofnun.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um önnur þau tilvik þegar afskrá skal skipið af íslenskri alþjóðlegri skipaskrá og er um tæmandi talningu að ræða. Ákvæðið gerir ráð fyrir að frumkvæði að athugun

á því hvort eitthvað af þessum tilvikum eigi við sé jafnt hjá Siglingastofnun eða á grundvelli tilkynningar til stofnunarinnar.

Um 11. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að engar sérstakar hömlur séu á þjóðerni þeirra áhafna sem manna kaupskip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega kaupskipa nema hvað varðar skipstjóra. Er gert ráð fyrir að skipstjóri sé almennt íslenskur ríkisborgari sem þurfi að uppfylla tiltekin ákvæði íslenskra laga og reglna sem um skipstjóra gilda hverju sinni og er sami réttur fenginn ríkisborgurum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja.

Í gildandi lögum um áhafnir íslenskra flutningaskipa, nr. 56/2001, er íslenskukunnátta gerð að skilyrði fyrir skipstjórn. Með því að í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að það skilyrði gildi um skipstjóra kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá er lagt til að settar verði sérstakar reglur um þau skilyrði sem þeir verða að uppfylla en gera má ráð fyrir að þau skilyrði verið að öðru leyti sambærileg og í gildandi lögum.

Einnig er lagt til að heimilt sé að veita öðrum ríkisborgurum heimild til að starfa sem skipstjórar á kaupskipunum. Er það Siglingastofnun sem veitir slíkar undanþágur og fer um það eftir nánari skilyrðum sem sett skulu í reglugerð. Má sem dæmi um þörf á undanþágu nefna kaupskip sem skráð er á íslenska alþjóðlega skipaskrá og er í siglingum milli landa utan Evrópu.

Um kjör skipverja gerir frumvarpið ráð fyrir að fari eftir kjarasamningi þess lands sem viðkomandi skipverji á lögheimili í og gilda því íslenskir kjarasamningar einungis um íslenska skipverja í áhöfn kaupskipa. Miðað er við að kjarasamningur gildi einungis fyrir þá sem eru í því stéttarfélagi sem gerði samninginn og hefur það þá þýðingu að ef skipverji er ekki í stéttarfélagi í sínu heimalandi eða annars staðar er útgerð kaupskipsins heimilt að semja sérstaklega við hann um kaup og kjör.

Rétt þykir í frumvarpinu að árétta að skipverjar í áhöfn kaupskipa sem skráð eru samkvæmt frumvarpi þessu verða að uppfylla lágmarkskröfur er varðar menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna eins og kveðið er á um í alþjóðasamningi (STCW), auk þess sem uppfylla þarf kröfur um öryggismönnun.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að greidd verði skráningargjöld fyrir skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá og er ákvæði þetta ætlað sem lagastoð fyrir því gjaldi. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá Siglingastofnunar.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um viðurlög við brotum og er um hefðbundið ákvæði að ræða.

Um 14. gr.

Frumvarpi þessu er ætlað að vera rammi um íslenska alþjóðlega skipskrá og er gert ráð fyrir að um nánari framkvæmd alla verði kveðið á í reglugerð. Ákvæði þetta er almenn reglugerðarheimild en einnig er reglugerðarheimild að finna í einstökum ákvæðum frumvarpsins.

Um 15. gr.

Ákvæði þetta er gildistökuákvæði og er lagt til að frumvarpið taki gildi 1. janúar 2008 enda má gera ráð fyrir að einhvern tíma þurfi til undirbúnings því að koma á fót slíkri skrá auk þess sem gera má ráð fyrir að margs konar markaðs- og kynningarstarfsemi þurfi að fara fram verði frumvarp þetta að lögum.

## Fylgiskjal I.

VINNUSKJAL

**Minnisblað starfshóps**
**um skráningu kaupskipa á íslenska skipaskrá.**
(Nóvember 2004.)

### 1. Skipan starfshóps.

Þegar síðasta kaupskip Íslendinga (Keilir) var fært á færeyska skipaskrá fyrr á þessu ári hófust umræður að nýju um stofnun alþjóðlegrar skipaskrár hér á landi. Hagsmunaaðilar hafa látið málið til sín taka og skorað á stjórnvöld að grípa til aðgerða til stuðnings íslenskri kaupskipaútgerð.

Í febrúar á þessu ári skilaði starfshópur sem í áttu sæti fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Nemendafélagi Vélskóla Íslands, Sjómannafélagi Reykjavíkur og Vélstjórafélagi Íslands, ályktun til ríkisstjórnar Íslands og samgöngunefndar Alþingis þar sem segir m. a.:

*„Ofangreind samtök atvinnurekenda og sjómanna hafa um árabil haft áhyggjur af þeirri einangrun sem Ísland hefur stefnt í á sviði viðskipta, siglinga og þekkingar í þessari grein atvinnulífsins. Því eru þau einhuga um að skora á íslensk stjórnvöld að gera nú þegar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að skapa íslenskum kaupskipaútgerðum jafnræði í því alþjóðlega samkeppnisumhverfi sem þær starfa í.“*

Í júlí sl. barst samgönguráðherra, fjármálaráðherra og formanni samgöngunefndar bréf frá Samtökum atvinnulífsins, Félagi skipstjórnarmanna, Vélstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur, þar sem enn er skorað á stjórnvöld að grípa til aðgerða:

*„Til þess að sporna við þróuninni hafa nágrannalönd okkar gripið til margvíslegra aðgerða til þess að skapa kaupskipaútgerð þeirra hagstæðari rekstrarskilyrði og sporna þannig við því að þekking og störf flytjist úr landi. Aðgerðir nágrannalanda okkar snúa í grundvallaratriðum að því að bæta rekstrarskilyrði útgerða með rýmri löggjöf og skattalegum ívilnunum.“*

Í ágúst afhentu Samtök íslenskra kaupskipaútgerða starfshópnum yfirlýsingu sama efnis:

*„Eigi kaupskipaútgerð að þrífast og dafna á Íslandi, þurfa íslensk stjórnvöld að tryggja að rekstrarumhverfi þeirra fyrirtækja sem starfa í greininni sé samkeppnishæft við rekstrarumhverfi það sem samkeppnisaðilarnir búa við.“*

Samgönguráðherra ákvað í kjölfar þessarar umræðu, í samráði við fjármálaráðherra, að kalla saman starfshóp til að rifja upp og kanna stöðu þessara mála á Íslandi í dag. Hópinn skipa Jóhann Guðmundsson og Unnur Sverrisdóttir frá samgönguráðuneyti, Benedikt Valsson og Ingvi Már Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Helgi Jóhannesson frá Siglingastofnun. Fyrsti fundur vinnuhópsins var haldinn 13. ágúst 2004.

Vinnuhópurinn telur, að flest hafi komið fram áður sem hægt er að leggja fram í máli þessu og því sé skýrslan að hluta til upprifjun eldri staðreynda. Umfjöllun fyrri nefnda er einnig að vissu marki samhljóða niðurstöðu þessa hóps þannig að um ýmis efnisatriði vísast til þeirra. Á nokkrum stöðum í skýrslunni er bent á athugunarefni sem vissulega gæti verið þörf á að rannsaka nánar, en vegna knapps tíma og kostnaðar taldi hópurinn slíkt ekki unnt. Í slíkum tilvikum er sett fram gróft mat eða leiddar eru líkur að niðurstöðu. Vinnuhópurinn kýs að leggja fram tvo valkosti og rökstyður það álit sitt að þeir séu í reynd aðeins tveir. Valkostirnir eru að gera ekki neitt eða setja á stofn samkeppnishæfa alþjóðlega skipaskrá. Hópurinn útfærði seinni valkostinn ekki út í hörgul, en telur að efnisatriðin séu það skýr að það nægi til þess að hægt sé að taka ákvarðanir um framhald þessa máls.

**Þróunin frá miðjum níunda áratug síðustu aldar.**

**1.1.1. Ísland.**

Umræða um stöðu kaupskipaútgerða og íslenskra farmanna hefur farið fram hér á landi allt frá því á níunda áratug síðustu aldar. Frá þeim tíma hefur verið unnið að málinu með hléum. Nokkrir starfshópar hafa skilað tillögum um úrbætur. Sameiginleg niðurstaða þeirra um úrræði til að gera skráningu kaupskipa á íslenska skipaskrá fýsilega hafa verið eftirfarandi:

1. Veita undanþágu frá stimpilgjöldum af afsali og veðböndum kaupskipa.
2. Heimila þurrleiguskráningu á og frá íslensku skipaskránni.
3. Setja á fót alþjóðlega skipaskrá hér á landi ásamt tilheyrandi skattaívilnunum (ríkisaðstoð) til handa kaupskipaútgerðum.

Þegar hefur tveimur af fyrstu úrræðunum verið hrint í framkvæmd. Með lögum nr. 157/1998 var veitt undanþága frá stimpilgjöldum af afsali og veðböndum skipa þannig að nú er kostnaður við skráninguna á íslensku skipaskrána svipaður og skráning á alþjóðlegar skipaskrár og með lögum nr. 153/2000 var heimiluð þurrleiguskráning á og frá íslensku skipaskránni. Hins vegar hefur ekki verið komið á fót alþjóðlegri skipaskrá. Hvort sem því er um að kenna eða öðru þá er árangurinn öllum ljós í dag sé litið til stéttar farmanna og fjölda skipa á íslenskri skipaskrá.

Árið 1987 gerðu íslensk skipafyrirtæki út 50 kaupskip, 39 íslensk, 6 erlend á þurrleigu og 5 erlend á tímaleigu. Árið 1994 gerðu íslensk skipafyrirtæki út 24 kaupskip, 6 íslensk og 18 erlend á þurrleigu. Árið 2004 gera íslensk skipafyrirtæki út 22 kaupskip, 1 íslenskt, 15 erlend á þurrleigu og 6 erlend á tímaleigu.


Meðalaldur skipstjórnarmanna hefur hækkað ár frá ári og er nú 49 ár sem skiptist þannig milli aldursflokka að af 99 starfandi eru **4 menn á aldursbilinu 20–29 ára,** 12 á aldursbilinu 30–39 ára, 31 á aldursbilinu 40–49 ára, 44 á aldursbilinu 50–59 ára og 8 60 ára og eldri. Á næstu 10 árum má því ætla að um helmingur þessara skipstjórnarmanna hverfi úr starfi vegna aldurs eða annarra eðlilegra þátta. Ef hins vegar er litið til nýliðunar skipstjórnarmanna út úr Stýrimannaskólanum virðist Landhelgisgæslan enn njóta yngri árganga þeirra sem útskrifast en hjá henni er meðalaldur skipstjórnarmanna þó orðinn 40 ár og aldursdreifingin þannig að þar starfar einn skipstjórnarmaður á aldursbilinu 20–29 ára, 14 eru 30–39 ára, 5 40–49 ára og 4 50–59 ára. Sömu sögu er að segja um aðrar stéttir farmanna, en þó virðist sem möguleikar vélstjóra sérstaklega á störfum til sjós og lands séu mun betri og því hefur nemendum ekki fækkað að sama skapi þar.

Þó svo að íslenskar kaupskipaútgerðir telji sig eðlilega hafa hag af því að rekstarumhverfi þeirra sé sambærilegt við það sem erlendir samkeppnisaðilar okkar búa við, snúast hagsmunir

þeir sem hér eru í húfi frekar að framtíð íslenskrar farmannastéttar, varðveislu þekkingar á þessu sviði og hagsmunum þjóðarinnar í heild, þ.m.t. það sem vinnuhópurinn kýs að kalla hliðartengda starfsemi í landi. Hér er vísað til þess sem fram kemur í skýrslunni um afleiðingar þess ef samkeppni í siglingum að og frá landinu knýr þær íslensku kaupskipaútgerðir sem enn hafa íslenska farmenn í þjónustu sinni til að segja þeim upp. Ástæða þess að íslenskar kaupskipaútgerðir hafa ekki þegar sagt öllum íslenskum farmönnum upp störfum byggir á tryggð útgerðanna við þá menn sem hafa þjónað þessum fyrirtækjum um margra ára skeið. Aukin samkeppni frá fyrirtækjum eins og Atlantskip h/f, sem reka skip sín með erlendri áhöfn, veldur því að ákvörðun um uppsagnir íslenskra farmanna verður tæpast umflúin, nema að til komi vilji stjórnvalda til að standa vörð um íslenska farmenn og skapa þeim forsendur til að keppa við erlenda farmenn um þau störf sem í boði eru.

Starfshópurinn taldi ekki gerlegt að afla upplýsinga um stöðu hliðartengdrar starfsemi í landi eða þróun hennar undanfarin ár. Leiddar eru aðeins að því líkur hér, að staða þessara þjónustugreina sé sama merki brennd.

**Box 1: Samanburður á tveimur íslenskum flutningagreinum.**




Til umhugsunar er hér vakin athygli á stöðu þeirra tveggja flutningagreina hér á landi sem telja verður alþjóðlegar í eðli sínu. Annars vegar er það rekstur flutningaskipa og hins vegar flugvéla. Erfitt er að finna nógu sterkt lýsingarorð til þess að lýsa því sem gerst hefur í íslenskum flugrekstri undanfarinn áratug. Við erum nú sennilega ein mesta flugþjóð heimsins sé m.v. hina frægu höfðatölu og í dag eru um 80 stórar þotur á íslenskri loftfaraskrá. Stærsti hluti þessara véla er að sinna verkefnum út um allan heim.

Myndin hér að framan sem fengin er úr skýrslu Hagfræðistofnunar um flug- og ferðaþjónustu á Íslandi frá því í desember 2003 sýnir hlutfallslegt umfang flugrekstrar í nokkrum Evrópulöndum og skýrir sig sjálf. Augljóst er að þrátt fyrir það að margar þessar stóru flug-

véla komi aldrei til Íslands þá fylgja starfseminni veruleg jákvæð áhrif á efnahagslíf landsmanna. Hlutdeild sjóflutninga Atvinnugrein nr. 715 í ISIC-staðli og nr. 61 í ÍSAT-staðli. Auk kaupskipaútgerðar flokkast undir þessa atvinnugrein strand- og ferjuflutningar innanlands. Kaupskipaútgerð vegur þyngst eða varlega áætlað 70–75% af heildinni. í vergri landsframleiðslu var um 3,3% árið 1975. Þetta hlutfall var aftur á móti komið niður í 1,2% árið 2001. Er von að spurt sé hverju sæti hjá þjóð sem er algjörlega háð sjóflutningum um mestallan inn- og útflutning sinn. Af hverju hefur ekki orðið sama þróun og í flugrekstrinum og af hverju eru nágrannaþjóðir okkar sem búa um margt við sömu aðstæður nánast stórveldi í sjóflutningum á heimsvísu en við varla dvergþjóð? Vinnuhópurinn telur að hér geti vissulega ráðið margir þættir og sé það sérstakt rannsóknarefni sem er fyrir utan hans verksviðs. Þó ber að benda á að íslensk loftfaraskrá býr að mestu leyti við jafna samkeppnisstöðu á heimsvísu samkvæmt samtali við Ómar Benediktsson forstjóra Íslandsflugs, en ekki er unnt að segja hið sama um íslensku skipaskrána þar sem erlendum alþjóðlegum skipaskrám fylgja nær undantekningarlaust ríkisstyrkir af einhverju tagi. Hins vegar ber að geta þess að ekki er um að ræða neina ríkisaðstoð í tengslum við íslensku loftfaraskrána.

### 1.1.2. Nágrannalöndin.

Um miðjan 9. áratuginn sáu Danir og Norðmenn að skip þeirra voru að færast hratt á skipaskrár annarra landa. Til varnar þessari þróun stofnuðu þeir alþjóðlegar skipaskrár, NIS í Noregi og DIS í Danmörku. Gripið var til hliðarráðstafana svo að þær yrðu aðlaðandi valkostur í samanburði við aðrar alþjóðlegar skipaskrár. Báðar þjóðirnar leyfðu útgerðum að ráða áhöfn sem tækju laun eftir kjarasamningum við verkalýðsfélög utan EES-svæðisins. Danir felldu auk þess niður tekjuskatt sjómanna á skipum er skráð voru í DIS og greiða þeir þess í stað mánaðarlega tryggingargjald til danska ríkisins. Þessar ráðstafanir dugðu lengst af og sáu útgerðir landanna hag í því að skrá skip á norsku og dönsku alþjóðlegu skipaskrárnar. Um miðjan síðasta áratug þótti Norðmönnum að farið væri að halla undan alþjóðlegu norsku skipaskránni og að skipum væri tekið að fækka á henni. Síðla árs 1996 samþykktu Norðmenn nýjar ráðstafanir til þess að styrkja NIS og hafa innleitt nýtt skattkerfi, þar sem útgerðirnar greiða svokallaðan tonnaskatt í stað tekjuskatts skipafyrirtækja. Hugtakið tonnaskattur er nánar útskýrt í kafla 2.3. Nú virðist liggja fyrir að Norðmenn ætli sér enn að lækka þennan skatt til þess verða ekki undir í samkeppninni. Svíar virðast ætla að fylgja í kjölfarið og taka upp tonnaskatt auk þess sem Færeyingar hafa bæst í hópinn þó með nokkuð annarri útfærslu enda hafa þeir væntanlega meira frjálsræði til slíks þar sem þeir eru ekki aðilar að EES-samningnum. Þeir hafa nýlega sett á fót alþjóðlega skipaskrá, FAS, sem gengur jafnvel enn lengra en hin Norðurlöndin, því þar eru engar skorður á þjóðerni áhafna annarra en skipstjóra. Nýjustu fréttir herma að Færeyingar ætli sér einnig að taka upp tonnaskatt á næstunni.

Hér eru aðeins þessar þjóðir nefndar til sögunnar en fullyrða má að vel flestar Evrópuþjóðir sem telja sig hafa einhverja hagsmuni af siglingum hafi sett á fót samkeppnishæfar alþjóðlegar skipaskrár, ásamt ríkisstyrkjakerfum. Nokkur önnur dæmi um stuðningsaðgerðir þjóða eru nefnd í kafla 2.2.

### 1.2. Afstaða hagsmunaaðila.

Mestur tími af vinnu hópsins hefur farið í fundi með hagsmunaaðilum og eru sjónarmið þeirra rakin hér á eftir. Aðilar eru nafngreindir þar sem að það á við enda komu ekki fram óskir um trúnað.

Fyrir hönd **Samtaka íslenskra kaupskipaútgerða** komu Ólafur J. Briem, Pálmar Óli Magnússon, Pálmi Pálsson, Garðar Jóhannsson og Haukur Már Stefánsson á fund hópsins. Í máli þeirra kom fram að samkeppnin um að fá skip á skrá væri alþjóðleg og hörð. Þeir bentu á að nágrannalönd okkar hefðu tekið þátt í þessari samkeppni og gripið til aðgerða hvert á sína vísu en Ísland væri eina landið sem hefði setið hjá. Þeir töldu íslenska ríkið hafa orðið af fjárfestingum og fjármagni sem nú væri vistað erlendis með tilheyrandi áhrifum. Það var samdóma álit þeirra að líta beri á stofnun alþjóðlegrar skipaskrár með viðeigandi skattaívilnunum sem sóknarfæri en ekki varnar. Augljóst væri að ef skip, íslensk sem erlend, væru skráð á íslenska skipaskrá fylgdu þeim aukin störf á sjó og í landi, menntun á sviði siglinga og hafréttar og þekking á skiparekstri í alþjóðlegu umhverfi. Á fundinum var lögð á það áhersla af hálfu fulltrúa SÍK að stofnun íslenskrar alþjóðaskráningar og nauðsynlegar breytingar á skattaumhverfi kaupskipaútgerða og farmanna væru í sjálfu sér óskyld málefni. Mönnum væri tamt að horfa á þessi mál eins og þau væru óaðskiljanleg. Það væri ekki rétt. Hvatti SÍK starfshópinn til að skoða og fjalla um þessi atriði einnig sem aðskilda hluti. Aðspurðir um hver þeir teldu að þróunin yrði ef ekkert yrði að gert, svöruðu þeir því til að erlend félög myndu smátt og smátt einoka siglingar til og frá landinu.

Helgi Laxdal kom á fund hópsins f.h. **Vélstjórafélags Íslands.** Hann taldi leið nágrannalanda okkar einu færu leiðina, þ.e. að niðurgreiða laun sjómanna svo þeir yrðu samkeppnishæfir á alþjóðavettvangi. Hann benti á þá þróun sem er nýhafin hér á landi með tilkomu Atlantsskipa. Útgerðin leigir erlend skip með erlendri áhöfn á mun lægri launum en íslenskir kjarasamningar kveða á um. Hann taldi augljóst að þegar launakostnaði væri þrykkt svona niður lækkuðu farmgjöldin og þar með er samkeppnisaðstaða innlendu skipafélaganna orðin mjög slæm. Það geti bara endað á einn veg, þ.e. þau fara sömu leið í sínum rekstri til að geta boðið sambærileg farmgjöld. Þar með væru öll skip sem sigldu til og frá landinu mönnuð útlendingum á lægstu launum þó sjálf fyrirtækin yrðu sennilega áfram vistuð hér á landi. Aðspurður sagði hann að fyrir ca. 20 árum hefðu verið u.þ.b. 350 vélstjórar á 52 skipum, nú væru þeir u.þ.b. 60–70 á 10–15 skipum.

Þeir Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson komu f.h. **Sjómannasambands Íslands.** Þeir tóku fram að það sem þeir segðu væri ekki í umboði stjórnar Sjómannasambandsins, þetta hefði verið óformlegt boð með stuttum fyrirvara og því væri það þeirra persónulega mat sem hér kæmi fram. Þeir sögðust óttast að botninum væri ekki enn náð og töldu að stjórnvöld ættu að líta til nágrannalandanna með einhverjar aðgerðir til að snúa þróuninni við. Bentu þeir á sænsku leiðina þar sem ríkisstyrkir (endurgreiðsla tekjuskatts) væru bundnir ríkisfangi. Þeir töldu aðspurðir að á 15 til 20 árum hefði sjómönnum á íslenskum farskipum fækkað úr 4–500 í 40–80 manns.

Í máli Guðjóns Ármanns Einarssonar, sem var fulltrúi **Farmanna- og fiskimannasambandsins,** komu fram sömu sjónarmið og þeirra sem rakin eru hér að framan. Hann benti á að þeir sem menntuðu sig nú til dags til flutninga- og farþegasiglinga hefðu fyrst og fremst atvinnutækifæri erlendis. Hann taldi þeirri þróun ekki snúið einhliða við því flutningsþörf þjóðarinnar takmarkaðist af stærð hennar og skipin stækkuðu án þess að endilega fjölgaði í áhöfn. Hann taldi mjög brýnt að stjórnvöld gripu til aðgerða og Íslendingar tækju þátt í samkeppninni um að fá skip á skrá, því tækist það fylgdi hitt á eftir, menntunin, störfin og þekkingin.

Á fund hópsins kom Steinþór Ólafsson f.h. **Atlantsskipa.** Hann upplýsti að öll skip sem félagið notaði væru skráð erlendis og svo væri einnig um hluta fyrirtækisins. Hann sagði að um hvert skip væri stofnað eitt félag þannig að hvert skip er ein lögpersóna. Aðspurður um

hvað hann teldi að til þyrfti að koma svo innlend sem erlend skipafélög sæju hag sinn í að skrá skip hér á landi svaraði hann, að í fyrsta lagi yrði að laga skattaumhverfi að þörfum þessara fyrirtækja. Nauðsynlegt væri að hægt yrði að leigja skip út um allan heim og tók sem dæmi að í Þýskalandi væri skattahagræði af skipafjárfestingum. Í öðru lagi benti hann á að gæta yrði að alþjóðlegum kröfum, ekki mætti gera strangari kröfur til skipafélaga hér landi en annars staðar og taldi hann stjórnvöld stundum ganga of langt í þessum efnum. Hann tók skýrt fram að hann teldi skipaskrá eitt og áhöfn annað. Sá hann fyrir sér að ef íslensk skipaskrá efldist þá yrðu jafnvel íslensk skip með erlendum áhöfnum. Það yrði að vera val útgerðanna sjálfra hvernig áhöfn þær veldu, oft á tíðum væru erlendar áhafnir lélegri til vinnu og umgengni um farminn væri verri. Stóra atriðið væri frelsi útgerðanna til að velja.

F.h. **Samtaka atvinnulífsins** komu Ari Edwald og Jón H. Magnússon. Þeir hvöttu stjórnvöld til að setja á fót alþjóðlega skipaskrá hér á landi líkt og þegar hefur verið gert í nágrannalöndum okkar og á Evrópska efnahagssvæðinu. Þeir tóku fram að ekki væri rétt að ræða um sértækar aðgerðir í þessu efni, því þessar reglur giltu alls staðar í kring um okkur. Þannig vildu þeir hvetja Ísland til þátttöku í samkeppni á alþjóðavettvangi um að fá skip á íslenska skipaskrá. Þeir mæltu með færeysku leiðinni þar sem þeir væru næstir okkur, auk þess sem Eimskip væri að sameinast færeysku fyrirtæki og nýverið hefði síðasta íslenska flutningaskipið verið flutt á FAS. Þeir bentu á þá staðreynd að nú þegar eru siglingar til og frá landinu og innan lands frjálsar og hafa verið lengi. Staðan er því sú að það er engin atvinnutrygging fyrir íslenska sjómenn, innlend sem erlend fyrirtæki geta hafið siglingar hvenær sem er, sbr. Atlantsskip. Þeir tóku fram að útgerðirnar byggju við hagstætt skattaumhverfi hér á landi, þar sem tekjuskattur á fyrirtækjum væri þriðji eða fjórði lægstur í allri Evrópu. Aðspurðir töldu þeir ekki að aðrar atvinnugreinar kæmu með athugasemdir eða jafnvel kröfur um sambærilegar aðgerðir ef af þessu yrði. Því að um alþjóðareglur væri að ræða á þessu ákveðna sviði atvinnulífsins. Að lokum kom fram að þeir styðja málið heils hugar.

Jónas Garðarsson og Birgir Björgvinsson voru fulltrúar **ASÍ** og **Sjómannafélags Reykjavíkur.** Í máli þeirra kom fram að þeir styðja fullkomlega ýmsar skattaaðgerðir í þeim tilgangi að gera skipafélögin samkeppnishæf á alþjóðavettvangi t. d. endurgreiðslu tekjuskatts o.s.frv. Þeir lýstu sig aftur á móti andvíga því að stofna alþjóðlega skipaskrá hér á landi. Töldu þeir að með henni yrði opnað upp á gátt fyrir erlenda sjómenn og bentu á að óöryggið í atvinnugreininni væri nóg fyrir. Þeir töldu sem sagt að nægilegt væri að lækka launakostnað útgerða vegna íslenskra farmanna með skattaaðgerðum, ekki væri nauðsynlegt að breyta öðru.

Jón B. Stefánsson skólastjóri **Sjómannaskólans** og Pálmi Hlöðversson sviðsstjóri skipstjórnarsviðs sama skóla komu á fund starfshópsins. Þeir upplýstu að nú væru um 290 nemendur í skólanum þar af um 212 í Vélskólanum og u.þ.b. 78 í Stýrimannaskólanum. Þeir sögðu alveg ljóst að nemendur veltu fyrir sér atvinnumöguleikum áður en þeir hefja nám og augljóst væri að ekki er um auðugan garð að gresja í flutninga- og farþegaskipageiranum. Helstu sóknarfæri þeirra nemenda eru erlend flutninga- og skemmtiferðaskip. Aðspurðir sögðust þeir styðja allar aðgerðir sem mættu verða til þess að snúa þessari þróun við og hvöttu til að stjórnvöld tækju stór skref og tækju þátt í samkeppninni um alþjóðlegar skipaskrár af fullum krafti.

F.h. **nemendafélaga Sjómannaskólans** kom á fund hópsins Einar Örn Einarsson formaður nemendafélags Stýrimannaskólans. Hann benti á að nemendafélög skólans hefðu staðið fyrir málþingi um þetta efni í nóvember 2003 og þar hefði verið skipaður starfshópur með öllum hagsmunaaðilum. Sá hópur hefði lokið störfum með því að senda einróma ályktun og áskorun til stjórnvalda um að hefjast handa um að snúa þróun undanfarinna ára við og grípa

til sambærilegra aðgerða og löndin í kring um okkur hafa gert. Hann taldi fráleitt af Íslands hálfu að sitja hjá í þessari alþjóðlegu samkeppni.

Nefndin hélt einnig aðra fundi með aðilum úr atvinnulífinu þar sem fjallað var um viðskiptalegar trúnaðarupplýsingar sem ekki er hægt að vitna til hér. Á þessum fundum var einkum rætt um hvað það í raun og veru væri sem valdi því að skipafélög velji að setja skip sín á erlendar skipaskrár, kostnaðarleg atriði tengd mönnun þ.m.t. skattaleg auk þess sem á fundunum var einnig á hreinskilinn hátt rætt um líklega framtíðarþróun hér á landi.

**Skattalegt umhverfi útgerða og sjómanna hér á landi.**

**1.3.1. Þjóðarhagur og kaupskipaútgerðir.**

Hlutdeild sjóflutninga Atvinnugrein nr. 715 í ISIC-staðli og nr. 61 í ÍSAT-staðli. Auk kaupskipaútgerðar flokkast undir þessa atvinnugrein strand- og ferjuflutningar innanlands. Kaupskipaútgerð vegur þyngst eða varlega áætlað 70–75% af heildinni. í vergri landsframleiðslu var um 3,3% árið 1975. Þetta hlutfall var aftur á móti komið niður í 1,2% árið 2001. Þrátt fyrir minnkandi hlutdeild í landsframleiðslu hefur vöxtur framleiðni vinnuafls í greininni verið afar mikill eins og sést á meðfylgjandi töflu:

| | Árlegur meðalvöxtur, % | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1973–1997 | 1973–1981 | 1981–1989 | 1989–1997 | 1993–1997 |
| **Framleiðni vinnuafls** | | | | | |
| Allar atvinnugreinar | 1,8 | 2,2 | 1,7 | 1,6 | 1,8 |
| Verslun o.fl. | 0,7 | 1,4 | -0,4 | 1,2 | 1,5 |
| Fiskveiðar | 2,5 | 7,7 | -0,2 | 0,1 | 0,5 |
| Fiskiðnaður | 1,6 | 2,9 | -0,1 | 2,1 | -1,0 |
| Iðnaður | 1,8 | 2,2 | 1,3 | 2,0 | 2,1 |
| Veitur | 0,1 | -3,9 | 4,7 | -0,2 | -2,2 |
| Byggingarstarfsemi | 0,2 | -0,4 | 0,7 | 0,4 | 1,6 |
| Landbúnaður | 2,8 | 1,2 | 3,0 | 4,3 | 4,6 |
| Samgöngur á sjó | 4,6 | 3,0 | 5,1 | 5,8 | 2,8 |

Framangreindar framleiðnitölur sýna glögglega að framleiðsla í sjóflutningum á hvern starfsmann hafa aukist verulega á undanförnum áratugum, en undirliggjandi þáttur í auknum afköstum er betri tækni og skipulag í atvinnugreininni. Þessar tölur skýra að hluta fækkun í íslenskri farmannastétt, auk vaxandi samkeppni frá erlendum farmönnum sem selja vinnu sína á lægri kauptöxtum en gerist innan lands.

Öflug kaupskipaútgerð er mikilvæg fyrir lítið opið hagkerfi sem Ísland. Slík starfsemi aflar þjóðarbúinu gjaldeyristekna og getur jafnframt sparað gjaldeyrisútgjöld að því gefnu að hún standist erlenda samkeppni. Hins vegar getur verið erfitt að keppa á markaði þar sem erlendu skipafélögin njóta stuðnings af ýmsum toga útgerðinni til framdráttar. Langflest ríki innan OECD styðja kaupaskiparekstur í einni eða annarri mynd. Analysis of Selected Maritime Support Measures, OECD, DSTI/DOT/MTC(2001)1 Helstu ástæður þess að ríki veita stuðning til kaupskipaútgerða eru:

- Vernd fyrir atvinnugrein sem er nauðsynleg fyrir starfsemi annarra atvinnugreina.
- Atvinna farmanna.
- Þjóðaröryggi.

Almennt er litið á stuðning við kaupskipaútgerð sem nokkurs konar útflutningsbætur sem sannarlega styrkir reksturinn a.m.k. til skemmri tíma litið. Hins vegar er ætíð erfitt að gera

sér grein fyrir hreinum ávinningi fyrir þjóðarbúið í heild af slíkum stuðningi. Í norskri (Vilje til vekst–for norsk skipsfart (2004)) skýrslu er gefið til kynna að um hreinan ávinning sé að ræða vegna stuðningsaðgerða. Í sænskri skýrslu er komist að gagnstæðri niðurstöðu (Att reda sig själv–Bör subventioner ges till rederiföretag? (1999)). Í þessu samhengi ber að hafa í huga að farmenn hér á landi njóta stuðnings í gegnum sjómannaafslátt og tekið skal fram að erfitt er að heimfæra þann stuðning á útgerðirnar sem slíkar því sá valkostur er vissulega fyrir hendi að manna skipin erlendum áhöfnum. Einnig ber að geta þess að tekjuskattur á félög er með þeim lægstu meðal ríkja OECD. Loks skal tekið fram að eignarskattur á félög verður felldur niður hér á landi á næsta ári. Þessi atriði minnka mismun á samkeppnisstöðu innlendra og erlendra kaupskipafélaga sem njóta stuðnings og hafa tök á því að ráða til sín farmenn á lægri kjörum en þeim sem gilda hér á landi. Hvort það dugi til þess að skip verði skráð á hina íslensku skipaskrá skal ósagt látið, en það þó dregið í efa miðað við það sem á undan er gengið.

Rétt er að taka fram hér til upplýsingar að á kaupskipum í áætlunarsiglingum til Íslands er hlutfall Íslendinga í áhöfn u.þ.b. 85% um þessar mundir. Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða. Hins vegar getur þetta hlutfall lækkað snarlega ákveði íslensku útgerðarfélögin að gera slíka breytingu enda eru öll skipin skráð undir erlenda þjóðfána þar sem frelsi ríkir í mönnunar- og kjaramálum farmanna. Sem dæmi um þetta má nefna að Samskip er með tvö ný skip í smíðum. Eftir því sem starfshópurinn hefur fregnað liggur nú ekkert fast fyrir um hvernig þau verða mönnuð. Hlutfall íslenskra farmanna á kaupskipum í stórflutningum (búlkavara) til og frá Íslandi er hverfandi.

Frá sjónarhóli íslenskra neytenda mætti velta fyrir sér hvort stuðningur við kaupskipaútgerð leiði til lækkunar eða hækkunar á vöruverði hér á landi vegna hugsanlegra breytinga á farmgjöldum til landsins. Niðurstaðan veltur á því hvort stuðningurinn muni skerpa á samkeppni vöruflutninga til landsins eða veikja. Til að svara þeirri spurningu þarf frekari athugunar við sem ekki hefur gefist til tími til að framkvæma að svo stöddu.

### 1.3.2. Almennt um skattgreiðslur í dag vegna kaupskipaútgerðar.

Heildarlaunakostnaður íslenskra kaupskipaútgerða er, samkvæmt upplýsingum frá Eimskip, Samskip og Olíudreifingu, um það bil 80–100 milljón kr. á ári pr. kaupskip. Alls er um 9 kaupskip að ræða þar sem áhöfn er að hluta til íslensk (6 hjá Eimskip, 2 hjá Samskip og 1 hjá Olíudreifingu). Íslenskir áhafnarmeðlimir á þessum kaupskipum greiða tekjuskatt til íslenska ríkisins. Beinir skattar í ríkissjóð vegna launagreiðslna til íslenskra áhafnarmeðlima, virðast samtals vera tæplega 200 milljón kr. (tekjuskattur og tryggingargjald) vegna þessara kaupskipa sem þessi félög gera út og mönnuð eru að einhverju leyti Íslendingum. Er það að teknu tilliti til sjómannaafsláttar.

Enginn tekjuskattur rennur í ríkissjóð vegna hagnaðar af beinum rekstri umræddra kaupskipa þar sem þau eru öll skráð á erlendar skipaskrár og greiða yfirleitt svokallaðan tonnaskatt í viðkomandi landi (sem kemur í stað tekjuskatts af hagnaði).

Burtséð frá ofangreindu er erfitt að leggja mat á aðra skatta sem renna í ríkissjóð fyrir tilstuðlan þessarar atvinnugreinar, t.d. vegna hliðarstarfsemi í landi. Jafnframt er ekki unnt að leggja mat á þá óbeinu skatta sem renna í ríkissjóð, t.d. í formi neysluskatta, vegna kaupskipaútgerðar. Það er mat vinnuhópsins að kostnaðarsamt sé að afla framangreindra upplýsinga og ekki víst að slíkt bæti einhverju við stöðu málsins eins og hún er þekkt í dag.

Í erlendum skýrslum hefur verið bent á margfeldisáhrif öflugrar kaupskipaútgerðar á starfsemi og atvinnu í landi. Sbr. t.d. norsku skýrsluna, Vilje til vekst–for norsk skipsfart (2004).

Þ.e. að aukning í fjölda skipa á skipaskrá búi til viðbótarstörf í landi og skili þar með auknum heildarskatttekjum. Ekki eru forsendur til að fjalla nánar hér um slík hugsanleg hliðaráhrif, eða að reyna að setja mælikvarða á þau, þar sem slíkt er háð breytilegum forsendum frá einum tíma til annars sem og mörgum óvissuþáttum (t.a.m. framsókn annarra atvinnugreina o.s.frv.).

Ljóst er að beint tap ríkissjóðs yrði umtalsvert ef tekinn yrði upp tonnaskattur og launagjöld niðurgreidd, sbr. kafla 2.3. Ekki er unnt að segja til um hvort þær tekjur tapist hvort sem er með áframhaldandi fækkun íslenskra áhafnarmeðlima kaupaskipa þar sem það ræðst m.a. af því hvort viðkomandi launþegar leita í vinnu út fyrir landsteina eða halda áfram að fá skattskyldar tekjur á Íslandi.

### 1.4. Reglur ESB um ríkisaðstoð til sjóflutninga.

Framkvæmdastjórn ESB birti nýverið uppfærðar leiðbeiningarreglur um ríkisaðstoð til sjóflutninga (C(2004) 43, Official Journal C13, 17/01/2004 the new Community guidelines on State aid to maritime Transport). Koma þær leiðbeiningarreglur í stað þeirra fyrri frá 1997 og ber á sama hátt að endurskoða nýju reglurnar að sjö árum liðnum (2011).

Samkvæmt reglunum má eingöngu veita ríkisstyrki vegna flutningaskipa sem skráð eru á skipaskrá einhverra aðildarríkja ESB eða EFTA. Þetta er mjög mikilvægt atriði því það segir að ætli þjóð að taka upp sérstakar stuðningsaðgerðir við siglingar er nauðsynlegt að ramma þær inn í skipaskrá viðkomandi ríkis. Aðferðir við að veita ríkisstyrkina eru mismunandi innan aðildarríkjanna, en yfirleitt eru þær í formi skattaívilnana (t.d. tonnaskattur). Eins og áður sagði er ávallt gerð krafa um að skip séu skráð á skipaskrá innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í leiðbeiningarreglunum er vakin athygli á mikilvægi sjóflutninga fyrir evrópskt efnahagslíf og að 90% af öllum viðskiptum milli aðildarríkja ESB og heimsins eigi sér stað með tilstilli sjóflutninga. Tilgangur reglnanna er að leggja línur um hvernig megi veita ríkisaðstoð til sjóflutninga án þess að samkeppni milli aðildarríkjanna sé raskað um of. Jafnframt er í reglunum fjallað um hvaða málsmeðferðarreglum beri að fylgja varðandi veitingu ríkisaðstoðar til sjóflutninga. Tekið er fram að takmarka beri ríkisaðstoð við það sem nauðsynlegt er til að ná fram settu markmiði (sbr. meginregluna um „proportionality“) og að veiting aðstoðarinnar verði að vera gagnsæ (sbr. meginregluna um „transparency“).

Þar sem veiting ríkisaðstoðar er almennt óheimil er rétt að tiltaka rökin fyrir því að heimila vissa ríkisaðstoð til sjóflutninga. Samkvæmt hinum leiðbeinandi reglum ESB eru þau eftirfarandi:

- til að tryggja örugga, hagkvæma og umhverfisvæna sjóflutninga
- til að hvetja til skráningar (eða endurskráningar) á skipaskrár aðildarríkja ESB og EFTA
- til að viðhalda og bæta verkkunnáttu og þekkingu á sviði sjóflutninga og efla atvinnumöguleika evrópskra sjómanna.

Reglur ESB gera engan greinarmun á því hvort styrkþegi sé opinber aðili eða aðili í einkarekstri. Almennt er ekki litið á opinbera fjárfestingu í grunnmannvirkjum (infrastructure) sem ríkisaðstoð, að því gefnu að aðgengi að mannvirkinu sé öllum opinn á jafnræðisgrundvelli. Jafnframt er ekki um ríkisaðstoð að ræða ef opinber fjárstuðningur er í samræmi við markaðsfjárfestiregluna (þ.e. er veittur á eðlilegum markaðsforsendum með gefinni arðsemiskröfu).

**1.5. Yfirlit yfir opnar alþjóðlegar skipaskrár.**

Evrópusambandið hefur nýlega endurnýjað og bætt reglur um, með hvaða hætti aðildarríkjunum er heimilt að styrkja með opinberu fé kaupskipaútgerðir og -siglingar. Ástæður þess að rétt þótti að leyfa ríkisstyrki í þessari atvinnugrein voru að flutningaskipum sem skráð voru á skipaskrár Evrópulandanna hafði fækkað svo ört að hrun þótti blasa við í greininni. Í Evrópusambandinu var það talið algjörlega óviðunandi að allur eða stór meirihluti kaupskipaflotans yrði skráður í löndum utan sambandsins. Sú staða, þýddi einfaldlega að Evrópa yrði algjörlega háð þjóðum utan álfunnar með allan flutning á eigin framleiðslu til annarra landa og allan innflutning til álfunnar. Auk þess var bent á að ESB myndi tapa allri lögsögu um gerð og öryggisbúnað þessara skipa, öll menntun og þekking á þessu sviði myndi hverfa, sem hefði mikið atvinnuleysi í för með sér bæði á sjó og í landi. Við þetta bættist sú ógn að ef til ófriðar kæmi þá gæti álfan orðið varnarlaus um aðdrætti í einu vetfangi.

Það er satt að segja litið á stöðu mála sem neyðarástand sem réttlæti ríkisafskipti, aðallega í formi skattahagræðis, stuðnings við grunnmenntunina o.s.frv. Fram kemur í greinargerð með nýju leiðbeiningarreglunum um ríkisaðstoð til sjóflutninga, að tekist hafi að halda í horfinu og er það talinn viss árangur en jafnframt sýna nauðsyn þess að heimila ríkisstyrki í greininni enn um sinn. Sjá viðauka II.

**1.6. Aðgerðir nágrannalandanna.**

Hér á eftir eru nokkur dæmi um hvaða leiðir þjóðir á EES svæðinu hafa farið í þessu efni. Færeyjar eru reyndar ekki í EES, en eru teknar með hér þar sem að þær hafa verið dregnar fram í umfjöllun hagsmunaaðila:

**FAS – Færeyjar.**

**Færeyingar hafa alþjóðlega skipaskrá (FAS) þar sem kveðið er á um eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| *Fyrirtæki:* | Stofna verður fyrirtæki í Færeyjum. |
| *Starfsmenn:* | Þurfa ekki að vera færeyskir borgarar nema skipstjóri sem möguleiki er að fá undanþágu fyrir. |
| *Skattar:* | Fyrirtækið fær endurgreiddan að stærstum hluta tekjuskatt starfsmanna. Í dag er tekjuskattur 35% og endurgreiðsla 28% til útgerðar. Reiknað er með að „Tonnage tax system“ verði tekið upp innan tíðar. |
| *Eftirlit og skoðanir:* | Framselt að mestum hluta til flokkunarfélaga. |
| *Ath.:* | Færeyjar eru ekki innan EES. |

**DIS – Danmörk.**

**Danir hafa alþjóðlega skipaskrá (DIS) þar sem kveðið er á um eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| *Fyrirtæki:* | „Raunverulegt“ útgerðarfyrirtæki verður að vera í Danmörku. |
| *Starfsmenn:* | Þurfa ekki að vera danskir borgarar nema skipstjóri sem verður að vera danskur ríkisborgari. |
| *Skattar:* | Engin tekjuskattur er greiddur af áhöfn. Erlend áhöfn þarf þá að greiða skatt í sínu heimalandi þó um tvísköttunarsamband sé að ræða milli viðkomandi ríkja. „Tonnage tax system“ er til staðar. |
| *Eftirlit og skoðanir:* | Framselt að mestum hluta til flokkunarfélaga. |

**NIS – Noregur.**
**Noregur er með alþjóðlega skipaskrá (NIS) þar sem kveðið er á um eftirfarandi:**

*Fyrirtæki:* Ekki er nauðsynlegt að stofna fyrirtæki í Noregi. Nægjanlegt að hafa umboðsaðila til að annast samskipti við yfirvöld.

*Starfsmenn:* Þurfa ekki að vera norskir borgarar. Skipstjóri þarf að gangast undir námskeið/próf í Noregi.

*Skattar:* Engir skattar á útgerð í Noregi. Áhafnarmeðlimir greiða tekjuskatt í sínu heimalandi.

*Eftirlit og skoðanir:* Framselt að mestum hluta til flokkunarfélaga.

*Ath:* Skip sem tilheyra NIS-skráningunni eru ekki viðurkennd innan ríkisstyrkjareglna EES og hafa því ekki leyfi til gestaflutninga innan EES.

**IOM – Mön.**
**Mön er með alþjóðlega skipaskrá (IOM) þar sem kveðið er á um eftirfarandi:**

*Fyrirtæki:* Ekki er nauðsynlegt að stofna fyrirtæki á Mön. Nægjanlegt er að hafa umboðsaðila til að annast samskipti við yfirvöld.

*Starfsmenn:* Þurfa ekki að vera breskir borgarar.

*Skattar:* Engir skattar á útgerð á IOM. Áhafnarmeðlimir greiða tekjuskatt í sínu heimalandi.

*Eftirlit og skoðanir:* Framselt að nokkrum hluta til flokkunarfélaga.

**GIS – Þýskaland.**
**Þjóðverjar hafa alþjóðlega skipaskrá (GIS) þar sem kveðið er á um eftirfarandi:**

*Fyrirtæki:* Nauðsynlegt er að hafa fyrirtæki í Þýskalandi sem uppfylla ákveðin skilyrði.

*Starfsmenn:* Þurfa ekki að vera þýskir borgarar. Skipstjóri þarf að vera EES borgari og uppfylla ákveðin skilyrði.

*Skattar:* Fyrirtækið fær endurgreiddan að stærstum hluta tekjuskatt starfsmanna. „Tonnage tax system“ er val útgerðar.

*Eftirlit og skoðanir:* Framselt að mestum hluta til flokkunarfélaga.

**NSI – Holland.**
**Hollendingar hafa alþjóðlega skipaskrá (NSI) þar sem kveðið er á um eftirfarandi:**

*Fyrirtæki:* Nauðsynlegt að hafa fyrirtæki í Hollandi sem uppfylla ákveðin skilyrði.

*Starfsmenn:* Þurfa ekki að vera hollenskir borgarar. Skipstjóri þarf að vera EES borgari og uppfylla ákveðin skilyrði.

*Skattar:* Fyrirtækið fær endurgreiddan að stærstum hluta tekjuskatt starfsmanna. „Tonnage tax system“ er val útgerðar.

*Eftirlit og skoðanir:* Framselt að mestum hluta til flokkunarfélaga.

**Antiguga.**

**Antiguga er með alþjóðlega skipaskrá þar sem kveðið er á um eftirfarandi:**

*Fyrirtæki:* Þarf að stofna fyrirtæki á Antiguga. Stjórnarmenn geta verið hvaðan sem er. Umboðsaðili er í Þýskalandi (konsúll).

*Starfsmenn:* Engar kröfur um þjóðerni.

*Skattar:* Engir skattar á útgerð á Antiguga. Áhafnarmeðlimir greiða skatt í sínu heimalandi.

*Eftirlit og skoðanir:* Framselt að öllum hluta til flokkunarfélaga.

**Kýpur**

**Kýpur er með alþjóðlega skipaskrá þar sem kveðið er á um eftirfarandi:**

*Fyrirtæki:* Þarf að stofna fyrirtæki á Kýpur. Stjórnarmenn geta verið hvaðan sem er. Umboðsaðili þarf að vera á Kýpur.

*Starfsmenn:* Engar kröfur um þjóðerni.

*Skattar:* Engir skattar á útgerð á Kýpur. Áhafnarmeðlimir greiða skatt í sínu heimalandi.

*Eftirlit og skoðanir:* Framselt að öllum hluta til flokkunarfélaga.

**2. Dæmi um hugsanlegar leiðir.**

Í máli sumra viðmælenda hópsins kom fram að þeir teldu ástæðulaust að stofna alþjóðlega skipaskrá hér á landi. Var það skoðun þeirra að ná mætti sama árangri með því að grípa til einhliða skattaívilnana til íslenskra farmanna hvar sem þeir starfa í heiminum. Vinnuhópurinn getur tekið undir að aðgerðir af þessum toga dygðu til þess að jafna samkeppnisstöðu íslenskra farmanna til starfa á heimsvísu. Þær duga aftur á móti engan veginn til að snúa þróun undanfarinna ára auk sem þær eru óraunhæfar að mati starfshópsins. Alls staðar á EES svæðinu eru styrkir eða ívilnanir sem ríki veita þessum atvinnugreinum bundnar skipum sem skráð eru á skipaskrár viðkomandi ríkis. Jafnframt má leiða má líkum að því að þau hliðaráhrif sem verið er að sækjast eftir skili sér ekki nema með stofnun alþjóðlegrar skipaskár.

Starfshópurinn telur að ef koma eigi til móts við óskir atvinnugreinanna um íslenska alþjóðlega skipaskrá sé það ljóst að stíga verði talsvert stórt skref ef gera eigi hana samkeppnishæfa við erlendar skipaskrár í nágrannalöndum okkar og víðar. Ástæða þessa er sú að neðar verður varla komist miðað við stöðu þessarar greinar á Íslandi í dag og því þarf tiltölulega mikið til að árangur náist.

Írar stóðu frammi fyrir svipaðri stöðu árið 2000 en þá voru eingöngu um 50 skip eftir á írsku skipaskránni. Þeir tóku þann kostinn að hella sér út í samkeppnina og breyttu skipaskrá sinni með róttækum aðgerðum í þá samkeppnishæfustu í Evrópu fyrir tveimur árum. Meginmarkmið þeirra sem og flestra annarra er að ná sem flestum störfum og starfsemi í landi tengdum siglingum því þar verður hinn virkilegi virðisauki fyrir þjóðfélögin. Forsenda þess er þó sú að ná sem flestum skipum á skipaskrá, en í henni koma yfirleitt fram skilyrði um staðsetningu höfuðstöðva o.s.frv. Skatttekjur viðkomandi ríkja af skipunum sjálfum eru hins vegar óverulegar því samkeppnin um þau er slík á heimsvísu. Tekjuskattar og launagjöld farmanna eru einnig stórlega niðurgreidd. Það sama myndi gilda á Íslandi ef farið yrði út í slíkar stórtækar aðgerðir.

Í þessum kafla verður leitast við að setja fram hugsanlega nýja skipan þessara mála hér á landi. Sett eru fram markmið, bent á kosti og galla og sýnt fram á í hverju aðgerðir verða að felast í grundvallaratriðum svo vænta megi einhvers árangurs. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt við þetta. Þetta eru leiðir sem flestar nágrannaþjóðir okkar hafa farið og þær taka mið af þeim ramma sem ESB hefur sett um ríkisstyrki af þessu tagi. Það er reyndar svo að reynslan sýnir að aðferðirnar hafa víða dugað til þess að stöðva hnignun atvinnugreinarinnar og sumstaðar hefur þróuninni verið snúið við. Til að mynda hafa Írar horft á 70% aukningu í fjölda skipa og störfum hefur fjölgað um 17% frá byrjun árs 2003. Benda verður á að hér er um samkeppnismarkað að ræða. Því getur aldrei orðið um „statískt" ástand að ræða þannig að sveigjanleiki verður að vera fyrir hendi hjá stjórnvöldum til þess að bregðast við utanaðkomandi breytingum.

Staðan hér er þó með þeim hætti að mikil óvissa er um hvernig til tekst. Fyrsta markmiðið er að ná inn á íslenska skipaskrá skipum í áætlunarsiglingum til Íslands og öðrum skipum sem eru í eigu íslenskra aðila. Ef frekari árangur næst gæti orðið um útflutningsatvinnuveg að ræða sem gæti skapaði umtalsverðar tekjur fyrir hið íslenska þjóðarbú.

Samkvæmt leiðbeinandi reglum ESB um ríkisaðstoð til sjóflutninga er hámarks leyfilegur ríkisstyrkur lækkun skatta og launatengdra gjalda, af sjófarendum og starfsemi tengdri skipunum, niður í núll. Um þetta var nánar fjallað í kafla 1.4. Þær aðgerðir sem hér eru nefndar taka mið af þessari grundvallarforsendu.

**2.1. Markmið.**

Markmið allra aðgerða stjórnvalda á þessu sviði, verði í þær ráðist, ætti að vera mjög skýrt og einfalt að mati vinnuhópsins og það er að auka samkeppnishæfni íslenskra sjóflutninga. Þá er átt við bæði íslensk skipafélög og farmenn. Tengt þessu hlýtur að vera annað veigamikið markmið um að skapa aðstæður í landi fyrir aukna samkeppnishæfni hliðartengdra greina þ.m.t. menntunar og annarrar þjónustutengdrar starfsemi. Hér er vitanlega mest að sækja fyrir þjóðfélagið í heild sinni.

Takist ekki að ná fram einhverjum árangri, sbr. þau markmið sem að hér eru sett fram má búast við því að:

a. Stétt íslenskra farmanna mun minnka og svo til hverfa. Tvenns konar þróun er möguleg, þ.e. annars vegar sú sem tekur lengri tíma en vinnuhópurinn hefur ekki gert áætlun um hvað þetta gerist á mörgum árum sem væri þó hægt sé litið til aldurssamsetningar hennar og núverandi endurnýjunar. Hinn möguleikinn er að skipafélögin taki ákvarðanir sem myndu leiða til þess að þetta gerðist mjög snöggt.
b. Vinnuhópurinn hefur ekki forsendur til að meta líkurnar á því að skipafélögin sem hér eru staðsett flytji höfuðstöðvar sínar til annarra landa þar sem aðstæður kynnu að vera hagkvæmari. Núverandi skattaumhverfi bendir ekki til þess að svo geti orðið, en þetta er þó þróun sem þekkt er erlendis.
c. Skatttekjur ríkisins af íslenskum farmönnum mun minnka verulega sbr. kafla. 1.3.2.
d. Þekking í landinu á atvinnugreininni mun minnka verulega og minni ástæða virðist til að halda uppi öflugu námi sem tengist henni beint.

Takist hins vegar að ná árangri í þeim markmiðum sem hér hafa verið sett fram má ætla að:

a. Íslenskum farmönnum mun fjölga.
b. Ungt fólk mun fara á nýjan leik að sækjast eftir þessari menntun.

c. Í framtíðinni vaxa möguleikar á því að afleidd starfsemi í landi aukist verulega en forsenda þess er að ungt vel menntað fólk fáist til starfa sem hefur sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum siglinga.
d. Náist framangreint er þess að vænta að tekjur ríkisins af virðisaukandi starfsemi aukist. Eins og áður sagði hefur starfshópurinn ekki lagt vinnu í að meta þessi áhrif eða líkurnar á að árangur náist. Um er að ræða umfangsmikið verkefni sem krefst sérfræðiþekkingar sem myndi kosta töluverða fjármuni og e.t.v. rennt nokkuð blint í sjóinn. Hér verður aðeins bent á að Írar létu framkvæma slíka skoðun og niðurstaða hennar var umtalsverður ábati ríkissjóðs af hliðartengdri starfsemi sem nú virðist reyndar vera að ganga eftir samkvæmt nýjustu heimildum.

**2.2. Aðferðir.**

Aðferðirnar til þess að styrkja siglingar eru markaðar í ríkisstyrkjareglum EES og er í grundvallaratriðum um að ræða þrjá flokka:

a. Skattaleg meðferð skipafyrirtækja (hér er átt við fyrirtæki sem fyrst og fremst eiga og reka skip og ekki annað) Styrkjareglurnar krefjast þess að um sé að ræða tengsl við flagg viðkomandi þjóðar innan EES þó mögulega sé hægt að víkja undan því skilyrði sé hægt að sýna fram á raunveruleg viðskiptaleg tengsl (economic link).
b. Launatengd gjöld. Lækkun tekjuskatta og launatengdra gjalda fyrir farmenn af EES-þjóðerni ef skip eru skráð í EES.
c. Menntun og þjálfun: Hægt er að veita styrki til menntunar og þjálfunar EES-farmanna um borð í EES-skráðum skipum. Hægt er einnig að veita undanþágu frá þessu gagnvart ríkisborgurum utan EES ef ekki fæst mannskapur með öðrum hætti.

**2.3. Skattar og launatengd gjöld.**

Vinnuhópurinn telur að ekki sé þörf á að fjalla um frekari útfærslu á hugmyndum um skattleysi farmannanna sjálfra. Þetta er að vísu óaðskiljanlegur hluti af þessum aðgerðum, en tæknilega væntanlega frekar auðvelt í framkvæmd og þekkt sbr. núverandi sjómannaafslátt.

Eins og áður sagði miða ríkisstyrkjareglur EES við að hægt sé að styrkja kaupskipaútgerð upp að þeim mörkum að tekjuskattur skipafélaga af skipatengdri starfsemi fari í núll og farmennirnir séu í reynd skattlausir. Hér á eftir er í stuttu máli fjallað um hvernig þetta hefur verið túlkað af aðildarþjóðunum og heimilað af framkvæmdastjórn ESB. Umfjöllunin á aðeins að gefa bendingar um hvernig þetta gæti verið uppbyggt, en þetta er ekki tæmandi útfært kerfi af hálfu vinnuhópsins.

Flestar þjóðir hafa farið þá leið að setja á það sem að kalla mætti tonnaskatt (tonnage tax) á nánar skilgreind skipafyrirtæki (qualifying companies) sem skuldbinda sig til þess að reka fyrirtækin frá viðkomandi landi (strategic and commercial management).

Hugtakið tonnaskattur er einfalt. Sé hann settur á hafa fyrirtækin möguleika á að velja milli þess að búa við núverandi skatta á hagnað fyrirtækja á Íslandi eða þess í stað velja tonnaskatt sem tekur ekkert mið af hagnaði fyrirtækjanna en leggst þess í stað einfaldlega sem krónutala á hvert tonn sem skipafélagið hefur yfir að ráða. Hann verður að greiða hvort sem fyrirtækið er rekið með hagnaði eða ekki. Skattur þessi er yfirleitt mjög lágur sem ræðst af alþjóðlegum samkeppnismarkaði þjóða í milli.

Samkvæmt upplýsingum sem vinnuhópurinn hefur aflað sér er tonnaskatturinn hæstur í Noregi af Evrópulöndunum en ríkisstjórnin þar í landi mun nú þegar hafa ákveðið að lækka

hann. Samkvæmt mati er skatturinn í Noregi nú umreiknaður um 12% (effektiv skattesats) en til að mynda í Hollandi aðeins 0,1–1,7% og enn lægri í Írlandi. Á 2.000 tonna skip af gerðinni AHTS er hann til samanburðar 15.000 NOK í Noregi en aðeins 5.647 NOK í Írlandi. Samsvarandi tölur fyrir 14.000 tonna skip af gerðinni HANDYMAX eru 174.600 NOK í Noregi en 31.460 NOK í Írlandi sem er eins og áður sagði hagkvæmasta skipaskráin í Evrópu um þessar mundir. Augljóst er að tonnaskattur skilar til ríkissjóðs litlum tekjum og þá aðeins ef um verulegan fjölda skráðra skipa er að ræða.

Vinnuhópurinn telur að ef ráðist verði í það að setja á tonnaskatt á Íslandi séu engin rök til annars en að hann verið eins lágur og mögulegt er og þá er væntanlega hægt að líta til Írlands í því sambandi. Þetta er eina mögulega leiðin eigi að ná árangri, sérstaklega í ljósi hinnar slæmu stöðu íslenskrar skipaskrár í dag.

Til þess að eiga möguleika á að skrá skipafyrirtæki í íslenska alþjóðlega skipaskrá verður væntanlega að setja ýmis skilyrði. Þau helstu gætu verið þessi:

a. Raunveruleg viðskiptatengsl séu við viðurkennd fyrirtæki á Íslandi (strategic and commercial management). Með þessu er átt við að skipið sé með íslenskt flagg, sem þó væri hægt að gera undantekningu á séu viðskiptaleg tengsl nægjanleg að öðru leyti, viðskiptalegar og rekstrarlegar ákvarðanir teknar á Íslandi, mannaráðningar og annað sem að því snýr gert á Íslandi, ákvarðanir um tæknileg málefni svo sem klössun, viðhald og viðgerðir teknar á Íslandi og fleira mætti nefna.
b. Reki viðurkennd skip, oft m.v. stærri en 100 tonna flutningaskip, farþegaskip og þjónustuskip. Ekki reiknað með að fiskiskip eða verksmiðjuskip svo eitthvað sé nefnt gefist kostur á þátttöku. Skipið þarf að vera viðurkennt af íslenskum yfirvöldum og hafa öll sín leyfi í lagi.
c. Gerðar kröfur um EES-áhöfn eins og framast er unnt.
d. Taki til að mynda þátt í þjálfunarátaki sem miðar að því að íslenskir nemendur eigi þess kost að fá nauðsynlega verklega þjálfun.
e. Tonnaskattur dekki eingöngu starfsemi félagsins sem flokka mætti undir siglingar (sea-going activites). Hér er átt við flutning skips á vörum og farþegum frá einni höfn til annarrar í grundvallaratriðum.
f. Fyrirtækið þarf að skuldbinda sig um eitthvert árabil og er oft m.v. 10 ár en þó er þekkt að endurskoðunarákvæði geta verið á tímabilinu. Viss rök get verið fyrir því að leyfa fyrirtækjum að nýta sér núverandi skattkerfi fyrst í stað þegar að nýtt skip er keypt og afskriftir eru miklar t.d. fyrstu 3 árin.
g. Fjármagnstekjuskatti af kaupum og sölu skipa er sleppt. Undir þessu mætti nefna ýmis mjög flókin skattlega atriði af ýmsu tagi sem öll þarfnast nánari útfærslu.
h. Mikilvægt er að kerfið sé þannig uppbyggt að það sé gegnsætt og einfalt.

Koma þarf á fót starfsemi í landi sem hefði það sem verkefni að sjá um málefni er tengdust íslenskri alþjóðlegri skipaskrá. Verkefni hennar væri að markaðsfæra hana og efla og veita þá þjónustu við greinina sem með þarf. Leyfisveitingar, eftirlit og annað kerfislegt þarf að gera eins einfalt og þjált sem mögulegt er. Það er skoðun starfshópsins að þetta sé ein af forsendum þess að vel takist til verði ákveðið að taka upp nýtt kerfi. Því er samt ekki að leyna að hætta er á að lítil alþjóðleg skipaskrá geti reynst í byrjun dýr í rekstri og hefur heyrst að hún þurfi að innihalda 50–100 skip til þess að beinn rekstur geti talist hagkvæmur. Þetta fer þó allt eftir hvernig á málum er haldið og hvort takist að samnýta mannafl og annað sem hvort sem er fyrir hendi í kerfinu í dag.

Hér hafa verið rakin nokkur atriði sem geta varpað nokkru ljósi á þá hugmyndafræði sem að hér stendur að baki. Mikla sérfræðiþekkingu þarf hins vegar til að útbúa slíkt kerfi svo tæmandi sé. Slíkt er eingöngu á færi sérfræðinga í skattamálum og rekstri skipafélaga. Vinnuhópurinn telur hins vegar að þessi umfjöllun dugi til þess hægt sé að taka ákvörðun í máli þessu.

Hér í lokin er rétt að minnast á tvö atriði sem rétt er að hafa í huga verði ráðist í að stofna íslenska alþjóðlega skipaskrá og geta orkað tvímælis. Í fyrsta lagi má nefna að hugsanlegir ríkisstyrkir með eftirgjöf skatta til kaupskipaútgerða gæti skotið dálítið skökku við þegar horft er til þess að tvö stærstu félögin í atvinnugreininni eru og hafa verið rekin með hagnaði á síðustu árum. Horfur benda einnig til þess að reksturinn muni skila jákvæðri niðurstöðu með hliðsjón m.a. af vaxandi umsvifum í íslensku efnahagslífi á næstu árum. Þetta er auðvitað sama staða og hjá öðrum þjóðum sem hafa tekið upp samkeppnishæfa skipaskrá. Tilgangurinn er að byggja upp stétt innlendra farmanna, öfluga þekkingu og hliðtengda starfsemi í landi og þannig auka tekjur þjóðarbúsins enn frekar, en eins og áður sagði þetta getur orkað tvímælis í umræðunni sé ekki litið á málið í heild sinni.

Í öðru lagi ef farið verður í það að athuga möguleika á tonnaskatti til kaupskipaútgerða og afnámi niðurfellingu skatta og gjalda á farmenn er ef til vill nauðsynlegt á sama tíma að kanna hvernig slíkt gæti snert samkeppnisreglur í völuflutningum á sjó til og frá landinu. Í þessu sambandi ber að líta til þess að til greina koma nokkur skipafélög en ekki öll hvað varðar veitingu styrkja. Það félag eða félög í rekstri Íslendinga sem ekki myndu njóta styrkja þar sem þau manna skipin útlendingum gætu kvartað til Samkeppnisstofnunar á grundvelli þess að verið væri að hygla að sumum félögum en ekki öllum. Vinnuhópurinn er þeirrar skoðunar að sé forsendum ríkisstyrkjareglna EES fullnægt og fyrir liggi heimild frá ESA þurfi ekki að óttast málatilbúnað af þessu tagi frekar en hjá öðrum Evrópuþjóðum. Vissulega er þó sá möguleiki fyrir hendi að einhver láti reyna á rétt sinn á þessu sviði.

### 2.4. Menntun og þjálfun.

Frá 8. áratugnum hefur sjómönnum í Evrópu á farþegaskipum og flutningaskipum fækkað mjög. Má einkum rekja það til þess að skipum hefur fækkað og þau stækkað og aukin samkeppni hefur komið frá ríkjum utan Evrópu um störfin. Í flestum löndum Evrópu hefur ríkisborgurum þeirra á skipum sem þar eru skráð fækkað um 30–50% en ríkisborgurum utan Evrópu fjölgað. OECD telur að á milli 2000 og 2010 muni yfirmönnum á þessum skipum fækka um 46.000. Fækkun sjómanna og minni aðsókn í sjómannaskóla er ekki sérislenskt fyrirbæri. Þann 6. apríl 2001 lagði framkvæmdastjórn ESB fram skjal um „Communication from the commission to the Council and the European Parliament on training and recruitment of seafarers of seafarers". Í þessu skjali eru nokkurs konar fyrstu tillögur um að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir fækkun starfa ríkisborgara ESB á sjó, en frá 1984 hefur þeim sem eru ESB ríkisborgarar og starfa á sjó fækkað um 40%. Ástæður þess eru sagðar vera tvær, þ.e. sú stefna útgerða að ráða þá sem ekki eru ESB ríkisborgarar til starfa til að draga úr launakostnaði og að félagslegar aðstæður letji ungt fólk til starfa á sjó. Jafnframt er því haldið fram að dregið hafi úr menntunarstigi sjómanna. Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt til að gripið verði til aðgerða, t.d. að settar verði reglur um að útlendingar skuli vera í ESB stéttarfélögum og njóta kjara samkvæmt kjarasamningum þeirra, kynna sjómannsstarfið, bæta aðstæður um borð svo sem læknisþjónustu (telemedicine), að bæta menntun og þjálfun sjómanna og að auka rannsóknir. Til mikils er að vinna því sjóflutningar eru vaxandi atvinnu-

grein. International Chamber of Shipping telur að skipafloti heimsins muni tvöfaldast milli áranna 1996 og 2010.

Ennfremur er ESB að vinna að sérstöku átaki til að auka sjóflutninga á styttri sjóleiðum (short sea shipping) einkum með það að markmiði að minnka vöruflutninga á vegum í Evrópu. ESB hefur einnig viðurkennt að ráðning evrópskra sjómanna sé í beinni samkeppni við áhafnir frá þriðja heiminum. Leiðbeiningar ESB um ríkisstyrki til sjóflutninga heimilar því að fella megi niður skatta og launatengd gjöld af sjómönnum á þessum skipum.

Írland hefur í sínum aðgerðum byggt á því að tilteknir sjómenn sem nánar eru skilgreindir í lögum njóti undanþága frá skatti og gjöldum frekar en að byggja á endurgreiðslukerfi. Með því móti skapist meira peningastreymi hjá skipafélögunum og þá sparist tími og eftirlit hjá útgerðunum, launþegunum og skattyfirvöldum. Með hinu nýjum aðgerðum var miðað við að skattaafsláttur (Tax Free Allowances) hækkaði úr 5000 Irp í 15.000 Irp og að þeir sjómenn sem voru í meira en 183 daga á ári í erlendum sjóflutningum væru undanþegnir tekjuskatti.

Sú menntun og reynsla sem sjómenn hafa skiptir ekki síður máli vegna tengdra starfa í landi því að loknu starfi á sjó fara menn til tengdra starfa í landi, t.d. hjá höfnum, ríki og sveitarfélögum, flokkunarfélögum, skoðunarstofum, sjóflutningafyrirtækjum, skipamiðlunum, ferðaþjónustu, bönkum, tryggingafélögum o.s.frv.

Vinnuhópurinn telur brýnt og í raun forsenda fyrir að vel takist til að fyrir hendi sé víðtæk menntun og þjálfun á sviði siglinga og því sé nauðsynlegt með einhverjum hætti að efla sjómannaskóla hér á landi og hvetja ungt fólk til að hasla sér völl á þeim vettvangi þannig að eðlileg endurnýjun verði í greininni. Slíkt starf, sem m.a. samgönguráðuneyti, menntamálaráðuneyti og hagsmunaðilar þurfa að koma að, getur verið með margvíslegum hætti, t.d. með því að auka kynningu á menntun og störfum farmanna, efla starfsmenntun nema um borð í kaupskipum, styrkja menntun sjómanna, t.d. efla námsgagnagerð og útbúa námsgögn sem hægt er að nota um borð í skipum. Jafnframt er hugsanlegt að samgönguráðuneytið í samvinnu við menntamálaráðuneytið hafi frumkvæði að því að gerður verði samningur með þátttöku Siglingastofnunar Íslands, kaupskipaútgerða og sjómannaskóla um starfsmenntun og starfsþjálfun nema í sjómannaskólum um borð í flutninga- og farþegaskipum, sem er nauðsynlegur þáttur í því að uppfylla kröfur STCW-alþjóðasamþykktarinnar um starfsþjálfun um borð.

**3. Samantekt og niðurstaða.**

Vinnuhópurinn telur að ef koma eigi til móts við óskir atvinnugreinanna þá sé það ljóst að stíga verði talsvert stórt skref í þá átt að gera íslenska skipaskrá samkeppnishæfa við erlendar skipaskrár í nágrannalöndum okkar og víðar. Ástæða þessa er sú að neðar verður varla komist miðað við stöðu þessarar greinar á Íslandi í dag.

Vinna hópsins hefur fyrst og fremst snúist um að ræða við hagsmunaaðila og safna gögnum um stöðu mála á EES svæðinu. Eftirtaldir punktar lýsa megin niðurstöðum starfshópsins.

- Siglingar skipta sérstaklega miklu máli fyrir Ísland því við erum háðir þeim um flesta aðdrætti. Um er að ræða siglingar í mjög viðkvæmu umhverfi sem eru fiskimiðin og strendurnar og því mikilvægt að ekkert fari úrskeiðis. Þekking farmanna hefur eins reynst vera mikilvæg víða í hagkerfinu.
- Vinnuhópurinn telur margt mæla með því að gripið verði til sérstakra aðgerða til að viðhalda og auka menntun fyrir Íslendinga til að starfa um borð í kaupskipum. Sú menntun og reynsla sem sjómenn hafa skiptir ekki síður máli vegna tengdra starfa í landi að loknu

starfi á sjó. Slík störf eru t.d. hjá höfnum sem hafnsögumenn, ríki og sveitarfélögum, flokkunarfélögum, skoðunarstofum, sjóflutningafyrirtækjum, skipamiðlunum, útgerðum, ferðaþjónustu, bönkum, tryggingafélögum o.s.frv. Hætti Íslendingar að mennta sig til farmennsku á kaupskipum mun það hafa áhrif á allt umhverfi sjóflutninga til og frá landinu og möguleikum á að fylgjast með framvindu mála á alþjóðlegum vettvangi.
- Siglingar er atvinnugrein sem er sennilega með þeim allra opnustu fyrir alþjóðlegri samkeppni. Slíkt er auðvitað mikil ógn en gefur jafnframt mikla möguleika sé rétt á málum haldið.
- Núverandi hnignun í íslenskum farmsiglingum, þ.e. fækkun íslensk skráðra skipa og íslenskra farmanna á síðustu árum og áratugum, er staðreynd sem ekki er hægt að líta framhjá. Mætti þar helst jafna til hnignun fornra iðngreina sem löngu eru horfnar eða eru að hverfa. Ástæður þessarar hnignunar eru flóknar og ekki að fullu greindar í þessari skýrslu. Má þó nefna breytingar í verslun, alþjóðavæðing, samkeppni frá ýmsum opnum alþjóðlegum skipaskrám, samkeppni frá erlendum farmönnum sem selja vinnu sína á lægri kauptöxtum, miklum launakostnaði, betri tækni og skipulag í atvinnugreininni.
- Breytingar á skattalögum, sem og aðrar breytingar, á síðustu árum hafa ekki komið í veg fyrir áframhaldandi fækkun íslensk skráðra skipa og íslenskra farmanna. Í fyrri skýrslum hefur verið bent á aðstæður í nágrannalöndum okkar og mismunandi ráðstafanir (ríkisaðstoðarkerfi) sem þar hefur verið gripið til í því skyni að halda í farmsiglingar sem atvinnugrein og halda þarlendum skipum á skipaskrám. Jafnframt hefur í þeim skýrslum verið greint frá þjóðhagslegu mikilvægi farmsiglinga.
- Segja má að lögmálið um eitt verð gildi í siglingum. Leiða má líkum að því að ef ekkert verður aðhafst mun núverandi hnignun stöðvast á einhverju tilteknu árabili nálægt núllpunktinum. Miðað við reynslu undanfarinna ára og óbreytta stöðu mála virðist það óhjákvæmilegt. Benda má á að tilkoma skipafélags sem notar eingöngu leiguskip með erlendri áhöfn í rútusiglingum til Evrópu veldur miklum þrýstingi á breytingar hjá hinum félögunum.
- Vinnuhópurinn hefur áætlað að beinir skattar í ríkissjóð vegna launagreiðslna til íslenskra áhafnarmeðlima kaupskipa, virðast samtals vera tæplega 200 m.kr. (tekjuskattur og tryggingargjald). Ekki er unnt að segja til um hvort þær tekjur tapast að einhverju leyti með áframhaldandi fækkun íslenskra áhafnarmeðlima kaupaskipa þar sem það ræðst m.a. af því hvort viðkomandi launþegar leita í vinnu út fyrir landsteina eða halda áfram að fá skattskyldar tekjur á Íslandi. Einnig er ekki unnt að segja til með vissu um áhrif á óbeina skatta í ríkissjóð haldi ofangreind þróun áfram.
- Bent hefur verið á að rökin sem lögð voru fram þegar að fjármagnstekjuskatturinn var lækkaður séu í reynd þau sömu og nota má vegna farmsiglinga. Skipin séu hreyfanleg líkt og fjármagnið.
- ESB viðurkennir að fækkun skipa á skipaskrám innan ESB sé áhyggjuefni og hefur í því skyni gefið út leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til sjóflutninga („Maritime State Aid Guidelines“) sem nýlega er búið að endurnýja. Stuðningsaðgerðir Evrópuríkjanna eru háðar samþykki viðkomandi eftirlitsstofnana í Brussel og eru því undir löglegum formerkjum.
- Í Noregi, Danmörku og Svíþjóð eru siglingar blómstrandi útflutningsatvinnuvegur og í tveimur þeirra í öðru og þriðja sæti hvað varðar gjaldeyristekjur.
- Í Bretlandi er talið að 70% af tekjum þjóðarbúsins af siglingum komi fram í landi þ.e. í tengdum greinum.

- Færeyingar hafa sett upp alþjóðlega skipaskrá með verulegum skattaafslætti sem gert hefur það að verkum að þeim hefur tekist að halda í nær öll sín kaupskip. Auk þess er eitt af okkar kaupskipum þar skráð þurrleiguskráningu þ.e. Keilir.
- Í Írlandi hafði kaupskipaflotinn helmingast frá 1990–2000. Árið 2002 tóku þeir upp mjög öfluga alþjóðlega skipaskrá með verulegum hliðarráðstöfunum og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Nú hefur skipastóllinn aukist um 70% og atvinnutækifærum í greininni fjölgað um 17% og sú þróun virðist halda áfram. Fyrirtækjaskattur á Írlandi er hinn lægsti í Evrópu eða 12,5%.
- Í skýrslunni hefur verið greint frá því hver er líkleg þróun ef ekkert verður aðhafst. Hópurinn telur víst, að viss svið atvinnugreinarinnar muni blæða út á tilteknum tíma. Frammi fyrir þessum kosti standa stjórnvöld í dag án nokkurs vafa.
- Greint hefur verið frá að hin leiðin í þeirri stöðu sem er uppi núna snúist um að reyna að jafna samkeppnisstöðu íslenskra kaupskipaútgerða í samanburði við önnur lönd í Evrópu. Þetta þýðir að setja verði á fót íslenska alþjóðlega skipaskrá. Auðvitað er óvíst er hvaða áhrif stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár hefði hér á landi fyrir atvinnugreinina. Ljóst er að slík skrá ein og sér hefur sama sem engin áhrif til að snúa við ofangreindri þróun. Ef íslensk alþjóðlegri skipaskrá á að hafa einhver áhrif þurfa henni að fylgja ríkisstyrkir af einhverju tagi í samræmi við leiðbeinandi reglur ESB um ríkisaðstoð til sjóflutninga. Þarf slíkt ríkisaðstoðarkerfi (state aid scheme), sem tilkynna þarf Eftirlitsstofnun EFTA og fá samþykkt, að vera vel ígrundað og útfært ef slík skipaskrá á að hafa tilætluð áhrif og jafnvel geta keppt við aðrar skipaskrár í Evrópu. Jafnframt þarf við þá útfærslu að gæta að jafnræði við aðrar greinar atvinnulífsins sem ekki njóta sérstakra ríkisstyrkja.
- Ef niðurstaðan verður sú að leggja grunn að íslenskri alþjóðlegri skipaskrá verður samhliða að útfæra slíkt ríkisaðstoðarkerfi. Er það að mati starfshópsins sjálfstætt úrlausnarefni. Er við þá vinnu hægt að hafa hliðsjón af þeim ríkisaðstoðarkerfum til sjóflutninga sem samþykkt hafa verið í nágrannalöndum Íslands og greint er frá í kafla 1.6 þessa minnisblaðs. Eins og þar kemur fram eru slík ríkisaðstoðarkerfi til sjóflutninga í nær öllum tilvikum í formi skattaívilnana til útgerða og sjómanna ásamt styrkjum til menntunar- og þjálfunaraðgerða. Mismunandi er m.a. hvort skattaívilnunin nær eingöngu til innlendra sjómanna eða ekki.

## Fylgiskjal II.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá.**

Megintilgangur með þessu frumvarpi er að stuðla að skráningu kaupskipa á Íslandi. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á stofn íslensk alþjóðleg skipaskrá sem verði vistuð hjá Siglingastofnun Íslands. Á skipaskrá verður heimilt að skrá kaupskip í millilandasiglingum og er markmiðið fyrst og fremst að kaupskip íslensku útgerðanna skrái skipin hér á landi í stað þess að þau séu skráð erlendis og sigli undir erlendum þjóðfána. Einnig er með þessu stefnt að því að erlendar kaupskipaútgerðir sjái hag sinn í því að skrá skip sín hér á landi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu útgjöld ríkissjóðs aukast um 5 m.kr. á ársgrundvelli og gert er ráð fyrir að það muni rúmast innan langtímaáætlunar ríkisfjármála.

## 1014. Svar [595. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*
2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Í kjölfar samþykktar byggðaráætlunar 2006 hefur ráðherra ákveðið að opna útibú frá þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins við Háskólann á Akureyri. Áætlað er að útibúið verði opnað í apríl nk. og að þar muni fyrst um sinn starfa fjórir til sex starfsmenn. Ef áframhald verður á stöðugri aukningu verkefna hjá þýðingamiðstöð gerir ráðuneytið ráð fyrir nokkurri fjölgun starfsmanna á Akureyri á næstu árum.

Ekki er gert ráð fyrir frekari fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni ef undan er skilin möguleg starfsemi á öryggissvæði við Keflavíkurflugvöll.

## 1015. Svar [592. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um öryggisráðstafanir vegna barnaníðinga.

1. *Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta öryggi borgaranna gagnvart barnaníðingum, t.d. þegar þeir afplána hluta dóms utan veggja fangelsis?*

Um áramót varð mikil breyting á lögregluumdæmum landsins. Markmiðið er að stórefla starf lögreglunnar, ekki síst getu hennar til rannsóknar mála með aukinni sérhæfingu lögreglumanna. Í langstærsta umdæminu, á höfuðborgarsvæðinu, hafa svo ákveðin skref verið stigin og má nefna að þar hefur nú verið stofnuð sérstök deild sem eingöngu sinnir rannsókn kynferðisbrota.

Lögregla og fangelsisyfirvöld stefna nú að aukinni samvinnu, einkum að því er varðar afplánunarfanga sem leyfi fá til að ljúka afplánun utan fangelsisveggja. Skipst verður á upplýsingum og metið í hverju tilviki hvernig unnt er að líta sem öruggast og best eftir þeim sem eru að ljúka afplánun.

Mikið eftirlit er með föngum sem ljúka afplánun í tengslum við áfangaheimili Verndar, starfsmenn heimilisins fylgjast með föngum og fangaverðir fylgjast með vinnustöðum. Áfangaheimili Verndar hefur gefið mjög góða raun við aðlögun refsifanga að lífinu utan múranna og illt væri ef í framtíðinni yrði að hverfa frá því fyrirkomulagi. Það er a.m.k. ljóst að í framtíðinni munu fangelsisyfirvöld leggja enn meiri vinnu en áður í að meta hvort hætta sé á að fangi sem framið hefur brot gegn börnum fái að ljúka afplánun sinni utan fangelsis.

Ríkislögreglustjóri á samstarf við Barnaheill, en samtökin reka ábendingalínu á netinu þar sem borgararnir geta tilkynnt um vefsíður með barnaklámi. Barnaheill eiga í alþjóðlegu samstarfi um slíkar ábendingalínur og í gegnum það samstarf berast upplýsingar til lögregluyfirvalda í viðkomandi ríki. Ef Barnaheill á Íslandi fá upplýsingar um erlenda síðu með barnaklámi sér alþjóðadeild ríkislögreglustjórans um að koma þeim upplýsingum tafarlaust rétta leið í gegnum alþjóðalögregluna Interpol. Þá fær embættið upplýsingar beint frá Interpol ef erlendis er upplýst að slíku efni er hlaðið niður frá Íslandi. Ríkislögreglustjóri rannsakar þá hver á í hlut og kemur málinu því næst til viðeigandi lögreglustjóra.

2. *Telur ráðherra rétt að lögregla fái heimildir til að fylgjast með mönnum sem hafa afplánað dóm fyrir kynferðisbrot og til að nota tálbeitur til að koma upp um barnaníðinga?*

Innan lögreglunnar er unnið að því að auka sérþekkingu rannsóknarmanna á net- og tölvumálum og hugað er að gerð upplýsingagrunns um fólk sem hneigist til afbrigðilegrar kynhegðunar og einkum um einstaklinga sem leita á börn. Horft verður til kerfa sem hönnuð hafa verið í Bandaríkjunum og í Evrópu. Við alla gagnavinnslu verður tekið mið af lögum um persónuvernd.

Dómstólar hafa staðfest að lögreglu sé heimilt að beita tálbeitu við rannsókn mála og brot þar sem væntanlegur brotamaður leggur snörur fyrir sér ókunnug, saklaus börn hljóta að sjálfsögðu að koma þar sérstaklega til álita. Mikið væri unnið ef tækist að fæla menn frá því að reyna að nálgast barnung fórnarlömb um netið.

Í tillögum að frumvarpi til laga um meðferð sakamála sem nú eru til skoðunar í ráðuneytinu er gert ráð fyrir að ríkissaksóknara verði heimilt að setja reglur um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála. Skal í reglunum m.a. koma fram hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að gripið verði til tiltekinnar aðferðar eða aðgerðar, hverjir séu bærir til að taka ákvörðun um hana og hvernig staðið skuli að framkvæmd hennar. Á þetta m.a. við um notkun tálbeitu. Byggist þessi tillaga í frumvarpinu á skýrslu um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu, sem samin var á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis og birtist árið 1999.

3. *Hefur ákvæði 67. gr. hegningarlaga um öryggisráðstafanir verið beitt gegn dæmdum kynferðisbrotamönnum eftir að afplánun lýkur og telur ráðherra ástæðu til að endurskoða og styrkja þau ákvæði?*

Ákvæði 67. gr. hegningarlaga hefur verið beitt að kröfu ákæruvaldsins gagnvart tveimur dæmdum kynferðisbrotamönnum og vísast í þeim efnum til dóms Hæstaréttar í máli nr. 281/1990 og dóms héraðsdóms Reykjavíkur nr. S-3593/2003. Í báðum tilvikunum voru brotamenn greindir með svo alvarlega barnagirnd að þeim væri ekki sjálfrátt að þessu leyti.

Í fyrra tilvikinu var kröfu ákæruvaldsins um gæslu eftir afplánun, sbr. 67. gr. hegningarlaga, vísað frá dómi, þar sem ákæruvaldið hefði ekki gert grein fyrir því hvernig umræddri gæslu yrði háttað og hvort kostur væri á gæslu annars staðar en í fangelsi. Staðan nú er hin sama, þ.e. ákæruvaldið gæti ekki bent á neinn annan vistunarstað en fangelsi. Í síðari dómnum vísaði dómarinn til þess að samkvæmt skýrslu sálfræðings væri mikið undir ákærða sjálfum komið og þeirri sálfræðilegu aðstoð sem hann ætti kost á í refsivistinni, hvort honum tækist að vinna bug á ranghugmyndum sínum varðandi kynlíf með börnum. Taldi dómarinn, að miðað við lengd refsivistar sem ákærða var dæmd í málinu (5 ár), yrði ekki fallist á það

með ákæruvaldinu, að nauðsyn bæri til að kveða á um það í þessu máli að ákærði skyldi beittur öryggisráðstöfunum að refsivist lokinni. Hann var því sýknaður af þessari kröfu.

Ráðuneytið hefur óskað eftir við refsiréttarnefnd að VII. kafli almennra hegningarlaga, sem fjallar m.a. um öryggisráðstafanir og sviptingu borgararéttinda, verði endurskoðaður. Þá hefur sérfróðum aðilum verið falið að gera tillögur um hvort gera eigi breytingu á 67. gr. hegningarlaga.

4. *Telur ráðherra koma til greina að taka upp rafræna vöktun með barnaníðingum með því að nota ökklaband sem skráir ferðir viðkomandi og gerir viðvart í eftirlitsstöð ef reglur um útivist eru brotnar, eins og gert er í nágrannalöndum, t.d. Bretlandi, Danmörku og Svíþjóð?*

Fulltrúar fangelsismálastofnunar og dómsmálaráðuneytis fóru til Svíþjóðar til að kynna sér rafræna vöktun árið 1998 og var niðurstaða þeirra sú að ekki væri ráðlegt að taka þetta kerfi upp á Íslandi. Annars vegar með hliðsjón af miklum kostnaði við uppsetningu miðstöðvar til að stjórna vöktuninni og hins vegar með hliðsjón af því að kerfi Verndar svipaði mjög til rafrænnar vöktunnar. Alþingi hefur á þessu kjörtímabili samþykkt ný lög um fullnustu refsinga. Við meðferð þess máls á þingi var ekki rætt sérstaklega um nauðsyn rafrænnar vöktunar.

5. *Hefur verið skoðað, t.d. í samráði við Barnaverndarstofu og aðra sérfróða aðila, hvort setja eigi ákvæði í hegningarlög um að dæma megi barnaníðinga til meðferðar, sbr. svar við fyrirspurn á 130. löggjafarþingi (843. mál)?*

Sjá niðurlag svars við 3. tölul. fyrirspurnarinnar. Ráðuneytið hefur til skoðunar að beina því til refsiréttarnefndar að nefndin taki til athugunar hvort rétt sé að setja í lög sérstakt ákvæði sem heimilar að dæma megi kynferðsbrotamenn sem brjóta gegn börnum til að gangast undir meðferð.

# 1016. Frumvarp til laga [621. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða.

(Eftir 2. umr., 28. febr.)

I. KAFLI

**Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.**

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Landbúnaðarráðherra úthlutar tollkvótum samkvæmt öðrum skuldbindingum Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum í fríverslunar- og milliríkjasamningum en þeim sem tilgreindar eru í 1.–3. mgr. enda sé tollur lagður á vöruna sem magntollur eftir því sem í tollskrá í viðauka I greinir. Um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari málsgrein fer skv. 65. gr. B laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993.**

2. gr.

Í stað orðanna „nr. 55/1987“ í 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: nr. 88/2005.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „tollalög, nr. 55/1987“ í 1. mgr. kemur: tollalög, nr. 88/2005; og í stað orðanna „6. gr. A“ í sömu málsgrein kemur: 12. gr.
b. 1. málsl. 3. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðanna „skv. XIV. kafla tollalaga, nr. 55/1987“ í 4. mgr. kemur: skv. XXII. kafla tollalaga.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. A laganna:

a. Í stað orðanna „tollalög, nr. 55/1987“ í 1. mgr. kemur: tollalög, nr. 88/2005.
b. Í stað orðanna „6. gr. A“ í 1. og 2. mgr. kemur: 12. gr.

5. gr.

Á eftir 65. gr. A laganna kemur ný grein, 65. gr. B, er orðast svo:

Landbúnaðarráðherra úthlutar tollkvótum sem tilgreindir eru í 4. mgr. 12. gr. tollalaga er varða aðrar skuldbindingar Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum í fríverslunar- og milliríkjasamningum en þær sem greinir í 65. gr. og 65. gr. A enda sé tollur lagður á vöruna sem magntollur eftir því sem í tollskrá í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005, greinir. Úthlutun tollkvóta skal fara eftir ákvæðum 65. gr.

Landbúnaðarráðherra birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tolltaxtar, viðurlög við misnotkun, sbr. 4. mgr. 65. gr., og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „nr. 55/1987“ í 8. mgr. kemur: nr. 88/2005.
b. Í stað orðanna „120. gr. A í tollalögum, nr. 55/1987“ í 9. mgr. kemur: 139. gr. tollalaga, nr. 88/2005.

7. gr.

Í stað orðanna „120. gr.“ í 86. gr. laganna kemur: 138. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 1017. Lög [558. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. febr.)

Samhljóða þskj. 833.

## 1018. Lög [621. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða.

(Afgreidd frá Alþingi 28. febr.)

Samhljóða þskj. 1016.

## 1019. Frumvarp til laga [668. mál]

um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að setja á fót nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Heimild þessi tekur ekki til þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku laga þessara.

Markmið könnunarinnar og meginverkefni nefndar skulu vera eftirtalin:

a. Að lýsa starfsemi viðkomandi stofnunar, hlutverki hennar í barnaverndar- eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.
b. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
c. Að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað.
d. Að leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til forsætisráðherra sem kynnir Alþingi skýrsluna.

2. gr.

Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum. Skal formaður hennar uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla eftir aðstoð sérfræðinga eða annarri aðstoð við einstaka þætti könnunarinnar.

3. gr.

Nefndin skal hafa frjálsan og óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem varða starfsemi þess vist- eða meðferðarheimilis fyrir börn sem erindisbréf hennar nær til.

Þá skulu stjórnvöld, sé þess óskað, taka saman skriflegar greinargerðir um einstaka þætti könnunarinnar.

Nefndinni er heimilt að taka skýrslur af fyrrverandi vistmönnum og hverjum þeim öðrum sem nefndin telur að búi yfir vitneskju sem komi að notum í starfi hennar enda veiti þeir samþykki sitt.

Læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólki og opinberum starfsmönnum, sem ella væru bundnir þagnarskyldu, er skylt að veita nefndinni upplýsingar sé þess óskað, eftir atvikum með því að gefa nefndinni skýrslu. Hið sama gildir um þá sem látið hafa af störfum.

Þeim sem gefur skýrslu fyrir nefndinni er heimilt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða að það gæti orðið honum til mannorðsspjalla.

Sá sem vísvitandi gefur nefndinni rangar eða villandi upplýsingar skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum mánuðum. Um slík mál skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Fundir nefndarinnar eru lokaðir.

Nefndarmenn og starfsmenn hennar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalíf manna sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda um slík atriði helst þegar störfum nefndar er lokið.

Formanni nefndarinnar er heimilt að veita almennar upplýsingar um störf nefndarinnar og verklag meðan hún starfar.

5. gr.

Forsætisráðherra ákveður skipan nefndarinnar, skipunartíma og þóknun og setur henni erindisbréf þar sem nánar er mælt fyrir um verkefni nefndarinnar. Skal þar einkum kveðið á um það til hvaða starfsemi könnun nefndarinnar tekur og það tímabil sem könnunin beinist að. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um störf nefndarinnar eða um þau gögn sem nefndin aflar sér eða sem hún útbýr eða lætur útbúa. Þá gilda stjórnsýslulög, nr. 37/1993, ekki um störf nefndarinnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 13. febrúar 2007 ákvað ríkisstjórnin á fundi sínum að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um að fram færi heildstæð og almenn athugun á því hvernig rekstri vistheimilisins Breiðavíkur var háttað á árabilinu 1950 til 1980 og eftir atvikum hliðstæðra stofnana og sérskóla þar sem börn dvöldu. Gæfu upplýsingar og gögn tilefni til þess að athugunin tæki til rekstrar nær í tíma skyldu tímatakmörk hennar útvíkkuð samkvæmt því. Með athuguninni væri ætlunin að fara yfir greinargerðir og kannanir sem lægju fyrir um þá starfsemi sem athugunin tæki til en jafnframt að afla nýrra gagna frá viðkomandi stofnunum og einstaklingum sem dvöldu eða störfuðu á heimilunum. Einnig yrði kannað hvernig eftirliti væri háttað með heimilunum á því tímabili sem athugunin beindist að.

Tilefni þessa frumvarps er að gera tillögu um nauðsynleg lagafyrirmæli til að unnt sé að mæla fyrir um framangreinda athugun, m.a. um stöðu nefndarinnar og valdheimildir. Í samræmi við framangreinda ákvörðun ríkisstjórnar er lagt til að ákvæði laganna mæli almennt fyrir um skipun nefndar til að framkvæma könnun á vist- eða meðferðarheimilum fyrir börn sem ekki eru lengur starfandi. Er forsætisráðherra falið að kveða í erindisbréfi nánar á um skipun nefndar, þá starfsemi sem könnun á að taka til og það tímabil sem um ræðir.

Markmið könnunar samkvæmt frumvarpi þessu er að staðreyna eins og kostur er hvort þau börn, sem vistuð voru á árum áður á opinberum vist- eða meðferðarheimilum, hafi sætt illri meðferð meðan á dvöl þeirra stóð. Í því samhengi verður að skoða starfsemi stofnunar heildstætt og hlutverk hennar samkvæmt þeirri löggjöf á sviði barnaverndarmála sem var í gildi á þeim tíma sem um ræðir. Þá skal könnunin taka til þess hvernig opinberu eftirliti með starfsemi stofnunar var háttað á því tímabili sem könnunin tekur til. Starf nefndar á grundvelli frumvarpsins á að leggja grundvöll að tillögugerð til stjórnvalda um frekari viðbrögð. Þá skal fjallað um hvaða lærdóm megi draga af niðurstöðum könnunarinnar og gera tillögur sem ætlað er að koma í veg fyrir að brotinn verði réttur á börnum í opinberri forsjá. Ekki er talið rétt að frekar sé mælt fyrir um það í frumvarpinu hvers efnis slíkar tillögur skuli vera. Þá skal nefndin leggja á það mat hvort og þá hvernig skuli brugðist við af hálfu stjórnvalda gagnvart þeim sem kunna að hafa í reynd sætt illri meðferð, ef könnunin leiðir slíkt í ljós. Verður þá meðal annars að horfa til þeirra lagareglna sem giltu á þeim tíma sem slík atvik kunna að hafa átt sér stað og eftir atvikum þjóðréttarlegra skuldbindinga. Með þetta í huga er mikilvægt að starf nefndarinnar sé byggt á málefnalegum og hlutlægum fyrirmælum og að það taki fyllilega mið af gildandi lagareglum um málsmeðferð af þessu tagi og um réttarstöðu þeirra manna sem kunna að þurfa að veita upplýsingar við könnunina.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um heimild forsætisráðherra til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vist- eða meðferðarheimila fyrir börn. Eins og fram kemur í þessari grein er með frumvarpinu horft til þeirra stofnana sem ekki eru starfandi lengur.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um markmið og meginverkefni þeirrar nefndar sem skipuð verður ef frumvarpið verður að lögum. Gert er ráð fyrir því að nefndin skili skýrslu um störf sín til forsætisráðherra sem kynnir Alþingi skýrsluna. Stefnt er að því samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar að skýrsla nefndar um starfsemi vistheimilisins Breiðavíkur verði afhent forsætisráðherra fyrir 1. janúar 2008.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að nefndin skuli verða sjálfstæð og óháð í störfum sínum og að formaður hennar skuli uppfylla þau skilyrði sem þarf til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Er þá horft til eðlis þeirra verkefna sem nefndinni eru falin. Þá er nauðsynlegt að nefndin hafi heimild til að kalla eftir aðstoð sérfræðinga eða annarri aðstoð við einstaka þætti könnunarinnar.

Um 3. gr.

Í þessari grein er í 1. mgr. mælt fyrir um fortakslausa skyldu stjórnvalda til að veita nefndinni öll þau gögn og upplýsingar er varða starfsemi þess vist- eða meðferðarheimilis fyrir börn sem erindisbréf hennar nær til. Þá skulu stjórnvöld, sé þess óskað, taka saman skriflegar

greinargerðir um einstaka þætti könnunarinnar. Er þá meðal annars horft til þess að nefndin kann að telja nauðsynlegt að viðeigandi stjórnvöld lýsi með almennum hætti hvernig háttað var opinberu eftirliti með starfsemi viðkomandi stofnunar eða að varpað sé ljósi á þau gögn og þær upplýsingar sem fram koma við starf nefndar.

Í 2. og 3. mgr. er að finna ákvæði sem fjalla um upplýsingaöflun nefndarinnar í formi skýrslu og viðtala við þá einstaklinga sem varpað geta ljósi á aðstæður og atvik á þeirri stofnun sem könnun tekur til. Í 2. mgr. er annars vegar fjallað um skýrslur og viðtöl við fyrrum vistmenn eða aðra sem búa yfir vitneskju sem geta komið að notum í starfi nefndarinnar. Er lagt til grundvallar að ekki hvíli skylda á þessum aðilum til að veita nefndinni upplýsingar heldur þurfi að koma til samþykki þeirra einstaklinga sem falla undir þessa málsgrein.

Í 3. mgr. er hins vegar mælt fyrir um skyldu lækna, annars heilbrigðisstarfsfólk eða opinberra starfsmanna, sem ella væru bundin þagnarskyldu, til að veita nefndinni í formi skýrslu upplýsingar um þá starfsemi stofnunar sem könnun tekur til og meðferð á þeim börnum sem þar hafa verið vistuð á því tímabili sem könnunin beinist að. Þessi skylda helst þótt sá sem í hlut á hafi látið af störfum. Með ákvæði þessu er meðal annars lagt til að kveðið verði á um lögmælt frávik frá ákvæðum laga um almenna þagnarskyldu lækna og annarra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu, sbr. 15. gr. læknalaga, nr. 53/1988, og 12. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. Er þá litið til markmiða með könnun nefndarinnar á starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Hér er horft til þess að starf nefndarinnar er að öllu leyti lokað almenningi, sbr. 6. gr. frumvarpsins, og nefndarmenn bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalíf manna sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar, sbr. 4. gr. Er við það miðað að skýrslu nefndarinnar verði þannig hagað að þar verði ekki greint frá persónugreinanlegum upplýsingum um hagi einstakra vistmanna. Einnig er lagt til grundvallar að þess verði gætt í hvívetna að ákvarðanataka um upplýsingaöflun nefndarinnar og skýrslugjöf samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar, m.a. um friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr., og óskráðum reglum stjórnsýsluréttar. Nefndinni beri því sérstaklega að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort þeir almennu hagsmunir sem búa að baki könnun á starfsemi vist- eða meðferðarheimilis og markmið hennar kunni eftir atvikum að vega þyngra en sú afstaða vistmanns að ekki verði aflað upplýsinga um hann hjá læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólki sem varðar dvöl hans á vist- eða meðferðarheimili.

Samkvæmt 4. mgr. skal þeim sem gefur skýrslu fyrir nefndinni heimilt að skorast undan því að svara spurningu nefndarmanna ef ætla má að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða orðið honum til mannorðsspjalla. Er hér höfð hliðsjón af ákvæðum 51. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og 143. gr. almennra hegningarlaga. Á þetta ákvæði við án tillits til þess hvort reglur um fyrningu sakar kunni að koma í veg fyrir að sá sem í hlut á sæti refsingu í reynd.

Í 5. mgr. er að finna refsiákvæði. Veiti maður nefndinni vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum mánuðum. Er hér höfð hliðsjón af 146. og 147. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um 4. gr.

Hér er áréttað að fundir nefndarinnar eru lokaðir almenningi. Þá er mælt fyrir um þagnarskyldu nefndarmanna og starfsmanna nefndar. Er þagnarskyldan bundin við allar upplýsingar er varða einkalíf manna sem fram koma í starfi nefndarinnar. Þagnarskyldan helst þegar störfum nefndar er lokið.

Áréttað er í 2. mgr. að formanni nefndarinnar sé heimilt að veita almennar upplýsingar um störf nefndarinnar og verklag meðan á könnuninni stendur.

Um 5. gr.

Hér er mælt fyrir um það að forsætisráðherra ákveði skipan nefndarinnar, skipunartíma og þóknun og setji henni erindisbréf þar sem nánar sé mælt fyrir um verkefni nefndarinnar. Skal þar einkum kveðið á um það til hvaða starfsemi könnun nefndar tekur og það tímabil sem könnun beinist að. Sem fyrr getur hefur af hálfu ríkisstjórnarinnar verið ákveðið að verði frumvarp þetta að lögum skuli könnun nefndarinnar í fyrstu taka til starfsemi vistheimilisins Breiðavíkur á árunum 1950 til 1980 og eftir atvikum hliðstæðra stofnana og sérskóla þar sem börn dvöldu. Þá verði allur kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr ríkissjóði.

Um 6. gr.

Þá er í frumvarpinu mælt svo fyrir að upplýsingalög, nr. 50/1996, gildi ekki um störf nefndarinnar eða um þau gögn sem nefnd aflar sér eða sem hún útbýr eða lætur útbúa. Þykir það rétt í ljósi eðlis starfa nefndarinnar. Ljóst er að nefndin mun afla gagna sem falla undir upplýsingalög auk þess sem starf nefndarinnar fellur sem slíkt undir gildissvið laganna. Hér er lagt til grundvallar að rök standi til þess að nefndin hafi ráðrúm til að kanna umfang og eðli þeirra upplýsinga og gagna sem henni berast án þess að henni verði á sama tíma gert skylt að fjalla um aðgang að þeim á grundvelli upplýsingalaga.

Ljóst er að almennt séð mun nefndin ekki taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í merkingu 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Hér er þó tekið af skarið, til að taka af allan vafa, um að vegna eðlis starfa nefndarinnar gildi ákvæði þeirra laga ekki um störf hennar.

Um 7. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.**

Tilgangur frumvarpsins er að afla nauðsynlegra lagaheimilda fyrir stofnun sérstakrar nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, ásamt því að mæla fyrir um stöðu nefndarinnar og valdheimildir.

Samkvæmt frumvarpinu ákveður forsætisráðherra skipan nefndarinnar, skipunartíma og þóknun og setur nefndinni erindisbréf þar sem nánar er mælt fyrir um verkefni hennar. Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum og verður heimilt að kalla eftir aðstoð sérfræðinga eða annarri aðstoð við einstaka þætti könnunar. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Eðli máls samkvæmt er töluverð óvissa um hver verður endanlegur kostnaður við starf nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að í nefndinni sitji þrír menn og að hún hafi einn starfsmann í fullu starfi. Því til viðbótar er reiknað með aðkeyptri sérfræðiþjónustu, auk þess sem til fellur ýmis annar kostnaður, svo sem leiga á skrifstofu og fundaraðstöðu, skráning og skjalavistun, ferðakostnaður, kynningarstarf o.fl. Miðað við að nefndin nái að ljúka störfum á árinu 2007 er það mat fjármálaráðuneytis að gera megi ráð fyrir að kostnaður við störf hennar verði 25–30 m.kr.

# 1020. Frumvarp til laga [669. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. laganna:

a. Skýring á „jöfnunargreiðslu“ fellur brott.
b. Skýring á „lögbýli eða jörð“ orðast svo: Lögbýli eða jörð er í lögum þessum skilgreint skv. 2. gr. jarðalaga, nr. 81/2004.
c. Í stað orðsins „forðagæsluskýrslu“ í lokaorðskýringunni kemur: haustskýrslu skv. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.

2. gr.

3.–6. mgr. 29. gr. laganna falla brott.

3. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu sauðfjárafurða eru:

a. að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda,
b. að stuðla að nýliðun í hópi sauðfjárbænda og styrkja búsetu í dreifbýli,
c. að sauðfjárrækt sé stunduð í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og sjálfbæra landnýtingu,
d. að örva markaðsvitund bænda og afurðastöðva og halda jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar,
e. að stuðla að framþróun í sauðfjárrækt.

4. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Á tímabilinu frá 1. janúar 2008 – 31. desember 2013 greiðir íslenska ríkið í samræmi við markmið 36. gr. framlög til gæðastýringar, til ullarnýtingar, til markaðsstarfs og birgðahalds, til svæðisbundins stuðnings og til nýliðunar- og átaksverkefna og framlög í formi beinna greiðslna til framleiðenda sauðfjárafurða í samræmi við samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007.

Frá og með 1. janúar 2008 verður heildargreiðslumark í sauðfé 368.457 ærgildi. Frá sama tíma verður heildarbeingreiðslumark sauðfjárafurða 1.716 millj. kr. á ári sem skiptast hlutfallslega eins milli lögbýla og beingreiðslur gerðu árið 2007 að teknu tilliti til 1. mgr.

5. gr.

4. mgr. 38. gr. laganna orðast svo:

Ábúanda eða leigutaka lögbýlis er heimilt að kaupa greiðslumark til skráningar á lögbýlið. Skal slíkt greiðslumark sérstaklega skráð á nafn leiguliða. Framsal á greiðslumarki samkvæmt þessari málsgrein er heimilt, án samþykkis jarðareiganda. Við lok ábúðar eða leigu á jarðareigandi þó forkaupsrétt að greiðslumarkinu við sölu þess. Skal slíkur forkaupsréttur boðinn jarðareiganda skriflega. Hafi jarðareigandi ekki tilkynnt um að hann hyggist nýta forkaupsrétt sinn innan tuttugu daga frá því honum barst slík tilkynning er sala á greiðslumarkinu heimil.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Beingreiðslur greiðast úr ríkissjóði til handhafa í samræmi við greiðslumark hvers lögbýlis eins og það er skráð á hverjum tíma.

b. Í stað ártalsins „2001“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: 2008.

c. Á eftir 3. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ef greiðslumarki lögbýlisins er skipt á fleiri en einn rekstraraðila skal miðað við greiðslumark og ásetning hvers rekstraraðila fyrir sig.

d. Í stað orðanna „Heimilt er að“ í upphafi 5. mgr. kemur: Landbúnaðarstofnun getur ákveðið að.

7. gr.

40. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Sauðfjárframleiðendur sem á tímabilinu frá 1. janúar 2008 – 31. desember 2013 uppfylla skilyrði um gæðastýrða framleiðslu eiga rétt á sérstakri gæðastýringargreiðslu úr ríkissjóði. Gæðastýringargreiðslu skal greiða á tiltekna gæðaflokka dilkakjöts frá framleiðendum sem uppfylla nánari skilyrði reglugerðar sem ráðherra setur um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

Með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu er átt við framleiðslu á dilkakjöti samkvæmt kröfum um velferð búfjár, sjálfbæra landnýtingu og hollustu afurða. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla skal m.a. ná til landnota, aðbúnaðar og umhverfis, sauðfjárskýrsluhalds, jarðræktar, fóðrunar, heilsufars og lyfjanotkunar. Framleiðsluaðferðir og framleiðsluaðstæður skulu skjalfestar.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að fela búfjáreftirlitsmönnum sveitarfélaga að annast eftirlit með skráningu í sérstaka gæðahandbók þar sem m.a. þau atriði sem tilgreind eru í 2. mgr. koma fram. Ráðherra er einnig í reglugerð heimilt að fela Landgræðslu ríkisins að annast nánar tilgreinda þætti við eftirlit eða úttekt á landi sem nýtt er við gæðastýrða framleiðslu. Landbúnaðarráðherra getur falið Landbúnaðarstofnun og Landgræðslu ríkisins stjórnsýsluverkefni vegna gæðastýringar eftir nánari ákvörðun í reglugerð. Landbúnaðarráðherra er enn fremur heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 91/2006, um

mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, að annast framkvæmd eftirlitsþátta með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd og skilyrði gæðastýringargreiðslna skal ráðherra setja í reglugerð. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um landnýtingarskilyrði, gæðakerfi, tilkynningar og fresti, kæruheimildir, eftirlits- og úttektaraðila og tilhögun álagsgreiðslna. Áður en reglugerð samkvæmt þessari grein tekur gildi skal aflað umsagnar Bændasamtaka Íslands um hana. Hafi umsögn ekki borist innan eins mánaðar frá því ósk um umsögn var send er ráðherra heimilt að birta reglugerðina án frekara samráðs.

Réttur framleiðenda til gæðastýringargreiðslna skv. 1. mgr. fellur niður uppfylli þeir ekki skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu samkvæmt lögum þessum og reglugerð.

9. gr.

42. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

43. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

44. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

45. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

46. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

47. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

48. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

49. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Í stað orðanna „2001–2007“ í fyrirsögn IX. kafla kemur: 2008–2013.

18. gr.

3. mgr. 54. gr. laganna orðast svo:

Ábúanda eða leigutaka lögbýlis er heimilt að kaupa greiðslumark til skráningar á lögbýlið. Skal slíkt greiðslumark sérstaklega skráð á nafn leiguliða. Framsal á greiðslumarki samkvæmt þessari málsgrein er heimilt, án samþykkis jarðareiganda. Við lok ábúðar eða leigu á jarðareigandi þó forkaupsrétt að greiðslumarkinu við sölu þess. Skal slíkur forkaupsréttur boðinn jarðareiganda skriflega. Hafi jarðareigandi ekki tilkynnt um að hann hyggist nýta

forkaupsrétt sinn innan tuttugu daga frá því honum barst slík tilkynning er sala á greiðslumarkinu heimil.

19. gr.

1. mgr. 56. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

1. mgr. 61. gr. laganna fellur brott.

21. gr.

74. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

75. gr. laganna orðast svo:

Styrktarsjóður sá sem varð til vegna tekna af sölu og leigu á eignum, ásamt sjóðum Grænmetisverslunar landbúnaðarins, skal sameinaður Framleiðnisjóði landbúnaðarins og lúta þeim lögum og reglum sem um hann gilda.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:

a. Ákvæði P, R og S falla brott.
b. Ákvæði T orðast svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að gera samninga við sauðfjárbændur á lögbýlum með greiðslumark, sem hafa náð eða ná 64 ára aldri á tímabilinu 2008–2013, um að eiga hvorki né halda sauðfé til og með 31. desember 2013 en halda óskertum beingreiðslum á sama tíma á meðan greiðslumark sauðfjár er í eigu hlutaðeigandi bænda og áfram skráð á lögbýli. Þeim er þó heimilt að halda eftir allt að tíu vetrarfóðruðum kindum, enda séu afurðir þeirra til eigin nota. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða svo á í samningunum að þeir bændur sem hyggjast hefja sauðfjárrækt að nýju megi koma sér upp bústofni frá 1. september 2012. Samningunum skal þinglýst sem kvöðum á viðkomandi lögbýli sem gilda til 31. desember 2013. Verði eigendaskipti að greiðslumarki eða lögbýli fellur samningurinn niður og hin þinglýsta kvöð.

c. Við bætast tvö ný ákvæði, svohljóðandi:

1. (U.)

Frá og með 1. janúar 2008 skal undanþága framleiðenda sem hafa haft 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks frá útflutningsskyldu skv. 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 falla niður. Framleiðendur, er undanþegnir verða útflutningsskyldu haustið 2007, bera þó helming álagðrar útflutningsskyldu árið 2008.

Frá og með 1. júní 2009 fellur útflutningsskylda kindakjöts skv. 29. gr. laga nr. 99/1993 brott. Fram til 1. júní 2009 gilda ákvæði 3.–6. mgr. 29. gr. og 74. gr. laga nr. 99/1993, eftir því sem við á.

2. (Ú.)

Réttur til jöfnunargreiðslna, eins og þær eru skilgreindar í 40. gr. laga nr. 99/1993, sbr. 9. gr. laga nr. 88/2000, sem úthlutað var frá og með 1. janúar 2001 fellur niður frá og með 1. janúar 2008. Í stað jöfnunargreiðslna skal úthluta greiðslumarki til þeirra sem áttu slíkan rétt þannig að greiðslur til hvers framleiðanda árin 2004,

2005 og 2006 séu reiknaðar til verðlags 1. janúar 2007. Að því loknu skal velja tvö bestu árin hjá hverjum framleiðanda og síðan meðaltal þeirra. Á grundvelli þess skal 17.600 ærgildum skipt hlutfallslega milli framleiðenda og bætt við heildargreiðslumark samkvæmt skráningu Landbúnaðarstofnunar 31. desember 2007. Réttur til úthlutunar fellur niður hafi framleiðslu verið hætt árið 2007.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Ákvæði 2. og 21. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. júní 2009, sbr. 1. tölul. c-liðar 23. gr. (ákvæði til bráðabirgða U í lögunum).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan landbúnaðarráðherra og í samráði við Bændasamtök Íslands. Tilgangur frumvarpsins er að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, vegna ákvæða í samningi um starfskilyrði sauðfjárræktar milli landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands sem undirritaður var 25. janúar 2007. Samningurinn er að byggður á eldri samningi um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000, en þó töluvert einfaldaður og breyttur. Samningurinn sem nú liggur fyrir nær yfir tímabilið frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013. Um efni hans vísast til fylgiskjals I með frumvarpi þessu. Ekki er í samningnum um grundvallarstefnubreytingu af hálfu ríkisins að ræða hvað varðar stuðningsfyrirkomulag við sauðfjárrækt. Þó felur samningurinn og frumvarp þetta í sér nokkrar breytingar sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um breytingar á 2. gr. búvörulaga þar sem skilgreiningar á hugtökum er að finna. Í fyrsta lagi er hugtakið jöfnunargreiðslur fellt brott þar sem hætt verður að greiða slíkar greiðslur eftir gildistöku laganna 1. janúar 2008. Í öðru lagi er tilvísun til eldri jarðalaga felld brott og um skilgreiningu á hugtökunum lögbýli og jörð vísað til nýrra jarðalaga, nr. 81/2004. Í þriðja lagi kemur kemur ný skilgreining á forðagæsluskýrslu þar sem í lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., er nú talað fjallað um þessa tegund skýrslna sem haustskýrslur, sbr. 11. gr. þeirra laga.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um brottfall 3.–6. mgr. 29. gr. laganna sem allar eiga það sameiginlegt að fjalla með einu eða öðrum hætti um útflutning á kindakjöti og skyldu sláturleyfishafa og sauðfjárframleiðenda til að taka þátt í slíkum útflutningi. Í samningi ríkisins og Bændasamtaka Íslands um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007 er kveðið á um afnám útflutningsskyldunnar í ákveðnum skrefum og verður skyldan að fullu afnumin 1. júní 2009. Ákvæði þessi falla brott úr lögunum eftir nánari fyrirmælum gildistökuákvæðis laganna.

Um 3. gr.

Grein þessi fjallar um breytingu á ákvæðum 36. gr. búvörulaga. Með tilkomu nýs samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar var markmiðum samningsaðila lítillega breytt og þau umorðuð, án þess þó að um neina grundvallarbreytingu á markmiðum væri að ræða. Rétt

þykir að samræmi sé á milli lagatexta búvörulaga og markmiða samningsaðila í nýjum samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar á tímabilinu 1. janúar 2008 – 31. desember 2013. Þrátt fyrir það sem að framan er rakið má þó segja að í hinum nýju markmiðum er að finna eitt áhersluatriði sem ekki var að finna í gildandi 36. gr. Með frumvarpinu er lögð áhersla á, sbr. b-lið, að styrkja búsetu í dreifbýli. Í samræmi við þetta markmið renna tilteknar greiðslur til ákveðinna lögbýla á svæðum þar sem sauðfjárrækt er sérstaklega mikilvæg fyrir viðkomandi byggð. Í dag rennur svipuð fjárhæð til viðkomandi byggða í formi styrks í gegnum svonefnd 7.500 ærgildi, en með nýjum sauðfjársamningi var sérstaklega samið um þennan styrk sem úthluta á til þeirra aðila sem nú njóta greiðslna á grundvelli 7.500 ærgildanna.

Um 4. gr.

Í nýju samkomulagi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, sem undirritað var 25. janúar 2007, er ekki lengur gert ráð fyrir svonefndum jöfnunargreiðslum, heldur er gert ráð fyrir því að þær renni inn í heildargreiðslumark sauðfjár á samningstímabilinu. Því er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að 40. gr. laganna falli brott. Þess í stað er gert ráð fyrir að til verði ný 37. gr. búvörulaga þar sem m.a. verði fjallað um og taldir upp þeir flokkar greiðslna sem gert er ráð fyrir í samningnum frá 25. janúar 2007. Í 1. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins koma fyrir þeir flokkar greiðslna sem framlög ríkisins eru veitt til, þ.e. beingreiðslur sem samvæmt samningnum eru á ári út samningstímann 1.716 millj. kr., gæðastýringargreiðslur 898 millj. kr. út samningstímann, ullarnýtingargreiðslur 300 millj. kr. út samningstímann, greiðslur vegna markaðsstarfs og birgðahalds sem í upphafi samningstímans eru 311 millj. kr. en lækka á hverju ári og eru í lok samningstímans 160 millj. kr., svæðisbundinn stuðningur 43 millj. kr. út samningstímann og að lokum greiðslur vegna nýliðunar- og átaksverkefna 80 millj. kr. út samningstímann. Heildarfjárhæð greiðslna á ári út samningstímann fara úr 3.348 millj. kr. í upphafi lækkandi ár frá ári og eru á lokaári samningsins 3.197 millj. kr. Tekið skal fram að allar framangreindar fjárhæðir eru miðaðar við verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs 1. janúar 2007, sem var 266,2 stig, og taka þær mánaðarlegum breytingum þaðan í frá.

Í 2. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins er að finna frekari breytingar er leiðir af undirritun nýs samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Í greininni er að finna upplýsingar um heildargreiðslumark í sauðfé sem í gildi verður frá og með 1. janúar 2008, þ.e. 368.457 ærgildi. Einnig er kveðið á um hvert verði heildarbeingreiðslumark sauðfjárafurða, þ.e. 1.716 millj. kr. á ári og um skiptingu þess hlutfallslega milli lögbýla. Kveðið er á um sömu skiptingu beingreiðslna og farið var eftir árið 2007.

Um 5. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að gildandi 4. mgr. 38. gr. laganna falli brott. Nú er greininni ætlað að uppfylla ákveðna samningsskuldbindingu ríkisins samkvæmt gildandi sauðfjársamningi sem fellur úr gildi 1. janúar 2008. Eftir þann tíma á hún ekki lengur við. Í nýjum sauðfjársamningi er hins vegar að finna ákvæði sem kallar á breytingu á lögum þar sem kveða þarf á um tiltekinn lögvarinn rétt ábúanda eða leigutaka lögbýlis til þess að kaupa og skrá greiðslumark á viðkomandi býli. Einnig er kveðið á um sérskráningu greiðslumarksins á nafn viðkomandi leiguliða og þannig komið í veg fyrir að ruglingur verði á eign leiguliða annars vegar og eign jarðareiganda hins vegar. Í greininni er jafnframt ítrekuð heimild leiguliðans til að framselja slíkt greiðslumark án samþykkis jarðareiganda.

Í greininni er kveðið á um forkaupsrétt jarðareiganda að því greiðslumarki sem leiguliði á við leigu- eða ábúðarlok. Þykir rétt með hliðsjón af hagsmunum lögbýlisins og búvöruframleiðslu á viðkomandi stað að um slíkan rétt sé að ræða, enda ætti hann ekki að rýra verðgildi greiðslumarksins. Forkaupsrétturinn á samkvæmt framansögðu ekki við ef ábúandi flytur af jörðinni án þess að komi til sölu á greiðslumarkinu, t.d. er viðkomandi hyggur á búskap annars staðar. Kveðið er á um skriflega tilkynningu til jarðareiganda. Komi til þess að deilt verði um það hvort slíkur réttur hafi í raun verið boðinn má gera ráð fyrir að sá sem vill halda því fram að hann hafi löglega boðið forkaupsréttinn þurfi að sýna fram á slíkt. Sama má segja um jarðareigandann en í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að hann þurfi að tilkynna það skriflega innan tuttugu daga ef hann hyggst nýta sér forkaupsrétt sinn að greiðslumarkinu, ella fellur rétturinn niður og salan er heimil. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði sú að samningur um kaup á greiðslumarki verði að jafnaði sendur jarðareiganda og þarf hann þá að ganga að öllum skilyrðum samningsins ellegar falla frá forkaupsréttinum. Með þessu er átt við að jarðareigandi þarf m.a. að játast undir ákvæði um greiðslufjárhæð, stað og tíma.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að jöfnunargreiðslur verði áfram greiddar til framleiðenda með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 40. gr. laganna. Þess í stað verða greiðslur þær sem þar er kveðið á um teknar inn í heildargreiðslumark lögbýla frá og með 1. janúar 2008. Um þá framkvæmd er vísað til nýs bráðabirgðaákvæðis, Ú, sbr. 2. tölul. c-liðar 23. gr.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um þær breytingar sem gert er ráð fyrir að gerðar verði á 41. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að 1. mgr. gildandi 41. gr. falli brott í heild þar sem hún, ef frumvarp þetta verður að lögum, á þá ekki lengur við. Almennt má segja um greinina að í henni er fjallað um svokallaðar gæðastýringargreiðslur í sauðfjárrækt. Með því er átt við sérstakar greiðslur sem greiddar eru úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum í samningi um starfsskilyrði í sauðfjárrækt frá 25. janúar 2007. Greiðslurnar skulu fara til þeirra bænda sem uppfylla skilyrði lagagreinarinnar og reglugerðar sem sett er með heimild í lögunum þar sem fjallað skal um nánari skilyrði fyrir gæðastýringargreiðslum. Með þeirri breytingu sem lögð er til á 41. gr. er lagatextinn gerður einfaldari og gert ráð fyrir að almenn efnisákvæði og nánari skilyrði fyrir gæðastýringargreiðslum verði útfærð í reglugerð sem ráðherra setur í samráði við Bændasamtök Íslands. Við framkvæmd gildandi ákvæða um álagsgreiðslur vegna gæðastýringar hefur komið í ljós að erfitt er að sjá fyrir öll einstök tilvik sem upp kunna að koma við eftirlit, framkvæmd og vottun innan kerfisins. Reynslan af núverandi kerfi kallar á þessar breytingar. Nauðsynlegt er hins vegar að lagatexti mæli fyrir um kerfið og kveði á um almennar framsalsheimildir ráðherra vegna þeirra verkefna sem leiðir af eftirliti og framkvæmd með gæðastýringargreiðslum.

Sauðfjárframleiðendur sem á tímabilinu frá 1. janúar 2008 – 31. desember 2013 uppfylla skilyrði um gæðastýrða framleiðslu eiga skv. 1. mgr. greinarinnar rétt á sérstakri gæðastýringargreiðslu úr ríkissjóði. Í 2. mgr. er fjallað um það til hvaða meginþátta gæðastýrð sauðfjárframleiðsla skuli ná. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð útfært nánar einstaka þætti gæðastýringarinnar og brotið þá upp í undirflokka ef því er að skipta. Ekki er heldur

gert ráð fyrir að upptalning greinarinnar sé tæmandi og getur ráðherra með reglugerð kveðið á um aðra þætti sem hann telur nauðsynlegt að teknir séu til greina við gæðastýringargreiðslur.

Í 3. mgr. er að finna almennar heimildir landbúnaðarráðherra til framsals eftirlits og framkvæmdaþátta vegna gæðastýringargreiðslna. Ráðherra er m.a. heimilað í reglugerð að fela búfjáreftirlitsmönnum sveitarfélaga að annast eftirlit með skráningu í sérstaka gæðahandbók. Gert er ráð fyrir að slík gæðahandbók byggist á gæðahandbók Bændasamtaka Íslands, þ.e. að annaðhvort sé hún tekin beint upp eða á henni byggt. Ráðherra er einnig í 3. mgr. heimilað með reglugerð að fela Landgræðslu ríkisins að annast ákveðna þætti við eftirlit eða úttekt á landi sem nýtt er við gæðastýrða framleiðslu. Landbúnaðarráðherra getur einnig falið Landbúnaðarstofnun eða Landgræðslunni stjórnsýsluverkefni vegna gæðastýringar eftir nánari ákvörðun í reglugerð. Landbúnaðarráðherra er enn fremur heimilað að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, að annast framkvæmd eftirlitsþátta með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu skv. 1. mgr. Þær framsalsheimildir ráðherra sem að framan hafa verið taldar byggjast á því fyrirkomulagi sem nú er viðhaft í gæðastýringunni. Nýmælið er hins vegar það að ekki er nú kveðið beinlínis á um það í lögunum að tiltekinn aðili sinni þessum þáttum heldur er valið ráðherra. Í núverandi kerfi álagsgreiðslna vegna gæðastýringar sinna búfjáreftirlitsmenn, Landgræðsla ríkisins og Landbúnaðarstofnun þessum verkefnum. Hins vegar hefur komið í ljós að núverandi kerfi mætti bæta og gera skilvirkara og því er hér lagt til að nánari útfærsla á kerfinu verði í reglugerð sem sett verði í samráði við Bændasamtök Íslands.

Í 4. mgr. segir að nánari fyrirmæli um framkvæmd og skilyrði gæðastýringargreiðslna skuli ráðherra setja í reglugerð. Í reglugerðinni skuli m.a. kveðið á um tilkynningar og fresti, kæruheimildir, eftirlits- og úttektaraðila og tilhögun álagsgreiðslna. Í 4. mgr. er einnig gert ráð fyrir rétti Bændasamtaka Íslands til þess að fá reglugerðina til umsagnar áður en hún hlýtur lögformlega gildi og gerð grein fyrir því hvernig ráðherra megi með fara neyti samtökin ekki umsagnarréttar síns.

Í 5. mgr. er kveðið á um það að réttur framleiðanda til gæðastýringargreiðslna skv. 1. mgr. falli niður uppfylli þeir ekki lengur skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu samkvæmt lögum þessum eða reglugerð. Ekki er um breytingu á gildandi lögum að ræða. Rétt þykir að árétta þetta atriði í lögum þar sem það að svipta framleiðanda gæðastýringargreiðslum er vandasöm stjórnvaldsákvörðun sem ekki verður tekin nema ljóst sé að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla um réttinn til greiðslanna séu ekki uppfyllt.

Um 9. gr.

Eins og áður sagði er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að 42. gr. gildandi laga falli brott. Í gildandi 42. gr. er fjallað um hlutverk framkvæmdanefndar búvörusamninga við framkvæmd og eftirlit með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu. Gert er ráð fyrir að hætt verði með lögum að fela framkvæmdanefndinni verkefni vegna gæðastýringar. Einn annmarki þess kerfis sem nú er í gæðastýringu er hversu mörg stjórnvöld koma að þeim málum sem þar er fjallað um. Með því að hætta að fela framkvæmdanefndinni ákveðin stjórnsýsluverkefni vegna gæðastýringarinnar verður þessum aðilum fækkað um einn. Gert er ráð fyrir að ráðherra feli í reglugerð Landbúnaðarstofnun að sinna því hlutverki sem framkvæmdanefndinni er nú falið í lögum. Ákvæði um heimild landbúnaðarrráðherra til að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast framkvæmd eftirlitsþátta með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu færist í 41. gr. laganna, sbr.

8. gr. frumvarps þessa. Heimildin hefur hins vegar ekki verið notuð en rétt þykir að halda henni í lögum.

Um 10. gr.

Í greininni eru felld brott úr lögum ákvæði 43. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir því, með vísan til þess sem sagt var í skýringum við 8. gr. frumvarps þessa að þessi ákvæði fari að mestu í reglugerð sem ráðherra setur, enda er efni gildandi 43. gr. þess eðlis að því er eðlilega skipað með þeim hætti.

Um 11. gr.

Í greininni eru að mestu felld brott ákvæði 44. gr. gildandi laga. Heimild gildandi 1. mgr. 44. gr., til að fela búfjáreftirlitsmönnum sveitarfélaga að annast eftirlit með skráningu í gæðahandbók er í frumvarpi þessu færð í 41. gr. laganna. Að öðru leyti fellur 44. gr. brott og ákvæði hennar munu eftir því sem við á færast í reglugerð.

Um 12. gr.

Í greininni eru að mestu felld brott ákvæði 45. gr. gildandi laga. Ákvæði gildandi 1. mgr. 45. gr., um brottfall réttar til álagsgreiðslna, er í 8. gr. frumvarps þessa færð í 41. gr. laganna. Að öðru leyti fellur 45. gr. brott og ákvæði hennar munu eftir því sem við á færast í reglugerð.

Um 13. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að nefnd sú sem komið er á fót í 46. gr. gildandi laga og fjallaði um ágreining um það hvort einstakir framleiðendur uppfylla skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu eða ekki verði lögð niður. Í raun hefur það verið svo að fá mál hafa ratað á borð umræddrar nefndar.

Samhliða því að ákvæði er varðar úrskurðarnefndina eru felld brott eru tilvísanir í búvörulögunum þar sem fjallað er um úrskurðarnefndirnar felldar brott, þ.e. úr 1. mgr. 56. gr. og 1. mgr. 61. gr.

Nánar um rökstuðning fyrir ákvæði greinarinnar er vísað til umfjöllunar um 16. gr. frumvarps þessa.

Um 14. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að 47. gr. gildandi laga falli brott og þar með að framkvæmdanefnd búvörusamninga hætti að hafa yfirumsjón með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu.

Um 15. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir að 48. gr. gildandi laga falli brott. Ákvæði hennar hafa nú að mestu verið færð í 41. gr., sbr. 8. gr. frumvarps þessa.

Um 16. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að 49. gr. gildandi laga falli brott. Í 49. gr. gildandi laga er fjallað um úrskurðarnefnd um ágreining um greiðslumark og skipan hennar. Í nýlegri skýrslu umboðsmanns Alþingis frá nóvember 2006 er fjallað um úrskurðarnefndir á stjórnsýslustigi og hvernig tekist hefur til við rekstur mála hjá þeim. Samkvæmt áliti umboðsmanns, máli nr. 4193/2004, er mikið um það að mál dragist á langin hjá sjálfstæðum stjórnsýslu- og úr-

skurðarnefndum og ákvæði um málshraða og fresti séu ekki virt. Í skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda, sem útgefin var af forsætisráðuneytinu 1999, bls. 89, segir um sjálfstæðar stjórnsýslunefndir: „Sjálfstæðar stjórnsýslunefndir kallast þær nefndir sem fara með málefni á starfssviði ráðherra en er skipað til hliðar við þau stjórnvöld sem heyra undir yfirstjórn hans. Þessar stjórnsýslunefndir eru sjálfstæðar í þeim skilningi að ráðherra fer ekki með almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart þeim. Af þeim sökum getur ráðherra ekki gefið þeim bindandi fyrirmæli um framkvæmd stjórnsýslu, nema hafa til þess lagaheimild og ákvörðun slíkrar nefndar verður ekki skotið til ráðherra. Sjálfstæðum stjórnsýslunefndum verður einungis komið á fót með lögum.“ Úrskurðarnefnd samkvæmt búvörulögum um ágreining um greiðslumark fékk þrjú mál til meðferðar 2001, ellefu mál árið 2002, þrjú mál árið 2003, fjögur mál 2004 og tvö mál 2005. Með framangreindri breytingu verður það svo að þeir úrskurðir sem gera má ráð fyrir að Landbúnaðarstofnun felli verða kæranlegir til ráðherra sem æðra stjórnvalds, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Í 56. gr. í X. kafla um framleiðslu og greiðslumark mjólkur 1998–2005 er kveðið á um að 49. gr. gildi um ágreining vegna ákvörðunar á greiðslumarki lögbýla samkvæmt þeim kafla. Í 61. gr. í XI. kafla um framleiðslu og verðmyndun garð- og gróðurhúsaafurða 2002–2011 er kveðið á um að 49. gr. gildi um ágreining samkvæmt þeim kafla. Í samræmi við það að úrskurðarnefndin er lögð niður eru ofangreindar tvær tilvitnanir í 49. gr. felldar brott úr viðeigandi lagagreinum.

Komi upp ágreiningur um greiðslumark mun Landbúnaðarstofnun sem nú fer með verkefni er varða skráningu greiðslumarks samkvæmt lögum taka stjórnvaldsákvörðun í slíkum tilvikum. Slíkar ákvarðanir verði þá kæranlegar til landbúnaðarráðherra, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Um greinina vísast til athugasemda við 5. gr. því ákvæðin eru sambærileg. Í þessari grein er kveðið á um forkaupsrétt að greiðslumarki mjólkur. Ekki er um mikla efnisbreytingu að ræða þar sem 3. mgr. 54. gr. kveður nú á um slíkan forkaupsrétt jarðareiganda og rétt leiguliða til að kaupa og skrá greiðslumark á lögbýli. Ákvæðin um skriflega tilkynningu og þann frest sem veittur er til að neyta forkaupsréttarins eru þó nýmæli í lögunum. Rétt þykir að sambærilegar reglur gildi í þessum tilvikum er varðar greiðslumark sauðfjár og mjólkur.

Um 19. og 20. gr.

Um greinarnar vísast til athugasemda við 13. gr.

Um 21. gr.

Í grein þessari er fjallað um breytingu á 74. gr. gildandi laga. Í tengslum við afnám útflutningsskyldu á sauðfjárafurðum í áföngum og að fullu 1. júní 2009 er gert ráð fyrir því að 74. gr. falli brott, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða. Í 21. gr. er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra hætti að hafa afskipti af samningum milli Bændasamtaka Íslands og sláturleyfishafa um verkaskiptingu við slátrun og verkun sauðfjár- og stórgripaafurða til sölu á erlendum markaði. Slík samningsskylda er nú felld brott úr lögum. Þessir aðilar geta eftir sem áður haft ákveðið samstarf og þá innan ramma samkeppnislaga, nr. 44/2005. Sérstaklega á það við um

samstarf vegna útflutnings á erlenda markaði, enda hafi það ekki áhrif á samkeppni innan lands.

Um 22. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ákvæði 1.–3. mgr. 75. gr. laganna falli brott þar sem þau hafa ekki lengur þýðingu.

Í greininni er jafnframt kveðið á um breytingu á 4. mgr. gildandi 75. gr. í þá veru að sérstakur sjóður, svokallaður Garðávaxtasjóður sem starfræktur hefur verið og úthlutað hefur styrkjum til stofnræktar garðávaxta, rannsókna og tilrauna með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði, sbr. reglugerð nr. 180/1992, verði sameinaður Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Stjórn Framleiðnisjóðs annast nú vörslu og úthlutun fjár úr sjóðnum. Eignir Garðávaxtasjóðs í árslok 2005 voru 53,6 millj. kr. Úthlutun úr sjóðnum árið 2005 samkvæmt ársskýrslu sjóðsins nam 1,7 millj. kr. (vöxtum af höfuðstól) til fastaverkefnis Landbúnaðarháskóla Íslands (áður RALA) og útsæðisnefndar sem varðar viðhald heilbrigðra kartöflustofna. Þar sem fjárþörf verkefnisins var meiri en nam árstekjum Garðávaxtasjóðs árið 2005 var mismuninum mætt með viðbótarframlagi úr Framleiðnisjóði. Um fjárhag Garðávaxtasjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans fyrir árið 2005. Gera þarf Garðávaxtasjóð sérstaklega upp og fylgja ákvæðum sérstakrar reglugerðar um sjóðinn. Er talið að með því að sameina sjóðinn Framleiðnisjóði landbúnaðarins sé hægt að gera hann öflugari og einfalda stjórnsýslu með þeim verkefnum sem sjóðnum er ætlað að sinna. Þau verkefni sem sjóðnum er ætlað að styrkja eru nú jafnframt styrkhæf úr Framleiðnisjóði, sbr. lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89/1966, ásamt síðari breytingum, og 3. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, og er æskilegt að áhersla verði á að áfram fáist jafnmikið og helst meira fé til þessara rannsókna eftir sameiningu sjóðanna.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um breytingar á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum.

Ákvæði P, R og S eiga ekki lengur við og eru því felld brott.

Í nýju ákvæði T er sambærilegt ákvæði og nú er að finna í búvörulögunum, en ákvæðið er aðlagað nýjum samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar.

Nýtt ákvæði U tekur á afnámi útflutningsskyldu í áföngum og kveður á um þær reglur sem um það gilda.

Í nýju ákvæði Ú er fjallað um það hvernig réttur þeirra sem samkvæmt núverandi lögum fá jöfnunargreiðslur breytist í greiðslumark. Í ákvæðinu kemur fram að greiðslur til hvers framleiðanda árin 2004, 2005 og 2006 skuli reikna til verðlags 1. janúar 2007. Að því loknu skuli velja tvö bestu árin hjá hverjum framleiðanda og síðan meðaltal þeirra. Á grundvelli þess skal 17.600 ærgildum skipt hlutfallslega milli framleiðenda og bætt við heildargreiðslumark samkvæmt skráningu Landbúnaðarstofnunar 31. desember 2007. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um missi þessa réttar hafi framleiðslu verið hætt árið 2007.

Um 24. gr.

Gert er ráð fyrir því að lög þessi taki gildi 1. janúar 2008 og er það í samræmi við gildistökuákvæði nýs samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að 29. gr. og 74. gr. búvörulaga, sem afnumdar eru samkvæmt frumvarpinu haldi gildi sínu tímabundið eftir nánari ákvæðum ákvæðis til bráðabirgða U í við lögin, sbr. 1. tölul. c-liðar 23. gr.

**Fylgiskjal I.**

## SAMNINGUR
## um starfskilyrði sauðfjárræktar.

Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Bændasamtök Íslands hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar á grundvelli 30. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

### 1. gr.
### Markmið.

**1. Markmið samningsins eru eftirfarandi:**

1.1. Að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda.
1.2. Að stuðla að nýliðun í hópi sauðfjárbænda og styrkja búsetu í dreifbýli.
1.3. Að sauðfjárrækt sé stunduð í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og sjálfbæra landnýtingu.
1.4. Að örva markaðsvitund bænda og afurðastöðva og halda jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar.
1.5. Að stuðla að framþróun í sauðfjárrækt.

### 2. gr.
### Hugtök.

**2.1. Beingreiðslur.**

Tiltekin fjárhæð, sem ákveðin er í gr. 4.1 og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

**2.2 Greiðslumark lögbýla.**

Greiðslumark lögbýla er tiltekinn fjöldi ærgilda, sem ákveðinn er fyrir hvert lögbýli, sbr. gr. 3.2 og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði.

**2.3 Vetrarfóðruð kind.**

Ær, hrútar, sauðir og lömb sem sett eru á vetur og talin fram á búfjáreftirlitsskýrslu.

**2.4 Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla.**

Dilkakjöt sem framleitt hefur verið eftir kröfum um velferð búfjár, sjálfbæra landnýtingu og hollustu afurða.

### 3. gr.
### Greiðslumark sauðfjárbúa og beinar greiðslur.

**3.1 Heildargreiðslumark.**

Heildargreiðslumark sauðfjár er samanlagt greiðslumark lögbýla 31. desember 2007 samkvæmt skráningu Landbúnaðarstofnunar alls 350.857 ærgildi.

Réttur til jöfnunargreiðslna, eins og þær eru skilgreindar í 40. gr. laga nr. 99/1993, sbr. 9. gr. laga nr. 88/2000, sem úthlutað var frá og með 1. janúar 2001, skulu frá og með gildis-

tökudegi samnings þessa umreiknaðar í greiðslumark með eftirfarandi hætti: Greiðslur til hvers framleiðanda árin 2004, 2005 og 2006 skal reikna til verðlags 1. janúar 2007. Að því loknu skal velja tvö bestu árin hjá hverjum framleiðanda og síðan meðaltal þeirra. Á grundvelli þessa verði 17.600 ærgildum skipt hlutfallslega milli framleiðenda og bætt við heildargreiðslumark 31. desember 2007. Réttur til úthlutunar fellur niður hafi framleiðslu verið hætt árið 2007. Heildargreiðslumark 1. janúar 2008 er því 368.457 ærgildi.

**3.2 Greiðslumark lögbýla.**

Greiðslumark er bundið við lögbýli og skal skráð í einu lagi, nema um fleiri sjálfstæða rekstraraðila sé að ræða, sem standa að búi. Þar sem fleiri aðilar standa saman að búrekstri skal slíkt sérstaklega skráð hjá Landbúnaðarstofnun. Greiðslumark lögbýla þann 1. janúar 2008 miðast við greiðslumark eins og það er skráð hjá Landbúnaðarstofnun þann. 31. desember 2007, að viðbættum umreiknuðum jöfnunargreiðslum sbr. 2. mgr. gr. 3.1.

**3.3 Skráning og viðskipti með greiðslumark.**

Landbúnaðarstofnun heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla, sérskráð greiðslumark og handhafa greiðslumarks og staðfestir breytingar á skráningu.

Greiðslumark getur flust milli lögbýla. Ávallt þarf samþykki þinglýstra eigenda fyrir framsali greiðslumarks. Sé ábúandi annar en eigandi lögbýlis þarf samþykki beggja fyrir framsali greiðslumarks.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að framselja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok.

Framsal greiðslumarks tekur gildi 1. janúar ár hvert og greiðast beingreiðslur út á keypt greiðslumark frá sama tíma. Tilkynna skal Landbúnaðarstofnun um framsal fyrir 15. janúar ár hvert vegna greiðslna fyrir viðkomandi ár.

**3.4 Skerðing beingreiðslna.**

Til að fá fullar beingreiðslur þarf handhafi að eiga að lágmarki 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks. Landbúnaðarráðherra ákveður árlega, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, hlutfall vetrarfóðraðra kinda á hvert ærgildi sem þurfa að vera skráð á forðagæsluskýrslum til þess að viðkomandi greiðslumarkshafi hljóti fullar beingreiðslur. Nái ásetningur ekki því lágmarki skerðast beingreiðslur hlutfallslega. Ef greiðslumark lögbýlisins er skipt á fleiri en einn rekstraraðila, þá skal miðað við greiðslumark og ásetning hvers rekstraraðila fyrir sig.

Á lögbýlum þar sem búfjárbeit kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland, er ráðherra heimilt að ákveða lægra ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins, enda verði samhliða ráðist í að bæta beitarskilyrði. Umsóknum um slíka undanþágu skal skila til framkvæmdanefndar búvörusamninga. Þá getur ráðherra ákveðið að víkja frá framangreindu ásetningshlutfalli hjá framleiðendum sem hafa skorið niður fé til útrýmingar sjúkdómum.

Landbúnaðarstofnun er heimilt að skerða eða fella niður beingreiðslur ef sauðfjárbóndi gefur rangar upplýsingar um ásettan fjölda sauðfjár eða stundar ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé.

**3.5 Beingreiðslur eftir búskaparhlé.**

Falli beingreiðslur niður vegna fjárleysis heldur viðkomandi lögbýli engu að síður greiðslumarki sínu á samningstímanum. Beingreiðslur hefjast að nýju þegar bústofn er aftur tekinn á jörðina.

**3.6 Eftirstöðvar beingreiðslna.**

Beingreiðslur sem lausar eru án samninga um búskaparlok skulu renna til markaðsstarfs á vegum framleiðenda kindakjöts, eftir ákvæðum gr. 4.4.

**4. gr.**

**Framlög ríkisins og skipting þeirra.**

Ríkissjóður greiðir á samningstímanum framlög sem hér segir:

| Ár | Heildarfjárhæðir | Beingreiðslur | Gæðastýring | Ullarnýting | Markaðsstarf og birgðahald | Svæðisbundinn stuðningur | Nýliðun- og átaksverkefni |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2008 | 3.348 | 1.716 | 898 | 300 | 311 | 43 | 80 |
| 2009 | 3.318 | 1.716 | 898 | 300 | 281 | 43 | 80 |
| 2010 | 3.288 | 1.716 | 898 | 300 | 251 | 43 | 80 |
| 2011 | 3.257 | 1.716 | 898 | 300 | 220 | 43 | 80 |
| 2012 | 3.227 | 1.716 | 898 | 300 | 190 | 43 | 80 |
| 2013 | 3.197 | 1.716 | 898 | 300 | 160 | 43 | 80 |

**4.1 Beingreiðslur.**

Beingreiðslur skiptast í níu jafnar greiðslur sem greiðast mánaðarlega frá janúar til september þó þannig að janúargreiðsla greiðist með febrúargreiðslu.

**4.2 Gæðastýring.**

Gæðastýringarframlag (álagsgreiðslur) er greitt á tiltekna gæðaflokka dilkakjöts frá framleiðendum sem uppfylla skilyrði reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu eins og hún er á hverjum tíma. Gjalddagar fyrir framleiðslu skulu vera tveir á ári. Lokauppgjör ársins skal fara fram fyrir 5. febrúar næsta ár á eftir. Samningsaðilar eru sammála um að fram fari endurskoðun á reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 175/2003 fyrir gildistöku samnings þessa.

**4.3 Ullarnýting.**

Ráðstöfun fjár vegna nýtingar á ull er í umsjón Bændasamtaka Íslands.

**4.4 Markaðsstarf og birgðahald.**

Ráðstöfun fjár vegna markaðs og birgðahalds er í umsjón Bændasamtaka Íslands. Heimilt er að verja fjármagninu m.a. til eftirfarandi verkefna:

- Til að greiða bændum álag vegna slátrunar utan hefðbundins sláturtíma.
- Til að standa straum af hluta kostnaðar vegna birgðahalds.
- Til markaðssetningar sauðfjárafurða.

**4.5 Nýliðunar- og átaksverkefni.**

Á fyrsta ári samnings þessa skal verja 80 m.kr. til nýliðunar og átaksverkefna í sauðfjárrækt. Til nýliðunar í stétt sauðfjárbænda verði varið 35 m.kr., m.a. í formi styrkja til bústofnskaupa, bæði til frumbýlinga og við ættliðaskipti á bújörðum. Þá verða 30 m.kr. nýttar

til að styðja kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í greininni, t.d. vegna gæðastýringar og lífrænnar framleiðslu. Loks skal árlega veita allt að 15 m.kr. til stuðnings við endurræktun og jarðrækt. Ráðstöfun þessa fjár er í höndum Bændasamtaka Íslands.

**4.6 Búskaparlok.**

Bændur á lögbýlum með greiðslumark, sem eru orðnir 64 ára, eiga kost á að gera samning um búskaparlok. Í samningi skal kveða á um afléttingu ásetningskyldu, gegn rétti á óskertum beingreiðslum út gildistíma samnings þessa.

**4.7 Svæðisbundin stuðningur.**

Til þeirra aðila sem nú hljóta greiðslur til stuðnings sauðfjárræktar, á svæðum sem skilgreind hafa verið sérstaklega háð sauðfjárrækt, sbr. reglur landbúnaðarráðuneytisins nr. 552/2005, skal árlega verja fjárhæð, sbr. töflu í 4. gr. Stuðningurinn er háður því að viðkomandi sé skráður ábúandi með lögheimili á lögbýli sem rétt á til úthlutunar samkvæmt framangreindum reglum. Ekki er skilyrði að þeir sem stuðnings njóta stundi sauðfjárrækt. Réttur samkvæmt þessari grein skal vera óframseljanlegur og bundinn við lögbýli. Landbúnaðarráðuneytið setur nánari reglur um greiðslur samkvæmt þessari grein.

**5. gr.**
**Framleiðsla og afurðaverð.**

**5.1 Útflutningsskylda.**

Frá og með 1. janúar 2008 skal undanþága framleiðenda sem hafa haft 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks frá útflutningsskyldu skv. 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 falla niður. Framleiðendur er undanþegnir verða útflutningsskyldu haustið 2007, bera þó helming álagðrar útflutningsskyldu árið 2008.

Frá og með 1. júní 2009 fellur útflutningsskylda kindakjöts skv. 29. gr. laga nr. 99/1993 brott. Fram til 1. júní 2009 gilda ákvæði 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um útflutning á dilkakjöti, eftir því sem við á.

**5.2 Afurðaverð.**

Landssamtökum sauðfjárbænda er heimilt að gefa út viðmiðunarverð.

Verð fyrir framleiðsluna er samningsatriði milli sauðfjárbænda og sláturleyfishafa.

**6. gr.**
**Endurskoðun, framkvæmd og gildistími samnings.**

**6.1 Um fjárhæðir.**

Allar fjárhæðir í samningi þessum skulu miðaðar við verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs 1. janúar 2007, sem var 266,2 stig, og taka breytingum mánaðarlega þaðan í frá samkvæmt vísitölu neysluverðs.

**6.2 Breyting og endurskoðun.**

Aðilar samnings þessa geta á gildistíma hans hvor um sig óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans. Verði af hálfu beggja samningsaðila fallist á breytingu skulu þær gerðar skriflega sem viðauki við samning þennan.

**6.3 Eftirlit með samningi.**

Bændasamtök Íslands skulu setja verklagsreglur um úthlutun greiðslna samkvæmt samningi þessum. Bændasamtök Íslands skulu árlega skila yfirliti til landbúnaðarráðuneytisins um heildarfjárhæðir greiddra framlaga og skulu fjárhæðir vera sundurliðaðar á milli verkefna eða viðfangsefna sem framlags geta notið samkvæmt samningi þessum.

Verði fjárhæðum samkvæmt liðum 4.3, 4.4 og 4.5 ekki ráðstafað innan þeirra liða, samkvæmt verklagsreglum um úthlutun, er Bændasamtökum Íslands, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, heimilt að færa til greiðslur milli þeirra. Heimilt er að geyma fjármuni á milli ára.

Reglur um ráðstöfun fjár samkvæmt liðum 4.3, 4.4 og 4.5 skulu öðlast staðfestingu landbúnaðarráðherra.

**6.4 Fyrirvarar um nauðsynleg samþykki.**

Samningur þessi er undirritaður f.h. ríkisstjórnar Íslands með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis og f.h. Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sauðfjárbænda með fyrirvara um samþykki í almennri atkvæðagreiðslu.

**6.5 Fyrirvari vegna WTO samninga.**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem kunna að leiða af niðurstöðu samningaviðræðna á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Þegar yfirstandandi samningaviðræðum innan WTO lýkur skal samningur þessi endurskoðaður þannig að stuðningsfyrirkomulag ríkisins við íslenskan landbúnað rúmist hverju sinni innan þeirra heimilda sem skuldbindingar Íslands á vettvangi WTO kveða á um.

**6.6 Framkvæmd og gildistími.**

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013. Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur umsjón með framkvæmd samnings þessa. Samningurinn er gerður í fjórum samhljóða eintökum og skulu Bændasamtök Íslands halda einu, Landssamtök sauðfjárbænda einu, landbúnaðarráðherra einu og fjármálaráðherra einu.

Reykjavík, 25. janúar 2007.

F.h. Bændasamtaka Íslands

*Haraldur Benediktsson*

*Jóhannes Sigfússon*

*Fanney Ólöf Lárusdóttir*

*Gunnar Sæmundsson*

*Jóhanna Pálmadóttir*

F.h. ríkisstjórnar Íslands

*Guðni Ágústsson*
landbúnaðarráðherra

*Árni M. Mathiesen*
fjármálaráðherra

**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.**

Tilgangur frumvarpsins er að breyta lögum svo að markmið nýs samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands nái fram að ganga. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013 og er áætlaður kostnaður ríkissjóðs af samningnum sýndur í eftirfarandi töflu í m.kr. Allar fjárhæðir eru miðaðar við verðlag í janúar 2007 og taka mánaðarlegum breytingum þaðan í frá samkvæmt vísitölu neysluverðs. Samkvæmt verðlagi í janúar 2007 eru útgjöld ríkissjóðs til þessara mála, fyrir árið 2007, áætluð um 3.048 m.kr. og munu því aukast um 300 m.kr. á fyrsta ári samningsins.

| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Beingreiðslur | 1.716 | 1.716 | 1.716 | 1.716 | 1.716 | 1.716 | 10.296 |
| Gæðastýring | 898 | 898 | 898 | 898 | 898 | 898 | 5.388 |
| Ullarnýting | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 1.800 |
| Markaðsstarf og birgðahald | 311 | 281 | 251 | 220 | 190 | 160 | 1.413 |
| Svæðisbundinn stuðningur | 43 | 43 | 43 | 43 | 43 | 43 | 258 |
| Nýliðunar- og átaksverkefni | 80 | 80 | 80 | 80 | 80 | 80 | 480 |
| **Samtals** | **3.348** | **3.318** | **3.288** | **3.257** | **3.227** | **3.197** | **19.635** |

# 1021. Tillaga til þingsályktunar [670. mál]

um endurskoðaða áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar skv. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, að samþykkja eftirfarandi endurskoðun á áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2004–2008.

## I. Verkefni ríkisstjórnarinnar.

Stefnumarkandi áherslusvið í jafnréttismálum fyrir næstu ár verði eftirfarandi:

1. Fræðsla um jafnréttismál.
2. Jafnrétti á vinnumarkaði.
3. Jafnréttisáætlanir ráðuneyta.
4. Eftirfylgni með framkvæmdaáætlun.

## II. Verkefni ráðuneytanna.

*A. Verkefni allra ráðuneytanna.*

1. Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnum.
2. Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta.
3. Jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir ráðuneyta og stofnana.
4. Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum stofnunum ráðuneyta.
5. Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.
6. Staða kvenna í yfirstjórnum ráðuneytanna og stofnana þeirra.

*B. Forsætisráðuneyti.*

7. Birting á rannsóknum og niðurstöðum verkefna sem hlotið hafa styrk úr Jafnréttissjóði.

*C. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.*

8. Mansal.
9. Vernd vitna og þolenda afbrota.
10. Aðbúnaður kvenna innan lögreglunnar.

*D. Félagsmálaráðuneyti.*

11. Yfirstjórn samþættingar jafnréttissjónarmiða.
12. Nefndir og ráð í sveitarfélögum.
13. Framkvæmd laganna um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.
14. Jafnrétti í vinnumiðlun.
15. Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti.
16. Karlar til ábyrgðar.
17. Samþætting kynjasjónarmiða á sviði málefna fatlaðra.
18. Samþætting á sviði barnaverndar.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:

7. Birting á rannsóknum og niðurstöðum verkefna er hlotið hafa styrk úr Jafnréttissjóði.
8. Mansal.
9. Vernd vitna og þolenda afbrota.
32. Konur í atvinnurekstri.
46. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.

*E. Fjármálaráðuneyti.*

19. Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna.

*F. Hagstofa Íslands.*

20. Konur og karlar í atvinnurekstri.
21. Laun kvenna og karla eftir starfsgreinum.

*G. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.*

22. Áhrif klámvæðingar á ungt fólk.
23. Heilsufarskönnun.
24. Notkun kvenna og karla á heilsugæslunni.
25. Mat á árangri og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.
26. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.
27. Áhættuhegðun karla.
28. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.
29. Jafnrétti og lýðheilsa.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:
16. Karlar til ábyrgðar.

*H. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.*
30. Konur og stjórnun fyrirtækja.
31. Stuðningur við konur í atvinnurekstri.
32. Konur í atvinnurekstri.
33. Úttekt á styrkjum, lánum og fjárfestingum ráðuneytisins.
34. Aukin tækifæri í forustu atvinnulífsins.

*I. Landbúnaðarráðuneyti.*
35. Lifandi landbúnaður – Gullið heima.
36. Jafnrétti í skráningu eignarréttinda í landbúnaði.

*J. Menntamálaráðuneyti.*
37. Konur í vísindum.
38. Jafnrétti og listir.
39. Jafnréttiskennsla í skólum.
40. Starfs-, sí- og endurmenntun.

*K. Samgönguráðuneyti.*
41. Störf kvenna á skipum.
42. Staða kvenna í íslenskri ferðaþjónustu.

*L. Sjávarútvegsráðuneyti.*
43. Úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.
44. Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.

*M. Umhverfisráðuneyti.*
45. Konur og Staðardagskrá 21.

*N. Utanríkisráðuneyti.*
46. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.
47. Jafnréttisstarf fulltrúa á vegum UNIFEM í löndum þar sem alþjóðlegt uppbyggingarstarf á sér stað.
48. Samþætting kynjasjónarmiða í starfi íslensku friðargæslunnar. Gerð aðgerðaáætlunar vegna ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 frá árinu 2000.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:
8. Mansal.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt endurskoðaða áætlun í jafnréttismálum 2004 – 2008. Hún fylgir hér á eftir:

**„I. Inngangur.**

Í 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er kveðið á um að félagsmálaráðherra leggi fram, eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar, tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Sú áætlun var lögð fram árið 2004 og gildir til loka maí árið 2008. Hér er lögð fram endurskoðun á þeirri áætlun. Áætlunin sem hér fer á eftir er byggð á gildandi áætlun og eru áherslur endurskoðunarinnar þær sömu og í fyrri áætlun. Felst endurskoðunin að mestu í að fylgja eftir og meta stöðu verkefna sem

hafa verið unnin. Verkefni sem er lokið hafa verið tekin út og nýjum verkefnum bætt inn þar sem við á. Einnig hefur tímaáætlunum einstakra verkefna verið breytt. Nánari upplýsingar um stöðu verkefna koma fram í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála sem lögð er fram samhliða þessari þingsályktunartillögu.

Í fyrri framkvæmdaáætlunum var stefnt að því að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið inn í daglegt starf allra ráðuneyta. Nauðsynlegt er að hafa þetta markmið að leiðarljósi áfram. Rétt er þó að benda á að samþætting er ekki markmið í sjálfu sér heldur er það jafnrétti kynjanna sem er markmiðið. Það næst með því að gera samþættingu að viðteknum vinnubrögðum í stjórnsýslunni. Samþætting er aðferð sem tryggja á að jafnréttis- og kynjasjónarmið séu viðhöfð í allri stefnumótun, þ.e. við undirbúning tillagna, ákvarðanatöku, framkvæmdir og mat. Þetta er mikilvægt til að þarfir beggja kynja séu gerðar sýnilegar á öllum stigum málsins.

Í fyrri framkvæmdaáætlun var lögð áhersla á að jafna hlutföll kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneyta. En þrátt fyrir það hefur hlutfall kvenna staðið í stað í nefndum, ráðum og stjórnum sem störfuðu á árunum 2004 og 2005 en þá var hlutfallið 32%. Ef skoðaðar eru nýjar skipanir í nefndir, ráð og stjórnir á árinu 2004 þá er hlutur kvenna hærri eða 38% og á árinu 2005 varð þetta hlutfall 37%. Félagsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið hafa náð því að auka hlut kvenna í 40% eins og stefnt var að. Ríkisstjórnin þarf að huga betur að þessu á næstu árum og að því verður áfram unnið á grundvelli þessarar áætlunar.

Kynbundinn launamunur er enn eitt af helstu áhersluatriðum framkvæmdaáætlunarinnar. Lengi vel minnkaði þessi munur, en upplýsingar frá Hagstofu Íslands og könnun Capacent Gallup tengd verkefninu „Launamyndun og kynbundinn launamunur“ úr fyrri framkvæmdaáætlun benda til þess að dregið hafi úr þessari jákvæðu þróun síðustu ár og að stöðnun ríki. Því er afar mikilvægt að halda vinnunni áfram. Kynbundinn launamunur og verkefni tengd vinnumarkaði hafa því fengið talsvert rými í þessari endurskoðuðu framkvæmdaáætlun.

## II. Helstu breytingar.

Gert var ráð fyrir að tilteknum verkefnum í áætluninni yrði lokið um mitt gildistímabil áætlunarinnar. Verkefni ríkisstjórnarinnar og ráðuneytanna um „skilgreiningu á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna“ er lokið. Á vegum forsætisráðuneytisins er verkefni um „útgáfu jafnréttisgátlista til notkunar við stefnumótunarvinnu“ lokið. Fimm verkefnum félagsmálaráðuneytisins er lokið en það eru verkefnin: „kynbundinn launamunur“, „launamunur og kynbundinn launamunur“, „jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa“, „áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof á jafnrétti kynjanna“ og „fæðingarorlof og atvinnulíf“. Fjármálaráðuneytið lauk verkefninu „úttekt á almannatryggingakerfinu“ á tímabilinu. Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er einu verkefni lokið en það er verkefnið „verkefnisstjórn um heilsufar kvenna“. Menntamálaráðuneytið hefur lokið fjórum verkefnum það sem af er gildistíma áætlunarinnar. Verkefnin eru: „fræðsla um jafnréttismál í kennaranámi“, „styrkir til jafnréttisfræðslu úr þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla“, „jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar“ og „konur og fjölmiðlar“

Nokkur ný verkefni er að finna í endurskoðaðri áætlun í jafnréttismálum. Nýtt verkefni forsætisráðuneytisins ber heitið: „birting á rannsóknum og niðurstöðum verkefna sem hlotið hafa styrk úr Jafnréttissjóði“. Þrjú ný verkefni verða framkvæmd á vegum félagsmálaráðuneytisins en það eru verkefnin: „framkvæmd laganna um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000“, „samþætting sjónarmiða á sviði málefna fatlaðra“ og „samþætting á sviði barna-

verndar". Hagstofa Íslands er með eitt nýtt verkefni og ber það heitið: „laun kvenna og karla eftir starfsgreinum". Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið mun vinna tvö ný verkefni það sem eftir lifir gildistíma áætlunarinnar og eru það verkefnin: „úttekt á styrkjum, lánum og fjárfestingum ríkisins" og „aukin tækifæri í forustu atvinnulífsins". Menntamálaráðuneytið mun taka að sér framkvæmd verkefnisins „starfs-, sí og endurmenntun" en það var meðal verkefna félagsmálaráðuneytisins í upphaflegri áætlun í jafnréttismálum. Samgönguráðuneytið mun vinna eitt nýtt verkefni og ber það heitið „staða kvenna í íslenskri ferðaþjónustu". Að síðustu verður unnið nýtt verkefni á vegum utanríkisráðuneytisins sem fjallar um „samþættingu kynjasjónarmiða í starfi íslensku friðargæslunnar. Gerð aðgerðaáætlunar vegna ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 frá árinu 2000."

Eins og áður hefur komið fram hefur tímaáætlunum einstakra verkefna verið breytt en nánari upplýsingar um stöðu verkefnanna koma fram í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála.

## III. Verkefni ríkisstjórnarinnar.

Í framkvæmdaáætlun þessari er lagt til að stefnumarkandi áherslusvið í jafnréttismálum fyrir næstu ár verði eftirfarandi:

1. Fræðsla um jafnréttismál.
2. Jafnrétti á vinnumarkaði.
3. Jafnréttisáætlanir ráðuneyta.
4. Eftirfylgni með framkvæmdaáætlun.

Nokkur verkefni ríkisstjórnarinnar taka sérstaklega til innra starfs ráðuneytanna, en önnur verkefni sem gerð er grein fyrir hér á eftir munu að einhverju leyti fela í sér vinnu að samþættingu, fræðslu eða vinnumarkaðsmálum.

*1. Fræðsla um jafnréttismál.*

Sérþekking og fjármagn verður að vera tiltækt til að sinna samþættingu jafnréttissjónarmiða eins og í öllum verkefnum einstakra ráðuneyta. Nauðsynlegt er að allir þeir sem vinna að stefnumótun og ákvarðanatöku hafi þekkingu á jafnréttismálum. Þess vegna er fræðsla um jafnréttismál eitt af frumskilyrðum þess að samþætting geti átt sér stað. Allt starfsfólk ríkis og sveitarfélaga, sem ber ábyrgð á og sér um að framfylgja stefnumótunarvinnu, þarf fræðslu um þennan málaflokk til að geta sinnt verkefnum sínum fyllilega. Því verður haldið áfram með markvissa fræðslu fyrir stjórnendur og aðra starfsmenn innan ráðuneyta. Áhersla verður lögð á það á næsta ári í samstarfi við fagaðila. Verkefni sem tengjast þessu áhersluatriði er til dæmis fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta (verkefni 2).

*2. Jafnrétti á vinnumarkaði.*

Könnun sem Capacent Gallup vann fyrir félagsmálaráðuneytið árið 2006 um launamyndun og kynbundinn launamun sýnir að enn er kynbundinn launamunur hér á landi og bendir til þess að stöðnun ríki í þeim efnum eins og annars staðar á Norðurlöndum. Samkvæmt könnun sem nefnd um efnahagsleg völd kvenna stóð fyrir árið 2004 höfðu konur um 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnutíma. Samkvæmt skýrslunni má skýra 21–24% launamunarins með ólíkum starfsvettvangi, starfi, menntun og ráðningarfyrirkomulagi. Eftir stendur 7,5–11% launamunur sem er óútskýrður, en leiða má líkur að því að til dæmis hjónaband og barneignir hafi önnur áhrif á laun kvenna en karla.

Reglulegar kannanir Hagstofu Íslands á launum landsmanna hafa leitt í ljós að regluleg mánaðarlaun karla voru 267.000 kr. árið 2005 en kvenna 198.000 kr. Samanburður við árið 2004 sýndi að laun karla hækkuðu um 10,2% en kvenna um 10,0% milli ára. Einnig sýnir könnunin „Launamyndun og kynbundinn launamunur“, sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneytið, litlar sem engar breytingar á launum kynjanna milli áranna 1994 og 2006, eða 16% í 15,7%. Þessa þróun verður að skoða sem viðvörun um að verkefni sem unnin hafa verið í þeim tilgangi að draga úr launamun kynjanna skili ekki tilætluðum árangri. Er því nauðsynlegt að grípa til frekari aðgerða til að koma í veg fyrir stöðnun þeirrar jákvæðu þróunar sem orðið hefur á síðustu árum og leggja áherslu á að verkefnum sem kveðið var á um í þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum verði lokið á gildistíma áætlunarinnar.

Nýlegar kannanir hafa sýnt að yfirborganir og hlunnindi á almenna vinnumarkaðnum og hjá hinu opinbera gangi frekar til karla en kvenna. Einnig hefur komið fram við samanburð milli hefðbundinna starfsgreina kvenna og hefðbundinna starfsgreina karla sem krefjast sambærilegs námstíma að þar sé verulegur launamunur. Ljóst er að leita verður leiða til að uppræta launafyrirkomulag þar sem stöðuheiti, föst yfirvinna og bílahlunnindi eru notuð til að bæta þau laun sem samið er um í kjarasamningum. Markmið ríkisstjórnarinnar er að uppræta óútskýrðan launamun kynjanna þannig að jafnrétti náist á þessu sviði.

Nú eru komnar fram niðurstöður tveggja verkefna sem unnin voru á fyrstu tveimur árum þessarar framkvæmdaáætlunar. Annars vegar er komin út skýrslan „Mælistikur á launajafnrétti á Norðurlöndum“ og hins vegar hefur könnunin „Launamyndun og kynbundinn launamunur“ frá árinu 1995, á launum og starfsframa kvenna og karla, verið endurtekin árið 2006 og vöktu niðurstöður hennar mikla athygli. Á niðurstöðum þessara verkefna á að byggja framkvæmdaáætlun um launajafnrétti (verkefni 17) sem miðar að því að finna raunhæfar leiðir til að ná fram fullu launajafnrétti.

Auk þess þarf að leggja áherslu á verkefni sem stuðla að aukinni þátttöku kvenna í atvinnurekstri og iðnaði. Þá er full ástæða til að fylgja eftir 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, þar sem segir að „[f]yrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni“. Sérstaklega er tekið fram í lögunum að í jafnréttisáætlun skuli kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum launajafnrétti, jafnan aðgang að lausum störfum, starfsþjálfun og endurmenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni. Nauðsynlegt er að marka aðkomu og ábyrgð stéttarfélaga launafólks og atvinnurekenda að jafnréttismálum. Verkefni tengd þessum lið eru til dæmis „úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á laun karla og kvenna“ (verkefni 19) og „aukin tækifæri til forustu í atvinnulífinu“ (verkefni 34).

*3. Jafnréttisáætlanir ráðuneyta og jafnréttisnefndir.*

Nauðsynlegt er að ríkisstjórnin sýni gott fordæmi fyrir atvinnulífið og því var lögð áhersla á að öll ráðuneyti settu sér jafnréttisáætlun fyrir mitt kjörtímabil. Þessum jafnréttisáætlunum þarf að fylgja eftir með viðeigandi aðgerðum, rétt eins og kveðið er á um í 13. gr. laga nr. 96/2000. Við upphaf tímabilsins höfðu fjögur ráðuneyti ekki sett sér jafnréttisáætlun. Nú þegar gildistími áætlunarinnar er hálfnaður hafa öll ráðuneytin nema forsætisráðuneytið sett sér jafnréttisáætlun. Forsætisráðuneytið starfar hins vegar samkvæmt jafnréttisáætlun stjórnarráðsins. Hér ber að taka fram að þrjú ráðuneyti hafa ekki skipað jafnréttisnefnd, þ.e. landbúnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti.

Verkefnið jafnréttisáætlanir og nefndir ráðuneyta (verkefni 3) fjallar sérstaklega um þetta mál en það verður áfram á dagskrá í öllum ráðuneytum ásamt aukinni áherslu á jafnréttismál stofnana. Þrjú verkefni tengjast þeirri vinnu, þ.e. skipun tengiliða jafnréttismála í öllum stofnunum ráðuneyta (verkefni 4), jafnréttissjónarmið verði tryggð við stöðuveitingar (verkefni 5) og staða kvenna í yfirstjórnum ráðuneyta og stofnunum þeirra (verkefni 6). Farið verður árlega yfir árangur þessara verkefna í greinargerð jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna til Jafnréttisstofu og er það í samræmi við starfsreglur þeirra.

*4. Eftirfylgni með framkvæmdaáætlun.*

Samhliða þessari endurskoðun á miðju gildistímabili framkvæmdaáætlunarinnar er gerð úttekt á stöðu verkefna hennar. Til að tryggja að raunverulegur árangur náist við framkvæmd þeirra verkefna sem hér eru talin er mikilvægt að gerð sé úttekt á árangri ríkisstjórnarinnar í lok gildistímans. Þar skal meta hvert verkefni, hvort sem því er lokið eða ekki, og leggja mat á þau áhrif sem það hefur haft.

## IV. Verkefni ráðuneytanna.

Eftirfarandi verkefni eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og taka öll ráðuneytin þátt í þeim:

*A. Verkefni allra ráðuneytanna.*

1. Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnum.
2. Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta.
3. Jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir ráðuneyta og stofnana.
4. Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum stofnunum ráðuneyta.
5. Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.
6. Staða kvenna í yfirstjórnum ráðuneytanna og stofnana þeirra.

*B. Forsætisráðuneyti.*

7. Birting á rannsóknum og niðurstöðum verkefna sem hlotið hafa styrk úr Jafnréttissjóði.

*C. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.*

8. Mansal.
9. Vernd vitna og þolenda afbrota.
10. Aðbúnaður kvenna innan lögreglunnar.

*D. Félagsmálaráðuneyti.*

11. Yfirstjórn samþættingar jafnréttissjónarmiða.
12. Nefndir og ráð í sveitarfélögum.
13. Framkvæmd laganna um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.
14. Jafnrétti í vinnumiðlun.
15. Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti.
16. Karlar til ábyrgðar.
17. Samþætting kynjasjónarmiða á sviði málefna fatlaðra.
18. Samþætting á sviði barnaverndar.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:

7. Birting á rannsóknum og niðurstöðum verkefna er hlotið hafa styrk úr Jafnréttissjóði.
8. Mansal.
9. Vernd vitna og þolenda afbrota.
32. Konur í atvinnurekstri.
46. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.

*E. Fjármálaráðuneyti.*

19. Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna.

*F. Hagstofa Íslands.*

20. Konur og karlar í atvinnurekstri.
21. Laun kvenna og karla eftir starfsgreinum.

*G. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.*

22. Áhrif klámvæðingar á ungt fólk.
23. Heilsufarskönnun.
24. Notkun kvenna og karla á heilsugæslunni.
25. Mat á árangri og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.
26. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.
27. Áhættuhegðun karla.
28. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.
29. Jafnrétti og lýðheilsa.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:

16. Karlar til ábyrgðar.

*H. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.*

30. Konur og stjórnun fyrirtækja.
31. Stuðningur við konur í atvinnurekstri.
32. Konur í atvinnurekstri.
33. Úttekt á styrkjum, lánum og fjárfestingum ráðuneytisins.
34. Aukin tækifæri í forustu atvinnulífsins.

*I. Landbúnaðarráðuneyti.*

35. Lifandi landbúnaður – Gullið heima.
36. Jafnrétti í skráningu eignarréttinda í landbúnaði.

*J. Menntamálaráðuneyti.*

37. Konur í vísindum.
38. Jafnrétti og listir.
39. Jafnréttiskennsla í skólum.
40. Starfs-, sí- og endurmenntun.

*K. Samgönguráðuneyti.*

41. Störf kvenna á skipum.
42. Staða kvenna í íslenskri ferðaþjónustu.

*L. Sjávarútvegsráðuneyti.*

43. Úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.
44. Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.

*M. Umhverfisráðuneyti.*

45. Konur og Staðardagskrá 21.

*N. Utanríkisráðuneyti.*

46. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.
47. Jafnréttisstarf fulltrúa á vegum UNIFEM í löndum þar sem alþjóðlegt uppbyggingarstarf á sér stað.
48. Samþætting kynjasjónarmiða í starfi íslensku friðargæslunnar. Gerð aðgerðaáætlunar vegna ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 frá árinu 2000.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:
8. Mansal.

Nánar er fjallað um hvert verkefni fyrir sig hér á eftir.

## A. Verkefni allra ráðuneytanna.

*1.* *Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnum.*

Meginhugmynd: Að ná fram sem jöfnustu hlutfalli karla og kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera. Því jafnari sem hlutföll karla og kvenna eru þar sem verið er að móta nýja stefnu því meiri líkur eru á því að ákvarðanir sem teknar eru endurspegli bæði hagsmuni kvenna og karla. Þess vegna er mikilvægt að ganga úr skugga um hvort nýttir séu hæfileikar og menntun beggja kynjanna þegar verið er að móta stefnu og taka ákvarðanir. Þetta á einnig við þar sem verið er að setja pólitísk markmið. Þar sem kynjahlutföll eru mjög mismunandi í ráðuneytunum skal fylgjast með bæði heildartölum og skipan í nefndir, ráð og stjórnir. Þannig sést best hvort breytingar séu í framkvæmd.
Hægt væri að ná fram jöfnuði með því að hvert ráðuneyti tæki upp eftirfarandi verklag:
- Þegar óskað er eftir tilnefningu frá aðilum utan ráðuneytanna verði farið fram á að fyrir hvern einn fulltrúa verði tveir einstaklingar tilnefndir, hvor af sínu kyni.
- Þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir án tilnefninga verði þegar í stað tekin upp sú regla að kynjahlutfall sé sem jafnast innan hvers hóps.
- Til að ná fram jöfnuði innan hvers ráðuneytis verði haft í huga við skipun í einstaka nefndir, ráð og stjórnir að þar sé annað kynið í meiri hluta til að rétta af ójafnvægi innan annarra nefnda.

Markmið: Að jafna hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera þannig að kynjahlutföll séu aldrei meira en 60%–40% öðru kyninu í hag. Þau ráðuneyti sem þegar hafa náð þessu hlutfalli skulu gæta þess að vera áfram sem næst jafnri skiptingu kynjanna.

Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin.

Aðrir þátttakendur: Öll ráðuneyti.

Tímaáætlun: Frá gildistöku þingsályktunarinnar skipi öll ráðuneyti jafnan hlut kvenna og karla í nefndir, ráð og stjórnir. Hlutföll við lok gildistíma eiga að vera innan marka 60–40%.

Staða: Í vinnslu. Gagnaöflun árleg.

*2.* *Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta.*

Meginhugmynd: Að halda fræðslu- og umræðufundi um jafnréttismál fyrir starfsmenn ráðuneyta og stofnana þeirra, ásamt pólitískt kjörnum fulltrúum framkvæmdarvaldsins.
Að halda reglulega námskeið um jafnréttismál fyrir starfsmenn í ráðuneytum, stjórnendur og tengiliði stofnana.
Að hvetja jafnréttisfulltrúa, jafnréttisnefndir og stjórnendur til að sækja námskeið og ráðstefnur um jafnréttismál.

Markmið: Að gera fræðslu um jafnréttismál hluta af starfi ráðuneytanna og stofnana þeirra þannig að starfsmenn verði meðvitaðir um mikilvægi málaflokksins.

Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin, Jafnréttisstofa og félagsmálaráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Öll önnur ráðuneyti og Reykjavíkurborg.

Tímaáætlun: Námskeið skulu haldin út gildistíma áætlunarinnar.

Áætlaður kostnaður: 1 millj. kr. fyrir hvert ráðuneyti á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar.

Staða: Verður unnið að áfram.

*3.* *Jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir ráðuneyta og stofnana.*

Meginhugmynd: Jafnréttisáætlanir eru nauðsynlegt tæki fyrir ráðuneytin til að tryggja framgang jafnréttismála. Með setningu áætlunar er það skjalfest að ráðuneytið ætli sér að sinna þessum málaflokki. Starfsmönnum og stjórnendum er þá kleift að kynna sér innihald hennar. Einnig setur það fordæmi fyrir atvinnulífið að í öllum ráðuneytum sé til slík áætlun því að samkvæmt lögum nr. 96/2000 er öllum fyrirtækjum og stofnunum með fleiri en 25 starfsmenn skylt að setja sér jafnréttisáætlun.
Þá er nauðsynlegt að jafnréttisnefnd sé í hverju ráðuneyti til að tryggja órofið samhengi jafnréttismála innan ráðuneytis. Jafnréttisnefnd er bakhjarl fyrir jafnréttisfulltrúann og er hlutverk hennar meðal annars að veita honum aðhald og aðstoð við þróun og endurskoðun áætlunar.
Hvert ráðuneyti ber einnig ábyrgð á því að stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn setji sér jafnréttisáætlanir. Til að tryggja áhrif nefndarinnar er mikilvægt að í henni sitji fulltrúar yfirstjórnar, t.d. starfsmanna- eða rekstrarstjóri eða aðstoðarmaður ráðherra, auk jafnréttisfulltrúa og fulltrúa almennra starfsmanna.
Hlutverk nefndarinnar verði meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála á hverjum tíma og gera viðvart ef eitthvað má betur fara á því sviði. Einnig að funda reglulega, hið minnsta árlega, með yfirstjórn ráðuneytisins og gera tillögur um úrbætur og framfarir eftir því sem tilefni gefast. Þá skal nefndin einnig endurskoða árlega jafnréttisáætlun ráðuneytisins.

Markmið: Að gera jafnréttisstarf sýnilegra og markvissara í ráðuneytinu.
Að öll ráðuneyti setji sér jafnréttisáætlanir fyrir endurskoðun áætlunarinnar og skipi jafnréttisnefnd sem er jafnréttisfulltrúa til halds og trausts. Þau ráðuneyti sem þegar hafa sett sér jafnréttisáætlun tryggja að markmiðum hennar sé framfylgt.

Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin.

Aðrir þátttakendur: Öll ráðuneyti. Stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn.

Tímaáætlun: Öll ráðuneyti skipi jafnréttisnefnd fyrir lok gildistíma áætlunarinnar.

Staða: Í vinnslu. Gagnaöflun árleg. Öll ráðuneyti hafa sett sér jafnréttisáætlun nema forsætisráðuneyti sem starfar eftir jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins.

*4.* *Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum stofnunum ráðuneyta.*

Meginhugmynd: Jafnréttismál skipta ekki einungis máli í ráðuneytunum, heldur einnig í stofnunum þeirra. Því er nauðsynlegt að jafnréttisfulltrúar myndi tengsl við stofnanir og að settur sé tengiliður í hverri stofnun sem er ábyrgur fyrir að miðla upplýsingum um jafnréttismál til starfsmanna og stjórnenda stofnunarinnar. Þar sem tengiliðir hafa verið tilnefndir þarf að fylgjast með því að sá starfsmaður sinni skyldum sínum varðandi þennan málaflokk. Því er nauðsynlegt að bjóða upp á fræðslu og gera upplýsingar aðgengilegar fyrir þessa aðila. Fyrir minni stofnanir er nóg að tilnefna tengiliði, en stærri stofnanir þurfa að tilnefna jafnréttisfulltrúa og setja sér sérstaka jafnréttisáætlun. Þá skulu jafnréttisfulltrúar hafa eftirlit með framkvæmdinni.

Markmið: Að tilnefna tengiliði sem sinna jafnréttismálum í öllum stofnunum ráðuneyta fyrir lok tímabilsins.

Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin.

Aðrir þátttakendur: Öll ráðuneyti.

Staða: Í vinnslu. Gagnaöflun árleg.

*5.* *Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.*

Meginhugmynd: Það er nauðsynlegt að jafnréttissjónarmið séu í viðhöfð við stöðuveitingar á vegum hins opinbera. Þetta sjónarmið verður einnig að vera sýnilegt þeim sem sækja um viðkomandi störf. Í atvinnuauglýsingum þarf að koma fram að jafnréttissjónarmið séu höfð í huga við ráðningar. Þegar um er að ræða starfsstétt eða -vettvang þar sem annað kynið er í miklum meiri hluta er sjálfsagt að taka fram að „karlar jafnt sem konur“ séu hvattir til að sækja um með það kynið framar sem er í minni hluta.

Annars er mælt með orðalaginu „að við stöðuveitingar séu jafnréttissjónarmið höfð í huga“.

Markmið: Að jafna hlut kynjanna í starfsstéttum og á vinnustöðum og gera jafnréttissjónarmið ráðuneytanna opinbert og gegnsætt einstaklingum sem eru í starfsleit.

Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin.

Aðrir þátttakendur: Öll ráðuneyti.

Staða: Í vinnslu. Gagnaöflun árleg.

*6.* *Staða kvenna í yfirstjórnum ráðuneytanna og stofnana þeirra.*

Meginhugmynd: Að hlutfall karla og kvenna sé sem jafnast í yfirmannastöðum innan hvers ráðuneytis og stofnana þeirra.
Til að markmiðinu sé náð skal fara fram könnun á því hvert hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum í hverju ráðuneyti sé og í stofnunum. Í kjölfar þeirrar könnunar mun verða sett raunhæft markmið í samræmi við niðurstöðu hennar.

Markmið: Að hlutfall karla og kvenna sé sem jafnast í yfirmannastöðum innan hvers ráðuneytis og stofnana þeirra.

Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin.

Aðrir þátttakendur: Öll ráðuneyti.

Staða: Í vinnslu. Gagnaöflun árleg.

**B. Forsætisráðuneyti.**

*7.* *Birting á rannsóknum og niðurstöðum verkefna sem hlotið hafa styrk úr Jafnréttissjóði.*

Meginhugmynd: Í reglum um úthlutun styrkja Jafnréttissjóðs er kveðið á um að rannsóknir og niðurstöður verkefna sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum skuli birtar almenningi. Til þess að þetta nái fram að ganga er nauðsynlegt að skipuleggja fyrir fram ákveðið verklag, t.d. hvar og með hvaða hætti rannsóknir og niðurstöður þeirra verða birtar. Við nánari útfærslu er enn fremur nauðsynlegt að huga sérstaklega að reglum um höfundarrétt og um upplýsingarétt almennings.

Markmið: Að vandaðar kynjarannsóknir sem styrktar eru af opinberu fé séu aðgengilegar jafnt fræðimönnum sem almenningi.

Ábyrgð á framkvæmd: Forsætisráðuneytið og stjórn Jafnréttissjóðs.

Aðrir þátttakendur: Félagsmálaráðuneyti og Jafnréttisstofa.

Tímaáætlun: Fyrir lok gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar verði gefnar út sérstakar leiðbeiningar um verklag við birtingu og kynningu rannsókna sem styrktar hafa verið af Jafnréttissjóði.

**C. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.**

*8.* *Mansal.*

Meginhugmynd: Ráðuneytið mun áfram leggja áherslu á aðgerðir til að koma í veg fyrir verslun með fólk, sem beinist einkum að konum og börnum.
Ráðuneytið mun í þessu skyni framkvæma, stuðla að og taka þátt í eftirfarandi:
- Ráðstefnu um mansal og aðgerðir gegn því.
- Alþjóðlegu samstarfi um aðgerðir gegn mansali.
- Fullgildingu Palermó-samningsins, samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn verslun með fólk, einkum konur og börn.
- Aðgerðaáætlun til að koma í veg fyrir mansal.

Markmið: Að koma í veg fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn.

Ábyrgð á framkvæmd: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið.

Tímaáætlun: 2004–2008.

Áætlaður kostnaður: 250.000 kr.

Annað: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið tók þátt í ráðstefnu sem utanríkisráðuneytið stóð fyrir 19. mars 2004. Kostnaður var áætlaður 100.000 kr.

| | |
|---|---|
| | Fyrirhugað er að stofna starfshóp til undirbúnings áætlunar um aðgerðir gegn verslun með fólk. Kostnaður er áætlaður 150.000 kr. |
| Staða: | Í vinnslu. Alþjóðlegu samstarfi hefur verið komið á. |

| | |
|---|---|
| *9.* | *Vernd vitna og þolenda afbrota.* |
| Meginhugmynd: | Ráðuneytið mun áfram vinna að vitnavernd og bættri réttarstöðu þolenda afbrota. Hluti af því starfi snýr að vernd kvenna sem verða fyrir ofbeldi eða hótunum frá maka eða fyrrverandi maka.<br>Ráðuneytið mun í þessu skyni framkvæma, stuðla að og taka þátt í eftirfarandi:<br>– Norrænu samstarfi um vitnavernd.<br>– Nefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum. |
| Markmið: | Að styrkja vitnavernd og bæta réttarstöðu þolenda afbrota, einkum kvenna og barna. |
| Ábyrgð á framkvæmd: | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. |
| Aðrir þátttakendur: | Félagsmálaráðuneytið. |
| Tímaáætlun: | 2004–2008. |
| Staða: | Í vinnslu. Fulltrúi hefur sótt fundi sérfræðinefndar Evrópuráðsins um málefnið. |

| | |
|---|---|
| *10.* | *Aðbúnaður kvenna innan lögreglunnar.* |
| Meginhugmynd: | Frá árinu 1996 hefur markvisst verið unnið að því að fjölga konum innan lögreglunnar. Þá hefur einnig verið unnið að því að hvetja konur jafnt sem karla til að sækja um lausar yfirmannastöður innan lögreglunnar. Huga þarf betur að stöðu kvenna innan lögreglunnar, þ.e. hvort nægilega vel sé að þeim búið, svo sem varðandi aðstöðu og ytri umbúnað.<br>Til að ná þessu markmiði verður efnt til fundar með fulltrúum lögreglukvenna og yfirstjórn lögreglunnar. |
| Markmið: | Markmiðið er að huga sérstaklega að aðbúnaði kvenna innan lögreglunnar og gera úrbætur ef þurfa þykir. |
| Ábyrgð á framkvæmd: | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. |
| Aðrir þátttakendur: | Ríkislögreglustjóri. |
| Tímaáætlun: | 2004–2008. |
| Staða: | Í vinnslu. |

**D. Félagsmálaráðuneyti.**

| | |
|---|---|
| *11.* | *Yfirstjórn samþættingar jafnréttissjónarmiða.* |
| Meginhugmynd: | Að eitt ráðuneyti taki forustu og ábyrgð á að fylgjast með framgangi samþættingar verkefna ráðuneytanna. |
| Markmið: | Markmiðið er að eitt ráðuneyti hafi umsjón með framgangi verkefna og taki forustu um að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða verði hluti af stefnumótunarvinnu ráðuneytanna. Jafnréttisfulltrúar eru tengiliðir milli ráðuneytanna í þessu verkefni. |
| Ábyrgð á framkvæmd: | Félagsmálaráðuneytið. |
| Aðrir þátttakendur: | Öll ráðuneyti. |
| Tímaáætlun: | 2004–2008. |
| Staða: | Í vinnslu og verður unnið áfram. |

| | |
|---|---|
| *12.* | *Nefndir og ráð í sveitarfélögum.* |
| Meginhugmynd: | Skoðað verður hlutfall kynjanna í sveitarstjórnum og byggðaráðum og öðrum nefndum og ráðum sveitarfélaga. Þá verði einnig kannað hvernig hlutfall kynjanna skiptist í nefndum miðað við eðli nefndanna. |
| Markmið: | Komast að því hvernig skipting kynjanna liggur í nefndum sveitarfélaga. Ef skiptingin er meiri en 60%–40% þá verði leitað leiða til að jafna hlut kynjanna í nefndum sveitarfélaganna. |
| Ábyrgð á framkvæmd: | Félagsmálaráðuneytið. |
| Aðrir þátttakendur: | Jafnréttisstofa. |

Tímaáætlun: 2004–2008.
Staða: Í vinnslu. Evrópuverkefni Jafnréttisstofu, Jafnréttisvogin.

*13.* *Framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.*
Meginhugmynd: Settur verði á fót vinnuhópur sem yfirfari framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum, og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Vinnuhópurinn fari yfir og kynni sér ábendingar sem borist hafa, svo sem álit umboðsmanns Alþingis, úrskurði úrskurðarnefndar um fæðingar- og foreldraorlofsmála og rannsóknir og úttektir sem liggja fyrir um framkvæmd gildandi laga og reglugerða.
Markmið: Að finna hugsanlega hnökra á löggjöfinni og koma með ábendingar um það sem betur mætti fara.
Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneytið.
Tímaáætlun: Vinnuhópurinn skili niðurstöðum árið 2007.

*14.* *Jafnrétti í vinnumiðlun.*
Meginhugmynd: Kannað verði hvort úrræði svæðisvinnumiðlana nýtist körlum og konum jafn vel. Jafnframt verði kannað hvort um kynbundna vinnumiðlun og ráðgjöf sé að ræða og ef svo er verði leitað leiða til að brjóta niður það kynbundna val.
Markmið: Að koma í veg fyrir kynbundnar hindranir í vinnumiðlun og stuðla að því að konum og körlum bjóðist í jöfnum mæli störf á svæðisvinnumiðlunum.
Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Vinnumálastofnun.
Tímaáætlun: Áætlað er að verkefninu ljúki á árinu 2007.
Annað: Gerð verður úttekt og kannaðir möguleikar á að setja á fót reynsluverkefni innan einstakra vinnumiðlana.
Staða: Verkefnið er komið af stað.

*15.* *Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti.*
Meginhugmynd: Að samstarfshópur félagsmálaráðuneytis, heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga ásamt sérfræðingum vinni að undirbúningi framkvæmdaáætlunar til að ná fram fullu launajafnrétti. Við gerð áætlunarinnar verði tekið tillit til 14. og 22. gr. laga nr. 96/2000 og niðurstaðna rannsókna sem unnar hafa verið. Í fyrri framkvæmdaáætlun sneru verkefnin „kynbundinn launamunur“ og „launamyndun og kynbundinn launamunur“ að launajafnrétti og nýta á niðurstöður þeirra til að móta aðgerðaáætlunina.
Markmið: Að takast á við launamun kynjanna á markvissan hátt.
Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Jafnréttisráð.
Tímaáætlun: 2006–2008.
Staða: Óskað hefur verið eftir tillögum frá Jafnréttisráði og hafist verður formlega handa við gerð framkvæmdaáætlunar á fyrri hluta árs 2007.

*16.* *Karlar til ábyrgðar.*
Meginhugmynd: Framhald verkefnis frá eldri framkvæmdaáætlun. Mikilvægt er að þróaðar verði aðferðir til að aðstoða karla sem vilja hætta að beita konur ofbeldi.
Markmið: Að boðið verði upp á meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.
Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Jafnréttisstofa, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, sem og frjáls félagasamtök.
Tímaáætlun: Verkefni til þriggja ára, þ.e. til loka ársins 2007.
Staða: Verkefni hafið og fjárveiting tryggð út gildistíma áætlunarinnar.

*17.* *Samþætting kynjasjónarmiða á sviði málefna fatlaðra.*

Meginhugmynd: Sú þjónusta sem veitt er fólki með fötlun á grundvelli laga um málefni fatlaðra verður kyngreind. Sem dæmi verður greint eftir kyni hverjir njóti þjónustu til búsetu og stuðningsfjölskyldna sem og lengd biðtíma eftir þjónustu. Verði niðurstaðan sú að þjónusta svæðisskrifstofanna nýtist öðru kyninu betur en hinu er mikilvægt að kanna ástæður þess.

Markmið: Að kanna hvort þjónusta stofnana er starfa á sviði málefna fatlaðra nýtist konum og körlum jafn vel þannig að ekki sé um kynbundna þjónustu að ræða.

Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi.

Tímaáætlun: 2007–2008.

*18.* *Samþætting á sviði barnaverndar.*

Meginhugmynd: Farið verður yfir þá þjónustu sem veitt er börnum vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og ætlaðra afbrota. Greint verður eftir kyni hversu mörg börn leita eftir aðstoð, lengd biðtíma, fjölda þeirra sem fær aðstoð sem og lengd eða umfang aðstoðar. Komi í ljós að annað kynið njóti frekari þjónustu en hitt kynið þarf að skoða ástæður þess, þ.e. hvort kyn hafi þar áhrif.

Markmið: Að kanna hvort þjónusta stofnana er starfa á sviði barnaverndar nýtist strákum og stelpum jafn vel þannig að ekki sé um kynbundna þjónustu að ræða.

Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Barnaverndarstofa.

Tímaáætlun: 2007–2008.

**E. Fjármálaráðuneyti.**

*19.* *Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna.*

Meginhugmynd: Af hálfu fjármálaráðuneytis hefur að undanförnu verið unnið markvisst að því að launagögn í nýjum fjárhags- og mannauðskerfum sem ríkið innleiðir standist þær kröfur sem gera verður til þess að unnt sé að meta kynbundinn launamun. Hefur sú vinna legið niðri um nokkurt skeið þar sem undirbúningur og innleiðing kerfanna hefur tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir. Áætlað er að ljúka frágangi launagagna á ofangreindum forsendum á árinu 2004 svo hægt sé að framkvæma úttekt á árinu 2005. Í kjölfarið er lagt til að fylgst verði reglulega með þróun kynbundins launamunar.

Markmið: Að hægt sé að meta kynbundinn launamun með launagögnum úr upplýsingakerfum ríkisins og að gerð verði úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna. Þar á einnig að skoða frekari þóknanir í samræmi við 2. mgr. 14. gr. jafnréttislaga.

Ábyrgð á framkvæmd: Fjármálaráðuneytið.

Tímaáætlun: 2007.

Staða: Stefnt er að því að hefjast handa við verkefnið árið 2007.

**F. Hagstofa Íslands.**

*20.* *Konur og karlar í atvinnurekstri.*

Meginhugmynd: Unnið verður að þróun aðferða við að meta þátttöku kvenna og karla í atvinnurekstri á grundvelli fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar sem er í undirbúningi hjá Hagstofu Íslands, auk annarra gagnasafna sem Hagstofan hefur aðgang að.

Markmið: Í framtíðinni verði hægt að gera reglubundnar mælingar sem veita margþættar upplýsingar um hlut kvenna og karla í atvinnurekstri.

Ábyrgð á framkvæmd: Hagstofa Íslands.

Tímaáætlun: 2004–2008.

Staða: Í vinnslu.

Annað: Hluti af verkefninu er útgáfa Hagtíðinda 2005:2 Konur í forystu fyrirtækja 1999–2004. Áætlað er að uppfæra þær upplýsingar reglulega.

*21.* *Laun kvenna og karla eftir starfsgreinum.*
Meginhugmynd: Í útgáfum launa- og kjaramáladeildar Hagstofunnar er hægt að skoða laun kvenna og karla eftir starfsstéttum, atvinnugreinum og aldri á almennum vinnumarkaði. Enn er ekki hægt að skoða laun kvenna og karla eftir starfsgreinum sem er mun nákvæmari aðgreining. Markmiðið er að birta laun kvenna og karla eftir ákveðnum starfsgreinum á almennum vinnumarkaði þegar því verður við komið.
Markmið: Að upplýsingar um laun kvenna og karla eftir ákveðnum starfsgreinum á almennum vinnumarkaði verði aðgengilegar þegar því verður við komið.
Ábyrgð á framkvæmd: Hagstofa Íslands.
Tímaáætlun: 2006–2008.

**G. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.**
22. Áhrif klámvæðingar á ungt fólk.
Meginhugmynd: Að sporna við áhrifum klámvæðingar á ungt fólk með rannsókn á áhrifum klámvæðingar á ungt fólk og endurskilgreiningu á kynfræðslu í skólum.
Markmið: Að stuðla að kynheilbrigði ungs fólks.
Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Menntamálaráðuneytið og Lýðheilsustöð.
Tímaáætlun: 2004–2008
Staða: Í vinnslu. Stefnt að því að halda málþing þessu tengt.

*23.* *Heilsufarskönnun.*
Meginhugmynd: Ráðist verði í gerð heilsufarskannana til að afla á staðlaðan og reglubundinn hátt upplýsinga um lífshætti, líðan og heilsufar og greina ólíkar þarfir kynjanna fyrir heilbrigðisþjónustu. Kannanirnar verði hluti af Eurohis-könnun (evrópsku heilsufarskönnuninni) sem gerir mögulegan samanburð við aðrar Evrópuþjóðir.
Markmið: Að ná fram þeim langtímamarkmiðum í heilbrigðismálum sem fram koma í heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Auk þess er markmiðið að framfylgja stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um heilbrigði fyrir alla.
Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.
Tímaáætlun: 2004 og 2007.
Áætlaður kostnaður: 15–20 millj. kr.
Annað: Verkefninu er haldið áfram frá fyrri framkvæmdaáætlun.
Staða: Áætlun um könnunina liggur fyrir.

*24.* *Notkun kvenna og karla á heilsugæslunni.*
Meginhugmynd: Safnað verði upplýsingum um notkun kvenna og karla á heilsugæslunni og hvaða úrlausnir þau fá þar.
Markmið: Að kanna hvort konur og karlar sækist eftir og fái ólíka þjónustu í heilsugæslunni og hvort úrlausnir séu háðar því hvort kynið á í hlut.
Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Landlæknisembættið.
Tímaáætlun: 2004–2008.
Áætlaður kostnaður: 15 millj. kr. á ári.
Staða: Í vinnslu.

*25.* *Mat á árangri og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.*
Meginhugmynd: Lagt verði mat á gæði og árangur heilbrigðisþjónustunnar á reglubundinn hátt og þörf fyrir breytingar á áherslum metin.

| | |
|---|---|
| Markmið: | Að meta þörf fyrir breytingar á áherslum í heilbrigðisþjónustu. Þrjú svið eru einkum nefnd vegna heilsu kvenna, forvarnir og meðferðarúrræði: reykingar, áfengis- og vímuefnameðferð kvenna og skimun vegna brjóstakrabbameins. |
| Ábyrgð á framkvæmd: | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. |
| Aðrir þátttakendur: | Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð. |
| Tímaáætlun: | 2004–2008. |
| Áætlaður kostnaður: | 35 millj. kr. |
| Staða: | Í vinnslu. |

| | |
|---|---|
| *26.* | *Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.* |
| Meginhugmynd: | Áfram verði unnið að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Jafnframt verði áframhaldandi átak til að tryggja að starfsfólk heilbrigðisstofnana sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við meðgöngu, fæðingu og umönnun barna. |
| Markmið: | Aukinn þáttur feðra í meðgöngu, fæðingu og umönnun barna. |
| Ábyrgð á framkvæmd: | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. |
| Aðrir þátttakendur: | Heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. |
| Tímaáætlun: | 2004–2008. |
| Áætlaður kostnaður: | Af rekstrarkostnaði stofnana hverju sinni. |
| Annað: | Verkefnið var í síðustu framkvæmdaáætlun, en kom ekki til framkvæmda. |
| Staða: | Unnið hefur verið að þessu verkefni jafnt og þétt á gildistíma áætlunarinnar og verður gert áfram. |

| | |
|---|---|
| *27.* | *Áhættuhegðun karla.* |
| Meginhugmynd: | Karlar og drengir eru mun fleiri en konur meðal þeirra sem slasast, svipta sig lífi og misnota fíkniefni. Hér er um að ræða mikið heilbrigðisvandamál og mikilvægt að leita orsaka þess. Ráðuneytið mun í samstarfi við landlæknisembættið halda áfram að kanna þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem veldur slysum, sjálfsvígum og fíkniefnamisnotkun. |
| Markmið: | Að draga úr sjálfsvígum, slysum og misnotkun fíkniefna. Koma í veg fyrir vangreint þunglyndis- og sjálfsvígsatferli. |
| Ábyrgð á framkvæmd: | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. |
| Aðrir þátttakendur: | Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð. |
| Staða: | Í vinnslu. |

| | |
|---|---|
| *28.* | *Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.* |
| Meginhugmynd: | Í herferðum sem varða varnir gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu verði unnið eftir þeim sjónarmiðum að forsendur neyslu hjá konum og stúlkum annars vegar og körlum og piltum hins vegar kunni að vera mismunandi. Gerðar verði tilraunir í þá veru að beina áróðri og fræðslu sérstaklega til ungra stúlkna. |
| Markmið: | Koma í veg fyrir aukna áfengis- og tóbaksneyslu stúlkna. |
| Ábyrgð á framkvæmd: | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. |
| Aðrir þátttakendur: | Lýðheilsustöð. |
| Tímaáætlun: | 2004–2008. |
| Áætlaður kostnaður: | Af tekjum Forvarnasjóðs og tóbaksvarnaráðs. |
| Staða: | Í vinnslu. |

| | |
|---|---|
| *29.* | *Jafnrétti og lýðheilsa.* |
| Meginhugmynd: | Að Lýðheilsustöð verði efld á sviði jafnréttismála sem snerta lýðheilsu. Lýðheilsustöð geti þannig sinnt forvörnum á sviði jafnréttismála með það að markmiði að koma í veg fyrir kynbundinn heilsufarsvanda meðal þjóðarinnar, t.d. með kynjamiðuðu áróðurs- og fræðslustarfi. Þá gæti Lýðheilsustöð framkvæmt rannsóknir á sviði |

jafnréttis og heilsufars til að ná fram skýrari mynd af því í hverju kynbundinn heilsufarsmunur liggur.

Markmið: Að vinna gegn kynbundinni mismunun sem aftur veldur kynbundnum heilsufarsvanda meðal þjóðarinnar.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Lýðheilsustöð.

Tímaáætlun: 2004–2008.

Áætlaður kostnaður: 1,3 millj. kr. á ári.

Staða: Í vinnslu.

**H. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.**

*30.* *Konur og stjórnun fyrirtækja.*

Meginhugmynd: Konur hasla sér völl í atvinnulífinu í síauknum mæli. Meiri hluti nýrra háskólamenntaðra sérfræðinga eru konur. Konur eru hins vegar, enn sem komið er, í miklum minni hluta í yfirstjórnum íslenskra fyrirtækja. Þrátt fyrir að margt bendi til að það muni breytast með aukinni þátttöku vel menntaðra kvenna í atvinnulífinu eru samt sem áður hindranir í vegi því að konur veljist til forustu í stórum fyrirtækjum. Í dag er engin kona forstjóri í skráðu fyrirtæki í Kauphöll Íslands og konur eru einungis 5% stjórnarmanna.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hyggst stuðla að umræðu um þessi mál og hvetja til breytinga. Nefnd verður sett af stað sem skila á af sér fyrir árslok 2004. Verkefni nefndarinnar er að móta tillögur um það hvernig fjölga megi konum í forustu íslenskra fyrirtækja og hvort ástæða sé til að beita stjórnvaldsaðgerðum í því skyni. Nefndin skal meðal annars kanna hvort önnur lönd hafi gripið til ráðstafana í þessu skyni og bera saman stöðu kvenna í atvinnulífinu hér á landi og í nágrannaríkjunum. Framhald þessa verkefnis ræðst af þeim tillögum sem koma frá ofangreindri nefnd í árslok 2004.

Markmið: Að stuðla að fjölgun kvenna í forustu íslenskra fyrirtækja. Hvatt verður til breytinga með jákvæðum og uppbyggilegum hætti. Skoðuð verður upphafsstaða og árangur mældur.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Stefnt að þátttöku ýmissa aðila, svo sem Samtaka atvinnulífsins, Hagstofunnar, Félags kvenna í atvinnurekstri o.fl.

Tímaáætlun: Fyrri áfangi 2004. Seinni áfangi 2005–2008.

Áætlaður kostnaður: Gert er ráð fyrir að í fyrsta áfanga komi til kostnaður við nefndarstarf, aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga o.fl., samtals 1,5 millj. kr.

Staða: Fjármögnun verkefnisins hefur verið tryggð til 2008. Nefndin hefur lokið störfum. Í framhaldinu gerðu ráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Félag kvenna í atvinnurekstri samstarfssamning til þriggja ára við Rannsóknasetur vinnuréttar við Háskólann á Bifröst um gerð og birtingu jafnréttiskennitölu. Kennitalan hefur verið birt fyrir árið 2005 og mun birtast tvisvar enn, þ.e. fyrir árin 2006 og 2007.

*31.* *Stuðningur við konur í atvinnurekstri.*

Meginhugmynd: Að vinna úttekt á því hvaða árangur hefur orðið af verkefnum undanfarinna ára sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Sérstaklega skal skoða stöðu kvenna gagnvart stuðningskerfi atvinnulífsins hvað varðar styrki, lánsfé og hlutabréf.

Markmið: Að afla upplýsinga sem geta orðið grundvöllur að frekari aðferðum til að efla þátt kvenna í atvinnurekstri.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Samtök kvenna í atvinnurekstri.

Tímaáætlun: Áætluð verklok 2008.

Staða: Í vinnslu.

*32.* *Konur í atvinnurekstri.*

Meginhugmynd: Verkefnið lýtur að hvatningu til kvenna til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og stuðningi við konur í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Verkefnin eru nokkur, sum þeirra eru viðvarandi og byggð á góðri reynslu.

- *Þjónusta við konur í atvinnurekstri hjá Impru.* Lögð er sérstök áhersla á að veita konum ráðgjöf sem eru að vinna að ákveðinni viðskiptahugmynd og hyggjast fara út í eigin rekstur.
- *Brautargengi.* Brautargengi eru námskeið á vegum Iðntæknistofnunar og eru þau ætluð konum sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd. Þar eru kennd grundvallaratriði við stofnun og rekstur fyrirtækja.
- *Félag kvenna í atvinnurekstri.* Félagið var stofnað árið 1999 og er meginmarkmið félagsins að gera konur í atvinnurekstri sýnilegri og um leið að mynda tengslanet fyrir þær.
- *Lánatryggingarsjóður kvenna.* Sjóðurinn er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbanka Íslands og saman veita þeir tryggingar fyrir lánum.
- *Atvinnurekstur kvenna á landsbyggðinni.* Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið mun fela Byggðastofnun að skoða stöðu kvenna í atvinnurekstri á landsbyggðinni.

Markmið: Hvetja konur til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og styðja konur í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Iðntæknistofnun og Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Félagsmálaráðuneytið og Félag kvenna í atvinnurekstri.

Tímaáætlun: 2004–2008.

Áætlaður kostnaður: Hluti af rekstrarkostnaði Iðntæknistofnunar og Byggðastofnunar.

Staða: Öll verkefnin eru í farvegi.

*33.* *Úttekt á styrkjum, lánum og fjárfestingum ráðuneytisins.*

Meginhugmynd: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið mun láta gera úttekt á því hvort samþættingarsjónarmið hafi verið lögð til grundvallar við töku ákvarðana um styrki, lán og fjárfestingar á vegum ráðuneytisins og tiltekinna stofnana þess.

Markmið: Að tryggja að konur og karlar hafi jafnan aðgang að styrkjum og lánum sem ráðuneytið og stofnanir þess veita. Niðurstöðunum skulu fylgja hugmyndir til úrbóta ef þurfa þykir.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.

Tímaáætlun: 2006–2008.

*34.* *Aukin tækifæri í forustu atvinnulífsins.*

Meginhugmynd: Námstefna fyrir konur í stjórnunarstöðum og stjórnum fyrirtækja. Kynning í formi fyrirlestra á réttindum og skyldum stjórnarmanna í fyrirtækjum. Áætlað að námstefnan taki hálfan dag og verði haldin í upphafi árs 2007.

Markmið: Að stuðla að fjölgun kvenna í forustu íslenskra fyrirtækja.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Samtök atvinnulífsins og Félag kvenna í atvinnurekstri.

Tímaáætlun: Áætluð verklok 2007.

Áætlaður kostnaður: 1–1,5 millj. kr.

Staða: Haldin var ráðstefna í janúar árið 2007.

**I. Landbúnaðarráðuneyti.**

*35.* *Lifandi landbúnaður – Gullið heima.*

Meginhugmynd: Að byggja upp grasrótarhreyfingu sem hafi það að markmiði að fræða og styðja konur í bændastétt og hvetja þær til að koma á framfæri hugmyndum sínum til eflingar atvinnu í sveitum.

Markmið: Styrkja konur í dreifbýli til sjálfstæðrar atvinnuþátttöku.
Ábyrgð á framkvæmd: Landbúnaðarráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Félagsmálaráðuneytið og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun: 2005–2007.
Staða: Heimasíðan „Lifandi landbúnaður". Haldin verður ráðstefna í júní árið 2007 og lokafundur um verkefnið í nóvember 2007.

*36.* *Jafnrétti í skráningu eignarréttinda í landbúnaði.*
Meginhugmynd: Að athuga eignarréttarlega stöðu kvenna í landbúnaði.
Markmið: Athuga skal hvort þörf sé einhverra aðgerða til að jafna hlut karla og kvenna í þessu tilliti.
Ábyrgð á framkvæmd: Landbúnaðarráðuneytið.
Samstarfsaðilar: Jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands og Háskólinn á Akureyri.
Tímaáætlun: 2006–2008.
Staða: Vinna hafin. Spurningalisti hefur verið sendur út til allra bænda á landinu.

**J. Menntamálaráðuneyti.**

*37.* *Konur í vísindum.*
Meginhugmynd: Menntamálaráðuneytið mun leita eftir samstarfi við aðra aðila um skipan starfshóps (tölfræði- og greiningarhóps) til að afla tölfræðilegra upplýsinga um þátt kvenna í rannsóknum.
Ráðuneytið gaf út skýrslu í mars 2002 þar sem teknar voru saman tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kvenna í vísindum á Íslandi með áherslu á konur starfandi hjá hinu opinbera. Áformað er að fylgja þeirri skýrslu eftir en bæta við og bera saman upplýsingar um stöðu kvenna í rannsóknum hjá fyrirtækjum. Í kjölfarið yrði rætt með hvaða hætti æskilegt væri að auka umræðu og tryggja virka þátttöku kvenna í vísindastarfi í samræmi við vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs frá desember 2003.
Markmið: Að tryggja virka þátttöku kvenna í vísindum.
Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Til dæmis iðnaðarráðuneytið, Rannís, Hagstofa Íslands og Impra.
Tímaáætlun: Unnið verði að verkefninu á tímabilinu.
Áætlaður kostnaður: Nefndarlaun nefndarmanna.
Staða: Í vinnslu. Nefnd skipuð og á að skila niðurstöðum 2008.

*38.* *Jafnrétti og listir.*
Meginhugmynd: Úttekt gerð á stöðu jafnréttis á lista- og menningarsviði. Sérstaklega skal skoða stöðu kvenna gagnvart stuðningskerfi lista- og menningarlífs hvað varðar meðal annars styrki og listamannalaun.
Markmið: Athuga skal hvort þörf sé einhverra aðgerða til að jafna hlut karla og kvenna á þessu sviði.
Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Listaháskóli Íslands.
Tímaáætlun: 2004–2008.
Staða: Undirbúningur við skipan starfshóps er hafinn.

*39.* *Jafnréttiskennsla í skólum.*
Meginhugmynd: Menntamálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að skólar vinni ötullega að því að fræða nemendur um jafnrétti kynjanna. Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá janúar 2004 er lögð rík áhersla á jafnréttismál. Þar segir á bls. 5: „Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms og bjóða þeim nám og kennslu við hæfi. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Skólum ber einnig að gefa nemendum tækifæri

til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Þeir þurfa að höfða jafnt til pilta og stúlkna án tillits til uppruna, í dreifbýli eða þéttbýli, fatlaðra sem ófatlaðra."

Markmið: Að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna við námsval og vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar kynjanna eins og kveðið er á um í 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneytið.

Staða: Í vinnslu. Endurskoðun aðalnámskráa í grunn- og framhaldsskóla.

*40.* *Starfs-, sí- og endurmenntun.*

Meginhugmynd: Að efla starfs-, sí- og endurmenntun á vinnumarkaði, ekki síst ófaglærðra kvenna, svo þær verði hæfari til að takast á við verkefni í ört vaxandi tækniþróun á vinnumarkaði. Jafnframt að skoða aðgengi kynjanna að starfs-, sí- og endurmenntun. Hér er bæði átt við námskeið á vegum stéttarfélaganna og háskólanna. Athuga þarf hvaða fólk nýtir sér þessi tækifæri og hverjir gera það ekki, og þá hvers vegna.

Markmið: Að tryggja að kynin geti bæði nýtt sér þá möguleika sem starfs-, sí- og endurmenntun hefur í för með sér.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneytið.

Tímaáætlun: 2006–2008.

Annað: Verkefni var flutt úr félagsmálaráðuneytinu.

**K. Samgönguráðuneyti.**

*41.* *Störf kvenna á skipum.*

Meginhugmynd: Gera skal úttekt á störfum kvenna á skipum íslenskra útgerða. Þar verði meðal annars kannað hlutfall kvenna á skipum og lagt mat á vinnuaðstæður þeirra um borð. Í framhaldinu leggur ráðuneytið fram tillögur um úrbætur.

Markmið: Að auka hlut kvenna á skipum íslenskra útgerða ásamt því að tryggja vinnuaðstæður þeirra.

Ábyrgð á framkvæmd: Samgönguráðuneytið.

Tímaáætlun: Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir í lok árs 2007.

Staða: Í vinnslu.

*42.* *Staða kvenna í íslenskri ferðaþjónustu.*

Meginhugmynd: Gera skal rannsókn á stöðu kynjanna innan íslenskrar ferðaþjónustu. Kanna á kynjaímyndir innan ferðaþjónustunnar ásamt því að draga fram áhrif kyns á hlutverk og viðhorf innan starfsgreinarinnar.

Markmið: Að rannsóknin geti orðið grunnur að tillögum til að jafna stöðu kynjanna innan ferðaþjónustunnar.

Ábyrgð á framkvæmd: Samgönguráðuneytið.

Tímaáætlun: 2007–2008.

Kostnaður: 500.000 kr.

**L. Sjávarútvegsráðuneyti.**

*43.* *Úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.*

Meginhugmynd: Skipuð verði nefnd í byrjun ársins 2005 til að gera úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi. Tilgangurinn er að kanna við hvers konar störf konur eru í stórum sjávarútvegsfyrirtækjum, en ekki hefur borið mikið á þeim í forustu í greininni.

Markmið: Að komast að því hvað veldur lítilli þátttöku kvenna í forustu í sjávarútvegi og skoða hvernig hægt er að laða þær til þátttöku.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegsráðuneytið.

Tímaáætlun: 2005–2007.

Áætlaður kostnaður: 300.000–400.000 kr.

Staða: Í vinnslu. Nefnd skipuð árið 2005 og skýrsla hennar verður birt á fyrri hluta árs 2007.

*44.* *Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.*

Meginhugmynd: Að kanna við hvers konar störf konur eru í minni sjávarútvegsfyrirtækjum og fjölskyldufyrirtækjum í sjávarútvegi á Íslandi, og hvort munur sé á eðli starfa þeirra þar og í hinum stærri fyrirtækjum. Þannig mundu niðurstöður könnunarinnar gagnast greininni vel til að laða konur til frekari þátttöku.

Markmið: Að afla gagna til að bera saman eðli starfa kvenna í minni og stærri fyrirtækjum á sviði sjávarútvegs á Íslandi.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegsráðuneytið.

Tímaáætlun: Nefnd verði skipuð árið 2007 og skili tillögum til ráðherra á fyrri hluta árs 2008.

Áætlaður kostnaður: Áætlaður 600.000–900.000 kr.

Staða: Nefnd á að skipa árið 2007 þegar niðurstöður nefndar um úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi liggja fyrir.

**M. Umhverfisráðuneyti.**

*45.* *Konur og Staðardagskrá 21.*

Meginhugmynd: Gera úttekt á þátttöku og stjórnun kvenna í verkefnum Staðardagskrár 21 á Íslandi. Verkefnið er framhald verkefnis sem unnið var á árunum 2004–2006 um að auka hlut og áhrif kvenna í ákvarðanatöku við eflingu sjálfbærrar þróunar í héraði á Íslandi á grundvelli Staðardagskrár 21 þar sem sveitarfélög og ríki vinna saman.

Markmið: Að samþætta jafnréttissjónarmið inn í vinnu Staðardagskrár 21 á Íslandi.

Ábyrgð á framkvæmd: Umhverfisráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Staðardagskrá 21 á Íslandi.

Tímaáætlun: 2007–2008.

Áætlaður kostnaður: 1.500.000 kr.

**N. Utanríkisráðuneyti.**

*46.* *Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.*

Meginhugmynd: Að leggja fram tillögur um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í alþjóðlegu samstarfi.

Markmið: Að fram komi hvernig utanríkisráðherra fyrir hönd íslenskra stjórnvalda geti, betur en nú er, unnið að framgangi réttindamála kvenna og barna samkvæmt alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að.

Ábyrgð á framkvæmd: Utanríkisráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Félagsmálaráðuneytið.

Tímaáætlun: Áætluð verklok 2008.

Annað: Ráðuneytið hefur nú þegar skipað samráðsnefnd utanríkisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins um gerð slíkra tillagna.

Staða: Í vinnslu. Samráðshópur hefur verið skipaður.

*47.* *Jafnréttisstarf fulltrúa á vegum UNIFEM í löndum þar sem alþjóðlegt uppbyggingarstarf á sér stað.*

Meginhugmynd: Utanríkisráðuneytið greiðir kostnað við starf þriggja fulltrúa í löndum þar sem stríð hefur geisað og uppbyggingarstarf á sér stað. Um skeið hefur ráðuneytið kostað einn friðargæsluliða til UNIFEM til að sinna jafnréttisstarfi í Kosovo og hefur mikil ánægja verið með það verkefni. Miðað er við að verkefni íslensku starfsmannanna verði af svipuðum toga og það starf sem unnið var í Kosovo. Starfið þar fólst í því að veita lagalega aðstoð við kynjavæðingu löggjafar. Einnig að veita aðstoð við myndun félagasamtaka sem hafa það markmið að vinna að faglegum álitsgerðum á

löggjöf og framkvæmd löggjafar. Þá var og lögð rík áhersla á þjálfun og fræðslu í jafnréttismálum, t.d. fyrir sveitarstjórnir.

Markmið: Að koma jafnréttissjónarmiðum inn í stjórnkerfi viðkomandi ríkja.
Ábyrgð á framkvæmd: Utanríkisráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: UNIFEM.
Tímaáætlun: Utanríkisráðuneytið standi straum af kostnaði þriggja friðargæsluliða til starfa á vegum UNIFEM, í stað eins áður, a.m.k. út þann tíma sem endurskoðuð framkvæmdaáætlun tekur til, þ.e. árin 2007–2008.
Staða: Í vinnslu.

*48.* *Samþætting kynjasjónarmiða í starfi íslensku friðargæslunnar. Gerð aðgerðaáætlunar vegna ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 frá árinu 2000.*

Meginhugmynd: Áfram verði lögð áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða í starfi Íslensku friðargæslunnar sem hófst árið 2006 þegar utanríkisráðherra boðaði endurskoðun á starfsemi og verkefnavali friðargæslunnar. Sem liður í þessu verkefni verði gerð aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda um framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, stríð og frið. Ályktunin kveður annars vegar á um vernd kvenna í vopnuðum átökum og hins vegar um þátttöku þeirra á öllum stigum ákvarðanatöku, hvort sem um er að ræða fyrirbyggjandi aðgerðir, friðarsamningaviðræður, friðargæslu eða enduruppbyggingu.
Markmið: Tryggja að jafnréttissjónarmið verði höfð í huga í starfi Íslensku friðargæslunnar og að starf hennar sé í samræmi við ályktun nr. 1325.
Ábyrgð á framkvæmd: Utanríkisráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: UNIFEM.
Tímaáætlun: 2007–2008.

# 1022. Skýrsla [671. mál]

félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá árinu 2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. Inngangur.

Skýrsla þessi um stöðu og þróun jafnréttismála er lögð fyrir Alþingi skv. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Markmið skýrslunnar er að fara yfir stöðu þeirra verkefna sem er að finna í áætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2004–2008 þegar gildistími áætlunarinnar er hálfnaður. Tillaga að þingsályktun um endurskoðaða áætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2004–2008 er lögð fram samhliða þessari skýrslu. Jafnframt er ætlunin að gefa yfirlit yfir stöðu og þróun jafnréttismála á helstu sviðum samfélagsins og efla umræðu um jafnréttismál hér á landi. Skýrslunni er ekki ætlað að veita tæmandi upplýsingar um málefni er varða jafnrétti kvenna og karla innan samfélagsins. Sjónum er fyrst og fremst beint að þætti hins opinbera og árangri og skrefum sem stigin hafa verið á þeim vettvangi enda þótt ljósi sé varpað á stöðu mála í heild, m.a. á vinnumarkaði þar sem aðilar vinnumarkaðarins gegna þýðingarmiklu hlutverki. Þá er getið stórra verkefna svo sem fyrstu aðgerðaáætlunar hér á landi vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis sem tekur til áranna 2006–2011.

Jafnrétti kynjanna hefur verið í stöðugri þróun frá upphafi 20. aldar en það er langt frá því að unnt sé að fullyrða að jafnrétti kvenna og karla hafi náðst á Íslandi. Þrjátíu ár eru liðin frá því að fyrsta heildstæða jafnréttislöggjöfin var samþykkt hér á landi enda þótt áður hafi verið í gildi lög um launajöfnuð kvenna og karla frá árinu 1961. Lögin um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla hafa þróast mjög á þeim þrjátíu árum sem þau hafa verið í gildi en þau voru endurskoðuð árin 1985, 1991 og 2000. Gildandi lög sæta nú endurskoðun í þverpólitískri nefnd undir forustu Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, og gert er ráð fyrir því að frumvarp til breytinga á þeim lögum verði lagt fyrir Alþingi á vorþingi 2007.

Niðurstöður könnunar Capacent Gallup um launamyndun og kynbundinn launamun hér á landi sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneytið og kynnt í október 2006 benda til þess að stöðnun hafi ríkt í þessum málum og að óútskýrður launamunur kynjanna sé nánast hinn sami árið 2006 og hann var árið 1994. Það er óásættanlegt. Hins vegar koma fram jákvæðar vísbendingar í könnuninni um að breytingar séu að verða og hafi þegar orðið á starfsumhverfi, starfsháttum, vinnutíma og viðhorfi kynjanna undanfarinn áratug. Konur virðast í auknum mæli sækjast eftir stöðuhækkunum og stjórnendur virðast mun líklegri en áður til að hvetja konur til þess að sýna frumkvæði í starfi og koma fram fyrir hönd fyrirtækisins. Þetta eru jákvæðar vísbendingar sem ber að fagna.

Mikilvægt er að bæði karlar og konur leggi jafnréttisbaráttunni lið. Jafn réttur kvenna og karla má ekki undir neinum kringumstæðum vera einkamál kvenna. Það var stórt skref til jafnréttis þegar réttur feðra til fæðingar- og foreldraorlofs var aukinn til jafns við rétt mæðra með gildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Vakið hefur athygli víða um heim að tæplega 90% feðra hér á landi nýta sér nú 97 daga fæðingarorlofs. Slíkt á sér ekki hliðstæðu í öðrum löndum. Feður kynnast með því umönnun barna og umönnunarþætti innan fjölskyldunnar sem hingað til hefur að mestu hvílt á konum. Atvinnuþátttaka kvenna og karla hér á landi er með því mesta sem þekkist í alþjóðlegum samanburði. Mikilvægt er að foreldrar eigi kost á að skipta með sér ábyrgð barna sinna og þannig ábyrgð á því að jafnrétti nái fram að ganga, ekki einungis á vinnustöðum heldur einnig á heimilum og í samfélaginu öllu. Mikil-

vægt er jafnframt að aðilar vinnumarkaðarins stuðli að jafnréttisþróun með því að styðja samþættingu vinnu og fjölskyldulífs með því að tryggja báðum foreldrum sveigjanleika. Mikil atvinnuþátttaka kynjanna má ekki bitna á börnum og unglingum. Hér verða stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins að taka höndum saman. Félagsmálaráðuneytið undirbýr gerð yfirlýsingar við aðila vinnumarkaðarins varðandi launajöfnuð kynjanna sem m.a. mun taka á þessu atriði. Félagsmálaráðuneytið stofnsetti árið 2005 Rannsóknarsetur vinnuréttar og jafnréttismála í samvinnu við Háskólann á Bifröst. Á vegum rannsóknarsetursins hefur verið unnið að verkefnum á sviði jafnréttismála sem mörg hafa tengst vinnumarkaðnum með beinum eða óbeinum hætti.

Ísland var kosið í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna vorið 2003 en það er í fyrsta sinn sem Ísland tekur sæti þar. Seta Íslands í nefndinni er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins. Áhersla hefur verið lögð á samstarf við frjáls félagasamtök og hafa fulltrúar þeirra fylgt fulltrúum stjórnvalda á fundum kvennanefndarinnar og innt af hendi mikilvægt framlag til starfsins. Félagsmálaráðherrar hafa flutt ávörp og komið fram fyrir hönd Norðurlandanna á árlegum fundum kvennanefndarinnar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York og staðið þar fyrir sérstökum málstofum um stöðu jafnréttismála á Norðurlöndum í samvinnu við önnur norræn ríki. Staða jafnréttismála á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum hefur vakið athygli innan kvennanefndarinnar, ekki síst löggjöf um fæðingarorlof feðra á Íslandi og framkvæmd hennar.

Óumdeilt er að unnið er að fjölmörgum verkefnum á sviði jafnréttismála sem hafa haft áhrif og munu móta stöðu þessara mála í framtíðinni. Óumdeilt er jafnframt að árangurinn hefur ekki verið ásættanlegur m.a. að því er varðar óútskýrðan kynbundinn launamun og þátttöku kvenna í stjórnmálum. Þá liggur fyrir að þróun í jafnréttisátt á einkamarkaði miðar hægt bæði að því er varðar þátttöku kvenna í stjórnunarstöðum og launamun kynjanna. Stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins ber sameiginlega að setja raunhæf markmið sem endurspeglast í löggjöf og margvíslegum verkefnum. Ákvæði laga um fæðingarorlof feðra er gott dæmi um löggjöf sem grundvölluð er á samkomulagi þessara aðila. Með slíku jafnvægi eru mestar líkur á að mælanlegur árangur náist í átt til jafnréttis hér á landi.

## II. Áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum 2004–2008.

### A. Verkefni ríkisstjórnarinnar.

Í gildandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum var lagt til að stefnumarkandi áherslusvið í jafnréttismálum væru eftirfarandi:

1. Fræðsla um jafnréttismál.
2. Jafnrétti á vinnumarkaði.
3. Jafnréttisáætlanir ráðuneyta.
4. Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneyta.
5. Eftirfylgni með framkvæmdaáætlun.

Gildandi áherslur hafa endurspeglast í þeim verkefnum sem öll ráðuneytin í Stjórnarráðinu vinna að. Hér verður ekki fjallað sérstaklega um hvern lið en fjallað verður um þá undir öðrum verkefnum í þessari skýrslu. Samhliða skýrslunni er lögð fram tillaga til þingsályktunar um endurskoðaða áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum 2004–2008. Farið hefur verið markvisst yfir verkefni gildandi áætlunar og þau metin með tilliti til þess hvort ástæða sé til að breyta þeim eða laga að breyttum aðstæðum. Jafnframt verða tekin upp ný verkefni í stað þeirra sem lokið er.

*1. Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnum.*

Meginhugmynd verkefnisins er að ná fram sem jöfnustu hlutfalli karla og kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera. Því jafnari sem hlutföll karla og kvenna eru því meiri líkur eru á því að ákvarðanir endurspegli bæði hagsmuni kvenna og karla við stefnumótun. Þess vegna er mikilvægt að ganga úr skugga um hvort hæfileikar og menntun beggja kynjanna nýtist þegar stefna er mótuð og ákvarðanir teknar. Þetta á einnig við þegar stjórnvöld setja fram stefnumótandi pólitísk markmið. Þar sem kynjahlutföll eru mjög mismunandi í ráðuneytunum skal bæði fylgst með heildartölum og skipan í nefndir, ráð og stjórnir. Með því má sjá hvort raunverulegar breytingar verði í framkvæmd. Til þess að ná fram jöfnuði er gert ráð fyrir að hvert ráðuneyti taki upp eftirfarandi verklag:

- Þegar óskað er eftir tilnefningu frá aðilum utan ráðuneytanna verði farið fram á að fyrir hvern fulltrúa verði tveir einstaklingar tilnefndir, karl og kona.
- Þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir án tilnefninga verði þegar í stað tekin upp sú regla að kynjahlutfall sé sem jafnast innan hvers hóps.
- Til að ná fram jöfnuði innan hvers ráðuneytis verði haft í huga við skipun í einstakar nefndir, ráð og stjórnir að þar sé annað kynið í meiri hluta til að rétta af ójafnvægi innan annarra nefnda.

Markmið verkefnisins er að jafna hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera þannig að kynjahlutföll séu aldrei meira en 60:40 öðru kyninu í hag. Frá gildistöku þingsályktunarinnar skipi öll ráðuneyti jafnan hlut kvenna og karla. Hlutföll við lok gildistíma eiga að vera innan marka 60:40. Þau ráðuneyti sem þegar hafa náð þessu hlutfalli skulu gæta þess að halda því áfram.

Árangur ráðuneytanna hefur verið mjög breytilegur þegar kemur að jöfnun kynjahlutfalla í nefndum, ráðum og stjórnum. Forsætisráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, samgönguráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið og umhverfisráðuneytið hafa samið stöðluð bréf eða mótað sér starfsreglur á annan hátt sem eru notaðar þegar ráðuneytið óskar eftir tilnefningum í nefndir, ráð og stjórnir. Vakin er athygli á 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, og beðið um tilnefningu tveggja einstaklinga, karls og konu. Tryggja þarf áframhaldandi notkun þessara reglna. Önnur ráðuneyti hafa ekki sett sér slíkar vinnureglur en leitast við að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi við tilnefningar. Tölulegar upplýsingar sýna að árangur er misjafn.

**Tafla 1. Heildartölur; nefndir, stjórnir og ráð**

| Ráðuneyti 2004 | Konur | Karlar | Heild | Hlutfall kvk. | Hlutfall kk. | 2005 | Konur | Karlar | Heild | Hlutfall kvk. | Hlutfall kk. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneyti | 51 | 122 | 173 | 29% | 71% | | 72 | 172 | 244 | 30% | 70% |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 45 | 103 | 148 | 30% | 70% | | 59 | 123 | 182 | 32% | 68% |
| Félagsmálaráðuneyti | 174 | 275 | 449 | 39% | 61% | | 168 | 222 | 390 | 43% | 57% |
| Fjármálaráðuneyti | 60 | 199 | 259 | 23% | 77% | | 44 | 139 | 183 | 24% | 76% |
| Hagstofa | 0 | 0 | 0 | 0% | 0% | | 0 | 3 | 3 | 0% | 100% |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 219 | 322 | 541 | 40% | 60% | | 229 | 336 | 565 | 41% | 59% |
| Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti | 128 | 417 | 545 | 23% | 77% | | 121 | 401 | 522 | 23% | 77% |
| Landbúnaðarráðuneyti | 40 | 217 | 257 | 16% | 84% | | 36 | 212 | 248 | 15% | 85% |
| Menntamálaráðuneyti | 376 | 620 | 996 | 38% | 62% | | 381 | 591 | 972 | 39% | 61% |
| Samgönguráðuneyti | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 37 | 223 | 260 | 14% | 86% |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 16 | 43 | 59 | 27% | 73% | | 18 | 71 | 89 | 20% | 80% |
| Umhverfisráðuneyti | 81 | 193 | 274 | 30% | 70% | | 89 | 199 | 288 | 31% | 69% |
| Utanríkisráðuneyti | 2 | 38 | 40 | 5% | 95% | | 2 | 37 | 39 | 5% | 95% |
| **Samtals** | **1192** | **2549** | **3741** | **32%** | **68%** | | **1256** | **2729** | **3985** | **32%** | **68%** |

Þegar á heildina er litið var hlutur kvenna 32% í nefndum, ráðum og stjórnum sem starfandi voru árið 2004, en hlutur karla 68%. Þetta hlutfall hefur staðið í stað milli áranna

2004 og 2005 þótt einstök ráðuneyti hafi bætt kynjahlutfallið í nefndum, ráðum og stjórnum er starfa á þeirra vegum. Einnig ber að taka tillit til þess að tölur vantar frá tveimur ráðuneytum árið 2004. Árið 2004 var heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið eina ráðneytið sem náð hafði 40:60 skiptingunni sem stefnt er að. Árið 2005 náði félagsmálaráðuneytið einnig markmiðinu er kynjahlutföll urðu 43:57 sem er mesta breyting á milli ára og jafnasta hlutfall kynja á þessu sviði frá því samanburður hófst. Sé litið til annarra ráðuneyta er um að ræða um 1% breytingu milli ára hjá flestum. Hafa ber í huga að ýmis nefndastörf fylgja ákveðnum stöðum opinberrar stjórnsýslu eða embættum og taka þeir einstaklingar sem þeim gegna sæti í tilteknum nefndum. Þetta hefur áhrif á kynjaskiptingu í nefndum og ráðum þar sem fleiri karlar en konur gegna þessum embættum.

**Tafla 2. Nefndir, stjórnir og ráð skipuð á árinu**

| Ráðuneyti | 2004 | Konur | Karlar | Heild | Hlutfall kvk. | Hlutfall kk. | 2005 | Konur | Karlar | Heild | Hlutfall kvk. | Hlutfall kk. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneyti | | 12 | 40 | 52 | 23% | 77% | | 33 | 67 | 100 | 33% | 67% |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | | 27 | 30 | 57 | 47% | 53% | | 19 | 30 | 49 | 39% | 61% |
| Félagsmálaráðuneyti | | 47 | 53 | 100 | 47% | 53% | | 67 | 84 | 151 | 44% | 56% |
| Fjármálaráðuneyti | | 11 | 35 | 46 | 24% | 76% | | 9 | 19 | 28 | 32% | 68% |
| Hagstofa | | 0 | 0 | 0 | 0% | 0% | | 0 | 3 | 3 | 0% | 100% |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | | 50 | 62 | 112 | 45% | 55% | | 186 | 257 | 443 | 42% | 58% |
| Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti | | 33 | 106 | 139 | 24% | 76% | | 14 | 77 | 91 | 15% | 85% |
| Landbúnaðarráðuneyti | | 5 | 16 | 21 | 24% | 76% | | 2 | 11 | 13 | 15% | 85% |
| Menntamálaráðuneyti | | 130 | 163 | 293 | 44% | 56% | | 114 | 161 | 275 | 41% | 59% |
| Samgönguráðuneyti | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 11 | 32 | 43 | 26% | 74% |
| Sjávarútvegsráðuneyti | | 2 | 11 | 13 | 15% | 85% | | 7 | 26 | 33 | 21% | 79% |
| Umhverfisráðuneyti | | 18 | 41 | 59 | 31% | 69% | | 32 | 52 | 84 | 38% | 62% |
| Utanríkisráðuneyti | | 1 | 1 | 2 | 50% | 50% | | 0 | 8 | 8 | 0% | 100% |
| **Samtals** | | **336** | **558** | **894** | **38%** | **62%** | | **494** | **827** | **1321** | **37%** | **63%** |

Ef eingöngu eru skoðaðar nefndir, ráð og stjórnir sem skipað var í á þeim árum sem samanburður tekur til kemur í ljós að árið 2004 var kynjaskipting við skipanir 38:62 og árið 2005 var skiptingin 37:63. Fimm ráðuneyti náðu hlutföllunum í 40:60 árið 2004 en þrjú árið 2005 og er hlutfall kynja jafnast hjá félagsmálaráðuneytinu þegar litið er til skipana bæði árin. Ef skipanir milli ára eru nánar bornar saman kemur í ljós að mestu munar milli ára hjá utanríkisráðuneytinu. Skýringin á því liggur m.a. í fjölda þeirra sem tóku sæti í nefnd og því að vissum embættum fylgir seta í tilteknum nefndum. Forsætisráðuneytið náði að jafna kynjaskiptinguna mest milli ára eða um 10%. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti misstu hins vegar bæði niður jöfnunina hjá sér um 9% hvort. Þessi niðurstaða sýnir skýrt hversu mikilvægt er að umræða um jafnréttismál eigi sér stöðugt stað og að þeir sem skipi í nefndir, ráð og stjórnir séu meðvitaðir um að kynjahlutföll séu sem jöfnust svo árangur náist.

Þegar litið er til árangurs einstakra ráðuneyta verður að telja þýðingarmikið að ráðuneyti leggi áherslu á mikilvægi jafnréttis kynjanna þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, stjórnir og ráð og að aðilar séu beðnir um að tilnefna bæði karl og konu til setu í hlutaðeigandi nefnd, stjórn eða ráð. Er þá ekki síður mikilvægt að tilnefningaraðilar verði við þeirri beiðni þannig að svigrúm sé til að gæta að jöfnu kynjahlutfalli við skipun. Þá skiptir jafnframt máli að sá sem skipar sé meðvitaður um hvernig kynjaskiptingu sé háttað meðal þeirra sem sitja í forsvari fyrir einstakar nefndir, ráð og stjórnir er starfa á hans vegum, en algengt er að fleiri en ein nefnd, stjórn eða ráð starfi á vegum sama skipunaraðila.

Upplýsingaöflun um hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytanna er nú hluti af árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna til Jafnréttisstofu samkvæmt starfsreglum þeirra. Upplýsingarnar eru greindar í lögbundnar nefndir og verkefnabundnar og auk þess eru heildartölur skoðaðar ásamt skipunum á hverju ári fyrir sig.

Mælst er til að öll ráðuneyti leggi aukna áherslu á jöfnun kynjahlutfalla í skipunarferlinu til þess að sett markmið náist fyrir lok gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar.

*2. Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.*

Meginhugmynd verkefnisins er að skilgreina nánar hlutverk jafnréttisfulltrúa innan Stjórnarráðsins. Í hverju ráðuneyti er nú starfandi jafnréttisfulltrúi sem gegnir skyldum sem eru ákvarðaðar af ráðuneytisstjóra eða jafnréttisáætlun viðkomandi ráðuneytis. Þessir fulltrúar mynda einnig með sér starfshóp sem hittist einu sinni í mánuði og eru tengiliðir Jafnréttisstofu við hvert ráðuneyti. Starfssvið þeirra er því víðtækt og er nauðsynlegt að skýrari reglur verði settar um störf jafnréttisfulltrúanna. Markmið verkefnisins er að hlutverk jafnréttisfulltrúa verði skilgreint eins í öllum ráðuneytum, en verði ekki háð huglægu mati yfirstjórnar. Markmið verkefnisins er að setja reglur sem kveða á um réttindi og skyldur jafnréttisfulltrúa og kjör þeirra.

Starfsreglur jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna voru samþykktar á fundi ráðuneytisstjóra þann 3. nóvember 2005 og er jafnréttisfulltrúum í öllum ráðuneytum ætlað að starfa eftir þeim. Starfsreglurnar eru birtar í starfsmannahandbók Stjórnarráðsins og eru því aðgengilegar öllum starfsmönnum þess.

*3. Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneytanna.*

Meginhugmynd verkefnisins er í fyrsta lagi að haldnir verði fræðslu- og umræðufundir um jafnréttismál fyrir starfsmenn ráðuneyta og stofnana þeirra og pólitískt kjörna fulltrúa framkvæmdarvaldsins. Í öðru lagi að reglulega verði haldin námskeið um jafnréttismál fyrir starfsmenn í ráðuneytum, stjórnendur og tengiliði stofnana. Í þriðja lagi að hvetja jafnréttisfulltrúa, jafnréttisnefndir og stjórnendur til að sækja námskeið og ráðstefnur um jafnréttismál.

Markmið verkefnisins er að gera fræðslu um jafnréttismál hluta af starfi ráðuneytanna og stofnana þeirra þannig að starfsmenn verði meðvitaðir um mikilvægi málaflokksins. Námskeið skulu haldin út gildistíma áætlunarinnar, en æskilegt er að flestir hafi lokið námskeiði fyrir endurskoðun áætlunarinnar.

Félagsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón með þessu verkefni samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Það er jafnframt hluti af verkefni nr. 12 er nefnist *yfirumsjón með samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.* Félagsmálaráðuneytið hefur í samstarfi við Jafnréttisstofu haldið kynningarfund um jafnréttismál fyrir alla starfsmenn félagsmálaráðuneytis. Einnig hefur ráðuneytið haldið sérstakan fund með forstöðumönnum stofnana er starfa á málefnasviði þess. Á fundunum var fjallað um íslensku jafnréttislöggjöfina og hugmyndafræði að baki henni ásamt aðferðum við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða. Jafnframt hafa verið haldnir fræðslufundir með forstöðumönnum stofnana er starfa á verksviði annarra ráðuneyta þar sem jafnréttismál hafa verið á dagskrá. Hafa starfsmenn Jafnréttisstofu annast þessa jafnréttisfræðslu.

Tveggja daga námskeið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða var haldið fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna árið 2004 í samstarfi við Reykjavíkurborg. Aðalfyrirlesari var dr. Heidemarie Wünsche-Piétzka sem er doktor í alþjóðalögfræði og starfar sem ráðgjafi um framkvæmd og innleiðingu samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða innan Evrópusambandsins.

Enn fremur var haldinn sérstakur fræðslufundur um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í félagsmálaráðuneytinu vorið 2005. Ráðuneytisstjórar og aðrir úr yfirstjórnum ráðuneytanna voru boðaðir en dr. Heidemarie Wünsche-Piétzka hélt þar einnig erindi.

Félagsmálaráðuneytið stefnir jafnframt að því að efna á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar til jafnréttisfræðslu fyrir ríkisstjórnina í heild annars vegar og alla starfsmenn Stjórnarráðsins hins vegar.

*4. Jafnréttisáætlanir og nefndir ráðuneytanna.*

Jafnréttisáætlanir eru nauðsynleg tæki fyrir ráðuneytin til að tryggja framgang jafnréttismála. Með setningu áætlunarinnar er skjalfest að ráðuneytið ætli sér að sinna þessum málaflokki. Starfsmönnum og stjórnendum er þá gert kleift að kynna sér innihald hennar. Það setur einnig fordæmi fyrir atvinnulífið að í öllum ráðuneytum sé slík áætlun til staðar því samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er öllum fyrirtækjum og stofnunum með fleiri en 25 starfsmenn skylt að setja sér jafnréttisáætlun.

Þá er nauðsynlegt að jafnréttisnefnd sé skipuð innan hvers ráðuneytis en hlutverk hennar er að tryggja að órofið samhengi sé á milli jafnréttismála innan ráðuneytisins. Jafnréttisnefnd er bakhjarl fyrir jafnréttisfulltrúann og er hlutverk hennar m.a. að veita honum aðhald og aðstoð við þróun og endurskoðun áætlunar. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á því að stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn setji sér jafnréttisáætlanir. Til að tryggja áhrif nefndarinnar er mikilvægt að í henni sitji fulltrúar yfirstjórnar, t.d. starfsmanna- eða rekstrarstjóri eða aðstoðarmaður ráðherra, auk jafnréttisfulltrúa og fulltrúa almennra starfsmanna.

Hlutverk jafnréttisnefndar er m.a. að fylgjast með stöðu jafnréttismála á hverjum tíma og gera viðvart ef eitthvað má betur fara á því sviði. Nefndin skal funda reglulega, hið minnsta árlega, með yfirstjórn ráðuneytisins og gera tillögur um úrbætur og framfarir eftir því sem tilefni gefast. Þá skal nefndin einnig endurskoða árlega jafnréttisáætlun ráðuneytisins.

Markmið verkefnisins er að gera jafnréttisstarf sýnilegra og markvissara í ráðuneytunum og að öll ráðuneyti setji sér jafnréttisáætlanir fyrir endurskoðun áætlunarinnar og skipi jafnréttisnefnd sem sé jafnréttisfulltrúa til halds og trausts. Þau ráðuneyti sem þegar hafa sett sér jafnréttisáætlun tryggja að markmiðum hennar sé framfylgt.

Öll ráðuneytin hafa nú skipað jafnréttisfulltrúa sem starfar eftir starfsreglum jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna sem samþykktar voru 3. nóvember 2005. Skipuð hefur verið jafnréttisnefnd í flestum ráðuneytum. Áhersla er lögð á að þau ráðuneyti sem ekki hafa jafnréttisnefnd skipi hana sem fyrst því mikilvægi hennar fyrir starf jafnréttisfulltrúa og framgang jafnréttis innan málaflokka ráðuneytanna er óumdeilanlegt. Eftirlit með þessu verkefni er hluti af árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu.

Enn fremur hafa öll ráðuneytin sett sér jafnréttisáætlun nema forsætisráðuneytið sem starfar eftir jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins.

*5. Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum stofnunum ráðuneyta.*

Jafnréttismál skipta ekki einungis máli í ráðuneytunum heldur einnig í stofnunum þeirra. Það er því nauðsynlegt að jafnréttisfulltrúar myndi tengsl við stofnanir og að tengiliður starfi í hverri stofnun sem er ábyrgur fyrir því að miðla upplýsingum um jafnréttismál til starfsmanna og stjórnenda stofnunarinnar. Í þeim stofnunum þar sem tengiliðir hafa verið tilnefndir er mikilvægt að fylgjast með því að sá starfsmaður sinni skyldum sínum varðandi þennan

málaflokk. Af þeim sökum er nauðsynlegt að bjóða upp á fræðslu og gera upplýsingar aðgengilegar fyrir þessa aðila.

Fyrir minni stofnanir er nóg að tilnefna tengiliði, en stærri stofnanir þurfa að tilnefna sérstakan jafnréttisfulltrúa og setja sér eigin jafnréttisáætlun sem jafnréttisfulltrúar hafa eftirlit með að sé framfylgt.

Markmið verkefnisins er að tilnefna tengiliði sem sinna jafnréttismálum í öllum stofnunum ráðuneyta fyrir lok tímabilsins.

Vinna við skipun tengiliða við stofnanir ráðuneyta er hafin og hafa nokkur ráðuneyti nú þegar komið á tengslum við þær stofnanir er starfa á verksviði þeirra. Tengslanetið er hluti af eftirlitskerfi ráðuneytanna. Eitt af því sem fylgst er með er fjöldi starfsmanna eftir kynjahlutföllum og gildandi jafnréttisáætlun.

**Tafla 3. Jafnréttisáætlanir ríkisstofnana**

| | 2004 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|
| **Ráðuneyti** | **Fjöldi m +25** | **Jafnréttisáætlun** | **Fjöldi m +25** | **Jafnréttisáætlun** |
| **Forsætisráðuneyti** | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Dóms- og kirkjumálaráðuneyti** | 6 | 3 | 6 | 3 |
| **Félagsmálaráðuneyti** | 10 | 3 | 10 | 3 |
| **Fjármálaráðuneyti** | 9 | 6 | 9 | 8 |
| **Hagstofa** | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti** | x | x | x | x |
| **Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti** | 4 | 0 | 5 | 3 |
| **Landbúnaðarráðuneyti** | x | x | x | x |
| **Menntamálaráðuneyti** | x | x | 41 | 29 |
| **Samgönguráðuneyti** | x | x | 6 | 4 |
| **Sjávarútvegsráðuneyti** | 4 | 2 | 3 | 3 |
| **Umhverfisráðuneyti** | 4 | 2 | 4 | 3 |
| **Utanríkisráðuneyti** | 2 | x | 3 | 2 |

Þessi tafla sýnir fjölda stofnana er starfa á málefnasviði ráðuneytanna með fleiri en 25 starfsmenn og fjölda þeirra sem hafa gildandi jafnréttisáætlun í samræmi við 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Enn virðist brotalöm vera á því að stofnanir innan opinberrar stjórnsýslu virði 13. gr. laganna sem kveður á um að fyrirtækjum og stofnunum með fleiri en 25 starfsmenn beri að setja sér jafnréttisáætlun enda þótt þeim stofnunum sem hafa sett sér slíkar áætlanir fjölgi milli áranna 2004 og 2005. Mikilvægt er að ráðuneytin hvetji stofnanir sem starfa á verksviði þeirra til að gera sér slíkar áætlanir í samræmi við lög og séu þannig fyrirmynd fyrir fyrirtæki á einkamarkaði. Stefnt er að því að gerð sé úttekt á stöðu jafnréttismála innan stofnana sem lokið verði 1. febrúar 2008.

Upplýsingar um yfirstjórn, jafnréttistengiliði og jafnréttisáætlanir ríkisstofnana eru nú hluti af árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna til Jafnréttisstofu.

*6. Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.*

Nauðsynlegt er að litið sé til jafnréttissjónarmiða við stöðuveitingar á vegum hins opinbera og verður það að vera sýnilegt þeim sem sækja um viðkomandi störf. Í atvinnuauglýsingum þarf því að koma fram að jafnréttissjónarmið séu höfð í huga við ráðningar. Þegar um er að ræða starfsstétt eða vettvang þar sem annað kynið er í miklum meiri hluta er sjálfsagt

að taka fram að „karlar jafnt sem konur“ séu hvattir til að sækja um og tilgreina það kyn framar sem er í minni hluta. Annars er mælt með orðalaginu „að við stöðuveitingar séu jafnréttissjónarmið höfð í huga“.

Markmið verkefnisins er að jafna hlut kynjanna í starfsstéttum og á vinnustöðum og gera jafnréttissjónarmið ráðuneytanna opinber og gegnsæ einstaklingum sem eru í starfsleit.

Þegar lausar stöður eru auglýstar hjá ráðuneytum er leitast við að hvetja jafnt konur sem karla til að sækja um. Orðalagið sem hér er mælt með hefur verið notað í starfsauglýsingum ráðuneytanna og er þessi stefna skýrt mörkuð í jafnréttisáætlunum þeirra. Mikilvægt er að starfsfólk ráðuneytanna sem sér um starfsmannamál og jafnréttisfulltrúarnir fylgist með því að jafnréttisáætlunum viðkomandi ráðuneytis og áætlun ríkisstjórnarinnar sé fylgt. Sérstaklega þarf að gæta þess að upplýsa utanaðkomandi fagaðila, svo sem einkareknar ráðningarskrifstofur, sem ráðnir eru til að annast gerð starfsauglýsinga og annað tengt ráðningarferlinu um stefnu stjórnvalda að þessu leyti.

**Tafla 4. Starfsfólk ráðuneyta 2005**

| | Ráðherra | | Ráðuneytisst. | | Aðstm. ráðherra | | Skrifstofust.* | | Sérfræðingar | | Stjórnarráðsfulltr. | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ráðuneyti** | Kona | Karl | Kona | Karl | Kona | Karl | Kona | Karl | Kona | Karl | Kona | Karl | Kona | Karl |
| **Forsætis-** | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 2 | 2 | 6 | 6 | 8 | 3 | 16 | 14 |
| **Dóms- og kirkjumála-** | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 3 | 3 | 14 | 6 | 11 | 2 | 28 | 14 |
| **Félagsmála-** | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 5 | 7 | 6 | 7 | 4 | 1 | 16 | 17 |
| **Fjármála-** | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 5 | 20 | 25 | 13 | 1 | 34 | 34 |
| **Hagstofa** | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 4 | 29 | 26 | 5 | 40 | 71 | 34 |
| **Heilbrigðis- og tryggingamála-** | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | | | | | | | 14 | 36 |
| **Iðnaðar- og viðskipta-** | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 5 | 6 | 8 | 6 | 0 | 14 | 15 |
| **Landbúnaðar-** | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 5 | 5 | 2 | 8 | 0 | 13 | 10 |
| **Menntamála-** | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 3 | 4 | 23 | 10 | 17 | 1 | 45 | 17 |
| **Samgöngu-** | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 2 | 3 | 1 | 7 | 6 | 1 | 10 | 13 |
| **Sjávarútvegs-** | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 2 | 5 | 5 | 6 | 1 | 12 | 11 |
| **Umhverfis-** | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 2 | 2 | 8 | 7 | 8 | 1 | 19 | 12 |
| **Utanríkis-** | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 2 | 29 | 35 | 48 | 76 | 26 | 114 | 106 |
| **Samtals** | 4 | 8 | 2 | 11 | 3 | 12 | 22 | 71 | 158 | 157 | 168 | 77 | 406 | 333 |

*Deildarstjórar taldir með.

Tafla 4 sýnir fjölda kvenna og karla í hverri stöðu innan ráðuneytanna. Í stöðum sérfræðinga er hlutfallið jafnast sem endurspeglar kynjahlutföll þjóðarinnar mjög vel eins og stefna ber að á öllum sviðum. Mun fleiri konur en karlar starfa hins vegar sem stjórnarráðsfulltrúar, eða um 68%. Meðal þeirra eru starfsmenn ráðuneytanna sem sinna almennum skrifstofustörfum, ritarar ráðherra, bílstjórar þeirrar og skjalastjórar. Munurinn á hlutfalli kvenna og karla er líka meiri þegar stöður stjórnenda eru skoðaðar. Hlutfall kvenna í stöðum ráðuneytisstjóra er 15% en 24% skrifstofustjóra ráðuneytanna eru konur. Ljóst er að vinna þarf markvisst að því að jafna hlut kynjanna í stjórnunarstöðum innan Stjórnarráðsins.

Tölulegar upplýsingar um kynjaskiptingu og dreifingu kynjanna innan ráðuneytanna eru nú hluti af árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu.

*7. Staða kvenna í ráðuneytunum og stofnunum þeirra.*

Leitast skal við að hlutfall karla og kvenna í stjórnunarstöðum sé sem jafnast innan hvers ráðuneytis og innan þeirra stofnana er starfa á verksviði þeirra. Til að markmiðinu sé náð skal fara fram könnun á því hvert hlutfall kvenna og karla í stjórnunarstöðum er í hverju ráðuneyti og í stofnunum þess. Í kjölfar þeirrar könnunar munu verða sett raunhæf markmið í samræmi við niðurstöðu hennar.

Markmið verkefnisins er eins og áður segir að hlutfall karla og kvenna sé sem jafnast í yfirmannastöðum innan hvers ráðuneytis og stofnunum þeirra.

Í töflu 5 kemur fram kynjahlutfall forstöðumanna/framkvæmdastjóra stofnana er starfa á málefnasviðum ráðuneytanna. Upplýsingar bárust um 238 stofnanir og stýra konur 26% þeirra. Tölulegar upplýsingar um kynjaskiptingu forstöðumanna stofnana er starfa á verksviði ráðuneytanna er nú hluti af árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna til Jafnréttisstofu.

**Tafla 5. Forstöðumenn ríkisstofnana**

| 2005 | Konur | Karlar | Heild | % kvenna | %karla |
|---|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneyti | 4 | 2 | 6 | 67% | 33% |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 12 | 33 | 45 | 0% | 0% |
| Félagsmálaráðuneyti | 5 | 8 | 13 | 38% | 62% |
| Fjármálaráðuneyti | 1 | 19 | 20 | 5% | 95% |
| Hagstofa | 0 | 0 | 0 | 0% | 0% |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | x | x | 0 | 0 | 0 |
| Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti | 1 | 9 | 10 | 10% | 90% |
| Landbúnaðarráðuneyti | 0 | 7 | 7 | 0% | 100% |
| Menntamálaráðuneyti | 38 | 74 | 112 | 34% | 66% |
| Samgönguráðuneyti | 0 | 9 | 9 | 0% | 100% |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 1 | 4 | 5 | 20% | 80% |
| Umhverfisráðuneyti | 0 | 9 | 9 | 0% | 100% |
| Utanríkisráðuneyti | 0 | 4 | 4 | 0% | 100% |
| | **62** | **178** | **240** | **26%** | **74%** |

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum eru kynjahlutföll meðal forstöðumanna jöfnust hjá stofnunum félagsmálaráðuneytisins og nálgast þar hlutföllin 40:60. Stofnanir menntamálaráðuneytisins fylgja fast í kjölfarið en þar er hlutfallið 34:66. Nánari upplýsingar um kynjaskiptingu starfsmanna stofnananna liggja ekki fyrir en fyrirhugað er að kanna frekar hlutfall karla og kvenna innan þeirra og hvetja enn frekar til þess að hlutföllin verði jöfnuð á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar.

## B. Verkefni einstakra ráðuneyta.

*i. Forsætisráðuneyti.*

*8. Útgáfa gátlista til jafnréttismats á lagafrumvörpum og við opinbera stefnumótun.*

Gátlisti er nytsamlegt tæki fyrir Alþingi, ráðuneyti, sveitarstjórnir, stofnanir, fyrirtæki og nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga til að tryggja að jafnréttissjónarmiða verði gætt við stefnumótunarvinnu en tæki til að auka jafnrétti eiga að vera aðgengileg stjórnendum á öllum sviðum samfélagsins. Gátlisti af þessu tagi var eitt af þeim tækjum sem nefnd um hlut kvenna í opinberri stefnumótun lagði til.

Markmið verkefnisins er að finna leið til að spurningum er varða jafnrétti kynjanna verði svarað áður en lagt er út í stefnumótunarvinnu, til að mynda með notkun gátlista.

Í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna fyrir árin 1998–2001 skipaði forsætisráðherra í nóvember 2000 nefnd til þess að fjalla um jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun. Í skýrslu nefndarinnar er m.a. að finna tillögu að jafnréttisgátlista sem lagður var til grundvallar í samvinnu forsætisráðuneytis og Jafnréttisstofu við nánari útfærslu verkefnisins. Ákveðið var að stytta listann og færa efnið í samfelldara mál. Gátlistinn hefur að geyma fjóra meginþætti sem fela í sér spurningar ásamt skýringum. Þegar sá er vinnur að stefnumótun í hvaða

formi sem er hefur farið yfir listann er gert ráð fyrir að fengist hafi nokkuð skýr mynd af stöðu jafnréttismála í þeim málaflokki sem væntanleg stefnumótun tekur til. Auk gátlistans hefur verið sett upp sjálfsmat á rafrænu formi til frekari stuðnings fyrir þá sem koma að vinnu við stefnumótun, í samræmi við kynja- og jafnréttissjónarmið.

Jafnréttisgátlistinn verður jafnframt gefinn út í formi bæklings. Á bakhlið hans verður enn fremur vísað til frekari upplýsinga um jafnréttismál á rafrænu formi. Bæklinginn sjálfan verður unnt að nálgast á rafrænu formi ásamt sjálfsmatinu á vefsíðu ráðuneytisins (www.forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/2374). Gátlistanum verður sérstaklega dreift til ráðuneytanna, Alþingis, stofnana og sveitarfélaga. Einnig verður þess óskað að ráðuneytin og sveitarfélögin sendi eintak af listanum til allra nefnda, ráða og stjórna á þeirra vegum sem vinna beint eða óbeint að opinberri stefnumótun.

*ii. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.*

*9. Mansal.*

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á aðgerðir til að koma í veg fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Ráðuneytið mun í þessu skyni framkvæma, stuðla að og taka þátt í eftirfarandi:

- Ráðstefnu um mansal og aðgerðum gegn því.
- Alþjóðlegu samstarfi um aðgerðir gegn mansali.
- Fullgildingu Palermó-samningsins, samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn verslun með fólk, einkum konur og börn.
- Aðgerðaáætlun til að koma í veg fyrir mansal.

Markmið verkefnisins er að koma í veg fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn.

Í nóvember 2004 var skipaður starfshópur sem átti að kynna sér reynslu af mismunandi löggjöf um vændi, klámiðnað og mansal í Evrópu. Sérstaklega var þess farið á leit að hópurinn kynnti sér reynsluna af þeirri löggjöf Svíþjóðar sem gerir kaup á vændi refsiverða og mæti kosti þeirrar löggjafar og galla. Í hópnum áttu sæti Kolbrún Halldórsdóttir frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Ágúst Ólafur Ágústsson frá Samfylkingunni, Gunnar Örn Örlygsson frá Frjálslynda flokknum, Jónína Bjartmarz frá Framsóknarflokknum og Ásta Möller frá Sjálfstæðisflokknum. Starfshópurinn hefur skilað niðurstöðum en skýrsla hans kom út í febrúar 2006 og er hægt að nálgast hana rafrænt á heimasíðu ráðuneytisins (http://domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/DKM_vaendi_feb2006.pdf).

Fulltrúar dómsmálaráðuneytisins hafa tekið þátt í starfi norræns starfshóps sem fjallar um mansal, Nordic-Baltic Task Force Against Trafficking in Human Beings. Starfshópurinn hittist nokkrum sinnum yfir árið og er honum ætlað að stuðla að nánu samstarfi Norðurlandanna á þessu sviði. Fulltrúar ráðuneytisins sóttu einnig fundi í norrænum samráðshópi sem nefnist Nordisk samrådsgruppe på höyt nivå for flyktningspörsmål (NSHF) en þar er jafnframt fjallað um þær leiðir sem mögulegar eru til að vinna gegn mansali.

*10. Vernd vitna og þolenda afbrota.*

Dómsmálaráðuneytið mun áfram vinna að vitnavernd og bættri réttarstöðu þolenda afbrota. Hluti af því starfi snýr að vernd kvenna sem verða fyrir ofbeldi eða hótunum frá maka eða fyrrverandi maka. Ráðuneytið mun í þessu skyni framkvæma, stuðla að og taka þátt í eftirfarandi:

- Norrænu samstarfi um vitnavernd.
- Nefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum.

Markmið verkefnisins er að styrkja vitnavernd og bæta réttarstöðu þolenda afbrota, einkum kvenna og barna.

Fulltrúi dómsmálaráðuneytisins hefur tekið þátt í starfi nefndar um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum. Verksvið nefndarinnar hefur verið útvíkkað þannig að henni er jafnframt ætlað að fjalla um aðgerðir gegn ofbeldi gegn börnum. Nefndin vann að gerð aðgerðaáætlunar gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 26. september 2006. Meðal verkefna sem falla undir verksvið dómsmálaráðuneytisins í aðgerðaáætluninni er að fara sérstaklega yfir ákvæði um nálgunarbann í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með það í huga hvort heimila eigi lögreglu að setja inn nálgunarbann þegar í stað þegar um heimilisofbeldi er að ræða enda ljóst að um bráðatilvik er jafnan að ræða. Ákvörðun lögreglu yrði síðan kæranleg til héraðsdóms. Jafnframt er gert ráð fyrir að reynsla sem þegar hefur fengist af þeim réttarúrræðum sem lögfest hafa verið á síðastliðnum árum, svo sem nálgunarbanni og vitnavernd, verði metin kerfisbundið. Báðum þessum verkefnum skal lokið fyrir vorið 2008.

Enn fremur er vert að geta þess að fulltrúi dómsmálaráðuneytisins sótti norræna ráðstefnu í Svíþjóð um stöðu vitna og hélt þar erindi. Fulltrúi ráðuneytisins sótti einnig PC-PW fund sérfræðinganefndar Evrópuráðsins *The Committee of Experts on the Protection of Witness and Collaborations of Justice.*

*11. Aðbúnaður kvenna innan lögreglunnar.*

Frá árinu 1996 hefur markvisst verið unnið að því að fjölga konum innan lögreglunnar. Þá hefur einnig verið unnið að því að hvetja konur jafnt sem karla til að sækja um lausar yfirmannastöður innan lögreglunnar. Huga þarf betur að stöðu kvenna innan lögreglunnar, þ.e. hvort nægilega vel sé að þeim búið, svo sem varðandi aðstöðu og ytri umbúnað. Til að ná þessu markmiði verður efnt til fundar með fulltrúum lögreglukvenna og yfirstjórn lögreglunnar. Markmiðið er að huga sérstaklega að aðbúnaði kvenna innan lögreglunnar og gera úrbætur ef þurfa þykir.

Vinna að þessu verkefni hófst árið 2005 þó áður hafi verið fylgst með stöðu mála í Lögregluskólanum og meðal stjórnenda skólans. Unnið hefur verið að því að auka hlutfall kvenna innan lögreglunnar með markvissum hætti í Lögregluskólanum og hefur hlutfall þeirra af fjölda brautskráðra nemenda verið um 20% undanfarin ár. Þá hafa konur innan lögreglunnar sótt í sig veðrið í stjórnunarnámi Lögregluskólans. Að síðustu má nefna að konum í hópi yfirmanna hefur fjölgað með skipun nýs lögreglustjóra.

*iii. Félagsmálaráðuneyti.*

*12. Yfirstjórn samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða.*

Markmið verkefnisins er að eitt ráðuneyti fari með yfirstjórn samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða innan Stjórnarráðsins eftir því sem kostur er. Félagsmálaráðuneytinu var falið þetta hlutverk með gildandi áætlun í jafnréttismálum. Ráðuneytinu er m.a. ætlað að stuðla að fræðslu innan Stjórnarráðsins um jafnréttismál sem og að hvetja yfirstjórnir ráðuneytanna til að gæta að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við alla opinbera stefnumótun. Jafnréttisfulltrúar eru tengiliðir milli ráðuneytanna í þessu verkefni.

Félagsmálaráðuneytið í samstarfi við Jafnréttisstofu hefur haldið kynningarfund um jafnréttismál fyrir alla starfsmenn félagsmálaráðuneytis. Einnig hefur ráðuneytið haldið sérstakan fund með forstöðumönnum stofnana er starfa á málefnasviði þess. Á fundunum var fjallað um íslensku jafnréttislöggjöfina og hugmyndafræði að baki henni ásamt aðferðum við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða. Jafnframt hafa verið haldnir fræðslufundir með forstöðumönnum stofnana er starfa á verksviði annarra ráðuneyta þar sem jafnréttismál hafa verið á dagskrá. Hafa starfsmenn Jafnréttisstofu annast jafnréttisfræðsluna á fundunum.

Tveggja daga námskeið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða var haldið fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna árið 2004 í samstarfi við Reykjavíkurborg. Aðalfyrirlesari þess var dr. Heidemarie Wünsche-Piétzka sem er doktor í alþjóðalögfræði og starfar sem ráðgjafi um framkvæmd og innleiðingu samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða innan Evrópusambandsins.

Enn fremur var haldinn sérstakur fræðslufundur um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í félagsmálaráðuneytinu vorið 2005. Ráðuneytisstjórar ráðuneytanna sem og aðrir úr yfirstjórn þeirra voru boðaðir en dr. Heidemarie Wünsche-Piétzka hélt þar einnig erindi.

Félagsmálaráðuneytið stefnir jafnframt að því að efna á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar til jafnréttisfræðslu fyrir ríkisstjórnina í heild annars vegar og alla starfsmenn Stjórnarráðsins hins vegar.

Haustið 2004 var skipulagt námskeiðið *jafnrétti í framkvæmd* sem var samstarf fjármálaráðuneytisins, Jafnréttisstofu og Endurmenntunar Háskóla Íslands. Ekki fékkst nægileg þátttaka til þess að unnt væri að halda námskeiðið á tilsettum tíma en haustið 2006 fór það fram. Námskeiðið var sérstaklega ætlað forstöðumönnum, starfsmannastjórum og jafnréttisfulltrúum stofnana innan opinberrar stjórnsýslu.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hafa sótt ýmis námskeið og fyrirlestra um jafnréttismál, bæði hér á landi og erlendis. Ekki er talin ástæða til að telja þau öll upp en mikilvægt er að þeir haldi áfram að sækja viðburði af þessu tagi sér til fróðleiks. Áhersla á þetta verkefni verður aukin á seinni hluta gildistíma áætlunarinnar.

Enn fremur þótti ástæða til að setja af stað tilraunaverkefni á sviði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða innan stjórnsýslunnar en mikilvægt er að reynslan af slíku verkefni geti nýst öðrum ráðuneytum og stofnunum sem fyrirmynd við að koma á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á öðrum málefnasviðum. Má jafnframt meta hvort verkefnið kunni að verða fyrirmynd að stærra verkefni þar sem fleiri ráðuneyti og stofnanir gætu komið að. Ákveðið var að hefjast handa á málefnasviðum félagsmálaráðuneytisins. Markmið verkefnisins er að kanna hvort þjónusta tiltekinna stofnana er starfa á málefnasviði ráðuneytisins nýtist körlum og konum jafn vel þannig að ekki sé um kynbundna þjónustu að ræða. Verkefnið stendur yfir og ráðgert er að því ljúki á árinu 2007.

Loks ber að geta þess að fulltrúi félagsmálaráðuneytisins tók þátt í norrænu samstarfsverkefni um samþættingu jafnréttis- og fjárlagagerðar sem nú er lokið. Starfshópurinn setti fram þá tillögu að unnið yrði að samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis í hverju landi fyrir sig með tilraunaverkefni, en auk þess yrði ráðinn verkefnastjóri sem hefði yfirumsjón með fræðslu ásamt því að halda utan um verkefnið. Fyrirliggjandi er skýrsla verkefnastjóra norræna hópsins og einnig samantekt á verkefnum einstakra landa. Samantekt á íslenska verkefninu má finna á vef Norrænu ráðherranefndarinnar (http://www.norden.org/pub/sk/index.asp?subject=Ligestil).

*13. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.*

Samstarfshópur þriggja ráðuneyta mun kynna sér starf sambærilegra nefnda annars staðar á Norðurlöndunum. Í framhaldi af því verður unnið að tilraunaverkefni þar sem gefnar verða jafnréttisumsagnir um nokkur stjórnarfrumvörp úr þremur ráðuneytum. Markmiðið er að koma á reglubundnu mati á stjórnarfrumvörpum með tilliti til jafnréttis kynjanna. Til þess verði notaður gátlisti sem hópurinn mun búa til.

Samstarfshópur þriggja ráðuneyta var skipaður en verkefnið þótti skarast nokkuð við verkefni forsætisráðuneytis um útgáfu gátlista til jafnréttismats á lagafrumvörpum og opinberri stefnumótun. Því var ákveðið að bíða með störf nefndarinnar þar til eftir útgáfu gátlistans. Við endurmat á verkefninu þótti ekki ástæða til að halda því áfram heldur hvetja ráðuneytin til að nýta sér jafnréttisgátlistann við gerð frumvarpa og aðra opinbera stefnumótun. Enn fremur lagði félagsmálaráðuneytið til að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða yrði eitt af þeim atriðum er stjórnvöldum bæri að líta til við endurskoðun laga og reglugerða undir verkefninu *einfaldara Ísland.*

*14. Nefndir og ráð í sveitarfélögum.*

Skoðað verður hlutfall kynjanna í sveitarstjórnum og byggðaráðum sem og öðrum nefndum og ráðum sveitarfélaga. Þá verði einnig kannað hvernig hlutfall kynjanna skiptist í nefndum miðað við eðli nefndanna. Markmið verkefnisins er að komast að því hvernig skipting kynjanna er í nefndum sveitarfélaga. Ef skiptingin er meiri en 60:40 verði leitað leiða til að jafna hlut kynjanna í nefndum sveitarfélaganna.

Félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa gáfu út bækling sem sendur var til allra nýkjörinna sveitarstjórnarmanna vorið 2006 þar sem vakin var athygli á jafnréttismálum, þar á meðal að lykilatriði væri að tilnefna bæði karla og konur til setu í nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins. Ráðuneytið og Jafnréttisstofa höfðu áður óskað eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um hlutföll kynjanna í sveitarstjórnum, nefndum, ráðum og öðrum stjórnum á þeirra vegum vorið 2006. Niðurstaðan úr þeirri könnun var að við lok kjörtímabilsins 2002–2006 voru 62% þeirra er sitja í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélaganna karlar og 38% konur. Að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí var könnunin endurtekin. Niðurstöður hennar voru þær að karlar væru 60% þeirra sem sitja í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélaganna en konur 40%. Hlutur kvenna hefur því aukist um 2% milli kjörtímabila. Þá var haldinn kynningarfundur og námskeið með fulltrúum í jafnréttisnefndum sveitarfélaganna í september 2006.

Í tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða áætlun í jafnréttismálum er lagt til að áfram verði unnið að þessu verkefni. Jafnréttisstofa hefur hlotið styrk frá Evrópusambandinu til þess að leiða verkefni um jafnrétti í sveitarfélögum sem m.a. felur í sér gerð svokallaðrar *jafnréttisvogar.* Vinna að verkefninu er hafin undir nafninu *Tea for Two, illustrating equality* í samstarfi við Noreg, Finnland, Grikkland og Búlgaríu. Nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast á vefslóðinni www.tft.gender.is innan skamms.

*15. Áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof á jafnrétti kynjanna.*

Meginhugmynd verkefnisins er að rannsaka hvaða áhrif lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, hafa haft á jafnrétti kynjanna. Er gert ráð fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir eigi síðar en árið 2007. Fyrir liggur að 90% feðra taka nú að meðaltali 97

daga fæðingarorlof sem er einstakt í alþjóðlegum samanburði. Í ljósi þess er afar mikilvægt að rannsaka ítarlega áhrif þessara breyttu aðstæðna.

Ákveðið var að vinna þetta verkefni samhliða verkefninu *fæðingarorlof og atvinnulíf* eins og tekið er fram í nefndaráliti félagsmálanefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára frá 130. löggjafarþingi.

Undirbúningur að rannsókn hófst árið 2005 en um er að ræða margþætta rannsókn sem nokkrir aðilar koma að. Meðal þess sem var kannað var reynsla foreldra af hinu nýja fæðingarorlofskerfi sem og hvað yrði um starfsmenn þegar þeir snúa aftur til vinnu að loknu fæðingar- og foreldraorlofi. Niðurstaðna er að vænta árið 2007. Jafnréttisstofa hefur haldið utan um verkefnið en niðurstöður þess verða birtar í skýrslunni *Fæðingar- og fjölskylduorlof. Reynslan af lagasetningunni árið 2000* sem áætlað er að verði gefin út í febrúar 2007. Skýrslan verður einnig gefin út á ensku undir titlinum *Parental leave in Iceland. Bringing the fathers in.* Báðar útgáfurnar verða aðgengilegar á heimasíðu Jafnréttisstofu (www.jafnretti.is).

Enn fremur hefur verið borin saman ólík löggjöf Norðurlandanna um fæðingarorlof og nýting þess en niðurstöður þeirrar úttektar voru gefnar út í skýrslu sem ber heitið *Þróun löggjafar um fæðingarorlof á Norðurlöndum og reynsla þjóðanna.* Skýrslan er aðgengileg á íslensku, sænsku og ensku á heimasíðu Jafnréttisstofu (www.jafnretti.is).

Á gildistíma þessarar áætlunar hefur Jafnréttisstofa tekið þátt í nokkrum Evrópuverkefnum sem tengjast öll á einhvern hátt fæðingar- og foreldraorlofslögum eða samhæfingu fjölskyldu- og einkalífs. Þessi verkefni eru *Modern men in enlarged Europe* I og II ásamt *FOCUS, Fostering caring masculinities.* Markmið *Modern men* verkefnisins er að breyta kynjaímyndum með því að hvetja karla til þess að taka upp ný og nútímaleg hlutverk. Markmið *FOCUS*-verkefnisins var að rannsaka og fjölga tækifærum karla til að samhæfa einka- og atvinnulíf í þeim tilgangi að styrkja og ýta undir vilja þeirra til að taka að sér umönnunarhlutverk. Nánari upplýsingar um þessi verkefni er einnig að finna á heimasíðu Jafnréttisstofu (www.jafnretti.is) og félagsmálaráðuneytisins (www.felagsmalaradu neyti.is).

*16. Fæðingarorlof og atvinnulíf.*

Meginmarkmið verkefnisins er að kanna hvert viðhorf foreldra er til töku fæðingarorlofs sem og hvaða forsendur liggi til grundvallar töku fæðingarorlofs hjá konum og körlum. Enn fremur er markmiðið að skoða hvernig vinnumarkaðurinn bregst við þegar foreldrar hyggjast taka fæðingarorlof. Gert er ráð fyrir að skipuð verði nefnd fjögurra fulltrúa sem ljúki störfum með skilum á skýrslu til félagsmálaráðherra ásamt áliti sínu.

Markmiðið er að fá raunhæfa niðurstöðu um það hvort og þá hvernig lögin um fæðingar- og foreldraorlof hafi haft áhrif á samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Félagsmálaráðuneytið átti aðild að könnun Bryndísar Jónsdóttur og Capacent Gallup frá árinu 2006 sem birtist í skýrslunni *Upplifun foreldra á fæðingarorlofi.*

Ákveðið var að vinna þetta verkefni samhliða verkefninu *áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof á jafnrétti kynjanna* og vísast til umfjöllunar um það verkefni.

*17. Jafnrétti í vinnumiðlun.*

Kannað verði hvort úrræði svæðisvinnumiðlana nýtist körlum og konum jafn vel. Jafnframt verði kannað hvort um kynbundna vinnumiðlun og ráðgjöf sé að ræða og ef svo er verði leitað leiða til að brjóta niður það kynbundna val.

Markmið verkefnisins er að koma í veg fyrir kynbundnar hindranir í vinnumiðlun og stuðla að því að konum og körlum bjóðist í jöfnum mæli störf á svæðisvinnumiðlunum.

Verkefnið er hluti af tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins á sviði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Verkefnið felur í sér að kannað verði hvort úrræði svæðisvinnumiðlana nýtist körlum og konum jafn vel og hvort um sé að ræða kynbundna vinnumiðlun og ráðgjöf. Verkefnið felur því m.a. í sér að þjónusta við atvinnuleitendur hjá Vinnumálastofnun verður kyngreind. Ef niðurstaðan verður sú að vinnumiðlun sé kynbundin verður leitað leiða til að brjóta niður það kynbundna val. Þar með verður stuðlað að því að konum og körlum bjóðist í jöfnum mæli störf fyrir milligöngu stofnunarinnar og að jafnréttissjónarmiða verði betur gætt við skipulag vinnumarkaðsaðgerða. Áætlað er að verkefninu ljúki árið 2007.

*18. Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti.*

Félagsmálaráðuneytið standi að gerð framkvæmdaáætlunar til að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna í samstarfi við heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Við gerð áætlunarinnar verði tekið tillit til 14. og 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, og niðurstaðna rannsókna sem unnið hefur verið að á þessu sviði. Enn fremur er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra hefji viðræður við aðila vinnumarkaðarins um að sambærilegar áætlanir verði gerðar sem taki til almenna vinnumarkaðarins. Markmið verkefnisins er að takast á við launamun kynjanna á markvissan hátt.

Félagsmálaráðuneytið hefur óskað eftir tillögum frá Jafnréttisráði um hvernig standa beri að gerð slíkrar framkvæmdaáætlunar um launajafnrétti, en þar eiga sæti fulltrúar helstu samtaka á íslenskum vinnumarkaði. Er áætlað að hafist verði formlega handa við gerð framkvæmdaáætlunar á fyrri hluta árs 2007.

Félagsmálaráðuneytið undirbýr jafnframt undirritun sameiginlegrar yfirlýsingar um samstarf við aðila vinnumarkaðarsins á einkamarkaði og opinberum markaði við að jafna kynbundinn launamun, m.a. við gerð næstu kjarasamninga sem þessir aðilar koma að.

Þá ber að geta þess að félagsmálaráðherra skipaði sérstaka nefnd um vottun jafnra launa haustið 2005. Nefndin er enn að störfum en henni er ætlað að móta verklag og kerfi til að gera úttekt á launakerfi fyrirtækja og stofnana. Markmiðið er að með kerfinu verði unnt að kanna hvort kynbundinn launamunur sé fyrir hendi og reynist svo ekki vera fái viðkomandi fyrirtæki eða stofnun vottun um það.

*19. Karlar til ábyrgðar.*

Verkefni þetta er framhald verkefnis í fyrri framkvæmdaáætlun. Mikilvægt er að þróaðar verði aðferðir til að aðstoða karla sem vilja hætta að beita konur ofbeldi. Markmið verkefnisins er að boðið verði upp á meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Félagsmálaráherra setti verkefnið *karlar til ábyrgðar* aftur á laggirnar á fyrri hluta árs 2006 þar sem reynsla af fyrra verkefni var jákvæð. Markmið verkefnisins er að veita

körlum sem beitt hafa heimilisofbeldi meðferð og aðstoð séu þeir reiðubúnir að leita sér hjálpar vegna ofbeldis. Verkefnið felur í sér einstaklings- og hópmeðferð fyrir karla sem beita maka sína ofbeldi og stuðning við makana. Fagleg ábyrgð verkefnisins er í höndum sálfræðinganna Andrésar Ragnarssonar og Einars Gylfa Jónssonar. Gert er ráð fyrir sérstakri verkefnisstjórn með þátttöku Jafnréttisstofu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Samtaka um Kvennaathvarf en fulltrúi Jafnréttisstofu verður verkefnisstjóri. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er m.a. að skilgreina þróun verkefnisins til framtíðar í samráði við meðferðaraðila, fylgjast með daglegri starfsemi og meta árangur verkefnisins.

*20. Starfs-, sí- og endurmenntun.*

Meginhugmynd verkefnisins er að efla starfs-, sí- og endurmenntun á vinnumarkaði ekki síst ófaglærðra kvenna svo þær verði hæfari til að takast á við verkefni í ört vaxandi tækniþróun á vinnumarkaði. Hér er átt við námskeið á vegum stéttarfélaganna og háskólanna. Athuga þarf hverjir nýta sér þessi tækifæri og jafnframt hverjir gera það ekki og hvers vegna. Markmið verkefnisins er að tryggja að kynin geti bæði nýtt sér möguleika starfs-, sí- og endurmenntunar.

Verkefnið er ekki hafið. Ástæðan er einkum sú að starfs- og endurmenntun heyrir aðallega undir málefnasvið menntamálaráðuneytis og fellur því betur að verksviði þess ráðuneytis. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að taka við þessu verkefni og er breyting þess efnis í tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða áætlun í jafnréttismálum.

*21. Kynbundinn launamunur.*

Meginhugmynd verkefnisins er að meta hugsanlegar aðferðir og leiðir til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Nefnd verður skipuð sem metur aðferðir til að mæla kynbundinn launamun og lýkur störfum hennar með skýrslu til félagsmálaráðherra. Markmið verkefnisins er að finna þá aðferð sem er líklegust til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun.

Félagsmálaráðuneyti og Jafnréttisstofa stóðu fyrir verkefninu *mælistikur á launajafnrétti* í samvinnu við stjórnvöld annars staðar á Norðurlöndum. Meginmarkmið verkefnisins var að auka þekkingu og skilning á launamun kynjanna á Norðurlöndunum. Verkefnið var unnið hér á landi undir forustu Lilju Mósesdóttur. Aðrir höfundar skýrslunnar voru Andrea G. Dofradóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Kristjana Stella Blöndal, Einar Mar Þórðarson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir. Lokaskýrslu verkefnisins er að finna á heimasíðu Jafnréttisstofu (www.jafnretti.is). Sjá einnig nánari umfjöllun um verkefnið í þessari skýrslu undir kaflanum *atvinnumál kvenna og karla.*

*22. Launamyndun og kynbundinn launamunur.*

Gert var ráð fyrir að könnun sem gerð var árið 1994 um þætti sem hafa áhrif á laun og starfsframa kvenna og karla yrði endurtekin í þeim tilgangi að kanna hvort sömu þættir hefðu áhrif á laun og starfsframa hjá konum og körlum rúmum áratug síðar. Var m.a. gert ráð fyrir að skoða hugsanleg áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.

Félagsmálaráðuneytið hefur látið vinna fyrir sig rannsókn sem fólst í að endurtaka könnunina frá 1994 um þætti sem hafa áhrif á laun og starfsframa kvenna og karla var endurtekin. Áhersla var lögð á að rannsóknin yrði framkvæmd á sem líkastan hátt og

rannsóknin frá árinu 1994 til að tryggja sem bestan samanburð. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar haustið 2006 og eru þær aðgengilegar á heimasíðu ráðuneytisins (www.felagsmalaraduneyti.is). Sjá einnig nánari umfjöllun um verkefnið í þessari skýrslu undir kaflanum *atvinnumál kvenna og karla.*

*iv. Fjármálaráðuneyti.*

*23. Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla.*

Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur að undanförnu verið unnið markvisst að því að launagögn í nýjum fjárhags- og mannauðskerfum sem ríkið er að innleiða standist þær kröfur sem gera verður til þess að unnt sé að meta kynbundinn launamun. Hefur sú vinna legið niðri um nokkurt skeið þar sem undirbúningur og innleiðing kerfanna hefur tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir. Áætlað var að ljúka frágangi launagagna á ofangreindum forsendum árið 2004 svo hægt yrði að framkvæma úttekt á árinu 2005. Í kjölfarið er lagt til að fylgst verði reglulega með þróun kynbundins launamunar.

Markmið verkefnisins er að hægt sé að meta kynbundinn launamun með launagögnum úr upplýsingakerfum ríkisins og að gerð verði úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna. Þar á einnig að skoða frekari þóknanir í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

Ekki hefur tekist að halda þá tímaáætlun sem sett var fram á sínum tíma varðandi vinnu við að skilgreina þær kröfur sem launagögn þurfa að uppfylla til að unnt sé að nýta þau við mat á kynbundnum launamun þar sem undirbúningur og innleiðing hins nýja launakerfis hefur dregist langt fram yfir þau tímamörk sem samið var um á sínum tíma. Nýtt launa- og starfsmannakerfi komst í gagnið árið 2006. Það er yfirlýst stefna ríkisins að draga úr þeim launamun karla og kvenna sem ekki verður skýrður nema á grundvelli kyns. Með nýju launakerfi gefst tækifæri til að vinna að því markmiði. Með það í huga mun fjármálaráðherra láta gera úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna sem starfa hjá stofnunum ríkisins.

*24. Úttekt á almannatryggingakerfinu.*

Sem liður í norrænu verkefni um samþættingu jafnréttis- og fjárlagagerðar sem fjármálaráðuneytið er aðili að er áætlað að gera úttekt á því hvernig fjármunum og öðrum úrræðum á sviði almannatryggingakerfisins er skipt með tilliti til kynjanna. Hugmyndin er að skoða hvernig fjárveitingar einstakra bótaflokka skiptast milli kynjanna, en einnig hvort þættir í bótakerfinu sjálfu eða rétturinn til greiðslu bóta sé hliðhollur öðru kyninu fremur en hinu.

Markmið verkefnisins er að kanna hvort kynin hafi sama aðgang að úrræðum í almannatryggingakerfinu.

Vinnu að þessu verkefni í norræna samstarfshópnum er nú lokið. Í hópnum var einn fulltrúi frá fjármálaráðuneyti hvers lands og einn fulltrúi sem starfar að jafnréttismálum í hverju Norðurlandanna. Starfshópurinn setti fram þá tillögu að unnið yrði að samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis í hverju landi fyrir sig með tilraunaverkefni, en auk þess yrði ráðinn verkefnastjóri sem hefði yfirumsjón með fræðslu ásamt því að halda utan um verkefnið. Með íslenska verkefninu var gerð athugun á sviði almannatryggingakerfisins. Stýrihópur var skipaður sem stjórnaði verkefninu en í honum áttu sæti fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu, Jafnréttisstofu og Tryggingastofnun ríkisins, en fulltrúi Jafnréttisstofu

stjórnaði verkefninu. Verkefninu lauk með ráðstefnu í Helsinki í nóvember árið 2006. Fyrirliggjandi er skýrsla verkefnastjóra norræna hópsins og samantekt á verkefnum einstakra landa. Samantekt á íslenska verkefninu má finna á vef Norrænu ráðherranefndarinnar (http://www.norden.org/pub/sk/index.asp?subject=Ligestil).

*v. Hagstofa Íslands.*

*25. Konur og karlar í atvinnurekstri.*

Unnið verður að þróun aðferða við að meta þátttöku kvenna og karla í atvinnurekstri á grundvelli fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar sem er í undirbúningi hjá Hagstofu Íslands, auk annarra gagnasafna sem Hagstofan hefur aðgang að. Markmið verkefnisins er að í framtíðinni verði hægt að gera reglubundnar mælingar sem veita margþættar upplýsingar um hlut kvenna og karla í atvinnurekstri.

Verkefnið er komið vel á veg og verður unnið að því áfram. Árið 2005 gaf Hagstofa Íslands út *Konur í forystu fyrirtækja 1999–2004* í ritröð Hagtíðinda (90. árg. 49. tbl.). Í heftinu koma m.a. fram tölulegar upplýsingar um framkvæmdastjóra, stjórnarmenn og stjórnarformenn fyrirtækja eftir kyni, stærð fyrirtækja og atvinnugreinum. Þá er gert ráð fyrir aldursskiptingu framkvæmdastjóra eftir kyni. Enn fremur er þar sýndur samanburður á skiptingu framkvæmdastjóra og stjórnarformanna eftir því hvort fyrirtæki voru stofnuð 1998 og fyrr eða 1999–2004. Með vinnslu og birtingu þessa efnis hefur verið lagður grunnur að mótun upplýsinga um konur og karla í atvinnurekstri, í anda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Ætlunin er að uppfæra framangreint talnaefni reglulega og skoða möguleika á greiningu fleiri þátta um þessi mál.

*vi. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.*

*26. Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna.*

Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna starfi áfram á vegum ráðuneytisins. Verkefnisstjórnin forgangsraðar verkefnum og gerir tillögur um aðgerðir til að ná markmiðum hennar.

Markmið verkefnisins er að þjónusta heilbrigðiskerfisins taki í auknum mæli mið af ólíkum og mismunandi aðstæðum kynjanna.

Í júní 2004 stóð verkefnisstjórn um heilsufar kvenna fyrir málþingi undir yfirskriftinni *Reykingar – Konur og karlar: Þarf kynbundna nálgun í forvörnum og reykleysismeðferð?* Á málþinginu var m.a. fjallað um umfang sjúkdómabyrði vegna reykinga, samfélagslegan kostnað, umfang tóbaksnotkunar, þátt ímyndar í reykingum kvenna, reykingar kvenna um og eftir barnsburð, aðferðir til að sporna við reykingum, tóbaksvarnastarf á Íslandi síðustu ár og reykleysismeðferð. Efni frá málþinginu er aðgengilegt á heimasíðu ráðuneytisins (http://www.heilbrigdisraduneyti.is/frettir/undirflokkur/nr/1645).

Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna hefur sérstaklega kannað heimilisofbeldi gegn konum og kynbundið ofbeldi með viðræðum við fagfólk sem kemur að þessum málum á einhvern hátt. Ofbeldi gegn konum er eitt af stærstu heilbrigðisvandamálum heims að mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem hefur um margra ára skeið vakið athygli á því og hvatt til aðgerða. Talið er að um þriðjungur kvenna sæti einhvers konar ofbeldi einhvern tíma á lífsleiðinni. Rannsóknir hafa sýnt að algengasta mynd ofbeldis er heimilisofbeldi þar sem gerandinn er yfirleitt eiginmaður, sambýlismaður eða ættingi konunnar sem fyrir ofbeldinu verður. Vegna skorts á fullnægjandi greiningu og skráningu of-

beldis gagnvart konum hérlendis er lítið vitað hvert umfang vandans er. Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna hefur í störfum sínum hvatt til þess að ráðin verði bót á því. Skipunartími verkefnisstjórnarinnar er runninn út og er málið til skoðunar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

*27. Áhrif klámvæðingar á ungt fólk.*

Markmið verkefnisins er að sporna gegn áhrifum klámvæðingar á ungt fólk með rannsókn á þeim áhrifum og endurskilgreiningu á kynfræðslu í skólum. Með þessu verði stuðlað að kynheilbrigði ungs fólks.

Starfshópur var settur á laggirnar í tengslum við verkefnið hjá landlæknisembættinu. Í framhaldi af því var ráðinn starfsmaður í hlutastarf hjá Lýðheilsustöð til að kynna sér rannsóknir á þessu sviði. Verkefnið stendur enn yfir og er m.a. stefnt að því að halda málþing um efnið.

*28. Heilsufarskönnun.*

Ráðist verði í gerð heilsufarskannana til að afla á staðlaðan og reglubundinn hátt upplýsinga um lífshætti, líðan og heilsufar og greina ólíkar þarfir kynjanna fyrir heilbrigðisþjónustu. Kannanirnar verði hluti af evrópsku heilsufarskönnuninni sem þekkist undir heitinu *Eurohis-könnun* en það gerir mögulegan samanburð við aðrar Evrópuþjóðir. Jafnframt að stefnt sé að því að ná fram þeim langtímamarkmiðum í heilbrigðismálum sem fram koma í heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Auk þess er markmiðið að framfylgja stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla.

Hjá Lýðheilsustöð er unnið að áætlun um könnun á mati á eigin heilsu þar sem kynin eru borin saman. Ekki er gert ráð fyrir að könnunin verði hluti af evrópsku heilsufarskönnuninni *Eurohis* þar sem það þótti of kostnaðarsamt.

*29. Notkun kvenna og karla á heilsugæslunni.*

Safnað verði upplýsingum um notkun kvenna og karla á heilsugæslunni og hvaða úrlausnir þau fá þar. Kannað verði hvort konur og karlar sækist eftir og fái ólíka þjónustu og hvort úrlausnir séu háðar því hvort kynið á í hlut.

Vinna við verkefnið hefur enn ekki hafist en áætlað er að það verði unnið á seinni hluta gildistíma áætlunarinnar í jafnréttismálum.

*30. Mat á árangri og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.*

Lagt verði mat á gæði og árangur heilbrigðisþjónustunnar á reglubundinn hátt. Tilgangurinn er að meta þörf fyrir hugsanlegar breytingar á áherslum í heilbrigðisþjónustu. Þrjú svið eru einkum nefnd vegna heilsu kvenna, forvarnir og meðferðarúrræði vegna reykinga, áfengis- og vímuefnameðferð kvenna og skimun vegna brjóstakrabbameins.

Slík könnun er nú í vinnslu og annast Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerð hennar í samvinnu við landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.

*31. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.*

Áfram verði unnið að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Jafnframt verði áframhaldandi átak til að tryggja að starfsfólk heilbrigðistofnana sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við meðgöngu, fæðingu og umönnun barna.

Meginmarkmið verkefnisins er aukinn þáttur feðra í meðgöngu, fæðingu og umönnun barna.

Fræðslunámskeið fyrir feður og foreldra eru haldin af ýmsum aðilum, svo sem Miðstöð mæðraverndar og ýmsum heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum víða um land. Yfirleitt er boðið upp á sérstaka tíma fyrir verðandi feður með þörf þeirra fyrir fræðslu að leiðarljósi. Jafnframt standa nú til boða námskeið fyrir nýorðna foreldra á nokkrum stöðum og er þá einnig gefinn sérstakur tími fyrir feðurna. Viðhorf feðra hafa verið skoðuð sérstaklega og hvað þeir telja að megi betur fara. Niðurstöðurnar hafa verið nýttar til umbótastarfs. Fræðsla og undirbúningur á meðgöngu hefur miðað að því að feður geti tekið þátt í fæðingunni. Samkvæmt upplýsingum sem heilbrigðisráðuneytið hefur aflað hefur þátttaka feðra á þessu sviði aukist verulega og heyrir til undantekninga að feður séu ekki virkir þátttakendur á öllum sviðum. Áfram verður unnið að þessu verkefni. Þá hefur heilbrigðisráðuneytið styrkt könnun á viðhorfum foreldra til þjónustu í ung- og smábarnavernd.

*32. Áhættuhegðun karla.*

Mun fleiri karlar slasast, svipta sig lífi og misnota fíkniefni en konur. Hér er um að ræða mikið heilbrigðisvandamál og mikilvægt að leita orsaka þess. Ráðuneytið mun í samstarfi við landlæknisembættið halda áfram að kanna þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem veldur slysum, sjálfsvígum og fíkniefnamisnotkun.

Meginmarkmið verkefnisins er að draga úr sjálfsvígum, slysum og misnotkun fíkniefna og jafnframt að koma í veg fyrir vangreind þunglyndis- og sjálfsvígsatferli.

Slysaskrá Íslands sem komið var á fót árið 2002 er mikilvægt tæki sem nýtist við að greina áhættuhegðun karla, en skráning er kynbundin og sýnir margvíslegar breytur sem eru gagnlegar við skoðun þessara mála. Karlar og drengir eru miklum mun fleiri en konur og stúlkur meðal þeirra sem slasast, svipta sig lífi og misnota vímuefni. Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð hafa unnið töluvert starf á þessu sviði og má nefna eftirfarandi verkefni:

- *Geðrækt* er samvinnuverkefni Geðhjálpar, Lýðheilsustöðvar og geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Geðrækt er víðtækt verkefni sem var áður hjá landlæknisembættinu en var flutt til Lýðheilsustöðvar. Verkefnið snýr m.a. að uppbyggingu á geðheilsu og forvörnum.
- Á vegum landlæknisembættisins er unnið að verkefni um forvarnir gegn sjálfsvígum sem nefnist *þjóð gegn þunglyndi* og beinist gegn þunglyndi og sjálfsvígum.
- Samstarf hefur verið við bandaríska vísindamenn um rannsókn vegna viðtala við aðstandendur þeirra sem framið hafa sjálfsvíg og hafa áhættuþættir sjálfsvíga verið kannaðir. Nokkuð hefur verið unnið að þessu verkefni en ekki hefur tekist að afla nauðsynlegra styrkja og því hefur framgangur þess ekki verið eins og stefnt var að í upphafi.

Auk framangreinds hefur landlæknisembættið staðið að samvinnuverkefni um þróun geðheilbrigðisþjónustu í samfélaginu almennt.

*33. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.*

Í herferðum er varða varnir gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu verði unnið eftir þeim sjónarmiðum að forsendur neyslu kvenna og stúlkna annars vegar og karla og pilta hins vegar kunni að vera ólíkar. Gerðar verði tilraunir í þá veru að beina áróðri og fræðslu sérstaklega til ungra stúlkna með það að markmiði að koma í veg fyrir aukna áfengis- og tóbaksneyslu þeirra.

Starfandi hefur verið verkefnahópur hjá Lýðheilsustöð sem í eru fulltrúar Lýðheilsustöðvar, Miðstöðvar mæðraverndar og Barnaspítala Hringsins. Þessi hópur hefur unnið bækling um reykingar á meðgöngu sem nýtast á ljósmæðrum í fræðslu- og forvarnastarfi með verðandi foreldrum. Gert er ráð fyrir að bæklingurinn komi út í febrúar 2007. Sambærilegur bæklingur um neyslu áfengis og vímuefna á meðgöngu og er í notkun í mæðravernd um land allt.

*34. Jafnrétti og lýðheilsa.*

Stefnt verði að því að Lýðheilsustöð verði efld á sviði jafnréttismála sem snerta lýðheilsu. Lýðheilsustöð geti þannig sinnt forvörnum á sviði jafnréttismála með það að markmiði að koma í veg fyrir kynbundinn heilsufarsvanda meðal þjóðarinnar, t.d. með kynjamiðuðu áróðurs- og fræðslustarfi. Þá gæti Lýðheilsustöð framkvæmt rannsóknir á sviði jafnréttis og heilsufars til að ná fram skýrari mynd af því í hverju kynbundinn heilsufarsmunur liggur.

Meginmarkmið verkefnisins er að vinna gegn kynbundinni mismunun sem aftur veldur kynbundnum heilsufarsvanda meðal þjóðarinnar.

Hjá Lýðheilsustöð er í undirbúningi viðamikil landskönnun á heilsu og líðan Íslendinga. Niðurstöður þessarar könnunar verða kyngreindar. Stefnt er að því að gera slíka könnun reglulega. Að undirbúningi verkefnisins kemur fjöldi fræðimanna og sérfræðinga. Þá er unnið úr niðurstöðum könnunar sem Lýðheilsustöð vann um heilsu og lífskjör skólanema og eru niðurstöður þeirrar könnunar kyngreindar. Lýðheilsustöð stendur nú einnig fyrir rannsókn á munnheilsu Íslendinga. Fyrsta áfanga af fimm er lokið og er niðurstaðna að vænta fljótlega. Gögnin verða m.a. skoðuð út frá kynjunum. Lýðheilsustöð aflar einnig gagna um neyslu Íslendinga á áfengi og tóbaki. Gögnin eru kyngreinanleg í flestum tilfellum. ESPAD er reglubundin rannsókn sem gerð er á neyslu áfengis- og vímuefna meðal nemenda í 10. bekk og eru gögnin þar kyngreind. Verið er að skoða möguleika þess að kanna viðhorf ungs fólks til áhættuhegðunar og heilsusamlegra lífshátta. Þá er reglulega gerð framhaldsskólarannsókn á vegum Lýðheilsustöðvar í samstarfi við fyrirtækið Rannsóknir og greiningu og eru þau gögn kyngreind.

Lýðheilsustöð hefur unnið fræðslu- og átaksverkefni fyrir konur. Meðal þeirra má nefna bæklingana *Mataræði á meðgöngu*, *Tóbaksnotkun á meðgöngu*, *Næring og lífshættir kvenna á barneignaraldri* og *Heilbrigt kynlíf*. Í undirbúningi er einnig átaksverkefni sem varðar munntóbaksneyslu og beinist það að ungum körlum.

*vii. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.*

*35. Konur og stjórnun fyrirtækja.*

Konur hasla sér völl í atvinnulífinu í síauknum mæli. Meiri hluti nýrra háskólamenntaðra sérfræðinga eru konur. Konur hafa hins vegar, enn sem komið er, verið í miklum minni hluta í yfirstjórnum íslenskra fyrirtækja. Þrátt fyrir að margt bendi til að það muni breytast með aukinni þátttöku vel menntaðra kvenna í atvinnulífinu eru samt sem áður hindranir í vegi fyrir því að konur veljist til forustu í stórum fyrirtækjum.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hyggst stuðla að umræðu um þessi mál og hvetja til breytinga. Haustið 2004 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd sem ætlað var að gera tillögur um aukin tækifæri kvenna í stjórnum fyrirtækja. Í nefndinni sátu fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, Félags kvenna í atvinnurekstri og Samtaka atvinnulífsins. Formaður var framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Verkefni nefndarinnar var að móta tillögur um það hvernig fjölga mætti konum í forustu íslenskra fyrirtækja og hvort ástæða væri til að beita stjórnvaldsaðgerðum í því skyni. Nefndin skyldi m.a. kanna hvort önnur lönd hefðu gripið til ráðstafana í þessu skyni og bera saman stöðu kvenna í atvinnulífinu hér á landi og í nágrannaríkjunum.

Markmið verkefnisins var að stuðla að fjölgun kvenna í forustu íslenskra fyrirtækja.

Nefnd um aukin tækifæri kvenna í stjórnun fyrirtækja lauk störfum haustið 2005 og skilaði skýrslu þar sem settar eru fram hugmyndir í sex liðum um hvernig auka mætti hlut kvenna í stjórnunarstöðum:

1. Efla umræðu og þekkingu.
2. Birta reglulega upplýsingar um fjölda kvenna í stjórnum fyrirtækja.
3. Konur efli tengsl sín.
4. Leitarskilyrði í stjórnir verði víkkuð og leitað verði víðar.
5. Fyrirtæki setji konur á dagskrá.
6. Karlar í áhrifastöðum geri málið að sínu.

Kostnaður ráðuneytisins við nefndarstarfið og skýrslugerðina var um 2,5 millj. kr.

Í samstarfi við Háskólann á Bifröst, ásamt Samtökum atvinnulífsins, Jafnréttisstofu, Jafnréttisráði og Félagi kvenna í atvinnurekstri, var þróað verkefni um mat á stöðu jafnréttis í 100 stærstu fyrirtækjum landsins og árlega birtingu svokallaðrar jafnréttiskennitölu. Þessar kennitölur voru birtar í fyrsta skipti 2006 fyrir árið 2005. Þetta er þriggja ára verkefni og tölur munu verða birtar nú í ár og aftur 2008. Áformuð voru tvö ný verkefni sem eru byggð á niðurstöðum nefndarinnar og koma fram í tillögu að endurskoðaðri framkvæmdaáætlun um jafnréttismál. Öðru þeirra er lokið, þ.e. *námsstefnu fyrir konur í stjórnum fyrirtækja*, en hitt verður unnið á gildistíma þessarar áætlunar.

*36. Stuðningur við konur í atvinnurekstri.*

Meginhugmynd verkefnisins er að vinna úttekt á því hvaða árangur hefur orðið af verkefnum undanfarinna ára sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Sérstaklega skal skoða stöðu kvenna gagnvart stuðningskerfi atvinnulífsins hvað varðar styrki, lánsfé og hlutabréf.

Markmið verkefnisins er að afla upplýsinga sem geta orðið grundvöllur að frekari aðferðum til að efla þátt kvenna í atvinnurekstri.

Í framhaldi af Evrópuverkefninu *konur og eignarhald í viðskiptum og landbúnaði* fól ráðuneytið Byggðastofnun að vinna úttekt á því hvaða árangur hefur orðið undanfarin ár af verkefnum sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Afrakstur þeirrar vinnu var skýrslan *Konur og stoðkerfi atvinnulífsins* sem kom út í nóvember 2005. Sjá nánari umfjöllun um skýrsluna undir kaflanum *atvinnumál kvenna og karla.*

Í júní 2005 fór iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, fyrir viðskiptasendinefnd kvenna til Mexíkós. Þar ávarpaði hún ráðstefnuna Global Summit of Women, sem fjallaði um hvernig auka mætti efnahagsleg áhrif kvenna. Ráðstefnuna sóttu um 1.000 konur hvaðanæva úr heiminum, þar á meðal 42 ráðherrar. Ráðherrann fjallaði í ávarpi sínu um hvernig stuðla mætti að því að þátttaka kvenna í atvinnurekstri ykist frá því sem nú er.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur undanfarin ár styrkt ellefu vikna viðskiptanámskeið, *máttur kvenna*, á vegum Háskólans á Bifröst sem ætlað er konum víðs vegar af landinu. Námskeiðið má sækja í fjarnámi og hefur það nýst konum er búa í dreifbýli vel. Auk þessa hefur ráðuneytið komið, með fjárframlögum, að ýmsum tilfallandi verkefnum sem lúta að því að styrkja konur í íslensku atvinnulífi.

Þá er gert ráð fyrir að unnið verði að tveimur nýjum verkefnum á þessu sviði sem nánar er lýst í tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða áætlun í jafnréttismálum. Annað tengist tillögum nefndarinnar um aukin tækifæri í forustu atvinnulífsins og er námsstefna fyrir konur í stjórnendastöðum og stjórnum fyrirtækja. Námsstefnan var haldin 11. janúar 2007. Hitt verkefnið er úttekt á því hvort samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða hafi verið lögð til grundvallar við töku ákvarðana um styrki, lán og fjárfestingar á vegum ráðuneytisins og tiltekinna stofnana þess. Því verkefni á að vera lokið á árinu 2008.

*37. Konur í atvinnurekstri.*

Verkefnið lýtur að hvatningu til kvenna til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og stuðningi við konur í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Verkefnin eru nokkur, sum þeirra eru viðvarandi og byggð á góðri reynslu.

- *Þjónusta við konur í atvinnurekstri hjá Impru.* Lögð er sérstök áhersla á að veita konum ráðgjöf sem eru að vinna að ákveðinni viðskiptahugmynd og hyggjast fara út í eigin rekstur.
- *Brautargengi.* Brautargengi eru námskeið á vegum Iðntæknistofnunar og eru þau ætluð konum sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd. Þar eru kennd grundvallaratriði við stofnun og rekstur fyrirtækja.
- *Félag kvenna í atvinnurekstri.* Félagið var stofnað árið 1999 og er meginmarkmið félagsins að gera konur í atvinnurekstri sýnilegri og um leið að mynda tengslanet fyrir þær.
- *Lánatryggingasjóður kvenna.* Sjóðurinn er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbanka Íslands og saman veita þeir tryggingar fyrir lánum.
- *Atvinnurekstur kvenna á landsbyggðinni.* Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun fela Byggðastofnun að skoða stöðu kvenna í atvinnurekstri á landsbyggðinni.

Markmið verkefnisins er að hvetja konur til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og styðja konur í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Öll þessi verkefni eru enn við lýði en endurskoðun á starfsemi Lánatryggingasjóðs kvenna stendur yfir. Impra nýsköpunarmiðstöð hefur m.a. haldið utan um námskeiðið *brautargengi* sem haldið er á vegum Iðntæknistofnunar. En það er ætlað konum sem áhuga hafa á að stofna fyrirtæki og eru með viðskiptahugmyndir en vantar grunnþekkingu til að koma þeim í framkvæmd.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið er aðili að Félagi kvenna í atvinnurekstri sem stofnað var að frumkvæði ráðuneytisins árið 1999. Félagið er opið öllum þeim konum sem eiga og reka, reka eða hafa átt og rekið fyrirtæki, einar eða með öðrum.

Lánatryggingasjóður kvenna er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, og Reykjavíkurborgar. Meginmarkmið sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á allt að helming lána sem þær taka hjá Landsbanka Íslands. Félagsmálaráðherra skipaði nefnd sem ætlað var að fara yfir starfsemi sjóðsins og koma með tillögur um hvernig haganlegast væri að skipa þessum málum til frambúðar að teknu tilliti til annarra sjóða eða úrræða til stuðnings atvinnulífinu óháð kynferði. Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra sumarið 2006 en tillögurnar eru til skoðunar hjá félagsmálaráðuneytinu. Meðal tillagna var að ganga úr skugga um að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða yrði lögð til grundvallar við töku ákvarðana um styrki, lán og fjárfestingar innan hins almenna stuðningskerfis atvinnulífsins. Í tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða áætlun í jafnréttismálum er gert ráð fyrir að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafi umsjón með slíkri könnun að því er varðar styrki, lán og fjárfestingar sem í boði eru á vegum þess og tiltekinna stofnana þess.

Að því er varðar atvinnurekstur kvenna á landsbyggðinni átti iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti fulltrúa í tengslanetsstarfshópi á vegum Evrópusambandsins um atvinnurekstur kvenna (WES) sem sótti fundi í Brussel vegna þessa. Fyrir tilstilli tengslanetsins gerðist ráðuneytið aðili að verkefni fimm landa sem varðaði eignarhald og stöðu kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði. Sérstök skýrsla var framlag Íslands til Evrópuverkefnisins *konur og eignarhald í viðskiptum og landbúnaði* sem unnið var innan rammaáætlunar Evrópusambandsins um jafnrétti kynjanna. Verkefnið var unnið að frumkvæði Noregs með þátttöku Grikklands, Lettlands og Svíþjóðar, auk Íslands. Skýrslan kom út snemma árið 2005 en skýrsla Byggðastofunnar um konur og stoðkerfi atvinnulífsins kom út seinna sama ár. Þessum hluta verkefnisins telst formlega lokið.

*viii. Landbúnaðarráðuneyti.*

*38. Lifandi landbúnaður – gullið heima.*

Meginhugmynd verkefnisins er að byggja upp grasrótarhreyfingu sem hafi það að markmiði að fræða og styðja konur í bændastétt og hvetja þær til að koma á framfæri hugmyndum sínum til eflingar atvinnu í sveitum. Markmið verkefnisins er að styrkja konur í dreifbýli til sjálfstæðrar atvinnuþátttöku.

Konur í bændastétt hafa stofnað með sér eins konar grasrótarhreyfingu sem nefnist *lifandi landbúnaður*. Þær hafa komið sér upp öflugu tengslaneti í samvinnu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og landbúnaðarráðuneytið sem gerir þeim betur fært að hafa samskipti sín á milli ásamt því að stunda fjarnám sem Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur skipulagt og sniðið eftir þörfum og ábendingum. Stefnt er að því að ljúka verkefninu árið 2007 með ráðstefnu í júní og lokafundi í nóvember.

*39. Eignaréttarleg staða kvenna í landbúnaði.*

Meginhugmynd verkefnisins er að athuga eignaréttarlega stöðu kvenna í landbúnaði. Tilgangurinn er einkum sá að kanna hvort þörf sé á aðgerðum til að jafna hlut karla og kvenna í þessu tilliti.

Ákveðið var að breyta heiti verkefnisins í *jafnrétti í skráningu eignarréttinda í landbúnaði* þar sem fyrra heiti þótti ekki nægilega lýsandi fyrir inntak þess.

Ákveðið var að koma fyrst upp öflugu tengslaneti milli kvenna í bændastétt til að auðvelda framkvæmd verkefnisins. Jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands mun annast gerð skoðanakönnunar veturinn 2006–2007 meðal kvenna í bændastétt. Við gerð skoðanakönnunarinnar verður unnt að nýta tengslakerfið sem skapast hefur með verkefninu *lifandi landbúnaður – gullið heima*. Stefnt er að því að ljúka verkefninu árið 2008 en litið verður til niðurstaðna könnunarinnar við mat á því hvort sérstakra aðgerða er þörf í þessu tilliti.

*ix. Menntamálaráðuneyti.*

*40. Konur í vísindum.*

Menntamálaráðuneyti leitaði eftir samstarfi við aðra aðila um skipan starfshóps (tölfræði- og greiningarhóps) til að afla tölfræðilegra upplýsinga um þátt kvenna í rannsóknum. Ráðuneytið gaf út skýrsluna *Konur í vísindum á Íslandi* í mars 2002 þar sem teknar voru saman tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kvenna í vísindum á Íslandi með áherslu á konur starfandi hjá hinu opinbera. Áformað er að fylgja þeirri skýrslu eftir en bæta við og bera saman upplýsingar um stöðu kvenna í rannsóknum hjá fyrirtækjum. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að rætt verði um með hvaða hætti æskilegt er að auka umræðu og tryggja virka þátttöku kvenna í vísindastarfi í samræmi við vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs frá desember 2003.

Markmið verkefnisins er að tryggja virka þátttöku kvenna í vísindum.

Menntamálaráðuneyti skipaði nefnd sem hefur það hlutverk að fylgja eftir þessu verkefni ásamt niðurstöðum nefndar um konur í vísindum sem kennd er við Helsinki og starfar á vegum Evrópusambandsins. Evrópunefndin hefur það að markmiði að vinna að aukinni þátttöku kvenna í vísindum í Evrópusambandslöndunum og vera til ráðgjafar um stöðu kvenna í rannsókna- og vísindastarfi.

Verkefnið felur m.a. í sér söfnun nýrra tölfræðilegra upplýsinga, sambærilegra við þær sem komu fram í skýrslunni *Konur í vísindum á Íslandi* og í skýrslu Evrópusambandsins um konur í rannsóknum í iðnaði (*Women in industrial research*) sem og mat á þróun mála á tímabilinu. Nefnd menntamálaráðuneytisins safnar nú saman þessum tölfræðilegu upplýsingum fyrir Ísland. Í kjölfarið mun nefndin greina niðurstöður gagnanna, skilgreina þær hindranir sem standa í vegi fyrir jafnræði milli kynja, hvort sem um er að ræða námsval eða framgang í starfi og koma með tillögur um aðgerðir á grundvelli þeirrar greiningar. Árið 2005 fundaði nefndin þrisvar sinnum og fimm sinnum árið 2006. Rætt var um öflun gagna sambærilegra við þau sem birt voru í skýrslu fyrri nefndar og aðgengi að gögnum sem eru sambærileg við skýrslu Evrópusambandsins um konur í rannsóknum í iðnaði. Áfangaskýrsla nefndarinnar lá fyrir í nóvember 2006 og í kjölfarið var ákveðið að efna til málstofu. Þar hittust ýmsir aðilar sem hafa unnið við rannsóknir á sviðinu eða vinna við jafnréttismál í háskólum til að ræða ákveðin þemu sem nefndin hafði komið auga á að þyrftu nánari umfjöllun. Helstu umræðuefnin voru eftirfarandi:

a. Námsval kynjanna.
b. Hverju skilar menntun kynjunum?
c. Kynjamismunur í stjórnkerfi vísinda og rannsókna – orsök og afleiðingar.

Nefndin mun skila tillögum sínum árið 2008.

*41. Jafnrétti og listir.*

Meginhugmynd verkefnisins er að gera úttekt á stöðu kynjajafnréttis á lista- og menningarsviði. Sérstaklega skal skoða stöðu kvenna gagnvart stuðningskerfi lista- og menningarlífs hvað varðar m.a. styrki og listamannalaun.

Markmið verkefnisins er að athuga hvort þörf sé einhverra aðgerða til að jafna hlut karla og kvenna á þessu sviði.

Vinna við verkefnið hefur enn ekki hafist en undirbúningur við skipan starfshóps er hafinn.

*42. Fræðsla um jafnréttismál í kennaranámi.*

Menntamálaráðuneytið mun kalla eftir upplýsingum frá háskólum sem mennta kennara um hvernig stuðlað er að kennslu í jafnrétti. Markmið verkefnisins er að kanna hvort þeir einstaklingar sem búa sig undir kennslu og uppeldisstarf fái fræðslu í jafnréttismálum eins og kveðið er á um í 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

Menntamálaráðuneytið leitaði með bréfi, dags. 1. desember 2004, til Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólans á Akureyri eftir upplýsingum um hvernig fræðslu einstaklinga, sem búa sig undir kennslu og uppeldisstarf, sé háttað í jafnréttismálum eins og kveðið er á um í 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Svör háskólanna hafa ekki verið dregin saman í eina niðurstöðu en það er mat ráðuneytisins á grundvelli þessara svara að fræðslu um jafnrétti í kennaranámi sé fyrir komið á fullnægjandi hátt hjá háskólunum.

*43. Jafnréttiskennsla í skólum.*

Menntamálaráðuneyti mun áfram leggja áherslu á að skólar vinni ötullega að því að fræða nemendur um jafnrétti kynjanna. Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá janúar 2004 er lögð rík áhersla á jafnréttismál. Þar segir á bls. 5: „Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms og bjóða þeim nám og kennslu við hæfi. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Skólum ber einnig að gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Þau þurfa að höfða jafnt til pilta og stúlkna án tillits til uppruna, í dreifbýli eða þéttbýli, fatlaðra sem ófatlaðra."

Markmið með verkefninu er að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna við námsval og vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinna verkaskiptingar kynjanna, sbr. 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

Við endurskoðun aðalnámskráa í grunn- og framhaldsskólum í tengslum við fyrirhugaða styttingu framhaldsskóla hafa jafnréttissjónarmið í samræmi við jafnréttisstefnu ráðuneytisins verið höfð að leiðarljósi og mun þeirri stefnu verða fylgt áfram í námskrárgerðinni sem ekki er lokið.

*44. Styrkir til jafnréttisfræðslu úr þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla.*

Við úthlutun styrkja úr þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla mun ráðuneytið auglýsa einu sinni á tímabilinu sérstaklega eftir verkefnum á sviði jafnréttisfræðslu og aðgerðum til að jafna stöðu drengja og stúlkna í skólum.

Markmið með verkefninu er að leik-, grunn- og framhaldsskólum verði gert kleift að efla tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, kennslu, námsgögnum, námsmati og mati á skólastarfi. Markmiðið er að hvetja stofnanir til að nýta sér styrkina til að sinna jafnréttismálum.

Í auglýsingu sem birtist 30. janúar 2005 þar sem auglýst var eftir umsóknum um styrki vegna þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu var sérstaklega auglýst eftir verkefnum sem miða að því að framfylgja áætlunum um jafna stöðu kynjanna í námi. Í auglýsingum fyrir þróunarsjóð leikskóla 2006 og þróunarsjóð grunnskóla 2006 var sérstök áhersla lögð á umsóknir er snerta jafnréttisfræðslu í skólastarfi og lýðræði með sérstaka áherslu á jafnrétti. Í auglýsingu fyrir þróunarsjóð framhaldsskóla fyrir 2004–2005 var sérstök áhersla lögð á umsóknir er snerta jafna stöðu kynjanna í námi. Viðtökur umsækjenda voru mjög dræmar þar sem aðeins ein umsókn af 70 sem bárust var með áherslu á jafnréttisfræðslu.

Auglýst var eftir umsóknum sem snúast um jafnréttisfræðslu í grunnskólum í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla í þróunarsjóð grunnskóla með auglýsingu dagsettri 19. janúar 2007. Einkum var leitað eftir þróun á aðferðum við kennslu sem geta nýst öðrum skólum.

*45. Jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar.*

Menntamálaráðuneyti mun kalla eftir upplýsingum frá heildarsamtökum íþróttahreyfingarinnar og félagsmiðstöðva um hvort kynjajafnréttis sé gætt í íþrótta- og tómstundastarfi. Einnig verði skoðað hvernig fjölmiðlar fjalla um íþróttir karla annars vegar og íþróttir kvenna hins vegar.

Meginmarkmið verkefnisins er að 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, sé framfylgt og leitað leiða til úrbóta ef þurfa þykir. Koma með ábendingar um leiðir til úrbóta hvað varðar íþróttaumfjöllun kynjanna í fjölmiðlum þar sem könnun frá árinu 2001 sýnir að hlutur kvenna í íþróttaþáttum var einungis 7,7%.

Árið 2005 styrkti menntamálaráðuneytið Jafnréttisstofu vegna rannsóknar á staðalímyndum kynjanna í íþróttum og íþróttafréttum. Rannsóknin var hluti af Evrópuverkefni undir stjórn Jafnréttisstofu en það hlaut nafnið *íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir – konur og karlar í íþróttum og fjölmiðlum* (*Sports, Media and Stereotypes – women and men in sports and media*). Þátttökulönd í rannsókninni auk Íslands voru Austurríki, Ítalía, Litháen og Noregur. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig fjallað er um íþróttir kvenna og karla í íþróttafréttum í Evrópu og kalla fram breytingar á staðalímyndum kynjanna á þessu sviði. Niðurstöður voru kynntar á ráðstefnu 20. janúar 2006 þar sem fulltrúar frá öllum þátttökulöndum voru með fyrirlestra tengda viðfangsefninu.

Niðurstöður sýna að umfjöllun um konur og íþróttir er stórlega ábótavant. Jafnframt er umfjöllun um kvennaíþróttir á þann veg að það virðist sem íþróttaiðkun kvenna sé ekki tekin jafnalvarlega og karla. Afar fáar konur vinna við íþróttafréttamennsku. Ísland kemur ögn betur út en samanburðarlöndin en þó er engan veginn svo að ásættanlegt sé. Frekari upplýsingar er að finna í lokaskýrslu rannsóknarinnar á vef Jafnréttisstofu (www.jafnretti.is).

*46. Konur og fjölmiðlar.*

Þátttaka kvenna í fjölmiðlum verði könnuð og borin saman við niðurstöður nefndar um konur og fjölmiðla sem út kom í skýrslu í febrúar árið 2001. Í framhaldi verði unnið með tillögur nefndarinnar um úrbætur til að fjölga konum í fjölmiðlum ef þurfa þykir. Markmið verkefnisins er að auka hlut kvenna í fjölmiðlun.

Rannsókn um þátttöku kvenna í fjölmiðlum var gerð árið 2005 í samvinnu við nema í félags- og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands en hún fjallar um konur og karla í fréttum, auglýsingum og sjónvarpsþáttum. Menntamálaráðuneytið stóð alfarið að gerð og kostnaði við rannsóknina sem unnin var eins og hliðstæðar kannanir á hlut kynjanna í sjónvarpi frá árunum 1999 og 2000 og gerðar voru á vegum nefndar um konur og fjölmiðla. Á málþingi sem menntamálaráðuneytið og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræði við Háskóla Íslands héldu um miðjan desember 2005 voru niðurstöðurnar kynntar auk þess sem forsvarsmenn fjölmiðla sátu fyrir svörum í pallborði. Í ávarpi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra kom fram að samanburður á niðurstöðum rannsóknanna benti til þess að lítið sem ekkert hefði breyst á árunum 1999–2005. Hlutfall karla í fréttum, fréttatengdum þáttum og sjónvarpsþáttum er mun hærra en hlutfall kvenna í öllum þessum flokkum. Að meðaltali eru konur um og undir 30% í öllu útsendu efni á kjörtíma í sjónvarpi, þ.e. fréttum, auglýsingum og sjónvarpsþáttum. Málþingið og niðurstöður rannsóknanna fengu mikla athygli og umfjöllun í fjölmiðlum og mæting á málþingið var mjög góð.

*x. Samgönguráðuneyti.*

*47. Störf kvenna á skipum.*

Meginhugmynd verkefnisins er að gerð verði úttekt á störfum kvenna á skipum íslenskra útgerða. Þar verði m.a. kannað hlutfall kvenna á skipum og lagt mat á vinnuaðstæður þeirra um borð. Í framhaldinu leggur ráðuneytið fram tillögur um úrbætur. Markmið verkefnisins er að auka hlut kvenna á skipum íslenskra útgerða ásamt því að tryggja vinnuaðstæður þeirra.

Undirbúningi þessa verkefnis er lokið og vinna við megindlega rannsókn að hefjast. Stefnt að því að niðurstöður megindlegrar og eigindlegrar rannsóknar á stöðu kvenna á skipum íslenskra útgerða liggi fyrir á fjórða ársfjórðungi 2007.

*xi. Sjávarútvegsráðuneyti.*

*48. Úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.*

Skipuð verði nefnd í byrjun ársins 2005 til að gera úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi. Tilgangur verkefnisins er að kanna við hvers konar störf konur í stórum sjávarútvegsfyrirtækjum eru, en ekki hefur borið mikið á þeim í forustu í greininni.

Markmið verkefnisins er að komast að því hvað veldur lítilli þátttöku kvenna í forustu í sjávarútvegi og skoða hvernig hægt er að laða þær til þátttöku.

Á fyrri hluta ársins 2005 skipaði ráðherra nefnd til að gera úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum á landinu. Nefndin lauk störfum haustið 2006 og leggur nú lokahönd á skýrslu sína.

*49. Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.*

Meginhugmynd verkefnisins er að kanna við hvers konar störf konur í minni sjávarútvegsfyrirtækjum og fjölskyldufyrirtækjum í sjávarútvegi á Íslandi eru og hvort munur sé á eðli starfa þeirra þar og í hinum stærri fyrirtækjum. Niðurstöður könnunarinnar munu gagnast greininni vel og vonandi leiða til frekari þátttöku kvenna.

Meginmarkmið verkefnisins er að afla gagna til að bera saman eðli starfa kvenna í minni fyrirtækjum og hinum stærri á sviði sjávarútvegs á Íslandi.

Nefndin verður skipuð vorið 2007 þegar nefnd um úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækum á Íslandi hefur lokið störfum og skilað niðurstöðum.

*xii. Umhverfisráðuneyti.*

*50. Konur og Staðardagskrá 21.*

Meginhugmynd verkefnisins er að auka hlut og áhrif kvenna í ákvarðanatöku við eflingu sjálfbærrar þróunar í héraði á Íslandi, á grundvelli Staðardagskrár 21, þar sem ríki og sveitarfélög vinna saman. Markmið verkefnisins er að samþætta jafnréttissjónarmið inn í vinnu Staðardagskrár 21 á Íslandi.

Í samstarfi við Staðardagskrá 21 og Jafnréttisstofu var ákveðið að gefa út fræðslubækling um jafnrétti og sjálfbæra þróun. Hann hlaut nafnið *Sterkari saman*. Í bæklingnum er bent á mikilvægi þess að konur jafnt sem karlar séu virkir þátttakendur í mótun samfélagsins og leggi sitt af mörkum við að leysa úr þeim fjölmörgu viðfangsefnum sem blasa við bæði heima við og á heimsvísu ef takast á að beina efnahagsþróun á sjálfbærari brautir en verið hefur undanfarna áratugi.

Markmiðið með útgáfu bæklingsins er að vekja athygli á mikilvægi þess að bæði kynin beiti sér þegar kemur að ákvarðanatöku um sameiginlegar auðlindir. Tilefnið var m.a. sveitarstjórnarkosningarnar þótt efni bæklingsins sé í raun óbundið tíma. Umhverfisráðuneytið fjármagnar útgáfu bæklingsins en umsjón með útgáfunni var í höndum Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi. Bæklingurinn er aðgengilegur á rafrænu formi á vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga (http://www.samband.is/dagskra21/news.asp?id=370&news_ID=925&type=one).

Þessum hluta verkefnisins er lokið en ákveðið hefur verið að halda því áfram með nýju verkefni sem er ætlað að skoða stjórnun og virkni kvenna í verkefnum Staðardagskrár 21.

*xiii. Utanríkisráðuneyti.*

*51. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.*

Meginhugmynd verkefnisins er að leggja fram tillögur um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í alþjóðlegu samstarfi. Markmið þess er að fram komi hvernig utanríkisráðherra fyrir hönd íslenskra stjórnvalda geti, betur en nú, unnið að framgangi réttindamála kvenna og barna samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að.

Samráðshópur hefur verið skipaður og er honum ætlað að leggja fram tillögur um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í alþjóðlegu samstarfi.

Kona gegnir nú í fyrsta sinn í sögu íslenska lýðveldisins embætti utanríkisráðherra.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra hefur í störfum sínum lagt sérstaka áherslu á jafnréttismál.

**Breyttar áherslur í verkefnavali friðargæslunnar með samþættingu kynjasjónarmiða í huga.**

Árið 2006 hratt utanríkisráðherra af stað endurskoðun á starfsemi og verkefnavali Íslensku friðargæslunnar þar sem reynt verði að hafa í huga að verkefni friðargæsluliða henti jafnt konum sem körlum. Ástæða þessarar endurskoðunar var sú að hlutfallslega fáar konur höfðu gegnt störfum fyrir friðargæsluna árin á undan og verkefni höfðu verið þess eðlis að konur sóttust síður eftir þátttöku í þeim. Jafnframt hafði verið gagnrýnt að konur hefðu lítt komið að ákvarðanatöku og verkefnavali friðargæslunnar á þeim árum sem hún hafði starfað. Kona hefur nú tekið við stjórn Íslensku friðargæslunnar og hefur starfsemin verið endurskoðuð með áherslu á breiðara verkefnaval sem hentar báðum kynjum, sem er hluti af stefnumörkun ráðherra.

Í lok árs 2006 störfuðu 20 karlar og 6 konur á vegum Íslensku friðargæslunnar víða um heim. Hlutfall kvenkyns friðargæsluliða var því 23%, en á fyrri hluta árs 2004 voru 3 af 22 friðargæsluliðum konur, eða 14% af heildinni. Gert er ráð fyrir að um mitt ár 2007 verði hlutfall kvenna að störfum fyrir friðargæsluna komið upp í 35–40%.

**Jafnréttis- og uppbyggingarstarf þróunarfulltrúa í Ghor-héraði í Afganistan.**

Einn friðargæsluliðanna í Ghor-héraði í Afganistan sinnir eingöngu uppbyggingar- og fræðslustarfi. Leggur friðargæsluliðinn sérstaka áherslu á málefni kvenna þar sem mikið er af ekkjum og munaðarlausum börnum á svæðinu. Héraðið er fátækasta hérað Afganistans og felst starf friðargæsluliðans bæði í því að undirbúa þróunar- og uppbyggingarstarf og afla fjármagns til að koma þeim í framkvæmd. Konur og börn eru langoftast helstu fórnarlömb stríðsátaka og uppbyggingarstarf af þessu tagi skiptir verulegu máli til að þau geti notið lágmarkslífsgæða.

Eitt þeirra verkefna sem þróunarfulltrúinn hefur haft yfirumsjón með var námskeið fyrir ljósmæður og yfirsetukonur í Ghor-héraði. Um 40 afganskar konur sóttu námskeiðið sem var unnið í samvinnu við héraðssjúkrahúsið í Chagcharan, félagasamtök í héraðinu og héraðsskrifstofu kvennamálaráðuneytisins í Afganistan. Helstu atriði sem fjallað var um á námskeiðinu voru meðganga og fæðing, næring þungaðra kvenna og kvenna með barn á brjósti, fæðing og vandamál við fæðingu, svo sem axlarklemma nýbura, umönnun nýbura og fleira.

**Eftirlitsmenn á Sri Lanka.**

Áhersla hefur verið lögð á að hafa sem jafnast kynjahlutfall við eftirlit með vopnahléi á Sri Lanka. Algengt er að konur komi til með að tilkynna um hvarf ungmenna og barna sem grunur leikur á að hafi verið tekin til að þjálfa til herþjónustu fyrir stríðandi fylkingar. Mikilvægt er fyrir þær að geta leitað til og talað við kvenkyns eftirlitsmann óski þær eftir því. Fimm af ellefu íslenskum friðargæsluliðum á Sri Lanka voru konur í lok árs 2006.

**Áhersla á jafnréttismál í alþjóðasamstarfi.**

Utanríkisráðherra hefur einnig nýtt ýmis tækifæri í alþjóðasamstarfi til að vinna að framgangi réttindamála kvenna. Þar má nefna að í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september gaf utanríkisráðherra málefnum kvenna og barna sérstakan gaum

og sagði mikilvægt að UNIFEM, Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, fengi aukið vægi. Nefndi hún að Ísland hefði tífaldað stuðning sinn til samtakanna á síðustu tveimur árum og að til stæði að auka þann stuðning enn frekar. Ráðherra sagði einnig frá því að Ísland mundi auka framlög sín til UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, á næstu árum.

Í hringborðsumræðum kvenutanríkisráðherra sem sóttu allsherjarþingið, þar sem ræddar voru leiðir til að auka völd kvenna og þátttöku þeirra, einkum í stjórnmálum og á vinnumarkaðnum, fjallaði utanríkisráðherra um stöðu jafnréttismála á Íslandi. Ráðherra greindi í því samhengi frá mikilli atvinnuþátttöku kvenna, nýlegum fæðingarorlofslögum sem jafna rétt kynjanna til töku fæðingarorlofs og frá öðrum aðgerðum sem unnið hefur verið að til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun.

*52. Jafnréttisstarf fulltrúa á vegum UNIFEM í löndum þar sem alþjóðlegt uppbyggingarstarf á sér stað.*

Utanríkisráðuneytið greiðir kostnað við starf eins fulltrúa. Um skeið hefur ráðuneytið kostað einn fulltrúa frá UNIFEM til að sinna jafnréttisstarfi í Kosovo. Starfið hefur falist í því að veita lagalega aðstoð í kynjavæðingu löggjafar. Einnig að veita aðstoð við myndun félagasamtaka sem hafa það markmið að vinna að faglegum álitsgerðum á löggjöf og framkvæmd löggjafar. Þá hefur og verið lögð rík áhersla á þjálfun og fræðslu í jafnréttismálum í Kosovo, t.d. fyrir sveitarstjórnir. Markmið verkefnisins er að koma jafnréttissjónarmiðum inn í stjórnkerfi viðkomandi ríkja.

Þessu verkefni lauk í byrjun ársins 2006 og hafði þá íslenskur friðargæsluliði starfað á vegum UNIFEM í Kosovo frá árinu 2000. Þar sem mikil ánægja hefur verið með verkefnið, bæði í Kosovo, hjá UNIFEM og þeim sem hafa starfað á vegum Íslands undir merkjum UNIFEM í Kosovo, var ákveðið að halda áfram að styrkja starf UNIFEM á Balkanskaganum. Utanríkisráðuneytið mun styrkja starf þriggja fulltrúa hjá UNIFEM út gildistíma núgildandi jafnréttisáætlunar, í stað eins fulltrúa áður.

Vorið 2006 fór því íslenskur friðargæsluliði til starfa hjá UNIFEM í Belgrad í Serbíu þar sem stofnunin starfrækir verkefni um konur, lýðræði og mannréttindi. Verkefnið felur í sér uppbyggingu og aðstoð varðandi mótun löggjafar með tilliti til jafnréttis kynjanna, auk þess að fræða og þjálfa aðila á sviði jafnréttismála, t.d. hjá sveitarstjórnum. Markmið verkefnisins er, eins og í verkefninu í Kosovo, að koma jafnréttisjónarmiðum inn í stjórnkerfi viðkomandi ríkja.

Önnur af þeim tveimur stöðum hjá UNIFEM sem Ísland mun bæta við árið 2007 verður einnig á Balkanskaganum. Hin staðan verður í Líberíu.

## III. Staða og þróun jafnréttismála.

### A. Atvinnumál kvenna og karla.

*i. Atvinnuþátttaka á íslenskum vinnumarkaði.*

Atvinnuþátttaka bæði kvenna og karla hefur lengi verið mikil á íslenskum vinnumarkaði, og margt bendir til að dregið hafi saman með aðstæðum kvenna og karla til atvinnuþátttöku frá því sem áður var.

Atvinnuþátttaka kvenna hefur að meðaltali verið rétt undir 80% eins og sjá má á töflu 6, en um 86% karla hafa að meðaltali tekið virkan þátt á vinnumarkaði. Samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar fjölgaði störfum kvenna meira en karlastörfum á tímabilinu 1999–2004,

eða um 2.400 á móti 300 karlastörfum. Engu síður er það mat stofnunarinnar að fjölga þurfi kvennastörfum um 4.500 til þess að ná jöfnuði í fjölda starfa á vinnumarkaði miðað við árið 2004. Þegar litið er til heildarfjölda starfandi árið 2005 voru karlar heldur fleiri en konur, eða 52,6% samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Körlum fjölgaði meira á vinnumarkaði en konum frá árinu 2004, eða um 5,4% á móti 4,0%.

Þegar litið er til einstakra aldurshópa á vinnumarkaði kemur fram, eins og sjá má á töflu 6, að atvinnuþátttaka karla og kvenna á aldrinum 25–54 ára minnkar hlutfallslega, en svo virðist sem sú þróun hafi hafist árið 2003 hjá körlum en ári síðar hjá konum. Hefur atvinnuþátttaka karla í þessum aldurshópi minnkað um rúm 2% frá árinu 2003 en um 3% meðal kvenna frá árinu 2004. Á sama tíma hefur atvinnuþátttaka meðal kvenna á aldrinum 16–24 ára aukist um 7% og virðist sem hlutfallsleg atvinnuþátttaka kvenna sé meiri en karla á þessum aldri árin 2004 og 2005.

**Tafla 6. Atvinnuþátttaka kvenna og karla eftir aldri (%)**

| Aldur | 16-24 | 25-54 | 55-74 | Alls |
|---|---|---|---|---|
| **Karlar** | | | | |
| 2000 | 77,4 | 96,1 | 73,9 | 87,9 |
| 2001 | 77,6 | 96,3 | 74,3 | 88,2 |
| 2002 | 72,7 | 96,6 | 73,6 | 88,2 |
| 2003 | 75,6 | 94,8 | 70,2 | 85,9 |
| 2004 | 71,2 | 94,2 | 71,1 | 85,0 |
| 2005 | 75,2 | 94,3 | 72,9 | 86,0 |
| **Konur** | | | | |
| 2000 | 81,1 | 88,2 | 51,8 | 79,0 |
| 2001 | 77,6 | 88,1 | 55,1 | 78,9 |
| 2002 | 69,2 | 88,3 | 58,6 | 78,9 |
| 2003 | 73,8 | 88,1 | 56,8 | 78,2 |
| 2004 | 72,5 | 85,3 | 55,5 | 76,3 |
| 2005 | 79,2 | 85,1 | 57,7 | 77,8 |

Heimild: Hagstofa Íslands

Á tímabilinu frá 2002 fram til september 2006 dró úr atvinnuleysi bæði meðal kvenna og karla á innlendum vinnumarkaði. Atvinnuleysi meðal kvenna mældist að meðaltali 3,1% árið 2003 og 2,8% að meðaltali árið 2005 samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar. Í september 2006 mældist atvinnuleysi meðal kvenna 1,4%. Um 3,6% karla voru að meðaltali án atvinnu árið 2003 en 1,5% þeirra reyndust atvinnulaus árið 2005. Í september 2006 voru 0,7% karla án atvinnu.

Atvinnuleysi er misjafnt eftir landshlutum, bæði meðal kvenna og karla. Þegar litið er til höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar var atvinnuleysi meðal karla nokkuð meira á höfuðborgarsvæðinu að meðaltali árið 2005, eða 1,8% á höfuðborgarsvæðinu á móti 1,1% á landsbyggðinni. Munurinn var nokkuð meiri árið 2004 en þá mældist meðalatvinnuleysi karla á höfuðborgarsvæðinu 3,1% en 1,8% á landsbyggðinni. Meðalatvinnuleysi kvenna árið 2005 á þessum svæðum var hins vegar svipað, eða 2,8% á landsbyggðinni og 2,7% á höfuðborgarsvæðinu. Meðalatvinnuleysi kvenna var töluvert meira árið 2004 en þá mældist meðalatvinnuleysi kvenna á höfuðborgarsvæðinu 4,0% og 3,6% á landsbyggðinni.

Þegar litið er til einstakra landshluta mældist atvinnuleysi árið 2005 að meðaltali mest á Norðurlandi eystra bæði meðal kvenna og karla, eða 4,1% hjá konum og 1,9% hjá körlum.

Minnst mældist atvinnuleysi karla að meðaltali á Austurlandi, eða 0,6%, og á Vesturlandi meðal kvenna, eða 1,5%. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar fækkaði fólki án atvinnu alls staðar á landinu milli áranna 2004 og 2005 en mest fækkaði þeim hlutfallslega á Vesturlandi, eða sem nam 44%, en minnst á Norðurlandi eystra, eða um 10%.

Þá dregur saman í fjölda vinnustunda karla og kvenna samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Meðalvinnuvikan meðal þátttakenda á innlendum vinnumarkaði á aldrinum 16–74 ára var 42,2 klukkustundir á viku árið 2005. Karlar störfuðu að meðaltali 47,8 stundir á viku en konur samtals 35,6 stundir. Þegar litið er yfir lengra tímabil kemur fram að karlar vinna sem nemur 3,5 klukkustundum minna á viku en þeir gerðu árið 1991, en vinnustundum kvenna hefur fjölgað um 1,1 klukkustund á sama tímabili. Þegar eingöngu er litið til þeirra sem eru í fullu starfi var meðalfjöldi vinnustunda 47,3 stundir á viku árið 2005. Meðalvinnutími fullvinnandi karla á tímabilinu var 50,0 klukkustundir á viku en 42,5 stundir hjá fullvinnandi konum. Konur í fullu starfi hafa fækkað unnum klukkustundum um þrjár frá árinu 1991 en þá unnu þær 45,4 klukkustundir að meðaltali á viku. Svipuð þróun hefur jafnframt átt sér stað meðal karla í fullu starfi, en þeir starfa að meðaltali fjórum klukkustundum skemur á viku árið 2005 en þeir gerðu árið 1991.

Fleiri konur en karlar eru enn í hlutastörfum á Íslandi. Nýleg könnun Capacent Gallup um kynbundinn launamun og launamyndun frá október 2006 sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneytið gefur til kynna að konum í fullu starfi hafi fjölgað og hefur viðhorf þeirra til starfs breyst nokkuð frá árinu 1994. Þetta er í samræmi við niðurstöður úr skýrslu frá október 2006 sem Ingólfur V. Gíslason vann í tengslum við verkefnið *FOCUS Fostering Caring Masculinities*. Byggir hann niðurstöður sínar m.a. á upplýsingum úr vinnumarkaðsskýrslu Hagstofu Íslands frá árinu 2002.

Lengi hefur því verið haldið fram að ástæða þess að konur eru frekar í hlutastörfum en karlar sé meiri ábyrgð þeirra á umönnun fjölskyldu og heimili. Í viðtölum sem tekin voru í framangreindri könnun Capacent Gallup kom þetta fram en þar var ítrekað talað um meiri ábyrgð kvenna á heimilinu sem kæmi niður á kröfum þeirra til starfsframa og hærri launa. Þó var greinilegur áherslumunur á því hvernig talað var um hlutverk kvenna á vinnumarkaði samanborið við könnunina frá árinu 1994, að því leyti að í fyrri könnuninni kom það sjónarmið fram að margar konur ynnu úti vegna þess að þær þyrftu þess fjárhagslega en ekki vegna þess að þær langaði til þess. Þetta viðhorf kom ekki fram í síðari könnuninni.

Í skýrslu Ingólfs V. Gíslasonar kemur fram að áhrif barneigna séu augljós á atvinnuþátttöku kvenna en fjöldi kvenna í fullu starfi hefur engu síður aukist á árunum 1991–2001. Er mesta aukningin í hópi kvenna sem eiga tvö börn eða fleiri. Helsta skýringin á þessari þróun er bætt aðgengi að dagvistun fyrir börn.

*ii. Samhæfing fjölskyldu- og atvinnulífs.*

Margir hafa talið að jafnrétti á vinnumarkaði hefjist með jafnri verkaskiptingu kynjanna inni á heimilum og við uppeldi barna. Jöfn verkaskipting á heimilum hefur lengi verið talin grundvöllur þess að konur nái að sækja fram á vinnumarkaði en jafnframt er mikilvægt að börn alist ekki upp við það að annar aðilinn, oftast móðirin, beri hitann og þungann af umönnun fjölskyldu og heimilis. Velferð fjölskyldunnar sjálfrar byggist ekki síður á jafnrétti kvenna og karla og sameiginlegri verkaskiptingu innan hennar. Er því mikilvægt að konum jafnt sem körlum séu veitt skilyrði til að samhæfa fjölskyldu- og atvinnulíf.

Markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof er að stuðla að jafnri fjölskylduábyrgð þannig að börn verði samvistum við báða foreldra sína sem og að jafna stöðu kynjanna á vinnu-

markaði. Flestir feður hafa nýtt sér sjálfstæðan rétt sinn til fæðingarorlofs en um 88% feðra nýttu sér rétt sinn í heild eða að hluta árið 2004. Meðalfjöldi daga sem feður tóku í fæðingarorlof var 97 dagar en meðalfjöldi daga sem mæður tóku var 183 dagar, enda nýta þær í meira mæli sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs eða um 90%. Árið 2004 nýttu einungis 17,9% feðra ekki allan þann tíma sem þeir eiga sjálfstæðan rétt á en um 17,1% feðra nýttu einnig sameiginlegan rétt foreldra. Enn fremur benda upplýsingar frá Fæðingarorlofssjóði til að sífellt fleiri foreldrar nýti sér sveigjanleikann í töku fæðingarorlofsins.

Í könnun Capacent Gallup um kynbundinn launamun og launamyndun frá október 2006 kemur fram að um 85% þátttakenda töldu barneignir og/eða fjölda barna ekki takmarka möguleika fólks til frama á vinnustað. Í hópi þeirra sem töldu barneignir eða fjölda barna hafa áhrif á tækifæri fólks voru mun fleiri konur sem töldu líklegra að möguleikar kvenna frekar en karla til starfsframa mundu skerðast við barneignir eða aukinn fjölda barna. Yfir 40% karlanna töldu þetta eiga við um bæði kynin en einungis 8% kvennanna. Má því ætla að konur frekar en karlar upplifi ákveðnar hindranir í vegi kvenna þegar kemur að starfsframa.

Í grein Ingólfs V. Gíslasonar „Feður sem taka lengra fæðingarorlof," sem birt var í *Rannsóknum í félagsvísindum VI* árið 2005, kemur fram að staða móður á vinnumarkaði ráði oft úrslitum um að faðirinn nýtti sameiginlega réttinn. Í tilvikum þegar móðirin var með eigin rekstur eða í stjórnunarstöðu taldi hún sig síður geta verið lengi frá starfi sínu en við slíkar aðstæður þykir frekar eðlilegra að faðirinn taki lengra fæðingarorlof en sem nemur sjálfstæðum rétti hans.

Áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof voru jafnframt athuguð í fyrrnefndri könnun Capacent Gallup um kynbundinn launamun og launamyndun þar sem þátttakendur voru spurðir hvaða áhrif þeir teldu breytingar á fæðingarorlofslögum hafa haft á stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði. Flestir, eða um 73%, töldu að breytingarnar hefðu bætt stöðu kvenna á vinnumarkaði en ekki kom fram munur eftir kyni í svörum þátttakenda. Tæpur fjórðungur taldi breytingarnar jafnframt hafa bætt stöðu karla á vinnumarkaðnum en svipað hlutfall var á þeirri skoðun að breytingarnar hefðu veikt stöðu karla. Þessi afstaða endurspeglaðist einnig í viðtölum sem tekin voru við framkvæmd könnunarinnar. Mikill meiri hluti viðmælenda taldi að fæðingarorlof feðra hefði haft jákvæð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði þar sem nú væru það ekki eingöngu konur sem væru frá vinnu vegna barneigna. Enn fremur var taka feðra á fæðingarorlofi talin hafa jákvæð áhrif á þátttöku þeirra í barnauppeldi síðar meir þannig að eðlilegra væri að þeir tækju sér frí vegna veikinda barna sinna. Kom m.a. fram í einu viðtalinu að eftir að ungu karlarnir mættu ekki til vinnu vegna veikinda barna sinna þætti ekki eins mikið tiltökumál þegar starfsmenn þyrftu leyfi til að sinna veikum börnum og þegar eingöngu konurnar á vinnustaðnum tóku sér leyfi vegna veikinda barna.

Má því ætla að lögin um fæðingar- og foreldraorlof hafi tilætluð áhrif á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Gera má ráð fyrir að þær viðhorfsbreytingar sem kallað er eftir innan samfélagsins með lögunum um fæðingar- og foreldraorlof verði lengur að skila sér, bæði til stjórnenda og starfsmanna. Á það bæði við um karla og konur. Í þessu sambandi er mikilvægt að minna á að samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ber atvinnurekendum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanirnar skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa atvinnulífs og fjölskylduaðstæðna starfsmanna.

*iii. Kynbundinn launamunur.*

Kynbundinn launamunur virðist vera viðvarandi á íslenskum vinnumarkaði þar sem hallar nokkuð á konur. Aðgerða er þörf til að komið verði í veg fyrir kynbundinn launamun en reynslan hefur sýnt að lagaákvæði um launajafnrétti og bann við mismunun við ákvörðun launa hafa sem slík ekki nægileg áhrif. Svo virðist sem launamunur kynjanna hafi haldist nánast óbreyttur á tímabilinu 2003–2006. Þegar tekið hefur verið tillit til allra áhrifaþátta á laun, svo sem menntunar, starfsstéttar, starfsaldurs, lífaldurs og vinnutíma, er munurinn samkvæmt tölum VR 14% árið 2003, 15% árið 2004, 14% árið 2005 og 15% árið 2006. Könnun Capacent Gallup um launamyndun og kynbundinn launamun sem nánar verður greint frá hér á eftir sýnir að launmunur kynjanna var 16% árið 1994 og 15,7% 2006 sem telst ekki marktæk breyting.

Margir telja að rót vandans liggi hjá þeim sem ákveða laun starfsmanna á innlendum vinnumarkaði. Við ákvörðun launa innan fyrirtækja og stofnana þarf að gæta þess að sömu viðmið liggi til grundvallar við mat á framlagi starfsmanna óháð kynferði þeirra. Félagsmálaráðherra og framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu vildu hvetja stjórnendur fyrirtækja til þess að vinna gegn kynbundnum launamun og sendu í júní 2005 dreifibréf þess efnis til allra fyrirtækja og stofnana er starfa hér á landi. Dreifibréfinu fylgdi jafnframt veggspjald með yfirskriftinni: *Skiptir skeggrótin máli?*

Önnur ástæða fyrir kynbundnum launamun sem oft er nefnd er að karlar verðleggi sig hærra en konur þegar kemur að samningum um kaup og kjör og séu viljugri til að skipta um störf í þeim tilgangi að auka tekjur sínar. Enn fremur hefur því lengi verið haldið fram að konur séu mun líklegri en karlar til að miða hegðun sína á vinnumarkaði við umhyggjuábyrgð sína gagnvart heimili og fjölskyldu.

Í ljósi þessa sá Jafnréttisráð ástæðu til að kanna sérstaklega tíðni og ástæður vinnuskipta karla og kvenna á íslenskum vinnumarkaði. Ráðið fékk Capacent Gallup til að annast könnunina sem var gerð í apríl og maí 2006. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru að heldur fleiri karlar en konur voru að leita sér að starfi, eða 12% karla og 8% kvenna. Ekki reyndist vera marktækur munur milli kynja meðal þeirra sem skiptu um starf á síðastliðnum tveimur árum. Marktækur munur reyndist vera á ástæðum sem gefnar voru fyrir skiptum á vinnuveitanda á síðastliðnum tveimur árum. Rétt tæplega helmingi fleiri karlar en konur höfðu misst fyrri vinnu og um helmingi fleiri karlar en konur nefndu „tilbreytingu“ sem ástæðu. Ríflega þrisvar sinnum fleiri konur en karlar nefna fjölskylduábyrgð sem ástæðu fyrir skiptum á starfi og tæplega helmingi fleiri karlar en konur nefndu „hærri laun/launatengt“ sem ástæður vinnuskipta.

Könnunin virðist því staðfesta að fjölskylduábyrgð hafi meiri áhrif á vinnumarkaðsstöðu kvenna en karla og að karlar skipti frekar en konur um vinnu vegna launamála. Er það í samræmi við niðurstöður úr þeim hluta könnunarinnar þar sem spurt var um hversu miklum hluta var varið til heimilisstarfa og launavinnu. Þar kom fram verulegur kynjamunur þar sem konur verja mun meiri tíma en karlar til heimilisstarfa en karlar mun meiri tíma í launavinnu en konur.

Á formennskuári Íslands í Norðurlandaráði var verkefnið *mælistikur á launajafnrétti á Norðurlöndunum* (*På sporet av likeløn*) sett af stað. Lokaskýrsla verkefnisins kom út í febrúar 2006 undir verkstjórn Lilju Mósesdóttur en höfundar hennar voru Lilja Mósesdóttir, Andrea G. Dofradóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Kristjana Stella Blöndal, Einar Mar Þórðarson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir. Megintilgangur verkefnisins var að auka þekkingu og skilning á launamun kynjanna á Norðurlöndunum. Gerður var samanburður á þeim tölfræðimælistik-

um sem tiltækar eru á laun ásamt greiningu á þeim aðferðum sem notaðar hafa verið til að „leiðrétta“ launamun kynjanna og mati á árangri aðgerða til úrbóta sem ráðist hefur verið í til að vinna gegn launamun karla og kvenna á Norðurlöndum.

Verkefnið fól m.a. í sér að tölfræðilegar upplýsingar um launamun kynjanna í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi voru bornar saman og greint frá þróun og breytileika milli landa á launamun karla og kvenna. Enn fremur var sjónum beint að rannsóknum á leiðréttum kynbundnum launamun í hverju Norðurlandanna fyrir sig þar sem aðferðir þær sem notaðar eru voru skoðaðar á gagnrýninn hátt. Þá var gerð tilraun til að greina þær aðgerðir til úrbóta sem reyndar hafa verið til að jafna launamun milli karla og kvenna. Aðgerðir sem norrænir sérfræðingar telja að hafi haft jákvæð áhrif eru m.a. ýmis lagaleg ákvæði, jafnréttisáætlanir, ákvæði í kjarasamningum og tilraunir til að stuðla að vitundarvakningu.

Í lokaskýrslu verkefnisins er að finna fjölmargar tillögur um hvernig bæta megi mælingar á kynbundnum launamun sem og áherslur og úrbætur á rannsóknum á leiðréttum kynbundnum launamun. Jafnframt er að finna tillögur um viðmiðanir sem taldar eru nýtast vel til að auðkenna og meta aðgerðir til úrbóta sem ætlaðar eru til að takast á við launamun karla og kvenna. Verður því að ætla að verkefnið komi til með að nýtast við þróun mælinga á kynbundnum launamun sem og hvernig draga megi úr launamun karla og kvenna á norrænum vinnumörkuðum. Lokaskýrslu verkefnisins er að finna á heimasíðu Jafnréttisstofu (www.jafnretti.is).

Könnunin *launamyndun og kynbundinn launamunur* er hluti af gildandi áætlun í jafnréttismálum en verkefnið fól í sér endurtekningu könnunar frá árinu 1994 um þá þætti sem hafa áhrif á laun og starfsframa kvenna og karla. Niðurstaða þeirrar könnunar var birt árið 1995. Capacent Gallup gerði könnunina fyrir félagsmálaráðuneytið og lágu niðurstöður hennar fyrir haustið 2006. Könnunin var gerð á tímabilinu janúar til maí 2006 en spurningalisti um launakjör, inntak starfs, áhuga, ábyrgð, stöðubreytingar og viðhorf til jafnréttismála var lagður fyrir 2.200 starfsmenn átta fyrirtækja og stofnana, fjögurra opinberra stofnana og fjögurra einkafyrirtækja. Svarhlutfall var 50,5% en jafnframt voru tekin 80 djúpviðtöl við stjórnendur og almenna starfsmenn um stöðu jafnréttismála. Tölfræðileg greining var einnig gerð á gögnum úr launaskrám fyrirtækjanna og þær niðurstöður bornar saman við svör við spurningalistunum. Loks voru nokkrar spurningar um viðhorf til jafnréttismála lagðar fyrir 1.800 manna almennt úrtak í Gallupvagni, 26. apríl til 17. maí 2006, og var svarhlutfall 61%.

Allnokkrar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi og starfsháttum í þeim átta fyrirtækjum og stofnunum sem tóku þátt í könnun á launamyndun og kynbundnum launamun árið 1994 og aftur í byrjun árs 2006. Þær breytingar sem helst hafa orðið eru þær að vinnutími karla og kvenna í fullu starfi hefur styst, konum í fullu starfi hefur fjölgað og viðhorf þeirra til starfs hafa breyst nokkuð. Þetta hefði að öllum líkindum átt að verða til þess að draga úr launamun karla og kvenna en munurinn er nánast sá sami og árið 1994. Þegar tekið hefur verið tillit til starfsstéttar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma er óútskýrður munur á launum karla og kvenna nú 15,7% þar sem hallar á konur en var 16% árið 1994. Minni munur er nú á launum karla og kvenna í hópi stjórnenda en áður og er kynbundinn launamunur minnstur í þeirri starfsstétt en þar eru konur með um 7,5% lægri heildarlaun en karlar.

Niðurstöður launakönnunarinnar benda jafnframt til að munur á hæstu og lægstu launum sé að aukast en munurinn er nú nærri fjórtánfaldur hjá körlum og ellefufaldur hjá konum. Árið 1994 var munurinn á hæstu og lægstu launum áttfaldur meðal karla og fimmfaldur meðal kvenna og voru stjórnendur þá að jafnaði með um 64% hærri laun en véla- og verkafólk en nú er hlutfallið komið í 98%.

Enn meiri launamunur kemur fram þegar gögn úr launaskrám eru skoðuð en þar eru hæstu dagvinnulaun með aukagreiðslum á klukkustund nærri 26 sinnum hærri en þau lægstu hjá einkafyrirtækjunum. Munur á hæstu og lægstu launum karla er mun meiri en munurinn á tekjulægstu og tekjuhæstu konunum hjá einkafyrirtækjum. Munur á hæstu og lægstu dagvinnulaunum auk aukagreiðslna hjá opinberum stofnunum er innan við tífaldur og er heldur meiri munur á lægstu og hæstu launum kvenna en karla.

Miklar breytingar hafa orðið frá árinu 1994 á því hvernig laun og kjör eru ákveðin. Þá fengu um 60% karla greidd laun alfarið samkvæmt taxta stéttarfélags og um 85% kvenna. Mjög algengt er nú að fólk, sérstaklega þó karlar, séu á sérsamningum við vinnuveitanda og fái greidd föst laun óháð vinnutíma. Rúm 48% þeirra karla sem þátt tóku í rannsókninni fá greidda fasta launaupphæð og tæp 18% kvenna. Samfara þessu hefur dregið verulega úr aukagreiðslum ýmiss konar og eru konur nú með hærri aukagreiðslur en karlar ólíkt því sem var, en um 25% bæði karla og kvenna fá einhverjar aukagreiðslur í formi „óunninnar“ yfirvinnu og/eða bílastyrks. Árið 1994 fengu 13% kvenna og 37% karla slíkar greiðslur.

Viðmælendur í opinberum stofnunum töldu breytingar hafa verið tiltölulega litlar síðustu tíu árin. Þó voru mun fleiri karlar í stjórnunarstöðum fyrir tíu árum en nú og fólk sennilega meðvitaðra um jafnréttismál og launajafnrétti núna. Stjórnendur eru nú mun líklegri til að hvetja konur til að sýna frumkvæði í starfi, til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, til að sækja stöðuhækkanir o.s.frv. en árið 1994 þótt þeir séu enn heldur líklegri til að hvetja karla. Konur virðast einnig vera duglegri en áður að sækjast eftir stöðuhækkunum, að fara á námskeið og sækja ráðstefnur. Sérstaklega er áberandi hve mikill áhugi á stöðuhækkunum er í yngsta aldurshópnum, hvort sem er hjá körlum eða konum. Stjórnendur nefndu einnig nokkuð oft í djúpviðtölum sem byggt er á í hluta könnunarinnar að ungu konurnar væru ólíkar þeim eldri, þær hefðu að mörgu leyti tileinkað sér „karllæg“ gildi, sýndu meira frumkvæði, vildu fá krefjandi verkefni og sæktust eftir starfsframa. Þessar vísbendingar benda til þess að frekari breytinga sé að vænta í átt til jafnréttis. Þrátt fyrir þetta hafa konurnar enn heldur minni trú á því en karlarnir að þær eigi möguleika á stöðuhækkun á núverandi vinnustað.

Þá hefur VR fylgst reglulega með þróun kynbundins launamunar meðal félagsmanna sinna. Samkvæmt niðurstöðum launakönnunar félagsins frá haustinu 2006 var menntun talinn mikilvægur þáttur í að jafna hlut kynjanna. Kynbundinn launamunur minnkar töluvert eftir því sem menntun starfsmanna eykst. Launamunur kynjanna var 20% hjá þeim sem hafa grunnskólamenntun en innan við 10% hjá þeim sem hafa lokið háskólaprófi. Skýringin er einna helst sú að framhaldsmenntun í háskóla skilar konum meiri ávinningi en körlum; meistara- eða doktorspróf skilar körlum 7% launahækkun en konum 13%. Þótt launamunur kynjanna sé svo til óbreyttur milli ára þegar litið er til heildarhópsins þá er launamunurinn minni hjá yngri aldurshópum. Hjá fólki á aldrinum 18–34 ára er kynbundinn launamunur grunnlauna 14% en 16% hjá þeim sem eru eldri. Hér kemur hins vegar í ljós ósamræmi milli könnunar VR og könnunar Capacent Gallup. Þar er launamunur kynjanna 14,3% hjá starfsmönnum sem hafa lokið grunnskólaprófi, 12,3% hjá þeim sem lokið hafa framhaldsskólaprófi en 17,1% meðal háskólamenntaðra. Launamunurinn eykst með aukinni menntun. Skýringin á þessu felst að öllum líkindum í þeim ólíku starfsgreinum sem búa að baki tölunum.

Þá ber að geta þess að félagsmálaráðherra skipaði sérstaka nefnd um vottun jafnra launa haustið 2005. Nefndin er enn að störfum en henni er ætlað að móta verklag og kerfi til að gera úttekt á launakerfi fyrirtækja og stofnana. Markmiðið er að með kerfinu verði unnt að kanna hvort kynbundinn launamunur sé fyrir hendi og reynist svo ekki vera fái viðkomandi fyrirtæki eða stofnun vottun um það.

*iv. Kynbundið starfsval.*

Íslenskur vinnumarkaður virðist enn vera nokkuð kynskiptur, bæði hvað varðar hlutfall kynjanna innan hinna ólíku starfsgreina og að því er varðar hlutfall kynjanna í stjórnunarstöðum. Helsta þróunin undanfarna áratugi hefur hins vegar verið sú að konur hafa í auknum mæli sótt í hefðbundin karlastörf og þá sérstaklega sérfræðingastörf. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands árið 1999 voru konur 43% af starfandi háskólamenntuðu vinnuafli en karlar 57%. Árið 2002 hafði hlutur háskólamenntaðra kvenna aukist á íslenskum vinnumarkaði en þá voru þær 47,1% af starfandi háskólamenntuðu vinnuafli. Enn fremur er atvinnuþátttaka mest meðal háskólamenntaðra af báðum kynjum samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar eða 96% hjá konum og 99% hjá körlum árið 2002. Konum í stétt iðnaðarmanna hefur fækkað. Árið 1991 var hlutur kvenna 27% en var komin niður í 12,6% árið 2004.

Í skýrslu Byggðastofnunar um konur og stoðkerfi atvinnulífsins frá árinu 2005 kemur fram að meiri hluti kvenna starfar við þjónustu, eða 87% samanborið við 57% karla. Hins vegar starfa karlar í miklum meiri hluta við mannvirkjagerð, fiskveiðar og veitustarfsemi. Enn fremur hefur dregið úr þætti kvenna meðal ósérhæfðs starfsfólks frá árinu 1991 þegar hlutfall kvenna var 57,6% en var 47,3% árið 2004. Þess má jafnframt geta að atvinnuþátttaka er minnst hjá þeim sem eru með grunnmenntun, eða 81% hjá konum og 93% hjá körlum árið 2002, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Tafla 7 sýnir hlutfall kynjanna innan ólíkra starfsstétta á vinnumarkaði árin 2003–2005.

**Tafla 7. Starfsgreinum skipt eftir kyni 2003–2004 (%).**

| | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Stjórnendur og embættismenn** | **6,7** | **7,6** | **7,5** |
| Karlar | 8,5 | 10 | 10,3 |
| Konur | 4,7 | 4,9 | 4,3 |
| **Sérfræðingar** | **17,2** | **15,8** | **17,4** |
| Karlar | 15,3 | 14,1 | 15,4 |
| Konur | 16,2 | 19,4 | 19,6 |
| **Sérmenntað starfsfólk** | **13,7** | **16,1** | **15,9** |
| Karlar | 11,5 | 13,2 | 12,9 |
| Konur | 16,2 | 19,4 | 19,3 |
| **Skrifstofufólk** | **8,6** | **7,4** | **7,7** |
| Karlar | 2,2 | 1,7 | 2,2 |
| Konur | 15,7 | 13,7 | 13,9 |
| **Þjónustu- og verslunarfólk** | **20,2** | **19,2** | **20,0** |
| Karlar | 13,5 | 12,0 | 12,8 |
| Konur | 27,5 | 27,2 | 28,1 |
| **Bændur og sjómenn** | **5,1** | **4,7** | **5,0** |
| Karlar | 7,7 | 6,9 | 7,3 |
| Konur | 2,2 | 2,2 | 2,4 |
| **Iðnaðarmenn** | **14,1** | **13,7** | **13,0** |
| Karlar | 23,3 | 22,7 | 21,6 |
| Konur | 4,0 | 3,6 | 3,2 |
| **Véla- og vélagæslufólk** | **5,2** | **6,3** | **5,9** |
| Karlar | 9,5 | 10,7 | 10,2 |
| Konur | 0,6 | 1,3 | 1,0 |
| **Ósérhæft starfsfólk** | **9,1** | **9,2** | **7,7** |
| Karlar | 8,5 | 8,6 | 7,3 |
| Konur | 9,8 | 9,9 | 8,1 |

Heimild: Hagstofa Íslands.

Eins og lesa má af töflu 7 eru konur fámennar í hópi bænda, sjómanna, iðnaðarmanna og véla- og vélgæslufólks samanborið við karla. Þær eru hins vegar fjölmennari meðal þeirra er starfa við skrifstofustörf og þjónustu. Þá er jafnara kynjahlutfall meðal sérmenntaðs starfsfólks og sérfræðinga en konur eru enn fámennari í hópi stjórnenda og embættismanna á íslenskum vinnumarkaði.

Í því skyni að draga úr áhrifum kyns á starfsval svo koma megi í veg fyrir kynskiptingu á vinnumarkaði til framtíðar setti félagsmálaráðuneytið upp sérstaka heimasíðu haustið 2006 undir yfirskriftinni *jöfn framtíð fyrir stráka og stelpur* (http://jafnretti.felagsmalaradu neyti.is). Markmiðið er að auðvelda ungmennum að velja sér nám og starf í samræmi við raunverulegan áhuga fremur en á grundvelli kyns. Heimasíðan á sér danska fyrirmynd en hún er ætluð ungmennum, foreldrum, kennurum og námsráðgjöfum þegar kemur að starfsvali ungmenna, en kannanir sýna að ungmenni leiti til framangreindra aðila um ráð við valið. Ýmsar rannsóknir benda til að kynskiptur vinnumarkaður sé ákveðin hindrun fyrir jafna stöðu karla og kvenna enda er hann talinn koma í veg fyrir að ungmenni íhugi öll þau tækifæri sem í boði eru vegna fyrirframákveðinna hugmynda um hvað hæfi kyni viðkomandi.

*v. Staða kvenna innan opinberrar stjórnsýslu.*

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru opinberir starfsmenn 7.400 talsins árið 2005 en hlutur þeirra á íslenskum vinnumarkaði var 4,6%. Þar af störfuðu 3.600 karlar, eða sem nemur tæpum 49% þeirra sem starfa við opinbera stjórnsýslu, og 3.800 konur, eða sem nemur rúmu 51%. Þegar á heildina er litið eru nánast jafn margar konur og karlar starfandi við opinbera stjórnsýslu en konum sem starfa við opinbera stjórnsýslu hefur fjölgað frá árinu 2002 á sama tíma og körlum hefur fækkað. Til samanburðar voru 5,0% af starfandi fólki við opinbera stjórnsýslu árið 2002 samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands, eða samtals 7.800 starfsmenn. Þar af störfuðu 4.100 karlar, eða tæp 53% þeirra, við opinbera stjórnsýslu og 3.600 konur, eða rúmlega 46%.

Þegar litið er til fjölda kvenna og karla í einstökum embættum eru fleiri karlar en konur sem gegna embættum innan opinberrar stjórnsýslu. Tvær konur gegna embætti ráðuneytisstjóra en samtals eru starfandi þrettán ráðuneytisstjórar. Frá árinu 2001 hefur orðið nokkur fjölgun meðal kvenna í hópi forstöðumanna ríkisstofnana en þá voru 14,4% forstöðumannanna konur en voru fjórðungur forstöðumanna árið 2006. Á sama tíma hefur hins vegar orðið nokkur fækkun meðal kvenna í hópi skrifstofustjóra ráðuneytanna en árið 2002 voru 37% skrifstofustjóra konur en einungis 26,3% árið 2006.

Utanríkisráðuneytið hefur síðan árið 1998 sérstaklega hugað að ráðningu kvenna í því skyni að tryggja jafnara hlutfall kvenna og karla innan utanríkisþjónustunnar. Hafa konur verið ráðnar í 50% tilvika í allar lausar stöður sem krefjast háskólamenntunar. Jafnframt er markmið ráðuneytisins að gæta að kynjasjónarmiðum við stöðuhækkanir innan þjónustunnar. Frá árinu 2002 hafa fimm konur bæst í hóp sendiherra innan utanríkisþjónustunnar en samtals sex konur voru starfandi sendiherrar árið 2006 eða rúm 15% en voru áður rúm 3%. Þess ber að geta að körlum fjölgaði einnig um fjóra á sama tímabili en sendiherrum fjölgaði um níu talsins og voru samtals 39 árið 2006.

Í lok árs 2006 kynnti utanríkisráðherra nýtt skipurit fyrir ráðuneytið þar sem starfi þess var skipt í tvö svið, alþjóða- og öryggissvið og viðskiptasvið, auk rekstrar- og þjónustuskrifstofu. Báðir sviðsstjórarnir eru nú konur. Fleiri konur fóru sömuleiðis með yfirstjórn ráðuneytisins í upphafi árs 2007, en staðgengill ráðuneytisstjóra og prótókollsstjóri eru konur. Þá

gegnir kona nú í fyrsta sinn embætti utanríkisráðherra, eins og áður hefur verið nefnt. Enn fremur er rétt að geta þess að kona er einnig aðstoðarmaður ráðherra.

Þá hefur verið sett á laggirnar sérstök staða starfsmannastjóra innan ráðuneytisins, en eitt af hlutverkum hans er að tryggja að jafnréttissjónarmið verði í heiðri höfð í starfi utanríkisráðuneytisins. Hann er jafnframt fjölskyldufulltrúi.

Þegar litið er til annarra starfa innan utanríkisþjónustunnar voru þrjár konur úr röðum sendifulltrúa gerðar að sendiherrum á tímabilinu 2002–2006. Við það fækkaði konum í starfi sendifulltrúa úr fjórum í eina, en 95,6% sendifulltrúa voru karlar á árinu 2006. Stöðum sendifulltrúa fækkaði á tímabilinu um þrjár. Konum sem sendiráðunautum fjölgaði hins vegar á tímabilinu úr átta í ellefu en stöðum sendiráðunauta fjölgaði einnig um þrjár stöður. Konur voru því 44% sendiráðunauta árið 2006 en voru 36,4% árið 2002. Konur voru 57% sendiráðsritara árið 2006, eða samtals ellefu, en voru 54% sendiráðsritara árið 2002, eða átta.

Á síðustu árum hefur utanríkisráðuneytið lagt aukna áherslu á verkefni sem gera ungu fólki sem er að hefja starfsferil sinn tækifæri til að kynnast íslensku utanríkisþjónustunni og störfum hjá alþjóðastofnunum af eigin raun. Hafa konur verið í meiri hluta þeirra sem ráðnir hafa verið í þessi verkefni. Utanríkisráðuneytið hefur frá árinu 2002 ráðið starfsnema í starfsþjálfun. Starfsþjálfunin fer að öllu leyti fram hjá sendiráðum og fastanefndum Íslands erlendis og stendur yfir í um sex mánuði. Árið 2004 voru þrír karlar og fimm konur ráðin í starfsnemastöður, árið 2005 voru fimm konur og fimm karlar ráðin og árið 2006 voru fjórir karlar og fimm konur ráðin. Á tímabilinu 2004–2006 hafa því alls tólf karlar og fimmtán konur verið ráðin í starfsþjálfun hjá utanríkisráðuneytinu.

Þá fjármagnar Ísland sex stöður ungliða (Junior Professional Officer) hjá Sameinuðu þjóðunum sem starfa í verkefnum á vegum samtakanna víða um heim. Nú eru þessar stöður skipaðar fimm konum og einum karli. Verkefni þetta hófst árið 2005 og voru þá þrjár konur ráðnar til starfa. Árið 2006 voru aðrar þrjár stöður auglýstar og voru tvær konur og einn karl þá ráðin. Stöðurnar eru til allt að þriggja ára.

Á tímabilinu 2003–2006 hefur konum fjölgað meðal héraðsdómara en samtals eru starfandi 38 héraðsdómarar við átta héraðsdómstóla. Árið 2003 störfuðu 29 karlar sem héraðsdómarar og níu konur en árið 2006 voru konurnar orðnar 13 og karlarnir 25. Enn fremur hefur konum fjölgað mjög í starfi aðstoðarmanna héraðsdómara þannig að hallar á karla. Árið 2003 voru starfandi samtals tólf aðstoðarmenn héraðsdómara, þar af fimm konur og sjö karlar, en árið 2006 voru aðstoðarmenn héraðsdómara samtals tíu, þar af átta konur og tveir karlar. Engar breytingar hafa orðið á kynjahlutföllum hjá Hæstarétti Íslands þar sem níu dómarar eru starfandi, þar af tvær konur og sjö karlar. Enn fremur eru starfandi fjórir aðstoðarmenn hæstaréttardómara, tvær konur og tveir karlar.

Alls voru 26 sýslumenn starfandi á landinu öllu árið 2006 en þar af voru fimm konur, eða um 19% sýslumanna. Eftir breytingar sem gerðar voru á lögreglustjóraembættum í ársbyrjun 2007 gegna nú tvær konur embætti lögreglustjóra, eða 13%. Samkvæmt ársskýrslu ríkislögreglustjóra fyrir árið 2005 var 71 lögreglukona starfandi og eru þær 10% lögreglumanna, en þetta er töluverð fjölgun frá árinu 1996 þegar þær voru 4%.

*vi. Konur í atvinnurekstri.*

*a. Konur í forustu fyrirtækja.*

Hlutur kvenna á íslenskum vinnumarkaði er um 47% en hlutfall þeirra sem sitja í stjórnum fyrirtækja og gegna stjórnarformennsku er í kringum 22% samkvæmt upplýsingum Hagstofu

Íslands. Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja sem aðalmenn hefur haldist nánast óbreytt á tímabilinu 1999–2005.

Samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar um konur og stoðkerfi atvinnulífsins fækkaði konum sem skráðum stjórnarformönnum í stærðarflokki fyrirtækja með fjölda starfsmanna 20–49 um 15,5% og 50–99 um 40% frá árinu 1999. Á tímabilinu 1999–2004 bættu konur hlut sinn sem stjórnarformenn í landbúnaði og iðnaði. Hlutur kvenna er mestur í fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu og menningarstarfsemi. Flestar konur eru skráðar sem stjórnarformenn í verslun og fasteignaviðskiptum.

Konum sem sæti eiga í stjórnum fyrirtækja hefur fjölgað hlutfallslega en þá fyrst og fremst sem varamenn. Hlutfall kvenna sem eru kjörnir aðalmenn í stjórnir hefur aukist úr 32,9% árið 1999 í 35,9% árið 2004. Konum sem kjörnir eru varamenn í stjórn fjölgar um 78% á móti 39,8% fjölgun karla á tímabilinu. Jafnframt eru karlar frekar en konur í stjórnum margra fyrirtækja. Þá virðist sem konum fjölgi í stjórnum stærstu fyrirtækjanna með starfsmannafjölda yfir 100 starfsmenn á viðmiðunartímabilinu en körlum fækki.

Upplýsingar um jafnrétti í 100 stærstu fyrirtækjum landsins voru í fyrsta skipti birtar fyrir árið 2005 undir verkefni er nefnist jafnréttiskennitalan. Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála á Bifröst stendur að verkefninu en samstarfsaðilar voru iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Jafnréttisstofa, Jafnréttisráð, Félag kvenna í atvinnurekstri og Samtök atvinnulífsins. Upplýsinganna var aflað hjá Lánstrausti og var miðað við veltu fyrir árið 2004. Frumheimilda var síðan aflað með símakönnun og í framhaldi af henni var fyrirtækjunum gefinn kostur á að leiðrétta fyrirliggjandi upplýsingar með tölvupósti. Þegar stjórnir 100 stærstu fyrirtækja landsins voru skoðaðar sérstaklega fyrir árið 2005 voru konur um 12% stjórnarmanna. Hlutur kvenna í stjórnum 100 stærstu fyrirtækja minnkaði um helming þegar eingöngu voru skoðuð þau fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöllinni. Einungis 5% stjórnarformanna þessara fyrirtækja eru konur.

Á tímabilinu 1999–2005 hefur fyrirtækjum með konur sem framkvæmdastjóra fjölgað úr 15,4% í 18,2%. Flestar konur eru framkvæmdastjórar í fyrirtækjum sem eru með innan við tíu starfsmenn og starfa við verslun og þjónustu. Konur hafa aukið hlut sinn sem skráðir framkvæmdastjórar í öllum stærðarflokkum fyrirtækja á tímabilinu 1999–2004. Í minnstu fyrirtækjunum auka konur hlut sinn sem skráðir framkvæmdastjórar umfram karla, eða um 76% á móti 58,8% hjá körlum. Hafa verður í huga að um hlutfallstölur er að ræða. Þannig auka konur hlut sinn um 68,7%, þ.e. úr 1.027 í 1.733 skráðra framkvæmdastjóra en á sama tíma bættu karlar hlut sinn um 42%, þ.e. 5.641 í 8.045 skráðra framkvæmdastjóra. Þegar hlutfall kvenna meðal æðstu stjórnenda 100 stærstu fyrirtækja landsins var skoðað fyrir árið 2005 kom í ljós að konur eru 10,5%.

Stjórnvöld munu áfram leggja áherslu á aukin tækifæri kvenna í forustu atvinnulífsins. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið fyrirhugar að standa að námsstefnu fyrir konur í stjórnendastöðum og stjórnum fyrirtækja þar sem boðið verður upp á fræðslu um það hvað felst í stjórnarsetu í fyrirtækjum. Undirliggjandi er sú hugsun sem studd hefur verið rannsóknum, m.a. í Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada, að hærra hlutfall kvenna í stjórnum leiði til betri afkomu fyrirtækja en jafnframt hefur verið sýnt fram á tengsl milli fjölda kvenna í stjórnum og bættra stjórnarhátta.

Þá samþykkti Alþingi í júní 2006 lög um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, þar sem kveðið er á um að við kjör í stjórnir opinberra hlutafélaga skuli tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafn margar konur og karlar. Er þessi lagabreyting til þess fallin að auka hlut kvenna í stjórnum opinberra hlutafélaga.

*b. Úttekt á opinberum stuðningi við konur í atvinnurekstri.*

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að efla konur í atvinnurekstri en verkefni með það að markmiði hafa verið hluti framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum undanfarin ár. Flestir eru á þeirri skoðun að það skipti máli fyrir efnahagslífið að auka þátttöku kvenna í atvinnusköpun. Konum í atvinnurekstri hefur hins vegar eingöngu fjölgað um sjö prósentustig á árunum 1997–2004 sem er mun minna en í nágrannaríkjunum.

Ein af ástæðum þessa hefur verið talin sú að stuðningur opinberra aðila við atvinnurekstur og þjónusta lánastofnana nýtist konum síður en körlum. Þetta sjónarmið hefur komið fram í könnunum en iðnaðar- og viðskiptaráðherra fól Byggðastofnun m.a. að gera úttekt á því hvernig ýmis stuðningsverkefni sem hið opinbera hefur komið að á undanförnum árum hafa nýst konum. Skýrsla Byggðastofnunar kom út árið 2005.

IMG Gallup vann að gerð könnunar sem Byggðastofnun gaf út undir nafninu *Konur og stoðkerfi atvinnulífsins*, árið 2005. Þar kom m.a. fram að 80% svarenda höfðu ekki tekið þátt í opinberum stuðningsverkefnum, svo sem námskeiðum, eða fengið ráðgjöf um stofnun og rekstur fyrirtækja. Þar af töldu 40% sig ekki hafa þörf fyrir þau eða að verkefnin nýttust ekki í fyrirtækjarekstri. Rúmlega þriðjungur taldi sig ekki hafa tækifæri eða aðstöðu til að taka þátt í verkefnunum. Mikill meiri hluti þeirra sem hafði nýtt sér opinber stuðningsverkefni taldi það hafa nýst þeim vel.

Enn fremur benda niðurstöður könnunarinnar til þess að hlutfallslega fleiri konur en karlar hafi sótt um styrk. Karlar voru engu síður helmingi líklegri en konur til þess að hafa fengið styrk eða 81% á móti 58% hjá konum. Jafnframt fengu karlar hærri styrk en konur. Karlar voru þó hlutfallslega fleiri umsækjendur en konur hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og Byggðastofnun. Þá kom fram að konur voru líklegri til að sækja um fjármagn vegna atvinnurekstrar til einkaaðila en karlar voru líklegri til þess að sækja um fyrirgreiðslu til opinberra aðila.

Niðurstöðurnar gefa jafnframt til kynna að þörf sé á að endurmeta stuðningskerfi opinberra aðila við atvinnulífið þar sem kanna þarf hvernig breyta megi áherslum til styrktar konum í atvinnurekstri svo kerfið nýtist betur. Umhugsunarefni er t.d. hvers vegna stuðningsverkefni höfða ekki til fleiri kvenna. Meiri hluti þátttakenda í könnuninni taldi að haganlegast væri að styðja konur í atvinnurekstri með stofnstyrkjum og ráðgjöf.

Úttekt Byggðastofnunar bendir til að margt hafi áunnist á undanförnum árum enda þótt ýmislegt bendi jafnframt til að konur sitji enn ekki við sama borð og karlar hvað varðar aðgengi að fjármagni vegna fyrirtækjarekstrar. Styrkir félagsmálaráðherra til atvinnumála kvenna og Lánatryggingasjóður kvenna hafa skipt sköpum fyrir frumkvöðlastarf og nýsköpun meðal kvenna. Má ætla að mörg verkefnanna hefðu ekki orðið að veruleika hefðu ekki komið til sérstakir styrkir til atvinnumála kvenna eða lánatrygging Lánatryggingasjóðsins. Enn fremur hafa styrkir til atvinnumála kvenna reynst mikilvægur bakhjarl fyrir konur í litlum sprotafyrirtækjum.

Þá hefur mikið áunnist með störfum atvinnu- og jafnréttisfulltrúa Byggðastofnunar og félagsmálaráðuneytis og verkefnum á vegum Impru nýsköpunarmiðstöðvar og Háskólans á Bifröst.

Reynsla af störfum atvinnu- og jafnréttisfulltrúa sýnir að mikil þörf er á atvinnuráðgjafa sem hefur sérþekkingu á aðstæðum kvenna í atvinnurekstri en yfir eitt þúsund konur leituðu aðstoðar fulltrúans á þeim fimm árum sem hann starfaði. Meiri hluti kvenna sem nýttu sér ráðgjöfina rak þjónustu- og framleiðslufyrirtæki og voru flestar að leita eftir upplýsingum sem tengjast stoðkerfi atvinnulífsins og fjármögnun. Árangurinn kom m.a. fram í auknu sam-

starfi meðal kvenna í tengslum við nýtingu náttúruafurða, bættu aðgengi kvenna á landsbyggðinni að námskeiðum um stofnun og rekstur fyrirtækja og þéttingu viðskiptatengslanets kvenna.

Almenn ánægja reyndist meðal þátttakenda á námskeiðunum *brautargengi*, *máttur kvenna* og *auður í krafti kvenna*. Þá töldu sérfræðingar sem unnið hafa að verkefnum sem hafa það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri brýna þörf fyrir sérnámskeið eða séraðstoð fyrir konur í atvinnurekstri og frekari samtengingu verkefnanna.

Byggðastofnun lagði til, í ljósi niðurstaðna úttektar sinnar, að stoðkerfi atvinnulífsins ynni markvisst að því að fjölga konum meðal viðskiptamanna ásamt því að störf atvinnu- og jafnréttisráðgjafa yrðu efld og tengd við störf atvinnuþróunarfélaga. Enn fremur var lagt til að jafna kynjahlutfallið í stjórnum sjóða og stofnana í stoðkerfi atvinnulífsins en jafnframt var lagt til að skapaður yrði vettvangur sem tengir saman fjárfesta og konur með viðskiptahugmyndir. Síðast en ekki síst var lagt til að unnið yrði gegn goðsögnum og úreltum ímyndum tengdum konum og hlutverki kvenna.

Í júlí 2006 skilaði nefnd um endurskoðun Lánatryggingasjóðs kvenna og skyldra verkefna skýrslu til félagsmálaráðherra. Rannsókn nefndarinnar benti til þess að konur hefðu ekki jafnan aðgang að fjármagni á við karla til að stofna og reka fyrirtæki. Verkefni sem helst njóta stuðnings í hinu opinbera stuðningskerfi eru karllæg og taka ekki tillit til þarfa kvenna sem hyggja á eða eru í atvinnurekstri. Lagði nefndin því til að lánatryggingar til kvenna yrðu tryggðar í hinu opinbera stoðkerfi, sem og stofnstyrkir, með endurskoðun á stöðu og síðar stefnu þeirra opinberu sjóða sem starfræktir eru. Lánatryggingasjóður og styrkir til atvinnumála kvenna verða starfræktir þar til sú endurskoðun hefur farið fram og ásættanlegur árangur náðst við samþættingu jafnréttissjónarmiða við opinber stuðningskerfi í atvinnulífinu.

**B. Stjórnmálaþátttaka kvenna og karla.**

*i. Alþingi.*

Frá því að konur hlutu kosningarrétt og kjörgengi árið 1915 hafa samtals 58 konur verið kjörnar á þing eða 9% allra þingmanna. Konur hafa á síðustu þremur áratugum aukið hlut sinn jafnt og þétt á Alþingi. Eftir alþingiskosningarnar árið 1979 var hlutur kvenna einungis 5% en 25% þingmanna voru konur eftir alþingiskosningarnar árið 1995 og 35% árið 1999. Ákveðið bakslag varð á þessari jákvæðu þróun við kosningarnar 2003 er hlutfall kvenna fór niður í 30% en nokkrar breytingar hafa orðið í röðum þingmanna á yfirstandandi kjörtímabili þannig að þegar þing kom saman haustið 2006 áttu 23 konur sæti á Alþingi, eða 37% þingheims.

Ljóst er að enn hefur jöfnu hlutfalli kynjanna ekki verið náð við skipan þingsæta á Alþingi og þá sérstaklega þegar litið er til kjörinna aðalmanna. Til að stuðla að áframhaldandi framþróun á þessu sviði skipaði félagsmálaráðherra þverpólitíska nefnd í júní 2006 undir forustu Dagnýjar Jónsdóttur alþingiskonu þar sem eiga sæti fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi á yfirstandandi kjörtímabili. Hlutverk starfshópsins var að skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að jafna enn frekar hlut kynjanna við næstu alþingiskosningar vorið 2007. Meðal annars var sent út bréf til allra stjórnmálaflokka landsins þar sem áhersla var lögð á ábyrgð flokkanna sjálfra við að finna leiðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Enn fremur stóð starfshópurinn fyrir hvatningarfundi 9. október 2006 undir yfirskriftinni *Öldin okkar? Konur tökum þátt.* Markmið fundarins var að efla umræðu um mikilvægi þátttöku kvenna í stjórnmálum. Á fundinum miðluðu fyrrverandi og núverandi alþingiskonur af

reynslu sinni af setu á Alþingi. Þeirra á meðal voru Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Sólveig Pétursdóttir.

Frá árinu 1983 hafa konur setið í ríkisstjórn íslenska lýðveldisins en árið 1999 gegndu í fyrsta skipti fleiri en ein kona ráðherraembætti á sama tíma en þrjár konur urðu þá ráðherrar. Við skipun nýrrar ríkisstjórnar eftir alþingiskosningar árið 2003 gegndu áfram þrjár konur embætti ráðherra en eftir breytingar sem urðu á ríkisstjórninni sumarið 2006 eiga fjórar konur sæti í ríkisstjórn og eru um þriðjungur ráðherra.

*ii. Sveitarstjórnir.*

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2002 var 31,1% en svo virðist sem stærð sveitarfélaga og landfræðileg lega hafi áhrif á hlutfall kynjanna í sveitarstjórnum. Eftir kosningarnar 2002 voru 35% sveitarstjórnarmanna konur í sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa en 29% í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum var hæst á höfuðborgarsvæðinu þar sem konur voru 43% kjörinna aðalfulltrúa.

Á Vesturlandi var hlutfall kvenna í sveitarstjórnum 26% eftir kosningarnar 2002, á Vestfjörðum 37%, á Norðurlandi vestra 28%, á Norðurlandi eystra 35%, á Austurlandi 25%, á Suðurlandi 32% og á Suðurnesjum 24%.

Félagsmálaráðherra og Jafnréttisstofa sendu öllum stjórnmálaflokkum bréf í október 2005 þar sem athygli þeirra var vakin á hlutverki þeirra að taka virkan þátt í að hvetja konur til framboðs og jafna þannig hlut kynjanna við uppröðun á lista flokkana fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2006.

Konur hafa í auknum mæli boðið sig fram til sveitarstjórna og hafa verið um 40% frambjóðenda í sveitarstjórnarkosningum. Fyrir kosningarnar vorið 2006 voru karlar 56% frambjóðenda og konur 44%. Ein af líklegum skýringum á því að konum hefur gengið hægt að rétta hlut sinn í sveitarstjórnarkosningum er að þær skipa almennt ekki fyrsta sæti á framboðslistum. Heildarfjöldi í sveitarstjórn getur því reynst þeim hindrun þegar um fámenn sveitarfélög er að ræða en þá sitja oft ekki nema þrír eða fimm kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn. Fyrir kosningarnar vorið 2006 skipuðu karlar fyrsta sæti framboðslista í 78% tilfella en konur einungis 22% þeirra. Annað sæti listanna var skipað körlum í 49,4% tilvika og 50,6% konum.

Eftir kosningarnar vorið 2006 var hlutur kvenna í sveitarstjórnum 35,9% sem var 4,8% aukning. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum var hæst á höfuðborgarsvæðinu þar sem konur eru 40% kjörinna fulltrúa en sé miðað við 40:60 markmiðið telst jafnrétti náð þar. Kynjaskipting sveitarstjórnarmanna er jafnari yfir landið eftir kosningarnar 2006 en var áður, þótt það eigi ekki við um alla landshluta.

Á Vesturlandi var hlutfall kvenna í sveitarstjórnum 33,8% eftir kosningarnar 2006, á Vestfjörðum 35,9%, á Norðurlandi vestra 33,3%, á Norðurlandi eystra 32,3%, á Austurlandi 36,3%, á Suðurlandi 33,4% og á Suðurnesjum 39,7%. Á grundvelli gagna um kynjaskiptingu sveitarstjórnarmanna hafa Jafnréttisstofa og félagsmálaráðuneytið útbúið svokölluð jafnréttiskort þar sem hvert sveitarfélag er litað eftir hlutfalli kynjanna. Sveitarfélög með jafna kynjaskiptingu (40:60) eru lituð græn, en þau sem eru með mjög ójafna kynjaskiptingu (0–29%) eru rauð. Sveitarfélögin sem eru gul sýna hvar hallar á annað kynið á bilinu 30–39%. Hægt er að sjá kortin á vefsíðu félagsmálaráðuneytisins (www.felagsmalaradu neyti.is).

Stærð sveitarfélaga virðist enn sem áður hafa áhrif á hlutfall kvenna. Eftir kosningarnar

2006 voru 38,8% sveitarstjórnarmanna konur í sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa en 33% í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa.

Í júní 2006 sendu félagsmálaráðherra og Jafnréttisstofa öllum nýkjörnum sveitarstjórnum landsins fræðslubækling um jafnréttismál undir heitinu *Við viljum gera enn betur – jafnrétti varðar okkur öll.* Birtar voru tölur um stöðu jafnréttismála í sveitarfélögum landsins og var jafnframt skorað á nýkjörnar sveitarstjórnir að huga að jafnrétti kynjanna við störf sín, hvort sem er við stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum sveitarfélaganna eða sem vinnuveitendur. Var sérstaklega vísað til þess að vonast væri eftir að jafnrétti endurspeglaðist í skipun nefnda, ráða og stjórna sem starfandi væru innan sveitarfélaganna. Til að fylgja fræðslubæklingnum eftir voru fulltrúar í nýskipuðum jafnréttisnefndum sveitarfélaga boðaðir til fundar í september 2006 þar sem fjallað var um jafnréttisstarf á vegum sveitarfélaganna á kjörtímabilinu. Tuttugu og tvö sveitarfélög áttu fulltrúa á fundinum sem þótti takast vel.

Í kjölfar fundarins gerðu félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa könnun á því hvort jafnréttisnefndir og jafnréttisáætlanir væri að finna meðal sveitarfélaganna. Þetta var gert á grundvelli 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Niðurstaða þeirrar könnunar sýndi að 75% sveitarfélaga höfðu skipað jafnréttisnefnd eða falið annarri nefnd umsjón með jafnréttismálum. Þetta þykir mikil framför því niðurstaða sambærilegrar könnunar frá árinu 2001 sýndi að eingöngu 30% sveitarfélaga höfðu skipað jafnréttisnefnd. Árið 2006 voru 26 sveitarfélög búin að setja sér jafnréttisáætlun fyrir kjörtímabilið og 14 til viðbótar eru að vinna að slíkri áætlun. Hér ber þó að taka fram að sveitarfélögin hafa ár frá kosningum til þess að vinna slíka áætlun.

Fyrir kosningar vorið 2006 var gerð úttekt á kynjaskiptingu í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélaga. Svarhlutfall sveitarfélaganna var um 58% en í þeim búa 91,5% íbúa landsins. Af þeim sem svöruðu voru samtals 4.048 fulltrúar í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélaganna, þar af 1.549 konur eða um 38,3% og 2.499 karlar, eða um 61,7%. Konur voru meiri hluti fulltrúa í fjórum sveitarfélögum á landinu, í þremur sveitarfélögum var kynjaskiptingin nákvæmlega jöfn en í átján þeirra var kynjaskiptingin innan 40:60 markanna. Þar sem kynjaskiptingin var ójöfnust voru konur 16,7% fulltrúanna. Lægsta hlutfall karla var 29,2%. Jafnréttisstofa er nú að vinna úr niðurstöðum nýrrar könnunar um kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélaga eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar.

**C. Aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi.**

*i. Samráðsnefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum og börnum.*

Félagsmálaráðherra skipaði samráðsnefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum í janúar 2003 til fjögurra ára. Í nefndinni sátu fulltrúar dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að samhæfa aðgerðir stjórnvalda á ólíkum fagsviðum sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum. Er markmiðið að stjórnvöld fái heildarsýn yfir það hvað hefur þegar verið gert á þessu sviði og til hvaða aðgerða þurfi að grípa. Þá var nefndinni falið með samþykkt ríkisstjórnar Íslands frá 18. október 2005 að fjalla jafnframt um aðgerðir gegn ofbeldi gegn börnum ásamt því að vinna að aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis. Félagsmálaráðherra ákvað að endurskipa nefndina til fjögurra ára og verður þá meginhlutverk hennar að fylgja eftir aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis.

Nefndin hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að viðhalda góðu samstarfi milli frjálsra félaga-

samtaka og opinberra aðila sem að þessum málum koma. Hefur nefndin haldið samtals sex samráðsfundi með frjálsum félagasamtökum sem og öðrum er láta sig þessi mál varða. Var fyrsti samráðsfundurinn haldinn í janúar 2004 en nefndin hefur haldið slíka fundi einu sinni til tvisvar sinnum á ári. Enn fremur hefur nefndin fengið fjölmarga aðila á sinn fund til að ræða ofbeldi gegn konum og börnum.

Nefndin gaf út lítið kort, á stærð við greiðslukort bankanna, þar sem fram koma símanúmer helstu stofnana og samtaka sem veita þolendum kynbundins ofbeldis aðstoð. Kortið er ætlað þolendum heimilisofbeldis og annars kynbundins ofbeldis og kemst auðveldlega í veski eða vasa. Tilgangur með útgáfu slíks korts er að veita handhægar og aðgengilegar upplýsingar um þá aðila er veita þolendum heimilisofbeldis aðstoð. Ástæðan er sú að þolendur þurfa oft að hugsa sinn gang áður en þeir leita sér aðstoðar en hafa ekki alltaf mikið svigrúm til að afla sér upplýsinga um hvar hana er að finna.

*ii. Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis.*

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 26. september 2006 aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis sem tekur til áranna 2006–2011. Gerð aðgerðaáætlunarinnar var byggð á tillögu félagsmálaráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra sem samþykkt var í ríkisstjórninni í október 2005 um að hafin yrði vinna við gerð slíkrar aðgerðaáætlunar og var unnin á vettvangi fyrrnefndrar samráðsnefndar. Við gerð áætlunarinnar voru m.a. höfð til hliðsjónar drög frjálsra félagasamtaka að aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi sem hafði verið send einstökum fagráðherrum í apríl 2005.

Meginmarkmið aðgerðaáætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum sem og að bæta aðbúnað þeirra er orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi hvað þetta varðar.

Aðgerðaáætlunin skiptist í tvo hluta. Annars vegar er um að ræða aðgerðir vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og hins vegar aðgerðir vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis gegn konum. Í hvorum hluta fyrir sig eru einkum fjögur markmið höfð að leiðarljósi. Í fyrsta lagi er stefnt að því að auka fyrirbyggjandi aðgerðir sem stuðla að opinni umræðu um ofbeldi gegn börnum og kynbundnu ofbeldi sem og viðhorfsbreytingum í samfélaginu. Í öðru lagi er markmiðið að styrkja starfsfólk stofnana við að sjá einkenni og afleiðingar ofbeldis hjá börnum og kynbundins ofbeldis og koma þolendum til aðstoðar. Í þriðja lagi er tilgangurinn að tryggja einstaklingum sem verða fyrir ofbeldi á heimili eða kynferðislegu ofbeldi viðeigandi aðstoð. Í fjórða lagi er tilgangurinn að finna aðgerðir sem ætlað er að styrkja meðferðarúrræði fyrir gerendur í því skyni að rjúfa þann vítahring sem oft er einkenni ofbeldis.

Um er að ræða efnismikla aðgerðaáætlun sem felur í sér 37 aðgerðir og varða þær öll þau svið sem talin eru geta haft áhrif í baráttunni gegn ofbeldi á heimili og kynferðislegu ofbeldi, þ.e. forvarnir, styrkingu starfsfólks stofnana við að greina einkenni ofbeldis, tryggingu á viðeigandi aðstoð og ekki síst rof á þeim vítahring sem ofbeldi felur gjarnan í sér. Hverri aðgerð er lýst sérstaklega ásamt tilgangi hennar. Verkefnin falla undir málefnasvið dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis auk þess sem Samband íslenskra sveitarfélaga er samstarfsaðili í nokkrum verkefnanna. Enn fremur er miðað við að lögð verði áhersla á gott samstarf við frjáls félagasamtök við framkvæmd áætlunarinnar á gildistíma hennar. Aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis er að finna á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins (www.felagsmalaraduneyti.is).

*iii. Tillögur að breytingum á almennum hegningarlögum.*

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum og varðar það breytingar á kynferðisbrotakafla laganna. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks í 194.–199. gr., sbr. 205. gr., kynferðisbrot gegn börnum í 200.–202. gr., sbr. 204. gr., og vændi í 206. gr.

Ástæðan fyrir endurskoðun á þessum ákvæðum er sú umræða sem orðið hefur um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og kynbundið ofbeldi. Á undanförnum árum hefur komið fram vaxandi gagnrýni á sum þessi ákvæði og hafa þau ekki þótt veita þolendum brotanna næga réttarvernd, auk þess sem sumir telja að hugsanlega leynist þar enn gömul og úrelt viðhorf í afstöðu til kvenna. Þá hafa refsiákvarðanir dómstóla fyrir brotin þótt of vægar.

Við samningu frumvarpsins var í fyrsta lagi byggt á rannsóknum höfundar þess bæði á löggjöfinni sjálfri og framkvæmd hennar. Í öðru lagi á könnun sem gerð var á löggjöf um kynferðisbrot í öðrum löndum. Í þriðja lagi á upplýsingum sem fram koma í ýmsum félagsfræðilegum og afbrotafræðilegum rannsóknum. Í fjórða lagi er reynsla ýmissa aðila sem starfað hafa með þolendum brotanna nýtt. Á grundvelli þessara gagna var svo miðað við að hafa hin nýju ákvæði þannig úr garði gerð að þau þjónuðu sem best hagsmunum þolenda brotanna, sem í flestum tilvikum eru konur og börn.


Við samningu frumvarpsins var leitast við að breytingar sem lagðar væru til á ákvæðunum féllu vel að því reglukerfi sem fyrir væri í hegningarlögunum. Lögð var áhersla á að breytingartillögur á ákvæðunum væru byggðar á traustum réttarfarslegum grunni og tekið yrði mið af alþjóðlegri þróun á þessu sviði auk íslenskrar lagahefðar. Einnig var haft að leiðarljósi að auka réttarvernd kvenna og barna, gera ákvæðin nútímalegri og á það lögð áhersla að tryggja svo framast væri unnt með löggjöf að friðhelgi, sjálfsákvörðunarréttur, kynfrelsi og athafnafrelsi hvers einstaklings yrði virt. Helstu nýmæli samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að hugtakið *nauðgun* verði rýmkað mjög frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir að önnur kynferðisnauðung (nú 195. gr.) og misnotkun á bágu andlegu ástandi og því að þolandi getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans (nú 196. gr.) teljist nauðgun. Við það munu brot þessi varða mun þyngri refsingu en nú er, eða fangelsi frá einu ári og allt að 16 árum, í stað fangelsis allt að sex árum.
2. Lagt er til að lögfest verði ákvæði um nokkur atriði sem verka skuli til þyngingar við ákvörðun refsingar fyrir nauðgun. Eitt þeirra er ungur aldur þolenda.
3. Lögfest verði almennt ákvæði um refsiábyrgð vegna kynferðislegrar áreitni.
4. Lögfest verði ákvæði um ítrekunaráhrif þannig að ítrekunartengsl verði á milli allra kynferðisbrotanna. Fyrri dómur um kynferðisbrot getur þá leitt til refsihækkunar ef dómþoli gerist sekur um kynferðisbrot á ný.
5. Refsing fyrir samræði og önnur kynferðisbrot við barn yngra en 14 ára verði þyngd og verði refsimörkin hin sömu og fyrir nauðgun, þ.e. fangelsi frá einu ári og allt að 16 árum. Með því er lögð áhersla á hve alvarleg þessi brot eru þegar þau beinast að börnum og teljast þá nauðgun og kynmök við börn yngri en 14 ára alvarlegustu kynferðisbrotin í stað nauðgunar einnar áður.
6. Lögfest verði ákvæði um heimild til refsilækkunar eða refsibrottfalls þegar sá sem gerist sekur um samræði eða önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en 14 ára er sjálfur á svipuðum aldri og þroskastigi og barnið.
7. Upphaf fyrningarfresta kynferðisbrota miðist við 18 ára aldur brotaþola en ekki 14 ár eins og nú er. Refsihámark fyrir kynferðislega áreitni gegn börnum verði hækkað þannig


að brot gegn yngstu börnunum munu fyrnast á lengri tíma en samkvæmt núgildandi lögum.
8. Ákvæði 205. gr. um niðurfellingu refsingar fyrir tiltekin kynferðisafbrot ef aðilar sem mökin hafa gerst á milli halda áfram sambúð, taka upp óvígða sambúð eða ganga í hjónaband.
9. Ákvæði 1. mgr. 206. gr. um refsingu fyrir að stunda vændi sér til framfærslu falli niður. Þess í stað verði lögfest ákvæði um refsinæmi þess að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan einstakling í opinberum auglýsingum.

*iv. Starfsemi neyðarmóttöku á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.*

Neyðarmóttaka fyrir þá sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi hefur verið starfrækt á slysa- og bráðadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Þar er veitt þjónusta hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og lækna. Enn fremur er starfandi teymi lögfræðinga sem veitir þolendum kynferðislegs ofbeldis lögfræðiaðstoð og aðstoðar þá í samskiptum við lögreglu og dómara. Samtals leituðu 353 einstaklingar til Neyðarmóttökunnar á tímabilinu 2003–2005, en þar af voru 98% konur, árið 2003 komu 119 einstaklingar, 104 árið 2004 og 130 árið 2005. Tafla 8 sýnir komur á Neyðarmóttöku vegna nauðgunar 1993–2005.




Tafla 9 sýnir frekari greiningu á þeim málum er koma til kasta Neyðarmóttökunnar þar sem fram kemur fjöldi mála, hversu mörg mál hafa verið kærð, fjöldi mála þar sem gerendur eru fleiri en einn og í hvaða tilvikum þolandinn hefur verið í áfengisdái.




*v. Fjöldi mála vegna brota á ákvæðum 194.–199. gr. almennra hegningarlaga.*

Á tímabilinu 1. apríl 2003 til 30. apríl 2006 eru skráð 292 mál í málaskrá lögreglu vegna brota gegn ákvæðum 194.–199. gr. almennra hegningarlaga. Á sama tímabili bárust 169 mál ríkissaksóknara en 43 mál leiddu til ákæru. Tvö mál eru enn til meðferðar hjá ríkissaksóknara. Af þeim 43 málum sem ákært var í og leiddu til dómsmeðferðar var sakfellt í 21 en sýknað í 15. Enn er ódæmt í sex málum. Rétt er að taka fram að í málaskrá lögreglu eru færðar upplýsingar um tilkynnt brot og mál þar sem grunur leikur á að brot hafi verið framið. Mál þar sem lögð er fram kæra eru ekki skráð sérstaklega. Málaskráin geymir einnig tölur um mál sem eru óupplýst, t.d. vegna þess að gerandi hefur ekki fundist.

**D. Heilbrigðismál.**

*i. Barneignir á Íslandi.*

Tíðni barneigna eða frjósemi er mæld út frá meðalfjölda barna á hverja konu. Samkvæmt heimildum Hagstofu var fæðingartíðni íslenskra kvenna árið 1960 rúmlega fjögur börn en um miðjan níunda áratug síðustu aldar var fæðingartíðni komin niður í tæplega tvö börn á ævi hverrar konu. Þrátt fyrir þessa þróun hefur barneignum fjölgað hér á landi síðustu ár. Árið 2003 áttu konur tvö börn og hefur það haldist stöðugt fram til ársins 2005 en árið 2006 var fæðingartíðni 2,1 barn á hverja konu. Annars staðar á Norðurlöndunum var sambærilegt hlutfall árið 2002 1,7–1,8 börn nema í Færeyjum og Grænlandi þar sem fæðingartíðni var 2,5 börn á ævi hverrar konu.

Fæðingartíðni hefur lækkað í öllum aldurshópum kvenna á barnsburðaraldri en hlutfallslega mest hjá þeim yngstu og elstu. Meðalaldur mæðra hefur hækkað úr 27 árum frá tímabilinu 1961–1965 í 29,3 ár árið 2001–2005. Enn fremur hefur meðalaldur mæðra sem fæða sitt fyrsta barn hækkað úr 21,7 árum í 26,0 ár árið 2003. Meðalaldur feðra var reiknaður fyrst fyrir tímabilið 1981–1985 og var þá 28,8 ár. Hann hefur nú hækkað í 32 ár. Einnig hefur meðalaldur feðra við fæðingu fyrsta barns hækkað á tímabilinu úr 25,1 árs í 29 ára.

*ii. Fóstureyðingar.*

Fóstureyðingar voru gefnar frjálsar á Íslandi árið 1975 en fyrir þann tíma höfðu fóstureyðingar þó verði framkvæmdar, t.d. ef lífi móður var ógnað. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru framkvæmdar 613 fóstureyðingar árið 1982, 987 árið 2000, 900 árið 2002 og 889 árið 2004. Meginhluti þeirra kvenna er gekkst undir fóstureyðingu árið 2004 var í aldurshópnum 15–34 ára, eða 725 konur, sem eru 82%. Í aldurshópnum 15 ára og yngri hafa færri en 10 fóstureyðingar verið framkvæmdar á ári síðan árið 1999.

*iii. Lífsvenjur og heilsa.*

Lífsvenjur fólks, svo sem mataræði, hreyfing, reykingar og neysla áfengis, hafa áhrif á heilsufar fólks. Matarvenjur kynjanna er ólíkar og endurspeglast m.a. í tölum um fólk yfir kjörþyngd. Í manneldiskönnun frá árunum 1990 og 2002 kemur fram að hlutfall kvenna yfir kjörþyngd hækkaði úr 34% í 39% en karla úr 39% í 57%. Samkvæmt tölum Hagstofu hafa reykingar minnkað undanfarin ár og hefur kynjamunur einnig farið minnkandi. Árið 1987 reykti 31% kvenna en 36% karla, en árið 2004 reyktu 19% kvenna og 22% karla. Reykingar virðast því vera á undanhaldi hjá þjóðinni.

**E. Menntamál, æskulýðsmál og rannsóknir í kynjafræðum.**

*i. Menntamál.*

Tölur um fjölda barna í leikskólum eftir aldri hafa verið teknar saman frá árinu 1981 og á þeim tíma hefur mikil breyting átt sér stað. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 9% barna á aldrinum 0–2 ára á leikskólum árið 1981 en 39% árið 2004. Fyrir aldurshópinn 3–5 ára hefur hlutfallið breyst úr 52% í 94%. Miklar breytingar hafa því orðið í dagvistarmálum á Íslandi á þessu tímabili. Gott framboð dagvistarúrræða fyrir foreldra er eitt af lykilatriðum þegar kemur að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og fjárhagslegu sjálfstæði.

Kynjaskipting nemenda í framhaldsskólum hefur verið svo til jöfn frá árinu 1975. Samkvæmt heimildum Hagstofu árið 1975 var 51% nemenda karlar en 49% konur, árið 2004 var hlutfallið hins vegar öfugt. Skólaárið 2003/2004 voru 63% nýstúdenta konur.

Á háskólastigi hafa einnig átt sér stað nokkrar breytingar á síðustu áratugum. Hlutfall kvenna sem fara í háskólanám hefur aukist töluvert eða úr 48% nemenda árið 1975 í 63% árið 2004. Hlutur kvenna í hópi brautskráðra á háskólastigi var 24% árið 1975 en var komið í 50% árið 1985. Skólaárið 1995/1996 voru konur komnar í meiri hluta brautskráðra, eða 59%, og skólaárið 2003/2004 voru þær 64%.

*ii. Æskulýðsmál.*

Jafnréttisstofa stóð að Evrópuverkefninu *íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir* (*Sports, media and sterotypes*) á árunum 2004–2006 í samstarfi við fulltrúa frá Noregi, Austurríki, Litháen og Ítalíu. Samstarfsaðilar verkefnisins á Íslandi voru Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, námsbraut í fjölmiðlafræði við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Samtök íþróttafréttamanna og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands.

Markmið verkefnisins var að rannsaka staðalímyndir og hvernig þær endurspeglast í íþróttum og íþróttafréttum. Þetta var gert með því að skoða og greina íþróttafréttir í löndunum fimm. Helstu niðurstöður á Íslandi voru þær að 66% frétta fjölluðu eingöngu eða nær eingöngu um karlmenn, 16% fjölluðu um bæði kynin og 18% fjölluðu eingöngu eða nær ein-

göngu um konur. Nánar má lesa um niðurstöðu verkefnisins í lokaskýrslu þess sem má finna á vefsíðu Jafnréttisstofu (www.jafnretti.is).

Niðurstöður rannsóknarinnar voru notaðar til að hanna fræðsluefni fyrir íþróttafréttamenn, íþróttakennara og þjálfara. Fræðsluefnið var gefið út bæði á margmiðlunardiski og á heimasíðu verkefnisins sem má finna á vefsíðunni (http://www.jafnretti.is/SMS). Markmið fræðsluefnisins er að hvetja til breytinga á birtingarmyndum kynjanna í íþróttum og íþróttafréttum með því að auka meðvitund um áhrif einsleitrar endurspeglunar af íþróttakonum og -körlum.

*iii. Rannsóknir.*

*a. Hagskýrslugerð hjá Hagstofu Íslands.*

Samkvæmt 21. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, skal í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum greina á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því. Í starfi Hagstofu Íslands er þess ávallt gætt að farið sé eftir ákvæði þessu þannig að greint sé milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu niðurstaðna, þegar því verður við komið, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Einnig hefur Hagstofan gefið út Hagtíðindi sérstaklega með tölum um karla og konur.

*b. Jafnréttissjóður.*

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 21. október 2005 tillögu forsætisráðherra að komið yrði á fót sérstökum rannsóknasjóði, jafnréttissjóði, í tilefni af kvennafrídeginum 24. október 2005. Tilgangur sjóðsins er að efla kynjarannsóknir og tryggja að hér á landi verði unnar vandaðar rannsóknir á þessu sviði. Slíkar rannsóknir eru til þess fallnar að stuðla að bættri stöðu kvenna og karla og framgangi jafnréttis. Styrkir jafnréttissjóðs eru að meginstefnu veittir til rannsókna á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði en einnig á öðrum sviðum samfélagsins, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglum um úthlutun styrkja jafnréttissjóðs og starfsreglum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður leggur sjóðnum til 10 millj. kr. fyrir hvert starfsár samkvæmt sérstökum lið á fjárlögum. Þann 30. júní 2006 skipaði forsætisráðherra stjórn jafnréttissjóðs til fjögurra ára samkvæmt tilnefningum félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra.

Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta skipti þann 24. október 2006. Alls bárust átján umsóknir og var fimm verkefnum veittur styrkur. Áhersla var lögð á verkefni er varða stöðu kynjanna á vinnumarkaði sem og áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof. Þeir sem fengu styrki voru Agnes Sigtryggsdóttir fyrir verkefnið *kynbundið starfsval og gildi – samband launa, viðurkenningar og verðleika*, Þorlákur Karlsson fyrir verkefnið *óútskýrður launamunur kynjanna*, Guðný Björk Eydal fyrir verkefnið *umönnun og atvinnuþátttaka foreldra barna þriggja ára og yngri – hvaða áhrif hafa lög um fæðingar- og foreldraorlof haft?*, Auður Arna Arnardóttir fyrir verkefnið *reynsla af fæðingarorlofi og samspil vinnu og einkalífs frá sjónarhóli feðra og maka þeirra* og Haukur Freyr Gíslason fyrir verkefnið *félagsleg áhrif á launavæntingar kynjanna*.

**F. Erlent samstarf á sviði jafnréttismála.**

*i. Sameinuðu þjóðirnar.*

*a. Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna.*

Ísland var kosið í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (*Commission on the Status of Women*) vorið 2004 og tók formlega sæti í nefndinni árið 2005. Fulltrúar 45 ríkja sitja í nefndinni sem kosnir eru eftir ákveðnu skipulagi þar sem landfræðilegrar dreifingar er gætt en hvert kjörtímabil er fjögur ár. Ísland ásamt hinum norrænu ríkjunum er hluti af Vestur-Evrópuhópnum og hefur skapast sú venja að Norðurlöndin eigi jafnan einn fulltrúa í nefndinni. Komið var að Íslandi að bjóða fram til þátttöku í nefndinni en þetta er í fyrsta skipti sem Ísland tekur sæti þar. Nefndin starfar undir hatti efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna og gefur ráðinu skýrslu um störf sín. Hún fundar í tíu virka daga á ári hverju í byrjun marsmánaðar og kýs sér fimm manna stjórn til tveggja ára í senn.

Kvennanefndinni var ásamt allsherjarþinginu og efnahags- og félagsmálaráði falið að fylgja eftir framkvæmdaáætlun þeirri sem samþykkt var á fjórðu kvennaráðstefnunni sem haldin var í Peking árið 1995. Var henni enn fremur falið að gegna lykilhlutverki við að innleiða efni framkvæmdaáætlunarinnar innan stofnanakerfis Sameinuðu þjóðanna. Var henni m.a. ætlað að leggja sérstaka áherslu á samþættingu kynjasjónarmiða inn í alla stefnumótun, þar á meðal hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Allt frá árinu 1987 hefur kvennanefndin sett sér starfsáætlun er nær til nokkurra ára í senn. Síðustu ár hefur nefndin starfað eftir áætlun frá árinu 2001 sem efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti, sbr. ályktun þess nr. 2001/4, og gilti til ársins 2006. Meginverkefnið var að fylgja eftir efni lokaskjals aukaallsherjarþingsins sem haldið var árið 2000 (Peking+5) sem m.a. felst í því að nefndin hefur farið yfir hvernig til hefur tekist hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna að samþætta kynjasjónarmiðin við starfsemi sína. Enn fremur hefur nefndin rætt einstök efni á fundum sínum með það að markmiði að komast að samkomulagi um efni lokaskjals þar sem fram kemur niðurstaða nefndarinnar að því er varðar það tiltekna efni. Sem dæmi var rætt um þátttöku og aðgengi kvenna að fjölmiðlum og upplýsingatækni á fundi nefndarinnar árið 2003 þar sem markmiðið var að vekja athygli á kynjasjónarmiðum í umræðum á alþjóðaráðstefnu um upplýsingasamfélagið sem haldin var sama ár. Á sama fundi var rætt um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi en ekki náðist samkomulag um niðurstöðu nefndarinnar um það efni. Þá var rætt um hlutverk karla og drengja í jafnréttismálum og þátttöku kvenna í friðarviðræðum, friðargæslu og friðaruppbyggingu á fundi nefndarinnar árið 2004. Árið 2005 var framkvæmd Peking-áætlunarinnar rædd, sem og leiðir og stefnumörkun til að stuðla að framgangi stúlkna og kvenna og árið 2006 voru konur og þróunarmál ásamt jafnri þátttöku karla og kvenna í ákvörðunartöku til umræðu. Meginþema fundarins í ár er afnám alls ofbeldis gegn stúlkubörnum. Finna má lokaskjöl nefndarinnar á heimasíðu nefndarinnar (www.un.org/womenwatch/daw/csw).

Seta Íslands í nefndinni er samvinnuverkefni utanríkisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins. Fjölmenn sendinefnd frá Íslandi hefur sótt fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna árin 2005 og 2006. Þeirra á meðal voru fulltrúar ráðuneyta, alþingismenn og fulltrúar frjálsra félagasamtaka sem starfa að málefnum kvenna á Íslandi, þ.e. UNIFEM, Kvenréttindafélags Íslands og Stígamóta. Til að auðvelda fulltrúum félagasamtaka að sækja fund kvennanefndarinnar veittu utanríkisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið hvort um sig 300.000 kr. styrk sem skiptist á samtökin sem sóttu fundinn.

Á fundi nefndarinnar vorið 2007 ætlar Ísland að standa fyrir sérstökum hliðarviðburði til að kynna þær leiðir sem Ísland hefur farið til að stuðla að jafnrétti kynjanna. Gert er ráð fyrir

að utanríkisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið muni áfram styrkja fulltrúa frjálsra félagasamtaka til að sækja fundinn.

*ii. Samstarf á vettvangi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Evrópuráðsins.*

Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur Ísland tekið þátt í jafnréttisstarfi Evrópusambandsins. Jafnréttisstofa hefur bæði verið þátttakandi og stjórnandi verkefna sem falla undir framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins í jafnréttismálum. Þar má nefna verkefnin *menning, umgjörð og umhyggja, íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir, Modern men in enlarged Europe, Modern men in enlarged Europe II: Family-friendly policies, Focus: Fostering, caring, masculinites* og *jafnréttisvogina*, (*Tea for Two*) sem nú er að fara af stað.

Ísland hefur einnig átt fulltrúa í nokkrum nefndum Evrópusambandsins gegnum EES og EFTA. Þar má nefna *Advisory Committee on Equal Opportunities for Women and Men* en þetta er sérfræðinefnd innan sambandsins skipuð embættismönnum og fjallar um verkefni og nýmæli sem framkvæmdastjórnin vinnur að á sviði jafnréttismála. Ísland á áheyrnarfulltrúa í nefndinni. Ísland á einnig sæti í verkefnisstjórn jafnréttisáætlunar Evrópusambandsins *Committee for the Implementation of the Programme relating to the Community Framework Strategy on Gender Equality* sem er einnig sérfræðinefnd. Verkefnisstjórnin sér um að stýra og fjalla um uppbyggingaráætlun Evrópusambandsins varðandi framþróun jafnréttismála.

*Daphne* er verkefni sem vinnur út frá áætlun Evrópusambandsins gegn kynbundnu ofbeldi. Ísland á sæti í verkefnastjórninni en megintilgangur verkefnisins er að styðja aðgerðir sem miða að því að sporna gegn ofbeldi gegn konum, börnum og ungu fólki.

*iii. Norðurlandasamstarf á sviði jafnréttismála.*

Ísland tekur þátt í margvíslegu norrænu samstarfi í jafnréttismálum. Mest er það unnið í tengslum við Norrænu ráðherranefndina en undir henni er starfrækt sérstök ráðherranefnd um jafnréttismál, MR-JÄM, og embættismannanefnd um jafnréttismál, ÄK-JÄM.

**G. Kærunefnd jafnréttismála.**

Kærunefnd jafnréttismála starfar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Einstaklingar og félagasamtök, í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna, sem telja að ákvæði laganna hafi verið brotin, geta leitað til kærunefndarinnar en nefndinni er jafnframt heimilt að taka mál upp samkvæmt ábendingum annarra þegar sérstaklega stendur á. Nefndin gefur síðan skriflegt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin en niðurstöður nefndarinnar fela í sér endanlegar ákvarðanir innan stjórnsýslunnar.

Samtals bárust nefndinni ellefu mál árið 2002. Það var álit nefndarinnar að sjö málanna teldust ekki fela í sér brot gegn lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en einu málanna var vísað frá. Sautján mál bárust nefndinni árið 2003 en þar af voru þrjú þeirra talin fela í sér brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Eitt þeirra varðandi stöðuveitingu, í öðru var talið að 18. gr. laga nr. 96/2000 hefði verið brotin með auglýsingum sem þóttu til minnkunar fyrir annað kynið og þriðja málið varðaði kynbundinn launamun. Tvö málanna voru dregin til baka og tveimur vísað frá nefndinni.

Árið 2004 bárust nefndinni fimmtán mál. Í fjórum þeirra var talið að um brot væri að ræða, eitt þeirra varðaði launamun, tvö vörðuðu uppsagnir og það fjórða stöðuveitingu. Tveimur málum var vísað frá nefndinni og eitt mál var framsent til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála. Í átta málum var ekki talið að um brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla væri að ræða. Nefndinni bárust tíu mál árið 2005. Í einu var

talið að um brot á jafnréttislögum væri að ræða en það mál varðaði stöðuveitingu. Sjö málanna voru ekki talin fela í sér brot á lögunum. Í einu máli er varðaði stöðuveitingu var skilað séráliti þar sem einn nefndarmanna taldi að um brot væri að ræða. Tveimur málum var vísað frá nefndinni. Árið 2006 bárust nefndinni tólf mál. Nefndin hefur skilað áliti í tíu þeirra og í tveimur málum sem bæði vörðuðu stöðuveitingu var talið að um brot væri að ræða.

**H. Dómar Hæstaréttar í jafnréttismálum.**

Á tímabilinu 1. janúar 2002 til 31. janúar 2005 dæmdi Hæstiréttur í fimm málum þar sem ætluð brot á ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla komu til álita. Þrjú málanna vörðuðu stöðuveitingar, eitt launamismun og það fimmta ráðningarsamning.

Mál nr. 121/2002 varðar stöðuveitingu. K sótti um embætti sýslumanns X ásamt sex körlum en utanríkisráðherra skipaði einn þeirra, J, í embættið. Krafðist K þess að viðurkennt yrði að skipunin hefði brotið gegn þágildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991. Tekið var fram að við úrlausn málsins yrði að meta hvort ráðherra hefði reist ákvörðun sína á lögmætum sjónarmiðum. Var talið að auglýsing um embætti sýslumannsins hefði veitt ákveðna forsögn um það hvernig umsóknirnar yrðu metnar en þar var að finna lýsingu á meginverkefnum sýslumanns er brá ljósi á sérstætt eðli embættisins vegna staðsetningar þess á varnarsvæðinu og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi um landamæraeftirlit. Var með þessu talið vera gefið til kynna að önnur reynsla og þekking en af hefðbundnum störfum sýslumanna, svo sem starfsreynsla á erlendum vettvangi, mundi geta haft töluvert vægi við mat umsókna. Þótti auglýsingin hafa verið eðlilega úr garði gerð enda ekki falið í sér ólögmæt hæfisskilyrði, en við veitingu embættisins hefði ekki verið byggt á öðrum atriðum en ráða mátti af henni. Var fallist á að Í hefði fært fram gild rök um sérstöðu embættisins sem hlaut að skipta miklu máli við val milli umsækjenda. Drjúg reynsla J í alþjóðasamskiptum af ýmsum toga var talin til þess fallin að treysta hæfni hans til að takast á við meginviðfangsefni embættisins. Þegar allt var virt var talið réttmætt að starfsreynsla hans hefði vegið þyngra en K við hæfnismat. Þá var K ekki talin hafa sýnt fram á að menntun hennar og starfsreynsla hefðu nýst henni þannig að hún yrði talin hafa verið jafnhæf eða hæfari en J til að gegna starfinu. Voru sjónarmið utanríkisráherra við veitingu embættisins því talin eðlileg og málefnaleg og ekki fallist á að K hefði verið mismunað eftir kynferði. Var Í því sýknað af kröfum K.

Mál nr. 330/2003 varðaði stöðu leikhússtjóra hjá L. Ein kona, H, var á meðal umsækjenda um starfið og taldi hún að sér hefði verið mismunað við ráðninguna á grundvelli kynferðis síns. Hún kærði ráðninguna til kærunefndar jafnréttismála og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að L hefði brotið gegn 1. mgr. 24. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, þegar það réð karlmann í starfið. Jafnréttisstofa höfðaði málið með heimild í 5. mgr. 3. gr. sömu laga en þetta er jafnframt eina málið þar sem Jafnréttisstofa hefur nýtt þessa heimild. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að það væri meginregla vinnuréttar að atvinnurekandi hefði um það frjálsar hendur hvern hann veldi til starfa í sína þágu. Því vali væru þó settar skorður sem leiddar væru af ákvæðum laga nr. 96/2000 þegar kona og karl sæktu um sama starfið. Þótt H hefði að baki lengra háskólanám en sá karlmaður er var ráðinn var ekki talið líklegt að það nám eða önnur reynsla nýttist henni þannig að hún yrði talin jafnhæf eða hæfari honum til að stjórna leikhúsi. Leikhúsráð L hafi metið það svo á grundvelli umsóknargagna og viðtala við umsækjendur að menntun og reynsla þess karlmanns er var ráðinn hafi nær öll verið á sviði leiklistar en auk þess hafi sjónarmið um listræn stefnumið í leikhúsinu, fjármál og rekstur þess skipað honum framar en H við ákvörðun um ráðninguna.

H taldist ekki hafa sýnt fram á að þetta mat hafi verið ómálefnalegt og var því ekki fallist á að henni hefði verið mismunað eftir kynferði.

Mál nr. 39/2004 varðaði stöðuveitingu. Í því máli komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að aðaláfrýjandi, N, hefði gerst brotlegur við 1. mgr. 24. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, þegar gengið var fram hjá stefndu, E, við ráðningu í tiltekið starf. E hafði starfað sem vaktstjóri á einni af fjórum vöktum N. Þremur árum eftir ráðningu E skipti N um framkvæmdastjóra, ákvað að auglýsa fjórar stöður varðstjóra og leggja í staðinn niður störf vaktstjóra. E sótti um eitt þessara starfa. Henni var tilkynnt á fundi með framkvæmdastjóra að hún ætti að láta af störfum sem vaktstjóri og starfa framvegis sem almennur neyðarvörður. Aðrir vaktstjórar fengu þær varðstjórastöður sem þeir höfðu í raun gegnt. Þeir voru allir karlmenn. E var á ný boðuð til fundar við framkvæmdastjóra N og var henni tilkynnt að fyrrum undirmaður hennar sem var karlmaður yrði varðstjóri. E var ekki sátt við þessa tilhögun og endaði fundurinn svo að framkvæmdastjórinn afhenti henni uppsagnarbréf og afhenti E af því tilefni framkvæmdastjóranum uppsagnarbréf sitt. Af málsatvikum var talið ljóst að E hefði í raun orðið fyrir fjártjóni og með vísan til 24. gr., sbr. 28. gr. laga nr. 96/2000, var nægjanlega komið fram að það stafaði af því hvernig staðið var að umræddri ráðningu. N var því dæmt til greiðslu skaðabóta.

Í máli nr. 350/2004 krafðist aðaláfrýjandi m.a. bóta fyrir að hafa ekki verið ráðin í stöðu sem auglýst var af G. Með vali karlmanns í starfið taldi hún að brotinn hefði verið á sér réttur samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hæstiréttur féllst á með héraðsdómi að aðaláfrýjandi hefði ekki leitt líkur að því að henni hefði verið mismunað eftir kynferði við umrædda stöðuveitingu.

Í máli nr. 258/2004 sem varðaði meint launamisrétti komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að störf gagnáfrýjanda og þess karlmanns sem hún bar sig saman við hafi verið svo sambærileg að inntaki og ytri búnaði að henni hafi verið mismunað í kjörum hjá aðaláfrýjanda, A, í skilningi jafnréttislaga. A yrði að sýna fram á að svo hafi ekki verið gert á grundvelli kynferðis. A var ekki talinn hafa fært haldbær rök að því að markaðssjónarmið hafi átt að leiða til svo mismunandi kjara þegar litið væri til stöðu þessara starfa í stjórnkerfi A. Tókst A ekki að sanna að hlutlægar og málefnalegar ástæður hafi ráðið kjaramuninum, en mismunandi kjarasamningar gætu ekki réttlætt mismun starfskjara kvenna og karla í skilningi jafnréttislaga. Var því fallist á kröfu gagnáfrýjanda.

Frá því í desember 2001 hafa fallið þrír hæstaréttadómar er fjalla um skiptingu lífeyrisréttinda hjóna við fjárskipti þeirra er varða jafnrétti kynjanna í hjúskap.

Í máli nr. 253/2001 frá 18. desember 2001 var ekki fallist á kröfu konu um að fá andvirði helmings lífeyrissjóðseignar fyrrverandi eiginmanns síns í sinn hlut á grundvelli hjúskaparlaga. Þau höfðu verið í hjúskap í tæp 34 ár er þau slitu samvistum. Konan var 75% öryrki og hafði ekki unnið utan heimilis. Hafði hún séð um heimilið og börn þeirra. Maðurinn hafði unnið verka- og vélamannavinnu en hafði hætt störfum er hann varð 70 ára haustið 2000. Hæstiréttur gerði samanburð á tekjum málsaðila en tekjur mannsins voru ellilífeyrir hans og tekjur konunnar voru örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins. Taldi dómstóllinn að við mat á því hvort halda skyldi lífeyrisréttindum utan skipta þyrfti að líta heildstætt á aðstæður aðila eins og þær væru í raun. Var vísað til athugasemda við 2. mgr. 102. gr. frumvarps þess er varð að hjúskaparlögum þar sem tekið er fram að í einstaka tilviki kunni að reynast ósanngjarnt að halda persónubundnum réttindum utan skipta. Að mati Hæstaréttar þyrftu sérstakar ástæður að vera fyrir hendi til þess að slík réttindi kæmu undir skipti. Þótti ekki hafa verið

sýnt fram á að það hefði verið ósanngjarnt að halda lífeyrisréttindum mannsins utan skipta þrátt fyrir að hlutur konunnar í myndun áðurgreindra réttinda hefði verið umtalsverður.

Í máli nr. 170/2002 frá 26. apríl 2002 var hins vegar talið ósanngjarnt að halda lífeyrisréttindum utan skipta. Málsaðilar höfðu verið í samvistum í um 18 ár og þar af 15 í hjúskap. Konan hafði sinnt heimili þeirra hjóna ásamt uppeldi barna þeirra á samvistartímanum og hafði því nánast engra tekna aflað né lífeyrisréttinda á sambúðartímanum. Maðurinn var hins vegar í öruggri atvinnu, með háar tekjur og mundi að óbreyttu verða búinn að afla sér verulegra lífeyrisréttinda þegar hann næði 65 ára aldri. Þegar allar þessar aðstæður voru virtar taldi Hæstiréttur ósanngjarnt að lífeyrisréttindum mannsins væri haldið utan skipta. Við ákvörðun fjárhæðar þeirrar sem konan átti rétt á var litið til þess hagræðis af eingreiðslu hennar og skattfrelsi en Hæstiréttur taldi enn fremur að líta þyrfti til aldurs konunnar og þeirra kosta sem yrði að gera ráð fyrir að henni muni nýtast til öflunar eigin lífeyrisréttinda.

Þá kvað Hæstiréttur upp dóm í máli nr. 445/2002 þann 10. október 2002 þar sem niðurstaðan var sú að líta skyldi á hluta af lífeyrisréttindum mannsins sem hjúskapareign hans og skyldi því koma til skipta eftir almennum reglum við fjárslit milli hans og fyrrverandi konu hans. Í þessu máli var á sama hátt og í fyrri málum litið heildstætt til allra aðstæðna aðila málsins eins og þær voru í raun. Að því mati loknu þóttu ekki skilyrði til þess að maðurinn ætti að halda lífeyrisréttindum sínum með öllu utan skipta við fjárslitin.

Varlega ber að draga ályktanir út frá framangreindum dómum en fyrir liggur að íslenskir dómstólar hafa viðurkennt að í sérstökum tilvikum kunni að reynast ósanngjarnt að halda lífeyrisréttindum annars maka utan fjárskipta við skilnað. Kemur þetta álitaefni einkum til þegar annar makinn hefur verið heimavinnandi á samvistartíma hjóna.

## 1023. Svar [556. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um kærur í nauðgunarmálum.

Við vinnslu svars þessa óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum hjá ríkislögreglustjóra, sem aflaði upplýsinga í samvinnu við ríkissaksóknara. Embættin söfnuðu saman upplýsingum eins og kostur var.

Hjá embætti ríkislögreglustjóra liggja ekki fyrir eldri upplýsingar um fjölda kæra vegna brota gegn einstökum ákvæðum hegningarlaga, nr. 19/1940, en frá árinu 1999. Í töflum hér á eftir eru upplýsingar sem teknar hafa verið saman um ætluð kynferðisbrot og er greint frá forsendum við hverja töflu fyrir sig. Almennt ber þó að hafa í huga að miðað er við árið sem ætlað brot er kært til lögreglu sem er ekki endilega það sama og þegar brot var framið. Þannig geta brot hafa staðið yfir í lengri tíma í árum talið en enda sem eitt málsnúmer á því ári sem kæra berst eða rannsókn hefst. Þá ber að taka það fram að þær upplýsingar sem sem fram koma í töflnum taka einnig til brota gegn 197. og 198. gr. almennra hegningalaga.

1. *Hve margar kærur hafa borist lögreglu um brot gegn ákvæðum 194.–196. gr. almennra hegningarlaga á árabilinu 1990–2006, skipt eftir árum?*

Tafla 1 sýnir kynferðisbrot á landinu öllu 1999–2006 sem falla undir ákvæði 194.–198 gr. hegningarlaga. Þessar upplýsingar byggjast á ársskýrslum ríkislögreglustjórans og er miðað við fjölda skráðra brota í málaskrá.

**Tafla 1. Fjöldi kynferðisbrota á Íslandi 1999–2006 sem falla undir 194.–198. gr. almennra hegningarlaga.**

| Tilkynnt kynferðisbrot 1999–2005* | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kynferðisbrot, nauðgun (194. gr.) | 67 | 73 | 51 | 69 | 74 | 51 | 36 | 48 |
| Kynferðisbrot, ólögmæt nauðung (195. gr.) | 4 | 2 | 0 | 2 | 2 | 4 | 4 | 0 |
| Kynferðisbrot, misneyting (andlegir annmarkar, rænuleysi) (196. gr.) | 28 | 25 | 24 | 26 | 36 | 32 | 17 | 19 |
| Kynferðisbrot, misneyting (varúðarákvæði, trúnaðarbrot) (197. gr.) | 0 | 2 | 10 | 6 | 6 | 5 | 13 | 10 |
| Misnotkun, kynmök (frekleg misnotkun á aðstöðu) (1. mgr. 198. gr.) | 2 | 1 | 3 | 3 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| Kynferðisbrot, önnur kynferðisleg áreitni (2. mgr. 198. gr.) | 24 | 21 | 3 | 4 | 4 | 11 | 12 | 10 |
| **Alls** | **125** | **124** | **91** | **110** | **122** | **103** | **83** | **87** |

*Tölurnar fyrir árið 2006 eru bráðbirgðatölur

*2. Hve margar þeirra leiddu til ákæru og í hve mörgum málum var sakfellt?*

Í töflu 2. má sjá fjölda og afdrif mála sem heimfærð hafa verið undir 194.–198. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara á árunum 1999–2006.

**Tafla 2. Fjöldi mála sem heimfærð hafa verið undir 194.–198. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara 1999–2006.**

| Kynferðisbrot (194.–198. gr. hgl.)* | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Alls | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
| 1999 | 26 | 19 | 7 | 3 | 4 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2000 | 39 | 27 | 12 | 4 | 8 | 3 | 0 | 3 | 0 |
| 2001 | 29 | 18 | 11 | 5 | 6 | 6 | 1 | 5 | 0 |
| 2002 | 58 | 37 | 21 | 5 | 14 | 9 | 2 | 7 | 0 |
| 2003 | 65 | 49 | 16 | 11 | 5 | 4 | 1 | 3 | 0 |
| 2004 | 43 | 32 | 10 | 3 | 7 | 6 | 0 | 6 | 0 |
| 2005 | 52 | 32 | 19 | 8 | 9 | 5 | 0 | 3 | 2 |
| 2006** | 68 | 48 | 14 | 2 | 8 | 8 | 0 | 1 | 6 |
| **Alls** | **380** | **262** | **110** | **41** | **61** | **43** | **4** | **30** | **8** |

*Heimild: Ársskýrsla ríkissaksóknara 2004 og 2005

** Tölurnar fyrir árið 2006 eru bráðabirgaðtölur. Í einu máli var hluti felldur niður og ákært að hluta. Sjö mál eru enn í rannsókn.

Í töflu 1 er hvert brot talið sem eitt mál en í töflu 2 geta fleiri en eitt brot falist í hverju máli.

*3. Hversu mörg mál voru felld niður, m.a. skv. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála þar sem málið hefur ekki talist líklegt til sakfellingar, og hver er staða þeirra sem hafa verið kærðir?*

Í töflu2 kemur fram í öðrum dálki hve mörg mál hafa verið felld niður og hafa þau öll verið felld niður á grundvelli 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Varðandi réttarstöðu þeirra sem telja sig hafa verið ranglega kærðir er rétt að benda á XXI. kafla laga um meðferð opinberra mála, en sá kafli fjallar um bætur til þeirra sem sætt hafa ýmiss konar þvingunaraðgerðum í sambandi við opinbert mál en síðan reynst saklausir, svo og til þeirra sem saklausir hafa þolað refsidóm. Rétt er að taka fram að rangar sakargiftir varða viðkomandi refsingu skv. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sá sem borinn hefur verið röngum sökum á þess kost að koma fram bótakröfu í máli sem höfðað yrði á hendur sakaráberanum. Á undanförnum árum hafa fallið nokkrir dómar í héraði í málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir rangar sakargiftir í málum sem þessum. Í þeim málum var talið sannað að um vísvitandi rangar sakargiftir hefði verið um að ræða.

## 1024. Svar [580. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um fíkniefnahunda.

1. *Hversu margir fíkniefnahundar hafa verið í notkun árlega síðan árið 2000?*
2. *Hver er að meðaltali kostnaður við að þjálfa slíkan hund og árlegur rekstrarkostnaður hans?*
3. *Hafa stjórnvöld áform um að fjölga fíkniefnahundum við toll- og löggæslu?*

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum hjá ríkislögreglustjóra og safnaði embættið saman upplýsingum eins og kostur var. Einnig var aflað upplýsinga frá fangelsinu á Litla-Hrauni.

1. Í svari frá ríkislögreglustjóra kemur fram að fíkniefnaleitarhundar hjá lögregluembættunum hefðu verið fjórir talsins á árinu 2000. Ári seinna hafi þeim verið fjölgað í sjö en um þessar mundir, í febrúar 2007, eru þeir tíu. Nú stendur yfir þjálfun á tveimur hundum til viðbótar og eru bundnar vonir við að þeirri þjálfun ljúki í september n.k., eins og lagt var upp með. Verða fíkniefnaleitarhundar þá tólf talsins hjá hinum ýmsu lögregluembættum.

Samkvæmt upplýsingum frá fangelsinu á Litla-Hrauni fékk fangelsið einn fíkniefnarleitarhund 1. febrúar 2007, sem er ekki fullþjálfaður. Stefnt er að því að hundurinn verði fullþjálfaður í lok mars nk. og komi þá að fullum notum.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra fékk tollgæslan í Reykjavík sinn fyrsta fíkniefnaleitarhund árið 1991. Sá hundur var fenginn frá Danmörku og var hann einn í notkun til ársins 1998, þá var öðrum hundi bætt við og hafa tveir hundar verið í notkun hjá embættinu árlega frá 1998. Tollgæslan á Suðurnesjum var með tvo hunda í notkun árlega frá árinu 1997 til 2005 en þá bættist þriðji hundurinn við og eru þar þrír hundar í notkun núna. Tollgæsla annars staðar á landinu er ekki með fíkniefnaleitarhunda.

2. Áætlaður kostnaður við að koma upp þjálfuðum fíkniefnaleitarhundi er á aðra milljón króna.

Kostnaður við að reka slíkan hund getur verið breytilegur og fer þá nokkuð eftir því hvort lögreglumaður sá sem stýrir leitarhundi gegnir því í fullu starfi eða sinnir því meðfram öðrum störfum fyrir lögregluna. Rekstrarkostnaður á ári fyrir fullþjálfaðan fíkniefnaleitarhund er áætlaður um 800.000 kr. Launakostnaður umsjónarmanns er ekki tekinn inn í þessar áætlanir.

Ríkislögreglustjóri styrkir lögregluembættin á landsbyggðinni sem hafa leitarhund í sinni þjónustu með föstum mánaðarlegum greiðslum. Þá tekur embættið þátt í kostnaði sem leitt getur af aðstoð við lögregluumdæmi sem ekki hefur á að skipa leitarhundi, einkum þegar mál eru yfirgripsmikil og kostnaður getur orðið hár. Til að standa straum að þessum kostnaði hefur ríkislögreglustjóri fengið 3,5 millj. kr. fjárveitingu á ári. Lögreglustjórar hafa að mestu tekið annan kostnað á embætti sín.

Af því sem hér er rakið má ljóst vera að kostnaður sem leiðir af notkun fíkniefnaleitarhunda er mikill. Þá skiptir máli að vel sé vandað til verka á þessu sviði og hafa mörg atriði verið endurskoðuð og lagfærð á síðustu árum. Um fíkniefnaleitarhunda lögreglunnar gilda sérstakar reglur frá 2004. Þær eru nú í endurskoðun og hafa fengið umsögn lögreglustjóra og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Kröfur um val á hundum eru meiri en áður og framlag lögregluskólans til menntunar og þjálfunar skiptir hér miklu máli. Allt er þetta gert í því skyni að auka fíkniefnaeftirlit og styrkja lögregluembættin í þeirri baráttu með betur þjálfuðum leitarhundum og stjórnendum þeirra. Í reglum ríkislögreglustjóra um fíkniefnaleitarhunda lögreglunnar er gengið út frá því að öll lögregluumdæmi geti fengið fíkniefnaleitarhunda þegar á þarf að halda.

3. Ekki eru uppi áform um að fíkniefnaleitarhundum hjá lögreglu verði fjölgað umfram það sem kemur fram í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra hefur tollstjórinn í Reykjavík ákveðið að fjölga hundunum úr tveimur í þrjá og er þriðji hundurinn væntanlegur til landsins, frá Noregi, í byrjun sumars.

## 1025. Fyrirspurn [672. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslumyndir í sjónvarpi.

Frá Merði Árnasyni.

1. Greiðir Ríkisútvarpið fyrir sýningu fræðslumynda Landsvirkjunar um Kárahnjúkavirkjun í sjónvarpinu og ef svo er, hversu mikið fyrir hverja mynd?
2. Hver hefur verið kostnaður Ríkisútvarpsins við sýningu myndanna hingað til og hver er áætlaður heildarkostnaður samkvæmt áætlun um sýningu allra myndanna?
3. Telur ráðherra að gætt sé hlutlægni við gerð þessara fræðslumynda í samræmi við 2. og 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, 122/2000, og 4. og 5. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um um Ríkisútvarpið ohf.?

## 1026. Fyrirspurn [673. mál]

til menntamálaráðherra um greiðslur fyrir sýningarrétt hjá Ríkisútvarpinu.

Frá Merði Árnasyni.

1. Tók Ríkisútvarpið frumkvæði að því að stofnunin var bundin trúnaði um greiðslur fyrir sýningarrétt Formúlukappaksturs og Evrópukeppninnar í knattspyrnu 2008 (sbr. upplýsingar í þskj. 933 á þessu löggjafarþingi)?
2. Hversu lengi er sá trúnaður áskilinn?
3. Hvernig koma þessar greiðslur fram í reikningum Ríkisútvarpsins?
4. Um hvaða annan kostnað við einstaka dagskrárliði ársins 2006 eða innkaup á því ári ríkir trúnaður og hver tók frumkvæði að því skilyrði hverju sinni?

## 1027. Fyrirspurn [674. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um fjölda starfa í einstökum atvinnugreinum.

Frá Birgi Ármannssyni.

Hvaða breytingar hafa orðið á fjölda starfa í einstökum atvinnugreinum á tímabilinu frá ársbyrjun 1995 til ársloka 2006? Óskað er eftir sundurliðun eftir árum og gert ráð fyrir að miðað verði við atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar?

**Skriflegt svar óskast.**

## 1028. Nefndarálit [430. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Ólöfu Emblu Einarsdóttur frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Tillagan var sent út til umsagnar og bárust umsagnir frá Kauphöll Íslands, Samtökum fjárfesta, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005 frá 30. september 2005, um breytingu á IX. Viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í hann tilskip-

un Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB.

Tilskipunin mælir fyrir um samræmingu reglna um birtingu reglulegra og viðvarandi upplýsinga um útgefendur verðbréfa sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað. Samkvæmt tilskipuninni skal útgefandi gera reglulega opinberar tilteknar upplýsingar en það eru ársskýrsla, hálfsársuppgjör og skýrsla framkvæmdastjórnar. Þá er gert ráð fyrir viðvarandi upplýsingaskyldu um breytingar á yfirráðum yfir verulegum eignarhluta, atkvæðisrétti o.fl. Í tilskipuninni felst lágmarkssamræming á reglum en einstök ríki geta gert strangari kröfur.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi en lagafrumvarp þess efnis hefur enn ekki verið lagt fram á Alþingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Kristjánsson, varaform., frsm. | Össur Skarphéðinsson. | Jón Gunnarsson. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |

## 1029. Nefndarálit [573. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2006 frá 2. júní 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB.

Tilskipun 2005/68/EB gildir um sjálfstæðan rekstur endurtrygginga af hálfu endurtryggingafélaga sem aðeins stunda endurtryggingar og staðsett eru innan Evrópusambandsins og síðar Evrópska efnahagssvæðisins eftir að tilskipunin hefur verið felld inn í EES-samninginn og mælir fyrir um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að geta hafið rekstur endurtryggingafélags.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og þurfa nauðsynlegar breytingar að hafa tekið gildi eigi síðar en 10. desember 2007.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Kristjánsson, varaform., frsm. | Össur Skarphéðinsson. | Jón Gunnarsson. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | |

## 1030. Nefndarálit [431. mál]

um frv. til l. um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Árnason ráðuneytisstjóra, Val Árnason skrifstofustjóra og Helgu Þórisdóttur lögfræðing frá menntamálaráðuneyti, Ólaf Proppé rektor og Guðmund Ragnarsson framkvæmdastjóra frá Kennaraháskóla Íslands, Þórð Kristinsson, sviðstjóra kennslusviðs Háskóla Íslands, Rögnvald Ólafsson, dósent í raunvísindadeild Háskóla Íslands, Sigurð Örn Hilmarsson og Ásgeir Runólfsson frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Sigurð G. Ólafsson og Daníel Geir Moritz frá stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands, Torfa Hjartarson og Stefán Bergmann frá kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands, Gísla Sigurðsson frá Félagi háskólakennara við Háskóla Íslands, Gísla Má Gíslason, Þórólf Þórlindsson og Jón Torfa Jónasson frá Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Kennarasambandi Íslands, Ingu Dóru Sigfúsdóttur frá Háskólanum í Reykjavík og Ólaf Þ. Harðarson prófessor og Kristínu Ingólfsdóttur rektor frá Háskóla Íslands.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Háskóla Íslands, háskólaráði Kennaraháskóla Íslands, kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands, deildarráði grunndeildar Kennaraháskóla Íslands, stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands, Jóni Torfa Jónassyni prófessor, Háskólanum á Akureyri, Byggingafélagi námsmanna, Kennarasambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, deildarráði guðfræðideildar Háskóla Íslands, Félagi guðfræðinema við Háskóla Íslands, Félagi efna-, lífefna- og efnaverkfræðinema við Háskóla Íslands, deildarráði hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands, hagfræðideild Háskóla Íslands, tæknifnd Vísinda- og tækniráðs, Félagi háskólakennara og Félagi náms- og starfsráðgjafa.

Með frumvarpinu er lagt til að Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinist undir nafni Háskóla Íslands og að lögin taki gildi 1. júlí 2008. Fram að gildistöku laganna munu háskólarnir vinna að undirbúningi að sameiningu skólanna samkvæmt sérstakri sameiningaráætlun sem unnin var af starfshópi sem skipaður var af menntamálaráðherra og fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal I. Á fundum nefndarinnar hefur komið fram að starfshópnum sé m.a. ætlað að leggja fram tillögur um breytingar á deildar- og skoraskiptingu innan skólans. Í því sambandi ræddi nefndin um stöðu Kennaraháskóla Íslands innan Háskóla Íslands við fyrirhugaða sameiningu og meiri hlutinn leggur áherslu á að Kennaraháskóli Íslands öðlist þar sérstakan sess. Meiri hlutinn telur þó mikilvægt að starfshópurinn um skipulagsbreytingar innan Háskóla Íslands hraði störfum sínum eftir föngum svo að fyrir liggi sem fyrst hver

staða Kennaraháskóla Íslands og kennaramenntunar verði innan stjórnskipulags skólans eftir sameininguna.

Meiri hlutinn telur að margvíslegir kostir fylgi framangreindri sameiningu og má þar einkum nefna meginmarkmið frumvarpsins um að efla kennaramenntun. Samstarf og sérfræðiþekking nýtist báðum háskólunum og efli þar með og styrki starfsemi þeirra. Við sameininguna hafi háskólarnir þá tækifæri til að samþætta og skapa aukna möguleika fyrir rannsóknir á sviði uppeldis- og menntunarfræða. Því er ljóst að samlegðaráhrif verða mikil við sameiningu þessara háskóla.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 26. febr. 2007.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. Sigurrós Þorgrímsdóttir. Svanhvít Aradóttir.

Kjartan Ólafsson. Sæunn Stefánsdóttir.

# 1031. Frumvarp til laga [675. mál]

um breytingu á lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Rétt til að kalla sig sálfræðing hefur hver sá sem lokið hefur kandídatsprófi í sálfræði frá Háskóla Íslands. Ráðherra getur veitt þeim sem lokið hefur sambærilegu prófi í sálfræði frá öðrum háskóla leyfi til að kalla sig sálfræðing. Leita skal umsagnar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands og Sálfræðingafélags Íslands áður en slíkt leyfi er veitt.

2. gr.

2. gr. laganna verður svohljóðandi:

Rétt til að starfa við sálfræðilega greiningu og meðferð hefur:

1. hver sá sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
2. hver sá sem fengið hefur staðfestingu ráðherra á starfsleyfi í landi sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu, sbr. reglugerð nr. 244/1994.

Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. má einungis veita sálfræðingum sem uppfylla skilyrði 1. gr. og hafa lokið eins árs viðbótarstarfsnámi undir handleiðslu á viðeigandi stofnunum hér á landi eða erlendis samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum félagsvísindadeildar Háskóla Íslands og Sálfræðingafélags Íslands. Leita skal umsagnar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands og Sálfræðingafélags Íslands áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. er ráðherra heimilt að veita þeim sem uppfylla skilyrði 1. gr. og hafið hafa nám til kandídatsprófs í sálfræði, eða sambærilegs prófs, að loknu BA-prófi í sálfræði, fyrir gildistöku laga þessara, leyfi til að starfa við sálfræðilega greiningu og meðferð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samráði við Sálfræðingafélag Íslands og sálfræðiskor félagsvísindadeildar Háskóla Íslands.

Lög um sálfræðinga hafa að mestu verið óbreytt frá því að þau voru sett árið 1976, að öðru leyti en því að með lögum nr. 68/1988 komu inn ákvæði um leyfi til að kalla sig sérfræðing í sérgrein innan sálfræði og með lögum nr. 54/1996 voru málefni sálfræðinga flutt frá menntamálaráðuneytinu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Mikil breyting hefur orðið á menntun og starfsþjálfun sálfræðinga frá því að lögin voru sett, m.a. var tekið upp nám til embættisprófs í sálfræði við Háskóla Íslands árið 1999 og löngu tímabært að breyta löggjöf til samræmis við það. Einnig hafa orðið miklar breytingar á þeim kröfum sem gerðar eru til sálfræðinga annars staðar á Norðurlöndum. Í því sambandi er bent á að í gildi er samningur milli Norðurlandanna þar sem kveðið er á um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum sálfræðinga og því eðlilegt að gera svipaðar kröfur hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Hér er því lagt til að kröfur til þeirra sem starfa við sálfræðilega greiningu og meðferð verði samræmdar þeim kröfum sem gerðar eru annars staðar á Norðurlöndum og er þar einkum horft til Danmerkur.

Samkvæmt núgildandi lögum mega þeir einir kalla sig sálfræðinga sem fengið hafa til þess leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og má einungis veita leyfi þeim sem lokið hafa kandídatsprófi í sálfræði eða öðru hliðstæðu prófi. Lagt er til að þetta verði óbreytt að öðru leyti en því að þeir sem hafa lokið kandídatsprófi í sálfræði frá Háskóla Íslands öðlast við það rétt til að kalla sig sálfræðinga, en þeir sem lokið hafa sambærilegu prófi í sálfræði frá öðrum háskóla þurfa hins vegar, eins og áður, að sækja um leyfi til að mega kalla sig sálfræðing. Meginbreytingin felst hins vegar í því að sækja þarf um leyfi til að mega starfa við sálfræðilega greiningu og meðferð og það leyfi má einungis veita þeim sálfræðingum sem hafa lokið eins árs viðbótarstarfsnámi undir handleiðslu á viðeigandi stofnunum, samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Hér er því skilið á milli réttar til að kalla sig sálfræðing og réttar til að starfa við sálfræðilega greiningu og meðferð. Með þessu eru kröfur til þeirra sem leyfi hafa til að starfa sem sálfræðingar samræmdar þeim kröfum sem almennt eru gerðar í nágrannalöndum okkar og stefnu og samþykktum Evrópusamtaka sálfræðingafélaga (EFPA).

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lagt til að þeim sem lokið hefur kandídatsprófi í sálfræði frá Háskóla Íslands sé heimilt að kalla sig sálfræðing. Þeir þurfi því ekki að sækja sérstaklega um leyfi til þess, eins og nú er. Þeir sem lokið hafa hliðstæðu prófi frá öðrum háskólum þurfa hins vegar, eins og nú, að sækja um leyfi ráðherra til að mega kalla sig sálfræðing, enda þarf þá að meta hvort um hliðstætt próf er að ræða.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að sækja þurfi um leyfi til að mega starfa við sálfræðilega greiningu og meðferð og að leyfið megi einungis veita sálfræðingum sem lokið hafa eins árs viðbótarstarfsnámi. Með þessu er lagt til að starfssvið sálfræðinga verði lögverndað, en jafnframt gerðar auknar kröfur til þeirra sem öðlast rétt til að starfa sem sálfræðingar. Þetta er í samræmi við almennar kröfur sem Evrópusamtök sálfræðingafélaga (EFPA) gera um sálfræðinám, þ.e. að námið skiptist í þriggja ára grunnám (BA-nám), tveggja ára framhaldsnám (MA-nám) og eins árs starfsréttindanám. Í Svíþjóð er gerð krafa um eins árs starfsréttindanám að loknu sálfræðiprófi (fimm ára námi) sk. „praktist tjänstgöring for psykologlegitimation" eða PTP. Í Danmörku er gerð krafa um tveggja ára starfsréttindanám að loknu cand. psych. námi (fimm ára námi). Í Noregi er eins árs starfsréttindanám innifalið í háskólanámi sálfræðinga sem samanlagt er sex ár.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ekki þykir rétt að auknar kröfur til þeirra sem hljóta leyfi til að starfa sem sálfræðingar taki til þeirra sem hafið hafa nám til cand. psych. eða sambærilegs prófs fyrir gildistöku laganna.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að þeir sem hafa lokið kandídatsprófi í sálfræði frá Háskóla Íslands öðlist við það rétt til að kalla sig sálfræðinga. Þeir sem hafa lokið kandídatsprófi eða sambærilegu prófi í sálfræði frá öðrum háskólum þurfa áfram að hafa til þess leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Til að mega starfa við sálfræðilega greiningu og meðferð þarf hins vegar leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og það verður einungis veitt þeim sálfræðingum sem hafa lokið eins árs viðbótarstarfsnámi undir handleiðslu á viðeigandi stofnun. Þetta er í samræmi við kröfur sem gerðar eru annars staðar á Norðurlöndum og einkum í Danmörku. Til að starfa sem klíniskur sálfræðingur þurfa sálfræðingar eftir sem áður að hafa sérfræðileyfi í klíniskri sálfræði, sbr. reglugerð nr. 158/1990 um sérfræðileyfi sálfræðinga. Til þess að fá slíkt leyfi þurfa sálfræðingar m.a. að hafa lokið framhaldsnámi auk langrar starfsþjálfunar.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

# 1032. Svar [596. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*

Í dóms- og kirkjumálaráðuneyti hefur markvisst verið unnið að því að efla og styrkja sýslumannsembætti utan höfuðborgarsvæðisins. Verkefni hafa þegar verið flutt frá ráðuneytinu til sýslumannsembætta, sbr. meðal annars heimildir í nýsamþykktum lögum um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembætta, nr. 143 15. desember 2006, sem gildi tóku 1. janúar 2007. Eins og sjá má af eftirfarandi töflu er um töluverðan fjölda verkefna að ræða.

| Verkefni | Umfang | Staðsetning |
|---|---|---|
| Útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs | Ritstjóri: 30% starf<br>Ritstjórnarfulltrúi: 1 staða | Útgáfa Lögbirtings hefur verið flutt til Víkur (1. jan. 2007) |
| Innheimta sekta og sakarkostnaðar | Alls 11 stöður eru við innheimtumiðstöðina | Innheimtumiðstöð hefur verið komið á fót á Blönduósi (2006) |
| Fullnusta norrænna refsidóma | | Hjá innheimtumiðstöðinni á Blönduósi (2006) |
| Framleiðsla vegabréfa | 5 stöður | Hjá sýslumanninum í Keflavík (2006) |
| Málefni bótanefndar | Formaður: 15% starf<br>Starfsmaður: 1 staða | Hjá sýslumanninum á Siglufirði (2006) |
| Ættleiðingaleyfi | 80% starf | Hjá sýslumanninum í Búðardal (1. jan. 2007) |
| Kaupmálaskrá | 5% starf | Hjá sýslumanni Snæfellinga (1. jan. 2007) |
| Löggilding fasteignasala | 30% starf | Hjá sýslumanninum í Hafnarfirði (1. jan. 2007) |
| Staðfesting skipulagsskráa og eftirlit með sjóðum | 25% starf lögfræðings | Hjá sýslumanninum á Sauðárkróki (1. jan. 2007) |
| Happdrættisleyfi<br>Eftirlit með spilakössum | Að minnsta kosti 20% starf | Hjá sýslumanninum á Hvolsvelli (1. jan. 2007) |
| Útgáfa leyfa og eftirlit með útfaraþjónustum | 5% starf | Hjá sýslumanninum á Hólmavík (1. jan. 2007) |
| Dómtúlkar og skjalaþýðendur, löggilding | 5% starf | Hjá sýslumanninum á Hólmavík (1. jan. 2007) |

2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Framangreindur flutningur á verkefnum frá ráðuneytinu til sýslumanna þykir hafa tekist vel. Hefur stjórnsýslustigi verið bætt við afgreiðslur mála í þessum málaflokkum og horfir það til aukins réttaröryggis. Auk þess hefur upplýsingatækni fleygt fram og því er ekki loku fyrir það skotið að flytja megi fleiri verkefni frá ráðuneyti til sýslumanna. Hefur því verið ákveðið að ráðast í enn frekari skoðun á því hvaða önnur verkefni þykja til þess fallin að færa til sýslumannsembætta á landsbyggðinni.

## 1033. Svar [454. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur um forsendur og framkvæmd sölu Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg.

1. *Hvaða forsendur lágu til grundvallar ákvörðun stjórnvalda um að selja Heilsuverndarstöðina við Barónstíg? Við hvaða gögn var stuðst þegar ákvörðun um sölu var tekin?*

Heilsuverndarstöðin var hönnuð á árunum 1947 til 1949 fyrir ýmiss konar heilsugæslu- og heilsuverndarstafsemi eins og hún var þá unnin og skipulögð. Bygging hússins hófst 1950 og byrjað var að nýta það 1953 en framkvæmdum lauk 1958.

Reykjavíkurborg átti 60% hlut í Heilsuverndarstöðinni og ríkissjóður 40%. Hins vegar hefur Reykjavíkurborg lítil afnot haft af húsinu síðan um 1990 og ekki haft af því neinar leigutekjur. Síðastliðinn áratug hafa fulltrúar Reykjavíkurborgar af og til óskað eftir því að ríkissjóður keypti hlut borgarinnar í húsinu. Að öðrum kosti hefur borgin óskað eftir að húsið yrði selt á frjálsum markaði. Í þeim tilgangi hafa verði fengnir sérfræðingar til að meta söluverð hússins, ástand þess og kostnað við viðhald.

Á þessum árum hefur oft verið kannað hvernig nota mætti Heilsuverndarstöðina fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og stofnanir þess, þar á meðal stjórnsýslu heilsugæslunnar, landlæknisembættið, héraðslækninn í Reykjavík, ýmsar forvarnarstofnanir, þ.m.t. Lýðheilsustöð, eftirlitsmiðstöðvar heilsugæslunnar, hjúkrunarheimili eða læknavaktina. Samhliða þessu hefur kostnaður við nauðsynlegar breytingar sem fylgdu þessari fyrirhuguðu breyttu notkun verið metinn. Þrátt fyrir alla þessar tilraunir til að nýta Heilsuverndarstöðina varð niðurstaðan sú að ekki var talið hagkvæmt að nýta húsið, m.a. vegna mikils kostnaðar við nauðsynlegar endurbætur og breytingar og var talið betra að leysa húsnæðismál viðkomandi stofnana með öðrum hætti.

Í lok maí 2005 náðist samkomulag milli Reykjavíkurborgar og ríkisins um makaskipti á ýmsum fasteignum sem verið höfðu í notkun á vegum annars aðilans, en eign hins. Einn liður í þessu samkomulagi var að Heilsuverndarstöðin skyldi seld eigi síðar en fyrir árslok 2006.

2. *Hafði farið fram mat á húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar og hver kostnaður yrði við endurbætur og viðgerðir ef starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins yrði áfram þar til húsa?*
3. *Ef slíkt mat var gert, hver var niðurstaðan varðandi umfang og kostnað? Ef svo var ekki, hver ber ábyrgð á að það var ekki gert? Telur ráðherra að slíkt mat hefði gagnast áður en söluferlið var hafið og leit hafin að nýju húsnæði?*

Eins og sagði hér að framan hafa sérfræðingar verið fengnir til að meta verðmæti hússins á liðnum árum og kostnað við viðhald og breytingar eftir þeim forsendum sem fyrir lágu hverju sinni. Sem dæmi má geta ítarlegs mats sem unnið var 1995. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að söluverð hússins á almennum fasteignamarkaði væri um 570 millj. kr. framreiknað með byggingarvísitölu til verðlags í desember 2006. Hins vegar töldu sérfræðingarnir að svokallað endurstofnverð (þ.e. kostnaður við að byggja alveg eins hús í dag) væri um 1.460 millj. kr. sem svarar til um 330 þús. kr. á hvern m². Þetta er um 40–50% dýrara en nú kostar að byggja nýtt skrifstofuhús. Í flestum þeim matsgerðum sem unnar hafa verið á liðnum árum hefur niðurstaðan verið að kaupverð Heilsuverndarstöðvarinnar yrði að vera fremur lágt ef kostnaður við viðgerðir og breytingar hússins ætti ekki að verða mun hærri en bygging nýs húss.

Áður en Heilsuverndarstöðin var boðin til sölu sumarið 2005 létu eigendur hússins tvo fasteignasala meta líklegt söluverð hússins og töldu þeir það vera um 665 millj. kr. miðað við þáverandi ástand hússins ef langtímaleigusamningur, t.d. við heilsugæsluna, fylgdi með í kaupunum. Auk þess gætu fengist um 45 millj. kr. fyrir byggingarétt sem fylgdi Heilsuverndarstöðinni eða samtals 710 millj. kr. Ef langtímasamningurinn fylgdi ekki með í kaupunum, sem varð raunin, yrði söluverðið lægra.

Eins og áður hefur verið sagt er kominn tími til að vinna margs konar endurbætur og viðgerðir á Heilsuverndarstöðinni enda húsið orðið um 50 ára gamalt. Það er reynsla ríkissjóðs af ýmsum verkum og endurbótum og endurbyggingu eldra húsnæðis að þau geta orðið mjög dýr. Miðað við reynslutölur úr þeim verkum má ætla að viðhalds- og viðgerðarkostnaður Heilsuverndarstöðvarinnar hefði getað kostað ríkissjóð 600–800 millj. kr. á núverandi verðlagi.

Heildarverð hússins hefði þannig orðið 710 millj. kr. (matsverð hússins með langtímasamningi) að viðbættum viðgerðarkostnaði 600–800 millj. kr., eða samtals 1.300–1.500 millj. kr., um 300–340 þús. kr á hvern m$^2$. Af þessari upphæð átti ríkissjóður um 280 millj. kr. með eignarhlut sínum (40%) í Heilsuverndarstöðinni.

4. *Voru makaskipti milli borgar og ríkis reynd til þrautar? Um hvað var deilt og hvers vegna var málið ekki sett til úrlausnar í matsnefnd? Hver tók endanlega af skarið um að sættir næðust ekki um viðunandi makaskipti?*

Fjármálaráðuneytið fer með kaup og sölu fasteigna ríkisins, en að öðru leyti vísast til svars við 1. lið fyrirspurnarinar.

5. *Telur ráðherra að slíkt mat hefði gagnast áður en söluferlið var hafið og leit hafin að nýju húsnæði?*

Eins og kemur fram í svari við 2. og 3. lið fyrirspurnarinnar var slíkt mat gert.

6. *Hver var hreinn hagnaður ríkisins af sölu Heilsuverndarstöðvarinnar og hvar er hann bókfærður?*

Hlutur ríkissjóðs í söluandvirði Heilsuverndarstöðvarinnar að frádreginni þóknun til fasteignasala varð 388 millj. kr. og hann er bókfærður sem ríkistekjur.

## 1034. Svar [452. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur um Miðstöð mæðraverndar.

1. *Hvernig sundurliðast kostnaður við endurbætur á húsnæði Miðstöðvar mæðraverndar í Heilsuverndarstöðinni og aðrar endurbætur á húsinu frá og með árinu 2000 og hver var heildarkostnaðurinn við þær?*

Unnið var að framkvæmdum árin 1999–2006. Á meðfylgjandi töflu er kostnaður sundurliðaður á verðlagi hvers árs. Heildarkostnaður var 59,4 millj. kr.

| | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Viðgerð frárennslislagna | 11,3 | 12,9 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 24,2 |
| Kostnaður við Miðstöð mæðraverndar | 17,0 | 1,7 | 13,9 | 0 | 2,6 | 0 | 0 | 0 | 35,2 |
| **Samtals** | **28,3** | **14,6** | **13,9** | **0** | **2,6** | **0** | **0** | **0** | **59,4** |

Stór hluti þeirra framkvæmda sem unnin var á umræddu tímabili, þ.e. bæði viðgerð frárennslislagna og lagfæring á húsnæði mæðraverndar, laut að almennu og nauðsynlegu viðhaldi hússins. Því má ætla að kostnaðurinn hafi skilað sér í hærra söluverði húsnæðisins.

2. *Reyndu stjórnvöld að koma í veg fyrir þá upplausn starfseminnar sem nú er orðin?*

Það er ekki mat ráðuneytisins að upplausn hafi orðið á umræddri starfsemi. Stefna heilbrigðisyfirvalda er sú að veita íbúum sem mesta þjónustu á hverfastöðvum heilsugæslunnar. Það er því í samræmi við stefnu heilbrigðisyfirvalda að þjónusta við konur í eðlilegri meðgöngu fari fram þar. Áhættumeðganga er hins vegar í eðli sínu viðfangsefni Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þegar ákveðið var að áhættumeðgöngu yrði sinnt í húsnæði Miðstöðvar mæðraverndar í Heilsuverndarstöðinni var sú ákvörðun ekki síst tekin til að mæta húsnæðisvanda kvennadeildar LSH. Við flutning glasafrjóvgunar frá kvennadeildinni losnaði um húsnæði og þá var eðlilegt að flytja þjónustu við konur í áhættumeðgöngu aftur á LSH. Þær breytingar á þjónustu sem gerðar hafa verið lofa góðu og vel gengur að veita verðandi mæðrum þjónustu með þeim hætti sem lýst hefur verið.

3. *Var þjónustu Miðstöðvar mæðraverndar að einhverju leyti ábótavant í Heilsuverndarstöðinni, að mati ráðherra? Ef svo er, þá að hvaða leyti? Ef ekki, af hverju var ráðist í þá vinnu að skipuleggja nýtt húsnæði fyrir starfsemina í Mjóddinni?*

Þjónusta mæðraverndar í Heilsuverndarstöðinni var góð að mati ráðherra. Í því felst þó ekki að henni megi ekki breyta, enda hefur verið stefnt að því um nokkurra ára skeið að flytja mæðravernd í vaxandi mæli á heilsugæslustöðvarnar. Þegar fyrir lá að Heilsuverndarstöðin yrði seld og starfsemi heilsugæslunnar flutt þaðan var ljóst að skynsamlegt væri að endurskipuleggja mæðraverndina, skipuleggja húsnæðið í Mjódd fyrir hluta hennar, endurnýja húsnæði á LSH fyrir áhættumeðgöngur og tryggja aðstöðu á heilsugæslustöðvum eftir þörfum fyrir verðandi mæður í eðlilegri meðgöngu.

4. *Hvað kostuðu endurbætur á húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúsi fyrir móttöku kvenna í áhættuþungun? Í ljósi bágrar fjárhagsstöðu spítalans, hvaðan kom það fjármagn?*

Við flutning glasafrjóvgunardeildarinnar frá LSH losnaði rými á kvennadeild sjúkrahússins. LSH hefur gert ýmsar breytingar til að nýta þetta húsnæði sem best, m.a. fært saman göngudeildir og móttökur sem að hluta til hafa verið inni á legudeildum kvennasviðs. Fyrir móttöku kvenna í áhættuþungun voru endurinnréttuð þrjú skoðunarherbergi og ein snyrting sem hluti af þessari sameiginlegu móttöku. Heildarkostnaður við breytingar á húsnæði og lagfæringar með tilliti til brunavarna var um 2 millj. kr. Þá þurfti að kaupa tvo skoðunarbekki sem kostuðu samtals um 400 þús. kr. Fjárframlag til þessa verkefnis var tekið af viðhalds- og tækjakaupafé LSH.

5. *Er þessi meðferð á opinberu fé ásættanleg að mati ráðherra? Ef ekki, hver ber ábyrgðina?*

Eins og ljóst má vera af framangreindum upplýsingum og þeirri staðreynd að húsnæðiskostnaður við núverandi húsnæði er lægri en ef húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar hefði verið notað áfram er þessi meðferð á opinberu fé eðlileg. Það er viðfangsefni stjórnvalda að tryggja að kostnaði við húsnæði fyrir opinbera þjónustu sé haldið innan skynsamlegra marka.

## 1035. Svar [453. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um húsnæði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

1. *Hefur farið fram þarfagreining á starfsemi, framtíðaruppbyggingu og húsnæðismálum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem sett var á laggirnar um mitt ár 2005, sérstaklega hvað varðar stjórnsýslu hennar og miðlæga þjónustu?*

Hér mun væntanlega átt við húsnæðislýsingu sem ævinlega er gerð áður en leitað er eftir nýju húsnæði fyrir stofnun. Vinna við gerð þessarar húsnæðislýsingar hófst um miðjan nóvember 2005, en undirbúningur hennar fólst m.a. í úttekt á stjórnsýslu heilsugæslunnar og ýmiss konar gagnasöfnun í ráðuneytinu (sjá svar við næstu spurningu).

2. *Ef svo er, hvenær fór sú þarfagreining fram, hverjir tóku þátt í henni, hvaða gögn liggja fyrir eftir þá greiningu og hver var niðurstaða hennar?*

Eins og áður sagði hófst þessi vinna af fullum krafti um miðjan nóvember 2005. Þessi undirbúningsvinna var í eðli sínu sú sama og unnin hafði verið tvívegis með Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við undirbúning á leigu húsnæðis fyrir heilsugæslustöðvar í Heima- og Vogahverfi og í miðbæ Kópavogs. Þá var hins vegar verið að leita að húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar sem heyra undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og stýrðu stjórnendur hennar því gangi verksins með ráðgjafa sínum. Við þessa vinnu varð til gagnleg reynsla sem nýttist við áframhaldandi vinnu. Í því tilviki sem hér um ræðir átti Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins sjálf hlut að máli, sem undirstofnun ráðuneytisins, og því eðlilegt að ráðuneytið stýrði sjálft þessu verki.

Í samráði við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins réð ráðuneytið arkitekt til ráðgjafar um þær kröfur sem gera þyrfti til væntanlegs húsnæðis með tilliti til skipulags þess, herbergjastærða og annarra krafna. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins lagði fram upplýsingar um þáverandi fjölda starfsmanna og starfsstöðva ásamt áætlun um væntanlega fjölgun þeirra á næstu árum. Ritun og frágangur húsnæðislýsingar var unnin sameiginlega af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og heilsugæslunni með aðstoð ráðgefandi arkitekts.

Fyrirliggjandi gögn að lokinni þessari vinnu og niðurstaða hennar er húsnæðislýsingin, og var hún lögð til grundvallar auglýsingu eftir húsnæði. Húsnæðislýsingin er til m.a. í ráðuneytinu, hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og hjá Ríkiskaupum.

Gerð húsnæðislýsingar lauk um miðjan janúar og var þá aflað heimildar til að auglýsa eftir húsnæði sem gert var 6. febrúar 2006.

3. *Hvað gerðu stjórnvöld til að tryggja áframhaldandi starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Heilsuverndarstöðinni þegar sala hússins var ákveðin?*

Samkvæmt gildandi lögum þarf að auglýsa á almennum markaði eftir húsnæði ef ætlunin er að finna heppilegt fullbyggt húsnæði fyrir opinbera starfsemi og taka það á leigu. Nauðsynlegum undirbúningi vegna auglýsingarinnar er lýst í svari við 2. spurningu hér að framan.

4. *Var rætt til þrautar við nýjan eiganda hússins um hvort möguleiki væri á samkomulagi þegar lá ljóst fyrir að húsnæðið sem var í boði var ekki hentugt og uppfyllti ekki kröfur í auglýsingu um að starfsemi heilsugæslunnar yrði undir einu þaki og að það lægi á útkanti þess svæðis sem var tilgreint í auglýsingu?*

Eins og áður sagði var undirbúningur að auglýsingu eftir leiguhúsnæði fyrir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafinn síðla árs 2005.

Alls bárust fjögur svör við auglýsingunni, tvö þeirra voru boð um leigu á húsnæði sem þá var enn óbyggt. Hin svörin tvö voru tilboð frá Landsafli hf. um húsnæði í Mjódd og frá Markhúsi ehf. um leigu á Heilsuverndarstöðinni. Rætt var við báða þessa bjóðendur en leiguverð í tilboði Landsafls var hagstæðara en boð Markhúsa.

Í tilboði Landsafls fólst leiga á skrifstofuhúsnæði í Álfabakka 16 sem fyrirtækið átti og boð um að finna heppilegt húsnæði fyrir miðstöðvarnar. Ákveðið var að kanna frekar hvað Landsafl gæti boðið. Þegar fyrir lá að til viðbótar skrifstofuhúsnæði í Álfabakka 16 gæti Landsafl boðið húsnæði á 2. hæð í Þönglabakka 1 fyrir miðstöðvar mæðraverndar og heilsuverndar barna var ákveðið að ganga til samninga við Landsafl um leigu á húsnæði fyrir Heilsugæsluna enda var talið að þar með fengist hagkvæm heildarlausn á húsnæðismálum heilsugæslunnar sem fullnægt gæti öllum kröfum sem settar voru fram í húsnæðislýsingunni.

Húsnæðið í Mjódd er nokkuð nálægt því að vera miðsvæðis á þjónustusvæði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem nær sunnan úr Hafnarfirði, upp á Kjalarnes og út á Seltjarnarnes. Húsnæðið í Mjódd er skammt frá aðalsamgönguleiðum um svæðið án þess þó að þar verði truflun af umferðarhávaða. Þó að húsnæðið sé í tveimur húsum með mismunandi götuheitum eru bæði húsin ásamt nokkrum öðrum tengd saman með yfirbyggðri göngugötu. Fyrir í þessum húsum var miðstöð heimahjúkrunar ( í Álfabakka 16 ) og Heilsugæslustöðin í Mjódd. Þá reka einkaaðilar þar m.a. stóra sérfræðilæknastöð, röntgen- og blóðrannsóknarstofur og þrjú apótek. Við enda göngugötunnar er ein af aðalskiptistöðvum Strætós bs. og allt umhverfis húsin eru rúmgóð bílastæði.

5. *Hverjir eru eigendur þess húsnæðis sem tekið var á leigu, þ.e. hvaða aðilar standa að Landsafli sem er leigusali?*

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um hverjir eru eigendur fyrirtækja á hlutabréfamarkaði á hverjum tíma

6. *Var arkitektinn, sem vann að skipulagi nýja húsnæðisins, ráðinn á vegum hins opinbera eða leigusala? Ef hann var ráðinn á vegum hins opinbera, er umfang og kostnaður verkefnisins þess eðlis að bjóða hefði það út á almennum markaði í samræmi við reglur um opinberar framkvæmdir?*

Arkitektinn var eins og áður sagði ráðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Áætlaður kostnaður við vinnu arkitekts við gerð húsnæðislýsingar var undir viðmiðunarmörkum um útboðsskyldu þjónustu og hefur sú áætlun staðist.

## 1036. Svar [455. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur um flutnings- og leigukostnað Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

1. *Hvað kostaði flutningur Heilsuverndarstöðvarinnar og hvað er talið að sú truflun sem orðið hefur á starfseminni hafi kostað?*

Kostnaður við flutning allrar starfseminnar í Mjódd var sem hér segir (í millj kr.):

| | |
|---|---|
| Flutningskostnaður | 4,5 |
| Endurnýjun búnaðar og tækja | 37,5 |
| Símkerfi, gluggatjöld, merkingar | 7,0 |
| Ráðgjafarvinna, umsjón og eftirlit Framkvæmdasýslu ríkisins | 9,4 |
| **Samtals** | **58,4** |

Að mati forstjóra Heilsugæslunnar gæti truflun á starfsemi hennar hafa jafngilt stöðvun í u.þ.b. hálfan mánuð en erfitt er að meta kostnað vegna þess.

2. *Hver greiðir kostnað við nauðsynlegar breytingar á nýja húsnæðinu? Hver var heildarkostnaður við þær breytingar, sem og kostnaður fasteignasala, kostnaður við vinnu arkitekts og allur annar kostnaður við nýtt húsnæði? Nákvæm sundurliðun á kostnaði óskast.*

Í samræmi við ákvæði í húsnæðislýsingu er húsnæðið tekið á leigu fullinnréttað. Öll vinna við innréttingu húsnæðisins var unnin á kostnað leigusala og bókfærð þar. Upplýsingar um þá kostnaðarliði sem hér er spurt um eru því ekki hjá heilbrigðisráðuneytinu.

3. *Hversu mikill verður kostnaður ríkisins við hið nýja húsnæði næstu tíu árin?*

Umsamin leiga fyrir allt húsnæði sem tekið hefur verið á leigu í Mjódd, þ.e. í Álfabakka 16 og Þönglabakka 1 er 6.757.730 kr. á mánuði með virðisaukaskatti. Þar af er 767.000 kr. á mánuði vegna húsnæðis miðstöðvar heimahjúkrunar. Leigugjaldið er verðbætt miðað við vísitölu neysluverðs, grunnvísitölu 255,2 í maí 2006. Eins og venja er í leigusamningum ríkisins greiðir leigusali allt viðhald utan húss og í sameign en leigutaki greiðir viðhald innan húss, svo og venjulegan rekstrarkostnað hússins. Þar sem allt húsnæðið í Mjóddinni er ýmist nýinnréttað eða hefur fengið gagngerar endurbætur þarf ekki að reikna með að viðhaldskostnaður innan húss verði umtalsverður næstu tíu ár.

Í þessu samhengi má benda á að ef Heilsuverndarstöðin hefði verið keypt og nýtt áfram hefði auk kaupverðs hússins þurft að greiða kostnað við viðhald og endurbætur þess (sjá svar heilbrigðisráðherra við 2. spurningu á þskj. 1033). Auk þess hefði kostnaður við flutning og vegna röskunar á starfsemi orðið a.m.k. helmingi hærri en við flutninga í Mjódd, þar sem annaðhvort hefði þurft að flytja starfsemina í bráðabirgðahúsnæði meðan framkvæmdir stæðu yfir og síðan til baka aftur eða flytja starfsemina innan húss og vinna viðhaldsverkin í minni og óhagkvæmari smáverkum. Þá hefði viðhaldskostnaður utan húss á komandi árum allur fallið á þetta verkefni svo og greiðslur fasteignaskatta.

4. *Hvert var upphaflegt tilboð leigusala og endanleg niðurstaða á leiguverði á hvern fermetra eftir endurbætur á húsnæðinu? Hver er árlegur leigukostnaður?*

Upphaflegt tilboð leigusala hljóðaði upp á 1.120 kr. á m² með virðisaukaskatti í grunnleigu auk hækkunar á leigu vegna breytinga á innréttingu húsanna samkvæmt óskum leigutaka. Þessi hækkun leigu var reiknuð í samræmi við þær reglur sem settar voru í húsnæðislýsingu. Endanlegt leiguverð varð 1.534 kr./m² með virðisaukaskatti.

Það húsnæði sem tekið var á leigu í húsunum tveimur er samtals 4.405,3 m². Þar er meðtalið húsnæði miðstöðvar heimahjúkrunar. Árlegur leigukostnaður með virðisaukaskatti er 81,1 millj. kr., þar af 9,2 millj. kr. á mánuði vegna húsnæðis miðstöðvar heimahjúkrunar.

5. *Hvaða áhrif hefur nýtilkominn leigukostnaður á fjárlagaramma Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, hefur hann verið aukinn sem leigukostnaði nemur eða er henni ætlað að borga leiguna að hluta eða öllu leyti innan fyrri fjárlagaramma, að teknu tilliti til verðbólgu? Nákvæmar fjárhæðir óskast tilgreindar.*

Rekstrargrunnur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var hækkaður um 70 millj. kr. í fjárlögum 2007 til að standa undir kostnaði vegna húsaleigu í Mjóddinni fyrir starfsemi stofnunarinnar sem áður var starfrækt í Heilsuverndarstöðinni.

6. *Hversu langur er leigutíminn og er leigusamningurinn uppsegjanlegur?*

Leigusamningur gildir til 31. ágúst 2026 og er óuppsegjanlegur á leigutímanum.

## 1037. Svar [456. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur um tengsl heilsugæslunnar við nýtt þekkingarþorp í Vatnsmýrinni.

1. *Á hvern hátt vilja stjórnvöld tryggja og styrkja fagleg tengsl Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og þess þekkingarþorps sem er að rísa í Vatnsmýrinni?*

Nú er áformað að reisa þekkingarþorp eða vísindagarða á vegum Háskóla Íslands á lóð háskólans í Vatnsmýrinni. Ekki hefur verið rætt um að stjórnvöld styrki sérstaklega fagleg tengsl Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og þekkingarþorpsins. Slíkt samstarf verður ákvörðun þeirra fyrirtækja og stofnana sem þar munu rísa en ekki er ljóst hverjar þau verða.

Eigi þingmaður með orðinu þekkingarþorp við uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss og Háskóla Íslands og tengdra stofnana, m.a. rannsóknastofnana, á lóðinni við Hringbraut gegnir öðru máli. Stjórnvöld telja mikilvægt að heilsugæslan eigi sem best og mest fagleg tengsl við þessar stofnanir og geta þau m.a. verið í formi samninga eins og nú er raunin. Gildandi samningar Háskóla Íslands og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins leggja góðan grunn að slíku samstarfi og eru stjórnvöld hlynnt slíkri samningsgerð og hvetja til framhalds þeirrar vinnu.

2. *Telur ráðherra það samrýmast eðlilegum vinnubrögðum að um leið og eitt sjúkrahús (í Fossvogi) og rannsóknarstofa (Keldur) eiga að flytjast inn á hið nýja svæði, þá sé miðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, og þar með sú stærsta á landinu, flutt burtu frá því sama svæði, án umræðu um hvort heilsugæslan eigi heima í slíku þekkingarþorpi?*

Það er skoðun ráðherra að þjónusta heilsugæslustöðva sé þess eðlis að stöðvarnar eigi að vera í öllum hverfum og sem aðgengilegastar íbúunum. Ekki er verið að flytja almenna

heilsugæslu úr nágrenni nýja Landspítalans þar sem fyrst og fremst er verið að flytja nokkrar miðstöðvar og miðlæga starfsemi heilsugæslunnar svo og stjórnsýslu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Rætt hefur verið um hvort skynsamlegt sé að hafa heilsugæslustöð á lóð Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þær hugmyndir hafa verið tvíþættar, annars vegar hefur verði rætt um hvort eigi að staðsetja eina hverfisstöð á lóðinni, og hins vegar hvort tengja eigi heilsugæslu, þ.e. almenna læknismóttöku heilsugæslulækna, við slysa- og bráðamóttöku þannig að sjúklingum megi vísa á milli eftir þjónustuþörf. Fyrri hugmyndinni hefur verið hafnað þar sem hún þótti hafa fleiri ókosti en kosti í för með sér. Hin síðari er enn til skoðunar, enda algengt fyrirkomulag í nágrannalöndum okkar.

3. *Er það skoðun ráðherra að heilsugæslan eigi ekki heima í slíku þekkingarþorpi?*

Vísað er í fyrri svör hér að framan.

## 1038. Svar [457. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur um húsnæði heilsugæslustöðva.

1. *Hver eru áform ráðherra um uppbyggingu nýrra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu?*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra telur mikilvægt að ákvarðanir um staðsetningu heilsugæslustöðva byggist á bestu fáanlegu upplýsingum hverju sinni og að þessar ákvarðanir taki mið af heildarsýn á uppbyggingu á svæðinu öllu. Til þess að tryggja góðan grunn slíkra ákvarðana óskaði ráðherra eftir því við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að unnar yrðu greinargerðir sem tækju m.a. til þróunar mannfjölda, samgangna og ýmissa staðhátta í hverfum borgarinnar. Fyrsta greinargerðin var samin með tilliti til nýrra hverfa í norður- og austurhluta borgarinnar, og er hún nú til skoðunar í ráðuneytinu.

Á grundvelli slíkra greinargerða munu heilbrigðisyfirvöld taka ákvarðanir um endurbætur á eldri heilsugæslustöðvum og um byggingu nýrra. Þessi vinna mun nýtast vel á komandi árum og er forsenda þess að unnt sé að taka faglegar ákvarðanir um uppbyggingu í samræmi við þörf hverju sinni. Ljóst er nú þegar að nokkur hverfi verða sett í forgang og er verið að vinna að nýrri áætlun um röðun verkefna. Þar má nefna suðurhverfi Hafnarfjarðar, Garðabæ, vesturhluta Reykjavíkur ásamt Seltjarnarnesbæ, auk fyrrnefndrar uppbyggingar í norðausturhluta höfuðborgarsvæðisins.

Á undanförnum fjórum árum hafa verið opnaðar þrjár nýjar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og ein stöð að auki flutt í nýtt og betra húsnæði. Nú er verið að auglýsa eftir nýju og stærra húsnæði fyrir heilsugæslustöðina á Árbæjarhverfi.

2. *Er það stefna stjórnvalda að allar nýjar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu verði í leiguhúsnæði og þá helst í verslunarhúsnæði?*

Það er stefna stjórnvalda að nýjar heilsugæslustöðvar verði í því húsnæði sem best hentar hverju sinni. Reynt er að velja stöðvunum stað sem næst íbúðahverfum þar sem aðgengi er gott, bæði fyrir gangandi vegfarendur og þá sem ferðast með einkabílum, leigubílum eða með almenningsfarartækjum. Einnig er mikilvægt að við heilsugæslustöðvar séu næg bílastæði.

Markmiðið er að sjálfsögðu að heilsugæslustöðvarnar mæti sem best þörfum þeirra er leita þar þjónustu. Í sumum tilvikum er hagkvæmast að velja húsnæði í tengslum við verslanir eða verslunarmiðstöðvar, en í öðrum tilvikum er málum ekki svo farið.

Á undanförnum árum hafa verið teknar í notkun margar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu, sumar í verslunarkjörnum, aðrar ekki. Sem dæmi um hið fyrra má nefna heilsugæslustöðvarnar í Mosfellsbæ, Grafarvogi, Voga- og Heimahverfi og í Hafnarfirði, en dæmi um hið síðara eru heilsugæslustöðvarnar í Hamraborg og Salahverfi í Kópavogi.

Þessi upptalning ber þess vitni að stjórnvöld hafa þá stefnu að staðsetja heilsugæslustöðvar þar sem talið er að þær þjóni íbúunum best.

Val á því hvort heilsugæslustöðvar eru í leiguhúsnæði eða í húsnæði í eigu ríkisins ræðst af hagkvæmni hverju sinni, og hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir um að velja einungis annan kostinn.

3. *Telur ráðherra að stór verslunarhúsnæði henti notendum þjónustunnar, t.d. slösuðum, fólki með brjóstverk, þunglyndum, fötluðum, viðkvæmum börnum og öldruðum með skerta hreyfigetu, svo að dæmi séu tekin?*

Ráðherra telur að verslunarhúsnæði geti hentað notendum þjónustunnar í mörgum tilvikum, enda sé aðgengi að þjónustunni tryggt og auðvelt, samgöngur góðar og bílastæði næg og truflanir vegna annarrar starfsemi í umhverfinu í lágmarki.

4. *Ef ekki, hvað ætlar ráðherra að gera til að ráða bót á ástandinu hvað þetta varðar?*

Eins og fram hefur komið telur ráðherra að staðsetning heilsugæslustöðva eigi að ráðast af aðstæðum á hverjum stað, og telur að dæmin sem tilgreind eru í svörum við spurningum hér að framan sýni að heilsugæslustöðvum hefur verið valinn staður með það að leiðarljósi.

## 1039. Nefndarálit [436. mál]

um frv. til breyt. á l. um fjarskipti, nr. 81/2003.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl Alvarsson, Jón Eðvald Malmquist og Kristrúnu Lind Birgisdóttur frá samgönguráðuneytinu, Hrafnkel V. Gíslason og Björn Geirsson frá Póst- og fjarskiptastofnun, Gísla Tryggvason, talsmann neytenda, Pál Ásgrímsson frá Símanum hf., Dóru Sif Tynes frá Og fjarskiptum ehf. og Ísak Jón Benjamínsson frá INTER – samtökum aðila er veita internetþjónustu. Umsagnir um málið hafa borist frá Neytendasamtökunum, Og fjarskiptum ehf., Samtökum atvinnulífsins, Persónuvernd, Ríkisútvarpinu, Símanum hf., Bændasamtökum Íslands, talsmanni neytenda og Herði Einarssyni.

Megintilgangur þessa frumvarps er að auka öryggi í fjarskiptum og neytendavernd og styrkja þau ákvæði fjarskiptalaga, nr. 81/2003, sem fjalla um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs. Meðal þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er rýmkun á skilgreiningu hugtaksins fjarskiptaþjónusta með því að fella tölvupóstsþjónustu og netaðgang þar undir. Einnig er lagt til að kveðið verði á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að skjalfesta

hvernig staðið er að upplýsingaöryggi. Þá er lagt til að bannað verði að koma fyrir njósnahugbúnaði, vefhlerunarbúnaði eða öðrum slíkum búnaði í endabúnaði notenda án vitundar þeirra og að reglur um óumbeðin fjarskipti verði einnig látnar gilda um smáskilaboð. Auk framangreinds eru lögð til ýmis ákvæði um neytendavernd, m.a. um að fjarskiptafyrirtækjum sé óheimilt að semja við áskrifendur um lengri binditíma en sex mánuði.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagðar eru til smávægilegar orðalagsbreytingar í b-lið 8. gr. frumvarpsins.
2. Lagt er til að 3. mgr. b-liðar 9. gr. frumvarpsins verði skipt upp í tvær málsgreinar þannig að síðari málsliður ákvæðisins verði sérstök málsgrein. Er þetta gert í því skyni að tryggja skýrari framsetningu ákvæðisins.
3. Auk þess er lagt til að bætt verði við ákvæðið að notandi hafi rétt til að hafna notkun njósnahugbúnaðar, vefhlerunarbúnaðar eða annars slíks búnaðar sem komið er fyrir í endabúnaði hans til að fá aðgang að upplýsingum, safna földum upplýsingum eða fylgjast með athöfnum hans. Er þetta í samræmi við ákvæði 3. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um vinnslu persónuupplýsinga og einkalífsvernd í fjarskiptum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Anna Kristín Gunnarsdóttir. |
| Kristján L. Möller. | Guðjón Hjörleifsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir. |
| Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Jón Kristjánsson. | Guðjón A. Kristjánsson. |

## 1040. Breytingartillögur [436. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 81/2003.

Frá samgöngunefnd.

1. Fyrri málsliður b-liðar 8. gr. orðist svo: Þeir sem nota almenna tal- og farsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar símhringingar í símanúmer sitt.
2. Í stað 3. mgr. b-liðar 9. gr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

   Óheimil er hlustun, upptaka, geymsla eða hlerun fjarskipta með öðrum hætti nema hún fari fram með samþykki notanda eða samkvæmt heimild í lögum.

   Notkun njósnahugbúnaðar, vefhlerunarbúnaðar eða annars slíks búnaðar sem komið er fyrir í endabúnaði notanda til þess að fá aðgang að upplýsingum, safna földum upplýsingum eða fylgjast með athöfnum hans er einungis heimil í lögmætum tilgangi og með vitund hlutaðeigandi notanda. Notanda er rétt að hafna notkun slíks búnaðar.

# 1041. Nefndarálit [431. mál]

um frv. til l. um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Hugmyndir um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands eiga sér langan aðdraganda og hefur allt frumkvæði í málinu komið frá skólunum sjálfum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sú undirbúningsvinna sem fram hefur farið falli í lagalegan feril þar sem sameining skólanna verði heimiluð hinn 1. júlí 2008. Ljóst er hins vegar að langt ferli er fram undan áður en sameiningunni lýkur. Fram kom m.a. hjá gestum á fundum nefndarinnar að ferlið gæti tekið 10–15 ár. Á þeirri leið þarf að taka ótal ákvarðanir, m.a. um flest það sem ágreiningi getur valdið.

Það er mikilvægt að málið skuli eiga eftir að koma aftur til afgreiðslu á Alþingi þegar tillögur um breytt skipulag Háskóla Íslands verða lagðar fram, en þær tillögur eru meðal helstu forsendna sameiningarinnar. Þá kom það einnig fram hjá gestum að þótt frumvarpið verði samþykkt er í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að ferlið gangi til baka ef í ljós kemur að erfiðleikar við sameininguna eða ágreiningur um einhver atriði verði með þeim hætti að ekki þyki rétt að ganga alla leið.

Nokkur áherslumunur virðist milli starfsfólks skólanna varðandi skipulag kennaranáms. Kennaranám í Háskóla Íslands hefur hingað til miðast við svokallað raðnámslíkan en Kennaraháskólinn hefur alla tíð skipulagt kennaranám út frá samþættu líkani. Raðnámslíkanið gerir ráð fyrir að nemendur öðlist fyrst þekkingu í tiltekinni fræðigrein en síðan bætist uppeldisgreinar við. Samþætta líkanið gerir hins vegar ráð fyrir að uppeldisgreinar séu samþættar öðrum fræðigreinum. Þá hafa kennarar í Kennaraháskólanum lagt áherslu á að skólinn verði áfram ein heild, að breyttu breytanda, með núverandi fyrirkomulagi þótt hann gerist hluti Háskóla Íslands. Viðhorf í Háskóla Íslands virðast hins vegar fremur þau að faggreinanám kennaranema fari fram í núverandi deildum Háskóla Íslands eða á vegum þeirra. Hér hafa engar ákvarðanir verið teknar og er afar mikilvægt að strax eftir samþykkt frumvarpsins hefjist víðtæk fagleg umræða um þessi og önnur grundvallaratriði mögulegrar sameiningar, því að í raun er verið að fjalla um framtíð og þróun kennaramenntunar í landinu.

Fjölmörg atriði önnur þarf að athuga rækilega eins og fram kemur í ýmsum þeirra umsagna sem borist hafa um frumvarpið, þar á meðal um stöðu kennaramenntunar í alþjóðlegu samhengi. Sérstaklega skal getið umsagnar Bandalags íslenskra námsmanna en í henni er lögð áhersla á samráð við stúdenta við væntanlega sameiningu skólanna. Minni hlutinn tekur undir þá kröfu stúdentanna.

Með samþykkt frumvarpsins er í raun aðeins verið að stíga fyrsta skrefið að sameiningu skólanna tveggja og endurskipulagningu kennaramenntunar í landinu. Minni hlutinn treystir því að vinnubrögð forustumanna og starfsliðs skólanna verði vönduð og lýðræðisleg í framhaldinu og leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. mars 2007.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Björgvin G. Sigurðsson. Mörður Árnason.

Kolbrún Halldórsdóttir.

# 1042. Skýrsla [676. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar flugslysa árið 2006.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

**Rannsóknarnefnd flugslysa.**

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996 í samræmi við lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Rannsóknarnefnd flugslysa tók þá við starfsemi flugslysarannsóknardeildar Flugmálastjórnar Íslands og starfsemi flugslysanefndar sem þá voru lagðar niður. Ný lög nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, tóku gildi 1. september 2004.

Rannsóknarnefnd flugslysa er stjórnsýslunefnd sem heyrir stjórnsýslulega undir samgönguráðherra en starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Nefndin lýtur forstöðu forstöðumanns sem samgönguráðherra skipar til fimm ára í senn og er hann ábyrgur fyrir rannsóknarverkefnum hennar og stjórnar daglegum rekstri hennar. Rannsóknarnefnd flugslysa annast rannsókn flugslysa, alvarlegra flugatvika og flugumferðaratvika samkvæmt framangreindum lögum og viðauka 13 við stofnsáttmála Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) sem Ísland er aðili að.

Flugslysarannsóknir miða að því að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að auka öryggi í flugi. Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa.

Í skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa er gerð grein fyrir orsök eða líklegri orsök flugslyss auk þess sem þar eru, ef við á, gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum. Þá skal rannsóknarnefnd flugslysa gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, enda er markmið flugslysarannsókna samkvæmt áðurnefndum lögum að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys. Tilgangurinn er ekki að draga fram sök eða ábyrgð.

Nefndina skipa eftirtaldir: Hallgrímur A. Viktorsson flugstjóri, formaður, Ólafur Haraldsson hæstaréttarlögmaður og Ragnar Guðmundsson flugvélaverkfræðingur.

Varamenn eru: Bryndís Lára Torfadóttir flugstjóri, Hörður Arilíusson flugumferðarstjóri og Páll Valdimarsson, prófessor í vélaverkfræði við Háskóla Íslands.

Starfsmenn rannsóknarnefndar flugslysa eru: Þorkell Ágústsson verkfræðingur, forstöðumaður/rannsóknarstjóri, og Bragi Baldursson flugvélaverkfræðingur, aðstoðarforstöðumaður/aðstoðarrannsóknarstjóri.

**Fjárheimildir og kostnaður.**

Fjárheimildir til starfsemi rannsóknarnefndar flugslysa voru á árinu 2006 samtals 34,7 millj. kr., að meðtöldum 0,3 millj. kr. sem fluttust frá árinu 2005. Heildarkostnaður við starfsemina var 32,9 millj. kr. og því færast 1,8 millj. kr. til ársins 2007.

**Yfirlit yfir skráð og rannsökuð mál árið 2006.**

Á árinu 2006 lauk rannsóknarnefnd flugslysa gerð rannsóknarskýrslu í níu málum sem

ólokið var í upphafi ársins. Þá lauk nefndin 16 öðrum málum frá árinu 2003 til ársins 2006 með bókun.

Árið 2006 skráði rannsóknarnefnd flugslysa 296 frávik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis, svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið. Rannsóknarnefndin skoðaði 71 þessara frávika nánar og af þeim tók nefndin samtals 41 atvik, sem skilgreint var sem flugslys, flugumferðaratvik eða alvarleg flugatvik, til formlegrar meðferðar og rannsóknar.

Í árslok átti rannsóknarnefnd flugslysa eftir að ljúka einu máli frá árinu 2003, níu málum frá árinu 2004 og átta málum frá árinu 2005. Rannsókn þeirra var langt komin og mun þeim að öllum líkindum verða lokið með rannsóknarskýrslum eða bókunum á árinu 2007.

Ekkert banaslys varð í flugi skráðra íslenskra loftfara eða á íslensku yfirráðasvæði á árinu 2006.

Rannsóknarnefnd flugslysa átti samstarf við erlenda rannsakendur sem fyrr vegna rannsóknarverkefna sinna. Nokkur atvik hentu erlendar flugvélar hér á landi á árinu og jafnframt aðstoðaði nefndin og tók þátt í rannsóknum erlendra rannsakenda á atvikum er hentu íslenskt skráðar flugvélar erlendis.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals 13 tillögur til úrbóta í flugöryggismálum í kjölfar rannsókna sem hún lauk á árinu 2006. Í nokkrum málanna voru að mati nefndarinnar ekki efni til þess að gera tillögur til úrbóta. Tillögum þessum var beint til flugrekenda og Flugmálastjórnar Íslands, en skv. 10. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, er þeim sem tillögum er beint til skylt að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra tilmæla í öryggisátt og hrinda þeim í framkvæmd ef við á.

## 1043. Skýrsla [677. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar sjóslysa (RNS) fyrir árið 2006.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Samgönguráðherra skipar rannsóknarnefnd sjóslysa í samræmi við lög um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000. Nefndarmenn og varamenn þeirra eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Nefndarmenn eru nú skipaðir til 31. ágúst 2008. Þeir eru: Ingi Tryggvason héraðsdómslögmaður, formaður, Agnar Erlingsson skipaverkfræðingur, Hilmar Snorrason, skipstjóri og skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna, Pétur Ágústsson skipstjóri og Pálmi K. Jónsson vélfræðingur. Eftirtaldir aðilar eru skipaðir varamenn til sama tíma: Lárentsínus Kristjánsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður, Karl Lúðvíksson skipatæknifræðingur, Júlíus Skúlason skipstjóri, Rúnar Pétursson vélfræðingur (sem lést á árinu) og Símon Már Sturluson skipstjóri. Starfsmenn RNS eru Jón A. Ingólfsson forstöðumaður og Guðmundur Lárusson fulltrúi. Á árinu var embætti framkvæmdastjóra breytt í forstöðumann.

Fjárveiting til nefndarinnar í fjárlögum ársins 2006 var 35,4 millj. kr. Á árunum 1996–2006 var kostnaður vegna starfsemi nefndarinnar eins og að neðan greinir. Tölur eru á verðlagi hvers árs en sambærilegar þar eð á árinu 2002 hefur verið tekið tillit til óreglulegs 8,4 millj. kr. kostnaðar vegna flutnings á starfsemi nefndarinnar út á land. Lækkun rekstrarkostnaðar milli áranna 2004–2005 er vegna loka á starfslokasamningi við fyrrverandi starfsmann.

| | |
|---|---|
| 1996 | 8.756.513 kr. |
| 1997 | 11.555.170 kr. |
| 1998 | 16.204.272 kr. |
| 1999 | 14.914.467 kr. |
| 2000 | 17.659.880 kr. |
| 2001 | 20.662.317 kr. |
| 2002 | 24.791.935 kr. |
| 2003 | 32.367.836 kr. |
| 2004 | 31.536.540 kr. |
| 2005 | 24.835.358 kr. |
| 2006 | 28.847.202 kr. |

Rekstrarafgangur: 12.529.165 kr.

Á árinu 2006 voru haldnir níu fundir og 163 mál afgreidd. Skýrslum sem var skilað með nefndaráliti eru 94 en ekki var ályktað í 69 málum. Skilað var inn til Siglingastofnunar Íslands þremur tillögum í öryggisátt og sérstakar ábendingar gerðar með 14 skýrslum. Tilkynnt og skráð mál hjá nefndinni voru 172. Af málum þessa árs átti eftir að afgreiða 53 um áramót.

Á töflu I má sjá grófa flokkun á eðli mála í samanburði við síðastliðin tíu ár.

Tafla I. Yfirlit um mál sem komið hafa til RNS 1997 - 2006

| **Eðli mála** | **1997** | **1998** | **1999** | **2000** | **2001** | **2002** | **2003** | **2004** | **2005** | **2006** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skip sekkur | 7 | 8 | 4 | 10 | 6 | 4 | 7 | 16 | 7 | 4 |
| Skip strandar | 10 | 14 | 7 | 14 | 10 | 11 | 7 | 16 | 16 | 21 |
| Árekstur | 4 | 2 | 8 | 6 | 11 | 7 | 4 | 3 | 9 | 12 |
| Eldur um borð | 7 | 6 | 3 | 8 | 15 | 5 | 3 | 5 | 10 | 5 |
| Leki að skipi | 1 | 0 | 0 | 3 | 1 | 5 | 8 | 10 | 7 | 7 |
| Annað | 6 | 10 | 7 | 8 | 8 | 12 | 20 | 9 | 28 | 36 |
| Slys á fólki | 55 | 63 | 56 | 64 | 63 | 103 | 85 | 89 | 88 | 83 |
| Dauðaslys | 5 | 3 | 1 | 3 | 7 | 2 | 2 | 3 | 3 | 4 |
| **Samtals:** | **95** | **106** | **86** | **116** | **121** | **149** | **136** | **151** | **168** | **172** |

Eins og fram kemur í töflunni eru eðli mála nokkuð sambærileg á milli áranna 2005 og 2006. Færri að skip hafa sokkið frá 2004 en aukist hefur að skip stranda eða taka niðri og fleiri árekstrar hafa orðið. Fjölgun mála frá árinu 2001 má rekja til átaks nefndarinnar í að ná til aðila og efla samstarf við lögregluyfirvöld. Undir liðnum *Annað* eru skráð þau mál sem ekki falla undir flokkun í þessari töflu og má þar nefna atvik þegar skip fengu í skrúfuna, vélarbilanir eða bilanir í búnaði, skemmdir vegna veðurs, farmskemmdir o.fl.

Fjögur banaslys urðu á íslensku landgrunni á árinu. Tveir skipverjar fórust þegar eldur kom upp í ljósabekk um borð í togara (mál nr. 06106 hjá RNS) sem var á veiðum á Vestfjarðarmiðum og einn maður fórst á kajak í Hvalfirði (mál nr. 15006 hjá RNS). Þá lést einn skipverji af danska varðskipinu Triton við björgunarstörf við Stafnes. Málið var skráð hjá RNS (16706) en rannsókn málsins er í höndum danskra yfirvalda.

Eins og áður segir gerði nefndin þrjár tillögur í öryggisátt á árinu til Siglingastofnunar Íslands. Þessar tillögur eru eftirfarandi ásamt málanúmerum:

Mál nr. 08805, Milla SH 234, tæring finnst í lögn.
Tillaga: Að Siglingastofnun Íslands hlutist til um að sérstök athugun verði gerð á bátum með frágang þar sem koparnippill er notaður með ryðfríu efni í sjókælilögnum.

Mál nr. 09405, Gugga SH 80, strandar eftir að stjórnandi sofnar.
Tillaga: Í ljósi tíðra óhappa sem hafa orðið þegar einn maður hefur verið á siglingavakt og sofnað telur nefndin ástæðu til að gera eftirfarandi tillögu í öryggisátt: Að Siglingastofnun Íslands skoði kosti þess að viðurkenndur vökubúnaður „vökustaur" verði skyldaður um borð í öll sjóför þar sem einn maður standi siglingavakt enda sé ekki annar viðvörunarbúnaður til staðar.

Mál nr.01106, Hrönn ÍS 303, vélarvana og dregin til hafnar.
Tillaga: Nefndin bendir á að samkvæmt Norðurlandareglum er ekki heimilt að hafa drengöt á rafgeymakössum. Við þær útgerðaraðstæður sem íslenskir sjómenn búa við getur verið nauðsynlegt að hafa dren og beinir nefndin því til Siglingastofnunar að skoðaðar verði leiðir til að samhliða kröfunni um sýruheldni sé unnt að koma við dreni þannig að rafgeymar verði ekki fyrir skemmdum vegna sjósöfnunar í kössunum.
Hægt er að nálgast þessar skýrslur á vef RNS og tengjast þaðan inn á vefsvæði á vef Siglingastofnunar Íslands til að sjá þar afgreiðslu stofnunarinnar á þessum tillögum nefndarinnar.
Tilkynnt slys á sjómönnum til Tryggingastofnunar ríkisins (TR) á árinu 2006 voru 266 en voru 363 á árinu á undan. Ekki er hægt að fullyrða um að skráning ársins sé alveg rétt en þó er ljóst að um verulega fækkun er að ræða og er það ánægjuleg þróun. Vegna breytinga sem hefur orðið á valkostum útgerða til að aukatryggja áhafnir sínar höfðu á þessu ári og fyrir það næsta um 93 útgerðir valið að gera það annars staðar en hjá TR. Það getur því verið að eitthvað af tilkynningum hafi ekki borist til TR.
Tafla II sýnir fjölda bótaskyldra slysa samkvæmt tilkynningum til TR frá árinu 1997 til 2006.

Tafla II. Yfirlit um slys á fólki skv. tilkynningum til Tryggingastofnun ríkisins 1997 - 2006

| 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 388 | 378 | 381 | 361 | 348 | 413 | 379 | 311 | 363 | 266 |

Ljóst er að stærstur hluti aðila virðir ekki tilkynningarskyldu sína til RNS eins og þeim ber samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa. Stærstur hluti mála RNS kemur frá lögregluembættum á landinu og úr fjölmiðlum.
Á árinu 2006 voru gefnar út prentaðar skýrslur RNS fyrir árin 2004 og 2005. Með þessari útgáfu var því takmarki náð að prentuð skýrsla RNS verður gefin út árlega í framtíðinni og mun því starf nefndarinnar skila sér með þessum hætti fyrr til sjómanna en áður hefur tíðkast.
Eftir að vefur RNS var opnaður þann 23. september 2004 hafa heimsóknir á hann aukist jafnt og þétt. Síðastliðið ár voru samkvæmt tölulegum upplýsingum um vefinn um 117.000 heimsóknir, 1,9 milljón síðum flett upp og niðurhal um 44,2 GB. Vinnu við vefinn er enn ekki lokið og tengist það helst frágangi á flokkunarkerfi hans auk ýmissa annarra þátta sem lagt var af stað með. Stefnt er að því að ljúka þessari vinnu fyrri hluta ársins 2007.
Á árinu 2006 var lagður grunnur að innleiðingu á rafrænum þjónustugáttum fyrir tilkynninga- og úrvinnsluferla á vegum nefndarinnar. Helstu markmið með þessu er:

- að auðvelda þeim sem tilkynna slys á sjó til RNS að ganga frá tilkynningum og koma þeim til skila;
- að skapa umhverfi fyrir sjómenn um skráningu „Nærri því slys“ og koma á upplýsingastreymi á milli þeirra;
- að skapa rafrænt umhverfi fyrir nefndarmenn sem gerir þeim kleift að vinna með rannsóknargögn og önnur skjöl.

Ljóst er að þessi tækni mun verða mikil hagræðing í starfi nefndarinnar auk þess sem þjónusta við sjómenn mun verða betri.

Á árinu voru sóttir tveir fundir vegna þátttöku RNS í ráðgjafahóp (Consultative Technical Group for Cooperation in Marine Accident Investigation) hjá European Maritime Safety Agency (EMSA) sem er með aðsetur í Lissabon, Portúgal. Megintilgangur starfs EMSA er að samræma reglur um rannsóknir sjóslysa innan Evrópu og er reiknað með að tilskipun þess efnis frá ESB verði sett á næstu misserum. Til að vinna þetta verkefni fór EMSA þá leið að tileinka sér það besta úr lögum og reglugerðum frá hverju aðildarríki. Það helsta sem er nýtt í væntanlegri tilskipun eru ákvæði um þjálfun rannsóknaraðila, sameiginlegur gagnagrunnur, samstarf, tæknimál og skyldur ríkja.

Sóttur var árleg ráðstefna hjá samtökunum MAIIF (Marine Accident Investigators International Forum) í Panama. Á þessum ráðstefnum er m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekin eru fyrir ýmis málefni sem varðar rannsókn sjóslysa. MAIIF eru alþjóðleg samtök sem voru stofnuð í Kanada 1992 og er megintilgangur þeirra að skapa vettvang til að efla rannsóknir sjóslysa og koma á tengslum og efla samstarf milli rannsóknaraðila. Aðildarríki samtakanna eru nú um 55 og ljóst að stofnun þeirra hefur sannað gildi sitt í samvinnu ríkja við rannsóknir sjóslysa.

Auk MAIIF hafa verið stofnuð sér samtök í Asíu, MAIFA, árið 1998 og í Evrópu, EMAIF, árið 2005. Þessi samtök halda árlega fundi og starf þeirra er kynnt á fundum MAIIF.

## 1044. Frumvarp til laga [678. mál]

um breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. C-liður 1. tölul. orðast svo: Ökutæki sem ætluð eru til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd. Þau ökutæki sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd en að hámarki 6 tonn skulu þó vera hönnuð með eina sætaröð í fólksrými og hafa óskipt farmrými sem er aðskilið frá fólksrými.
b. F-liður 3. tölul. orðast svo: Ökutæki sem ætluð eru til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna, eru hönnuð með eina sætaröð í fólksrými og hafa óskipt farmrými sem er aðskilið frá fólksrými.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007 og taka til ökutækja sem eru ótollafgreidd við gildistöku.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, skal greiða vörugjald í ríkissjóð af ökutækjum sem eru skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum. Í 3. gr. er kveðið á um að gjald þetta sé ýmist 30% eða 45% allt eftir sprengirými aflvélar. Í 4. gr. laganna er svo mælt fyrir um undanþágur og eftirgjafir frá innheimtu gjaldsins. Þau sjónarmið sem búa að baki niðurfellingu eða lækkun gjalds eru einkum þau að styðja við atvinnurekstur.

Borið hefur á innflutningi til einkanota, þ.e. mannaflutninga, á ökutækjum sem falla undir c-lið 1. tölul. og f-lið 3. tölul. 4. gr. laganna. Þessi ökutæki eru ýmist alveg undanþegin vörugjaldi eða bera 13% vörugjald. Hefur af þessum sökum skapast ákveðið ójafnræði þar sem þeir sem velja sér slík ökutæki til einkanota greiða lægra vörugjald en þeir sem aka á venjulegum einkabifreiðum.

Með frumvarpinu er lagt til að orðið „aðallega“ falli brott úr umræddum liðum þannig að ökutæki skuli einungis notuð til vöruflutninga til að hljóta niðurfellingu eða lækkun vörugjalds. Þá er einnig um að ræða nánari afmörkun á þann veg að hvorki verður unnt að lækka né fella niður vörugjald á þeim ökutækjum sem hafa tvær sætaraðir í fólksrými, þ.e. þar sem gert er ráð fyrir farþegum fyrir aftan ökumann.

Þessi breyting er til þess fallin að fækka stórum og kraftmiklum ökutækjum á vegunum og er því líkleg til að draga úr umferðarhraða og mengun. Slík aðgerð er einnig í fullu samræmi við áform samgönguráðherra um breyttar áherslur og breytingar á reglum til að stemma stigu við ofsaakstri.

## 1045. Nefndarálit [559. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Ragnheiði Snorradóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að þeir sem hafa fjármagnstekjur greiði gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra en skv. 10. gr. gildandi laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, eru þessir aðilar undanþegnir gjaldinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Valdimar L. Friðriksson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, form., frsm. | Ásta Möller. | Ásta R. Jóhannesdóttir. |
| Ellert B. Schram. | Pétur H. Blöndal, með fyrirvara. | Kristján L. Möller. |
| Ingvi Hrafn Óskarsson. | Sæunn Stefánsdóttir. | Þuríður Backman. |

## 1046. Nefndarálit [560. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sérstakar vistunarmatsnefndir leggi faglegt einstaklingsbundið mat á þörf aldraðra einstaklinga fyrir vistun í dvalar- eða hjúkrunarrými eða önnur úrræði í stað þjónustuhópa. Markmið frumvarpsins er að stuðla að auknu samræmi við gerð vistunarmats aldraðra og tryggja eins og kostur er faglegar og samanburðarhæfar niðurstöður vistunarmats um allt land.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Valdimar L. Friðriksson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, form., frsm. | Ásta Möller. | Ásta R. Jóhannesdóttir. |
| Ellert B. Schram. | Pétur H. Blöndal. | Kristján L. Möller. |
| Ingvi Hrafn Óskarsson. | Sæunn Stefánsdóttir. | Þuríður Backman, með fyrirvara. |

# 1047. Nefndarálit [388. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Kristrúnu Lind Birgisdóttur og Karl Alvarsson frá samgönguráðuneytinu, William Möller frá Umferðarstofu, Ágúst Mogensen og Sævar Helga Lárusson frá rannsóknarnefnd umferðarslysa, Jón H.B. Snorrason og Hólmstein Gauta Sigurðsson frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Signýju Sigurðardóttur frá Landssambandi vörubifreiðaeigenda og Guðmund Nikulásson frá Eimskipi. Umsagnir um málið hafa borist frá Landssambandi lögreglumanna, Vegagerðinni, ríkissaksóknara, rannsóknarnefnd umferðarslysa, Lögregluskóla ríkisins, Ökukennarafélagi Íslands, ríkislögreglustjóra, Umferðarstofu, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Leið ehf. og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess fékk nefndin til skoðunar umsögn refsiréttarnefndar um upptökuákvæði frumvarpsins sem samgönguráðuneytinu barst eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi.

Markmið þessa frumvarps er að gera auknar kröfur til ungra ökumanna með bráðabirgðaskírteini og að herða viðurlög við hrað- og ofsaakstursbrotum. Í því skyni er í m.a. lagt til að bráðabirgðaskírteini gildi í þrjú ár í stað tveggja ára og að lögreglustjóri geti sett akstursbann á byrjanda, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, hafi hann fengið fjóra eða fleiri punkta í ökuferilsskrá vegna umferðarlagabrota. Þá er lagt til að viðurlög við hraðakstursbrotum verði hert til muna og að hlutfallslega hærri sektum verði beitt þegar akstur hefur í för með sér aukna hættu, svo sem við akstur stærri ökutækja. Sama á við þegar ekið er á 140 km á klst. eða meira eða þegar ekið er á tvöföldum hámarkshraða en í síðarnefnda tilvikinu er jafnframt lagt til að ökumaður verði sviptur ökurétti tímabundið. Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að mælt verði fyrir um heimild og í vissum tilvikum skyldu lögreglu til að gera vélknúið ökutæki upptækt vegna stórfelldra og ítrekaðra umferðarlagabrota.

Nokkur umræða varð um upptökuákvæði frumvarpsins í nefndinni, m.a. um það hvort ákvæðið færi á svig við eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Nefndin leggur til breytingar á þessu ákvæði frumvarpsins til samræmis við framkomnar athugasemdir um ákvæðið, m.a. frá refsiréttarnefnd en í umsögn nefndarinnar er lagt til að kveðið verði skýrar á um til hvaða tilvika ákvæðið taki. Í umsögn refsiréttarnefndar var jafnframt skýrt kveðið á um það að ákvæði frumvarpsins um upptöku skyldi ekki ná til ökutækis þess sem ekki er við brot riðinn þar sem slík heimild kynni að ganga nærri stjórnarskrárvörðum eignarrétti eiganda ökutækis, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Töluverð umræða varð einnig í nefndinni um þær reglur sem gilda um hleðslu og frágang farms. Nefndin telur nauðsynlegt að tryggja betur eftirfylgni við slíkar reglur. Þá telur nefndin að herða þurfi viðurlög við brotum á reglum um hleðslu og frágang farms þannig að brot gegn reglunum varði punkt í ökuferilsskrá. Nefndin leggur enn fremur áherslu á mikilvægi þess að ábyrgð á hleðslu og frágangi farms verði bæði hjá eiganda ökutækis og ökumanninum sjálfum.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Með breytingu á 2. gr. gildandi umferðarlaga, nr. 50/1987, með lögum nr. 84/2004, voru lítil vél- og rafknúin farartæki, hvort sem þau voru knúin með rafmótor eða sprengi-

hreyfli, sem ekki voru hönnuð til hraðari aksturs en 15 km á klst. skilgreind sem reiðhjól. Þar undir falla m.a. vélknúin hlaupahjól. Framangreind breyting hefur reynst vel en efri hraðamörk ákvæðisins hafa hins vegar þótt of lág. Þess vegna er lagt til að breyta c-lið skilgreiningarinnar á hugtakinu reiðhjól í 2. gr. gildandi umferðarlaga þannig að efri hraðamörk framangreindra ökutækja verði hækkuð úr 15 km á klst. í 25 km á klst. Nefndin telur eðlilegt að skilgreina hjól sem ekki eru hönnuð til hraðari aksturs en 25 km á klst. sem reiðhjól í stað léttra bifhjóla enda eru síðarnefndu ökutækin skráningarskyld og ætluð til notkunar í almennri umferð. Í umferðarlögum er hins vegar tekið fram að ekki megi aka reiðhjólum á akbraut. Nefndin telur auknar líkur á slysahættu ef lítil vél- og rafknúin farartæki sem ekki eru hönnuð til hraðari aksturs en 25 km á klst. eru notuð í almennri umferð.

2. Lagt er til að ákvæði 9. mgr. 1. gr. frumvarpsins um heimild ráðherra til að setja reglur um takmörkun á heimild byrjanda til að stjórna ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna, á tilteknum tímum sólarhringsins, takmörkun á fjölda farþega yngri en 20 ára og um takmörkun á afli hreyfils ökutækis verði fellt niður. Mikil umræða hefur orðið um framangreint ákvæði í nefndinni og er niðurstaða nefndarinnar sú að réttast sé að fella ákvæðið brott úr frumvarpinu. Nefndin telur varhugavert að mæla fyrir um slíkar íþyngjandi aðgerðir í lögum gegn einum hópi í þjóðfélaginu. Auk þess telur nefndin að illmögulegt yrði að framfylgja ákvæðinu.
3. Lagt er til að í 2. mgr. 64. gr. a gildandi umferðarlaga verði tiltekið að réttur til einkamerkis gildi í átta ár og að skráður eigandi ökutækis skuli fram að 65 ára aldri greiða sama gjald vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis. Í c-lið 4. mgr. 26. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 751/2003, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að réttur til einkamerkis skuli endurnýjaður á átta ára fresti og að fyrir endurnýjun skuli greiða sérstakt gjald. Af lögmætisreglu íslensks réttar leiðir að nauðsynlegt er að slíkt ákvæði sé í umferðarlögum. Er þessi breyting gerð til samræmis við álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4843/2006. Þá þykir sanngjarnt að ökumenn 65 ára og eldri séu undanþegnir gjaldi vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis. Frá 65 ára aldri fá ökumenn ökuskírteini útgefin til ákveðins tíma og eftir 80 ára aldur er þeim gert að endurnýja ökuskírteini sitt árlega. Með hliðsjón af framangreindu þykir eðlilegt að einstaklingar á þessu aldursskeiði þurfi ekki að greiða fyrir rétt til einkamerkis þar sem ökuskírteini þeirra gildir í skemmri tíma en átta ár.
4. Lögð er til breyting á 3. gr. frumvarpsins þannig að þar verði kveðið á um að ráðherra geti sett reglur um flokkun og notkun viðurkennds hlífðarfatnaðar og annars hlífðarbúnaðar ökumanna og farþega bifhjóla. Í þeim reglum skuli m.a. kveðið á um hvaða kröfur séu gerðar til slíks búnaðar.
5. Í 4. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að við ákvörðun sektar vegna brota gegn 37. og 38. gr., sbr. 5. mgr. 100. gr. umferðarlaga, skuli sekt ákveðin mun hærri en ella á vegi þar sem hámarkshraði er takmarkaður við minni hraða en 80 km á klst. ef hraðinn er 30% meiri en heimilt er. Lagt er til að ákvæðið verði fellt brott þar sem hætt er við að ósamræmi í hraðamerkingum milli einstakra sveitarfélaga og að viðmiðunin í ákvæðinu sé til þess fallin að valda ruglingi hjá ökumönnum.
6. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðurlög vegna hraðakstursbrota þegar ekið er tvöfalt hraðar en heimilt er skuli vera a.m.k. sex mánaða ökuleyfissvipting. Í núgildandi reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, nr. 930/2006, er m.a. kveðið á um sviptingu í mánuð þegar ekið er á

meira en 60 km hraða á klst. þar sem hámarkshraði er 30 km á klst. og þriggja mánaða sviptingu þegar ekið er á meira en 140 km hraða á klst. þar sem hámarkshraði er 70 km á klst. Samkvæmt framangreindri reglugerð er að hámarki hægt að svipta einstakling ökurétti í þrjá mánuði þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er. Með hliðsjón af framkomnum athugasemdum um þetta ákvæði frumvarpsins og þeirri verulegu þyngingu viðurlaga sem í ákvæðinu felst er lagt til að miða ökuleyfissviptingu þegar ekið er tvöfalt hraðar en heimilt er við þrjá mánuði í stað sex mánaða.

7. Lögð er til sú leiðrétting að í stað orðsins „reglum“ í 3. mgr. a-liðar 6. gr. frumvarpsins verði sagt „lögum“.
8. Lagðar eru til breytingar á 7. gr. frumvarpsins um heimild/skyldu til að gera vélknúið ökutæki upptækt í tilteknum tilvikum. Við gerð þessara breytinga var, eins og áður segir, að mestu farið að áliti refsiréttarnefndar um upptökuákvæði frumvarpsins. Þá þykir einnig eðlilegt að í 2. mgr. a-liðar 7. gr. frumvarpsins sé kveðið á um skyldu til að gera vélknúið ökutæki upptækt þegar eigandi ökutækis hefur verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna og viðkomandi hefur tvisvar síðustu þrjú árin fyrir brotið verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna sem hefur haft í för með sér sviptingu ökuréttar. Nefndin telur eðlilegt að umferðarlöggjöf sé þannig úr garði gerð að hægt sé að grípa til sértækra aðgerða gegn síbrotamönnum í umferðinni. Nefndin áréttar þó mikilvægi þess að framangreindu ákvæði verði einungis beitt í undantekningartilvikum þegar brýna nauðsyn ber til og í samræmi við 72. gr. stjórnarskrárinnar, um friðhelgi eignarréttar.
9. Í álitum umboðsmanns Alþingis hefur margsinnis verið bent á óskýrar gjaldtökuheimildir, m.a. að óljóst sé hvaða kostnaðarliðum viðkomandi gjaldi sé ætlað að standa undir. Með vísan til þessa er lagt til að þeir kostnaðarliðir sem ætlað er að liggja til grundvallar útreikningi þeirra gjalda sem Umferðarstofu er heimilt að innheimta skv. 1. mgr. 114. gr. umferðarlaga verði nánar tilgreindir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristján L. Möller var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara. |
| Guðjón Hjörleifsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |
| Jón Kristjánsson. | | Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara. |

# 1048. Breytingartillögur [388. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við frumvarpið bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
   Í stað orðanna „15 km á klst.“ í c-lið orðskýringarinnar *Reiðhjól* í 2. gr. laganna kemur: 25 km á klst.
2. 9. efnismgr. 1. gr. falli brott.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 64. gr. a laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Réttur til einkamerkis gildir í átta ár. Skráður eigandi ökutækis skal fram að 65 ára aldri greiða sama gjald vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis.
4. Efnismálsgrein 3. gr. orðist svo:
   Ráðherra getur sett reglur um flokkun og notkun viðurkennds hlífðarfatnaðar og annars hlífðarbúnaðar ökumanna og farþega bifhjóla. Í þeim reglum skal m.a. kveðið á um hvaða kröfur eru gerðar eru til slíks búnaðar.
5. 4. efnismgr. 4. gr. falli brott.
6. Í stað orðanna „sex mánuði“ í 5. gr. komi: þrjá mánuði.
7. Í stað orðsins „reglum“ í 3. efnismgr. a-liðar 6. gr. komi: lögum.
8. Efnismálsgreinar a-liðar 7. gr. orðist svo:
   Þegar um stórfelldan eða ítrekaðan ölvunarakstur er að ræða, sem ekki fellur undir 2. mgr. þessarar greinar, stórfelldan eða ítrekaðan akstur manns sem sviptur hefur verið ökurétti eða manns sem ekki hefur öðlast ökuréttindi, stórfelldan eða ítrekaðan hraðakstur eða akstur sem telst sérlega vítaverður að öðru leyti má gera upptækt vélknúið ökutæki sem ökuskírteini þarf til að stjórna og notað er við brotið nema það sé eign manns sem ekkert er við brotið riðinn. Við sömu aðstæður og með sömu skilyrðum má gera upptækt vélknúið ökutæki sem ökuskírteini þarf til að stjórna og er eign þess sem hefur framið brotið, enda þótt ökutækið hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.
   Gera skal ökutæki upptækt þegar eigandi þess hefur verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna eða undir áhrifum áfengis sem hefur í för með sér sviptingu ökuréttar og vínandamagn í blóði er 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lítra lofts sem hann andar frá sér nemur 0,60 milligrömmum eða meira, og viðkomandi hefur tvisvar síðustu þrjú árin fyrir brotið verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna eða áfengis þar sem vínandamagn í blóði hefur mælst 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lítra lofts sem hann andar frá sér hefur numið 0,60 milligrömmum eða meira og sem hefur haft í för með sér sviptingu ökuréttar. Gera skal ökutæki upptækt enda þótt það hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.
   Víkja má frá ákvæði 2. mgr. í undantekningartilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með því.
   Ökutæki sem gert er upptækt skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal hann þó eiga forgang til andvirðisins ef bætur fást ekki á annan hátt.

9. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 114. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:
   Við ákvörðun gjalda skv. 1. mgr. skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, búnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu umferðar- og umferðaröryggismála auk ferða og uppihalds. Fjárhæð gjalda skal taka mið af þeim kostnaði sem almennt hlýst af þeirri þjónustu sem Umferðarstofa veitir.

## 1049. Svar [479. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skatta og gjöld af barnavörum.

1. *Hvað hafði ríkissjóður í tekjur af eftirtöldum barnavörum árið 2006 (2005 ef tekjur ársins 2006 liggja ekki fyrir) í heild og sundurliðað eftir virðisaukaskatti, tollum og vörugjöldum eftir því sem við á:*
   a. *barnabílstólum, hjálmum og öðrum öryggistækjum fyrir börn í umferðinni og vegna slysavarna á heimilum,*
   b. *ungbarnamat,*
   c. *barnafötum, annars vegar fyrir börn yngri en sex ára og hins vegar sex ára og eldri,*
   d. *bleyjum og öðrum hreinlætis- og heilbrigðisvörum,*
   e. *barnavögnum og kerrum,*
   f. *öðrum barnavörum sem ekki falla undir framangreint?*

Ekki er hægt að finna allar tölur sem hér er spurt um í upplýsingakerfum ríkisins. Tvær meginástæður eru fyrir því. Í flokkunarkerfi tollskrár eru barnavörurnar ekki í öllum tilvikum flokkaðar sér heldur tilheyra margar þeirra flokkum sem jafnframt innihalda aðrar vörur. Þá er virðisaukaskattur í verslun ekki flokkaður eftir vörutegundum heldur tegund verslunar, og barnavörur eru seldar í margs konar verslunum.

*Tollur og vörugjald.*

Barnavörurnar eru að langmestu leyti innfluttar. Að því marki sem þær flokkast í tollflokka sem ekki innihalda jafnframt annan varning má sjá þau gjöld sem innheimt eru af þeim við komuna til landsins, þ.e. tolla, vörugjöld og virðisaukaskatt. Þær barnavörur sem flokkast í nokkuð „hreina“ barnavöruflokka má sjá í töflu 1. Hér er ekki gerð tilraun til að áætla aðflutningsgjöld af barnavörum í þeim tollflokkum sem innihalda barnavörur og aðrar vörur að auki nema þær síðarnefndu séu óverulegur hluti. Sé blöndunin mjög lítil og talið að flokkurinn innihaldi að megni til barnavörur er hann talinn með í töflunni og í einu tilviki er flokkur talinn með að hluta miðað við áætlaða hlutdeild barnavöru í flokknum. Tölur í töflu 1 geta því talist nokkuð tæmandi fyrir þau gjöld sem við tollafgreiðslu eru lögð á þær ákveðnu vörutegundir sem taflan nær til. Hins vegar er hér alveg sleppt barnavörum í blönduðum tollflokkum, en þar er t.d. allur barnafatnaður í stærri stærðum en 86 og margvíslegar aðrar barnavörur, svo sem barnahúsgögn og ýmsir smáhlutir, því erfitt er eða ómögulegt að aðgreina þær frá öðrum vörum í þeim tollflokkum sem þær tilheyra.

Af barnavörunum er það nánast eingöngu fatnaður og skór sem ber toll. Fjöldi fríverslunarsamninga gildir um þessa tollflokka en vörur frá svæðum utan gildissviðs þeirra bera 15% toll. Vörugjöld eru almennt ekki lögð á barnavörur, aðeins voru innheimt vörugjöld af einum vöruflokki sem telst til barnavara; ávaxtamauki í krukkum (sjá töflu 1).

Hér á eftir er yfirlit um barnavörur í tollskrá, flokkað eftir a–f-stafliðum 1. tölul. fyrirspurnarinnar (tollskrárnúmer flokkanna má sjá í töflu 2):

*A-liður.* Eina varan hér sem hægt er að greina frá öðrum varningi í tollskrá eru barnabílstólar, sem flokkast alveg sér.

*B-liður.* Samkvæmt tollskrá og upplýsingum frá starfsmönnum tollafgreiðslu flokkast ungbarnamatur að miklu leyti í „hreina" flokka, þ.e. flokka sem innihalda barnamat eingöngu eða að langmestu leyti. Um er að ræða átta flokka alls og má sjá samanlögð gjöld á vörur í þeim í töflu 1. Í tilviki eins flokks eru gjöldin aðeins talin að hluta samkvæmt áætlaðri hlutdeild barnamatar í flokknum. Ekki má gleyma að fæði íslenskra ungbarna er einnig að miklu leyti heimagert úr vörum úr öðrum flokkum, svo sem ávöxtum og grænmeti en þeir fæðuflokkar koma hvergi við sögu í töflu 1.

*C-liður.* Í fataflokkum tollskrár er fatnaður ungbarna flokkaður sér. Til ungbarnafatnaðar telst fatnaður í minnstu stærðum, eða til og með stærð 86 (þ.e. 86 sm á hæð eða nálægt 1½ árs aldri), og einnig margnota bleiur. Barnaföt í stærri stærðum en 86 eru flokkuð með fullorðinsfötum. Barnaskór eru hins vegar í öllum tilvikum aðgreindir frá fullorðinsskóm og þá miðað við skó fyrir börn upp að 12 ára aldri.

*D-liður.* Einnota barnableiur eru í „hreinum" flokki. Aðrar vörur í þessum lið er ekki unnt að aðgreina frá hliðstæðum vörum ætluðum öðrum aldurshópum.

*E-liður.* Barnavagnar og -kerrur og fylgihlutir þeirra eru í sérflokki í tollskrá.

*F-liður.* Margar fleiri vörur teljast til nauðsynja þegar barn fæðist en erfitt er um vik að nálgast upplýsingar um innflutning þeirra þar sem flokkunaraðferð tollskrár leiðir til þess að þær lenda í flokkum með öðrum vörum. Dæmi: Skiptiborð, baðborð, barnarúm og -stólar flokkast í hina ýmsu húsgagnaflokka og hið sama á við um smávörur á borð við bleiutöskur, baðsæti, gauma, koppa, pela, snuð o.fl. barnavörur.

*Virðisaukaskattur.*

Barnavörur eru seldar bæði í sérverslunum og stórmörkuðum og auk þess apótekum, bensínstöðvum o.fl. sölustöðum. Því er ómögulegt að gera grein fyrir þeim virðisaukaskatti sem er innheimtur af barnavörum öllum og eingöngu þeim. Upplýsingar um innheimtan virðisaukaskatt eftir tegund verslunar skv. ÍSAT 95 staðlinum liggja fyrir hjá ríkisskattstjóra en aðeins tveir flokkar staðalsins tengjast sérverslun með barnavörur sérstaklega, annars vegar með barnafatnað og hins vegar með „barnavagna o.þ.h.". Tafla 3 sýnir virðisaukaskattskylda veltu og innheimtan virðisaukaskatt í þessum verslunum 2005 (endanlegar tölur) og 2006 (upplýsingar um síðasta tímabil ársins eru ekki komnar inn að fullu og tölur fyrir árið eiga því eftir að hækka). Leggja verður áherslu á að þessar tölur eru byggðar á veltu í ákveðnum verslunum sem selja eingöngu eða að megni til barnavörur, og ná því til ákveðins hluta markaðarins með barnavörur en ekki alls markaðarins. Virðisaukaskattur af barnavörum sem seldar eru í t.d. stórmörkuðum er allur utan við töflu 3.

Í töflu 1 er auk tolla og vörugjalda sýndur sá virðisaukaskattur sem innheimtur var við tollafgreiðslu á árinu 2006, en hann nemur hluta þess virðisaukaskatts sem varan ber endanlega. Ekki er gerð tilraun hér til að meta álagningu verslunar og þar með endanlegan virðisaukaskatt þeirrar innfluttu barnavöru sem sýnd er í töflunni.

## Tafla 1. Aðflutningsgjöld á barnavörur 2006.[1]

Heimild: Tollstjórinn í Reykjavík.

| | | Innheimt aðflutningsgjöld 2006 (millj. kr.) | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Barnavörur skv. tollskrárnúmerum | Tollskrárnúmer | Tollar | Vöru-gjöld | VSK í tolli | Alls |
| Barnamatur | 8 flokkar (sjá töflu 2) | 1,2 | 0,7 | 13,4 | 15,3 |
| Barnableiur, einnota | 1 flokkur (sjá töflu 2) | 0,5 | – | 86,1 | 86,7 |
| Barnafatnaður í stærðum 86 og minni | 16 flokkar (sjá töflu 2) | 24,3 | – | 56,6 | 80,9 |
| Barnaskór | 13 flokkar (sjá töflu 2) | 10,8 | – | 26,9 | 37,7 |
| Barnavagnar og -kerrur | 1 flokkur (sjá töflu 2) | 2,8 | – | 17,4 | 20,2 |
| Barnabílstólar | 1 flokkur (sjá töflu 2) | – | – | 8,8 | 8,8 |
| **Alls** | **40 flokkar** | **39,6** | **0,7** | **209,3** | **249,6** |

[1] Taflan sýnir þær barnavörur sem tollflokkun gerir mögulegt að aðgreina frá öðrum vörum og þau gjöld sem lögð eru á þær við innflutning en ekki við endanlega sölu.

## Tafla 2. Tollskrárnúmer barnavara í töflu 1.

| Barnamatur | Barnableiur, einnota | Barnafatnaður í stærðum 86 og minni | Barnaskór | Barnavagnar og -kerrur | Barnabílstólar |
|---|---|---|---|---|---|
| 1901 1000 | 4818 4001 | 6111 1001 | 6403 1901 | 8715 0000 | 9401 2002 |
| 2005 1000 | | 6111 1009 | 6403 2002 | | |
| 2007 1000 | | 6111 2001 | 6403 3002 | | |
| 2104 2001 | | 6111 2009 | 6403 4002 | | |
| 2104 2002 | | 6111 3001 | 6403 5102 | | |
| 2104 2003 | | 6111 3009 | 6403 5902 | | |
| 2104 2009 | | 6111 9001 | 6403 9102 | | |
| 2106 9024 | | 6111 9009 | 6404 1101 | | |
| | | 6209 1001 | 6404 1902 | | |
| | | 6209 1009 | 6404 2002 | | |
| | | 6209 2001 | 6405 1002 | | |
| | | 6209 2009 | 6405 2002 | | |
| | | 6209 3001 | 6405 9002 | | |
| | | 6209 3009 | | | |
| | | 6209 9001 | | | |
| | | 6209 9009 | | | |

## Tafla 3. Velta og innheimtur virðisaukaskattur í smásöluverslun með barnavörur 2005–2006.

Heimild: Ríkisskattstjóri.

| | Skattskyld velta[1] | | Útskattur | | Innskattur | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Millj. kr. | 2005 | 20062 | 2005 | 20062 | 2005 | 2006[2] |
| 52.42.3 Barnafataverslun | 341,1 | 328,5 | 83,4 | 80,2 | 72,4 | 66,3 |
| 52.49.6 Smásala á barnavögnum o.þ.h. | 367,6 | 434,6 | 90,0 | 106,3 | 62,5 | 82,2 |
| **Samtals** | **708,7** | **763,1** | **173,5** | **186,5** | **134,9** | **148,5** |

[1] Áætluð velta á sama tímabili meðtalin.

[2] Enn vantar nokkrar upplýsingar um veltu fyrir síðasta uppgjörstímabil ársins 2006 og tölur fyrir árið eiga því eftir að hækka.

2. *Hvað má ætla að niðurfelling skatta, tolla eða vörugjalda af framangreindum barnavörum mundu auka ráðstöfunartekjur ungbarnafjölskyldna mikið?*

Vegna framangreindra vandkvæða á að áætla þau gjöld sem lögð eru á barnavörur er ekki unnt að svara þessum lið fyrirspurnarinnar.

3. *Er ráðherra reiðubúinn til að fella niður skatta, tolla eða vörugjöld af einhverjum af framangreindum barnavörum? Sérstaklega er spurt um öryggistæki, sbr. a-lið 1. tölul.*

Framkvæmd þess að fella niður skatta, tolla eða vörugjöld af barnavörum yrði miklum tæknilegum takmörkunum háð eins og að framan er lýst. Sú alþjóðlega aðferðarfræði og staðlar sem notaðir eru við innheimtu umræddra gjalda gera það einungis að litlu leyti kleift að aðgreina barnavörur frá öðrum vörum. Að mestu er þar um að ræða ákveðnar vörur fyrir börn á 1. og 2. aldursári. Tafla 1 nær til afar takmarkaðs hluta þeirra nauðsynja sem börn á aldrinum 0–16 ára neyta/nota í heild.

Eins og að framan er rakið eru tollar og vörugjöld almennt ekki lögð á barnavörur og ekki á barnabílstóla. Þær breytingar á virðisaukaskatti sem tóku gildi 1. mars sl. leiða til þess að virðisaukaskattur á allri matvöru og þar með sérframleiddum ungbarnamat (sbr. töflu 1) lækkar úr 14% í 7%. Í því felast því meiri kjarabætur fyrir fjölskyldu sem börnin eru fleiri.

## 1050. Svar [603. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*

Hjá Vegagerðinni fengust eftirfarandi upplýsingar:

| Fastir starfsmenn | Höfuð-borgarsvæði | Suður-land | Vestur-land | Vest-firðir | Norðurland vestra | Norðurland eystra | Austur-land | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 31.12.2006 | 112 | 26 | 34 | 37 | 33 | 45 | 33 | 320 |
| 31.12.2005 | 116 | 29 | 35 | 36 | 35 | 42 | 35 | 328 |

Umferðarstofa stofnaði ekki til starfa á landsbyggðinni 2006.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur enga fasta starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins.

Hjá Ferðamálastofu og Siglingastofnun Íslands hefur ekki verið stofnað til nýrra starfa á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar.

Hjá Flugmálastjórn hefur fjölgað um eitt starf á Egilsstaðaflugvelli.

2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Eins og undanfarin ár mun ráðuneytið halda áfram að kanna með skipulegum hætti kosti þess að koma á fót eða flytja verkefni/störf á sviði ráðuneytisins út á landsbyggðina með það fyrir augum að efla starfsemi þar. Í samningum um árangurstjórnun sem ráðuneytið hefur gert við stofnanir er mælst til þess að þær leiti leiða til að flytja verkefni út á landsbyggðina, þar sem því verður við komið.

## 1051. Nefndarálit [653. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögmenn, nr. 77/1998, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zophoníasson frá dómsmálaráðuneyti. Einnig bárust nefndinni gögn frá dómsmálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að heimild lögmanns á Evrópska efnahagssvæðinu til að fara með mál fyrir dómstólum hér á landi verði ekki lengur bundin við að hann þurfi að starfa með hérlendum lögmanni í þinghöldum. Frumvarpið er til komið vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA við að tvær tilskipanir Evrópusambandsins er varða þjónustu evrópskra lögmanna hér á landi séu ekki réttilega innleiddar í íslenskan rétt.

Nefndin kynnti sér afstöðu Lögmannafélags Íslands til málsins, en félagið gerir ekki athugasemdir við sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA. Þá bendir nefndin á að með breytingunni er að sjálfsögðu ekki haggað við þeirri meginreglu réttarfarslaga að íslenska sé þingmálið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 6. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Guðjón Ólafur Jónsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. |
| Björgvin G. Sigurðsson. | Birgir Ármannsson. | Ellert B. Schram. |
| Kjartan Ólafsson. | Sigurður Kári Kristjánsson. | Sigurjón Þórðarson. |

## 1052. Nefndarálit [466. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zophoníasson og Bryndísi Helgadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Guðmund Þór Guðmundsson og Kristján Björnsson frá Biskupsstofu, Sveinbjörn Jóhannesson frá Þingvallaprestakalli og Hjalta Hugason frá guðfræðideild Háskóla Íslands. Umsagnir bárust um málið frá guðfræðideild Háskóla Íslands, sóknarnefnd Þingvallakirkju, Biskupsstofu og Andlegu þjóðarráði bahá'ía á Íslandi.

Í frumvarpinu er lagt til að íslenska ríkið afhendi þjóðkirkjunni til eignar prestssetur samkvæmt samkomulagi þar að lútandi frá 20. október 2006. Jafnframt er lagt til að biskupi

Íslands verði fengið vald til að skipa sóknarpresta í embætti í stað dóms- og kirkjumálaráðherra eins og nú er.

Nefndin fagnar því að með frumvarpinu skuli vera leyst úr þeim ágreiningi sem verið hefur milli ríkis og kirkju um eignarhald á prestssetrum og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin G. Sigurðsson og Sigurjón Þórðarson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 6. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Guðjón Ólafur Jónsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara. |
| Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. | Ellert B. Schram. |
| Kjartan Ólafsson. | Sigurður Kári Kjartansson. | Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara. |

## 1053. Nefndarálit [277. mál]

um frv. til l. um opinber innkaup.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Stefán Jón Friðriksson frá fjármálaráðuneyti, Skúla Magnússon, héraðsdómara og frumvarpshöfund, Halldór Grönvold frá Alþýðusamband Íslands, Pál H. Hannesson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Andrés Magnússon og Einar Örn Davíðsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Kristbjörgu Stephensen frá Reykjavíkurborg, Júlíus S. Ólafsson og Guðmund I. Guðmundsson frá Ríkiskaupum, Guðmund Sigurðsson frá Samkeppniseftirlitinu, Sigurð B. Halldórsson frá Samtökum iðnaðarins og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndinni bárust einnig umsagnir frá fjölda aðila.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögum um opinber innkaup. Gerðar eru margar efnislegar breytingar og viðbætur á þessu sviði enda hafa orðið talsverðar breytingar hvað opinber innkaup varðar. Megintilefni þessara breytinga eru tvær tilskipanir Evrópubandalagsins. Er annars vegar um að ræða svokallaða útboðstilskipun, nr. 2004/18/EB, um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, og hins vegar svonefnda veitutilskipun, nr. 2004/17/EB, um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu.

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um tilgang þess. Tilgangurinn er sá að tryggja jafnræði fyrirtækja við opinber innkaup, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Áfram verður fylgt þeirri stefnu sem mörkuð var með setningu gildandi laga um opinber inn-

kaup að efnisreglur EES-samningsins um opinber innkaup gildi einnig um opinber innkaup yfir innlendum viðmiðunarfjárhæðum sem eru lægri en viðmiðunarfjárhæðir EES. Gildir því eitt einsleitt regluverk um opinber innkaup, hvort sem þau eru undir eða yfir viðmiðunarfjárhæðum EES. Ein undantekning er þó frá þessu en hún er sú að frumvarpið gildir ekki um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu að frátöldum ákvæðum XIII. og XIV. kafla sem fjalla um réttarúrræði einstaklinga og skaðabætur.

Verði frumvarpið að lögum eru þær breytingar helstar að aðferðir við tilhögun útboða eru skilgreindar ítarlegar. Þá verður heimilt í ákveðnum tilfellum að viðhafa svokallaðar samkeppnisviðræður en sú aðferð er hugsuð til að leiða fram lausnir þegar um sérlega flókna samninga er að ræða. Einnig verður heimilt að viðhafa örútboð en í því felst að hægt er að óska eftir nýjum tilboðum um tilteknar valforsendur sem voru óákveðnar samkvæmt upphaflegum rammasamningi. Þá eru í frumvarpinu ítarlegri reglur um útboðsgögn, framkvæmd útboða og val tilboðs. Jafnframt er lögð til sú breyting að frá því að ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt og þar til það er endanlega samþykkt skuli líða tíu dagar. Þá er lagt til að innheimt verði hóflegt kærugjald til að stemma stigu við tilhæfulausum kærum. Að lokum má nefna að í frumvarpinu eru tekin af tvímæli um gildissvið stjórnsýslulaga gagnvart lögum um opinber innkaup. Stjórnsýslulög munu því ekki gilda um opinber innkaup, að frátöldum II. kafla þeirra um sérstakt hæfi. Tilgangur þessarar reglu er að skýra réttarreglur á þessu sviði en ekki er ætlunin að skerða rétt fyrirtækja á sviði opinberra innkaupa.

Nefndin ræddi talsvert um það til hvaða aðila reglur frumvarpsins taka en líkt og í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir því að sveitarfélögin undirgangist þær skyldur sem kveðið er á um í 2. þætti laganna um opinber innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES. Nefndin ræddi um að það að fara þyrfti rólega í sakirnar, enda eðlilegt að gætt sé sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaga. Fram kom á fundum nefndarinnar að við setningu gildandi laga hafi verið um það rætt að reglur um opinber innkaup undir framangreindum viðmiðunarfjárhæðum ættu einnig að gilda um sveitarfélögin. Ekki náðist samstaða um það á þeim tíma og var skipuð nefnd til að fjalla um málið sem hefur ekki enn lokið störfum. Sveitarfélögin sýsla með opinbert fé líkt og ríkið og töldu margir gesta nefndarinnar í ljósi þess ekki við það unað að sveitarfélögunum væri í sjálfsvald sett hvort þau undirgengjust þær auknu skyldur við opinber innkaup sem felast í 2. þætti laganna. Nefndin er sammála þessu, einkum í ljósi þess að mikið hefur verið rætt um hvort sveitarfélögin muni taka við sífellt fleiri verkefnum af ríkinu. Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu í því skyni að stíga hóflegt skref í átt að því að reglur um opinber innkaup taki til sveitarfélaganna. Þannig verði kveðið á um það berum orðum í lögunum að sveitarfélögum sé heimilt að beita reglum 2. þáttar frumvarpsins um innkaup sín. Geri þau það ekki beri þeim sjálfum að setja sér reglur um innkaup. Nefndin leggur þó til nokkurn aðlögunartíma, þ.e. til 1. janúar 2008. Nefndin hvetur einnig til þess að sú nefnd sem fjármálaráðherra skipaði í febrúar 2002 til að gera tillögur um gildissvið laga um opinber innkaup gagnvart sveitarfélögunum ljúki verkefni sínu og skili tillögum hið fyrsta.

Á fundum nefndarinnar var fjallað um rammasamninga og þá hættu sem þeir geta haft í för með sér að tiltekin fyrirtæki eða bjóðendur verði útilokaðir frá markaðnum eða þá að nýjir aðilar komist ekki inn á markaðinn. Ríkið er langstærsti kaupandinn og á sumum sviðum sá eini og varða því miklu þeir hagsmunir sem eru fólgnir í því að gera rammasamning. Rammasamningar sem slíkir teljast ekki andstæðir samkeppnislögum en hins vegar er það metið í hvert og eitt sinn hvort svo teljist vera. Hvað þessi atriði varðar þá skiptir tímalengd rammasamnings miklu. Í 3. mgr. 34. gr. frumvarpsins er kveðið á um að gildistími rammasamnings megi ekki vera lengri en fjögur ár, nema í undantekningartilfellum sem

skulu helgast af málefnalegum ástæðum. Fram kom á fundum nefndarinnar að við samningu frumvarpsins hafi verið gengið út frá því að lög um opinber innkaup takmarki ekki gildissvið samkeppnislaga. Ræddi nefndin jafnframt þá stöðu sem upp getur komið ef kaupanda samkvæmt rammasamningi bjóðast jafngóðar vörur á mikið lægra verði, t.d. 30% lægra, á almennum markaði, t.d. á netinu. Telur nefndin eðlilegt að tekið sé mið af slíkum tilfellum í rammasamningnum sjálfum.

Nefndin ræddi einnig ákvæði 75. gr. frumvarpsins um tilkynningu og rökstuðning höfnunar tilboðs og annarra ákvarðana. Telur nefndin eðlilegt að með hliðsjón af 45. gr. um forsendur kaupanda fyrir vali tilboðs verði hverjum bjóðanda tilkynnt hvernig tilboð hans hafi verið metið, svo og um mat á því tilboði sem tekið var. Skal þá litið til upptalningar í 45. gr. frumvarpsins en þar eru í 1. mgr. taldar upp fjölbreyttar forsendur sem geta komið til greina við mat á tilboði, þ.e. ekki aðeins lægsta verð. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ýmislegt annað en verð megi skoða þegar kaupandi tekur ákvörðun um innkaup. Má í þessu sambandi nefna 43. gr. þar sem kaupanda er veitt heimild til að kveða á um sérstök skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings. Þetta eru einkum skilyrði varðandi félagsleg og umhverfisleg atriði. Þá er í 44. gr. kveðið á um að kaupanda sé heimilt að upplýsa í útboðsskilmálum hvar þátttakendur eða bjóðendur geti aflað sér upplýsinga um skyldur sínar varðandi skatta, umhverfisvernd, réttindi launþega og vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða í því sveitarfélagi þar sem verk verður unnið eða þjónusta innt af hendi. Þess ber þó að geta að forsendur fyrir vali tilboðs verða ávallt að tengjast hinu keypta eins og fram kemur í 1. mgr. 45. gr. Þar eru, líkt og rakið hefur verið áður, taldar upp í dæmaskyni forsendur sem geta legið til grundvallar mati á fjárhagslegri hagkvæmni. Þetta eru atriði eins og gæði, tæknilegir eiginleikar, umhverfislegir eiginlegar og rekstrarhagkvæmni. Af svipuðum meiði er ákvæði 18. gr. um félagslega eiginleika útboðs þar sem veitt er heimild til að takmarka rétt til þátttöku í útboði við verndaða vinnustaði eða miða við að framkvæmd samnings fari fram samkvæmt áætlun um verndaða vinnustaði þar sem flestir starfsmenn geta ekki sinnt starfi á venjulegum vinnumarkaði vegna starfsorkuskerðingar.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu.

1. Lögð er til breyting á skilgreiningum hugtakanna „lokað útboð“ og „rammasamningur“. Er aðeins um það að ræða að orðalag sé fært til betri vegar.
2. Lagðar eru til nokkrar málfars- og/eða orðalagsbreytingar til að auka skýrleika.
3. Lögð er til viðbót við 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins í því skyni að kveða á um það í lögunum að sveitarfélögum sé heimilt að beita ákvæðum 2. þáttar frumvarpsins við innkaup sín í heild eða að hluta. Auk þess er í þessari viðbót mælt fyrir um að þau sveitarfélög sem ekki fari að ákvæðum 2. þáttar skuli setja sér reglur um innkaup sín. Nefndin leggur til að þetta ákvæði öðlist gildi 1. janúar 2008.
4. Lagðar eru til breytingar á 2. og 8. mgr. 37. gr. til að lagfæra tilvísanir í önnur ákvæði laganna.
5. Lagt er til að orðið „fjárhagslega“ í 1. mgr. 72. gr. falli brott til að textinn haldist sá sami og í gildandi lögum og verði í betra samræmi við 45. gr. frumvarpsins.
6. Lögð er til viðbót við 1. mgr. 75. gr. í þá veru að tryggja að þegar val tilboðs hefur grundvallast á öðrum forsendum en verði einu saman skuli í tilkynningu til þátttakenda eða bjóðenda koma fram nafn þess sem var valinn og upplýsingar um eiginleika og kosti þess tilboðs sem kaupandi valdi með hliðsjón af valforsendum útboðsgagna.

7. Lagt er til að úr 90. gr. falli brott ákvæði þar sem kveðið er á um að ábyrgðarmaður innkaupa heyri beint undir forstöðumann. Er ástæðan sú að á undanförnum árum hefur rekstrarumhverfi ríkisstofnana verið breytt í þá veru að völd og ábyrgð forstöðumanna í rekstrarmálum hafa verið aukin. Ekki er því talið rétt að takmarka völd forstöðumanna hvað varðar staðsetningu ábyrgðarmanns í skipuriti stofnunar.
8. Lagt er til að gerðar verði breytingar á fylgiskjali með frumvarpinu til að það verði í samræmi við tilskipunina eins og hún var aðlöguð að EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 frá 7. júní 2006.

Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. febr. 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Svanhvít Aradóttir. | Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. |
| Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara. | Sæunn Stefánsdóttir. |

# 1054. Breytingartillögur [277. mál]

við frv. til l. um opinber innkaup.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 9. tölul. orðist svo: *Lokað útboð*: Innkaupaferli þar sem aðeins þau fyrirtæki sem valin hafa verið af kaupanda geta lagt fram tilboð en hvaða fyrirtæki sem er getur sótt um að taka þátt í.
   b. 16. tölul. orðist svo: *Rammasamningur*: Samningur sem einn eða fleiri kaupendur skuldbinda sig til að gera við eitt eða fleiri fyrirtæki í þeim tilgangi að slá föstum skilmálum einstakra samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili, einkum að því er varðar verð og fyrirhugað magn, ef við á.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „þeirrar tilskipunar“ í 1. mgr. komi: sömu tilskipunar.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „sjá almenningi fyrir einni eða fleiri fjarskiptaþjónustu“ komi: bjóða almenningi eina eða fleiri tegundir fjarskiptaþjónustu.
4. Við 18. gr. Í stað orðanna „framkvæmd samningsins“ í 1. mgr. komi: framkvæmd hans.
5. Við 19. gr.
   a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þessum aðilum er þrátt fyrir þetta ávallt heimilt að beita reglum þessa þáttar í heild eða að hluta við innkaup sín. Sveitarfélög skulu setja sér reglur um innkaup sín, enda hafi þau ekki ákveðið að kaupa inn samkvæmt reglum þessa þáttar í heild.
   b. 2.–4. málsl. verði 3. mgr.

6. Við 21. gr. Í stað orðanna „I. viðauka B“ í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. komi: II. viðauka B.
7. Við 22. gr. Í stað orðanna „með rafrænum hætti“ í 2. málsl. komi: með rafrænni aðferð.
8. Við 31. gr. Í stað orðanna „fjölda þeirra lausna“ í 1. málsl. 5. mgr. komi: þeim lausnum.
9. Við 37. gr.
   a. Í stað orðanna „a-lið 2. mgr. 33. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: 3. mgr. 33. gr.
   b. Í stað orðanna „3. mgr.“ í 2. málsl. 8. mgr. komi: 4. mgr.
10. Við 40. gr. Orðin „eða útboðsauglýsingu“ í fyrri málslið 1. mgr. falli brott.
11. Við 57. gr. Í stað orðsins „Tilboðstími“ komi: Frestur til að skila tilboðum.
12. Við 72. gr. Orðið „fjárhagslega“ í fyrri málslið 1. mgr. falli brott.
13. Við 75. gr. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar val tilboðs hefur grundvallast á öðrum forsendum en verði eingöngu skal í tilkynningu koma fram nafn þess bjóðanda sem var valinn og upplýsingar um eiginleika og kosti þess tilboðs sem kaupandi valdi með hliðsjón af valforsendum útboðsgagna.
14. Við 81. gr. Í stað orðanna „sem varðar verðgildi“ komi: vegna verðgildis.
15. Við 90. gr. Lokamálsliður ákvæðisins falli brott.
16. Við 107. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi.
    Ákvæði 2. og 3. málsl. 2. mgr. 19. gr. skulu öðlast gildi 1. janúar 2008.
17. Við fylgiskjal:
    a. Við heiti XI. og XII. viðauka í efnisyfirliti bætist: [Sleppt.]
    b. 10. gr. orðist svo:

Tilskipun þessi gildir um opinbera samninga sem samningsyfirvöld gera á sviði varnarmála, sbr. þó [123. gr. EES-samningsins, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006].

    c. Í stað III. viðauka komi:

*[Í stað III. viðauka kemur hluti I í 1. viðbæti í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006, sbr. 7. gr. ákvörðunar nefndarinnar.]*

**SKRÁ YFIR STOFNANIR OG FLOKKA STOFNANA SEM HEYRA UNDIR OPINBERAN RÉTT EINS OG UM GETUR Í ANNARRI UNDIRGREIN 9. MGR. 1. GR.**

I. Á ÍSLANDI

Ríkisreknar innkaupastofnanir sem eru ekki á sviði iðnaðar eða viðskipta og heyra undir lög um skipan opinberra framkvæmda [nr. 84/2001, lög um opinber innkaup, nr. 94/2001, og reglugerð nr. 655/2003, með síðari breytingum.][1]

**Stofnanir**

— Ríkiskaup

— Framkvæmdasýslan

— Vegagerð ríkisins

— Siglingastofnun

**Flokkar**

— Sveitarfélög

---

[1] Leiðréttar laga- og reglugerðartilvísanir frá hluta I í 1. viðbæti í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006.

d. Í stað IV. viðauka komi:

*[Í stað IV. viðauka kemur 2. viðbætir í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006.]*

**YFIRVÖLD Á VEGUM RÍKISINS** [1]

ÍSLAND

Ríkisreknar innkaupastofnanir eða fyrirtæki sem eru ekki á sviði iðnaðar eða viðskipta og heyra undir lög um opinber innkaup, nr. 94/2001, með síðari breytingum.

Ríkiskaup

Framkvæmdasýslan

Vegagerð ríkisins

[1] Í þessari tilskipun merkir „yfirvöld á vegum ríkisins" yfirvöld sem eru tilgreind í þessum viðauka til leiðbeiningar og, hafi leiðréttingar eða breytingar verið gerðar í viðkomandi landi, einingar sem koma í stað þeirra.

e. V. viðauki orðist svo:

**SKRÁ YFIR VÖRUR SEM UM GETUR Í 7. GR., MEÐ TILLITI TIL SAMNINGA SEM SAMNINGSYFIRVÖLD GERA Á SVIÐI VARNARMÁLA**

*[V. viðauka er sleppt þar sem um engar vörur er að ræða sem falla undir viðaukann hvað Ísland varðar, sbr. 3. viðbæti í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006.]*

# 1055. Svar [597. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*

Byggðaáætlun 2006–2009 var samþykkt á Alþingi 3. júní 2006. Frá því að hún var samþykkt hafa orðið til 9,8 ný störf hjá félagsmálaráðuneytinu og stofnunum þess á landsbyggðinni. Í janúar 2007 urðu til 9 störf á Hvammstanga þegar skrifstofa Fæðingarorlofssjóðs tók þar til starfa. Starfsemin fór áður fram í Reykjavík. Störfum hjá Fjölmenningarsetri, sem er á Ísafirði, fjölgaði um 0,8 á árinu 2006.

Með nýgerðum samningum við Akureyrarkaupstað og Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlaða áætlar ráðuneytið að störfum hjá Akureyrarkaupstað og byggðasamlaginu fjölgi um 12–15 á árunum 2007–2009.

2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Í apríl 2007 mun hluti af starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs flytjast frá Reykjavík til Skagastrandar. Þangað flytjast 6–8 störf.

Í tengslum við átak ráðuneytisins til að bæta þjónustu og fjölga búsetuúrræðum fyrir geðfatlað fólk áætlar ráðuneytið að störfum á landsbyggðinni fjölgi um 20–25 á árunum 2007–2010. Þessi nýju störf verða bæði hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra og sveitarfélögum sem tekið hafa að sér þjónustu við fatlaða samkvæmt samningum við ráðuneytið.

## 1056. Svar [601. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*

Ráðuneytið hefur til viðmiðunar fjölda stöðugilda hjá helstu stofnunum þess á landsbyggðinni árin 2000, 2005 og 2006, þ.e. Landbúnaðarháskóla Íslands, Landbúnaðarstofnun, Hólaskóla, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og skógræktarverkefnunum fimm.

Stöðugildi þessara stofnana voru eftirfarandi á þessum árunum: Árið 2000 voru stöðugildi stofnana ráðuneytisins samtals 351, árið 2005 samtals 372 og árið 2006 voru stöðugildin 380.

2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Ráðuneytið bendir á verulegar breytingar sem hafa orðið á stofnanaumhverfi þess á allra síðustu árum, þar sem stofnanirnar hafa fengið aukið vægi, t.d. Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli. Með samruna RALA við Landbúnaðarháskóla Íslands fluttust störf út á landsbyggðina. Sömu sögu er að segja hvað varðar stofnun Landbúnaðarstofnunar á Selfossi og tilheyrandi uppbyggingu henar þar. Þá gerir ráðuneytið ráð fyrir eflingu skógræktarverkefnanna, Héraðs- og Austurlandsskóga, Vesturlandsskóga, Norðurlandsskóga, Suðurlandsskóga og Skjólskóga á Vestfjörðum, þar sem verkefnin eru að aukast og nýir þættir skógræktar að bætast við, svo sem grisjun og úrvinnsla skógarafurða.

## 1057. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um Náttúruminjasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Þórisdóttur lögfræðing og Ragnheiði H. Þórarinsdóttur sérfræðing frá menntamálaráðneyti, Jón Gunnar Ottósson forstjóra Náttúrufræðistofnunar, Árna Bragason frá Umhverfisstofnun, Sigurð H. Magnússon, Regínu Hreinsdóttur og Ágúst Ú. Sigurðsson frá starfsmannafélagi Náttúrufræðistofnunar í Reykjavík, Sigurð A. Þráinsson frá umhverfisráðuneyti, Guðna Á. Alfreðsson prófessor frá líffræðiskor Háskóla Íslands, Ínu Björgu Hjálmarsdóttur og Harald R. Ingvason frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Kristínu Svavarsdóttur og Helga Torfason frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Svein Kára Valdimarsson frá Samtökum náttúrufræðistofa og Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjavörð.

Frumvarpið var sent til umsagnar og hafa umsagnir borist frá Náttúrufræðistofnun Íslands, starfsmannafélagi Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, líffræðiskor Raunvísindadeild Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Umhverfisstofnun, Íslenskum orkurannsóknum, Félagi íslenskra safna og safnmanna, Eyþingi, sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Veðurstofu Íslands, Orkustofnun, Veiðimálastofnun, Þjóðminjasafni Íslands, Samtökum náttúrustofa og Hafrannsóknastofnun.

Frumvarið var lagt fram á 132. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram á ný með smávægilegum breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði höfuðsafn á sviði náttúrufræða, Náttúruminjasafn Íslands, og er það í samræmi við fyrirmæli safnalaga, nr. 106/2001. Í 5. gr. þeirra er kveðið á um að höfuðsöfn skuli stofna með lögum þar sem nánar sé kveðið á um starfsemi þeirra og í 5. mgr. 5. gr. er Náttúruminjasafn Íslands sérstaklega tilgreint sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Í bráðabirgðaákvæði segir hins vegar að ákvæði 5. mgr. 5. gr. komi ekki til framkvæmda fyrr en sett hafi verið sérlög um safnið í samræmi við ákvæði laganna.

Nefndin leggur til ýmsar breytingar á frumvarpinu:

Nefndin telur afar mikilvægt að verksvið Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar séu skýrt afmörkuð. Nefndin leggur því til breytingu á 8. gr. frumvarpsins, sem varðar breytingu á 5. mgr. 5. gr. safnalaga, nr. 106/2001. Með þeirri breytingu er hlutverk Náttúruminjasafns Íslands skilgreint á þá leið að það annist söfnun gripa, skrásetningu þeirra og varðveislu, kynni náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda með sýningum og fræðslustarfi og annist rannsóknir á starfssviði sínu, sbr. 2. gr., einkum 2. mgr. Með þeim hætti er safninu fengið rannsóknarhlutverk samkvæmt safnalögum, svo sem eðlilegt má telja fyrir höfuðsafn. Ekki er lagt til að safnið stundi grunnrannsóknir eða almennar náttúrufarsrannsóknir, t.d. með vöktun, sem eru á verksviði Náttúrufræðistofnunar.

Náttúruminjasafni Íslands er ætlað að fjalla um náttúrufyrirbæri sem ekki eru á verksviði Náttúrufræðistofnunar og er því nauðsynlegt að eiga jafnframt samstarf við aðrar rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða, svo sem Háskóla Íslands, Hafrannsóknastofnun, Íslenskar orkurannsóknir, Landbúnaðarháskóla Íslands, náttúrustofur, Orkustofnun, Veðurstofu Íslands og Veiðimálastofnun. Ljóst er þó að samstarfið við Náttúrufræðistofnun Íslands verður safninu einkar mikilvægt, sem og afnot af safnkosti þess og nýting þeirra rannsókna sem þar eru stundaðar.

Í öðru lagi leggur nefndin til þrjár breytingar á 2. gr. Í fyrsta lagi leggur nefndin til skýrara orðalag í upphafi 2. mgr. Þannig er lagt til að í stað orðsins „sýningarmunir“ verði talað um muni sem henta starfsemi safnsins. Ástæðan er sú að allir munir sem eru hjá söfnum eru skráðir og flokkaðir sem safnmunir. Með orðalaginu „að munir henti starfsemi safnsins“ er nefndin að skerpa skilin á milli safnahlutverks Náttúruminjasafnsins annars vegar og vísindastarfs Náttúrufræðistofnunar hins vegar, sem einnig felst að hluta til í söfnun. Ekki er gert ráð fyrir að stefnt sé sérstaklega að því að á Náttúruminjasafni Íslands verði komið upp sérstöku vísindasafni heldur byggist safneign þess sjálfs á þeim munum sem best henta fræðslu- og sýningarstarfi þess, sbr. 2. mgr. 2. gr. Þá er lögð til orðalagsbreyting í 2. mgr. á rannsóknarhlutverki safnsins þannig að ljóst sé að það skuli stunda rannsóknir á starfssviði sínu. Að lokum er lögð til orðalagsbreyting í 4. mgr.

Í þriðja lagi leggur nefndin til tvær breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Sú fyrri er að ekki verði kveðið á um í 1. mgr. að Náttúrufræðistofnun annist að verulegu leyti rannsóknarskyldu Náttúruminjasafnsins, og er hún í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 8. gr. frumvarpsins þar sem skerpt er á skilum á milli starfssviða þessara stofnana. Með síðari breytingartillögu nefndarinnar er lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr.

Í fjórða lagi er lögð til orðalagsbreyting á 5. gr. frumvarpsins þannig að í stað orðsins „starfsemi“ verði fjallað um þekkingu forstöðumanns á starfssviði safnsins. Ekki þykir rökrétt að ætla umsækjanda um starf forstöðumanns sérstaka þekkingu á sjálfri starfsemi safnsins frá degi til dags. Hins vegar er eðlilegt að gera kröfur um staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins.

Að lokum leggur nefndin til þá breytingu á ákvæði til bráðabirgða að orðin „en ekki vísindagildi“ falli brott þar sem hægt er að fullyrða að gripir sem hafa fyrst og fremst sýningargildi geti einnig haft vísindagildi.

Í tilefni af ákvæði til bráðabirgða vill nefndin benda á að hinn 16. júní 1947 gerðu stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags og menntamálaráðuneytið með sér samning, sbr. fylgiskjal, þar sem m.a. var kveðið á um að stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags afhenti ráðuneytinu f.h. ríkissjóðs náttúrugripasafn félagsins til fullrar eignar og umráða, ásamt sjóði þeim er félagið hafði myndað í því skyni að reisa safninu hús, svo og bækur, áhöld, skjöl og allt annað, er safninu hafði fylgt og fylgir. Auk þessa afhenti félagið einnig allt það er varðaði fuglamerkingastarfsemi félagsins og útgáfu vísindaritsins Acta naturalia islandica. Fram kom í samningnum að í staðinn hafi menntamálaráðuneytið m.a. skuldbundið sig til að láta Hinu íslenska náttúrufræðifélagi í té ókeypis eitt herbergi í hinni nýju náttúrugripasafnsbyggingu. Telur nefndin eðlilegt að tekið sé tillit til þessa samnings við ákvörðun um safnkost Náttúruminjasafns Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Magnús Þór Hafsteinsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |
| Björgvin G. Sigurðsson. | Einar Már Sigurðarson. | Kjartan Ólafsson. |
| Mörður Árnason. | Sæunn Stefánsdóttir. | Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara. |

**Fylgiskjal.**

S a m n i n g u r

um náttúrugripasafnið.

Stjórn Hins íslenzka náttúrufræðifélags og menntamálaráðuneytið gjöra með sér svofelldan samning:

Stjórn Hins íslenzka náttúrufræðifélags afhendir hér með menntamálaráðuneytinu f.h. ríkissjóðs náttúrugripasafn félagsins til fullrar eignar og umráða, ásamt sjóði þeim, að fjárhæð kr. 82,396,21 – áttatíu og tvö þúsund þrjú hundruð níutíu og sex 21/100 – er félagið hefur myndað í því skyni að reisa safninu hús, svo og bækur, áhöld skjöl og allt annað, er safninu hefur fylgt og fylgir. Félagið afhendir einnig allt það, er varðar fuglamerkingastarfsemi félagsins og útgáfu vísindaritsins "Acta naturalia islandica".

Í staðinn skuldbindur menntamálaráðuneytið sig til að láta Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi í té ókeypis eitt herbergi í hinni nýju náttúrugripasafnsbyggingu, er verði skrifstofa félagsins og aðalbækistöð. Ennfremur skal félagið fá ókeypis hentugt og hæfilegt geymslurúm í neðrihæð safnbyggingu fyrir upplag tímaritsins Náttúrufræðingsins, Flóru Íslands, ársskýrslu félgsins og annarra rita, er félagið kann að gefa út og nánar semst um. Þá skal félagið og fá ókeypis afnot af kennsluaðstöðu hinnar fyrirhuguðu náttúrugripasafnsbyggingar til fundahalda sinna, eftir nánara samkomulagi þegar smíði hússins er lokið. Félagar í Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi skulu fá ókeypis aðgang að náttúrugripasafninu.

Framangreind afhending miðast við 1. janúar 1947.

Samningur þessi er undirritaður í tveimur samhljóða frumritum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

REYKJAVÍK, 16. júní 1947.

Menntamálaráðherra.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ REYKJAVÍK

F.h. Hins ísl. náttúrufræðifélags:

## 1058. Breytingartillögur [281. mál]

við frv. til l. um Náttúruminjasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Safnið annast rannsóknir á starfssviði sínu.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Náttúruminjasafnið skal eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin „og annast að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sbr. lög nr. 60/1992“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Safnkostur Náttúruminjasafns Íslands er ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „starfsemi“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: starfssviði.
4. Við 8. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á safnalögum, nr. 106/2001: 2. málsl. 5. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Náttúruminjasafn Íslands annast söfnun gripa, skrásetningu þeirra og varðveislu, kynnir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda með sýningum og fræðslustarfi og annast rannsóknir á starfssviði sínu.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. Orðin „en ekki vísindagildi“ falli brott.

## 1059. Fyrirspurn [679. mál]

til heilbrigðisráðherra um lokun iðjuþjálfunardeildar geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa vegna yfirvofandi lokunar iðjuþjálfunardeildar geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss og hver er skýringin á lokuninni?
2. Hvaða áhrif mun lokunin hafa á sjúklinga sem njóta þjónustu iðjuþjálfunardeildarinnar?
3. Má búast við að álag aukist á aðrar deildir, svo sem með auknum innlögnum eða annarri þjónustu, og ef svo er, hvaða deildir og hvað má áætla að álag aukist mikið á hverja deild?
4. Hvaða áhrif mun lokunin hafa á starfsfólk sjúkrahússins og eru aðrar deildir mannaðar til að taka við auknu álagi?

5. Hve mikið mun það kosta að halda áfram starfi iðjuþjálfunardeildarinnar með því að koma til móts við þann kostnað sem fylgir ráðningu fagfólks í störfin á deildinni á sambærilegum kjörum og iðjuþjálfar fá annars staðar?

**Skriflegt svar óskast.**

## 1060. Fyrirspurn [680. mál]

til menntamálaráðherra um námsframboð og afdrif starfsmanna eftir sameiningu Tækniháskóla Íslands við Háskólann í Reykjavík.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvaða námsleiðir voru áður kenndar í Tækniháskóla Íslands en hafa nú verið lagðar niður eða er fyrirhugað að leggja niður eftir sameiningu hans við Háskólann í Reykjavík?
2. Hver var fjöldi starfsmanna, fastráðinna og lausráðinna, við Tækniháskóla Íslands fyrir sameiningu hans við Háskólann í Reykjavík, sundurliðað eftir starfsheitum?
3. Hversu margir starfsmenn Tækniháskóla Íslands, fastráðnir og lausráðnir, hafa sagt upp eða látið af störfum eftir sameiningu hans við Háskólann í Reykjavík, sundurliðað eftir starfsheitum?

**Skriflegt svar óskast.**

## 1061. Nefndarálit [576. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Rósmund Guðnason, deildarstjóra vísitöludeildar Hagstofu Íslands. Umsagnir bárust um málið frá Neytendastofu, Seðlabanka Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða og Viðskiptaráði Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að vísitala neysluverðs verði reiknuð miðað við verð um miðjan mánuð en ekki verð í upphafi mánaðar eins og verið hefur. Frumvarpið er tilkomið vegna reglugerðar ráðs Evrópusambandsins nr. 701/2006 um að samræma tíma verðsöfnunar fyrir samræmda vísitölu neysluverðs, en hún tekur gildi 1. janúar 2008. Nefndin aflaði sér upplýsinga frá utanríkisráðuneyti um að reglugerðin hefði verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í nóvember 2006 og að 6 mánaða frestur til afléttingar stjórnskipulegs fyrirvara væri fram í apríl, en þetta kemur ekki fram í frumvarpinu.

Nefndin vekur athygli á því að samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp af hálfu viðskiptaráðherra sem breytir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af sömu ástæðum og raktar eru hér að framan.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 6. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Guðjón Ólafur Jónsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. |
| Björgvin G. Sigurðsson. | Birgir Ármannsson. | Ellert B. Schram. |
| Kjartan Ólafsson. | Sigurður Kári Kristjánsson. | Sigurjón Þórðarson. |

# 1062. Skýrsla [681. mál]

utanríkisráðherra um fyrirkomulag þróunarsamvinnu Íslands.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## 1. Inngangur.

*1.1 Breyttir tímar kalla á aukna ábyrgð Íslands á alþjóðavettvangi.*

Áherslur í alþjóðasamstarfi hafa tekið stakkaskiptum á síðustu árum, þar sem ríki heims standa frammi fyrir nýjum ógnum og hnattvæðingin kallar á breytta sýn í utanríkismálum. Öryggismál, efnahagssamstarf, alþjóðaviðskipti og umhverfismál eru allt grundvallarþættir í alþjóðasamstarfi sem ekki verða aðskildir. Umhverfisvá sem skapast af vatnsskorti getur leitt til stríðsátaka og smitsjúkdómar sem spretta upp vegna lélegrar heilbrigðisþjónustu í fátækum löndum geta hamlað alþjóðaviðskiptum og haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir efnahag í fjarlægum löndum. Trúverðug utanríkisstefna hlýtur því að taka mið af öllum þessu ólíku þáttum sem hafa áhrif á framtíð okkar.

Alþjóðlegt samstarf byggist á þeim grunni að hagsmunum ríkja sé best borgið þegar þau vinna saman að úrlausn mála. Íslendingar hafa allt frá lýðveldisstofnun verið virkir þátttakendur í alþjóðasamstarfi, bæði með tvíhliða samskiptum en ekki síður á vettvangi alþjóðastofnana og samtaka. Fjölþjóðlegt samstarf er ein áhrifaríkasta leiðin fyrir smærri ríki til að vinna að eigin hagsmunamálum og til að hafa áhrif umfram stærð sína.

Hagsmunarekstur á alþjóðavettvangi er, og verður, grundvallarstoð íslenskrar utanríkisstefnu. En í hverju felast hagsmunirnir? Það er til lítils að berjast fyrir bættu aðgengi að erlendum fiskmörkuðum ef ofveiði á fjarlægum miðum leiðir til hnattrænna aðgerða gegn fiskveiðum. Þá dugar skammt þótt Íslendingar sjálfir stundi sjálfbærar fiskveiðar. Að sama skapi er það íslenskum útrásarfyrirtækjum mikið hagsmunamál að efnahagslegur stöðugleiki ríki í þeim löndum þar sem þau fjárfesta. Þátttaka í alþjóðlegu efnahagssamstarfi sem miðar að því að viðhalda stöðugleika alþjóðahagkerfisins er því hagsmunarekstur í þágu Íslands.

Eins og dæmin sýna verða skilin milli þess sem teljast beinir og óbeinir hagsmunir sífellt óskýrari.

Þó að íslensk stjórnvöld hafi lagt margt gott til alþjóðlegs samstarfs er það staðreynd að í skjóli smæðarinnar höfum við fyrst og fremst beint kröftum okkar að þröngum hagsmunarekstri. Ef Íslendingar vilja njóta góðs af samstarfi við önnur lönd verðum við að axla þá ábyrgð sem felst í því að vera í hópi efnuðustu þjóða heims. Líkt og Íslendingar vilja standa vörð um samhjálp heima fyrir getum við heldur ekki skorist úr leik á alþjóðavettvangi. Það er siðferðileg skylda okkar að hjálpa þeim sem minna mega sín, en það eru líka hagsmunir okkar.

Nær fjórir áratugir eru liðnir frá því að íslensk stjórnvöld hófu fyrst að veita tvíhliða þróunaraðstoð til annarra ríkja. Fram að þeim tíma hafði framlag Íslands einskorðast við stuðning við starfsemi alþjóðaþróunarstofnana. Með lögum nr. 20 frá 1971 hófst nýtt tímabil þar sem Íslendingar mörkuðu sér sjálfir stefnu og áherslur í þróunarsamvinnunni. Tímamót urðu síðan með lögum nr. 43 frá 1981 þegar Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) var sett á fót.

Á síðustu árum hefur framlag Íslands til alþjóðasamstarfs tekið miklum breytingum Á árinu 2004 ákvað ríkisstjórnin að stórauka framlög til þróunarmála. Frá þeim tíma hafa fjárveitingar til málaflokksins meira en tvöfaldast, úr u.þ.b. 1,5 milljörðum kr. árið 2004 í 3,2 milljarða kr. á árinu 2007. Náist markmið ríkisstjórnarinnar munu framlögin nema um 4,6 milljörðum kr. á árinu 2009, eða sem svarar til 0,35% vergrar landsframleiðslu.

Starfsemi ÞSSÍ hefur eflst mikið á síðustu missirum og samstarf utanríkisráðuneytisins við alþjóðastofnanir tekið algjörum stakkaskiptum. Þátttaka Íslands í friðaraðgerðum og uppbyggingarstarfi hefur einnig aukist og nýr tónn hefur verið sleginn í málefnum Íslensku friðargæslunnar.

*1.2 Alþjóðastarf Íslands hafi skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi.*

Þegar horft er til framtíðar er grundvallaratriði að alþjóðastarf Íslands hafi skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi. Koma þarf í veg fyrir óhagræði og varast tvíverknað. Aukið umfang þróunarsamvinnunnar kallar því á að skipulag og verklag stjórnsýslunnar sé skoðað á gagnrýninn hátt. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að stjórnvöld efli enn frekar tengslin við íslensk félagasamtök sem mörg hver vinna mikilvæg störf í þróunarmálum. Jafnframt þarf að skapa grundvöll fyrir auknu samstarfi við viðskiptalífið, svo virkja megi það frumkvöðlastarf og þann mikla sköpunarkraft sem þar ríkir.

Jafnframt hefur um nokkurn tíma verið ljóst að tímabært væri að endurskoða lögin um ÞSSÍ. Á það er bent í álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands frá 2003. Alþingismenn hafa bent á nauðsyn endurskoðunar og nýlega kom fram álit þess efnis í erindi Ríkisendurskoðunar til ÞSSÍ.

Starfsmenn ÞSSÍ skila merkilegu framlagi til alþjóðasamstarfs Íslendinga, oft við mjög erfiðar aðstæður. Íslendingar geta með stolti litið til þeirra verka og enginn þarf að velkjast í vafa um að framlag okkar skiptir máli. Fyrir 15 kr. á dag er t.d. hægt að greiða fyrir skólamáltíð barns í Úganda og Malaví, en sú máltíð getur skipt sköpum um hvort barn gengur í skóla eða ekki.

Þróunarsamvinna er orðin ein helsta máttarstoð íslenskrar utanríkisstefnu og eru framlög til málaflokksins stærsti einstaki útgjaldaliður utanríkisráðuneytisins. Við endurskoðun á skipulagi og löggjöf um þróunarsamvinnu þarf að byggja á þeim grunni sem starfsemi ÞSSÍ

stendur á, reynslu stofnunarinnar og þeirri þekkingu sem skapast hefur í utanríkisráðuneytinu.

*1.3 Stuðla ber að opnum skoðanaskiptum um þróunarmál.*

Nýir straumar leika nú um almenna umræðu um utanríkismál. Fyrir alla Íslendinga ætti það að vera sameiginlegt hagsmunamál að almenn sátt ríki um hlutverk og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Þetta á ekki hvað síst við um framlag Íslands til þróunarmála.

Með þeirri endurskoðun sem hér er kynnt hefur fyrsta skrefið verið tekið. Utanríkisráðherra kynnti hugmyndir sínar um endurskoðunina á fundi stjórnar ÞSSÍ þann 13. nóvember sl. og á fundi utanríkismálanefndar Alþingis tveimur dögum síðar. Fól utanríkisráðherra Þorsteini Ingólfssyni sendiherra að leiða vinnuna. Haldnir hafa verið á fimmta tug funda með hinum ýmsu sérfræðingum, fulltrúum frjálsra félagasamtaka, viðskiptalífs, starfsmönnum ÞSSÍ, fulltrúum í stjórn stofnunarinnar og með starfsmönnum utanríkisráðuneytisins. Efnt var til málþings þann 17. janúar sl. þar sem boðið var sérfræðingum og fræðimönnum um þróunarmál, fulltrúum viðskiptalífs og samtaka sem starfa að mannúðar- og þróunarmálum á Íslandi. Þann sama dag kynnti utanríkisráðherra fyrir utanríkismálanefnd framvindu málsins.

Á málþinginu voru flutt erindi um þróunarsamvinnu Íslands, starfsemi ÞSSÍ, strauma og stefnur í alþjóðaþróunarsamvinnu, og heilbrigðismál og þróun. Auk þess var farið yfir reynslu Norðmanna af nýlegum skipulagsbreytingum á sviði þróunarsamvinnu. Sex umræðuhópar ræddu fyrirkomulag þróunarsamvinnunnar og voru niðurstöður hópanna kynntar í almennri umræðu í lok málþingsins. Loks hefur áhugasömum aðilum verið gert kleift að koma athugasemdum og ábendingum um endurskoðunina á framfæri á vefsetri utanríkisráðuneytisins.

Þessi skýrsla er innlegg í umræðu sem mikilvægt er að fari fram og leiði til farsællar niðurstöðu sem sátt geti ríkt um. Þar eð stutt er í alþingiskosningar og málið þarf ítarlegrar kynningar og umræðu við er ljóst að það verður hlutverk nýrrar ríkisstjórnar og þings að leiða það til lykta. Það faglega starf og undirbúningsvinna sem liggur til grundvallar þessari skýrslu hefur haft það að leiðarljósi að skapa sátt og sem breiðastan stuðning við þær leiðir sem íslensk stjórnvöld fara í þróunarmálum.

## 2. Breytt umhverfi þróunarsamvinnu.

Umhverfi þróunarsamvinnunnar tekur sífelldum breytingum, en á síðustu tíu árum hafa orðið mjög umfangsmiklar breytingar á þessu sviði. Þau lönd og stofnanir sem veita aðstoð hafa breytt starfsaðferðum sínum og almennri nálgun á þróunarsamvinnu og í sumum tilfellum hefur orðið algjör umbylting á aðstoðinni. Áður fyrr einkenndist þróunaraðstoð af áherslum þess sem veitti aðstoðina og hún var oft og tíðum veitt með skilyrðum um kaup á vörum og þjónustu gjafaríkisins. Aðstoð af þessu tagi er nú á undanhaldi enda sýnir reynslan að hún er dýr, óskilvirk og skilar minni árangri. Fyrir nokkrum árum skuldbundu OECD-ríkin sig til að hætta alfarið skilyrtri aðstoð til fátækustu þróunarríkjanna og mikill alþjóðlegur þrýstingur er á OECD-ríkin að gera slíkt hið sama gagnvart öllum þróunarríkjum.

Breytt umhverfi þróunarsamvinnu byggist nú á samstarfi og samræmingu þeirra aðila sem starfa að þróunarmálum, hvort heldur eru tvíhliða stofnanir, alþjóðastofnanir, félagasamtök, eða viðskiptalífið. Í stað þess að hver og einn veiti aðstoð á eigin forsendum eru aðgerðir samhæfðar með styrkleika og sérþekkingu hinna ýmsu þróunarstofnana að leiðarljósi.

Með svokallaðri Monterrey-samþykkt um fjármögnun þróunar[1] frá 2002 og Parísaryfirlýsingu um samþættingu og aðlögun[2] frá 2005 er gerð skýr krafa um markvissa stefnumótun og framkvæmd þróunarsamvinnu. Áhersla er lögð á þarfir móttökuríkisins og að aðgerðir þróunarstofnana séu samræmdar til að auka skilvirkni og markvissan árangur þróunarstarfsins. Þessar skuldbindingar kalla á að ákvarðanir af pólitískum og tæknilegum toga séu samhæfðar. Þróunarsamvinna byggist í dag á eignarhaldi þess sem aðstoðina hlýtur, þ.e. að verkefni séu aðlöguð stefnu og áherslum móttökuríkisins. Þeir sem starfa að þróunarmálum á vettvangi taka nú virkari þátt í stefnumótun og framkvæmd verkefna í samstarfi við stjórnvöld, önnur gjafaríki, stofnanir og frjáls félagasamtök. Þetta breytta umhverfi felur í sér aukna kröfu um að gjafaríki séu vel upplýst um stjórnmála-, efnahags- og menningarlegar forsendur samstarfslandanna.

**Eignarhald (Ownership).** Réttur og ábyrgð samstarfslandsins að skilgreina hvernig landið skal þróast og að setja sínar eigin áætlanir um útrýmingu á fátækt og aukinn hagvöxt.
**Aðlögun (Alignment).** Skylda gjafaríkis til að byggja aðstoð sína á stefnu og aðferðum samstarfslandsins og leggja til þekkingu til að styrkja þessar stoðir og koma þannig í veg fyrir tvíverknað og óhagræði.
**Samræming (Harmonisation).** Gjafaríki hagræði og samræmi aðferðir og starfshætti. Noti í meira mæli aðferðir sem fela öðrum framkvæmd verkefna, auki sveigjanleika starfsfólks til að framkvæma verkefni á markvissari hátt.
**Árangursmiðuð framkvæmd (Managing for results).** Samstarfsaðilar þróunarsamvinnu miði undirbúning, framkvæmd og eftirlit við árangur og niðurstöður í stað framlags og skammtímamarkmiða.

## 3. Stefna og fyrirkomulag þróunarsamvinnu Íslands.

*3.1 Stefna.*

Í apríl 2005 lagði utanríkisráðherra fram Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu á Alþingi. Þar er dregin upp heildarsýn á þróunarsamvinnu Íslands og áherslur íslenskra stjórnvalda fram til ársins 2009 kynntar. Stefnumiðin byggjast á þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem voru samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 2000 og eru nú almenn viðmið í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Stefnumiðin byggjast á fjórum stoðum: i) mannauði, jafnrétti og efnahagslegri þróun; ii) lýðræði, mannréttindi og stjórnarfari; iii) friði, öryggi og þróun; og iv) sjálfbærri þróun.

Stjórn ÞSSÍ samþykkti stefnu og verklag stofnunarinnar árið 2004. Í stefnunni eru ákvæði um almenn viðmið í störfum stofnunarinnar, hvernig standa skuli að vali samstarfslanda, hvernig þátttöku ÞSSÍ í samstarfi og samræmingu þróunaraðstoðar skuli háttað og um önnur verkefni stofnunarinnar samkvæmt lögum sem um hana gilda. Á árinu 2004 samþykkti stjórn ÞSSÍ einnig jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

---

[1] Með *Monterrey-samþykktinni* skuldbinda þróunarríkin sig til að vinna að efnahagslegum og félagslegum umbótum, bættu stjórnarfari og til að viðhalda lögum og reglu. Iðnríkin munu auka framlög til þróunarsamvinnu, vinna að opnu og sanngjörnu alþjóðaviðskipta- og fjármálakerfi, og draga úr skuldabyrði fátækra landa.


[2] *Parísaryfirlýsingin* er fjölþjóðlegt átak til þess að samræma starfsaðferðir þróunarstofnana.

*3.2 Skipulag þróunarsamvinnu Íslands.*

Utanríkisráðuneytið fer með stefnumótun og er samræmingaraðili þróunarsamvinnu Íslands. Allar fjárveitingar sem eru ætlaðar beint til þróunarmála koma af fjárlagaliðum ráðuneytisins. Ráðuneytið hefur einnig fyrirsvar með samstarfi Íslands við alþjóðastofnanir. Öll starfsemi Íslensku friðargæslunnar fer fram á vegum utanríkisráðuneytisins, auk samstarfs við frjáls félagasamtök, aðallega vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar. Jarðhitaskóli og Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna eru fjármagnaðir af fjárlagaliðum utanríkisráðuneytisins. Skólarnir eru því verkefni á vegum þess, en starfsemi þeirra er útvistuð, annars vegar hjá Orkustofnun og hins vegar hjá Hafrannsóknastofnuninni.

ÞSSÍ, í umboði utanríkisráðherra, fer með framkvæmd tvíhliða þróunarsamvinnu í samstarfi við stjórnvöld í þeim löndum sem sérstaklega hafa verið valin til samstarfs og gilda um það tvíhliða milliríkjasamningar við hlutaðeigandi lönd. ÞSSÍ vinnur að eigin verkefnum og í samstarfi við frjáls félagasamtök innan þess ramma sem lög um stofnunina kveða á um. ÞSSÍ styrkir einnig félagasamtök í einstaka tilfellum vegna verkefna utan samstarfslandanna, jafnframt því að vera heimilt að taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi.

***Núverandi fyrirkomulag.***




Umdæmisskrifstofur ÞSSÍ í samstarfslöndunum voru gerðar að sendiráðum árið 2004. Sú breyting var gerð vegna þess nýja umhverfis sem nú ríkir í þróunarsamvinnu og lýst er hér að framan. Þessi sendiráð eru að öllu leyti mönnuð starfsmönnum ÞSSÍ og lúta því stjórn framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Umdæmisstjórar ÞSSÍ hafa daglegt fyrirsvar og gegna stöðu yfirmanns sendiráðsins, en sendiherrar sitja í Kanada, Indlandi og Suður-Afríku (sbr.

skipurit). Samkomulag er í gildi milli utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ um starfsemi sendiráðanna sem m.a. kveður á um hvernig haga skuli málarekstri sem fellur undir verksvið utanríkisþjónustunnar.

*3.2.1 Tvíhliða þróunarsamvinna á vegum ÞSSÍ.*

Samstarfslönd Íslands eru sex, Malaví, Mósambik, Namibía, Níkaragva, Srí Lanka og Úganda. Samkvæmt stefnu og verklagi ÞSSÍ er áhersla lögð á að vinna gegn fátækt í samræmi við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Almenn viðmið ÞSSÍ eru efnahagsmál, umhverfisvernd, jafnréttismál og stuðningur við grasrótarstarf og lýðræðisþróun. Málaflokkarnir sem lögð er áhersla á eru fiskimál, menntun, heilsugæsla, félagsleg verkefni, orkumál og nýverið hófst verkefni á sviði vatns- og fráveitumála í Malaví. Framlög til ÞSSÍ hafa stóraukist á undanförnum árum og nema fjárveitingar til stofnunarinnar 1,2 milljörðum kr. í fjárlögum 2007, sem er 38% af heildarfjárveitingum til málaflokksins. Starfsmenn á skrifstofu ÞSSÍ í Reykjavík eru átta, og á vettvangi starfa 19 Íslendingar auk fjölmargra staðarráðinna starfsmanna. Meginþorri starfsmanna ÞSSÍ er skammtímaráðinn.

Tvívegis hafa verið unnar skýrslur óháðra aðila um þróunarsamvinnu Íslands fyrir utanríkisráðherra. Hin fyrri var lögð fram árið 1997,[3] og lagði hún megináherslu á starfsemi ÞSSÍ. Hin síðari var lögð fram árið 2003,[4] og fjallaði hún um þróunarsamvinnuna í heild sinni, þ.e. bæði störf ÞSSÍ og þátttöku Íslands í fjölþjóðlegu starfi. Í síðari skýrslunni kom fram að ÞSSÍ hafði brugðist við þeim athugasemdum og umbótatillögum sem fram komu í fyrri skýrslunni, m.a. hafi verklagi stofnunarinnar almennt verið komið í fastari skorður en áður m.t.t. framkvæmdar og árangursmats á verkefnum stofnunarinnar.

ÞSSÍ starfar fyrst og fremst á grundvelli svokallaðrar verkefnanálgunar, þ.e. stofnunin sjálf framkvæmir afmörkuð verkefni sem hafa skilgreind markmið og tímalengd. Lögin um ÞSSÍ setja stofnuninni þröngan ramma hvað varðar samstarf við aðra og hvaða aðferðum skuli fylgt við verkefnaframkvæmd. Þannig kveður 4. gr. laganna á um að ÞSSÍ skuli ætíð hafa yfirstjórn með verkefnum á hennar vegum. Þetta þýðir að mjög þröngt er um vik fyrir stofnunina að þróa nýjar leiðir í samstarfi við aðrar stofnanir og félagasamtök. Nágrannalönd Íslands hafa í auknum mæli snúið sér að þróunaraðstoð þar sem framkvæmd verkefna er útvistuð, t.d. með útboðum til sérfræðifyrirtækja. Með því er dregið úr óhagræði og yfirbyggingu stjórnsýslunnar, og henni fyrst og fremst falið eftirlitshlutverk, í stað þess að sjá bæði um framkvæmd og reglulegt eftirlit.

ÞSSÍ starfar samkvæmt skýrum verklagsreglum sem byggjast á alþjóðlegum viðmiðum. Í reglunum felst m.a. að öll verkefni stofnunarinnar eru metin reglulega og óháðar úttektir eru gerðar á öllum verkefnum hennar áður en þeim lýkur. Þetta verklag er til fyrirmyndar. Eftir sem áður er stofnunin bæði undirbúnings-, framkvæmda- og eftirlitsaðili þeirra verkefna sem hún styður. Þetta skýrist að hluta af þeim kröfum og takmörkunum sem löggjöfin setur, en vekur jafnframt áleitnar spurningar um ábyrgð í opinberum rekstri og hvort rétt sé að löggjöf feli í sér að opinber stofnun hafi eftirlit með framkvæmd á eigin vegum.

Önnur gjafaríki hafa í auknum mæli fært aðstoð sína frá stuðningi við einstök verkefni, og veitt framlög til heilla málaflokka, þar sem heildarstefna og áherslur móttökulandsins liggja til grundvallar. Þessi aðferð er kölluð geiranálgun þegar hún takmarkast við einn

---

[3] Jónas H. Haralz (1997). Um þróunarsamvinnu Íslands.

[4] Hermann Örn Ingólfsson og Jónas H. Haralz (2003). Ísland og þróunarlöndin – Álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana.

tiltekinn geira, eða fjárlagastuðningur þegar framlög renna til ríkissjóðs móttökuríkisins. Gildandi lög setja ÞSSÍ mjög þröngar skorður til að vinna að verkefnum með þessum hætti.

*3.2.2 Fjölþjóðleg þróunarsamvinna.*

Þátttaka Íslands í fjölþjóðlegu þróunarsamstarfi er mikilvægur þáttur í starfi Íslands á alþjóðavettvangi. Í sumum tilfellum er Ísland skuldbundið til að veita framlög vegna aðildar að alþjóðastofnunum og í öðrum tilfellum er um að ræða valfrjáls framlög til tiltekinna verkefna. Helsta markmið framlaga Íslands til alþjóðastofnana er að leita bestu og skilvirkustu leiða til að veita þróunarlöndum aðstoð, en einnig til að hafa áhrif á alþjóðavettvangi með virkri þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi. Fastanefndir Íslands hjá alþjóðastofnunum gegna mikilvægu hlutverki í þróunarsamvinnu Íslands. Þar ber að nefna fastanefndir hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna í New York, Genf, París og Róm, Alþjóðaviðskiptastofnuninni í Genf, Efnahags- og framfarastofnuninni í París (OECD) og Öryggissamvinnustofnun Evrópu (ÖSE) í Vínarborg.

Í fyrrnefndri álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands frá 2003 kom fram að utanríkisráðuneytið hafi ekki sinnt málefnum fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu með markvissum hætti. Til dæmis var á það bent að þrátt fyrir að Ísland hafi ávallt lagt áherslu á virka þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna hafi þróunarmál verið vanrækt í því sambandi.

Í álitsgerðinni var lagt til að þátttaka Íslands í starfi alþjóðastofnana byggist á þremur meginatriðum:

- Aðstoð við alþjóðastofnanir sé samræmd utanríkisstefnu landsins. Annars vegar taki Ísland þátt í þeim stofnunum þar sem beinir hagsmunir landsins skipta máli, en hins vegar í þeim stofnunum sem best eru taldar þjóna þeim markmiðum sem Íslendingar bera fyrir brjósti á alþjóðavettvangi.
- Leitast sé við að ná gagnkvæmum stuðningi á milli tvíhliða þróunaraðstoðar landsins og þeirra alþjóðastofnana sem Ísland styður. Í stað þess að tvíhliða og marghliða aðstoð séu með öllu aðskildar, eins og verið hefur, sé reynt að ná samlegðaráhrifum þar sem þekking og reynsla nýtist á báða bóga. Forsendur þess að þetta fyrirkomulag skili árangri felist í skipulagsbreytingum á þróunarsamvinnunni.
- Nægilegt bolmagn og þekking sé til staðar í stjórnsýslu landsins, umfram allt í utanríkisráðuneytinu, til þess að sinna þeim alþjóðastofnunum sem landið er aðili að. Unnt sé að leggja mat á stefnu og störf einstakra stofnana og byggja á þeim grunni ákvarðanir um fjárframlög til þeirra og tengslin við þær. Jafnframt mætti einkum styrkja tengslin við þær alþjóðastofnanir þar sem helst er að sækja þá þekkingu sem nýst getur íslenskri þróunaraðstoð.

Á síðustu þremur árum hefur orðið veruleg breyting á meðferð fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu innan utanríkisráðuneytisins. Stjórnvöld hafa markað þá stefnu að þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi dreifist ekki á of margar stofnanir. Í stað þess að dreifa kröftunum of mikið hefur stuðningur við verkefni lykilstofnana á borð við UNICEF, WFP, FAO og Alþjóðabankann verið aukinn verulega. Þá hefur stuðningur við smærri sjóði verið aukinn þar sem slíkt fellur vel að áherslum og stefnu Íslands í þróunarsamvinnu og er stóraukning framlaga til UNIFEM dæmi um slíkan stuðning. Aukin þátttaka Íslands í þróunarsamvinnu á fjölþjóðlegum grundvelli felst bæði í aukningu framlaga og í eflingu málefnavinnu og stefnumótunar alþjóðastofnana. Skýrasta dæmið um slíkt var formennska Íslands í kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í stjórn Alþjóðabankans frá 2003 til 2006 og fram undan

er seta Íslands í stjórn UNDP á árinu 2008. Í utanríkisráðuneytinu eru 3,5 stöðugildi starfsmanna sem starfa við fjölþjóðlega þróunarsamvinnu.

*3.2.3 Friðaraðgerðir og endurreisnarstörf.*

Starfsemi á vegum Íslensku friðargæslunnar hófst árið 2001 en var endurskoðuð haustið 2006 og ný markmið sett í ljósi þeirrar þekkingar og reynslu sem skapast hefur á starfstímanum. Samkvæmt núverandi stefnu er áhersla lögð á fjóra málaflokka; löggæslu og réttarfar, flugmál og flugvallarstjórnun, upplýsingamál og fjölmiðlun og heilbrigði og heilsuvernd. Íslenska friðargæslan starfar um þessar mundir í sex löndum, þ.e. Afganistan, Srí Lanka, Írak, Líbanon, Bosníu og Serbíu. Í utanríkisráðuneytinu starfa tveir starfsmenn við Íslensku friðargæsluna og tæplega 30 á vettvangi.

Friðargæsla og þróunaraðstoð með langtímaefnahagsuppbyggingu í huga eru náskyld. Einn helsti vandi stríðshrjáðra landa er að viðhalda friði. Í um helmingi þeirra landa þar sem friður hefur komist á hefjast vopnuð átök á nýjan leik innan fimm ára. Í meira en áratug hefur umræða á alþjóðavettvangi snúist um það hvernig brúa megi þá gjá sem hefur verið milli friðargæslu annars vegar og þróunaraðstoðar hins vegar. Ef íbúar lands sjá ekki árangur af friðarferli með bættum lífskjörum eru yfirgnæfandi líkur á að ófriður skapist á nýjan leik.

Það skref Íslendinga að nýta borgaralega starfsmenn í friðargæsluverkefnum sem tekið var á tíunda áratugnum var því að mörgu leyti frumkvöðlastarf sem mikilvægt er að byggja á í framtíðinni. Segja mætti að friðargæsla og þróunaraðstoð væru tveir fjarlægir pólar, á þeim fyrrnefnda væru t.d. hernaðarleg friðargæsluverkefni á vegum NATO og Sameinuðu þjóðanna, en á þeim síðarnefnda væru t.d. störf þróunarstofnana eins og UNDP, UNIFEM og Alþjóðabankans. Raunin er nú orðin sú að allir þessir aðilar hafa á síðustu árum eflt þann þátt í starfsemi sinni sem telst til enduruppbyggingar á ófriðarsvæðum. Þessi þróun, sem felur í sér að stofnanir sem sinna friðargæslu og stofnanir sem sinna þróunaraðstoð færast nær hver annarri, er mjög jákvæð og gefur betri von um að friðarsamningar haldi og leiði til efnahagslegrar og félagslegrar framþróunar.

*3.2.4 Samstarf við frjáls félagasamtök.*

Frjáls félagasamtök á Íslandi verða sífellt virkari þátttakendur á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Félagasamtökin hafa hvatt stjórnvöld til að setja skýrari reglur um samstarf þeirra við utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ. Mikilvægt er að móta stefnu á þessu sviði, er taki mið af heildarstefnu Íslands í þróunarsamvinnu og geri félagasamtökum kleift að nýta styrkleika sinn sem grasrótarsamtök sem geta unnið góð verk með tiltölulega litlum tilkostnaði.

Í nágrannalöndum okkar eru skýrar reglur um fjármögnun samstarfsverkefna sem horfa mætti til og hafa sum þeirra sett reglur um hlutfall af opinberri þróunaraðstoð sem fer um hendur frjálsra félagasamtaka. Nágrannalönd okkar hafa þar að auki mótað stefnuna þannig að framlög sem fara til frjálsra félagasamtaka eru álitin útfærsla á stefnu landanna í þróunarmálum og þar sem slíkt er talið hagkvæmt er félagasamtökum falin framkvæmd einstakra verkefna. Þannig mætti auka sveigjanleika þróunarsamvinnu Íslands.

Samkvæmt lögum um ÞSSÍ er gerð krafa um að fulltrúi ÞSSÍ sitji í stjórn allra samstarfsverkefna sem stofnunin fjármagnar. Þetta hamlar því að ÞSSÍ geti útvistað verkþætti til frjálsra félagasamtaka með þjónustusamningum.

Stuðningur utanríkisráðuneytisins við frjáls félagasamtök felst fyrst og fremst í aðstoð vegna neyðar- og mannúðarmála. Því er nær eingöngu um styrki að ræða sem oftast renna

um hendur íslenskra samtaka til alþjóðasamtaka þeirra sem sinna framkvæmd aðstoðarinnar. Gerð verklagsreglna um neyðar- og mannúðaraðstoð er í undirbúningi í utanríkisráðuneytinu.

*3.2.5 Samstarf við einkaaðila og viðskiptalífið.*

Viðskiptalífið hefur fyrst og fremst þrenns konar aðkomu að þróunarmálum. Í fyrsta lagi sem fjárhagslegur bakhjarl félagasamtaka eða stofnana sem sinna þróunarsamvinnu. Í öðru lagi sem framkvæmdaraðili verkefna á vegum samtaka eða stofnana og í þriðja lagi sem fjárfestir og beinn þátttakandi í efnahagslegri þróun fátækra landa á eigin forsendum.

Íslenskt viðskiptalíf og einkaaðilar hafa á undanförnum árum aukið verulega framlög til samtaka og stofnana á sviði þróunarmála. Til að hlúa enn frekar að fjáröflun félagasamtaka kemur til álita að skoða skattalöggjöfina með það í huga að hvetja einkaaðila til að leggja félagasamtökum lið, en slíkt fyrirkomulag er vel þekkt t.d. í nágrannalöndum okkar og í Bandaríkjunum.

Á hinn bóginn er hlutverk einkageirans sem framkvæmdaraðila þróunarsamvinnu enn að mestu óplægður akur, en sú leið hefur í auknum mæli verið farin af öðrum ríkjum sem veita þróunaraðstoð. Markmið þess að leita til fyrirtækja og sjálfstæðra ráðgjafa er fyrst og fremst að auka skilvirkni í verkefnaframkvæmd og til að aðskilja framkvæmda- og eftirlitsþátt þróunarverkefna.

ÞSSÍ hefur gert samstarfssamninga við fjölmörg fyrirtæki og stofnanir. Þeim samningum er yfirleitt þannig háttað að einstakir starfsmenn fá leyfi vinnuveitandans til að ráða sig tímabundið í vinnu hjá ÞSSÍ. Fyrir vikið geta stofnanirnar eða fyrirtækin ekki nýtt þekkingu lánaðra starfsmanna sér til framdráttar við alþjóðleg útboð því að hvergi kemur fram að þeir séu starfsmenn fyrirtækjanna.

Starfsmenn ÞSSÍ í þróunarlöndum njóta skattfrelsis líkt og starfsmenn alþjóðastofnana. Því er launakostnaður þeirra minni en starfsmanna fyrirtækja og einkaaðila. Þess vegna getur útvistun verkefna verið dýrari fyrir ÞSSÍ en að framkvæma verkin í eigin nafni.

Starfsemi íslenskra fyrirtækja í þróunarlöndum hefur farið vaxandi. Eitt af hlutverkum utanríkisþjónustunnar er að veita fyrirtækjum aðstoð og stuðning á fjarlægum slóðum. Þótt ekki tíðkist lengur að skilyrða þróunaraðstoð verktöku fyrirtækja gjafaríkis er með ýmsum hætti hægt að tengja saman íslenskan útrásarvilja og nýsköpun við þörf þróunarlandanna fyrir fjárfestingu og tækniþekkingu. Þennan þátt þarf að móta betur og tengja betur saman tvíhliða starf í þróunarlöndum og tækifæri á vettvangi alþjóðastofnana. Fulltrúar viðskiptalífsins hafa kallað eftir meiri samhæfingu innan stjórnsýslunnar og að markmið og áherslur þróunarsamvinnunnar og viðskiptalífsins séu betur samstilltar.

*3.2.6 Samstarf við fræðasamfélagið.*

Áhugi fræðasamfélagsins á málefnum þróunarlanda hefur aukist á undanförnum árum. Eru nú námsbrautir í þróunarfræðum við bæði Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, auk þess sem fjöldi fræðimanna sem láta málefnið til sín taka fer vaxandi. ÞSSÍ hefur gert samstarfssamninga við fjóra háskóla, HÍ, HA, HR og KHÍ. Samningarnir kveða á um samstarf og aðgengi að fræðimönnum til rannsókna og til að vinna úttektir og skýrslur. Það rannsókna- og fræðastarf sem felst í slíku samstarfi er mikilvægur stuðningur við undirbúning verkefna og er auk þess liður í skipulagðri upplýsinga- og kynningarstarfsemi á þróunarmálum. ÞSSÍ hefur fjármagnað stöðu lektors í mannfræði þróunar við HÍ auk þess að veita árlega styrki til lokaverkefna á háskólastigi sem tengjast starfsemi stofnunarinnar.

Nú eru til skoðunar hugmyndir um stofnun rannsóknarseturs á sviði utanríkis- og öryggismála. Meðal hugmynda er að setrið fjalli um utanríkismál í víðum skilningi, þ.m.t. þætti á borð við öryggismál, samgöngur, umhverfisöryggi, fólksflutninga og þróunarmál. Þessi nálgun fellur að þeirri þróun sem fjallað er um í upphafi þessarar skýrslu, þ.e. að farsælast sé að fylgja utanríkisstefnu með heildarsýn á málaflokkinn í huga.

*3.3 Mannauður og boðleiðir.*

Mikilvægt er að byggja upp og viðhalda þekkingu á þróunarmálum innan stjórnsýslunnar. Mikil fagþekking hefur skapast hjá ÞSSÍ á aldarfjórðungi og á síðustu árum hefur þekking á málaflokknum eflst stórlega innan utanríkisráðuneytisins. Vegna núverandi aðskilnaðar er erfiðara að samnýta þekkingu á tvíhliða starfi ÞSSÍ vegna fyrirsvars Íslands hjá alþjóðastofnunum, og sú aukna ábyrgð sem Ísland hefur tekist á hendur í fjölþjóðlegu samstarfi nýtist síður í tvíhliða starfi ÞSSÍ. Haldi þróunarsamvinnan áfram að vaxa með núverandi skipulagi getur það leitt til óhagkvæmni og vannýttra tækifæra á alþjóðavettvangi.

Utanríkisráðuneytið fer með stefnumótun í þróunarsamvinnu og ÞSSÍ með framkvæmd tvíhliða verkefna í samstarfslöndunum. Þessi hlutverk hafa skarast nokkuð á síðustu árum og hætta er á að þau skarist enn frekar í framtíðinni. Báðir aðilar starfa með frjálsum félagasamtökum og með viðskiptalífinu og utanríkisráðuneytið fer með framkvæmd friðargæsluverkefna sem sum hver líkjast þeim þróunarverkefnum sem ÞSSÍ vinnur að. ÞSSÍ er heimilt að starfa með alþjóðaþróunarstofnunum, en utanríkisráðuneytið hefur fyrirsvar í málefnum þeirra og starfar með þeim eins og fyrr er lýst. Fyrirkomulag sem þetta er flókið, ekki eingöngu fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ heldur ekki síður fyrir samstarfsaðilana, þ.e. móttökuríkin, alþjóðastofnanir, frjáls félagasamtök og viðskiptalífið.

**3.4 Lög nr. 43/1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.**

Núgildandi lög um ÞSSÍ eru um margt orðin úrelt og hamla eðlilegum breytingum á aðferðafræði og framkvæmd þróunarsamvinnu. Ákvæði laganna sem gerir ráð fyrir að yfirstjórn verkefna skuli ætíð vera hjá stofnuninni hamlar möguleikum á útvistun verkefna, t.d. til einkaaðila, frjálsra félagasamtaka eða alþjóðastofnana. Með breytingu á þessu ákvæði mætti auka skilvirkni og draga úr umsýslukostnaði þar sem þeim aðilum er falin framkvæmd sem best eru til þess fallnir hverju sinni.

ÞSSÍ heyrir stjórnskipulega undir utanríkisráðherra. Í stjórn stofnunarinnar sitja sjö fulltrúar, sex eru kosnir hlutfallskosningu af Alþingi en einn er skipaður af utanríkisráðherra, sem jafnframt skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna. Í lögunum er ekki að finna ákvæði um hlutverk stjórnarinnar. Ákvæði þess efnis er hins vegar að finna í reglugerð um ÞSSÍ frá 1998 þar sem segir að stjórnin sé utanríkisráðherra til ráðgjafar um stefnu Íslands í þróunarmálum og að hún hafi yfirumsjón með málefnum stofnunarinnar í umboði ráðherra. Þetta fyrirkomulag felur í sér að óljóst er hvar ábyrgð á rekstri stofnunarinnar liggur þar sem stjórnin sækir umboð sitt bæði til Alþingis og utanríkisráðherra. Til að koma í veg fyrir þessa óvissu er æskilegt að endurskoðað fyrirkomulag kveði skýrt á um fulla ábyrgð utanríkisráðherra á allri þróunarsamvinnu Íslands.

Þetta fæli í sér að stjórn ÞSSÍ yrði lögð niður í núverandi mynd. Þess í stað yrði skapaður vettvangur til aukinnar umfjöllunar Alþingis um þróunarsamvinnu Íslands í heild sinni. Jafnframt yrði sett á fót þróunarsamvinnuráð, m.a. skipað fulltrúum Alþingis, sem yrði utanríkisráðherra til ráðgjafar um stefnu og áherslur Íslands í þróunarmálum, svipað því sem þekkist í nágrannalöndum Íslands. Þróunarmál hafa fallið í skugga fyrir umdeildari utan-

ríkismálum þegar reglubundnar skýrslur utanríkisráðherra eru ræddar á Alþingi. Því mætti til dæmis gera ráð fyrir að utanríkisráðherra gæfi Alþingi árlega sérstaka skýrslu um þróunarmál og gerði utanríkismálanefnd með reglubundnum hætti grein fyrir þróunarsamvinnu. Einnig kæmi til álita að fjárlaganefnd Alþingis fylgdist reglulega með ráðstöfun fjárveitinga til þróunarmála.

*3.5 Niðurstöður.*

a. Þróunarmál eru mikilvægur þáttur utanríkismála. Framtíðarskipulag þróunarsamvinnunnar þarf að gera stjórnvöldum kleift að framfylgja þeim samþykktum og yfirlýsingum sem Ísland er aðili að á alþjóðavettvangi. Einnig þarf að tryggja að ákvarðanir í þróunarmálum séu ætíð í takt við utanríkisstefnu Íslands.
b. Þróunarsamvinnu Íslands er sinnt af tveimur aðilum, utanríkisráðuneytinu og ÞSSÍ. Fyrirkomulagið felur í sér skörun á stefnumótun og framkvæmd sem leiðir til óhagkvæmni og vannýttra tækifæra á alþjóðavettvangi. Einfaldara skipulag og markvissara framkvæmdafyrirkomulag eykur líkur á að markmið og áherslur Íslands í alþjóðaþróunarsamvinnu nái fram að ganga og skili sér í markvissari og skilvirkari þróunaraðstoð.
c. Hagkvæmast er að öll þróunarsamvinna sé á einni og sömu hendi innan íslensku stjórnsýslunnar. Á þann hátt verður best tryggt að heildarstefnu Íslands í málaflokknum sé fylgt.
d. Taka þarf af allan vafa um að ábyrgð á öllum þróunarmálum liggur hjá utanríkisráðherra.
e. Efla þarf atbeina Alþingis og umfjöllun á Alþingi um þróunarmál.
f. Lög nr. 43/1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, eru um margt úrelt.
g. Ný lög þurfa að taka mið af alþjóðlegu umhverfi þróunarsamvinnu og því skipulagi sem komið verður á. Æskilegt er að ný lög nái til allrar þróunarsamvinnu, þ.e. bæði tvíhliða og fjölþjóðlegs samstarfs. Lögin setji ekki of þröngar skorður hvað varðar aðferðir og áherslur, heldur skapi ramma fyrir þá stefnu sem stjórnvöld setja hverju sinni.
h. Skapa þarf svigrúm til að beita hverjum þeim aðferðum sem líklegastar eru til að skila árangri hverju sinni. Nýr lagarammi þarf að skapa grundvöll fyrir aukið samstarf við félagasamtök og gera mögulegt að verkefnaframkvæmd sé útvistuð.
i. Umdæmisskrifstofur ÞSSÍ í samstarfslöndunum voru gerðar að sendiráðum árið 2004. Þetta fyrirkomulag hefur stórbætt starfsumhverfi starfsmanna ÞSSÍ og fært störf ÞSSÍ á vettvangi nær umfjöllun um utanríkismál í utanríkisráðuneytinu. Reynslan af breytingunni er því jákvæð. Á hinn bóginn felur þetta skipulag í sér óljósa verkaskiptingu og vekur upp spurningar um fyrirsvar vegna sendiráðanna.
j. Samstarf við frjáls félagasamtök, viðskiptalífið, háskóla og fræðimenn mun eflast enn frekar með auknum framlögum til þróunarmála. Skilvirkast og hagkvæmast er að allt samstarf við þess aðila sé á einum stað innan stjórnsýslunnar.
k. Sú þekking á þróunarsamvinnu og málefnum þróunarlanda sem hefur byggst upp innan ÞSSÍ og utanríkisráðuneytisins er mikilvæg til að framfylgja utanríkisstefnu Íslands, ekki síst í því breytta umhverfi í utanríkismálum sem nú blasir við. Mikilvægt er að nýta mannauðinn enn betur en nú er gert. Með því að samnýta þekkinguna næst hagræðing og kraftar starfsmanna koma enn betur að gagni með heildarstefnu Íslands í málaflokknum að leiðarljósi. Jafnframt bjóðast nýir og fjölbreyttari möguleikar í starfsframvindu, þ.e. bæði á vettvangi tvíhliða og fjölþjóðlegs samstarfs.

**4. Leiðir til úrbóta.**

Tvær leiðir koma helst til álita:

- *Leið 1* felur í sér fullan samruna þeirrar starfsemi sem fer fram hjá ÞSSÍ og utanríkisráðuneytinu innan ráðuneytisins líkt og gert hefur verið t.d. í Danmörku, Finnlandi og Írlandi.
- *Leið 2* felur í sér að ÞSSÍ verði haldið sem aðgreindri stofnun en hlutverk hennar og starfssvið verði betur skilgreint en nú er gert. Færa þyrfti stofnunina eins nálægt utanríkisráðuneytinu og mögulegt er til að tryggja að heildarstefnu Íslands sé framfylgt, án þess þó að til samruna komi. Þetta fyrirkomulag líkist einna helst því skipulagi sem nú er við lýði í Nýja-Sjálandi og Lúxemborg.

Þriðji möguleikinn, að færa alla þróunarsamvinnu til ÞSSÍ, þar með talið fjölþjóðlega þróunarsamvinnu og friðargæslu, var skoðaður, en ekki talinn fýsilegur kostur. Með því að færa alla meðferð þróunarmála frá utanríkisráðuneytinu væri ein meginstoð utanríkisstefnunnar skilin frá öðrum utanríkismálum.

Þegar litið er til nágrannalandanna, auk valinna OECD-landa, má sjá að þróunarsamvinna er alls staðar talinn órjúfanlegur hluti af utanríkisstefnu þeirra. Í Danmörku, Finnlandi, Írlandi og Hollandi eru þróunarmál að öllu leyti í höndum utanríkisráðuneytanna. Í öðrum tilfellum er þróunarsamvinna framkvæmd af stofnunum sem starfa innan eða í nánum tengslum við utanríkisráðuneytin. Í Svíþjóð starfar sjálfstæð stofnun sem sinnir tvíhliða aðstoð og jafnframt fjölþjóðlegu samstarfi ásamt utanríkisráðuneytinu. Í Lúxemborg er sérstök stofnun sem sér um framkvæmd tvíhliða aðstoðarinnar og á Nýja-Sjálandi er starfandi hálfsjálfstæð stofnun sem heyrir beint undir ráðuneytið og sinnir bæði tvíhliða og hluta fjölþjóðlega samstarfsins. Í Noregi var meðferð tvíhliða þróunarsamvinnu nýlega sameinuð störfum utanríkisráðuneytisins, en sérstök stofnun sér um úttektir og samstarf við félagasamtök. Engin þessara landa hafa stjórnarfyrirkomulag líkt því sem er í gildi á Íslandi, en algengt er að fagráð eða stjórnir gegni ráðgjafarhlutverki við stefnumótun og útfærslu þróunarverkefna.

*4.1 Leið 1: Fullur samruni ÞSSÍ og utanríkisráðuneytisins.*

Leið 1 gerir ráð fyrir fullum samruna á starfsemi ÞSSÍ og utanríkisráðuneytisins í þróunarmálum innan ráðuneytisins. ÞSSÍ yrði hluti af Þróunarsamvinnusviði ráðuneytisins. Nafni stofnunarinnar, ICEIDA, yrði eftir sem áður haldið óbreyttu sem eins konar vörumerki tvíhliða íslenskrar þróunarsamvinnu, sérstaklega í samstarfslöndunum, eins og þekkist t.a.m. í Danmörku. Með þessari tillögu sameinast báðar stoðir íslenskrar þróunarsamvinnu og mynda eina sterka heild.

*4.1.1 Skipurit.*

Þessi tillaga gerir ráð fyrir sérstöku Þróunarsamvinnusviði innan utanríkisráðuneytisins, jafnhliða Viðskiptasviði, Alþjóða- og öryggissviði og Rekstrar- og þjónustuskrifstofu, og myndar fjórðu stoðina í skipuriti ráðuneytisins. Í stað þingkjörinnar stjórnar ÞSSÍ verði sett á fót þróunarsamvinnuráð sem m.a. yrði skipað fulltrúum Alþingis, félagasamtaka, viðskiptalífs og fræðistofnana. Ráðið yrði ráðgjafarvettvangur um stefnu og áherslur Íslands í þróunarmálum.

*4.1.2 Kostir og gallar.*


*Kostir:*

a. Heildarsýn fæst á þróunarsamvinnuna sem eina af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu.
b. Utanríkisráðherra ber fulla ábyrgð á allri þróunarsamvinnu Íslands. Enginn vafi leikur á því hvar ábyrgð og skyldur liggja.
c. Dregið úr óhagræði og tvíverknaði í rekstri og stjórnun. Hagræðingar- og samlegðaráhrif nást m.a. vegna starfsmannamála og mannauðsstjórnunar, upplýsinga- og kynningarmála, og vegna fjársýslu og bókhalds.
d. Auðveldara verður að móta og framfylgja áherslum Íslands vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem tengjast málefnum þróunarlanda.
e. Þekking og reynsla á þróunarmálum sem byggst hefur upp hjá ÞSSÍ og utanríkisráðuneytinu samnýtist til heildstæðrar umfjöllunar um málaflokkinn. Meðferð tvíhliða samvinnu og þátttaka í fjölþjóðasamstarfi verður ekki aðskilin, heldur samtvinnuð með heildarstefnu Íslands í huga. Með faglegri mannauðsstjórn nýtast kraftar starfsmanna enn betur en hingað til.
f. Þar sem fyrirsvar tvíhliða og fjölþjóðlegs samstarfs verður á einni hendi skapast aukin tækifæri til samstarfs við alþjóðastofnanir vegna framkvæmdar þróunarverkefna á vettvangi í samstarfslöndunum.
g. Fyrirsvar í málefnum sendiráðanna í samstarfslöndunum verður með skýrum hætti hjá utanríkisráðuneytinu. Hlutverk og staða allra sendiráða Íslands verður því hin sama. Helstu verkefni sendiráðanna í samstarfslöndunum verða eftir sem áður fyrst og fremst að sinna tvíhliða þróunarsamvinnu.
h. Samstarf við frjáls félagasamtök verður einfaldara og skýrara. Heildarsýn næst á allt samstarf við félagasamtök, hvort heldur um er að ræða samstarf vegna þróunarverkefna eða vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar. Auðveldara verður að móta og fylgja heildarverklagsreglum um samstarf við félagasamtök. Hægt verður að hagræða og einfalda samstarf við viðskiptalífið, þar sem betri tenging næst milli tvíhliða samstarfs í þróunarlöndum og starfa utanríkisráðuneytisins á vettvangi alþjóðastofnana.

*Gallar:*

a. Ákvarðanataka vegna tvíhliða verkefna gæti orðið seinvirkari en nú er.
b. Erfiðara gæti reynst að viðhalda fagþekkingu á þróunarsamvinnu vegna flutningsskyldu starfsmanna utanríkisráðuneytisins.
c. Hætta á að áherslur og verkefnaval þróunarsamvinnunnar taki tíðari breytingum vegna reglulegra breytinga á yfirstjórn ráðuneytisins.
d. Auknar líkur á að skammtímasjónarmið, sem taka mið af stöðu alþjóðastjórnmála, ráði ferðinni í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands í stað faglegra sjónarmiða.

*Leið 1 – fullur samruni ÞSSÍ og utanríkisráðuneytisins.*




*4.2 Leið 2: ÞSSÍ starfi sem sjálfstæð undirstofnun með skilgreint verksvið.*


Leið 2 gerir ráð fyrir að ÞSSÍ starfi áfram sem undirstofnun, en í nánari tengslum við utanríkisráðuneytið en nú er og með skýrara verksvið. Með þessu skipulagi væri leitast við að nýta styrkleika ÞSSÍ sem framkvæmdastofnunar en koma í veg fyrir að verksvið og hlutverk ÞSSÍ skarist við hlutverk utanríkisráðuneytisins. Hlutverk ÞSSÍ fælist í framkvæmd tvíhliða aðstoðar í samstarfslöndunum og samstarfi við frjáls félagasamtök sem starfa að

þróunarmálum. Öll stefnumótun yrði á hendi utanríkisráðuneytisins, auk alls samstarfs Íslands við alþjóðaþróunarstofnanir og samvinnu við frjáls félagasamtök vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar. Samstarf við viðskiptalífið yrði á ábyrgð ráðuneytisins, en málum er varða verkefni ÞSSÍ yrði vísað til stofnunarinnar. Verkefni tengd friðaraðgerðum og enduruppbyggingarstarfi yrðu áfram á vegum ráðuneytisins í umsjá Íslensku friðargæslunnar.

*4.2.1 Skipurit.*

Leið 2 gerir ráð fyrir að í stað stjórnar ÞSSÍ verði sett á fót þróunarsamvinnuráð líkt og í Leið 1. Þessi leið fæli í sér að skerpa yrði boðleiðir og ábyrgð á milli ÞSSÍ og utanríkisráðuneytisins. Skipuð yrði stýrinefnd þróunarsamvinnu. Hlutverk stýrinefndarinnar yrði að framfylgja stefnu Íslands í þróunarmálum, annast stefnumótun og taka ákvarðanir um þróunarverkefni undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra og á ábyrgð ráðherra. Stýrinefndin yrði skipuð tveimur fulltrúum utanríkisráðuneytisins og framkvæmdastjóra ÞSSÍ. Stýrinefndin hefði það meginhlutverk að tryggja að þróunaraðstoð Íslands væri ætíð í samræmi við stefnu stjórnvalda í málaflokknum og taka ákvarðanir um einstök þróunarverkefni. Jafnframt þyrfti að tryggja að sendiráðin í samstarfslöndunum væru í nánari tengslum við utanríkisráðuneytið en raunin er í dag og auka þyrfti samstarf starfsmanna ráðuneytisins og starfsmanna ÞSSÍ. Þekkingu starfsmanna þyrfti að samnýta eins og kostur er, til dæmis með vistaskiptum og sameiginlegri þjálfun starfsmanna. Bæta þyrfti samskipti og upplýsingaflæði á milli ráðuneytisins og ÞSSÍ.

***Leið 2 – Aðgreint skipulag, skýr verkaskipting.***



*4.2.2 Kostir og gallar.*

*Kostir:*

a. Heildarsýn fæst á þróunarsamvinnuna sem eina af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu.
b. Utanríkisráðherra ber fulla ábyrgð á allri þróunarsamvinnu Íslands. Enginn vafi leikur á því hvar ábyrgð og skyldur gagnvart þróunarsamvinnunni liggja.
c. Auðveldara verður að móta og framfylgja áherslum Íslands vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem tengjast málefnum þróunarlanda.
d. ÞSSÍ starfar áfram að framkvæmd þróunarverkefna líkt og verið hefur hingað til. Starfsemi ÞSSÍ er smærri í sniðum samanborið við fullan samruna sem getur einfaldað ákvarðanatöku og stytt boðleiðir við framkvæmd verkefna.
e. Einfaldara verður að byggja upp og viðhalda fagþekkingu á þróunarmálum innan ÞSSÍ.

*Gallar:*

a. Rekstur og stjórnun þróunarsamvinnunnar verður bæði hjá utanríkisráðuneytinu og ÞSSÍ sem felur í sér óhagræði og meiri kostnað.
b. Þekking og reynsla á þróunarmálum sem byggst hefur upp hjá ÞSSÍ og utanríkisráðuneytinu nýtist ekki til heildstæðrar umfjöllunar um málaflokkinn, nema komið sé á sérstöku fyrirkomulagi til að samnýta starfskrafta.
c. Samstarf ÞSSÍ við alþjóðastofnanir vegna þróunarverkefna á vettvangi krefst aðkomu utanríkisráðuneytisins til að tryggja að unnið sé samkvæmt áherslum Íslands í fjölþjóðlegu samstarfi.
d. Óvissa getur ríkt um stöðu og hlutverk sendiráða Íslands í samstarfslöndunum þar sem þau verða mönnuð starfsmönnum ÞSSÍ og heyra því bæði undir framkvæmdastjóra stofnunarinnar og utanríkisráðuneytið eins og nú er.
e. Samstarf við frjáls félagasamtök verður bæði á hendi utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ sem hefur í för með sér óhagræði, ekki síst fyrir félagasamtökin.
f. Samstarf við viðskiptalífið verður bæði á hendi utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ. Tenging milli tvíhliða samstarfs í þróunarlöndum og starfa utanríkisráðuneytisins á vettvangi alþjóðastofnana krefst sérstakra aðgerða.

## 5. Tillaga um framtíðarfyrirkomulag þróunarsamvinnu Íslands.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu hefur umhverfi þróunarsamvinnu tekið miklum breytingum á síðasta áratug. Að mörgu leyti hafa grundvallarforsendur þróunarsamvinnu breyst með alþjóðlegum samþykktum og skuldbindingum, en einnig hafa miklar framfarir orðið við framkvæmd þróunarverkefna. Íslendingar eru þátttakendur í þessari þróun, ekki síst vegna þeirra stórauknu framlaga sem veitt hefur verið til málaflokksins á síðustu árum. Það kemur þó einnig glöggt í ljós í þessari endurskoðun að umbóta er þörf á því skipulagi og þeirri löggjöf sem liggur til grundvallar þróunarsamvinnu íslenskra stjórnvalda. Óbreytt ástand er ekki valkostur. Skipulagi þróunarsamvinnunnar er nú þannig háttað að við frekari aukningu framlaga er veruleg hætta á óþarfa yfirbyggingu og skörun í störfum utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ. Einnig er þörf á einfaldara skipulagi svo sá mannauður sem nú er til staðar í stjórnsýslunni nýtist enn betur til starfa Íslands á alþjóðavettvangi.

Stuttar boðleiðir og skilvirkni er styrkur íslenskrar stjórnsýslu. Leið 1 hefur ótvíræða kosti umfram Leið 2. Því er niðurstaða þessarar skýrslu að leggja til að Leið 1 verði valin. Verði skipulagi þróunarsamvinnunnar breytt samkvæmt því þarf að hafa nokkur atriði í huga:

a. Sviðsstjóri Þróunarsamvinnusviðs beri faglega ábyrgð á ákvörðunum um þróunarverkefni og hafi yfirumsjón með fjármálum Þróunarsamvinnusviðs í umboði ráðherra.
b. Sviðsstjóri Þróunarsamvinnusviðs hafi skýrt umboð til ákvarðanatöku um allan daglegan rekstur sviðsins, þ.m.t. vegna ráðstöfunar fjármuna til þróunarmála.
c. Sendiráðin í samstarfslöndunum fái aukna ábyrgð, þ.m.t. umboð til að taka ákvarðanir um þróunaraðstoð upp að vissu marki. Þetta fyrirkomulag eykur skilvirkni stjórnsýslunnar, hefur hvetjandi áhrif á starfsframvindu og hefur reynst vel hjá nágrannaríkjum.
d. Mannauðsstjórnun utanríkisþjónustunnar taki fullt tillit til þeirrar sérhæfingar sem störf að þróunarmálum krefjast, og störf á þeim vettvangi bjóði upp á sömu tækifæri til framvindu í starfi og önnur störf innan utanríkisþjónustunnar.
e. Vanda þarf áætlanagerð allrar þróunarsamvinnunnar og huga vel að fjármálastjórn. Fjárlagaheimildir til þróunarmála séu því aðskildar öðrum rekstri utanríkisráðuneytisins. Huga þarf að endurskoðun á framsetningu fjárlaga vegna útgjalda til þróunarmála til að auka gegnsæi og gera Alþingi kleift að fá betri yfirsýn yfir málaflokkinn.

## Viðauki I.

### *Viðmælendur.*

| | |
|---|---|
| Ágústa Gísladóttir | Umdæmisstjóri ÞSSÍ í Úganda |
| Anna Jóhannsdóttir | Skrifstofustjóri Íslensku friðargæslunnar |
| Árni Helgason | Umdæmisstjóri ÞSSÍ á Sri Lanka |
| Árni Magnússon | Fv. stjórnarformaður ÞSSÍ og á forstöðumaður á Fjárfestinga- og alþjóðasviði Glitnis |
| Auðbjörg Halldórsdóttir | Sendiráðunautur utanríkisráðuneytinu |
| Bergdís Ellertsdóttir | Sviðsstjóri Alþjóða- og öryggissviðs utanríkisráðuneytisins |
| Berglind Ásgeirsdóttir | Sviðsstjóri Viðskiptasviðs utanríkisráðuneytisins |
| Björn Dagbjartsson | Sendiherra og fv. framkvæmdastjóri ÞSSÍ |
| Drífa Hrönn Kristjánsdóttir | Verkefnisstjóri byggðaþróunarverkefnis ÞSSÍ í Úganda |
| Engilbert Guðmundsson | Staðarhaldari Alþjóðabankans í Sierra Leone |
| Geir Gunnlaugsson | Forstöðumaður Miðstöðvar heilsuverndar barna |
| Geir Oddsson | Verkefnastjóri, ÞSSÍ |
| Gísli Pálsson | Umdæmisstjóri ÞSSÍ í Nígaragva |
| Grétar Már Sigurðsson | Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytinu |
| Guðjón Magnússon | Framkvæmdastjóri á svæðisskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Kaupmannahöfn |
| Guðrún Margrét Pálsdóttir | ABC barnaþorp |
| Haukur Már Haraldsson | Stjórnarmaður í ÞSSÍ (S) |
| Helga Þórólfsdóttir | Sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða kross Íslands |
| Herbert Haraldsson | Fv. starfsmaður UNDP og sjálfstætt starfandi ráðgjafi |
| Hermann Ingólfsson | Sendifulltrúi |
| Hjálmar Jónsson | Stjórnarmaður í ÞSSÍ (D) |
| Ingvar Birgir Friðleifsson | Forstöðumaður Jarðhitaskóla Háskóla S.þ. |
| Jóhann Pálsson | Umdæmisstjóri ÞSSÍ í Mósambik |
| Jón Skaptason | Stjórnarmaður í ÞSSÍ (D) |
| Jónas H. Haralz | Hagfræðingur |
| Jónas Þórisson | Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar |
| Jónína Einarsdóttir | Dósent við mannfræðiskor Háskóla Íslands |
| Kristján Sturluson | Framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands |
| Lárus Elíasson | Framkvæmdastjóri Enex |

| | |
|---|---|
| Lilja Dóra Kolbeinsdóttir | Verkefnisstjóri félagslegra verkefna ÞSSÍ í Úganda |
| Margrét Einarsdóttir | Umdæmisstjóri ÞSSÍ í Malaví |
| Marta Einarsdóttir | Verkefnastjóri félagslegra verkefna í Mósambik |
| Nikulás Hannigan | Skrifstofustjóri utanríkisráðuneytinu |
| Ólafur Egilsson | Sendiherra |
| Petrína Ásgeirsdóttir | Framkvæmdastjóri Barnaheilla |
| Ragnar B. Guðmundsson | Fv. starfsmaður UNESCO |
| Ragnar Guðmundsson | Hagfræðingur |
| Ragnar Gunnarsson | Samband íslenskra kristniboðssambanda |
| Sigfríður Gunnlaugsdóttir | Verkefnastjóri félagslegra verkefna í Malaví |
| Sigfús Ólafsson | Stjórnarmaður í ÞSSÍ (VG) |
| Sighvatur Björgvinsson | Framkvæmdastjóri ÞSSÍ |
| Sigurður Helgason | Stjórnarformaður ÞSSÍ |
| Sigurður Þórðarson | Ríkisendurskoðandi |
| Sjöfn Vilhelmsdóttir | Framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi |
| Skafti Jónsson | Verðandi umdæmisstjóri ÞSSÍ í Malaví |
| Stefán Ingi Stefánsson | Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi |
| Þórdís Sigurðardóttir | Skrifstofustjóri ÞSSÍ |
| Þórður Bjarni Guðjónsson | Skrifstofustjóri utanríkisráðuneytinu |
| Tumi Tómasson | Forstöðumaður Sjávarútvegsskóla Háskóla S.þ. |
| Ulla Magnússon | Framkvæmdastjóri SOS Barnaþorp |
| Vilhjálmur Wiium | Umdæmisstjóri ÞSSÍ í Namibíu |

## Viðauki II.

### *Dagskrá málþings miðvikudaginn 17. janúar 2007 á Hótel Loftleiðum í sal 1.*

| | |
|---|---|
| 08:30–09:00 | Skráning og kaffi. |
| 09:00–09:10 | Málþing opnað.<br>*Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra.* |
| 09:15–09:40 | Skipulag, stefna og umfang þróunarsamvinnu Íslands.<br>*Hermann Ingólfsson, sendifulltrúi.* |
| 09:45–10:10 | Starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.<br>*Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri.* |
| 10:10–10:40 | Kaffi. |
| 10:45–11:10 | Straumar og stefnur í alþjóðaþróunarsamvinnu.<br>*Engilbert Guðmundsson, staðarhaldari Alþjóðabankans í Sierra Leone.* |
| 11:15–11:30 | Þróunarsamvinna, heilsugæsla, aðskilið eða saman?<br>*Guðjón Magnússon, framkvæmdastjóri á svæðisskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Kaupmannahöfn.* |
| 11:30–12:00 | Umræður. |
| 12:00–13:00 | Hádegismatur.<br>*Óskar Óskarsson, ráðgjafi hjá NORAD – reynsla Norðmanna.* |
| 13:00–15:00 | Umræðuhópar. |
| 15:00–15:30 | Kaffi. |
| 15:30–17:30 | Samantekt og kynning á umræðuefnum hópa. Almennar umræður. |
| 17:30 | Málþingi slitið.<br>*Stjórnandi málþings: Þorsteinn Ingólfsson, sendiherra.* |

**Viðauki III.**

***Þátttakendur í málþingi.***

Allyson MacDonald
Anna Hólmfríður Baldursdóttir
Anna Jóhannsdóttir
Árni Magnússon
Arnþór Þórðarson
Auðbjörg Halldórsdóttir
Bergdís Ellertsdóttir
Berglind Ásgeirsdóttir
Berglind Sigmarsdóttir
Björn Dagbjartsson
Bryndís Hlöðversdóttir
Egill Heiðar Gíslason
Einar Benediktsson
Engilbert Guðmundsson
Geir Gunnlaugsson
Geir Oddsson
Guðni Magnús Eiríksson
Guðrún Guðmundsdóttir
Guðrún Margrét Pálsdóttir
Gunnar Salvarsson
Gunnhildur Guðbrandsdóttir
Hannes Hauksson
Haukur Már Haraldsson
Helga Barðadóttir
Helga Þórólfsdóttir
Herbert Haraldsson
Hermann Ingólfsson
Hilmar Þór Hilmarsson
Hjálmar Jónsson
Hugi Ólafsson
Ingvar Birgir Friðleifsson
Jón Ásbergsson
Jón Erlingur Jónasson
Jón Skaptason
Jónas H Haralz
Jónas Þórisson
Jónína Einarsdóttir
Kristín Ástgeirsdóttir
Kristján Sturluson
Lárus Elíasson
Lárus Ögmundsson
Lydía Geirsdóttir
Magnús Diðrik Baldursson
María Skarphéðinsdóttir
Nikulás Hannigan
Oddur B. Björnsson
Ólafur Egilsson
Ólafur G. Flóvens
Lárus Eliasson
Lárus Ögmundsson
Lydía Geirsdóttir
Magnús Diðrik Baldursson
María Skarphéðinsdóttir
Nikulás Hannigan
Oddur B. Björnsson
Ólafur Egilsson
Ólafur G. Flóvens
Petrína Ásgeirsdóttir
Ragnar B. Guðmundsson
Ragnar Guðmundsson
Ragnar Gunnarsson
Sigfús Ólafsson
Sighvatur Björgvinsson
Sigrún Ólafsdóttir
Sigurður Helgason
Sjöfn Vilhelmsdóttir
Stefán Jón Hafstein
Stefán Þórarinsson
Þór Ásgeirsson
Þór Clausen
Þórdís Sigurðardóttir
Þórður Ásgeirsson
Þórður Bjarni Guðjónsson
Þorkell Helgason
Þorsteinn Tómasson
Tumi Tómasson
Ulla Magnússon
Vilhjálmur Egilsson
Vilmundur Víðir Sigurðsson

## Viðauki IV.

### *Stoðefni.*

Lög um ÞSSÍ 43/1981, Reglugerð 86/1998, Reglugerð 891/2005.
Samkomulag utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ um fyrirkomulag umdæmisskrifstofa.
Skýrsla til forsætisráðherra um framtíðarskipulag þróunarmála og greinargerð starfshóps ríkisstjórnarinnar um þróunaraðstoð frá 1992.
Um þróunarsamvinnu Íslands – álitsgerð frá 1997 (Jónas H. Haralz).
Langtímaáætlun Þróunarsamvinnustofnunar Íslands 2000–2004.
Ísland og þróunarlöndin – álitsgerð frá 2003 (Hermann Örn Ingólfsson og Jónas H. Haralz).
Viðskiptaþróun – úttekt á stöðu og starfsemi.
Ræða Valgerðar Sverrisdóttur, utanríkisráðherra um utanríkismál 16.11.06.
Þróunarsamvinna Íslands – stöðuskýrsla frá 2006.
Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005–2009.
Stefna og verklag ÞSSÍ frá 2005.
Stefna ÞSSÍ í jafnréttismálum frá 2005.
Ársskýrslur ÞSSÍ 2004 og 2005.
**DAC Peer Review – Main Findings and Recommendations**
Netherlands (2006).
United Kingdom (2006).
Belgium (2005).
Germany (2005).
New Zealand (2005).
Sweden (2005).
Austria (2004).
Norway (2004).
Denmark (2003).
Ireland (2003).
Finland (2003).
Luxembourg (2003).
„A primer on Foreign Aid" by Steven Radelet (2006)
Millennium Development Declaration:
Johannesburg Declaration:
Monterrey Consensus.
Paris Declaration on Aid Effectiveness.
**DAC Guidelines and Reference Series**
Managing Aid – Practices of DAC Member Countries.
Harmonising Donor Practices for Effective Aid Delivery.

## Viðauki V.

### *Opinber framlög til þróunarmála 2000–2006.*

| Í milljónum króna | 2000* | 2001* | 2002* | 2003* | 2004* | 2005* | áætlun 2006** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tvíhliða aðstoð** | **425,2** | **648,3** | **646,3** | **752,9** | **934,0** | **928,7** | **1.501,3** |
| Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) | 298,6 | 479,7 | 439,8 | 437,7 | 492,4 | 558,4 | 997,8 |
| þar af: Malaví | 80,8 | 170,3 | 143,7 | 149,7 | 159,6 | 139,0 | 253,6 |
| Mósambík | 91,9 | 127,9 | 97,9 | 78,4 | 86,9 | 98,1 | 174,2 |
| Namibía | 83,0 | 94,7 | 108,0 | 76,8 | 88,9 | 85,3 | 136,3 |
| Úganda | | 35,5 | 43,6 | 73,2 | 85,4 | 101,0 | 157,7 |
| Sri Lanka | | | | | | 19,1 | 78,3 |
| Níkaragva | | | | | | 8,4 | 70,2 |
| Annað | 42,9 | 51,3 | 46,6 | 59,6 | 71,8 | 107,5 | 127,5 |
| Enduruppbygging á ófriðarsvæðum | 126,6 | 168,6 | 206,5 | 315,1 | 441,6 | 370,3 | 503,5 |
| þar af: Ísl. friðarg. (Bosnía, Kósóvó, Sri Lanka, Afganistan) | 110,3 | 166,9 | 205,4 | 301,8 | 330,5 | 291,3 | 493,5 |
| Bosnía og Herzegóvína | 16,3 | 1,7 | 1,1 | 4,4 | 3,4 | | |
| Írak (neyðaraðstoð undanskilin) | | | | 9,0 | 107,7 | 69,0 | |
| Súdan | | | | | | 10,0 | 10,0 |
| **Fjölþjóðleg aðstoð** | **260,2** | **298,9** | **363,7** | **274,1** | **306,5** | **446,3** | **958,6** |
| Sameinuðu þjóðirnar | 39,0 | 66,1 | 60,0 | 76,0 | 59,9 | 169,4 | 607,6 |
| þar af: FAO | 7,3 | 10,1 | 11,4 | 8,3 | 4,5 | 1,7 | 3,3 |
| FAO - íslenskur styrktarsjóður | | | | | | 20,0 | 23,5 |
| FAO - lán á sérfræðingi | | | | | | | 5,0 |
| UNDP | 18,3 | 21,8 | 22,4 | 17,5 | 19,2 | 19,8 | 25,0 |
| UNDP - Ungliðaverkefni | | | | | | 4,6 | 35,3 |
| UNICEF | 9,5 | 9,5 | 11,6 | 10,4 | 11,4 | 15,3 | 20,0 |
| UNICEF - neyðaraðstoð | | | | | | 6,2 | 7,0 |
| UNICEF - verkefni gegn barnahermennsku | | | | | | 4,5 | 5,0 |
| UNICEF - menntaverkefni í Sierra Leone | | | | | | | 30,0 |
| UNIFEM | 2,5 | 2,5 | 3,1 | 2,8 | 2,5 | 11,7 | 23,6 |
| UNIFEM - réttindi kvenna í suðaustur-Evrópu | | | | | | 12,5 | 15,7 |
| UNRWA | 0,6 | 3,1 | 2,9 | 3,1 | 3,3 | 3,3 | 7,0 |
| UNESCO | | | | 2,2 | 1,9 | 1,7 | 1,9 |
| OCHA | | 3,1 | | | | 3,1 | 3,8 |
| OCHA - Neyðarsjóður (CERF) | | | | | | | 28,1 |
| UNFPA | | 1,0 | 1,1 | 1,0 | 1,0 | 3,0 | 7,5 |
| UNFPA - barátta gegn fistúlu | | | | | | 3,0 | |
| UNHCR | | 11,0 | 6,0 | 4,4 | 4,1 | 5,8 | 7,5 |
| WFP - Neyðaraðstoð | 0,4 | 3,6 | 1,0 | 18,0 | 3,9 | 29,5 | 34,4 |
| WFP - Börn styðja börn | | | | | | | 220,0 |
| UNVFVT | 0,4 | 0,4 | 0,5 | 0,4 | | | 2,0 |
| WHO | | | | 7,0 | 6,2 | 6,4 | 5,7 |
| WHO - mænusóttarverkefni | | | | | | 3,0 | 3,8 |
| WHO - neyðaraðstoð | | | | | | | 9,0 |
| WHO - átak gegn útbreiðslu fuglaflensu | | | | | | | 4,2 |
| Þróunarsjóðir á sviði hafréttar og landgrunnsm. | | | | | | 12,3 | 7,0 |
| IAEA - tæknisjóður | | | | | | 2,0 | 2,3 |
| ILO | | | | 1,0 | 1,9 | | |
| Peacebuilding Fund | | | | | | | 70,0 |

*Frh.*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alþjóðabankinn | 95,3 | 108,6 | 110,7 | 148,9 | 157,5 | 193,2 | 294,9 |
| þar af: Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) | 95,3 | 95,0 | 95,0 | 145,0 | 145,0 | 145,0 | 205,4 |
| Íslenskur ráðgjafasjóður | | 13,6 | 15,7 | 3,9 | 12,5 | 13,0 | 11,2 |
| PROFISH | | | | | | 20,2 | 23,5 |
| Viðskiptaumhverfi í smáríkjum | | | | | | 15,0 | 15,0 |
| Samstarf í orkumálum (ESMAP) | | | | | | | 21,6 |
| Skuldaniðurfelling þróunarríkja hjá IDA (MDRI) | | | | | | | 9,8 |
| Mannréttindasjóður | | | | | | | 3,5 |
| Átak gegn útbreiðslu fuglaflensu | | | | | | | 4,9 |
| Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) | 35,4 | 29,0 | 56,0 | 48,4 | 46,8 | 28,0 | 30,5 |
| Niðurfelling skulda þróunarríkja (HIPC) | 68,0 | 68,5 | 113,7 | | 25,9 | 22,9 | |
| Styrktarsjóður fyrir smáeyþróunarríki | | | | | | 14,0 | 8,1 |
| Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) | 22,1 | 26,2 | 21,9 | | | | |
| Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) | | | 0,9 | 0,9 | 0,9 | 3,8 | 3,5 |
| Alþjóðasjóður gegn alnæmi, berklum og malaríu | | | | | 15,0 | 15,0 | 14,0 |
| Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD) | 0,5 | 0,5 | 0,5 | | 0,5 | | |
| **Annað** | **113,8** | **154,9** | **258,1** | **325,0** | **241,1** | **336,2** | **353,3** |
| Jarðhitaskóli Háskóla S.þ. | 50,3 | 51,8 | 63,0 | 67,4 | 67,3 | 92,3 | 144,0 |
| Sjávarútvegsskóli Háskóla S.þ. | 30,4 | 36,1 | 48,9 | 54,6 | 52,0 | 73,2 | 87,2 |
| Flóttamannaaðstoð | 17,0 | 15,0 | 27,5 | 38,7 | 20,2 | 56,1 | |
| Framlög til félagasamtaka | 5,9 | 21,4 | 14,2 | 77,9 | 19,9 | 36,5 | 49,3 |
| þar af: ABC barnahjálp | 0,9 | 2,0 | 2,0 | 3,3 | 3,9 | 5,0 | 4,0 |
| Alþjóða Rauði krossinn | 4,0 | 4,2 | 4,7 | 4,1 | | 7,5 | 3,4 |
| Barnaheill | | 0,2 | 3,0 | 7,0 | 0,5 | 4,0 | 3,1 |
| Rauði kross Íslands | | 10,5 | 2,5 | 52,0 | 15,0 | 15,0 | 21,8 |
| Hjálparstarf kirkjunnar | 1,0 | 4,5 | 2,0 | 10,0 | 0,5 | 5,0 | 17,0 |
| Lúterska heimssambandið | | | | 1,0 | | | |
| Samband íslenskra kristniboðsfélaga | | | | 0,5 | | | |
| Ýmis framlög og neyðaraðstoð | 3,2 | 0,1 | 62,5 | 17,4 | 6,5 | 2,1 | 13,3 |
| Utanríkisráðuneyti og sendiskrifstofur | 7,0 | 30,5 | 42,0 | 44,0 | 40,1 | 41,0 | 42,0 |
| Norræn/baltnesk samræming, Alþjóðabankinn | | | | 25,0 | 35,0 | 35,0 | 17,5 |
| **SAMTALS** | **799,3** | **1.102,1** | **1.268,1** | **1.352,0** | **1.481,6** | **1.711,2** | **2.813,2** |
| **Hlutfall af vergum þjóðartekjum (%)^** | **0,12** | **0,15** | **0,16** | **0,17** | **0,18** | **0,18** | **0,27** |

* Samkvæmt ríkisreikningi

** Byggt á áætlun utanríkisráðuneytis og drögum að rekstraráætlun ÞSSÍ

^ Til og með árinu 2003 var hlutfallið reiknað af vergri landsframleiðslu

## Viðauki VI.

### *Um skipulag þróunarsamvinnu annarra ríkja.*

*Danmörk.*

Þróunarsamvinna Dana heyrir undir utanríkisráðuneytið og er utanríkisráðherra jafnframt þróunarmálaráðherra. Öll málefni, framkvæmd og eftirlit þróunarverkefna er varða tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu eru hluti af verkefnum utanríkisþjónustunnar og sendiskrifstofa hennar erlendis. Ráðuneytið skiptist í tvær deildir, norður- og suðurdeild. Suðurdeildin fer með öll mál er varða þróunarsamvinnu og ber sá málaflokkur hið gamla og vel þekkta heiti DANIDA. Þetta heiti er þó ekki notað í lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Dana heldur stendur fyrir *Danish International Development Assistance.*

Ráðherra skipar 9 manna stjórn þróunarmála til þriggja ára í senn sem hefur það hlutverk að vera ráðherra til ráðgjafar í þeim málefnum og verkefnum sem lögin um þróunarsamvinnu

fela honum. Stjórnin skilar ráðherra árlega skýrslu um störf sín. Ráðherra skipar einnig, að hluta til að fengnum tilnefningum ráðuneyta, stofnana og félagasamtaka, sérstakt ráð til þriggja ára með allt að 75 fulltrúum. Ráðið hefur það hlutverk að fylgjast með störfum stjórnarinnar og vera henni til ráðgjafar.

*Finnland.*

Þróunarsamvinna Finna heyrir undir utanríkisráðuneytið. Málefni alþjóðafjármálastofnana eru auk þess til meðferðar í fjármálaráðuneytinu. Ráðherrar í utanríkisráðuneytinu eru nú tveir, utanríkisráðherra og ráðherra utanríkisviðskipta og þróunarmála.

Öll málefni, framkvæmd og eftirlit verkefna er varða tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu eru hluti af verkefnum utanríkisþjónustunnar og sendiskrifstofa hennar erlendis. Tvær deildir af 12 í ráðuneytinu fara með verkefni þróunarsamvinnu, alþjóðadeildin og þróunarmáladeildin.

Ríkisstjórnin skipar 14 manna ráðgjafarnefnd um þróunarmál. Stjórnmálaflokkar tilnefna 9 fulltrúa og fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem láta sig þróunarmál varða 5 fulltrúa. Nefndin er til ráðgjafar um stefnu í þróunarmálum, verkefnaval og nýtingu fjármuna. Enn fremur er nefndin til ráðgjafar um ýmis mál í samskiptum við þróunarríkin, svo sem mannréttindi, stöðu kvenna, menningarmál, eflingu lýðræðis og umhverfisvernd.

*Noregur.*

Þróunarsamvinna Norðmanna heyrir undir utanríkisráðuneytið. Ráðherrar í utanríkisráðuneytinu eru tveir, utanríkisráðherra og ráðherra þróunarmála. Árið 2004 voru gerðar skipulagsbreytingar á fyrirkomulagi þróunarsamvinnu Noregs þannig að öll áætlanagerð og framkvæmd á þróunarsamvinnu er nú hjá utanríkisráðuneytinu og sendiráðin hafa aukið ákvarðanatökuvald og ábyrgð. Ráðuneytinu skipt í 10 deildir sem svara allar til beggja ráðherra. Skrifstofa þróunarsamvinnumála ber ábyrgð á stefnu í þróunarmálum, fjölþjóðlegum stofnunum, viðskiptaþróun og samskiptum við einkageirann í þróunarlöndum auk samhæfingar og samræmingar. Aðrar deildir hafa óbeina aðkomu að þróunarsamvinnu, aðallega í gegnum sendiráðin. NORAD er deild í utanríkisráðuneytinu og fer með undirbúning og framkvæmd matsgerða, tæknilega ráðgjöf í sértækum málaflokkum, veitir sendiráðunum stuðning í sértækum málaflokkum, gæðaeftirlit og samskipti við frjáls félagasamtök, viðskiptalífið og fræðimannasamfélagið.

*Svíþjóð.*

Þróunarsamvinna Svía heyrir undir utanríkisráðuneytið. Langflest málefni þróunarsamvinnu eru vistuð í utanríkisráðuneytinu. Málefni alþjóðafjármálastofnana eru auk þess til meðferðar í fjármálaráðuneytinu. Ráðherrar í utanríkisráðuneytinu eru nú tveir, utanríkisráðherra og ráðherra þróunarmála og málefna flóttamanna og innflytjenda.

Öll framkvæmd tvíhliða þróunarsamvinnu er hjá SIDA, sem er ríkisstofnun með eigin stjórn og forstjóra. Þó fer öll starfsemin erlendis fram í sænskum sendiráðum. Ríkisstjórnin getur falið stofnuninni að eiga samstarf við alþjóðastofnanir á sviði þróunarmála. Ríkisstjórnin skipar stjórn stofnunarinnar, mest 11 fulltrúa að meðtöldum forstjóra. Stjórnin tekur ákvarðanir um eftirtalin málefni: ársskýrslu, árshlutaskýrslur og fjárhagsáætlun; álit tengd skýrslum ríkisendurskoðunar; úttektaráætlanir og álit tengd úttektum; framkvæmdaáætlun stofnunarinnar; og stefnumörkun í mikilvægum málum sem varða verkefni hennar. Aðrar ákvarðanir tekur forstjóri stofnunarinnar.

Samkvæmt lögum ber stofnuninni, í samstarfi sínu við stjórnvöld, alþjóðastofnanir og stofnanir í öðrum löndum, að laga starfsemi sína að starfssemi og meginreglum utanríkisþjónustunnar. Í samráði við utanríkisráðuneytið sendir stofnunin fulltrúa sína til starfa á sendiskrifstofur þess. Það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar hvort útsendur starfsmaður stofnunarinnar er yfirmaður sendiskrifstofunnar.

*Holland.*

Þróunarsamvinna Hollendinga heyrir undir utanríkisráðuneytið, en utanríkis- og þróunarmálaráðherrar deila pólitískri ábyrgð á málaflokknum. Þróunarmálaráðherrann fer með daglega stjórn. Skrifstofa þróunarmála fer með stefnumótun og framkvæmd verkefna en starfsfólk allra deilda kemur að málaflokknum. Sendiráðin í samstarfslöndunum eru mjög sjálfstæð og útfæra þau nánar stefnu og framkvæmd í hverju landi fyrir sig. Samskipti við utanríkisráðuneytið fara fram í gegn um skrifstofur þróunarmála sem fjalla um einstök lönd.

*Írland.*

Utanríkisráðherra ber ábyrgð á þróunarsamvinnu Írlands en hann nýtur aðstoðar þróunarmálaráðherra sem ekki situr í ríkisstjórn.[5] Þingið hefur hefur yfirsýn yfir þróunarmál í gegnum utanríkismálanefnd og þróunarmálanefnd. Ráðherrar og æðstu embættismenn „Irish Aid" koma fyrir nefndirnar reglulega, sérstaklega við undirbúning fjárlaga. Þróunarsamvinnu Írlands er stýrt af Irish Aid, sem er ein af 10 deildum í utanríkisráðuneytinu. Stjórnun er miðstýrð og ber Irish Aid ábyrgð á framkvæmd þróunarsamvinnunar, og samhæfingu á milli ráðuneyta og innan utanríkisráðuneytisins og samstarfslandanna. Irish Aid er með óháða ráðgjafarnefnd sem í sitja fyrrum ráðherrar og fulltrúar frjálsra félagasamtaka.

*Lúxemborg.*

Utanríkisráðuneytið fer stefnumótun og framkvæmd 90% af þróunarsamvinnu Lúxemborgar. Málefni alþjóðafjármálastofnana eru til meðferðar í fjármálaráðuneytinu. Framkvæmd verkefna er í höndum Lux-Development sem er sjálfstæð stofnun, 99% í eigu ríkisins og 1% hlutur er í eigu Fjárfestinga- og lánasjóðs Lúxemborgar (Société Nationale des Crédits à l'Investissement). Fjármálaráðuneytið fer með samstarf við alþjóðafjármálastofnanir. Þróunarmálaráðherra var skipaður árið 1999 en ráðherrann fer einnig með aðra málaflokka. Samráð er á milli fagráðuneyta um stefnu í þróunarmálum, *the Inter-Ministerial Committee for Development Co-operation*. Ráðherra skipar stjórn sem í sitja fulltrúar stjórnvalda, verkalýðs- og stéttarfélaga, frjálsra félagasamtaka, sérfræðingar á sviði þróunarmála auk framkvæmdastjóra Lux-Development.

*Nýja-Sjáland.*

Þróunarsamvinna Nýja-Sjálands heyrir undir ráðuneyti utanríkis- og viðskiptamála. Öll framkvæmd tvíhliða þróunarsamvinnu er hjá NZAID, sem er hálfsjálfstæð ríkisstofnun sem er stýrt af framkvæmdastjóra sem heyrir undir utanríkisráðherra. Framkvæmdastjóri er ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun og framkvæmd þróunarsamvinnu. Tengslin á milli NZAID og ráðuneytis eru sterk, og er framkvæmdastjóri skipaður af utanríkisráðherra og vinnur í nánu samstarfi við yfirstjórn ráðuneytisins. Stöðugt samráð er á milli NZAID og annarra deilda ráðuneytisins. Ráðherra skipar sjö fulltrúa í óháðra aðila í ráðgjafarnefnd um þróunarsamvinnumál.

---

[5] Minister for State of Foreign Affairs and for Development Co-operation and Human Rights.

# 1063. Skýrsla [682. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd fjarskiptaáætlunar.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi samþykkti vorið 2005 þingsályktun um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010. Sú ályktun var samin af stýrihópi sem samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, skipaði í ársbyrjun 2004. Áætlunin er sú fyrsta sem samþykkt hefur verið en samkvæmt lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, sbr. lög nr. 78/2005, skal samgönguráðherra leggja fram á Alþingi á þriggja ára fresti tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun.

Fjarskiptaáætlun skal leggja grunn að framþróun íslensks samfélags með því að bjóða bestu, ódýrustu og öruggustu rafrænu samskiptin með beitingu fjarskipta- og upplýsingatækni. Þá skal í áætluninni mörkuð stefna fyrir næstu sex ár. Í áætluninni er skilgreind nánar aðkoma og markmið stjórnvalda í fjarskiptamálum til næstu ára, auk þess sem gerð er grein fyrir ástandi og horfum í fjarskiptamálum í landinu í ljósi alþjóðlegrar þróunar. Með samræmdri stefnumótun er stefnt að því að auka samkeppnishæfni landsins og stuðla að framþróun atvinnulífs og ná fram hagkvæmri nýtingu fjármagns og samræmdri forgangsröðun verkefna. Einnig er lögð áhersla á að aðgengi að fjarskiptum sé mikilvægt fyrir alla landsmenn og fjallað um með hvaða hætti aðstaða landsmanna, hvað varðar aðgengi að fjarskiptum, verði jöfnuð.

Fjarskiptaáætlun skiptist í 15 meginmarkmið en að auki eru 32 markmið (verkefni) sem unnið er að og skiptast niður á fimm kafla áætlunarinnar:

I. Forskot.
II. Háhraðavæðing.
III. Farsamband.
IV. Stafrænt sjónvarp og hljóðvarp.
V. Öryggi og persónuvernd.
VI. Samkeppnishæfni.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem unnið hefur verið að við framkvæmd fjarskiptaáætlunar. Að gerð hennar komu auk verkefnisstjórnar fjarskiptaáætlunar Póst- og fjarskiptastofnun. Þá var einnig aflað upplýsinga frá öðrum ráðuneytum vegna einstakra markmiða áætlunarinnar sem eru á ábyrgð þeirra.

Áhrifa fjarskiptaáætlunar er víða farið að gæta og ljóst er að samþykkt hennar hefur haft í för með sér aukinn áhuga stjórnvalda og almennings á þessum málum. Þá er ljóst að umgjörðin, sem sköpuð hefur verið um gerð hennar svo og framkvæmd, er til þess fallin að ná megi markmiðum hennar og stuðla þannig að því að Ísland sé og verði í fremstu röð í uppbyggingu og notkun fjarskiptatækni.

## 1. Framkvæmd fjarskiptaáætlunar.

Verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar hefur yfirumsjón með framkvæmd fjarskiptaáætlunar fyrir hönd samgönguráðuneytisins. Verkefnisstjórnina skipa fimm manns: Friðrik Már Baldursson, formaður, Kristinn Jónasson, Adolf Berndsen, Guðbjörg Sigurðardóttir og Hjálmar Árnason.

Auk þess að vera verkefnisstjórn um framkvæmd fjarskiptaáætlunar er hún jafnframt stjórn fjarskiptasjóðs en sá sjóður var stofnaður með lögum nr. 132/2005. Fjarskiptasjóður hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar.

Til að vinna að verkefnum fjarskiptasjóðs gerði stjórnin samning við Póst- og fjarskiptastofnun um að stofnunin aðstoðaði m.a. við skipulag útboða og eftirlit með framkvæmd verkefna sjóðsins sem njóta styrkja. Sérstök deild innan Póst- og fjarskiptastofnunar hefur það verkefni eitt að vinna að þessum verkefnum en deildin er aðgreind frá eftirlitsstarfsemi stofnunarinnar. Er þetta í samræmi við lög um fjarskiptasjóð en þar segir að fjarskiptasjóður skuli bera allan kostnað Póst- og fjarskiptastofnunar af starfsemi sem tengist verkefnum sjóðsins. Tveir starfsmenn voru sérstaklega ráðnir til að sinna þessum störfum.

Þá er lögfræðingur samgönguráðuneytisins í fjarskiptamálum starfsmaður verkefnisstjórnar fjarskiptaáætlunar og stjórnar fjarskiptasjóðs en varsla og umsýsla sjóðsins er í samgönguráðuneytinu.

Í fjarskiptaáætlun er einnig um að ræða verkefni sem heyra undir önnur ráðuneyti og stofnanir. Í fyrsta lagi ber að nefna að Póst- og fjarskiptastofnun, sem stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun, ber ábyrgð á mörgum verkefnum fjarskiptaáætlunar. Þá bera menntamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti ábyrgð á einstökum verkefnum. Tilnefndir hafa verið vegna þeirra verkefna tengiliðir ráðuneytanna við verkefnisstjórnina og virkar stjórnin þá sem samráðs- og samstarfsvettvangur.

## 2. Fjarskiptasjóður.

### *2.1 Starfsemi.*

Fjarskiptasjóður var stofnaður með lögum fjarskiptasjóð, nr. 132/2005. Hlutverk hans er að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun og ætla má að ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum. Framkvæmdir vegna verkefna fjarskiptasjóðs eru boðnar út og er það hlutverk stjórnar að ákveða tilhögun og stærð útboða.

Með lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., nr. 133/2005, var samþykkt að leggja sjóðnum til fjármagn að fjárhæð 2.500 millj. kr. Þeir fjármunir, sem samþykkt hefur verið að leggja í fjarskiptasjóð, eiga fyrst og fremst að standa straum að þremur markmiðum fjarskiptaáætlunar:

1. Að allir landsmenn, sem þess óska, hafi aðgang að háhraðatengingum árið 2007.
2. GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1, öðrum helstu stofnvegum og á helstu ferðamannastöðum.
3. Dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða verði stafræn um gervihnött.

### *2.2 Verkefni.*

#### *2.2.1 Uppbygging GSM-farsímakerfis.*

Markmiðið er, sbr. fjarskiptaáætlun, að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum og á helstu ferðamannastöðum. Þannig er ætlunin að auka öryggi vegfarenda og aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins með því að stuðla að aukinni útbreiðslu GSM-farsímanetsins á þeim stöðum sem ekki er líklegt að verði þjónað á markaðslegum forsendum. GSM-farsímakerfið er ekki landsþekjandi og skortir töluvert á


að samband náist á þjóðvegakerfinu. Þrátt fyrir að farsímakerfið hafi ekki verið hannað sem öryggiskerfi er ljóst að almenn eign slíkra farsíma er mikilvægur liður í öryggi fólks, auk þess sem farsíminn gegnir mikilvægu hlutverki í samskiptum í nútímaþjóðfélagi.

*GSM 1.*

Í fyrsta áfanga GSM-verkefnisins, sem boðinn var út á árinu 2006, voru boðnir út vegkaflar á hringvegi 1, þar sem GSM-farsímaþjónustu nýtur ekki við nú, og fjallvegirnir um Fróðárheiði, Steingrímsfjarðarheiði, Þverárfjallsveg, Fagradal og Fjarðarheiði. Að auki skal setja upp sendi í Flatey á Breiðafirði sem þjónusta á um helming leiðarinnar um Barðaströnd. Alls er um að ræða 500 km svæði en lengsti kaflinn á hringveginum þar sem GSM-samband er ekki fyrir hendi í dag er um Mývatnsöræfi en hann er 80 km langur.

Á meðfylgjandi korti má sjá þá vegkafla sem boðnir voru út í útboðinu en þeir eru merktir með breiðu rauðu striki.

**Mynd 1. Vegkaflar í útboði sem fór fram á árinu 2006.**




Ákveðið var að hafa lokað útboð að undangengnu forvali en sjóðurinn naut aðstoðar Ríkiskaupa við framkvæmd útboðsins. Fyrirhugað forval var kynnt á Evrópska efnahagssvæðinu um miðjan júní og áttu áhugasamir aðilar að skila tilkynningu um þátttöku til Ríkiskaupa.[1] Forvalinu lauk á haustmánuðum og fengu þeir aðilar, sem uppfylltu skilyrði

[1] Pre-qualification no 14053 GSM Service in Iceland financing, designing, constructing, installing and operating a GSM Network in rural areas in Iceland July 2006.

forvalsins, afhend útboðsgögn[2] í október og skiluðu inn tilboðum sínum í desember. Þrjú tilboð bárust, eitt frá Og fjarskiptum ehf. og tvö frá Símanum hf., annað frávikstilboð.

| | |
|---|---|
| Og fjarskipti ehf. | 669 millj. kr. |
| Síminn hf. | 598 millj. kr. |
| Síminn hf. (frávikstilboð) | 535 millj. kr. |

Verktími hjá Og fjarskiptum ehf. var samkvæmt tilboðinu 20 mánuðir en 12 mánuðir í báðum tilboðum Símans hf. Gengið var til skýringaviðræðna og svo í framhaldinu samningaviðræðna við Símann hf. og var skrifað undir samning við fyrirtækið 12. janúar 2007. Samið var við Símann hf. á grundvelli frávikstilboðs og var endanleg samningsupphæð 565 millj. kr. Uppsetning á GSM-sendum á vegköflunum skal vera að fullu lokið 12. janúar 2008.

*GSM 2.*

Næsti hluti áætlunar um endurbætur á GSM-farsímanetinu snýst um stofnvegi og helstu ferðamannastaði þar sem ekki er GSM-farsímasamband. Vinna við að greina þau svæði, sem koma til skoðunar í þeim áfanga GSM-verkefnisins, er þegar hafin. Á mynd 2 má sjá þá stofnvegi þar sem bæta þarf GSM-samband.

Á árinu 2006 var unnið að því með aðstoð Ferðamálastofu að skilgreina hverjir væru helstu ferðamannastaðir. Gengið var út frá því að hugtakið ferðamannastaður merki staður (annaðhvort náttúrulegur eða manngerður) sem laðar að sér ferðamenn. Listi var gerður yfir ferðamannastaði fyrir hvern landsfjórðung og listarnir sendir til viðkomandi ferðamálafulltrúa og þeir fengnir til að yfirfara þá. Þá voru listarnir sendir til hagsmunaaðila og þeir beðnir að yfirfara þá með mikilvægi þeirra í huga. Vinnu við skilgreiningu helstu ferðamannastaða er ekki lokið.

Stjórn fjarskiptasjóðs á eftir að taka ákvörðun um forgangsröðun í næsta hluta áætlunar um endurbætur á GSM-farsímanetinu en stefnt er að því að útboðið verði auglýst á fyrri hluta árs 2007.


### *2.2.2 Háhraðatengingar um landið.*

Markmiðið er, sbr. fjarskiptaáætlun, að allir landsmenn, sem þess óska, hafi aðgang að háhraðatengingum árið 2007. Verkefnið er því uppbygging á háhraðatengingum á þeim stöðum þar sem markaðsaðilar eru ekki eða ætla ekki að bjóða upp á háhraðatengingar. Upplýsingatækni er leiðandi í hagvexti og atvinnuuppbyggingu í Evrópu og víða annars staðar, m.a. hér á landi. Háhraðatengingar eru einn af grunnþáttum tækninnar sem gerir upplýsingasamfélag nútímans mögulegt. Áætlað er að stuðla að og hraða þróun upplýsingasamfélagsins svo að allir landsmenn, sem þess óska, geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu.

---

[2] ÚTBOÐ NR. 14139 GSM-þjónusta á Íslandi – 18. október 2006.

**Mynd 2. Stofnvegir þar sem ekki er GSM-farsímasamband nú (merktir með bláu).**




Vinnu við verkefnið hefur verið skipt í þrjá meginþætti:

- Greining á þeim svæðum þar sem ekki er boðið upp á háhraðatengingar nú eða ætla má að markaðsaðilar ætli ekki að bjóða upp á háhraðatengingar.
- Skilgreining á lágmarksgæðum þeirra lausna sem sjóðurinn ætlar að styrkja.
- Ákvörðun um útboðsleið

Áhersla hefur verið lögð á að greina stöðu háhraðatenginga á landinu en nákvæm greining á henni hefur ekki verið gerð áður. Samkvæmt þeirri greiningarvinnu, sem gerð hefur verið, eru 1.603 lögbýli í dreifbýli og 69 í þéttbýli sem ekki eiga kost á háhraðatengingu, sbr. töflu.

**Tafla 1. Fjöldi landsmanna sem ekki eiga kost á háhraðatengingu.**

| | **Lögbýli** | **Fjöldi íbúa** |
|---|---|---|
| Samtals lögbýli án háhraðatenginga | 1.603 | 5.961 |
| Þéttbýli án háhraðatenginga | 69 | 277 |
| **Samtals** | **1.672** | **6.238** |

Þannig má gera ráð fyrir því að um 6.300 manns eigi ekki kost á háhraðatengingu nú. Á árinu 2004 kom fram í svari samgönguráðherra við fyrirspurn á Alþingi að rúmlega 22.000

manns ættu ekki kost á háhraðatengingum.[3] Samkvæmt þessu hefur þeim því fækkað mjög á undanförnum tveimur árum sem ekki eiga kost á háhraðanettengingum. En samkvæmt þessu eiga tæplega 98% landsmanna kost á háhraðatengingum. Næstu skref í greiningarvinnunni er að kanna fyrirhuguð áform markaðsaðila um uppbyggingu.

Einnig er hafin vinna við að skilgreina þjónustu- og gæðakröfur, það er að segja að skilgreina lágmarksgæði þeirra lausna sem sjóðurinn ætlar að styrkja. Þá er verið að skoða í samvinnu við Ríkiskaup hvaða útboðsleið hentar best fyrir þetta verkefni. Stefnt er að því að auglýsa útboð á fyrri hluta ársins 2007.

### *2.2.3 Dreifing á dagskrá RÚV um gervihnött.*

Markmiðið er, sbr. fjarskiptaáætlun, að dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða, verði stafræn um gervihnött. Verkefnið er því að tryggja að sjófarendur og íbúar strjálbýlli svæða, sem ekki njóta fullnægjandi þjónustu, eigi möguleika á að ná sjónvarpsdagskrá RÚV, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2 stafrænt í gegnum gervihnött.

Stjórn fjarskiptasjóðs leitaði síðastliðið vor eftir samstarfi við Ríkisútvarpið um þetta verkefni. Og eins og með önnur verkefni sjóðsins var óskað eftir aðstoð Ríkiskaupa.

Verkefnið er ekki útboðsskylt þar sem það fellur ekki undir lög um opinber innkaup né innkaupatilskipanir. Hins vegar var ákveðið að fara í afbrigði af útboði/samningskaupaferli til að tryggja að umbeðin þjónusta fengist af sem mestum gæðum fyrir sem hagstæðast verð. Sumarið 2006 fór í að vinna tilboðsgögn en valdir voru 9 aðilar og þeim boðin þátttaka. Boð um þátttöku var sent í lok september og frestur til að senda inn tilboð gefinn fram í nóvember. Tilboð bárust frá eftirfarandi þremur aðilum:

- Eutelsat
- Intelsat
- Telenor

Í framhaldinu var gengið til samningaviðræðna við Telenor og var skrifað undir samning við fyrirtækið 1. febrúar 2007. Stefnt er að því að útsendingar hefjist í byrjun apríl næstkomandi og þá á almenningur í hinum dreifðu byggðum og sjómenn að geta farið að nýta sér þjónustuna. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er kringum 150 milljónir króna á næstu þremur árum.

### *2.3 Fjármál.*

Með fjáraukalögum ársins 2005 var úthlutað til sjóðsins 1.000 millj. kr. af söluandvirði Símans. Í greinargerð með frumvarpinu sagði að auk þess framlags skyldi varið til hans 1.500 millj. kr. með jöfnum framlögum árin 2007–2009. Með fjáraukalögum ársins 2006 var síðan ákveðið að veita 500 millj. kr. til sjóðsins í stað þess framlags sem koma átti á árinu 2007. Starfsemi sjóðsins hófst með skipan stjórnar hans hinn 1. febrúar 2006. Fjárheimild hans var þannig við upphaf starfseminnar 1.000 millj. kr. en hækkaði í 1.500 millj. kr. með samþykkt fjáraukalaga ársins 2006. Kostnaður við starfsemi sjóðsins á árinu 2006 var alls um 36,5 millj. kr. og óráðstafaðar fjárheimildir í árslok þannig 1.463,5 millj. kr. Meginkostnaður, sem féll til á árinu, var vegna kostnaðar Póst- og fjarskiptastofnunar af starfsemi sem tengist verkefnum sjóðsins og svo kaup á sérfræðiþjónustu við gerð útboðsgagna. Í töflu 2 má sjá sundurliðun kostnaðar á árinu 2006.

---

[3] 592. mál 130. löggjafarþings.

**Tafla 2. Sundurliðun kostnaðar fjarskiptasjóðs á árinu 2006.**

| | |
|---|---|
| Laun stjórnar | 3.179.869 |
| Ferðakostnaður | 925.083 |
| Kostn. v. starfsm. hjá Póst- og fjarskiptastofnun | 18.017.609 |
| Ríkiskaup | 3.327.544 |
| Sérfræðiráðgjöf | 10.843.775 |
| Annar kostnaður | 133.956 |
| **Samtals** | **36.427.836** |

## 3. Einstök markmið (verkefni) fjarskiptaáætlunar.

### *3.1 Forskot.*

- Lögð verði áhersla á að þau tækifæri, sem felast í góðum fjarskiptum, góðri menntun og tækniþróun, verði nýtt til að skapa störf og auka hagsæld um land allt.

#### *3.1.1 Staða Íslands í samanburði við aðrar þjóðir.*

*1. Íslensk fyrirtæki og stofnanir nái forskoti á aðrar þjóðir í að hagnýta fjarskiptatækni í þjónustu- og framleiðslugreinum.*

Mikilvægt er að Ísland sé í fremstu röð í að hagnýta fjarskiptatækni enda eru mikil jákvæð efnahagsleg áhrif tengd því. Hér á eftir er gerð grein fyrir stöðu fjarskiptamála hér á landi í alþjóðlegu samhengi með því að bera saman helstu mælikvarða um árangur á því sviði.

Eftirfarandi eru þeir mælikvarðar sem hafðir eru til hliðsjónar:

- Framboð þjónustu og tækni.
- Aðgengi almennings að fjarskiptaþjónustu.
- Notkun almennings á fjarskiptaþjónustu.
- Verð á fjarskiptaþjónustu.

Sú fjarskiptaþjónusta, sem er til skoðunar, er eftirfarandi:

- Fastanet fyrir talsíma.
- Farsímaþjónusta.
- Háhraðatengingar.

Gengið er út frá því markmiði að Ísland hafi forskot á a.m.k. 25 OECD-lönd af 30 löndum hvað varðar framboð, aðgengi (e. coverage), útbreiðslu (e. penetration) og verð fjarskiptaþjónustu. Ef gögn um viðkomandi þætti eru ekki tiltæk fyrir OECD-lönd þá er markmiðið að Ísland hafi forskot á a.m.k. 2 af 5 norrænum löndum.

Í töflu 3 má sjá yfirlit um forskot sem Ísland hefur á önnur lönd á árinu 2005 út frá ofangreindum markmiðum. Samkvæmt fjarskiptaáætlun er markmiðið að viðhalda því forskoti sem fyrir er og stuðla að úrbótum þar sem það er ekki fyrir hendi fyrir árið 2011.

**Tafla 3. Forskot Íslands 2005.**

| **Forskot** | **Fastanet talsíma** | **Farsímanet** | | **Háhraðatengingar** | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | *Áskriftir* | *Kort* | *Landsvísu* | *Landsbyggð* |
| Framboð | Já | Nei | Nei | Já | Já |
| Aðgengi | Já | Já | Já | Já | Já |
| Notkun | Nei* | Já | Já | Já | Já |
| Verð | Já | Nei | Já | Nei | Nei |

**Heimild:** Póst- og fjarskiptastofnun. *Miðast við árið 2003.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þeirri tölfræði sem liggur til grundvallar þeirri niðurstöðu sem fram kemur í töflu 3.

**Farsími og fastlínusími.**

*Framboð þjónustu og tækni.*

Tafla 4 lýsir framboði á þjónustu og tækni á farsímamarkaði hér á landi í samanburði við önnur norræn lönd. Sjá má að öll Norðurlönd að Íslandi frátöldu eru byrjuð með þriðju kynslóð farsíma. Þá er að auki NMT-farsímakerfi í notkun hér á landi eins og í Danmörku og Svíþjóð en fyrir liggur að það muni verða lagt niður hér á landi í síðasta lagi í árslok 2008. Einnig er stefnt að því að leggja niður NMT-kerfið í Danmörku og Svíþjóð á næstu árum. Af þessu má ályktа að framboð farsímaþjónustu sé meira í öðrum norrænum löndum þar sem þriðju kynslóðar farsímakerfi (UMTS-kerfi) er ekki enn í boði hér á landi. Undirbúningur hefur þó verið í gangi vegna þriðju kynslóðar farsíma hér á landi og auglýsti Póst- og fjarskiptastofnun í lok árs 2006 útboð tíðniheimilda fyrir þriðju kynslóð farsíma. Óhætt er að ályktа að framboð talsímaþjónustu á fastaneti sé a.m.k. jafngóð og gerist annars staðar á Norðurlöndum.

**Tafla 4. Framboð þjónustu og tækni 2005.**

| Lönd/tækni | Ísland | Danmörk | Svíþjóð | Finnland | Noregur |
|---|---|---|---|---|---|
| NMT | Já | Já | Já | Nei | Nei |
| GSM 900/1800 | Já | Já | Já | Já | Já |
| UMTS | Nei | Já | Já | Já | Já |

**Heimild:** *Competition and regulation in the Nordic mobile markets.* September 2006. Skýrsla norrænu eftirlitsstofnananna á fjarskiptamarkaði.

*Aðgengi almennings að fjarskiptaþjónustu.*

Öll byggðarlög á Íslandi eiga kost á fastlínu- og farsímasambandi hér á landi. Farsímakerfi Símans nær til um 98% landsmanna og farsímakerfi Vodafone nær til um 83% landsmanna en 98% útbreiðslu er náð með reikisamningi við Símann.

*Notkun almennings á fjarskiptaþjónustu.*

Tafla 5 lýsir útbreiðslu á fastlínu- og farsímanotkun hér á landi í samanburði við önnur OECD-lönd. Niðurstaðan sýnir stöðu Íslands miðað við önnur OECD-lönd þar sem 1 er mesta útbreiðsla, 2 sú næstmesta o.s.frv. Notkun fastlínu fer eftir fjölda rása á fastaneti á hverja 100 íbúa og hefur hún farið minnkandi hér á landi frá árinu 2000 eftir því sem notkun farsíma hefur aukist. Notkun farsíma í töflu 5 fer eftir útbreiðslu áskrifta og fyrirframgreiddra korta í hlutfalli af íbúafjölda en í lok árs 2005 var hlutfallið um 100% hér á landi.[4]

**Tafla 5. Notkun fastlínu- og farsíma.**

| Útbreiðsla | Norðurlönd | Sæti innan OECD ár hvert | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Ár/þjónusta* | *2005* | *2003* | *2002* | *2002* | *2000* | *1999* |
| Fastlína | | 6 | 7 | 7 | 7 | 5 |
| Farsími | 3 | 6 | 5 | 4 | 5 | 4 |

[4] *Competition and regulation in the Nordic mobile markets.* Sjá mynd 2 í skýrslu norrænu eftirlitsstofnananna frá september 2006.

**Heimild:** OECD Communications outlook 2005. Skýrsla eftirlitsstofnananna á fjarskiptamarkaði, 2006. *Competition and regulation in the Nordic mobile markets.*
**Skýringar:** Aðildarlönd OECD eru 30 þjóðir. Niðurstaða sýnir í hvaða sæti Ísland er af 30 löndum OECD. Notkun á fastaneti miðast við fjölda rása á hverja 100 íbúa. Notkun farsíma miðast við hlutfall notenda (fyrirframgreidd kort og áskriftir) af íbúafjölda hvers lands.

*Verð á fjarskiptaþjónustu.*

Niðurstöður fyrir farsíma og fastlínusíma um meðalnotkun má sjá í töflu 6.

**Tafla 6. Verð á fjarskiptaþjónustu.**

| **Verðsamanburður** | **Sæti innan OECD ár hvert** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| *Ár/Þjónusta* | *2006* | *2005* | *2004* | *2003* | *2002* |
| Heimilissími | 3 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Fyrirtækjasími | 4 | 3 | 2 | 3 | 1 |
| GSM – eftirágreitt | 8 | 9 | 5 | 3 | 3 |
| GSM – fyrirfram | 9 | 5 | 3 | 2 | 3 |

**Heimild:** Teligen.
**Skýring:** Aðildarlönd OECD eru 30 þjóðir. Sæti 1 merkir að Ísland er með ódýrustu þjónustuna af mældum löndum OECD varðandi fjarskipti. Unnið upp úr verðskrám fjarskiptafyrirtækja í nóvember ár hvert.

## Háhraðatengingar.

Hér á eftir er gerður samanburður á framboði, aðgengi og notkun almennings fyrir háhraðainternetsamband á Íslandi miðað við önnur Evrópulönd. Hér er um að ræða rannsókn sem unnin var af IDATE (www.idate.org) og kom út í september 2005. Að Íslandi meðtöldu er um að ræða 17 Evrópulönd en þau eru eftirfarandi: Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Lúxemborg, Noregur, Portúgal, Spánn, Svíþjóð og Þýskaland.

Byrjað er á því að bera saman þjónustuframboð miðað við tækni og það borið saman við önnur lönd. Því næst er aðgengi að háhraðainterneti flokkað eftir tveimur skilgreindum landsvæðum, þ.e.:

- Þéttbýlissvæði (e. urban). Skilgreint sem það landsvæði þar sem fólksfjöldi er meiri en 500 íbúar/km$^2$.
- Landsbyggðarsvæði (e. rural). Skilgreint sem það landsvæði þar sem fólksfjöldi er minni en 100 íbúar/km$^2$.

Þá er notkun þjónustu metin eftir fjölda áskrifenda á hverja 100 íbúa á ofangreindum þremur svæðum. Að lokum er gerður verðsamanburður á háhraðatengingum til heimila og fyrirtækja á Íslandi innan OECD (30 lönd) ásamt því að meta í hvaða sæti Ísland er ef tekið er mið af verði og þjónustu sem í boði er. Hér er um að ræða rannsókn sem unnin var af Wairuaconsulting (www.wairua.com) og kom út í maí 2006.

*Framboð eftir tækni.*

Tafla 7 lýsir notkun á háhraðatengingum á Íslandi eftir tækni í samanburði við önnur norræn lönd árin 2004 og 2005. Í árslok 2005 var almenn notkun háhraðatenginga hvað mest hér á landi á Norðurlöndunum og einnig innan OECD sé hún reiknuð í hlutfalli við íbúafjölda eða 26,7%.[5]

[5] Sjá: http://www.oecd.org/document/39/0,2340,en_2649_201185_36459431_1_1_1_1,00.html.

**Tafla 7. Notkun háhraðatenginga eftir tækni í hlutfalli við íbúafjölda í árslok 2004 og 2005.**

| Lönd | Ísland | | Danmörk | | Noregur | | Svíþjóð | | Finnland | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Dags./Tækni* | *2004* | *2005* | *2004* | *2005* | *2004* | *2005* | *2004* | *2005* | *2004* | *2005* |
| DSL | 17,2 | 25,9 | 11,7 | 15,3 | 10,7 | 17,8 | 9,8 | 13,3 | 10,4 | 19,5 |
| Kapal módem[6] | 0,2 | 0,1 | 6,7 | 7,2 | 2,3 | 2,9 | 2,7 | 3,4 | 2,2 | 2,8 |
| Önnur háhraðaþj.[7] | 0,8 | 0,6 | 1,8 | 2,5 | 0,9 | 1,2 | 3,7 | 3,6 | 0,1 | 0,1 |
| ***Samtals (%)*** | ***18,2*** | ***26,7*** | ***20,2*** | ***25,0*** | ***13,9*** | ***21,9*** | ***16,2*** | ***20,3*** | ***12,7*** | ***22,5*** |

**Heimild:** Broadband Access Development in Europe, mynd 4.3. IDATE www.idate.org. September 2005. OECD fyrir árið 2005.
Sjá: http://www.oecd.org/document/39/0,2340,en_2649_201185_36459431_1_1_1_1,00.html

*Aðgengi almennings að háhraðatengingum (e. coverage).*

Tafla 8 sýnir hvar Ísland stendur hvað varðar aðgengi almennings að DSL-háhraðaþjónustu á landsvísu og á landsbyggðinni.

**Tafla 8. Aðgengi almennings að háhraðatengingum (DSL) á landsvísu og á landsbyggðinni.**

| Aðgengi að háhraðatengingum[8] | Sæti meðal 17 Evrópulanda | | Sæti meðal 5 norrænna landa | | |
|---|---|---|---|---|---|
| *Dags.* | *31/12/2003* | *31/12/2004* | *31/12/2003* | *31/12/2004* | *31/12/2005* |
| Á landsvísu | 6 | 8 | 3 | 4 | 3 |
| Á landsbyggðinni | 6 | 8 | 3 | 4 | 3 |

**Heimild:** Broadband Access Development in Europe. IDATE www.idate.org. September 2005.
**Skýringar:** Sæti 1 merkir að aðgengi á viðkomandi þjónustu er mest hér á landi af 17 Evrópuþjóðum eða norrænu löndunum 5, Íslandi, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi eða Danmörku.

*Notkun almennings á háhraðatengingum eftir landsvæðum (e. penetration).*

Tafla 9 sýnir notkun háhraðatenginga á landsvísu og á landsbyggðinni í samanburði við önnur Evrópulönd annars vegar og önnur norræn lönd hins vegar.

**Tafla 9. Notkun á háhraðatengingum (DSL, Kapal módem, FTTH, WLL, gervihnattasambönd og PLC) á landsvísu og á landsbyggðinni.**

| Notkun háhraðatenginga[9] | Sæti meðal 17 Evrópulanda | | Sæti meðal 5 norrænna landa | | |
|---|---|---|---|---|---|
| *Dags.* | *31/12/2003* | *31/12/2004* | *31/12/2003* | *31/12/2004* | *31/12/2005*[10] |
| Á landsvísu | 2 | 3 | 1 | 2 | 1 |
| Á landsbyggðinni | 4 | 3 | 3 | 1 | 1 |

**Heimild:** Broadband Access Development in Europe, myndir 4.1 og 4.4. IDATE www.idate.org. September 2005.
**Skýringar:** Sæti 1 merkir að notkun á viðkomandi þjónustu er mest hér á landi af 17 Evrópuþjóðum eða norrænu löndunum 5, Íslandi, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi eða Danmörku.

---

6 Á Íslandi er hér átt við kóax.
7 Önnur háhraðaþjónusta er: FTTH, WLL gervihnattasambönd og PLC.
8 Hér er átt við DSL-tengingar eingöngu.
9 DSL, Kapal módem (þ.m.t. kóax), FTTH, WLL, gervihnettir, PLC.
10 Eingöngu DSL-sambönd.

*Verð fyrir háhraðatengingar.*

Í töflu 10 má sjá hvar meðalhraði (upp- og niðurhal) er á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd og norræn lönd sem verðsamanburðurinn byggist á.

**Tafla 10. Meðalafkastageta í boði fyrir upphal og niðurhal.**

| Afkastageta | 26 OECD-lönd | | 5 norræn lönd | |
|---|---|---|---|---|
| | *Niðurhal* | *Upphal* | *Niðurhal* | *Upphal* |
| Ísland (sæti) | 6 | 8 | 3 | 4 |

**Heimild:** *Comparison of OECD Broadband Markets,* myndir 3 og 5. Maí 2006. Wairuaconsulting.
**Skýringar:** Lægra sætisnúmer þýðir meiri hraði.

Hér á eftir má sjá niðurstöður úr samanburði Wairuaconsulting á verði og þjónustu fyrir háhraðatengingar í löndum OECD. Verð miðast við 5. maí 2006 og eru leiðrétt fyrir kaupmætti. Tafla 11 sýnir samanburð á mánaðargjaldi fyrir áskriftum.

**Tafla 11. Mánaðargjald og tengigjald þann 5. maí 2006.**[11]

| Mánaðargjald | OECD-lönd (mánaðargjald 26 lönd, tengigjald 25 lönd) | | 5 norræn lönd | |
|---|---|---|---|---|
| | *Mánaðargjald* | *Tengigjald* | *Mánaðargjald* | *Tengigjald* |
| Ísland (sæti) | 16 | 23 | 4 | 5 |

**Heimild:** *Comparison of OECD Broadband Markets,* myndir 9 og 13. Maí 2006. Wairuaconsulting.
**Skýringar:** Lægra sætisnúmer þýðir lægri kostnaður.

Í töflu 12 er lagt mat á stöðu háhraðatenginga á Íslandi m.v. önnur OECD-lönd og norræn lönd út frá eftirfarandi fimm þáttum:

- Meðalhraða niðurhals.
- Meðalhraða upphals.
- Meðalmánaðargjaldi.
- Meðaltengigjaldi.
- Fjölda áskrifta með takmarkað gagnamagn (e. data caps).

Þá er Íslandi raðað niður eftir fjölda áskrifenda eftir íbúafjölda samanborið við önnur OECD-lönd og norræn lönd.[12]

**Tafla 12. Staða háhraðatenginga á Íslandi m.v. önnur OECD-lönd og fjöldi áskrifenda í árslok 2005.**

| | 26 OECD-lönd | | 5 norræn lönd | |
|---|---|---|---|---|
| | *Stöðumat* | *Fjöldi áskrifenda* | *Stöðumat* | *Fjöldi áskrifenda* |
| Ísland (sæti) | 13 | 1 | 4 | 1 |

**Heimild:** *Comparison of OECD Broadband Markets,* tafla 8. Maí 2006. Wairuaconsulting.
**Skýringar:** Lægra sætisnúmer þýðir betri stöðu og fleiri áskrifendur.

---

[11] Um er að ræða meðalmánaðargjald fyrir allar háhraðatengingaáskriftir og tengigjald fyrir DSL-áskriftir til heimila.

[12] OECD-breiðbandsáskrifendur – Desember 2005. Sjá: http://www.oecd.org/document/39/0,2340,en_2649_201185_36459431_1_1_1_1,00.html.

*Samantekt.*

Áskriftarhlutfall DSL-háhraðatenginga er mest hér á landi á Norðurlöndunum. Útbreiðsla háhraðatenginga á landsbyggðinni er í meðallagi góð hér á landi m.v. önnur Evrópulönd og norræn lönd en þrátt fyrir það er notkun háhraðatenginga á landsbyggðinni hvað mest hér á landi í Evrópu og á Norðurlöndunum.

Almenn staða háhraðatenginga á Íslandi er í meðallagi góð m.v. önnur OECD-lönd út frá ofangreindum fimm þáttum og næstverst á Norðurlöndunum á eftir Danmörku. Þar má helst um kenna háu verði háhraðatenginga hér á landi m.v. önnur lönd. Þrátt fyrir það eru flestir áskrifendur hér á landi m.v. íbúafjölda, bæði innan OECD og á Norðurlöndum.

### *3.1.2 Skerpt á ímynd Íslands þar sem fjarskipti eru til fyrirmyndar.*

– *Skerpt verði á ímynd Íslands sem lands þar sem fjarskipti eru til fyrirmyndar og styrkt með því staða þess í samkeppni um erlendar fjárfestingar.*

Á árinu 2006 gaf samgönguráðuneytið út kynningarrit um fjarskiptaáætlun til ársins 2010 sem dreift var inn á öll heimili í landinu. Í kjölfarið efndi samgönguráðherra og forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar til tæplega þrjátíu kynningarfunda víðs vegar um landið þar sem markmið fjarskiptaáætlunar voru kynnt. Útgáfa kynningarritsins og fundirnir hafa haft í för með sér mikla vakningu í fjarskiptamálum á landinu. Þá var fjarskiptaáætlun þýdd yfir á ensku og er aðgengileg á veraldarvefnum. Þá hafa fulltrúar ráðuneytisins og Póst- og fjarskiptastofnunar kynnt áætlunina fyrir erlendum aðilum þegar tækifæri hafa gefist.

Fyrir ímynd Íslands sem lands þar sem fjarskipti eru til fyrirmyndar skiptir mestu að fjarskipti séu örugg og góð. Tvö verkefni fjarskiptaáætlunar hafa þar mikil áhrif. Í fyrsta lagi að allir landsmenn eigi kost á háhraðatengingu og í öðru lagi öruggt samband fjarskipta við umheiminn. Því til stuðnings má nefna að í nýlegri skýrslu nefndar forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi kom fram að ein af meginforsendum þess að hægt sé að markaðssetja Ísland sem ákjósanlegt land fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi er fullkomið fjarskiptasamband milli Íslands og annarra landa. Þegar þessum markmiðum er náð er mikilvægt fyrir stjórnvöld og íslenskt atvinnulíf að koma þeim upplýsingum á framfæri til að laða að erlendar fjárfestingar.

### *3.1.3 Bætt fjarskipti notuð í atvinnulífinu til að vega á móti jaðaráhrifum.*

– *Notuð verði bætt fjarskipti til að vega á móti jaðaráhrifum í atvinnulífi á landsbyggðinni og í alþjóðaviðskiptum.*

Það eru einkum tvö markmið fjarskiptaáætlunar sem stuðla að þessu, þ.e. að allir landsmenn eigi kost á háhraðatengingu og öruggt samband fjarskipta við útlönd.

### *3.2 Háhraðavæðing.*

- Allir landsmenn, sem þess óska, geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu.
- Menntastofnanir verði tengdar öflugu háhraðaneti.

### *3.2.1 Aðgangur landsmanna að háhraðatengingu.*

– *Allir landsmenn, sem þess óska, hafi aðgang að háhraðatengingu árið 2007.*

Kveðið er á um það markmið að allir landsmenn, sem þess óska, hafi aðgang að háhraðatengingu árið 2007. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem fjarskiptasjóður hefur fengið fjármagn til að vinna að og gerð er nánari grein fyrir í kafla 2.

### *3.2.2 Tenging menntastofnana við útlönd.*

– *Allar framhaldsskóla-, háskóla- og rannsóknastofnanir samnýti 2,5 Gbs-tengingu til útlanda árið 2006.*

Rannsókna- og háskólanet Íslands, RH-net, tengir nú saman 16 háskóla- og rannsóknastofnanir með allt að 1 Gbps-tengihraða. Eins og fram kemur í fjarskiptaáætlun krefst nútíma-rannsóknarstarfsemi öflugs tölvubúnaðar og reiknigetu til að ráða við sífellt umfangsmeiri og flóknari mæli- og rannsóknagögn sem safnað er í fjölþjóðlegum verkefnum. Til þess að íslenskir vísindamenn og námsmenn geti tekið þátt í dreifðri netvinnslu, sem nú er að ryðja sér til rúms í alþjóðlegu rannsóknar- og háskólaumhverfi, þurfa þeir að hafa aðgang að háhraðatengingu til annarra landa sem að lágmarki er 2,5 Gbps.

Á árinu 2006 hafa menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti skoðað mögulegan flutning á utanlandstengingu RH-nets yfir á Farice-1 strenginn. Þá hefur verið rætt við fulltrúa stjórna RH-nets og Farice hf. um tæknilegar og fjárhagslegar hliðar málsins. Á árinu 2007 er stefnt að því að halda þessum viðræðum áfram og tryggja nægjanlegt fjármagn svo að mennta- og rannsóknastofnanir hafi aðgang að lágmarki 2,5 Gbps-tengingu til útlanda.

### *3.2.3 Framhaldsskólar.*

– *Allir framhaldsskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð skóla):*

a. *Árið 2006 100–1.000 Mbps.*

b. *Árið 2007/2008 1 Gbps.*

FS-net er fjarskiptanet fyrir framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar og var stofnað af menntamálaráðuneytinu árið 2003. Menntamálaráðuneytið stóð fyrir útboði á FS-netinu og telst eigandi þess en aðilar að netinu eru nær allir framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar í landinu. Tilgangur þess er að veita framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum bestu mögulegu netþjónustu óháð staðsetningu þeirra. Jafnframt er netinu ætlað að vera vettvangur nýsköpunar og þróunar í kennsluháttum þar sem háhraðatenginga er krafist. Samningur við þjónustuaðila rennur út um mitt ár 2007 og er nú verið að skoða hvernig haga eigi útboði sem ráðgert er að auglýst verði á fyrri hluta ársins. Verkefnastjórn fjarskiptaáætlunar hefur lagt áherslu á að til hliðsjónar verði höfð þau viðmið sem fram koma í fjarskiptaáætlun þegar kröfur um tengingar í útboðinu verða ákveðnar.

### *3.2.4 Grunnskólar.*

– *Allir grunnskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð skóla):*

a. *Árið 2006 10–100 Mbps.*

b. *Árið 2007/2008 100–1.000 Mbps.*

Gerð var könnun á stöðu grunnskólanna árið 2002 sem var svo uppfærð árið 2004. Samkvæmt þeirri könnun er ástand tenginga grunnskóla mjög misjafnt. Af 179 skólum eru 38 skólar nú þegar með góðar tengingar og í samræmi við markmið áætlunarinnar. Hins vegar eru 73 skólar með tengingar sem ekki geta talist háhraðatengingar. Verkefnastjórn fjarskiptaáætlunar telur mikilvægt að hugað verði að eflingu tenginga grunnskóla með markvissum hætti. Í því sambandi bendir stjórnin á hvort eigi sé mögulegt samstarf FS-netsins og grunnskóla.

*3.2.5 Stofnanir ríkisins.*

– *Allar helstu stofnanir ríkisins verði tengdar öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð stofnunar):*

a. *Árið 2006 10 Mbps.*
b. *Árið 2007 100–1.000 Mbps.*
c. *Árið 2010 1 Gbps.*

Kveðið er á um að unnið skuli að því markmiði að allar helstu stofnanir ríkisins verði tengdar öflugu háhraðaneti og eru í því sambandi nefnd ákveðin lágmörk sem háð eru stærð stofnunar. Mikilvægt er að stofnanir séu meðvitaðar um markmið fjarskiptaáætlunar um tengingar en almennt er gengið út frá því að þær eigi sjálfar að afla sér tenginga í samræmi við þörf og viðmið fjarskiptaáætlunar.

Á árinu 2006 var unnið að því að fá stofnanir ríkisins til að viðhafa sameiginlegt útboð á fjarskiptaþjónustu. Með slíku útboði má ná fram markmiðum fjarskiptaáætlunar um betri tengingar til handa stofnunum ríkisins en að auki má ná fram fleiri markmiðum, svo sem ódýrari þjónustu og betri tengingum til stofnana úti á landi. Fjármálaráðuneytið og samgönguráðuneytið hafa saman leitt þá vinnu. Í byrjun var farið í greiningarvinnu en óskað var eftir upplýsingum frá öllum stofnunum um annars vegar núverandi gagnaflutningshraða stofnana og hins vegar æskilegan. Þessi upplýsingaöflun leiddi í ljós að margar stofnanir eru með tengingar sem hvorki fullnægja þörfum þeirrar þjónustu sem þær veita né kröfum viðskiptavina þeirra.

Vegagerðin vann að og auglýsti útboð á háhraðatengingum stofnunarinnar á árinu 2006. Í kjölfar útboðsins skrifaði stofnunin undir samning við Símann hf. um kaup á víðnetsþjónustu fyrir stofnunina. Í útboðsgögnum voru sett upp annars vegar lágmarkskröfur um sambönd og hins vegar æskilegar. Kostnaðarmat við gerð útboðs hljóðaði upp á 900 þús. kr. fyrir lágmarkshraða en 1,3 millj. kr. fyrir æskilegan hraða. Tvö tilboð bárust sem voru það hagstæð að ákveðið var að semja um æskilegan hraða en ekki lágmarkshraða. Eins og fram kemur í minnisblaði Vegagerðarinnar til samgönguráðuneytisins náði stofnunum öllum sínum markmiðum með útboðinu, lækkaði verð og jók hraða sambanda. Þannig ca. 10 faldast tengihraði á 14 starfsstöðvum á landinu, en 50 faldast á öðrum stöðum. Þrátt fyrir það verður kostnaður stofnunarinnar vegna háhraðatenginga minni eftir útboðið.

Í samvinnu við fjármálaráðuneyti og samgönguráðuneyti var reynt að fá fleiri stofnanir til að taka þátt í útboði Vegagerðarinnar. Haldnir voru fundir með stofnunum og ráðuneytum og þeim gerð grein fyrir útboðinu og boðin þátttaka. Síðastliðið haust lá hins vegar fyrir að fáar stofnanir hefðu sýnt áhuga á þátttöku. Í framhaldinu lagði samgönguráðherra fram minnisblað í ríkisstjórn þar sem gerð var grein fyrir stöðu málsins og ráðuneytin hvött til þess að leggja ríka áherslu á að stofnanir þeirra tæku þátt í sameiginlegu útboði á fjarskiptaþjónustu hins opinbera í þeim tilgangi að bæta tengingar til stofnana ríkisins.

Verkefnastjórn fjarskiptaáætlunar leggur áherslu á að á árinu 2007 verði haldið áfram að hvetja stofnanir til að fara í sameiginlegt útboð á fjarskiptaþjónustu.

*3.2.6 Löggjöf um höfundarétt.*

– *Íslensk löggjöf um höfundarétt þróist í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar með tilliti til hagsmuna neytenda og rétthafa. Framboð efnis á háhraðanetum verði aukið.*

Alþingi samþykkti á árinu 2006 breytingar á lögum um höfundarétt, sbr. lög 9/2006. Með lögunum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001, um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Þessar lagabreytingar og innleiðing tilskipunar 2001/29/EB miða að því að styrkja réttindi höfunda, flytjenda og framleiðenda efnis. En lögvernd fyrir tækni og ráðstöfunum, sem ætlað er að verja efni höfunda gegn óheimilli notkun og dreifingu, er hins vegar mikilvæg forsenda þess að höfundar og útgefendur treysti sér yfirleitt til þess að bjóða fram efni með löglegum hætti á netinu.

Þá er kveðið á um það í þjónustusamningi, með frumvarpi því sem samþykkt var á Alþingi í janúar og sem mun taka gildi þann 1. apríl 2007, að stefnt skuli að því að heimila útvarps- og sjónvarpsstöðvum að endurflytja og eftir atvikum veita almenningi aðgang að áður útsendu efni. Slíkir samningar hafa enn ekki verið gerðir en í samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu við Ríkisútvarpið er ákvæði í 3. gr. samningsins þar sem kveðið er á um að stefnt sé að því á samningstímanum að ná heildarsamkomulagi við rétthafa um víðtækari notkun á eldra safnaefni til að gera það aðgengilegra almenningi.

### *3.3 Farsamband.*

- Öryggi vegfarenda verði bætt með auknu aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og helstu ferðamannastöðum.
- Háhraðafarþjónusta verði byggð upp um allt land.
- Langdræg stafræn farsímakerfi til að þjóna landinu öllu og miðunum verði byggð upp.

#### *3.3.1 Uppbygging GSM-dreifikerfis á þjóðvegum og ferðamannastöðum.*

– *GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, á helstu ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum, sbr. samþjónustumarkmið fyrir árið 2006.*

Þetta er eitt af þeim verkefnum sem fjarskiptasjóður hefur fengið fjármagn til að vinna að og gerð er nánari grein fyrir í kafla 2.

#### *3.3.2 Háhraðafarþjónusta.*

– *Háhraðafarþjónusta standi til boða um allt land eigi síðar en 2006.*

Í desember sl. bauð Póst- og fjarskiptastofnun út tíðnir fyrir þriðju kynslóð farsíma í samræmi við lög um þriðju kynslóð farsíma, nr. 8/2005, í framhaldi af auknum áhuga markaðsaðila á að ráðast í uppbyggingu þriðju kynslóðar farsímakerfa. Áður hafði farið fram samráð við hagsmunaaðila í formi umræðuskjals með helstu útboðsskilmálum og bárust athugasemdir og ábendingar frá þremur fjarskiptafyrirtækjum.

Umsóknarfrestur er til 12. mars 2007 og er gert ráð fyrir að tíðniheimildir verði gefnar út fyrir 1. apríl nk. Að hámarki verða gefnar út 4 tíðniheimildir.

Meðal lágmarkskrafna, sem tilboðsgjafar verða að uppfylla, er að þjónustan nái a.m.k. til 40% íbúa landsins innan 18 mánaða frá útgáfu tíðniheimildarinnar, þ.e. fyrir 1. október 2008. Tólf mánuðum síðar, þ.e. fyrir 1. október 2009, skal þjónustan ná til a.m.k. 30% íbúa í sérhverju kjördæmi landsins. Fyrir 1. apríl 2011 skal þjónustan svo ná til a.m.k. 60% íbúa í sérhverju kjördæmi. Ef bjóðendur veita þjónustu umfram lágmarksútbreiðslukröfur fyrir 1. október 2012, þ.e. umfram 60% íbúa utan höfuðborgarsvæðisins, fá þeir sérstakan afslátt af tíðnigjöldum í samræmi við ákvæði laga nr. 8/2005.

### *3.3.3 Arftaki NMT-kerfisins.*

– *Langdræg stafræn farsímaþjónusta standi til boða um allt land og á miðum við landið eftir að rekstri NMT-kerfisins lýkur.*

Ákveðið hefur verið að allt tíðnisviðið, sem nýtt hefur verið fyrir NMT-kerfið, verði úthlutað einum aðila. Póst- og fjarskiptastofnun sendi út umræðuskjal með helstu útboðsskilmálum í lok janúar 2007 þar sem hagsmunaaðilum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar. Stefnt er að því að útboðsgögn verði birt í febrúar 2007 og að tilboð þurfi að berast í maí 2007. Tíðniheimild verður væntanlega gefin út um mitt ár 2007.

Gerð verður sú krafa í útboðslýsingu að útbreiðsla verði a.m.k. jafnviðtæk og núverandi NMT-þjónusta. Gert er ráð fyrir að í nýja kerfinu verði unnt að veita margvíslega þjónustu sem ekki er til staðar í NMT-kerfinu.

Símanum hefur verið gert að starfrækja NMT-farsímakerfið til ársloka 2008. Gert er ráð fyrir að nýtt langdrægt, stafrænt kerfi verði tekið í notkun fyrri hluta árs 2008 á hluta tíðnisviðsins. Í ársbyrjun 2009 mun nýja kerfið hafa allt NMT-tíðnisviðið til ráðstöfunar og unnt verður að veita fulla þjónustu.

### *3.4 Stafrænt sjónvarp og hljóðvarp.*

- Allir landsmenn hafi aðgengi að gagnvirku stafrænu sjónvarpi.
- Útvarpað verði um gervihnött fyrir landið allt og næstu mið.

### *3.4.1 Stafrænt sjónvarp um háhraðanet.*

– *Stafrænt sjónvarp um háhraðanet verði boðið árið 2005.*

Stafrænar útsendingar í gegnum loftið eða ADSL eru þegar hafnar. Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki safnað upplýsingum um fjölda notenda með gagnvirka sjónvarpsþjónustu en hyggst byrja á því með tölfræðieyðublaði fyrir árið 2006 sem mun berast fjarskiptafyrirtækjum í janúar 2007. Upplýsingar um fjölda notenda í árslok 2006 ætti því að liggja fyrir hjá stofnuninni í mars mánuði 2007.

### *3.4.2 Stafræn dreifing á dagskrá RÚV í gegnum gervihnött.*

– *Dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða verði stafræn um gervihnött.*

Kveðið er á um það verkefni í áætluninni að dreifing á sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða verði stafræn um gervihnött. Þetta er eitt af þeim þremur verkefnum sem fjarskiptasjóður hefur fengið fjármagn til að standa straum af og er gerð nánari grein fyrir því í kafla 2.

### *3.4.3 UHF-sjónvarpstíðnir.*

– *Boðnar verði út UHF-sjónvarpstíðnir fyrir stafrænt sjónvarp á árinu 2005.*

Á fyrri hluta árs 2005 auglýsti Póst- og fjarskiptastofnun útboð á UHF-sjónvarpstíðnum. Umsóknir bárust frá tveimur aðilum, RÚV og 365 ljósvakamiðlum ehf. Báðir umsækjendur fengu úthlutað tíðnum 8. júlí 2005. Samkvæmt útboðsskilmálum skyldi dreifikerfið ná til a.m.k. 40 sveitarfélaga innan eins árs frá útgáfu tíðniheimildarinnar, þ.e. fyrir 8. júlí 2006, og innan tveggja ára, þ.e. fyrir 8. júlí 2007, skyldi útbreiðslan ná til a.m.k. 98% heimila í landinu.

Uppbygging dreifikerfis 365 ljósvakamiðla ehf. (nú Vodafone) hefur verið nokkurn veginn á áætlun en RÚV hefur ekki hafið uppbygginguna.

### *3.4.4 Stafrænt gagnvirkt sjónvarp nái til því sem næst allra landsmanna árið 2007.*

– *Stafrænt gagnvirkt sjónvarp nái til því sem næst allra landsmanna árið 2007.*

Með gagnvirku sjónvarpi er átt við að sjónvarpsnotendur geti sent upplýsingar með rafrænum hætti til sjónvarpsstöðvar og haft þannig áhrif á útsendingar frá sjónvarpsstöð. Dæmi um þetta er „sjónvarp eftir pöntun“ (Video-on-Demand).

Sú fjarskiptaleið, sem notuð er til að koma upplýsingum frá notenda til sjónvarpsstöðvar, getur verið, en þarf ekki að vera, á sama dreifikerfi og hin eiginlega sjónvarpsdreifing. Þannig má t.d. nota farsímakerfi (GSM) eða fastlínukerfi til þess að senda upplýsingar til sjónvarpsstöðvar óháð því hvert sjónvarpsdreifikerfið er.

Með sjónvarpsdreifingu á kopar-heimtaugum, t.d. ADSL, liggur nokkuð beint við að nota sama dreifikerfi, þ.e. heimtaugarnar, fyrir sendingar frá notanda til sjónvarpsstöðvar.

Með stafrænu sjónvarpi á UHF-sjónvarpstíðnum má segja að allar tæknilegar forsendur fyrir gagnvirkt sjónvarp séu fyrir hendi þar sem sendingar frá notanda til sjónvarpsstöðvar má útfæra með margvíslegum hætti sem nú þegar er fyrir hendi, t.d. með fastlínusíma, GSM eða annarri þráðlausri tækni.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki upplýsingar um hve margir landsmenn eiga kost á gagnvirku sjónvarpi. Stofnunin telur að samkeppni á markaði verði helsti drifkrafturinn í þessu efni.

### *3.4.5 Hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp lagt niður.*

– *Hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp verði lagt niður eigi síðar en árið 2010.*

Yfirfærsla rekstraraðila sjónvarpsdreifineta frá hliðrænni tækni yfir á stafræna er í fullum gangi. Þar má nefna ADSL Símans, Digital Ísland, Val+, gervihnattarsjónvarp o.fl.

Til að tryggja að stafrænt merki Ríkisútvarpsins verði aðgengilegt öllum landsmönnum bæði á landi og á næstu miðum verður RÚV jafnframt aðgengilegt í gegnum gervihnött í byrjun apríl 2007. Auk þess er kveðið á um það í þjónustusamningi, með frumvarpi því sem samþykkt var á Alþingi í janúar og sem mun taka gildi þann 1. apríl nk., að menntamálaráðuneytið og RÚV geri með sér samning fyrir lok þessa árs um stafræna dreifingu og þjónustu í hljóðvarpi og sjónvarpi. Í samningnum á eftirfarandi að koma fram:

- Hvaða tækni RÚV hyggst nota til að ná til allra landsmanna.
- Hvaða tímaramma RÚV setur sér í útbreiðslu á stafrænu hljóðvarpi og sjónvarpi.
- Hvernig RÚV hyggst hvetja alla landsmenn til að skipta úr hliðrænni yfir í stafræna tækni áður en slökkt verður á hliðrænum hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingum hér á landi.
- Hvort RÚV hyggst byggja upp eigið dreifikerfi, nota dreifikerfi annarra eða efna til samstarfs um dreifingu með öðrum hætti.
- Upplýsingar um fyrirhugaða þjónustu í grafísku þjónustuviðmóti í stafrænu sjónvarpi.
- Hvort og þá hvaða gagnvirka þjónustu RÚV hyggst veita í stafrænu sjónvarpi.
- Hvaða áform RÚV hefur í útsendingum á breiðtjaldi og háskerpu.

### *3.4.6 Aðgangur að lokuðum dreifikerfum.*

– *Stjórnvöld tryggi sjónvarpsstöðvum, sem hafa skyldur við almenning, aðgengi að lokuðum dreifikerfum.*

Póst- og fjarskiptastofnun hefur gefið út reglur um skilyrt aðgangskerfi og notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp, nr. 570/2006. Í þessum reglum er kveðið á um aðgang útvarpsstöðva

og annarra efnisveitenda að skilyrtum aðgangskerfum, án mismununar og á sanngjörnum og réttmætum kjörum.

### *3.5 Öryggi og persónuvernd.*

- Öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og við umheiminn verði tryggt með fullnægjandi varasamböndum.
- Öryggi netsins verði bætt svo að almenningur geti treyst á það í viðskiptum og daglegu lífi.

#### *3.5.1 Leiðbeiningar til neytenda.*

– *Leiðbeiningum og fræðsluefni um öryggismál, neytendavernd, persónuvernd og siðferðileg álitaefni verði miðlað til neytenda.*

Í janúar 2006 var opnaður vefurinn www.netöryggi.is. Vefurinn veitir upplýsingar til neytenda um öryggi nettengdra tölva, m.a. um eldveggi, veiruvarnir og öryggisstillingar. Jafnframt eru veittar upplýsingar um örugga netnotkun einstaklinga. Þannig eru t.d. veitt ráð um val á lykilorðum, hvað beri að hafa í huga við viðskipti á netinu, blekkjandi tölvupóst, o.s.frv. Þá eru tenglar inn á aðra vefi sem fjalla um persónuvernd og siðferðileg álitaefni, m.a. SAFT-verkefnið og vef Persónuverndar. Vefurinn verður opnaður í breyttu formi í byrjun mars 2007.

#### *3.5.2 Vinnuhópur til að herða viðbrögð við óværu á netinu.*

– *Stofnaður verði vinnuhópur til að herða viðbrögð við óværu á netinu.*

Viðbrögð við hættum á netinu er verkefni sem unnið er í alþjóðlegri samvinnu. Í flestum löndum eru mismargir viðbragðshópar sem þjóna mismunandi markhópum, t.d. háskólum eða hinu opinbera. Þessi hópar hafa náin tengsl og skiptast á upplýsingum. Reynsla annarra þjóða er að slíkir hópar krefjast mannafla og fjármagns. Póst- og fjarskiptastofnun hefur unnið að skoðun þessara mála og mun innan tíðar móta fyrstu kostnaðaráætlun. Að teknu tilliti til kostnaðarins og ávinnings verður tekin ákvörðun um framhaldið.

#### *3.5.3 Öryggisviðmið og lágmarksgæðakröfur vegna virkni fastaneta og farsímaneta.*

– *Skilgreind verði skýr öryggisviðmið og lágmarksgæðakröfur vegna virkni fastaneta og farsímaneta. Eftirfylgni verði tryggð.*

Fyrir Alþingi liggur fyrir frumvarp til breytinga á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Meðal þeirra breytinga, sem kveðið er á um í frumvarpinu, er að stofnuninni verði veitt heimild til að setja reglur sem taka á þessu markmiði. Póst- og fjarskiptastofnun er nú með í smíðum reglur um virkni almennra fjarskiptaneta. Markmið reglnanna er að auka neytendavernd og treysta stoðir upplýsingasamfélagsins. Í þeim er kveðið á um þær ráðstafanir sem Póst- og fjarskiptastofnun telur nauðsynlegt að fjarskiptafyrirtækin geri til að tryggja órofinn og samfelldan rekstur almennra fjarskiptaneta. Samkvæmt reglunum skulu fyrirtækin gera ráðstafanir sem lúta að varaleiðum, burðargetu kerfa, stjórn þeirra og ytra umhverfi.

#### *3.5.4 Skilgreining krafna um gæði og rekstraröryggi til netþjónustuaðila.*

– *Skilgreint verði hvaða kröfur um gæði og rekstraröryggi á að gera til netþjónustuaðila.*

Fyrir Alþingi liggur fyrir frumvarp til breytinga á lögum um fjarskipta, nr. 81/2003. Meðal þeirra breytinga, sem kveðið er á um í frumvarpinu, er að stofnuninni verði veitt heimild til að setja reglur um vernd, virkni og gæði IP-netþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er nú með

í smíðum reglur er taka á þessum málum. Markmið reglnanna eru aukin gæði netþjónustu og betri upplýsingagjöf til viðskiptavina fjarskiptafyrirtækja í þeim tilgangi að auka neytendavernd og treysta stoðir upplýsingasamfélagsins. Með reglum þessum er kveðið á um þær ráðstafanir sem Póst- og fjarskiptastofnun telur eðlilegt að fjarskiptafyrirtækin geri. Samkvæmt þeim skal leitast við að tryggja vernd, virkni og gæði netþjónustunnar með viðeigandi ráðstöfunum sem lúta að þjónustunni og þjónustusamningum. Enn fremur með stjórnun þeirra neta sem þjónustan er veitt yfir sem er undirstaða og forsenda góðrar netþjónustu.

### *3.5.5 Tengingar við útlönd.*

– *Gert verði áhættumat um tengingu landsins við útlönd og tryggt að öryggismálum verði þannig háttað að tenging rofni ekki. Lágmarksþjónusta og viðbragðsáætlun verði skilgreindar ef bregðast þarf við bilun eða ógn, t.d. ef tenging um sæstreng rofnar.*

Um þessar mundir er Ísland tengt umheiminum með tveimur sæstrengjum. Ljósleiðarasæstrengurinn Farice-1 liggur á milli Íslands og Skotlands, með tengingu við Færeyjar, en rekstur Farice-1 hófst í janúar 2004. Eldri ljósleiðarastrengur, Cantat-3, var tekinn í notkun árið 1994 og liggur frá Kanada til Danmerkur, Englands og Þýskalands með greiningum til Færeyja og Íslands. Hann er byggður á gamalli tækni á mælikvarða slíkra strengja, hefur takmarkaða flutningsgetu og örfá ár eru í að gagnaflutningur frá Íslandi verði meiri en flutningsgeta hans leyfir. Þá hefur því verið haldið fram að Cantat-3 geti dugað sem varaleið til ársins 2010. Þá er einnig varasamband í gegnum gervihnetti en slíkt varasamband getur vart annað meiru en talsímaumferð. Engar fastar gervihnattatengingar fjarskiptafyrirtækja eru virkar við landið og flestir afkastamiklir móttökustaðir gervihnattasendinga hafa verið aflagðir hérlendis.

Á árinu 2006 var unnin skýrsla um mat á þjóðfélagslegum áhrifum þess að rof yrði á fjarskiptasamböndum Íslands við umheiminn og lagt mat á valkosti þá sem standa til boða til að auka öryggi útlandatenginga. Skýrslan var unnin af ráðgjafafyrirtækinu ParX en Póst- og fjarskiptastofnun óskaði eftir gerð hennar. Skýrslan lá fyrir í endanlegri mynd í desember 2006.[13] Þeir valmöguleikar, sem Íslendingum standa til boða, eru raktir í skýrslunni en þeim má skipta upp í tvo meginþætti, annars vegar út frá fjárhagslegri hagkvæmni og hins vegar út frá öryggissjónarmiðum. Meginniðurstaða skýrslunnar er að leggja þarf nýjan streng til landsins innan fárra ára. Þau sjónarmið, sem þarf að vega og meta í því sambandi, eru þá helst þau er lúta að tímasetningu og fjárhags- og öryggissjónarmiðum.

Í júní 2006 skipaði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra starfshóp til að gera tillögu um hvernig tryggja mætti varasamband fjarskipta við umheiminn í framtíðinni og eftir atvikum skila útfærðum tillögum um fjármögnun, eignarhald og framkvæmdatíma. Starfshópurinn lagði til að nýr sæstrengur yrði lagður frá Íslandi til Evrópu. Í niðurstöðum starfshópsins sagði m.a. að nauðsynlegt verði, eins og fram kemur í fjarskiptaáætlun sem Alþingi samþykkti vorið 2005, að ávallt séu tveir sæstrengir tengdir við landið auk varasambands um gervihnött. Þá benti starfshópurinn á þau tækifæri sem felast í að hafa öruggt varasamband og benti í því sambandi á nýlega skýrslu nefndar forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi en þar kemur fram að ein af meginforsendum þess að hægt sé að markaðssetja Ísland sem ákjósanlegt land fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi sé fullkomið fjarskiptasamband

---

[13] Áhrif sambandsrofa í millilandafjarskiptum og tímasetning lagningar nýs sæstrengs. ParX – Viðskiptaráðgjöf IBM. Desember 2006.

milli Íslands og annarra landa. Þá felast tækifærin ekki bara í alþjóðlegri fjármálastarfsemi heldur einnig í t.d. rekstri netvera og gagnaþjónustumiðstöðva.

Starfshópurinn skoðaði mismunandi kosti við lagningu nýrra sæstrengja. Sérstaklega voru skoðaðir þrír kostir. Í fyrsta lagi sæstrengur frá Íslandi til Skotlands með greiningu til Færeyja. Í öðru lagi sæstrengur frá Íslandi til Írlands með greiningu til Færeyja og í þriðja lagi frá Íslandi til Írlands án greiningar til Færeyja. Niðurstaðan er sú að kostnaður við lagningu á þessum sæstrengjum sé á bilinu 31–44 millj. evra. Kostnaður við lagningu sæstrengs frá Íslandi til Írlands með greiningu til Færeyja er dýrastur en ástæðan er sú að greining til Færeyja er mun lengri en ef farið yrði til Skotlands. Hópurinn taldi þó ákveðna kosti því samhliða að leggja sæstreng til Írlands. Sæstrengurinn myndi þá ekki liggja á sama svæði og Farice-1, en það eykur öryggið, og auk hringtengingar um Farice-1 og nýjan streng við London eru síðan miklir möguleikar á samböndum frá Írlandi beint til Bandaríkjanna.

Í framhaldi af niðurstöðum starfshópsins samþykkti ríkisstjórnin að fela samgönguráðherra að hefja undirbúning að lagningu nýs sæstrengs. Í þeim undirbúningi yrði leitað samstarfs við fjarskiptafyrirtækin og aðra hagsmunaaðila um mögulega fjármögnun. Í byrjun árs 2007 var hafin nauðsynleg vinna undir forystu samgönguráðuneytisins að hrinda því í framkvæmd að lokið verði við lagningu á nýjum sæstreng haustið 2008.

### *3.5.6 Vernd fjarskiptavirkja.*

– *Hlutverk almannavarna hvað varðar virkni fjarskiptaneta verði skilgreint og tryggt að vernd fjarskiptavirkja verði í samræmi við kröfur stjórnvalda.*

Í fyrrgreindum reglum Póst- og fjarskiptastofnunar um virkni almennra fjarskiptaneta, sbr. kafla 3.5.3, á eftir að taka afstöðu til þess hvort, og hvernig, hlutverk aðila verði skilgreint, m.a. Almannavarna.

### *3.5.7 Aðgerðaáætlun um varnir gegn ruslpósti.*

– *Sett verði fram og framfylgt aðgerðaáætlun um hvernig megi verjast ruslpósti.*

Póst- og fjarskiptastofnun er með í smíðum reglur um vernd, virkni og gæði IP-netþjónustu en með þeim er m.a. leitast við að verjast óumbeðnum ruslpósti. Frumvarp til breytinga á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, liggur fyrir Alþingi, eins og áður hefur komið fram, og mun ef samþykkt verður veita stofnuninni heimild til að setja fyrrgreindar reglur. Markmiðið er að minnka áreiti af þessu tagi hjá neytendum. Stofnunin mun beita sér fyrir því að fjarskiptafyrirtækin tileinki sér þær tæknilegu leiðir að þessu markmiði sem stofnunin telur að virki best.

### *3.5.8 Upplýsa almenning um friðhelgi einkalífs í fjarskiptum og hættur þær sem fjarskipti kunna að hafa í för með sér.*

– *Almenningur verði upplýstur um rétt sinn til friðhelgi einkalífs í fjarskiptum, þær hættur sem fjarskipti kunna að hafa í för með sér og viðbrögð við þeim.*

Í janúar 2006 var opnaður vefurinn netöryggi.is sem haldið er úti af stofnuninni. Vefurinn er ætlaður almenningi og þar er að finna fróðleik og upplýsingar um ýmsar hættur í netnotkun og hvernig einstaklingar geta aukið öryggi sitt í tölvu- og netnotkun. M.a. eru veitt ráð um notkun og val lykilorða, viðskipti á netinu, ruslpóst og blekkjandi tölvupóst og fleira sem lýtur að verndun friðhelgi einkalífs í fjarskiptum. Unnið er að því að breyta vefnum, gera hann aðgengilegri og skýrari og bæta við upplýsingum. Í undirbúningi er samstarf við SAFT-verkefnið hjá Heimili og skóla.

### *3.6 Samkeppnishæfni.*

- Unnið verði að því að bæta laga- og reglugerðarumhverfi og efla eftirlit á fjarskiptamarkaði til að auka samkeppni, gagnsæi og traust.
- Stuðlað verði að því að jafna verð á fjarskiptaþjónustu um land allt.
- Stuðlað verði að bættu aðgengi að hagkvæmum og öruggum fjarskiptakerfum um land allt.
- Stuðlað verði að því að fatlaðir geti nýtt sér fjarskipti í upplýsingasamfélaginu.

### *3.6.1 Samkeppni milli fjarskiptaneta.*

– *Stuðlað verði að samkeppni milli fjarskiptaneta þar sem það er hagkvæmt.*

Samkvæmt 4. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, er öllum frjálst að starfrækja fjarskiptanet. Slíka starfsemi þarf að tilkynna til Póst- og fjarskiptastofnunar en ekki þarf sérstakt leyfi nema þegar óskað er eftir tíðniúthlutun fyrir þráðlaus fjarskiptanet. Póst- og fjarskiptastofnun hefur að undanförnu staðið fyrir útboðum á tíðnisviðum fyrir þráðlaus fjarskiptanet. Árið 2005 voru boðnar út UHF-tíðnir fyrir stafrænt sjónvarp á árinu og voru í kjölfar þess gefin út leyfi fyrir tveimur sjónvarpsdreifikerfum sem ná um allt land. Árið 2006 fór fram útboð á 3,5 GHz tíðnisviði fyrir þráðlausar háhraðatengingar og fengu 9 aðilar heimild til þess að byggja upp slík net. Í árslok 2006 fór svo af stað útboð á 4 tíðniheimildum fyrir þriðju kynslóð farsíma og í undirbúningi eru útboð á tveimur heimildum fyrir GSM 1800-farsímanet og einni heimild fyrir starfrækslu stafrænnar farsímaþjónustu á tíðnisviði sem nú er notað fyrir NMT.

### *3.6.2 Tryggt verði að fyrirtæki geti auðveldlega veitt virðisaukandi þjónustu ofan á fyrirliggjandi net.*

– *Tryggt verði að fyrirtæki geti auðveldlega veitt virðisaukandi þjónustu ofan á fyrirliggjandi net.*

Í gildi eru ýmsar reglur um aðgang að fjarskiptanetum og aðstöðu sem þeim tengist. Í VII. kafla fjarskiptalaga, nr. 81/2003, er kveðið á um samtengingu fjarskiptaneta, aðgang að aðstöðu, aðgang að netum og þjónustu, reiki milli farsímaneta, aðgang að leigulínum og aðgang að heimtaugum. Auk þess eru ákvæði um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og verðlagningu aðgangs. Póst- og fjarskiptastofnun er falið að greina samkeppnisstöðu á mörkuðum fyrir mismunandi fjarskiptaþjónustu og taka ákvarðanir um aðgangsskyldur í framhaldi af því. Stofnunin hefur birt drög að greiningum á 6 mörkuðum og kveðið á um aðgangsskyldur á einum þeirra með bindandi ákvörðun. Stefnt er að því að ljúka ákvörðunum varðandi 4 markaði til viðbótar á fyrsta fjórðungi ársins 2007. Kvaðir um aðgang, sem lagðar voru á í gildistíð eldri laga, gilda þar til nýjar ákvarðanir hafa verið teknar í kjölfar markaðsgreiningar.

Í dag eru í gildi kvaðir um aðgang að eftirfarandi þáttum:

- Samtenging farsímaneta (skv. markaðsgreiningu).
- Samtenging fastlínuneta (skv. eldri lögum).
- Leigulínur (skv. eldri lögum).
- Heimtaugar (skv. eldri lögum).
- Forval og fast forval (skv. eldri lögum).
- Reiki (skv. eldri lögum).

Fyrir liggur að endurskoða ákvarðanir sem eru í gildi samkvæmt eldri lögum en auk þess þarf að taka ákvarðanir um aðgang að:

- Bitastraum fyrir breiðbandsþjónustu.
- Útvarpsdreifikerfi og -þjónustu.
- Símtölum í farsímanetum (MVNO o.fl.) og upphafi þeirra

Auk ákvæða VII. kafla fjarskiptalaga hafa verið settar ýmsar reglur er snúa að nánari útfærslu aðgangs að netum og þjónustu:

- Reglur um viðmiðunartilboð um samtengingu, nr. 94/2002.
- Reglugerð um sundurgreindan aðgang að heimtaugum, nr. 199/2002.
- Reglur um númeraflutning, nr. 401/2001.
- Reglur um forval og fast forval í talsímanetum, nr. 280/2002.
- Reglur um skilyrt aðgangskerfi og notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp, nr. 570/2006.
- Reglugerð um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, nr. 960/2001.

### *3.6.3 Gagnsæi í kostnaði við fjarskiptanotkun verði tryggt og skyldur þjónustuaðila vegna gjaldmælinga verði skilgreindar.*

– *Gagnsæi í kostnaði við fjarskiptanotkun verði tryggt og skyldur þjónustuaðila vegna gjaldmælinga verði skilgreindar.*

Í 37. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, er kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki skuli birta viðskiptaskilmála og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sína á aðgengilegan hátt. Þeim ber enn fremur skylda til þess að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um allar breytingar á gjaldskrám og skilmálum. Stofnunin hefur eftirlit með því að gjaldskrár séu birtar og í samræmi við lög.

Í reglum um almenna heimild til að reka fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu, nr. 345/2005, er ákvæði um nákvæmni reikninga og að hægt sé að krefjast gæðavottunar og löggildingar mælitækja.

Póst- og fjarskiptastofnun safnar upplýsingum um verðlagningu á fjarskiptaþjónustu og tímamælingar símtala og birtir á heimasíðu sinni.[14]

Með lögum nr. 78/2005 til breytinga á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, var lögfest skylda fjarskiptafyrirtækja til þess gera áskrifendum sýnilegt hvenær þeir greiða fyrir niðurhal frá útlöndum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur gert könnun á því í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hvaða fyrirtæki taka gjald fyrir niðurhal og með hvaða hætti áskrifendum er gert það ljóst. Niðurstöður könnunarinnar má nálgast á vef Póst- og fjarskiptastofnunar.

### *3.6.4 Verð á fjarskiptatengingum til og frá landinu lækki.*

– *Verð á fjarskiptatengingum til og frá landinu lækki.*

Vegna landfræðilegrar legu landsins er verð á fjarskiptatengingum til og frá Íslandi mun hærra en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Mjög mikilvægt er að stuðla að því að draga úr þessum aðstöðumun og því forskoti sem aðrar þjóðir hafa.

Í meðfylgjandi töflu má sjá þróun verðs hjá Farice hf. á árabilinu 2004–2007. Samkvæmt töflunni hefur verð á fjarskiptatengingum til útlanda lækkað undanfarin ár. Þannig var verð á hverja bandvíddeiningu (STM1) 1.320 evrur á árinu 2004 en verður á árinu 2007 500 evrur.

---

[14] Sjá: http://www.pfs.is/displayer.asp?cat_id=170.

**Tafla 13. Þróun verðs hjá Farice hf.**

| Dags. | DS3 – 45 Mbit/s | STM1 – 155 Mbit/s | STM4 – 622 Mbit/s | STM16 – 2,5 Gbit/s |
|---|---|---|---|---|
| | €/ár | €/ár | €/ár | €/ár |
| 1.1.2004 | 630 | 1.320 | 3.960 | 11.880 |
| 1.1.2005 | 573 | 1.200 | 3.600 | 10.800 |
| 1.1.2006 | 420 | 880 | 2.640 | 7.920 |
| 1.1.2007 | 239 | 500 | 1.500 | 4.500 |

Ljóst er þó að vinna þarf enn meira að því marki að lækka tengigjöld til útlanda til hagsbóta fyrir íslenska neytendur og svo að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja verði ekki raskað. Í niðurstöðum starfshóps, sem skipaður var til að gera tillögu um hvernig tryggja megi varasamband fjarskipta við umheiminn í framtíðinni, kom fram að þegar kæmi að fjármögnun á nýjum sæstreng yrði haft í huga mikilvægi þess að tryggja að verðlagning gagnaflutninga til útlanda hækki ekki.

### *3.6.5 Sérþarfir fatlaðra í fjarskiptum í upplýsingasamfélaginu verði greindar og stuðlað að framboði þjónustu og búnaðar sem hentar þeim.*

– *Sérþarfir fatlaðra í fjarskiptum í upplýsingasamfélaginu verði greindar og stuðlað að framboði þjónustu og búnaðar sem hentar þeim.*

Póst- og fjarskiptastofnun tekur þátt í starfi norræns samstarfshóps um fjarskipti fyrir fatlaða NFTH (Nordisk Forum For Telekommunikation og Handikap). Á heimasíðu stofnunarinnar kemur fram að þar séu samræmdar aðgerðir til að veita fötluðum sem best aðgengi að upplýsingasamfélaginu. Hópurinn leggur fram tilmæli og leiðbeiningar til norrænu ríkisstjórnanna um sérlausnir fyrir fatlaða svo að þeir megi njóta góðs aðgengis að fjarskiptum og upplýsingatækni. Þá er markmið þessa samstarfs að miðla upplýsingum til fatlaðra um nýjar tæknilausnir sem geta auðgað líf þeirra og möguleika til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar eru birtar leiðbeiningar um ýmsar af þeim sérlausnum sem eru í boði fyrir fatlaða.[15]

Á árinu 2007 verða endurskoðaðar þær skyldur sem hvíla á fjarskiptafyrirtækjum varðandi alþjónustu en þar á meðal er þjónusta við fatlaða. Vinna við þá endurskoðun fer af stað í byrjun árs og verður ákveðið á árinu hvaða þjónusta skuli vera í boði og hvaða fyrirtæki beri skyldu til að veita slíka þjónustu á komandi árum.

Þá hefur á vegum forsætis- og félagsmálaráðuneytisins verið unnin skýrsla um aðgengi allra að vefnum.[16] Þar eru lagðar fram tillögur um aðgerðir sem stuðla að því að fatlaðir og aðrir hópar sem gefa þarf sérstakan gaum í upplýsingasamfélaginu geti nýtt sér þjónustu á netinu. Sjá nánar: *http://utvefur.is/adgengi* þar sem fjallað er um tillögur skýrsluhöfunda og þær aðgerðir sem grípa á til á grundvelli þeirra.

### *3.6.6 Breyting gerð á byggingarreglugerð.*

– *Breytt verði byggingarreglugerð þannig að:*

a. *húsbyggjanda verði skylt að sjá til þess að lögð séu ídráttarrör fyrir ljósleiðara að nýbyggingum.*

---

[15] http://www.pfs.is/displayer.asp?cat_id=26&module_id=210&element_id=626.

[16] Skýrsla um aðgengi allra að vefnum, janúar 2006, unnin fyrir forsætis- og félagsmálaráðuneytið.

*b. öllum fjarskiptafyrirtækjum sé heimilt að leggja háhraðalagnir (t.d. ljósleiðara) um lögnina að uppfylltum skilyrðum.*

Verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar hefur óskað eftir því við umhverfisráðuneytið að það kanni hvort lagaheimild sé í núgildandi lögum þannig að breyta megi byggingarreglugerð í samræmi við markmið áætlunarinnar. Ef lagaheimild er hins vegar ekki fyrir hendi óskaði stjórnin eftir því að hugað verði að því við endurskoðun á gildandi skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sem nú er unnið að í umhverfisráðuneytinu að hægt verði að gera slíkar kröfur í reglugerð. Að þessu verkefni verður áfram unnið á árinu 2007 í samvinnu við umhverfisráðuneytið.

# 1064. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [683. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Geir H. Haarde forsætisráðherra og
Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

1. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 79. gr. þeirra og orðast svo:

Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign, þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila skv. 72. gr. Ber að nýta þær til hagsbóta þjóðinni, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Ekki skal þetta vera því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum.

2. gr.

79. gr. laganna verður 80. gr. þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2003 skal ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar bundið í stjórnarskrá lýðveldisins. Í byrjun árs 2005 var skipuð nefnd um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands (stjórnarskrárnefnd). Samkvæmt áfangaskýrslu nefndarinnar frá febrúar sl. liggja ekki fyrir endanlegar tillögur um efni og framsetningu stjórnarskrárákvæðis um auðlindamál. Í skýrslunni kemur þó fram að ekki hafi náðst sátt um þá tillögu að stjórnarskrárákvæði sem sett var fram í skýrslu auðlindanefndar árið 2000. Þá hafi einnig komið fram mismunandi sjónarmið um það hvort tillaga auðlindanefndar fæli í sér breytingu eða staðfestingu á núverandi réttarástandi. Liggur því fyrir að á vettvangi stjórnarskrárnefndar mun ekki að svo stöddu koma fram tillaga sem fullnægir framangreindri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stjórnarskrárbreytingar. Hafa formenn ríkisstjórnarflokkanna því látið semja sérstakt frumvarp til stjórnarskipunarlaga um þetta atriði.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sækir frumvarpið að nokkru leyti fyrirmynd sína til 1. málsl. 1. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, en þar segir: „Nytja-

stofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Ákvæðið var upphaflega sett með 1. málsl. 1. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, 1988–1990, en síðan tekið efnislega upp í 1. málsl. 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða (nú endurútgefin sem lög nr. 116/2006). Í athugasemdum við það frumvarp sem varð að lögum nr. 3/1988 kom einungis fram að ákvæðið hefði að geyma almenna stefnuyfirlýsingu á borð við 1. gr. þágildandi laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (þar sagði að tilgangur laganna væri að stuðla að viðgangi og hagkvæmustu nýtingu fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi). Í athugasemdum við 1. gr. þess frumvarps sem varð að núgildandi lögum segir eftirfarandi: „Með fyrsta málslið greinarinnar er minnt á mikilvægi þess að varðveita fullt forræði Íslendinga yfir [auðlindinni]. Jafnframt felst í þessu sú sjálfsagða stefnumörkun að markmiðið með stjórn fiskveiða er að nýta fiskstofnana til hagsbóta fyrir þjóðarheildina.“ Samkvæmt þessu er ljóst að ákvæði fiskveiðistjórnarlaga var hugsað sem almenn stefnuyfirlýsing löggjafans um að tilgangur íslenskrar fiskveiðistjórnar skyldi vera sá að nýta fiskstofnana á hagkvæman hátt og til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Með hliðsjón af því að í sömu lögum var mælt fyrir um aflahlutdeildarkerfi við fiskveiðar lá einnig fyrir það mat löggjafans á þeim tíma að með slíku fyrirkomulagi yrði sameign þjóðarinnar best nýtt fyrir þjóðarheildina.

Hæstiréttur Íslands hefur vísað til ákvæðis fiskveiðistjórnarlaga um sameign þjóðarinnar að nytjastofnunum. Ítarlegast hefur verið fjallað um ákvæðið í dómi réttarins 6. apríl 2000 í máli nr. 12/2000 (Vatneyrarmál), en þar segir eftirfarandi: „Megineinkenni þeirrar fiskveiðistjórnar, sem [kveðið er á um í lögum nr. 38/1990], er að einstökum mönnum eða félögum er ákveðin hlutdeild í leyfilegum árlegum heildarafla þeirra tegunda, sem sæta aflatakmörkunum. Sú hlutdeild helst óbreytt milli ára og er í meginatriðum framseljanleg. Samkvæmt 18. gr. laganna tekur íslenska ríkið takmarkað gjald vegna úthlutunar aflamarks miðað við áætlað verðmæti þess, sem úthlutað er. [...] Þegar lög nr. 38/1990 eru virt í heild verður að leggja til grundvallar að við setningu þeirra hafi löggjafinn metið það svo, að skipan fiskveiðistjórnar eftir þeim væri fallin til að þjóna áðurnefndum markmiðum 1. gr. þeirra. Þetta mat er á valdi löggjafans, þótt dómstólar leysi úr því hvort lögin, sem reist eru á því mati, samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar.“ Með þessum forsendum Hæstaréttar er áréttað að ákvæðið um sameign þjóðarinnar að nytjastofnunum hefur að geyma almenna stefnuyfirlýsingu um skynsamlega nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar sem er háð mati löggjafans á hverjum tíma, enda sé gætt grundvallarreglna stjórnarskrár. Verður að ætla að þar séu einkum hafðar í huga reglur stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar, atvinnufrelsi og jafnræði þegnanna.

Í samræmi við forsögu 1. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga og forsendur fyrrgreinds hæstaréttardóms er það forsenda frumvarpsins að það sé í höndum þjóðkjörinna fulltrúa þjóðarinnar á hverjum tíma að taka afstöðu til þess með lagasetningu hvers konar fyrirkomulag á nýtingu og meðferð auðlinda sé þjóðinni fyrir bestu. Jafnframt er það forsenda frumvarpsins að við slíka lagasetningu sé réttindum, sem einstaklingar og lögaðilar eiga yfir auðlindum samkvæmt grundvallarreglum stjórnarskrár, ekki raskað í andstöðu við grundvallarreglur stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar og jafnræði. Er þá meðal annars haft í huga að ákvæði frumvarpsins taka jafnt til nýtingar auðlinda sem háðar eru beinum eða óbeinum eignarrétti og þeirra sem eru það ekki.

Hugtakið „sameign þjóðarinnar“ sem notað er í 1. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga hefur verið gagnrýnt fyrir að vera villandi þar sem það gefi um of til kynna að um hefðbundinn einkaeignarrétt sé að ræða. Af þeim sökum er farin sú leið í frumvarpinu að nota orðið „þjóðareign“. Er sama hugtak notað í þingsályktun Alþingis, nr. 26/122, um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, frá 2. júní 1998 og sömuleiðis er það að finna í tillögu auðlinda-

nefndar að stjórnarskrárákvæði frá árinu 2000. Er með því vísað til fullveldisréttar og sameiginlegrar ábyrgðar allrar þjóðarinnar á náttúruauðlindum Íslands og er sérstaklega tekið fram að ekki sé með þessari stefnuyfirlýsingu haggað við réttindum einstaklinga og lögaðila sem njóta verndar skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Með frumvarpinu er almenn stefnumörkun um meðferð og nýtingu náttúruauðlinda fest í stjórnarskrá. Eftir nánari athugun þykir rétt að þessi stefnumörkun nái til allra náttúruauðlinda, enda verður ekki séð að önnur sjónarmið eigi við fiskveiðiauðlindina að þessu leyti en náttúruauðlindir almennt. Er í því efni fylgt tillögu auðlindanefndar frá 2000. Samkvæmt þessu fellur undir ákvæðið hvers kyns hagnýting á náttúrunni, hvort sem er dauðum eða lífrænum efnum, plöntum eða dýrum. Í ákvæði frumvarpsins felst þannig að hagnýta á nytjastofna sjávar, hvers kyns auðlindir í jörðu og landgrunni, vatns- og vindafl, jarðnæði og gróður, villt og alin dýr o.s.frv., til hagsbóta fyrir þjóðina. Það fellur svo í verkahring löggjafans að skilgreina nánar hvað séu náttúruauðlindir og hvernig nýtingu þeirra skuli háttað svo að þessu markmiði verði best náð.

Þá er með frumvarpinu áréttað að þótt ríkisvaldið hafi heimildir til að mæla með lögum fyrir um nýtingu auðlinda til hagsbóta fyrir þjóðina sé slíkt ekki því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum. Eðli málsins samkvæmt leiða slíkar heimildir ekki til óafturkallanlegs forræðis einstakra aðila yfir þeim, sbr. 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga, nr. 116/2006, þótt þær kunni að njóta verndar sem óbein eignarréttindi.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Ákvæðið hefst á stefnuyfirlýsingu sem minnir á mikilvægi þess að varðveita forræði Íslendinga yfir náttúruauðlindum sínum. Hugtakið „náttúruauðlind“ tekur til hvers kyns náttúrunnar gæða án tillits til þess hvort um er að ræða auðlindir sem háðar eru einkaeignarrétti eða auðlindir sem með einum eða öðrum hætti eru eigandalausar. Með „náttúruauðlindum Íslands“ er átt við þær auðlindir sem fullveldisréttur íslenska ríkisins nær til samkvæmt almennum reglum. Gert er ráð fyrir því að í lögum verði afmarkað nánar, eftir því sem þurfa þykir, hverjar séu náttúruauðlindir Íslands.

Með hugtakinu „þjóðareign“ er lögð áhersla á þá ríku sameiginlegu hagsmuni sem allir Íslendingar hafa af því að nýting auðlinda til lands og sjávar fari fram með skynsamlegum hætti. Það er á forræði lýðræðislega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar hverju sinni að ákveða, í krafti fullveldisréttar íslenska ríkisins, hvernig þessu markmiði verður best náð hverju sinni, þar á meðal hvort og að hvaða marki auðlind er nýtt eða friðuð. Orðalagið „þjóðareign“ vísar hins vegar ekki til einhvers konar einkaeignarréttar íslenska ríkisins eða þjóðarinnar.

Í síðari hluta 1. málsl. greinarinnar kemur fram að virða skuli réttindi einstaklinga og lögaðila sem varin eru af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Er með þessu áréttað að ýmsar auðlindir eru og hafa lengi verið annaðhvort háðar einkaeignarrétti eða þá að einstaklingum og lögaðilum hefur verið úthlutað heimildum til nýtingar þeirra á grundvelli lagasetningar. Eru tekin af tvímæli um að ekki sé haggað við slíkum eignar- eða afnotarétti. Með ákvæðinu er til dæmis ekki haggað við eignar- og afnotaréttindum þeirra sem hagnýta jarðir og ýmis fasteignatengd réttindi eða stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda. Hins vegar eru einnig tekin af tvímæli um að óbein eignarréttindi tengd nýtingarheimildum sem þegar eru fyrir hendi munu ekki leiða til beins eignarréttar.

Í 2. málsl. greinarinnar er enn fremur fólgin stefnuyfirlýsing um að nýta beri auðlindir til hagsbóta fyrir þjóðina. Það er svo eftirlátið löggjafanum að útfæra nánar hvernig þetta verði gert á sem hagkvæmastan og skynsamlegastan hátt.

Í 3. málsl. greinarinnar er tekið fram að stefnuyfirlýsingar 1. og 2. málsl. séu ekki því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á auðlindum. Er þá vísað til auðlinda sem ekki eru í einkaeigu. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum leiða slíkar heimildir ekki til óafturkallanlegs forræðis einstakra aðila yfir þeim, sbr. 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga, nr. 116/2006, þótt þær kunni að njóta verndar sem óbein eignarréttindi.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

## 1065. Nefndarálit [511. mál]

um frv. til l. um námsgögn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Árnason ráðuneytisstjóra, Val Árnason skrifstofustjóra og Helgu Þórisdóttur, lögfræðing frá menntamálaráðuneyti, Ingibjörgu Ásgeirsdóttur frá Námsgagnastofnun, Kristbjörgu Stephensen, skrifstofustjóra lögfræðisviðs Reykjavíkurborgar, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristján B. Jónasson frá Félagi íslenskra bókaútgefenda, Bjarna Þorsteinsson frá Eddu útgáfu og Baldur Gíslason skólameistara frá Iðnskólanum í Reykjavík og einnig frá bókaútgáfunni Iðnú, Elnu Katrínu Jónsdóttur og Ólaf Loftsson frá Kennarasambandi Íslands, Jón Yngva Jóhannsson og Sverri Jakobsson frá Hagþenki og Guðmund Sigurðsson frá Samkeppniseftirlitinu.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Kennaraháskóla Íslands, Samtökum sjálfstæðra skóla, Skólastjórafélagi Íslands, Eddu útgáfu, Hagþenki, Félagi náms- og starfsráðgjafa, tækninefnd Vísinda- og tækniráðs og Kennarasambandi Íslands, Hagþenki, vísindanefnd Vísinda og tækniráðs, Samkeppniseftirlitinu og Félagi íslenskra framhaldsskóla.

Með frumvarpinu er lagt til að aukið verði framboð og fjölbreytileiki námsgagna og að þau verði í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Frumvarpið felur í sér þriggja stoða fyrirkomulag. Í fyrsta lagi mun Námsgagnastofnun starfa áfram með svipuðu fyrirkomulagi og nú er. Í öðru lagi er stofnaður námsgagnasjóður sem lýtur eingöngu að grunnskólum og er ætlað að veita fé til námsgagnakaupa grunnskólanna og þar með auka úrval námsefnis. Í þriðja lagi er komið á fót þróunarsjóði námsgagna en hlutverk hans er einkum að styðja við nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsefnis á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Við umfjöllun nefndarinnar var m.a. rætt um 5. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lýtur að fjárhagslegum aðskilnaði hjá Námsgagnastofnun vegna sölu á námsgögnum í frjálsri samkeppni við aðra aðila á almennum markaði frá lögbundnu hlutverki stofnunarinnar að leggja grunnskólum til námsgögn. Slíkur áskilnaður er nú þegar í samkeppnislögum og er ákvæðið einnig í samræmi við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, nr. 40/2006. Við fjárhagslegan aðskilnað er mikilvægt að kostnaðargreining fari fram hjá Námsgagnastofnun og er því um reikningslega

útfærslu að ræða. Námsgögn verða ekki að samkeppnisvöru fyrr en Námsgagnastofnun tekur ákvörðun um að setja þau á frjálsan markað. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var m.a. tekið fram að viðskipti samkeppniseiningar Námsgagnastofnunar við óskylda aðila, svo sem sala á námsefni útgefnu af stofnuninni til bóksala, verð og viðskiptakjör, skulu vera almenn og gagnsæ. Hvers konar mismunun samkeppniseiningarinnar í verði og viðskiptakjörum er óheimil, byggist hún ekki á skýrum hlutlægum og málefnalegum forsendum. Samkvæmt þessu er gengið út frá því að sérstök eining innan stofnunarinnar sjái um frjálsa markaðinn og í raun sé um óskylda aðila að ræða.

Nefndin ræddi sérstaklega um 6. gr. frumvarpsins er lýtur að sérstökum námsgagnasjóði, einkum með hliðsjón af því hvort æskilegra væri að í stað sjóðsins fengju sveitarfélögin fjármagn sem þau mundu síðan úthluta grunnskólunum með sama hætti og öðru fjármagni. Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri skólanna og hafa tekið við verkefnum grunnskóla að undanskilinni útgáfu námsgagna. Sveitarfélögin telja við nánari skoðun að það fyrirkomulag námsgagnasjóðs sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu sé betra með hliðsjón af áherslum á aukið sjálfstæði skólanna og leiði jafnframt til minni miðstýringar.

Umræða fór fram í nefndinni um gæðamat námsgagna. Aðilum er heimilt á grundvelli 8. gr. frumvarpsins að óska eftir því að menntamálaráðuneytið meti hvort viðkomandi námsgögn séu hæf til notkunar í kennslu ef þeir efast um að námsgögnin uppfylli réttmætar gæðakröfur eða samrýmist markmiðum aðalnámskrár. Þessi heimild á einnig við um þau námsgögn sem hafa verið keypt fyrir það fé sem úthlutað er á grundvelli 6. gr. frumvarpsins um námsgagnasjóð. Menntamálaráðherra setur úthlutunarreglur og er tekið fram í athugasemdum við greinina að úthlutun eigi að einskorðast við kaup á námsgögnum sem uppfylla réttmætar gæðakröfur eða samrýmast markmiðum námskrár. Nefndin telur rétt að benda á í þessu sambandi að í fyrsta lagi er eingöngu um að ræða kaup á námsgögnum en ekki hlutum sem nýtast við kennslu, svo sem myndvörpum og þess háttar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ekki fari fram sérstakt fyrirframmat á gæðum námsgagna heldur er gengið út frá því að námsgögnin uppfylli gæðakröfur við úthlutun. Ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum eru því lagðar í hendur skólastjórnendum en aðilar geta beint kvörtun til ráðuneytisins á grundvelli 8. gr. ef þeir telja að gæðakröfur séu ekki uppfylltar. Í því sambandi telur nefndin rétt að árétta að heimildin er ekki takmörkuð við ákveðna aðila heldur geta allir beint kvörtun til ráðuneytisins, m.a. þeir sem eru áhugamenn um skólastarf o.fl.

*Enn fremur var umræða hjá nefndinni um fjárveitingu í námsgagnasjóð og þróunarsjóð* námsgagna. Þrátt fyrir að þróunarsjóðurinn fái það hlutverk að veita fé til námsefnisgerðar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi er ekki gert ráð fyrir neinni skerðingu á framlagi til framhaldsskólastigsins frá því sem nú er. En á fundum nefndarinnar komu fram áhyggjur í þá veru að hlutur smærri greina á framhaldsskólastigi gæti orðið rýr úr sameiginlegum sjóði. Nefndin mælist til að sérstaklega verði hugað að þessum greinum, sem oftar en ekki tengjast iðn- og verknámi. Í umsögn fjármálaráðuneytisins er 100 millj. kr. aukning á fjárveitingu til námsefnisgerðar sem ráðuneytið áformar að veita til hinna nýju sjóða. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk frá ráðuneytinu er fyrirhugað að veita þessar 100 millj. kr. í námsgagnasjóð á þessu ári en gert verði ráð fyrir framlagi í þróunarsjóð námsgagna á fjárlögum næsta árs. Á fjárlögum fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi til námsefnisgerðar á framhaldsskólastigi.

Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu að fenginni ábendingu Félags íslenska framhaldsskóla, þess efnis að Félagi íslenskra framhaldsskóla verði heimilt að tilnefna einn

aðila í stjórn þróunarsjóðs námsgagna samkvæmt 7. gr. í stað þess að einn stjórnarmaður komi úr hópi skólameistara framhaldsskóla án tilnefningar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Magnús Þór Hafsteinsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |
| Björgvin G. Sigurðsson. | Einar Már Sigurðarson. | Kjartan Ólafsson. |
| Mörður Árnason. | Sæunn Stefánsdóttir. | Kolbrún Halldórsdóttir. |

## 1066. Breytingartillaga [511. mál]

við frv. til l. um námsgögn.

Frá menntamálanefnd.

Við 7. gr. Í stað orðanna „án tilnefningar úr hópi skólameistara framhaldsskóla“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: af Félagi íslenskra framhaldsskóla.

## 1067. Tillaga til þingsályktunar [684. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Arabíska lýðveldisins Egyptalands.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Arabíska lýðveldisins Egyptalands sem undirritaður var 27. janúar 2007 í Davos í Sviss.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (European Free Trade Association, EFTA, sem Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss eru aðilar að) og Arabíska lýðveldisins Egyptalands (The Arab Republic of Egypt), sem undirritaður var í Davos í Sviss 27. janúar 2007. Meginmál samningsins í íslenskri þýðingu og frumtextinn á ensku er prentaður

sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukar og bókanir sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin hafa nú gert fríverslunarsamninga sem ná til 15 ríkja/ríkjahópa, að samningnum við Egyptaland meðtöldum. Samningurinn við Egyptaland er áttundi fríverslunarsamningurinn sem EFTA-ríkin gera við ríki fyrir botni Miðjarðarhafs sem tekur þátt í Barcelonaferlinum (svæðisbundið samstarf ríkja Evrópusambandsins og Miðjarðarhafsríkja). Samningaviðræðurnar tóku tíu ár og þeim lauk í október 2006. Mikil áhersla hefur verið lögð á að EFTA-ríkin og Egyptaland fullgildi samninginn hið fyrsta svo hann komist til framkvæmda.

Samningurinn nær fyrst og fremst til vöruviðskipta. Samkvæmt samningnum fella Egyptar niður tolla á vörur aðrar en landbúnaðarvörur í áföngum. Þá felur samningurinn í sér tollkvóta fyrir flestar mikilvægustu sjávarafurðir Íslands. Kvótarnir stækka eftir ákveðnu fyrirkomulagi á sex ára tímabili sem að lokum leiðir til fullrar fríverslunar. Ákvæði eru einnig í samningnum um vernd hugverkaréttinda, fjárfestingar, þjónustustarfsemi, greiðslu- og fjármagnsflutninga, samkeppnismál, tækni- og fjárhagsaðstoð, stofnanaákvæði, samráð og lausn ágreiningsmála. Með tvíhliða samningi hvers EFTA-ríkis fyrir sig við Egyptaland eru tollar á tilteknum landbúnaðarvörum lækkaðir eða felldir niður, t.d. fær Ísland markaðsaðgang fyrir lifandi hross til Egyptalands og 2000 tonna tollkvóta fyrir lambakjöt.

## Fylgiskjal.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR
MILLI
ARABÍSKA LÝÐVELDISINS EGYPTALANDS
OG
EFTA-RÍKJANNA

FREE TRADE AGREEMENT
BETWEEN
THE ARAB REPUBLIC OF EGYPT
AND
THE EFTA STATES

### FORMÁLSORÐ

Arabíska lýðveldið Egyptaland (hér á eftir nefnt „Egyptaland") annars vegar og lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin") hins vegar, hér á eftir nefnd „samningsaðilarnir",

HAFA Í HUGA mikilvægi þeirra tengsla sem eru milli Egyptalands og EFTA-ríkjanna, einkum yfirlýsingarinnar um samvinnu sem var undirrituð í Zermatt í desember 1995, og eiga þá ósk sameiginlega að efla þessi tengsl og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

VÍSA TIL aðildar Egyptalands og EFTA-ríkjanna að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (hér á eftir nefnd „Alþjóðaviðskiptastofnun") og skuldbindinga þeirra um að framfylgja réttindum og skyldum sem leiðir af Marrakesh-samningnum um stofnun Alþjóðavið-

### PREAMBLE

The Arab Republic of Egypt (hereinafter referred to as Egypt), on the one part, and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway, the Swiss Confederation (hereinafter referred to collectively as the EFTA States), on the other part, hereinafter referred to as "the Parties":

CONSIDERING the importance of the links existing between Egypt and the EFTA States, in particular the Declaration on Co-operation signed in Zermatt in December 1995, and recognizing the common wish to strengthen these links, thus establishing close and lasting relations,

RECALLING the membership of Egypt and the EFTA States in the World Trade Organization (hereinafter referred to as "the WTO") and their commitment to comply with the rights and obligations arising from the Marrakech Agreement

skiptastofnunarinnar, að meðtöldum meginreglunum um bestukjarameðferð og innlenda meðferð,

VÍSA TIL þess ásetnings að stuðla á virkan hátt að efnahagslegum samruna Evrópu og Miðjarðarhafslanda og lýsa sig reiðubúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá þróun,

ÁRÉTTA stuðning sinn við þær meginreglur og markmið sem eru sett fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni,

VILJA skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og styðja við samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem samningsaðilarnir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

EINSETJA SÉR að stuðla að eflingu marghliða viðskiptakerfis og stuðla að frjálsari viðskiptum sín á milli í samræmi við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar,

HAFA Í HUGA að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsaðilana undan skuldbindingum sínum samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, einkum samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina,

VILJA SKAPA ný atvinnutækifæri jafnframt því að stuðla að framþróun,

LÝSA SIG REIÐUBÚIN til að skoða möguleikann á að þróa og efla efnahagstengsl sín svo að þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

ERU SANNFÆRÐ UM að þessi samningur myndi viðeigandi ramma fyrir upplýsinga- og skoðanaskipti um þróun efnahagsmála og viðskipti,

ERU SANNFÆRÐIR UM að þessi samningur muni skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir tengsl þeirra á sviði efnahagsmála, viðskipta og fjárfestinga,

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi fríverslunarsamning (sem nefnist hér á eftir „þessi samningur“):

establishing the WTO, including the principles of most-favoured-nation and of national treatment,

RECALLING their intention to participate actively in the process of economic integration in the Euro-Mediterranean region, and expressing their preparedness to co-operate in seeking ways and means to strengthen this process,

REAFFIRMING their commitment to the principles and objectives set out in the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights,

DESIRING to create favourable conditions for the development and diversification of trade between them and for the promotion of commercial and economic co-operation in areas of common interest on the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law,

RESOLVED to contribute to the strengthening of the multilateral trading system and to develop their relations towards free trade in compliance with the WTO rules,

CONSIDERING that no provision of this Agreement may be interpreted as exempting the Parties from their obligations under other international agreements, especially the WTO,

DESIRING to create new employment opportunities while promoting sustainable development,

DECLARING their readiness to examine the possibility of developing and deepening their economic relations in order to extend them to fields not covered by this Agreement,

CONVINCED that this Agreement provides an appropriate framework for exchange of information and views on economic developments and trade,

CONVINCED that this Agreement will create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them,

HAVE DECIDED, in pursuit of the above, to conclude the following Free Trade Agreement (hereinafter referred to as "this Agreement"):

## I. KAFLI
## ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.
*Markmið.*

1. Egyptaland og EFTA-ríkin skulu stofna fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði samnings þessa í því skyni að auka hagsæld og flýta fyrir efnahagsþróun á yfirráðasvæðum þeirra.
2. Markmið þessa samnings, sem er byggður á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa, eru:

a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994"),
b) að móta smám saman umhverfi sem stuðlar að auknum fjárfestingum og þjónustuviðskiptum,
c) að tryggja fullnægjandi og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda og
d) að styðja við samræmda þróun efnahagstengsla milli samningsaðilanna með tækni- og fjárhagsaðstoð.

2. gr.
*Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir þennan samning.*

Samningur þessi tekur til viðskiptatengsla milli Egyptalands annars vegar og einstakra EFTA-ríkja hins vegar.

3. gr.
*Svæðisbundið gildissvið.*

Samningur þessi tekur til yfirráðasvæða samningsaðilanna, nema kveðið sé á um annað í bókun C.

## II. KAFLI
## VÖRUVIÐSKIPTI

4. gr.
*Gildissvið.*

Kafli þessi gildir um eftirtaldar framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Egyptalandi eða EFTA-ríki:

a) allar framleiðsluvörur sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (hér á eftir nefnd „samræmda tollskráin" (ST)), að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem taldar eru upp í I. viðauka,
b) unnar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun,
c) fisk og aðrar sjávarafurðir eins og kveðið er á um í II. viðauka og
d) landbúnaðarafurðir, sem falla undir 1.–24. kafla samræmdu tollskrárinnar, eins og kemur fram í III. viðauka.

## CHAPTER I
## GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1
***Objectives***

1. Egypt and the EFTA States shall establish a free trade area in accordance with the provisions of this Agreement with a view to spurring prosperity and economic development in their territories.
2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies, are:

(a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as "the GATT 1994");
(b) to gradually develop an environment conducive to increased investment flows and enhanced trade in services;
(c) to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights; and
(d) to support the harmonious development of economic relations between the Parties through technical and financial assistance.

ARTICLE 2
***Trade relations governed by this Agreement***

This Agreement applies to trade relations between, on the one side, Egypt, and, on theotherside, the individual EFTA States.

ARTICLE 3
***Territorial application***

This Agreement shall apply to the territories of the Parties except as provided for in Protocol C.

## CHAPTER II
## TRADE IN GOODS

ARTICLE 4
***Scope***

This Chapter shall apply to the following products originating in Egypt or an EFTA State:

(a) all products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as "HS"), with the exception of the products listed in Annex I;
(b) processed agricultural products specified in Protocol A, with due regard to the arrangements provided for in that Protocol;
(c) fish and other marine products as provided for in Annex II; and
(d) agricultural products falling within HS Chapters 1 to 24 as specified in Annex III.

5. gr.
*Upprunareglur og samvinna um tollaframkvæmd.*

Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

6. gr.
*Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.*

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, skulu lögð á viðskipti milli Egyptalands og EFTA-ríkjanna frá gildistöku þessa samnings að telja.
2. Egyptaland skal smám saman afnema innflutningstolla og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif á framleiðsluvörur sem eru upprunnar í EFTA-ríki, í samræmi við IV. viðauka.
3. EFTA-ríkin skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema alla innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif á framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Egyptalandi.

7. gr.
*Grunntollar.*

1. Innflutningsgjöld samningsaðila, sem eiga að fara stiglækkandi samkvæmt þessum samningi, skulu tengjast tollum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eða svara til þeirra gjalda sem í gildi eru frá gildistöku þessa samnings að telja, séu þau lægri. Komi almennar tollalækkanir gagnvart öllum (erga omnes) til framkvæmda eftir gildistöku þessa samnings gildir lækkaða gjaldið.
2. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum um þau gjöld sem eru í gildi hjá þeim á gildistökudegi þessa samnings.

8. gr.
*Fjáröflunartollar.*

Ákvæði 6. gr. gilda einnig um fjáröflunartolla.

9. gr.
*Magntakmarkanir á innflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.*

1. Magntakmarkanir á innflutningi og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif á viðskipti milli Egyptalands og EFTA-ríkjanna skulu afnumdar frá gildistöku þessa samnings.
2. Engar nýjar magntakmarkanir skulu settar á innflutning né aðrar ráðstafanir gerðar sem hafa samsvarandi áhrif á viðskipti milli Egyptalands og EFTA-ríkjanna.

ARTICLE 5
***Rules of origin and co-operation in customs administration***

Protocol B lays down the rules of origin and methods of administrative co-operation.

ARTICLE 6
***Customs duties on imports and charges having equivalent effect***

1. No new customs duties on imports or charges having equivalent effect shall be introduced in trade between Egypt and the EFTA States as of the entry into force of this Agreement.
2. Egypt shall gradually eliminate its customs duties on imports and any charges having equivalent effect on products originating in an EFTA State in accordance with Annex IV.
3. The EFTA States shall abolish on the date of entry into force of this Agreement all customs duties on imports and any charges having equivalent effect on products originating in Egypt.

ARTICLE 7
***Basic duties***

1. The applicable rates for imports between the Parties, to which the successive reductions set out in this Agreement are to be applied, shall be the WTO bound rate or the applied rate enforced as of the entry into force of this Agreement if it is lower. If, after the entry into force of this Agreement, a tariff reduction is applied on an *erga omnes* basis, the reduced rate shall apply.
2. The Parties shall communicate to each other their respective rates applied on the date of the entry into force of this Agreement.

ARTICLE 8
***Customs duties of a fiscal nature***

Article 6 shall also apply to customs duties of a fiscal nature.

ARTICLE 9
***Quantitative restrictions on imports and measures having equivalent effect***

1. Quantitative restrictions on imports and any other measures having equivalent effect in trade between Egypt and the EFTA States shall be abolished from the entry into force of this Agreement.
2. No new quantitative restriction on imports or any other measures having equivalent effect shall be introduced in trade between Egypt and the EFTA States.

10. gr.
*Tollar og magntakmarkanir á útflutningi.*

Egyptaland og EFTA-ríkin skulu hvorki leggja á tolla eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, á útflutning sín á milli né setja á hann magntakmarkanir eða gera aðrar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

ARTICLE 10
***Customs duties and quantitative restrictions on exports***

Egypt and the EFTA States shall neither apply customs duties or charges having equivalent effect, nor quantitative restrictions or measures having equivalent effect to exports between themselves.

11. gr.
*Innlendir skattar.*

1. Samningsaðilum ber að forðast allar fjáröflunarráðstafanir og -aðgerðir innanlands sem hafa, beint eða óbeint, í för með sér mismunun milli framleiðsluvara samningsaðila og sambærilegra framleiðsluvara sem upprunnar eru á yfirráðasvæði annars samningsaðila.
2. Framleiðsluvörur, sem fluttar eru út til yfirráðasvæðis samningsaðila, skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum sköttum en nemur óbeinum sköttum sem eru lagðir á þær með beinum eða óbeinum hætti.

ARTICLE 11
***Internal taxation***

1. The Parties shall refrain from any measure or practice of an internal fiscal nature establishing, whether directly or indirectly, discrimination between the products of a Party and like products originating in the territory of another Party.

2. Products exported to the territory of a Party may not benefit from repayment of indirect internal taxation in excess of the amount of indirect taxation imposed on them either directly or indirectly.

12. gr.
*Greiðslur og yfirfærslur.*

1. Engar hömlur má leggja á greiðslur tengdar viðskiptum milli Egyptalands og EFTA-ríkis og yfirfærslur á slíkum greiðslum til yfirráðasvæðis samningsaðila þar sem kröfuhafi er búsettur.
2. Samningsaðilar skulu forðast að takmarka veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðskipta sem íbúi á yfirráðasvæði samningsaðila á hlut að, með því að setja höft á gjaldeyrisviðskipti eða með því að gera ráðstafanir á sviði stjórnsýslu sem leiða til takmörkunar.

ARTICLE 12
***Payments and transfers***

1. Payments relating to trade between Egypt and an EFTA State and the transfer of such payments to the territory of the Party where the creditor resides, shall be free from any restrictions.
2. The Parties shall refrain from any currency exchange or administrative restrictions on the grant, repayment or acceptance of short and medium-term credits covering commercial transactions in which a resident participates.

13. gr.
*Tæknilegar reglur.*

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir (sem nefnist hér á eftir „samningurinn um tæknilegar viðskiptahindranir").
2. Samningsaðilar skulu auka samvinnu á sviði tæknilegra reglna, staðla og samræmismats með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hver annars og auðvelda aðgang að mörkuðum þeirra og undirbúa þannig jarðveginn fyrir hugsanlega samninga um gagnkvæma viðurkenningu.

3. Samningsaðilar samþykkja, með fyrirvara um 1. mgr., að hafa samráð sín á milli í sameiginlegu nefndinni til að finna viðeigandi lausn, í samræmi við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir, telji Egyptaland eða EFTA-ríki að eitt eða fleiri

ARTICLE 13
***Technical regulations***

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and conformity assessment shall be governed by the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade (hereinafter referred to as "the WTO TBT Agreement").

2. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of technical regulations, standards and conformity assessment, with a view to increasing the mutual understanding of their respective systems and facilitating access to their respective markets, thereby preparing the ground for possible mutual recognition agreements.
3. Without prejudice to paragraph 1, the Parties agree to hold consultations in the framework of the Joint Committee where Egypt or an EFTA State considers that one or more EFTA States or Egypt respectively have taken measures which are likely

EFTA-ríki eða Egyptaland hafi gert ráðstafanir sem gætu skapað eða hafi skapað viðskiptahindrun.

14. gr.
*Ráðstafanir er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.*

1. Samningsaðilar skulu beita reglum sínum um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna án mismununar og skulu ekki gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti með ótilhlýðilegum hætti.

2. Meginreglurnar í 1. mgr. skulu gilda í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna sem er hér með felldur inn í þennan samning og er hluti hans.

15. gr.
*Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.*

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar ríkisrekin viðskiptafyrirtæki, í samræmi við ákvæði XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulag um túlkun XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem eru hér með felldar inn í þennan samning og eru hluti af honum.

16. gr.
*Styrkir og jöfnunarráðstafanir.*

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðila, að því er varðar styrki og jöfnunarráðstafanir, í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994, samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.
2. Komist samningsaðili að því að veittir eru styrkir sem hafa áhrif á viðskipti við annan samningsaðila er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við fyrrgreinda samninga og viðeigandi innlenda löggjöf og framkvæmdarreglur.

17. gr.
*Undirboð.*

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar beitingu ráðstafana gegn undirboðum, í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samninginn um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994.
2. Komist samningsaðili að því að undirboð eigi sér stað í viðskiptum við annan samningsaðila er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við fyrrgreinda samninga og viðeigandi innlenda framkvæmda.

to create, or have created, an obstacle to trade, in order to find an appropriate solution in conformity with the WTO TBT Agreement.

ARTICLE 14
***Sanitary and phytosanitary measures***

1. The Parties shall apply their regulations for sanitary and phytosanitary matters in a non-discriminatory fashion and shall not introduce any new measures that have the effect of unduly obstructing trade.
2. The principles set out in paragraph 1 shall be applied in accordance with the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

ARTICLE 15
***State trading enterprises***

The rights and obligations of the Parties in respect of state trading enterprises shall be governed by Article XVII of the GATT 1994 and the Understanding on the Interpretation of Article XVII of the GATT 1994, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement.

ARTICLE 16
***Subsidies and countervailing measures***

1. The rights and obligations of the Parties in respect of subsidies and countervailing measures shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994, the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures and the WTO Agreement on Agriculture.
2. If a Party finds that subsidies are granted which affect trade with another Party, the Party concerned may take appropriate measures in accordance with the above mentioned Agreements and relevant internal legislation and executive regulations.

ARTICLE 17
***Anti-dumping***

1. The rights and obligations of the Parties in respect of the application of anti-dumping measures shall be governed by Article VI of the GATT 1994 and the Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994.
2. If a Party finds that dumping is taking place in trade with another Party, the Party concerned may take appropriate measures in accordance with the above mentioned Agreements and relevant internal implementation legislation.

18. gr.
*Verndarráðstafanir.*

1. Ákvæði XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir gilda í samskiptum samningsaðilanna.
2. Áður en verndarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir er beitt skal samningsaðilinn, sem hyggst beita slíkum ráðstöfunum, veita sameiginlegu nefndinni allar upplýsingar, sem máli skipta við nákvæma rannsókn málsins, svo að finna megi lausn sem samningsaðilar geta sætt sig við. Samningsaðilar skulu þegar í stað hafa samráð sín á milli í sameiginlegu nefndinni í því skyni að finna slíka lausn. Takist samningsaðilunum ekki að ná samkomulagi með samráði innan þrjátíu daga frá því að samráð var hafið er samningsaðilanum, sem hyggst beita þeim, heimilt að beita ákvæðum XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og ákvæðum samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.
3. Þegar gera þarf verndarráðstafanir samkvæmt þessari grein skulu samningsaðilarnir einkum beita þeim ráðstöfunum sem standa sem minnst gegn því að markmiðum þessa samnings verði náð.
4. Tilkynna ber um verndarráðstafanirnar til sameiginlegu nefndarinnar án tafar og efna til reglulegs samráðs um þær, einkum í því skyni að fella þær niður eins fljótt og aðstæður leyfa.

ARTICLE 18
***Safeguard measures***

1. The provisions of Article XIX of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards shall apply between the Parties.

2. Before applying safeguard measures pursuant to the provisions of Article XIX of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards, the Party intending to apply such measure shall supply the Joint Committee with all relevant information required for a thorough examination of the situation with a view to seeking a solution acceptable to the Parties. In order to find such a solution, the Parties shall immediately hold consultations within the Joint Committee. If, as a result of the consultations, the Parties do not reach an agreement within thirty days of the initiation of the consultations on a solution to avoid the safeguard measures, the Party intending to apply safeguard measures may apply the provisions of Article XIX of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards.
3. In the selection of safeguard measures pursuant to this Article, the Parties shall give priority to those that cause least disturbance to the achievement of the objectives of this Agreement.
4. Safeguard measures shall be notified immediately to the Joint Committee and shall be subject to periodic consultations within the Committee, particularly with a view to their abolition as soon as circumstances permit.

19. gr.
*Endurskipulagning.*

1. Egyptalandi er heimilt, í takmarkaðan tíma, að gera sérstakar ráðstafanir, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr., í því skyni að hækka tolla eða taka þá upp að nýju.
2. Fyrrnefndar ráðstafanir skulu aðeins ná til nýs iðnaðar eða einstakra atvinnugreina sem verið er að endurskipuleggja eða eiga við mikla erfiðleika að etja, einkum þegar slíkum erfiðleikum fylgja alvarleg félagsleg vandamál.
3. Tollar á framleiðsluvörur, sem eru fluttar til Egyptalands og eru upprunnar í EFTA-ríki, sem lagðir eru á í skjóli fyrrnefndra sérstakra ráðstafana, mega ekki fara yfir 25% af verðmæti og skulu vörur, upprunnar í EFTA-ríkjunum, halda fríðindum umfram aðrar vörur. Heildarverðmæti innfluttra vara, sem þessar ráðstafanir ná til, skal ekki vera yfir 20% af heildarverðmæti innfluttra iðnaðarvara frá EFTA-ríkjunum á síðasta ári sem hagtölur ná yfir.

4. Beita má þessum ráðstöfunum í fimm ár hið lengsta nema sameiginlega nefndin heimili lengra

ARTICLE 19
***Structural adjustment***

1. By way of derogation from the provisions of paragraph 2 of Article 6, Egypt may take exceptional measures of limited duration to increase or re-introduce customs duties.
2. Such measures may only apply to new and infant industries or to sectors undergoing restructuring or experiencing serious difficulties, particularly where those difficulties entail severe social problems.
3. Customs duties on import into Egypt of products originating in an EFTA State that are introduced by such exceptional measures may not exceed 25 per cent *ad valorem*, and must retain a preferential margin for products originating in the EFTA States. The total value of imports of the products subjected to such measures may not exceed 20 per cent of total imports of industrial products from the EFTA States during the last year for which statistics are available.
4. Such measures shall be applied for no longer than five years, except where a longer duration is

tímabil. Þær skulu falla úr gildi eigi síðar en við lok lengsta aðlögunartímabilsins.

5. Óheimilt er að gera slíkar ráðstafanir vegna tiltekinnar framleiðsluvöru ef lengri tími en þrjú ár er liðinn frá því að allir tollar voru felldir niður, einnig magntakmarkanir og gjöld og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif á framleiðsluvöruna.
6. Egyptaland skal tilkynna sameiginlegu nefndinni um allar sérstakar ráðstafanir sem það hyggst samþykkja og skal efna til samráðs um viðkomandi ráðstafanir og atvinnugreinar, að beiðni EFTA-ríkis, áður en þær koma til framkvæmda. Egyptaland skal, þegar það samþykkir fyrrnefndar ráðstafanir, afhenda sameiginlegu nefndinni áætlun um afnám tollanna sem lagðir eru á eða hækkaðir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Samkvæmt áætluninni skal afnema tollana í jöfnum árlegum áföngum og hefjast handa eigi síðar en í lok annars árs eftir að þeir eru lagðir á. Sameiginlega nefndin getur tekið ákvörðun um annars konar áætlun.
7. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera undantekningu og fallast á ráðstafanir, sem Egyptaland hefur þegar gripið til skv. 1. mgr., í allt að fjögur ár eftir að tólf ára aðlögunartímabilinu lýkur, til þess að taka megi tillit til erfiðleika samfara því að koma nýjum iðnaði á fót.

20. gr.

*Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur.*

1. Leiði beiting ákvæða 10. gr. til þess:
a) að framleiðsluvara verði flutt aftur út til þriðja lands og samningsaðilinn, sem flytur út, viðhaldi magntakmörkunum á útflutning, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum, sem hafa samsvarandi áhrif, gagnvart umræddri framleiðsluvöru eða
b) að alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á framleiðsluvöru sem er nauðsynleg fyrir samningsaðila sem flytur út,

og framangreindar aðstæður valda eða gætu valdið þeim samningsaðila sem flytur út miklum erfiðleikum er honum heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir sem mælt er fyrir um í 2. mgr.
2. Fela ber sameiginlegu nefndinni að rannsaka þá erfiðleika sem þær aðstæður, er um getur í 1. mgr., valda. Nefndin getur tekið nauðsynlegar ákvarðanir til þess að ráða bót á erfiðleikunum. Liggi ákvörðun ekki fyrir innan þrjátíu daga frá því að málinu var vísað til hennar er samningsaðilanum, sem flytur út, heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir vegna útflutnings viðkomandi vöru. Þessar ráðstafanir skulu vera án mismununar og skulu afnumdar þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

authorized by the Joint Committee. They shall cease to apply at the latest on expiry of the maximum transitional period.
5. Such measures may not be introduced for a given product if more than three years have elapsed since the abolition of all duties, quantitative restrictions and charges and measures having equivalent effect for the product concerned.
6. Egypt shall inform the Joint Committee of any exceptional measures it intends to adopt and, at the request of an EFTA State, consultations shall be held on the measures and sectors concerned before they are implemented. When adopting such measures, Egypt shall provide the Joint Committee with a schedule for the abolition of the customs duties introduced or increased pursuant to this Article. Such schedule shall provide for the phasing out of the duties concerned by equal annual instalments, starting no later than the end of the second year following their introduction. The Joint Committee may decide on a different schedule.
7. By way of derogation from the provisions of paragraph 4, the Joint Committee may exceptionally, in order to take into account the difficulties involved in setting up new industries, endorse the measures already taken by Egypt pursuant to paragraph 1 for a maximum period of four years beyond the twelve years transitional period

ARTICLE 20

***Re-export and serious shortage***

1. Where compliance with the provisions of Article 10 leads to:
(a) re-export to a third country against which the exporting Party maintains, for the product concerned, quantitative export restrictions, export duties or measures or charges having equivalent effect; or
(b) a serious shortage, or threat thereof, of a product essential to the exporting Party;

and where the situations referred to above give rise or are likely to give rise to major difficulties for the exporting Party, that Party may take appropriate measures laid down in paragraph 2.
2. The difficulties arising from the situations referred to in paragraph 1 shall be submitted for examination to the Joint Committee. The Committee may take any decision needed to put an end to the difficulties. If it has not taken such a decision within thirty days of the matter being referred to it, the exporting Party may apply appropriate measures on the exportation of the product concerned. The measures shall be non-discriminatory and be eliminated when conditions no longer justify their maintenance.

3. Þegar gera þarf ráðstafanir skal velja þá aðgerð sem veldur minnstri röskun á framkvæmd þessa samnings.
4. Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni með reglubundnum hætti um þær ráðstafanir sem eru gerðar með það fyrir augum að afnema þær um leið og aðstæður leyfa.

21. gr.
*Almennar undantekningar.*

Ekkert í þessum samningi kemur í veg fyrir bann við eða takmarkanir á innflutningi, útflutningi eða umflutningi vara sem réttlæta má á grundvelli almenns siðgæðis, allsherjarreglu eða almannaöryggis, verndunar lífs og heilsu manna, dýra eða plantna, verndunar þjóðarverðmæta, sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndar hugverka eða reglna sem gilda um gull og silfur eða verndunar óendurnýjanlegra náttúruauðlinda. Slíkt bann eða takmarkanir skulu þó ekki hafa í för með sér handahófskennda mismunun eða duldar hömlur í viðskiptum milli samningsaðilanna.

22. gr.
*Undantekningar af öryggisástæðum.*

Ekkert í samningi þessum kemur í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir:

a) sem hann telur nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að afhentar séu upplýsingar sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum hans,
b) í tengslum við framleiðslu á eða viðskipti með vopn, skotfæri eða hergögn eða í tengslum við rannsóknir, þróun eða framleiðslu, sem er nauðsynleg fyrir varnir, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir skerði ekki samkeppnisskilyrði vegna vara sem eru ekki beinlínis til hernaðar eða
c) sem hann telur nauðsynlegar vegna eigin öryggis, ef alvarlegt upplausnarástand ríkir innanlands, sem gerir honum erfitt um vik að halda uppi lögum og reglu, á stríðstímum eða þegar alvarlegrar spennu gætir í alþjóðamálum, sem getur leitt til stríðsátaka, eða í því skyni að fullnægja skyldum, sem hann hefur tekist á herðar til þess að varðveita frið og alþjóðaöryggi.

## III. KAFLI
## HUGVERKAVERND

23. gr.
*Hugverkavernd.*

1. Samningsaðilunum ber að gera ráðstafanir til að veita og tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttar án mismununar, þar með taldar ráð-

3. In the selection of measures, priority must be given to the action which least disturbs the functioning of this Agreement.
4. The measures taken shall be subject to periodic consultations within the Joint Committee with a view to their elimination as soon as circumstances permit.

ARTICLE 21
***General exceptions***

Nothing in this Agreement shall preclude prohibitions or restrictions on imports, exports or goods in transit justified on grounds of public morality, public policy or public security, of the protections of health and life of humans, animals or plants, of the protection of national treasures possessing artistic, historic or archaeological value, of the protection of intellectual property or of regulations concerning gold and silver or conservation of exhaustible natural resources. Such prohibitions or restrictions shall not, however, constitute a means of arbitrary discrimination or disguised restriction on trade between the Parties.

ARTICLE 22
***Security exceptions***

Nothing in this Agreement shall prevent a Party from taking any measures which:

(a) it considers necessary to prevent the disclosure of information contrary to its essential security interests;
(b) relate to the production of, or trade in, arms, munitions or war materials or to research, developments or productions indispensable for defence purposes, provided that such measures do not impair the conditions of competition in respect of products not intended for specifically military purposes; or
(c) it considers essential to its own security in the event of serious internal disturbances affecting the maintenance of law and order, in time of war or serious international tension constituting threat of war or in order to carry out obligations it has accepted for the purpose on maintaining peace and international security.

## CHAPTER III
## PROTECTION OF INTELLECTUAL PROPERTY

ARTICLE 23
***Protection of intellectual property***

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non–discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures

stafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, V. viðauka við þennan samning og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum" (TRIPS)).

2. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisákvæði 3. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum.

3. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, einkum 4. og 5. gr.

4. Samningsaðilarnir skulu endurskoða grein þessa reglulega og V. viðauka við samning þennan í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd þeirra og framtíðarþróun. Komi upp erfiðleikar á sviði hugverkaréttinda, sem hafa áhrif á skilyrði til að stunda viðskipti, skal efna til samráðs án tafar í því skyni að finna ásættanlega lausn fyrir alla aðila.

5. EFTA-ríkin skulu veita Egyptalandi tækni- og fjárhagsaðstoð, í samræmi við VII. kafla, til þess að auðvelda framkvæmd þessarar greinar og V. viðauka við samninginn.

## IV. KAFLI
## FJÁRFESTINGAR OG ÞJÓNUSTA

### 24. gr.
*Fjárfestingarskilyrði.*

1. Samningsaðilarnir skulu skapa stöðug, hagstæð og gagnsæ skilyrði fyrir fjárfesta hinna samningsaðilanna sem fjárfesta eða hyggjast fjárfesta á yfirráðasvæðum þeirra.

2. Fjárfestingar, sem fjárfestar samningsaðila stofna til á yfirráðasvæði annarra samningsaðila, skulu ávallt njóta fullrar verndar og öryggis og hljóta sanngjarna og réttláta meðferð að þjóðarétti.

3. Samningsaðilarnir skulu kanna þann kost að útvíkka gildissvið samnings þessa til þess að það megi ná yfir rétt félaga eins samningsaðila til staðfestu á yfirráðasvæði annars samningsaðila. Sameiginlega nefndin skal leggja fram tilmæli um að þessu markmiði verði náð.

### 25. gr.
*Efling fjárfestinga.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að stuðla að flæði fjárfestinga og tækni yfir

for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex V to this Agreement and the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as "the TRIPS Agreement").

2. The Parties shall accord to each others' nationals, treatment no less favourable than they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of Article 3 of the TRIPS Agreement.

3. The Parties shall accord to each others' nationals, treatment no less favourable than accorded to nationals of any other state. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.

4. The Parties shall regularly review this Article and Annex V to this Agreement with a view to their effective implementation and their future development. In the event that problems in the area of intellectual property rights affecting trading conditions arise, urgent consultations shall take place, with a view to reaching mutually satisfactory solutions.

5. With a view to facilitating the implementation of this Article and Annex V to this Agreement, the EFTA States shall grant technical and financial assistance to Egypt in accordance with Chapter VII.

## CHAPTER IV
## INVESTMENT AND SERVICES

### ARTICLE 24
***Investment conditions***

1. The Parties shall create stable, favourable and transparent conditions for investors of the other Parties that are making or seeking to make investments in their territories.

2. Investments of investors of a Party shall, in the territories of the other Parties, at all times be accorded fair and equitable treatment as well as protection and security, in accordance with international law.

3. The Parties shall consider extending the scope of this Agreement to include the right of establishment of companies of one Party in the territory of another Party. The Joint Committee shall make recommendations for achieving this objective.

### ARTICLE 25
***Investment promotion***

1. The Parties recognize the importance of promoting cross-border investment and technology

landamæri sem leiðar til aukins hagvaxtar og þróunar. Slík samvinna getur m.a. falist í því:

a) að finna viðeigandi leiðir til að finna fjárfestingatækifæri og miðla upplýsingum um fjárfestingareglur,
b) að veita upplýsingar um ráðstafanir samningsaðilanna til að ýta undir fjárfestingar erlendis (tækniaðstoð, fjárstuðning, fjárfestingatryggingar o.s.frv.),
c) að þróa lagaumhverfi sem stuðlar að auknu fjárfestingaflæði, m.a. með því að gera alþjóðasamninga og

d) að þróa fyrirkomulag sameiginlegra fjárfestinga, einkum meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

2. Samningsaðilarnir viðurkenna að ekki er við hæfi að hvetja til fjárfestinga með því að draga úr kröfum um heilbrigði og öryggi eða á sviði umhverfismála.

26. gr.
*Þjónustuviðskipti.*

1. Samningsaðilarnir árétta skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum Hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „samningurinn um þjónustuviðskipti"), einkum þá skuldbindingu að veita hver öðrum bestukjarameðferð í viðskiptum innan þjónustugeira sem fyrrnefndar skuldbindingar ná til.
2. Samkvæmt samningnum um þjónustuviðskipti gildir bestukjarameðferð ekki um:
a) ávinning sem samningsaðili veitir samkvæmt ákvæðum samnings, sbr. skilgreiningu í V. gr. samningsins um þjónustuviðskipti, eða í samræmi við ráðstafanir sem er komið á á grundvelli fyrrnefnds samnings eða
b) annars konar ávinning sem er veittur samkvæmt þeirri skrá um undanþágur vegna bestukjarameðferðar sem sérhver aðili að samningnum um þjónustuviðskipti bætir við sem viðauka.

27. gr.
*Staðfesturéttur og aukið frelsi í þjónustuviðskiptum.*

1. Samningsaðilarnir skulu kanna þann kost að útvíkka gildissvið þessa samnings til þess að það megi ná yfir rétt félaga eins samningsaðila til staðfestu á yfirráðasvæði annars samningsaðila og aukið frelsi á sviði þjónustuveitingar til þess að félög eins samningsaðila geti þjónað neytendum hjá öðrum samningsaðila.
2. Sameiginlega nefndin skal leggja fram nauðsynleg tilmæli til þess að þeim markmiðum, sem sett eru fram í 1. mgr., verði náð. Þegar sameiginlega nefndin

flows as a means for achieving economic growth and development. Co-operation in this respect may include:
(a) appropriate means of identifying investment opportunities and information channels on investment regulations;
(b) the provision of information on the Parties' measures to promote investment abroad (technical assistance, financial support, investment insurance, etc.);
(c) the furthering of a legal environment conducive to increased investment flows, including through the conclusion of bilateral agreements; and
(d) the development of mechanisms for joint investments, in particular with small and medium enterprises.
2. The Parties recognize that it is inappropriate to encourage investment by relaxing health, safety or environmental standards.

ARTICLE 26
***Trade in services***

1. The Parties reaffirm their respective commitments under the terms of the General Agreement on Trade in Services (hereinafter referred to as "the GATS") and in particular the commitment to accord each other most-favoured nation treatment (hereinafter referred to as "MFN") in trade in service sectors covered by these commitments.
2. In accordance with the GATS, this treatment shall not apply to:
(a) advantages accorded by any Party under the provisions of an agreement as defined in Article V of the GATS or under measures adopted on the basis of such an agreement; or

(b) other advantages accorded pursuant to the list of MFN exemptions annexed by any Party to the GATS.

ARTICLE 27
***Right of establishment and liberalisation of services***

1. The Parties shall consider extending the scope of this Agreement to include the right of establishment of companies of one Party in the territory of another Party and the liberalization of the supply of services by companies of one Party to service consumers in another Party.

2. The Joint Committee shall make the necessary recommendations for the implementation of the objectives set out in paragraph 1. When formulating

semur tilmælin skal hún taka mið af þeirri reynslu sem hefur verið aflað með framkvæmd bestukjarameðferðar sem samningsaðilarnir hafa veitt hver öðrum í samræmi við skuldbindingar hvers og eins samkvæmt samningnum um þjónustuviðskipti, einkum V. gr. hans.
3. Markmiðin, sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar, skulu vera viðfangsefni fyrstu rannsóknar sameiginlegu nefndarinnar síðustu fimm árin eftir að samningur þessi öðlast gildi.

these recommendations, the Joint Committee shall take into account the experience gained by the implementation of the MFN treatment granted to each other by the Parties in accordance with their respective obligations under the GATS, and in particular Article V thereof.
3. The objective set out in paragraph 1 of this Article shall be the subject of a first examination by the Joint Committee at the latest five years after the entry into force of this Agreement.

## V. KAFLI
## GREIÐSLUR OG FJÁRMAGNSFLUTNINGAR

28. gr.

*Greiðslur í yfirstandandi viðskiptum.*

Samningsaðilarnir skuldbinda sig, með fyrirvara um ákvæði 30. gr., til að heimila að allar greiðslur í yfirstandandi viðskiptum geti farið fram í auðskiptanlegum gjaldmiðli.

29. gr.

*Fjármagnsflutningar.*

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja að unnt sé að yfirfæra án takmarkana fjármagn, sem er notað til að fjárfesta í félögum sem eru stofnuð í samræmi við lög þeirra, ágóða af slíkum fjárfestingum og fjármagn sem eftir stendur við lok fjárfestinga.
2. Samningsaðilarnir skulu efna til samráðs í því skyni að greiða fyrir fjármagnsflutningum milli Egyptalands og EFTA-ríkjanna og ná fram fullkomnu frelsi í þeim, strax að öllum skilyrðum uppfylltum.

30. gr.

*Erfiðleikar í tengslum við greiðslujöfnuð.*

Eigi EFTA-ríki eða Egyptaland í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð, eða sé hætta á að slíkir erfiðleikar komi upp, getur hlutaðeigandi EFTA-ríki eða Egyptaland, eftir því sem við á og samkvæmt þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í GATT-samningnum frá 1994 og VIII. og XIV. gr. stofnsamþykktar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, gert takmarkandi ráðstafanir viðvíkjandi greiðslum vegna yfirstandandi viðskipta ef þær ráðstafanir eru bráðnauðsynlegar. Hlutaðeigandi EFTA-ríki eða Egyptaland, eftir því sem við á, skal tilkynna hinum samningsaðilunum þegar í stað um slíkar ráðstafanir og leggja fram, eins fljótt og unnt er, tímaáætlun um afnám þeirra.

## CHAPTER V
## PAYMENT AND CAPITAL MOVEMENT

ARTICLE 28

***Payments for current transactions***

Subject to the provisions of Article 30, the Parties undertake to allow all payments for current transactions to be made in a freely convertible currency.

ARTICLE 29

***Capital movements***

1. The Parties shall ensure that capital for investments made in companies formed in accordance with their laws, any returns stemming therefrom, and the amounts resulting from liquidations of investments shall be freely transferable.
2. The Parties shall hold consultations with a view to facilitating the movement of capital between Egypt and the EFTA States and achieve its complete liberalization as soon as conditions are met.

ARTICLE 30

***Balance of payments difficulties***

Where an EFTA State or Egypt is in serious balance of payments difficulties, or under threat thereof, the EFTA State concerned or Egypt respectively may, in conformity with the conditions laid down within the framework of the GATT 1994 and Articles VIII and XIV of the Statutes of the International Monetary Fund, take restrictive measures with regard to current payments if such measures are strictly necessary. The EFTA State concerned or Egypt, as appropriate, shall inform the other Parties immediately thereof and shall provide as soon as possible a timetable for the removal of such measures.

## VI. KAFLI
## SAMKEPPNI OG ÖNNUR EFNAHAGSMÁL

31. gr.

*Reglur um samkeppni fyrirtækja.*

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd þessa samnings að svo miklu leyti sem það hefur áhrif á viðskipti milli Egyptalands og EFTA-ríkis:

a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks og

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á yfirráðasvæðum samningsaðilanna í heild eða á verulegum hluta þeirra.

2. Sameiginlega nefndin skal, innan fimm ára frá gildistöku þessa samnings, samþykkja með ákvörðun nauðsynlegar reglur ákvæðum 1. mgr. til framkvæmdar.

3. Telji samningsaðili, þegar engum reglum, er um getur í 2. mgr., er fyrir að fara, að tiltekin framkvæmd fyrirtækis eða fyrirtækja annars samningsaðila samræmist ekki skilmálum 1. mgr. og skaði eða alvarleg hætta er á að slíkt skaði hagsmuni hans eða efnislega innlendan iðnað hans, þ.m.t. þjónustuiðnaður, er honum heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir að höfðu samráði við sameiginlegu nefndina eða að liðnum þrjátíu virkum dögum frá því að farið er fram á slíkt samráð.

4. Samningsaðilarnir skulu, þrátt fyrir ákvæði um hið gagnstæða sem eru samþykkt í samræmi við 2. mgr., skiptast á upplýsingum, að teknu tilliti til takmarkana, sem innlend lög um leynd mæla fyrir um, einkum reglur um þagnarskyldu og viðskiptaleynd.

32. gr.

*Opinber fyrirtæki.*

Að því er varðar opinber fyrirtæki og fyrirtæki, sem hafa fengið sérstök réttindi eða einkarétt, skal sameiginlega nefndin tryggja að frá fimmta ári að telja frá gildistöku þessa samnings sé engin ráðstöfun gerð eða viðhaldið ef hún raskar viðskiptum milli samningsaðilanna sem stríðir gegn hagsmunum þeirra. Ákvæði þetta skal ekki hindra, að lögum eða í reynd, framkvæmd sérstakra verkefna sem fyrrnefndum fyrirtækjum eru falin.

33. gr.

*Opinber innkaup.*

Samningsaðilarnir eru því sammála að auka frelsi í opinberum innkaupum í áföngum. Sameiginlega nefndin mun efna til samráðs um hvernig þessu markmiði verður náð.

## CHAPTER VI
## COMPETITION AND OTHER ECONOMIC MATTERS

ARTICLE 31

***Rules of competition concerning undertakings***

1. The following are incompatible with the proper functioning of this Agreement in so far as they may affect trade between Egypt and an EFTA State:

(a) all agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices between undertakings which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition; and

(b) abuse by one or more undertakings of a dominant position in the territories of the Parties as a whole or in a substantial part thereof.

2. The Joint Committee shall, within five years of the entry into force of this Agreement, adopt by decision the necessary rules for the implementation of paragraph 1.

3. If, in the absence of the rules referred to in paragraph 2, a Party considers that a particular practice by an undertaking or undertakings of another Party is incompatible with the terms of paragraph 1, and if such practice causes or threatens to cause serious prejudice to its interest or material injury to its domestic industry, including its service industry, it may take appropriate measures after consultation within the Joint Committee or after thirty working days following referral for such consultation.

4. Notwithstanding any provisions to the contrary adopted in conformity with paragraph 2, the Parties shall exchange information taking into account the limitations imposed by the requirements of their national secrecy laws, such as in particular rules concerning professional and business secrecy.

ARTICLE 32

***Public enterprises***

With regard to public enterprises and enterprises to which special or exclusive rights have been granted, the Joint Committee shall ensure that as from the fifth year following the date of entry into force of this Agreement there is neither enacted nor maintained any measure distorting trade between the Parties contrary to their interests. This provision should not obstruct the performance in law or in fact of the particular tasks assigned to theses enterprises.

ARTICLE 33

***Public procurement***

The Parties agree on the objective of a progressive liberalisation of public procurement. The Joint Committee will hold consultations on the implementation of this objective.

## VII. KAFLI
## TÆKNI- OG FJÁRHAGSAÐSTOÐ

34. gr.

*Markmið og gildissvið.*

1. EFTA-ríkin lýsa sig reiðubúin til að láta Egyptalandi í té tækni- og fjárhagsaðstoð, í samræmi við innlend stefnumið sín, í því skyni að:

a) greiða fyrir því að heildarmarkmiðum þessa samnings verði náð, einkum að fjölga viðskipta- og fjárfestingatækifærum sem leiðir af samningi þessum og
b) styðja þá viðleitni Egyptalands að ryðja braut sjálfbærrar efnahagslegrar og félagslegrar þróunar.

2. Með aðstoð skal leggja áherslu á þær atvinnugreinar sem aukið frelsi og endurskipulagning hagkerfis Egyptalands hafa áhrif á og á þær atvinnugreinar sem líklegt má telja að færi hagkerfi EFTA-ríkjanna og Egyptalands nær hvert öðru, einkum þær sem auka hagvöxt og bæta atvinnuástand.

35. gr.

*Aðferðir og leiðir.*

1. Aðstoð við Egyptaland skal vera tvíhliða eða veitt innan ramma áætlana Fríverslunarsamtaka Evrópu eða vera blanda af þessu tvennu.
2. Samningsaðilar skulu starfa saman að því markmiði að finna og nota bestu aðferðir og leiðir til að hrinda ákvæðum þessa kafla í framkvæmd, m.a. með því að taka mið af viðleitni viðkomandi alþjóðastofnana.
3. Samningsaðilar skulu og, í því skyni að ýta undir viðleitni til sjálfbærrar þróunar, eiga samstarf, með því að hrinda ákvæðum þessa kafla í framkvæmd, um aðferðir við og leiðir til að veita aðstoð, í þeim tilgangi að ná samstöðu um umhverfisþætti sem unnt yrði að taka tillit til.
4. Aðstoð getur m.a. falist í:
a) upplýsingaskiptum, miðlun sérþekkingar og þjálfun,
b) styrkjum, forgangslánum, þróunarsjóðum eða annarri fjárhagsaðstoð,
c) sameiginlegum aðgerðum, t.d. málþingum og málstofum og
d) aðstoð á sviði tækni og stjórnsýslu.

36. gr.

*Svið samvinnu.*

Aðstoð getur náð til sviða, sem samningsaðilarnir hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu um að geti aukið getu Egyptalands til að njóta ávinnings af auknum viðskiptum og fjárfestingum á alþjóðavettvangi, einkum má nefna:

## CHAPTER VII
## TECHNICAL AND FINANCIAL ASSISTANCE

ARTICLE 34

***Objectives and scope***

1. The EFTA States declare their readiness to provide technical and financial assistance to Egypt, in accordance with their national policy objectives, in order to:
(a) facilitate the implementation of the overall objectives of this Agreement, in particular to enhance trading and investment opportunities arising from this Agreement; and
(b) support Egypt's own efforts to achieve sustainable economic and social development.

2. Assistance shall focus on sectors affected by the process of liberalisation and restructuring of the Egyptian economy as well as on sectors likely to bring the economies of the EFTA States and Egypt closer together, particularly those generating growth and employment.

ARTICLE 35

***Methods and means***

1. Assistance to Egypt shall be provided bilaterally or through EFTA programmes or a combination of the two.
2. Parties shall co-operate with the objective of identifying and employing the most effective methods and means for the implementation of this Chapter, including by taking into consideration efforts of relevant international organisations.
3. With a view to fostering sustainable development efforts, Parties shall also cooperate, through the implementation of this Chapter, on methods and means of assistance, to agree on environmental aspects that could be taken into consideration.

4. Means of assistance may include:
(a) exchange of information, transfer of expertise and training;
(b) grants, preferential loans, development funds or other financial means;
(c) implementation of joint actions such as seminars and workshops; and
(d) technical and administrative assistance.

ARTICLE 36

***Fields of co-operation***

Assistance may cover any field jointly identified by the Parties that may serve to enhance Egypt's capacities to benefit from increased international trade and investment, including in particular:

a) það að efla og greiða fyrir viðskiptum og auka tækifæri til markaðssóknar,
b) tolla- og upprunamál,
c) fiskveiðar og eldi og ræktun í sjó og vatni,
d) tæknireglur og ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigði dýra og plantna, þ.m.t. stöðlun og vottun,
e) hagskýrslugerð um verslun og fjárfestingar,
f) aðstoð við reglusetningu og framkvæmd laga á sviðum á borð við hugverk og opinber innkaup og
g) staðbundna fyrirtækjaþróun.

(a) trade promotion, trade facilitation, and promotion of market opportunities;
(b) customs and origin matters;
(c) fish and aquaculture;
(d) technical regulations and sanitary and phytosanitary measures, including standardisation and certification;
(e) trade and investment statistics;
(f) regulatory assistance and implementation of laws in areas such as intellectual property and public procurement; and
(g) local enterprise development.

## VIII. KAFLI
## STOFNANAÁKVÆÐI OG MÁLSMEÐFERÐARÁKVÆÐI

### 37. gr.
*Sameiginlega nefndin.*

1. Sameiginleg nefnd, sem hér með er komið á fót, skal hafa umsjón með og annast framkvæmd þessa samnings. Þar til bært yfirvald sérhvers samningsaðila skal vera fulltrúi hans í sameiginlegu nefndinni.

2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsaðilarnir skiptast á upplýsingum og, að beiðni samningsaðila, efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni. Sameiginlega nefndin skal kanna reglulega möguleikann á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Egyptalands.
3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í þessum samningi. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.
4. Sameiginlega nefndin kemur saman að beiðni samningsaðila þegar nauðsyn ber til og eigi sjaldnar en annað hvert ár.

### 38. gr.
*Störf sameiginlegu nefndarinnar.*

1. Ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar skulu samþykktar samhljóða.
2. Hafi fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að stjórnskipuleg skilyrði verði uppfyllt skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, ef ekki er kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.
3. Nefndin setur sér starfsreglur að því er samning þennan varðar.
4. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á sér til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

## CHAPTER VIII
## INSTITUTIONAL AND PROCEDURAL PROVISIONS

### ARTICLE 37
***The Joint Committee***

1. The implementation of this Agreement shall be supervised and administered by a Joint Committee, which is hereby established. Each Party shall be represented in the Joint Committee by its competent authority.
2. For the purpose of the proper implementation of this Agreement, the Parties shall exchange information and, at the request of any Party, shall hold consultations within the Joint Committee. The Joint Committee shall keep under review the possibility of further removal of the obstacles to trade between the EFTA States and Egypt.
3. The Joint Committee may take decisions in the cases provided for in this Agreement. On other matters the Joint Committee may make recommendations.
4. The Joint Committee shall meet upon request of any Party whenever necessary, but at least every two years.

### ARTICLE 38
***Procedures of the Joint Committee***

1. The Joint Committee shall act by common agreement.
2. If a representative of a Party in the Joint Committee has accepted a decision subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force, if no later date is contained therein, on the date the lifting of the reservation is notified.
3. For the purpose of this Agreement the Joint Committee shall adopt its rules of procedure.
4. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working parties, as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks.

39. gr.

*Uppfylling skuldbindinga og samráð.*

1. Samningsaðilarnir skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið þessa samnings náist og til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Komi í ljós að túlkun og beiting þessa samnings er með mismunandi hætti skulu samningsaðilarnir, á grundvelli samvinnu og samráðs, gera sitt ýtrasta til að finna lausn sem þeir geta sætt sig við.
2. Samningsaðili getur, með skriflegum hætti, farið fram á samráð við annan samningsaðila um ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar eða önnur málefni sem hann telur að geti haft áhrif á rekstur þessa samnings. Samningsaðili, sem fer fram á samráð, skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það og veita allar viðeigandi upplýsingar.
3. Samráð skal fara fram í sameiginlegu nefndinni ef einhver samningsaðilanna fer fram á það innan tíu daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem um getur í 2. mgr., með það í huga að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við.

ARTICLE 39

***Fulfilment of obligations and consultations***

1. The Parties shall take all necessary measures to ensure the achievement of the objectives and the fulfilment of their obligations under this Agreement. Should any divergence with respect to the interpretation and application of this Agreement arise, the Parties shall make every effort through co-operation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution.
2. Any Party may request in writing consultations with another Party regarding any actual or proposed measure or any other matter that it considers might affect the operation of this Agreement. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof and supply all relevant information.

3. The consultations shall take place in the Joint Committee if any of the Parties so request within ten days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, with a view to finding a commonly acceptable solution.

40. gr.

*Bráðabirgðaráðstafanir til að koma jafnvægi á að nýju.*

1. Telji aðili að samningi þessum að annar samningsaðili hafi ekki uppfyllt skuldbindingu samkvæmt samningi þessum og hafi sameiginlega nefndin ekki fundið lausn innan þriggja mánaða sem aðilar geta sætt sig við er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera bráðnauðsynlegar og viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að jafnvægi komist á að nýju. Gera skal þær ráðstafanir helst sem valda sem minnstri röskun á framkvæmd samnings þessa. Tilkynna ber samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um ráðstafanirnar sem gerðar hafa verið og skal nefndin halda reglulega samráðsfundi í því skyni að afnema þær. Ráðstöfunum skal hætt þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur eða, ef deilan er lögð í gerð, þegar úrskurður gerðardóms liggur fyrir og honum hefur verið framfylgt.

2. Samningsaðila er heimilt er að grípa til ráðstafana skv. 1. mgr., án undangengins samráðs í sameiginlegu nefndinni, brjóti annar samningsaðili gegn ákvæðum samnings þessa. Í efnislegu broti felst að neita að efna samning þennan, sem ekki er viðurkennt samkvæmt almennum reglum þjóðaréttar, eða alvarlegt brot á grundvallarreglu samnings þessa sem samráð er ólíklegt til að hafa áhrif á auk þess sem töf ógnar verulega markmiðum samningsins.

ARTICLE 40

***Provisional re-balancing measures***

1. If any Party to this Agreement considers that another Party has failed to fulfil an obligation under this Agreement and the Joint Committee has failed to arrive at a commonly acceptable solution within three months, the Party concerned may take such provisional re-balancing measures as are appropriate and strictly necessary to remedy the imbalance. Priority shall be given to such measures as will least disturb the functioning of this Agreement. The measures taken shall be notified immediately to the Parties and to the Joint Committee, which shall hold regular consultations with a view to their abolition. The measures shall be abolished when conditions no longer justify their maintenance, or, if the dispute is submitted to arbitration, when an arbitral award has been rendered and complied with.
2. Measures according to paragraph 1 may be taken without prior consultations in the Joint Committee in cases of a material breach of this Agreement by another Party. A material breach shall consist of the repudiation of this Agreement not sanctioned by the general rules of international law or a grave violation of an essential element of this Agreement, creating an environment not conducive for consultations or where a delay would be detrimental to the objectives of this Agreement.

41. gr.
*Gerðardómsmeðferð.*

1. Deiluaðila er heimilt, með skriflegri tilkynningu til hins deiluaðilans, að leggja deilur í gerð, sem lúta að túlkun á réttindum og skyldum samkvæmt þessum samningi, í beinum viðræðum eða innan sameiginlegu nefndarinnar innan 90 daga frá viðtökudegi skriflegrar beiðni um samráð. Senda ber Egyptalandi eða aðalskrifstofu EFTA, eftir atvikum, eintak af fyrrnefndri tilkynningu. Ef fleiri samningsaðilar en einn deila við einn og sama samningsaðila um sama úrlausnarefni og fara fram á að deilan verði lögð í gerð skal koma á fót einum gerðardómi til að taka slík deilumál fyrir sé þess kostur.

2. Fjallað er um stofnun og starfsemi gerðardómsins í VI. viðauka. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

## IX. KAFLI
## LOKAÁKVÆÐI

42. gr.
*Þróunarákvæði.*

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að endurskoða þennan samning í ljósi alþjóðlegrar þróunar efnahagsmála, m.a. á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, og kanna, í þessu samhengi og í ljósi þeirra þátta sem máli skipta, þann kost að þróa enn frekar og styrkja þá samvinnu sem þessi samningur fjallar um og færa hana út til sviða sem hann tekur ekki til. Samningsaðilarnir geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna þennan kost og leggja fyrir þá tillögur, þegar það á við, einkum með það fyrir augum að hefja samningsviðræður.

2. Samningar, sem grundvallast á þeirri málsmeðferð sem um getur í 1. mgr., eru með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki samningsaðila eins og gert er ráð fyrir í málsmeðferðarreglum þeirra.

43. gr.
*Viðaukar og bókanir.*

Viðaukar og bókanir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að gera breytingar á viðaukunum og bókununum.

44. gr.
*Breytingar.*

Senda ber samningsaðilunum breytingar á samningi þessum, aðrar en þær sem um getur í 43. gr. og sameiginlega nefndin samþykkir, til fullgildingar eða staðfestingar og skulu þær öðlast gildi fyrsta dag

ARTICLE 41
***Arbitration***

1. Disputes between the Parties, relating to the interpretation of rights and obligations under this Agreement, which have not been settled through direct consultations or in the Joint Committee within 90 days from the date of the receipt of the request for consultations, may be referred to arbitration by any Party to the dispute by means of a written notification addressed to the other Party to the dispute. A copy of this notification shall be communicated to Egypt or the EFTA Secretariat, as the case may be. Where more than one Party requests the submission to an arbitral tribunal of a dispute with the same Party relating to the same question a single arbitral tribunal should be established to consider such disputes whenever feasible.

2. The constitution and functioning of the arbitral tribunal shall be governed by Annex VI. The award of the arbitral tribunal shall be final and binding upon the Parties to the dispute.

## CHAPTER VIII
## FINAL PROVISIONS

ARTICLE 42
***Evolutionary clause***

1. The Parties undertake to review this Agreement in light of international economic developments, i.a. in the framework of the WTO, and to examine in this context and in the light of any relevant factor, the possibility of further developing and deepening the co-operation under this Agreement and to extend it to areas not covered therein. The Parties may instruct the Joint Committee to examine this possibility and, where appropriate, to make recommendations to them, particularly with a view to opening up negotiations.

2. Agreements resulting from the procedure referred to in paragraph 1 will be subject to ratification or approval by the Parties in accordance with their own procedures.

ARTICLE 43
***Annexes and Protocols***

The Annexes and Protocols to this Agreement are an integral part of it. The Joint Committee may decide to amend the Annexes and Protocols.

ARTICLE 44
***Amendments***

Amendments to this Agreement other than those referred to in Article 43 which are approved by the Joint Committee shall be submitted to the Parties for ratification or acceptance and shall enter into

þriðja mánaðar eftir að síðasta skjal um fullgildingu eða staðfestingu hefur verið afhent til vörslu.

45. gr.
*Tollabandalög, fríverslunarsvæði, landamæraviðskipti og aðrir fríðindasamningar.*

Samningur þessi skal ekki koma í veg fyrir að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum, samningum um landamæraviðskipti og öðrum fríðindasamningum verði haldið við eða til þeirra stofnað, svo fremi þau breyti ekki því viðskiptafyrirkomulagi sem kveðið er á um í samningi þessum.

46. gr.
*Aðild.*

1. Sérhvert nýtt aðildarríki að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi sameiginlega nefndin ákveði að samþykkja aðild þess með þeim kjörum og skilyrðum sem inngönguríkið og aðilar að samningi þessum munu semja um sín á milli.
2. Að því er varðar inngönguríki skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjal þess hefur verið afhent til vörslu.

47. gr.
*Uppsögn og gildislok samningsins.*

1. Sérhver samningsaðili getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu þar um. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar hinir samningsaðilarnir hafa veitt tilkynningunni viðtöku.
2. Segi Egyptaland samningi þessum upp fellur hann úr gildi þegar uppsagnarfrestur er liðinn og segi öll EFTA-ríkin samningnum upp fellur hann úr gildi við lok síðasta uppsagnarfrests.
3. Ef EFTA-ríki segir upp samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum niður sama dag og uppsögnin tekur gildi.

4. Ef eitthvert EFTA-ríki segir upp samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi þessum skulu aðrir samningsaðilar kallaðir til fundar til að ræða framhald þessa samnings.

48. gr.
*Tengsl við tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir.*

1. Tvíhliða samningar um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli EFTA-ríkjanna og Egyptalands, sem um getur í III. viðauka, öðlast gildi sama dag og

force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification or acceptance.

ARTICLE 45
***Customs unions, free trade areas, frontier trade and other preferential agreements***

This Agreement shall not prevent the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas, arrangements for frontier trade and other preferential agreements, except insofar as they alter the trade arrangements provided for in this Agreement.

ARTICLE 46
***Accession***

1. Any new Member State of the European Free Trade Association may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, on terms and conditions to be negotiated between the acceding State and the Parties to this Agreement.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the exchange of its instrument of accession.

ARTICLE 47
***Withdrawal and expiration***

1. Each Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification has been received by the other Parties.
2. If Egypt withdraws, this Agreement shall expire at the end of the notice period, and if all EFTA States withdraw it shall expire at the end of the latest notice period.
3. Any EFTA State which withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association shall *ipso facto* on the same day as the withdrawal takes effect cease to be a Party to this Agreement.
4. If any EFTA State withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association or from this Agreement, a meeting of the remaining Parties shall be convened to discuss the issue of the continued existence of this Agreement.

ARTICLE 48
***Relation to the bilateral arrangements on trade in agricultural products***

1. The bilateral arrangements on trade in agricultural goods between the EFTA States and Egypt referred to in Annex III shall enter into force on the

samningur þessi öðlast gildi gagnvart hlutaðeigandi EFTA-ríki og Egyptalandi. Slíkir tvíhliða samningar um viðskipti með landbúnaðarafurðir gilda eins lengi og samningsaðilar að því eru aðilar að samningi þessum.
2. Ef EFTA-ríki eða Egyptaland segir upp þeim tvíhliða samningi um viðskipti með landbúnaðarafurðir sem þau hafa gert með sér fellur samningur þessi úr gildi milli fyrrnefnds EFTA-ríkis og Egyptalands sama dag og uppsögn tvíhliða samningsins tekur gildi.

49. gr.
*Gildistaka.*

1. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart þeim undirritunarríkjum sem hafa fullgilt samninginn fyrsta dag annars mánaðar frá því að þau skiptast á skjölum sínum um fullgildingu eða staðfestingu, að því tilskildu að Egyptaland sé eitt þeirra ríkja sem hafa afhent skjöl sín um fullgildingu eða staðfestingu til vörslu.
2. Undirritunarríki getur, ef stjórnskipuleg skilyrði heimila það, beitt ákvæðum samnings þessa til bráðabirgða til að byrja með, að því tilskildu að Egyptaland hafi fullgilt samninginn. Tilkynna ber öðrum undirritunarríkjum um beitingu ákvæða samnings þessa til bráðabirgða.

50. gr.
*Vörsluaðili.*

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili fyrir EFTA-ríkin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Davos 27. janúar 2007 í tveimur frumeintökum á arabísku og ensku og eru báðir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun samnings þessa skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands
.....

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins
.....

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs
.....

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss
.....

Fyrir hönd Arabíska lýðveldisins Egyptalands
.....

date on which this Agreement enters into force for the EFTA State concerned and Egypt. Such bilateral arrangements on trade in agricultural goods shall remain in force as long as the Parties to it remain Parties to this Agreement.
2. If an EFTA State or Egypt withdraws from the bilateral arrangement on trade in agricultural products concluded between them, this Agreement shall terminate between that EFTA State and Egypt on the same date as the withdrawal from the arrangement becomes effective.

ARTICLE 49
***Entry into force***

1. This Agreement shall enter into force in relation to those Signatory States which have ratified the Agreement on the first day of the second month following the exchange of their instruments of ratification or acceptance, provided that Egypt is among the States that have deposited their instruments of ratification or acceptance.
2. A Signatory State may, if constitutional requirements allow, apply this Agreement provisionally during an initial phase, provided that Egypt has ratified the Agreement. Provisional application of the Agreement shall be notified to the other Signatory States.

ARTICLE 50
***Depositary***

The Government of Norway shall act as Depositary for the EFTA States.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Davos, this 27th day of January 2007 in two originals in the Arabic and English languages, both being equally authentic. In case of any divergence in the interpretation of this Agreement, the English text shall prevail.

For the Republic of Iceland
.....

For the Principality of Liechtenstein
.....

For the Kingdom of Norway
.....

For the Swiss Confederation
.....

For the Arab Republic of Egypt
.....

# 1068. Frumvarp til laga [685. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Á eftir orðinu „þjónustu“ í B-lið 7. gr. laganna kemur: tekjur af sölu veltuverðbréfa.

2. gr.

5. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þá fjárhæð sem félög, er falla undir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr., skulu á grundvelli 18. gr. færa sér til tekna sem hagnað af sölu hlutabréfa. Skilyrði er að seljandi hafi átt hin seldu hlutabréf í a.m.k. eitt ár og að þau teljist ekki til veltuhlutabréfa, þ.e. hlutabréfa sem keypt eru til endursölu í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsverði þeirra. Sömu heimild hafa félög í sömu félagaformum sem skylt er að greiða skatt skv. 4. og 7. tölul. 3. gr. af sölu hlutabréfa og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ákvæði þessa töluliðar tekur einnig til skattskylds hagnaðar af sölu hlutabréfa í félögum sem skráð eru erlendis ef seljandi sýnir fram á að hagnaður af starfsemi hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér landi, með eigi lægra skatthlutfalli en gildir í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) eða aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2008.

Ákvæði 5. mgr. 18. gr. skulu halda gildi sínu um hagnað af sölu hlutabréfa sem féll til fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á reglum um skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum. Í fyrsta lagi er lagt til að heimild til frestunar á skattlagningu slíks söluhagnaðar verði felld brott. Í öðru lagi er lagt til að félögum í tilteknum formum verði heimilað að draga frá skattskyldum tekjum þá fjárhæð sem söluhagnaðinum nemur að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í þriðja lagi er lagt til að skotið verði styrkum stoðum undir gildandi framkvæmd skattlagningar viðskipta með hlutabréf sem keypt eru í þeim tilgangi að selja aftur og hagnast á skammtímaverðbreytingum.

Samkvæmt núgildandi ákvæði 5. mgr. 18. gr. laganna geta lögaðilar, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, og einstaklingar í atvinnurekstri farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa, þar á meðal skiptum á hlutabréfum, um tvenn áramót frá söludegi. Tekið er fram að kaupi slíkur aðili önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar á kaupverði þeirra bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Ef hlutabréf eru

ekki keypt innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn til skattskyldra tekna á öðru ári frá því að hann myndaðist. Þannig er unnt að fresta skattlagningunni um tvö ár. Á frestunartímabili getur félag endurfjárfest í nýjum hlutabréfum og lækkað stofnverð þeirra um fjárhæð söluhagnaðarins. Frestaða fjárhæðin kemur þannig hugsanlega fram í auknum söluhagnaði þegar nýju hlutabréfin verða seld. Þannig getur frestun og lækkun stofnverðs gengið koll af kolli. Alla jafnan kemur því ekki til þess að lögaðilar greiði skatt af söluhagnaði hlutabréfa. Það má því segja að skattlagning komi í reynd fyrst til þegar arður er greiddur til endanlegra hlutafjáreigenda, þ.e. viðkomandi einstaklinga. Gildandi heimild til frestunar gildir þó ekki þegar um er að ræða veltuhlutabréf.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu háa fjárhæð félög greiða í skatt af söluhagnaði hér á landi þar sem söluhagnaður er talinn fram með öðrum tekjum á skattframtali. Það leiðir til þess að ekki er unnt að átta sig á hversu stór hluti teknanna er vegna hagnaðar af sölu hlutabréfa. Hins vegar liggja fyrir upplýsingar um fjárhæð frestaðs söluhagnaðar lögaðila vegna söluhagnaðar af hlutabréfum. Í upplýsingum úr skattframtölum lögaðila kemur fram að á tekjuárinu 2001 hafi frestaður söluhagnaður verið að fjárhæð 7.248 millj. kr., á tekjuárinu 2002 að fjárhæð 18.212 millj. kr., á tekjuárinu 2003 að fjárhæð 30.774 millj. kr., á tekjuárinu 2004 að fjárhæð 61.946 millj. kr. og á tekjuárinu 2005 að fjárhæð 165.705 millj. kr.

Mörg íslensk félög hafa flutt eignarhald á hlutabréfum til ríkja sem ekki skattleggja söluhagnað. Til að sporna við slíkri tilfærslu fjármuna úr landi er lagt til að farið verði með skattlagningu söluhagnaðar með líkum hætti og gerist í þeim ríkjum, svo sem í Noregi, Svíþjóð og Hollandi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimild til frestunar tekjufærslu hagnaðar af sölu hlutabréfa verði felld brott bæði hjá félögum og einstaklingum í atvinnurekstri, en félögum verði heimilaður frádráttur á móti hagnaði af sölu hlutabréfa sem þau hafa átt í a.m.k. eitt ár, enda teljist hlutabréfin ekki til veltuhlutabréfa, þ.e. hlutabréfa sem keypt hafa verið til endursölu í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsverði þeirra, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt kemur ekki til frádráttar söluhagnaðar frá skattskyldum tekjum og söluhagnaðurinn skattleggst eins og aðrar skattskyldar tekjur. Frádráttarheimildin tekur til félaga sem skráð eru hér á landi og félaga sem bera hér takmarkaða skattskyldu og eru heimilisföst á EES-svæðinu. Félög sem eru með takmarkaða skattskyldu á Íslandi en eru heimilisföst utan EES skulu áfram greiða hér á landi 15% tekjuskatt, eða lægra hlutfall hafi um það verið samið í tvísköttunarsamningi.

Þegar íslensk félög hafa söluhagnað af hlutabréfum í erlendum félögum er það gert að skilyrði að hið erlenda félag hafi sætt sambærilegri skattlagningu af starfsemi sinni og gildir hér á landi. Jafnframt er gert að skilyrði að skatthlutfall hafi ekki verið lægra en almennt gildir í einhverju aðildarríkja OECD eða EES. Ef skilyrðum þessum er ekki fullnægt kemur ekki til frádráttar söluhagnaðar frá skattskyldum tekjum og söluhagnaðurinn skattleggst eins og aðrar skattskyldar tekjur.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í löggjöf og skattframkvæmd er gerður greinarmunur á því hvort hlutabréf hafi verið keypt í skyni fjárfestingar eða til endursölu innan skamms tíma, á sama hátt og almennt er gerður greinarmunur á fjárfestingareignum og veltufjármunum. Með þessu er átt við að þegar tekjur af kaupum og endursölu er þáttur í reglubundinni starfsemi þá verður ekki

farið með þær tekjur samkvæmt ákvæðum um söluhagnað eigna, hvort heldur seldar eru vörur, fasteignir eða hlutabréf. Með greininni er ætlunin að hnykkja á að viðskipti með veltuverðbréf, þ.e. hlutabréf og önnur verðbréf, sem keypt eru til endursölu í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsverði þeirra lúti almennum reglum um skattlagningu tekna af reglubundinni starfsemi.

Á síðustu árum hafa hlutabréf sem og önnur verðbréf verið keypt í vaxandi mæli í þeim tilgangi að endurselja þau með hagnaði innan skamms tíma. Í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, sbr. reglugerð nr. 696/1996, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, er kveðið á um að eignum skuli skipt í fastafjármuni og veltufjármuni. Fastafjármunir geta verið óefnislegar eignir, varanlegir rekstrarfjármunir, áhættufjármunir og langtímakröfur. Veltufjármunir geta verið handbært fé, vörubirgðir, skammtímakröfur og verðbréf, þ.m.t. hlutabréf. Samkvæmt reglum nr. 834/2003, um reikningsskil lánastofnana, ber lánastofnunum að skipta verðbréfum, þ.m.t. hlutabréfum, annars vegar í fjárfestingarverðbréf sem ákvörðun hefur verið tekin um með formlegum hætti að eiga til lengri tíma en eins árs og hins vegar veltuverðbréf sem ekki er aflað til varanlegrar eignar í rekstri. Í skattframkvæmd hefur verið litið svo á að heimild til frestunar á söluhagnaði nái ekki til sölu á hlutabréfum sem teljast til veltuverðbréfa.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott heimild lögaðila og manna í atvinnurekstri til að fresta tekjufærslu hagnaðar af sölu hlutabréfa um tvenn áramót og til lækkunar kaupverðs keyptra hlutabréfa, sem innan þess tíma eru keypt í stað hinna seldu, um fjárhæð sem söluhagnaðinum nemur. Með þeirri breytingu sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins bresta meginforsendur fyrir ákvæði þessu.

Um 3. gr.

Lagt er til að heimilaður verði frádráttur hagnaðar af sölu hlutabréfa sambærilegur frádrætti vegna móttekins arðs skv. 9. tölul. 31. gr. laganna og sætti þá ágóði af slíkri sölu ekki skattlagningu fyrr en í hendi þeirra manna sem arðsúthlutunar njóta að lokum.

Heimildinni er ætlað að taka til félaga í tilteknum félagaformum, þ.e. hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga, gagnkvæmra vátryggingar- og ábyrgðarfélaga, kaupfélaga og annarra samvinnufélaga og samvinnufélagasambanda, hvort heldur félög þessi bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi eða takmarkaða skattskyldu og eru með heimilisfesti á EES-svæðinu.

Heimildinni er ætlað að taka til félaga í framangreindum félagaformum sem bera hér á landi ótakmarkaða skattskyldu og jafnframt til þeirra félaga sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu og heimilisföst eru á EES-svæðinu.

Heimildinni er ekki ætlað að taka til félaga sem eru heimilisföst utan EES og sætir því hagnaður þeirra af sölu íslenskra hlutabréfa áfram 15% tekjuskatti hér á landi, eða lægra hlutfalli hafi um það verið samið í tvísköttunarsamningi.

Það er skilyrði frádráttar að seljandi hafi átt hlutabréfin í a.m.k. eitt ár og að þau teljist ekki til veltuhlutabréfa, þ.e. hlutabréfa sem keypt eru til endursölu í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsverði þeirra. Eins árs eignarhaldstími er í samræmi við almennan skilsmun fjárfestingarverðbréfa og veltuverðbréfa sem endurspeglast í 1. gr. frumvarps þessa og athugasemdum við hana.

Frádráttarheimildin tekur til skattskylds hagnaðar af sölu hlutabréfa í félögum óháð heimilisfesti þeirra. Ef um er að ræða sölu hlutabréfa í félagi sem heimilisfast er utan Íslands er gert að skilyrði að félagið hafi sætt sambærilegri skattlagningu af starfsemi sinni og gildir hér á landi. Jafnframt er gert að skilyrði að skatthlutfall hafi ekki verið lægra en almennt gildir í einhverju aðildarríkja OECD eða EES.

Um 4. gr.

Lagt er til að lög þessi öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu á árinu 2008.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir að þeir sem hafa selt hlutabréf með hagnaði fyrir gildistöku laga þessara hafi annaðhvort tekjufært söluhagnaðinn eða nýti sér rétt til að færa niður kaupverð nýrra hlutabréfa innan tímamarka gildandi ákvæðis 5. mgr. 18. gr.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.**

Í frumvarpinu er lagt til að heimild til frestunar skattlagningar á söluhagnaði af hlutabréfum verði afnumin en að rekstraraðilum verði á hinn bóginn heimilt að draga frá skattskyldum söluhagnaði þá fjárhæð sem söluhagnaðinum nemur að uppfylltum tilteknum skilyrðum, svo sem að hafa átt bréfin í a.m.k. eitt ár. Þá er í frumvarpinu ákvæði sem miðar að aukinni skilvirkni í skattlagningu á viðskipti með hlutabréf sem keypt eru til þess að hagnast á skammtímaverðbreytingum á verðbréfamarkaði. Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að fresta tekjufærslu af slíkum söluhagnaði um tvenn áramót frá söludegi og að kaup á öðrum hlutabréfum í stað hinna seldu innan þess tíma komi til lækkunar á kaupverði þeirra bréfa. Þannig geta frestun skattlagningar á söluhagnað og endurfjárfesting hans í nýjum hlutabréfum gengið koll af kolli og í reynd kemur því alla jafna ekki til þessarar skattlagningar. Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum lögaðila hefur frestaður söluhagnaður vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum og var orðinn um 165,7 milljarðar króna á tekjuárinu 2005. Mörg íslensk félög hafa flutt eignarhald á hlutabréfum til ríkja sem ekki skattleggja söluhagnað og er frumvarpinu ætlað að sporna við þeirri þróun með því að söluhagnaðurinn verði í reynd ekki skattskyldur. Viðhlítandi upplýsingar um tekjur ríkissjóðs af skattlagningu söluhagnaðar lögaðila af hlutabréfum liggja ekki fyrir en ástæða er til að ætla að þær hafi verið hverfandi og að þessi breyting á lögunum hafi því lítil áhrif á tekjurnar. Verði frumvarpið samþykkt leiðir það til nokkurrar einföldunar á skattframkvæmdinni en ekki er talið að það hafi umtalsverð áhrif á kostnað skattyfirvalda.

# 1069. Frumvarp til laga [686. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Orðin „metangas eða“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VII í lögunum falla brott.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Bifreiðar sem gjaldskyldar eru skv. 3. gr. laganna og búnar eru vélum og öðrum búnaði sem miðast við að bifreið nýti metangas að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu skulu vera undanþegnar vörugjaldi samkvæmt lögum þessum til 31. desember 2008.

Tilgreina skal í ökutækjaskrá ef vörugjald hefur verið fellt niður skv. 1. mgr. svo og stærð eldsneytisgeyma.

Óheimilt er að breyta bifreiðum skv. 1. mgr. með brottnámi metangasbúnaðar eða með breytingum á eldsneytisgeymum.

Ef brotið er gegn 3. mgr. skal skráður eigandi bifreiðar, sem notið hefur niðurfellingar vörugjalds skv. 1. mgr., greiða til tollstjóra fullt vörugjald skv. 3. gr. ásamt 50% álagi.

Tollstjórar hafa eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis og geta gert þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að kanna hvort gerðar hafi verið breytingar á bifreið andstætt 3. mgr., þar á meðal að skoða eldsneytisgeyma og vél ökutækis.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilgreiningu á því hvaða skilyrði vél bifreiðar og búnaður að öðru leyti þarf að uppfylla til þess að bifreið teljist nýta metangas að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu skv. 1. mgr., um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um undanþágu á grundvelli þess ákvæðis og um eftirlitið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á vörugjaldi af bifreiðum sem nýta metangas að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu. Er lagt til að umræddar bifreiðar verði undanþegnar vörugjaldi tímabundið til ársloka 2008. Það er til samræmis við gildistíma tímabundinna undanþágna vörugjalda af vetnis- og rafmagnsbifreiðum samkvæmt núgildandi lögum. Gert er ráð fyrir að fyrir árslok 2008 verði mótuð heildarstefna um skattlagningu bifreiða sem nýta umhverfisvæna orkugjafa.

Í nýsamþykktri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er kveðið á um að grípa skuli strax til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ein helsta leiðin til þess er að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum.

Flestir bifreiðaframleiðendur bjóða eina eða fleiri tegundir metangasbifreiða. Í þeim eru venjulega vélar sem geta bæði brennt bensíni og metani en jafnframt eru fáanlegar bif-

reiðar sem eingöngu ganga fyrir metani. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að gera metangasbifreiðar ákjósanlegri kost en nú er við val á bifreið.

Hauggasi hefur á undanförnum árum verið safnað saman á urðunarsvæði Sorpu í Álfsnesi og það hreinsað og metan skilið úr hauggasinu til notkunar á bifreiðar. Metan er skæð gróðurhúsalofttegund, um tuttugu sinnum öflugri en koltvísýringur. Það er því æskilegt að metaninu sé safnað saman og brennt, og eytt þannig sem gróðurhúsalofttegund. Í dag eru um 50 bifreiðar hér á landi sem ganga fyrir metangasi að hluta eða öllu leyti. Þessar bifreiðar nota um 100 tonn af metani á ári sem er um 5% af heildarframleiðslu í Álfsnesi. Áætlað er að nægjanlegt gas geti fengist á hverju ári úr Álfsnesi til að fullnægja þörfum 4.000 smærri ökutækja.

Metan er selt á einni dælustöð á höfuðborgarsvæðinu og er undanþegið eldsneytisgjöldum. Verð á metani er því mjög hagstætt og svarar til þess að bensínlítrinn kostaði tæpar 80 kr.

Í frumvarpi þessu er lagt til að framangreindar bifreiðar verði nú að fullu undanþegnar vörugjaldi en hingað til hafa þær notið 240.000 kr. eftirgjafar af vörugjaldi. Ætla má að þær aðgerðir sem hér eru lagðar til muni stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og jafnframt koma í veg fyrir þá sóun orku sem felst í því að nýta ekki hauggasið á bifreiðar. Til að sporna við misnotkun er lagt til að óheimilt verði að breyta bifreiðum sem notið hafa niðurfellingar vörugjalds skv. 3. gr. frumvarpsins á þann hátt að dregið verði úr vistvænum eiginleikum hennar. Þannig er óheimilt að fjarlægja eða gera breytingar á metangasbúnaði bifreiðanna. Jafnframt er óheimilt að stækka eða gera aðrar breytingar á eldsneytisgeymum bifreiðar. Ákvæðinu er meðal annars ætlað að koma í veg fyrir að fluttar verði inn metangasbifreiðar sem síðan verði eingöngu notaðar sem bensínbifreiðar.

Lagt er til að ef í ljós kemur að óheimilar breytingar hafi verið gerðar á bifreið sem notið hefur niðurfellingar vörugjalds samkvæmt frumvarpinu beri sá sem er skráður eigandi hennar hlutlæga ábyrgð þegar slíkt kemur í ljós. Þar sem eigendaskipti á bifreiðum eru tíð getur verið miklum erfiðleikum bundið að upplýsa hvort núverandi eigandi eða fyrri eigendur hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með breytingum á bifreiðinni. Er því lagt til að skráður eigandi hennar beri hlutlæga ábyrgð án tillits til þess hvort brot megi rekja til saknæmrar háttsemi hans. Með skráðum eiganda er gert ráð fyrir að tekið sé mið af opinberri skráningu í ökutækjaskrá.

Tollstjórar hafa eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis. Meðal verkefna þeirra er að kanna hvort gerðar hafi verið óheimilar breytingar á bifreiðum sem notið hafa niðurfellingar samkvæmt frumvarpi þessu. Í því skyni geta þeir kannað eldsneytisgeyma og vél ökutækis.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.**

Í frumvarpinu er lagt til að bifreiðar sem nýta metangas að verulegu leyti sem orkugjafa í stað bensíns eða dísilolíu verði undanþegnar vörugjaldi fram til loka ársins 2008. Til-

gangurinn með undanþágunni er að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda. Vörugjald af fólksbifreiðum er 30% eða 45% eftir stærð sprengirýmis aflvélar. Reikna má með því að undanþágan leiði til þess, að teknu tilliti til afleiddra áhrifa á virðisaukaskatt, að lækkun á söluverði slíkra bifreiða verði á bilinu 25–30% eftir því hvort um er að ræða smábíla eða stærri jeppa. Í dag eru u.þ.b. 50 bifreiðar hér á landi sem ganga fyrir metangasi að hluta eða öllu leyti. Afar erfitt er að spá fyrir um það í hvaða mæli fyrirtæki og einstaklingar muni kaupa bifreiðar með þessum búnaði í kjölfar slíkrar verðlækkunar. Samkvæmt lauslegum útreikningum má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af miðlungsstórum fólksbíl verði hátt í 500 þús. kr. lægri en ef greitt væri fullt vörugjald og virðisaukaskattur af því. Sem dæmi má taka að fyrir hverja 50 metangasbíla sem fluttir væru inn til viðbótar árlega gæti tekjutap ríkisins legið nærri 25 m.kr. Þó þarf að hafa í huga að samkvæmt bráðabirgðaákvæði í gildandi lögum er heimilt að fella niður 240 þús. kr. af vörugjaldi á bifreiðar af þessum toga þannig að mismunurinn eftir afgreiðslu þessa frumvarps yrði þá um 250 þús. kr. á meðalfólksbíl, sem svarar til um 12,5 m.kr. tekjutaps fyrir hverjar 50 bifreiðar sem fluttar væru inn til landsins.

Ekki er talið að lögfesting frumvarpsins hafi teljandi áhrif á kostnað skattkerfisins við umsýslu þessara mála frá því sem nú er.

## 1070. Nefndarálit [464. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Guðmundsson, Bryndísi Helgadóttur og Hjalta Zophoníasson frá dómsmálaráðuneyti, Hildi Dungal frá Útlendingastofnun, Atla Viðar Thorstenssen og Kristján Sturluson frá Rauða krossi Íslands, Margréti Steinarsdóttur frá Alþjóðahúsi og Sabine Leskopf frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna. Umsagnir bárust um málið frá Rauða krossi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Útlendingastofnun, Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Íslandsdeild Amnesty International, Lögmannafélagi Íslands, Alþjóðahúsi, innflytjendaráði, umdæmisskrifstofu Sameinuðu þjóðanna fyrir flóttamenn á Balkanskaga og Norðurlöndum, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Einnig bárust nefndinni gögn og minnisblöð frá dómsmálaráðuneyti.

Í frumvarpinu eru lagðar til töluverðar breytingar á lögunum. Helst ber þar að nefna að skilyrði sem útlendingur þarf að uppfylla til að geta öðlast íslenskt ríkisfang eru samræmd og tengd skilyrðum fyrir búsetuleyfi hér á land. Sú meginregla er áréttuð að valdheimildir til veitingar íslensku ríkisfangi eru að meginstefnu til hjá Alþingi. Þá eru lögð til nokkur ný skilyrði þess að veita megi íslenskt ríkisfang með stjórnvaldsákvörðun, hnykkt á skilyrðum sem hafa verið tíðkuð í framkvæmd og lagt til að sett verði nýtt ákvæði í lögin sem lýtur að því þegar umsækjandi veitir rangar upplýsingar. Loks er lagt til að lögunum verði skipt í kafla.

Nefndarmenn ræddu stöðu flóttamanna og fólks sem fengið hefur dvalarleyfi hér á landi af mannúðarástæðum sérstaklega í tengslum við ákvæði frumvarpsins. Þessum aðilum er oft illmögulegt að sanna með fullnægjandi hætti hverjir þeir séu, auk þess sem fólk sem hefur þurft að flýja heimaland sitt getur verið í þeirri aðstöðu að það þurfi að þiggja framfærslustyrk frá sveitarfélagi. Af þessum ástæðum velti nefndin því fyrir sér hvort bæta ætti við frumvarpið undanþáguheimild til handa dómsmálaráðherra um að taka sérstakt tillit til aðstæðna þessa hóps þegar metið væri hvort flóttamenn og fólk sem fengið hefur dvalarleyfi af mannúðarástæðum uppfyllti lögmælt skilyrði fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar, eins og bent hafði verið á í nokkrum umsögnum um málið. Með hliðsjón af meginreglu frumvarpsins um að öll vafamál skuli fara fyrir Alþingi ákvað meiri hlutinn að ráðast ekki í þá breytingu.

Í 6. tölul. 1. mgr. b-liðar 5. gr. er gert ráð fyrir því að flóttamaður, sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna sem gerður var 28. júlí 1951, hafi verið búsettur hér sem slíkur í fimm ár til að geta sótt um íslenskt ríkisfang. Meiri hlutinn telur eðlilegt að ákvæðið taki einnig til þeirra sem hafa fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Hér er um að ræða fámennan hóp til viðbótar sem ætti færi á að sækja um réttinn eftir fimm ár í stað sjö og eðlilegt að gera ekki greinarmun á þessum tveimur hópum enda að mörgu leyti sambærilegir. Meiri hlutinn leggur því til breytingu á frumvarpinu hvað þetta varðar.

Nefndin tók til sérstakrar umræðu þau nýju skilyrði sem lagt er til að umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt uppfylli svo unnt sé að veita ríkisfangið með stjórnvaldsákvörðun og einkum þá meginreglu að umsækjendur skuli hafa sýnt fram á nokkra kunnáttu í íslensku. Meiri hlutinn bendir á að ekki eru gerðar kröfur um íslenskukunnáttu þeirra sem óska eftir dvalar- eða búsetuleyfi hér á landi, en telur eðlilegt að gerðar séu ríkari kröfur til þess að útlendingar sem óska eftir íslenskum ríkisborgararétti sýni fram á lágmarkskunnáttu í íslenskri tungu með hliðsjón af mikilvægi hennar fyrir aðlögun þeirra að samfélaginu. Meiri hlutinn leggur áherslu á að íslenskukennsla fyrir útlendinga verði byggð upp þannig að unnt verði að standa við tímatakmörk í gildistökuákvæði frumvarpsins sem miða við að skyldan til að standast próf í íslensku taki gildi 1. janúar 2009. Jafnframt bendir meiri hlutinn á mikilvægi þess að framboð kennslunnar verði nægjanlegt og aðgengilegt öllum þeim sem hana vilja sækja.

Þá tók nefndin til umræðu ákvæði 1. mgr. e-liðar 5. gr. frumvarpsins sem kveður á um að hafi umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt gefið yfirvöldum rangar upplýsingar sem lágu til grundvallar við ákvörðun um ríkisborgararétt sé dómsmálaráðherra heimilt að svipta viðkomandi umsækjanda ríkisfangi, enda verði hann ekki ríkisfangslaus við það. Sambærileg ákvæði þessu er að finna í löggjöf annarra norrænna ríkja og verður ekki séð að það brjóti í bága við alþjóðlega mannréttindasáttmála, svo framarlega sem viðkomandi verður ekki ríkisfangslaus við sviptinguna. Hins vegar er nauðsynlegt að skoða ákvæðið með hliðsjón af 66. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem kveður á um að engan megi svipta íslenskum ríkisborgararétti. Meiri hlutinn telur vafa geta leikið á því að ákvæði frumvarpsins fái staðist með hliðsjón af ákvæði stjórnarskrárinnar. Í þessu sambandi vísar meiri hlutinn einnig til *Stjórnskipunarréttar* Gunnars G. Schram lagaprófessors þar sem fram kemur að þeir sem hafa fengið íslenskt ríkisfang verði ekki sviptir því aftur þótt þeir brjóti af sér og heldur ekki þótt þeir hafi aflað þess með vísvitandi röngum upplýsingum. Þar segir einnig að þegnflæming sé óþekkt í hérlendum lögum og framandi íslenskri réttarvitund. Með hliðsjón af framangreindu leggur meiri hlutinn til að ákvæðið falli brott, en

eftir standi engu að síður ákvæði þess efnis að það að veita íslenskum yfirvöldum rangar upplýsingar við umsókn um ríkisborgararétt varði sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Nefndin ræddi einnig hvort ástæða væri til að hverfa frá því fyrirkomulagi að heimila tvöfaldan ríkisborgararétt. Tvöfaldur ríkisborgararéttur var heimilaður með lögum nr. 9/2003 sem breyttu lögum nr. 100/1952. Þá var ekki gerð krafa til þess að útlendingur afsalaði sér fyrri ríkisborgararétti til að fá íslenska ríkisborgararéttinn. Bent hefur verið á að með mikilli fjölgun útlendinga sem vinna hér um ákveðinn tíma skapist möguleiki á því að nokkuð stór hópur öðlist íslenskan ríkisborgararétt án þess að hafa annað í huga en að njóta góðs af því hagræði sem felst í tvöföldum ríkisborgararétti. Ef hópur slíkra Íslendinga flytur aftur til upprunalands síns munu þeir einstaklingar sem þar eiga í hlut allir njóta íslensks ríkisborgararéttar til dauðadags og auk þess sú kynslóð sem á eftir kemur til 22 ára aldurs. Sú staða gæti því komið upp að íslensk stjórnvöld yrðu í þeirri aðstöðu að þurfa að gæta réttar, t.d. mannréttinda, íslensks ríkisborgara sem staddur væri í öðru landi og undir lög þess lands seldur vegna þess að hann hefði íslenskan ríkisborgararétt. Meiri hlutinn telur ótímabært að ráðast í að gera breytingar varðandi þetta atriði að svo komnu máli, en telur rétt að umræðunni verði haldið áfram og málið skoðað ofan í kjölinn í náinni framtíð.

Nefndin tók til sérstakrar umræðu hvort ástæða væri til að breyta verklagi við meðferð ríkisborgararéttarumsókna sem lagðar eru fyrir Alþingi eftir gildistöku ákvæða frumvarpsins Því hefur fram til þessa verið svo háttað að þær umsóknir sem óskað hefur verið eftir þinglegri meðferð á hafa verið sendar til allsherjarnefndar sem hefur fjallað um þær í sérstakri undirnefnd. Síðan hefur undirnefndin gert tillögur um þá aðila sem veita ætti íslenskan ríkisborgararétt og nefndin lagt frumvarp þess efnis fram á Alþingi. Þar sem fjöldi þeirra mála þar sem óskað verður eftir meðferð Alþingis á umsóknum um íslenskan ríkisborgararétt mun væntanlega aukast töluvert við gildistöku ákvæða frumvarpsins telur meiri hlutinn rétt að íhuga hvort ekki sé ástæða til að breyta þingsköpum þannig að skipuð verði sérstök sérnefnd um ríkisborgaramál sem hafi það hlutverk að fjalla um þessar umsóknir.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Björgvin G. Sigurðsson og Kjartan Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Guðjón Ólafur Jónsson. | Birgir Ármannsson. |
| Sigurður Kári Kristjánsson. | | Sigurjón Þórðarson. |

## 1071. Breytingartillaga [464. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BjarnB, GÓJ, BÁ, SKK, SigurjÞ).

Við 5. gr.

a. Við 6. tölul. 1. mgr. b-liðar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um mann sem fengið hefur dvalarleyfi hér á landi af mannúðarástæðum.
b. 1. mgr. e-liðar falli brott.

## 1072. Nefndarálit [654. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Dís Sigurgeirsdóttur og Gunnar Narfa Gunnarsson frá dómsmálaráðuneyti, Stefán Skarphéðinsson frá Sýslumannafélagi Íslands, Kjartan Þorkelsson frá Lögreglustjórafélagi Íslands og Jónas Inga Pétursson og Árna Albertsson frá embætti ríkislögreglustjórans.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem varða útgáfu leyfa af hálfu sýslumanna og lögreglustjóra, en við gildistöku laga nr. 46/2006, um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, urðu umfangsmiklar breytingar á skipan lögreglumála. Ein afleiðing þeirra breytinga er að nú fara 11 sýslumenn ekki lengur með lögreglustjórn í umdæmum sínum. Frumvarpið er lagt fram með það í huga að almenningur geti áfram sótt sömu þjónustu við útgáfu leyfa í sínu byggðarlagi, hvort sem sýslumaður hefur einnig með höndum lögreglustjórn eða ekki.

Nefndin leggur til breytingu á 3. gr. frumvarpsins þess efnis að í stað þess að allir sýslumenn á landinu nema sýslumaðurinn í Reykjavík, en í hans stað lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, gefi út ökuskírteini verði útgáfunni fundinn miðlægur staður hjá embætti ríkislögreglustjórans. Þetta helgast m.a. af því að það er heppilegra í samskiptum við erlenda aðila að hafa einn útgefanda að öllum íslenskum ökuskírteinum.

Nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar ákvæði b- og c-liðar 14. gr. frumvarpsins sem breytir 7. gr. vopnalaga, nr. 16/1998. Þar sem um er að ræða breytingar sem ekki tengjast beinlínis afleiðingum nýskipunar lögreglumála telur nefndin rétt að láta þær bíða heildarendurskoðunar vopnalaga og hvetur til þess að slík endurskoðun fari fram svo fljótt sem verða má.

Þá tekur nefndin fram að í athugasemdum við frumvarpið er á tveimur stöðum að finna smávægilegar villur. Annars vegar í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins þar sem vísað er til embættis lögreglustjórans og sýslumannsins á Suðurnesjum í stað embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum og sýslumannsins á Keflavíkur flugvelli eins og rétt er. Hins vegar

ætti í athugasemdum við c-lið 12. gr. frumvarpsins að standa að útgáfa innflutningsleyfa í atvinnuskyni verði falin lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu en ekki „þeim“.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ágúst Ólafur Ágústsson og Ellert B. Schram skrifa undir álit þetta með fyrirvara sem lýtur að ákvæðum vopnalaga.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 6. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Guðjón Ólafur Jónsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. með fyrirvara. |
| Björgvin G. Sigurðsson. | Birgir Ármannsson. | Ellert B. Schram, með fyrirvara. |
| Kjartan Ólafsson. | Sigurður Kári Kristjánsson. | Sigurjón Þórðarson. |

## 1073. Breytingartillögur [654. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Enginn má stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini sem ríkislögreglustjórinn gefur út.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkislögreglustjórinn getur falið sýslumönnum og lögreglustjórum að annast útgáfu ökuskírteina.
2. Við 14. gr. B- og c-liður falli brott.

## 1074. Nefndarálit [409. mál]

um frv. til æskulýðslaga.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Þórisdóttur lögfræðing og Erlend Kristjánsson deildarstjóra frá menntamálaráðuneyti, Önnu Elísabet Ólafsdóttur forstjóra og Stefán Hrafn Jónsson sviðsstjóra frá Lýðheilsustöð, Andrés Jónsson frá Lands-

sambandi æskulýðsfélaga, Þórodd Bjarnason prófessor frá Háskólanum á Akureyri, Þórólf Þórlindsson prófessor, Gest Guðmundsson prófessor og Jóhönnu Rósu Arnardóttur frá Hugheimum.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Þóroddi Bjarnasyni prófessor, Fangelsismálastofnun ríkisins, Persónuvernd, Lýðheilsustöð, Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, Hugheimum, Gesti Guðmundssyni, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, Félagi íslenskra félagsvísindamanna, félagsfræðiskor Háskóla Íslands, Rannsóknum og greiningu ehf. og kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um æskulýðsmál en núverandi lög eru frá 1970 og orðin barn síns tíma. Tilgangur laganna er fyrst og fremst að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi.

Nefndin fjallaði meðal annars um 10. gr. frumvarpsins er fjallar um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi. Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi og er nú lagt fram með einni efnisbreytingu á 10. gr. Í greininni er nú kveðið á um að óheimilt verði að ráða þá einstaklinga sem hafa hlotið refsidóm fyrir brot á ávana- og fíkniefnalögum á síðastliðnum fimm árum. Með þessu er ekki hafnað öllum þeim sem hafa einhvern tímann á lífsleiðinni brotið gegn framangreindri löggjöf en snúið við blaðinu. Slíkir aðilar geta jafnvel í einhverjum tilvikum unnið að forvörnum.

Þá ræddi nefndin ýmis sjónarmið varðandi 10. gr. Annars vegar hvort eðlilegt sé að tiltaka sérstaklega kynferðisbrot og brot á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni, einkum með hliðsjón af öðrum alvarlegum brotum, svo sem manndrápi eða þjófnaði, en slík brot eru ekki undanskilin. Hins vegar hvort í þessu sambandi ætti að takmarka upptalningu brota og miða eingöngu við ákvæði 36. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Niðurstaða meiri hlutans er sú að ekki sé tilefni til að breyta 10. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn telur jafnframt að rétt sé að tiltaka sérstaklega brot á ákvæðum ávana- og fíkniefnalöggjafar á síðastliðnum fimm árum með hliðsjón af eðli slíkra brota og takmarka þá hættu að vettvangur slíkra brota sé við æskulýðsstarfsemi.

Meiri hluti nefndarinnar beinir þó jafnframt þeim tilmælum til þeirra sem annast ráðningar á þessu sviði að tryggja að ráðningarferlið sé vandað. Meiri hlutinn telur þó ekki ástæðu til að lögfesta ákvæði þess efnis.

Sú kostnaðarumsögn sem tilgreind er í frumvarpinu er efnislega röng þar sem þau mistök áttu sér stað að eldri umsögn sem fylgdi með frumvarpinu á 132. löggjafarþingi var sett inn í frumvarpið í stað nýrrar kostnaðarumsagnar. Rétt kostnaðarumsögn er því fylgiskjal með nefndarálitinu.

Lögð er til sú breyting á 12. gr. frumvarpsins að skipunartími ráðgjafarnefndar æskulýðsrannsókna verði þrjú ár í stað tveggja. Nefndinni barst sú ábending að eðlilegt væri að lengja skipunartímann með hliðsjón af því að gefa nefndarmönnum meira svigrúm til að setja sig vel inn í starfsemina á þessu sviði, einkum í ljósi þess að nefndinni er ætlað að vera ráðgefandi fyrir ráðherra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Magnús Þór Hafsteinsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. mars 2007.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Kjartan Ólafsson. | Sæunn Stefánsdóttir.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til æskulýðslaga.**

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði lög í þeim tilgangi að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Áætlað er fyrir 197,9 m.kr. fjárveitingu til æskulýðsmála á lið 02-988 Æskulýðsmál i fjárlögum 2007.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ríkissjóður leggi starfsemi landssamtaka æskulýðsfélaga til fé eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum. Fjármálaráðuneytið telur að tillagan feli ekki í sér skuldbindingar um fjárveitingar og hafi því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Þá eru lagðar til ýmsar breytingar á stjórnsýslu ríkisins vegna æskulýðsmála. Þannig er lagt til í 5. gr. að fjölgað verði úr fimm í níu fulltrúa í Æskulýðsráði sem leggi skv. 6. gr. meiri áherslu á stefnumarkandi og ráðgefandi hlutverk gagnvart stjórnvöldum. Frá ráðinu færist ábyrgð á reglulegum æskulýðsrannsóknum til menntamálaráðherra skv. 12. gr. sem gert er ráð fyrir að skipi fimm manna ráðgjafarnefnd. Einnig er lagt til að í stað þess að þeir fimm einstaklingar sem setið hafa í Æskulýðsráði skipi jafnframt ráðgefandi stjórn Æskulýðssjóðs, sem ekki hefur haft sérstaka lagastoð, verði kveðið á um sjóðinn í III. kafla laganna og þar á meðal þriggja manna ráðgefandi stjórn hans skv. 8. gr. Á árinu 2005 voru 234 þús. kr. greiddar fyrir setu í Æskulýðsráði í samræmi við fjölda funda og gætu breytingarnar sem lagðar eru til hugsanlega aukið kostnað eitthvað þannig að minna yrði varið í önnur útgjöld. Í fjárlögum 2007 er 2,9 m.kr. veitt til ráðsins og þarf hugsanlega að færa hluta af þeirri fjárhæð til annarra aðila í samræmi við breytta skipan. Fjármálaráðuneytið telur að tillaga um að lögbinda Æskulýðssjóð hafi ekki áhrif á útgjöld ríkisins sem í fjárlögum 2007 eru ætluð 9,8 m.kr. og sama gildir um tillögu um æskulýðsrannsóknir sem fá 5,5 m.kr. fjárveitingu.

Á grundvelli framangreindra forsendna telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið hafi ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

## 1075. Breytingartillaga [409. mál]

við frv. til æskulýðslaga.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SKK, DJ, SÞorg, KÓ, SæS).

Við 12. gr. Lokamálsliður 2. mgr. orðist svo: Skipunartími nefndarinnar er þrjú ár.

## 1076. Fyrirspurn [687. mál]

til utanríkisráðherra um Íslending í Greensville-fangelsinu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Íslendingur sem nú afplánar 20 ára fangelsisdóm í Greensville-fangelsinu í Virginíufylki í Bandaríkjunum eigi þess kost að koma hingað til lands og ljúka afplánun hér?

**Skriflegt svar óskast.**

## 1077. Nefndarálit [432. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Múla Jónasson og Arndísi Ármann Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Friðrik J. Arngrímsson og Björgólf Jóhannsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Þorleif Þór Jónsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Gísla Rúnar Gíslason frá Fiskistofu, Helga Jóhannesson frá Siglingastofnun Íslands og Halldór B. Nellet frá Landhelgisgæslunni. Einnig hafa nefndinni borist umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Eyþingi-Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fiskvinnslustöðva, Siglingastofnun Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Félagi skipstjórnarmanna.

Tilurð frumvarpsins á rætur að rekja til svokallaðra frístundafiskveiða sem felast í því að einstaka útgerðir hafa um skeið boðið einstaklingum sem þess óska og gjald greiða til veiða, ýmist með eða án skipstjóra. Í frumvarpinu er því slegið föstu að umræddar veiðar teljist ekki vera tómstundaveiðar heldur séu stundaðar í atvinnuskyni og ræður þar einkum tvennt. Annars vegar það að skipin eru nýtt gegn gjaldi og hins vegar að nokkuð virðist um

að viðkomandi útgerðir fénýti þann afla sem komið er með að landi. Er því gerð sú krafa að skip sem nýtt eru til frístundafiskveiða hafi fengið skráðar á sig aflaheimildir í þeim kvótabundnu tegundum sem veiddar eru.

Gert er ráð fyrir að veiðarnar skuli lúta almennum reglum á sviði fiskveiðistjórnar en þó með þeim fyrirvara að ráðherra er heimilt að setja sérstakar reglur, m.a. hvað varðar skyldur skipstjóra, tilkynningar og skýrsluskil. Eru þau frávik réttlætt með vísan til þess að um er að ræða nýja atvinnugrein af sérstökum toga.

Við umfjöllun nefndarinnar hafa tvö atriði verið rædd sérstaklega. Hið fyrra varðar sjónarmið um jafnræði en frumvarpið virðist bjóða þeirri hættu heim að ýmsar útgerðir gætu hafið að stunda fiskveiðar undir yfirskyni frístundafiskveiða í því augnamiði að koma sér undan íþyngjandi reglum á sviði fiskveiðistjórnar og spara sér um leið kostnað. Síðara atriðið varðar það að ákveðinnar réttaróvissu virðist hafa gætt varðandi það hvaða kröfur eigi að gera til skipstjórnar frístundafiskveiðiskipa og hvort um það atriði gildi reglur um fiskiskip, farþegaskip, skemmtibáta eða jafnvel einhver önnur skip.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að frístundafiskveiðiskipum verði einungis heimilt að stunda fiskveiðar með stöng eða handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Einnig álítur nefndin í ljósi þess sem fram hefur komið við umfjöllun málsins að frístundafiskveiðiskip lúti að meginstefnu til reglum um fiskiskip og þar af leiðandi þurfi frávik frá þeim reglum að vera reist á skýrum lagagrundvelli. Í því sambandi leggur nefndin á það áherslu að valdheimildir sjávarútvegsráðherra til að setja sérstakar reglur einskorðast að efni til við veiðar og afla.

Að gefnu tilefni vill nefndin vekja athygli samgönguyfirvalda á nauðsyn þess að lög og reglur um skipstjórn frístundafiskveiðibáta séu skýrar og fullnægjandi með tilliti til öryggis áhafnar og farþega. Jafnframt óskar nefndin þess að gerðar verði ráðstafanir sem tryggi að útgerðaraðilar feli skipstjórn hæfum einstaklingum sem kunna skil á góðum siglingarháttum. Til að koma til móts við sjónarmið ferðaþjónustunnar telur nefndin rétt að fresta gildistöku laganna fram til 1. nóvember nk.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson og Jón Bjarnason skrifa undir álitið með fyrirvara.

Magnús Þór Hafsteinsson og Guðjón Ólafur Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. | Jóhann Ársælsson, með fyrirvara. | Hjálmar Árnason. |
| Jón Gunnarsson, með fyrirvara. | Arnbjörg Sveinsdóttir. | Guðlaugur Þór Þórðarson. |
| | Jón Bjarnason, með fyrirvara. | |

## 1078. Breytingartillögur [432. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Efnismálsgrein 1. gr. orðist svo:
   Það teljast veiðar í atvinnuskyni ef eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til frístundafiskveiða. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með stöng eða handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Um veiðar og afla fer samkvæmt gildandi reglum um veiðar í atvinnuskyni. Ráðherra getur þó með reglugerð sett sérstakar reglur um veiðar og afla, m.a. hvað varðar skyldur skipstjóra, tilkynningar og skýrsluskil.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2007.

## 1079. Nefndarálit [643. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steinar Inga Matthiasson og Sigríði Norðmann frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Hafnasambandi Íslands, Fiskistofu, Landssambandi smábátaeigenda og Persónuvernd. Enn fremur hefur nefndinni borist tilkynning frá Ríkissaksóknara.

Frumvarp þetta er samið á grundvelli tillagna starfshóps sem skipaður var fulltrúum nokkurra ráðuneyta og er liður í baráttunni við að uppræta ólöglegar fiskveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands og utan hennar. Er því einkum ætlað að veita íslenskum stjórnvöldum styrkari og skýrari heimildir til að grípa til aðgerða gegn veiðum erlendra skipa sem ekki samrýmast nánar tilgreindum alþjóðareglum á úthafinu.

Í frumvarpinu er það gert skýrara að skipum sem færð hafa verið inn á svarta lista (IUU-lista) svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana fyrir ólöglegar veiðar verði með sama hætti og erlendum skipum sem stundað hafa veiðar án leyfis úr stofnum sem flakka inn og út úr íslensku lögsögunni óheimilt að koma til íslenskra hafna. Frumvarpið miðar einnig að því að koma í veg fyrir aðgengi slíkra skipa að ýmiss konar þjónustu hvort sem hún er veitt í íslenskri höfn, innan fiskveiðilandhelgi Íslands eða utan hennar. Þá eru Fiskistofu og sjávarútvegsráðuneytinu í frumvarpinu fengnar víðtækar heimildir til gagnaöflunar við framkvæmd laganna. Loks felur frumvarpið í sér að erlend skip sem staðin hafa verið að ólöglegum veiðum samkvæmt íslenskum lögum um fiskveiðar eða nánar tilgreindum alþjóðareglum skuli ekki eiga þess kost að fá útgefin tímabundin leyfi til veiða í fiskveiðilandhelginni.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að verði frumvarpið að lögum muni það meðal annars nýtast íslenskum stjórnvöldum í baráttunni gegn ólöglegum karfaveiðum á Reykjaneshrygg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Magnús Þór Hafsteinsson og Guðjón Ólafur Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. | Jóhann Ársælsson. | Hjálmar Árnason. |
| Jón Gunnarsson. | Arnbjörg Sveinsdóttir. | Guðlaugur Þór Þórðarson. |

Jón Bjarnason.

## 1080. Breytingartillaga [277. mál]

við frv. til l. um opinber innkaup.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Á eftir orðunum „virkri samkeppni“ í 1. gr. komi: efla umhverfisvernd og félagslegar og siðrænar áherslur við opinber innkaup með sjálfbæra þróun í huga.

## 1081. Svar [604. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*
2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni á vegum stofnana sjávarútvegsráðuneytisins er áætluð þannig:

| Fjölgun starfa | | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hafrannsóknastofnunin** | | | | | |
| Ísafjörður | | 1 | 1 | | |
| Höfn Hornafirði | | | | | 1 |
| **Fiskistofa** | | | | | |
| Höfn Hornafirði | | 3 | | | |
| Vestmannaeyjar | | 3 | | | |
| Ísafjörður | | | 1 | | |
| Stykkishólmur | | | 3 | 2 | |
| Grindavík | | | | 4 | 3 |
| Akureyri | | | | | 2 |
| | **Samtals** | **7** | **5** | **6** | **6** |

Þessu til viðbótar má geta þess að Matís ohf. áformar að auka verulega starfsemi sína á landsbyggðinni á næstu árum og eru áætlanir um fjölgun starfa þannig:

| Fjölgun starfa | | 2007 | 2008 | 2009 |
|---|---|---|---|---|
| **Matís ohf.** | **Samtals** | **5** | **3** | **4** |

# 1082. Frumvarp til laga [79. mál]

um sameignarfélög.

(Eftir 2. umr., 9. mars.)

I. KAFLI
**Almenn ákvæði.**
1. gr.
*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um:
1. sameignarfélög sem skráð eru samkvæmt lögum þessum;
2. óskráð sameignarfélög þar sem meiri hluti félagsmanna (félagsaðila) býr hér á landi, enda sé meginhluti starfsemi félagsins ekki rekinn í öðru landi.

Viðskiptaráðherra fer með mál sem varða sameignarfélög samkvæmt lögum þessum.

2. gr.
*Hugtakið sameignarfélag.*

Sameignarfélag samkvæmt lögum þessum er samstarfsform sem byggist á samningi tveggja eða fleiri aðila um sameiginlega fjárhagslega starfsemi þar sem allir félagsmenn bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

3. gr.

*Frávíkjanleg ákvæði.*

Ákvæði III. kafla um stjórnkerfi og réttarstöðu félagsmanna eiga við nema kveðið sé á um annað í félagssamningi. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram í lögunum.

4. gr.

*Heiti.*

Sameignarfélög, sem skráð eru í firmaskrá, skulu hafa orðið sameignarfélag í heiti sínu eða skammstöfunina sf. Að öðru leyti fer um heiti sameignarfélaga eftir ákvæðum laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903 (firmalögum), eftir því sem við á.

5. gr.

*Réttþæfi.*

Skráð sameignarfélög eru hæf til að eiga réttindi og bera skyldur.

## II. KAFLI
## Stofnun sameignarfélaga og ábyrgð félagsmanna.

6. gr.

*Stofnendur.*

Stofnendur og síðar félagsmenn í sameignarfélagi geta verið lögráða einstaklingar og lögaðilar.

7. gr.

*Félagssamningur.*

Skylt er að gera skriflegan félagssamning um sameignarfélög sem eru skráð samkvæmt lögum þessum. Samningurinn skal undirritaður af öllum stofnendum og þeim er síðar ganga í félagið.

Í félagssamningi skal a.m.k. greina:

1. heiti félagsins;
2. sveitarfélagið þar sem heimilisfang félagsins er;
3. nöfn, kennitölur og heimilisföng félagsmanna;
4. tilgang félagsins;
5. hvort félagið skuli vera sjálfstæður skattaðili í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt, nr. 90/2003;
6. hvort félagsmenn skuli greiða framlag til félagsins og þá verðmæti þess;
7. dagsetningu undirritunar.

Félagssamningi verður breytt með samþykki allra félagsmanna og skriflegri undirritun þeirra nema kveðið sé á um annað í samningnum.

8. gr.

*Ábyrgð á skuldbindingum félags.*

Félagsmenn í sameignarfélagi bera einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Nýr félagsmaður, sem gengur inn í sameignarfélag eftir stofnun þess, ber einnig ábyrgð á eldri skuldbindingum félagsins. Heimilt er að kveða á um annað í félagssamningi skráðs sameignarfélags. Slíkur samningur öðlast ekki gildi gagnvart

öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hann fyrr en samningurinn hefur verið tilkynntur firmaskrá og fyrirvari um takmörkun ábyrgðar nýrra félagsmanna verið birtur í Lögbirtingablaði skv. 50. gr.

Áður en félagsmaður er krafinn um greiðslu skulda skráðs sameignarfélags skal krefja félagið um greiðslu. Greiði félagið skuldina ekki innan fimmtán daga frá því að krafa barst félaginu getur kröfuhafi félagsins krafið félagsmann um greiðslu skuldarinnar. Krefja má félagsmann beint um greiðslu skuldar ef ekki er unnt að finna félagið eða þegar augljóst er að félagið getur ekki greitt.

Kröfur á hendur félagsmönnum á grundvelli ábyrgðar þeirra á skuldum eða öðrum kröfum á hendur félaginu lúta sömu reglum um fyrningu og kröfur á hendur félaginu.

## III. KAFLI
## Stjórnkerfi og réttarstaða félagsmanna.

### 9. gr.
*Félagsfundur.*

Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum sameignarfélags samkvæmt því sem lög og félagssamningur kveða á um.

Félagsfundur skal haldinn í sveitarfélaginu sem heimilisfang félagsins er í. Heimilt er að halda félagsfund annars staðar ef nauðsynlegt er af sérstökum ástæðum eða með samþykki allra félagsmanna.

Allir félagsmenn eiga rétt á að sækja félagsfund og taka þar til máls.

Félagsstjórn, ef kosin hefur verið, eða framkvæmdastjóra, ef ráðinn hefur verið, er skylt að sækja félagsfund.

### 10. gr.
*Boðun félagsfundar o.fl.*

Boða skal til félagsfundar með tryggum hætti og hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði skal greina málefni sem taka á til meðferðar á fundinum.

Einstakir félagsmenn, stjórnarmenn og framkvæmdastjórar geta boðað til félagsfundar í því skyni að fá tiltekið mál tekið til meðferðar.

Falla má frá formreglum 1. og 2. mgr. ef allir félagsmenn sækja félagsfund og eru sammála um það.

Heimilt er að taka ákvörðun utan félagsfundar ef ekki er unnt að bíða með ákvörðun félagsfundar, þar til frestur til að boða fundinn er liðinn, án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Sama gildir ef allir félagsmenn eru sammála um að taka ákvörðun utan félagsfundar.

### 11. gr.
*Umboð, rafrænir félagsfundir og rafræn samskipti.*

Sé félagsmaður forfallaður af gildum ástæðum, t.d. vegna veikinda eða ferðalaga, getur hann látið umboðsmann sækja félagsfund fyrir sína hönd samkvæmt skriflegu umboði eða gert grein fyrir afstöðu sinni til málefna fundarins skriflega. Í síðarnefnda tilvikinu skal félagsmanninum tilkynnt um ákvarðanir fundarins svo fljótt sem kostur er.

Í félagssamningi má kveða nánar á um heimildir til að veita öðrum umboð til að sækja félagsfund eða að óheimilt sé að veita umboð til þátttöku í félagsfundi. Ákveða má að félagsmenn geti veitt umboð og tekið þátt í félagsfundum með rafrænum hætti og að unnt sé að halda félagsfundi alfarið með rafrænum hætti. Þá skal tekið fram um nánari skilyrði raf-

rænnar þátttöku félagsmanna eða rafrænna félagsfunda hvernig nota á rafræna miðla í tengslum við þátttöku í félagsfundinum og hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar sem notaður er.

Í félagssamningi má einnig kveða á um notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og félagsmanna í stað þess að senda eða leggja fram skjöl, rituð á pappír. Tekið skal fram í félagssamningi til hvaða tilkynninga og samskipta ákvörðunin nær og hvernig heimilt eða skylt er að nota rafræn samskipti. Einnig skulu þar vera upplýsingar um framkvæmd rafrænna samskipta og kröfur sem gerðar eru til tæknibúnaðar. Þótt ekki sé að finna ákvæði í félagssamningi um rafræn samskipti milli félagsins og félagsmanna skv. 1. málsl. er heimilt að nota rafræn samskipti á milli félagsins og þeirra félagsmanna sem samið hafa um það.

12. gr.

*Ákvarðanir á félagsfundi.*

Allir félagsmenn hafa atkvæðisrétt á félagsfundi.

Ákvörðun á félagsfundi skal tekin með samþykki allra félagsmanna.

Ráði meiri hluti atkvæða úrslitum á félagsfundi samkvæmt félagssamningi merkir það meiri hluta atkvæða miðað við fjölda félagsmanna.

Félagsfundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir félagsfundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna nema annað sé ákveðið á fundinum. Einnig skal bóka í fundargerðabók ákvarðanir sem teknar eru utan félagsfundar skv. 4. mgr. 10. gr. Félagsmenn, sem eru ekki sammála niðurstöðu fundarins, eiga rétt á að fá afstöðu sína skráða í fundargerðabók. Skrá yfir viðstadda félagsmenn og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni.

13. gr.

*Félagsstjórn.*

Félagsfundur getur ákveðið að skipuð skuli stjórn í sameignarfélagi. Stjórnarmenn skulu kosnir á félagsfundi.

Félagsstjórn ber að sjá til þess að rekstur félagsins og meðferð fjármuna þess sé á hverjum tíma í réttu og góðu horfi.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga við um varamenn eftir því sem við á.

14. gr.

*Starfstími stjórnarmanna.*

Umboð stjórnarmanns gildir í fjögur ár nema annað sé ákveðið á félagsfundi.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Hann skal senda stjórn félagsins og félagsmönnum tilkynningu um það með hæfilegum fyrirvara.

Sá sem kosið hefur stjórnarmann getur vikið honum frá störfum. Félagsfundur getur ávallt vikið frá öllum þeim stjórnarmönnum sem hann kaus og látið stjórnarkjör fara fram að nýju.

Ef starfi stjórnarmanns lýkur áður en kjörtímabili er lokið og enginn varamaður er til að koma í hans stað skulu aðrir stjórnarmenn í sameiningu boða til félagsfundar til að kjósa nýjan stjórnarmann fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Heimilt er að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta félagsfundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram ef stjórnin er ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.

15. gr.

*Starfshættir stjórnar.*

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema annað sé ákveðið á félagsfundi.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Fund skal halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Hafi verið ráðinn framkvæmdastjóri á hann sæti á fundum félagsstjórnar og nýtur þar málfrelsis og tillöguréttar nema stjórnin ákveði annað í einstökum tilvikum.

Heimilt er að halda stjórnarfundi með aðstoð rafrænna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna félagsstjórnar. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar getur stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti. Að öðru leyti gilda ákvæði laganna um stjórnarfundi og notkun rafrænna skjala eftir því sem við á um rafræna stjórnarfundi og samskipti í tengslum við þá.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim sem fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

16. gr.

*Ákvarðanir stjórnar.*

Stjórn er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir fund. Ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru og þess háttar og valinn hefur verið varamaður skal honum veittur kostur á að taka þátt í stjórnarfundum meðan forföllin vara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Atkvæði formanns ræður úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

17. gr.

*Framkvæmdastjóri.*

Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra samkvæmt ákvörðun félagsfundar, eða félagsstjórnar ef kosin er, til að annast daglegan rekstur félagsins.

Framkvæmdastjóri skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn eða félagsfundur hefur gefið honum.

Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn eða félagsfundi nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar eða félagsfundar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins.

18. gr.

*Vanhæfi.*

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls eða ákvörðun um málefni sem varðar hann eða þriðja mann hafi hann verulegra persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í ákvörðun um lánveitingu til hans eða setningu tryggingar fyrir hann.

19. gr.

*Stjórnunarheimildir félagsmanna.*

Sé stjórn ekki kosin og framkvæmdastjóri ekki ráðinn getur hver og einn félagsmaður gert ráðstafanir sem eru eðlilegur þáttur í rekstri félagsins og enginn félagsmanna hefur lýst sig mótfallinn.

Sé stjórn kosin eða framkvæmdastjóri ráðinn er einstökum félagsmönnum óheimilt að gera nokkuð sem heyrir undir verksvið stjórnar eða framkvæmdastjóra. Einstökum félagsmönnum er þó ávallt heimilt að gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir tap eða tjón fyrir félagið.

20. gr.

*Upplýsingaskylda gagnvart félagsmönnum.*

Félagsmönnum er skylt að veita öðrum félagsmönnum án ástæðulauss dráttar upplýsingar sem þeir búa yfir um starfsemi félagsins.

Hafi stjórn verið kosin eða framkvæmdastjóri ráðinn hvílir upplýsingaskylda skv. 1. mgr. á þeim.

Félagsmaður getur með hæfilegum fyrirvara krafist þess að fá að skoða hvers konar gögn félagsins, þar á meðal rannsaka reikninga félagsins og gögn sem tengjast reikningsgerð og bókhaldi. Félagsmaður á rétt á að fela sérfróðum manni að afla upplýsinga skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

21. gr.

*Hagnaður og tap.*

Félagsfundur tekur ákvörðun um hvort greiða skuli félagsmönnum hlut þeirra í hagnaði félagsins.

Hagnaði og tapi skal skipt milli félagsmanna eftir eignarhlutföllum. Ef eignarhlutföll verða ekki ráðin af félagssamningi skal hagnaði og tapi skipt jafnt á milli félagsmanna.

22. gr.

*Endurkröfuréttur.*

Félagsmaður, sem hefur þurft að greiða félagsskuld, getur krafist endurgreiðslu hennar af félaginu auk kostnaðar.

Fái félagsmaður ekki greitt frá félaginu getur hann krafist greiðslu þess hluta félagsskuldarinnar af öðrum félagsmönnum sem þeim ber að greiða samkvæmt félagssamningi. Ef félagsmaður er ekki fær um að greiða sinn hluta skuldarinnar skiptist sá hluti milli annarra félagsmanna. Um endurkröfu samkvæmt þessu ákvæði gilda ákvæði 8. gr.

23. gr.

*Framlög.*

Félagsmanni er ekki skylt að inna af hendi önnur framlög til félagsins en kveðið er á um í félagssamningi eða lögum.

Skylda til framlaga gjaldfellur strax.

24. gr.

*Samkeppnisbann.*

Félagsmanni er óheimilt að taka þátt í annarri starfsemi sem er í samkeppni við rekstur félagsins nema með skriflegu samþykki allra félagsmanna.

Félagsmaður, sem brýtur gegn ákvæðum 1. mgr., er skaðabótaskyldur gagnvart félaginu skv. 44. gr.

## IV. KAFLI
## **Meðferð fjármuna og fyrirsvar.**

25. gr.

*Eignir félagsins.*

Eignum skráðra sameignarfélaga skal haldið aðskildum frá eignum félagsmanna.

26. gr.

*Úthlutun fjármuna til félagsmanna.*

Félagsmaður, sem tekur þátt í stjórnun félagsins eða innir með öðrum hætti af hendi vinnuframlag í þágu þess, á rétt á þóknun fyrir það sé ekki um annað samið.

Félagsmaður, sem með réttu hefur greitt kostnað í þágu félagsins, á rétt á endurgreiðslu sé ekki um annað samið. Geti félagið eigi greitt fer um endurkröfu skv. 22. gr.

Ekki má úthluta félagsmönnum af eignum skráðs sameignarfélags ef það mundi augljóslega skaða hagsmuni félagsins eða kröfuhafa þess. Úthlutun, sem er andstæð þessu ákvæði, ber að endurgreiða félaginu.

27. gr.

*Bókhald og meðferð eigna félagsins.*

Sé stjórn ekki kosin eða framkvæmdastjóri ekki ráðinn bera einstakir félagsmenn ábyrgð á að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Sé stjórn kosin en framkvæmdastjóri ekki ráðinn hvílir skylda skv. 1. mgr. á stjórninni.

Sé framkvæmdastjóri ráðinn hvílir skylda skv. 1. mgr. á honum en stjórn er skylt að hafa nægilegt eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

28. gr.

*Fyrirsvar.*

Sé stjórn ekki kosin eða framkvæmdastjóri ekki ráðinn og ekki er um annað samið og það tilkynnt til firmaskrár er hver einstakur félagsmaður í fyrirsvari fyrir félagið og ritar firma þess. Í félagssamningi má kveða á um að einungis einn eða fleiri félagsmenn hafi heimild til að rita firma félagsins.

Félagsfundur getur veitt einstökum stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins nema kveðið sé á um annað í félagssamningi.

Sé félagsstjórn kosin kemur hún fram út á við fyrir hönd félagsins og ritar firma þess. Stjórnin getur veitt einstökum stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins nema kveðið sé á um annað í félagssamningi.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

Sá sem hefur rétt til að rita firma félagsins getur veitt prókúruumboð.

Sé framkvæmdastjóri ráðinn getur hann ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan verksviðs hans skv. 17. gr.

29. gr.

*Heimildarskortur.*

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd sameignarfélags samkvæmt ákvæðum 1., 2., 3. og 6. mgr. 28. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum;
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 50. gr. um tilgang skráðs félags telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr.

Eftir að kjör stjórnarmanna eða ráðning framkvæmdastjóra í skráðu félagi hefur verið birt í Lögbirtingablaði í samræmi við 50. gr. getur félagið ekki borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila ágalla við kjörið eða ráðninguna nema félagið sýni fram á að hann hafi vitað um ágallann.

## V. KAFLI
## **Breytingar á félagsaðild.**

30. gr.

*Framsal félagsaðildar.*

Eignarhlutur í sameignarfélagi verður ekki framseldur án skriflegs samþykkis allra félagsmanna. Heimilt er að kveða á um annað í félagssamningi.

Við eigendaskipti á hlut í sameignarfélagi tekur nýi félagsmaðurinn (framsalshafi) við réttindum og skyldum gamla félagsmannsins (framseljanda) gagnvart öðrum félagsmönnum. Hann verður með sama hætti og framseljandi bundinn af ákvörðunum og gerningum félagsins.

Framseljandi og framsalshafi eignarhlutar í sameignarfélagi bera óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu á hendur félaginu fyrir eigendaskiptin, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 8. gr., nema kveðið sé á um annað í félagssamningi skráðs sameignarfélags, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. Framseljandi eignarhlutar ber ábyrgðina þar til kröfuhafi telst hafa leyst hann undan ábyrgð. Greiði framseljandinn skuld félagsins eiga ákvæði 22. gr. við en sá hluti skuldarinnar, sem framsalshafa ber að greiða, verður einvörðungu krafinn frá honum.

Framseljandi eignarhlutar í sameignarfélagi getur með skriflegum og sannanlegum hætti óskað eftir því við kröfuhafa félagsins að verða leystur undan ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Berist ekki svar frá kröfuhafa með sama hætti innan þriggja mánaða eftir að honum barst erindið telst kröfuhafinn hafa leyst framseljandann undan ábyrgð. Með sama hætti getur framseljandi eignarhlutarins óskað eftir því að verða leystur undan ábyrgð gagnvart félagsmönnunum.

31. gr.

*Andlát félagsmanns.*

Félagsaðild erfist ekki við andlát félagsmanns.

Þegar félagsaðild lýkur vegna andláts skal innleysa hlut hins látna. Innlausnarverð skal ákveða á grundvelli verðmætis félagsins við andlátið og gjaldfellur það sex mánuðum seinna. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. og 35. gr. eftir því sem við á.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi.

32. gr.

*Úrsögn (innlausn).*

Félagsmaður getur með sex mánaða fyrirvara sagt upp félagsaðild skriflega og krafist innlausnar af félaginu. Innlausnarverð er verðmæti eignarhlutar á þeim tíma er uppsagnarfresturinn rennur út.

Félagsmaður getur krafist innlausnar fyrirvaralaust:

a. hafi verið brotið gegn réttindum hans með verulegri vanefnd á félagssamningi;
b. hafi hann orðið undir í atkvæðagreiðslu þar sem meiri hluti hefur ráðið úrslitum í mikilvægu máli;
c. þegar innlausn af öðrum ástæðum telst heimil af augljósum sanngirnisástæðum.

Innlausnarverð skv. 2. mgr. er verðmæti eignarhlutar á þeim tíma er innlausnarheimildin lá fyrir.

Úrsögn skv. 1. og 2. mgr. skal tilkynnt öllum félagsmönnum. Stjórn, hafi hún verið kosin, skal einnig tilkynnt um úrsögn. Réttaráhrif úrsagnar skv. 2. mgr. verða þegar krafa um úrsögn hefur borist félagsmönnum.

Ef ekki er gerð krafa um innlausn skv. 2. mgr. innan hæfilegs frests frá því að innlausnarheimildin lá fyrir fellur heimildin brott.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi.

33. gr.

*Ákvörðun innlausnarverðs.*

Innlausnarverð er ákveðið á grundvelli verðmætis félagsins á þeim tíma sem miða ber við skv. 32. gr. Við mat á eignum félagsins skal taka tillit til þess hvort félagið heldur starfsemi áfram. Gera skal upp höfuðstólsreikninga félagsmanna samkvæmt síðasta ársreikningi að teknu tilliti til síðari framlaga þeirra og úttekta úr félaginu og skal niðurstaðan færð sem eign eða skuld félagsins.

Eigin fé félagsins skv. 1. mgr. skal skipt milli félagsmanna eftir sömu reglu og gildir um skiptingu hagnaðar og taps skv. 21. gr.

Hlutdeild félagsmanna í eigin fé félagsins leggst við eða dregst frá höfuðstólsreikningum þeirra miðað við efnahagsstöðu í síðasta ársreikningi eftir að höfuðstólsreikningarnir hafa verið leiðréttir miðað við framlög þeirra til félagsins og úthlutun fjármuna úr félaginu. Ef í ljós kemur að höfuðstólsreikningur þess er gengur út úr félaginu er jákvæður telst það hans eign. Sé hann neikvæður telst það hlutdeild hans í tapi.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi.

34. gr.

*Greiðsla eignarhluta og taps við innlausn.*

Eignarhlut félagsmanns, sem gengur út úr félagi, skal greiða þegar innlausnarverð hefur verið ákveðið. Sé eigi greitt innan tveggja vikna bera aðrir félagsmenn ótakmarkaða og óskipta ábyrgð á greiðslunni.

Félagsmaður, sem gengur út úr félagi, skal greiða hlut sinn í tapi félagsins þegar innlausnarverð hefur verið ákveðið.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi.

35. gr.

*Ábyrgð félagsmanns sem gengur úr félaginu.*

Félagsmaður, sem genginn er úr sameignarfélagi, ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins sem stofnast höfðu áður en hann gekk úr félaginu nema kröfuhafar félagsins verði taldir hafa leyst hann undan ábyrgð.

Félagsmaður, sem gengur úr sameignarfélagi, getur með skriflegum og sannanlegum hætti óskað eftir því við kröfuhafa félagsins að verða leystur undan ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Berist ekki svar frá kröfuhafa innan þriggja mánaða með sama hætti eftir að honum barst erindið telst kröfuhafinn hafa leyst hann undan ábyrgð. Með sama hætti getur félagsmaður, sem er genginn úr félaginu, óskað eftir því að verða leystur undan ábyrgð gagnvart félagsmönnunum.

Greiði félagsmaður, sem genginn er úr félaginu, skuld félagsins eiga ákvæði 22. gr. við.

36. gr.

*Brottvikning.*

Heimilt er að víkja félagsmanni úr félaginu með skriflegri tilkynningu ef:

a. bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða hann er af öðrum ástæðum ófær um að standa við skuldbindingar sínar;
b. félagsmaður hefur gerst sekur um verulega vanefnd á félagssamningi;
c. mikilvægar ástæður krefjast brottvikningar hans.

Ákvörðun um brottvikningu skal tekin á félagsfundi að kröfu félagsmanns. Sá sem kröfu um brottvikningu er beint að má ekki taka þátt í ákvörðuninni. Krafa um brottvikningu skal sett fram innan hæfilegs frests frá því að tilefni hennar lá fyrir en annars fellur rétturinn til brottvikningar niður.

Fallist félagsfundur ekki á kröfu um brottvikningu getur sá sem gerði kröfuna gert kröfu um brottvikningu fyrir dómstólum.

Félagsmaður, sem félagsfundur hefur samþykkt að vikið skuli úr félaginu, nýtur ekki lengur réttar til að taka þátt í stjórn félagsins og hafi hann verið stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri skal hann þegar láta af störfum. Sama gildir hafi brottvikning hans verið staðfest með dómi, sbr. 3. mgr.

Ákvæði 33.–35. gr. gilda eftir því sem við á.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi.

VI. KAFLI
**Félagsslit og skipti.**

37. gr.
*Félagsslit þegar aðeins einn félagsmaður er eftir.*

Verði félagsmenn í óskráðu sameignarfélagi færri en tveir telst félaginu þegar slitið.

Hafi félagsmenn í skráðu sameignarfélagi verið færri en tveir í sex mánuði telst félaginu slitið. Skal sýslumaður þá afskrá félagið.

38. gr.
*Ákvarðanir um félagsslit.*

Félagsmaður getur krafist þess að félagsfundur slíti félaginu strax:

a. hafi verið brotið gegn réttindum hans með verulegri vanefnd á félagssamningi og úrsögn skv. 32. gr. telst ekki sanngjarnt úrræði fyrir hann;
b. þegar aðrar mikilvægar ástæður krefjast félagsslita;
c. samkvæmt ákvæðum félagssamnings.

Fallist félagsfundur ekki á kröfu um slit félagsins getur sá sem krafist hefur slita krafist dóms um að félaginu skuli slitið.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi. Sé í félagssamningi kveðið á um heimild félagsmanns til að krefjast félagsslita með uppsögn félagssamnings skal uppsögn send skriflega til allra félagsmanna og stjórnar, hafi hún verið kosin, með minnst sex mánaða fyrirvara sé ekki um annað samið.

Ákvörðun um slit skráðs félags skal þegar tilkynnt firmaskrá.

39. gr.
*Ákvarðanir um skipti.*

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um félagsslit skal félagsfundur taka ákvarðanir um skipti. Félagsmaður getur krafist þess að félagsfundur kjósi skilanefnd með einum eða fleiri mönnum til óákveðins tíma en með þriggja mánaða uppsagnarfresti eða öðrum fresti sem félagsfundur ákveður. Heimilt er að velja félagsstjórn sem skilanefnd en félagsmaður getur krafist þess að félagsfundur velji aðra í skilanefnd.

Fallist félagsfundur ekki á kröfu um kosningu skilanefndar skv. 1. mgr. skal firmaskrá skipa skilanefnd að kröfu stjórnarmanns eða félagsmanns sem ekki hefur greitt atkvæði með ákvörðun félagsfundar. Félagsmaður eða stjórnarmaður getur einnig borið kjör á skilanefndarmönnum undir firmaskrá sem getur skipað aðra menn í skilanefnd sé ástæða til þess.

Félagsmaður getur krafist opinberra skipta skv. XV. kafla laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl.

40. gr.
*Skilanefnd.*

Sé skilanefnd kosin skulu stjórn og framkvæmdastjórar láta af störfum hafi komið til kjörs stjórnar eða ráðningar framkvæmdastjóra.

Skilanefnd hefur heimild til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að slíta félaginu. Ákvæði 14.–16. gr. og 18. gr. gilda eftir því sem við á.

Meðan á félagsslitum stendur er skilanefnd í fyrirsvari fyrir félagið og hefur heimild til að rita firma þess nema annað sé ákveðið.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn gagnvart félagsmönnum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

41. gr.

*Framkvæmd skipta.*

Skilanefnd eða annar sá sem annast skipti skráðs sameignarfélags skal tilkynna firmaskrá að ákveðið hafi verið að slíta félaginu og láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni.

Skilanefnd eða annar sá sem annast skipti félagsins skal gera skrá yfir eignir og skuldir félagsins. Jafnframt skal gert sjálfstætt slitauppgjör frá síðasta ársreikningi.

Heimilt er að halda áfram rekstri félagsins að því marki sem æskilegt er með hliðsjón af uppgjöri eigna félagsins og skiptum þess.

42. gr.

*Úthlutun eigna.*

Ef félagsmenn eru ekki sammála um skiptingu eigna innbyrðis skal eignum félagsins komið í verð og þeim úthlutað í reiðufé.

Félagsmaður getur krafist þess að skuldir félagsins séu greiddar eða að tekið sé frá fé til að tryggja greiðslu þeirra og umdeildra krafna.

Milli félagsmanna gilda ákvæði 33. og 34. gr. eftir því sem við á.

Ákvæði 1.–3. mgr. eru frávíkjanleg með félagssamningi.

Þegar allar skuldir félagsins hafa verið greiddar eða settar tryggingar fyrir greiðslu þeirra og hagnaður og tap hefur verið gert upp skal sá sem annast skiptin leggja fram á félagsfundi til staðfestingar skriflega úthlutunargerð og lokareikninga félagsins.

Þegar úthlutunargerðin hefur verið staðfest á félagsfundi skráðs sameignarfélags skal sá sem annast skiptin tilkynna firmaskrá að skiptum sé lokið og félaginu hafi verið slitið.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar eða annarra sem annast skipti félagsins getur skilanefnd eða aðrir er annast skipti beint ágreiningsefninu til héraðsdómara í samræmi við reglur XVII. kafla laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

43. gr.

*Ábyrgð eftir félagsslit.*

Eftir slit sameignarfélags bera félagsmenn sömu ábyrgð og áður gagnvart kröfuhöfum félagsins sem ekki hafa fengið kröfur sínar greiddar við skipti. Endurkröfuréttur félagsmanns skv. 22. gr. gildir áfram.

## VII. KAFLI
## **Skaðabótaábyrgð.**

44. gr.

*Skaðabótaábyrgð.*

Félagsmaður, stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða skilanefndarmaður er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hann veldur félaginu, einstökum félagsmönnum eða öðrum í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar félagsmaður eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða félagssamningi.

Bótafjárhæð á grundvelli skaðabótaábyrgðar skv. 1. mgr. má lækka með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

## VIII. KAFLI
## Skráning.

### 45. gr.
*Skráning sameignarfélaga í firmaskrá.*

Sýslumenn skrá sameignarfélög í firmaskrá í samræmi við firmalög. Tilkynningu til firmaskrár skulu fylgja tilskilin fylgiskjöl ásamt skráningar- og birtingargjöldum.

Sameignarfélag, sem stundar atvinnurekstur, skal tilkynnt til skráningar í firmaskrá í umdæmi sýslumanns þar sem heimilisfang félagsins er áður en atvinnureksturinn hefst.

Sameignarfélag telst stunda atvinnurekstur ef það:

1. hefur tekjur af sölu á vörum og þjónustu og þvíumlíku eða stundar starfsemi sem er í meginatriðum hliðstæð starfsemi annarra félaga eða einstaklinga í atvinnurekstri;
2. fer með meiri hluta atkvæða í félagi sem stundar atvinnurekstur eða fer með öðrum hætti með sambærileg yfirráð í því.

Sameignarfélag, þar sem allir félagsmenn eru lögaðilar, skal tilkynnt til skráningar í firmaskrá í umdæmi sýslumanns þar sem heimilisfang félagsins er áður en það hefur starfsemi.

Krefjast má fyrir hönd félagsins skráningar sameignarfélags í firmaskrá þótt það stundi ekki atvinnurekstur enda uppfylli félagið að öðru leyti skilyrði laganna fyrir skráningu.

Sýslumaður eða ráðherra ákveður að tilkynningar megi vera á rafrænu formi.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu sameignarfélaga, þ.m.t. um skipulag skráningarinnar, rekstur firmaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku, m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem firmaskrá hefur á rafrænu formi.

### 46. gr.
*Tilkynning um stofnun sameignarfélags.*

Tilkynning um stofnun sameignarfélags skal greina:

1. heiti félagsins;
2. heimilisfang félagsins;
3. tilgang félagsins;
4. hvenær það var stofnað;
5. nöfn, kennitölur og heimilisföng félagsmanna;
6. nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, hafi þeir verið kosnir, framkvæmdastjóra, hafi hann verið ráðinn, og allra þeirra er hafa heimild til að rita firma félagsins, svo og nöfn, kennitölur og heimilisföng endurskoðenda eða skoðunarmanna hafi þeir verið kosnir. Sama gildir um varamenn.

Tilkynningu skal fylgja félagssamningur og jafnframt samþykktir sé um þær að ræða. Sé stjórn kosin, framkvæmdastjóri ráðinn og endurskoðendur eða skoðunarmenn kosnir skal fylgja með staðfest endurrit af fundargerð um kjör þeirra ásamt yfirlýsingu þeirra um að þeir taki starfið að sér.

Firmaskrá getur auk þess krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að taka afstöðu til þess hvort við stofnun félagsins hafi verið farið eftir lögum og félagssamningi.

47. gr.

*Breytingar á félagssamningi eða öðru því sem tilkynnt hefur verið.*

Breytingar á félagssamningi eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skal tilkynna svo fljótt sem unnt er í samræmi við 21. gr. firmalaga, og eigi síðar en innan mánaðar.

Hætti skráð sameignarfélag starfsemi eða uppfylli það ekki lengur af öðrum ástæðum skilyrði skráningar í firmaskrá skal það tilkynnt firmaskrá og afskráð.

Félagsmaður, sem hefur gengið úr félaginu, getur sjálfur tilkynnt um það. Sama gildir um stjórnarmann, framkvæmdastjóra, þá er hafa rétt til að rita firma félagsins, endurskoðanda eða skoðunarmann ef þeir láta af störfum fyrir félagið.

Ákvæði 3. mgr. 46. gr. eiga við eftir því sem við á.

Þegar breytingar á félagssamningi eða samþykktum að öðru leyti eru tilkynntar skal leggja fram nýjan heildartexta með innfelldum breytingum.

48. gr.

*Tilkynningarskyldir aðilar.*

Skylda til að senda tilkynningar samkvæmt ákvæðum kafla þessa hvílir á öllum félagsmönnum nema stjórn hafi verið kosin en þá hvílir skyldan á henni. Allir félagsmenn skulu undirrita tilkynningu eða allir stjórnarmenn eftir því sem við á.

Við framsal á eignarhlut í sameignarfélagi og aðrar breytingar á því sem er skráð hvílir tilkynningarskylda skv. 1. mgr. á þeim sem eftir breytinguna eru félagsmenn eða stjórnarmenn.

49. gr.

*Ágallar á tilkynningum o.fl.*

Ef tilkynningar uppfylla ekki fyrirmæli laga þessara eða félagssamnings eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem kveðið er á um í lögum eða félagssamningi skal synja skráningar.

Ef bæta má úr göllum á einfaldan hátt með ákvörðun félagsfundar eða samþykkt stjórnar skal gefa félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er bætt úr innan frestsins skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og um ástæður hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal firmaskrá gera þeim aðila viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum skv. 1. og 2. mgr. getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Ef einhver telur rétti sínum hallað með skráningu getur hann borið málið undir dómstóla enda sé mál höfðað innan sex mánaða frá því að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í firmaskrá og birta síðan skv. 50. gr.

50. gr.

*Birting í Lögbirtingablaði.*

Firmaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði tilkynningar um sameignarfélög í samræmi við ákvæði firmalaga.

Um réttaráhrif birtingar tilkynninga skv. 1. mgr. gilda ákvæði firmalaga.

51. gr.

*Refsingar vegna vanrækslu á tilkynningum.*

Sá sem vanrækir tilkynningar til firmaskrár samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum. Einnig má gera sameignarfélagi sekt skv. II. kafla A í almennum hegningarlögum vegna vanrækslu forsvarsmanna á tilkynningum.

52. gr.

*Reglugerðarheimild.*

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, sbr. 7. mgr. 45. gr.

IX. KAFLI

**Gildistaka.**

53. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, verða svofelldar breytingar:

1. Í stað orðanna „rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað“ í 8. gr. laganna kemur: stundar atvinnurekstur.
2. 2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:
   Í firma sameignarfélags skal tilgreint að félagið sé sameignarfélag.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Reglur laganna um stofnun sameignarfélaga gilda ekki um sameignarfélög sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku þeirra.

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 30. gr. um ábyrgð nýs félagsmanns á eldri skuldbindingum félagsins gildir ekki um félagsmenn er hafa gengið í sameignarfélag fyrir gildistöku laga þessara.

# 1083. Frumvarp til laga [366. mál]

um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

(Eftir 2. umr., 9. mars.)

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnar. Hafnarstjórn gerir tillögu um skipulag hafnarsvæðis til skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar að höfðu samráði við Siglingastofnun Íslands um gerð þess. Viðkomandi sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafnir skulu birta gjaldskrár sínar með skýrum og aðgengilegum hætti, svo sem á netinu. Höfnum sem reknar eru skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. er heimilt að birta gjaldskrár sínar í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Síðari málsliður 11. gr. laganna orðast svo: Notendur hafnar geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Höfnum er heimilt samkvæmt kafla þessum að innheimta eftirtalin gjöld sem renna til hvers kyns uppbyggingar hafna og reksturs þeirra, sbr. 5. tölul. 3. gr.:

1. Hafnargjald sem nánar sundurliðast á eftirfarandi hátt:
   a. Skipagjöld sem skiptast í bryggjugjöld og lestargjöld og eru lögð á skip og báta er nota viðkomandi höfn og miðast við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
   b. Vörugjöld, þ.m.t. aflagjald, af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfn.
   c. Hafnsögugjöld og gjöld fyrir þjónustu hafnarbáta.
   d. Leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar á vöru.

   Hafnargjald samkvæmt þessum tölulið skal standa undir kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, dýpkanir og legu í höfn, aðstöðu við bryggjur og á hafnarbakka, hafnarbáta og hafnsögu þar sem það á við. Skipstjóra, útgerðarmanni og eiganda skips ber að greiða til hafnar gjöld skv. a-, c- og d-lið en móttakandi vöru sem kemur til hafnar og sendandi vöru sem flutt er úr höfn greiða gjöld skv. b-lið. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal farmflytjandi sjá um innheimtu á gjöldum skv. b-lið hjá sendanda og móttakanda, eftir því sem við á, og standa höfn skil á þeim.
2. Farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju og skal gjald þetta standa straum af kostnaði við uppbyggingu á aðstöðu og búnaði fyrir farþega og bifreiðar, sem og kostnaði við rekstur og viðhald.
3. Geymslugjald fyrir geymslu vöru og gáma innan húss á hafnarsvæði og skal gjald þetta standa straum af kostnaði við uppbyggingu, viðhald, endurnýjun og rekstur á geymsluaðstöðunni.
4. Leigugjald fyrir afnot af mannvirkjum eða tækjum hafnarinnar, þ.m.t. upptökumannvirkjum og löndunarkrönum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við uppbyggingu, rekstur, viðhald og endurnýjun mannvirkjanna.
5. Leyfisgjald fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 5. gr. Gjaldið skal standa straum af undirbúningskostnaði veittra leyfa.
6. Lóðargjald og lóðarleigu fyrir leigu á svæðum innan hafnarinnar.
7. Festargjald sem nota skal til að greiða kostnað við festarþjónustu sem höfnin veitir.
8. Gjöld fyrir endursölu á vatni og rafmagni og kostnaði er því fylgir.

9. Sorpgjöld sem skulu standa straum af kostnaði við sorphirðu frá skipum og fyrirtækjum á hafnarsvæði, sem og eyðingu sorpsins.
10. Vigtar- og skráningargjald sem skal standa straum af kostnaði við rekstur, viðhald og endurnýjun hafnarvogar.
11. Umsýslugjald til þess að standa straum af kostnaði við umsýslu og yfirstjórn, t.d. laun og skrifstofuhald. Heimilt er að láta umsýslugjaldið samkvæmt þessum tölulið vera innifalið í gjaldtöku skv. 1.–10. tölul. með sérstöku álagi á viðkomandi gjald.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Notendur hafnar geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðum gjalda.

5. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Gjaldtaka hafnar samkvæmt þessum kafla skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar, stofnkostnaði og kostnaði við viðhald hennar, auk þess sem heimilt er að taka tillit til arðsemi á endurmetnu eigin fé. Notendur hafnar geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.

6. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að taka á móti skipum í höfn eftir því sem rými og aðstaða leyfir. Hafnarstjórn er þó heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hætta af komu þess til hafnar. Höfn, sem telst neyðarhöfn í samræmi við áætlun um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands, sem Siglingastofnun Íslands gerir að höfðu samráði við viðkomandi höfn, Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnun, er skylt að taka á móti skipum í sjávarháska eftir því sem nánar er kveðið á um í áætluninni. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um áætlunina og neyðarhafnir í reglugerð.

Hafnargjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á skipum vegna vanefnda á hafnargjöldum án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms og án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda.

Höfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu hafnargjalda og fyrir kostnaði við að fjarlægja og/eða farga skipi séu taldar verulegar líkur á að það lendi í reiðileysi innan hafnar.

Eigandi eða umráðamaður skips, báts, flutningstækja á landi eða annars búnaðar á hafnarsvæði ber ábyrgð á að viðkomandi eign sé ávallt í lagi og valdi ekki óþrifnaði og/eða hættu á hafnarsvæðinu. Verði um slíkt að ræða, að mati hafnar, getur hún fyrirskipað að úrbætur skuli gerðar innan ákveðins frests. Sinni eigandi eða umráðamaður ekki slíkum fyrirmælum er höfn heimilt að láta fjarlægja hlutinn á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns og færa hann í vörslur viðkomandi eða selja hlut á nauðungaruppboði án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda eða umráðamanns.

Höfn skal birta auglýsingu um uppboð skv. 4. mgr. með mest fjögurra vikna og minnst viku fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt. Jafnframt skal höfn tilkynna eiganda eða umráðamanni bréflega um fyrirhugað uppboð og hvar og hvenær það fer fram. Það stendur ekki í vegi fyrir nauðungarsölu þótt tilkynningu verði ekki við komið vegna

þess að eigandi eða umráðamaður er ekki þekktur eða finnst ekki. Hafnargjöld sem njóta lögveðsréttar greiðast af söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir kostnaði við nauðungarsölu. Um úthlutun söluandvirðis og framkvæmd uppboðs fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um nauðungarsölu eftir því sem við á.

Vitji eigandi eða umráðamaður ekki þess sem afgangs er við nauðungarsölu skv. 4. mgr. eða ráðstöfun skv. 5. mgr. innan árs frá sölu eða ráðstöfunardegi rennur andvirðið í ríkissjóð.

7. gr.

Á eftir orðunum „b-lið 2. mgr. 24. gr.“ í 3. tölul. 3. mgr. 26. gr. laganna kemur: eða tjón á upptökumannvirkjum.

8. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Ráðherra skal í síðasta lagi árið 2010, eða fyrr ef nauðsyn krefur, skipa sérstaka skoðunarnefnd sem hafi það hlutverk að meta hvort töluleg viðmið 24. gr. þurfi breytinga við í ljósi reynslunnar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fyrri málsliður 3. mgr. 18. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2012.

## 1084. Frumvarp til laga [385. mál]

um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

(Eftir 2. umr., 9. mars.)

I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

*Markmið.*

Markmið laga þessara er að tryggja öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra og efla varnir gegn mengun sjávar.

2. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um áhafnir íslenskra skipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa, annarra en farþegaskipa og flutningaskipa. Lög þessi taka jafnframt til áhafna þeirra erlendu skemmtibáta sem notaðir eru að staðaldri í íslenskri landhelgi, sbr. 4. mgr. 7. gr.

3. gr.

*Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar skips samkvæmt STCW eða STCW-F.
2. *Áritun* er viðurkenning skírteina erlendra ríkisborgara til starfa á íslenskum skipum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
3. *Brúttótonn* er mælieining fyrir heildarstærð skips eins og hún er ákvörðuð samkvæmt lögum um skipamælingar. Skip sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd mælast samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um skipamælingar frá 23. júní 1969. Skip sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd mælast samkvæmt ákvæðum reglugerðar um mælieiningu skipa með lengd allt að 24 metrum.
4. *Farsvið* er nánari landfræðileg skilgreining á því hafsvæði sem skipi er heimilt að sigla um að teknu tilliti til smíði, ástands og stærðar skips, búnaðar þess, mönnunar og umhverfisþátta.
5. *Fiskiskip* er hvert það skip, skrásett sem fiskiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa, sem notað er í atvinnuskyni til að veiða fisk eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins.
6. *Fjarskiptamaður* er lögmætur handhafi skírteinis sem er gefið út eða viðurkennt af Póst- og fjarskiptastofnun samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar. Með alþjóðaradíóreglugerðinni er átt við reglur um fjarskipti sem eru viðauki við, eða sem taldar eru viðauki við, alþjóðafjarskiptasamþykktina.
7. *Fyrsti vélstjóri* er sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og tekur við vélstjórn og ábyrgð yfirvélstjóra í forföllum hans. Fyrsti vélstjóri er sá sami og telst annar vélstjóri samkvæmt alþjóðasamþykktinni og skal uppfylla sömu kröfur og þar eru gerðar.
8. *Innanlandssigling* er sigling innan íslenskrar efnahagslögsögu.
9. *Siglingatími* er viðurkenndur starfstími um borð í skipi sem er í förum og fullnægir skilyrðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.
10. *Skemmtibátur* er hvert það skip, skrásett sem skemmtiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa, sem er ekki notað í atvinnuskyni og ætlað til skemmtisiglinga, óháð þeirri orku sem knýr skipið.
11. *Skemmtibátaskírteini* er skjal sem er í gildi og er staðfesting á réttindum samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.
12. *Skip* er hvert það skip sem skráð er samkvæmt lögum um skráningu skipa og lög þessi taka til.
13. *Skipherra* er sá sem fer með æðsta vald á varðskipi.
14. *Skipstjóri* er sá sem fer með æðsta vald á skipi, sbr. ákvæði sjómannalaga.
15. *Skipstjórnarmaður* er hver sá sem fullnægt hefur þeim skilyrðum sem lög þessi kveða á um til að fá útgefið skírteini til skipstjórnar.
16. *Skírteini* (*skipstjórnarskírteini* og *vélstjórnarskírteini*) er skjal sem er í gildi og er staðfesting á atvinnuréttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skírteininu skal tilgreina þá stöðu sem skírteinishafi hefur heimild til að gegna um borð í skipi miðað við gerð, stærð og vélarafl þess.
17. *Skráningarlengd* er sú lengd skips sem lögð er til grundvallar við stærðarmælingu þess samkvæmt reglum um mælingar skipa.
18. *Smáskip* eru skip sem eru 12 metrar að skráningarlengd eða styttri.

19. *Strandsigling* er sigling innan 50 sjómílna frá strönd.
20. *Stýrimaður* er sá stýrimaður sem er lægra settur en yfirstýrimaður.
21. *STCW* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar skipa frá 1978, með síðari breytingum.
22. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.
23. *Varðskip* er hvert það skip, skrásett sem varðskip eða gæsluskip samkvæmt lögum um skráningu skipa, sem notað er til landhelgisgæslu og björgunarstarfa undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
24. *Vélarafl* er bremsuafl, þ.e. heildarúttaksafl véla sem notaðar eru til að knýja skipið áfram, eins og það er tilgreint í skráningarskírteini skips.
25. *Vélavörður* er sá sem hefur lokið vélstjórnarnámi samkvæmt reglugerð.
26. *Undirvélstjóri* er sá vélstjóri sem er lægra settur en yfirvélstjóri eða fyrsti vélstjóri.
27. *Vélstjórnarmaður* er hver sá sem fullnægt hefur þeim skilyrðum sem lög þessi kveða á um til að fá útgefið skírteini til vélstjórnar.
28. *Yfirstýrimaður* gengur næst skipstjóra og tekur við ábyrgð og skipstjórn í forföllum hans.
29. *Yfirvélstjóri* er æðsti vélstjóri um borð og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið og rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess.
30. *Önnur skip* eru hver þau skip sem ekki teljast vera farþegaskip eða flutningaskip samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og teljast ekki vera fiskiskip, skemmtibátar eða varðskip samkvæmt lögum þessum.

## II. KAFLI
## **Nám og réttindi.**

### 4. gr.
*Menntun og þjálfun.*

Menntun og þjálfun áhafna skipa annast skólar sem uppfylla kröfur alþjóðasamþykktarinnar. Um inntökuskilyrði í þá skóla, námskrá, nám, námstilhögun, námsmat og námsstig til öflunar tiltekinna skírteina samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Nám og kennsla í þeim skólum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, gerir tillögu til menntamálaráðherra, að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands, um námskrár skólanna.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð varðandi námskröfur til réttinda á smáskipum.

Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með að nám við þá skóla uppfylli kröfur alþjóðasamþykktarinnar.

### 5. gr.
*Skipstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.*

Sá einn sem er lögmætur handhafi skipstjórnarskírteinis skv. 8. gr. og hefur fullnægt skilyrðum reglugerðar sem samgönguráðherra setur hefur rétt til starfa við skipstjórn um borð í fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.

Lágmarksaldur til að fá útgefið skipstjórnarskírteini er 18 ár.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða erlendri, vottorði frá lögskráningarstjóra eða á annan fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar Íslands. Til staðfestingar siglingatíma á skipum þar sem ekki er krafist lögskráningar má leggja fram vottorð tveggja trúverðugra manna.

Skipstjórnarmenn skulu uppfylla kröfur til þess að öðlast skírteini fjarskiptamanns eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipstjórnarmenntun til grundvallar réttindum, m.a. að teknu tilliti til stærðar skips og farsviðs þess, auk aldurs og siglingatíma skipstjórnarmanns.

6. gr.

*Vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.*

Sá einn sem er lögmætur handhafi vélstjórnarskírteinis skv. 8. gr. og hefur fullnægt skilyrðum reglugerðar sem samgönguráðherra setur hefur rétt til starfa við vélstjórn um borð í fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum. Lágmarksaldur til að fá útgefið vélstjórnarskírteini er 18 ár.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða erlendri, vottorði frá lögskráningarstjóra eða á annan fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar Íslands. Til staðfestingar siglingatíma á skipum þar sem ekki er krafist lögskráningar má leggja fram vottorð tveggja trúverðugra manna.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um vélgæslu- og vélstjórnarmenntun til grundvallar réttindum, m.a. að teknu tilliti til stærðar skips, vélarafls og farsviðs þess, auk aldurs, starfsreynslu og siglingatíma vélgæslu- og vélstjórnarmanns.

7. gr.

*Skemmtibátar.*

Sá einn sem er lögmætur handhafi skemmtibátaskírteinis til stjórnunar skráningarskylds skemmtibáts hefur rétt til að annast stjórn hans að uppfylltum skilyrðum sem samgönguráðherra setur um aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn. Menntamálaráðuneytið setur reglur um menntun og þjálfun til stjórnunar skemmtibátum.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um skemmtibáta, þ.m.t. um útgáfu skírteina, gildistíma og endurnýjun þeirra, gerð skemmtibáta, stærð þeirra, afl og farsvið og um öryggiskröfur sem gerðar eru til skemmtibáta og stjórnenda þeirra.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð kröfur skv. 1. og 2. mgr. um stjórn skemmtibáta sem ekki eru skráningarskyldir en hafa vélarafl sem er meira en 50 kW.

Þeir sem stjórna skemmtibátum sem skrásettir eru erlendis og notaðir eru í íslenskri landhelgi að staðaldri skulu uppfylla kröfur reglugerðar skv. 1.–3. mgr. um skírteini eða vera handhafar annars sambærilegs erlends skírteinis að mati Siglingastofnunar Íslands.

III. KAFLI

**Skírteini.**

8. gr.

*Útgáfa skírteina.*

Hver íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar á rétt á að fá útgefið skírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður og/eða vélstjórnarmaður á íslenskum skipum.

Sama rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar.

Siglingastofnun Íslands gefur út skírteini til vélstjórnar- og skipstjórnarréttinda samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Skírteinin skulu rituð á íslensku og ensku. Útgáfa skipstjórnarskírteina og vélstjórnarskírteina og áritanir þeirra skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi. Umsóknum um skírteini skal skilað til Siglingastofnunar Íslands á þar til gerðu umsóknareyðublaði eða rafrænt samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar.

Skírteini skv. 1.–3. mgr. skal veita umsækjanda sem:

a. Fullnægir skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, m.a. um menntun, þjálfun og aldur. Skal hann m.a. hafa sótt þau námskeið sem krafist er til endurnýjunar atvinnuréttinda.
b. Er svo heill heilsu að hann geti rækt störf sín af öryggi. Skal hann leggja fram vottorð læknis til staðfestingar á hæfni til vaktstöðu og því að hann uppfylli skilyrði um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur.
c. Hefur að baki fullnægjandi siglingatíma, sbr. 5. og 6. gr. og reglugerð þar um. Hann skal færa sönnur á siglingatíma sem hann telur sig hafa að baki. Staðfesting lögskráningarstjóra eða rétt útfyllt og árituð sjóferðabók telst fullnægjandi sönnun á siglingatíma. Umsækjandi skírteinis sem kveðst hafa að baki siglingatíma á skipi sem ekki er skráð á Íslandi skal færa sönnur á þann siglingatíma á fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar Íslands.
d. Auk þess að uppfylla skilyrði a–c-liðar skal sá sem gegnir stöðu skipstjóra á íslensku skipi og hefur íslensku ekki að móðurmáli hafa staðist sérstakt próf um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem hann fær réttindi til að gegna. Samgönguráðherra setur reglur um framkvæmd prófa samkvæmt ákvæði þessu.

Frumrit skírteinis sem krafist er skal ávallt vera um borð í því skipi sem skírteinishafi er skráður eða ráðinn á samkvæmt lögskráningarkerfi sjómanna og skal hann eða skipstjóri geta framvísað því þegar þess er óskað vegna eftirlits.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir útgefin skírteini.

9. gr.

*Gildistími og endurnýjun skírteina.*

Skírteini sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum skulu gilda í allt að fimm árum frá útgáfudegi.

Heimilt er vegna sérstakra aðstæðna að gefa út bráðabirgðaskírteini sem gildir allt að 60 dögum.

Endurnýja skal skírteini sem gefin eru út samkvæmt alþjóðasamþykktinni til allt að fimm árum í senn. Heimilt er að endurnýja skírteini sem ekki falla undir alþjóðasamþykktina til lengri tíma eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Við endurnýjun skírteina skal umsækjandi:

a. fullnægja þeim heilbrigðiskröfum sem gerðar eru á hverjum tíma til að öðlast skírteini, þ.m.t. varðandi sjón og heyrn, sbr. b-lið 4. mgr. 8. gr., og
b. hafa að baki siglingatíma í stöðu sem skírteini veitir honum rétt til í a.m.k. eitt ár á síðustu fimm árum, sbr. c-lið 4. mgr. 8. gr. eða

c. hafa verið í starfi sem samsvarar viðkomandi skírteini og telst a.m.k. sambærilegt við siglingatíma sem krafist er skv. b-lið þessarar málsgreinar eða með því að:
   1. hafa staðist viðurkennd próf eða lokið á fullnægjandi hátt viðurkenndu námskeiði/ endurmenntunarnámskeiði eða
   2. hafa a.m.k. þriggja mánaða siglingatíma í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Endurmenntunarnámskeið samkvæmt þessari grein skulu samþykkt af Siglingastofnun Íslands og skulu þau m.a. taka mið af gildandi alþjóðareglum um öryggi mannslífa á sjó, alþjóðasamþykktinni og reglum um varnir gegn mengun sjávar.

10. gr.

*Viðurkenning erlendra skírteina.*

Siglingastofnun Íslands er heimilt að viðurkenna og árita erlend skírteini í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Stofnuninni er heimilt að veita handhöfum erlendra skírteina leyfi í allt að þremur mánuðum til að gegna tilteknu starfi á ákveðnu skipi þar sem krafist er skipstjórnar- eða vélstjórnarréttinda á meðan staðreynt er lögmæti hins erlenda skírteinis, enda:

a. séu lögð fram fullgild gögn um menntun sem samræmist kröfum til skip- eða vélstjórnar samkvæmt lögum þessum,
b. geti viðkomandi skilið fyrirmæli yfirmanna skipsins og stjórnað verkum í þeirra umboði.

Um umsóknir frá ríkisborgurum Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara í samræmi við lög og reglur um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum. Hið sama gildir um umsóknir frá ríkisborgurum aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingum.

Um umsóknir frá ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir viðurkennd erlend skírteini.

11. gr.

*Afturköllun skírteinis.*

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skírteini ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim til að vera skírteinishafi. Þá er stofnuninni heimilt að afturkalla skírteini hafi það verið gefið út á röngum forsendum eða fyrir mistök. Við afturköllun skírteinis skal fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Nú telur Siglingastofnun Íslands að skilyrði séu fyrir hendi til sviptingar starfsréttinda og er stofnuninni þá heimilt að svipta viðkomandi starfsréttindum til bráðabirgða. Skal slík svipting vera tímabundin eða ákvörðuð til þess tíma þegar endanleg ákvörðun dómstóls um sviptinguna liggur fyrir.

Bráðabirgðasvipting samkvæmt ákvæði þessu skal dragast frá endanlegum sviptingartíma samkvæmt dómi.

Bera má slíka ákvörðun Siglingastofnunar Íslands undir dómstóla samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og skal stofnunin leiðbeina viðkomandi um þann rétt.

## IV. KAFLI
## Mönnun og undanþágur.

### 12. gr.
*Lágmarksfjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.*

Á hverju fiskiskipi og öðru skipi skal vera skipstjóri. Um fjölda stýrimanna á fiskiskipum og öðrum skipum fer sem hér segir:

a. Á skipi sem er styttra en 12 metrar að skráningarlengd má skipstjóri vera hinn sami og vélavörður sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn, enda taki vinnu- og hvíldartími mið af 64. gr. sjómannalaga.
b. Á skipi sem er styttra en 24 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á skipi þar sem daglegur útivistartími er styttri en 14 klst. er heimilt að vera án stýrimanns, enda hafi skip fengið útgefna heimild þess efnis frá mönnunarnefnd. Siglingastofnun Íslands skal halda skrá yfir þau skip sem slíka heimild hafa hlotið. Séu reglur um skilyrtan útivistartíma brotnar skal mönnunarnefnd afturkalla heimildina.
c. Á skipi sem er 24 metrar að skráningarlengd eða lengra en styttra en 45 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður.
d. Á skipi sem er 45 metrar eða lengra að skráningarlengd skulu vera tveir stýrimenn.

Á hverju varðskipi skal vera skipherra. Um fjölda stýrimanna á varðskipum fer sem hér segir:

a. Á skipi sem er styttra en 24 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður.
b. Á skipi sem er 24 metrar að skráningarlengd eða lengra en styttra en 45 metrar að skráningarlengd skulu vera tveir stýrimenn.
c. Á skipi sem er 45 metrar eða lengra að skráningarlengd skulu vera þrír stýrimenn.

Um fjölda vélstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum fer sem hér segir:

a. Á skipi með vélarafl frá og með 250 kW til og með 750 kW skal vera:
    1. Vélavörður, sé skipið styttra en 12 metrar að skráningarlengd. Vélavörður má vera hinn sami og skipstjóri sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn, enda taki vinnu- og hvíldartími mið af 64. gr. sjómannalaga.
    2. Yfirvélstjóri, sé skipið 12 metrar að skráningarlengd eða lengra.
    3. Yfirvélstjóri og vélavörður, sé skipið 12 metrar að skráningarlengd eða lengra og útivera þess fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á skipi þar sem daglegur útivistartími er styttri en 14 klst. er heimilt að vera án vélavarðar, enda hafi skip fengið útgefna heimild þess efnis frá mönnunarnefnd. Siglingastofnun Íslands skal halda skrá yfir þau skip sem slíka heimild hafa hlotið. Séu reglur um skilyrtan útivistartíma brotnar skal mönnunarnefnd afturkalla heimildina.
b. Á skipi með vélarafl frá og með 751 kW til og með 1.800 kW skal vera yfirvélstjóri og fyrsti vélstjóri.
c. Á skipi með vélarafl yfir 1.800 kW skal vera yfirvélstjóri, fyrsti vélstjóri og undirvélstjóri.

Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem kveðið er á um í reglugerð er ekki skylt að vélavörður sé í áhöfn skips sem er 12 metrar eða styttra að skráningarlengd ef gerður hefur verið samningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands.

Lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna um borð í skipum skv. 1.–3. mgr. skal að öðru leyti taka mið af úthaldi skips og tryggja að ákvæðum 64. gr. sjómannalaga um vinnu og hvíldartíma sjómanna á fiskiskipum sé fullnægt ásamt ákvæðum reglugerðar um sama efni.

Mönnunarnefnd skv. 13. gr. ákveður undanþágur frá mönnun skipa samkvæmt þessari grein.

13. gr.

*Mönnunarnefnd.*

Samgönguráðherra skipar fimm menn í mönnunarnefnd skipa, til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samtökum útgerðaraðila, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einum tilnefndum af Félagi vélstjóra og málmtæknimanna. Samgönguráðherra skipar formann og varamann hans án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Mönnunarnefnd hefur heimild til að:

a. ákveða frávik frá ákvæðum 12. gr. um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar, þar sem m.a. skal taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér,
b. ákveða tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur, þó ekki lengur en sex mánuði í senn,
c. ákveða að sjómaður sem hlotið hefur skilgreinda þjálfun undir staðfestri leiðsögn skipstjóra eða yfirvélstjóra geti fengið undanþágu til starfa sem undirstýrimaður eða undirvélstjóri á því skipi sem hann fékk þjálfunina á eða öðru sambærilegu skipi,
d. meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

Siglingastofnun Íslands ber ábyrgð á því að ákvörðun mönnunarnefndar um frávik frá 12. gr. sé skráð í lögskráningarkerfi sjómanna. Nefndin skal senda Siglingastofnun og lögskráningarstjóra í því umdæmi þar sem lögskráning skal fara fram samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna samrit ákvörðunar um mönnun skips.

14. gr.

*Undanþágur.*

Samgönguráðherra skipar fimm menn í undanþágunefnd til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samtökum útgerðarmanna, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einum tilnefndum af Félagi vélstjóra og málmtæknimanna. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin réttindi vantar til starfa getur undanþágunefnd veitt tilteknum manni undanþágu til að gegna stöðu á tilteknu skipi í tiltekinn tíma hafi umsækjandi ekki tilskilin réttindi, sbr. 5. og 6. gr., enda telji hún að öryggi mannslífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu og að viðkomandi sé hæfur til að annast starfið á öruggan hátt.

Undanþágu má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu eða uppfyllir kröfur reglugerðar um undanþágur. Ef ekki er krafist skírteinis í næstu lægri stöðu má veita þeim undanþágu sem að mati undanþágunefndar hefur næga þekkingu og reynslu.

Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra skv. 5. gr. eða yfirvélstjóra skv. 6. gr. nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er.

Undanþágunefnd veitir undanþágur til starfa á skipum samkvæmt lögum þessum.

Undanþágur samkvæmt þessari grein má ekki veita til lengri tíma en sex mánaða.

## V. KAFLI
## **Ýmis ákvæði.**

### 15. gr.
### *Ábyrgð skipstjóra.*

Skipstjóri á íslensku skipi ber fulla ábyrgð á framkvæmd þeirra laga og reglna sem lúta að starfi hans og settar eru af þar til bærum stjórnvöldum.

### 16. gr.
### *Vafatilvik.*

Leiki vafi á því hvort skip telst fiskiskip, varðskip, skemmtibátur eða annað skip samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sker Siglingastofnun Íslands úr um það.

### 17. gr.
### *Kærur.*

Ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands, undanþágunefndar og mönnunarnefndar samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til samgönguráðuneytisins í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

### 18. gr.
### *Gjöld.*

Greiða skal gjald fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina og veitingu undanþágna samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands sem af því hlýst.

Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.

### 19. gr.
### *Reglugerð.*

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um próf, skírteini og skilyrði þeirra, útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina, vaktstöður, undanþágur, mönnun skipa og skipan og starfshætti undanþágunefndar og mönnunarnefndar.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu að lágmarki uppfylla skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktinni.

20. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum enda liggi ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Beita skal ákvæðum III. kafla almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

21. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, nr. 47/1987, lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeir sem eru lögmætir handhafar skírteina samkvæmt lögum sem falla úr gildi við gildistöku laga þessara skulu halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi þeir öðrum kröfum laga þessara, sbr. 4. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 9. gr.

Heimilt er að gefa út ný skírteini í stað eldri skírteina í samræmi við ákvæði reglugerðar. Nánar skal kveðið á um gildistíma eldri skírteina í reglugerð.

Hafi skipstjórnarmaður skírteini til skipstjórnarstarfa á skipi samkvæmt brúttórúmlestaviðmiðun eldri laga, sem hann hefur ekki réttindi til að gegna samkvæmt lögum þessum, skal hann eigi að síður eiga rétt á að fá útgefin skírteini til þess að gegna sömu störfum á því skipi og skipum sem eins háttar um, að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Þeir sem við gildistöku laga þessara eru lögmætir handhafar 30 brúttórúmlesta atvinnuréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum allt að 12 metrum eða minna að skráningarlengd í strandsiglingum, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu. Þeir sem þegar hafa öðlast 30 brúttórúmlesta atvinnuréttindi halda þeim.

Þeir sem eru lögmætir handhafar 80 brúttórúmlesta skipstjórnarréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum allt að 24 metrum að skráningarlengd í innanlandssiglingum, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu.

Þeir sem eru lögmætir handhafar 200 brúttórúmlesta skipstjórnarréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum allt að 45 metrum að skráningarlengd í innanlandssiglingum, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu.

Skipa skal í nefndir skv. 13. og 14. gr. að nýju við gildistöku laga þessara.

**Viðauki.**

**Útgáfa nýrra skírteina og yfirfærsla eldri skírteina.**

Heimilt er að gefa út ný skírteini til skipstjórnarstarfa á íslenskum fiskiskipum og öðrum skipum samkvæmt þessum lögum og reglugerð sem sett er samkvæmt þeim í stað skírteina samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996 á þann hátt sem eftirfarandi tafla sýnir:

| **Skírteini samkvæmt þessum lögum og reglugerð sem sett er samkvæmt þeim.** | **Skírteini samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996. Takmarkanir:** |
|---|---|
| *Skipstjóri/stýrimaður* á fiskiskipi og öðrum skipum < 12 metrar eða minna að skráningarlengd. Réttindastig sem þeir einir eiga tilkall til sem við gildistöku þessara laga höfðu öðlast réttindi til að gegna stöðu skipstjóra og stýrimanns á skipi 30 brúttórúmlestir eða minna í innanlandssiglingum. | *Skipstjóri/stýrimaður* á skipum 30 rúmlestir eða minna í innanlandssiglingum. Þeir sem þegar hafa öðlast 30 brúttórúmlesta atvinnuréttindi halda þeim. |
| *Skipstjóri/stýrimaður* á fiskiskipi og öðrum skipum < 24 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum. (Skírteini Ac og Ad). | *Skipstjóri/stýrimaður* á fiskiskipum og öðrum skipum, allt að 80 brl. í innanlandssiglingum (A-2). |
| *Yfirstýrimaður* á fiskiskipi og öðrum skipum < 45 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum. (Skírteini Ba). | *Yfirstýrimaður/1. stýrimaður* á fiskiskipum og öðrum skipum 200 rúmlesta og minni í innanlandssiglingum. (A-3 og 1. stig). |
| *Skipstjóri* á fiskiskipi og öðrum skipum < 45 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum. (Skírteini Bb). | *Skipstjóri* á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum (A-4 og 1. stig). |
| *Undirstýrimaður* – engar takmarkanir. (Skírteini Ab). | *Undirstýrimaður* á 500 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum. (A-4 og 1. stig). |
| *Yfirstýrimaður* – engar takmarkanir. (Skírteini Ca). | *Yfirstýrimaður/1. stýrimaður* á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði. (A-5 og 2. stig). |
| *Skipstjóri* – engar takmarkanir. (Skírteini Cb). | *Skipstjóri* á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði. (A-6 og 2. stig). |

# 1085. Lög [358. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. mars.)

Samhljóða þskj. 952.

# 1086. Frumvarp til laga [688. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. (sem hefur yfirtekið réttindi og skyldur Alusuisse-Lonza Holding Ltd. að lögum), dags. 5. mars 2007, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969, 10. desember 1975, 5. nóvember 1984, 11. nóvember 1985 og 16. nóvember 1995), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess sem um ræðir í 1. gr. skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Fylgiskjal.**

SJÖTTI VIÐAUKI VIÐ

Aðalsamning
milli
Ríkisstjórnar Íslands
og
ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD.

dags. 28. mars 1966
ásamt
fimm viðaukasamningum

dags. 28. okt. 1969, 10. des. 1975, 5. nóv. 1984, 11. nóv. 1985 og 16. nóv. 1995,

ásamt fylgiskjölum tilgreindum í aðalsamningi og viðaukasamningum.

SAMNINGUR GERÐUR
HINN 5. DAG MARSMÁNAÐAR 2007.

**RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS** (hér eftir einnig nefnd „**ríkisstjórnin**"), sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Arnarhváli, 150 Reykjavík, kemur fram fyrir, í fyrsta lagi,

og

**ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD.** (hér eftir einnig nefnt „**Alcan**"), sem er fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum Sviss, og hefur höfuðstöðvar sínar að Max Högger-Strasse 6, P.O Box, CH-8048, Zurich, Sviss, í öðru lagi,

(en hér eftir eru framangreindir tveir aðilar sameiginlega nefndir „**aðilar**"),

hafa hinn 5. dag marsmánaðar 2007 gert með sér þennan

## SJÖTTA VIÐAUKASAMNING VIÐ AÐALSAMNINGINN FRÁ 22. MARS 1966 MEÐ FIMM SÍÐARI BREYTINGUM

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkisstjórn Íslands og Swiss Aluminium Ltd. gerðu með sér samning um byggingu og rekstur álbræðslu og annarra mannvirkja í Straumsvík, dags. 28. mars 1966, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76, 13. maí 1966 og tók gildi 20. september 1966, með áorðnum breytingum samkvæmt (i) fyrsta viðauka, dags. 28. október 1969, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og tók gildi 16. apríl 1970, (ii) öðrum viðauka, dags. 10. desember 1975, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 42, 25. maí 1976 og tók gildi 12. júní 1976, (iii) þriðja viðauka, dags. 5. nóvember 1984, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 104, 30. nóvember 1984 og tók gildi 30. nóvember 1984, (iv) fjórða viðauka, dags. 11. nóvember 1985, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 111, 31. desember 1985 og tók gildi 31. desember 1985, og (v) fimmta viðauka, dags. 16. nóvember 1995, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 155/1995 og tók gildi þann 29. desember 1995, ásamt fylgiskjölum og viðaukasamningum (hér eftir nefndur „aðalsamningurinn");

MEÐ ÞVÍ AÐ nafni Swiss Aluminium Ltd. var breytt í Aluzuisse-Lonza Holdings Ltd. þann 2. janúar 1990 og í Alcan Holdings Switzerland Ltd. þann 20. júlí 2001 og þar sem Alcan Holdings Switzerland Ltd. hefur gengið inn í öll réttindi og skyldur Swiss Aluminium Ltd. samkvæmt aðalsamningnum;

MEÐ ÞVÍ AÐ í ákvæði 33.03 í aðalsamningnum er ISAL veitt heimild á gildistíma samningsins að velja þann kost að lúta almennum, íslenskum skattalögum sem í gildi eru hverju sinni;

MEÐ ÞVÍ AÐ samkvæmt nefndu ákvæði 33.03 í aðalsamningnum skulu aðilar samningsins þegar ganga til samninga um yfirfærslu ISAL í almenna, íslenska skattkerfið, berist tilkynning þar að lútandi frá ISAL;

MEÐ ÞVÍ AÐ Alcan og ISAL hafa með bréfi, dags. 28. maí 2003, beint tilkynningu samkvæmt nefndu ákvæði 33.03 í aðalsamningnum til ríkisstjórnarinnar um að ISAL velji þann kost að lúta almennum, íslenskum skattalögum frá og með 1. janúar 2004;

MEÐ ÞVÍ AÐ það er sameiginlegur skilningur aðila að breyting yfir í hið almenna, íslenska skattkerfi verði ekki gerð nema með því að fella niður allar skatta- og gjaldaundanþágur, sem og sérreglur á því sviði, sem ISAL nýtur samkvæmt aðalsamningnum;

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkisstjórnin og Alcan vilja nú, í kjölfar samningaviðræðna um að ná framangreindum markmiðum, breyta þeim ákvæðum aðalsamningsins sem lúta að skattlegri meðferð og skattgreiðslum þannig að starfsemi ISAL lúti íslenskum skattalögum og reglum frá 1. janúar 2005;

HAFA ÞVÍ aðilar hér með samþykkt að gera eftirfarandi breytingar á aðalsamningnum í samræmi við 51. gr. aðalsamningsins, dags. 28. mars 1966, ásamt fimm viðaukasamningum, (1) dags. 28. okt. 1969, (2) dags. 10. des. 1975, (3) dags. 5. nóv. 1984, (4) dags. 11. nóv. 1985 og (5) 16. nóv. 1995:

**1. gr.**

**Heiti samnings þessa og orðskýringar við hann.**

1.1. Samningur þessi heitir sjötti viðaukasamningur við aðalsamninginn.

1.2. Ef samhengi krefst ekki annars skulu hugtök sem notuð eru í samningi þessum hafa sömu merkingu og þeim er gefin í 1. gr. aðalsamningsins.

**2. gr.**

**Breytingar á aðalsamningi er lúta að ábyrgðum.**

2.1. Grein 3.04 ii) orðast svo: áfallin opinber gjöld með þeim álögum, þ.m.t. dráttarvöxtum, sem gilda samkvæmt almennum íslenskum lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

**3. gr.**

**Breytingar á aðalsamningi er lúta að gjaldi fyrir höfn og hafnarmannvirki.**

3.1. Í síðari málslið greinar 8.03 skulu í stað orðsins „fastagjald“ koma orðin „gjöld samkvæmt almennum íslenskum lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma“.

**4. gr.**

**Breytingar á aðalsamningi er lúta að aðflutnings- og útflutningsgjöldum.**

4.1. 14. gr. sem fjallar um aðflutnings- og útflutningsgjöld fellur brott.

**5. gr.**
**Breytingar á aðalsamningi er lúta að leyfum fyrir byggingu og rekstur bræðslunnar.**

5.1. Í stað orðanna „vera þau, er greinir í málsgrein 31.01 í samningi þessum.“ í lok 15. gr., kemur „fara eftir almennum, íslenskum lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma“.

**6. gr.**
**Breytingar á aðalsamningi er lúta að gjaldeyri og gjaldeyrisreikningum.**

6.1. 16. gr. sem fjallar um gjaldeyri og gjaldeyrisreikninga fellur brott.

**7. gr.**
**Breytingar á aðalsamningi er lúta að aðgerðum til að koma í veg fyrir tvísköttun vegna tekna starfsmanna sem hafa búsetu annars staðar en á Íslandi.**

7.1. Síðari málsliður greinar 17.04 verður svohljóðandi:
„Að öðru leyti gilda um álagningu skatta á tekjur og eignir erlendra ríkisborgara, sem heimilisfesti hafa í öðru ríki en Íslandi en dvelja hér á landi hluta úr ári, almenn íslensk lög og reglur,svo og alþjóðasamningar og samningar sem íslenska ríkið hefur gert við erlend ríki til að koma í veg fyrir tvísköttun.“

**8. gr.**
**Breytingar á aðalsamningi er lúta að fyrirvara um takmarkanir af hálfu ríkisstjórnarinnar.**

8.1. Á eftir orðinu „fyrirmæli“ í 1. málslið greinar 18.03 bætist „önnur en leiða af almennum, íslenskum lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma“.

8.2. Orðin „ ‚eins og þetta er tilgreint í staflið d) í málsgr. 14.01 í samningi þessum“. falla brott.

**9. gr.**
**Breytingar á aðalsamningi er lúta að framleiðslugjaldi.**

9.1. Í stað orðsins „Framleiðslugjald“ í fyrirsögn VI. kafla og sem undirheiti 25. gr. kemur „Skattlagning“.

9.2. Núgildandi greinar 25 til 33 falla brott í heild sinni og ákvæði 25. gr. orðast svo:
Að því leyti sem ISAL, hluthafar þess, dóttur- og móðurfélög, starfsmenn og aðrir sem tengjast félaginu eru skattskyldir hér á landi, skal sú skattlagning lúta almennum íslenskum skattalögum. Ákvæðið tekur m.a. til framtals og skila, álagningar, greiðslu, innheimtu og upplýsingagjafar vegna allra skatta og opinberra gjalda sem lögð eru á sambærileg fyrirtæki, nú eða síðar, eftir almennum íslenskum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. ISAL nýtur engra undanþága, sérkjara eða sérreglna varðandi skatta og opinber gjöld utan þess sem leiðir af almennum lögum, að teknu tilliti til alþjóðasamninga og samninga sem íslenska ríkið hefur gert við erlend ríki til að koma í veg fyrir tvísköttun.

**10. gr.**
**Breytingar á aðalsamningi er lúta að ákvæði um meðferð fjárfestinga.**

10.1. Við grein 35.02 bætist eftirfarandi setning:

„Ákvæði þetta tekur ekki til breytinga sem kunna að verða á fjárfestingum í kjölfar yfirfærslu ISAL yfir í hið almenna skattkerfi samkvæmt 6. viðaukasamningi við aðalsamninginn.“

**11. gr.**
**Breytingar á aðalsamningi er lúta að deilum.**

11.1. Við 46. grein bætist ný málsgrein sem verður svohljóðandi:
„Varði deila skyldu ISAL til greiðslu hvers konar opinberra skatta eða gjalda, skal leyst úr henni fyrir íslenskum yfirvöldum og dómstólum, eftir þeim reglum sem um slíka deilu gilda eftir almennum, íslenskum lögum, en ekki fyrir gerðardómi.“

**12. gr.**
**Breytingar á aðalsamningi er lúta að réttindum og skyldum að loknum samningstíma eða við riftun.**

12.1. Grein 50.01 verður svohljóðandi:
„Þegar samningur þessi og fylgisamningarnir renna út eða þeim er rift, skulu allar fjárfestingar Alusuisse og sérhvers samþykkts hluthafa vera áfram á þeirra nafni. Alusuisse skal eiga rétt á, ef það óskar þess, að slíta ISAL og leysa það upp. Fari svo, skal farið með slit félagsins, þ.m.t. eignir þess, skuldir og réttindi hluthafa, eftir almennum, íslenskum lögum um slit og uppgjör félaga sbr. og grein 20.01.“

**13. gr.**
**Breytingar á tilkynningum.**

13.1. Í stað orðanna „Alusuisse“ og „Alusuisse-Lonza Holdings Ltd.“ í 53. gr. koma „Alcan og Alusuise“ og „Alcan Holdings Switzerland Ltd.“ nú skráð að Max Högger-Strasse 6, PO Box 1954, CH-8048 Zurich, Switzerland.

**14. gr.**
**Gildi og staða samnings þessa.**

14.1 Við undirritun samnings þessa af hálfu aðila hans og við lokagerð hans tekur hann gildi, sbr, gr. 14.3. Samkomulag er þó með aðilum um að þau ákvæði samnings þessa sem breyta ákvæðum aðalsamningsins varðandi skatta og gjaldskyldu skuli eigi að síður taka gildi frá og með 1. janúar 2005. Í því felst að ISAL skal standa skattstjóra Reykjanesumdæmis skil á skattframtölum fyrir liðin gjaldár innan 6 mánaða frá lögfestingu viðauka þessa. Framtölum skal að öllu leyti haga í samræmi við íslenskar reglur skattaréttar á hverju gjaldáranna. Skattstjóri skal innan tveggja mánaða frá lokum framtalsfrests leggja á ISAL opinber gjöld í samræmi við ákvæði 95. og 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Álagninguna skal skattstjóri tilkynna ISAL skriflega og markar póstlagning þeirrar tilkynningar upphaf 30 daga kærufrests til skattstjóra, sbr. 99. gr. laga nr. 90/2003. Gjalddagi álagðra gjalda sbr. framangreint er 1. dagur næsta mánaðar eftir að álagning er tilkynnt og eindagi 30 dögum síðar. Í því felst einnig að tollstjórinn í Reykjavík skal innan 6 mánaða frá lögfestingu viðauka þessa ákvarða ISAL aðflutningsgjöld vegna sendinga sem ISAL hefur fengið tollafgreiddar frá 1. janúar 2005 til lögfestingardags viðaukans með vísan til almennra ákvæða laga um álagningu aðflutningsgjalda og stjórnvaldsfyrirmæla settum samkvæmt þeim.

Þau gjöld sem lögð verða á í stað framleiðslugjalds gjaldfalla við álagningu. Greitt framleiðslugjald skoðast sem innborgun upp í þá álagninu sem ekki skal vaxtareikna.

14.2. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn samkvæmt ákvæðum 51. gr. hans og skal talinn óaðskiljanlegur hluti af aðalsamningnum (með áorðnum breytingum) svo sem hann væri felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins, með öllum réttindum hans og skyldum, taka ekki öðrum breytingum en þeim sem gerðar eru í samningi þessum og halda að öðru leyti fullu gildi. Allar tilvísanir til aðalsamningsins, sem gerðar eru í fylgiskjölum eða fylgisamningunum, eða hvers þeirra sem er, eða verða gerðar síðar, skulu taldar vera gerðar til aðalsamningsins eins og honum hefur áður verið breytt og eins og honum hefur verið breytt með samningi þessum, nema samhengi krefjist annars.

14.3 Þegar samningur þessi hefur verið undirritaður af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er um í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Við staðfestingu og að fullnægðum öðrum löggjafar- og tilkynningaratriðum skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur“) og hafa lagagildi á Íslandi svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum, sbr. þó grein 14.1.

**15. gr.**
**Bráðabirgðaákvæði.**

15.1 Fyrningargrunnur varanlegra rekstrarfjármuna þann 1. janúar 2005 skal vera bókfært verð þeirra þann 31. desember 2004 skv. endurskoðaðri fyrningarskýrslu vegna framleiðslugjalds.

**16. gr.**
**Ýmis ákvæði.**

16.1. Breyting þessi á aðalsamningnum skal undirrituð og afhent af aðilum í tveimur eintökum. Hvort eintak telst frumeintak og jafngilt hinu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hefur sjötti viðaukasamningurinn við aðalsamninginn verið undirritaður fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og Alcan Holdings Switzerland Ltd. þann dag sem í upphafi greinir, í tveimur eintökum.

| | |
|---|---|
| Fyrir hönd<br>RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS: | Fyrir hönd<br>ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD: |
| _____ | _____ |

SIXTH AMENDMENT TO

The Master Agreement
between
The Government of Iceland
and
ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD.

dated 28 March 1966
together with
five Supplemental Agreements

dated 28 October 1969, 10 December 1975, 5 November 1984, 11 November 1985 and 16 November 1995,

together with the scheduled documents specified in the Master Agreement and Supplemental Agreements

AGREEMENT MADE
ON THE 5TH DAY OF THE MONTH OF MARCH, 2007.

**THE GOVERNMENT OF ICELAND** (hereinafter also referred to as the "**Government**"), represented by its Minister of Industry and Commerce, of the First Part,

and

**ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD.** (hereinafter also referred to as "**Alcan**"), a company organized and operated under the laws of Switzerland and having its registered office at Max Högger-Strasse 6, P.O Box, CH-8048, Zurich, Switzerland, of the Second Part,

(with both parties hereinafter referred to jointly as the "**Parties**"),

have on this 5 day of the month of March, 2007, entered into the following

## SIXTH SUPPLEMENTAL AGREEMENT TO THE MASTER AGREEMENT OF 22 MARCH 1966, WITH FIVE SUBSEQUENT AMENDMENTS

WHEREAS the Government and Swiss Aluminium Ltd. entered into an agreement relating to the construction and operation of an aluminium reduction plant and appurtenant facilities at Straumsvík dated March 28, 1966, ratified by Act of the Althing No. 76, May 13, 1966, and effective as of September 20, 1966, amended (i) by a First Amendment dated October 28, 1969, ratified by Act of the Althing No. 19, April 6, 1970, and effective as of April 16, 1970, (ii) by a Second Amendment dated December 10, 1975, ratified by Act of the Althing No. 42, May 25, 1976, and

effective as of June 12, 1976, (iii) by a Third Amendment dated November 5, 1984, ratified by Act of the Althing No. 104, November 30, 1984, and effective as of November 30, 1984, (iv) by a Fourth Amendment dated November 11, 1985, ratified by Act of the Althing No. 111, December 31, 1985, and effective as of December 31, 1985, and (v) a Fifth Amendment dated 16 November 1995, ratified by Act of the Althing No. 155/1995 and effective as of 29 December 1995, together with scheduled documents and supplementary agreements (hereinafter as so amended referred to as the "Master Agreement");

WHEREAS Swiss Aluminium Ltd. has been renamed to Aluzuisse-Lonza Holdings Ltd. on January 2, 1990 and to Alcan Holdings Switzerland Ltd. on July 20, 2001 and as Alcan Holdings Switzerland Ltd. continues to assume the rights and obligations previously assumed by Swiss Aluminium Ltd. pursuant to the Master Agreement;

WHEREAS Section 33.03 of the Master Agreement permits ISAL, during the Term of the Agreement, to elect to be subject to the general Icelandic tax laws as existing from time to time;

WHEREAS according to the said Section 33.03 of the Master Agreement the Parties shall promptly enter into negotiations on the transition of ISAL to the general tax system if such notice is given by ISAL;

WHEREAS Alcan and ISAL have, by a letter dated 28 May 2003 sent to the Government a notice pursuant to the said Section 33.03 of the Master Agreement to the effect that ISAL elects to submit to the general tax system as of 1 January 2004;

WHEREAS it is the joint understanding of the Parties that the transition to the General Icelandic tax system cannot be effected except by removing all derogations from taxes and charges, as well as special rules in this respect, enjoyed by ISAL under the Master Agreement;

WHEREAS the Government and Alcan, following negotiations on achieving the objectives stated above, wish to amend the provisions of the Master Agreement relating to taxation and tax payments so that ISAL's operation will be subject to the Icelandic tax laws and regulations from the 1st of January 2005;

NOW THEREFORE the Parties have agreed to make the following amendments to the Master Agreement pursuant to Article 51 of the Agreement dated 28 March 1966, together with five amendments (1) dated 28 October 1969, (2) dated 10 December 1975, (3) dated 5 November 1984, (4) dated 11 November 1985 and (5) dated 16 November 1995.

**Article 1**
**Title of this Agreement and Definitions Used Therein**

1.1. This Agreement shall be known as the Sixth Amendment to the Master Agreement.

1.2. Unless the context otherwise requires, the terms used in this Agreement shall have the meanings assigned to them in Article 1 of the Master Agreement.

**Article 2**
**Amendments to the Master Agreement relating to Guarantees**

2.1. Subsection 3.04(ii) shall read as follows: accrued taxes together with any levies, including penalty interest, which may be applicable pursuant to Icelandic law and regulations as current at any time.

**Article 3**
**Amendments to the Master Agreement relating to Charges for the Harbour and Harbour Facilities**

3.1. In the second sentence of Section 8.03 the words "fixed rental" are replaced by the words "charges pursuant to general Icelandic laws and regulations as current at any time".

**Article 4**
**Amendments to the Master Agreement relating to Import and Export Duties**

4.1. Article 14, which concerns Import and Export Duties, is deleted.

**Article 5**
**Amendments to the Master Agreement relating to Licences for the Construction and Operation of the Smelter**

5.1. The words "those provided for in subsection of Section 31.01 of this Agreement." at the end of Article 15 shall be replaced by the words "subject to general Icelandic laws and regulations as current at any time."

**Article 6**
**Amendments to the Master Agreement relating to Foreign Exchange and Currency Accounts**

6.1. Article 16, which concerns foreign exchange and currency accounts, is deleted.

**Article 7**
**Amendments to the Master Agreement relating to measures to prevent double taxation of the income of employees domiciled outside Iceland**

7.1. The second sentence of Section 17.04 shall read as follows:
"In other respects the levy of taxes on the income and assets of foreign nationals domiciled outside Iceland, but resident in Iceland for part of the year, shall be governed by Icelandic laws and regulations and international conventions and treaties entered into by the Republic of Iceland with foreign states for the avoidance of double taxation."

**Article 8**
**Amendments to the Master Agreement relating to provisions concerning restrictions imposed by the Government**

8.1. Following the word "directions" in the first sentence of Section 18.03 shall be added the words "other than directions resulting from Icelandic laws and regulations in effect at any time".

8.2. The words "as specified in subsection (d) of Section 14.01 of this Agreement" are deleted.

**Article 9**
**Amendments to the Master Agreement relating to Consolidated Tax**

9.1. The words "Consolidated Tax" in the heading of Chapter VI and the subheading of Article 25 shall be replaced by the word "Taxation".

9.2. The current Sections 25 to 33 are deleted in their entirety, and the provisions of Article 25 shall read as follows:

To the extent that ISAL, its shareholders, subsidiaries and parent companies, employees and other parties related to the company are taxable entities in Iceland, such taxation shall be subject to general legislation on taxes in Iceland. This provision applies, *inter alia,* to declarations and returns, levies, payment, collection and reporting as regards all taxes and public levies imposed on comparable undertakings, at present or in future, according to general Icelandic law and administrative actions. ISAL shall enjoy no exemptions, special terms or special rules as regards the levy of taxes and charges, except as provided by general Icelandic law, taking into account international conventions and treaties entered into by Iceland with foreign states for the purpose of avoiding double taxation.

**Article 10**
**Amendments to the Master Agreement relating to provisions on the Treatment of Investments**

10.1. The following sentence is appended to Section 35.02:

"This provision does not affect any potential changes in investments resulting from the transition of ISAL to the general Icelandic tax system pursuant to the Sixth Amendment to the Master Agreement."

**Article 11**
**Amendments to the Master Agreement Relating to Disputes**

11.1. A new paragraph is added to Article 46, as follows:

"In the event that a dispute concerns the obligation of ISAL to pay any public taxes or charges, the dispute shall be resolved before the Icelandic authorities or courts of law pursuant to the rules applicable to such disputes under general Icelandic legislation, and not before an arbitration tribunal."

**Article 12**
**Amendments to the Master Agreement relating to Rights upon Expiration or Termination**

12.1. Section 50.01 shall read as follows:

"Upon expiration or termination of this Agreement and the Scheduled Contracts, all investments of Alusuisse and any Approved Shareholder shall remain in such persons' names. Alusuisse shall have the right, if it chooses, to wind up and dissolve ISAL. In such an event the winding up of the Company, including its assets, liabilities, obligations and shareholders' rights, shall be subject to Icelandic legislation on the winding up and dissolution of companies, cf. also Section 20.01."

**Article 13**
**Amendments relating to Notices**

13.1. In Article 53, the words "Alusuisse" and "Alusuisse-Lonza Holdings Ltd." are replaced by the words "Alcan and Alusuisse" respectively "and Alcan Holdings Switzerland Ltd." at its recently changed address Max Högger-Strasse 6, PO Box 1954, CH-8048 Zurich, Switzerland.

**Article 14**
**Validity and Status of this Agreement**

14.1 This Agreement shall take effect on its signature on the part of the Parties and its execution, as provided in Section 14.3. However, the parties have agreed that the provisions of the Agreement amending Articles in the Master Agreement relating to taxes and taxability shall nonetheless take effect as of January 1, 2005. This entails that ISAL shall file tax returns with the Reykjanes Tax Commissioner within 6 months from the ratification of this Amendment. Tax returns shall in all respects comply with the rules of Icelandic tax law as current in any of the tax years. The Tax Commissioner shall, within two months from the deadline for filing tax returns, levy taxes on ISAL in accordance with Articles 95 and 96 of Act No 90/2003 on Income Tax. The Tax Commissioner shall notify ISAL in writing of the levy and the posting of that notification signals the start of the 30 day complaint period to the Tax Commissioner pursuant to Article 99 of Act No 90/2003. The due date of taxes levied pursuant to the above is the first day of the month following the notification of the levy and the final due date is 30 days later This also entails that the Directorate of Customs in Reykjavík shall, within 6 months from the date of ratification of this Amendment, levy import duties on shipments in respect of which ISAL has received custom clearance in the period from January 1 2005 until the date of ratification of the Amendment with reference to general provisions of law concerning import duties and administrative instructions issued under such provisions of law.

Any taxes levied in lieu of the Consolidated Tax shall be due on the date on their levy. Any Consolidated Tax paid in respect of the same years shall constitute advance payment and interest rates shall not be added to the payment.

14.2. This Agreement is made as supplemental agreement to the Master Agreement pursuant to the provisions of Article 51 thereof and shall be deemed to be an integral part of the Master Agreement (as previously amended) as fully as if it were incorporated therein. Except as modified hereby, the provisions of the Master Agreement, with all its rights and obligations, shall not be changed or affected and shall remain in full force and effect. Unless the context otherwise requires, any reference to the Master Agreement made in the Scheduled Documents or the

Scheduled Contracts, or any of them, or otherwise made hereafter shall be deemed to be a reference to the Master Agreement as previously amended and as amended by this Agreement.

14.3 Upon the signature of this Agreement by the parties hereto, and upon notice being given as provided in Article 51 of the Master Agreement, this Agreement, accompanied by a legislative bill relating thereto, shall be submitted to the Althing for ratification and approval. Upon ratification and the completion of all other legislative and notification requirements, this Agreement shall become effective ("Effective Date") and have the force of law in Iceland as provided in the Ratifying Act subject to section 14.1.

**Article 15**
**Interim Provisions**

15.1 The depreciation base for property, plant and equipment on 1 January 2005 shall be their book value as at 31 December 2004 pursuant to the revised depreciation report relating to the Consolidated Tax.

**Article 16**
**Further provisions**

16.1. This Amendment to the Master Agreement shall be signed and delivered by the Parties in two copies. Each such copy shall constitute an authentic original of equal validity with the other copy.

IN WITNESS WHEREOF, this Sixth Amendment to the Master Agreement has been signed on behalf of the Government and Alcan Holdings Switzerland Ltd. as of the date first above written, in two copies.

| | |
|---|---|
| For<br>THE GOVERNMENT OF ICELAND: | For<br>ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD: |
| _____ | _____ |

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**1. Inngangur.**

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestur verði samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu í Straumsvík. Í samningnum er samið um þá meginbreytingu að Alcan lúti frá og með 1. janúar 2005 íslenskum skattalögum í einu og öllu eins og aðrir lögaðilar er bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Eru þessar breytingar settar fram í sjötta viðauka samningsins sem dagsettur er 5. mars 2007 og iðnaðarráðherra hefur undirritað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með fyrirvara um samþykki Alþingis. Viðauki þessi er lagður fram sem hluti af frumvarpinu bæði á íslensku og ensku.

Með bréfi dags. 28. maí 2003 tilkynnti Alcan Holdings Switzerland Ltd. ríkisstjórn Íslands að félagið veldi þann kost að lúta alfarið íslenskum lögum og reglum hvað varðar skattlagningu fyrirtækisins frá og með 1. janúar 2004. Byggðist sú tilkynning á heimild í grein 33.03 í aðalsamningnum. Í sama ákvæði segir enn fremur að þegar slík beiðni berist skuli aðilar þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattkerfi. Fljótlega eftir að tilkynning Alcan barst hófust formlegar viðræður milli fulltrúa ríkisins annars vegar og fulltrúar Alcan hins vegar um yfirfærsluna. Þær viðræður hafa hins vegar dregist og ekki náðist endanlegt samkomulag um yfirfærsluna fyrr en í byrjun marsmánaðar 2007.

Það er sameiginlegur skilningur samningsaðila að í samningum felist að við gildistöku hans muni allar sérreglur og undanþágur um skatta, gjöld og tolla, sem gilda um starfsemi álversins, falla niður. Með samningsviðaukanum eru því felld niður öll ákvæði aðalsamningsins er varða aðflutningsgjöld, skatta og önnur opinber gjöld og frá og með gildistöku breytinganna ber ISAL að greiða tekjuskatt og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um það munu gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma. Samkomulag náðist um það milli aðila að samningurinn gildi frá 1. janúar 2005.

Aðilar hafa því samþykkt að gera eftirfarandi breytingar á aðalsamningnum í samræmi við 51. gr. aðalsamningsins, dags. 28. mars 1966, ásamt fimm viðaukasamningum, (1) dags. 28. október 1969, (2) dags. 10. desember 1975, (3) dags. 5. nóvember 1984, (4) dags. 11. nóvember 1985 og (5) 16. nóvember 1995.

**2. Meginefni sjötta viðauka við aðalsamninginn.**

Með samningsviðaukanum eru allar sérreglur og undanþágur um skatta og opinber gjöld, sem gilda um starfsemi álversins í Straumsvík felldar út úr aðalsamningnum.

Í ákvæði 14. gr. samningsins er kveðið á um tolla, aðflutnings- og útflutningsgjöld. Í samræmi við megintilgang viðaukans, um að öll gjöld sem ríki og aðrir opinberir aðilar leggja á ISAL skuli fara eftir almennum reglum, er þetta ákvæði fellt brott.

Í 15. gr. aðalsamningsins er mælt fyrir um leyfi, m.a. byggingarleyfi og kveðið á um sérreglu vegna leyfisveitinga. Þessu ákvæði er breytt þannig að framvegis skal um þessa gjaldtöku fara samkvæmt almennum, íslenskum lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Ákvæði 16. gr. aðalsamningsins fjallar um gjaldeyri og gjaldeyrisreikninga. Þar er um að ræða sérreglu sem felld verður úr gildi með þessum viðaukasamningi.

Síðari málsliður greinar 17.04 er færður til nútímahorfs og kveðið á um að um álagningu skatta vegna tekna og eigna erlendra ríkisborgara, sem heimilisfesti hafa í öðru ríki en Íslandi en dvelja hér á landi hluta úr ári, fari eftir almennum íslenskum lögum og reglum, svo og alþjóðasamningum og samningum sem íslenska ríkið hefur gert við erlend ríki til að koma í veg fyrir tvísköttun.

Ákvæði VI. kafla aðalsamningsins, þ.e. 25.–33. gr., falla brott. Kaflinn hefur að geyma reglur um framleiðslugjaldið sem ISAL hefur greitt í stað tekjuskatts, eignarskatts, fasteignaskatts og fleiri skatta og gjalda sem nú hafa verið lögð niður, sbr. upptalningu í grein 30.06 aðalsamningsins. Auk þess er í VI. kafla að finna ýmsar sérreglur um skattlagningu, m.a. milliverðlagningu og greiðslu og uppgjörshætti. Loks er í kaflanum ákvæði um heimild ISAL til að ganga inn í almenna skattkerfið. Fyrirsögn VI. kafla mun breytast sem og undirheiti 25. gr. Framvegis mun kaflinn bera heitið „Skattlagning“ í stað „Framleiðslugjald“. Kaflinn mun aðeins hafa að geyma eitt ákvæði þ.e. 25. gr., sem mun orðast svo:

„Að því leyti sem ISAL, hluthafar þess, dóttur- og móðurfélög, starfsmenn og aðrir sem tengjast félaginu eru skattskyldir hér á landi, skal sú skattlagning lúta almennum íslenskum skattalögum. Ákvæðið tekur m.a. til framtals og skila, álagningar, greiðslu, innheimtu og upplýsingagjafar vegna allra skatta og opinberra gjalda sem lögð eru á sambærileg fyrirtæki, nú eða síðar, eftir almennum íslenskum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. ISAL nýtur engra undanþága, sérkjara eða sérreglna varðandi skatta og opinber gjöld utan þess sem leiðir af almennum lögum, að teknu tilliti til alþjóðasamninga og samninga sem íslenska ríkið hefur gert við erlend ríki til að koma í veg fyrir tvísköttun.“

**3. Nánar um einstakar greinar samningsins.**

*Um 1. gr.*

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

*Um 2. gr.*

Þar sem öll ákvæði um framleiðslugjald falla brott er nauðsynlegt að breyta ákvæði 3.04 í aðalsamningi sem fjallar um ábyrgðir. Samkvæmt samningsviðaukanum munu álögur þ.m.t. dráttarvextir vegna áfallinna opinberra gjalda fara eftir almennum íslenskum lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma.

*Um 3. gr.*

Í þessu ákvæði eru breytingar á aðalsamningi er lúta að gjaldi fyrir höfn og hafnarmannvirki. Orðið „fastagjald“ fellur niður og þess í stað koma orðin „gjöld samkvæmt almennum íslenskum lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma“.

*Um 4. gr.*

Ákvæði 14. gr. aðalsamningsins sem hefur að geyma sérreglur er lúta að aðflutnings- og útflutningsgjöldum eru felld út úr aðalsamningi í heild sinni. Eftir gildistöku samningsins mun ISAL því greiða aðflutnings- og útflutningsgjöld samkvæmt almennum reglum.

*Um 5. gr.*

Ákvæði 15. gr. aðalsamningsins fjallar um leyfi til byggingar og reksturs bræðslunnar. Í stað þess að leyfisgjöld séu reiknuð samkvæmt sérákvæði, sem er að finna í grein 31.01 sem felld er brott með þessum samningi, mun tilvísun til þeirrar greinar falla á brott og lok 15. gr. orðast svo: „fara eftir almennum, íslenskum lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma“.

*Um 6. gr.*

Ákvæði 16. gr. aðalsamningsins um gjaldeyri og gjaldeyrisreikninga eru felld út úr aðalsamningi í heild sinni. Þar er m.a. kveðið á um heimildir ISAL til að taka við erlendum gjaldeyri og geyma hann. Einnig er þar fjallað um heimildir starfsfólks til að yfirfæra þann hluta af launum, sem ekki hefur verið eytt á Íslandi, til útlanda. Ákvæðin eru ekki í takt við þær reglur sem nú gilda um heimildir til meðferðar á gjaldeyri og voru aðilar sammála um að þau bæri að fella út úr aðalsamningnum.

*Um 7. gr.*

Ákvæði 17. gr. aðalsamningsins fjallar um starfslið og starfsfólk ISAL. Í samningsviðaukanum er orðalag þess ákvæðis 17. gr. sem fjallar um aðferðir til að koma í veg fyrir tvísköttun fært til nútímahorfs. Það mun því eftir breytinguna orðast svo: „Að öðru leyti gilda um álagningu skatta á tekjur og eignir aðila sem heimilsfesti hafa í öðru ríki en Íslandi en dvelja hér á landi hluta úr ári, almenn íslensk lög og reglur, svo og alþjóðasamningar og samningar sem íslenska ríkið hefur gert við erlend ríki til að koma í veg fyrir tvísköttun.“

*Um 8. gr.*

8.1 Í ákvæði 18.03 í aðalsamningnum er að finna loforð af hálfu ríkisins um að það muni ekki setja takmarkanir eða fyrirmæli við tilteknar aðstæður. Til að taka af allan vafa um að slíku loforði sé ekki ætlað að ná til atriða er varða skatta og gjöld er eftirfarandi texta bætt við 1. málsl. greinar 18.03: „önnur en leiða af almennum, íslenskum lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma“.

8.2 Tilvísun í orðin: „eins og þetta er tilgreint í staflið d) í málsgr. 14.01 í samningi þessum“ falla brott enda er 14. gr. í heild sinni felld út úr aðalsamningi með breytingunni.

*Um 9. gr.*

9.1. Orðið „Framleiðslugjald“ fellur brott, bæði úr fyrirsögn VI. kafla aðalsamningsins og sem undiheiti 25. gr. samningsins. Þess í stað kemur orðið: „Skattlagning“. Eftir gildistöku breytingarinnar mun framleiðslugjaldið heyra sögunni til og þar með verður heiti kaflans að breytast.

9.2. 25.–33. gr. eru í heild sinni felldar út úr aðalsamningi. Við þessa breytingu færist starfsemi ISAL að öllu leyti undir hið almenna skattkerfi eins og það verður á hverjum tíma á Íslandi.

*Um 10. gr.*

Samkvæmt ákvæði 35.02 gr. aðalsamningsins njóta Alusuisse, minni hluti hluthafa og ISAL verndar gegn því að íslenska ríkið svipti þá fjárfestingum. Með ákvæðinu er tekinn af allur vafi um að slík vernd sé ekki til staðar þegar að skattheimtu kemur.

*Um 11. gr.*

Ákvæði 46. gr. aðalsamningsins tekur til meðferðar og úrlausnar ágreinings og deilna sem upp geta komið á milli samningsaðila. Er í ákvæðinu gengið út frá því að takist aðilum ekki að jafna þann ágreining er upp kemur geti þeir samið um að vísa deilunni til íslenskra dómstóla eða íslensks gerðardóms. Náist ekki samkomulag við það skuli vísa slíkri deilu til alþjóðlegs gerðardóms. Í 11. gr. samningsviðaukans er vikið frá þessu og

nýju ákvæði bætt við sem kveður á um að varði deilan skyldu ISAL til greiðslu hvers konar opinberra gjalda skuli leysa úr henni fyrir íslenskum yfirvöldum og dómstólum eftir þeim reglum sem um slíka deilu gilda eftir almennum íslenskum lögum en ekki fyrir gerðardómi.

*Um 12. gr.*

Ákvæði 50.01 gr. aðalsamningsins fjallar um réttindi og skyldur samningsaðila að loknum samningstímanum eða við riftun. Ákvæði 50.01 gr. er breytt á þann veg að um slit og uppgjör skuli fara eftir íslenskum lögum.

*Um 13. gr.*

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

*Um 14. gr.*

Með þessari grein er lögfest sérstakt ákvæði um gildistöku samningsins. Við undirritun samnings þessa af hálfu aðila hans og við lokagerð hans tekur hann gildi. Samkomulag er þó með aðilum um að þau ákvæði samnings þessa sem breyta ákvæðum aðalsamningsins varðandi skatta og gjaldskyldu skuli eigi að síður gilda frá og með 1. janúar 2005. Þá er í ákvæðinu fjallað um fresti til að standa skil á skattframtölum fyrir liðin gjaldár og málsmeðferð við álagningu opinberra gjalda. Nauðsynlegt er að kveða sérstaklega á um þetta þar sem almennur framtalsfrestur vegna ársins 2005 er liðinn, sem og kærufrestur. Þá er einnig kveðið á um ákvörðun aðflutningsgjalda vegna alls innflutnings ISAL frá 1. janúar 2005 til lögfestingardags viðaukans. Loks er kveðið á um að þau gjöld sem lögð verði á í stað framleiðslugjalds vegna liðinna ára gjaldfalli við álagningu og að greitt framleiðslugjald fyrir sömu ár skoðist sem inngreiðsla vegna opinberra gjalda sem ekki beri að vaxtareikna. Við uppgjör vegna liðinna ára er því ekki gert ráð fyrir að vöxtum verði bætt við ákvarðaðar fjárhæðir.

Ákvæði 14.2 og 14.3 þarfnast ekki skýringa.

*Um 15. gr.*

Í ákvæðinu er að finna reglu um það með hvaða hætti ákvarða skuli fyrningargrunn vegna varanlegra rekstrarfjármuna ISAL við gildistöku breytingarinnar. ISAL hefur reiknað fyrningar samkvæmt sérreglum sem ekki verða í gildi eftir breytinguna. Við yfirfærsluna mun fyrningargrunnur varanlegra rekstrarfjármuna vera bókfært verð þeirra eins og það er 31. desember árið á undan.

*Um 16. gr.*

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holding Switzerland Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.**

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði viðaukasamningur við Alcan Holding Switzerland Ltd. um að frá og með 1. janúar 2005 lúti fyrirtækið íslenskum skattalögum eins og gildir um aðra lögaðila sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Verði frumvarpið að lögum fellur framleiðslugjald af áli niður frá og með árinu 2005 en í staðinn mun fyrirtækið greiða tekjuskatt í ríkissjóð og fasteignarskatta til Hafnarfjarðarbæjar. Að auki mun fyrirtækið greiða iðnaðarmálagjald sem rennur til Samtaka iðnaðarins og markaðsgjald til fjármögnunar Útflutningsráðs. Árið 2005 greiddi fyrirtækið samtals um 990 m.kr. í framleiðslugjald miðað við meðalgengi 2005. Þar af eru um 880 m.kr. gjald á nettó hagnað og um 112 m.kr. í framleiðslugjald á hvert tonn af áli. Af framleiðslugjaldi á hvert tonn runnu 73 m.kr. til Hafnarfjarðarbæjar og 39 m.kr. í ríkissjóð. Samkvæmt grófum áætlunum frá endurskoðunarskrifstofunni Deloitte hf. má gera ráð fyrir að tekjuskattsgreiðslur fyrirtækisins hefðu numið um 420 m.kr. árið 2005, iðnaðarmálagjald um 20 m.kr. og markaðsgjald rúmri 1 m.kr. ef fyrirtækið hefði verið skattlagt samkvæmt íslenskum skattalögum. Þá er áætlað að fasteignagjöld hefðu numið um 164 m.kr. Miðað við þær forsendur eru tekjur ríkissjóðs samtals áætlaðar 440 m.kr. árið 2005 miðað við almenn skattalög, en á móti falla niður 880 m.kr. í framleiðslugjald á hagnað og 39 m.kr. tekjur af framleiðslugjaldi á hvet tonn, auk þess að ríkissjóður skilar 20 m.kr. tekjum til Samtaka iðnaðarins og 1 m.kr. til Útflutningsráðs. Áætlað er að breytingar á aðflutningsgjöldum hafi óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs til hækkunar. Að öllu samanlögðu er því áætlað að afkoma ríkissjóðs rýrni um 520 m.kr. árið 2005 miðað við framangreindar forsendur. Áætlað er að tekjur Hafnarfjarðarbæjar af fasteignagjöldum nemi um 164 m.kr., en á móti falli niður 73 m.kr. tekjur af framleiðslugjaldi. Nettó tekjuauki sveitarfélagsins reiknast því rúmlega 90 m.kr. miðað við áætluð skattskil árið 2005. Gera verður þann fyrirvara að fyrirtækið gerir framleiðslugjald upp í bandaríkjadölum og hefur gengi á uppgjörsdag því áhrif á niðurstöðuna. Ekki er að svo stöddu mögulegt að meta áhrif breytinganna árið 2006 þar sem ársreikningar og álagning fyrir það ár liggja ekki fyrir. Skattskil félagsins vegna ársins 2005 og framvegis verða gerð upp í samræmi við sömu skattalög og gilda um aðra lögaðila sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi í samræmi við frumvarpið og viðaukasamninginn.

# 1087. Skýrsla [689. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2006. Vegáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## 4. VEGÁÆTLUN

Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2006 er hluti af skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar og er hér fylgt tilvísanakerfi samgönguáætlunar.

### 4.1 Fjármál

#### I ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

Í fjárlögum 2006 var gert ráð fyrir mörkuðum tekjum að upphæð 11.077 m.kr., auk 10 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða. Spá vegáætlunar gerði ráð fyrir 11.054 m.kr. Til viðbótar þessari upphæð kom inn á árinu 1.678 m.kr. ríkisframlag og 725 m.kr. framlag til jarðganga. Samkvæmt fjárlögum voru tekjur og framlög 12.981 m.kr. Í fjáraukalögum komu inn 1.000 m.kr. til viðbótar af mörkuðum tekjum, sem ætlaðar voru til öryggisaðgerða á vegum útfrá höfuðborgarsvæðinu. Þegar tekið hafði verið tillit til lánahreyfinga milli vegasjóðs og ríkissjóðs var samtala fjárlaga og fjáraukalaga 13.981 m.kr.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Ríkisbókhaldi var innheimtan á mörkuðum tekjum, þ.e. bensíngjaldi, þungaskatti og olíugjaldi auk leyfisgjalda af flutningum og leigubifreiðum um 2.440 m.kr. meiri en gert var ráð fyrir í vegáætlun en 1.382 m.kr. meiri en fjárlög og fjáraukalög ársins gáfu til kynna.

Tekjur af mörkuðum tekjum umfram fjárveitingar síðustu ára hafa verið geymdar í vegasjóði. Inneign í vegasjóði hækkar í árslok 2006 um 1.330 m.kr. frá stöðu hans í ársbyrjun.

| 4.1.1 Tekjur og framlög | Vegáætlun m.kr. | Fjár-lög m.kr. | Fjár-auka-lög m.kr. | Áætluð fjáröflun m.kr. | Raun-tekjur m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.1. Markaðar tekjur | | | | | |
| 1. Bensíngjald | 6.547 | 6.566 | 24 | 6.590 | 6.935 |
| 2. Þungaskattur, km-gjald | 1.051 | 1.054 | | 1.054 | 1.013 |
| 4. Olíugjald | 3.446 | 3.457 | 1.053 | 4.510 | 5.540 |
| 5. Leyfisgjöld flutninga | 4 | 4 | | 4 | 5 |
| 6. Leyfisgjöld leigubifreiða | 6 | 6 | | 6 | 1 |
| | 11.054 | 11.087 | 1.077 | 12.164 | 13.494 |
| | 11.054 | 11.087 | 1.077 | 12.164 | 13.494 |
| 1.3. Ríkisframlag | 1.526 | 1.678 | | 1.678 | 1.678 |
| 1.4. Framlög til jarðganga | 725 | 725 | | 725 | 725 |
| Framlag úr ríkissjóði alls | 2.251 | 2.403 | 0 | 2.403 | 2.403 |
| Tekjur og framlög alls | 13.305 | 13.490 | 1.077 | 14.567 | 15.897 |
| 4.1.2 Viðskiptahreyfingar | | | | | |
| 1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga | -40 | -40 | | -40 | -40 |
| 2. Vegna ferja | -352 | -352 | | -352 | -352 |
| 3. Markaðar tekjur til ráðstöfunar síðar | | -169 | -77 | -246 | -1.576 |
| 4. Viðskiptahr. v/reiknaðra stærða *) | | 52 | | 52 | 52 |
| Afborganir alls | -392 | -509 | -77 | -586 | -1.916 |
| Samtals | 12.913 | 12.981 | 1.000 | 13.981 | 13.981 |

*) Reiknaðar stærðir í uppgjöri Vegagerðarinnar eru annars vegar afskriftir markaðra tekna (það sem ekki tekst að innheimta af álögðum mörkuðum tekjum hjá gjaldendum) og hins vegar verðbætur ferjulána. Hvorug upphæðin er til útgreiðslu og er þetta því eingöngu til afstemmingar á fjárheimildastöðu Vegagerðarinnar gagnvart ríkisreikningi.

Nokkur hluti af fjárveitingum til Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 2006 er um að ræða afborganir og vexti af lánum vegna ferjunnar Herjólfs, 352 m.kr. og afborganir af lánum vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga 40 m.kr. Í ríkisreikningi eru þessar upphæðir ekki færðar sem kostnaður hjá Vegagerðinni heldur sem lækkun á framlagi til hennar.

### 4.1.1. TEKJUR OG FRAMLÖG

*Bifreiðaeign*

Samkvæmt tölum frá Umferðarstofu voru nýskráðar fólksbifreiðir 19.448 á árinu 2006 á móti 22.140 árið áður sem samsvarar 12% færri skráningum. Á sama tíma voru nýskráðar 126 hópferðabifreiðir á móti 214 árið áður sem samsvarar um 41% fækkun. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 3.549 á árinu 2006 en voru 3.583 árið áður og er það aðeins um 1% fækkun skráninga á milli ára. Aukning í nýskráningum mótorhjóla var rúmlega 42% en nýskráð voru 1.534 hjól á móti 1.080 árið á undan..

Þó að nýskráningum hafi fækkað nokkuð á árinu 2006 miðað við árið á undan vex bifreiðafjöldi landsmanna þó jafnt og þétt og er nú kominn í rúmlega 227 þúsund bíla. Í töflunni hér að neðan má sjá að bifreiðaeign landsmanna hefur farið vaxandi undanfarin ár. Fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa er nú komin í 642 samkvæmt bráðabirgðatölum frá Umferðarstofu

| | Bifreiða-eign 31.12.04 | Nettó aukning í % | Bifreiða-eign 31.12.05 | Nettó aukning í % | Bifreiða-eign 31.12.06 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fólksbifreiðir | 175.427 | 6,85 | 187.442 | 5,25 | 197.291 |
| Hópferðabifreiðir | 1.762 | 7,78 | 1.899 | 1,58 | 1.929 |
| Vöru- og sendibifreiðir | 23.035 | 10,89 | 25.544 | 10,01 | 28.100 |
| Samtals: | 200.224 | 7,32 | 214.885 | 5,79 | 227.320 |

*Bensíngjald*

Bensínsalan 2006 nam um 210,5 milljónum lítra sem er 5,1% aukning frá árinu á undan. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur af bensínsölunni, þ.e. bensíngjaldið, 6.935 m.kr. árið 2006. Það er 388 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir og 345 m.kr. meira en áætlað var í fjárlögum og fjáraukalögum.

Bensínbifreiðum hefur fjölgað um 17,2% sl. fimm ár en sala á bensíni hefur ekki aukist í sama hlutfalli. Hún hefur aðeins aukist um 10,6% á þessu sama tímabili. Díselbifreiðum hefur fjölgað hlutfallslega mun meira á þessum tíma eða um 65%.

Í ársbyrjun 2006 kostaði lítrinn af 95 okt. bensíni 114,80 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Verðið hækkaði lítillega fram í mars en frá mars til loka apríl hækkaði það um 13,9% og var komið í 132,90 kr./l í um mánaðamótin apríl-maí. Verðið hélst nokkuð stöðug fram í byrjun júlí en þá hófust hækkanir að nýju og fór verðið hæst í 137,80 kr./l um miðjan júlí. Verðið fór síðan smám saman lækkandi og var komið í 119,80 kr./l í lok október.

Í árslok var verðið svo komið niður í 117,70 kr./l. Verðhækkun á milli áramóta mælist því aðeins 2,5% en það gefur ekki rétta mynd af verðlagningu á bensíni á árinu. Vegið meðalverð ársins var tæplega 124 kr./l eða um 8% hærra en verðið í ársbyrjun.

| Ár | Bensínsala m.l | Meðaleyðsla lítrar á bifreið | Verð á lítra 31.12. 95 okt. | 98 okt. | Bensíngjald |
|---|---|---|---|---|---|
| 1997 | 183,8 | 1.437 | 77,2 | 81,9 | 26,60 |
| 1998 | 188,7 | 1.408 | 72,6 | 77,3 | 27,53 |
| 1999 | 190,7 | 1.350 | 86,3 | 91,0 | 28,60 |
| 2000 | 189,2 | 1.275 | 96,0 | 100,7 | 28,60 |
| 2001 | 190,4 | 1.260 | 94,2 | 98,9 | 28,60 |
| 2002 | 192,4 | 1.269 | 96,3 | 100,1 | 28,60 |
| 2003 | 194,0 | 1.259 | 99,9 | 104,6 | 28,60 |
| 2004 | 196,8 | 1.233 | 104,6 | 105,4 | 30,89 |
| 2005 | 200,3 | 1.196 | 113,3 | 118,9 | 32,95 |
| 2006 | 210,5* | 1.207 | 117,7 | 119,3 | 32,95 |

*) Bráðabirgðatölur

*Þungaskattur*

Á árinu voru innheimtar tekjur af þungaskatti alls 1.013 m.kr. Skatturinn er í formi kmgjalds og er aðeins lagður á bifreiðir sem eru yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga. Kmgjald fyrir bifreið á bilinu 10-11 tonn er 0,29 kr./km og fer svo stighækkandi og er 12,89 kr./km í flokki bifreiða sem eru 31 tonn og yfir.

*Olíugjald*

Í lögunum um olíugjald, nr. 87/2004, er gert ráð fyrir að olíugjald á hvern lítra af ólitaðri olíu verði 45 kr. Í ljósi þeirra miklu hækkana á eldsneytisverði sem hófust fyrripart árs 2005 voru sett lög um breytingu á gjaldinu til bráðabirgða. Var það lækkað niður í 41 kr./l tímabundið til 31. desember 2005. Sú lækkun hefur síðan verið framlengd þrisvar, nú síðast til 31. desember 2007. Innheimta tekna af olíugjaldinu var langt umfram væntingar á árinu. Alls innheimtust 5.540 m.kr. sem er tæplega 61% meira en áætlað var. Gert hafði verið ráð fyrir að salan næmi 70-80 milljónum lítra en samkvæmt innheimtutölum var salan um 135 milljónir lítra á árinu 2006.

*Leyfisgjöld flutninga og leigubifreiða*

Innheimt leyfisgjöld flutninga voru samtals 4,9 m.kr. á árinu 2006. Það er um 0,9 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir. Innheimt leyfisgjöld leigubifreiða voru um 1,5 m.kr. sem er 4,5 m.kr. minna en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir. Heildartekjur voru því 6,4 m.kr. sem er 3,6 m.kr. minna en áætlað hafði verið. Leyfi til flutninga og aksturs leigubifreiða gilda í 5 ár og falla tekjur vegna endurnýjunar því misjafnt til milli ára.

*Ríkisframlag*

Viðbótarfé til nýbygginga vega nam 1.565 m.kr. og framlag ríkisins vegna styrkja til innanlandsflugs var 145 m.kr. Heildarframlag ríkisins var því 1.678 m.kr.

*Framlög til jarðganga*

Í vegáætlun 2005-2008 er veitt umtalsverðu fjármagni úr ríkissjóði til jarðgangagerðar. Á árinu 2006 var framlag til jarðganga alls 725 m.kr.

*Fjáraukalög*

Í fjáraukalögum fékk Vegagerðin 1.000 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að auka umferðaröryggi á vegum útfrá höfuðborgarsvæðinu.

### 4.1.2. VIÐSKIPTAHREYFINGAR

Á árinu 2006 var greidd ein afborgun af láni, 40 m.kr., sem tekið var hjá ríkissjóði til að fjármagna síðari hluta vegtenginga við Hvalfjarðargöng. Auk þess voru greiddar afborganir og vextir af lánum vegna ferjunnar Herjólfs, 352 m.kr.

II SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2006. Vegáætlun gerði ráð fyrir að til ráðstöfunar væru 12.913 m.kr. Samkvæmt fjárlögum fékk Vegagerðin 12.981,2 m.kr. Á fjáraukalögum fékk Vegagerðin 1.000 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að auka umferðaröryggi á vegum út frá höfuðborgarsvæðinu. Í fjárlagatölunni undir yfirstjórn er gert ráð fyrir 52 m.kr. vegna afskrifta markaðra tekna og verðbóta ferjulána (ekki til útborgunar), sem ekki er í vegáætlun. Fjárveitingar til Vegagerðarinnar árið 2006 voru því alls 13.981,2 m.kr., þar af 52 m.kr. sem voru ekki til útborgunar.

Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.

| | | | Vegáætlun 2006 | Breyting 2006 | Fjárveiting 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| **4.1.3** | **Rekstur og þjónusta** | | | | |
| | 1. Yfirstjórn | | 331,0 | 52,9 | 383,9 |
| | 2. Umsýslugjald | | 57,0 | 0,1 | 57,1 |
| | 3. Upplýsingaþjónusta | | 87,0 | | 87,0 |
| | 4. Umferðareftirlit | | 67,0 | | 67,0 |
| | 5. Þjónusta | | 2.743,0 | -11,0 | 2.732,0 |
| | 1. Þjónustusvæði | 362,0 | | | |
| | 2. Vegir og vegyfirborð | 445,0 | | | |
| | 3. Brýr og veggöng | 74,0 | | | |
| | 4. Vegmerkingar og vegbúnaður | 483,0 | | | |
| | 5. Þéttbýlisvegir | 319,0 | | | |
| | 6. Vetrarþjónusta | 1.060,0 | | | |
| | 6. Almenningssamgöngur | | 1.138,0 | 2,8 | 1.140,8 |
| | 1. Ferjur og flóabátar | | 816,0 | | |
| | þar af afborgun ferjuláns til ríkissjóðs | | -352,0 | | -352,0 |
| | 2. Áætlunarflug | | 145,0 | | |
| | 3. Sérleyfi á landi | | 177,0 | | |
| | 7. Rannsóknir | | 114,0 | -0,6 | 113,4 |
| | 8. Minjar og saga | | 12,0 | | 12,0 |
| | **Rekstur og þjónusta samtals** | | **4.197,0** | **44,2** | **4.241,2** |
| **4.1.4** | **Viðhald þjóðvega** | | | | |
| | 1. Endurnýjun bundinna slitlaga | | 1.035,0 | 8,8 | 1.043,8 |
| | 2. Endurnýjun malarslitlaga | | 226,0 | | 226,0 |
| | 3. Styrkingar og endurbætur | | 808,0 | | 808,0 |
| | 4. Brýr, varnargarðar og veggöng | | 266,0 | | 266,0 |
| | 5. Öryggisaðgerðir | | 166,0 | | 166,0 |
| | 6. Umferðaröryggisáætlun | | 104,0 | | 104,0 |
| | 7. Vatnaskemmdir | | 157,0 | | 157,0 |
| | 8. Viðhald girðinga | | 64,0 | | 64,0 |
| | 9. Frágangur gamalla efnisnáma | | 0,0 | | 0,0 |
| | **Viðhald samtals** | | **2.826,0** | **8,8** | **2.834,8** |
| **4.1.5** | **Stofnkostnaður** | | | | |
| | 1. Grunnnet | | 4.174,0 | 1.015,2 | 5.189,2 |
| | 1. Almenn verkefni | 414,0 | | | |
| | 2. Verkefni á Höfuðborgarsvæði | 1.234,0 | | | |
| | 3. Verkefni á landsbyggð | 1.759,0 | | | |
| | Þar af afborgun láns v/Hvalfj.tenginga til rsj. | -40,0 | -40,0 | | -40 |
| | 4. Orku- og iðjuvegir | 0,0 | | | |
| | 5. Jarðgangaáætlun | 725,0 | | | |
| | 6. Landsvegir í grunnneti | 42,0 | | | |
| | **Samtals grunnnet:** | | **4.134,0** | **1.015,2** | **5.149,2** |
| | 2. Tengivegir | | 570,0 | | 570,0 |
| | 3. Til brúagerðar | | 300,0 | | 300,0 |
| | 1. Brýr, 10 m og lengri | 272,0 | | | |
| | 2. Smábrýr | 28,0 | | | |
| | 4. Ferðamannaleiðir | | 179,0 | | 179,0 |
| | 5. Þjóðgarðavegir | | 97,0 | | 97,0 |
| | 6. Girðingar | | 65,0 | | 65,0 |
| | 7. Landsvegir utan grunnnets | | 104,0 | | 104,0 |
| | 8. Safnvegir | | 325,0 | | 325,0 |
| | 9. Styrkvegir | | 64,0 | | 64,0 |
| | 10. Reiðvegir | | 52,0 | | 52,0 |
| | **Samtals utan grunnnets:** | | **1.756,0** | **0,0** | **1.756,0** |
| | **Stofnkostnaður samtals:** | | **5.890,0** | **1.015,2** | **6.905,2** |
| | **Samtals:** | | **12.913,0** | **1.068,2** | **13.981,2** |

*Verðlagsforsendur og afkoma 2006 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála*

Við gerð vegáætlunar 2005-2008 var meðalvísitala fyrir árið 2006 áætluð 7.920 stig. Í reynd varð hún 8.308 stig eða um 4,9% hærri en áætlað hafði verið.


Innheimta markaðra tekna án leyfisgjalda var árið 2006 13.488 m.kr. eða 2.440 m.kr. hærri upphæð en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar en 1.330 m.kr. hærri en fjárlög og fjáraukalög gerðu ráð fyrir. Í fjáraukalögum var ráðstafað 1.000 m.kr. til viðbótar af innheimtum mörkuðum tekjum umfram áætlun. Inneign í vegasjóði hækkar um 1.382 m.kr.

Árið 2006 rann í ríkissjóð 57,1 m.kr. umsýslugjald af mörkuðum tekjum. Ríkissjóður lagði til 1.678 m.kr. ríkisframlag og 725 m.kr. framlag til jarðganga. Endurgreiðslur og afborganir lána voru samtals 392 m.kr. og engin lán voru tekin á árinu.

Vegagerðin fékk því til ráðstöfunar 13.981 m.kr. sem er 538 m.kr. meira en árið 2005.

Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var góð og engin vinnulán voru tekin á árinu.

Í súluritinu hér að neðan kemur fram framlag til vegamála í m.kr. árin 1966 til 2006 á föstu verðlagi 2006.




## 4.1.3. REKSTUR OG ÞJÓNUSTA

Fjárveiting í vegáætlun 2006, með síðari breytingum, til reksturs og þjónustu var 4.241,2 m.kr. Þar af voru 52 m.kr. vegna afskrifta markaðra tekna og verðbóta ferjulána og komu ekki til útborgunar. Til ráðstöfunar voru því 4.189,2 m.kr.

Starfsemi sem fellur undir þennan lið er yfirstjórn Vegagerðarinnar, framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Þá fellur undir þennan lið upplýsingaþjónusta, umferðareftirlit og öll þjónusta á vegakerfinu að sumri og vetri, almenningssamgöngur og rannsóknir.

*4.1.3.0. Starfsmannahald*

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 320 um síðustu áramót í 315,8 stöðugildum en voru 328 árið 2005. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 2006 var 342 en var 351 árið 2005. Heildarvinnuframlag á árinu 2006 reiknað í dagvinnustundum nam 417,5 mannárum og hafði lækkað úr 433,7 frá árinu 2005.

Launagreiðslur voru 1.537 m.kr. á árinu 2006 og launatengd gjöld 313 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir kjarasamningum og staðsetningu.

| | Reykjavík | Suðursvæði | Suðvestur svæði | Norðvestur svæði | Norðaustur svæði | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Félag íslenskra náttúrufræðinga | 4 | 0 | 0 | 0 | 4 | 8 |
| Kjarafélag tæknifræðinga | 13 | 3 | 5 | 9 | 8 | 38 |
| Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga | 7 | 0 | 0 | 1 | 0 | 8 |
| Kjaranefnd | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Samiðn | 2 | 3 | 0 | 9 | 6 | 20 |
| SFR stéttarfélag almannaþjónustu | 39 | 8 | 4 | 23 | 19 | 93 |
| Starfsgreinasamband Íslands | 0 | 7 | 5 | 41 | 26 | 79 |
| Stéttarfélag bókasafnsfræðinga | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Stéttarfélag lögfræðinga | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Stéttarfélag verkfræðinga | 16 | 1 | 2 | 5 | 2 | 26 |
| Útgarður – félag háskólamanna | 6 | 0 | 0 | 2 | 1 | 9 |
| Verkstjórasamband Íslands | 1 | 4 | 3 | 14 | 12 | 34 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2006 | 93 | 26 | 19 | 104 | 78 | 320 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2005 | 95 | 29 | 21 | 106 | 77 | 328 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2004 | 96 | 31 | 20 | 102 | 78 | 327 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2003 | 92 | 32 | 19 | 107 | 78 | 328 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2002 | 107 | 29 | 29 | 109 | 83 | 357 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2001 | 103 | 27 | 29 | 108 | 85 | 352 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 2000 | 100 | 28 | 29 | 105 | 79 | 341 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1999 | 106 | 26 | 30 | 102 | 74 | 338 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1998 | 94 | 26 | 41 | 102 | 76 | 339 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1997 | 92 | 31 | 39 | 107 | 81 | 350 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1996 | 90 | 33 | 39 | 102 | 83 | 347 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1995 | 86 | 34 | 39 | 106 | 81 | 346 |
| Fastir starfsmenn 31. desember 1994 | 88 | 34 | 34 | 106 | 79 | 341 |

*4.1.3.1. Yfirstjórn*

Fjárveiting í vegáætlun 2006 með síðari breytingum var 383,9 m.kr. Þar af voru 52 m.kr. vegna afskrifta markaðra tekna og verðbóta ferjulána og komu ekki til útborgunar. Til ráðstöfunar voru því 331,9 m.kr.

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: yfirstjórn Vegagerðarinnar og þrjú svið stofnunarinnar þ.e. framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið.

Í yfirstjórn eru vegamálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri og framkvæmdastjórar sviða.

Framkvæmdasvið skiptist í fimm deildir: árangurs- og eftirlitsdeild, brúadeild, framkvæmdadeild, veghönnunardeild og þjónustudeild.

Stjórnsýslusvið skiptist í fimm deildir: fjárreiðudeild, hagdeild, lögfræðideild, rekstrardeild og starfsmannadeild.


Þróunarsvið skiptist í fjórar deildir: áætlana- og umhverfisdeild, rannsóknadeild, umferðardeild og upplýsingatæknideild.

Auk framangreinds heyrir undir þennan lið skrifstofa vegamálastjóra, útgáfustarfsemi, gæðastjóri og innri endurskoðun. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 30. júní 2006.

| Kjördæmi | Stofnvegir km | Tengivegir km | Safnvegir km | Landsvegir km | Samtals km |
|---|---|---|---|---|---|
| Suðurkjördæmi | 936 | 1.105 | 558 | 957 | 3.555 |
| Suðvesturkjördæmi | 127 | 100 | 33 | 14 | 274 |
| Reykjavík | 72 | 11 | 23 | 8 | 115 |
| Norðvesturkjördæmi | 1.756 | 1.753 | 956 | 626 | 5.091 |
| Norðausturkjördæmi | 1.339 | 1.037 | 655 | 972 | 4.003 |
| Samtals | 4.230 | 4.006 | 2.225 | 2.577 | 13.038 |


Á þróunarsviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birtar í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi. Í árslok 2006 voru vegir með bundnu slitlagi 4.674 km, þar af 3.502 km á stofnvegum, 933 á tengivegum og 239 km á safn- og landsvegum.




Lengd bundinna slitlaga skiptist með eftirfarandi hætti milli svæða Vegagerðarinnar

| Svæði | Stofnvegir km | Tengivegir km | Safn- og landsvegir km | Alls km |
|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 867 | 438 | 101 | 1.406 |
| Suðvestursvæði | 199 | 53 | 12 | 264 |
| Norðvestursvæði | 1.429 | 190 | 37 | 1.656 |
| Norðaustursvæði | 1.007 | 252 | 89 | 1.348 |
| Samtals | 3.502 | 933 | 239 | 4.674 |

Á myndinni hér að neðan er sýnd þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1995. Á árinu 2006 var áætluð umferð á stofn- og tengivegum 2.080 milljónir ekinna km og hefur þá aukist um 4% frá árinu áður.




*4.1.3.2. Umsýslugjald til ríkissjóðs*

Vegagerðin greiðir umsýslugjald til ríkissjóðs af mörkuðum tekjum og telst það til útgjalda hennar. Samkvæmt vegáætlun 2006 með síðari breytingum nam umsýslugjald 57,1 m.kr.

*4.1.3.3. Upplýsingaþjónusta*

Á þjónustudeild framkvæmdasviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Fjárveiting til þess verkefnis var 87 m.kr. Í umferðarþjónustu er rekin upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur, en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur, og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við svæði Vegagerðarinnar. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, ásþunga, frost í jörðu, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

*4.1.3.4. Umferðareftirlit*

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar tilheyrir lögfræðideild stjórnsýslusviðs. Fjárveiting til umferðareftirlits var 67 m.kr. á árinu 2006. Umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með ásþunga og heildarþyngd ökutækja, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og ökumæla og eftirlit tengt framkvæmd laga um fólks- og farmflutninga og laga um leigubifreiðir. Á árinu 2005 tóku gildi lög um olíugjald og kílómetragjald og á grundvelli þeirra annast umferðareftirlit framkvæmd eftirlits með notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu í umboði Ríkisskattstjóra.

Frá ársbyrjun 2005 varð sú breyting að sameiginlegu eftirliti Vegagerðarinnar og Ríkislögreglustjóra var hætt og voru eftirlitsbifreiðir eingöngu mannaðar eftirlitsmönnum en

áður var eftirlitsbifreið mönnuð lögreglumanni ásamt eftirlitsmanni. Kostnaður af vinnu 4 lögreglumanna var borinn af fjárveitingu samkvæmt umferðaröryggisáætlun. Við þessa breytingu var nauðsynlegt að fjölga eftirlitsmönnum og í árslok voru fastráðnir starfsmenn umferðareftirlits 11 talsins að meðtöldum deildarstjóra. Fjölgun eftirlitsmanna kallar á aukið fé til eftirlitsins.


Einn eftirlitsmaður var ráðinn á Reyðarfirði og tekin ákvörðun um flutning starfs eftirlitsmanns og deildarstjóra til Akureyrar. Skipulag umferðareftirlits var tekið til endurskoðunar á árinu með það að markmiði að efla fyrirtækjaeftirlit á sviði aksturs- og hvíldartíma og innleiða eftirlit með notkun litaðrar olíu í samvinnu við Ríkisskattstjóra. Fjórar eftirlitsbifreiðir voru notaðar við eftirlit á vegum á árinu. Að jafnaði voru tvær bifreiðir gerðar út frá Reykjavík og ein frá Akureyri. Auk þess var ein eftirlitsbifreið staðsett mestan hluta árs á Austurlandi.

*4.1.3.5. Þjónusta*


Verkefni sem tilheyra þjónustu eru viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi, ásamt vetrarþjónustu.

Fjárveiting til þjónustu í vegáætlun 2006 með síðari breytingum var 2.732 m.kr. og er skipt í almenna þjónustu og vetrarþjónustu. Almenn þjónusta skiptist í 5 flokka. Þeir eru: Þjónustusvæði, vegir og vegyfirborð, brýr og veggöng, vegmerkingar og vegbúnaður, þéttbýlisvegir. Fjárveting til almennrar þjónustu í vegáætlun 2006 var 1.683 m.kr.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til almennrar þjónustu stofn- og tengivega á árunum 1996-2006. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2006.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við almenna þjónustu stofn- og tengivega á ekna 100 km á árunum 1996-2006. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2006.




Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við almenna þjónustu og vetrarþjónustu skiptist milli hinna einstöku flokka þjónustunnar og milli svæða Vegagerðarinnar árið 2006.

| Svæði/útgjaldaliður | Sam-eigin-legt m.kr. | Suður-svæði m.kr. | Suð-vestur-svæði m.kr. | Norð-vestur-svæði m.kr. | Norð-austur-svæði m.kr. | Sam-tals m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjónustusvæði ..... | 23 | 28 | 17 | 87 | 68 | 223 |
| Vegir og vegyfirborð .. | 2 | 142 | 52 | 354 | 231 | 781 |
| Brýr og veggöng ..... | 0 | 1 | 0 | 21 | 18 | 40 |
| Vegmerkingar og vegbúnaður | 68 | 96 | 156 | 180 | 144 | 644 |
| Þéttbýlisvegir..... | 0 | 13 | 213 | 37 | 28 | 291 |
| Vetrarþjónusta ..... | 63 | 110 | 136 | 444 | 429 | 1.182 |
| Samtals..... | 156 | 390 | 574 | 1.123 | 918 | 3.161 |

*4.1.3.5.1. Þjónustusvæði*

Fjárveiting til þessara verkefna var 362 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o.fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

*4.1.3.5.2. Vegir og vegyfirborð*

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 445 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringar á öxlum (hliðræmum), vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rykbindingu malarvega 2006.

Rykbundnir km *)

| Svæði | klór-kalsíum | úrgangs-salt | nýtt salt | sjór | Dustex | samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 0 | 66 | 200 | 5 | 8 | 279 |
| Suðvestursvæði | 0 | 0 | 79 | 49 | 0 | 128 |
| Norðvestursvæði | 36 | 398 | 1.144 | 317 | 17 | 1.912 |
| Norðaustursvæði | 0 | 233 | 471 | 0 | 22 | 726 |
| Samtals | 36 | 697 | 1.894 | 371 | 47 | 3.045 |

*) Hér eru taldir þeir km vega sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

*4.1.3.5.3. Brýr og veggöng*

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 74 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, veggöngum og varnargörðum.

*4.1.3.5.4. Vegmerkingar og vegbúnaður*

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 483 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

*4.1.3.5.5. Þéttbýlisvegir*


Fjárveiting til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis var 319 m.kr. og var henni varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þéttbýlisvegum. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

*4.1.3.5.6. Vetrarþjónusta*


Fjárveiting til vetrarþjónustu í vegáætlun fyrir árið 2006 með síðari breytingum var 1.049 m.kr. Skuld frá fyrri árum var 88 m.kr., þannig að til ráðstöfunar voru 961 m.kr. Kostnaður við vetrarþjónustu á árinu 2006 var 1.182 m.kr., þannig að skuld sem flyst til ársins 2007 er því um 221 m.kr.

Janúar og febrúar voru hlýir og ekki mikið um snjó. Þungatakmarkanir voru oft settar á á þessum tíma. Mars var kaldur en snjóléttur og frekar snjólétt fram á vorið en kalt. Talsvert var um hálku á vegum. Haustið var fremur snjólétt en oft hálka og jafnvel flughálka á vegum. Talsvert um hálkuvarnir og hálkueyðingu á helstu leiðum. Vegna hlýindakafla í nóvember var nokkuð um þungatakmarkanir á þeim tíma. Annars hálka á vegum og frekar snjólétt fram að áramótum.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til vetrarþjónustu stofn- og tengivega á árunum 1996-2006. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2006.




Á undanförnum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarþjónustu er aftur á móti mjög háður veðurfari. Nauðsynlegt er að fjarveitingar til vetrarþjónustu hækki verulega á næstu árum.




Vegna hættu á slitlagsskemmdum var ásþungi takmarkaður í 10 tonn á vegum í viðauka 1 skv. reglugerð nr. 688/2005, í 8767 daga á 204 vegköflum. Þar af voru 43 kaflar takmarkaðir 10 sinnum eða sjaldnar, 33 kaflar takmarkaðir í 11-30 dagar og 128 vegkaflar oftar en 30 sinnum.

Í töflunni hér að neðan má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 2006.

| Kaflar: | Lengd kafla km | Kostnaður m.kr. | Kostnaður á km þús.kr. |
|---|---|---|---|
| Hellisheiði: Reykjavík-Hveragerði og Þrengslavegur | 48 | 26,3 | 548 |
| Holtavörðuheiði | 37 | 9,8 | 265 |
| Fróðárheiði | 14 | 4,6 | 329 |
| Steingrímsfjarðarheiði | 47 | 16,1 | 343 |
| Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður | 25 | 8,3 | 332 |
| Öxnadalsheiði | 25 | 10,2 | 408 |
| Dalvík-Ólafsfjörður | 18 | 5,3 | 294 |
| Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur | 146 | 24,3 | 166 |
| Vopnafjarðarheiði | 51 | 10,1 | 198 |
| Fjarðarheiði | 24 | 21,4 | 892 |
| Oddsskarð | 23 | 15,8 | 687 |
| Vegið meðaltal | | | 332 |

Í töflunni hér að neðan má sjá hve lengi ýmsar leiðir og fjallvegir voru lokuð vegna snjóa á árinu 2006. Einnig kemur fram hve marga daga ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

| | Jan. | Febr. | Mars | Apríl | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. | Alls | % af 365 d. | Snjóm. dagar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fróðárheiði | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 63 |
| Svínadalur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 39 |
| Klettsháls | 3 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 9 | 2 | 67 |
| Hálfdán | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 74 |
| Dynjandisheiði | 23 | 6 | 4 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11 | 18 | 69 | 19 | 17 |
| Hrafnseyrarheiði | 24 | 4 | 5 | 8 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 12 | 15 | 68 | 19 | 37 |
| Steingrímsfjarðarheiði | 1 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 1 | 121 |
| Holtavörðuheiði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 69 |
| Vatnsskarð-nyrðra | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 52 |
| Siglufjv:Fljót-Siglufj. | 1 | 1 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 1 | 56 |
| Lágheiði | 12 | 1 | 9 | 12 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 19 | 11 | 68 | 19 | 5 |
| Öxnadalsheiði | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 137 |
| Dalvík-Ólafsfjörður | 1 | 1 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 5 | 1 | 82 |
| Hólssandur | 31 | 28 | 31 | 30 | 24 | 4 | 0 | 0 | 0 | 8 | 30 | 31 | 217 | 59 | 1 |
| Öxarfjarðarheiði | 31 | 28 | 31 | 29 | 17 | 5 | 0 | 0 | 0 | 6 | 28 | 31 | 206 | 56 | 1 |
| Sandvíkurheiði | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 28 |
| Vopnafjarðarheiði | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 46 |
| Möðrudalsöræfi | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 45 |
| Hellisheiði-eystri | 8 | 5 | 11 | 20 | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 19 | 20 | 92 | 25 | 14 |
| Vatnsskarð-eystra | 3 | 0 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 2 | 11 | 3 | 35 |
| Fjarðarheiði | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 1 | 135 |
| Oddsskarð | 0 | 0 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 4 | 1 | 120 |
| Breiðdalsheiði | 3 | 0 | 3 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 1 | 14 | 4 | 24 |

*4.1.3.6. Almenningssamgöngur*

Fjárveiting til almenningssamgangna í vegáætlun 2006 með síðari breytingum var 1.141 m.kr. Undir þennan lið falla styrkir til reksturs á ferjum og flóabátum, afborganir af ferjulánum til ríkissjóðs, styrkir til áætlunarflugs til fámennra staða og styrkir til sérleyfa á landi.

*4.1.3.6.1 Ferjur og flóabátar*

Fjárveiting í vegáætlun með síðari breytingum til þessa liðar árið 2006 var 819 m.kr. Heildarútgjöld voru 1.049 m.kr. eða 230 m.kr. meiri en fjárveitingar og aukast því skuldir á þessum lið sem því nemur. Eftir stendur skuld til næsta árs að fjárhæð 449 m.kr. Stór hluti útgjalda umfram fjárheimildir, eða tæplega 180 m.kr. er til kominn vegna breytinga á nýrri Grímseyjarferju sem væntanlega verður tekin í gagnið á árinu 2007.

Árið 2006 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Allar ferjuleiðir hafa verið boðnar út. Á árinu var rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars boðinn út til næstu 5 ára, 2007-2011. Einungis tvö tilboð bárust og var samið við Eyfar ehf. sem rekið hefur ferjuna sl. fimm ár.

Unnið var að breytingum og endurbótum á skipi sem keypt var í árslok 2005 til að sjá um samgöngur við Grímsey. Kostnaðurinn á árinu nam 178,8 m.kr. en breytingunum mun ljúka á árinu 2007.

Ríkið greiðir afborganir og vexti af ferjulánum, sem tekin voru þegar skipin voru smíðuð eða keypt. Á árinu 2006 var um að ræða afborganir vegna einnar ferju. Ekki er um eiginleg lán að ræða því um leið og ríkissjóður eignast skipin og yfirtekur áhvílandi skuldir eru lánin felld niður, en Vegagerðin greiðir áfram afborganir og vexti til ríkissjóðs. Í ríkisreikningi eru þessar greiðslur Vegagerðarinnar til ríkissjóðs færðar sem lækkun á framlagi til hennar.

Kostnaður við ferjur 2006

| Ferjuleið | Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr. | Rekstrarstyrkur m.kr. | Annar kostnaður m.kr. | Samtals m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| Vestmannaeyjaferja, Herjólfur ... | 352 | 201 | 89 | 642 |
| Breiðafjarðarferja, Baldur ..... | | 109 | 3 | 112 |
| Ísafjarðardjúpsferja, Bliki ..... | | 6 | 0 | 6 |
| Hríseyjarferja, Sævar..... | | 48 | 4 | 52 |
| Grímseyjarferja, Sæfari ..... | | 44 | 182 | 226 |
| Mjóafjarðarferja, Anný ..... | | 8 | 1 | 9 |
| Norðurfjarðarflutningar..... | | 1 | 0 | 1 |
| Sameiginlegt ..... | | 0 | 1 | 1 |
| Samtals..... | 352 | 417 | 280 | 1.049 |

*4.1.3.6.2. Áætlunarflug*

Fjárveiting í vegáætlun 2006 var 145 m.kr. Heildarútgjöld á árinu 2006 voru 143,4 m.kr. eða 1,6 m.kr. minni en fjárveitingar. Inneign frá árinu 2005 nam 32,8 m.kr. þannig að heildarinneign í árslok 2006 var 34,4 m.kr.

Áætlunarflug til sjö áfangastaða var boðið út á árinu og tók útboðið gildi 1. janúar 2007. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Bíldudals, Gjögurs, Sauðárkróks og Hornafjarðar og

flug frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar. Samið var við Flugfélagið Erni um flug útfrá Reykjavík og Flugfélag Íslands um flug útfrá Akureyri.

Landsflug hætti áætlunarflugi til Vestmannaeyja í september og í framhaldi af því var ákveðið að gera bráðabirgðasamning til 10-12 mánaða við Flugfélag Íslands um greiðslur vegna áætlunarflugs á leiðinni Reykjavík – Vestmannaeyjar. Á samningstímanum skal flug til Vestmannaeyja boðið út og er nú unnið að útboði.

*4.1.3.6.3 Sérleyfi á landi*

Fjárveiting í vegáætlun var 177 m.kr. Heildarútgjöld voru 185 m.kr. eða 8 m.kr. hærri en fjárveitingar þannig að innistæða frá fyrra ári að upphæð 13,4 m.kr. lækkar sem því nemur. Eftir stendur innistæða til næsta árs að fjárhæð 5,5 m.kr. Á árinu fór fram útboð á sérleyfisleiðum á Suðurlandi. Samið var við Þingvallaleið ehf. og hófst akstur samkvæmt útboðinu 1. október 2006.

*4.1.3.7. Rannsóknir*

Samkvæmt vegalögum er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Árið 2006 nam fjárveiting samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum 113,4 m.kr. Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og dæmi um verkefni undir þeim:

- Mannvirki
  - Áhrif salts á þreytuþol malbiks
  - Bikþeyta til klæðinga
  - Festun með biki og sementi
  - Gerð leiðbeininga um hönnun 2+1 vega
  - Göngubrú yfir Hringbraut – Sveiflumælingar
  - Hagnýting hrýfimælinga með leysitækni
  - Hönnun hljóðvarna í þéttbýli: viðhorf til sjónrænnar upplifunar
  - Klæðing með repjubiki (Raps Asphalt)
  - Lækkun hita við framleiðslu malbiks
  - Raki og burður vega
  - Rekstur jarðskjálfta- og hröðunarmæla í brúm
  - Saltblöndun malarslitlags
  - Samanburður slitlagsefna á Vestfjörðum
  - Snjósöfnun undir vegriðum, aðferðir við hreinsun
  - Tilraunir með upphleyptar kantlínur
  - Vatn í vegum
  - Vegyfirborð við ristarhlið
  - Vinnsla malarslitlaga
- Umferð
  - Aðvörunarljós við einbreiðar brýr
  - Áhrif vetrarþjónustu á umferðaröryggi
  - EuroRAP öryggisskoðun vega
  - Óhappa og slysatíðni eftir gerð vegar
  - Umferðarstjórnun – Mobility Management
  - Umferðaröryggi á mislægum vegagmótum
  - Þróun á HRAS-veðurspákerfinu með áhreslu á samgöngur
  - Þróun umferðarhraða á þjóðvegum landsins

Umhverfi
- Áhrif veðurfarsbreytinga á rekstur vega
- Athugun á strandrofi og strandvörnum á Breiðamerkursandi
- Dýralíf í Dýra- og Önundarfirði: Fjörur
- Endurfylling í vegskurði
- Endurheimt votlendis
- Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
- Hlutfallslegt mat á tapi búsvæða fyrir göngufiska vegna ræsa og brúargerðar
- Katla: Könnun á kostnaði við landsamgöngur í kjölfarið á umbrotum
- Landris í nágrenni Vatnajökuls
- Nýting svarðlags við uppgræðslu námusvæða
- Rannsóknir á flóðum íslenskra vatnsfalla
- Svifryksmengun í Reykjavík
- Vistferilsgreining fyrir veg með bundnu slitlagi

Samfélag
- Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins
- Framkvæmdaferli Vegagerðarinnar
- Jöklasetur á Höfn

Fram til ársins 2006 var lögð sérstök áhersla á rannsóknir tengdar umferðaröryggismálum og var þeim stýrt af Rannsóknarráði umferðaröryggismála (RANNUM) sem Vegagerðin var í forsvari fyrir. Á árunum 2007 til 2010 verður lögð áhersla á umhverfismál og upplýsingatækni í rannsóknum.

Nú hefur verið lögð fram sérstök rannsóknastefna Vegagerðarinnar. Meiri áhersla en áður verður lögð á verkefni sem Vegagerðin skilgreinir sjálf og fær sérfræðinga til að vinna. Áfram er þó einnig gert ráð fyrir að aðilar utan stofnunar geti sótt um fjárveitingar og styrki til afmarkaðra verkefna sem þeir skilgreina sjálfir. Þrjár fagnefndir verða til ráðgjafar um verkefnaflokka, ein um mannvirki, önnur um umferð og sú þriðja um umhverfi og samfélag. Nefndirnar verða skipaðar starfsmönnum Vegagerðarinnar og aðilum utan stofnunarinnar verður einnig boðið að sitja í nefndunum.

Reiknað er með að árið 2007 skiptist rannsóknafé nokkuð jafnt á ofangreinda flokka. Þetta er svipuð skipting og verið hefur sl. 2 ár. Verkefni um upplýsingatæknimál tengjast öllum flokkunum og lögð verður áhersla á slík verkefni auk þess sem gera má ráð fyrir að hlutur verkefna tengdum umhverfisáhrifum aukist á tímabilinu.

*4.1.3.8. Minjar og saga*


Fjárveiting í vegáætlun 2006 var 12 m.kr. Fjárveitingu var varið til þess að greiða kostnað vegna samnings Vegagerðarinnar og Samgönguminjasafnsins á Skógum og kostnað vegna minjavörslu.

### 4.1.4. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA


Í vegáætlun 2006 með síðari breytingum var fjárveiting til viðhalds þjóðvega 2.834,8 m.kr., og var henni varið til viðhalds á stofn- og tengivegum.

Fjárveitingum til viðhalds vega er skipt í átta meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, brýr, varnargarðar og veggöng, öryggisaðgerðir, umferðaröryggisáætlun, vatnaskemmdir og viðhald girðinga. Markmið viðhalds er að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu og hæfni þess til að bera þann umferðarþunga, sem því er ætlaður. Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 2006, var 8.236 km, og var áætluð umferð á þeim árið 2006 um 2.080 milljónir ekinna km.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds stofn- og tengivega á árunum 1996-2006. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2006.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1996-2006. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2006.




Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2006 skiptist milli hinna einstöku flokka viðhalds og milli svæða Vegagerðarinnar.

| Svæði/útgjaldaliður | Sameiginlegt m.kr. | Suðursvæði m.kr. | Suðvesturs svæði m.kr. | Reykjavík* m.kr. | Norðvesturs svæði m.kr. | Norðaustursvæði m.kr. | Samtals m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Endurnýjun bundinna slitlaga .. | 45 | 276 | 246 | 78 | 442 | 294 | 1.381 |
| Endurnýjun malarslitlaga..... | 0 | 57 | 0 | 0 | 61 | 51 | 169 |
| Styrkingar og endurbætur ..... | 0 | 188 | 45 | 33 | 392 | 254 | 912 |
| Brýr, varnargarðar og veggöng . | 18 | 49 | 13 | 0 | 50 | 113 | 243 |
| Öryggisaðgerðir..... | 43 | 10 | 29 | 0 | 36 | 23 | 141 |
| Umferðaröryggisáætlun..... | 65 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 65 |
| Vatnaskemmdir ..... | 3 | 33 | 0 | 0 | 25 | 21 | 82 |
| Viðhald girðinga ..... | 0 | 2 | 0 | 0 | 24 | 8 | 34 |
| Samtals..... | 174 | 615 | 333 | 111 | 1.030 | 764 | 3.027 |

*Samkvæmt samningi milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar sér Reykjavíkurborg um viðhald þjóðvega innan borgarinnar.

*4.1.4.1. Endurnýjun bundinna slitlaga*

Fjárveiting í vegáætlun með síðari breytingum var 1.043,8 m.kr. Lagðir voru 3.510 þús. $m^2$ af bundnu slitlagi sem samsvarar 585 km af 6 m breiðu slitlagi eða um 12,5% af heildarlengd stofn- og tengivega með bundnu slitlagi. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Með aukinni umferð eykst þörfin fyrir malbiksslitlag. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og svæði Vegagerðarinnar eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

| Svæði | klæðing km | klæðing þús. $m^2$ | malbik km | malbik þús. $m^2$ | alls km | alls þús. $m^2$ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 94,5 | 567 | 8,3 | 50 | 102,8 | 617 |
| Suðvestursvæði | 14,2 | 85 | 22,3 | 134 | 36,5 | 219 |
| Reykjavík | 0,0 | 0 | 10,1 | 61 | 10,1 | 61 |
| Norðvestursvæði | 270,3 | 1.622 | 18,4 | 111 | 288,7 | 1.733 |
| Norðaustursvæði | 145,4 | 872 | 1,4 | 8 | 146,8 | 880 |
| Samtals | 524,4 | 3.146 | 60,5 | 364 | 584,9 | 3.510 |

*4.1.4.2. Endurnýjun malarslitlaga*

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 226 m.kr. Lagt var og endurbætt malarslitlag á 461 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli svæða Vegagerðarinnar.

| Svæði | óunnið efni km | óunnið efni $m^3$ | unnið efni km | unnið efni $m^3$ | mölburður alls km | mölburður alls $m^3$ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 5 | 612 | 80 | 29.528 | 85 | 30.140 |
| Suðvestursvæði | 18 | 5.760 | 5 | 1.350 | 23 | 7.110 |
| Norðvestursvæði | 11 | 2.200 | 173 | 21.125 | 184 | 23.325 |
| Norðaustursvæði | 26 | 2.457 | 143 | 15.194 | 169 | 17.651 |
| Samtals | 60 | 11.029 | 401 | 67.197 | 461 | 78.226 |

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2006 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

| Svæði | Fyrir malarslitlög $m^3$ | Fyrir bundin slitlög $m^3$ | Fyrir burðarlög $m^3$ | Samtals $m^3$ |
|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 26.262 | 12.468 | 33.841 | 72.571 |
| Suðvestursvæði | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Norðvestursvæði | 43.000 | 13.800 | 28.000 | 84.800 |
| Norðaustursvæði | 17.579 | 33.479 | 21.200 | 72.258 |
| Samtals | 86.841 | 59.747 | 83.041 | 229.629 |

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina til notkunar við viðhald vega. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

*4.1.4.3. Styrkingar og endurbætur*

Fjárveiting var 808 m.kr. Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Aukinn hluti fjármagns fer nú til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbótum á þeim. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar stofn- og tengivega á árinu 2006.

| Svæði | Vegir með bundnu slitlagi: Burðarlag með möl km | $m^3$ | Bundið burðarlag km | $m^3$ | Malarvegir km | $m^3$ | Styrkingar alls km | $m^3$ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 0,0 | 0 | 11,5 | 10.538 | 11,6 | 13.406 | 23,1 | 23.944 |
| Suðvestursvæði | 0,0 | 0 | 5,0 | 4.500 | 4,0 | 4.150 | 9,0 | 8.650 |
| Norðvestursvæði | 0,0 | 0 | 30,6 | 26.745 | 28,4 | 42.900 | 59,0 | 69.645 |
| Norðaustursvæði | 0,0 | 0 | 18,6 | 7.965 | 24,0 | 25.648 | 42,6 | 33.613 |
| Samtals | 0,0 | 0 | 65,7 | 49.748 | 68,0 | 86.104 | 133,7 | 135.852 |

*4.1.4.4. Brýr, varnargarðar og veggöng*

Fjárveiting í vegáætlun var 266 m.kr. Alls var unnið við um 55 smá og stór verkefni víðs vegar um landið. Stærstu verkefnin voru styrking á stöplum Borgarfjarðarbrúar, ryðhreinsun og málun brúar á Jökulsá á Breiðamerkursandi, varnargarðar við Jökulsá í Lóni og varnargarðar við Skeiðará. Um 27 m.kr. var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr. Um 15 m.kr. var varið til breikkunar á 5 einbreiðum brúm.

*4.1.4.5. Öryggisaðgerðir*

Fjárveiting í vegáætlun var 166 m.kr. Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á 28 stöðum á vegakerfinu og nam kostnaður við það um 98 m.kr. Undirbúningi vegna sjálfvirks hraðaeftirlits var haldið áfram á árinu 2006 og í kjölfar heimsóknar aðila frá Vegagerðinni, Ríkislögreglustjóra og Umferðarstofu til norsku vegagerðarinnar var ákveðið að kaupa sama búnað og norska vegagerðin notar. Keyptar voru fjórar hraðamyndavélar og er uppsetningu lokið á tveimur stöðum á Hringvegi í Hvalfjarðarsveit, þ.e. við Hagamel og Fiskilæk. Kostnaður við kaup og uppsetningu á umferðarmyndavélum nam um 37 m.kr.

*4.1.4.6. Umferðaröryggisáætlun*

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 104 m.kr. Í mars 2006 gerði Vegagerðin samkomulag við Umferðarstofu þess efnis að Umferðarstofa tæki að sér að annast þann hluta umgerðaröryggisáætlunar sem snýr að Ríkislögreglustjóra en greiðist af vegáætlun. Í samkomulaginu var gert ráð fyrir greiðslum til Umferðarstofu að upphæð 87 m.kr. á árinu 2006.

*4.1.4.7. Vatnaskemmdir*

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 157 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara. Ekki var um að ræða nein stóráföll á árinu 2006. Þó urðu verulegar skemmdir á vegum á Norðvestur- og Norðurlandi í lok árs 2006, en kostnaður vegna viðgerða kemur að hluta til fram á árinu 2007. Á Suðursvæði var unnið að sjóvörnum á Gaulverjabæjarvegi í samstarfi við Siglingastofnun og nam kostnaður við það um 16 m.kr. Á Norðvestursvæði urðu víða skemmdir á vegum, sérstaklega þar sem vegir liggja við sjó, bæði í Ísafjarðardjúpi og á Barðaströnd, en hvergi var um verulegt tjón að ræða. Á Norðaustursvæði urðu verulegar vatnaskemmdir í Lóni í byrjun árs og nam kostnaður við þær viðgerðir um 19 m.kr.

*4.1.4.8. Viðhald girðinga*

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 64 m.kr. Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Auk þess er Vegagerðinni heimilt samkvæmt 39. gr vegalaga nr. 45/1994 að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög að kosta viðhald girðinga með einstökum vegarköflum þar sem umferð er 300 bílar á dag eða meira að meðaltali yfir sumarmánuði, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð.

## 4.1.5 STOFNKOSTNAÐUR

*4.1.5.0 Fjárveitingar til stofnkostnaðar*

**Bráðabirgðalán**

Bráðabirgðalán standa undir hluta af útgjöldum til stofnkostnaðar hjá Vegagerðinni. Þáttur þeirra hefur þó minnkað mikið undanfarin ár. Lausafjárstaða Vegagerðarinnar var mjög góð allt árið þannig að engin bráðabirgðalán voru tekin á árinu 2006. Tímabundinni fjárvöntun var mætt með lánum milli verkefna. Stór hluti eldri bráðabirgðalána var hins vegar

endurlánaður, þar sem enn hefur ekki komið fjárveiting á vegáætlun til að greiða þau upp.

Bráðabirgðalán í árslok, eftir uppfærslu vaxta og verðbóta námu alls 68,0 m.kr. og eru það nú eingöngu sveitarfélög, sem eru lánveitendur. Öll upphæðin er vegna framkvæmda við tengivegi.

| | Árslok 2004 m.kr. | Árslok 2005 m.kr. | Árslok 2006 m.kr. |
|---|---|---|---|
| Stofnvegir | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Tengivegir | 71,6 | 68,5 | 68,0 |
| Safnvegir | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Samtals | 71,6 | 68,5 | 68,0 |


**Fjárveitingar til stofnkostnaðar**

Fjárveitingar til stofnkostnaðar voru samkvæmt vegáætlun 5.890 m.kr. Hafði þá verið tekið tillit til afborgunar af láni vegna vegtenginga við Hvalfjarðargöng 40 m.kr. Samkvæmt fjárlögum 2006 hafði þessi tala verið hækkuð í 5.905,2 m.kr. Innifalið í þessari tölu er m.a. 1.532,7 m.kr. ríkisframlag umfram markaðar tekjur og framlag til jarðgangaáætlunar 725 m.kr.

Á fjáraukalögum 2006 fékk Vegagerðin viðbótarfjárveitingu til að auka umferðaröryggi á vegum útfrá höfuðborgarsvæðinu að upphæð 1.000 m.kr. Fjárveitingar til stofnkostnaðar urðu því alls 6.905,2 m.kr.

Til grunnnetsins fóru 5.149,2 m.kr. en 1.756 m.kr. til stofnkostnaðar utan grunnnets, þar af fóru 570 m.kr. til tengivega.

Á meðfylgjandi súluriti má sjá heildarframlag til stofn- og tengivega á árunum 1966-2006. Upphæðirnar eru á verðlagi ársins 2006.



*4.1.5.1 Grunnnet*

Fjárveitingar til stofnkostnaðar í grunnneti vegakerfisins samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 5.189 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til afborgana af láni vegna tenginga Hvalfjarðarganga. Til framkvæmda voru því 5.149 m.kr. Fjárveitingar til grunnnets skiptast í eftirtalda sex verkefnaflokka.

*4.1.5.1.1. Almenn verkefni*

Fjárveitingar til almennra verkefna voru 414 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.1.2. Verkefni á höfuðborgarsvæði*

Fjárveitingar til verkefna á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt vegáætlun voru 1.234 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2. Í fjáraukalögum fyrir árið 2006 var ákveðið að veita 1.000 m.kr. til að auka umferðaröryggi á vegum út frá höfuðborgarsvæðinu og er hún talin til þessa liðar.

*4.1.5.1.3. Verkefni á landsbyggð*

Fjárveitingar til verkefna á landsbyggð samkvæmt vegáætlun voru 1.759 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til greiðslu afborgana lána til ríkissjóðs vegna Hvalfjarðarganga. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.1.4. Orku- og iðjuvegir*

Engin fjárveiting var í vegáætlun 2006 til þessa verkefnis.

*4.1.5.1.5. Jarðgangaáætlun*

Fjárveitingar til jarðgangaáætlunar samkvæmt vegáætlun voru 725 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.1.6. Landsvegir í grunnneti*

Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 57 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar utan grunnnets vegakerfisins samkvæmt vegáætlun voru 1.756 m.kr. Fjárveitingar utan grunnnets skiptast í eftirtalda tíu verkefnaflokka.

*4.1.5.2. Tengivegir*

Fjárveiting til tengivega samkvæmt vegáætlun var 570 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.3. Til brúagerðar*

*4.1.5.3.1. Brýr 10 m og lengri*

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 272 m.kr. samkvæmt vegáætlun. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. 2.

4.1.5.3.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 28 m.kr. Fjárveiting er alfarið notuð til að leggja af einbreiðar brýr. Fjárveitingar voru til eftirfarandi verkefna á árinu 2006.

| Vegnr. Kaflanr. | Vegheiti Kaflaheiti | Fjárveiting 2006 m.kr. |
|---|---|---|
| 314 | Holtsvegur | |
| 01 | Hróarsholtsvegur | 4 |
| 01 | Valhallarlækur | 4 |
| 533 | Álftaneshreppsvegur | |
| 03 | Vogslækur | 4 |
| 62 | Barðastrandarvegur | |
| 05 | Botnsá | 10 |
| 94 | Borgarfjarðarvegur | |
| 08 | Bakká | 6 |
| | Samtals | 28 |

Gerð er grein fyrir einstökum framkvæmdum í fskj. 2.

*4.1.5.4. Ferðamannaleiðir*

Fjárveiting til ferðamannaleiða samkvæmt vegáætlun var 179 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.5. Þjóðgarðavegir*

Fjárveiting til þjóðgarðavega samkvæmt vegáætlun var 97 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

*4.1.5.6. Girðingar*

Fjárveiting til girðinga var 65 m.kr. Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2006 og stöðu þessara mála í árslok.

| Svæði | Óafgreitt 1.1.2006 Girðingar km | Óafgreitt 1.1.2006 Ristar stk. | Afgreitt 2006 Girðingar km | Afgreitt 2006 Ristar stk. | Nýjar kröfur Girðingar km | Nýjar kröfur Ristar stk. | Óafgreitt 1.1.2007 Girðingar km | Óafgreitt 1.1.2007 Ristar stk. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 242 | 0 | 43 | 0 | 28 | 0 | 227 | 0 |
| Suðvestursvæði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Norðvestursvæði | 129 | 10 | 30 | 7 | 55 | 2 | 154 | 5 |
| Norðaustursvæði | 151 | 6 | 8 | 0 | 0 | 0 | 143 | 6 |
| Samtals | 522 | 16 | 81 | 7 | 83 | 2 | 524 | 11 |

*4.1.5.7. Landsvegir utan grunnnets*

Fjárveiting til landsvega utan grunnnets var 104 m.kr. og var henni skipt milli svæða Vegagerðarinnar eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

| Svæði | fjárveiting í m.kr. |
|---|---|
| Suðursvæði ..... | 41,0 |
| Suðvestursvæði ..... | 3,0 |
| Norðvestursvæði ..... | 26,0 |
| Norðaustursvæði ..... | 32,0 |
| Óskipt ..... | 3,4 |
| Geymt frá fyrra ári ..... | -1,4 |
| Samtals | 104,0 |

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

**Suðursvæði**

Fjárveiting til landsvega á Suðursvæði var 41 m.kr. Sérstakar fjárveitingar voru til endurbóta á Skálpanesvegi (336) og Jökulvegi (F985). Fjárveitingum var að öðru leyti varið til smærra viðhalds og þjónustu landsvega á svæðinu.

**Suðvestursvæði**

Fjárveiting til landsvega á Suðvestursvæði var 3 m.kr. Fjárveitingum var varið til smærra viðhalds og þjónustu landsvega á svæðinu.

**Norðvestursvæði**

Fjárveiting til landsvega á Norðvestursvæði var 26 m.kr. Sérstakar fjárveitingar voru til endurbóta á Deildartunguvegi (555), Ófeigsfjarðarvegi (649), Skagafjarðarleið (F752) og Arnarvatnsvegi (F578). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

**Norðaustursvæði**

Fjárveiting til landsvega á Norðaustursvæði var 32 m.kr. Sérstakar fjárveitingar voru til endurbóta á Grjótagjárvegi (860) og Þórdalsheiðarvegi (F936). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

*4.1.5.8. Safnvegir*

Fjárveitingar til safnvega voru 325 m.kr. og var þeim skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

| | Fjárveiting 2006 í þús. kr. |
|---|---|
| 1. Héraðsnefnd Vestur-Skaftfellinga | 12.722 |
| 2. Héraðsnefnd Rangæinga | 27.022 |
| 3. Héraðsnefnd Árnesinga | 35.715 |
| 4. Héraðsnefnd Suðurnesja | 1.496 |
| 5. Reykjavík | 3.643 |
| 6. Héraðsnefnd Kjósarsýslu | 5.007 |
| 7. Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu | 13.108 |
| 8. Héraðsnefnd Mýrasýslu | 17.076 |
| 9. Vegasamlag Snæfellinga | 14.444 |
| 10. Héraðsnefnd Dalasýslu | 10.075 |
| 11. Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu | 3.352 |
| 12. Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu | 5.952 |
| 13. Vegasamlag Ísafjarðarsýslu | 11.557 |
| 14. Héraðsnefnd Strandasýslu | 8.098 |
| 15. Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu | 11.774 |
| 16. Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga | 11.194 |
| 17. Héraðsnefnd Skagfirðinga | 21.051 |
| 18. Akrahreppur | 5.725 |
| 19. Héraðsnefnd Eyjafjarðar | 22.659 |
| 20. Héraðsnefnd Þingeyinga, Suður-Þingeyjarsýsla | 20.374 |
| 21. Héraðsnefnd Þingeyinga, Norður-Þingeyjarsýsla | 14.959 |
| 22. Héraðsnefnd Múlasýslna | 39.138 |
| 23. Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu | 8.859 |
| Samtals | 325.000 |

4.1.5.9. Styrkvegir

Fjárveiting var 64 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

| Framkvæmdaflokkur | fjárveiting í þús. kr. |
|---|---|
| Götur í þéttbýli | 7.000 |
| Vegir yfir fjöll og heiðar | 37.000 |
| Annað | 21.500 |
| Óskipt frá fyrra ári | -2.788 |
| Óskipt | 1.288 |
| Samtals | 64.000 |

4.1.5.10 Reiðvegir

Fjárveiting í vegáætlun var 52 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 11,8 m.kr. varið til endurbóta á einstökum reiðleiðum en 40,2 m.kr. var skipt af Landssambandi hestamannafélaga.

| | Fjárveiting 2006 í þús. kr. |
|---|---|
| 1. Hestamannafélögin á Suðvestursvæði, Reykjanes | 7.600 |
| 2. Hestamannafélögin á Suðursvæði 1, Suðurland vestur | 7.200 |
2006..... 972
Samtals ..... 1.127
*Skýringar:* Hluti kostnaðar árið 2003 er vegna undirbúnings og fyrra útboðs á jarðgöngum. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2007 og 2008.

03 brú á Laxá hjá Laxamýri
03 um Laxá hjá Laxamýri
*Umfang verks:* 1. áfangi. Bygging 84 m langrar brúar á Laxá hjá Laxamýri í stað einbreiðrar brúar.
2. áfangi, endurbygging á 1,6 km löngum kafla um Laxá ásamt gerð áningarstaðar í Heiðarenda, og styrking á um 0,3 km kafla austan Mýrarkvíslar.
*Framkvæmdaform:* Brúargerð, samningur. Vegagerð, útboð.
*Kostnaðaráætlun:* m.kr.
1. áfangi ..... 134
2. áfangi..... 48
Samtals ..... 182
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005..... 30
Vegáætlun 2006
Til brúagerðar..... 93
Almenn verkefni ..... 22
Flutt af Hörgá 2006..... 20
Bráðabirgðalán 2006..... 8
Samtals ..... 173
*Verkframvinda:* 1. áfangi. Bygging brúar hófst í sept. 2005 og lauk í júní 2006.
2. áfangi. Vegagerð var boðin út í mars 2006, framkvæmdir hófust í maí og lauk þeim að mestu á árinu 2006. Eftir

er lítilsháttar frágangur í skeringu og við áningarstað og uppgjör á byggingu brúar.
*Verktaki:* Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 5 |
| 2005 | 47 |
| 2006 | 121 |
| Samtals | 173 |

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2007.

06-09 Tjörnes
*Umfang verks:* Nýbygging á 36,6 km löngum kafla Norðausturvegar um Tjörnes og bygging 100 m langrar brúar á Lónsós. Verkið er unnið í fjórum áföngum á árunum 1999-2004.
*Framkvæmdaform:* Vega- og brúargerð, útboð. Efra lag klæðingar og niðurrekstur staura, samningur.

| *Kostnaðaráætlun:* | m.kr. |
|---|---|
| 1. áfangi, Héðinshöfði – Hringver | 109 |
| 2. áfangi, Hringver – Breiðavík | 256 |
| 3. áfangi, Bangastaðir – Víkingavatn og brú á Lónsós | 613 |
| 4. áfangi, Breiðavík – Bangastaðir | 382 |
| Samtals: | 1.360 |

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 1999 | 104 |
| Vegáætlun 2000 | 119 |
| Fjáraukalög 2000 | 2 |
| Vegáætlun 2001 | 269 |
| Vegáætlun 2002 | 265 |
| Vegáætlun 2003 | 432 |
| Vegáætlun 2004 | 151 |
| Vegáætlun 2005 | 33 |
| Flutt af kafla 85-13 | 53 |
| Flutt af kafla 85-14-22 | 18 |
| Samtals | 1.446 |

*Verkframvinda:* Á árinu 1999 var lokið við 1. áfanga, nýbyggingu á 5,6 km löngum kafla frá Héðinshöfða að Hringveri. Á árunum 2000-2001 var lokið við 2. áfanga, nýbyggingu á 9,68 km löngum kafla frá Hringveri að Breiðuvík. Á árinu 2001 var 3. áfangi boðinn út, 10,4 km langur kafli frá Bangastöðum að Víkingavatni og hófust framkvæmdir við hann í nóvember og lauk framkvæmdum við þann áfanga í október 2003, að undanskyldu efra lagi klæðingar. Í maí 2003 var 4. áfangi boðinn út og hófust framkvæmdir í júlí sama ár. Lauk síðan í september 2004 og var þá lokið endurbyggingu vegar um Tjörnes.
*Verktaki:* Vegagerð Héðinshöfði – Hringver, Klæðning ehf., Garðabæ. Vegagerð Hringver – Breiðavík, Suðurverk hf., Reykjavík. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Egilsstöðum. Vegagerð Bangastaðir – Víkingavatn, Ístak hf., Reykjavík. Brúargerð, Vík ehf., trésmiðja, Húsavík. Seinna lag klæðingar og niðurrekstur staura, vinnuflokkar Vegagerðarinnar. Vegagerð Breiðavík – Bangastaðir, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 1999 | 99 |
| 2000 | 188 |
| 2001 | 116 |
| 2002 | 392 |
| 2003 | 236 |
| 2004 | 384 |
| 2005 | 30 |
| 2006 | 1 |
| Samtals | 1.446 |

14 Arnarstaðir – Klapparós
*Umfang verks:* Endurbygging á 6,5 km löngum kafla Norðausturvegar frá slitlagsenda sunnan Sveltings að Magnavíkurási.
*Framkvæmdaform:* Útboð
*Kostnaðaráætlun:* 156 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Bráðabirgðalán 2006 | 102 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í janúar 2006 og hófust framkvæmdir í júní það ár. Ekki tókst að ljúka verkinu á árinu eins og áætlað var.
*Verktaki:* Burkney ehf., Mosfellsbæ.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 1 |
| 2005 | 14 |
| 2006 | 87 |
| Samtals | 102 |

*Skýringar:* Kostnaður á árunum 2004 og 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2007 og 2008.

14-22 Katastaðir – Krossavík
*Umfang verks:* Nýbygging Norðausturvegar um Hófaskarðsleið. Um er að ræða nýbyggingu á um 31 km löngum kafla.
*Kostnaðaráætlun:* 1.560 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 2 |
| Vegáætlun 2005 | 100 |
| Vegáætlun 2006 | |
| Verkefni á landsbyggð | 207 |
| Flutt á kafla 06-09 | -18 |
| Samtals | 291 |

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 17 |
| 2005 | 16 |
| 2006 | 12 |
| Samtals | 45 |

*Skýringar:* Kostnaður á árunum 2004, 2005 og 2006 er vegna mats á umhverfisáhrifum, hönnunar og undirbúnings. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2007-2008. Framkvæmdir hafa tafist vegna seinkunar á mati á umhverfisáhrifum og eignarnáms.

31 sýslumörk – Saurbæjará
*Umfang verks:* Endurbygging á fjórum köflum með malarslitlagi á samtals 7 km og mölburður á allan Bakkafjörð um 22 km. Einnig voru sett stór stálræsi í Geysirófu, Finnafjarðará, Saurbæjará og Djúpalæk í stað einbreiðra brúa.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 126 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 80 |
| Vegáætlun 2004 | 50 |
| Flutt af kafla 34 2005 | 27 |
| Vegáætlun 2006 | |
| Almenn verkefni | 53 |
| Samtals | 210 |

*Verkframvinda:* Verki er lokið með klæðingu og malarslitlagi. Á verktímanum var tekin ákvörðun um að leggja klæðingu á 8,3 km í stað malarslitlags.
*Verktaki:* Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 20 |
| 2004 | 138 |
| 2005 | 8 |
| 2006 | 1 |
| Samtals | 167 |

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2006 er vegna landbóta o.fl. Frekari framkvæmdum frestað.

34 Hölkná – Miðheiðarhryggur
*Umfang verks:* Endurbygging á 9,6 km löngum kafla frá Hölkná hjá Dalhúsum að Miðheiðarhrygg og setja stálplöturæsi í Hölkná og Skálafjallalæk í stað einbreiðra brúa.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 158 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2002 | 14 |
| Vegáætlun 2003 | 66 |
| Vegáætlun 2004 | 68 |
| Flutt á 91-01, 2004 | -9 |
| Flutt á kafla 31 2005 | -27 |
| Vegáætlun 2005 | 19 |
| Samtals | 131 |

*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2004. Kostnaður á árinu 2005 er vegna lokauppgjörs við verkataka.
*Verktaki:* Nóntindur ehf., Búðardal.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 66 |
| 2004 | 56 |
| 2005 | 8 |
| 2006 | 1 |
| Samtals | 131 |

**87 Kísilvegur**

01-02 slitlagsendi – Geitafellsá

*Umfang verks:* 1. áfangi verksins er nýbygging á 5,0 km löngum kafla frá slitlagsenda á Grímsstaðaheiði að stöð 8.100 á Hólasandi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 63 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | 37 |
| Vegáætlun 2006 | |
| Verkefni á landsbyggð | 78 |
| Flutt af kafla 03, 2006 | 9 |
| Samtals | 124 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í ágúst 2005 og lauk framkvæmdum að mestu á árinu 2006. Kostnaður á árinu 2005 er vegna vinnslu á steinefni til framkvæmdarinnar og undirbúnings verksins.

*Verktaki:* Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 22 |
| 2006 | 74 |
| Samtals | 96 |

03 Geitafellsá – Hvammavegur

*Umfang verks:* Nýbygging og klæðing á 2,94 km löngum kafla frá slitlagsenda norðan Geitafells að Geitafellsá.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 52 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Inneign frá fyrri áfanga | 10 |
| Vegáætlun 2005 | 11 |
| Vegáætlun 2006 | |
| Almenn verkefni | 34 |
| Flutt á kafla 01-02, 2006 | -9 |
| Samtals | 46 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í mars 2003, framkvæmdir hófust í júní og lauk verktaki verkinu að mestu í september 2003. Á árinu 2004 var lagt seinna lag klæðingar. Kostnaður á árinu 2005 er vegna frágangs og landgræðslu.

*Verktaki:* Alverk ehf., Aðaldal.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 42 |
| 2004 | 3 |
| 2005 | 1 |
| Samtals | 46 |

**92 Norðfjarðarvegur**

07 Reyðarfjörður – Eskifjörður

*Umfang verks:* Verkið er fólgið í ný- og endurbyggingu Norðfjarðarvegar milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar.

1. áfangi verksins: Nýbygging á 4,9 km löngum kafla frá Selsteinahæð að Sómastöðum.

2. áfangi: Nýbygging á 0,6 km löngum kafla frá Hjallanesi að hafnarvog á Reyðarfirði.

3. áfangi: Bygging hringtorgs innan við Reyðarfjörð og 600 m langrar tengingar við það.

4. áfangi: Endurbygging á 0,3 km og nýbygging á um 0,8 km frá höfninni á Reyðarfirði ásamt 16 m langri eftirspenntri bitabrú yfir Búðará.

5. áfangi: Nýbygging á um 1,92 km löngum kafla frá Sómastöðum að Hólmum.

6. áfangi: Nýbygging á vegamótum Hjáleiðar og Austurvegar og tenging Hjáleiðar við Norðfjarðarveg.

*Framkvæmdaform:* 1. 4. og 5. áfangi, útboð. 2., 3. og 6. áfangi, samningur. (Ekkert tilboð barst í 3. áfanga var því samið um hann).

| *Kostnaðaráætlun:* | m.kr. |
|---|---|
| 1. áfangi | 185 |
| 2. áfangi | 8 |
| 3. áfangi | 28 |
| 4. áfangi | 101 |
| 5. áfangi | 105 |
| 6. áfangi | 45 |
| Samtals | 472 |

*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2002 ..... 170
Vegáætlun 2003 ..... 170
Flutt af Fljótsdal 2003..... 18
Vegáætlun 2004 ..... 28
Vegáætlun 2005..... 102
Flutt á kafla 92-12, 2005..... -15
Flutt á Mjóeyrarveg 2006 ..... -29
Samtals ..... 444
*Verkframvinda:* 1. áfangi var boðinn út í desember 2001 og lauk á árinu 2003. Árið 2006 var lagt þriðja lag klæðingar á 1. áfanga.
2. áfangi var unninn á árinu 2003 og lögð á hann einföld klæðing.
3. áfangi var unninn á árinu 2004 og lokið með malbiki og klæðingu. Einnig var seinna lag klæðingar lagt á 2. áfanga. Eftir er lagfæring á hringtorgi.
4. áfangi. Á árinu 2005 var lokið við gerð brúar á Búðará og vegagerð.
5. áfangi. Á árinu 2005 var lokið við kaflann milli Sómastaða og Hólma að undanskildum frágangi. Árið 2006 var lagt þriðja lag klæðingar á 5. áfanga.
6. áfangi. Á árinu 2005 var unnið við fyllingar, burðarlög og rofvörn. Árið 2006 var lokið við 6. áfanga með malbiki, kantsteini og lýsingu.
*Verktaki:* 1. áfangi, Myllan ehf., Egilsstöðum.
2. áfangi, Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum og vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
3. og 4. áfangi, Vegagerð, Arnarfell ehf., Akureyri. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
5. og 6. áfangi, Arnarfell ehf., Akureyri
*Kostnaður:* m.kr.
2002 ..... 89
2003 ..... 78
2004..... 113
2005..... 94
2006..... 65
Samtals ..... 439
*Skýringar:* Fjárveiting til Norðfjarðarvegar um Hólmaháls er í vegáætlun 2008

**93 Seyðisfjarðarvegur**
02 um Miðhúsaá
*Umfang verks:* Nýbygging á 0,6 km löngum kafla um Miðhúsaá ásamt 62 m löngu stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 60 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Flutt af Hörgá 2006..... 15
*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í júní 2006. Eitt tilboð barst sem var talsvert yfir kostnaðaráætlun var því hafnað og verkinu frestað.
*Kostnaður:* m.kr.
2005..... 2
2006..... 6
Samtals ..... 8
*Skýringar:* Kostnaður árin 2005 og 2006 er vegna hönnunar og efnis í stálplöturæsi. Fjárveiting er í vegáætlun 2007.

**94 Borgarfjarðavegur**
08 um Bakkaá í Borgarfirði
*Umfang verks:* Setja stálræsi í stað steyptrar brúar.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2006
Smábrýr ..... 6
*Verkframvinda:* Framkvæmdum var frestað og fjárveiting notuð til greiðslu bráðabirgðaláns vegna breikkunar á brúm á Össurá og Hlíðará í Lóni.

**96 Suðurfjarðavegur**
02 Fáskrúðsfjarðargöng
*Umfang verks:* Gerð 5,7 km langra jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, ásamt gerð 200 m langra steinsteyptra vegskála. Lagður var 1,9 km langur vegur í Reyðarfirði og 6,6 km langur vegur í Fáskrúðsfirði.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 3.935 m.kr.

*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2003 ..... 1.132
Vegáætlun 2004 ..... 1.347
Vegáætlun 2005 ..... 1.200
Vegáætlun 2006
Jarðgangaáætlun ..... 170
Samtals ..... 3.849
*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í desember 2002 og hófust framkvæmdir í apríl 2003. Samgönguráðherra sprengdi síðasta haftið í göngunum 8. október 2004. Göngin eru 5.766 m löng í bergi auk vegskála. Eftir að gangagreftri lauk var unnið að lokastyrkingum og vatnsþéttingum í göngunum. Auk þess var steyptur vegskáli Fáskrúðsfjarðarmegin og undirstöður vegskála Reyðarfjarðarmegin. Á árinu 2004 var einnig unnið að vegagerð beggja megin ganga. Á árinu 2005 var unnið að vegagerð utan og innan ganga ásamt frágangi á raflögnum og öðrum búnaði ganganna. Göngin voru formlega opnuð til umferðar 9. september 2005.
*Verktaki:* Ístak hf. og E. Pihl & Søn A.S.
*Kostnaður:* m.kr.
2003 ..... 1.051
2004 ..... 1.873
2005 ..... 902
2006 ..... 23
Samtals ..... 3.849
*Skýringar:* Kostnaður 2006 er vegna uppgjörs við eftirlit , sáningu og ýmiss frágangsverk.

**821 Eyjafjarðarbraut vestri**
05 Sandhólar – Nes
*Umfang verks:* Endurbygging kafla Eyjafjarðarbrautar milli Sandhóla og Ness.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2006
Tengivegir ..... 41
*Kostnaður:* m.kr.
2005 ..... 1
2006 ..... 1
Samtals ..... 2
*Skýringar:* Kostnaður á árunum 2005 og 2006 er vegna hönnunar og undirbúnings: Fjárveiting er í vegáætlun 2007. Framkvæmdum var frestað til 2007.

**828 Veigastaðavegur**
01 Hringvegur
– Eyjafjarðarbraut eystri
*Umfang verks:* Endurbygging á Veigastaðavegi frá Hringvegi að Leifsstaðavegi, alls 3,7 km, ásamt endurbyggingu á 0,26 km löngum kafla af Leifsstaðavegi frá vegamótum Eyjafjarðarbrautar eystri.
*Framkvæmdaform:* Útboð
*Kostnaðaráætlun:* 103 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005 ..... 15
Vegáætlun 2006 .....
Tengivegir ..... 27
Samtals ..... 42
*Verkframvinda:* Verkið var fyrst boðið út í maí 2006 og öllum tilboðum hafnað. Verkið var boðið út aftur í október sama ár og samið við verktakann en framkvæmdir hófust ekki á árinu.
*Verktaki:* Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.
*Kostnaður:* m.kr.
2004 ..... 1
2005 ..... 3
2006 ..... 13
Samtals ..... 17
*Skýringar:* Kostnaður 2004-2006 er vegna hönnunar og undirbúnings og kaupa á efni. Fjárveitin er í vegáætlun 2007.

**829 Eyjafjarðarbraut eystri**
02 Litlihamar – Rútsstaðir
02 um Möðruvelli
*Umfang verks:* 1. áfangi: Nýbygging á 3,1 km löngum kafla frá enda bundins slitlags við Litlahamar að Rútsstöðum. 2. áfangi: Nýbygging á 1,2 m löngum kafla frá Kálfagerði að stöð u.þ.b. 0,4 km austan brúar á Eyjafjarðará.

*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* m.kr.
1. áfangi....76
2. áfangi....16
Samtals....92
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2004....62
Vegáætlun 2005....17
Flutt af Hvammavegi 853-01 ... 6
Samtals....85
*Verkframvinda:* 1. áfangi: Vegagerð lauk á árinu 2003 en efra lag klæðingar var lagt árið 2004.
2. áfangi, Verkið var boðið út í september 2004 og hófust framkvæmdir í október það ár. Verkinu lauk að fullu árið 2006 með lögn seinna lags klæðingar.
*Verktaki:* 1. áfangi: Vegagerð, G. Hjálmarsson hf., Akureyri. Efra lag klæðingar, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.
2. áfangi, Vegagerð, Icefox ehf., Svalbarðsströnd. Klæðing, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.
*Kostnaður:* m.kr.
2003....62
2004....12
2005.... 9
2006....2
Samtals....85

**846 Austurhlíðarvegur**
01 hjá Laugum
*Umfang verks:* Endurbygging og lögn klæðingar á um 300 metra langan kafla frá brú á Reykjadalsá og rétt norður fyrir tengingu að heimavist.
*Framkvæmdaform:* Samningsverk.
*Kostnaðaráætlun:* 6 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005
Almenn verkefni....6
*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2005 að undaskyldri lögn efra lags klæðingar. Árið 2006 var lagt efra lag klæðingar.
*Verktaki:* Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.
*Kostnaður:* m.kr.
2005....3
2006....1
Samtals....4

**853 Hvammavegur**
01 slitlagsendi – virkjun
*Umfang verks:* Nýbygging og klæðing á 3,5 km löngum kafla frá slitlagsenda hjá Reynistað að Laxárvirkjun.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 37 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005....35
Vegáætlun 2006
Tengivegir....6
Flutt á Eyjafjarðarbraut 829-02 . -6
Samtals....35
*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2005 að undanskilinni lögn efra lags klæðingar sem lagt var 2006.
*Verktaki:* Alverk ehf., Aðaldal.
*Kostnaður:* m.kr.
2004....-4
2005....33
2006....6
Samtals....35
*Skýringar:* Tekjur á árinu 2004 eru vegna sölu á unnu steinefni.

**861 Ásbyrgisvegur**
01 Norðausturvegur – tjaldstæði
*Umfang verks:* Nýbygging á um 820 metra löngum kafla frá Norðausturvegi að tjaldstæði og þjónustumiðstöð í Ásbyrgi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 15 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2006
Ferðamannaleiðir....12
Flutt af 8009 Brekkuselsvegi ....2
Samtals....14
*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í febrúar 2006 og lauk á árinu.
*Verktaki:* Vökvaþjónusta Eyþórs ehf., Kópaskeri.

*Kostnaður:* m.kr.
2005 ..... 1
2006 ..... 13
Samtals ..... 14

**862 Dettifossvegur**
01 Hringvegur – Norðausturvegur
*Umfang verks:* Bygging á nýjum vegi, Dettifossvegi, vestan Jökulsár á Fjöllum frá Hringvegi við Austaribrekku norður að Norðausturvegi í Kelduhverfi.
*Kostnaðaráætlun:*
1. áfangi Hringvegur – Dettifoss 500 m.kr.
2. áfangi Norðausturvegur – Vesturárdalur 300 m.kr.
3. áfangi Dettifoss – Vesturárdalur 500 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga ..... 2
Flutt á 864 ..... -2
Vegáætlun 2002 ..... 30
Vegáætlun 2003 ..... 35
Vegáætlun 2004 ..... 17
Vegáætlun 2005 ..... 52
Vegáætlun 2006
Þjóðgarðavegir ..... 54
Samtals ..... 188
*Kostnaður:* m.kr.
2004 ..... 9
2005 ..... 32
2006 ..... 16
Samtals ..... 57
*Skýringar:* Við endurskoðun vegáætlunar 2005 var vegakerfinu vestan Jökulsár á Fjöllum breytt, þannig að fjárveitingar sem áður töldust til Hólmatungnavegar (F862) teljast nú til Dettifossvegar. Kostnaður árin 2004-2006 er vegna mats á umhverfisáhrifum og hönnunar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2007-2008.

**917 Hlíðarvegur**
01 hjá Fossvöllum
01 Laxá hjá Fossvöllum
*Umfang verks:* Endurbygging á 1,2 km löngum kafla um Laxá hjá Fossvöllum ásamt lögn stálplöturæsis á steyptum undirstöðum í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* Stálplöturæsi, samningur. Vegagerð, útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 58 m.kr.
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005 ..... 58
Vegáætlun 2006
Almenn verkefni ..... 1
Bráðabirgðalán 2006 ..... 4
Samtals ..... 63
*Verkframvinda:* Á árinu 2005 var sett niður stálplöturæsi og gerð fylling og neðra burðarlag vegarins. Verkinu lauk á árinu með lögn klæðingar.
*Verktaki:* Ræsagerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.
*Kostnaður:* m.kr.
2005 ..... 46
2006 ..... 17
Samtals ..... 63

**923 Jökuldalsvegur**
01-03 Hringvegur – Þverá
*Umfang verks:* 1. áfangi: Styrking og lagfæring á 26 km löngum kafla á Jökuldalsvegi milli Hringvegar og Brúar á Jökuldal.
2. áfangi: Um Mjósund og Þverá. Nýbygging á 2 km löngum kafla og sett stórt stálplöturæsi í Þverá í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* 1. áfangi, samningur. 2. áfangi, útboð.
*Kostnaðaráætlun:* m.kr.
1. áfangi ..... 70
2. áfangi ..... 43
Samtals ..... 113

*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2005 ..... 6
Vegáætlun 2006
Ferðamannaleiðir ..... 22
Bráðabirgðalán 2006 ..... 78
Samtals ..... 106
*Verkframvinda:* 1. áfanga lauk á árinu 2003. 2. áfangi var boðinn út haustið 2004 og var lokið sumarið 2005 með malarslitlagi.
*Verktaki:* 1. áfangi, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. 2. áfangi, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: ..... m.kr.
2002 ..... 1
2003 ..... 67
2004 ..... 11
2005 ..... 27
Samtals ..... 106
*Skýringar:* Fjárveitingar voru ekki til verksins í vegáætlun þegar framkvæmdir hófust en Landsvirkjun gaf lánsloforð fyrir allt að 100 m.kr. til endurbóta á Jökuldalsvegi. Þingmenn kjördæmis, samgönguráðuneyti og fjármálaráðuneyti hafa heimilað Vegagerðinni að taka slíkt lán. Fjárveitingar til endurgreiðslu eru í vegáætlun 2007 og 2008.

**931 Upphéraðsvegur**
01 Fellabær – Ekkjufell
01-02 Setberg – Ormarstaðaá
02 um Ormarsstaðaá
03-04 um Brekkugerðisklif
*Umfang verks:* 1. áfangi: Steypt bogaræsi í Ormarsstaðaá í stað einbreiðrar brúar og endurbygging á 0,34 km vegi um ræsið.
2. áfangi. Endurbygging á 1,8 km löngum kafla um Brekkugerðisklif.
*Framkvæmdaform:* 1. áfangi. Steypt bogaræsi, samningur. Jarðvinna, útboð. 2. áfangi. Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* m.kr.
1. áfangi ..... 39
2. áfangi ..... 24
Samtals ..... 63

*Fjármögnun:* m.kr.
Inneign frá fyrri áföngum ..... 7
Vegáætlun 2005 ..... 34
Vegáætlun 2006
Tengivegir ..... 65
Samtals ..... 106
*Verkframvinda:* 1. áfanga verksins lauk á árinu 2005. 2. áfanga lauk með klæðingu árið 2006.
*Verktaki:* Ræsagerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð áfangi 1 og 2 Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.
*Kostnaður:* m.kr.
2004 ..... 2
2005 ..... 43
2006 ..... 25
Samtals ..... 70
*Skýringar:* Hluti kostnaðar á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings á kafla 01 Fellabær – Ekkjufell. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2007-2008.

**939 Axarvegur**
01-02 Skriðdalur – Berufjörður
*Umfang verks:* Endurbætur á vegi yfir Öxi frá Hringvegi í Skriðdal og að Hringvegi í Berufirði.
*Framkvæmdaform:* Samningar
*Fjármögnun:* m.kr.
Vegáætlun 2006
Ferðamannaleiðir ..... 15
Bráðabirgðalán 2006 ..... 2
Samtals ..... 17
*Verkframvinda:* Endurbygging og lagfæring á 2 km löngum kafla um Þrívörðuháls.
*Verktaki:* Þjónustustöð Vegagerðarinnar og SG vélar ehf., Djúpavogi.
*Kostnaður:* m.kr.
2006 ..... 17
*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2007.

**944 Lagarfossvegur**
02 um virkjun
02 Lagarfljót
*Umfang verks:* Bygging og rif á bráðabirgðabrú yfir aðrennslisskurð Lagarfossvirkjunar og tenging á henni meðan á framkvæmdum við stækkun Lagarfossvirkjunar stendur.
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 18 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2006 | |
| Brýr 10 m og lengri | 11 |
| Bráðabirgðalán 2006 | 1 |
| Samtals | 12 |

*Verkframvinda:* Bráðabirgðabrúin var byggð á vormánuðum 2005 og rifin haustið 2006.
*Verktaki:* Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 11 |
| 2006 | 1 |
| Samtals | 12 |

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2008 til að ljúka tengingu með bundnu slitlagi.

**946 Borgarfjarðarvegur**
01 Grjótá í Borgarfirði
*Umfang verks:* Setja niður stálræsi í Grjótá í Borgarfirði í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* Samningur
*Kostnaðaráætlun:* 5 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | 5 |

*Verkframvinda:* Verkinu lauk á árinu 2005 nema frágangi á ræsaendum sem lokið var við árið 2006.
*Verktaki:* Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 4 |
| 2006 | 1 |
| Samtals | 5 |

**953 Mjóafjarðarvegur**
01 Norðfjarðarvegur – Háheiði
02 Háheiði – Fjörður
*Umfang verks:* 1. áfangi.
Endurbygging og mölburður á 9 km löngum kafla frá Norðfjarðarvegi og upp á Slenjudal.
2. áfangi. Nýbygging á 1,24 km löngum kafla í Klifbrekku ásamt endurbótum á 2,1 km löngum kafla ofan Klifbrekku og mölburði á 7,1 km löngum kafla á Mjóafjarðarheiði.
*Framkvæmdaform:* Útboð.

| *Kostnaðaráætlun:* | m.kr. |
|---|---|
| 1. áfangi | 8 |
| 2. áfangi | 42 |
| Samtals | 50 |

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 17 |
| Vegáætlun 2005 | 19 |
| Bráðabirgðalán 2006 | 22 |
| Samtals | 58 |

*Verkframvinda:* 1. áfanga lauk á árinu 2003. 2. áfanga nýbyggingu ofan Klifbrekku er lokið og stærstum hluta endurbóta. Eftir er að setja malarslitlag á kaflann.
Verktaki: Dal-Björg ehf., Breiðdalsvík.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 12 |
| 2004 | 27 |
| 2005 | 19 |
| Samtals | 58 |

*Skýringar:* Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

**9572 Mjóeyrarvegur**
01 Norðfjarðarvegur – álvershöfn
*Umfang verks:* Nýbygging á 0,74 km löngum kafla frá Norðfjarðarvegi að álvershöfn í Reyðarfirði.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 34 m.kr.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Flutt af Norðfjarðarvegi 2006 | 29 |

*Verkframvinda:* Verki er lokið með klæðingu en eftir er að ganga frá gatnamótum við Norðfjarðarveg með malbiki og umferðareyju. Á árinu 2006 var gengið frá gatnamótum og merkingum.
*Verktaki:* Arnarfell ehf., Akureyri.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 24 |
| 2005 | 4 |
| 2006 | 1 |
| Samtals | 29 |

**Þéttbýlisstaðir á Austurlandi**
lagfæringar á þjóðvegum
*Umfang verks:* Á árinu 2006 var unnið að lagfæringum á Norðfjarðarvegi og Helgustaðavegi (Strandgötu) á Eskifirði. Strandgatan var endurmótuð, malbikuð og lagður kantsteinn á 0,4 km löngum kafla. Einnig var unnið að afvötnun og lagfæringum á þjóðveginum í gegnum Fáskrúðsfjörð.
*Framkvæmdaform:* Samningar

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Inneign frá fyrri áfanga | 10 |
| Vegáætlun 2006 | |
| Almenn verkefni | 10 |
| Samtals | 20 |

*Verkframvinda:* Byrjað var á framkvæmdum á Eskifirði 2005 og lokið með malbiki 2006. Afvötnun og lagfæring á þjóðveginum gegnum Fáskrúðsfjörð lauk á árinu 2006.
*Verktaki:* Fjarðabyggð og Austurbyggð sáu um undirbúning en KMH um malbik.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2006 | 18 |

*Skýringar:* Fjárveitingar eru í vegáætlun 2007 og 2008.

Göngustígur á Egilsstaðanesi

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2006 | |
| Ferðamannaleiðir | 5 |

*Verkframvinda:* Verkið var unnið á árinu 2006 í samvinnu við Fljótsdalshérað sem sá um útboð.
*Skýringar:* Uppgjör á kostnaði Vegagerðarinnar hefur ekki farið fram.

**Hönnun og undirbúningur verkefna**
Hér að neðan er greint frá hönnunar og undirbúningskostnaði framkvæmda á Norðaustursvæði, sem ekki hafa fjárveitingu í vegáætlun 2006.

| *Verkefni:* | m.kr. |
|---|---|
| Hringvegur 1p6-1p8 | |
| gatnamót á Akureyri | 1 |
| Hringvegur 1q6 | |
| um Skjálfandafljót | 2 |
| Hringvegur 1r5 | |
| um Jökulsá á Fjöllum | 9 |
| Hringvegur 1s7 | |
| um Ysta Rjúkandi | 1 |
| Hringvegur 1t1 | |
| um Rangá hjá Flúðum | 2 |
| Hringvegur 1t3 | |
| um Lagarfljót | 1 |
| Hringvegur 1u7 | |
| Valtýskambur – Sandbrekka | 1 |
| Hringvegur 1u8 | |
| ofan Þakeyrar í Hamarsfirði | 1 |
| Hringvegur 1v1-1v5 | |
| Hvalnes- og Þvottárskriður | 8 |
| Norðausturvegur 85-02 | |
| um Skjálfandafljót | 2 |
| Norðausturvegur 85-04 | |
| Kísilvegur – Húsavík | 1 |
| Norðausturvegur 85-41-43 | |
| Vopnafjörður | |
| – Brunahvammsháls | 24 |
| Norðfjarðarvegur 92-04 | |
| Neðstabrú – Suðurfjarðavegur | 1 |
| Norðfjarðarvegur 92-10 | |
| Norðfjarðargöng | 1 |
| Vaðlaheiðarvegur 832 | |
| tenging Vaðlaheiðarganga | 2 |
| Hlíðarfjallsvegur 837-01 | |
| Hringvegur - Hlíðarbraut | 2 |
| Samtals | 59 |

**Annað**

Jarðgangaáætlun
*Umfang verks:* Undirbúningur og rannsóknir vegna jarðgangagerðar.
*Framkvæmdaform:* Samningar.

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Innistæða frá fyrri árum | 59 |

*Verkframvinda:* Árið 2006 var fé af þessum lið notað við rannsóknir á hugsanlegum jarðgöngum til Vestmannaeyja, vegna jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og umferðarspár vegna Hvalfjarðarganga.
*Verktakar:* Ráðgjafastofur unnu verkin

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2006 | 4 |

Samgöngurannsóknir

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Innistæða frá fyrri árum | 34 |
| Vegáætlun 2006 | |
| Verkefni á landsbyggð | 16 |
| Samtals | 50 |

*Verkframvinda:* Unnið var að athugunum á áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins á umferð, mat á umhverfisáhrifum vegáætlunar samgönguáætlunar og gerð vegstaðla.

| *Kostnaður:* | m.kr. |
|---|---|
| 2006 | 28 |

Brýr 10 m og lengri

| *Fjármögnun:* | m.kr. |
|---|---|
| Eftirstöðvar frá 2004 | 5 |
| Vegáætlun 2005 | 15 |
| Vegáætlun 2006 | |
| Brýr 10 m og lengri | 21 |
| Samtals | 41 |

*Verkframvinda:* Á árinu 2006 var ráðstafað 9 m.kr. til að setja niður stálræsi í stað einbreiðrar brúar á Sæluhúsavatn á Skeiðarársandi.

**Fylgiskjal 3, grænt bókhald**

## Endurheimt votlendis

Vegagerðin forðast röskun votlendis. Bæði vegna þess að votlendi er almennt óheppilegt vegstæði og vegna náttúruverndarsjónarmiða. Vegagerðin færir nokkurskonar votlendisbókhald sem er í töflu hér á eftir. Þegar votlendi raskast vegna vegagerðar fer endurheimtin oft fram árið á eftir og jafnvel líka árið þar á eftir m.a. vegna framboðs á landi til endurheimtar. Votlendisbókhaldið nær því nokkur ár aftur í tíma. Vegagerðin hefur verið í góðu samstarfi við Umhverfisstofnun um val á landi til endurheimtar en almennt er reglan sú að sé votlendi raskað fari fram endurheimt á sambærilegu framræstu votlendi innan sama svæði Vegagerðarinnar.

Endurheimt votlendis

| Framkvæmdir: Vegur (nr.) áfangi | Flatarmál (ha.) | Framkvæmda-tímabil | Vg-svæði |
|---|---|---|---|
| Borgarfjarðarbraut (50) um Vatnshamraleið, Andakílsá – Kleppjárnsreykir | -4 | 1999-2002 | NV |
| Vestfjarðavegur (60) um Bröttubrekku (Dalafjall) | -1,5 | 1999-2003 | NV |
| Snæfellsnesvegur (áður Ólafsvíkurvegur) (54) -Útnesvegur vegamót. Bjarnarfoss – Egilsskarð | -2,2 | 1999-2001 | NV |
| Vatnaleið (56) um Vatnaheiði á Snæfellsnesi | -24 | 2000-2002 | NV |
| Þverárfjallsvegur (744) | -36 | 2000-2003 | NV |
| Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði | -1 | 2003-2004 | NV |
| Snæfellsnesvegur (54) um Kolgrafafjörð | -1,15 | 2003-2005 | NV |
| Útnesvegur (574) um Klifhraun, Gröf – Arnarstapi | -9 | 2004-2006 | NV |
| Hringvegur (1) um Fljótsheiði, Fosshóll – Aðaldalsvegur | -12 | 1996-1999 | NA |
| Hringvegur (1) Austurlandi, Biskupsháls – Skjöldólfsstaðir, Hárekssstaðaleið | -21 | 1998-2000 | NA |
| Norðausturvegur (85), Vopnafjarðarheiði, Brunahvammsháls – Hringvegur | -9 | 2000-2002 | NA |
| Norðausturvegur (85), Tjörnes 3. áfangi Bangastaðir – Víkingavatn | -5 | 2001-2003 | NA |
| Norðausturvegur (85), Tjörnes 4. áfangi Breiðavík – Bangastaðir | -1,6 | 2003-2004 | NA |
| Raskað | -127,5 | | |
| Endurheimt votlendi | | | |
| Staðarhús Borgarbyggð | 28 | 2001 | NV |
| Kolviðarnestjörn Eyjahreppi | 45 | 2001 | NV |
| Steinsstaðir Skagafirði | 22 | 2002 | NV |
| Framengjar í Mývatnssveit | 37,8 | 2003-2004 | NA |
| Framengjar og Nautey í Mývatnssveit | 17 | 2005 | NA |
| Endurheimt | 149,8 | | |

* S: Suðursvæði, SV: Suðvestursvæði,NV: Norðvestursvæði, NA: Norðaustursvæði

Eins og sjá má var staða Vegagerðarinnar góð um síðustu áramót, þar sem 22,3 ha. meira hefur verið endurheimt en raskað. Hingað til hefur aðeins þurft að endurheimta votlendi vegna röskunar á Norðvestursvæði og Norðaustursvæði.

Á Norðaustursvæði hafa verið endurheimtir 54,8 ha. á móti 48,6 ha. röskun. Framkvæmdir á því svæði sem áætlað er að muni raska votlendi eru Héðinsfjarðargöng og vegur milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Tröllaskaga, 10 ha. og Norðausturvegur (85) um Hólaheiði 6-8 ha.

Á Norðvestursvæði hafa verið endurheimtir 95 ha. á móti 78,9 ha. röskun. Framkvæmdir á því svæði sem áætlað er að muni raska votlendi eru Hringvegur (1) í Norðurárdal í Skagafirði 5 ha.

Á Suðursvæði er áætlað að fyrirhugaður Gjábakkavegur muni raska votlendi en hve miklu er háð leiðarvali.

Ekki eru fyrirséð að framkvæmdir muni í náinni framtíð skerða votlendi á Suðvestursvæði en lítið er um votlendi á því svæði vegna jarðfræðilega ungs og gropins berggrunns.

## Hráefna- og auðlindanotkun


### Landmótun


Í eftirfarandi töflu koma fram tölur um tilfærslu jarðefna og landmótun í vegagerð árið 2006. Þær eru teknar saman á svæðisskrifstofum Vegagerðarinnar og byggja að mestu á útboðsgögnum.

Þar sem Vegagerðin kaupir jarðefni af handhöfum námuréttar er frágangur á námum, þ.e. mótun yfirborðs á röskuðu landi, ekki skráður. Þetta á einkum við í Suðvestursvæði.

Landmótun 2006

| Svæði | Færsla jarðefna þús. m$^3$ | | | Mótun yfirborðs þús. m$^2$ | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Óraskað land | | Raskað land | |
| | Fyllingar[1]) | Burðarlög | Slitlög | Vegir | Námur | Vegir | Námur |
| Suðursvæði | 527 | 291 | 47 | 423 | 14 | 48 | 27 |
| Suðvestursvæði | 860 | 222 | 16 | 391 | 0 | 340 | 54 |
| Norðvestursvæði | 906 | 220 | 7 | 443 | 174 | 520 | 168 |
| Norðaustursvæði | 270 | 115 | 43 | 1 | 59 | 338 | 150 |
| Alls: | 2.563 | 848 | 113 | 1.258 | 247 | 1.246 | 399 |






**Salt- og sandnotkun**

Vegagerðin notar salt og sand til hálkuvarna á þjóðvegum. Í grænu bókhaldi fyrr ára hafa aðeins verið birtar tölur yfir það magn salts og sands sem rekstrardeild Vegagerðarinnar hefur keypt inn. Nokkuð er um að svæðisstöðvar Vegagerðarinnar kaupi salt og sand beint frá öðrum aðilum svo sem úrgangssalt frá fiskvinnslustöðvum. Þessi innkaup voru dregin saman fyrir árið 2006 og bætt við tölur rekstrardeildar til að fá heildarinnkaup. Heildarnotkun á salti og sandi til hálkuvarna á árinu 2006 var því sem hér segir.

| | Salt (tonn) | Sandur (tonn) |
|---|---|---|
| Innkaup rekstrardeildar | 12.400 | 0 |
| Önnur innkaup | 9.761 | 4.774 |
| Samtals | 22.161 | 4.774 |

**Pappír**

Rekstrardeild fylgist með notkun á pappír. Innkaup eru skráð í bókhaldi en birgðastaða er ekki skráð og getur því mismunandi birgðastaða skekkt nokkuð niðurstöðu um ársnotkun. Innkaup síðustu tveggja ára á pappír voru eins og fram kemur í töflu:

| Ár | Fjölnotapappír A4 blöð* | Sér- pappír blöð | Karton A3 blöð | Karton A4 blöð |
|---|---|---|---|---|
| 2005 | 865.000 | 16.000 | 500 | 500 |
| 2006 | 815.000 | 20.000 | 1000 | 500 |

* Fjöldi sem samsvarar þúsundum A4 blaða


**Efnanotkun**

Notkun spilliefna í nýbyggingum og viðhaldi vega


Birgðadeild og framkvæmdadeild taka árlega saman magntölur fyrir notkun á mineralskri terpentínu (white spirit) og viðloðunarefnum í slitlög og styrkingar.

Þunnbik er bik (asfalt) með um 10% terpentínu. Þunnbik er notað í klæðingar á þjóðvegum. Heildarnotkun af þunnbiki og hlutfall terpentínu í þunnbiki má sjá á meðfylgjandi grafi. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi en það var 13% á árunum fyrir 1996 og er það árangur rannsókna og þróunar síðustu ára. Veðurfar hefur áhrif á það hve mikið þarf af leysiefni og skýrir það mismunandi hlutfall milli ára. Tilraunir hafa verið gerðar með repjuolíu í stað terpentínu og verður vonandi hægt að nota hana að einhverju leyti sem leysiefni framtíðar.

Á árinu 2006 voru notuð 85 tonn af viðloðunarefninu amínum og tæplega 15,3 tonn af wetfix. Þetta er sama magn viðloðunarefna og notað var árið á undan, sjá töflu:




| | Notkun viðloðunarefna (tonn) | |
|---|---|---|
| | 2006 | 2005 |
| Aminum | 85 | 91 |
| Wetfix | 15 | 10 |
| Samtals | 100 | 101 |



### Notkun spilliefna í vegmálningu 2006

Á árinu 2006 voru 1.900 km merktir með vatnsmálningu og 2.356 km með sprautuplasti, samtals 4.256 km en voru alls 3.440 km á árinu 2005. Aukning á milli ára var því 14,1 %.

Vatnsmálningin inniheldur engin leysiefni og voru notaðir um 100 þús. lítrar af henni og um 400 lítrar af ediksýru árið 2006. Notuð var vatnsmálningin Merkalin AQ6010 frá Geveko.

Sprautuplastið inniheldur heldur engin leysiefni og voru notuð um það bil 460 tonn af því árið 2006 á Suðursvæði, Norðvestursvæði og Norðaustursvæði. Sprautuplastsefnin voru Swarco SSP30, Cleanosol 45PS30 og Prismo SR55A.

Á Suðvestursvæði voru notuð 180 tonn af plastmálningunni Termoplastic SNS 25.

| | Vatnsmálning (þúsund lítrar) | | Sprautuplast (tonn) | |
|---|---|---|---|---|
| Ár | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 |
| Notkun | 84 | 100 | 423 | 640 |

### Farartæki, olíuafgreiðslubúnaður og varaaflsstöðvar

Vegagerðin átti 126 bifreiðir og 104 vinnuvélar í árslok 2006. Bifreiðum hefur því fækkað um 4 frá fyrra ári og eina vinnuvél.

Olíuafgreiðslubúnaður er á eftirtöldum stöðum (1 á hverjum stað): Vík í Mýrdal, Borgarnesi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Hólmavík, Sauðárkróki, Akureyri og Vopnafirði. Einnig eru vinnuflokkar í Vík og á Hvammstanga með olíuafgreiðslubúnað.

Varaaflstöðvar eru á eftirtöldum stöðum (1 á hverjum stað): Borgarnesi, Ísafirði, Hvammstanga, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði.

| Bifreiðir | | Vinnuvélar | | Olíuafgreiðslubúnaður | | Varaaflsstöðvar | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2005 | 2006 | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 |
| 130 | 126 | 105 | 104 | 11 | 11 | 6 | 6 |

### Mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun úrskurðaði um mat á umhverfisáhrifum eftirtalinna framkvæmda:

| Framkvæmd | Úrskurður Skipulagsst. dags.-niðurstaða | Úrskurður kærður | Úrskurður umhv.ráðherra, dags.-niðurstaða |
|---|---|---|---|
| Gjábakkavegur frá Þingvöllum til Laugarvatns, Bláskógabyggð | 24.05.2006 Fallist á framkvæmd með skilyrðum | Já 28.6.2006 | |
| Vestfjarðavegur (nr. 60) Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi | 28.02.2006 Fallist á framkvæmd með skilyrðum en lagst gegn hluta framkvæmdar | Já 30.3.2006 | 5. 1. 2007 Fallist á framkvæmd með skilyrðum |

# 1088. Frumvarp til laga [690. mál]

um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 6. tölul. 1. mgr. orðast svo: Viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti:
   a. Móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.
   b. Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina.
   c. Eignastýring.
   d. Fjárfestingarráðgjöf.
   e. Sölutrygging í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga.
   f. Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar.
   g. Rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF).

b. 3. mgr. orðast svo:

   Þrátt fyrir 1. mgr. geta eftirtaldir aðilar sinnt starfsemi skv. a- og b-lið 6. tölul. 1. mgr. án starfsleyfis:
   1. Seðlabankar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðrar opinberar stofnanir sem annast eða hafa afskipti af lánamálum ríkja.
   2. Vátryggingafélög.
   3. Verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir sem og vörslufyrirtæki og rekstrarfélög slíkra sjóða.
   4. Lögmenn og löggiltir endurskoðendur, enda sé um tilfallandi þjónustu að ræða og hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni á starfssviði þeirra.
   5. Aðilar sem veita þjónustu fyrir móðurfélög sín, dótturfélög sín eða fyrir önnur dótturfélög móðurfélags síns.
   6. Aðilar sem veita aðeins þjónustu í tengslum við stjórnun á sjóðum starfsmanna um fjárfestingar.
   7. Aðilar sem eiga aðeins í viðskiptum fyrir eigin reikning og eru ekki viðskiptavakar eða innmiðlarar.
   8. Aðilar sem hafa ekki leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum að meginstarfsemi sinni, metið á samstæðugrunni, og eiga í viðskiptum með fjármálagerninga fyrir eigin reikning eða veita viðskiptavinum meginstarfsemi sinnar þjónustu með hrávöruafleiður eða afleiðusamninga skv. d-lið 2. tölul. 2. gr. laga um verðbréfaviðskipti.
   9. Aðilar sem veita fjárfestingarráðgjöf sem hluti af þjónustu sem fellur ekki undir lög þessi að öðru leyti svo framarlega sem ekki er greitt sérstaklega fyrir ráðgjöfina.
   10. Aðilar sem hafa að meginstarfsemi að versla fyrir eigin reikning með hrávöru eða hrávöruafleiður, svo framarlega sem þeir eru ekki hluti af samstæðu sem hefur að meginstarfsemi að veita leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur skv. 3. mgr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 6. tölul. 1. mgr. orðast svo: Verðbréfamiðlun skv. a- og/eða f-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjármálaeftirlitið veitir kauphöll leyfi til að reka markaðstorg fjármálagerninga (MTF), enda séu uppfyllt ákvæði IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er heimilt að veita starfsleyfi sem tekur eingöngu til viðbótarþjónustu skv. 25. gr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjármálafyrirtæki skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það ef þau uppfylla ekki lengur þau skilyrði sem umsækjendum um starfsleyfi ber að uppfylla við veitingu starfsleyfis.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Aukin starfsemi.*

Fjármálafyrirtæki sem hyggst auka starfsemi sína þannig að hún taki til leyfisskyldrar starfsemi eða annarrar starfsemi skv. IV. kafla sem fellur ekki undir starfsleyfi þess skal sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins til að stunda þá starfsemi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 4. og 5. mgr. orðast svo:
Hlutafé verðbréfafyrirtækis sem hefur ekki starfsheimildir til að stunda viðskipti fyrir eigin reikning eða sinna sölutryggingu fjármálagerninga og hefur eina af eftirfarandi starfsheimildum, ásamt því að fara með vörslur fjármuna eða fjármálagerninga viðskiptavinar, skal að lágmarki nema 11 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur jafnvirði 125 þúsund evra í íslenskum krónum:
    a. Móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga,
    b. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina eða
    c. eignastýringu.
Hlutafé verðbréfamiðlunar skal að lágmarki nema 5 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur jafnvirði 50 þúsunda evra í íslenskum krónum.
b. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessari grein.

6. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Starfsemi verðbréfafyrirtækis getur tekið til eftirfarandi þátta í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga:

1. Þjónustu:
   a. Móttöku og miðlunar fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.
   b. Framkvæmdar fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina.
   c. Viðskipta með fjármálagerninga fyrir eigin reikning.
   d. Eignastýringar.
   e. Fjárfestingarráðgjafar.
   f. Sölutryggingar í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga.
   g. Umsjónar með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar.
   h. Rekstrar markaðstorgs fjármálagerninga (MTF).
2. Viðbótarþjónustu:
   a. Vörslu og stjórnunar í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. vörslu fjármálagerninga og tengdrar þjónustu, svo sem vegna fjármuna eða trygginga.
   b. Veitingar lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
   c. Ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
   d. Þjónustu í tengslum við sölutryggingu.
   e. Gjaldeyrisþjónustu ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
   f. Fjárfestingarannsókna og greininga eða annarra forma af almennum ráðleggingum í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga.
   g. Þjónustu í tengslum við undirliggjandi eignir afleiðusamninga skv. e- og h-liðum 2. tölul. 2. gr. laga um verðbréfaviðskipti þegar þær tengjast þeirri þjónustu sem er veitt skv. 1. og 2. tölul.

Verðbréfafyrirtæki, sem falla undir 4. mgr. 14. gr., með leyfi til að framkvæma fyrirmæli varðandi fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina er heimilt að varðveita slíka fjármálagerninga fyrir eigin reikning séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a. Slíkar stöður í fjármálagerningum megi einungis rekja til þess að ekki hafi tekist að mæta fyrirmælum viðskiptavina nákvæmlega.
b. Heildarmarkaðsverðmæti fjármálagerninga samkvæmt þessari málsgrein fari ekki yfir 15% af hlutafé verðbréfafyrirtækisins.
c. Ákvæði IV. kafla C og X. kafla séu uppfyllt.
d. Um sé að ræða ráðstafanir til bráðabirgða sem takmarkast við það tímamark sem nauðsynlegt er til að framkvæma fyrirmælin.

Verðbréfafyrirtækjum er heimilt að taka stöður í fjármálagerningum utan veltubókar í því skyni að ávaxta eigið fé verðbréfafyrirtækis. Slíkar stöður teljast ekki til viðskipta í tengslum við þjónustuþætti skv. a-, b- og d-liðum 1. tölul. 1. mgr., sbr. 4. mgr. 14. gr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Starfsemi verðbréfamiðlunar tekur til milligöngu um kaup eða sölu fjármálagerninga og/eða fjárfestingarráðgjafar um verðbréfaviðskipti þar sem endurgjald kemur fyrir. Verðbréfamiðlun er ekki heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning og er einungis heimilt að taka við fjármunum eða verðbréfum viðskiptavina í starfsemi sinni um skamman tíma, enda sé slíkt nauðsynlegt til að ljúka viðskiptum sem fyrirtækið hefur annast milligöngu um.

b. 2. mgr. fellur brott.

8. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefja útibú erlendra fjármálafyrirtækja með heimild til verðbréfaviðskipta um allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort útibúið fylgi viðeigandi reglum um fjárfestavernd og gegnsæi viðskipta.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „almennum hegningarlögum“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: samkeppnislögum.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skipulegs verðbréfamarkaðar teljast hæfir til að stýra markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á félagsstjórn og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt.

10. gr.

Í stað orðanna „skv. b- og d-lið 1. tölul. 25. gr.“ í 2. mgr. 84. gr. laganna kemur: skv. c- og f-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr.

11. gr.

92. gr. laganna orðast svo:

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána, önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis eða atriði sem leiða til þess að hann mundi synja um áritun eða gera fyrirvara, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um fyrirtækið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn þess og Fjármálaeftirlitinu viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fær vitneskju um við framkvæmd endurskoðunarstarfa hjá fyrirtæki sem er í nánum tengslum við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 18. gr.

Tilkynning endurskoðanda skv. 1. mgr. felur ekki í sér brot gegn þagnarskyldu hvort sem hún er reist á lögum eða samningi. Skal tilkynnandi ekki sæta neins konar ábyrgð vegna tilkynningarinnar.

12. gr.

Við 108. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef Fjármálaeftirlitið hefur rökstudda ástæðu til að ætla að erlent fjármálafyrirtæki með starfsemi hérlendis, hvort sem er með eða án útibús, brjóti gegn ákvæðum laga þessara eða annara laga skal Fjármálaeftirlitið gera lögbæru yfirvaldi í heimaríkinu aðvart, enda sé um að ræða brot gegn ákvæðum sem Fjármálaeftirlitinu er ekki falið eftirlit með sem gistiríki. Reynist ráðstafanir lögbærs yfirvalds í heimaríkinu ófullnægjandi til að stöðva ólögmæta háttsemi fyrirtækisins getur Fjármálaeftirlitið, eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald heimaríkisins, gert nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda fjárfesta og heilbrigða starfsemi fjármálamarkaða hérlendis. Í þessu felst m.a. heimild til að koma í veg fyrir að hið brotlega fyrirtæki stundi frekari viðskipti hérlendis. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir án tafar.

Ef Fjármálaeftirlitið staðreynir að útibú erlends fjármálafyrirtækis sem hefur starfsemi hérlendis hefur gerst brotlegt gegn ákvæðum ákvæðum þessara laga eða annara laga sem Fjármálaeftirlitinu er falið eftirlit með sem gistiríki skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að umræddri háttsemi sé hætt þegar í stað. Verði útibúið ekki við þeim kröfum skal Fjármálaeftirlitið grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir hina ólögmætu háttsemi. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaríkisins um þær ráðstafanir. Haldi útibúið engu síður áfram hinni ólögmætu háttsemi skal Fjármálaeftirlitið, eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi heimaríkis, grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir umrædda háttsemi eða beita viðeigandi viðurlögum og, eftir því sem kann að reynast nauðsynlegt, koma í veg fyrir að hið brotlega fyrirtæki stundi frekari viðskipti hérlendis. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir án tafar.

13. gr.

Í stað orðanna „93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta“ kemur: 2004/39/EB um markaði með fjármálagerninga.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

14. gr.

8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: kauphalla, skipulagðra verðbréfamarkaða og markaðstorga fjármálagerninga (MTF).

## III. KAFLI
## Innleiðing og gildistaka.

15. gr.

*Innleiðing.*

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005 frá 29. apríl 2005.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (e. Markets in Financial Instruments Directive eða MiFID-tilskipunin). Tilskipunin var birt í Stjórnartíðindum EB 30. apríl 2004. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005 frá 29. apríl 2005. Tilskipunin átti að vera innleidd í landslög fyrir 31. janúar 2007, en reglurnar eiga að taka gildi 1. nóvember 2007. Samhliða frumvarpinu eru lögð fram tvö önnur frumvörp vegna innleiðingar tilskipunarinnar. Annars vegar frumvarp til kauphallarlaga og hins vegar frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti.

Frumvarpið byggist í meginatriðum á fyrrnefndri tilskipun en auk hennar var við samningu frumvarpsins höfð hliðsjón af norrænum rétti á sviði fjármálamarkaðar.

Viðskiptaráðherra fól kauphallarnefnd að hafa yfirsýn yfir vinnu við innleiðingu tilskipunarinnar. Í kauphallarnefnd sitja fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins, Kauphallar Íslands, Seðlabanka Íslands, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Samtaka fjárfesta, Landssamtaka lífeyrissjóða og Eignarhaldsfélags hlutafélaga. Að beiðni kauphallarnefndar skipaði viðskiptaráðherra vinnuhóp 6. október 2004 til að vera nefndinni til aðstoðar við innleiðingu tilskipunarinnar. Í vinnuhópinn voru skipuð Haraldur Örn Ólafsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður, Elín Jónsdóttir, Fjármálaeftirlitinu, Þórólfur Jónsson, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, og Ragnar Jónasson frá Kauphöll Íslands. Elín Jónsdóttir lét af störfum í nefndinni í apríl 2005 og tók Hlynur Jónsson, Fjármálaeftirlitinu, sæti hennar. Ragnar Jónasson lét af störfum í nefndinni í mars 2006 og tók Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, Kauphöll Íslands, sæti hans. Einnig starfaði Áslaug Árnadóttir, lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, og Þórarinn Þorgeirsson lögmaður með nefndinni við gerð frumvarpsins.

**MiFID-tilskipunin.**

MiFID-tilskipunin er hluti af sérstakri aðgerðaáætlun Evrópusambandsins á sviði fjármálamarkaðar (e. Financial Services Action Plan), sem miðar að því að skapa skilvirkan sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu, m.a. með styttri viðbragðstíma, skilvirkara eftirliti og öflugri neytendavernd. Á grundvelli tilskipunarinnar verða öll lönd á Evrópska efnahagssvæðinu að setja sameiginlegar reglur um fjármálafyrirtæki með leyfi til verðbréfaviðskipta og skipulega markaði.

Meginmarkmið MiFID-tilskipunarinnar er að stuðla að því að þróa og tryggja skilvirkni evrópsks fjármálamarkaðar ásamt því að auka yfirsýn og tiltrú fjárfesta á markaðinn. Þá miðar tilskipunin að því að öll viðskipti verði jafnskilvirk hvort sem aðilar að viðskiptunum eru í sama landi eða í fleiri en einu landi á EES-svæðinu. Til að ná þessum markmiðum mælir tilskipunin m.a. fyrir um að lagarammi Evrópusambandsins nái til allrar starfsemi sem tengist fjárfestum, en það er talið nauðsynlegt þar sem fleiri fjárfestar hafa á undanförnum árum orðið virkir á fjármálamörkuðum og í boði er stöðugt flóknari og víðtækari þjónusta og gerningar. Kveður tilskipunin því á um samræmingu sem veitir fjárfestum víðtæka vernd og heimilar fjármálafyrirtækjum með leyfi til verðbréfaviðskipta að veita þjónustu alls staðar

á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli eftirlits í heimalandi þar sem fyrir er óskiptur markaður.

MiFID-tilskipunin kemur í stað tilskipunar ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (ISD-tilskipunin). Þó að tilskipanirnar fjalli um sama efni felur MiFID í sér aukna samræmingu reglna sem gilda um fjármálafyrirtæki með leyfi til verðbréfaviðskipta og er víðtækari og ítarlegri en ISD-tilskipunin. MiFID-tilskipunin hefur jafnframt víðtækara gildissvið þar sem í henni er að auki fjallað um starfsskilyrði og kröfur sem gerðar eru til skipulegra verðbréfamarkaða. Þá breytir MiFID-tilskipunin tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana, tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana.

Árið 2000 setti ráð Evrópusambandsins á fót nefnd sérfræðinga til að meta skilvirkni í lagasetningu á verðbréfasviði. Nefndin var kölluð nefnd vísdómsmanna á sviði evrópskra reglna á verðbréfamarkaði (e. *Committee of Wise Men on the Regulation of European Securities Markets*). Nefndin skilaði skýrslu (Lamfalussy-skýrslunni) árið 2001. Í skýrslunni var m.a. lagt til að ferli við setningu og framkvæmd reglna yrði greint í fjögur stig. Á fyrsta stigi yrðu settar rammareglur, þ.e. tilskipanir eða reglugerðir sem kveða á um undirstöðuatriði í löggjöfinni. Á öðru stigi setti framkvæmdastjórnin tæknilegar reglur sem útfæra lagareglurnar á fyrsta stigi til samræmis við þróun verðbréfamarkaða. Á þriðja stigi skal hin Evrópska samstarfsnefnd verðbréfaeftirlita (e. *Committee of European Securities Regulators, CESR*) vinna að því að efla samræmda framkvæmd í aðildarríkjunum á þeim reglum sem settar hafa verið á fyrsta og öðru stigi og á fjórða stigi skal svo framkvæmdastjórnin vinna að því að tryggja að aðildarríkin framfylgi ESB-reglum á verðbréfasviði.

MiFID-tilskipunin er rammatilskipun á fyrsta stigi sem heimilar framkvæmdastjórninni að setja ítarlegri reglur á vissum sviðum. Hefur framkvæmdastjórnin gefið út tvær gerðir í því sambandi, eina tilskipun og eina reglugerð. Annars vegar er um að ræða tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 til fyllingar á tilskipun þingsins og ráðsins 2004/39/EB um skipulagskröfur og viðskiptahætti fjárfestingarfyrirtækja og skilgreiningu hugtaka fyrir þá tilskipun. Hins vegar er um að ræða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 til fyllingar á tilskipun þingsins og ráðsins 2004/39/EB um skyldur fjárfestingarfyrirtækja til að halda skrár, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi viðskipta, töku fjármálagerninga til viðskipta og skilgreiningu hugtaka fyrir þá tilskipun. Gerðir þessar sem eru á öðru stigi Lamfalussy-ferlisins hafa þýðingu fyrir EES-svæðið og verða því væntanlega teknar upp í EES-samninginn. Gert er ráð fyrir að flestar þær reglur sem fram koma í þeim verði teknar upp í íslenskan rétt með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum en þó er lagt til í frumvarpi þessu að hluti þeirra verði tekinn upp í lög.

**Helstu breytingar sem felast í tilskipuninni.**

Tilskipunin fjallar um markaði þar sem verslað er með fjármálagerninga. Gildissvið tilskipunarinnar er víðtækara en gildissvið ISD-tilskipunarinnar og þá nær MiFID-tilskipunin til fleiri sviða fjármálamarkaðar, t.d. telst fjárfestingarráðgjöf til starfsleyfisskyldrar starfsemi. Þurfa aðilar sem reka slíka ráðgjöf því í framtíðinni að sækja um starfsleyfi. Einnig er skilgreining á hugtakinu fjármálagerningur víðtækara en samkvæmt núgildandi lögum, en

með fjármálagerningi er í tilskipuninni átt við auk verðbréfa og hlutdeildarskírteina, hrávöruafleiður, afleiðugerningar til yfirfærslu lánaáhættu o.fl.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu breytingar sem felast í tilskipuninni.

*a. Fjármálafyrirtæki.*

Með MiFID-tilskipuninni er þeim fjármálafyrirtækjum sem þurfa leyfi til starfsemi fjölgað frá því sem var samkvæmt ISD-tilskipuninni. Felst útvíkkun á gildissviði tilskipunarinnar aðallega í því að hún nær nú til allrar starfsemi sem tengist fjárfestum, þ.m.t. fjárfestingarráðgjöf sem ekki er veitt í tengslum við aðra fjármálaþjónustu. Þá er rekstur markaðstorgs fjármálagerninga MTF starfsleyfisskyldur.

Með MiFID-tilskipuninni fjölgar einnig þeim fjármálagerningum sem falla undir gildissvið gerðarinnar. Meðal nýrra fjármálagerninga sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar má nefna hrávöruafleiður og afleiðugerninga til yfirfærslu lánaáhættu. Þá felst einnig í víkkun á gildissviði tilskipunarinnar að hinn svokallaði „Evrópupassi" fjármálafyrirtækja gildir víðar, þ.e. fjármálafyrirtækjum með leyfi til verðbréfaviðskipta er samkvæmt tilskipuninni í auknum mæli heimilt að veita þjónustu á EES-svæðinu utan heimalands síns á grundvelli starfsleyfis frá heimalandinu. Jafnframt flyst vald til að hafa eftirlit með ýmissi starfsemi slíkra fjármálafyrirtækja frá gistiríki, þ.e. því ríki þar sem fjármálafyrirtæki er með útibú eða veitir þjónustu og eða stundar starfsemi, til heimalandsins.

Hættan á hagsmunaárekstrum, sem eru skaðlegir fyrir hagsmuni viðskiptavinanna, eykst í samræmi við það að fjármálafyrirtæki með leyfi til verðbréfaviðskipta veita fleiri tegundir fjármálaþjónustu. Til að auka vernd fjárfesta setur MiFID-tilskipunin nákvæmari reglur og eykur kröfurnar til skipulags og stofnunar slíkra fjármálafyrirtækja.

Í MiFID-tilskipuninni er einnig að finna nýjar reglur um tilkynningar sem fjármálafyrirtækjum með leyfi til verðbréfaviðskipta er skylt að senda til eftirlitsaðila um þau viðskipti sem þau hafa milligöngu um með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

*b. Skipulegir markaðir og markaðstorg fjármálagerninga (MTF).*

Í MiFID-tilskipuninni eru reglur um stofnun og rekstur markaða fyrir fjármálagerninga. Tilskipunin skilur á milli tvenns konar markaða fyrir fjármálagerninga, annars vegar er fjallað um skipulega verðbréfamarkaði (e. *Regulated market*) og hins vegar um markaðstorg (*e. Multilateral trading facility (MTF)*).

Þrátt fyrir að hugtakið skipulegur verðbréfamarkaður hafi verið notað í eldri tilskipunum Evrópusambandsins er það nýmæli að settar séu Evrópureglur um rekstur og heimildir skipulegra markaða. Þá er hugtakið markaðstorg fjármálagerninga (MTF) nýtt í Evrópurétti, en með markaðstorgi er átt við marghliða viðskiptakerfi sem starfrækt er af fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast. Nánar er fjallað um þau atriði í IV. kafla frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti. Samkvæmt MiFID-tilskipuninni liggur munurinn á skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga (MTF) í kröfunum sem gerðar eru til leyfisveitinga og reksturs. Hvað varðar rekstur eru í heildina gerðar meiri kröfur til reglna og virkni skipulegra verðbréfamarkaða. Stærsti munurinn á milli þessara tveggja tegunda markaða varðar t.d. útgefendur og fjárfesta, en reglur sem þá varða geta verið mjög ólíkar eftir því hvort um er að ræða skipulegan verðbréfamarkað eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF). Sem dæmi má nefna að reglurnar um yfirtökutilboð og upplýs-

ingaskyldu fyrir útgefendur gilda um fjármálagerninga þegar þeir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði en gilda hins vegar ekki fyrir fjármálagerninga sem viðskipti eru með á markaðstorgum en hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Reglur þessar gilda þó um viðskipti á markaðstorgi ef viðkomandi fjármálagerningur er jafnframt tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Kauphallir starfrækja skipulega markaði, en með kauphöll er átt við aðila sem stýrir og eða rekur skipulegan verðbréfamarkað. Samkvæmt MiFID-tilskipuninni er rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) verðbréfaviðskipti sem fjármálafyrirtæki, lánastofnanir og markaðsrekendur skipulegra verðbréfamarkaða geta sinnt. Í samræmi við það er kveðið á um það í frumvarpi þessu að rekstur markaðstorgs fjármálagerninga sé starfsleyfisskyld starfsemi. Einnig er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið veiti kauphöll leyfi til reksturs markaðstorgs. Nánari efnisreglur um starfrækslu markaðstorgs er hins vegar að finna í IV. kafla frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti eins og áður greinir.

*c. Fjárfestingarráðgjöf.*

Í núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti eru ákvæði um það hvaða ráðgjöf fjármálafyrirtæki með leyfi til verðbréfaviðskipta skulu veita þegar þau bjóða vörur sínar og þjónustu til sölu. Þessi ákvæði taka hins vegar ekki til þeirra aðila sem veita fjárfestingarráðgjöf. Með fjárfestingarráðgjöf er í MiFID-tilskipuninni átt við það að veita viðskiptavini persónulegar ráðleggingar annaðhvort að beiðni hans eða að frumkvæði fjármálafyrirtækis að því er varðar viðskipti í einu eða fleiri tilvikum sem tengjast fjámálagerningum. Ráðgjöfin skal miðast við persónulegar aðstæður viðskiptamannsins og undir fjárfestingarráðgjöf falla einnig hvers konar skýringar, upplýsingar um áhættu og upplýsingar um afleiðingar af tilteknu vali.

Samkvæmt MiFID-tilskipuninni eru gerðar margs konar kröfur til fjárfestingarráðgjafa og eru þær í mörgum tilvikum sambærilegar kröfum sem nú eru gerðar til annarra fjármálafyrirtækja. Þó eru reglurnar ekki að öllu leyti eins, í tilskipuninni eru t.d. ekki fyllilega sambærilegar reglur varðandi eigið fé fjárfestingarráðgjafa. Þá eru ekki gerðar sérstakar kröfur til ársreiknings fjárfestingarráðgjafa, en hins vegar eru þær kröfur sem gerðar eru til stjórnar fjárfestingarráðgjafarfyrirtækja og eftirlits með þeim sambærilegar þeim reglum sem gilda í dag um fjármálafyrirtæki, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í frumvarpinu er því m.a. kveðið á um að fjárfestingarráðgjöf sé starfsleyfisskyld starfsemi.

*d. Skyldur fjármálafyrirtækja varðandi framkvæmd verðbréfaviðskipta.*

Markmið MiFID-tilskipunarinnar er að vernda viðskiptavini fjármálafyrirtækja með heimild til verðbréfaviðskipta. Því eru í tilskipuninni meginreglur um viðskiptahætti fjármálafyrirtækja sem innihalda m.a. reglur um að fjármálafyrirtæki skuli við framkvæmd viðskipta tryggja að viðskiptavinurinn fá bestu mögulegu niðurstöðu miðað við aðstæður, þ.e. reglur um bestu framkvæmd (*e. Best execution*). Reglurnar sem fram koma í tilskipuninni eru útfærðar nánar í innleiðingargerðum framkvæmdastjórnarinnar.

Innleiðing MiFID-tilskipunarinnar mun hafa í för með sér að almennir fjárfestar fá meiri upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum. Markmiðið með því er að gera þá betur í stakk búna til að taka upplýstar ákvarðanir um fjárfestingar. Um þessi atriði er fjallað með ítarlegum hætti í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti sem er lagt fram samhliða þessu frumvarpi.

*e. Eftirlit í heimaríki og gistiríki.*

Í MiFID-tilskipuninni er kveðið á um valdmörk eftirlitsaðila með fjármálafyrirtækjum með heimild til verðbréfaviðskipta í heimaríki og gistiríki. Heimaríki er það land þar sem fjármálafyrirtæki eða skipulegur verðbréfamarkaður hefur aðalskrifstofu. Gistiríki er ríki þar sem fjármálafyrirtæki er með útibú, veitir þjónustu eða stundar starfsemi eða ríki þar sem skipulegur verðbréfamarkaður sér fyrir viðeigandi ráðstöfunum sem auðvelda aðgang fjaraðila eða þátttakenda sem hafa staðfestu í því ríki að viðskiptum í markaðskerfi markaðarins. Samkvæmt tilskipuninni er það meginreglan að það er heimaríki fjármálafyrirtækis sem fer með eftirlit með því að það fari að lögum og reglum. Gistiríki hefur einungis eftirlit með því að farið sé að ákvæðum tilskipunarinnar í ákveðnum tilvikum þegar fjármálafyrirtæki veitir þjónustu frá útibúi í gistiríkinu. Þau atriði sem gistiríkið hefur eftirlit með eru m.a. að farið sé að viðskiptareglum, að farið sé að reglum um að viðskiptin séu með hagstæðustu mögulegu skilmálum fyrir viðskiptavininn, að fjármálafyrirtæki framfylgi fyrirmælum viðskiptavina, að tilkynnt sé um viðskipti og fleira. Ástæðan fyrir því að gistiríkinu er falið eftirlit í þessum tilvikum er að það er næst útibúinu og því í betri stöðu til að hafa eftirlit og grípa inn í ef ekki er farið að reglum. Þessar reglur hafa í för með sér breytingar á íslenskum rétti þar sem samkvæmt núgildandi lögum fer gistiríki ekki aðeins með eftirlit þegar þjónusta er veitt í gegnum útibú heldur einnig þegar fjármálafyrirtæki veitir þjónustu yfir landamæri.

**Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.**

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru m.a. eftirfarandi:

1. Lagt er til það nýmæli að fjárfestingarráðgjöf og rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) verði starfsleyfisskyld starfsemi.
2. Gerðar eru mismunandi eiginfjárkröfur til verðbréfafyrirtækja með hliðsjón af mismunandi starfsheimildum þeirra.
3. Breytingar eru lagðar til á undanþágum frá starfsleyfisskyldri starfsemi.
4. Fjármálaeftirlitið veitir kauphöll leyfi til að reka markaðstorg fjármálagerninga (MTF).
5. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með tilteknum þáttum varðandi starfrækslu erlendra útibúa á sviði verðbréfaviðskipta og hefur heimildir til að grípa til tiltekinna úrræða vegna eftirlitsins.
6. Fyllri ákvæði eru sett með tilliti til hæfis stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og tilkynningarskyldu fjármálafyrirtækja um breytingar á skipan slíkra aðila.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

*Um a-lið.*

Í 3. gr. gildandi laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er afmarkað hvaða starfsemi er starfsleyfisskyld samkvæmt lögunum. Í greininni felst að ekki má stunda þá starfsemi sem þar er talin upp án starfsleyfis. Í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna er fjallað um viðskipti og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Framangreindur töluliður í lögunum byggist á A-hluta viðauka við ISD-tilskipunina. A-hluti viðauka I í MiFID-tilskipuninni byggist jafnframt á framangreindum viðauka ISD. Þó hafa verið gerðar tilteknar breytingar sem endurspegla m.a. auknar kröfur um starfsleyfiskylda starfsemi. Með a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þær breytingar sem leiða af A-hluta viðauka I í MiFID séu teknar upp í 3. gr. laga nr. 161/2002. Verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Í a-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 kemur fram að móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmd slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila sé starfsleyfisskyld starfsemi. Er þessi framsetning í samræmi við ISD-tilskipunina. Í MiFID hefur þessum lið hins vegar verið skipt upp í tvo sjálfstæða liði, þ.e. annars vegar í móttöku og miðlun og hins vegar í framkvæmd fyrirmæla. Í samræmi við það er lagt til að a-liður 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. kveði á um að móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga sé starfsleyfisskyld. Munurinn á milli þess að taka á móti og miðla fyrirmælum og framkvæma fyrirmæli viðskiptavina felst einkum í því að þegar einungis er um móttöku og miðlun fyrirmæla að ræða er öðrum aðila falið að framkvæma fyrirmælin. Fjármálafyrirtæki sem tekur þátt í að ljúka viðskiptum t.d. á skipulegum verðbréfamarkaði eða gagnvart eigin viðskiptum félagsins framkvæmir fyrirmælin fyrir reikning viðskiptavinar á meðan fyrirtæki sem kemur ekki að lok viðskiptanna tekur á móti og miðlar fyrirmælum. Jafnframt skal þess getið að í framangreindu felst m.a. að aðili sem hefur leyfi til að framkvæma fyrirmæli fyrir hönd viðskipavina þarf ekki sérstakt leyfi til að taka á móti fyrirmælum þar sem það myndi felast í þættinum að framkvæma fyrirmæli. Undir þennan lið fellur einnig það að koma saman tveimur eða fleiri fjárfestum í því skyni að koma á viðskiptum milli þeirra án þess að viðkomandi fjármálafyrirtæki sé aðili að viðskiptunum.

Jafnframt er lagt til að nýr b-liður 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. kveði á um að framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina sé leyfisskyld. Framkvæmd fyrirmæla er skilgreind í 5. lið 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar sem það að ganga frá samningum um kaup eða sölu eins eða fleiri fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina. Þegar einungis er um móttöku og miðlun fyrirmæla að ræða er öðrum aðila falið að framkvæma fyrirmælin eins og áður greinir. Undir þessum lið má sem dæmi taka kauphallaraðila sem setja fram, gegn þóknun, kaup eða sölutilboð fyrir hönd viðskiptavina í viðskiptakerfi kauphallarinnar í hlutabréf sem skráð eru eða hafa verið tekin til viðskipta í Kauphöllinni. Þegar kauphallaraðilar eiga í slíkum viðskiptum fyrir hönd viðskiptavina gera þeir það í eigin nafni. Í viðskiptakerfi kauphallarinnar lýkur viðskiptunum á milli kauphallaraðilanna og aðilar hafa ekki vitneskju um fyrir hvers reikning mótaðilinn hefur átt viðskiptin. Sérstakt álitamál er hins vegar ef fyrirmælum viðskiptavinar lýkur gagnvart eigin viðskiptum fjármálafyrirtækis án hans vitneskju. Í slíkum tilvikum hefur fjármálafyrirtæki fengið þóknun frá viðskiptavini fyrir að miðla fyrirmælum og jafnframt átt í viðskiptunum sjálft. Í slíkum tilvikum eiga m.a. við ákvæði um hagsmunaárekstra og bestu framkvæmd viðskipta og augljóslega geta vaknað spurningar um hvort framkvæma eigi viðskiptin. Hins vegar geta viðskiptavinur og fjármálafyrirtæki frá byrjun samið um að viðskipti eigi sér stað við eigin viðskipti fjármálafyrirtækisins. Í slíkum tilvikum má þó segja að ekki sé verið að framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar. Hér verður þó að hafa í huga að ef unnt er að líta svo á að fjármálafyrirtæki teljist gagnvart viðskiptavinum sínum einungis vera að sinna þættinum „viðskipti fyrir eigin reikning“ leiðir það til þess að þær verndarreglur sem tengjast framkvæmd fyrirmæla, til að mynda um bestu framkvæmd og öflun upplýsinga um viðskiptavin, eiga ekki við. Slík niðurstaðan er hins vegar óásættanleg, sérstaklega þegar um aðra en fagfjárfesta er að ræða. Telja verður að fyrirtæki sem meðhöndlar fyrirmæli viðskiptavinar fram að framkvæmd fyrirmæla, jafnvel þótt þeim ljúki gagnvart eigin viðskiptum fjármálafyrirtækis, sé að sinna samblandi af þáttunum framkvæmd fyrirmæla og viðskiptum fyrir eigin reikning. Af sömu ástæðum verður að líta svo á að fjármálafyrirtæki sem framkvæmir og lýkur fyrirmælum viðskiptavinar gagnvart fyrirmælum annars viðskiptavinar sé að sinna hvoru tveggja þáttunum framkvæmd fyrirmæla og móttöku og miðlun fyrirmæla.

Eignastýring (*e. portfolio management*) verður sem áður starfsleyfisskyld starfsemi, sbr. tillögu að c-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Hugtakið er í dag skilgreint í lögum um verðbréfaviðskipti sem viðtaka fjármuna til fjárfestingar í fjármálagerningum eða öðrum verðmætum fyrir eigin reikning viðskiptavina, gegn endurgjaldi. Í 2. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti er lagt til að hugtakið sé skilgreint sem stjórnun verðbréfasafns í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er fyrirframákveðin af viðskiptavini. Skilgreiningin byggist á 9. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar og felur ákvæðið í sér nokkra breytingu. Samkvæmt gildandi lögum hefur t.d. ekki þótt fyllilega ljóst hvort það hafi fallið undir hugtakið eignastýringu ef samþykki viðskiptavinar þarf fyrir viðskiptum eða ef viðskiptavinur getur gefið fyrirmæli um einstök viðskipti í tengslum við stýringu eignasafns hans. Í nýrri skilgreiningu felst að ef afla þarf samþykkis viðskiptavinar fyrir hverjum viðskiptum eða viðskiptavinur getur gefið fyrirmæli um einstök viðskipti er ekki um eignastýringu að ræða. Í fjárfestingarstefnunni verða því að felast fyrirmæli um að framkvæma viðskipti í samræmi við ákvæði hennar. Hverju verðbréfasafni er stýrt sérstaklega (*e. on a discretionary client-by-client basis*). Með verðbréfasafni er átt við einn eða fleiri fjármálagerninga. Á milli eignastýringar og ýmissar annarrar starfsemi fjármálafyrirtækis geta orðið hagsmunaárekstrar, t.d. gagnvart viðskiptum fjármálafyrirtækis fyrir hönd viðskiptavina í tengslum við ráðgjöf eða gagnvart eigin viðskiptum fjármálafyrirtækisins. Ef um marga viðskiptavini með sömu fjárfestingarstefnu eða stóra viðskiptavini í eignastýringu er að ræða geta t.d. hreyfingar á eignastofnum þeirra haft áhrif á gengi félaga í safninu. Mikilvægt er því að eignastýring sé aðskilin frá annarri starfsemi fjármálafyrirtækis. Jafnframt skal áréttað að rekstrarfélög verðbréfasjóða sem hafa heimild til að sinna eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf, til viðbótar við stýringu sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 27. gr. laga nr. 161/2002, falla undir hegðunarreglur og kröfur MiFID með sama hætti og þau hafa gert samkvæmt ISD þegar þau sinna þessum viðbótarþáttum. Hér eiga f.o.f. við kröfur í tengslum við hagsmunaárekstra, sbr. ákvæði 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 85/611/EB um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (*Undertakings for Collective Investment in Transferable Securities – UCITS*). Rekstrarfélög verðbréfasjóða sem sinna hvoru tveggja stýringu sjóða og framangreindum viðbótarþáttum þurfa því annars vegar að gæta að kröfum UCITS-tilskipunarinnar þegar þau sinna stýringu sjóða um sameiginlega fjárfestingu og hins vegar MiFID þegar þau sinna eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf í tengslum við eignastýringu. Þau ákvæði sem aðallega koma til skoðunar í MiFID í þessu samhengi eru 12. gr. MiFID um eiginfjárkröfur, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 161/2002 og 13. gr. og 19. gr. MiFID, sbr. II. kafla frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti, einkum 5.–11. gr. og 14., 15. og 17. gr. Skv. 3. gr. gildandi laga nr. 161/2002 er fjárfestingarráðgjöf ekki starfsleyfisskyld starfsemi. Hins vegar er vikið að fjárfestingarráðgjöf í f-lið 2. tölul. 25. gr. laganna sem leyfilegri viðbótarþjónustu í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga. Jafnframt er vikið að því að fjárfestingarráðgjöf teljist til verðbréfaviðskipta ef hún er í nánum tengslum við starfsemi eða viðskipti sem teljast til verðbréfaviðskipta skv. 1. mgr. 1. gr. gildandi laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti. Eins og vikið hefur verið að í almennum athugasemdum gerir MiFID þá kröfu að fjárfestingarráðgjöf sé starfsleyfisskyld starfsemi. Er því lagt til það nýmæli í d-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki að fjárfestingarráðgjöf teljist til starfsleyfisskyldrar starfsemi. Hugtakið fjárfestingarráðgjöf (*e. investment advice*) er skilgreint í 4. tölul. 2. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti. Samkvæmt skilgreiningunni er fjárfestingarráðgjöf persónulegar ráðleggingar til viðskiptavinar í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga, hvort sem er að frumkvæði viðskiptavinarins eða þess sem þjónustuna veitir. Skilgreiningin byggist á 4. tölul. 1.

mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Í skilyrðinu um ráðleggingar í tengslum við fjármálagerninga felst það að ráðleggingar um uppbyggingu eignasafns, t.d. helming í hlutabréfum og helming í skuldabréfum, teljast ekki til fjárfestingarráðgjafar. Ráðgjöfin verður þannig að hafa tengsl við ákveðna fjármálagerninga. Í 52. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB er hugtakið fjárfestingarráðgjöf nánar skilgreint og er gert ráð fyrir því að slík nánari skilgreining verði sett í reglugerð, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti. Í tilvitnaðri innleiðingartilskipun framkvæmdastjórnarinnar kemur fram að með persónulegum ráðleggingum er átt við ráðleggingar sem sendar eru til einstaklings sem fjárfestis eða hugsanlegs fjárfestis eða sem umboðsmanns fyrir fjárfesti eða hugsanlegan fjárfesti. Ráðleggingarnar verða að vera kynntar þannig að þær henti viðkomandi eða byggjast á athugun á aðstæðum viðkomandi og verða að vera ráðleggingar um að kaupa, selja, gangast í áskrift, skipta, innleysa, halda eða ábyrgjast kaup á tilteknum fjármálagerningum eða nýta sér eða nýta sér ekki rétt samkvæmt ákveðnum fjármálagerningi til að kaupa, selja, gangast í áskrift, skipta eða innleysa fjármálagerning. Þá kemur fram að ráðleggingar eru ekki persónulegar ef þær eru aðeins veittar með almennum dreifingarleiðum eða eru veittar almenningi. Einnig vísast til þess sem kemur fram hér að framan í almennum athugasemdum um fjárfestingarráðgjöf.

Í c-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 er vikið að því að sölutrygging í tengslum við útgáfu eins eða fleiri fjármálagerninga eða markaðssetning slíkrar útgáfu sé starfsleyfisskyld starfsemi. Í d-lið 6. tölul. sömu greinar kemur jafnframt fram að umsjón með útboði verðbréfa sé starfsleyfisskyld. Byggjast ákvæðin á 4. lið í viðauka I við ISD-tilskipunina þar sem fram kemur eftirfarandi: „Underwriting in respect of issues of any of the instruments listed in Section B and/or the placing of such issues.“ Sölutrygging skv. 29. gr. gildandi verðbréfaviðskiptalaga er skilgreind sem samningur á milli fjármálafyrirtækis og útgefanda eða eigenda verðbréfa þar sem fjármálafyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa, innan tiltekins tímamarks og á fyrirframákveðnu verði, þann hluta verðbréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennu útboði. Í MiFID-tilskipuninni er samsvarandi ákvæði og er að finna í ISD í 6. lið A-hluta Viðauka I, þ.e. „Underwriting of financial instruments and/or placing of financial intstruments on a firm commitment basis“ eða sölutrygging í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga, sbr. tillögu að e-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Í 7. lið A-hluta Viðauka I í MiFID er hins vegar vikið að „Placing of financial instruments without a firm commitment basis“ eða umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar, sbr. tillögu að g-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Í því felst að fjármálafyrirtæki hafi undirgengist að bjóða út fjármálagerninga til fjárfesta en fjármálafyrirtækið hafi ekki skuldbundið sig til að kaupa þá fjármálagerninga sem ekki seljast. Ástæðan fyrir þessum greinarmun er einkum sá að eiginfjárreglur samkvæmt tilskipunum 2006/48/EB um lánastofnanir og 2006/49/EB um eiginfjárkröfur eru aðrar gagnvart fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi til eigin viðskipta og sölutryggingar en gagnvart fyrirtækjum sem hafa einungis starfsleyfi til að annast útboð, án þess að í því felist neitt skuldbindingargildi, og sem hafa ekki starfsleyfi til eigin viðskipta. Þessar mismunandi kröfur endurspeglast m.a. í 84. gr. laga nr. 161/2002 eins og þeim var breytt með lögum nr. 170/2006. Í 2. mgr. 84. gr. kemur m.a. fram að áhættugrunnur fjármálafyrirtækis sé samtala veginna áhættuþátta, svo sem útlánaáhættu, hlutabréfaáhættu, vaxtaáhættu, gjaldmiðlaáhættu, hrávöruáhættu og rekstraráhættu, sem starfsemi fjármálafyrirtækis felur í sér. Undanþegin mati á rekstraráhættu samkvæmt þessari grein eru verðbréfafyrirtæki sem ekki hafa starfsheimildir skv. b- (viðskipti fyrir eigin reikning) og d-lið (sölutrygging) 1. tölul. 25. gr., verðbréfamiðlanir sem ekki hafa heimildir til viðskipta fyrir

eigin reikning og rekstrarfélög verðbréfasjóða. Verði frumvarp þetta að lögum verða samsvarandi ákvæði í c- (viðskipti fyrir eigin reikning) og f-lið (sölutrygging í tengslum við útgáfu og/eða útboð fjármálagerninga) 1. tölul. 25. gr., sbr. einnig e-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Þessi greinarmunar endurspeglast jafnframt m.a. í mismunandi eiginfjárkröfum til fyrirtækja sem hafa annars vegar umsjón með útboðum sem eru sölutryggð eða hins vegar til fyrirtækja sem annast ósölutryggð útboð, sbr. tillögu að 6. gr. frumvarpsins.

Lagt er til það nýmæli í g-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. að rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) (*e. multilateral trading facility*) sé starfsleyfisskyld starfsemi. Markaðstorg fjármálagerninga (MTF) er skilgreint í 6. tölul. 2. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti sem marghliða viðskiptakerfi sem starfrækt er af fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast í samræmi við IV. kafla frumvarpsins. Skilgreiningin er í samræmi við 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID tilskipunarinnar, en nánari efnisreglur um markaðstorg fjármálagerninga (MTF) er að finna í IV. kafla frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti. Skilgreining markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) er að mestu samhljóða skilgreiningu á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt frumvarpi til laga um kauphallir sem einnig er lagt fram samhliða frumvarpi þessu. Í inngangi að MiFID tilskipuninni segir eftirfarandi í 6. lið: „Skilgreiningar á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) og skipulegs verðbréfamarkaðar skulu vera samræmdar til að endurspegla þá staðreynd að þær standa fyrir sömu viðskiptastarfsemi. Skilgreiningarnar skulu útiloka tvíhliða markaðskerfi þar sem verðbréfafyrirtækið stofnar til sérhverra viðskipta fyrir eigin reikning en ekki sem áhættulaus mótaðili sem stendur á milli kaupanda og seljanda. Hugtakið „viðskiptakerfi“ nær yfir alla markaði sem samanstanda af reglum og vettvangi til viðskipta sem og þeirra sem aðeins starfa á grundvelli reglna. Skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga (MTF) ber ekki skylda til að starfrækja „tæknilegt“ viðskiptakerfi til að para fyrirmæli. Markaður, sem samanstendur aðeins af reglum um þætti sem tengjast aðild, töku gerninga til viðskipta, viðskipti milli aðila, tilkynningar og, þar sem við á, kvaðir um gagnsæi, er skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) í skilningi þessarar tilskipunar og viðskiptin sem fara fram samkvæmt þessum reglum teljast hafa farið fram í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF).“ Ákvæði skilgreiningarinnar um að leiða saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga ber að túlka víðtækt og það nær til fyrirmæla um viðskipti, kaup- og sölutilboð og kaup- eða söluáhuga (*e. indication of interest*). Með ófrávíkjanlegum reglum er átt við að sá aðili sem starfrækir markaðstorgið geti ekki haft áhrif á hvernig tilboð parast. Einnig vísast til þess sem fram kemur í almennum athugasemdum um MTF.

*Um b-lið.*

Í 3. mgr. 3. gr. gildandi laga um fjármálafyrirtæki koma fram undantekningar fyrir tiltekna aðila frá skilyrðum a-liðar 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna um starfsleyfi. Undantekningarnar byggja á ISD-tilskipuninni. Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til tilteknar breytingar sem leiðir m.a. af MiFID-tilskipuninni. Jafnframt skal bent á að þar sem núgildandi a-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. hefur verið skipt upp í tvo liði, a- og b-lið, er kveðið á um að undanþágan taki til a- og b-liðar 6. tölul. 1. mgr. 3. gr.

Í 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. er lagt til nýmæli sem byggist á h-lið 2. gr. MiFID. Er þar lagt til að verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, sem og vörslufyrirtæki og rekstrarfélög slíkra sjóða, séu undanþegin skilyrðum a- og b-liðar 6. tölul.

1. mgr. 3. gr. Samsvarandi ákvæði var í ISD, þó var ekki vikið að lífeyrissjóðum þar. Lagt er til að ákvæðið sé tekið upp í lögin eins og því var breytt með MiFID.

Í 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. er lagt til að notað sé hugtakið lögmenn í stað þess að nota hugtökin héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn en samkvæmt lögum um lögmenn, nr. 77/1998, nær hugtakið lögmenn yfir bæði þessi heiti. Ákvæðið byggist á c-lið 2. gr. MiFID. Í undirtilskipun MiFID er þessi heimild jafnframt skýrð frekar og er gert ráð fyrir að frekari ákvæði verði sett í reglugerð um heimildir þessara aðila.

Í 5. tölul. 3. mgr. 3. gr. er lagt til að nota hugtakið aðilar í stað lögaðilar og nær því hugtakið bæði yfir einstaklinga og lögðila en ekki er um efnisbreytingu að ræða að öðru leyti. Ákvæðið byggist á b-lið 2. gr. MiFID. Ákvæðið er í 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. í gildandi lögum.

Í 6. tölul. 3. mgr. 3. gr. er jafnframt lagt til að nota hugtakið aðilar í stað lögaðilar, sbr. skýringu hér að framan. Ákvæðið byggist á e-lið 2. gr. MiFID. Einnig er lagt til að í stað hugtaksins „fjárfestingarsjóðum starfsmanna“ sé notað hugtakið „sjóðum um fjárfestingar starfsmanna“ þar sem hugtakið „fjárfestingarsjóður“ hefur afmarkaða merkingu í lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Í 7. tölul. 3. mgr. 3. gr. er nýmæli sem byggist á d-lið 2. gr. MiFID. Þar er gert ráð fyrir að aðilar sem eiga aðeins í viðskiptum fyrir eigin reikning og eru ekki viðskiptavakar eða innmiðlarar séu undanþegnir a- og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Innmiðlarar eru, sbr. skilgreiningu 14. tölul. 2. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti, fjármálafyrirtæki sem skipulega, reglulega og kerfisbundið eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan við skipulega verðbréfamarkaði og markaðstorg fjármálagerninga (MTF).

Í 8. tölul. 3. mgr. 3. gr. er nýmæli sem byggist á i-lið 2. gr. MiFID. Þar er lagt til að undanþegnir séu aðilar sem hafa ekki leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum að meginstarfsemi sinni, metið á samstæðugrunni, og sem eiga í viðskiptum með fjármálagerninga fyrir eigin reikning eða veita viðskiptavinum meginstarfsemi sinnar þjónustu með hrávöruafleiður eða afleiðusamninga skv. d-lið 2. tölul. 2. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Dæmi um aðila sem gæti fallið undir þessa undanþágu er fyrirtæki sem á í viðskiptum með rafmagnsafleiður og sem er í sömu samstæðu og raforkufyrirtæki. Gert er ráð fyrir að frekari ákvæði um heimildir þessara aðila verði sett í reglugerð.

Í 9. tölul. 3. mgr. 3. gr. er nýmæli sem byggist á j-lið 2. gr. MiFID. Samkvæmt því falla undir undanþáguna aðilar sem veita fjárfestingarráðgjöf sem hluta af þjónustu sem fellur ekki undir lögin að öðru leyti, svo framarlega sem ekki sé greitt sérstaklega fyrir ráðgjöfina.

Í 10. tölul. 3. mgr. 3. gr. er nýmæli sem byggist á k-lið 2. gr. MiFID. Samkæmt því falla undir undanþáguna aðilar sem hafa að meginstarfsemi að versla fyrir eigin reikning með hrávöru eða hrávöruafleiður svo framarlega sem þeir eru ekki hluti af samstæðu sem hefur að meginstarfsemi að veita leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögunum. Umræddur töluliður kemur í stað 7. tölul. 3. mgr. 3. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að frekari ákvæði um heimildir þessara aðila verði sett í reglugerð.

Vakin er athygli á því að 6. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna fellur niður. Þar er kveðið á um að lögaðilar sem mega ekki stunda önnur verðbréfaviðskipti en tilgreind eru í a-lið 6. tölul. 1. mgr. gildandi laga og er eingöngu heimilt að miðla fyrirmælum til fjármálafyrirtækja og útibúa þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu megi stunda starfsemi skv. a-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. án starfsleyfis. Umrædd breyting hefur m.a. í för með sér að ekki verður heimilt að stunda miðlun verðbréfa án starfsleyfis, þótt hún beinist eingöngu að fjármálafyrirtækjum.

*Um c-lið.*

Í þessum lið er lagt til að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur skv. 3. mgr. 3. gr. laganna. Ákvæðið byggist á 3. mgr. 2. gr. MiFID þar sem m.a. er kveðið á um að c-, i- og k-liðir 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar kunni að verða útfærðir nánar í reglugerð. Umræddir liðir samsvara 4., 8. og 10. tölul. 3. mgr. 3. gr.

Um 2. gr.

*Um a-lið.*

Í 6. tölul. 4. gr. laga nr. 161/2002 kemur fram að fjármálafyrirtæki geti fengið starfsleyfi sem verðbréfamiðlun skv. a-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Umræddur töluliður fjallar um móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmd slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila. Í tillögu að a-lið 1. gr. frumvarpsins er hins vegar lagt til að núverandi a-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. verði skipt upp í tvo sjálfstæða liði, þ.e. annars vegar móttöku og miðlun fyrirmæla og hins vegar framkvæmd fyrirmæla, sbr. framsetningu í A-hluta viðauka I við MiFID-tilskipunina.

Í a-lið 2. gr. er lagt til að í 6. tölul. 4. gr. laganna sé bætt við tilvísun til f-liðar 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. þannig að verðbréfamiðlun geti haft starfsleyfi skv. a- og/eða f-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr., þ.e. annars vegar móttöku og miðlun fyrirmæla og hins vegar fjárfestingarráðgjöf. Í 7. gr. tilskipunar 2006/49/EB um eiginfjárkröfur fjármálafyrirtækja eru þannig gerðar tilteknar eiginfjárkröfur, þ.e. 50 þúsund evrur, til fyrirtækja sem hafa eingöngu heimildir til að sinna fjárfestingarráðgjöf og/eða móttaka eða miðla fyrirmælum viðskiptavina, sbr. einnig skýringar við 5. gr. frumvarpsins. Þau fyrirtæki sem uppfylla einungis þau lágmarksviðmið hafa hins vegar ekki heimildir til framkvæmdar fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina. Jafnframt er lagt til að fyrirtæki sem kallist verðbréfamiðlanir hafi ekki heimildir til viðskipta fyrir eigin reikning, sbr. einnig skýringar við 5. gr. frumvarpsins. Hefur framangreind breyting í för með sér að verðbréfamiðlun verður heiti yfir lægsta þrep fjármálafyrirtækja sem hafa eingöngu heimildir til að sinna fjárfestingarráðgjöf og/eða móttöku og miðlun fyrirmæla viðskiptavina.

*Um b-lið.*

Í b-lið 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið veiti kauphöll leyfi til að reka markaðstorg fjármálagerninga (MTF). Skilyrði þess að leyfi sé veitt er að sýnt sé fram á að IV. kafli frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti sé uppfyllt. Greinin byggist á 2. mgr. 5. gr. MiFID sem kveður á um að skilyrði þess að kauphöllum sé heimilt að reka MTF sé að staðreynt sé að ákvæði 1. kafla í II. hluta tilskipunarinnar séu uppfyllt. 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er undantekning frá 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar sem kveður á um að viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga sé háð starfsleyfisskyldu, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Þau ákvæði kaflans sem eiga við um MTF eru einkum, auk 5. gr., 9. gr., 10. gr., 13. gr. og 14. gr. tilskipunarinnar.

Um 3. gr.

*Um a-lið.*

Í a-lið 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður sem kveði á um að ekki sé heimilt að veita starfsleyfi sem taki eingöngu til viðbótarþjónustu skv. 25. gr. Málsliðurinn byggist á 1. mgr. 6. gr. MiFID. Núgildandi 2. mgr. 6. gr. laganna uppfyllir umrætt ákvæði MiFID að undanskildum þeim málslið sem er lagt til að bætt sé við.

Ekki er þó um efnisbreytingu að ræða og hefur framkvæmdin verið í samræmi við það sem hér er lagt til. Réttara er þó að kveða skýrt á um þetta atriði í lögunum.

*Um b-lið.*

Í b-lið 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem kveði á um að fjármálafyrirtæki skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um ef sú aðstaða kemur upp að þau uppfylla ekki lengur þau skilyrði sem umsækjendum um starfsleyfi ber að uppfylla við veitingu starfsleyfis. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 16. gr. MiFID. Af 1. mgr. 16. gr. MiFID-tilskipunarinnar leiðir að fjármálafyrirtækjum ber að uppfylla á hverjum tíma þau skilyrði sem lágu til grundvallar upphaflegu starfsleyfi, sbr. einnig 9. gr. laganna. Er því sú skylda lögð á fyrirtækin að tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef verulegar breytingar hafa orðið á högum þess frá upphaflegu leyfi þannig að þau að uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem lágu til grundvallar leyfisveitingunni.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að ný grein, 6. gr. a, bætist við lögin. Greinin fjallar um það að ef fjármálafyrirtæki hyggst auka við starfsemi sína þannig að hún taki til leyfisskyldrar starfsemi eða annarar starfsemi skv. IV. kafla laganna sem fellur ekki undir gildandi starfsleyfi þess skuli sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins til þess. Greinin byggist á 2. mgr. 6. gr. MiFID. Ekki er um efnisbreytingu að ræða og hefur framkvæmdin verið í samræmi við þetta þar sem á grundvelli 2. mgr. 6. gr. gildandi laga hafa fjármálafyrirtæki haft starfsleyfi til þeirrar starfsemi sem þau hafa sótt um og raunverulega sinnt. Í þeim tilvikum sem þau hafa ætlað að auka við sig starfsemi hafa þau þurft að sækja um heimild til Fjármálaeftirlitsins til þess en á því var m.a. byggt í athugasemd um 2. gr. 6. gr. í frumvarpi til gildandi laga. Þar segir m.a. „Fjármálafyrirtæki geta síðan óskað eftir uppfærslu á starfsleyfi sínu ef þau vilja bjóða upp á frekari starfsemi innan sömu tegundar eða samkvæmt annarri tegund starfsleyfis.“ Með hliðsjón af umræddu ákvæði MiFID þykir þó réttara að kveða á um þetta atriði beint í lögunum sjálfum.

Um 5. gr.

Í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 161/2002 kemur fram að hlutafé verðbréfafyrirtækis skuli nema að lágmarki 65 milljónum króna þó aldrei lægri fjárhæð en nemur 730 þúsund evrum í íslenskum krónum. Þessar kröfur eru hins vegar ekki fyllilega í samræmi við tilskipun 2006/49/EB um eiginfjárkröfur fjármálafyrirtækja, sbr. einnig MiFID-tilskipunina. Í MiFID kemur þannig fram í 12. gr. að verðbréfafyrirtæki skuli hafa fullnægjandi eigið fé samkvæmt kröfum tilskipunar 93/6/EB að teknu tilliti til þeirrar starfsemi sem fyrirtæki sinni. Tilskipun 2006/49/EB leysti af hólmi tilskipun 93/6/EB. Í framangreindu felst m.a. að verðbréfafyrirtæki geta haft mismunandi mikið eigið fé eftir því hvers konar starfsheimildir þau hafa.

Í 5. gr. tilskipunar 2006/49/EB kemur fram að verðbréfafyrirtæki sem hefur ekki starfsheimildir til að stunda viðskipti fyrir eigin reikning eða sinna sölutryggingu fjármálagerninga en fer með vörslur fjármuna eða fjármálagerninga viðskiptavinar ásamt því að hafa eina af eftirfarandi starfsheimildum: a) móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, b) framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina eða, c) eignastýringu, skuli að lágmarki hafa hlutafé að fjárhæð 125 þúsund evra. Er lagt til að samsvarandi regla sé tekin upp í nýrri 4. mgr. 14. gr. laganna. Í samræmi við tilskipunina miðast fjárhæðarmörkin við 11 milljónir króna en þó aldrei lægri fjárhæð en 125 þúsund evrur í íslenskum krónum.

Í gildandi 4. mgr. 14. gr. kemur fram að eigið fé verðbréfamiðlunar með heimild til viðskipta fyrir eigin reikning skuli nema að lágmarki 11 milljónum króna eða sem samsvarar 125 þúsund evrum. Það samræmist hins vegar ekki ákvæðum 5. gr. tilskipunar 2006/49/EB, sbr. 9. gr., en af þessum ákvæðum leiðir að fyrirtækjum með heimildir til viðskipta fyrir eigin reikning ber að hafa að lágmarki 730 þúsund evrur í eigið fé. Með hliðsjón af þeim breytingum sem hér eru lagðar til þyrftu fyrirtæki sem hyggjast vera með viðskipti fyrir eigin reikning því að falla undir það að vera verðbréfafyrirtæki.

Í inngangsorðum MiFID-tilskipunarinnar kemur fram í 24. gr. að þar sem tiltekin fyrirtæki séu undanþegin tilteknum ákvæðum í tilskipun 2006/49/EB ættu þau annaðhvort að hafa tiltekið eiginfjárhlutfall eða hafa starfsábyrgðartryggingu eða sambland af hvoru tveggja. Er vikið að þessum þremur möguleikum í 7. gr. tilskipunar 2006/49/EB varðandi fyrirtæki sem eru með starfsheimildir til fjárfestingaráðgjafar og/eða móttöku og miðlun fyrirmæla viðskiptavina án þess að fara með vörslu fjármuna eða fjármálagerning þeirra. Er hér lagt til að farin sé sú leið að slík fyrirtæki kallist verðbréfamiðlanir og að sú krafa sé gerð að fyrirtækin hafi að lágmarki eigið fé sem nemur 4,5 milljónum króna, þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 50 þúsund evrum, sbr. a-lið gr. 7. gr. tilskipunarinnar. Jafnframt mndu gilda áfram ákvæði 26. gr. um starfsábyrgðartryggingar.

Af 9. gr. tilskipunar 2006/49/EB leiðir m.a. að önnur fyrirtæki en þau sem vikið er að í 5. og 7. gr. tilskipunarinnar, sbr. tillögu að nýjum 4. og 5. mgr. 14. gr. laganna, skuli hafa að lágmarki hlutafé er nemur 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnviði 730 þúsunda evra í íslenskum krónum. Undir þessa kröfu mundu t.d. falla verðbréfafyrirtæki sem hafa starfsheimildir til viðskipta fyrir eigin reikning, sölutryggingar og reksturs markaðsstorgs fjármálagerninga (MTF). Slík fyrirtæki gætu vitaskuld jafnframt verið með aðrar starfsheimildir þar sem krafist er lægra eiginfjárhlutfalls, sbr. hér að framan, en það mundi ekki breyta því að þær eiginfjárkröfur sem mundu verða gerðar til þeirra væru 65 milljónir króna. Núgildandi 3. mgr. 14. gr. laganna mundi ná yfir þessi fyrirtæki.

Í b-lið 5. gr. frumvarpsins er lagt til að við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein sem kveði á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að setja nánari reglur skv. 14. gr. Ef ástæða þykir til gæti Fjármálaeftirlitið því m.a. útfært frekar tiltekin heimildarákvæði varðandi eiginfjárkröfur í II. kafla tilskipunar 2006/49/EB.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um starfsheimildir verðbréfafyrirtækja. Málsgreinin byggist á A- og B-þætti viðauka I við MiFID-tilskipunina. Greinin er eins uppbyggð og 25. gr. gildandi laga en lagðar eru til breytingar á einstökum töluliðum í samræmi við þær breytingar sem leiðir af MiFID-tilskipuninni, sbr. einnig breytingar á 3. gr. laganna.

1. tölul. 1. mgr. byggist á A-þætti viðauka I við MiFID tilskipuninna. Í a- og b-lið er að finna ákvæði sem eru að nokkru leyti hliðstæð a-lið 25. gr. gildandi laga, en þar er kveðið á um að til starfsheimilda verðbréfafyrirtækja teljist móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina. Framkvæmd fyrirmæla er skilgreind í 5. lið 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar sem það að ganga frá samningum um kaup eða sölu eins eða fleiri fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina. Þegar um móttöku og miðlun fyrirmæla er að ræða er öðrum aðila falið að framkvæma fyrirmælin.

C-liður 1. tölul. 1. mgr. er óbreyttur frá b-lið 1. tölul. gildandi laga en þar er kveðið á um að viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning teljist til starfsheimilda verðbréfa-

fyrirtækja. Viðskipti fyrir eigin reikning eru skilgreind í 6. lið 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar sem viðskipti með eigin fjármagn sem leiða til þess að viðskipti fara fram með einn eða fleiri fjármálagerninga.

Í d-lið 1. tölul. 1. mgr. er eins og í c-lið 1. tölul. gildandi laga kveðið á um að eignastýring teljist til starfsheimilda verðbréfafyrirtækja. Skilgreining á því hvað felst í hugtakinu eignastýring samkvæmt lögunum vísar til ákvæða verðbréfaviðskiptalaga, sbr. 2. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti, sbr. einnig umfjöllun um 1. gr. frumvarps þessa.

Í e-lið 1. tölul. 1. mgr. er að finna nýmæli, en þar er lagt til að fjárfestingarráðgjöf teljist til meginstarfsheimilda verðbréfafyrirtækja. Breytinguna má rekja til innleiðingar MiFID-tilskipunarinnar, en í gildandi lögum telst fjárfestingarráðgjöf til viðbótarþjónustu, sbr. f-lið 2. tölul. 1. mgr. 25. gr. laganna. Um nánari umfjöllun er vísað til almennra athugasemda og skýringa við 1. gr. frumvarpsins.

Í d- og e-lið 1. tölul. 25. gr. gildandi laga kemur fram að sölutrygging í tengslum við útgáfu eins eða fleiri fjármálagerninga eða markaðssetningar slíkrar útgáfu og umsjón með útboði verðbréfa teljist til starfsheimilda verðbréfafyrirtækja. Samsvarandi ákvæði er að finna í tillögu að f- og g-lið 1. tölul. 25. gr. um að sölutrygging í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga annars vegar og umsjón með útboði verðbréfa hins vegar teljist til startheimilda verðbréfafyrirtækis. Um nánari umfjöllun, m.a. um mismunandi eiginfjárkröfur til félaga eftir því hvort félag hafi starfsheimildir skv. f- eða g-lið, er vísað til skýringa við 1. gr. frumvarpsins.

Í h-lið 1. tölul. 1. mgr. er að finna nýmæli, en þar er kveðið á um að rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) teljist til starfsheimilda verðbréfafyrirtækja. Nánar er fjallað um markaðstorg fjármálagerninga (MTF) í almennum athugasemdum og við 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. tölul. 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um það hvaða starfsemi telst til viðbótarþjónustu í tengslum við verðbéfaviðskipti sem vikið er að í 1. tölul. Ákvæðið byggist á B-þætti viðauka I við MiFID-tilskipunina.

Í a-lið 2. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að varsla og stjórnun í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. varsla fjármálagerninga og tengd þjónusta, svo sem vegna fjármuna eða trygginga, teljist til viðbótarþjónustu. Hér undir mundi m.a. falla varsla á hlutabréfum viðskiptavinar, hvort sem þau eru rafrænt skráð eða ekki. Athygli skal vakin á því að öryggisvarsla fjár er tilgreind í sérstökum lið, þ.e. í b-lið 2. tölul. 25. gr. í gildandi lögum. Telja verður hins vegar að öryggisvarsla fjár rúmist innan þessarar skilgreiningar og er því óþarft að tilgreina hana í sérstökum lið. Er því lagt til að núverandi b-liður 2. tölul. 25. gr. falli niður.

Í tillögu að b-lið 2. tölul. 1. mgr. er óbreytt ákvæði frá c-lið 2. tölul. 25. gr. gildanda laga. Þar er kveðið á um veitingu lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með fjármálagerninga ef fjármálafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið kemur að viðskiptunum.

Í tillögu að c-lið 2. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim teljist til viðbótarþjónustu. Er ákvæðið óbreytt frá d-lið 2. tölul. 25. gr. gildandi laga.

Í tillögu að d-lið 2. tölul. 1. mgr. er óbreytt ákvæði frá e-lið 2. tölul. 25. gr. gildanda laga um að þjónusta í tengslum við sölutryggingu teljist til viðbótarþjónustu. Hér undir mundi t.d. falla að aðstoða útgefenda verðbréfa með að útfæra einhver tiltekin skilyrði í tengslum við

útboð, annast gerð lýsingar eða önnur praktískt atriði, svo sem annast tilkynningarseðla og greiðslur.

Í tillögu að e-lið 2. tölul. 1. mgr. er óbreytt ákvæði frá g-lið 2. tölul. 25. gr. um gjaldeyrisþjónustu ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.

Í tillögu að f-lið 2. tölul. 1. mgr. er að finna nýmæli en þar er lagt til að fjárfestingarrannsóknir og fjármálagreiningar eða annars konar almennar ráðleggingar er tengjast viðskiptum með fjármálagerninga teljist til viðbótarþjónustu.

Í tillögu að g-lið 2. tölul. 1. mgr. er að finna nýmæli en þar er kveðið á um að þjónusta sem tengist undirliggjandi þáttum afleiðu, sbr. e- og h-liði 2. tölul. 2. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti, teljist til viðbótarþjónustu ef hún er í tengslum við verðbréfaviðskiptin. Dæmi um undirliggjandi þætti afleiðu samkvæmt þessum lið má nefna hrávörur og losunarkvóta. Slík þjónusta væri oftast í tengslum við afleiðuviðskipti þar sem afleiður tengdust slíkum þáttum.

Lagt til að við gildandi 25. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar. Sú fyrri fjallar um heimildir verðbréfafyrirtækis, sem fellur undir 4. mgr. 14. gr. laganna, með leyfi til að framkvæma fyrirmæli varðandi fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina, til að varðveita slíka fjármálagerninga fyrir eigin reikning séu tiltekin skilyrði uppfyllt. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2006/49/EB. Þetta ákvæði mundi að nokkru leyti koma í stað núgildandi 2. mgr. 26. gr. laganna. Af þessu ákvæði leiðir að um sé að ræða bráðabirgðaaðgerðir þar sem ekki hafi tekist að mæta fyrirmælum viðskiptavina með fullnægjandi hætti. Slíkar stöður mega ekki standa yfir lengur en tekur að ljúka því að framkvæma fyrirmælin með fullnægjandi hætti. Jafnframt eru gerðar kröfur um að slíkar stöður fari ekki yfir 15% af hlutafé verðbréfafyrirtækis auk þess sem taka verður tillit til reglna um eignarhluti í fyrirtækjum, stórar áhættur og eigið fé.

Í síðari málsgreininni er kveðið á um að verðbréfafyrirtækjum sé heimilt að taka stöður í fjármálagerningum utan veltubókar í því skyni að ávaxta eigið fé verðbréfafyrirtækis. Hér er um að ræða stöður sem teknar eru til lengri tíma og hugsaðar sem eðlileg ávöxtun eigin fjár. Slíkar stöður mundu ekki teljast til viðskipta í tengslum við þjónustuþætti skv. a-, b- og d-liðum 1. tölul. 1. mgr. 25. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr., sbr. 2. undirmálsgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2006/49/EB.

Um 7. gr.

Í greininni felast tvær breytingar á 1. mgr. 26. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að kveðið verði á um að undir starfsheimildir verðbréfamiðlana falli fjárfestingarráðgjöf og/eða milliganga um kaup og sölu fjármálagerninga. Hins vegar að kveðið sé um að verðbréfamiðlun sé ekki heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning. Helgast breytingarnar af þeim breytingum sem eru lagðar til í 5. gr. frumvarpsins.

Jafnframt er lagt til að 2. mgr. 26. gr. falli brott. Helgast sú breyting einnig af breytingum sem lagðar eru til í 5. gr., sbr. 6. gr., frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í grein þessari er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að krefja útibú erlendra fjármálafyrirtækja með heimild til verðbréfaviðskipta um nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort útibúið fylgi viðeigandi reglum um fjárfestavernd og gegnsæi viðskipta. Ákvæðið byggist á 7. mgr. 32. gr. MiFID sem vísar til 19., 21., 22., 25., 27. og 28. gr. tilskipunarinnar um þau atriði sem gistiríki skal bera ábyrgð á í tengslum við verðbréfaviðskipti sem fara

fram innan landsvæðis þess. Þykir eðlilegt að eftirlitsaðili í því ríki sem umrædd starfsemi fer fram fylgist með umræddum þáttum. Um er að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að heimaríki fari með eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja sem falla undir eftirlit þeirra. Ákvæði um fjárfestavernd er að finna í II. kafla frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti og ákvæði um gegnsæi viðskipta er að finna í III. kafla þess frumvarps. Þau ákvæði sem einkum eiga við eru 5., 6., 8., 9., 10. og 14.–19. gr. II. kafla og 28.–30. gr. III. kafla frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarpið um tilhögun eftirlits heimaríkis og gistiríkis.

Um 9. gr.

Í greininni er í fyrsta lagi lagt til að við hlutlæg hæfisskilyrði sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækja þurfa að uppfylla skv. 52. gr. laganna bætist að viðkomandi aðilar hafi ekki hlotið dóm fyrir brot á samkeppnislögum. Telja verður að virðing fyrir leikreglum á samkeppnismarkaði skipti ekki síðar máli við mat á hæfi viðkomandi aðila til að gegna ábyrgðarstörfum fyrir fjármálafyrirtæki en þau lög sem tilgreind eru í gildandi ákvæði.

Í öðru lagi er lagt til að í nýrri málsgrein 52. gr. laganna sé kveðið á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skipulegs verðbréfamarkaðar teljist hæfir til að stýra markaðstorgi fjármálagerninga (MTF). Ákvæðið byggist á 1. mgr. 9. gr. MiFID. Þurfa því þessir aðilar ekki að fara í gegnum sérstakt hæfismat vegna reksturs MTF.

Í þriðja lagi er lagt til að í nýrri málsgrein 52. gr. sé kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á félagsstjórn og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. og 2. mgr. 52. gr. laganna sé fullnægt. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 9. gr. MiFID. Á grundvelli gildandi 52. gr. laganna hefur Fjármálaeftirlitið þegar komið upp þeirri framkvæmd að kalla eftir tilteknum upplýsingum frá stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum við mat á hæfi þeirra sem og þegar breytingar verða á skipan slíkra aðila. Umrætt ákvæði breytir þeirri skipan ekki en upptöku ákvæðisins leiðir af MiFID eins og áður segir.

Um 10. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er ekki um efnisbreytingu að ræða en breytingin er lögð til vegna breytinga á liðum 1. tölul. 25. gr. laganna. Undanþegin mati á rekstraráhættu skv. 2. mgr. 84. gr. laganna eru verðbréfafyrirtæki sem ekki hafa starfsheimildir skv. b-lið (viðskipti fyrir eigin reikning) og d-lið (sölutrygging) 1. tölul. 25. gr., verðbréfamiðlanir sem ekki hafa heimildir til viðskipta fyrir eigin reikning og rekstrarfélög verðbréfasjóða. Verði frumvarp þetta að lögum verða sambærileg ákvæði í c-lið (viðskipti fyrir eigin reikning) og f-lið (sölutrygging í tengslum við útgáfu og/eða útboð fjármálagerninga) 1. tölul. 25. gr., sbr. einnig e-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Að öðru leyti vísast til skýringa við a-lið 1. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í 92. gr. gildandi laga er kveðið á um upplýsingaskyldu endurskoðanda verði hann var við verulega ágalla í rekstri eða atriði er varða innra eftirliti fjármálafyrirtækis o.fl. 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er samhljóða gildandi ákvæði 92. gr. að undanskildum síðasta málslið. Í þeim málslið segir. „Slík tilkynning brýtur ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda skv. 58. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.“ 2. mgr. 55. gr. MiFID tilskipunarinnar gerir þá kröfu að tilkynning endurskoðanda skv. 1. mgr. feli ekki í sér brot gegn þagnarskyldu

hvort sem hún er reist á lögum eða samningi. Jafnframt er kveðið á um að tilkynnandi skuli ekki sæta neins konar ábyrgð vegna tilkynningarinnar. Er lögð til ný 2. mgr. í samræmi við kröfu tilskipunarinnar. Þess skal getið að skilja verður ákvæði tilskipunarinnar á þann veg að tilkynnandi skuli ekki sæta ábyrgð vegna tilkynningarinnar sjálfrar. Öðru máli gegnir hafi tilkynnandi á einhvern hátt tekið þátt í þeim brotum sem um ræðir og mundi hann þá sæta ábyrgð samkvæmt almennum reglum.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að gera lögbærum yfirvöldum innan EES aðvart hafi Fjármálaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að erlent fjármálafyrirtæki með starfsemi hérlendis, með eða án útibús, hafi gerst brotlegt við ákvæði laganna eða annrra laga. Jafnframt er kveðið á um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að grípa til aðgerða reynist aðgerðir heimaríkisins ekki fullnægjandi. Þó er Fjármálaeftirlitinu skylt að upplýsa viðkomandi heimaríki fyrir fram um slíkar aðgerðir. Áréttað skal að 1. mgr. tekur til brota gegn ákvæðum sem Fjármálaeftirlitinu er ekki falið eftirlit með sem gistiríki.

Í 2. mgr. er hins vegar fjallað um þau tilvik þar sem brotið er gegn ákvæðum sem Fjármálaeftirlitinu er falið eftirlit með sem gistiríki, sbr. tillögu að nýrri málsgrein við 31. gr. laganna, sbr. 8. gr. frumvarpsins, þ.e. ákvæði um fjárfestavernd og gegnsæi viðskipta.

Þau úrrræði sem Fjármálaeftirlitið getur gripið til samkvæmt þessari grein mundu vera eftir atvikum önnur eftirlitsákvæði laga um fjármálafyrirtæki, laga um verðbréfaviðskipti og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Um 13. gr.

Með frumvarpi þessu eru tekin upp í lög hér á landi nokkur ákvæði MiFID-tilskipunarinnar. Samkvæmt tilskipuninni ber að vísa til hennar við innleiðingu í landsrétt og er það skilyrði uppfyllt með greininni. Tilskipunin fellir jafnframt úr gildi tilskipun 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

Um 14. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að í 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi komi tilvísun til kauphalla, skipulagra verðbréfamarkaða og markaðstorga fjármálagerninga (MTF) í stað tilvísunar til kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Helgast breytingin af breyttri hugtakanotkun, sbr. frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti og frumvarp til laga um kauphallir sem eru lögð fram samhliða þessu frumvarpi.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.**

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingar á ýmsum tilskipunum tengdum henni. Tilskipunin er hluti af sérstakri aðgerðaáætlun Evrópusambandsins sem miðar að því að skapa skilvirkan innri markað með fjármálaþjónustu svo sem með styttri viðbragðstíma, skilvirkara eftirliti og öflugri neytendavernd. Frumvarpið er lagt fram ásamt tveimur öðrum frumvörpum, þ.e. frumvarpi um verðbréfaviðskipti og frumvarpi um kauphallir, og er vísað í umsagnir með þeim.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður Fjármálaeftirlitsins vegna frumvarpsins verði óverulegur og hafi ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

# 1089. Frumvarp til laga [691. mál]

um verðbréfaviðskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Gildissvið og orðskýringar.

### 1. gr.
*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um verðbréfaviðskipti. Með verðbréfaviðskiptum er átt við:

1. Móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.
2. Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina.
3. Viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning.
4. Eignastýringu.
5. Fjárfestingarráðgjöf.
6. Sölutryggingu í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga.
7. Umsjón með útboði verðbréfa án sölutryggingar.
8. Rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF).

Einnig er með verðbréfaviðskiptum átt við eftirfarandi viðskipti eða starfsemi ef hún er í nánum tengslum við starfsemi eða viðskipti skv. 1. mgr.:

1. Vörslu og umsýslu fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavina, þ.m.t. öryggisvörslu fjár og tengda þjónustu, svo sem reiðufjár- og tryggingastjórnun.
2. Veitingu lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með fjármálagerninga ef fjármálafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið kemur að viðskiptunum.
3. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.

4. Gjaldeyrisþjónustu ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
5. Fjárfestingarrannsóknir og fjármálagreiningar eða annars konar almennar ráðleggingar er tengjast viðskiptum með fjármálagerninga.
6. Þjónustu í tengslum við sölutryggingu.
7. Þjónustu sem tengist undirliggjandi þáttum afleiðu skv. e- og h-liðum 2. tölul. 1. mgr. 2. gr., ef hún er í tengslum við verðbréfaviðskipti samkvæmt þessari grein.

2. gr.

*Orðskýringar.*

Í lögum þessum merkir:

1. *Fjármálafyrirtæki:* Fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
2. *Fjármálagerningur:*
   a. Verðbréf, þ.e. þau framseljanlegu verðbréf sem hægt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjölum, svo sem:
      i. hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélögum eða öðrum lögaðilum og heimildarskírteini fyrir hlut,
      ii. skuldabréf eða skuld á verðbréfaformi, þ.m.t. heimildarskírteini vegna slíkra verðbréfa,
      iii. önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja verðbréf eða leiða til uppgjörs í reiðufé sem ræðst af verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum eða ávöxtunarkröfum, hrávörum eða öðrum vísitölum eða mælikvörðum.
   b. Peningamarkaðsskjöl, þ.e. þeir flokkar gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, svo sem ríkisvíxlar, innlánskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum.
   c. Hlutdeildarskírteini.
   d. Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir vaxtarsamningar og aðrar afleiður sem byggjast á verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum, ávöxtunarkröfu, öðrum afleiðum, fjárhagslegum vísitölum eða fjárhagslegum viðmiðum sem gera má upp efnislega eða með reiðufé.
   e. Hrávöruafleiður.
   f. Afleiður til yfirfærslu lánaáhættu.
   g. Samningar um fjárhagslegan mismun.
   h. Aðrar afleiður, sem ekki falla undir d–g-lið, en hafa sömu eiginleika og þær afleiður.
3. *Eignastýring:* Stjórnun verðbréfasafns í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er fyrir fram ákveðin af viðskiptavini.
4. *Fjárfestingarráðgjöf:* Persónulegar ráðleggingar til viðskiptavinar í tengslum við fjármálagerninga, hvort sem er að frumkvæði viðskiptavinarins eða þess sem þjónustuna veitir.
5. *Taka fjármálagerninga til viðskipta:* Samþykki kauphallar á að viðskipti með fjármálagerninga hefjist á skipulegum verðbréfamarkaði að uppfylltum reglum hennar skv. 22. gr. laga um kauphallir.
6. *Markaðstorg fjármálagerninga (MTF):* Marghliða viðskiptakerfi sem starfrækt er af fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast í samræmi við IV. kafla.

7. *Skipulegur verðbréfamarkaður:* Markaður með fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
8. *Kauphöll:* Rekstraraðili skipulegs verðbréfamarkaðar samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
9. *Fagfjárfestar:* Með fagfjárfestum er átt við viðskiptavini sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Eftirfarandi aðilar teljast fagfjárfestar:
   a. Lögaðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. fjármálafyrirtæki og fyrirtæki tengd fjármálasviði, vátryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiða, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.
   b. Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:
      i. heildartala efnahagsreiknings er 1.847 millj. kr. eða hærri,
      ii. hrein ársvelta er 3.695 millj. kr. eða meiri,
      iii. eigið fé er 185 millj. kr. eða meira.

      Fjárhæðir samkvæmt þessum lið eru grunnfjárhæðir sem eru bundnar gengi evru (EUR) 3. janúar 2007 (92,37).
   c. Ríkisstjórnir og sveitarstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
   d. Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.
   e. Aðilar sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar á grundvelli 24. gr.
10. *Viðurkenndur gagnaðili:* Aðili sem fellur undir a-, b- og c-lið skilgreiningar á fagfjárfestum.
11. *Almennur fjárfestir:* Fjárfestir sem ekki er fagfjárfestir.
12. *Opinber fjárfestingarráðgjöf:* Greining eða samantekt upplýsinga sem felur í sér ráðleggingu um kaup eða sölu á fjármálagerningum eða leggur til fjárfestingarstefnu, með beinum eða óbeinum hætti, sem varðar einn eða fleiri fjármálagerninga eða útgefendur þeirra og ætluð er almenningi eða er líkleg til að verða aðgengileg almenningi, svo sem ef henni er dreift til stórs hóps manna.
13. *Viðurkennd markaðsframkvæmd:* Framkvæmd sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að sé viðhöfð á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og Fjármálaeftirlitið hefur viðurkennt með þeim hætti sem kveðið er á um í reglugerð sem sett skal á grundvelli 118. gr.
14. *Innmiðlari:* Fjármálafyrirtæki sem skipulega, reglulega og kerfisbundið á í viðskiptum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan við skipulega verðbréfamarkaði og markaðstorg fjármálagerninga (MTF).

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um skilgreiningu hugtakanna fjármálagerningur, fjárfestingarráðgjöf og innmiðlari.

3. gr.

*Heimaríki og gistiríki á Íslandi.*

Ísland er heimaríki útgefanda með skráða skrifstofu á Íslandi ef viðkomandi er útgefandi hlutabréfa, eða skuldabréfa þar sem nafnverð einninga skuldabréfanna er lægri fjárhæð en 92.400 kr., og viðkomandi verðbréf hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfa-

markaði. Fjárhæðir samkvæmt þessari málsgrein eru grunnfjárhæðir sem eru bundnar gengi evru (EUR) 3. janúar 2007 (92,37).

Ísland er heimaríki útgefanda með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi er útgefandi hlutabréfa, eða skuldabréfa þar sem nafnverð einninga skuldabréfanna er lægri fjárhæð en 92.400 kr., viðkomandi verðbréf hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og útgefanda ber skylda til að senda árlega skýrslu vegna útgáfunnar til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 48. gr. Fjárhæðir samkvæmt þessari málsgrein eru grunnfjárhæðir sem eru bundnar gengi evru (EUR) 3. janúar 2007 (92,37).

Ísland er heimaríki útgefanda í öðrum tilvikum en kveðið er á um í 1. og 2. mgr. ef aðili er útgefandi verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og hann velur að hafa Ísland sem heimaríki. Útgefanda er aðeins heimilt að velja Ísland sem heimaríki ef hann er með skráða skrifstofu á Íslandi eða verðbréf hans hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Útgefandi sem valið hefur Ísland sem heimaríki samkvæmt þessari málsgrein getur fyrst breytt því vali sínu þegar þrjú ár eru liðin frá opinberri birtingu á vali heimaríkis, sbr. 6. mgr., nema áður komi til þess að ekki séu lengur viðskipti með verðbréf hans á skipulegum verðbréfamarkaði.

Ísland er gistiríki útgefanda ef verðbréf hans hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og Ísland er ekki heimaríki hans skv. 1.–3. mgr.

Ef Ísland er heimaríki útgefanda skal hann framfylgja ákvæðum VII., VIII. og IX. kafla laga þessara þótt verðbréf hans hafi aðeins verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslandi.

Ef útgefandi getur valið heimaríki skv. 3. mgr. er óheimilt að taka verðbréf hans til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fyrr en hann hefur valið eitt ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem heimaríki. Ákvæði 1. málsl. gildir þó ekki um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, skv. lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, þegar um er að ræða hlutdeildarskírteini eða útgefendur vegna peningamarkaðsskjala með styttri gildistíma en 12 mánuði.

Útgefandi skal birta val á heimaríki skv. 3. mgr. opinberlega og með sama hætti og lýst er í 1. mgr. 62. gr.

## II. KAFLI
## Fjárfestavernd og viðskiptahættir fjármálafyrirtækja.

### 4. gr.
*Gildissvið kaflans.*

Ákvæði kafla þessa taka til fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta, sbr. þó 25. gr.

### 5. gr.
*Góð viðskiptavenja.*

Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfaviðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

### 6. gr.
*Skipulag fjármálafyrirtækja.*

Skipulagi fjármálafyrirtækis skal vera þannig háttað að tryggð sé samfelld og regluleg starfsemi og þjónusta við viðskiptavini. Í þessu skyni skal fjármálafyrirtæki m.a. nota viðeigandi kerfi og verkferla og hafa yfir að ráða nauðsynlegri þekkingu.

Fjármálafyrirtæki skal hafa örugga verkferla fyrir stjórnun, reikningsskil, innra eftirlit og áhættumat fyrirtækisins.

Fjármálafyrirtæki skal setja reglur og verkferla sem tryggja að fyrirtækið, stjórn þess, starfsmenn og fastir umboðsmenn fari að lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Jafnframt skal fjármálafyrirtæki setja reglur um eigin viðskipti þessara aðila með fjármálagerninga.

7. gr.

*Útvistun verkefna.*

Fjármálafyrirtæki skal tryggja að útvistun verkefna sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir starfsemi þess, auki ekki rekstraráhættu fyrirtækisins. Útvistun slíkra verkefna er óheimil ef hún hefur skaðleg áhrif á innra eftirlit eða regluvörslu. Fjármálafyrirtæki ber eftir sem áður fulla ábyrgð á útvistuðum verkefnum.

8. gr.

*Hagsmunaárekstrar.*

Fjármálafyrirtæki skal gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina þess.

Fjármálafyrirtæki skal greina hagsmunaárekstra:

1. milli fyrirtækisins sjálfs annars vegar, þ.m.t. starfsmanna þess, einkaumboðsmanna eða aðila sem lúta yfirráðum þess, og viðskiptavina þess hins vegar og
2. milli viðskiptavina fyrirtækisins innbyrðis.

Þar sem ráðstafanir skv. 1. mgr. veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna viðskiptavina sé nægjanlega gætt skal fjármálafyrirtæki upplýsa viðkomandi viðskiptavini um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna áður en til viðskipta er stofnað milli fjármálafyrirtækis og viðskiptavinarins.

9. gr.

*Skriflegur samningur, skráning og yfirlit.*

Taki fjármálafyrirtæki að sér þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta fyrir almennan fjárfesti skal gerður skriflegur samningur milli fjármálafyrirtækisins og viðskiptavinar þess, þar sem m.a. skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila. Ákvæði þessarar málsgreinar gildir ekki um fjárfestingarráðgjöf.

Fjármálafyrirtæki skal jafnframt halda sérstaka skrá yfir alla samninga sem gerðir eru við hvern viðskiptavin þess sem innihalda ákvæði um réttindi og skyldur í viðskiptum aðila. Heimilt er að rekja réttindi og skyldur með tilvísun til réttarreglna eða skjala sem eru aðgengileg viðskiptamönnum.

Fjármálafyrirtæki skal senda viðskiptavinum sínum yfirlit yfir þá þjónustu sem það veitir þeim. Yfirlitin skulu, þar sem við á, hafa að geyma upplýsingar um kostnað við þjónustuna.

10. gr.

*Skráning þjónustu og varðveisla gagna.*

Fjármálafyrirtæki skal halda skrár yfir alla þjónustu sem það veitir og öll viðskipti sem það hefur milligöngu um á sviði verðbréfaviðskipta. Skrárnar skulu vera það ítarlegar að fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á að það hafi farið að lögum í starfsemi sinni.

Fjármálafyrirtæki skal varðveita í a.m.k. fimm ár gögn um öll viðskipti með fjármálagerninga sem það framkvæmir, hvort sem viðskiptin eru fyrir eigin reikning fyrirtækisins eða

fyrir hönd viðskiptavina. Gögn þessi skulu m.a. innihalda upplýsingar sem skylt er að afla á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

11. gr.

*Sérgreining fjármálagerninga og annarra fjármuna.*

Fjármálafyrirtæki skal halda fjármálagerningum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fjármálafyrirtækisins. Fjármálafyrirtæki getur aðeins nýtt fjármálagerninga viðskiptavinar fyrir eigin reikning með skriflegu samþykki hans.

Fjármálafyrirtæki skal jafnframt halda öðrum fjármunum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fjármálafyrirtækisins. Fjármunir viðskiptavinar skulu varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi.

Fjármálafyrirtæki sem ekki teljast lánastofnanir á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki geta ekki nýtt fjármuni viðskiptavina fyrir eigin reikning.

12. gr.

*Safnskráning.*

Fjármálafyrirtæki sem heimilt er að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna getur sótt um heimild Fjármálaeftirlitsins til að mega varðveita þá á sérstökum reikningi (safnreikningi) og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig samkvæmt þessari grein.

Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar getur viðskiptavinur á grundvelli skrár skv. 1. mgr. tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

13. gr.

*Framsalsáritun.*

Fjármálafyrirtæki er heimilt að framselja framseljanlega fjármálagerninga í nafni viðskiptavinar síns hafi það fengið til þess skriflegt umboð. Framsalsáritun fjármálafyrirtækis telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til þess fylgi ekki framseljanlegum fjármálagerningi, enda sé þess getið í framsalsáritun að gerningurinn sé framseldur samkvæmt varðveittu umboði. Fjármálafyrirtækinu ber að varðveita umboð svo lengi sem réttindi eru byggð á gerningnum sem framseldur hefur verið með þessum hætti. Skylt er að láta kaupanda gerningsins í té samrit umboðsins krefjist hann þess.

Fjármálafyrirtæki sem býður upp á vörslu framseljanlegra fjármálagerninga er heimilt að varðveita framsalsáritanir skv. 1. mgr. í sérstakri skrá meðan gerningurinn er í vörslu þess, enda séu slíkar framsalsáritanir færðar inn á bréfið þegar það hverfur úr vörslu fjármálafyrirtækisins. Fjármálafyrirtæki sem hyggst nýta sér þessa heimild ber að afla sér samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fyrirkomulagi vörslu og því upplýsingakerfi sem fyrirhugað er að nota.

Viðskiptavinur sem veitt hefur fjármálafyrirtæki umboð skv. 1. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa með stoð í heimildarskorti fjármálafyrirtækisins nema umboð þess til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

14. gr.

*Upplýsingagjöf til viðskiptavina.*

Fjármálafyrirtæki skal veita viðskiptavinum sínum og öðrum sem það býður þjónustu sína greinargóðar upplýsingar um fjármálafyrirtækið sjálft, þjónustu þess, þá fjárfestingarkosti sem þeim standa til boða og þá áhættu sem slíkum fjárfestingum fylgir. Upplýsingar sem fjármálafyrirtæki veitir viðskiptavinum sínum og öðrum sem það býður þjónustu sína skulu vera skýrar og sanngjarnar og þær mega ekki vera villandi þannig að viðskiptavinir geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun.

Fjármálafyrirtæki skal kunngera viðskiptavinum sínum og öðrum sem það býður þjónustu sína fyrir fram hvaða þóknun það muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptavinum með hæfilegum fyrirvara.

Fjármálafyrirtæki skal hafa aðgengilegar upplýsingar um réttarúrræði viðskiptavina sinna ef ágreiningur rís milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi fjármálafyrirtækis skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fjármálafyrirtækisins og að markaðsefni sé aðgreint frá öðrum orðsendingum.

15. gr.

*Öflun upplýsinga og ráðleggingar vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar.*

Fjármálafyrirtæki sem veitir fjárfestingarráðgjöf eða sinnir eignastýringu skal afla sér upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á sviði viðkomandi tegundar verðbréfaviðskipta, fjárhagsstöðu hans og markmið með fyrirhugaðri fjárfestingu, þannig að því sé kleift að veita viðskiptavininum ráðleggingar um hvaða verðbréfaviðskipti hæfi honum.

Afli fjármálafyrirtæki ekki þeirra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 1. mgr., eða sé því ókleift að afla þeirra, er því óheimilt að láta viðskiptavini í té ráðleggingar um verðbréfaviðskipti.

Fjármálafyrirtækjum er óheimilt að hvetja viðskiptavini sína til að veita ekki þær upplýsingar sem krafist er að aflað sé samkvæmt þessari grein.

16. gr.

*Öflun upplýsinga og mat vegna annarra verðbréfaviðskipta.*

Fjármálafyrirtæki sem veitir aðra þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta en um getur í 1. mgr. 15. gr. skal óska eftir upplýsingum um þekkingu og reynslu viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á sviði viðkomandi tegundar verðbréfaviðskipta til að geta metið hvort þjónustan eða varan sé viðeigandi fyrir viðskiptavininn.

Telji fjármálafyrirtæki á grundvelli upplýsinga skv. 1. mgr. að verðbréfaviðskiptin séu ekki viðeigandi fyrir viðskiptavininn skal það ráða honum frá þeim og skal því heimilt að gera það á stöðluðu formi.

Veiti viðskiptavinurinn ófullkomnar upplýsingar eða láti hann alfarið hjá líða að veita upplýsingarnar skal fjármálafyrirtækið gera honum viðvart um að það leiði til þess að ekki verði unnt að leggja mat á hvort viðskiptin séu viðeigandi fyrir hann. Heimilt er að gera það á stöðluðu formi.

Fjármálafyrirtæki er óskylt að grípa til þeirra ráðstafana sem greinir í 1. mgr. þegar það veitir þjónustu sem felst aðeins í framkvæmd eða móttöku og miðlun fyrirmæla og öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. þjónustan tengist hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu eða á sambærilegum markaði í öðru ríki, peningamarkaðsskjölum, skuldabréfum eða skuld samkvæmt annars konar verðbréfum að undanskildum þeim sem hafa innbyggða afleiðu, hlutdeildarskírteinum og öðrum einföldum fjármálagerningum,
b. þjónustan er veitt að frumkvæði viðskiptavinarins,
c. viðskiptavinurinn hefur verið skilmerkilega upplýstur um að fjármálafyrirtækinu sé óskylt að meta hvort fjármálagerningurinn eða þjónustan sé viðeigandi fyrir hann og því njóti hann ekki þeirrar verndar sem í slíku mati felst. Þessar upplýsingar má veita á stöðluðu formi.
d. fjármálafyrirtækið sinnir þeim skyldum sem á því hvíla skv. 8. gr. um hagsmunaárekstra.

Fjármálafyrirtækjum er óheimilt að hvetja viðskiptavini sína til að veita ekki þær upplýsingar sem krafist er að aflað sé samkvæmt þessari grein.

17. gr.

*Öflun upplýsinga þegar þjónusta er veitt fyrir milligöngu þriðja aðila.*

Þegar fjármálafyrirtæki felur öðru fjármálafyrirtæki að annast verðbréfaviðskipti fyrir hönd viðskiptavinar skal hinu síðarnefnda heimilt að reiða sig á upplýsingar frá því fyrrnefnda um viðkomandi viðskiptavin og ráðleggingar sem það hefur veitt viðskiptavininum. Er fjármálafyrirtæki sem felur öðru fjármálafyrirtæki framkvæmd verðbréfaviðskipta ábyrgt fyrir því að slíkar upplýsingar og ráðleggingar séu fullnægjandi og réttar.

18. gr.

*Besta framkvæmd.*

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla skal fjármálafyrirtæki leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans.

Fjármálafyrirtæki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fullnægja skyldum skv. 1. mgr. m.a. með því að setja sér verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Í þeim skal koma fram á hvaða mörkuðum fyrirtækið framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina að því er varðar einstakar tegundir fjármálagerninga og þá þætti sem hafa áhrif á val á mörkuðum. Þar skal gert ráð fyrir framkvæmd fyrirmæla á þeim mörkuðum þar sem að jafnaði má vænta bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini. Fjármálafyrirtæki skal veita viðskiptavinum viðeigandi upplýsingar um efni reglnanna og afla samþykkis þeirra fyrir þeim áður en fyrirmæli eru framkvæmd.

Geri verklagsreglur skv. 2. mgr. ráð fyrir að fyrirmæli verði framkvæmd utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) skulu viðskiptavinir upplýstir um það sérstaklega og samþykkis þeirra aflað áður en fyrirmælin eru framkvæmd. Samþykkis verður hvort heldur sem er aflað á almennan hátt eða með tilliti til einstakra viðskipta.

Fjármálafyrirtæki skal fylgjast með skilvirkni við framkvæmd viðskiptafyrirmæla og verklagsreglna skv. 2. mgr. til að geta greint galla og gert endurbætur ef tilefni er til. Sérstaklega skal meta reglulega hvort þeir markaðir, sem reglurnar gera ráð fyrir að nýttir verði til að framkvæma fyrirmæli, leiða til hagstæðustu niðurstöðu fyrir viðskiptavini.

Fjármálafyrirtæki skal upplýsa viðskiptavini um allar efnislegar breytingar á ráðstöfunum og verklagsreglum skv. 2. mgr.

Fjármálafyrirtæki skal geta sýnt fram á, að beiðni viðskiptavinar, að fyrirmæli hans hafi verið framkvæmd í samræmi við verklagsreglur fyrirtækisins skv. 2. mgr.

19. gr.

*Framkvæmd fyrirmæla.*

Fjármálafyrirtæki skal gera ráðstafanir sem miða að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina, með tilliti til fyrirmæla annarra viðskiptavina eða viðskiptahagsmuna fjármálafyrirtækisins. Þessar ráðstafanir skulu gera ráð fyrir að fyrirmæli sem eru að öðru leyti sambærileg séu framkvæmd í þeirri röð sem þau berast fjármálafyrirtækinu.

Þegar um er að ræða skilyrt fyrirmæli sem ekki eru framkvæmd jafnskjótt og þau berast vegna markaðsaðstæðna skal fjármálafyrirtækið, nema viðskiptavinur mæli fyrir um annað, stuðla að því að fyrirmælin verði framkvæmd eins fljótt og mögulegt er með því að birta þau samstundis á aðgengilegan hátt. Fjármálafyrirtæki getur fullnægt þessari skyldu með miðlun fyrirmælanna til skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF). Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá þessari grein þegar um umfangsmikil viðskipti er að ræða.

20. gr.

*Einkaumboðsmenn.*

Fjármálafyrirtæki er heimilt að fela einkaumboðsmanni með skriflegum samningi að markaðssetja þjónustu þess, taka við fyrirmælum viðskiptavina og framkvæma þau, hafa milligöngu um sölu fjármálagerninga og veita fjárfestingarráðgjöf.

Einkaumboðsmenn geta aðeins starfað fyrir eitt fjármálafyrirtæki. Fjármálafyrirtæki sem veitir þjónustu fyrir milligöngu einkaumboðsmanna bera fulla og ótakmarkaða ábyrgð á aðgerðum og vanrækslu þeirra þegar þeir starfa á vegum þess. Einkaumboðsmönnum er skylt að gera viðskiptavinum grein fyrir í umboði hvers þeir starfa. Einkaumboðsmönnum er óheimilt að taka við fjármunum frá viðskiptavinum.

Fjármálafyrirtæki skulu hafa eftirlit með starfsemi einkaumboðsmanna til þess að tryggja að þeir fari að lögum. Þau skulu stuðla að heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum þeirra. Einkaumboðsmaður skal hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum.

Einkaumboðsmanni skal því aðeins heimilt að starfa í þágu fjármálafyrirtækis að hann hafi fengið til þess leyfi hjá Fjármálaeftirlitinu. Fjármálafyrirtæki sem hyggst fela einkaumboðsmanni að starfa í sína þágu, skal beina umsókn um það til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um hvaða skilyrðum einkaumboðsmenn skulu fullnægja.

Fjármálaeftirlitið heldur skrá yfir einkaumboðsmenn sem birt skal opinberlega.

21. gr.

*Flokkun viðskiptavina o.fl.*

Fjármálafyrirtæki skal flokka viðskiptavini sína í viðurkennda gagnaðila, fagfjárfesta og almenna fjárfesta. Fjármálafyrirtæki skal gera viðskiptavinum sínum grein fyrir til hvaða flokks þeir teljast, upplýsa þá um rétt þeirra til að óska eftir að falla í annan flokk og afleiðingar þess. Fjármálafyrirtæki skal setja sér verklagsreglur um flokkun viðskiptavina.

Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna fjármálafyrirtækjum um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta. Þá ber fjármálafyrirtækjum að grípa til viðeig-

andi aðgerða verði þeim kunnugt um að viðskiptavinur uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir því að farið verði með hann sem fagfjárfesti.

22. gr.

*Viðskipti við viðurkennda gagnaðila.*

Fjármálafyrirtækjum sem hafa leyfi til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina, eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning eða taka á móti og miðla fyrirmælum, er heimilt að eiga í verðbréfaviðskiptum við viðurkennda gagnaðila án þess að fullnægja þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 9., 14., 15., 16. og 18. gr. og 1. mgr. 19. gr.

Þegar fjármálafyrirtæki á viðskipti við viðurkenndan gagnaðila skal það afla staðfestingar frá viðskiptavininum þess efnis að hann skuli teljast viðurkenndur gagnaðili. Heimilt er að afla staðfestingar með almennu samþykki eða samþykki vegna einstakra viðskipta.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er viðurkenndum gagnaðila heimilt að krefjast þess að fjármálafyrirtæki fari að þeim ákvæðum sem tilgreind eru í 1. mgr. í viðskiptum sínum við hann.

23. gr.

*Aukin vernd fyrir fagfjárfesta.*

Fagfjárfestum er heimilt að óska eftir því að hafa stöðu almennra fjárfesta. Áður en fjármálafyrirtæki veitir fagfjárfesti þjónustu skal það upplýsa viðkomandi um að hann teljist fagfjárfestir. Jafnframt skal fjármálafyrirtækið upplýsa fjárfestinn um að hann geti óskað eftir að ekki verði farið með hann sem fagfjárfesti. Aukin vernd verður einungis veitt fagfjárfestum þegar gert er skriflegt samkomulag við fjármálafyrirtæki þess efnis að ekki verði farið með viðkomandi sem fagfjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

24. gr.

*Aðilar sem geta óskað eftir því að vera fagfjárfestar.*

Aðilar, sem ekki teljast fagfjárfestar skv. a–d-liðum 9. tölul. 2. gr., geta óskað eftir því að fjármálafyrirtæki fari með þá sem fagfjárfesta. Fjármálafyrirtæki skal leggja mat á sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu viðskiptavinarins og hvort hún veiti nægilega vissu fyrir því að hann geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst. Til að farið verði með viðskiptavin sem fagfjárfesti samkvæmt þessari grein skal hann uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:

a. hafa átt umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi,
b. verðgildi verðbréfaeignar fjárfestis skal nema meira en 46,2 millj. kr., fjárhæð þessi er grunnfjárhæð sem er bundin gengi evru (EUR) 3. janúar 2007 (92,37),
c. fjárfestir skal gegna eða hafa gegnt í að minnsta kosti eitt ár stöðu á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.

Til að viðskiptavinir skv. 1. mgr. geti óskað eftir því að teljast fagfjárfestar verða þeir að tilkynna fjármálafyrirtækinu skriflega hvort þeir óski eftir að hafa slíka stöðu almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Þá skal fjármálafyrirtæki gefa þeim skýra skriflega viðvörun um þá réttarvernd og þann bótarétt sem þeir kunna að verða af og skulu viðskiptavinir í sérstöku skjali lýsa því yfir að þeim sé kunnugt um afleiðingar þess að missa slíka réttarvernd.

25. gr.

*Opinber fjárfestingarráðgjöf og birting tölfræðiupplýsinga.*

Hver sá sem setur fram eða birtir opinbera fjárfestingarráðgjöf skal gæta þess að slíkar upplýsingar séu settar fram af sanngirni og uppfylli skilyrði reglna sem Fjármálaeftirlitið skal setja á grundvelli 26. gr. Þá skal tilgreina hagsmuni eða hugsanlega hagsmunaárekstra viðkomandi aðila vegna þeirra fjármálagerninga sem upplýsingarnar varða.

Opinberir aðilar sem miðla tölfræðilegum upplýsingum, sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á fjármálamörkuðum, skulu miðla þeim af sanngirni og á gagnsæjan hátt.

26. gr.

*Reglugerð og reglur Fjármálaeftirlitsins.*

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd þessa kafla. Í henni skulu m.a. koma fram ákvæði um:

1. Góða viðskiptavenju skv. 5. gr.
2. Skipulag fjármálafyrirtækja, þ.m.t. regluvörslu, áhættustjórnun, innri endurskoðun, ábyrgð yfirstjórnar, meðferð á kvörtunum og eigin viðskipti, skv. 6. gr.
3. Útvistun verkefna skv. 7. gr.
4. Hagsmunaárekstra skv. 8. gr.
5. Skriflega samninga, skráningu og yfirlit skv. 9. gr.
6. Skráningu þjónustu og varðveislu gagna skv. 10. gr.
7. Varðveislu fjármálagerninga og fjár sem tilheyrir viðskiptavinum og notkun á fjármálagerningum viðskiptavina skv. 11. gr. og skýrslur endurskoðenda varðveislunnar.
8. Safnskráningu, m.a. um skilyrði heimildar til að skrá fjármálagerninga á safnreikning skv. 1. mgr. 12. gr., auðkenningu safnreiknings, þar á meðal upplýsingar um fjölda eigenda að safnreikningi og um upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins, svo sem um auðkenni viðskiptamanna að baki safnreikningum.
9. Upplýsingagjöf til viðskiptavina skv. 14. gr.
10. Öflun upplýsinga og ráðleggingar vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar skv. 15. gr.
11. Öflun upplýsinga og mat vegna annarra verðbréfaviðskipta skv. 16. gr.,
12. Bestu framkvæmd skv. 18. gr.
13. Framkvæmd fyrirmæla skv. 19. gr.
14. Flokkun viðskiptavina skv. 21. gr.
15. Viðskipti við viðurkennda gagnaðila skv. 22. gr.
16. Fagfjárfesta skv. 23. og 24. gr.

Reglur skv. 1. mgr. skulu taka mið af því hvort fjármálafyrirtæki á í viðskiptum við fagfjárfesti eða almennan fjárfesti.

Fjármálaeftirlitið skal setja reglur um opinbera fjárfestingarráðgjöf, þar á meðal um óhlutdræga framsetningu ráðgjafar og birtingu, tilgreiningu á þeim sem setur fjárfestingarráðgjöfina fram eða gerir hana opinbera, hagsmunum og hagsmunaárekstrum, og skilgreiningu hugtaksins greining.

III. KAFLI
**Gagnsæi viðskipta.**

27. gr.
*Gildissvið kaflans.*

Ákvæði kafla þessa taka til fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta.

28. gr.
*Upplýsingagjöf innmiðlara um tilboð.*

Innmiðlarar skulu birta bindandi verðtilboð fyrir þau hlutabréf sem þeir eru innmiðlarar fyrir og tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði enda teljist hlutabréfin seljanleg. Teljist hlutabréfin ekki seljanleg skulu innmiðlarar birta verðtilboð ef viðskiptavinur óskar þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda um verðtilboð upp að staðlaðri markaðsstærð. Innmiðlarar sem aðeins eiga viðskipti sem eru stærri en stöðluð markaðsstærð skulu ekki vera bundnir af ákvæðum greinar þessarar.

29. gr.
*Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja um viðskipti.*

Fjármálafyrirtæki sem á viðskipti utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF), annaðhvort fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina, með hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal gera opinberar upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta. Upplýsingarnar skal birta eins nálægt rauntíma og mögulegt er, á eðlilegum viðskiptakjörum, og á þann hátt að þær séu aðgengilegar öðrum markaðsaðilum.

30. gr.
*Tilkynningarskylda um viðskipti.*

Fjármálafyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu um öll viðskipti sem það framkvæmir með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Tilkynning skal send eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við lok næsta vinnudags. Tilkynna skal um öll slík viðskipti, hvort sem þau eiga sér stað á skipulegum verðbréfamarkaði eða utan slíkra markaða.

Tilkynningu um viðskipti skv. 1. mgr. er heimilt að senda með eftirfarandi hætti:

a. Fjármálafyrirtækið sjálft eða þriðji aðili fyrir hönd þess sendir tilkynningu.
b. Tilkynning er send í gegnum tilkynningakerfi sem Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt.
c. Skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF), þar sem viðskiptin fóru fram, sendir tilkynningu.

31. gr.
*Reglugerð.*

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd þessa kafla. Í henni skulu m.a. koma fram ákvæði um:

1. Upplýsingagjöf innmiðlara skv. 28. gr.
2. Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja um viðskipti skv. 29. gr., þ.m.t. skyldu til birtingar upplýsinga og skilyrði fyrir undanþágu frá birtingu upplýsinga.

3. Tilkynningarskyldu um viðskipti skv. 30. gr., þ.m.t. um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að framsenda tilkynningar um viðskipti til eftirlitsaðila aðildarríkis þar sem seljanleiki viðkomandi fjármálagernings er mestur, um þær kröfur sem gerðar eru til tilkynninga, um innihald tilkynninga og um samskipti eftirlitsaðila.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um:

1. Skyldur innmiðlara til að birta upplýsingar um kaup- og sölutilboð og dýpt tilboða fyrir aðra fjármálagerninga en hlutabréf sem þeir eru innmiðlarar fyrir skv. 28. gr.
2. Skyldu fjármálafyrirtækis til að birta upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta sem fram fara utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) með aðra fjármálagerninga en hlutabréf skv. 29. gr.
3. Að tilkynningar fjármálafyrirtækja á grundvelli 30. gr. skuli innihalda upplýsingar um auðkenni viðskiptavina fjármálafyrirtækja.
4. Að tilkynningarskylda fjármálafyrirtækja á grundvelli 30. gr. nái einnig til viðskipta með fjármálagerninga sem tengjast fjármálagerningum sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

## IV. KAFLI
## Markaðstorg fjármálagerninga (MTF).

### 32. gr.
*Gildissvið kaflans.*

Ákvæði kafla þessa taka til fjármálafyrirtækja og kauphalla sem hafa heimild til að reka markaðstorg fjármálagerninga (MTF).

### 33. gr.
*Skipulag markaðstorgs fjármálagerninga (MTF).*

Rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) skal vera í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfaviðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

Fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg fjármálagerninga (MTF) ber ábyrgð á að rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar sé heilbrigður og traustur.

Fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg fjármálagerninga skal:

1. Setja gagnsæjar og sjálfvirkar reglur sem tryggja sanngjörn og skipuleg viðskipti á markaðstorginu og skulu þær innihalda hlutlæg viðmið um framkvæmd fyrirmæla.
2. Setja reglur um þau skilyrði sem fjármálagerningar þurfa að uppfylla svo að viðskipti geti farið fram með þá á markaðstorginu.
3. Tryggja að aðilar að markaðstorginu hafi aðgang að nægjanlegum opinberum upplýsingum til að geta tekið fjárfestingarákvarðanir.
4. Setja reglur um aðgengi að markaðnum og skulu þær fullnægja skilyrðum 34. gr.
5. Upplýsa notendur markaðstorgsins um skyldur þeirra hvað varðar uppgjör viðskipta sem fara fram á markaðstorginu og gera ráðstafanir til að tryggja að skilvirkt uppgjör viðskipta geti farið fram.

### 34. gr.
*Aðild að markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).*

Aðilar að markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) geta orðið þeir sem:

1. Eru vel til þess hæfir.

2. Hafa fullnægjandi getu til að eiga viðskipti.
3. Fullnægja, þar sem við á, kröfum sem gerðar eru til skipulags.
4. Hafa fullnægjandi fjárráð til að framkvæma þær aðgerðir sem þeim er ætlað að framkvæma.

35. gr.

*Viðskiptaeftirlit.*

Fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg fjármálagerninga (MTF) skal hafa eftirlit með því að aðilar að viðskiptum sem þar fara fram starfi eftir lögum, reglum og samþykktum sem um viðskipti á markaðstorginu gilda og reka viðeigandi eftirlitskerfi með viðskiptunum.

Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu ef grunur eða vitneskja er um að brotið hafi verið gegn lögum, reglugerðum eða öðrum reglum sem gilda um viðskipti á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) eða að brotið hafi verið gróflega eða ítrekað gegn reglum þess.

Veita skal yfirvöldum tafarlaust viðeigandi upplýsingar og aðstoð vegna rannsóknar eða saksóknar vegna gruns um refsiverða háttsemi sem á sér stað á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) eða í gegnum markaðskerfi þess.

36. gr.

*Upplýsingagjöf um tilboð.*

Fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg fjármálagerninga (MTF) skal, vegna hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, birta opinberlega verðupplýsingar um kaup- og sölutilboð sem sett eru fram á markaðstorginu auk upplýsinga um dýpt tilboða á viðkomandi verði. Upplýsingarnar skulu birtar samfellt á almennum opnunartíma og vera aðgengilegar almenningi á sanngjörnum viðskiptakjörum.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá birtingu kaup- og sölutilboða skv. 1. mgr. á grundvelli eiginleika viðkomandi markaðstorgs eða tegundar og stærðar tilboða.

37. gr.

*Upplýsingagjöf um viðskipti.*

Fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg fjármálagerninga (MTF) skal birta opinberlega upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta sem framkvæmd eru í viðskiptakerfi þess með hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Upplýsingarnar skulu birtar á sanngjörnum viðskiptakjörum og eins nálægt rauntíma viðskiptanna og mögulegt er. Ákvæði þetta á ekki við ef upplýsingar um viðskiptin eru birt í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar.

Fjármálafyrirtæki eða kauphöll er heimilt að setja sér reglur um að tefja skuli birtingu upplýsinga vegna stærðar eða tegundar viðskipta. Reglurnar skulu uppfylla skilyrði reglugerðar skv. 38. gr. og vera samþykktar fyrir fram af Fjármálaeftirlitinu. Fjármálafyrirtæki eða kauphöll skal sjá til þess að aðilar að markaðstorginu og fjárfestar séu upplýstir um töfina.

38. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd þessa kafla. Í henni skulu m.a. koma fram ákvæði um:

1. Upplýsingagjöf um tilboð og undanþágur frá upplýsingaskyldu skv. 36. gr.

2. Upplýsingagjöf um viðskipti og tafir á henni skv. 37. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um:

1. Skyldur fjármálafyrirtækis eða kauphallar til að birta upplýsingar um kaup- og sölutilboð og dýpt tilboða sem sett eru fram á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) fyrir aðra fjármálagerninga en hlutabréf skv. 36. gr.
2. Skyldu fjármálafyrirtækis eða kauphallar til að birta upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta sem fram fara á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) með aðra fjármálagerninga en hlutabréf skv. 37. gr.

## V. KAFLI
## Samningsbundið uppgjör afleiðna.

### 39. gr.
*Gildissvið kaflans.*

Ákvæði þessa kafla taka til skuldajafnaðar og tryggingarréttinda í tengslum við afleiður.

### 40. gr.
*Skuldajöfnuður.*

Skriflegur samningur, einn eða fleiri, milli tveggja aðila um að skyldur þeirra samkvæmt afleiðu skuli jafnast hver á móti annarri, með skuldajöfnuði, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti, skal halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

### 41. gr.
*Tryggingarréttindi.*

Tryggingarréttindum sem sett eru til tryggingar viðskiptum með afleiður verður ekki rift þrátt fyrir ákvæði 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

## VI. KAFLI
## Útboð og taka verðbréfa til viðskipta.

### 42. gr.
*Gildissvið kaflans.*

Ákvæði kafla þessa taka til almennra útboða verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Ákvæði kafla þessa eiga ekki við um:

1. sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem hafa eingöngu það markmið að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirframkunngerðri fjárfestingarstefnu og gefa út hlutdeildarskírteini eða hluti sem eru innleysanlegir að kröfu eigenda af eignum sjóðsins,
2. verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, svæðis- eða staðaryfirvöldum ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, alþjóðastofnunum sem eitt eða fleiri ríkjanna eiga aðild að, Seðlabanka Evrópu eða seðlabönkum ríkjanna,
3. seðlabanka á Evrópska efnahagssvæðinu,
4. verðbréf með skilyrðislausri og óafturkallanlegri ábyrgð ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, svæðis- eða staðaryfirvöldum ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu,

5. verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum og lúta ekki að hag sjálfra lögaðilanna,
6. verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og gefin eru út samfellt eða með endurteknum hætti af lánastofnunum svo fremi sem þessi verðbréf:
   a. eru ekki víkjanleg, breytanleg eða skiptanleg,
   b. fela ekki í sér rétt til áskriftar eða rétt til að öðlast aðrar tegundir verðbréfa og eru ekki tengd afleiðum,
   c. fela í sér að réttur stofnist til endurgreiðslu innborgunar,
   d. falla undir lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta,
7. verðbréf boðin í útboði þar sem heildarfjárhæð útboðsins er lægri en 210 millj. kr., sbr. þó 54. gr. laga þessara; heildarfjárhæð útboðsins skal miðuð við 12 mánaða tímabil,
8. verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru gefin út samfellt eða með endurteknum hætti af lánastofnunum, og heildarfjárhæð útboðs er lægri en 4,2 milljarðar kr., miðað við 12 mánaða tímabil, svo fremi sem þessi verðbréf:
   a. eru ekki víkjanleg, breytanleg eða skiptanleg,
   b. fela ekki í sér rétt til áskriftar eða rétt til að öðlast aðrar tegundir verðbréfa og eru ekki tengd afleiðum.

Útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sem fellur undir ákvæði 2., 4., 7. eða 8. tölul. 2. mgr., er heimilt að útbúa lýsingu í samræmi við þennan kafla.

Fjárhæðir í þessum kafla eru bundnar við gengi evru (EUR) miðað við gengi hennar 4. janúar 2005 (83,54 kr.).

43. gr.

*Orðskýringar.*

1. *Almennt útboð:* Með almennu útboði verðbréfa, hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er átt við hvers konar boð til almennings um kaup á verðbréfum, með hvaða hætti sem er, þar sem fram koma nægjanlegar upplýsingar um skilmála útboðs og verðbréfin sem eru boðin til kaups til að fjárfesti sé kleift að ákveða að kaupa eða láta skrá sig fyrir kaupum á þessum verðbréfum. Undir þetta falla einnig verðbréf sem eru markaðssett og/eða seld fyrir tilstilli milligönguaðila á fjármálamarkaði.
2. *Lýsing:* Samheiti yfir skjal eða skjöl sem gefa þarf út vegna almenns útboðs verðbréfa eða töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
3. *Grunnlýsing:* Lýsing sem inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf sem boðin eru almenningi eða sem ætlunin er að taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og, að vali útgefenda, endanlega skilmála tilboðs.
4. *Útgefandalýsing:* Sá hluti lýsingar, þegar lýsing er gefin út sem þrjú aðskilin skjöl, sem veitir upplýsingar um útgefandann.
5. *Verðbréfalýsing:* Sá hluti lýsingar, þegar lýsing er gefin út sem þrjú aðskilin skjöl, sem veitir upplýsingar um verðbréfin sjálf.
6. *Samantekt:* Sá hluti lýsingar sem veitir upplýsingar um megineinkenni og áhættur sem tengjast útgefanda, ábyrgðaraðilanum og verðbréfunum sjálfum. Samantektin skal sett fram í stuttu máli og með skýrum hætti.
7. *Hlutabréfatengd verðbréf:* Hlutabréf og önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum í félögum ásamt hvers kyns öðrum tegundum framseljanlegra verðbréfa

sem veita rétt til að eignast einhver hinna framangreindu verðbréfa með því að breyta þeim eða nýta þann rétt sem þau veita, að því tilskildu að verðbréf af síðarnefndu tegundinni séu gefin út af útgefanda hinna undirliggjandi hlutabréfa eða aðila sem tilheyrir samstæðu útgefandans.

8. *Útboðsáætlun:* Áætlun sem mundi heimila útgáfu verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd, þ.m.t. áskriftarréttinda í hvaða formi sem er, af svipaðri gerð og/eða í svipuðum flokki, samfellt eða með endurteknum hætti á tilteknu útgáfutímabili.
9. *Hæfir fjárfestar:*
   a. Lögaðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. fjármálafyrirtæki og fyrirtæki tengd fjármálasviði, vátryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, líftryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á og hrávörumiðlanir.
   b. Lögaðilar sem hvorki hafa starfsleyfi né sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, en hafa einungis þann tilgang að fjárfesta í verðbréfum.
   c. Ríkisstjórnir og sveitarstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
   d. Aðrir lögaðilar sem uppfylla ekki tvö af þeim þremur skilyrðum sem sett eru fram í f-lið.
   e. Einstaklingar búsettir á Íslandi, óski þeir skriflega eftir því við Fjármálaeftirlitið að vera viðurkenndir sem hæfir fjárfestar og uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi þremur skilyrðum:
      i. fjárfestir hefur átt umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi,
      ii. verðgildi verðbréfaeignar fjárfestis nemur meira en 41,8 millj. kr.,
      iii. fjárfestir gegnir eða hefur gegnt í að minnsta kosti eitt ár stöðu á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.
   f. Lítil og meðalstór fyrirtæki með skráða skrifstofu á Íslandi, óski þau skriflega eftir því við Fjármálaeftirlitið að vera viðurkennd sem hæfir fjárfestar. Með litlum og meðalstórum fyrirtækjum er átt við félög sem samkvæmt síðasta ársreikningi eða samstæðureikningi sínum uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi þremur skilyrðum:
      i. meðalfjöldi starfsmanna á fjárhagsárinu var innan við 250,
      ii. niðurstöðutala efnahagsreiknings fór ekki yfir 3,6 milljarða kr.,
      iii. hrein ársvelta fór ekki yfir 4,2 milljarða kr..

44. gr.

*Skilyrði almenns útboðs og töku verðbréfa til viðskipta.*

Almennt útboð verðbréfa er háð því að lýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laga þessara.

Taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er háð útgáfu lýsingar í samræmi við ákvæði laga þessara.

45. gr.

*Upplýsingar í lýsingu.*

Lýsing skal innihalda þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu,

afkomu og framtíðarhorfur útgefanda og ábyrgðaraðila, ef við á, sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Auk upplýsinga um útgefandann og verðbréfin skal lýsing innihalda stutta og greinargóða samantekt sem lýsir grundvallareinkennum og áhættu hvað varðar útgefandann, ábyrgðaraðila, ef við á, og verðbréfin sjálf.

Þegar um er að ræða lýsingu vegna töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á verðbréfum sem eru ekki hlutabréfatengd og sem eru í einingum sem nema að lágmarki 4,2 millj. kr. að nafnverði er ekki skylda að útbúa samantekt.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingu samkvæmt lögum þessum ef það telur:

a. að birting slíkra upplýsinga mundi stríða gegn almannahagsmunum,
b. að birting slíkra upplýsinga væri verulega skaðleg fyrir útgefandann, að því tilskildu að ekki sé líklegt að sú staðreynd að upplýsingunum sé sleppt villi um fyrir almenningi að því er varðar nauðsynlegar staðreyndir og aðstæður til að hægt sé að meta, á grundvelli upplýsinganna, útgefandann, tilboðsgjafann eða ábyrgðaraðilann, ef einhver er, og réttindin sem fylgja verðbréfunum sem lýsingin varðar,
c. að slíkar upplýsingar séu léttvægar fyrir tiltekið útboð eða töku til viðskipta á skipulegum markaði og ekki þess eðlis að þær hafi áhrif á mat á fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur útgefanda, tilboðsgjafa eða ábyrgðaraðila, ef einhver er.

Heimilt er að birta lýsingu annaðhvort sem eitt skjal eða sem þrjú aðskilin skjöl. Lýsing sem samanstendur af þremur skjölum skiptist í:

a. útgefandalýsingu,
b. verðbréfalýsingu
c. samantekt.

Í eftirfarandi tilvikum getur útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði útbúið grunnlýsingu:

a. þegar um er að ræða verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd og gefin eru út sem hluti af útboðsáætlun, þ.m.t. áskriftarréttindi í hvaða formi sem er,
b. þegar verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd eru gefin út með samfelldum og endurteknum hætti af lánastofnunum,
    i. þar sem andvirði útgáfu verðbréfanna er samkvæmt landslögum bundið í eignum sem veita nægjanlega tryggingu fram að gjalddaga vegna skuldbindinga samkvæmt verðbréfunum,
    ii. þar sem andvirði bréfanna er fyrst og fremst ætlað að greiða upp gjaldfallinn höfuðstól og vexti ef fjármálafyrirtæki verður ógjaldfært, sbr. þó XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Gefinn skal út viðauki við grunnlýsingu ef nauðsynlegt þykir, sbr. ákvæði 46. gr. Viðaukinn skal innihalda uppfærðar upplýsingar um útgefandann og verðbréfin sem boðin eru almenningi eða ætlunin er að taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Ef endanlegir skilmálar útboðs koma ekki fram í grunnlýsingu eða viðauka við hana skulu þeir látnir fjárfestum í té og skráðir hjá Fjármálaeftirlitinu við hvert almennt útboð. Skal þetta gert eins fljótt og auðið er og, ef hægt er, áður en útboð hefst.

46. gr.

*Viðauki við lýsingu.*

Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingu, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest, sbr. 52. gr., og þar til útboði lýkur eða, ef við á, þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast, skal útbúa viðauka við lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Einnig skal, ef nauðsyn krefur, gera viðauka við samantektina og þýðingu hennar og skal þar tekið mið af viðbótarupplýsingum þeim sem fram koma í viðaukanum.

Fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur skulu hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

47. gr.

*Gildistími lýsingar, grunnlýsingar og útgefandalýsingar.*

Lýsing skal vera gild í 12 mánuði frá opinberri birtingu að því er varðar almennt útboð eða töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, að því tilskildu að við lýsinguna sé bætt þeim viðbótarupplýsingum sem krafist er skv. 46. gr.

Ef um er að ræða útboðsáætlun skal grunnlýsing sem hefur verið skráð hjá Fjármálaeftirlitinu vera í gildi í allt að 12 mánuði.

Ef um er að ræða verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd, sem um getur í b-lið 6. mgr. 45. gr., skal lýsingin vera í gildi þar til hætt er að gefa út viðkomandi verðbréf samfellt eða með endurteknum hætti.

Útgefandalýsing af því tagi sem um getur í 5. mgr. 45. gr., sem áður hefur verið skráð hjá Fjármálaeftirlitinu, skal vera í gildi í allt að 12 mánuði, að því tilskildu að hún hafi verið uppfærð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 46. gr. Útgefandalýsing ásamt verðbréfalýsingu, uppfærð í samræmi við 49. gr., ef við á, og samantekt teljast vera gild lýsing.

48. gr.

*Árleg upplýsingagjöf.*

Útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og eru með Ísland sem heimaríki skulu a.m.k. árlega útbúa skjal sem inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem þeir hafa gefið út eða gert aðgengilegar almenningi á síðustu 12 mánuðum á Evrópska efnahagssvæðinu og í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við skuldbindingar útgefandans samkvæmt lögum og reglum um verðbréf, útgefendur verðbréfa og skipulega verðbréfamarkaði. Skjalið skal sent Fjármálaeftirlitinu til skráningar í kjölfar birtingar ársreiknings. Ef vísað er til upplýsinga í skjalinu skal tilgreina hvar hægt er að nálgast þær.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við þegar um er að ræða útgefendur verðbréfa sem eru ekki hlutabréfatengd, í einingum sem nema a.m.k. 4,2 millj. kr.

49. gr.

*Lýsing samsett úr þremur skjölum.*

Útgefandi, sem hefur þegar undir höndum útgefandalýsingu sem lögbært yfirvald á Evrópska efnahagssvæðinu hefur staðfest, þarf einungis að semja verðbréfalýsingu og

samantekt þegar verðbréfin eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Í því tilviki skulu upplýsingar sem að öllu jöfnu væru gefnar í útgefandalýsingu koma fram í verðbréfalýsingunni ef verulegar breytingar eða nýleg þróun hefur átt sér stað sem kynni að hafa áhrif á mat fjárfesta síðan síðasta uppfærsla útgefandalýsingar var staðfest, eða viðauki við hana, sbr. 46. gr. Verðbréfalýsingin og samantektin skulu staðfestar hvor í sínu lagi.

Hafi útgefandi einungis lagt inn óstaðfesta útgefandalýsingu skulu öll gögnin, þ.m.t. uppfærðar upplýsingar, vera háð staðfestingu.

50. gr.

*Undanþága frá gerð lýsinga.*

Undanþegin ákvæðum 44. gr. eru:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
   a. verðbréf eru eingöngu boðin hæfum fjárfestum,
   b. verðbréf eru boðin færri en 100 aðilum, öðrum en hæfum fjárfestum, í hverju ríki á Evrópska efnahagssvæðinu,
   c. hver fjárfestir reiðir af hendi a.m.k. 4,2 millj. kr. til kaupa á verðbréfunum í hverju útboði,
   d. verðbréfin sem gefin eru út eru að nafnverði a.m.k. 4,2 millj. kr. hver eining,
   e. áætlað heildarsöluverð verðbréfanna er undir 8,4 millj. kr. og miðast útreikningurinn á þeim mörkum við 12 mánaða tímabil.

   Ef verðbréf eru markaðssett og/eða seld fyrir milligöngu fjármálafyrirtækis og undanþáguákvæði a–e-liðar þessa töluliðar eiga ekki við skal birta útboðslýsingu.
2. Almenn útboð verðbréfa af eftirfarandi gerðum:
   a. hlutir ef þeir eru gefnir út í staðinn fyrir áður útgefna hluti í sama flokki hafi útgáfa hinna nýju hluta ekki í för með sér hækkun á útgefnu hlutafé,
   b. verðbréf sem boðin eru í tengslum við yfirtöku að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
   c. verðbréf sem boðin eru, er úthlutað eða verður úthlutað í tengslum við samruna fyrirtækja að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
   d. hlutir sem boðnir eru, er úthlutað eða verður úthlutað til núverandi hluthafa án endurgjalds og arðgreiðslur í formi hluta að því gefnu að hlutirnir séu í sama flokki og þeir hlutir sem arðgreiðslurnar stafa af; skjal skal vera fyrirliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra hluta ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft,
   e. verðbréf sem vinnuveitandi eða félag tengt honum býður, úthlutar eða mun úthluta núverandi eða fyrrverandi starfsmönnum eða stjórnarmönnum félaganna að því gefnu að verðbréfin sem boðin eru séu í sama flokki og þau verðbréf sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði; skjal skal vera fyrirliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra verðbréfa ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft.
3. Taka verðbréfa af eftirfarandi gerðum til viðskipta:
   a. hlutir sem nema minna en 10% af fjölda hluta sama flokks sem þegar hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, miðað við 12 mánaða tímabil,
   b. hlutir ef þeir eru gefnir út í staðinn fyrir áður útgefna hluti í sama flokki, sem þegar

hafa verið teknir til viðskipta á sama skipulega verðbréfamarkaði, hafi útgáfa hinna nýju hluta ekki í för með sér hækkun á útgefnu hlutafé,

c. verðbréf sem boðin eru í tengslum við yfirtöku að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,

d. verðbréf sem boðin eru, er úthlutað eða verður úthlutað í tengslum við samruna fyrirtækja að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,

e. hlutir sem boðnir eru, er úthlutað eða verður úthlutað til núverandi hluthafa án endurgjalds og arðgreiðslur í formi hluta að því gefnu að hlutirnir séu í sama flokki og þeir hlutir sem arðgreiðslurnar stafa af og teknir hafa verið til viðskipta á sama skipulega verðbréfamarkaði; skjal skal vera fyrirliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra hluta ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft,

f. verðbréf sem vinnuveitandi eða félag tengt honum býður, úthlutar eða mun úthluta núverandi eða fyrrverandi starfsmönnum eða stjórnarmönnum félaganna að því gefnu að verðbréfin sem boðin eru séu í sama flokki og þau verðbréf sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði; skjal skal vera fyrirliggjandi með upplýsingum um fjölda og eðli verðbréfanna ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um það,

g. hlutir sem gefnir eru út við skiptingu á breytanlegum eða skiptanlegum verðbréfum eða vegna nýtingar áskriftarréttinda á öðrum verðbréfum að því gefnu að hlutirnir séu í sama flokki og teknir til viðskipta á sama skipulega verðbréfamarkaði og áður útgefnir hlutir,

h. verðbréf sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

   i. verðbréfin eða verðbréf í sama flokki hafa verið tekin til viðskipta í að minnsta kosti 18 mánuði á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði,

   ii. þegar um er að ræða verðbréf sem fyrst eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eftir gildistöku þessara laga skulu verðbréfin hafa verið tekin til viðskipta á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði á grundvelli staðfestrar lýsingar sem birt hefur verið í samræmi við sambærilegar reglur og eru í lögum þessum og reglugerð, sbr. 54. gr.

   iii. þegar ii. liður á ekki við en verðbréf hafa verið tekin til viðskipta eftir 30. júní 1983 skal staðfest skráningarlýsing hafa legið fyrir í samræmi við þágildandi reglur,

   iv. viðvarandi skyldum fyrir viðskiptum með bréfin á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði hefur verið fullnægt,

   v. aðili sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, samkvæmt þessari undanþágu, gerir ágrip sem er aðgengilegt almenningi,

   vi. ágripið sem vísað er til í v. lið er gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti sem lýst er í reglugerð um lýsingar,

   vii. ágripið uppfyllir tilskilin skilyrði um efni og innihald samantektar samkvæmt lögum þessum og ákvæðum reglugerðar um lýsingar; í ágripinu skal enn fremur koma fram hvar hægt er að nálgast nýjustu lýsingu vegna verðbréfanna og fjárhagsupplýsingar þær sem útgefandi hefur birt í samræmi við viðvarandi upplýsingaskyldu.

51. gr.

*Sölutrygging.*

Með sölutryggingu er átt við samning milli fjármálafyrirtækis og útgefanda eða eiganda verðbréfa þar sem fjármálafyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa, innan tiltekins tímamarks og á fyrirframákveðnu verði, þann hluta verðbréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennu útboði.

Nú tekur fjármálafyrirtæki að sér sölutryggingu í tengslum við almennt útboð og skal þá litið svo á að það ábyrgist einungis að fullnægjandi áskrift fáist til að útboðið takist, nema um annað sé sérstaklega samið.

52. gr.

*Umsjón með almennu útboði og staðfestingu á lýsingum.*

Fjármálafyrirtæki sem til þess hefur heimild samkvæmt starfsleyfi sínu skal hafa umsjón með almennu útboði verðbréfa og töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með staðfestingu á lýsingum. Fjármálaeftirlitið getur með samningi falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast staðfestingu á lýsingum, sbr. 138. gr. Í samningi þessum skal koma fram hvaða verkefni eru falin skipulegum verðbréfamarkaði og skilyrði við framkvæmd þeirra.

Þóknun fyrir staðfestingu á lýsingum skal ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði skv. 2. mgr.

53. gr.

*Hæfir fjárfestar.*

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir þá einstaklinga og þau litlu og meðalstóru fyrirtæki sem það hefur viðurkennt sem hæfa fjárfesta, sbr. f-lið 9. tölul. 43. gr. Skráin skal vera aðgengileg útgefendum verðbréfa.

Einstaklingum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem skráð eru sem hæfir fjárfestar hjá Fjármálaeftirlitinu er hvenær sem er heimilt að láta taka sig af skránni.

Einstaklingar og lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru á skrá sem hæfir fjárfestar hjá lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu teljast einnig hæfir fjárfestar á Íslandi.

54. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd þessa kafla. Í henni skulu m.a. koma fram ákvæði um:

1. nánari skilgreiningu á hæfum fjárfestum,
2. skyldu eigenda hlutabréfa til að veita kauphöll upplýsingar, svo og hvenær veita megi undanþágur frá upplýsingaskyldunni,
3. útboð og töku verðbréfa til viðskipta þar sem verður kveðið á um aðdraganda að lýsingu,
4. útboðstímabil,
5. efni og upplýsingar sem fram eiga að koma í lýsingu,
6. upplýsingar sem felldar eru inn í lýsingu með tilvísun,
7. staðfestingu lýsingar,
8. tilhögun við birtingu lýsingar,
9. viðvarandi upplýsingaskyldu,

10. heimildir Fjármálaeftirlitsins til að veita undanþágur frá birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingu eða birtingu lýsingar í heild,
11. auglýsingar á útboðum og töku verðbréfa til viðskipta,
12. viðauka og staðfestingu lýsingar,
13. tungumál sem notuð eru í lýsingum,
14. skilgreiningu á heimaríki samkvæmt þessum kafla,
15. útboð verðbréfa í þeim tilvikum þegar verðmæti þeirra er á bilinu 8,4 til 210 millj. kr.

Að öðru leyti er ráðherra heimilt að setja ákvæði í reglugerð sem samræmast ákvæðum tilskipunar 2003/71/EBE um útboðs- og skráningarlýsingar og undirgerð hennar.

## VII. KAFLI
## **Reglulegar upplýsingar útgefanda.**

### 55. gr.
*Gildissvið.*

Ákvæði kafla þessa gilda um útgefendur verðbréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, með Ísland sem heimaríki, skv. 3. gr.

Útgefandi verðbréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, með heimaríki í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslandi, skal veita hliðstæðar reglulegar upplýsingar og kafli þessi mælir fyrir um í samræmi við bindandi opinber fyrirmæli heimaríkis síns.

### 56. gr.
*Undanþágur.*

Ákvæði kafla þessa gilda ekki um ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sveitarfélög eða sambærileg svæðis- eða staðaryfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, opinbera alþjóðlega aðila sem a.m.k. eitt ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins á aðild að, seðlabanka á Evrópska efnahagssvæðinu eða Seðlabanka Evrópu.

Ákvæði kafla þessa gilda ekki um útgefanda skuldabréfa ef eingöngu skuldabréf hans hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og nafnverð eininga skuldabréfanna er að minnsta kosti jafngilt 4,6 millj. kr. Fjárhæðir samkvæmt þessari málsgrein eru grunnfjárhæðir sem eru bundnar gengi evru (EUR) 3. janúar 2007 (92,37).

Ákvæði kafla þessa gilda ekki um verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, þegar um er að ræða hlutdeildarskírteini.

Ákvæði kafla þessa gilda ekki um útgefendur vegna peningamarkaðsskjala með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir.

Ákvæði 58. gr. gildir ekki um útgefanda sem var þegar á skipulegum verðbréfamarkaði 31. desember 2003 og sem eingöngu gefur út skuldabréf, sem heimaríki útgefandans eða eitt af svæðis- eða staðaryfirvöldum þess ríkis ábyrgist skilyrðislaust og óafturkallanlega.

### 57. gr.
*Ársreikningur.*

Útgefandi verðbréfa skal birta opinberlega ársreikning, eða samstæðureikning ef við á, eins fljótt og auðið er eftir lok reikningsársins og eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum þess. Útgefanda ber að tryggja að ársreikningur, eða samstæðureikningur ef við á, sé aðgengilegur almenningi í að minnsta kosti fimm ár.

58. gr.

*Árshlutareikningur vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins.*

Útgefandi hlutabréfa og/eða skuldabréfa skal birta opinberlega árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, eða samstæðureikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins ef við á, eins fljótt og auðið er eftir lok þess tímabils, þó eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum þess. Útgefanda ber að tryggja að árshlutareikningurinn, eða samstæðureikningurinn ef við á, sé aðgengilegur almenningi í að minnsta kosti fimm ár.

59. gr.

*Greinargerð frá stjórn.*

Útgefandi hlutabréfa skal á fyrstu sex mánuðum reikningsársins og aftur á síðari sex mánuðum reikningsársins birta opinberlega greinargerð frá stjórn útgefandans. Greinargerð frá stjórn skal fela í sér skýringu á mikilvægum atburðum og viðskiptum sem átt hafa sér stað á viðkomandi tímabili og lýsingu á áhrifum þeirra á fjárhagsstöðu útgefanda, og dótturfélaga hans ef við á, auk almennrar lýsingar á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu útgefanda, og dótturfélaga hans ef við á, á viðkomandi tímabili.

Greinargerðina skal birta á tímabilinu frá tíu vikum eftir að viðkomandi sex mánaða tímabil hefst þangað til sex vikum áður en því lýkur og skal efni hennar ná yfir tímabilið frá upphafi viðkomandi sex mánaða tímabils fram til birtingardags greinargerðarinnar.

Útgefanda, sem á grundvelli laga, reglna skipulegs verðbréfamarkaðar eða að eigin frumkvæði birtir árshlutareikning vegna fyrstu þriggja og fyrstu níu mánaða reikningsársins, eða samstæðureikninga vegna sömu tímabila ef við á, í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, er ekki skylt að birta greinargerð frá stjórn útgefandans.

60. gr.

*Efni ársreiknings og árshlutareiknings.*

Útgefendur verðbréfa með skráða skrifstofu á Íslandi skulu semja ársreikning, eða samstæðureikning ef við á, og árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, eða samstæðureikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins ef við á, í samræmi við lög um ársreikninga.

61. gr.

*Útgefandi með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.*

Útgefanda með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að semja ársreikning, eða samstæðureikning ef við á, árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, eða samstæðureikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins ef við á, og greinargerð frá stjórn samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu ef fyrirmælin eru hliðstæð ákvæðum laga um ársreikninga. Útgefanda er jafnframt heimilt að fylgja bindandi opinberum fyrirmælum í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu um árshlutareikning fyrir fyrstu þrjá og fyrstu níu mánuði reikningsársins, eða samstæðureikninga vegna sömu tímabila ef við á, ef fyrirmælin eru hliðstæð íslenskum reglum um samsvarandi árshlutareikninga sem gilda mundu gagnvart honum væri útgefandinn með skráða skrifstofu á Íslandi.

Ef bindandi opinber fyrirmæli ríkis þar sem útgefandi er með skráða skrifstofu eru ekki hliðstæð ákvæðum laga um ársreikninga skal útgefandi semja ársreikning, eða samstæðureikning ef við á, árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, eða samstæðu-

reikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins ef við á, og greinargerð frá stjórn með sama hætti og hliðstæðir útgefendur með skráða skrifstofu á Íslandi.

Ársreikningaskrá metur hvort kröfur samkvæmt ákvæðum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins eru hliðstæðar ákvæðum laga um ársreikninga.

62. gr.

*Opinber birting og ábyrgð.*

Útgefandi skal birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar samkvæmt kafla þessum eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandinn senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni.

Ábyrgð á því að upplýsingar samkvæmt 57.–59. gr. séu teknar saman og gerðar opinberar hvílir á útgefanda.

63. gr.

*Miðlæg varðveisla.*

Útgefandi skal senda allar upplýsingar sem birtar eru opinberlega samkvæmt kafla þessum samhliða til Fjármálaeftirlitsins, eða aðila sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, til miðlægrar varðveislu, sbr. 136. gr. laga þessara.

64. gr.

*Tungumál.*

Ef verðbréf útgefanda hafa einungis verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Ef verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í einu eða fleiri aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á íslensku, eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir, og annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja, að vali útgefanda.

Ef verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í einu eða fleiru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ekki á Íslandi skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja, að vali útgefanda. Ef Fjármálaeftirlitið óskar eftir því skal útgefandi jafnframt birta upplýsingarnar á ensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir, að vali útgefanda.

Ef verðbréf útgefanda eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda hvíla skyldur 1.–3. mgr. ekki á útgefanda heldur þeim aðila sem óskað hefur eftir töku bréfanna til viðskipta án samþykkis útgefanda.

65. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði vegna kafla þessa í reglugerð, þar á meðal um með hvaða hætti ársreikningur og árshlutareikningur skulu vera aðgengilegir almenningi, sbr. 57. og 58. gr., hvaða kröfur samkvæmt ákvæðum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins eru

hliðstæðar ákvæðum laga um ársreikninga, sbr. 61. gr. og um framkvæmd opinberrar birtingar, sbr. 62. gr.

## VIII. KAFLI
## Aðrar skyldur útgefanda um veitingu upplýsinga.

### 66. gr.
*Gildissvið.*

Ákvæði kafla þessa gilda um útgefendur verðbréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, með Ísland sem heimaríki skv. 3. gr.

Útgefandi verðbréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, með heimaríki í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslandi, skal veita hliðstæðar upplýsingar og kafli þessi mælir fyrir um í samræmi við bindandi opinber fyrirmæli heimaríkis síns.

### 67. gr.
*Undanþágur.*

Ákvæði kafla þessa gilda ekki um verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði þegar um er að ræða hlutdeildarskírteini.

Ákvæði kafla þessa gilda ekki um útgefendur vegna peningamarkaðsskjala með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir.

### 68. gr.
*Viðbótarupplýsingar.*

Útgefandi verðbréfa skal án tafar eftir útgáfu nýrra lána birta opinberlega útgáfurnar og skal geta sérstaklega um ábyrgðir eða tryggingar vegna þeirra. Ákvæði 1. málsl. gildir þó ekki um ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sveitarfélög eða sambærileg svæðis- eða staðaryfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu eða opinbera alþjóðlega aðila þar sem a.m.k. eitt ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins á aðild.

Útgefandi verðbréfa, annarra en hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal án tafar birta opinberlega upplýsingar um allar breytingar á réttindum handhafa verðbréfanna annarra en hlutabréfa, þar á meðal breytingar á skilmálum og skilyrðum verðbréfanna, sérstaklega þær sem stafa af breytingum á lánaskilmálum eða vöxtum, sem gætu haft óbein áhrif á réttindin.

Útgefandi hlutabréfa skal án tafar birta opinberlega upplýsingar um allar breytingar á réttindum sem fylgja mismunandi flokkum hlutabréfa, þar á meðal breytingar á réttindum sem fylgja afleiddum verðbréfum sem útgefandinn gefur út sjálfur og veita rétt til að afla hluta í honum.

Ábyrgð á því að upplýsingar skv. 1.–3. mgr. séu teknar saman og gerðar opinberar hvílir á útgefanda.

### 69. gr.
*Breytingar á stofnsamningi eða samþykktum.*

Útgefandi verðbréfa sem hyggst gera breytingar á stofnsamningi sínum eða samþykktum skal senda drög að breytingunum til Fjármálaeftirlitsins og skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf hans hafa verið tekin til viðskipta. Drögin skulu send án tafar en eigi síðar en

þann dag sem boðað er til fundar þar sem greiða skal atkvæði um breytingarnar eða kynna þær.

70. gr.
*Hlutabréf.*

Útgefandi hlutabréfa skal tryggja jafnræði allra eigenda hluta í sömu stöðu.

Útgefandi hlutabréfa skal ekki standa í vegi fyrir því að eigendur hluta neyti réttinda sinna með því að veita öðrum umboð. Ákvæði 1. málsl. gildir þó ekki ef útgefandi hlutabréfa er með skráða skrifstofu í öðru ríki en á Íslandi nema bindandi opinber fyrirmæli þess ríkis heimili notkun umboðs.

Útgefandi hlutabréfa skal tryggja að allar upplýsingar sem eigendum hluta eru nauðsynlegar til að geta neytt réttinda sinna séu aðgengilegar í heimaríki útgefandans og að áreiðanleiki upplýsinganna sé tryggður. Útgefandi hlutabréfa skal einkum:

1. veita upplýsingar um staðsetningu, tíma og dagskrá funda ásamt upplýsingum um heildarfjölda hluta og atkvæðisrétt, og rétt eigenda hluta til að taka þátt í fundum,
2. gera umboðseyðublað aðgengilegt á pappír eða með rafrænum hætti fyrir hvern þann aðila sem á rétt á að greiða atkvæði á fundinum, annaðhvort í tengslum við auglýsingu fundarins eða samkvæmt beiðni eftir að fundurinn hefur verið auglýstur,
3. tilnefna fjármálafyrirtæki, eða fyrirtæki tengt fjármálasviði, sem umboðsmann sinn til að hafa milligöngu um að eigendur hluta geti neytt fjárhagslegra rétttinda sinna í útgefandanum, og
4. veita upplýsingar, svo sem með dreifibréfi eða auglýsingu, um úthlutun og greiðslu arðs og útgáfu nýrra hluta, þ.m.t. upplýsingar um fyrirkomulag úthlutunar, áskriftar, afturköllunar eða breytiréttar.

71. gr.
*Skuldabréf.*

Skuldabréf merkir í þessari grein skuldaviðurkenningu, eða skuld samkvæmt annars konar verðbréfum, að undanskildum annars vegar verðbréfum sem jafna má til hlutabréfa í félögum eða sem geta af sér rétt til að afla hluta eða verðbréfa sem jafna má til hlutabréfa, ef þeim er umbreytt eða ef réttindum samkvæmt þeim er beitt, og hins vegar peningamarkaðsskjölum með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir.

Útgefandi skuldabréfa skal tryggja að allir handhafar skuldabréfa sem metin eru jafngild njóti sömu meðferðar varðandi sérhver réttindi er fylgja skuldabréfunum.

Útgefandi skuldabréfa skal ekki standa í vegi fyrir því að handhafar skuldabréfanna neyti réttinda sinna með því að veita öðrum umboð. Ákvæði 1. málsl. gildir þó ekki ef útgefandi skuldabréfanna er með skráða skrifstofu í öðru ríki en á Íslandi nema bindandi opinber fyrirmæli þess ríkis heimili notkun umboðs.

Ef útgefandi skuldabréfa ákveður að halda fund með handhöfum skuldabréfanna skal hann veita þeim upplýsingar, svo sem með auglýsingu eða dreifibréfi, um staðsetningu, tíma og dagskrá fundarins ásamt upplýsingum um hvaða kröfum handhafarnir skuli fullnægja til að mega taka þátt í fundinum. Enn fremur skal útgefandi gera umboðseyðublað aðgengilegt á pappír eða með rafrænum hætti fyrir hvern þann aðila sem á rétt á að greiða atkvæði á fundinum annaðhvort í tengslum við auglýsingu fundarins eða samkvæmt beiðni eftir að fundurinn hefur verið auglýstur.

Útgefandi skuldabréfa skal, s.s. með auglýsingu eða dreifibréfi, upplýsa handhafa skuldabréfa um greiðslu vaxta, um framkvæmd hvers konar breytiréttar, skipta, áskriftar eða afturköllunar á réttindum og greiðslu.

Útgefandi skuldabréfa skal tilnefna fjármálafyrirtæki, eða fyrirtæki tengt fjármálasviði, sem umboðsmann sinn til að hafa milligöngu um að handhafar skuldabréfa geti neytt fjárhagslegra réttinda samkvæmt skuldabréfunum.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til skuldabréfa sem gefin eru út af ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sveitarfélagi eða sambærilegu svæðis- eða staðaryfirvaldi á Evrópska efnahagssvæðinu.

72. gr.

*Útgefandi með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.*

Útgefanda hlutabréfa með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins er ekki skylt að fylgja ákvæðum 70. gr. ef hann uppfyllir kröfur bindandi opinberra fyrirmæla í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu og fyrirmælin eru hliðstæð 70. gr.

Útgefanda skuldabréfa með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins er ekki skylt að fylgja ákvæðum 71. gr. ef hann uppfyllir kröfur bindandi opinberra fyrirmæla í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu og fyrirmælin eru hliðstæð 71. gr.

Fjármálaeftirlitið metur hvort kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins eru hliðstæðar 70. og 71. gr.

73. gr.

*Opinber birting.*

Útgefandi verðbréfa skal birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar samkvæmt kafla þessum eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni.

74. gr.

*Miðlæg varðveisla.*

Útgefandi verðbréfa skal senda allar upplýsingar sem birtar eru opinberlega samkvæmt kafla þessum til Fjármálaeftirlitsins, eða aðila sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, til miðlægrar varðveislu, sbr. 136. gr.

75. gr.

*Tungumál.*

Ef verðbréf útgefanda hafa einungis verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Ef verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í einu eða fleiri aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á íslensku, eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir, og annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja, að vali útgefanda.

Ef verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í einu eða fleiru gistiríki en ekki á Íslandi skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja, að vali útgefanda. Ef Fjármálaeftirlitið óskar eftir því skal útgefandi jafnframt birta upplýsingarnar á ensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir, að vali útgefanda.

Ef verðbréf útgefanda eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda hvíla skyldur 1.–3. mgr. ekki á útgefanda heldur þeim aðila sem óskað hefur eftir töku bréfanna til viðskipta án samþykkis útgefanda.

Ef nafnverð eininga verðbréfa var a.m.k. jafngilt 4,6 millj. kr. þegar þau voru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eða í tilviki skuldabréfa ef nafnverð eininga þeirra var að minnsta kosti jafngilt 4,6 millj. kr. á útgáfudegi bréfanna, er útgefanda, þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr., heimilt að birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld heimaríkis og gistiríkja samþykkja, að vali útgefanda eða þess aðila sem óskað hefur eftir töku bréfanna til viðskipta án samþykkis útgefanda. Fjárhæðir samkvæmt þessari málsgrein eru grunnfjárhæðir sem eru bundnar gengi evru (EUR) 3. janúar 2007 (92,37).

76. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði vegna kafla þessa í reglugerð, þar á meðal um fjármálastofnanir sem hafa milligöngu um að eigendur hluta eða handhafar skuldabréfa geti neytt fjárhagslegra réttinda sinna í útgefanda, sbr. 70. gr. og 71. gr., um undanþáguheimildir 72. gr. og um opinbera birtingu, sbr. 73. gr.

## IX. KAFLI
## Breyting á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun).

77. gr.

*Gildissvið.*

Ákvæði kafla þessa gilda um hluti í hlutafélögum með skráða skrifstofu á Íslandi sem gefa út hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Ákvæði kafla þessa gilda einnig um hluti í útgefendum með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gefa út hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, ef viðkomandi útgefanda ber skylda til að senda árlega skýrslu vegna hlutabréfanna til Fjármálaeftirlitsins skv. 48. gr. laga þessara.

Ef hlutabréf í útgefanda með skráða skrifstofu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu öðru en Íslandi hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi skal veita hliðstæðar upplýsingar um hlutina og kafli þessi mælir fyrir um í samræmi við bindandi opinber fyrirmæli heimaríkis útgefanda.

78. gr.

*Flöggunarskylda.*

Eigandi, sem aflar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að atkvæðisréttur hans nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert eftirtalinna marka: 5, 10,

15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66⅔ og 90 %. Með eiganda er átt við sérhvern einstakling eða lögaðila, sem fer beint eða óbeint með:

1. hluti í útgefanda í eigin nafni og fyrir eigin reikning,
2. hluti í útgefanda í eigin nafni en fyrir hönd annars einstaklings eða lögaðila, eða
3. heimildarskírteini, en í þeim tilvikum telst handhafi heimildarskírteinisins eigandi þeirra hluta sem heimildarskírteinið stendur fyrir.

Ef útgefandi hækkar eða lækkar hlutafé sitt, fjölgar eða fækkar atkvæðum eða breytingar verða á skiptingu atkvæðisréttar sem leiða til þess að atkvæðisréttur eiganda nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert þeirra marka sem talin eru upp í 1. mgr. skal eigandinn senda tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins.

Atkvæðisréttur skv. 1. mgr. skal reiknaður út á grundvelli allra hluta sem atkvæðisréttur fylgir, jafnvel þótt nýting hans falli niður. Einnig skal atkvæðisréttur reiknaður út á grundvelli allra hluta í sama flokki sem atkvæðisréttur fylgir, jafnvel þótt nýting hans falli niður.

79. gr.

*Flöggunarskylda við sérstakar aðstæður.*

Flöggunarskylda skv. 78. gr. gildir einnig um aðila svo fremi að hann eigi rétt á að afla atkvæðisréttar, ráðstafa atkvæðisrétti eða neyta atkvæðisréttar sem:

1. þriðji aðili fer með og viðkomandi aðili hefur gert samkomulag við hann sem skyldar þá til að taka upp, með samræmdri beitingu atkvæðisréttar síns, varanlega og sameiginlega stefnu um stjórn hlutaðeigandi útgefanda,
2. þriðji aðili fer tímabundið með á grundvelli samkomulags við viðkomandi aðila,
3. fylgir hlutum sem viðkomandi aðili hefur tekið að veði eða fengið sem tryggingu, að því tilskildu að viðkomandi aðili ráði jafnframt yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist neyta hans,
4. viðkomandi aðili fer með á grundvelli samkomulags um lífstíðarbundin réttindi hans yfir hlutunum sem atkvæðisrétturinn fylgir,
5. dótturfélag viðkomandi aðila í skilningi 6. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, fer með eða má neyta á grundvelli 1.–4. tölul.,
6. fylgir hlutum sem viðkomandi aðili varðveitir og getur neytt samkvæmt eigin ákvörðun berist ekki sérstök fyrirmæli frá eigendum hlutanna,
7. þriðji aðili fer með í eigin nafni en fyrir hönd viðkomandi aðila,
8. umboðsmaður, að því tilskildu að hann geti neytt atkvæðisréttarins samkvæmt eigin ákvörðun berist ekki sérstök fyrirmæli frá eigendum hlutanna.

80. gr.

*Flöggunarskylda vegna fjármálagerninga.*

Flöggunarskylda skv. 78. gr. gildir einnig um aðila sem fer með beinum eða óbeinum hætti með fjármálagerning skv. a- og d–h-liðum 2. tölul. 1. mgr. 2. gr., að því tilskildu að viðkomandi fjármálagerningur veiti viðkomandi aðila, eingöngu að eigin ákvörðun, samkvæmt formlegu samkomulagi, rétt til að afla hluta sem atkvæðisréttur fylgir og þegar hafa verið gefnir út í útgefanda sem fellur undir 1. eða 2. mgr. 77. gr.

Þegar réttur samkvæmt fjármálagerningi skv. 1. mgr. er nýttur til öflunar hluta skal senda tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef nýtingin leiðir af sér að

atkvæðisréttur viðkomandi nær eða hækkar yfir eitthvert þeirra marka sem talin eru upp í 78. gr. Framangreint gildir þótt öflun fjármálagerningsins hafi þegar verið tilkynnt skv. 1. mgr.

Falli fjármálagerningur skv. 1. mgr. úr gildi skal senda tilkynningu skv. 2. mgr.

81. gr.

*Tilkynning félags í samstæðu.*

Dótturfélag skv. 5. tölul. 79. gr., þarf ekki að senda tilkynningu skv. 78. og 79. gr. ef móðurfélag þess eða, ef móðurfélagið er sjálft dótturfélag, móðurfélag móðurfélagsins sendir tilkynningu.

82. gr.

*Umboð á hluthafafundi.*

Ef umboðsmaður í tilviki 8. tölul. 79. gr. fær eitt eða fleiri umboð í tengslum við einn hluthafafund, er heimilt að senda eina tilkynningu að því tilskildu að skýrt komi fram í tilkynningunni hvert heildarmagn atkvæðisréttar umboðsveitenda verður í útgefanda eftir brottfall umboðsins.

Ef flöggunarskylda stofnast vegna 8. tölul. 79. gr. þarf ekki að senda aðra tilkynningu ef umboðið fellur úr gildi að hluthafafundinum loknum og tilkynningin, sem gerð var í tengslum við veitingu umboðsins, geymdi upplýsingar um hvert heildarmagn atkvæðisréttar umboðsveitanda yrði í útgefanda eftir brottfall umboðsins.

83. gr.

*Flöggunarskylda margra.*

Ef fleiri en einn aðili verða flöggunarskyldir er þeim heimilt að senda sameiginlega tilkynningu. Sameiginleg tilkynning leysir engan hlutaðeigandi aðila undan ábyrgð á tilkynningunni.

84. gr.

*Breyting á hlutafé eða atkvæðisrétti.*

Ef útgefandi hækkar eða lækkar hlutafé sitt eða fjölgar eða fækkar atkvæðum, skal hann, á síðasta viðskiptadegi þess mánaðar er breytingarnar eiga sér stað, birta opinberlega heildarfjölda hluta og heildarfjölda atkvæða.

85. gr.

*Efni tilkynningar.*

Tilkynning skv. 78. og 79. gr. skal m.a. geyma upplýsingar um:

1. atkvæðisrétt eftir breytingu,
2. eignatengsl við dótturfélög þar sem flöggunarskyldur aðili hefur yfirráð yfir atkvæðisréttinum, ef við á,
3. dagsetningu þegar flöggunarskylda stofnaðist, og
4. fullt nafn eiganda hlutanna, jafnvel þótt viðkomandi eigi ekki rétt á að neyta atkvæðisréttarins vegna aðstæðna skv. 79. gr., og fullt nafn þess aðila sem fer með atkvæðisréttinn fyrir hönd eiganda hlutanna.

86. gr.

*Frestur flöggunarskylds aðila til að tilkynna.*

Aðili sem verður flöggunarskyldur skv. 1. mgr. 78. gr., 79. og 80. gr skal senda tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að flöggunarskyldan stofnaðist.

Aðili sem verður flöggunarskyldur skv. 2. mgr. 78. gr. skal senda tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að útgefandi hefur birt opinberlega heildarfjölda hluta og heildarfjölda atkvæða skv. 84. gr.

87. gr.

*Frestur útgefanda til að birta upplýsingar í tilkynningu.*

Útgefandi skal, eins fljótt og auðið er eftir móttöku tilkynningar skv. 78., 79. eða 80. gr og eigi síðar en klukkan 12 næsta viðskiptadag eftir að tilkynningin berst honum, birta opinberlega allar upplýsingar sem er að finna í tilkynningunni.

Útgefandi þarf ekki að þýða tilkynningu yfir á tungumál sem Fjármálaeftirlitið samþykkir ef tilkynning skv. 78., 79. eða 80. gr. berst á ensku.

88. gr.

*Undanþágur frá flöggunarskyldu.*

Þegar hluta er eingöngu aflað til verðbréfauppgjörs þarf ekki að senda tilkynningu skv. 78. gr. ef viðkomandi verðbréfauppgjöri er lokið innan venjulegs stutts greiðslutímabils.

Þegar aðili varðveitir hluti sem vörsluaðili þarf ekki að senda tilkynningu skv. 78. gr. ef viðkomandi vörsluaðili getur aðeins nýtt atkvæðisréttinn sem fylgir hlutunum samkvæmt skriflegum eða rafrænum leiðbeiningum.

Seðlabanki á Evrópska efnahagssvæðinu eða Seðlabanki Evrópu þarf ekki að senda tilkynningu skv. 78. gr. eða 3. tölul. 79. gr. þegar viðkomandi seðlabanki lætur hluti í té eða honum eru látnir hlutir í té til að sinna hlutverki sínu sem yfirvald á sviði peningamála, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé lokið innan venjulegs, stutts greiðslutímabils frá því að viðkomandi seðlabanki lét hlutina í té eða honum voru látnir hlutir í té og að atkvæðisréttur hlutanna sé ekki nýttur.

89. gr.

*Veltubók.*

Við mat á flöggunarskyldu skv. 78. gr. skal atkvæðisréttur sem fylgir hlutum í veltubók fjármálafyrirtækis, með starfsleyfi skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, ekki reiknast með að því tilskildu að hlutfall atkvæðisréttarins í veltubókinni fari ekki yfir 5% og að viðkomandi fjármálafyrirtæki tryggi að atkvæðisrétturinn sé hvorki nýttur né notaður á annan hátt beint eða óbeint til að hlutast til um stjórn útgefanda.

90. gr.

*Viðskiptavaki.*

Flöggunarskylda skv. 78. gr. gildir ekki um öflun eða ráðstöfun viðskiptavaka á hlutum þrátt fyrir að atkvæðisréttur sem fylgir hlutum nái eða fari yfir 5% flöggunarskyldumarkið að því tilskildu að viðskiptavakinn framkvæmi viðskiptin sem viðskiptavaki, sé fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til verðbréfaviðskipta og hlutist hvorki til um stjórn viðkomandi út-

gefanda né hlutist á nokkurn hátt til um að útgefandinn kaupi slíka hluti eða haldi verði þeirra uppi.

91. gr.

*Móðurfélag rekstrarfélags.*

Við framkvæmd flöggunarskyldu skv. 78. og 79. gr. er móðurfélagi rekstrarfélags samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði ekki skylt að leggja saman eigið hlutfall atkvæðisréttar og hlutfall atkvæðisréttar viðkomandi verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs rekstrarfélagsins að því tilskildu að rekstrarfélagið nýti atkvæðisrétt sinn óháð móðurfélaginu eða öðru dótturfélagi móðurfélags síns.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um móðurfélag rekstrarfélags erlends verðbréfasjóðs með staðfestu og staðfestingu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 43. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sama gildir um móðurfélag sambærilegs rekstrarfélags með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins.

92. gr.

*Móðurfélag fjármálafyrirtækis með leyfi til verðbréfaviðskipta.*

Við framkvæmd flöggunarskyldu skv. 78. og 79. gr. er móðurfélagi fjármálafyrirtækis, með leyfi til verðbréfaviðskipta samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, ekki skylt að leggja saman eigið hlutfall atkvæðisréttar og hlutfall atkvæðisréttar sem fylgir hlutum sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stýrir fyrir einstaka viðskiptamenn sína að því tilskildu að fjármálafyrirtækinu sé aðeins heimilt að nýta atkvæðisrétt sem tilheyrir slíkum hlutum samkvæmt sannanlegum leiðbeiningum viðskiptavinar eða tryggt sé að einstaklingsmiðuð stýring verðbréfasafns fari fram óháð hvers kyns annarri þjónustu, og að fjármálafyrirtækið nýti atkvæðisréttinn óháð móðurfélaginu eða öðru dótturfélagi móðurfélags síns.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um móðurfélag erlends fyrirtækis sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu og starfsleyfi til verðbréfaviðskipta á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um móðurfélag fyrirtækis með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ef fyrirtækið hefur leyfi til að stunda verðbréfaviðskipti í heimaríki sínu og sú starfsemi er háð eftirliti í heimaríkinu.

93. gr.

*Flöggunarskylda vegna eigin hluta.*

Ef útgefandi aflar eða ráðstafar eigin hlutum skal hann birta opinberlega hlutfall eigin hluta ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir til þess að hlutfallið nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir 5% eða 10% atkvæðisréttar. Hlutfallið skal reiknað út á grundvelli heildarfjölda hluta sem atkvæðisréttur fylgir, jafnvel þótt nýting atkvæðisréttarins falli niður.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu birtar opinberlega eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrir klukkan 12 næsta viðskiptadag eftir öflunina eða ráðstöfunina.

94. gr.

*Útgefandi með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.*

Ákvæði 84. gr. gildir ekki ef útgefandi með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins uppfyllir kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum í því ríki sem hann er með skráða skrifstofu og fyrirmælin eru hliðstæð 84. gr.

Ákvæði 87. gr. gildir ekki ef útgefandi með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins uppfyllir kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu og fyrirmælin eru hliðstæð 87. gr.

Ákvæði 93. gr. gildir ekki ef lögaðili með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins uppfyllir kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu og fyrirmælin eru hliðstæð 93. gr.

Fjármálaeftirlitið metur hvort kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins eru hliðstæðar 84., 87. og 93. gr.

95. gr.

*Opinber birting.*

Útgefandi skal birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar samkvæmt kafla þessum eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni.

96. gr.

*Miðlæg varðveisla.*

Útgefandi skal senda allar upplýsingar sem birtar eru opinberlega samkvæmt kafla þessum til Fjármálaeftirlitsins, eða aðila sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, til miðlægrar varðveislu, sbr. 136. gr.

97. gr.

*Tungumál.*

Ef hlutabréf útgefanda hafa einungis verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Ef hlutabréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í einu eða fleiri aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir og annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja, að vali útgefanda.

Ef hlutabréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í einu eða fleiru gistiríki en ekki á Íslandi skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja, að vali útgefanda. Ef Fjármálaeftirlitið óskar eftir því skal útgefandi jafnframt birta upplýsingarnar á ensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir, að vali útgefanda.

Ef hlutabréf útgefanda eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda hvíla skyldur skv. 1.–3. mgr. ekki á útgefanda heldur þeim aðila sem óskað hefur eftir töku hlutabréfanna til viðskipta án samþykkis útgefanda.

Tilkynning skv. 78., 79. og 80. gr. má vera á íslensku eða ensku.

98. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði vegna kafla þessa í reglugerð, þar á meðal um efni tilkynningar vegna fjármálagerninga skv. 80. gr., hvers konar samkomulag telst formlegt samkomulag skv. 80. gr., nánar um efni tilkynningar skv. 85. gr., um hámarkslengd venjulegs stutts greiðslutímabils skv. 88. gr., hvaða skilyrði fyrirtæki skv. 91. og 92. gr. verða að uppfylla til að þau teljist nýta atkvæðisrétt sinn óháð móðurfélögum sínum og um framkvæmd opinberrar birtingar, sbr. 95. gr.

## X. KAFLI
## **Yfirtökutilboð.**

99. gr.

*Gildissvið kaflans.*

Ákvæði þessa kafla gilda um yfirtöku í hlutafélagi sem fengið hefur einn eða fleiri flokka hlutabréfa tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um undanþágur frá ákvæðum þessa kafla varðandi erlend hlutafélög.

100. gr.

*Tilboðsskylda.*

Hafi aðili beint eða óbeint náð yfirráðum í hlutafélagi þar sem einn eða fleiri flokkar hlutabréfa hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal sá aðili eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, þ.e. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu. Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. hafi samanlagt eignast a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu,
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 40% atkvæða í félaginu, eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái yfirráðum í félagi, eða um að koma í veg fyrir að yfirtaka nái fram að ganga, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti.

Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

1. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjárráða börn aðila.
2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul.
3. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. ⅓ hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 2. og 4. tölul.
4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

Tilboðsskylda skv. 1. mgr. hvílir á þeim aðila samstarfs sem eykur við hlut sinn þannig að mörkum 1. mgr. er náð.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá tilboðsskyldu skv. 1. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því. Fjármálaeftirlitið getur sett skilyrði fyrir undanþágunni, t.d. varðandi frest sem viðkomandi hefur til að selja hluti sem eru umfram leyfileg mörk og meðferð atkvæðisréttar á því tímabili.

Tilboðsgjafi skv. 1. mgr. skal gera tilboðsyfirlit í samræmi við ákvæði XI. kafla.

101. gr.

*Valfrjáls tilboð.*

Ákvæði þessa kafla gilda einnig fyrir valfrjáls tilboð um kaup á hlutum í hlutafélagi þar sem einn eða fleiri flokkar hlutabréfa hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Með valfrjálsu tilboði er átt við tilboð sem beint er til allra hluthafa viðkomandi félags, án þess að um tilboðsskyldu sé að ræða skv. 1. mgr. 100. gr.

Tilboðsgjafi sem gerir valfrjálst tilboð skal gera tilboðsyfirlit í samræmi við ákvæði XI. kafla.

Tilboðsgjafa sem gerir valfrjálst tilboð er heimilt að takmarka tilboð sitt þannig að það taki einungis til hluta hlutafjár eða atkvæðisréttar viðkomandi félags, að því tilskildu að tilboðið hafi ekki í för með sér að tilboðsskylda stofnist skv. 100. gr. Við takmarkað tilboð samkvæmt þessari málsgrein skal gefa öllum hluthöfum eða eigendum atkvæðisréttar kost á að afhenda hlutabréf sín eða atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína eða atkvæðisrétt.

Tilboðsgjafa sem gerir valfrjálst tilboð er heimilt að setja skilyrði fyrir því að hann standi við tilboðið.

Ef tilboðsgjafi hefur náð yfirráðum í félagi í kjölfar valfrjáls tilboðs í alla hluti allra hluthafa í viðkomandi félagi ber viðkomandi ekki skylda til að gera yfirtökutilboð í samræmi við 100. gr.

102. gr.

*Tilkynning um tilboð.*

Tilboðsgjafi skal tilkynna viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði um ákvörðun um tilboð án tafar. Skipulegi verðbréfamarkaðurinn skal birta tilkynninguna opinberlega. Jafnframt skal tilboð kynnt fyrir starfsmönnum viðkomandi félaga.

103. gr.

*Skilmálar tilboðs.*

Tilboðsgjafi skal bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutaflokki sömu skilmála.

Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skv. 100. gr. skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Nú hefur tilboðsgjafi eða aðili sem hann er í samstarfi við greitt hærra verð en skv. 2. mgr. á tilboðstímabili og skal hann þá breyta yfirtökutilboði og bjóða það verð. Ef tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við greiða hærra verð eða bjóða betri kjör fyrir hluti í viðkomandi félagi næstu þrjá mánuði eftir lok tilboðstímabils skal greiða þeim hluthöfum sem tekið höfðu upphaflega tilboðinu viðbótargreiðslu sem samsvarar þeim mismun.

Í yfirtökutilboði skal tilboðsgjafi bjóða öðrum hluthöfum í viðkomandi félagi greiðslu í formi reiðufjár, hluta sem bera atkvæðisrétt eða hvoru tveggja. Ef tilboðsgjafi býður ekki seljanlega hluti sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem greiðslu skal reiðufé einnig boðið fram sem valkostur. Sama gildir hafi tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við greitt fyrir a.m.k. 5% hlutafjár félagsins með reiðufé síðustu sex mánuði áður en tilboðsskylda myndaðist og á tilboðstímabili.

Ef tilboðsgjafi hyggst greiða fyrir hluti með reiðufé skal lánastofnun með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu ábyrgjast þá greiðslu. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að samþykkja ábyrgð frá lánastofnunum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ef greiðsla er með öðrum hætti skal tilboðsgjafi gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hægt verði að standa við tilboðið.

Gildistími yfirtökutilboðs skal hið skemmsta vera fjórar vikur, en tíu vikur hið lengsta. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja gildistíma tilboðs ef fyrir því eru gildar ástæður.

Uppgjör vegna yfirtekinna hluta skal fara fram eigi síðar en fimm viðskiptadögum eftir að gildistími tilboðs rennur út.

Fjármálaeftirlitið getur breytt tilboðsverði, til hækkunar eða lækkunar, ef um sérstakar kringumstæður er að ræða og reglunni um jafnræði hluthafa í 1. mgr. er fylgt. Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 4. og 7. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því. Allar ákvarðanir um breytingar á tilboðsverði og undanþágur skulu vera rökstuddar og birtar opinberlega.

104. gr.

*Skyldur stjórnar.*

Stjórn félags sem tilboð tekur til skal hafa hagsmuni félagsins sjálfs að leiðarljósi í öllum gerðum sínum og má ekki neita hluthöfum félagsins um tækifæri til að taka ákvörðun um tilboðið.

Frá þeim tíma er ákvörðun um tilboð í hluti í félagi hefur verið gerð opinber eða stjórn félags er ljóst að tilboð sé væntanlegt og þar til niðurstöður tilboðs hafa verið gerðar opinberar er stjórn viðkomandi félags óheimilt að taka ákvarðanir sem haft geta áhrif á tilboðið nema að fengnu fyrirframsamþykki hluthafafundar. Hér er m.a. átt við ákvarðanir um:

1. útgáfu nýrra hluta eða fjármálagerninga í félaginu eða dótturfélögum þess,
2. kaup eða sölu eigin hlutabréfa eða hlutabréfa í dótturfélögum,
3. samruna félagsins eða dótturfélaga þess við önnur félög,
4. kaup eða sölu á eignum eða öðru sem haft getur umtalsverð áhrif á starfsemi félagsins eða dótturfélaga þess,
5. samninga sem falla ekki undir venjulega starfsemi félagsins,
6. umtalsverðar breytingar á starfskjörum stjórnenda,
7. aðrar ákvarðanir sem haft geta sambærileg áhrif á starfsemi félagsins eða dótturfélaga þess.

Stjórn er þó heimilt að leita annarra tilboða án samþykkis hluthafafundar.

Hluthafafundur skal einnig staðfesta eða samþykkja aftur ákvarðanir sem teknar voru fyrir þann tíma sem tilgreindur er í 2. mgr. ef þeim ákvörðunum hefur ekki enn verið framfylgt að hluta til eða öllu leyti og þær falla utan við venjulega starfsemi félagsins.

Stjórn félags sem tilboð tekur til skal semja og gera opinbera sérstaka greinargerð þar sem fram kemur rökstutt álit stjórnarinnar á tilboðinu og skilmálum þess. Í greinargerðinni skal einnig fjallað um álit stjórnarinnar á framtíðaráformum tilboðsgjafa og hvaða áhrif hún telur

að tilboðið geti haft á hagsmuni félagsins, störf stjórnenda og starfsmanna þess, sem og staðsetningu starfsstöðva félags. Ef stjórninni berst tímanlega álit frá fulltrúum starfsmanna á því hvaða áhrif tilboðið hafi á störf starfsmanna fyrirtækisins ber stjórninni að láta það álit fylgja með greinargerð sinni.

Ef skiptar skoðanir eru um tilboð innan stjórnarinnar skal það koma fram í greinargerðinni. Ef stjórnarmenn eiga aðild að tilboði eða eru í samstarfi við tilboðsgjafa eða hafa að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu tilboðs skal upplýst um það í greinargerð stjórnar. Stjórnarmenn sem aðild eiga að tilboði eða eru í samstarfi við tilboðsgjafa eða hafa að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu tilboðs skulu ekki taka þátt í því að semja greinargerð stjórnar.

Ef stjórnarmenn, eða aðilar í samstarfi við þá skv. 100. gr., eru aðilar að tilboði eða vanhæfir að öðru leyti til að fjalla um tilboð, og það leiðir til þess að stjórn er ekki ályktunarhæf, skal stjórnin láta óháð fjármálafyrirtæki meta tilboðið og skilmála þess.

Greinargerð stjórnar skal birta opinberlega a.m.k. einni viku áður en gildistími tilboðs rennur út.

Ef tilboðsgjafi gerir breytingar á tilboði sínu skv. 107. gr. skal stjórn innan sjö daga frá því að breytt tilboð hefur verið gert opinbert semja og birta opinberlega, sbr. 114. gr., viðbót við greinargerð sína þar sem fram kemur álit stjórnarinnar á viðkomandi breytingum.

105. gr.

*Um afturköllun tilboðs.*

Tilboð sem gert hefur verið opinbert skv. 114. gr. er ekki hægt að afturkalla nema sérstök óviðráðanleg atvik (force majeure) mæli með því.

Valfrjáls tilboð er þó unnt að afturkalla að fullnægðu einhverju eftirfarandi skilyrða:

1. fram kemur tilboð sem er sambærilegt við eða hagstæðara en yfirtökutilboð,
2. skilyrði sem tilboðið er háð og tekið er fram í tilboðsyfirliti er ekki uppfyllt,
3. hlutafélagið sem yfirtakan beinist að eykur hlutafé sitt, eða
4. aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

Fjármálaeftirlitið skal samþykkja afturköllun tilboðs.

Afturköllun tilboðs skal birta opinberlega, sbr. 114. gr.

106. gr.

*Ógilding tilboðs.*

Tilboð fellur úr gildi ef lagaleg atriði réttlæta það eða viðurkenning stjórnvalda sem telja verður nauðsynlega til þess að eigendaskipti geti orðið að hlutunum liggur ekki fyrir þegar gildistíma tilboðs lýkur eða þeim hefur verið hafnað á gildistíma tilboðs.

Ef tilboð fellur úr gildi af fyrrgreindum orsökum er tilboðsgjafa og aðilum í samstarfi við hann ekki heimilt að setja fram nýtt tilboð eða fara yfir þau mörk sem tilboðsskylda miðast við skv. 100. gr. næstu 12 mánuði nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

107. gr.

*Breytingar á tilboði.*

Tilboðsgjafi getur hvenær sem er á tilboðstímabili gert breytingar á tilboði sínu ef breytingarnar hafa í för með sér hagstæðari skilmála fyrir aðra hluthafa. Ef breytingar eru gerðar á tilboði þegar minna en tvær vikur eru eftir af tilboðstímabili skal framlengja tímabilið þannig að það gildi í a.m.k. tvær vikur eftir að breytt tilboð hefur verið birt opinberlega.

Hluthöfum sem samþykkt höfðu fyrra tilboð skal gefinn kostur á að velja á milli tilboða. Breytingar á tilboði skal birta opinberlega, sbr. 114. gr.

108. gr.

*Samkeppnistilboð.*

Með samkeppnistilboði er átt við tilboð frá þriðja aðila sem gert er opinbert á gildistíma annars tilboðs.

Ef framkomið tilboð er ekki afturkallað eða því breytt í kjölfar samkeppnistilboðs skal gildistími þess framlengdur til samræmis við gildistíma samkeppnistilboðs.

Ef fram kemur samkeppnistilboð geta hluthafar sem samþykkt hafa skilyrt valfrjálst tilboð, sbr. 4. mgr. 101. gr., dregið samþykki sitt til baka hvenær sem er á tilboðstímabilinu ef tilboðsgjafi hefur ekki tilkynnt opinberlega áður en tilkynnt var um fyrirhugað samkeppnistilboð að hann hafi fallið frá öllum skilyrðum sem sett voru í tilboðinu eða að öll skilyrði hafi verið uppfyllt.

109. gr.

*Upplýsingar um niðurstöður tilboðs.*

Tilboðsgjafi skal gera upplýsingar um niðurstöður tilboðs opinberar með tilkynningu til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar innan þriggja viðskiptadaga frá lokum tilboðstímabils.

Ef um valfrjálst tilboð er að ræða skal koma fram í tilkynningunni hvort skilyrði sem sett voru í tilboðinu hafi verið uppfyllt og, ef svo er ekki, hvort tilboðsgjafi hyggist engu síður standa við tilboð sitt eða afturkalla það. Ekki er hægt að afturkalla tilboð eftir þann tíma sem tilgreindur er í 1. mgr.

110. gr.

*Innlausnarréttur tilboðsgjafa og hluthafa.*

Ef tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við skv. 100. gr. eignast meira en 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði geta tilboðsgjafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn tilboðsgjafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar, eftir því sem við á, þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna. Skilmála fyrir innlausn skal greina í tilkynningunni. Ef tilboðsgjafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast sanngjarnt innlausnarverð, nema ákvæði 3. mgr. 103. gr. eigi við.

Sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutabréf fyrri eiganda ógild. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

Ef tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við skv. 100. gr. eignast meira en 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá tilboðsgjafanum. Ef hluthafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast sanngjarnt innlausnarverð, nema ákvæði 3. mgr. 103. gr. eigi við.

Kostnaður við innlausn skal greiddur af tilboðsgjafa.

111. gr.

*Úrræði ef ekki er gert tilboð.*

Ef aðili sem er tilboðsskyldur skv. 100. gr. setur ekki fram tilboð innan tilboðsfrests eða innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið hefur úrskurðað um tilboðsskyldu vegna samstarfs getur Fjármálaeftirlitið fellt niður allan atkvæðisrétt viðkomandi aðila í félaginu. Skulu þeir hlutir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi félagi um brottfall atkvæðisréttarins. Er viðkomandi aðilum að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk, sbr. 100. gr. Fjármálaeftirlitið skal setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera lengri en fjórar vikur. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur einnig sett skilyrði um nýtingu atkvæðisréttar tilboðsskylds aðila eða fellt niður atkvæðisréttindi hans fyrr en mælt er fyrir um í 1. mgr. ef fyrir því eru sérstakar ástæður.

## XI. KAFLI
## **Tilboðsyfirlit.**

112. gr.

*Gildissvið kaflans.*

Ákvæði þessa kafla gilda um tilboðsyfirlit sem skylt er að útbúa og birta opinberlega í tengslum við yfirtökutilboð.

113. gr.

*Efni tilboðsyfirlits.*

Í tilboðsyfirliti skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. nafn, heimilisfang og kennitala hlutafélagsins sem tilboðið tekur til,
2. nafn, heimilisfang og rekstrarform ef tilboðsgjafi er félag, svo og yfirlit um þá einstaklinga eða lögaðila sem væntanlega munu taka þátt í viðskiptunum ásamt tilboðsgjafa eða eru í samstarfi við tilboðsgjafa skv. 100. gr.,
3. upplýsingar um hve mikinn atkvæðisrétt, áhrif eða hve marga hluti tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við skv. 100. gr. hafa þegar öðlast beint eða óbeint eða tryggt sér með öðrum hætti, sem og upplýsingar um áætlaðan atkvæðisrétt, áhrif eða hluti tilboðsgjafa eftir sölu, ef við á,
4. hámarks- og lágmarkshlutfall eða magn hluta sem tilboðsgjafi ætlar að eignast ef um valfrjálst tilboð er að ræða,
5. verð sem miðað er við í tilboðinu, hvernig það var ákvarðað og hvenær greiðsla fer fram; einnig skal upplýsa um það hvort einhver kostnaður fellur á þá hluthafa sem samþykkja tilboðið,
6. fjármögnun tilboðs,
7. upplýsingar um hvernig greiðsla skuli fara fram og, ef boðin eru fram hlutabréf, upplýsingar um þau hlutabréf og hvernig skiptin verða ákveðin,
8. upplýsingar um á hvaða degi hlutir skulu afhentir og hvenær unnt er að beita atkvæðisrétti sem þeim fylgir,
9. önnur skilyrði sem tilboðið kann að vera háð, þ.m.t. undir hvaða kringumstæðum er unnt að afturkalla það,

10. gildistími tilboðs,
11. hvað tilboðsmóttakanda ber að gera til að samþykkja tilboðið,
12. samantekt tilboðsgjafa um framtíðaráætlanir fyrir félagið, þ.m.t. áform um starfsemi, og hvernig skuli nota fjármuni félagsins, upplýsingar um áframhaldandi viðskipti hlutabréfa félagsins á skipulögðum verðbréfamarkaði, breytingar á samþykktum og væntanlega endurskipulagningu, ef það á við; einnig skal fjallað um hugsanleg áhrif yfirtöku á störf stjórnenda og starfsmanna félaganna og starfsskilyrði þeirra, sem og á staðsetningu starfsstöðva félaganna; ef tilboðsgjafi er félag og tilboðið hefur áhrif á það skal einnig birta sambærilega samantekt fyrir það félag,
13. upplýsingar um væntanlega samninga við aðra um að nýta atkvæðisrétt í félaginu, svo framarlega sem tilboðsgjafi á aðild að slíkum samningi eða honum er kunnugt um hann,
14. upplýsingar um hvers konar hlunnindi og greiðslur frá tilboðsgjafa og samstarfsaðilum hans til stjórnarmanna og stjórnenda þess félags sem tilboð tekur til,
15. upplýsingar um þau lög sem gilda um samninga milli tilboðsgjafa og hluthafa vegna tilboðs og um lögbæra dómstóla,
16. aðrar upplýsingar sem máli kunna að skipta.

Tilboðsyfirlit skal staðfest af Fjármálaeftirlitinu áður en það er birt opinberlega skv. 114. gr. Ef umtalsverðar breytingar verða á upplýsingum í tilboðsyfirliti eftir að það hefur verið birt opinberlega eða ef í ljós kemur að tilboðsyfirlit uppfyllir ekki þær kröfur sem nefndar eru í 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að nánari upplýsingar verði gerðar opinberar innan sjö daga.

Fjármálaeftirlitið getur með samningi falið kauphöll að annast staðfestingu á tilboðsyfirliti, sbr. 138. gr. Í samningi þessum skal koma fram hvaða verkefni eru falin kauphöll og skilyrði við framkvæmd þeirra. Þóknun fyrir athugun og staðfestingu á tilboðsyfirliti skal ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða viðkomandi kauphöll.

114. gr.

*Opinber birting tilboðsyfirlits.*

Birta skal auglýsingu opinberlega um tilboðsyfirlit í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi eigi síðar en fjórum dögum áður en tilboð tekur gildi, enda liggi fyrir staðfesting Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 113. gr. Í auglýsingunni skal tekið fram hvar nálgast má tilboðsyfirlitið. Samhliða skal nafnskráðum hluthöfum í félagi sem tilboð tekur til sent tilboðsyfirlitið á kostnað tilboðsgjafa. Tilboðsyfirlit skal einnig kynna fyrir starfsmönnum viðkomandi félaga.

## XII. KAFLI
## **Verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði.**

115. gr.

*Gildissvið kaflans.*

Ákvæði þessa kafla taka til eftirfarandi fjármálagerninga:

1. fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi, á Evrópska efnahagssvæðinu eða á sambærilegum erlendum mörkuðum, og
2. fjármálagerninga sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum skv. 1. tölul.

Ákvæði 117. gr. gilda einnig um fjármálagerninga sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) hér á landi og fjármálagerninga sem tengdir eru einum eða fleiri slíkum fjármálagerningum.

Ákvæði 117. gr. eiga ekki við þegar um er að ræða:

1. viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlun eða við verðjöfnun fjármálagerninga, enda hafi viðskiptin farið fram í samræmi við reglugerð sem sett skal á grundvelli 118. gr.,
2. viðskipti ríkja eða seðlabanka innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu þessara aðila í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

116. gr.

*Viðskiptavaki.*

Fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til verðbréfaviðskipta getur með samningi við útgefanda fjármálagerninga skuldbundið sig til að vera viðskiptavaki, þ.e. kaupa og selja fyrir eigin reikning eða reikning útgefanda tiltekna fjármálagerninga, í því skyni að greiða fyrir að markaðsverð skapist á þeim.

Viðskiptavaki skal tilkynna um samning skv. 1. mgr. til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi fjármálagerningar hafa verið teknir til viðskipta. Tilkynningin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar um samninginn:

1. lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða,
2. hámarksfjárhæð heildarviðskipta dag hvern,
3. hámarksmun á kaup- og sölutilboðum og
4. hvernig fjármálafyrirtækið hyggst að öðru leyti fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningnum.

Viðskiptavaki skal dag hvern setja fram kaup- eða sölutilboð í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar áður en markaðurinn er opnaður. Verði tilboði viðskiptavaka tekið eða það fellt niður af hans hálfu skal hann setja fram nýtt tilboð eins fljótt og mögulegt er þar til hámarksfjárhæð viðskipta fyrir dag hvern hefur verið náð.

Geri fjármálafyrirtæki viðskiptavakasamning um viðskipti fyrir reikning útgefanda skal tryggt að útgefanda sé ekki unnt að hafa áhrif á ákvarðanir um viðskipti á grundvelli samningsins.

117. gr.

*Markaðsmisnotkun og milliganga fjármálafyrirtækis.*

Markaðsmisnotkun er óheimil. Með markaðsmisnotkun er átt við að:

1. eiga viðskipti eða gera tilboð sem:
   a. gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna, eða
   b. tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á einum eða fleirum fjármálagerningum, nema aðilinn sem átti viðskiptin eða gaf fyrirmæli um þau geti sýnt fram á að ástæður að baki þeim séu lögmætar og að viðskiptin eða fyrirmælin hafi verið í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði.
2. eiga viðskipti eða gera tilboð sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar eða sýndarmennsku.
3. dreifa upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem gefa eða eru líkleg til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar eða vísbendingar um fjármálagerninga, enda hafi sá sem dreifði

upplýsingunum vitað eða mátt vita að upplýsingarnar voru rangar eða misvísandi. Þegar fjölmiðlamenn miðla slíkum upplýsingum í krafti starfs síns ber að meta upplýsingamiðlunina með hliðsjón af reglum um starfsgrein þeirra, svo fremi þessir aðilar hljóti hvorki ávinning né hagnist af miðlun viðkomandi upplýsinga með beinum eða óbeinum hætti.

Fjármálafyrirtæki sem heimild hefur til verðbréfaviðskipta er óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við 1. mgr.

Vakni grunur hjá starfsmanni fjármálafyrirtækis um brot gegn ákvæðum 1. mgr. skal hann þegar í stað tilkynna það til næsta yfirmanns eða regluvarðar. Viðkomandi fyrirtæki er skylt að tilkynna slíkan grun þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins en starfsmanni er það einnig heimilt. Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis eða starfsmanns þess sem veitt er í góðri trú samkvæmt þessari málsgrein telst ekki brot á þagnarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsi- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum. Óheimilt er að upplýsa viðskiptamann eða annan utanaðkomandi aðila um að Fjármálaeftirlitinu hafi verið veittar upplýsingar skv. 1. málsl.

118. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari skilgreiningar á:

1. markaðsmisnotkun,
2. viðurkenndri markaðsframkvæmd,
3. tilkynningum fjármálafyrirtækja eða starfsmanna þeirra um grun um brot, sbr. 3. mgr. 117. gr.,
4. undanþágum frá ákvæðum um markaðsmisnotkun vegna endurkaupaáætlana og verðjöfnunar.

## XIII. KAFLI
## **Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.**

119. gr.

*Gildissvið kaflans.*

Ákvæði þessa kafla taka til eftirfarandi fjármálagerninga:

1. fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi, á Evrópska efnahagssvæðinu eða á sambærilegum erlendum mörkuðum og fjármálagerninga sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) hér á landi og
2. fjármálagerningar, sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum skv. 1. tölul.

Ákvæði 123. gr. eiga ekki við þegar um er að ræða viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlunum eða við verðjöfnun fjármálagerninga, enda hafi viðskiptin farið fram í samræmi við reglugerð sem sett er á grundvelli 131. gr. Önnur ákvæði kafla þessa skulu gilda eftir atvikum.

120. gr.

*Innherjaupplýsingar.*

Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagern-

ingana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð sem sett er skv. 131. gr. Tilkynningar til skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) teljast opinberar upplýsingar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Aðrar upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðnum með opinberum og viðurkenndum hætti.

121. gr.
*Innherji.*

Með innherja er átt við:

1. fruminnherja, þ.e. aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga,
2. tímabundinn innherja, þ.e. aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna, og
3. annan innherja, þ.e. aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

122. gr.
*Upplýsingaskylda, frestun upplýsingaskyldu og lögmæt miðlun innherjaupplýsinga.*

Útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), ber að tilkynna þegar í stað allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) þar sem fjármálagerningar hans hafa verið teknir til viðskipta. Skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) skal miðla upplýsingum skv. 1. málsl. í upplýsingakerfi sínu og teljast upplýsingarnar opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan.

Þegar innherjaupplýsingum hefur verið miðlað með opinberum hætti samkvæmt þessari grein skal viðkomandi útgefandi birta innherjaupplýsingarnar á heimasíðu sinni.

Útgefanda fjármálagerninga er á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu upplýsinga skv. 1. mgr. til að vernda lögmæta hagsmuni útgefandans, svo framarlega sem frestunin er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og útgefandi getur tryggt trúnað um upplýsingarnar eins og kveðið er á um í reglugerð sem setja skal skv. 131. gr.

Nýti útgefandi heimild til frestunar skv. 3. mgr. er honum, eða aðila í umboði hans, aðeins heimilt að láta þriðja aðila innherjaupplýsingarnar í té, enda sé það gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir og móttakandi upplýsinganna er bundinn trúnaði um þær, svo sem samkvæmt lögum, reglugerð eða samningi.

123. gr.
*Innherjasvik.*

Innherja er óheimilt að:

1. afla eða ráðstafa fjármálagerningum með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra, búi hann yfir innherjaupplýsingum,
2. láta þriðja aðila innherjaupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,

3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að afla fjármálagerninga eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerningana.

Ákvæði 1. mgr. nær einnig til:

1. lögaðila og aðila sem taka þátt í ákvörðun um viðskipti með fjármálagerninga fyrir reikning lögaðilans,
2. aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum á grundvelli ólögmæts atferlis.

Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. á ekki við um:

1. viðskipti innherja þar sem fullnægt er gjaldfallinni samningsskyldu til að afla eða ráðstafa fjármálagerningum sem stofnað var til áður en innherjinn komst yfir innherjaupplýsingarnar,
2. viðskipti þar sem fylgt er beinum fyrirmælum viðskiptavinar um ráðstöfun, pöntun eða miðlun fjármálagerninga eða þar sem framfylgt er með venjubundnum hætti samningsbundinni skyldu um viðskiptavaka í samræmi við ákvæði XII. kafla.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um viðskipti ríkisins, Seðlabanka Íslands eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu ríkisins í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

124. gr.

*Milliganga fjármálafyrirtækis.*

Fjármálafyrirtæki sem heimild hefur til verðbréfaviðskipta er óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við ákvæði þessa kafla.

Vakni grunur hjá starfsmanni fjármálafyrirtækis um að viðskipti skv. 1. mgr. hafi farið fram skal hann þegar í stað tilkynna það til næsta yfirmanns eða regluvarðar. Viðkomandi fyrirtæki er skylt að tilkynna slíkan grun þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins, en starfsmanni er það einnig heimilt. Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis eða starfsmanns þess sem veitt er í góðri trú samkvæmt þessari málsgrein telst ekki brot á þagnarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsiné skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum. Óheimilt er að upplýsa viðskiptamann eða annan utanaðkomandi aðila um að Fjármálaeftirlitinu hafi verið veittar upplýsingar skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

125. gr.

*Rannsóknarskylda fruminnherja.*

Áður en fruminnherji á viðskipti með fjármálagerninga útgefanda, sem hann er fruminnherji í, skal hann ganga úr skugga um að ekki liggi fyrir innherjaupplýsingar hjá útgefandanum. Sama gildir um fyrirhuguð viðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru slíkum fjármálagerningum og fyrirhuguð viðskipti aðila sem er fjárhagslega tengdur fruminnherja.

126. gr.

*Tilkynningarskylda fruminnherja.*

Fruminnherji skal áður en hann, eða aðili fjárhagslega tengdur honum, á viðskipti með fjármálagerninga útgefandans, tilkynna það aðila sem tilnefndur hefur verið í samræmi við reglur sem útgefnar eru skv. 130. gr.(regluverði). Fruminnherji skal með sama hætti tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt viðskipti með fjármálagerninga

útgefandans. Viðkomandi útgefandi skal samdægurs tilkynna um viðskiptin til Fjármálaeftirlitsins.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um fyrirhuguð viðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru fjármálagerningum skv. 1. mgr.

127. gr.

*Birting upplýsinga um viðskipti stjórnenda.*

Auk tilkynninga um viðskipti innherja skv. 126. gr. ber útgefanda þegar í stað að senda upplýsingar um viðskipti stjórnenda útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi fjármálagerningar hafa verið teknir til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að þeir séu teknir til viðskipta eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) þar sem verslað er með viðkomandi fjármálagerninga. Viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) skal birta upplýsingarnar opinberlega, enda nemi markaðsvirði viðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í útgefandanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1.000.000 kr.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skal tilgreina:

1. nafn útgefanda fjármálagerninga,
2. dagsetningu tilkynningar,
3. nafn fruminnherja, eða fjárhagslega tengds aðila ef við á,
4. tengsl fruminnherja við útgefanda fjármálagerninga,
5. dagsetningu viðskipta og hvenær dagsins þau fóru fram,
6. tegund fjármálagernings,
7. hvort um var að ræða kaup eða sölu,
8. nafnverð og gengi í viðskiptum,
9. nafnverð hlutar fruminnherja annars vegar og fjárhagslega tengdra aðila hins vegar eftir viðskipti og
10. dagsetningu lokauppgjörs viðskiptanna, ef við á.

Með stjórnendum í lögum þessum er átt við stjórnarmenn, forstjóra, framkvæmdastjóra, eftirlitsnefndir og aðra stjórnendur sem eru fruminnherjar hjá útgefanda og hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu útgefandans. Hið sama á við um aðila fjárhagslega tengda framangreindum stjórnendum.

128. gr.

*Innherjaskrá.*

Útgefandi skal senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, eftirfarandi upplýsingar um fruminnherja og tímabundna innherja:

1. heiti útgefanda,
2. skipulegan verðbréfamarkað þar sem fjármálagerningar útgefanda hafa verið teknir til viðskipta eða þar sem óskað hefur verið eftir að þeir yrðu teknir til viðskipta eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) þar sem verslað er með viðkomandi fjármálagerninga,
3. nafn, kennitölu og heimilisfang innherja,
4. tengsl innherja við útgefanda,
5. ástæðu skráningar innherja, og
6. nöfn aðila sem eru fjárhagslega tengdir innherja.

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir fruminnherja og tímabundna innherja. Því er heimilt að kveða nánar á um upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. Allar breytingar á upplýsingum skv. 1. mgr. skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu þegar í stað. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Útgefandi skal einnig senda upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem fjármálagerningar útgefanda hafa verið teknir til viðskipta eða þar sem óskað hefur verið eftir að þeir yrðu teknir til viðskipta eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) þar sem verslað er með viðkomandi fjármálagerninga.

Upplýsingar um fruminnherja í innherjaskrá Fjármálaeftirlitsins skulu gerðar opinberar með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

129. gr.

*Tilkynning um réttarstöðu innherja.*

Útgefandi sem tilgreint hefur innherja til Fjármálaeftirlitsins skv. 128. gr. skal tilkynna viðkomandi innherja um það skriflega. Jafnframt skal útgefandi tilkynna innherja skriflega þegar hann hefur verið tekinn af skránni.

Útgefandi skal greina innherja frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja og meðferð innherjaupplýsinga.

130. gr.

*Eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja.*

Stjórn útgefanda fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) ber ábyrgð á eftirliti með því að reglum útgefnum af Fjármálaeftirlitinu á grundvelli 132. gr., um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, sé fylgt. Stjórn skal ráða regluvörð eða staðfesta formlega ráðningu hans. Með sama hætti skal ráða staðgengil regluvarðar. Regluvörður hefur umsjón með að framangreindum reglum sé framfylgt innan útgefandans og honum ber að leggja fyrir stjórn útgefanda skýrslu um framkvæmd regluvörslu svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

Stjórnvöld og aðrir aðilar sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni skulu fylgja reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja eftir því sem við getur átt.

131. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari skilgreiningar á:

1. innherjaupplýsingum,
2. innherjaupplýsingum þegar um er að ræða hrávöruafleiður,
3. formi og efni opinberrar birtingar innherjaupplýsinga,
4. lögmætum hagsmunum til frestunar opinberrar birtingar innherjaupplýsinga,
5. tilkynningum fjármálafyrirtækja eða starfsmanna þeirra um grun um brot, sbr. 2. mgr. 124. gr.,
6. undanþágum frá ákvæðum um innherjasvik vegna endurkaupaáætlana og verðjöfnunar.

132. gr.

*Reglur Fjármálaeftirlitsins.*

Fjármálaeftirlitið skal setja reglur um:

1. meðferð innherjaupplýsinga, þ.m.t. með hvaða hætti komið skuli í veg fyrir að innherjaupplýsingar berist til annarra en þeirra er þarfnast þeirra vegna starfa sinna,
2. viðskipti innherja, þ.m.t. hvernig rannsóknarskyldu fruminnherja skv. 125. gr. skuli háttað,
3. hlutverk og stöðu regluvarðar, sbr. 130. gr.,
4. skráningu samskipta sem fram fara á grundvelli reglna skv. 130. gr.,
5. skilgreiningu fjárhagslega tengdra aðila,
6. innherjalista,
7. tilkynningar um viðskipti fruminnherja, stjórnenda og fjárhagslega tengdra aðila.

## XIV. KAFLI
## **Eftirlit.**

133. gr.

*Almennt eftirlit.*

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Um heimildir þess fer samkvæmt ákvæðum kafla þessa og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ársreikningaskrá kannar hvort upplýsingar samkvæmt VII. kafla eru samdar í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur.

Í tengslum við athugun tiltekins máls er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg. Fjármálaeftirlitið getur kallað til skýrslugjafar einstaklinga sem það telur búa yfir upplýsingum um tiltekið mál. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum samkvæmt þessari grein.

Síma- eða fjarskiptafyrirtæki er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að fyrirliggjandi gögnum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki enda liggi fyrir samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda. Ef samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis liggur ekki fyrir er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefjast fyrir dómi aðgangs að gögnum skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar hjá síma- eða fjarskiptafyrirtæki. Um skilyrði og meðferð slíkrar kröfu fer eftir 87. gr. laga um meðferð opinberra mála, að undanskildum b-lið 2. mgr. greinarinnar sem á ekki við um aðgerð samkvæmt þessari málsgrein.

Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um almennt útboð verðbréfa getur það stöðvað útboð og veitt frest til úrbóta sé þess kostur. Fjármálaeftirlitið getur birt opinberlega yfirlýsingu um umrætt mál og lagt dagsektir eða févíti á þá sem tengjast almennu útboði samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um viðskiptavaka getur það veitt viðskiptavaka viðvörun eða áminningu eða birt opinberlega tilkynningu um vanefndir hans.

Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um opinbera birtingu upplýsinga samkvæmt 25. gr. og VII., VIII. og IX. kafla er því heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að almenningur sé réttilega upplýstur.

Telji Fjármálaeftirlitið háttsemi andstæða ákvæðum laga þessara getur stofnunin krafist þess að háttseminni verði hætt þegar í stað. Fjármálaeftirlitið getur jafnframt krafist þess að atvinnustarfsemi verði stöðvuð tímabundið í því skyni að koma í veg fyrir háttsemi sem talin er andstæð ákvæðum laga þessara. Þá getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að viðskipti með

tiltekna fjármálagerninga verði stöðvuð tímabundið á meðan athugun þess á tilteknu máli stendur yfir. Fjármálaeftirlitið getur jafnframt krafist þess að viðskiptum með tiltekna fjármálagerninga verði hætt fyrir fullt og allt, hvort sem viðskiptin fara fram á skipulegum verðbréfamarkaði, markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) eða með öðrum hætti, leiði athugun þess í ljós að viðskiptin séu í andstöðu við lög.

Fjármálaeftirlitið getur krafist kyrrsetningar eigna einstaklings eða lögaðila þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að háttsemi hans fari í bága við ákvæði laga þessara. Um skilyrði og meðferð slíkrar kröfu fer eftir 85. gr. laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þar á meðal þær eftirlitsheimildir og úrræði sem fram koma í 9.–11. gr. laganna.

134. gr.

*Eftirlit með almennu útboði og lýsingum.*

Um eftirlit með almennu útboði og lýsingum og heimildir til framsals fer skv. 133. gr.

Eftir að Fjármálaeftirlitið hefur tekið við umsókn um staðfestingu á lýsingu er því heimilt:

1. að krefjast þess að útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem sækja um töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði birti viðbótarupplýsingar í lýsingu, ef þörf er á, í því skyni að vernda fjárfesta,
2. að krefjast þess að útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem sækja um töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og aðilar sem þeir hafa yfirráð yfir eða ráða yfir þeim leggi fram upplýsingar og skjöl,
3. að krefjast þess að endurskoðendur og stjórnendur viðkomandi útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sem og umsjónaraðilar útboðs eða töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, leggi fram upplýsingar,
4. að fresta almennu útboði eða töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í samfellt tíu virka daga að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við VI. kafla,
5. að banna auglýsingar eða fresta birtingu þeirra í samfellt tíu virka daga að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við VI. kafla,
6. að banna almennt útboð ef brotið hefur verið gegn ákvæðum VI. kafla,
7. að fresta eða fara fram á það við viðkomandi skipulega markaði að þeir fresti viðskiptum um samfellt tíu virka daga að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við ákvæði VI. kafla,
8. að banna viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði ef það telur að brotið hafi verið gegn ákvæðum VI. kafla,
9. að tilkynna opinberlega að útgefandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar skv. VI. kafla.

Þegar verðbréf hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er Fjármálaeftirlitinu jafnframt heimilt:

1. að krefjast þess að útgefandi birti allar upplýsingar sem kynnu að hafa áhrif á mat á verðbréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, í því skyni að tryggja vernd fjárfesta og eðlilega starfsemi markaðarins,

2. að stöðva eða óska eftir því við viðkomandi skipulegan verðbréfamarkað að viðskiptin verði stöðvuð tímabundið eða ótímabundið eftir atvikum, ef eftirlitið telur að aðstæður útgefandans séu þannig að viðskiptin mundu skaða hagsmuni fjárfesta,
3. að láta fara fram athugun hjá útgefanda innan lögráðasvæðis síns til að sannreyna hvort farið sé eftir ákvæðum VI. kafla.

135. gr.

*Eftirlit með opinberri birtingu upplýsinga.*

Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með því að útgefendur birti upplýsingar vegna VII., VIII. og IX. kafla tímanlega með það að markmiði að sjá til þess að almenningur á Evrópska efnahagssvæðinu hafi virkan og jafnan aðgang að þeim.

Fjármálaeftirlitið skal jafnframt fylgjast með því að útgefendur verðbréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi en ekki í heimaríki útgefandans, birti upplýsingar vegna VII., VIII. og IX. kafla tímanlega með það að markmiði að sjá til þess að almenningur á Evrópska efnahagssvæðinu hafi virkan og jafnan aðgang að þeim.

Afli Fjármálaeftirlitið upplýsinga skv. 2. mgr. 133. gr. frá endurskoðendum, útgefendum, eigendum hluta og annarra fjármálagerninga eða aðilum sem nefndir eru í 79. og 80. gr., auk aðila sem hafa framangreinda aðila undir yfirráðum sínum eða framangreindir aðilar hafa yfirráð yfir, í tengslum við tiltekið mál vegna VII., VIII. og IX. kafla, er því heimilt að fara fram á að útgefandi birti upplýsingarnar opinberlega með þeim aðferðum og innan þess frests sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt. Sinni útgefandi ekki beiðni Fjármálaeftirlitsins getur það birt viðkomandi upplýsingar að eigin frumkvæði hafi eftirlitið áður veitt viðkomandi útgefanda tækifæri til andmæla.

Ef útgefandi með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins en heimaríki á Íslandi birtir upplýsingar í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu, getur Fjármálaeftirlitið farið fram á að útgefandinn birti þær opinberlega á Evrópska efnahagssvæðinu ef það telur að þær gætu reynst mikilvægar fyrir almenning þar. Sinni útgefandi ekki beiðni Fjármálaeftirlitsins getur það birt viðkomandi upplýsingar að eigin frumkvæði hafi það áður veitt viðkomandi útgefanda tækifæri til andmæla.

136. gr.

*Miðlæg varðveisla.*

Fjármálaeftirlitið, eða aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, skal varðveita upplýsingar sem birtar eru opinberlega í samræmi við ákvæði VII., VIII. og IX. kafla með rafrænum hætti í miðlægu geymslukerfi.

Miðlæga geymslukerfið skal uppfylla kröfur um öryggi, áreiðanleika um hvaðan upplýsingar eru upprunnar, tímaskráningu og auðveldan aðgang fyrir notendur.

137. gr.

*Varúðarráðstafanir ef Ísland er gistiríki.*

Ef Ísland er gistiríki og Fjármálaeftirlitið kemst að því að útgefandi eða flöggunarskyldur aðili skv. 78., 79. eða 80. gr. hefur sýnt af sér háttsemi sem bryti gegn ákvæðum VII., VIII. eða IX. kafla þessara eða skyldum samkvæmt þeim, væri viðkomandi aðili með heimaríki á Íslandi, skal Fjármálaeftirlitið vísa málinu til lögbærs stjórnvalds í heimaríki útgefanda. Ákvæði 1. málsl. á ekki við um fresti skv. 86. eða 87. gr. Í þeim tilvikum skal Fjármálaeftirlitið vísa máli til lögbærs stjórnvalds í heimaríki útgefanda ef flöggunarskyldur aðili skv. 78.,

79. eða 80. gr. hefur ekki sent tilkynningu að fjórum viðskiptadögum liðnum frá stofnun flöggunarskyldu eða ef útgefandi hefur ekki birt upplýsingar í tilkynningu opinberlega að þremur viðskiptadögum liðnum frá því að honum barst tilkynningin.

Ef útgefandi eða flöggunarskyldur aðili skv. 78., 79. eða 80. gr. heldur áfram að brjóta viðkomandi lög eða reglur, þrátt fyrir ráðstafanir lögbærs stjórnvalds heimaríkisins eða vegna þess að slíkar ráðstafanir bera ekki árangur skal Fjármálaeftirlitið, eftir að hafa tilkynnt það lögbæru yfirvaldi heimaríkis, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda fjárfesta.

138. gr.

*Eftirlit skipulegs verðbréfamarkaðar.*

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fela skipulegum verðbréfamarkaði eftirlitsverkefni samkvæmt lögum þessum. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita skipulegum verðbréfamarkaði upplýsingar er varða slík eftirlitsverkefni. Skipulegum verðbréfamarkaði er heimilt að afla upplýsinga hjá aðilum viðkomandi markaðar vegna eftirlitsverkefna sem honum eru falin samkvæmt þessari málsgrein. Heimild til gjaldtöku vegna einstakra verkefna sem Fjármálaeftirlitinu er veitt í lögum þessum á við um skipulegan verðbréfamarkað hafi honum verið falin viðkomandi verkefni.

Gera skal grein fyrir eftirliti skv. 1. mgr. í yfirlýsingu undirritaðri af Fjármálaeftirlitinu og skipulegum verðbréfamarkaði. Yfirlýsingin skal birt opinberlega. Í yfirlýsingunni skal kveðið á um forsendur eftirlits sem skipulegur verðbréfamarkaður sinnir, framkvæmd þess og verkaskipti Fjármálaeftirlitsins og hins skipulega verðbréfamarkaðar. Einnig skal kveðið á um fyrirkomulag upplýsingamiðlunar skv. 1. mgr.

139. gr.

*Gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins.*

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er varða ákvæði laga þessara, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.

140. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um kröfur til miðlægs geymslukerfis í reglugerð.

## XV. KAFLI
## **Viðurlög.**

141. gr.

*Stjórnvaldssektir.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 1. mgr. 44. gr. um almennt útboð verðbréfa og lýsingu,
2. 45. gr. um upplýsingar í lýsingu,
3. 1. mgr. 46. gr. um viðauka við lýsingu,
4. 1. mgr. 48. gr. um árlega upplýsingagjöf,
5. 57. gr. um opinbera birtingu ársreiknings,

6. 58. gr. um opinbera birtingu árshlutareiknings vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins,
7. 1. mgr. 59. gr. um birtingu greinargerðar frá stjórn,
8. 1. mgr. 62. gr. um opinbera birtingu á Evrópska efnahagssvæðinu og sendingu upplýsinga til Fjármálaeftirlitsins,
9. 63. gr. um sendingu upplýsinga til Fjármálaeftirlitsins,
10. 64. gr. um tungumál,
11. 1.–3. mgr. 68. gr. um opinbera birtingu upplýsinga,
12. 69. gr. um sendingu draga að breytingum á stofnsamningi eða samþykktum til Fjármálaeftirlitsins eða skipulegs verðbréfamarkaðar,
13. 1. mgr. 73. gr. um opinbera birtingu upplýsinga skv. VIII. kafla og sendingu upplýsinga til Fjármálaeftirlitsins,
14. 74. gr. um sendingu upplýsinga til Fjármálaeftirlitsins,
15. 75. gr. um tungumál,
16. 1. og 2. mgr. 78. gr. um flöggunarskyldu,
17. 79. gr. um flöggunarskyldu við sérstakar aðstæður,
18. 84. gr. um skyldu útgefanda til að birta opinberlega upplýsingar um heildarfjölda hluta og heildarfjölda atkvæða á síðasta viðskiptadegi þess mánaðar er breytingarnar eiga sér stað,
19. 1. mgr. 85. gr. um efni flöggunartilkynninga,
20. 86. gr. um tímafresti tilkynninga frá flöggunarskyldum aðila,
21. 1. mgr. 87. gr. um birtingu útgefanda á upplýsingum tilkynninga,
22. 93. gr. um flöggunarskyldu vegna eigin hluta,
23. 1. mgr. 95. gr. um opinbera birtingu útgefanda á upplýsingum skv. IX. kafla og sendingu upplýsinga til Fjármálaeftirlitsins,
24. 96. gr. um sendingu upplýsinga til Fjármálaeftirlitsins,
25. 97. gr. um tungumál,
26. 1. mgr. 100. gr. um tilboðsskyldu,
27. 6. mgr. 100. gr., 2. mgr. 101. gr. og 114. gr. um tilboðsyfirlit,
28. 102. gr. um tilkynningu um tilboð,
29. 1.–7. mgr. 103. gr. um skilmála tilboðs,
30. 104. gr. um skyldur stjórnar,
31. 2. mgr. 106. gr. um ógildingu tilboðs,
32. 3. mgr. 107. gr. um skyldu til að birta breytingar á tilboði opinberlega,
33. 1. mgr. 109. gr. um upplýsingar um niðurstöður tilboðs,
34. 116. gr. um tilkynningar viðskiptavaka,
35. 117. gr. um markaðsmisnotkun og milligöngu fjármálafyrirtækis,
36. 122. gr. um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga,
37. 123. gr. um innherjasvik,
38. 1. mgr. 124. gr. um milligöngu fjármálafyrirtækis,
39. 125. gr. um rannsóknarskyldu fruminnherja,
40. 126. gr. um tilkynningarskyldu fruminnherja,
41. 127. gr. um birtingu upplýsinga um viðskipti stjórnenda,
42. 128. gr. um innherjaskrá,
43. 129. gr. um tilkynningu til innherja,

44. 130. gr. um eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja,
45. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 142. gr.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn 5.–21. og 25. gr. um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

142. gr.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

143. gr.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

144. gr.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um rannsókn á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að brotinu.

145. gr.

*Sektir eða fangelsi allt að tveimur árum.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 1. mgr. 44. gr. um almennt útboð verðbréfa og lýsingu,
2. 45. gr. um upplýsingar í lýsingu,
3. 1. mgr. 46. gr. um viðauka við lýsingu,
4. 1. mgr. 48. gr. um árlega upplýsingagjöf,
5. 1. og 2. mgr. 78. gr. um flöggunarskyldu,
6. 79. gr. um flöggunarskyldu við sérstakar aðstæður,
7. 93. gr. um flöggunarskyldu vegna eigin hluta,
8. 1. mgr. 100. gr. um tilboðsskyldu,

9. 6. mgr. 100. gr. og 2. mgr. 101. gr. um tilboðsyfirlit,
10. 102. gr. um tilkynningu um tilboð,
11. 1.–7. mgr. 103. gr. um skilmála tilboðs,
12. 104. gr. um skyldur stjórnar,
13. 2. mgr. 106. gr. um ógildingu tilboðs,
14. 1. mgr. 109. gr. um upplýsingar um niðurstöður tilboðs,
15. 116. gr. um tilkynningar viðskiptavaka,
16. 122. gr. um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga,
17. 125. gr. um rannsóknarskyldu fruminnherja,
18. 126. gr. um tilkynningarskyldu fruminnherja,
19. 127. gr. um birtingu upplýsinga um viðskipti stjórnenda,
20. 128. gr. um innherjaskrá,
21. 130. gr. um eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja.

146. gr.

*Sektir eða fangelsi allt að sex árum.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 1. mgr. 117. gr. um markaðsmisnotkun,
2. 2. mgr. 117. gr. og 1. mgr. 124. gr. um milligöngu fjármálafyrirtækis,
3. 123. gr. um innherjasvik.

147. gr.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

148. gr.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu

er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna meintrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

## XVI. KAFLI
## **Gildistaka o.fl.**

### 149. gr.
*Innleiðing.*

Lög þessi eru sett til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipana ráðsins 89/298/EBE um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa, 89/592/EBE um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti, 2001/34/EB um samræmingu á skráningarkröfum sem gerðar eru til verðbréfa í kauphöllum og upplýsingaskyldu vegna slíkra verðbréfa, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE, og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB.

Þá taka ákvæði laga þessara upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun (markaðssvik), tilskipunar frakvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB um skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun, tilskipunar 2003/125/EB um framsetningu og birtingu greininga og hvernig ráðleggingum um fjárfestingu í verðbréfum skuli hagað, ásamt ákvæðum um hvenær skylt sé að upplýsa um hagsmuni og hagsmunaárekstra, tilskipunar 2004/72/EB um viðurkennda markaðsframkvæmd, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við hrávöruafleiður, samningu innherjalista, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti, reglugerðar nr. 2273/2003/EB um undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB um yfirtökutilboð og tilskipunar ráðsins 2003/71/EBE um útboðs- og skráningarlýsingar sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar.

### 150. gr.
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2007. Jafnframt falla lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti úr gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða I.**

Þeir aðilar sem hafa leyfi til reksturs markaðstorgs skv. 34. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, skulu við gildistöku laga þessara fá leyfi til reksturs markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) samkvæmt lögum þessum.

**Ákvæði til bráðabirgða II.**

Eigi fjármálafyrirtæki við gildistöku laga þessara í viðskiptum við aðila sem telst vera fagfjárfestir og byggi það á faglegu mati á að viðkomandi hafi nægjanlega þekkingu og reynslu til að taka eigin ákvarðanir um fjárfestingar, þá er því heimilt að flokka viðkomandi áfram sem fagfjárfesti. Fjármálafyrirtækið skal gera viðkomandi fagfjárfesti grein fyrir slíkri ákvörðun.

**Ákvæði til bráðabirgða III.**

Birting ársreiknings, eða samstæðureiknings ef við á, vegna reikningsársins 2007 skal fara fram í samræmi við ákvæði 57. gr. Fyrsta reikningsárið sem ákvæði 58. gr. og 59. gr. taka til er reikningsárið 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi tveimur tilskipunum Evrópusambandsins. Annars vegar er um að ræða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (e. Markets in Financial Instruments Directive eða MiFID-tilskipunin). Hins vegar er um að ræða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (e. transparency directive eða gagnsæistilskipunin). Að auki eru lagðar til breytingar á viðurlagakafla verðbréfaviðskiptalaga til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkað.

MiFID-tilskipunin var birt í Stjórnartíðindum EB 30. apríl 2004 og tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005 frá 29. apríl 2005. Tilskipunin átti að vera innleidd í landslög fyrir 31. janúar 2007 en reglurnar eiga að taka gildi 1. nóvember 2007. Gagnsæistilskipunin var birt í Stjórnartíðindum EB 31. desember 2004 og tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005 frá 30. september 2005. Tilskipunin átti að vera innleidd í landslög fyrir 20. janúar 2007.

Samhliða frumvarpinu eru lögð fram tvö önnur frumvörp vegna innleiðingar MiFID-tilskipunarinnar. Annars vegar frumvarp til kauphallarlaga og hins vegar frumvarp þar sem eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Frumvarpið byggist í meginatriðum á fyrrnefndum tilskipunum en auk hennar var við samningu frumvarpsins höfð hliðsjón af norrænum rétti á sviði fjármálamarkaðar.

Viðskiptaráðherra fól kauphallarnefnd að hafa umsjón með vinnu við innleiðingu tilskipananna. Í nefndinni sitja fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins, Kauphallar Íslands, Seðlabanka Íslands, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Samtaka fjárfesta, Landssamtaka lífeyrissjóða og Eignarhaldsfélags hlutafélaga. Að beiðni kauphallarnefndar skipaði viðskiptaráðherra vinnuhóp 6. október 2004 til að vera nefndinni til aðstoðar við innleiðingu MiFID-tilskipunarinnar. Í vinnuhópinn voru skipuð Haraldur Örn Ólafsson, iðnaðar- og við-

skiptaráðuneyti, formaður, Elín Jónsdóttir, Fjármálaeftirlitinu, Þórólfur Jónsson, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, og Ragnar Jónasson frá Kauphöll Íslands. Elín Jónsdóttir lét af störfum í nefndinni í apríl 2005 og tók Hlynur Jónsson, Fjármálaeftirlitinu, sæti hennar. Ragnar Jónasson lét af störfum í nefndinni í mars 2006 og tók Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, Kauphöll Íslands, sæti hans. Einnig störfuðu Áslaug Árnadóttir, lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Þórður Ólafur Þórðarson, Kaupþingi, Tómas Eiríksson, Kaupþingi, Hannes J. Hafstein, Landsbanka Íslands, Þórður Örlygsson, Landsbanka Íslands, Kristinn Arnar Stefánsson, Landsbanka Íslands, og Þórarinn Þorgeirsson lögmaður með nefndinni.

Viðskiptaráðherra skipaði vinnuhóp um innleiðingu gagnsæistilskipunarinnar 23. maí 2006. Í vinnuhópinn voru skipaðar Ólöf Embla Einarsdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður, Guðríður Ásgeirsdóttir, Kauphöll Íslands, og Kristjana Grímsdóttir, Fjármálaeftirlitinu. Einnig störfuðu Eyvindur G. Gunnarsson, lektor við Háskóla Íslands, og Íris Arna Jóhannsdóttir, Fjármálaeftirlitinu, með nefndinni.

**MiFID-tilskipunin.**

MiFID-tilskipunin er hluti af sérstakri aðgerðaráætlun Evrópusambandsins á sviði fjármálamarkaðar (e. Financial Services Action Plan), sem miðar að því að skapa skilvirkan sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu, m.a. með styttri viðbragðstíma, skilvirkara eftirliti og öflugri neytendavernd. Á grundvelli tilskipunarinnar verða öll lönd á Evrópska efnahagssvæðinu að setja sameiginlegar reglur um fjármálafyrirtæki og skipulega markaði.

Meginmarkmið MiFID-tilskipunarinnar er að stuðla að því að þróa og tryggja skilvirkni evrópsks fjármálamarkaðar ásamt því að auka yfirsýn og tiltrú fjárfesta á markaðnum. Þá miðar tilskipunin að því að öll viðskipti verði jafn skilvirk hvort sem aðilar að viðskiptunum eru í sama landi eða í fleiri en einu landi á EES-svæðinu. Til að ná þessum markmiðum mælir tilskipunin m.a. fyrir um að lagarammi Evrópusambandsins nái til allrar starfsemi sem tengist fjárfestum, en það er talið nauðsynlegt þar sem fleiri fjárfestar hafa á undanförnum árum orðið virkir á fjármálamörkuðum og í boði eru stöðugt flóknari og víðtækari þjónusta og gerningar. Kveður tilskipunin því á um samræmingu sem veitir fjárfestum víðtæka vernd og heimilar fjármálafyrirtækjum með leyfi til verðbréfaviðskipta að veita þjónustu alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli eftirlits í heimalandi, þar sem fyrir er óskiptur markaður.

MiFID-tilskipunin kemur í stað tilskipunar ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (ISD-tilskipunarinnar). Þó að tilskipanirnar fjalli um sama efni felur MiFID í sér aukna samræmingu reglna sem gilda um fjármálafyrirtæki og er víðtækari og ítarlegri en ISD-tilskipunin. MiFID-tilskipunin hefur jafnframt víðtækara gildissvið þar sem í henni er að auki fjallað um starfsskilyrði og kröfur sem gerðar eru til skipulegra verðbréfamarkaða. Þá breytir MiFID-tilskipunin tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana, tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana.

Árið 2000 setti Ráð Evrópusambandsins á fót nefnd sérfræðinga til að meta skilvirkni í lagasetningu á verðbréfasviði. Nefndin var kölluð nefnd vísdómsmanna á sviði evrópskra reglna á verðbréfamarkaði (e. Committee of Wise Men on the Regulation of European Securities Markets). Nefndin skilaði skýrslu (Lamfalussy-skýrslunni) árið 2001. Í skýrslunni

var m.a. lagt til að ferli við setningu og framkvæmd reglna yrði greint í fjögur stig. Á fyrsta stigi yrðu settar rammareglur, þ.e. tilskipanir eða reglugerðir sem kveða á um undirstöðuatriði í löggjöfinni. Á öðru stigi setti framkvæmdastjórnin tæknilegar reglur sem útfæra lagareglurnar á fyrsta stigi til samræmis við þróun verðbréfamarkaða. Á þriðja stigi skal hin Evrópska samstarfsnefnd verðbréfaeftirlita (e. Committee of European Securities Regulators, CESR) vinna að því að efla samræmda framkvæmd í aðildarríkjunum á þeim reglum sem settar hafa verið á fyrsta og öðru stigi og á fjórða stigi skal svo framkvæmdastjórnin vinna að því að tryggja að aðildarríkin framfylgi ESB-reglum á verðbréfasviði.

MiFID-tilskipunin er rammatilskipun á fyrsta stigi sem heimilar framkvæmdastjórninni að setja ítarlegri reglur á vissum sviðum. Hefur framkvæmdastjórnin gefið út tvær gerðir í því sambandi, eina tilskipun og eina reglugerð. Annars vegar er um að ræða tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 til fyllingar á tilskipun þingsins og ráðsins 2004/39/EB um skipulagskröfur og viðskiptahætti fjárfestingarfyrirtækja og skilgreiningu hugtaka fyrir þá tilskipun. Hins vegar er um að ræða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 til fyllingar á tilskipun þingsins og ráðsins 2004/39/EB um skyldur fjárfestingarfyrirtækja til að halda skrár, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi viðskipta, töku fjármálagerninga til viðskipta og skilgreiningu hugtaka fyrir þá tilskipun. Gerðir þessar, sem eru á öðru stigi Lamfalussy-ferlisins, hafa þegar verið teknar upp í EES-samninginn. Gert er ráð fyrir að flestar þær reglur sem fram koma í þeim verði teknar upp í íslenskan rétt með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum en þó er lagt til í frumvarpi þessu að hluti þeirra verði tekinn upp í lög.

Tilskipunin fjallar um markaði þar sem verslað er með fjármálagerninga. Gildissvið tilskipunarinnar er víðtækara en gildissvið ISD-tilskipunarinnar. Þannig fjallar hún bæði um fjármálafyrirtæki með leyfi til verðbréfaviðskipta sem og skipulega verðbréfamarkaði. Hugtakið verðbréfaviðskipti er útvíkkað og nær til fjárfestingarráðgjafar og reksturs markaðstorga fjármálagerninga (MTF) sem verður eftirleiðis leyfisskyld starfsemi. Þá fjallar tilskipunin um starfsemi innmiðlara, einkaumboðsmenn og viðurkennda gagnaðila auk þess sem kröfur til fjármálafyrirtækja eru auknar. Gerðar eru breytingar á hugtakinu fjármálagerningur, einkum hvað varðar þær afleiður sem falla undir hugtakið.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu breytingar sem felast í tilskipuninni.

*a. Fjármálafyrirtæki.*

Með MiFID-tilskipunininni er leyfisskyld starfsemi fjármálafyrirtækja útvíkkuð miðað við það sem nú er. Nær leyfisskyld starfsemi nú til fjárfestingarráðgjafar sem ekki er veitt í tengslum við önnur verðbréfaviðskipti og reksturs markaðstorgs fjármálagerninga (MTF). Með þessu fjölgar þeim fyrirtækjum sem sækja þurfa um starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki frá því sem var samkvæmt ISD-tilskipuninni.

Þá felst einnig í víkkun á gildissviði tilskipunarinnar að hinn svokallaði „evrópupassi" fjármálafyrirtækja gildir víðar, þ.e. fjármálafyrirtækjum er samkvæmt tilskipuninni í auknum mæli heimilt að veita þjónustu á EES-svæðinu utan heimalands síns á grundvelli starfsleyfis frá heimalandinu. Jafnframt flyst vald til að hafa eftirlit með ýmissi starfsemi fjármálafyrirtækja frá gistiríki, þ.e. því ríki þar sem fjármálafyrirtæki er með útibú eða veitir þjónustu og eða stundar starfsemi, til heimalandsins.

Með MiFID-tilskipuninni fjölgar einnig þeim afleiðusamningum sem falla undir hugtakið fjármálagerningur og geta þannig fleiri aðilar fallið undir tilskipunina, þ.e. aðilar sem sérhæfa sig í að versla með ákveðnar tegundir afleiðna.

Í MiFID-tilskipuninni er einnig að finna nýjar reglur um tilkynningar sem fjármálafyrirtækjum er skylt að senda til eftirlitsaðila um þau viðskipti sem þau hafa milligöngu um með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Mestu breytingarnar fyrir fjármálafyrirtæki felast þó í þeim auknu kröfum til innra skipulags og viðskiptahátta sem tilskipunin gerir. Hættan á hagsmunaárekstrum, sem eru skaðlegir fyrir hagsmuni viðskiptavinanna, eykst í samræmi við það að fjármálafyrirtæki veita fleiri tegundir fjármálaþjónustu. Til að auka vernd fjárfesta setur MiFID-tilskipunin nákvæmari reglur og eykur kröfurnar til skipulags og stofnunar fjármálafyrirtækja.

*b. Skipulegir markaðir og markaðstorg fjármálagerninga (MTF).*

Í MiFID-tilskipuninni eru reglur um stofnun og rekstur markaða fyrir fjármálagerninga. Tilskipunin skilur á milli tvenns konar markaða fyrir fjármálagerninga, annars vegar er fjallað um skipulega verðbréfamarkaði (e. regulated market) og hins vegar um markaðstorg (e. multilateral trading facility (MTF)).

Þrátt fyrir að hugtakið skipulegur verðbréfamarkaður hafi verið notað í eldri tilskipunum Evrópusambandsins, þá er það nýmæli að settar séu Evrópureglur um rekstur og heimildir skipulegra markaða. Þá er hugtakið markaðstorg fjármálagerninga (MTF) nýtt í Evrópurétti, en með markaðstorgi er átt við marghliða viðskiptakerfi sem starfrækt er af fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast í samræmi við ákvæði IV. kafla frumvarpsins. Samkvæmt MiFID-tilskipuninni liggur munurinn á skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga (MTF) í kröfunum sem gerðar eru til leyfisveitinga og reksturs. Hvað varðar rekstur eru í heildina gerðar meiri kröfur til reglna og virkni skipulegra verðbréfamarkaða. Stærsti munurinn á þessum tveimur tegundum markaða varðar t.d. útgefendur og fjárfesta, en reglur sem þá varða geta verið mjög ólíkar eftir því hvort um er að ræða skipulegan verðbréfamarkað eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF). Sem dæmi má nefna að reglurnar um yfirtökutilboð og upplýsingaskyldu fyrir útgefendur gilda um fjármálagerninga þegar þeir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði en gilda hins vegar ekki fyrir fjármálagerninga sem viðskipti eru með á markaðstorgum en hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Reglur þessar gilda þó um viðskipti á markaðstorgi ef viðkomandi fjármálagerningur er jafnframt tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Kauphallir starfrækja skipulega markaði, en með kauphöll er átt við aðila sem stýrir og/eða rekur skipulegan verðbréfamarkað. Samkvæmt MiFID-tilskipuninni er rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) verðbréfaviðskipti sem fjármálafyrirtæki, lánastofnanir og markaðsrekendur skipulegra verðbréfamarkaða geta sinnt.

Í tilskipuninni koma fram nýjar reglur um kröfur sem gerðar eru fyrir upptöku fjármálagerninga í viðskipti á skipulegum markaði og um tímabundna niðurfellingu og afturköllun skráningar fjármálagerninga. Reglurnar eiga við um alla fjármálagerninga sem viðskipti eru með á skipulegum markaði, burtséð frá því hvort gerningarnir eru opinberlega skráðir eða ekki. Reglurnar gilda því samhliða reglum sem fram koma í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf. Stórir hlutar þeirrar tilskipunar hafa verið felldir út gildi með þremur nýjum tilskipunum á sviði fjármálamarkaðar, en ákveðnar reglur er varða kröfur til útgefenda og útgáfu verðbréfa eru enn í gildi.

*c. Fjárfestingarráðgjöf.*

Í núgildandi lögum eru ákvæði um það hvaða ráðgjöf fjármálafyrirtæki skulu veita þegar þau bjóða vörur sínar og þjónustu til sölu. Þessi ákvæði taka hins vegar ekki til þeirra aðila sem aðeins veita fjárfestingarráðgjöf. Með fjárfestingarráðgjöf er í tilskipuninni átt við það að veita viðskiptavini persónulegar ráðleggingar annaðhvort að beiðni hans eða að frumkvæði fjármálafyrirtækis að því er varðar viðskipti í einu eða fleiri tilvikum sem tengjast fjármálagerningum. Ráðgjöfin skal miðast við persónulegar aðstæður viðskiptamannsins og undir fjárfestingarráðgjöf falla einnig hvers konar skýringar, upplýsingar um áhættu og upplýsingar um afleiðingar af tilteknu vali.

Samkvæmt MiFID-tilskipuninni eru gerðar margs konar kröfur til fjárfestingarráðgjafa og eru þær í mörgum tilvikum sambærilegar kröfum sem nú eru gerðar til annarra fjármálafyrirtækja. Þó eru reglurnar ekki að öllu leyti eins, í tilskipuninni eru t.d. ekki reglur um eigið fé fjárfestingarráðgjafa. Þess í stað er gerð krafa um að þeir taki vátryggingu sem tekur til skaðabótakrafna sem kunna að verða gerðar vegna tjóns sem rekja má til fjármálaráðgjafar sem þeir hafa veitt. Þá eru ekki gerðar sérstakar kröfur til ársreiknings fjárfestingarráðgjafa, en hins vegar eru þær kröfur sem gerðar eru til stjórnar fjárfestingarráðgjafarfyrirtækja og eftirlits með þeim sambærilegar þeim reglum sem gilda nú um fjármálafyrirtæki, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

*d. Skyldur fjármálafyrirtækja varðandi framkvæmd verðbréfaviðskipta.*

Markmið MiFID-tilskipunarinnar er að vernda viðskiptavini fjármálafyrirtækja. Því eru í tilskipuninni meginreglur um viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sem innihalda m.a. reglur um að fjármálafyrirtæki skuli við framkvæmd viðskipta tryggja að viðskiptavinurinn fá bestu mögulegu niðurstöðu miðað við aðstæður, þ.e. reglur um bestu framkvæmd (e. best execution). Reglurnar sem fram koma í tilskipuninni eru útfærðar nánar í innleiðingargerðum framkvæmdastjórnarinnar.

Innleiðing MiFID-tilskipunarinnar mun hafa í för með sér að almennir fjárfestar fá meiri upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum. Markmiðið er að gera þá betur í stakk búna til að taka upplýstar ákvarðanir um fjárfestingar.

*e. Eftirlit í heimaríki og gistiríki.*

Í MiFID-tilskipuninni er kveðið á um valdmörk eftirlitsaðila með fjármálafyrirtækjum í heimaríki og gistiríki. Heimaríki er það land þar sem fjármálafyrirtæki eða skipulegur verðbréfamarkaður hefur aðalskrifstofu. Gistiríki er ríki þar sem fjármálafyrirtæki er með útibú, veitir þjónustu eða stundar starfsemi eða ríki þar sem skipulegur verðbréfamarkaður sér fyrir viðeigandi ráðstöfunum sem auðvelda aðgang fjaraðila eða þátttakenda sem hafa staðfestu í því ríki að viðskiptum í markaðskerfi markaðarins.

Samkvæmt tilskipuninni er meginreglan að það er heimaríki fjármálafyrirtækis sem annast eftirlit með því að það fari að lögum og reglum. Gistiríki hefur einungis eftirlit með því að farið sé að ákvæðum tilskipunarinnar í ákveðnum tilvikum þegar fjármálafyrirtæki veitir þjónustu frá útibúi í gistiríkinu. Þau atriði sem gistiríkið hefur eftirlit með eru m.a. að farið sé að viðskiptareglum, að farið sé að reglum um að viðskiptin séu með hagstæðustu mögulegu skilmálum fyrir viðskiptavininn, að fjármálafyrirtæki framfylgi fyrirmælum viðskiptavina, að tilkynnt sé um viðskipti og fleira. Ástæðan fyrir því að gistiríkinu er falið eftirlit í þessum tilvikum er að það er næst útibúinu og því í betri stöðu til að annast eftirlitið og grípa inn í ef ekki er farið að reglum. Þessar reglur hafa í för með sér breytingar á íslenskum rétti

þar sem samkvæmt núgildandi lögum fer gistiríki ekki aðeins með eftirlit þegar þjónusta er veitt í gegnum útibú heldur einnig þegar fjármálafyrirtæki veitir þjónustu yfir landamæri.

**Gagnsæistilskipunin.**

Rétt eins og MiFID-tilskipunin er tilskipun 2004/109/EB hluti af hinni sérstöku aðgerðaáætlun Evrópusambandsins á sviði fjármálamarkaðar. Gagnsæistilskipunin mælir einkum fyrir um samræmingu reglna um birtingu reglulegra upplýsinga um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um birtingu upplýsinga um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar í slíkum útgefendum. Markmið tilskipunarinnar er að samræma kröfur um skyldu útgefenda til að veita upplýsingar og stuðla með því að raunverulegum innri markaði og víðtækri vernd fyrir fjárfesta.

Gagnsæistilskipunin er lágmarkstilskipun sem þýðir að heimaríki má gera strangari kröfur til útgefenda í sinni lögsögu. Samkvæmt tilskipuninni er gistiríkjum hins vegar óheimilt að gera strangari kröfur til útgefenda eða aðila sem er flöggunarskyldur vegna þess útgefanda en heimaríki útgefandans eða tilskipunin mælir fyrir um. Með hliðsjón af framangreindu og samræmingarmarkmiði tilskipunarinnar var því nauðsynlegt að meta vandlega hverju sinni hvort setja skyldi strangari reglur hérlendis en tilskipunin mælir fyrir um.

Ákvæði tilskipunarinnar um eftirlitsstjórnvald mæla fyrir um tilnefningu eins lögbærs stjórnvalds sem bera skuli ábyrgð á framkvæmd tilskipunarinnar. Sú undanþága er þó gerð á reglunni að heimilt er að tilnefna annan aðila en lögbæra stjórnvaldið til að kanna hvort upplýsingar samkvæmt tilskipuninni eru samdar í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur. Í frumvarpinu er lagt til að Fjármálaeftirlitið verði lögbært stjórnvald í skilningi gagnsæistilskipunarinnar og að ársreikningaskrá kanni hvort upplýsingar eru samdar í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu breytingar sem felast í tilskipuninni.

*a. Reglulegar upplýsingar útgefanda, VII. kafli.*

Þær reglulegu upplýsingar sem útgefendum verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ber að birta opinberlega samkvæmt tilskipuninni eru ársreikningur, árshlutareikningur vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og greinargerð frá stjórn. Samkvæmt tilskipuninni er skyldan til gerðar ársreiknings víðtækust en hún tekur til útgefenda hvers konar verðbréfa, að undanskyldum hlutdeildarskírteinum og peningamarkaðsskjölum með styttri gildistíma en 12 mánuði. Skyldan til gerðar árshlutareiknings vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins hvílir á útgefendum hlutabréfa og skuldabréfa en skyldan til að birta greinargerð frá stjórn hvílir eingöngu á útgefendum hlutabréfa. Útgefendur hlutabréfa sem semja og birta þriggja og níu mánaða árshlutareikning eru þó undanþegnir skyldunni að birta greinargerð frá stjórn.

Samkvæmt frumvarpinu skal efni ársreiknings og árshlutareiknings vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins hjá útgefendum með skráða skrifstofu á Íslandi vera í samræmi við lög um ársreikninga en hluti ákvæða tilskipunarinnar, þ.e. 2.–5. mgr. 4. gr. og 2.–5. mgr. 5. gr., verður innleiddur í íslenskan rétt í með breytingum á lögum um ársreikninga. Útgefendum með skráða skrifstofu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu öðru en Íslandi er hins vegar heimilt að beita bindandi opinberum fyrirmælum þess ríkis þar sem þeir eru með skráða skrifstofu um efni ársreiknings, árshlutareiknings vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og greinargerð frá stjórn. Sama gildir um útgefendur með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum.

*b. Aðrar skyldur útgefanda um veitingu upplýsinga, VIII. kafli.*

Þrátt fyrir að tilskipun 2004/109/EB leggi einkum skyldur á útgefendur varðandi veitingu reglulegra upplýsinga og upplýsinga um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar eru það ekki einu skyldurnar sem tilskipunin mælir fyrir um. Til viðbótar gerir tilskipunin kröfu um að útgefendur verðbréfa veiti upplýsingar um útgáfu nýrra lána og að þeir geti sérstaklega um ábyrgðir og tryggingar sem útgefandinn undirgengst vegna þeirra. Sömuleiðis skulu útgefendur verðbréfa, annarra en hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, án tafar birta opinberlega allar upplýsingar um breytingar á réttindum handhafa verðbréfanna. Sambærileg regla gildir um útgefendur hlutabréfa, en þeim ber skylda til að birta án tafar opinberlega upplýsingar um allar breytingar á réttindum sem fylgja mismunandi flokkum hlutabréfa. Allt framangreint er nýmæli í íslenskum rétti.

Auk framangreindra skyldna geymir tilskipunin tvö sérákvæði sem beinast að útgefendum hlutabréfa annars vegar og útgefendum skuldabréfa hins vegar. Markmið nefndra ákvæða er að tryggja jafnræði. Þannig skulu útgefendur hlutabréfa tryggja jafnræði allra eigenda hluta í sömu stöðu og útgefendur skuldabréfa skulu tryggja að allir handhafar skuldabréfa sem metin eru jafngild njóti sömu meðferðar varðandi sérhver réttindi er fylgja skuldabréfunum. Tilskipunin gerir jafnframt kröfu um greiða upplýsingagjöf til eigenda hlutabréfa og/eða handhafa skuldabréfa í tengslum við fundi og að notkun umboða sé heimil. Á Íslandi er ítarleg löggjöf um hlutafélög sem tryggir flestöll þau réttindi sem sérákvæði tilskipunarinnar mælir fyrir um, svo sem varðandi jafnræði eigenda hluta, boðun hluthafafunda, heimild til að nota umboð o.fl. Ákvæði frumvarpsins bætir því litlu við gagnvart íslenskum útgefendum hluta en skiptir máli gagnvart útgefendum með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins en heimaríki á Íslandi, enda verða þeir að uppfylla ákvæðið þó að íslensk hlutafélagalöggjöf gildi að sjálfsögðu ekki um þá. Hvað útgefendur skuldabréfa varðar geymir tilskipunin sambærilegt sérákvæði um skuldabréf eins og fyrrgreint sérákvæði um hluti. Ólíkt sérákvæðinu um hlutabréf hefur innleiðingin á sérákvæðinu um skuldabréf í för með sér nýmæli enda er sambærilegt ákvæði ekki að finna í gildandi löggjöf. Það þýðir þó ekki að um viðamikla breytingu sé að ræða. Fremur má segja að með innleiðingu ákvæðisins sé staðfest að útgefendum skuldabréfa ber, líkt og útgefendum hlutabréfa, að tryggja jafnræði handhafa skuldabréfanna, þótt beinum lagareglum um það hafi ekki verið fyrir að fara í gildandi rétti.

*c. Breyting á verulegum hlut atkvæðisréttar (svokallaðar flöggunarreglur), IX. kafli.*

Reglur tilskipunar 2004/109/EB um upplýsingaskyldu í tengslum við breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar eru bæði nákvæmari og ítarlegri en flöggunarreglur samkvæmt gildandi rétti. Á það bæði við um meginregluna um flöggunarskyldu og undanþágurnar frá henni. Efnislega á frumvarpið þó ekki að fela í sér mjög viðamiklar breytingar þótt leitast hafi verið við að umorða og skýra betur flöggunarskylduna, þ.e. hvaða aðili verður flöggunarskyldur og undir hvaða kringumstæðum. Framsetning frumvarpsins er nokkuð önnur en í gildandi lögum og sem dæmi má nefna að í stað þess að hafa eitt ákvæði um afmörkun flöggunarskyldunnar er nú fjallað um afmörkun hennar í þremur aðskildum greinum. Fyrsta greinin geymir meginregluna (78. gr.), önnur greinin geymir lýsingu á sérstökum kringumstæðum þar sem aðili verður flöggunarskyldur (79. gr.) og þriðja greinin tekur á flöggunarskyldu vegna ýmissa tegunda fjármálagerninga, svo sem kaupréttarsamninga, skiptisamninga og afleiða (80. gr.).

Í frumvarpinu er lagt til að frestur flöggunarskylds aðila til að senda frá sér tilkynningu verði lengdur miðað við gildandi rétt en í gildandi rétti er mælt fyrir um að tilkynning skuli send þegar í stað. Frumvarpið leggur hins vegar til að skylda verði að senda tilkynningu eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að flöggunarskylda stofnaðist. Í þeim tilvikum þegar flöggunarskylda stofnast vegna aðgerða útgefanda, svo sem vegna hækkunar hlutafjár, miðast skyldan við að senda tilkynningu eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að útgefandi hefur birt opinberlega heildarfjölda hluta og heildarfjölda atkvæða. Ástæðan fyrir lengingu frestsins er til að koma til móts við ákvæði tilskipunarinnar en samkvæmt henni ber flöggunarskyldum aðila að senda tilkynningu eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fjórum dögum frá því að skyldan stofnaðist. Af framangreindu er ljóst að þótt reynt sé að koma til móts við tilskipunina er engu að síður um að ræða strangari innleiðingu á ákvæðum gagnsæistilskipunarinnar en tilskipunin sjálf mælir fyrir um. Þeir frestir sem frumvarpið leggur til eru þeir sömu og Svíar eru með í sinni tillögu til innleiðingar á tilskipuninni. Norðmenn og Danir fóru þá leið í sínum tillögum að mæla einungis fyrir um að tilkynning skuli send „eins fljótt og auðið er“ án þess að tilgreina neinn hámarksfrest. Af hálfu Íslands þótti rétt að hafa hámark á frestinum, m.a. til að auðvelda Fjármálaeftirlitinu framkvæmd eftirlits.

Loks ber að nefna að í stað þess að lög mæli fyrir um að tilkynning skuli send til útgefanda og skipulegs verðbréfamarkaðar eins og gert er í gildandi rétti mælir frumvarpið fyrir um að tilkynning skuli send útgefanda og lögbæru stjórnvaldi (Fjármálaeftirlitinu). Breytingin er til komin vegna ákvæða tilskipunarinnar en í samræmi við tilskipunina leggur frumvarpið til að framkvæmd flöggunar verði tvíþætt, þ.e. annars vegar sendi flöggunarskyldur aðili tilkynningu til útgefanda og lögbærs stjórnvalds og hins vegar birti útgefandi upplýsingarnar opinberlega á Evrópska efnahagssvæðinu. Skyldan til að gera upplýsingarnar opinberar er því lögð á útgefanda en ekki skipulegan verðbréfamarkað eins og verið hefur.

*d. Ný framkvæmd á opinberri birtingu og geymslu upplýsinga.*

Gagnsæistilskipunin mælir fyrir um samræmingu krafna um opinbera birtingu upplýsinga af hálfu útgefenda verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Skyldan til að gera upplýsingarnar opinberar er því lögð á útgefanda samkvæmt gagnsæistilskipuninni. Hvað reglulegu og viðbótarupplýsingarnar varðar liggur nokkuð beint við að skyldan til að birta opinberlega skuli hvíla á útgefanda sjálfum, enda eru þetta upplýsingar sem verða til hjá honum. Í tilviki upplýsinga um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun) er það breyting frá gildandi fyrirkomulagi að láta skylduna til að birta opinberlega hvíla á útgefanda enda verða upplýsingarnar til hjá hinum flöggunarskyldu aðilum en ekki útgefanda. Samkvæmt gildandi rétti sendir flöggunarskyldur aðili tilkynningu til útgefandans og skipulegs verðbréfamarkaðar og síðan annast skipulegi verðbréfamarkaðurinn hina opinberu birtingu upplýsinganna. Eins og áður kom fram breytist fyrirkomulagið með tilkomu gagnsæistilskipunarinnar þannig að hinn flöggunarskyldi aðili sendir nú tilkynningu til útgefandans og lögbærs stjórnvalds (Fjármálaeftirlitsins). Síðan annast viðkomandi útgefandi opinberu birtinguna. Tilskipunin býður reyndar upp á þann möguleika að útgefandi þurfi ekki að annast opinbera birtingu ef lögbæra stjórnvaldið tekur hana að sér en ákveðið var að fara ekki þá leið hér. Ástæðan fyrir greindri breytingu á framkvæmd opinberrar birtingar er að eitt af markmiðum gagnsæistilskipunarinnar er að koma á aukinni samkeppni um birtingu upplýsinga með því að afnema þá yfirburðastöðu sem skipulegir verðbréfamarkaðir hafa haft.

Í opinberri birtingu felst samkvæmt gagnsæistilskipuninni að almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu eru gerðar upplýsingarnar aðgengilegar á jafnræðisgrundvelli. Evrópusambandið á eftir að móta nánari reglur um hvernig opinbera birtingin skuli fara fram en ljóst er að gerðar verða kröfur um að útgefandi nýti fréttamiðla sem tryggja dreifingu upplýsinganna á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Þegar útgefandi birtir upplýsingar opinberlega ber honum ekki aðeins að senda þær samtímis til lögbærs stjórnvalds heldur ber honum einnig að senda þær til miðlægrar geymslu. Gagnsæistilskipunin mælir fyrir um að í hverju ríki á Evrópska efnahagssvæðinu skuli upplýsingar varðveittar rafrænt og með miðlægum hætti. Evrópusambandið á eftir að móta nánari reglur um þetta miðlæga geymslukerfi en ljóst er að gerðar verða kröfur um auðvelt aðgengi þeirra sem vilja afla sér upplýsinganna og um öryggismál, enda er markmið miðlæga geymslukerfisins að fjárfestar hafi greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum.

*e. Hvenær gilda íslenskar reglur um útgefendur?*

Samkvæmt gagnsæistilskipuninni ber sérhverjum útgefanda verðbréfa skylda til að hafa eitt ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem heimaríki. Mælt er fyrir um hvenær Ísland er heimaríki í 3. gr. frumvarpsins. Þegar Ísland er heimaríki útgefanda gilda íslenskar reglur gagnvart honum, þó með þeirri undanþágu að efni árreiknings, árshlutareiknings vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og greinargerð frá stjórn fer eftir bindandi opinberum fyrirmælum þess ríkis þar sem útgefandi er með skráða skrifstofu.

Ísland er í hlutverki gistiríkis gagnvart útgefendum með heimaríki í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslandi þegar verðbréf eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Sem gistiríki getur Ísland aðeins gert kröfu um að upplýsingar séu veittar í samræmi við gagnsæistilskipunina og reglur heimaríkis viðkomandi útgefenda.

Útgefendur sem eru með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi geta átt Ísland sem heimaríki. Þegar svo er ber þeim að hlíta ákvæðum íslenskra laga. Í vissum tilvikum eru veittar undanþágur frá framangreindri skyldu þannig að viðkomandi útgefendum sé heimilt að beita reglum þess ríkis sem þeir eru með skráða skrifstofu í. Ef útgefandi er með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins en hins vegar með heimaríki í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu er Ísland í hlutverki gistiríkis ef verðbréf hans hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Sem gistiríki getur Ísland aðeins gert kröfur um að upplýsingar séu veittar í samræmi við gagnsæistilskipunina og reglur heimaríkis viðkomandi útgefanda.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir framangreint. Vegna svonefnds Hoyvíkur-samnings við Færeyjar og fríverslunarsamnings við Sviss eru útgefendum með skráða skrifstofu í Færeyjum og Sviss sérstaklega gerð skil í töflunni.

| *Tegund útgefanda* | *Hvaða reglur gilda?* |
|---|---|
| Útgefandi með Ísland sem heimaríki og verðbréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. | Íslensk lög og reglugerðir gilda um reglulega upplýsingagjöf, viðbótarupplýsingagjöf og flöggun. |

| *Tegund útgefanda* | *Hvaða reglur gilda?* |
|---|---|
| Útgefandi með Ísland sem heimaríki og verðbréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu en ekki á Íslandi. | Íslensk lög og reglugerðir gilda um reglulega upplýsingagjöf, viðbótarupplýsingagjöf og flöggun. |
| Útgefandi með heimaríki á Evrópska efnahagssvæðinu og verðbréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. | Ísland er gistiríki. Bindandi opinber fyrirmæli heimaríkis útgefanda sem byggjast á gagnsæistilskipuninni gilda um reglulega upplýsingagjöf, viðbótarupplýsingagjöf og flöggun. |
| Útgefandi með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins með verðbréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. | Ísland er heimaríki. Íslensk lög og reglugerðir gilda um reglulega upplýsingagjöf, viðbótarupplýsingagjöf og flöggun. |
| Útgefandi með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins með verðbréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu. | Ísland getur verið heimaríki og gistiríki. Ef Ísland er heimaríki gilda íslensk lög og reglugerðir um reglulega upplýsingagjöf, viðbótarupplýsingagjöf og flöggun. Ef Ísland er gistiríki gilda bindandi opinber fyrirmæli heimaríkis útgefanda sem byggjast á gagnsæistilskipuninni um reglulega upplýsingagjöf, viðbótarupplýsingagjöf og flöggun. |
| Útgefandi með skráða skrifstofu í Færeyjum eða Sviss (ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins) með verðbréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. | Ísland er heimaríki. Íslensk lög og reglugerðir gilda um reglulega upplýsingagjöf, viðbótarupplýsingagjöf og flöggun. |
| Útgefandi með skráða skrifstofu í Færeyjum eða Sviss (ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins) með verðbréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu. | Ísland getur verið heimaríki og gistiríki. Ef Ísland er heimaríki gilda íslensk lög og reglugerðir um reglulega upplýsingagjöf, viðbótarupplýsingagjöf og flöggun.. Ef Ísland er gistiríki gilda bindandi opinber fyrirmæli heimaríkis útgefanda sem byggjast á gagnsæistilskipuninni um reglulega upplýsingagjöf, viðbótarupplýsingagjöf og flöggun. |

**Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.**

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að hugtakið verðbréfaviðskipti verði víkkað út frá gildandi lögum, þannig að fjárfestingarráðgjöf og rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) teljist til verðbréfaviðskipta.
2. Lagt er til að hugtakið fjármálagerningur breytist, einkum hvað varðar þær afleiður sem falla undir hugtakið.
3. Lagt er til að skráning fjármálagerninga verði aðgreind í opinbera skráningu verðbréfa og töku fjármálagerninga til viðskipta til samræmis við frumvarp til laga um kauphallir sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

4. Þá er lagt til að lögfestar verði ítarlegri reglur um skipulag fjármálafyrirtækja í verðbréfaviðskiptum og þær ráðstafanir sem slíkum fyrirtækjum ber skylda til að gera svo að reksturinn geti talist traustur og hagsmunir viðskiptavina séu tryggðir. Lúta kröfur þessar fyrst og fremst að skipulagi og innri málum fyrirtækjanna.
5. Lagt er til að fjármálafyrirtækjum verði gert að gera skriflega samninga við viðskiptavini sína í ríkara mæli en nú er auk þess sem gerðar eru tillögur um að fjármálafyrirtæki skuli halda skrár varðandi alla þjónustu sem það veitir og öll viðskipti sem það hefur milligöngu um á sviði verðbréfaviðskipta.
6. Lagt er til að safnskráning verði eftirleiðis háð sérstöku leyfi Fjármálaeftirlitsins.
7. Þá er lagt til að lögfest verði ítarleg ákvæði um skyldu fjármálafyrirtækja til að upplýsa viðskiptavini sína og afla upplýsinga hjá þeim í því skyni að tryggja að fyrirtækið hafi réttmæta ástæðu til að ætla að ráðgjöf þess eða eignastýring varðandi hver einstök viðskipti sé samrýmanleg hagsmunum viðskiptavinarins.
8. Lagt er til að fjármálafyrirtækjum verði skylt að tryggja bestu framkvæmd fyrirmæla, m.a. með því að setja sér verklagsreglur um framkvæmd fyrirmæla.
9. Einnig er lagt til að lögfest verði heimild fyrir fjármálafyrirtæki til að tilnefna einkaumboðsmenn.
10. Þá er í lagt til í frumvarpinu að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja verði flokkaðir í þrjá flokka: sem viðurkenndir gagnaðilar, fagfjárfestar eða almennir fjárfestar. Gert er ráð fyrir að viðskiptamenn njóti mismikillar réttarverndar eftir því til hvaða flokkst þeir teljast en munurinn mun þó fyrst og fremst koma fram í reglugerð.
11. Lagt er til að lögfest verði ákvæði um þau fjármálafyritæki sem teljast vera innmiðlarar en lögð er sú skylda á slíka aðila að birta bindandi verðtilboð.
12. Lagt er til að fjármálafyrirtækjum verði gert skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um öll viðskipti sem það framkvæmir með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
13. Lagt er til að sett verði í lög um verðbréfaviðskipti ákvæði um markaðstorg fjármálagerninga (MTF), en ákvæði um skipulega verðbréfamarkaði eru í frumvarpi til nýrra kauphallarlaga sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.
14. Lagt er til að auknar verði kröfur til útgefenda verðbréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, um birtingu á ársreikningi, árshlutareikningi vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og greinargerðar frá stjórn vegna fyrstu þriggja og fyrstu níu mánaða reikningsársins.
15. Lagt er til að útgefendum verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði verði skylt að að veita upplýsingar vegna útgáfu nýrra lána og breytinga á réttindum.
16. Lagt er til að flöggunarskylda miðast eingöngu við breytingar á atkvæðisrétti en ekki breytingar á atkvæðisrétti og nafnverði hlutafjár eins og í gildandi lögum og að flöggunarskylda verði afmörkuð með nákvæmari hætti en samkvæmt gildandi lögum.
17. Lagt er til að frestur flöggunarskylds aðila til tilkynningar verði lengdur um einn dag, þ.e. senda beri tilkynningu eins fljótt og auðið er og í síðasta lagi næsta viðskiptadag eftir að flöggunarskylda stofnaðist í stað þess að það skuli samdægurs eins og nú er.
18. Lagt er til að útgefandi annist opinbera birtingu upplýsinga í flöggunartilkynningu í stað skipulegs markaðar samkvæmt gildandi lögum.
19. Lagt er til að allar upplýsingar sem birtar eru opinberlega skv. VII., VIII. og IX. kafla skuli varðveittar í rafrænu og miðlægu geymslukerfi.

20. Lagðar eru til breytingar á viðurlagakafla núgildandi verðbréfaviðskiptalaga til samræmis við frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkað.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um I. kafla.

Í I. kafla er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Auk þess eru í kaflanum orðskýringar. Ákvæði kaflans eru eins uppsett og í gildandi lögum þó að þau feli í sér nokkrar efnisbreytingar sem rekja má til innleiðingar MiFID-tilskipunarinnar.

Um 1. gr.

Í greininni er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Gert er ráð fyrir að gildissviðið endurspegli starfsheimildir verðbréfafyrirtækja eins og þær eru skilgreindar í lögum um fjármálafyrirtæki líkt og gert er í gildandi lögum. Þess ber þó að geta að gildissvið fæstra ákvæða frumvarpsins er takmarkað við fjármálafyrirtæki. Frumvarpið nær því til allra aðila fjármálamarkaðarins og er rétt að ítreka að gildissvið þess nær til einstaklinga sem og lögaðila, svo sem fjárfestinga einstaklinga og annarra fjárfesta í fjármálagerningum fyrir eigin reikning, útgáfu fyrirtækja, stofnana og opinberra aðila á verðbréfum og milligöngu og ráðgjöf í verðbréfaviðskiptum.

Greinin er byggð á A- og B-þætti viðauka I við MiFID-tilskipunina. Hún er eins uppbyggð og 1. gr. gildandi laga en lagðar eru til breytingar á einstökum töluliðum í samræmi við þær breytingar sem leiða af MiFID-tilskipuninni.

Ákvæði 1. mgr. byggist á A-þætti viðauka I við MiFID-tilskipuninna. Þar segir að lögin gildi um verðbréfaviðskipti og síðan er talið upp í átta töluliðum hvað átt er við með verðbréfaviðskiptum. Í 1. og 2. tölul. er að finna ákvæði sem eru að nokkru leyti hliðstæð 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. gildandi laga, en þar er kveðið á um að til verðbréfaviðskipta teljist móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina. Framkvæmd fyrirmæla er skilgreind í 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar sem það að ganga frá samningum um kaup eða sölu eins eða fleiri fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina. Þegar um móttöku og miðlun fyrirmæla er að ræða er öðrum aðila falið að framkvæma fyrirmælin. 3. tölul. ákvæðisins er óbreyttur frá 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. gildandi laga en þar er kveðið á um að viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning teljist til verðbréfaviðskipta. Viðskipti fyrir eigin reikning eru skilgreind í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar sem viðskipti með eigin fjármagn sem leiða til þess að viðskipti fara fram með einn eða fleiri fjármálagerninga. Í 4. tölul. er eins og í 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. gildandi laga kveðið á um að eignastýring teljist til verðbréfaviðskipta. Skilgreining á því hvað felst í hugtakinu eignastýring samkvæmt lögunum er hins vegar færð í 2. gr. frumvarpsins og er um nánari umfjöllun vísað til athugasemda með því ákvæði. Í 5. tölul. er að finna nýmæli, en þar er lagt til að fjárfestingarráðgjöf teljist til verðbréfaviðskipta. Breytinguna má rekja til innleiðingar MiFID-tilskipunarinnar, en í gildandi lögum telst fjárfestingarráðgjöf til verðbréfaviðskipta ef hún er í nánum tengslum við starfsemi eða viðskipti sem teljast til verðbréfaviðskipta samkvæmt 1. mgr. 1. gr. gildandi laga. Um nánari umfjöllun er vísað til athugasemda við skilgreiningu fjárfestingarráðgjafar. Í 6. tölulið er kveðið á um að til verðbréfaviðskipta teljist sölugrygging í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga. Í 51. gr. frumvarpsins er sölutrygging skilgreind sem samningur á milli fjármálafyrirtækis og útgefanda eða eigenda verðbréfa þar sem fjármála-

fyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa, innan tiltekins tímamarks og á fyrirframákveðnu verði, þann hluta verðbréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennu útboði. Í 7. tölulið er kveðið á um að til verðbréfaviðskipta teljist umsjón með útboði verðbréfa án sölutryggingar. Í því felst að fjármálafyrirtæki hafi undirgengist að bjóða út fjármálagerninga til fjárfesta en fjármálafyrirtækið hafi ekki skuldbundið sig til að kaupa þá fjármálagerninga sem ekki seljast. Ástæðan fyrir þessum greinarmun er einkum sá að eiginfjárreglur samkvæmt tilskipunum 2006/48/EB um lánastofnanir og 2006/49/EB um eiginfjárkröfur eru aðrar gagnvart fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi til eigin viðskipta og sölutryggingar heldur en gagnvart fyrirtækjum sem hafa einungis starfsleyfi til að annast útboð, án þess að í því felist neitt skuldbindingargildi, og sem hafa ekki starfsleyfi til eigin viðskipta. Í 8. tölul. er að finna nýmæli, en þar er kveðið á um rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF). Nánar er fjallað um markaðstorg fjármálagerninga (MTF) í athugasemdum við 2. gr. og IV. kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um það hvaða starfsemi telst til verðbréfaviðskipta ef hún er stunduð í nánum tengslum við starfsemi eða viðskipti sem falla undir 1. mgr. Ákvæðið byggist á B-þætti viðauka I við MiFID-tilskipunina. Í 1. tölul. er kveðið á um það að varsla og umsýsla fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavina teljist verðbréfaviðskipti ef hún er í tengslum við starfsemi eða viðskipti sem talin eru upp í 1. mgr. Með vörslu og umsýslu er m.a. átt við öryggisvörslu fjár og tengda þjónustu, svo sem reiðufjár- og tryggingastjórnun. Ákvæðið er að mestu hliðstætt 1. og 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. gildandi laga. Í 2. og 3. tölul. eru ákvæði sem eru hliðstæð ákvæðum 3. og 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. gildandi laga. Í 2. tölul. er kveðið á um að veiting lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með fjármálagerninga ef fjármálafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið kemur að viðskiptunum, teljist til verðbréfaviðskipta ef þjónustan er veitt í tengslum við þá starfsemi sem talin er upp í 1. mgr. Í 3. tölul. er hins vegar kveðið á um að ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim teljist til verðbréfaviðskipta ef þjónustan er veitt í tengslum við þá starfsemi sem talin er upp í 1. mgr. Skv. 4. tölul. telst gjaldeyrisþjónusta, sem veitt er sem liður í verðbréfaviðskiptum, til verðbréfaviðskipta ef þjónustan er veitt í tengslum við þá starfsemi sem talin er upp í 1. mgr. Samhljóða ákvæði er í 7. tölul. 2. mgr. 1. gr. gildandi laga. Í 5. tölul. er ákvæði sem er nýmæli, en þar er lagt til að fjárfestingarrannsóknir og fjármálagreiningar eða annars konar almennar ráðleggingar er tengjast viðskiptum með fjármálagerninga teljist til verðbréfaviðskipta ef þjónustan er veitt í tengslum við þá starfsemi sem talin er upp í 1. mgr. Ákvæði 6. tölul. um þjónustu í tengslum við sölutryggingu er samhljóða 5. tölul. 2. mgr. 1. gr. gildandi laga. 7. tölul. er nýmæli en þar er kveðið á um að þjónusta sem tengist undirliggjandi þáttum afleiðu skv. e- og h-lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. teljist til verðbréfaviðskipta ef hún er í tengslum við verðbréfaviðskipti samkvæmt þessari grein. Dæmi um undirliggjandi þætti afleiðu samkvæmt þessum lið má nefna hrávörur og losunarkvóta. Slík þjónusta væri oftast í tengslum við afleiðuviðskipti þar sem afleiður tengdust slíkum þáttum.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna orðskýringar þar sem helstu hugtök sem koma fram í lögunum eru skilgreind. Nokkrar breytingar eru gerðar á ákvæðinu vegna innleiðingar MiFID-tilskipunarinnar.

Í 1. tölul. er orðið *fjármálafyrirtæki* skilgreint með vísun til skilgreiningar hugtaksins í lögum um fjármálafyrirtæki. Þar er hugtakið fjármálafyrirtæki skilgreint sem fyrirtæki sem

fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr. laganna, en samkvæmt því nær hugtakið yfir starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, rafeyrisfyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana og rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Því er fjármálafyrirtæki samheiti yfir þær tegundir starfsleyfa sem kveðið er á um í 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu *fjármálagerningur (e. financial instrument)*. Ákvæðið er nokkuð breytt frá gildandi rétti og byggjast breytingarnar sem lagðar eru til á MiFID-tilskipuninni, þ.e. 17. tölul. 1. mgr. 4. gr. sbr. C-þátt viðauka I við tilskipunina. Hugtakið fjármálagerningur er eitt meginhugtak verðbréfamarkaðarins og er lagt til að það verði fært til samræmis við skilgreiningu MiFID-tilskipunarinnar. Lagt er til að hugtakið skiptist í átta liði. Upptalningin myndar þó ekki heildstætt flokkunarkefi og því getur einn gerningur fallið í fleiri en einn flokk fjármálagerninga. Þannig getur til dæmis einn gerningur talist vera peningamarkaðsskjal en jafnframt talist til verðbréfa. Þá getur hlutdeildarskírteini talist til verðbréfa.

Með fjármálagerningi er í frumvarpinu í fyrsta lagi átt við verðbréf (e. transferable securities, d. omsættelige værdipapirer, n. omsettelige verdipapirer). Til verðbréfa í skilningi ákvæðisins teljast þau framseljanlegu verðbréf sem hægt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði en þó eru undanskilin greiðsluskjöl. Dæmi um greiðsluskjöl eru tékkar og greiðslukortanótur. Þá eru í ákvæðinu nefndir þrír flokkar verðbréfa í dæmaskyni. Í fyrsta lagi eru nefnd hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélögum eða öðrum lögaðilum og heimildarskírteini fyrir hlut. Í öðru lagi eru tilgreind skuldabréf eða skuld á verðbréfaformi, þ.m.t. heimildarskírteini vegna slíkra verðbréfa. Í þriðja lagi eru nefnd önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja verðbréf eða leiða til uppgjörs í reiðufé sem ræðst af verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum eða ávöxtunarkröfum, hrávörum eða öðrum vísitölum eða mælikvörðum. Ekki er skilyrði að verðbréf séu á pappírsformi og geta þau því jafnframt verið á rafrænu formi sbr. lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Samkvæmt skilgreiningunni geta ákveðnar tegundir afleiðna fallið undir hugtakið verðbréf svo framarlega sem þær eru framseljanlegar og hægt er að eiga viðskipti með þær á fjármagnsmarkaði. Skilyrði um framseljanleika verðbréfa felst í því að réttindi þau sem felast í eignarhaldi á þeim geti færst yfir á annan aðila. Af þessu leiðir að ef afleiðuviðskiptum er t.d. þannig háttað að sá sem kaupir valréttarsamning geti aðeins losnað úr stöðunni með því að gera gagnstæðan samning við miðlægan mótaðila, þá telst slíkur samningur ekki verðbréf. Sem dæmi um slík viðskipti má nefna staðlaðar afleiður sem verslað er með í kauphöllinni í Stokkhólmi en þeim er þannig háttað að kauphöllin sjálf er gagnaðili í viðskiptunum og bera endanlegir viðskiptavinir skyldur gagnvart henni. Kauphöll Íslands áformar nú að koma á viðskiptum með sambærilegar óframseljanlegar afleiður. Þannig eru sumir staðlaðir afleiðusamningar sem verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði ekki verðbréf en aðrir afleiðusamningar svo sem staðlaðir og framseljanlegir framtíðarsamningar, geta talist til verðbréfa. Eftir sem áður geta verðbréf bæði verið kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar og skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum. Samkvæmt ákvæðinu þarf að vera hægt að eiga viðskipti með verðbréf á fjármagnsmarkaði til að það falli undir skilgreininguna. Með viðskiptum á fjármagnsmarkaði er átt við viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði, á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) eða viðskipti fyrir milligöngu fjármálafyrirtækis með leyfi til verðbréfaviðskipta.

Í öðru lagi teljast til fjármálagerninga öll peningamarkaðsskjöl (e. money-market instruments, d. pengemarkedsinstrumenter, n. pengemarkedsinstrumenter), en með því er átt við þá flokka gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði. Sem dæmi má nefna ríkisvíxla, innlánskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Í þriðja lagi falla hlutdeildarskírteini (e. units in collective investment undertakings, d. andele i kollektive investeringsordninger, n. verdipapirfondsandeler) undir skilgreiningu á fjármálagerningi. Hugtakið hlutdeildarskírteini er skilgreint í lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, á eftirfarandi veg: „fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína."

Undir d–h-lið falla afleiður sem ekki eru framseljanlegar og teljast því ekki til verðbréfa. Þær geta haft ólík undirliggjandi viðmið, allt frá verðbréfum til losunarkvóta samkvæmt loftslagssamningum og breytinga á veðurfari. Uppgjör afleiðusamninga getur ýmist falist í afhendingu á undirliggjandi verðmæti eða í uppgjöri í peningum samkvæmt uppgjörsákvæði sem byggist á breytingu einhvers þáttar á tilteknu tímabili. Við mat á því hvort samningur um uppgjör í undirliggjandi þáttum teljist til afleiðu í skilningi ákvæðisins ber að líta til þess hvort hann hafi fjármálatilgang. Afleiður sem hafa fjármálagerninga að undirliggjandi viðmiði teljast ávallt til fjármálagerninga. Hins vegar gildir annað ef afhending á t.d. vöru eða þjónustu er kjarni og tilgangur samningsins og er þá ekki um afleiðu að ræða í skilningi ákvæðisins. Undir hugtakið afleiða falla m.a. valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar og framvirkir vaxtasamningar. Með valréttarsamningi (e. options) er átt við samning sem veitir öðrum samningsaðila, kaupanda, rétt en ekki skyldu til að kaupa (kauprétt) eða selja (sölurétt) tiltekna eign (andlag samnings) á fyrirframákveðnu verði (valréttargengi) á tilteknu tímamarki (lokadegi) eða innan tiltekinna tímamarka (gildistíma valréttar). Sem endurgjald fyrir þennan rétt fær hinn samningsaðilinn, útgefandinn, ákveðið gjald sem segir til um markaðsvirði valréttarins við upphaf samningstímans. Með framtíðarsamningi (e. futures) er átt við staðlaðan og framseljanlegan samning sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrirframákveðnum tíma. Oft er verðmæti framtíðarsamninga reiknað út daglega og samningsaðili reikningsfærður í samræmi við það. Með skiptasamningi (e. swaps) er átt við samning sem kveður á um að hvor samningsaðila greiði hinum fjárhæð sem tekur mið af breytingum á hvoru viðmiðinu fyrir sig á samningstímanum. Nánar tiltekið skiptast samningsaðilar á greiðslum sem taka mið af breytingum á undirliggjandi viðmiðum, svo sem vöxtum eða gjaldmiðlum. Samningsaðilarnir ákveða við samningsgerðina hversu oft skiptin fara fram. Með framvirkum samningi (e. forwards) er átt við óframseljanlegan samning þar sem kveðið er á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tilekna eign fyrir ákveðið verð á fyrirframákveðnum tíma. Uppgjör slíkra samninga getur ýmist falist í afhendingu á undirliggjandi verðmæti eða í fjárhagslegu uppgjöri. Með framvirkum vaxtasamningum (e. forward rate agreements) er átt við samninga þar sem samningsaðilar eiga gagnkvæman rétt og skyldu til að greiða hvor öðrum mismuninn á milli umsamins vaxtastigs og viðmiðunarvaxta á ákveðnu tímamarki. Mismunurinn reiknast út frá viðmiðunarhöfuðstól.

Í fjórða lagi er með fjármálagerningi átt við valréttarsamninga, framtíðarsamninga, skiptasamninga, framvirka vaxtarsamninga og aðrar afleiður sem byggjast á verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum, ávöxtunarkröfu, öðrum afleiðum, fjárhagslegum vísitölum eða fjárhagslegum viðmiðum sem gera má upp efnislega eða með reiðufé. Í þessu felst að allar afleiður sem

hafa verðbréf, gjaldmiðla, vexti, ávöxtunarkröfu, aðrar afleiður, fjárhagslegar vísitölur eða fjárhagsleg viðmið að undirliggjandi viðmiði teljast til fjármálagerninga óháð því hvort eiginleg afhending fer fram eða peningalegt uppgjör. Í fimmta lagi falla hrávöruafleiður undir skilgreiningu á fjármálagerningi. Í 1. tölul. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006/EB eru hrávörur skilgreindar sem allar vörur sem eru skiptanlegar (e. fungible) (þ.e. tegundarákveðnar út frá eiginleikum) og sem hægt er að afhenda, þ.m.t. málmar, landbúnaðarafurðir og rafmagn. Gert er ráð fyrir að hrávöruafleiður verði nánar afmarkaðar í reglugerð sbr. reglugerðarheimild í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að hrávöruafleiður skiptist í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru hrávöruafleiður valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar og aðrir afleiðusamningar sem tengjast hrávörum sem verður að gera upp með reiðufé eða gera má upp með reiðufé ef einn aðilanna kýs það af annarri ástæðu en vanefndum eða öðru sem jafngildir uppsögn. Í öðru lagi eru hrávöruafleiður, valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar og aðrir afleiðusamningar sem tengjast hrávörum sem hægt er að gera upp efnislega að því tilskildu að viðskipti með þá fari fram á skipulegum verðbréfamarkaði og/eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF). Í þriðja lagi eru hrávöruafleiður valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir samningar og aðrir afleiðusamningar sem tengjast hrávörum sem gera má upp efnislega og ekki er minnst á í öðrum lið þessarar upptalningar og eru ekki til viðskiptanota, og sem hafa einkenni annarra afleiðufjármálagerninga, m.a. með hliðsjón af því hvort verslað er með þá eða þeir gerðir upp í gegnum viðurkennda uppgjörsaðila eða hvort þeir eru háðir reglulegum veðköllum (e. margin calls). Þá teljast afleiður til yfirfærslu lánaáhættu (e. derivative instruments for the transfer of credit risk) til fjármálagerninga. Með afleiðu til yfirfærslu lánaáhættu er átt við samning fjármálalegs eðlis sem yfirfærir að öllu eða hluta lánaáhættu sem tengist til dæmis peningakröfu frá kaupanda til seljanda. Í sjöunda lagi tekur hugtakið fjármálagerningur til samninga um fjárhagslegan mismun (e. financial contracts for differences) en með því er átt við samninga sem byggjast á að samningsaðilar greiða mismun milli undirliggjandi þátta en raunveruleg kaup og sala fara ekki fram. Í áttunda og síðasta lagi teljast aðrar afleiður en hér hafa verið nefndar fjármálagerningar ef þær hafa sömu eiginleika og fyrrnefndar afleiður. Ekki þykir ástæða til að tilgreina sérstaklega í skilgreiningunni framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé, sbr. e-lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. núgildandi laga. Slík réttindi falla undir skilgreiningu verðbréfs að því marki sem þau eru framseljanleg og hægt er að eiga viðskipti með þau á fjármagnsmarkaði.

Í 3. tölul. er hugtakið *eignastýring (e. portfolio management)* skilgreint sem stjórnun verðbréfasafns í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er fyrirframákveðin af viðskiptavini. Skilgreiningin byggist á 9. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Eignastýring er nú skilgreind í 1. gr. laga um verðbréfaviðskipti og felur ákvæðið í sér nokkra breytingu. Í nýrri skilgreiningu felst að ef afla þarf samþykkis viðskiptavinar fyrir hverjum viðskiptum fyrir sig eða ef viðskiptavinur getur gefið fyrirmæli um einstök viðskipti er ekki um eignastýringu að ræða. Í fjárfestingarstefnunni verður því að felast fyrirmæli um að framkvæma viðskipti í samræmi við ákvæði hennar. Hverju verðbréfasafni er stýrt sérstaklega (e. on a discretionary client-by-client basis). Með verðbréfasafni er átt við einn eða fleiri fjármálagerninga.

Hugtakið *fjárfestingarráðgjöf (e. investment advice)* er skilgreint í 4. tölul. Samkvæmt skilgreiningunni er fjárfestingarráðgjöf persónulegar ráðleggingar til viðskiptavinar í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga, hvort sem er að frumkvæði viðskiptavinarins eða þess sem þjónustuna veitir. Þar sem fjárfestingarráðgjöf telst nú til verðbréfaviðskipta skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins þykir nauðsynlegt að skilgreina hugtakið hér. Skilgrein-

ingin byggist á 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Í skilyrðinu um ráðleggingar í tengslum við fjármálagerninga felst það að ráðleggingar um uppbyggingu eignasafns, t.d. helming í hlutabréfum og helming í skuldabréfum, teljast ekki til fjárfestingarráðgjafar. Ráðgjöfin verður þannig að hafa tengsl við ákveðna fjármálagerninga. Í 52. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB er hugtakið fjárfestingarráðgjöf nánar skilgreint og gert ráð fyrir að það verði sett í reglugerð sbr. 2. mgr. Þar kemur fram að með persónulegum ráðleggingum er átt við ráðleggingar sem sendar eru til einstaklings sem fjárfestis eða hugsanlegs fjárfestis eða sem umboðsmanns fyrir fjárfesti eða hugsanlegan fjárfesti. Ráðleggingarnar verða að vera kynntar þannig að þær henti viðkomandi eða byggjast á athugun á aðstæðum viðkomandi og verða að vera ráðleggingar um að kaupa, selja, gangast í áskrift, skipta, innleysa, halda eða ábyrgjast kaup á tilteknum fjármálagerningum eða nýta sér eða nýta sér ekki rétt samkvæmt ákveðnum fjármálagerningi til að kaupa, selja, gangast í áskrift, skipta eða innleysa fjármálagerning. Þá kemur fram að ráðleggingar eru ekki persónulegar ef þær eru aðeins veittar með almennum dreifingarleiðum eða eru veittar almenningi.

Í 5. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu *taka fjármálagerninga til viðskipta (e. admission to trading)*, en með því er átt við samþykki kauphallar á að viðskipti með fjármálagerninga hefjist á skipulegum verðbréfamarkaði að uppfylltum reglum hennar skv. 22. gr. laga um kauphallir. Hugtakið er nýmæli og byggist á þeim tillögum sem gerðar eru í frumvarpinu og frumvarpi til kauphallarlaga, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, um að gerður verði greinarmunur á opinberri skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað (e. official listing) og töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (e. admission to trading). Gildandi lög gera ekki skýran greinarmun á þessum tveimur aðgerðum þar sem hugtakið skráning er látið ná til þeirra beggja. Byggist tillagan á ákvæðum MiFID-tilskipunarinnar sem og öðrum nýlegum tilskipunum Evrópusambandsins um viðskipti með verðbréf. Nær gildissvið þessara tilskipana til fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, hvort sem þeir eru opinberlega skráðir eða ekki. Er í þessu sambandi vísað m.a. til gagnsæistilskipunar 2004/109/EB, lýsingatilskipunar 2003/71/EB, yfirtökutilskipunar 2004/25/EB og markaðssvikatilskipunar 2003/6/EB, en áður afmörkuðust helstu reglur verðbréfamarkaðarins við verðbréf sem voru opinberlega skráð samkvæmt kauphallartilskipun 2001/34/EB. Lagt er til í frumvarpi til kauphallarlaga sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu að Fjármálaeftirlitinu sem lögbæru stjórnvaldi verði falið að annast opinbera skráningu fjármálagerninga en taka fjármálagerninga til viðskipta verði í höndum kauphalla sem reka skipulegan verðbréfamarkað.

Í 6. tölul. er hugtakið *markaðstorg fjármálagerninga (MTF) (e. multilateral trading facility)* skilgreint sem marghliða viðskiptakerfi sem starfrækt er af fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast í samræmi við IV. kafla. Skilgreiningin er í samræmi við 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar, en nánari reglur um markaðstorg fjármálagerninga (MTF) eru í IV. kafla frumvarpsins. Skilgreining markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) er að mestu samhljóða skilgreiningu á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt frumvarpi til laga um kauphallir sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Í inngangi að MiFID-tilskipuninni segir í 6. lið: „Skilgreiningar á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) og skipulegum verðbréfamarkaði skulu vera samræmdar til að endurspegla þá staðreynd að þær standa fyrir sömu viðskiptastarfsemi. Skilgreiningarnar skulu útiloka tvíhliða markaðskerfi þar sem verðbréfafyrirtækið stofnar til sérhverra viðskipta fyrir eigin reikning en ekki sem áhættulaus mótaðili sem stendur á milli kaupanda og seljanda.

Hugtakið „viðskiptakerfi“ nær yfir alla markaði sem samanstanda af reglum og vettvangi til viðskipta sem og þeirra sem aðeins starfa á grundvelli reglna. Skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga (MTF) ber ekki skylda til að starfrækja „tæknilegt“ viðskiptakerfi til að para fyrirmæli. Markaður, sem samanstendur aðeins af reglum um þætti sem tengjast aðild, töku gerninga til viðskipta, viðskipti milli aðila, tilkynningar og, þar sem við á, kvaðir um gagnsæi, er skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) í skilningi þessarar tilskipunar og viðskiptin sem fara fram samkvæmt þessum reglum teljast hafa farið fram í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF)“. Ákvæði skilgreiningarinnar um að leiða saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga ber að túlka víðtækt og nær til fyrirmæla um viðskipti, kaup- og sölutilboð og kaup- eða söluáhuga (e. indication of interest). Með ófrávíkjanlegum reglum er átt við að sá aðili sem starfrækir markaðstorgið getur ekki haft áhrif á hvernig tilboð parast.

Hugtakið *skipulegur verðbréfamarkaður (e. regulated market)* er skilgreint í 7. tölul. sem markaður með fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir. Í frumvarpi til laga um kauphallir, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er skilgreining á hugtakinu byggð á 14. lið 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar og sagt vera marghliða viðskiptakerfi innan Evrópska efnahagssvæðisins sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í viðskiptakerfinu.

Í 8. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu *kauphöll (e. market operator)* og er vísað til skilgreiningar á hugtakinu í lögum um kauphallir. Í 1. tölul. 2. gr. frumvarps til laga um kauphallir, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er að finna nýja skilgreiningu á hugtakinu kauphöll og hún sögð vera hlutafélag sem fengið hefur leyfi samkvæmt lögunum til að reka skipulegan verðbréfamarkað. Þannig er lagt til að hugtakið skipulegur verðbréfamarkaður verði notað um markaðinn sjálfan en að rekstraraðili markaðarins kallist kauphöll.

Í 9. tölulið er að finna skilgreiningu á hugtakinu *fagfjárfestir (e. professional client)*. Skilgreiningunni á fagfjárfestum í gildandi lögum var síðast breytt með lögum nr. 94/2006, en breytingin var hluti af innleiðingarferli vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um lýsingar þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan verðbréfamarkað (e. Directive 2003/71/EC of the European Parliament and of the Council of 4 November 2003 on the prospectus to be published when securities are offered to the public or admitted to trading). Í frumvarpi þessu er hins vegar nauðsynlegt vegna innleiðingar MiFID-tilskipunarinnar að leggja enn til breytingar á skilgreiningu á hugtakinu fagfjárfestir vegna hugtakanotkunar MiFID-tilskipunarinnar. Lagt er til að núgildandi skilgreining á fagfjárfestum verði notuð sem skilgreining á *hæfum fjárfestum* í VI. kafla frumvarpsins, nánar tiltekið í 9. tölul. 43. gr., en að skilgreining á fagfjárfestum sem byggist á viðauka II við MiFID-tilskipunina verði sett í orðskýringarákvæði 2. gr. frumvarpsins. Með fagfjárfestum í frumvarpinu er samkvæmt skilgreiningunni átt við viðskiptavini sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Þeir sem teljast fagfjárfestar eru í fyrsta lagi lögaðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum. Undir þetta falla m.a. fjármálafyrirtæki og fyrirtæki tengd fjármálasviði, vátryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiða, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar. Ákvæðið á jafnt við um aðila sem hafa stað-

festu hér á landi og erlendis, hvort sem staðfestan er innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins. Með staðbundnum aðilum (e. locals) er átt við fyrirtæki sem stunda verðbréfaviðskipti sem felast eingöngu í því að stunda viðskipti fyrir eigin reikning á mörkuðum fyrir framtíðarsamninga eða valréttarsamninga eða aðrar afleiður og á peningamörkuðum eingöngu í þeim tilgangi að baktryggja stöður á afleiðumörkuðum, eða sem stunda viðskipti fyrir reikning annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum eða gefa upp verð til þeirra sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast og þar sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast að staðið sé við samninga sem slík fyrirtæki gera sbr. l. lið 1. mgr. 2. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Slíkir aðilar eiga í viðskipum á sérhæfðum afleiðumörkuðum, svo sem á Euronext.liffe markaðnum. Ekki er vitað til þess að slíkir aðilar starfi hér á landi en ekki útilokað að fjármálafyrirtæki með starfsleyfi hér á landi eigi í viðskiptum við líka aðila og þykir því rétt að fella þá inn í skilgreiningu fagfjárfesta í samræmi við MiFID-tilskipunina. Í öðru lagi teljast til fagfjárfesta stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum: Að heildartala efnahagsreiknings sé 1.847 millj. kr. eða hærri, að hrein ársvelta sé 3.695 millj. kr. eða meiri eða að eigið fé sé 185 millj. kr. eða meira. Fjárhæðir samkvæmt þessu eru bundnar gengi evru. Í þriðja lagi teljast ríkisstjórnir og sveitarstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir, til fagfjárfesta. Þá teljast aðrir stofnanafjárfestar, sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfun (e. securitisation) eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti. Að lokum teljast fagfjárfestar þeir aðilar sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar á grundvelli 24. gr. frumvarpsins en þar er fjallað um þá aðila sem geta óskað eftir því að vera fagfjárfestar. Hugtakið fagfjárfestir er mikilvægt í ljósi þess að gerður er munur á því hvort um er að ræða almennan fjárfesti eða fagfjárfesti þegar kemur að fjárfestavernd. Þannig er verndin meiri fyrir almenna fjárfesta en fagfjárfesta. Munurinn kemur þó ekki fram í MiFID-tilskipuninni sjálfri heldur í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB sem inniheldur nánari útfærslu á meginreglum MiFID-tilskipunarinnar. Þar sem gert er ráð fyrir að þær reglur verði að meginstefnu til teknar upp í innlendan rétt með reglugerð kemur munurinn á þeim reglum sem gilda um viðskipti almennra fjárfesta og fagfjárfesta ekki nema að litlu leyti fram í frumvarpi þessu. Þrátt fyrir það er lagt til að hugtakið fagfjárfestar verði skilgreint í lögum en ekki reglugerð. Meginreglur þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu um fjárfestavernd gilda um fagfjárfesta jafnt sem almenna fjárfesta en við nánari útfærslu þeirra í reglugerð er vernd fagfjárfesta mun minni. Framangreindir hópar sem teljast til fagfjárfesta geta óskað eftir að hafa stöðu almennra fjárfesta, sbr. 23. gr. frumvarpsins. Þá geta ákveðnir aðilar kosið að gangast undir þær reglur sem gilda um fagfjárfesta og þannig afsalað sér þeirri vernd sem felst í þeim reglum sem gilda um almenna fjárfesta. Til að fjármálafyrirtæki megi meðhöndla þessa aðila sem fagfjárfesta verða þeir þó að uppfylla ákveðin skilyrði, sbr. 24. gr. frumvarpsins. Ákveðnir fagfjárfestar teljast jafnframt viðurkenndir gagnaðilar og njóta samkvæmt því minni verndar en aðrir fagfjárfestar. Flokkun viðskiptavina í almenna fjárfesta og fagfjárfesta hefur fyrst og fremst áhrif á fjárfestavernd en hefur þó jafnframt þýðingu varðandi reglur um innmiðlara.

Í 10. tölul. er hugtakið *viðurkenndur gagnaðili (e. eligible counterparty)* skilgreint sem aðili sem fellur undir a-, b- og c-lið skilgreiningar fagfjárfesta. Hugtakið byggist á 2. mgr. 24. gr. MiFID-tilskipunarinnar og 1. mgr. 50. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB. Hugtakið er mikilvægt í ljósi þess að þeir aðilar sem undir það falla njóta ekki þeirrar verndar sem kveðið er á um í 9., 14., 15., 16. og 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins eins

og nánar er lýst í athugasemdum við 22. gr. frumvarpsins. Þannig njóta viðurkenndir gagnaðilar minni verndar en fagfjárfestar og almennir fjárfestar. Kveðið er á um í 2. mgr. 24. gr. MiFID-tilskipunarinnar að aðildarríki skuli viðurkenna ákveðna aðila sem viðurkennda gagnaðila ef um er að ræða aðila sem samsvara a- og c-lið skilgreiningar fagfjárfesta. Í 1. mgr. 50. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB er kveðið á um að aðildarríki megi jafnframt viðurkenna sem viðurkennda gagnaðila þá aðila sem falla undir b- og e-lið skilgreiningar fagfjárfesta. Lagt er til í frumvarpi þessu að nýtt verði heimild til að fella undir skilgreiningu viðurkenndra gagnaðila þá aðila sem falla undir b-lið skilgreiningar fagfjárfesta enda er um að ræða stór fyrirtæki sem óhætt er að gera ráð fyrir að haf næga burði til að eiga í viðskiptum án þeirrar fjárfestaverndar sem kveðið er á um í tilvitnuðum greinum II. kafla þessa frumvarps. Hins vegar er lagt til að þeir aðilar sem falla undir e-lið skilgreiningar fagfjárfesta geti ekki sótt um að hafa stöðu viðurkenndra gagnaðila og byggist tillagan á því að ekki sé um aðila að ræða með sömu þekkingu og styrk og þeir aðilar sem falla í flokk viðurkenndra gagnaðila. Þessir aðilar teljast þrátt fyrir það fagfjárfestar og njóta þannig minni fjárfestaverndar en almennir fjárfestar sbr. 24. gr. frumvarpsins.

Í 11. tölul. er hugtakið *almennur fjárfestir (e. retail client)* skilgreint sem fjárfestir sem ekki er fagfjárfestir. Almennir fjárfestar njóta fullrar vendar ákvæða II. kafla um fjárfestavernd og ákvæða tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB. Hugtakið almennur fjárfestir er skylt hugtakinu neytandi en þau falla þó ekki saman þar sem almennur fjárfestir er viðskiptavinur eða hugsanlegur viðskiptavinur fjármálafyrirtækis og á í viðskiptum með fjármálagerninga.

Í 12. tölulið er að finna skilgreiningu á hugtakinu *opinber fjárfestingarráðgjöf* og er skilgreiningin óbreytt frá gildandi lögum. Til að ráðgjöf teljist opinber fjárfestingarráðgjöf þarf hún að fela í sér ráðleggingar ýmist um að kaupa, selja eða halda sölu á fjármálagerningum eða verðbréfum eða tillögu að fjárfestingarstefnu. Slíkar ráðleggingar geta verið beinar, t.d. þegar mælt er með kaupum eða sölu, undirvogun eða yfirvogun. Ráðleggingar geta þó einnig verið óbeinar, t.d. þegar fjallað er um framtíðarþróun á gengi verðbréfa eða þegar umfjöllun er þannig að niðurstaðan af fjárfestingarráðgjöfinni er ljós þótt orðin kaup eða sala komi hvergi fyrir.

Í 13. tölulið er að finna skilgreiningu á hugtakinu *viðurkennd markaðsframkvæmd* og er einnig lagt til að skilgreiningin verði óbreytt frá gildandi lögum. Með viðurkenndri markaðsframkvæmd er átt við framkvæmd sem talið er eðlilegt að gera ráð fyrir að sé viðhöfð á fjármálamörkuðum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá er það gert að skilyrði að Fjármálaeftirlitið hafi viðurkennt framkvæmdina. Skilgreiningar þær sem koma fram í 12. og 13. tölul. komu inn í lög um verðbréfaviðskipti með lögum nr. 31/2005, en með þeim lögum voru innleiddar þrjár tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins um markaðssvik, útboðs- og skráningarlýsingar og yfirtökur og undirtilskipanir framkvæmdastjórnarinnar um markaðssvik og útboðs- og skráningarlýsingar.

Loks er í 14. tölulið skilgreint hugtakið *innmiðlari (e. systematic internaliser)*. Byggist skilgreiningin á 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Samkvæmt frumvarpinu er með innmiðlara átt við fjármálafyrirtæki sem skipulega, reglulega og kerfisbundið á í viðskiptum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF). Í 21. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006/EB er skilgreint nánar hvað felst í því að eiga í viðskiptum skipulega, reglulega og kerfisbundið. Viðskiptin þurfa að hafa mikilvæga viðskiptalega þýðingu fyrir fyrirtækið og vera framkvæmd í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur. Viðskipt-

in þurfa að vera framkvæmd af starfsmönnum eða sjálfvirku tæknilegu kerfi og vera samfellt aðgengileg fyrir viðskiptavini. Þrátt fyrir að fjármálafyrirtæki hafi fallið undir skilgreiningu innmiðlara er því heimilt að hætta þeirri starfsemi með tilkynningu sem birt er á sama hátt og það birtir kaup- og sölutilboð. Fjallað er um innmiðlara í 28. gr. frumvarpsins auk þess sem nánar ákvæði verða sett í reglugerð.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að ráðherra skuli í reglugerð setja nánari ákvæði um skilgreiningu hugtakanna fjármálagerningur, fjárfestingarráðgjöf og innmiðlari. Þegar hefur verið getið um nánari útfærslu á hugtakinu hrávöruafleiða í samræmi við 5.–7. tölul. C-hluta I. viðauka MiFID-tilskipunarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að í reglugerð ráðherra verð sett ákvæði til innleiðingar á 21., 38. og 39. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006/EB og 52. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2006/73/EB.

Um 3. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um hvenær útgefandi verðbréfa á Ísland sem heimaríki. Afmörkun á heimaríki útgefanda hefur þýðingu í tengslum við þau ákvæði sem innleiða tilskipun 2004/109/EB vegna upplýsinga sem útgefandi skal birta opinberlega, en þær ber honum að senda Fjármálaeftirlitinu þegar hann á Ísland sem heimaríki, og vegna gildissviðs VII. kafla um reglulegar upplýsingar. Skilgreininguna á heimaríki er að finna í i-lið 1. mgr. 2. gr. í gagnsæistilskipun ESB.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Ísland sé ávallt heimaríki útgefanda með skráða skrifstofu á Íslandi sem gefur út hlutabréf eða skuldabréf þar sem nafnverð eininga skuldabréfanna er lægri fjárhæð en 92.400 kr. (1.000 evrur) ef framangreind verðbréf hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Íslensk hlutafélög eiga þannig alltaf Ísland sem heimaríki jafnvel þótt hlutabréf félagsins hafi aðeins verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslandi. Regla 1. mgr. gildir um hlutafélög með skráða skrifstofu á Íslandi þótt viðkomandi félag hafi áður gefið út annars konar verðbréf en þau sem nefnd eru í ákvæðinu.

Regla 2. mgr. gildir í þeim tilvikum þegar Ísland er heimaríki útgefanda með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Auk sömu skilyrða og mælt er fyrir um í 1. mgr., þ.e. tiltekna tegund verðbréfa og að bréfin hafi verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu, er gerð krafa um að útgefanda beri samkvæmt reglum um lýsingar að senda Fjármálaeftirlitinu árlega skýrslu, sbr. 48. gr. Það leiðir af skilgreiningu i-tölul. i-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB að lögaðili með skráða skrifstofu utan Evrópska efnahagssvæðisins telst vera með Ísland sem heimaríki ef lögaðilinn er skyldur til þess að senda Fjármálaeftirlitinu árlegt yfirlit skv. 48. gr. frumvarpsins. Samkvæmt tilskipun 2001/34/EB um lýsingar getur útgefandi með aðsetur í ríki utan EES verið með fleiri heimaríki en eitt á EES-svæðinu, t.d. ef hann gefur út skuldabréf þar sem nafnverð eininga bréfanna er 924.000 kr. (10.000 evrur) í Þýskalandi en gefur út hlutabréf á Íslandi. Reglan um fleiri en eitt heimaríki gengur hins vegar ekki upp gagnvart tilskipun 2004/109/EB þar sem hún gerir kröfu um að útgefandi velji eitt heimaríki. Af þeim sökum er nauðsynlegt að hafa ákveðna reglu um hvenær útgefandi verðbréfa með aðsetur í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins hefur Ísland sem heimaríki. Því er lagt til í 2. mgr. að lögfest verði sú regla að Ísland sé heimaríki útgefandans þegar honum ber skylda til að senda Fjármálaeftirlitinu árlegt yfirlit skv. 48. gr. frumvarpsins vegna hlutabréfa sinna eða skuldabréfa þar sem nafnverð eininga skuldabréfanna er lægri fjárhæð en 92.400 kr. (1.000 evrur). Skyldan til að senda árlegt yfirlit til Fjármálaeftirlitsins er afleiðing þess að hlutabréf útgefandans eru tekin

til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, sbr. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar 242/2006. Jafnvel þótt útgefenda í dæminu hér að framan beri skylda til að senda bæði Fjármálaeftirlitinu og lögbærum þýskum yfirvöldum árlega skýrslu telst Ísland heimaríki útgefandans í skilningi tilskipunar 2004/109/EB þar sem Ísland er ríkið þar sem hlutabréfin eru gefin út.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um hvenær Ísland getur verið heimaríki í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 1. og 2. mgr. Rétt er að nefna að 3. mgr. á aðeins við þegar útgefandi fellur utan heimaríkisreglna 1. eða 2. mgr. Ákvæðið byggist á því að útgefandi velji sjálfur að hafa Ísland sem heimaríki. Valið getur staðið á milli Íslands og annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem útgefandi er með skráða skrifstofu eða verðbréf hans hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Skilyrði þess að útgefandi geti valið að eiga Ísland að heimaríki eru að hann sé með skráða skrifstofu á Íslandi eða að verðbréf hans hafi verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Á grundvelli síðara skilyrðisins getur Ísland orðið heimaríki útgefanda með skráða skrifstofu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslandi eða útgefanda með skráða skrifstofu utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í lokamálslið 3. mgr. er mælt fyrir um að val útgefanda á heimaríki gildi í að minnsta kosti þrjú ár frá opinberri birtingu á vali útgefanda á heimaríki, sbr. 7. mgr. greinarinnar. Á þeim tíma getur útgefandi ekki valið neitt annað heimaríki, þ.e. ef ekki kemur áður til þess að verðbréf útgefandans eru ekki lengur í viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefna má dæmi um útgefanda með skráða skrifstofu í Danmörku sem gefur út skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og sem hefur valið að hafa Ísland sem heimaríki. Ákveði viðkomandi útgefandi eftir eitt ár að taka skuldabréfin af skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og flytja útgáfuna til Danmerkur heldur Ísland áfram að vera heimaríki hans í að minnsta kosti tvö ár til viðbótar. Ísland getur þannig verið heimaríki útgefanda sem hvorki er með skráða skrifstofu á Íslandi né verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði hér.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um hvenær Ísland er gistiríki útgefanda en það er þegar verðbréf útgefandans hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og Ísland er ekki heimaríki hans skv. 1.–3. mgr.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði VII., VIII. og IX. kafla laganna eigi við þegar Ísland er heimaríki útgefanda þrátt fyrir að verðbréf hans hafi ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi heldur aðeins í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Dæmi um slíka stöðu er ef hlutabréf íslensks hlutafélags eru aðeins tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í Danmörku. Þar sem Ísland er heimaríki útgefandans ber Fjármálaeftirlitið ábyrgð á eftirliti með því að útgefandinn fylgi ákvæðum gagnsæistilskipunarinnar. Þar af leiðandi verða íslenskar reglur sem byggjast á gagnsæistilskipun ESB að gilda um hann, en lagt er til að ákvæði tilskipunarinnar verði innleidd í íslenskan rétt með ákvæðum VII., VIII. og IX. kafla frumvarpsins.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um að óheimilt sé að taka verðbréf útgefanda, sem samkvæmt 3. mgr. getur valið heimaríki, til viðskipta fyrr en hann hefur valið eitt ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem heimaríki. Sú staða á því ekki að koma upp að útgefandi hafi ekkert heimaríki en samkvæmt gagnsæistilskipuninni verða allir útgefendur að hafa eitt ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem heimaríki. Þar sem gagnsæistilskipunin gildir ekki um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini eða útgefendur peningamarkaðsskjala með styttri gildistíma en 12 mánuði eru útgefendur slíkra fjármálagerninga undanskildir þessari reglu. Rétt er að taka fram að ef útgefandi framangreindra fjármálagerninga gefur út einhverjar aðrar tegundir verðbréfa en hlutdeildarskírteini eða peningamarkaðsskjöl með

styttri gildistíma en 12 mánuði, og þau verðbréf eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á undanþágan ekki við.

Loks er mælt fyrir um í 7. mgr. að val útgefanda á heimaríki skuli birt opinberlega með sama hætti og lýst er í 1. mgr. 62. gr.

Um II. kafla.

Í II. kafla er fjallað um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja og eru í kaflanum mörg nýmæli sem rekja má til MiFID-tilskipunarinnar. Í 4. gr. er gildissvið kaflans afmarkað. Í 5. gr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við góða viðskiptavenju. Þá er í 6. gr. kveðið á um skipulag fjármálafyrirtækja og í 7. gr. er fjallað um útvistun verkefna. Í 8. gr. er að finna reglur um hagsmunaárekstra og í 9. gr. eru ákvæði um skriflega samninga, skráningu samninga og yfirlit til viðskiptavina um þjónustu. Í 10. gr. er kveðið á um skráningu þjónustu og varðveislu gagna og í 11. gr. er fjallað um sérgreiningu fjármálagerninga og annarra fjármuna. Í 12. gr. er að finna reglur um safnskráningu og í 13. gr. koma fram reglur um framsalsáritun. 14. gr. hefur að geyma reglur um upplýsingagjöf til viðskiptavina og í 15. gr. er kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækja til öflunar upplýsinga vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar. Þá er kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækja til öflunar upplýsinga vegna annarra verðbréfaviðskipta í 16. gr. frumvarpsins. Í 17. gr. er fjallað um veitingu þjónustu fyrir milligöngu þriðja aðila, í 18. gr. um bestu framkvæmd og í 19. gr. eru ákvæði um framkvæmd fyrirmæla. Í 20. gr. er fjallað um heimild fjármálafyrirtækja til að tilnefna einkaumboðsmenn. Í 21. gr. eru ákvæði um flokkun viðskiptavina fjármálafyrirtækja í viðurkennda gagnaðila, fagfjárfesta og almenna fjárfesta. Í 22. gr. eru ákvæði um viðskipti fjármálafyrirtækja við viðurkennda gagnaðila og í 23. gr. koma fram reglur um samskipti fagfjárfesta og fjármálafyrirtækja. Í 24. gr. er að finna heimild fyrir viðskiptavini til að óska eftir því að falla undir skilgreininguna á fagfjárfestum. Þá eru í 25. gr. reglur um opinbera fjárfestingarráðgjöf og birtingu tölfræðiupplýsinga og loks er í 26. gr. að finna ákvæði um setningu stjórnvaldsreglna.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um gildissvið II. kafla frumvarpsins. Gilda ákvæði kaflans um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta, en um það hvaða fjármálafyrirtæki hafa heimild til verðbréfaviðskipta fer samkvæmt II. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þar sem kveðið er á um leyfisskylda starfsemi, veitingu starfsleyfa og tegundir starfsleyfa. Ein grein í kaflanum, 25. gr., tekur þó ekki einungis til fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta, heldur á greinin einnig við um aðila sem birta greiningar og fjárfestingarráðgjöf og opinbera aðila sem miðla tölfræðilegum upplýsingum sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á fjármálamörkuðunum.

Um 5. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um skyldu fjármálafyrirtækja til að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfaviðskiptum. Ákvæðið er óbreytt frá 4. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Núgildandi ákvæði er innleiðing á 1. mgr. 11. gr. tilskipunar nr. 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta sem hefur verið leyst af hólmi með 1. mgr. 19. gr. MiFID-tilskipunarinnar en ekki er talin vera þörf á breytingum á efnisatriðum greinarinnar. Ákvæðið felur í sér meginreglu og eru önnur ákvæði kaflans til nánari skýringar á hvað felist í góðri viðskiptavenju. Í ákvæð-

inu felst m.a. að fjármálafyrirtækjum ber að starfa heiðarlega, faglega og af sanngirni og gæta hagsmuna viðskiptavina sinna í hvívetna. Í nokkrum ákvæðum tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB, þar sem er að finna ákvæði til fyllingar á MiFID-tilskipuninni um skipulagskröfur og viðskiptahætti fjárfestingarfyrirtækja og skilgreiningu hugtaka fyrir þá tilskipun, er sérstaklega vísað í góða viðskiptavenju. Má sem dæmi nefna 26. gr. þar sem kveðið er á um að fjármálafyrirtæki teljist ekki starfa í samræmi við góða viðskiptavenju ef þau þiggja aðrar greiðslu eða umbun en getið er í ákvæðinu. Gert er ráð fyrir að ákvæði þetta verði tekið upp í innlendan rétt með reglugerð. Í 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki er sambærileg skylda lögð á öll fjármálafyrirtæki hvort sem þau hafa leyfi til verðbréfaviðskipta eða ekki. Ákvæði 5. gr. frumvarps þessa vísar sérstaklega til venja í verðbréfaviðskiptum og beinist þannig, í samræmi við gildissvið kaflans, sérstaklega að fjármálafyrirtækjum sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipulag fjármálafyrirtækja í verðbréfaviðskiptum og þær ráðstafanir sem slíkum fyrirtækjum ber skylda til að gera svo að reksturinn geti talist traustur og hagsmunir viðskiptavina séu tryggðir. Lúta kröfur þessar fyrst og fremst að skipulagi og innri málum fyrirtækjanna.

Í 1. mgr. er kveðið á um að skipulagi fjármálafyrirtækja skuli vera þannig háttað að tryggð sé samfelld og regluleg starfsemi og þjónusta við viðskiptavini. Til að tryggja þetta skulu fjármálafyrirtæki m.a hafa yfir að ráða og nota viðeigandi kerfi og verkferla og innan fyrirtækjanna skal vera nauðsynleg þekking. Í ákvæðinu felst m.a. að fjármálafyrirtækjum í verðbréfaviðskiptum ber að tryggja öruggan rekstur upplýsingakerfa. Ákvæðið er innleiðing á 4. mgr. 13. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Nánari útfærslu á því ákvæði tilskipunarinnar er að finna í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2006/73/EB sem sett var til fyllingar á MiFID-tilskipuninni um skipulagskröfur og viðskiptahætti fjárfestingarfyrirtækja og skilgreiningu hugtaka fyrir þá tilskipun. Þar er kveðið á um að fjármálafyrirtækjum beri að hafa áætlun um það hvernig skuli bregðast við röskun á starfsemi fyrirtækisins, svo sem vegna bilana í tölvukerfum, hvernig gögn séu varðveitt og endurheimt og hvernig starfseminni verði komið í samt lag eftir slíka röskun.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli hafa örugga verkferla fyrir stjórnun, reikningsskil, innra eftirlit og áhættumat fyrirtækisins. Ákvæðið byggist á 3. málsl. 5. mgr. 13. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Gert er ráð fyrir að ítarlegri reglur um verkferlana verði sett í reglugerð, sbr. reglugerðarheimild í 26. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli setja reglur og verkferla sem tryggja að fyrirtækið, stjórn þess, starfsmenn og fastir umboðsmenn fari að lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Jafnframt skuli fjármálafyrirtæki setja reglur um eigin viðskipti stjórnar fyrirtækisins, starfsmanna þess og fastra umboðsmanna með fjármálagerninga. Ákvæðið er innleiðing á 2. mgr. 13. gr. MiFID-tilskipunarinnar og kemur að hluta til í staðinn fyrir 14. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti um viðskipti fyrir eigin reikning og 15. gr. um reglur fjármálafyrirtækja. Lagt er til að nánari ákvæði um ofangreindar reglur og verkferla verði sett í reglugerð, sbr. reglugerðarheimild í 26. gr. frumvarpsins, með hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB, en þar er m.a. að finna ítarleg ákvæði um regluvörslu í 6. gr. og eigin viðskipti í 11. og 12. gr.

Um 7. gr.

Ákvæðið, sem er nýmæli, kveður á um að fjármálafyrirtæki skuli tryggja að útvistun verkefna sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir starfsemi þess auki ekki rekstaráhættu fyrirtækisins. Þá er í 2. málsl. greinarinnar kveðið á um að útvistun verkefna sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir starfsemi fjármálafyrirtækis sé óheimil ef hún hefur skaðleg áhrif á innra eftirlit fyrirtækisins eða regluvörslu. Að lokum er í 3. málsl. kveðið á um að fjármálafyrirtæki beri eftir sem áður fulla ábyrgð á útvistuðum verkefnum. Með ákvæðinu er lögð til innleiðing á ákvæði 5. mgr. 13. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að nánari útfærsla á ákvæðinu verði sett í reglugerð, sbr. heimild í 26. gr. frumvarpsins, en nánari útfærslu á ákvæði 5. mgr. 13. gr. MiFID-tilskipunarinnar er að finna í 13.–15. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB, en þar er m.a. afmarkað með ítarlegum hætti hvaða verkefni geta talist hafa mikilvæga þýðingu fyrir starfsemi fjármálafyrirtækja og sett fram nánari skilyrði fyrir útvistun verkefna og útvistun til þriðju ríkja.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar hafi neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina þeirra. Ákvæðið kemur í stað 13. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Með ákvæðinu er tekið upp í innlendan rétt ákvæði 3. mgr. 13. gr. og 18. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Nánari ákvæði verða sett í reglugerð á grundvelli 21.–25. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB.

Í 1. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina þess. Nánar verður kveðið á um í reglugerð til hvaða ráðstafana fjármálafyrirtæki skuli grípa í þessu sambandi. Skal fjármálafyrirtæki setja sér reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum. Ráðstafanir samkvæmt þessari grein skulu taka mið af stærð og eðli starfseminnar. Koma skal í veg fyrir að upplýsingar berist á milli manna innan fyrirtækisins þannig að hætta sé á að hagsmunir viðskiptavina skaðist. Aðskilja skal eftirlit innan fyrirtækisins með aðilum sem geta lent í hagsmunaárekstrum við viðskiptavini. Fjarlægja skal tengingar milli þóknana sem skapað geta hagsmunaárekstra. Koma skal í veg fyrir óeðlileg afskipti af þeirri þjónustu sem fyrirtækið veitir. Ef ráðstafanir þessar eru ekki nægar til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina, skal gripið til annarra ráðstafana sem nauðsynlegar eru í þeim tilgangi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli greina hagsmunaárekstra milli: 1. fyrirtækisins sjálfs annars vegar, þ.m.t. starfsmanna þess, einkaumboðsmanna eða aðila sem lúta yfirráðum þess og viðskiptavina þess hins vegar, og 2. milli viðskiptavina fyrirtækisins innbyrðis. Nánar verður kveðið á um í reglugerð hvernig greining hagsmunaárekstra skal fara fram. Hagsmunir fyrirtækisins og aðila sem tengjast því geta skarast með ýmsum hætti við hagsmuni viðskiptavina. Fyrirtækið eða aðilar sem tengjast því geta t.d. hlotið ávinning eða komist hjá tapi á kostnað viðskiptavinar. Fyrirtækið eða aðilar sem tengjast því geta haft aðra hagsmuni af útkomu verðbréfaviðskipta en viðskiptavinurinn. Fyrirtækið eða aðilar sem tengjast því geta haft hagsmuni af því að hygla einum viðskiptavini á kostnað annars. Fjármálafyrirtækið eða aðilar sem tengjast því geta rekið sömu starfsemi og viðskiptavinur. Þá getur fyrirtækið eða aðilar tengdir því fengið þóknun frá öðrum en viðskiptavini í tengslum við þjónustu fyrirtækisins. Ber fjármálafyrirtæki að greina allar framangreindar tegundir hagsmunaárekstra.

Í 3. mgr. er kveðið á um að þar sem ráðstafanir skv. 1. mgr. veiti ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna viðskiptavina sé nægjanlega gætt skuli fjármálafyrirtæki upplýsa viðkomandi viðskiptavini um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna áður en til viðskipta er stofnað milli fjármálafyrirtækisins og viðskiptavinarins. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um að tilkynning samkvæmt ákvæðinu skuli send á varanlegum miðli og skuli innihalda nægjanlegar upplýsingar með tilliti til viðskiptavinar svo hann geti tekið afstöðu til verðbréfaviðskiptanna með hliðsjón af hagsmunaárekstrunum.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ef fjármálafyrirtæki tekur að sér þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta fyrir almennan fjárfesti skuli gerður skriflegur samningur milli fjármálafyrirtækisins og viðskiptavinar þess þar sem m.a. skuli kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila. Þetta á þó ekki við um fjárfestingarráðgjöf. Ákvæðið tekur til nýrra viðskipta sem stofnað er til eftir gildistöku frumvarps þessa. Skriflegur samningur getur ýmist verið á pappír eða á öðrum varanlegum miðli.

Með ákvæðinu er lagt til að tekið verði upp í innlendan rétt ákvæði 39. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB. Ákvæðið gildir aðeins um almenna fjárfesta og tekur því ekki til viðskipta fjármálafyrirtækja við fagfjárfesta eða viðurkennda gagnaðila.

Ákvæðið leysir af hólmi 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, en felur í sér nokkrar breytingar. Þannig er ekki lengur gert ráð fyrir að einungis skuli gera skriflegan samning ef um er að ræða viðvarandi viðskiptasamband heldur er lagt til að ákvæðið eigi við í hvert sinn sem fjármálafyrirtæki tekur að sér þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta fyrir almennan fjárfesti. Ákvæðið á því við um alla þjónustu sem fjármálafyrirtæki veita viðskiptavinum sínum á sviði verðbréfaviðskipta, hvort sem um einstök viðskipti er að ræða eða viðvarandi viðskiptasamband. Núgildandi ákvæði gengur þó lengra að því leyti að þar er ekki gerður greinarmunur á viðskiptavinum, þ.e. það gildir hvort sem um er að ræða almennan fjárfesti eða fagfjárfesti. Það að ákvæðið gildi ekki um fjárfestingarráðgjöf felur ekki í sér breytingu frá gildandi rétti, þar sem fjárfestingarráðgjöf fellur almennt ekki undir reglur II. kafla gildandi laga.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli halda sérstaka skrá yfir alla samninga sem gerðir eru við hvern viðskiptavin þess. Í samningum skal kveðið á um réttindi og skyldur í viðskiptum aðila. Í 2. málsl. 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að vísa til réttarreglna eða skjala sem séu aðgengileg viðskiptamönnum um réttindi og skyldur samningsaðila og þar með óþarfi að endurtaka efni réttarreglna og skjala í samningnum sjálfum. Ákvæðið er innleiðing á 7. mgr. 19. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli senda viðskiptavinum sínum yfirlit yfir þá þjónustu sem það veitir þeim. Gert er ráð fyrir að yfirlitin hafi að geyma , þar sem við á, upplýsingar um kostnað við þjónustuna. Ákvæðið er innleiðing á 8. mgr. 19. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Ítarleg ákvæði um yfirlit fjármálafyrirtækja til viðskiptavina er að finna í 40.–43. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB og er gert ráð fyrir að þau verði innleidd í íslenskan rétt með reglugerð, sbr. reglugerðarheimild í 26. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að í reglugerðinni verði m.a. kveðið á um hve oft slík yfirlit skuli send og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram. Í 2. mgr. 7. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti er að finna svipað ákvæði þar sem kveðið er á um skyldu fjármálafyrirtækis sem tekur að sér eignastýringu til að senda viðskiptavinum sínum yfirlit tvisvar á ári þar sem fram koma upplýsingar um hvernig fjármunum viðkomandi hefur verið varið frá því að fyrra yfirlit var gefið

út, eignastöðu og áætlað verðmæti eigna við dagsetningu yfirlits. Þá er í núgildandi ákvæði kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækis til að senda viðskiptavinum sínum slíkt yfirlit án tafar fari viðskiptavinur fram á það.

Um 10. gr.

Með 1. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli halda skrár yfir alla þjónustu sem það veitir og öll viðskipti sem það hefur milligöngu um á sviði verðbréfaviðskipta. Þá er lögð sú skylda á fjármálafyrirtæki að skrárnar séu það ítarlegar að fyrirtækið geti með þeim sýnt fram á að það hafi farið að lögum í starfsemi sinni. Með ákvæðinu er lagt til að 6. mgr. 13. gr. MiFID-tilskipunarinnar verði innleidd í íslenskan rétt. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að fjármálafyrirtæki geti með því að skrá þjónustu og viðskipti sýnt fram á að það fari að lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Slík skráning er mikilvæg til að Fjármálaeftirlitið geti staðreynt að starfsemin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hennar. Í 7. og 8. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006/EB eru nánari reglur um skrár samkvæmt greininni. Þar er m.a. kveðið á um hvaða upplýsingar skuli skrá vegna verðbréfaviðskipta. Þá er í f-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2006/73/EB kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli hafa viðeigandi skrár yfir starfsemi sína. Í 23. gr. sömu tilskipunar er lagt á fjármálafyrirtæki að halda skrá yfir þá þjónustu þar sem hagsmunaárekstrar hafa komið upp og valdið hættu á tjóni á hagsmunum viðskiptavina. Í 51. gr. sömu tilskipunar er kveðið á um hversu lengi skrár skuli geymdar og varðveittar. Þá er eftirlitsaðilum hvers ríkis falið að gera lágmarkskröfur til þeirra upplýsinga sem geyma skal samkvæmt ákvæðinu. Gert er ráð fyrir að ákvæði þessi verði innleitt í innlendan rétt með reglugerð sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli varðveita í a.m.k. fimm ár gögn um öll viðskipti með fjármálagerninga sem það framkvæmir, hvort sem viðskiptin eru fyrir eigin reikning fyrirtækisins eða fyrir hönd viðskiptavina. Kveðið er á um að gögn þessi skuli m.a. innihalda upplýsingar samkvæmt lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Ákvæðið er nýmæli í íslenskum rétti, en með því er lögð til innleiðing á ákvæði 2. mgr. 25. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um sérgreiningu fjármálagerninga og annarra fjármuna viðskiptavina. Felur ákvæðið í sér innleiðingu á 7. og 8. mgr. 13. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Ákvæðið kemur í stað 10. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti þar sem kveðið er á um að fjármálafyrirtæki skuli halda fjármunum og fjármálagerningum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fjármálafyrirtækisins og að fjármunir viðskiptavina skuli varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi, en ákvæðið á rætur að rekja aftur til 7. gr. laga nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun.

Í 1. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli halda fjármálagerningum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fjármálafyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að fjármálafyrirtæki geti aðeins nýtt sér fjármálagerninga viðskiptavinar fyrir eigin reikning með skriflegu samþykki hans. Í 2. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli halda öðrum fjármunum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fjármálafyrirtækisins. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að fjármunir viðskiptavinar skuli varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi. Í 3. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki sem ekki eru lánastofnanir geti ekki nýtt fjármuni viðskiptavina fyrir eigin reikning.

Ákvæðinu er ætlað að treysta réttarstöðu viðskiptavina við greiðsluörðugleika fjármálafyrirtækja, einkum í þeim tilvikum þegar fjármálafyrirtæki hefur tekið að sér eignastýringu eða fjárvörslu. Þannig tengist ákvæðið 109. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og 9. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999.

Í 16.–20. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB er að finna nánari ákvæði um varðveislu á eignum viðskiptavina. Í 16. gr. er m.a. gerð krafa um að fjármálafyrirtæki tryggi örugga aðgreiningu eigna sem tilheyra viðskiptavinum með skrám og reikningum og geri ráðstafanir til að fyrirbyggja misnotkun á eignum viðskiptavina. Í 17. gr. er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja þegar þau fela þriðja aðila að varðveita fjármálagerninga viðskiptavina. Í 18. gr. er m.a. kveðið á um að þegar fjármálafyrirtæki taki við fé frá viðskiptavini skuli það án tafar leggja það inn á reikning hjá seðlabanka, lánastofnun, banka með starfsleyfi í þriðja ríki eða viðurkenndum peningamarkaðssjóði. Ákvæðið á þó ekki við um lánastofnun sem tekur við innláni. Í 19. gr. koma fram nánari skilyrði fyrir því að fjármálafyrirtæki geti notað fjármálagerninga viðskiptavina. Í 20. gr. er kveðið á um það að ytri endurskoðendur fjármálafyrirtækis skuli senda a.m.k. árlega skýrslu til eftirlitsaðila um varðveislu fyrirtækisins á eignum viðskiptavina samkvæmt ákvæðinu. Þá er lagt til að áfram verði gerð krafa um að fjármunir viðskiptavinar, aðrir en fjármálagerningar, skuli varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi. Byggist tillagan á því að varhugavert sé að afnema slíka aðgreiningu með tilliti til hagsmuna viðskiptavina við hugsanlega greiðsluerfiðleika eða gjaldþrot fjármálafyrirtækisins. Byggist tillagan jafnfram á a-lið 1. mgr. 16. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB þar sem kveðið er á um að aðgreining milli eigna viðskiptavina skuli gerð með skrám eða reikningum. Þá segir í 2. mgr. 16. gr. að ef ráðstafanir skv. 1. mgr. ákvæðisins séu ekki nægar til að fullnægja ákvæðum 7. og 8. mgr. 13. gr. MiFID-tilskipunarinnar, þá skuli sett þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að fullnægja þeim ákvæðum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að varðveisla fjármálagerninga á safnreikningum verði áfram heimil. Gert er ráð fyrir að ákvæði þessi verði tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er að finna reglur um safnskráningu. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 11. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Ákvæði um safnskráningu var fyrst lögfest með lögum nr. 164/2000. Það ákvæði var síðan tekið upp nær óbreytt í gildandi lög um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003.

Í 1. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki sem sé heimilt að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna geti sótt um heimild Fjármálaeftirlitsins til að mega varðveita þá á sérstökum reikningi og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Þá er mælt fyrir um að fjármálafyrirtæki beri að halda skrá yfir hlut hvers viðskipavinar fyrir sig samkvæmt þessari grein. Með ákvæðinu er lögð til sú breyting að Fjármálaeftirlitið veiti heimild til safnskráningar í stað þess að fjármálafyrirtæki fái slíka heimild sjálfkrafa eins og nú er. Er þetta gert í þeim tilgangi að tryggja betur eftirlit með safnreikningum og þeim skilyrðum sem gilda um slíka reikninga. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um safnreikninga verði sett í reglugerð skv. 26. gr. frumvarpsins. Í núgildandi lögum er kveðið á um að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um safnreikninga, m.a. um sviptingu heimildar til að skrá fjármálagerninga á safnreikning. Eðlilegra þykir að orðalaginu verði breytt á þá leið að reglugerðin kveði á um skilyrði heimildar til

varðveislu á safnreikningum. Þá er lagt til að í reglugerð megi kveða á um upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins, svo sem um auðkenni viðskiptamanna að baki safnreikningum, en slík upplýsingagjöf hefur verið skilyrði heimildar til varðveislu fjármálagerninga á safnreikningum samkvæmt norskri löggjöf. Hefur þessi heimild reynst mjög gagnleg í eftirliti norska fjármálaeftirlitsins með löggjöf á fjármálamörkuðum. Er því lagt til að ráðherra verði heimilt að kveða á um að upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins verði eitt þeirra skilyrða sem fjármálafyrirtækjum ber að uppfylla til þess að fá heimild til varðveislu fjármálagerninga á safnreikningum.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 11. gr. núgildandi laga.

Um 13. gr.

Ákvæðið fjallar um framsalsáritun og er óbreytt frá 12. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Sambærilegt ákvæði hefur verið í lögum frá 1986.

Um 14. gr.

Ákvæði 14. gr., sem hefur að geyma reglur um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis til viðskiptavina sinna, kemur að hluta til í stað 5. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, en þar er m.a. fjallað um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja við viðskiptavini sína. Með greininni eru innleidd ákvæði 2. og 3. málsgreinar 19. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja í reglugerð, sbr. reglugerðarheimild í 26. gr. frumvarps þessa. Nánari reglur um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja eru í 27.–34. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB. Ákvæði tilskipunarinnar gilda fyrst og fremst um almenna fjárfesta en ekki nema að litlu leyti um fagfjárfesta. Meginreglur þær sem koma fram í 14. gr. frumvarpsins gilda hins vegar bæði um almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Til að uppfylla kröfur greinarinnar verður fjármálafyrirtæki að veita viðeigandi upplýsingar áður en til viðskipta er stofnað og ná ákvæðin því ekki aðeins til þeirra aðila sem eru í samningssambandi við fjármálafyrirtækið heldur einnig til allra þeirra aðila sem það býður þjónustu sína.

Í 1. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli veita viðskiptavinum sínum og öðrum sem það býður þjónustu sína greinargóðar upplýsingar um fjármálafyrirtækið sjálft, þjónustu þess, þá fjárfestingarkosti sem þeim standa til boða og þá áhættu sem slíkum fjárfestingum fylgir. Þá er kveðið á um að upplýsingar sem fjármálafyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum skuli vera skýrar og sanngjarnar og megi ekki vera villandi. Skulu upplýsingarnar vera þannig úr garði gerðar að viðskiptavinir geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun á grundvelli þeirra. Þannig felst í ákvæðinu sú meginregla að fjármálafyrirtæki skuli, áður en stofnað er til viðskipta við nýjan viðskiptavin, eða stofnað er til nýrrar tegundar viðskipta við aðila sem þegar er í viðskiptum við fyrirtækið, veita greinargóðar upplýsingar um fjármálafyrirtækið sjálft og þjónustu þess í því skyni að viðskiptavinur geti með sjálfstæðum hætti lagt mat á eðli og gæði þeirrar þjónustu sem fjármálafyrirtækið veitir og helstu áhættuþætti sem kunna að fylgja viðskiptum við það. Er hér m.a. átt við upplýsingar um hvar starfsstöð fjármálafyrirtækisins er og hvort um er að ræða útibú erlends fjármálafyrirtækis, upplýsingar um það hvort starfsemin er starfsleyfisskyld og þá einnig upplýsingar um það hvaða löggjöf starfsemi fyrirtækisins lýtur og þá að hvaða leyti, sem og eftirliti hvaða yfirvalds það sætir. Jafnframt skulu veittar upplýsingar um hvenær fjármálafyrirtæki var stofnað, sem og hvort og þá hvar viðskiptavinir geti nálgast upplýsingar um fjárhagslegan styrk fyrirtækisins. Með fjárfestingarkostum er í ákvæðinu vísað til einstakra fjármálagerninga, fjárfestingarstefnu sem kann

að vera boðin viðskiptavinum og upplýsingar um þá viðskiptavettvanga (e. execution venues) þar sem viðskipti kunna að vera framkvæmd, þ.e. upplýsingar um skipulega verðbréfamarkaði, markaðstorg fjármálagerninga (MTF) og innmiðlara. Í upphafi er nægjanlegt að upplýsingar um þjónustu fjármálafyrirtækisins séu gefnar með almennum hætti. Ef viðskiptamaður sýnir hins vegar tilteknum þjónustuþáttum áhuga, eða bendi fjármálafyrirtækið honum á eða ráðleggi honum um einstaka þjónustuþætti, skal þess gætt að eðli og skilmálar slíkra þjónustuþátta séu kynntir viðskiptavini. Skal sú kynning með skýrum og sanngjörnum hætti gera grein fyrir þeim kostum og áhættuþáttum sem þjónustunni kunna að vera samfara. Í því sambandi skal umfjöllun um áhættuþætti gert jafn hátt undir höfði og kostum þjónustunnar fyrir viðskiptavininn. Skal upplýsingagjöf um þessi efni miðuð við almenna hæfni og getu þess hóps viðskiptavina sem viðkomandi þjónustuþætti er beint að. Upplýsingar þessar skulu gefnar á varanlegum miðli, en heimilt er þó að veita þær með tilvísun til vefsíðu þar sem þær eru veittar og þeim gerð skil.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli kunngera viðskiptavinum sínum og öðrum sem það býður þjónustu sína fyrir fram hvaða þóknun það muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Þá er kveðið á um það í málsgreininni að tilkynna skuli viðskiptavinum um breytingar á þóknun með hæfilegum fyrirvara. Ákvæðið er að mestu samhljóða 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga og hefur sambærilegt ákvæði lengi verið í verðbréfaviðskiptalögum. Við mat á því hvað sé hæfilegur fyrirvari í skilningi ákvæðisins ber að líta til efnis samnings milli aðila í hverju tilviki fyrir sig. Viðskiptavinur þarf að hafa ráðrúm til að taka afstöðu til þess hvort forsendur eru brostnar fyrir viðskiptum við viðkomandi fjármálafyrirtæki. Uppsagnarfrestir í samningssamböndum mundu til að mynda hafa þau áhrif að „hæfilegur fyrirvari“ tæki mið af því ráðrúmi sem viðskiptavinur hefði til að segja upp samningi.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um þá reglu að fjármálafyrirtæki skuli hafa aðgengilegar upplýsingar um réttarúrræði viðskiptavina ef ágreiningur rís milli fyrirtækisins og þeirra. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 5. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Nægjanlegt er í þessu sambandi að upplýsingar þessar séu veittar með almennum hætti, svo sem á heimasíðu fyrirtækisins þar sem viðskiptavinum er bent á hvar þeir geti leitað úrlausnar umkvörtunarefna sinna. Þau réttarúrræði sem vísað er til í ákvæðinu eru einkum kvörtunarferli innan fjármálafyrirtækis, kvörtun til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á, og höfðun máls fyrir dómstólum.

Í 4. mgr. er kveðið á um að í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi fjármálafyrirtækis skuli þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fjármálafyrirtækisins og að markaðsefni sé aðgreint frá öðrum orðsendingum. Ákvæðið er að hluta til samhljóða 4. mgr. 5. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti en krafan um að markaðsefni skuli vera aðgreint frá öðrum orðsendingum er nýmæli. Í því felst að auglýsingar og annað kynningarefni fjármálafyrirtækis skal vera skýrlega greinanlegt sem slíkt efni og að ekki sé hætta á ruglingi við annars konar efni sem fjármálafyrirtækið lætur frá sér fara.

Um 15. gr.

Í 15. gr. frumvarpsins er fjallað um öflun upplýsinga og ráðleggingar vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar. Með henni eru innleidd ákvæði 4. mgr. 19. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Ákvæðið leysir að hluta til af hólmi ákvæði 1. mgr. 5. gr. núgildandi laga.

Í 1. mgr. er sú skylda lögð á fjármálafyrirtæki sem veita fjárfestingarráðgjöf eða sinna eignastýringu, að kanna og leggja mat á mikilvæga þætti varðandi þekkingu, fjárhagslegan

styrk og reynslu viðskiptavina sinna eða hugsanlegra viðskiptavina á sviði þeirrar tegundar fjármálagerninga eða verðbréfaviðskipta sem varða fyrirhugaðar fjárfestingar þeirra. Er þetta gert í því skyni að tryggja að fyrirtækið hafi réttmæta ástæðu til að ætla að ráðgjöf þess eða eignastýring varðandi hver einstök viðskipti sé samrýmanleg hagsmunum viðskiptavinarins, þ.e.a.s. hæfi honum. Varðandi hugtökin fjárfestingarráðgjöf og eignastýring er vísað til orðskýringa í 2. gr. frumvarpsins. Hugtakið viðskiptavinur ber að skýra víðtækt þannig að það nái til allra sem veittar eru ráðleggingar samkvæmt ákvæðinu. Í 35. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB er nánar útfært í hverju skyldur fjármálafyrirtækja felast samkvæmt ákvæðinu. Samkvæmt því skal litið svo á að ráðleggingar fjármálafyrirtækis hæfi viðskiptavini ef viðskiptin eru í fyrsta lagi í samræmi við fjárfestingarmarkmið viðkomandi viðskiptavinar. Í öðru lagi skulu viðskiptin vera þess eðlis að viðskiptavinurinn geti borið þá fjárhagslegu áhættu sem þeim er samfara, m.a. með tilliti til fjárfestingarstefnu hans að öðru leyti. Í þriðja lagi eiga viðskiptin að vera þess eðlis að viðskiptavinurinn búi yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að skilja áhættuna samfara viðskiptunum eða eignastýringunni. Ef um er að ræða fjárfestingarráðgjöf til fagfjárfestis, eða eignastýringu fyrir hans hönd, skal fjármálafyrirtæki þó vera heimilt að líta svo á, varðandi þær tegundir fjármálagerninga og verðbréfaviðskipta sem viðskiptavinurinn hefur verið flokkaður sem fagfjárfestir fyrir, að ekki þurfi að leggja mat á það hvort hann búi yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að eiga viðskiptin, sbr. 36. gr. tilskipunarinnar. Þá er fjármálafyrirtæki ekki skylt að leggja mat á fjárhagslegan styrk fagfjárfesta, annarra en þeirra almennu fjárfesta sem óskað hafa eftir meðferð sem fagfjárfestar. Að öðru leyti skal meta fjárhagslegan styrk viðskiptavina með hliðsjón af eðli og fjárhæð tekna hans, eignum hans að öðru leyti, fjárfestingum hans, fasteignum og skuldbindingum. Þá skal m.a. afla upplýsinga um það til hversu langs tíma viðskiptavinur vill festa fé sitt, hver áhættusækni hans er, geta hans til að taka áhættu og tilgangur fjárfestingar í því skyni að staðreyna fjárfestingarmarkmið hans. Hafi þeirra upplýsinga, sem liggja til grundvallar við mat á því hvort tiltekin verðbréfaviðskipti hæfi viðskiptavini, verið aflað áður verður að líta svo á að fjármálafyrirtæki sé óskylt að afla þeirra að nýju nema það hafi réttmæta ástæðu til að ætla að breytingar hafi orðið á högum viðskiptavinar, langur tími sé liðinn síðan upplýsingarnar voru veittar, eða viðskiptavinur óski sjálfur eftir að uppfæra þær upplýsingar sem liggja matinu til grundvallar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að afli fjármálafyrirtæki ekki þeirra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 1. mgr., eða sé því ókleift að afla þeirra, sé því óheimilt að láta viðskiptavini í té ráðleggingar um verðbréfaviðskipti. Með ákvæðinu er tekin upp 5. mgr. 35. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB. Í því felst m.a. að ef viðskiptavinur veitir ekki nauðsynlegar upplýsingar eða veitir ófullkomnar upplýsingar skv. 1. mgr., þá er fjármálafyrirtækinu óheimilt að veita viðskiptavininum fjárfestingarráðgjöf eða annast eignastýringu fyrir hann.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtækjum sé óheimilt að hvetja viðskiptavini sína til að veita ekki þær upplýsingar sem krafist er að aflað sé samkvæmt greininni. Með málsgreininni er innleitt ákvæði 2. mgr. 37. gr. tilskipunar ráðsins 2006/73/EB

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu fjármálafyrirtækja til að afla upplýsinga frá viðskiptavinum og leggja mat á þær vegna allra annarra verðbréfaviðskipta en þeirra sem fjallað er um í 15. gr. Með 16. gr. eru innleidd ákvæði 5. og 6. mgr. 19. gr. MiFID-tilskipunarinnar, en ákvæðið kemur að hluta til í stað 1. mgr. 5. gr. og 8. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti.

Með ákvæðinu er innleidd sú regla að fjármálafyrirtæki sé skylt, þegar það sinnir annars konar verðbréfaviðskiptum en fjárfestingarráðgjöf og eignastýringu, að afla upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar í því skyni að staðreyna hvort þau viðskipti sem hann hyggst eiga séu viðeigandi fyrir hann. Sá munur er á mati á viðskiptum skv. 15. og 16. gr. frumvarpsins að við framkvæmd þeirra viðskipta sem falla undir 16. gr. er fjármálafyrirtæki ekki skylt að afla upplýsinga um fjárhagsstöðu viðskiptavinar eða markmið hans með viðskiptunum og tryggja að einstök viðskipti fari ekki í bága við hagsmuni hans hvað þau efni snertir. Af þessu leiðir að fjármálafyrirtækjum ber einungis að leggja mat á þekkingu og reynslu viðskiptavinarins í því skyni að staðreyna að hann búi yfir nauðsynlegri vitneskju til að bera skynbragð á þá áhættuþætti sem kunna að vera samfara þeim viðskiptum sem hann óskar eftir eða fjármálafyrirtækið býður honum. Telji fjármálafyrirtæki að svo sé ekki ber því að upplýsa viðskiptavininn um þá skoðun sína sem og að það telji að viðskiptin eða þjónustan séu ekki viðeigandi fyrir hann af þeim sökum. Hið sama gildir ef viðskiptavinur færist undan því að veita hinar umbeðnu upplýsingar, en þá ber fjármálafyrirtæki að vara hann við því ekki sé unnt af þeim sökum að leggja mat á það hvort tiltekin viðskipti eru viðeigandi fyrir hann. Báðar þessar viðvaranir má veita á stöðluðu formi, t.d. í tölvupósti, og þær skulu veittar áður en viðskipti eru framkvæmd.

Í 37. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB er mælt fyrir um þá reglu að eftirtalinna upplýsinga skuli aflað í því skyni að leggja mat á þekkingu og reynslu viðskiptavina í ofangreindum tilgangi að því marki sem eðli hinna fyrirhuguðu viðskipta krefst. Í fyrsta lagi skal afla upplýsinga um þau viðskipti, þjónustu eða fjármálagerninga sem viðskiptavinurinn þekkir. Í öðru lagi skal afla upplýsinga um eðli og fjölda þeirra viðskipta sem viðskiptavinurinn hefur átt með fjármálagerning, auk upplýsinga um það á hvaða tímabili þau viðskipti áttu sér stað og um hvaða fjárhæðir var um að tefla. Loks skal fjármálafyrirtæki afla upplýsinga um menntun og starfsreynslu viðskiptavinar.

Í 4. mgr. 16. gr. er mælt fyrir um þá reglu að þegar fjármálafyrirtæki sjá aðeins um móttöku og framkvæmd greiðslufyrirmæla sé þeim óskylt að afla upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar og leggja mat á það hvort tiltekin viðskipti eru viðeigandi fyrir hann. Þessi undanþága frá framangreindri meginreglu er hins vegar háð fjórum skilyrðum og verður þeim öllum að vera fullnægt til að undanþágunni verði beitt. Fyrsta skilyrðið er að viðskiptin lúti að hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu eða á sambærilegum markaði í öðru ríki, peningamarkaðsskjölum, skuldabréfum eða skuld samkvæmt annars konar verðbréfum (e. securitised debt) að undanskildum þeim sem hafa innbyggða afleiðu, hlutdeildarskírteinum og öðrum einföldum fjármálagerningum. Í öðru lagi skal viðskiptavinurinn hafa átt allt frumkvæði að viðskiptunum. Í þriðja lagi skal viðskiptavinurinn hafa verið upplýstur um það að fjármálafyrirtækinu sé óskylt að meta hvort fjármálagerningurinn eða þjónustan sé viðeigandi fyrir hann og að hann njóti því ekki þeirrar verndar sem í því felst og í fjórða lagi skal fjármálafyrirtækið sinna þeim skyldum sem á því hvíla samkvæmt 8. gr. frumvarpsins varðandi hagsmunaárekstra. Skal í þessu sambandi á því byggt að hugtakið einfaldir fjármálagerningar sé skilgreint á þann hátt sem lýst er í 38. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB Með sambærilegum mörkuðum í öðru ríki er átt við markaði utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fylgja sambærilegum reglum og kveðið er á um í frumvarpi til laga um kauphallir sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun birta lista yfir þá markaði sem teljast sambærilegir í þessu sambandi. Gert er ráð fyrir að

nánari reglur um sambærilega markaði verði sett í reglugerð, sbr. reglugerðarheimild í 26. gr. frumvarpsins.

Um skilsmuninn á milli ákvæða 15. og 16. gr. frumvarpsins er vísað til skilgreiningar 2. gr. frumvarpsins um fjárfestingarráðgjöf og eignastýringu. Eins og fram kemur í skýringum teljast ráðleggingar ekki til fjárfestingarráðgjafar nema þær hafi tengsl við ákveðna fjármálagerninga. Af þeim sökum verður ekki talið að einfaldar ábendingar fjármálafyrirtækis um t.d. þjónustuleiðir eða stöðu fjármálamarkaða verði lagðar að jöfnu við fjárfestingarráðgjöf eins og það hugtak er skilgreint í frumvarpi þessu.

Í 5. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtækjum sé óheimilt að hvetja viðskiptamenn sína til að veita ekki þær upplýsingar sem krafist er að aflað sé samkvæmt greininni. Með ákvæði þessu er tekin upp 2. mgr. 37. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB.

Um 17. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli í íslenskum rétti en því er ætlað að innleiða ákvæði 20. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Í ákvæðinu er kveðið á um að þegar fjármálafyrirtæki felur öðru fjármálafyrirtæki að annast verðbréfaviðskipti fyrir hönd viðskiptavinar skuli hinu síðarnefnda heimilt að reiða sig á upplýsingar frá því fyrrnefnda um viðkomandi viðskiptavin. Jafnframt er því heimilt að reiða sig á þær ráðleggingar sem viðskiptavininum hafa verið veittar. Þá er kveðið á um að fjármálafyrirtæki sem felur öðru framkvæmd verðbréfaviðskipta sé ábyrgt fyrir því að slíkar upplýsingar og ráðleggingar séu fullnægjandi og réttar.

Með ákvæðinu er afmarkað hvernig skyldur skv. 15. og 16. gr. frumvarpsins skiptast þegar fjármálafyrirtæki felur öðru fjármálafyrirtæki að annast verðbréfaviðskipti fyrir hönd viðskiptavinar. Í ákvæðinu felst þó ekki skylda fjármálafyrirtækis til að veita upplýsingar um viðskiptavini sína þegar það leitar til annarra fjármálafyrirtækja um framkvæmd einstakra viðskipta. Í ákvæðinu felst að fjármálafyrirtækinu sem framkvæmir viðskiptin er óskylt að afla upplýsinga um aðstæður viðskiptavinar þegar fyrirtækið sem hefur milligöngu um viðskiptin hefur þegar aflað þeirra upplýsinga. Þá þarf fyrirtækið sem framkvæmir verðbréfaviðskiptin ekki að ganga úr skugga um að ráðleggingar sem þegar hafa verið veittar í samræmi við 15. og 16. gr. séu viðeigandi fyrir viðskiptavininn. Fyrirtækinu sem framkvæmir verðbréfaviðskiptin ber hins vegar að öðru leyti að fara eftir ákvæðum II. kafla frumvarpsins.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækja til að tryggja bestu framkvæmd á viðskiptafyrirmælum fyrir viðskiptavini sína. Ákvæðið kemur í stað 9. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, en þar segir að við framkvæmd viðskiptafyrirmæla skuli fjármálafyrirtæki tryggja besta mögulega verð fyrir viðskiptavini sína og bestu framkvæmd að öðru leyti, eins og við á hverju sinni. Nýja greinin er mun ítarlegri en núgildandi ákvæði, en ákvæðin byggjast þó bæði á þeim meginreglum að viðskiptafyrirmæli viðskiptavina skuli framkvæmd með besta mögulega hætti og að umgjörð fjármálafyrirtækja skuli endurspegla þessa meginreglur. Með 18. gr. frumvarpsins er lögð til innleiðing á 21. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækja til að tryggja bestu framkvæmd í reglugerð, sbr. reglugerðarheimild í 26. gr. frumvarpsins. Munu ákvæði reglugerðarinnar byggjast á 44.–46. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB, en þar er að finna nánari útfærslu á ákvæðum 21. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli við framkvæmd viðskiptafyrirmæla leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini. Við mat á því

hvaða niðurstaða er hagkvæmust fyrir viðskiptavini skal horft til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á því að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta. Hér er um vísireglu að ræða en við mat á því hvort fjármálafyrirtæki hafi uppfyllt skyldu sína samkvæmt þessari grein yrði m.a. að líta til aðstæðna á þeim tíma þegar viðskiptafyrirmæli berast, hvaða tegund fjármálagerninga fyrirmælin tengjast og hvaða kröfur er eðlilegt að gera til fjármálafyrirtækja við framkvæmd viðskiptafyrirmælanna. Einnig þyrfti að horfa til þess verðs sem fékkst í viðskiptunum og þess viðskiptakostnaðar sem af hlaust, bæði þóknana og uppgjörskostnaðar. Gert er ráð fyrir að um verði að ræða heildstætt mat sem felst í samanburði á framkvæmd fyrirmæla viðskiptavinar annars vegar og markaðsaðstæðum hins vegar. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um skyldu þessa í reglugerð, en í 44. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB er tiltekið að fjármálafyrirtæki skuli við framkvæmd viðskiptafyrirmæla taka tillit til hvort um almenna fjárfesta eða fagfjárfesta er að ræða, eðlis viðskiptafyrirmæla, tegund þeirra fjármálagerninga sem viðskiptin taka til og eðlis þeirra viðskiptavettvanga þar sem hægt er að framkvæma viðskiptin.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að mæli viðskiptavinur fyrir um ákveðna framkvæmd skuli fylgja fyrirmælum hans. Þrátt fyrir skýr fyrirmæli viðskiptavinar undanþiggur það fjármálafyrirtæki ekki frá því að uppfylla aðrar kröfur laganna um framkvæmd og umgjörð viðskipta, t.d. reglur er kveða á um góða viðskiptavenju.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fullnægja skyldum skv. 1. mgr., m.a. með því að setja sér verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Tiltekur greinin ákveðnar lágmarkskröfur um efni reglnanna en í þeim skal a.m.k. koma fram á hvaða mörkuðum fyrirtækið framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina, að því er varðar einstakar tegundir fjármálagerninga, og þá þætti sem hafa áhrif á val á mörkuðum. Einnig skulu reglurnar greina frá framkvæmd fyrirmæla á þeim mörkuðum þar sem að jafnaði má vænta bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini. Fjármálafyrirtæki skal veita viðskiptavinum viðeigandi upplýsingar um efni reglnanna og afla samþykkis þeirra fyrir þeim áður en fyrirmæli eru framkvæmd. Með mörkuðum í greininni er átt við skipulega verðbréfamarkaði, markaðstorg fjármálagerninga (MTF), innmiðlara og viðskiptavaka innan EES-svæðisins og sambærilega aðila utan EES-svæðisins. Samkvæmt 46. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2006/73/EB skal kynning á verklagsreglunum fyrir viðskiptamönnum fara fram tímanlega áður en þjónustan er veitt. Eðlilegt er að upplýsingar til viðskiptamanna fjalli um hvernig fjármálafyritækið hefur skipulagt starfsemi sína til að uppfylla kröfur um bestu framkvæmd auk upplýsinga um þær lágmarkskröfur sem getið er hér að framan. Ekki er til þess ætlast að samþykkis sé aflað fyrir reglunum í hverjum einstökum viðskiptum heldur getur viðskiptavinur samþykkt að reglurnar eigi almennt við, t.d. í upphafi viðskiptasambands.

Í 3. mgr. er tiltekið að geri verklagsreglur skv. 2. mgr. ráð fyrir að fyrirmæli verði framkvæmd utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) skuli viðskiptavinir upplýstir um það sérstaklega og samþykkis þeirra aflað áður en fyrirmælin eru framkvæmd. Samþykkis verður hvort heldur sem er aflað á almennan hátt eða með tilliti til einstakra viðskipta. Samkvæmt almennum reglum ber fjármálafyrirtæki sönnunarbyrði fyrir því að samþykki hafi verið veitt.

Í 4. mgr. er kveðið á um að verklag við framkvæmd viðskiptafyrirmæla og verklagsreglur skv. 2. mgr. skuli sæta reglulegri endurskoðun hjá fjármálafyrirtækjum. Er þetta gert til að tryggja að verklag fjármálafyrirtækja á hverjum tíma endurspegli bestu mögulegu framkvæmd. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um skyldu þessa í reglugerð, sbr. reglu-

gerðarheimild í 26. gr. frumvarpsins, en í 46. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB er tiltekið að endurskoðun verklags og verklagsreglna skuli fara fram árlega og þegar verulegar breytingar verða sem áhrif hafa á möguleika fjármálafyrirtækja til að viðhafa bestu framkvæmd. Allar efnislegar breytingar á framkvæmd og reglum skulu tilkynntar viðskiptamönnum.

Í 5. mgr. er lagt til að fjármálafyrirtæki skuli geta sýnt fram á að framkvæmd viðskiptafyrirmæla hafi verið beitt í samræmi við verklagsreglur um bestu framkvæmd. Samkvæmt ákvæðinu er ekki gerð krafa um að fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á að á þeim tíma þegar viðskiptin áttu sér stað hafi ekki verið möguleiki að afla betri viðskiptakjara.

Um 19. gr.

Í 19. gr. frumvarpsins koma fram reglur um framkvæmd fjármálafyrirtækja á fyrirmælum viðskiptavina og er ákvæðinu ætlað að tryggja að framkvæmd fyrirmæla verði í samræmi við bestu framkvæmd. Reglur þær sem fram koma í 19. gr eru nýmæli en með ákvæðum greinarinnar er lagt til að ákvæði 22. gr. MiFID-tilskipunarinnar verði innleidd í íslenskan rétt. Nánar er kveðið á um skyldur þær sem hvíla á fjármálafyrirtækjum við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina í 47.–49. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB.

Samkvæmt 1. mgr. skulu fjármálafyrirtæki ákveða málsmeðferð og gera ráðstafanir þar sem kveðið er á um skjóta og sanngjarna framfylgd fyrirmæla viðskiptavina miðað við fyrirmæli annarra viðskiptavina eða viðskiptaáreiðanleika fjármálafyrirtækisins. Samkvæmt ákvæðinu skal fyrirmælum viðskiptavina, sem eru sambærileg að öðru leyti, framfylgt í samræmi við það hvenær þau voru móttekin af fjármálafyrirtækinu.

Ef fyrirtæki fær skilyrta pöntun um hlutabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði og pöntunin er ekki afgreidd strax, verður fyrirtækið skv. 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins að birta pöntunina þannig að hún sé aðgengileg öðrum markaðsaðilum til að greiða fyrir því að hún verði afgreidd eins fljótt og unnt er. Þó gildir þetta ekki ef viðskiptavinurinn hefur gefið sérstök fyrirmæli um hið gagnstæða. Fjármálafyrirtæki telst hafa fullnægt skyldu sinni um að birta pöntun ef hún hefur verið framsend til skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF), en samkvæmt 30. gr. tilskipunar 2006/73/EB telst verðbréfafyrirtæki alltaf hafa fullnægt skuldbindingu sinni skv. 2. mgr. 22. gr. í MiFID-tilskipuninni ef fyrirtækið hefur framsent pöntun, annaðhvort til skipulegs markaðar sem byggist á tilboðum eða markaðstorgs, eða birt pöntunina á þann hátt að auðvelt sé að afgreiða hana eins fljótt og markaðaðstæður leyfa. Ákvæði 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins miða bæði að því að auka möguleika viðskiptavinar á að fá pöntun afgreidda og fullnægja eftirspurn frá öðrum markaðsaðilum eftir aðgangi að upplýsingum um skilyrtar pantanir. Þar af leiðandi ber að líta á ákvæðið a.m.k. að hluta til sem reglu um gagnsæi.

Á grundvelli frumvarpsins, sérstaklega 18. og 19. gr., verða fjármálafyrirtæki að hafa verklag og kerfi sem gera þeim kleift að afgreiða pantanir frá viðskiptavinum með skjótum, sanngjörnum og greiðum hætti samanborið við pantanir annarra viðskiptavina eða viðskiptahagsmuni fyrirtækisins sjálfs. Þetta verklag og kerfi skulu einnig tryggja að sambærilegar pantanir séu afgreiddar í þeirri röð sem þær bárust fjármálafyrirtækinu. Í framkvæmdarákvæðum þeim sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett í tilskipun 2006/73/EB kemur fram að afgreiða ber pantanir frá viðskiptavinum án tafar og í þeirri röð sem þær berast, nema aðstæður séu því til fyrirstöðu eða ef það er hagstæðara fyrir viðskiptavininn að afgreiða pöntunina öðruvísi. Það að afgreiða pantanir að jafnaði í þeirri röð sem þær berast er til þess ætlað að koma í veg fyrir að fjármálafyrirtæki hafi annaðhvort strax eða

síðar færi á að veita að geðþótta einum viðskiptavini hagstæðari kjör á kostnað annars. Krafan um að pantanir skuli afgreiddar í þeirri röð sem þær berast á þó aðeins við ef þær eru sambærilegar og ef það er viðskiptavininum í hag. Ómögulegt er að afgreiða pantanir algjörlega í tímaröð þegar skilyrði þeirra eru ólík, t.d. ef þær eru skilyrtar. Þá getur stærð pantana greint á milli þeirra, einkum þegar um er að ræða stór/umfangsmikil viðskipti. Það sama getur átt við þegar pantanir berast sama fjármálafyrirtæki með ólíku móti, t.d. í gegnum bankaútibú, miðlara eða netið, eftir því hvernig viðskiptahættir og kerfi fyrirtækisins eru uppbyggð.

Í lokamálslið 2. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti veitt undanþágu frá skyldu fjármálafyrirtækis til að birta fyrirmæli ef hún er óvenjulega umfangsmikil. Slík undanþága skal sett fram á sama hátt og undanþága fyrir skipulega markaði.

Um 20. gr.

Með ákvæðum 20. gr. frumvarpsins, sem fjallar um einkaumboðsmenn, er lagt til að ákvæði 23. gr. MiFID- tilskipunarinnar verði innleidd í íslensk lög. Ákvæðið er nýmæli í íslenskum rétti.

Í 1. mgr. er lagt til að fjármálafyrirtækjum verði heimilað að tilnefna einkaumboðsmenn. Slíkir umboðsmenn geta ýmist verið einstaklingar eða lögaðilar. Gerð er krafa um að gerður sé skriflegur samningur milli fjármálafyrirtækja og einkaumboðsmanna. Þá er í ákvæðinu afmarkað hvaða starfsemi sé hægt að fela einkaumboðsmanni, en það er nánar tiltekið að kynna þjónustu viðkomandi fjármálafyrirtækis, taka við fyrirmælum viðskiptavina og miðla þeim, hafa milligöngu um markaðssetningu á útgáfu fjármálagerninga og að veita ráðgjöf um slíka fjármálagerninga og þjónustu fyrirtækisins. Tillaga greinarinnar um að heimila einkaumboðsmenn hér á landi byggist á því að viðskiptaleg þörf fyrir þá kunni að myndast og ekki sé ástæða til að takmarka slíkt svigrúm svo framarlega sem öryggi viðskiptavina sé tryggt að fullu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að einkaumboðsmenn geti aðeins starfað fyrir eitt fjármálafyrirtæki. Með ákvæði þessu er komið í veg fyrir óvissu um það hvar ábyrgð vegna háttsemi einkaumboðsmanna kunni að liggja í einstökum tilfellum. Til að starfa fyrir fleiri en eitt fjármálafyrirtæki er því gerð krafa um starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og falla þeir aðilar sem slíkt leyfi hafa ekki undir ákvæði greinar þessarar. Þá er kveðið á um að fjármálafyrirtæki sem veitir þjónustu fyrir milligöngu einkaumboðsmanns beri fulla og ótakmarkaða ábyrgð á aðgerðum og vanrækslu hans þegar hann starfar á þess vegum. Tilgangurinn með ákvæði þessu er að setja einkaumboðsmann í sömu stöðu og starfsmann fyrirtækisins þegar kemur að ábyrgð þess á aðgerðum og vanrækslu hans. Samkvæmt þessu á staða viðskiptavina ekki að vera lakari þegar viðskipti eiga sér stað fyrir milligöngu einkaumboðsmanns en þegar þau eiga sér stað fyrir milligöngu starfsmanns fyrirtækisins. Byggist tillagan á því að erfitt kunni að reynast fyrir viðskiptamenn að greina á milli einkaumboðsmanna og starfsmanna fyrirtækisins og þá í hverju munurinn á milli starfsmanna fyrirtækis og einkaumboðsmanna geti falist. Þannig ber fjármálafyrirtæki ábyrgð þegar einkaumboðsmaður fer út fyrir umboð sitt og er því um mun ríkari ábyrgð að ræða en samkvæmt almennum reglum samningaréttar. Af þessu leiðir þó ekki að einkaumboðsmenn séu lausir undan ábyrgð á gerðum sínum eða vanrækslu. Viðskiptavinir geta beint kröfum sínum að einkaumboðsmanni auk þess sem fjármálafyrirtæki kann að eiga endurkröfurétt á hendur einkaumboðsmanni. Tillagan byggist jafnframt á því að einkaumboðsmenn lúta ekki sömu kröfum og fjármálafyrirtæki þegar kemur að uppbyggingu reksturs, svo sem ábyrgðartryggingu, eigin fé, stjórnun

og áhættustýringu, en hafa þrátt fyrir það heimild til að veita leyfisskylda starfsemi í umboði fjármálafyrirtækis. Þeim ber þrátt fyrir það að fylgja þeim reglum sem fjármálafyrirtækjum ber að fara eftir í samskiptum sínum við viðskiptavini, svo sem ákvæðum um fjárfestavernd.

Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um að einkaumboðsmanni sé skylt að gera viðskiptavinum grein fyrir í umboði hvers hann starfar. Slíkar upplýsingar eru augljóslega mikilvægar fyrir viðskiptavini en takmarka þó ekki ábyrgð viðkomandi fjármálafyrirtækis. Þá er kveðið á um að einkaumboðsmanni sé óheimilt að taka við fjármunum frá viðskiptavinum. Byggir tillaga þessi á varfærnisjónarmiðum en einkaumboðsmenn hafa ekki yfir að ráða jafn traustum innviðum og fjármálafyrirtæki. Þykir því rétt að fjármunir viðskiptamanna fari ekki um hendur þeirra.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli hafa eftirlit með starfsemi einkaumboðsmanna til þess að tryggja að þeir fari að lögum við framkvæmd starfa sinna. Skulu þau stuðla að heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum þeirra. Einkaumboðsmaður skal hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. ákvæði 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í 3. mgr. felst m.a. að fjármálafyrirtæki sem tilnefnir einkaumboðsmann ber að sjá til þess að hann búi yfir nægjanlegum hæfileikum til að framkvæma starf sitt. Ber því jafnframt að hafa reglulegt eftirlit með því að einkaumboðsmaður uppfylli allar þær kröfur sem til hans eru gerðar.

Í 4. mgr. er kveðið á um að einkaumboðsmanni sé því aðeins heimilt að starfa í þágu fjármálafyrirtækis að Fjármálaeftirlitið hafi staðfest hæfi hans til að hafa slíkan starfa með höndum. Fjármálafyrirtæki, sem hyggst fela einkaumboðsmanni að starfa í sína þágu, skal beina ósk um slíka staðfestingu til Fjármálaeftirlitsins. Að lokum er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið setji nánari reglur um hvaða skilyrðum einkaumboðsmenn skuli fullnægja. Þykir rétt að mæla fyrir um þá reglu að hæfi einkaumboðsmanna skuli staðfest af Fjármálaeftirlitinu og að lagt verði mat á það hvort þeir hafi til að bera nægjanlega almenna þekkingu og sérfræðiþekkingu á þeim störfum sem þeim er ætlað að sinna áður en þeir hefja störf, enda gerir ákvæðið ráð fyrir því að einkaumboðsmenn séu nokkuð sjálfstæðir í störfum sínum þó að þeir starfi á ábyrgð fjármálafyrirtækis þess sem þeir hafa gert samning við.

Að lokum er í 5. mgr. lagt til að Fjármálaeftirlitið haldi skrá yfir einkaumboðsmenn og að hún skuli birt opinberlega. Í þessu sambandi er mikilvægt að auðvelt sé að staðreyna að þeir sem bjóða fram þjónustu fyrir fjármálafyrirtæki hafi til þess heimild samkvæmt ákvæði þessu.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er gerð krafa um að fjármálafyrirtæki flokki viðskiptavini sína í þrjá flokka. Í fyrsta lagi geta viðskiptavinir verið flokkaðir sem viðurkenndir gagnaðilar, í öðru lagi geta þeir talist fagfjárfestar og í þriðja lagi almennir fjárfestar. Þá er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli setja sér verklagsreglur um flokkun viðskiptavina. Ákvæði þetta byggist á 2. tölul. II. hluta II. viðauka MiFID-tilskipunarinnar og nær bæði til nýrra viðskiptavina og þeirra sem þegar eru í viðskiptum við fjármálafyrirtækið. Fjármálafyrirtækjum er þó heimilt að halda áfram að flokka aðila sem fagfjárfesta sem hafa slíka stöðu við gildistöku laganna svo framarlega sem slík staða byggist á faglegu mati á hæfni viðkomandi aðila sbr. ákvæði til bráðabirgða I.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli gera viðskiptavinum sínum grein fyrir til hvaða flokks þeir teljast, upplýsa þá um rétt þeirra til að óska eftir að falla í annan flokk og afleiðingar þess. Ákvæði þetta er innleiðing á 1. og 2. mgr. 28. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB. Eru það augljóslega miklir hagsmunir fyrir viðskipta-

vini að vita í hvaða flokk þeir falla áður en viðskipti fara fram enda gilda ólíkar reglur um fjárfestavernd fyrir hvern flokk.

Ákvæði 2. mgr. eiga aðeins við um fagfjárfesta. Viðskiptavinir fjármálafyrirtækja verða á hverjum tíma að uppfylla lagaskilyrði til að fara megi með þá sem fagfjárfesta, hvort sem er á grundvelli skilgreiningar 9. tölul. 2. gr. frumvarps þessa eða beiðni sem samþykkt hefur verið á grundvelli 24. gr. frumvarpsins. Fari fjármálafyrirtæki með viðskiptavin sem fagfjárfesti og tilkynni honum um það ber viðskiptavinurinn ábyrgð á því að tilkynna fjármálafyrirtækinu um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun hans sem fagfjárfestis. Þegar fjármálafyrirtæki fær slíka tilkynningu skal það grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. fara með viðskiptavin sem almennan fjárfesti frá þeim tíma ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að teljast fagfjárfestir. Fram til þess tíma þegar fagfjárfestir sendir fjármálafyrirtækinu tilkynningu er fyrirtækinu heimilt að fara með viðskiptavin sem fagfjárfesti, nema fyrirtækinu sé af öðrum sökum kunnugt um að viðskiptavinur uppfylli ekki lengur skilyrði til þess. Við þær aðstæður ber fjármálafyrirtækinu að grípa til viðeigandi ráðstafana þótt tilkynning frá fagfjárfesti hafi ekki borist.

Um 22. gr.

Ákvæðið, sem fjallar um viðskipti fjármálafyrirtækja við viðurkennda gagnaðila, er nýmæli í íslenskum rétti. Því er ætlað að innleiða í innlendan rétt ákvæði 24. gr. MiFID-tilskipunarinnar og hluta af ákvæði 50. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB. Hugtakið viðurkenndur gagnaðili er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins sem aðili sem fellur undir a-, b- og c-lið skilgreiningar fagfjárfesta. Viðurkenndir gagnaðilar eru því nánar tiltekið aðilar sem starfa samkvæmt leyfi eða lögbundinni starfsemi á fjármagnsmarkaði, stór fyrirtæki, ríkisstjórnir, sveitarstjórnir og alþjóðastofnanir. Byggist ákvæðið á því að viðurkenndir gagnaðilar séu stórir fjárfestar og jafnan sérfróðir um verðbréfaviðskipti og því sé ekki þörf á að veita þeim sömu réttarvernd og öðrum fjárfestum við verðbréfaviðskipti. Í samræmi við það hefur ákvæðið að geyma undanþágu frá ákvæðum 9., 14., 15., 16. og 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins þannig að þeim fjármálafyrirtækjum sem falla undir 1. mgr. er heimilt að eiga í verðbréfaviðskiptum við viðurkennda gagnaðila án þess að fullnægja þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í nefndum ákvæðum. Það skilyrði er þó sett fyrir beitingu undanþágunnar að fjármálafyrirtæki hafi áður aflað samþykkis frá viðurkenndum gagnaðila þess efnis að hann skuli teljast viðurkenndur gagnaðili. Er skilyrðinu ætlað að tryggja að viðurkenndum gagnaðila sé kunnugt um réttarstöðu sína gagnvart fjármálafyrirtækinu og að lögum. Samþykkið getur hvort sem er verið almennt og gilt um öll framtíðarviðskipti eða sérstakt og gilt um einstök viðskipti. Loks er rétt að árétta að skv. 3. mgr. getur fjármálafyrirtæki ekki byggt á heimild 1. mgr. til undanþágu frá því að fullnægja skilyrðum þeirra ákvæða sem þar eru talin upp ef viðurkenndur gagnaðili hefur sérstaklega krafist þess að falla undir ákvæðin sem tilgreind eru í 1. mgr.

Munurinn á viðurkenndum gagnaðila og fagfjárfesti felst því í því að í viðskiptum við viðurkenndan gagnaðila þarf fjármálafyrirtæki ekki að uppfylla þau skilyrði sem kveðið er á um í 9., 14., 15., 16. og 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins, en þegar um fagfjárfesti er að ræða þarf það að fara eftir meginreglum þessara ákvæða. Gert er ráð fyrir því að við nánari útfærslu á ákvæðum frumvarpsins í reglugerð verði gerður meiri munur á almennum fjárfestum og fagfjárfestum þannig að fagfjárfestum verði veitt minni vernd en almennum fjárfestum.

Um 23. gr.

Í greininni koma fram reglur um samskipti fagfjárfesta og fjármálafyrirtækja. Hugtakið fagfjárfestir er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins og gert ráð fyrir að þeir aðilar sem teljast fagfjárfestar séu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Af þeim sökum er almennt ekki talin þörf á að veita fagfjárfestum jafn ríka réttarvernd og almennum fjárfestum við verðbréfaviðskipti. Um nánari skýringar á hugtakinu fagfjárfestir vísast til skýringa við 9. tölul. 2. gr.

Ákvæði 23. gr. hefur að geyma undantekningu frá því að veita skuli þeim sem teljast fagfjárfestar minni vernd en almennum fjárfestum. Samkvæmt því er fagfjárfestum heimilt að óska eftir því við fjármálafyrirtæki að hafa stöðu almennra fjárfesta og njóta þar með aukinnar réttarverndar við verðbréfaviðskipti. Ekki skiptir máli af hvaða sökum fagfjárfestir óskar eftir slíkri stöðu. Getur fagfjárfestir hvenær sem er óskað eftir því að hafa stöðu almenns fjárfestis, þ.e.a.s. hvort sem er við stofnun viðskiptasambands við fjármálafyrirtækið eða síðar.

Áður en fjármálafyrirtæki veitir fagfjárfesti þjónustu skal það upplýsa viðkomandi um að hann teljist fagfjárfestir og að hann geti óskað eftir því að ekki verið farið með hann sem slíkan. Er þessari upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækisins ætlað að tryggja að fagfjárfesti sé kunnugt um réttarstöðu sína gagnvart fjármálafyrirtækinu og að lögum. Fram til þess tíma þegar fjármálafyrirtæki upplýsir viðskiptavin um að með hann sé farið sem fagfjárfesti ber fyrirtækinu að fara með hann sem almennan fjárfesti. Rétt er að árétta að fjármálafyrirtæki er einungis skylt að upplýsa fagfjárfesti um rétt sinn samkvæmt 23. gr. frumvarpsins um leið og hann er upplýstur um að hann teljist fagfjárfestir. Með öðrum orðum er fjármálafyrirtækinu ekki skylt að vekja athygli fagfjárfestis á rétti hans samkvæmt ákvæðinu í hvert sinn sem honum er veitt þjónusta upp frá því.

Fagfjárfestir getur óskað eftir því að njóta stöðu almenns fjárfestis almennt, þ.e.a.s. við öll verðbréfaviðskipti, eða við tiltekin viðskipti, þjónustu, fjármálagerning eða afurð. Mikilvægt er að það liggi ljóst fyrir hversu víðtæk beiðni fagfjárfestis um stöðu hans sem almenns fjárfestis er. Af þeim sökum er það gert að skilyrði að gert sé skriflegt samkomulag á milli fagfjárfestis og fjármálafyrirtækis um að ekki skulið farið með viðkomandi sem fagfjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreint hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurða.

Um 24. gr.

Samkvæmt ákvæðinu geta viðskiptavinir fjármálafyrirtækja sem ekki falla undir skilgreininguna á fagfjárfestum í a–d-liðum 9. tölul. 2. gr. frumvarpsins óskað eftir því að farið sé með þá sem fagfjárfesta. Byggist ákvæðið á viðauka II við MiFID-tilskipunina.

Eins og rakið er í skýringum við 9. tölul. 2. gr. og 21. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því í skilgreiningunni á fagfjárfestum að til þeirra teljist þeir viðskiptavinir fjármálafyrirtækja sem búa yfir nægri reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Af þeim sökum er almennt ekki talin þörf á að veita fagfjárfestum jafn ríka réttarvernd og almennum fjárfestum við verðbréfaviðskipti.

Ef fallist er á ósk viðskiptavinar samkvæmt 24. gr. frumvarpsins leiðir það til þess að farið er með hann sem fagfjárfesti ýmist almennt eða vegna einstakra viðskipta eða ákveðinnar tegundar viðskipta. Þannig hefur viðkomandi viðskiptavinur afsalað sér þeirri réttarvernd sem hann nyti að öðrum kosti sem almennur fjárfestir. Af þessum sökum er mikilvægt að

aðeins þeir viðskiptavinir, sem búa yfir nægilegri reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að geta sjálfir tekið ákvarðanir um fjárfestingar og metið áhættuna sem þeim fylgir, geti afsalað sér þessari réttarvernd. Í því skyni ber fjármálafyrirtæki skylda til að leggja fullnægjandi mat á sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu viðskiptavinarins. Gefi niðurstaða slíks mats nægilega vissu fyrir því að viðskiptavinur geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilið áhættuna sem í þeim felst er fjármálafyrirtækinu heimilt að fallast á beiðnina. Að öðrum kosti ber fyrirtækinu að hafna henni. Ófrávíkjanlegt er að viðskiptavinur uppfylli a.m.k. tvö af þeim þremur skilyrðum sem talin eru upp í 1. mgr., en þau eru í fyrsta lagi að hann hafi átt umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi. Í öðru lagi að verðgildi verðbréfaeignar hans nemi meira en 46,2 milljónum kr., en fjárhæð þessi tekur breytingum sem miðast við gengi evru og samsvarar 500.000 evrum. Í þriðja lagi að hann gegni eða hafi gegnt í að minnsta kosti eitt ár stöðu á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.

Viðskiptavinur sem óskar þess að teljast fagfjárfestir samkvæmt 24. gr. frumvarpsins, skal senda skriflega beiðni þess efnis til fjármálafyrirtækisins og tilgreina hvort hann óskar eftir að teljast fagfjárfestir almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Telji fyrirtækið að viðskiptavinurinn uppfylli skilyrði 1. mgr. skal það senda honum skýra skriflega viðvörun um þá réttarvernd og þann bótarétt sem hann kann að verða af. Viðskiptavinur skal svo í sérstöku skjali, sem ekki er hluti af samningi við fjármálafyrirtækið, lýsa því yfir að honum sé kunnugt um afleiðingar þess að missa slíka réttarvernd. Framangreind ákvæði eru sett í því skyni að viðskiptavinur geri sér skýra grein fyrir því hvaða afleiðingar beiðni hans kann að hafa á réttarstöðu hans gagnvart fjármálafyrirtækinu og að lögum.

Um 25. gr.

Í greininni eru reglur um opinbera fjárfestingarráðgjöf og birtingu tölfræðiupplýsinga. Ákvæðið er óbreytt frá 16. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Það kom fyrst í lög með lögum nr. 31/2005, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, og byggist á ákvæðum tilskipunar 2003/125/EB um opinbera fjárfestingarráðgjöf. Hugtakið opinber fjárfestingarráðgjöf er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins. Ákvæðið, ólíkt öðrum ákvæðum II. kafla, nær ekki eingöngu til fjármálafyrirtækja og greiningardeilda þeirra heldur allra þeirra sem setja fram eða birta opinbera fjárfestingarráðgjöf. Ákvæðið er þó talið eiga heima í kaflanum þar sem talið er að í langflestum tilvikum muni reyna á ákvæðin þegar fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta veita opinbera fjárfestingarráðgjöf eða birta tölfræðiupplýsingar. Rétt er þó að taka fram að aðrir aðilar geta fallið undir reglurnar, svo sem fjölmiðlar, séu beinar eða óbeinar ráðleggingar fólgnar í umfjöllun þeirra.

Um 26. gr.

Í 26. gr. er lagt til að kveðið verði á um skyldu ráðherra og Fjármálaeftirlitsins til að setja nánari reglur í reglugerð á grundvelli II. kafla.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum byggjast þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu á löggjöf um verðbréfaviðskipi á MiFID-tilskipuninni sem er rammatilskipun og á grundvelli hennar hefur framkvæmdastjórnin gefið út tvær gerðir. Annars vegar er um að ræða tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 til fyllingar á tilskipun þingsins og ráðsins 2004/39/EB um skipulagskröfur og viðskiptahætti fjárfestingarfyrirtækja og skilgreiningu hugtaka fyrir þá tilskipun og hins vegar reglugerð fram-

kvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006/EB frá 10. ágúst 2006 til fyllingar á tilskipun þingsins og ráðsins 2004/39/EB um skyldur fjárfestingarfyrirtækja til að halda skrár, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi viðskipta, töku fjármálagerninga til viðskipta og skilgreiningu hugtaka fyrir þá tilskipun. Þessar tvær gerðir hafa þýðingu fyrir EES-svæðið. Í flestum tilvikum er um að ræða ákvæði sem mæla á mjög ítarlegan hátt fyrir um útfærslu ákvæða MiFID-tilskipunarinnar. Til að unnt verði að innleiða þessar gerðir í íslenskan rétt er lagt til að ráðherra og Fjármálaeftirlitið fái heimild til að setja nánari reglur um atriði þau sem lagt er til að lögfest verði í II. kafla frumvarpsins.

Því er lagt til að kveðið verði á um að ráðherra skuli setja í reglugerð ákvæði um nánari framkvæmd kaflans, m.a. um góða viðskiptavenju, skipulag fjármálafyrirtækja, þ.m.t. regluvörslu, áhættustjórnun, innri endurskoðun, ábyrgð yfirstjórnar, meðferð á kvörtunum og eigin viðskipti, útvistun verkefna, hagsmunaárekstra, skriflega samninga, skráningu og yfirlit, skráningu þjónustu og varðveislu gagna, varðveislu fjármálagerninga og fjár sem tilheyrir viðskiptavinum, notkun á fjármálagerningum viðskiptavina og skýrslur endurskoðenda, safnskráningu, m.a. um skilyrði heimildar til að skrá fjármálagerninga á safnreikning skv. 1. mgr. 12. gr., auðkenningu safnreiknings, þar á meðal upplýsingar um fjölda eigenda að safnreikningi og um upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins, svo sem um auðkenni viðskiptamanna að baki safnreikningum, öflun upplýsinga og ráðleggingar vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar, öflun upplýsinga og mat vegna annarra verðbréfaviðskipta, bestu framkvæmd, framkvæmd fyrirmæla, flokkun viðskiptavina, viðskipti við viðurkennda gagnaðila og um fagfjárfesta.

Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitið setji reglur um opinbera fjárfestingarráðgjöf, þar á meðal um óhlutdræga framsetningu ráðgjafar og birtingu, tilgreiningu á þeim sem setur fjárfestingarráðgjöfina fram eða gerir hana opinbera, hagsmunum og hagsmunaárekstrum, og skilgreiningu hugtaksins greining.

Um III. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um upplýsingagjöf og tilkynningar sem stuðla eiga að gagnsæi viðskipta. Samkvæmt 27. gr. taka ákvæði kaflans til fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta. Þá eru í 28. gr. ákvæði um skyldu innmiðlara til upplýsingagjafar um tilboð. Í 29. gr. er kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækja til upplýsingagjafar um viðskipti utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) og í 30. gr. eru ákvæði um tilkynningarskyldu fjármálafyrirtækja um viðskipti sem þau framkvæma með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Loks er í 31. gr. að finna reglugerðarheimild.

Um 27. gr.

Í 27. gr. er fjallað um gildissvið III. kafla frumvarpsins. Ákvæði kaflans gilda um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta, en um það hvaða fjármálafyrirtæki hafa heimild til verðbréfaviðskipta fer samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þar sem kveðið er á um leyfisskylda starfsemi, veitingu starfsleyfa og tegundir starfsleyfa í II. kafla.

Um 28. gr.

Í greininni er að finna reglur um skyldu þeirra fjármálafyrirtækja sem teljast innmiðlarar til að birta verðtilboð fyrir þau hlutabréf sem þeir eru innmiðlarar fyrir.

Með ákvæðinu, sem er nýmæli, er lagt til að teknar verði upp í innlendan rétt reglur sem fram koma í 27. gr. MiFID-tilskipunarinnar, en greinin gildir fyrir þau fjármálafyritæki sem teljast vera innmiðlarar (e. systematic internalisers). Ákvæði 27. gr. MiFID-tilskipunarinnar inniheldur margar tæknilegar reglur og því er sú leið farin að leggja til að meginreglur um innmiðlara verði innleiddar í lög en ítarlegri ákvæði verði að finna í reglugerð, sbr. 31. gr. frumvarpsins.

Hugtakið innmiðlari er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins sem fjármálafyrirtæki sem skipulega, reglulega og kerfisbundið á í viðskiptum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan við skipulega verðbréfamarkaði og markaðstorg fjármálagerninga (MTF). Til að teljast innmiðlari þurfa fjármálafyrirtæki að uppfylla öll þau skilyrði sem tiltekin eru í skilgreiningunni, þ.e. að viðskipti með viðkomandi hlutabréf séu skipuleg, regluleg og kerfisbundin. Eru skilyrði þessi nánar útfærð í 21. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006/EB. Til að falla undir hugtakið innmiðlari og þar með skyldurnar sem kveðið er á um í ákvæði þessu þarf að vera um að ræða kerfisbundin innanhússviðskipti hjá fjármálafyrirtæki, þ.e. eins konar innanhússmarkað. Ekki er vitað til þess að neitt íslenskt fjármálafyrirtæki mundi teljast til innmiðlara samkvæmt skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins. Engu að síður er nauðsynlegt að innleiða ákvæði tilskipunarinnar í íslenskan rétt. Ákvæðið tekur til innmiðlunar með hlutabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamörkuðum en á ekki við um aðra fjármálagerninga, þ.m.t. skuldabréf og óskráð hlutabréf.

Markmið ákvæðisins er m.a. að auka samkeppni og jafna samkeppnisstöðu milli ólíkra viðskiptavettvanga, þ.e. skipulegra verðbréfamarkaða, markaðstorga fjármálagerninga (MTF) og innmiðlara. Þannig er markmiðið með ákvæðinu að sömu kröfur um birtingu upplýsinga um kaup- og sölutilboð hlutabréfa gildi um fjármálafyrirtæki og verðbréfamarkaði þegar þau eiga skipulega, reglulega og kerfisbundið í viðskiptum með hlutabréf og stunda þannig eðlislíka starfsemi og verðbréfamarkaðir. Með aukinni upplýsingagjöf er ákvæðinu jafnframt ætlað að styðja við verðmyndun á hlutabréfamarkaði en verðmyndun getur einkum skaðast við það að viðskipti dreifist á marga staði.

Í 1. mgr. er sú skylda lögð á þau fjármálafyrirtæki sem teljast innmiðlarar að birta bindandi verðtilboð fyrir þau hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og fjármálafyrirtækið er innmiðlari fyrir, að því gefnu að umrædd hlutabréf séu talin seljanleg. Séu hlutabréf ekki seljanleg ber innmiðlara aðeins að setja fram tilboð að ósk viðskiptavinar. Gert er ráð fyrir að hugtakið seljanleiki í þessu sambandi verði skilgreint í reglugerð, en í 22. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006/EB er að finna nákvæma afmörkun á því hvaða bréf teljast seljanleg.

Í 2. mgr. er afmarkað til hvaða innmiðlara ákvæði tekur. Innmiðlarar sem aðeins eiga viðskipti sem eru stærri en stöðluð markaðsstærð eru undanþegnir skyldum samkvæmt greininni. Gert er ráð fyrir að hugtakið stöðluð markaðsstærð verði skilgreint í reglugerð en í 23. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006/EB er að finna nánari afmörkun á því hvað felst í hugtakinu.

Um 29. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækja til upplýsingagjafar um viðskipti utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) með hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Með ákvæðinu er lagt til að innleidd verði ákvæði 28. gr. MiFID-tilskipunarinnar um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja eftir að viðskiptin eiga sér stað.

Á grundvelli 45. gr. MiFID-tilskipunarinnar eiga fjármálafyrirtæki að uppfylla kröfur um gagnsæi á skipulegum mörkuðum eftir að viðskipti eiga sér stað Ákvæði um upplýsingagjöf skipulegs verðbréfamarkaðar um viðskipti, sem byggist á 45. gr. MiFID-tilskipunarinnar, er í 1. mgr. 29. gr. frumvarps til kauphallarlaga, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Í þeim tilgangi að tryggja gagnsæja og skipulega starfsemi markaða og samræmdar leikreglur er lagt til að sú skylda verði lögð á fjármálafyrirtæki sem eiga viðskipti utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) að gera opinberar upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta með hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Gildir þetta hvort sem um er að ræða viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina. Upplýsingarnar skulu birtar á sanngjörnum viðskiptakjörum og eins nálægt rauntíma og mögulegt er. Þá skulu upplýsingarnar birtar með þeim hætti að þær séu aðgengilegar öðrum markaðsaðilum.

Í reglugerð verður kveðið nánar á um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja samkvæmt þessari grein, sbr. IV. kafla reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006/EB. Verður þar m.a. kveðið á um skilyrði fyrir töfum á birtingu upplýsinga á grundvelli tegundar eða stærðar viðskipta. Skal upplýsingagjöf samkvæmt þessari grein samsvara upplýsingagjöf kauphalla um viðskipti sem þar fara fram.

Um 30. gr.

Í 30. gr. frumvarpsins er fjallað um tilkynningarskyldu fjármálafyrirtækja um viðskipti sem þau framkvæma með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Greinin er byggð á 3.–5. tölulið 25. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Þrátt fyrir að sambærileg tilkynningarskylda um viðskipti til Fjármálaeftirlitsins hvíli ekki á fjármálafyrirtækjum að gildandi rétti er þó í 23. gr. núgildandi laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða að finna ákvæði um skyldu kauphallaraðila til að senda upplýsingar til kauphallar um viðskipti með skráð verðbréf sem fara fram utan hennar. Ákvæðið var fyrst sett í lög með lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, en var áður í reglum um Verðbréfaþing Íslands. Í frumvarpi til laga um kauphallir sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðið verði fellt niður úr kauphallarlögum.

Tilgangur ákvæðisins er að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að gegna því hlutverki sínu að hafa eftirlit með því að fjármálafyrirtæki starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfaviðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi, auk þess að koma í veg fyrir markaðsmisnotkun og innherjasvik, sbr. 1. mgr. 25. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Þannig er ákvæðinu ætlað að tryggja að Fjármálaeftirlitið hafi nægar upplýsingar um þau viðskipti sem því er ætlað að hafa eftirlit með, sbr. 4. lið í inngangi að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006/EB.

Í 1. mgr. segir að fjármálafyrirtæki skuli senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu um öll viðskipti sem það framkvæmir með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Tilkynning skal send eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við lok næsta vinnudags. Fjármálafyrirtæki ber að tilkynna um öll viðskipti með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, hvort sem þau eiga sér stað á skipulegum verðbréfamarkaði eða utan slíkra markaða. Nánari ákvæði um innihald tilkynninga er að finna í 13. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006/EB og 1. töflu í I. viðauka. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um tegund og númer þeirra fjármálagerninga sem viðskipti urðu með ásamt upplýsingum um fjölda fjármálagerninga, umsamið verð, nákvæma tímasetningu viðskiptanna og hver viðkomandi fjármála-

fyrirtæki eru. Í 4. mgr. reglugerðarinnar er kveðið á um að heimilt sé að gera kröfu um að í tilkynningu skuli vera auðkenni viðskiptamanns fjármálafyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um innihald tilkynninga verði sett í reglugerð, sbr. 31. gr. frumvarpsins. Þar segir m.a. að heimilt sé að kveða á um í reglugerð að tilkynningar skuli innihalda upplýsingar um viðskiptavini fjármálafyrirtækja en slíkar upplýsingar mundu til að mynda nýtast í eftirliti með innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag og innihald tilkynninga verði með svipuðu sniði og annars staðar á Norðurlöndunum enda hefur Fjármálaeftirlitið tekið þátt í samstarfi um þróun tilkynningakerfis (Transaction Reporting System eða TRS) með hinum ríkjunum á Norðurlöndunum og Litháen. Ekkert tilkynningakerfi er til staðar hér á landi sem uppfyllir lágmarkskröfur MiFID-tilskipunarinnar og er því nauðsynlegt að þróa nýtt kerfi í þessum tilgangi. Til þess að auka samræmingu og hagræði hafa eftirlitin séð sér hag í að standa saman að þróun slíks kerfis. Gagnsemi kerfisins sem eftirlitstækis veltur m.a. á þeim upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið fær í gegnum það og á skilvirkum leiðum til að vinna úr upplýsingunum. Því er einnig nauðsynlegt að þróa, samhliða tilkynningakerfinu, öflugt úrvinnslukerfi til þess að vinna sjálfkrafa úr því magni upplýsinga sem mun berast. Gott tilkynningakerfi mun veita Fjármálaeftirlitinu virk úrræði við eftirlit og efla starfsemi þess til muna.

Þá skal þess getið að í 31. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt verði að kveða á um í reglugerð að tilkynningarskylda skuli einnig ná til viðskipta með fjármálagerninga sem tengjast fjármálagerningum sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Byggist ákvæðið á 45. tölul. í inngangi MiFID-tilskipunarinnar þar sem segir að aðildarríkjum skuli vera heimilt að kveða á um slíka skyldu. Til þess að Fjármálaeftirlitið geti framfylgt markmiðum greinarinnar er nauðsynlegt að tilkynningarskyldan taki einnig til slíkra fjármálagerninga, enda gæti það hamlað samfelldu og skilvirku eftirliti ef fjármálagerningar sem tengjast fjármálagerningum sem teknir hafa verið til viðskipta féllu utan tilkynningarskyldunnar. Það þarf ekki síður að fylgjast með bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla hvað varðar þessa gerninga auk þess sem nauðsynlegt er að hafa eftirlit með því hvernig fjármálafyrirtæki koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli mismunandi hópa viðskiptavina, eða innan mismunandi deilda fyrirtækisins.

Þá skal þess getið að Fjármálaeftirlitið mun í vissum tilvikum geta krafist viðbótarupplýsinga um ákveðin viðskipti, eins og ráðgert er í 3. mgr. 13. gr. í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006/EB. Þetta er heimilt þegar þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að ná fram markmiði tilkynningarskyldunnar, svo sem ef fjármálagerningurinn sem um ræðir hefur sérstök einkenni sem ekki eru talin upp í reglunum um efni og form tilkynninga og ef viðskiptaaðferðir, sem eru sérstæðar fyrir viðkomandi markað, innihalda atriði sem ekki eru ekki talin upp í reglunum um efni og form tilkynninga.

Í 2. mgr. eru taldar upp mismunandi aðferðir sem fjármálafyrirtæki geta valið um við framkvæmd tilkynningarskyldunnar. Í fyrsta lagi getur fjármálafyrirtæki, eða þriðji aðili fyrir þess hönd, sent tilkynningu. Í öðru lagi er hægt að senda tilkynningu í gegnum sérstakt tilkynningarkerfi sem Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt. Í þriðja lagi getur sá skipulagði verðbréfamarkaður eða markaðstorg, þar sem viðskiptin áttu sér stað, tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Tilkynningar skv. a. lið verða að uppfylla þær kröfur sem koma fram í reglum Fjármálaeftirlitsins um form og efni, en þegar um b. eða c. lið er að ræða þarf kerfið að vera þannig úr garði gert að tilkynningar sem berast þaðan uppfylli sjálfkrafa sömu kröfur. Þrátt fyrir að fjármálafyrirtæki geti með þessum hætti útvistað framkvæmd tilkynningarskyldunnar hvílir ábyrgðin á tilkynningarskyldunni eftir sem áður á fjármálafyrirtækinu.

Tilkynningar skulu sendar rafrænt, en þó getur Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá því í algjörum undantekningartilvikum að nánari skilyrðum uppfylltum., sbr. 12. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006/EB. Ástæðan fyrir því að hafa tilkynningar á rafrænu formi eru fyrst og fremst skilvirkni og hagræði, auk þess sem hægt þarf að vera að senda upplýsingarnar til annarra lögbærra yfirvalda, ef þörf krefur, á skjótan og einfaldan hátt.

Um 31. gr.

Í greininni er kveðið á um setningu reglugerða til nánari útfærslu á ákvæðum III. kafla frumvarpsins.

Í 1. mgr. segir að ráðherra skuli setja í reglugerð nánari ákvæði um þrjú atriði. Í fyrsta lagi um upplýsingagjöf innmiðlara, sem fjallað er um í 28. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi skal ráðherra setja í reglugerð nánari útfærslu á upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja á grundvelli 29. gr. frumvarpsins, þar sem m.a. skulu koma fram ákvæði um skyldu til birtingar upplýsinga og skilyrði fyrir undanþágu frá birtingu upplýsinga. Í þriðja lagi ber ráðherra að setja nánari ákvæði í reglugerð um tilkynningarskyldu um viðskipti skv. 30. gr., þ.m.t. um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að framsenda tilkynningar um viðskipti til eftirlitsaðila aðildarríkis þar sem seljanleiki viðkomandi fjármálagernings er mestur, um þær kröfur sem gerðar eru til tilkynninga, um innihald tilkynninga og um samskipti eftirlitsaðila.

Í 2. mgr. er að finna heimild fyrir ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um skyldu innmiðlara til að birta upplýsingar um kaup- og sölutilboð og dýpt tilboða fyrir aðra fjármálagerninga en hlutabréf sem þeir eru innmiðlarar fyrir, skv. 28. gr. Þá er í 2. mgr. heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um skyldu fjármálafyrirtækis til að birta upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta sem fram fara utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) með aðra fjármálagerninga en hlutabréf skv. 29. gr. Einnig er í 2. mgr. heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um að tilkynningar fjármálafyrirtækja á grundvelli 30. gr. skuli innihalda upplýsingar um auðkenni viðskiptavina fjármálafyrirtækja og að tilkynningarskylda fjármálafyrirtækja á grundvelli 30. gr. nái einnig til viðskipta með fjármálagerninga sem tengjast fjármálagerningum sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Um IV. kafla

Í kaflanum er að finna ákvæði um markaðstorg fjármálagerninga (MTF) (e. Multilateral Trading Facility). Í 32. gr. er gildissvið kaflans afmarkað. Í 33. gr. eru ákvæði um skipulag markaðstorgs. Í 34. gr. er kveðið á um skilyrði fyrir aðild að markaðstorgi. Í 35. gr. er fjallað um eftirlit með viðskiptum sem fram fara á markaðstorgi. Í 36. gr. eru ákvæði um upplýsingagjöf um tilboð um kaup eða sölu á fjármálagerningum á markaðstorgi. Í 37. gr. eru ákvæði um upplýsingagjöf um viðskipti sem hafa farið fram á markaðstorgi. Loks er í 38. gr. að finna reglugerðarheimildir.

Um 32. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um gildissvið IV. kafla frumvarpsins. Gilda ákvæði kaflans um fjármálafyrirtæki og kauphallir sem hafa heimild til að reka markaðstorg fjármálagerninga (MTF). Fjármálaeftirlitið veitir fjármálafyrirtækjum og kauphöllum leyfi til að reka markaðstorg fjármálagerninga (MTF) samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um kauphallir. Hugtakið markaðstorg fjármálagerninga (MTF) er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins.

Ákvæði kaflans eru nýmæli og byggjast á MiFID-tilskipuninni. Starfsemi markaðstorgs er um margt lík starfsemi skipulegs verðbréfamarkaðar enda eru skilgreiningar hugtakanna að mestu samhljóða. Þær reglur sem gilda um skipulag reksturs markaðstorgs og viðskipta sem þar fara fram eru um margt ólíkar og léttbærari en þær reglur sem gilda um skipulega verðbréfamarkaði. Þannig hefur rekstraraðili markaðstorgs mun meira svigrúm til að móta þær reglur sem gilda um viðskipti á markaðstorgi þar sem reglur kaflans byggja fyrst og fremst á eigin reglusetningu. Reglur markaðstorgs verða þó að uppfylla ákveðnar lágmarkskröfur og hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með því að þeim sé fullnægt. Munurinn á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) og skipulegum verðbréfamarkaði birtist þó ekki síst í því að ákveðnir kaflar frumvarpsins gilda aðeins um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Ýmis ákvæði frumvarpsins gilda þannig ekki um fjármálagerninga sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) nema þeir séu jafnframt teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þannig gilda ákvæði VII., VIII., IX., X. og XI. kafla aðeins um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Hins vegar gilda ákvæði XII. og XIII. kafla jafnt um slíka fjármálagerninga sem og þá sem aðeins verslað er með á markaðstorgi.

Ákvæði þessa kafla koma í stað 34. gr. a. í núgildandi lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, sbr. lög nr. 66/2005 ,en með því ákvæði var heimlað að reka markaðstorg hér á landi og þannig stigið fyrsta skrefið við innleiðingu MiFID-tilskipunarinnar. Það ákvæði heimilaði þó aðeins viðskipti með verðbréf sem ekki væru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, en það skilyrði er lagt af með frumvarpi þessu. Verður því hægt að eiga viðskipti með verðbréf og aðra fjármálagerninga á markaðstorgi, hvort sem þeir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða ekki. Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 66/2005 kemur fram að markmiðið með frumvarpinu hafi verið að koma á fót vettvangi fyrir viðskipti með verðbréf í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og einnig nýjum fyrirtækjum sem eru í hröðum vexti. Er í frumvarpinu m.a. vísað til mikilvægis þess að hér á landi sé til staðar öflugur markaður fyrir áhættufjármagn. Þessi sjónarmið eiga enn við þó að engar takmarkanir verði á því hvaða tegundir fjármálagerninga geti gengið kaupum og sölum á markaðstorgi. Ákveðnar lágmarkskröfur leiða þó af ákvæði 2. tölul. 3. mgr. 33. gr. kaflans þar sem kveðið er á um að rekstraraðili markaðstorgs skuli setja reglur um þau skilyrði sem fjármálagerningar þurfa að uppfylla. Þá skal skv. 4. tölul. tryggt að nægar upplýsingar séu aðgengilegar um útgefanda fjármálagerninga og fjármálagerningana sjálfa, eins og nánar er rakið hér að neðan.

Um 33. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) skuli vera í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfaviðskiptum, með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Eins og þegar hefur komið fram er sá lagarammi sem gildir um markaðstorg mun minni og léttbærari en sá lagarammi sem gildir um skipulega verðbréfamarkaði og byggist starfsemin að miklu leyti á eigin reglusetningu rekstraraðila markaðstorgs. Slík eigin reglusetning leggur því aukna ábyrgð á rekstraraðila þeirra að haga rekstri sínum í samræmi við góða viðskiptahætti. Þykir því rétt að hnykkja á þessari almennu reglu og tryggja þannig að hún nái jafnt yfir fjármálafyrirtæki og kauphallir sem reka markaðstorg.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg fjármálagerninga (MTF) beri ábyrgð á að rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar sé heilbrigður og

traustur. Hér er um að ræða almenna reglu sem vísar til þess að rekstraraðili markaðstorgs skal hafa yfir að ráða nægu fjármagni til að tryggja öruggan rekstur og hafa fullnægjandi innra skipulag, svo sem gæta að hagsmunaárekstrum, gæta að áhættustjórnun, hafa yfir að ráða öruggum kerfum og hafa nægjanlegt innra eftirlit og regluvörslu.

Í 3. mgr. eru taldar upp í fimm liðum þær meginskyldur sem hvíla á rekstraraðila markaðstorgs fjármálagerninga (MTF). Í fyrsta lagi skal rekstraraðili markaðstorgs setja gagnsæjar og sjálfvirkar reglur sem tryggja sanngjörn og skipuleg viðskipti á markaðstorginu og skulu þær innihalda hlutlæg viðmið um framkvæmd fyrirmæla. Með ákvæðinu er innleitt ákvæði 1. mgr. 14. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Með gagnsæjum og sjálfvirkum reglum er átt við að fyrir fram sé ljóst hvernig viðskipti fari fram og að rekstraraðili markaðstorgsins geti t.d. ekki haft áhrif á hvernig tilboð mætast í viðskiptakerfi þess. Í öðru lagi skal rekstraraðili markaðstorgs setja reglur um þau skilyrði sem fjármálagerningar þurfa að uppfylla svo viðskipti geti farið fram með þá á markaðstorginu. Ákvæðið er innleiðing á fyrri hluta 2. mgr. 14. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Með ákvæðinu er rekstraraðila markaðstorgs gefið mikið svigrúm til að ákveða hvaða fjármálagerninga sé hægt að eiga viðskipti með á markaðstorginu og hvaða skilyrði þeir þurfa að uppfylla en ákvæðið verður að skoða í ljósi annarra krafna sem hvíla á rekstraraðila markaðstorgs, svo sem að tryggja aðgengi að nægjanlegum upplýsingum. Í þriðja lagi ber rekstraraðila markaðstorgs að tryggja að aðilar að markaðstorginu hafi aðgang að nægjanlegum opinberum upplýsingum til að geta tekið fjárfestingarákvarðanir. Með ákvæðinu er innleiddur seinni hluti 2. mgr. 14. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Með upplýsingum er átt við upplýsingar um útgefanda fjármálagerninga og fjármálagerningana sjálfa. Rekstraraðili markaðstorgs getur ýmist tryggt aðgengi að upplýsingum með því að birta þær sjálfur eða gengið úr skugga um að þær séu aðgengilegar fyrir aðila að markaðstorginu og fjárfesta. Mat á því hvaða upplýsingar teljast nægjanlegar fer eftir eðli viðkomandi gerninga. Ef fjármálagerningar hafa t.d. verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, þá teljast upplýsingar frá útgefanda almennt fullnægjandi. Aðgengi að upplýsingunum þarf að vera gott og gert er ráð fyrir að almennt verði gerð krafa um að rekstraraðili haldi úti fréttakerfi á heimasíðu sinni ef upplýsingarnar eru ekki aðgengilegar annars staðar. Þá skal vísað til þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði XIII. kafla um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja gildi um viðskipti á markaðstorgi. Í 122. gr. er m.a. gert ráð fyrir að útgefanda fjármálagerninga sem verslað er með á markaðstorgi beri að tilkynna þegar í stað allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs. Í fjórða lagi skal rekstraraðili markaðstorgs setja reglur um aðgengi að markaðnum og skulu þær fullnægja skilyrðum 34. gr. Með ákvæðinu er innleidd 4. mgr. 14. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Nánar er fjallað um aðild að markaðstorgi í athugasemdum við 28. gr. Í fimmta lagi skal rekstraraðili markaðstorgs upplýsa notendur markaðstorgsins um skyldur þeirra hvað varðar uppgjör viðskipta sem fara fram á markaðstorginu og gera ráðstafanir til að tryggja að skilvirkt uppgjör viðskipta geti farið fram. Ákvæðið er innleiðing á 5. mgr. 14. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Öruggt uppgjör viðskipta er ein af meginforsendunum fyrir að markaðstorg geti starfað eðlilega. Í ákvæðinu er lögð sú skylda á rekstraraðila markaðstorgs að sjá til þess að nauðsynlegar tengingar séu til staðar svo uppgjör geti farið fram og aðilar að viðskiptum séu vel upplýstir um skyldur sínar í þeim efnum.

Um 34. gr.

Í greininni er kveðið á um hverjir geta orðið aðilar að markaðstorgi fjármálagerninga. Gerð er krafa um að þeir séu til þess hæfir, hafi fullnægjandi getu til að eiga viðskipti, fullnægi, þar sem það á við, kröfum sem gerðar eru til skipulags og hafi fullnægjandi fjárráð til að framkvæma þær aðgerðir sem þeim er ætlað að framkvæma. Eru kröfur þessar hliðstæðar þeim sem gerðar eru til aðila að skipulegum verðbréfamarkaði, þ.e. annarra en þeirra sem teljast sjálfkrafa til þess hæfir, sbr. frumvarp til laga um kauphallir sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Ákvæðið er til innleiðingar á 4. mgr. 14. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Um 35. gr.

Með greininni er innleitt ákvæði 26. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Ákvæðið er hliðstætt ákvæði um eftirlit kauphallar með viðskiptum, sbr. frumvarp til kauphallarlaga sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Í 1. mgr er lögð sú skylda á fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg að hafa eftirlit með því að aðilar að viðskiptum sem þar fara fram starfi eftir lögum, reglum og samþykktum sem um viðskipti á markaðstorginu gilda. Auk þess skal rekstraraðili markaðstorgs reka viðeigandi eftirlitskerfi með viðskiptum. Mikilvægustu reglurnar í þessu sambandi sem rekstraraðilanum ber að gæta eru reglur um markaðsmisnotkun og innherjasvik en eftirlitið skal jafnframt ná til annarra reglna sem um viðskiptin gilda. Samkvæmt ákvæðinu hvílir eftirlit með viðskiptunum á rekstraraðila markaðstorgsins en Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með því að hann uppfylli skyldur sínar í þeim efnum. Í því sambandi skal þess getið að Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að viðskipti á markaðstorginu verði stöðvuð tímabundið eða fyrir fullt og allt sbr. 133. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lögð sú skylda á fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg að tilkynna til Fjármálaeftirlitsins ef grunur eða vitneskja er um að brotið hafi verið gegn lögum, reglugerðum eða öðrum reglum sem gilda um viðskipti á markaðstorginu eða að brotið hafi verið gróflega eða ítrekað gegn reglum þess. Ákvæðið er í samræmi við fyrirkomulag 1. mgr. þar sem rekstraraðila markaðstorgs er falið að hafa eftirlit með viðskiptum sem þar fara fram og er því brýnt að Fjármálaeftirlitinu sé tilkynnt um öll tilvik þegar upp kemur grunur eða vitneskja um brot á lögum eða öðrum reglum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg skuli veita yfirvöldum tafarlaust viðeigandi upplýsingar og aðstoð vegna rannsóknar á eða saksóknar vegna gruns um refsiverða háttsemi sem á sér stað á markaðstorgi eða í gegnum markaðskerfi þess. Með yfirvöldum er aðallega átt við Fjármálaeftirlitið, en of þröngt þykir að einskorða upplýsingaskyldu við stofnunina þar sem rekstraraðila markaðstorgs ber einnig að aðstoða önnur yfirvöld, t.d. lögreglu og saksóknara.

Um 36. gr.

Með greininni er innleitt ákvæði 29. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Ákvæðið er hliðstætt 28. gr. frumvarps til laga um kauphallir sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Nánari ákvæði um upplýsingagjöf um tilboð er að finna í IV. kafla reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006/EB og er gert ráð fyrir að þau ákvæði verði tekin upp í reglugerð sem ráðherra setur með stoð í 38. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg fjármálagerninga (MTF) skuli, vegna hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, birta opinberlega verðupplýsingar um kaup- og sölutilboð sem sett eru

fram á markaðstorginu auk upplýsinga um dýpt tilboða á viðkomandi verði. Upplýsingarnar skal birta samfellt á almennum opnunartíma og vera aðgengilegar almenningi á sanngjörnum viðskiptakjörum. Með kaup- og sölutilboðum er átt við bindandi tilboð um að kaupa eða selja tiltekið magn af fjármálagerningum á ákveðnu verði. Heimilt er í vissum tilvikum að birta verðupplýsingarnar á samandregnu formi, sbr. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006/EB. Með almennum opnunartíma er átt við auglýstan opnunartíma viðkomandi markaðar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti veitt undanþágu frá birtingu kaup- og sölutilboða skv. 1. mgr. á grundvelli eiginleika viðkomandi markaðstorgs eða tegundar og stærðar tilboða. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði verði sett í reglugerð á grundvelli 18.–20. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006/EB.

Um 37. gr.

Með greininni er innleitt ákvæði 30. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Ákvæðið er hliðstætt 29. gr. frumvarps til laga um kauphallir sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Nánari ákvæði um upplýsingagjöf um viðskipti er að finna í IV. kafla reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006/EB og er gert ráð fyrir að þau ákvæði verði tekin upp í reglugerð sem ráðherra setur með stoð í 38. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg fjármálagerninga (MTF) skuli birta opinberlega upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta sem framkvæmd eru í viðskiptakerfi þess með hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þá er kveðið á um að upplýsingarnar skuli birtar á sanngjörnum viðskiptakjörum og eins nálægt rauntíma og mögulegt er. Ákvæði þetta eigi ekki við ef upplýsingar um viðskiptin eru birtar í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar. Upplýsingarnar skuli m.a. tilgreina tíma viðskipta, um hvaða fjármálagerninga sé að ræða, verð, magn og hvar viðskiptin fóru fram. Þá verður heimilt með ákveðnum skilyrðum að draga saman upplýsingar um viðskipti sem eiga sér stað á sama tíma og á sömu verðum.

Í 2. mgr. er lagt til að fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg sé heimilt að setja sér reglur um að tefja skuli birtingu upplýsinga vegna stærðar eða tegundar viðskipta. Gerð er krafa um að reglurnar uppfylli skilyrði reglugerðar sem sett verði á grundvelli 38. gr. Þá er gerð krafa um að fjármálafyrirtæki eða kauphöll leiti samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir reglunum áður en þær verði látnar gilda um birtingu upplýsinga um viðskipti á markaðnum. Fjármálafyrirtæki eða kauphöll skal jafnframt sjá til þess að aðilar að markaðstorginu og fjárfestar séu upplýstir um töfina. Er gert ráð fyrir að reglur markaðstorgs samkvæmt þessari málsgrein verði einkum tilvik þegar um er að ræða umfangsmikil viðskipti í samanburði við hefðbundin viðskipti með viðkomandi hlutabréf eða flokk hlutabréfa. Í reglugerð verður nánar kveðið á um hversu lengi megi tefja birtingu upplýsinganna og með hvaða skilyrðum.

Um 38. gr.

Í greininni er kveðið á um setningu reglugerða til nánari útfærslu á ákvæðum IV. kafla.

Í 1. mgr. segir að ráðherra skuli setja í reglugerð nánari ákvæði um tvö atriði, annars vegar um upplýsingagjöf um tilboð og undanþágur frá upplýsingaskyldur skv. 36. gr., hins vegar er um að ræða upplýsingagjöf um viðskipti og tafir á henni skv. 37. gr. Með stoð í ákvæði þessu verða m.a. innleidd ákvæði IV. kafla reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006/EB.

Í 2. mgr. er að finna heimild fyrir ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um skyldu fjármálafyrirtækis eða kauphallar til að birta upplýsingar um kaup- og sölutilboð og dýpt tilboða sem sett eru fram á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) fyrir aðra fjármálagerninga en hlutabréf skv. 36. gr. Þá er heimilt að setja reglugerð um skyldu fjármálafyrirtækis eða kauphallar til að birta upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta sem fram fara á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) með aðra fjármálagerninga en hlutabréf skv. 37. gr.

Um V. kafla.

Í kaflanum er í þremur greinum að finna reglur um samningsbundið uppgjör afleiðna. Kaflinn er óbreyttur frá III. kafla gildandi laga um verðbréfaviðskipti. Ákvæðin komu fyrst inn í lög með 11. gr. laga nr. 99/2000, sem breyttu lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og eru að mestu leyti óbreytt.

Um 39. gr.

Í 39. gr. er kveðið á um gildissvið V. kafla um samningsbundið uppgjör afleiðna. Ákvæði kaflans taka til skuldajafnaðar og tryggingarréttinda í tengslum við afleiður. Ákvæðið er óbreytt frá 17. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Í greininni er fjallað um skuldajöfnuð og kveðið á um það að skriflegur samningur, einn eða fleiri, milli tveggja aðila um að skyldur þeirra samkvæmt afleiðu skuli jafnast hver á móti annarri, með skuldajöfnuði, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti, skuli halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. gr. og 100. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Ákvæðið er óbreytt frá 18. gr. gildandi laga. Það kom fyrst inn í lög um verðbréfaviðskipti með lögum nr. 99/2000 og var þá í 40. gr. laganna.

Um 41. gr.

Í greininni er fjallað um að tryggingarréttindum, sem sett eru til tryggingar viðskiptum með afleiður, verði ekki rift þrátt fyrir ákvæði 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Ákvæðið er óbreytt frá 19. gr. gildandi laga, en það kom fyrst inn í lög um verðbréfaviðskipti með 11. gr. laga nr. 99/2000 og var þá í 41. gr. laganna.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins er fjallað um útboð og töku til viðskipta. Kaflinn er að mestu óbreyttur frá IV. kafla gildandi laga um útboð og skráningu verðbréfa. Þær breytingar sem lagðar eru til á heiti kaflans og flestar þær breytingar sem lagðar eru til í kaflanum má rekja til breyttrar hugtakanotkunar sem lögð er til í frumvarpinu og frumvarpi til nýrra kauphallarlaga, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, en þar er lagt til að gerður verði greinarmunur á opinberri skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað og töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, en gildandi lög gera ekki skýran greinarmun á þessum tveimur aðgerðum þar sem hugtakið skráning er látið ná til þeirra beggja. Í frumvörpunum er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði falið að annast opinbera skráningu fjármálagerninga sem lögbæru stjórnvaldi, en taka fjármálagerninga til viðskipta verði í höndum kauphalla sem reka skipulegan verðbréfamarkað. Hugtakið taka fjármálagerninga til viðskipta fellur að hugtakanotkun MiFID-tilskipunarinnar og annarra Evróputilskipana, sem og hugtakanotkun annars staðar á Norðurlöndum.

Um 42. gr.

Í 42. gr. er gildissvið VI. kafla skilgreint, en ákvæði kaflans taka til almennra útboða verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þá er upptalning í greininni á því hvenær ákvæði kaflans eiga ekki við. Greinin er óbreytt frá 20. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að talað er um töku til viðskipta í stað skráningar.

Um 43. gr.

Í greininni er að finna skýringar á nokkrum grundvallarhugtökum kaflans. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 21. gr. gildandi laga, en þó eru lagðar til tvær breytingar á því. Í fyrsta lagi er lagt til að hugtakið taka til viðskipta verði notað í stað skráningar, sbr. umfjöllun um breytta hugtakanotkun í athugasemdum við VI. kafla. Í öðru lagi er lagt til að nýrri skilgreiningu verði bætt við greinina. Lagt er til að hugtakið *hæfir fjárfestar (e. qualified investors)* verði skýrt í 9. tölul.. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á fagfjárfestum sem nú er að finna í 7. tölul. 2. gr. gildandi laga. Núgildandi skilgreining á fagfjárfestum var lögfest með lögum nr. 94/2006, en setning þeirra laga var hluti af innleiðingarferli vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um lýsingar þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Í frumvarpi þessu er hins vegar nauðsynlegt vegna innleiðingar MiFID-tilskipunarinnar að leggja til breytingar á skilgreiningu á hugtakinu *fagfjárfestar (e. professional investors)* vegna hugtakanotkunar MiFID-tilskipunarinnar og er nýja skilgreiningu á hugtakinu fagfjárfestar að finna í 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins og byggist hún á viðauka II við MiFID-tilskipunina. Aðgreining á milli fagfjárfesta og hæfra fjárfesta er lögð til að sænskri fyrirmynd í ljósi þess að erfitt er að samræma þessar skilgreiningar. Fjárhæðir í greininni eru bundnar gengi evru sbr. 4. mgr. 42. gr. frumvarpsins.

Um 44. gr.

Í greininni koma fram skilyrði almenns útboðs og töku verðbréfa til viðskipta. Greinin er óbreytt frá 22. gr. gildandi laga öðru leyti en því að talað er um töku verðbréfa til viðskipta í stað skráningar verðbréfa.

Um 45. gr.

Í 45. gr. er kveðið á um það hvaða upplýsingar skulu koma fram í lýsingu. Greinin er óbreytt frá 23. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að talað er um töku til viðskipta í stað skráningar.

Um 46. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um viðauka við lýsingu. Greinin er óbreytt frá 24. gr. gildandi laga.

Um 47. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistíma lýsingar, grunnlýsingar og útgefandalýsingar. Greinin er óbreytt frá 25. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að talað er um töku til viðskipta í stað skráningar.

Um 48. gr.

Í greininni er fjallað um árlega upplýsingagjöf útgefenda verðbréfa. Ákvæðið er samhljóða 26. gr. gildandi laga að því undanskildu að orðunum „og eru með Ísland sem

heimaríki“ hefur verið bætt inn í 1. málsl. vegna skilgreiningar á heimaríki í tengslum við innleiðingu gagnsæistilskipunarinnar, sbr. 3. gr.

Um 49. gr.

Í greininni er fjallað um lýsingu sem er samsett úr þremur skjölum. Greinin er óbreytt frá 27. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að talað er um töku til viðskipta í stað skráningar.

Um 50. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um undanþágur frá gerð lýsinga. Greinin er óbreytt frá 28. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að talað er um töku til viðskipta í stað skráningar og hæfa fjárfesta í stað fagfjárfesta.

Um 51. gr.

Í 51. gr. frumvarpsins eru reglur um sölutryggingar. Ákvæðið er óbreytt frá 29. gr. gildandi laga.

Um 52. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um umsjón með almennu útboði og staðfestingu á lýsingum. Greinin er óbreytt frá 30. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að talað er um töku til viðskipta í stað skráningar.

Um 53. gr.

Í ákvæðinu eru nánari reglur um hæfa fjárfesta. Samhljóða ákvæði er nú í 2. mgr. 2. gr. gildandi laga, en hugtakið hæfir fjárfestar er notað í stað hugtaksins fagfjárfestar, sbr. umfjöllun í athugasemd við 43. gr.

Um 54. gr.

Í greininni er kveðið á um að ráðherra skuli setja reglugerð um nánari framkvæmd VI. kafla frumvarpsins. Ákvæðið er að mestu samhljóða 1. og 2. mgr. 73. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti en betur þykir fara á því á að hafa reglugerðarákvæði laganna undir viðeigandi kafla til að auka gagnsæi.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins eru ákvæði um þær reglulegu upplýsingar sem útgefendum verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ber að birta opinberlega, en það eru ársreikningur, árshlutareikningur vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og greinargerð frá stjórn. Reglur þessa kafla frumvarpsins byggjast einkum á 4.–8. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 55. gr.

Í greininni eru ákvæði um gildissvið VII. kafla frumvarpsins. Samkvæmt 1. mgr. gilda ákvæði kaflans um útgefendur með Ísland sem heimaríki en hugtakið heimaríki er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins. Ekki skiptir máli hvort viðkomandi útgefandi er með skráða skrifstofu á Íslandi eða ekki heldur afmarkast gildissvið kaflans aðeins af því að heimaríki útgefandans sé á Íslandi. Af ákvæðinu leiðir að jafnvel þótt verðbréf útgefanda hafi ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi heldur einungis í öðru ríki á Evrópska

efnahagssvæðinu ber útgefanda skylda til að fylgja ákvæðum kaflans um reglubundnar upplýsingar, sbr. einnig 5. mgr. 3. gr.

Af a-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/109/EB leiðir að ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu er óheimilt að gera strangari kröfur en þær sem leiða af tilskipuninni gagnvart útgefendum sem ekki eiga Ísland sem heimaríki en gefa út verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Þar af leiðandi mælir 2. mgr. ákvæðisins fyrir um að slíkir útgefendur skuli veita reglulegar upplýsingar í samræmi við reglur heimaríkis síns sem eru hliðstæðar þeim upplýsingum sem þessi kafli laganna mælir fyrir um. Með því er átt við að útgefandi skuli veita upplýsingar í samræmi við þau bindandi opinberu fyrirmæli heimaríkis síns sem byggjast á gagnsæistilskipuninni. Ákvæði kaflans eiga því ekki við um útgefendur með heimaríki í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslandi.

Um 56. gr.

Greinin tilgreinir undanþágur frá gildissviði kaflans. Annars vegar er um að ræða að tilteknir útgefendur séu undanþegnir gildissviðinu burtséð frá því hvaða tegund verðbréfa þeir gefa út og hins vegar er um að ræða undanþágur gagnvart útgefendum tiltekinna tegunda verðbréfa.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um undanþágu ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, sveitarfélaga eða sambærilegra svæðis- eða staðaryfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu, opinberra alþjóðlegra aðila sem a.m.k. eitt ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins á aðild að, seðlabanka á Evrópska efnahagssvæðinu og Seðlabanka Evrópu. Málsgreinin byggist á a-lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um undanþágu gagnvart útgefanda sem eingöngu gefur út skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og nafnverð eininga skuldabréfanna er að minnsta kosti 4,6 millj. kr. (50.000 evrur). Málsgreinin byggist á b-lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um undanþágu gagnvart verðbréfasjóðum eða fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutdeildarskírteini eða slíka sjóði sem afla eða ráðstafa hlutdeildarskírteinum. Málsgreinin byggist á 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Ef sami útgefandi gefur út einhverjar aðrar tegundir verðbréfa en hlutdeildarskírteini og þau verðbréf eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á undanþágan ekki við.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um undanþágu gagnvart útgefendum peningamarkaðsskjala með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir. Málsgreinin byggist á a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Ef sami útgefandi gefur út einhverjar aðrar tegundir verðbréfa en peningamarkaðsskjöl með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir og þau verðbréf eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á undanþágan ekki við.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um undanþágu gagnvart útgefanda skuldabréfa sem þegar var á skipulegum verðbréfamarkaði 31. desember 2003 ef útgefandinn gefur eingöngu út skuldabréf sem heimaríki hans eða eitt af svæðis- eða staðaryfirvöldum þess ríkis ábyrgist skilyrðislaust og óafturkallanlega. Málsgreinin byggist á 3. mgr. 8. gr. í tilskipun 2004/109/EB.

Um 57. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um opinbera birtingu ársreiknings. Meginreglan er að opinber birting skuli fara fram eins fljótt og auðið er en skylda er að birta ársreikninginn í síðasta lagi fjórum mánuðum frá lokum reikningsársins. Mælt er fyrir um framkvæmd opinberrar birtingar í 52. gr. frumvarpsins. Ákvæðið leggur jafnframt þá skyldu á útgefanda að tryggja að ársreikn-

ingur sé aðgengilegur almenningi í a.m.k. fimm ár. Í 65. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa ráðherra til að ákveða nánar með reglugerð með hvaða hætti ársreikningur skuli vera aðgengilegur almenningi en fyrirséð er að Evrópusambandið mun útfæra reglur varðandi þetta atriði nánar í væntanlegri tilskipun. Ákvæðið byggist á 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 2004/109/EB.

Um 58. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um opinbera birtingu árshlutareiknings vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og gildir um útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa. Meginreglan er að opinber birting skuli fara fram eins fljótt og auðið er eftir lok tímabilsins en skylda er að birta árshlutareikninginn í síðasta lagi tveimur mánuðum frá lokum fyrstu sex mánaða reikningsársins. Mælt er fyrir um framkvæmd opinberrar birtingar í 52. gr. frumvarpsins. Ákvæðið leggur jafnframt þá skyldu á útgefanda að tryggja að árshlutareikningurinn sé aðgengilegur almenningi í a.m.k. fimm ár. Í 65. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa ráðherra til að ákveða nánar með reglugerð með hvaða hætti ársreikningur skuli vera aðgengilegur almenningi en fyrirséð er að Evrópusambandið mun útfæra reglur varðandi þetta atriði nánar í væntanlegri tilskipun. Ákvæðið byggist á 1. mgr. 5. gr. í tilskipun 2004/109/EB.

Um 59. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu útgefenda hlutabréfa til að gefa út svonefnda greinargerð frá stjórn félagsins. Ákvæðið er nýmæli í íslenskum lögum og byggist á 6. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 1. mgr. er fjallað um á hvaða tímabili reikningsársins útgefanda beri skylda til að birta greinargerð frá stjórn en það er annars vegar á fyrstu sex mánuðum reikningsársins og hins vegar á síðari sex mánuðum reikningsársins. Í 2. málsl. er greint frá því hvert innihald greinargerðar stjórnarinnar skuli vera en samkvæmt málsgreininni skal í greinargerðinni útskýra mikilvæga atburði og viðskipti sem átt hafa sér stað á viðkomandi tímabili og gera grein fyrir áhrifum þeirra á fjárhagstöðu útgefandans og dótturfélaga hans. Með hugtakinu dótturfélag er í ákvæðinu átt við félag undir yfirráðum sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Loks á greinargerð frá stjórn að geyma almenna lýsingu á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu útgefandans og dótturfélaga hans á viðkomandi tímabili. Af framangreindu má vera ljóst að í greinargerð frá stjórn félags ber að gefa greinargóða lýsingu á rekstri útgefanda og stöðu félagsins. Ekki er um staðlaðan texta að ræða og því ræðst efni greinargerðarinnar hverju sinni af eðli og umfangi útgefanda. Ákvæði 1. og 2. mgr. byggjast á 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Ákvæði 2. mgr. mælir fyrir um að greinargerðin skuli birt á tímabilinu frá tíu vikum eftir að viðkomandi sex mánaða tímabil hefst og þar til sex vikum áður en því lýkur og að efni hennar skuli ná yfir tímabilið frá upphafi hvors sex mánaða tímabils til birtingardags greinargerðarinnar.

Ákvæði 3. mgr. veitir útgefendum sem birta árshlutareikning vegna fyrstu þriggja og fyrstu níu mánaða reikningsársins í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga undanþágu frá birtingu greinargerðar stjórnar. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 60. gr.

Ákvæðið vísar til laga um ársreikninga varðandi efni ársreiknings og árshlutareiknings vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins gagnvart útgefendum með skráða skrifstofu á

Íslandi. Ákvæði 2.–5. mgr. 4. gr. og 2.–5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB verða innleidd í lög um ársreikninga. Samkvæmt orðanna hljóðan gildir ákvæðið aðeins um útgefendur með skráða skrifstofu á Íslandi. Útgefendur með Ísland sem heimaríki en skráða skrifstofu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu skulu þar af leiðandi ekki fylgja ákvæðum laga um ársreikninga heldur reglum þess ríkis þar sem þeir hafa skráða skrifstofu. Framangreint leiðir m.a. af lokamálslið í 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Efni ársreiknings og árshlutareiknings vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins hjá útgefendum með Ísland sem heimaríki en með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins fer eftir 61. gr. frumvarpsins.

Um 61. gr.

Greinin mælir fyrir um hvenær útgefandi með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins en Ísland sem heimaríki getur beitt innlendum ákvæðum þess ríkis þar sem skráða skrifstofan er varðandi ársreikning, árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og greinargerð frá stjórn. Heimildin er háð því skilyrði að innlendu ákvæðin séu hliðstæð ákvæðum laga um ársreikninga. Með hliðstæðum ákvæðum er átt við þau ákvæði ársreikningalaga sem byggjast á tilskipun 2004/109/EB. Auk framangreinds er útgefanda heimilt að beita innlendum ákvæðum hvað varðar árshlutareikning vegna fyrstu þriggja og fyrstu níu mánaða reikningsársins ef þau ákvæði eru hliðstæð ákvæðum íslenskra reglna sem gilda mundu væri útgefandinn með skráða skrifstofu á Íslandi.

Ef ákvæði ríkis þar sem útgefandi er með skráða skrifstofu eru ekki hliðstæð ákvæðum laga um ársreikninga skal útgefandi gera ársreikning, árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og greinargerð frá stjórn með sama hætti og sambærilegir útgefendur með skráða skrifstofu á Íslandi. Með hliðstæðum ákvæðum er átt við þau ákvæði ársreikningalaga sem byggjast á tilskipunar 2004/109/EB.

Mat á því hvort kröfur samkvæmt ákvæðum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins eru hliðstæðar ákvæðum laga um ársreikninga er í höndum ársreikningaskrár. Með hliðstæðum ákvæðum er átt við þau ákvæði ársreikningalaga sem byggjast á tilskipun 2004/109/EB.

Um 62. gr.

Í greininni er fjallað um opinbera birtingu upplýsinga og ábyrgð á því að upplýsingar séu gerðar opinberar.

Ákvæði 1. mgr. byggist á 1. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/109/EB en tilskipunin segir aðeins að útgefandi skuli birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar samkvæmt kaflanum eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Fyrirséð er að Evrópusambandið mun í væntanlegri tilskipun setja nánari ákvæði um þær lágmarkskröfur sem opinber birting upplýsinga skal uppfylla. Þær reglur eru hins vegar ekki komnar og af þeim sökum geymir frumvarpið aðeins þá almennu reglu sem fram kemur í gagnsæistilskipuninni. Ákvæði 1. mgr. mælir jafnframt fyrir um þá skyldu útgefanda að senda þær upplýsingar sem gerðar eru opinberar samhliða til Fjármálaeftirlitsins. Skyldan er sjálfstæð og tengist ekki skyldu útgefanda til að senda upplýsingar til miðlægrar varðveislu skv. 63. gr. frumvarpsins. Komi til þess að Fjármálaeftirlitið tilnefni skv. 63. gr. aðila til að annast hina miðlægu varðveislu ber útgefanda engu að síður skylda til að senda upplýsingar sem gerðar eru opinberar til Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þessarar málsgreinar. Útgefanda ber þá skylda til að senda upplýsingarnar bæði til Fjármálaeftirlitsins og þess aðila sem tilnefndur hefur verið til að annast miðlægu varðveisluna.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að birta þær upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni. Málsgreinin byggist á 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/109/EB.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ábyrgð á því að upplýsingar samkvæmt 57.–59. gr. séu teknar saman og gerðar opinberar hvíli á útgefanda. Ákvæðið byggist á 7. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 63. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um að þegar útgefandi birtir upplýsingar opinberlega samkvæmt kaflanum skuli hann samtímis senda þær til Fjármálaeftirlitsins, eða aðila sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, til miðlægrar varðveislu. Nánar er kveðið á um miðlæga varðveislu í 136. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda við það ákvæði. Sjá einnig athugasemdir með 2. mgr. 62. gr. frumvarpsins. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 64. gr.

Í greininni er að finna reglur um á hvaða tungumálum birta eigi upplýsingar samkvæmt kaflanum. Greinin byggist á 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 1. mgr. ræðir um tilvik þegar verðbréf útgefanda hafa einungis verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Við þær aðstæður verður útgefandi að birta upplýsingar samkvæmt kaflanum á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir. Ákvæðið byggist á 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 2. mgr. er tekið á því tilviki þegar verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í einu eða fleiri aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Í fyrsta lagi verður útgefandi ávallt að birta upplýsingarnar á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir. Í öðru lagi verður útgefandi að birta upplýsingarnar annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja en útgefandi getur valið á hvoru tungumálinu hann birtir upplýsingarnar. Ákvæði 2. mgr. byggist á 2. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um það tilvik þegar verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í einu eða fleiru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. í einu eða fleiri gistiríki, en ekki á Íslandi. Reglan er sú að útgefandi verður að birta upplýsingarnar annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja en útgefandi getur valið á hvoru tungumálinu hann birtir upplýsingarnar. Enn fremur getur Fjármálaeftirlitið óskað eftir því að útgefandi birti jafnframt upplýsingarnar á ensku eða öðru því tungumáli sem eftirlitið samþykkir, að vali útgefanda. Ákvæði 3. mgr. byggist á 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Sá fyrirvari er gerður í 4. mgr. að hafi verðbréf útgefanda verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda hvíla kröfur 1.–3. mgr. ekki á útgefanda heldur þeim aðila sem óskað hefur eftir töku hlutanna til viðskipta án samþykkis útgefanda. Ákvæðið byggist á 4. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 65. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði vegna kaflans í reglugerð. Fyrirséð er að í væntanlegri tilskipun mun Evrópusambandið útfæra nánar reglur varðandi ýmis ákvæði gagnsæistilskipunarinnar. Í ljósi þessa þykir rétt að veita ráðherra heimild til að setja reglugerð þar sem ákvæði kaflans verða útfærð nánar, þar á meðal varðandi það

með hvaða hætti upplýsingar skuli vera aðgengilegar almenningi, hvaða kröfur samkvæmt innlendum ákvæðum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins teljast hliðstæðar ákvæðum laga um ársreikninga og um framkvæmd opinberrar birtingar.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er fjallað um aðrar skyldur útgefanda um veitingu upplýsinga en þær sem koma fram í VII. kafla. Þær upplýsingar sem ákvæði kaflans mæla fyrir um að útgefandi skuli veita eru t.d. viðbótarupplýsingar, svo sem vegna nýrra lána og upplýsingar um breytingar á stofnsamningi eða samþykktum. Sömuleiðis geymir kaflinn ákvæði er lúta að upplýsingum sem annars vegar útgefendum hlutabréfa og hins vegar útgefendum skuldabréfa ber að veita. Reglur þessa kafla frumvarpsins byggjast einkum á 16.–18. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 66. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið kaflans að því er varðar tvo mismunandi hópa útgefenda, þ.e. útgefendur með Ísland sem heimaríki og útgefendur með heimaríki í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslandi.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að útgefandi verðbréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, með heimaríki í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslandi, skuli veita hliðstæðar upplýsingar og kaflinn mælir fyrir um í samræmi við bindandi opinber fyrirmæli heimaríkis síns. Með því er átt við að útgefandi skuli veita upplýsingar í samræmi við þau bindandi opinberu fyrirmæli heimaríkis síns sem byggjast á gagnsæistilskipuninni. Ákvæði kaflans eiga því ekki við um útgefendur með heimaríki í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslandi.

Um 67. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um undanþágu gagnvart verðbréfasjóðum eða fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutdeildarskírteini eða slíkum sjóðum sem afla eða ráðstafa hlutdeildarskírteinum. Málsgreinin byggist á 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Ef sami útgefandi gefur út einhverjar aðrar tegundir verðbréfa en hlutdeildarskírteini og þau verðbréf eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á undanþágan ekki við.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um undanþágu gagnvart útgefendum peningamarkaðsskjala með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir. Málsgreinin byggist á a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Ef sami útgefandi gefur út einhverjar aðrar tegundir verðbréfa en peningamarkaðsskjöl með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir og þau verðbréf eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á undanþágan ekki við.

Um 68. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu útgefanda verðbréfa til að birta viðbótarupplýsingar. Greinin byggist á 16. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Samkvæmt 1. mgr. skal útgefandi verðbréfa án tafar birta opinberlega upplýsingar um útgáfu nýrra lána og skal geta sérstaklega um ábyrgðir eða tryggingar vegna þeirra. Í 2. málsl. er gerð undantekning að því er varðar ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sveitarfélög eða sambærileg svæðis- eða staðaryfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu eða opinbera alþjóðlega aðila sem a.m.k. eitt ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins á aðild að. Ákvæðið byggist á 3. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 2. mgr. er regla sem varðar aðra útgefendur en útgefendur hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Samkvæmt ákvæðinu hvílir sú skylda á útgefanda að birta án tafar opinberlega upplýsingar um allar breytingar á réttindum handhafa verðbréfa, þar á meðal breytingar á skilmálum og skilyrðum verðbréfanna, svo sem vegna breytinga á lánaskilmálum eða vöxtum. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 3. mgr. er mælt svo fyrir að útgefandi hlutabréfa skuli án tafar birta opinberlega upplýsingar um allar breytingar á réttindum sem fylgja mismunandi flokkum hlutabréfa, þar á meðal breytingar á réttindum sem fylgja afleiddum verðbréfum sem útgefandinn gefur út sjálfur og veita rétt til að afla hluta í honum. Ákvæðið byggist á 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Loks er mælt svo fyrir í 4. mgr. að ábyrgð á því að upplýsingar skv. 1.–3. mgr. séu teknar saman og gerðar opinberar hvíli á útgefanda. Ákvæðið byggist á 7. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB.

Um 69. gr.

Í ákvæðinu eru fyrirmæli um breytingar á stofnsamningi eða samþykktum. Fram kemur að útgefandi verðbréfa sem hyggst gera breytingar á stofnsamningi sínum eða samþykktum skuli senda drög að breytingunum til Fjármálaeftirlitsins og skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf hans hafa verið tekin til viðskipta. Drögin skulu send án tafar en eigi síðar en þann dag sem boðað er til aðalfundar þar sem greiða skal atkvæði um breytingarnar eða tilkynna þær. Ákvæðið byggist á 19. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 70. gr.

Í 70. gr. er fjallað um skyldur útgefenda gagnvart eigendum hluta. Að sumu leyti er um að ræða skyldur sem er kveðið er á um í gildandi lögum en að auki er lagt til að nýjar skyldur verði lagðar á útgefanda hlutabréfa. Réttindi eigenda hluta skv. 1.–3. mgr. eru að mestu tryggð í gildandi lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Engu að síður þykir eðlilegt til áréttingar að taka upp í frumvarpsgreinina þær skuldbindingar sem leiða af tilskipun 2004/109/EB.

Í 1. mgr. kemur fram að útgefandi hlutabréfa skuli tryggja jafnræði allra eigenda hluta í sömu stöðu en ákvæðið byggist á 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Frumvarpsgreinin nær einungis til eigenda hluta sem eru í „sömu stöðu“. Af þessu leiðir m.a. að ekkert er því til fyrirstöðu að gefnir séu út mismunandi flokkar hlutabréfa, t.d. hvað varðar mismun á rétti til að greiða atkvæði í félagi eða mismun á rétti til arðs. Reglan er því í samræmi við gildandi íslenskan rétt. Þannig er meginreglan sú að allir hlutir í félagi skuli hafa jafnan rétt, sbr. 20. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, en heimilt er að víkja frá þeirri reglu ef mælt er fyrir um slíkt í samþykktum félags.

Skv. 1. málsl. 2. mgr. skal útgefandi hlutabréfa ekki standa í vegi fyrir því að eigendur hluta neyti réttinda sinna með því að veita öðrum umboð. Ákvæðið, sem byggist á 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2004/109/EB, er í samræmi við íslenskan rétt en í 81. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, kemur fram að hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Í 2. málsl. er sá fyrirvari gerður að sé útgefandi hlutabréfa með skráða skrifstofu í öðru ríki en á Íslandi gildir 1. málsl. ekki nema bindandi opinber fyrirmæli þess ríkis heimili notkun umboðs.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að útgefandi hlutabréfa skuli tryggja að allar upplýsingar sem eru eigendum hluta nauðsynlegar til að geta neytt réttinda sinna séu aðgengilegar í heimaríki

útgefandans. Þau réttindi sem eigendur hluta eiga gagnvart útgefanda eru t.d. rétturinn til að fá greiddan arð og réttur til að geta greitt atkvæði á fundum. Gerð er krafa um að útgefandi tryggi áreiðanleika framangreindra upplýsinga. Loks er mælt fyrir um það í fjórum töluliðum hvaða atriði útgefandi skuli einkum tryggja að séu til staðar. Málsgreinin byggist á 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 1. tölul. 3. mgr. kemur fram að útgefandi hlutabréfa skuli upplýsa eigendur hluta um staðsetningu, tíma og dagskrá hluthafafundar ásamt upplýsingum um heildarfjölda hluta og atkvæðisrétta, og rétt hluthafa til að taka þátt í fundinum. Reglur um fundarboð er að finna í 88. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, en þar er hins vegar ekki kveðið sérstaklega á um nauðsyn upplýsinga um heildarfjölda hluta og atkvæðisrétta. Töluliðurinn byggist á a-lið 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 2. tölul. 3. mgr. er ákvæði sem byggist á b-lið 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Fram kemur að eigi að nýta umboð á hluthafafundi skuli útgefandi jafnframt gera þeim aðilum sem rétt eigi á að greiða atkvæði á fundinum aðgengilegt umboðseyðublað á pappír eða með rafrænum hætti. Í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, er ekki að finna lagaskyldu af þessu tagi en aftur á móti er hluthafafundi heimilt að taka ákvörðun um notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa þess í stað þess að senda eða leggja fram skjöl, rituð á pappír, sbr. 80. gr. b laganna.

Í 3. tölul. 3. mgr. er lagt til að útgefanda hlutabréfa verði gert skylt að tilnefna fjármálafyrirtæki, eða fyrirtæki tengt fjármálasviði, sem umboðsmann sinn. Hlutverk umboðsmanns er að hafa milligöngu um að eigendur hluta geti neytt fjárhagslegra réttinda sinna í útgefandanum, t.d. arðsúthlutun o.fl. Ekki hefur verið að finna reglu sem þessa í íslenskum rétti. Töluliðurinn byggist á c-lið 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 4. tölul. 3. mgr. er mælt fyrir um að útgefandi hlutabréfa veiti upplýsingar, svo sem með dreifibréfi eða auglýsingu, um úthlutun og greiðslu arðs og útgáfu nýrra hluta, þ.m.t. upplýsingar um fyrirkomulag úthlutunar (e. allotment), áskriftar (e. subscription), afturköllunar (e. cancellation) eða breytiréttar (e. conversion). Töluliðurinn byggist á d-lið 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Fyrirséð er að í væntanlegri tilskipun mun Evrópusambandið setja nánari reglur um það hvaða aðilar geti verið umboðsmenn samkvæmt fyrirmælum 3. tölul. 3. mgr. Af þeim sökum er lagt til að ráðherra verði veitt heimild í 76. gr. frumvarpsins til að setja nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

Um 71. gr.

Í 71. gr. er fjallað um ýmsar skyldur útgefenda skuldabréfa gagnvart handhöfum bréfanna og er um að ræða nýmæli íslenskum rétti.

Í 1. mgr. er að finna skilgreiningu á hugtakinu skuldabréf samkvæmt greininni. Þar kemur fram að skuldabréf merki í þessari grein skuldaviðurkenningu eða skuld samkvæmt annars konar verðbréfum en frá þessu eru gerðar tvær undantekningar. Í fyrsta lagi falla utan hugtaksins skuldabréf í þessari grein verðbréf sem jafna má til hluta í fyrirtækjum eða sem geta af sér rétt til að afla hluta eða verðbréfa sem jafna má til hluta ef þeim er umbreytt eða ef réttindum samkvæmt þeim er beitt. Sem dæmi um fjármálagerninga af þessu tagi má nefna bráðabirgðaskírteini og áskriftarrétt. Í öðru lagi falla utan hugtaksins skuldabréf í þessari grein peningamarkaðsskjöl með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir.

Í 2. mgr. er regla sem tryggir jafnræði handhafa skuldabréfa en ákvæðið byggist á 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Þannig ber útgefanda skuldabréfa að tryggja að allir hand-

hafar skuldabréfa sem metin eru jafngild njóti sömu meðferðar að því er varðar réttindi sem skuldabréfunum fylgja. Það er því skilyrði að bréfin séu metin jafngild, þ.e. gefin út samtímis og með sömu skilmálum. Reglan kemur því ekki í veg fyrir að gefin verði út skuldabréf með mismunandi skilmálum, t.d. varðandi vexti.

Í 1. málsl. 3. mgr. er kveðið svo á að útgefandi skuldabréfa skuli ekki standa í vegi fyrir því að handhafar skuldabréfanna neyti réttinda sinna með því að veita öðrum umboð. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Helst reynir á umboð af þessu tagi á fundum sem haldnir eru með handhöfum bréfanna skv. 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Í 2. málsl. er sá fyrirvari gerður að sé útgefandi skuldabréfa með skráða skrifstofu í öðru ríki en á Íslandi gildi 1. málsl. ekki nema bindandi opinber fyrirmæli þess ríkis heimili notkun umboðs.

Í 4. mgr. er kveðið á um það til hvaða atriða útgefandi skuldabréfa skuli líta ef hann ákveður að halda fund með handhöfum skuldabréfa. Ákvæðið byggist á a- og b-lið 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Í íslenskum rétti er ekki að finna reglur um fundi af þessu tagi. Ákvæðið felur ekki í sér neina skyldu útgefanda til að halda fundi heldur geymir það fyrirmæli um hvaða atriða beri að gæta þegar boðað er til fundar. Í fyrsta lagi verður útgefandi skuldabréfa, sem ákveður að halda fund með handhöfum skuldabréfanna, að veita þeim upplýsingar, svo sem með auglýsingu eða dreifibréfi, um staðsetningu, tíma og dagskrá fundarins ásamt upplýsingum um hvaða kröfum handhafarnir þurfi að fullnægja til að mega taka þátt í fundinum. Sem dæmi má nefna að eigandi skuldabréfs verður að vera skráður eigandi þess á tilteknu tímamarki eða tilkynna um það fyrir fram. Í öðru lagi verður útgefandi að gera umboðseyðublað aðgengilegt á pappír eða með rafrænum hætti fyrir þá sem eiga rétt á að greiða atkvæði á fundinum, annaðhvort í tengslum við auglýsingu fundarins eða samkvæmt beiðni eftir að fundurinn hefur verið auglýstur. Ef skriflegt fundarboð er sent út verður umboðseyðublað að fylgja fundarboðinu. Ef hins vegar er boðað til fundar með almennri tilkynningu verður umboðseyðublaðið að fylgja tilkynningunni.

Samkvæmt 5. mgr. skal útgefandi skuldabréfa, svo sem með auglýsingu eða dreifibréfi, upplýsa handhafa skuldabréfa um greiðslu vaxta, um framkvæmd hvers konar breytiréttar (e. conversion), skipta (e. exchange), áskriftar (e. subscription) eða afturköllunar (e. cancellation) á réttindum og greiðslu. Ákvæðið byggist á a-lið 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 6. mgr. er ákvæði sem byggist á a-lið 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Þar kemur fram að útgefandi skuldabréfa skuli tilnefna fjármálafyrirtæki, eða fyrirtæki tengt fjármálasviði, sem umboðsmann sinn. Það er svo hlutverk þessa umboðsmanns að hafa milligöngu um að handhafar skuldabréfa geti neytt fjárhagslegra réttinda samkvæmt skuldabréfunum.

Í 7. mgr. er gerð undantekning frá frumvarpsgreininni að því er varðar skuldabréf sem gefin eru út af ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sveitarfélagi eða sambærilegu svæðis- eða staðaryfirvaldi á Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvæðið byggist á 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 72. gr.

Í 72. gr. er sérregla sem tekur annars vegar til útgefenda hlutabréfa og hins vegar til útgefenda verðbréfa með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 1. mgr. kemur fram að útgefandi hlutabréfa með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins þarf ekki að fara eftir 70. gr. ef hann uppfyllir kröfur bindandi opinberra fyrirmæla í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu og fyrirmælin eru hliðstæð ákvæð-

um 70. gr. Með hliðstæðum ákvæðum er jafnframt átt við ákvæðin séu hliðstæð ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB enda byggist 70. gr. á ákvæðum tilskipunarinnar. Málsgreinin byggist á 1. mgr. 23. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB. Heimilt verður að setja nánari ákvæði um skilyrði þessarar undantekningar í reglugerð, sbr. 76. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. þarf útgefandi skuldabréfa með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ekki að fara eftir 71. gr. ef hann uppfyllir kröfur bindandi opinberra fyrirmæla í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu og fyrirmælin eru hliðstæð ákvæðum 71. gr. Með hliðstæðum ákvæðum er jafnframt átt við ákvæðin séu hliðstæð ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB enda byggist 71. gr. á ákvæðum tilskipunarinnar. Málsgreinin byggist á 1. mgr. 23. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB. Heimilt verður að setja nánari ákvæði um skilyrði þessarar undantekningar í reglugerð, sbr. 76. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er mælt svo fyrir að það verði á valdi Fjármálaeftirlitsins að meta hvort kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins séu hliðstæðar ákvæðum 70. og 71. gr.

Um 73. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu útgefanda til opinberrar birtingar upplýsinga.

Ákvæði 1. mgr. byggist á 1. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/109/EB. Ákvæði tilskipunarinnar segir aðeins að útgefandi skuli birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar samkvæmt kaflanum eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Fyrirséð er að Evrópusambandið mun í væntanlegri tilskipun setja nánari reglur um þær lágmarkskröfur sem opinber birting upplýsinga skal uppfylla. Þær reglur hafa ekki enn verið settar og af þeim sökum geymir frumvarpið aðeins þá almennu reglu sem fram kemur í gagnsæistilskipuninni. Ákvæði 1. mgr. mælir jafnframt fyrir um þá skyldu útgefanda að senda þær upplýsingar sem gerðar eru opinberar samhliða til Fjármálaeftirlitsins. Skyldan er sjálfstæð og tengist ekki skyldu útgefanda til að senda upplýsingar til miðlægrar varðveislu, skv. 74. gr. frumvarpsins. Komi til þess að Fjármálaeftirlitið tilnefni skv. 74. gr. aðila til að annast hina miðlægu varðveislu ber útgefanda engu að síður skylda til að senda upplýsingar sem gerðar eru opinberar til Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þessarar málsgreinar. Útgefanda ber þá skylda til að senda upplýsingarnar bæði til Fjármálaeftirlitsins og þess aðila sem tilnefndur hefur verið til að annast miðlægu varðveisluna.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að birta þær upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni. Málsgreinin byggist á 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/109/EB.

Um 74. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um að þegar útgefandi birtir upplýsingar opinberlega samkvæmt kaflanum skuli hann samtímis senda þær til Fjármálaeftirlitsins, eða aðila sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, til miðlægrar varðveislu. Nánar er kveðið á um miðlæga varðveislu í 136. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda við það ákvæði, sjá einnig athugasemdir við 2. mgr. 73. gr. frumvarpsins. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/109/EB.

Um 75. gr.

Í greininni er að finna reglur um á hvaða tungumálum birta eigi upplýsingar samkvæmt kaflanum. Greinin byggist á 20. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB.

Í 1. mgr. ræðir um tilvik þegar verðbréf útgefanda hafa einungis verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Við þær aðstæður verður útgefandi að birta upplýsingar samkvæmt kaflanum á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir. Ákvæðið byggist á 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 2. mgr. er fjallað um það þegar verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í einu eða fleiri aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Í fyrsta lagi verður útgefandi ávallt að birta upplýsingarnar á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir. Í öðru lagi verður útgefandi að birta upplýsingarnar annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja en útgefandi getur valið á hvoru tungumálinu hann birtir upplýsingarnar. Ákvæði 2. mgr. byggist á 2. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um það tilvik þegar verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í einu eða fleiru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. í einu eða fleiri gistiríki, en ekki á Íslandi. Reglan er sú að útgefandi verður að birta upplýsingarnar annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja en útgefandi getur valið á hvoru tungumálinu hann birtir upplýsingarnar. Enn fremur getur Fjármálaeftirlitið óskað eftir því að útgefandi birti jafnframt upplýsingarnar á ensku eða öðru því tungumáli sem eftirlitið samþykkir, að vali útgefanda. Ákvæði 3. mgr. byggist á 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Sá fyrirvari er gerður í 4. mgr. að hafi verðbréf útgefanda verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda hvíla kröfur 1.–3. mgr. ekki á útgefanda heldur þeim aðila sem óskað hefur eftir töku bréfanna til viðskipta án samþykkis útgefanda. Ákvæðið byggist á 4. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 5. mgr. er að finna undanþágu frá 1.–4. mgr. vegna verðbréfa ef nafnverð eininga þeirra var að minnsta kosti jafngilt 4,6 millj. kr. (50.000 evrum) þegar þau voru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða í tilviki skuldabréfa ef nafnverð eininga þeirra var á útgáfudegi bréfanna a.m.k. jafngilt 4,6 millj. kr. (50.000 evrum). Í þeim tilvikum er útgefanda, eða þeim aðila sem óskað hefur eftir töku bréfanna til viðskipta án samþykkis útgefanda, heimilt að birta upplýsingar samkvæmt kaflanum á ensku eða öðru tungumáli sem lögbær stjórnvöld heimaríkis og gistiríkja samþykkja, að vali útgefanda. Málsgreinin byggist á 6. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 76. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði um efni kaflans í reglugerð. Fyrirséð er að í væntanlegri tilskipun mun Evrópusambandið útfæra nánar reglur varðandi ýmis ákvæði gagnsæistilskipunarinnar. Í ljósi þessa þykir rétt að veita ráðherra heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um efni kaflans, þar á meðal varðandi þær fjármálastofnanir sem gera eigendum hluta og handhöfum skuldabréfa kleift að neyta fjárhagslegra hagsmuna sinna, um undanþáguheimildir og um framkvæmd opinberrar birtingar.

Um IX. kafla.

Í kaflanum eru reglur um tilkynningarskyldu við breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar eða svokallaðar flöggunarreglur. Reglurnar varða upplýsingaskyldu á fjármálamarkaði og stuðla að vitneskju um þá sem ráða yfir verulegum atkvæðisrétti og eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun félaga. Núgildandi flöggunarreglur er að finna í V. kafla laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, og IV. kafla reglugerðar nr. 433/1999, um upplýsingaskyldu útgef-

enda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll. Reglur þessa kafla frumvarpsins byggjast á 9.–15. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 77. gr.

Í ákvæðinu er gildissvið IX. kafla um flöggun afmarkað.

Í 1. mgr. er mælt svo fyrir að ákvæði kaflans gildi um hluti í hlutafélögum með skráða skrifstofu á Íslandi sem gefa út hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 2. mgr er mælt fyrir um að ákvæði kaflans gildi einnig um hluti í útgefendum með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gefa út hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu, ef viðkomandi útgefanda ber skylda til að senda árlega skýrslu vegna hlutanna til Fjármálaeftirlitsins skv. 48. gr. Skylda útgefanda til að senda árlega skýrslu til Fjármálaeftirlitsins vegna hlutabréfanna merkir að útgefandinn á Ísland sem heimaríki í skilningi gagnsæistilskipunarinnar, sbr. einnig 2. mgr. 3. gr. Hér er notað orðið útgefandi en ákvæðið felur í sér tilvísun til erlendra lögaðila (félaga). Það ræðst af löggjöf viðkomandi ríkis hvert heiti slíkra lögaðila er.

Af fyrirmælum a-liðar 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/109/EB leiðir að óheimilt er að gera strangari kröfur til útgefenda sem eru með skráða skrifstofu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu öðru en Íslandi en af ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB leiðir. Þessum útgefendum og aðilum sem verða flöggunarskyldir vegna þeirra ber því að fara að flöggunarreglum heimaríkis viðkomandi útgefanda. Með því er átt við að veita skuli upplýsingar í samræmi við þau bindandi opinberu fyrirmæli heimaríkis útgefandans sem byggjast á tilskipun 2004/109/EB. Þar af leiðandi felur 3. mgr. í sér að ákvæði IX. kafla frumvarpsins gilda ekki um útgefendur með skráða skrifstofu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu öðru en Íslandi.

Um 78. gr.

Ákvæðið geymir þá grundvallarreglu að eiganda beri að tilkynna um öflun eða ráðstöfun á hlutum í útgefanda hlutabréfa ef sú ráðstöfun leiðir af sér að atkvæðisréttur hans nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir tiltekin mörk.

Ákvæði 1. mgr. byggist á 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Í þessari málsgrein er lagt til grundvallar að þegar eigandi aflar eða ráðstafar hlutum í útgefanda, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skuli senda tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að atkvæðisréttur hans nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert eftirtalinna marka: 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66⅔ og 90%. Einnig kemur fram að tilkynninguna skuli senda með sannanlegum hætti en hana má senda hvort heldur skriflega eða með rafrænum hætti. Af 2. mgr. 32. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, leiðir að flöggunarskylda stofnast samkvæmt gildandi rétti þegar aðili nær verulegum hlut í hlutafélagi en skv. 1. mgr. 32. gr. laganna er með verulegum hlut átt við 5% atkvæðisréttar eða nafnverðs hlutafjár, og margfeldi þar af, allt að 90%. Í frumvarpinu er því lagt til að mörk flöggunarskyldu séu óbreytt á bilinu 5–40%. Aftur á móti er lögð til sú breyting frá gildandi rétti að flöggunarskylda stofnast ekki við 45, 55, 60, 65, 70, 75, 80 og 85% mörkin, en lagt er til að flaggað verði við 66⅔% mörk atkvæðisréttar enda er skylt samkvæmt tilskipun 2004/109/EB að flagga annaðhvort við 66⅔% eða 75% mörkin. Helstu rökin fyrir þeim mörkum sem frumvarpið leggur til eru þau að skv. 1. og 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB miðast flöggunarskylda við 5, 10, 15, 20, 25, 30 (eða 33⅓), 75 (eða 66⅔) og 90% atkvæðisréttar. Rétt þykir að íslenskur réttur sé

að þessu leyti í sem mestu samræmi við Evrópurétt. Sá munur er þó á frumvarpsgreininni og tilvitnuðu ákvæði tilskipunarinnar að tilkynningarskylda stofnast einnig þegar hlutur sem atkvæðisréttur fylgir hækkar eða lækkar niður fyrir 35% og 40% mörkin. Ástæðan er sú að skv. 37. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, myndast skylda til yfirtökutilboðs í hlutafélagi, sem fengið hefur skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði, þegar aðili hefur, beint eða óbeint, eignast 40% atkvæðisréttar í félagi. Í frumvarpi þessu eru ekki ráðgerðar neinar breytingar á þesum reglum og miðast skylda til að gera yfirtökutilboð því áfram við 40% atkvæðisréttar.

Af 1. mgr. leiðir að flöggunarskylda stofnast einungis þegar um er að ræða hluti sem atkvæðisréttur fylgir en sú regla er í samræmi við 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Er það breyting frá gildandi rétti en ekki er lengur gert ráð fyrir að flöggunarskylda stofnist við breytingar á nafnverði hlutafjár, eins og 31. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti kveður á um, ef breytingunum fylgja ekki jafnframt breytingar á atkvæðisrétti.

Í lokamálslið 1. mgr. er hugtakið eigandi skilgreint og gerð grein fyrir því að með eiganda sé átt við sérhvern einstakling eða lögaðila, sem fer beint eða óbeint með hluti í útgefanda í eigin nafni og fyrir eigin reikning, hluti í útgefanda í eigin nafni en fyrir hönd annars einstaklings eða lögaðila, eða heimildarskírteini (e. depository receipts), en í þeim tilvikum telst handhafi heimildarskírteinisins eigandi þeirra hluta sem heimildarskírteinið stendur fyrir. Framangreind skilgreining byggist á e-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Eins áður sagði er meginregla 1. mgr. sú að flöggunarskylda stofnast aðeins þegar um er að ræða hluti sem atkvæðisréttur fylgir. Þar af leiðandi stofnast flöggunarskylda einungis ef aðili, sem fer beint eða óbeint með hluti í útgefanda í eigin nafni en fyrir hönd þriðja aðila, fer sjálfur með yfirráð atkvæðisréttarins. Öllu máli skiptir að yfirráð atkvæðisréttarins séu hjá þeim aðila sem fer með hlutina í eigin nafni jafnvel þótt það sé fyrir hönd þriðja aðila. Sama gildir í tilviki heimildarskírteina, þ.e. handhafi þeirra er einungis tilkynningarskyldur ef hann fer með atkvæðisrétt.

Með orðunum „fer ... óbeint með ...“ í skilgreiningunni á eiganda er átt við að aðili telst óbeinn eigandi hluta eða heimildarskírteina sem aðilar sem eru í fjárfélagi við viðkomandi eða tengdir honum fjárhagslega fara með. Aðilar sem teljast fjárhagslega tengdir aðila eru t.d. maki, maki í staðfestri samvist eða sambúðarmaki, ófjárráða börn, kjörbörn og stjúpbörn á heimili viðkomandi aðila eða önnur skyldmenni sem búa á heimili viðkomandi aðila og hafa búið á heimili með honum í að minnsta kosti eitt ár.

Ákvæði 2. mgr. byggist á 2. mgr. 9. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB. Þar kemur fram að verði breytingar á atkvæðisrétti aðila vegna þess að útgefandi hækkar eða lækkar hlutafé sitt, atkvæðum fjölgar eða fækkar eða aðrar breytingar verða á skiptingu atkvæðisréttar skuli viðkomandi eigandi senda tilkynningu til útgefanda og Fjármálaeftirlitsins leiði breytingarnar til þess að atkvæðisréttur hans nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert þeirra marka sem talin eru upp í 1. mgr. Af þessari reglu leiðir að aðili getur orðið flöggunarskyldur vegna tiltekinna aðgerða hlutafélags sem hann á hluti í með sama hætti og hefði hann sjálfur framkvæði að kaupum á hlutum eða annars konar aðilaskiptum sem kynnu að vera flöggunarskyld. Sem dæmi má nefna að atkvæðisréttur getur breyst við útgáfu nýrra hluta eða eftir atvikum lækkun hlutafjár.

Samkvæmt 3. mgr. gildir sú regla að reikna skal út atkvæðisrétt á grundvelli allra hluta sem atkvæðisrétti fylgja, jafnvel þótt nýting hans falli niður. Þar að auki skal atkvæðisréttur reiknaður út á grundvelli allra hluta í sama flokki sem atkvæðisréttur fylgir, jafnvel þótt nýting hans falli niður. Málsgreinin byggist á 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 79. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að flöggunarskylda skv. 78. gr. gildi einnig um aðila sem á rétt á að afla, ráðstafa eða neyta atkvæðisréttar vegna nánar tilgreindra kringumstæðna sem síðan er lýst í 1.–8. tölulið. Ákvæðið tekur til hvers konar samsetninga af greindum kringumstæðum. Greinin kemur í stað 33. gr. núgildandi laga. Að nokkru eru sömu viðmið lögð til grundvallar en orðalag og uppsetning er öðruvísi. Skoða verður frumvarpsgreinina í ljósi þess að ýmsir aðrir en eigendur hluta í hlutafélagi geta haft áhrif á ákvarðanatöku í félaginu, t.d. aðili sem fengið hefur umboð til þess að neyta atkvæðisréttar fyrir hönd eiganda hluta í hlutafélagi. Þau rök sem búa að baki flöggunarskyldu leiða til þess að horfa verður til yfirráðaréttar annarra en eigenda hluta yfir atkvæðisrétti þeim sem hlutunum fylgir.

Ákvæði 1. tölul. byggist á a-lið 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB og kemur í stað 4. tölul. 33. gr. núgildandi laga. Töluliðurinn tekur á þeim aðstæðum þegar flöggunarskyldur aðili telst hafa yfirráð yfir atkvæðisrétti sem þriðji aðili fer með vegna þess að aðilarnir hafa gert með sér samkomulag sem skyldar þá til að taka upp, með samræmdri beitingu atkvæðisréttar síns, varanlega og sameiginlega stefnu um stjórn hlutaðeigandi útgefanda.

Ákvæði 2. tölul. byggist á b-lið 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB og kemur í stað 5. tölul. 33. gr. núgildandi laga. Töluliðurinn tekur á þeim aðstæðum er flöggunarskyldur aðili hefur yfirráð yfir atkvæðisréttinum, þrátt fyrir að hafa ráðstafað honum tímabundið til þriðja aðila.

Ákvæði 3. tölul. byggist á c-lið 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB og kemur í stað 6. tölul. 33. gr. núgildandi laga. Töluliðurinn fjallar um það er flöggunarskyldur aðili hefur yfirráð yfir atkvæðisrétti hluta sem hann hefur tekið að veði eða fengið sem tryggingu, og lýsir því yfir að hann hyggist neyta atkvæðisréttarins. Þær aðstæður sem liðnum er m.a. ætlað að ná yfir eru svokölluð endurhverf verðbréfaviðskipti (e. repurchase agreement – repo) og verðbréfalán (e. securities lending) að uppfylltum skilyrðum töluliðarins. Samkvæmt 3. tölul. er veðhafinn ekki flöggunarskyldur vegna hluta sem hann hefur tekið að veði með þessum hætti, gegn yfirlýsingu um að hann hyggist ekki notfæra sér réttinn, eða ef hann hefur framselt atkvæðisréttinn til t.d. lántakans. Hafa ber þó í huga að það er veðhafinn sem er skráður eigandi hlutanna í hlutaskrá viðkomandi félags.

Ákvæði 4. tölul. byggist á d-lið 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB og kemur í stað 7. tölul. 33. gr. núgildandi laga. Töluliðurinn tekur á þeim aðstæðum þegar flöggunarskyldur aðili hefur yfirráð yfir atkvæðisrétti samkvæmt samkomulagi um lífstíðarbundin réttindi (e. life interest). Með lífstíðarbundnum réttindum er einkum átt við að aðili fari með hluti sem atkvæðisréttur fylgir svo lengi sem viðkomandi aðili sjálfur eða annar nafngreindur aðili lifir.

Ákvæði 5. tölul. byggist á e-lið 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB og kemur í stað 3. tölul. 33. gr. núgildandi laga. Í töluliðnum er kveðið á um það þegar flöggunarskyldur aðili telst hafa yfirráð yfir atkvæðisrétti sem dótturfélög hans fara með eða eiga rétt á að neyta á grundvelli 1.–4. tölul. Í töluliðnum er notað hugtakið dótturfélag en með því er átt við félag undir yfirráðum í skilningi laga um ársreikninga. Í 5. og 6. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, er gerð nákvæm grein fyrir því hvenær félag telst undir yfirráðum, og vísast nánar til ákvæða þeirra laga. Um hugtakið dótturfélag vísast jafnframt til 2. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, en þar segir að ef hlutafélag á svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi að það fer með meiri hluta atkvæða í félaginu, þá telst fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.

Ákvæði 6. tölul. byggist á f-lið 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB og kemur í stað 9. tölul. 33. gr. núgildandi laga. Töluliðurinn mælir fyrir um það hvaða reglur gilda þegar flöggunar-

skyldur aðili telst hafa yfirráð yfir atkvæðisrétti sem fylgir hlutum sem hann varðveitir, ef hann getur neytt atkvæðisréttarins berist ekki sérstök fyrirmæli frá eigendum hlutanna.

Ákvæði 7. tölul. byggist á g-lið 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB og kemur í stað 2. tölul. 33. gr. núgildandi laga. Töluliðurinn tekur á þeim aðstæðum þegar flöggunarskyldur aðili telst hafa yfirráð yfir atkvæðisrétti sem þriðji maður fer með í eigin nafni ef þriðji maður fer með atkvæðisréttina fyrir hönd viðkomandi aðila. Af 1. mgr. 78. gr. leiðir að aðili sem fer beint eða óbeint með hluti í útgefanda í eigin nafni en fyrir hönd þriðja aðila telst eigandi hlutanna og getur orðið flöggunarskyldur. Munurinn á þessum ákvæðum liggur í því að í 1. mgr. 78. gr. hefur sá sem fer með hlutina í eigin nafni en fyrir hönd annars yfirráðin yfir atkvæðisréttinum en í 7. tölul. hefur sá yfirráðin yfir atkvæðisréttinum sem fól þriðja aðila að fara með hann í eigin nafni.

Ákvæði 8. tölul. byggist á h-lið 10. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB og er nýmæli. Töluliðurinn tekur á þeim aðstæðum þegar flöggunarskyldur aðili telst hafa yfirráð yfir atkvæðisrétti sem hann fer með sem umboðsmaður, að því tilskildu að hann geti neytt hans samkvæmt eigin ákvörðun berist ekki sérstök fyrirmæli frá eigendum hlutanna.

Um 80. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að flöggunarskylda skv. 78. gr. gildi einnig um aðila sem fer með beinum eða óbeinum hætti með fjármálagerning skv. a- og d–h-liðum 2. tölul. 1. mgr. 2. gr., að því tilskildu að viðkomandi fjármálagerningur veiti honum, eingöngu að eigin ákvörðun, samkvæmt formlegu samkomulagi, rétt til að afla hluta sem atkvæðisréttur fylgir og þegar hafa verið gefnir út í hlutafélagi sem fellur undir 1. eða 2. mgr. 77. gr. Af reglunni leiðir að flöggunarskylda stofnast þegar formlegt samkomulag hefur verið gert um fjármálagerning sem ákvæðið tekur til. Sömuleiðis leiðir af reglunni að við mat á því hvort flöggunarskylda hefur stofnast verður að leggja saman atkvæðisrétt viðkomandi aðila samkvæmt fjármálagerningum og atkvæðisrétt hans samkvæmt hlutum í þeim útgefanda sem fjármálagerningarnir stafa frá.

Í 2. mgr. kemur fram að flöggunarskylda skv. 78. gr. stofnast einnig þegar réttur samkvæmt fjármálagerningum skv. 1. mgr. er nýttur til öflunar hluta, ef nýtingin leiðir af sér að atkvæðisréttur viðkomandi nær eða hækkar yfir mörk 1. mgr. 78. gr. Þá er áréttað í síðari málsl. að reglan gildi þótt öflun fjármálagerningsins hafi þegar verið tilkynnt skv. 1. mgr.

Til að setja 1. og 2. mgr. í samhengi, þá leiðir, eins og áður sagði, af 1. mgr. að flöggunarskylda getur stofnast þó að einungis sé um að ræða fjármálagerninga sem veita eigandanum rétt til að afla hluta enda þótt hann hafi ekki nýtt sér réttinn til öflunar hlutanna. Ákveði eigandinn síðar að nýta sér þennan rétt til öflunar hluta samkvæmt fjármálagerningnum verður hann tilkynningarskyldur á ný skv. 2. mgr. enda þótt engin breyting verði á hlutfalli atkvæðisréttarins. Breytingin felst í því að nú er hinn flöggunarskyldi aðili eigandi hluta í félaginu sjálfu en ekki eigandi fjármálagerninga sem veita honum rétt til að afla þessara hluta.

Í 3. mgr. segir að falli fjármálagerningur skv. 2. tölul. 1. mgr. úr gildi skuli senda tilkynningu skv. 2. mgr. Af framangreindu leiðir að ef atkvæðisréttur lækkar niður fyrir mörk 78. gr. frumvarpsins vegna þess að fjármálagerningurinn fellur niður stofnast flöggunarskylda.

Ákvæðið byggist á 13. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 81. gr.

Í þessari grein er mælt svo fyrir að dótturfélag skv. 5. tölul. 79. gr., þurfi ekki að senda tilkynningu skv. 78. og 79. gr. ef móðurfélag þess eða, ef móðurfélagið er sjálft dótturfélag,

móðurfélag móðurfélagsins, sendir tilkynningu. Tekið skal fram að sé samstæða orðin flóknari en ákvæðið gerir ráð fyrir þarf viðkomandi félag að senda tilkynningu sjálft og getur ekki nýtt sér undanþágu ákvæðisins.

Um 82. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að hafi umboðsmaður í tilviki 8. tölul. 79. gr. fengið fleiri en eitt umboð í tengslum við einn hluthafafund sé heimilt að senda eina tilkynningu, að því tilskildu að skýrt komi fram í tilkynningunni hvert heildarmagn atkvæðisréttar umboðsveitenda verður í útgefanda eftir brottfall umboðsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að vakni flöggunarskylda vegna fyrirmæla 8. tölul. 79. gr., þ.e. þegar aðili hefur fengið umboð til að greiða atkvæði fyrir hluti á hluthafafundi, þurfi ekki að senda nýja tilkynningu ef umboðið fellur úr gildi að hluthafafundinum loknum og tilkynningin, sem gerð var í tengslum við veitingu umboðsins, geymdi upplýsingar um hvert heildarmagn atkvæðisréttar í félaginu yrði eftir brottfall þess. Þetta ákvæði felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að við lok einhverrar þeirra kringumstæðna, sem greinir í 79. gr., stofnist flöggunarskylda.

Um 83. gr.

Í þessari grein kemur að fram að verði fleiri en einn flöggunarskyldir vegna sömu viðskipta sé þeim heimilt að senda sameiginlega tilkynningu. Þá kemur fram að sameiginleg tilkynning leysi engan hlutaðeigandi undan ábyrgð á tilkynningunni. Á það skal bent að sameiginleg tilkynning sumra leysir ekki aðra undan þeirri skyldu að tilkynna. Aðilar sem senda sameiginlega tilkynningu þurfa ekki að vera tengdir fjárhagslega. Einnig er heimild til að senda sameiginlega tilkynningu til staðar þótt einn aðili bæti við sig atkvæðisrétti en atkvæðisréttur annars minnki.

Um 84. gr.

Ákvæðið, sem fjallar um breytingar á hlutafé eða atkvæðisrétti, byggist á 15. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 84. gr. kemur fram að ef hlutafé í útgefanda hækkar eða lækkar eða atkvæðum fjölgar eða fækkar skal útgefandinn, á síðasta viðskiptadegi þess mánaðar er breytingarnar eiga sér stað, birta opinberlega heildarmagn hlutafjár og heildarfjölda atkvæða. Ekki er nauðsynlegt að tilkynna hverjum hluthafa breytingarnar sérstaklega heldur telst opinber birting fullnægjandi. Sem dæmi um tilvik sem fallið gætu undir ákvæðið eru breytingar á hlutafé vegna útgáfu nýrra hluta í félagi eða lækkun hlutafjár vegna innköllunar hluta.

Um 85. gr.

Ákvæðið, sem byggist á 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB, mælir fyrir um að í tilkynningu skv. 78. og 79. gr. skuli koma fram tilgreindar upplýsingar og eru þær taldar upp í 1.–4. tölul. Í 98. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa ráðherra til að kveða nánar á um efni tilkynningar með reglugerð en fyrirséð er að af hálfu Evrópusambandsins verður gefið út samræmt eyðublað fyrir flöggunartilkynningar á Evrópska efnahagssvæðinu. Í sömu reglugerðarheimild er ráðherra heimilað að kveða nánar á um efni tilkynningar skv. 80. gr. í reglugerð, en fyrirséð er að af hálfu Evrópusambandsins verða ekki settar fram nákvæmlega sömu kröfur um efni tilkynninga almennt.

Um 86. gr.

Greinin, sem byggist á 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB, kveður á um það innan hvaða tímamarka aðila ber að tilkynna félaginu og Fjármálaeftirlitinu um öflun eða ráðstöfun hluta sem leiðir til flöggunarskyldu. Þó er sá munur á frumvarpsgreininni og tilvitnuðu ákvæði tilskipunarinnar að hér er lagt til að frestir til að tilkynna verði mun styttri. Lagt er til að flöggunarskyldur aðili sendi tilkynningu eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að skyldan stofnast, hver sem ástæða hennar er. Í 2. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar er aftur á móti miðað við að tilkynna skuli svo fljótt sem verða megi og eigi síðar en fjórum viðskiptadögum eftir að skyldan stofnast. Hér á landi hefur um árabil verið miðað við mun styttri fresti til að tilkynna um stofnun flöggunarskyldu. Sama máli gegnir um önnur Norðurlandaríki. Í 2. mgr. 32. gr. núgildandi laga er við það miðað að tilkynning sé send „þegar í stað." Nánari afmörkun á því hvað felst í þeim orðum er svo í 5. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefanda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll. Þar hafa orðin verið skilgreind svo að átt sé við viðskiptadag ef um er að ræða viðskipti fyrir milligöngu kauphallaraðila en í öðrum tilvikum þann dag þegar réttur stofnast eða tekur breytingum.

Í 2. mgr. kemur fram að verði aðili flöggunarskyldur vegna 2. mgr. 78. gr. skuli tilkynning send eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að útgefandi hefur birt opinberlega heildarfjölda hluta og heildarfjölda atkvæða skv. 84. gr. Sá munur er á þessu tilviki og þeim sem nefnd eru í 1. mgr. að hér verður aðili flöggunarskyldur vegna atvika sem varða félagið sjálft, t.d. þegar hlutafélag gefur út nýtt hlutafé og hlutur viðkomandi aðila lækkar undir flöggunarskyld mörk. Tilkynningarskyldan hvílir á hinum flöggunarskylda aðila en útgefandi þarf einungis að birta upplýsingar um að hlutafé hafi hækkað eða lækkað eða að atkvæðum hafi fjölgað eða fækkað.

Um 87. gr.

Þessi grein byggist á 6. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB og í henni eru fyrirmæli um birtingu útgefanda hluta á upplýsingum úr tilkynningu frá flöggunarskyldum aðila. Frestir skv. 6. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar eru lengri en lagt er til í þessari frumvarpsgrein. Ástæða þess að miðað er við styttri frest í frumvarpsgreininni er sú að hér á landi hafa tíðkast skemmri frestir. Er því lagt til í 1. mgr. að útgefandi hluta skuli, eins fljótt og auðið er eftir móttöku tilkynningar og eigi síðar en kl. 12 næsta viðskiptadag eftir að tilkynningin berst, birta opinberlega allar upplýsingar sem er að finna í tilkynningunni. Félagið hefur í hendi sér hvernig það birtir opinberlega tilkynningu þess efnis sem greinin kveður á um. Þannig getur félag t.d. falið öðrum aðila að sjá um að birta upplýsingarnar opinberlega. Um framkvæmd opinberrar birtingar vísast til 95. gr. frumvarpsins og athugasemda með þeirri grein.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að útgefandi hluta þurfi ekki að þýða tilkynningu yfir á tungumál sem Fjármálaeftirlitið samþykkir ef tilkynning skv. 78., 79. eða 80. gr. berst á ensku. Ákvæðið byggist á 5. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 88. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um undanþágu frá flöggunarskyldu skv. 78. gr. þegar hlutir eru eingöngu keyptir til verðbréfauppgjörs sem lýkur innan venjulegs stutts greiðslutímabils frá viðskiptum. Ákvæðið byggist á 4. mgr. 9. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB. Í drögum að tilskipun sem innleiða mun nánar tilmæli tilskipunar 2004/109/EB kemur fram að hámarkslengd venjulegs stutts greiðslutímabils skuli vera þrír dagar. Þær reglur hafa hins vegar ekki enn

verið settar og af þeim sökum geymir frumvarpið aðeins þá almennu reglu sem fram kemur í gagnsæistilskipuninni.

Í 2. mgr. kemur fram undanþága frá flöggunarskyldu skv. 78. gr. þegar aðili varðveitir hluti sem vörsluaðili. Samkvæmt greininni er það skilyrði undanþágunnar að vörsluaðilinn geti einungis nýtt sér atkvæðisrétt hlutanna samkvæmt skriflegum eða rafrænum leiðbeiningum eiganda þeirra. Ákvæðið byggist á 4. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 3. mgr. er að finna reglu sem byggist á 11. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB og varðar þá aðstöðu þegar seðlabanki á Evrópska efnahagssvæðinu eða Seðlabanki Evrópu lætur hluti í té eða honum eru látnir hlutir í té til að sinna hlutverki sínu sem yfirvald á sviði peningamála. Þá þarf viðkomandi seðlabanki ekki að senda tilkynningu skv. 78. gr. eða 3. tölul. 79. gr. Tvö meginskilyrði verða að vera uppfyllt til þess að reglan eigi við. Annars vegar að slíkum ráðstöfunum sé lokið innan venjulegs stutts greiðslutímabils frá því að viðkomandi seðlabanki lét hluti í té eða honum voru látnir hlutir í té og hins vegar að atkvæðisréttur hlutanna sé ekki nýttur. Með tilvísun til venjulegs stutts greiðslutímabils er einkum átt við tilvísun til lánaaðgerða sem framkvæmdar eru í samræmi við lög Seðlabanka Evrópu (ECB), einkum viðmiðunarreglur hans um peningamálastefnu og TARGET-kerfið, og um sambærilegar lánaaðgerðir sem framkvæmdar eru í samræmi við innlenda löggjöf í hverju ríki fyrir sig. Í drögum að tilskipun sem innleiða mun nánar tilmæli tilskipunar 2004/109/EB kemur fram að hámarkslengd venjulegs stutts greiðslutímabils skuli vera þrír dagar.

Um 89. gr.

Í þessari grein er að finna sérstaka undanþágu frá flöggunarskyldu vegna atkvæðisréttar í veltubók fjármálafyrirtækis með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Skilyrði þess að undanþága þessarar frumvarpsgreinar eigi við eru tvö. Annars vegar að hlutfall atkvæðisréttar í veltubók fari ekki yfir 5% og hins vegar að fjármálafyrirtæki tryggi að atkvæðisréttur sem fylgir hlutum veltubókar sé hvorki nýttur né notaður á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefanda. Þannig getur t.d. fjármálafyrirtæki, að uppfylltum skilyrðum ákvæðisins, verið með 4% atkvæðisréttar á veltubók og 3% atkvæðisréttar í eigin nafni án þess að flöggunarskylda stofnist. Ef aftur á móti atkvæðisréttur á veltubókinni hækkar upp í 6% stofnast flöggunarskylda enda þótt 10% mörkunum sé ekki náð.

Um 90. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði sem heimilar undanþágu frá flöggunarskyldu þegar um er að ræða viðskiptavaka (e. market makers). Þannig stofnast ekki flöggunarskylda skv. 78. gr. við öflun eða ráðstöfun viðskiptavaka á hlutum þrátt fyrir að hlutfall atkvæðisréttar sem fylgir hlutunum nái eða fari yfir 5% flöggunarskyldumarkið. Þrjú skilyrði eru fyrir því að reglan eigi við. Í fyrsta lagi að viðskiptavakinn framkvæmi viðskiptin sem viðskiptavaki. Í öðru lagi að viðskiptavakinn sé fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til verðbréfaviðskipta og í þriðja lagi að viðskiptavakinn hlutist hvorki til um stjórn viðkomandi útgefanda né hlutist á nokkurn hátt til um að útgefandinn kaupi slíka hluti eða haldi verði þeirra uppi.

Um 91. gr.

Ákvæði 1. mgr., sem byggist á 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB, geymir undantekningu frá þeirri meginreglu að hlutfall atkvæðisréttar sem fylgir hlutum í eigu félaga í samstæðu skuli lagt saman. Felur ákvæðið í sér að móðurfélagi rekstrarfélags er ekki skylt að leggja saman hlutfall eigin atkvæðisréttar og hlutfall atkvæðisréttar viðkomandi verð-

bréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs rekstrarfélagsins að því tilskildu að rekstrarfélagið nýti atkvæðisrétt sinn óháð móðurfélaginu. Í 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB er vísað til tilskipunar 85/611/EBE um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (e. skst. UCITS) en hún hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Samkvæmt þeim lögum eru verðbréfasjóðir þeir sjóðir sem uppfylla öll ákvæði tilskipunar 85/611/EBE og hafa þar af leiðandi leyfi til að starfa á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Fjárfestingarsjóðir eru bundnir af sambærilegum kröfum og verðbréfasjóðirnir en hafa þó ekki framangreint leyfi til að starfa á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt orðanna hljóðan í tilskipun 2004/109/EB mætti því draga þá ályktun að undanþága tilskipunarinnar ætti aðeins við um móðurfélög rekstrarfélaga verðbréfasjóða en ekki móðurfélög rekstrarfélaga fjárfestingarsjóða. Svo er þó ekki þar sem í 12. mgr. skýringa með drögum að tilskipun sem innleiðir nánar ákvæði tilskipunar 2004/109/EB kemur fram að undanþága gagnsæistilskipunar eigi við um hvers konar sjóði um sameiginlega fjárfestingu burtséð frá því hvort þeir hafi leyfi til að starfa á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, að því tilskildu að viðkomandi sjóðir séu háðir eftirliti í heimaríkinu. Það skilyrði á við um fjárfestingarsjóði samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og því tekur undanþága ákvæðisins einnig til þeirra.

Undanþága ákvæðisins á hins vegar ekki við ef móðurfélagið eða dótturfélag þess hefur fjárfest í eignarhlutdeild sem rekstrarfélagið stjórnar og rekstrarfélagið má aðeins nýta sér atkvæðisrétt sinn samkvæmt beinum eða óbeinum fyrirmælum frá móðufélaginu eða öðru dótturfélagi móðurfélagsins. Í slíkum tilvikum ber móðurfélagi rekstrarfélags að leggja saman eignarhlut sinn og eignarhlut verðbréfasjóðsins. Með hugtakinu dótturfélag er átt við félag undir yfirráðum í skilningi 6. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Regla þessi byggist á lokamálslið 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Samkvæmt 2. mgr. gildir undantekning 1. mgr. einnig um móðurfélag rekstrarfélags erlends verðbréfasjóðs með staðfestu og staðfestingu á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá gildir hið sama um móðurfélag sambærilegs rekstrarfélags í þriðja ríki, þ.e. ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Regla 2. mgr. byggist á 6. mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 92. gr.

Ákvæði 1. mgr. byggist á 5. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB og felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að hlutfall atkvæðisréttar sem fylgir hlutum í eigu félaga í samstæðu skuli lagt saman. Reglan felur í sér þá undantekningu að við framkvæmd flöggunarskyldu skv. 78. og 79. gr. er móðurfélagi fjármálafyrirtækis, með leyfi til verðbréfaviðskipta, ekki skylt að leggja saman eigið hlutfall atkvæðisréttar og hlutfall atkvæðisréttar sem fylgir hlutum sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stýrir fyrir einstaka viðskiptamenn sína. Skilyrði undantekningarinnar er að fjármálafyrirtækinu sé aðeins heimilt að nýta atkvæðisrétt sem tilheyrir slíkum hlutum samkvæmt sannanlegum leiðbeiningum viðskiptavinar eða að tryggt sé að einstaklingsmiðuð stýring verðbréfasafns fari fram óháð hvers kyns annarri þjónustu, og að fjármálafyrirtækið nýti atkvæðisréttinn óháð móðurfélaginu eða öðru dótturfélagi móðurfélags síns. Með hugtakinu dótturfélag er átt við félag undir yfirráðum í skilningi 6. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga

Í 2. mgr. segir að undantekning 1. mgr. gildi einnig um móðurfélag erlends fyrirtækis sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu og starfsleyfi til verðbréfaviðskipta á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá gildir hið sama um móðurfélag fyrirtækis í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, hafi fyrirtækið leyfi til að stunda verðbréfaviðskipti í heimaríki sínu og sú starf-

semi er háð eftirliti í heimaríkinu. Regla 2. mgr. byggist á 6. mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 93. gr.

Þessi grein byggist á 14. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Í ákvæðinu eru fyrirmæli um að flöggunarskylda stofnast ef útgefandi aflar eða ráðstafar eigin hlutum ef atkvæðisréttur hækkar eða lækkar niður fyrir 5% eða 10% mörkin, en skv. 1. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög er hámarkshlutfall eigin hluta 10%. Hlutfallið skal reiknað út á grundvelli heildarfjölda hluta sem atkvæðisréttur fylgir, jafnvel þótt nýting atkvæðisréttarins falli niður. Reglan á við hvort sem útgefandi aflar eða ráðstafar hlutum sjálfur eða hefur fengið þriðja aðila til að afla eða ráðstafa eigin hlutum útgefandans í eigin nafni, þ.e. í nafni þriðja aðila, en fyrir hönd útgefandans.

Samkvæmt 2. mgr. skulu upplýsingar skv. 1. mgr. birtar opinberlegar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrir klukkan 12 næsta viðskiptadag eftir öflunina eða ráðstöfunina.

Um 94. gr.

Í ákvæðinu eru reglur um það hvernig skuli fara með það þegar útgefandi er með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Greinin byggist á 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði 84. gr. gildi ekki ef útgefandi með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins uppfyllir kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu og fyrirmælin eru hliðstæð 84. gr. Með hliðstæðum ákvæðum er jafnframt átt við að ákvæðin séu hliðstæð ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB enda byggist 84. gr. á ákvæðum tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði 87. gr. gildi ekki ef útgefandi með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins uppfyllir kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu og fyrirmælin eru hliðstæð 87. gr. Með hliðstæðum ákvæðum er jafnframt átt við að ákvæðin séu hliðstæð ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB enda byggist 87. gr. á ákvæðum tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði 93. gr. gildi ekki ef lögaðili með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins uppfyllir kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu og fyrirmælin eru hliðstæð 93. gr. Með hliðstæðum ákvæðum er jafnframt átt við að ákvæðin séu hliðstæð ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB enda byggist 93. gr. á ákvæðum tilskipunarinnar.

Í 4. mgr. er mælt svo fyrir að það verði á valdi Fjármálaeftirlitsins að meta hvort kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins eru hliðstæðar ákvæðum 84., 87. og 93. gr.

Um 95. gr.

Í 95. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um opinbera birtingu.

Ákvæði 1. mgr. byggist á 1. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/109/EB. Ákvæði tilskipunarinnar segir aðeins að útgefandi skuli birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar samkvæmt kaflanum eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Fyrirséð er að í væntanlegri tilskipun mun Evrópusambandið setja nánari reglur um þær lágmarkskröfur sem opinber birting upplýsinga skal uppfylla. Þær reglur hafa ekki enn verið settar og af þeim sökum geymir frumvarpið aðeins þá almennu reglu sem fram kemur í gagnsæistilskipuninni.

Ákvæði 1. mgr. mælir jafnframt fyrir um þá skyldu útgefanda að senda þær upplýsingar sem gerðar eru opinberar samhliða til Fjármálaeftirlitsins. Skyldan er sjálfstæð og tengist ekki skyldu útgefanda til að senda upplýsingar til miðlægrar varðveislu skv. 74. gr. frumvarpsins. Komi til þess að Fjármálaeftirlitið tilnefni skv. 74. gr. aðila til að annast hina miðlægu varðveislu ber útgefanda engu að síður skylda til að senda upplýsingar sem gerðar eru opinberar til Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þessarar málsgreinar. Útgefanda ber þá skylda til að senda upplýsingarnar bæði til Fjármálaeftirlitsins og þess aðila sem tilnefndur hefur verið til að annast miðlægu varðveisluna.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að birta þær upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni. Málsgreinin byggist á 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/109/EB.

Um 96. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um að þegar útgefandi birtir upplýsingar opinberlega samkvæmt kaflanum skuli hann samtímis senda þær til Fjármálaeftirlitsins, eða aðila sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, til miðlægrar varðveislu. Nánar er kveðið á um miðlæga varðveislu í 136. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda við það ákvæði, sjá einnig athugasemdir við 2. mgr. 95. gr. frumvarpsins. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/109/EB.

Um 97. gr.

Í greininni er að finna reglur um á hvaða tungumálum birta eigi upplýsingar samkvæmt kaflanum. Greinin byggist á 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 1. mgr. ræðir um tilvik þegar hlutabréf útgefanda hafa einungis verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Við þær aðstæður verður útgefandi að birta upplýsingar samkvæmt kaflanum á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir. Ákvæðið byggist á 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 2. mgr. er fjallað um það þegar hlutabréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í einu eða fleiri aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Í fyrsta lagi verður útgefandi ávallt að birta upplýsingarnar á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir. Í öðru lagi verður útgefandi að birta upplýsingarnar annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja en útgefandi getur valið á hvoru tungumálinu hann birtir upplýsingarnar. Ákvæði 2. mgr. byggist á 2. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um tilvik þegar hlutabréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í einu eða fleiru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. í einu eða fleiri gistiríki, en ekki á Íslandi. Reglan er sú að útgefandi verður að birta upplýsingarnar annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja en útgefandi getur valið á hvoru tungumálinu hann birtir upplýsingarnar. Enn fremur getur Fjármálaeftirlitið óskað eftir því að útgefandi birti jafnframt upplýsingarnar á ensku eða öðru því tungumáli sem eftirlitið samþykkir, að vali útgefanda. Ákvæði 3. mgr. byggist á 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Sá fyrirvari er gerður í 4. mgr. að hafi hlutabréf útgefanda verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda hvíla kröfur sem gerðar eru skv. 1.–3. mgr. ekki á útgefanda heldur þeim aðila sem óskað hefur eftir töku hlutabréfanna til viðskipta án samþykkis útgefanda. Ákvæðið byggist á 4. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Ákvæði 5. mgr. byggist á 5. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Fram kemur að tilkynning skv. 78., 79. og 80. gr. megi vera hvort heldur á íslensku eða ensku.

Um 98. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði vegna kaflans í reglugerð. Fyrirséð er að í væntanlegri tilskipun mun Evrópusambandið útfæra nánar reglur varðandi ýmis ákvæði tilskipunar 2004/109/EB. Í ljósi þessa þykir rétt að veita ráðherra heimild til að setja reglugerð vegna kaflans, þar á meðal um efni tilkynningar vegna fjármálagerninga skv. 80. gr., nánar um efni tilkynningar skv. 85. gr., um hámarkslengd stutts greiðslutímabils skv. 88. gr., skilyrði fyrirtækja til að þau teljis nýta atkvæðisrétt sinn óháð móðurfélögum sínum skv. 91. og 92. gr. og um framkvæmd opinberrar birtingar, skv. 95. gr.

Um X. kafla.

Í X. kafla frumvarpsins er fjallað um yfirtökutilboð. Kaflinn er að mestu leyti samhljóða VI. kafla núgildandi laga um verðbréfaviðskipti.

Um 99. gr.

Í greininni er gildissvið X. kafla afmarkað. Í 1. mgr. er kveðið á um að ákvæði kaflans gildi um yfirtöku í hlutafélagi þar sem einn eða fleiri flokkar hlutabréfa hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Ákvæðið er samhljóða 36. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að talað er um töku til viðskipta í stað skráningar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra sé heimilt í reglugerð að kveða á um undanþágu frá ákvæðum þessa kafla fyrir erlend hlutafélög. Með ákvæðinu er gert ráð fyrir að tekin verði upp í innlendan rétt ákvæði 2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB um yfirtökutilboð auk þess sem markmið þess er að auka samkeppnishæfni skipulegra verðbréfamarkaða á Íslandi. Af 2. mgr. 4. mgr. yfirtökutilskipunarinnar leiðir að ákvæði íslenskra yfirtökureglna ná ekki til félags með skráða skrifstofu í öðru EES-ríki ef það hefur fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta í heimaríki sínu. Ákvæði kaflans ná heldur ekki til slíks félags ef það hefur fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta í öðru EES-ríki en heimaríki sínu áður en hlutabréfin voru tekin til viðskipta hér á landi. Rétt þykir að kveða nánar um þetta í reglugerð. Ástæðan er að reglur ríkja á EES-svæðinu eru samræmdar og ekki er æskilegt að félag og hluthafar þess falli undir tvöfalt regluverk. Þá er gert ráð fyrir að undanþágur geti einnig náð til félaga með skráða skrifstofu í ríki utan EES-svæðisins. Koma undanþágur þá einkum til greina ef slík félög hafa jafnframt fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á EES-svæðinu eða sambærilegum markaði utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ef félag hefur fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta í tveimur ríkjum getur slíkt leitt af sér að félagið og hluthafar þess þurfi að uppfylla reglur tveggja ríkja sem ekki eru ávallt samræmanlegar. Ljóst er slík staða getur hindrað að erlend fyrirtæki sækist eftir þjónustu skipulegra verðbréfamarkaða á Íslandi og dregið þannig úr möguleikum skipulegra verðbréfamarkaða á Íslandi til að veita þjónustu sína til félaga í öðrum ríkjum. Er því lagt til að jafnframt verði heimilt að kveða á um undanþágur fyrir félög utan EES-svæðisins.

Um 100. gr.

Í 100. gr. frumvarpsins er fjallað um tilboðsskyldu. Ákvæðið er samhljóða 37. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að talað er um töku til viðskipta í stað skráningar.

Um 101. gr.

Í greininni segir að ákvæði X. kafla gildi einnig um valfrjáls tilboð. Þá koma fram í ákvæðinu reglur um valfrjáls tilboð. Ákvæðið er samhljóða 38. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að talað er um töku til viðskipta í stað skráningar.

Um 102. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um tilkynningar um tilboð. Ákvæðið er óbreytt frá 39. gr. gildandi laga.

103. gr.

Í greininni eru reglur um skilmála tilboða. Ákvæðið er samhljóða 40. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að talað er um töku til viðskipta í stað skráningar.

Um 104. gr.

Hér er að finna reglur um skyldur stjórnar félags sem tilboð tekur til. Ákvæðið er óbreytt frá 41. gr. gildandi laga.

Um 105. gr.

Í greininni eru reglur um afturköllun tilboðs. Ákvæðið er óbreytt frá 42. gr. gildandi laga.

Um 106. gr.

Í greininni er fjallað um ógildingu tilboðs. Ákvæðið er óbreytt frá 43. gr. gildandi laga.

Um 107. gr.

Í ákvæðinu koma fram reglur um breytingar á tilboðum. Ákvæðið er óbreytt frá 44. gr. gildandi laga.

Um 108. gr.

Í greininni eru ákvæði um samkeppnistilboð. Ákvæðið er óbreytt frá 45. gr. gildandi laga.

Um 109. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur um upplýsingar um niðurstöður tilboðs. Ákvæðið er óbreytt frá 46. gr. gildandi laga.

Um 110. gr.

Í greininni er kveðið á um innlausnarrétt tilboðsgjafa og hluthafa. Ákvæðið er óbreytt frá 47. gr. gildandi laga.

Um 111. gr.

Í greininni eru ákvæði um hvaða úrræða er unnt að grípa til ef ekki er gert tilboð. Ákvæðið er óbreytt frá 48. gr. gildandi laga.

Um XI. kafla.

Í XI. kafla frumvarpsins er að finna reglur um tilboðsyfirlit. Kaflinn er nær óbreyttur frá VII. kafla núgildandi laga og ber sama heiti.

Um 112. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið kaflans, en hann fjallar um tilboðsyfirlit sem skylt er að útbúa og birta opinberlega í tengslum við yfirtökutilboð. Ákvæðið er óbreytt frá 49. gr. gildandi laga.

Um 113. gr.

Í greininni er fjallað um hvaða upplýsingar skulu koma fram í tilboðsyfirliti. Ákvæðið er óbreytt frá 51. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að hugtakið taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er notað í stað skráningar og hugtakið kauphöll í stað skipulegs verðbréfamarkaðar. Leiða þessar breytingar af breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi til kauphallarlaga sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Um 114. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um opinbera birtingu tilboðsyfirlits. Greinin er óbreytt frá 52. gr. gildandi laga.

Um XII. kafla.

Í kaflanum koma fram reglur um verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði. Kaflinn er að miklu leyti óbreyttur frá VIII. kafla gildandi laga, en lagt er til að gildissvið hans verði víkkað út þannig að hann nái ekki einungis til verðbréfa heldur til allra fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Um 115. gr.

Í 115. gr. er fjallað um gildissvið XII. kafla. Í gildandi lögum er fjallað um gildissvið samsvarandi kafla í 53. gr., en nokkrar breytingar eru lagðar til á ákvæðinu.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ákvæði kaflans taki til allra fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi, á Evrópska efnahagssvæðinu eða á sambærilegum erlendum mörkuðum. Ákvæði kaflans taka jafnframt til fjármálagerninga sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum skv. 1. tölulið. Í gildandi lögum tekur kaflinn um verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði aðeins til verðbréfa sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að yrðu skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, en hér er lagt til að gildissvið kaflans nái til allra fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Hugtakið fjármálagerningur var notað í ákvæðinu þar til því var breytt með lögum nr. 31/2005. Rétt þykir að útvíkka gildissvið kaflans að nýju þar sem heimilt er samkvæmt MiFID-tilskipuninni að taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði aðra fjármálagerninga en verðbréf. Hefur Kauphöll Íslands nú áform um að hefja skipuleg viðskipti með óframseljanlegar afleiður sem teljast ekki til verðbréfa og er mikilvægt að ákvæði kaflans nái einnig til slíkra gerninga. Þá er breytingin í samræmi við hugtakanotkun Evróputilskipunar um markaðssvik, en hún nær til allra fjármálagerninga. Seinni töluliður 1. mgr. vísar til fjármálagerninga sem ekki hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði en tengjast slíkum gerningum.

Með 2. mgr. er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við greinina þar sem kveðið verði á um að 117. gr. laganna gildi einnig um fjármálagerninga sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) hér á landi og fjármálagerninga sem tengdir eru einum eða fleiri

slíkum fjármálagerningum, en í 117. gr. er kveðið á um bann við markaðsmisnotkun. Í ljósi þess hvað markaðsmisnotkun er alvarleg þykir rétt að ákvæði sem banna slíka misnotkun nái einnig til markaðstorgs fjármálagerninga (MTF).

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvæði 117. gr. laganna eigi ekki við í ákveðnum tilvikum sem talin eru upp í tveimur töluliðum. Annars vegar eiga ákvæði 117. gr. laganna ekki við þegar um er að ræða viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlun eða við verðjöfnun fjármálagerninga. Ákvæði 117. gr. eiga heldur ekki við þegar um er að ræða viðskipti ríkja eða seðlabanka innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu þessara aðila í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu. Ákvæðið er óbreytt frá 2. mgr. 53. gr. gildandi laga.

Um 116. gr.

Í greininni koma fram reglur um viðskiptavaka. Ákvæðið er óbreytt frá 54. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að það nær til fjármálagerninga í stað verðbréfa og hugtakið taka til viðskipta er notað í stað skráningar, sbr. umfjöllun hér að framan.

Um 117. gr.

Í ákvæðinu er lagt bann við markaðsmisnotkun og skilgreint í hverju markaðsmisnotkun felst. Þá er fjallað um milligöngu fjármálafyrirtækja í greininni. Greinin er óbreytt frá 55. gr. gildandi laga.

Um 118. gr.

Í 118. gr. frumvarpsins er að finna heimild fyrir ráðherra til að setja nánari reglur um ákvæði XII. kafla frumvarpsins. Sams konar ákvæði er nú í 73. gr. laga um verðbréfaviðskipti.

Um XIII. kafla.

Í XIII. kafla frumvarpsins er fjallað um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Kaflinn er að mestu leyti óbreyttur frá IX. kafla gildandi laga.

Um 119. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið XIII. kafla. Í gildandi lögum er fjallað um gildissvið samsvarandi kafla í 56. gr., en nokkrar breytingar eru lagðar til á ákvæðinu.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ákvæði kaflans taki til allra fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi, á Evrópska efnahagssvæðinu eða á sambærilegum erlendum mörkuðum svo og fjármálagerninga sem viðskipti eru með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) hér á landi. Þá er kveðið á um að ákvæði kaflans taki til fjármálagerninga sem tengdir eru einum eða fleiri áðurnefndum fjármálagerningum. Í gildandi lögum tekur kaflinn um verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði aðeins til verðbréfa sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að skráð yrðu á skipulegum verðbréfamarkaði, en hér er lagt til að gildissvið kaflans nái til allra fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og viðskipti eru með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF). Með sömu rökum og fjallað var um í athugasemdum við 115. gr. frumvarpsins þykir rétt að útvíkka gildissvið kaflans að nýju þar sem heimilt er samkvæmt MiFID-tilskipuninni að taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamark-

aði aðra fjármálagerninga en verðbréf. Í þessu sambandi er bent á að Kauphöll Íslands hefur nú áform um að hefja skipuleg viðskipti með óframseljanlegar afleiður sem teljast ekki til verðbréfa og er mikilvægt að ákvæði kaflans nái einnig til slíkra gerninga. Breytingin er jafnframt í samræmi við hugtakanotkun Evróputilskipunar um markaðssvik, en hún nær til allra fjármálagerninga. Seinni töluliður 1. mgr. vísar til fjármálagerninga sem ekki hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi en tengjast slíkum gerningum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvæði 123. gr. um innherjasvik eigi ekki við þegar um er að ræða viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlunum eða við verðjöfnun fjármálagerninga, enda hafi viðskiptin farið fram í samræmi við reglugerð sem sett er á grundvelli laganna. Ákvæðið er óbreytt frá 2. mgr. 56. gr. gildandi laga.

Um 120. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur um innherjaupplýsingar. Ákvæðið er óbreytt frá 57. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að gildissvið þess verði víkkað þannig að það nái til allra fjármálagerninga í stað verðbréfa, sbr. umfjöllun hér að framan. Þá er gerð breyting á ákvæðinu í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 119. gr. að ákvæði kaflans eigi einnig við um viðskipti sem fara fram á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).

Um 121. gr.

Í greininni er skilgreint hvað átt er við með innherja. Undir ákvæðið falla fruminnherjar, tímabundnir innherjar og aðrir innherjar. Ákvæðið er óbreytt frá 58. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að gildissvið þess verði víkkað þannig að það nái til allra fjármálagerninga í stað verðbréfa.

Um 122. gr.

Í greininni er fjallað um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga. Ákvæðið er óbreytt frá 59. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að gildissvið þess verði víkkað þannig að það nái til allra fjármálagerninga í stað verðbréfa, sbr. umfjöllun hér að framan. Þá er hugtakið taka til viðskipta notað í stað skráningar á skipulegan verðbréfamarkað. Loks er gerð breyting á ákvæðinu í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 119. gr. að ákvæði kaflans eigi einnig við um viðskipti sem fara fram á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).

Um 123. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um innherjasvik og hvað innherja er óheimilt að gera. Ákvæðið er óbreytt frá 60. gr. gildandi laga.

Um 124. gr.

Í 124. gr. frumvarpsins eru ákvæði um milligöngu fjármálafyrirtækis. Ákvæðið er óbreytt frá 61. gr. gildandi laga.

Um 125. gr.

Í greininni er kveðið á um rannsóknarskyldu fruminnherja. Ákvæðið er óbreytt frá 62. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að gildissvið þess verði víkkað þannig að það nái til allra fjármálagerninga í stað verðbréfa líkt og er í núgildandi lögum.

Um 126. gr.

Í ákvæðinu koma fram reglur um tilkynningarskyldu fruminnherja. Ákvæðið er óbreytt frá 63. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að gildissvið þess verði víkkað þannig að það nái til allra fjármálagerninga í stað verðbréfa líkt og er í núgildandi lögum.

Um 127. gr.

Í greininni er kveðið á um birtingu upplýsinga um viðskipti stjórnenda útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim. Ákvæðið er óbreytt frá 64. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að gildissvið þess verði víkkað þannig að það nái til allra fjármálagerninga í stað verðbréfa, sbr. umfjöllun hér að framan. Þá er hugtakið taka til viðskipta notað í stað skráningar á skipulegan verðbréfamarkað. Loks er gerð breyting á ákvæðinu í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 119. gr. að ákvæði kaflans eigi einnig við um viðskipti sem fara fram á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).

Um 128. gr.

Í 128. gr. frumvarpsins eru reglur um innherjaskrá. Ákvæðið er óbreytt frá 65. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að gildissvið þess verði víkkað þannig að það nái til allra fjármálagerninga í stað verðbréfa. Þá er hugtakið taka til viðskipta notað í stað skráningar á skipulegan verðbréfamarkað. Loks er gerð breyting á ákvæðinu í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 119. gr. að ákvæði kaflans eigi einnig við um viðskipti sem fara fram á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).

Um 129. gr.

Í greininni eru ákvæði um tilkynningar um réttarstöðu innherja. Ákvæðið er óbreytt frá 66. gr. gildandi laga.

Um 130. gr.

Í ákvæðinu eru reglur um eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja. Ákvæðið er óbreytt frá 67. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að gildissvið þess verði víkkað þannig að það nái til allra fjármálagerninga í stað verðbréfa. Þá er hugtakið taka til viðskipta notað í stað skráningar á skipulegan verðbréfamarkað. Loks er gerð breyting á ákvæðinu í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 119. gr. að ákvæði kaflans eigi einnig við um viðskipti sem fara fram á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).

Um 131. gr.

Í 131. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra skuli setja nánari reglur um nánar tilgreind atriði sem falla undir ákvæði XIII. kafla. Sams konar ákvæði er nú í 73. gr. laga um verðbréfaviðskipti.

Um 132. gr.

Í greininni er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli setja reglur um nánar tilgreind atriði sem falla undir ákvæði XIII. kafla. Sams konar ákvæði er nú í 73. gr. laga um verðbréfaviðskipti.

Um XIV. kafla.

Í XIV. kafla frumvarpsins er fjallað um eftirlit með framkvæmd laganna og reglna settra samkvæmt þeim. Ákvæði um eftirlit eru í X. kafla gildandi laga.

Um 133. gr.

Í greininni er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglna settra samkvæmt þeim. Ákvæðið er að nokkru leyti í samræmi við 68. og 69. gr. gildandi laga. Lagt er til að ákvæði þeirra greina verði sameinuð. Í stað þess að kveða sérstaklega á um eftirlitsheimildir vegna innherjasvika og markaðsmisnotkunar í sérstakri grein, eins og gert er í núgildandi lögum, er lagt til að almennt verði kveðið á um heimildir Fjármálaeftirlitsins í einni grein og gert ráð fyrir að þær nái til eftirlits með lögunum í heild. Ákvæði 69. gr. gildandi laga komu inn í lögin með 23. gr. laga nr. 31/2005 við innleiðingu markaðssvikatilskipunar ESB sem lýtur sérstaklega að innherjasvikum og markaðsmisnotkun og fólu þau í sér að Fjármálaeftirlitið fékk auknar heimildir vegna eftirlits með markaðssvikum. Í MiFID-tilskipuninni er hins vegar kveðið á um að hið lögbæra yfirvald skuli hafa sams konar heimildir vegna eftirlits með þeim öllum atriðum er MiFID-tilskipunin fjallar um, og gildissvið hennar er mun víðtækara en gildissvið markaðssvikatilskipunarinnar. Er því óþarft að kveða á um sérstakar eftirlitsheimildir eins og gert er í 69. gr. núgildandi laga. Samkvæmt því verða efnisákvæði 69. gr. hluti grein sem er hliðstæð 68. gr. laganna og textabreytingar taka mið af framangreindu.

Ákvæði 1. mgr. er að mestu samhljóða ákvæðum 1. mgr. 68. gr. gildandi laga. Við ákvæðið bætist þó nýr lokamálsliður sem byggist á 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB sem heimilar ríkjum að tilnefna sérstakan aðila sem lögbært stjórnvald hvað varðar reikningsskil skv. h-lið 4. mgr. 24. gr. tilskipunarinnar. Hlutverk ársreikningaskrár er að kanna hvort upplýsingar skv. VII. kafla eru samdar í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur.

Ákvæði 2. mgr. mælir fyrir um heimildir Fjármálaeftirlitsins í tengslum við athugun tiltekins máls. Ákvæðið er að nokkru leyti í samræmi við 2. mgr. 68. gr. gildandi laga. Þær breytingar sem lagðar eru til eru tilkomnar vegna innleiðingar á b-lið 2. mgr. 50. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Vegna innleiðingar á MiFID-tilskipuninni er talið nauðsynlegt að skerpa á málsgreininni og taka með því af allan vafa um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að kalla einstaklinga til skýrslugjafar í þágu athugana eftirlitsins. Ákvæði 2. mgr. innleiðir einnig a-lið 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 69. gr. gildandi laga. Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 68. gr. gildandi laga og ákvæði 5. mgr. er samhljóða 4. mgr. 68. gr. gildandi laga.

Ákvæði 6. mgr. er að nokkru leyti í samræmi við 5. mgr. 68. gr. gildandi laga. Í ákvæðinu er kveðið á um að telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um opinbera birtingu upplýsinga skv. VII., VIII. og IX. kafla sé því heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að almenningur sé réttilega upplýstur. Ákvæðið byggist m.a. á g-lið 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Ákvæði 7. mgr. er að nokkru leyti í samræmi við 3. mgr. 69. gr. gildandi laga. Lagt er til að við málsgreinina bætist tveir nýir málsliðir þar sem kveðið er á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að krefjast stöðvunar viðskipta með tiltekna fjármálagerninga á meðan athugun þess á tilteknu máli stendur yfir, eða fyrir fullt og allt ef athugun þess leiðir í ljós að viðskiptin séu í andstöðu við lög. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort viðskiptin fara fram á skipulegum verðbréfamarkaði eða með öðrum hætti. Um er að ræða innleiðingu á j- og k-lið 2. mgr. 50. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Ákvæði 8. mgr. er samhljóða 4. mgr. 69. gr. gildandi laga og ákvæði 9. mgr. er samhljóða 6. mgr. 68. gr. gildandi laga.

Um 134. gr.

Í greininni eru ákvæði um eftirlit með almennu útboði og lýsingum. Ákvæðið er óbreytt frá 70. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að hugtakið taka til viðskipta er notað í stað skráningar á skipulegan verðbréfamarkað.

Um 135. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins varðandi opinbera birtingu upplýsinga. Málsgreinin byggist á 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Ákvæði 2. mgr. mælir fyrir um að þegar Ísland er gistiríki og verðbréf útgefanda hafa ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í heimaríki hans hvíli sú skylda á Fjármálaeftirlitinu að hafa eftirlit með því að upplýsingar vegna VII., VIII. og IX. kafla séu birtar opinberlega eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Meginregla gagnsæistilskipunarinnar er að lögbært stjórnvald í heimaríki útgefanda hefur fullt eftirlit með honum. Í þeim tilvikum þegar verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ekki í heimaríkinu er hins vegar gerð undanþága frá almennu reglunni. Ástæðan er sú að þegar verðbréf útgefanda hafa ekki verið tekin til viðskipta í heimaríki hans heldur einungis öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eru lögbær stjórnvöld gistiríkisins í betri aðstöðu til að fylgjast með því hvort útgefandi birtir upplýsingar í samræmi við skyldur sínar. Ákvæði 2. mgr. byggist á 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ef Fjármálaeftirlitið aflar upplýsinga skv. 2. mgr. 133. gr. frá endurskoðendum, útgefendum, eigendum hluta og annarra fjármálagerninga eða aðilum sem nefndir eru í 79. og 80. gr., auk aðila sem hafa framangreinda aðila undir yfirráðum sínum eða framangreindir aðilar hafa yfirráð yfir, í tengslum við tiltekið mál vegna VII., VIII. og IX. kafla, er því heimilt að fara fram á að útgefandi birti upplýsingarnar opinberlega með þeim aðferðum og innan þess frests sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt. Sinni útgefandi ekki beiðni Fjármálaeftirlitsins er því heimilt að birta upplýsingarnar að eigin frumkvæði hafi útgefandi áður fengið tækifæri til andmæla. Málsgreinin byggist á a- og b-lið 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að fara fram á að upplýsingar sem útgefandi, með heimaríki á Íslandi en skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, birtir í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu verði sömuleiðis birtar á Evrópska efnahagssvæðinu. Skilyrði er að Fjármálaeftirlitið telji að viðkomandi upplýsingar geti verið mikilvægar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingarnar geta verið hvers eðlis sem er, þ.e. ekki þarf að vera um að ræða upplýsingar sem útgefanda er skylt að gera opinberar til að Fjármálaeftirlitið geti krafist birtingarinnar. Sinni útgefandi ekki beiðni Fjármálaeftirlitsins er því heimilt að birta upplýsingarnar að eigin frumkvæði hafi útgefandi áður fengið tækifæri til andmæla. Málsgreinin byggist á 3. mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Um 136. gr.

Í 1. mgr er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið, eða aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, skuli sjá til þess að upplýsingar sem birta skal opinberlega skv. VII., VIII. og IX. kafla séu

varðveittar í miðlægu geymslukerfi. Málsgreinin byggist á 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í 2. mgr. segir að miðlæga geymslukerfið skuli uppfylla kröfur um öryggi, áreiðanleika um hvaðan upplýsingar eru upprunnar, tímaskráningu og auðveldan aðgang fyrir notendur. Í 140. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa ráðherra til að kveða nánar á um kröfur miðlæga geymslukerfisins með reglugerð en fyrirséð er að af hálfu Evrópusambandsins verða gefin út nánari fyrirmæli um þau viðmið sem kerfinu ber að uppfylla.

Um 137. gr.

Í greininni er fjallað um þau tilvik þegar Ísland er gistiríki útgefanda og felur hún í sér innleiðingu á 26. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Ákvæðið mælir fyrir um að ef Fjármálaeftirlitið kemst að því að útgefandi eða flöggunarskyldur aðili skv. 78., 79. eða 80. gr. hefur sýnt af sér háttsemi sem bryti gegn ákvæðum VII., VIII. eða IX. kafla eða skyldum samkvæmt þeim, væri viðkomandi aðili með heimaríki á Íslandi, skuli Fjármálaeftirlitið vísa málinu til lögbærs stjórnvalds í heimaríki útgefanda. Ákvæðið mælir jafnframt fyrir um að ákvæði 1. málsl. eigi ekki við um fresti skv. 86. eða 87. gr. Ástæðan er sú að í þeim tilvikum gengur íslensk löggjöf lengra en tilskipunin. Í þeim tilvikum skal Fjármálaeftirlitið ekki grípa til aðgerða fyrr en frestir samkvæmt tilskipuninni eru liðnir. Það þýðir að Fjármálaeftirlitið skal ekki vísa máli til lögbærs stjórnvalds í heimaríki útgefanda fyrr en fjórir viðskiptadagar eru liðnir frá stofnun flöggunarskyldu án þess að flöggunarskyldur aðili skv. 78., 79. eða 80. gr. hafi sent tilkynningu. Sömuleiðis skal Fjármálaeftirlitið ekki vísa máli til lögbærs stjórnvalds í heimaríki útgefanda fyrr en þrír viðskiptadagar hafa liðið frá því að útgefanda barst tilkynning frá flöggunarskyldum aðila. Ástæða þessarar reglu er a-liður 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/109/EB um að gistiríki sé óheimilt að gera strangari kröfur en ákvæði tilskipunarinnar mæla fyrir um.

Samkvæmt 2. mgr. eiga beinar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins sér ekki stað nema brot haldi áfram þrátt fyrir ráðstafanir lögbæra stjórnvaldsins í heimaríki útgefanda eða vegna þess að slíkar ráðstafanir bera ekki árangur. Ef sú staða kemur upp ber Fjármálaeftirlitinu skylda til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda fjárfesta.

Um 138. gr.

Í greininni er fjallað um eftirlit skipulegs verðbréfamarkaðar. Ákvæðið er óbreytt frá 71. gr. gildandi laga.

Um 139. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Ákvæðið er óbreytt frá 72. gr. gildandi laga.

Um 140. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði um kröfur til miðlægs geymslukerfis í reglugerð. Fyrirséð er að Evrópusambandið mun í væntanlegri tilskipun útfæra nánar reglur varðandi ýmis ákvæði gagnsæistilskipunarinnar, þar á meðal um kröfur sem gera skal til miðlæga geymslukerfisins. Í ljósi þessa þykir rétt að veita ráðherra heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um þær kröfur.

Um XV. kafla.

Í XV. kafla frumvarpsins eru ákvæði um viðurlög. Viðurlagaákvæði eru nú í XI. kafla laganna. Nokkrar breytingar eru lagðar til á viðurlagakaflanum til samræmis við frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlögvið brotum á fjármálamarkaði. Í því frumvarpi eru lagðar til breytingar á núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti. Helstu breytingar sem lagðar eru til á viðurlagakaflanum felast í fyrsta lagi í því að lagt er til að refsiábyrgð vegna brota gegn lögum um verðbréfaviðskipti verði afmörkuð nánar en samkvæmt gildandi lögum. Þá er lagt til að heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og einstaklinga vegna brota á lögunum verði gerðar víðtækari en nú er. Þá er lagt til að sérstök fyrningarákvæði varðandi heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir verði lögfest. Lagt er til að heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Einnig er lagt til að kveðið verði á um að brot gegn lögum um verðbréfaviðskipti sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu. Einnig er lagt til að nokkrum ákvæðum verði bætt við lögin sem stuðla eiga að samvinnu lögreglu og Fjármálaeftirlitsins við rannsókn á þeim brotum sem geta bæði varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er lagt til að lögfest verði ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki sök á sjálfan sig við rannsókn á stjórnsýslustigi. Loks er lagt til að lögfest verði heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt.

Um 141. gr.

Í greininni eru ákvæði um álagningu stjórnvaldssekta vegna brota á lögunum. Í 74. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti er nú kveðið á um stjórnvaldssektir, en samkvæmt ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leggja stjórnvaldssektir á þá aðila sem brjóta gegn 59. og 62.–67. gr. laganna en þar er að finna reglur um innherjaviðskipti. Nú geta stjórnvaldssektir numið frá 10 þús. kr. til 2 millj. kr.

Í 1. mgr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og/eða fyrirtæki við nánar tilteknar aðstæður. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim brotum sem lagt er til að geti varðað stjórnvaldssektum. Um er að ræða mun fleiri ákvæði en samkvæmt núgildandi lögum. Þannig er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og lögaðila ef þeir hafa brotið gegn 1. mgr. 44. gr. um almennt útboð verðbréfa og lýsingu, 45. gr. um upplýsingar í lýsingu, 1. mgr. 46. gr. um viðauka við lýsingu, 1. mgr. 48. gr. um árlega upplýsingagjöf, 57. gr. um opinbera birtingu ársreiknings, 58. gr. um opinbera birtingu árshlutareiknings vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, 1. mgr. 59. gr. um birtingu greinargerðar frá stjórn, 1. mgr. 62. gr. um opinbera birtingu á Evrópska efnahagssvæðinu og sendingu upplýsinga til Fjármálaeftirlitsins, 63. gr. um sendingu upplýsinga til Fjármálaeftirlitsins, 64. gr. um tungumál, 1.–3. mgr. 68. gr. um opinbera birtingu upplýsinga, 69. gr. um sendingu draga að breytingum á stofnsamningi eða samþykktum til Fjármálaeftirlitsins eða skipulegs verðbréfamarkaðar, 1. mgr. 73. gr. um opinbera birtingu upplýsinga skv. VIII. kafla og samhliða sendingu upplýsinganna til Fjármálaeftirlitsins, 74. gr. um sendingu allra upplýsinga sem birtar hafa verið opinberlega til Fjármálaeftirlitsins til miðlægrar varðveislu, 75. gr. um tungumál, 1. og 2. mgr. 78. gr. um flöggunarskyldu, 79. gr. um flöggunarskyldu við sérstakar aðstæður, 84. gr. um skyldu útgefanda til að birta opinberlega upplýsingar um heildarfjölda hluta og heildarfjölda atkvæða á síðasta viðskiptadegi þess mánaðar er breytingarnar eiga sér stað, 1. mgr. 85. gr. um efni flöggunartilkynninga, 86. gr. um tímafresti tilkynninga frá flöggunarskyldum aðila, 1. mgr.

87. gr. um birtingu útgefanda á upplýsingum tilkynninga skv. 85. gr., 93. gr. um flöggunarskyldu vegna eigin hluta, 1. mgr. 95. gr. um opinbera birtingu útgefanda á upplýsingum skv. IX. kafla, 96. gr. um sendingu allra upplýsinga sem birtar hafa verið opinberlega til Fjármálaeftirlitsins til miðlægrar varðveislu, 97. gr. um tungumál, 1. mgr. 100. gr. um tilboðsskyldu, 6. mgr. 100. gr., 2. mgr. 101. gr. og 114. gr. um tilboðsyfirlit, 102. gr. um tilkynningu um tilboð, 1.–7. mgr. 103. gr. um skilmála tilboðs, 104. gr. um skyldur stjórnar, 2. mgr. 106. gr. um ógildingu tilboðs, 3. mgr. 107. gr. um skyldu til að birta breytingar á tilboði opinberlega, 1. mgr. 109. gr. um upplýsingar um niðurstöður tilboðs, 116. gr. um tilkynningar viðskiptavaka, 117. gr. um markaðsmisnotkun og milligöngu fjármálafyrirtækis, 122. gr. um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga, 123. gr. um innherjasvik, 1. mgr. 124. gr. um milligöngu fjármálafyrirtækis, 125. gr. um rannsóknarskyldu fruminnherja, 126. gr. um tilkynningarskyldu fruminnherja, 127. gr. um birtingu upplýsinga um viðskipti stjórnenda, 128. gr. um innherjaskrá, 129. gr. um tilkynningu til innherja og 130. gr. um eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lögfest verði í 142. gr. heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Því er talið rétt að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða einstaklinga ef þau fara ekki eftir ákvæðum sáttarinnar.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og fyrirtæki sem brjóta gróflega eða ítrekað gegn 5.–21. og 25 gr. um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 2. mgr. 75. gr. gildandi laga varðar það sektum að brjóta gróflega og ítrekað gegn sambærilegum ákvæðum. Ekki er lagt til að brot gegn ákvæðum 5.–21. og 25 gr. varði refsingu og felur frumvarpið því í sér að brotin varði stjórnvaldssektum í stað refsingar.

Í 3. mgr. er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í 1. og 2. málsl. er kveðið á um fjárhæð stjórnvaldssekta og er lögð til hækkun á fjárhæð þeirra. Samkvæmt gildandi lögum geta stjórnvaldssektir numið frá 10 þús. kr. til 2 millj. kr. Beiting stjórnvaldssekta hefur reynst vel á grundvelli gildandi laga, en hafa verður í huga að heimild til beitingar stjórnvaldssekta er afar takmörkuð og aðeins heimil gagnvart einföldum formbrotum. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu á heimildum Fjármálaeftirlitsins til að beita stjórnvaldssektum vegna brota á lögunum er ljóst að ekki er unnt að miða við fjárhæðarmörk gildandi laga. Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á einstaklinga geti numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr., en að sektir sem lagðar eru á lögaðila verði hærri og geti numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Í ljósi þess að hækkun á efri mörkum sekta er lögð til er jafnframt lagt til að annar og lægri sektarammi gildi fyrir einstaklinga en að unnt verði að leggja hærri sektir á fyrirtæki. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við.

Við mat á hæfilegum hámarkssektum verður einnig að hafa í huga umfang viðskipta á fjármálamarkaði. Fjárhæðir í viðskiptum á fjármálamarkaði eru gríðarlegar dag hvern. Hagnaður af einum viðskiptum getur numið margfaldri þeirri fjárhæð sem gert er ráð fyrir að stjórnvaldssektir geti hæst numið samkvæmt frumvarpinu.

Í 3. málsl. 3. mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalningin er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um er að ræða ítrekað brot. Í 4. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum. Þá er í 5.

málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Heimildin til að draga innheimtukostnað frá er nýmæli, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er það nýmæli í 6. og 7. málsl. 3. mgr. að mælt er fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Lagt er til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 4. mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Í gildandi lögum er kveðið á um að brot á þeim varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi, sbr. 4. mgr. 78. gr. þeirra. Það er þó ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.

Um 142. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu að ljúka málum með sátt. Í gildandi lögum er ekki mælt fyrir um slíkar heimildir en lögfesting þeirra mundi stuðla að frekara gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir.

Í tillögunni að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sættir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Loks er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Um 143. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í verðbréfaviðskiptalögunum þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita viðkomandi réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn þurfi að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því t.d. skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

Um 144. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögfest verði að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Ekki eru sambæri-

leg fyrningarákvæði í gildandi lögum. Vegna þess hversu alvarleg brot gegn lögum um verðbréfaviðskipti eru er þessi frestur lagður til. Þar sem kveðið er á um í 146. gr. frumvarpsins að hámarksrefsing vegna brota gegn lögunum skuli vera sektir eða fangelsi allt að sex árum er fyrningarfrestur til að leggja refsingar á einstaklinga tíu ár skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í 1. mgr. 20. gr. laga um bókhald, nr. 145/1994, er kveðið á um að varðveita skuli bókhaldsgögn og fylgiskjöl í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Í ljósi þessa er lagt til að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Við afmörkun þess hvenær háttsemi lauk ber að taka mið af meginreglum refsiréttar og fjármálamarkaðsréttar um það atriði. Af því leiðir að ef um samfellda brotastarfsemi eða ástandsbrot er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögmæta ástandi linnir og upphaf fyrningarfrests telst þá einnig frá þeim tíma.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tilkynning Fjármálaeftirlitsins til aðila um rannsókn á meintu broti rjúfi fyrningu. Reglan á sér að nokkru leyti hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Einnig er kveðið á um að rof fyrningarfrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti. Af því leiðir að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila hindra fyrningarreglur ekki að lögð verði stjórnsýsluviðurlög á aðra aðila sem síðar kemur í ljós að stóðu einnig að broti. Rétt er að taka fram að þótt réttur Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta sé fyrndur koma ákvæði þessarar greinar ekki í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brot gegn lögum um verðbréfaviðskipti.

Um 145. gr.

Í greininni er kveðið á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum við nánar tilgreind ákvæði laganna. Refsiákvæði gildandi laga eru í 76.–78. gr. þeirra og fela tillögur frumvarpsins í sér nokkra breytingu á þeim. Lagt er til að brot á nánar tilteknum ákvæðum laganna varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í 146. gr. er lagt til að allt að sex ára fangelsi liggi við þar brotum sem þar eru tilgreind. Því felur frumvarpið í sér nokkra þyngingu á viðurlögum frá því sem er í gildandi lögum, en í 76. gr. gildandi laga er kveðið á um að brot gegn nánar tilgreindum ákvæðum laganna varði sektum eða fangelsi allt að einu ári og brot þau sem talin eru upp í 77. gr. varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Lagt er til að brot gegn mun fleiri ákvæðum varði refsingu en samkvæmt gildandi lögum. Þannig er gert ráð fyrir að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta gegn 1. mgr. 44. gr. um almennt útboð verðbréfa og lýsingu, 45. gr. um upplýsingar í lýsingu, 1. mgr. 46. gr. um viðauka við lýsingu, 1. mgr. 48. gr. um árlega upplýsingagjöf, 1. og 2. mgr. 78. gr. um flöggunarskyldu, 79. gr. um flöggunarskyldu við sérstakar aðstæður, 93. gr. um flöggunarskyldu vegna eigin hluta, 1. mgr. 100. gr. um tilboðsskyldu, 6. mgr. 100. gr. og 2. mgr. 101. gr. um tilboðsyfirlit, 102. gr. um tilkynningu um tilboð, 1.–7. mgr. 103. gr. um skilmála tilboðs, 104. gr. um skyldur stjórnar, 2. mgr. 106. gr. um ógildingu tilboðs, 1. mgr. 109. gr. um upplýsingar um niðurstöður tilboðs, 116. gr. um tilkynningar viðskiptavaka, 122. gr. um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga, 125. gr. um rannsóknarskyldu fruminnherja, 126. gr. um tilkynningarskyldu fruminnherja, 127. gr. um birtingu upplýsinga um viðskipti stjórnenda, 128. gr. um innherjaskrá og 130. gr. um eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja.

Þó að brot gegn sumum ákvæðum varði bæði stjórnvaldssektum og refsingum kemur þó aldrei til þess að sami aðili þurfi að sæta refsingu og álagningu stjórnvaldssekta fyrir sama brot.

Um 146. gr.

Í greininni er lagt til að það varði sektum eða fangelsi allt að sex árum að brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 117. gr. um markaðsmisnotkun, 2. mgr. 117. gr. og 1. mgr. 124. gr. um milligöngu fjármálafyrirtækis og 123. gr. um innherjasvik.

Brot gegn sambærilegum ákvæðum varða nú sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 77. gr. gildandi laga, en eru talin svo alvarleg að nauðsynlegt sé að ströng viðurlög liggi við þeim og er því lögð til þynging á viðurlögum. Brot gegn öllum framantöldum ákvæðum varða einnig stjórnvaldssektum. Það kemur þó aldrei til þess að sami aðili þurfi að sæta refsingu og álagningu stjórnvaldssekta fyrir sama brot.

Um 147. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að kveðið verði á um að brot gegn lögunum varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sambærilegt ákvæði er nú í 4. mgr. 78. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu. Ákvæðið er hliðstætt 2. mgr. 78. gr. gildandi laga.

Í 5. mgr. 78. gr. gildandi laga er kveðið á um að brot á ákvæðum laganna fyrnist á fimm árum. Ekki þykir ástæða til að hafa sérstakt fyrningarákvæði varðandi refsingar í lögum um verðbréfaviðskipti, enda gilda ákvæði 81. gr. almennra hegningarlaga um fyrningu brotanna, en þar segir í í 2. og 3. tölul. að sök fyrnist á fimm árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en fjögurra ára fangelsi, en á tíu árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en tíu ára fangelsi.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laganna sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Um 148. gr.

Hér er lagt til að sett verði í lögin ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skuli fara með brot gegn lögunum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlits til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varðar bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort málið skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Eðlilegt þykir að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá verður höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörk-

un á því hvaða brot teljast meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í ákvæðinu segir einnig að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgreininni er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og meint refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.

Um XVI. kafla

Í XVI. kafla laganna eru ákvæði um gildistöku og fleira.

Um 149. gr.

Í greininni kemur fram hvaða tilskipanir lögunum er ætlað að innleiða.

Um 150. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist gildi 1. nóvember 2007, en þá skulu reglur þær sem innleiða MiFID-tilskipunina taka gildi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt er í ákvæðinu lagt til að lög nr. 33/2003 falli úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu segir að þeir aðilar sem hafa leyfi til reksturs markaðstorgs skv. 34. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, skuli við gildistöku laga þessara fá leyfi til reksturs markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) samkvæmt lögum þessum.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er lagt til að kveðið verði á um það í bráðabirgðaákvæði að fjármálafyrirtæki sem við gildistöku laga þessara á í viðskiptum við aðila sem telst vera fagfjárfestir megi flokka viðkomandi áfram sem fagfjárfesti ef það er byggt á faglegu mati á að viðkomandi hafi nægjanlega þekkingu og reynslu til að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar. Fjármálafyrirtækið skal gera viðkomandi fagfjárfesti grein fyrir slíkri ákvörðun.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í ákvæðinu segir að birting ársreiknings, eða samstæðureiknings ef við á, vegna reikningsársins 2007 skuli fara fram í samræmi við ákvæði 57. gr. og að fyrsta reikningsárið sem ákvæði 58. gr. og 59. gr. skuli taka til sé reikningsárið 2008.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

### Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti.

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingar á ýmsum tilskipunum því tengdu. Tilskipunin er hluti af sérstakri aðgerðaáætlun Evrópusambandsins sem miðar að því að skapa skilvirkan innri markað með fjármálaþjónustu, svo sem með styttri viðbragðstíma, skilvirkara eftirliti og öflugri neytendavernd. Frumvarpið er lagt fram ásamt tveimur öðrum frumvörpum, þ.e. frumvarpi um kauphallir og frumvarpi um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki, og er vísað í umsagnir með þeim. Við lögfestingu þessa frumvarps falla um leið úr gildi lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti.

Með frumvarpinu er skapaður rammi utan um skipulag og skyldur fjármálafyrirtækja í verðbréfaviðskiptum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota sem tilgreind eru í 141. gr. frumvarpsins og vegna brota á 5.–21. gr. og 25. gr. laganna um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja. Sektir geta numið frá 10 þús.kr. til 20 m.kr. á einstaklinga og frá 50 þús.kr. til 50 m.kr. á lögaðila og skulu sektargreiðslur renna í ríkissjóð. Vegna vinnu við eftirlit er talin þörf á því að auka mannafla hjá Fjármálaeftirlitinu um tvö stöðugildi. Þá er gert ráð fyrir kostnaði við tölvukerfi sem annast á söfnun tilkynninga innanlands um viðskipti með fjármálagerninga á grundvelli framangreindrar tilskipunar ásamt kostnaði vegna miðlægs söfnunar- og dreifingarkerfis. Samkvæmt fjárlögum hækkuðu gjöld Fjármálaeftirlitsins og tekjur um 41% milli áranna 2006 og 2007 eða úr 424 m.kr. í 597,1 m.kr.

Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið þurfi að manna tvö ný stöðugildi og fjárfesta í tölvukerfi en áætlað er að kostnaður vegna tölvukerfis verði 10 m.kr. árið 2006 og 10 m.kr. árið 2007 og 5 m.kr. í árlegan rekstrarkostnað frá og með árinu 2008. Að öðru leyti er áætlað að kostnaður vegna frumvarpsins verði óverulegur og verði fjármagnaður með eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er því ekki gert ráð fyrir að það muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

# 1090. Frumvarp til laga [692. mál]

um kauphallir.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## I. KAFLI
## Gildissvið og orðskýringar.

### 1. gr.
*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um kauphallir og skipulega verðbréfamarkaði.

### 2. gr.
*Orðskýringar.*

Í lögum þessum merkir:

1. *Kauphöll:* Hlutafélag sem fengið hefur leyfi samkvæmt lögum þessum til að reka skipulegan verðbréfamarkað.
2. *Skipulegur verðbréfamarkaður:* Marghliða viðskiptakerfi innan Evrópska efnahagssvæðisins sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í viðskiptakerfinu.
3. *Markaðstorg fjármálagerninga (MTF):* Markaður samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
4. *Opinber skráning:* Skráning Fjármálaeftirlitsins á verðbréfum á opinberan lista, að uppfylltum þeim kröfum sem gerðar eru til slíkrar skráningar.
5. *Taka fjármálagerninga til viðskipta:* Samþykki kauphallar á að viðskipti með fjármálagerninga hefjist á skipulegum verðbréfamarkaði að uppfylltum reglum hennar skv. 22. gr.
6. *Markaðsaðili:* Aðili sem rétt hefur til að setja fram tilboð og eiga viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði.
7. *Fjármálagerningur:* Löggerningur samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
8. *Verðbréf:* Löggerningur samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
9. *Innmiðlari:* Fjármálafyrirtæki sem starfar sem innmiðlari samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.
10. *Náin tengsl:* Tengsl milli aðila samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.

## II. KAFLI
## Leyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað.

### 3. gr.
*Starfsleyfi.*

Starfsemi, sem kveðið er á um í lögum þessum, er einungis heimil hlutafélagi sem hlotið hefur starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins. Starfsleyfi verður aðeins veitt aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum við útgáfu leyfis:

1. Að samþykktir félagsins séu ekki andstæðar ákvæðum laga og að ekki þyki ástæða til að ætla annað en að það muni reka starfsemina lögum samkvæmt.
2. Að hlutafé skv. 8. gr. hafi verið að fullu greitt.

3. Að þeir sem eiga eða koma til með að eiga virkan eignarhlut í félaginu séu hæfir til að fara með eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs skipulegs verðbréfamarkaðar.
4. Að félagið uppfylli önnur skilyrði laga þessara.

4. gr.

*Umsókn um starfsleyfi.*

Umsókn um starfsleyfi til reksturs skipulegs verðbréfamarkaðar skal vera skrifleg og þar skulu koma fram nægar upplýsingar til að mat verði lagt á hvort skilyrðum laganna um veitingu starfsleyfis sé fullnægt. Umsókn skal fylgja:

1. 1. Samþykktir félags.
2. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verður sinnt og reglur um viðskipta- og upplýsingakerfi sem nota skal í starfseminni.
3. Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur.
4. Rekstraráætlun þar sem m.a. komi fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eigin fjár.
5. Upplýsingar um stofnendur og hluthafa, sbr. 18. gr.
6. Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur.
7. Staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár eða stofnfjár.
8. Upplýsingar um náin tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila.
9. Upplýsingar um þau skilyrði sem gilda um aðild að markaðnum og áætlun um væntanlega markaðsaðila og þær tegundir fjármálagerninga sem áætlað er að teknir verði til viðskipta.
10. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um starfsleyfi skal tilkynna umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst því. Synjun Fjármálaeftirlits á umsókn skal rökstudd.

Þegar hlutafélag, sem rekur skipulegan verðbréfamarkað, hefur ákveðið að breyta samþykktum félagsins skal það tilkynna breytingarnar með fjögurra vikna fyrirvara til Fjármálaeftirlitsins.

5. gr.

*Afturköllun starfsleyfis.*

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað í heild eða að hluta ef eitthvert eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:

1. Félagið nýtir ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér því ótvírætt eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfellt.
2. Í ljós kemur að félagið hefur fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
3. Félagið fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir veitingu starfsleyfisins.
4. Félagið brýtur með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum eða reglum sem um starfsemina gilda.
5. Stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri félags fullnægja ekki skilyrðum 11. gr. eða rekstur leyfishafa er óstarfhæfur vegna ákvæða í 4. mgr. 18. gr.
6. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að náin tengsl leyfishafa við einstaklinga eða lögaðila

geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum eða að lög og reglur, sem um þá aðila gilda, hindri eðlilegt eftirlit eða skaði trúverðugleika markaðarins.
7. Bú leyfishafa hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða félaginu verið slitið af öðrum ástæðum.

Afturköllun starfsleyfis skal tilkynnt stjórn hlutaðeigandi leyfishafa og rökstudd skriflega. Birta skal tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

6. gr.
*Um nafnatilgreiningu.*

Félögum sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin *kauphöll* og *verðbréfamarkaður*, ein sér eða samtengd öðrum orðum.

7. gr.
*Reglugerð.*

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um umsókn um starfsleyfi og veitingu og afturköllun slíks leyfis.

## III. KAFLI
## Stofnun og starfsemi kauphalla.

8. gr.
*Hlutafé.*

Innborgað hlutafé kauphallar skal nema að lágmarki 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

Fjármálaeftirlitið getur þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. ákveðið hærra lágmarkshlutafé kauphallar með tilliti til umfangs rekstursins og áhættuþátta sem honum fylgja og með hliðsjón af kröfum í 10. gr.

Bókfært eigið fé kauphallar má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1. mgr. eða ákveðið í samræmi við 2. mgr.

9. gr.
*Starfsábyrgð kauphallar.*

Kauphöll er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns viðskiptamanns sem rakið er til gáleysis í starfsemi hennar eða starfsmanna hennar.

Vátryggingin skal bæta tjón allt að 50 milljónum króna vegna hvers tjónsatburðar og allt að 100 milljónum króna innan hvers tryggingarárs. Fjárhæðir þessar skulu breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá gildistöku laganna. Nánari ákvæði um gildissvið vátryggingar er heimilt að setja í reglugerð.

10. gr.
*Skyldur kauphalla.*

Kauphöll ber ábyrgð á að rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar sé heilbrigður og traustur.

Kauphöll skal:
1. Greina og bregðast við hagsmunaárekstrum sem gætu haft neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins eða hagsmuni þátttakenda á markaðnum.

2. Hafa stjórn á þeim áhættum sem fylgt geta rekstrinum, þ.m.t. að greina áhættur og gera ráðstafanir til að lágmarka þær.
3. Tryggja öruggan rekstur tæknilegra kerfa, þ.m.t. með ráðstöfunum til að bregðast við ófyrirséðum atvikum sem valdið gætu röskun á starfsemi þeirra.
4. Tryggja að viðskipti á markaðnum fari fram á heiðarlegan og sanngjarnan hátt og tryggja örugga framkvæmd fyrirmæla, m.a. með skýrum reglum.
5. Gera ráðstafanir til að tryggja að öruggt uppgjör viðskipta á markaðnum geti farið fram.
6. Búa ávallt yfir nægilegu fjármagni til að sinna hlutverki sínu að teknu tilliti til eðlis og umfangs viðskipta á markaðnum sem og áhættu sem tengist þeim.

11. gr.

*Stjórn og framkvæmdastjóri.*

Stjórn kauphallar skal skipuð eigi færri en fimm mönnum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og hafa óflekkað mannorð. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, þessum lögum eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði félagið.

Kauphöll skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á skipan stjórnar eða framkvæmdastjóra. Tilkynningu skal senda áður en breytingin á sér stað, eftir því sem kostur er, og innihalda fullnægjandi upplýsingar til að mat verði lagt á hæfi nýs stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra samkvæmt þessari grein.

Fjármálaeftirlitið skal hafna því að nýir stjórarmenn taki sæti eða framkvæmdastjóri hefji störf ef ætla má að breytingin sé skaðleg fyrir rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar.

12. gr.

*Hlutafjáreign og viðskipti starfsmanna.*

Framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum kauphallar er óheimilt án leyfis stjórnar að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og telst fyrst og fremst ávöxtun sparifjár.

Um verðbréfaviðskipti stjórnar og starfsmanna kauphallar fer eftir þeim reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

13. gr.

*Þagnarskylda.*

Stjórnarmenn, allir starfsmenn, endurskoðendur og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu kauphallar og skipulegs verðbréfamarkaðar eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna þess og málefni félagsins, svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að

skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til þess að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er kauphöll heimilt að hafa samvinnu við erlenda skipulega verðbréfamarkaði eða lögbær yfirvöld erlendis og láta þeim í té upplýsingar að því tilskildu að viðkomandi erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu og séu undir eftirliti í sínu heimalandi. Með upplýsingar, sem kauphöll fær frá framangreindum erlendum aðilum og einkenndar eru sem trúnaðarmál eða eru það eðli máls samkvæmt, skal fara að hætti 1. mgr.

14. gr.

*Önnur starfsemi.*

Kauphöll er heimilt að stunda aðra starfsemi en að reka skipulegan verðbréfamarkað enda sé hún í eðlilegum tengslum við starfsemi markaðarins og gerðar séu fullnægjandi ráðstafanir til að fyrirbyggja hagsmunaárekstra.

Kauphöll er einnig heimilt að stunda þá hliðarstarfsemi að veita aðilum utan markaðarins þjónustu sína.

Kauphöll skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um fyrirhugaða starfsemi samkvæmt þessari grein. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að starfsemi skv. 1. og 2. mgr. skuli rekin í sérstöku félagi.

15. gr.

*Starfsemi innan Evrópska efnahagssvæðisins.*

Kauphöll, sem hyggst gera ráðstafanir í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu til að auðvelda aðilum í viðkomandi ríki þátttöku í viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), skal tilkynna um þau áform til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið skal senda upplýsingarnar til lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar.

16. gr.

*Ársreikningur.*

Ársreikningur kauphallar skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum og fylgiskjölum og öðrum gögnum félagsins og jafnframt skulu stjórn og starfsmenn veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Endurskoðaður ársreikningur ásamt ársskýrslu skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs á því formi sem það ákveður.

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri eða atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu kauphallar eða atriði sem leiða til þess að hann mundi synja um áritun eða gera fyrirvara, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um félagið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn þess og Fjármálaeftirlitinu viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fær vitneskju um og varða fyrirtæki sem er í nánum tengslum við hlutaðeigandi kauphöll.

Tilkynning endurskoðanda skv. 4. mgr. felur ekki í sér brot gegn þagnarskyldu hvort sem hún er reist á lögum eða samningi.

17. gr.

*Hagtölugerð og veiting upplýsinga.*

Kauphöll er heimilt, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni utanaðkomandi aðila og í samræmi við heimildir annarra laga, að vinna og birta hagtölur og aðrar upplýsingar í þágu markaðarins á grundvelli gagna sem hún hefur yfir að ráða eða aflar með öðrum hætti um viðskipti á markaðnum.

18. gr.

*Virkur eignarhlutur.*

Aðilar sem hyggjast eignast beina eða óbeina hlutdeild í kauphöll, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi til að reka skipulegan verðbréfamarkað, sem nemur að minnsta kosti 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti eða minna ef hún felur í sér veruleg áhrif á stjórn félagsins, skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur synjað umsækjanda um heimild skv. 1. mgr. ef það telur að eignarhaldið skaði heilbrigðan eða traustan rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun á umsókn.

Sæki aðili ekki um leyfi til Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum á virkum eignarhlut skv. 1. mgr. fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Hið sama gildir hafni Fjármálaeftirlitið umsækjanda um heimild til að fara með virkan eignarhlut.

Fari hluthafi, sem á svo stóran hlut sem segir í 1. mgr., þannig með hlut sinn að það skaði heilbrigðan eða traustan rekstur félagsins að mati Fjármálaeftirlitsins getur stofnunin ákveðið að hlut þessum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir félagið að grípa til viðeigandi ráðstafana eða krefjast sölu hlutarins. Skulu umræddir hlutir ekki teknir með við útreikning á því fyrir hve mikinn hluta atkvæða mætt hafi verið á hluthafafundum.

Kauphöll skal gera opinberlega grein fyrir eignarhaldi á félaginu og breytingar sem verða á því. Jafnframt skal upplýsa um þá aðila sem falla undir 1. mgr. og í hverju áhrif þeirra eru fólgin.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni umsóknar til Fjármálaeftirlitsins um virkan eignarhlut í kauphöll, um mat á hæfi umsækjanda, um afgreiðslu umsóknar, um nýtingu heimildar, um úrræði ef ekki er sótt um leyfi, um úrræði ef umsókn er hafnað, um tilkynningu eiganda um sölu á virkum eignarhlut og um úrræði ef eigandi er ekki hæfur til að fara með virkan eignarhlut.

## IV. KAFLI

## **Aðild að skipulegum verðbréfamarkaði.**

19. gr.

*Markaðsaðild.*

Kauphöll skal setja reglur um aðild að skipulegum verðbréfamarkaði þar sem gerð er grein fyrir þeim skyldum sem hvíla á markaðsaðilum. Skulu reglurnar vera gagnsæjar, hlutlægar og byggðar á jafnræði.

Reglur kauphallar um uppgjör viðskipta skulu tryggja að markaðsaðilar hafi rétt til að tilnefna annað uppgjörskerfi en kauphöllin hefur valið svo framarlega sem nauðsynlegar

tengingar og ráðstafanir eru til staðar milli tilnefnds uppgjörskerfis og annarra kerfa og Fjármálaeftirlitið samþykkir að tæknileg skilyrði uppgjörs viðskipta tryggi örugga starfsemi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar.

Markaðsaðilar geta orðið fjármálafyrirtæki hérlendis og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu sem hafa leyfi til að framkvæma fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina eða eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning, Seðlabanki Íslands og aðrir seðlabankar á Evrópska efnahagssvæðinu og aðrir aðilar sem:

1. Eru vel til þess hæfir.
2. Hafa fullnægjandi getu til að eiga viðskipti.
3. Fullnægja, þar sem við á, kröfum sem gerðar eru til skipulags.
4. Hafa fullnægjandi fjárráð til að framkvæma þær aðgerðir sem þeim er ætlað að framkvæma.

Um leið og umsókn um aðild að skipulegum verðbréfamarkaði er samþykkt skal það tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins. Kauphöll skal jafnframt ársfjórðungslega upplýsa Fjármálaeftirlitið um hverjir eru aðilar að skipulega verðbréfamarkaðnum.

Markaðsaðilar sem ekki eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins skulu að beiðni þess veita upplýsingar um viðskipti sín á markaðnum.

20. gr.

*Niðurfelling aðildarsamnings.*

Brjóti aðili að skipulegum verðbréfamarkaði ítrekað eða með vítaverðum hætti þau skilyrði sem sett eru í aðildarsamningi er kauphöll heimilt að fella samninginn einhliða úr gildi eða beita vægari ráðstöfunum, svo sem tímabundinni stöðvun aðildar að skipulega verðbréfamarkaðnum. Grípi kauphöll til ráðstafana samkvæmt þessari grein skal hún án tafar gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir þeim.

21. gr.

*Eftirlit kauphallar með viðskiptum.*

Kauphöll skal hafa eftirlit með því að markaðsaðilar starfi eftir lögum, reglum og samþykktum sem um viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði gilda og reka viðeigandi eftirlitskerfi með viðskiptum.

Kauphöll ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef grunur eða vitneskja er um að brotið hafi verið gegn lögum, reglugerðum eða öðrum reglum sem gilda um viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði eða að brotið hafi verið gróflega eða ítrekað gegn reglum kauphallarinnar.

Kauphöll skal veita yfirvöldum viðeigandi upplýsingar og aðstoð vegna rannsóknar eða saksóknar vegna gruns um refsiverða háttsemi sem á sér stað á skipulegum verðbréfamarkaði eða í gegnum markaðskerfi hans.

## V. KAFLI
## **Taka fjármálagerninga til viðskipta o.fl.**

22. gr.

*Taka fjármálagerninga til viðskipta.*

Kauphöll skal setja skýrar og gagnsæjar reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Reglurnar skulu tryggja að fjármálagerningar sem teknir eru til viðskipta á markaðnum séu þess eðlis að hægt sé að stunda viðskipti með þá á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt og, þegar um er að ræða verðbréf, að viðskiptin með þau

séu án takmarkana. Reglurnar skulu jafnframt tryggja að eiginleikar afleiðna geri ráð fyrir eðlilegri verðmyndun og skilvirkum uppgjörsskilyrðum. Áður en kauphöll setur reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta eða gerir breytingar á þeim skal hún tilkynna Fjármálaeftirlitinu með fjögurra vikna fyrirvara.

Kauphöll skal, áður en fjármálagerningur er tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, ganga úr skugga um að reglur skv. 1. mgr. séu uppfylltar. Jafnframt skal kauphöll ganga úr skugga um, hvað varðar verðbréf, að fyrir liggi staðfest lýsing og að útgefandi uppfylli reglur um upplýsingagjöf.

Kauphöll skal reglulega fara yfir hvort fjármálagerningar uppfylli skilyrði fyrir töku til viðskipta. Kauphöll skal hafa eftirlit með að útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fylgi reglum um upplýsingaskyldu útgefenda og tryggja aðgang markaðsaðila að slíkum upplýsingum.

Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um hvaða skilyrði fjármálagerningar þurfa að uppfylla samkvæmt þessari grein.

23. gr.

*Taka verðbréfa til viðskipta án samþykkis útgefanda.*

Kauphöll er heimilt að taka verðbréf til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda ef um er að ræða verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Kauphöll skal tilkynna útgefanda um að viðskipti fari fram á markaðnum.

Útgefanda verðbréfa, sem ekki hefur samþykkt töku til viðskipta skv. 1. mgr., er ekki skylt að sinna upplýsingaskyldu gagnvart viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði.

24. gr.

*Taka fjármálagerninga úr viðskiptum og tímabundin stöðvun viðskipta.*

Kauphöll er heimilt að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerninga eða taka þá varanlega úr viðskiptum, uppfylli þeir ekki lengur kröfur sem gerðar eru til töku til viðskipta eða ef útgefandi verðbréfa fylgir ekki reglum skipulegs verðbréfamarkaðar, nema líkur væru til þess að slíkar aðgerðir mundu valda fjárfestum verulegu tjóni eða hefðu neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins.

Útgefandi, sem fengið hefur verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, getur óskað eftir því skriflega að verðbréfin verði tekin úr viðskiptum. Skal kauphöll verða við því að fenginni skriflegri greinargerð fyrir þeirri ósk. Kauphöll getur ákveðið að bréfin verði ekki tekin úr viðskiptum ef líkur eru til að það mundi valda fjárfestum verulegu tjóni eða hefði neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins. Kauphöll getur einnig ákveðið að birta greinargerð útgefanda í heild eða að hluta. Útgefandi getur þó ávallt fengið verðbréf tekin úr viðskiptum ef þau eru tekin til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði.

Kauphöll skal tilkynna opinberlega um tímabundna stöðvun viðskipta og töku úr viðskiptum og senda viðeigandi upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið skal koma upplýsingunum til viðeigandi eftirlitsaðila innan Evrópska efnahagssvæðisins.

25. gr.

*Taka verðbréfa kauphalla til viðskipta.*

Valdheimildir skv. 22. gr. skulu vera í höndum Fjármálaeftirlitsins þegar kauphöll hér á landi eða í öðru landi innan Evrópska efnahagssvæðisins sækir um töku eigin verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Jafnframt skulu valdheimildir skv. 24. gr. vera í höndum Fjármálaeftirlitsins þegar verðbréf samkvæmt þessari grein hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

26. gr.

*Opinber skráning verðbréfa.*

Fjármálaeftirlitið getur að fenginni umsókn frá útgefanda hlutabréfa, heimildarskírteina fyrir hlut eða skuldabréfa, skráð opinberlega viðkomandi verðbréf, ef þau eru tekin til viðskipta eða til stendur að taka þau til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Fjármálaeftirlitið getur með samningi falið kauphöll að annast opinbera skráningu skv. 1. mgr.

Ráðherra setur reglugerð um skilyrði fyrir opinberri skráningu verðbréfa.

## VI. KAFLI
## Gagnsæi á skipulegum verðbréfamarkaði.

27. gr.

*Almennt um gagnsæi.*

Til að tryggja eðlilegt gagnsæi skal kauphöll birta upplýsingar um tilboð og viðskipti með þá fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta á skipulega verðbréfamarkaðnum í þeim mæli sem nauðsynlegt er, með tilliti til eðlis og umfangs starfseminnar.

28. gr.

*Upplýsingagjöf um tilboð.*

Kauphöll skal birta opinberlega verðupplýsingar um kaup- og sölutilboð og umfang tilboða á þeim verðum, fyrir hlutabréf, sem sett eru fram á skipulegum verðbréfamarkaði. Upplýsingarnar skulu birtar samfellt á almennum opnunartíma og vera aðgengilegar almenningi á sanngjörnum viðskiptakjörum.

Veiti kauphöll innmiðlurum aðgang að kerfum sínum til birtingar upplýsinga um tilboð þá skal það gert á sanngjörnum viðskiptakjörum og á jafnræðisgrunni.

Fjármálaeftirlitið getur veitt kauphöll undanþágu frá birtingu upplýsinga um tilboð skv. 1. mgr. á grundvelli eiginleika markaðarins eða tegundar eða stærðar tilboða.

Ráðherra skal setja reglugerð um skyldur til birtingar upplýsinga skv. 1. mgr. og skilyrði fyrir undanþágu frá birtingu upplýsinga skv. 3. mgr. Ráðherra getur sett reglugerð um skyldur kauphalla til að birta upplýsingar um kaup- og sölutilboð og umfang tilboða sem sett eru fram á skipulegum verðbréfamarkaði fyrir aðra fjármálagerninga en hlutabréf.

29. gr.

*Upplýsingagjöf um viðskipti.*

Kauphöll skal birta opinberlega upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta sem fara fram með hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Upplýsingarnar skulu birtar á sanngjörnum viðskiptakjörum og eins nálægt rauntíma og mögulegt er.

Ef kauphöll veitir fjármálafyrirtæki, sem er skylt að birta upplýsingar um viðskipti samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, aðgang að því kerfi sem notað er til að birta viðskiptaupplýsingar skv. 1. mgr., skal það gert á sanngjörnum viðskiptakjörum og á jafnræðisgrunni.

Kauphöll er heimilt að setja sér reglur um að tefja skuli birtingu upplýsinga vegna stærðar eða tegundar viðskipta. Reglurnar skulu uppfylla skilyrði reglugerðar skv. 4. mgr. og vera samþykktar fyrir fram af Fjármálaeftirlitinu. Kauphöll skal sjá til þess að markaðsaðilar og fjárfestar séu upplýstir um töfina.

Ráðherra skal setja reglugerð um skyldur til birtingar upplýsinga skv. 1. mgr. og skilyrði fyrir töfum á birtingu upplýsinga skv. 3. mgr. Ráðherra getur sett reglugerð um skyldu kauphalla til að birta upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta sem fram fara á skipulegum verðbréfamarkaði með aðra fjármálagerninga en hlutabréf.

## VII. KAFLI
## **Eftirlit.**

30. gr.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að starfsemi kauphalla og skipulegra verðbréfamarkaða sé í samræmi við lög þessi, reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim, svo og önnur fyrirmæli eða samþykktir sem um starfsemina gilda. Skal Fjármálaeftirlitinu þess vegna heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi sem fram fer samkvæmt lögum þessum sem það telur nauðsyn á.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í hlutafélagi sem starfar samkvæmt lögum þessum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 18. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefjast þess að viðskipti með fjármálagerninga verði stöðvuð tímabundið eða þeir teknir varanlega úr viðskiptum, uppfylli þeir ekki lengur kröfur sem gerðar eru til töku til viðskipta eða ef útgefandi verðbréfa fylgir ekki reglum skipulegs verðbréfamarkaðar. Fjármálaeftirlitið skal koma upplýsingunum til viðeigandi eftirlitsaðila innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna opinberlega um tímabundna stöðvun viðskipta og töku fjármálagerninga úr viðskiptum. Fjármálaeftirlitið skal koma upplýsingunum til viðeigandi eftirlitsaðila innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ef Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning frá eftirlitsstjórnvaldi frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins um að eftirlitsstjórnvald hafi stöðvað viðskipti með fjármálagerning eða tekið fjármálagerning varanlega úr viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði skal Fjármálaeftirlitið ákveða að stöðva viðskipti með sama fjármálagerning á skipulegum verðbréfamarkaði hérlendis nema líkur væru til þess að slíkar aðgerðir mundu valda fjárfestum verulegu tjóni eða hefðu neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins.

Um eftirlit samkvæmt þessum lögum gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimilt er að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, févíti og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessum lögum.

31. gr.

Telji Fjármálaeftirlitið að kauphöll sem starfar samkvæmt lögum þessum hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara, laga um verðbréfaviðskipti eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða að háttsemi félaga eða stofnana sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust skal það veita hlutaðeigandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Í tilefni af brotum samkvæmt lögum þessum er Fjármálaeftirlitinu jafnframt heimilt að krefjast úrbóta án tafar, svo og að leggja tímabundið bann við frekari starfsemi ef sérstakar aðstæður krefjast þess.

Hafi kauphöll ekki sinnt ítrekuðum tilmælum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur samkvæmt þessari grein er því heimilt að afturkalla starfsleyfi, sbr. 5. gr.

## VIII. KAFLI
## **Viðurlög.**

32. gr.

*Stjórnvaldssektir.*

Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 1. málsl. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 6. gr. um nafntilgreiningu,
3. 1. mgr. 9. gr. um ábyrgðartryggingu kauphallar,
4. 10. gr. um skyldur kauphallar,
5. 4. mgr. 11. gr. um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra,
6. 1. mgr. 12. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri og viðskipti stjórnenda og starfsmanna kauphallar,
7. 1. mgr. 13. gr. um þagnarskyldu,
8. 16. gr. um endurskoðun og skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins,
9. 1. mgr. 18. gr. um virkan eignarhlut,
10. 4. mgr. 19. gr. um að tilkynningar um samþykkt á aðildarumsókn að kauphöll skuli sendar Fjármálaeftirlitinu,
11. 2. málsl. 20. gr. um tilkynningarskyldu kauphallar til Fjármálaeftirlits um ráðstafanir sem gerðar eru vegna brota á skilyrðum í aðildarsamningi,
12. 21. gr. um eftirlitsskyldu kauphallar,
13. 4. málsl. 1. mgr. 22. gr. um tilkynningarskyldu kauphallar vegna setningar eða breytinga á reglum um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði,
14. 3. mgr. 24. gr. um tilkynningarskyldu um stöðvun viðskipta og töku úr viðskiptum,
15. 28. og 29. gr. um gagnsæi á skipulegum verðbréfamarkaði,
16. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 33. gr.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármála-

eftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

33. gr.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

34. gr.

Í máli sem beinist að einstaklingi, sem lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu, hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

35. gr.

Heimild Fjármálaeftirlits til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

36. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 1. málsl. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 1. mgr. 12. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri og viðskipti stjórnenda og starfsmanna kauphallar,
3. 1. mgr. 13. gr. um þagnarskyldu,
4. 16. gr. um endurskoðun og skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

38. gr.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnun-

inni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

## IX. KAFLI
## Gildistaka o.fl.

### 39. gr.

Í reglugerð er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

### 40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2007. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

## Ákvæði til bráðabirgða

Starfandi hlutafélög með starfsleyfi ráðherra til að reka kauphöll eða skipulegan tilboðsmarkað skulu halda starfsleyfi sínu til að reka skipulegan verðbréfamarkað við gildistöku laga þessara.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um verðbréfaviðskipti og frumvarpi til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Frumvarpið miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (e. *Markets in Financial Instruments Directive* eða MiFID-tilskipunin). Tilskipunin var birt í Stjórnartíðindum EB 30. apríl 2004 og tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005 frá 29. apríl 2005. Tilskipunina ber að innleiða í landslög fyrir 31. janúar 2007 og skulu reglurnar taka gildi 1. nóvember 2007. Frumvarpið byggist í megin-

atriðum á fyrrnefndri tilskipun en auk hennar var við samningu frumvarpsins höfð hliðsjón af norrænum rétti á sviði fjármálamarkaðar.

Viðskiptaráðherra fól kauphallarnefnd að hafa yfirsýn yfir vinnu við innleiðingu tilskipunarinnar. Í kauphallarnefnd sitja fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins, Kauphallar Íslands, Seðlabanka Íslands, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Samtaka fjárfesta, Landssamtaka lífeyrissjóða og Eignarhaldsfélags hlutafélaga. Að beiðni kauphallarnefndar skipaði viðskiptaráðherra vinnuhóp þann 6. október 2004 til að vera nefndinni til aðstoðar við innleiðingu tilskipunarinnar. Í vinnuhópinn voru skipuð Haraldur Örn Ólafsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður, Elín Jónsdóttir, Fjármálaeftirlitinu, Þórólfur Jónsson, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, og Ragnar Jónasson frá Kauphöll Íslands. Elín Jónsdóttir lét af störfum í nefndinni í apríl 2005 og tók Hlynur Jónsson, Fjármálaeftirlitinu, sæti hennar. Ragnar Jónasson lét af störfum í nefndinni í mars 2006 og tók Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, Kauphöll Íslands, sæti hans. Kristinn Arnar Stefánsson lögfræðingur sat einnig fundi nefndarinnar. Þá störfuðu Áslaug Árnadóttir, lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, og Eyvindur G. Gunnarsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, með nefndinni.

**MiFID-tilskipunin.**

MiFID-tilskipunin er hluti af sérstakri aðgerðaráætlun Evrópusambandsins á sviði fjármálamarkaðar (e. *Financial Services Action Plan*) sem miðar að því að skapa skilvirkan sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu, m.a. með styttri viðbragðstíma, skilvirkara eftirliti og öflugri neytendavernd. Á grundvelli tilskipunarinnar verða öll lönd á Evrópska efnahagssvæðinu að setja sameiginlegar reglur um fjármálafyrirtæki og skipulega verðbréfamarkaði.

MiFID-tilskipunin kemur í stað tilskipunar ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (e. *Investment Service Directive* eða ISD-tilskipunin). Þó að tilskipanirnar fjalli um sama efni felur MiFID-tilskipunin í sér aukna samræmingu reglna sem gilda um fjármálafyrirtæki og er víðtækari og ítarlegri en ISD-tilskipunin. Þá gerir MiFID-tilskipunin breytingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana, tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana.

MiFID-tilskipunin er rammatilskipun á fyrsta stigi sem heimilar framkvæmdastjórninni að setja ítarlegri reglur á vissum sviðum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti 10. ágúst 2006 reglugerð nr. 1287/2006 sem hefur að geyma nánari reglur um framkvæmd MiFID-tilskipunarinnar. Gert er ráð fyrir að flestar þær reglur sem fram koma í reglusetningu Evrópusambandsins á öðru stigi verði teknar upp í íslenskan rétt með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Fram til þessa hafa ekki verið í gildi heildstæðar reglur í Evrópurétti um starfsemi kauphalla og verðbréfamarkaða. Þó hafði tilskipun 2001/34/EB um opinbera skráningu verbréfa á verðbréfaþing og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf, sem að stórum hluta var felld úr gildi með tilskipun 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um lýsingar þegar fjármálagerningar eru boðnir í almennu útboði eða skráðir í kauphöll, að geyma ákvæði um lýsingar, m.a. vegna skráningar verðbréfa í kauphöll, en ekki heildstæð ákvæði um starfsemi kauphalla. Því eru ákvæði MiFID-tilskipunarinnar um kröfur sem eigendur og stjórnendur kaup-

halla þurfa að uppfylla, skilyrði um skipulag verðbréfamarkaða o.fl. nýmæli í Evrópurétti. Hins vegar hafa verið reglur um ofangreind atriði í íslenskum rétti.

Eins og heiti MiFID-tilskipunarinnar ber með sér hefur hún að geyma reglur um stofnun og rekstur markaða fyrir fjármálagerninga. Greinir tilskipunin á milli þrenns konar viðskiptavettvanga (e. *execution venues*) fyrir fjármálagerninga, í fyrsta lagi er fjallað um skipulega verðbréfamarkaði (e. *regulated market*), í öðru lagi er fjallað um markaðstorg fjármálagerninga (MTF) (e. *multilateral trading facility (MTF)*) og í þriðja lagi er fjallað um innmiðlara (e. *systematic internalisers*).

Þrátt fyrir að hugtakið skipulegur verðbréfamarkaður hafi verið notað í eldri tilskipunum Evrópusambandsins, þá er það nýmæli að settar séu Evrópureglur um rekstur og heimildir skipulegra verðbréfamarkaða. Þá er hugtakið markaðstorg fjármálagerninga (MTF) nýtt í Evrópurétti, en með hugtakinu er átt við marghliða viðskiptakerfi sem starfrækt er af fjármálafyrirtæki með leyfi til verðbréfaviðskipta eða kauphöll sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast í samræmi við IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti. Samkvæmt MiFID-tilskipuninni liggur munurinn á skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga í kröfunum sem gerðar eru til leyfisveitinga og reksturs. Hvað varðar rekstur eru í heildina gerðar meiri kröfur til reglna og virkni skipulegra verðbréfamarkaða. Stærsti munurinn á milli þessa tveggja tegunda markaða varðar útgefendur og fjárfesta, en reglur sem þá varða geta verið mjög ólíkar eftir því hvort um er að ræða skipulegan verðbréfamarkað eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF). Sem dæmi má nefna að reglurnar um yfirtökutilboð, reglulegar upplýsingar útgefanda, reglur um aðrar skyldur útgefanda um veitingu upplýsinga og flöggunarreglur gilda um fjármálagerninga sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði, en þær gilda ekki fyrir fjármálagerninga sem viðskipti eru aðeins með á markaðstorgum fjármálagerninga. Reglurnar ná þó til viðskipta á markaðstorgi ef viðkomandi fjármálagerningar hafa jafnframt verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Hugtakið innmiðlari er jafnframt nýmæli í lögum og byggist einkum á 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 27. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Nánar tiltekið er innmiðlari fjármálafyrirtæki sem skipulega, reglulega og kerfisbundið á í viðskiptum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan við skipulega verðbréfamarkaði og markaðstorg fjármálagerninga (MTF). Innmiðlarar eru þannig þriðji vettvangurinn þar sem kerfisbundin viðskipti með fjármálagerninga geta farið fram og reka því starfsemi sem er hliðstæð við skipulega verðbréfamarkaði og markaðstorg fjármálagerninga (MTF). Nánar er kveðið á um skyldur innmiðlara í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu auk þess sem gert er ráð fyrir að ítarleg ákvæði verði sett í reglugerð.

Kauphallir starfrækja skipulega verðbréfamarkaði, en með kauphöll er átt við aðila sem stýrir og/eða rekur skipulegan verðbréfamarkað. Samkvæmt MiFID-tilskipuninni er rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) verðbréfaviðskipti sem fjármálafyrirtæki og kauphallir geta sinnt.

Í tilskipuninni koma fram nýjar reglur um kröfur sem gerðar eru fyrir upptöku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um tímabundna og varanlega stöðvun viðskipta með fjármálagerninga. Reglurnar eiga við um alla fjármálagerninga sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði, án tillits til þess hvort gerningarnir eru opinberlega skráðir eða ekki. Reglurnar gilda því samhliða reglum sem fram koma í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf. Stórir hlutar þeirrar til-

skipunar hafa verið felldir úr gildi með þremur nýjum tilskipunum á sviði fjármálamarkaðar, en ákveðnar reglur er varða kröfur til útgefenda og útgáfu verðbréfa eru enn í gildi.

Jafnframt eru í tilskipuninni reglur um gagnsæi viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) sem og gagnsæi viðskipta sem framkvæmd eru af fjármálafyrirtækjum utan slíkra markaða. Reglunum er ætlað að tryggja eðlilega verðmyndun og seljanleika á fjármagnsmarkaðnum og þannig sporna gegn því að fjármagnsmarkaðurinn brotni upp í kjölfar þess að viðskipti dreifist á fleiri staði en áður.

**Íslensk löggjöf um kauphallir.**

Mikil þróun hefur orðið á fjármálamarkaði síðan lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, voru sett.

Viðskipti með fjármálagerninga hafa lengi verið stunduð hér á landi, en til langs tíma var markaðurinn ekki skipulegur, þar sem engar reglur giltu um það hvernig viðskiptunum skyldi háttað. Fyrstu lögin um kauphallir voru sett á árinu 1993 með lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands. Með lögunum voru í meginatriðum lögfestar þær reglur sem gilt höfðu um Verðbréfaþing Íslands, sem var skipulagður verðbréfamarkaður sem starfræktur var af Seðlabanka Íslands á grundvelli heimildar í lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10/1961. Lögum um Verðbréfaþing Íslands var breytt með lögum nr. 22/1996. Í þeim lögum var ákvæði til bráðabirgða um að skipa skyldi nefnd til að vinna að heildarendurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands með það að meginmarkmiði að afnema einkarétt þess á verðbréfaþingsstarfsemi. Lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða (kauphallarlög) voru samþykkt á árinu 1998 og féllu þar með lög um Verðbréfaþing Íslands úr gildi. Kauphallarlögunum hefur verði breytt nokkrum sinnum og hefur yfirleitt verið um minni háttar breytingar að ræða. Með lögum nr. 66/2005 var tekið upp ákvæði þar sem Fjármálaeftirlitinu var veitt heimild til að leyfa rekstur markaðstorgs og voru með lögfestingu ákvæðisins stigin fyrstu skrefin við innleiðingu MiFID-tilskipunarinnar. Nú er hins vegar ljóst að frekari innleiðing tilskipunarinnar leiðir til þess að gera þarf það umfangsmiklar breytingar á lögunum að best þykir fara á því að leggja til að sett verði ný lög um starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða, lög um kauphallir.

**Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.**

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að hugtakið skipulegur tilboðsmarkaður verði lagt af og ekki gerður greinarmunur á skipulegum verðbréfamörkuðum eftir því hvort þar fari fram viðskipti með verðbréf sem eru opinberlega skráð. Er tillaga þessi gerð í ljósi þess hversu lítill munur er orðinn á þeim reglum sem gilda um verðbréf sem verslað er með í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði.
2. Lagt er til að hugtakið kauphöll verði notað um lögaðila sem hefur leyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað.
3. Lagt er til að opinber skráning verðbréfa verði í höndum Fjármálaeftirlitsins en jafnframt er gert ráð fyrir að stofnuninni verði heimilt að fela skipulegum verðbréfamörkuðum að annast skráninguna. Samkvæmt tillögum frumvarpsins geta kauphallir valið hvort viðskipti með opinberlega skráð bréf fari fram á skipulegum verðbréfamarkaði.
4. Lagt er til að orðalagið *taka fjármálagerninga til viðskipta* verði notað um samþykki kauphallar á að viðskipti með fjármálagerninga hefjist á skipulegum verðbréfamarkaði að uppfylltum reglum hennar skv. 22. gr. Það er því gert ráð fyrir að það verði í höndum

kauphalla að ákveða hvort fjármálagerningar verði teknir til viðskipta. Þá er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á reglum um töku fjármálagerninga til viðskipta.
5. Lagt er til að lögfestar verði reglur sem stuðla eiga að auknu gagnsæi á skipulegum verðbréfamörkuðum.
6. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið veiti og afturkalli starfsleyfi skipulegra verðbréfamarkaða.
7. Lagt er til að hægt verði að taka verðbréf til viðskipta án samþykkis eða umsóknar útgefanda.

**Hugtakanotkun.**

Í frumvarpinu er leitast við að samræma hugtakanotkun við hugtakanotkun í MiFID-tilskipuninni. Þannig er lagt til að hugtakið skipulegur verðbréfamarkaður verði notað um markaðinn sjálfan en að rekstraraðili markaðarins kallist kauphöll. Þá er lagt til að í frumvarpinu verði hugtakið markaðstorg fjármálagerninga (MTF) notað yfir markaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti. Þar er markaðstorg skilgreint sem marghliða viðskiptakerfi sem starfrækt er af fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast í samræmi við IV. kafla verðbréfaviðskiptalaga. Af þessu leiðir að ekki er gert ráð fyrir að hugtakið skipulegur tilboðsmarkaður verði notað áfram og hugtakið kauphöll fær aðra merkingu. Þá er í frumvarpinu lagt til að skýr greinarmunur verði gerður á opinberri skráningu og töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, en samkvæmt gildandi lögum nær hugtakið skráning til beggja aðgerðanna.

**Skipulegur verðbréfamarkaður.**

Skilgreining á hugtakinu skipulegur verðbréfamarkaður kemur fram í 14. lið 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar og 2. gr. frumvarpsins. Þar er skipulegur verðbréfamarkaður skilgreindur sem marghliða viðskiptakerfi innan Evrópska efnahagssvæðisins sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í viðskiptakerfinu. Skilgreiningin er að mörgu leyti lík skilgreiningu á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) í 15. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar, en lagt er til að ákvæði MiFID-tilskipunarinnar um markaðstorg verði innleidd í lög um verðbréfaviðskipti með frumvarpi til nýrra laga um verðbréfaviðskipti sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Í inngangi að MiFID-tilskipuninni segir eftirfarandi í 6. lið: „Skilgreiningar á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) og skipulegs verðbréfamarkaðar skulu vera samræmdar til að endurspegla þá staðreynd að þær standa fyrir sömu viðskiptastarfsemi. Skilgreiningarnar skulu útiloka tvíhliða markaðskerfi þar sem verðbréfafyrirtækið stofnar til sérhverra viðskipta fyrir eigin reikning en ekki sem áhættulaus mótaðili sem stendur á milli kaupanda og seljanda. Hugtakið „viðskiptakerfi“ nær yfir alla markaði sem samanstanda af reglum og vettvangi til viðskipta sem og þeirra sem aðeins starfa á grundvelli reglna. Skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga (MTF) ber ekki skylda til að starfrækja „tæknilegt“ viðskiptakerfi til að para fyrirmæli. Markaður, sem samanstendur aðeins af reglum um þætti sem tengjast aðild, töku gerninga til viðskipta, viðskipti milli aðila, tilkynningar og, þar sem við á, kvaðir um gagnsæi, er skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) í skilningi þessarar tilskipunar og viðskiptin sem fara fram samkvæmt þessum reglum teljast hafa farið fram í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga

(MTF).“ Ákvæði skilgreiningarinnar um að leiða saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga ber að túlka víðtækt og nær til fyrirmæla um viðskipti, kaup- og sölutilboð og kaupeða söluáhuga (e. *indication of interest*). Með ófrávíkjanlegum reglum er átt við að sá aðili sem starfrækir markaðstorgið getur ekki haft áhrif á hvernig tilboð parast. Skilgreiningin nær til allra skipulegra verðbréfamarkaða með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Í gildandi rétti falla hins vegar kauphallir, skipulegir tilboðsmarkaðir, kauphallir og aðrir verðbréfamarkaðir innan Evrópska efnahagassvæðisins og ákveðnir markaðir utan Evrópska efnahagssvæðisins undir skilgreiningu á skipulegum verðbréfamarkaði. Því fela tillögur frumvarpsins í sér nokkrar breytingar.

**Taka fjármálagerninga til viðskipta og opinber skráning.**

Eins og áður segir er lagt til í frumvarpinu að gerður verði greinarmunur á milli opinberrar skráningar verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað (e. *official listing*) og töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað (e. *admission to trading*). Gildandi lög gera ekki skýran greinarmun á þessum tveimur aðgerðum þar sem hugtakið *skráning* er látið ná til þeirra beggja. Byggist tillagan á ákvæðum MiFID-tilskipunarinnar sem og öðrum nýlegum tilskipunum Evrópusambandsins um viðskipti með verðbréf. Nær gildissvið þessara tilskipana til fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, hvort sem þeir eru opinberlega skráðir eða ekki. Er í þessu sambandi vísað m.a. til gagnsæistilskipunar 2004/109/EB, lýsingatilskipunar 2003/71/EB, yfirtökutilskipunar 2004/25/EB og markaðssvikatilskipunar 2003/6/EB, en áður afmörkuðust helstu reglur verðbréfamarkaðarins við verðbréf sem voru opinberlega skráð samkvæmt kauphallartilskipun 2001/34/EB.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði falið að annast opinbera skráningu fjármálagerninga sem lögbært stjórnvald, en taka fjármálagerninga til viðskipta verði í höndum kauphalla sem reka skipulegan verðbréfamarkað. Hugtakið *taka fjármálagerninga til viðskipta* fellur að hugtakanotkun MiFID-tilskipunarinnar og framangreindra tilskipana, sem og hugtakanotkun á hinum Norðurlöndum (danska *optagelse til handel;* sænska *upptagande till handel;* norska *opptak til handel*). Þá er þessa orðanotkun að finna í gildandi lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra verðbréfamarkaða.

Við gildistöku laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða giltu í ýmsum atriðum aðrar og strangari reglur um viðskipti sem fram fóru á mörkuðum þar sem verðbréf voru opinberlega skráð (í kauphöllum) samanborið við skipulega tilboðsmarkaði þar sem fóru fram viðskipt með verðbréf sem ekki voru opinberlega skráð. Þessi munur er nú að mestu horfinn með tilkomu nýrra reglna sem teknar hafa verið upp í íslenskan rétt í kjölfar þeirra tilskipana sem að framan er getið. Í ljósi þessa er lagt til að fallið verði frá þeirri aðgreiningu sem gerð er samkvæmt gildandi rétti á skipulegum verðbréfamörkuðum eftir því hvort þar fari fram viðskipti með fjármálagerninga sem eru opinberlega skráðir eða ekki. Er þannig lagt til að hugtakið skipulegur tilboðsmarkaður verði fellt úr lögum.

Lagt er til að opinber skráning verðbréfa verði skilgreind í frumvarpinu sem skráning Fjármálaeftirlitsins á verðbréfum á opinberan lista, að uppfylltum þeim kröfum sem gerðar eru til slíkrar skráningar. Byggist ákvæðið á kauphallartilskipun 2001/34/EB þar sem kveðið er á um að opinber skráning skuli framkvæmd af lögbæru yfirvaldi. Í opinberri skráningu felst könnun á því hvort verðbréf uppfylli þá samræmdu evrópsku skilmála sem fjallað er um í tilskipuninni. Nánar verður kveðið á um opinbera skráningu og skilyrði hennar í reglugerð.

Þar sem kauphallir samkvæmt frumvarpi þessu eru aðilar einkaréttarlegs eðlis þykir ekki rétt að þær gegni hlutverki lögbærs yfirvalds. Er því lagt til að opinber skráning verði færð

frá kauphöll þar sem hún er nú og til Fjármálaeftirlitsins. Þó er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt með samningi að fela skipulegum verðbréfamörkuðum að annast opinbera skráningu. Er fyrirkomulagi opinberrar skráningar að þessu leyti fyrir komið með sama hætti og staðfestingu lýsinga, sbr. 30. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti.

Gert er ráð fyrir að þær kröfur sem gerða verði til opinberrar skráningar verði að mestu þær sömu og gerðar eru í dag samkvæmt reglugerð nr. 246/2006 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll. Þá má almennt gera ráð fyrir að kröfur til opinberrar skráningar gangi lengra en reglur kauphallar um töku til viðskipta. Því muni einkum stærri útgefendur verðbréfa óska eftir opinberri skráningu. Fjármálagerningar sem fengið hafa opinbera skráningu munu sjálfkrafa teljast vera án takmarkana og uppfylla skilyrði um að hægt sé að stunda viðskipti með þá á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt í skilningi 22. gr. frumvarpsins. Opinber skráning verður þó ekki skilyrði fyrir því að verðbréf séu tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eins og þegar hefur komið fram.

Þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ganga skemur en kröfur sem gerðar eru til opinberrar skráningar. Kauphöll getur þó ávallt gert ríkari kröfur í reglum sínum skv. 22. gr. frumvarpsins. Gerð er krafa um að fjármálagerningar séu þess eðlis að hægt sé að stunda viðskipti með þá á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt. Þegar um verðbréf er að ræða er jafnframt gert að skilyrði að viðskipti með þau séu án takmarkana. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um þau skilyrði sem fjármálagerningar þurfa að uppfylla til að vera teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði verði sett í reglugerð á grundvelli 35.–37. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006/EB.

Ákvæði um viðskipti með fjármálagerninga á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) er að finna í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Þar er meðal annars kveðið á um að fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem reki markaðstorg fjármálagerninga skuli setja reglur um þau skilyrði sem fjármálagerningar þurfa að uppfylla svo viðskipti geti farið fram með þá á markaðstorginu. Reglur um opinbera skráningu verðbréfa og töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði gilda hins vegar ekki um markaðstorg. Rekstraraðilum markaðstorgs er þannig veitt svigrúm með eigin reglusetningu til að ákveða sjálfir hvaða skilyrði fjármálagerningar skuli uppfylla en tryggja skal að aðilar að markaðstorginu hafi aðgang að nægjanlegum opinberum upplýsingum til að geta tekið fjárfestingarákvarðanir. Séu fjármálagerningar hins vegar teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða opinberlega skráðir auk þess að verslað sé með á þá markaðstorgi verða þeir að sjálfsögðu að uppfylla viðeigandi reglur í því sambandi.

**Taka til viðskipta án samþykkis útgefanda.**

Í frumvarpinu er lagt til það nýmæli að kauphöll geti tekið fjármálagerninga til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað án samþykkis eða umsóknar útgefanda. Ákvæðið byggist á 5. mgr. 40. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Skilyrði þess að heimilt sé að taka verðbréf til viðskipta án samþykkis útgefanda er að verðbréfin hafi verði tekin til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi eða annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Með því er tryggt að útgefandi verðbréfanna hafi uppfyllt skilyrði um upplýsingagjöf, þrátt fyrir að hann hafi ekki óskað eftir skráningu, þar sem honum ber skylda til að veita nauðsynlegar lágmarksupplýsingar á þeim markaði sem verðbréfin eru skráð. Í MiFID-tilskipuninni er ekki að finna sambærilegar reglur hvað varðar aðrar tegundir fjármálagerninga en verðbréf. Taka slíkra fjármálagerninga til viðskipta án samþykkis útgefanda er þó einfaldari þar sem ekki

hvílir sama upplýsingaskylda á útgefanda og varðandi verðbréf. Er því gert ráð fyrir að taka slíkra fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda sé heimil og gildi þá ekki skilyrðið um að viðkomandi fjármálagerningar séu teknir til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði.

**Aukið gagnsæi.**

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði reglur um gagnsæi sem byggjast á 44. og 45. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Gert er ráð fyrir að reglur um gagnsæi verði tvenns konar. Annars vegar er um að ræða ákvæði um upplýsingagjöf skipulegs verðbréfamarkaðar um tilboð (e. *pre-trade transparency*), en tilgangur þess er að auðvelda fjárfestum eða markaðsaðilum að meta forsendur viðskipta með hlutabréf sem þeir eru með í skoðun. Felst ákvæðið í því að lögð er sú skylda á kauphallir að birta opinberlega og samfellt upplýsingar um kaup- og sölutilboð og umfang tilboða fyrir hlutabréf í viðskiptakerfi markaðarins. Skulu upplýsingarnar birtar samfellt á almennum opnunartíma skipulegra verðbréfamarkaða og skulu þær vera aðgengilegar almenningi á sanngjörnum viðskiptakjörum.

Hins vegar er um að ræða upplýsingagjöf skipulegs verðbréfamarkaðar um viðskipti (e. *post-trade transparency*). Tilgangur þeirra ákvæða er að auðvelda fjárfestum eða markaðsaðilum að sannreyna eftir á með hvaða skilmálum viðskipti með hlutabréf fóru fram. Því er lagt til að lögfestar verði reglur um birtingu upplýsinga um viðskipti með hlutabréf. Felast reglurnar í því að sú kvöð er lögð á kauphöll að birta opinberlega upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta sem farið hafa fram með hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Upplýsingar þessar skulu birtar á sanngjörnum viðskiptakjörum og eins nálægt rauntíma og mögulegt er.

Reglur þessar byggjast á þeirri öru þróun sem hefur átt sér stað varðandi viðskipti með fjármálagerninga. Í Evrópu sem og annars staðar var hlutverk markaða og millilíða í föstum skorðum. Þegar ISD-tilskipunin var samþykkt höfðu kauphallir víða einkaleyfi á skipulegum viðskiptum með verðbréf. Millilíðirnir kepptu innbyrðis í þjónustu við fjárfesta og útgefendur. Þessi aðgreining markaða annars vegar og millilíða hins vegar kom einnig fram í skýrri aðgreiningu á þeim reglum sem um starfsemina gilti. Eftir samþykkt ISD-tilskipunarinnar hefur fjármálamarkaðurinn orðið flóknari og hafa mörkin milli markaða og millilíða orðið óljós. Upplýsingatæknin hefur leitt til þess að lággjaldaviðskiptakerfi hafa í ýmsum tilvikum tekið yfir hlutverk kauphalla og kauphallir hafa aðlagast samkeppninni. Afleiðingin er sú að nú eru fleiri leiðir til að framkvæma viðskiptafyrirmæli. Kauphallir eru því ekki lengur stofnanir sem þjóna sem allsherjarmiðstöð verðbréfaviðskipta hvers ríkis, heldur eru þær nú í samkeppni sín á milli um straum viðskipta. Jafnframt eru kauphallir í samkeppni við ný viðskiptakerfi og viðskipti innan fjármálafyrirtækja. Þessi þróun leiðir til þess að viðskipti dreifast á fleiri staði sem getur haft slæm áhrif á verðmyndun og seljanleika. Til að vega á móti þessum áhrifum eru í MiFID-tilskipuninni ákvæði um gagnsæi viðskipta.

**Eftirlit.**

Lagt er til að Fjármálaeftirlitið hafi eftir sem áður eftirlit með starfsemi kauphalla. Þó er lögð til sú breyting að Fjármálaeftirlitinu verði falið að veita starfsleyfi til reksturs skipulegra verðbréfamarkaða og afturkalla slík starfsleyfi, en samkvæmt gildandi lögum er veiting og afturköllun starfsleyfa kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða í höndum ráðherra.

Ákvæði MiFID-tilskipunarinnar um eftirlit og lögbær yfirvöld sem sinna skulu þessu eftirliti eru í 48. gr. Samkvæmt þeim skal tilnefna lögbær yfirvöld í hverju ríki sem sinna þeim

skyldum sem kveðið er á um í tilskipuninni. Þykir eðlilegt að allt eftirlit og stjórnsýsla sem tengist skipulegum verðbréfamörkuðum verði falin Fjármálaeftirlitinu, en stofnunin er í góðum tengslum við erlendar eftirlitsstofnanir á sviði fjármálamarkaðar, sem er mjög mikilvægt til að eftirlitsstjórnvöld geti unnið saman og veitt hvort öðru upplýsingar í samræmi við ákvæði 49. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Í MiFID-tilskipuninni er að hluta til að finna ný ákvæði um hvaða eftirlits- og viðurlagaheimildir eftirlitsstjórnvöld skulu hafa. Fjármálaeftirlitið hefur nú þegar flestar þessara heimilda þar sem svipuð ákvæði hafa nýlega verið lögfest hér á landi við innleiðingu tilskipana um markaðssvik, útboðs- og skráningarlýsingar og yfirtökur. Endurskoðun á heimildum Fjármálaeftirlitsins til eftirlits og beitingar viðurlaga hefur nýlega átt sér stað, sbr. lög nr. 67/2006.

Í 50. og 51. gr. MiFID-tilskipunarinnar er kveðið á um hvaða heimildir eftirlitsstjórnvöld skulu hafa. Á grundvelli 1. mgr. 50. gr. skal eftirlitsstjórnvald hafa allar þær eftirlits- og rannsóknarheimildir sem það þarf á að halda til að geta uppfyllt skyldur sínar. Tilgangur þess að kveða á um lágmarksvaldheimildir eftirlitsstjórnvalda í tilskipuninni er að bæta samleitni valdheimilda eftirlitsstjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu og stuðla jafnframt að sambærilegri fullnustu og skilvirkara eftirliti á fjármálamarkaði. Í 2. mgr. 50. gr. er kveðið á um að um beitingu heimildanna skuli fara eftir landsrétti hvers ríkis. Meðal þeirra heimilda sem taldar eru upp í greininni er réttur til að fá aðgang að gögnum, krefjast upplýsinga, gera vettvangsrannsóknir og krefjast þess að endi sé bundinn á ólögmæta háttsemi. Einnig skal eftirlitsstjórnvald hafa heimildir til að krefjast þess að fjármunir verði frystir eða gerðir upptækir auk heimildar til að krefjast afskráningar fjármálagerninga. Í 51. gr. MiFID-tilskipunarinnar er kveðið á um stjórnsýsluviðurlög. Samkvæmt ákvæðinu skal eftirlitsstjórnvald hafa heimild til að gera viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir eða beita stjórnsýsluviðurlögum gagnvart aðilum sem brotið hafa gegn ákvæðum sem byggjast á tilskipuninni. Þá skal lögfesta viðurlög vegna skorts á samstarfsvilja við rannsókn. Loks er í 3. mgr. 51. gr. kveðið á um að eftirlitsstjórnvaldi skuli heimilt að birta opinberlega upplýsingar um allar ráðstafanir eða viðurlög sem beita skal við broti á ákvæðum sem byggjast á tilskipuninni.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um I. kafla

Í I. kafla er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Þá eru í kaflanum skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að gilda um kauphallir og skipulega verðbréfamarkaði. Því falla undir frumvarpið íslenskar kauphallir og skipulegir verðbréfamarkaðir og erlendar kauphallir og skipulegir verðbréfamarkaðir sem starfa hér á landi. Þá ná ákvæði frumvarpsins einnig til starfsemi íslenskra kauphalla erlendis. Í II. kafla frumvarpsins er að finna nánari afmörkun á því hvenær um er að ræða starfsemi sem kauphöll er einungis heimilt að stunda, en þar er kveðið á um veitingu starfsleyfis til að reka skipulegan verðbréfamarkað.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er að finna orðskýringar á helstu hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu. Skilgreiningar hugtaka eru nokkuð breyttar frá núgildandi lögum í samræmi við þær breytingar sem felast í frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er að finna í ákvæðinu skilgreiningu á hugtakinu *kauphöll*. Er kauphöll skilgreind sem hlutafélag sem fengið hefur leyfi á grundvelli laganna til að reka skipulegan verðbréfamarkað. Skilgreiningin er í samræmi við ákvæði 3. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að starfsemi sú sem kveðið er á um í frumvarpinu sé einungis heimil hlutafélagi sem hlotið hefur starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins. Þá er í 6. gr. kveðið á um að einungis félögum sem hlotið hafa starfsleyfi sé heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið kauphöll. Í III. kafla laganna eru nánari ákvæði um stofnun og starfsemi kauphalla. Í núgildandi lögum telst kauphöll ein tegund skipulegra verðbréfamarkaða og er skilgreind sem markaður, þar sem opinber skráning fjármálagerninga og viðskipti með þá fara fram, sem hlotið hefur starfsleyfi. Því felur frumvarpið í sér allnokkra breytingu að þessu leyti.

Í öðru lagi er hugtakið *skipulegur verðbréfamarkaður* skilgreint í greininni. Telst skipulegur verðbréfamarkaður samkvæmt skilgreiningunni marghliða viðskiptakerfi innan Evrópska efnahagssvæðisins sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í viðskiptakerfinu. Byggist skilgreiningin að mestu á skilgreiningu 14. liðar 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Að öðru leyti er vísað um skýringar á hugtakinu til umfjöllunar í almennum athugasemdum.

Þriðja hugtakið sem skilgreint er í 2. gr. er *markaðstorg fjármálagerninga (MTF)*, en það hugtak er nýmæli í kauphallarlögum og byggist það á skilgreiningu 15. liðar 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar á hugtakinu *markaðstorg*. Gert er ráð fyrir að reglur um markaðstorg fjármálagerninga verði í verðbréfaviðskiptalögum og er vísað til þeirra laga um skilgreiningu á hugtakinu. Í frumvarpi til nýrra laga um verðbréfaviðskipti, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er markaðstorg fjármálagerninga skilgreint sem marghliða viðskiptakerfi sem starfrækt er af fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast í samræmi við IV. kafla laganna.

Hugtökin *opinber skráning* og *taka fjármálagerninga til viðskipta* eru einnig skilgreind í ákvæðinu. Með opinberri skráningu í frumvarpinu er átt við skráningu Fjármálaeftirlitsins á verðbréfum á opinberan lista, að uppfylltum þeim kröfum sem gerðar eru til slíkrar skráningar. Fjallað er um opinbera skráningu í 26. gr. frumvarpsins. Með töku fjármálagerninga til viðskipta er hins vegar átt við samþykki kauphallar á að viðskipti með fjármálagerninga hefjist á skipulegum verðbréfamarkaði að uppfylltum reglum hennar skv. 22. gr. Fjallað er um töku til viðskipta í 22. og 23. gr. frumvarpsins. Í gildandi lögum er opinber skráning skilgreind sem skráning til opinberra viðskipta og verðskráningar í kauphöll á grundvelli samræmdra skilmála um verðbréf og útgefendur þeirra sem staðfestir hafa verið af stjórnvöldum. Því felur frumvarpið í sér nokkrar breytingar hvað varðar skráningu. Um nánari afmörkun á hugtökunum er vísað til umfjöllunar í almennum athugasemdum.

Hugtakið *markaðsaðili* er einnig skilgreint í 2. gr. frumvarpsins, en með markaðsaðila er átt við aðila sem rétt hefur til að setja fram tilboð og eiga viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði. Skilgreiningin er óbreytt frá gildandi lögum.

Hugtökin *fjármálagerningur* og *verðbréf* eru skilgreind í ákvæðinu á þann hátt að vísað er til skilgreininga á hugtökunum í lögum um verðbréfaviðskipti. Sams konar tilvísun er í nú-

gildandi lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í frumvarpi til nýrra laga um verðbréfaviðskipti, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er hugtakið fjármálagerningur skilgreint í 2. tölul. 2. gr. og er skilgreiningin í samræmi við C-þátt í I. viðauka við MiFID-tilskipunina. Þar sem verbréf telst fjármálagerningur felst skilgreining á því hugtaki í skilgreiningunni á fjármálagerningi. Skilgreining á fjármálagerningi er eftirfarandi í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti: Með fjármálagerningi er í fyrsta lagi átt við verðbréf, þ.e. þau framseljanlegu verðbréf sem hægt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjölum, svo sem hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélögum eða öðrum lögaðilum og heimildarskírteini fyrir hlut, skuldabréf eða skuld á verðbréfaformi, þ.m.t. heimildarskírteini vegna slíkra verðbréfa og önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja verðbréf eða leiða til uppgjörs í reiðufé sem ræðst af verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum eða ávöxtunarkröfum, hrávörum eða öðrum vísitölum eða mælikvörðum. Í öðru lagi teljast til fjármálagerninga öll peningamarkaðsskjöl, þ.e. þeir flokkar gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, svo sem ríkisvíxlar, innlánskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Í þriðja lagi falla hlutdeildarskírteini undir skilgreiningu á fjármálagerningi. Í fjórða lagi er með fjármálagerningi átt við valréttarsamninga, framtíðarsamninga, skiptasamninga, framvirka vaxtarsamninga og aðrar afleiður sem byggjast á verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum, ávöxtunarkröfu, öðrum afleiðum, fjárhagslegum vísitölum eða fjárhagslegum viðmiðum sem gera má upp efnislega eða með reiðufé. Í fimmta lagi falla hrávöruafleiður undir skilgreiningu á fjármálagerningi. Þá teljast afleiður til yfirfærslu lánaáhættu til fjármálagerninga. Í sjöunda lagi tekur hugtakið fjármálagerningur til samninga um fjárhagslegan mismun og í áttunda og síðasta lagi teljast aðrar afleiður en hér hafa verið nefndar fjármálagerningar ef þær hafa sömu eiginleika og framannefndar afleiður.

Þá er hugtakið *innmiðlari* (e. *systematic internaliser*) skilgreint sem fjármálafyrirtæki sem starfar sem innmiðlari samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Í frumvarpi til verðbréfaviðskiptalaga sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu er hugtakið innmiðlari skilgreint sem fjármálafyrirtæki sem skipulega, reglulega og kerfisbundið á í viðskiptum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan við skipulega verðbréfamarkaði og markaðstorg fjármálagerninga (MTF). Að öðru leyti er vísað til þess frumvarps um nánari skýringar.

Loks er hugtakið *náin tengsl* skilgreint sem tengsl milli aðila samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki. Náin tengsl eru skv. 2. mgr. 18. gr. þeirra laga, þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast gegnum viðskiptahagsmuni, þ.e. beint eða óbeint eignarhald á minnst 20% hlutafjár eða yfirráð yfir 20% af atkvæðisrétti fyrirtækis; eða yfirráð, þ.e. tengsl á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis; einnig skal litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækisins sem er í forsvari fyrir þessi fyrirtæki. Þá er kveðið á um í 3. mgr. 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki að þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir sömu persónunni með yfirráðatengslum skuli einnig litið á það sem náin tengsl milli aðila.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um leyfi til að reka skipulegan verbréfamarkað. Koma þar fram skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis, hvernig umsókn um starfsleyfi skal háttað og reglur um meðferð Fjármálaeftirlits á umsókn um starfsleyfi. Þá eru í kaflanum ákvæði um aftur-

köllun starfsleyfis og einkarétt félaga sem hlotið hafa starfsleyfi til að nota orðin kauphöll og verðbréfamarkaður í nafni sínu eða til skýringar á starfsemi sinni. Loks er í kaflanum reglugerðarheimild.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um skilyrði til þess að starfrækja skipulegan verðbréfamarkað. Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfi til reksturs skipulegs verðbréfamarkaðar, en skv. 1. mgr. er aðeins hlutafélagi sem hefur slíkt leyfi heimilt að reka skipulegan verðbréfamarkað. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 36. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Í gildandi lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða er kveðið á um það að viðskiptaráðherra veiti starfsleyfi samkvæmt lögunum að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Eðlilegt þykir að leggja til þá breytingu að Fjármálaeftirlitið veiti starfsleyfið þar sem það telst lögbært yfirvald í skilningi 22. liðar 1. mgr. 4. gr. og 48. gr. MiFID-tilskipunarinnar og fer með eftirlit með því að starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða sé í samræmi við lög og reglur, sbr. VII. kafla frumvarpsins.

Starfsleyfi til að starfrækja skipulegan verðbréfamarkað nær til allrar starfsemi sem tengist meðferð viðskiptafyrirmæla frá því að slík fyrirmæli eru móttekin á skipulegum verðbréfamarkaði og þangað til að þau eru leidd til lykta og til starfsemi sem felst í því að taka fjármálagerninga til viðskipta. Starfsleyfi tekur einnig til viðskipta sem fara fram í gegnum viðskiptavaka, sem skipulegur markaður tilnefnir, og samkvæmt markaðskerfum hans og í samræmi við reglurnar sem gilda um þau kerfi.

Í 2. málsl. 1. mgr. er upptalning á þeim skilyrðum sem uppfylla þarf til að fá útgefið starfsleyfi samkvæmt ákvæðinu. Það er í fyrsta lagi skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis að samþykktir viðkomandi félags séu í samræmi við ákvæði laga og að ekki þyki ástæða til að ætla annað en að það muni reka starfsemina lögum samkvæmt. Í öðru lagi má ekki gefa út starfsleyfi fyrr en hlutafé, sem kveðið er á um í 8. gr. frumvarpsins, hafi verði greitt að fullu. Sambærilegt ákvæði er nú í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í þriðja lagi skulu þeir sem eiga eða koma til með að eiga virkan eignarhlut í hlutafélaginu vera hæfir til að fara með eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs skipulegs verðbréfamarkaðar. Þá má ekki vera ástæða til að ætla að þeir muni koma í veg fyrir að starfsemin verði rekin í samræmi við ákvæði frumvarpsins og aðrar reglur sem gilda um starfsemina. Í fjórða og síðasta lagi skal umsækjandi uppfylla önnur skilyrði sem koma fram í frumvarpinu.

Ákvæði greinarinnar kemur ekki í veg fyrir að skipulegir verðbréfamarkaðir með starfsleyfi frá öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu geri viðeigandi ráðstafanir hér á landi í þeim tilgangi að auðvelda þátttöku í viðskiptum á markaðnum eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF). Slíkar ráðstafanir eru þó háðar því skilyrði að áður hafi eftirlitsstjórnvald viðkomandi ríkis sent Fjármálaeftirlitinu tilkynningu þar um, sbr. 6. mgr. 42. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Í frumvarpinu eru engin ákvæði um rétt kauphalla með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu til að stofna útibú hér á landi eða veita þjónustu án stofnunar útibús með sama hætti og kveðið er á um í lögum um fjármálafyrirtæki. Byggist það á því að kauphallir njóta ekki gagnkvæmrar viðurkenningar í Evrópurétti (stundum nefnt Evrópupassi) með sama hætti og fjármálafyrirtæki. Með tilkomu upplýsingatækninnar er kauphöllum hins vegar mögulegt að veita þjónustu sína innan Evrópska efnahagssvæðisins með milligöngu fjármálafyrirtækja.

Ákvæði greinarinnar kemur ekki í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið veiti hlutafélagi með staðfestu erlendis leyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfir er að viðkomandi félag hafi útibú hér á landi og að það hafi leyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað í heimalandi sínu. Þá er það skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis að umrædd starfsemi þess sé háð eftirliti lögbærra yfirvalda í heimaríkinu. Um starfsemina og eftirlit með henni fer eftir lögum hér á landi. Að þessu leyti gilda því svipuð skilyrði og fyrir því að fjármálafyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins stofni útibú eða veiti þjónustu hér á landi, sbr. 33. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er að finna reglur um umsókn um starfsleyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað.

Í 1. mgr. er kveðið á um form og innihald umsóknar. Þar kemur fram að umsókn um starfsleyfi skuli vera skrifleg. Þá er kveðið á um það að í umsókn skuli koma fram nægar upplýsingar til að unnt sé að meta hvort skilyrðum um veitingu starfsleyfis sem fram koma í 3. gr. sé fullnægt. Loks er kveðið á um í tíu töluliðum hvaða upplýsingar og gögn skuli fylgja umsókn.

Í 2. mgr. er kveðið á um meðferð Fjármálaeftirlitsins á umsókn um starfsleyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað. Þar kemur fram að Fjármálaeftirlitið skuli tilkynna umsækjanda um niðurstöðu meðferðar umsóknar ekki seinna en þremur mánuðum eftir fullbúin umsókn barst. Ef Fjármálaeftirlitið synjar umsókn um starfsleyfi skal ákvörðunin rökstudd. Í gildandi kauphallarlögum er kveðið á um að niðurstaða um umsókn skuli liggja fyrir innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn barst og er því lagt til að stytta frestinn í þrjá mánuði. Er með þessu gerð tillaga að meiri málshraða en gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Loks er í 4. mgr. ákvæði um breytingar á samþykktum félags sem rekur skipulegan verðbréfamarkað. Lagt er til að slík félög þurfi að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á samþykktum félagsins með fjögurra vikna fyrirvara.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu koma fram reglur um afturköllun starfsleyfis til að reka skipulegan verðbréfamarkað. Ákvæðið byggist á 5. mgr. 36. gr. MiFID-tilskipunarinnar og er að nokkru leyti í samræmi við 37. og 38. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Ákvæðið felur í sér þá breytingu frá gildandi rétti að lagt er til að það verði Fjármálaeftirlitið sem hafi heimild til þess að afturkalla leyfi en ekki viðskiptaráðherra. Að öðru leyti svara heimildir 2.–6. tölul. efnislega til 1.–5. tölul. 37. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra verðbréfamarkaða. Til viðbótar þessum heimildum er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði í 1. tölul. 5. gr. þess efnis að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að afturkalla starfsleyfi nýti fyrirtæki ekki starfsleyfi innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér því ótvírætt eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfellt.

Í 1. mgr. koma fram skilyrði fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti afturkallað starfsleyfi kauphallar í heild eða að hluta. Nægir í því sambandi að eitt af skilyrðum þeim sem fram koma í ákvæðinu sé uppfyllt. Skilyrði ákvæðisins eru í samræmi við 5. mgr. 36. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið geti í fyrsta lagi afturkallað starfsleyfi hlutafélags sem fengið hefur leyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað ef félagið hefur ekki nýtt sér starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, ef félagið afsalar sér leyfinu með ótvíræðum hætti eða hættir starfsemi skipulegs verðbréfamarkaðar í meira en sex mán-

uði samfellt. Er þetta nýmæli í íslenskum lögum. Í öðru lagi má afturkalla starfsleyfi ef í ljós kemur að félag hefur fengið starfsleyfi á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt. Í núgilandi lögum er svipað ákvæði í 1. tölul. 37. gr. sem kveður á um heimild til afturköllunar starfsleyfis hafi leyfisveiting byggst á röngum skýrslum eða upplýsingum leyfishafa eða verið aflað með öðrum ólögmætum hætti. Í þriðja lagi má afturkalla starfsleyfi ef félag fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir veitingu starfsleyfis. Ákvæðið byggist á 5. mgr. 36. gr. MiFID-tilskipunarinnar og er nýmæli. Í fjórða lagi er Fjármálaeftirlitinu heimilt að afturkalla starfsleyfi í heild eða að hluta ef félagið hefur brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum eða reglum sem gilda um starfsemina. Sambærilegt ákvæði er nú í 2. tölul. 37. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í fimmta lagi er afturköllun starfsleyfis heimil ef stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri fullnægja ekki skilyrðum 11. gr. frumvarps þessa þar sem fram koma hæfisskilyrði stjórnar félagsins og framkvæmdastjóra þess eða ef rekstur leyfishafa er óstarfhæfur vegna ákvæða 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins, en þar er kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins til afskipta ef hluthafi, sem fer með beina eða óbeina hlutdeild í kauphöll sem nemur að minnsta kosti 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti eða minna ef hún felur í sér veruleg áhrif á stjórn félagsins, fer þannig með hlut sinn að það skaði heilbrigðan og traustan rekstur félagsins að mati Fjármálaeftirlitsins. Hliðstætt ákvæði er í 3. tölul. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í sjötta lagi má afturkalla starfsleyfi ef Fjármálaeftirlitið metur það svo að náin tengsl leyfishafa við einstaklinga eða lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum eða skaði trúverðugleika markaðarins eða að lög og reglur sem um þá aðila gilda hindri eðlilegt eftirlit. Svipað ákvæði er í 4. tölul. 37. gr. gildandi kauphallarlaga. Loks er heimilt að afturkalla starfsleyfi ef bú leyfishafa hefur verði tekið til gjaldþrotaskipta eða félaginu verið slitið af öðrum ástæðum. Ákvæðið er samhljóða 5. tölul. 37. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Ekki er lengur gert ráð fyrir að hlutaðeigandi leyfishafa hafi verið veittur kostur á að leysa úr málinu áður en starfsleyfi er afturkallað, sbr. 2. mgr. 37. gr. gildandi kauphallarlaga. Byggist breytingin á ákvæðum 5. mgr. 36. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Fjármálaeftirlitinu ber að sjálfsögðu að fara að ákvæðum stjórnsýslulaga við ákvörðun um afturköllun starfsleyfis.

Í 2. mgr. er kveðið á um að stjórn leyfishafa skuli tilkynnt um afturköllun starfsleyfis til reksturs skipulegs verðbréfamarkaðar. Afturköllun skal rökstudd skriflega. Þá skal birta tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum. Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 38. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um einkarétt félaga sem hlotið hafa starfsleyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað til að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin kauphöll og verðbréfamarkaður. Mikilvægt er að ekki skapist hætta á ruglingi á þeim aðilum sem uppfyllt hafa skilyrði frumvarpsins til útgáfu starfsleyfis og starfa munu á grundvelli þeirra og öðrum aðilum sem ekki hafa slíkt leyfi. Sambærileg ákvæði eru í fleiri lögum á fjármálamarkaði, t.d. lögum um fjármálafyrirtæki.

Greinin kemur í stað 8. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Sá munur er á frumvarpsgreininni og gildandi rétti að nú er þeim félögum einum, sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin kauphöll og verðbréfamarkaður. Í 8. gr. laga

nr. 34/1998 eru aftur á móti notuð orðin kauphöll og skipulegur tilboðsmarkaður. Er breytingin í samræmi við breytta hugtakanotkun í frumvarpinu.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um umsókn, veitingu og afturköllun starfsleyfis.

Um III. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um stofnun og starfsemi kauphalla. Þar er að finna reglur um hlutafé og ákvæði um starfsábyrgð skipulegs verðbréfamarkaðar. Einnig er í kaflanum kveðið á um skyldur kauphalla og hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra kauphallar. Þá eru í kaflanum ákvæði um hlutafjáreign og viðskipti starfsmanna, þagnarskyldu stjórnarmanna og starfsmanna kauphallar, aðra starfsemi sem kauphöll er heimilt að stunda og starfsemi skipulegs verðbréfamarkaðar í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Loks eru í kaflanum reglur um ársreikninga kauphalla, hagtölugerð og veitingu upplýsinga og virkan eignarhlut í kauphöll.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutafé kauphallar, en með kauphöll er átt við hlutafélag sem fengið hefur leyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað.

Í 1. mgr. er kveðið á um að innborgað hlutafé kauphallar skuli að lágmarki nema 65 milljónum króna. Samkvæmt ákvæðinu skal innborgað hlutafé þó aldrei nema lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 evrum. Er það í samræmi við þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til verðbréfafyrirtækja í 3. mgr. 14. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 9. gr. tilskipunar ESB nr. 2006/49, um eiginfjárkröfur, og er fjárhæðin í íslenskum krónum því háð gengi evru eins og það er skráð á hverjum tíma. Ákvæðið er hliðstætt ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. gildandi laga, en í MiFID-tilskipuninni er ekki að finna ákvæði um lágmarkshlutafé kauphalla, þar er aðeins kveðið á um það í 39. gr. að til staðar skuli vera nægilegt fjármagn til að greiða fyrir skipulegri starfsemi að teknu tilliti til eðlis og umfangs viðskiptanna sem fara fram á markaðnum og þess hvers eðlis og hversu mikil áhættan er á markaðnum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt í einstökum tilvikum að ákveða hærra lágmarkshlutafé kauphallar. Við slíka ákvörðun skal hafa hliðsjón af umfangi reksturs og áhættuþátta sem honum fylgja. Auk þess skal hafa hliðsjón af kröfum 10. gr., en þar er kveðið á um skyldur kauphallar.

Þá er í 3. mgr. kveðið á um að bókfært eigið fé kauphallar megi á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1. mgr. eða ákveðið í samræmi við 2. mgr. Ákvæðið er að mestu samhljóða 8. mgr. 14. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Um 9. gr.

Hér er gerð sú krafa til þeirra er hljóta starfsleyfi til að reka kauphöll að þeir hafi ávallt í gildi starfsábyrgðartryggingu til þess að bæta tjón sem rekja má til gáleysis í starfsemi kauphallarinnar eða starfsmanna hennar. Samhljóða ákvæði er nú í 30. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Í 2. mgr. er kveðið á um að vátryggingar þær sem mælt er fyrir um í greininni skuli bæta tjón sem numið getur allt að 50 milljónum króna vegna hvers tjónsatburðar. Heildarfjárhæð innan hvers tryggingarárs skal þó vera allt að 100 milljónum króna. Ákvæðið er samhljóða

2. mgr. 30. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að fjárhæðirnar hafa verði hækkaðar í samræmi við þá verðlagsþróun sem orðið hefur frá setningu laganna á árinu 1998.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldur kauphallar og þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til skipulags kauphallar. Ákvæðið er innleiðing á 39. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Ákvæði um hlutverk kauphallar eru nú í 11. gr. gildandi laga og eru þau nokkuð frábrugðin 10. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 39. gr. MiFID-tilskipunarinnar um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til skipulags skipulegra verðbréfamarkaða ganga skemur og eru ekki eins nákvæm og reglur tilskipunarinnar um skipulag fjármálafyrirtækja með leyfi til verðbréfaviðskipta. Þá eru reglurnar ekki útfærðar nánar í innleiðingargerð eins og gert er varðandi reglur þær sem gilda um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. ber kauphöll ábyrgð á að rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar sé heilbrigður og traustur. Til þess að stuðla að því eru í 2. mgr. taldar upp skyldur kauphallar. Í fyrsta lagi skal kauphöll gera ráðstafanir til að greina og bregðast við hagsmunaárekstrum sem gætu haft neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins eða hagsmuni þátttakenda á markaðnum. Hættan á hagsmunaárekstrum felst aðallega í hugsanlegum árekstrum á milli hagsmuna kauphallarinnar, eigenda hennar og rekstraraðila annars vegar og hins vegar hagsmuna af því að skipulegur markaður starfi á heilbrigðan hátt. Kauphöll skal leitast við að koma auga á slíka hagsmunaárekstra og takast á við hugsanleg neikvæð áhrif þeirra á rekstur markaðarins eða neikvæð áhrif fyrir markaðsaðila. Ákvæðið byggist á a. lið 39. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Í öðru lagi ber kauphöll skv. 2. tölul. 2. mgr. að hafa stjórn á þeim áhættum sem fylgt geta rekstrinum. Í því skyni ber kauphöll að gera viðeigandi ráðstafanir og setja upp kerfi til að greina allar verulegar áhættur fyrir rekstur kauphallarinnar og gera skilvirkar ráðstafanir til að lágmarka þær. Ákvæðið byggist á b. lið 39. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Í þriðja lagi ber kauphöll skv. 3. tölul. 2. mgr. að tryggja öruggan rekstur og stjórnun tæknilegra kerfa, þar með talið með ráðstöfunum til að bregðast við ófyrirséðum atvikum sem gætu valdið röskun á starfsemi kerfanna. Ákvæðið byggist á c. lið 39. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. ber kauphöll að tryggja að viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði fari fram á heiðarlegan og sanngjarnan hátt og að tryggja örugga framkvæmd fyrirmæla, m.a. með skýrum reglum. Ákvæðið byggist á d. lið 39. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Í fimmta lagi skal kauphöll skv. 5. tölul. 2. mgr. gera ráðstafanir til að tryggja að öruggt uppgjör viðskipta á markaðnum geti farið fram, þ.e. að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að uppgjör viðskipta geti átt sér stað á skilvirkan hátt og innan eðlilegra tímamarka. Í þessu felst að kauphöll ber að sjá til þess að til staðar séu nauðsynlegir innviðir og tengingar í þessum tilgangi. Ákvæðið byggist á e. lið 39. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Loks skal kauphöll á grundvelli 6. tölul. 2. mgr. ávallt búa yfir nægilegu fjármagni til að sinna hlutverki sínu að teknu tilliti til eðlis og umfangs viðskipta á markaðnum og áhættu sem tengist þeim. Sú krafa sem hér er sett fram gildir frá því að leyfi er veitt til þess að reka kauphöll og til frambúðar. Ákvæðið byggist á f. lið 39. gr. MiFID-tilskipunarinnar, en þar er kveðið á um að gerð skuli krafa um að á skipulegum markaði sé ávallt til staðar nægilegt fjármagn til að greiða fyrir skipulegri starfsemi, að teknu tilliti til eðlis og umfangs viðskiptanna sem fram fara á markaðnum og þess hvers eðlis og hversu mikil áhættan er á markaðnum. Segja má að í ákvæðinu felist matskennd eiginfjárregla, en í 39. gr. MiFID-

tilskipunarinnar eru ekki gerðar eiginlegar kröfur um lágmarksfjárhæð eigin fjár líkt og gert er í 12. gr. tilskipunarinnar varðandi fjármálafyrirtæki.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipan stjórnar og hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra kauphallar. Fjallað er um kröfur þær sem gerðar eru til stjórnenda skipulegs verðbréfamarkaðar í 37. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Í 5. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða er að finna reglur um skipan og hæfisreglur stjórnar kauphallar. Í 1. mgr. 7. gr. laganna koma fram hæfisskilyrði framkvæmdastjóra hlutafélags sem starfar samkvæmt lögunum.

Í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stjórn kauphallar skuli skipuð eigi færri en fimm mönnum. Ákvæðið er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í 63. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995, er kveðið á um að í stjórn hlutafélags skuli eiga sæti fæst þrír menn. Í 37. gr. MiFID-tilskipunarinnar, þar sem fjallað er um kröfur sem gerðar eru til stjórnar og framkvæmdastjóra skipulegs verðbréfamarkaðar, er ekki kveðið á um það hversu margir skulu að lágmarki sitja í stjórn markaðarins. Í 9. gr. tilskipunarinnar, þar sem fjallað er um hæfi stjórnenda fjármálafyrirtækja, kemur fram sú krafa að stórn fjármálafyrirtækja sé a.m.k. í höndum tveggja aðila. Að öðru leyti eru sömu kröfur gerðar til stjórnar skipulegra verðbréfamarkaða og fjármálafyrirtækja. Í 51. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er kveðið á um að stjórn fjármálafyrirtækis skuli skipuð eigi færri en þremur mönnum, en stjórnir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja skulu skipaðar eigi færri en fimm mönnum. Ekki er lagt til að ákvæðinu verði breytt við innleiðingu MiFID-tilskipunarinnar. Vegna sérstöðu starfsemi kauphalla og til að gæta samræmis við lög um fjármálafyrirtæki er lagt til að áfram verði gerðar strangari kröfur varðandi fjölda stjórnarmanna hlutafélags er hefur starfsleyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað. Því er lagt til að í stjórn kauphallar skuli a.m.k. sitja fimm menn.

Í 2. og 3. mgr. er kveðið á um hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra kauphallar. Skulu þeir vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og mega hvorki hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum né hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, frumvarpi þessu, ef að lögum verður, eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Þessi hæfisskilyrði eru að mestu leyti þau sömu og nú eru gerð til stjórnarmanna í kauphöll. Þá er í gildandi lögum aðeins gerð krafa um að stjórnarmenn séu fjár síns ráðandi en nú er lagt til að viðkomandi aðilar hafi ekki verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum. Loks er lagt til að bætt verði í upptalninguna á þeim lögum sem menn mega ekki hafa hlotið dóm fyrir að brjóta gegn síðustu fimm ár samkeppnislögum og kauphallarlögum. Þykir eðlilegt að gera þessar kröfur til þeirra er gegna þessum ábyrgðarmiklu störfum. Í gildandi lögum eru ekki gerðar sömu hæfiskröfur til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, heldur er kveðið á um að framkvæmdastjóri megi aldrei hafa verði sviptur forræði á búi sínu og hafi óflekkað mannorð auk þess sem hann skal uppfylla hæfisskilyrði hlutafélagalaga, en þar eru ekki gerðar jafn strangar kröfur og í 5. gr. laganna til stjórnarmanna. Ekki þykja rök til að gera aðrar kröfur til stjórnarmanna en framkvæmdastjóra og er framangreind breyting því lögð til.

Í 3. mgr. er kveðið á um að auk hæfisskilyrða þeirra sem talin eru upp í 2. mgr. skuli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta

gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þá mega þeir ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir muni misnota aðstöðu sína eða skaða fyrirtækið. Byggist ákvæðið á 1. málsl. 1. mgr. 37. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Í gildandi lögum eru engar slíkar kröfur gerðar til stjórnarmanna en kveðið á um að framkvæmdastjóri skuli hafa til að bera víðtæka reynslu til starfans að mati stjórnar.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um tilkynningarskyldu kauphallar til Fjármálaeftirlits um breytingar á skipan stjórnar eða framkvæmdastjóra. Skal senda tilkynningu áður en breytingin á sér stað og skal hún innihalda fullnægjandi upplýsingar til að mat verði lagt á hæfi nýs stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Ákvæðið er nýmæli og byggist á 2. málsl. 1. mgr. 37. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Ákvæði 5. mgr. er nýmæli og felur í sér innleiðingu á 3. málsl. 1. mgr. 37. gr. MiFID-tilskipunarinnar, en þar er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli hafna því að nýir stjórnarmenn taki sæti eða framkvæmdastjóri hefji störf ef ætla má að breytingin sé skaðleg fyrir rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutafjáreign og viðskipti starfsmanna kauphallar. Ákvæðið er samhljóða ákvæði 2. og 3. mgr. 7. gr. núgildandi kauphallarlaga. Í greininni er kveðið á um eðlilegar takmarkanir á heimildir starfsmanna og framkvæmdastjóra kauphalla til þátttöku í atvinnurekstri. Lagt er til að stjórn meti í hvert sinn beiðni starfsmanns og framkvæmdastjóra og kanni til hlítar hvers eðlis sú starfsemi er sem óskað er eftir þátttöku í. Þátttaka í stjórn líknarfélags eða íþróttafélags leiðir ekki sjálfkrafa til þess að slík félög séu undanþegin frá ákvæðinu enda mörg dæmi um að starfsemi slíkra félaga sé umsvifamikil og geti að öllu leyti jafnast á við þátttöku í atvinnufyrirtæki. Óveruleg hlutafjáreign í hlutafélagi, sem einkum miðast að ávöxtun sparifjár, er þó heimil hér eftir sem hingað til.

Í 2. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið skuli setja sérstakar reglur um verðbréfaviðskipti stjórnar og starfsmanna kauphallar.

Um 13. gr.

Í 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um þagnarskyldu stjórnarmanna, allra starfsmanna, endurskoðenda og þeirra sem taka að sér verk í þágu kauphallar og skipulegs verðbréfamarkaðar um það er varðar hagi viðskiptamanna og málefni kauphallar, svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þá er í 2. mgr. kveðið á um heimild kauphallar til að hafa samvinnu við erlenda skipulega verðbréfamarkaði eða lögbær yfirvöld erlendis og láta þeim í té upplýsingar með ákveðnum skilyrðum. Jafnframt eru ákvæði í 2. málsl. 2. mgr. um gagnkvæman trúnað vegna upplýsinga sem kauphöll kynni að fá hjá framangreindum erlendu aðilum. Ákvæðið er hliðstætt 40. gr. núgildandi kauphallarlaga.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild kauphallar til að stunda aðra starfsemi en að reka skipulegan verðbréfamarkað, en gengið er út frá því að rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar sé meginstarfsemi félags sem hefur starfsleyfi á grundvelli frumvarpsins. Hins vegar getur verið hentugt að nýta búnað og aðstöðu sem kauphöll hefur vegna meginstarfseminnar til að sinna fleiri sviðum. Rétt er þó að taka fram að kauphöll getur ekki rekið skipulegan verðbréfamarkað í dótturfélagi.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að kauphöll sé heimilt að stunda aðra starfsemi en rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar ef starfsemin er í eðlilegum tengslum við starfsemi markaðarins og gerðar séu fullnægjandi ráðstafanir til að fyrirbyggja hagsmunaárekstra. Hliðstætt ákvæði er nú í 1. mgr. 12. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Tilvísun til hagsmunaárekstra er þó nýmæli en með því er verið að vísa m.a. til 1. tölul. 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að kauphöll skuli bregðast við hagsmunaárekstrum. Rétt þykir að hnykkja á þessu ákvæði þar sem hættur á hagsmunaárekstrum geta aukist við slíka hliðarstarfsemi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru að mestu samhljóða ákvæðum 2. og 3. mgr. 12. gr. gildandi kauphallarlaga. Í 2. mgr. er kveðið á um að kauphöll sé einnig heimilt að stunda þá hliðarstarfsemi að veita aðilum utan markaðarins þjónustu sína. Með orðinu „hliðarstarfsemi“ er átt við að þessi þáttur í starfi kauphallar sé fyrirferðarminni en meginstarfsemin. Hér er opnaður sá möguleiki að kauphöll nýti búnað sinn, lítt eða ekki breyttan, til að þjóna viðskiptum með gjaldeyri, veiðiheimildir eða orku svo að dæmi séu tekin. Í slíkum tilvikum yrði kauphöllin aðeins vettvangur tiltekinna markaða sem aðilar utan kauphallarinnar starfrækja. Í 1. málsl. 3. mgr. er sú skylda lögð á kauphöll að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða starfsemi áður en hún hefst. Í 2. málsl. 3. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti ákveðið að starfsemi skv. 1. og 2. mgr. skulu einungis rekin af sérstöku félagi. Slíkt getur verði nauðsynlegt í því skyni að tryggja að slíkur rekstur sé skýrt aðgreindur frá starfsemi félagsins samkvæmt starfsleyfi þess.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um tilkynningarskyldu kauphallar til Fjármálaeftirlitsins í þeim tilvikum þegar ætlunin er að gera ráðstafanir í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu til að auðvelda aðilum í því landi að taka þátt í viðskiptum á íslenska skipulega verðbréfamarkaðnum eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF). Þegar Fjármálaeftirlitinu hefur borist slík tilkynning skal stofnunin framsenda upplýsingarnar til lögbærra yfirvalda í því ríki þar sem skipulegi verðbréfamarkaðurinn ætlar að gera ráðstafanirnar innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar. Ákvæðið byggist á 6. mgr. 42. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Eins og getið er í athugasemdum með 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skipulegir verðbréfamarkaðir með starfsleyfi frá öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu geti gert sambærilegar ráðstafanir hér á landi með sömu skilyrðum.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er fjallað um skyldu kauphallar til að gera ársreikninga og skil á þeim til Fjármálaeftirlitsins. Þá er kveðið á um að ársreikningur skuli endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki og um aðgang endurskoðanda að öllum eignum, bókum og fylgiskjölum og öðrum gögnum og upplýsingum. Ákvæði 41. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða er að mestu leyti hliðstætt 16. gr. frumvarpsins. Þó eru í frumvarpinu tvö nýmæli. Annars vegar er lagt til að kveðið verði á um það í lok 3. mgr. að ársreikningi skuli skilað til Fjármálaeftirlitsins á formi sem það ákveður. Tilgangur ákvæðisins er að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins til að óska eftir að gögnum sé skilað á rafrænu formi. Hins vegar er það nýmæli lagt til að tveimur nýjum málsgreinum verði bætt við ákvæðið þar sem kveðið verði á um tilkynningarskyldu endurskoðanda ef hann verður var við t.d. verulega ágalla í rekstri eða atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu kauphallar. Í slíkum tilvikum ber endurskoðanda að gera stjórn kauphallar og Fjármálaeftirlitinu viðvart.

Þá felur slík tilkynning ekki í sér brot gegn þagnarskyldu. Sambærileg ákvæði eru í 92. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um 17. gr.

Hér er kveðið á um heimild kauphallar til að vinna og birta hagtölur og aðrar upplýsingar í þágu markaðarins á grundvelli gagna sem hún hefur yfir að ráða eða aflar um viðskipti á markaðnum. Rétt er að taka fram að í ákvæðinu er ekki átt við persónulegar upplýsingar eða aðrar upplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum heldur gögn sem lýsa t.d. viðskiptum eða eignarhaldi verðbréfa á heildina litið. Sambærilegt ákvæði er nú í 28. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Um 18. gr.

Í greininni er að finna reglur um virkan eignarhlut í kauphöll. Ákvæði um virkan eignarhlut eru nú í 6. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, en nokkrar breytingar eru lagðar til á þeim ákvæðum og byggjast þær á 38. gr. MiFID-tilskipunarinnar auk þess sem ákvæðið er að nokkru fært til samræmis við ákvæði VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki um eignarhluti og meðferð þeirra.

Í 1. mgr. er kveðið á um að leita skuli samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir því að eignast beina eða óbeina hlutdeild í kauphöll, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi til að reka skipulegan verðbréfamarkað, sem nemur að minnsta kosti 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti. Hið sama gildir ef um minni hlutdeild er að ræða ef hún felur í sér veruleg áhrif á stjórn félagsins. Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði 1. mgr. 6. gr. gildandi kauphallarlaga að öðru leyti en því að lagt er til að afla þurfi samþykkis Fjármálaeftirlitsins á fyrirhuguðum breytingum á ráðandi hlut í kauphöll, en nú er einungis kveðið á um að tilkynna skuli Fjármálaeftirlitinu um breytingar á virkum eignarhlut í kauphöll.

Í 2. mgr. er heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að synja um heimild til að eignast virkan eignarhlut í kauphöll ef það telur að breytingarnar skaði heilbrigðan eða traustan rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar. Kveðið er á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skuli vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Þá skal rökstuðningur fylgja synjun á umsókn. Sambærileg heimild er ekki í núgildandi kauphallarlögum, en ákvæðið byggist á 3. mgr. 38. gr. MiFID-tilskipunarinnar og 43. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Í 3. mgr. 18. gr. er kveðið á um að sæki aðili ekki um leyfi til Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum á virkum eignarhlut, sbr. 1. mgr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Hið sama gili ef Fjármálaeftirlitið hafnar umsækjanda um heimild til að fara með virkan eignarhlut. Sambærileg heimild er ekki í núgildandi kauphallarlögum, en ákvæðið byggist á 45. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Í 4. mgr. 18. gr. er kveðið á um úrræði Fjármálaeftirlits til að grípa til aðgerða ef hluthafi, sem fer með virkan eignarhlut skv. 1. mgr., fer þannig með hlut sinn að stofnunin telji að það skaði heilbrigðan eða traustan rekstur félagsins. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið geti þá ákveðið að hlutnum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir félagið að grípa til viðeigandi ráðstafana eða krefjast sölu hlutarins. Í slíkum tilvikum skulu umræddir hlutir ekki teknir með við útreikning á því fyrir hve mikinn hluta atkvæða mætt hafi verið á hluthafafundum. Í 2. og 3. mgr. 6. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða er nú kveðið á

um heimild ráðherra að fenginni tillögu Fjármálaeftirlitsins til að grípa til sambærilegra aðgerða.

Í 5. mgr. er kveðið á um að kauphöll skuli gera opinberlega grein fyrir eignarhaldi á félaginu og breytingar sem verða á því. Jafnframt skuli upplýsa um þá aðila sem falla undir 1. mgr. greinarinnar og í hverju áhrif þeirra séu fólgin. Ákvæðið er í samræmi við a. lið 2. mgr. 38. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Í 6. mgr. er ráðherra veitt heimild til að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni umsóknar til Fjármálaeftirlitsins um virkan eignarhlut í kauphöll.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er fjallað um aðild að skipulegum verðbréfamarkaði. Í 19. gr. er kveðið á um að kauphöll skuli setja reglur um aðild að skipulegum verðbréfamarkaði og hverjir geta orðið markaðsaðilar. Í 20. gr. er fjallað um niðurfellingu aðildarsamnings og í 21. gr. er fjallað um eftirlit kauphallar með því að markaðsaðilar starfi eftir lögum, reglum og samþykktum.

Um 19. gr.

Í greininni er fjallað um aðild að skipulegum verðbréfamarkaði. Nú er fjallað um kauphallaraðila og aðildarsamninga í 14. og 15. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á þeim ákvæðum vegna innleiðingar 42. gr. MiFID-tilskipunarinnar, en þar er kveðið á um skyldu markaða til að setja nánari reglur um aðild eða aðgang að markaðnum og það hvaða skyldur hvíla á markaðsaðila og þeim sem aðgang hafa að markaði.

Í 1. mgr. er kveðið á um reglur sem kauphöll skal setja um aðild að skipulegum verðbréfamarkaði. Ákvæðin eru nýmæli og byggjast á 1. og 2. mgr. 42. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Reglunum er ætlað að stýra aðild að markaðnum og eiga þær að vera gagnsæjar, byggðar á hlutlægum forsendum og mega ekki mismuna aðilum. Í ákvæðinu kemur fram að í reglunum skuli gera grein fyrir þeim skyldum sem hvíla á markaðsaðilum. Er með þessu vísað til skyldna sem byggjast á skipulagi og stjórnun skipulegs verðbréfamarkaðar, reglum um viðskipti á markaðnum, starfsreglum starfsfólks fjármálafyrirtækja sem eiga aðild að markaðnum, skilyrðum sem sett eru fyrir aðra en fjármálafyrirtæki og reglum um uppgjör viðskipta sem fara fram á skipulegum verðbréfamarkaði.

Í ákvæðinu er ekki gerður greinarmunur á beinni aðild að skipulegum markaði og fjaraðild með aðstoð upplýsingatækninnar. Skulu reglur skipulegs verðbréfamarkaðar því ná til beggja tegunda aðildar og er það í samræmi við 5. mgr. 42. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tryggt skuli í reglum kauphallar um uppgjör viðskipta að markaðsaðilar hafi rétt til að tilnefna annað uppgjörskerfi en kauphöllin hefur valið svo framarlega sem nauðsynlegar tengingar og ráðstafanir séu til staðar milli tilnefnds uppgjörskerfis og annarra kerfa og Fjármálaeftirlitið samþykki að tæknileg skilyrði uppgjörs viðskipta tryggi örugga starfsemi viðkomandi skipulegs markaðs. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 34. gr. MiFID-tilskipunarinnar og er með því komið í veg fyrir að skipulegir verðbréfamarkaðir setji skilyrði um að viðskipti skuli gerð upp af tilteknum aðila sem hann hefur valið. Í ákvæðinu felst ekki skylda til samningsgerðar við það uppgjörskerfi sem markaðsaðili hefur valið. Fjármálaeftirlitið skal taka tillits til eftirlits Seðlabanka Íslands með eftirlitskerfum til að forðast óþarfa tvíverknað.

Í 3. mgr. 19. gr. er kveðið á um það hverjir geta orðið markaðsaðilar. Byggist ákvæðið á 3. mgr. 42. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Ákvæðið er öðruvísi uppbyggt en 14. gr. gildandi

kauphallarlaga, en þar er talið upp hverjir geta orðið kauphallaraðilar. Samkvæmt núgildandi lögum geta Seðlabanka Íslands og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem heimilt er að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning orðið kauphallaraðilar. Þá geta aðilar sem hefur verið veitt aðild að kauphöll eða samsvarandi skipulegum markaði með verðbréf á Evrópska efnahagssvæðinu orðið kaupahallaraðilar. Einnig er skv. 4. tölul. 14. gr. unnt að heimila aðilum, sem eiga rétt til þess að stunda viðskipti í kauphöll sem er utan EES, að gerast aðili að innlendri kauphöll. Hér er gerð tillaga um að fjármálafyrirtæki sem hafa leyfi til að framkvæma fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina eða eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning, bæði þau sem hafa staðfestu á Íslandi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, Seðlabanki Íslands og aðrir seðlabankar á Evrópska efnahagssvæðinu geti orðið markaðsaðilar. Hafa aðilar þessir rétt til aðildar að skipulegum verðbréfamarkaði að uppfylltum lögum og reglum sem um markaðsaðild gilda. Gildir þar einu hvort aðildin er bein með stofnun útibús eða fjaraðild með aðstoð upplýsingatækninnar, svo framarlega sem viðkomandi markaðskerfi krefst ekki viðveru á staðnum til að hægt sé að stunda þar viðskipti. Um þetta er vísað til 33. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Þá er lagt til það nýmæli að þeir sem uppfylla nánar tilgreind fjögur skilyrði geta orðið aðilar að skipulegum verðbréfamarkaði. Þeir sem geta orðið markaðsaðilar samkvæmt ákvæðinu verða í fyrsta lagi að vera vel hæfir til þess að eiga viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði. Í öðru lagi verður viðkomandi aðili að hafa fullnægjandi getu til að eiga viðskipti. Í þriðja lagi verður aðili að fullnægja, þar sem það á við, kröfum sem gerðar eru til skipulags og loks verða aðilar að hafa fullnægjandi fjárráð til að framkvæma þær aðgerðir sem þeim er ætlað að framkvæma.

Í 4. mgr. er fjallað um umsókn um aðild að skipulegum verðbréfamarkaði, en aðild er ávallt háð samþykki kauphallar. Í fyrri málslið málsgreinarinnar er kveðið á um að um leið og umsókn um aðild að skipulegum verðbréfamarkaði hafi verið samþykkt skuli það tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins. Ákvæðið er samhljóða 4. mgr. 15. gr. gildandi laga. Í síðari málslið málsgreinarinnar er kveðið á um þá skyldu kauphallar til að upplýsa Fjármálaeftirlitið ársfjórðungslega um hverjir eru aðilar að skipulega verðbréfamarkaðnum. Ákvæðið er nýmæli og byggist á 7. mgr. 42. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Í 5. mgr. er kveðið á um skyldu markaðsaðila, sem ekki eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, til að veita stofnuninni upplýsingar um viðskipti sín á markaðnum, ef óskað er eftir því. Er heimild þessi talin nauðsynleg til að Fjármálaeftirlitið hafi fullnægjandi úrræði til eftirlits með viðskipum á skipulegum verðbréfamarkaði. Óski Fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum samkvæmt ákvæði þessu frá aðila sem er undir eftirliti erlends eftirlitsaðila er gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið upplýsi viðkomandi eftirlitsaðila um aðgerðina.

Um 20. gr.

Í 20. gr. frumvarpsins er kveðið á um viðbrögð kauphallar ef markaðsaðili hefur ítrekað eða með vítaverðum hætti brotið þá skilmála sem gilda um aðild hans að markaðnum. Er kauphöll í slíkum tilvikum heimilt að fella einhliða niður samning um aðild eða beita vægari viðbrögðum, svo sem tímabundinni uppsögn aðildar. Ráðstafanir, sem kauphöll getur gripið til samkvæmt greininni, eru þess eðlis að það þykir rétt að áskilja að kauphöllin geri Fjármálaeftirlitinu tafarlaust grein fyrir þeim. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 16. gr. gildandi kauphallarlaga.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um eftirlit kauphallar með viðskiptum. Með greininni er 43. gr. MiFID-tilskipunarinnar innleidd.

Í 1. mgr. er kveðið á um að kauphöll skuli hafa eftirlit með því að markaðsaðilar starfi eftir lögum, reglum og samþykktum sem gilda um kauphöllina. Þá ber kauphöll einnig að reka eftirlitskerfi með viðskiptum, sem gerir kleift að fylgjast með því að viðskipti markaðsaðila brjóti ekki í bága við lög eða eðlilega viðskiptahætti, þar með talin ákvæði um markaðssvik í lögum um verðbréfaviðskipti.

Í 2. mgr. er lagt til að sú skylda verði lögð á kauphöll að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það ef grunur eða vitneskja er um að brotið hafi verði gegn lögum, reglugerðum eða öðrum reglum sem gilda um viðskipti á skipulega verðbréfamarkaðnum. Þá hvílir einnig sambærileg tilkynningarskylda á kauphöll ef brotið hefur verði ítrekað eða gróflega gegn reglum kauphallarinnar.

Þá er kveðið á um það í 3. mgr. að kauphöll skuli veita yfirvöldum viðeigandi upplýsingar og aðstoð vegna rannsóknar og saksóknar vegna gruns um refsiverða háttsemi sem á sér stað á skipulegum verðbréfamarkaði eða í gegnum markaðskerfi hans. Með yfirvöldum er einkum átt við Fjármálaeftirlitið sem fer með eftirlit með lögum þessum sem og öðrum lögum sem fjalla um viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði, svo sem lög um verðbréfaviðskipti. Ákvæðið er þó ekki einungis afmarkað við Fjármálaeftirlitið þar sem refsiverð háttsemi sem fram fer á skipulegum verðbréfamörkuðum getur einnig sætt opinberri rannsókn og saksókn. Er því með ákvæðinu jafnframt vísað til lögreglu og saksóknara. Að uppfylltri tilkynningarskyldu 2. mgr. ákvæðisins er aðstoð og upplýsingagjöf kauphallar háð beiðni viðeigandi yfirvalda. Með refsiverðri háttsemi er einkum vísað til brota á ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti, svo sem ákvæðum um markaðsmisnotkun og innherjasvik.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Í 22. gr. er almennt ákvæði um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Í 23. gr. er sérstakt ákvæði um töku fjármálagerninga til viðskipta án samþykkis útgefanda. Í 24. gr. er kveðið á um upplýsingaskyldu útgefenda og í 25. gr. eru settar fram reglur um töku fjármálagerninga úr viðskiptum og tímabundna stöðvun viðskipta. Í 26. gr. eru loks ákvæði um opinbera skráningu verðbréfa.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um töku fjármálagerninga til viðskipta. Ákvæðið byggist á 40. gr. MiFID-tilskipunarinnar, en þar er kveðið á um að gerð skuli krafa um það að skipulegir verðbréfamarkaðir setji skýrar og gagnsæjar reglur varðandi töku fjármálagerninga til viðskipta. Þá leiðir það af 3. og 4. mgr. 40. gr. tilskipunarinnar að það er fyrst og fremst skipulegi verðbréfamarkaðurinn sem ber ábyrgð á því að fylgjast með því að fjármálagerningar uppfylli kröfur til að hægt sé að taka þá til viðskipta og að útgefendur þeirra uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til upplýsingagjafar. Það er svo Fjármálaeftirlitið sem hefur eftirlit með því að skipulegi verðbréfamarkaðurinn sinni eftirlitsskyldu sinni.

Í 1. mgr. er kveðið á um að kauphöll skuli setja skýrar og gagnsæjar reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Reglunum er ætlað að tryggja að þeir fjármálagerningar sem teknir eru til viðskipta á markaðnum séu þess eðlis að hægt sé að stunda viðskipti með þá á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt og, þegar um er að

ræða verðbréf, að viðskiptin með þau séu án takmarkana (e. *freely negotiable*). Einnig er reglunum ætlað að tryggja að eiginleikar afleiðna geri ráð fyrir eðlilegri verðmyndun og skilvirkum uppgjörsskilyrðum. Málsgreinin byggist á 1. og 2. mgr. 40. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Í 35.–37. gr. reglugerðar ESB nr. 1287/2006/EB þar sem er að finna nánari innleiðingu á MiFID-tilskipuninni er fjallað ítarlega um þau skilyrði sem fjármálagerningar þurfa að uppfylla til að vera teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Er gert ráð fyrir að reglur þessar verði teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð, sbr. 4. mgr. Eru skilyrði þessi lágmarksskilyrði og ganga þau nokkuð skemur en kröfur þær sem gerðar eru til opinberrar skráningar. Kauphöll er þó ávallt heimilt í reglum sínum að gera ríkari kröfur en kveðið er á um í ákvæðum þessum. Þá þykir rétt að gera kröfu um að kauphöll tilkynni Fjármálaeftirlitinu með fjögurra vikna fyrirvara áður en hún setur reglur samkvæmt þessari grein eða gerir breytingar á þeim.

Ákvæði 2. mgr. mæla fyrir um að kauphöll skuli ganga úr skugga um að reglur sem settar eru á grundvelli 1. mgr. þessarar greinar séu uppfylltar, áður en fjármálagerningur er tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þá ber kauphöll að ganga úr skugga um, hvað varðar verðbréf, að fyrir liggi staðfest lýsing og að útgefandi uppfylli reglur um upplýsingagjöf. Ákvæðið byggist á 3. mgr. 40. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um þá skyldu kauphallar að fara reglulega yfir það hvort fjármálagerningar uppfylli skilyrði fyrir töku til viðskipta. Þá skal kauphöll samkvæmt ákvæðinu hafa eftirlit með því að útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fylgi reglum um upplýsingaskyldu útgefenda. Einnig ber kauphöll að tryggja aðgang markaðsaðila að slíkum upplýsingum. Málsgreinin byggist á 3. og 4. mgr. 40. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Loks er í 4. mgr. 22. gr. mælt fyrir um að ráðherra skuli setja í reglugerð nánari ákvæði um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild kauphallar til að taka verðbréf til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda. Ákvæðið byggist á 5. mgr. 40. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Skilyrði þess að heimilt sé að taka verðbréf til viðskipta án samþykkis útgefanda er að verðbréfin hafi verði tekin til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi eða einhvers staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Með því er tryggt að útgefandi verðbréfanna hafi uppfyllt skilyrði um upplýsingagjöf, þrátt fyrir að hann hafi ekki óskað eftir skráningu, þar sem honum ber skylda til að veita nauðsynlegar lágmarksupplýsingar á þeim markaði þar sem verðbréfin eru skráð. Ákvæði þetta felur í sér breytingu frá gildandi lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra verðbréfamarkaða en samkvæmt þeim er aðeins heimilt að skrá í kauphöll eða taka til viðskipta á skipulegum tilboðsmarkaði verðbréf að beiðni útgefanda. Í sumum löndum Evrópska efnahagssvæðisins hafa viðskipti sem þessi (stundum nefnd „unsponsored listing“) tíðkast um skeið og má þar nefna kauphöllina í Stokkhólmi (Xterna listan).

Ef verðbréf eru tekin til viðskipta án samþykkis útgefanda skal kauphöll tilkynna honum um viðskiptin. Þá er í 2. mgr. greinarinnar kveðið á um að útgefanda verðbréfa, sem ekki hefur samþykkt töku til viðskipta skv. 1. mgr., sé ekki skylt að sinna upplýsingaskyldu gagnvart viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði. Útgefandanum ber eftir sem áður að fullnægja upplýsingaskyldu sinni gagnvart skipulegum verðbréfamarkaði þar sem hann hefur óskað eftir að verðbréf hans verði tekin til viðskipta í samræmi við ákvæði laga. Undir upplýsinga-

skyldu samkvæmt þessari grein fellur meðal annars skylda til útgáfu lýsinga, tilkynningarskylda um innherjaupplýsingar og upplýsingaskylda um breytingu á eignarhaldi verulegs hlutar. Eins og áður sagði hvílir skylda þessi á útgefanda gagnart þeim markaði þar sem verðbréf hans voru frumskráð. Kauphöll ber eftir sem áður skv. 3. mgr. 22. gr. frumvarpsins að ganga úr skugga um að útgefendur verðbréfa fylgi reglum um upplýsingaskyldu útgefanda og tryggja aðgang markaðsaðila að slíkum upplýsingum.

Um 24. gr.

24. gr. frumvarpsins byggist á 41. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Í greininni er heimild fyrir kauphöll til að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerninga eða taka þá varanlega úr viðskiptum. Skilyrði fyrir þessum aðgerðum kauphallar er að fjármálagerningar uppfylli ekki lengur kröfur sem skipulegi markaðurinn gerir til töku til viðskipta eða ef útgefandi verðbréfa hefur ekki fylgt reglum skipulegs verðbréfamarkaðar. Í því getur bæði falist að fjármálagerningurinn sjálfur fullnægi ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru, t.d. varðandi dreifingu, og að útgefandi fjármálagerningsins hefur ekki fullnægt skyldum sínum til upplýsingagjafar, t.d. á grundvelli ákvæða um upplýsingagjöf um innherjaupplýsingar. Síðara atriðið byggist á því að í 3. mgr. 40. gr. MiFID-tilskipunarinnar eru lagðar þær skyldur á skipulega verðbréfamarkaði að hafa eftirlit með því að útgefendur fjármálagerninga uppfylli kröfur þær um upplýsingagjöf sem rekja má til Evrópuréttar og innleiddar hafa verið hér á landi. Til að ákvæðið virki í framkvæmd verður skipulegi verðbréfamarkaðurinn að geta gripið til aðgerða gegn útgefanda sem brýtur gegn ofangreindum reglum. Kauphöll er þó ekki heimilt að grípa til aðgerða á grundvelli 1. mgr. ef líkur eru til að tímabundin stöðvun viðskipta með fjármálagerning eða taka fjármálagernings úr viðskiptum mundu valda fjárfestum verulegu tjóni eða líkur eru taldar á því að slíkar aðgerðir hefðu neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að útgefandi, sem fengið hefur verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, geti óskað skriflega eftir því að verðbréfin verði tekin úr viðskiptum. Kauphöll skal verða við beiðninni, enda fylgi henni skrifleg greinargerð. Kauphöll getur þó ákveðið að bréfin verði ekki tekin úr viðskiptum ef líkur eru til að það mundi valda fjárfestum verulegu tjóni eða hefði neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins. Kauphöll getur ákveðið að birta greinargerð útgefanda í heild eða að hluta. Þá er kveðið á um að útgefandi geti ávallt fengið verðbréf tekin úr viðskiptum ef þau eru tekin til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði. Í lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða er hliðstæð ákvæði að finna í 2. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 33. gr. Meginbreytingin sem lögð er til í frumvarpi þessu felst í því að ekki er gert ráð fyrir að sérstök tímamörk séu á heimild kauphallar til að synja um töku verðbréfa úr viðskiptum. Kauphöll ber að verða við ósk útgefanda þegar ekki eru lengur líkur til að það mundi valda fjárfestum verulegu tjóni eða hefði neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins. Að lokum er kveðið á um að útgefandi geti ávallt fengið verðbréf tekin úr viðskiptum ef þau eru tekin til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði enda er þá ekki gert ráð fyrir að það valdi fjárfestum tjóni eða hafi neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins.

Í 3. mgr. er kveðið á um tilkynningarskyldu kauphallar. Samkvæmt ákvæðinu skal kauphöll tilkynna opinberlega um tímabundna stöðvun viðskipta og töku úr viðskiptum. Þá skal kauphöll senda Fjármálaeftirlitinu viðeigandi upplýsingar og ber Fjármálaeftirlitinu að koma upplýsingunum til viðeigandi eftirlitsaðila innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um töku eigin verðbréfa til viðskipta. Þegar kauphöll hér á landi eða í öðru landi innan Evrópska efnahagssvæðisins sækir um töku eigin verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er það Fjármálaeftirlitið sem fer með það hlutverk sem kauphöll er ætlað við töku fjármálagerninga til viðskipta í 22. gr. Þegar slík verðbréf hafa verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hefur Fjármálaeftirlitið einnig valdheimildir skv. 24. gr. til að stöðva tímabundið viðskipti eða taka fjármálagerninga varanlega úr viðskiptum. Í Evrópu hafa kauphallir í auknum mæli tekið eign hlutabréf til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem þær reka. Jafnframt er ljóst að kauphallir á Evrópska efnahagssvæðinu eru í innbyrðis samkeppni en hafa oft á tíðum með sér náið samstarf. Í slíkum tilvikum eru hagsmunaárekstrar augljósir bæði við könnun á skilyrðum fyrir því að hlutabréfin séu tekin til viðskipta sem og við eftirlitshlutverk kauphallarinnar. Aðgerðir gegn hagsmunaárekstrum eru meðal meginhlutverka kauphalla, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Í ljósi þessa þykir ekki rétt að valdheimildir 22. og 24. gr. séu í höndum kauphallar við slíkar aðstæður. Eitt af markmiðum MiFID-tilskipunarinnar er að auka samkeppni milli skipulegra markaða. Er með sömu rökum talið rétt að framangreindar valdheimildir séu í höndum Fjármálaeftirlitsins þegar hlutabréf annarra kauphalla á Evrópska efnahagssvæðinu eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Er með þeim hætti spornað við hagsmunaárekstrum.

Um 26. gr.

Í 26. gr. frumvarpsins er fjallað um opinbera skráningu. Opinber skráning verðbréfa er skilgreind í frumvarpinu sem skráning Fjármálaeftirlitsins á verðbréfum á opinberan lista, að uppfylltum þeim kröfum sem gerðar eru til slíkrar skráningar. Byggist ákvæðið á kauphallartilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB þar sem kveðið er á um að opinber skráning skuli framkvæmd af lögbæru yfirvaldi en í því felst að kanna hvort verðbréf uppfylli þá samræmdu evrópsku skilmála sem fram koma í tilskipuninni. Með frumvarpinu er þannig lagt til að opinber skráning verði ekki lengur hlutverk kauphallar eins og kveðið er á um í lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða heldur verði í verkahring Fjármálaeftirlitsins. Byggist tillagan á því að ekki sé lengur gert ráð fyrir því að kauphöll sinni hlutverki lögbærs yfirvalds. Í 5. mgr. 35. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006 er kveðið á um að verðbréf sem eru opinberlega skráð skuli teljast án takmarkana (e. *freely negotiable*) og teljist jafnframt þess eðlis að hægt sé að stunda viðskipti með þau á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt í skilningi 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Rétt er þó að taka fram í þessu sambandi að kauphöll kann að gera ríkari kröfur til verðbréfa en kveðið er á um í 22. gr. Er gert ráð fyrir að framangreint ákvæði verði innleitt með reglugerð.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti að fenginni umsókn frá útgefanda hlutabréfa, heimildarskírteina fyrir hlut eða skuldabréfa, skráð opinberlega viðkomandi verðbréf, ef þau eru tekin til viðskipta eða til stendur að taka þau til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Í ákvæðinu kemur fram skýr greinarmunur á milli opinberrar skráningar annars vegar og töku til viðskipta hins vegar. Verðbréf sem eru opinberlega skráð teljast þar með uppfylla lágmarkskröfur 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt með samningi að fela skipulegum verðbréfamörkuðum að annast opinbera skráningu. Er fyrirkomulagi opinberrar skráningar að þessu leyti fyrir komið með sama hætti og staðfestingu lýsinga, sbr. 30. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti.

Í 3. mgr. er að finna heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um skilyrði fyrir opinberri skráningu verðbréfa.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er fjallað um gagnsæi á skipulegum verðbréfamarkaði og byggjast ákvæði kaflans á MiFID-tilskipuninni. Í 27. gr. er almennt ákvæði um gagnsæi. Í 28. gr. er fjallað um upplýsingagjöf um tilboð og í 29. gr. er fjallað um upplýsingagjöf um viðskipti. Markmið ákvæðanna er að vernda fjárfesta, tryggja eðlilega starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða og stuðla að eðlilegri verðmyndun og seljanleika.

Ákvæði þessi eiga sér ekki beina samsvörun í lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða en í 2. tölul. 11. gr. er kveðið á um að hlutverk kauphallar sé m.a. að stuðla að því að verðmyndun í kauphöllinni verði á skýran og gagnsæjan hátt. Í ákvæði þessu felst almenn krafa um gagnsæi viðskipta sem fara fram í viðskiptakerfi kaupallar. Þá er stjórn kauphallar falið að setja reglur um viðskipta- og upplýsingakerfi í 21. gr. þar sem kveðið skal m.a. á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um viðskipti með verðbréf sem þar eru skráð.

Í IV. kafla reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar 1287/2006/EB eru nánari ákvæði um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði (pre-trade and post-trade transparency). Gert er ráð fyrir að ákvæði þessi verð tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð.

Um 27. gr.

Í greininni er að finna almennt ákvæði um gagnsæi, en samkvæmt ákvæðinu skal kauphöll birta upplýsingar varðandi tilboð og viðskipti með þá fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta á skipulega verðbréfamarkaðnum í þeim mæli sem er nauðsynlegt til að tryggja eðlilegt gagnsæi. Við mat á því hvað er nauðsynlegt til að tryggja eðlilegt gagnsæi skal höfð hliðsjón af eðli og umfangi starfseminnar. Ákvæðið er almennt orðað og nær ekki aðeins til hlutabréfa eins og 28. og 29. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu felst þannig vísiregla um að kauphöll skuli tryggja með hliðsjón af þeim fjármálagerningum sem um ræðir og þeim fjárfestum sem með þá versla að nægar upplýsingar liggi fyrir um tilboð og viðskipti.

Um 28. gr.

Í 28. gr. frumvarpsins eru ákvæði um upplýsingagjöf skipulegs verðbréfamarkaðar um tilboð (e. *pre-trade transparency*). Ákvæðið byggist á 44. gr. MiFID-tilskipunarinnar. Ákvæði tilskipunarinnar byggist á því að til þess að auðvelda fjárfestum að meta markaðsskilyrði hlutabréfa, sem þeir eru með í skoðun, sé lagt til að sameiginlegum reglum verði komið á um upplýsingagjöf um þau tækifæri sem standi til boða til að eiga viðskipti með hlutabréf. Reglur þessar eru nauðsynlegar til að tryggja samþættingu hlutabréfamarkaða en með því er átt við að komið sé til móts við vandamál sem geta skapast í kjölfar þess að verðbréfaviðskipti dreifast meira en var, fyrir tilkomu MiFID-tilskipunarinnar. Jafnframt auka ákvæðin skilvirkni verðmyndunar og styðja við kröfur tilskipunarinnar um bestu framkvæmd. Af þessu leiðir að setja verði reglur um gagnsæi sem gilda um öll viðskipti með hlutabréf á skipulegum verðbréfamarkaði.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu kauphallar til að birta opinberlega og samfellt verðupplýsingar um kaup- og sölutilboð og umfang tilboða á þeim verðum. Gildir ákvæðið um tilboð sem sett eru fram í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar og varðandi hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta. Birta skal upplýsingarnar samfellt á almennum opnunar-

tíma og skulu þær vera aðgengilegar almenningi á sanngjörnum viðskiptakjörum. Með almennum opnunartíma er átt við auglýstan opnunartíma viðkomandi markaðar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ef kauphöll veitir innmiðlurum aðgang að kerfum sínum til birtingar upplýsinga um tilboð skuli það gert á sanngjörnum viðskiptakjörum og á jafnræðisgrunni.

Ákvæði 3. mgr. fjallar um heimild Fjármálaeftirlitsins til að veita kauphöll undanþágu frá birtingu upplýsinga um tilboð skv. 1. mgr. Skal undanþágan byggð á grundvelli eiginleika markaðar eða tegund eða stærð tilboða. Kemur slík undanþága einkum til greina þegar viðskipti eru umfangsmikil í samanburði við hefðbundin viðskipti með viðkomandi hlutabréf eða flokk hlutabréfa. Í 18.–20. gr. reglugerðar ESB nr. 1287/2006/EB eru nánari ákvæði um þau skilyrði sem kauphöll þarf að uppfylla til að fá undanþágu frá birtingu upplýsinga um tilboð samkvæmt þessari grein.

Í 4. mgr. greinarinnar er að finna ákvæði um setningu reglugerða um nánari ákvæði um birtingu upplýsinga og skilyrði fyrir undanþágu frá birtingu upplýsinga. Er slík heimild nauðsynleg til að unnt verði að innleiða nánari reglur um efnið sem framkvæmdastjórnin hefur sett í reglugerð sem hefur að geyma ítarlegri ákvæði en MiFID-tilskipunin um þetta.

Um 29. gr.

Hér er kveðið á um upplýsingagjöf skipulegs verðbréfamarkaðar um viðskipti (e. *post trade transparency*). Ákvæðið byggist á 45. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Til þess að auðvelda fjárfestum eða markaðsaðilum að sannreyna eftir á með hvaða skilmálum viðskipti með hlutabréf fóru fram er lagt til að lögfestar verði reglur um birtingu upplýsinga um viðskipti með hlutabréf. Því er í greininni kveðið á um að kauphöll skuli birta opinberlega upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta sem farið hafa fram með hlutabréf sem tekin hafa verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Upplýsingar þessar skulu birtar á sanngjörnum viðskiptakjörum og eins nálægt rauntíma og mögulegt er.

Í 2. mgr. er lagt til að ef kauphöll nýtir heimild til að veita fjármálafyrirtækjum, sem skylt er að birta upplýsingar um viðskipti samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, aðgang að því kerfi sem notað er til að gera opinberar viðskiptaupplýsingar skv. 1. mgr. Skal þetta gert með sanngjörnum viðskiptaskilmálum og án mismununar.

Í 3. mgr. er lagt til að kauphöll sé heimilt að setja sér reglur um að tefja skuli birtingu upplýsinga vegna stærðar eða tegundar viðskipta. Gerð er krafa um að reglurnar uppfylli skilyrði reglugerðar sem sett verði á grundvelli 4. mgr. Þá er gerð krafa um að kauphöll leiti samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir reglunum áður en þær verði látnar gilda um birtingu upplýsinga um viðskipti á markaðnum. Kauphöll skal jafnframt sjá til þess að markaðsaðilar og fjárfestar séu upplýstir um töfina. Er gert ráð fyrir að reglur kauphallar samkvæmt þessari málsgrein verði einkum tilvik þegar um er að ræða umfangsmikil viðskipti í samanburði við hefðbundin viðskipti með viðkomandi hlutabréf eða flokk hlutabréfa. Í reglugerð verður nánar kveðið á um hversu lengi megi tefja birtingu upplýsinganna og með hvaða skilyrðum.

Í 4. mgr. greinarinnar er að finna ákvæði um setningu reglugerða um nánari ákvæði um birtingu upplýsinga og skilyrði fyrir undanþágu frá birtingu upplýsinga. Er slík heimild nauðsynleg til að unnt verði að innleiða nánari reglur um efnið sem framkvæmdastjórnin hefur sett í reglugerð sem hefur að geyma ítarlegri ákvæði en MiFID-tilskipunin um þetta.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um eftirlit með starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða. Í 30. gr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli fara með eftirlit með starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða. Þá eru í greininni ákvæði um heimildir Fjármálaeftirlitsins til upplýsingaöflunar. Í 31. gr. eru ákvæði um úrræði Fjármálaeftirlitsins ef talið er að skipulegur verðbréfamarkaður hafi brotið gegn ákvæðum frumvarpsins.

Um 30. gr.

Hér er fjallað um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með starfsemi kauphalla og skipulegra verðbréfamarkaða. Greinin er að hluta til sama efnis og 35. gr. núgildandi kauphallarlaga.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið hafi, eftir sem áður, eftirlit með að starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða og kauphalla sé í samræmi við ákvæði frumvarpsins, reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim, svo og önnur fyrirmæli eða samþykktir sem um starfsemina gilda. Vegna eftirlitsins skal Fjármálaeftirlitinu heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum gögnum og upplýsingum um starfsemi sem fram fer á grundvelli ákvæða frumvarpsins. Málsgreinin er samhljóða 1. og 2. málsl. 1. mgr. 35. gr. gildandi laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, en lagt er til að 3. málsl. málsgreinarinnar verði felldur brott þar sem sambærilegt ákvæði er í 3. mgr. greinarinnar.

Ákvæði 2. mgr. eru samhljóða ákvæðum 2. mgr. 35. gr. gildandi kauphallarlaga, en ákvæðið var lögfest með breytingu þeirri sem gerð var á lögunum með lögum nr. 67/2006. Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. snúa að heimild Fjármálaeftirlitsins til að krefjast hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í hlutafélagi sem starfar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins til að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 18. gr., og hvort þeir séu hæfir til að fara með virkan eignarhlut. Í 2. málsl. 2. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Í 3. málsl. 2. mgr. er loks kveðið á um það að lagaákvæði um þagnarskyldu, t.d. í lögum um lögmenn, takmarki ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum, en nauðsynlegt er að tryggja að lagaákvæði um þagnarskyldu á einstökum sviðum komi ekki í veg fyrir skyldu þeirra sem Fjármálaeftirlitið telur með rökstuddum hætti að geti veitt tilteknar upplýsingar og gögn í þágu athugunar í tilteknu máli.

Með breytingunni sem gerð var með lögum nr. 67/2000 voru úrræði Fjármálaeftirlitsins til að afla upplýsinga í tengslum við athuganir þess á myndun virkra eignarhluta styrkt og er ætlunin að ákvæðið sé til fyllingar hinni almennu eftirlitsheimild sem er í 3. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimild Fjármálaeftirlitsins til öflunar umræddra upplýsinga er nauðsynleg þar sem stofnunin þarf að staðreyna upplýsingar, m.a. frá seljendum eignarhluta, og jafnframt að ganga úr skugga um að ekki sé um málamyndaframsöl að ræða. Orðalag ákvæðisins um skyldu til þess að veita upplýsingar er ótvírætt og án takmarkana og á Fjármálaeftirlitið samkvæmt því rétt á öllum þeim upplýsingum sem það telur þörf á vegna athugana þess, sbr. einnig 3. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998, en þar er afdráttarlaust kveðið á um að í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga sé einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem eftirlitið telur nauðsynleg. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt er tekið fram að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang

að gögnum enda eru upplýsingar háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að krefjast nauðsynlegra gagna og upplýsinga ef stofnunin telur starfsemi skipulegs verðbréfamarkaðar stundaða án tilskilinna leyfa. Þá getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Einnig er stofnuninni heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 35. gr. gildandi kauphallarlaga.

Í 4. mgr. er kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að krefjast tímabundinnar stöðvunar viðskipta með fjármálagerninga eða að fjármálagerningar verði teknir varanlega úr viðskiptum. Skilyrði fyrir þessum aðgerðum Fjármálaeftirlitsins er að viðkomandi fjármálagerningar uppfylli ekki lengur kröfur sem gerðar eru til töku þeirra til viðskipta eða að útgefandi verðbréfa hafi ekki fylgt reglum skipulegs verðbréfamarkaðar. Greinin byggist þó á því að Fjármálaeftirlitið grípi ekki til ofangreindra ráðstafana ef þær teldust líklegar til að valda fjárfestum verulegu tjóni eða hafa neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins. Þá skal Fjármálaeftirlitið koma upplýsingunum til viðeigandi eftirlitsaðila innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í 24. gr. frumvarpsins er að finna sambærilega heimild fyrir kauphallir. Heimild kauphallar til að stöðva viðskipti eða taka fjármálagerninga varanlega úr viðskiptum hefur ekki áhrif á rétt Fjármálaeftirlitsins til að beita sömu aðferðum. Þannig er réttur Fjármálaeftirlitsins óháður samþykki viðkomandi kauphallar. Ákvæðið er nýmæli og byggist á j. og k. lið 2. mgr. 50. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Í 5. mgr. er lagt til að sú skylda verði lögð á Fjármálaeftirlitið að tilkynna opinberlega um tímabundna stöðvun viðskipta og töku fjármálagerninga úr viðskiptum. Þá ber stofnuninni að koma upplýsingum um stöðvun viðskipta og töku úr viðskiptum til viðeigandi eftirlitsstjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 6. mgr. er fjallað um viðbrögð Fjármálaeftirlitsins ef því berst tilkynning frá eftirlitsstjórnvaldi frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins um að eftirlitsstjórnvald hafi stöðvað viðskipti með fjármálagerning eða tekið fjármálagerning varanlega úr viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði. Í slíkum tilvikum skal Fjármálaeftirlitið ákveða að stöðva viðskipti með sama fjármálagerning á skipulegum verðbréfamarkaði hérlendis nema líkur væru til þess að slíkar aðgerðir mundu valda fjárfestum verulegu tjóni eða hefðu neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins. Ákvæði 5. og 6. mgr. eru nýmæli og byggjast á 2. mgr. 41. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Loks er kveðið á um það í 7. mgr. að um eftirlit með starfsemi þeirri sem kveðið er á um í frumvarpinu gildi að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Því eru ákvæði greinarinnar til fyllingar almennum eftirlitsheimildum Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laga nr. 87/1998. Ákvæðið er samhljóða 4. mgr. 35. gr. gildandi laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Í 3. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem breytt var með lögum nr. 67/2006, er kveðið á um að ákvæði laganna eigi, eftir því sem við á, við um eftirlit Fjármálaeftirlitsins, athuganir þess og upplýsingaöflun samkvæmt ákvæðum sérlaga. Þá segir að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að beita eftirlitsúrræðum laganna við eftirlit og önnur verkefni gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem því er falið að framkvæma á grundvelli sérlaga og annarra reglna. Með breytingunni sem gerð var með lögum nr. 67/2006 var ætlunin að hnykkja á því að ætlunin sé að ákvæði sérlaga og laga um opinbert eftirlit vinni saman og myndi heildstæðan ramma um starfsemi eftirlitsins. Því er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita úrræðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þar á meðal dagsektum, févíti, leit

og haldlagningu, við eftirlit og önnur verkefni gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem því er falið að framkvæma á grundvelli ákvæða frumvarps þessa.

Um 31. gr.

Í greininni er kveðið á um úrræði Fjármálaeftirlitsins ef skipulegur verðbréfamarkaður hefur brotið gegn ákvæðum frumvarpsins eða laga um verðbréfaviðskipti eða reglum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra eða ef háttsemi skipulegs verðbréfamarkaðar er að öðru leyti ekki eðlileg, traust eða heilbrigð. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu skylt að veita aðilum hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg enda kemur þá til álita að beita heimild skv. 2. mgr., þ.e. að leggja tímabundið bann við áframhaldandi starfsemi, eða heimildum til afturköllunar starfsleyfis skv. 5. gr.

Í 2. mgr. er að finna heimild til þess að krefjast úrbóta án tafar og leggja tímabundið bann við starfsemi vegna brota á ákvæðum frumvarpsins. Verður ákvæðinu beitt ef Fjármálaeftirlitið telur að sérstök hætta kunni að vera fyrir hendi ef starfseminni er haldið opinni.

Í 3. mgr. er enn fremur lagt til að auk þeirra heimilda til afturköllunar sem taldar eru upp í 5. gr. sé Fjármálaeftirlitinu heimilt að afturkalla starfsleyfi hafi aðili þrátt fyrir ítrekuð tilmæli ekki bætt úr atriðum sem varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að sé bætt úr.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um viðurlög við brotum á ákvæðum laganna. Lagt er til að við brotum geti legið bæði stjórnvaldssektir og refsingar. Í gildandi lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða eru engin viðurlagaákvæði og liggja því engar refsingar við brotum á lögunum.

Um 32. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um stjórnvaldssektir verði lögfest.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og/eða fyrirtæki við nánar tilteknar aðstæður. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim brotum sem lagt er til að geti varðað stjórnvaldssektum. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og lögaðila ef þeir hafa brotið gegn 1. málsl. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis, 6. gr. um nafntilgreiningu, 1. mgr. 9. gr. um ábyrgðartryggingu kauphallar, 10. gr. um skyldur kauphallar, 4. mgr. 11. gr. um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra, 1. mgr. 12. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri og viðskipti stjórnenda og starfsmanna kauphallar, 1. mgr. 13. gr. um þagnarskyldu, 16. gr. um endurskoðun og skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins, 1. mgr. 18. gr. um virkan eignarhlut, 4. mgr. 19. gr. um að tilkynningar um samþykkt á aðildarumsókn að kauphöll skuli sendar Fjármálaeftirlitinu, 2. málsl. 20. gr. um tilkynningarskyldu kauphallar til Fjármálaeftirlits um ráðstafanir sem gerðar eru vegna brota á skilyrðum í aðildarsamningi, 21. gr. um eftirlitsskyldu kauphallar, 4. málsl. 1. mgr. 22. gr. um tilkynningarskyldu kauphallar vegna setningar eða breytinga á reglum um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, 3. mgr. 24. gr. um tilkynningarskyldu um stöðvun viðskipta og töku úr viðskiptum og 28. og 29. gr. um gagnsæi á skipulegum verðbréfamarkaði. Í 33. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögfest verði heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Því er talið rétt að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða einstaklinga ef þau fara ekki eftir ákvæðum sáttarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á einstaklinga geti numið frá 10 þúsund krónum til 20 milljóna króna, en að sektir sem lagðar eru á lögaðila verði hærri og geti numið frá 50 þúsund krónum til 50 milljóna króna. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við.

Í 3. málsl. 2. mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort að um er að ræða ítrekað brot. Í 4. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Þá er í 5. málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er lagt til í 6. og 7. málsl. 2. mgr. að mælt verði fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Það er þó ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.

Um 33. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði heimild til handa Fjármálaeftirlitinu að ljúka málum með sátt.

Í gildandi lögum er ekki mælt fyrir heimildir til að ljúka málum með sátt. Lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt mundi stuðla að frekara gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir.

Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um er að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Loks er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Um 34. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í kauphallarlögum, þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

Um 35. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögfest verði ákvæði um að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það sami fyrningarfrestur og gilda mun um refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila vegna brota á lögunum ef frumvarp þetta nær fram að ganga, en í 36. gr. frumvarpsins er kveðið á um að hámarksrefsing vegna brota gegn lögunum skuli vera sektir eða fangelsi allt að tveimur árum. Því er fyrningarfrestur gagnvart einstaklingum fimm ár skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sami fyrningarfrestur gildir gagnvart lögaðilum, sbr. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Við afmörkun þess hvenær háttsemi lauk ber að taka mið af meginreglum refsiréttar og fjármálamarkaðsréttar um það atriði. Af því leiðir að ef um samfellda brotastarfsemi eða ástandsbrot er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögmæta ástandi linnir og upphaf fyrningarfrests telst þá einnig frá þeim tíma.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tilkynning Fjármálaeftirlitsins til aðila um rannsókn á meintu broti rjúfi fyrningu. Reglan á sér að nokkru leyti hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Einnig er kveðið á um að rof fyrningarfrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti. Af því leiðir að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila, hindra fyrningarreglur ekki að lögð verði stjórnsýsluviðurlög á aðra aðila sem síðar kemur í ljós að stóðu einnig að broti. Rétt er að taka fram að þótt réttur Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta sé fyrndur koma ákvæði þessarar greinar ekki í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brot gegn kauphallarlögum.

Um 36. gr.

Í greininni er kveðið á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum við nánar tilgreind ákvæði frumvarpsins. Engin refsiákvæði eru í gildandi lögum. Lagt er til að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta gegn 1. málsl. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis, 1. mgr. 12. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri og viðskipti stjórnenda og starfsmanna kauphallar, 1. mgr. 13. gr. um þagnarskyldu og 16. gr. um endurskoðun og skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins. Brot gegn öllum framantöldum ákvæðum varða einnig stjórnvaldssektum. Það kemur þó aldrei til þess að sami aðili þurfi að sæta refsingu og álagningu stjórnvaldssekta fyrir sama brot.

Um 37. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að kveðið verði á um að brot gegn kauphallarlögum varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum kauphallarlaga sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Um 38. gr.

Lagt er til að sett verði í lög um kauphallir ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skulu fara með brot gegn lögum um kauphallir sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármaálaeftirlits til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varði bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Þykir eðlilegt að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá mun verða höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörkun á því hvaða brot teljist meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og ætluð refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.

Um IX. kafla.

Í kaflanum er að finna reglugerðarheimild auk þess sem kveðið er á um gildistöku laganna.

Um 39. gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 40. gr.

Gildistökuákvæði laganna er í 40. gr. Lagt er til að þau öðlist gildi 1. nóvember 2007, en þá skulu reglur sem innleiða MiFID-tilskipunina taka gildi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er tekið af skarið um það að starfandi hlutafélög sem hafa starfsleyfi frá ráðherra til að reka kauphöll eða skipulegan tilboðsmarkað skuli halda starfsleyfi sínu til að reka skipulegan verðbréfamarkað við gildistöku laganna.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,*
*fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um kauphallir.**

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingar á ýmsum tilskipunum því tengdu. Tilskipunin er hluti af sérstakri aðgerðaráætlun Evrópusambandsins sem miðar að því að skapa skilvirkan innri markað með fjármálaþjónustu svo sem með styttri viðbragðstíma, skilvirkara eftirliti og öflugri neytendavernd. Frumvarpið er lagt fram ásamt tveimur öðrum frumvörpum, þ.e. frumvarpi um verðbréfaviðskipti og breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, og er vísað í umsagnir með þeim. Við lögfestingu þessa frumvarps falla um leið úr gildi lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Í frumvarpinu er kveðið á um að leyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað verði einungis veitt hlutafélagi sem hlotið hafi starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Kauphöll eða það hlutafélag sem fengið hefur ofangreint starfsleyfi ber ábyrgð á því, skv. 10. gr. frumvarpsins um skyldur kauphalla, að rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar sé heilbrigður og traustur. Kauphöll skal hafa eftirlit með því að markaðsaðilar starfi eftir lögum, reglum og samþykktum sem um viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði gilda og tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef grunur eða vitneskja er um brot á þeim. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að starfsemi kauphalla og skipulegra verðbréfamarkaða sé í samræmi við lög þessi eða reglur og reglugerðir sem settar verða samkvæmt þeim. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á tilteknum greinum frumvarpsins sem geta numið frá 10 þ.kr. til 20 m.kr. á einstaklinga og frá 50 þ.kr.til 50 m.kr. á lögaðila. Þessar sektir skulu renna í ríkissjóð. Þá er

í frumvarpinu lagt til að opinber skráning verðbréfa verði í höndum Fjármálaeftirlitsins en í því felst könnun á því hvort verðbréf uppfylli þá samræmdu evrópsku skilmála sem fjallað er um í tilskipuninni.

Gert er ráð fyrir því að kostnaður Fjármálaeftirlitsins vegna frumvarpsins verði óverulegur og verði fjármagnaður með eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er því ekki gert ráð fyrir því að það muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

## 1091. Nefndarálit [618. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti.

Frumvarpinu er ætlað að bregðast við nýjum verðsöfnunartíma vísitölu neysluverðs vegna innleiðingar á reglugerð frá Evrópusambandinu en gerðin mælir fyrir um samræmt tímabil fyrir söfnun verðupplýsinga fyrir hina samræmdu neysluverðsvísitölu EES-svæðisins.

Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 9. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Lúðvík Bergvinsson. |
| Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. | Ásta Möller. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Ögmundur Jónasson. |

## 1092. Nefndarálit [571. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2006, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2006 frá 22. september 2006, um breytingu á XXII. viðauka (Félaga-

réttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga yfir landamæri.

Markmið tilskipunarinnar er að auðvelda hlutafélögum samruna milli landa en lagalegir og stjórnsýslulegir erfiðleikar hafa hamlað á þessu sviði þrátt fyrir það lagaumhverfi sem áður hefur verið komið á með EES-gerðum á sviðinu. Til þess að reglur tilskipunarinnar eigi við um samruna þarf að vera um samruna hlutafélaga frá minnst tveimur EES-ríkjum að ræða.

Lagafrumvarp sem ætlað er að innleiða efni tilskipunarinnar í íslenskan rétt hefur verið til meðferðar á Alþingi (þskj. 779, 516. mál) og mælti efnahags- og viðskiptanefnd með samþykkt þess á fundi 8. mars sl. Nefndin vekur athygli á að verði það mál að lögum er enn eftir að innleiða ákvæði 16. gr. tilskipunarinnar sem er á málefnasviði félagsmálaráðuneytis, en lagafrumvarp verður ekki lagt fram fyrr en á haustþingi. Frestur til að innleiða tilskipunina í íslenskan rétt er til 15. desember 2007, sbr. 19. gr. hennar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 9. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Kristjánsson, varaform., frsm. | Össur Skarphéðinsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | Sæunn Stefánsdóttir. | Guðjón A. Kristjánsson. |

## 1093. Nefndarálit [572. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2006, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson og Atla Frey Guðmundsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Tryggva Axelsson frá Neytendastofu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd).

Reglugerð 2006/2004 varðar samvinnu milli innlendra yfirvalda sem ábyrgð bera á framkvæmd laga um neytendavernd. Meginmarkmið hennar er að tryggja eftirfylgni við lög á sviði neytendaverndar og virkni innri markaðarins með því að koma á samstarfi stjórnvalda yfir landamæri en gildissvið reglugerðarinnar nær aðeins til brota á löggjöf um neytendavernd. Samvinna stjórnvalda felst í ýmiss konar aðstoð, t.d. virkri miðlun upplýsinga, rannsókn, heimsókn á starfsstöð fyrirtækis eða jafnvel beitingu þvingunarúrræða.

Lagafrumvörp sem ætlað er að innleiða reglugerðina í íslenskan rétt hafa verið til meðferðar á Alþingi (þskj. 916, 616. mál og þskj. 917, 617. mál) og mælti efnahags- og viðskiptanefnd með samþykkt þeirra á fundi 8. mars sl.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 9. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Kristjánsson, form., frsm. | Össur Skarphéðinsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | Sæunn Stefánsdóttir. | Guðjón A. Kristjánsson. |

## 1094. Nefndarálit [449. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Lilju Sturludóttur frá fjármálaráðuneyti.

Umsögn um málið barst frá Landssamtökum lífeyrissjóða.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í hann tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri.

Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að hagkvæmum fjárfestingum og tryggri ávöxtun, tryggja réttindi sjóðfélaga og annarra rétthafa, gera kleift að bjóða þjónustu yfir landamæri, stuðla að faglegri stjórnun, tryggja samkeppni, koma á gagnkvæmri viðurkenningu eftirlitsaðila innan ESB, skapa forsendur fyrir öflugri innri markaði fyrir lífeyrissparnað o.fl. Samkvæmt a-lið 2. gr. tilskipunarinnar eru stofnanir sem stýra almannatryggingakerfi og falla undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71 undanþegnar gildissviði hennar. Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggist á þeirri reglugerð og fellur þar af leiðandi utan gildissviðsins nema að því marki sem ekki er um skyldubundnar starfstengdar lífeyrisgreiðslur að ræða.

Ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi. Fjármálaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði (þskj. 844, 568. mál) til að innleiða efni þessarar tilskipunar. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis afgreiddi málið frá sér með nefndaráliti 8. mars sl. og mælti með samþykkt frumvarpsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 9. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Kristjánsson, varaform., frsm. | Össur Skarphéðinsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | Sæunn Stefánsdóttir. | Guðjón A. Kristjánsson. |

# 1095. Nefndarálit [437. mál]

um frv. til vegalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Svanhvíti Axelsdóttur frá samgönguráðuneyti, Gunnar Gunnarsson frá Vegagerðinni, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sigurgeir Þorgeirsson og Gunnar Sæmundsson frá Bændasamtökum Íslands. Umsagnir um málið hafa borist frá Búgarði, ráðgjafarþjónustu á Norðausturlandi, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Vegagerðinni, Svalbarðsstrandarhreppi, Skagabyggð, Umferðarstofu, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Ísafjarðarbæ, Mýrdalshreppi, Landssamtökum hjólreiðamanna, Fljótsdalshéraði, Húnaþingi vestra, Borgarbyggð, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi, Sveitarfélaginu Árborg, Skorradalshreppi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Skútustaðahreppi, Bændasamtökum Íslands, Leið ehf., Langanesbyggð, Þingeyjarsveit, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Sandgerðisbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Flóahreppi, Grindavíkurbæ, Reykjavíkurborg, Hvalfjarðarsveit, Mosfellsbæ og Umhverfisstofnun. Þá barst nefndinni sameiginleg umsögn frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Markmið þessa frumvarps er að skilgreina nánar ábyrgð á veghaldi og stuðla að öruggari samgöngum. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru m.a. eftirfarandi: Í fyrsta lagi er lögð til breytt flokkun vega þar sem m.a. er kveðið á um stöðu almennra stíga. Í öðru lagi er lagt til að vegamálastjóri hafi skýra heimild til að framselja veghald til þriðja aðila. Í þriðja lagi er lagt til að heimild til gjaldtöku vegna byggingar og reksturs samgöngumannvirkja verði almenn í stað þess að mælt verði fyrir um sérstaka lagasetningu fyrir slíka gjaldtöku vegna einstakra verkefna hverju sinni. Í fjórða lagi er lagt til að heimilt verði að veita fé til almennra stíga af fjárveitingum til vegagerðar. Í fimmta lagi er lagt til að hlutverk Vegagerðarinnar sem umsagnaraðila um áhrif skipulags á umferð um þjóðvegi verði skýrt nánar. Í sjötta lagi eru skyldur Vegagerðarinnar til að vanda sérstaklega til undirbúnings ákvörðunar um eignarnám áréttaðar þannig að réttaröryggi borgaranna sé tryggt. Í sjöunda lagi eru reglur um girðingar með vegum einfaldaðar og kveðið á um heimild fyrir Vegagerðina til að taka þátt í kostnaði við gerð ganga fyrir búfé.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í stað orðsins „sveitarstjórn“ í 1. og 2. mgr. 14. gr., 2. mgr. 44. gr. og 2. mgr. 52. gr. komi „sveitarfélag“.
2. Lagt er til að í c-lið 2. mgr. 18. gr. verði tiltekið að aukist umferð verulega umfram það sem gert var ráð fyrir þegar skipulag var staðfest eða þegar af öðrum ástæðum mátti ekki reikna með að umferðarhávaði yrði yfir leyfilegu hámarki beri Vegagerðin að minnsta kosti helming kostnaðar. Í framangreindum tilvikum þykir eðlilegt að sveitarfélag og veghaldari beri að mestu leyti saman áhættuna af þessu og þar með þeim kostnaði af hávaðavörnum sem nauðsynlegar reynast vegna þess að umferð eykst umfram það sem spáð var. Í samræmi við þetta er lagt til að Vegagerðin greiði að lágmarki helming kostnaðar í slíkum tilvikum og að Vegagerðin og viðkomandi sveitarfélag nái samkomulagi um þann kostnað sem eftir stendur.
3. Lagt er til að 20. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að kveðið verði á um að við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skuli skráður eigandi fasteignar-

innar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda sé lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar. Með þessari breytingu leggur nefndin til að veghaldara verði heimilt að leggja á skráðan eiganda fasteignar að taka þátt í hluta kostnaðar við lagningu nýs héraðsvegar að fasteign hans. Meðal helstu raka fyrir þessu er að forræði og ákvörðunarvald í skipulagsmálum og búsetuþróun innan sveitarfélags er í höndum viðkomandi sveitarfélags yfir veghaldi héraðsvega. Samkvæmt gildandi lögum er sveitarfélagi heimilt að leggja á gatnagerðargjald til að standa straum af gatnagerð í þéttbýli. Eðlilegt þykir að réttarstaða íbúanna sé sambærileg hvað snertir vegtengingu og kostnað vegna hennar, hvort sem búseta er í dreifðri eða þéttri byggð, og er með þessari breytingu stefnt að því. Því er lagt til að veghaldari hafi hliðstæða heimild til þess að fara fram á kostnaðarhlutdeild við lagningu vegar í dreifðri byggð sem byggist á raunkostnaði. Þannig er veghaldara heimilt að leggja á skráðan eiganda fasteignar að greiða helming raunkostnaðar af lagningu nýs héraðsvegar. Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða skiptist kostnaðarhlutdeildin í samræmi við það. Nefndin telur eðlilegt að samráð verði haft við fasteignareiganda um gerð og legu vegar enda kemur hann til með að taka þátt í kostnaði við hann.

4. Lagt er til að í 2. mgr. 28. gr. verði sérstaklega tiltekið að sveitarstjórn sé óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar um legu þjóðvega ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér. Með þessari breytingu er leitast við að tryggja að sveitarstjórn taki við beitingu skipulagsvalds síns fullt tillit til sjónarmiða um umferðaröryggi þegar lega þjóðvega er ákveðin. Nefndin telur þessa breytingu nauðsynlega í ljósi skýrra markmiða umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda um fækkun umferðarslysa og kröfu þjóðfélagsins almennt um að umferðaröryggi njóti forgangs á öllum sviðum. Í þessu sambandi ber að nefna að gert er ráð fyrir að tillögur Vegagerðarinnar um umferðaröryggi séu studdar viðurkenndu mati á umferðaröryggi mismunandi valkosta og m.a. stuðst við sérstaka umferðaröryggisrýni sérfræðinga á því sviði. Í samræmi við framangreint er lagt til að fellt verði út orðið „umferðaröryggis“ í 3. mgr. 28. gr.
5. Lagt er til að í stað orðanna „ákvörðun eignarnámsbóta“ í 2. mgr. 38. gr. komi „framkvæmd eignarnáms“ í samræmi við rétt heiti laganna.
6. Lagt er til að fyrirsögn 59. gr. verði *Refsing* í stað *Viðurlög*.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Kristinn H. Gunnarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er andvígur áliti þessu.

Alþingi, 10. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara. | Kristján L. Möller, með fyrirvara. |
| Guðjón Hjörleifsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |
| Jón Kristjánsson. | | Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara. |

# 1096. Breytingartillögur [437. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Í stað orðsins „sveitarstjórn“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 14. gr. komi: sveitarfélagi.
2. C-liður 2. mgr. 18. gr. orðist svo: ef umferð um veg hefur aukist verulega umfram það sem gert var ráð fyrir þegar skipulag var staðfest eða þegar af öðrum ástæðum mátti ekki reikna með að umferðarhávaði yrði yfir leyfilegu hámarki ber Vegagerðin að minnsta kosti helming kostnaðarins.
3. 20. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

*Kostnaðarhlutdeild við lagningu nýrra héraðsvega.*

Við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skal skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda skal lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um innheimtu kostnaðar skv. 1. mgr.

4. Á eftir orðinu „og“ í 5. mgr. 25. gr. komi: um.
5. Við 28. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:

   Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Fallist sveitarfélag ekki á tillögu Vegagerðarinnar skal það rökstyðja það sérstaklega. Þó er sveitarfélagi óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér. Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

   b. 3. mgr. orðist svo:

   Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en sá sem Vegagerðin telur betri með tilliti til kostnaðar og tæknilegrar útfærslu og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmuninn. Rísi ágreiningur um réttmæti slíkrar kröfu eða um fjárhæð skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.
6. Í stað orðanna „ákvörðun eignarnámsbóta“ í 2. mgr. 38. gr. komi: framkvæmd eignarnáms.
7. Í stað orðsins „sveitarstjórnar“ í 2. mgr. 44. gr. komi: sveitarfélags.
8. Í stað orðsins „Sveitarstjórn“ í 2. mgr. 52. gr. komi: Sveitarfélag.
9. Fyrirsögn 59. gr. verði: *Refsing.*

# 1097. Frumvarp til laga [693. mál]

um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „6,43 kr.“ kemur: 9,35 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3,40 kr.“ kemur: 3,96 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „2,50 kr.“ kemur: 2,91 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „1,80 kr.“ kemur tvívegis: 2,09 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „0,76 kr.“ kemur: 0,86 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á grunni skilagjalds og umsýsluþóknunar af einnota drykkjarvöruumbúðum samhliða lækkun virðisaukaskatts á matvæli. Með lögum nr. 175/2006, um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, lækkaði virðisaukaskattur á gosdrykki úr 24% í 7% en stóð í stað á áfengi. Lækkun á álagningu virðisaukaskatts á matvæli hefur áhrif á rekstrargrundvöll Endurvinnslunnar hf. og leiðir til þess að félagið verður af umtalsverðum tekjum. Í 1. gr. laga nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða, er kveðið á um álögur á ákveðnar drykkjarvörur í einnota umbúðum. Í fyrsta lagi er lagt á svokallað skilagjald sem nú er 8,04 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu og til viðbótar því er lagt á umsýslugjald sem standa á undir rekstri kerfisins og er upphæð gjaldsins mismunandi eftir umbúðategundum. Fjárhæð umsýslugjaldsins er einnig án virðisaukaskatts. Endurvinnslan hf. fær greitt í gegnum ríkisbókhaldið framangreind gjöld sem innheimt eru í tolli eða hjá innlendum framleiðendum auk virðisaukaskattsins. Þegar lögin voru sett var virðisaukaskatturinn fremur nýr og aðrar starfsreglur giltu þá um greiðslur.

Skilagjald á einnota umbúðir var fram til 1. mars sl. 10,00 kr. og skiptist þannig að skilagjald án virðisaukaskatts var áðurnefndar 8,04 kr. og virðisaukaskatturinn 1,96 kr. Lækkun virðisaukaskatts á matvæli hefur í för með sér umtalsverða tekjuskerðingu fyrir Endurvinnsluna hf. sem felst einkum í því að ef skilagjald verður áfram 8,04 kr. mun innheimt skilagjald af einnota umbúðum af öðrum drykkjum en áfengum einungis vera 8,60 kr. í stað 10,00 kr. Skilagjald af umbúðum áfengra drykkja verður áfram 10,00 kr. Breyting á virðisaukaskatti á matvæli hefur jafnframt áhrif á uppreikning umsýslugjalds þar sem fjárhæðir þess eru einnig án virðisaukaskatts og tekjur Endurvinnslunnar hf. af umsýslugjaldi er þóknun ásamt virðisaukaskatti. Umsýslugjald er grunnforsenda rekstrartekna félagsins. Í ljósi þessa er lagt til í frumvarpi þessu að breyting verði gerð á lögunum til að leiðrétta þau áhrif sem lækkunin hefur.

Framangreindar breytingar eiga ekki að leiða til raunhækkunar á innheimtum gjöldum heldur að tryggja að Endurvinnslan hf. fái það sama og hún fékk fyrir lækkun virðisauka-

skattsins. Í frumvarpinu er miðað við hvað gjöldin þurfa að hækka miðað við 7% virðisaukaskatt. Vert er að benda á að virðisaukaskattur lækkar ekki á áfengi en um 15% af þeim umbúðum sem koma inn eru flöskur undan áfengi. Að mati Endurvinnslunnar hf. og fjármálaráðuneytisins er illframkvæmanlegt að setja mismunandi gjald á vöru eftir því hvort umbúðirnar bera 7% virðisaukaskatt eða 24%. Því er lagt til að sama gjald verði lagt á allar drykkjavöruumbúðir og að Endurvinnslan hf. fái alltaf 7% af virðisaukaskattinum en í þeim tilvikum sem hann sé í raun 24% þá fari afgangurinn í ríkissjóð. Með breytingunum er Endurvinnslunni hf. gert fært að standa áfram undir lögbundnu skilagjaldi að upphæð 10,00 kr. sem það var hækkað upp í nýverið en við það jukust skil á einnota drykkjarvöruumbúðum.

Lagt er til að lögin taki þegar gildi.

## 1098. Nefndarálit [459. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Múla Jónasson og Arndísi Ármann Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Friðrik J. Arngrímsson og Björgólf Jóhannsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Aðalstein Þorsteinsson frá Byggðastofnun, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og útgerðarmennina Gísla Jón Kristjánsson, Arnar Kristjánsson og Hauk Jónsson. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Byggðastofnun, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Siglingastofnun Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Ísafjarðarbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Grundarfirði, Húnaþingi vestra, Vestmannaeyjabæ, Akureyrarbæ, Langanesbyggð, Norðurþingi, Reiknistofu fiskmarkaða, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands og Félagi skipstjórnarmanna.

Tilurð frumvarpsins á rætur að rekja til nokkurra álita umboðsmanns Alþingis þar sem tilhögun á úthlutun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, hefur verið gagnrýnd. Að meginstefnu til fer úthlutun fram í þremur áföngum. Fyrst þarf að ákveða hve mörgum þorskígildistonnum, sem ráðherra hefur samkvæmt lagagreininni til ráðstöfunar, skuli úthlutað. Í annan stað þarf að ákvarða hversu miklar aflaheimildir komi í hlut hvers byggðarlags. Loks þarf að ákveða hvernig staðið skuli að framkvæmd úthlutunar aflaheimilda til einstakra skipa. Á fundum nefndarinnar kom fram að nokkur sátt virðist hafa ríkt um heildarmagn byggðakvótans og ráðstöfun hans til einstakra byggðarlaga en hvort tveggja hefur sjávarútvegsráðherra ákveðið á grundvelli ákveðinna forsendna og að teknu tilliti til þeirra röksemda sem búa að baki byggðakvóta. Á hinn bóginn er það skoðun umboðsmanns að nokkuð hafi skort á að úthlutun byggðakvóta til einstakra skipa hafi farið fram á grundvelli samræmdra reglna sem tryggi jafnræði meðal borgara landsins sem í hlut eiga. Er því haldið fram að sjávarútvegsráðherra hafi án þess að hafa viðhaft nægilegt eftirlit framselt einstökum sveitarstjórnum full rúmar heimildir til íhlutunar við gerð úthlutunarreglna og töku ákvarðana um endanlega skiptingu aflaheimilda milli fiski-

skipa innan byggðarlaga sinna. Slíkt valdframsal stangist á við framangreinda lagagrein fiskveiðistjórnarlaga þar sem kveðið er á um ábyrgð ráðherra á framkvæmd úthlutunar.

Yfirlýstur tilgangur frumvarpsins er upprunalega sá að færa sveitarstjórnum ákvörðunarvald um úthlutun byggðakvótans til einstakra skipa en þó þannig að sjávarútvegsráðherra er falið að setja reglugerð um almenn samræmd skilyrði úthlutunar sem tekur til alls landsins. Af sjálfu leiðir að frjálst mat sveitarstjórna um þessi efni ræðst þá að miklu leyti af því hversu ítarlegar reglur eru settar í reglugerð og í annan stað í hve miklum mæli ráðherra heimilar sveitarstjórnum svigrúm til að taka mið af staðbundnum aðstæðum við setningu viðbótarskilyrða fyrir úthlutun, sbr. 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að ákvarðanir sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta sæti endurskoðun sérhæfðrar úrskurðarnefndar sem í eiga sæti þrír einstaklingar.

Eins og ráða má af framangreindu er frjálst mat sveitarfélaga við úthlutun byggðakvóta til einstakra skipa háð því hversu ítarlegar reglur ráðherra setur. Þá hafa komið fram við umfjöllun nefndarinnar vissar efasemdir um hversu vel sveitarfélögin séu fær um að annast framkvæmd úthlutunar. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur til að mynda bent á að þótt vænta megi að sveitarfélög séu í ljósi staðbundinnar kunnáttu betur til þess fallin að annast verkefnið en ríkisvaldið þá kunni reynsla sumra sveitarfélaga af úthlutun að valda því að þau séu ekki hlynnt því að taka það að sér.

Framangreindar athugasemdir hafa leitt til þess að nefndin hefur ákveðið, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið, að leggja til nánar tilgreindar breytingar sem miða helst að því að renna tryggari stoðum undir þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið hjá ríkinu í stað þess að færa ákvörðunarvald í þessum efnum til sveitarfélaganna án þess þó að þau glati rétti sínum til íhlutunar.

Breytingarnar felast einkum í því að hlutverk Byggðastofnunar skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. fiskveiðistjórnarlaga haldist óbreytt og að Fiskistofa taki að sér í stað sveitarfélaga að úthluta aflaheimildum, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til fiskiskipa. Áfram er hins vegar gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um úthlutun aflaheimilda til einstakra byggðarlaga og að þar komi m.a. fram skilgreining á hugtakinu byggðarlag og viðmiðunar- og útreikningsreglur. Þá verði ráðherra heimilað, eins og núgildandi lög gera ráð fyrir, að gefa út reglugerð sem kveður á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar, auk þess sem kveðið verði á um að aflaheimildir sem tilheyra byggðakvótanum skuli skiptast milli tegunda í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í tegundunum.

Enn fremur verði ráðherra falið að gefa út reglugerð fyrir landið allt um samræmd skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda til fiskiskipa innan hvers byggðarlags sem þó eru ekki að öllu leyti hin sömu og gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Honum verði auk þess heimilt að fallast á tillögur einstakra sveitarstjórna um sérstök skilyrði er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum svo fremi sem þau styðjast við málefnalegar og staðbundnar ástæður og þjóna hagsmunum viðkomandi byggðarlaga. Þá er lagt til að eftir að slíkar tillögur sveitarstjórna hafa borist ráðuneytinu verði því skylt að birta þær með aðgengilegum hætti, t.d. á heimasíðu sinni, eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til þess hvort fallist verður á þær eða ekki. Er þetta gert til að gefa þeim sem kunna að hafa ábendingar um efni tillagnanna kost á að kynna sér þær og gera athugasemdir við þær.

Áfram er gert ráð fyrir að framsal byggðakvóta sé að meginstefnu til óheimilt nema fram fari jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Framsalsbannið verður þó að skoða með hliðsjón af þeim áskilnaði, sem nefndin leggur til, að fiskiskip sem fær úthlutað einu tonni af byggðakvóta hafi landað, eða verði gert skylt að landa, til vinnslu tveimur tonnum innan

hlutaðeigandi byggðarlags miðað við þorskígildi (tonn á móti tonni). Ráðherra verði falið að setja nánari reglur um útfærslu löndunar- og vinnsluskyldunnar, auk þess sem honum verður heimilað að fengnum tillögum sveitarstjórna að víkja skyldunni til hliðar ef fyrir liggur að sú tilhögun samræmist málefnalegum og staðbundnum þörfum byggðarlags. Þannig getur skyldan orðið meiri eða minni og eftir atvikum fallið niður ef aðstæður eru með þeim hætti. Mætti til að mynda hugsa sér að ráðherra heimilaði tilslakanir ef fiskiskip þyrftu í ríkum mæli að útvega sér aflaheimildir á leigumarkaði til að unnt væri að efna að fullu löndunar- og vinnsluskylduna. Einnig væri hugsanlegt að vikið yrði frá löndunarskyldu og/eða vinnsluskyldu ef engin löndunarstarfsemi eða vinnsla er fyrir hendi innan viðkomandi byggðarlags. Erfitt er að koma auga á allar málefnalegar og staðbundnar þarfir sem réttlætt geta frávik en ráðherra ber undir öllum kringumstæðum að meta þær sjálfstætt með hliðsjón af þeirri meginhugsun að byggðakvóta skuli að jafnaði nýta til þess að ná fram þeim margfeldisáhrifum sem að framan er getið til hagsbóta fyrir byggðarlögin.

Í tengslum við framangreint skal einnig tekið fram að á fundum nefndarinnar var lýst yfir almennri ánægju með þá tilhögun, sem lögð er til í b-lið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, að aflaheimildum megi ráðstafa til allt að þriggja ára í senn enda er hún til þess fallin að auka á festu í framkvæmd og auðvelda þeim sem fá úthlutað að gera ráðstafanir fram í tímann til hagsbóta fyrir hlutaðeigandi byggðarlög. Forsenda þessa mun þó ávallt vera sú að viðkomandi útgerðir fullnægi skilyrðum úthlutunar á tímabilinu.

Nefndin leggur til að fallið verði frá áformum um að setja á stofn sérstaka úrskurðarnefnd og að þess í stað verði ákvarðanir Fiskistofu kæranlegar til sjávarútvegsráðuneytisins. Kærufrestur verði tvær vikur og það skilyrði sett að úthlutun fari eigi fram fyrr en að því tímamarki liðnu. Jafnframt er lagt til að ráðherra verði heimilt að fresta úthlutun til fiskiskipa í tilteknu byggðarlagi að hluta eða öllu leyti þar til lokið er afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar þar.

Loks leggur nefndin til tvær breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Annars vegar þá að a-liður greinarinnar falli brott, sem þýðir að 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. fiskveiðistjórnarlaga helst óbreyttur, auk þess sem ráðherra verði falið að setja reglugerð um ráðstöfun aflaheimilda samkvæmt þessum tölulið. Hins vegar leggur nefndin til breytingu á b-lið greinarinnar sem ætlað er að tryggja að sú ráðstöfun sem þar er mælt fyrir um hafi ekki áhrif á forsendur sem lagðar eru til grundvallar við úthlutun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna, sbr. og 3. og 4. mgr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón A. Kristjánsson og Jón Bjarnason skrifa undir álitið með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Arnbjörg Sveinsdóttir. |
| Guðjón Ólafur Jónsson. | Jón Bjarnason, með fyrirvara. | Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara. |

Kjartan Ólafsson.

# 1099. Breytingartillögur [459. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   10. gr. laganna orðast svo:
   Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski og hann getur ráðstafað þannig:
   1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.
   2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:
      a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.
      b. Til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn.

   Aflaheimildir samkvæmt þessari grein skulu skiptast milli tegunda í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í tegundunum og skulu dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeilda. Í reglugerðum sem ráðherra setur skv. 3. og 4. mgr. skal kveðið á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.

   Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. tölul. 1. mgr.

   Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. Þar skal kveðið á um skilgreiningu á byggðarlagi, viðmiðunar- og útreikningsreglur og aðrar reglur um úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga.

   Ráðherra setur í reglugerð almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga. Skulu þau skilyrði m.a. varða skráningarstað, skráningartíma, eignarhald, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverð, tryggingar fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Eftir að slíkar tillögur sveitarstjórna hafa borist skulu þær birtar með aðgengilegum hætti, svo sem á vefsíðu ráðuneytisins, eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til þeirra. Fallist ráðherra á tillögur sveitarstjórna um slík skilyrði staðfestir ráðuneytið tillögurnar og auglýsir þær í B-deild Stjórnartíðinda.

   Framsal aflaheimilda, sem úthlutað er skv. 2. tölul. 1. mgr., er óheimilt en þó skulu heimil jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Framsal aflaheimilda samkvæmt töluliðnum skal þó vera heimilt hafi fiskiskip efnt löndunar- og vinnsluskyldu í samræmi við 7. mgr.

   Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það

skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.

Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til fiskiskipa. Ákvarðanir Fiskistofu um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein er heimilt að kæra til sjávarútvegsráðuneytisins. Kærufrestur er tvær vikur frá tilkynningu Fiskistofu um úthlutun eða höfnun umsóknar um úthlutun og skal úthlutun ekki fara fram fyrr en að þeim fresti liðnum. Skal ráðuneytið leggja úrskurð á kærur innan tveggja mánaða. Ráðuneytið getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda til skipa í tilteknu byggðarlagi verði frestað að hluta eða öllu leyti þar til það hefur lokið afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar þar.

2. 2. gr. verði 3. gr.
3. Við 3. gr., er verði 2. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Á fiskveiðiárunum 2006/2007, 2007/2008 og 2008/2009 skal ráðstafa hluta þeirra aflaheimilda, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 10. gr., til þeirra byggðarlaga sem fengið hafa úthlutað aflaheimildum á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990, sem hér segir: 750 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2006/2007, 500 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2007/2008 og 250 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2008/2009 og skulu þær skiptast milli byggðarlaga í sömu hlutföllum og úthlutun samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu skiptist á fiskveiðiárinu 2005/2006. Úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessu ákvæði skal ekki hafa áhrif á ákvörðun um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., sbr. 3. og 4. mgr. sömu greinar. Um framkvæmd þessa ákvæðis gilda að öðru leyti ákvæði 2. mgr. og 5.–8. mgr. 10. gr. og reglur settar samkvæmt þeim.

## 1100. Nefndarálit [644. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Múla Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Valtý Þór Hreiðarsson frá Verðlagsstofu skiptaverðs, Gísla Rúnar Gíslason frá Fiskistofu, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslustöðva, Félagi skipstjórnarmanna, Persónuvernd, Fiskistofu, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Verðlagsstofu skiptaverðs er í lögum um stjórn fiskveiða falið mikilvægt úrræði sem ætlað er að stuðla að því að útgerðir sem flytja aflamark yfir á skip sín standi réttilega við gerða samninga um fiskverð sem haft er til viðmiðunar í uppgjöri á aflahlut áhafnar. Kemur þar fram að forsenda fyrir flutningi aflamarks sé sú að stofan hafi staðfest að fyrir liggi fullnægjandi samningur. Með þessu úrræði er dregið úr líkum á að sjómenn séu látnir bera kostnað

af kaupum eða leigu á kvóta þannig að aflahlutur þeirra reiknist af lægra verði en fiskverði.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að veita Verðlagsstofu skiptaverðs auknar heimildir til að hafa eftirlit með því að samningar um fiskverð séu réttilega efndir. Er þar tekið af skarið um að stofan geti við framkvæmd eftirlits lagt áherslu á athugun einstakra mála með tilheyrandi gagnaöflun en þurfi ekki að einskorða sig við úrtakskannanir. Rannsókn getur farið fram ýmist eftir ábeningu eða að eigin frumkvæði stofunnar en leiði hún í ljós að fiskverðssamningur hafi verið vanefndur miðast hlutverk stofunnar almennt við að gefa út rökstutt álit og leggja það í hendur útgerð og áhöfn að leysa málið. Megintilgangur frumvarpsins er aftur á móti að styrkja heimildir stofunnar til að synja staðfestingar af sömu ástæðum þegar hennar hefur verið óskað í tilefni af kvótaframsali. Verður þeirri kvöð ekki jafnað til álits heldur íþyngjandi ákvörðunar sem ber að taka og undirbúa í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Við umfjöllun nefndarinnar var m.a. rætt um hvernig Verðlagsstofu skiptaverðs hefði gengið að rækja hlutverk sitt á grundvelli núgildandi laga, hvort frumvarpið væri vel til þess fallið að leysa þann vanda sem því væri ætlað og hver staða smábátaútgerðar væri gagnvart þeim lögum sem um stofuna giltu.

Nefndin áréttar að frumvarpinu, sem samið er með aðkomu Landssambands íslenskra útvegsmanna og samtaka sjómanna, er ætlað að styrkja eftirlitsheimildir Verðlagsstofu skiptaverðs og um leið stöðu sjómanna gagnvart útgerð. Með tilliti til jafnræðisreglu þjónar það lögmætu markmiði. Enn fremur er það skoðun nefndarinnar að lögin um Verðlagsstofu skiptaverðs taki jafnt til skipa hvort sem þau eru í aflamarki eða krókaaflamarki og má því til stuðnings vísa m.a. til 5. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Af þeirri ástæðu og að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið og hagsmunaaðila leggur nefndin til að nefndarmönnum í úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna verði fjölgað um tvo í því skyni að Landssamband smábátaeigenda eignist þar fulltrúa og samtök sjómanna fái viðbótarfulltrúa til mótvægis við þá breytingu.

Nefndin telur að 2.–4. efnismálsl. 3. gr. frumvarpsins eigi betur heima í nýrri grein sem bætt verði við lög nr. 13/1998 í stað 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Eðlilegra þykir að forsendur þær sem Verðlagsstofa skiptaverðs byggir staðfestingu sína á í tilefni af framsali aflamarks komi fram í þeim lögum sem um hana gilda. Samfara þessari breytingu er lögð til lítils háttar orðalagsbreyting á 1. gr. frumvarpsins.

Loks leggur nefndin til að gildistökuákvæði frumvarpsins verði breytt þannig að það taki gildi um næstu áramót. Með því er Landssambandi smábátaeigenda gefinn kostur á að laga sig að þeim breytingum sem að framan er lýst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón A. Kristjánsson og Jón Bjarnason skrifa undir álitið með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Arnbjörg Sveinsdóttir. |
| Guðjón Ólafur Jónsson. | Jón Bjarnason, með fyrirvara. | Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara. |

Kjartan Ólafsson.

## 1101. Breytingartillögur [644. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða“ í síðari málslið efnismálsgreinar komi: skv. 6. gr. a.
2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (3. gr.)
      Við lögin bætist ný grein er verður 6. gr. a og orðast svo:
      Verðlagsstofa skiptaverðs skal að beiðni Fiskistofu og í tilefni af framsali aflamarks skv. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, staðfesta að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum sem fullnægir kröfum laga þessara. Leiði athugun skv. 6. gr. í ljós að útgerð skips hafi ekki gert upp við skipverja í samræmi við samning um fiskverð skal stofan ekki veita staðfestingu sína nema úr hafi verið bætt eða hlutaðeigandi útgerð sett fullnægjandi tryggingu fyrir réttu uppgjöri. Þá skal Verðlagsstofa skiptaverðs ekki veita staðfestingu sína hafi útgerð skips ekki veitt upplýsingar eða afhent gögn sem stofan hefur krafist á grundvelli 5. gr.
      Ákvörðun um synjun staðfestingar skv. 1. mgr. lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og sætir kæru til sjávarútvegsráðuneytisins.
   b. (4. gr.)
      2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:
      Í nefndinni eiga sæti níu menn skipaðir af ráðherra. Af þeim skulu Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Félag vélstjóra og málmtæknimanna tilnefna einn fulltrúa hvert og einn fulltrúa sameiginlega. Þá skal Landssamband íslenskra útvegsmanna tilnefna þrjá fulltrúa og Landssamband smábátaeigenda einn fulltrúa. Loks skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar en að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
3. Við 3. gr., er verði 5. gr. 2.–4. efnismálsl. falli brott.
4. Við 4. gr., er verði 6. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

## 1102. Breytingartillögur [366. mál]

við frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 61/2003.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „Hafnargjöld“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: Skipagjöld.
   b. Í stað orðsins „hafnargjöldum“ í 3. málsl. 2. efnismgr. komi: skipagjöldum.

c. Í stað orðsins „hafnargjalda“ í 3. efnismgr. komi: skipagjalda.
d. Í stað orðsins „Hafnargjöld“ í 4. málsl. 5. efnismgr. komi: Skipagjöld.

2. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 18. gr. skal ekki gripið til aðgerða á grundvelli þessa ákvæðis fyrr en 1. janúar 2012.
3. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

Greinargerð.

Lagt er til að í stað orðsins „hafnargjöld“ í 6. gr. frumvarpsins komi hugtakið „skipagjöld“ eins og kveðið er á um í 2. mgr. 21. gr. gildandi hafnalaga, nr. 61/2003. Ekki er ætlunin að hafnargjöld séu tryggð með lögveði í skipi eða vátryggingarfé heldur skipagjöld. Hugtakið hafnargjöld er mun víðtækara en hugtakið skipagjöld en þar undir falla skipagjöld, vörugjöld, hafnsögugjöld, gjöld fyrir þjónustu hafnarbáta og leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar á vöru, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Þá er í 2. og 3. lið lögð til lagatæknileg breyting á frumvarpinu.

## 1103. Svar [211. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum.

1. *Hvaða skilgreiningu á „efni frá sjálfstæðum framleiðendum“ er stuðst við í 3. gr. draga að samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem ráðherra kynnti í september?*

Skilgreiningin á sjálfstæðum framleiðendum byggist á skilgreiningu EBU (European Broadcasting Union), en hún er:

„Fyrirtæki sem er sjálfstæður lögaðili aðskilinn frá útvarpsfyrirtækinu og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu, þar með talið það sem lýtur að vinnu fyrir aðra en útvarpsfyrirtækið sjálft.“

Í drögum að samningi menntamálaráðuneytis og RÚV, sem kynnt hafa verið, er byggt á framangreindri skilgreiningu í 3. gr. þar sem kveðið er á um nýsköpun í dagskrárgerð.

2. *Hve miklu fé varði Ríkisútvarpið, sjónvarp árlega árin 1999–2005 til slíks efnis frá sjálfstæðum framleiðendum, annaðhvort með kaupum eða meðframleiðslu?*

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu hefur stofnunin á sl. sjö árum varið eftirfarandi upphæðum til kaupa eða meðframleiðslu á efni frá sjálfstæðum framleiðendum:

| Ár | Upphæð í millj. kr. án vsk. |
|---|---|
| 1999 | 147 |
| 2000 | 144 |
| 2001 | 146 |
| 2002 | 138 |
| 2003 | 141 |
| 2004 | 104 |
| 2005 | 101 |

Eins og sést á töflunni hefur upphæðin sem varið er til kaupa á efni frá sjálfstæðum framleiðendum verið lægri árin 2004 og 2005 en árin þar á undan. Sú upphæð sem Ríkisútvarpið hefur á síðustu árum varið til kaupa á dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum hefur ákvarðast af áherslum í dagskrárframboði og fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

Í þeim drögum að samningi sem fylgdi frumvarpi um Ríkisútvarpið ohf. er markmiðið að stofnunin verji að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 millj. kr. og verður við lok samningstímabilsins 250 millj. kr.

## 1104. Nefndarálit [669. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Friðriksson og Atla Má Ingólfsson frá landbúnaðarráðuneyti, Jóhannes Sigfússon, Jóhönnu Pálmadóttur, Fanneyju Ólöfu Lárusdóttur og Björn Elíson frá Landssamtökum sauðfjárbænda, Gunnar Sæmundsson frá Bændasamtökum Íslands, Jóhannes Gunnarsson og Ólaf Klemensson frá Neytendasamtökunum og Stefán Úlfarsson frá ASÍ. Þá hefur nefndinni borist umsögn frá Samtökum verslunar og þjónustu.

Frumvarp þetta er samið á grundvelli samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar milli ríkis og Bændasamtaka Íslands frá 25. janúar 2007. Samningurinn er gerður á grundvelli 30. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og er markmið hans einkum að efla framþróun innan sauðfjárræktar, stuðla að sjálfbærri nýtingu, tryggja jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar, bæta afkomu sauðfjárbænda og styrkja landsbyggðina. Gildistími er til sex ára frá 1. janúar 2008.

Í samningnum er gerð grein fyrir því hvernig heildarframlög ríkisins til sauðfjárbænda skuli skiptast milli mismunandi flokka, þ.e. beingreiðslu, gæðastýringar, ullarnýtingar, markaðsstarfs og birgðahalds, nýliðunar- og átaksverkefna og svæðisbundins stuðnings. Bændasamtök Íslands munu hafa umsjón með ráðstöfun á hluta þessa fjár og setja sér verklagsreglur um úthlutun greiðslna sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Heildarframlög ríkisins munu lækka ár frá ári út samningstímann, þ.e. munu fara úr 3.348 millj. kr. á ári í upphafi og verða á lokaári samningsins 3.197 millj. kr.

Samningurinn gerir ráð fyrir að reglur um greiðslumark og aðilaskipti að því haldist óbreyttar. Skráð greiðslumark er ákveðið viðmið sem veitir handhafa rétt til beingreiðslna úr ríkissjóði í réttu hlutfalli við tiltekinn fjölda ærgilda. Greiðslumarkið er bundið við lögbýli og er framsal þess milli lögbýla heimilt að nánar tilgreindum skilyrðum. Lagt er til að jöfnunargreiðslur verði framvegis umreiknaðar í greiðslumark og mun heildargreiðslumark því aukast í samræmi við það og verða 368.457 ærgildi. Heildarbeingreiðslur á ári munu að öðru leyti skiptast hlutfallslega eins milli lögbýla og á árinu 2007. Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar munu aukast og greiðslur vegna ullarframleiðslu haldast óbreyttar sem lýsir áframhaldandi áherslu samningsaðila á ullargæði. Aukin áhersla verður lögð á markaðsstarf sauðfjárbænda en þó munu framlög til þessa flokks, að meðtöldu birgðahaldi, lækka á samningstímanum. Framlög til nýliðunar hafa ekki verið útfærð. Af framangreindu leiðir að

hlutfall samningsfjárhæðar sem greitt er beint til bænda hækkar á samningstímanum og þá er í samningnum að finna sérstakt ákvæði um búskaparlok sem felur í sér að bændur sem orðnir eru 64 ára eiga þess kost að láta af framleiðslu en halda óskertum beingreiðslum.

Í samningnum er gengið út frá því að hvor samningsaðili geti óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum samningsins og einnig er fyrirvari gerður um endurskoðun ef forsendur breytast í kjölfar samningaviðræðna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Þrátt fyrir að frumvarp þetta sé samið á grundvelli samnings um skilyrði sauðfjárræktar er í því einnig að finna nokkrar breytingar á ákvæðum laganna sem ekki leiðir beint af efni samningsins, sbr. t.d. 16. og 22. gr. frumvarpsins. Hins vegar ber að geta þess að í tengslum við afnám útflutningsskyldu er lagt til í 21. gr. að samningsskylda Bændasamtaka Íslands og sláturleyfishafa um verkaskiptingu við slátrun og verkun sauðfjár- og stórgripaafurða til sölu á erlendum markaði verði felld brott.

Við umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að veigamesta breytingin og sú sem mestur styr hefur staðið um varðar afnám útflutningsskyldu kindakjöts frá 1. júní 2009. Bændasamtökin hafa lýst yfir þeirri skoðun sinni að þrátt fyrir að samkomulag hafi tekist um þetta umdeilda atriði hafi ekki staðið til að leggja fram lagabreytingu þessa efnis fyrr en á hausti komanda. Að öðru leyti eru samningsaðilar á einu máli um að nýi samningurinn sé gegnsærri en gildandi samningur sem jafnframt á að leiða til þess að lagatextinn verði skýrari. Því til stuðnings má benda á þær greinar frumvarpsins sem varða breytingar á fyrirkomulagi gæðastýringar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jón Bjarnason og Gunnar Örlygsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Jón áskilur sér jafnframt rétt til að koma fram með eða styðja breytingartillögu.

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Magnús Þór Hafsteinsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 12. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Drífa Hjartardóttir, form., frsm. | Jón Kristjánsson. | Gunnar Örlygsson, með fyrirvara. |
| Guðmundur Hallvarðsson. | Birkir J. Jónsson. | Jón Bjarnason, með fyrirvara. |

# 1105. Frumvarp til laga [694. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka XVIII við lögin:

a. Í stað umbúðanúmeranna 03019; 03026; 03035; 03036; 06031; 06041; 08026; 17019; 20096; 20097; 21021; 82013; 85176; 85232; 85234; 85235; 85238; 85279; 85431;

85437; 93059; 94015; 94034; 94038 kemur: 030190; 030260; 030350; 030360; 060310; 060410; 080260; 170190; 200960; 200970; 210210; 820130; 851760; 852320; 852340; 852350; 852380; 852790; 854310; 854370; 930590; 940150; 940340; 940380.

b. Umbúðanúmerið 1701999 og síðara umbúðanúmeranna 2009 falla brott.

c. Hlutfallstölur við umbúðanúmerin 3923; 481910; 481920; 481930; 481940; 481950 verða: 1,0%, 100,0%; 100,0%, 0,0%; 100,0%, 0,5%; 100,0%, 0,5%; 100,0%, 0,0%; 100,0%, 4,0%.

d. Við bætast eftirfarandi umbúðanúmer ásamt hlutfallstölum: 46, 0,0%, 0,0%; 48115101, 100,0%, 0,0%; 48115901, 100,0%, 0,0%; 48116001 100,0%, 0,0%; 62, 0,0%, 0,0%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á viðauka XVIII við lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002. Er um lagfæringar á umbúðanúmerum og prósentutölum að ræða.

## 1106. Nefndarálit [616. mál]

um frv. til l. um samvinnu stjórnvalda um neytendavernd.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Frey Guðmundsson og Áslaugu Árnadóttur frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust einnig umsagnir um frumvarpið.

Lagt er til að með frumvarpinu verði reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004, um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd, innleidd í íslenska löggjöf.

Nefndin leggur til að við frumvarpið bætist ákvæði þar sem skýrt verði kveðið á um gildissvið laganna. Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Lög þessi gilda um innbyrðis aðstoð stjórnvalda aðildarríkja EES-samningsins vegna brota á þeim ákvæðum um neytendavernd sem falla undir lögin og eiga uppruna sinn í öðru ríki en afleiðingar þess koma fram í.

Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Birkir J. Jónsson. | Lúðvík Bergvinsson. |
| Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. | Ásta Möller. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | Ögmundur Jónasson. | |

# 1107. Nefndarálit [617. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Frey Guðmundsson og Áslaugu Árnadóttur frá viðskiptaráðuneytinu. Nefndinni bárust einnig umsagnir um málið.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem nauðsynlegt er að gera til að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004, um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd, en fyrir þinginu liggur nú frumvarp til laga um innleiðingu á þeirri reglugerð.

Breytingar frumvarpsins miða að því að tryggja að þau stjórnvöld sem fara með framkvæmd þeirra laga sem reglugerðin tekur til og tilnefnd hafa verið af Íslands hálfu sem lögbær stjórnvöld hafi þær heimildir sem gerð er krafa um í reglugerðinni. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja eftirfylgni við lagaákvæði á sviði neytendaverndar, einkum þegar um viðskipti yfir landamæri er að ræða.

Nefndin leggur til að þær heimildir Neytendastofu til vettvangsrannsókna sem mælt er fyrir um í frumvarpinu nái einnig til heimildar Neytendastofu til að leggja hald á gögn sem kunna að finnast við vettvangsrannsókn. Þá leggur nefndin til að nokkur ákvæði falli brott þar sem þau hafa verið færð yfir í annað frumvarp sem hún hefur haft til meðferðar (378. mál).

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir orðunum „lög þessi taka til“ í 1. efnismgr. 1. gr. komi: og lagt hald á gögn.
2. II.–IV. kafli falli brott.

Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Birkir J. Jónsson. | Lúðvík Bergvinsson. |
| Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. | Ásta Möller. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Ögmundur Jónasson. |

## 1108. Tillaga til þingsályktunar [695. mál]

um rannsókn á framgöngu lögreglu gagnvart mótmælendum við Kárahnjúka.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa þegar í stað starfshóp sem falið verði að rannsaka aðgerðir lögreglunnar gagnvart mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar, sem dvöldu á virkjanasvæðinu og í námunda við það og álverslóðina á Reyðarfirði, á tímabilinu júlí–ágúst 2005 og júlí–ágúst 2006. Starfshópurinn rannsaki meint harðræði lögreglu gagnvart mótmælendum, tilefnislausar árásir, frelsissviptingu, handtökur, tilvik þar sem ruðst var í heimildarleysi inn á dvalarstað mótmælenda, hindrun á ferðum fólks um öræfi landsins og meintar símahleranir, svo eitthvað sé nefnt. Einnig kanni hópurinn sannleiksgildi þess þráláta orðróms að lögreglan hafi stundað umfangsmikla, tilefnislausa og óheimila söfnun persónuupplýsinga, myndatökur og fleiri athafnir sem brjóta gegn friðhelgi einkalífs manna og ferðafrelsi.

Starfshópinn skipi fulltrúar frá lagadeild Háskóla Íslands, Hæstarétti, Lögmannafélagi Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands auk fulltrúa dómsmálaráðherra, sem verði formaður hópsins. Hópurinn skili niðurstöðu til ráðherra eigi síðar en 1. júlí 2007.

Greinargerð.

Áformum stjórnvalda um að reisa Kárahnjúkavirkjun hefur verið mótmælt, bæði hér innan lands sem utan, allt frá því að ljóst var að hverju stefndi. Eftir að framkvæmdir við virkjunina hófust tóku mótmælin á sig breytta mynd, þau urðu skipulagðari auk þess sem mótmælendur tóku að mótmæla á framkvæmdasvæðinu sjálfu. Síðastliðin tvö sumur hafa félagasamtök á borð við Íslandsvini og Saving Iceland-hópinn haft í frammi skipulögð mótmæli gegn virkjuninni og álversframkvæmdum á Austurlandi. Til mótmælanna hefur verið stofnað í þeim tilgangi að vekja athygli á áhrifum framkvæmdanna á íslenska náttúru og hafa mótmælendur beitt hefðbundnum og viðurkenndum aðferðum friðsamra mótmæla við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Aðgerðirnar kölluðu í nokkrum tilfellum á afskipti lögreglu, en af fréttaflutningi af þeim afskiptum að dæma má ætla að lögregla hafi beitt sér oftar en þörf var á og jafnvel með aðferðum sem telja má umdeilanlegar. Í ljósi þess að tilkynnt hefur verið

um áframhaldandi mótmæli a.m.k. eins hóps mótmælenda næsta sumar, hlýtur að teljast eðlilegt að framganga lögreglu gagnvart mótmælendunum frá í fyrra verði skoðuð ofan í kjölinn. Í tillögu þessari er lagt til að stjórnvöld fari í saumana á aðgerðum lögreglu síðustu sumur, 2005 og 2006. Slík athugun er til þess fallin að tryggja að afskipti lögreglu af mótmælendum næsta sumar verði í samræmi við heimildir í lögum. Í því augnamiði verði skipaður starfshópur, sem starfi á vegum dómsmálaráðuneytisins, og verði honum falið að kanna meint harðræði lögreglu gagnvart mótmælendum á því tímabili sem tiltekið er í tillögutextanum, sumarmánuðina júlí–ágúst 2005 og 2006. Lagt er til að hópurinn verði þannig skipaður: einn fulltrúi frá lagadeild Háskóla Íslands, einn frá Hæstarétti, einn frá Lögmannafélagi Íslands, einn frá Mannréttindaskrifstofu Íslands auk fulltrúa dómsmálaráðherra sem verði formaður hópsins. Gert er ráð fyrir að hópurinn hafi starfsaðstöðu í dómsmálaráðuneytinu og honum verði útvegaður starfsmaður sem auðveldi honum að sinna verkefninu.

Í kjölfarið á eftirliti því sem lögregluyfirvöld höfðu með mótmælendum 2006 og handtökum sem af því leiddu hófst umfjöllun í fjölmiðlum þar sem kunnáttumenn veltu fyrir sér heimildum lögreglu til þeirra aðgerða sem gripið var til og því hvort lögregla hefði farið út fyrir valdsvið sitt. Hinn 9. ágúst 2006 ályktaði flokksstjórn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um aðgerðir lögreglu við Kárahnjúka:

*Flokksstjórn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýsir þungum áhyggjum af þeim fréttum sem nú berast af hörkulegri framgöngu og aðgerðum lögreglunnar gegn mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar, ferðalöngum og náttúruunnendum sem fara um hálendið í nánd við virkjunarsvæðin norðan Vatnajökuls og jafnvel þótt í verulegri fjarlægð sé frá öllum framkvæmdasvæðum sem tengjast byggingu virkjunarinnar. Stjórn VG minnir á að tjáningar- og skoðanafrelsi eru meðal hornsteina lýðræðis- og réttarríkisins og þar með rétturinn til að láta álit sitt í ljós og mótmæla enda sé það gert á friðsamlegan og viðeigandi hátt.*

*Flokksstjórn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs krefst þess að þegar í stað fari fram rannsókn á framferði lögreglunnar og meintu harðræði af hennar hálfu og aðgerðum sem falið hafa í sér óþarfa og jafnvel ólögmæta hindrun á ferðum fólks um öræfi landsins. Einnig þarf að kanna sannleiksgildi þess þráláta orðróms að lögreglan hafi stundað umfangsmikla tilefnislausa og óheimila söfnun persónuupplýsinga, myndatökur og fleiri athafnir sem brjóti gegn friðhelgi einkalífs manna og ferðafrelsi. Lýsingar fólks af vettvangi á harkalegum aðgerðum lögreglu sem birst hafa í fjölmiðlum gefa fullt tilefni til tafarlausrar hlutlausrar rannsóknar. Þarf ekki síður að hafa í huga orðstír lögreglumanna en mannréttindi og frelsi hins almenna borgara í þessu sambandi. Komi í ljós að lögreglan hafi farið offari, hvað þá gerst sek um ólögmætt athæfi, þarf þegar í stað að grípa til aðgerða svo slíkt endurtaki sig ekki og þeir sem þar bera ábyrgð svari síðan til saka fyrir dómstólum.*

Fram kom í fréttum að mótmælendabúðir við Lindur hafi verið rýmdar að ósk Landsvirkjunar og lögregla hafi verið kölluð til í þeim tilgangi. Á stjórnarfundi Landsvirkjunar 28. ágúst 2006 óskaði Álfheiður Ingadóttir, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í stjórninni, eftir upplýsingum um beiðni Landsvirkjunar til lögreglu um rýmingu búða mótmælenda Kárahnjúkavirkjunar og upplýsingum um lagastoð fyrir þessari aðgerð. Í tengslum við málið lagði Álfheiður fram eftirfarandi bókun:

*Það er fullkomlega óþolandi að ferðamenn og mótmælendur sem ferðuðust um hálendi Austurlands sl. sumar skuli hafa verið undir stöðugu eftirliti og jafnvel átroðningi og áreitni af hálfu Landsvirkjunar og lögreglu.*

*Steininn tók þó úr 7. ág. sl. þegar lögregla umkringdi tjaldbúðir mótmælenda við Lindur, skipaði þeim og flutti nauðuga burt og handtók 14 manns.*

*Upplýst hefur verið að það var upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, sem óskaði bréflega eftir því við lögregluyfirvöld eystra að tjaldbúðunum yrði lokað og mótmælendur fjarlægðir.*

*Með þessari aðgerð var að mínu mati brotið gróflega gegn lýðréttindum mótmælenda og gegn lögum sem tryggja mönnum tjáningarfrelsi, fundafrelsi og ferðafrelsi á Íslandi.*

5. Aðrar þær upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir, svo sem afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum, til að ganga úr skugga um að fyrirtækið veiti sannanlega þjónustu hér á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og að um sé að ræða starfsmenn fyrirtækisins.

Vinnumálastofnun skal veita fyrirtækinu skriflega staðfestingu um að stofnunin hafi móttekið gögn skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. sem fyrirtækinu ber að afhenda notendafyrirtæki áður en þjónustan er veitt, sbr. 11. gr.

Fyrirtæki skal tilkynna til Vinnumálastofnunar verði breytingar á áður veittum upplýsingum til stofnunarinnar skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun skal afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, einkum skattyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá, upplýsingar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. eftir því sem við á.

Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir þau fyrirtæki sem veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi sína hér á landi samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

*Undanþága frá upplýsingaskyldu fyrirtækis.*

Þegar um er að ræða þjónustu sem felur í sér sérhæfða samsetningu, uppsetningu, eftirlit eða viðgerð tækja og er ekki ætlað að vara lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum þarf fyrirtæki ekki að veita Vinnumálastofnun upplýsingar skv. 8. gr. Vari þjónusta fyrirtækisins lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum gilda ákvæði laga þessara um starfsemi þess hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal fyrirtæki veita Vinnumálastofnun upplýsingar í þágu eftirlits skv. 13. gr. laga þessara.

10. gr.

*Sérstakur fulltrúi.*

Fyrirtæki sem veitir þjónustu á Íslandi samtals lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum skal hafa fulltrúa hér á landi. Ekki er skylt að tilnefna fulltrúa ef færri en sex starfsmenn starfa að jafnaði hér á landi á vegum fyrirtækis.

Fyrirtæki skal tilkynna Vinnumálastofnun um nafn og kennitölu eða fæðingardag ásamt lögheimili eða dvalarstað fulltrúa fyrirtækisins hér á landi átta virkum dögum áður en starfsemi þess hefst hér á landi. Skipti fyrirtækið um fulltrúa meðan það hefur starfsemi hér á landi skal tilkynna um skiptin til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar.

Fulltrúi fyrirtækisins kemur fram fyrir hönd þess og ber ábyrgð á að veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt lögum þessum sem og þær upplýsingar sem fyrirtækinu er skylt að veita á grundvelli 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Enn fremur skal hann hafa umboð til að taka við stjórnvaldsákvörðun eða eftir atvikum stefnu þannig að bindandi sé að lögum fyrir fyrirtækið.

Fyrirtæki skv. 1. mgr. er óheimilt að veita þjónustu hér á landi hafi það látið hjá líða að tilkynna um fulltrúa sinn til Vinnumálastofnunar eða um skipti á fulltrúa.

11. gr.

*Skyldur notendafyrirtækis.*

Notendafyrirtæki skal óska eftir skriflegri staðfestingu skv. 2. mgr. 8. gr. um að fyrirtæki hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni til Vinnumálastofnunar skv. 8. gr. áður en þjónustan er veitt.

Þegar fyrirtæki á sviði hvers konar bygginga- og mannvirkjagerðar, svo sem vinnu sem lýtur að byggingu, viðgerðum, lagfæringum, breytingum eða niðurrifi bygginga, hefur gert samning við eitt eða fleiri fyrirtæki, sbr. 1. tölul. 3. gr., sem undirverktaka um veitingu þjónustunnar, í heild eða að hluta, skal fyrstnefnda fyrirtækið afhenda upphaflegu notendafyrirtæki skriflega staðfestingu skv. 2. mgr. 8. gr. vegna allra fyrirtækja sem koma að veitingu þjónustunnar. Hið sama á við um aðalverktaka á sviði hvers konar bygginga- og mannvirkjagerðar sem hefur staðfestu hér á landi en hefur gert samning við eitt eða fleiri fyrirtæki, sbr. 1. tölul. 3. gr., sem undirverktaka um veitingu þjónustunnar, í heild eða að hluta.

Verði fyrirtækið ekki við beiðni notendafyrirtækis skv. 1. mgr. skal notendafyrirtækið tilkynna um það til Vinnumálastofnunar ásamt því að veita upplýsingar um nafn fyrirtækis, nafn fyrirsvarsmanns þess, heimilisfang í heimaríki og tegund þjónustunnar sem veita skal. Þegar nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis er ekki þekkt ber að upplýsa um nafn þess aðila er kom fram fyrir hönd fyrirtækisins við gerð þjónustusamningsins.

Notendafyrirtæki skal afhenda trúnaðarmanni stéttarfélags á vinnustað, eða viðkomandi stéttarfélagi þegar trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi á vinnustað, skriflega staðfestingu skv. 2. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr., óski trúnaðarmaður eða stéttarfélag eftir því.

12. gr.

*Eftirlit.*

Vinnumálastofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Berist Vinnumálastofnun rökstudd kvörtun um að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara ber stofnuninni að kanna málið frekar. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara skal hún krefjast þess að fyrirtækið starfi í samræmi við lög.

13. gr.

*Upplýsingar í þágu eftirlits.*

Fyrirtæki skal láta Vinnumálastofnun í té þær upplýsingar og gögn er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamninga, ráðningarsamninga og önnur gögn varðandi ráðningarkjör.

Notendafyrirtæki skal jafnframt láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar og gögn í tengslum við viðskipti aðila er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamning.

Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu eftirlitsins. Enn fremur er þeim óheimilt að veita öðrum upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla að þeim skuli haldið leyndum, sbr. þó 8. og 14. gr.

14. gr.

*Afhending ráðningarsamninga.*

Vinnumálastofnun skal afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem starfsmaður fyrirtækis starfar á afrit af ráðningarsamningi starfsmannsins óski stéttarfélagið eftir því enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi.

15. gr.

*Tímabundin stöðvun á starfsemi.*

Hafi Vinnumálastofnun krafist þess að fyrirtæki fari að lögum og úrbætur hafa ekki verið gerðar innan þess frests sem gefinn var getur Vinnumálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi fyrirtækisins hér á landi tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar.

16. gr.

*Varnarþing.*

Starfsmaður fyrirtækis, sbr. 1. tölul. 3. gr., getur höfðað mál hér á landi vegna vanefnda vinnuveitanda á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum 4.–6. gr. laga þessara.

17. gr.

*Kæruheimild.*

Heimilt er að kæra ákvörðun Vinnumálastofnunar til félagsmálaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst hafa borist ráðuneytinu innan kærufrests hafi bréf þess efnis borist ráðuneytinu eða verið afhent póstþjónustu áður en fresturinn er liðinn.

Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

18. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál er varða brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

19. gr.

*Reglugerðarheimild.*

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um samstarf og veitingu upplýsinga milli þar til bærra stofnana innan aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EFTA-ríkis eða Færeyja.

20. gr.

*Innleiðing á tilskipun.*

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu.

21. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, með síðari breytingum.

Fyrirtæki sem þegar veitir þjónustu hér á landi við gildistöku laganna skal uppfylla skilyrði 7. gr. eigi síðar en 1. júní 2007 veiti það þjónustu hér á landi á þeim tíma.

Fyrirtæki sem þegar veitir þjónustu hér á landi við gildistöku laganna skal uppfylla skilyrði 8., 10. og 11. gr. eigi síðar en 1. maí 2007 veiti það þjónustu hér á landi á þeim tíma.

22. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um starfsmannaleigur, nr. 139/2005:

a. Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: Enn fremur gilda lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra um starfsemi þeirra starfsmannaleigna er veita þjónustu sína hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sbr. 1. gr. þeirra laga.
b. Á eftir orðunum „Fulltrúi starfsmannaleigunnar“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: kemur fram fyrir hönd hennar og.
c. 4. gr. laganna orðast svo:

   Starfsmannaleiga sem hyggst veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skal veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar eigi síðar en átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt í hvert skipti:

   1. Yfirlit yfir starfsmenn sem starfa munu á vegum starfsmannaleigunnar hér á landi þar sem fram kemur nafn, fæðingardagur, heimilisfang í heimaríki, ríkisfang, upplýsingar um að viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki (E-101) og starfsréttindi eftir því sem við á.
   2. Upplýsingar um dvalarstað og áætlaðan dvalartíma starfsmanna fyrirtækisins hér á landi þegar um erlenda starfsmenn er að ræða.
   3. Gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem ekki eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, EFTA-ríkja eða Færeyja.

4. Nafn og kennitölu notendafyrirtækis eða annað sambærilegt auðkenni þess.
5. Staðfestingu þess að starfsmenn hér á landi njóti slysatrygginga skv. 7. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.
6. Aðrar upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir til að ganga úr skugga um að starfsmannaleiga veiti sannanlega þjónustu hér á grundvelli 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og að um sé að ræða starfsmenn hennar, svo sem afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum.

Vinnumálastofnun skal veita starfsmannaleigunni skriflega staðfestingu um að stofnunin hafi móttekið gögn skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. sem starfsmannaleigunni ber að afhenda notendafyrirtækinu áður en þjónustan er veitt, sbr. 4. gr. a.

Starfsmannaleiga skal tilkynna til Vinnumálastofnunar verði breytingar á áður veittum upplýsingum til stofnunarinnar skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun er heimilt að afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, einkum skattyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá, upplýsingar skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. eftir því sem við á.

d. Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Skyldur notendafyrirtækis.*

Notendafyrirtæki skal óska eftir skriflegri staðfestingu skv. 2. mgr. 4. gr. um að starfsmannaleiga hafi sinnt tilkynningarskyldu sinni til Vinnumálastofnunar skv. 4. gr. áður en þjónustan er veitt.

Verði starfsmannaleigan ekki við beiðni notendafyrirtækis skv. 1. mgr. skal notendafyrirtækið tilkynna um það til Vinnumálastofnunar ásamt því að veita upplýsingar um nafn fyrirtækis, nafn fyrirsvarsmanns þess og heimilisfang í heimaríki. Skal koma fram að um starfsmannaleigu sé að ræða. Ef nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis er ekki þekkt ber að upplýsa um nafn þess aðila er kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins.

Notendafyrirtæki skal afhenda trúnaðarmanni stéttarfélags á vinnustað, eða viðkomandi stéttarfélagi þegar trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi á vinnustað, skriflega staðfestingu fyrirtækis skv. 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr., óski trúnaðarmaður eða stéttarfélag eftir því.

e. Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Vinnumálastofnun er í undantekningartilvikum heimilt á grundvelli rökstuddrar beiðni starfsmanns að veita undanþágu frá 1. mgr.

f. Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

1. 1. mgr. orðast svo:

Starfsmannaleiga skal láta Vinnumálastofnun í té þær upplýsingar og gögn er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamninga, ráðningarsamninga og önnur gögn varðandi ráðningarkjör.

2. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Notendafyrirtæki skal jafnframt láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar og gögn í tengslum við viðskipti aðila er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamning.

# 1114. Svar [507. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fjárframlög til aðila utan ríkiskerfisins.

1. *Hvert var umfang fjárframlaga til aðila utan ríkiskerfisins árin 2005 og 2006 og hvernig var skiptingin milli ráðuneyta? Óskað er eftir sundurliðun á því hverjir fengu framlög yfir 2 millj. kr.*

Fjármálaráðuneytið hefur kallað eftir upplýsingum frá öðrum ráðuneytum í því skyni að fá sem gleggsta mynd af þessum fjárframlögum og umfangi þeirra. Um er að ræða fjárframlög sem gjaldfærð eru hjá aðalskrifstofum ráðuneyta og fjárlagaliðum sem þær bera sjálfar ábyrgð á. Aðallega er um að ræða greiðslur til ýmissa sjálfseignarstofnana, samtaka og einkaaðila fyrir rekstrarverkefni, svo sem starfrækslu einkaskóla og hjúkrunarheimila, greiðslur samkvæmt búvörusamningum, tilfærsluframlög til sveitarfélaga og alþjóðastofnana eða beinar styrkveitingar til ýmissa samtaka eða einkaaðila.

Umfang fjárframlaga til aðila utan ríkiskerfisins nam rúmum 35 milljörðum kr. árið 2005 og rúmum 40 milljörðum kr. árið 2006, eða samtals um 76 milljörðum kr. á þessum tveimur árum.

Í fylgiskjali I er nánari sundurliðun eftir ráðuneytum og yfir þá sem fengu framlög yfir 2 millj. kr.

2. *Hvernig skiptast þessi framlög milli:*
   a. *framlaga á grundvelli þjónustusamninga,*
   b. *framlaga sem ráðherrar ákveða af óskiptu ráðstöfunarfé þeirra í fjárlögum og hverjir fengu styrki af þessum lið á árunum 2005 og 2006, sundurliðað eftir ráðuneytum,*
   c. *framlaga sem Alþingi ákveður af óskiptum liðum einstakra ráðuneyta,*
   d. *framlaga sem einstök ráðuneyti ákvörðuðu í fjárlögum hverju sinni?*

Framlögin skiptast þannig:

a. á grundvelli þjónustusamninga: 12.524 millj. kr. árið 2005 og 14.474 millj. kr. árið 2006,
b. af óskiptu ráðstöfunarfé ráðherra: 88 millj. kr. árið 2005 og 92 millj. kr. árið 2006,
c. framlög sem Alþingi ákveður af óskiptum liðum einstakra ráðuneyta: 682 millj. kr. árið 2005 og 868 millj. kr. árið 2006,
d. framlög sem einstök ráðuneyti ákvarða: 22.003 millj. kr. árið 2005 og 24.340 millj. kr. árið 2006.

Í fylgiskjali II er nánari sundurliðun eftir ráðuneytum og ráðstöfun á óskiptu ráðstöfunarfé ráðherra.

3. *Hvernig er eftirliti ráðuneytanna með framlögum skv. 2. lið fyrirspurnarinnar háttað, skipt eftir liðum?*

Eftirlit ráðuneyta með því hvernig aðilar utan ríkisins verja þeim fjármunum sem veittir eru til þeirra ræðst nokkuð af eðli framlaga og verkefna einstakra ráðuneyta. Af svörum ráðuneytanna má þó draga almennar ályktanir:

a. Þegar um þjónustusamninga er að ræða, þá eru nær alltaf ákvæði í samningunum sem

fjalla um skil verksala á upplýsingum og gögnum sem gera viðkomandi ráðuneyti kleift að fylgjast með framvindu verksins.

b. Sjaldnast er um að ræða formlegt eftirlit ráðuneyta með greiðslum sem eru fjármagnaðar af ráðstöfunarfé ráðherra. Þó eru nokkur ráðuneyti sem kalla eftir greinargerðum, um ráðstöfun styrkja af þessu tagi.
c. Svipað á við um greiðslur vegna fjárveitinga sem ákveðnar hafa verið í meðförum Alþingis á fjárlagafrumvarpi.
d. Þegar um er að ræða framlög einstakra ráðuneyta samkvæmt fjárlögum er í flestum tilvikum gerð krafa um skil á ársreikningum, og eftir atvikum greinargerðum, um framvindu viðkomandi verkefna.

4. *Hvaða verklagsreglur gilda um úthlutun framlaga skv. 2. lið fyrirspurnarinnar, skipt eftir liðum?*

Verklagsreglur ráðuneyta varðandi útgreiðslur framlaga eru ekki samræmdar. Þó má draga eftirfarandi almennar ályktanir af svörum ráðuneyta:

a. Í þjónustusamningum eru yfirleitt ákvæði um fyrirkomulag greiðslna úr ríkissjóði. Algengt er að greiðslur samkvæmt þjónustusamningum fylgi breytingum á magntölum sem verksali þarf að sýna fram á áður en til greiðslu kemur. Þá er einnig oft tiltekið hvernig greiðslur skuli falla til innan ársins. Greiðslur eiga sér þá ekki stað nema að undangenginni skoðun á því að viðkomandi ákvæði þjónustusamninga séu uppfyllt.
b. Varðandi ráðstöfunarfé ráðherra fylgja öll ráðuneytin því verklagi að tryggja að greiðslur séu í samræmi við ákvarðanir ráðherra og fjárheimildir.
c. Greiðslur framlaga sem Alþingi ákveður af óskiptum liðum einstakra ráðuneyta eru í fæstum tilfellum byggðar á verklagsreglum öðrum en þeim að greiðslur séu í samræmi við fjárheimildir.
d. Varðandi umfangsmestu greiðslur ráðuneyta, sem eru greiðslur heilbrigðisráðuneytisins til öldrunarstofnana, þá byggjast þær á staðfestum reikningum stofnana um fjölda vistmanna o.fl. atriði. Því eru verklagsreglur til staðar í þessu tilfelli sem eru sambærilegar við þær sem gilda um þjónustusamninga. Beingreiðslur ríkisins til bænda fylgja ákvæðum búvörusamninga og nánari verklagsreglum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Greiðslur til sveitarfélaga vegna ofanflóða- og fráveituframkvæmda fylgja ákveðnu verklagi. Að öðru leyti er í flestum tilvikum einungis stuðst við almennar reglur um fjárreiður opinberra stofnana.

**Fylgiskjal I.**

## Umfang fjárframlaga til aðila utan ríkiskerfisins árin 2005 og 2006 og skipting milli ráðuneyta.

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneyti | 155,7 | 167,2 | 322,9 |
| Menntamálaráðuneyti | 4.553,1 | 6.551,9 | 11.105,0 |
| Utanríkisráðuneyti | 824,8 | 1.053,8 | 1.878,6 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 8.330,8 | 8.755,5 | 17.086,4 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 66,4 | 85,0 | 151,4 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 248,9 | 356,8 | 605,7 |
| Félagsmálaráðuneyti | 2.839,5 | 3.080,5 | 5.920,0 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 17.160,5 | 19.264,0 | 36.424,5 |
| Fjármálaráðuneyti | 251,5 | 238,7 | 490,3 |
| Samgönguráðuneyti | 149,5 | 190,5 | 339,9 |
| Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti | 95,3 | 108,0 | 203,3 |
| Umhverfisráðuneyti | 719,0 | 599,2 | 1.318,2 |
| **Samtals** | **35.395,1** | **40.451,0** | **75.846,1** |

| **Sundurliðun framlaga yfir 2 millj. kr.** | **2005** | **2006** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| **Forsætisráðuneyti** | | | |
| Sveitarfélagið Hornafjörður / Jöklasetrið | 0,0 | 10,5 | 10,5 |
| Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag | 0,0 | 24,0 | 24,0 |
| Nesútgáfan v. Kjarvalsútgáfu | 10,0 | 0,0 | 10,0 |
| Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag | 5,1 | 5,0 | 10,1 |
| Vesturfarasetrið á Hofsósi | 22,0 | 22,0 | 44,0 |
| Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal | 4,0 | 2,0 | 6,0 |
| Vinstrihreyfingin – grænt framboð | 4,0 | 4,0 | 7,9 |
| Frjálslyndi flokkurinn | 3,9 | 3,9 | 7,7 |
| Framsóknarflokkurinn | 10,7 | 10,7 | 21,4 |
| Sjálfstæðisflokkurinn | 10,9 | 10,9 | 21,8 |
| Samfylkingin | 10,6 | 10,6 | 21,1 |
| Declan Patrick O'Driscoll | 2,0 | 0,0 | 2,0 |
| Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík ses. | 2,0 | 0,0 | 2,0 |
| Skákfélagið Hrókurinn | 3,0 | 3,0 | 6,0 |
| Alþýðusamband Íslands | 30,0 | 30,0 | 60,0 |
| Hagrannsóknastofnun samtaka launafólks | 10,0 | 10,0 | 20,0 |
| Biskupsstofa/Verndun bernskunnar | 3,0 | 0,0 | 3,0 |
| Þríhnúkar ehf. | 3,0 | 0,0 | 3,0 |
| Jónas Ingimundarson | 2,0 | 0,0 | 2,0 |
| Latibær ehf. | 3,0 | 0,0 | 3,0 |
| Skógræktarfélag Íslands | 2,0 | 0,0 | 2,0 |
| American Scandinavian Foundation | 2,1 | 0,0 | 2,1 |
| Icelandic Cultural Fund | 0,0 | 2,1 | 2,1 |
| Viðskiptaráð Íslands / Vörumerkið Ísland | 0,0 | 4,0 | 4,0 |
| Landssamband sumarhúsaeiganda | 0,0 | 7,0 | 7,0 |
| **Forsætisráðuneyti, samtals yfir 2 millj. kr.** | **143,1** | **159,6** | **302,7** |
| | | | |
| **Menntamálaráðuneyti** | | | |
| 200 ár frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, nefnd | | 3,0 | 3,0 |
| Afreksmannasjóður ÍSÍ | 25,0 | 30,0 | 55,0 |

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Akureyrarbær, menningarmál í bænum | 80,0 | 90,0 | 170,0 |
| Alþjóðakvikmyndahátíðin í Reykjavík | | 3,5 | 3,5 |
| Artbox, leiklistarstarfsemi | 8,0 | | 8,0 |
| Á senunni, uppsetn. Abbababb | | 5,9 | 5,9 |
| Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli, stofnkostnaður | 50,0 | 50,0 | 100,0 |
| Álfhóll, fræðslusýning um þjóðsögur og vættir | 2,0 | | 2,0 |
| Bandalag íslenskra leikfélaga | 5,5 | 5,5 | 11,0 |
| Bandalag íslenskra listamanna | 2,0 | 2,0 | 4,0 |
| Bandalag íslenskra skáta | 17,5 | 22,5 | 40,0 |
| Blátindur VE 21 frá Vestmannaeyjum | 3,5 | | 3,5 |
| Bókaútgáfan Leifur Eiríksson | 15,0 | | 15,0 |
| Breyttir starfshættir og aukið samstarf milli mennta- og menningarstofanana | | 10,0 | 10,0 |
| Bridgesamband Íslands | 10,5 | 12,0 | 22,5 |
| Búvélasafnið á Hvanneyri | | 2,0 | 2,0 |
| Byggðasafn Garðskaga | 4,0 | | 4,0 |
| Byggðasaga Skagafjarðar | 2,0 | | 2,0 |
| Caput, tónlistarhópur | | 4,0 | 4,0 |
| Common Nonsense | | 4,0 | 4,0 |
| Dansleikhús með ekka | | 2,1 | 2,1 |
| Dansmennt v. listdanskennslu í framhaldsskólum | | 45,0 | 45,0 |
| Draugasetrið, Stokkseyri | 2,0 | 2,0 | 4,0 |
| Eikarbáturinn Sædís | 3,5 | 3,5 | 7,0 |
| Einleikhúsið | | 3,0 | 3,0 |
| Endurnýjun á Sarpi | | 12,0 | 12,0 |
| Evrópska skólamálanetið | 2,0 | 2,0 | 4,0 |
| Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Eyrbyggja | 5,0 | 4,0 | 9,0 |
| Feneyjatvíæringurinn 2006 | | 5,0 | 5,0 |
| Feneyjatvíæringurinn 2007 | | 5,0 | 5,0 |
| Fimbulvetur, uppsetning á Hungri | 3,3 | | 3,3 |
| Flugsafn Íslands | | 2,0 | 2,0 |
| Fornleifastofnun Íslands | 3,0 | 2,5 | 5,5 |
| Frumkvöðlasetur ses. | 2,0 | | 2,0 |
| Frú Emilía | 2,5 | | 2,5 |
| Fræðimannaíbúð í Reykjaskóla, Hrútafirði | 2,0 | | 2,0 |
| Fræðslumiðstöð atvinnulífsins | 63,7 | 166,1 | 229,8 |
| Fræðslumiðstöð í fiknivörnum | 3,6 | | 3,6 |
| Fræðslumiðstöð Vestfjarða | | 3,2 | 3,2 |
| FS-net, símenntunarstöðvar | 11,2 | 11,6 | 22,8 |
| Fuglasafn Sigurgeirs | 4,0 | 3,0 | 7,0 |
| Fullorðinsfræðsla fatlaðra | 159,0 | 185,0 | 344,0 |
| Færeysk orðabók | | 2,4 | 2,4 |
| Gallerí Tusk, heimildarmynd um Erling Blöndal Bengtsson | | 2,0 | 2,0 |
| Glímusamband Íslands | 4,0 | 4,5 | 8,5 |
| Grettisból á Laugarbakka | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Hafnarfjarðarleikhúsið, leiklistarstarfsemi | 15,0 | 18,0 | 33,0 |
| Handknattleikssamband Íslands | | 3,0 | 3,0 |
| Háhraðanet framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva | 147,0 | 147,0 | 294,0 |
| Háskólasetur Vestfjarða | | 18,0 | 18,0 |
| Háskólinn í Reykavík, háskólanám | 818,0 | 1.373,0 | 2.191,0 |
| Hátæknisetur í Skagafirði | | 4,0 | 4,0 |
| Heimili og skóli | 2,5 | | 2,5 |

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi | 3,5 | | 3,5 |
| Heimskautagerði á Raufarhöfn | 4,0 | 5,0 | 9,0 |
| Heklusetrið á Leirubakka | | 3,0 | 3,0 |
| Herjólfsbær í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum | | 3,0 | 3,0 |
| Hermóður og Háðvör | 15,0 | 17,0 | 32,0 |
| Hið íslenska bókmenntafélag | 11,0 | 15,0 | 26,0 |
| Hlunnindasýning á Reykhólum | | 2,0 | 2,0 |
| Hlutafélag, uppsetn. á Elskið okkur – drepið okkur | 3,4 | | 3,4 |
| Hraðbraut, framhaldsskóli | 156,0 | 163,0 | 319,0 |
| Humboldt-háskóli, lektorsstaða í íslensku | 3,0 | 3,0 | 6,0 |
| Húni II | | 4,0 | 4,0 |
| Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, framhaldsskóli | 18,0 | 20,0 | 38,0 |
| Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, framhaldsskóli | 25,0 | 24,0 | 49,0 |
| Hvalamiðstöðin á Húsavík | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Hvítasunnukirkjan á Íslandi | 2,0 | 4,0 | 6,0 |
| Höfundarréttargreiðslur v. ljósritunar í skólum | 39,0 | 40,0 | 79,0 |
| Iðnaðarsafnið á Akureyri | 3,0 | 2,0 | 5,0 |
| Iðnnemasamband Íslands | 5,3 | 5,6 | 10,9 |
| Iðnsaga Íslands | 3,5 | 3,8 | 7,3 |
| Íslenska óperan | 167,0 | 176,0 | 343,0 |
| Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði | 2,0 | 2,0 | 4,0 |
| Íslenska tónverkamiðstöðin | 11,6 | 10,6 | 22,2 |
| Íslenskar æviskrár frá landnámstíð til 2000 | | 2,5 | 2,5 |
| Íslensku sjónlistaverðlaunin | | 3,0 | 3,0 |
| Ísmedía, uppsetning á söngleiknum Hafið bláa hafið | 4,0 | | 4,0 |
| Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands | 74,7 | 108,7 | 183,4 |
| Íþróttabandalag Reykjavíkur, borgarleikar unglinga 2007 | | 10,0 | 10,0 |
| Íþróttasamband fatlaðra | 18,5 | 21,5 | 40,0 |
| Jöklasýning Höfn í Hornafirði | 5,0 | | 5,0 |
| Kammersveit Reykjavíkur | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Kirkjubæjarstofa | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Kjarvalsstofa | | 2,0 | 2,0 |
| Klúbbur matreiðslumeistara | | 2,0 | 2,0 |
| Kópavogsbær, rússnesk menningarvika | | 2,0 | 2,0 |
| Kópavogsbær, spænsk menningarvika | 2,0 | | 2,0 |
| Krossinn, unglingastarf | | 2,0 | 2,0 |
| Kvenfélagasamband Íslands | 2,0 | 3,0 | 5,0 |
| Kvenfélagið Garpur, uppsetning á Gunnlaðarsögu | | 5,8 | 5,8 |
| Kvenréttindafélag Íslands | | 2,4 | 2,4 |
| Kvikmynd um norðurljós | 5,0 | | 5,0 |
| Kvikmyndaskóli Íslands | | 18,0 | 18,0 |
| Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar | 18,0 | 18,0 | 36,0 |
| Landnámssetur Íslands í Borgarnesi | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Landsmót hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði 2006 | | 15,0 | 15,0 |
| Landssamband KFUM og KFUK | 25,0 | 25,0 | 50,0 |
| Landssamband æskulýðsfélaga | | 2,6 | 2,6 |
| Leiðbeiningarmiðstöð Kvenfélagasambands Íslands | | 3,0 | 3,0 |
| Leikfélag Reykjavíkur | | 10,0 | 10,0 |
| Leikfélagið Regína | 2,0 | | 2,0 |
| Leiklistarsamband Íslands | 2,5 | 2,5 | 5,0 |
| Leikminjasafn Íslands | | 5,0 | 5,0 |
| Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri | 2,0 | 4,0 | 6,0 |
| Listaháskóli Íslands, háskólanám | 442,0 | 507,0 | 949,0 |

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Listahátíð í Reykjavík | 31,0 | 31,0 | 62,0 |
| Lundur, nemendagarðar | 28,4 | 28,4 | 56,8 |
| Lyfjaeftirlit | 7,0 | 7,0 | 14,0 |
| Lyfjaeftirlit með íþróttamönnum | 5,0 | 7,0 | 12,0 |
| Manngerðir hellar | 2,0 | | 2,0 |
| María Júlía BA 36 | 3,5 | 3,0 | 6,5 |
| Mats Wibe Lund sf. | 2,0 | 2,0 | 4,0 |
| Málverkasafn Tryggva Ólafssonar | | 3,0 | 3,0 |
| Menningarhús á Ísafirði, stofnkostnaður | 40,0 | 36,0 | 76,0 |
| Menningarhús í Skagafirði | | 60,0 | 60,0 |
| Menningarsamstarf á Vesturlandi | | 25,0 | 25,0 |
| Menningarsamstarf í 16 austfirskum sveitarfélögum | 36,0 | 37,0 | 73,0 |
| MENNT, vika símenntunar | 4,0 | 4,0 | 8,0 |
| Menntafélagið ehf., Fjöltækniskóli Íslands | 220,0 | 252,0 | 472,0 |
| Menntanet – stafræn menning í þágu menntunar | | 3,0 | 3,0 |
| Miðlun hljóð- og sjónminjaarfs | | 10,0 | 10,0 |
| Miðstöð munnlegrar sögu | | 2,0 | 2,0 |
| Miðstöð munnlegrar sögu, samráðshópur | | 2,5 | 2,5 |
| Minjagarður í Reykholti | | 3,0 | 3,0 |
| Minjasafnið Egils Ólafssonar að Hnjóti | 2,0 | 2,0 | 4,0 |
| Mímir símenntun | | 3,0 | 3,0 |
| Músík og saga | | 2,0 | 2,0 |
| Myndlistaskólinn í Reykjavík | 17,8 | 17,8 | 35,6 |
| Myndlistaskólinn á Akureyri | 11,5 | 13,5 | 25,0 |
| Myndlistarskóli Kópavogs | 4,0 | 5,0 | 9,0 |
| Möguleikhúsið | 4,0 | | 4,0 |
| Námsflokkar Reykjavíkur | 7,0 | 4,0 | 11,0 |
| Náttúrugripasafn Vestmannaeyja | 2,0 | | 2,0 |
| Norræna félagið á Íslandi | 7,0 | 7,5 | 14,5 |
| Nýtt handverk á gömlum rótum, sýning í Bryggen, Kaupmannahöfn | 5,0 | 2,0 | 7,0 |
| OECD, samanburðarrannsóknir á vegum PISA | 4,0 | 4,0 | 8,0 |
| Olweusarverkefnið | | 5,0 | 5,0 |
| ÓB-ráðgjöf, Hugsað um barn | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Ósvör, Bolungarvík | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Pars pro toto | 2,3 | | 2,3 |
| Raddir – Stóra upplestrarkeppnin | | 1,5 | 1,5 |
| Rannsóknarsetur í Snæfellsbæ, rannsóknir á lífríki sjávar í Breiðafirði | | 4,0 | 4,0 |
| Rannsóknarstofa um helgisiðafræði í Skálholti | 4,0 | 7,0 | 11,0 |
| Rannsóknir og greining | 4,0 | 3,5 | 7,5 |
| Rannsóknir og greining | 3,0 | 3,0 | 6,0 |
| Rauði þráðurinn, uppsetning á Gestsauganu | | 4,4 | 4,4 |
| Rekstrarfélag Sarps sf. | | 4,0 | 4,0 |
| Reykjavíkurakademían | 10,0 | 12,0 | 22,0 |
| Safn Alberts Thorvaldsens á Sauðárkróki | | 2,0 | 2,0 |
| Safn bátaflota Gríms Karlssonar í Reykjanesbæ | 2,0 | | 2,0 |
| Safnahús Búðardal | 5,0 | 4,0 | 9,0 |
| Safnahús í Búðardal | | 10,0 | 10,0 |
| Safnasafnið, Svalbarðsströnd | | 4,0 | 4,0 |
| Safnhús í Neðstakaupstað í Ísafirði | | 4,0 | 4,0 |
| Saltfisksetur Íslands í Grindavík | 5,0 | 4,0 | 9,0 |
| Samband íslenskra myndlistarmanna | 2,5 | 4,0 | 6,5 |

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Samgönguminjasafnið að Stóragerði í Óslandshlíð í Skagafirði | | 5,0 | 5,0 |
| Samgönguminjasafnið Ystafelli | | 5,0 | 5,0 |
| Samgöngusafnið í Skógum | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Sauðfjársetur á Ströndum | 3,0 | 3,0 | 6,0 |
| Selasetur Íslands ehf. | | 4,0 | 4,0 |
| Síldarminjasafn á Siglufirði, stofnkostnaður | 35,0 | 15,0 | 50,0 |
| Síldarminjasafnið á Siglufirði | | 4,0 | 4,0 |
| Símenntunarmiðstöðvar á sjö stöðum | 85,5 | 69,3 | 154,8 |
| Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík | 2,5 | | 2,5 |
| Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík | | 2,5 | 2,5 |
| Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar í Neskaupstað | 2,0 | | 2,0 |
| Sjóminjasafnið á Hellissandi | 2,0 | 3,0 | 5,0 |
| Sjóminjasafnið í Reykjavík | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Skáksamband Íslands | 13,0 | 15,0 | 28,0 |
| Skákskóli Hróksins | | 4,0 | 4,0 |
| Skákskóli Íslands | 6,4 | 6,9 | 13,3 |
| Skemmti- og dýragarður á Blönduósi | 4,0 | 5,0 | 9,0 |
| Skíðaskáli í Stafdal | | 5,0 | 5,0 |
| Skíðasvæðið á Dalvík, snjókerfi | | 5,0 | 5,0 |
| Skíðasvæðið í Tindastól | | 5,0 | 5,0 |
| Skriðuklaustur | 12,3 | 16,2 | 28,5 |
| SMS – Samskipti með síma | 2,0 | | 2,0 |
| Snjáfjallasetur | | 2,0 | 2,0 |
| Snorrastofa | 6,1 | 11,1 | 17,2 |
| Snorrastofa í Reykholti – stofnstyrkur | 6,0 | 5,0 | 11,0 |
| Snorraverkefnið, samskipti við Vestur-Íslendinga | | 2,0 | 2,0 |
| Sokkabandið | 3,2 | | 3,2 |
| Stafræn endurgerð menningarefnis | 5,0 | | 5,0 |
| Stafrænt námsefni | 12,0 | 38,0 | 50,0 |
| Steinaríki Íslands á Akranesi | 3,0 | 2,0 | 5,0 |
| Stoðþjónusta, viðhald og leiga Iðnskólans í Hafnarfirði | 87,7 | 87,7 | 175,4 |
| Stórsveit Reykjavíkur | | 2,0 | 2,0 |
| Strandmenningarverkefnið NORCE | | 5,0 | 5,0 |
| Stúkuhús, Akranesi | 3,0 | | 3,0 |
| Sumarbúðirnir Ástjörn | | 3,5 | 3,5 |
| Sumartónleikar í Skálholtskirkju | 2,0 | 2,0 | 4,0 |
| Sögusafnið í Perlunni | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Sögusetrið | | 3,0 | 3,0 |
| Sögusýning um Samvinnuhreyfinguna á Íslandi | | 4,0 | 4,0 |
| Textílsetur Íslands á Blönduósi | 3,0 | | 3,0 |
| Tónlist fyrir alla, Skólatónleikar á Íslandi | 6,0 | 7,0 | 13,0 |
| Tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík | 10,0 | | 10,0 |
| Tónlistarsaga Íslands | 3,8 | 4,1 | 7,9 |
| Tónminjasetur Íslands | | 2,0 | 2,0 |
| Tónminjasetur Íslands | 2,0 | | 2,0 |
| Tónskáldafélag Íslands | | 6,0 | 6,0 |
| TrueNorth Ísland ehf., MTV-tónlistarhátíðin | | 3,0 | 3,0 |
| Tungumálamiðstöð í Austurríki | 1,0 | 1,0 | 2,0 |
| Tækniminjasafn Austurlands | | 5,0 | 5,0 |
| UCL, stuðningur við íslenskukennslu | | 2,0 | 2,0 |
| Umsýsla sveinsprófa og samninga | 37,0 | 37,0 | 74,0 |
| Unglingalandsmót í Mýrdalshreppi | 10,0 | | 10,0 |

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal | 8,0 | | 8,0 |
| Ungmennafélag Íslands | 64,0 | 82,0 | 146,0 |
| Upplýsinga- og umsýslukerfi fyrir hina styrkja- og samkeppnissjóði ríkisins | | 12,0 | 12,0 |
| Upplýsingakerfi framhaldsskóla, þrír samningar | 27,0 | 10,0 | 37,0 |
| Upplýsingaþjónusta iðn- og verknáms | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Útgáfufélagið Guðrún | 3,0 | 3,0 | 6,0 |
| Veiðisafnið á Stokkseyri | 2,0 | 2,0 | 4,0 |
| Verslunarskóli Íslands, framhaldsskólanám | 657,0 | 745,0 | 1.402,0 |
| Vestfirðir á miðöldum | 5,0 | 5,0 | 10,0 |
| Vestnorræna menningarhúsið í Hafnarfirði | 2,0 | 2,0 | 4,0 |
| Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri, stofnkostnaður | 30,0 | 30,0 | 60,0 |
| Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri | 3,2 | 3,5 | 6,7 |
| Vélbáturinn Ölver | 3,0 | | 3,0 |
| Viðskiptaháskólinn á Bifröst | 179,0 | 217,0 | 396,0 |
| Víkingahátíð í Hafnarfirði | | 2,0 | 2,0 |
| Víkingar á Vestfjörðum, menningartengd ferðaþjónusta | | 5,0 | 5,0 |
| Yfirvofandi | | 4,4 | 4,4 |
| Þekkingarnet Austurlands | | 18,0 | 18,0 |
| Þekkingarsetur Þingeyinga | | 21,7 | 21,7 |
| Þingeyjarsveit, unglingalandsmót 2006 | | 25,0 | 25,0 |
| Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar | 5,0 | | 5,0 |
| Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd | 5,0 | | 5,0 |
| Þórbergssetur | | 4,0 | 4,0 |
| Æskulýðsráð ríkisins | 3,0 | 3,0 | 6,0 |
| **Menntamálaráðuneyti, samtals yfir 2 millj. kr.** | **4.459,0** | **5.866,3** | **10.325,3** |
| | | | |
| **Utanríkisráðuneyti** | | | |
| Jón Hilmar Magnússon | 2,2 | | 2,2 |
| Teikn á lofti ehf. | | 3,0 | 3,0 |
| Lögberg – Heimskringla | 2,5 | 3,5 | 5,9 |
| Nordisk Ministerråd | 15,4 | | 15,4 |
| Þjóðræknisfélag Íslendinga | | 2,8 | 2,8 |
| Hjálparstarf kirkjunnar | 5,0 | 17,0 | 22,0 |
| ABC barnahjálp | 5,0 | 4,0 | 9,0 |
| IAEA | 9,0 | 9,9 | 18,9 |
| IFC | 5,9 | 11,2 | 17,1 |
| NATO | 37,2 | 100,4 | 137,6 |
| Bush-Clinton sjóðurinn | 30,7 | | 30,7 |
| Central Emergency Response | | 10,6 | 10,6 |
| Evrópuráðið | 23,5 | 29,1 | 52,6 |
| S.Þ. v. CSD | 2,6 | | 2,6 |
| CTBTO | 2,2 | 2,1 | 4,3 |
| EFTA | 47,9 | 42,8 | 90,7 |
| Eftirlitsstofnun EFTA | 60,1 | 81,7 | 141,7 |
| EFTA-dómstóllinn | 18,8 | 19,8 | 38,5 |
| Þróunarsjóður EFTA | 107,0 | 20,5 | 127,5 |
| Eystrasaltsráðið | | 5,3 | 5,3 |
| FAO | 31,5 | 33,0 | 64,5 |
| Fjármálar. Estoníu | | 2,8 | 2,8 |
| Rauði kross Íslands | 15,1 | 21,2 | 36,3 |
| Mannréttindaskrifstofa Íslands | | 4,0 | 4,0 |
| Barnaheill | 4,0 | 3,1 | 7,1 |

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Hafréttarsjóður S.Þ. | 9,2 | | 9,2 |
| IBRD | 42,3 | 47,4 | 89,7 |
| ICRC | 7,5 | 3,4 | 10,9 |
| International Commission on Missing Persons | 2,0 | | 2,0 |
| Multi Donor Trust Fund – Súdan | 10,0 | 10,0 | 20,0 |
| NAMSA | 12,0 | | 12,0 |
| OCHA | 3,1 | 3,8 | 6,9 |
| OECD | 22,2 | 40,5 | 62,6 |
| S.Þ. – alþjóðleg friðargæsla | 35,0 | 156,4 | 191,4 |
| S.Þ. | 51,3 | 62,2 | 113,5 |
| Sids | | 2,1 | 2,1 |
| UNIFEM á Íslandi | | 3,2 | 3,2 |
| UNIFEM | 30,9 | 46,8 | 77,8 |
| UNDP | 25,9 | 57,6 | 83,6 |
| UNESCO | 6,9 | 8,3 | 15,2 |
| UNFPA | 6,0 | 7,5 | 13,5 |
| UNHCR | 5,8 | 7,5 | 13,4 |
| UNICEF | 26,0 | 47,1 | 73,1 |
| UNRWA | 3,3 | 7,0 | 10,3 |
| WFP | 29,5 | 35,4 | 64,9 |
| WHO | 3,0 | 12,7 | 15,7 |
| PROFISH | 20,0 | 23,5 | 43,4 |
| WTO | 7,7 | 11,3 | 18,9 |
| ÖSE | 18,5 | 14,9 | 33,4 |
| **Utanríkisráðuneyti, samtals yfir 2 millj. kr.** | **803,5** | **1.036,5** | **1.840,0** |
| | | | |
| **Landbúnaðarráðuneyti** | | | |
| Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu | 4.321,6 | 4.536,7 | 8.858,3 |
| Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu | 3.011,3 | 3.132,1 | 6.143,4 |
| Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu | 343,6 | 345,2 | 688,8 |
| Bændasamtök Íslands | 452,3 | 513,6 | 965,9 |
| Stofnfiskur hf. | 27,7 | 30,1 | 57,8 |
| Vottunarstofan Tún | 4,0 | 4,0 | 8,0 |
| Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs | 4,0 | 4,0 | 8,0 |
| Landvernd | 4,0 | 4,0 | 8,0 |
| Framkvæmdasjóður Skrúðs | 2,5 | 2,5 | 5,0 |
| Nytjaland | 4,0 | 2,5 | 6,5 |
| Gróður fyrir fólk í Fjarðarbyggð | 0,0 | 3,0 | 3,0 |
| Bændasamtök Íslands | 2,0 | 2,2 | 4,2 |
| Bændasamtök Íslands vegna rannsóknar á íslenska kúakyninu | 5,0 | 0,0 | 5,0 |
| Skógræktarfélag Íslands | 26,0 | 28,6 | 54,6 |
| Norðuratlantshafsfiskveiðinefndin | 4,7 | 5,6 | 10,3 |
| Umboðsmaður íslenska hestsins | 0,0 | 22,5 | 22,5 |
| Lánasjóður landbúnaðarins, vegna loðdýrabúa | 44,7 | 0,0 | 44,7 |
| Fóðurstöð Suðurlands | 10,0 | 3,0 | 13,0 |
| Útflutningsráð Íslands, markaðsmál vegna hrossaræktar | 5,0 | 22,9 | 27,9 |
| Kaupfélag Skagfirðinga | 3,0 | 5,3 | 8,3 |
| Landsamband hestamannafélaga | 5,0 | 6,5 | 11,5 |
| Hestamannafélagið Stormur | 0,0 | 12,0 | 12,0 |
| **Landbúnaðarráðuneyti, samtals yfir 2 millj. kr.** | **8.280,4** | **8.686,4** | **16.966,8** |

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Sjávarútvegsráðuneyti** | | | |
| Húnaþing vestra | 5,0 | | 5,0 |
| Fiskifélag Íslands | 6,5 | 6,8 | 13,3 |
| Rannsóknasetur um lífríki sjávar | | 6,0 | 6,0 |
| ICCAT | 1,2 | 2,4 | 3,6 |
| ICES | | 12,9 | 12,9 |
| NEAFC | 4,2 | 4,6 | 8,8 |
| NAMMCO | 7,4 | 9,4 | 16,8 |
| NAFO | 1,9 | 2,2 | 4,1 |
| IWC | 5,8 | 6,7 | 12,5 |
| Valdimar I. Gunnarsson; verkefnisstjórnun fiskeldishóps AVS | 2,6 | 4,3 | 6,9 |
| Agnar Steinarsson; framleiðsla þorskseiða | 6,0 | | 6,0 |
| Albert Imsland; samkeppnishæft lúðueldi í strandeldisstöðvum | | 3,0 | 3,0 |
| Theodór Kristjánsson; eldi á villtun þorskseiðum og eldisseiðum | 4,5 | | 4,5 |
| Þorleifur Ágústsson; þróun iðnaðarvædds þorskeldis | | 6,9 | 6,9 |
| Jón Árnason; ódýrt fóður fyrir þorsk | | 4,8 | 4,8 |
| **Sjávarútvegsráðuneyti, samtals yfir 2 millj. kr.** | **45,1** | **70,0** | **115,1** |
| | | | |
| **Dóms- og kirkjumálaráðuneyti** | | | |
| Slysavarnafélagið Landsbjörg | 0,0 | 90,9 | 90,9 |
| Neyðarlínan hf. | 121,2 | 185,3 | 306,5 |
| TETRA Ísland | 75,0 | 24,9 | 99,9 |
| Reykjanesbær v. hælisleitenda | 49,9 | 51,1 | 101,0 |
| Mannréttindaskrifstofa Íslands | 2,8 | 4,6 | 7,4 |
| **Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, samtals yfir 2 millj. kr.** | **248,9** | **356,8** | **605,7** |
| | | | |
| **Félagsmálaráðuneyti** | | | |
| Akureyrarkaupstaður | 634,0 | 655,2 | 1.289,2 |
| Styrktarfélag vangefinna | 497,4 | 547,4 | 1.044,8 |
| Skálatúnsheimilið | 261,3 | 286,0 | 547,3 |
| Byggðasamlag um málefni fatlaðra | 243,7 | 272,6 | 516,3 |
| Sólheimar | 190,4 | 209,5 | 399,9 |
| Reykjavíkurborg, velferðarsvið | 84,6 | 92,3 | 176,9 |
| Meðferðarheimilið Árbót | 81,4 | 88,1 | 169,5 |
| Vestmannaeyjabær | 69,4 | 82,9 | 152,3 |
| Héraðsnefnd Þingeyinga | 71,5 | 79,2 | 150,7 |
| Meðferðarheimilið Akurhól | 70,4 | 74,7 | 145,1 |
| Meðferðarheimilið í Skagafirði | 67,4 | 67,6 | 135,0 |
| Meðferðarheimilið Laugalandi | 44,9 | 55,4 | 100,4 |
| Meðferðarheimilið Hvítárbakka | 42,3 | 46,1 | 88,4 |
| Sambýlið Skaftholti | 36,6 | 35,2 | 71,8 |
| Meðferðarheimilið Geldingalæk | 30,7 | 33,3 | 64,0 |
| Samtök um kvennaathvarf | 29,6 | 31,0 | 60,6 |
| Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra | 25,1 | 30,4 | 55,5 |
| Byrgið líknarfélag ses. | 26,9 | 28,2 | 55,1 |
| Sambýlið Hólabrekka | 24,9 | 27,0 | 51,9 |
| Blindrafélagið | 23,4 | 24,5 | 47,9 |
| Stígamót,samtök kvenna | 20,4 | 27,3 | 47,7 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 19,5 | 24,0 | 43,5 |
| Krossgötur, styrktarfélag | 21,2 | 22,2 | 43,4 |
| Styrktarfélag klúbbsins Geysis | 17,7 | 21,5 | 39,2 |
| Sambýlið Kerlingadal | 16,7 | 17,2 | 33,9 |
| Geðhjálp | 16,4 | 16,0 | 32,4 |

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Múlalundur, verndaður vinnustaður | 14,9 | 16,0 | 30,9 |
| Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð | 15,0 | 15,0 | 30,0 |
| Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands | 13,4 | 14,4 | 27,8 |
| Rauði kross Íslands | 17,7 | 6,8 | 24,4 |
| Þroskahjálp, landssamtök | 9,0 | 9,8 | 18,9 |
| Félag heyrnarlausra | 8,2 | 9,2 | 17,4 |
| Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla | 7,0 | 10,0 | 17,0 |
| Vímulaus æska, foreldrasamtök | 5,0 | 10,0 | 15,0 |
| Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra | 7,1 | 7,7 | 14,8 |
| Tölvumiðstöð fatlaðra | 7,0 | 7,1 | 14,1 |
| Meðferðarheimilið Torfastöðum | 13,5 | | 13,5 |
| Sambýlið Breiðabólstað | 6,3 | 6,5 | 12,8 |
| Viðskiptaháskólinn á Bifröst | 4,7 | 6,6 | 11,3 |
| Mæðrastyrksnefnd Reykjavík | 4,0 | 4,5 | 8,5 |
| Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra | 4,0 | 4,0 | 8,0 |
| Regnbogabörn, áhugamannafélag | 3,0 | 3,0 | 6,0 |
| Biskupsstofa | 2,9 | 3,0 | 5,9 |
| Líf og sál sálfræðistofa ehf. | | 5,6 | 5,6 |
| Samtökin '78, félag lesbía/homma | 2,5 | 3,0 | 5,5 |
| Barnaheill,félag | 1,0 | 4,2 | 5,2 |
| Styrktarfélag klúbbsins Stróks | | 5,0 | 5,0 |
| Félag einstæðra foreldra | 1,2 | 3,0 | 4,2 |
| Ný leið ehf. | | 3,0 | 3,0 |
| Kvennasögusafn Íslands | | 3,0 | 3,0 |
| **Félagsmálaráðuneyti, samtals yfir 2 millj. kr.** | **2.815,3** | **3.055,2** | **5.870,5** |
| | | | |
| **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti** | | | |
| Aðlþjóðaheilbrigðismálastofnunin vegna alnæmis í Afríku | 15,0 | 15,0 | 30,0 |
| Aðstandendur Alzheimer-sjúklinga | 2,0 | 2,0 | 4,0 |
| Akureyrarkaupstaður | | 14,0 | 14,0 |
| Akureyrarkaupstaður – sjúkraflutningar | 39,4 | 63,6 | 103,0 |
| Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO | 9,1 | 9,6 | 18,7 |
| Asma- og ofnæmisfélagið | | 2,0 | 2,0 |
| Auður Guðjónsdóttir / uppbygging gagnagrunns um mænuskaða | 3,7 | 3,6 | 7,3 |
| Árborg, dagvistun aldraða | 6,7 | 8,2 | 14,9 |
| Ás/Ásbyrgi, Hveragerði | 435,7 | 481,5 | 917,2 |
| Barmahlíð, Reykhólum | 70,2 | 75,9 | 146,1 |
| Blesastaðir, Skeiðum | 30,2 | 39,4 | 69,6 |
| Breiðdalsvík | 2,9 | 4,3 | 7,2 |
| Dagvist aldraða Skagafirði | 9,0 | 12,5 | 21,5 |
| Dagvist Siglufjarðarkaupstaðar | 5,5 | 6,9 | 12,4 |
| Dagvist aldraða Reykjanesbæ | 20,1 | 21,3 | 41,5 |
| Dalbær, Dalvík | 170,7 | 192,7 | 363,3 |
| Drafnarhús, Hafnarfirði | | 43,1 | 43,1 |
| Dvalarheimili aldraða Borgarnesi | 179,3 | 200,9 | 380,2 |
| Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi | 67,3 | 76,5 | 143,8 |
| Egilsbraut 9, Þorlákshöfn | 3,9 | 5,8 | 9,7 |
| Elín Ebba Ásmundsdóttir, hlutverkasetur | 4,0 | 4,0 | 8,0 |
| Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands | 3,1 | 3,2 | 6,3 |
| Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri | 4,1 | 5,5 | 9,6 |
| Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík | 22,7 | 23,1 | 45,8 |
| Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra- og fatlaðra | 122,6 | 142,2 | 264,8 |
| Fell, Reykjavík | 37,2 | 62,0 | 99,2 |

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Fellaskjól, Grundarfirði | 44,0 | 52,0 | 96,0 |
| Fellsendi, Búðardal | 79,9 | 96,3 | 176,3 |
| Félagið Heyrnarhjálp | 4,8 | 6,8 | 11,6 |
| Flugfélag Íslands ehf. – sjúkraflug | 56,3 | | 56,3 |
| Flugfélag Vestmannaeyja ehf. – sjúkraflug | 23,4 | | 23,4 |
| Flugfélagið Atlanta ehf. – sjúkraflug | 34,9 | | 34,9 |
| Fríðuhús, Reykjavík | 29,8 | 31,7 | 61,5 |
| Garðvangur, Garði | 216,6 | 259,2 | 475,8 |
| Geðverndarfélag Akureyrar vegna athvarfs | 2,0 | 2,0 | 4,0 |
| Gigtarfélag Íslands | 2,5 | 2,5 | 5,0 |
| Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands | 6,5 | 7,0 | 13,5 |
| Grenilundur, Grenivík | 11,0 | 11,0 | 22,0 |
| Grindavíkurbær, dagvistun | | 3,1 | 3,1 |
| Grund, Reykjavík | 1.041,1 | 1.121,3 | 2.162,4 |
| Gullsmári, Kópavogi | 16,2 | 21,6 | 37,8 |
| Gunnar Hlöðver Tyrfi | 4,3 | | 4,3 |
| Heilbrigðisst. Suðausturlands / Sveitarfélagið Hornafjörður v. sjúkrarýma | 48,4 | 52,0 | 100,4 |
| Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands | 408,7 | 426,7 | 835,4 |
| Heimilislæknastöðin hf. – heilsugæslustöðin Lágmúla | 118,3 | 125,9 | 244,2 |
| Helgafell, Djúpavogi | 13,1 | 22,7 | 35,8 |
| Hjallatún, Vík | 70,2 | 81,2 | 151,4 |
| Hjartaheill | 0,0 | 4,0 | 4,0 |
| Hjartavernd rannsóknarstöð | 52,4 | 56,1 | 108,5 |
| Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum | 374,7 | 469,9 | 844,6 |
| Hjúkrunarheimilið Eir | 937,2 | 1.053,3 | 1.990,6 |
| Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði | 123,1 | 141,3 | 264,3 |
| Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði | 102,5 | 128,5 | 231,0 |
| Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu | 148,7 | 185,2 | 333,9 |
| Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn | 44,9 | 71,4 | 116,3 |
| Hjúkrunarheimilið Skjól | 563,7 | 634,0 | 1.197,7 |
| Hjúkrunarheimilið Skógarbær | 461,8 | 507,8 | 969,6 |
| Hlaðgerðarkot | 66,9 | 69,9 | 136,8 |
| Hlaðhamrar, Mosfellsbæ | 7,4 | 7,8 | 15,2 |
| Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða | 82,6 | 88,9 | 171,5 |
| Hlévangur, Reykjanesbæ | 83,8 | 147,5 | 231,2 |
| Hlíð, dvalarheimili | | 2,4 | 2,4 |
| Hlíðarbær, Reykjavík | 40,0 | 41,9 | 81,9 |
| Hlíf, Ísafirði | 26,7 | 45,4 | 72,1 |
| Holtsbúð, Garðabæ | 204,4 | 225,7 | 430,2 |
| Hrafnista, Hafnarfirði | 942,5 | 1.080,6 | 2.023,1 |
| Hrafnista, Reykjavík | 1.391,6 | 1.539,9 | 2.931,5 |
| Hraunbúðir, Vestmannaeyjum | 169,0 | 212,0 | 381,0 |
| Húsnæðisfélag SEM | | 2,0 | 2,0 |
| Hvammur, Húsavík | 104,0 | 146,5 | 250,6 |
| Höfði, Akranesi | 446,5 | 351,6 | 798,1 |
| Jaðar, Ólafsvík | 52,0 | 56,5 | 108,5 |
| Kirkjuhvoll, Hvolsvelli | 70,9 | 119,4 | 190,3 |
| Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri | 97,2 | 105,0 | 202,2 |
| Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit | 253,6 | 272,2 | 525,8 |
| Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning | 16,3 | 17,2 | 33,5 |
| Krabbameinsfélag Íslands, styrkir | 13,0 | 13,0 | 26,0 |
| Krísuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili | 41,2 | 48,7 | 89,9 |

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Kumbaravogur, Stokkseyri | 229,0 | 254,3 | 483,4 |
| Lagarás, Egilsstöðum | 16,3 | 20,9 | 37,2 |
| Landsamtök hjartasjúklinga | 4,0 | | 4,0 |
| Landsflug hf. – sjúkraflug | | 25,6 | 25,6 |
| Lindargata, Reykjavík | 35,7 | 37,9 | 73,5 |
| Læknavaktin | 211,1 | 225,3 | 436,4 |
| Missoc þátttökugjald | 1,9 | 2,1 | 4,0 |
| MS-félag Íslands, Reykjavík | 67,9 | 72,7 | 140,6 |
| Múlabær, Reykjavík | 59,6 | 63,0 | 122,6 |
| Norræni lýðheilsuháskólinn | 10,6 | 9,2 | 19,8 |
| Rauði kross Íslands – útvegun og rekstur sjúkrabifreiða | 60,8 | 81,8 | 142,6 |
| Reykjalundur | 1.034,4 | 1.108,6 | 2.143,0 |
| Roðasalir, Kópavogi | 74,1 | 88,3 | 162,3 |
| Salus ehf. – Heilsugæslustöðin Salahverfi | 111,3 | 142,0 | 253,3 |
| Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum – sjúkraflutningar | 41,8 | 45,1 | 86,9 |
| Sambýli aldraða á Grenivík | 12,0 | 16,7 | 28,7 |
| Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða – Endurhæfing ehf. | 34,7 | 30,7 | 65,4 |
| Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu | 381,2 | 403,4 | 784,6 |
| Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu | 768,0 | 932,2 | 1.700,2 |
| Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu | 158,7 | 170,7 | 329,5 |
| Samningur við Sveitarfélagið Hornarfjörð um heilsugæslu | 99,3 | 105,0 | 204,3 |
| Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið | 509,4 | 517,0 | 1.026,4 |
| Samtök psoriasis- og exemsjúklinga | 2,0 | 2,5 | 4,5 |
| Seljahlíð, Reykjavík | 162,9 | 197,3 | 360,3 |
| Seltjarnarneskaupstaður | 3,6 | 5,1 | 8,8 |
| Silfurtún, Búðardal | 59,6 | 57,7 | 117,3 |
| Sjálfsbjörg Akureyri | 6,0 | 6,3 | 12,3 |
| Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun | 352,3 | 372,6 | 724,9 |
| Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna – Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands | 20,0 | 20,0 | 40,0 |
| Skjólbraut, Kópavogi | 16,2 | 21,6 | 37,8 |
| Skrifstofa líknarfélaga | 5,5 | 5,5 | 11,0 |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins – sjúkraflutningar | 262,3 | 360,0 | 622,3 |
| Sóltún, Reykjavík | 709,4 | 816,8 | 1.526,2 |
| Sólvellir, Eyrabakka | 31,1 | 42,8 | 73,9 |
| Stórstúka Íslands | 1,5 | 1,5 | 3,0 |
| Stuðningur vegna náttúruhamfara við Indlandshaf | 10,0 | | 10,0 |
| Sumardvalarheimili í Reykjadal / Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra | 15,2 | 23,2 | 38,4 |
| Sunnuhlíð, Kópavogi | 409,8 | 463,5 | 873,3 |
| Sæborg, Skagaströnd | 27,7 | 41,5 | 69,2 |
| Uppsalir, Fáskrúðsfirði | 131,8 | 119,3 | 251,0 |
| Vesturhlíð, Reykjavík | 6,0 | 6,4 | 12,4 |
| Vifilstaðir, Garðabæ | 265,7 | 320,5 | 586,2 |
| Vistheimilið Bjarg | 40,6 | 42,8 | 83,4 |
| Víðines | 217,2 | 229,5 | 446,7 |
| Þorragata 3, Reykjavík | 32,5 | 34,2 | 66,7 |
| **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, samtals yfir 2 millj. kr.** | **17.125,9** | **19.230,9** | **36.356,8** |
| | | | |
| **Fjármálaráðuneyti** | | | |
| Brunavarnir Árnessýslu | 0,0 | 6,9 | 6,9 |
| Slökkvistöð Akureyrar | 6,3 | 2,4 | 8,6 |

| Millj. kr. | 2005 | 2006 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðis bs. | 8,4 | 12,5 | 20,9 |
| Þingeyjarsveit | 2,3 | 0,0 | 2,3 |
| Vinstrihreyfingin – grænt framboð | 17,9 | 17,9 | 35,7 |
| Frjálslyndi flokkkurinn | 15,0 | 15,0 | 30,0 |
| Framsóknarflokkurinn | 36,0 | 36,0 | 72,0 |
| Sjálfstæðisflokkurinn | 68,4 | 68,4 | 136,7 |
| Samfylkingin | 62,8 | 62,8 | 125,6 |
| Ríkismennt SGS | 5,9 | 0,0 | 5,9 |
| Starfsmenntasj. ríkis / Eflingar | 6,1 | 0,0 | 6,1 |
| Úthlíðarkirkja | 0,0 | 2,0 | 2,0 |
| **Fjármálaráðuneyti, samtals yfir 2 millj. kr.** | **229,0** | **223,7** | **452,6** |
| | | | |
| **Samgönguráðuneyti** | | | |
| Slysavarnafélagið Landsbjörg | 37,7 | 71,7 | 109,4 |
| Flugskóli Íslands hf. | 29,5 | 21,5 | 51,0 |
| Ferðamálasamtök Íslands | 17,2 | 17,2 | 34,4 |
| Flug til S-Grænlands, Flugfélag Íslands ehf. | 12,5 | 12,5 | 25,0 |
| Menningarvefur og upplýsinganet – Snorrastofa í Reykholti | 6,5 | 4,1 | 10,6 |
| Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi | 3,0 | 3,0 | 6,0 |
| Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands | 6,0 | 0,0 | 6,0 |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | 6,0 | 0,0 | 6,0 |
| Uppbygging safns, Grettistak ses. | 0,0 | 6,0 | 6,0 |
| Þórbergssetur | 3,0 | 2,7 | 5,7 |
| Markaðsstofa Vestfjarða – Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða | 0,0 | 5,2 | 5,2 |
| Sjóstangveiði f. ferðamenn – Tálknafjarðarhreppur | 0,0 | 5,0 | 5,0 |
| Véla- og samgöngusafn – Gunnar Kristinn Þórðarson | 4,0 | 0,0 | 4,0 |
| Uppbygging safns/upplýsingaþjónustu, Selasetur Íslands ehf. | 0,0 | 3,0 | 3,0 |
| Súðavíkurhreppur | 0,0 | 2,5 | 2,5 |
| Ferðafélag Íslands | 0,0 | 2,5 | 2,5 |
| Félag áhugamanna um víkingaverkefni | 2,5 | 0,0 | 2,5 |
| Sögusafn í Bjarnarhöfn, Hildibrandur Bjarnason | 1,0 | 1,5 | 2,5 |
| Samgönguminjasafnið Ystafelli | 2,0 | 0,0 | 2,0 |
| Drangeyjarfélagið | 1,0 | 1,0 | 2,0 |
| Vestfirðir á miðöldum | 0,0 | 2,0 | 2,0 |
| Markaðsstofa Austurlands | 0,0 | 2,0 | 2,0 |
| Svifflugfélag Íslands | 0,0 | 2,0 | 2,0 |
| Ferðamálafélag Dalasýslu/Reykhólahrepps | 1,0 | 1,0 | 2,0 |
| Hveravallafélagið ehf. | 1,0 | 1,0 | 2,0 |
| Ferðamálanefnd Austur-Flóa | 1,0 | 1,0 | 2,0 |
| Héraðsnefnd Snæfellinga | 0,0 | 2,0 | 2,0 |
| **Samgönguráðuneyti, samtals yfir 2 millj. kr.** | **134,9** | **170,4** | **305,3** |
| | | | |
| **Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti** | | | |
| Enex-Kína ehf. | 4,0 | | 4,0 |
| Íslenska lífmassafélagið | | 3,0 | 3,0 |
| Háskólinn á Bifröst | 2,1 | 5,6 | 7,7 |
| Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga | 3,2 | 4,0 | 7,2 |
| Brekkukot ehf. | 4,0 | | 4,0 |
| Sigrún Ólafsdóttir | 2,5 | | 2,5 |
| Árneshreppur á Ströndum | | 5,0 | 5,0 |
| Vesturbyggð | | 4,0 | 4,0 |
Á Íslandi eru líffæragjafir fátíðari en annars staðar á Norðurlöndum. Árin 1993–2003 gáfu að meðaltali 12–18 íbúar af hverjum milljón líffæri úr sér annars staðar á Norðurlöndum en einungis ellefu á Íslandi. Samkvæmt grein landlæknis í Morgunblaðinu 30. október 2004 eru helmingi fleiri einstaklingar árlega á biðlista hér á landi eftir líffærum en þeir sem fá líffæri. Landlæknir segir þetta væntanlega endurspegla skort á líffærum til ígræðslu. Á Vesturlöndum deyja nú fleiri sjúklingar sem bíða líffæragjafar en þeir sem fá líffæri og eru því biðlistar eftir líffærum að lengjast í nálægum löndum. Flutningsmenn telja mjög mikilvægt að fjölga íslenskum líffæragjöfum. Með því að gefa líffæri eða vefi getur fólk aukið lífsgæði annarra einstaklinga með afgerandi hætti og jafnvel bjargað lífi einhvers. Hver líffæragjöf getur bjargað allt að sex mannslífum.

Það er sömuleiðis nauðsynlegt að upplýsingar um vilja til líffæragjafa verði sem aðgengilegastar. Forsenda ígræðslu líffæra er að líffæri fáist úr nýlátnum einstaklingi. Vandfundin er heppilegri leið en að notast við upplýsingar á ökuskírteini viðkomandi til að gera upplýsingar um þann vilja aðgengilegan. Í Bandaríkjunum er merki á ökuskírteinum þeirra sem vilja gefa líffæri og í sumum löndum er þessar upplýsingar að finna á sjúkratryggingaskírteini.

Það er jafnframt mikilvægt að allir séu hvattir til að íhuga hvort þeir vilji gefa líffæri. Með því að áskilja slíka skráningu á ökuskírteini þarf fólk að gera upp við sig hvort það kærir sig um að gefa líffæri. Það má leiða líkur að því að allt of fáir velti þessu fyrir sér.

Landlæknisembættið og fleiri aðilar hafa lengi hvatt fólk til að taka afstöðu til líffæragjafa. Landlæknir hefur m.a. gefið út sérstakt kort sem hægt er að hafa á sér þar sem fram kemur ákvörðun viðkomandi um líffæragjafir. Samkvæmt landlækni er ekki vitað hversu margir Íslendingar bera slíkt kort, en allt bendir til að þeir séu fremur fáir.

**Helmingi fleiri á biðlista eftir líffærum en þeir sem fá líffæri.**

Ekki er unnt að nýta líffæri nema í litlum hluta dauðsfalla. Margs konar framfarir hafa hins vegar orðið í líffæragjöfum undanfarin ár og er nú m.a. hægt að flytja mun fleiri líffæri en áður. Sömuleiðis fylgja ónæmisbælandi meðferð minni aukaverkanir en áður og er hún orðin auðveldari. Hægt er að notast við líffæri úr allt að sjötugum einstaklingum.

Í líffæragjöf felst að líffæri eru fjarlægð úr látnum einstaklingi og grædd í sjúklinga sem þarfnast þeirra. Fram til ársins 1991 gátu Íslendingar einungis þegið líffæri frá öðrum þjóðum en ekki lagt þau til sjálfir. Árið 1991 tóku gildi lög um brottnám líffæra, nr. 16/1991, og lög um ákvörðun dauða, nr. 15/1991, og gerðu þau Íslendingum kleift að gefa líffæri.

Frá árinu 1992 hefur verið samvinna við önnur ríki á Norðurlöndum um líffæragjafir í tengslum við samtökin Scandiatransplant. Gerður var samningur um líffæraígræðslur og líffæragjafir við Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg, en frá 1996 hefur þessi samvinna verið við Rigshospitalet í Kaupmannahöfn. Líffæri íslenskra einstaklinga fara því í sameiginlegan norrænan líffærasjóð.

**Ættingjar hafna líffæragjöf í 40% tilvika.**

Í 2. gr. laga um brottnám líffæra, nr. 16/1991, kemur fram að liggi fyrir samþykki einstaklings megi, að honum látnum, nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Enn fremur segir m.a. að liggi slíkt samþykki ekki fyrir sé heimilt að fjarlægja líffæri eða lífræn efni úr líkama látins einstaklings ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns hans og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna. Með nánasta vandamanni er átt við maka (sambýlismann eða sambýliskonu), börn, ef hinn látni átti ekki maka, foreldra, ef hinn látni var barnlaus, eða systkini ef foreldrar hins látna eru einnig látnir.

Á skurðlæknaþingi 2004 voru kynntar niðurstöður athugunar á líffæragjöfum á Íslandi í 10 ár, frá 1992–2002. Þar kom m.a. fram að þegar leitað var samþykkis ættingja fyrir líffæragjöf var erindinu neitað í um 40% tilvika. Sambærilegar upplýsingar liggja ekki fyrir annars staðar af Norðurlöndunum en á Spáni er 23% beiðna af þessu tagi hafnað, eða hlutfallslega helmingi færri en hér á landi.

Landlæknir hefur sagt að dregið hafi úr því að fólk leyfi að líffæri séu tekin úr ættingjum og finnst honum það alvarlegt mál. Það hlýtur að vera hentugra að fleiri ákveði sjálfir hvort þeir vilji gefa líffæri enda sé það í samræmi við sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga. Sömuleiðis getur verið afar erfitt fyrir ættingja þess látna að ákveða á þessari sorgarstundu hvort líffæri viðkomandi verða gefin, m.a. vegna þess að málin hafa ekkert verið rædd á meðan hinn látni var á lífi.

**Gagnabanki um líffæragjafir.**

Landlæknir hefur gefið út reglur yfir svokallaðar lífsskrár. Lífsskrá er skjal sem greinir frá óskum fólks um meðferð við lífslok, geti það ekki sjálft tekið þátt í ákvörðunum um þá meðferð vegna andlegs eða líkamlegs ástands. Lífsskrá er gerð þegar fólk er til þess hæft og getur metið kosti sem til greina koma, verði viðkomandi svo andlega eða líkamlega skaðaður að litlar eða nær engar líkur eru taldar á bata eða á því að unnt sé að lifa innihaldsríku lífi á ný. Lífsskráin tekur hins vegar ekki gildi fyrr en viðkomandi er ekki lengur hæfur til að tilgreina vilja sinn. Í lífsskránni er m.a. gefinn kostur á því að taka afstöðu til þess hvort fólk vill gefa líffæri eða vefi og gefinn kostur á að gefa nánari skýringu. Ekki er hins vegar þörf á að taka afstöðu til líffæragjafa þótt gengið sé frá öðrum hlutum lífsskrárinnar. Lífsskrár eru m.a. vistaðar hjá gagnabanka landlæknisembættisins þar sem heilbrigðisstofnanir hafa aðgang að þeim þannig að unnt sé að fá upplýsingar strax um hvort skrifað hafi verið undir lífsskrá.

Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu er gert ráð fyrir að upplýsingar um þá sem vilja gefa líffæri og skilyrði þeirra gjafa verði einnig færðar í sérstakan gagnabanka við landlæknisembættið. Flutningsmenn telja mikilvægt að þessi gagnabanki verði efldur og að aðgangur þeirra sem þurfa á þessum upplýsingum að halda verði tryggður.

**Ekki afturvirk breyting.**

Í 52. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, kemur m.a. fram að samgönguráðherra setji reglur um efni og form ökuskírteina. Í 47. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 501/1997, með áorðnum breytingum, segir að ökuskírteini skuli vera af EES-gerð í samræmi við ákvæði I. viðauka. Í reglugerðinni og viðaukum hennar kemur fram að viðbótarupplýsingar geti verið í ökuskírteini, t.d. innlendar tákntölur sem eingöngu gildi innan viðkomandi lands.

Flutningsmenn telja að æskilegt sé að vilji Alþingis komi fram í þessu mikilvæga máli og ályktí því með beinum hætti að þessar nauðsynlegu upplýsingar eigi að koma fram á ökuskírteinum. Flutningsmenn telja einnig að skráning þessara upplýsinga á ökuskírteinum sé einnig heppileg þar sem það eru oft látnir ökumenn sem koma til greina sem líffæragjafar.

Flutningsmenn telja að áskilnaður um afstöðu til líffæragjafar í ökuskírteini eigi ekki að virka aftur í tímann um útgefin ökuskírteini heldur eigi einungis við þau ökuskírteini sem gefin yrðu út eftir að breytingar á áðurnefndri reglugerð hefðu verið gerðar. Verði tillaga þessi samþykkt og reglugerð um ökuskírteini breytt í samræmi við hana verður þó hvenær sem er unnt að breyta skráningu um líffæragjöf á ökuskírteini.

## 1116. Tillaga til þingsályktunar [697. mál]

um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 2. nóvember 1992.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar Már Sigurðarson, Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Skal frumvarp sem felur í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að sáttmálanum vera lokið 20. nóvember 2007.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 132. löggjafarþingi.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Ísland undirritaði sáttmálann í New York 26. janúar 1990 með fyrirvara um fullgildingu. Ísland fullgilti síðan samninginn 27. nóvember 1992.

Samningurinn öðlaðist gildi 2. september 1990 þegar 20 ríki höfðu fullgilt hann en flest ríki Sameinuðu þjóðanna eru nú aðilar að honum. Til fróðleiks má nefna að það var ríkisstjórn Póllands sem átti frumkvæði að gerð samningsins árið 1978 þótt rekja megi tilurð hans allt til ársins 1924 þegar Þjóðabandalagið gaf Genfaryfirlýsinguna út.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna felur í sér skuldbindandi samkomulag þjóða heims um sérstök réttindi börnum til handa, óháð réttindum hinna fullorðnu. Þótt aðildarríkin að samningnum séu skuldbundin til að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn veitir þeim er sú skuldbinding aðeins samkvæmt þjóðarétti. Vegna tvíeðliskenningarinnar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þarf að lögfesta alþjóðlega samninga ef þeir eiga að hafa

bein réttaráhrif hér á landi. Því er ekki hægt að beita barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum.

Flutningsmenn telja hins vegar rétt að slíkur grundvallarsáttmáli verði lögfestur hér á landi með sama hætti og gert var með mannréttindasáttmála Evrópu. Vægi barnasáttmálans yrði þá meira hér á landi þar sem stjórnvöld og dómstólar landsins yrðu að taka mið af honum við úrlausnir mála sem varða börn.

Noregur lögfesti barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 1. október árið 2003, en sá dagur er alþjóðlegur barnadagur.

Á 121. löggjafarþingi lagði Rannveig Guðmundsdóttir fram þingsályktunartillögu um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sú tillaga gekk m.a. út á að skipuð yrði nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi nefnd átti einnig að meta hvort rétt væri að lögleiða sáttmálann í heild sinni. Þessi framsýna tillaga var hins vegar ekki samþykkt á Alþingi. Hér er hins vegar lagt til að gengið verði skrefinu lengra og ályktað um lögfestingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir 20. nóvember nk. en þá verða 28 ár liðin síðan sáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

**Stutt yfirlit yfir efni barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.**

Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á að börn hafi sjálfstæð réttindi óháð vilja foreldra eða forráðamanna. Samningurinn tryggir ekki einungis borgaraleg réttindi heldur einnig félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi. Með samningnum skuldbinda aðildarríki hans sig til að tryggja börnum ákveðin lágmarksréttindi.

Samningurinn nær til barna undir 18 ára aldri nema lögræðisaldur sé lægri samkvæmt lögum viðkomandi lands (1. gr.). Aðildarríkjum ber að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn kveður á um án mismununar (2. gr.). Þegar tekin er ákvörðun sem varðar barn skal fyrst og fremst haft í huga hvað barninu er fyrir bestu (3. gr.).

Aðildarríki eiga að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að réttindi þau sem samningurinn kveður á um verði virk (4. gr.). Varðandi fjárhagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi er gerður sá fyrirvari að aðildarríki skuli grípa til þeirra ráðstafana sem þau hafa bolmagn til. Aðildarríki eru hvött til alþjóðlegrar samvinnu til að tryggja þau réttindi sem samningurinn kveður á um. Aðildarríki eiga að virða réttindi og skyldur foreldra til þess að leiðbeina börnum sínum þannig að þau megi njóta þeirra réttinda sem samningurinn kveður á um (5. gr.). Kveðið er á um rétt barna til þess að lifa og ná þroska (6. gr.), til þess að fá nafn og ríkisfang, vera skráð strax eftir fæðingu (7. gr.) og til að halda persónulegum auðkennum sínum (8. gr.).

Fjallað er um rétt barna sem skilin hafa verið frá foreldri sínu eða foreldrum gegn vilja þeirra (9. gr.). Aðildarríkjum ber að greiða fyrir sameiningu fjölskyldna sem ekki búa í sama landi og stuðla að því að barn geti viðhaldið sambandi við foreldri sem ekki býr í sama landi og það (10. gr.). Þau skulu gera ráðstafanir gegn því að börn séu flutt ólöglega úr landi og þeim haldið erlendis (11. gr.).

Börn eiga að hafa rétt til að tjá sig í málum sem varða þau sjálf (12. gr.). Í samningnum eru almenn ákvæði um tjáningarfrelsi barna (13. gr.), trúfrelsi (14. gr.), félagafrelsi og friðhelgi einkalífs (15.–16. gr.). Kveðið er á um rétt barna til aðgangs að upplýsingum og hlutverk fjölmiðla í því sambandi (17. gr.).

Aðildarríkjum ber að virða þá meginreglu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á börnum

sínum og aðstoða foreldra við að gegna foreldrahlutverki sínu (18. gr.). Aðildarríkjum ber að vernda börn gegn hvers konar illri meðferð (19. gr.).

Sérstök ákvæði eru um börn sem talin eru þurfa á sérstakri vernd að halda, svo sem börn sem ekki eru í umsjá fjölskyldna sinna (20. gr.), börn sem eru ættleidd, einkum milli landa (21. gr.), börn sem eru flóttamenn (22. gr.) og fötluð börn (23. gr.). Kveðið er á um rétt barna til heilbrigðisþjónustu (24. gr.) og rétt barna sem vistuð eru á stofnunum (25. gr.). Fjallað er um rétt barna til almannatrygginga (26. gr.), rétt þeirra til fullnægjandi lífsskilyrða (27. gr.) og menntunar (28.–29. gr.). Sérstakt ákvæði er um réttindi barna sem tilheyra minnihlutahópum (30. gr.).

Aðildarríkjum ber að virða rétt barna til hvíldar og tómstunda og rétt þeirra til að taka þátt í menningar- og listalífi (31. gr.). Börn eiga rétt á vernd gegn arðráni og vinnu sem getur verið þeim skaðleg (32. gr.).

Aðildarríkjum ber að vernda börn gegn ólögmætri notkun ávana-, fíkni- og skynvilluefna (33. gr.) og gegn kynferðislegri notkun og misnotkun (34. gr.). Þeim ber að grípa til ráðstafana til að hindra brottnám barna og verslun með þau (35. gr.). Síðan er almennt ákvæði (36. gr.) um að aðildarríkjum beri að vernda börn gegn hvers kyns annarri notkun sem gæti verið þeim skaðleg.

Fjallað er um réttindi barna sem hafa verið svipt frelsi (37. gr.) og sérstakt ákvæði er um börn sem lenda í vopnuðum átökum (38. gr.). Kveðið er á um skyldur aðildarríkja til þess að sjá börnum, sem sætt hafa illri meðferð eða eru fórnarlömb vopnaðra átaka, fyrir endurhæfingu og félagslegri aðlögun (39. gr.). Fjallað er um réttarvernd barna sem eru ákærð eða dæmd fyrir refsiverða verknaði (40. gr.). Ekkert í samningnum á að koma í veg fyrir að barni verði veittur meiri réttur með innlendum eða alþjóðlegum lögum (41. gr.).

Sérstök nefnd, svokölluð barnaréttarnefnd (Committee on the Rights of the Child), var sett á stofn til að fylgjast með hvort og hvernig aðildarríkin fullnægðu skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum (II. hluti).

**Hugsanlegar lagabreytingar vegna lögfestingar barnasáttmálans.**

Fljótlega eftir undirritun barnasáttmálans af hálfu Íslands var hafist handa við að laga íslenskan rétt að ákvæðum hans og voru gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi. Barnasáttmálinn er hins vegar mjög víðfeðmur og stundum matskenndur. Það getur því stundum verið álitamál hvort viðkomandi ákvæði sáttmálans sé nú þegar að finna í lögum eða ekki. Sömuleiðis getur verið munur á lögunum sjálfum og framkvæmd þeirra.

Í skýrslu barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um Ísland frá árinu 2003 eru m.a. margs konar vangaveltur um stöðu barnasáttmálans og barna almennt á Íslandi. Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur frá 10. maí 2005 (þskj. 1284, 747. mál) er fjallað um athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans. Sömuleiðis koma fram margs konar upplýsingar um hugsanlegar brotalamir í íslenskum lögum í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 sem var m.a. skilað til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Með þingsályktunartillögu þessari leggja flutningsmenn til að ríkisstjórnin skoði hvort og þá hverju beri að breyta í gildandi löggjöf við lögfestingu sáttmálans. Hér geta margir lagabálkar komið við sögu, svo sem barnalög, barnaverndarlög, almenn hegningarlög, lög um leikskóla, lög um grunnskóla, lög um framhaldsskóla, almannatryggingalög, lög um heilbrigðisþjónustu, lög um málefni fatlaðra, ættleiðingarlög, lög um umboðsmann barna o.s.frv.

Þá telja flutningsmenn að við lögfestingu barnasáttmálans sé nauðsynlegt að laga texta barnasáttmálans að hefðbundnu lagaformi.

Hér á eftir má finna nokkur ákvæði barnasáttmálans sem þyrfti að hafa í huga þegar kemur að öðrum lagabreytingum. Þessi upptalning er ekki tæmandi en gefur þó einhverja hugmynd um hugsanlegar lagabreytingar.

**1.**

Í fyrsta lagi ber að líta á 1. gr. barnasáttmálans sem segir að barn sé einstaklingur sem ekki hefur náð átján ára aldri, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur. Í íslenskri löggjöf er nokkurt misræmi um aldursmörk barna þótt lögræðisaldur sé 18 ár hér á landi. Í tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 er m.a. mælst til þess að íslensk löggjöf verði endurskoðuð í því skyni að tryggja að samræmi sé í aldursmörkum í ýmsum lögum.

Sem dæmi má nefna að barnabætur eru einungis greiddar foreldrum þar til barn er orðið 16 ára þótt forsjá barnsins sé til 18 ára aldurs þess. Börn eru síðan sjálfstæðir skattaðilar frá 16 ára aldri. Þá er í sumum lögum miðað við fæðingarár en í öðrum fæðingardag barns.

Umboðsmaður barna hefur bent á að ítrekað fái hann ábendingar um gjaldtöku, svo sem á almannaþjónustu, þar sem fullorðinsgjald miðast við 12 ára aldur. Umboðsmaður telur að þetta geti skapað ójafnræði meðal barna vegna mismunandi fjárhagsstöðu foreldra og sé því í ósamræmi við 2. gr. barnasáttmálans sem segir m.a. að aðildarríki skuli virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, svo sem sökum félagslegrar stöðu og eigna eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.

**2.**

Í öðru lagi ber að hafa í huga 3. gr. barnasáttmálans sem tryggir að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi sem ber að virða.

Í ársskýrslu sinni frá árinu 2002 benti umboðsmaður barna á að víða í íslensku samfélagi væru hagsmunir hinna fullorðnu teknir fram yfir hagsmuni ungu kynslóðarinnar og þótt margt hafi áunnist á liðnum árum sé enn langt í land með að tryggja sérhverju barni þann rétt sem því ber. Á það ekki síst við um framkvæmd ýmissa laga, segir umboðsmaður barna.

Umboðsmaður barna hefur sömuleiðis gagnrýnt að í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, er ekki kveðið á um þennan sjálfstæða rétt barnsins. Þá hefur m.a. verið bent á að réttindi skv. 3. gr. barnasáttmálans séu ekki nægilega tryggð innan stjórnsýslu ýmissa sveitarfélaga.

Í niðurstöðum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 kemur m.a. fram að gera þurfi fullnægjandi ráðstafanir svo að lög, stjórnvaldsfyrirmæli og aðgerðaáætlun varðandi börn komi til framkvæmda, svo sem með fjárframlögum sem eiga að fylgja eftir efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum barna.

**3.**

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að líta á 4. gr. barnasáttmálans sem fjallar um að gera skuli allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau sem viðurkennd eru í samningnum komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.

Af þessari grein leiðir að aðildarríki eru ekki einungis ábyrg fyrir því að löggjöf þeirra sé í samræmi við samninginn heldur einnig lagaframkvæmd. Í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 er fjallað um 4. gr. barnasáttmálans og þar er talið að auka þurfi almennar upplýsingar í stjórnsýslunni um börn, heilsu barna, brottfall barna úr skólum o.s.frv.

**4.**

1. mgr. 7. gr. sáttmálans lýtur að réttinum til nafns, ríkisfangs og eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Hér þarf að hafa í huga rétt barnsins til að þekkja foreldra sína og hvort þetta eigi við sæðisgjafa og kynforeldra ættleiddra barna. Á þetta hefur umboðsmaður barna nýlega bent.

**5.**

Í 12. sáttmálans segir að tryggja skuli barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Í 13. gr. sáttmálans segir síðan m.a. að barn eigi rétt til að láta í ljós skoðanir sínar og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.

Umboðsmaður barna hefur bent á að íslensk barnalög séu ekki hvað þetta varðar að fullu leyti í samræmi við barnasáttmálann. Réttur barnsins skv. 12. gr. sáttmálans er ekki einungis bundinn við persónuleg málefni heldur nær hann einnig til málefna samfélagsins. Umboðsmaður nefnir dæmi um ákvarðanir sem varða skólastarf, tómstundir, forvarnastarf og skipulag íbúðarhverfa.

Hinn 16. apríl 2000 sagði umboðsmaður barna í viðtali við Morgunblaðið: „Hvernig getum við vitað hvað börnunum er fyrir bestu ef þau eru ekki spurð álits á þeim málum sem þau varða? Af hverju ekki að fá sjónarmið þeirra þegar verið er að skipuleggja íþrótta- eða útivistarsvæði sem ætluð eru þeirra aldurshópum eða þegar fjallað er um forvarnir í þágu þeirra, svo dæmi séu tekin?“

Tryggja þarf í lögum formlegan vettvang fyrir nemendur að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans sem snerta þá sjálfa. Umboðsmaður barna telur að það eigi að vera skylt að stofna lýðræðislega kjörið nemendaráð í hverjum skóla en það sé ekki nægilegt að það sé heimilt, sbr. lög um grunnskóla 66/1985. Í ársskýrslu umboðsmanns barna frá 2004 koma fram hugmyndir að breytingum á lögum um grunnskóla.

Umboðsmaður barna hefur nokkrum sinnum haldið svokallað netþing – unglingaþing umboðsmanns barna á netinu, þar sem fulltrúum ungu kynslóðarinnar eru m.a. gefin færi á ræða sín á milli og koma skoðunum sínum á framfæri við þá sem valdið hafa í þjóðfélaginu. Í athugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna fór nefndin lofsamlegum orðum um netþingin og mæltist til þess að ríkisstjórnin styddi verkefnið. Af því hefur þó ekki orðið.

Hjá umboðsmanni barna var nýlega unnin skýrsla um umgengnisrétt og hvernig sjónarmið barna komast að þegar úrskurðað er í slíkum málum skv. 4. mgr. 7. gr., sbr. 43. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Helstu niðurstöður þessarar skýrslu voru m.a. að ræða þyrfti við börn í mun fleiri tilvikum en nú væri gert hjá sýslumannsembættum. Það ætti að ræða við yngri börn en

nú væri gert og leyfa börnum að tjá sig í öllum málum sem snerta viðkomandi barn. Afstaða foreldra réði því í of mörgum tilvikum hvort rætt væri við barn eða ekki. Meta ætti þroska barns sjálfstætt í hverju einstöku tilviki.

Í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 er því velt upp hvort nauðsyn sé að endurskoða lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði þar sem forráðamenn taka ákvörðun um hvort upplýsingar um einstaklinga undir 18 ára aldri fari í gagnagrunninn eða ekki. Séu upplýsingar um viðkomandi einstakling komnar í gagnagrunninn er ekki hægt að taka þær úr honum, segir í skýrslu Barnaheilla.

Umboðsmaður barna hefur sömuleiðis bent á að það vanti talsvert upp á að þessi grein barnasáttmálans sé í heiðri höfð við meðferð mála sem varða börn innan stjórnsýslu ýmissa sveitarfélaga. Umboðsmaður mælti með í skýrslu sinni frá árinu 2004 að sett yrði í sveitarstjórnarlögin nýtt ákvæði sem mælir fyrir um formlegan samráðsvettvang milli barna og sveitarstjórna.

Í barnaverndarlögum er hins vegar tryggt að barn sem orðið er 15 ára geti orðið aðili barnaverndarmáls og í 2. mgr. 46. gr. laganna segir að gefa skuli barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. Ávallt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál. Það er álitamál hvort rétt sé að hafa sérstök aldursviðmið í sjálfum lögunum.

Í ættleiðingarlögum er tryggt að barn sem orðið er 12 ára megi ekki ættleiða án samþykkis þess nema andlegum högum þess sé svo farið að það geti ekki gefið marktækt samþykki eða ef varhugavert þykir vegna hagsmuna þess að leita eftir því. Ef barn sem ættleiða á er yngra en 12 ára skal með sama hætti leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska. Ættleiðingarlögin virðast því vera í samræmi við barnasáttmálann hvað þetta varðar.

**6.**

14. gr. barnasáttmálans fjallar um rétt barnsins til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar. Sömuleiðis skal virða rétt og skyldur foreldra og lögráðamanna, eftir því sem við á, til að veita barni leiðsögn við að beita rétti sínum á þann hátt sem samræmist vaxandi þroska þess. Þá segir enn fremur að frelsi til að láta í ljós trú eða skoðun skuli einungis háð þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í lögum og eru nauðsynlegar til að gæta öryggis almennings, allsherjarreglu, heilsu almennings eða siðgæðis, eða grundvallarréttinda og frelsis annarra.

29. gr. sáttmálans er um að hverju menntun barns skuli beinast. Þar segir m.a. að móta eigi með barninu virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs. Sömuleiðis að undirbúa beri barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðhátta-, þjóðernis- og trúarhópa og fólks af frumbyggjaættum.

Þessi tvö ákvæði barnasáttmálans kalla hugsanlega á breytingar á grunnskólalögum og námskrá t.d. hvað varðar kennslu um aðrar þjóðir, menningarheima og trú. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna gerði að umtalsefni árið 2003 stöðu nýbúabarna hér á landi og vildi sjá frekari ráðstafanir til að bregðast við þeim möguleika að vandamál rísi vegna kynþáttafordóma í kjölfarið á fjölgun útlendinga í landinu. Barnaréttarnefndin vildi sömuleiðis sjá að mannréttindafræðsla yrði felld inn í námskrá allra grunnskóla og framhaldsskóla, einkum

hvað varðar virðingu fyrir jafnrétti kynjanna og minnihlutahópum. Styrkja bæri ráðstafanir til að bregðast við tíðu brotthvarfi nýbúabarna frá námi.

Lög um trúfélög, nr. 18/1975, gera ráð fyrir að foreldrar geti tekið ákvörðun um inngöngu eða úrsögn barns þeirra yngra en 16 ára úr trúfélagi en hafi það náð 12 ára aldri skuli leita álits þess um slíka ákvörðun. Það er álitamál hvort aldursmarkið 16 ára sé ekki of hátt og hefur barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna bent á það í skýrslu sinni frá árinu 2003.

**7.**

Í 16. gr. barnasáttmálans er einkalíf barns m.a. varið. Þetta ákvæði getur kallað á lagabreytingar í þá áttina að friðhelgi einkalífs barns sé virt í hvívetna. Ragnhildur Thorlacius lögfræðingur vann skýrslu fyrir umboðsmann barna árið 2003 um friðhelgi einkalífs þar sem komu fram fjölmargar tillögur að lagabreytingum til að tryggja friðhelgi einkalífs barns og sjálfsákvörðunarrétt.

Má þar nefna helst setningu almenns ákvæðis um rétt barns til að njóta friðhelgi einkalífs og ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt í barnalög, nr. 76/2003 og ákvæði um samráðsrétt og tjáningarrétt í grunnskólalög, nr. 66/1995. Setja bæri einnig ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt barna í lög nr. 47/1997, um réttindi sjúklinga, í lög nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, í lög nr. 100/2000, um lífsýnasöfn, í lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975.

Þá var nefnt að setja bæri í barnaverndarlög, nr. 80/2002, almennt ákvæði um rétt barns til að njóta friðhelgi einkalífs á heimilum og stofnunum á ábyrgð ríkisins. Almennt ákvæði um rétt barns til að njóta friðhelgi einkalífs meðan það dvelst á heimili eða stofnun á vegum ríkisins verði sett í upphaf þess kafla laganna sem fjallar um takmarkanir réttinda og beitingu þvingunarráðstafana á heimilum og stofnunum fyrir börn á ábyrgð ríkisins.

Eins og áður hefur komið fram eru í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 vangaveltur um hvort nauðsyn sé að endurskoða lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði með hliðsjón af upplýsingum um einstaklinga undir 18 ára aldri. Þau lög þarf því að skoða með hliðsjón af 16. gr. barnasáttmálans.

**8.**

17. gr. sáttmálans er um viðurkenningu á mikilvægi fjölmiðla, og að barn eigi aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi og öðrum, einkum því sem ætlað er að stuðla að félagslegri, andlegri og siðferðislegri velferð þess, og líkamlegu og geðrænu heilbrigði. Aðildarríki sáttmálans skulu í þessu skyni m.a. hvetja fjölmiðla til að dreifa upplýsingum og efni sem börn njóta góðs af félagslega og menningarlega. Þau skulu einnig stuðla að alþjóðlegri samvinnu við undirbúning, skipti og dreifingu á slíkum upplýsingum og efni af fjölbreyttum uppruna, menningarlegum, þjóðlegum og alþjóðlegum ásamt því að stuðla að því að barnabækur séu samdar og þeim dreift. Þá skal hvetja fjölmiðla til að taka sérstakt tillit til tungumálaþarfa barns sem tilheyrir minnihlutahópi eða er af frumbyggjaættum. Loks skal stuðla að því að mótaðar verði viðeigandi leiðbeiningarreglur um vernd barns fyrir upplýsingum og efni sem skaðað getur velferð þess.

Þetta ákvæði barnasáttmálans þarf að hafa í huga þegar kemur að nýrri löggjöf um fjölmiðla sem hefur verið boðuð af hálfu ríkisstjórnarinnar.

**9.**

18. gr. sáttmálans lýtur að því að virða þá meginreglu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.

Þetta ákvæði getur kallað á ýmsar breytingar á lögum á sviði sifjaréttar. Nú þegar liggur fyrir þingi stjórnarfrumvarp sem tryggir sameiginlega forsjá sem meginreglu. Umboðsmaður barna hefur hvatt til að sett verði skylda á hjón eða sambúðarfólk með börn undir 18 ára aldri til að leita ráðgjafar áður en til skilnaðar eða sambúðarslita kemur. Umboðsmaður telur það umdeilt hvort börn geti leitað ráðgjafar í svona tilvikum án samþykkis foreldra og það sé því í andstöðu við barnasáttmálann að réttur barna til tjáningar í svona málum sé látinn ráðast af vilja foreldra.

**10.**

Í 19. gr. barnasáttmálans er m.a. talað um að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni. Eftir því sem við á skulu meðal slíkra verndarráðstafana vera virkar ráðstafanir til að koma á félagslegri þjónustu til að veita barni og þeim sem hafa það í sinni umsjá nauðsynlegan stuðning, og til að koma á öðrum forvörnum, svo og til að greina, tilkynna, vísa áfram, rannsaka, taka til meðferðar og fylgjast með tilfellum er barn hefur sætt illri meðferð, svo og, ef við á, til að tryggja afskipti dómara.

Þetta ákvæði sáttmálans getur kallað á heildarendurskoðun á þeim köflum almennra hegningarlaga sem fjalla um ofbeldi. Má þar nefna þá staðreynd að í íslenskri löggjöf er ekki að finna neitt lagaákvæði sem tekur á heimilisofbeldi með fullnægjandi og heildstæðum hætti. Sömuleiðis má benda á að samkvæmt íslenskum hegningarlögum er kynferðislegur lögaldur 14 ára og þyrfti hann að mati flutningsmanna að hækka. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna mælist til að börnum eldri en 14 ára verði í löggjöf tryggð full vernd gegn kynferðislegri misnotkun.

Þetta ákvæði sáttmálans kallar að mati flutningsmanna sömuleiðis á að starfsemi Barnahúss verði tryggð. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna telur æskilegt að þær hugmyndir sem Barnahús byggist á verði styrktar. Þar er einnig hvatt til að embætti umboðsmanns barna verði tryggð nægileg aðstaða, mannafli og fjármagn til að það geti sinnt hlutverki sínu á árangursríkan hátt. Þar er sömuleiðis hvatning til sveitarfélaga að móta opinbera fjölskyldustefnu.

Umboðsmaður barna benti í skýrslu sinni frá árinu 2004 á nauðsynina á afdráttarlausu ákvæði í barnalögum sem banni foreldrum að beita barn sitt líkamlegu ofbeldi og hvers konar annarri vanvirðandi framkomu. Slíkt bann þarf að vera í barnalögum svo að þjóðréttarlegar skuldbindingar séu uppfylltar að mati umboðsmanns barna.

**11.**

Sérstök ákvæði eru um börn sem talin eru þurfa á sérstakri vernd að halda, svo sem börn sem ekki eru í umsjá fjölskyldna sinna (20. gr.), börn sem eru ættleidd, einkum milli landa (21. gr.), börn sem eru flóttamenn (22. gr.) og fötluð börn (23. gr.). Kveðið er á um rétt barna

til heilbrigðisþjónustu (24. gr.) og rétt barna sem vistuð eru á stofnunum (25. gr.). Fjallað er um rétt barna til almannatrygginga (26. gr.), rétt þeirra til fullnægjandi lífsskilyrða (27. gr.) og menntunar (28.–29. gr.). Sérstakt ákvæði er um réttindi barna sem tilheyra minnihlutahópum (30. gr.).

Þetta eru ákvæði sem geta verið matskennd í eðli sínu. Það er hins vegar ljóst að með lögfestingu þeirra munu dómstólar gera ríkari kröfur til þess að þau réttindi barna sem þarna koma fram séu virt. Hér getur komið sérstaklega til skoðunar staða langveikra barna, fatlaðra barna, geðsjúkra barna og fátækra barna og barna nýbúa í íslenskum lögum. Þessi ákvæði barnasáttmálans geta sömuleiðis kallað á ýmsar aðrar lagabreytingar.

Þótt Íslendingar séu ein yngsta þjóð Evrópu og sú yngsta allra Norðurlandaþjóða verja þeir talsvert minna fé í félagsmál barna en aðrar Evrópuþjóðir. Samtökin Barnaheill hafa kallað eftir heildarskoðun á stöðu fátækra barna í íslensku samfélagi. Í tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 kemur m.a. fram að auka þurfi aðstoð við einstæða foreldra og við fjölskyldur fatlaðra barna.

**12.**

Í 31. gr. sáttmálans er fjallað um rétt barna til hvíldar og tómstunda og rétt þeirra til að taka þátt í menningar- og listalífi. Í 32. gr. er rétturinn til verndar gegn arðráni og vinnu sem getur verið þeim skaðleg.

Þessar kröfur geta sömuleiðis verið matskenndar og þyrfti að skoða vel hvort þær kalli á einhverjar lagabreytingar. Í því sambandi ber aðildarríkjum m.a. að setja reglur um lágmarksaldur við ráðningu í störf og reglur um vinnutíma og starfskjör.

**13.**

34. gr. sáttmálans fjallar um vernd barna fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi.

Í þessu sambandi má velta því fyrir sér hvort fyrningarfrestur kynferðisbrota gegn börnum sé ekki í bága við þetta ákvæði barnasáttmálans. Það er alveg ljóst að börn sem verða fyrir kynferðislegri misnotkun leita sér iðulega hjálp seint á lífsleiðinni en þá geta samkvæmt núgildandi lögum þau brot verið fyrnd. Þar með geta núverandi fyrningarfrestir dregið úr vernd barna og möguleikum þeirra á að sækja rétt sinn. Umboðsmaður barna hefur ítrekað lagt til að kynferðisafbrot gegn börnum fyrnist ekki.

Hann hefur sömuleiðis lagt til sérstakt refsihækkunarákvæði og um lágmarksrefsingu vegna grófra kynferðisbrota gegn börnum. Þá hefur verið bent á, m.a. í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002, að kynferðislegur lögaldur þurfi að hækka, en hann er nú 14 ár.

**14.**

Í 37. gr. barnasáttmálans segir m.a. að fara eigi mannúðlega með hvert það barn sem svipt er frjálsræði sínu og af virðingu fyrir meðfæddri göfgi manna og með þeim hætti að tekið sé tillit til þarfa einstaklings á þeim aldri sem um ræðir. Einkum skal halda hverju því barni sem svipt er frjálsræði sínu aðskildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki, og á barn rétt á að halda tengslum við fjölskyldu sína með bréfaskriftum og heimsóknum, nema sérstaklega standi á.

Þetta ákvæði krefst endurskoðunar á lögum um fangelsi en í núgildandi kerfi er hægt að vista börn með fullorðnum í fangelsum landsins. Þegar Ísland fullgilti barnasáttmálann 1992 gaf Ísland út sérstaka yfirlýsingu hvað varðar aðskilnað ungra fanga frá eldri.

Hinn 15. apríl 1998 kom eftirfarandi fram í Morgunblaðinu: „Umboðsmaður barna telur að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé brotinn með því að ungir fangar sem afplána refsivist eru um þessar mundir ekki aðskildir frá eldri föngum heldur vistaðir á almennum deildum afplánunarfangelsa og njóta þar engrar sérstöðu.“

Flutningsmenn telja því að skoða eigi sérstök úrræði fyrir fanga undir 18 ára aldri og reyndar mætti nýta þau úrræði fyrir fanga sem eru allt að 24 ára.

Í tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 koma m.a. fram tilmæli um að hér á landi verði tekið upp sérstakt réttarfarskerfi í sakamálum ungmenna með alþjóðlegar viðmiðunarkröfur að leiðarljósi.

Í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, kemur m.a. fram að óheimilt er að beita barn innilokun, einangrun og öðrum slíkum þvingunarráðstöfunum eða agaviðurlögum nema nauðsyn beri til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Enn fremur segir að óheimilt sé hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema sérstakar ástæður komi til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Vegna þessa ákvæðis barnaverndarlaga hefur umboðsmaður barna sagt að hann telji að nauðsynlegt sé að kveða í lögum nákvæmlega á um réttarstöðu barna við þessar aðstæður þar sem hann telur öldungis ófullnægjandi og bjóða hættunni heim að kveða á um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög í reglugerð sem sett sé af framkvæmdarvaldinu. Umboðsmaður segir einnig í ársskýrslu sinni frá árinu 2003 að hann telji að þetta sé hugsanlega brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir m.a. að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

**15.**

Í 39. gr. er fjallað um viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að því að barn, sem sætt hefur vanrækslu, notkun eða misnotkun af nokkru tagi, pyndingum eða annars konar grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, eða er fórnarlamb vopnaátaka, hljóti líkamlegan og sálrænan bata og aðlagist samfélaginu á ný. Leita skal bata og aðlögunar í umhverfi sem hlynnir að heilsu, sjálfsvirðingu og göfgi barnsins.

Þetta ákvæði gerir kröfu um fullnægjandi stuðning og meðferð af hálfu opinberra aðila. Það getur verið umdeilt hvort þessu ákvæði sé fullnægt með núgildandi úrræðum.

**16.**

Í 40. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir m.a. að viðurkenna þurfi rétt hvers þess barns sem er grunað, ásakað eða fundið sekt um brot á refsilögum til meðferðar sem styrkir vitund þess um eigin göfgi og manngildi, sem treystir virðingu þess fyrir mannréttindum og mannfrelsi annarra, og tekur tillit til aldurs barnsins og þess að æskilegt sé að stuðla að aðlögun þess og því að það gegni jákvæðu hlutverki í samfélaginu. Í þessu ákvæði eru sömuleiðis talin upp þau réttindi sem barn í þessari stöðu hefur, svo sem með tillit til óhlutdrægar málsmeðferðar og forvarnastarfs.

Í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna kom m.a. fram að styrkja þyrfti meðferðarúrræði fyrir unga kynferðisafbrotamenn. Sömuleiðis þyrfti að styrkja þær stofnanir sem sjá sérstaklega um unga afbrotamenn og unga þolendur.

**17.**

Að lokum má nefna að í niðurstöðum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 eru íslensk yfirvöld hvött til að

auka upplýsingagjöf um barnasáttmálann og framkvæmd hans og standa að varanlegri og kerfisbundinni fræðslu um mannréttindi fyrir alla sem starfa fyrir börn og með börnum. Þar kemur einnig fram hvatning til stjórnvalda til að safna tölfræðilegum upplýsingum á þeim sviðum sem samningurinn tekur til.

---

Með tillögunni var fylgiskjal, Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 2. nóvember 1992. Sjá lagasafn.

## 1117. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Ágúst Geir Ágústsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Magnús Pétursson, Jóhannes M. Gunnarsson og Þórð Harðarson frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Friðbjörn Sigurðsson og Pál Torfa Önundarson frá læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Karl Kristinsson og Guðmund Þorgeirsson frá prófessoraráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Þorvald Ingvarsson og Halldór Jónsson frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Gunnar Ármannsson og Sigurbjörn Sveinsson frá Læknafélagi Íslands, Stefán B. Sigurðsson frá Háskóla Íslands, Guðlaugu Einarsdóttur og Ólöfu Ástu Ólafsdóttur frá Ljósmæðrafélagi Íslands, Birnu Bjarnadóttur og Margréti Guðjónsdóttur frá Landssamtökum heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana, Hafdísi Gísladóttur og Sigurstein Másson frá Öryrkjabandalagi Íslands, Elsu B. Friðfinnsdóttur frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Auði Ólafsdóttur frá Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Gísla Ragnarsson frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Katrínu Sigurðardóttur frá Félagi geislafræðinga, Pál Gunnar Pálsson og Guðmund Sigurðsson frá Samkeppniseftirlitinu, Sveindísi A. Jóhannsdóttur og Sigurveigu H. Sigurðardóttur frá Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Kristján Guðjónsson og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Sigurjón Benediktsson frá Tannlæknafélagi Íslands og Matthías Halldórsson frá embætti landlæknis.

Frumvarpið var sent til umsagnar og hafa umsagnir borist frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, MND-félaginu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Kennaraháskóla Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Heilbrigðisstofnun Blönduóss, Samtökum atvinnulífsins, Þroskahjálp, Alþýðusambandi Íslands, Heilbrigðisstofnuninni Siglufirði, Ljósmæðrafélagi Íslands, Iðjuþjálfafélagi Íslands, umboðsmanni barna, Lýðheilsustöð, Persónuvernd, Félagi lífeindafræðinga, Bandalagi íslenskra græðara, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjónarhóli, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, landlækni, Lyfjastofnun, Hjartaheillum, Lífsvog, Matvæla- og næringarfræðafélagi Íslands, hjúkrunarráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Tannlæknafélagi Íslands, Félagi geislafræðinga, Samtökum sykursjúkra, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, talsmanni neytenda, Eyþingi,

Geðlæknafélagi Íslands, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Félagi eldri borgara, læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Tryggingastofnun ríkisins, Félagi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara, Læknafélagi Íslands, Samkeppniseftirlitinu, Háskóla Íslands, Landssamtökum heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana, prófessoraráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Lögmannafélagi Íslands, starfsmannaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss og Læknafélagi Reykjavíkur.

Meginmarkmið frumvarps þessa eru: Í fyrsta lagi að mæla með skýrum hætti fyrir um grunnskipulag hins opinbera heilbrigðisþjónustukerfis. Í öðru lagi að setja ráðherra og öðrum heilbrigðisyfirvöldum og einstökum heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu skýran lagaramma til að starfa eftir. Í þriðja lagi að tryggja virkt eftirlit með heilbrigðisþjónustu og gæðum hennar og í fjórða lagi að skilgreina nánar stefnumótunarhlutverk ráðherra innan marka laganna og tryggja að hann hafi á hverjum tíma fullnægjandi valdheimildir til að framfylgja stefnu sinni, m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hvar hún skuli veitt og af hverjum. Frumvarpi þessu er, ásamt frumvarpi til laga um landlækni og frumvarpi til laga um Heyrnar- og talmeinastöð, ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Nokkur umræða varð í nefndinni um hvort taka ætti upp ítarlegri skilgreiningu á hugtakinu heilsugæsla en fram kemur í 4. tölul. 4. gr. frumvarpsins. Niðurstaða nefndarinnar varð hins vegar sú að upptalning í umræddu ákvæði frumvarpsins skyldi vera óbreytt. Nefndin áréttar hins vegar að þau atriði sem talin eru upp í 19. gr. núgildandi laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, falli í reynd undir einstök atriði skilgreiningarinnar í 4. tölul. 4. gr. frumvarpsins. Nefndin telur heppilegra að skilgreina hugtakið heilsugæsla með almennum hætti í rammalögum um heilbrigðisþjónustu enda gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um skilgreininguna í reglugerð, sbr. 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

Töluverð umræða varð einnig í nefndinni um ábyrgð yfirlækna. Nefndin leggur til að kveðið verði á um faglega ábyrgð yfirlækna á þeirri læknisþjónustu sem undir þá heyrir gagnvart næsta yfirmanni samkvæmt skipuriti stofnunar. Í þessu sambandi er vísað í álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4456/2005 þar sem m.a. reyndi á stöðu og ábyrgð yfirlækna sérgreina innan Landspítala – háskólasjúkrahúss skv. 5. mgr. 29. gr. gildandi laga um heilbrigðisþjónustu. Af umræddu áliti er ljóst að skv. 5. mgr. 29. gr. framangreindra laga bera yfirlæknar sérdeilda og sérgreina sjúkrahúsa faglega ábyrgð á þeirri læknisþjónustu sem þeir veita en ekki fjárhagslega og rekstrarlega ábyrgð á sinni sérgrein eða sérdeild. Af álitinu er jafnframt ljóst að það er í meginatriðum í verkahring forstjóra að fara með ákvörðunarvald og stjórnunarheimildir er varða rekstur sjúkrahúss og starfsmannahald þess. Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin varhugavert að breyta núgildandi fyrirkomulagi með því að kveða á um rekstrarlega og fjárhagslega ábyrgð yfirlækna í lögum, enda mundi slík breyting riðla stjórnskipulagi heilbrigðisstofnana í grundvallaratriðum.

Með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (starfsmannalög), var sú stefna mörkuð að forstjóri ríkisstofnana bæri ábyrgð á rekstrarútgjöldum og rekstrarafkomu stofnunar í samræmi við fjárlög og að fjármunir væru nýttir á árangursríkan hátt, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna. Ef kveðið væri á um rekstrarlega ábyrgð yfirlækna í lögum væri vikið frá þessari stefnu starfsmannalaga. Jafnframt mundi slík breyting takmarka ábyrgð forstjóra á rekstri stofnunar gagnvart ráðherra en forstjóri er eini starfsmaður heilbrigðisstofnunar sem er skipaður af ráðherra og getur því einn borið ábyrgð gagnvart honum. Að sama skapi eru eftirlitsheimildir ráðherra skv. 2. mgr. 38. gr. starfsmannalaga um áminningu og brottrekstur

bundnar við forstjóra. Hins vegar ber að hafa í huga að þrátt fyrir framangreint getur forstjóri, skv. 50. gr. starfsmannalaga, framselt vald sitt samkvæmt starfsmannalögum, þ.m.t. rekstrarlegar stjórnunarheimildir, til annarra stjórnenda, þar á meðal til yfirlækna, enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum stofnunar. Framsal stjórnunarheimilda byggist á mati á því hvernig best er að haga stjórnskipulagi stofnunar í hverju tilviki. Mikilvægt er að lög þrengi ekki heimildir og svigrúm forstjóra og ráðherra til að skipuleggja rekstur stofnana eins og hagkvæmast er talið hverju sinni.

Í ljósi framkominna athugasemda í umsögnum sem nefndinni hafa borist um ummæli í greinargerð um 28. gr. frumvarpsins telur nefndin nauðsynlegt að taka það skýrt fram að löggjafinn hyggst ekki breyta afstöðu sinni til beitingar samkeppnislaga, nr. 44/2005, um atvinnustarfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu. Nefndin áréttar að ráðherra ber að hafa hliðsjón af samkeppnislögum við beitingu valdheimilda sinna samkvæmt frumvarpinu, þar á meðal við samningsgerð, um veitingu heilbrigðisþjónustu á grundvelli VII. kafla frumvarpsins. Í þessu sambandi vísar nefndin í nefndarálit heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis frá 6. desember 2001 (þskj. 511, 169. mál), sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 154/2001, sem breyttu núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Þar kemur m.a. fram sú afstaða löggjafans að brýnt sé að jafnræðis og óhlutdrægni sé gætt í samningum við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn annars vegar og stofnanir ríkisins hins vegar þannig að rekstrar- og samkeppnisstaða aðila sé tryggð. Í álitinu segir enn fremur að mikilvægt sé að hafa í huga að ákvæði frumvarpsins sem heimila ráðherra að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, aukna hagkvæmni og gæði í heilbrigðisþjónustu komi ekki í veg fyrir beitingu samkeppnislaga í atvinnustarfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir framangreint verður ekki litið fram hjá því að tiltekin ákvæði frumvarpsins, sbr. 3. gr. og ákvæði VII. kafla eftir atvikum, verða að teljast sérákvæði gagnvart ákvæðum samkeppnislaga og kunna því að ganga þeim framar í þeim tilvikum þar sem þau reynast ósamrýmanleg. Í þessu sambandi má nefna dóm Hæstaréttar Íslands frá 8. febrúar 2007 í máli nr. 304/2006 en þar var staðfest sú niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála að 3. mgr. 42. gr. gildandi laga um heilbrigðisþjónustu, um að ráðherra marki stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu, hefði að geyma sérákvæði sem heimilaði ráðherra að ákveða hvort eða í hve miklum mæli heilbrigðisyfirvöld keyptu tiltekna rannsóknarþjónustu af einkaaðilum.

Auk orðalagsbreytinga leggur nefndin til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í stað orðsins „heilsugæsluþjónusta“ í 2. og 4. tölul. 4. gr. komi „heilsugæsla.“ Í samræmi við þetta eru lagðar til breytingar á orðalagi í 1. mgr. 15. gr., 1. mgr. 17. gr., 2. mgr. 18. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 33. gr.
2. Lagt er til að í skilgreiningu á háskóla- og kennslusjúkrahúsi í 10. og 11. tölul. 4. gr. verði vikið að tengslum slíkra sjúkrahúsa við framhaldsskóla, enda annast þau ýmist starfsnám framhaldsskólanema eða taka þátt í starfsnámi þeirra.
3. Lagt er til að í 3. mgr. 7. gr. verði tiltekið að á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna sé veitt sérhæfð heilbrigðisþjónusta eftir atvikum í samræmi við samninga sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum VII. kafla. Með þessari breytingu vill nefndin taka af öll tvímæli um að framangreint ákvæði taki jafnframt til sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna sem ekki hafa gert samninga við ríkið skv. VII. kafla frumvarpsins og veita heilbrigðisþjónustu án greiðsluþátttöku ríkisins.
4. Lagt er til að við 8. gr. bætist nýr málsliður þar sem kveðið verði á um að ákvæði 10. og 12. gr. gildi einnig um heilbrigðisstofnanir sem reknar eru á grundvelli samnings skv.

VII. kafla. Nefndin telur eðlilegt að framangreind ákvæði frumvarpsins sem fjalla um faglega ábyrgð fagstjórnenda heilbrigðisstofnana og framkvæmdastjórnir gildi einnig um slíkar heilbrigðisstofnanir. Nefndin telur þó rétt að taka fram að fyrirmæli 12. gr. um forstjóra gilda ekki um heilbrigðisstofnanir sem reknar eru á grundvelli samnings skv. VII. kafla.

5. Lagt er til að við 1. mgr. 9. gr. bætist nýr málsliður þar sem kveðið verði á um að forstjóri skuli hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Engar slíkar kröfur eru gerðar til forstjóra samkvæmt gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu, en í auglýsingum um störf forstjóra hefur að jafnaði verið gerð krafa um að umsækjendur um starf forstjóra hafi háskólamenntun. Nefndin telur rétt að mælt verði fyrir um framangreindar kröfur í lögum.
6. Lagt er til að ákvæði 10. gr. um fagstjórnendur heilbrigðisstofnana og faglega ábyrgð þeirra verði nánar útfært í samræmi við framkomnar athugasemdir í umsögnum sem nefndinni hafa borist og í opinberri umræðu um frumvarp þetta. Í umræðunni hefur m.a. verið gagnrýnt að ekki sé kveðið á um faglega ábyrgð yfirlækna sérgreina og sérdeilda á heilbrigðisstofnunum. Er þessi breyting gerð til að koma til móts við þessi sjónarmið. Lagt er til að kveðið verði á um faglega ábyrgð yfirlækna og deildarstjóra hjúkrunar með sambærilegum hætti og gert er í núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu, sem og um faglega ábyrgð annarra fagstjórnenda. Gert er ráð fyrir að hver heilbrigðisstarfsmaður beri faglega ábyrgð á þeirri þjónustu sem hann veitir í samræmi við stöðu sína í skipuriti stofnunar. Þess ber að geta að ákvæði þetta takmarkar ekki heimildir forstjóra og eftir atvikum framkvæmdastjóra lækninga eða framkvæmdastjóra hjúkrunar til að framselja vald sitt í samræmi við ákvæði starfsmannalaga. Í þessu sambandi má einnig geta þess að víða í öðrum lögum er mælt fyrir um faglega ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna. Má til að mynda nefna ákvæði laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, sem leggja ríkar faglegar skyldur á heilbrigðisstarfsmenn við veitingu heilbrigðisþjónustu sem og ákvæði sérlaga um einstakar heilbrigðisstéttir, t.d. 2. mgr. 9. gr. læknalaga, nr. 53/1988. Með vísan til þessara ákvæða og þeirra breytinga sem nefndin leggur til að gerðar verði á 10. gr. frumvarpsins telur nefndin að ekki sé unnt að draga í efa þá faglegu ábyrgð sem fagstjórnendur innan heilbrigðisstofnana og einstakir heilbrigðisstarfsmenn bera bæði gagnvart sjúklingum og yfirmönnum sínum samkvæmt skipuriti.
7. Lagt er til að í 1. mgr. 12. gr. verði kveðið á um að á heilbrigðisstofnun skuli starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Þá er lagt til að auk framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar skuli aðrir faglegir yfirmenn stofnunar skipa framkvæmdastjórn eftir því sem við á hverju sinni. Nefndin telur eðlilegt að gert sé ráð fyrir setu yfirmanna annarra heilbrigðisstétta en lækna og hjúkrunarfræðinga í framkvæmdastjórn.
8. Í 4. mgr. 12. gr. er kveðið á um að framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins skuli leitast við að upplýsa sveitarstjórnir í sínu umdæmi um starfsemi stofnunar sinnar og hafa samráð við þær eftir þörfum. Lagt er til að í framangreindu ákvæði verði einnig mælt fyrir um skyldu þessara aðila til að upplýsa notendur þjónustunnar í sínu umdæmi um starfsemi stofnunar sinnar og hafa samráð við þá eftir þörfum. Nefndin áréttar mikilvægi þess að haft sé samráð við notendur heilbrigðisþjónustu við töku mikilvægara ákvarðana er varða þjónustu stofnunar.
9. Lagðar eru til breytingar á 13. gr. um fagráð. Nefndin leggur til að á háskóla- og kennslusjúkrahúsum skuli vera starfandi bæði læknaráð og hjúkrunarráð og eftir

atvikum önnur fagráð. Þá er einnig veitt heimild til að starfrækja slík ráð á öðrum heilbrigðisstofnunum allt eftir því sem henta þykir á hverri stofnun. Í ljósi vaxandi áherslu á þverfaglega teymisvinnu á heilbrigðisstofnunum er lagt til að mælt verði fyrir um það í 2. mgr. 13. gr. að læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn á heilbrigðisstofnunum geti haft með sér eitt sameiginlegt fagráð. Nefndin leggur ekki til efnislegar breytingar á ákvæðum frumvarpsins um hlutverk fagráðs eða starfsreglur, sbr. 3. og 4. mgr. 13. gr.

10. Lagt er til að í 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 21. gr. verði kveðið á um hlutverk Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri til að veita eftir atvikum sérfræðiþjónustu í öðrum greinum heilbrigðisvísinda en læknisfræði og hjúkrunarfræði. Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri veita ekki einungis sérfræðiþjónustu í læknisfræði og hjúkrunarfræði heldur einnig t.d. ljósmóðurfræði, geislafræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda. Er þessi breyting lögð til í samræmi við athugasemdir í framkomnum umsögnum um málið.
11. Lagt er til að við 1. mgr. 20. gr. bætist nýr töluliður þar sem kveðið verði á um að hlutverk Landspítalans sé að veita háskólamenntuðum starfsmönnum sérmenntun í heilbrigðisgreinum. Nefndin telur mikilvægt að kveðið verði sérstaklega á um framangreint hlutverk Landspítalans í lögum.
12. Lögð er til breyting á 2. mgr. 20. gr. um ráðgjafarnefnd Landspítalans. Nefndin leggur til að ráðgjafarnefndin verði skipuð alls níu manns og níu til vara. Einnig er lagt til að skipunartími nefndarinnar verði fjögur ár. Þá er sérstaklega lagt til að nefndin skuli m.a. skipuð fulltrúum notenda þjónustu spítalans. Að öðru leyti hefur ráðherra frjálst val um skipan nefndarinnar. Nefndin leggur hins vegar mikla áherslu á að ráðgjafarnefndin verði bæði skipuð sérfræðingum í heilbrigðisvísindum og rekstri heilbrigðisstofnana og fulltrúum sem endurspegla ólík sjónarmið almennings þannig að sem víðtækust sátt náist og skilningur ríki um rekstur og starfsemi spítalans. Ráðgjafarnefndinni er ætlað að vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðgjafar og álits um þjónustu, starfsemi og rekstur spítalans. Er nefndinni m.a. ætlað að fjalla um starfs- og fjárhagsáætlanir spítalans og langtímastefnu.
13. Lagt er til að við 21. gr. bætist ný málsgrein um heimild Sjúkrahússins á Akureyri, með samþykki ráðherra, til að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem sjúkrahúsið vinnur að hverju sinni. Er hér um að ræða samsvarandi heimild og Landspítalanum er veitt í 4. mgr. 20. gr. Nefndin telur eðlilegt að Sjúkrahúsið á Akureyri hafi sambærilegar heimildir og Landspítalinn til að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum. Þá eru lagðar til breytingar á 1. og 3. tölul. 21. gr. til samræmis við 20. gr.
14. Í 1. mgr. 24. gr. er kveðið á um að ráðherra skuli, að fengnum tillögum landlæknis, mæla fyrir um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum í reglugerð. Lagt er til að ráðherra skuli hafa samráð við viðkomandi heilbrigðisstéttir við slíka reglusetningu, enda búa þær yfir sérþekkingu, hver á sínu sviði.
15. Í 1. málsl. 2. mgr. 26. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að landlæknir staðfesti hvort fyrirhugaður rekstur heilbrigðisþjónustu uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf. Lagt er til að við ákvæðið bætist nýr málsliður þar sem kveðið verði á um að hið sama gildi þegar ráðherra endurnýjar samninga við heilbrigðisstofnanir. Nefndin telur eðlilegt að landlæknir gangi úr skugga um að rekstur heilbrigðisþjónustu

uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði laga þegar samningar við heilbrigðisstofnanir eru endurnýjaðir.

16. Lagt er til að við VI. kafla um gæði heilbrigðisþjónustu bætist ný grein, 27. gr., þar sem kveðið verði á um skyldu heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og annarra sem veita heilbrigðisþjónustu til að halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki. Sambærilegt ákvæði er að finna í frumvarpi til laga um landlækni sem lagt var fram á Alþingi samhliða frumvarpi þessu. Nefndin telur eðlilegt að einnig sé mælt fyrir um slíka skyldu í frumvarpi þessu.
17. Lagt er til að við 1. mgr. 28. gr. bætist nýr málsliður þar sem kveðið verði á um að við samningsgerð samkvæmt ákvæðinu skuli leitast við að tryggja aðgengi allra landsmanna að þeirri heilbrigðisþjónustu sem samið er um óháð búsetu. Með þessari breytingu vill nefndin árétta mikilvægi þess að tryggja að heilbrigðisþjónusta sé veitt sem víðast á landinu.
18. Lagt er til að í stað þess að kveða á um að þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila skuli ekki vera minni en nemur 15% af stofnkostnaði, sbr. 1. mgr. 31. gr., verði tiltekið að kostnaðurinn skuli vera 15% af stofnkostnaði. Samkvæmt gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu skal þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila vera 15% af stofnkostnaði. Þrátt fyrir þetta eru mörg dæmi um að kostnaðarþátttaka sveitarfélaga hafi verið umfram þessa viðmiðun enda hefur ekki verið talið að ákvæðið kæmi í veg fyrir það. Í umsögnum sem nefndinni hafa borist vegna málsins hefur komið fram að hið breytta orðalag geti sett aukinn þrýsting á einstök sveitarfélög um að leggja meira en 15% af stofnkostnaði af mörkum. Nefndin vill koma í veg fyrir að svo verði og leggur því til að 31. gr. verði færð í sama horf og í gildandi lögum. Í samræmi við framangreint er lagt til að 4. mgr. 31. gr. frumvarpsins falli brott. Þá er lagt til að við 31. gr. bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að ráðherra geti í reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, kveðið nánar á um það hvað teljist til meiri háttar viðhalds skv. 1. mgr. sama ákvæðis. Samsvarandi ákvæði er í gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu og telur nefndin eðlilegt að við setningu slíkrar reglugerðar sé haft samráð við hagsmunaaðila sveitarfélaga.
19. Lagt er til að á eftir orðunum „framkvæmdastjóra hjúkrunar“ í 1. mgr. 35. gr. um stöðunefnd framkvæmdastjóra hjúkrunar komi: „á heilbrigðisstofnun sem ríkið rekur“. Nefndin leggur til framangreinda breytingu til samræmis við ákvæði 1. mgr. 34. gr. um stöðunefnd lækna.
20. Samkvæmt 37. gr. munu lögin öðlast gildi 1. júlí 2007. Lagt er til að gildistökunni verði frestað til 1. september 2007 svo að nægur tími gefist til undirbúnings.
21. Lagt er til að 3. tölul. 38. gr. falli brott. Samkvæmt umræddu ákvæði er lögð til breyting á 3. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, þannig að ráðherra sé heimilt að fela öðrum en Tryggingastofnun ríkisins að sjá um styrkveitingar samkvæmt ákvæðinu. Nefndin telur hins vegar með hliðsjón af framkomnum athugasemdum Tryggingastofnunar ríkisins að rétt sé að stofnuninni verði alfarið falin afgreiðsla þessara styrkja.
22. Að lokum eru lagðar til breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, og lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, til samræmis við þær breytingar sem leiðir af frumvarpi þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Kristján L. Möller skrifa undir álitið með fyrirvara.

Valdimar L. Friðriksson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Þuríður Backman var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, form., frsm. | Ásta Möller. | Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara. |
| Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara. | Pétur H. Blöndal. | Kristján L. Möller, með fyrirvara. |
| Drífa Hjartardóttir. | | Sæunn Stefánsdóttir. |

# 1118. Breytingartillögur [272. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „Heilsugæsluþjónusta“ í 2. tölul. komi: Heilsugæsla.
   b. Í stað orðsins „*Heilsugæsluþjónusta*“ í 4. tölul. komi: *Heilsugæsla.*
   c. Á eftir orðinu „heilbrigðisvísinda“ í 10. tölul. komi: svo og eftir atvikum framhaldsskóla.
   d. Á eftir orðinu „heilbrigðisvísinda“ í 11. tölul. komi: svo og eftir atvikum framhaldsskóla.
2. 3. mgr. 7. gr. orðist svo:
   Á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna er veitt sérhæfð heilbrigðisþjónusta eftir atvikum í samræmi við samninga sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum VII. kafla.
3. Við 8. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 10. og 12. gr. eiga þó einnig við um heilbrigðisstofnanir sem reknar eru á grundvelli samnings skv. VII. kafla eftir því sem við getur átt.
4. Við 1. mgr. 9. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Forstjóri skal hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi.
5. 10. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

*Fagstjórnendur.*

Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunarinnar gagnvart forstjóra.

Yfirlæknar sérgreina eða sérdeilda innan heilbrigðisstofnunar bera faglega ábyrgð á þeirri læknisþjónustu sem undir þá heyrir gagnvart framkvæmdastjóra lækninga eða næsta yfirmanni samkvæmt skipuriti stofnunar.

Deildarstjórar hjúkrunar innan heilbrigðisstofnana bera faglega ábyrgð á þeirri hjúkrunarþjónustu sem undir þá heyrir gagnvart framkvæmdastjóra hjúkrunar eða næsta yfirmanni samkvæmt skipuriti stofnunar.

Aðrir fagstjórnendur innan heilbrigðisstofnunar bera faglega ábyrgð á þeirri þjónustu sem þeir veita og undir þá heyrir í samræmi við stöðu þeirra í skipuriti stofnunarinnar.

6. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ í 11. gr. komi: stofnunar.
7. Við 12. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:

      Á heilbrigðisstofnun skal starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn stofnunar skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Fulltrúar í framkvæmdastjórn geta verið fleiri en þrír sé gert ráð fyrir því í skipuriti stofnunar.
   b. 4. mgr. orðist svo:

      Framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana í umdæmum og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins skulu leitast við að upplýsa sveitarstjórnir og notendur þjónustunnar í sínu umdæmi um starfsemi stofnunar sinnar og hafa samráð við þá eftir þörfum.
8. 13. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

*Fagráð.*

Á háskóla- og kennslusjúkrahúsum skulu vera starfandi læknaráð og hjúkrunarráð og eftir atvikum önnur fagráð. Heimilt er að starfrækja slík ráð á öðrum heilbrigðisstofnunum.

Læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa á heilbrigðisstofnun er heimilt að hafa með sér eitt sameiginlegt fagráð.

Fagráð, þ.m.t. læknaráð og hjúkrunarráð þar sem þau eru starfandi, skulu vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri heilbrigðisstofnunar. Ber að leita álits fagráða um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar, þar á meðal eftir því sem við á álits læknaráðs um læknisþjónustu og álits hjúkrunarráðs um hjúkrunarþjónustu.

Fagráð skulu setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af forstjóra.

9. Í stað orðanna „veitir heilsugæsluþjónustu“ í 1. mgr. 15. gr. komi: sinnir heilsugæslu.
10. 1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Heilsugæslustöðvar sinna heilsugæslu.

11. Í stað orðsins „heilsugæsluþjónustu“ í 2. mgr. 18. gr. komi: sinna heilsugæslu.
12. Við 20. gr.
   a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: veita heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma samræmist skyldu slíks sjúkrahúss, m.a. sérfræðiþjónustu í nær öllum viðurkenndum greinum læknisfræði, hjúkrunarfræði og eftir atvikum öðrum greinum heilbrigðisvísinda sem stundaðar eru hér á landi, með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknadeildum.
   b. Á eftir 3. tölul. 1. mgr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: veita háskólamenntuðum starfsmönnum sérmenntun í heilbrigðisgreinum.
   c. Orðin „á eða“ í 4. tölul. 1. mgr. falli brott.
   d. 2. mgr. orðist svo:

Ráðherra skal skipa níu manns og jafnmarga til vara í ráðgjafarnefnd Landspítala til fjögurra ára í senn. Nefndin skal vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðgjafar og álits um þjónustu, starfsemi og rekstur spítalans. Skal nefndin m.a. fjalla um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir spítalans og langtímastefnu hans. Nefndin skal m.a. skipuð fulltrúum notenda þjónustu spítalans. Formaður skal í samráði við forstjóra boða til upplýsinga- og samráðsfunda eftir því sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

13. Við 21. gr.
    a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: veita heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma samræmist skyldu slíks sjúkrahúss, m.a. sérfræðiþjónustu í helstu greinum læknisfræði, hjúkrunarfræði og eftir atvikum öðrum greinum heilbrigðisvísinda sem stundaðar eru hér á landi með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknadeildum.
    b. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: taka þátt í starfsnámi annarra háskólanema og framhaldsskólanema í grunn- og framhaldsnámi á heilbrigðissviði í samvinnu við Landspítala, Háskóla Íslands og aðrar heilbrigðisstofnanir og skóla,
    c. Á eftir 3. tölul. 1. mgr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: stunda vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.
    d. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

    Sjúkrahúsinu á Akureyri er heimilt með samþykki ráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem sjúkrahúsið vinnur að hverju sinni. Forstjóri sjúkrahússins fer með eignarhlut þess í slíkum fyrirtækjum.
14. Á eftir orðunum „tillögum landlæknis“ í 1. málsl. 24. gr. komi: og að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisstéttir.
15. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 26. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama gildir þegar ráðherra endurnýjar samninga við heilbrigðisstofnanir.
16. Á eftir 26. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

*Skráning óvæntra atvika.*

Heilbrigðisstofnanir, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu skulu halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki. Með óvæntu atviki er átt við óhappatilvik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni. Um nánari framkvæmd slíkrar skráningar fer samkvæmt lögum um landlækni.

17. Við 1. mgr. 28. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við samningsgerð skal leitast við að tryggja aðgengi allra landsmanna að þeirri heilbrigðisþjónustu sem samið er um óháð búsetu.
18. Við 31. gr.
    a. Í stað orðanna „ekki vera minni en nemur“ í 1. mgr. komi: vera.
    b. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

    Ráðherra getur í reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, kveðið nánar á um það hvað telst til meiri háttar viðhalds skv. 1. mgr.
    c. 4. mgr. falli brott.
19. Í stað orðsins „Heilsugæsluþjónustu“ í 1. tölul. 1. mgr. 33. gr. komi: Heilsugæslu sem sinnt er.

20. Í stað orðanna „hæfur hefur verið talinn“ í 3. mgr. 34. gr. komi: talinn hefur verið hæfur.
21. Við 35. gr.
    a. Á eftir orðunum „framkvæmdastjóra hjúkrunar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: á heilbrigðisstofnunum sem ríkið rekur.
    b. Í stað orðanna „hæfur hefur verið talinn“ í 3. mgr. komi: talinn hefur verið hæfur.
22. 1. málsl. 37. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. september 2007.
23. Við 38. gr.
    a. 2. og 3. tölul. falli brott.
    b. Við bætist þrír nýir töluliðir sem orðist svo:
        2. 2. málsl. 10. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, orðast svo: Um eftirlit landlæknis með starfsemi blóðbanka fer skv. VI. kafla laga um heilbrigðisþjónustu og lögum um landlækni.
        3. 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, orðast svo: Þá skal stjórnin tilnefna fulltrúa í nefnd skv. 35. gr.
        4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997:
            a. Í stað orðsins „heilsugæsluumdæmi“ í 20. gr. laganna kemur: heilbrigðisumdæmi.
            b. 2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:
                Vilji sjúklingur kvarta yfir meðferð getur hann beint kvörtun sinni til landlæknis í samræmi við ákvæði laga um landlækni.

## 1119. Nefndarálit [280. mál]

um frv. til l. um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svein Þorgrímsson og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Aðalstein Þorsteinsson og Herdísi Sæmundsdóttur frá Byggðastofnun, Hákon Ólafsson frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Davíð Lúðvíksson frá Samtökum sprotafyrirtækja, Hallgrím Jónasson frá Iðntæknistofnun, Guðmund Pétursson frá Lykilráðgjöf á Suðurnesjum, Stefán Stefánsson frá Þróunarfélagi Austurlands og Magnús Ásgeirsson frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. Þá átti nefndin símafund með Tryggva Finnssyni frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, Óla Halldórssyni frá Þekkingarsetri Þingeyinga og Aðalsteini Óskarssyni og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Umsagnir bárust um málið frá Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Vegagerðinni, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Iðntæknistofnun, stjórnendum á Iðntæknistofnun, Alþýðusambandi Íslands, Þekkingarsetri Þingeyinga, Orkustofnun, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, Byggðastofnun, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Reykjavíkurborg, Tæknifræðingafélagi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Verkfræðingafélagi Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Bændasamtökum Íslands, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Háskóla Íslands, Eyþingi og Háskólanum á Akureyri. Þá bárust sameiginlegar umsagnir frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum

atvinnulífsins, Samtökum fiskvinnslustöðva og Samtökum iðnaðarins annars vegar og Frumkvöðlasetri Austurlands, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu og Háskólasetrinu á Hornafirði hins vegar.

Í frumvarpinu er lagt til að þrjár stofnanir verði sameinaðar í eina, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem er ætlað að taka við hlutverki Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og leggja höfuðáherslu á nýsköpun og atvinnuþróun á Íslandi. Hinni nýju stofnun er ætlað að veita rekstrarþjónustu fyrir Byggðasjóð og tryggingadeild útflutnings en samkvæmt frumvarpinu munu báðir þessir aðilar starfa sem sjálfstæðar einingar, sem og Tækniþróunarsjóður.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði þekkingarsetur þar sem saman koma tæknirannsóknir með tengsl við rannsóknir í háskólum og háskólasetrum annars vegar og þróunarstarfsemi fyrirtækja hins vegar. Þar verði miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem fást við hvers konar nýsköpunarvinnu auk þess sem þar verði að finna frumkvöðlasetur sem aðstoði sprotafyrirtæki og frumkvöðla við þróun nýsköpunarhugmynda og við að vaxa fyrstu rekstrarárin. Þá verði þar unnið að greiningum á stöðu og þróun atvinnulífs og byggðarlaga, m.a. til að unnt verði að bregðast við aðsteðjandi vanda hverju sinni með öllum þeim tækjum sem stofnunin býr yfir.

Í frumvarpinu er því um að ræða samþættingu áherslna er lúta að rannsóknum og tækniþróun annars vegar og atvinnu- og búsetuþróun hins vegar.

Að vel athuguðu máli telur nefndin að starfsemi Byggðastofnunar eigi ekki nægilega vel heima með starfsemi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar, þótt vissulega séu miklir snertifletir með þeim. Í þessu sambandi bendir nefndin á að í nóvember 2004 komst starfshópur iðnaðarráðherra að þeirri niðurstöðu að unnt væri að efla opinberar tæknirannsóknir með því að sameina starfsemi Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Starfshópurinn taldi að sameiningin mundi leiða til samlegðaráhrifa sem væri ein veigamesta forsenda þess að aukinn árangur næðist í alþjóðlegri samkeppni á sviði tæknirannsókna og nýsköpunar sem gæti leitt til bættrar samkeppnisstöðu Íslands. Í desember 2004 tók Vísinda- og tækniráð síðan undir þetta álit starfshópsins og beindi því til iðnaðarráðherra að vinna áfram að sameiningu Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á grundvelli greinargerðar starfshóps iðnaðarráðherra um tæknirannsóknir með áherslu á náin tengsl við háskólana. Nefndin bendir jafnframt á að mikil áhersla hefur verið lögð á það á undanförnum árum að efla byggðaaðgerðir og telur eðlilegra að Byggðastofnun starfi áfram á eigin forsendum að svo komnu máli. Hvað þetta varðar bendir nefndin einnig á að byggðamál eru víðfeðmur málaflokkur og taka ekki eingöngu til byggingariðnaðar, iðnaðar og tækni. Nefndin leggur því til verulegar breytingar á frumvarpinu þess efnis að horfið verði frá því að fella Byggðastofnun undir Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Jafnframt verði horfið frá því að breyta Vísinda- og tækniráði í Vísinda- og nýsköpunarráð og ákvæði um Tryggingarsjóð útflutnings felld brott. Þannig mun tryggingadeild útflutnings áfram vistast hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Sigurður Kári Kristjánsson og Kristinn H. Gunnarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 12. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Hjálmar Árnason, form., frsm. | Sigríður A. Þórðardóttir. | Kjartan Ólafsson. |
| Helgi Hjörvar. | Jóhann Ársælsson. | Katrín Júlíusdóttir. |
| Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara. | Gunnar Örlygsson. | Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara. |

## 1120. Breytingartillögur [280. mál]

við frv. til l. um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. B-liður 1. mgr. falli brott.
   b. D-liður l. mgr. falli brott.
   c. 3. mgr. falli brott.
   d. Í stað orðanna „Vísinda- og nýsköpunarráðs“ í 4. mgr. komi: Vísinda- og tækniráðs.
2. 2. mgr. 3. gr. falli brott.
3. Við 4. gr.
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „Þar skulu veittar“ í upphafi 2. mgr. komi: Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal veita.
   c. 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
   d. 3. mgr. falli brott.
   e. Í stað orðsins „Ráðgjafarsviðið“ í upphafi 4. mgr. komi: Nýsköpunarmiðstöðin.
   f. I-, j- og k-liðir 4. mgr. falli brott.
   g. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Þjónusta við sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.*
4. Við 5. gr.
   a. Orðin „sbr. c-lið 2. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „Vísinda- og nýsköpunarráðs“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: Vísinda- og tækniráðs.
5. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „Íslenskar tæknirannsóknir“ í 1. málsl. komi: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
   b. Í stað orðanna „nýsköpunarnefnd Vísinda- og nýsköpunarráðs“ í 2. málsl. komi: tækninefnd Vísinda- og tækniráðs.

c. Í stað orðanna „framkvæmdastjóri Íslenskra tæknirannsókna“ í 4. málsl. komi: fulltrúi Íslenskra tæknirannsókna.
6. Orðin „starfsemi skv. a- og c-lið 2. gr., þ.m.t. við“ í 8. gr. falli brott.
7. 10. gr. falli brott.
8. II. kafli falli brott.
9. Við 17. gr. Í stað orðanna „nýsköpunarnefndar Vísinda- og nýsköpunarráðs“ í 1. mgr. komi: tækninefndar Vísinda- og tækniráðs.
10. Við 18. gr.
a. Í stað orðanna „15. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 10. gr.
b. Í stað orðanna „nýsköpunarnefnd Vísinda- og nýsköpunarráðs“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: tækninefnd Vísinda- og tækniráðs.
c. Í stað orðanna „Vísinda- og nýsköpunarráð“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: Vísinda- og tækniráð.
d. Í stað orðanna „Vísinda- og nýsköpunarráði“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: Vísinda- og tækniráði.
11. Við 19. gr. Í stað orðanna „Vísinda- og nýsköpunarráðs“ tvisvar í greininni komi: Vísinda- og tækniráðs.
12. 20. gr. falli brott.
13. IV. kafli falli brott.
14. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, starfsemi og rekstur Tækniþróunarsjóðs og framkvæmd laga þessara.
15. Við 25. gr. Orðin „lög um Byggðastofnun, nr. 106/1999“ falli brott.
16. Við 26. gr.
a. 2.–5. tölul. falli brott.
b. Efnismálsliður 6. tölul. orðist svo: Í stað orðsins „Iðntæknistofnunar“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.
17. Við ákvæði til bráðabirgða I.
a. Orðið „Byggðastofnunar“ í 1. málsl. falli brott.
b. Lokamálsliður falli brott.
18. Við ákvæði til bráðabirgða II. 2. og 3. mgr. falli brott.
19. Við ákvæði til bráðabirgða III. Orðið „Byggðastofnunar“ falli brott.

## 1121. Breytingartillaga [669. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá Einari Oddi Kristjánssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 3.–6. mgr. 29. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að tiltekið hlutfall dilkakjöts skuli flutt á erlendan markað ef Bændasamtök Íslands meta stöðu kjötbirgða, framleiðslu- og söluhorfur með þeim

hætti að fyrirsjáanlegt sé verðhrun og afkomubrestur hjá sauðfjárbændum og senda ráðherra rökstutt erindi þar að lútandi. Slíka ákvörðun skal tilkynna fyrir 1. ágúst ef hún á að gilda fyrir sláturtíð að hausti og getur hún gilt fyrir allt að tólf mánaða framleiðslu- og sölutímabil.

Hafi landbúnaðarráðherra ákveðið útflutningshlutfall skv. 3. mgr. er sláturleyfishafa skylt að leggja til kjöt til útflutnings samkvæmt ákvörðun hans. Geri hann það ekki skal innheimta af honum gjald sem landbúnaðarráðherra ákveður og skal svara til mismunar á áætluðu heildsöluverði og viðmiðunarverði, sem miðast við meðalverð fyrir útflutt dilkakjöt í heilum skrokkum undanfarna tólf mánuði. Allir framleiðendur dilkakjöts skulu taka þátt í þessum útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni.

## 1122. Nefndarálit [637. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Má Ingólfsson frá landbúnaðarráðuneyti, Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Svein Runólfsson frá Landgræðslu ríkisins og Helga Jóhannesson og Gunnar Gunnarsson frá Vegagerðinni.

Markmið frumvarpsins er að leiðrétta yfirsjónir sem urðu við gerð nýju vatnalaganna, nr. 20/2006, sem taka eiga gildi í haust.

Með hliðsjón af meginreglu eignarréttar, „vötn skulu renna sem að fornu hafa runnið," er fasteignareiganda ekki heimilt að breyta vatnsfarvegi nema sérstök heimild standi til þess í lögum. Í 14. og 22. gr. nýju vatnalaganna er fjallað um tiltekin úrræði sem fasteignareigandi getur gripið til þegar árfarvegur breytist af völdum náttúrulegra aðstæðna og þegar yfir vofa spjöll af völdum landbrots eða árennslis vatns og enn fremur um íhlutunarvald ráðherra þegar svo háttar til.

Iðnaðarráðherra verður ætlað að fara með yfirstjórn mála samkvæmt nýju vatnalögunum og mun að þeim óbreyttum vera sá ráðherra sem vísað er til í framangreindum lagagreinum. Þá er ráðgert að Orkustofnun muni sinna veigamiklu stjórnsýslu- og eftirlitshlutverki á grundvelli laganna og ber að tilkynna til hennar um allar framkvæmdir í eða við vötn vegna vatnsnýtingar. Þessi skipan mála er í athugasemdum frumvarpsins ekki talin samræmast að öllu leyti þeirri tilhögun sem mælt er fyrir um í 6. tölul. 9. gr. reglugerðar nr. 3/2004, um Stjórnarráð Íslands, þar sem fram kemur m.a. að landbúnaðarráðherra fari með málefni áveitna, fyrirhleðslna og framræslu.

Meiri hluti nefndarinnar fellst á þau meginsjónarmið sem fram koma í athugasemdum en telur þó ástæðu til að leggja til eftirfarandi breytingar:

1. 1. mgr. 2. gr. verði breytt. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að hugsunin að baki gildistökuákvæði frumvarpsins hafi verið sú að leiðrétta mistök sem urðu þegar eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra í 55. gr. gildandi vatnalaga var felld niður við gildistöku laga nr. 64/2003, um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði. Nefndin telur eigi að síður eðlilegra að gildistaka frumvarpsins fari saman við gildistöku nýju vatnalaganna.
2. 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. falli brott. Samþykkt þessa ákvæðis hefði það í för með sér að iðnaðarráðherra fengi rýmkaðar heimildir til eignarnáms í því skyni að annast nauðsynlegar

framkvæmdir til vatnsveitugerðar, áveitugerðar, orkunýtingar o.s.frv. sem ekki virðist vera í samræmi við tilgang frumvarpsins.

3. Við 2. gr. bætist nýr töluliður til samræmis við óskir Landgræðslu ríkisins. Landgræðsla ríkisins er umsjónaraðili með gerð fyrirhleðslna samkvæmt lögum um landbrot og er tilgangurinn að veita stofnuninni ákveðið svigrúm til athafna án þess að henni beri að tilkynna um það til Orkustofnunar.

Að lokum skal tekið fram að það er skilningur meiri hluta nefndarinnar að fasteignareigendur fari með þær heimildir sem 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins fjallar um þrátt fyrir að Landgræðsla ríkisins sé undir ákveðnum kringumstæðum framkvæmdaraðili í skilningi laga um varnir gegn landbroti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2007.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm. Jón Kristjánsson. Gunnar Örlygsson.

Birkir J. Jónsson. Guðjón Hjörleifsson.

## 1123. Breytingartillaga [637. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, JónK, GÖrl, BJJ, GHj).

Við 2. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2007.
b. 2. tölul. 2. mgr. falli brott.
c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: 2. mgr. 35. gr. orðast svo:
   Ekki er þó skylt að senda tilkynningu skv. 1. mgr. þegar Landbúnaðarstofnun er send skrifleg umsókn um framkvæmd í eða við veiðivatn skv. V. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Landbúnaðarstofnun skal þegar henni berst umsókn um leyfi fyrir framkvæmdum þegar í stað senda Orkustofnun afrit af öllum slíkum umsóknum. Þá er heldur ekki skylt að senda tilkynningu skv. 1. mgr. þegar Landgræðsla ríkisins hefur umsjón með gerð fyrirhleðslna á grundvelli laga um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, með síðari breytingum.

## 1124. Breytingartillaga [669. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 3.–6. mgr. 29. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar sem hljóða svo:

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að tiltekið hlutfall dilkakjöts skuli flutt á erlendan markað. Slíka ákvörðun skal aðeins taka ef ráðherra metur stöðu kjötbirgða, framleiðslu- og söluhorfur með þeim hætti að fyrirsjáanlegt sé verðhrun og afkomubrestur hjá sauðfjárbændum og að fengnu áliti Bændasamtaka Íslands. Slíka ákvörðun skal tilkynna fyrir 1. ágúst ef hún á að gilda fyrir sláturtíð að hausti og getur hún gilt fyrir allt að tólf mánaða framleiðslu- og sölutímabil.

Hafi landbúnaðarráðherra ákveðið útflutningshlutfall skv. 3. mgr. er sláturleyfishafa skylt að leggja til kjöt til útflutnings samkvæmt ákvörðun hans. Geri hann það ekki skal innheimta af honum gjald sem landbúnaðarráðherra ákveður og skal svara til mismunar á áætluðu heildsöluverði og viðmiðunarverði, sem miðast við meðalverð fyrir útflutt dilkakjöt í heilum skrokkum undanfarna tólf mánuði. Allir framleiðendur dilkakjöts skulu taka þátt í þessum útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni

## 1125. Nefndarálit [387. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingvar Sverrisson frá Alþýðusambandi Íslands, Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Rúnar Guðmundsson frá Fjármálaeftirlitinu, Gunnar Ármannsson og Sigurbjörn Sveinsson frá Læknafélagi Íslands, Guðjón Rúnarsson, Helga Bjarnason og Valgeir Pálsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Særúnu Maríu Gunnarsdóttur frá Persónuvernd og Kjartan Gunnarsson og Ólöfu Emblu Einarsdóttur frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust einnig umsagnir um frumvarpið.

Tilgangur frumvarpsins er að eyða vafa á túlkun sem hefur risið um ákvæði 82. gr. laga um vátryggingarsamninga sem komu til framkvæmda 1. janúar 2006. Tvær opinberar stofnanir, Persónuvernd og Fjármálaeftirlitið, höfðu hvor sína túlkun á lögunum. Með frumvarpinu er lögð til breyting á framangreindu ákvæði sem fjallar um upplýsingaöflun við töku persónutrygginga. Slík upplýsingaöflun er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir neikvætt úrtak og til þess að vátryggingafélag geti metið hlutlaust þá áhættu sem vátryggja á til þess að geta ákveðið iðgjald og metið hvort vátrygging skuli veitt samkvæmt almennum skilmálum.

Í fyrsta lagi er í frumvarpinu lagt til að vátryggingafélagi verði heimilt að afla upplýsinga um þá sjúkdóma sem vátryggingartaki, eða vátryggður, svo og foreldrar hans, systkini og

börn vátryggðs eru haldin eða hafa verið haldin og félagið telur nauðsyn að fá vitneskju um til að geta lagt mat á væntanlega áhættu. Í öðru lagi er kveðið á um það í frumvarpinu að áfram skuli leita eftir samþykki þess sem upplýsingar varða ef þeirra er aflað frá öðrum en vátryggingartaka eða vátryggðum. Þá er í þriðja lagi með frumvarpinu lagt til að vátryggingafélagi sé bannað að notfæra sér upplýsingar úr erfðafræðilegum rannsóknum. Bannákvæðið nær þó ekki til upplýsinga sem staðfesta að vátryggður sé haldinn tilteknum sjúkdómi þó þær séu fengnar úr niðurstöðu erfðarannsóknar.

Meiri hlutinn leggur til breytingar á frumvarpinu sem unnar voru í samvinnu við Fjármálaeftirlitið, Persónuvernd og Samtök fjármálafyrirtækja. Leggur meiri hlutinn í fyrsta lagi til að orðið „barn“ falli brott úr upptalningu á þeim aðilum sem heimilt er að óska upplýsinga um. Þá er lagt til að kveðið verði á um í lagatextanum að ekki skipti máli hvernig sjúkdómur þess sem upplýsinga er aflað um hafi greinst. Einnig er lagt til að því verði bætt inn að vátryggingartaki, eða vátryggður, skuli veita félaginu svör eftir bestu vitund. Þá er lagt til ákveðið framhald við bannákvæði 2. mgr. ákvæðisins þannig að félaginu sé einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljist nauðsynlegar til að unnt sé að afla þeirra upplýsinga sem nefndar eru í 1. málsl. 2. mgr.

Dagný Jónsdóttir og Sæunn Stefánsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. |
| Ásta Möller. | | Sæunn Stefánsdóttir, með fyrirvara. |

## 1126. Breytingartillaga [387. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, ÁM, SS).

Við 1. gr.

a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem vátryggingartaki eða vátryggður, foreldri hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin óháð því hvernig sjúkdómur hefur greinst.

b. Á undan orðunum „veita rétt og tæmandi svör“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: eftir bestu vitund.

c. 2. mgr. orðist svo:

Félaginu er óheimilt fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm. Félaginu er einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar.

## 1127. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um trjáræktarsetur sjávarbyggða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Mógilsá – rannsóknastöð skógræktar, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Vestmannaeyja, Veðurstofu Íslands og Þorbergi Hjalta Jónssyni.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra verði falið að hefja undirbúning að stofnun trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum sem hafi það að markmiði að rannsaka særoks- og loftslagsbreytingar á trjágróðri og trjárækt á eyjum í Norður-Atlantshafi, einkum Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum og Grænlandi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Drífa Hjartardóttir, form., frsm. | Anna Kristín Gunnarsdóttir. | Jón Kristjánsson. |
| Gunnar Örlygsson. | Jóhann Ársælsson. | Birkir J. Jónsson. |
| Jón Bjarnason. | Guðjón Hjörleifsson. | |

## 1128. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um embætti landlæknis.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Ágúst Geir Ágústsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Karl Steinar Guðnason og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Þórdísi Kristmundsdóttur frá Háskóla Íslands, Jóhannes M. Gunnarsson og Jóhannes Pálmason frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Önnu Elísabetu Ólafsdóttur og Jakobínu H. Árnadóttur frá Lýðheilsustöð.

Umsagnir um málið hafa borist frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, MND-félaginu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Kennaraháskóla Íslands, Persónuvernd, Heilbrigðisstofnun Blönduósi, Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Iðjuþjálfafélagi Íslands, umboðsmanni barna, Bandalagi íslenskra græðara, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Lýðheilsustöð, Sjónarhóli, Þroskahjálp, Hjartaheillum, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Sjúkranuddarafélagi Íslands, Félagi geislafræðinga, Alþýðusambandi Íslands, Lífsvog, Matvæla- og næringarfræðafélagi Íslands, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Tannlæknafélagi

Íslands, Krabbameinsfélagi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Heilbrigðisstofnun Austurlands, landlækni, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Tryggingastofnun ríkisins, Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu. Með frumvarpinu er lagt til að ýmis efnisákvæði laga um heilbrigðisþjónustu og annarra laga er kveða á um hlutverk landlæknis verði færð yfir í sérstök lög um landlækni. Markmið frumvarpsins er að kveða skýrar á um ráðgjafarhlutverk landlæknis, eftirlit hans með heilbrigðisstarfsfólki og heilbrigðisþjónustu, upplýsingasöfnun og skýrslugerð á heilbrigðissviði sem og meðferð kvartana og kæra almennings vegna heilbrigðisþjónustu.

Nokkur umræða var í nefndinni um 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins sem felur í sér heimild notenda heilbrigðisþjónustu og aðstandenda þeirra til að beina formlegri kvörtun til landlæknis vegna meintrar vanrækslu og mistaka við veitingu heilbrigðisþjónustu og ótilhlýðilegrar framkomu heilbrigðisstarfsmanna. Nefndin telur að auk framangreindra aðila heimili ákvæðið heilbrigðisstarfsmönnum, heilbrigðisstofnunum og opinberum aðilum að koma á framfæri ábendingum til landlæknis vegna meintrar vanrækslu og mistaka heilbrigðisstarfsmanna.

Auk orðalagsbreytinga og breytinga á uppsetningu einstakra ákvæða leggur nefndin til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra skuli, að fengnum tillögum landlæknis, mæla fyrir um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum í reglugerð. Nefndin leggur til að ráðherra skuli hafa samráð við viðkomandi heilbrigðisstéttir við slíka reglusetningu, enda búa þær yfir sérþekkingu, hver á sínu sviði.
2. Í 1. málsl. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að landlæknir staðfesti hvort fyrirhugaður rekstur heilbrigðisþjónustu uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf. Lagt er til að við ákvæðið bætist nýr málsliður þar sem kveðið verði á um að hið sama gildi þegar ráðherra endurnýjar samninga við heilbrigðisstofnanir. Nefndin telur eðlilegt að landlæknir gangi úr skugga um að rekstur heilbrigðisþjónustu uppfylli faglegar kröfur og skilyrði laga þegar samningar við heilbrigðisstofnanir eru endurnýjaðir í samræmi við eftirlitshlutverk hans.
3. Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu. Lagt er til að 7. mgr. 6. gr. um greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði við heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem ríkið rekur falli brott, enda tengist umrætt ákvæði ekki faglegum kröfum til reksturs heilbrigðisþjónustu. Sambærilegt ákvæði er í 7. mgr. 26. gr. frumvarps til laga um heilbrigðisþjónustu sem lagt var fram á Alþingi samhliða frumvarpi þessu og telur nefndin nægilegt að framangreint ákvæði verði að finna þar.
4. Í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er að finna tæmandi upptalningu á heilbrigðisskrám sem landlæknir skipuleggur og heimilt er að færa í upplýsingar um nöfn sjúklinga, kennitölur og önnur tiltekin persónuauðkenni án samþykkis sjúklinga. Lagt er til að skrá um taugasjúkdóma bætist við þessa upptalningu og að í hana verði skráðar upplýsingar um alla taugasjúkdóma sem greinast á Íslandi. Einnig er lagt til að þar séu m.a. skráðar upplýsingar um sjúkdóminn, meðferð og árangur meðferðar og afdrif sjúklinga. Upplýsingar í skrána skulu koma frá heilbrigðisstofnunum, rannsóknastofum og sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum auk þess sem upplýsingar eru unnar upp úr dánarvottorðum. Úr skránni skulu m.a. unnar upplýsingar um algengi og nýgengi taugasjúkdóma. Nefndin telur að

framangreind breyting sé mikilvæg í því skyni að gefa aðilum kost á afla upplýsinga og stunda rannsóknir á taugasjúkdómum hér á landi.

5. Lagt er til að þeir mælikvarðar sem kveðið er á um í 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins verði settir af ráðherra með reglugerð.
6. Lagt er til að á eftir 1. málsl. 5. mgr. 12. gr. bætist nýr málsliður þar sem kveðið verði á um heimild sérfræðinga og landlæknis að kalla sjúkling til skoðunar ef sérstök ástæða þykir til. Nefndin áréttar þó mikilvægi þess að við beitingu slíkrar heimildar verði ekki gengið lengra en nauðsynlegt er með tilliti til sjónarmiða um friðhelgi einkalífs og sjálfsákvörðunarréttar einstaklinga.
7. Lagt er til að í 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að landlæknir hafi eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna og fylgist með að þeir fari að ákvæðum heilbrigðislöggjafar við störf sín og ákvæðum annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem við á. Nefndin telur mikilvægt að eftirlit landlæknis lúti ekki eingöngu að því að heilbrigðislöggjöf sé uppfyllt heldur einnig að heilbrigðisstarfsmenn uppfylli þær skyldur sem kunna að vera lagðar á þær í öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.
8. Lagt er til að fyrirsögn 15. gr. frumvarpsins verði: *„Svipting og brottfall starfsleyfis“* enda tekur ákvæðið til beggja tilvika. Auk þessa eru lagðar til breytingar á orðalagi og uppsetningu ákvæðisins.
9. Lagt er til að í stað orðsins „leyfis“ í 1.–2. málsl. 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins komi: „réttar“, enda er ekki gefið út sérstakt leyfi til lækna og tannlækna til að ávísa lyfjum. Í samræmi við þetta er lagt til að á eftir orðunum „afturkallað sviptingu“ í 20. gr. komi: „réttar“.
10. Lagt er til að heiti frumvarpsins verði breytt í frumvarp til laga um landlækni.
11. Samkvæmt 23. gr. frumvarpsins munu lögin öðlast gildi 1. júlí 2007. Lagt er til að gildistöku frumvarpsins verði frestað til 1. september 2007 svo að nægur tími gefist til undirbúnings.
12. Lögð er til breyting á 30. gr. læknalaga, nr. 59/1988, í samræmi við þær breytingar sem leiðir af frumvarpi þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þuríður Backman var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Valdimar L. Friðriksson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 12. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, form., frsm. | Drífa Hjartardóttir. | Ásta R. Jóhannesdóttir. |
| Guðrún Ögmundsdóttir. | Pétur H. Blöndal. | Kristján L. Möller. |
| Gunnar Örlygsson. | | Sæunn Stefánsdóttir. |

# 1129. Nefndarálit [523. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Hlyn Jónsson og Jónas Fr. Jónsson frá Fjármálaeftirliti, Árnínu Steinunni Kristjánsdóttur frá Kauphöll Íslands, Helga Magnús Gunnarsson, saksóknara efnahagsbrota, Einar Pál Tamimi og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Áslaugu Árnadóttur, Jónínu S. Lárusdóttir og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust einnig umsagnir um frumvarpið.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum (þskj. 788, 522. mál). Frumvörpin byggjast á starfi nefndar sem forsætisráðherra skipaði um viðurlög við efnahagsbrotum en formaður nefndarinnar var dr. Páll Hreinsson.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem snerta fjármálamarkaðinn. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi er refsiábyrgð vegna brota gegn lögum á fjármálamarkaði afmörkuð nánar en í gildandi lögum. Í öðru lagi er lagt til að sett verði ákvæði í löggjöf á fjármálamarkaði um að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og einstaklinga vegna brota á lögunum. Samkvæmt gildandi rétti er aðeins heimild til álagningar stjórnvaldssekta í lögum um verðbréfaviðskipti. Þá er lagt til að fyrningarákvæði varðandi heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir verði lögfest þannig að heimildin fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk ef um er að ræða meint brot gegn ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti. Í öðrum tilfellum fellur heimildin niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Í þriðja lagi er í frumvarpinu ákvæði sem kveður á um að brot gegn lögum á fjármálamarkaði sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu. Í fjórða lagi er lagt til að lögfest verði ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki sök á sjálfan sig við rannsókn á stjórnsýslustigi. Í fimmta lagi er kveðið á um það í frumvarpinu að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að ljúka málum með sátt.

Með frumvarpinu er kveðið á um ákveðna verkaskiptingu milli lögreglu og Fjármálaeftirlits við rannsókn á meintum brotum á fjármálamarkaði sem bæði refsing og stjórnvaldssektir liggja við en það er eitt af markmiðum frumvarpsins að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana. Með þessu er stefnt að því að mál tiltekins aðila sé ekki rannsakað á sama tíma bæði hjá stjórnvaldi og hjá lögreglu. Með frumvarpinu er stefnt að því að sú sérfræðiþekking sem er fyrir hendi í Fjármálaeftirlitinu muni nýtast betur en nú við rannsókn og málsmeðferð vegna brota gegn löggjöf á fjármálamarkaði.

Kveðið er á um það í frumvarpinu að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri ákæru ef kæra þar að lútandi berst lögreglu frá Fjármálaeftirliti. Einungis meiri háttar brot sæta kæru til lögreglu og er það sérstaklega skilgreint í frumvarpinu hvenær brot teljast meiri háttar. Fjármálaeftirlitinu ber að gæta jafnræðis og er sérstaklega kveðið á um það í frumvarpinu að gæta skuli samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 12. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Ögmundur Jónasson, með fyrirvara. |

## 1130. Nefndarálit [568. mál]

um frv. til l. um starfstengda eftirlaunasjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björn Rögnvaldsson og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti. Nefndinni hafa einnig borist umsagnir um frumvarpið.

Með frumvarpinu er kveðið á um innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, frá 3. júní 2003, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun. Tilskipunin nær til lögaðila sem hafa heimild til að taka á móti iðgjöldum til myndunar og útgreiðslu eftirlaunaréttinda, starfa á sjóðsmynduðum grunni og eru aðskildir frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Frá þessu almenna gildissviði eru hins vegar mikilvægar undantekningar sem kveðið er á um í tilskipuninni. Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem tekur af öll tvímæli um skattlagningu greiðslna í og úr starfstengdum eftirlaunasjóðum sem og skattlagningu sjóðanna sem slíkra.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu í samræmi við umsögn Fjármálaeftirlitsins um það, þ.e. að við frumvarpið bætist þrjú ákvæði sem fjalli um varasjóð, upplýsingaskyldu og eftirlit. Slík ákvæði er að finna í tilskipuninni en voru ekki tekin upp í frumvarpið. Á það má benda að um þessar mundir eru engir slíkir sjóðir starfræktir hér á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Birkir J. Jónsson. | Lúðvík Bergvinsson. |
| Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. | Ásta Möller. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Ögmundur Jónasson. |

# 1131. Breytingartillögur [568. mál]

við frv. til l. um starfstengda eftirlaunasjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. Á undan orðunum „IV. og VI. – X. kafla“ komi: 18. gr. og.
2. Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo ásamt fyrirsögnum:
   a. (6. gr. )

*Varasjóður.*

Starfstengdur eftirlaunasjóður skal mynda varasjóð umfram skuldbindingar til að standa undir sveiflum vegna lífeyriskerfa þar sem sjóðurinn sjálfur en ekki aðildarfyrirtæki ber líffræðilega áhættu eða þar sem gefið er loforð um ákveðna ávöxtun eða ákveðin réttindi. Varasjóðurinn skal endurspegla eignir og áhættugerð allra lífeyriskerfa sem sjóðurinn starfrækir og vera varanlegur. Eignir í varasjóði skulu ekki vera háðar fyrirsjáanlegum skuldbindingum heldur vera varafjármagn vegna mismunar milli áætlaðra og raunverulegra gjalda og hagnaðar.

   b. (7. gr.)

*Upplýsingaskylda starfstengdra lífeyrissjóða.*

Starfstengdur lífeyrissjóður skal veita sjóðfélögum og lífeyrisþegum eftirfarandi upplýsingar óski þeir eftir því:

   a. upplýsingar um meginefni fjárfestingarstefnu skv. 37. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, þar sem fram koma a.m.k. upplýsingar um aðferðir sjóðsins við mælingar á áhættu, aðferðir við áhættustjórnun og markmið um eignasamsetningu með tilliti til eðlis og líftíma skuldbindinga,
   b. í þeim tilvikum þegar sjóðsfélagi ber fjárfestingaráhættu, ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um fjárfestingarvalkosti, ef við á, og raunverulega eignasamsetningu auk upplýsinga um stig áhættu og kostnað tengdan fjárfestingum,
   c. ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um ráðstafanir vegna flutnings á réttindum þeirra til annars starfstengds eftirlaunasjóðs vegna loka ráðningarsamnings.

Við starfslok eða þegar réttur til útgreiðslu réttinda skapast skal senda sjóðfélaga viðeigandi upplýsingar um réttindin og valkosti við útgreiðslu þeirra.

3. Á eftir 6. gr. komi ný grein sem orðist svo ásamt fyrirsögn:

*Eftirlit.*

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að tilteknir þættir í starfsemi starfstengds eftirlaunasjóðs verði takmarkaðir eða stöðvaðir tímabundið í því skyni að koma í veg fyrir háttsemi sem er talin andstæð ákvæðum laga þessara en einkum ef:

   a. sjóðurinn verndar ekki með fullnægjandi hætti hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega,
   b. sjóðurinn uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfi,
   c. sjóðurinn vanrækir með alvarlegum hætti að rækja skyldur sínar samkvæmt þeim reglum sem gilda um starfsemi hans,
   d. um starfsemi í öðru landi er að ræða og sjóðurinn virðir ekki kröfur vinnu- og félagsmálalöggjafar gistiríkis er snerta starfstengdan lífeyri.

Ákvörðun um að takmarka eða stöðva tiltekna þætti í starfsemi starfstengds eftirlaunasjóðs skal ítarlega rökstudd og tilkynnt sjóðnum.

Fjármálaeftirlitið getur krafist kyrrsetningar eigna starfstengds eftirlaunasjóðs reynist sjóðurinn ekki gjaldhæfur að mati Fjármálaeftirlitsins eða eigi stofnunin ekki skyldubundinn varasjóð, sbr. 6. gr.

## 1132. Nefndarálit [522. mál]

um frv. til l. um breyt. á samkeppnislögum, nr. 44/2005.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Andrés Magnússon og Einar Örn Davíðsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Helga Magnús Gunnarsson, saksóknara efnahagsbrota, Ásgeir Einarsson og Pál Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Guðlaug Stefánsson, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Áslaugu Árnadóttur, Jónínu S. Lárusdóttir og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust einnig umsagnir um frumvarpið.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði (þskj. 789, 523. mál). Frumvörpin byggjast á starfi nefndar sem forsætisráðherra skipaði um viðurlög við efnahagsbrotum en formaður nefndarinnar var dr. Páll Hreinsson.

Með frumvarpinu eru einkum lagðar til breytingar á IX. kafla samkeppnislaga sem fjallar um viðurlög við brotum á lögunum.Verður hér gerð grein fyrir helstu breytingum í stuttu máli. Er í fyrsta lagi lagt til að refsiábyrgð einstaklinga vegna brota gegn samkeppnislögum verði afmörkuð nánar. Í öðru lagi er lagt til að sett verði ítarlegra ákvæði um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja vegna brota gegn samkeppnislögum. Í þriðja lagi er lagt til að brot einstaklinga gegn samkeppnislögum sæti einungis opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins til lögreglu. Í fjórða lagi eru lagðar til ítarlegri niðurfellingarheimildir en eru í gildandi lögum en með niðurfellingarheimildum er átt við reglur sem heimila lækkun eða niðurfellingu á stjórnvaldssekt vegna samvinnu þess aðila sem hefur framið lögbrot. Í fimmta lagi er lagt til að Samkeppniseftirlitið geti lokið málum með sátt. Í sjötta lagi er lagt til að kveðið verði á um að ekki sé heimilt að nota upplýsingar, sem fyrirsvarsmaður fyrirtækis hefur veitt Samkeppniseftirlitinu, sem sönnunargagn í opinberu máli sem höfðað er gegn honum vegna brota gegn ákvæðum laganna.

Hvað varðar refsiábyrgð einstaklinga vegna brota gegn samkeppnislögum er með frumvarpinu lagt til að tiltekin samráðsbrot verði lýst refsiverð, sbr. 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Er einnig lagt til að sú háttsemi sem miðar að því að spilla sönnunargögnum og torvelda rannsókn á samkeppnisbrotum verði lýst refsiverð. Þá er lagt til að ákvæði samkeppnislaga um sektir eða fangelsi nái einungis til einstaklinga og að fyrirtæki sæti stjórnvaldssektum vegna brota gegn samkeppnislögum. Er lagt til að refsihámark vegna brota einstaklinga verði hækkað úr fjórum árum í sex.

Í 2. mgr. 2. gr. er mælt fyrir um skyldu Samkeppniseftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja vegna brota á samkeppnislögum. Í 2. málsl. 2. mgr.

2. gr. er lagt til sérstakt ákvæði um álagningu stjórnvaldssekta vegna brota samtaka fyrirtækja. Ákvæðið er svohljóðandi: „Ef brot samtaka fyrirtækja tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers fyrirtækis sem á fulltrúa í stjórn samtakanna.“ Nefndin telur óheppilegt að tengja sektarfjárhæð og -innheimtu við setu í stjórn líkt og lagt er til með þessu ákvæði. Fólk er kosið í stjórn sem einstaklingar en ekki sem fulltrúar einhverra fyrirtækja auk þess sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að fyrirtæki þyrftu að sanna sakleysi sitt, þ.e. að hafa ekki tekið þátt í samráði samtaka, til að sleppa við sektir. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ef samtökin greiddu ekki sektina væri unnt að krefja hvert það fyrirtæki sem átti fulltrúa í stjórn samtakanna um greiðslu sektarinnar án þess að sök þeirra væri sönnuð. Leggur nefndin því til breytingu á frumvarpinu á þann veg að fjárhæð sektar nemi ekki hærri fjárhæð en 10% af heildarveltu hvers aðila sem er virkur á þeim markaði sem brot samtakanna nær til. Lagt er til að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk en þetta tímamark miðast við varðveislu bókhaldsgagna, sbr. lög um bókhald, nr. 145/1999.

Eitt af verkefnum nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum var að fjalla um hlutverk eftirlitsaðila og verkaskiptingu þeirra á milli, þar á meðal skil milli annars vegar þeirra sem er heimilt að beita stjórnvaldssektum og hins vegar lögreglu og ákæruvalds. Markmið tillagna nefndarinnar lýtur meðal annars að því að eyða óvissu um verkaskiptingu. Í 5. gr. frumvarpsins eru sett ákvæði um verklag við rannsókn mála sem beinast bæði gegn einstaklingum og fyrirtækjum og um samskipti milli samkeppnisyfirvalda og lögreglu og ákæruvalds. Lagt er til að brot gegn samkeppnislögum sæti einungis opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins til lögreglu. Hér er um að ræða ákveðna takmörkun á valdi ríkissaksóknara og lögreglu til rannsóknar sakamála, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 25. gr. og 2. málsl. 5. mgr. 27. gr. laga um meðferð opinberra mála. Nefndin telur mikilvægt að Samkeppniseftirlitið gæti samræmis við afgreiðslu mála og gæti að jafnræði sakborninga.

Í 2. mgr. 5. gr. er kveðið á um að varði meint brot á lögunum bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Samkeppniseftirlitið m.t.t. grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort sá hluti málsins sem varðar refsiábyrgð einstaklings skuli kærður til lögreglu. Nefndin tekur undir það sjónarmið sem fram kom í minnisblaði saksóknara efnahagsbrota til nefndarinnar að ekki komi til greina að Samkeppniseftirlitið kæri til lögreglu mál þar sem meint brot varða einungis atvik, eitt eða fleiri, sem bersýnilega eru framin af gáleysi. Tilgangur ákvæðisins er því sá að ljóst sé að aðeins alvarlegustu málin, þau sem framin eru af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, verða kærð til lögreglu.

Í 3. mgr. 5. gr. er kveðið á um heimild Samkeppniseftirlitsins til að falla frá kæru á hendur einstaklingi hafi hann, eða fyrirtæki sem hann er í stjórn í eða starfar fyrir, haft frumkvæði að því að veita Samkeppniseftirlitinu upplýsingar eða gögn. Við umfjöllun nefndarinnar um þetta atriði kom fram að ákvæðið mætti skilja sem svo að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að afturkalla kæru sem send hefur verið lögreglu með þeim afleiðingum að mál verði fellt niður hjá lögreglu. Nefndin leggur til að orðalag þessa ákvæðis verði breytt í þá veru að Samkeppniseftirlitið geti ákveðið að kæra ekki einstakling sem hefur haft frumkvæði að því að veita upplýsingar eða gögn.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og lúta að verklagi byggjast á því markmiði frumvarpsins að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana þegar bæði refsing og stjórnsýsluviðurlög liggja við broti. Með þessu er stefnt að því að mál tiltekins aðila sé ekki rannsakað á sama tíma bæði hjá stjórnvaldi og hjá lögreglu.

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. | Drífa Hjartardóttir |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Ögmundur Jónasson, með fyrirvara. |

## 1133. Breytingartillögur [522. mál]

við frv. til l. um breyt. á samkeppnislögum, nr. 44/2005.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 2. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Ef brot samtaka fyrirtækja tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers aðila þeirra sem er virkur á þeim markaði sem brot samtakanna tekur til.
   b. 5. og 6. efnismgr. falli brott.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „Falla má frá kæru á hendur einstaklingi“ í 1. málsl. 3. efnismgr. komi: Samkeppniseftirlitið getur ákveðið að kæra ekki einstakling.

## 1134. Breytingartillögur [273. mál]

við frv. til l. um embætti landlæknis.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Í stað orðsins „heilbrigðisþjónustunnar“ í 1. gr. komi: heilbrigðisþjónustu.
2. Á eftir orðinu „m.a.“ 4. gr. komi: eftirfarandi.
3. Við 6. gr.
   a. Á eftir orðunum „tillögum landlæknis“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: og að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisstéttir.
   b. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama gildir þegar ráðherra endurnýjar samninga við heilbrigðisstofnanir.
   c. 7. mgr. falli brott.

4. Við 8. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Tilgangur skránna er að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með þjónustunni, tryggja gæði hennar og meta árangur þjónustunnar, ásamt því að nota þær við gerð áætlana um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu og vísindarannsóknum.
   b. Á eftir 2. tölul. 2. mgr. komi nýr töluliður sem orðist svo: Skrá um taugasjúkdóma.
5. Við 10. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Heilbrigðisstofnunum, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu ber að tilkynna landlækni án tafar um óvænt atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, svo sem dauða eða varanlegum örkumlum.
   b. Á eftir orðunum „eftir því sem kostur er að“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: slík.
   c. Orðið „jafnframt“ í 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
6. 3. mgr. 11. gr. orðist svo:
   Landlæknir metur gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt mælikvörðum sem settir eru af ráðherra með reglugerð. Samanburðarhæfar niðurstöður gæða- og árangursmælinga skulu birtar í heilbrigðisskýrslum skv. 8. gr.
7. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. 12. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Er viðkomandi sérfræðingum, svo og landlækni sjálfum, rétt að kalla sjúkling til skoðunar ef sérstök ástæða þykir til.
8. 1. mgr. 13. gr. orðist svo:
   Landlæknir hefur eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna og fylgist með að þeir fari að ákvæðum heilbrigðislöggjafar og ákvæðum annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem við á.
9. 15. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

*Svipting og brottfall starfsleyfis.*

Komi áminning heilbrigðisstarfsmanns skv. 14. gr. ekki að haldi ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá ákveðið að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi að fullu eða tímabundið.

Ráðherra getur svipt heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi, án undangenginnar áminningar að fenginni tillögu landlæknis, ef viðkomandi er talinn ófær um að gegna starfi sínu svo forsvaranlegt sé, svo sem vegna alvarlegra andlegra erfiðleika, andlegs eða líkamlegs heilsubrests, neyslu fíkniefna eða sambærilegra efna, misnotkunar áfengis eða skorts á faglegri hæfni. Sama gildir ef heilbrigðisstarfsmaður brýtur alvarlega gegn starfsskyldum sínum, svo sem með því að gefa út röng og villandi vottorð, með því að veita umsagnir að órannsökuðu máli, með því að gefa út ranga og villandi reikninga, með því að rjúfa þagnarskyldu sem á honum hvílir, með því að sýna alvarlegt hirðuleysi í störfum sínum eða með öðru atferli sem fer í bága við lög.

Séu skilyrði sviptingar starfsleyfis fyrir hendi er ráðherra heimilt að fenginni tillögu landlæknis að takmarka starfsréttindi tímabundið. Gera skal skýra grein fyrir í hverju takmarkanir eru fólgnar, hver gildistíminn skuli vera og hvernig eftirliti skuli háttað.

Málsmeðferð við töku ákvörðunar um sviptingu starfsleyfis eða takmörkun starfsleyfis fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Séu ríkar ástæður til að ætla að skilyrði fyrir sviptingu starfsleyfis séu fyrir hendi og að töf á sviptingu geti haft hættu í för með sér fyrir sjúklinga er landlækni þó heimilt að svipta heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi þegar í stað þar til endanleg ákvörðun í málinu

skv. 1. og 2. mgr. hefur verið tekin. Landlæknir skal tilkynna ráðherra um bráðabirgðasviptingu án tafar. Hafi ráðherra ekki tekið endanlega ákvörðun um sviptingu skv. 1. mgr. innan þriggja mánaða fellur bráðabirgðasvipting niður.

Byggi heilbrigðisstarfsmaður starfsréttindi sín hér á landi á starfsleyfi sem útgefið er í öðru landi falla starfsréttindi hans hér á landi niður ef hann er sviptur starfsleyfi í því landi.

Starfsréttindi heilbrigðisstarfsmanns falla niður sé hann sviptur lögræði eða hann uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem krafist var þegar hann fékk starfsréttindi.

10. Við 19. gr.
    a. Í stað orðanna „lækninn eða tannlækninn“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: viðkomandi lækni eða tannlækni.
    b. Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:

    Málsmeðferð við töku ákvörðunar um sviptingu réttar til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

    Séu ríkar ástæður til að ætla að skilyrði fyrir sviptingu réttar til að ávísa lyfjum séu fyrir hendi og talið að töf á sviptingu geti haft hættu í för með sér fyrir sjúklinga er landlækni heimilt, án undangenginnar áminningar, að svipta lækni eða tannlækni rétti til að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, þegar í stað, þar til tekin hefur verið endanleg ákvörðun í málinu skv. 1. mgr. Landlæknir skal tilkynna ráðherra um bráðabirgðasviptingu án tafar. Hafi ráðherra ekki tekið endanlega ákvörðun um sviptingu skv. 1. mgr. innan þriggja mánaða fellur bráðabirgðasvipting niður.
11. Á eftir orðunum „afturkallað sviptingu“ í 20. gr. komi: réttar.
12. 23. gr. orðist svo:

    Lög þessi öðlast gildi 1. september 2007.
13. Við 24. gr.
    a. Við 1. tölul. bætist nýr stafliður sem orðist svo: 1. mgr 30. gr. laganna orðast svo: Brot gegn ákvæðum laga þessara varða auk sviptingar lækningaleyfis samkvæmt lögum um landlækni, sbr. 27. gr., sektum eða fangelsi allt að 2 árum.
    b. Í stað orðanna „laga um embætti landlæknis“ komi hvarvetna í greininni: laga um landlækni.
14. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um landlækni.

# 1135. Breytingartillögur [437. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. 14. gr. orðist svo, ásamt fyrirsögn:

*Framsal veghalds þjóðvega.*

Allir þjóðvegir landsins skulu vera í þjóðareign. Vegamálastjóra er þó heimilt að fela sveitarstjórn veghald héraðsvega innan sveitarfélagsins, óski viðkomandi sveitarfélag eftir því.

Vegamálastjóra er heimilt tímabundið að fela sveitarstjórn, stofnunum sveitarfélags eða samtökum þeirra veghald einstakra tilgreindra vegarkafla þjóðvega að nokkru eða öllu leyti samkvæmt sérlögum.

Um veghald skv. 1. og 2. mgr. skal gerður þjónustusamningur þar sem nánar skal kveðið á um skyldur veghaldara, þjónustustig, rétt til endurgjalds og annað sem málið varðar.

2. 17. gr. falli brott

## 1136. Svar [406. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur og Jóns Bjarnasonar um tónlistarskóla.

1. *Hversu margir tónlistarskólar eru starfræktir á Íslandi, hverjir eru þeir, hvert er rekstrarform þeirra og hversu margir starfa við þessa skóla?*

Upplýsingar þær sem hér er leitað eftir lágu hvorki fyrir í ráðuneytinu né hjá Hagstofu Íslands.

Ráðuneytið leitaði til Sambands íslenskra sveitarfélaga til að kanna hvort þar væri unnt að fá upplýsingarnar. Þetta var gert strax og fyrirspurnin barst í lok nóvember. Í samtölum við starfsmenn þar kom fram að þessar upplýsingar lægju ekki fyrir, en í undirbúningi væri könnun á því hvar væru reknir tónlistarskólar, hvert rekstrarformið væri, hve margir störfuðu við skólana og hve margir nemendurnir væru. Ráðuneytinu bárust niðurstöður úr þessari könnun 22. febrúar sl. Könnunin var send til allra sveitarfélaga í byrjun janúar. Af 79 sveitarfélögum svöruðu 68 eða 86%, þar sem búa um 98% þjóðarinnar.

Yfirlit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er í fylgiskjali. Þar kemur fram að sveitarfélög reka 50 tónlistarskóla og að auk þess hefur Reykjavíkurborg gert þjónustusamninga við 19 aðila um rekstur tónlistarskóla. Eins og fram kemur af yfirlitinu er nokkuð um að sveitarfélög sameinist um rekstur tónlistarskóla. Stöðugildi við tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum eru 369,9 en ekki kemur fram hve margir kenna við skólana 19 í Reykjavík. Nemendur í skólum reknum af sveitarfélögum eru samtals 8.281, en í skólunum 19 í Reykjavík eru nemendur 3.669, þar af eru 3.207 búsettir í Reykjavík.

2. *Eru einhver sveitarfélög án tónlistarskóla?*

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga reka sjö sveitarfélög ekki tónlistarskóla en eitt þeirra, Vogar, kaupir þjónustu af öðru sveitarfélagi. Þetta eru eftirtalin sveitarfélög: Kópavogsbær, Kjósarhreppur, Sveitarfélagið Vogar (kaupir þjónustu), Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur, Bæjarhreppur, Borgarfjarðarhreppur.

3. *Kemur til greina að breyta lögum þannig að rekstur tónlistarskóla verði eitt af lögboðnum verkefnum sveitarfélaga eins og dæmi eru um annars staðar á Norðurlöndunum?*

Eins og fram kemur í svari ráðherra á þskj. 979 í 407. máli á þessu löggjafarþingi hefur nefnd verið að störfum á vegum ráðuneytisins frá 2004, sem fékk það hlutverk að endurskoða lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Ástæða þess að ekki hefur tekist að ljúka þessari vinnu er að ýmis álitamál eru uppi milli ríkis og sveitarfélaga tengd efni laganna. Ekki hefur verið rætt í nefndinni að gera rekstur tónlistarskóla að lögboðnu

verkefni sveitarfélaga. Benda má á að á grundvelli 78. gr. stjórnarskrárinnar, um sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga, er ekki mögulegt að breyta lögum í þessa veru nema með samþykki Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fulltrúar sveitarfélaga í endurskoðunarnefndinni telja að kennslukostnaður við tónlistarnám nemenda á framhaldsskólaaldri eigi að greiðast af ríkinu, en fulltrúar ríkisins eru þeirrar skoðunar að núverandi fyrirkomulag eigi að gilda um greiðslur sveitarfélaga á kennslukostnaði tónlistarskóla að óbreyttri kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Nefna má að þegar ákveðið var að beyta fyrirkomulagi rekstrar Listdansskóla Íslands, í upphafi skólaársins 2005–2006, lagði menntamálaráðherra til að þar sem sveitarfélögin rækju grunnskólann en ríkið framhaldsskólann væri rökrétt að sveitarfélögin bæru ábyrgð á grunn- og miðstigi sama hvaða listnám nemendur stunduðu en framhaldsstig í viðkomandi listgrein yrði á ábyrgð ríkisins.

Samkomulag náðist ekki við fulltrúa sveitarfélaganna um þessa tillögu en forsenda þess að endurskoðunarnefndin geti lokið störfum er að samkomulag náist milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu vegna listnáms á öllum skólastigum.

4. *Hvernig skiptist kostnaður skólanna:*
   a. *kennsla,*
   b. *stjórnun,*
   c. *annar rekstrarkostnaður?*

Leitað var upplýsinga hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna þessa liðar fyrirspurnarinnar. Þar liggja ekki fyrir upplýsingar um hvernig kostnaður við tónlistarskóla skiptist milli kennslu, stjórnunar og annars rekstrarkostnaðar. Sambandið fær upplýsingar um rekstur sveitarfélaganna úr ársreikningum þeirra og eru þær greindar niður á málaflokka, t.d. fræðslu- og uppeldismál, og síðan er málaflokknum skipt niður í deildir, þ.e. grunnskóli, leikskóli, sameiginlegir liðir og önnur fræðslustarfsemi o.fl. Rekstrarframlög sveitarfélaga til tónlistarskóla færast á liðinn „önnur fræðslustarfsemi“, en ekki er hægt að sjá hvernig framlögin skiptast milli kennslu, stjórnunar og annars rekstrarkostnaðar.

Heildarrekstrarkostnaður sveitarfélaganna vegna reksturs tónlistarskóla árið 2005 var 2,5 milljarðar kr.

5. *Hversu hátt hlutfall af heildarkostnaði við rekstur skólanna er greitt með skólagjöldum?*

Úr ársreikningum sveitarfélaganna er aðeins hægt að sjá rekstrarframlag hvers sveitarfélags til tónlistarskóla en ekki kemur þar fram hvaða tekjur aðrir tónlistarskólar hafa. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um tekjur af nemendagjöldum.

**Fylgiskjal.**

*Samband íslenskra sveitarfélaga:*

## Tónlistarskólar sveitarfélaga.

| | | | | Nemendur | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Heiti | Rekstraraðilar | Stöðu-gildi | Á grunn-skóla-aldri | Á fram-halds-skóla-aldri | Alls | |
| 1 | Tónlistarskóli Kjalarness | Reykjavík | 2,1 | 39 | 0 | 39 | 1 |
| 2 | Tónlistarskóli Hafnarfjarðar | Hafnarfjarðarkaupstaður | 36 | 469 | 138 | 623 | |
| 3 | Tónlistarskóli Seltjarnarness | Seltjarnarnes | 16,87 | 255 | 25 | 280 | |
| 4 | Tónlistarskóli Garðabæjar | Garðabær | 21 | 422 | 26 | 480 | |
| 5 | Listaskóli Mosfellsbæjar | | 10,85 | 177 | 25 | 214 | |
| 6 | Skólahljómsveit Mosfellsbæjar | Mosfellsbær | 5,06 | 135 | 0 | 135 | |
| 7 | Tónlistarskóli Reykjanesbæjar | Reykjanesbær | 24,4 | 601 | 38 | 670 | |
| 8 | Tónlistarskóli Grindavíkur | Grindavíkurbær | 6,8 | 198 | 3 | 213 | |
| 9 | Tónlistaskóli Sandgerðis | Sandgerðisbær | 4,67 | 140 | 6 | 188 | |
| 10 | Tónlistarskólinn í Garði | Sveitarfélagið Garður | 2,98 | 38 | 10 | 48 | |
| 11 | Tónlistaskóli Akraness | Akranes, Hvalfjarðarsveit | 16 | 300 | 40 | 378 | |
| 12 | Tónlistarskóli Borgarfjarðar | Borgarbyggð, Skorradals-hreppur | 9,5 | 217 | 23 | 240 | |
| 13 | Tónlistarskóli Grundarfjarðar | Grundarfjarðarbær | 4 | 59 | 15 | 74 | |
| 14 | Tónlistarskóli Stykkishólms | Stykkishólmsbær | 6,5 | 93 | 18 | 120 | |
| 15 | Tónlistarskóli Dalasýslu | Dalabyggð | 2 | 42 | 0 | 49 | |
| 16 | Tónlistarskóli Ísafjarðar | Ísafjarðarbær | 15,29 | 260 | 29 | 342 | |
| 17 | Tónlistarskóli Ísafjarðar – útibú | Súðavíkurhreppur, Ísafjarðar-bær | 0,75 | 15 | 0 | 15 | |
| 18 | Tónlistarskóli Tálknafjarðar | Tálknafjarðarhreppur | 1 | 30 | 0 | 30 | |
| 19 | Tónskóli Hólmavíkur | Strandabyggð | 2 | 63 | 0 | 63 | |
| 20 | Tónlistarskóli Vestur-Húnavatnssýslu | Húnaþing vestra | 5 | 104 | 2 | 117 | |
| 21 | Tónlistarskóli Austur-Húnvetninga | Blönduósbær, Höfðahreppur, Húnavatnshreppur, Skaga-byggð | 6 | 158 | 0 | 170 | |
| 22 | Tónlistarskóli Skagafjarðar | Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur | 11,65 | 264 | 31 | 339 | |
| 23 | Tónlistarskóli Dalvíkur | Dalvíkurbyggð | 4,5 | 106 | 0 | 107 | |
| 24 | Tónlistarskólinn á Akureyri | Akureyrarbær | 27,65 | 330 | 92 | 454 | |
| 25 | Tónskóli Ólafsfjarðar | Fjallabyggð | 5 | 83 | | 83 | |
| 26 | Tónlistarskóli Siglufjarðar | | 4,5 | 77 | 11 | 122 | 2 |
| 27 | Tónlistarskóli Öxarfjarðarhéraðs | | 1,3 | 23 | 3 | 26 | 3 |
| 28 | Tónlistarskólinn á Raufarhöfn | | 1 | 16 | 4 | 20 | |
| 29 | Tónlistarskóli Húsavíkur | Norðurþing | 8,7 | 314 | 11 | 390 | 4 |
| 30 | Tónlistarskóli Eyjafjarðar | Eyjafjarðarsveit, Grýtubakka-hreppur, Hörgárbyggð, Arnar-neshreppur | 10,7 | 166 | 10 | 176 | |
| 31 | Tónlistarskóli Skútustaðahrepps | Skútustaðahreppur | 2 | 31 | 0 | 31 | |
| 32 | Tónlistarskóli Hafralækjarskóla | Aðaldælahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur | 2 | 47 | 0 | 60 | |
| 33 | Tónlistardeild Stórutjarnarskóla | Þingeyjarsveit | 2 | 35 | 0 | 37 | |

| | | | | Nemendur | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Heiti | Rekstraraðilar | Stöðu-gildi | Á grunn-skóla-aldri | Á fram-halds-skóla-aldri | Alls | |
| 34 | Tónlistarskólinn á Laugum | | 2,3 | 34 | 8 | 42 | |
| 35 | Tónlistarskólinn á Þórshöfn | Langanesbyggð, Svalbarðs-hreppur | 1 | 49 | 1 | 50 | |
| 36 | Tónlistarskóli Seyðisfjarðar | Seyðisfjörður | 3,5 | 56 | 2 | 55 | |
| 37 | Tónlistarskóli Vopnafjarðar | Vopnafjörður | 2 | 53 | 1 | 54 | |
| 38 | Tónskóli Neskaupstaðar | | 4,57 | 95 | 16 | 123 | |
| 39 | Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar | | 5,15 | 129 | 13 | 142 | |
| 40 | Tónlistarskóli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar | Fjarðabyggð | 3 | 78 | 0 | 82 | |
| 41 | Tónlistarskóli Austur-Héraðs, Egilsstöðum og Hallormsstað | Fljótsdalshérað, Fljótsdals-hreppur | 7,8 | 128 | 13 | 155 | [5] |
| 42 | Tónlistarskólinn í Fellabæ | Fljótsdalshérað | 3,6 | 64 | 11 | 87 | |
| 43 | Tónlistarskólinn Í Brúarási | Fljótsdalshérað, | 1,7 | 19 | 0 | 25 | |
| 44 | Tónskóli Djúpavogs | Djúpavogshreppur | 1,18 | 25 | 0 | 26 | |
| 45 | Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu | Hafnarbraut 27 | 7,36 | 85 | 12 | 103 | [6] |
| 46 | Tónlistarskóli Vestmannaeyja | Vestmannaeyjar | 9,36 | 157 | 19 | 176 | |
| 47 | Tónlistarskóli Árnesinga (12 kennslustaðir) | Sveitarfélagið Ölfus, Sveitar-félagið Árborg, Flóahreppur, Hveragerðisbær, Bláskóga-byggð, Grímsnes- og Grafn-ingshreppur, Hrunamanna-hreppur, Skeiða- og Gnúp-verjahreppur | 26,63 | 418 | 47 | 494 | |
| 48 | Tónskóli Mýrdælinga | Mýrdalshreppur | 1 | 42 | 1 | 47 | |
| 49 | Tónlistarskóli Skaftárhrepps | Skaftárhreppur | 1 | 21 | 0 | 21 | |
| 50 | Tónlistarskóli Rangæinga | Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Ásahreppur | 9 | 117 | 4 | 266 | [7] |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | **369,9** | **6.877** | **708** | **8.281** | |

**Athugasemdir:**

[1] Þjónustusamningur við 19 einkaskóla.

[2] Að auki 34 í forskóla.

[3] Þrír í framhaldsskóla eða eldri.

[4] Að auki 31 fullorðinn og 34 leikskólabörn.

[5] Tónlistardeildin á Hallormsstað er rekin í samvinnu með Fljótsdalshreppi.

[6] 168 nemendur alls ef forskólanemendur eru taldir með.

[7] Að auki 128 forskólanemendur á grunnskólaaldri.

**Tónlistarnemar í Reykjavík, samkvæmt námsstigum.**

| Skóli | Fornám | Grunn-nám | Miðnám | Fram-haldsnám | Nám á háskólastigi | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Allegro | 8 | 83 | 22 | | | 113 |
| Domus Vox | 47 | 16 | 19 | 1 | | 83 |
| DoReMi | 42 | 138 | 22 | 2 | | 204 |
| Gítarskóli Íslands | 3 | 139 | 3 | 2 | | 147 |
| Nýi söngskólinn Hjartansmál | 2 | 49 | 36 | 25 | 6 | 118 |
| Nýi tónlistarskólinn | 4 | 145 | 39 | 23 | 1 | 212 |
| Píanóskóli Þorsteins Gauta | 11 | 115 | 26 | 5 | | 157 |
| Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík | | 181 | 28 | | | 209 |
| Söngskólinn í Reykjavík | | 69 | 47 | 74 | | 190 |
| Tónlistarskóli Árbæjar | 39 | 141 | 5 | 2 | | 187 |
| Tónlistarskóli FÍH | | 50 | 52 | 29 | | 131 |
| Tónlistarskólinn í Grafarvogi | 30 | 98 | 54 | 11 | | 193 |
| Tónlistarskólinn í Reykjavík | 4 | 29 | 92 | 77 | 2 | 204 |
| Tónmenntaskóli Reykjavíkur | 42 | 139 | 52 | 2 | | 235 |
| Tónskóli Sigursveins | 132 | 354 | 104 | 48 | | 638 |
| Tónskóli Eddu Borg | 31 | 124 | 19 | | | 174 |
| Tónskóli grunnskólanna í Grafarvogi | 13 | 34 | 8 | 1 | | 56 |
| Tónskóli Hörpunnar | 93 | 246 | 9 | 1 | | 349 |
| Tónstofa Valgerðar | | 66 | 3 | | | 69 |
| **Samtals** | **501** | **2.216** | **640** | **303** | **9** | **3.669** |

**Fjöldi reykvískra tónlistarnemenda, eftir póstnúmeri.**

| | Póstnúmer | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **101** | **103** | **104** | **105** | **107** | **108** | **109** | **110** | **111** | **112** | **113** | **116** | **Sam-tals** |
| Allegro | 11 | 2 | 5 | 14 | 11 | 9 | 7 | 8 | | 9 | 3 | | 79 |
| Domus Vox | 13 | 2 | 3 | 14 | 9 | 11 | 5 | 5 | 2 | 3 | 4 | | 71 |
| DoReMi | 34 | | | 1 | 131 | | | 1 | 1 | | | | 168 |
| Gítarskóli Íslands | 9 | 1 | 13 | 7 | 10 | 20 | 6 | 5 | | 13 | | | 84 |
| Nýi söngskólinn Hjartansmál | 14 | 1 | 10 | 13 | 9 | 9 | 5 | 4 | 3 | 13 | 1 | | 82 |
| Nýi tónlistarskólinn | 6 | 4 | 34 | 34 | 10 | 72 | 7 | 7 | | 9 | 1 | | 184 |
| Píanóskóli Þorsteins Gauta | 15 | | 9 | 27 | 6 | 40 | 9 | 7 | 3 | 5 | 4 | 1 | 126 |
| Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík | 26 | 1 | 14 | 26 | 21 | 16 | 5 | 13 | | 20 | 3 | | 145 |
| Söngskólinn í Reykjavík | 29 | 1 | 15 | 22 | 15 | 17 | 26 | 11 | 4 | 18 | 5 | 1 | 164 |
| Tónlistarskóli Árbæjar | 1 | | | 1 | | 2 | 1 | 96 | 1 | 4 | 79 | | 185 |
| Tónlistarskóli FÍH | 26 | 2 | 7 | 20 | 24 | 11 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 | | 113 |
| Tónlistarskólinn í Grafarvogi | | | 2 | 4 | | 4 | 2 | 5 | | 167 | 5 | 1 | 190 |
| Tónlistarskólinn í Landakoti | 19 | | | 2 | 8 | 1 | 1 | | | | | | 31 |
| Tónlistarskólinn í Reykjavík | 45 | | 12 | 28 | 34 | 19 | 5 | 4 | 2 | 11 | | | 160 |
| Tónmenntaskóli Reykjavíkur | 73 | 1 | 15 | 59 | 46 | 28 | 5 | 2 | | 4 | | | 233 |
| Tónskóli Sigursveins | 57 | 2 | 78 | 134 | 32 | 62 | 40 | 89 | 49 | 30 | 11 | | 584 |
| Tónskóli Eddu Borg | | | 1 | 6 | | 4 | 142 | 4 | 4 | 1 | 3 | | 165 |
| Tónskóli grunnskólanna í Grafarvogi | | | | | | | | | | 54 | | | 54 |

| | Póstnúmer | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 101 | 103 | 104 | 105 | 107 | 108 | 109 | 110 | 111 | 112 | 113 | 116 | Samtals |
| Tónskóli Hörpunnar | 1 | | 4 | 1 | | 22 | 4 | 27 | 2 | 274 | 2 | 2 | 339 |
| Tónstofa Valgerðar | 5 | 1 | 9 | 13 | 3 | 6 | 2 | 2 | | 9 | | | 50 |
| **Samtals** | **384** | **18** | **231** | **426** | **369** | **353** | **277** | **297** | **75** | **650** | **122** | **5** | **3.207** |
| Reykjavíkurborg greiðir framlag með 2.554 nemendum í tónlistarskólum. | | | | | | | | | | | | | |

# 1137. Svar [599. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*

Á undanförnum árum hafa átt sér stað umfangsmiklar breytingar á skipulagi heilbrigðisþjónustunnar utan höfuðborgarsvæðisins. Þær hafa einkum falið í sér sameiningu heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa í eina sameiginlega heilbrigðisstofnun á tilteknum landsvæðum. Víðtækustu sameiningarnar hafa átt sér stað á Vestfjörðum, Austurlandi, Norðurlandi eystra, Suðurlandi og á Suðurnesjum. Nú er unnið að frekari sameiningu á Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Í dag eru alls starfræktar 15 slíkar stofnanir á landsbyggðinni. Í frumvarpi til heilbrigðislaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að landinu verði skipt í sjö heilbrigðisumdæmi og er gert ráð fyrir að ein heilbrigðisstofnun með mörgum starfseiningum í hverju umdæmi verði þungamiðja heilbrigðisþjónustunnar á því svæði.

Þessar breytingar hafa stuðlað að ákveðinni hagkvæmni í rekstri heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni en jafnframt orðið til þess að styrkja þær faglega. Nú starfa fleiri sérhæfðir starfsmenn við þessar stofnanir en áður var og skilyrði hafa skapast fyrir því að landsbyggðarstofnanirnar geti þjónað fólki á vissum sérsviðum samhliða grunnverkefnum þeirra. Jafnhliða hefur heimsóknum sérfræðinga til margra heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni fjölgað á undanförnum árum.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er fjöldi ársverka í heilbrigðisþjónustunni á landsbyggðinni í heild svipaður á tímabilinu 2005–2007. Dæmi eru um fjölgun, t.d. á Austurlandi. Þar hefur ársverkum hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands fjölgað úr 225 í 242 á þessu tímabili. Í heild eru ársverk hjá heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið rúmlega 2.100 og eru þessar stofnanir með stærstu vinnustöðum í mörgum sveitarfélögum. Í þessum tölum eru ekki upplýsingar um fjölda ársverka sem unnin eru á sjálfseignarstofnunum í öldrunarþjónustunni.

Nýtt launabókhald ríkisins býður nú frá og með árinu 2007 upp á víðtækari möguleika á því að vinna yfirlit um fjölda ársverka og fjölda einstaklinga sem starfa innan heilbrigðisþjónustunnar, hvort sem um er að ræða skiptingu eftir stofnunum, stéttarfélögum eða landsvæðum. Á komandi árum ætti starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins því auðveldlega að geta tekið saman nákvæm yfirlit og upplýsingar um þróun opinberra starfa á landsbyggðinni og þannig gefið skýra mynd af stöðu byggðaáætlunar fyrir 2006–2009.

*2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Á árinu 2004 gaf ráðuneytið út áfangaskýrslu um flutning verkefna á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga. Skýrslan var unnin af nefnd undir forustu Sæunnar Stefánsdóttur, fyrrverandi aðstoðarmanns ráðherra, og var henni ætlað að verða grundvöllur fyrir frekari umræður og tillögur um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Á sama tíma var ráðist í gerð mannaflaspár fyrir heilbrigðisþjónustuna á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Fyrsta spáin var birt skömmu fyrir síðustu áramót og er þess vænst að á næstu árum verði mögulegt að gera nákvæmari áætlanir og spár til lengri tíma um þróun starfsmannafjölda fyrir landið í heild og einstaka hluta þess.

Niðurstöður umræddra skýrslna verða hafðar til hliðsjónar við gerð tillagna um fjárveitingar til heilbrigðisþjónustunnar, hvort sem um er að ræða starfsemi á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu.

## 1138. Breytingartillaga [464. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Björgvini G. Sigurðssyni.

Við 5. gr.

a. Við a-lið bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. og orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að taka sérstakt tillit til aðstæðna flóttamanna og fólks sem veitt hefur verið dvalarleyfi af mannúðarástæðum.
b. Í stað orðanna „þrjú ár“ í 5. tölul. 1. mgr. c-liðar komi: tvö ár.

## 1139. Breytingartillaga [77. mál]

við till. til þál. um samvinnu vestnorrænna landa og upplýsingamiðlun í baráttunni gegn reykingum.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að auka samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands í baráttunni gegn reykingum. Upplýsingamiðlun milli landanna verði efld og haldin námsstefna fyrir vestnorrænar heilbrigðisstéttir um málið.

## 1140. Breytingartillaga [78. mál]

við till. til þál. um kennslu vestnorrænnar menningar í grunnskólum.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að skora á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að tekin verði upp kennsla í grunnskólum landanna um sögu, þjóðfélagsgerð, menningu og tungumál vestnorrænna nágrannaþjóða.

## 1141. Breytingartillaga [83. mál]

við till. til þál. um útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands (Hoyvíkur-samningsins).

Frá Jóni Kristjánssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að ræða við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um möguleikann á því að útvíkka fríverslunarsamninginn sem Færeyjar og Ísland hafa gert (Hoyvíkur-samninginn).

## 1142. Breytingartillaga [84. mál]

við till. til þál. um sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að hún móti í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd.

## 1143. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til l. um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Við 19. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal ráðherra setja með reglugerð nánari ákvæði um lágmarksréttindi til skipstjórnar og vélgæslu á björgunarskipum sem gegna sérhæfðu hlutverki. Björgunarskip skulu mönnuð skipstjórnarmönnum sem hafi að lágmarki 30 brúttórúmlesta réttindi eða önnur sambærileg réttindi og sem hlotið hafa þjálfun á sérstökum námskeiðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Slysavarnaskóla sjómanna.

2. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „allt að 12 metrum eða minna“ í 4. mgr. komi: sem eru 12 metrar og styttri.
3. Við viðauka. Í stað orðanna „12 metrar eða minna“ í töflu undir liðnum *Skipstjóri/stýrimaður* komi: 12 metrar.

## 1144. Svar [477. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um sérstakar aðgerðir til að bæta stöðu fólks við fyrstu íbúðarkaup.

1. *Hvert var kaupverð meðalstórrar þriggja herbergja íbúðar á höfuðborgarsvæðinu, annars vegar nýrrar og hins vegar eldri íbúðar, í janúarmánuði hvers árs á tímabilinu 2002–2007 og hvert var nauðsynlegt eigið fé íbúðarkaupenda miðað við að kaupin væru að öðru leyti fjármögnuð með lánum Íbúðalánasjóðs og viðkomandi ætti fullan rétt á hámarksláni eins og það var á hverjum tíma? Óskað er eftir að sýnd verði greiðslubyrði lánanna á hverju tímabili fyrir sig.*

Við vinnslu svarsins var aflað upplýsinga frá Fasteignamati ríkisins og Íbúðalánasjóði. Sjá töflur 1–4. Gengið er út frá áætluðu kaupverði í janúar 2007. Í öllum tilvikum er miðað við 40 ára lánstíma og ekki er tekið tillit til yfirverðs eða affalla af húsbréfum. Miðað er við 5,1% vexti á árunum 2002–2004 en rétt er að hafa í huga að vextir viðbótarlána voru á þessum tíma nokkru hærri eða 5,3%.

2. *Telur ráðherra ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða til að bæta stöðu þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð? Ef svo er, hvaða aðgerða og hvenær má vænta að þær komist í framkvæmd?*

Reglugerð um breytingu á reglugerð um lánshlutfall og fjárhæð ÍLS-veðbréfa, nr. 156/2007, tók gildi 1. mars sl. Með þeirri breytingu var lánshlutfall almennra lána hækkað úr 80% í 90%. Hámarkslánsfjárhæð almennra lána hækkaði jafnframt úr 17 millj. kr. í 18 millj. kr. Þessi breyting mun ekki síst nýtast þeim sem kaupa sína fyrstu íbúð. Sú breyting sem kæmi þeim hópi best er að afnema þá reglu að takmarka lánsfjárhæð við brunabótamat íbúðar að viðbættu lóðarmati. Það mál hefur verið til athugunar í félagsmálaráðuneytinu og hjá Íbúðalánasjóði og er vilji til þess að afnema þetta skilyrði. Engin ákvörðun liggur þó enn fyrir um hvort eða hvenær ráðist yrði í þessa breytingu. Ákvörðun í því efni verður meðal annars tekin í samráði við fjármálaráðuneytið með hliðsjón af stöðu efnahagsmála.

**Tafla 1 - Kaup á eldra íbúðarhúsnæði án viðbótarláns.**

| Ár | Meðalverð 3 herb. íbúða | Láns-hlutfall % | Almennt lán | Eigið fé | Vextir | Greiðslubyrði Við upphaf lánstíma | Í dag | Vísitala |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2002** | 11.000.000 | 70% | 7.700.000 | 3.300.000 | 5,10% | 37.641 | 45.649 | **219,5** |
| **2003** | 11.900.000 | 70% | 8.000.000 | 3.900.000 | 5,10% | 39.107 | 46.495 | **223,9** |
| **2004** | 12.700.000 | 70% | 8.890.000 | 3.810.000 | 5,10% | 43.458 | 50.298 | **230,0** |
| **2005** | 15.700.000 | 90% | 14.130.000 | 1.570.000 | 4,15% | 60.380 | 67.252 | **239,0** |
| **2006** | 19.300.000 | 90% | 15.900.000 | 3.400.000 | 4,70% | 73.537 | 78.648 | **248,9** |
| **2007** | 21.230.000 | 80% | 16.984.000 | 4.246.000 | 4,95% | 81.335 | 81.335 | **266,2** |

Kaupverð íbúðar í janúar 2007 er áætlað sem 10% hækkun frá fyrra ári.

Reglur um hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa skerða lánsrétt lántaka v/2003 og 2006.

**Tafla 2 - Kaup á eldra íbúðarhúsnæði með viðbótarláni** (hætt var að veita viðbótarlán í árslok 2004).

| Ár | Meðalverð 3 herb. íbúða | Láns-hlutfall % | Almennt lán | Eigið fé | Vextir | Greiðslubyrði Við upphaf lánstíma | Í dag | Vísitala |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2002** | 11.000.000 | 90% | 9.900.000 | 1.100.000 | 5,10% | 48.395 | 58.691 | **219,5** |
| **2003** | 11.900.000 | 90% | 10.710.000 | 1.190.000 | 5,10% | 52.355 | 62.246 | **223,9** |
| **2004** | 12.700.000 | 90% | 11.430.000 | 1.270.000 | 5,10% | 55.874 | 64.668 | **230,0** |
| **2005** | 15.700.000 | 90% | 14.130.000 | 1.570.000 | 4,15% | 60.379 | 67.251 | **239,0** |
| **2006** | 19.300.000 | 90% | 15.900.000 | 3.400.000 | 4,70% | 73.537 | 78.648 | **248,9** |
| **2007** | 21.230.000 | 80% | 16.984.000 | 4.246.000 | 4,95% | 81.334 | 81.334 | **266,2** |

Kaupverð íbúðar í janúar 2007 er áætlað sem 10% hækkun frá fyrra ári.

Reglur um hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa skerða lánsrétt lántaka v/2006.

**Tafla 3 - Kaup á nýju íbúðarhúsnæði án viðbótarláns.**

| Ár | Meðalverð 3 herb. íbúða | Láns-hlutfall % | Almennt lán | Eigið fé | Vextir | Greiðslubyrði Við upphaf lánstíma | Í dag | Vísitala |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2002** | 12.300.000 | 70% | 8.610.000 | 3.690.000 | 5,10% | 42.089 | 51.044 | **219,5** |
| **2003** | 13.300.000 | 70% | 9.000.000 | 4.300.000 | 5,10% | 43.995 | 52.307 | **223,9** |
| **2004** | 13.600.000 | 70% | 9.520.000 | 4.080.000 | 5,10% | 46.537 | 53.862 | **230,0** |
| **2005** | 16.200.000 | 90% | 14.580.000 | 1.620.000 | 4,15% | 62.303 | 69.394 | **239,0** |
| **2006** | 20.200.000 | 90% | 15.900.000 | 4.300.000 | 4,70% | 73.537 | 78.648 | **248,9** |
| **2007** | 22.220.000 | 80% | 17.000.000 | 5.220.000 | 4,95% | 81.411 | 81.411 | **266,2** |

Kaupverð íbúðar í janúar 2007 er áætlað sem 10% hækkun frá fyrra ári.

Reglur um hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa skerða lánsrétt lántaka v/2003, 2006 og 2007.

**Tafla 4 - Kaup á nýju íbúðarhúsnæði með viðbótarláni** (hætt var að veita viðbótarlán í árslok 2004).

| Ár | Meðalverð 3 herb. íbúða | Láns-hlutfall % | Almennt lán | Eigið fé | Vextir | Greiðslubyrði Við upphaf lánstíma | Í dag | Vísitala |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2002** | 12.300.000 | 90% | 11.070.000 | 1.230.000 | 5,10% | 54.114 | 65.627 | **219,5** |
| **2003** | 13.300.000 | 90% | 11.970.000 | 1.330.000 | 5,10% | 58.514 | 69.569 | **223,9** |
| **2004** | 13.600.000 | 90% | 12.240.000 | 1.360.000 | 5,10% | 59.834 | 69.251 | **230,0** |
| **2005** | 16.200.000 | 90% | 14.580.000 | 1.620.000 | 4,15% | 62.303 | 69.394 | **239,0** |
| **2006** | 20.200.000 | 90% | 15.900.000 | 4.300.000 | 4,70% | 73.537 | 78.648 | **248,9** |
| **2007** | 22.220.000 | 80% | 17.000.000 | 5.220.000 | 4,95% | 81.411 | 81.411 | **266,2** |

Kaupverð íbúðar í janúar 2007 er áætlað sem 10% hækkun frá fyrra ári.

Reglur um hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa skerða lánsrétt lántaka v/2006 og 2007.

## 1145. Nefndarálit [638. mál]

um frv. til l. um breyt. á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Harald Briem sóttvarnalækni.

Með frumvarpi þessu er m.a. verið að laga íslenskan rétt að nýrri alþjóðaheilbrigðisreglugerð sem samþykkt var á vegum alþjóðaheilbrigðisþingsins og öðlast gildi 15. júní 2007. Þá er m.a. lagt til að kveðið verði nánar á um skyldur heilbrigðisfulltrúa, heilbrigðisnefnda og dýralækna í tengslum við opinberar sóttvarnaráðstafanir.

Nefndin leggur til að 3. gr. frumvarpsins um að embætti sóttvarnalæknis beri ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra falli brott. Í samræmi við þetta leggur nefndin til að b-liður 4. gr. frumvarpsins falli brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sæunn Stefánsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Valdimar L. Friðriksson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 13. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, form., frsm. | Drífa Hjartardóttir. | Ásta R. Jóhannesdóttir. |
| Guðrún Ögmundsdóttir. | Pétur H. Blöndal. | Kristján L. Möller. |
| Guðjón Hjörleifsson. | | Þuríður Backman. |

## 1146. Breytingartillögur [638. mál]

við frv. til l. um breyt. á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 3. gr. falli brott.
2. B-liður 4. gr. falli brott.

# 1147. Skýrsla [698. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um 117. fund framkvæmdastjórnar WHO í Genf 23.–28. janúar 2006, alþjóðaheilbrigðisdaginn 7. apríl 2006, 59. alþjóðaheilbrigðisþingið í Genf 22.–27. maí 2006, sérstakan fund framkvæmdastjórnarinnar í Genf 23. maí 2006, 118. fund framkvæmdastjórnar WHO í Genf 29. maí–1. júní 2006 og fund svæðisnefndar WHO í Evrópu í Kaupmannahöfn 11.–14. september 2006, 119. fund framkvæmdastjórnar WHO í Genf 6.–8. nóvember 2006 og sérstakan fund alþjóðaheilbrigðisþingsins í Genf 9. nóvember 2006.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) var samþykkt 22. júlí 1946 á sérstöku alþjóðlegu heilbrigðismálaþingi. Stofnunin sjálf tók ekki til starfa fyrr en 7. apríl 1948 þegar 26 af 61 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna höfðu staðfest stofnskrána. Aðildarríki WHO eru nú 193.

Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Genf en auk þess fer stór hluti starfseminnar fram í sex svæðisnefndum og skrifstofum þeirra. Svæðisskrifstofurnar eru í eftirtöldum löndum:

- Kongó (Brazzaville).
- Bandaríkjunum (Washington).
- Egyptalandi (Alexandríu).
- Danmörku (Kaupmannahöfn).
- Indlandi (Nýju-Delhi).
- Filippseyjum (Maníla).

Alþjóðaheilbrigðisþingið, sem haldið er einu sinni á ári, er sá vettvangur sem tekur helstu ákvarðanir varðandi starfsemi WHO og markar stefnu stofnunarinnar á hverjum tíma. Framkvæmdastjórnin, sem kemur saman tvisvar á ári, er hins vegar framkvæmdanefnd þingsins. Svæðisnefndir WHO koma saman einu sinni á ári, í eina til tvær vikur hverju sinni. Þess á milli starfa fastanefndir svæðisskrifstofanna.

Meginmarkmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er að stuðla að sem bestu heilsufari allra jarðarbúa. Heilbrigði er skilgreint í stofnskrá WHO sem svo að það feli í sér fullkomið líkamlegt, andlegt og félagslegt velferði, ekki einungis firð sjúkdóma og vanheilinda.

Helstu viðfangsefni WHO eru:

- Leiðsögn í heilbrigðismálum á heimsvísu.
- Samvinna við ríkisstjórnir á sviði áætlanagerðar, stjórnunar og mats á framkvæmd aðgerða í heilbrigðismálum.
- Þróun og miðlun viðeigandi heilbrigðistækni, upplýsinga og gæðastaðla fyrir heilbrigðisþjónustu.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin starfar í nánu samstarfi við aðildarríkin, alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir og samtök, frjáls félagasamtök og sérhæfðar miðstöðvar á ýmsum sviðum heilbrigðismála. Jafnframt tengist starfsemi WHO viðfangsefnum margra annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna.

WHO hefur einkum náð árangri á sviði tóbaksvarna, smitsjúkdóma og með lækkun dánartíðni og lengingu lífs, dreifingu lífsnauðsynlegra lyfja og aðgerðum til þess að bæta heilsufarið í borgum heimsins. Verkefnin fram undan eru hins vegar óþrjótandi og má þar m.a. nefna aðgerðir til þess að tryggja heilbrigði allra, hefta útbreiðslu nýrra og eldri sjúk-

dóma, koma á nánari samvinnu þeirra sem vinna að heilbrigðismálum, bæta umhverfið og stuðla að heilsusamlegum lífsháttum fólks.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gegnt forustuhlutverki á sviði heilbrigðismála í heiminum um áratugaskeið. Á síðustu árum hafa hins vegar alþjóðlegar stofnanir eins og Alþjóðabankinn, Heimssjóðurinn í baráttu gegn alnæmi, berklum og malaríu (e. The Global Fund to Fight AIDS, Tuberculosis and Malaria) auk svæðisbundinna fjárfestingarbanka og einkaaðila, svo sem stofnun Bill og Melinda Gates, orðið æ meira áberandi á heilbrigðissviðinu. Hefur það aðallega komið til af því að fjárhagslegur stuðningur og lánafyrirgreiðsla við einstök lönd hefur í vaxandi mæli tengst ákveðnum aðgerðum í heilbrigðismálum.

## 117. FUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR WHO Í GENF 23.–28. JANÚAR 2006

### 1. Inngangur.

Framkvæmdastjórnin hittist að venju tvisvar á ári. Fyrri fundurinn er haldinn í janúar og sá seinni í maí í beinu framhaldi af alþjóðaheilbrigðisþinginu sem haldið er ár hvert. Framkvæmdastjórnin fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar en í henni sitja 34 fulltrúar. Sæti stjórnarinnar skiptast milli svæða á þann hátt að Evrópa hefur átta sæti, Afríka sjö sæti, Norður- og Suður-Ameríka sex sæti, Austur-Miðjarðarhaf fimm sæti, Vestur-Kyrrahaf fimm sæti og Suðaustur-Asía þrjú sæti. Fyrir framkvæmdastjórnina eru lagðar skýrslur frá skrifstofu framkvæmdastjóra stofnunarinnar, eins konar greinargerðir og oft með tillögum eða ályktunum. Þegar þær hafa verið afgreiddar fara þær til endanlegrar staðfestingar á alþjóðaheilbrigðisþingi stofnunarinnar. Fundina sækja ásamt fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar áheyrnarfulltrúar margra aðildarríkja og aðrir hagsmunaaðilar, svo sem frjáls félagasamtök.

Fundurinn átti að vera síðasti framkvæmdastjórnarfundurinn sem fulltrúi Íslands sæti, á tímabili sínu í stjórninni, þar sem hver fulltrúi er kosinn til þriggja ára í senn. Þess má geta að efnt var til aukafundar stjórnarinnar í maí sama ár sem Ísland sat og greint verður frá síðar í skýrslunni. Fulltrúi Íslands, Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, gegndi einnig á tímabilinu, frá maí 2004 til maí 2005, stöðu formanns framkvæmdastjórnarinnar. Með aðild að framkvæmdastjórninni svo og formannssetunni hefur Ísland fengið tækifæri til þess að koma að mikilvægum ákvörðunum um starfsemi og stefnu WHO. Ísland hefur í stjórnartíð sinni lagt megináherslu á málefni kvenna, barna og ungmenna sem víða um heim búa við bág kjör. Ísland hefur að auki lagt áherslu á að efla heilsusamlega lífshætti, svo sem stuðla að aukinni hreyfingu, hollu mataræði og lagt baráttunni gegn ofneyslu áfengis lið. Einnig hefur Ísland lagt áherslu á málefni fatlaðra. Ísland hefur jafnframt staðið að og unnið að í samstarfi við önnur aðildarríki að gerð fjölda ályktana á tímabili sínu í stjórninni.

Á fundinum voru samþykktar samtals 13 ályktanir og sóttu fundinn, fyrir Íslands hönd, Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Sveinn Magnússon skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir skrifstofustjóri, Helgi Már Arthúrsson upplýsingafulltrúi og Haraldur Briem, sóttvarnalæknir landlæknisembættisins.

### 2. Ræða framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri WHO, dr. Lee Jong-wook, lagði í upphafsræðu sinni áherslu á forgangsmálefni stofnunarinnar. Hann fór einnig yfir atburði liðins ár og þau markmið sem stofnunin þyrfti að huga að í framtíðinni. Við upphaf aldarinnar hefði áhersla verið lögð á tengslin milli fátæktar, heilsu og þróunar. Á seinni hluta þessa áratugar yrði mjög mikilvægt

að halda þessari vinnu áfram en nýtt málefni, heilsa og öryggi, hefði litið dagsins ljós og yrði það jafnframt þema alþjóðaheilbrigðisdagsins árið 2007.

Meðal þeirra erfiðu viðfangsefna sem stofnunin stæði nú frammi fyrir væru fuglaflensa og inflúensa. Aðildarríki þyrftu að vera viðbúin því að faraldur brytist út án fyrirvara og nefndi dr. Lee í því sambandi tilfelli sem upp komu í Tyrklandi árið áður þar sem fyrirvaralaust kom upp fuglaflensusmit í mönnum þótt ekki hefði áður greinst sýking í fiðurfénaði á þeim slóðum. Þessi tilfelli hefðu minnt heiminn á hversu mikilvæg skilvirk eftirlits- og viðvörunarkerfi væru. Dr. Lee blés á gagnrýnisraddir sem hefðu haldið því fram að stofnunin gerði of mikið úr þessari ógn. Hann taldi að eina leiðin til að minnka skaða hugsanlegs faraldurs á menn og efnahag væri að taka ógnina alvarlega og standa vel að viðbúnaði. Þetta væri heimsvandamál og kæmi því öllum þjóðum við. Stofnunin hefði útbúið aðgerðaáætlun varðandi inflúensu sem tæki til næstu tveggja ára en væri háð innleiðingu aðildarríkjanna. Án samvinnu þjóða væri aðgerðaáætlunin þó einungis gagnslaust plagg. Til að geta brugðist við ógn sem þessari þyrfti mikla fjármuni. Sameinuðu þjóðirnar hefðu nú þegar safnað 1,9 milljörðum bandaríkjadala til þessa verkefnis. Af þeirri upphæð var óskað eftir því að 100 milljónir bandaríkjadala yrðu eyrnamerktar WHO. Dr. Lee sagðist mundu fylgjast grannt með umræðum framkvæmdastjórnarinnar um að framfylgja án tafar völdum ákvæðum endurskoðaðrar reglugerðar um hindrun útbreiðslu sjúkdóma, sem snúa að inflúensu.

Því næst tók dr. Lee fyrir útrýmingu mænusóttar en hann sagði það eitt af þeim dæmum þar sem miklar framfarir hefðu náðst vegna skuldbindingar alþjóðasamfélagsins. Við upphaf árs 2006 hafði sjúkdómurinn verið landlægur í einungis fjórum löndum og væri það lægsta tíðni hans í sögunni. Þjóðir heims væru við það að útrýma mænusótt. Fyrstu mænusóttartilvikin mætti rekja til Egyptalands aftur um 5 þúsund ár en Egyptaland hefði nú verið mænusóttarfrítt í heilt ár. Útbreiðslu mænusóttar hefur náðst að stöðva í 14 af 21 landi sem orðið hefði fyrir endursmiti á árinu 2005 en þessi árangur hefði einungis náðst vegna tilstuðlan nýrra lyfja gegn mænusótt og skuldbindinga alþjóðasamfélagsins. Hvatti hann aðildarríki til að styðja áfram við átakið.

Dr. Lee tók næst fyrir alnæmi og sagði að fyrir tveimur árum hefði WHO ásamt sameiginlegri áætlun Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmi (UNAIDS) og Heimssjóðnum gegn alnæmi, berklum og malaríu sett af stað átak þar sem veita átti 3 milljónum manna í Afríku alnæmislyfjameðferð fyrir árslok 2005. Þetta takmark hefði því miður ekki náðst en herferðin hefði stuðlað að mikilli hugarfarsbreytingu þar sem sýnt hefði verið fram á að vinna þyrfti saman að forvörnum, meðferð og aðhlynningu vegna sjúkdómsins. Hann hélt því fram að átakið hafði verið hvati að því að G-8 hópur ríkja hefði á þúsaldarfundi Sameinuðu þjóðanna komist að þeirri niðurstöðu að víkka þyrfti átakið og tryggja að allir alnæmissjúkir fengju aðhlynningu og meðferð. Stofnunin og aðildarríki hefðu því breytt áherslunni frá því að ná til einungis 3 milljóna í að ná til allra sem á þyrftu að halda. Notast hefði verið við nýtt og einfalt fyrirkomulag varðandi meðferð og umönnun sem virtist skila miklum árangri, jafnvel þar sem aðföng væru af skornum skammti. Við lok árs 2005 hefðu 81 lyf við sjúkdómnum verið forskráð af stofnuninni. Fjöldi alnæmislyfja hefði aukist og verð margra þeirra lækkað í kjölfarið. Hann lagði áherslu á að þegar lyfjagjöf væri hafin mætti ekki hætta henni og hefðu því margar ríkisstjórnir tekið á sig miklar skuldbindingar til að geta veitt alnæmissjúkum þegnum sínum lyfjameðferð til framtíðar.

Að lokum greindi dr. Lee frá því að honum væri ánægja að tilkynna að fyrsti fundur aðildarríkja tóbaksvarnasamnings stofnunarinnar yrði haldinn í febrúar árið 2006.

Davíð Á. Gunnarsson þakkaði framkvæmdastjóranum fyrir ræðuna og þann árangur sem stofnunin hefði náð undir handleiðslu hans, sérstaklega varðandi fátækt, öryggi og félagslega áhrifaþætti á heilsu. Hann harmaði að ekki hefði náðst markmiðið um að veita 3 milljónum manna í Afríku alnæmislyf fyrir lok ársins 2005 en studdi að átakinu yrði haldið áfram þar sem það væri hvati að frekari aðgerðum. Að lokum sagði hann að nýafstaðnir jarðskjálftar í Suður-Asíu hefðu sýnt að stofnunin hefði þá getu sem til þarf til að bregðast skjótt við.

**3. Helstu umræðuefni fundarins.**

*3.1 Jarðskjálfti í Suður-Asíu: viðbrögð WHO.*

Hinn 8. október 2005 olli jarðskjálfti af stærðinni 7,6 á Richterkvarða miklum hamförum í norðurhluta Pakistan, Indlandi og Afganistan. Ósk um aðstoð frá stofnuninni kom aðallega frá Pakistan þar sem 73 þúsund manns létust. Sýnt var á fundinum myndbrot af því mikla starfi sem íbúar, stjórnvöld og alþjóðasamfélagið hefðu unnið á jarðskjálftasvæðunum í Pakistan. Talsmaður WHO sagði að aðgerðir stofnunarinnar bæði á Indlandi og í Pakistan hefðu verið skjótar og árangursríkar. Þrátt fyrir umfangsmiklar aðgerðir væri enn margt ógert vegna stærðargráðu hamfaranna og slæmra veðurskilyrða. Í framhaldi af umræðunni lagði fulltrúi Pakistan fram ályktun þar sem meðal annars var kallað eftir aðgerðum af hálfu aðildarríkja og WHO varðandi viðbúnað við slíkum hamförum.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og sagði nauðsynlegt að stofnunin væri svo búin að hún gæti brugðist við hamförum og heilsuógn án fyrirvara. Viðbrögð heimamanna skiptu mestu máli fyrsta sólarhringinn eftir að neyðarástand skapaðist en eftir það væri utanaðkomandi aðstoð mjög mikilvæg. Ísland styddi ályktun Pakistan í megindráttum en gæti, líkt og aðrar þjóðir, ekki stutt stofnun sérstaks sjóðs um neyðaraðstoð þar sem margir væru á móti þeirri hugmynd að stofna enn einn sjóðinn. En hins vegar lagði hann til breytingartillögu við ályktun Pakistan þar sem WHO, í samræmi við verksvið sitt, væri tryggt svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og aðildarríki hvött til að aðstoða stofnunina hvað það varðaði. Önnur ríki kynntu síðan aðrar breytingartillögur og var ákveðið að framkvæmdastjórnin kæmist að niðurstöðu um ályktunina fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið sama ár.

*3.2 Efling viðbúnaðar og viðbragða við inflúensufaraldri.*

Þónokkur umræða var um viðbúnað við hugsanlegum heimsfaraldri inflúensu. Greint var frá útbreiðslu H5N1 veirunnar í Suðaustur-Asíu og í Evrópu og hvaða líkur væru á því að faraldur mundi brjótast út. Í Evrópu hafði sjúkdómsins verið vart í Rússlandi, Kasakstan, Rúmeníu og Króatíu og ný tilvik hefðu einnig komið upp í Tyrklandi rétt fyrir fundinn. Minnst var á fund um fuglaflensu og inflúensu sem haldinn var í nóvember 2005 en þar voru þjóðir beðnar um að framfylgja án tafar völdum ákvæðum endurskoðaðrar reglugerðar um hindrun útbreiðslu sjúkdóma (e. International Health Regulations). Völdu ákvæðin sneru að inflúensu en reglugerðina í heild sinni á ekki að innleiða fyrr en í maí 2007.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og hvatti aðildarríki til að framfylgja fyrrnefndum ákvæðum án tafar og studdi hann ályktunina sem lá fyrir þess efnis. Mikilvægt væri að gæta að gegnsæi í öllum vinnubrögðum hvað þetta varðaði. Taka þyrfti fyrir hvernig bæta mætti þeim bændum skaðann sem þurft hefðu að farga fiðurfénaði sínum vegna sjúkdómsins eða gruns um hann. Mikil þörf væri á nýjum bóluefnum og bað hann stofnunina um að fylgjast vel með þeirri þróun og miðla upplýsingum til aðildarríkja.

*3.3 Alþjóðaviðskipti og heilsa.*

Þessi umræða hófst upphaflega á fundi stjórnarinnar í maí 2004 þegar Taíland lagði fram drög að ályktun um alþjóðaviðskipti og heilbrigði en í ljósi fjölda athugasemda sem komu frá framkvæmdastjórninni dróst það að niðurstaða fengist í málinu þar til nú. Á sínum tíma virtust aðildarríkin ekki tilbúin að ræða þessi mál og komu fram athugasemdir um að stofnunina vantaði sérfræðiþekkingu um viðskipti til að geta tekið fullnægjandi á þessum málum. Einnig var bent á að málaflokkurinn væri of víðtækur og ekki ljóst hvert markmiðið væri. Margir höfðu lagt áherslu á að umræðan ætti að fara fram í samráði við aðrar alþjóðastofnanir sem kæmu að viðskiptum, svo sem Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO). Ísland hvatti áður í umræðunni til þess að aukin samskipti og umræða færi fram á milli þeirra sem móta stefnu á heilbrigðissviði og á viðskiptasviði. Augljós þörf væri fyrir viðskiptaþekkingu á heilbrigðissviði og WHO ætti að hafa samstarf við stofnanir sem starfa á þessu sviði. Á fundinum var stofnaður vinnuhópur sem fór yfir þær breytingartillögur sem fyrir lágu og var að lokum samþykkt ályktun sem felur stofnuninni að gefa skýrslu um stöðu mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2008.

*3.4 Útrýming mænusóttar.*

Samþykkt var á þinginu ályktun með tilmælum um hvernig bregðast ætti við mænusóttartilfellum og hvernig hægt væri að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdómsins. Talsmaður WHO gerði grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og hvernig til hefði tekist að uppræta mænusóttartilfelli í Asíu og Afríku. Á árunum 2004–2006 hefðu komið upp mænusóttartilfelli í 21 landi sem áður hefðu verið lýst mænusóttarlaus. Af þessum löndum fyndist mænusótt nú í einungis 7 þeirra. Það hversu skjótt tókst að hefta útbreiðsluna væri að þakka sterkum pólitískum vilja. Tengslanet sem hefði verið byggt upp fyrir bólusetningu barna hefði t.d. einnig verið notað til að dreifa A-vítamíni svo og til að dreifa netum sem notuð eru til varnar malaríu. Tengslanetið hafði einnig verið notað til að meta ástand smitsjúkdóma í Pakistan eftir jarðskjálftann þar árið áður og á sínum tíma þegar HABL (SARS) faraldurinn braust út í Asíu. Miklar umræður sköpuðust um það hvernig hægt væri að nýta tengslanetið og hvert hlutverk þess gæti orðið í baráttunni við aðra smitsjúkdóma en mænusótt.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Norðurlandanna og sagðist fagna framförum sem miðuðu að útrýmingu mænusóttar. Hins vegar hefðu nýafstaðnir atburðir sýnt fram á þörf á viðbragðsáætlun, þar sem í fyrsta skiptið hefði mænusóttartilfelli í löndum sem urðu fyrir endursmiti verið fleiri en í þeim löndum þar sem sjúkdómurinn væri landlægur,. Einnig væri mikilvægt að viðhafa nákvæmt eftirlit með sjúkdómnum og fyrir WHO að veita aðildarríkjum tæknilega aðstoð. Í framhaldi af því sagðist hann styðja ályktunina sem fyrir lá.

*3.5 Alnæmi.*

Tekin voru fyrir tvö málefni er varða alnæmi, annað um aðgengi allra að forvörnum, umönnun og meðferð sjúkdómsins og hitt um næringu og alnæmi. Greint var frá áætlun WHO og sameiginlegri áætlun Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmi (UNAIDS) til að fá þjóðir heims til að ná þeim markmiðum sem miða að því að allir hafi jafnan aðgang að forvörnum, umönnun og meðferð við alnæmi fyrir árið 2010. Bólivía lagði fram ályktun um þetta efni sem var samþykkt eftir töluverða yfirlegu.

Samráðsfundur var haldinn um næringu og alnæmi í Suður-Afríku í apríl 2005 á vegum WHO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO), matvælaáætlunar SÞ (WFP), sameiginlegrar áætlunar SÞ gegn alnæmi (UNAIDS), Flóttamannastofnunar SÞ

(UNHCR), Barnahjálpar SÞ (UNICEF), Alþjóðabankans, Heilbrigðisstofnunar Bandaríkjanna og heilbrigðisráðuneytis Suður-Afríku. Markmið fundarins var að skýra frá nýjustu rannsóknum um samband alnæmis og næringar en fullnægjandi næring er forsenda öflugs ónæmiskerfis alnæmissjúkra. Farið var yfir hvernig Afríkuríkjunum hafði tekist til við að útvega þegnum sínum næg matvæli. Einnig var farið yfir gildi næringar við alnæmislyfjameðferðir. Að endingu var íhugað að útbúa hagnýtar leiðbeiningar um hvernig best væri að standa að matvælainngripum í áætlunum aðildarríkja um forvarnir og meðhöndlun alnæmis. Tillögur fyrrnefnds samráðsfundar voru lagðar fram í maí 2005 til upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina en tillögurnar munu grundvalla áframhaldandi vinnu stofnunarinnar varðandi næringu og alnæmi og var á framkvæmdastjórnarfundinum nú samþykkt ályktun þess efnis.

Davíð Á. Gunnarsson sagðist sammála því að vinna ætti saman að forvörnum, meðferð og umönnun sjúkdómsins en til þess þyrfti að styrkja grunnheilbrigðisþjónustu landanna. Hann sagði að vissulega skyldi reynt að ná þessum markmiðum fyrir árið 2010 og studdi því fyrirliggjandi ályktun.

*3.6 Bólusótt: útrýming bóluefnabirgða.*

Miklar og líflegar umræður spruttu upp um þetta málefni en 26 ár eru síðan aðildarríki stofnunarinnar ákváðu að útrýma bólusótt. Sjúkdómnum var útrýmt en bólusóttarveiran varðveitt í rannsóknarskyni. Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti á sínum tíma að bólusóttarveirunni skyldi eytt eigi síðar en árið 2002 og studdi Ísland þá samþykkt. Þegar kom að því að útrýma veirunni var hins vegar mælt með því að nýta til rannsóknar þá stofna hennar sem enn væru til svo bæta mætti greiningu á veirunni og þróa virkari og öruggari bóluefni ef bólusóttartilfelli kæmu upp, sérstaklega í ljósi vaxandi hryðjuverkaógnar. Ísland studdi að frestað yrði eyðingu á fyrirliggjandi birgðum. Á fundinum kom upp umræða um það af hverju WHO bæri ekki ábyrgð á þeim bóluefnabirgðum sem til væru í heiminum en þær eru geymdar á tveimur þekktum rannsóknastofum, einni í Bandaríkjunum og annarri í Rússlandi. Talsmaður WHO sagði stofnunina ekki ráða yfir svo sérhæfðum og öruggum rannsóknastofum og því hefði þetta orðið niðurstaðan á þeim tíma. Aðildarríki hefðu á sínum tíma verið beðin um að koma sínum bóluefnabirgðum til WHO eða þessara fyrrgreindu rannsóknastofa en engin fullkomin skráning væri til um það hvort ríki hefðu farið eftir því. Því væri ekki hægt að vita hvort lifandi veirur væri að finna á öðrum rannsóknastofum en þessum tveimur.

Davíð Á. Gunnarsson sagði að sú staða gæti komið upp að frekari rannsóknir þyrfti við gerð nýrra bóluefna. Áður fyrr hefðu rannsóknastofur á Norðurlöndunum verið í stakk búnar að framleiða lyf gegn bólusótt. Því væri áhugavert að vita hvort rannsóknir þessara tveggja fyrrnefndu rannsóknastofa yrðu eign almennings eða háðar einkaleyfum. Fulltrúi Frakklands var sammála þessum málflutningi og sagði að enn væri ekki tímabært að útrýma bóluefnabirgðunum. Lögfræðingur WHO svaraði því til að ekki væri ljóst hvaða tilkall WHO hefði til bóluefnabirgðanna. Til þess að styrkja þessi mál var ákveðið að aðalskrifstofa WHO gerði drög að ályktun um næstu skref og að stofnaður yrði vinnuhópur opinn öllum aðildarríkjum til að skoða drögin og gera nauðsynlegar breytingar. Framkvæmdastjórinn skyldi síðan senda ályktunina frá vinnuhópnum til alþjóðaheilbrigðisþingsins sama ár, í maí 2006, til samþykktar.

*3.7 Sigðkornablóðleysi.*

Sigðkornablóðleysi er erfðasjúkdómur sem stafar af hálfbanvænu geni. Þónokkra tíðni sjúkdómsins er að finna í Vestur-Afríku en sami erfðaþáttur gerir þá sem hafa sjúkdóminn nær ónæma fyrir malaríu. Þetta málefni var tekið fyrir að frumkvæði Afríkuríkjanna og gaf skýrslan, sem lögð var fram undir þessum lið, upplýsingar um sjúkdóminn. Í henni er sett fram áætlun og leiðbeiningar um eftirlit, forvarnir og meðhöndlun sjúkdómsins. Nokkur ríki Afríku lögðu einnig fram ályktun sama efnis sem var samþykkt.

*3.8 Fyrirbygging blindu og sjónskerðingar.*

Sjö ár voru liðin frá því að átakið „Sýn 2020 – rétturinn til sjónar" var sett af stofnuninni en það miðar að útrýmingu blindu, sem koma má í veg fyrir, úr heiminum fyrir árið 2020. Talsmaður WHO sagði að frá því að átakið hófst hefðu komið í ljós nýir áhættuþættir sem orsakað gætu blindu og sjónskerðingu, þar á meðal ýmsir langvinnir sjúkdómar og áföll. Augnsjúkdómar í börnum væru einnig mjög alvarlegt vandamál en átakið sýn 2020 væri þess eðlis að auðvelt væri að aðlaga það breyttum aðstæðum. Mikilvægi þess að fylgst sé með framvindu var viðurkennt með stofnun sérstakrar nefndar sem koma átti saman árið 2006 og yrðu niðurstöður hennar lagðar fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið sama ár, þ.e. í maí 2006. Skýrslan sem lögð var fram á fundinum greindi frá aukinni tíðni langvinnra sjúkdóma sem gætu leitt til blindu. Talsmaður WHO lýsti áhyggjum yfir því hversu illa hefði gengið að ná markmiðum um blinduvarnir.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og sagðist styðja ályktunina sem fyrir lá, sérstaklega þar sem 9 af hverjum 10 blindum kæmu frá fátækum ríkjum heims. Hann sagði að öll Norðurlöndin vonuðust til að alþjóðaheilbrigðisþingið setti þetta málefni á forgangslista sinn.

*3.9 Hugverkaréttur, nýsköpun og lýðheilsa.*

Í febrúar 2004 var stofnuð nefnd um hugverkarétt, nýsköpun og lýðheilsu sem safna átti upplýsingum og tillögum frá hinum ýmsu aðilum og útbúa skýrslu um þennan málaflokk. Nefndin átti að greina fjármögnunarþörf og hvernig hægt væri að hvetja til þróunar nýrra eða endurbættra lyfja og lækningatækja við sjúkdómum sem hrjá þróunarlöndin sérstaklega. Áætlað var að leggja skýrslu nefndarinnar fram á fundi stjórnarinnar í janúar árið 2005 en vegna flókinna málefna sem nefndin þurfti að skoða nánar var ákveðið að skýrslunni ætti að skila í janúar 2006. Skýrslan var enn ekki tilbúin og gagnrýndu margir seinaganginn. Greint var frá því að áætlað væri að klára hana fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið í maí 2006. Kenía og Brasilía lögðu fram drög að ályktun en tregða var meðal annarra stjórnarmeðlima að samþykkja ályktunina án þess að hafa séð skýrslu nefndarinnar. Þá var bent á að þar sem nefndin væri óháð yrði það ekki í verkahring stjórnarinnar að breyta neinu í skýrslunni þegar hún kæmi út. Svo fór að lokum að ályktunin var samþykkt en margir valkostir í henni voru skildir eftir opnir og sendir til nánari skoðunar á alþjóðaheilbrigðisþinginu sama ár þar sem þeir voru háðir því sem kæmi fram í skýrslu fyrrnefndrar nefndar um hugverkarétt, nýsköpun og lýðheilsu.

*3.10 Heilsutengd þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna.*

Sérfræðingur WHO greindi frá framlagi stofnunarinnar til þess að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem varða heilsu. Hann fór yfir helstu viðburði og skuldbindingar stofnunarinnar á árinu 2005 sem tengjast markmiðunum og tók sérstaklega fyrir niðurstöður

fundar háttsettra embættismanna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september 2005. En þar var sett fram áætlun til að styrkja heilbrigðiskerfi aðildarríkja. Því næst tók hann fyrir framlag stofnunarinnar til innleiðingar áætlunar fyrir heilbrigði og þroska barna og unglinga, með áherslu á að ná þúsaldarmarkmiðunum. Gerð var grein fyrir áætlunum í heiminum til að draga úr barnadauða og efla heilsu barna og unglinga. Tiltekin voru sjö forgangsverkefni en engin ályktun var lögð fram undir þessum lið.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og sagði að eitt af lykilatriðunum til að ná þúsaldarmarkmiðunum væri að efla kynheilbrigði. Þetta kæmi fram í ályktun um efnið frá alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2004 og skuldbindingum þúsaldarfundar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2005 um aðgengi allra að kynheilbrigðisþjónustu fyrir árið 2015. Stofnunin ætti að standa við þessar mikilvægu skuldbindingar og styðja við innleiðingu kynheilbrigðisáætlana í aðildarríkjunum. Stofnunin ætti sérstaklega að huga að vandamálum tengdum ótímabærum þungunum og fóstureyðingum sem ekki væru framkvæmdar á öruggan hátt. Árið 2000 var talið að um 19 milljónir kvenna hefðu farið í fóstureyðingar sem voru óöruggar og þar af hefðu um 68 þúsund látist vegna vandamála sem upp komu í kjölfar þeirra. Davíð lagði áherslu á að hægt væri að ráðast til atlögu við þetta heilbrigðisvandamál óháð mismunandi löggjöf landa. Að lokum sagðist hann bíða eftir gagnreyndum upplýsingum og leiðbeiningum frá WHO um hvernig hægt væri að ná þeim markmiðum sem sett voru varðandi bætt aðgengi að kynheilbrigðisþjónustu fyrir árið 2015.

*3.11 Hlutverk WHO og ábyrgð á sviði heilbrigðisrannsókna.*

Í framhaldi af ályktun sem samþykkt var á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið áður, þ.e. í maí 2005, var útbúið stöðuskjal um hlutverk WHO og ábyrgð á sviði heilbrigðisrannsókna og var meginniðurstaða þess skjals að WHO ætti að gegna þar forustuhlutverki. Á fundinum var lögð fram ályktun þar sem aðildarríki eru hvött til þess að leggja 2% af fjármagni til heilbrigðismála í rannsóknir á heilbrigðissviði. Í ályktuninni er WHO meðal annars hvött til að útbúa tilkynningakerfi um þær rannsóknir sem stofnunin vinnur að og bæta aðgengi að rannsóknarniðurstöðum og var ályktunin samþykkt.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og sagðist ánægður með að ályktunin færi fram á að WHO skoðaði hvernig og í hversu miklum mæli stofnunin byggði helstu ákvarðanir sínar og ráðleggingar á gagnreyndum upplýsingum. Þar sem ekki hefði gefist tími til að leyfa samstarfsaðilum stofnunarinnar að taka þátt í gerð stöðuskjalsins bað hann um endurskoðun á skjalinu í samvinnu við svæðis- og landaskrifstofur WHO svo og samstarfsaðila eins og ríkisstjórnir, stofnanir og frjáls félagasamtök. Endurskoðað stöðuskjalið ætti svo að gefa út tímanlega fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið í maí sama ár til þess að auðvelda upplýstar umræður. Til að halda kostnaði í lágmarki við þessa framkvæmd væri hægt að hafa þessi samskiptin rafræn. Sérfræðingur WHO sagði lítinn tíma til stefnu og því eflaust ekki hægt að skipuleggja samráð en hann bað aðildarríki að senda athugasemdir sínar til stofnunarinnar og þeim yrði komið til skila í stöðuskjalinu.

*3.12 Rafræn heilbrigðisþjónusta: tillögur að búnaði og þjónustu.*

Rafræn heilbrigðisþjónusta er ekki nýr málaflokkur innan stofnunarinnar og var samþykkt ályktun á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið áður, þ.e. í maí 2005, þess efnis að WHO legði nú fram lista yfir hugsanleg verkefni og áætlaði það fjármagn sem þyrfti í hvert verkefni, með það að leiðarljósi að þróa tæki og þjónustu sem nýst gæti öllum aðildarríkjum. Hugsanleg verkefni sem stofnunin lagði nú fram voru að stofna nefnd um lagaleg og siðferðileg málefni

tengd rafrænni heilbrigðisþjónustu, að stofna alþjóðlega athugunarstöð fyrir rafræna heilbrigðisþjónustu sem mundi fylgjast með starfsemi í aðildarríkjunum, kanna hvernig hægt væri að nota upplýsinga- og fjarskiptatækni í tengslum við nám og kennslu heilbrigðisstarfsfólks og þá sérstaklega í þróunarlöndunum svo að eitthvað sé nefnt.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og fagnaði skýrslunni sérstaklega þar sem áður hefði ekki verið ljóst hvaða búnaði og þjónustu ætti að veita forgang innan rafrænnar heilbrigðisþjónustu. Þar sem rafrænar sjúkraskrár skipuðu mikilvægan sess í rafrænni heilbrigðisþjónustu væri einnig mikilvægt að aðildarríki hefðu aðgang að stöðluðu hugtakasafni. Hann bað því um að stöðluð hugtakasöfn yrðu rædd á næsta fundi stjórnarinnar í maí 2006.

*3.13 Heilsuefling: Eftirfylgni við alþjóðlega ráðstefnu um heilsueflingu.*

Undanfarin tuttugu ár hefur WHO staðið fyrir alþjóðlegum ráðstefnum um heilsueflingu og var sú sjötta í röðinni haldin í Bangkok árið 2005. Ísland, fyrir hönd Norðurlandanna, fór fram á að þessi dagskrárliður fengi meiri sess í umfjöllun stjórnarinnar á þessum fundi og varð það raunin. Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og sagði að þrátt fyrir takmarkað fjármagn hefði stofnunin greint frá því árið áður að 60% af sjúkdómsbyrðinni í heiminum væru af völdum langvinnra sjúkdóma. Hann taldi því að sú staðreynd kallaði á einhverja endurskoðun á úthlutun fjármagns innan stofnunarinnar til hinna ýmissa verkefna. Í framhaldi af því lagði Ísland fram ályktun auk 17 annarra landa sem kallaði á aukna áherslu stofnunarinnar á langvinna sjúkdóma og var hún samþykkt.

*3.14 Framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2006–2015.*

Þetta var í ellefta sinn sem stofnunin lagði fram framkvæmdaáætlun sína og nær hún yfir 10 ára tímabil. Drög að áætluninni höfðu verið til umfjöllunar af svæðisskrifstofum stofnunarinnar árinu áður og var nú gefið færi á lokaumræðu áður en drögin yrðu send til samþykktar á alþjóðaheilbrigðisþinginu sama ár. Mörgum fannst áætlunin ekki nægilega ítarleg og að í hana vantaði bæði áherslu og stefnu. Öðrum fannst áætlunin hafa víða sýn á heilbrigði en gerði þó áhrifaþáttum heilbrigðis góð skil og benti á hvað væri nauðsynlegt að gera til að efla heilbrigði. Í framkvæmdaáætluninni er bent á erfið viðfangsefni sem þarft er að leysa og hugsanlegar lausnir, einnig leggur hún til leiðir að því hvernig efla megi viðbrögð stofnunarinnar við síbreytilegum kringumstæðum. Ákveðið var að halda aukafund áætlana-, fjárhags- og stjórnunarnefndar framkvæmdastjórnarinnar í febrúar 2006 sem fara ætti yfir áætlunina og ályktunina sem fyrir lá og leggja þær svo fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið í maí 2006.

*3.15 Grundvallarreglur um skiptingu fjármagns milli svæðisskrifstofa WHO.*

Á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2004 voru lögð fram drög að grundvallarreglum fyrir skiptingu fjármagns innan stofnunarinnar og þar á meðal milli svæðisskrifstofanna. Þessi drög hafa verið rædd mikið á fundum stjórnarinnar en þar sem þau þóttu ekki nógu ítarleg hafa þau alltaf verið send til baka til fjármálaskrifstofu stofnunarinnar. Nú var lögð fram aðeins ítarlegri tillaga sem gaf upp á hvaða bili fjármagn skyldi vera til hverrar svæðisskrifstofu fyrir sig.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og sagði það áhyggjuefni að grundvallarreglurnar, sem samþykktar voru af áætlana-, fjárhags- og stjórnunarnefnd framkvæmdastjórnarinnar, virtust ekki fá samþykki í framkvæmdastjórninni og jafnvel ekki samþykki þeirra sem sátu í fyrrnefndri nefnd og samþykkt hefði hana vikunni áður. Hugsanlega þyrfti

að endurskoða starfshætti nefndarinnar. Allir væru samþykkir því að aðföng og fjármunir ættu að fara þangað sem þörfin væri brýnust. Það væri ógjörningur að útbúa reiknireglu fyrir dreifingu aðfanga og fjármuna sem mundi uppfylla óskir allra aðildarríkja. Nauðsynlegt væri að komast að samkomulagi. Án samkomulags á þessum fundi yrði stofnunin að halda áfram að fara eftir ályktun samþykktri á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 1998 sem óánægja ríkti um. Niðurstaðan varð samt sú að ákveðið var að fresta umræðunni þar til á næsta fundi stjórnarinnar í maí 2006 þar sem enn væri mörgum spurningum ósvarað.

*3.16 Fasteignasjóður.*

Lögð var fram áætlun um hvernig standa skyldi að viðhaldi bygginga stofnunarinnar. Að auki var farið yfir framtíðarhúsnæðisþörf stofnunarinnar og leiðir til fjármögnunar. Þess má geta að svissneska ríkisstjórnin veitti nýlega stofnuninni lán án vaxta til að reisa nýja byggingu fyrir stofnunina sem verður samnýtt af sameiginlegri áætlun Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmi (UNAIDS).

*3.17 Starfsmannamál.*

Á hverju ári er þessi dagskrárliður með sama sniðinu en fenginn er einn af yfirmönnum starfsmannadeildar höfuðstöðva WHO til að fara yfir stöðu mála. Það kom fram í umræðu hans að við lok síðasta árs hefðu verið 4268 fastráðnir starfsmenn við stofnunina og þar af væru 1.681 í sérfræðistörfum. Á árinu 2005 hefi fastráðnum við stofnunina fjölgað um 8%. Hlutfall kvenna í sérfræðistörfum var 35,6% og voru 52% sérfræðinga 50 ára eða eldri.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og sagði að hans eigin reynsla af stjórnun hafði gert honum grein fyrir því erfiða viðfangsefni að halda jafnvægi á milli væntinga starfsmanna og niðurskurðar. Vænta mætti að flutningur fjármuna frá höfuðstöðvum til svæðisskrifstofa yrði erfiður fyrir starfsfólk stofnunarinnar en þar sem þessi ákvörðun hefði verið tekin þyrfti að framfylgja henni. Hann minnti viðstadda stjórnarmenn á að þeir hefðu verið skipaðir af ríkisstjórnum til að leiða starfsemi stofnunarinnar og að starfsmannamál hefðu verið falin stjórnendum stofnunarinnar. Þrátt fyrir djúpa samúð hans og annarra framkvæmdastjórnarmeðlima með starfsfólki stofnunarinnar þá ætluðust ríkisstjórnir ekki til þess að framkvæmdastjórnarmeðlimir blönduðu sér í starfsmannamál stofnunarinnar.

*3.18 Forvarnir og meðferð kynsjúkdóma: drög að alþjóðaáætlun.*

Drög að alþjóðaáætlun um forvarnir og meðferð kynsjúkdóma sem útbúa átti fyrir fundinn voru ekki tilbúin og lýstu mörg ríki yfir vonbrigðum sínum. Ákveðið var að framkvæmdastjórnin hefði rafræn samskipti um drögin þegar þau lægju fyrir og þar með væri tryggt að þetta mikilvæga umræðuefni kæmist á dagskrá alþjóðaheilbrigðisþingsins í maí 2006.

**5. Ályktanir fundarins.**

Á fundinum voru samþykktar eins og fyrr greinir þrettán ályktanir, sbr. fylgiskjal I.

## ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISDAGURINN 2006

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin stendur á hverju ári fyrir alþjóðlegum heilbrigðisdegi sem haldið er upp á hinn 7. apríl. Deginum er ætlað að vekja athygli almennings á mikilvægum heilbrigðismálum og hvetja til umræðu. Í ár var dagurinn tileinkaður heilbrigðisstarfsfólki og mönnun heilbrigðisþjónustunnar víða um heim og gekk undir yfirskriftinni

„Samstarf í þágu heilbrigðis“. Hlutfall heilbrigðisstarfsfólks á íbúa er mjög breytilegt frá einu svæði til annars í heiminum. Í OECD-löndunum eru heilbrigðisstarfsmenn til dæmis 10–15 sinnum fleiri að meðaltali á íbúa en í löndum Afríku sunnan Sahara. Sérmenntað heilbrigðisstarfsfólk í þessum löndum leitar þar að auki í vaxandi mæli til ríkari landa þar sem laun og aðbúnaður er mun betri en í fátæku löndunum. Afleiðingin er sú að ekki er hægt að halda uppi grunnheilbrigðisþjónustu í þróunarlöndunum og heilbrigðisástandið í þessum löndum fer versnandi. Mörg aðildarríki notuðu þennan dag til að auka vitund þegna sinna og á Íslandi efndu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og landlæknisembættið til morgunverðarfundar þar sem fjallað var um mannauð og heilsu, heilbrigðisstarfsfólk á Íslandi og stöðu og spár um þróun mannafla, aðgerðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til að ráða bót á mönnunarvanda heilbrigðisþjónustu víða um heim og þróunaraðstoð Íslands á sviði heilbrigðismála.

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sagði í opnunarræðu sinni að í hennar huga væri enginn vafi á því að góð heilbrigðisþjónusta byggðist fyrst og fremst á góðu og vel menntuðu starfsfólki. Vel menntað heilbrigðisstarfsfólk flytti nú í vaxandi mæli frá fátækum ríkjum til hinna ríkari þar sem laun og annar aðbúnaður væri mun betri. Afleiðingin væri sú að ekki væri hægt að halda uppi nægjanlega góðri heilbrigðisþjónustu í þróunarlöndum og heilbrigðisástand í þeim færi versnandi. Þetta gæti haft mikil áhrif á viðbúnað þeirra gagnvart hugsanlegum heimsfaraldri inflúensu, rýrt möguleika ríkja til þess að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og dregið úr árangri WHO í baráttunni við þá sjúkdóma sem helst þjaka íbúa heims. Því væri nauðsynlegt að spornaði yrði við þessari þróun. Því næst beindi ráðherra athygli að stöðunni á Íslandi en þar sagði hún að þessi mál tengdust mörg hver vinnuumhverfi heilbrigðisstétta og þeirri staðreynd að í bili fjölgaði ekki nægjanlega mikið í öllum heilbrigðisstéttum. Vænta mætti á næstu árum vaxandi skorts á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum en hins vegar gæfu athuganir í ljós að nægjanlegur fjöldi yrði á læknum, tannlæknum og sjúkraþjálfurum. Ráðherra sagði að þróunin kallaði á aukið samstarf yfirvalda heilbrigðismála og menntamála. Sjá yrði til þess að ákveðið jafnvægi ríkti á vinnumarkaði heilbrigðisstétta og að ákvarðanir um aðgang að einstökum námsbrautum og skólum tækju mið af því. Ráðherra benti að lokum á mannaflaspá til lengri tíma fyrir heilbrigðisþjónustuna sem ráðuneytið og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefðu unnið að og vonaðist ráðherra til að hún veitti stuðning við að bæta starfsmannamál heilbrigðisþjónustunnar og skapa heilbrigðisstarfsmönnum betri starfsskilyrði en þeir byggju við nú.

## ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISÞINGIÐ 2006

### 1. Inngangur.

Alþjóðaheilbrigðisþingið var að venju haldið í Þjóðabandalagshöllinni í Genf dagana 22.–27. maí 2006. Þetta var í fimmtugasta og níunda skiptið sem þingið var haldið og var það fjölsótt. Yfir tvö þúsund og tvö hundruð fulltrúar sóttu þingið og sendu 187 aðildarríki WHO fulltrúa sína, þar af fóru ráðherrar fyrir flestum sendinefndum, einnig sóttu fundinn yfir 500 fulltrúar frá 75 frjálsum félagasamtökum.

Fráfarandi forseti þingsins, Elena Salgado, heilbrigðis- og neytendamálaráðherra Spánar, setti þingið með tilkynningu um skyndilegt fráfall framkvæmdastjórans, dr. Lee Jong-wook, fyrr um morguninn. Dr. Lee hafði verið framkvæmdastjóri stofnunarinnar frá júlí 2003 er hann tók við af dr. Gro Harlem Brundtland. Elena Salgado, sagði að dr. Lee hefði verið framúrskarandi einstaklingur og framkvæmdastjóri stofnunarinnar og var viðhöfð tveggja mínútu þögn í minningu hans. Hann var aðeins 61 árs þegar hann lést.

Forseti þingsins var kosinn prófessor Paulo Ivo Garrido, heilbrigðisráðherra Mósambík. Varaforsetar voru kosnir dr. M. Soledad Barría frá Chile, M.M. Miguil frá Djíbútí, E. Nicolaescu frá Rúmeníu, dr. Siti Fadilah Supari frá Indónesíu og Pehin Suyoi Osman frá Brúnei Darússalam en þeir sáu um fundarstjórnina í sameinaðri málstofu þingsins. Að auki var dr. Anbumani Ramadoss frá Indlandi kosinn formaður nefndar A og dr. Ali Jaffer Mohammad frá Óman formaður nefndar B.

Þingið starfar að hluta í sameinaðri málstofu en meginstarfið fer fram í nefndum, nefnd A og nefnd B. Nefnd A fjallar um stöðu heilbrigðismála, áhersluþætti í forvarnastarfi, sérhæfð verkefni stofnunarinnar og áætlanir hennar, svo og fjárlagatillögur tengdar sérstökum verkefnum. Á dagskrá nefndar B eru hins vegar aðallega stjórnunarleg, fjárhagsleg og lögfræðileg málefni. Enn fremur eru á alþjóðaheilbrigðisþinginu haldnir fræðslu- og umræðufundir um einstök efni.

Sendinefnd Íslands í ár skipuðu Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir, Ragnheiður Haraldsdóttir skrifstofustjóri, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir skrifstofustjóri og Ásthildur Knútsdóttir sérfræðingur en auk þess voru starfsmenn fastanefndar Íslands í Genf sendinefndinni til halds og trausts.

Á dagskrá þingsins að þessu sinni voru meðal annars tæknileg málefni með 17 undirflokkum og málefni er vörðuðu stjórnun, fjármál og starfsmannamál stofnunarinnar. Alls voru 27 ályktanir og 14 ákvarðanir samþykktar af þinginu, sbr. fylgiskjal II með yfirliti yfir ályktanir.

## 2. Fráfall aðalframkvæmdastjóra.

Dr. Bill Kean, yfirmaður skrifstofu framkvæmdastjóra, las upp útdrátt úr ræðu sem dr. Lee hugðist flytja við upphaf þingsins. Í ræðunni hafði dr. Lee ætlað að minnast á áherslur sínar en þær hefðu verið að takast á við erfið viðfangsefni sem stofnunin stæði frammi fyrir og reyna að breyta væntingum manna með því að setja mörkin hærra. Það sem hafði skipt hann mestu máli hefðu ekki verið orð heldur athafnir og hann vonaðist til þess að athafnir stofnunarinnar töluðu fyrir sig. Í ræðunni hafði dr. Lee ætlað að leggja sérstaka áherslu á skort á heilbrigðisstarfsfólki, sérstaklega í þróunarríkjunum, og hvernig hægt væri að takast á við þann vanda. Hann hafði einnig ætlað að ræða mikilvægi þess að allir íbúar heims ættu kost á forvörnum og meðferð við alnæmi fyrir árið 2010 og að lokum hvernig hægt væri að vinna bug á malaríu og svo útrýma mænusótt. Dr. Lee hafði það að venju að bjóða athafnamönnum sem hann hafði kynnst á ferðalögum sínum í starfi að koma á alþjóðaheilbrigðisþingið og kynna það sem þeir væru að vinna að. Í ár hafði dr. Lee ætlað sér að kynna ungan athafnamann frá Kenía, Johnson Mwakazi, sem mætti á þingið og flutti ljóð af mikilli innlifun þar sem hann hvatti til þess að endi yrði bundinn á stimplun einstaklinga sem hafa smitast af alnæmi.

## 3. Ávarp Karls Bretaprins.

Karl Bretaprins var gestafyrirlesari að þessu sinni en hann er einnig forseti The Prince's Foundation for Integrated Health, auk þess er hann verndari nokkurra líknarfélaga. Bretaprins talaði um mikilvægi samþættrar heilsuverndar. Hann taldi að við stefnumótun á heilbrigðissviði þyrfti að taka tillit til margra þátta, svo sem næringar, lyfja, landbúnaðar, umhverfismála og félagsmála. Hann taldi einnig að slæm heilsa væri afleiðing samspils margra þátta, svo sem samfélagsins, menningar, lífsstíls og umhverfisþátta. Menn þyrftu að gera sér grein fyrir því að með því að menga jörðina væru þeir að menga fyrir sjálfum sér. Hann taldi að

þar með misstu einstaklingar tengslin við umhverfi sitt. Tími væri til kominn að huga að því hvernig jörðin væri yrkt, hvernig fæða væri framleidd, hvernig borgir væru byggðar og hvernig hugsað væri um verðmætar náttúruauðlindir. Þá sagði Karl að þjóðir heims gætu lært mikið hver af annarri.

**4. Ályktanir og helstu umræðuefni tekin fyrir í nefnd A.**

*4.1 Styrking viðbúnaðar og viðbragða við heimsfaraldri inflúensu, þ.m.t. aðgerðir endurskoðaðrar reglugerðar um hindrun útbreiðslu sjúkdóma.*

Eitt af hitamálum þingsins var umræðan um það hvort aðildarríki ættu án tafar af frjálsum og fúsum vilja að innleiða hluta af endurskoðaðri reglugerð um hindrun útbreiðslu sjúkdóma. Reglugerðin var formlega samþykkt á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2005 en átti ekki að öðlast gildi fyrr en í maí 2007. Þau ákvæði sem aðildarríkin voru beðin um að innleiða, áður en reglugerðin í heild sinni tæki gildi, eru tengd fuglaflensu og hugsanlegum heimsfaraldri inflúensu. Ákvæðin tengjast skjótri og gegnsærri tilkynningarskyldu, stuðningi stofnunarinnar við aðildarríki og að hún veiti aðildarríkjum nauðsynlegar upplýsingar, þar á meðal leiðbeiningar um hvernig meðhöndla eigi slíkan faraldur.

Aðildarríki létu í ljós áhyggjur sínar yfir því að í mörgum löndum væri viðbúnaði við neyðarástandi ábótavant og að mörg lönd væru ekki fær um að bregðast við neyðarástandi af þessari stærðargráðu. Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkt á fundinum ályktun þess efnis þar sem aðildarríki eru beðin um að styrkja áætlanir sínar varðandi viðbúnað og viðbrögð og útbúa enduruppbyggingaráætlanir með sérstakri áherslu á uppbyggingu heilbrigðiskerfa. Stofnunin var einnig beðin um að auka þátttöku sína í mannúðarstarfi og útbúa gagnagrunn til að geta betur greitt fyrir viðbrögðum heilbrigðiskerfisins ef neyðarástand skapaðist.

*4.2 Útrýming mænuveiki.*

Til stuðnings átakinu um útrýmingu mænuveiki samþykkt alþjóðaheilbrigðisþingið ályktun sem kallar á aukna áherslu á að draga úr smiti á svæðum þar sem sjúkdóminn er enn til staðar. Að aðildarríki gangist undir staðla um skjót viðbrögð ef mænusóttartilfelli kemur upp og að aðildarríki fylgi tæknilegum ráðleggingum um áætlanir eftir að mænuveiki verður útrýmt.

WHO heiðraði William T. Sergeant, einn af frumkvöðlum átaksins sem miðar að útrýmingu mænuveiki, en hann hefur sl. 12 ár leitt átakið fyrir Alþjóðaskrifstofu Rótarý. Í lokaorðum sínum til þingsins sagði dr. Anders Nordström, settur framkvæmdastjóri WHO, að viðstaddir ættu að minnast þess hve dr. Lee hefði verið ákveðinn í að mænuveiki yrði útrýmt. Í minningu og til heiðurs öllu sem hann hafði staðið fyrir bað dr. Anders Nordström alþjóðasamfélagið um að leggja lóð sitt á vogarskálarnar svo að markmiðinu yrði náð sem allra fyrst.

*4.3 Alnæmi.*

Aðildarríki lýstu yfir ánægju sinni með framtak stofnunarinnar hvað varðaði „3 fyrir 5“ átakið og lýstu yfir miklum stuðningi við gerð fimm ára áætlunar sem miðaði að því að allir sem á þyrftu að halda ættu kost á forvörnum, meðferð og umönnun við alnæmi að þeim tíma loknum. Aðildarríki tóku sérstaklega fyrir hvernig stofnunin ætti að efla starf sitt til að ná markmiðum þessarar fimm ára áætlunar. Samþykkt var ályktun um alnæmi og næringu sem hvatti aðildarríki til að tryggja að sérstök áhersla yrði lögð á að næring væri samþætt öllum stefnum og áætlunum sem viðkoma alnæmi og tryggja að ríki séu í stakk búin til að útbúa gagnreyndar stefnur og áætlanir varðandi alnæmi og næringu. Þingið samþykkti einnig

ályktun sem hvatti WHO til að vinna nánar með öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna og hjálparstofnunum til að tryggja aukna skipulagða aðstoð við aðildarríki.

*4.4 Sigðkornablóðleysi.*

Sigðkornablóðleysi er erfðasjúkdómur sem stafar af hálfbanvænu geni. Þónokkra tíðni sjúkdómsins er að finna í Vestur-Afríku en sami erfðaþáttur gerir þá sem hafa sjúkdóminn nær ónæma fyrir malaríu. Þetta málefni var tekið fyrir að frumkvæði Afríkuríkjanna á framkvæmdastjórnarfundi stofnunarinnar fyrr á árinu. Skýrslan sem lögð var fram á þinginu gaf upplýsingar um sjúkdóminn og þar voru jafnframt settar fram áætlanir og leiðbeiningar um eftirlit, forvarnir og meðferð hans. Samþykkt var ályktun um auknar forvarnir og meðferð við sigðkornablóðleysi, sérstaklega í löndum með meðaltekjur eða litlar tekjur.

*4.5 Bólusótt: útrýming bóluefnabirgða.*

Undanfarin ár hefur oft verið rætt um að útrýma bólusóttarveirunni en hún hefur verið varðveitt í rannsóknarskyni þó svo að sjúkdómnum hafi verið útrýmt. Ákveðið var á framkvæmdastjórnarfundinum í janúar 2006 að höfuðstöðvar WHO gerðu drög að ályktun um næstu skref og að stofnaður yrði vinnuhópur sem væri opinn öllum aðildarríkjum til að skoða drögin og gera nauðsynlegar breytingar. Ályktunin skyldi síðan tekin fyrir á alþjóðaheilbrigðisþinginu. Miklar umræður urðu um ályktunina á þinginu og studdi Ísland að birgðunum verði að endingu eytt en að það lægi ekki á því að ákveða dagsetningu á meðan rannsóknir og vinna að gerð bóluefnis væri ekki lokið. Engin niðurstaða náðist og var ákveðið að taka þetta mál upp á framkvæmdastjórnarfundi stofnunarinnar í janúar 2007.

*4.6 Forvarnir og meðferð kynsjúkdóma: drög að alþjóðaáætlun.*

Samþykkt var áætlun á alþjóðaheilbrigðisþinginu sem miðar að forvörnum og meðferð kynsjúkdóma og nær áætlunin til ársins 2015. Áætlunin veitir aðildarríkjum leiðbeiningar um hvernig þau geta aukið og bætt áætlanir sínar gegn kynsjúkdómum og hvernig þau geta tryggt að þessi þjónusta sé tengd annarri heilbrigðisþjónustu, svo sem fjölskylduáætlunum, heilsu mæðra og forvörnum og meðferð alnæmis. Í umræðu sinni lögðu aðildarríkin áherslu á mikilvægi heildstæðra inngripa, sérstaklega fyrir ungt fólk, þar sem hægt væri að finna svo að segja allt undir einum hatti, svo sem upplýsingar, kennslu um forvarnir og meðferð við kynsjúkdómum.

*4.7 Fyrirbygging blindu og sjónskerðingar.*

Talið er að um 37 milljónir manna í heiminum séu blindar og að koma megi í veg fyrir um 75% tilvika með annaðhvort forvörnum eða lækningu. Sjö ár eru liðin frá því að átakinu „Sýn 2020 – réttur til sjónar“ var hrundið af stokkunum og sett það markmið að útrýma blindu, sem koma má í veg fyrir, fyrir árið 2020. Einnig er áætlað að snúa við því ferli að sjónskerðing tvöfaldist í heiminum á þessum sama tíma eins og spár hafa gefið til kynna. Lagðar voru fyrir þingið tillögur nefndar sem ætlað er að fylgjast með framvindu átaksins en hún hélt sinn fyrsta fund fyrr á árinu eða í janúar 2006. Tillögum nefndarinnar var ætlað að ná markmiðum átaksins og í þeim koma m.a. fram óskir um að aðildarríki leggi aukna fjármuni í átakið og safni upplýsingum um augnsjúkdóma hvert fyrir sig. Samþykkt var að lokum ályktun þar sem WHO og aðildarríki voru hvött til þess að vinna að verkefninu.

*4.8 Næring ungbarna.*

Talið er að á hverju ári megi rekja um 5 milljónir dauðsfalla barna undir 5 ára aldri til næringarskorts. Árið 2003 útbjó WHO ásamt UNICEF alþjóðaáætlun um næringu ungbarna. Lögð var fram á þinginu skýrsla um hvernig stofnuninni og aðildarríkjum hefði tekist að vinna að áætluninni. Einn mikilvægra þátta í þessu starfi var að fylgja eftir alþjóðareglum um markaðssetningu á þurrmjólk, en 25 ár eru síðan þessar reglur voru settar. Áætlunin um næringu ungbarna hefur fengið aukna áherslu aðildarríkja þar sem hún fer vel saman við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem snúa að útrýmingu fátæktar og hungurs, að draga úr barnadauða og auka heilbrigði mæðra. Lögð var fram ályktun á þinginu sem hvetur aðildarríki til að endurnýja skuldbindingar sínar varðandi að fylgja eftir alþjóðareglum um markaðssetningu á þurrmjólk og að endurvekja átak um barnvæn sjúkrahús og var hún samþykkt.

Norðurlöndin töldu að aðildarríki þyrftu að huga enn frekar að því að fylgja eftir áætlunum um næringu ungbarna. Matarþurrð, sérstaklega í Afríku, væri mikið áhyggjuefni. Sýnt hefði verið fram á mikilvægi brjóstagjafar við að draga úr dánartíðni ungbarna og því ætti að ýta undir hana. Í ár væri tuttugu og fimm ára afmæli alþjóðareglna um markaðssetningu á þurrmjólk og væru það kjörin tímamót til að endurnýja reglurnar með það að markmiði að vernda brjóstagjöf og bæta heilsu og næringu ungbarna. Verið er að huga að því að taka í notkun nýja alþjóðavaxtarstaðla fyrir ungabörn og sögðu Norðurlöndin að aukna fjármuni yrði að leggja í þá vinnu. Átakið barnvænir spítalar væri skilvirkasta leiðin til að styðja við brjóstagjöf og það væri hægt að útvíkka það átak til að ná einnig til gjörgæsludeilda nýbura svo og heilbrigðisstofnana fyrir börn á alþjóðavísu. Jafnframt ætti að setja aðgerðir í forgang sem viðkæmu brjóstagjöf og alnæmi. Norðurlöndin sögðust ætla að halda áfram að stuðla að bættri næringu og heilbrigði barna í löndum sínum og mundu vilja frekara samstarf við WHO. Þau studdu ályktunina en hefðu viljað sjá hana tekna til umræðu af framkvæmdastjórninni í janúar 2006 áður en hún var lögð fram fyrir þingið.

*4.9 Framlag WHO til innleiðingar áætlunar um heilbrigði og þroska barna og unglinga.*

Árið 2003 voru samþykktar á alþjóðaheilbrigðisþinginu stefnumótandi reglur um hvernig bæta mætti heilsu og þroska barna og unglinga. Síðar voru gerðar áætlanir í hverri álfu fyrir sig, t.d. var útbúin sérstök Evrópuáætlun árið 2005 um þetta efni. Á fundi framkvæmdastjórnarinnar í janúar 2006 var lýst yfir áhyggjum stjórnarinnar um að nokkrum þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna yrði ekki náð nema með auknu átaki. Þetta eru sérstaklega þau markmið sem varða börn og unglinga. Á þinginu lýstu margir yfir áhyggjum sínum af því hve lítið hefði dregið úr barnadauða í sumum löndum eða að hægt hefði á árangri. Ástæðuna fyrir þessu töldu margir vera að átak sem sett var af stað til að draga úr vannæringu barna og ná átti til allra með nauðsynlegum inngripum hefði verið ófullnægjandi. Samt sem áður hefði málaflokkurinn um heilbrigði barna og mæðra fengið þónokkra athygli á síðustu tveimur árum þar sem áhersla alþjóðaheilbrigðisskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2005 var undir yfirskriftinni „Sérhver móðir – sérhvert barn“. Bent var á að börn og unglingar væru auður hverrar þjóðar og mundi fjárfesting í heilbrigði þeirra því skila sér margfalt aftur til samfélagsins. Talsmaður WHO lagði til að meiri áhersla yrði lögð á heilsu unglinga þar sem sá málaflokkur hefði ekki fengið þá athygli sem vonir stóðu til um. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið en aðildarríki lýstu yfir vilja sínum til að ná markmiðum sínum á þessu sviði.

*4.10 Alþjóðaviðskipti og heilsa.*

Samþykkt var ályktun þar sem aðildarríki voru hvött til að vinna að því að samhæfa viðskipta- og heilbrigðisstefnur sínar og stuðla að auknu samráði milli heilbrigðis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta. Einnig voru þessir aðilar hvattir til að ræða við aðra hagsmunaaðila, bæði opinbera og einkaaðila, um erfið viðfangsefni eða áhrif sem alþjóðaviðskipti og viðskiptasamningar hafa á lýðheilsu. Í ályktuninni er WHO falið að greina frá stöðu mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2008.

*4.11 Flutningur heilbrigðisstarfsfólks: erfitt viðfangsefni fyrir heilbrigðiskerfi þróunarríkjanna.*

Flutningur heilbrigðisstarfsfólks frá þróunarríkjunum var ræddur á þinginu en þetta var að hluta til þema alþjóðaheilbrigðisdagsins 2006. Kom fram í skýrslu sem lögð var fram á þinginu að fyrir hverja 100 lækna sem vinna í Afríku sunnan Sahara vinna 23 læknar, menntaðir frá Afríku, í OECD-löndunum. Varð þetta skiljanlega mikið hitamál á þinginu fyrir þróunarríkin, þá sérstaklega Afríkuríkin, sem létu í ljós áhyggjur sínar af því hversu erfiðlega þeim gengi að halda í heilbrigðisstarfsfólk þar sem betri kjör og aðstaða byðist í mörgum öðrum ríkjum. Afríkuríkin bentu á að þjálfun heilbrigðisstarfsfólks væri kostnaðarsöm, sérstaklega ef illa gengi að halda í starfsfólk eftir að það lyki námi. Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti að lokum ályktun sem kvað á um skjót viðbrögð til að fjölga heilbrigðisstarfsfólki í heiminum. Ályktunin hvetur lönd til að efla þjálfun, þar á meðal stofna til samstarfs á milli stofnana sem sjá um þjálfun og aðstoða þróunarlöndin við fjármögnun stofnana sem sjá um þjálfun heilbrigðisstarfsfólks. Þingið staðfesti einnig skuldbindingu sína um að styrkja starfsstéttir hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, þar á meðal að setja á laggirnar áætlanir um hvernig standa skuli að ráðningu og halda þessum starfsstéttum í starfi. Þingið bað WHO um að tryggja að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður tækju þátt í áætlanagerð á vegum stofnunarinnar varðandi heilbrigðisstarfsfólk.

Í kjölfarið voru stofnuð ný samtök kölluð Alþjóðasamtök heilbrigðisstarfsfólks sem eiga að takast á við skort á læknum, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og öðru heilbrigðisstarfsfólki. Samtökunum er ætlað að leita leiða til að bæta vinnuaðstöðu, takast á við flutning heilbrigðisstarfsfólks og aðstoða við að koma af stað áætlunum til að þjálfa fleira heilbrigðisstarfsfólk í þeim löndum þar sem mikill skortur ríkir.

*4.12 Lýðheilsa, nýsköpun, grunnrannsóknir og hugverkaréttindi: verkefnaáætlun.*

Í febrúar 2004 var stofnuð nefnd um hugverkarétt, nýsköpun og lýðheilsu sem safnaði upplýsingum um hvernig hvetja mætti til þróunar nýrra eða endurbættra lyfja og lækningatækja við sjúkdómum sem hrjá þróunarlöndin sérstaklega. Skýrslan kom út rétt fyrir þingið og fór ályktunin sem samþykkt var á þinginu fram á að stofnaður yrði vinnuhópur opinn öllum aðildarríkjum sem útbúa ætti alþjóðaáætlun með verkefnalista byggða á niðurstöðum skýrslunnar og skila henni inn á alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 2007.

*4.13 Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi.*

Mikill jarðskjálfti reið yfir norðurhluta Pakistan, Indland og Afganistan í október 2005 og ákvað framkvæmdastjórnin á fundi sínum í janúar 2006 að leggja fram ályktun sem kallaði eftir aðgerðum af hálfu aðildarríkja og WHO varðandi viðbúnað við hamförum. Ekki náðist að ljúka gerð ályktunarinnar á fundi stjórnarinnar og var því ákveðið að vinna að henni fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið. Í umræðunum kom fram að aðildarríkin vildu koma í veg fyrir

skörun og stofnunin var því beðin um að vinna að gera tillögur að viðbrögðum við neyðarástandi í samráði við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem sinntu einnig þessu hlutverki. Fulltrúi Bandaríkjanna benti á að þessar aðgerðir mundu kosta stofnunina um 13 milljónir bandaríkjadala og vildi fá nánari skýringar á því hvernig hægt væri að fjármagna þetta verk. Ákveðið var að gera breytingar á ályktuninni og kostnaður við hana lækkaður um helming og var hún að lokum samþykkt.

*4.14 Öryggi sjúklinga.*

Aðildarríki og frjáls félagasamtök fögnuðu árangri Heimssamtaka tengdra öryggi sjúklinga en þau voru stofnuð í október 2004 á vegum WHO. Yfir 40 lönd höfðu gerst aðilar að fjölþjóðlegu verkefni sem samtökin stóðu fyrir og kallast „Hreinlæti og örugg heilbrigðisþjónusta haldast í hendur". Þess má geta að Ísland gerðist aðili að verkefninu 8. febrúar 2007. Verkefnið felur í sér að þátttakendur takast á hendur ákveðnar skuldbindingar um aðgerðir til að vinna að fækkun sýkinga sem eiga upptök sín í heilbrigðisþjónustunni. Samtökin beita sér einnig fyrir öðrum tæknilegum framkvæmdum, svo sem atvikaskráningu, vinnu að kennsluefni og gagnvirkri þátttöku sjúklinga.

Norðurlöndin sögðust ánægð með þá áherslu sem stofnunin legði á öryggi sjúklinga og þær áherslur sem Heimssamtökin hefðu sett sér. Koma þyrfti á góðu skráningarkerfi fyrir óhöpp og mistök og góðri úrvinnslu upplýsinga þar sem hún væri forsenda fyrir auknu öryggi og umbótum á þessu sviði. Markmið með skráningu þyrfti að vera ljóst og tryggt að ekki væri leitað sökudólga heldur leitað lausna á vandamálum. Skilvirk skráning gæti einnig orðið grunnurinn að þróun gæðavísa varðandi öryggi sjúklinga. Norðurlöndin hvöttu að lokum WHO til að leiðbeina aðildarríkjum við þessa framkvæmd.

*4.15 Innleiðing ályktana: framvinduskýrsla.*

Undir þessum lið var farið yfir hvernig gengi að innleiða ályktanir sem samþykktar höfðu verið á fyrri fundum alþjóðaheilbrigðisþingsins. Helstu málefnin sem tekin voru fyrir voru heilbrigði fjölskyldna, kynheilbrigði og alheimsáætlun um mataræði, hreyfingu og almennt heilbrigði.

Varðandi heilbrigði fjölskyldna minntust Norðurlöndin á að það sem áður hefði verið talin hefðbundin skilgreining á fjölskyldu og hlutverkaskiptum hennar endurspeglaði ekki nýja tíma, taka þyrfti því tillit til mismunandi fjölskyldumynstra í gerð fjölskylduáætlana. Því næst sögðust Norðurlöndin fylgjast grannt með kynheilbrigðisáætlun stofnunarinnar og hvöttu hana ásamt aðildarríkjum að fara eftir tillögum ársskýrslu WHO frá árinu 2005. Svo virtist sem mörg aðildarríki færu eftir áætluninni og væru á góðri leið með að auka aðgengi og gæði kynheilbrigðisþjónustu sinnar en enn væru mörg aðildarríki sem vanræktu þennan málaflokk. Norðurlöndin sögu það sérstaklega mikilvægt að veita óöruggum fóstureyðingum athygli og hvernig vinna mætti bug á þeim. Að lokum tóku Norðurlöndin fyrir alheimsáætlun um mataræði, hreyfingu og almennt heilbrigði. Þau sögðu að áætlunin væri mjög mikilvæg, einkum í ljósi aukinnar tíðni langvinnra sjúkdóma. Ofþyngd og offita, sérstaklega meðal barna og unglinga, kallaði á samstilltar aðgerðir. Auk áhættuþátta eins og ofþyngdar og offitu spiluðu einnig aðrir þættir eins og ónóg hreyfing og óhollt mataræði veigamikið hlutverk í mörgum alvarlegum langvinnum sjúkdómum. En þessir áhættuþættir væru ekki einungis á ábyrgð einstaklinga heldur samfélagsins í heild. Þar af leiðandi þyrfti að bjóða upp á fleiri holla valkosti og í framhaldi af því lýstu Norðurlöndin yfir ánægju sinni varðandi frumkvæði stofnunarinnar að því að takmarka markaðssetningu á óhollum mat og drykkjum til barna.

Minntust Norðurlöndin einnig á Evrópska ráðherraráðstefnu um offitu sem haldin yrði í Tyrklandi í nóvember 2006 þar sem áætlað var að útbúa sáttmála gegn ofþyngd og offitu. Barátta gegn ofþyngd og offitu ætti að vera forgangsverkefni hjá WHO. Bent hafði verið á hversu litlu fjármagni væri veitt til heilsuverndar og meðferðar langvinnra sjúkdóma bæði í aðildarríkjum og á heimsvísu. Norðurlöndin sögðust því vona að þessir sjúkdómar og forvarnir þeirra fengju verðskuldaða athygli í miðannar-verkefnaáætlun stofnunarinnar svo og í næstu fjárlögum hennar.

**5. Ályktanir og helstu umræðuefni tekin fyrir í nefnd B.**

*5.1 Heilsuástand á hernumdum svæðum Palestínu, þar með talið í Austur-Jerúsalem og á hernumdum svæðum Gólanhæða.*

Fyrsta verk nefndarinnar var að taka fyrir ályktun um heilsufarsástand araba sem búa á hernumdum landsvæðum í Miðausturlöndum, þ.m.t. Palestínu. Þau lönd sem stóðu að baki gerð ályktunarinnar voru Alsír, Barein, Kúba, Djíbútí, Egyptaland, Indónesía, Jórdanía, Kúveit, Líbanon, Líbía, Sýrland, Madagaskar, Malasía, Malí, Máritanía, Marokkó, Óman, Pakistan, Katar, Sádi-Arabía, Súdan, Túnis, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Jemen. Segja má að þetta sé orðinn árlegur viðburður á þinginu og er yfirleitt eitt af hitamálum þingsins. Aðildarríki töldu að ályktunin í ár væri með svipuðu sniði og áður en að venju mótmæltu Ísraelar henni harðlega og sögðu að pólitískar ástæður lægju að baki en ekki ásetningur um að bæta heilsu Ísraela og Palestínumanna. Að venju óskuðu Bandaríkin að lokum eftir atkvæðagreiðslu um ályktunina og varð niðurstaðan sú að 57 ríki samþykktu hana samanborið við 95 ríki árið áður og 9 ríki mótmæltu henni en 8 ríki árið áður. 61 ríki sat hjá samanborið við 11 ríki árið áður og var Ísland meðal þeirra.

*5.2 Framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2006–2015.*

Þetta er í ellefta sinn sem stofnunin leggur fram framkvæmdaáætlun sína og nær hún í þetta skiptið yfir 10 ár tímabil eða til ársins 2015. Þess má geta að tekið var mið af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna við gerð framkvæmdaáætlunarinnar en áætlað er að ná þeim markmiðum fyrir lok árs 2015. Mikil umræða hafði farið fram um framkvæmdaáætlunina í tvö ár og var hún loksins samþykkt með ályktun þingsins. Framkvæmdaáætlunin tekur sérstaklega fyrir starfsemi og ábyrgð WHO sem forustuafls á sviði heilbrigðismála í heiminum. Hún er ólík fyrri framkvæmdaáætlunum stofnunarinnar þar sem hún kallar eftir sameiginlegum aðgerðum alþjóðasamfélagsins til að auka heilbrigði í heiminum. Áætlað er að endurskoða framkvæmdaáætlunina á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2010 og síðan árið 2014.

*5.3 Fjárhagsáætlun og fjármál.*

Nokkur málefni voru tekin fyrir undir þessum lið. Fyrst var fjallað um þau ríki sem misst höfðu kosningarétt sinn á alþjóðaheilbrigðisþinginu vegna vanskila framlaga en þau voru Argentína, Antígva og Barbúda, Kómoreyjar, Gínea-Bissá, Kirgisistan, Líbería, Nárú, Níger og Sómalía.

Því næst voru tekin til umræðu þau lönd sem fengu aftur kosningarétt á þinginu þar sem samkomulag hafði náðst um greiðslu skulda þeirra. Þau ríki sem náðist samkomulag við voru Afganistan, Armenía, Mið-Afríkulýðveldið, Dóminíska lýðveldið og Túrkmenistan.

Að lokum var farið yfir frammistöðumat á fjárhagsáætlun stofnunarinnar og reikningsskil fyrir tímabilið 2004–2005. Talsmaður WHO sagði að á tímabilinu hefði verið lögð áhersla

á að gera réttu hlutina, á réttum stöðum og á réttan hátt. Hann sagði að kröfur aðildarríkja til stofnunarinnar hefðu aukist á tímabilinu en lögð hefði verið áhersla á eflingu heilbrigðiskerfa, á að veita alnæmissmituðum aðgang að lyfjum, á baráttuna við berkla og malaríu, á viðbrögð við nýjum smitsjúkdómum og neyðarástandi, á aukna áherslu á að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal að bæta heilsu kvenna og barna, bregðast við aukinni tíðni langvinnra sjúkdóma og geðsjúkdóma, viðurkenna tengsl á milli fátæktar og slæmrar heilsu og að skilja betur áhrif umhverfis og félagslegra þátta á heilsu. Einnig má segja að miklar framfarir hefðu orðið á tímabilinu, svo sem það að reglugerð um hindrun smitsjúkdóma hafði verið endurskoðuð árið 2005 þótt hún öðlaðist ekki gildi fyrr en í maí 2007. Einnig hefði verið samþykktur tóbaksvarnasamningur WHO sem markaði tímamót fyrir stofnunina. Í lokin var talað um að á árunum 2004–2005 hefði skapast neyðarástand, svo sem jarðskjálftar og flóðbylgjur á Indlandshafi, jarðskjálftar í Suður-Asíu, neyðarástand í Darfúr og Súdan og aukin ógn stafaði af fuglaflensu. Heildarútgjöld á tímabilinu voru 2.729 milljónir bandaríkjadala sem var 33% aukning frá tímabilinu á undan en samt innan samþykkts fjárlagaramma fyrir tímabilið.

*5.4 Eftirlaunasjóður starfsmanna WHO.*

Stjórn eftirlaunasjóðs starfsmanna WHO samanstendur af níu fulltrúum og níu varafulltrúum sem skipaðir eru til þriggja ára. Á þinginu var Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri, skipaður sem varafulltrúi í sjóðnum til næstu þriggja ára, eða til maí 2009.

*5.5 Samstarf við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og alþjóðastofnanir.*

Á hverju þingi er lögð fram skýrsla um samstarf WHO við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og alþjóðastofnanir og var í ár engin breyting þar á. Á þinginu árið áður hafði verið samþykkt ályktun þar sem farið var fram á að WHO tæki af fullum krafti þátt í þeim umbótum sem hafnar eru á starfi og uppbyggingu Sameinuðu þjóðanna. Í ályktuninni frá árinu áður var mælst til þess að WHO hygði að vinnu sinni í aðildarríkjunum með tilliti til vinnu annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna til að koma í veg fyrir skörun á starfssviðum og til að auka skilvirkni. Samkvæmt ályktuninni bar stofnuninni að skila inn skýrslu um gang mála á þinginu sem hún og gerði.

*5.6 Heilsuefling í alþjóðavæddum heimi.*

Árið 2007 voru 20 ár liðin frá því að Ottawa-sáttmálinn um heilsueflingu var samþykktur en hann markar upphafið að vinnu WHO að heilsueflingu. Á janúarfundi framkvæmdastjórnarinnar árið 2006 kallaði Ísland auk annarra þjóða eftir meiri áherslu stofnunarinnar á heilsueflingu. Tími væri kominn til að festa heilsueflingu í sessi innan stofnunarinnar og í aðildarríkjum. Skoraði framkvæmdastjórnin á aðildarríki að fjárfesta í viðeigandi heilsueflingu og móta sér haldbæra stefnu á sviði heilsueflingar því hún væri ein meginstoð félagslegrar og efnahagslegrar þjóðfélagsþróunar. Lögð var fram ályktun á þinginu og þó að einhugur ríkti meðal aðildarríkja um mikilvægi þessa málaflokks vannst ekki tími til að koma inn breytingartillögum nokkurra aðildarríkja og var því ákveðið að fresta þessum dagskrárlið fram til framkvæmdastjórnarfundarins í janúar 2007.

*5.7 Hlutverk WHO og ábyrgð á sviði heilbrigðisrannsókna.*

Í framhaldi af ályktun sem samþykkt var á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2005 var útbúið stöðuskjal um hlutverk WHO og ábyrgð á sviði heilbrigðisrannsókna og var meginniðurstaða

þess skjals að WHO ætti að gegna þar forustuhlutverki. Á fundi framkvæmdastjórnarinnar fyrr á árinu, þ.e. í janúar 2006, var lögð fram ályktun sem var samþykkt og send til þingsins. Norðurlöndin sögðu í umræðu á þinginu að rannsóknarvinna WHO hefði aukist síðustu 30 árin og mikilvægi þeirrar vinnu kæmi greinilega fram í elleftu framkvæmdaáætlun stofnunarinnar. Ályktunin sem lægi fyrir væri mikilvæg þar sem stofnunin hefði enn enga áætlun um hvernig skipuleggja, stjórna og forgangsraða ætti verkefnum og hvernig afla ætti fjár til rannsókna. Þrátt fyrir mikla umræðu náðist ekki samkomulag um ályktunina og var ákveðið að taka hana aftur á dagskrá á fundi framkvæmdastjórnarinnar í janúar 2007.

*5.8 Útkoma fyrsta fundar aðildarríkja tóbaksvarnasamnings WHO.*

Fyrsti fundur aðildarríkja að tóbaksvarnasamningi WHO var haldinn í febrúar 2006 undir forsæti sendiherra Chile, Juan Martabit. Þegar fundurinn var haldinn höfðu 113 ríki fullgilt tóbaksvarnasamninginn en mánuði síðar höfðu fullgilt hann 124 ríki. Á þessum fyrsta fundi tóbaksvarnasamningsins voru samþykktar vinnureglur og fjármálareglur aðildarríkja samningsins. Einnig var ákveðið að hefja vinnu að reglum um auglýsingar sem berast yfir landamæri, t.d. auglýsingar í blöðum, svo og ólögleg viðskipti með tóbaksvörur. Ákveðið var að halda fund einu sinni á ári og samþykkt að skrifstofa samningsins yrði staðsett í höfuðstöðvum WHO í Genf og var á þinginu samþykkt ályktun þess efnis.

*5.9 Starfsreglur alþjóðaheilbrigðisþingsins um afgreiðslu skjala.*

Á undanförnum árum hafa vinnuskjöl þingsins komið sífellt seinna út og aðildarríki kvartað undan því að geta ekki undirbúið sig sem skyldi fyrir þingið. Samþykkt var ályktun þar sem stefnt er að því að aðildarríkin fái öll skjöl í hendurnar a.m.k. sex vikum fyrir þingið.

## 6. Samráðsfundir.

*6.1 Norðurlandahópurinn.*

Á hverjum morgni hittust fulltrúar Norðurlandanna og fóru yfir stöðu mála. Ísland stjórnaði þessum fundum við upphaf þingsins en Danir tóku svo við stjórninni þar sem Danmörk tók við sæti Íslands í framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Á fundunum var farið yfir dagskrá þingsins og innlegg hvers lands fyrir sig svo og sameiginleg innlegg Norðurlandanna sem lágu fyrir.

*6.2 Vestur-Evrópski hópurinn og aðrir (WEOG).*

Sömuleiðis héldu lönd Vestur-Evrópu og fleiri hópar (e. Western European and Other Groups) samráðsfund á hverjum morgni. Þar var einnig farið yfir stöðu og horfur mála á þinginu. Fundir þessir voru undir forsæti Sviss.

## 7. Dagskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 2007.

Ákveðið var að halda 120. fund framkvæmdastjórnarinnar 22.–30. janúar, alþjóðaheilbrigðisdagurinn verður að venju 7. apríl og verður hann að þessu sinni tileinkaður heilsu og öryggi. 60. alþjóðaheilbrigðisþingið verður haldið 14.–23. maí og fundur Evrópudeildar WHO verður haldinn 17.–20. september í Belgrad.

## SÉRSTAKUR FUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR Í GENF 23. MAÍ 2006

Vegna skyndilegs fráfalls framkvæmdastjóra stofnunarinnar, dr. Lee Jong-wook, var ákveðið að boða til sérstaks fundar framkvæmdastjórnarinnar þann 23. maí. Eins og áður hefur komið fram féll dr. Lee frá snemma morguns á setningardegi alþjóðaheilbrigðisþingsins. Virtist í fyrstu sem ekki hefði verið gengið frá því hver mundi taka við stöðu hans, þar til nýr framkvæmdastjóri yrði kosinn af aðildarríkjum stofnunarinnar, ef aðstæður sem þessar kæmu upp. Ákveðið var því að boða í skyndi til þessa fundar framkvæmdastjórnarinnar en á sama tíma fannst bréf, dagsett 14. nóvember 2003, þar sem dr. Lee fól dr. Anders Nordström, einum af aðstoðarframkvæmdastjórum sínum, að taka tímabundið við starfi framkvæmdastjóra ef ske kynni að hann gæti ekki sinnt því sjálfur. Margir gagnrýndu að bréfinu skyldi hafa verið haldið leyndu fyrir aðildarríkjunum. Það var svo að lokum fyrir tilstuðlan íslenska fulltrúans í framkvæmdastjórn, Davíðs Á. Gunnarssonar, að dr. Anders Nordström var settur tímabundið í embættið.

Á fundinum sagði fulltrúi Íslands að stofnunin yrði að koma fram sem sterk og sameinuð út á við. Þó að ferlið hefði ekki verið gegnsætt þá hefði dr. Lee útbúið bréfið til að tryggja framtíð stofnunarinnar á skynsamlegan hátt, með því að velja staðgengil til að taka tímabundið við stöðu hans ef hann gæti ekki sinnt henni sjálfur. Í framhaldi af því lagði fulltrúi Íslands fram drög að tveimur ákvörðunum fyrir stjórnina og voru þær báðar samþykktar eftir mikla umræðu. Í þeirri fyrri var ákveðið að stofnunin gerði án tafar viðeigandi ráðstafanir til þess að flýta kosningu næsta framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Í þeirri síðari var ákveðið að staðfesta efni bréfs dr. Lee frá 14. nóvember 2003 og setja dr. Anders Nordström framkvæmdastjóra stofnunarinnar þar til nýr framkvæmdastjóri yrði kosinn. Öðrum ákvörðunum um hvernig staðið yrði að kosningaferlinu var frestað til 118. fundar framkvæmdastjórnarinnar.

## 118. FUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR WHO Í GENF 29. MAÍ–1. JÚNÍ 2006

### 1. Inngangur.

Í beinu framhaldi af 59. alþjóðaheilbrigðisþinginu var haldinn 118. fundur framkvæmdastjórnar WHO í Genf. Þetta var fyrsti fundur sem haldinn var eftir að setu Íslands lauk í framkvæmdastjórn. Danir tóku við sæti Norðurlandanna af Íslandi en í raun er ekki um fast sæti Norðurlandanna að ræða þar sem 53 lönd tilheyra Evrópudeild WHO en einungis 8 ríki eiga sæti í framkvæmdastjórn á hverjum tíma. Undanfarin ár hefur verið sífellt erfiðara fyrir Norðurlöndin að halda sæti sínu. Þau lönd sem tóku sæti í stjórninni ásamt Danmörku voru Afganistan, Bandaríkin, Djíbútí, El Salvador, Kína, Lettland, Malí, Singapúr, Slóvenía, Srí Lanka og Tyrkland. Fyrir Íslands hönd sótti fundinn Ingimar Einarsson skrifstofustjóri og voru á fundinum samþykktar alls 5 ályktanir.

### 2. Helstu umræðuefni fundarins.

*2.1 Niðurstöður alþjóðaheilbrigðisþingsins 2006.*

Dagskrá alþjóðaheilbrigðisþingsins var að venju yfirgripsmikil og voru samþykktar á þinginu alls 27 ályktanir og teknar 14 ákvarðanir. Ákveðið var að fresta umræðu um þrjú málefni til fundar framkvæmdastjórnarinnar í janúar 2007 en þau voru útrýming bóluefnabirgða bólusóttar, heilsuefling í alþjóðavæddum heimi og hlutverk WHO og ábyrgð á sviði heilbrigðisrannsókna.

*2.2 Kosning nýs framkvæmdastjóra stofnunarinnar.*

Eins og greint var frá hér að framan var ákveðið að framkvæmdastjórnin tæki ákvörðun um tilhögun kosningar nýs framkvæmdastjóra vegna fráfalls dr. Lee. Ákveðið var að flýta kosningaferlinu og efna til framkvæmdastjórnarfundar 6.–8. nóvember sama ár, þ.e. 2006, þar sem kosið yrði um nýjan framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Gefinn var frestur til 5. september fyrir skil á umsóknum og var samþykkt ályktun þess efnis. Í henni var ákveðið að kalla til sérstaks fundar alþjóðaheilbrigðisþingsins 9. nóvember sama ár þar sem hægt yrði að staðfesta kosningu framkvæmdastjórnarinnar á nýjum framkvæmdastjóra. Samkomulagsatriði yrði svo hvenær nýr framkvæmdastjóri mundi hefja störf.

*2.3 Meðhöndlun Leishmanssýki.*

Leishmanssýki er landlæg í 88 löndum og einn af þeim sjúkdómum sem dregur flest fólk til dauða í þróunarlöndunum. Sjúkdómurinn flokkast sem hitabeltissjúkdómur og veldur sníkill honum sem berst til manna með biti sandflugna. Talið er að um 14 milljónir manna hafi sjúkdóminn og um 2 milljónir nýrra tilvika komi upp á ári hverju. Meðferð við sjúkdómnum er kostnaðarsöm og deyja milljónir árlega úr honum, margir hverjir í kjölfar eyðnismits. Á fundinum var rætt um eftirlit, greiningu og meðferð sjúkdómsins svo og þörfina fyrri virkara lyfi gegn honum. Samþykkt var ályktun þar sem stofnunin var beðin um að hvetja til alþjóðasamstarfs í því skyni að meðhöndla og útrýma sjúkdómnum.

*2.4 Miðjarðarhafsblóðleysi og aðrir blóðrauðakvillar.*

Blóðrauðakvillar eru erfðasjúkdómar sem talið er að um 5% mannkyns bera, þ.e. heilbrigðir einstaklingar sem bera sjúkdóminn með sér. Á hverju ári fæðast um 90 þúsund börn með Miðjarðarhafsblóðleysi og 210 þúsund með sigðkornablóðleysi en þessir sjúkdómar flokkast báðir undir blóðrauðakvilla. Í Bandaríkjunum eiga um 10% íbúa á hættu að fá sigðkornablóðleysi en um 2% íbúa í Norðvestur-Evrópu. Miðjarðarhafsblóðleysi kemur fram á milli sex mánaða til tveggja ára aldurs barna en án greiningar og meðferðar deyja flest þeirra úr blóðleysi eða sýkingum á fyrstu æviárum sínum. Sjúklingar með Miðjarðarhafsblóðleysi þurfa reglulegar blóðgjafir en meðferð sjúkdómsins fylgja mörg vandamál sem enn hafa ekki verið leyst. Samþykkt var ályktun sem kveður á um að stofnunin vinni að auknu aðgengi að heilbrigðisþjónustu þar sem tekið er á forvörnum og meðferð sjúkdómanna. Að auki var stofnunin hvött til að veita aðildarríkjum tækniaðstoð, útbúa leiðbeiningar um forvarnir og meðferð sjúkdómanna og styðja við rannsóknir á sjúkdómunum.

*2.5 Skynsamleg notkun lyfja: staða innleiðingar lyfjaáætlunar WHO.*

Lyfjameðferð er ein af kostnaðarhagkvæmustu meðferðum við sjúkdómum. Um 10–20% af heilbrigðisútgjöldum þróunarríkjanna fara í lyf en um 20–40% heilbrigðisútgjalda vestrænna ríkja. Markmið lyfjaáætlunar WHO fyrir árin 2004–2007 er að allir sem þess þarfnast hafi aðgang að nauðsynlegum lyfjum, að lyfin séu örugg, hafi góða virkni, standist gæðakröfur og að þeim sé ávísað og þau notuð skynsamlega. Umræðan um skynsamlega notkun lyfja tekur því á van- og ofávísun lyfja svo og ónægri meðferðarfylgni sjúklinga, sérstaklega hvað varðar lyf við langvinnum sjúkdómum eins og alnæmi og sykursýki. Á fundinum var kallað eftir sérstakri umræðu um aðgengi að lyfjum fyrir börn og var minnst á að fundur þess efnis yrði haldinn í ágúst síðar á árinu. Var því ákveðið að fresta þessari umræðu til framkvæmdastjórnarfundarins í janúar 2007 því skynsamlegt væri að bíða eftir niðurstöðu fyrrnefnds ágústsfundar.

*2.6 Dregið úr magni arsens í grunnvatni.*

Mikil heilbrigðisógn stafar af ólífrænu arseni, einkum frá menguðu drykkjarvatni. Oftast tekur um 5–20 ár fyrir arseneitrun að myndast í líkamanum og ekki er hægt að snúa við sumum afleiðingum hennar. Nokkrir langvinnir kvillar geta hlotist af eitruninni, svo sem húðvandamál og krabbamein í húð auk krabbameina í þvagblöðru, nýrum og lungum, æðasjúkdómar í fótleggjum og hugsanlega einnig sykursýki og háþrýstingur. Sums staðar í heiminum er þetta mikið vandamál, svo sem í Argentínu, Bangladess, Kambódíu, Chile, Kína, Ungverjalandi, Mexíkó, Rúmeníu, Bandaríkjunum og Víetnam. Í umræðum kom fram að tiltölulega einfalt væri að fjarlægja arsen úr drykkjarvatni og greint var frá því að WHO hefur útbúið leiðbeiningar um greiningu, meðferð og eftirlit með arseneitrun. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið.

*2.7 Grundvallarheilbrigðistækni.*

Undir heilbrigðistækni flokkast öll þau aðföng sem notuð eru til að mæta heilbrigðisþörfum heilbrigðra eða sjúkra. Þetta geta þetta verið lyf, lækningatæki eða læknismeðferðir. Á fundinum var mikil umræða um það að heilbrigðistækni þyrfti að vera örugg, skilvirk, gagnreynd og í samræmi við staðla, bæði alþjóðastaðla og staðla setta af aðildarríkjunum sjálfum. Minnst var á að mikill hluti fólks í heiminum lifir við fátækt og hefur ekki aðgang að þeim úrræðum sem heilbrigðistækni skapar. En aðgengi að heilbrigðistækni er nauðsynleg til að minnka bilið á milli fátækra og ríkra landa, svo og bilið milli þjóðfélagshópa í hverju landi fyrir sig. Bent var á að um 95% af þeirri heilbrigðistækni sem er innflutt til þróunarríkjanna hentar ekki þörfum heilbrigðiskerfa þeirra. Einnig var talið að um 50% lækningatækja í þróunarlöndunum væri ónothæf vegna fjárskorts og skorts á viðhaldi eða þjálfuðu starfsliði til að nota þau. Minnt var á að stofnunin hefði hug á að útbúa leiðbeiningar og kennsluefni fyrir grundvallarheilbrigðistækni og innleiða góðar klínískar starfsvenjur.

*2.8 Staða innleiðingar ályktunar um fatlanir, þ.m.t. meðhöndlun, endurhæfingu og forvarnir.*

Ályktunin sem hér var rædd var á sínum tíma lögð fram að tilstuðlan Davíðs Á. Gunnarssonar, fyrrverandi fulltrúa Íslands í framkvæmdastjórn. Á fundinum var greint frá því að drög að aðgerðaáætlun um fatlanir og endurhæfingu fyrir tímabilið 2006–2011 hefðu verið útbúin. Einnig væri hafin vinna að alþjóðaskýrslu um sama málefni. Minnt var á árlegan alþjóðlegan dag fatlaðra, 3. desember, sem væri til þess ætlaður að auka vitund um málefni fatlaðra. Einnig var greint frá því að unnið væri að leiðbeiningum fyrir heilbrigðisstarfsfólk um hvernig hægt væri að þróa og styrkja endurhæfingarþjónustu og var áætlað að ljúka leiðbeiningunum árið 2007. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið.

*2.9 Heilbrigðisupplýsingakerfi sem stuðningur við þúsaldarmarkmið SÞ.*

Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa beint sjónum manna að undirliggjandi veikleika heilbrigðisupplýsingakerfa margra landa. Nauðsynlegar upplýsingar eru oft ekki til í þeim löndum þar sem þeirra er hvað mest þörf. Í þróunarríkjunum eru upplýsingakerfi oft óskilvirk og nýtast ekki sem skyldi við stefnumótun, þ.e. þau gefa ekki nauðsynlegar upplýsingar sem annars væri hægt að nota við stefnumótun til að bæta heilsufar þessara þjóða. WHO var einn af stofnendum Heilbrigðismælinets (e. The Health Metrics Network) en það hefur verið starfrækt frá árinu 2005 með það að markmiði að aðstoða aðildarríki við að bæta söfnun heilbrigðisupplýsinga. Í upphafi átti þessi dagskrárliður einungis að vera til upplýsingar en Afganistan, Bútan, Kenía, Madagaskar, Mexíkó, Sri Lanka og Taíland lögðu fram

ályktun sem hvatti meðal annars aðildarríki til að styrkja heilbrigðisupplýsingakerfi sín. Ályktunin var samþykkt og verður send áfram til samþykktar á alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 2007.

*2.10 Rafræn heilbrigðisþjónusta: staðlað hugtakasafn.*

Á framkvæmdastjórnarfundinum fyrr á árinu, þ.e. í janúar 2006, lagði WHO fram lista með hugsanlegum verkefnum stofnunarinnar tengdum rafrænni heilbrigðisþjónustu. Á þeim fundi óskaði Ísland eftir því að rætt yrði hvort stofnunin og aðildarríki ættu að taka upp staðlað hugtakasafn fyrir rafræna heilbrigðisþjónustu. Flestir voru sammála um mikilvægi þess að taka upp staðlað hugtakasafn en skiptar skoðanir voru um hvernig stofnunin ætti að koma að gerð þess. Tvær leiðir voru nefndar í þessum efnum, annars vegar gæti stofnunin unnið í samvinnu við alþjóðastaðlastofnanir en þær eru nokkrar. Hins vegar gæti WHO komið að stofnun sjálfstæðrar staðlastofnunar. Stjórnin kallaði eftir meiri upplýsingum um hvaða tæknilegu og fjárhagslegu afleiðingar þessir valkostir mundu hafa í för með sér og var því ákveðið að fresta umræðunni þar til á næsta fundi stjórnarinnar í janúar 2007.

**3. Ákvarðanir og ályktanir fundarins.**

Á fundinum voru samþykktar eins og fyrr greinir fimm ályktanir, sbr. fylgiskjal III.

## FUNDUR SVÆÐISNEFNDAR WHO Í EVRÓPU Í KAUPMANNAHÖFN 11.–14. SEPTEMBER 2006

**1. Inngangur.**

56. fundur svæðisnefndar Evrópu í Kaupmannahöfn var haldinn 11.–14. september 2006. Fundurinn var vel sóttur að venju og sendu 50 af 53 aðildarríkjum svæðisskrifstofunnar fulltrúa sína á fundinn. Fulltrúar alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana sóttu einnig fundinn.

Heilbrigðisráðherra Tyrklands, Racep Akdag, var kjörinn forseti fundarins, dr. Jens Kristian Gotrik frá Danmörku og dr. David Harper frá Bretlandi varafundarstjórar og Zamira Sinoimeri frá Albaníu skýrslugjafi. Voru á fundinum samþykktar sex ályktanir.

Fyrir Íslands hönd sóttu fundinn Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, Svavar Gestsson sendiherra, Kolbrún Ólafsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, Ragnheiður Haraldsdóttir skrifstofustjóri, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Sveinn Magnússon skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir skrifstofustjóri, Ásthildur Knútsdóttir sérfræðingur og Anna Björg Aradóttir, yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins.

**2. Ræða framkvæmdastjóra Evrópuskrifstofu.**

Dr. Marc Danzon, framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofunnar, hóf ræðu sína á að fara yfir starfsemi skrifstofunnar frá því að síðasti fundur svæðisnefndarinnar sem haldinn í Búkarest í september 2005. Hann benti á að komið hefði út skýrsla um störf skrifstofunnar á tímabilinu 2004–2005 og fagnaði því að Montenegro hefði nýverið orðið 53 ríkið sem gerist aðili að Evrópuskrifstofunni.

Dr. Danzon sagði það hafa verið mikið áfall þegar framkvæmdastjóri stofnunarinnar hefði orðið bráðkvaddur og þegar þrír starfsmenn skrifstofunnar létust í bílslysi í Tyrklandi og vottaði hann þeim öllum virðingu sína.

Á fundi svæðisnefndarinnar árið áður hafði dr. Danzon vakið athygli á slæmu ástandi í Kósovó þar sem almenningur var útsettur fyrir blýeitrun og bjó við ósættanlega hreinlætis-

aðstöðu. Evrópuskrifstofan hafði á árinu eflt starfsemi sína í Kósovó og hefðu 600 manns, þar á meðal 250 börn, notið góðs af aðstoðinni. Í framhaldi af því þakkaði dr. Danzon þann stuðning sem heilbrigðisráðuneyti Serbíu hefði veitt Evrópuskrifstofunni.

Dr. Danzon sagði að í þeim 28 löndum sem hefðu landaskrifstofur á vegum Evrópuskrifstofunnar hefði verið lögð áhersla á að framkvæma áætlanir skrifstofunnar. Að auki væri ætlunin að gera samninga til tveggja ára við þau lönd sem ekki hafa landaskrifstofur þar sem farið verður yfir þarfir þeirra og skoðað hvað Evrópuskrifstofan getur aðstoðað við. Byrjað verður á samningum við Andorra, Belgíu, Þýskaland og Portúgal. Skrifstofan hefði einnig unnið að því að gera stuðning sinn við aðildarríki skilvirkari og aukið samstarf sitt við aðrar stofnanir og félagasamtök. Til að mynda hefur skrifstofan eflt samstarf sitt við Alþjóðabankann, Evrópusambandið, aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og frjáls félagasamtök.

Áhersla væri á forvarnir langvinnra sjúkdóma svo og smitsjúkdóma í samvinnu við höfuðstöðvar WHO, Sóttvarnastofnun Evrópu (ECDC), Evrópusambandið og aðrar stofnanir. Samstarfið á árinu hafði verið með besta móti, sérstaklega þegar tekist var á við fuglaflensutilfelli sem upp komu í mönnum í Tyrklandi og Aserbaídsjan. Þar hafði tæknileg aðstoð, alþjóðasamstarf og pólitískur vilji greitt fyrir skjótum viðbrögðum. Evrópuskrifstofan hafði einnig aðstoðað Kýpur við að takast á við flæði flóttamanna inn í landið. Í október 2005 var í fyrsta sinn haldin svokölluð Evrópsk bólusetningarvika sem hvatti foreldra til að láta bólusetja börn sín. Að auki hefði skrifstofan unnið í samvinnu við sameiginlega áætlun Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmi (UNAIDS) og aðrar stofnanir að því að viðhalda meðferð og auka forvarnir gegn alnæmi. Annar langvinnur sjúkdómur sem mikilvægt er að fyrirbyggja eru berklar og krefst hann aukins pólitísks stuðnings innan álfunnar.

Reykingar eru stór áhættuþáttur í mörgum langvinnum sjúkdómum. Mörg Evrópulönd hafa bannað tóbaksauglýsingar og reykingar á almannafæri en dr. Danzon sagði að betur mætti ef duga skal þar sem 14 Evrópulönd hefðu enn ekki fullgilt tóbaksvarnasamning WHO. Því næst vakti dr. Danzon athygli á að haldinn yrði ráðherrafundur um offitu í Tyrklandi í nóvember 2006 á vegum Evrópuskrifstofunnar og hvatti hann aðildarríki til að taka virkan þátt í ráðstefnunni.

Að lokum sagði dr. Danzon að Evrópuskrifstofan hefði gert áætlun sem bæta ætti starfsmannastjórnun skrifstofunnar.

### 3. Ávarp Mary Donaldsson, krónprinsessu Dana.

Krónprinsessan þakkaði fyrir tækifærið til að halda erindi á þessum fundi. Í hlutverki sínu sem verndari Evrópsku svæðisskrifstofunnar væri ætlun hennar að auka vitund innan Evrópu um að margir byggju enn við bág heilsukjör og lélegt aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu. Hún fagnaði því að langvinnir sjúkdómar fengju sérstaka athygli á fundinum þar sem stóran hluta sjúkdómsbyrðar og dauðsfalla í Evrópu mætti rekja til þeirra. Offita væri vaxandi vandamál hjá börnum og væri það henni sem og öðrum mikið áhyggjuefni. Hún sagðist í því sambandi hafa ákveðið að taka þátt í vinnu tengdri ráðherrafundinum um offitu sem haldinn yrði í Istanbúl í nóvember 2006. Jafnframt vildi hún hvetja Evrópuþjóðir til aukinnar heilsueflingar.

Að auki mundi hún taka þátt í tveimur öðrum verkefnum skrifstofunnar, annað væri tengt bólusetningu og forvörnum gegn sjúkdómum en hitt að tryggja aðgang að hreinu drykkjarvatni en þannig má fækka sjúkdómum og dauðsföllum í álfunni. Það væri henni einnig sérstakt áhyggjuefni að ekki ættu öll börn álfunnar kost á hreinu drykkjarvatni. Að lokum

sagði hún að sem verndari tveggja geðheilbrigðisstofnana í Danmörku mundi hún vinna að því að draga úr stimplun þeirra sem lifðu við geðsjúkdóma í álfunni.

**4. Ræða sitjandi aðalframkvæmdastjóra WHO.**

Það kom fram í ræðu sitjandi aðalframkvæmdastjóri WHO, dr. Anders Nordström, að aðildarríki færu í ríkari mæli fram á að WHO væri leiðandi stofnun. Því þyrfti t.d. að gera heilbrigðisrannsóknum hærra undir höfði. Dr. Nordström tók það fram að stofnunin sjálf stæði ekki fyrir rannsóknum en hefði mikilvægu hlutverki að gegna hvað varðaði söfnun upplýsinga og hefði óneitanlega áhrif á þær rannsóknir sem gerðar væru með því að kalla eftir rannsóknum.

Það væri einnig í verkahring stofnunarinnar að aðstoða aðildarríki við að útbúa stefnur og áætlanir sem ykju skilvirkni heilbrigðiskerfa. Einnig ætti stofnunin að veita aðildarríkjum tækniaðstoð og byggja upp getu landa til að ná alþjóðamarkmiðum eða þeim markmiðum sem þau hefðu sett sér sjálf. Eftirlit væri einnig hlutverk stofnunarinnar og dreifing upplýsinga með gæði og traust að leiðarljósi.

Dr. Nordström sagðist einnig vilja minnast sérstaklega á þrjú atriði. Í fyrsta lagi á forvarnir og meðhöndlun langvinnra sjúkdóma en mikilvægt væri að vinna gegn áhættuþáttum langvinnra sjúkdóma. Evrópuáætlun gegn langvinnum sjúkdómum væri mikilvæg fyrir álfuna, sérstaklega áhersla hennar á baráttuna við offitu. Í öðru lagi sagði hann að alþjóðaheilbrigðisdagurinn 7. apríl 2007 yrði tileinkaður heilsu og öryggi og í þriðja lagi benti hann á að Evrópuskrifstofan gæti deilt reynslu sinni af fjármögnun heilbrigðiskerfa með öðrum álfum heims.

Að lokum beindi hann athygli að þeirri vinnu sem færi fram í höfuðstöðvum WHO en þar er unnið að miðannar-verkefnaáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2008–2013 og drög að fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2008–2009. Hann sagði að eftir umræðu um þessi málefni á fundum svæðisskrifstofa stofnunarinnar yrðu áætlanirnar endurskoðaðar og lagðar fyrir framkvæmdastjórnarfund stofnunarinnar í janúar 2007. Áætluð aukning fjárlaga stofnunarinnar endurspeglaði auknar væntingar og kröfur aðildarríkjanna. Gert væri ráð fyrir að föst framlög aðildarríkjanna mundu hækka um 8,6% eða um 1 milljarð bandaríkjadala. Þrátt fyrir þessa aukningu lækkuðu föst framlög aðildarríkjanna hlutfallslega um 23% miðað við frjáls framlög til stofnunarinnar og það væri miður. Með þessu ykist fjármagn til Evrópuskrifstofunnar um 35% miðað við fjárhagstímabilið á undan og væri það aukning um 72 milljónir bandaríkjadala. Í heildina rynnu 273 milljónir bandaríkjadala til Evrópuskrifstofunnar.

**5. Ályktanir og helstu málefni tekin fyrir á fundinum.**

*5.1 Ályktanir og ákvarðanir teknar á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006.*

Þótt allar 27 ályktanir alþjóðaheilbrigðisþingsins frá árinu 2006 væru mikilvægar vöktu nokkrar þeirra meiri umræðu en aðrar. Mikil umræða varð um ályktun um drög að áætlun um forvarnir og meðferð kynsjúkdóma. Lengi hafði verið beðið eftir þeirri ályktun og fékk hún blendin viðbrögð en fyrir tilstilli nokkurra Evrópuríkja náðist að lokum að samþykkja hana. Einnig vakti ályktun um 11. framkvæmdaáætlun stofnunarinnar mikla umræðu og höfðu aðildarríki Evrópu einnig mikil áhrif á að þessi ályktun var að lokum samþykkt.

Varðandi ályktun um innleiðingu valinna ákvæða endurskoðaðrar reglugerðar um hindrun útbreiðslu sjúkdóma var lögð áherslu á þörfina á að aðstoða aðildarríki við að byggja upp getu sína til að bregðast við faröldrum sjúkdóma. Evrópuskrifstofan sagðist vinna í nánu samstarfi við skrifstofu WHO í Lyon í Frakklandi sem hefði með viðbúnað og viðbrögð við

faröldrum að gera og stóðu vonir til að sú skrifstofa mundi aðstoða, sérstaklega lönd í Evrópu, hvað varðandi viðbúnað.

Hvað viðkom ályktun um alnæmi sem kallaði á aukna skipulagningu sagðist skrifstofan skipuleggja starf sitt í samvinnu við sameiginlega áætlun Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmi (UNAIDS), við Heimssjóðinn í baráttu gegn alnæmi, berklum og malaríu og við aðrar stofnanir. Skrifstofan hefði sett upp teymi 50 starfsmanna sem ynnu að málefnum tengdum alnæmi bæði á Evrópuskrifstofunni og á vettvangi.

Að lokum var minnt á stofnun milliríkjahóps sem væri opinn öllum aðildarríkjum og ætti að taka fyrir verkefnaáætlun um hugverkaréttindi og yrði fyrsti fundur vinnuhópsins haldinn í desember 2006.

*5.2 Evrópuáætlun um forvarnir gegn langvinnum sjúkdómum.*

Í Evrópu valda helstu langvinnu sjúkdómarnir 86% af öllum dauðsföllum og 77% af sjúkdómsbyrði. Hjarta- og æðasjúkdómar og krabbamein eru taldir valda um tveimur þriðja hluta allra dauðsfalla í álfunni og ef geðsjúkdómum er bætt við bera þessir sjúkdómar ábyrgð á ríflega 50% af sjúkdómsbyrðinni í álfunni. Af völdum hjarta- og æðasjúkdóma létust á árinu 2005 um 5 milljónir og 2 milljónir létust af völdum krabbameina. Smitsjúkdómar ollu færri dauðsföllum í álfunni á sama tíma. Stærsta dánarorsök í álfunni eru því hjarta- og æðasjúkdómar, sérstaklega í Austur-Evrópu og fyrrverandi Sovétríkjunum þar sem tíðni þeirra er hve mest.

Það kom fram í umræðum á fundinum að vaxandi byrði langvinnra sjúkdóma á heilbrigðiskerfi, efnahag og samfélag þjóða væri mikið umhugsunarefni. Helstu orsakavaldar og áhættuþættir langvinnra sjúkdóma væru þekktir. Um 60% langvinnra sjúkdóma væru tengdir sjö áhættuþáttum, þ.e. háþrýstingi, tóbaksnotkun, áfengisnotkun, háu kólesteróli, ofþyngd, of lítilli ávaxta- og grænmetisneyslu og hreyfingarleysi. Einnig var minnst á að sykursýki væri mikill áhættuþáttur. Mikið samspil virðist vera á milli þessara þátta og því mikilvægt að beita heildstæðri nálgun við forvarnir gegn þessum sjúkdómum. Til eru áhrifaríkar leiðir til að koma í veg fyrir langvinna sjúkdóma og talið að hægt sé að koma í veg fyrir um 80% af hjartasjúkdómum, kransæðastíflum og áunninni sykursýki og um 40% krabbameina ef dregið er úr þekktum áhættuþáttum. Til þess að þetta væri framkvæmanlegt þyrfti að snúa áherslum heilbrigðisþjónustunnar við en í dag er meiri áhersla lögð á að lækna sjúkdóma en minna á forvarnir. Ef litið er á heildarheilbrigðisútgjöld OECD-landa fara einungis um 3% í forvarnir og lýðheilsuverkefni. En sem betur fer hafa orðið framfarir í mörgum löndum og nokkur þeirra hafa náð að lækka dánartíðni af völdum langvinnra sjúkdóma.

Varðandi framtíðarþróun langvinnra sjúkdóma eru vísbendingar um að skólabörn séu að þyngjast. Einnig eru Evrópubúar að eldast og er talið að árið 2050 verði yfir einn fjórði hluti Evrópubúa eldri en 65 ára. Jafnframt er talið að einn þriðji hluti karlmanna yfir 60 ára glími þá við tvo eða fleiri langvinna sjúkdóma.

Aðildarríki lýstu yfir ánægju sinni með þessar áherslur skrifstofunnar en kölluð eftir verkefnaáætlun. Nokkur lönd Austur-Evrópu og fyrrverandi Sovétríkjanna sögðust hafa orðið vör við aukningu langvinnra sjúkdóma samfara versnandi lífskjörum og hruni heilbrigðiskerfa sinna. Þessi þróun hefði orðið samfara aukinni áfengisneyslu og lækkandi lífaldri í þessum löndum. Talsmaður svæðaskrifstofunnar sagði að vinnan væri rétt hafin en nú yrði hugað að gerð verkefnaáætlunar og með því var ályktunin sem fyrir lá samþykkt.

*5.3 Fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2008–2009 og miðannar-verkefnaáætlun fyrir tímabilið 2008–2013.*

Kynnt voru drög að fjárhagsáætlun WHO fyrir tímabilið 2008–2009 og miðannar-verkefnaáætlunin fyrir tímabilið 2008–2013. Í miðannar-verkefnaáætluninnni er brugðist við þeim þörfum sem komu fram við gerð elleftu framkvæmdaáætlunar stofnunarinnar sem er nú í gildi og nær yfir tímabilið 2006–2015. Aðildarríki höfðu gefið til kynna að þau 36 svið sem notuð voru til að byggja upp fyrrverandi fjárhagsáætlanir stofnunarinnar hindruðu samvinnu á milli sviðanna. Einnig væri fjárhagsáætlun stofnunarinnar, sem samkvæmt venju væri gerði til tveggja ára, illa löguð að vinnu stofnunarinnar. Þess vegna væri í nýju aðgerðaáætluninni lögð áhersla á 16 forgangsatriði sem mundu haldast næstu þrjú fjárhagsáætlunartímabil eða til ársins 2013. Nýja fjárhagsáætlunin væri því kynnt sem hluti af verkefnaáætlun stofnunarinnar og innihéldi m.a. þrjár fjáröflunarleiðir. Ein af þessum leiðum væri frjáls framlög sem samið verður um og væri það ný leið.

Tillagan að auknum fjárframlögum til svæðisskrifstofu Evrópu var 8,6% miðað við fjárhagstímabilið 2006–2007. Heildaraukning fjárframlaganna mun hins vegar nema 38% og nemur heildarfjárhagsrammi fyrir tímabilið 4,2 milljörðum bandaríkjadala. Sú fyrirætlan að beina auknu fjármagni frá höfuðstöðvunum til svæðisskrifstofa og aðildarríkja þeirra mundi halda áfram og væri áætlað að á tímabilinu 2008–2009 færu 70% alls fjármagns stofnunarinnar til svæðisskrifstofa og aðildarríkja þeirra.

Formaður fastanefndar Evrópuskrifstofunnar sagði að nefndin hefði verið mjög gagnrýnin á nýjar áherslur aðgerðaáætlunarinnar og enn væri því ósvarað hvort þessi nýja leið mundi gera stofnuninni kleift að auka afkastagetu sína. Að auki hefði nefndin áhyggjur af því hvort þessi mikla aukning á fjárframlögum væri raunhæf og líklegt væri að hlutfallið á milli fastra og frjálsra framlaga mundi aukast. Að lokum sagði formaðurinn að þótt fyrirhugað væri að auka fjármagn til Evrópuskrifstofunnar þá væri sú aukning lítil samanborið við þau erfiðu viðfangsefni sem Evrópa stæði frammi fyrir og einnig lítil samanborið við það fjármagn sem aðrar svæðisskrifstofur hefðu úr að moða.

*5.4 Framtíðaráform Evrópuskrifstofunnar.*

Evrópuskrifstofan hefur tekið saman leiðarvísa fyrir vinnu skrifstofunnar til ársins 2020 og er þeim ætlað að vinna gegn óréttlæti í heilbrigðiskerfinu, hvetja til notkunar gagnreyndra upplýsinga við gerð heilbrigðisstefna og áætlana, styrkja heilbrigðiskerfi Evrópuríkja, hvetja til aukinnar samvinnu við samstarfsaðila, gera heilbrigðiskerfi Evrópuríkja færari um að takast á við neyðarástand og auka vægi Evrópuskrifstofunnar í heilbrigðismálum í álfunni. Ályktun þess efnis var samþykkt á fundinum.

*5.5 Heilsa og öryggi.*

Á síðustu árum hefur skapast aukin hættan á neyðarástandi vegna: hugsanlegs smits dýrasjúkdóma til manna, aukinnar alþjóðavæðingar, bæði með auknum samgöngum og viðskiptum, og aukinnar hættu á notkun efnavopna í heiminum. Þetta hefur kallað á það að huga þarf að viðbúnaði aðildarríkja svo og fara yfir viðbrögð ef neyðarástand skapast. Áður fyrr var litið á öryggi sem mál þjóðar og hvernig þær stæðu að vörnum sínum en með tímanum hefur þetta orði sífellt flóknara fyrirbæri. Undanfarið hefur sú krafa aukist að WHO sé fært um að takast á við atvik sem geta haft alvarleg heilsufarsleg áhrif í för með sér. Á fundinum var minnst á að auka þyrfti samvinnu alþjóðlegra stofnana til að tryggja samfellu. Talað var um mikilvægi þess að koma upplýsingum á framfæri til almennings og á réttum tíma. Einnig

var sagt að endurskoðuð reglugerð um hindrun útbreiðslu sjúkdóma mundi styrkja viðbúnað aðildarríkja við smitsjúkdómum og neyðarástandi sem upp gæti komið af þeirra völdum. Talsmaður Evrópusambandsins sagði þetta mál mjög mikilvægt og hefði í því sambandi verið sérstaklega unnið að viðbrögðum við efnavopnum og inflúensufaraldri. Útbúið hefði verið viðvörunar- og upplýsingakerfi og búið væri að skipa nefnd um heilsu og öryggi. Svæðisstjórinn lagði áherslu á að kerfi sem ekki störfuðu vel undir venjulegum kringumstæðum mundu ekki starfa vel í neyðarástandi. Því væri mikilvægt að nægum fjármunum væri varið til að viðhalda heilsu og öryggi.

*5.6 Málefni rædd á fyrri fundum svæðisnefndarinnar.*

Minnt var á að Evrópska tóbaksvarnaáætlunin hefði verið samþykkt árið 2002 af aðildarríkjum svæðisskrifstofunnar. Hægt væri að greina framfarir í þessum málaflokki síðan áætlunin var samþykkt en ekki í öllum löndum og á mismunandi hraða. Dánartíðni af völdum lungnakrabba hjá karlmönnum hefði lækkað en tóbak væri áfram einn af helstu áhættuþáttum sjúkdómsbyrðar í flestum aðildarríkjunum. Einnig hefðu reykingar aukist hjá lægra settum þjóðfélagshópum og hafði það breikkað bilið á milli þeirra sem hefðu hve minnst og þeirra sem hefðu hve mest á milli handanna. Tóbaksvarnir hefðu aukist í álfunni með banni á auglýsingum og reykingum á almannafæri, einnig hefðu skattar á tóbaki verið hækkaðir og varúðarmerkingar á pakkningum stækkaðar. Nú þegar hefðu 38 lönd álfunnar fullgilt tóbaksvarnasamning stofnunarinnar og hefði stuðningur samfélagsins við strangari löggjöf og framkvæmd aukist samfara í álfunni.

Næst var tekin fyrir endurskoðuð heilbrigðisáætlun byggð á markmiðum WHO um *Heilbrigði fyrir alla*. Meiri hluti aðildarríkja hefur sett sér heilbrigðisáætlanir til lengri tíma sem endurskoðaðar eru með reglulegu millibili. Áætlanirnar byggjast á mælanlegum markmiðum sem bæta eiga almennt heilsufar þjóðanna. Skrifstofan vinnur að því að útbúa staðlaða vísa sem gefa eiga vísbendingu um hvernig aðildarríkjunum gengur að fara eftir áætluninni og hvernig endurskoðunin gengur. Minnst var á að aðildarríki hefðu mismunandi skoðanir og skilning á vísunum. Enn fremur var bent á að margar skilgreiningar vantaði til að miða þessari vinnu áfram.

*5.7 Kosningar.*

Til setu í framkvæmdastjórn stofnunarinnar til næstu þriggja ára voru kosnir fulltrúar Moldóvu og Bretlands en þeir munu taka við sæti sínu á alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 2007. Í fastanefnd svæðisskrifstofunnar voru kosnir fulltrúar Georgíu, Noregs og Kirgisistans til þriggja ára frá og með september 2006.

*5.8 Næstu fundir Svæðisnefndar Evrópu.*

Ákveðið var að halda næsta fund svæðisnefndarinnar dagana 17.–20. september 2007 í Belgrad í Serbíu, 58. fund svæðisnefndarinnar dagana 15.–18. september 2008 í Kaupmannahöfn, 59. fund nefndarinnar dagana 14.–17. september 2009 en staðsetning óákveðin og 60. fund nefndarinnar dagana 13.–16. september 2010 í Kaupmannahöfn.

**6. Ályktanir fundarins.**

Á fundinum voru samþykktar eins og fyrr greinir sex ályktanir, sbr. fylgiskjal IV.

## 119. FUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR WHO Í GENF 6.–8. NÓVEMBER 2006 OG SÉRSTAKUR FUNDUR ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISÞINGSINS Í GENF 9. NÓVEMBER 2006.

Dagana 6.–8. nóvember 2006 kom framkvæmdastjórn WHO saman til þess að fjalla um fyrirliggjandi framboð til stöðu framkvæmdastjóra stofnunarinnar og gera tillögu um framkvæmdastjóra. Alþjóðaheilbrigðisþingið hélt svo sérstakan fund 9. nóvember 2006 þar sem tillaga framkvæmdastjórnarinnar um nýjan framkvæmdastjóra var samþykkt.

Val framkvæmdastjóra fór þannig fram að í byrjun júnímánaðar 2006 óskaði settur framkvæmdastjóri eftir tillögum frá öllum aðildarríkjunum um frambjóðendur. Þann 5. september, sama ár, rann út frestur til að skila tillögum um forstjóra og mánuði seinna eða 5. október voru þær sendar öllum aðildarríkjunum til kynningar.

Í kjölfar 59. alþjóðaheilbrigðisþingsins og 118. fundar framkvæmdastjórnar WHO í maí 2006 komu fram fyrirspurnir um hvort Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, áformaði að gefa kost á sér í embætti framkvæmdastjóra WHO. Kannaður var stuðningur við hugsanlegt framboð hans meðal þeirra ríkja sem sæti áttu í framkvæmdastjórninni og virtist njóta umtalsverðs stuðnings.

Davíð Á. Gunnarsson hefur um árabil verið mjög virkur á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Hann sat í stjórn Evrópudeildar WHO 1997–2000, var einn af fundarstjórum alþjóðaheilbrigðisþingsins 2001, sat í framkvæmdastjórn WHO 2003–2006 og var formaður hennar tímabilið 2004–2005. Davíð þótti mjög afgerandi í formennskutíð sinni og naut almenns stuðnings og trausts aðildarríkja WHO. Ákvað ríkisstjórn Íslands því að tilnefna Davíð Á. Gunnarsson í framboð til embættis framkvæmdastjóra WHO.

Alls gáfu þrettán frambjóðendur kost á sér í stöðu framkvæmdastjóra stofnunarinnar en tveir dró sig til baka rétt fyrir kosningar. Því voru það eftirtaldir auk Davíðs Á. Gunnarssonar sem tóku þátt í kjörinu: dr. Kazem Behbehani frá Kúveit, dr. Margaret Chan frá Kína, dr. Julio Frenk frá Mexíkó, dr. Nay Htun frá Mjanmar, dr. Bernard Koucher frá Frakklandi, dr. Pascoal Manuel Mocumbi frá Mósambík, dr. Shigeru Omi frá Japan, prófessor Pekka Puska frá Finnlandi, Elena Salgado Méndez frá Spáni og prófessor dr. Tomris Türmen frá Tyrklandi.

Fyrsta fundardaginn skar framkvæmdastjórnin fjölda frambjóðenda niður í fimm með leynilegri atkvæðagreiðslu. Þeir sem komust frá þeim niðurskurði voru frambjóðendur Kúvæt, Kína, Mexíkó, Japan og Spánar. Annan fundardaginn voru tekin viðtöl við þessa fimm frambjóðendur sem komust á listann og þriðja daginn var kosið á milli þeirra og bar dr. Margaret Chan frá Kína sigur af hólmi. Alþjóðaheilbrigðisþingið kom svo saman daginn eftir og staðfesti tilnefningu dr. Margaret Chan í embætti nýs framkvæmdastjóra WHO.

## Fylgiskjal I.

### Ályktanir 117. framkvæmdastjórnarfundarins.

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunns-skjöl | Niðurstaða |
|---|---|---|---|
| EB117.R1 | Útrýming mænusóttar | EB117/4 | *WHO hvött til:*<br>– að tryggja aðildarríkjum tækniaðstoð.<br>– að aðstoða við fjármögnun á viðbrögðum og tryggja nægjanlegar bóluefnabirgðir.<br>– að veita aðildarríkjum ráðleggingar um hvernig takmarka megi útbreiðslu mænusóttarveirunnar.<br>– að greina frá gangi mála á fundi framkvæmdastjórnarinnar í janúar 2006.<br>*Aðildarríki þar sem mænusótt er landlæg hvött til:*<br>– að leggja rækt við skuldbindingar sínar og koma í veg fyrir útbreiðslu veirunnar með bóluefnum.<br>*Aðildarríki laus við mænusótt hvött til að fylgjast með mænusóttartilfellum með því:*<br>– að framkvæma frumrannsókn, innan 72 tíma, ef grunur leikur á smiti.<br>– að framkvæma ónæmisaðgerðir með bóluefnum a.m.k. þrisvar sinnum og í fyrsta skiptið innan 4 vikna frá staðfestingu á smiti og svo með 4 vikna millibili þar á eftir.<br>– að ná til allra barn undir 5 ára aldri þar sem smit kemur upp og á aðliggjandi svæðum og ná a.m.k. 95% bóluefnaþekju.<br>– að tryggja að framkvæmdar séu a.m.k. tvær bóluefnaherferðir á svæðum þar sem mænusóttarveiran finnst. |
| EB117.R2 | Næring og alnæmi | EB117/7, EB116/12–viðauki, WHA57.14 | *WHO hvött til:*<br>– að veita aðildarríkjum tæknilegar leiðbeiningar um hvernig hægt er að taka tillit til alnæmis í áætlunum og stefnum um næringu.<br>– að finna leið til að málefnið fái forgang í heilbrigðisáætlunum.<br>– að styðja við gerð gagnreyndra leiðbeininga og upplýsinga fyrir næringarmeðferð alnæmissjúkra.<br>– að aðstoða við að fræðsla um næringu verði hluti af þjálfun heilbrigðisstarfsfólks.<br>– að halda áfram að efla rannsóknir á næringu og alnæmi.<br>– að styðja við þróun viðeigandi mælitækja svo hægt sé að skoða hversu vel gengur að koma næringarmeðferð inn í alnæmisáætlanir og til að mæla svo áhrif þeirra.<br>– að tryggja samvinnu allra hagsmunaaðila.<br>– að stuðla að gerð leiðbeininga um fjármögnunartillögur.<br>*Aðildarríki hvött til:*<br>– að næringarmeðferð verði hluti af meðferð við alnæmi.<br>– að efla, endurskoða eða útbúa nýjar leiðbeiningar og matstæki fyrir næringarmeðferð alnæmissjúkra á mismunandi stigum sjúkdómsins með tilliti til kyns og aldurs.<br>– að veita stuðning og efla leiðir til að bæta næringu og koma í veg fyrir vannæringu hjá alnæmissmituðum börnum. |
| EB117.R3 | Sigðkornablóðleysi | EB117/34, WHA57.13, Assembly/AU/Dec.81(V) | *WHO hvött til:*<br>– að auka vitund alþjóðasamfélagsins á sjúkdómsbyrði sjúkdómsins og stuðla að jafnræði í aðgengi að heilbrigðiskerfinu.<br>– að veita aðildarríkjum tækniaðstoð, stuðning og ráðgjöf.<br>– að hvetja og styðja við samstarf innan aðildarríkja til að auka þjálfun og þekkingu starfsfólks og að styðja við aukinn flutning á hátækni og sérþekkingu til þróunarlandanna.<br>– að halda áfram venjubundnu starfi WHO við að útbúa áætlun fyrir forvarnir og meðferð sjúkdómsins.<br>– að efla, styðja og skipuleggja rannsóknir til að auka lengd og gæði lífs þeirra sem lifa við sjúkdóminn. |

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunns-skjöl | Niðurstaða |
|---|---|---|---|
| | | | *Aðildarríki hvött til:*<br>– að þróa, innleiða og styrkja á kerfisbundinn, sanngjarnan og haldgóðan hátt, heildstæða og samþætta áætlun fyrir forvarnir og meðferð við sjúkdómnum, þar á meðal eftirlit, skimun, miðlun upplýsinga og vitundarvakningu.<br>– að byggja upp getu til að meta útbreiðslu sjúkdómsins og áhrif aðgerða innan lands.<br>– að efla þjálfun heilbrigðisstarfsfólks á svæðum þar sem sjúkdómstíðni er há.<br>– að þróa og styrkja erfðafræðilega læknisþjónustu, innan heilsugæslunnar.<br>– að styrkja fræðslu fyrir almenning um sjúkdóminn.<br>– að styrkja alþjóðasamvinnu í baráttunni gegn sjúkdómnum. |
| EB117.R4 | Forvarnir gegn blindu og sjónskerðingu | EB117/35, WHA56.25 | WHO hvött til:<br>– að veita forgang forvörnum gegn blindu og sjónskerðingu.<br>– að veita aðildarríkjum tækniaðstoð og styðja samvinnu landa við forvarnir.<br>– að fylgjast með framgangi alþjóðaátaks um forvarnir gegn blindu í samvinnu við alþjóðahagsmunaaðila og leggja fram skýrslu um gang mála á þriggja ára fresti.<br>*Aðildarríki hvött til:*<br>– að leggja enn meiri áherslu á að fylgja áætluninni „Sýn 2020“ eins og kveðið er á um í ályktun þingsins, WHA56.26.<br>– að styðja við áætlunina „Sýn 2020“ með því að tryggja nægjanlegt fjármagn innan lands til verkefnisins.<br>– að taka tillit til forvarna gegn blindu og sjónskerðingu við gerð heilbrigðisáætlana og setningu markmiða.<br>– að flýta fyrir að tekið sé tillit til forvarna gegn blindu og sjónskerðingu í áætlunum sem þegar eru til staðar.<br>– að hvetja til samstarfs milli hins opinbera, frjálsra félagasamtaka og einkageirans í áætlunum og framkvæmdum um til að fyrirbyggja blindu og sjónskerðingu. |
| EB117.R5 | Alþjóðaviðskipti og heilsa | EB117/10, WHA52.19, WHA53.14, WHA56.23, WHA56.27, WHA57.14 og WHA57.19 | *WHO hvött til:*<br>– að veita aðildarríkjum, sem þess óska og í samvinnu við viðkomandi alþjóðastofnanir, stuðning við stefnumótun á sviði viðskipta og heilsu.<br>– að bregðast við beiðni aðildarríkja um aðstoð við að auka skilning á áhrifum alþjóðaviðskipta og viðskiptasamninga á heilsu.<br>– að halda áfram samvinnu við viðkomandi alþjóðastofnanir til að styðja við samfellu í stefnum milli viðskipta- og heilsugeirans, bæði svæðisbundnum og alþjóðlegum, þar á meðal að útbúa og dreifa gögnum um tengsl viðskipta og heilsu.<br>– að leggja fram skýrslu um gang mála á 61. alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2008.<br>*Aðildarríki hvött til:*<br>– að hvetja til umræðu innan lands um samband alþjóðaviðskipta og heilsu.<br>– að setja sér, þar sem við á, stefnu, lög eða reglur til að takast á við málefni undir þessum málaflokki.<br>– að nýta eða stofna til, þar sem við á, samvinnu fjármála-, heilbrigðis- og viðskiptaráðuneyta svo og viðkomandi stofnana til að takast á við heilsutengda þætti alþjóðaviðskipta.<br>– að mynda sambönd milli hins opinbera og einkageirans með það að leiðarljósi að mynda samfellu milli viðskipta- og heilbrigðisstefna.<br>– að halda áfram að byggja upp getu til að greina hugsanleg tækifæri eða erfið viðfangsefni viðskipta og viðskiptasamninga fyrir heilbrigðisgeirann og áhrif þeirra á heilbrigðisútkomu. |
| EB117.R6 | Hlutverk WHO og ábyrgð á sviði heilbrigðisrannsókna | EB117/14, WHA58.34 | *WHO hvött til:*<br>– að styrkja rannsóknarmenningu stofnunarinnar og að tryggja að niðurstöður rannsókna séu kynntar. |

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunns-skjöl | Niðurstaða |
|---|---|---|---|
| | | | – að útbúa tilkynningakerfi um rannsóknastarfsemi stofnunarinnar.<br>– að efla samstarf rannsóknateyma.<br>– að skoða notkun á niðurstöðum rannsókna í stefnu og ákvarðanatöku innan stofnunarinnar.<br>– að koma á vinnureglum um framkvæmd rannsókna, notkun á niðurstöðum rannsókna, skráningu rannsóknatillagna í opinn gagnagrunn, jafningjarýni og miðlun niðurstaðna.<br>– að stuðla að betri aðgangi að rannsóknaniðurstöðum.<br>– að veita aðildarríkjum stuðning við að byggja upp getu sína til að framkvæma heilbrigðisrannsóknir.<br>*Aðildarríki hvött til:*<br>– að íhuga innleiðingu tillagna nefndar um heilbrigðisrannsóknir frá árinu 1990 þar sem þróunarlönd eru hvött til að fjárfesta a.m.k. 2% af heildarheilbrigðisútgjöldum sínum í rannsóknir, að byggja upp rannsóknagetu sína og að þróunarstofnanir ættu að eyrnamerkja a.m.k. 5% af verkefnastoð fyrir heilbrigðisgeirann til rannsókna og til að byggja upp rannsóknargetu.<br>– að hafa rannsóknir sem hluta af áætlunum og framkvæmdum innan lands og hvetja til aukins aðgangs að rannsóknaniðurstöðum.<br>– að styrkja siðanefndir sem meta tillögur um heilbrigðisrannsóknir. |
| EB117.R7 | Beiting endurskoðaðrar reglugerðar um varnir gegn útbreiðslu sjúkdóma (2005) | EB117/31, WHA58.3, WHA58.5 | *WHO hvött til:*<br>– að tilnefna án tafar WHO-tengilið fyrir aðildarríki skv. 4. gr. reglugerðarinnar.<br>– að gera ráðstafanir varðandi II. og III. hluta reglugerðarinnar sem eru í samræmi við þessa ályktun.<br>– að flýta fyrir því að skipuð verði nefnd sérfræðinga og biðja um tilnefningar þess efnis skv. 47. gr. í reglugerðinni.<br>– að starfshópur um inflúensufaraldur verði nýttur tímabundið til að gefa stofnuninni ráðleggingar um viðbrögð við fuglaflensunni.<br>– að starfa í samstarfi við aðildarríki að innleiðingu þessarar ályktunar.<br>– að aðstoða þróunarríkin, í samstarfi við önnur aðildarríki, að byggja upp þá getu sem þau þurfa til að fara eftir reglugerðinni.<br>– að nota tækniaðbúnað WHO, þar sem hægt er, til að styðja aðildarríki við að fylgja eftir og innleiða reglugerðina.<br>– að greina frá gangi mála á WHA60 og á hverju ári þar á eftir.<br>*Aðildarríki hvött til:*<br>– að framfylgja án tafar ákvæðum endurskoðaðrar reglugerðar um varnir gegn útbreiðslu sjúkdóma sem snúa að fuglaflensu eða inflúensufaraldri.<br>– að tilnefna án tafar tengilið sinn.<br>– að fylgja, í málum sem snerta smit í mönnum af völdum fuglaflensu, leiðbeiningum og aðferðum sem settar eru fram í reglugerðinni um sjúkdóma sem gætu valdið alþjóðlegu neyðarástandi.<br>– að tilkynna á gegnsæjan og skjótan hátt til WHO ef hugsanleg eða staðfest tilfelli fuglaflensu koma upp, þar á meðal útflutt eða innflutt tilfelli, og halda áfram að greina WHO frá stöðu mála eftir það.<br>– að veita WHO tímanlega viðeigandi upplýsingar og sýni.<br>– að styrkja samstarf stofnana innan lands sem bera ábyrgð á heilsu manna og dýra.<br>– að virða tímamörk sem koma fram í reglugerðinni.<br>– að vinna í samvinnu, þar á meðal við að virkja fjárstuðning, við að byggja, styrkja og viðhalda eftirliti með inflúensu og viðbrögðum í löndum þar sem greinst hefur fuglaflensa.<br>– að framfylgja tillögum framkvæmdastjóra ásamt tæknilegum ráðleggingum frá starfshópi um inflúensufaraldur á vegum stofnunarinnar sem taldar eru nauðsynlegar fyrir viðbrögð á alþjóðavísu við fuglaflensu eða inflúensufaraldri. |

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunns-skjöl | Niðurstaða |
|---|---|---|---|
| | | | – að greina framkvæmdastjóra WHO frá því sem hefur verið gert til að framfylgja reglugerðinni. |
| EB117.R8 | Framkvæmd WHO á tilmælum alþjóðaverkefnateymisins um aukið samstarf um alnæmi milli fjölþjóðlegra stofnana og alþjóða-hjálparstofnana | EB117/6 | *WHO hvött til:*<br>– að fara eftir tilmælum alþjóðaverkefnateymisins um aukið samstarf um alnæmi milli fjölþjóðlegra stofnana og alþjóða hjálparstofnana til að undirbúa viðeigandi áætlanir, í samstarfi við UNAIDS og aðra stuðningsaðila, innan þess frests sem settur hefur verið.<br>– að greina frá gangi mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2007 og á tveggja ára fresti þar á eftir.<br>– að veita aðildarríkjum tækniaðstoð.<br>*Aðildarríki hvött til:*<br>– að flýta fyrir innleiðingu á reglum um skipulagningu innan lands á viðbrögðum við alnæmi, í samræmi við stöðu mála í hverju aðildarríki fyrir sig. |
| EB117.R9 | Heilsuefling í alþjóðavæddum heimi | EB117/11, WHA42.44, WHA51.12, WHA57.16 | *WHO hvött til:*<br>– að auka vægi heilsueflingar í verkefnum stofnunarinnar til að geta betur stutt aðildarríki.<br>– að nýta þau sambönd sem aðildarríki hafa við fjölþjóðlega hagsmunaaðila, áhugasamar stofnanir og aðra til að hvetja til heilsueflingar.<br>– að hvetja til þess að reglulega verði haldin alþjóðaráðstefna um heilsueflingu.<br>– að meta framfarir og greina helstu annmarka á heilsueflingu á alþjóðavísu.<br>– að greina frá gangi mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2007 (WHA60).<br>*Aðildarríki hvött til:*<br>– að líta á aukna fjárfestingu í heilsueflingu sem mikilvægan hluta af félagslegri og efnahagslegri þróun.<br>– að auðvelda ríkisstjórnum að takast á skilvirkan hátt á við félagslega áhrifaþætti á heilbrigði.<br>– að styðja og ýta undir þátttöku borgara, einkageirans og frjálsra félagasamtaka auk heilbrigðisstofnana í heilsueflingu.<br>– að fylgjast reglulega með áætlunum, aðstöðu og fjármunum sem veitt er til heilsueflingar.<br>– að nota til fullnustu heilsueflingu sem grundvallast á þekkingu. |
| EB117.R10 | Staðfesting á breyttum starfsmannareglum | | Framkvæmdastjórnin samþykkti breytingar á starfsmannareglu 12.2. |
| EB117.R11 | Laun starfsmanna í óflokkuðum störfum og laun aðalframkvæmdastjóra | | *Framkvæmdastjórnin fer fram á það við alþjóðaheilbrigðisþingið:*<br>– að það staðfesti laun aðstoðarframkvæmdastjóra og svæðastjóra sem 160.578 bandaríkjadali á ári fyrir starfsmannamat, frá og með 1. janúar 2006.<br>– að það staðfesti laun aðalframkvæmdastjóra sem 217.945 bandaríkjadali á ári fyrir starfsmannamat, frá og með 1. janúar 2006. |
| EB117.R12 | Samskipti við frjáls félagasamtök | | *Framkvæmdastjórnin ákvað:*<br>– að stofna til sambands við The transplantation Society, The International Society for the Prevention of Child Abuse and Neglect og the International Association of Biologicals.<br>– að slíta sambandi við Federation for International Cooperation of Health Services and Systems Research Centers, International Consultation on Urological Diseases, International Federation of Chemical, Mine, Energy and General Workers' Unions, International Society of Chemotherapy og the International Union of Local Authorities. |

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunns-skjöl | Niðurstaða |
|---|---|---|---|
| EB117.R13 | (Alþjóðaregluverk um) nauðsynlegar heilbrigðisrannsóknir | WHA52.19, WHA53.14, WHA54.10, WHA56.27, WHA57.14 | *WHO hvött til:*<br>– að stofna vinnuhóp opinn öllum aðildarríkjum.<br>– að leggja fram árlega framvinduskýrslu.<br>*Aðildarríki hvött til:*<br>– að leggja áherslu á lyf og alþjóðaheilbrigði.<br>– að taka tillit til (niðurstöðu nefndar um hugverkarétt og) regluverka sem fyrir liggja.<br>– að tryggja að framfarir í vísindum og líflækningum séu notaðar til að útbúa bættar, öruggar og ódýrar heilbrigðisvörur, svo sem lyf, bóluefni og greiningartæki.<br>– að hvetja til þess að tvíhliðasamningar taki tillit til sveigjanleika TRIPS-samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.<br>– (að tryggja að skýrsla nefndar um hugverkarétt sé tekin fyrir á fundum svæðisnefnda WHO árið 2006.) |

## Fylgiskjal II.

### Ályktanir 59. alþjóðaheilbrigðisþingsins.

*1. Tæknileg málefni.*

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunnsskjöl | Aðalskrifstofa WHO hvött til: | Aðildarríkin hvött til: |
|---|---|---|---|---|
| WHA59.1 | Útrýming mænusóttar | WHA59/60 | – að tryggja aðildarríkjum tækniaðstoð.<br>– að aðstoða við fjármögnun á viðbrögðum og tryggja nægjanlegar bóluefnabirgðir.<br>– að veita aðildarríkjum ráðleggingar um hvernig takmarka megi útbreiðslu mænusóttarveirunnar.<br>– að greina frá gangi mála á fundi framkvæmdastjórnarinnar í janúar 2006. | *Aðildarríki þar sem mænusótt er landlæg hvött til:*<br>– að leggja rækt við skuldbindingar sínar og koma í veg fyrir útbreiðslu veirunnar með bóluefnum.<br>*Aðildarríki laus við mænusótt hvött til að fylgjast með mænusóttartilfellum með því:*<br>– að framkvæma frumrannsókn, innan 72 tíma, ef grunur leikur á smiti.<br>– að framkvæma ónæmisaðgerðir með bóluefnum a.m.k. þrisvar sinnum og í fyrsta skiptið innan 4 vikna frá staðfestingu á smiti og svo með 4 vikna millibili þar á eftir.<br>– að ná til allra barn undir 5 ára aldri þar sem smit kemur upp og á aðliggjandi svæðum og ná a.m.k. 95% bóluefnaþekju.<br>– að tryggja að framkvæmdar séu a.m.k. tvær bóluefnaherferðir á svæðum þar sem mænusóttarveiran finnst. |
| WHA59.2 | Beiting endurskoðaðrar reglugerðar um varnir | WHA59/5, WHA58.3, WHA58.5 | – að tilnefna án tafar WHO-tengilið fyrir aðildarríki skv. 4. gr. reglugerðarinnar.<br>– að gera ráðstafanir varðandi II. og III. hluta reglugerðarinnar sem eru | – að framfylgja án tafar ákvæðum endurskoðaðrar reglugerðar um varnir gegn útbreiðslu sjúkdóma sem snúa að fuglaflensu eða inflúensufaraldri. |

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunnsskjöl | Aðalskrifstofa WHO hvött til: | Aðildarríkin hvött til: |
|---|---|---|---|---|
| | gegn útbreiðslu sjúkdóma (2005) | | í samræmi við þessa ályktun.<br>– að flýta fyrir því að skipuð verði nefnd sérfræðinga og biðja um tilnefningar þess efnis skv. 47. gr. í reglugerðinni.<br>– að starfshópur um inflúensufaraldur verði nýttur tímabundið til að gefa stofnuninni ráðleggingar um viðbrögð við fuglaflensunni.<br>– að starfa í samstarfi við aðildarríki við innleiðingu þessarar ályktunar.<br>– að aðstoða þróunarríkin, í samstarfi við önnur aðildarríki, að byggja upp þá getu sem þau þurfa til að fara eftir reglugerðinni.<br>– að nota tækniaðbúnað WHO, þar sem hægt er, til að styðja aðildarríki við að fylgja eftir og innleiða reglugerðina.<br>– að greina frá gangi mála á WHA60 og á hverju ári þar á eftir. | – að tilnefna án tafar tengilið sinn.<br>– að fylgja, í málum sem snerta smit í mönnum af völdum fuglaflensu, leiðbeiningum og aðferðum sem settar eru fram í reglugerðinni um sjúkdóma sem gætu valdið alþjóðlegu neyðarástandi.<br>– að tilkynna á gegnsæjan og skjótan hátt til WHO ef hugsanleg eða staðfest tilfelli fuglaflensu koma upp, þar á meðal útflutt eða innflutt tilfelli, og halda áfram að greina WHO frá stöðu mála eftir það.<br>– að veita WHO tímanlega viðeigandi upplýsingar og sýni.<br>– að styrkja samstarf stofnana innan lands sem bera ábyrgð á heilsu manna og dýra.<br>– að virða tímamörk sem koma fram í reglugerðinni.<br>– að vinna í samvinnu, þar á meðal við að virkja fjárstuðning, við að byggja, styrkja og viðhalda eftirliti með inflúensu og viðbrögðum í löndum þar sem greinst hefur fuglaflensa.<br>– að framfylgja tillögum framkvæmdastjóra ásamt tæknilegum ráðleggingum frá starfshóp um inflúensufaraldur á vegum stofnunarinnar sem taldar eru nauðsynlegar fyrir viðbrögð á alþjóðavísu við fuglaflensu eða inflúensufaraldri.<br>– að greina framkvæmdastjóra WHO frá því sem hefur verið gert til að framfylgja reglugerðinni. |
| WHA59.11 | Næring og alnæmi | WHA59/7, WHA57.14 | – að veita aðildarríkjum tæknilegar leiðbeiningar um hvernig hægt er að taka tillit til alnæmis í áætlunum og stefnum um næringu.<br>– að finna leið til að málefnið fái forgang í heilbrigðisáætlunum.<br>– að styðja við gerð gagnreyndra leiðbeininga og upplýsinga fyrir næringarmeðferð alnæmissjúkra.<br>– að aðstoða við að fræðsla um næringu verði hluti af þjálfun heilbrigðisstarfsfólks.<br>– að halda áfram að efla rannsóknir á næringu og alnæmi.<br>– að styðja við þróun viðeigandi mælitækja svo hægt sé að skoða hversu vel gengur að koma næringarmeðferð inn í alnæmisáætlanir og til að mæla svo áhrif þeirra.<br>– að tryggja samvinnu allra | – að næringarmeðferð verði hluti af meðferð við alnæmi.<br>– að efla, endurskoða eða útbúa nýjar leiðbeiningar og matstæki fyrir næringarmeðferð alnæmissjúkra á mismunandi stigum sjúkdómsins með tilliti til kyns og aldurs.<br>– að veita stuðning og efla leiðir til að bæta næringu og koma í veg fyrir vannæringu hjá alnæmissmituðum börnum. |

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunnsskjöl | Aðalskrifstofa WHO hvött til: | Aðildarríkin hvött til: |
|---|---|---|---|---|
| | | | hagsmunaaðila.<br>– að stuðla að gerð leiðbeininga um fjármögnunartillögur. | |
| WHA59.12 | Framkvæmd WHO á tilmælum alþjóðaverkefnateymisins um aukið samstarf um alnæmi milli fjölþjóðlegra stofnana og alþjóðahjálparstofnana | WHA59/8 | – að fara eftir tilmælum alþjóðaverkefnateymisins um aukið samstarf um alnæmi milli fjölþjóðlegra stofnana og alþjóðahjálparstofnana til að undirbúa viðeigandi áætlanir, í samstarfi við UNAIDS og aðra stuðningsaðila, innan þess frests sem settur hefur verið.<br>– að greina frá gangi mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2007 og á tveggja ára fresti þar á eftir.<br>– að veita aðildarríkjum tækniaðstoð. | – að flýta fyrir innleiðingu á reglum um skipulagningu innan lands á viðbrögðum við alnæmi, í samræmi við stöðu mála í hverju aðildarríki fyrir sig. |
| WHA59.17 | Niðurstaða fyrsta fundar aðildarríkja tóbaksvarnasamnings WHO | WHA59/40, WHA49.17, WHA52.18, WHA56.1, FCTC/COP1(10) | – að opna skrifstofu samningsins í Genf.<br>– að halda áfram að styðja við, og þar sem það á við að styrkja tóbaksvarnaátakið á tímabilinu 2008–2009 til að aðstoða skrifstofu samningsins við innleiðingu samningsins. | – að samþykkja og fullgilda tóbaksvarnasamninginn, ef það hefur ekki verið gert nú þegar. |
| WHA59.19 | Forvarnir kynsjúkdóma: alþjóðaáætlun | WHA46.37, WHA53.14, WHA56.30, WHA57.12, UNGA60/1 | – að útbúa verkefnaáætlun.<br>– að auka vitund meðal aðildarríkja um beiðnina um að innleiða og aðlaga áætlunina sínum aðstæðum.<br>– að greina frá innleiðingu ályktunarinnar á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2009, 2012 og 2015. | – að samþykkja áætlunina.<br>– að forvarnir og meðferð við kynsjúkdómum sé hluti af forvörnum gegn alnæmi og hluti af kynheilbrigðisáætlunum aðildarríkja.<br>– að fylgjast með innleiðingu áætlana innan lands. |
| WHA59.20 | Sigðkornablóðleysi | WHA59/9, WHA57.13, Assembly/AU/Dec.81(V) | – að auka vitund alþjóðasamfélagsins á byrði sjúkdómsins og stuðla að jafnræði í aðgengi að heilbrigðiskerfinu.<br>– að veita aðildarríkjum tækniaðstoð, stuðning og ráðgjöf.<br>– að hvetja og styðja við samstarf innan aðildarríkja til að auka þjálfun og þekkingu starfsfólks og að styðja við aukinn flutning á hátækni og sérþekkingu til þróunarlandanna.<br>– að halda áfram venjubundnu starfi WHO við að útbúa áætlun fyrir forvarnir og meðferð sjúkdómsins.<br>– að efla, styðja og skipuleggja rannsóknir til að auka lengd og gæði lífs þeirra sem lifa við sjúkdóminn. | – að þróa, innleiða og styrkja á kerfisbundinn, sanngjarnan og haldgóðan hátt, heildstæða og samþætta áætlun fyrir forvarnir og meðferð við sjúkdómnum, þar á meðal eftirlit, skimun, miðlun upplýsinga og vitundarvakningu.<br>– að byggja upp getu til að meta útbreiðslu sjúkdómsins og áhrif aðgerða innan lands.<br>– að efla þjálfun heilbrigðisstarfsfólks á svæðum þar sem sjúkdómstíðni er há.<br>– að þróa og styrkja erfðafræðilega læknisþjónustu innan heilsugæslunnar.<br>– að styrkja fræðslu fyrir almenning um sjúkdóminn.<br>– að styrkja alþjóðasamvinnu í baráttunni gegn sjúkdómnum. |
| WHA59.21 | Næring barna og kornabarna 2006 | WHA59/13, WHA34.22, WHA35.26, WHA37.30, WHA39.28, WHA41.11, WHA43.3, WHA49.15, | – að veita aðildarríkjum tækniaðstoð og framfylgja stöðlum um markaðssetningu á þurrmjólk og viðeigandi ályktunum alþjóðaheilbrigðisþingsins. | – að styðja við þetta framtak og framfylgja stöðlum um markaðssetningu á þurrmjólk og skyldum ályktunum heilbrigðisþingsins og að endurvekja átakið um barnvæn sjúkrahús til að vernda, hvetja til og styðja við brjóstagjöf. |

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunnsskjöl | Aðalskrifstofa WHO hvött til: | Aðildarríkin hvött til: |
|---|---|---|---|---|
| | | WHA54.2, WHA58.32, WHA44.33, WHA55.25 | | |
| WHA59.22 | Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi | WHA59/20, WHA58.1, UNGA60/124 | – að veita aðildarríkjum nauðsynlega tækniaðstoð og stuðning til að byggja upp viðbúnað og viðbrögð heilbrigðiskerfisins við neyðarástandi, þar á meðal að styrkja viðbúnað og viðbrögð samfélagsins.<br>– að byggja á Hyogo-áætluninni fyrir tímabilið 2005–2015, sem gerð var á ráðstefnu um hvernig draga mætti r hamförum, sem haldin var í Hyogo í Japan árið 2005.<br>– að tryggja að WHO, samkvæmt umboði sínu, geti brugðist við neyðarástandi á skilvirkan hátt og að WHO haldi áfram að vinna í samstarfi við aðrar stofnanir SÞ.<br>– að kanna leiðir til að auka þátttöku WHO í mannúðarstarfi.<br>– að útbúa gagnabanka yfir bær yfirvöld til að auðvelda viðbrögð heilbrigðisgeirans við neyðarástandi.<br>– að útbúa og viðhalda í samstarfi við viðkomandi stofnanir SÞ og aðra samstarfsaðila, eftirlitskerfi sem mun fylgjast með og meta dánartíðni.<br>– að taka þátt í kerfi SÞ fyrir stjórnun á flutningi og birgðum sem tryggja mun lífsnauðsynlegan búnað ef neyðarástand skapast.<br>– að greina frá stöðu mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2007 (WHA60). | – að veita WHO og löndum þar sem neyðarástand ríkir stuðning svo hægt sé að bregðast strax við ástandinu. |
| WHA59.23 | Fjölgun heilbrigðisstarfsfólks | WHA57.19 | – að veita aðildarríkjum tækniaðstoð.<br>– að hvetja alþjóðlega samstarfsaðila á heilbrigðissviði til að styðja við menntastofnanir fyrir heilbrigðisstarfsfólk.<br>– að hvetja til samstarfs aðildarríkja um þjálfun heilbrigðisstarfsfólks.<br>– að aðstoða aðildarríki við að skapa áætlanateymi um málefni heilbrigðisstarfsfólks.<br>– að greina frá stöðu mála á WHA63. | – að íhuga að setja upp kerfi til að draga úr neikvæðum áhrifum á þróunarríkin við það að missa heilbrigðisstarfsfólk.<br>– að hvetja til þjálfunar heilbrigðisstarfsfólks.<br>– að hvetja alþjóðlega samstarfsaðila til að styrkja menntastofnanir fyrir heilbrigðisstarfsfólk í þróunarlöndunum.<br>– að hvetja til samvinnu iðnríkja og þróunarríkja við þjálfun heilbrigðisstarfsfólks, þar með talin skipti á kennurum og nemendum.<br>– að hvetja til þess að sett verði áætlanateymi í hverju landi sem stendur frammi fyrir skorti á heilbrigðisstarfsfólki.<br>– að nota nýjar aðferðir við |

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunnsskjöl | Aðalskrifstofa WHO hvött til: | Aðildarríkin hvött til: |
|---|---|---|---|---|
| | | | | kennslu. |
| WHA59.24 | Lýðheilsa, nýsköpun, grunnheilbrigðisrannsóknir og hugverkaréttindi: alþjóðaáætlun og verkefnaáætlun. | WHA56.27, WHA52.19, WHA54.10, WHA57.14, | – að kalla án tafar saman milliríkjavinnuhópinn.<br>– að bjóða áheyrnaraðilum á fund milliríkjahópsins.<br>– að bjóða einnig sérfræðingum og viðkomandi aðilum úr einkageiranum og frá hinu opinbera á fund milliríkjahópsins.<br>– að halda áfram lýðheilsutengdum rannsóknum og útbúa framvinduskýrslur.<br>– að halda áfram að fylgjast með áhrifum hugverkaréttinda og annarra þátta sem minnst er á í skýrslu nefndar um hugverkarétt og greina alþjóðaheilbrigðisþinginu frá gangi mála. | – að leggja áherslu á lyf og alþjóðaheilbrigði.<br>– að taka tillit til niðurstaðna skýrslunnar.<br>– að tryggja að framfarir í vísindum og líflækningum séu notaðar til að útbúa bættari, öruggari og ódýrari heilbrigðisvörur, svo sem lyf, bóluefni og greiningartæki.<br>– að hvetja til þess að viðskiptasamningar taki tillit til sveigjanleika TRIPS-samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.<br>– að tryggja að skýrsla nefndar um hugverkarétt sé tekin fyrir á fundum svæðisnefnda WHO árið 2006. |
| WHA59.25 | Forvarnir gegn blindu og sjónskerðingu | WHA59/12, WHA56.25 | – að veita forgang forvörnum gegn blindu og sjónskerðingu.<br>– að veita aðildarríkjum tækniaðstoð og styðja samvinnu landa við forvarnir.<br>– að fylgjast með framgangi alþjóðaátaks um fyrirbyggingu blindu í samvinnu við alþjóðahagsmunaaðila og leggja fram skýrslu um gang mála á þriggja ára fresti. | – að leggja enn meiri áherslu á að fylgja áætluninni „Sýn 2020" eins og kveðið er á um í ályktun þingsins, WHA56.26.<br>– að styðja við áætlunina „Sýn 2020" með því að tryggja nægjanlegt fjármagn innan lands til verkefnisins.<br>– að taka tillit til forvarna gegn blindu og sjónskerðingu við gerð heilbrigðisáætlana og setningu markmiða.<br>– að flýta fyrir að tekið sé tillit til forvarna gegn blindu og sjónskerðingu í áætlunum sem þegar eru til staðar.<br>– að hvetja til samstarfs milli hins opinbera, frjálsra félagasamtaka og einkageirans í áætlunum og framkvæmdum um forvarnir gegn blindu og sjónskerðingu. |
| WHA59.26 | Alþjóðaviðskipti og heilsa | WHA59/15, WHA52.19, WHA53.14, WHA56.23, WHA56.27, WHA57.14, og WHA57.19 | – að veita aðildarríkjum, sem þess óska og í samvinnu við viðkomandi alþjóðastofnanir, stuðning við stefnumótun á sviði viðskipta og heilsu.<br>– að bregðast við beiðni aðildarríkja um aðstoð við að byggja upp getu til að skilja áhrif alþjóðaviðskipta og viðskiptasamninga á heilsu.<br>– að halda áfram samvinnu við viðkomandi alþjóðastofnanir til að styðja við samfellu í stefnum milli viðskipta- og heilsugeirans, bæði svæðisbundnum og alþjóðlegum, þar á meðal að útbúa og dreifa gögnum um tengsl viðskipta og heilsu.<br>– að leggja fram skýrslu um gang mála á 61. alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2008. | – að hvetja til umræðu innan lands um samband alþjóðaviðskipta og heilsu.<br>– að setja sér, þar sem við á, stefnu, lög eða reglur til að takast á við málefni undir þessum málaflokki.<br>– að nýta eða stofna til, þar sem við á, samvinnu fjármála-, heilbrigðis- og viðskiptaráðuneyta svo og viðkomandi stofnana til að takast á við heilsutengda þætti alþjóðaviðskipta.<br>– að mynda sambönd milli hins opinbera og einkageirans með það að leiðarljósi að mynda samfellu milli viðskipta- og heilbrigðisstefna.<br>– að halda áfram að byggja upp getu til að greina hugsanleg tækifæri eða erfið viðfangsefni |

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunnsskjöl | Aðalskrifstofa WHO hvött til: | Aðildarríkin hvött til: |
|---|---|---|---|---|
| | | | | viðskipta og viðskiptasamninga fyrir heilbrigðisgeirann og áhrif á heilbrigðisútkomu. |
| WHA59.2 7 | Stuðningur við hjúkrunar-fræðinga og ljósmæður | WHA57.19, WHA42.27, WHA45.5, WHA49.1, WHA54.12, WHA59/23 | – að tryggja að þessar starfsstéttir séu hafðar með í ráðum þegar gerðar eru áætlanir fyrir/um heilbrigðisstarfsfólk.<br>– að veita áframhaldandi stuðning við alþjóðlegan ráðgjafarhóp um þessar stéttir og að tryggja að þessar stéttir séu ráðnar í öll viðkomandi WHO-verkefni.<br>– að veita aðildarríkjum stuðning í samstarfi við svæðisbundna og alþjóðlega samstarfsaðila til að styrkja notkun siðferðilegra leið-beininga við ráðningu.<br>– að styðja aðildarríkin við að nýta framlag þessara starfsstétta að fullnustu.<br>– að hvetja og styðja aðildarríki við að gera vinnuumhverfið öruggt og að það styðji við að halda þessum starfsstéttum í starfi.<br>– að greina frá stöðu mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2008 og árið 2010. | – að útbúa áætlanir fyrir mannauðs-stjórnun.<br>– að gera þessar starfsstéttir að þátt-takendum í þróun heilbrigðis-kerfa.<br>– að tryggja að haldið sé áfram að innleiða stefnumótun fyrir þessar starfsstéttir.<br>– að endurskoða reglulega lög og reglur sem koma þessum stéttum við.<br>– að veita söfnun upplýsinga tengdum þessum starfsstéttum stuðning.<br>– að styðja við þróun og innleiðingu siðfræðilegrar ráðningar þessarar starfsstéttar bæði innan lands og á alþjóðavettvangi. |

*2. Fjármál.*

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunnsskjöl | Niðurstaða |
|---|---|---|---|
| WHA59.4 | Framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2006–2015 | WHA59/25 | Framkvæmdaáætlunin samþykkt.<br>Framkvæmdastjóri beðinn um að uppfæra áætlunina eftir þörfum og greina frá gangi mála á WHA63 og WHA67. |
| WHA59.5 | Aðildarríki sem ekki hafa greitt nægan hluta framlaga sinna og missa þar með kosningarétt sinn á alþjóðaheilbrigðisþinginu eins og kveður á um í grein 7 í stjórnarskrá WHO | WHA59/26 | Þau lönd sem höfðu ekki kosningarétt á WHA59 vegna vanskila framlaga voru: Argentína, Antígva og Barbúda, Kómoreyjar, Gínea-Bissá, Kirgisistan, Líbería, Nárú, Níger og Sómalía. |
| WHA59.6 | Vanskil á framlögum: Afganistan | WHA59/26 | Afganistan fékk aftur kosningarétt þar sem samkomulag náðist um greiðslu á skuld þess sem nemur 232.500 bandaríkjadölum á næstu 14 árum.<br>Aðalframkvæmdastjóri beðinn um að greina frá stöðu mála á WHA60. |
| WHA59.7 | Vanskil á framlögum: Armenía | WHA59/26 | Armenía fékk aftur kosningarétt þar sem samkomulag náðist um greiðslu á skuld þess sem nemur 2.446.150 bandaríkjadölum á næstu 18 árum.<br>Aðalframkvæmdastjóri beðinn um að greina frá stöðu mála á WHA60. |
| WHA59.8 | Vanskil á framlögum: Mið-Afríkulýðveldið | WHA59/26 | Mið-Afríkulýðveldið fékk aftur kosningarétt þar sem samkomulag náðist um greiðslu á skuld þess sem nemur 164.841 bandaríkjadölum á næstu 5 árum.<br>Aðalframkvæmdastjóri beðinn um að greina frá stöðu mála á WHA60. |
| WHA59.9 | Vanskil á framlögum: Dóminíska lýðveldið | WHA59/26 | Dóminíska lýðveldið fékk aftur kosningarétt þar sem samkomulag náðist um greiðslu á skuld þess sem nemur 1.019.572 bandaríkjadölum á næstu 15 árum.<br>Aðalframkvæmdastjóri beðinn um að greina frá stöðu |

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunnsskjöl | Niðurstaða |
|---|---|---|---|
| | | | mála á WHA60. |
| WHA59.10 | Vanskil á framlögum: Túrkmenistan | WHA59/26 | Túrkmenistan fékk aftur kosningarétt þar sem samkomulag náðist um greiðslu á skuld þess sem nemur 1.259.014 bandaríkjadölum á næstu 10 árum. Aðalframkvæmdastjóri beðinn um að greina frá stöðu mála á WHA60. |
| WHA59.13 | Reikningsskil fyrir tímabilið 2004–2005 | WHA59/28 og viðhengi 1, WHA59/29, WHA59/31 | Þingið samþykkti reikningsskil stofnunarinnar fyrir tímabilið 2004–2005. |
| WHA59.14 | Laun starfsmanna í óflokkuðum störfum og laun aðalframkvæmdastjóra | | *Alþjóðaheilbrigðisþingið beðið um:*<br>– að staðfesta laun aðstoðarframkvæmdastjóra og svæðastjóra sem 160.574 bandaríkjadali á ári fyrir starfsmannamat frá og með 1. janúar 2006.<br>– að staðfesta laun aðalframkvæmdastjóra sem 217.945 bandaríkjadali á ári fyrir starfsmannamat, frá og með 1. janúar 2006. |

*3. Önnur mál.*

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunnsskjöl | Aðalskrifstofa WHO hvött til: |
|---|---|---|---|
| WHA59.3 | Heilsuástand á hernumdum svæðum Palestínu, svo og í Austur-Jerúsalem og á Gólanhæðum | WHA59/24, fyrri ályktanir um heilsuástand á hernumdum svæðum í Miðaustur-löndum | – að skipuleggja eins dags fund til að fjalla um málefnið.<br>– að veita heilbrigðis- og dýraheilbrigðisþjónustu í Palestínu stuðning.<br>– að útbúa skýrslu um heilbrigðis- og efnahagsástand á svæðinu.<br>– að veita nauðsynlega tækniaðstoð til að mæta þörfum Palestínumanna, þar með töldum þörfum fatlaðra og slasaðra.<br>– að stuðla að þróun heilbrigðiskerfisins í Palestínu.<br>– að leggja fram skýrslu um gang mála á WHA60. |
| WHA59.15 | Samstarf innan Sameinuðu þjóðanna og við aðrar milliríkjastofnanir, þar með talin þátttaka í endurbótum SÞ | WHA58/40, UNGA59/250, WHA57.14 | – að tryggja að starfsemi skrifstofa stofnunarinnar í aðildarríkjum sé í takt við forgangsröðun verkefna stofnunarinnar.<br>– að tryggja að starfsfólk stofnunarinnar vinni að forgangsverkefnum stofnunarinnar.<br>– að leggja fram skýrslu um gang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006. |
| WHA59.16 | Fæðustaðlanefndin: breytingar á samþykktum | WHA59/38 | Samþykktar voru breytingar á 1. gr. samþykktar fæðustaðlanefndarinnar. |
| WHA59.18 | Reglur alþjóðaheilbrigðisþingsins: Regla 14. um afgreiðslu skjala | WHA51.30 | – að tryggja að aðildarríki fái öll skjöl þingsins í hendurnar a.m.k. sex vikum fyrir þingið. |

## Fylgiskjal III.

### Ályktanir 118. framkvæmdastjórnarfundarins.

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunnsskjöl | Niðurstaða |
|---|---|---|---|
| EB118.R1 | Miðjarðarhafsblóðleysi og aðrir blóðrauðakvillar | EB118/5, WHA57.13, EB117.R3 | *WHO hvött til:*<br>– að auka vitund alþjóðasamfélagsins um sjúkdómana.<br>– að veita aðildarríkjum tækniaðstoð og leiðbeiningar við gerð áætlana um forvarnir og meðhöndlun sjúkdómanna. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | – að hvetja til samstarfs innan aðildarríkja.<br>– að halda áfram að vinna að því útbúa leiðbeiningar um forvarnir og meðferð sjúkdómanna.<br>– að hvetja til rannsókna á sjúkdómunum.<br>– að íhuga að tileinka bráðlega alþjóðaheilbrigðisdaginn þessum sjúkdómum.<br>*Aðildarríki hvött til:*<br>– að útbúa og innleiða áætlanir um forvarnir og meðferð sjúkdómanna.<br>– að auka getu sína til að fylgjast með sjúkdómunum og meta hvaða áhrif áætlanir aðildarríkja hafa á þá.<br>– að auka menntun heilbrigðisstarfsfólks um sjúkdómana, sérstaklega þar sem gætir hárrar tíðni þeirra.<br>– að þróa og styrkja heilbrigðisþjónustu sína.<br>– að stuðla að fræðslu um sjúkdómana.<br>– að hvetja til alþjóðasamstarfs í baráttunni við þessa sjúkdóma.<br>– að styðja við rannsóknir á sjúkdómunum. |
| EB118.R2 | Flýtt fyrir kosningaferli næsta framkvæmdastjóra stofnunarinnar | EB118/20 og viðauki 1, EBSS(2) | Ákveðið var að frambjóðendur skyldu skila inn umsóknum frá 1. júní til 5. september 2006. Aðildarríki myndu svo fá allar upplýsingar um frambjóðendur 5. október 2006. Haldinn yrði 119. fundur framkvæmdastjórnarinnar dagana 6.–8. nóvember 2006 þar sem kosið yrði milli frambjóðenda. Kallað yrði til sérstaks fundar alþjóðaheilbrigðisþingsins 9. nóvember 2006 þar sem nýr framkvæmdastjóri stofnunarinnar yrði skipaður og samningur hans samþykktur. |
| EB118.R3 | Meðhöndlun Leishmanssýki | EB118/4 | *WHO hvött til:*<br>– að auka vitund um sjúkdómsbyrði Leishmanssýki.<br>– að útbúa leiðbeiningar um forvarnir og meðferð sjúkdómsins.<br>– að styrkja samstarf hinna ýmsu hagsmunaaðila.<br>– að útbúa áætlun fyrir meðferð sjúkdómsins.<br>– að hvetja til rannsókna á sjúkdómnum.<br>– að fylgjast með framförum í meðferð sjúkdómsins.<br>– að greina frá stöðu mála á WHA63.<br>*Aðildarríki þar sem sjúkdómurinn er mikið heilbrigðisvandamál hvött til:*<br>– að setja upp varnaráætlanir.<br>– að efla forvarnir, greiningu og meðferð til að minnka sjúkdómsbyrði.<br>– að styrkja afskekktar heilbrigðisstofnanir.<br>– að framkvæma faraldsfræðilegt mat.<br>– að auka samstarf við önnur lönd þar sem sjúkdómurinn er einnig mikið heilbrigðisvandamál.<br>*Öll aðildarríki hvött til:*<br>– að tala fyrir gæðum lyfja og viðráðanlegu verði.<br>– að hvetja til rannsókna á sjúkdómnum. |
| EB118.R4 | Styrking heilbrigðisupplýsingakerfa | EB118/16, WHA58.30, WHA58.28, WHA58.34 | *WHO hvött til:*<br>– að styrkja upplýsinga- og þekkingarsamfélag stofnunarinnar.<br>– að auka starfsemi WHO varðandi heilbrigðistölfræði á öllum sviðum.<br>– að efla aðgengi að heilbrigðistölfræði<br>– að efla samhæfingu og skipulagningu aðgerða á sviði heilbrigðisupplýsinga<br>– að gera reglulegt yfirlit yfir reynslu aðildarríkja.<br>– að styðja við endurskoðun á Heilbrigðismælinetinu og að greina frá gangi mála á WHA62.<br>*Aðildarríki hvött til:*<br>– að styrkja heilbrigðisupplýsingakerfi sín.<br>– að koma saman aðilum úr tækni og þróunargeiranum |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | við gerð áætlana um styrkingu heilbrigðisupplýsingakerfa.<br>– að auka getu skipuleggjenda og stjórnenda til að nota heilbrigðisupplýsingar fyrir gagnreynda ákvarðanatöku.<br>– að styrkja getu heilbrigðisstarfsfólks til að safna nákvæmum og viðkomandi heilbrigðisupplýsingum.<br>– að tengja styrkingu heilbrigðisupplýsingakerfa við stefnur og áætlanir sem byggja eiga upp tölfræðilega afkastagetu. |
| EB118.R5 | Staðfesting á breytingum á starfsmannareglum stofnunarinnar | EB118/11 | Ákveðið var að breytingarnar tækju gildi frá og með 1. janúar 2007. |

## Fylgiskjal IV.

### Ályktanir 56. fundar svæðisnefndar WHO í Evrópu.

| Nr. | Efni ályktunar | Bakgrunnsskjöl | Niðurstaða |
|---|---|---|---|
| EUR/RC56/R1 | Skýrsla svæðisstjóra um vinnu WHO í Evrópu á tímabilinu 2004-2005 | EUR/RC56/4, EUR/RC56/INF. Doc./1 | Svæðisstjóri beðinn um að taka mið af umræðum á fundinum við ákvarðanir um verkefni skrifstofunnar. |
| EUR/RC56/R2 | Forvarnir og meðferð langvinnra sjúkdóma í Evrópu | EUR/RC56/8, WHA53.17, WHA55.25, WHA57.17, WHA58.26, WHA58.22, WHA58.23, EB117.R9, EUR/RC52/R12, EUR/RC55/R1, EUR/RC50/R8, EUR/RC54/R3, EUR/RC55/R2, EUR/RC55/R6 | *Svæðisstjóri hvattur til:*<br>– að styðja við innleiðingu áætlunarinnar.<br>– að aðstoða aðildarríki við að innleiða áætlunina.<br>– að greina frá stöðu mála á 58. fundi svæðisnefndarinnar árið 2008.<br>*Aðildarríki hvött til þess:*<br>– að útbúa/styrkja lýðheilsuáætlanir sínar.<br>– að efla heilbrigðiskerfi sín til að geta betur sinnt forvörnum og meðferð langvinnra sjúkdóma.<br>– að sjá forvarnir sem skilvirka fjárfestingu.<br>– að tryggja að allir þegnar hafi aðgang að heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu.<br>– að setja upp eftirlit með lýðheilsuáætlunum sínum. |
| EUR/RC56/R3 | Framtíð Evrópuskrifstofunnar | EUR/RC55/R5, EUR/RC55/4 og viðauki 1, EUR/RC56/11 | Svæðisstjóri beðinn um að greina frá stöðu mála á 59. fundi svæðisnefndarinnar árið 2009. |
| EUR/RC56/R4 | Drög að fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2008–2009 og miðannar verkefnaáætlun fyrir tímabilið 2008–2013 | EUR/RC65/10 og viðauki 1 | Svæðisstjóri beðinn um að koma á framfæri við framkvæmdastjóra WHO viðhorfum, athugasemdum og tillögum svæðisnefndarinnar. |
| EUR/RC56/R5 | Dagsetningar og staðsetningar næstu funda Evrópusvæðisnefndar WHO | – | Að 57. fundur svæðisnefndarinnar verði haldinn dagana 17.–20. september 2007 í Belgrad, Serbíu og að 58. fundur svæðisnefndar Evrópu verði haldinn dagana 15.–18. september 2008 í svæðisskrifstofunni í Kaupmannahöfn. |
| EUR/RC56/R6 | Skýrsla fastanefndar svæðisnefndarinnar | EUR/RC56/6 og viðauki 1 | Skýrsla nefndarinnar samþykkt.<br>Evrópuskrifstofan beðin um að taka mið af niðurstöðum og tillögum skýrslunnar. |

**Fylgiskjal V.**

**Dagskrár funda.**

*Dagskrá EB117:* http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB117/B117_1R1-en.pdf
*Dagskrá WHA59:* http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/WHA59/A59_1Rev1-en.pdf
*Dagskrá EB118:* http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB118/B118_1Rev1-en.pdf
*Dagskrá EURO56:* http://www.euro.who.int/Document/RC56/edoc02rev1.pdf
*Dagskrá EB119:* http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB119/b119_1rev1-en.pdf
*Dagskrá WHASSA1:* http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/WHASSA1/SSA1_1-en.pdf

## 1148. Svar [423. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um fjölda þeirra sem sótt hafa meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað hafa margir Íslendingar farið í meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn síðustu 20 árin? Svarið óskast sundurliðað annars vegar eftir árum og hins vegar eftir því hvort meðferðin var vegna ofneyslu áfengis eða vímuefna.*

Til að afla upplýsinga var sent erindi til helstu meðferðarstofnana sem reknar eru á vegum hins opinbera. Ekki var leitað upplýsinga frá vistheimilum eða áfangaheimilum sem rekin eru fyrir þennan hóp, enda ekki talið að þar sé um meðferðarstofnanir að ræða.

Götusmiðjan gat ekki veitt upplýsingar þar sem starfsemin hafði nýlega flutt og gögn ekki aðgengileg.

Hér að aftan er tafla yfir fjölda þeirra sem hafa sótt meðferð vegna áfengis- eða vímuefnafíknar á undanförnum árum. Upplýsingar frá SÁÁ, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og Samhjálp ná yfir allt tímabilið. Upplýsingar frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi ná yfir árin 1987–2001. Upplýsingar frá Barnaverndarstofu og Meðferðarheimilinu í Krýsuvík ná aftur til ársins 1997.

Hjá LSH, FSA og Meðferðarheimilinu í Krýsuvík kemur fram hlutfall þeirra sem eiga eingöngu við áfengisfíkn að etja. Í skýrslum annarra meðferðarstofnana er hópnum ekki skipt eftir því hvort um er að ræða áfengisfíkn eða fíkn í önnur vímuefni. Í upplýsingum frá Samhjálp kemur fram að á síðustu árum hafi sá hópur sem stríðir við blandaða fíkn, áfengis og vímuefna, farið mjög vaxandi en þeim að sama skapi fækkað hlutfallslega sem stríða eingöngu við áfengisfíkn.

Í upplýsingum frá Barnaverndarstofu, sem er að finna í ársskýrslum stofunnar fyrir árið 2000 og árin 2004–2005, koma fram ástæður umsókna en flokkun á ástæðum vistunar er aðeins tiltæk fyrir Meðferðarheimilið Stuðla, þó er ekki aðgreint hvort um er að ræða áfengis- eða vímuefnafíkn.

**SÁÁ.**

SÁÁ birtir árlega tölur um komur og fjölda einstaklinga sem leggjast inn til meðferðar hjá samtökunum. Frá árinu 1977 hafa 18.093 Íslendingar lagst inn til meðferðar hjá SÁÁ.

Ekki eru til jafngóðar tölulegar upplýsingar um þá sem leita á göngudeildir SÁÁ. Á hverju ári hafa heimsóknir verið um 15.000 á göngudeildina í Reykjavík og þangað leitað um 2.000–3.000 manns. Stærstur hluti þess hóps sem kemur á göngudeild hefur verið áður á Vogi en einhverjir einstaklingar fá eingöngu þjónustu á göngudeild. Í skrám samtakanna eru þeir ekki sérstaklega aðgreindir frá öðrum sem koma á göngudeildina og því er fjöldi þeirra ekki inni í töflunni.

**Landspítali – háskólasjúkrahús.**

Fjöldi einstaklinga sem lagst hafa inn á bráðadeild vegna áfengis- og vímuefnafíknar hefur verið 209 á ári að meðaltali. Aðeins tókst að fá nákvæmar tölur um fjölda þeirra sem lagst hafa inn fram til ársins 2001 en fjöldinn síðan þá hefur verið svipaður og áður.

Á göngudeild vímuefnadeildar eru að meðaltali um 6.000 komur á ári síðustu 20 ár en fjöldi þeirra er nokkuð breytilegur milli ára. Þeir einstaklingar sem koma á göngudeild og hafa ekki verið áður á legudeild eru ekki aðgreindir sérstaklega á LSH frekar en hjá SÁÁ. Í Gunnarsholti, sem var lagt niður árið 2002, voru að meðaltali 80 innlagnir á ári á tímabilinu, ekki liggja fyrir tölur um hversu margir einstaklingar eru bak við þessar innlagnir.

Hvað varðar hlutfall milli áfengis og annarra vímuefna er oft um blandaða fíkn að ræða. Hins vegar hefur hlutfall þeirra sem hafa áfengisvanda sem fyrstu greiningu lækkað úr nálægt 60% í u.þ.b. 40% á LSH á tímabilinu.

**Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.**

Eins og sjá má á töflunni hefur þeim fjölgað sem hafa þurft að leggjast inn vegna áfengis- eða annarrar vímuefnafíknar á tímabilinu.

Á göngudeild FSA komu að meðaltali 69 einstaklingar á ári á tímabilinu 2001–2005. Þeir einstaklingar sem ekki hafa áður verið á legudeild eru ekki aðgreindir sérstaklega frekar en á öðrum stofnunum.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda einstaklinga sem hafa lagst inn á stofnun til meðferðar vegna áfengis- eða vímuefnavanda, skipt eftir árum.

| | Vogur fjöldi | Samhjálp fjöldi | Stuðlar fjöldi | FSA fjöldi | FSA hlutfall áfengisfíknar | LSH fjöldi | LSH hlutfall áfengisfíknar | Krýsuvík fjöldi | Krýsuvík hlutfall áfengisfíknar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1986 | 1.682 | 204 | | 9 | 90% | | | | |
| 1987 | 1.554 | 263 | | 14 | 47% | 362 | 61% | | |
| 1988 | 1.576 | 306 | | 13 | 76% | 357 | 58% | | |
| 1989 | 1.607 | 340 | | 15 | 80% | 421 | 58% | | |
| 1990 | 1.515 | 205 | | 16 | 73% | 350 | 61% | | |
| 1991 | 1.560 | 265 | | 13 | 75% | 345 | 64% | | |
| 1992 | 1.675 | 253 | | 14 | 80% | 271 | 65% | | |
| 1993 | 1.643 | 374 | | 13 | 79% | 194 | 65% | | |
| 1994 | 1.613 | 339 | | 28 | 87% | 190 | 62% | | |
| 1995 | 1.606 | 271 | | 13 | 89% | 152 | 56% | | |
| 1996 | 1.644 | 225 | | 22 | 68% | 188 | 55% | | |
| 1997 | 1.682 | 250 | 24 | 26 | 78% | 186 | 60% | 7 | 43% |

| | Vogur fjöldi | Samhjálp fjöldi | Stuðlar fjöldi | FSA fjöldi | FSA hlutfall áfengisfíknar | LSH fjöldi | LSH hlutfall áfengisfíknar | Krýsuvík fjöldi | Krýsuvík hlutfall áfengisfíknar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1998 | 1.626 | 258 | 26 | 26 | 65% | 225 | 52% | 49 | 18% |
| 1999 | 1.614 | 394 | 24 | 42 | 75 % | 209 | 53% | 62 | 21% |
| 2000 | 1.836 | 260 | 17 | 43 | 76% | 243 | 58% | 65 | 15% |
| 2001 | 1.790 | 232 | 25 | 35 | 70% | 166 | 53% | 47 | 17% |
| 2002 | 1.726 | 263 | 41 | 33 | 56% | | 52% | 40 | 10% |
| 2003 | 1.798 | 196 | 50 | 29 | 65% | | 54% | 68 | 6% |
| 2004 | 1.725 | 279 | 44 | 31 | 51% | | 51% | 52 | 0% |
| 2005 | 1.656 | 277 | 47 | 57 | 52% | | 46% | 48 | 4% |

Þann fyrirvara verður að hafa á framangreindum tölum að um er að ræða fjölda einstaklinga sem lögðust inn á viðkomandi stofnanir og meðferðarheimili á tímabilinu. Auk þessara hafa einhverjir komið eingöngu á göngudeildir. Einhverjir hafa lagst inn oftar en einu sinni og líklegt er að einhverjir hafi þegið meðferð á fleiri en einum stað. Til að fá nákvæma tölu um fjölda Íslendinga sem hafa farið í meðferð vegna áfengis- eða vímuefnafíknar þarf að bera saman skrár allra sem slíka meðferð veita til að leiðrétta fyrir endurtekningu á kennitölum bæði milli ára og meðferðarstofnana. Slík rannsókn fór ekki fram og er miklu viðameira og flóknara verkefni en hægt er að vinna á skömmum tíma. Upplýsingakerfi stofnana á þessu tímabili hafa ekki verið að fullu sambærileg.

Þrátt fyrir framangreinda fyrirvara er vonast til að þær upplýsingar sem hér eru lagðar fram séu nægjanlegar til að gefa mynd af stöðu þessara mála.

## 1149. Skýrsla [699. mál]

forsætisráðherra um störf faghóps um samræmdar aðgerðir til að efla lýðheilsu á Íslandi með hollara mataræði og aukinni hreyfingu.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi samþykkti 11. maí 2005 eftirfarandi þingsályktun um aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði og aukinni hreyfingu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um samræmdar aðgerðir til að efla lýðheilsu á Íslandi með hollara mataræði og aukinni hreyfingu.

Faghópur á vegum forsætisráðuneytis verði settur á laggirnar til að greina vanda sem tengist óhollu mataræði, offitu, átröskun og hreyfingarleysi, bæði orsakir vandans og afleiðingar. Að lokinni greiningu á orsökum og afleiðingum geri hópurinn tillögur að samræmdum aðgerðum og framkvæmdaáætlun sem lagðar verði fyrir ríkisstjórnina í apríl 2006.

Við mat á afleiðingum verði m.a. horft til áhrifa á einstaklinginn, heilbrigði hans og félagslega stöðu, á atvinnulífið og á heilbrigðis- og tryggingakerfið og heildarkostnaður samfélagsins af afleiðingum vandans metinn.

Við greiningu á orsökum verði horft vítt, svo sem á áhrif mataræðis og lífsstíls nútímafjölskyldna, áherslur á hreyfingu í starfi og aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Enn fremur verði hugað að verðlagsmálum, aðstöðu almennings til íþrótta, útivistar og hreyfingar, skipulagi

byggðar og samgangna og hlutverki starfsmanna skóla og heilbrigðisþjónustu við greiningu á vanda einstaklinga í forvarnaráðgjöf til foreldra og eftirfylgni aðgerða.

Við skipun faghópsins verði haft í huga hve víðtækt verkefnið er og leitast við að tryggja þátttöku sem flestra viðkomandi ráðuneyta svo og fulltrúa Lýðheilsustöðvar sem hefur veigamiklu lögbundnu hlutverki að gegna á þessu sviði.

Í starfi faghópsins verði haft til hliðsjónar markmið 11 í gildandi heilbrigðisáætlun, næringarráðleggingar manneldisráðs og samþykkt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar: „Global strategy on diet, physical activity and health“.“

Forsætisráðherra skipaði 31. október 2005 faghóp til samræmis við ákvæði fyrrgreindrar ályktunar Alþingis.

Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur og blaðamaður var skipaður formaður faghópsins. Aðrir sem áttu sæti í faghópnum voru dr. Jón Óttar Ragnarsson næringarfræðingur, Halla Karen Kristjánsdóttir íþróttakennari, Anna Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar, Sæunn Stefánsdóttir, þáverandi aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, Árni Einarsson, uppeldis- og menntunarfræðingur, Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, Valur N. Gunnlaugsson matvælafræðingur og Petrína Baldursdóttir leikskólastjóri.

Faghópurinn skilaði forsætisráðherra í september 2006 skýrslu, sem hér fylgir á eftir, um tillögur að fjölþættum aðgerðum til að efla lýðheilsu á Íslandi með hollara mataræði og aukinni hreyfingu.

## LÉTTARA LÍF

### Tillögur að fjölþættum aðgerðum til að efla lýðheilsu á Íslandi með hollara mataræði og aukinni hreyfingu.

Skýrsla faghóps forsætisráðherra um bætt heilbrigði þjóðarinnar.
(11. september 2006.)

## SAMANTEKT

Hollur matur og hreyfing er eitt það mikilvægasta í lífi hvers einstaklings. Rannsóknir víða um heim sýna að afleiðingar óholls mataræðis, hreyfingarleysis og ofeldis eru alvarleg ógn við heilsu og ef til vill víða vanmetin ógn við lífsgæði fólks. Þættir, sem varða næringu, holdafar og hreyfingarleysi, raða sér í sex af tíu efstu sætum yfir þá þætti sem helst stytta líf og minnka lífsgæði. Næring og hreyfing verða áfram mikilvægustu þættir heilbrigðs lífs og hafa ekki síst mikla þýðingu vegna vaxandi ofþyngdar með tilheyrandi sjúkdómum og vanlíðan.

Að mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) er hægt að fyrirbyggja 80% tilfella af hjarta- og æðasjúkdómum, 90% af fullorðinssykursýki og 30% af öllum krabbameinstilfellum með hollu mataræði, nægri hreyfingu og reykleysi. Í skýrslu WHO er mælt með því að forvarnaraðgerðir beinist fyrst og fremst að því að draga úr þeim þáttum í umhverfinu sem stuðla að þyngdaraukningu. Þar vegur þyngst framlag stjórnvalda til að auka hreyfingu og bæta gæði matvæla ásamt aðgengi að hollum mat.

Samkvæmt niðurstöðum landskönnunar á mataræði árið 2002 voru um 57% karla og 40% kvenna á aldrinum 15–80 ára yfir kjörþyngd. Hlutfall 9 ára barna af höfuðborgarsvæðinu,

sem greinast yfir kjörþyngd, hefur aukist jafnt og þétt, úr 2% árið 1938 í 23% 2004–2005 en ekki var um frekari aukningu að ræða 2005–2006. Hlutfall 15 ára stráka af höfuðborgarsvæðinu, sem voru yfir kjörþyngd, var 22% á árunum 2004–2006 en var lægra meðal 15 ára stúlkna af sama svæði eða um 17%. Um 53% íslenskra 15 ára stúlkna og 25% íslenskra 15 ára drengja hreyfa sig ekki nægjanlega mikið. Aðeins um 30–45% karla og kvenna stunda nægilega hreyfingu samkvæmt því sem ráðlagt er.

Fiskneyslan hefur minnkað um þriðjung frá árinu 1990 og nær fjórðungur 15 ára unglinga fullnægir ekki þörf fyrir joð þar sem neysla þeirra er minni en skilgreind lágmarksneysla. Um 18% 9 ára barna taka lýsi daglega en aðeins 3% 15 ára unglinga. Langflest börn fá vítamín og steinefni í samræmi við ráðleggingar. Þó eru ákveðin næringarefni í of litlu magni hjá þeim sem borða einhæft fæði. Þannig er t.d. ónógt joð og D-vítamín meðal helstu áhyggjuefna. Meðalgrænmetisneysla barna og ungmenna samsvarar hálfri gulrót á dag í magni og meðalneysla ávaxta hálfu epli.

Fjölmargir utanaðkomandi þættir hafa áhrif á matarvenjur og heilsusamlegt líferni barna. Nægir þar að nefna félagslega stöðu, áhrif markaðarins, mataræði og hegðan foreldra sem skiptir sköpum og mótar yfirleitt afstöðu barna til næringar. Ofgnótt einkennir aðstæður meiri hluta þjóðarinnar og er almenn neysla vaxandi. Aukin kyrrseta fullorðinna eykur líkur á depurð, hjarta- og æðasjúkdómum, háþrýstingi, áunninni sykursýki, minnkaðri beinþéttni, dettni og beinbrotum hjá öldruðum, bakverkjum, ristilkrabbameini, brjóstakrabbameini og fleiri tegundum krabbameina. Rannsóknir sýna að regluleg hreyfing getur minnkað líkurnar á fyrrgreindum sjúkdómum um 20–50%. Að auki eykur hreyfing vellíðan og dregur úr streitu og kvíða. Almennt hreyfingarleysi veldur um tveimur milljónum dauðsfalla á heimsvísu á ári hverju.

Þrátt fyrir þessa óæskilegu þróun er vel mögulegt að snúa henni við. Á Íslandi ríkir meiri velmegun og hagsæld en nokkru sinni fyrr og það veitir svigrúm til fjárfestingar í heilbrigði þjóðarinnar. Gífurleg sóknarfæri til hollari lifnaðarhátta í formi fræðslu og athafna eru í skólakerfinu, íþróttahreyfingunni, atvinnulífinu, innan stjórnsýslunnar og meðal almennings. Flestir eru á einu máli um að hægt sé að blása til heilbrigðrar sóknar með samtakamætti Íslendinga. Fjölbreyttar tillögur liggja fyrir sem snerta alla strengi þjóðlífsins og þarf fjármagn, vilja og þor til að ýta þeim úr vör. Ábyrgðin er allra.

## FAGHÓPURINN

„Alþingi ályktaði hinn 11. maí 2005 að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um samræmdar aðgerðir til að efla lýðheilsu á Íslandi með hollara mataræði og aukinni hreyfingu. Í ályktuninni segir að faghópur á vegum forsætisráðuneytis skuli settur á laggirnar til að greina vanda sem tengist óhollu mataræði, offitu, átröskun og hreyfingarleysi, bæði orsakir vandans og afleiðingar. Við mat á afleiðingunum verði m.a. horft til áhrifa á einstaklinginn, heilbrigði hans og félagslega stöðu, á atvinnulífið og á heilbrigðis- og tryggingakerfið og heildarkostnaður samfélagsins af afleiðingum vandans metinn. Lýðheilsustöð verður nefndinni til ráðgjafar og aðstoðar við öflun upplýsinga og gagna og er þeim tilmælum jafnframt beint til nefndarinnar að hún óski eftir samstarfi við þau ráðuneyti sem koma að þeim málaflokkum sem snerta störf hennar. Nefndin skili tillögum um samræmdar aðgerðir og framkvæmdaáætlun í apríl 2006.“ *Úr skipunarbréfi faghópsins dags. 31. október 2005.*

Eftirtaldir aðilar eiga sæti í nefndinni:
*Anna Elísabet Ólafsdóttir* forstjóri Lýðheilsustöðvar,
*Árni Einarsson* uppeldis- og menntunarfræðingur,
*Halla Karen Kristjánsdóttir* íþróttakennari,
*Jón Óttar Ragnarsson* næringar- og matvælafræðingur,
*Valur Norðri Gunnlaugsson* matvælafræðingur,
*Petrína Baldursdóttir* leikskólastjóri,
*Sigurbjörn Sveinsson* formaður Læknafélags Íslands,
*Sæunn Stefánsdóttir* alþingismaður,
*Þorgrímur Þráinsson* rithöfundur og blaðamaður, formaður og starfsmaður faghópsins.

## FORMÁLI

Maðurinn hefur löngum gert sér grein fyrir því að líkamleg áreynsla og hófsemi í lifnaðarháttum stuðlar að betri heilsu og lengra lífi. Á allra síðustu tímum hafa vísindin varpað ljósi á þetta samhengi hlutanna þannig að ekki verður um villst. Menningarsaga Vesturlandabúa birtir sömu viðhorf þótt þar sé stuðst við reynslu kynslóðanna fremur en vísindi okkar daga. Þessar hversdagslegu staðreyndir verða okkur almenningi æ ljósari eftir því sem líf okkar verður auðveldara; það verður fyrirhafnarminna að afla sér lífsviðurværis og krefst minni áreynslu. Með aukinni líkamsþyngd, hreyfingarleysi og lélegri næringu versnar heilsan og lífsgæðin rýrna og sálin lætur undan hreyfingarleysinu með vaxandi þunglyndi.

Hvað skiptir okkur mestu máli í lífinu? Líklega eru svörin jafn misjöfn og þau eru mörg en þeir sem búa við alvarlegan heilsubrest eru þó flestir á einu máli. Án góðrar heilsu minnka lífsgæðin. Það er án efa mikilvægara að bæta lífi við árin en árum við lífið. En hvað eru lífsgæði, hvað viljum við fá út úr lífinu? Þótt máltækið *hver er sinnar gæfu smiður* sé enn í fullu gildi á það ekki alltaf við þegar börn eiga í hlut. Þau fæðast inn í mismunandi aðstæður, öll með margþætta eiginleika, en mótast síðan af foreldrunum, umhverfinu, fjölmiðlum, skólakerfinu, tómstundastarfi, vinum og vandamönnum. Börnin stjórna því ekki nema að litlu leyti hvort þau neyta næringarríkrar fæðu, hvort þeim gefst kostur á að stunda íþróttir eða annað félagsstarf, hvort sköpunarþrá þeirra fái útrás, hvort þau fái næga örvun og svo mætti lengi telja. Sum börn verða afskipt og njóta ekki þeirrar ástar og umhyggju sem þau þyrftu til að þroskast sem heilsteyptir, kærleiksríkir og meðvitaðir einstaklingar. Sjónvarpið og tölvan er vettvangur allt of margra barna og ungmenna og sumir foreldrar eru afskiptalausir gagnvart því.

Allmörg börn eru nánast með átta klukkustunda viðveru í leikskólum og grunnskólum og sökum krafna nútímans eiga einhverjir foreldrar ekki annarra kosta völ en að láta börnin dvelja á leikskólum eða hjá dagmæðrum langt fram eftir degi. Í mörgum tilvikum tekur þá við skipulagt en fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf þar sem foreldrar þurfa gjarnan að aka börnunum á milli staða. Jafnvel þótt ábyrgð foreldra á uppeldi barna sinna sé ótvíræð liggur í augum uppi að allt samfélagið er í raun að ala upp börnin okkar. Ábyrgð yfirvalda á því að vel takist til er mikil og getur enginn skorast undan. Þeir sem eiga að láta sig málið varða auk foreldra eru starfsfólk í heilbrigðiskerfinu, starfsfólk skóla, matvælaframleiðendur, smásalar, auglýsendur, fjölmiðlar, íþróttasamfélagið í heild sinni, skipulagsfræðingar, þjóðkirkjan og stjórnvöld, svo einhverjir séu nefndir.

Foreldrar ættu að hafa töluvert um það að segja hvers konar örvunar, umönnunar og næringar börnin njóta í leikskólum og hjá dagmæðrum því lengi býr að fyrstu gerð. Góð næring og fjölbreytt hreyfing er mikilvæg fyrir andlegan og líkamlegan þroska barna. Með réttri næringu fá börnin nauðsynleg næringarefni og hafa orku til að hreyfa sig sem stuðlar að eðlilegum vexti og þroska. Reikna má með að börn, sem eru fædd fyrri hluta árs og byrja í leikskóla eins árs gömul, dvelji hátt í 9.000 klukkustundir í leikskóla, fram að fyrsta skóladegi á 6. aldursári. Það er gífurlega langur og áhrifaríkur tími á helstu mótunarárum barnanna og þau öðlast líkamlega, félagslega og sálfræðilega eiginleika sem móta viðmót þeirra til leiks og náms til frambúðar.

## OF ÞUNGUM FJÖLGAR

Að mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er engin lýðheilsuógn jafn vanmetin um víða veröld og offitan.[32] Skilgreiningar á kjörþyngd og offitu fyrir fullorðna miða við líkamsþyngdarstuðul (LÞS sbr. BMI) sem er reiknaður út frá hæð og þyngd einstaklinga, þ.e. þyngd(kg)/hæð(m)$^2$. Samkvæmt skilgreiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar miðast kjörþyngd við LÞS 18,5–24,9, ofþyngd við 25–29,9 en offita við 30 eða hærra. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ekki sett nein mörk fyrir börn en þeir staðlar, sem algengt er að nota, eru tilkomnir eftir samanburð milli sjö landa.[5] Samkvæmt þeim gögnum eru viðmiðunarstaðlarnir eftirfarandi fyrir 9 ára börn: ofþyngd (LÞS) ≥ 19,1 kg/m$^2$ og offita (LÞS) ≥ 22,8 kg/m$^2$. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að viðmiðunargildi líkamsþyngdarstuðulsins eru breytileg eftir kyni og aldri barna.

Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) eru meira en 22 milljónir barna undir 5 ára aldri of þungar og um 155 milljónir barna á skólaaldri.[4] Í ríkjum Evrópusambandsins eru 14 milljónir skólabarna of þungar, þar af glíma 3 milljónir við offitu. Talið er að of þungum börnum í Evrópu fjölgi um 400.000 á ári og að 85.000 börn bætist í hóp þeirra sem glíma við offitu.[5]

Breytingar á holdafari barna og unglinga á Íslandi eru einnig áhyggjuefni. Hlutfall 9 ára barna af höfuðborgarsvæðinu, sem greinast yfir kjörþyngd, hefur aukist jafnt og þétt, úr 2% árið 1938[1] í 23% 2004–2005 en ekki var um frekari aukningu að ræða 2005–2006.[2] Hlutfall 15 ára stráka af höfuðborgarsvæðinu, sem voru yfir kjörþyngd, var 22% á árunum 2004–2006 en var lægra meðal 15 ára stúlkna af sama svæði eða um 17%.[2]

Samkvæmt niðurstöðum landskönnunar á mataræði árið 2002 voru um 57% karla og 40% kvenna á aldrinum 15–80 ára yfir kjörþyngd og 12,5% Íslendinga teljast of feit samanborið við 7,5% árið 1990.[29] Borið saman við árið 1990 er þyngdaraukningin mest í yngsta hópi karla þar sem nærri þrefalt fleiri flokkast nú yfir kjörþyngd. Niðurstöður úr hóprannsókn Hjartaverndar sýna einnig að hlutfall of feitra fullorðinna Reykvíkinga nánast tvöfaldaðist á árunum 1975–1994 og var komið í 18% meðal karla og 19% meðal kvenna.[34] Rannsóknir sýna að um 95% þungra foreldra eiga of þung börn og 50–60% feitra barna eru einnig of feit sem fullorðnir einstaklingar.[35]

Í desember 2005 biðu um 400 einstaklingar eftir því að komast í offituaðgerð og endurhæfingu á Reykjalundi. Þeir sem eru með líkamsþyngdarstuðul (LÞS) hærri en 40 ganga fyrir. Kostnaður ríkisins við eina offituaðgerð, fyrir utan endurhæfingu, er um ein milljón króna og er fólk að meðaltali um 10 vikur frá vinnu. Á síðustu árum hafa 60–70 einstaklingar farið í aðgerð á Reykjalundi á ári en stefnt er að því að hægt verði að sinna 120 tilfellum árið 2008. Langtímaárangur meðferðar við offitu á Reykjalundi er betri en árangur annarra þjóða af sömu meðferð.[36]

Í ljósi aukinnar ofþyngdar og hreyfingarleysis má leiða að því líkum að heilsufar íslenskra barna geti farið versnandi og leiði í framtíðinni til aukningar á sjúkdómum, svo sem hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki, krabbameini og stoðkerfisvandamálum. Vandamálin eru af samfélagslegum toga. Börn yfir kjörþyngd þurfa ekki endilega að losa sig við aukakílóin heldur má ná líkamsþyngdarstuðlinum niður með því að hægja á þyngdaraukningu á meðan þau eru að stækka. Rannsóknir á lífsstíl íslenskra barna og unglinga sýna að drengir hreyfa sig meira en stúlkur og að hreyfingin fer minnkandi með hækkandi aldri hjá báðum kynjum.[3,6] Drengir taka einnig fremur en stúlkur þátt í skipulögðu íþróttastarfi [7,8] og brottfallið úr slíku starfi er meira hjá stúlkum.[7]

## HÆGT AÐ FYRIRBYGGJA SJÚKDÓMA OG AUKA LÍFSGÆÐI

Samkvæmt nýrri rannsókn vísindamanna í Oxfordháskóla í Bretlandi kostuðu hjarta- og æðasjúkdómar ríki Evrópusambandsins 13.520 milljarða íslenskra króna árið 2003.[9] Það samsvarar 18.000 krónum á hvert mannsbarn. Um 269 milljónir vinnudaga töpuðust í ríkjum Evrópusambandsins vegna þessara sjúkdóma og þeir höfðu auk þess verulega hamlandi áhrif á daglegt líf 4,4 milljóna manna. Rannsóknin er sú fyrsta sem beinist að efnahagslegum áhrifum hjarta- og æðasjúkdóma í þeim 25 ríkjum sem eiga aðild að Evrópusambandinu. Vísindamenn studdust við gögn frá heilbrigðisyfirvöldum í ríkjunum tuttugu og fimm og rannsóknir á áhrifum sjúkdóma á starfsgetu sjúklinga og vinnutap. Sérfræðingar í hjartalækningum segja að niðurstöðurnar sýni að þörf sé á öflugri og skilvirkari forvörnum.

Ísland er ekkert eyland í þessum efnum. Að mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er hægt að fyrirbyggja 80% tilfella af hjarta- og æðasjúkdómum, 90% af áunninni sykursýki og 30% af öllum krabbameinstilfellum með hollu mataræði, nægri hreyfingu og reykleysi.[4]

## SKÓLAKERFIÐ OG FORELDRAR GEGNA LYKILHLUTVERKI

Í skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er mælt með því að forvarnaraðgerðir beinist fyrst og fremst að því að draga úr þeim þáttum í umhverfinu sem stuðla að þyngdaraukningu.[10] Þar vegur þyngst framlag stjórnvalda til að auka hreyfingu og bæta gæði matvæla ásamt aðgengi að hollum mat. Ógrynni utanaðkomandi þátta hefur áhrif á matar- og hreyfivenjur og heilsusamlegt líferni barna. Nægir þar að nefna mataræði, hreyfingu og hegðan foreldra, félagslega stöðu og áhrif markaðarins. Það sem ræður úrslitum um hvað börn borða og hversu mikið þau hreyfa sig er margþætt og breytilegt eftir aldri barnanna. Mataræði og hreyfivenjur fjölskyldna skipta sköpum og móta yfirleitt afstöðu barna til næringar og hreyfingar. Ef börn alast upp við það að borða ávexti og grænmeti eru miklar líkur á að þau haldi því áfram alla ævi. Að sama skapi er líklegt að slæmar matarvenjur í æsku, svo sem óhófleg neysla sykurs og fitu, breytist ekki þótt aldurinn færist yfir. Þá eru foreldrar mikilvægar fyrirmyndir þegar kemur að hreyfingu barna og geta haft mikil áhrif á hversu mikið þau hreyfa sig framvegis.

Aðgengi og vöruúrval skiptir miklu máli um það sem valið er hverju sinni. Ef hollar vörur eru áberandi, í miklu úrvali og á viðráðanlegu verði eru meiri líkur á því að þær verði valdar en hinar. Markaðurinn hefur sífellt meiri áhrif á matarvenjur fólks. Neysluvörur, sem beint er sérstaklega að börnum, uppfylla síður en svo þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til næringargildis.[11,12,13] Fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki í að móta afstöðu fólks til næringar. Það getur verið erfitt fyrir foreldra að stjórna mataræði barna og ungmenna þegar umhverfið hvetur til óhollra matarvenja, svo sem með auglýsingum. Foreldrum getur verið um megn að standast kröfur barna sinna sökum utanaðkomandi þrýstings og gefa eftir. Það er mikil-

vægt að allir, sem láta sig málefni barna varða, minni stöðugt á mikilvægi þess að borða hollan og næringarríkan mat, ekki bara með orðum heldur líka með athöfnum. Skólakerfið og foreldrar gegna lykilhlutverki í þessum efnum og ætti kennsla í næringarfræði að vera í fyrirrúmi í heimilisfræði í grunnskólum auk þess sem skólamötuneyti þurfa að bjóða upp á hollan og góðan mat. Þá þarf að hvetja börn til enn frekari hreyfingar í skólum, t.d. með hreyfivænni skólalóð, útikennslu og enn betri íþróttatímum.

Í skólakerfinu og þjóðfélaginu almennt eru takmarkalaus tækifæri til að vinna á enn markvissari og heildrænni hátt en gert er til að örva huga, sál og líkama – sem leiðir til meðvitundar um mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu og hreyfa sig reglulega. Það helst í hendur að ná árangri í námi og starfi og að búa yfir sjálfstrausti og almennri hreysti.

## FORVARNIR Í FYRIRRÚMI

Færð hafa verið rök fyrir því að árangursríkara og ódýrara sé að leggja áherslu á forvarnir sem hafa það að markmiði að fyrirbyggja þyngdaraukningu en aðgerðir sem miða að meðferð við offitu. Forvarnarstarf, sem beinist að öllum almenningi, ætti því tvímælalaust að vera forgangsverkefni stjórnvalda. Eigi að síður er mikilvægt að sinna þeim sem þegar eiga við offitu eða ofþyngd að stríða, svo og þeim hópum sem eru í sérstakri hættu.

Það er engin ein leið að heilbrigðum lifnaðarháttum en miðað við hvert stefnir í matarvenjum og hreyfingarleysi Íslendinga er nauðsynlegt að vekja fólk til vitundar um að allt samfélagið þurfi að taka sér tak. Nauðsynlegt er að menntayfirvöld, heilbrigðisyfirvöld, atvinnulífið og fleiri aðilar taki höndum saman um að auka heilbrigði þjóðarinnar í ljósi þess að frammistaða og afköst aukast ef næring og hreyfing er til fyrirmyndar.

Tryggja þarf heildræna nálgun og taka mið af félagslegum og menningarlegum þáttum sem hafa áhrif á næringu og hreyfingu barna jafnt sem fullorðinna. Vekja þarf samfélagið til umhugsunar um mikilvægi góðrar heilsu bæði fyrir einstaklinginn sjálfan en þó ekki síður samfélagið í heild. Því þarf að koma til sameiginlegt átak stjórnvalda sem fara með samgöngumál, fjármál, heilbrigðismál, landbúnaðarmál og fleiri mál auk þátttöku atvinnulífs við að bæta velferð og styrkja fólk til sjálfsbjargar og gera því betur kleift að taka ákvarðanir sem stuðla að bættri heilsu á sama tíma og stuðlað er að aukinni þekkingu meðal þegnanna sjálfra. Allt samfélagið þarf að bregðast við, ábyrgðin er allra.

## FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA

Ofneysla og hreyfingarleysi með tilheyrandi ofþyngd er meðal þeirra atriða sem helst ógna heilsu landsmanna auk þess sem agaleysis gætir í uppeldismálum og meðal margra einstaklinga. Það er þó hægt að snúa þessari þróun við. Íslendingar tala flestir sama tungumál, búa við 100% læsi, öfluga og útbreidda fjölmiðla, virka og frjálsa grasrótarhreyfingu og áhugasamar sveitarstjórnir. Ísland hefur allt til að bera til að svara kalli samtímans. Ekki er hægt að treysta því að „kerfið“ eitt og sér ýti jákvæðum breytingum úr vör, heldur þarf samstarf fjölmargra, til að mynda framsýnna og áhugasamra einstaklinga sem eru í aðstöðu til þess að breyta, innan eða utan kerfisins. Fjárskortur á ekki að þurfa að standa í vegi fyrir árangri í þessum efnum; breytt forgangsröðun verkefna ætti að tryggja það. Á Íslandi ríkir meiri velmegun og hagsæld en nokkru sinni fyrr og það veitir svigrúm til fjárfestingar í heilbrigði þjóðarinnar.

Nái meðfylgjandi tillögur fram að ganga ættu flestir að geta fundið leið til að bæta lífsgæði sín með aukinni hreyfingu og hollara mataræði, að geta notið stuðnings með fræðslu,

hagstæðu verðlagi, góðu aðgengi að hollum mat og aðstöðu til hreyfingar. Almenningur á hvorki vegna fjárskorts né þekkingarleysis að þurfa að velja sér í óhag.

## HREYFING

Heilbrigð sál í hraustum líkama eru orð að sönnu og er þekkt að almenn hreyfing og íþróttaiðkun skiptir miklu máli í félagslegri og persónulegri uppbyggingu og þroska einstaklingsins. Fjölþætt líkamsþjálfun skipar veglegan sess í lífi margra Íslendinga og þar með taka þeir þátt í að byggja upp heilbrigðara samfélag. Á hinn bóginn sýnir íslensk rannsókn að aðeins um 30–40% karla og kvenna á höfuðborgarsvæðinu stunda næga hreyfingu samkvæmt því sem ráðlagt er.[14] Samkvæmt hreyfiráðleggingum Lýðheilsustöðvar er mælt með því að fullorðnir hreyfi sig a.m.k. 30 mín. á dag af ákefð sem samsvarar röskri göngu en börn sem svarar til 60 mínútna.

Þótt góðar rannsóknir skorti á því hve mikil hreyfing var stunduð áður fyrr hníga öll rök að því að hreyfing Íslendinga hafi staðið í stað eða heldur minnkað undanfarna áratugi. Það stafar líklega að miklu leyti af aukinni tækni- og tölvuvæðingu á vinnustöðum og almennri einkabílanotkun almennings. Tölur frá Hagstofunni sýna að kyrrsetustörfum hefur fjölgað og erfiðisvinnustörfum fækkað. Aukin kyrrseta fullorðinna eykur líkur á depurð,[15] hjarta-[16] og æðasjúkdómum,[17] háþrýstingi,[18] áunninni sykursýki,[19] minnkaðri beinþéttni,[20] dettni og beinbrotum hjá öldruðum,[21] bakverkjum, ristilkrabbameini[22] og brjóstakrabbameini.[23] Rannsóknir sýna að regluleg hreyfing getur minnkað líkur á fyrrgreindum sjúkdómum um 20–50%.[24] Hreyfing eykur vellíðan og dregur úr streitu og kvíða.

Samkvæmt rannsókn Erlings Jóhannssonar og fleiri um lífsstíl 9 og 15 ára Íslendinga hreyfa um 53% íslenskra 15 ára stúlkna og 25% íslenskra 15 ára drengja sig ekki nægjanlega mikið[3] en ráðlegt er að þau hreyfi sig í a.m.k. 60 mín. á dag.[25] Enn nýrri rannsókn á heilsu og líðan íslenskra skólanema (HBSC) sýnir að hreyfing nemenda minnkar með aldrinum.[6] Samkvæmt þeirri rannsókn hreyfa sig um 26% nemenda í 6. bekk, 19% nemenda í 8. bekk og 14% nemenda í 10. bekk samkvæmt núgildandi hreyfiráðleggingum Lýðheilsustöðvar.

Íþróttaiðkun eykur lífsgæði og er ómissandi liður í heilsusamlegum lífsstíl og forvörnum. Þrátt fyrir það hættir íþróttaiðkun ungmenna til að vera of keppnistengd. Kröfurnar um að komast í lið og skara fram úr eru miklar. Brottfall ungmenna úr íþróttum, einkum stúlkna, er áhyggjuefni og hefur margoft verið fjallað um mikilvægi þess að breyta áherslum í íþróttaiðkun barna, upphefja leikinn á kostnað keppninnar. Það er eðlilegt að kostnaður við íþróttaiðkun upp að 18 ára aldri verði viðurkenndur sem samfélagsframlag en með því er hægt að tryggja jafnan rétt til íþróttaiðkunar, á forsendum barnanna. Það er góðra gjalda vert að halda úti keppnisflokkum og bjóða upp á tíðar æfingar en fjölmargir gætu hugsað sér að æfa sjaldnar og að mestu leyti í leikjaformi. Þá er vert að hafa í huga að fólk tekur frekar upp heilbrigðari lifnaðarhætti ef nánasta umhverfi er hvetjandi og veitir stuðning, svo sem að aðstæður séu góðar til að hjóla eða ganga.

Nú orðið verja börn umtalsverðum tíma í tölvuleiki og sjónvarps- og myndbandaáhorf. Rúmlega fimmtungur ungmenna ver fjórum klukkustundum eða meira fyrir framan sjónvarp eða tölvuskjá á hverjum einasta degi.[3] Íslensk börn eru meðal feitustu barna á Norðurlöndum[3] og eru til að mynda 18% íslenskra 9 ára gamalla barna yfir kjörþyngd (of feit eða of þung).[3] Líkamleg áreynsla er börnum nauðsynleg svo þau vaxi eðlilega og öðlist nægan hreyfiþroska, styrk og fimi.[27] Rannsóknir sýna að líkamleg áreynsla dregur auk þess úr líkum á geðrænum

vandamálum barna og unglinga.[26] Regluleg hreyfing barna bætir sjálfsmynd þeirra og námsárangur.

## NÆRING

Matarvenjur landsmanna hafa breyst mikið undanfarna áratugi og má segja að sterkustu einkenni íslensks mataræðis frá árum áður séu óðum að hverfa. Að nokkru leyti er um jákvæðar breytingar að ræða því neysla grænmetis og ávaxta hefur aukist meðal yngstu aldurshópanna en einnig meðal fullorðinna.[28, 29] Þess skal þó getið að neysla grænmetis og ávaxta meðal 11 ára barna er minni á Íslandi en í öðrum löndum Evrópu samkvæmt nýlegri rannsókn.[30] Neysla mæðra 11 ára barna reyndist einnig minnst á Íslandi.[31] Könnun á mataræði barna og unglinga 2003–2004 leiddi í ljós að 18% 9 ára barna tóku lýsi daglega en aðeins 3% 15 ára unglinga.[28] Sama könnun sýndi að meðalgrænmetisneysla barna og ungmenna er sem samsvarar hálfri gulrót á dag og meðalneysla ávaxta samsvarar rúmlega hálfu epli. Könnunin sýndi enn fremur að hlutfall of þungra 15 ára unglinga reyndist vera 15% ef miðað er við alþjóðleg viðmiðunarmörk fyrir ofþyngd og offitu.[28]

Samkvæmt landskönnun á mataræði 2002 drekka ungir drengir að meðaltali tæpan lítra af gosi á dag eða 323 lítra á ári.[29] Stúlkurnar drekka heldur minna eða um hálfan lítra á dag. Sykurneyslan er jafnframt óheyrilega mikil og meiri en annars staðar á Norðurlöndum en meira en helmingur af viðbætta sykrinum í fæði drengja kemur úr gosdrykkjum einum saman. Rannsókn á mataræði ungra barna sýndi að þegar við tveggja ára aldur er sykurneyslan komin yfir ráðleggingar.[45]

### LÍTIL NEYSLA Á FISKI, ÁVÖXTUM OG GRÆNMETI

Fiskneyslan hefur minnkað mikið, eða um þriðjung frá árinu 1990 þegar við áttum Evrópumet í fiskneyslu.[29] Nærri því fjórðungur 15 ára unglinga fullnægir ekki þörf fyrir joð þar sem neysla þeirra er minni en skilgreind lágmarksneysla.[28] Bregðast verður við lágu joðhlutfalli með aukinni fiskneyslu. Segja má að pitsan hafi tekið við af fiskinum sem þjóðarréttur ungra Íslendinga en þeir borða tæplega fimm sinnum meira af pitsu en fiski. Þessi breyting á mataræðinu getur haft afdrifarík áhrif á heilsu landsmanna í framtíðinni þar sem fiskur er mikil hollustuvara ekki síður en grænmeti og ávextir og minnkar m.a. líkur á hjarta- og æðasjúkdómum. Ofneysla og ofgnótt sem og vaxandi hreyfingarleysi er þó tvímælalaust helsti og alvarlegasti vandi íslenskra neytenda nú um stundir og sá þáttur sem helst ógnar heilsu landsmanna. Það er erfitt að kunna sér hóf þegar orkuríkur og girnilegur matur er hvarvetna á boðstólum og kostaboðin eru fólgin í stærri skömmtum fyrir lægra verð. Trúlega er stór hluti vandans aukið úrval af orkuríkum mat og matvælum tilbúnum til neyslu, ásamt áleitinni sölumennsku þar sem markmiðið er fyrst og fremst meiri neysla og stærri matarskammtar.

Áhrif næringar á sjúkdómabyrði eru meiri en menn hafa gert sér grein fyrir.[32] Meðal tíu helstu áhættuþátta, sem sjúkdómabyrði í þróuðum löndum er rakin til, eru næringartengdir þættir á borð við háan blóðþrýsting, hátt kólesteról, ofþyngd og litla neyslu á ávöxtum og grænmeti.[4] Talið er að um einn þriðji hluti af hjarta- og æðasjúkdómum og annað eins af krabbameinstilfellum tengist röngu mataræði.[32] Varðandi hjarta- og æðasjúkdóma virðast verndandi áhrifin meiri eftir því sem neysla á mismunandi tegundum grænmetis og ávaxta er meiri. Lítil grænmetis- og ávaxtaneysla er talin skýra um 19% af krabbameinstilfellum í meltingarfærum, 31% af hjartasjúkdómum og 11% af heilablóðfallstilfellum í heiminum.

Talið er að bjarga mætti 2,7 milljónum (4,9%) mannslífa á hverju ári með því einu að auka neyslu grænmetis og ávaxta.[4]

Rannsóknir víða um heim sýna að ofeldi, óæskilegt mataræði og hreyfingarleysi er alvarleg ógn við heilsu og lífsgæði. Þættir, sem varða næringu, holdafar og hreyfingarleysi, raða sér í sex af tíu efstu sætum yfir þá þætti sem helst stytta líf og minnka lífsgæði.[33]

Í þessari skýrslu er lögð áhersla á forvarnaraðgerðir sem ná til samfélagsins í heild til að bæta megi almennt heilbrigði þjóðarinnar með bættri næringu og aukinni hreyfingu, m.a. til að koma megi í veg fyrir vaxandi ofþyngd.

## TILLÖGUR

### 1) SKÓLAR

*Leikskólar:*

1) Leikskólar leggi sérstaka áherslu á næringu, hreyfingu og geðrækt barnanna.
2) Skipulögð hreyfing í leikjaformi verði hluti af daglegri iðju jafnt innandyra sem utan.
3) Hreyfiþroski mældur og unnið sérstaklega með börnum sem þurfa á því að halda.
4) Börnin fái grunnfræðslu í næringarfræði.
5) Matjurtagarðar í leikskólum.
6) Hreyfihvetjandi aðstaða, með viðeigandi áhöldum og tækjum, sé til staðar innandyra sem utan.

*Grunnskólar:*

7) Ókeypis máltíðir í grunnskólum með næringarinnihaldi í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar.
8) Íþróttakennsla eða skipulögð hreyfistund alla skóladaga.
9) Samfelldur skóladagur, nám, tómstundir, íþróttir.
10) Næringarfræði hafi forgang í heimilisfræði og sé hluti af lífsleikni.
11) Efla og samræma viðbrögð í skólaheilsugæslunni þegar börn eru að fara út af vaxtarlínu.
12) Stuðningskennsla/sérkennsla í íþróttum og heilsurækt.
13) Hreyfihvetjandi aðstaða, með viðeigandi áhöldum og tækjum, sé til staðar innandyra sem utan.
14) Matseðill liggi fyrir, fram í tímann, og upplýsingar um máltíðir séu aðgengilegar á heimasíðu skóla.
15) Skólasjoppur selji eingöngu hollan mat.
16) Námsefni, sem styrkir nemendur andlega, líkamlega og félagslega, hafi forgang í lífsleikni.

*Framhaldsskólar:*

17) Heilsusamlegur matur á boðstólum í stað sykraðra drykkja og sætmetis.
18) Fjölbreyttari íþróttakennsla í boði.
19) Nemendur stundi íþróttaiðkun allar annirnar.
20) Hagnýt næringarfræði, upplýsingalæsi á matvæli, verði valáfangi á öllum brautum framhaldsskólastigsins.
21) Hreyfihvetjandi aðstaða, með viðeigandi áhöldum og tækjum, sé til staðar innandyra sem utan.
22) Hléæfingar verði fastur liður í skólastarfinu.

*Háskólar:*

23) Næringarfræði verði stórlega efld á brautum sem varða heilbrigðisþjónustu og íþróttafræði.
24) Hollur og næringarríkur matur aðgengilegur í háskólum.
25) Hreyfihvetjandi aðstaða í boði.

## 2) HEILSUGÆSLA OG HEILBRIGÐISSTOFNANIR

26) Ljósmæður hafi mataræði, hreyfingu og heilbrigt líferni sem sérstakt viðfangsefni við mæðravernd og foreldranámskeið. Gert verði hentugt námsefni og starfsmenn mæðraverndar fari á sérstök námskeið til að tileinka sér þetta efni.
27) Ungbarnaeftirlit verði notað eins og kostur er til að fræða foreldra um næringu barna og mikilvægi fjölbreyttrar hreyfiörvunar. Þetta verði gert samhliða fræðslu um brjóstagjöf og hefjist eigi síðar en við þriggja mánaða skoðun. Farið verði yfir það námsefni sem fyrir er.
28) Efld verði skráning og úrvinnsla rafrænna upplýsinga um líkams- og hreyfiþroska barna, hæð og þyngd í grunnskóla.
29) Heilbrigðisþjónusta í grunnskóla verði efld.
30) Heilsufarsskoðun fari fram á heilsugæslustöð eða hjá heimilislækni við 35 ára aldur hjá öllum. Þar fáist ráðgjöf um lífsstíl byggð á grundvelli mælinga á hæð, þyngd, blóðþrýstingi, blóðsykri og kólesteróli og á grundvelli upplýsinga um mataræði, hreyfivenjur, reykingar og áfengisneyslu.
31) Ávísanir á hreyfingu verði hluti þeirra úrræða sem læknar hafi handa skjólstæðingum sínum og þeim verði fundinn staður í tryggingakerfi landsmanna.
32) Læknar (og aðrar heilbrigðisstéttir eftir atvikum) fái meiri fræðslu í næringarfræði í því augnamiði að þeir geti greint betur innihald algengra matvæla, áhrif matreiðslu á fæðuna og geti þannig átt upplýsandi samræður við sjúklinga sína um þessa meginundirstöðu tilveru hvers og eins.

## 3) ATVINNULÍF OG VINNUSTAÐIR

33) Matur á vinnustöðum sé hollur og í samræmi við þarfir starfsmanna.
34) Heilsuræktarstyrkir verði án hlunnindaskatts fyrir starfsmenn fyrirtækja og stofnana.
35) Geymsluaðstaða fyrir hjól og góð hreinlætisaðstaða með sturtu á vinnustöðum.
36) Heilsuræktarstyrkir til starfsmanna verði að fullu frádráttarbærir frá skatti fyrir rekstraraðila.
37) Fjárstuðningur við íþróttastarfsemi verði frádráttarbær frá skatti.
38) Efling landsnets um heilsueflingu á vinnustöðum.

## 4) SAMGÖNGUR OG SKIPULAGSMÁL

39) Við skipulagningu nýrra hverfa og enduruppbyggingu gamalla verði framkvæmt heilbrigðismat.
40) Hjólreiðar verði fullgildur kostur í samgöngumálum og gert ráð fyrir hjólastígum jafnt sem gangbrautum og vegum.
41) Aukin nýting almenningssamgangna.

42) Græn svæði verði fjölskylduvænni og um leið meira hreyfihvetjandi, m.a. með leiktækjum.
43) Hitalagnir undir nýjar gang- og hjólabrautir og fleiri bekkir á gönguleiðum.

## 5) NEYTENDAMÁL

44) Skýrar merkingar á matvælum með læsilegum og skiljanlegum innihaldslýsingum.
45) Kannað hvort rétt sé að takmarka auglýsingar á óhollum mat sem beint er að börnum.
46) Tryggt verði sem lægst verð á hollum matvælum og drykkjum.
47) Hollar vörur staðsettar við sölukassa verslana.
48) Matvælaframleiðendur hafi hollustuviðmið að leiðarljósi við vöruþróun.
49) Matvælaframleiðendur og matsölustaðir hugi að skammtastærðum og verðlagi.
50) Íþróttamannvirki opin almenningi í lausum tímum.
51) Ungbarnasund og sundleikfimi fyrir eldri borgara í öllum sundlaugum sem völ er á og sundlaugar opnar á kvöldin um helgar.
52) Ókeypis aðgangur að sundstöðum fyrir 12 ára og yngri.
53) Fræðslu- og hvatningarherferðir sem vekja fólk til vitundar um mikilvægi þess að borða hollan mat og stunda reglulega hreyfingu.
54) Einn stór gagnagrunnur, aðgengilegur á Netinu, um allt sem varðar heilbrigða lífshætti.
55) Vörugjöld, tollar og virðisaukaskattur af reiðhjólum, útivistarvörum og öðrum hreyfihvetjandi tækjum eins lág og kostur er.
56) Fjölnota skýli með hjólabrettabrautum, brautum fyrir línuskauta, gangandi og skokkandi.
57) Heilsurækt í boði fyrir eldri borgara.
58) Safnaðarheimili nýtt undir skipulagða hreyfingu eldri borgara.

## 6) ÍÞRÓTTAHREYFINGIN OG FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK

59) Kostnaður við íþróttaiðkun viðurkenndur sem samfélagsframlag fyrir 18 ára og yngri.
60) Öll börn og unglingar eigi þess kost að taka þátt í íþróttastarfi án tillits til keppni.
61) Íþróttafélögin reki íþróttaskóla fyrir ungmenni upp að 12 ára aldri.
62) Íþróttafélög bjóði upp á afþreyingu og/eða íþróttaiðkun fyrir foreldra/almenning.
63) Grænmeti, ávextir og aðrar hollustuvörur seldar í íþróttahúsum og á sundstöðum.
64) Líkams- og heilsurækt í sama virðisaukaskattsþrepi og sund.
65) Samþætt verðlaun veitt einstaklingum og hópum fyrir íþróttaþátttöku og heilbrigðan lífsstíl, félagslega virkni, námsástundun og árangur.
66) Íþrótta- og Ólympíusambandið (ÍSÍ), Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og aðrir hrindi í framkvæmd fleiri hreyfihvetjandi verkefnum sem hvatningu til fjölgunar iðkenda í sem flestum íþróttagreinum.
67) Íþróttahetjur í þjóðfélaginu breiði út boðskap um mikilvægi hreyfingar og holls mataræðis.

TILLÖGUR MEÐ RÖKSTUÐNINGI

## 1) SKÓLAR

*LEIKSKÓLAR:*

**1) Leikskólar leggi sérstaka áherslu á næringu, hreyfingu og geðrækt barnanna.**

* *Hollusta máltíða í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar.*
* *Námskeið, ráðgjöf og fræðsla fyrir dagforeldra og starfsfólk með áherslu á næringu, hreyfingu, geðrækt, tilfinningatengsl, aga og ábyrgð.*
* *Lífsleikni fái aukið vægi.*

Lengi býr að fyrstu gerð! Ef börn alast upp við hollan og næringarríkan mat, grænmeti og ávexti, og nauðsyn þess að drekka vatn, eru góðar líkur á því að þau verði meðvituð um mikilvægi þess til frambúðar. Að sama skapi er líklegt að slæmar matarvenjur í æsku, svo sem óhófleg neysla sykurs og fitu, breytist ekki þótt aldurinn færist yfir. Sama gildir um hreyfingu og mikilvægi þess að gera hana hluta af daglegu lífi. Í ljósi þessa ættu leikskólar að hafa fjölþætt heilbrigði að leiðarljósi. Allir foreldrar hljóta að óska þess að börnin búi við það besta sem völ er á þegar kemur að næringu og möguleikum til aukinnar hreyfingar.

Samþætta þarf starf leikskóla eins og kostur er þannig að réttur barna sé tryggður hvað varðar hollan mat og fjölþætta hreyfingu. Matseðill, ásamt næringarinnihaldi hverrar máltíðar, ætti að vera aðgengilegur (t.d. á heimasíðu) þannig að hægt sé að fylgjast með því hvað börnunum er boðið upp á. Slíkt auðveldar foreldrum/forráðamönnum að hafa tilbreytingu í matseld að kvöldlagi frá því sem var á boðstólum í leikskólanum.

Samkvæmt rannsóknum njóta um 20% leikskólabarna á landinu aldrei ávaxtastunda fyrir hádegi í leikskólum en um 65% neyta ávaxta daglega í leikskólanum. Þá bjóða um 80% leikskóla upp á grænmeti næstum daglega.[37]

Líkamleg áreynsla er börnum nauðsynleg svo þau vaxi eðlilega og öðlist nægan hreyfiþroska, styrk og fimi. Flest bendir til að líkamleg áreynsla dragi auk þess úr líkum á geðrænum vandamálum barna og unglinga. Þá er almennt talið að regluleg hreyfing barna bæti sjálfsmynd þeirra og námsárangur.

Leikskólinn *Urðarhóll í Kópavogi* er dæmi um leikskóla sem býður eingöngu upp á holla næringu og börnin þar stunda skipulagða hreyfingu í leikjaformi nokkrum sinnum í viku. Urðarhóll var sá fyrsti, af nokkrum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu, sem gaf sig út fyrir að vera heilsuleikskóli og í ljósi þess árangurs, sem þar hefur náðst í hreyfiþroska og líkamlegum styrk barnanna, væri æskilegt ef allir leikskólar stefndu að því að verða heilsuleikskólar. Rannsóknir sýna að börnin, sem hafa verið á Urðarhóli, iðka frekar íþróttir eftir að þau hætta á leikskóla en börn á öðrum leikskólum.[38] Og hreyfiþroski þeirra er mun meiri en barna í öðrum leikskólum.[39]

Annað dæmi um leikskóla, sem hefur hollt fæði og mikla hreyfingu að leiðarljósi, er *Náttúruleikskólinn Hvarf* sem er rekinn af ÓB Ráðgjöf samkvæmt þjónustusamningi við Kópavogsbæ. Þar er m.a. lögð áhersla á lífrænt ræktað fæði, fisk, grænmeti og ávexti og enn fremur á skipulagða hreyfingu. Sérstaða skólans er að foreldrum eru boðin námskeið í uppeldisaðferðum skólans og ráðgjöf í uppeldisvanda.[40]

*Námskeið, ráðgjöf og fræðsla fyrir dagforeldra og starfsfólk*

Í ljósi þess að flest börn eru með um átta klukkustunda viðveru í leikskólum í fimm ár er mikilvægt að þau njóti örvunar, fræðslu og hreyfistunda í sem ríkustum mæli. Gera verður kröfur til þess að starfsfólk leikskóla sé vel menntað en ef svo er ekki að því standi þá til boða að sækja námskeið, fá ráðgjöf eða fræðslu í því sem skiptir mestu máli í uppeldi barna og þroskaferli þeirra. Enn fremur þarf að leggja áherslu á fræðslu um tilfinningatengsl, næringu líkama og sálar, aga, ábyrgð, hegðun, viðhorf, slysavarnir og hlutverk uppalenda. Eðli barna er að vera sífellt á iði og uppgötva heiminn með margvíslegum hætti og er mikilvægt að styðja þau með þroska út frá sannreyndum uppeldisaðferðum.

*Lífsleikni fái aukið vægi*

Lífsleikni í grunn- og framhaldsskólum er kjörin leið fyrir tilbreytingu frá hefðbundnu námi sem gæti þroskað hæfileika nemenda. Leikskólar ættu að tileinka sér lífsleikni í auknum mæli enda felast fjölbreyttir möguleikar í henni. Nýjasti leikskólinn í Reykjavík heitir *Reynisholt* en hann hefur fengið styrk til þróunarverkefnis sem heitir Líf og leikni. Verkefninu er ætlað að þróa og innleiða starfsaðferðir barna ásamt því að leggja grunn að því að þau rækti með sér grundvallareiginleika sem ábyrgir og hæfir einstaklingar í lýðræðisþjóðfélagi. Lögð er áhersla á að efla sjálfshjálp við matarborðið, hollar neysluvenjur og fjölbreyttar máltíðir og stuðlað er að markvissum kyrrðarstundum til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan barnanna, svo dæmi sé tekið.[41]
**Framkvæmdaraðili:** *Sveitarfélög.*

**2) Skipulögð hreyfing í leikjaformi verði hluti af daglegri iðju jafnt innandyra sem utan.**

Aðeins um 17% leikskóla á landinu eru með skipulagðar hreyfistundir í stundaskrá utandyra þrisvar í viku eða oftar. 74% eru með skipulagðar hreyfistundir innandyra einu sinni eða tvisvar í viku en aðeins 35% leikskóla jafnoft með hreyfistundir utandyra. Í 36% tilvika tekur starfsfólkið þátt í hreyfileikjum barna utandyra 2–3 sinnum í viku.[37]

Eðli barna er að leika sér en ekki láta njörva sig niður við iðju sem hentar ekki þeirra aldri. Börn sækjast eftir viðurkenningu og hrósi og þurfa almennt mikla athygli. Mikilvægt er að hreyfing í leikskólum sé í leikjaformi og börnin hvött til dáða. Of mikil keppni á unga aldri getur hins vegar leitt til þess að börn óttist að gera mistök, finni til örvæntingar og verði fráhverf íþróttum og annarri hreyfingu.

Æskilegast væri að leikskólar hefðu aðgang að ráðgjöf og íþróttafræðingum sem ýttu skipulagðri hreyfingu úr vör með fjölbreyttum leikjum og viðhéldu henni. Enn fremur mætti hugsa sér að íþróttakennaranemar tækju að sér afmörkuð verkefni í leikskólum, t.d. með hvaða hætti væri hægt að halda börnum við efnið.

Þótt Íslendingar búi við rysjótt veðurfar er yfirleitt hægt að fara út að leika með börnin á hverjum degi. Í raun má segja að ekki sé hægt að tala um vont veður, aðeins ófullnægjandi klæðnað. Mikilvægt er að börnin mæti ætíð með viðeigandi útifatnað svo þau venjist því að fara út að leika hvernig sem viðrar.
**Framkvæmdaraðili:** *Sveitarfélög.*

**3) Hreyfiþroski mældur og unnið sérstaklega með börnum sem þurfa á því að halda.**
Margt bendir til að börn, sem óttast að fara í íþróttatíma í grunnskólum og fá vottorð til að forðast líkamlega hreyfingu, búi við skertan hreyfiþroska.[42] Af þeim sökum er mikilvægt að börn fái snemma fjölbreytta hreyfingu sem þroskar sem flesta þætti líkamsgetu, svo sem þol, styrk, samhæfingu og snerpu. Með því að greina og mæla hreyfiþroska barna er hægt að vinna sérstaklega með þau sem þurfa á því að halda og auka sjálfstraust þeirra gagnvart hreyfingu. Slíkum mælingum ætti að fylgja eftir í grunnskóla og halda áfram að vinna með börnum sem búa við skertan hreyfiþroska.
**Framkvæmdaraðili:** *Sveitarfélög.*

**4) Börnin fái grunnfræðslu í næringarfræði.**
Börn, sem eru fædd fyrri hluta árs og eru í leikskóla frá eins árs aldri fram að skólaskyldu, dvelja í um 9.000 klukkustundir í leikskóla. Það liggur í augum uppi að hægt er að auka verulega á þeim tíma meðvitund barna um mikilvægi hollrar fæðu og veita þeim grunnfræðslu í næringarfræði. Börn eru einstaklega móttækileg á fyrstu árum ævinnar. Upplýsa þarf börn um hvaða áhrif holl næring hefur á líkamann og hvaða líkamlegar og andlegar afleiðingar það hefur að neyta óhollra matvæla. Fræða þarf börnin um hvers vegna vatn er mikilvægt og hvaða áhrif það hefur á líkamsstarfsemina.
**Framkvæmdaraðilar:** *Sveitarfélög og menntamálaráðuneytið.*

**5) Matjurtagarðar í leikskólum.**
Það er eitt að neyta hollrar fæðu, annað að átta sig á því hvaðan hún kemur. Leiða má að því líkum að einhver börn telji að grænmeti og ávextir verði til í stórmörkuðum. Það að yrkja jörðina, setja niður fræ í „sinn" reit, hlúa að honum og fylgjast með honum blómstra hlýtur að vekja áhuga barna á hollum matvælum og virðingu fyrir móður jörð. Afurðirnar eru þeirra afrakstur og þau geta deilt sínu grænmeti eða blómum með öðrum. Hægt er að taka á ótal viðfangsefnum í þroska barna með því að kenna þeim að „rækta garðinn sinn".
**Framkvæmdaraðili:** *Leikskólar.*

**6) Hreyfihvetjandi aðstaða, með viðeigandi áhöldum og tækjum, sé til staðar innandyra sem utan.**
Rólur, vegasölt og sandkassar eru án efa í boði á hverri einustu leikskólalóð en börn sitja yfirleitt í þeim leiktækjum. Í hverjum einasta leikskóla þyrftu að vera fleiri hreyfihvetjandi aðstæður þannig að börnin geti hangið, klifrað, hlaupið, stokkið eða velt sér. Hreystibrautir munu án efa ryðja sér til rúms á lóðum grunnskóla og/eða á opnum svæðum á næstu árum, ekki síst í ljósi þess að skólahreysti nýtur aukinna vinsælda. Það þarf ekki mikinn tilkostnað til að setja upp fleiri hreyfihvetjandi leiktæki til að reyna á almenna hreysti leikskólabarna. Í ljósi þess að börn þurfa hrós og hvatningu er æskilegt að leikskólakennarar taki þátt í leikjum barnanna að einhverju leyti og að gömlu góðu leikirnir flytjist milli kynslóða.
**Framkvæmdaraðili:** *Sveitarfélög.*

*GRUNNSKÓLAR:*

**7) Ókeypis máltíðir í grunnskólum með næringarinnihaldi í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar.**

** Grænmeti og ávextir í nestistímum.*

** Auðvelt aðgengi að vatni.*

Samkvæmt landslögum verða börn að stunda nám í grunnskóla. Og þar sem þau eru í skólanum í hádeginu ætti það að vera á ábyrgð skóla/sveitarstjórna að sjá börnunum fyrir heitum mat. Fæstum börnum gefst kostur á að fara heim í hádeginu og því ættu hádegisverðir að vera hluti af skólastarfinu með aga, reglum og utanumhaldi eins og um hefðbundna kennslustund væri að ræða.

Nýlegar kannanir sýna að 97% foreldra 11 ára barna eru hlynnt aðgerðum í skóla til að bæta mataræði barna með heitri máltíð. Um 78% vilja ókeypis skólamáltíð og 91% foreldra vill að börnin fái ókeypis ávexti í skólanum.[43]

Mikilvægt er að allir nemendur sitji við sama borð hvað varðar næringarríka fæðu án tillits til efnahags foreldra. Góður og næringarríkur matur hefur áhrif á þroska og námsárangur og eykur einbeitingu. Hádegisverðartíminn á að vera hluti af skólastarfinu þar sem ríkir agi og skipulag og allir borða í sátt og samlyndi. Máltíðir eru uppeldislegs eðlis og er mikilvægt að starfsmenn skóla borði með nemendum. Börnum á að leiðbeina um hvernig ber að haga sér við borðið og þau eiga að ganga frá eftir sig. Matvendni er oft áunnin og börn ættu ekki að komast upp með að stjórna því einhliða hvað þau borða. Vissulega þarf þó fjölbreytt fæða og ákveðið val að vera til staðar.

Í tæplega 90% tilvika eru útreikningar um næringarinnihald skólamáltíða í Reykjavík ekki fyrir hendi.[44] Í 96% tilvika eru notaðir hálf- og fulltilbúnir réttir að einhverju leyti í framleiðslueldhúsum. Hafa ber í huga að orkuþörf einstaklinga er misjöfn. Um 70% grunnskóla segjast fjalla um hollustu skólamáltíða í stefnu sinni. Um 65% grunnskóla segjast vinna eftir stefnu Lýðheilsustöðvar varðandi skólamáltíðir.[44]

Tæpur helmingur nemenda 10. bekkjar borðar aldrei heitan mat í skólanum. Um 37% nemenda í 8. bekk gera það ekki heldur og ekki 27% nemenda í 6. bekk. Hins vegar borða 36% 6. bekkinga heitan mat í hádeginu alla skóladagana en aðeins 17% nemenda í 10. bekk.[43]

Til að tryggja jöfnuð meðal nemenda er æskilegast að skólinn sjái þeim fyrir grænmeti og ávöxtum í nestistímum. Það tíðkast enn að nemendur komi með sykraða drykki og óhollustu að heiman, jafnvel þótt það sé í andstöðu við skólareglur. Samkvæmt nýlegri könnun bera 40% skóla fram ávexti daglega og 47% þeirra grænmeti daglega.[43] Aðeins 15% nemenda í 10. bekk borða ávexti einhvern tímann yfir daginn, 21% nemenda í 8. bekk og 34% nemenda í 6. bekk. Með þetta lítilli neyslu ávaxta skipum við okkur í eitt neðsta sæti Evrópuþjóða hvað það varðar. Grænmetisneysla á enn síður upp á pallborðið því aðeins 14% nemenda í 10. bekk borða grænmeti daglega, 18% í 8. bekk og 26% í 6. bekk. Um 40% nemenda í 10. bekk borða morgunmat daglega og 25% 5–6 sinnum í viku.[43]

Vatnsdrykkja hefur verið að aukast hér á landi á undanförnum árum og þrefaldast frá árinu 1990 samkvæmt niðurstöðum landskönnunar á mataræði 2002. Við eigum að notfæra okkur það að geta drukkið hreint og ómengað vatn beint úr krananum. Halda þarf vatni að börnum til að venja þau á að neyta þess og ekki síst við þorsta. Hvert barn gæti verið með sérmerktan vatnsbrúsa til að venja börnin enn frekar við að drekka vatn. Og vatnshanar ættu að vera víða í skólum og á skólalóðum.

Tryggja þarf að skólanámskrár endurspegli heilbrigðismarkmið aðalnámskrár og að skólarnir fái nægilegt fjármagn til að fylgja þeim eftir. Hér má sérstaklega til nefna verkefni eins og *Heilsueflandi skólar* sem unnið er í samstarfi skóla, Lýðheilsustöðvar, Miðstöðvar heilsuverndar barna og menntamálaráðuneytis og verkefnið „Allt hefur áhrif – einkum við sjálf" sem er samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar og sveitarfélaga í landinu.

Gera verður kröfur til þess að innra eftirlit framleiðslueldhúsa sé virkt og veiti aðhald. Ánægjulegt er að sjá sveitarfélög eins og Reykjavík axla ábyrgð með því að skipa eitt stöðugildi til að fylgjast með því að framleiðslueldhús grunnskólanna sjái nemendum fyrir hollum og góðum mat.

**Framkvæmdaraðilar:** *Sveitarfélög, félagsmálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið.*

**8) Íþróttakennsla eða skipulögð hreyfistund alla skóladaga.**

Eitt af mikilvægustu forvarnarverkefnum stjórnvalda er að jafna möguleika ungmenna til fjölbreyttrar hreyfingar. Skólinn er eini vettvangurinn þar sem hægt er að ná til allra barna og unglinga og þar verja þau stórum hluta dagsins. Í tengslum við skólastarf er því einstakt tækifæri til að stuðla að daglegri hreyfingu þessa hóps og vinna þannig að því að öll ungmenni hafi tækifæri til að tileinka sér þann lífsstíl sem er æskilegt að fylgi þeim út í lífið. Sérstök áskorun er að ná til barna og unglinga sem ekki stunda neina hreyfingu. Um 21% nemenda í 9. og 10. bekk árið 2003 reyndi á sig svo til daglega af svo mikilli ákefð að þeir svitnuðu.[8] Þegar í framhaldsskóla er komið sögðust, árið 2004, rúm 16% framhaldsskólanema reyna á sig líkamlega á nánast hverjum degi svo þeir mæddust eða svitnuðu.[7]

Börn á grunnskólaaldri eiga rétt á þremur kennslustundum í íþróttum að lágmarki í hverri viku skólaársins.[46] Flestir sem hafa áhuga á málefnum grunnskóla virðast sammála um að fjölga þurfi íþróttatímum eða skipulögðum hreyfistundum en aðgerðir hefur skort. Mögulegt er að stuðla að daglegri hreyfingu nemenda í tengslum við almennar kennslustundir, íþróttatíma og frímínútur. Auk þess skiptir ferðamáti miklu máli. Til þess að ná markmiðinu um daglega hreyfingu nemenda í skólastarfi er mikilvægt að ábyrgðin liggi hjá öllum starfsmönnum skólans en ekki aðeins hjá íþróttafræðingum (íþróttakennurum).

- *Hreyfing í almennum kennslustundum.*

Með því að gera ráðstafanir í upphafi skólaárs ætti að vera mögulegt að flétta hreyfingu með einhverjum hætti inn í allar námsgreinar, svo sem með hreyfileikjum innandyra og skipulagðri útikennslu (dæmi: Fossvogsskóli, Smáraskóli, Sjálandsskóli, Ingunnarskóli). Eins væri æskilegt að hléæfingar eða nánar tiltekið æfingar sem auka blóðflæði um líkamann og liðka helstu álagssvæði væru hluti af sem flestum kennslustundum og þá ekki síst af þeim tímum þar sem setið er við tölvu. Slíkar æfingar eru ekki aðeins góðar fyrir heilsu nemenda á meðan skólavist þeirra varir heldur myndi reglubundin iðkun þeirra vera ómetanleg forvörn í kyrrsetustörfum framtíðarinnar (dæmi: Menntaskólinn á Akureyri).

- *Skipulögð hreyfing í frímínútum*

Í frímínútum er gott tækifæri til að virkja börnin til hreyfingar. Til að það sé raunhæfur valkostur þarf skólalóðin að vera örugg, aðlaðandi og bjóða upp á fjölbreytta möguleika til ýmissa leikja. Nokkrir skólar hafa þegar farið þá leið að bjóða upp á fjölbreytta, skipulagða hreyfingu í frímínútum undir stjórn fullorðinna og/eða nemenda í eldri bekkjum (dæmi: Smáraskóli, Grunnskóli Þorlákshafnar). Þannig er stuðlað að því að allir hafi tækifæri til hreyfingar og komið í veg fyrir aðstæður sem geta stuðlað að einelti á skólalóðinni.

Rannsóknir sýna að með hækkandi aldri dregur úr hreyfingu. Því er ekki síður brýnt að skapa aðstæður sem hvetja eldri nemendur til hreyfingar og draga úr ýmsum áhrifaþáttum sem stuðla að hreyfingarleysi þessa aldurshóps. Má þar m.a. nefna þá hefð sem víða hefur skapast að eldri nemendur eru innandyra í frímínútum.

• *Íþróttir – líkams- og heilsurækt*

Allir skólar ættu að uppfylla lágmarkskennslustundafjölda í sundi og íþróttum, samtals 102 stundir á ári. Samkvæmt skýrslu menntamálaráðuneytisins uppfylla 21–26% skóla ekki þennan tímafjölda í 2.–10. bekk.[60] Svo virðist sem þar sé helst um að kenna mismunandi fyrirkomulagi sundkennslu og því þyrfti að hnykkja enn betur á því að ef valin er sú leið að kenna sund á námskeiði verði að fylla upp í þá tíma sem upp á vantar með annars konar íþróttakennslu. Eins vakna spurningar um hvernig eftirfylgni er háttað og ekki síst hvaða viðurlög liggja við fyrir þá skóla sem uppfylla ekki samanlagðan lágmarkskennslustundafjölda í íþróttum og sundi. Það er ekki nóg að boðið sé upp á íþróttatíma heldur skiptir einnig máli þátttaka, líðan og öryggi nemenda í tímum. Því þarf alvarlega að íhuga hvort það form, sem er á íþróttakennslunni í dag, skili þeim markmiðum sem lagt er upp með.

Tíminn, sem ætlaður er til þátttöku í íþróttatímum í stundaskrá, er af skornum skammti (yfirleitt 40 mínútur) og úr samhengi við þann tíma sem er til ráðstöfunar í öðrum kennslustundum. Þessu til stuðnings má nefna að íþróttafræðingar með áratuga reynslu áætla að um helmingur tímans, sem ætlaður er til íþróttakennslu, fari í að koma sér úr og í tíma, skipta um föt og í útskýringar á skipulagningu tímans.

Varðandi nemendafjölda í tímum fylgja skólarnir alla jafna því viðmiði sem er sett fram fyrir sundkennslu (15 nemendur eða færri). Í íþróttatímum eru hins vegar 40–52% grunnskóla með 16 nemendur eða fleiri í íþróttatímum.[60] Það vekur upp spurningar um hversu raunhæft sé fyrir kennarann að hafa stjórn á svo fjölmennum hópum, tryggja eins og mögulegt er öryggi nemenda og leggja fyrir verkefni við hæfi sem flestra þann stutta tíma sem er til umráða.

Auka þarf virðingu fyrir íþróttakennslu. Í skóla í Reykjavík, skólaárið 2005–2006, voru til að mynda þrír bekkir saman í sal sem er 18x33 metrar að stærð. Það segir sig sjálft að ógjörningur er að vinna af fagmennsku og með árangur í huga með yfir 50 nemendur í einum sal, jafnvel þótt tveir íþróttafræðingar sinni hópnum. Í öðrum skóla, sama skólaár, er verið að byggja nýtt skólamötuneyti sem einnig á að nota undir íþróttakennslu. Það er ljóst að ásættanlegar aðstæður annars vegar til að matast og hins vegar til að hreyfa sig eru afar ólíkar. Slíkt fyrirkomulag er einnig til þess fallið að senda nemendum þau skilaboð að íþróttir séu ekki eins mikilvægar og aðrar námsgreinar. Þegar við bætist að hávaði í vinnuumhverfi kennara og nemenda í tengslum við íþróttaiðkun er samkvæmt úttekt Vinnueftirlits ríkisins (2005) um eða yfir 85 dB, sem eru þau hávaðamörk sem sett eru til verndar heyrn, hlýtur að vera rík ástæða til að setja fjöldaviðmið í íþróttatímum líkt og sundtímum. Að mati reyndra íþróttafræðinga er æskilegur fjöldi í íþróttakennslu 14–16 nemendur.[47] Meðalstarfsaldur íþróttakennara er 4,7 ár en helsta ástæða þess virðist vera slæm aðstaða í skólum, mikið álag og lítill skilningur á mikilvægi íþróttakennslu.[48]

Til að koma enn betur til móts við mismunandi þarfir nemenda þarf að auka stuðningskennslu og/eða sérkennslu þeirra sem þurfa mest á henni að halda.

Í Fellaskóla í Reykjavík er unnið að þróunarverkefninu *Bætt heilsa – betri námsárangur* og í Vopnafjarðarskóla er íþróttakennsla fyrir nemendur í 1.–6. bekk alla virka daga og fjór-

um sinnum í viku fyrir eldri bekkinga. Þetta fyrirkomulag hefur mælst einstaklega vel fyrir og hefur fríska upp á nemendur að mati skólastjórans.

Ein áhrifaríkasta leiðin til að auka daglega hreyfingu er að ganga/hjóla milli staða. Því er afar mikilvægt að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum að sem flestir nemendur geti á öruggan hátt nýtt eigin orku til að ferðast til og frá skóla. Gott dæmi er „göngustrætó“ þar sem foreldrar skiptast á að ganga með börnunum til og frá skóla. Reglur um takmarkaðan akstur í nágrenni skólans gætu ýtt undir aukna hreyfingu og á sama tíma dregið úr þeirri hættu sem skapast vegna mikillar bílaumferðar í upphafi og lok skóladags. Mikilvægt er að hafa gangbrautarverði við umferðarþungar götur. Einnig þarf að skoða hvort og þá hvaða reglur gilda um hjólreiðar í skólum og hvernig aðstæður eru til að geyma hjól.
**Framkvæmdaraðilar:** *Sveitarfélög og menntamálaráðuneytið.*

**9) Samfelldur skóladagur, nám, tómstundir, íþróttir.**

Æskilegt er að börn upp að 12 ára aldri geti lokið tómstunda- og íþróttastarfi eftir skóla í samráði við frístundaheimilin og íþrótta- og æskulýðsfélög hverfisins. Skólakerfið á að hvetja til þess að hreyfing verði hluti af lífsstíl ungmenna og að auka valmöguleika barna til fjölbreyttrar iðkunar.

Skólaárið 2004–2005 kom Íþróttabandalag Reykjavíkur með nýjung inn í skólana í samvinnu við Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar en fleiri sveitarfélög hafa gert slíkar tilraunir, t.d. Reykjanesbær. Öllum sex ára gömlum börnum var boðin þátttaka í íþróttaskóla tvisvar í viku, 40 mínútur í senn, þeim að kostnaðarlausu. Samið var við íþróttafélög hverfa um að reka íþróttaskólana. Með þessu móti var verið að tengja betur saman skóla og íþróttafélag.

Nýlegar kannanir sýna að 32% nemenda í 10. bekk æfa með íþróttafélagi 3–5 sinnum í viku, 41% nemenda í 8. bekk og 52% nemenda í 6. bekk.[43] Um helmingur nemenda í 6., 8. og 10. bekk fer daglega gangandi eða hjólandi í skólann.[43] Mikil kyrrseta barna og unglinga við tölvu og/eða sjónvarpsskjá er áhyggjuefni og stundar stór hluti barna og unglinga mjög litla líkamlega hreyfingu. Nýta mætti íþróttahús og sali í grunnskólum betur en gert er, sem og íþróttahús íþróttafélaga.
**Framkvæmdaraðilar:** *Sveitarfélög, menntamálaráðuneytið og íþróttafélög.*

**10) Næringarfræði hafi forgang í heimilisfræði og sé hluti af lífsleikni.**

Mikilvægt er að auka skilning nemenda á næringarfræði og fæðuflokkunum þannig að þeir geri sér grein fyrir því hvers vegna hollur og næringarríkur matur skiptir þá miklu máli. Ef til vill má nýta afrakstur af vinnu nemenda í heimilisfræði þannig að hann nýtist í skólamötuneytinu og þeir þannig gerðir að virkum þátttakendum við fæðuval mötuneytisins sem væri þá í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um næringarinnihald. Endurskoða þarf námsefni í heimilisfræði til að hægt sé að auka vægi næringarfræði í kennslunni.
**Framkvæmdaraðilar:** *Grunnskólar, menntamálaráðuneytið og sveitarfélög.*

**11) Efla og samræma viðbrögð í skólaheilsugæslunni þegar börn eru að fara út af vaxtarlínu.**

Mikilvægt er að fylgst sé með líkamsþyngd nemenda, hreyfigetu og hreyfimynstri sem og andlegri líðan. Þá er mikilvægt að halda áfram með aldursskoðanir þar sem mæld er þyngd, hæð, sjón og heyrn og að allt sé skráð í tölvutækan gagnagrunn. Þetta eru mikilvægar upplýsingar samfélagsins á hverjum tíma um hvert stefnir.

Fjölga þarf skólahjúkrunarfræðingum og ef til vill skilgreina betur hlutverk þeirra þannig að þeir geti enn frekar aðstoðað nemendur við að halda eða komast í kjörþyngd í samvinnu við foreldra. Aðeins er starfandi einn skólahjúkrunarfræðingur á hverja 800 nemendur í Reykjavík og það segir sig sjálft að þeir ná varla að gera annað en að plástra, hugga og huga að eymslum. Vinna þarf markvisst með þá nemendur sem þurfa á því að halda, leiðbeina þeim og fjölskyldum þeirra um mataræði og fjölþætta hreyfingu.

Þörf er fyrir miðlægt meðferðarúrræði fyrir of feit börn hjá heilsugæslunni, Miðstöð heilsuverndar barna, Barnaspítala Hringsins og víðar þar sem ráðleggingar skólaheilsugæslunnar duga ekki til að leiðrétta ástandið eða ef sérstakrar meðferðar er þörf. Þekking og færni til að vinna með fjölskyldur er til staðar en það vantar aðgengi að þverfaglegum stuðningshópi. Skólalæknar eiga að vera bakhjarlar í þessu starfi. Eðlilegt er að slík samræming verði unnin á vegum Landlæknisembættis, Miðstöðvar heilsuverndar barna og heilsugæslna landsins með þátttöku Lýðheilsustöðvar.

Mikilvægt er að finna hreyfingu sem hentar þeim sem eru of þungir og/eða finna sig ekki í íþróttatímum.

**Framkvæmdaraðili:** *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.*

**12) Stuðningskennsla/sérkennsla í íþróttum og heilsurækt.**

Þótt skiptar skoðanir séu um einstaklingsmiðað nám er öllum ljóst að geta og hæfni nemenda í bóklegu sem og verklegu námi er mismunandi. Þetta kemur ekki síst fram í íþróttakennslu.

Ekki þykir ráðlegt að skipta börnum upp í hópa eftir líkamlegri getu og ásigkomulagi, þ.e. að hafa þau í mismunandi íþróttatímum. Mikilvægt er þó að koma til móts við þá sem minna mega sín í stað þess að draga þá út úr íþróttakennslu. Slíkt mætti e.t.v. gera með stuðningskennara eða aukatímum í íþróttum.

**Framkvæmdaraðilar:** *Sveitarfélög og menntamálaráðuneytið.*

**13) Hreyfihvetjandi aðstaða, með viðeigandi áhöldum og tækjum, sé til staðar innandyra sem utan.**

Á sumum skólalóðum er þörf úrbóta þar sem þær eiga ekki að vera geymslustaðir heldur hvetja til fjölbreyttrar hreyfingar með ýmsum tækjum og leiðsögn. Gera þarf aðstöðuna á skólalóðum aðlaðandi, hreyfivæna og hvetjandi með hugmyndaríkri uppsetningu sem hentar öllum aldurshópum. Virkja mætti börnin til samstarfs um það hvernig þau vilja sjá skólalóðina sína og aðstaðan verði þannig í betri takt við tíðarandann hverju sinni.

Flestum börnum þykir gaman að klifra og spreyta sig í alls kyns þrautum sem reyna á færni, hraða, liðleika og styrk. Skólahreysti, fjölþætt hraðabraut, nýtur síaukinna vinsælda meðal eldri nemenda grunnskóla og mun líklega verða útbreidd meðal yngri nemenda. Með því að bjóða upp á áþekkar þrautir á skólalóðinni, eins og gert er við grunnskólana í Mosfellsbæ og í Vogum á Vatnsleysuströnd, geta ungmenni á hvaða aldri sem er reynt sig við ýmsar þrautir. Brautin er enn fremur fyrir fullorðna og ætti því að nýtast fjölskyldum utan skólatíma og á sumrin. Gæta þarf fyllsta öryggis varðandi undirlag og samsetningu og að brautirnar uppfylli öryggiskröfur og séu samþykktar af eftirlitsaðilum.

Fjölbreytt aðstaða, eins og sparkvellir, körfuboltaspjöld og hjólabrettasvæði, ætti að vera á skólalóðum. Skólalóðir eru leiksvæði barna utan skólatíma og því fjölbreyttari sem þær eru, þeim mun meiri líkur eru á að þær séu nýttar til hins ýtrasta.

Gera má tilraunir með útikennslustofur eins og þá sem er byggð á kenningum Johns Deweys, „learning by doing“. Hún hefur verið í aðalnámskrá Norðmanna síðan 1997 undir heitinu L-97. Lögð er áhersla á heildrænt nám, þ.e. tengingu milli allra þátta námsins. Börnum er kennt að handleika verkfæri, reisa skýli, búa til eldstæði, útbúa mat við erfiðar aðstæður og þeim er kennt að umgangast náttúruna. Hugmyndin er að nýta útikennslustofuna sem vettvang margbreytilegrar kennslu og skapa möguleika á að blanda saman námi í hinum mismunandi námsgreinum og gefa nemendum svigrúm til að ná tökum á námsgreinum með fjölbreyttri nálgun.[49]

Í einhverjum tilvikum er óheimilt að hjóla í skólann og bjóða þeir skólar þar af leiðandi ekki upp á hjólastanda á skólalóðinni. Á meðan enn er morgunbjart á haustin og þegar birtir snemma á vorin á að hvetja nemendur, sem hafa aldur til, til að hjóla í skólann eða koma á línuskautum og bjóða upp á örugga aðstöðu fyrir fararskjótana. Jafnvel má veita þeim sérstaka viðurkenningu sem ganga, hjóla eða koma á línuskautum í skólann.

**Framkvæmdaraðili:** *Sveitarfélög.*

**14) Matseðill liggi fyrir, fram í tímann, og upplýsingar um máltíðir séu aðgengilegar á heimasíðu skóla.**

Það er mikilvægt fyrir foreldra/forráðamenn að geta fylgst með því hvað er borið á borð fyrir börnin í skólanum. Grunnskólar ættu að birta matseðla á heimasíðu sinni ásamt næringarinnihaldi þess sem er í boði. Þetta er sjálfsögð þjónusta og geta foreldrar/forráðamenn þá haft fjölbreytnina að leiðarljósi við kvöldverðarborðið.

**Framkvæmdaraðili:** *Grunnskólar.*

**15) Skólasjoppur selji eingöngu hollan mat.**

Algengt er að eldribekkingar í grunnskólum selji sætt bakkelsi í skólum til fjáröflunar. Tryggja þarf að „skólasjoppur“ séu eingöngu með hollar vörur til sölu, svo sem grænmeti, ávexti og sykursnautt bakkelsi. Samkvæmt könnunum eru 88% foreldra hlynnt því að sælgæti og annað slíkt sé ekki til sölu í grunnskólum.[43]

**Framkvæmdaraðili:** *Grunnskólar.*

**16) Námsefni, sem styrkir nemendur andlega, líkamlega og félagslega, hafi forgang í lífsleikni.**

Í hinu daglega lífi standa unglingar frammi fyrir miklum kröfum frá umhverfinu. Þeir þurfa að standa sig vel í skólanum, vera samvinnuþýðir, geta unnið í hópum og geta tekið ábyrgar ákvarðanir. Unglingar þurfa að passa sig á vímuefnum, standast ágang fjölmiðla og markaðsáhrif, hafa sjálfstæðar skoðanir, leggja sitt af mörkum til fjölskyldunnar, ávinna sér félagslega og jafnvel verklega hæfni og læra siðferðileg gildi. Ofan á allt þetta búa sumir unglingar, því miður, við erfiðar heimilisaðstæður, hraða, tímaskort og jafnvel mikla ábyrgð.

Í lífsleikni stendur kennurum fjölbreytt námsefni til boða og fer það yfirleitt eftir áhugasviði kennara hvaða námsefni þeir velja hverju sinni. Það er góðra gjalda vert að hafa upp á margt að bjóða, fyrir utan þær námsgreinar sem eru í aðalnámskrá, en það liggur í augum uppi að börn og ungmenni, sem hafa sterka sjálfsmynd og mikið sjálfsöryggi, spjara sig betur á flestum sviðum en ungmenni með brotna eða lélega sjálfsmynd og því er uppbygging á sterkri sjálfsmynd besta forvörnin.

Grunnskólinn er því kjörinn vettvangur til að styrkja sjálfsmynd nemenda enn frekar. Fyrsta markmið í lífsleikni ætti að miðast við að auka sjálfstraust þeirra, bæta tjáninguna,

gera þau hæfari í mannlegum samskiptum, efla leiðtogahæfileikana og kenna þeim að stjórna viðhorfum til að sigrast á áhyggjum og streitu. Lífsleiknin er kjörin námsgrein fyrir slíkt námsefni.

Samkvæmt könnunum segjast um 48% grunnskóla fjalla um andlega líðan nemenda í stefnu sinni. Um 21% grunnskólanemenda líður hvorki vel né illa í skólanum en um 70% segja ýmist að sér líði mjög vel eða frekar vel. Athygli vekur að 9% nemenda í 6. bekk segja að sér líði mjög eða frekar illa í skólanum.[43] Fjölbreytt efni er til sem myndi hæfa til kennslu í lífsleikni með aukið sjálfstraust og sjálfsvitund nemenda að leiðarljósi.

Stórauka þarf þekkingu barna á mikilvægi heilbrigðra lifnaðarhátta með því að tryggja að allir nemendur fái reglulega fræðslu um heilbrigðan lífsstíl þar sem útskýrt er fyrir krökkum hvers vegna líf þeirra, heilsa, vellíðan og úthald byggist á hollri næringu og nægri hreyfingu, samhliða því að láta reykingar og áfengis- og vímuefnaneyslu lönd og leið. Fyrirlestrarnir ættu heima í lífsleiknitímum og ættu að vera fluttir af fagaðilum sem ná klárlega til krakkanna. Að sama skapi ættu skólar að bjóða foreldrum upp á áþekka fyrirlestra á hverju skólaári svo að vitneskja foreldra sé í takt við þá fræðslu sem börnin fá í skólanum. Samhliða uppbygging á góðum skólabrag myndi styðja vel við góða fræðslu.

**Framkvæmdaraðilar:** *Grunnskólar, sveitarfélög, menntamálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.*

*FRAMHALDSSKÓLAR:*

**17) Heilsusamlegur matur á boðstólum í stað sykraðra drykkja og sætmetis.**

Framhaldsskólar þurfa að leggja aukna áherslu á heilsu og næringu nemenda því þeir hafa jafn mikla þörf fyrir hollan og næringarríkan mat þótt þeir séu „frjálsari“ og sjálfstæðari fjárhagslega en nemendur í grunnskóla. Ef nemendur alast upp við næringarríkar máltíðir í grunnskóla vilja þeir án efa eiga kost á því að njóta slíkra máltíða í framhaldsskóla. Skólasjoppur selja að jafnaði sælgæti og gosdrykki innan veggja skólans, oft til að fjármagna útskriftarferðir, en bæta þarf um betur í þeim efnum og bjóða upp á meiri hollustu. Þegar fólk er svangt grípur það yfirleitt það sem hendi er næst án tillits til næringarinnihalds vörunnar. Grænmeti, ávextir og annað hollmeti þarf að vera áberandi og aðgengilegt í framhaldsskólum á kostnað sykraðra drykkja og sætinda.

Tryggja þarf að skólanámskrár endurspegli heilbrigðismarkmið aðalnámskrár og að skólarnir nýti fjármagn í málaflokkinn í stað þess að nota það í annað.

**Framkvæmdaraðilar:** *Framhaldsskólar og menntamálaráðuneytið.*

**18) Fjölbreyttari íþróttakennsla í boði.**

Flestir nemendur á framhaldsskólastigi eru jákvæðir að eðlisfari og því móttækilegir fyrir þekkingu og viljugir að bæta sig hvað varðar þjálfun og mataræði. En það gildir með hreyfingu þeirra eins og annarra: ef þeir eiga að endast verða þeir að hafa gaman af iðkuninni.

Í framhaldsskólum ætti íþróttakennslan fyrst og fremst að ganga út á að virkja nemendurna til heilsuræktar á þann hátt sem þeim þykir gaman og þeir geta séð fyrir sér að stunda til frambúðar. Tryggja þarf að grunnaðstaða til íþróttaiðkunar sé til staðar í öllum framhaldsskólum og að aðstæður innandyra sem utan séu hreyfihvetjandi. Skólarnir þurfa því að bjóða upp á fjölbreytta möguleika og ættu íþróttafræðingar að leggja sig alla fram við að auka áhuga nemendanna, á forsendum hvers og eins. Með heimalestri ættu nemendur að

„skila“ 2–3 hreyfistundum á viku, undir einhvers konar eftirliti sem getur verið innan ýmissa hópa sem skólinn býður upp á, innan íþróttafélaganna, á líkamsræktarstöðvum eða annars staðar, á eigin forsendum. Í upphafi skólaárs setur hver og einn nemandi sér markmið í samvinnu við íþróttafræðingana. Þau markmið geta tengst þyngd/fituprósentu, fjölda hreyfistunda, styrk, úthaldi eða öðrum þáttum sem stjórna lífsgæðum og hæfni einstaklingsins. Þessi markmið skulu svo notuð til viðmiðunar við árangursmat í lok annar/skólaárs. Íþróttafræðingurinn verður að sjá til þess að nemandinn fái þá þekkingu sem markmið hans krefjast.

Íþróttakennsla í framhaldsskólum gæti farið fram í hópum þar sem nemendur velja sér verkefni við hæfi, í stað bekkjartíma (a.m.k. að hluta). Einstaklingar ættu því að geta skráð sig í mismunandi hópa í samráði við kennarann og markmið sín, svo sem boltagreinar, líkamsrækt, skokkhóp, sund, þrekþjálfun, eróbikk, jóga og svo mætti lengi telja. Hreyfistundir ættu að vera 4–5 sinnum í viku.

Stuðla þarf að aukinni heilsurækt og jákvæðum lífsstíl í framhaldsskólum. Kannanir sýna að nemendur á framhaldsskólastigi eru almennt neikvæðir gagnvart íþróttakennslu (í því formi sem hún er) og 40% stúlkna segjast hætta í íþróttum af því þær hafi ekki tíma.[7] Þá segjast yfir 50% stelpna og stráka hafa hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi af því þau misstu áhugann. Til að standast kröfur samtímans vinna margir nemendur samhliða námi en slíkt bitnar á íþrótta- og tómstundastarfi þeirra. Reyndir íþróttafræðingar segja að nemendur kvarti oft undan bak- og hnjáeymslum sem rekja megi til kyrrsetu. Líkamsrækt er vinsælasta hreyfingin meðal framhaldsskólanemenda en alls stunduðu 34,8% líkamsrækt árið 2004 vikulega eða oftar en 23,4% sögðust iðka knattspyrnu.[7]

Kannanir sýna að 57% skólastjórnenda í framhaldsskólum þykir sjálfsagt að nemendur geti útskrifast án þess að uppfylla námsskyldu í íþróttum.[7] Það liggur í augum uppi að þessi afstaða skólastjórnenda er letjandi fyrir aukið íþróttastarf í skólunum.

Fagaðilar telja að það kosti um 12–15 milljónir kr. að setja upp fullnægjandi aðstöðu til líkamsræktar í framhaldsskólum. Sé slík aðstaða til staðar, með starfandi íþróttafræðing, geta nemendur sinnt æskilegri hreyfingu (æfingu) í þeim „götum“ sem myndast oft í stundaskrá á framhaldsskólastigi, fyrir utan hefðbundna íþróttakennslu. Íþróttafræðingur sæi um að leiðbeina nemendum og hann gæti enn fremur fylgst með hreysti viðkomandi og aðstoðað hann við að setja upp einstaklingsmiðaða æfingaáætlun.

Mikið er um brottfall nemenda á framhaldsskólastigi úr íþróttum og verður að leita allra leiða til að vekja áhuga þeirra á hollum lifnaðarháttum, fjárfesta í eigin heilsu. Hefja þarf íþróttakennslu í framhaldsskólum til vegs og virðingar með aukinni fjölbreytni, stuðningi við nemendur, aga og aðhaldi. Samkvæmt könnun frá árinu 2004 telja 37% nemenda framhaldsskóla, sem stunda íþróttir eða líkamsrækt vikulega eða oftar, andlega heilsu sína mjög góða en samsvarandi hlutfall er 24,5% hjá þeim sem segjast ekki stunda íþróttir eða líkamsrækt eða sjaldnar en vikulega.[7]

**Framkvæmdaraðilar:** *Framhaldsskólar og menntamálaráðuneytið.*

**19) Nemendur stundi íþróttaiðkun allar annirnar.**

Í framhaldsskólum (fjölbrautakerfi) þarf að ljúka 8 einingum í íþróttum til stúdentsprófs. Íþróttakennarafélag Íslands telur að nemendur þurfi og eigi að stunda íþróttir, á ábyrgð skólans, öll árin til að halda þeim við efnið og draga úr brottfalli.

Sífellt fleiri framhaldsskólar koma með meiri fjölbreytni inn í íþróttakennsluna með þarfir einstaklingsins að leiðarljósi. Aðgangur nemenda að líkamsræktarstöðvum er ein leið, góð og gild, en stjórnendur skólanna verða að gera sér grein fyrir því að til þess að slík kennsla

skili árangri þurfa þeir að hafa fagaðila við störf, íþróttafræðinga, sem bera ábyrgð og halda utan um markvissa og einstaklingsmiðaða heilsurækt (líkamsrækt).

Samkvæmt könnun, sem var gerð árið 2004, sögðust 13,3% stráka og 15,7% stelpna í framhaldsskólum nær aldrei stunda íþróttir eða líkamsrækt. 20,4% stráka og 25,7% stelpna sögðust stunda líkamsrækt eða íþróttir vikulega eða sjaldnar. Hins vegar sögðust 54,2% stráka og 71,9% stelpna aldrei æfa íþróttir með íþróttafélagi.[7]

**Framkvæmdaraðilar:** *Framhaldsskólar og menntamálaráðuneytið.*

**20) Hagnýt næringarfræði, upplýsingalæsi á matvæli, verði valáfangi á öllum brautum framhaldsskólastigsins.**

Það er gífurlega mikilvægt að nemendur á öllum skólastigum fái viðeigandi fræðslu í næringarfræði. Hægt væri að þróa lífsleikniáfanga sem fjallaði um næringarfræði og heilsufræði eða gera næringarfræði hluta af íþróttakennslu. Eitt af því sem er mikilvægt er að nemendur kunni að lesa úr innihaldslýsingum matvæla og öðlast grundvallarþekkingu á áhrifum hollrar næringar á heilsu og líðan.

**Framkvæmdaraðilar:** *Framhaldsskólar og menntamálaráðuneytið.*

**21) Hreyfihvetjandi aðstaða, með viðeigandi áhöldum og tækjum, sé til staðar innandyra sem utan.**

Það eru ekki einungis grunnskólabörn sem þurfa að nýta það svigrúm sem gefst yfir daginn til að hreyfa sig, svo sem íþróttatíma, frímínútur og aðrar eyður í töflu. Fjölbreytt aðstaða til hreyfingar ætti því að vera til staðar í framhaldsskólum, innandyra sem utan. Eðlilegast væri að heyra hvaða óskir nemendur hafa en þarna gæti verið um að ræða t.d. sparkvelli, körfuboltaspjöld, borðtennisborð og aðgang að þreksal og sturtum.

Virkur ferðamáti er ein áhrifaríkasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi. Því er mikilvægt að til staðar sé góð aðstaða til að geyma hjól, hafa fataskipti og jafnvel komast í sturtu.

**Framkvæmdaraðilar:** *Framhaldsskólar og menntamálaráðuneytið.*

**22) Hléæfingar verði fastur liður í skólastarfinu.**

Með aukinni tæknivæðingu eykst sífellt hlutur kyrrsetustarfa. Einhæf kyrrsetustörf geta haft ýmis vandamál í för með sér, svo sem álagsmeiðsli í stoðkerfi. Einn liður í að sporna gegn slíkri þróun er að gera reglulega hléæfingar (æfingar sem auka blóðflæði um líkamann og liðka helstu álagssvæði). Hléæfingar ættu að vera hluti af sem flestum kennslustundum og þá ekki síst af þeim tímum þar sem setið er við tölvu. Slíkar æfingar eru ekki aðeins góðar fyrir heilsu nemenda á meðan skólavist þeirra varir heldur verður reglubundin iðkun þeirra vonandi hluti af lífsstíl nemenda í framtíðinni (dæmi: Menntaskólinn á Akureyri).

**Framkvæmdaraðilar:** *Framhaldsskólar og menntamálaráðuneytið.*

*HÁSKÓLAR:*

**23) Næringarfræði verði stórlega efld á brautum sem varða heilbrigðisþjónustu og íþróttafræði.**

Það er mjög mikilvægt að þeir sem hafa atvinnu af því að meðhöndla einstaklinga (læknar, hjúkrunarfræðingar, tannlæknar o.fl.) eða fræða almenning um allt sem varðar líkamlegt heilbrigði séu vel að sér í næringarfræði.

„Látið fæði vera lækningu ykkar og lækninguna vera fæðið," sagði Hippókrates um 440 árum fyrir Krist en Hippókrates er talinn faðir læknisfræðinnar. Rúmlega 1200 árum síðar sagði Thomas Edison: „Læknir framtíðarinnar mun ekki vísa á nein lyf heldur vekja áhuga sjúklinga á að fyrirbyggja sjúkdóma með því að hlúa að líkama okkar með réttri fæðu."

Þótt það hljómi eins og klisja að við séum það sem við borðum eru það orð að sönnu. Því fleiri sem eru vel að sér í næringarfræði og geta komið góðum boðskap áleiðis, þeim mun meiri líkur eru á því að fólk snúi sér í ríkara mæli að hollara fæði og heilbrigðari lífsháttum.
**Framkvæmdaraðilar:** *Háskólar og menntamálaráðuneytið.*

**24) Hollur og næringarríkur matur aðgengilegur í háskólum.**

Þegar fólk er svangt grípur það yfirleitt það sem hendi er næst án tillits til næringarinnihalds vörunnar. Grænmeti, ávextir og annað hollmeti þarf að vera áberandi og aðgengilegt í háskólum á kostnað sykraðra drykkja og sætinda.
**Framkvæmdaraðili:** *Háskólar.*

**25) Hreyfihvetjandi aðstaða í boði.**

Háskólanámi fylgir oft mikið álag og takmarkaður fjárhagur. Því er mikilvægt að nemendur hafi tækifæri til nýta það svigrúm sem gefst yfir daginn til að hreyfa sig á eigin vegum eða taka þátt í skipulögðum hreyfistundum, án þess að t.d. vegalengdir (tími) eða kostnaður sé hindrun. Má þarna nefna göngu, hlaup, skipulagða þrektíma, fasta hóptíma með félögum o.s.frv. Þannig er æskilegt að nemendur hafi hvenær sem er dagsins aðgang að vel búinni og aðlaðandi aðstöðu til að hafa fataskipti, fara í sturtu og stunda ýmiss konar þrekæfingar. Einnig er mikilvægt að bjóða upp á góða aðstöðu til að geyma hjól við allar byggingar.
**Framkvæmdaraðilar:** *Framhaldsskólar og menntamálaráðuneytið.*

## 2) HEILSUGÆSLA OG HEILBRIGÐISSTOFNANIR

**26) Ljósmæður hafi mataræði, hreyfingu og heilbrigt líferni sem sérstakt viðfangsefni við mæðravernd og foreldranámskeið. Gert verði hentugt námsefni og starfsmenn mæðraverndar fari á sérstök námskeið til að tileinka sér þetta efni.**

Meðgangan er æviskeið þar sem konur eru taldar sérstaklega líklegar til að vilja breyta lífsmynstri sínu og taka upp heilsusamlegri lífshætti. Við mæðravernd skapast því lykilaðstaða varðandi fræðslu um mikilvægi hollrar næringar og hreyfingar. Verðandi foreldrar ættu að fá fræðslu um heilbrigða lífshætti, svo sem heppilega næringu og hreyfingu á meðgöngu, mikilvægi brjóstagjafar og um næringu barna eftir að brjóstagjöf lýkur. Eins er mikilvægt að fræða nýbakaða foreldra um hreyfingu móður eftir fæðingu og hvernig hægt er að fylgjast með og örva hreyfiþroska barnsins strax frá upphafi. Samhæfa má þessa fræðslu því átaki sem lagt er til með tillögu 27 varðandi ungbarnaeftirlitið.
**Framkvæmdaraðilar:** *Landlæknisembættið og heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu.*

**27) Ungbarnaeftirlit verði notað eins og kostur er til að fræða foreldra um næringu barna og mikilvægi fjölbreyttrar hreyfiörvunar. Þetta verði gert samhliða fræðslu um brjóstagjöf og hefjist eigi síðar en við þriggja mánaða skoðun. Farið verði yfir það námsefni sem fyrir er.**

Velheppnuð brjóstagjöf er móður og barni mjög mikilvæg. Rannsóknir sýna að hún styrkir

tengsl þeirra og að áhrif brjóstamjólkur á heilsu barnsins eru margvísleg, bæði til lengri og skemmri tíma. Mjólkin er vörn gegn sýkingum og hvati á vöxt og þroska barnsins. Athyglisvert er að ýmsar rannsóknir sýna að lengd brjóstagjafar getur haft forvarnargildi hvað varðar þróun offitu hjá börnum síðar meir.[50]

Að því kemur að brjóstamjólkin er ekki fullnægjandi fyrir barnið og það þarfnast annarrar fæðu og þarf að venjast henni. Þörf foreldranna fyrir fræðslu um þetta efni er ótvíræð. Hins vegar er misjafnt við ungbarnaeftirlit hvernig henni er mætt og það er á reiki hvaða ráð eru heppilegust í þessum efnum. Því ræður m.a. að yfirlitsgreinar um efnið eru fremur fáar og rannsóknir af skornum skammti. Því er mikilvægt að ætíð sé stuðst við bestu fáanlegu þekkingu að þessu leyti og gagnreynda læknisfræði því margt bendir til að í bernsku sé grundvöllur lagður að holda- og heilsufari síðar á lífsleiðinni. Að sama skapi er einnig mikilvægt að fræða foreldra um hvernig þeir geta fylgst með og örvað hreyfiþroska barnsins strax frá upphafi.

**Framkvæmdaraðilar:** *Landlæknisembættið og heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu.*

**28) Efld veröi skráning og úrvinnsla rafrænna upplýsinga um líkams- og hreyfiþroska barna, hæð og þyngd í grunnskóla.**

Í marga áratugi hefur verið fylgst með heilbrigði barna í grunnskóla og m.a. verið skráð niður hæð þeirra og þyngd. Út frá lýðheilsusjónarmiði er mikilvægt að þessi tölulegu gögn séu skráð rafrænt og varðveitt þannig að hægt sé að vinna úr þeim upplýsingar um þróun heilsufars meðal grunnskólabarna á Íslandi.

**Framkvæmdaraðilar:** *Heilsugæslan og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.*

**29) Heilbrigðisþjónusta í grunnskóla verði efld.**

Skólahjúkrunarfræðingar eru mikilvægir starfskraftar og hafa góðan grunn til að gera þær heilsufarsathuganir á börnum sem getið er í tillögum 11 og 28 og einnig menntun til að taka þátt í að fræða börnin og veita þeim jafnframt persónulega þjónustu. Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingum verði fjölgað og starfssvið þeirra skilgreint enn betur.

**Framkvæmdaraðilar:** *Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, landlæknisembættið og menntamálaráðuneytið.*

**30) Heilsufarsskoðun fari fram á heilsugæslustöð eða hjá heimilislækni við 35 ára aldur hjá öllum. Þar fáist ráðgjöf um lífsstíl byggð á grundvelli mælinga á hæð, þyngd, blóðþrýstingi, blóðsykri og kólesteróli og á grundvelli upplýsinga um mataræði, hreyfivenjur, reykingar og áfengisneyslu.**

Áhugi samfélagsins hefur fyrst og fremst beinst að skimun fyrir sjúkdómum. Sá áhugi hefur í meginatriðum varðað eldri hópa þýðisins og yngri konur vegna tveggja sjúkdóma, leghálskrabbameins annars vegar og brjóstakrabbameins hins vegar. Fullnægjandi rök eru fyrir því að yngra fólki sé boðin skimun í forvarnarskyni sem beinist að því að vefa saman lífsstíls- og líkamsathugun hjá frísku fólki þar sem sjúklegu ástandi er ekki til að dreifa í hverri skoðun (mælingu). Hálffertugt fólk er að verða miðaldra og á þessum aldri koma fram afleiðingar óheppilegs lífsstíls, fólk þyngist, kyrrseta eykst oft án þess að næring dragist saman og erfiðara verður að breyta öðrum óheppilegum þáttum í fari hvers og eins hvað heilsuna varðar. Þessi skoðun gæti því bætt heilsu fólks í bráð og lengd.

**Framkvæmdaraðilar:** *Landlæknisembættið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Lýðheilsustöð.*

**31) Ávísanir á hreyfingu verði hluti þeirra úrræða sem læknar hafa handa skjólstæðingum sínum og þeim verði fundinn staður í tryggingakerfi landsmanna.**

Hreyfing er sjálfstæður áhrifaþáttur til heilsubótar. Af tveimur einstaklingum, sem kljást við langvinna sjúkdóma en eru að öðru leyti sambærilegir, vegnar þeim betur heilsufarslega sem hreyfir sig meira. Þetta vísar bæði til líkamlegrar og geðrænnar heilsu.[51] Hreyfing er lykilatriði við meðferð efnaskiptavillu og einnig til að fyrirbyggja hana svo dæmi sé tekið. Lyfjameðferð við efnaskiptavillu getur tekið til hjarta- og æðasjúkdóma, blóðfituhækkunar, sykursýki og fleiri vandamála. Hún getur kostað sjúklingana 10–100 þús. kr. á ári og ríkissjóð 50–300 þús. kr., gróflega áætlað. Það er því skynsamleg fjárfesting að læknar hafi í það minnsta jafna kosti, hvað varðar hreyfingu og lyf, þegar ráðgjöf um meðferð er veitt.

Nokkur tilraunaverkefni eru í gangi í þessa veru svo sem *Græni lífsseðillinn* sem félag sjúkraþjálfara heldur utan um í samvinnu við aðra og hinn svokallaði *Hreyfiseðill* á heilsugæslustöð Garðabæjar. Í stað þess að ávísa á lyfseðil fá „sjúklingar“ ávísun á hreyfingu (sund, skokk eða líkamsrækt) allt eftir þörfum og óskum hvers og eins.

**Framkvæmdaraðili:** *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.*

**32) Læknar (og aðrar heilbrigðisstéttir eftir atvikum) fái meiri fræðslu í næringarfræði í því augnamiði að þeir geti greint betur innihald algengra matvæla, áhrif matreiðslu á fæðuna og geti þannig átt upplýsandi samræður við sjúklinga sína um þessa meginundirstöðu tilveru hvers og eins.**

Læknar geta í læknisviðtalinu haft mikil áhrif á afstöðu fólks til lífsstílsbreytinga og á árangur af slíkum breytingum. Þessu til sönnunar eru endurteknar rannsóknir, einkum í tengslum við tóbaks- og áfengisnautn. Árangur læknisins er háður áhuga hans á viðfangsefninu og þekkingu hans og innsæi í tilveru þess sem hann aðstoðar. Þessa fullyrðingu styður einnig reynsla læknа af meðhöndlun sjúkdóma þar sem upplýst ráðgjöf um sérstakt mataræði er grundvallaratriði. Kennsla annarra heilbrigðisstétta en næringarfræðinga í grunnnámi um þessi efni er lítil sem engin. Sjái læknadeild ekki tækifæri til að mæta þessari þörf er nauðsynlegt að þeim læknum, sem bæta vilja þekkingu sína á þessu sviði, verði gert það kleift og til þess fremur örvað en latt.

**Framkvæmdaraðilar:** *Fræðslustofnun lækna, fagfélög heilbrigðisstétta og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.*

## 3) ATVINNULÍF OG VINNUSTAÐIR

**33) Matur á vinnustöðum sé hollur og í samræmi við þarfir starfsmanna.**

Fólk ver miklum hluta dagsins í vinnu og því er mikilvægt að aðstæður séu á vinnustað til að auka heilbrigði og vellíðan starfsmanna. Starfsmenn ættu að eiga kost á næringarríkum málsverði á vinnustaðnum (í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar) og geta fengið nægt grænmeti og ávexti með og á milli mála. Hægt er að nýta fundi til að bjóða upp á hollustu, svo sem ávexti og grænmeti í stað óhollustu.

Auka mætti fræðsluefni og upplýsingar um heilbrigðan lífsstíl sem fyrirtæki geta nýtt á vinnustað, bæði í formi bæklinga og í gegnum vefsíður til að auka meðvitund fólks um að hollur matur og lífsstíll hefur áhrif á einbeitingu, vellíðan og afköst.

**Framkvæmdaraðilar:** *Atvinnurekendur, Lýðheilsustöð og Vinnueftirlitið.*

**34) Heilsuræktarstyrkir verði án hlunnindaskatts fyrir starfsmenn fyrirtækja og stofnana.**

Við áramótin 2005–2006 tóku gildi ný lög um hlunnindaskatt á heilsuræktarstyrki til starfsmanna.[52] Mikill kostnaður er hindrun fyrir ástundun hreyfingar og því er líklegt að niðurfelling á umræddum hlunnindaskatti myndi hvetja og styðja fleiri starfsmenn til að stunda reglulega hreyfingu, fyrirtækinu og samfélaginu til hagsbóta. Andvirði hlunnindaskatts færi í aðra neyslu með virðisaukaskatti sem rynni hvort sem er í ríkissjóð.
**Framkvæmdaraðili:** *Fjármálaráðuneytið.*

**35) Geymsluaðstaða fyrir hjól og góð hreinlætisaðstaða með sturtu á vinnustöðum.**

Ef góð hreinlætisaðstaða og sturta er fyrir hendi á vinnustöðum eru meiri möguleikar á því að starfsmenn velji fremur að hjóla, ganga eða skokka til vinnu en ef engin slík aðstaða er fyrir hendi. Slíkar aðstæður hvetja einnig til aukinnar hreyfingar í tengslum við vinnutímann, svo sem í hádegishléi. Þeir sem stunda einhvers konar hreyfingu/æfingar eru líklegri til að auka afköst sín, vera jákvæðari og líklegri til að standast vinnutengt álag.
**Framkvæmdaraðilar:** *Félagsmálaráðuneytið, Vinnueftirlitið og umhverfisráðuneytið.*

**36) Heilsuræktarstyrkir til starfsmanna verði að fullu frádráttarbærir frá skatti fyrir rekstraraðila.**

Slík aðgerð væri stuðningur og hvatning stjórnvalda til vinnuveitenda til að skapa aðstæður fyrir starfsmenn sína til heilsuræktar. Rannsóknir sýna að einstaklingar, sem stunda reglulega hreyfingu, eru heilsuhraustari, afkastameiri og eru síður fjarverandi frá námi (og vinnu) vegna veikinda.[53] Þannig er ekki aðeins um að ræða ávinning fyrir fyrirtækið heldur samfélagið í heild. Sem dæmi má nefna ef rekstraraðili veitir starfsmanni 25.000 kr. styrk á ári til heilsuræktar. Það þýðir að viðkomandi rekstraraðili gæti fengið skattaafslátt upp á 4.500 kr. fyrir hvern starfsmann vegna útgreidds heilsuræktarstyrks. Þessir fjármunir skila sér væntanlega að einhverju eða öllu leyti aftur í ríkissjóð í gegnum aðra keypta þjónustu starfsmannsins. Aðgerð ætti því ekki að vera sérstök tekjuskerðing fyrir ríkissjóð.
**Framkvæmdaraðili:** *Fjármálaráðuneytið.*

**37) Fjárstuðningur við íþróttastarfsemi verði frádráttarbær frá skatti.**

Stuðningur fyrirtækja við íþróttastarfsemi á Íslandi, ekki síst við meistaraflokka karla, er mikill og skiptir sköpum fyrir þá sem hans njóta. Yfirvöld þurfa að hvetja fyrirtæki til að setja meira fjármagn til eflingar íþróttastarfi í landinu gegn því að tryggja að fjárhæðin sé að fullu frádráttarbær frá skatti, ekki hluti hennar eins og tíðkast í dag. Brýnast er að fjárstuðningur við fjölbreytt unglingastarf verði aukinn.
**Framkvæmdaraðili:** *Fjármálaráðuneytið.*

**38) Efling landsnets um heilsueflingu á vinnustöðum.**

Efla þyrfti landsnet um heilsueflingu á vinnustöðum sem er verkefni sem hefur verið í gangi í nokkur ár og stýrt af Vinnueftirlitinu. Í heilbrigðisáætlun ríkisstjórnarinnar þarf að leggja áherslu á þátt atvinnu í heilsufari landsmanna og mikilvægi góðrar vinnutengdrar heilsu. Þá mætti vera með hvatningu og áróður á vinnustað, svo sem að það sé heilsusamlegra að nota stigann en lyftur, en Lýðheilsustöð hefur í tengslum við verkefnið *Allt hefur áhrif* gefið út slíkt veggspjald sem blasir við í mörgum opinberum byggingum og á vinnu-

stöðum. Hvetjandi skilaboð geta haft heilmikið að segja og ættu sem flest fyrirtæki að beina starfsmönnum og gestum á stigaganginn.
**Framkvæmdaraðilar:** *Vinnueftirlitið og Lýðheilsustöð.*

## 4) SAMGÖNGUR OG SKIPULAGSMÁL

**39) Við skipulagningu nýrra hverfa og enduruppbyggingu gamalla verði framkvæmt heilbrigðismat.**

Heilbrigðismat (Health impact assessment) er tiltölulega ný aðferðafræði til að meta áhrif stjórnvaldsaðgerða á heilsu og líðan þjóðar. Hér er um að ræða mat sem helst mætti líkja við umhverfismat þar sem metið er hver séu líkleg áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á náttúru og umhverfi. Brýnt er að yfirvöld kynni sér vel slíka möguleika þegar kemur að skipulagningu nýrra hverfa eða endurskipulagningu gamalla þannig að lagt sé mat á áhrif aðgerðanna á heilsu og líðan fólks en ekki bara á náttúru og umhverfi. Heilbrigðismat á vaxandi fylgi að fagna í heiminum og styðja Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Alþjóðabankinn að það sé notað. Víða hafa verið gerðar tilraunir með að þróa aðferðafræði við slíkt mat en í raun er hún enn í þróun og verið er að prófa sig áfram með raundæmum. Í stuttu máli er heilbrigðismat aðferð sem fær samfélagið til að hugsa um hvaða áhrif tiltekin framkvæmd getur haft á lýðheilsu. Þetta er því mjög gott stjórntæki fyrir stjórnvöld til að nota við ákvörðun um stórar og smáar aðgerðir, einnig til að hjálpa til við forgangsröðun verkefna með það að markmiði að jákvæð áhrif verði sem mest og dregið sé úr þeim neikvæðu. Heilbrigðismat getur staðið eitt og sér en það er einnig hægt að hugsa sér það sem hluta af stærra matskerfi.[54]
**Framkvæmdaraðilar:** *Heilbrigðisráðuneytið, umhverfisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið.*

**40) Hjólreiðar verði fullgildur kostur í samgöngumálum og gert ráð fyrir hjólastígum jafnt sem gangbrautum og vegum.**

Líkur á hreyfingu í frítíma aukast um 20% ef útivistarsvæði er innan 1 km fjarlægðar, um 21% ef menntastofnun er innan 1 km fjarlægðar, um 23% þegar þéttleiki byggðar eykst um fjórðung, um 19% þegar þéttleiki þjónustu eykst um fjórðung.[55]

Hjólreiðabrautir verði sérstaklega skilgreindar og þeim fundinn staður í vegalögum auk þess sem kveðið verði á um ábyrgð eða þátttöku ríkisvaldsins í gerð þeirra. Þannig verði komið upp sérstöku stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar sem ríkisvaldið sjái um eða taki þátt í að kosta í samstarfi við sveitarfélögin. Hjólreiðabrautakerfið skal tengja saman þéttbýlisstaði og hjólreiðastíga einstakra sveitarfélaga við þjóðvegakerfið. Einnig skal gert ráð fyrir stofnbrautum gegnum þéttbýlisstaði með svipuðu fyrirkomulagi og gildir um þjóðvegi í þéttbýli. Hjól ættu að vera viðurkennd og virt sem samgöngutæki en ekki bara tómstundagaman og ætti aðstaða til að geyma hjól að vera við allar opinberar stofnanir.

Huga mætti að endurskoðun umferðarlaga þannig að réttur hjólreiðamanna væri aukinn í umferðinni á kostnað réttar bílsins. Það gæti orðið til þess að auka öryggi hjólreiðamanna til mikilla muna.
**Framkvæmdaraðilar:** *Samgönguráðuneytið, sveitarfélög, umhverfisráðuneytið og fjármálaráðuneytið.*

**41) Aukin nýting almenningssamgangna.**

Samkvæmt skýrslu um samgönguskipulag í Reykjavík, sem unnin var af Reykjavíkurborg og verkfræðistofunni Hönnun, er meirihluti af öllum ferðum 6 ára og eldri íbúa á höfuðborgarsvæðinu farinn á einkabíl.[56] Hlutur strætisvagna er rúm 4% og hlutfall ferða, sem farnar eru gangandi/hlaupandi eða hjólandi, er rúm 19%. Innan við 1% ferða eru farnar á annan hátt, þ.e. á vélhjóli, með leigubílum, rútum eða skólabílum. Það eru því mikil sóknarfæri að auka nýtingu almenningsfarartækja sem kalla á aukna hreyfingu þegar gengið er til og frá biðstöð að heimili, vinnustað eða skóla. Árið 2005 voru ferðir í og úr vinnu farnar í yfir 88% tilvika í einkabíl.

Það tíðkast í mörgum fyrirtækjum og stofnunum að greiða starfsmönnum aksturspeninga, ýmist eftir akstursbók eða föstum fjölda kílómetra á mánuði. Að sama skapi mætti hugsa sér að vinnuveitendur niðurgreiddu strætisvagnakort fyrir starfsmenn sem hvatningu til að nýta sér almenningsvagna sem krefst alla jafna aukinnar hreyfingar fyrir starfsmann á sama tíma og það væri umhverfisvænna fyrir samfélagið. Fara mætti í sérstakar aðgerðir til að auka notkun almenningssamgangna, svo sem að hvetja til breytinga á ferðavenjum til og frá vinnu. Í borgum erlendis, þar sem unnið er að breyttum ferðavenjum, tíðkast það að fyrirtæki greiði starfsmanni beingreiðslur í stað þess að útvega honum gjaldfrjálst bílastæði eða niðurgreiða gjaldskylt bílastæði.[56] Þessa greiðslu getur starfsmaðurinn notað í að greiða fyrir almenningssamgöngur eða notað í annað ef hann kýs að ganga/hjóla til vinnu. Tryggja þyrfti að slíkir styrkir væru undanþegnir hlunnindaskatti.

Til að breyta ferðavenjum barna í grunnskólum hefur víða verið lögð áhersla á að fræða foreldra og hvetja til að láta börnin taka skólabíla eða ganga til skóla. Yfirvöld koma að þessu með því að bæta göngu- og hjólaleiðir og umferðaröryggi umhverfis grunnskóla.

**Framkvæmdaraðilar:** *Samgönguráðuneytið, sveitarfélög, vinnuveitendur og fjármálaráðuneytið.*

**42) Grænsvæði verði fjölskylduvænni og um leið meira hreyfihvetjandi, m.a. með leiktækjum.**

Víða í þéttbýlisstöðum eru opin, græn svæði sem almenningur nýtti enn betur ef þar væri komið fyrir einföldum, hreyfihvetjandi leiktækjum að ógleymdri aðstöðu til að geyma reiðhjól. Oft þarf ekki nema t.d. góðar klifurbrautir, körfuboltaspjöld, mark og spennandi leiktæki til að hreyfa við börnum. Það er mikilvægt að hafa net í körfuhringjunum þar sem körfuboltaspjöld eru á opnum svæðum. Stórátak í dreifingu sparkvalla um gjörvallt land á síðustu árum hefur lyft knattspyrnuiðkun upp á hærra plan og gert ungum iðkendum kleift að æfa og/eða leika sér við góðar aðstæður.

Ný reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim tók gildi í janúar 2003.[57] Í reglugerðinni eru m.a. gerðar kröfur um daglegt eftirlit og árlega skoðun faggilts aðila en það þýðir að rekstraraðilar verða að kaupa þessa þjónustu frá faggiltri skoðunarstofu. Enn hefur ekki verið samræmt á landsvísu hvernig bregðast á við athugasemdum sem koma fram við skoðun hjá faggiltum aðila, þ.e. hvort rekstraraðila ber skilyrðislaust að lagfæra leiksvæði samkvæmt slíkum skoðunum og þá hvaða tímamörk eru sett hvað það varðar eða hvort heilbrigðiseftirliti beri að framfylgja athugasemdum sem koma fram við slíka skoðun. Skoða þarf vel að möguleikar til útivistar og öryggismála fari vel saman.

**Framkvæmdaraðilar:** *Sveitarfélög og samgönguráðuneytið.*

**43) Hitalagnir undir nýjar gang- og hjólabrautir og fleiri bekkir á gönguleiðum.**

Heita vatnið er ein af auðlindum þjóðarinnar. Æskilegt væri að leggja hitalagnir undir gang- og hjólabrautir þar sem því verður við komið til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda að vetrarlagi. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir eldri kynslóðina sem veigrar sér við að fara í gönguferðir yfir vetrartímann vegna fallhættu. Í könnunum, sem voru framkvæmdar meðal eldri borgara á dvalar- og hjúkrunarheimilum í Reykjavík, kemur fram að eldri borgurum þykir skorta töluvert af bekkjum á gönguleiðum þeirra.[58] Þeir halda því fram að þeir færu í lengri gönguferðir ef þeir gætu tyllt sér oftar niður á leiðinni. Göngu- og hjólastígum þarf að halda vel við, t.d. moka snjó, sandbera, sópa, halda þeim vel lýstum o.s.frv.
**Framkvæmdaraðilar:** *Samgönguráðuneytið, sveitarfélög og orkuveitur.*

## 5) NEYTENDAMÁL

**44) Skýrar merkingar á matvælum með læsilegum og skiljanlegum innihaldslýsingum.**

Þótt Ísland sé ekki í Evrópusambandinu þarf það, sem hluti af Evrópska efnahagssvæðinu, að merkja matvörur samkvæmt tilskipunum sem koma frá Evrópusambandinu. Gert er ráð fyrir nýjum reglum frá Evrópusambandinu innan ekki langs tíma. Mikilvægt er að merkingar á umbúðum matvæla verði gerðar skýrari og þannig auðveldari til aflestrar fyrir neytendur. Eftirfarandi atriði væru til bóta:

1. *Byggt verði ofan á núverandi merkingar.*
2. *Öll matvæli verði merkt með næringarinnihaldi.*
3. *Næringargildi sé áfram gefið upp miðað við 100 grömm en jafnframt sé skilgreind skammtastærð í grömmum (t.d. „skál" af morgunkorni = 40 g) svo auðvelt sé að reikna næringargildi fyrir hvern skammt.*
4. *Merkingar á kílójoule (kJ) verði felldar niður en þess í stað einungis miðað við kílókaloríur (kcal) til að forðast rugling. (Kílókaloríur eru sama og hitaeiningar.)*
5. *Fari magn af viðbættum sykri, hertri fitu eða matarsalti í tiltekinni matvöru yfir tiltekið mark (t.d. 2 grömm af sykri í 100 g, 1 g af hertri fitu í 100 g eða 250 mg matarsalts í 100 g) sé framleiðandi skyldaður til að merkja nákvæmlega magn viðbætts sykurs, hertrar fitu eða matarsalts í vörunni.*
6. *Skylt verði að merkja allar matvörur sérstaklega sem innihalda herta fitu.*
7. *Skylt sé að merkja á umbúðir allrar unninnar vöru úr fiski, kjöti, grænmeti og ávöxtum (á áberandi stað) hversu hátt hlutfall fisks, kjöts, grænmetis eða ávaxta varan inniheldur miðað við 100 grömm (t.d. % af rækjum í rækjusalati eða % af ávaxtasafa í blönduðum „djús").*
8. *Stefnt verði að því að koma á hollustumerkingum („umferðarljósamerkingum") á matvörum hér á landi með samstarfi matvælaframleiðenda og heilbrigðisyfirvalda í því skyni að auðvelda almenningi að átta sig betur á hollustugildi matvæla.*

Á Íslandi er ekki skylda að gefa upp næringarinnihald matvæla þótt það tíðkist í flestum tilfellum. Evrópusambandið hvetur framleiðendur til að gefa sem gleggstar upplýsingar á matvælum og hér á landi ætti það að vera skylda í öllum tilfellum að merkja næringarinnihald matvæla til að auðvelda neytendum að átta sig á næringargildi þeirra.

Núverandi merkingar á næringarinnihaldi eru líklega óþarflega flóknar fyrir hinn almenna neytanda og ætti að einfalda þær og skýra þar sem kostur er. Til að mynda er óþarfi að gefa upp orkuinnihald bæði í kcal (hefðbundnar hitaeiningar) og kJ. Rétt er að sleppa kJ til að einfalda merkingar.

Þar sem fólk er yfirleitt tímabundið þarf að vera auðvelt og fljótlegt að átta sig á því hvaða matvæli eru holl og hvaða næringarefni þau innihalda. Þannig hafa sumar matvælaverslunarkeðjur og yfirvöld í Bretlandi tekið höndum saman og unnið að nýjum merkingum á matvælum sem auðvelda neytandanum að velja holla vöru á skjótan hátt. Það sem vekur eftirtekt er að þetta var gert án þess að reglugerðir væru settar, heldur gert með þarfir neytandans að leiðarljósi. Þessar viðbótarmerkingar sýna viðskiptavininum á augljósan máta hversu mikla fitu, sykur og salt varan inniheldur. Þetta er gert með tölulegum upplýsingum auk þess sem umferðarljósalitirnir eru notaðir til að gefa til kynna hversu hátt hlutfall af þessum næringarefnum er í matvörunni. Æskilegt væri að svipað kerfi yrði byggt upp hér á landi þar sem því mætti koma við. Sala á óhollum mat hefur minnkað um allt að 40% í breskum matvöruverslunum eftir að farið var að merkja matvörur og tilgreina nákvæmlega hve mikið af fitu, sykri og salti varan inniheldur.[59]

Íslenskar merkingar gefa ekki nógu glögga mynd af innihaldi í sumum tilfellum og á neytandinn erfitt með að átta sig á hversu mikið af kjöti, fiski eða ávöxtum er í afurð, til að mynda hversu mikið er af rækjum í rækjusalati eða hversu hreinn ávaxtasafinn er. Þetta þarf að vera merkt með augljósum hætti. Einnig þarf að gefa upp á umbúðum hver meðalskammtur er til að auðvelda neytandanum að reikna út næringargildið og hversu margir skammtar eru í pakkningu.

Auka þarf almennt læsi neytenda á merkingar þannig að þeir geti áttað sig á hollustu matvæla út frá grunnmerkingum. Þetta þarf að gerast í samvinnu fjölmiðla, skólakerfis, Umhverfisstofnunar og Lýðheilsustöðvar.

Í Svíþjóð hefur *Græna skráargatið* verið notað síðan 1989 til að merkja holla matvöru en slíkt er valfrjálst þar í landi. Viðmið er til frá Svíþjóð um hvaða vörur gerðu tilkall til slíkra hollustuvísa og ættu fagaðilar á Íslandi að geta nýtt þá vinnu við að flokka hollustuvörur hérlendis og leyfa merkingar á þeim vörum sem uppfylla viðkomandi skilyrði ef áhugi væri á að fara sambærilega leið í umbúðamerkingum.

**Framkvæmdaraðili:** *Umhverfisráðuneytið.*

**45) Kannað hvort rétt sé að takmarka auglýsingar á óhollum mat sem beint er að börnum.**

Börn og unglingar verða fyrir miklu áreiti af auglýsingum og eru mikilvægur hópur fyrir matvælafyrirtækin þar sem smekkur þeirra mótast snemma á lífsleiðinni. Sum börn hafa yfir talsverðum peningum að ráða auk þess sem þau geta haft áhrif á matvöruval foreldranna.

Í aðgerðaáætlun Svía kemur fram að aukin áhersla á neytendapólitík geti verið nauðsynleg, sérstaklega til að vernda viðkvæma hópa eins og börn og efnaminni þjóðfélagshópa.[13]

Food Standard Agency í Bretlandi stóð fyrir viðamikilli úttekt þar sem farið var í gegnum rannsóknir á áhrifum matarauglýsinga í sjónvarpi á börn á kerfisbundinn hátt og eru niðurstöðurnar birtar í greinargóðri skýrslu.[11] Ástæðan fyrir úttektinni þessari voru áhyggjur af óhollu mataræði breskra barna og aukning í ofþyngd og offitu meðal þeirra. Niðurstöðurnar sýndu að þær fæðutegundir, sem mest er haldið að börnum í auglýsingum, eru þær sem stuðla að óhollu mataræði, þ.e. fæðutegundir sem eru fitu-, salt- eða sykurríkari en talið er æskilegt en sjaldan hvatt til að borða holla fæðu. Það kom fram að matarauglýsingar hafa áhrif á val barna á matvælum, innkaupavenjur þeirra og neyslu bæði þegar miðað var við vörumerki, t.d. hvaða súkkulaðistykki á að velja, og við flokka (sælgæti eða ávexti). Börnin velja t.d. frekar sælgæti en ávexti og frekar sykrað morgunkorn en ósykrað eftir að hafa horft á auglýsingar um slíkar vörur en hvort tveggja er mjög óæskilegt út frá hollustusjónarmiðum.

Skýrsla Food Standard Agency tekur einungis fyrir sjónvarpsauglýsingar. Trúlega eru því heildaráhrif matarauglýsinga á börn vanmetin.

Matvælaiðnaðurinn notfærir sér margar aðrar leiðir en sjónvarp til að koma vörum sínum á framfæri við börn. Það eru t.d. skólarnir, Netið, útvarp, myndasögur, bíó og að láta leikföng fylgja með á skyndibitastöðum. Skoða þyrfti íslenska auglýsingamarkaðinn, hvað og hve mikið er auglýst í kringum barnaefni í sjónvarpi, bíó, á keyptum mynddiskum fyrir börn o.s.frv. Í áðurnefndri sænskri aðgerðaáætlun kemur fram að á þeim tíma, sem gera má ráð fyrir að börn séu að horfa á sjónvarp, eru orkuþéttar vörur eins og súkkulaði, ís, gos, sælgæti og skyndibitar auglýstar. Árið 2003 var í Svíþjóð keyptur auglýsingatími fyrir þessar vörur í sjónvarpi á tímabilinu 07:00–08:00 fyrir 25 milljónir sænskra króna og á tímabilinu 17:00–20:00 fyrir 213 milljónir sænskra króna. Af tíu mest auglýstu fæðutegundunum voru engar þeirra fæðutegunda sem ráðlagt er að auka neyslu á en að stærstum hluta var um að ræða orkuþéttar matvörur.[13]

Í skýrslu, sem gefin er út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, er talið að ágeng markaðssetning skyndibita og orkuríkra en næringarsnauðra fæðutegunda eigi þátt í ofþyngdar- og offituvandanum.[61]

Eitt af mörgu, sem tekið er fyrir í aðgerðaáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um næringu, hreyfingu og heilsu, er markaðssetning og auglýsing á matvælum. Þar kemur fram að þeir sem auglýsa matvæli og drykkjarvörur eigi ekki að notfæra sér reynsluleysi og trúgirni barna. Rannsóknir hafa sýnt að auglýsingar á matvælum hafa áhrif á fæðuval og neysluvenjur barna.[10] Þau börn, sem horfa á auglýsingar, velja frekar auglýstar matvörur en þau börn sem ekki horfa á auglýsingar. Það er því talið mikilvægt að skerpa þær reglur sem lúta að auglýsingum og markaðssetningu matvæla fyrir börn. Stjórnvöld eru hvött til að taka höndum saman með neytendasamtökum, matvælaiðnaðinum og auglýsendum til að finna lausn á því hvort yfir höfuð eigi að leyfa markaðssetningu þar sem börn eru markhópurinn.

Í fyrstu áfangaskýrslu verkefnis evrópsku hjartaverndarfélaganna og samtaka þeirra í 20 löndum, „Markaðssetning óhollrar fæðu sem beint er að börnum í Evrópu“, komast menn að eftirfarandi niðurstöðum:[62]

- Sjónvarpsauglýsingar á óhollum matvörum, sem beint er að börnum, ætti að banna vegna þess að árangurinn verður ekki tryggður nema það sé gert á Evrópuvettvangi. Breyta ætti tilskipuninni „sjónvarp án landamæra“ til samræmis.
- Frekari aðgerða er þörf til að hlífa börnum við öðrum tegundum markaðssetningar á „óhollum“ matvörum eins og til dæmis í skólum og á veraldarvefnum sem og í öllum öðrum miðlum, bæði ljósvakamiðlum og öðrum.
- Samkomulag þarf að nást um sameiginlega skilgreiningu ESB á því hvaða matvæli skuli teljast óholl.
- Koma þarf á skilvirku skipulagi og traustu vinnuferli til að fylgjast með eðli og umfangi markaðssetningar á matvælum handa börnum, svo og til að fylgjast með regluverki um þessa hluti í gjörvallri Evrópu.

Heilbrigðisráðuneytið í Bretlandi birti Public Health White Paper (Choosing Health: making healthier choices easier) þar sem kemur fram að sterk rök séu fyrir því að takmarka markaðssetningu á fituríkum, söltum og sætum mat- og drykkjarvörum.[63]

Meirihluti foreldra 11 ára barna á Íslandi er fylgjandi því að takmarka markaðssetningu á feitum eða sykruðum mat sem beint er að börnum.[43]

**Framkvæmdaraðilar:** *Umboðsmaður barna og Lýðheilsustöð.*

**46) Tryggt verði sem lægst verð á hollum matvælum og drykkjum.**

1. *Lækka verð á hollustuvörum eftir því sem kostur er.*
2. *Lækka vörugjöld og tolla á hollustuvörum eins og kostur er.*
3. *Tryggja að virðisaukaskattur bitni ekki á hollustuvörum.*

Vörugjöld á matvöru byggjast í mörgum tilfellum á afar veikum og tilviljanakenndum grunni enda var þeim upphaflega ætlað að bæta upp tekjutap ríkisins vegna afnáms tolla á grundvelli EFTA-samningsins. Nauðsynlegt er að fram fari endurskoðun á vörugjöldum og að í því samhengi verði horft til þess að vörugjöld verði afnumin af hollum matvörum. Þess ber að geta að samkvæmt nýlegri könnun eru 43% fullorðinna hlynnt aukagjaldi á sykurvörum sem lið í að bæta mataræði barna þeirra. Og 97% foreldra vilja að hollustuvörur séu í lægra skattþrepi.[43]

Miðað við núverandi fyrirkomulag felur skattlagning stjórnvalda enn í sér neyslustýringu sem er tilviljunarkennd og neytendum óhagstæð. Sem dæmi má nefna að vörugjald er af sykri ef hann fer í súkkulaði en ekki ef hann fer í skyrdrykki. Og 24,5% virðisaukaskattur er af hreinum ávaxtasafa og vatni en 14% af mjólkurvörum með sykri. Lækka þarf eða afnema vörugjald af kolsýrðu vatni svo það verði ódýrara en gosdrykkir.

**Framkvæmdaraðili:** *Fjármálaráðuneytið.*

**47) Hollar vörur verði staðsettar við sölukassa verslana.**

Í langflestum matvöruverslunum, byggingavöruverslunum, apótekum og víðar er nánast eingöngu hægt að grípa með sér sælgæti við afgreiðslukassana. Í biðröðum þrýtur oft þolinmæði foreldra gagnvart svöngum börnum og þá er gripið til þess sem hendi er næst. Gera þarf kröfur til verslana um að þær bjóði upp á ávexti, grænmeti og aðra hollustu í smáum og aðgengilegum einingum, jafnvel í snakkformi, við afgreiðslukassana. Aðgengi að hollustu skiptir máli og ætti að verðlauna þá sem standa sig vel á þeim vettvangi og finna til samfélagslegrar ábyrgðar með að bjóða upp á holla vöru á breiðum grunni.

**Framkvæmdaraðili:** *Verslunareigendur.*

**48) Matvælaframleiðendur hafi hollustuviðmið að leiðarljósi við vöruþróun.**

Matvælaframleiðendur hafa á undanförnum árum gert ágætlega í því að hafa hollustuviðmið að leiðarljósi við vöruþróun sína á nýjum vörum. Hefur skipulega verið dregið úr notkun á hertri fitu og viðbættum sykri og saltmagn minnkað.

Samkvæmt síðustu neyslukönnun er hörð fita enn allt of stór hluti þeirrar fitu sem fólk neytir og veitir samtals um 16% orkunnar en æskilegt er að hún sé innan við 10%. Til harðrar fitu teljast mettaðar fitusýrur og transómettaðar fitusýrur. Í sömu könnun kom fram að sykurneysla er óvenjumikil meðal ungs fólks á Íslandi. Viðbættur sykur er í mjög mörgum fæðutegundum sem eru vinsælar meðal ungs fólks, svo sem gosi, sælgæti, kexi, kökum, mjólkurvörum og morgunkorni.[29]

Meðalneyslan úr könnuninni á salti samsvarar 9 grömmum á dag.[29] Brauð og unnar kjötvörur vega drjúgt í saltneyslunni og því er mikilvægt að minnka salt í þessum vörum án þess að skerða gæði eða geymsluþol.

Hvetja þarf matvælaframleiðendur til að gera enn betur í að minnka notkun þessara hráefna í framleiðsluvörum sínum og nota önnur æskilegri hráefni í staðinn. Nýjar vörur, sem koma á markað, ættu að vera hollari en sambærilegar vörur sem eru þar fyrir og eldri vörur má einnig bæta út frá hollustuviðmiðum.

**Framkvæmdaraðili:** *Matvælaframleiðendur.*

**49) Matvælaframleiðendur og matsölustaðir hugi að skammtastærðum og verðlagi.**

Á síðustu árum hafa skammtar á matsölustöðum og í matvöruverslunum verið að stækka. Ofurskammtar fást nú á hagstæðu verði á matsölustöðum en „minni" skammtar eru lítið ódýrari. Það segir sig nánast sjálft að unglingar kaupa frekar 2 lítra gosflösku en ½ lítra gos á sama verði. Þessu þarf að breyta.

Þegar fólk fer á matsölustað eða kaupir tilbúinn mat neytir það oft meiri fitu, salts og hitaeininga en það áttar sig á. Skammtastærðir gegna því lykilhlutverki í að stilla hitaeiningum í hóf. Æskilegt væri ef veitingahús gæfu upp heildarmagn hitaeininga í skammtinum og þannig myndu ofurskammtarnir líklega fljótlega heyra sögunni til.

Matvælaframleiðendur ættu einnig að huga að skammtastærðum sínum, sérstaklega í matvörum sem eru tilbúnar til neyslu.

**Framkvæmdaraðili:** *Matvælaframleiðendur, verslanir og veitingahús.*

**50) Íþróttamannvirki opin almenningi í lausum tímum.**

Byggð hafa verið íþróttamannvirki fyrir tugi milljarða á undanförnum árum og þrátt fyrir það anna þau ekki eftirspurn. Eigi að síður myndast oft „dauður" tími í íþróttahúsum, ekki síst úti á landi á kvöldin og um helgar. Æskilegt væri að leyfa fjölskyldum að njóta þeirra tíma sem eru illa nýttir, ýmist með opnum fjölskyldutímum eða skipulögðum leikjum, stöðvaræfingum eða boltaleikjum.

Það vita þeir sem hafa alist upp úti á landi að íþróttamannvirki þar standa stundum tóm þau kvöld sem ungmennin þurfa mest á þeim að halda. Ungmenni tækju því örugglega fagnandi að geta fengið útrás í sundi eða íþróttasal með jafnöldrum sínum í stað þess að ráfa um götur í leit að félagsskap sem gæti verið óheppilegur. Sveitarfélög ættu að íhuga það af alvöru að opna íþróttamannvirkin á þeim „viðkvæma" tíma sem föstudags- og laugardagskvöld geta verið í lífi unglinga.

**Framkvæmdaraðilar:** *Sveitarfélög og íþróttafélög.*

**51) Ungbarnasund og sundleikfimi fyrir eldri borgara í öllum sundlaugum sem völ er á og sundlaugar opnar á kvöldin um helgar.**

Ungbarnasund hefur notið stöðugt meiri vinsælda á Íslandi á síðasta áratug enda er það sérlega styrkjandi og hreyfihvetjandi fyrir börnin. Þau öðlast betra jafnvægi, sækja meira í sund seinna meir og síðast en ekki síst er ungbarnasund frábær samverustund foreldra og barnsins.

Sundleikfimi fyrir eldri borgara er ekki síður mikilvæg og hefur hún rutt sér til rúms á síðustu árum. Margar sundlaugar bjóða upp á sundleikfimi fyrir eldri borgara þegar aðsókn annarra gesta er í lágmarki. Allar sundlaugar á Íslandi ættu að bjóða upp á ungbarnasund og sundleikfimi fyrir eldri borgara undir handleiðslu menntaðra heilsuþjálfara.

Fyrir um áratug gerði Reykjavíkurborg tilraun til að ná ungmennum af götum borgarinnar á föstudags- og laugardagskvöldum með því að hafa opið í Sundhöllinni fram eftir kvöldi umrædda daga. Tilraunin tókst einstaklega vel því ungmennin fylltu sundlaugina og léku sér í sátt og samlyndi í heilbrigðu umhverfi. Samkvæmt könnun frá árinu 2004 stunduðu aðeins 9,7% framhaldsskólanemenda sund til samanburðar við 14,6% fjórum árum áður.[7]

**Framkvæmdaraðili:** *Sveitarfélög og íþróttafélög.*

**52) Ókeypis aðgangur að sundstöðum fyrir 12 ára og yngri.**

Sundferð er ekki eingöngu góð heilsubót heldur ákjósanleg fjölskyldustund. Búast má við að ókeypis aðgangur að sundstöðum fyrir 12 ára og yngri muni auka áhuga fólks á sundiðkun og að fjölskyldur fjölgi sundferðum sínum. Frá og með hausti 2005 hafa börn innan 12 ára aldurs í Reykjanesbæ fengið frítt í sund en það hefur ekki eingöngu aukið almenna sundiðkun í bænum heldur hefur það aukið aðsókn greiðandi iðkenda.

**Framkvæmdaraðili:** *Sveitarfélög.*

**53) Fræðslu- og hvatningarherferðir sem vekja fólk til vitundar um mikilvægi þess að borða hollan mat og stunda reglulega hreyfingu.**

Árið 2002 auglýsti gosdrykkjaframleiðandi á Íslandi fyrir 160 milljónir króna fyrir utan þá kostun sem framleiðandinn stóð fyrir á öðru dagskrárefni ljósvakamiðla og kostun annarra viðburða í þjóðfélaginu.[64] Sláandi auglýsingar gegn notkun tóbaks hafa haft áhrif á vitund fólks gagnvart ákveðinni hegðan. Þótt ekki megi líkja neyslu tóbaks við neyslu matvæla er eigi að síður hægt að draga einhvern lærdóm af tóbaksvarnarauglýsingum.

Þeir opinberu aðilar, sem hafa með málefnið að gera, þurfa að leggja drög að áhrifamiklum auglýsingum sem tengjast góðum fræðsluverkefnum og munu klárlega vekja fólk til betri vitundar um mikilvægi þess að við erum það sem við borðum, að foreldrar eru fyrirmyndir barnanna og að það er lífsspursmál að stunda reglubundna hreyfingu. Með nægu fjármagni ætti ekki að vera neinum vandkvæðum bundið að útbúa upplýsandi auglýsingar fyrir ljósvaka- og prentmiðla sem munu hreyfa við fólki. Það næst ekki vitundarvakning með því að hvísla skilaboðum út í þjóðfélagið. Ögrandi auglýsingar og fræðsluverkefni skapa umræður og skoðanaskipti.

**Framkvæmdaraðili:** *Lýðheilsustöð.*

**54) Einn stór gagnagrunnur, aðgengilegur á Netinu, um allt sem varðar heilbrigða lífshætti.**

Yfirgripsmikill gagnagrunnur um allt sem varðar heilbrigt líf myndi auðvelda fagaðilum og almenningi að nálgast þær upplýsingar sem hann þarf á að halda um heilbrigðan lífsstíl frá a til ö. Hægt væri að fletta upp næringargildi allra matvæla, hvað beri að forðast, með hvaða hætti sé hægt að taka sér tak til að komast í gott líkamsástand, hvar hægt sé að stunda íþróttir, hvar opin leik- og íþróttasvæði sé að finna og svo mætti lengi telja. Einnig ættu allar niðurstöður rannsókna um málefnið að vera aðgengilegar í grunninum. Nokkrir aðilar gætu sameinast um að búa til slíkan gagnagrunn, halda honum við og gera hann aðgengilegan almenningi. Ýmsar upplýsingar um hollt mataræði og heilbrigðan lífsstíl liggja víða fyrir en þær þurfa að vera aðgengilegar á einum stað.

**Framkvæmdaraðilar:** *Lýðheilsustöð og sveitarfélög.*

**55) Vörugjöld, tollar og virðisaukaskattur af reiðhjólum, útivistarvörum og öðrum hreyfihvetjandi tækjum eins lág og kostur er.**

Koma þarf á heildstæðri hreyfistefnu í landinu þar sem stjórnmálamenn leggja þyngstu lóðin á vogarskálarnar með því að lækka gjöld af þeim útbúnaði sem stuðlað getur að bættu heilbrigði þjóðarinnar. Misræmis gætir í skattlagningu reiðhjóla til samanburðar við önnur farartæki og þarf að gera almenningi kleift að fjárfesta í reiðhjóli á sem hagstæðustu verði.

**Framkvæmdaraðili:** *Fjármálaráðuneytið.*

**56) Fjölnota skýli með hjólabrettabrautum, brautum fyrir línuskauta, gangandi og skokkandi.**

Þegar ráðist er í byggingu „íþróttamannvirkja“ þarf ekki alltaf að byggja hallir með tilheyrandi kostnaði við sturtuaðstöðu, áhorfendapalla og fleira. Byggja má skýli áþekk gróðurhúsum þannig að sólin sjái að mestu leyti um að halda hita í húsinu. Það vantar tilfinnanlega innanhússaðstöðu fyrir jaðaríþróttagreinar eins og hjólabretta- og línuskautaiðkun og ætti að vera hægt að uppfylla þarfir ólíkra hópa með byggingu fjölnota skýla. Fólk gæti skokkað innandyra, gengið, klifrað og stundað aðra afþreyingu.

**Framkvæmdaraðili:** *Sveitarfélög.*

**57) Heilsurækt í boði fyrir eldri borgara.**

Reynslan sýnir að það er aldrei of seint að hefja íþróttaiðkun eða reglulega hreyfingu. Eldri borgarar geta aukið lífsgæði sín verulega með því að hreyfa sig daglega. Nýleg rannsókn Janusar Guðlaugssonar íþróttakennara á íþróttaiðkun eldri borgara í Hafnarfirði staðfestir að þótt fólk sé orðið fullorðið getur það bætt þol sitt og styrk með því að ganga rösklega eða stunda heilsurækt.[65] Huga þarf sérstaklega að aðstöðu fyrir þennan aldurshóp og ættu dvalarheimili og félagsmiðstöðvar eldri borgara að sjá til þess að skipulögð hreyfing og líkamsæfingar standi heimilisfólkinu til boða. Skipulagðar gönguferðir, undir handleiðslu þjálfara, eru hvetjandi. Enn fremur ættu eldri borgarar að geta notið líkamsmælinga óski þeir eftir því og fengið leiðbeiningar um hvers konar hreyfing og mataræði hæfir líðan þeirra og líkamsástandi. Á lóðum dvalar- og hjúkrunarheimila ættu að vera púttvellir til að auka á fjölbreytnina í tómstundastarfi. Vel mætti hugsa sér að menntaðir íþróttafræðingar færu á milli dvalar- og hjúkrunarheimila og ýttu skipulagðri hreyfingu úr vör með fjölbreyttum æfingum og viðhéldu henni.

**Framkvæmdaraðili:** *Sveitarfélög.*

**58) Safnaðarheimili nýtt undir skipulagða hreyfingu eldri borgara.**

Í flestum kirkjum er rúmgott safnaðarheimili sem gæti án efa nýst samborgurunum betur. Þar mætti hugsa sér fjölþættar hreyfivænar uppákomur eins og leikfimi, jóga, göngu eða hvað sem er. Ef eldri borgarar hafa úr nokkrum möguleikum að velja, bæði í sínu nánasta umhverfi, innanhúss og utanhúss, eru líkur á því að fleiri myndu finna eitthvað við sitt hæfi.

**Framkvæmdaraðili:** *Þjóðkirkjan.*

## 6) ÍÞRÓTTAHREYFINGIN OG FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK

**59) Kostnaður við íþróttaiðkun viðurkenndur sem samfélagsframlag fyrir 18 ára og yngri.**

Sveitarfélög kosti þjálfun og æfingagjöld iðkenda til 18 ára aldurs en það tryggir að allir geti lagt stund á hvers kyns íþróttir án tillits til efnahags foreldra. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi íþróttaiðkunar og ættu allir að geta fundið íþróttagrein/hreyfingu við sitt hæfi. Kostnaður vegna æfingagjalda getur verið töluverður í barnmörgum fjölskyldum. Í ljósi mikils brottfalls ungmenna úr íþróttum er tímabært að grípa inn í og gefa börnum og ungmennum kost á því að stunda íþróttir eða aðra hreyfingu sér að kostnaðarlausu.

**Framkvæmdaraðilar:** *Sveitarfélög, íþróttafélög og fjármálaráðuneytið.*

**60) Öll börn og unglingar eigi þess kost að taka þátt í íþróttastarfi án tillits til keppni.**

Sveitarfélög eiga að gera kröfur til íþróttafélaga um að reka flokka fyrir öll aldursskeið þar sem engin áhersla er lögð á keppni, eingöngu leiki og kennslu. Þetta mætti gera í samvinnu við félagsmiðstöðvar og grunnskóla. Auk hefðbundinna „keppnisflokka" stæði iðkendum til boða að æfa sína íþróttagrein án þess að gerðar væru kröfur um að þeir þyrftu að etja kappi við aðra. Þessir æfingaflokkar gætu æft nokkrum sinnum í viku og ættu iðkendur ætíð möguleika á því að færa sig yfir í keppnisflokk óski þeir eftir því. Mikið er um brottfall úr íþróttum á unglingsaldri, að hluta til vegna þess að of mikið er lagt upp úr keppnisliðum þar sem færri komast að en vilja.[53] Þá hentar ekki öllum að æfa með keppnisflokkum þar sem iðkendur eru í innbyrðis samkeppni og undir þrýstingi um að standa sig sífellt betur.

Þess má geta að erlendar rannsóknir sýna að ungar íþróttastjörnur ná síður að slá í gegn á fullorðinsárunum en þau ungmenni sem vinna sig hægt og bítandi upp á við.[66]

**Framkvæmdaraðilar:** *Íþróttafélög, sveitarfélög og fjármálaráðuneytið.*

**61) Íþróttafélögin reki íþróttaskóla fyrir ungmenni upp að 12 ára aldri.**

Í mörgum tilfellum velja foreldrar íþróttagreinar fyrir börnin sín út frá eigin áhugasviði og í einhverjum tilvikum heltast börnin snemma úr lestinni af því þau finna sig ekki. Æskilegast væri að börn og ungmenni fengju að kynnast sem flestum íþróttagreinum og velja sjálf sína framtíðargrein á eigin forsendum. Íþróttafélög þyrftu að bjóða upp á íþróttaskóla með fjölbreytni og gæði að leiðarljósi. Stjórnir og ráð ynnu að gæðum starfsins, félagslegri eflingu, foreldrastarfi, undirbúningi að uppákomum, ferðum, æfingabúðum, mótum og svo framvegis.

Fimleikar og frjálsíþróttir eru t.d. frábær grunnur fyrir allar íþróttagreinar og mikilvægt að ungmenni fái alhliða þjálfun fram á unglingsaldurinn. Þrátt fyrir rekstur íþróttaskóla stendur ungmennum eftir sem áður til boða að stunda sína eftirlætisgrein eingöngu, óski þau frekar eftir því. Mörg börn og ungmenni leggja töluvert upp úr því að fá að keppa og reyna sig við aðra, strax á unga aldri, og ættu þau að geta fundið sinn farveg innan íþróttafélaganna þrátt fyrir að félögin starfræki jafnframt íþróttaskóla.

**Framkvæmdaraðilar:** *Íþróttafélög með stuðningi ríkis og sveitarfélaga.*

**62) Íþróttafélög bjóði upp á afþreyingu og/eða íþróttaiðkun fyrir foreldra/almenning.**

Á meðan börn og unglingar eru á íþróttaæfingum gætu foreldrar/forráðamenn í einhverjum tilvikum hugsað sér að nýta tímann til að æfa sjálf, lesa bók, stunda aðra afþreyingu eða njóta veitinga. Íþróttafélög ættu að huga að því að bjóða upp á ýmsa möguleika fyrir foreldra, ekki síst til að vera fjölskylduvænni því ef allir fjölskyldumeðlimir finna eitthvað við sitt hæfi hjá íþróttafélögunum eru minni líkur á brottfalli yngri iðkenda. Félögin gætu t.d. verið með skipulagða hlaupa- eða gönguhópa fyrir foreldra/almenning.

**Framkvæmdaraðilar:** *Íþróttafélög og sveitarfélög.*

**63) Grænmeti, ávextir og aðrar hollustuvörur seldar í íþróttahúsum og á sundstöðum.**

Í mörgum íþróttamannvirkjum er nánast eingöngu selt sælgæti og gosdrykkir en það hæfir engan veginn metnaðarfullu íþróttastarfi. Íþróttafélög verða að vera með skýr skilaboð til iðkenda enda byggist árangur í íþróttum ekki síst á góðri og hollri næringu. Flest félög reka ákveðna forvarnarstefnu en í sumum tilfellum er minna um efndir. Það vita þeir sem til þekkja að góður árangur næst ekki í íþróttum þótt æft sé alla daga ef næringarþættinum er ábótavant.

Samkvæmt könnun vilja 77% foreldra á landsvísu ekki að sælgæti eða annað slíkt sé til sölu í íþróttahúsum.[43] Í stórum íþróttahöllum þar sem opinberir leikir fara fram eða sem nýtast til tónleikahalds er eðlilegt að meira úrval sé fyrir hendi fyrir þá viðburði. Íþróttamiðstöðin í Mosfellsbæ er dæmi um íþróttamiðstöð sem hefur eingöngu ávexti og annað hollmeti til sölu á skólatíma og ætti að vera öðrum íþróttahúsum til eftirbreytni hvað það varðar.
**Framkvæmdaraðili:** *Íþróttafélög.*

**64) Líkams- og heilsurækt í sama virðisaukaskattsþrepi og sund.**

Til að hvetja sem flesta til að stunda líkams- og heilsurækt er mikilvægt að skapa jöfnuð meðal íþróttagreina og hafa virðisaukaskatt af æfinga- og aðgangskortum í heilsurækt í lægra þrepi. Það liggur í augum uppi að því ódýrara sem það er að stunda heilsurækt því meiri líkur eru á að iðkendum fjölgi. Í það minnsta skiptir mestu máli að möguleiki til íþróttaiðkunar og hreyfingar sé ekki misskattlagður eftir tegund hreyfingar, sbr. að líkamsrækt ber núna 24,5% vsk. en sundiðkun 14% vsk.
**Framkvæmdaraðili:** *Fjármálaráðuneytið.*

**65) Samþætt verðlaun veitt einstaklingum og hópum fyrir íþróttaþátttöku og heilbrigðan lífsstíl, félagslega virkni, námsástundun og árangur.**

Það væri jákvætt, bæði fyrir skóla og íþróttastarfsemi, ef hægt væri að veita sérstakar viðurkenningar fyrir heilbrigðan lífsstíl, félagslega virkni, námsástundun og árangur. Undirbúa þyrfti þetta vel til að ná sem mestri virkni og að viðurkenningarnar gætu virkað hvetjandi á bæði hópa og einstaklinga á öllu landinu. Þetta gæti verið samstarfsverkefni nokkurra félaga og/eða samtaka sem láta sig velferð ungmenna varða, til að mynda foreldrafélaga, Heimilis og skóla, ÍSÍ og Lýðheilsustöðvar. Sem dæmi um velheppnað, sambærilegt verkefni má nefna *Reyklaus bekkur* sem Lýðheilsustöð stendur að. Þar gefst nemendum í 7. og 8. bekk kostur á að vinna til veglegra verðlauna með því að vera mjög virkir í tóbaksvörnum. Yfir 70% þátttaka hefur verið í verkefninu á landsvísu og á það án efa einhvern þátt í því að verulega hefur dregið úr reykingum ungmenna á undanförnum árum.
**Framkvæmdaraðilar:** *Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Heimili og skóli og Lýðheilsustöð.*

**66) Íþrótta- og Ólympíusambandið (ÍSÍ), Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og aðrir hrindi í framkvæmd fleiri hreyfihvetjandi verkefnum sem hvatningu til fjölgunar iðkenda í sem flestum íþróttagreinum.**

Með frjórri hugsun og framsýni geta ÍSÍ, UMFÍ, Lýðheilsustöð og fleiri aðilar hrundið nýjum hreyfihvetjandi „verkefnum“ af stað. Á síðastliðnum 10 árum hefur verið fjárfest í íþróttamannvirkjum í Reykjavík fyrir 13 milljarða.[67] Íþróttahús, knattspyrnuhallir, gervigrasvellir (stórir og smáir), skautahöll, skotbrautir, frjálsíþróttaaðstaða, æfingasvæði fyrir golf og fleira hefur litið dagsins ljós. Aðsókn á sundstaði jókst úr 1,3 milljónum gesta í 1,9 milljónir gesta frá 1994 til 2003, meðal annars vegna aukinnar kynningar og heilsuáhrifa hennar.[68]

Þeir sem eru komnir vel af unglingsaldri muna líklega eftir því þegar einstaklingar fengu skráningu fyrir að synda 200 m daglega og gátu unnið sér inn brons-, silfur- og gullmerki. Þetta átak jók sundiðkun Íslendinga til muna. Knattþrautir KSÍ nutu mikilla vinsælda á níunda áratug síðustu aldar og voru mikill hvati fyrir yngri iðkendur að æfa sig utan æfingatíma. Sérsamböndin hafa fengið hvatningu (bréflega) frá faghópi forsætisráðherra um að ýta úr vör áhugaverðum og hreyfihvetjandi verkefnum.
**Framkvæmdaraðilar:** *ÍSÍ, UMFÍ og Lýðheilsustöð.*

**67) Íþróttahetjur í þjóðfélaginu breiði út boðskap um mikilvægi hreyfingar og holls mataræðis.**

Íþróttahetjur sem og þekktir einstaklingar eru sterkar fyrirmyndir barna og ungmenna og geta haft veruleg áhrif á daglegt lífsmynstur þeirra, matarvenjur og almenna hegðan. Flestir foreldrar barna í íþróttum þekkja það að orð þjálfarans í huga barnanna hafa oft og tíðum meira vægi en það sem foreldrar segja. Börn hafa breytt matarvenjum sínum, svefntíma og öðru fyrir tilstilli þjálfara.

Á Íslandi mætti gera meira að því að fá íþróttahetjur, söngvara, leikara og aðra þekkta einstaklinga til að breiða út heilbrigðan boðskap, fá þá til að hvetja börn og ungmenni til að borða hollan mat og stunda íþróttir. Íþróttaálfurinn (Magnús Scheving) er sterk fyrirmynd barna og eru foreldrar meðvitaðir um mikilvægi þess sem hann hefur fram að færa.

Íslendingar eiga heilbrigðar fyrirmyndir í ólíkum íþróttagreinum sem og þekkta einstaklinga sem hafa slegið í gegn á öðrum vettvangi og væri heppilegt ef hægt væri að virkja þá til að láta gott af sér leiða með heilbrigði æskunnar að leiðarljósi. Þess ber að geta að þeim sem njóta afreksstyrkja hjá ÍSÍ er gert skylt að taka þátt í forvarnarstarfi sé eftir því leitað.
**Framkvæmdaraðilar:** *ÍSÍ, UMFÍ og Lýðheilsustöð.*

## LOKAORÐ

Samkvæmt nýrri könnun eru Íslendingar hamingjusamasta þjóð í heimi. Hér á landi ríkir meiri velmegun og hagsæld en nokkru sinni fyrr sem veitir takmarkalítið svigrúm til fjárfestinga í heilbrigði þjóðarinnar. Við eigum eitt besta vatn í heimi, hreint andrúmsloft og einstaka náttúru. Ísland getur orðið heilsuparadís og fyrirmynd annarra þjóða við að bera ábyrgð á og hrinda í framkvæmd aðgerðum sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum. Ákvarðanir stjórnvalda skipta sköpum til að svo geti orðið.

Í skólakerfinu og þjóðfélaginu almennt eru mörg tækifæri til að vinna á enn markvissari og heildrænni hátt en til þessa til að örva huga, sál og líkama þannig að leiði til meðvitundar um mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu og stunda heilsurækt og að hver og einn beri ábyrgð á eigin heilsu.

Almennt er talið að hver króna sem fari í forvarnar- og heilsueflingarstarf skili sér þúsundfalt í sparnaði í heilbrigðiskerfinu þegar fram líða stundir. Forvarnir og heilsuefling, sem beinist að almenningi, ætti því tvímælalaust að vera forgangsverkefni stjórnvalda. Hér á landi hefur víða verið unnið öflugt forvarnarstarf á liðnum áratugum. Góður árangur hefur náðst á ýmsum sviðum en því miður virðist sem auðveldara sé að sækja fjármagn til að slökkva elda en í það sem skiptir mestu máli, fyrsta stigs forvarnir og heilsueflingu.

Tillögur um aðgerðir, sem geta bætt heilbrigði þjóðarinnar með aukinni hreyfingu og hollara mataræði, liggja nú fyrir. Aðeins er eftir taka ákvarðanir um fjölþætta framkvæmd og koma í verk. Með skýr markmið, hugrekki og framsýni að leiðarljósi og ekki síst með réttri forgangsröðun ætti enginn að þurfa að velja sér í óhag. Ábyrgðin er allra.

*Heimildaskrá:*

1) Brynhildur Briem, 1999. Hæð og þyngd 9 ára skólabarna í Reykjavík 1919–1998. Háskóli Íslands, Reykjavík.
2) Ískrá, heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2006.

3) Erlingur Jóhannsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Þórarinn Sveinsson, 2005. Lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga, þverfaglegt samstarfsverkefni.
4) WHO, 2002b. The World Health Report, Reducing risks, promoting healthy life. Genf.
5) Cole et al., 2000. BJM. Establishing a standard definition for child overweight and obesity worldwide: International survey.
6) Háskólinn á Akureyri og Lýðheilsustöð, 2006. Heilsa og lífskjör skólanema 2006: Landshlutaskýrsla. Akureyri/Reykjavík: Háskólinn á Akureyri/Lýðheilsustöð.
7) Álfgeir Logi Kristjánsson, Silja Björk Baldursdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon. Ungt fólk 2004. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna. Rannsóknir meðal nemenda í framhaldsskólum á Íslandi 2004 og 2000.
8) Hera H. Björnsdóttir, Stefán H. Jónsson, Bryndís B. Ásgeirsdóttir, Inga D. Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon, 2003. Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun íslenskra unglinga. Rannsóknir á meðal nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla vorin 1997, 2000, 2003. Rannsóknir og greining.
9) Blaðið, forsíðufrétt, janúar 2006.
10) WHO, 2004. Global strategy on diet, physical activity and health. World Health Organization. WHA57 17, 22.
11) Hastings G, Stead M, McDermott L, 2003. Review of research on the effects of food promotion to children. England: Food Standards Agency. Final Report. www. csm. strath.ac.uk.
12) Sesselía Birgisdóttir, júní 2006. Börn og auglýsingar, greining á auglýsingum í sjónvarpi ætluðum börnum.
13) National Foodadministration and National Institute of Public Health, Uppsala and Stockholm, Sweden, July 2005. The action plan for healthy dietary habits and increased physical activity.
14) Sigríður Lára Guðmundsdóttir, Díana Óskarsdóttir, Leifur Franzson, Ólafur Skúli Indriðason, Gunnar Sigurðsson, 2004. Samband líkamlegrar þjálfunar við þyngdarstuðul, fitumassa og gripstyrk í íslensku þýði. Læknablaðið.
15) Camacho TC, Roberts RE, Lazarus NB, Kaplan GA, Cohen RD, 1991. Physical-Activity and Depression – Evidence From the Alameda County Study. American Journal of Epidemiology.
16) Manson JE, Hu FB, Rich-Edwards JW, Colditz GA, Stampfer MJ, Willett WC, et al., 1999. A prospective study of walking as compared with vigorous exercise in the prevention of coronary heart disease in women. New England Journal of Medicine.
17) Powell KE, Thompson PD, Caspersen CJ, Kendrick JS, 1987. Physical-Activity and the Incidence of Coronary Heart-Disease. Annual Review of Public Health.
18) Fagard RH, 2001. Exercise characteristics and the blood pressure response to dynamic physical training. Medicine and Science in Sports and Exercise.
19) Pan XR, Li GW, Hu YH, Wang JX, Yang WY, An ZX, et al., 1997. Effects of diet and exercise in preventing NIDDM in people with impaired glucose tolerance – The Da Qing IGT and diabetes study. Diabetes Care.
20) Dalsky GP, Stocke KS, Ehsani AA, Slatopolsky E, Lee WC, Birge SJ, 1988. Weight-Bearing Exercise Training and Lumbar Bone-Mineral Content in Postmenopausal Women. Annals of Internal Medicine.

21) Vuori IM, 2001. Dose-response of physical activity and low back pain, osteoarthritis, and osteoporosis. Medicine and Science in Sports and Exercise.
22) Slattery ML, Potter J, Caan B, Edwards S, Coates A, Ma KN, et al., 1997. Energy balance and colon cancer – Beyond physical activity. Cancer Research.
23) Carpenter CL, Ross RK, Paganini-Hill A, Bernstein L, 1999. Lifetime exercise activity and breast cancer risk among post-menopausal women. British Journal of Cancer.
24) Landers, D.M., Petruzzello, S.J., 1994. Physical activity, fitness and anxiety. Og: Bouchard, C., Shepard, R.J. Stevens, T. (ritstj.) Physical activity, fitness and health. Champaign, IL, Human Kinetics.
25) Sveinsson, T., Sigurdardottir, S.J., Helgason, J., Miilunpalo, S., 2000. A survey of health and physical activity in Iceland. Medicine & Science in Sports & Exercise.
26) Steptoe A, Butler N., 1996. Sports participation and emotional wellbeing in adolescents. Lancet.
27) Armstrong, N., 1997. Young people and physical activity. Champaign III, Huma Kinetics.
28) Inga Þórsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir, 2006. Hvað borða íslensk börn og unglingar? Könnun á mataræði 9 og 15 ára barna og unglinga 2003–2004. Rannsóknarstofa í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús.
29) Laufey Steingrímsdóttir, Hólmfríður Þorgeirsdóttir, Anna Sigríður Ólafsdóttir, 2002. Hvað borða Íslendingar? Könnun á mataræði Íslendinga 2002. Helstu niðurstöður. Rannsóknir Manneldisráðs Íslands III. Reykjavík.
30) Inga Þórsdóttir o.fl., 2005. Ann Nutr. Metab. Fruit and intake of 11 years-old schoolchildren in nine European countries: The Pro Children cross-sectional survey.
31) Inga Þórsdóttir o.fl., 2005. Ann Nutr. Metab. Fruit and intake of mothers of 11 years-old school children in nine European countries: The Pro Children cross-sectional survey.
32) WHO, 2002a. The European Health Report 2002. WHO Regional Publications European Series, No. 97.
33) WHO, The European health report 2005. Public health action for healthier children and populations.
34) Hólmfríður Þorgeirsdóttir, Laufey Steingrímsdóttir, Örn Ólafsson, Vilmundur Guðnason, 2001. Þróun ofþyngdar og offitu meðal 45–64 ára Reykvíkinga á árunum 1975–1994. Læknablaðið.
35) Gry Skjæveland, 2004. Meistararitgerð í íþróttafræðum. Sammenheng mellom overvekt og kardiorespiratorisk form hos 15-åringer på Island – samt medbestemmende variabler på overvekt. Hovedfagsoppgave, Norges Idrettshøgskole.
36) Ludvig Guðmundsson, 2005. Endurhæfing ofþungra. Reykjalundur.
37) Stefán Hrafn Jónsson, 2006. Könnun í leikskólum og grunnskólum. Lýðheilsustöð.
38) Sigrún Ólöf Ingólfsdóttir og Helga Kristín Olsen, 2005. Þáttaka 6–8 ára barna í hverfi heilsuleikskólans Urðarhóls í íþróttum. Rannsókn til B.Ed. prófs í KHÍ.
39) Ingibjörg Sumarliðadóttir, 2005. Hreyfifærni 5–6 ára barna í Kópavogi. Lokaritgerð til BS prófs í KHÍ.
40) Náttúruleikskólinn Hvar, www.obradgjof.is og www.natturuleikskolinn.is
41) Leikskólinn Reynisholt, www.leikskolar.is/leikskolar/displayer.asp?cat_id=939
42) Samtal við Anton Bjarnason íþróttakennara.
43) Laufey Steingrímsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, 2006. Allt hefur áhrif, einkum við sjálf. Stöðumat í upphafi verkefnis. Lýðheilsustöð.

44) Sn-Ráðgjöf, 2004. Úttekt á starfsemi framleiðslueldhúsa í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
45) Gunnarsson BS, 2000. Research on Dietary Intake of Icelandic 2-Year-Old Children. University of Iceland, thesis.
46) Aðalnámskrá grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt, 1999.
47) Halla Karen Kristjánsdóttir íþróttakennari og Anton Bjarnason íþróttakennari.
48) Sonja Sif Jóhannsdóttir, 1999. Íþróttakennaranám á krossgötum. Lokaritgerð frá Íþróttakennaraskólanum á Laugavatni.
49) Hellas, Oddrun, sept. 2005. Outdoor learning. Erindi flutt og dreift á fundi á vegum KHÍ á Laugarvatni.
50) Hanson, Lars A., 2004. Immunology of Human Milk. How Breastfeeding Protects Babies. Amarillo, Texas: Pharmasoft Publishing.
51) Pederson BK. Saltin B., 2006. Evidence for Prescribing exercise as therapy in chronic disease. Scand J Med Sci Sports.
52) Ríkisskattstjóri 2004.
53) Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1994. Um gildi íþrótta fyrir íslensk ungmenni. Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
54) Kemm, J. o.fl., 2004. Health Impact Assessment. Oxford university press.
55) Lawrence, D. o.fl., 2005. Linking Objectively Measured Physical Activity with Objectively Measured Urban Form. Og: Obesity Relationship with Community Design, Physical Activity, and time spent in Cars. University of British Columbia.
56) Samgönguskipulag í Reykjavík. Skýrsla unnin af verkfræðistofunni Hönnun fyrir Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar.
57) Reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.
58) Sigríður Jónsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, september 2005. Viðhorfskannanir meðal eldri borgara í Laugardal.
59) Tækni & Vísindi, Morgunblaðið, maí 2006. Og: www.food.gov.uk/multimedia/pdf/fsa 060303a.pdf. Og: www.food.gov.uk/multimedia/pdfs/fsa060303.pdf
60) Menntamálaráðuneytið, 2005. Íþróttakennsla í grunnskólum 03- 04.
61) WHO, 2003. Diet, nutrition and the prevention of chronic diseases. World Health Organization Technical Report Series 916. World Helath Organization, Genf.
62) The European Heart Network, 2005. Markaðssetning óhollrar fæðu sem beint er að börnum í Evópu. Skýrsla um 1. áfanga verkefnisins „Börn, offita og tengdir langvinnir sjúkdómar sem má forðast".
63) www.dh.gov.uk/PublicationsAndStatistics/Publications/PublicationsPolicyAndGuidance/PublicationsPolicyAndGuidanceArticle/fs/en?CONTENT_ID=4094550&chk=aN5Cor
64) Hagstofan. Sótt á vef Hagstofunnar, www.hagstofan.is
65) Janus Friðrik Guðlaugsson, október 2005. Líkams- og heilsuræktarþjálfun aldraðra. Samanburður á ólíkum þjálfunaraðferðum. Meistaraprófsverkefni.
66) Íþróttablaðið 1992.
67) Ómar Einarsson, 2005. Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar.
68) Ómar Einarsson, 2005. Aðsókn að sundstöðum Reykjavíkur. Íþrótta- og tómstundaráð.

*Eftirtaldir aðilar/samtök/stofnanir komu á fund hjá faghópnum:*

Allt hefur áhrif – einkum við sjálf, samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar og 25 sveitarfélaga. *Jórlaug Heimisdóttir* verkefnastjóri hjá Lýðheilsustöð.

Lýðheilsustöð (manneldisráð). *Hólmfríður Þorgeirsdóttir* kynnti niðurstöður ráðstefnunnar „Part of the solution" (tekist á við offituvandann) sem hún sótti í Danmörku dagana 10.–11. nóvember 2005.

Íþróttakennaraháskólinn á Laugarvatni. *Erlingur Jóhannsson* skólastjóri, *Sigurbjörn Árni Arngrímsson* og *Þórarinn Sveinsson* kynntu niðurstöður úr könnun sinni um lífsstíl 9 og 15 ára Íslendinga sem er þverfaglegt samstarfsverkefni og framkvæmt í sex öðrum löndum. Könnunin var framkvæmd 2003–2004.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri, *Andri Stefánsson* sviðsstjóri fræðslusviðs og *Jóna Hildur Bjarnadóttir* sviðsstjóri almenningsíþróttasviðs kynntu sambandið, starfsemina og þau verkefni sem eru fram undan.

Miðstöð heilsuverndar barna. *Geir Gunnlaugsson* forstöðumaður og *Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir* sviðsstjóri á skólasviði.

Samtök iðnaðarins. *Jón Steindór Valdimarsson* aðstoðarframkvæmdastjóri og *Ragnheiður Héðinsdóttir* matvælafræðingur. Verðstýring, matvælaeftirlit, merkingar og fleira.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar. *Ellý K. Guðmundsdóttir* sviðsstjóri, *Árný Sigurðardóttir* forstöðumaður heilbrigðiseftirlits og vöktunar, *Hjalti J. Guðmundsson* framkvæmdastjóri Staðardagskrár 21. Göngu- og hjólabrautir, sjálfbær þróun, opin leiksvæði.

Skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar. *Dagur B. Eggertsson* læknir og formaður skipulagsnefndar. Græn svæði og útivistarsvæði í grunnskipulagi.

Áhrif matvælaauglýsinga sem beinast að börnum og ungmennum. *Vilmundur Guðnason* forstöðumaður Hjartaverndar. Alþjóðlegt verkefni á vegum *European Heart Network.*

Samtök íslenskra auglýsingastofa (SÍA). *Ingólfur Hjörleifsson* framkvæmdastjóri. Er æskilegt að takmarka auglýsingar á óhollum „matvælum" í barnaefni?

Umhverfisstofnun – merkingar á matvælum. *Jóhanna Torfadóttir* og *Brynhildur Briem* á matvælasviði stofnunarinnar, um meginverkefni og hvað matvælasvið getur gert til að stuðla að bættu mataræði þjóðarinnar.

Lýðheilsustöð – *Laufey Steingrímsdóttir* kynnti niðurstöður rannsókna sem gerðar voru í upphafi verkefnisins Allt hefur áhrif, einkum við sjálf. 1) Könnun send til skóla/leikskólastjóra á aðbúnaði í grunnskólum og leikskólum, á stefnu skólanna og skólastarfi. 2) Könnun á högum og lífsháttum barna. 3) Könnun á viðhorfum foreldra og mati þeirra á lífsháttum og líðan barna sinna.

Vinnueftirlitið. Heilsuefling á vinnustað – evrópskt samstarfsnet. Stýrt af Vinnueftirlitinu. *Eyjólfur Sæmundsson* forstjóri, *Berglind Helgadóttir* og *Ása Ásgeirsdóttir.*

Reykjalundur. Meðferð við ofþyngd. Árangur, kostnaður, biðlistar, hvað má betur fara? *Björn Ástmundsson* forstjóri og *Ludvig Guðmundsson* læknir.

Lýðheilsustöð. *Anna Elísabet Ólafsdóttir* forstjóri.

Landlæknir. *Sigurður Guðmundsson.*

Lýðheilsustöð, rannsóknarsvið. *Laufey Steingrímsdóttir* næringarfræðingur og sviðsstjóri rannsóknarsviðs fjallaði um niðurstöður rannsókna.

Fulltrúi menntamálaráðuneytis. *Líney Rut Halldórsdóttir* íþróttafulltrúi ríkisins.

Fulltrúi landbúnaðarráðuneytis. *Níels Árni Lund* skrifstofustjóri.

Fulltrúi fjármálaráðuneytis. *Helga Jónsdóttir* sérfræðingur.

*Formaður faghópsins hitti (ræddi við) eftirtalda aðila:*
* *Aðalbjörn Björnsson* skólastjóri Vopnafjarðarskóla
* *Andrés Guðmundsson* íþróttafrömuður
* *Anton Bjarnason* íþróttakennari
* *Axel Hall* Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
* *Ágústa Johnson* eigandi Hreyfingar
* *Ásdís Sigurðardóttir* formaður Íþróttakennarafélags Íslands
* *Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir* alþingismaður
* *Bjarni Þórarinsson* ráðgjafi hjá ÓB Ráðgjöf
* *Björg Bjarnadóttir* formaður Félags leikskólakennara
* *Björn Leifsson* eigandi Lauga – World Class
* *Brynhildur Briem* næringarfræðingur hjá Umhverfisstofnun
* *Elísa Thorarensen* framkvæmdastjóri Heimilis og skóla
* *Ellert B. Schram* forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands
* *Finnur Árnason* forstjóri Haga
* *Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.* Úttekt á starfsemi framleiðslueldhúsa í grunnskólum
* *Geir Brynjólfsson* sölumaður Herbalife
* *Geir Gunnlaugsson* barnalæknir og forstöðumaður á Miðstöð heilsuverndar barna
* *Geir Sveinsson* skólastjóri Íþróttaakademíunnar á Suðurnesjum
* *Guðjón Bergmann* jógakennari og rithöfundur
* *Guðjón Magnússon* framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofu WHO
* *Guðlaugur Þór Þórðarson* alþingismaður
* *Halldór Þorsteinsson* mótsstjóri Knattspyrnusambands Íslands
* *Hanna S. Hjartardóttir* formaður skólastjórafélags Íslands
* *Helgi Rúnar Óskarsson* eigandi Dale Carnegie á Íslandi
* *Inga Þórsdóttir* næringarfræðingur á rannsóknarstofnun LSH í næringarfræði
* *Janus Guðlaugsson* íþróttakennari, M.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði við KHÍ
* *Jóhanna E. Torfadóttir* næringarfræðingur hjá Umhverfisstofnun
* *Jónas Traustason* íþróttakennari heilsuleikskólanum Urðarhóli
* *Júlía Linda Ómarsdóttir* hjúkrunarfræðingur
* *Kristín Jóhannesdóttir* aðstoðarskólastjóri Fellaskóla
* *Leopold Sveinsson* auglýsingastofunni Argus
* *Magnús Scheving* hjá Latabæ
* *María Kristín Gylfadóttir* formaður Heimilis og skóla
* *Matti Osvald* nuddari og fyrirlesari
* *Ólafur Grétar Gunnarsson* ráðgjafi hjá ÓB Ráðgjöf
* *Ólafur Sæmundsson* næringarfræðingur
* *Ómar Bragi Stefánsson* landsfulltrúi UMFÍ
* *Ómar Einarsson* forstöðumaður Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur
* *Pálmi Hreinsson* íþróttafræðingur og verkefnisstjóri lyfjamála ÍSÍ
* *Sigurður R. Eyjólfsson* fræðslustjóri KSÍ
* *Sigurlaug Einarsdóttir* leikskólastjóri Reynisholti
* *Skólaíþróttanefnd ÍSÍ*
* *Sæmundur Runólfsson* framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands
* *Unnur Guðrún Pálsdóttir* íþróttakennari, sjúkraþjálfari og einkaþjálfari
* *Unnur Stefánsdóttir* leikskólastjóri heilsuleikskólanum Urðarhóli, Kópavogi

* *Þorsteinn Hjartarson* skólastjóri Fellaskóla
* *Þórólfur Þórlindsson* prófessor
* *Þráinn Hafsteinsson* íþróttakennari
* *Þrúður Gunnarsdóttir.* Fjölskyldumeðferð fyrir of feit börn á Barnaspítala Hringsins

LÉTTARA LÍF

Skýrsla faghóps forsætisráðherra um bætt heilbrigði þjóðarinnar var samþykkt á fundi faghópsins þann 11. september 2006.

*Anna Elísabet Ólafsdóttir* forstjóri Lýðheilsustöðvar
*Árni Einarsson* uppeldis- og menntunarfræðingur
*Halla Karen Kristjánsdóttir* íþróttakennari
*Jón Óttar Ragnarsson* næringar- og matvælafræðingur
*Valur Norðri Gunnlaugsson* matvælafræðingur
*Petrína Baldursdóttir* leikskólastjóri
*Sigurbjörn Sveinsson* formaður Læknafélags Íslands
*Sæunn Stefánsdóttir* alþingismaður
*Þorgrímur Þráinsson* rithöfundur og blaðamaður,
formaður og starfsmaður faghópsins

## 1150. Nefndarálit [515. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Í athugasemdum sem fylgdu með þessu frumvarpi segir: „Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru að skýrar er kveðið á um stjórnsýsluhluta laganna. Í núgildandi lögum þykir skorta ítarlegri ákvæði um réttindi og skyldur leyfishafa sem og leyfisveitanda. Með frumvarpinu er stefnt að því að eyða allri hugsanlegri óvissu um réttindi og skyldur aðila. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á eignarrétti kolvetnisauðlinda sem áfram eru, og munu vera, í eigu íslenska ríkisins, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Samkvæmt lögum nr. 13/2001 er iðnaðarráðherra, í samræmi við eignarrétt íslenska ríkisins, leyfisveitandi vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Hins vegar er lagt til að heimilt verði að semja um að handhafi vinnsluleyfis verði eigandi þess kolvetnis sem hann framleiðir.“

Þessi tillaga er í 2. gr. frumvarpsins og það sem í henni felst virðist vera aðalástæðan fyrir því að frumvarpið er flutt. Með þeirri aðferð sem þarna er lögð til breytist sú ótvíræða þjóðareign sem er á kolvetni í séreign við vinnsluna og eigandinn, íslenska þjóðin, tekur í raun alla áhættu af mismunandi rekstri þeirra fyrirtækja sem vinna kolvetni. Þessi aðferð þarfnast gaumgæfilegrar athugunar. Fulltrúar Samfylkingarinnar gerðu tilraunir til þess í nefndarstarfinu að kalla fram upplýsingar um hvernig gjaldtakan yrði þá í raun ákveðin og

settu fram þá skoðun að samræmis yrði að gæta á milli þessa frumvarps og frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem einnig er til meðferðar í nefndinni (542. mál). Um þetta voru skiptar skoðanir og fulltrúar stjórnarflokkanna töldu ekki ástæðu til að samræma meðferð þessara auðlinda. Samfylkingin telur að við meðferð auðlinda í þjóðareign eigi að gilda leiðsögn Auðlindanefndar frá árinu 2000 en á þeirri leiðsögn byggði sú nefnd sem samdi fyrrnefnt mál nr. 542. Vandséð er að sú leið sem er opnuð með 2. gr. frumvarpsins með samningum um skattgreiðslur samræmist stefnumörkun Auðlindanefndar frá árinu 2000. Til þess að endanlega sé hægt að kveða upp úr með það þyrftu að liggja fyrir útfærðar tillögur um þessa aðferð. Slíku var ekki til að dreifa. Galdtaka vegna væntanlegrar nýtingar er á forræði fjármálaráðuneytisins. Á vegum þess er nú vinnuhópur að skoða leiðir til gjaldtöku. Það er ekki hægt að bera saman þau úrræði í þessu efni sem fram koma í 542. máli við reglur sem ekki hafa verið settar.

Þá eru í 5. gr. frumvarpsins allt of víðtækar heimildir til Orkustofnunar til að úthluta svæðum til rannsókna og vinnslu kolvetna án auglýsinga. Gríðarleg verðmæti geta legið í auðlindum á og undir hafsbotni. Rétturinn til að rannsaka þau og nýta getur verið afar mikils virði. Alþingi verður því að gæta mikillar varúðar við framsal valds til ráðstöfunar slíkra verðmæta.

2. minni hluti leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. mars 2007.

Helgi Hjörvar, frsm. Jóhann Ársælsson. Katrín Júlíusdóttir.

# 1151. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Ragnheiði Bragadóttur prófessor, Dorit Otzen frá Hreiðrinu í Kaupmannahöfn, Guðrúnu Jónsdóttur frá Stígamótum, Silju Báru Ómarsdóttur og Guðrúnu Margréti Guðmundsdóttur frá UNIFEM, Sigríði Björnsdóttur frá Blátt áfram, Sigþrúði Guðmundsdóttur frá Samtökum um kvennaathvarf, Margréti Steinarsdóttur frá Kvenréttindafélagi Íslands og Kvennaráðgjöfinni, Eyrúnu Jónsdóttur frá Neyðarmóttöku vegna nauðgana, Katrínu Önnu Guðmundsdóttur frá Femínistafélagi Íslands, Hildi Sverrisdóttur frá V-dags samtökunum, Kristbjörgu Kristjánsdóttur frá Bríeti – félagi ungra femínista, Ingibjörgu Rafnar umboðsmann barna, Braga Guðbrandsson og Hrefnu Friðriksdóttur frá Barnaverndarstofu, Rán Ingvarsdóttur og Petrínu Ásgeirsdóttur frá Barnaheillum, Ragnheiði Harðardóttur og Sigríði Friðjónsdóttur frá embætti ríkissaksóknara og Ásu Ólafsdóttur frá Lögmannafélagi Íslands. Umsagnir bárust um málið frá Kvennaráðgjöfinni, Kvenréttindafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, V-dags samtökunum, UNIFEM, umboðsmanni barna, ríkissaksóknara, Lögmannafélagi Íslands, Tollvarðafélagi Íslands, Útlendingastofnun, Landssambandi lögreglumanna, Dómstólaráði, Blátt áfram, Ríkislögreglustjóranum, Landspítala – háskóla-

sjúkrahúsi, Alþýðusambandi Íslands, Prestafélagi Íslands, Barnaverndarstofu, Samtökum um kvennaathvarf, Jafnréttisstofu, Femínistafélagi Íslands, Bríeti – félagi ungra femínista, Fangelsismálastofnun, Sýslumannafélagi Íslands, Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, refsiréttarnefnd, Öryrkjabandalagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, Barnaheillum og velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Einnig barst nefndinni áskorun frá Kristínu Ingvadóttur og Önnu Kristine Magnúsdóttur og minnisblað frá Ragnheiði Bragadóttur prófessor.

Í frumvarpinu eru lagðar til töluverðar breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Þannig er lagt til að skilgreining á hugtakinu nauðgun verði rýmkuð mjög frá því sem nú er þannig að önnur kynferðisnauðung og misnotkun á bágu andlegu ástandi, sem og það að þolandi geti ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans teljist nauðgun. Þá er lagt til að lögfestar verði lögmæltar refsiþyngingarástæður fyrir nauðgun, svo sem ungur aldur þolanda, og að lögfest verði almennt ákvæði um refsiábyrgð vegna kynferðislegrar áreitni. Eitt af nýmælum frumvarpsins er tillaga um að refsing fyrir samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára verði þyngd þannig að refsimörkin verði þau sömu og fyrir nauðgun. Einnig er lagt til að lögfest verði ákvæði um heimild til refsilækkunar eða refsibrottfalls ef sá sem gerist sekur um samræði eða önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en 14 ára er sjálfur á svipuðum aldri og þroskastigi og barnið. Síðast en ekki síst eru lagðar til tvær veigamiklar breytingar, annars vegar að fyrningarfrestur kynferðisbrota byrji ekki að líða fyrr en brotaþoli er orðinn 18 ára í stað 14 ára eins og nú er, og hins vegar að áskilnaður hegningarlaga um refsinæmi þess að stunda vændi sér til framfærslu falli niður.

Nefndin fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og telur þær horfa til mikilla réttarbóta fyrir þolendur kynferðisbrota. Nefndin ræddi einstök ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Þau atriði sem komu til hvað mestrar skoðunar voru fyrningarfrestur kynferðisbrota, refsinæmi vændiskaupa og kynferðislegur lágmarksaldur. Einnig ræddu nefndarmenn um skilgreiningu á hugtakinu nauðgun og hvort samræma ætti 8.–10. gr. frumvarpsins, sem breyta 200., 201. og 202. gr. almennra hegningarlaga um kynferðisbrot gegn börnum, þannig að sama refsing væri fyrir brot gegn öllum framangreindum ákvæðum.

Nefndin ræddi þrjár leiðir varðandi fyrningarreglu 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Í fyrsta lagi þá leið sem farin er í 1. gr. frumvarpsins að miða fyrningarfrest við þann dag þegar brotaþoli nær 18 ára aldri í stað 14 ára aldurs eins og gert er í gildandi lögum. Þannig mundu alvarlegustu kynferðisbrotin sem tilgreind eru í núgildandi 194.–202. gr. almennra hegningarlaga sem framin eru gegn börnum eigi fyrnast fyrr en að liðnum 15 árum eftir 18. afmælisdag brotaþola, eða þegar hann nær 33 ára aldri. Í öðru lagi þá leið sem umboðsmaður barna lagði til í umsögn sinni að fyrningarfrestur allra kynferðisbrota gegn börnum væri í 15 ár frá 18 ára afmælisdegi þeirra óháð alvarleika brotanna og í þriðja lagi þá leið sem áður hefur verið lögð í sérstöku frumvarpi að brotin verði ófyrnanleg.

Nefndin telur þá leið sem lögð er til í frumvarpinu mikið framfaraskref. Kynferðisbrot gegn börnum eru meðal alvarlegustu glæpa sem framdir eru. Nefndin telur hins vegar ekki rétt að fara þá leið að láta öll kynferðisbrot gegn börnum lúta sama fyrningarfresti með þeim rökum að þótt öll kynferðisbrot gegn börnum séu ógeðfelld eru þau þó misalvarleg. Þrátt fyrir þá meginreglu almennra hegningarlaga að eingöngu brot sem varða hámarksrefsingu geti talist ófyrnanleg telur nefndin rétt að stíga það skref að gera alvarlegustu kynferðisbrot gegn börnum ófyrnanleg. Þolendur brotanna eiga að jafnaði erfitt með að koma fram og greina frá því ofbeldi sem þeir hafa þurft að þola í því skyni að leita sér hjálpar og eru oft ekki færir um það fyrr en mörgum árum eða jafnvel áratugum eftir að ofbeldinu linnir. Jafnvel þótt fyrningin hefjist ekki fyrr en við 18 ára aldur er ekki með öllu tryggt að komið

sé til móts við þessi sjónarmið. Því leggur nefndin til breytingu þess efnis að sök fyrir brot gegn ákvæðum 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. laganna verði ófyrnanleg. Fyrningarfrestur vegna brota gegn öðrum ákvæðum kynferðisbrotakafla hegningarlaganna byrji hins vegar að líða við 18 ára aldur brotaþola. Með breytingunni er tekið tillit til sérstöðu réttarstöðu barna sem verða fyrir grófu kynferðisofbeldi. Í þessu sambandi bendir nefndin á að á árinu 1997 lagði fyrrverandi umboðsmaður barna það til við þáverandi dómsmálaráðherra að tekið yrði upp ákvæði í almenn hegningarlög um að kynferðisbrot gegn börnum fyrndust ekki. Börn hefðu eðlilega ekki sömu hæfileika til að gera sér grein fyrir aðstæðum eða átta sig á því að um refsivert athæfi hefði verið að ræða þegar þau voru beitt kynferðislegri misnotkun og hefðu oft enga möguleika á að kæra brot innan þess fyrningarfrests sem gilti samkvæmt lögum. Nefndin bendir á að sönnun í kynferðisbrotamálum hefur hingað til verið erfið og verður erfið áfram þrátt fyrir afnám fyrningarfrests á grófustu brotunum gegn börnum. Sönnunarbyrðin verður eftir sem áður í höndum ákæruvaldsins sem metur hvort fram komnar upplýsingar séu nægilegar eða líklegar til sakfellis.

Nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar ákvæði 2. gr. frumvarpsins sem rýmkar verulega ákvæði núgildandi 194. gr. almennra hegningarlaga um nauðgun og fellir einnig undir það ólögmæta kynferðisnauðung skv. 195. gr. núgildandi laga og misneytingu skv. 196. gr. þeirra. Nefndin fagnar því að með breytingunni verður minni áhersla lögð á ofbeldisþátt nauðgunar. Nefndin velti því hins vegar fyrir sér hvort það væri nægilega tryggt með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu að sú háttsemi að notfæra sér aðstöðumun, sem hingað til hefði verið heimfærð undir 195. gr. laganna, væri refsiverð, þ.e. hvort hugtakið hótun næði fyllilega yfir það sem í réttarframkvæmd hefði verið talið felast í ólögmætri nauðung og hvort með breytingunum væri í raun verið að þrengja verknaðarlýsingu núgildandi ákvæða. Samkvæmt upplýsingum frá Ragnheiði Bragadóttur prófessor fellur háttsemi undir núgildandi 194. gr. ef beitt er ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að hafa kynmök. Undir núgildandi 195. gr. fellur aðferðin „annars konar ólögmæt nauðung“, þ.e. ef beitt er hótunum um eitthvað annað en ofbeldi til þess að koma fram kynmökum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sú háttsemi sem nú fellur undir 195. gr. sem ólögmæt kynferðisnauðung muni eftir samþykkt þess falla undir 194. gr. sem nauðgun. Í stað orðalagsins „ofbeldi eða hótun um ofbeldi“ í núgildandi 194. gr. kemur „ofbeldi eða hótunum“ skv. 2. gr. frumvarpsins og þar undir falla allar hótanir. Þau tilvik sem hingað til hafa verið dæmd sem brot gegn 195. gr. mætti kalla að notfæra sér aðstöðumun. Þó hefur alltaf orðið að felast einhvers konar hótun í því, ella hefðu brotin ekki verið felld undir 195. gr. Í bók Jónatans Þórmundssonar *Afbrot og refsiábyrgð I* segir á bls. 66 að hótun geti verið efnisþáttur í ýmiss konar nauðung, þar á meðal refsiverðum nauðungarbrotum. Hótun sé þá verknaðaraðferð sem beinist að því að ná tilteknu markmiði eða árangri. Nauðung sé ólögmæt og í mörgum tilvikum refsiverð afleiðing af beitingu slíkrar aðferðar. Nefndin fellst á þessi sjónarmið. Með hliðsjón af meginreglunni um að refsiákvæði þurfi að vera skýr og til að taka af allan vafa í þessum efnum leggur nefndin engu að síður til að verknaðarlýsing 2. gr. frumvarpsins verði svofelld: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun ...“

Nefndin fagnar sérstaklega þeirri refsiþyngingarreglu sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins og verður að 195. gr. almennra hegningarlaga. Þar er lagt til að það verði virt til þyngingar refsingar fyrir brot gegn 194. gr. laganna ef þolandi nauðgunar samkvæmt henni er barn yngra en 18 ára, ef ofbeldi geranda er stórfellt og ef brot er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt.

Í 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á ákvæði 197. gr. almennra hegningarlaga um refsiábyrgð starfsmanna á tilteknum stofnunum vegna samræðis eða annarra kynferðismaka við vistmenn á stofnununum. Nefndin ræddi sérstaklega hvort bæta þyrfti þjónustustofnunum fyrir fatlaða einstaklinga inn í upptalninguna, það að refsivernd ákvæðisins eins og það er sett fram í frumvarpinu einskorðaðist við vistmenn stofnana og tæki því t.d. ekki til andlega fatlaðs fólks sem starfaði daglangt á þjónustustofnunum, og einnig hvort meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga á vegum einkaaðila gætu fallið undir ákvæði greinarinnar. Nefndin bendir í þessu sambandi á að ákvæðið á fyrst og fremst við stofnanir þar sem menn vistast gegn vilja sínum eða þurfa á sérstakri umönnun að halda. Hvað varðar þær aðstæður þegar fatlað fólk er þjónustuþegar á sólarhringsstofnun eða heimili bendir nefndin á að það býr að vissu marki við aðrar aðstæður en það andlega fatlaða fólk sem getur þó sinnt vinnu að einhverju marki, t.d. á þjónustustofnunum. Refsivernd samkvæmt öðrum ákvæðum hegningarlaga tekur að sjálfsögðu til þess fólks eins og annarra. Nefndin bendir einnig á að upptalning stofnana í ákvæðinu er ekki tæmandi, en erfitt er að telja upp á tæmandi hátt allar stofnanir sem nú eru starfræktar og koma til álita eða kunna síðar að verða settar á fót. Því er gert ráð fyrir því í ákvæðinu að aðrar sambærilegar stofnanir geti fallið undir það, sbr. orðalagið „annarri slíkri stofnun“. Við mat á því hvort ýmiss konar þjónustu- og meðferðarstofnanir geti verið slíkar stofnanir þarf að kanna hversu sambærileg viðkomandi stofnun er við þær stofnanir sem beinlínis eru taldar upp í ákvæðinu. Í því sambandi telur nefndin mestu skipta að stofnunin sé þess eðlis að kynferðislegt samband starfsmanns við vistmann sé óheppilegt og óeðlilegt miðað við aðstæður, þar sem starfsmaður og vistmaður eru ekki jafnsettir, með þeim er ekki jafnræði og hætta er því á beinni eða óbeinni misnotkun valds og áhrifa gagnvart vistmanni, eins og segir í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins. Þetta getur einnig átt við um meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga á vegum einkaaðila. Auk þess bendir nefndin á að 198. gr. almennra hegningarlaga geti átt hér við, en þar er m.a. lögð refsing við því að hafa samræði eða önnur kynferðismök við þolanda með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að þolandi er háður geranda fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi. Slíkt trúnaðarsamband yrði væntanlega talið ríkja milli vistmanns og starfsmanns á meðferðarstofnun. Loks áréttar nefndin að bæði 197. og 198. gr. almennra hegningarlaga eru fremur sérhæfð ákvæði þar sem refsing er lögð við því að misnota aðstöðu sína til að ná fram kynmökum. Sé hótunum beitt á 194. gr. laganna um nauðgun við um brotið, en samkvæmt frumvarpinu getur efni hótunar varðað hvað sem er. Lítið þarf til svo að um hótun sé að ræða og getur það að notfæra sér aðstöðumun falið í sér hótun.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að í 199. gr. almennra hegningarlaga verði áskilið að hver sá sem gerist sekur um kynferðislega áreitni skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum. Með frumvarpinu er lagt til að skilgreining hugtaksins kynferðisleg áreitni verði rýmkuð þannig að það taki ekki eingöngu til líkamlegrar snertingar eins og verið hefur heldur einnig til einhliða athafna sem fela í sér stöðugt áreiti. Nefndarmenn ræddu í þessu sambandi um refsimörk ákvæðisins sem lagt er til í frumvarpinu og hvort eðlilegt mætti teljast að kynferðisleg áreitni samkvæmt greininni varðaði allt að 2 ára fangelsisrefsingu en brot gegn blygðunarsemi skv. 209. gr. laganna varðaði sektum eða fangelsi allt að 4 árum. Nefndarmenn vörpuðu því fram hvort kynferðisleg áreitni yrði ekki að teljast alvarlegri háttsemi en brot gegn blygðunarsemi á borð við það þegar maður berar sig fyrir öðrum. Með hliðsjón af því að vægustu brot gegn 209. gr. varða 30 daga til 6 mánaða fangelsi eða sektum (hér er um að ræða svokölluð sérrefsimörk sem gilda ef brot er smávægilegt) sem eru vægari en refsimörk 7. gr.

frumvarpsins telur nefndin að ekki sé þörf á því að svo komnu máli að breyta refsimörkum 199. gr.

Nefndin ræddi um ákvæði 8., 9. og 10. gr. frumvarpsins sem breyta refsilágmörkum 200., 201. og 202. gr. almennra hegningarlaga um samræði, önnur kynferðismök og aðra kynferðislega áreitni gagnvart börnum út frá þeim sjónarmiðum hvort ekki væri eðlilegt að hafa samræmi í refsiramma ákvæðanna. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara er alltaf ákært fyrir það brot sem telst vera alvarlegast þegar um kynferðisbrot gegn börnum er að ræða. Þannig væri ákært fyrir brot gegn bæði 200. og 202. gr. ef maður hefði samræði við barn sitt. Því mun það ekki valda vandkvæðum í framkvæmd þótt refsiramminn í 202. gr. sé að einhverju leyti annar en fyrir brot skv. 200. og 201. gr.

Með hliðsjón af ábendingu frá ríkissaksóknara leggur nefndin til breytingu á ákvæði 9. gr. frumvarpsins sem breytir 201. gr. almennra hegningarlaga þannig að tryggt verði að hún taki til aðstæðna á borð við þær þegar stjúpafi brýtur gegn stjúpbarnabarni sínu. Ákvæðið í núverandi mynd nær ekki til slíkra aðstæðna nema viðkomandi hafi verið sérstaklega trúað fyrir barninu til kennslu eða uppeldis. Brjóti t.d. stjúpafi eða -amma gegn 14 ára stjúpbarnabarni sínu með því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök er verknaðurinn ekki sérstakt brot samkvæmt ákvæðinu í núverandi mynd nema ólögmætri verknaðaraðferð hafi verið beitt við verknaðinn, en þá væri unnt að heimfæra háttsemina undir ákvæði núgildandi 194., 195. eða 196. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæði núgildandi 1. mgr. 202. gr. mundi hins vegar taka til verknaðar gegn barni yngra en 14 ára. Með hliðsjón af því hversu fjölbreytt fjölskyldumynstur getur orðið telur nefndin nauðsynlegt að endurskoða ákvæðið að þessu leyti og leggur til breytingu á því þannig að skilyrðingu um fjölskyldubönd verði bætt inn í ákvæðið til að ná yfir tilvik af því tagi sem vitnað var til.

Nefndin ræddi svokallaðan kynferðislegan lágmarksaldur eða lögaldur sérstaklega. Skv. 202. gr. núgildandi hegningarlaga er hann 14 ár. Það kom hins vegar fram í umsögnum og máli gesta sem komu fyrir nefndina að almennt teldu menn 14 ár of lágan aldur í þessu sambandi. Svo ungt barn væri ekki fært til að ákveða sjálft hvort það hefði mök við lögráða einstakling eða ekki. Sá sem eldri væri hlyti að nota sér þann aðstöðumun sem fælist í auknum þroska og lífsreynslu. Þá vísaði Barnaverndarstofa til nýrrar rannsóknar sem sýndi að ungt fólk á Íslandi byrjaði seinna að lifa kynlífi en áður hefði verið talið og að meira en helmingur svarenda vildi hækka kynferðislegan lágmarksaldur, einkum stúlkur. Barnaverndarstofa taldi að þetta mætti túlka sem ósk stúlkna um frekari vernd í þessum efnum. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og bendir jafnframt á að 15 ár eru algengt aldursviðmið í íslenskri löggjöf. Sakhæfisaldur er 15 ár, barn öðlast stöðu aðila í barnaverndarmáli 15 ára og í vinnulöggjöfinni er eitt meginviðmiðið varðandi vinnu barna 15 ár. Íslensk löggjöf sker sig í raun úr í þessum efnum, en víðast erlendis, t.d. á annars staðar á Norðurlöndum, er kynferðislegur lágmarksaldur miðaður við 15 eða 16 ár. Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til breytingu á ákvæði 10. gr. frumvarpsins sem breytir 202. gr. almennra hegningarlaga þess efnis að kynferðislegur lágmarksaldur verði framvegis miðaður við 15 ár í stað 14 ár eins og verið hefur.

Í 12 gr. frumvarpsins er ákvæði 206. gr. almennra hegningarlaga sem fjallar um vændi breytt á þann veg að það að stunda vændi sér til framfærslu er gert refsilaust. Eftir stendur áskilnaður um að sá sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra skuli sæta fangelsi allt að 4 árum. Nefndin fagnar þessari breytingu og telur eðlilegt að stíga það skref að gera sölu á vændi refsilausa. Vændi er ein birtingarmynd kynferðisofbeldis og þeir sem það stunda gera það að jafnaði af neyð. Miklar umræður spunnust meðal nefndarmanna um það

hvort rétt væri að áskilja það að kaup á vændi væru refsinæm eins og lagt hefur verið til í þingmálum sem áður hafa komið til meðferðar nefndarinnar, svokölluð „sænsk leið“. Sú leið hefur þó þá ótvíræðu annmarka að hún færir vændið af götunum niður í undirheimana og að einhverju leyti yfir á veraldarvefinn og gerir það þannig ósýnilegra. Um leið verður erfiðara að ná til þeirra sem hafa milligöngu um það. Slíkt mundi hafa í för með sér aukningu á eftirliti lögreglu með brotum sem engir kærendur væru að. Nefndin bendir á að vændi er félagslegt vandamál og efast verður um að það verði leyst með refsingum. Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að leggja þá breytingu að gera kaup á vændi refsinæm ekki til að svo komnu máli. Nefndin hvetur hins vegar til þess að fylgst verði með því af hálfu lögreglu og annarra opinberra aðila hversu umfangsmikið vandamál vændi er hér á landi og þeim sem það stunda vísað á þar til bæra aðila sem geta veitt viðeigandi aðstoð og meðferð.

Við meðferð málsins barst nefndinni áskorun um að álykta um þörfina á því að dómstólar nýttu þann refsiramma sem fyrir hendi væri í nauðgunarmálum betur. Þetta sjónarmið fékk allnokkurn hljómgrunn í nefndinni og hjá mörgum gestum. Undanfarið hefur gætt tilhneigingar hjá dómstólum að þyngja refsingar í þessum málum og nefndin fagnar þeirri þróun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Sigurjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón Ólafur Jónsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 17. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Guðjón Ólafur Jónsson, með fyrirvara. | Ágúst Ólafur Ágústsson. |
| Björgvin G. Sigurðsson. | Birgir Ármannsson. | Guðrún Ögmundsdóttir. |
| Kjartan Ólafsson. | | Sigurður Kári Kristjánsson. |

## 1152. Breytingartillögur [20. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við frumvarpið bætist ný grein sem verði 1. gr. og orðist svo:
   Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðast svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 18 ára aldri.

2. 1. gr. orðist svo:
   Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo: Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 197. gr, 198. gr., 199. gr., 2.–3. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr., 202. gr. og 218. gr. a telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 18 ára aldri.
3. Við 2. gr. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum.
4. Við 9. gr. bætist nýr stafliður, sem verði a-liður, svohljóðandi:
   a. 1. mgr. orðast svo:
      Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg eða barn, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.
5. Við 10. gr. a-liður orðist svo: Í stað orðanna „14 ára“ í 1. mgr. kemur: 15 ára, og í stað orðanna „allt að 12 árum“ í sömu málsgrein kemur: ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum.

## 1153. Nefndarálit [669. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Meginákersla og markmið Samfylkingarinnar er að stuðningur við landbúnað nýtist bændum og íslenskum neytendum, skapi framþróun í greininni og sé árangursríkur stuðningur við atvinnulíf á andsbyggðinni. Samningur sá milli ríkis og Bændasamtaka Íslands frá 25. janúar sl., um starfsskilyrði sauðfjárræktar, sem er grundvöllur þessa frumvarps nær ekki markmiðum um aðlögun greinarinnar að innlendum markaði né um nýbreytni í atvinnumálum dreifbýlisins og skilur bændur eftir í óvissu um kjör sín þegar útflutningsskyldu verður aflétt árið 2009. Ekki verður séð að markaðsstarf erlendis skili bændum tekjum fyrir framleiðslu sína og útflutningur því hvorki til hagsbóta fyrir bændur né neytendur.

Samfylkingin styður beinan stuðning við landbúnað en gerir skýra kröfu um árangur, til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Stuðningurinn verður að skila sér í góðri afkomu bænda og lágu verði til neytenda. Þau markmið vill Samfylkingin tryggja með gerð slíkra samninga.

Rétt hefði verið við gerð samningsins að stíga frekari skref í átt að óframleiðslutengdum stuðningi við búvöruframleiðslu og gerð samninga um nýsköpun í atvinnustarfsemi í dreifbýli landsins.

Markmiðsgreinar frumvarpsins eru jákvæðar en stangast á innbyrðis. Til dæmis er vandséð hvernig það fer saman að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein á sama tíma og offramleiðsla er í greininni fyrir íslenskan markað og erlendir markaðir skila ekki viðunandi verði

fyrir framleiðendur. Hvernig á að efla markaðsvitund innan greinar sem er jafn framleiðslustýrð og samningurinn ber vitni um? Hvernig á að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar þegar útflutningsskyldu hefur verið aflétt án þess að framleiðslan minnki? Og hvernig er þá fyrirhugað að tryggja sauðfjárbændum viðunandi afkomu? Engar áætlanir eru uppi um hvernig upplýsingar um árangur gæðastýringar í sauðfjárrækt og um uppruna afurðarinnar eiga að berast til neytenda sem er þó neytendum áhuga- og hagsmunamál. Engin ákvæði eru í samningnum um stuðning við nýmæli í landbúnaðarframleiðslu né þróun heimagerða afurða sem bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn sækjast þó eftir.

Niðurfelling útflutningsskyldu er jákvæðasta ákvæði þessa samnings fyrir íslenska neytendur en skapar um leið óvissu fyrir framleiðendur. Þeirri óvissu þarf að létta án þess að skapa hættu á verðhækkun á innanlandsmarkaði.

Ámælisvert er að verið er að binda hendur tveggja næstu ríkisstjórna þrátt fyrir að samningurinn eiga ekki að ganga í gildi fyrr en átta mánuðum eftir að ný ríkisstjórn tekur við völdum. Landbúnaðarnefnd kom ekkert að málum á vinnslustigi samningsins, engin umræða var í nefndinni um markmið með samningnum eða útfærslur hans.

Alþingi, 13. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Anna Kristín Gunnarsdóttir, frsm. | Einar Már Sigurðarson. | Jóhann Ársælsson. |

## 1154. Svar [337. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um opinber störf á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin orðast svo:

1. *Hvað hurfu mörg opinber störf af landsbyggðinni á árunum 1995–2000 annars vegar og 2001–2005 hins vegar, skipt eftir gömlu kjördæmunum? Hve mörg opinber störf voru flutt til sömu svæða á sömu tímabilum?*
2. *Hvað hurfu mörg opinber störf frá a) Ísafirði, b) Akureyri og c) Egilsstöðum á sömu tímabilum og hve mörg opinber störf voru flutt þangað?*

Ráðuneytið fór þess á leit við Byggðastofnun að afla umbeðinna upplýsinga og byggir ráðuneytið svar sitt á upplýsingum sem bárust frá stofnuninni, sbr. eftirfarandi töflur.

**Breyting í störfum á vegum ríkisins og stofnana þess 1995 til 2000.**

| | Vesturland | Vestfirðir | Norðurland vestra | Norðurland eystra | Austurland | Suðurland | Suðurnes | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneytið | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **0** |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 0 | 2 | 0 | -1 | 0 | 4 | 0 | **5** |
| Félagsmálaráðuneytið | 25,1 | 10,7 | 17,7 | 30,2 | 6 | 8 | 89,8 | **187,5** |
| Fjármálaráðuneytið | 1 | -1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | **1** |
| Hagstofa Íslands | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **0** |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið* | | | | | | | | |
| Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið | 0 | -1 | 7 | -3 | -1 | 0 | 0 | **2** |
| Landbúnaðarráðuneytið | 4 | 0,5 | 2,5 | -1 | 2 | 77 | 0 | **85** |
| Menntamálaráðuneytið | 8,8 | -2,5 | 0,3 | 56,4 | 4,6 | 3,6 | 9 | **80,2** |
| Samgönguráðuneytið | -2,66 | -2,94 | 4,27 | 1,57 | 4,7 | -2,23 | 17 | **19,71** |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 0,5 | 0 | 0 | 0,5 | -1 | -1 | 0 | **-1** |
| Umhverfisráðuneytið | 30 | 1,8 | 0 | 7 | 1 | 0 | 0 | **39,8** |
| Utanríkisráðuneytið | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **0** |
| **Samtals** | **66,74** | **7,56** | **31,77** | **90,67** | **17,3** | **89,37** | **115,8** | **419,21** |

**Breyting í störfum á vegum ríkisins og stofnana þess 2001 til 2005.**

| | Vesturland | Vestfirðir | Norðurland vestra | Norðurland eystra | Austurland | Suðurland | Suðurnes | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneytið | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 0,5 | -2,4 | 2 | 2,5 | 4 | 4,25 | 0 | 10,85 |
| Félagsmálaráðuneytið | -2,6 | -1,7 | 10,6 | 14,7 | 1,3 | 25,8 | 61,4 | 109,5 |
| Fjármálaráðuneytið | 3 | -1 | 0 | 9 | -1 | 0 | 0 | 10 |
| Hagstofa Íslands | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið* | | | | | | | | |
| Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið | 0 | 1 | 12 | 10,5 | -1 | 0 | 0 | 22,5 |
| Landbúnaðarráðuneytið | 12 | 2 | 0 | -1 | 1 | 83,5 | 0 | 97,5 |
| Menntamálaráðuneytið | 64,3 | 7,4 | 4,5 | 81,9 | 5,4 | 12,9 | 43,4 | 219,8 |
| Samgönguráðuneytið | -4,97 | -5,42 | 3,09 | -14,52 | -3,35 | 1,18 | -14 | -37,99 |
| Sjávarútvegsráðuneytið | | 3,5 | | 2 | 3 | 3 | 0,5 | 12 |
| Umhverfisráðuneytið | 2 | 0,6 | -3,1 | 5,7 | 2,1 | 0,7 | -0,2 | 7,8 |
| Utanríkisráðuneytið | 0 | -5 | 0 | 0 | -10 | 0 | 0 | -15 |
| **Samtals** | **74,23** | **-1,02** | **29,09** | **110,78** | **1,45** | **131,33** | **91,1** | **436,96** |

**a) Ísafjörður**

| | **Breyting í störfum á vegum ríkisins og stofnana þess 1995 til 2000.** | **Breyting í störfum á vegum ríkisins og stofnana þess 2001 til 2005.** |
|---|---|---|
| Forsætisráðuneytið | 0 | 0 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 2 | -2,4 |
| Félagsmálaráðuneytið | 4 | 0,8 |
| Fjármálaráðuneytið | -1 | -1 |
| Hagstofa Íslands | 0 | 0 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið* | | |
| Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið | -1 | 0 |
| Landbúnaðarráðuneytið | -1 | 0 |
| Menntamálaráðuneytið | -2,5 | 6,4 |
| Samgönguráðuneytið | 2,2 | 0,4 |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 1,5 | 1,5 |
| Umhverfisráðuneytið | 1,5 | 1 |
| Utanríkisráðuneytið | 0 | 0 |
| **Samtals** | **5,7** | **6,7** |

**b) Akureyri.**

| | Breyting í störfum á vegum ríkisins og stofnana þess 1995 til 2000. | Breyting í störfum á vegum ríkisins og stofnana þess 2001 til 2005. |
|---|---|---|
| Forsætisráðuneytið | 0 | 0 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 0 | 0 |
| Félagsmálaráðuneytið | 10,3 | 3,3 |
| Fjármálaráðuneytið | 0 | 9 |
| Hagstofa Íslands | 0 | 0 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið* | - | - |
| Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið | -1 | 10 |
| Landbúnaðarráðuneytið | 1 | 0 |
| Menntamálaráðuneytið | 59,5 | 73,9 |
| Samgönguráðuneytið | 2,5 | -6 |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 2,5 | 2 |
| Umhverfisráðuneytið | 5,5 | 5 |
| Utanríkisráðuneytið | 0 | 0 |
| **Samtals** | **80,3** | **97,2** |

**c) Egilsstaðir.**

| | Breyting í störfum á vegum ríkisins og stofnana þess 1995 til 2000. | Breyting í störfum á vegum ríkisins og stofnana þess 2001 til 2005. |
|---|---|---|
| Forsætisráðuneytið | 0 | 0 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | -1 | 0 |
| Félagsmálaráðuneytið | 3 | 3,1 |
| Fjármálaráðuneytið | 1 | -1 |
| Hagstofa Íslands | 0 | 0 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið* | - | - |
| Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið | -1 | -1 |
| Landbúnaðarráðuneytið | 1 | 1 |
| Menntamálaráðuneytið | -2,5 | 2,9 |
| Samgönguráðuneytið | 0 | 0,5 |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 0 | 0 |
| Umhverfisráðuneytið | 1 | 1 |
| Utanríkisráðuneytið | 0 | 0 |
| **Samtals** | **1,5** | **6,5** |

* Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu reyndist ókleift að svara fyrirspurninni vegna umtalsverðra breytinga á upplýsingakerfum.

Verulegir örðugleikar voru við öflun upplýsinga vegna fyrirspurnarinnar, sér í lagi vegna breytinga á upplýsingakerfum ráðuneytanna á umræddu tímabili. Rétt er að vekja athygli á því að mikill munur er á breytingu á fjölda starfa annars vegar og fjölda ársverka hins vegar.

Fá ráðuneyti svöruðu til um fjölda fluttra starfa til og frá einstökum kjördæmum, því er ekki hægt að birta sundurliðaðar tölur heldur einvörðungu nettótölu um fjölgun eða fækkun. Loks er rétt að hafa í huga að ekki er hægt að fullyrða að svör einstakra ráðuneyta séu fyllilega sambærileg.

# 1155. Svar [586. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um fóðurkostnað í loðdýrabúum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hve mikið fé hefur hið opinbera veitt til þess að ná niður fóðurkostnaði í loðdýrabúum frá og með árinu 2004? Óskað er eftir upplýsingum um hvaða opinberu aðilar veittu féð, sundurgreint eftir árum, verkefnum, aðilum sem hlutu stuðning og fjárhæð.*

Í ágúst 2004 ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir því að á árunum 2004–2008 yrði varið samtals 116 millj. kr. til aðgerða er hefðu það að markmiði að verð á loðdýrafóðri hér á landi lækki og verði hliðstætt því sem gerist í samkeppnislöndunum. Sérstök nefnd skipuð fulltrúum frá samtökum loðdýrabænda og landbúnaðarráðuneyti hefur annast þetta verkefni. Í upphafi starfsins setti nefndin sér það markmið að koma verði á loðdýrafóðri hér á landi niður í 17,00 kr./kg sem þá var meðalverð fóðurs annars staðar á Norðurlöndum.

Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga að hér er ekki um að ræða niðurgreiðslu á verði loðdýrafóðurs eins og lengi tíðkaðist hér á landi heldur aðgerðir sem vonast er til að haft geti varanleg áhrif til lækkunar á verði loðdýrafóðurs. Aðgerðirnar hafa því fyrst og fremst beinst að verkefnum sem haft geta slík áhrif og þannig stuðlað að jafnari stöðu meðal loðdýrabænda hvað snertir fóðurverð. Fóðurstöðvarnar hafa því orðið að sækja um til ákveðinna verkefna gegn hagræðingu og lækkun til bænda.

**Ráðstöfun fjármagns til eflingar loðdýrarækt árin 2004–1. febrúar 2007.**

**I. Almennar aðgerðir:**

***A. Vegna uppgreiðslu á hluta lána fóðurstöðvanna hjá Lánasjóði landbúnaðarins og fjárhagslegrar endurskipulagningar:***

| | | |
|---|---|---|
| Fóðurstöð Kaupfélags Skagfirðinga | 17.000.000 kr. | |
| Fóðurstöð Suðurlands | 24.689.690 kr. | |
| Quality ehf. | 3.200.000 kr. | |
| Fóðurflutningar ehf. | 2.349.000 kr. | |
| Eldisfóður ehf. | 3.648.523 kr. | |
| Dalsbú ehf. | 2.121.285 kr. | |
| Loðdýrabúið Ásgerði | 1.720.872 kr. | 54.729.370 kr.* |
| ***B. Vegna hagræðingarverkefna:*** | | |
| Loðdýrabúið Klettabrekku | 944.000 kr. | |
| Eldisfóður ehf | 2.000.000 kr. | |
| Fóðurstöð Kf. Skagfirðinga | 3.000.000 kr. | 5.944.000 kr. |

*Samhliða þessu felldi Lánasjóður landbúnaðarins niður skuldir að fjárhæð 29.833.367 kr.

**II. Til hagræðingarverkefna gegn skuldbindingu um tiltekna lækkun á fóðurverði til bænda:**

| | | |
|---|---|---|
| Eldisfóður ehf. | 4.537.500 kr. | |
| Fóðurstöð Suðurlands | 6.500.000 kr. | |
| Fóðurstöð Kf. Skagfirðinga | 13.000.000 kr. | 24.037.500 kr. |
| | | **Samtals 84.710.870 kr.** |

**Framleitt magn fóðurs 2006, fjöldi viðskiptamanna hjá fóðurstöðvunum, fóðurverð við upphaf verkefnisins og áætlað fóðurverð 2007, kr./kg.**

| | Framl. magn 2006 tonn | Fjöldi bænda í viðskiptum | Verð við upphaf verkefnis | Áætlað verð 2007 |
|---|---|---|---|---|
| Fóðurstöð Kf. Skagfirðinga | 2.864 | 12 | 26,40 | 21,50 |
| Fóðurstöð Suðurlands | 1.601 | 4 | 25,46 | 20,80 |
| Eldisfóður Vopnaf. | 940 | 4 | 28,50 | 22.50 |
| Ásgerði* | 530 | 1 | 15,98 | Liggur ekki fyrir |
| Quality* | 572 | 1 | 18,24 | Liggur ekki fyrir |
| Dalsbú* | | 1 | 15,94 | Liggur ekki fyrir |
| Klettabrekka* | 194 | 1 | 20,10 | Liggur ekki fyrir |

*Framleiða fyrir eigin bú.

Samkvæmt upplýsingum frá ráðunaut Bændasamtaka Íslands eru fóðurstöðvar á öllum Norðurlöndunum að boða hækkun á fóðri á árinu 2007. Flest bendir til að fóður til bænda hækki um 10–15% sem þýðir miðað við núverandi gengi íslensku krónunnar 20.00 kr./kg.

# 1156. Nefndarálit [530. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svein Magnússon og Ágúst Geir Ágústsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Irmu Sjöfn Óskarsdóttur frá Biskupsstofu, Halldór Kolbeinsson frá siðfræðinefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss, Reyni Tómas Geirsson frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Þórð Óskarsson og Guðmund Arason frá ART Medica.

Umsagnir um málið hafa borist frá Ingunni Huld Sævarsdóttur, MND-félaginu, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Lífsvernd, Læknafélagi Íslands, Andlegu þjóðarráði Baháía á Íslandi, Krabbameinsfélagi Íslands, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, biskupi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Háskólanum á Akureyri, Lyfjastofnun, Persónuvernd, landlækni, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Siðmennt og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði að nota umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, í því skyni að afla þekkingar í líf- og læknisfræði eða til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma.

Ýmis siðferðileg álitaefni voru rædd í nefndinni í tengslum við meðferð þessa máls.

Nefndin leggur m.a. til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður þar sem kveðið verði á um að ráðherra sé heimilt að binda leyfi heilbrigðisstofnana til að framkvæma tæknifrjóvgun sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofa, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu. Með þessari breytingu er gætt samræmis við 2. gr. frumvarps þessa.
2. Lagt er til að við lögin bætist bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið verði á um að þau skuli endurskoðuð fyrir 1. janúar 2008. Nefndin telur brýnt að lögin verði tekin til heildarendurskoðunar þar sem m.a. verði farið yfir ákvæði laganna um tæknifrjóvgun með tilliti

til möguleika einstæðra kvenna og kvenna með sérstæða sjúkdóma til að gangast undir tæknifrjóvgunaraðgerð. Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að endurskoða ákvæði laganna um eftirlit og skilyrði en fyrir liggja álitsgerðir sérfræðinga og skýrsla frá umboðsmanni barna sem styðjast mætti við í því skyni.

Valdimar L. Friðriksson áheyrnarfulltrúi nefndarinnar er samþykkur áliti þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, form., frsm. | Guðjón Hjörleifsson. | Ásta R. Jóhannesdóttir. |
| Guðrún Ögmundsdóttir. | Pétur H. Blöndal. | Kristján L. Möller. |
| Gunnar Örlygsson. | Sæunn Stefánsdóttir. | Þuríður Backman, með fyrirvara. |

## 1157. Breytingartillögur [530. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Við bætist nýr liður er verði a-liður, svohljóðandi: Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að binda slíkt leyfi sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu.
   b. Í stað orðsins „rannsóknarstofnunar“ í 2. efnismálsl. komi: rannsóknastofu.
2. Á eftir orðunum „afturkallað samþykki sitt“ í 2. efnismgr. 3. gr. komi: skv. 5. mgr.
3. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
   Endurskoða skal lög þessi fyrir 1. janúar 2008.

# 1158. Nefndarálit [588. mál]

um frv. til l. um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svanhvíti Axelsdóttur og Helgu Haraldsdóttur frá samgönguráðuneyti, Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og Ernu Hauksdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Umsagnir um málið hafa borist frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Reykjavíkurborg, ríkissaksóknara, Samtökum verslunar og þjónustu, Siglingastofnun Íslands, Lýðheilsustöð, Samtökum ferðaþjónustunnar, Hallgrími S. Sveinssyni, tollstjóranum í Reykjavík, Vinnueftirlitinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi lögreglumanna, ríkislögreglustjóra og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi lög um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, V. og VIII. kafla áfengislaga, nr. 75/1998, og lög um heimild til að marka skemmtunum og samkomum tíma, nr. 120/1947. Megintilgangur frumvarpsins er að einfalda leyfisveitingar til reksturs veitinga- og gististaða og draga úr þeim fjölda leyfa, gagna og umsagna sem umsækjendur þurfa nú að afla til að hefja slíkan rekstur.

Töluverð umræða varð í nefndinni um 17. gr. frumvarpsins um tækifærisleyfi. Nefndin áréttar að umrætt ákvæði gildi einungis um skemmtanir og atburði sem fara fram utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni. Undir ákvæðið falla því ekki atburðir og skemmtanir á vegum sveitarfélaga, t.d. bæjarhátíðir og æskulýðs- og íþróttahátíðir sem ekki eru haldnar í atvinnuskyni, en í slíkum tilvikum er aðgangur ekki seldur að skemmtun eða atburði.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Á 2. mgr. 3. gr., 4. mgr. 7. gr., 5. mgr. 18. gr., 4. mgr. 21. gr. og í síðari málslið ákvæðis til bráðabirgða I. eru lagðar til orðalagsbreytingar.
2. Lagt er til að á eftir orðinu „persónuvernd“ í 4. mgr. 9. gr. komi „og meðferð persónuupplýsinga“ í samræmi við fullt heiti laganna.
3. Lagt er til að í 4. tölul. 3. mgr. 17. gr. verði tiltekið að sá sem standi fyrir skemmtun greiði kostnað af ráðstöfunum sem lögreglustjóri ákveður í samráði við umsækjanda. Eðlilegt þykir að lögreglustjóri hafi samráð við umsækjanda í slíkum tilvikum enda geta slíkar ráðstafanir lögreglustjóra verið annað en löggæsla.
4. Í síðari málsl. 1. mgr. 18. gr. er kveðið á um að tímabundin áfengisleyfi verði eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftar en fjórum sinnum ár hvert vegna sama staðar. Lögð er til sú breyting að í stað orðalagsins: „almennt ekki oftar en fjórum sinnum ár hvert“ komi „almennt ekki oftar en tólf sinnum ár hvert“. Nefndin tekur undir framkomnar athugasemdir í umsögnum sem nefndinni hafa borist um að hugsanlegt sé að ákvæðið eins og það er sett fram geti haft veruleg áhrif á svæðum þar sem ekki er fullnægjandi húsnæði með rekstrarleyfi, en íbúar á svæðinu komi að jafnaði saman oftar en fjórum sinnum á ári sér og öðrum til skemmtunar.
5. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. getur leyfishafi verið einstaklingur eða lögaðili og í viðurlagaákvæði frumvarpsins, þ.e. 22. gr., er m.a. fjallað um refsiábyrgð leyfishafa. Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að á eftir 2. mgr. 22. gr. komi ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að gera megi lögaðila sekt samkvæmt reglum II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. sama ákvæðis.

6. Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að sú tryggingarskylda sem liggur til grundvallar leyfi til áfengisveitinga skv. 14. gr. gildandi áfengislaga, nr. 75/1998, falli niður við gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum. Nefndin leggur til breytingar á framangreindu ákvæði þannig að innheimtumanni ríkissjóðs verði heimilt að fella niður tryggingar sem grundvallast á 14. gr. áfengislaga við gildistöku laganna hafi leyfishafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á því tímamarki. Hafi leyfishafi hins vegar verið úrskurðaður gjaldþrota við gildistöku laganna skal tryggingin halda gildi sínu og skiptastjóri innheimta hana hjá ábyrgðaraðila. Er þessi breyting gerð svo að þeir sem hafa leyfi til sölu og veitingar áfengis beri ekki einir starfsstétta kostnað af ábyrgð sem er skilyrði starfsleyfis þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Guðjón A. Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Anna Kristín Gunnarsdóttir. |
| Kristján L. Möller. | Guðjón Hjörleifsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara. |
| Sigurrós Þorgrímsdóttir. | | Jón Kristjánsson. |

# 1159. Breytingartillögur [588. mál]

við frv. til l. um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Frá samgöngunefnd.

1. Á eftir orðinu „gjaldtöku“ í 2. mgr. 3. gr. komi: vegna.
2. 4. mgr. 7. gr. orðist svo:
   Leyfishafi skal hafa leyfisbréf til leyfisskyldrar starfsemi samkvæmt lögum þessum sýnilegt fyrir viðskiptavinum þar sem leyfisskyld starfsemi fer fram.
3. Á eftir orðinu „persónuvernd“ í 4. mgr. 9. gr. komi: og meðferð persónuupplýsinga.
4. 4. tölul. 3. mgr. 17. gr. orðist svo: að sá sem fyrir skemmtun stendur greiði kostnað af ráðstöfunum sem lögreglustjóri ákveður í samráði við umsækjanda.
5. Við 18. gr.
   a. Í stað orðsins „fjórum“ í síðari málsl. 1. mgr. komi: tólf.
   b. Á eftir orðunum „vegna brota“ í 5. mgr. komi: gegn ákvæði þessu.
6. Í stað orðanna „viðkomandi laga“ í 4. mgr. 21. gr. komi: í lögum skv. 2. mgr.
7. Á eftir 2. mgr. 22. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Gera má lögaðila sekt samkvæmt reglum II. kafla A almennra hegningarlaga fyrir brot gegn 1. og 2. mgr.

8. Við ákvæði til bráðabirgða I. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Að þeim tíma liðnum þarf leyfishafi að sækja um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum.
9. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:
   Innheimtumanni ríkissjóðs er heimilt að fella niður tryggingar sem grundvallast á 14. gr. áfengislaga við gildistöku laga þessara hafi leyfishafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á því tímamarki. Hafi leyfishafi verið úrskurðaður gjaldþrota við gildistöku laga þessara skal tryggingin halda gildi sínu og skiptastjóri innheimta hana hjá ábyrgðaraðila.

## 1160. Breytingartillögur [409. mál]

við frv. til æskulýðslaga.

Frá minni hluta menntamálanefndar (MÁ, EMS, BjörgvS, KolH).

1. Við 10. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum sem 2. gr. tekur til, og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.
2. Við 12. gr. 2. og 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt tilnefningu Æskulýðsráðs, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Félagsfræðingafélags Íslands. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar.

## 1161. Tillaga til þingsályktunar [700. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 15. mars 2007 eða síðar, ef nauðsyn krefur.

# 1162. Frumvarp til laga [701. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
1. Linghao Yi, f. 11. nóvember 1964 í Kína.
2. Sarah Jane R. Locsin, f. 27. ágúst 1992 á Filippseyjum.
3. Yansane Secouna, f. 16. nóvember 1959 í Gíneu.
4. Akiko Hasegawa, f. 20. september 1976 í Japan.
5. Chaiwe Patiswa Langa, f. 12. janúar 1988 í Malaví.
6. Christine Angelika Barbara Opp, f. 8. febrúar 1963 í Þýskalandi.
7. Emil Rein Grétarsson, f. 1. apríl 1991 á Íslandi.
8. Felix Rein Grétarsson, f. 10. janúar 1997 á Íslandi.
9. Freyja Rein Grétarsdóttir, f. 21. júlí 1995 á Íslandi.
10. Halil Hoti, f. 21. október 1936 í Serbíu.
11. Rukie Hoti, f. 16. apríl 1941 í Serbíu.
12. Inácio Pacas da Silva Filho, f. 14. febrúar 1959 í Brasilíu.
13. Orlyn Yngvi Thorvaldsson Torfason, f. 25. janúar 1982 í Kanada.
14. Ramin Sana, f. 9. júlí 1980 í Afganistan.
15. Yana Sana, f. 2. júlí 1983 í Túrkmenistan.
16. Violette Meyssonier, f. 16. júlí 1980 í Frakklandi.
17. Lucia Celeste Molina Sierra, f. 27. nóvember 1985 í Gvatemala.
18. Dóra Karen Drexler, f. 11. nóvember 1964 á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borist 36 umsóknir um ríkisborgararétt á 133. löggjafarþingi en skv. 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 18 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

# 1163. Nefndarálit [574. mál]

um till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010.

Frá samgöngunefnd.

Á fund nefndarinnar komu Ragnhildur Hjaltadóttir, Kristrún Lind Birgisdóttir, Jóhann Guðmundsson og Eiríkur Bjarnason frá samgönguráðuneytinu, Pétur K. Maack og Halla Sigrún Sigurðardóttir frá Flugmálastjórn Íslands, Þorgeir Pálsson frá Flugstoðum, Hermann Guðjónsson og Sigurður Áss Grétarsson frá Siglingastofnun Íslands og Jón Rögnvaldsson og Eymundur Runólfsson frá Vegagerðinni. Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Eyþingi og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Umsagnir um málið hafa borist frá Félagi hópferðaleyfishafa, Húnavatnshreppi, Akureyrarbæ, Byggðastofnun, Vegagerðinni, Akureyrarflugvelli, Grundarfjarðarbæ, Mýrdalshreppi, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Reykjavíkurborg, Mýflugi hf., Svalbarðsstrandarhreppi, Hafnasambandi Íslands, Hveragerðisbæ, rannsóknarnefnd sjóslysa, Sveitarfélaginu Skagafirði, Samtökum verslunar og þjónustu, Hafnarfjarðarbæ, Djúpavogshreppi, Samtökum iðnaðarins, Borgarbyggð, Landssamtökum hjólreiðamanna, ríkislögreglustjóra, Siglingastofnun Íslands, rannsóknarnefnd umferðarslysa, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Eyjafjarðarsveit, Borgarfjarðarhreppi, Umhverfisstofnun Langanesbyggð og Grundarfjarðarbæ.

Nefndin leggur ekki til breytingar á flugmálaáætlun. Nefndin leggur hins vegar til breytingar á siglingamálaáætlun og vegáætlun.

*Siglingamálaáætlun*: Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á siglingamálaáætlun í samræmi við ákvörðun sem tekin var á ríkisstjórnarfundi 9. mars sl. um að veita 1.600 millj. kr. viðbótarframlag til samgönguáætlunar fyrir árið 2009.

1. Lagðar eru til leiðréttingar á töflu 3-3 í kafla 3.2.1.1 Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar og töflu 3-7 í kafla 3.2.1.3 Sjóvarnargarðar.
| | 01 | Skáldalækur-Brautarhóll | | | 70 | |
| | 01 | Hofsá-Ytrahvarf | | | 50 | |
| 815 | | Hörgárdalsvegur | | | | |
| | 01 | Skriða-Brakandi | | 70 | | |
| | 01 | Brakandi-Björg | | 40 | | |
| 816 | | Dagverðareyrarvegur | | | | |
| | 01 | Hringvegur-Gásir | | 16 | | 40 |
| 821 | | Eyjafjarðarbraut vestri | | | | |
| | 05 | Sandhólar-Nes | 31 | 10 | | |
| 826 | | Hólavegur | | | | |
| | 01 | Gnúpufell-Arnarfell | | | | 50 |
| 828 | | Veigastaðavegur | | | | |
| | 01 | Hringvegur-Eyjafjarðarbraut eystri | 55 | 25 | | |
| 833 | | Illugastaðavegur | | | | |
| | 02 | Slitlagsendi-Illugastaðir | | | 70 | |
| 842 | | Bárðardalsvegur vestri | | | | |
| | 01 | Hringvegur-Hlíðarendi | | | 50 | 60 |
| 854 | | Staðarbraut | | | | |
| | 01 | Aðaldalsvegur-Laxá | | | | 80 |

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti / Kaflaheiti | 2007 millj. kr. | 2008 millj. kr. | 2009 millj. kr. | 2010 millj. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 8490 | | Knarrarbergsvegur | | | | |
| | 01 | Veigastaðavegur-Leifstaðavegur | | 15 | | |
| 8984 | | Hvammsvegur | | | | |
| | 01 | Lagfæringar | 10 | | | |
| 94 | | Borgarfjarðarvegur | | | | |
| | 05 | Hjaltastaðavegur-Lagarfossvegur | | 50 | | |
| | 06 | Lagarfossvegur-Unaós | | | 50 | |
| | 08 | Njarðvíkurskriður | | 20 | | |
| 925 | | Hróarstunguvegur | | | | |
| | 02 | Hallfreðarstaðir-Þórisvatn | 12 | | | |
| 931 | | Upphéraðsvegur | | | | |
| | 01-02 | Setberg-Ormarsstaðaá | 52 | 35 | | |
| | 02 | Ormarsstaðaá | | | | 60 |
| 944 | | Lagarfossvegur | | | | |
| | 02 | Um virkjun | | 7 | | |
| **Tengivegir samtals** | | | **640** | **1.151** | **1.194** | **1.144** |

### 4.2.2.2 Til brúagerðar.
### Brýr, 10 m og lengri.

| Vegnr. | Kaflanr. | Heiti verkefnis | 2007 millj. kr. | 2008 millj. kr. | 2009 millj. kr. | 2010 millj. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | v5 | Fjarðará í Lóni | | | 35 | |
| 1 | x0 | Smyrlabjargaá | 30 | | | |
| 1 | x3 | Jökulsá á Breiðamerkursandi | | | 50 | |
| 1 | a1 | Aurá | | | | 34 |
| 1 | b0 | Dýralækur | | | | 50 |
| 32 | 01 | Kálfá | | 40 | | |
| 35 | 04 | Brúará | 116 | | | |
| 1 | j3 | Hrútafjarðará | 74 | | | |
| 50 | 04 | Reykjadalsá | | | 16 | 79 |
| 54 | 03 | Hítará | | 95 | | |
| 54 | 05 | Haffjarðará | | 124 | | |
| 60 | 03 | Tunguá hjá Sauðafelli | | 30 | | |
| 60 | 05 | Laxá hjá Búðardal | | 19 | 116 | |
| 60 | 43 | Hjarðardalsá | | 39 | | |
| 61 | 38 | Arnardalsá | 16 | | | |
| 1 | s7 | Ysta Rjúkandi | | | 32 | |
| 1 | t1 | Rangá hjá Flúðum | | 84 | | |
| 1 | t6 | Þórisá | | | 47 | |
| 1 | t6 | Eyrarteigsá | | | | 52 |
| 1 | t6 | Jóka | | | | 85 |
| 93 | 02 | Miðhúsaá | 36 | | | |
| 864 | 01 | Hólsselskíll | | 17 | | |
| 923 | 04 | Jökulsá hjá Brú | | 25 | | |
| | | Óráðstafað | 15 | 20 | 20 | 16 |
| **Til brúagerðar samtals** | | | **287** | **493** | **316** | **316** |

### 4.2.2.3 Ferðamannaleiðir.

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti Kaflaheiti | 2007 millj. kr. | 2008 millj. kr. | 2009 millj. kr. | 2010 millj. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 208 | | Skaftártunguvegur | | | | 37 |
| 222 | | Mýrdalsjökulsvegur | | 15 | | |
| 246 | | Skálavegur | | 16 | | |
| 249 | | Þórsmerkurvegur | 40 | | 47 | |
| 360 | | Grafningsvegur efri, við Úlfljótsvatn | | | | 10 |
| 984 | | Hoffellsvegur | 6 | | | |
| | | Gaddstaðaflatir | 2 | | | |
| | | Skógar, byggðasafn | | 18 | | |
| 408 | | Heiðmerkurvegur | 24 | 24 | 12 | 12 |
| 417 | | Bláfjallavegur | | | 12 | 12 |
| 508 | | Skorradalsvegur | | | | |
| | 02 | Grund-Hvammur | 57 | | | |
| 586 | | Haukadalsvegur | | | | |
| | 01 | Vestfjarðavegur-Eiríksstaðir | | | | 40 |
| 643 | | Strandavegur | | | | |
| | 03 | Um Bjarnarfjarðarháls | | 60 | | |
| | 06 | Kolbeinsvíkurá-Djúpavík | | | 30 | 29 |
| 745 | | Skagavegur | | | | |
| | 01 | Snjóastaðir | 13 | 10 | | |
| 746 | | Tindastólsvegur | | | 39 | |
| 860 | | Grjótagjárvegur | | | 22 | |
| 861 | | Ásbyrgisvegur | | | 10 | |
| 864 | | Hólsfjallavegur | | 20 | | |
| 869 | | Langanesvegur | 11 | | | |
| 923 | | Jökuldalsvegur | 12 | 10 | 20 | 36 |
| 939 | | Axarvegur | 30 | | | |
| 953 | | Mjóafjarðarvegur | | 23 | | 16 |
| **Ferðamannaleiðir samtals** | | | **195** | **196** | **192** | **192** |

### 4.2.2.4 Þjóðgarðavegir.

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti Kaflaheiti | 2007 millj. kr. | 2008 millj. kr. | 2009 millj. kr. | 2010 millj. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 52 | | Uxahryggjavegur | 29 | 27 | | 50 |
| 574 | | Útnesvegur | | | | |
| | 02-04 | Um þjóðgarð | 110 | 60 | 100 | |
| 862 | | Dettifossvegur | | | | |
| | 01 | Hringvegur-Dettifossvegur vestri | 185 | 185 | | |
| | 03 | Vesturdalur-Norðausturvegur | | | 340 | 190 |
| **Þjóðgarðavegir samtals** | | | **324** | **272** | **440** | **240** |

### 4.2.3 Sérstök fjáröflun.

| Heiti verkefnis Vegnr. | Kaflanr. | Kaflaheiti | 2007 millj. kr. | 2008 millj. kr. | 2009 millj. kr. | 2010 millj. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hringvegur á Suðurlandi | | | | | | |
| 1 | d5-e1 | Norðan Selfoss – Hafravatnsvegur | | 1400 | 1.400 | 1400 |

| Heiti verkefnis Vegnr. Kaflanr. | Kaflaheiti | 2007 millj. kr. | 2008 millj. kr. | 2009 millj. kr. | 2010 millj. kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Hringvegur á höfuðborgarsvæði | | | | | |
| 1 e2-e3 | Hafravatnsvegur–Vesturlandsvegur | | 700 | 900 | 900 |
| 1 f5-f6 | Kjalarnes-Borgarnes | | 800 | 900 | 800 |
| Vaðlaheiðargöng | | | | | |
| | Vaðlaheiðargöng | | 100 | 100 | 100 |
| **Sérstök fjáröflun samtals** | | | **3.000** | **3.300** | **3200** |

b. Við upptalningu á vegum í Suðurkjördæmi í kafla **4.3.1 Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum**. Lýsingin á vegi 214, Kerlingardalsvegi, orðist svo: Af Hringvegi að Kerlingardal.
c. Við upptalningu á tengivegum í grunnneti í kafla **4.3.3 Grunnnet.** Við bætist tveir nýir vegir:
355 Reykjavegur
830 Svalbarðseyrarvegur

# 1165. Nefndarálit [575. mál]

um till. til þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Á fund nefndarinnar komu Ragnhildur Hjaltadóttir, Kristrún Lind Birgisdóttir, Jóhann Guðmundsson og Eiríkur Bjarnason frá samgönguráðuneytinu, Pétur K. Maack og Halla Sigrún Sigurðardóttir frá Flugmálastjórn Íslands, Þorgeir Pálsson frá Flugstoðum, Hermann Guðjónsson og Sigurður Áss Grétarsson frá Siglingastofnun Íslands og Jón Rögnvaldsson og Eymundur Runólfsson frá Vegagerðinni. Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Eyþingi og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Umsagnir um málið hafa borist frá Fljótsdalshéraði, Langanesbyggð, Reykhólahreppi, Samtökum um betri byggð, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sjóvá – Almennum tryggingum hf., Húnavatnshreppi, Strandabyggð, Félagi hópferðaleyfishafa, Mýrdalshreppi, Vegagerðinni, Akureyrarbæ, Akureyrarflugvelli, Svalbarðsstrandarhreppi, Sveitarfélaginu Ölfusi, Seyðisfjarðarkaupstað, Reykjavíkurborg, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Fjarðabyggð, Hafnasambandi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Hveragerðisbæ, Vopnafjarðarhreppi, Eyþingi, Samtökum verslunar og þjónustu, Hafnarfjarðarbæ, Borgarbyggð, Akraneskaupstað, Staðardagskrá 21, Landssamtökum hjólreiðamanna, Samtökum ferðaþjónustunnar, hafnarnefnd Vopnafjarðar, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Mosfellsbæ, Siglingastofnun Íslands, Sveitarfélaginu Árborg, Flugmálastjórn, talsmanni neytenda, Breiðdalshreppi, Bændasamtökum Íslands, ríkislögreglustjóra, Alþýðusambandi Íslands, Rannsóknarnefnd

umferðarslysa, Aðaldælahreppi, Höfðahreppi, Landvernd, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Blönduósbæ, Rannsóknarnefnd flugslysa, Grindavíkurbæ, Samtökum fjármálafyrirtækja, Umhverfisstofnun, Sveitarfélaginu Árborg, Akureyrarbæ, Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Flóahreppi og Þingeyjarsveit.

Meiri hlutinn leggur ekki til breytingar á flugmálaáætlun. Hins vegar eru lagðar til breytingar á 1. tímabili siglingamálaáætlunar og vegáætlunar (2007–2010) sem gerð er grein fyrir í nefndaráliti um samgönguáætlun til fjögurra ára (574. mál). Að auki eru lagðar til eftirfarandi tilfærslur á fjárveitingum í vegáætlun.

a. 100 millj. kr. framlag til Vestfjarðavegar færist frá 1. tímabili til 2. tímabils.
b. 100 millj. kr. framlag til Strandavegar færist frá 2. tímabili til 1. tímabils.
c. 100 millj. kr. framlag færist til Skagastrandarvegar á 3. tímabili og framlag til Hringvegar um Húnavatnssýslu lækkar sem því nemur á sama tímabili.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón A. Kristjánsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 13. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Guðjón Hjörleifsson. |
| Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Jón Kristjánsson. | Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara. |

# 1166. Breytingartillögur [575. mál]

við till. til þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, HjÁ, GHj, SÞorg, JónK, GAK).

1. Kafli **3.2 Siglingamál** orðist svo:

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. | **1. tímabil** 2007–2010 | **2. tímabil** 2011–2014 | **3. tímabil** 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur og framlög** | | | |
| **Markaðar tekjur** | | | |
| Vitagjald | 608 | 660 | 660 |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **8.526** | **4.744** | **4.744** |
| **Aðrar ríkistekjur** | | | |
| Vottorð | 8 | 4 | 4 |
| Skoðunargjöld skipa | 4 | 4 | 4 |
| **Sértekjur** | 564 | 548 | 548 |
| **Tekjur og framlög alls** | **9.710** | **5.960** | **5.960** |
| **Frá Hafnabótasjóði** | **22** | | |
| **Til ráðstöfunar alls** | **9.732** | **5.960** | **5.960** |
| | | | |
| **Sérstök fjáröflun** | **1.600** | | |

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. | 1. tímabil 2007–2010 | 2. tímabil 2011–2014 | 3. tímabil 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| **Gjöld** | | | |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Hafnamál | 93 | 108 | 108 |
| Hafnir, líkantilraunir og grunnkort | 93 | 100 | 100 |
| Rekstur Hafnabótasjóðs | 44 | 44 | 44 |
| Siglingavernd | 72 | 84 | 84 |
| Skipamál | 248 | 248 | 248 |
| Vitar og leiðsögukerfi | 542 | 560 | 560 |
| Vaktstöð siglinga | 852 | 852 | 852 |
| Skipaeftirlit | 356 | 356 | 356 |
| Hafnarríkiseftirlit | 96 | 108 | 108 |
| Rannsóknir og þróun | 206 | 212 | 212 |
| Áætlun um öryggi sjófarenda | 88 | 88 | 88 |
| Minjavernd og saga | 20 | 20 | 20 |
| Þjónustuverkefni | 576 | 576 | 576 |
| **Rekstrargjöld alls** | **3.286** | **3.356** | **3.356** |
| **Stofnkostnaður** | | | |
| Vitar og leiðsögukerfi | 107 | 120 | 120 |
| Hafnamannvirki | 2.144 | 1.740 | 1.740 |
| Lendingabætur | 30 | 28 | 28 |
| Ferjubryggjur | 38 | 40 | 40 |
| Sjóvarnargarðar | 493 | 528 | 528 |
| Hafnabótasjóður, framlag | 274 | 148 | 148 |
| Höfn í Bakkafjöru | 3.300 | | |
| Stækkun tollaðstöðu á Seyðisfirði (200 $m^2$) | 60 | | |
| **Stofnkostnaður alls** | **6.446** | **2604** | **2.604** |
| **Gjöld alls** | **9.732** | **5.960** | **5.960** |
| **Gjöld samkvæmt sérstakri fjáröflun** | | | |
| Vestmannaeyjaferja | **1.600** | | |

*Hafnir:*

| Hafnarmannvirki | 1. tímabil 2007–2010 | 2. tímabil 2011–2014 | 3. tímabil 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| **Hafnir í grunnneti** | | | |
| Snæfellsbær (Rif, Ólafsvík) | 240,1 | | |
| Grundarfjörður | 62,1 | | |
| Stykkishólmur | 24,1 | | |
| Vesturbyggð (Brjánslækur, Patreksfjörður, Bíldudalur) | 154,2 | | |
| Ísafjarðarbær (Ísafjörður) | 113,4 | | |
| Bolungarvík | 94,8 | | |
| Skagaströnd | 76,7 | | |
| Skagafjörður | 80,2 | | |
| Siglufjörður | 109,2 | | |
| Hafnasamlag Eyjafjarðar (Dalvík, Ólafsfjörður) | 83,2 | | |
| Hafnasamlag Norðurlands (Akureyri) | 119,4 | | |
| Grímsey | 64,2 | | |
| Norðurþing (Húsavík, Raufarhöfn) | 109,0 | | |
| Þórshöfn | 71,2 | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vopnafjörður | 111,4 | | |
| Seyðisfjörður | 19,2 | | |
| Fjarðabyggð (Mjóifjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður) | 8,4 | | |
| Djúpivogur | 17,5 | | |
| Hornafjörður | 106,5 | | |
| Vestmannaeyjar | 61,4 | | |
| Þorlákshöfn | 70,7 | | |
| Grindavík | 147,6 | | |
| Sandgerði | 23,3 | | |
| Óskipt til viðhaldsdýpkana, viðhalds skjólgarða o.fl. | 266,6 | | |
| **Samtals hafnir í grunnneti** | **2.234,4** | | |
| Hafnir utan grunnnets | 494,3 | | |
| Óbundið fé í ársbyrjun 2007 skv. yfirliti dags. 14.12.2006 | -584,7 | | |
| **Hafnarmannvirki alls** | **2.144,0** | **1.740,0** | **1.740,0** |

2. Kafli **3.3 Vegamál** orðist svo:

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. (vísitala vegagerðar 8900) | **1. tímabil** 2007–2010 | **2. tímabil** 2011–2014 | **3. tímabil** 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur og framlög** | | | |
| **Markaðar tekjur** | **52.531** | **55.792** | **58.729** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **45.644** | **33.504** | **34.140** |
| **Tekjur og framlög samtals** | **98.175** | **89.296** | **92.869** |
| | | | |
| **Viðskiptahreyfingar** | | | |
| Lántökur | | | |
| Afborganir | -854 | | |
| **Viðskiptahreyfingar samtals** | **-854** | | |
| **Til ráðstöfunar** | **97.321** | **89.296** | **92.869** |
| | | | |
| **Sérstök fjáröflun** | **9.500** | **23.800** | **12.000** |
| | | | |
| **Gjöld** | | | |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Yfirstjórn | 1.521 | 1.700 | 1740 |
| Umsýslugjald til ríkissjóðs | 239 | 279 | 293 |
| Upplýsingaþjónusta | 390 | 410 | 430 |
| Umferðareftirlit | 415 | 480 | 500 |
| Þjónusta | 13.203 | 15.000 | 17.000 |
| Almenningssamgöngur | 4.519 | 3.574 | 3.644 |
| Þar af afborgun lána | -274 | | |
| Rannsóknir | 508 | 558 | 587 |
| Minjar og saga | 87 | 115 | 115 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **20.608** | **22.116** | **24.309** |
| | | | |
| **Viðhald samtals** | **14.781** | **18.500** | **19.000** |

| Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. (vísitala vegagerðar 8900) | 1. tímabil 2007–2010 | 2. tímabil 2011–2014 | 3. tímabil 2015–2018 |
|---|---|---|---|
| **Stofnkostnaður** | | | |
| **Grunnet** | | | |
| Almenn verkefni | 2.185 | 2.230 | 2.300 |
| Höfuðborgarsvæðið | 9.736 | 9.950 | 10.000 |
| Verkefni á landsbyggð | 12.924 | 11.430 | 11.500 |
| Áður framkv./Afborganir | –80 | | |
| Söluandvirði Símans | 15.000 | | |
| Jarðgangaáætlun | 11.392 | 13.200 | 13.200 |
| Landsvegir í grunnneti | 240 | 670 | 1.200 |
| **Grunnnet samtals** | **51.397** | **37.480** | **38.200** |
| ***Utan grunnnets*** | | | |
| Tengivegir og ferðamannaleiðir | 4.904 | 5.800 | 6.000 |
| Til brúagerðar | 1.532 | 1.500 | 1.500 |
| Þjóðgarðavegir | 1.276 | 800 | 600 |
| Girðingar | 340 | 450 | 470 |
| Landsvegir utan grunnnets | 477 | 500 | 520 |
| Safnvegir | 1.422 | 1.540 | 1.600 |
| Styrkvegir | 284 | 330 | 350 |
| Reiðvegir | 240 | 280 | 320 |
| **Utan grunnnets samtals** | **10.475** | **11.200** | **11.360** |
| Afskrift markaðra tekna | 60 | | |
| **Stofnkostnaður samtals** | **61.932** | **48.680** | **49.560** |
| | | | |
| **Gjöld** | **97.321** | **89.296** | **92.869** |
| **Gjöld samkvæmt sérstakri fjáröflun** | **9.500** | **23.800** | **12.000** |

## Verkefni á höfuðborgarsvæði.

| Vegnr. | Vegheiti<br>Kaflaheiti | 1. tímabil 2007–2010 millj. kr. | 2. tímabil 2011–2014 millj. kr. | 3. tímabil 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|---|
| **1** | **Hringvegur** | | | |
| | Hafravatnsvegur–Kollafjörður | 390 | 2.400 | 1.000 |
| | Gatnamót | | 1.000 | 2.800 |
| **40** | **Hafnarfjarðarvegur** | | | |
| | Gatnamót Kringlumbr./Miklubrautar | 2.737 | 1.600 | |
| | Gatnamót | 820 | 250 | 1.170 |
| | Breikkanir | | 700 | 200 |
| **41** | **Reykjanesbraut** | | | |
| | Mýrargata, Geirsgata | | 1.000 | |
| | Breikkanir og undirgöng | 375 | | 500 |
| | Gatnamót | 2.684 | | 500 |
| **42** | **Krýsuvíkurvegur** | | | |
| | Reykjanesbraut–Ásvellir | 100 | | |
| **49** | **Nesbraut** | | | |
| | Gatnamót og færsla | 300 | | |
| | Langahlíð–Stakkahlíð | | 1400 | |
| **409** | **Hlíðarfótur** | | | |
| | Hringbraut–Öskjuhlíðargöng | | | 800 |
| **410** | **Elliðavatnsvegur** | | | |
| | Breiðholtsbraut–Kaldárselsvegur | | 270 | 450 |

| Vegnr. | Vegheiti<br>Kaflaheiti | 1. tímabil<br>2007–2010<br>millj. kr. | 2. tímabil<br>2011–2014<br>millj. kr. | 3. tímabil<br>2015–2018<br>millj. kr. |
|---|---|---|---|---|
| **411** | **Arnarnesvegur** | | | |
| | Fífuhvammsvegur–Breiðholtsbraut | 925 | 250 | 800 |
| **412** | **Vífilsstaðavegur** | | | |
| | Hafnarfjarðarvegur–Elliðavatnsvegur | | | 500 |
| **415** | **Álftanesvegur** | | | |
| | Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur | 700 | | |
| **419** | **Höfðabakki** | | | |
| | Reykjanesbraut–Höfðabakki | | | 340 |
| **431** | **Hafravatnsvegur** | | | |
| | Úlfarsfellsvegur–Hringvegur | 5 | | 120 |
| **432** | **Hallsvegur** | | | |
| | Fjallkonuvegur–Vesturlandsvegur | | 400 | |
| **450** | **Sundabraut**[1] | | | |
| | Sæbraut–Geldinganes | 100 | | |
| **470** | **Fjarðarbraut** | | | |
| | Endurbætur | | | 140 |
| | **Göngubrýr og undirgöng** | 280 | 280 | 280 |
| | **Smærri verk og ófyrirséð** | 320 | 400 | 400 |
| **Höfuðborgarsvæði samtals** | | **9.736** | **9.950** | **10.000** |

[1] Sjá auk þess ráðstöfun á söluandvirði Símans og sérstaka fjáröflun.

## Verkefni á landsbyggð.

| Heiti verkefnis | 1. tímabil<br>2007–2010<br>millj. kr. | 2. tímabil<br>2011–2014<br>millj. kr. | 3. tímabil<br>2015–2018<br>millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Hornafjarðarfljót | 682 | 270 | |
| Jökulsá á Breiðamerkursandi | | 50 | 50 |
| Brýr í Öræfum | | 120 | 600 |
| Breikkun brúa á Suðurlandi | | 700 | 520 |
| Hringvegur um Hellu | | 170 | |
| Reykjavegur | 100 | | |
| Hringvegur norðan Selfoss | | | 1.250 |
| Hringvegur á Hellisheiði | 325 | 600 | 600 |
| Bræðratunguvegur | 745 | 195 | |
| Lyngdalsheiðarvegur | 420 | | |
| Suðurstrandarvegur | 340 | 480 | 410 |
| Bakkavegur | 70 | | |
| Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur–Reykjanesbær | 767 | 1.200 | |
| Keflavíkurvegur | 125 | 170 | |
| Hvalfjarðartengingar | 124 | | |
| Hringvegur um Borgarnes | 20 | | 620 |
| Hringvegur um Stafholtstungur | 380 | 55 | |
| Hringvegur á Holtavörðuheiði | | | 200 |
| Hringvegur í Hrútafirði | 265 | | |
| Hringvegur um Húnavatnssýslu | | | 200 |
| Hringvegur um Norðurárdal | 500 | | |
| Fróðárheiði | 200 | 460 | |
| Þverun Kolgrafafjarðar | 166 | | |
| Skógarströnd | | | 200 |
| Vestfjarðavegur, Svínadalur–Flókalundur | 1460 | 900 | 800 |
| Dynjandisheiði | | | 1.300 |

| Heiti verkefnis | 1. tímabil 2007–2010 millj. kr. | 2. tímabil 2011–2014 millj. kr. | 3. tímabil 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Djúpvegur um Strandir | 95 | | 360 |
| Djúpvegur, Ísafjörður–Mjóifjörður | 1.725 | | |
| Djúpvegur, Álftafjörður–Bolungarvík | 40 | 170 | |
| Akranesvegur um Þjóðbraut | 150 | 100 | |
| Tröllatunguvegur | 140 | | |
| Skagastrandarvegur | | | 100 |
| Strandavegur, Djúpvegur–Drangsnes | 100 | 180 | |
| Þverárfjallsvegur | 310 | | |
| Breikkun brúa í Norðvesturkjördæmi | | 280 | 730 |
| Hringvegur um Akureyri | 30 | | 70 |
| Hringvegur, Akureyri–Hvalnesskriður | 1130 | 700 | 540 |
| Jökulsá á Fjöllum | | 630 | |
| Hringvegur um Lagarfljót | | 950 | 100 |
| Snjóflóðavarnir á Ólafsfjarðarvegi | 50 | | |
| Norðausturvegur um Skjálfandafljót og Tjörn | | 750 | 150 |
| Norðausturvegur um Hófaskarð og til Raufarhafnar | 1.045 | 300 | |
| Norðausturvegur, Þórshöfn–Vopnafjörður–Hringvegur | 745 | 900 | 400 |
| Kísilvegur | 65 | 300 | |
| Norðfjarðarvegur um Grænafell og Hólmaháls | 550 | | |
| Borgarfjarðarvegur | | 200 | 860 |
| Suðurfjarðavegur | | | 600 |
| Eyjafjarðarbraut vestri | | | 170 |
| Breikkun brúa í Norðausturkjördæmi | | 240 | 210 |
| Samgöngurannsóknir | 60 | 60 | 60 |
| Óráðstafað | | 300 | 400 |
| **Verkefni á landsbyggð samtals** | **12.924** | **11.430** | **11.500** |

## Söluandvirði Símans.

| Heiti verkefnis | 1. tímabil 2007–2010 millj. kr. | 2. tímabil 2011–2014 millj. kr. | 3. tímabil 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Hornafjarðarfljót | 800 | | |
| Bræðratunguvegur | 300 | | |
| Suðurstrandarvegur | 400 | | |
| Gatnamót við Nesbraut | 600 | | |
| Reykjanesbraut | 1.600 | | |
| Sundabraut | 8.000 | | |
| Vestfjarðavegur | 700 | | |
| Arnkötludalur | 800 | | |
| Þverárfjallsvegur | 300 | | |
| Norðausturvegur | 1.500 | | |
| **Söluandvirði Símans samtals** | **15.000** | | |

**Jarðgangaáætlun.**

| Heiti verkefnis | 1. tímabil 2007–2010 millj. kr. | 2. tímabil 2011–2014 millj. kr. | 3. tímabil 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Arnarfjörður–Dýrafjörður | | 3.800 | |
| Óshlíðargöng | 3.680 | | |
| Héðinsfjarðargöng | 7.712 | | |
| Norðfjarðargöng | | 4.800 | |
| Lónsheiði og önnur jarðgöng | | 4.600 | 13.200 |
| **Jarðgangaáætlun samtals** | **11.392** | **13.200** | **13.200** |

**Sérstök fjáröflun.**

| Heiti verkefnis | 1. tímabil 2007–2010 millj. kr. | 2. tímabil 2011–2014 millj. kr. | 3. tímabil 2015–2018 millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Breikkun Hringvegar, Markarfljót–Selfoss | | | 7.000 |
| Breikkun Hringvegar, Selfoss–Reykjavík | 6.700 | 6.800 | |
| Breikkun Hringvegar, Mosfellsbær–Borgarnes | 2.500 | 3.500 | |
| Breikkun Hringvegar, Borgarnes–Akureyri | | 1.500 | 5.000 |
| Vaðlaheiðargöng | 300 | | |
| Sundabraut | | 12.000 | |
| **Sérstök fjáröflun** | **9.500** | **23.800** | **12.000** |

# 1176. Skýrsla [702. mál]

félagsmálaráðherra, Magnúsar Stefánssonar, til Alþingis um þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) sem haldið var árið 2006.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## 1. INNGANGUR

Árið 2004 voru liðin 85 ár frá því að Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) hóf starfsemi. Það ár markaði fleiri tímamót í sögu þessarar elstu sérstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Fyrir rúmum sextíu árum afgreiddi Alþjóðavinnumálaþingið yfirlýsingu sem kennd er við borgina Fíladelfíu í Bandaríkjunum. Með yfirlýsingunni voru ný markmið sett í endurnýjaðri trú á framtíðina þrátt fyrir að eyðilegging og hörmungar blöstu við hvert sem litið var eftir seinni heimstyrjöldina. Fyrir rúmum 35 árum fékk Alþjóðavinnumálastofnunin friðarverðlaun Nóbels. Það var viðurkenning sem henni bar með rentu og jafnframt staðfesting á réttmæti þeirrar ákvörðunar frá árinu 1919 að koma á fót stofnun til að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki áttu við að stríða og aðeins yrði greitt úr þeim með sameiginlegu átaki þjóðanna. Þannig er þetta orðað í XIII. kafla Versalasáttmálans sem batt endi á fyrri heimsstyrjöldina. Þar segir enn fremur að varanlegur friður verði ekki tryggður nema félagslegu réttlæti sé fyrst komið á innan þjóðfélaganna sjálfra vegna þess að vísirinn að árekstrum sem leiða til styrjalda þjóða í milli leynist í því félagslega ranglæti sem milljónir manna búi við í hinum ýmsum löndum. Árið 1919 þóttu markmið í þessa veru mjög óraunhæf. Franklin Delano Roosevelt komst þannig að orði árið 1941: „Mörgum virtist þetta draumsýn. Aldrei

* *Ath. Af misgáningi voru engin skjöl skráð undir númerunum 1167–1175.*

hafði nokkur heyrt um að fulltrúar ríkisstjórna kæmu saman í því skyni að bæta aðstæður og auka velferð launamanna. Sú tillaga þótti enn óraunhæfari að launafólk og atvinnurekendur frá öllum heimshornum ættu aðild að slíku umbótastarfi með fulltrúum ríkisstjórna.“ Draumsýnin varð að veruleika sem Alþjóðavinnumálastofnunin. Í samanburði við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna felst sérstaða hennar í aðild fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks að öllum stjórnum, nefndum og ráðum stofnunarinnar. Þessi grundvallarregla gildir einnig um þing hennar, þ.e. Alþjóðavinnumálaþingið.

Samkvæmt 19. gr. stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber að leggja samþykktir gerðar á Alþjóðavinnumálaþinginu fyrir löggjafarsamkomu hlutaðeigandi aðildarríkis innan árs og eigi síðar en 18 mánuðum frá lokum þingsins. Frá því aðild Íslands að ILO var samþykkt árið 1945 hefur þetta verið gert með skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis. Í skýrslunni eru birtar alþjóðasamþykktir og tilmæli sem hafa verið afgreidd á þingunum. Á árinu 2006 kom þetta verklag til umfjöllunar í samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Af hálfu fulltrúa Alþýðusambands Íslands var því haldið fram að kynningin fyrir Alþingi eins og staðið hafi verið að henni frá árinu 1945 hafi verið ófullkomin þar sem ekki hafi fylgt tillaga um það hvort fullgilda skuli hlutaðeigandi alþjóðasamþykkt. Af hálfu fulltrúa félagsmálaráðherra í samráðsnefndinni var vakin á því athygli að hafi niðurstaða stjórnvalda verið sú að leggja til að hlutaðeigandi alþjóðasamþykkt verði fullgilt hafi því verið fylgt eftir með þingsályktunartillögu þess efnis. Að öðrum kosti hafi verið litið svo á að ákvörðun um fullgildingu hafi verið frestað. Niðurstaða þessa skoðanaágreinings varð sú að Alþýðusamband Íslands sendi alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf bréf 24. ágúst 2006 þar sem kvartað var yfir þessari framkvæmd. Félagsmálaráðherra skýrði afstöðu íslenskra stjórnvalda með bréfi dags. 25. september 2006. Niðurstaða sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmt alþjóðasamþykkta og tilmæla barst félagsmálaráðuneytinu í lok febrúar 2007. Með henni er það áréttað að afstaða hlutaðeigandi stjórnvalda til framkvæmdar á umræddum gerðum Alþjóðavinnumálaþingsins þurfi að koma fram við kynningu fyrir löggjafarsamkomu, þ.e. að því er varðar Ísland fyrir Alþingi. Það er hins vegar tekið fram í niðurstöðum sérfræðinganefndarinnar að þetta skuli gert að undangengnu samráði stjórnvalda við samtök atvinnurekenda og launafólks en að það sé á forræði ríkisstjórnarinnar að leggja til að alþjóðasamþykkt verði fullgilt, að hún verði ekki fullgilt eða að ákvörðun um fullgildingu verði frestað. Tekið er mið af þessari niðurstöðu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í þessari skýrslu til Alþingis sem fjallar að þessu sinni um 95. Alþjóðavinnumálaþingið er haldið var dagana 31. maí til 16. júní 2006.

Helsta viðfangsefni 95. vinnumálaþingsins var afgreiðsla tillögu að alþjóðasamþykkt og tilmælum um vinnuvernd. Með tillögunni er gerð tilraun með nýja tegund alþjóðasamþykktar, eins konar rammasamþykkt, sem hvetur aðildarríkin til markvissra umbóta á viðkomandi sviði eða í hlutaðeigandi starfsgrein. Þetta fyrirkomulag býður upp á sveigjanleika sem gerir kleift að taka tillit til séraðstæðna í sumum ríkjum. Þannig eiga ríki að geta fullgilt samþykktina óháð því hvort þau eru þróuð iðnríki eða þróunarríki. Skuldbindingin með fullgildingu felst í mótun stefnu og markvissum umbótum. Þessi tilraun hlaut víðtækan stuðning þingfulltrúa á 95. Alþjóðavinnumálaþinginu. Nýja alþjóðasamþykktin og tilmælin um stefnu í vinnuverndarmálum hlaut stuðning alls þorra þingfulltrúa.

Kjarni nýju alþjóðasamþykktarinnar felst í því að ríki sem fullgildir samþykktina skuldbindur sig til að setja fram stefnu á landsvísu í vinnuverndarmálum. Einnig þarf að vera fyrir hendi stjórnkerfi sem ber ábyrgð á framkvæmd reglna á svið aðbúnaðar, hollustu og öryggis

á vinnustöðum. Stjórnvöld þurfa einnig að setja fram áætlanir um vinnuvernd á einstökum sviðum eða í tilteknum starfsgreinum.

Sérfræðingar félagsmálaráðuneytisins og Vinnueftirlits ríkisins eru að bera saman íslenska löggjöf við ákvæði samþykktarinnar um vinnuvernd. Samstarfsnefnd félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er enn að fjalla um fullgildingu samþykktarinnar. Er því mælt með því að ákvörðun um fullgildingu sé að svo stöddu frestað. Það sama á við þau tilmæli sem fylgja samþykktinni.

Annað meginmál 95. Alþjóðavinnumálaþingsins en öllu umdeildara var ráðningarsamband atvinnurekanda og launamanns. Um er að ræða málefni sem hér á landi hefur verið nefnt gerviverktaka. Atvinnurekendur greiða ekki launatengd gjöld til dæmis framlag í lífeyrissjóð vegna vinnu slíkra einstaklinga, heldur ber þeim að standa sjálfir skil á slíkum greiðslum, a.m.k. hér á landi. Sá einstaklingur sem hafnar í þessari stöðu glatar margvíslegum félagslegum réttindum. Fulltrúar atvinnurekenda og launafólks tókust hart á um málið og var deilt um svo að segja hvert orð. Stafaði andstaða atvinnurekenda fyrst og fremst af efnistökum tillögunnar og mismunandi áherslum varðandi grundvallaratriði ráðningarréttarins, svo sem hugtakanotkun. Ekki tókst að brúa bilið milli hópanna og varð niðurstaðan sú að þótt tillagan að tilmælum næði fram að ganga með stuðningi fulltrúa ríkisstjórna og launafólks greiddu fulltrúar atvinnurekenda atkvæði gegn henni, þar á meðal fulltrúi Samtaka atvinnulífsins. Engu að síður hefur lengi verið samstaða um það hér á landi og víða annars staðar að vinna gegn gerviverktöku. Umfjöllun um tilmælin hefur ekki farið fram í samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þar af leiðandi er lagt til að því verði frestað að taka ákvörðun um aðgerðir til að fylgja eftir efni tilmælanna.

Sagt er að kjarninn í starfi Alþjóðavinnumálaþingsins felist í umfjöllun um skýrslu sérfræðinganefndar stofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta um réttindi og skyldur í atvinnulífinu. Um skýrsluna er fjallað í fjölmennustu nefnd þingsins. Undanfarin ár hefur umfjöllun nefndarinnar um brot herforingjastjórnarinnar í Burma á samþykkt ILO um afnám nauðungarvinnu vakið mesta athygli. Málið snýst um lög sem veita sveitar- og borgarstjórnum og raunar öðrum stjórnvöldum víðtækar heimildir til að kveðja fólk til vinnu án endurgjalds. Ákvæði þessarar löggjafar hafa árum saman verið misnotuð af herforingjastjórninni og embættismönnum hennar. Nefndin fjallaði í fyrsta skipti um brot á alþjóðasamþykkt frá árinu 1999 um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd. Þar snerist málið um víðtækt mansal og kynlífsþrælkun barna og kvenna á Filippseyjum. Sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er harðorð í skýrslu sinni til Alþjóðavinnumálaþingsins um framkvæmd alþjóðasamþykktar um félagafrelsi í Hvíta-Rússlandi. Þingnefndin tók undir gagnrýni sérfræðinganna og samþykkti tilmæli til ríkisstjórnarinnar með afdráttarlausum kröfum um umbætur.

Auk framangreindra málefna fjallaði 95. Alþjóðavinnumálaþingið um aðstoð stofnunarinnar við þróunarríki.

Í samræmi við stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er í fylgiskjölum með þessari skýrslu til Alþingis birt alþjóðasamþykkt og tilmæli um vinnuvernd, auk tilmæla um ráðningarsamband.

## 2. 95. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2006

### 2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Dagana 31. maí til 16. júní 2006 var 95. Alþjóðavinnumálaþingið haldið í Genf í Sviss. Þingið var að venju haldið í Þjóðabandalagshöllinni en fundir nefndar um framkvæmd al-

þjóðasamþykkta voru haldnir í byggingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þingfulltrúum hefur fjölgað mikið síðustu árin og voru nú 3.828. Það ber að hafa í huga að samkvæmt stofnskrá stofnunarinnar skal aðildarríki sem á annað borð tekur þátt í þinginu senda hið minnsta fjögurra manna sendinefnd. Í henni eiga að vera annars vegar fulltrúi samtaka atvinnurekenda og hins vegar launafólks auk tveggja fulltrúa hlutaðeigandi ríkisstjórnar. Af 178 aðildarríkjum sendu 166 sendinefndir til þingsins. Meðal þátttakenda voru 159 ráðherrar og aðstoðarráðherrar. Að þessu sinni var komið að Evrópubúa að gegna störfum forseta Alþjóðavinnumálaþingsins. Þingforseti var kosinn Cestmir Sajda, aðstoðarfélags- og vinnumálaráðherra Tékklands. Varaforsetar voru eftirtaldir: Jorge de Regil, úr röðum fulltrúa atvinnurekenda í Mexíkó, N.M. Adyanthaya, fulltrúi launafólks á Indlandi, og Aisha Abdel Hady, ráðherra vinnu- og útlendingamála í Egyptalandi.

Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu voru: Frá félagsmálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson skrifstofustjóri og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Frá utanríkisráðuneyti: Kristinn F. Árnason sendiherra, Einar Gunnarsson sendifulltrúi, Anna Jóhannsdóttir sendiráðunautur og Edda Magnus ráðgjafi. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi launafólks: Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Sigurður Magnússon, formaður Félags matreiðslumanna.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar.
II. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
III. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla.
IV. Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum.
V. Ráðningarsamband atvinnurekanda og launamanns.
VI. Hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í aðstoð við þróunarríki.
VII. Kjörbréf.

Daginn fyrir setningu þingsins voru haldnir fundir hópanna þriggja sem eiga fulltrúa á þinginu, þ.e. ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Á fundunum var gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í nefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: Fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla, nefndar um vinnuvernd, nefndar um ráðningarsamband, nefndar um þróunaraðstoð, kjörbréfanefndar og nefndar um framvindu þingsins.

## 2.2. KJÖRBRÉFANEFND

Hlutverk kjörbréfanefndar er að ganga úr skugga um að aðildarríkin fylgi ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skipan sendinefnda sem sendar eru til Alþjóðavinnumálaþingsins. Að lágmarki ber aðildarríki að senda til þingsins tvo fulltrúa ríkisstjórnar, einn fulltrúa atvinnurekenda og einn fulltrúa samtaka launafólks. Skylt er að hafa samráð við helstu samtök á vinnumarkaði við val á fulltrúum þeirra í sendinefndinni. Þrír fulltrúar eiga sæti í kjörbréfanefndinni. Fulltrúi ríkisstjórna gegnir formennsku. Í nefndina voru kjörnir: Jules Medeenou Oni, fulltrúi ríkisstjórnar Benín, Lidija Horvatié, fulltrúi atvinnurekenda í Króatíu, og Ulf Edström, fulltrúi launafólks í Svíþjóð.

Kjörbréfanefndin fjallaði um samtals 11 kvartanir. Kvartað var yfir vali á fulltrúa atvinnurekenda í sendinefndir Svasílands og Venesúela. Einnig var gerð athugasemd við val á full-

trúa launafólks í sendinefndum Kamerúns, Pálmamottulands, Fídjieyja, Gabons, Gíneu, Paragvæs, Rúanda og Venesúela.

Kvartað var yfir því að ríkisstjórnir Afganistan og Georgíu hafi ekki að hluta eða að öllu leyti greitt kostnað vegna farar og upphalds fulltrúa atvinnurekenda frá þessum löndum. Sams konar kvörtun var borin fram vegna ríkisstjórna Kongó, Svasílands og Venesúela vegna fulltrúa launafólks í sendinefndum þessara ríkja á þinginu.

Fram kom athugasemd frá Alþjóðasambandi verkalýðsfélaga (ICFTU) um val á fulltrúum launafólks í sendinefnd Albaníu. Vegna vanreifunar gat nefndin ekki tekið afstöðu til athugasemdarinnar. Sama gilti um fulltrúa launafólks í sendinefnd Tyrklands.

Framangreindar athugasemdir og kvartanir eru þess eðlis að nefndin sá ekki ástæðu til að meina fulltrúum þátttöku í þinginu. Hins vegar samþykkti hún að óska eftir nánari upplýsingum frá ríkisstjórn Pálmamottulands um reglur sem gilda um val á fulltrúum í sendinefnd ríkisins á þinginu og að þær berist fyrir næsta Alþjóðavinnumálaþing.

## 2.3. RÆÐUR

Sérstakir gestir forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Juan Somavia, voru Ellen Johnson Sirleaf, forseti Líberíu, og Oscar Arias Sánchez, forseti Kosta Ríka.

Ellen Johnson Sirleaf, forseti Líberíu, er fyrsta konan sem verður þjóðhöfðingi í Afríku. Hún gerði að umtalsefni í ræðu sinni til allsherjarþings vinnumálaþingsins þau gífurlegu viðfangsefni sem við blasa eftir áratugaborgarastyrjöld, örkuml og eymd þúsunda manna. Fram kom að atvinnuleysi í Líberíu er 85%. Hún kvaðst vænta stuðnings við Líberíu frá fundi leiðtoga helstu iðnríkja, af þúsaldamarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, frá fundi efnahags- og félagsmálanefndar Sameinuðu þjóðanna og áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði. Það var dökk mynd sem forsetinn dró upp í ræðunni sem hafði mikil áhrif á þingheim.

Forseti Kosta Ríka, Oscar Arias Sánchez, fjallaði í ræðu sinni um áratugalanga baráttu sína fyrir friði, bættum kjörum almennings og lýðræði. Hann hrósaði Alþjóðavinnumálastofnuninni fyrir að standa vörð um félagsleg réttindi á tímum alþjóðavæðingar efnahags- og atvinnulífsins. Forsetinn hvatti til þess að áætlun ILO um mannsæmandi vinnuskilyrði verði gerð að þungamiðju stjórnmálaumræðunnar. Hann sagði að hagvöxtur væri forsenda fjölgunar starfa sem væri jafn þýðingarmikið og jöfn tækifæri til náms. Forsetinn lauk máli sínu með því að leggja áherslu á opið markaðskerfi og frjálsa verslun sem fylgi vissum grundvallarreglum.

## 2.4. FJÁRMÁL

Fjárhagsnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins fjallar um fjármál og starfsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hún er eina nefndin þar sem aðgangur er takmarkaður við fulltrúa ríkisstjórna. Formaður nefndarinnar var kosinn F. Yimer, sendiherra Eþíópíu gagnvart alþjóðastofnunum í Genf. Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, var kosinn varaformaður nefndarinnar.

Fjárhags- og starfsáætlun ILO er til tveggja ára í senn. Þar sem 95. vinnumálaþingið var haldið á miðju fjárhagstímabili voru fá málefni á dagskrá nefndarinnar. Skýrsla óháðra endurskoðenda varð tilefni til skoðanaskipta. Talsmaður samstarfshóps fulltrúa vestrænna iðnríkja (IMEC) tók þátt í umræðunum og vakti á því athygli að stjórn fjármála Alþjóðavinnumálastofnunarinnar væri í öruggum höndum og gefi ekki tilefni til aðgerða. Talsmaður-

inn tók undir tillögu sem sett er fram í skýrslu endurskoðendanna um að skipuð verði sérstök eftirlitsnefnd sem fylgist með og leggi mat á innra eftirlit með fjárreiðum stofnunarinnar.

Þess skal getið að samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun greiðir Ísland 0,034 hundraðshluta af útgjöldum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem árið 2007 jafngildir 123.607 svissneskum frönkum.

## 2.5. FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Ein af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins og jafnframt sú mikilvægasta er nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Verkefni nefndarinnar er að fjalla um skuldbindingar aðildarríkjanna gagnvart Alþjóðavinnumálastofnuninni og framkvæmd þeirra á alþjóðasamþykktum á sviði félags- og vinnumála. Yfirleitt sátu 249 fullgildir fulltrúar fundi nefndarinnar (119 fulltrúar ríkisstjórna, 39 fulltrúar atvinnurekenda og 91 fulltrúi launafólks). Að auki sátu fundina sjö varafulltrúar ríkisstjórna, 50 varafulltrúar atvinnurekenda og 154 varafulltrúar launafólks. Loks voru á fundunum 30 áheyrnarfulltrúar ýmissa alþjóðasamtaka. Fundir fóru fram í fundarsal stjórnarnefndarinnar í byggingu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og var hvert sæti skipað og þröngt um þingfulltrúa.

Nefndin endurkaus Sérgio Paixao Pardo, fulltrúa ríkisstjórnar Brasilíu, sem formann. Varaformenn voru kosnir Edward E. Potter, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum, og Luc Cortebeeck, fulltrúi launafólks í Belgíu. Af Íslands hálfu tóku þátt í störfum nefndarinnar Gylfi Kristinsson, Hrafnhildur Stefánsdóttir og Magnús Norðdahl.

Í samræmi við venju hófst starf nefndarinnar með almennum umræðum um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Undir þessum dagskrárlið er einnig fjallað um almennar skuldbindingar aðildarríkjanna sem leiða af stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Við þessar umræður er stuðst við 1. hluta skýrslu sérfræðinganefndar ILO um framkvæmd samþykkta og tilmæla. Einnig er skipst á skoðunum um starfshætti nefndarinnar. Talsmenn Norðurlandanna í almennu umræðunum hafa á undanförnum árum sett fram margvíslegar ábendingar um það hvernig hægt er að bæta verklag og gera starf nefndarinnar skilvirkara. Það hefur komið nokkuð oft fyrir að teygst hefur úr fundum nefndarinnar og þeir staðið fram á nætur. Í þessu sambandi hefur verið bent á takmörkun á fjölda ræðumanna og á ræðutíma, að fundir hefjist strax við þingsetningu og stundvíslega á degi hverjum. Nokkuð hefur borið á því að sérstakir samráðsfundir annars vegar atvinnurekenda og hins vegar launafólks raska auglýstum fundartíma þingnefndarinnar.

Fyrsta starfsvika þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta fer í almennar umræður. Í annarri þingvikunni er fjallað um málefni einstakra ríkja. Við þennan hluta umræðnanna styðst nefndin við skýrslu sérfræðinganefndar ILO um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum alþjóðasamþykktum, við athugasemdir frá samtökum atvinnurekenda og launafólks og skýrslur annarra alþjóðastofnana. Þar sem vonlaust er að taka fyrir öll álitamál hefur sú venja skapast að fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks hafa komið sér saman um skrá yfir mál í skýrslu sérfræðinganefndarinnar sem tekin eru til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu. Fram til þessa hefur skráin ekki legið fyrir fyrr en á þriðja eða fjórða þingdegi. Þetta hefur sætt gagnrýni fulltrúa ríkisstjórna þeirra aðildarríkja sem hafa lent á skránni. Þeir hafa réttilega bent á skamman tíma til undirbúnings fyrir umræður í nefndinni. Að þessu sinni var komið til móts við gagnrýnina. Nokkru fyrir þingsetningu fengu þingfulltrúar senda skrá með nöfnum 42 aðildarríkja sem gætu þurft að standa fyrir máli sínu í nefndinni. Að öllu jöfnu tekur nefndin til umfjöllunar mál 25 ríkja. Að þessu sinni varð að sam-

komulagi að fjalla um 22 mál en verja hálfum fundardegi í umræður um framkvæmd herforingjastjórnarinnar í Burma (Myanmar) á alþjóðasamþykkt nr. 29, um afnám nauðungarvinnu.

**Burma.**

Í sjötta skiptið í röð var sérstökum fundi nefndarinnar varið í að ræða málefni eins aðildarríkis. Þetta ríki var Burma sem hefur sætt ámæli og vaxandi gagnrýni fyrir viðvarandi brot á alþjóðasamþykkt ILO nr. 29, um afnám nauðungarvinnu. Í fyrri skýrslum félagsmálaráðherra til Alþingis hefur verið gerð grein fyrir málavöxtum. Málið snýst um lög sem veita sveitar- og borgarstjórnum og raunar öðrum stjórnvöldum víðtækar heimildir til að kveðja fólk til vinnu. Ákvæði þessarar löggjafar hafa um áratugaskeið verið misnotuð, einkum af herforingjastjórninni sem hefur setið á valdastólum í landinu.

Sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur í árlegri skýrslu sinni til Alþjóðavinnumálaþingsins fjallað ítarlega um ástandið í Burma sem virðist fara sífellt versnandi. Nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins hefur tekið undir kröfur sérfræðinganefndarinnar um úrbætur. Í umræðum um þetta mál hafa fulltrúar ríkisstjórnar Burma annaðhvort vísað á bug ásökunum um brot á alþjóðasamþykktum eða hampað innantómum loforðum um bót og betrun.

Við umræður í nefndinni hélt fulltrúi Austurríkis ræðu fyrir hönd aðildarríkja Evrópusambandsins og nokkurra annarra ríkja, þar á meðal Íslands. Í ræðunni voru reifuð margvísleg og ítrekuð brot ríkisstjórnar Burma og krafist tafarlausra úrbóta. Við umræður í nefndinni kom fram að þeir borgarar sem kæra nauðungarvinnuna sæta ofsóknum og eru dæmdir til tvöfalt lengri refsivistar en lög heimila. Þetta gengur þvert á ákvæði í 23. og 25. gr. samþykktar nr. 29, um afnám nauðungarvinnu.

Í niðurstöðum nefndarinnar kemur fram að þrátt fyrir stöðugar óskir og ítarlegar kröfur hafi ekkert miðað í umbótaátt síðastliðin átta ár. Vísað er til þess að ríkisstjórn Burma hafi lofað að kærendur brota um nauðungarvinnu njóti sérstakrar verndar í sex mánuði frá því kæra er sett fram. Loforðið hafi komið mjög seint fram og enn hafi ekkert komið fram sem bendi til þess að staðið verði við það. Í niðurstöðunum kemur einnig fram að efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna verði upplýst um þróun mála. Þess var krafist að ríkisstjórn Burma sendi fyrir haustfund sérfræðinganefndar ILO ítarlega skýrslu um ástandið í landinu. Einnig var því beint til stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að taka málefni Burma á dagskrá og var það gert við lok Alþjóðavinnumálaþingsins. Í niðurlagsorðunum segir að ástandið í Burma sé algjörlega óásættanlegt fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina. Hins vegar sé nauðsynlegt að halda áfram skoðanaskiptum við ríkisstjórn landsins í þeirri von að þau leiði til umbóta. Nefndin samþykkti að málefna Burma yrði getið í sérstaka hluta skýrslu hennar til Alþjóðavinnumálaþingsins. Í þessum hluta er einungis getið þeirra brota á alþjóðasamþykktum sem teljast alvarleg og sérstaklega gróf.

**Filippseyjar.**

Nefndin tók fyrir brot ríkisstjórnar Filippseyja á alþjóðasamþykkt nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd. Fulltrúi ríkisstjórnar Svíþjóðar hélt ræðu um málið í nefndinni í nafni ríkisstjórna Norðurlandanna. Í henni voru látnar í ljós áhyggjur yfir áframhaldandi mansali barna og kvenna, bæði innanlands og til annarra landa. Það var viðurkennt að stjórnvöld hafi gert ráðstafanir með setningu laga til að stemma stigu við lögbrotum af þessu tagi og að þau hafi látið í ljós einbeittan vilja til að berjast gegn mansali. Í ræðunni tóku ríkisstjórnir Norðurlandanna undir álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um að að-

gerðirnar séu ófullnægjandi og að ríkisstjórn Filippseyja þurfi að herða baráttuna til að vinna bug á ósómanum. Í ræðunni er einnig vakin á því athygli að enn séu mörg börn send til herþjónustu í því skyni að taka þátt í vopnuðum átökum. Ríkisstjórn Filippseyja er eindregið hvött til að binda endi á þá iðju með viðeigandi ráðstöfunum.

Nefndin samþykkti ítarlegar niðurstöður þar sem ríkisstjórnin er beðin um að gera Alþjóðavinnumálastofnuninni nánari grein fyrir þeim álitamálum sem tekin voru upp í umræðunum.

**Gvatemala.**

Málefni Gvatemala hafa nokkrum sinnum komið til umfjöllunar í þingnefndinni um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Það er framkvæmd ríkisstjórnarinnar á samþykkt nr. 98, um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega sem er til umfjöllunar. Málið snýst um morð á verkalýðsleiðtogum og félagsmönnum í stéttarfélögum launafólks. Fulltrúi Noregs hélt ræðu um málið fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlandanna. Í ræðunni er vísað til fjölda skýrslna innlendra og alþjóðlegra stofnana þar sem ítarlega er fjallað um margháttaðar aðgerðir til að koma í veg fyrir eðlilega starfsemi stéttarfélaga í landinu. Í niðurlagi ræðunnar var skorað á ríkisstjórn Gvatemala að grípa til nauðsynlegra aðgerða og færa réttarástandið í landinu í það horf sem krafist er samkvæmt alþjóðasamþykkt nr. 98.

Í ályktunarorðum nefndarinnar er lögð áhersla á hið alvarlega ástand í landinu og að í því felst gróft brot á samþykkt nr. 98. Nefndin lýsir áhyggjum yfir vaxandi ofbeldi sem ríkir í Gvatemala og neikvæðum áhrifum sem það hefur á starfsemi stéttarfélaga. Nefndin fer þess á leit við ríkisstjórn Gvatemala að hún sjái til þess að löggjöf landsins sé í samræmi við ákvæði samþykktarinnar. Þess er einnig óskað að ríkisstjórnin sendi sérfræðinganefnd ILO ítarlega skýrslu um ástandið.

**Hvíta-Rússland.**

Málefni Hvíta-Rússlands eru að verða fastur dagskráliður þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Það er fyrst og fremst framkvæmd ríkisstjórnar landsins á ákvæðum alþjóðasamþykktar nr. 87, um félagafrelsi, sem er tilefni umfjöllunarinnar. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar hefur í nokkur ár verið dregin upp dökk mynd af ástandi mála í landinu. Áður hefur komið fram í skýrslum um Alþjóðavinnumálaþingin að svo virðist sem erfiðlega gangi að segja skilið við fyrri tíma þegar félagasamtök, ekki síst stéttarfélög launafólks, voru hluti af kerfi ríkjandi afla í Ráðstjórnarríkjunum.

Fulltrúi Austurríkis hafði orð fyrir ríkisstjórnum aðildarríkja Evrópusambandsins og nokkrum öðrum ríkjum, þar á meðal Íslands og Noregs. Í ræðunni er látnar í ljós þungar áhyggjur yfir brotum ríkisstjórnar Hvíta-Rússlands á ákvæðum samþykkta nr. 87 og 98.

Nefndin samþykkti að þessa máls verði getið þeim hluta skýrslu hennar til allsherjarþing Alþjóðavinnumálaþingsins sem fjallar um sérstaklega gróf og alvarleg brot á samþykktum stofnunarinnar.

## 2.6. NEFND UM VINNUVERND

Í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um 93. og 94. Alþjóðavinnumálaþingin 2005 og 2006 kemur fram að á 91. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2003 hafi verið ákveðið að gera tilraun með að setja nýja tegund af alþjóðasamþykkt sem myndi hvetja aðildarríkin til markvissra umbóta á hlutaðeigandi sviði eða í hlutaðeigandi starfsgrein. Það var ákveðið að taka fyrst fyrir vinnuvernd. Þetta var ákveðið með hliðsjón af neikvæðum áhrifum alþjóðavæð-

ingar á virðingu fyrir heilsusamlegu vinnuumhverfi. Ákveðið var að setja málefnið á dagskrá 93. Alþjóðavinnumálaþingsins. Það var undirbúið af alþjóðavinnumálaskrifstofunni á venjulegan hátt með því að aðildarríkjunum var send árið 2004 spurningaskrá til útfyllingar. Jafnframt voru send drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um þetta efni. Drögin þjónuðu því hlutverki að vera grundvöllur umræðu á komandi vinnumálaþingi. Málefnið var til fyrri umræðu á 93. Alþjóðavinnumálaþinginu 2005. Þingið afgreiddi skýrslu sem hefur að geyma drög að samþykkt og tillögu um þetta efni.

Aðbúnaður og hollusta á vinnustöðum var til annarrar og seinni umræðu á 95. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2006. A. Békés, fulltrúi ríkisstjórnar Ungverjalands, var endurkjörinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru einnig endurkjörnir, þ.e. C. Lötter, fulltrúi atvinnurekenda í Suður-Afríku, og P. Seminario, fulltrúi launafólks í Bandaríkjunum. Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, var fulltrúi Íslands í nefndinni. Nefndin hélt samtals 11 fundi. Í nefndinni áttu sæti 178 fulltrúar (78 fulltrúar ríkisstjórna, 38 fulltrúar atvinnurekenda og 62 fulltrúar launafólks).

Starf nefndarinnar hófst 31. maí 2006 með almennum umræðum. Í þeim kom fram skýr vilji aðildarríkjanna að stefna skyldi að rammasamþykkt um vinnuvernd þar sem lögð er áhersla á markmið í stað ákvæða sem hefðu að geyma ítarlega útfærslu á réttindum og skyldum. Þeir sem tjáðu sig töldu mikilvægt að í samþykktinni komi fram skylda til að setja fram stefnu á landsvísu í vinnuverndarmálum, að fyrir hendi sé stjórnsýsla á þessu sviði og skipulagðar séu áætlanir um aðgerðir til að bæta heilbrigði og auka öryggi á vinnustöðum. Þetta sé gert í náinni samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins. Hjá fjölmörgum ræðumanna kom fram að sveigjanleiki verði forsenda þess að samþykktin verði fullgilt af þorra aðildarríkja ILO. Næsta skref aðildarríkja verði fullgilding annarra samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem taki til nánar tilgreindra atriða sem feli í sér ítarlegri skuldbindingar.

Talsmenn launafólks lýstu áhyggjum með að ekki væru nægileg tengsl á milli væntanlegrar alþjóðasamþykktar og annarra samþykkta ILO á sviði aðbúnaðar, hollustu og öryggis á vinnustöðum. Sú hætta væri fyrir hendi að einungis rammasamþykktin verði fullgilt án þess að hún leiði til fullgildingar á öðrum vinnuverndarsamþykktum sem hafa að geyma raunverulegar réttarbætur.

Að loknum almennum umræðum lögðu talsmenn atvinnurekenda fram tillögu um að nefndin samþykkti drögin að alþjóðasamþykktinni og tilmælunum eins og þau eru sett fram í skýrslu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sem var grundvöllur umræðna í nefndinni. Röksemd þeirra var að ekki væri ástæða til að fjölyrða um drögin þar sem aðildarríkin hefðu lýst yfir ánægju þau. Drögin væru góður grunnur fyrir áframhaldandi umbótum á sviði vinnuverndarmála. Talsmenn launafólks lögðust gegn tillögu atvinnurekenda. Það sama gerðu fulltrúar Íslands, Noregs og Evrópusambandsins sem vísuðu til þess að Alþjóðavinnumálastofnunin byggist á þríhliða samstarfi ríkisvalds, atvinnurekenda og launafólks og skoðanaskipta þessara aðila. Afgreiðsla á drögum að alþjóðasamþykkt og tilmælum án umræðu væri ekki í hátt við grundvallarreglur um skoðanaskipti aðila um félags- og vinnumál. Af þessu leiddi að fulltrúar atvinnurekenda drógu tillöguna til baka.

Nefndin hóf umræður um einstök ákvæði draganna að alþjóðasamþykkt og tillögu þegar þessi niðurstaða lá fyrir. Fyrst var farið yfir inngangsorð alþjóðasamþykktarinnar. Fulltrúar launafólks lögðu fram tillögu um að í inngangsorðum verði vísað til yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu. Rökin voru þau að yfirlýsingin væri ein af grundvallarskjölum ILO og stefnumarkandi fyrir starfsemi stofnunarinnar. Auk þess væri í fjölda gerða vísað til yfirlýsingarinnar. Talsmenn atvinnurekenda og fulltrúar

nokkurra ríkisstjórna lögðust gegn tillögunni og töldu að með henni væri vikið frá því markmiði sem hafi verið sett, þ.e. að afgreiðslu almennt orðaðrar rammasamþykktar um vinnuvernd. Þeir sem studdu tillöguna vísuðu til þess að í yfirlýsingunni er fjallað um grundvallarréttindi og þau taki einnig til aðbúnaðar, hollustu og öryggis á vinnustað. Leikar fóru þannig að tillagan var samþykkt.

Fulltrúar ríkisstjórna Íslands, Noregs og aðildarríkja Evrópusambandsins lögðu fram tillögu um að taka upp í samþykktina orðalag um að stefnu á landsvísu skuli móta í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við hefð og aðstæður í hlutaðeigandi ríki. Með stefnunni skuli einnig stuðla að framkvæmd grundvallarþátta eins og áhættumati, fyrirbyggjandi aðgerðum sem lúti að miðlun upplýsinga, þjálfun og samstarfi. Í röksemdum með tillögunni var vísað til þess að það væri þýðingarmikið að stefnumótunin ætti sér stað með skoðanaskiptum við og með beinni þátttöku aðila vinnumarkaðarins. Nefndin samþykkti tillöguna.

Tilmæli eru eins konar hliðstæða við reglugerð. Í þeim er að finna nánari útfærslu á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar. Þar sem breytingar höfðu verið gerðar á drögunum að alþjóðasamþykkt þurfti að gera nokkrar breytingar á drögum að tilmælum. Þannig var tekin upp nýr kafli um stefnu á landsvísu og í honum er vísað til II. hluta samþykktar nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, og viðeigandi ákvæði í þeirri samþykkt sem fjalla um réttindi og skyldur atvinnurekenda og starfsmanna.

Fulltrúar launafólks lögðu fram tillögu um að í II. hluta tilmælanna um stjórnsýslukerfi fyrir vinnuvernd yrði tekið upp ákvæði um yfirferð, þróun og endurskoðun í hátt við viðeigandi ákvæði í samþykktum sem taldar eru upp í viðauka, einkum í áðurnefndri samþykkt nr. 155, samþykkt nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun og nr. 129, um vinnueftirlit í landbúnaði. Tillagan var samþykkt sem og tillaga um að samráð verði ekki bundið við helstu samtök aðila vinnumarkaðarins heldur einnig aðra hlutaðeigandi aðila.

Samkvæmt stofnskrá ILO er heimilt að leggja fram tillögur sem fjalla um efni sem er á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins. Fulltrúi ríkisstjórnar Svía notfærði sér þennan rétt og lagði fram þingsályktunartillögu um aðgerðir til að hvetja aðildarríkin til að fullgilda alþjóðasamþykktir um vinnuvernd, einkum samþykktir nr. 81 og nr. 129 sem nefndar eru hér að framan. Enn fremur var í tillögunni dregið fram mikilvægi þess að starfrækja sérstakar stofnanir sem annast vinnueftirlit og fylgja eftir áætlunum um vinnuvernd.

Við umræðuna komu fram áhyggjur hjá fulltrúum launafólks um að áhersla á samþykktir nr. 81 og 129 yrði á kostnað samþykktar nr. 155 sem talin er mikilvægust á vinnuverndarsviðinu. Það kom í ljós að tillagan hafði takmarkaðan stuðning í nefndinni og var dregin til baka.

Fulltrúar talsmanna launafólks lögðu fram þingsályktunartillögu sem olli deilum. Með tillögunni skyldi stefnt að því að koma í veg fyrir sjúkdóma og dauðsföll vegna asbestmengunar á vinnustöðum. Bent er á að aðgerðir á þessu sviði hafi beina skírskotun til samþykkta sem miða að bættu vinnuumhverfi. Í tillögunni er vísað til samþykktar ILO nr. 162, um öryggi við notkun asbests, og samþykktar nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnum. Aðildarríkin eru í tillögunni hvött til að fullgilda þessar samþykktir og vinna að allsherjarbanni gegn notkun asbests. Einnig að gætt verði ýtrustu aðgæslu við vinnu við það asbest sem er til staðar í vinnuumhverfinu.

Talsmenn atvinnurekenda töldu að nefndin hefði ekki umboð til að fjalla um tillöguna. Asbest væri ekki á dagskrá þingsins. Lögfræðilegur ráðgjafi alþjóðavinnumálaskrifstofunnar benti á að á þinginu væri ekki að þessu sinni sérstök ályktunarnefnd. Af því leiddi að nefndir,

sem samþykkt er að stofna á þinginu til að fjalla um afmörkuð efni, geta fjallað um þingsályktunartillögur um sama efni. Ráðgjafinn benti á að í tillögunni sé vísað til draganna að rammasamþykktinni sem hafi að markmiði að bæta hollustu á vinnustöðum. Hann lagði einnig áherslu á að umræddar samþykktir eru á skrá í viðauka með drögunum að tilmælunum. Efni þingsályktunartillögunar hafi þar með beina skírskotun til málefnis sem væri til umfjöllunar í nefndinni. Eftir atkvæðagreiðslu var niðurstaðan sú að nefndin tók þingsályktunartillöguna til afgreiðslu og var hún á endanum samþykkt af Alþjóðavinnumálaþinginu.

Við afgreiðslu á allsherjarþingi vinnumálaþingsins var rammasamþykktin um vinnuvernd samþykkt með 455 atkvæðum gegn tveimur. Fimm sátu hjá. Tilmælin voru samþykkt með 458 atkvæðum gegn þremur atkvæðum. Sex sátu hjá. Alþjóðasamþykktin er birt sem fylgiskjal I með þessari skýrslu og tilmælin sem fylgiskjal II.

Líkt og við fyrri umræðu höfðu aðildarríki Evrópusambandsins náið samráð sín í milli og héldu fjölmarga samráðs- og undirbúningsfundi. EFTA- og EES-ríkin þáðu boð um að taka þátt í fundunum. Góð samstaða var á milli Evrópusambandsríkjanna og þeirra EFTA-ríkja sem eru skuldbundin af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ástæðan var meðal annars sú að öll ríkin fylgja rammatilskipun Evrópusambandsins um öryggi og hollustu á vinnustöðum og tillaga alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að gerð um málefnið var í stórum dráttum í hátt við tilskipunina.

### 2.7. RÁÐNINGARSAMBAND ATVINNUREKANDA OG LAUNAMANNS

Ráðningarsamband atvinnurekanda og launamanns hefur áður verið til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu. Í skýrslum félagsmálaráðherra til Alþingis um 85. og 86. Alþjóðavinnumálaþingið er gerð grein fyrir umræðum um drög að alþjóðasamþykkt og tilmælum um það sem nefnt er verktaka einstaklinga eða gerviverktaka (e. contract labour). Í skýrslu um 86. vinnumálaþingið kemur fram að við seinni umræðu um alþjóðasamþykkt og tilmæli um þetta hafi komið í ljós óbrúanlegt bil á milli þeirra þriggja hópa sem eiga seturétt á þinginu. Af þessu leiddi að þingnefnd sem fjallaði um málið tókst ekki að afgreiða til allsherjarþingsins tillögur um þetta málefni. Við þetta tækifæri lýsti talsmaður fulltrúa launafólks yfir miklum vonbrigðum með niðurstöðuna. Talsmaður atvinnurekenda var á öðru máli og taldi að hún væri til vitnis um það að málið væri ekki á því stigi að það væri umræðuhæft á Alþjóðavinnumálaþinginu. Hann benti á erfiðleika í sambandi við notkun hugtaka, merkingarmun eftir tungumálum og vandamál við skilgreiningu á gerviverktöku.

Eini árangurinn af starfi þingnefndarinnar árið 1998 var sá að leggja til við allsherjarþingið að samþykkt yrði ályktunartillaga um hugsanlega afgreiðslu alþjóðasamþykktar um vernd einstaklinga sem eru í þeirri stöðu að geta talist gerviverktakar. Samkvæmt tillögunni var alþjóðavinnumálaskrifstofunni falið að vinna áfram að frekari athugun á gerviverktöku. Því var einnig beint til stjórnarnefndar ILO að setja málið að nýju á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2002. Árið 2003 varð að samkomulagi að orðið „launamaður“ yrði skýrt í tilmælum. Þannig var fallið frá því að setja alþjóðasamþykkt um þetta efni.

Að venju undirbjó alþjóðavinnumálaskrifstofan umræður á þinginu með því að senda aðildarríkjunum skrár með spurningum um lög og venju á þessu sviði. Samtals bárust skrifstofunni svör frá 60 aðildarríkjum. Alþjóðavinnumálaskrifstofan vann úr þeim svörum og var samantekt birt í skýrslum sem lágu til grundvallar umræðum á þinginu.

Sérstök þingnefnd fjallaði um þetta málefni. Formaður var kjörinn A. van Leur, fulltrúi ríkisstjórnar Hollands. Varaformenn voru A.J. Finley, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum, og E. Patel, fulltrúi launafólks í Suður-Afríku.

Að framan er rakið að um þetta málefni hafi staðið djúpstæður ágreiningur um form og inntak hugsanlegrar gerðar Alþjóðavinnumálamálstofnunarinnar um skilgreiningu á orðinu „launamaður“. Það kom hins vegar í ljós að á 95. Alþjóðavinnumálaþinginu var breið samstaða fulltrúa ríkisstjórna um þörfina á tilmælum um inntak og afmörkun orðsins „launamaður“. Talsmaður fulltrúa ríkisstjórna í Afríku var þess mjög hvetjandi að þingið afgreiddi tilmæli um þetta efni sem gæti orðið leiðbeinandi fyrir aðildarríkin og auðveldað þeim að greina á milli atvinnurekenda og launamanna. Með þeim hætti yrði hægt að vinna gegn gerviverktöku sem sviptir raunverulega launamenn margvíslegum félagslegum réttindum.

Talsmenn atvinnurekenda lögðust gegn fyrirætlunum um afgreiðslu tilmæla og ályktunartillögu um framkvæmd hennar. Við afgreiðslu á allsherjarfundi vinnumálaþingsins varð niðurstaðan sú tilmælin og ályktunartillagan voru samþykkt með 329 atkvæðum, 94 greiddu atkvæði á móti og 40 sátu hjá. Samkvæmt reglu ILO þurftu a.m.k. 286 að taka þátt í atkvæðagreiðslunni, þ.e. að greiða atkvæði annaðhvort með eða á móti. Tilmælin fengu þannig rúman stuðning.

Umræður í þingnefndinni, sem fjallaði um þetta málefni, snerust fyrst og fremst um atriði sem rétt væri að taka með í tilmælin. Fulltrúar voru sammála um það að tilmæli ættu að minnsta kosti hafa að markmiði að koma í veg fyrir að gengið yrði á snið við reglur um félagslega vernd launafólks með gerviverktöku. Hins vegar var ágreiningur um það í hversu miklum mæli tilmælin ættu að fjalla um önnur tilvik þar sem óvissa ríkir um það hvort hlutaðeigandi sé í stöðu launamanns. Talsmenn atvinnurekenda voru eindregið þeirrar skoðunar að takmarka ákvæði tilmælanna við gerviverktökuna. Talsmenn launafólks og fulltrúar ríkisstjórna töldu að sú nálgun myndi takmarka gildissviðið um of. Samstaða tókst um texta þar sem því er beint til ríkisstjórna að grípa til aðgerða í því skyni að auðvelda greiningu á því hvort á milli aðila sé ráðningarsamband. Á þann hátt verði hægt að leggja á það mat hvort hlutaðeigandi sé launamaður eða sjálfstætt starfandi. Að auki er því beint til aðildarríkjanna að hrinda í framkvæmd aðgerðum sem hafa að markmiði að koma í veg fyrir réttindabrot og að virt séu ákvæði um að launafólk njóti félagslegs öryggis.

Annað meginágreiningsefnið var um það hversu skýrt ætti að kveða að orði í tilmælunum. Í tillögu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að texta var mælt með því að í löggjöf aðildarríkjanna yrði lagt til grundvallar við ákvörðun á því hvort um ráðningarsamband væri ræða eða ekki hvert væri hið raunverulega samband aðila. Nefnd voru í dæmaskyni aðstæður sem eru leiðbeinandi um það hvort fyrir liggi ráðningarsamband sem aðildarríkin gætu tekið upp í löggjöf sína. Einnig var mælt með því að aðildarríkin gætu skýrt í löggjöf orðið „ráðningarsamband“ að teknu tilliti til gildandi réttar og venju í þeim efnum. Fulltrúar launafólks og ríkisstjórnarfulltrúar voru þeirrar skoðunar að í tilmælunum ættu að vera leiðbeinandi ákvæði og dæmi sem auðvelduðu að ákvarða hvort um ráðningarsamband væri að ræða eða ekki. Þessir fulltrúar greiddu því atkvæði að slíkt ákvæði væri tekið í tilmælin en fulltrúar atvinnurekenda voru þessu andvígir og greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Samkomulag tókst um tillögu fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins varðandi ráðningarsamband fólks sem sent er landa á milli í atvinnuskyni. Við slíkar aðstæður skiptir miklu að fyrir liggi hver sé atvinnurekandinn og hver launamaður. Samstaða tókst um það að mæla með því að aðildarríkin grípi til aðgerða sem hafa útsenda starfsmenn sem markhóp.

Tilmælin um ráðningarsamband byggjast á því að aðildarríkin geti valið á milli mismunandi leiða til að bregðast við vanda sem leiðir af brotum og réttaróvissu á þessu sviði. Þar af leiðandi er orðið „launamaður“ ekki skýrt í tilmælunum. Tilmælin eru birt sem fylgiskjal III

með þessari skýrslu. Rétt er að vekja á því athygli að tilmæli eru ekki skuldbindandi fyrir aðildarríkin með sama hætti og alþjóðasamþykkt.

## 2.8. TÆKNIAÐSTOÐ ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

Tækniaðstoð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er mjög umfangsmikil. Yfirleitt er sá háttur á hafður að aðildarríkin velja sér stuðningsverkefni í þróunarríkjum. Umsjón með framkvæmdum er í höndum starfsmanna alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf en fjármunir og ráðgjafar frá hlutaðeigandi aðildarríki. Skipulag og hlutur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í tækniaðstoð við þróunarríki er tekinn reglulega til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu að jafnaði á sex ára fresti. Síðast var það gert á 85. þinginu árið 1999. Það var því orðið tímabært að taka málefnið að nýju á dagskrá þingsins og var um það fjallað í sérstakri þingnefnd. Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman skýrslu undir heitinu *Hlutverk ILO við tækniaðstoð. Aðgerðir á landsvísu í því skyni að skapa launafólki mannsæmandi vinnuaðstæður.* Skýrslan lá til grundvallar umræðum í nefndinni.

Formaður nefndarinnar var kosinn B. Bitonio, fulltrúi ríkisstjórnar Filippseyja. Varaformenn voru kosnir J. Jeetun, fulltrúi atvinnurekenda í Máritaníu, og H. Yacob, fulltrúi launafólks í Singapúr. Talsmaður nefndarinnar á fundi allsherjarfundar vinnumálaþingsins var U. Hiveluah, fulltrúi ríkisstjórnar Namibíu. Samtals tók 141 fulltrúi þátt í starfi nefndarinnar sem hélt átta fundi.

Fulltrúi forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf hóf nefndarstarfið með ræðu þar sem hann dró fram þær breytingar í alþjóðamálum sem hafa átt sér stað frá því málefnið var síðast á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins árið 1999. Hann lagði sérstaka áherslu á þá þýðingu sem stefnumarkandi yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa fengið, ekki síst varðandi mannsæmandi vinnuaðstæður. Heimsnefndin um félagslegar hliðar alþjóðavæðingar efnahagslífsins og leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna í september 2005 höfðu enn frekar beint kastljósinu að sérhæfðum samstarfsverkefnum stofnunarinnar og grundvallargildum hennar. Samstarfsverkefni, alþjóðasamþykktir um réttindi og skyldur í atvinnulífinu og þríhliðasamstarf ríkisvalds, atvinnurekenda og launafólks væri forsenda þess að hægt sé á alþjóðavísu að berjast fyrir mannsæmandi starfsskilyrðum.

Að lokinni ræðu fulltrúa forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tóku við almennar umræður í nefndinni. Fulltrúi Svíþjóðar flutti ræðu í nafni vestrænna iðnríkja. Í henni var fjallað um þær byltingarkenndu breytingar sem hafa átt sér stað á starfssviði Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Tækniaðstoð stofnunarinnar væri forsenda þess að hún gæti gegnt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti við núverandi aðstæður í heiminum. Mjög mikilvægt væri að tengja nánar saman tækniaðstoð og framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála og vinnuverndarmála.

Eftir almennar umræður voru einstök atriði tekin til nánari umfjöllunar. Verulegur tími fór í að ræða með hvaða hætti Alþjóðavinnumálastofnunin gæti á sem virkastan hátt hrint í framkvæmd markmiðum alþjóðasamþykkta og áætluninni um mannsæmandi vinnuskilyrði.

Nefndin lauk störfum með afgreiðslu ályktunar með fimm meginniðurstöðum sem eru:

- Í inngangi er dregið fram að full atvinna og mannsæmandi vinnuskilyrði gegna lykilhlutverki í því að árangur náist í þróunaraðstoð.
- Samþætting áætlunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði við aðrar áætlanir stofnana Sameinuðu þjóðanna. Áætlunin hefur náð alþjóðlegri athygli.
- Þríhliða samstarfið, samningar og samstarf atvinnurekenda og launafólks eru forsenda umbóta í atvinnulífinu.

- Útfærsla á samstarfsverkefnum á sviði þróunaraðstoðar á afmörkuðum faglegum sviðum.
- Umbætur á sérhæfðri þróunaraðstoð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar kallar á aukna þekkingu og sérhæfingu til að veita þjónustu og ráðgjöf.

## Fylgiskjal I.

### Samþykkt nr. 187, um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 95. þingsetu sinnar í Genf hinn 31. maí 2006 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gerir sér grein fyrir að nauðsynlegt er að grípa til frekari aðgerða til að stemma stigu við miklum fjölda alvarlegra vinnuslysa, sjúkdóma og dauðsfalla, og

sem minnist þess að það er eitt af markmiðum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að vernda starfsmenn gegn veikindum, sjúkdómum og vinnuslysum, eins og sett er fram í stofnskrá hennar, og

sem gerir sér grein fyrir að vinnuslys, sjúkdómar og dauðsföll hafa neikvæð áhrif á framleiðni og á efnahagslega og félagslega þróun, og

sem veitir athygli g-lið III. mgr. Fíladelfíuyfirlýsingarinnar sem kveður á um að það sé heilög skylda Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að ýta undir áætlanir meðal þjóða heims sem miða að því að líf og heilsa starfsmanna í öllum starfsstéttum njóti nægilegrar verndar, og

sem minnist yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu auk eftirfylgni við hana, 1998, og

sem gefur gaum að samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981 (nr. 155), tilmæla um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981 (nr. 164) og öðrum gerningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem varða rammasamþykkt um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, og

sem minnist þess að aukið öryggi og heilbrigði við vinnu er á verkefnaskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnu fyrir alla, og

sem minnist ályktana um starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í tengslum við viðmiðanir á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu – hnattrænnar áætlunar sem samþykkt var á 91. vinnumálaþingi ILO (2003), sem einkum tengist því að tryggja forgangsröðun öryggis og heilbrigðis við vinnu í verkefnaskrám á landsvísu, og

sem leggur áherslu á mikilvægi þess að efla meðvitund um gildi vinnuverndar á landsvísu, og

sem hefur samþykkt ákveðnar tillögur varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

sem hefur ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi alþjóðasamþykktar;

sem samþykkir í dag, 15. júní 2006, eftirfarandi samþykkt sem nefna má samþykkt um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu, 2006.

## I. ORÐSKÝRINGAR

1. gr.

Í þessari samþykkt er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

a. „stefna á landsvísu“ vísar til stefnu á landsvísu um öryggi og heilbrigði við vinnu og vinnuumhverfi sem komið er á í samræmi við grundvallarreglur 4. gr. samþykktar um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981 (nr. 155);
b. „landskerfið um öryggi og heilbrigði við vinnu“ eða landskerfi vísar til þess grunnkerfis sem myndar aðalrammann um framkvæmd innlendu stefnunnar og innlendu áætlananna um öryggi og heilbrigði við vinnu;
c. „áætlun á landsvísu um öryggi og heilsu á vinnustað eða áætlun á landsvísu“ vísar til hvers kyns áætlunar á landvísu sem felur í sér markmið sem eiga að nást innan tiltekins tíma, forgang og aðgerðir sem fundnar eru til að bæta öryggi og heilbrigði við vinnu og aðferðir við að meta árangur;
d. „fyrirbyggjandi starf á landsvísu sem miðar að því að hlúa að öryggi og heilsu“ vísar til viðhorfs til þess að réttur til öruggs og heilsusamlegs vinnuumhverfis á öllum sviðum sé virtur, þar sem ríkisstjórnir, atvinnurekendur og launamenn taka virkan þátt í að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi í krafti kerfis með skilgreindum réttindum, ábyrgð og skyldum og þar sem forvarnir hafa algjöran forgang.

## II. MARKMIÐ

2. gr.

1. Hvert aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt skal standa fyrir stöðugum úrbótum á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu til að koma í veg fyrir vinnuslys, sjúkdóma og dauðsföll með því að þróa, í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, stefnu, kerfi og áætlun á landsvísu.

2. Hvert aðildarríki skal grípa til virkra ráðstafana sem miða að því að vinnuumhverfið verði öruggara og heilsusamlega í krafti kerfis áætlana um öryggi og heilbrigði við vinnu á landsvísu, að teknu tilliti til grundvallarreglnanna sem settar eru fram í gerningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem varða rammasamþykkt um að efla öryggi og heilbrigi við vinnu.

3. Hvert aðildarríki, í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, skal reglulega meta til hvaða ráðstafana væri unnt að grípa til til að fullgilda viðeigandi samþykktir ILO um öryggi og heilbrigði við vinnu.

## III. STEFNA Á LANDSVÍSU

3. gr.

1. Hvert aðildarríki skal stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi með því að setja fram stefnu á landsvísu þar að lútandi.

2. Hvert aðildarríki skal stuðla að og efla, á öllum viðkomandi stigum, rétt starfsmanna á öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi.

3. Við mótun stefnu á landsvísu skal hvert aðildarríki, í ljósi aðstæðna innanlands og venju og í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, efla meginreglur svo sem að meta áhættu við vinnu og margvíslega hættu í vinnuumhverfinu; berjast gegn áhættu við vinnu og starfstengda hættu við upptök; og efla viðhorf gagnvart öryggi og heilbrigði á landsvísu, þ.m.t. upplýsingar, samráð, menntun og þjálfun.

## IV. KERFI Á LANDSVÍSU

### 4. gr.

1. Hvert aðildarríki skal koma á fót, viðhalda, þróa stig af stigi og endurskoða reglulega kerfi á landsvísu um öryggi og heilbrigði við vinnu í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks.

2. Kerfið á landsvísu um öryggi og heilbrigði við vinnu skal meðal annars fela í sér:

a. lög og reglugerðir, kjarasamninga eftir því sem við á, og aðrar viðeigandi gerðir um öryggi og heilbrigði við vinnu;
b. stjórnvald eða stofnun, eða stjórnvöld eða stofnanir, sem bera ábyrgð á öryggi og heilbrigði, tilnefnd í samræmi við landslög og venju;
c. úrræði til að tryggja að farið sé að lögum og reglugerðum, þ.m.t. eftirlitskerfi; og
d. fyrirkomulag til að efla, innan fyrirtækja, samvinnu milli stjórnar, starfsmanna og trúnaðarmanna þeirra þannig að hún verði meginþáttur forvarna á vinnustaðnum.

3. Kerfið á landsvísu um öryggi og heilbrigði við vinnu skal, eftir því sem við á taka til:

a. þríhliða ráðgefandi aðila á landsvísu sem fjallar um mál tengd öryggi og heilbrigði við vinnu;
b. upplýsinga og ráðgjafarþjónustu um öryggi og heilbrigði við vinnu;
c. þjálfunar á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu;
d. þjónustu á sviði hollustuhátta á vinnustöðum í samræmi við landslög og venju;
e. rannsókna á öryggi og heilbrigði við vinnu;
f. skipulags til að safna og greina gögn um vinnuslys og atvinnusjúkdóma, að teknu tilliti til viðeigandi gerða Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO);
g. samstarfs við viðeigandi trygginga- og almannatryggingakerfi sem taka til vinnuslysa og atvinnusjúkdóma; og
h. stuðnings við markvissar endurbætur á aðstæðum tengdum öryggi og heilbrigði við vinnu í örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum og í hinu óformlega hagkerfi;

## V. ÁÆTLUN Á LANDSVÍSU

### 5. gr.

1. Hvert aðildarríki skal setja á fót, hrinda í framkvæmd, fylgjast með, meta og endurskoða reglulega áætlun á landsvísu um öryggi og heilbrigði við vinnu í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks.

2. Áætluninni skal:

a. stuðla að þróun fyrirbyggjandi starfs á landsvísu sem miðar að því að efla öryggi og heilbrigði;
b. stuðla að vernd starfsmanna með því að útiloka eða draga úr, svo sem við verður komið, vinnutengdum hættum og áhættu á vinnustað, í samræmi við landslög og venju, í því skyni að koma í veg fyrir vinnuslys, sjúkdóma og dauðsföll og efla öryggi og heilbrigði á vinnustað;
c. samin og endurskoðuð á grundvelli greiningar á ástandi innanlands hvað varðar öryggi og heilbrigði við vinnu, þ.m.t. greiningu á kerfinu á landsvísu um öryggi og heilbrigði við vinnu;
d. fela í sér markmið, stefnumið og vísbendingar um árangur; og
e. vera studd, þar sem hægt er, öðrum áætlunum á landsvísu og áformum sem hjálpa til við að byggja smám saman upp öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi.

3. Áætlunin á landsvísu skal vera vel kynnt og, eins og við verður komið, studd og sett á laggir af hátt settum innlendum stjórnvöldum.

## VI. LOKAÁKVÆÐI

### 6. gr.

Samþykkt þessi breytir engum alþjóðlegum vinnumálasamþykktum né tilmælum.

### 7. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

### 8. gr.

1. Þessi samþykkt telst einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

### 9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp á fyrsta ári hvers nýs tíu ára tímabils í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

### 10. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

### 11. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar skv. 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem skráðar eru samkvæmt þessari samþykkt.

### 12. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma, þegar það gerist;
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni gagnvart þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar er jafngildur.

## Fylgiskjal II.

**Tilmæli nr. 197, um samþykkt til að efla öryggi og heilbrigði við vinnu, 2006.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 95. þingsetu sinnar í Genf hinn 31. maí 2006 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt tilteknar tillögur varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

sem hefur einsett sér að þessar tillögur skuli öðlast form tilmæla til viðbótar samþykkt um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu, 2006 (hér á eftir nefnd „samþykktin“);

sem samþykkir í dag, 15. júní 2006, eftirfarandi tilmæli sem nefna má tilmæli um samþykkt um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu, 2006

### I. STEFNA Á LANDSVÍSU

1. Stefnan á landsvísu sem sett er fram í 3. gr. samþykktarinnar ætti að hafa til hliðsjónar II. hluta samþykktar um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981 (nr. 155), sem og viðeigandi réttindi, skyldur og ábyrgð launafólks, atvinnurekenda og ríkisstjórna í þeirri samþykkt.

### II. KERFI Á LANDSVÍSU

2. Við að stofna, viðhalda, þróa og endurskoða reglulega kerfið á landsvísu um öryggi og heilbrigði við vinnu sem skilgreint er í b-lið 1. gr. samþykktarinnar

a. ættu aðilar að taka mið af gerningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) sem tengjast rammasamþykkt um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu sem taldir eru upp í viðaukanum við þessi tilmæli, einkum samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981 (nr. 155), samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verslun, 1947 (nr. 81) og samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði, 1969 (nr. 129); og
b. hafa aðilar heimild til að láta samráðið sem kveðið er á um í í 1-lið 4. gr. samþykktarinnar taka til annarra hagsmunaaðila.

3. Með það að markmiði að fyrirbyggja vinnuslys, sjúkdóma og dauðsföll ætti landskerfið að fela í sér viðeigandi ráðstafanir um verndun alls launafólks, einkum launamanna í áhættu-

starfsgreinum, og launamenn sem eru berskjaldaðir svo sem þeir sem starfa við óformlegar aðstæður á vinnumarkaði, farandlaunafólk og ungt launafólk.

4. Aðildarríki ættu að gera ráðstafanir til þess að vernda öryggi og heilbrigði launafólks af báðum kynjum, þ.m.t. verndun frjósemisheilsu.

5. Þegar aðildarríki stuðla að því að vernda öryggi og heilsu með fyrirbyggjandi hætti innanlands eins og skilgreint er í d-lið 1. gr. samþykktarinnar ættu þeir að leitast við:

a. að vekja aðila á vinnumarkaði og almenning til vitundar um öryggi og heilbrigði við vinnu með átaki á landsvísu í tengslum við vinnustaði og samstarfsverkefni á alþjóðavísu, eftir því sem við á;
b. að stuðla að menntun og þjálfun á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu, einkum fyrir stjórnendur, leiðbeinendur, launamenn og trúnaðarmenn þeirra ásamt fulltrúum í stjórnsýslu ríkisins sem hafa með öryggi og heilbrigði að gera;
c. að innleiða hugmyndir á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu og, eftir því sem við á, viðmiðanir um hæfni í mennta- og starfsþjálfunaráætlunum;
d. að greiða fyrir því að hagskýrslum og gögnum sem varða öryggi og heilbrigði verði miðlað til hlutaðeigandi stjórnvalda, atvinnurekenda, launafólks og trúnaðarmanna þeirra;
e. að veita atvinnurekendum og launafólki og samtökum þeirra upplýsingar og ráðgjöf og efla og greiða fyrir samstarfi milli þessara aðila með það að markmiði að útiloka eða draga úr, hættum og áhættu á vinnustað;
f. að stuðla að því innan vinnustaðarins að mótuð verði stefna um öryggi og heilbrigði, skipaðar verði öryggisnefndir og tilnefndir verði öryggistrúnaðarmenn launamanna sem fjalla um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum í samræmi við landslög og venju; og
g. að taka á þeim hindrunum sem örfyrirtækjum, litlum og meðalstjórum fyrirtækjum og verktökum við að framkvæma stefnu og fylgja reglum um öryggi og heilbrigði við vinnu í samræmi við landslög og venju.

6. Aðildarríki ættu að stuðla að því að setja á fót stjórnunarkerfi um öryggi og heilbrigði við vinnu, svo sem þá nálgun sem mælt er fyrir um í Leiðbeiningum um stjórnkerfi fyrir öryggi og heilbrigði við vinnu (ILO-OSH 2001).

## III. ÁÆTLUN Á LANDSVÍSU

7. Áætlun á landsvísu um öryggi og heilbrigði við vinnu samkvæmt skilgreiningu í c-lið 1. gr. samþykktarinnar ætti að byggjast á grundvallarreglum um mat og stjórnun hættu og áhættu sem beinist að sjálfum vinnustaðnum.

8. Innanlandsáætlun ætti að kveða á um forgangsröðun aðgerða og hana ætti að endurskoða og uppfæra reglulega.

9. Við gerð og endurskoðun áætlunarinnar á landsvísu mega aðildarríki færa út samráðið sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. samþykktarinnar til annarra hagsmunaaðila.

10. Með það í huga að hrinda ákvæðum 5. gr. í framkvæmd ætti áætlunin á landsvísu að ýta undir að gripið verði til forvarnarráðstafana og -aðgerða sem fela í sér þátttöku atvinnurekenda, launafólks og trúnaðarmanna þeirra.

11. Samhæfa ætti, eftir því sem við á, áætlunina á landsvísu um öryggi og heilbrigði við vinnu og aðrar áætlanir og áform, svo sem þau sem tengjast lýðheilsu og efnahagsþróun.

12. Við gerð og endurskoðun áætlunarinnar á landsvísu ættu aðildarríki að hafa hliðsjón af gerningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem varða rammasamþykkt um að efla öryggi

og heilbrigði við vinnu og taldir eru upp í viðaukanum við þessi tilmæli, með fyrirvara um skyldur þeirra samkvæmt samþykktum sem þeir hafa fullgilt.

## IV. GREINING Á LANDSVÍSU

13. Aðildarríki ættu að taka reglulega saman lýsingu á stöðu mála innanlands á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu og framfara í átt til öruggs og heilbrigðs vinnuumhverfis. Við endurskoðun stefnu á landsvísu ætti að hafa hliðsjón af greiningunni.

14. 1) Greiningin á landsvísu ætti að taka til eftirfarandi þátta, eftir því sem við á:

a. laga og reglugerða, kjarasamninga eftir því sem við á, og annarra viðeigandi gagna um öryggi og heilbrigði við vinnu;
b. stjórnvaldsins eða stofnunarinnar, eða stjórnvaldanna eða stofnananna, sem bera ábyrgð á öryggi og heilbrigði, tilnefnd í samræmi við landslög og venju;
c. úrræða til að tryggja að farið sé að lögum og reglugerðum, þ.m.t. eftirlitskerfi;
d. fyrirkomulags til að efla, innan hvers fyrirtækis, samvinnu milli stjórnar, launafólks og trúnaðarmanna þeirra þannig að hún verði meginþáttur forvarna á vinnustað
e. þríhliða ráðgefandi aðila á landsvísu sem tekur á málum tengdum öryggi og heilbrigði við vinnu;
f. upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu um öryggi og heilbrigði við vinnu;
g. þjálfunar á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu;
h. þjónustuaðila á sviði vinnuverndar í samræmi við landslög og venju;
i. rannsókna á öryggi og heilbrigði við vinnu;
j. úrræða til að safna og greina gögn um vinnuslys og atvinnusjúkdóma og ástæður þeirra, að teknu tilliti til gerninga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem málið varða;
k. ákvæða um að samhæfa viðeigandi tryggingа- eða almannatryggingakerfi sem taka til vinnuslysa og atvinnusjúkdóma; og
l. úrræða til að bæta stöðugt öryggi og heilbrigði í vinnuumhverfinu í örfyrirtækjum, litlum og meðalstjórum fyrirtækjum og við óformlegar aðstæður á vinnumarkaði.

2) Þar að auki ætti greiningin á landsvísu um öryggi og heilbrigði við vinnu að fela í sér upplýsingar um eftirfarandi þætti, eftir því sem við á:

a. úrræði til samhæfingar og samstarfs innanlands og milli fyrirtækja, þ.m.t. úrræði til að endurskoða innanlandsáætlanir;
b. tæknilegar kröfur, starfsvenjur og leiðbeiningar um öryggi og heilbrigði við vinnu;
c. ráðstafanir til menntunar og vitundarvakningar þ.m.t. átaksverkefni til kynningar;
d. sérhæfðar, tæknilegar, læknisfræðilegar og vísindalegar stofnanir með tengsl við hin ýmsu svið öryggis og heilbrigði við vinnu, þ.m.t. rannsóknarstofnanir og rannsóknarstofur sem fjalla um öryggi og heilbrigði við vinnu;
e. launamenn sem starfa á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu, svo sem eftirlitsmenn, öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir, læknar á sviði atvinnusjúkdóma og sérfræðingar á sviði hollustuhátta;
f. hagtölur um vinnuslys og atvinnusjúkdóma;
g. stefnumið og áætlanir heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu;
h. reglubundna eða viðvarandi starfsemi sem tengist öryggi og heilbrigði við vinnu, þ.m.t. alþjóðasamstarf;
i. fjármagn og fjárveitingar með hliðsjón af öryggi og heilbrigði við vinnu; og

j. gögn um lýðfræði, læsi, hagkerfi og atvinnumál, sem fáanleg eru, og aðrar upplýsingar sem máli skipta.

## V. ALÞJÓÐLEG SAMVINNA OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

15. Alþjóðavinnumálastofnunin ætti:

a. að greiða fyrir alþjóðlegri tæknisamvinnu um öryggi og heilbrigði við vinnu í því augnamiði að aðstoða lönd, einkum þróunarlönd, í eftirfarandi tilgangi:
   i) að styrkja þau í því að koma á og viðhalda forvarnaráætlunum um að hlúa að öryggi og heilsu;
   ii) að stuðla að því að nálgast öryggi og heilbrigði við vinnu með hjálp stjórnunarkerfa; og
   iii) að hvetja til þess að þeir gerningar, ef um er að ræða samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem tengjast rammasamþykkt um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu og taldir eru upp í viðaukanum við þessi tilmæli, verði fullgiltir og þeim hrint í framkvæmd;

b. að greiða fyrir miðlun upplýsinga um stefnu á landsvísu í skilningi a-liðar 1. gr. samþykktarinnar um kerfi og áætlanir á landsvísu um öryggi og heilbrigði við vinnu, þ.m.t. um góðar venjur og frumlega nálgun, og um skilgreiningu á nýrri hættu og áhættu á vinnustöðum; og

c. að leggja fram upplýsingar um árangur sem náðst hefur við að öðlast öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi.

## VI. UPPFÆRSLA Á VIÐAUKANUM

16. Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ætti að endurskoða og uppfæra viðaukann við þessi tilmæli. Sérhver viðauki sem þannig er endurskoðaður skal samþykktur af stjórnarnefndinni og skal koma í stað fyrri viðauka eftir að hafa verið kynntur aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

## VIÐAUKI
## GERNINGAR ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR SEM VARÐA RAMMASAMÞYKKT UM AÐ EFLA ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI VIÐ VINNU

### I. SAMÞYKKTIR

Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verslun, 1947 (nr. 81)

Samþykkt um vernd verkamanna fyrir geislun, 1960 (nr. 115)

Samþykkt um heilbrigðisráðstafanir í verslunum og skrifstofum, 1964 (nr. 120)

Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu, 1964 (nr. 121)

Samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði, 1969 (nr. 129)

Samþykkt um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini, 1974 (nr. 139)

Samþykkt um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað, 1977 (nr. 148)

Samþykkt um öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu, 1979 (nr. 152)

Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981 (nr. 155)

Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum, 1985 (nr. 161)

Samþykkt um öryggi við notkun asbests, 1986 (nr. 162)

Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði, 1988 (nr. 167)
Samþykkt um öryggi við notkun efna við vinnu, 1990 (nr. 170)
Samþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum, 1993 (nr. 174)
Samþykkt um öryggi og heilbrigði þeirra sem stunda námugröft, 1995 (nr. 176)
Bókun frá 1995 við samþykkt um vinnueftirlit, 1947 (nr. 81)
Samþykkt um öryggi og heilbrigði þeirra sem stunda landbúnaðarstörf, 2001 (nr. 184)
Bókun frá 2002 við samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu, 1981 (nr. 155)

II. TILMÆLI

Tilmæli um vinnueftirlit, 1947 (nr. 81)
Tilmæli um vinnueftirlit (námugröftur og samgöngur), 1947 (nr. 82)
Tilmæli um heilbrigði starfsmanna, 1953 (nr. 97)
Tilmæli um aðstöðu til velferðargæslu, 1956 (nr. 102)
Tilmæli um vernd fyrir geislun, 1960 (nr. 114)
Tilmæli um húsnæði launafólks, 1961 (nr. 115)
Tilmæli um hollustuhætti (verslanir og skrifstofur), 1964 (nr. 120)
Tilmæli um slysabætur, 1964 (nr. 121)
Tilmæli um vinnueftirlit í landbúnaði, 1969 (nr. 133)
Tilmæli um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini, 1974 (nr. 147)
Tilmæli um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað, 1977 (nr. 156)
Tilmæli um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi hafnarstarfsmanna, 1979 (nr. 160)
Tilmæli um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981 (nr. 164)
Tilmæli um þjónustuaðila í vinnuvernd, 1985 (nr. 171)
Tilmæli um öryggi við notkun asbests, 1986 (nr. 172)
Tilmæli um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði, 1988 (nr. 175)
Tilmæli um öryggi við notkun efna við vinnu, 1990 (No. 177)
Tilmæli um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum, 1993 (nr. 181)
Tilmæli um öryggi og heilbrigði þeirra sem stunda námugröft, 1995 (nr. 183)
Tilmæli um öryggi og heilbrigði þeirra sem stunda landbúnaðarstörf, 2001 (nr. 192)
Tilmæli um skrá yfir atvinnusjúkdóma, 2002 (nr. 194)

**Fylgiskjal III.**

**Tilmæli nr. 198, um ráðningarsamband.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 95. þingsetu sinnar í Genf hinn 31. maí 2006 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og

sem telur að vernd sé fólgin í lögum og reglugerðum og kjarasamningum sem tengist því að fyrir hendi sé ráðningarsamband milli atvinnurekanda og launamanns, og

sem telur að lög og reglugerðir og túlkun þeirra ætti vera samhæfð markmiðum um mannsæmandi vinnu, og

sem telur að í ráðningar- og vinnulöggjöf sé m.a. leitast við að taka á því sem kann að lýsa sér í ójafnri samningsstöðu milli aðila að ráðningarsambandi, og

sem telur að vernd launafólks sé kjarninn á verkefnasviði Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og, í samræmi við grundvallarreglur sem settar eru fram í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu, 1998, og verkefnasvið ILO um sæmandi vinnumál, og

sem telur að erfitt sé að leiða í ljós hvort um sé að ræða ráðningarsamband eða ekki við aðstæður þar sem viðeigandi réttindi og skyldur hlutaðeigandi aðila eru ekki ljósar, þar sem reynt hefur verið að dulbúa ráðningarsambandið eða þar sem fyrir er ófullnægjandi eða takmarkaður lagarammi, eða túlkun hans eða beiting er ófullnægjandi eða takmörkuð, og

sem gerir sér grein fyrir að til eru dæmi um að samningstilhögun geti haft þau áhrif að launafólk sé svipt þeirri vernd sem það á rétt á, og

sem gerir sér grein fyrir hlutverki alþjóðlegra leiðbeininga fyrir aðildarríki við að ná fram þessari vernd með innlendum lögum og venju og að slíkar leiðbeiningar ættu að hafa skírskotun til langs tíma, og

sem gerir sér enn frekar grein fyrir að allir ættu að njóta slíkrar verndar, einkum launafólk sem er berskjaldað, og ætti hún að byggjast á lögum sem eru skilvirk, áhrifarík, yfirgripsmikil, skjótvirk og að þau hvetji til þess að fólk fari sjálfviljugt eftir þeim, og

sem gerir sér grein fyrir að stefna á landsvísu ætti að vera afrakstur samráðs við aðila vinnumarkaðarins og ætti að vera til leiðbeiningar fyrir þá aðila sem málið varðar á vinnustöðum, og

sem gerir sér grein fyrir að stefna á landsvísu ætti að stuðla að hagvexti, að sköpuð verði störf og mannsæmandi vinna, og

sem telur að hið hnattræna hagkerfi hafi orðið þess valdandi að hreyfanleiki launafólks sem þarf á vernd að halda hafi aukist, a.m.k. í ljósi þess að vernd á landsvísu er sniðgengin vegna ónógrar lagasetningar, og

sem gerir sér grein fyrir að við veitingu þjónustu milli landa er mikilvægt að ákvarða með vissu hverjir teljist til launafólks í ráðningarsambandi, hvaða rétt launamaðurinn hafi og hver sé atvinnurekandinn, og

sem telur að sá vandi sem felst í að greina hvort um ráðningarsamband sé að ræða eða ekki geti valdið alvarlegum erfiðleikum hjá þeim launamönnum sem málið varðar, samfélögum þeirra og þjóðfélögum í heild, og

sem telur að skera verði úr um óvissuna hvort um ráðningarsamband sé að ræða eða ekki í því skyni að tryggja heiðarlega samkeppni og virka vernd launafólks í ráðningarsambandi á þann hátt sem viðeigandi er samkvæmt landslögum og venju, og

sem gefa gaum að öllum viðkomandi alþjóðlegum kröfum um vinnuskilyrði, einkum þeim sem fjalla um stöðu kvenna auk þeirra sem fjalla um gildissvið ráðningarsambands, og

hefur samþykkt tilteknar tillögur varðandi ráðningarsamband, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

hafa ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi tilmæla;

samþykkir í dag 15. júní 2006 eftirfarandi tilmæli um ráðningasamband, sem vísa má til með heitinu tilmæli um ráðningasamband, 2006.

## I. STEFNA Á LANDSVÍSU UM VERND FYRIR LAUNAMENN Í RÁÐNINGARSAMBANDI

1. Aðildarríki ættu að koma á og beita stefnu á landsvísu til að endurskoða á hæfilegum fresti og, ef þörf krefur, skýra og aðlaga gildissvið viðeigandi laga og reglugerða í því skyni að tryggja launamönnum sem starfa í ráðningarsambandi virka vernd.

2. Eðli og umfang verndar sem launafólk nýtur í ráðningarsambandi ætti að vera skilgreint í landslögum eða samkvæmt venju, eða hvorttveggja, að teknu tilliti til viðkomandi alþjóðlegra krafna um vinnuskilyrði. Slík lög eða venja, þ.m.t. þeir þættir sem varða gildissvið, umfang og ábyrgð á framkvæmd, ættu að vera skýr og fullnægjandi með það í huga að tryggja launafólki í ráðningarsambandi virka vernd.

3. Koma ætti á og framkvæma stefnu á landsvísu í samræmi við landslög og venju í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks.

4. Stefnan á landsvísu ætti a.m.k. að fela í sér ráðstafanir til að:

a. sjá fyrir leiðbeiningum fyrir þá aðila sem málið varðar, einkum atvinnurekendur og launamenn, um að greina með árangursíkum hætti hvort um ráðningarsamband sé að ræða eða ekki og um greinarmun á ráðnum og sjálfstætt starfandi launamönnum;
b. berjast gegn dulbúnu ráðningarsambandi t.d. sem varðar önnur tengsl sem kunna að fela í sér önnur form samningstilhögunar þar sem hin sanna réttarstaða er falin, með það í huga að dulbúna ráðningarsambandið eigi sér stað þegar atvinnurekandinn kemur fram við einstakling sem annan en launamann með þeim hætti að réttarstaða hans/hennar sem launamanns er hulin og þannig að sú staða kann að koma upp þegar samningstilhögun hefur þau áhrif að svipta launamenn þeirri vernd sem þeir eiga rétt á;
c. sjá fyrir viðmiðunum sem gilda um allar tegundir samningstilhögunar, þ.m.t. þá sem felur í sér marga aðila, þannig að launamenn sem eru ráðnir njóta þeirrar verndar sem þeim ber;
d. sjá til þess að í viðmiðunum sem gilda um allar tegundir samningstilhögunar sé skilgreint hver sé ábyrgur fyrir verndinni sem í þeim felst;
e. sjá fyrir virkum aðgangi þeirra sem málið varðar, einkum atvinnurekendum og launamönnum, að viðeigandi skjótri, ódýrri, sanngjarnri og skilvirkri málsmeðferð og úrræðum til að leysa ágreiningsefni um hvort ráðningarsamband sé fyrir hendi eða ekki og skilmála þess;
f. tryggja að farið sé eftir lögum og reglugerðum um ráðningarsamband og að þeim sé beitt með virkum hætti; og
g. sjá fyrir viðeigandi og fullnægjandi menntun og þjálfun í viðkomandi alþjóðlegum viðmiðunum um vinnuskilyrði, í samanburðar- og fordæmisrétti fyrir dómskerfið, gerðardómurum, sáttasemjurum, skoðunarmönnum og öðrum einstaklingum sem hafa með lausn ágreiningsmála að gera og að framfylgja vinnulöggjöf og viðmiðunum á landsvísu.

5. Aðildarríki ættu að taka sérstakt tillit til þess í stefnu sinni á landsvísu að tryggja launamönnum, sem óvissan um hvort ráðningarsamband sé fyrir hendi eða ekki bitnar sérstaklega á, virka vernd, þ.m.t. kvenlaunamenn auk þeirra launamanna sem eru helst berskjaldaðir, ungir launamenn, eldri launamenn, launamenn sem starfa í óformlegu efnahagskerfi, farandlaunamenn og fatlaðir launamenn.

6. Aðildarríki ættu:

a. við stefnumótun á landsvísu að taka sérstakt tillit til jafnréttissjónarmiða þar sem konur eru í meirihluta í tilteknum störfum og atvinnugreinum þar sem er stórt hlutfall dulbúins ráðningarsambands eða þar sem ráðningarsamband er ekki nægilega skýrt; og

b. að hafa skýra stefnu um jafnrétti kynjanna og betri framfylgd viðeigandi laga og samninga á landsvísu þannig að taka megi á jafnréttissjónarmiðum með árangursríkum hætti.

7. Með tilliti til ferðar launamanna milli landa:

a. ættu aðildarríki við mótun stefnu á landsvísu, að höfðu samráði heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, að íhuga að samþykkja viðeigandi ráðstafanir innan eigin lögsagnarumdæmis og, eftir því sem við á í samstarfi við önnur aðildarríki, í því skyni að sjá fyrir virkri vernd og koma í veg fyrir slæma meðferð farandlaunamanna á yfirráðasvæði þeirra sem kunna að vera í óvissu um hvort ráðningarsamband sé fyrir hendi eða ekki;

b. þar sem launamenn eru ráðnir í einu landi til starfa í öðru gætu aðildarríkin sem málið varðar íhugað að gera með sér gagnkvæma samninga til að koma í veg fyrir misnotkun og sviksamlega starfsemi í þeim tilgangi að sniðganga fyrirliggjandi fyrirkomulag um vernd launamanna með tilliti til ráðningarsambands.

8. Stefna á landsvísu um vernd launafólks í ráðningarsambandi ætti ekki að hafa áhrif á borgaraleg eða viðskiptaleg tengsl og tryggt sé á sama tíma að einstaklingar í ráðningarsambandi njóti þeirrar verndar sem þeim ber.

## II. GREINING Á ÞVÍ HVORT FYRIR HENDI SÉ RÁÐNINGARSAMBAND EÐA EKKI

9. Að því er varðar stefnu á landsvísu um vernd fyrir launafólk í ráðningarsambandi ætti greining á því hvort slíkt samband sé fyrir hendi eða ekki aðallega að fara eftir þeim staðreyndum sem tengjast útfærslu vinnunnar og launa launamannsins, án tillits til hvernig sambandinu er háttað samkvæmt einhverju öðru fyrirkomulagi, hvort sem það er samningsbundið eða ekki, og aðilarnir hafa komið sér saman um.

10. Aðildarríki ættu að koma á framfæri skýrum aðferðum til að leiðbeina launafólki og atvinnurekendum við að greina hvort um ráðningarsamband sé að ræða eða ekki.

11. Að því er varðar að greiða fyrir greiningu á hvort um ráðningarsamband sé að ræða eða ekki ættu aðildarríkin, innan ramma stefnu á landsvísu sem um getur í þessum tilmælum, að íhuga möguleika á eftirfarandi:

a. sjá fyrir ýmsum aðferðum til að greina hvort um ráðningarsamband sé að ræða eða ekki;

b. kveða á um lagalega forsendu þess efnis að ráðningarsamband sé fyrir hendi þar sem ein eða fleiri vísbendingar gefa það til kynna; og

c. ganga úr skugga um, eftir samráð við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, að launamenn með tiltekin einkenni, í almennum eða sértækum atvinnugeirum, skulu annaðhvort teljast vera ráðnir í starf eða sjálfstætt starfandi.

12. Að því er varðar stefnu á landsvísu sem um getur í þessum tilmælum mega aðildarríki íhuga að skilgreina með skýrum hætti skilyrði sem gilda um greiningu á því hvort ráðningarsamband sé fyrir hendi eða ekki, til dæmis hvort launamenn séu undir boðvaldi atvinnurekanda.

13. Aðildarríki ættu að íhuga að skilgreina í lögum og reglugerðum sínum, eða með öðrum aðferðum, sérstakar vísbendingar um það hvort ráðningarsamband sé fyrir hendi eða ekki. Þessar vísbendingar gætu verið:

a. sú staðreynd að starfið: er innt af hendi samkvæmt fyrirmælum og undir eftirliti annars aðila; felur í sér samþættingu launamannsins í skipulagningu fyrirtækisins; er unnið eingöngu eða aðallega í þágu annars einstaklings; þarf að inna af hendi persónulega af hálfu launamannsins; sé innt af hendi innan marka tiltekinna vinnustunda eða á tilgreindum

vinnustað sem aðilinn sem óskar eftir vinnunni samþykkir; varir í tiltekinn tíma og hefur tiltekna samfellu; krefst þess að launamaðurinn sé tiltækur; eða að aðilinn sem óskar eftir vinnunni leggur til verkfæri, efni og vélbúnað;

b. regluleg launagreiðsla til launamannsins; sú staðreynd að slík laun séu eini eða helsti tekjustofn launamannsins; greiðsla í fríðu, svo sem matvælum, húsnæði eða flutningi; viðurkenning á rétti svo sem vikulegri hvíld og árlegu orlofi; greiðsla af hálfu aðilans sem óskar eftir vinnunni fyrir ferðalög sem launamaðurinn leggst í til að vinna starfið; eða ef ekki er til að dreifa fjárhagslegri áhættu launamanns.

14. Lausn deilumála um hvort fyrir hendi sé ráðningarsamband eða ekki ætti að koma til kasta félagsdóma eða annarra úrskurðaraðila deilumála og launamenn og atvinnurekendur hafa virkan aðgang að í samræmi við landslög og venju.

15. Lögbært stjórnvald ætti að samþykkja ráðstafanir með það í huga að tryggja virðingu fyrir framkvæmd laga og reglugerða um ráðningarsambandið með tilliti til ýmissa þátta sem eru til umfjöllunar í þessum tilmælum, til dæmis fyrir tilverknað eftirlits vinnueftirlits og samráðs við stjórnvöld á sviði almannatrygginga og skattayfirvöld.

16. Hvað varðar ráðningarsambandið ættu stjórnvöld á sviði vinnumála og stofnanir á þeirra vegum að fylgjast reglulega með því hvernig áætlunum og vinnuferlum þeirra er framfylgt. Sérsök áhersla ætti að vera á störf og atvinnugreinar með hátt hlutfall kvenna á launum.

17. Aðildarríki ættu að þróa, sem hluta af stefnu á landsvísu sem um getur í þessum tilmælum, virkar áætlanir sem miða að því að ryðja úr vegi hvatningu um að dulbúa ráðningarsamband.

18. Sem hluti af stefnu á landsvísu ættu aðildarríki að ýta undir hlutverk kjarasamninga og skoðanaskipta um félagsmál sem aðferð, meðal annars, við að finna lausnir á vandamálum sem tengjast umfangi ráðningarsambands á landsvísu.

## III. EFTIRLIT OG FRAMKVÆMD

19. Aðildarríki ættu að koma á fót viðeigandi úrræðum eða nýta fyrirliggjandi úrræði til að fylgjast með þróun á vinnumarkaði og skipulagningu vinnu og veita ráðgjöf um upptöku og framkvæmd ráðstafana um ráðningarsamband innan ramma stefnu á landsvísu.

20. Heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks ættu að eiga trúnaðarmenn, á jafnréttisgrunni, með þeim úrræðum sem fyrir hendi eru til að fylgjast með þróun á vinnumarkaði og skipulagningu vinnu. Til viðbótar ætti að hafa samráð við þessar stofnanir með þessum úrræðum eins oft og nauðsyn krefur og hvenær sem hægt er og gagnast, á grunni sérfræðiskýrslna og tæknilegra kannana.

21. Aðildarríki ættu, eftir því sem við verður komið, að safna upplýsingum og hagskýrslum og gangast fyrir rannsóknum um breytingar á mynstri og uppbyggingu vinnu innanlands og eftir atvinnugreinum, að teknu tilliti til dreifingar karla og kvenna og annarra þátta sem máli skipta.

22. Aðildarríki ættu að koma á fót sértækum úrræðum innanlands í því skyni að tryggja að unnt sé að greina ráðningarsamband á skilvirkan hátt á þeim vettvangi sem þjónusta er veitt milli landa. Taka ætti tillit til þróunar kerfisbundins sambands og upplýsingaskipta um viðfangsefnið við önnur ríki.

## IV. LOKAMÁLSGREIN

23. Þessi tilmæli breyta hvorki tilmælum um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur, 1997 (nr. 188) né samþykkt um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur, 1997 (nr. 181).

**Fylgiskjal IV.**

## Skýrsla um starf nefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd á félagsmálasáttmála Evrópu árið 2006.

Þríhliða samstarf á milli ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) sérstöðu þegar skipulag hennar er borið saman við skipulag annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Alþjóðavinnumálastofnunin hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á ríkisstjórnir aðildarríkjanna í þá átt að þau taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 144, um samstarf ríkisvalds og samtaka aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, sem Ísland fullgilti árið 1981. Á grundvelli tilmæla nr. 152 um framkvæmd samþykktarinnar var þann 16. apríl 1982 skipuð samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefndin. Árið 2006 skipuðu eftirtaldir fulltrúar nefndina: Fulltrúi samtaka atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi samtaka launafólks: Magnús Norðdahl lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Fulltrúi félagsmálaráðherra og jafnframt formaður nefndarinnar: Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Verkefni nefndarinnar beinast fyrst og fremst að málefnum sem tengjast samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina og leiða af aðildinni að stofnuninni. Nefndinni var með sérstöku erindisbréfi félagsmálaráðherra, dagsettu 5. maí 1988, falið að fjalla um framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. Ástæðan er meðal annars sú að ýmis ákvæði félagsmálasáttmálans eiga uppruna að rekja til alþjóðasamþykkta ILO. Það hefur því þótt hagkvæmt að nefndin fjalli einnig um framkvæmd á sáttmálanum og skýrslur Íslands um framkvæmd hans.

Árið 2006 hélt nefndin samtals sjö fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

### Málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

*a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði félags- og vinnumála.*

Í 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja að gefa stofnuninni skýrslu um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem þau hafa fullgilt. Skýrslur skulu teknar saman á tveggja ára fresti um framkvæmd á grundvallarsamþykktunum en yfirleitt eru skýrslutímabilin fjögur ár að því er varðar aðrar samþykktir ILO. Þessu til viðbótar er ákvæði í 19. gr. stofnskrárinnar sem heimilar stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að óska eftir því við aðildarríkin að þau gefi skýrslu um framkvæmd á samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Þessari heimild er beitt reglulega og er tilgangurinn að vekja athygli á umræddri samþykkt og hvetja aðildarríkin til að taka fullgildingu hennar til athugunar. Umfang skýrslnanna er mjög mismunandi. Í sumum tilvikum er nægilegt að vísa til fyrri skýrslna. Í öðrum tilvikum eru þær umfangsmeiri einkum ef sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur beint spurningum til stjórnvalda um tiltekin atriði.

Árið 2006 undirbjó ILO-nefndin skýrslu ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

- nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum,
- nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu,
- nr. 105, um afnám nauðungarvinnu,
- nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu,
- nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, og
- nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd.

*b. Undirbúningur fyrir og þátttaka í Alþjóðavinnumálaþinginu.*

**94. Alþjóðavinnumálaþingið.**

Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til var boðað til tveggja Alþjóðavinnumálaþinga. Dagana 6. til 23. febrúar 2006 var 94. Alþjóðavinnumálaþingið haldið. Alls sendu 106 af 178 aðildarríkjum ILO fulltrúa til þingsins. Samtals tóku 1.135 fulltrúar þátt í þinginu. Af hálfu Íslands tóku þátt í þinginu Jón H. Magnússon sem fulltrúi útgerðarmanna og Ægir Steinn Sveinþórsson var fulltrúi skipverja. Sverrir Konráðsson, Siglingastofnun Íslands, og Gylfi Kristinsson, félagsmálaráðuneyti, tóku þátt í þinginu af hálfu stjórnvalda. Þinginu lauk með afgreiðslu nýrrar alþjóðasamþykktar um vinnuskilyrði skipverja. Samþykktin verður ein fjögurra grundvallarsamþykkta sem fjalla um málefni á sviði siglinga. Hinar þrjár eru samþykktir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um menntun, þjálfun, vaktstöður og skírteini sjómanna (STCW), um öryggi mannslífa á höfunum (SOLAS) og um varnir gegn mengun hafsins (MARPOL).

Alþjóðasamþykktin um vinnuskilyrði skipverja hefur að geyma ákvæði um lágmarksréttindi að því er varðar aldur skipverja, vinnutíma, hvíldartíma, aðbúnað, fæði, vistarverur og hollustuhætti um borð í skipum öðrum en fiskiskipum. Ítarleg ákvæði eru um skyldur fánaríkja og hafnarríkja hvað varðar skoðun og eftirlit með starfsskilyrðum og lífskjörum skipverja um borð. Unnið hefur verið að smíði alþjóðasamþykktarinnar í tæp fimm ár. Drög að henni hafa verið til umfjöllunar á fjölmörgum undirbúningsfundum. Samþykktinni er ætlað að leysa af hólmi 68 alþjóðasamþykktir um málefni skipverja sem hafa verið afgreiddar á Alþjóðavinnumálaþingum. Sú elsta er frá árinu 1920. Þótt Alþjóðavinnumálaþingið hafi afgreitt samþykktina einróma gengur hún ekki í gildi fyrr en 30 aðildarríki, sem samanlagt hafa 33 af hundraði skipaflota heims miðað við brúttótonnatölu, hafa fullgilt hana.

Með samþykktinni fer Alþjóðavinnumálastofnunin inn á nýjar brautir að því er varðar framsetningu alþjóðlegra reglna á sviði vinnuréttar og vinnuverndar. Í fyrsta skipti er að finna í sömu samþykktinni skuldbindandi ákvæði auk reglna sem eru leiðbeinandi fyrir aðildarríki. Samþykktin er birt í skýrslu félagsmálaráðherra um 93. og 94. Alþjóðavinnumálaþingið sem var lögð fyrir Alþingi í nóvember 2006. Samráð var haft við ILO-nefndina við samningu skýrslunnar.

**95. Alþjóðavinnumálaþingið.**

Á fundum ILO-nefndarinnar fyrri hluta árs 2006 var farið yfir og fjallað um skjöl sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings 95. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var dagana 31. maí til 16. júní 2006. Á fyrsta fundi eftir Alþjóðavinnumálaþingið fór nefndin yfir helstu niðurstöður þess. Eftirfarandi kom fram á fundi nefndarinnar:

*Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta.*

Nokkrar umbætur voru gerðar á starfi þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Mikilvæg breyting fólst í því að aðildarríkjunum var send nokkru fyrir þingsetningu skrá yfir

41 mál sem líklegt væri að tekin yrðu til umfjöllunar í þingnefndinni. Þannig var hlutaðeigandi aðildarríkjunum gefið færi á að undirbúa umræður um mál sem þau vörðuðu áður en haldið var til þings. Af þessu leiddi að hægt var að hefja fyrr umræður í þingnefndinni mál sem snertu einstök aðildarríki. Rædd voru 25 mál. Þótt umræður um mál einstakra ríkja hafi byrjað fyrr varð niðurstaðan engu að síður sú að nefndin þurfti að halda kvöldfund föstudaginn 9. júní og á laugardeginum 10. júní. Það er einnig ljóst að fulltrúar launafólks hafa skipulagt betur þátttöku sína í umræðum í nefndinni. Ræðurnar eru færri og gagnorðari. Af þessu leiðir mikill tímasparnaður. Þrátt fyrir þetta er ljóst að hægt er að gera betur, til dæmis með því að byrja fundi stundvíslega á auglýstum fundartíma.

Töluverða athygli vakti þríhliða samkomulag á milli ríkisstjórnar Kólumbíu og samtaka atvinnurekenda og launafólks sem gert var á þinginu um umbætur varðandi framkvæmd samþykkta nr. 87 og 98. Samkomulagið varð til þess að málið kom ekki til umfjöllunar í þingnefndinni. Málefni Burma, Hvíta-Rússlands, Venesúela og Bangladess voru alvarleg og kölluðu á umfangsmiklar og tímafrekar umræður.

*Þingnefnd um rammasamþykkt um vinnuvernd.*

Þingið afgreiddi rammasamþykkt og tilmæli um vinnuvernd. Markmið samþykktarinnar er að hvetja aðildarríkin til að móta stefnu í vinnuvernd og til að setja áætlun á landsvísu um aðgerðir á sviði vinnuverndar sem miði að því að koma í veg fyrir vinnuslys og atvinnusjúkdóma. Í tilmælunum er mælt með því að aðildarríkin taki saman hagtölu um fjármuni sem varið er til vinnuverndarstarfsins auk talna um vinnuslys og atvinnutengda sjúkdóma. Í umræðum kom fram að á ári hverju deyja um 2,2 milljónir launamanna vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma. Talsmaður atvinnurekenda lét í ljós þá skoðun að aðildarríki ættu auðveldlega að geta fullgilt samþykktina og kvaðst vonast til þess að innan fimm ára hafi hún verið fullgilt af meira en 100 aðildarríkjum. Við lok starfs þingnefndarinnar urðu margir til þess að óska Jukka Takala, skrifstofustjóra vinnuverndarskrifstofu ILO, fyrir samstarfið á liðnum árum. Hann lét af störfum á alþjóðavinnumálaskrifstofunni í árslok 2006 og tók við starfi forstjóra Vinnuverndarstofnunar Evrópusambandsins í Bilbao.

*Nefnd um ráðningarsamband.*

Skiptar skoðanir voru á tillögu að tilmælum um ráðningarsamband atvinnurekanda og launamanns. Nokkuð góð samstaða var um fyrstu greinar tilmælanna. Fulltrúar atvinnurekenda voru ánægðir með efni 8. gr. tilmælanna og töldu hana í raun fullnægjandi. Hins vegar voru þeir mjög gagnrýnir á ákvæði 11. og 13. gr. þeirra, einkum þau atriði sem gera ráð fyrir að ríkisstjórnir geti gengið út frá því að ráðningarsamband hafi skapast við tilteknar aðstæður. Í seinni greininni er gert ráð fyrir að lagðar séu til grundvallar ákveðnar breytur (e. indicators) þegar lagt er á það mat hvort stofnast hafi ráðningarsamband. Fulltrúar atvinnurekanda voru andvígir orðalagi sem felur í sér að hægt sé að „ganga út frá“ eða „meta“ að hlutir sé með tilteknum hætti. Ganga þurfi út frá staðreyndum. Fram kom hjá formanni að á fundi stjórnarnefndar ILO sem haldinn var 16. júní hafi komið fram gagnrýni af hálfu talsmanns atvinnurekenda á viðbrögð við niðurstöðunni úr atkvæðagreiðslunni um tilmælin. Fagnaðarlætin hafi farið verulega fram úr því sem eðlilegt mætti teljast. Þau hafi ekki verið þríhliðasamstarfinu til framdráttar.

*Nefnd um tækniaðstoð.*

Íslenskur þingfulltrúi sat ekki í nefnd um tækniaðstoð ILO. Hins vegar kom fram á þinginu að nefndarstarfið hafi gengið vel. Ánægja hafi verið með þær breytingar sem hafa orðið á áherslum varðandi tækniaðstoðina og fram kom að árangur hafi verið sérstaklega góður í þeim ríkjum þar hægt hefur verið að byggja á þríhliða samstarfi.

*Fjárhagsnefnd.*

Starf fjárhagsnefndar var rólegt að þessu sinni enda mitt fjárhagstímabil. Fyrir nefndinni lá tillaga um að heimila Aserbaídsjan að greiða atkvæði þrátt fyrir skuld. Nefndin afgreiddi tillögu um skiptingu rekstrarkostnaðar á milli aðildarríkjanna. Bandaríkin og Japan greiða sem fyrr stærsta hlutann. Hlutur Íslands er óbreyttur eða 0,034%.

## 96. Alþjóðavinnumálaþingið í júní 2007.

Á seinni hluta árs 2006 voru dagskrármál 96. Alþjóðavinnumálaþingsins til umræðu hjá ILO-nefndinni. Á þinginu verður gerð önnur atrenna að því að ná samstöðu um alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði um borð í fiskiskipum. Tillaga að alþjóðasamþykkt um þetta efni náði ekki fram að ganga á 93. Alþjóðavinnumálaþinginu 2005. Nefndin fjallaði um svör við spurningaskrá frá alþjóðavinnumálaskrifstofunni um endurskoðuð drög að samþykkt um vinnuskilyrði fiskimanna.

*c. Kynningarfundir.*

### Kynningarfundur um alþjóðasamþykkt ILO nr. 185, um persónuskírteini skipverja.

Þann 10. apríl 2006 stóð ILO-nefndin fyrir kynningarfundi á efni samþykktar nr. 185, um persónuskírteini skipverja. Helstu hagsmunaaðilum var boðið að senda fulltrúa á fundinn. Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Félag skipstjórnarmanna, Sjómanna- og fiskimannasamband Íslands þáðu boðið og sendu fulltrúa til fundarins. Að auki sátu hann fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytis, samgönguráðuneytis og Siglingastofnunar.

Á fundinum var farið yfir aðdragandann að því að Alþjóðavinnumálastofnunin afgreiddi samþykktina. Fram kom að eftir 11. september 2001 hafi fjölmörg ríki hert reglur um gerð vegabréfa og annarra persónuskírteina. Fremst í þessum hópi séu Bandaríkin. Af þessu hafi leitt að veruleg fjölgun hefur orðið á tilvikum þar sem gildi persónuskírteina skipverja sé dregið í efa með tilheyrandi vandamálum fyrir handhafa skírteinanna. Það sé mikið hagsmunamál fyrir skipverja að í gildi séu alþjóðlegar kröfur um gerð persónuskírteina sem njóta viðurkenningar og er tekið mark á.

Á kynningarfundinum kom fram að Alþjóðavinnumálastofnunin hafi brugðist hart við þessum breyttu aðstæðum og ákveðið að endurskoða hið snarasta ILO-samþykkt nr. 108, um persónuskírteini sjómanna, sem Íslands meðal annars hefur fullgilt. Endurskoðunin hafi skilaði mjög ítarlegri alþjóðasamþykkt nr. 185 sem var afgreidd á 91. Alþjóðavinnumálaþinginu 2002. Fram kom að alþjóðavinnumálaskrifstofan í Genf hafi á margvíslegan hátt reynt að greiða fyrir og aðstoða aðildarríki við að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar, en ljóst er að það er kostnaðarsamt að uppfylla þær kröfur sem hún gerir til útgáfu og eftirlits með skírteinunum. Þar af leiðandi hafi verið lögð áhersla á að aðildarríki taki sig saman og hafi samflot í samningaviðræðum við fyrirtæki sem hafa getu til að framleiða skírteini sem uppfylla kröfur samþykktarinnar.

Fulltrúi dómsmálaráðuneytisins upplýsti á kynningarfundinum að í undirbúningi væri að hefja á Íslandi útgáfu persónugerðra skírteina. Ekki aðeins vegabréfa heldur einnig nafnskírteina, ökuskírteina og annarra skírteina þar sem handhafi þarf að sanna hver hann sé. Einnig er verið að koma upp upplýsingakerfi sem hefur að geyma upplýsingar um skírteinaútgáfuna. Loks er verið að gera sýsluskrifstofum og sendiráðum kleift að taka á móti umsóknum og nauðsynlegum fylgigögnum sem eru grundvöllur útgáfu skírteinanna. Tæknilega séð verði ekki vandamál að uppfylla kröfur sem gerðar eru í tilskipun ILO nr. 185, um persónuskírteini skipverja.

Á fundinum var skipst var á skoðunum um þörfina á sérstökum persónuskírteinum fyrir skipverja. Í augnablikinu virðist hún ekki vera mjög knýjandi en ljóst er að mörg ríki eru að undirbúa útgáfu skírteina í samræmi við kröfur ILO-samþykktarinnar. Ef og þegar þau skírteini verða algeng getur það skapað íslenskum skipverjum vandamál að hafa ekki slík skírteini undir höndum. Það getur skapað útgerðum umtalsverð útgjöld ef skip verður fyrir töfum vegna þess að skipverjar geta ekki framvísað skírteinum sem hlutaðeigandi stjórnvöld taka gild. Slíkar aðstæður geta til dæmis komið upp við veikindi eða slys sem veldur því að skip verður að óvænt leita hafnar í erlendu ríki. Þess skal getið að samgönguráðuneytið og Siglingastofnun eru að fara yfir þetta málefni.

**Kynningarfundur um alþjóðasamþykkt ILO nr. 186, vinnuskilyrði farmanna.**

Þann 30. nóvember 2006 stóð ILO-nefndin fyrir öðrum kynningarfundi með hagsmunaaðilum. Á fundinum var farið yfir efni samþykktar nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, sem var afgreidd af 94. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var í febrúar 2006. Við yfirferðina var stuðst við skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um 93. og 94. Alþjóðavinnumálaþingið sem kom út skömmu áður en fundurinn var haldinn. Farmannasamþykktin er birt í íslenskri þýðingu sem fylgiskjal með skýrslunni.

Fram kom að markmið samþykktarinnar er að taka mið af breytingum sem hafa átt sér stað í útgerð og alþjóðavæðingu efnahags- og atvinnulífs. Samþykktin leysir af hólmi 68 eldri gerðir sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt frá árinu 1920. Vakin var athygli á sérstöðu samþykktarinnar sem felst í því hún skiptist í aðfararorð og í þrjá ólíka en þó innbyrðis tengda hluta: Efnisgreinar, reglur og kóða. Hann samanstendur af skuldbindandi (A) viðmiðunum og (B) leiðbeiningarreglum. Ríki sem fullgildir samþykktina er skuldbundið af ákvæðum í efnisgreinunum, reglum og A-hluta kóðanna, þ.e. af viðmiðunum. Einu skuldbindingarnar sem aðildarríki ber samkvæmt leiðbeiningarreglunum er að kanna að hvaða marki það vill eða treystir sér til að fara eftir þeim við framkvæmd á ákvæðum í efnisgreinum, reglum og viðmiðununum. Reglur og kóða er að finna í fimm köflum: 1. kafli. Lágmarkskröfur sem sjómenn þurfa að uppfylla til að mega vinna um borð í skipum. 2. kafli: Skilyrði fyrir ráðningu. 3. kafli: Vistarverur, tómstundaaðstaða, matur og veitingarekstur. 4. kafli: Heilsuvernd, læknishjálp, velferð og almannatryggingar. 5. kafli: Fullnæging formskilyrða og framfylgd.

Á kynningarfundinum var skipst á skoðunum um það hvort einhver atriði í samþykktinni stangist á við ákvæði í lögum og reglugerðum á Íslandi. Fram kom að lágmarksaldur til ráðningar á kaupskip eru 15 ár en í samþykktinni er gert ráð fyrir 16 ára lágmarksaldri. Einnig var rætt um ákvæði um útgáfu læknisvottorða fyrir sjómenn. Aðstæður á Íslandi hafa ekki verið í samræmi við ákvæði samþykktarinnar. Á fundinum var upplýst að á þessu er að verða breyting í þá átt sem samþykktin gerir ráð fyrir.

Rætt var um hafnarríkiseftirlit og hvort einhver atriði snerti verksvið dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Fundarmönnum virtist við almenna yfirferð efni samþykktarinnar heyra að öllu leyti undir samgönguráðuneytið.

Farið var yfir ákvæði samþykktarinnar um gildistöku og fullgildingu. Í nýju samþykktinni er miðað við fullgildingar 30 aðildarríkja og að undir þeirra fána sigli skip sem svari fyrir 33% af brúttótonnatölu í heiminum. Fulltrúi Alþýðusambands Íslands hvatti til þess að samþykktin verði fullgilt sem fyrst. Fram kom að félagsmálaráðuneytið hefur sent hana nokkrum stofnunum og félagasamtökum með ósk um umsögn um það hvort íslensk stjórnvöld eigi að fullgilda samþykktina. Alþýðusamband Íslands hefur sent umsögn og mælt með umsögn. Félagsmálaráðuneytið mun senda samgönguráðuneytinu afrit af umsögn Alþýðusambands Íslands. Það sjónarmið kom fram að rétt væri að bíða eftir fullgildingum fleiri þjóða áður en Ísland hugsi sér til hreyfings.

Á fundinum var tillögu dreift sem liggur fyrir Evrópuþinginu um að beina því til aðildarríkja Evrópusambandsins að fullgilda samþykktina fyrir 31. desember 2008. Á þinginu er komin fram breytingartillaga um að aðildarríki Evrópusambandsins fullgildi hana fyrir 31. desember 2010. Þess er vænst að tillagan verði afgreidd á Evrópuþinginu í kringum áramótin og verður í framhaldi af því send ráðherraráðinu til endanlegrar afgreiðslu.

Í tengslum við umræður um umfjöllun um faramannasamþykktina á vettvangi Evrópusambandsins kom fram að þær á bæ er verið að ræða efni nýrrar grænbókar sem framkvæmdastjórnin hefur látið frá sér fara. Í þessari nýju grænbók eru settar fram hugmyndir um umbætur á regluverki sem lítur að öllum þáttum siglinga og sjómennsku.

Fram komu áhyggjur hjá fundarmönnum yfir slæmri stöðu kaupskipaútgerðar á Íslandi. Um þessar mundir er ekkert kaupskip sem siglir undir íslenskum fána. Bent var á að sama staða var á Írlandi fyrir nokkrum árum. Þar tóku hagsmunaaðilar höndum saman um að breyta ástandinu og hafa náð góðum árangri við að reisa við írska kaupskipaflotann. Margir fundarmenn tóku undir þá skoðun að frumkvæði Íra á þessu sviði væri til eftirbreytni og leita þurfi leiða til að hefja íslenska kaupskipaútgerð á ný til vegs og virðingar. Einnig kom fram að hagsmunaaðilar hafi á undanförnum árum ályktað um þessi mál og sent stjórnvöldum áskoranir um aðgerðir til efla íslenska kaupskipaútgerð en árangur hefur orðið rýr til þessa.

*d. Fullgilding alþjóðasamþykkta.*

**Alþjóðasamþykkt nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.**

Að ósk Alþýðusambands Íslands hóf nefndin í nóvember 2004 umfjöllun um hugsanlega fullgildingu alþjóðasamþykktar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Nefndin hafði árið 1994 tekið til umræðu spurninguna um fullgildingu samþykktarinnar. Við það tækifæri tókst ekki samstaða um að mæla með því að samþykktin yrði fullgilt. Árið 2005 fjallaði nefndin ítarlega um þetta málefni. Niðurstaðan varð sú að ekki tókst frekar en árið 1994 að ná samstöðu um að mæla með fullgildingu samþykktarinnar. Félagsmálaráðherra var gerð grein fyrir afstöðu heildarsamtakanna í sérstöku minnisblaði, dagsettu 18. október 2005. Í niðurlagi minnisblaðsins er afstaða heildarsamtakanna dregin saman. Þar kemur fram að Alþýðusamband Íslands telur málið fyrst og fremst snúast um rétt starfsmanna til að fá upplýsingar um ástæður uppsagnar og hvort þær byggi á málefnalegum ástæðum. Það fjalli ekki um rétt atvinnurekanda til að segja upp starfsmanni. Fullgilding hafi því hverfandi áhrif á sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði. Alþýðusamband Íslands leggur til að ILO-samþykkt nr. 158 verði fullgilt og kallar eftir afstöðu stjórnvalda til þess. Samtök atvinnulífsins eru öndverðrar skoðunar. Samtök atvinnulífsins telja að samþykkt ILO nr. 158 feli í sér bann við

uppsögnum af hálfu atvinnurekenda nema að hann geti sýnt fram á að ástæða uppsagnarinnar sé samdráttur í rekstri eða að fyrir þeim séu gildar ástæður sem varða hæfni eða háttsemi starfsmannsins. Fullgilding drægi því verulega úr sveigjanleika í íslensku atvinnulífi og viðbragðsflýti og snerpu fyrirtækja. Vilji fyrirtækja til nýráðningar yrði einnig minni. Samtök atvinnulífsins væru þar af leiðandi andvíg fullgildingu samþykktarinnar.

Félagsmálaráðuneytið brást við framangreindri niðurstöðu með því að fela Rannsóknarsetri í vinnurétti og jafnréttismálum við Háskólann á Bifröst með bréfi, dagsettu 5. maí 2006, að semja tillögu að leiðbeiningarreglum varðandi uppsagnir starfsmanna í anda samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Óskað var eftir því að tillagan bærist félagsmálaráðuneytinu fyrir lok árs 2006. Þegar tillagan að leiðbeiningarreglum liggur fyrir verður hún lögð fyrir ILO-nefndina. Markmið er að sátt geti tekist með aðilum vinnumarkaðarins hér á landi um að leiðbeiningarreglurnar verði viðmið þegar þær aðstæður skapast að nauðsynlegt kann að vera segja starfsmönnum upp störfum. Samtök atvinnulífsins gerðu alvarlega athugasemd við þessa málsmeðferð.

**Alþjóðasamþykktir nr. 81 og 129, um vinnuvernd.**

Í skýrslu um starf ILO-nefndarinnar árið 2005 kom fram að nefndin hafi rætt um fullgildingu á alþjóðasamþykktum nr. 81 og 129, um vinnuvernd, í tengslum við samantekt á skýrslu um framkvæmd samþykktanna sem alþjóðavinnumálaskrifstofan óskaði eftir á grundvelli 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Fram kom að leitað hafði verið umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um fullgildingu samþykktanna. Í bréfi Vinnueftirlitsins frá 25. nóvember 2005 kemur fram að aðstæður á Íslandi séu að flestu leyti í samræmi við ákvæði samþykktarinnar að undanskildu einu atriði. Í 3. gr. samþykktar nr. 81 og 6. gr. samþykktar nr. 129 er tekið fram að meðal verkefna vinnueftirlits sé að hafa eftirlit með því að laun séu greidd í samræmi við samninga. Á Íslandi er þetta verkefni í höndum samtaka launafólks en ekki Vinnueftirlits ríkisins. Niðurstaða ILO-nefndarinnar varð sú að samþykkja að leita nánari skýringar starfsmanna alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf á umræddum ákvæðum. Það var gert á fundi sem nefndin átti 1. júní 2006 með starfsmönnum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf.

Á fundinum var farið yfir ákvæði samþykktar nr. 81, einkum túlkun á ákvæðum í 1. mgr. 3. gr. varðandi eftirlit vinnueftirlits með greiðslu launa. Niðurstaða fundarins varð sú að ákveðið var að félagsmálaráðuneytið sendi alþjóðavinnumálaskrifstofunni bréf þar sem óskað er eftir túlkun skrifstofunnar á framangreindu ákvæði. Bréfið var sent alþjóðavinnumálaskrifstofunni 16. október 2006. Svar hafði ekki borist í febrúar 2007.

*e. Skýrsla félagsmálaráðherra um Alþjóðavinnumálaþingið í Genf.*

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin afgreiða. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tilmæli og ályktanir sem þingin afgreiða. Árið 2006 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 93. og 94. Alþjóðavinnumálaþingið. Hið fyrra var haldið í júní 2005 og hið síðara í febrúar 2006. Í skýrslunni er birt samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, sem getið er um hér að framan.

**Fylgiskjal V.**

**Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu 1945–2006.**

Samkvæmt 3. gr. 1. tölul. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal allsherjarþing fulltrúa aðildarríkjanna koma saman til fundar þegar þörf krefur, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Tekið er fram að þar eigi sæti fjórir fulltrúar frá hverju ríki. Tveir skulu vera fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar og annar hinna tveggja fulltrúi atvinnurekenda en hinn fulltrúi launafólks. Hin síðari ár hefur Alþjóðavinnumálaþingið undantekningarlaust komið saman í Genf í Sviss. Þingið stóð í u.þ.b. þrjár vikur. Frá og með 81. þinginu árið 1994 var formlegur hluti þingsins styttur um fimm daga. Þess í stað hefur einum til tveimur dögum fyrir þingsetningu verið varið til óformlegra undirbúningsfunda. Á nokkurra ára fresti eru haldin aukaþing sem hafa verið helguð málefnum skipverja.

Í 3. gr. 2. tölul. stofnskrárinnar kemur fram að hver fulltrúi getur haft með sér ráðgjafa en þeir mega ekki vera fleiri en tveir um hvert málefni sem er á dagskrá þingsins. Með fullgildingu stofnskrárinnar skuldbindur aðildarríki sig til þess að skipa fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd til þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu í samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, sbr. 3. gr. 5. tölul. Við skipun fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd Íslands hefur frá upphafi verið haft samráð við Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Vinnuveitendasamband Íslands en frá árinu 2001 Samtök atvinnulífsins (SA). Embættismenn úr félagsmálaráðuneyti (félmrn.), samgönguráðuneyti (samgrn.) og utanríkisráðuneyti (utanrrn.) hafa verið fulltrúar ríkisstjórnarinnar í nefndinni.

Hér fer skrá yfir þátttöku af hálfu Íslands í Alþjóðavinnumálaþinginu. Skráin hefst árið 1945 þegar aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni var samþykkt á 27. þinginu í París og lýkur með upptalningu á þingfulltrúum sem sóttu 95. þingið 2006. Bent skal á að þótt hér sé um að ræða tæmandi skrá yfir íslenska þingfulltrúa gildir ekki það sama um félagsmálaráðherra. Einungis er getið þeirra ráðherra sem hafa sent fulltrúa til þingsins. Rétt er einnig að benda á að árið 1970 var stofnuð fastanefnd Íslands í Genf. Þeir fulltrúar utanríkisráðuneytisins sem hafa sótt þingið frá þeim tíma hafa í öllum tilvikum verið starfsmenn fastanefndarinnar. Loks er rétt að vekja athygli á því að nokkur undanfarin ár hafa fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skipt með sér þátttöku í þinginu þannig að varamaður hefur leyst aðalmann af hólmi þegar u.þ.b. helmingur þingtímans hefur verið liðinn.

| **Félagsmálaráðherra:** | **Alþjóðavinnumálaþing:** | **Fulltrúar:** |
|---|---|---|
| Finnur Jónsson<br>félagsmálaráðherra<br>17. sept. 1946–<br>4. febrúar 1947 | 27. þing, París 1945<br>29. þing, Montreal 1946 | Þórhallur Ásgeirsson (utanrrn.)<br>Thor Thors (utanrrn.)<br>Þórhallur Ásgeirsson (utanrrn.)<br>Kjartan Thors (VSÍ)<br>Pétur G. Guðmundsson (ASÍ) |
| Stefán Jóh. Stefánsson<br>félagsmálaráðherra<br>1947–1949 | 30. þing, Genf 1947 | Finnur Jónsson (félmrn.)<br>Jónas Guðmundsson (félmrn.)<br>Benedikt Gröndal (VSÍ)<br>Björn Bjarnason (ASÍ) |

| | | |
|---|---|---|
| | 31. þing, San Francisco 1948 | Jónas Guðmundsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.) |
| Ólafur Thors félagsmálaráðherra 1949–1950 | 32. þing, Genf 1949 | Jónas Guðmundsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Sigurður Jónsson (VSÍ)<br>Magnús Ástmarsson (ASÍ) |
| Steingrímur Steinþórss. félagsmálaráðherra 1950–1956 | 33. þing, Genf 1950 | Jónas Guðmundsson (félmrn.)<br>Haraldur Kröyer (utanrrn.) |
| | 35. þing, Genf 1952 | Jónas Guðmundsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Kjartan Thors (VSÍ)<br>Magnús Ástmarsson (ASÍ) |
| | 38. þing, Genf 1955 | Hjálmar Vilhjálmsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Eyjólfur Jóhannsson (VSÍ)<br>Eðvarð Sigurðsson (ASÍ) |
| Hannibal Valdimarsson félagsmálaráðherra 1956–1958 | 40. þing, Genf 1957 | Hannibal Valdimarsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Kjartan Thors (VSÍ)<br>Eðvarð Sigurðsson (ASÍ) |
| Eggert G. Þorsteinsson félagsmálaráðherra 1965–1970 | 50. þing, Genf 1966 | Eggert G. Þorsteinsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Kjartan Thors (VSÍ)<br>Björgvin Sigurðsson (VSÍ)<br>Hannibal Valdimarsson (ASÍ)<br>Snorri Jónsson (ASÍ) |
| Hannibal Valdimarsson félagsmálaráðherra 1971–1973 | 57. þing, Genf 1972 | Hannibal Valdimarsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Einar Benediktsson (utanrrn.)<br>Kristján Ragnarsson (VSÍ)<br>Snorri Jónsson (ASÍ) |
| Björn Jónsson félagsmálaráðherra 1973–1974 | 59. þing, Genf 1974 | Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Einar Benediktsson (utanrrn.)<br>Ólafur Jónsson (VSÍ)<br>Snorri Jónsson (ASÍ) |
| Gunnar Thoroddsen félagsmálaráðherra 1974–1978 | 63. þing, Genf 1977 | Gunnar Thoroddsen (félmrn.)<br>Haraldur Kröyer (utanrrn.)<br>Kornelíus Sigmundsson (utanrrn.) |

| | | |
|---|---|---|
| Magnús H. Magnússon<br>félagsmálaráðherra<br>1978–1980 | 64. þing, Genf 1978 | Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Haraldur Kröyer (utanrrn.)<br>Jón H. Bergs (VSÍ)<br>Snorri Jónsson (ASÍ)<br>Ásmundur Stefánsson (ASÍ) |
| | 65. þing, Genf 1979 | Haraldur Kröyer (utanrrn.)<br>Tómas Karlsson (utanrrn.) |
| | 66. þing, Genf 1980 | Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Tómas Karlsson (utanrrn.) |
| Svavar Gestsson<br>félagsmálaráðherra<br>1980–1983 | 67. þing, Genf 1981 | Svavar Gestsson (félmrn.)<br>Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Hannes Jónsson (utanrrn.)<br>Skúli Jónsson (VSÍ)<br>Kristín Mäntilä (ASÍ) |
| | 68. þing, Genf 1982 | Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Hannes Jónsson (utanrrn.)<br>Kristín Mäntilä (ASÍ) |
| | 69. þing, Genf 1983 | Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Hannes Jónsson (utanrrn.)<br>Magnús Gunnarsson (VSÍ)<br>Björn Björnsson (ASÍ) |
| Alexander Stefánsson<br>félagsmálaráðherra<br>1983–1987 | 70. þing, Genf 1984 | Jón S. Ólafsson (félmrn.)<br>Hannes Hafstein (utanrrn.)<br>Kristján Þorbergsson (VSÍ)<br>Lára V. Júlíusdóttir (ASÍ) |
| | 71. þing, Genf 1985 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Hannes Hafstein (utanrrn.)<br>Kristján Þorbergsson (VSÍ)<br>Lára V. Júlíusdóttir (ASÍ) |
| | 72. þing, Genf 1986 | Alexander Stefánsson (félmrn.)<br>Hallgrímur Dalberg (félmrn.)<br>Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Hannes Hafstein (utanrrn.)<br>Kristján Þorbergsson (VSÍ)<br>Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| | 73. þing, Genf 1987 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Kristinn Árnason (utanrrn.)<br>Kristján Þorbergsson (VSÍ)<br>Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| Jóhanna Sigurðardóttir<br>félagsmálaráðherra<br>1987–1994 | 75. þing, Genf 1988 | Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.)<br>Hallgrímur Dalberg (félmrn.)<br>Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Sverrir Haukur Gunnlaugsson (utanrrn.) |

| | |
|---|---|
| | Kristinn Árnason (utanrrn.) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| 76. þing, Genf 1989 | Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.) |
| | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) |
| | Sverrir Haukur Gunnlaugsson (utanrrn.) |
| | Kristinn Árnason (utanrrn.) |
| | Bjarnveig Eiríksdóttir (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Ásmundur Stefánsson (ASÍ) |
| | Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| 77. þing, Genf 1990 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) |
| | Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) |
| | Kristinn F. Árnason (utanrrn.) |
| | Stefán Jóhannesson (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Þráinn Hallgrímsson (ASÍ) |
| | Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| 78. þing, Genf 1991 | Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.) |
| | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) |
| | Kristinn F. Árnason (utanrrn.) |
| | Stefán Jóhannesson (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) |
| | Þráinn Hallgrímsson (ASÍ) |
| 79. þing, Genf 1992 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) |
| | Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) |
| | Kristinn F. Árnason (utanrrn.) |
| | Stefán Jóhannesson (utanrrn.) |
| | Margrét Viðar (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Þráinn Hallgrímsson (ASÍ) |
| | Þórunn Sveinbjörnsdóttir (ASÍ) |
| 80. þing, Genf 1993 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) |
| | Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) |
| | Lilja Ólafsdóttir (utanrrn.) |
| | Stefán Jóhannesson (utanrrn.) |

| | | |
|---|---|---|
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | | Benedikt Davíðsson (ASÍ) |
| | | Bryndís Hlöðversdóttir (ASÍ) |
| | 81. þing, Genf 1994 | Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.) |
| | | Berglind Ásgeirsdóttir (félmrn.) |
| | | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | | Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) |
| | | Guðmundur B. Helgason (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | | Bryndís Hlöðversdóttir (ASÍ) |
| | | Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| Páll Pétursson félagsmálaráðherra 1995–2003 | 82. þing, Genf 1995 | Páll Pétursson (félmrn.) |
| | | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | | Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.) |
| | | Guðmundur B. Helgason (utanrrn.) |
| | | Haukur Ólafsson (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | | Ástráður Haraldsson (ASÍ) |
| | | Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| | 83. þing, Genf 1995 | Jósef H. Þorgeirsson (samgrn.) |
| | | Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.) |
| | | Guðmundur B. Helgason (utanrrn.) |
| | | Haukur Ólafsson (utanrrn.) |
| | | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | | Borgþór S. Kjærnested (ASÍ) |
| | 84. þing, Genf 1996 | Páll Pétursson (félmrn.) |
| | | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | | Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.) |
| | | Guðmundur B. Helgason (utanrrn.) |
| | | Haukur Ólafsson (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | | Ástráður Haraldsson (ASÍ) |
| | | Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| | 85. þing, Genf 1997 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | | Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.) |
| | | Guðmundur B. Helgason (utanrrn.) |
| | | Haukur Ólafsson (utanrrn.) |
| | | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | | Ástráður Haraldsson (ASÍ) |
| | | Hervar Gunnarsson (ASÍ) |

| | |
|---|---|
| 86. þing, Genf 1998 | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Benedikt Jónsson (utanrrn.) |
| | Guðmundur B. Helgason (utanrrn.) |
| | Haukur Ólafsson (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Ástráður Haraldsson (ASÍ) |
| | Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| 87. þing, Genf 1999 | Elín Blöndal (félmrn.) |
| | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Benedikt Jónsson (utanrrn.) |
| | Haukur Ólafsson (utanrrn.) |
| | Þórður Yngvi Guðmundsson (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Ástráður Haraldsson (ASÍ) |
| | Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| 88. þing, Genf 2000 | Elín Blöndal (félmrn.) |
| | Gylfi Kristinsson (félmrn.) |
| | Benedikt Jónsson (utanrrn.) |
| | Haukur Ólafsson (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) |
| | Jón H. Magnússon (VSÍ) |
| | Ástráður Haraldsson (ASÍ) |
| | Hervar Gunnarsson (ASÍ) |
| 89. þing, Genf 2001 | Páll Pétursson (félmrn.) |
| | Berglind Ásgeirsdóttir (félmrn.) |
| | Hanna Sigríður Gunnsteinsd. (félmrn.) |
| | Benedikt Jónsson (utanrrn.) |
| | Ingibjörg Davíðsdóttir (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA) |
| | Jón H. Magnússon (SA) |
| | Magnús Norðdahl (ASÍ) |
| 90. þing, Genf 2002 | Berglind Ásgeirsdóttir (félmrn.) |
| | Hanna Sigríður Gunnsteinsd. (félmrn.) |
| | Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) |
| | Stefán Haukur Jóhannesson (utanrrn.) |
| | Ingibjörg Davíðsdóttir (utanrrn.) |
| | Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA) |
| | Jón H. Magnússon (SA) |
| | Magnús Norðdahl (ASÍ) |
| | Kristján Bragason (ASÍ) |

| | | |
|---|---|---|
| Árni Magnússon<br>félagsmálaráðherra<br>2003 – 7. mars 2006 | 91. þing, Genf 2003 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Hanna Sigríður Gunnsteinsd. (félmrn.)<br>Stefán Haukur Jóhannesson (utanrrn.)<br>Ingibjörg Davíðsdóttir (utanrrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA)<br>Ari Edwald (SA)<br>Jón H. Magnússon (SA)<br>Magnús Norðdahl (ASÍ)<br>Ásdís Guðmundsdóttir (ASÍ) |
| | 92. þing, Genf 2004 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Hanna Sigríður Gunnsteinsd. (félmrn.)<br>Stefán Haukur Jóhannesson (utanrrn.)<br>Ingibjörg Davíðsdóttir (utanrrn.)<br>Hlynur Skúli Auðunsson (samgrn.)<br>Vilhjálmur Egilsson (sjútvrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA)<br>Jón H. Magnússon (SA)<br>Magnús Norðdahl (ASÍ)<br>Pálmi Finnbogason (ASÍ)<br>Sævar Gunnarsson (ASÍ) |
| | 93. þing, Genf 2005 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.)<br>Sverrir Konráðsson (samgrn.)<br>Stefán Haukur Jóhannesson (utanrrn.)<br>Ingibjörg Davíðsdóttir (utanrrn.)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA)<br>Jón H. Magnússon (SA)<br>Magnús Norðdahl (ASÍ)<br>Sævar Gunnarsson (ASÍ)<br>Ísleifur Tómasson (ASÍ) |
| | 94. þing, Genf 2006 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Sverrir Konráðsson (samgrn.)<br>Kristinn F. Árnason (utanrrn.)<br>Einar Gunnarsson (utanrrn.)<br>Ægir Steinn Sveinþórsson (ASÍ) |
| Jón Kristjánsson<br>félagsmálaráðherra<br>7. mars – 15. júní 2006 | 95. þing, Genf 2006 | Gylfi Kristinsson (félmrn.)<br>Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.)<br>Kristinn F. Árnason (utanrrn.)<br>Einar Gunnarsson (utanrrn.)<br>Anna Jóhannsdóttir (utanrrn).<br>Edda Magnus (utanrrn)<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir (SA)<br>Jón H. Magnússon (SA)<br>Magnús Norðdahl (ASÍ)<br>Sigurður Magnússon (ASÍ) |

**Fylgiskjal VI.**

## Samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins 1919–2006.

Hér á eftir fer skrá yfir alþjóðasamþykktir sem hafa verið afgreiddar á Alþjóðavinnumálaþinginu 1919–2006. Athygli er vakin á athugasemdum aftanmáls við nokkrar af samþykktunum. Fjöldi fullgildinga kemur fram í seinni sviganum.

Nr. Heiti samþykktar:

1. Samþykkt um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir á dag og 48 stundir á viku (1919) (52).
2. Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1919)[2] (55).
3. Samþykkt um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð (1919)[2] (33).
4. Samþykkt um næturvinnu kvenna (1919)[2] (58).
5. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við iðnaðarstörf (1919)[2] (72).
6. Samþykkt um næturvinnu unglinga í iðnaði (1919)[2] (59).
7. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku (1920)[2] (53).
8. Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots (1920) (59).
9. Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm (1920) (40).
10. Samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf (1921)[2] (55).
11. Samþykkt um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (1921) (121).
12. Samþykkt um slysatryggingar landbúnaðarverkafólks (1921)[2] (76).
13. Samþykkt um notkun blýhvítu í málningu (1921) (62).
14. Samþykkt um vikulega hvíldardaga í iðnaði (1921) (117).
15. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf (1921)[2] (69).
16. Samþykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglingum við sjómennsku (1921) (81).
17. Samþykkt um slysatryggingu verkamanna (1925)[2] (73).
18. Samþykkt um bætur til verkamanna vegna atvinnusjúkdóma (1925)2 (67).
19. Samþykkt um jafnan rétt innlendra og erlendra verkamanna til slysabóta (1925) (120).
20. Samþykkt um næturvinnu í brauðgerðarhúsum (1925) (17).
21. Samþykkt um að gera einfaldara eftirlitið með útflytjendum um borð í skipum (1926) (33).
22. Samþykkt um skiprúmssamninga sjómanna (1926) (59).
23. Samþykkt um heimsendingu sjómanna (1926) (46).
24. Samþykkt um sjúkratryggingu iðnaðarfólks, verzlunarfólks og heimilishjúa (1927)[2] (28).
25. Samþykkt um sjúkratryggingar landbúnaðarverkafólks (1927)[2] (20).
26. Samþykkt um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun (1928) (103).
27. Samþykkt um að þyngd skuli letruð á þunga hluti, sem fluttir eru með skipum (1929) (65).
28. Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (1929)[2] (4).
29. Samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1930) (168).
30. Samþykkt um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrifstofustörf (1930) (30).
31. Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (1931)[2)4] (2).

32. Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (endurskoðuð 1932)[3] (45).
33. Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (1932)[3] (25).
34. Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka greiðslur fyrir störf sín (1933)[3] (11).
35. Samþykkt um skyldutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)[3] (11).
36. Samþykkt um skylduellitryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)[3] (10).
37. Samþykkt um skylduörorkutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verslunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)[3] (11).
38. Samþykkt um skylduörorkutryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)[3] (10).
39. Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum, mönnum sem unnið hafa iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)[3] (8).
40. Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum og landbúnaðarverkamönnum (1933)[3] (7).
41. Samþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934)[3] (38).
42. Samþykkt um bætur til verkamanna fyrir atvinnusjúkdóma (endurskoðuð 1934)[3] (53).
43. Samþykkt um vinnutíma í sjálfvirkum rúðuglerverksmiðum (1934) (13).
44. Samþykkt um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum (1934) (14).
45. Samþykkt um vinnu kvenna neðanjarðar í hvers konar námum (1935) (97).
46. Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (endurskoðuð 1935)[4] (3).
47. Samþykkt um fækkun vinnustunda niður í 40 á viku (1935) (14).
48. Samþykkt um alþjóðlega skipan til viðhalds réttindum til örorku- og ellitrygginga og trygginga til handa ekkjum og munaðarlausum (1935)[3] (11).
49. Samþykkt um styttingu vinnutíma í glerflöskuverksmiðjum (1935) (10).
50. Samþykkt um eftirlit með tilteknum aðferðum við ráðningu verkamanna (1936) (33).
51. Samþykkt um styttingu vinnutíma í fyrirtækjum hins opinbera (1936)[3] (0).
52. Samþykkt um árlegt orlof með launum (1936)[3] (54).
53. Samþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfirmanna á kaupskipum (1936) (36).
54. Samþykkt um árlegt orlof með launum fyrir farmenn (1936)[3)4] (6).
55. Samþykkt um skyldur útgerðarmanns, er sjómenn veikjast, slasast eða deyja (1936) (18).
56. Samþykkt um sjúkratryggingar sjómanna (1936) (19).
57. Samþykkt um vinnutíma á skipum og stærð áhafnar (1936)[2)4].
58. Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936)[2] (51).
59. Samþykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði (endurskoðuð 1937)[2] (36).
60. Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (endurskoðuð 1937)[2] (11).
61. Samþykkt um styttingu vinnutíma í baðmullariðnaðinum (1937)[4] (0).
62. Samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnaðinum (1937) (30).
63. Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum námavinnslu og verksmiðjuiðnaðar, þar á meðal byggingavinnu svo og landbúnaði (1938)[2] (34).
64. Samþykkt um skriflega vinnusamninga innfæddra verkamanna (1939) (31).
65. Samþykkt um refsiákvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1939) (33).
66. Samþykkt um skráningu, ráðningu og vinnukjör verkafólks, sem flytur milli landa í atvinnuleit (1939)[2)3] (0).

67. Samþykkt um vinnutíma og hvíldartíma við flutninga á landi (1939)[3] (4).
68. Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum (1946) (25).
69. Samþykkt um útgáfu hæfnisskírteina fyrir matsveina á skipum (1946) (37).
70. Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna (1946)[1] (7).
71. Samþykkt um eftirlaun sjómanna (1946) (37).
72. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmann (1946)[3)4] (5).
73. Samþykkt um læknisskoðun farmanna (1946) (45).
74. Samþykkt um hæfnisvottorð fullgildra háseta (1946) (28).
75. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (1946)[3)4] (5).
76. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1946)[2)4] (1).
77. Samþykkt um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglinga til iðnaðarstarfa (1946) (43).
78. Samþykkt um læknisrannsóknir á hæfni barna og unglinga til starfa, sem ekki teljast til iðnaðar (1946) (39).
79. Samþykkt um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga við störf, sem ekki teljast til iðnaðar (1946) (79).
80. Samþykkt um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins svo og um frekari breytingar, er leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (1946)[4] (56).
81. Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (1947) (135).
82. Samþykkt um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum löndum (1947) (4).
83. Samþykkt um að beita lágmarksákvæðunum um vinnuskyldu í ósjálfstæðum löndum (1947) (2).
84. Samþykkt um félagafrelsi og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum löndum (1947) (4).
85. Samþykkt um vinnueftirlit í ósjálfstæðum löndum (1947) (5).
86. Samþykkt um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna (1947) (23).
87. Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (1948) (144).
88. Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948) (87).
89. Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) (65).
90. Samþykkt um næturvinnu ungmenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) (50).
91. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949)[3] (24).
92. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949) (46).
93. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949)[2)4] (6).
94. Samþykkt um vinnuákvæði í opinberum samningum (1949) (60).
95. Samþykkt um verndun vinnulauna (1949) (96).
96. Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka laun fyrir störf sín (endurskoðuð 1949) (42).
97. Samþykkt um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit (endurskoðuð 1949) (44).
98. Samþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949) (154).
99. Samþykkt um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnaðarstörf (1951) (53).
100. Samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafn verðmæt störf (1951) (162).
101. Samþykkt um orlof með kaupi í landbúnaði (1952)[2] (46).

102. Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis (1952) (41).
103. Samþykkt um mæðravernd (1952) (40).
104. Samþykkt um brot innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1955) (26).
105. Samþykkt um afnám nauðungarvinnu (1957) (165).
106. Samþykkt um vikulega hvíldardaga í verzlunum og skrifstofum (1957) (62).
107. Samþykkt um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja (1957) (27).
108. Samþykkt um persónuskírteini sjómanna (1958) (64).
109. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1958)[2] (15).
110. Samþykkt um vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum (1958) (12).
111. Samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs (1958) (163).
112. Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna (1959) (29).
113. Samþykkt um læknisskoðun fiskimanna (1959) (29).
114. Samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna (1959) (22).
115. Samþykkt um vernd verkamanna fyrir geislun (1960) (47).
116. Samþykkt um breytingu á samþykktum gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í því skyni og samræma ákvæðin um skýrslur stjórnar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd samþykkta (1961)[4] (76).
117. Samþykkt um grundvallarmarkmið og reglur í félagsmálum (1962) (32).
118. Samþykkt um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga (1962) (38).
119. Samþykkt um öryggisbúnað véla (1963) (50).
120. Samþykkt um heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum (1964) (49).
121. Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu (1964) (23).
122. Samþykkt um stefnu í atvinnumálum (1964) (95).
123. Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum (1965)[2] (41).
124. Samþykkt um læknisskoðun ungmenna með tilliti til hæfni til vinnu neðanjarðar í námum (1965) (41).
125. Samþykkt um hæfnisskírteini fiskimanna (1966) (10).
126. Samþykkt um vistarverur í fiskiskipum (1966) (22).
127. Samþykkt um hámarksþyngd þess, sem verkamaður má bera (1967) (25).
128. Samþykkt um elli-, örorku- og eftirlifendabætur (1967) (16).
129. Samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði (1969) (43).
130. Samþykkt um læknishjálp og sjúkrabætur (1969) (14).
131. Samþykkt um ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda (1970) (47).
132. Samþykkt um árlegt orlof með launum (endurskoðað 1970) (33).
133. Samþykkt um vistarverur skipverja (viðbótarákvæði 1970) (31).
134. Samþykkt um slysavarnir sjómanna (1970) (29).
135. Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum (1971) (77).
136. Samþykkt um varnir gegn eitrunarhættu frá benseni (1971) (36).
137. Samþykkt um félagsleg áhrif nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum (1973) (25).
138. Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu (1973) (142).
139. Samþykkt um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna, sem valda krabbameini (1974) (35).

140. Samþykkt um námsleyfi með launum (1974) (33).
141. Samþykkt um félagssamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun (1975) (40).
142. amþykkt um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls (1975) (62).
143. Samþykkt um óhæfilegar aðstæður farandverkamanna og jafnrétti þeirra til atvinnumöguleika og aðbúðar (1975) (18).
144. Samþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (1976) (117).
145. Samþykkt um atvinnuöryggi farmanna (1976) (17).
146. Samþykkt um árlegt orlof farmanna (1976) (16).
147. Samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum (1976) (52).
148. Samþykkt um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað (1977) (43).
149. Samþykkt um atvinnu, vinnuskilyrði og lífskjör hjúkrunarfólks (1977) (37).
150. Samþykkt um stjórn vinnumála: hlutverk, starfsemi og skipulag (1978) (64).
151. Samþykkt um verndun félagafrelsis og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu (1978) (43).
152. Samþykkt um öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu (1979) (25).
153. Samþykkt um vinnustundir og hvíldartíma við akstur (1979) (8).
154. Samþykkt um eflingu sameiginlegra samningsgerða (1981) (37).
155. Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (1981) (45).
156. Samþykkt um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (1981) (36).
157. Samþykkt um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum (1982) (3).
158. Samþykkt um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda (1982) (33).
159. Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (1983) (78).
160. Samþykkt um hagskýrslugerð um atvinnumál (1985) (46).
161. Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum (1985) (25).
162. Samþykkt um öryggi við notkun asbests (1986) (28).
163. Samþykkt um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987) (15).
164. Samþykkt um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja (1987) (14).
165. Samþykkt um félagslegt öryggi skipverja (1987) (3).
166. Samþykkt um heimsendingu skipverja (1987) (12).
167. Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði (1988) (18).
168. Samþykkt um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi (1988) (6).
169. Samþykkt um frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum (1989) (17).
170. Samþykkt um öryggi við notkun efna við vinnu (1990) (12).
171. Samþykkt um næturvinnu (1990) (9)
172. Samþykkt um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum (1991) (13).
173. Samþykkt um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda (1992) (18).
174. Samþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum (1993) (11).
175. Samþykkt um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf (1994) (10).
176. Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í námum (1995) (20).
177. Samþykkt um heimastörf (1996) (4).

178. Samþykkt um eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja (1996) (12).
179. Samþykkt um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm (1996) (10).
180. Samþykkt um vinnutíma skipverja og mönnun skipa (1996) (19).
181. Samþykkt um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur (1997) (18).
182. Samþykkt um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana (1999) (157).
183. Samþykkt um mæðravernd (2000) (11).
184. Samþykkt um öryggi og hollustu í landbúnaði (2001) (7).
185. Samþykkt um persónuskírteini sjómanna (2002) (4).
186. Samþykkt um vinnuskilyrði farmanna (2006)[1].

**Af samþykktum þeim, sem taldar eru hér að framan, hefur Ísland fullgilt þessar. (Dagsetning á skráningu fullgildingar er innan sviga.)**

1. Nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (17. febrúar 1958).
2. Nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (21. ágúst 1956).
3. Nr. 15, um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf (21. ágúst 1956).
4. Nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (17. febrúar 1958).
5. Nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku (21. ágúst 1956).
6. Nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess (19. ágúst 1950).
7. Nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn (1952).
8. Nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (15. júlí 1952).
9. Nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (17. febrúar 1958).
10. Nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis (20. febrúar 1961).
11. Nr. 105, um afnám nauðungarvinnu (29. nóvember 1960).
12. Nr. 108, um persónuskírteini sjómanna (26. október 1970).
13. Nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs (29. júlí 1963).
14. Nr. 122, um stefnu í atvinnumálum (22. júní 1990).
15. Nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnum (21. júní 1991).
16. Nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (30. júní 1981).
17. Nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (21. júní 1991).
18. Nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (22. júní 2000).
19. Nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (22. júní 1990).
20. Nr. 182, um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana (22. júní 2000).

**Athugasemdir:**

1) Samþykkt sem ekki hefur verið fullgilt af nægilega mörgum aðildarríkjum til að öðlast gildi.
2) Samþykkt sem hefur verið endurskoðuð með síðari samþykkt.
3) Samþykkt sem ekki er hægt að fullgilda vegna þess að hún hefur verið endurskoðuð með nýrri samþykkt sem hefur tekið gildi.

4) Samþykkt hefur ekki verið fullgilt af lágmarksfjölda aðildarríkja til að taka gildi. Ákvæði í nokkrum þeirra hafa verið tekin upp í aðrar síðari samþykktir.

## 1177. Nefndarálit [648. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Martin Eyjólfsson og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Guðjón Axel Guðjónsson og Lárus Ólafsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 frá 2. desember 2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri, tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB, og 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 98/30/EB, ásamt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB frá 11. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi.

Í svokölluðum orkupakka sem samþykktur var í júní 2003 eru fjórar gerðir: reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003, tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB og 2003/55/EB ásamt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi.

Í nefndinni var sérstaklega rætt um möguleika Íslands til að fá undanþágur frá tilteknum reglum framangreindra gerða vegna smæðar markaðarins og einangrunar. Iðnaðarráðuneytið skilaði nefndinni greinargerð um innleiðingu raforkutilskipana í íslenskan rétt þar sem nánar er gerð grein fyrir aðdraganda að upptöku gerðanna í EES-samninginn, innleiðingu þeirra í íslenskan rétt og möguleikum Íslands á undanþágum frá einstökum ákvæðum gerðanna. Meiri hlutinn leggur áherslu á að undanþáguheimildir gerðanna verði nýttar eins og kostur er fyrir íslenska raforkumarkaðinn.

Innleiðing gerðanna kallar á lagabreytingar hér á landi.

Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Jón Gunnarsson rita undir álitið með fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 13. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara. | Jón Kristjánsson. |
| Drífa Hjartardóttir. | Jón Gunnarsson, með fyrirvara. | Sæunn Stefánsdóttir. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara. | | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |

## 1178. Nefndarálit [36. mál]

um till. til þál. um úttekt á stöðu og möguleikum á uppbyggingu ferðaþjónustu á Melrakkasléttu.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, samgönguráðuneytinu, Byggðastofnun, Eyþingi, Landvernd og Norðurþingi.

Með tillögu þessari er lagt til að samgönguráðherra í samvinnu við landbúnaðarráðherra og ráðherra byggðamála skipi nefnd sérfróðra manna og heimamanna til að gera úttekt á því hvernig unnt sé að byggja upp ferðaþjónustu á Melrakkasléttu. Í því sambandi er lagt til að horft verði til náttúru svæðisins, sögustaða og hlunninda og hvernig vekja megi athygli á Melrakkasléttu sem vænlegum kosti fyrir ferðamenn.

Nefndin leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Hjálmar Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðjón A. Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Anna Kristín Gunnarsdóttir. | Kristján L. Möller. |
| Kjartan Ólafsson. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Jón Kristjánsson. |

## 1179. Svar [664. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun.

1. *Hvernig er háttað formlegu samráði ráðuneyta vegna framkvæmdaáætlunar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020?*

Á fundi ríkisstjórnarinnar 16. janúar 2001 var samþykkt að tillögu umhverfisráðherra að skipa samstarfsnefnd ráðuneyta um sjálfbæra þróun og skyldi hún skipuð fulltrúum þeirra ráðuneyta sem helst koma að stefnumótun á því sviði. Auk umhverfisráðuneytis áttu forsætisráðuneytið, fjármálaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið, samgönguráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið fulltrúa í nefndinni. Síðar hafa bæst við fulltrúar frá utanríkisráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Meginverkefni nefndarinnar er að vinna að gerð stefnumörkunar Íslands um sjálfbæra þróun á nýrri öld og að sjá um framkvæmd og eftirfylgni hennar.

Árið 2002 samþykkti ríkisstjórnin stefnumörkun, sem ber heitið „Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“. Þar var settur rammi um stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi fram til ársins 2020. Í stefnumörkuninni voru sett fram 17 markmið sem var raðað í fjóra flokka: I. Heilnæmt og öruggt umhverfi, II. Verndun náttúru Íslands, III. Sjálfbær nýting auðlinda og IV. Hnattræn viðfangsefni. Fulltrúar í samráðsnefnd ráðuneytanna um sjálfbæra þróun sáu um að skrifa þá kafla í skýrslunni sem falla undir þeirra ráðuneyti í samráði við sérfræðinga og stofnanir eftir því sem við átti hverju sinni. Í „Velferð til framtíðar“ eru einnig birtar tölulegar vísbendingar sem tengjast markmiðum í skýrslunni. Þær vísbendingar byggjast einnig á upplýsingum og samráði viðkomandi ráðuneyta og stofnana.

Samkvæmt eftirfarandi ákvæði í 10. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, boðar umhverfisráðherra til umhverfisþings annað hvert ár:

„Umhverfisráðherra skal boða til umhverfisþings að loknum hverjum alþingiskosningum og síðan tveimur árum síðar.

Á umhverfisþingi skal fjalla um umhverfis- og náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Fjórða hvert ár skal á umhverfisþingi fjalla um aðgerðaáætlanir um sjálfbæra þróun. Til umhverfisþings skal boða alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga og fulltrúa atvinnulífs og frjálsra félagasamtaka sem hafa umhverfisvernd og sjálfbæra þróun á stefnuskrá sinni.“

Samkvæmt ofangreindu ákvæði er sjálfbær þróun meginviðfangsefni umhverfisþings fjórða hvert ár. Á IV. umhverfisþinginu sem haldið var í nóvember 2005 var stefna ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í brennidepli. Í aðdraganda þingsins hafði samráðsnefnd ráðuneytanna um sjálfbæra þróun endurskoðað og uppfært þær leiðir að markmiðum sem settar voru fram í „Velferð til framtíðar“ árið 2002. Á þinginu voru kynntar tillögur um nýjar leiðir að markmiðum til ársins 2009. Einnig voru tölulegar vísbendingar frá árinu 2002 uppfærðar og gefnar út í sérstöku riti í tengslum við þingið.

Á umhverfisþinginu gafst þingfulltrúum kostur á að ræða drög að nýjum áherslum og í kjölfar þingsins var opnuð slóð á heimasíðu umhverfisráðuneytisins þar sem félagasamtök og einstaklingar gátu komið sjónarmiðum sínum varðandi nýjar áherslur á framfæri innan tiltekins tíma. Í tengslum við þingið hafði umhverfisráðuneytið einnig samráð við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga um hinar nýju áherslur einkum þær sem snúa beint að starfsemi sveitarfélaga og krefjast aðgerða af þeirra hálfu. Samráðsnefnd ráðuneytanna um sjálf-

bæra þróun fjallaði um þær tillögur og athugasemdir sem bárust áður en ríkisstjórn fjallaði um málið og samþykkti megináherslur fyrir tímabilið 2006–2009.

Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020 er að finna á eftirfarandi slóð á heimasíðu umhverfisráðuneytisins:

http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Velferð%20til%20framtíðar%20-allt%20skjalið.pdf

Tölulegar vísbendingar 2005 er að finna á eftirfarandi slóð á heimasíðu umhverfisráðuneytisins:

http://www.umhverfisraduneyti.is/media/Vefutgafa_baeklings/Velferd2005.pdf

Skýrsla með megináherslum ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun til ársins 2009 verður gefin út um miðjan mars 2007 og verður m.a. send öllum alþingismönnum.

*2. Er nefnd sú sem skipuð var 9. september 1998 og hafði það verkefni að fara yfir og meta stöðu einstakra þátta fyrri framkvæmdaáætlunar enn starfandi?*

Í kjölfar Ríó ráðstefnunnar sem haldin var árið 1992 samþykktu íslensk stjórnvöld fyrstu stefnumörkun sína um sjálfbæra þróun á árinu 1993 undir heitinu „Á leið til sjálfbærrar þróunar".

Hinn 11. febrúar 1997 samþykkti ríkisstjórn Íslands framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun og bar hún yfirskriftina „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi 1996–2000". Í framkvæmdaáætluninni voru ákvæði um endurskoðun hennar þar sem segir m.a.:

„Framkvæmdaáætlunin verður endurskoðuð af sérstakri nefnd sem umhverfisráðherra mun skipa. Í þeirri endurskoðun verður farið yfir tillögurnar og metið hvernig miðað hefur með framkvæmdina og eftir atvikum gerðar tillögur um frekari aðgerðir til umhverfisráðherra."

Ofangreind nefnd var skipuð í september 1998. Auk fulltrúa umhverfisráðuneytis var nefndin skipuð fulltrúum frá sjávarútvegsráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti auk fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin lauk starfi sínu með skýrslu til umhverfisráðherra 29. mars 1999. Helstu niðurstöður nefndarinnar voru á þann veg að stærstum hluta þeirra verkefna sem kveðið er á um í áætluninni hefði verið hrint í framkvæmd og mörgum lokið. Nefndin mælti með að framhald yrði á þeirri vinnu sem farið hefði fram við að framfylgja ákvæðum Dagskrár 21 á Íslandi og taldi m.a. mikilvægt að forgangsraða atriðum og þróa tölulegar vísbendingar. Þá lagði nefndin í áliti sínu áherslu á mikilvægi þess að komið yrði á reglulegum samráðsvettvangi til að tryggja framgang sjálfbærrar þróunar í samfélaginu.

Við lok gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar hófst vinna við að móta langtímastefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun og ákvað ríkisstjórnin í ársbyrjun 2001 að skipa sérstaka samráðsnefnd ráðuneyta um sjálfbæra þróun, sbr. svar við fyrstu spurningu. Meginverkefni samráðsnefndar ráðuneytanna er að vinna að gerð stefnumörkunar Íslands um sjálfbæra þróun og að sjá um framkvæmd og eftirfylgni hennar.

*3. Er að vænta skýrslu um stöðu framkvæmdaáætlunarinnar?*

Á IV. umhverfisþingi árið 2005 var birt skýrsla með upplýsingum um framkvæmd markmiða í „Velferð til framtíðar" með yfirliti yfir helstu aðgerðir sem á þeim tíma hafði verið gripið til í því skyni að ná settum markmiðum.

Skýrsluna er að finna á eftirfarandi slóð á heimasíðu umhverfisráðuneytisins:
http://www.umhverfisraduneyti.is/media/_umhverfisthing/Velferd_til_framtidar_-_yfirlit_yfir_adgerdir_2002-2005.doc

Umhverfisráðuneytið mun í samvinnu við samráðsnefnd ráðuneytanna um sjálfbæra þróun halda áfram að fylgjast með framkvæmd stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar eins og hún er sett fram í „Velferð til framtíðar“ bæði með því að taka saman skýrslur en einnig og ekki síður verður lögð áhersla á að uppfæra og þróa áfram tölulegar vísbendingar sem sýna hvernig miðar í átt til sjálfbærrar þróunar í samfélaginu.

## 1180. Svar [659. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um barnabætur og barnabótaauka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvert hefur verið framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka árlega frá og með árinu 1991, í millj. kr. á föstu verðlagi og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, sundurgreint sem hér segir:*

*a. ótekjutengdar barnabætur,*
*b. tekjutengdar barnabætur,*
*c. barnabætur alls?*

**Ótekjutengdar barnabætur í m.kr. á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs, 2005=100.**

| | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| M.kr. | 5.689 | 3.824 | 3.717 | 3.730 | 3.767 | 3.699 | 3.646 | 1.261 | 1.240 | 1.243 | 1.186 | 1.153 | 1.147 | 1.145 | 1.165 |
| Hlutfall af VLF, % | 0,90 | 0,63 | 0,62 | 0,59 | 0,59 | 0,55 | 0,51 | 0,16 | 0,15 | 0,15 | 0,14 | 0,13 | 0,13 | 0,12 | 0,12 |

**Tekjutengdar barnabætur í m.kr. á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs, 2005=100.**

| | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| M.kr. | 1.880 | 2.838 | 2.768 | 2.847 | 2.900 | 2.990 | 2.643 | 4.288 | 3.835 | 3.296 | 4.053 | 4.062 | 4.606 | 4.505 | 4.209 |
| Hlutfall af VLF, % | 0,30 | 0,47 | 0,46 | 0,45 | 0,45 | 0,44 | 0,37 | 0,55 | 0,47 | 0,40 | 0,46 | 0,46 | 0,52 | 0,47 | 0,42 |

**Barnabætur alls í m.kr. á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs, 2005=100.**

| | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| M.kr. | 7.570 | 6.662 | 6.485 | 6.576 | 6.668 | 6.689 | 6.289 | 5.549 | 5.075 | 4.539 | 5.239 | 5.215 | 5.753 | 5.650 | 5.374 |
| Hlutfall af VLF, % | 1,20 | 1,10 | 1,08 | 1,04 | 1,04 | 1,00 | 0,88 | 0,71 | 0,63 | 0,54 | 0,60 | 0,59 | 0,64 | 0,59 | 0,53 |

# 1181. Skýrsla [703. mál]

samgönguráðherra um stöðu umferðaröryggismála fyrir árið 2006.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## 1. Inngangur.

Með þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 sem lögð var fram af samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssyni á Alþingi og samþykkt þann 30. maí 2005 var umferðaröryggisáætlun í fyrsta sinn felld inn í samgönguáætlun. Áætlunin er lögð fram á grundvelli laga um samgönguáætlun nr. 71/2002, en markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2016 eru að fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum á sama tímabili. Einnig að fjöldi látinna og alvarlegra slasaðra í umferð lækki að jafnaði um ekki minna en 5% á ári til ársins 2016.

Í umferðaröryggisáætlun samgönguáætlunar var jafnframt sett fram framkvæmdaáætlun um sérstakar aðgerðir sem eiga að leiða til fækkunar slysa og lækkunar kostnaðar samfélagsins af umferðarslysum. Við mat á forsendum um virkni aðgerða var í flestum tilfellum stuðst við erlendar rannsóknir og ber þá sérstaklega að nefna handbók Transport Økonomisk Institut í Noregi um virkni umferðaröryggisaðgerða.

Aðgerðir sem teknar voru til sérstakrar skoðunar skiptast í eftirtalda flokka:

- Lægri ökuhraði,
- öruggari vegir,
- betri ökumenn,
- öryggisbúnaður farartækja,
- löggæsla/forvarnir.

## 2. Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar.

*2.1 Umferðaröryggisráð.*

Sérstakt umferðaröryggisráð, sem ætlað er að vinna að framgangi þingsályktunarinnar tók til starfa árið 2005. Í umferðaröryggisráði sitja Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, og er hún formaður ráðsins, Karl Ragnars forstjóri Umferðarstofu, Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri.

*2.2 Samráðshópur umferðaröryggisáætlunar.*

Samráðshópur um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar var skipaður 2005. Hlutverk samráðshópsins er að gera starfs- og framkvæmdaáætlun á grundvelli umferðaröryggisáætlunar, samkvæmt ályktun Alþingis. Samráðshópinn skipuðu árið 2006: Birna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu, sem er formaður hópsins, Birgir Hákonarson framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs Umferðarstofu, Auður Þóra Árnadóttir forstöðumaður umferðardeildar hjá Vegagerðinni og Jón F. Bjartmarz yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóraembættinu. Með samráðshópnum störfuðu Karl Alvarsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, Hjálmar Björgvinsson og Jónína Sigurðardóttir, bæði hjá ríkislögreglustjóraembættinu.

*2.3. Aðgerðir og verkefni á árinu 2006 í samræmi við umferðaröryggisáætlun.*
*2.3.1 Fjárhagsáætlun.*

**Tafla 1. Tekjur. Áætlun um fjáröflun.**

| Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr. | 2006 |
|---|---|
| Frá vegaáætlun | 300 |
| Umferðaröryggisgjald | 35 |
| Sérstök fjárveiting til umferðaröryggismála | 50 |
| Til ráðstöfunar alls: | 385 |

**Tafla 2. Gjöld. Rekstur og stofnkostnaður.**

| Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr. | 2006 |
|---|---|
| Ökumaður og farartæki | 185 |
| Áróður og fræðsla | 89 |
| Svartblettir, merkingar o.fl | 111 |
| Samtals: | 385 |

Á árinu 2006 var eftirtöldum fjármunum varið í einstök verkefni:

| Heiti verkefnis: | millj. kr. |
|---|---|
| Hraðakstur og bílbeltanotkun – eftirlit, áróður og fræðsla | 140 |
| Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum | 9 |
| Eyðing svartbletta | 90 |
| Ölvun/fíknefni við akstur – eftirlit, áróður og fræðsla | 35 |
| Umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja | 0 |
| Umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla | 11 |
| Öryggisbeltanotkun í hópbílum | 1 |
| Forvarnir erlendra ökumanna | 5 |
| Takmörkun á lausagöngu búfjár | 42 |
| Annað | 6 |
| Útgjöld alls | 339 |
| óráðstafað, flutt til 2007 | 46 |
| | 385 |

*2.3.2 Hraðakstur og bílbeltanotkun – eftirlit, áróður og fræðsla.*

Á grundvelli umferðaröryggisáætlunar var á árinu 2006 gerður sérstakur samningur milli Umferðarstofu og ríkislögreglustjóra um aukið umferðareftirlit á þjóðvegum landsins. Samningurinn fól í sér kaup og ísetningu á sex ratsjártækjum með myndavélum (Eyewitness-búnaði) í lögreglubíla, auk greiðslu vegna eftirlitsstunda lögreglumanna og aksturs lögreglubifreiða. Með því hafa samtals 12 ratsjártæki með myndavél í lögreglubíla verið keyptir á síðastliðnum 2 árum. Samtals var samningurinn að upphæð 55 millj. kr. Eftirlit lögreglu var frá umdæmi Hvolsvallar, Selfoss, Kópavogs, Reykjavíkur, Keflavíkur, Akraness, Borgarness, Búðardals, Hólmavíkur, Blönduóss, Sauðárkróks, Akureyrar, Seyðisfjarðar og Eskifjarðar. Alls hafði lögreglan afskipti af 6.052 ökumönnum vegna vinnu samkvæmt samningnum, sem

stóð frá lokum maí til ársloka 2006. Alls voru 5.049 kærur gefnar út, þar af 4.409 fyrir of hraðan akstur.


Undirbúningur að uppsetningu sjálfvirkra hraðamyndavéla var hafinn á árinu 2006. Settar voru upp sjálfvirkar hraðamyndavélar á tveimur stöðum á Hringvegi í Hvalfjarðarsveit. Enn er verið að vinna að tengingu þeirra við sektarkerfi lögreglunnar.

Samhliða auknu eftirliti stóð Umferðarstofa fyrir öflugum áróðri gegn hraðakstri, sem var sérstaklega beint að ungu fólki, en hraðakstur er algengasta orsök banaslysa í umferðinni.


Þrátt fyrir öflugan áróður er ökuhraði á þjóðvegum landsins ennþá allt of mikill. Þó bendir ýmislegt til að heldur hafi dregið úr ökuhraða á síðustu fimm árum frá tímabilinu þar á undan. Enn þarf hraðinn að lækka til að ná því takmarki að 85% ökumanna aki undir leyfðum hámarkshraða. Fram að þessu hafa frávik við mælingar hér á landi verið mun meiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum, sem leiðir að öllum líkindum til þess að menn virði hraðamörkin síður. Með breytingu á reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim nr. 930/2006 eru sektarmörkin þrengd sem væntanlega mun leiða til minni hraða. Þó er of snemmt að meta áhrifin af breytingunni þar sem reglugerðin tók gildi 1. desember 2006.

Á árinu var stefnt að því að fækka dauðaslysum sem rekja má til hraðaksturs eða þess að bílbelti var ekki notað um að meðaltali 2,5 á ári og alvarlega slösuðum af sömu orsökum um 4,8 að meðaltali á ári.

**Mynd 1. Þróun hraða á þjóðvegum 1990–2006.**



**Mynd 2. Fjöldi hraðakstursbrota og annarra umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá lögreglu 1999–2006.**




Í skýrslu ríkislögreglustjóra kemur fram að skýringar á mikilli fækkun annarra umferðarlagabrota árið 2005 megi m.a. rekja til breyttrar skráningar auk þess sem brotum vegna vanrækslu við að færa ökutæki til aðalskoðunar og endurskoðunar fækkaði um 4.256 vegna breytinga á lögum árið 2005. Þá fækkaði brotum vegna þess að ökumenn voru ekki með ökuskírteini meðferðis um 3.274 milli ára.

Varðandi notkun bílbelta þá er erfitt að meta hvort árangur hafi átt sér stað á öllu landinu yfir árið í heild sinni þar sem skráning lögreglunnar á bílbeltanotkun er mjög ábótavant.

Stærsta áróðursherferð Umferðarstofu á árinu 2006 varðaði notkun bílbelta og miðað við niðurstöðu viðhorfsrannsóknar á akstursheðun almennings sem Capacent framkvæmdi á árinu (sjá kafla 3.5) þá hefur orðið töluverð aukning á notkun bílbelta samanborið við samskonar könnun árið 2005.

*2.3.3 Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum.*

Á árinu 2006 var lokið við að setja upp skilti með leiðbeinandi ökuhraða á stofnvegi. Jafnframt hafa nokkrir tengivegir verið merktir með þessum hætti. Leibeinandi hraðamerkingar voru settar við Skeiðaveg, Skálholtsveg, Þjórsárdalsveg, Eyrarbakkaveg, Biskupstungnabraut, Þingvallaveg, Laugarvatnsveg, Þorlákshafnarveg, Grindavíkurveg, Hafnaveg, Garðskagaveg, Vestfjarðaveg, Djúpveg, Barðastrandarveg, Bíldudalsveg, Sauðárkróksbraut, Siglufjarðarveg, Ólafsfjarðarveg, Grenivíkurveg, Norðausturveg , Kísilveg, Borgarfjarðarveg, Suðurfjarðaveg, Vatnsnesveg, Þverárfjallsveg og Aðaldalsveg. Reiknað er með að þessu verkefni ljúki að mestu leyti árið 2007.

Talið er að leiðbeinandi hraðamerkingar nýtist erlendum ferðamönnum sérstaklega vel þar sem þeir þekkja ekki eins vel til íslenskra akstursaðstæðna og íslenskir ríkisborgarar.

*2.3.4 Eyðing svartbletta.*

Á árinu 2006 var unnið að lagfæringum á 22 hættulegum stöðum samkvæmt fyrirliggjandi áætlun. Meðal annars voru vegrið sett upp eða lengd á 11 stöðum en jafnframt voru sett upp viðvörunarljós við 3 einbreiðar brýr, fern vegamót voru lagfærð og merkingar bættar á nokkrum stöðum. Unnið var að hraðahindrandi aðgerðum á tveimur stöðum í þéttbýli. Einnig má geta þess að á árinu fækkaði einbreiðum brúm á stofn- og tengivegum um sjö.

Væntingar um árangur eru fækkun látinna um að meðaltali 0,5 á ári og fækkun alvarlegra slysa um að meðaltali 2,3 á ári.

*2.3.5 Ölvun/fíknefni við akstur – eftirlit, áróður og fræðsla.*

Í samningi Umferðarstofu og ríkislögreglustjóra sem áður var getið var kveðið á um kaup á fjórum öndunarsýnamælum, en slík tæki auka mjög nákvæmni við mat á áfengismagni í blóði ökumanna. Með því hafa samtals 6 öndunarsýnamælar verið keyptir á síðastliðnum 2 árum. Jafnframt var í fyrsta skipti gert ráð fyrir sérstöku eftirliti með ölvunar- og fíknefnaakstri. Náði það frá miðjum júní til ársloka og tóku sömu embætti þátt í því eftirliti og talin voru upp í eftirliti með hraðakstri og bílbeltanotkun í kafla 4.2.1. Samningur Umferðarstofu og ríkislögreglustjóra um ölvunareftirlit var samtals að andvirði 10 millj. kr. Alls voru 11.664 ökumenn stöðvaðir í þessu sérstaka eftirliti, 6.513 öndurpróf tekin og 126 kærur gefnar út.

Í 10% banaslysa er aðalorsökin sú að ökumaður er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna og má rekja 2,4% allra umferðarslysa til ölvunaraksturs. Væntur árangur þessa verkefnis er að tala látinna lækki um 0,5 og alvarlega slasaðra um 2,7 að meðaltali á ári.

Á árinu 2006 mátti rekja átta banaslys í umferðinni til ölvunaraksturs, sem er töluvert hærra hlutfall en meðaltal undafarinna fimm ára, sem var 3,2 banaslys. Hins vegar fækkaði alvarlegum slysum úr 11,6 að meðaltali árin 2000–2005 í átta alvarleg slys vegna ölvunaraksturs á árinu 2006.

**Tafla 1. Fjöldi kærða, handtekinna sakborninga í ölvunarakstursbrotum.**

(Heimild: Ríkislögreglustjórinn)

| | |
|---|---|
| 1999 | 1.959 |
| 2000 | 2.482 |
| 2001 | 2.081 |
| 2002 | 1.859 |
| 2003 | 1.764 |
| 2004 | 1.772 |
| 2005 | 1.946 |
| 2006 | 2.131* |

*Tölur fyrir árið 2006 eru bráðabirgðatölur.

*2.3.6 Umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja.*

Verkefninu „Vel á vegi stödd í vinnunni“ var hleypt af stokkunum 7. mars 2005. Markmið þess er að að auka umferðaröryggi á meðal atvinnubílstjóra. Verkefninu var fram haldið á árinu 2006 og í árslok höfðu 9 fyrirtæki gert sérstakan samstarfssamning við Umferðarstofu um þátttöku í verkefninu. Á meðal þeirra eru stærstu flutningarfyrirtæki landsins. Þau eru Ölgerðin Egill Skallagrímsson, Hafnarfjarðarbær, Hagvagnar, Hópbílar, Skeljungur, Olíudreifing, Strætó bs., Landflutningar Samskip og Ragnar og Ásgeir. Jafnframt eru 5 önnur

fyrirtæki sem hafa lýst yfir vilja sínu til þátttöku en ekki hefur enn verið gengið frá undirritun samstarfssamnings.

Ávinningur aðgerðanna er talinn vera fækkun látinna um 0,1 og fækkun alvarlega slasaðra um 0,6 að meðaltali á ári. Þar sem verkefnið er svo skammt á veg komið er ekki unnt að meta ávinninginn að svo stöddu.

*2.3.7 Umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla.*

Frá því að grunnskólinn fluttist til sveitarfélaga hefur umferðarfræðsla í grunnskólum landsins ekki verið í föstum skorðum. Í umferðaröryggisáætlun er fyrirhugað að efla þá fræðslu til muna með því að gera hana að föstum lið í námskrá leikskóla og grunnskóla og jafnvel að koma á samþættingu umferðarfræðslu inn í framhaldskóla.

Markmið verkefnisins er:

1. að koma umferðarfræðslu inn í skólanámskrár allra grunnskóla
2. að halda námskeið í umferðarfræðslu fyrir grunnskólakennara í grunnskólum landsins þeim að kostnaðarlausu
3. að efla námsefnisgerð í umferðarfræðslu og stuðla að þróun náms- og fræðsluvefs um umferðarmál.

Gerður var sérstakur samningur milli Umferðarstofu og Grundaskóla á Akranesi haustið 2005 um eflingu umferðarfræðslu á grunnskólastigi. Grundaskóli verður móðurskóli í umferðarfræðslu og þannig öðrum grunnskólum á Íslandi til fyrirmyndar og ráðgjafar á þessu sviði. Haustið 2006 var þetta verkefni þróað enn frekar með samningum við Brekkuskóla á Akureyri, Grunnskóla Reyðarfjarðar og Flóaskóla í Villingaholtshreppi, en hver þessara skóla mun sjá um að fylgja eftir markmiðum móðurskólaverkefnisins í sínum landfjórðungi.

Umferðarteymi voru skipuð innan samstarfsskólanna í upphafi skólaárs og hófu þau kynningarstarf fljótlega, meðal annars með beinum samskiptum við grunnskóla á sínum svæðum, á haustþingum kennara og með skrifum í héraðsfréttablöð. Kynningarbæklingur um móðurskólaverkefnið, námskeiðshaldið og náms- og fræðsluvefinn www.umferd.is var sendur í alla grunnskóla og á skólaskrifstofur og fræðslumiðstöðvar. Bæklingurinn lá einnig frammi á ráðstefnu um lífsleikni sem haldin var á Grand-hótel í Reyjavík í júní 2006 og á þingi Félags skólastjóra í október 2006.

Námskeið um umferðarfræðslu voru haldin í eftirfarandi grunnskólum árið 2006:

- Álftanesskóla
- Brekkubæjarskóla á Akranesi
- Brekkuskóla á Akureyri
- Flóaskóla í Villingaholtshreppi
- Giljaskóla á Akureyri
- Glerárskóla á Akureyri
- Grunnskóla Bolungavíkur
- Grunnskóla Grindavíkur
- Grunnskóla Stykkishólms
- Grunnskóla Súðavíkur
- Grunnskólanum á Hvammstanga
- Grunnskólanum á Neskaupstað
- Grunnskólanum í Mývatnssveit
- Grunnskólum í Snæfellsbæ
- Heiðarskóla í Leirársveit

- KHÍ – fyrir nemendur í grunnnámi/kjörsvið í samfélagsfræði
- Oddeyrarskóla á Akureyri
- Þjórsárskóla

Leitað hefur verið eftir samstarfi við lögregluembættin í öllum landshlutum, bæði samstarfsskólarnir fjórir svo og grunnskólar sem fengið hafa námskeið. Einnig hefur náðst samstarf við aðra aðila sem koma að umferðarmálum grunnskólanemenda. Má þar nefna skólabílstjóra, aðila sem dreifa reiðhjólahjálmum og endurskinsmerkjum til nemenda og skipuleggja viðburði eins og reiðhjóla- og línuskautadag fyrir börn og unglinga.

Jafnframt var unnið að gerð fræðsluvefs í samvinnu við Námsgagnastofnun, sem var formlega opnaður í janúar 2006. Á árinu 2006 var efni unnið sem sett var á vefinn, en hann er að finna á www.umferd.is.

Markmið þessara aðgerða er að fækka slysum á börnum um 10% og að fækkun látinna verði um 0,2 og fækkun alvarlega slasaðra verði um 1,0 að meðaltali á ári. Slysum á börnum hefur fækkað umtalsvert á undanförnum árum eins og tafla 2 ber með sér.

**Tafla 2. Slys á börnum 2002–2006.**

| Ár | Látin | Alvarlega slösuð | Lítið slösuð | Alls látin og slösuð |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 5 | 25 | 142 | 172 |
| 2003 | 2 | 10 | 131 | 143 |
| 2004 | 3 | 9 | 107 | 119 |
| 2005 | 0 | 8 | 97 | 105 |
| 2006 | 1 | 13 | 92 | 106 |
| Meðaltal 2001–2005 | 2,2 | 11 | 114 | 129 |

*2.3.8 Öryggisbeltanotkun í hópbílum.*

Á árinu 2006 lét Umferðarstofa framleiða sérstakan geisladisk á fjórum tungumálum sem bílstjórar hópbifreiða geta notað til að minna á notkun öryggisbelta. Jafnframt var útbúinn sérstakur límmiði til að setja á stólbök með áletrunini „Fasten your seatbelts“. Öllum hópferða- og sérleyfishöfum var boðið að fá geisladiska og límmiða sér að kostnaðarlausu. Flestir þáðu boðið.

Ávinningur aðgerðanna er talinn vera fækkun alvarlega slasaðra um 0,3 og lítið slasaðra um 2,6 að meðaltali á ári. Fjöldi slysa í hópbifreiðum á árinu 2006 er nokkurn veginn svipaður og verið hefur undanfarin 5 ár, sbr. töflu 3 hér að neðan.

**Tafla 3. Slys í hópbifreiðum 2002–2006.**

| | Látnir | Alvarlega slasaðir | Lítið slasaðir | Alls slasaðir og látnir |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 0 | 0 | 11 | 11 |
| 2003 | 0 | 3 | 26 | 29 |
| 2004 | 0 | 0 | 12 | 12 |
| 2005 | 0 | 1 | 12 | 13 |
| 2006 | 1 | 2 | 15 | 18 |
| Meðaltal 2002–2006 | 0 | 1,2 | 15,2 | 15,2 |

*2.3.9 Forvarnir erlendra ökumanna.*

Umferðaróhöpp þar sem erlendir ökumenn eru orsakavaldar eru 5% allra umferðarslysa á landinu. Markmið aðgerða er að fækka slysum þar sem erlendir ferðamenn eru orsakavaldar um 10%, þ.e. fækkun látinna um 0,2 og fækkun alvarlega slasaðra um 1,2 að meðaltali á ári.

Umferðarstofa lét framleiða myndband fyrir erlenda ferðamenn árið 2005 á fjórum tungumálum, ensku, frönsku, spænsku og þýsku, og er það að finna á heimasíðu Umferðarstofu, www.us.is-English. Í myndbandinu er farið yfir helstu hættur sem að erlendum ferðamönnum steðja á ferðum um þjóðvegi landsins. Efni myndbandsins var áfram notað á árinu 2006, t.d. í fjölda greina í tímarit og bækur sem ætluð eru erlendum ferðamönnum til að benda á hættur á þjóðvegum landsins.

Vegagerðin, ásamt Sjóvá og bílaleigum, kynntu fyrir erlendum ferðamönnum sérislensk umferðarmerki, svo sem merki um einbreiðar brýr, blindhæðir og merki um að malbik endi. Kynningarefni á þremur tungumálum var komið fyrir á stýri bílaleigubíla.

Mikil fækkun varð á slysum á erlendum ríkisborgurum á árinu 2005 þegar aðgerðirnar hófust eða úr 112 árið 2004 í 65 árið 2005. Eins og fram kemur í töflu 4 hér að neðan urðu 133 slys á erlendum ríkisborgurum hér á landi árið 2006. Því má segja að sá árangur sem náðist 2005 hafi að öllu leyti gengið tilbaka og gott betur. Þó verður að líta á að langflestir eru lítið slasaðir og hefur alvarlega slösuðum fækkað umtalsvert tvö undanfarin ár. Látnir erlendir ríkisborgarar í umferðarslysum hafa ekki verið fleiri en árið 2006 samanborið við fjölda 5 undanfarinna ára, en taka verður tillit til þess að erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað gríðarlega hér á landi á þessu tímabili.

**Tafla 4. Slys á erlendum ríkisborgurum 2002–2006.**

| | Látnir | Alvarlega slasaðir | Lítið slasaðir | Alls slasaðir og látnir |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 4 | 13 | 90 | 107 |
| 2003 | 3 | 13 | 124 | 140 |
| 2004 | 4 | 13 | 95 | 112 |
| 2005 | 2 | 6 | 57 | 65 |
| 2006 | 5 | 9 | 119 | 133 |
| Meðaltal 2002–2006 | 3,6 | 10,8 | 97,0 | 111,4 |

*2.3.10 Takmörkun á lausagöngu búfjár.*

Í umferðaröryggisáætlun er sérstök áhersla lögð á að girða af vegi þar sem hætta vegfarenda af lausagöngu búfjár er mest. Áætlað er að girða við rúmlega 300 km vega á tímabilinu 2005–2008 þar sem um 30% slysa og óhappa af þessu tagi verða. Væntanlegur ávinningur aðgerða er fækkun látinna um 0,1 á ári og fækkun alvarlega slasaðra um 0,7 að meðaltali á ári.

Á árinu 2006 girti Vegagerðin með fram vegum á 24 vegarköflum í þeim tilgangi að fækka slysum af völdum búfjár. Ljóst er að Vegagerðin, sveitarfélög og eigendur búfjár verða að vinna saman að þessu markmiði um fækkun slysa svo að árangur verði sem mestur.

Talsverð fjölgun hefur orðið á slysum á fólki vegna áreksturs við dýr á vegi undanfarin tvö ár, sbr. töflu 5 hér að neðan.

**Tafla 5. Slys vegna áreksturs við dýr á vegi 2001–2006.**

| | Látnir | Alvarlega slasaðir | Lítið slasaðir | Alls slasaðir og látnir |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 0 | 1 | 12 | 13 |
| 2003 | 0 | 1 | 6 | 7 |
| 2004 | 0 | 1 | 7 | 8 |
| 2005 | 0 | 0 | 15 | 15 |
| 2006 | 2 | 1 | 17 | 20 |
| Meðaltal 2001–2005 | 0 | 2 | 8,6 | 10,6 |

*3.0 Tölfræði.*

*3.1 Aðferð við slysaskráningu.*


Slysaskráning Umferðarstofu byggist á lögregluskýrslum, sem fengnar eru hjá lögregluembættum, sýslumönnum eða fulltrúum þeirra. Frá því í byrjun árs 1992 hefur Umferðarstofa (og áður Umferðarráð) skráð öll umferðarslys og umferðaróhöpp sem lögreglan gerir skýrslu um og gerast hér á landi. Þegar meiðsl verða á fólki í umferðarslysum er ávallt skylt að kalla til lögreglu. Vegfarandi telst ekki slasaður nema hann hafi með sannanlegum hætti verið fluttur á sjúkrahús, heilsugæslustöð eða undir læknishendur með sjúkrabifreið, lögreglubifreið, þyrlu eða hann komi til lögreglu og gefi skýrslu um að hann hafi leitað læknisaðstoðar vegna meiðsla og hlotið læknismeðferð samkvæmt því.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á umferðarslysum sýna að hin opinbera skráning nær ekki til allra þeirra sem slasast hafa í umferðinni. Mismunandi er eftir vegfarendahópum hve margir slasaðir eru skráðir, en sérstaklega má gera ráð fyrir að slys á hjólreiðamönnum séu vanskráð. Umferðarslys eru stundum tilkynnt til lækna eða sjúkrastofnana, en ekki lögreglu. Skiptir þá miklu hver alvarleiki meiðslanna er og má gera ráð fyrir að þeir sem slasast lítið tilkynni það síður til lögreglu. Það kemur fyrir að ökumenn vilja af ýmsum ástæðum ekki tilkynna slys til lögreglu. Ástæður þess má rekja til aksturs á stolinni bifreið, akstur undir áhrifum áfengis, akstur án ökuréttinda en einnig vanmat á eðli meiðsla. Þá má gera ráð fyrir að slys þar sem meiðsl eru lítil séu vanskráð í hinni opinberu skráningu. Staðreyndin er að sjúkrastofnanir og tryggingafélög skrá mun fleiri minni háttar meiðsl af völdum umferðarslysa en fram kemur í skráningu Umferðarstofu.

Banaslys í umferð er skilgreint þannig að látist maður af völdum áverka sem hann hlýtur í umferðarslysi innan 30 daga frá því að slysið á sér stað þá telst hann hafa látist vegna umferðarslyss.

Yfirlýst markmið stjórnvalda á sviði umferðaröryggis er að fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum og að látnum og alvarlega slösuðum í umferð fækki að jafnaði um ekki minna en 5% á ári til ársins 2016. Látnum og alvarlega slösuðum hefur fækkað umtalsvert undanfarin ár í samanburði við meðaltal undanfarins áratugar þrátt fyrir aukna umferð. Myndin hér fyrir neðan sýnir þróun á fjölda látinna og alvarlegra slasaðra í umferðinni á Íslandi undanfarin ár og markmið til ársins 2016.

**Mynd 3. Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra 1991–2006 og markmið umferðaröryggisáætlunar.**
(Heimild: Umferðarstofa).




Árið 2006 lést 31 í 28 umferðarslysum hér á landi og 153 slösuðust alvarlega. Árið 2005 létust 19 í 16 slysum og 129 slösuðust alvarlega. Samkvæmt því hefur markmiði umferðaröryggisáætlunar ekki verið náð, í fyrsta skipti í 6 ár, að fjöldi alvarlegra slasaðra og látinna sé innan viðmiðunarmarka. Hér að neðan eru að finna töflur og myndir yfir helstu lykilstærðir úr slysaskrá Umferðarstofu.

**Tafla 6. Látnir og alvarlega slasaðir 1991–2006.**

| Ár | Látnir | Alvarlega slasaðir | Látnir og alvarlega slasaðir |
|---|---|---|---|
| 1991 | 27 | 230 | 257 |
| 1992 | 21 | 228 | 249 |
| 1993 | 17 | 246 | 263 |
| 1994 | 12 | 242 | 254 |
| 1995 | 24 | 239 | 263 |
| 1996 | 10 | 229 | 239 |
| 1997 | 15 | 203 | 218 |
| 1998 | 27 | 229 | 256 |
| 1999 | 21 | 222 | 243 |
| 2000 | 32 | 169 | 201 |
| 2001 | 24 | 158 | 182 |
| 2002 | 29 | 164 | 193 |
| 2003 | 23 | 145 | 168 |
| 2004 | 23 | 115 | 138 |
| 2005 | 19 | 129 | 148 |
| 2006 | 31 | 153 | 18 |

**Tafla 7. Fjöldi og hlutfall látinna eftir kyni.**

| 2006 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Karl | 20 | 64,52% |
| Kona | 11 | 35,48% |

**Tafla 8. Fjöldi og hlutfall látinna eftir aldri.**

| 2006 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| 0–14 ára | 1 | 3,23% |
| 15–24 ára | 10 | 32,26% |
| 25–34 ára | 7 | 22,58% |
| 35–44 ára | 2 | 6,45% |
| 45–54 ára | 3 | 9,68% |
| 55–64 ára | 4 | 12,90% |
| 65 ára og eldri | 4 | 12,90% |


**Tafla 9. Fjöldi og hlutfall látinna eftir ársfjórðungi.**

| 2006 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| janúar–mars | 5 | 16,13% |
| apríl–júní | 2 | 6,45% |
| júlí–september | 13 | 41,94% |
| október–desember | 11 | 35,48% |

**Tafla 10. Fjöldi og hlutfall látinna í dreifbýli/þéttbýli.**

| 2006 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Dreifbýli | 20 | 64,52% |
| Þéttbýli | 11 | 35,48% |

Mynd 4. Þróun fjölda látinna í umferðarslysum í dreifbýli sem hlutfall af heildarfjölda látinna




Samkvæmt mynd 4 hafa mun fleiri látist í umferðarslysum í dreifbýli en í þéttbýli á árunum 2001–2005 miðað við fyrri ár. Á árinu 2006 dregur verulega úr þessu hlutfalli og er sambærilegt við árin 2000 og fyrr.

**Tafla 11. Flokkun látinna.**

| 2006 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Ökumenn | 18 | 66,67% |
| Farþegar | 8 | 29,63% |
| Fótgangandi | 4 | 14,81% |
| Hestamaður | 1 | 3,70% |

**Tafla 12. Tegund banaslysa.**

| 2006 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Árekstur | 9 | 29,03% |
| Útafakstur | 9 | 29,03% |
| Ekið á fótgangandi | 4 | 12,90% |
| Ekið á ljósastaur | 2 | 6,45% |
| Ekið á fastan hlut | 2 | 6,45% |
| Ekið í sjó eða vatn | 2 | 6,45% |
| Ekið á dýr | 2 | 6,45% |
| Ekið á hestamann | 1 | 3,23% |


**Tafla 13. Fjöldi og hlutfall látinna eftir landsvæðum.**

| 2006 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 13 | 41,94% |
| Suðurnes | 5 | 16,13% |
| Vesturland / Vestfirðir | 2 | 6,45% |
| Norðurland | 3 | 9,68% |
| Austurland | 4 | 12,90% |
| Suðurland | 4 | 12,90% |

*3.2 Samanburður við Norðurlönd.*

Meðfylgjandi graf sýnir fjölda dauðsfalla í umferðinni á hverja 100.000 íbúa á Norðurlöndum. Þar sem gagnasafn á Íslandi er langminnst allra þessara þjóða þá kemur fjöldi látinna í meiri sveiflum en annars staðar þekkist, þ.e. í besta árferði stendur Ísland jafnfætis fremstu þjóðum á Norðurlöndum en í slæmu árferði snýst það við og Ísland stendur öðrum Norðurlandaþjóðum langt að baki. Af þeim sökum hefur m.a. verið ákveðið í umferðaröryggisáætlun að meta árangur út frá meðaltali undangenginna 5 ára, m.a. til að stækka gagnasafnið.

Mynd 5. Dauðsföll í umferðinni á hverja 100.000 íbúa




*3.3 Bifreiðtölur.*

Í árslok 2006 voru 272.905 ökutæki skráð í ökutækjaskrá. Á árinu 2006 voru 29.042 ökutæki nýskráð á Íslandi, þar af 25.326 ný ökutæki og 3.716 notuð ökutæki. Á árinu 2005 voru 30.630 ökutæki nýskráð. Í meðfylgjandi töflu 10 sést hvernig skráning ökutækja skiptist á milli einstakra ökutækisflokka.

**Tafla 14. Fjöldi nýskráninga nýrra ökutækja 2006.**

(Heimild: Umferðarstofa.)

| | Fólksbílar | Hópbílar | Sendibílar | Vörubílar | Bifhjól | Eftirvagnar | Annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nýtt | 17.151 | 65 | 2.456 | 528 | 1.133 | 1.994 | 1.999 | 25.326 |
| Notað | 2.297 | 61 | 181 | 384 | 401 | 328 | 64 | 3.716 |

Á árinu 2006 voru 98.723 eigendaskipti ökutækja færð í ökutækjaskrá samanborið við 98.080 eigendaskipti árið 2005.

122.973 ökutæki voru færð til aðalskoðunar á árinu 2006. 38,4% ökutækja fengu engar athugasemdir í aðalskoðun, 36,7% fengu lagfæringu, 24,7% ökutækja fengu endurskoðun og 0,1% þeirra fengu akstursbann.


*3.4 Könnun á öryggi barna í bifreiðum.*

Árleg könnun Umferðarstofu og Slysavarnafélagsins Landsbjargar á öryggi barna í bílum var gerð í apríl 2006. Gerð var athugun á öryggisbúnaði barna og notkun hans í bifreiðum foreldra og forráðamanna barna við 68 leikskóla víða um land. Þetta er 11. árið sem könnunin er gerð og voru samtals 2.132 þátttakendur í henni að þessu sinni. Starfsmenn könnunar-

innar voru nemendur á leikskólabraut í Kennaraháskóla Íslands, félagar í deildum Slysavarnafélagsins Landsbjargar víða um land og starfsfólk Umferðarstofu.

Í könnuninni kom í ljós að 85% barna voru í öryggisbúnaði sem hæfði stærð þeirra og aldri. 3% barna voru án öryggisbúnaðar, og 12% voru í bílbelti, sem ekki uppfyllir kröfur um öryggi barna í bílum.

**Mynd 6. Öryggi barna í bílum 2006.**




*3.5 Viðhorfsrannsókn á akstursheðun almennings.*

Í október og október framkvæmdi Capacent viðhorfsrannsókn á akstursheðun almennings fyrir Umferðarstofu, Vegagerðina og Ríkislögreglustjóra. Sambærileg könnun var framkvæmd árið 2005. Úrtakið í könnuninni var 2000 manns á aldrinum 17–75 ára og var svarhlutfallið 57%. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar, en könnunina í heild sinni er að finna á heimasíðu Umferðarstofu.

97% svarenda höfðu bílpróf og um 17% voru með svokallað meirapróf, sem eru svipaðar niðurstöður og í könnunni 2005. Tæpur þriðjungur er meira en klukkustund á dag í umferðinni sem ökumenn, annar þriðjungur ver klukkustund á dag í umferðinni og síðasti þriðjungurinn er minna en klukkustund á dag í umferðinni að meðaltali.

Syfja er vaxandi vandamál í umferðinni og kom í ljós í könnuninni að rúm 35% ökumanna hafa oft, stundum eða sjaldan orðið syfjaðir á meðan á akstri stóð. Jafnframt hafa 10,4% ökumanna dottað undir stýri á síðastliðnum 6 mánuðum. Er það ívið verri niðurstaða en árið 2005 þegar 8,3% ökumanna töldu sig hafa dottað undir stýri.

Notkun GSM síma við akstur án handfrjáls búnaðar hefur vaxið á undanförnum árum sé tekið mið af niðurstöðu könnunarinnar. Á meðan 36% ökumanna svöruðu því til í könnuninni 2001 að þeir tali aldrei í síma við akstur án handfrjáls búnaðar þá hefur það hlutfall fallið niður í 30% árið 2006. Hins vegar tala færri oft án handfrjáls búnaðar við akstur árið 2006, eða 11,2%, í stað 28% árið 2001.

Þegar spurt var um ökuhraða við mismunandi leyfðan hámarkshraða þá kemur í ljós að um 58% aðspurðra aka á löglegum hraða þar sem hámarkshraði er 30 km/klst og 54% þar sem hámarskhraði er 60 km/klst en þetta hlutfall minnkar allverulega þegar ekið er á vegum þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. Þá aka 48% ökumanna á löglegum hraða. Meðalhraði hvers svæðis fyrir sig virðist lækka á milli áranna 2005 og 2006. Karlar aka almennt hraðar en konur auk þess sem yngra fólk virðist temja sér meiri hraða en þeir sem eldri eru. Jafnframt eru þeir sem aka meira líklegri til að aka hraðar.

Um notkun öryggisbelta kom í ljós að 77,5% notuðu alltaf öryggisbelti sem ökumenn innanbæjar og 94% utanbæjar, tæp 86% notuðu alltaf öryggisbelti sem farþegar í framsæti og 68% sem farþegar í aftursæti. Þrátt fyrir að enn vanti upp á notkun öryggisbelta, og þá sérstaklega hjá farþegum í aftursæti, þá er þetta töluvert betri niðurstaða en árið 2005. Karlmenn eru líklegri til að aka án öryggisbelta en ekki er munur eftir aldri.

Þegar litið er til aksturs og áfengisneyslu þá kemur í ljós að 24% aðspurðra höfðu ekið einu sinni eða oftar eftir neyslu eins áfengs drykkjar á sl. 6 mán., en 21% höfðu ekið einu sinni eða oftar eftir að hafa drukkið meira en einn drykk. Þessi niðurstaða er töluvert lakari en árið 2005 þegar 12% höfðu ekið einu sinni eða oftar eftir að hafa drukkið meira en einn drykk. Það eru um 100% hækkun á milli ára. Einstaklingar með meirapróf er ólíklegri en aðrir til að aka eftir neyslu áfengis. Einstaklingar með meiri menntun og hærri tekjur reyndust líklegri en aðrir til að hafa ekið eftir neyslu eins áfengs drykkjar. Einnig er líklegra að einstaklingur af höfuðborgarsvæðinu aki eftir neyslu eins áfengs drykkjar. Ekki var marktækur munur á hópum eftir kyni, búsetu, menntun eða fjölskyldutekjum þegar spurt var um akstur eftir neyslu meira en eins áfengs drykkjar, en aldurshópurinn 17–24 ára er langlíklegastur til að aka bifreið eftir slíka iðju.

*3.6 Ökunám, ökukennsla og ökupróf.*

*3.6.1 Ökunám.*

Ákvæði tilskipunar 2003/59/EB um hæfni og starfsþjálfun hóp- og vörubifreiðastjóra sem stunda atvinnuflutninga á vegum voru innleidd í reglugerð um ökuskírteini í september eftir að nauðsynlegar breytingar höfðu verið gerðar á umferðarlögum fyrr um árið. Með þessum nýju reglum eru skilgreind sérstök atvinnuréttindi á vörubifreið, aldursmörk til að mega stunda vöruflutninga í atvinnuskyni á stóra vöurbifreið eru færð upp í 21 ár (2009) og til farþegaflutninga í atvinnuskyni á stóra hópbifreið í 23 ár (2008). Ennfremur er gerð krafa um endurmenntun þessara bifreiðastjóra á fimm ára fresti. Undirbúningur á endurskoðun námskráa fyrir þessa réttindaflokka er hafin.

22 nýir ökukennarar útskrifuðust frá Kennaraháskóla Íslands í desember 2006 samkvæmt nýrri námskrá sem samgönguráðherra staðfesti árinu áður. Þeir hafa lokið sem nemur 30 eininga námi á háskólastigi sem telst árs nám, kennslustundir voru alls um 500. Um eflingu faglegs náms til ökukennararéttinda er að ræða frá því sem áður var.

Á árinu 2006 var unnið mikið undirbúningsstarf að því að útbúa „skrifleg“ próf í tölvu og undir árslok hófst raunverulegt prófunarferli á því verkefni. Stefnt er að því að breyting á framsetningu skriflegr ökuprófa verði lokið 2007 þannig að próftakinn svari spurningum sem birtast á tölvuskjá. Með þessari breytingu vinnst margt, bæði er litið svo á að framsetning spurninga geti orðið fjölbreyttari og próftakan sem slík verði meira aðlaðandi fyrir próftakann um leið og öll úrvinnsla verður miklu skilvirkari. Upplýsingamiðlun um gengi nemanda á prófum til ökukennara og ökuskóla verður markvissari og þeir geta þá betur metið hvar þurfi hugsanlega að breyta áherslum í kennslunni. Prófin styðja þá enn betur við kennsluna.

*3.6.2 Ökukennsla.*

Árið 2006 störfuðu rúmlega 30 ökuskólar á landinu. Miklar umræður voru á árinu um fjarkennslu sem hluta af bóklegu ökunámi. Ýmsir ökukennarar og ökuskólar hafa á undanförnum 10 árum hafið undirbúning að fjarkennslu fyrir bóklega ökukennslu í samráði við Umferðarstofu (áður Umferðarráð). Einn ökuskóli var kominn það langt í þróun á sérstökum gagnvirkum fjarnámsvef á grundvelli námskrár fyrir almenn ökuréttindi 2005 að leyfi var veitt fyrir raunverulega tilraunakennslu í afmörkuðum hluta bóklegs náms til almennra ökuréttinda í ákveðinn tíma. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands var fengin til að taka út verkefnið og skýrsla stofnunarinnar lá fyrir í ársbyrjun. Á grundvelli hennar var veitt almennt leyfi til fjarkennslu í þessum tiltekna hluta námsins. Í framhaldinu var á vegum Umferðarstofu unnið að nánari kröfugreiningu vegna fjarnáms í bóklegu ökunámi. Leyfi fyrir fjarkennslu í bóklegu ökunámi til bifhjólréttinda var veitt á sumarmánuðum.

*3.6.3 Ökupróf.*

4.969 einstaklingar luku prófi til almennra ökuréttinda á árinu. Hér er bæði um að ræða nýliða í umferð sem og einstaklinga sem þurftu að endurtaka ökupróf vegna þess að þeir höfðu verið án réttinda í meira en 12 mánuði

**Tafla 15. Almenn ökuréttindi, fjöldi verklegra prófa sem staðin eru.**

| | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bifreið | 4.665 | 4.872 | 4.642 | 4.448 | 4.253 | 4.214 | 4.266 | 4.847 | 4.969 |

Á árinu var unnið með Frumherja að samræmingu á framkvæmd og mati á verklegum ökuprófum til almennra ökuréttinda svo og til annarra ökuréttinda. Hlutfall nemenda sem stóðust ekki verklegt ökupróf til almennra ökuréttinda var á árinu um 8%, á móti 6% á árinu 2005. 8.587 skrifleg próf voru lögð fyrir til almennra réttinda og var fallprósenta á þeim prófum um 40% yfir landið í heild.

Á árinu 2006 dregur úr sókn í nám til aukinna ökuréttinda sem staðið hefur síðustu tvö ár. Hún tengdist beint því að námskrár sem tóku gildi 2005 voru auglýstar með miklum fyrirvara og sumir ökuskólar auglýstu að í vændum væru miklar breytingar sem myndu gera námið dýrara. Jafnframt verður algengara að einstaklingar taki próf á litlar vöru- og hópbifreiðar, en með reglugerðarbreytingu var byrjað var að bjóða upp á slík ökuréttindi í árslok 2005.

**Tafla 16. Aukin ökuréttindi, fjöldi verklegra prófa sem staðin eru.**

| | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vörubifreið | 477 | 439 | 535 | 603 | 567 | 579 | 997 | 768 | 486 |
| Hópbifreið | 343 | 379 | 400 | 404 | 412 | 368 | 678 | 579 | 216 |
| Eftirvagn C/D | 289 | 302 | 313 | 381 | 417 | 424 | 661 | 659 | 393 |
| Leigubifreið | 369 | 389 | 474 | 451 | 476 | 378 | 685 | 526 | 259 |
| Lítil vöru- & hópbifreið | | | | | | | | | 24 |
| Lítil hópbifreið farþegaflutningar | | | | | | | | | 17 |
| Eftirvagn lítil vöru- & hópbifreið | | | | | | | | | 14 |

Hin mikla aukning sem sem varð á í prófi til bifhjólaréttinda 2005 hélt áfram 2006 en þá luku 1064 einstaklingar prófi til bifhjólaréttinda. Sambærileg aukning á sér stað í fjölda þeirra unglinga sem ljúka prófi til að aka léttu bifhjóli. 1997 voru réttindi til að aka með stóra eftirvagna gerð að sérstökum réttindaflokki. Hér er dæmigert um að ræða akstur með stórar hestakerrur. Nú fyrst níu árum síðar er fjöldi þeirra sem bætir við sig þessum auknu réttindum á fólksbifreiðina teljanlegur í tugum.

**Tafla 17. Fjöldi verklegra prófa sem staðin eru.**

| | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bifhjól | 206 | 243 | 241 | 258 | 247 | 313 | 438 | 724 | 1064 |
| Létt bifhjól | 83 | 77 | 59 | 70 | 65 | 51 | 54 | 56 | 92 |
| Dráttarvél | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 13 | 4 | 9 | 2 |
| Eftivagn B | 1 | 3 | 4 | 4 | 4 | 7 | 8 | 7 | 37 |

Spölur hf. býður öllum ökunemum sem eru í námi til almennra ökuréttinda eina ókeypis ferð fram og aftur um Hvalfjarðargöng. Þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði síðan í ágúst 2000 og stuðlar með jákvæðum hætti að því að ökunemar fá að reyna akstur við fjölbreyttar aðstæður. Um leið og allir sem vilja fá eigin reynslu í akstri um þetta sérstaka umferðarmannvirki og um leið þjóðvegaakstri, fá nemar á höfuðborgarsvæðinu tækifæri til að kynnst akstri í dreifbýli og nemar með búsetu fjarri borginni tækifæri til að kynnast akstri í borgarumhverfi.

**Tafla 18. Akstur ökunema um Hvalfjarðargöng.**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| janúar | | 157 | 79 | 65 | 72 | 71 | 96 |
| febrúar | | 87 | 101 | 74 | 97 | 101 | 105 |
| mars | | 106 | 86 | 101 | 121 | 89 | 99 |
| apríl | | 107 | 71 | 79 | 101 | 104 | 72 |
| maí | | 128 | 98 | 105 | 95 | 118 | 125 |
| júní | | 102 | 107 | 104 | 79 | 120 | 111 |
| júlí | | 139 | 152 | 109 | 132 | 108 | 125 |
| ágúst | 146 | 99 | 108 | 107 | 105 | 116 | 86 |
| september | 139 | 104 | 175 | 110 | 125 | 89 | 84 |
| október | 118 | 64 | 117 | 70 | 99 | 86 | 106 |
| nóvember | 121 | 65 | 111 | 93 | 82 | 90 | 85 |
| desember | 77 | 37 | 61 | 47 | 74 | 67 | 56 |
| Samtals | 601 | 1.195 | 1.266 | 1.064 | 1.182 | 1.159 | 1.150 |

## 4.0 Önnur verkefni að umferðaröryggismálum.

*4.1 Umferðarráð.*

Umferðarráð starfar í samræmi við umferðarlög en í því sitja fulltrúar tuttugu og tveggja stofnana, félagasamtaka, ráðuneyta og annarra sem koma að umferðarmálefnum með einum eða öðrum hætti, auk formanns, og varaformanns, sem skipaðir eru beint af ráðherra. Umferðarráð fær mörg mál til umsagnar, m.a. frá Alþingi og samgönguráðuneytinu. Ráðið kemur saman til funda nokkrum sinnum á ári, og meðal dagskrárefna árið 2006 var:

- öryggisskoðun vega (EuroRAP),
- rannsóknir á umferðarslysum,
- áhrif hraða í umferðarslysum,
- æfingasvæði/ökugerði, fyrir ökunema og ökumenn,
- hugmyndir um skilyrt ökuréttindi og viðbótarökunám fyrir þá sem sviptir hafa verið ökurétti,
- starfsemi úrskurðarnefndar í vátryggingarmálum,
- hámarkshraði ökutækja með eftirvagn eða tengitæki,
- umferðarslys/„ofsaakstur“ í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu.

Árið 2006 sendi Umferðarráð frá sér ályktun um hraðakstur og í sumarbyrjun viðvörun vegna tíðra alvarlegra slysa að sumarlagi á undanförnum árum.

*4.2 Rannsóknarnefnd umferðarslysa.*

Árið 2006 ákvað samgönguráðuneytið að efla starfsemi Rannsóknarnefndar umferðarslysa (RNU) og var gengið frá ráðningu sérfræðings vegna rannsókn alvarlegum umferðarslysum á árinu.

Á árinu 2006 fékk Rannsóknarnefnd umferðarslysa 27 banaslys í umferðinni til rannsóknar og 36 alvarleg umferðarslys.

Helstu tillögur Rannsóknarnefndar umferðarslysa í öryggisátt árið 2006 fengu jákvæðar undirtektir. Vegna slysa ungra ökumanna þar sem hraðakstur og ofsaakstur hafa verið áberandi þættir undanfarin ár ítrekaði nefndin tillögur sínar um ökugerði, fræðslu í skólum, hertar refsingar og skilyrt ökuleyfi við samgönguráðuneytið.

Vegna banaslyss í Hallormsstaðaskógi ályktaði nefndin að umferðaröryggi eigi að fá meira vægi í matsferli vegna stórframkvæmda í framtíðinni.

Vegna útafaksturslysa beindi nefndin því til Vegagerðarinnar að skoða lengd og frágang vegriða.

Vegna árekstra á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi lagði nefndin þunga áherslu á mikilvægi þess að aðgreina umferð úr gagnstæðum áttum á umferðarþyngstu köflum veganna.

Slys þar sem öluvnar- og lyfjaakstur eru meginorsök hafa verið tíð undanfarin 2 ár og lagði nefndin til að eftirlit á því sviði yrði hert.

Vegna slysa gangandi vegfarenda árið 2005 og 2006 lagði nefndin til breytingar á umferðarmannvirkjum í Reykjavík og Garðabæ sem fylgt var eftir.

Vegna bágborins ástands ökutækis í umferðarslysi óskaði RNU eftir því við Umferðarstofu að reglur um eftirlit með ryði í ökutækjaskoðun yrðu hertar.

Niðurstöður, ábendingar og ályktanir nefndarinnar eru birtar á vefnum http://www.rnu.is.

*4.3 Rannsóknarráð umferðaröryggismála (Rannum).*

Formlegu samstarfi hjá Rannsóknaráði umferðaröryggismála (RANNUM) lauk á árinu 2006 en það hafði staðið frá árinu 2001. Á árinu 2006 bárust nokkrar skýrslur og auk þess hafa verið lögð drög að samantekt um öll verkefnin. Teknar voru saman upplýsingar um starfið og þær kynntar á Umferðarþingi í nóvember 2006. Fram kom að alls var 91 milljón króna veitt í 93 rannsóknaverkefni á tímabilinu. Þær skýrslur sem borist hafa er að finna á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is). Þrátt fyrir að þessu formlega samstarfi sé nú lokið verður áfram unnið að rannsóknum tengdum umferðaröryggi og mun starfið m.a. byggja á því neti sem varð til við stofnun RANNUM samstarfsins.

*4.4 Umferðarþing 2006.*

Umferðarstofa og Umferðaráð stóðu að Umferðarþingi 2006, sem var haldið að Hótel Loftleiðum dagana 23.–24. nóvember. Þingið sóttu um 120 manns. Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra ávarpaði þingið og afhenti „Umferðarljósið", verðlaunagrip Umferðaráðs sem veittur er aðila, einstaklingi, samtökum eða stofnun, sem unnið hefur sérstaklega árangursríkt og/eða eftirtektarvert starf á sviði umferðaröryggismála. Að þessu sinni var Lögreglan á Blönduósi heiðursins aðnjótandi en „Umferðarljósið" var veitt í sjötta sinn. Jafnframt afhenti ráðherra Óla H. Þórðarsyni gullmerki Umferðaráðs fyrir ævistarf sitt á sviði umferðaröryggis.

Flutt voru 18 erindi, m.a gerði Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu og formaður Umferðaröryggisráðs, grein fyrir umferðaröryggisáætlun stjórnvalda til 2016, Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins fjallaði um nýskipan lögreglumála og þátt lögreglu í auknu umferðaröryggi auk þess sem Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar og formaður RANNUM, gerði grein fyrir störfum Rannsóknarráðs umferðaröryggismála á liðnu ári. Eftir það skiptust erindi í 5 flokka:

- Öruggari vegir, götur og umhverfi vega
- Forvarnir/löggæsla
- Öruggari ökutæki, öruggari ökumenn, ungir ökumenn
- Áfengi, lyf, þreyta, slysarannsóknir
- Umferðaröryggi í alþjóðlegu samhengi

Tveir erlendir gestir héldu erindi á Umferðarþingi, Bernard Wolfgang Wink, stjórnarmaður í European Union Road Federation, fjallaði um nýjungar í vegriðsmálum og öryggisbúnað vega í Evrópu og Dr. Gunther Breyer, aðstoðarvegamálastjóri Austurríkis, fjallaði um umferðaröryggi í Evrópu. Öll erindi Umferðarþings eru að finna á heimasíðu Umferðarstofu.

*4.5 Evrópumál.*

Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu hefur í för með sér að löggjöf á umferðarsviðinu byggist að mörgu leyti á evrópskum reglum. Á árinu tók Sigurbergur Björnsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu til starfa við sendiráð Íslands í Brüssel og hefur m.a. fylgst með öllu sem varðar umferðaröryggismál á vegum ESB.

*4.5.1 Endurskoðun samgöngustefnu Evrópusambandsins (ESB).*

Í nóvember á sl. ári hóf framkvæmdastjórnin endurskoðun á stefnu sinni í samgöngumálum „European Transport Policy for 2010: Time to Decide". M.a. var haldin ráðstefna í desember 2005 þar sem hagsmunaaðilum gafst kostur á að koma að athugasemdum sínum og ræða þær. Eftir að hafa farið yfir þær athugasemdir sem bárust birti framkvæmdastjórnin niðurstöður sumarið 2006 með í áfangaskýrslu um hvítbók ESB um umferðarmál, „Keep Europe Moving – Sustainable mobility for our continent"). Í henni koma fram áherslur og áform ESB í samgöngumálum á næstu misserum þ.m.t. umferðaröryggismálum. Lögð er áhersla á vinnu við endurskoðun reglna um gerð og búnað bifreiða, öryggi ökumanna og annað sem lýtur að hertum öryggiskröfum. Þá er ráðgert að vinna áfram að rannsóknum á sviði umferðaröryggis og er fjalla um eitt þeirra, eSafety áætlunina, hér að neðan. Loks verður aukin áhersla lögð á verkefni með það markmið að efla öryggisvitund almennings, m.a. er ráðgert að halda árlega umferðaröryggisdag innan sambandsins. Vefslóð varðandi hvítbókina: http://ec.europa.eu/transport/white_paper/mid_term_revision/index_en.htm

*4.5.2 Afturvirkar kröfur um baksýnisspegla á vöruflutningabifreiðar yfir 3,5 tonn.*

Á fundi samgönguráðherra EES landanna í desember var fjallað um frumvarp framkvæmdastjórnarinnar að tilskipun þar sem þess var krafist að setja skuli sérstaka tegund af baksýnisspeglum á flutningabifreiðar yfir 3,5 tonn til þess að koma í veg fyrir slys sem voru algeng vegna blindni ökumanna á svæði við bílinn sem ekki var hægt að sjá til frá venjulegum baksýnisspeglum. Ráðherraráðið samþykkti fyrir sitt leyti að kröfurnar næðu til bifreiða sem skráðar voru frá og með 1. janúar 2000.

*4.5.3 Ný tilskipun um ökuskírteini.*

Á árinu náðu aðildarríki ESB samkomulagi um frumvarp að nýrri tilskipun um ökuskírteini. Markmið tilskipunarinnar var að draga úr líkum á fölsunum á ökuskírteinum, auðvelda notkun þeirra og auka umferðaröryggi. Samkvæmt tilskipuninni skulu öll ökuskírteini innan ESB hafa örgjörva sem inniheldur upplýsingar um handhafa þess. Auk þess verður útlit ökuskírteina samræmt milli aðildarríkja og gagnkvæm viðurkenning þeirra tryggð. Aðildarríkin skulu gefa út ökuskírteini samkvæmt nýju kröfunum í síðasta lagi 2012 og árið 2032 skulu öll útgefin ökuskírteini uppfylla kröfur tilskipunarinnar. Þá eru í tilskipuninni ákvæði sem samræmir kröfur aðildarríkjanna um læknisskoðun auk þess sem kröfur um ökuskírteini fyrir akstur mótorhjóla eru hertar.

*4.5.4 eSafety áætlun Evrópusambandsins.*

Á vegum ráðuneytis upplýsingasamfélagsins og fjölmiðlunar er unnið að nokkrum verkefnum á sviði umferðaröryggismála er varða rannsóknar og þróunarvinnu um notkun upplýsingatækni í þágu umferðaröryggis. Þau voru meðal 28 tillagna sem sérstakur verkefnahópur, eSafety, lagði til í skýrslu sinni frá nóvember 2002 að framkvæmdastjórnin tæki til meðferðar og samþykkt var að vinna að. Meðal þeirra var einnig tillaga um að stofna sérstakan samráðsvettvang stjórnvalda ESB og atvinnulífs, eSafety Forum um að fylgja þessum tillögum eftir og styðja við þróun, markaðssetningu og notkun upplýsingakerfa í samgöngum sem auka umferðaröryggi. Samráðsvettvangurinn hefur framkvæmdaráð sem heldur utan um fundi þess og vinnuhópa á vegum þess. Vinnuhóparnir fjalla m.a. um:

- Uppbyggingu gagnabanka um umferðarslys
- Viðmót tæknibúnaðar Human Machine Interaction (HMI) – sem snýst um að finna framsetningar- og samskiptalausnir upplýsingatæknibúnaðar svo ökumenn geti nýtt sér upplýsingar við akstur en haldi jafnframt óskertri athygli við akstur bifreiðarinnar eða því sem næst.

Meðal þeirra verkefna sem unnið er að undir eSafety áætlun bandalagsins er eCall verkefnið. Verkefnið snýst um að þróa tæknibúnað til að koma á sjálfvirkri hringingu úr bílum eftir neyðaraðstoð ef slys verður. Er talið að með því megi flýta talsvert viðbrögðum neyðaraðila sem gæti dregið úr slysum og jafnvel bjargað mannslífum. Jafnframt kæmist á talsamband sem þýðir að þeir sem eru á slysstað gætu þá upplýst neyðarþjónustu nánar um hvað gerst hefur.

Ísland hefur gerst formlegur aðili að undirbúningi á vegum Evrópusambandsins að því að koma á sjálfvirkri hringingu úr bílum eftir neyðarhjálp ef til slyss kemur. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra undirritaði 11. desmber í Brussel viljayfirlýsingu ESB um málið. Slóð á fréttatilkynningu um undirskrift Íslands á viljayfirlýsingu eCall: http://europa.eu.int/information_society/activities/esafety/index_en.htm

*4.6 Eurorap – vegrýni á Íslandi.*

EuroRAP eru samtök 25 bifreiðaeigendafélaga í jafnmörgum löndum Evrópu, stofnuð árið 2000 að frumkvæði FIA, alþjóðasamtaka bifreiðaeigendafélaga. Auk FIA eru 14 opinberar stofnanir nokkurra Evrópulanda, t.d sænska Vegagerðin, stuðningsaðilar við EuroRAP. Þá eru Evrópusambandið, FIA Foundation, Toyota Motor Company og AA Trust í Bretlandi fjárhagslegir bakhjarlar. Hlutverk EuroRAP er að framkvæma gæðamat á vegum út frá slysasögu og mati á öryggi veganna samkvæmt stöðluðum aðferðum. EuroRAP er systurverkefni EuroNCAP, sem árekstrarprófar bíla og gefur stjörnur miðað við öryggi. Meginmarkmið beggja verkefnanna er að fækka verulega banaslysum og alvarlegum slysum í umferðinni.

EuroRAP verkefnið felst í því að vegir eru skoðaðir með tilliti til öryggisþátta í hönnun þeirra. Bílnum er ekið um vegina og tæknibúnaður í honum safnar gögnum um vegina og umhverfi þeirra með tilliti til slysahættu fyrir vegfarendur. Úr þessum gögnum er síðan unnið sérstakt áhættumat og áhættukort fyrir ákveðna vegi og vegarkafla. Áhættumatið verður síðan leiðbeinandi fyrir ökumenn, fyrir veghaldara og vegagerðarfólk um hvað skal gera til að draga úr slysahættu á vegunum og hvernig nýir vegir verði best úr garði gerðir til að slysahætta verði sem minnst. Gefnar eru stjörnur fyrir hvern vegarkafla frá einni stjörnu til fimm. Markmiðið er að fá sem flestar stjörnur.

Í október 2005 var undirritaður samningur milli Umferðarstofu og FÍB um úttekt á völdum vegarköflum út frá höfuborgarsvæðinu. Framkvæmd verksins hófst fljótlega eftir samningsgerðina og stóð fram á mitt ár 2006. Skoðaðir voru 175 km í þremur áföngum. Fyrsti áfanginn var Reykjanesbraut (vegnr. 41), annar áfangi Suðurlandsvegur (vegnr. 1) að Landvegamótum og loks Vesturlandsvegur (vegnr. 1) að Borgarnesi. Niðurstaða þessarar fyrstu skoðunar er í stórum dráttum sú að stór hluti veganna hlýtur þrjár störnur en tvær stjörnur eru víða. Útektin náði yfir vegakafla þar sem stærstur hluti alvarlegra umferðarslysa á Íslandi hefur átt sér stað undanfarin ár. Um er að ræða bæði nýja og gamla vegakafla af ýmsum gerðum og með mjög mismunandi gerðum gatnamóta og margvíslegu umhverfi. Vegirnir ligga bæði um hraun, mela og sléttlendi. Talsvert var um góða kafla hvað varðar umhverfi vega og öryggissvæði, eins og t.d austan við Selfoss, á Strandarheiði og undir Hafnarfjalli. Aftur á móti eru nokkrir vegakaflar sem verða að teljast mjög hættulegir vegna djúpra skurða, vatnstjarna og -pytta, úfins hrauns og grjóts og annarra háskalegra hluta umhverfis vegar. Í ljós kom að víða hafa ný og bætt umferðarmerki verið sett á hættulegar undirstöður.

Lökustu kaflarnir, þeir sem komu verst út, með aðeins tvær störnur eru m.a. við Fitjar. Þar er ástæðan fyrst og fremst hættuleg vegamót og gamlir ljósastaurar án brotplötu. Beggja vegna Hvalfjarðargangna eru stuttir hættukaflar þar sem mjög hátt er fram af vegi. Vegakaflarnir við sinn hvorn enda Borgarfjarðarbrúar komu einnig illa út vegna óvarinna grjótgarða beggja vegna vegar. Kaflinn milli Hveragerðis og Selfoss mældist einnig einungis tveggja störnu vegna fjölda vegamóta, djúpra skurða og hás falls út af vegi. Um þau vegrið sem á vegunum eru má almennt segja að þau séu of stutt. Þá eiga 2+1 vegurinn í Svínahrauni og nýja tvöföldunin á Reykjanesbraut það sammerkt að þar skiptast á eldri veghlutar og nýrri veghlutar. Það gerir það að verkum að kostir nýframkvæmdanna koma ekki nógu vel fram og lyfta því ekki upp einkunn alls vegarins. Alla þessa kafla þarf því að skoða og meta á ný þegar framkvæmdum er lokið.

Reynsla af EuroRap verkefninu er talin verða það góð að samningar um áframhaldandi úttekt á vegum landsins var undirritaður í ágúst 2006. Skýrslu vegna þess er að vænta á miðju ári 2007.

*4.8 Ökugerði.*

Allt frá því á 9. áratugnum hefur verið mikill áhugi á að koma upp ökugerði til þjálfunar fyrir ökunema við mismunandi akstursskilyrði, svo sem hálku, snjó og lausamöl. Á árinu var lokið við drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini til að gera þjálfun í ökugerði hluta af ökunámi. Jafnframt ákvað samgönguráðuneyti að hefja undirbúning að forvali þar sem kannað yrði hvort forsendur væru til staðar til rekstrar ökugerða án sérleyfis. Var Ríkiskaupum falin umsjón og undirbúningur málsins. Alls lýstu fjórir aðilar yfir áhuga á rekstri ökugerðis án þess að veitt yrði sérleyfi til rekstursins og sýndu fram á í viðskiptaáætlunum sínum að rekstrarforsendur væru til staðar til að byggja upp og starfrækja ökugerði miðað við þær kröfur sem stjórnvöld gera til slíkrar starfsemi.

**5.0 Lög og reglur um umferðarmál á árinu 2006.**

*5.1 Breyting á Umferðarlögum nr. 50/1987.*

Með lögum nr. 66/2006 tók gildi breytingar á umferðarlögum nr. 50/1987. Varða þessar breytingar ýmis ákvæði laganna, svo sem skilgreiningu á hugtakinu bifhjól, heimild ráðherra til að setja reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna og bann við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Ennfremur er í lögunum kveðið á um refsiábyrgð eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi, sé brot framið eftir fyrirmælum eða með vitunda og vilja hans.

*5.2. Nýjar reglugerðir.*

Á árinu var unnið að breytingum á gildandi reglugerðum á umferðarsviðinu og ennfremur sáu nokkrar nýjar reglugerðir á því sviði dagsins ljós. Of langt mál er að telja upp allar þær breytingar sem urðu á reglugerðarumhverfi umferðarmála, en þó skal þess getið að gefin var út ný reglugerð að tilhlutan ríkissaksóknara um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota nr. 929/2006. Ennfremur var að tilhlutan ríkissaksóknara gefin út ný reglugerð nr. 930/2006 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim. Sektir, einkum vegna brota varðandi of hraða akstur hafa verið hækkaðar verulega frá því sem var samkvæmt reglugerð nr. 575/2001 og svigrúm við ákvörðun sekta minnkað úr 10 km/klst í 5 km/klst. Upphæðir sekta nú eru frá 5.000 til 110.000, í stað 5.000 til 70.000 áður. Sama máli gegnir um sektir vegna ölvunaraksturs, en sektir vegna slíkra brota nema frá 70.000–140.000 krónur en voru áður 50.000–100.000 krónur, svo dæmi séu tekin.

**6.0 Niðurlag.**

Eins og kunnugt er fóru umferðarmál yfir til samgönguráðuneytis frá dómsmálaráðuneytinu þann 1. janúar 2004. Frá þeim tíma hefur verið ötullega unnið að því að samþættingu umferðarmála og samgöngumála sem eru í raun greinar á sama meiði. Lögð áhersla hefur verið mikil áhersla á góða samvinnu við embætti Lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, ríkislögreglustjóra, Umferðarstofu og Vegagerðarinnar og hefur það skilað sér í öflugu starfi þessara aðila að bættu umferðaröryggi.

## 1182. Svar [600. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*
2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Frá samþykkt byggðaáætlunar 2006 hafa orðið til 3,5 stöðugildi á landsbyggðinni.

Kjarninn í starfsemi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis er að stuðla að bættri samkeppnisstöðu Íslands. Í þessu felst að bæta ytri skilyrði atvinnulífsins með almennum aðgerðum (t.d. skattalegum umbótum) og einnig með sértækari hætti þegar kemur að eflingu tæknirannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar (t.d. með eflingu samkeppnissjóða). Markmiðið er að afrakstur þessa verði fyrst og fremst fjölbreyttara atvinnulíf og ný og vel launuð störf – fyrst og fremst störf í einkarekstri en einnig í opinberum rekstri. Þannig hverfast t.d. hugmyndir ráðuneytisins um eflingu þekkingarsetra á landsbyggðinni um að skapa störf á sviði háskólakennslu og rannsókna og tengja þau í þekkingarklasa með opinberum rannsóknum og starfsemi nýsköpunarfyrirtækja. Starfsemin grundvallast því á að skapa þekkingarkjarna sem dregur til sín hæft starfsfólk úr mörgum áttum. Fjölgun opinberra starfa verður þá fyrst og fremst vegna faglegra þarfa fyrir tilvist þeirra.

## 1183. Svar [606. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*
2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Frá samþykkt byggðaáætlunar 2006 hafa engin stöðugildi orðið til á landsbyggðinni.

Kjarninn í starfsemi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis er að stuðla að bættri samkeppnisstöðu Íslands. Í þessu felst að bæta ytri skilyrði atvinnulífsins með almennum aðgerðum (t.d. skattalegum umbótum) og einnig með sértækari hætti þegar kemur að eflingu tæknirannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar (t.d. með eflingu samkeppnissjóða). Markmiðið er að afrakstur þessa verði fyrst og fremst fjölbreyttara atvinnulíf og ný og vel launuð störf – fyrst og fremst störf í einkarekstri en einnig í opinberum rekstri. Þannig hverfast t.d. hugmyndir ráðuneytisins um eflingu þekkingarsetra á landsbyggðinni um að skapa störf á sviði háskólakennslu og rannsókna og tengja þau í þekkingarklasa með opinberum rannsóknum og starfsemi nýsköpunarfyrirtækja. Starfsemin grundvallast því á að skapa þekkingarkjarna sem draga til sín hæft starfsfólk úr mörgum áttum. Fjölgun opinberra starfa verður þá fyrst og fremst vegna faglegra þarfa fyrir tilvist þeirra.

# 1184. Svar [396. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um erlenda ríkisborgara án lögheimilis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir erlendir ríkisborgarar hérlendis voru án lögheimilis 1. desember árin 2003–2005 og hversu margir 1. nóvember sl.?*
2. *Hvernig skiptast þeir niður á ríkisföng?*

Frá því að Þjóðskrá var stofnuð árið 1953 hefur hún haldið sérstakar íbúaskrár yfir landsmenn með fasta búsetu á Íslandi og því skráð lögheimili þeirra hvort sem þeir hafa verið íslenskir eða erlendir ríkisborgarar. Þetta þýðir að erlendir ríkisborgarar eru ekki skráðir á íbúaskrár fyrr en þeir taka upp fasta búsetu hér á landi. Erlendur ríkisborgari sem ekki hefur eða hyggst taka upp fasta búsetu hér á landi hefur í rúm tuttugu ár getað óskað eftir skráningu í sérstaka skrá Þjóðskrár og úthlutun kennitölu. Þetta á t.d. við um þá útlendinga sem til landsins koma í skammtímavinnu og þá útlendinga sem þurfa kennitölu vegna viðskipta á Íslandi hvort sem þeir koma til landsins eða ekki. Þeir erlendu ríkisborgarar á þessari skrá sem ílendast eru síðan færðir á íbúaskrár þegar þeir taka upp fasta búsetu.

Í gegnum árin hefur ekki verið talin þörf á að halda utan um og birta sérstakar tölur yfir erlenda ríkisborgara sem Þjóðskrá hefur úthlutað kennitölum og ekki hafa lögheimili á Íslandi. Ekki er því hægt að tilgreina tölur frá árunum 2003–2005. Síðastliðið sumar varð mikil umræða í samfélaginu um fjölgun útlendinga hér á landi. Af því tilefni ákvað dómsmálaráðherra að frá 1. ágúst 2006 tæki Þjóðskrá saman mánaðarlega tölur yfir þá útlendinga sem fá úthlutað kennitölu án lögheimilis. Á tímabilinu frá 1. ágúst 2006 til 28. febrúar 2007 hafa alls 8.711 útlendingar fengið kennitölu og af þeim hafa 2.227 tekið upp fasta búsetu hér á landi. Í eftirfarandi töflum sést nánar skipting þessara útlendinga eftir þjóðerni, kyni og aldri.

| | Alls | Ág. 2006 | Sept. 2006 | Okt. 2006 | Nóv. 2006 | Des. 2006 | Jan. 2007 | Febr. 2007 | Lögheimili síðan skráð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alls | 8.711 | 1.017 | 2.925 | 1326 | 880 | 481 | 1.075 | 1.007 | 2.227 |
| *Kyn og aldur* | | | | | | | | | |
| Karlar 18 ára og eldri | 5.787 | 575 | 1.951 | 897 | 600 | 315 | 745 | 704 | 1.383 |
| Konur 18 ára og eldri | 2.443 | 343 | 835 | 364 | 228 | 124 | 295 | 254 | 631 |
| Börn 17 ára og yngri | 481 | 99 | 139 | 65 | 52 | 42 | 35 | 49 | 213 |
| *Aðsetur* | | | | | | | | | |
| Á Íslandi | 7.286 | 926 | 2.566 | 1.070 | 700 | 330 | 894 | 800 | 1.950 |
| Höfuðborgarsvæði | 4.109 | 561 | 1.267 | 734 | 403 | 210 | 523 | 411 | 1.068 |
| Austurland | 863 | 91 | 298 | 93 | 60 | 32 | 130 | 159 | 264 |
| Önnur landsvæði | 2.314 | 274 | 1.001 | 243 | 237 | 88 | 241 | 230 | 618 |
| Erlendis | 1.426 | 91 | 359 | 256 | 180 | 152 | 181 | 207 | 277 |
| *Ríkisfang* | | | | | | | | | |
| Pólland | 4.315 | 425 | 1.480 | 705 | 433 | 188 | 523 | 561 | 1.340 |
| Litáen | 582 | 45 | 185 | 110 | 87 | 37 | 59 | 59 | 153 |
| Þýskaland | 400 | 99 | 146 | 43 | 25 | 15 | 47 | 25 | 85 |
| Lettland | 315 | 23 | 107 | 47 | 47 | 32 | 32 | 27 | 50 |

| | Alls | Ág. 2006 | Sept. 2006 | Okt. 2006 | Nóv. 2006 | Des. 2006 | Jan. 2007 | Febr. 2007 | Lögheimili síðan skráð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Portúgal | 276 | 24 | 102 | 35 | 23 | 7 | 38 | 47 | 55 |
| Svíþjóð | 238 | 35 | 113 | 27 | 20 | 8 | 18 | 17 | 21 |
| Ítalía | 221 | 14 | 62 | 24 | 22 | 16 | 46 | 37 | 46 |
| Bandaríkin | 215 | 40 | 67 | 18 | 19 | 27 | 26 | 18 | 61 |
| Tékkland | 185 | 14 | 51 | 52 | 15 | 8 | 25 | 20 | 77 |
| Bretland | 175 | 24 | 51 | 35 | 17 | 10 | 21 | 17 | 11 |
| Danmörk | 161 | 36 | 35 | 31 | 10 | 13 | 22 | 14 | 20 |
| Slóvakía | 112 | 16 | 27 | 19 | 17 | 12 | 8 | 13 | 36 |
| Frakkland | 111 | 30 | 38 | 9 | 2 | 2 | 16 | 14 | 14 |
| Kanada | 105 | 12 | 24 | 12 | 7 | 16 | 17 | 17 | 29 |
| Finnland | 88 | 13 | 30 | 7 | 4 | 2 | 26 | 6 | 6 |
| Filippseyjar | 84 | 7 | 31 | 13 | 6 | 16 | 7 | 4 | 26 |
| Noregur | 76 | 1 | 25 | 8 | 21 | 2 | 12 | 7 | 2 |
| Spánn | 68 | 12 | 33 | 6 | 5 | 2 | 5 | 5 | 5 |
| Taíland | 66 | 10 | 18 | 10 | 7 | 4 | 8 | 9 | 24 |
| Rúmenía | 62 | 2 | 35 | 7 | 1 | 4 | 7 | 6 | 3 |
| Holland | 55 | 11 | 11 | 3 | 6 | 3 | 14 | 7 | 5 |
| Austurríki | 51 | 27 | 6 | 2 | 2 | 1 | 9 | 4 | 9 |
| Kína | 43 | 4 | 11 | 2 | 5 | 9 | 9 | 3 | 10 |
| Ungverjaland | 41 | 3 | 19 | 6 | 3 | 3 | 1 | 6 | 5 |
| Belgía | 38 | 7 | 11 | 2 | 3 | 1 | 3 | 11 | 7 |
| Indland | 38 | 1 | 7 | 13 | 9 | – | 1 | 7 | 6 |
| Nýja-Sjáland | 36 | 15 | 17 | – | – | – | 3 | 1 | 6 |
| Rússland | 36 | 10 | 9 | 5 | 5 | 1 | 4 | 2 | 11 |
| Slóvenía | 36 | 2 | 11 | 3 | 3 | 2 | 12 | 3 | 1 |
| Írland | 31 | 5 | 8 | 5 | 3 | – | 10 | – | – |
| Eistland | 30 | 5 | 4 | 7 | 7 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| Serbía | 30 | 4 | 10 | 3 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 |
| Ástralía | 28 | 4 | 8 | 4 | 1 | 1 | 8 | 2 | 9 |
| Brasilía | 24 | 3 | 11 | 5 | 3 | – | 1 | 1 | 7 |
| Sviss | 23 | 7 | 4 | 2 | 3 | 1 | 3 | 3 | 4 |
| Úkraína | 21 | 1 | 11 | 4 | 2 | 2 | – | 1 | 10 |
| Japan | 17 | 4 | 2 | 1 | 6 | 1 | 3 | – | – |
| Víetnam | 17 | 1 | 4 | 2 | – | 6 | – | 4 | 3 |
| Króatía | 16 | 3 | 5 | 6 | 1 | – | 1 | – | 3 |
| Önnur lönd | 245 | 18 | 96 | 33 | 27 | 23 | 25 | 23 | 52 |

**Einstaklingar færðir á kennitöluskrá án lögheimilis 1. ágúst 2006 – 28. febrúar 2007. Kyn og fæðingarár.**

| | Alls | Karlar 18 ára og eldri | Konur 18 ára og eldri | Börn 17 ára og yngri |
|---|---|---|---|---|
| Alls | 8.711 | 5.787 | 2.443 | 481 |
| Fæddir 1997–2007 | 253 | – | – | 253 |
| Fæddir 1987–1996 | 564 | 140 | 196 | 228 |
| Fæddir 1977–1986 | 3.755 | 2.242 | 1.513 | – |
| Fæddir 1967–1976 | 2.046 | 1.640 | 406 | – |
| Fæddir 1957–1966 | 1.385 | 1.178 | 207 | – |
| Fæddir 1947–1956 | 611 | 517 | 94 | – |
| Fæddir 1937–1946 | 89 | 66 | 23 | – |
| Fæddir 1936 og fyrr | 8 | 4 | 4 | – |

## 1185. Svar [534. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvars um atvinnumál fatlaðra.

1. *Hvernig miðar undirbúningi flutnings atvinnumála fatlaðra frá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra yfir til Vinnumálstofnunar í kjölfar samþykktar laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006, sbr. f-lið 12. gr. laganna og nefndarálit félagsmálanefndar á þskj. 1340 á 132. löggjafarþingi?*

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2005, sem gerð var til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga, lýsti ríkisstjórnin sig reiðubúna til samstarfs um leiðir til að efla starfsendurhæfingarúrræði og draga úr örorku. Í framhaldi af því skipaði forsætisráðherra nefnd í febrúar 2006 til að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar þar sem fyrst og fremst yrði horft til vangetu einstaklinga til að afla sér tekna. Nefndinni var jafnframt falið að fjalla um leiðir til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fest rætur á vinnumarkaði, m.a. vegna örorku. Nefndin hefur nú lokið störfum og kynnti 6. mars sl. skýrslu og tillögur sem miða að því að styrkja þá sem höllum fæti standa til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði. Félagsmálaráðuneytið átti fulltrúa í nefndinni. Tillögurnar varða atvinnumál fatlaðra á margvíslegan hátt og því þótti skynsamlegt að tengja frekari yfirfærslu atvinnumála fatlaðra til Vinnumálastofnunar við starf nefndarinnar. Nú liggur fyrir að skipuð verður sérstök framkvæmdanefnd til þess að vinna að útfærslu tillagnanna sem m.a. verður skipuð fulltrúa félagsmálaráðuneytisins. Í bréfi þar sem óskað er eftir tilnefningum í framkvæmdanefndina segir m.a.: „Einnig er gert ráð fyrir að starfsendurhæfing verði stórefld og skipulag hennar bætt þar sem m.a. verður lögð áhersla á að saman fari læknisfræðileg endurhæfing og starfsendurhæfing eftir því sem við á og að hún hefjist eins fljótt og hægt er.“ Í fyrirliggjandi tillögum sem nú verða settar í framkvæmdaferli er m.a. gert ráð fyrir því að komið verði á fót einstaklingsmiðaðri þjónustu með leiðbeinanda sem heldur utan um einstaklinginn og hans mál til lengri tíma og verður tengiliður hans við ýmsa aðila, t.d. lækna, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóði, Vinnumálastofnun og endurhæfingaraðila. Fram kemur að bent hafi verið á þann möguleika að slíkir leiðbeinendur verð ráðnir úr röðum örorkulífeyrisþega. Af hálfu félagsmálaráðuneytisins verður lögð áhersla á að sérfræðingur á sviði málefna fatlaðra annars vegar og frá Vinnumálastofnun hins vegar komi að framkvæmd tillagnanna þannig að tryggt verði að sjónarmið svæðisskrifstofa og Vinnumálastofnunar endurspeglist í flutningi atvinnumála fatlaðra. Mikilvægt er að viðhalda því sem vel er gert, svo sem á sviði hæfingar, á sama tíma og ný viðhorf verða fest í sessi. Jafnframt er nauðsynlegt að á hverjum tíma bjóðist úrræði til þess að efla fatlaða einstaklinga til þátttöku í samfélaginu.

Vinnumálastofnun hefur auk þess sem að framan greinir sinnt atvinnumálum fatlaðra og rekur m.a. sérstaka deild fyrir vinnumiðlun fatlaðra á þjónustuskrifstofu sinni á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur Vinnumálastofnun efnt til margvíslegs samstarfs og samvinnu við hagsmunaaðila í málaflokknum og stendur m.a. fyrir viðamikilli ráðstefnu 22. mars nk. um ný tækifæri í atvinnuþátttöku. Að ráðstefnunni standa jafnframt Öryrkjabandalag Íslands og aðilar vinnumarkaðarins og innlendir og erlendir sérfræðingar taka þátt í henni.

2. *Hvenær er stefnt að því að þeim flutningi verði lokið?*
Stefnt er að því að flutningnum verði að fullu lokið fyrri hluta árs 2009.

3. *Mun þessi flutningur fara fram í samráði við samtök fatlaðra og heildarsamtök vinnu- og hæfingarstaða fatlaðra? Ef svo er, hvernig verður því samráði háttað?*
Fjallað verður um flutninginn og þær breytingar sem honum tengjast og haft samráð við þá sem hagsmuna eiga að gæta m.a. á reglulegum samráðsfundum. Sú ráðstefna sem vísað er til hér að framan er liður í samráði sem félagsmálaráðuneytið og stofnanir þess telja mikilvægt að byggja ákvarðanatöku og vinnubrögð sín á.

4. *Hefur ráðherra skilgreint markmið með flutningnum?*
Félagsmálaráðherra hefur skilgreint eftirfarandi markmið með flutningnum: Að auka atvinnuþátttöku fatlaðra á almennum vinnumarkaði, að stuðla að skilvirkari stjórnsýslu, ráðgjöf og stuðningi, að auka almenn lífsgæði fatlaðs fólks og að sama fyrirkomulag þjónustu og ráðgjafar gildi gagnvart öllum þeim sem þurfa á henni að halda. Þá er á því byggt að horft sé til þátta sem geta styrkt stöðu fatlaðra til atvinnuþátttöku og tekjuöflunar.
Jafnframt endurspeglast markmið félagsmálaráðherra í nefnd um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar sem kynnti niðurstöður sínar 6. mars sl. Þar kemur fram að nefndin sé sammála um að meginmarkmið með endurskoðun á örorkumati og aukinni áherslu á starfsendurhæfingarúrræði sé að bæta hag þeirra einstaklinga sem búa við skerta starfsorku vegna örorku og auka atvinnuþátttöku þeirra. Nefndin leggur þess vegna áherslu á að horft verði á getu einstaklinga til að afla sér tekna og að örorkubætur verði að jafnaði háðar skilyrðum um atvinnuleit og endurhæfingu. Einnig þurfi að einfalda kerfið og gera samspil allra þátta samfellt og rökrétt.
Félagsmálaráðuneytið leggur eins og áður hefur komið fram í svari við fyrirspurn þessari áherslu á að í þeim breytingum sem fram undan eru verði horft til sérstöðu einstaklinga sem fyrst og fremst geta nýtt sér hæfingu og að því sem vel hefur verið gert á því sviði verði við haldið um leið og nýjar aðferðir og ný tækifæri verða fest í sessi. M.a. er nauðsynlegt að á hverjum tíma bjóðist úrræði til þess að efla fatlaða einstaklinga til þátttöku í samfélaginu.

## 1186. Svar [583. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ellerts B. Schram um skattamál einkahlutafélaga og hluthafa þeirra árin 2003–2005.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg einkahlutafélög töldu fram til skatts ár hvert árin 2003, 2004 og 2005? Hver var fjöldi hluthafa þessara félaga? Hversu margir hluthafanna voru í fullu starfi eða í hlutastarfi hjá félögunum? Hverjar voru hreinar tekjur ársins og tap ársins til skatts hjá þessum félögum framangreind ár? Hver voru greidd laun til hluthafa og reiknað endurgjald vegna starfa hluthafa?*
2. *Hvernig skiptast upplýsingar skv. 1. tölul. eftir atvinnugreinum, sbr. opinbera flokkun atvinnugreina:*
   a. *byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð,*

*b. verslun og ýmis viðgerðarþjónusta,*
*c. fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis þjónusta,*
*d. heilbrigðis- og félagsþjónusta,*
*e. önnur samfélagsþjónusta,*
*f. aðrar atvinnugreinar?*

3. *Hversu mörg einkahlutafélög greiddu arð árin 2004 og 2005? Hver var greiddur arður samtals hvort ár? Hvernig flokkast félögin eftir hlutfalli greidds arðs af hlutafé miðað við greiðslur undir 20%, á bilinu 20–50%, á bilinu 50–100%, yfir 100%?*
4. *Hvernig skiptast upplýsingar skv. 3. tölul. eftir atvinnugreinum, sbr. flokkun í 2. tölul.?*
5. *Hver var fjöldi og heildarfjárhæð hækkana skattstjóra á framtöldum launum hluthafa einkahlutafélaga vegna áranna 2003, 2004 og 2005, sbr. ákvæði í 58. gr. laga um tekjuskatt?*
6. *Hver var fjöldi skattakæra vegna hækkana skv. 5. tölul.?*

Til svars við 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar eru eftirtalin yfirlit:

**Yfirlit 1.a:** Yfirlitið sýnir fjölda einkahlutafélaga á skattgrunnskrá rekstrarárin 2003, 2004 og 2005 og fjölda einkahlutafélaga sem skiluðu skattframtali áður en frestur til að skila framtali rann út í október vegna álagningar opinberra gjalda lögaðila 2004, 2005 og 2006. Upplýsingar um það hversu mörg einkahlutafélög hafa skilað framtali frá því að framtalsfrestur rann út liggja ekki fyrir, en yfirlit 1.d sýnir hversu mörg einkahlutafélög hafa skilað rafrænu skattframtali vegna álagningar umrædd ár. Langstærstur hluti framtala berst nú rafrænt og því má gera ráð fyrir að einkahlutafélög sem skilað hafa skattframtali séu ekki fjarri því að vera jafnmörg þeim félögum sem koma fyrir í yfirliti 1.d. Upplýsingarnar eru teknar saman eftir atvinnugreinabálkum atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands. Yfirlit 1.a byggist á álagningarskrá lögaðila og miðast það við stöðu álagningargagna þann 5. mars sl.

**Yfirlit 1.b:** Yfirlitið sýnir fjölda hlutafjármiða sem einkahlutafélög hafa skilað til embættis ríkisskattstjóra vegna hlutafjáreignar í árslok rekstrarárin 2003, 2004 og 2005. Einkahlutafélög skila hlutafjármiðum vegna hlutafjáreignar einstaklinga og lögaðila. Upplýsingarnar í yfirliti 1.b. sýna því fjölda eigenda hvort sem um einstakling eða lögaðila er að ræða. Taflan hér að neðan sýnir hversu mörg einkahlutafélög skiluðu hlutafjármiðum vegna hlutafjáreignar hluthafa í árslok. Upplýsingarnar í yfirliti 1.b eru teknar saman eftir atvinnugreinabálkum atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands. Yfirlitið byggist á skattgrunnskrá og hlutafjármiðum og miðast það við stöðu álagningargagna þann 6. mars sl.

**Yfirlit 1. a**

## Fjöldi einkahlutafélaga á skattgrunnskrá við álagningu 2003 til 2006

| Bálkur | Atvinnugrein | Skráð félög | | | Félög sem skiluðu fyrir framtalsfrest | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rekstrarár | 2003 | 2004 | 2005 | 2003 | 2004 | 2005 |
| A | Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt | 392 | 447 | 510 | 275 | 311 | 346 |
| B | Fiskveiðar | 1.248 | 1.339 | 1.347 | 942 | 943 | 916 |
| CB | Námagröftur og vinnsla hráefna úr jörðu annarra en orkugjafa | 16 | 19 | 20 | 13 | 12 | 8 |
| D | Iðnaður | 1.974 | 2.092 | 2.161 | 1.381 | 1.396 | 1.413 |
| DA | Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður; tóbaksiðnaður | 485 | 514 | 524 | 322 | 312 | 318 |
| DB | Textíl- og fataiðnaður | 102 | 104 | 105 | 72 | 74 | 77 |
| DC | Leðuriðnaður | 9 | 10 | 9 | 8 | 7 | 7 |
| DD | Trjáiðnaður | 111 | 125 | 144 | 76 | 86 | 98 |
| DE | Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi | 385 | 424 | 442 | 254 | 285 | 283 |
| DG | Efnaiðnaður | 31 | 36 | 39 | 26 | 28 | 30 |
| DH | Gúmmí- og plastvöruframleiðsla | 57 | 56 | 57 | 42 | 35 | 33 |
| DI | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður | 82 | 83 | 83 | 59 | 58 | 58 |
| DJ | Málmiðnaður | 295 | 309 | 324 | 216 | 214 | 209 |
| DK | Vélsmíði og vélaviðgerðir | 107 | 111 | 110 | 78 | 74 | 69 |
| DL | Rafmagns- og rafeindaiðnaður | 70 | 71 | 75 | 53 | 50 | 57 |
| DM | Framleiðsla samgöngutækja | 81 | 86 | 86 | 60 | 61 | 59 |
| DN | Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður | 159 | 163 | 163 | 115 | 112 | 115 |
| E | Veitur | 37 | 39 | 49 | 29 | 30 | 32 |
| F | Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð | 2.300 | 2.655 | 3.059 | 1.642 | 1.815 | 2.075 |
| G | Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta | 3.517 | 3.868 | 4.106 | 2.322 | 2.445 | 2.629 |
| H | Hótel- veitingahúsarekstur | 870 | 976 | 1.041 | 509 | 536 | 574 |
| I | Samgöngur og flutningar | 722 | 804 | 882 | 488 | 534 | 569 |
| J | Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar | 191 | 223 | 196 | 135 | 147 | 141 |
| K | Fasteignaviðskipti, leigustarsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | 5.502 | 6.414 | 7.546 | 4.075 | 4.550 | 5.317 |
| M | Fræðslustarfsemi | 126 | 149 | 167 | 90 | 108 | 115 |
| N | Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 518 | 574 | 649 | 462 | 504 | 547 |
| O | Önnur samfélgasþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarsemi o.fl. | 917 | 1.058 | 1.164 | 615 | 682 | 730 |
| | Annað ótilgreint | 1.822 | 1.506 | 1.266 | 913 | 622 | 580 |
| | **Samtals** | **20.152** | **22.163** | **24.163** | **13.891** | **14.635** | **15.992** |

## Fjöldi félaga sem skiluðu hlutafjármiðum, arðgreiðslur til hluthafa í árslok og hlutafjáreign

Upphæðir í milljónum króna

| Rekstrarár | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi einkahlutafélaga | 4.234 | 9.099 | 14.873 |
| Arðgreiðsla ársins | 4.200 | 10.727 | 21.728 |
| Hlutafé í árslok | 20.791 | 99.688 | 211.019 |

Arðgreiðslur til þeirra sem ekki áttu hlutafé í árslok eru ekki meðtaldar í töflunni hér að ofan.

## Yfirlit 1.b

## Fjöldi hlutafjármiða með hlutafé í árslok

| Bálkur | Atvinnugrein | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|
| A | Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt | 272 | 608 | 968 |
| B | Fiskveiðar | 1.066 | 1.467 | 1.821 |
| CB | Námagröftur og vinnsla hráefna úr jörðu annarra en orkugjafa | 130 | 141 | 144 |
| D | Iðnaður | 1.653 | 2.855 | 3.677 |
| DA | Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður; tóbaksiðnaður | 458 | 728 | 897 |
| DB | Textíl- og fataiðnaður | 111 | 178 | 246 |
| DC | Leðuriðnaður | 4 | 1 | 8 |
| DD | Trjáiðnaður | 80 | 138 | 211 |
| DE | Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi | 220 | 513 | 638 |
| DG | Efnaiðnaður | 35 | 55 | 92 |
| DH | Gúmmí- og plastvöruframleiðsla | 41 | 49 | 71 |
| DI | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður | 130 | 186 | 204 |
| DJ | Málmiðnaður | 244 | 421 | 527 |
| DK | Vélsmíði og vélaviðgerðir | 86 | 128 | 187 |
| DL | Rafmagns- og rafeindaiðnaður | 49 | 130 | 151 |
| DM | Framleiðsla samgöngutækja | 81 | 151 | 162 |
| DN | Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður | 114 | 177 | 283 |
| E | Veitur | 185 | 243 | 268 |
| F | Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð | 1.092 | 2.277 | 3.647 |
| G | Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta | 1.875 | 3.526 | 5.314 |
| H | Hótel- veitingahúsarekstur | 445 | 863 | 1.244 |
| I | Samgöngur og flutningar | 517 | 951 | 1.190 |
| J | Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar | 67 | 169 | 204 |
| K | Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | 3.774 | 7.877 | 12.167 |
| M | Fræðslustarfsemi | 52 | 245 | 426 |
| N | Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 415 | 763 | 1.031 |
| O | Önnur samfélgasþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarsemi o.fl. | 438 | 982 | 1.491 |
| | Annað ótilgreint | 506 | 703 | 931 |
| | **Samtals** | **12.487** | **23.670** | **34.523** |

**Yfirlit 1.c:** Yfirlitið sýnir fjölda launamiða sem einkahlutafélög hafa skilað til embættis ríkisskattstjóra vegna launa sem greidd voru hluthöfum samkvæmt innsendum hlutafjármiðum í árslok rekstrarárin 2003, 2004 og 2005. Yfirlitið sýnir fjölda einstaklinga sem fengu bæði senda hlutafjármiða og launamiða frá einkahlutafélögum. Upplýsingarnar eru teknar saman eftir atvinnugreinabálkum atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands. Yfirlitið byggist á skattgrunnskrá, hlutafjár- og launamiðum og miðast það við stöðu álagningargagna þann 6. mars sl.

**Yfirlit 1.c**

**Fjöldi launamiða gefnir út af einkahlutafélögum til hluthafa**

| Bálkur | Atvinnugrein | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|
| A | Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt | 99 | 177 | 260 |
| B | Fiskveiðar | 477 | 674 | 775 |
| CB | Námagröftur og vinnsla hráefna úr jörðu annarra en orkugjafa | 5 | 5 | 5 |
| D | Iðnaður | 685 | 1.095 | 1.381 |
| DA | Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður; tóbaksiðnaður | 188 | 266 | 321 |
| DB | Textíl- og fataiðnaður | 34 | 52 | 63 |
| DD | Trjáiðnaður | 44 | 64 | 105 |
| DE | Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi | 57 | 126 | 165 |
| DG | Efnaiðnaður | 8 | 20 | 13 |
| DH | Gúmmí- og plastvöruframleiðsla | 24 | 28 | 29 |
| DI | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður | 35 | 49 | 58 |
| DJ | Málmiðnaður | 115 | 217 | 283 |
| DK | Vélsmíði og vélaviðgerðir | 42 | 60 | 85 |
| DL | Rafmagns- og rafeindaiðnaður | 22 | 38 | 50 |
| DM | Framleiðsla samgöngutækja | 52 | 76 | 91 |
| DN | Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður | 63 | 98 | 112 |
| E | Veitur | 6 | 8 | 12 |
| F | Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð | 583 | 1.205 | 1.888 |
| G | Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta | 747 | 1.499 | 2.006 |
| H | Hótel- veitingahúsarekstur | 183 | 331 | 484 |
| I | Samgöngur og flutningar | 154 | 315 | 454 |
| J | Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar | 19 | 33 | 48 |
| K | Fasteignaviðskipti, leigustarsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | 794 | 1.681 | 2.330 |
| M | Fræðslustarfsemi | 22 | 57 | 88 |
| N | Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 168 | 361 | 508 |
| O | Önnur samfélgasþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarsemi o.fl. | 171 | 377 | 537 |
| | Annað ótilgreint | 50 | 50 | 75 |
| | **Samtals** | **4.162** | **7.867** | **10.845** |

**Yfirlit 1.d**: Yfirlitið sýnir hagnað, tap og tekjuskattsstofn einkahlutafélaga sem skilað hafa rafrænum skattframtölum álagningarárin 2004, 2005 og 2006, vegna rekstrar áranna 2003, 2004 og 2005. Upplýsingarnar eru teknar saman eftir atvinnugreinabálkum atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands. Yfirlitið byggist á skattgrunnskrá og rafrænum skattframtölum lögaðila og miðast það við stöðu álagningar þann 7. mars sl.

**Yfirlit 1.d**

**Rekstrarafkoma og tekjuskattsstofn einkahlutafélaga sem skiluðu rafrænum skattframtölum 2003 til 2005**
**Upphæðir í milljónum króna**

| Bálkur | Atvinnugrein | Fjöldi einkahlutafélaga sem skiluðu rafrænum rekstrarreikningi | | | Tap ársins skv. ársreikningi | | | Hagnaður ársins skv. ársreikningi | | | Hreinar tekjur (Tekjuskattsstofn) | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rekstrarár | 2003 | 2004 | 2005 | 2003 | 2004 | 2005 | 2003 | 2004 | 2005 | 2003 | 2004 | 2005 |
| A | *Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt* | 353 | 395 | 420 | -800 | -613 | -633 | 343 | 344 | 870 | 209 | 231 | 331 |
| B | Fiskveiðar | 1.048 | 1.113 | 1.081 | -3.308 | -2.549 | -2.602 | 3.438 | 5.779 | 7.929 | 2.244 | 3.295 | 3.656 |
| CB | Námagröftur og vinnsla hráefna úr jörðu annarra en orkugjafa | 14 | 16 | 13 | -59 | -1 | -42 | 259 | 317 | 305 | 148 | 86 | 127 |
| D | Iðnaður | 1.636 | 1.727 | 1.705 | -3.540 | -3.100 | -5.069 | 6.972 | 7.004 | 9.733 | 2.894 | 3.504 | 3.692 |
| DA | Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður; tóbaksiðnaður | 391 | 397 | 387 | -1.518 | -1.231 | -2.688 | 2.039 | 2.223 | 2.505 | 1.183 | 1.228 | 761 |
| DB | Textíl- og fataiðnaður | 88 | 88 | 86 | -220 | -111 | -95 | 98 | 170 | 127 | 79 | 58 | 64 |
| DC | Leðuriðnaður | 8 | 8 | 7 | -14 | -5 | -5 | 2 | 6 | 17 | 0 | 0 | 0 |
| DD | Trjáiðnaður | 89 | 99 | 112 | -79 | -89 | -137 | 141 | 148 | 371 | 123 | 67 | 212 |
| DE | Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi | 308 | 352 | 340 | -308 | -514 | -895 | 448 | 655 | 1.138 | 213 | 295 | 386 |
| DG | Efnaiðnaður | 30 | 33 | 35 | -194 | -169 | -186 | 2.780 | 382 | 505 | 315 | 338 | 455 |
| DH | *Gúmmí- og plastvöruframleiðsla* | 50 | 42 | 42 | -101 | -64 | -75 | 157 | 259 | 535 | 58 | 117 | 209 |
| DI | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður | 70 | 71 | 67 | -87 | -179 | -56 | 233 | 365 | 799 | 65 | 186 | 214 |
| DJ | Málmiðnaður | 253 | 269 | 277 | -469 | -321 | -531 | 331 | 1.807 | 2.583 | 345 | 400 | 512 |
| DK | Vélsmíði og vélaviðgerðir | 92 | 97 | 87 | -155 | -103 | -130 | 205 | 257 | 293 | 150 | 220 | 229 |
| DL | Rafmagns- og rafeindaiðnaður | 55 | 61 | 64 | -111 | -85 | -113 | 82 | 128 | 197 | 74 | 102 | 156 |
| DM | Framleiðsla samgöngutækja | 68 | 72 | 69 | -130 | -115 | -70 | 220 | 159 | 240 | 109 | 98 | 148 |
| DN | Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður | 134 | 138 | 132 | -155 | -114 | -88 | 237 | 445 | 423 | 182 | 393 | 347 |
| E | Veitur | 35 | 37 | 42 | -174 | -54 | -48 | 7 | 36 | 33 | 0 | 1 | 2 |
| Bálkur | Atvinnugrein | Fjöldi einkahlutafélaga sem skiluðu rafrænum rekstrarreikningi | | | Tap ársins skv. ársreikningi | | | Hagnaður ársins skv. ársreikningi | | | Hreinar tekjur (Tekjuskattsstofn) | | |
| | Rekstrarár | 2003 | 2004 | 2005 | 2003 | 2004 | 2005 | 2003 | 2004 | 2005 | 2003 | 2004 | 2005 |
| F | Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð | 1.942 | 2.255 | 2.469 | -2.297 | -2.865 | -2.820 | 4.372 | 8.635 | 17.257 | 3.401 | 5.856 | 9.631 |
| G | Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta | 2.831 | 3.133 | 3.181 | -4.038 | -5.759 | -4.703 | 7.221 | 10.990 | 16.667 | 4.721 | 7.778 | 10.407 |
| H | Hótel- veitingahúsarekstur | 672 | 744 | 736 | -1.503 | -1.522 | -1.935 | 781 | 1.210 | 1.839 | 349 | 497 | 889 |
| I | Samgöngur og flutningar | 611 | 680 | 695 | -2.044 | -1.411 | -2.315 | 2.697 | 3.375 | 5.281 | 847 | 1.457 | 1.900 |
| J | Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar | 160 | 194 | 166 | -190 | -910 | -439 | 9.875 | 5.943 | 4.260 | 434 | 518 | 464 |
| K | Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | 4.797 | 5.584 | 6.286 | -12.085 | -14.946 | -17.629 | 64.590 | 127.404 | 318.503 | 6.990 | 16.249 | 15.084 |
| M | Fræðslustarfsemi | 103 | 126 | 138 | -44 | -48 | -44 | 61 | 112 | 179 | 41 | 88 | 149 |
| N | Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 496 | 552 | 610 | -76 | -137 | -162 | 1.222 | 1.581 | 2.065 | 1.407 | 1.779 | 2.370 |
| O | Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl. | 780 | 900 | 910 | -780 | -1.768 | -1.178 | 896 | 1.257 | 1.599 | 623 | 670 | 1.144 |
| X | *Ótilgreind starfsemi* | 359 | 157 | 147 | -362 | -108 | -58 | 253 | 159 | 110 | 151 | 32 | 124 |
| Z | Engin starfsemi | 683 | 646 | 544 | -386 | -122 | -98 | 1.273 | 567 | 339 | 170 | 111 | 134 |
| | Annað/ ótilgreint | 1.044 | 805 | 693 | -748 | -231 | -157 | 1.527 | 726 | 450 | 322 | 143 | 258 |
| | **Samtals** | **16.522** | **18.261** | **19.145** | **-31.687** | **-35.912** | **-39.775** | **104.261** | **174.715** | **386.969** | **24.632** | **42.153** | **50.104** |

**Yfirlit 1.e:** Yfirlitið sýnir laun samkvæmt launamiðum og arðgreiðslur samkvæmt hlutafjármiðum sem einkahlutafélög hafa skilað árin 2003, 2004 og 2005 til embættis ríkisskattstjóra vegna vinnu einstaklinga sem einnig fengu senda hlutafjármiða, sbr. yfirlit 1.c. Upplýsingarnar eru teknar saman eftir atvinnugreinabálkum atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands. Yfirlitið byggist á skattgrunnskrá, hlutafjár- og launamiðum og miðast það við stöðu álagningargagna þann 6. mars sl.

**Yfirlit 1.e**

**Laun og arðgreiðslur til launamanna skv. launamiðum með bæði launum og arðgreiðslum sem gefnir eru út af einkahlutafélögum**

**Upphæðir í milljónum króna**

| Bálkur | Atvinnugrein | Laun | | | Arðgreiðslur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rekstrarár | 2003 | 2004 | 2005 | 2003 | 2004 | 2005 |
| A | Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt | 139 | 236 | 379 | 10 | 17 | 35 |
| B | Fiskveiðar | 1.152 | 1.672 | 1.926 | 413 | 566 | 690 |
| CB | Námagröftur og vinnsla hráefna úr jörðu annarra en orkugjafa | 19 | 20 | 21 | 81 | 14 | 14 |
| D | Iðnaður | 1.741 | 2.958 | 3.902 | 314 | 430 | 699 |
| DA | Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður; tóbaksiðnaður | 458 | 674 | 861 | 138 | 122 | 170 |
| DB | Textíl- og fataiðnaður | 52 | 100 | 122 | 1 | 9 | 15 |
| DD | Trjáiðnaður | 107 | 162 | 281 | 6 | 13 | 43 |
| DE | Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi | 113 | 271 | 406 | 12 | 64 | 74 |
| DG | Efnaiðnaður | 19 | 55 | 26 | 7 | 20 | 3 |
| DH | Gúmmí- og plastvöruframleiðsla | 50 | 59 | 85 | 0 | 19 | 22 |
| DI | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður | 76 | 102 | 132 | 3 | 25 | 31 |
| DJ | Málmiðnaður | 360 | 687 | 908 | 54 | 79 | 149 |
| DK | Vélsmíði og vélaviðgerðir | 137 | 199 | 284 | 30 | 33 | 82 |
| DL | Rafmagns- og rafeindaiðnaður | 90 | 152 | 175 | 23 | 12 | 26 |
| DM | Framleiðsla samgöngutækja | 153 | 254 | 310 | 23 | 25 | 60 |
| DN | Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður | 124 | 241 | 300 | 16 | 9 | 24 |
| F | Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð | 1.354 | 3.054 | 5.167 | 300 | 1.117 | 2.090 |
| G | Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta | 1.654 | 3.553 | 4.961 | 503 | 845 | 1.738 |
| H | Hótel- veitingahúsarekstur | 273 | 576 | 879 | 31 | 70 | 187 |
| I | Samgöngur og flutningar | 350 | 666 | 1.011 | 71 | 127 | 201 |
| J | Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar | 32 | 59 | 128 | 20 | 92 | 154 |
| K | Fasteignaviðskipti, leigustarsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | 2.187 | 4.708 | 6.756 | 672 | 1.351 | 2.790 |
| M | Fræðslustarfsemi | 22 | 76 | 138 | 8 | 15 | 27 |
| N | Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 424 | 1.044 | 1.565 | 179 | 542 | 974 |
| O | Önnur samfélgasþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarsemi o.fl. | 261 | 679 | 1.008 | 64 | 100 | 251 |
| | Annað ótilgreint | 82 | 98 | 117 | 11 | 9 | 24 |
| | **Samtals** | **9.688** | **19.397** | **27.945** | **2.677** | **5.296** | **9.874** |

Til svars við 3. og 4. tölul. fyrirspurnarinnar eru eftirtalin yfirlit:

**Yfirlit 2.a:** Yfirlitið sýnir fjölda einkahlutafélaga sem sendu inn hlutafjármiða með arðgreiðslum af hlutabréfum, vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila árin 2004, 2005 og 2006, auk arðsins sem greiddur var og hlutafjárins sem arðurinn var greiddur af. Mismunur á fjárhæðum arðs stafar af því að gefnir hafa verið út hlutafjármiðar með arðgreiðslu til einstaklinga eða lögaðila sem áttu ekkert hlutafé í árslok. Upplýsingarnar eru teknar saman eftir atvinnugreinabálkum atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands. Yfirlitið byggist á skattgrunnskrá, hlutafjár- og launamiðum og miðast það við stöðu álagningargagna þann 6. mars sl.

**Fjöldi félaga sem skiluðu hlutafjármiðum með arðgreiðslu, arðgreiðslur og hlutafjáreign**

Upphæðir í milljónum króna

| Rekstrarár | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi einkahlutafélaga | 907 | 1.650 | 2.394 |
| Arðgreiðsla ársins | 4.326 | 11.056 | 21.914 |
| Hlutafé í árslok | 3.939 | 11.877 | 22.525 |

**Yfirlit 2.a**
**Fjöldi einkahlutafélaga, arðgreiðslur og hlutafé skv. hlutafjármiðum gefnum út af einkahlutafélögum.**
**Upphæðir í milljónum króna**

| Bálkur | Atvinnugrein | Fjöldi félaga sem greiddu arð | | | Hlutafé í árslok | | | Arðgreiðsla ársins | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rekstrarár | 2003 | 2004 | 2005 | 2003 | 2004 | 2005 | 2003 | 2004 | 2005 |
| A | Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt | 11 | 11 | 25 | 68 | 24 | 97 | 19 | 42 | 93 |
| B | Fiskveiðar | 115 | 144 | 164 | 621 | 761 | 1.038 | 598 | 895 | 1.433 |
| D | Iðnaður | 110 | 177 | 228 | 828 | 1.682 | 1.346 | 432 | 938 | 1.284 |
| DA | Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður; tóbaksiðnaður | 24 | 34 | 45 | 585 | 759 | 725 | 213 | 322 | 481 |
| DB | Textíl- og fataiðnaður | 4 | 8 | 10 | 8 | 12 | 14 | 5 | 21 | 21 |
| DD | Trjáiðnaður | 7 | 12 | 22 | 15 | 35 | 53 | 10 | 34 | 80 |
| DE | Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi | 14 | 26 | 30 | 16 | 55 | 47 | 16 | 82 | 98 |
| DH | Gúmmí- og plastvöruframleiðsla | 4 | 7 | 9 | 8 | 94 | 16 | 10 | 139 | 39 |
| DI | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður | 7 | 9 | 13 | 58 | 82 | 97 | 6 | 35 | 54 |
| DJ | Málmiðnaður | 19 | 31 | 41 | 56 | 126 | 231 | 65 | 118 | 209 |
| DK | Vélsmíði og vélaviðgerðir | 5 | 9 | 17 | 7 | 62 | 83 | 30 | 40 | 100 |
| DL | Rafmagns- og rafeindaiðnaður | 9 | 12 | 13 | 22 | 28 | 28 | 25 | 16 | 35 |
| DM | Framleiðsla samgöngutækja | 6 | 13 | 10 | 31 | 395 | 18 | 27 | 84 | 97 |
| DN | Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður | 9 | 11 | 14 | 21 | 32 | 30 | 17 | 17 | 50 |
| F | Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð | 130 | 258 | 396 | 137 | 396 | 570 | 386 | 1.374 | 2.741 |
| G | Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta | 130 | 244 | 344 | 594 | 1.048 | 1.339 | 845 | 1.797 | 3.341 |
| H | Hótel- veitingahúsarekstur | 22 | 27 | 44 | 70 | 268 | 384 | 51 | 123 | 319 |
| I | Samgöngur og flutningar | 32 | 67 | 96 | 185 | 4.705 | 2.114 | 218 | 1.362 | 1.579 |
| J | Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar | 7 | 15 | 15 | 5 | 156 | 73 | 35 | 135 | 202 |
| K | Fasteignaviðskipti, leigustarsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | 228 | 459 | 703 | 1.261 | 2.416 | 14.992 | 1.154 | 3.478 | 9.035 |
| M | Fræðslustarfsemi | 5 | 6 | 20 | 3 | 3 | 19 | 9 | 15 | 45 |
| N | Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 76 | 172 | 259 | 58 | 159 | 208 | 219 | 628 | 1.126 |
| O | Önnur samfélgasþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarsemi o.fl. | 27 | 57 | 72 | 68 | 125 | 89 | 101 | 137 | 283 |
| | Annað/Ótilgreint | 16 | 18 | 32 | 43 | 138 | 259 | 268 | 162 | 454 |
| | **Samtals** | **907** | **1.650** | **2.394** | **3.939** | **11.877** | **22.525** | **4.326** | **11.056** | **21.914** |

**Yfirlit 2.b:** Yfirlitið sýnir fjölda einkahlutafélaga sem sendu inn hlutafjármiða með arðgreiðslu af hlutabréfum, vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila árin 2004, 2005 og 2006, auk arðsins sem greiddur var og hlutafjárins sem arðurinn var greiddur af. Upplýsingarnar eru teknar saman eftir hlutfalli arðgreiðslu ársins af hlutafé í árslok hvert ár. Yfirlitið byggist á skattgrunnskrá, hlutafjár- og launamiðum og miðast það við stöðu álagningargagna þann 6. mars sl.

**Spurning 2.b**

**Einkahlutafélög sem skiluðu hlutafjármiða með arðgreiðslu á flokkuð eftir hlutfalli arðgreiðslu af hlutafé**

**Upphæðir í milljónum króna**

| Arðshlutfall | Fjöldi félaga | Arðsgreiðsla ársins | Hlutafé í árslok | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| **2005** | | | | |
| 0-0,1 | 52 | 163 | 4.005 | 4% |
| 0,1-0,2 | 85 | 1.149 | 9.773 | 12% |
| 0,2-0,3 | 83 | 215 | 859 | 25% |
| 0,3-0,4 | 50 | 769 | 2.075 | 37% |
| 0,4-0,5 | 59 | 173 | 389 | 44% |
| 0,5-0,6 | 63 | 508 | 954 | 53% |
| 0,6-0,7 | 66 | 573 | 876 | 65% |
| 0,7-0,8 | 31 | 80 | 107 | 75% |
| 0,8-0,9 | 44 | 462 | 547 | 84% |
| 0,9-1 | 109 | 230 | 235 | 98% |
| >1 | 1.752 | 17.591 | 2.705 | 650% |
| **Samtals** | **2.394** | **21.914** | **22.525** | **97%** |
| **2004** | | | | |
| 0-0,1 | 53 | 105 | 1.653 | 6% |
| 0,1-0,2 | 101 | 821 | 5.114 | 16% |
| 0,2-0,3 | 69 | 159 | 722 | 22% |
| 0,3-0,4 | 57 | 573 | 1.604 | 36% |
| 0,4-0,5 | 43 | 86 | 195 | 44% |
| 0,5-0,6 | 45 | 134 | 255 | 53% |
| 0,6-0,7 | 49 | 223 | 359 | 62% |
| 0,7-0,8 | 20 | 169 | 224 | 75% |
| 0,8-0,9 | 34 | 57 | 69 | 82% |
| 0,9-1 | 87 | 324 | 329 | 98% |
| >1 | 1.092 | 8.405 | 1.354 | 621% |
| **Samtals** | **1.650** | **11.056** | **11.877** | **93%** |
| **2003** | | | | |
| 0-0,1 | 52 | 163 | 4.005 | 4% |
| 0,1-0,2 | 85 | 1.149 | 9.773 | 12% |
| 0,2-0,3 | 83 | 215 | 859 | 25% |
| 0,3-0,4 | 50 | 769 | 2.075 | 37% |
| 0,4-0,5 | 59 | 173 | 389 | 44% |
| 0,5-0,6 | 63 | 508 | 954 | 53% |
| 0,6-0,7 | 66 | 573 | 876 | 65% |
| 0,7-0,8 | 31 | 80 | 107 | 75% |
| 0,8-0,9 | 44 | 462 | 547 | 84% |
| 0,9-1 | 109 | 230 | 235 | 98% |
| >1 | 1.752 | 17.591 | 2.705 | 650% |
| **Samtals** | **2.394** | **21.914** | **22.525** | **97%** |

**Yfirlit 2.c:** Yfirlitið sýnir fjölda einkahlutafélaga sem greiddu arð flokkaðan eftir atvinnugreinum og hlutfalli arðgreiðslu af hlutafé, sbr. yfirlit 2.b.

**Yfirlit 2.c**

**Einkahlutafélög sem skiluðu hlutafjármiða með arðgreiðslu á flokkuð eftir hlutfalli arðgreiðslu af hlutafé og atvinnugreinum**

| Bálkur | Atvinnugrein | 0-0,2 | 0,2-0,5 | 0,5-1 | >1 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **2005** | | | | | | |
| A | Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt | 4 | 1 | 3 | 17 | **25** |
| B | Fiskveiðar | 12 | 23 | 23 | 106 | **164** |
| D | Iðnaður | 19 | 27 | 35 | 147 | **228** |
| DA | Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður; tóbaksiðnaður | 4 | 5 | 6 | 30 | **45** |
| DB | Textíl- og fataiðnaður | 0 | 1 | 2 | 7 | **10** |
| DD | Trjáiðnaður | 2 | 4 | 5 | 11 | **22** |
| DE | Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi | 2 | 4 | 4 | 20 | **30** |
| DH | Gúmmí- og plastvöruframleiðsla | 0 | 1 | 1 | 7 | **9** |
| DI | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður | 4 | 2 | 3 | 4 | **13** |
| DJ | Málmiðnaður | 3 | 5 | 5 | 28 | **41** |
| DK | Vélsmíði og vélaviðgerðir | 0 | 2 | 4 | 11 | **17** |
| DL | Rafmagns- og rafeindaiðnaður | 1 | 1 | 2 | 9 | **13** |
| DM | Framleiðsla samgöngutækja | 0 | 0 | 0 | 10 | **10** |
| DN | Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður | 3 | 2 | 3 | 6 | **14** |
| F | Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð | 11 | 23 | 43 | 319 | **396** |
| G | Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta | 29 | 26 | 44 | 245 | **344** |
| H | Hótel- veitingahúsarekstur | 4 | 0 | 5 | 35 | **44** |
| I | Samgöngur og flutningar | 3 | 7 | 13 | 73 | **96** |
| J | Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar | 1 | 1 | 3 | 10 | **15** |
| K | Fasteignaviðskipti, leigustarsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | 40 | 66 | 94 | 503 | **703** |
| M | Fræðslustarfsemi | 1 | 3 | 2 | 14 | **20** |
| N | Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 5 | 6 | 33 | 215 | **259** |
| O | Önnur samfélgasþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarsemi o.fl. | 5 | 6 | 13 | 48 | **72** |
| | Annað/ótilgreint | 3 | 3 | 2 | 24 | **32** |
| | **Samtals** | **137** | **192** | **313** | **1.752** | **2.394** |
| **2004** | | | | | | |
| A | Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt | 2 | 0 | 2 | 7 | **11** |
| B | Fiskveiðar | 15 | 24 | 28 | 77 | **144** |
| D | Iðnaður | 29 | 28 | 25 | 95 | **177** |
| DA | Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður; tóbaksiðnaður | 5 | 3 | 7 | 19 | **34** |
| DB | Textíl- og fataiðnaður | 1 | 1 | 2 | 4 | **8** |
| DD | Trjáiðnaður | 2 | 2 | 2 | 6 | **12** |
| DE | Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi | 3 | 4 | 3 | 16 | **26** |
| DG | Efnaiðnaður | 1 | 0 | 0 | 4 | **5** |
| DH | Gúmmí- og plastvöruframleiðsla | 1 | 0 | 2 | 4 | **7** |
| DI | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður | 2 | 5 | 1 | 1 | **9** |
| DJ | Málmiðnaður | 4 | 6 | 1 | 20 | **31** |
| DK | Vélsmíði og vélaviðgerðir | 2 | 1 | 1 | 5 | **9** |
| DL | Rafmagns- og rafeindaiðnaður | 1 | 2 | 4 | 5 | **12** |
| DM | Framleiðsla samgöngutækja | 4 | 2 | 1 | 6 | **13** |
| DN | Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður | 3 | 2 | 1 | 5 | **11** |
| F | Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð | 17 | 19 | 27 | 195 | **258** |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| G | Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta | 26 | 33 | 37 | 148 | **244** |
| H | Hótel- veitingahúsarekstur | 3 | 1 | 2 | 21 | **27** |
| I | Samgöngur og flutningar | 6 | 4 | 10 | 47 | **67** |
| J | Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar | 0 | 4 | 1 | 10 | **15** |
| K | Fasteignaviðskipti, leigustarsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | 46 | 42 | 75 | 296 | **459** |
| M | Fræðslustarfsemi | 0 | 1 | 1 | 4 | **6** |
| N | Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 2 | 5 | 18 | 147 | **172** |
| O | Önnur samfélgasþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarsemi o.fl. | 6 | 6 | 8 | 37 | **57** |
| | Annað/ótilgreint | 2 | 2 | 1 | 8 | **13** |
| | **Samtals** | **154** | **169** | **235** | **1.092** | **1.650** |

**2003**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt | | 0 | 1 | 5 | **11** |
| B | Fiskveiðar | 13 | 22 | 17 | 63 | **115** |
| D | Iðnaður | 14 | 18 | 22 | 56 | **110** |
| DA | Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður; tóbaksiðnaður | 3 | 2 | 3 | 16 | **24** |
| DB | Textíl- og fataiðnaður | 0 | 1 | 2 | 1 | **4** |
| DD | Trjáiðnaður | 1 | 2 | 1 | 3 | **7** |
| DE | Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi | 0 | 1 | 5 | 8 | **14** |
| DI | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður | 6 | 1 | 0 | | **7** |
| DJ | Málmiðnaður | 1 | 5 | 4 | 9 | **19** |
| DK | Vélsmíði og vélaviðgerðir | 0 | 0 | 1 | 4 | **5** |
| DL | Rafmagns- og rafeindaiðnaður | 1 | 1 | 2 | 5 | **9** |
| DM | Framleiðsla samgöngutækja | 0 | 2 | 0 | 4 | **6** |
| DN | Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður | 1 | 2 | 3 | 3 | **9** |
| F | Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð | 9 | 9 | 14 | 98 | **130** |
| G | Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta | 17 | 12 | 16 | 85 | **130** |
| H | Hótel- veitingahúsarekstur | 1 | 2 | 3 | 16 | **22** |
| I | Samgöngur og flutningar | 5 | 1 | 4 | 22 | **32** |
| J | Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar | 0 | 0 | 0 | 7 | **7** |
| K | Fasteignaviðskipti, leigustarsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | 28 | 26 | 33 | 141 | **228** |
| M | Fræðslustarfsemi | 1 | 0 | 2 | 2 | **5** |
| N | Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 1 | 3 | 8 | 64 | **76** |
| O | Önnur samfélgasþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarsemi o.fl. | 3 | 2 | 7 | 15 | **27** |
| | Annað/ótilgreint | 3 | 1 | 2 | 14 | **20** |
| | **Samtals** | **99** | **95** | **128** | **585** | **907** |

Rétt er að taka fram að skil til embættis ríkisskattstjóra á þeim skattagögnum sem upplýsingarnar byggjast á hafa farið batnandi á undanförnum árum. Upplýsingarnar í yfirlitunum eru því ekki að fullu sambærilegar frá ári til árs.

Varðandi 5. og 6. tölul. fyrirspurnarinnar er því til að svara að ekki er hægt að taka saman tæmandi tölur um gjaldabreytingar á launum hluthafa einkahlutafélaga vegna áranna 2003, 2004 og 2005 þar sem þessi mál eru ekki í öllum tilvikum með sérstakar tilefnismerkingar hjá skattstjórum. Þau mál þar sem fyrir liggur að breytingar hafa verið gerðar af þessu tilefni á grundvelli 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þessi ár eru tæplega 300 og gjaldabreytingar í þeim eru rúmar 240 milljónir. Breytingar sem gerðar eru á framtöldum launum hluthafa við álagningu opinberra gjalda vegna launa hluthafa eru ekki skráðar sérstaklega og breytingar við kæruafgreiðslu skv. 99. gr. og erindum skv. 101. gr. eru heldur ekki skráðar sérstaklega. Ekki er því mögulegt að afmarka með einföldum hætti heildarbreytingar sem gerðar eru á launum hluthafa frá öðrum gjaldabreytingum.

## 1187. Svar [361. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Adolfs H. Berndsens um fjarnámssetur.

Leitað hefur verið upplýsinga hjá níu símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni vegna fyrirspurnarinnar, kannaður fjöldi virkra FS-nets tenginga og byggt á öðrum fyrirliggjandi gögnum í vörslu ráðuneytisins. Rekstur svonefndra fjarnámssetra getur verið breytilegur frá einum tíma til annars, háður staðbundinni eftirspurn og aðstæðum. Jafnframt skal tekið fram að aðstæður þar sem hægt er að stunda framhalds- og háskólanám geta verið til staðar án þess að slík starfsemi fari þar fram. Ekki hefur verið gerð tilraun til að meta aðstæður á höfuðborgarsvæðinu.

1. *Í hversu mörgum og hvaða sveitarfélögum eru rekin fjarnámssetur þar sem hægt er að stunda framhalds- og háskólanám?*

Aðstæður til fjarnáms á framhalds- og háskólastigi eru við allar níu símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. Jafnframt eru skráðar FS-nets tengingar við um 30 staði víða um land. Samtals eru því a.m.k. 38 setur þar sem lágmarksaðstæður eru til að stunda framhalds- og háskólanám á landsbyggðinni. Í upphafi árs 2007 eru 27 virk námsetur á landsbyggðinni auk símenntunarmiðstöðvanna.

Á Vesturlandi eru auk Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands í Borgarnesi, fjögur námsver á Hellissandi, í Stykkishólmi, í Búðardal og á Akranesi. Á Vestfjörðum eru auk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á Ísafirði, fimm námsver á Hólmavík, Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal og Birkimel. Á Norðurlandi vestra eru auk Farskólans, miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra á Sauðárkróki, fjögur námsver á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd og Siglufirði. Í Eyjafirði er námsver á Dalvík auk Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar á Akureyri. Í Þingeyjarsýslum eru fimm námsver auk Þekkingarseturs Þingeyinga á Húsavík og eru þau á Þórshöfn, Raufarhöfn, Kópaskeri, að Reykjahlíð í Mývatnsveit og að Laugum. Á Austurlandi eru fimm námsver auk Þekkingarnets Austurlands á Egilsstöðum. Þau eru á Vopnafirði, í Neskaupsstað, á Fáskrúðsfirði, Djúpavogi og í Höfn. Á Suðurlandi eru fjögur námsver auk Fræðslunets Suðurlands á Selfossi. Þau eru að Flúðum, á Hvolsvelli, í Vík og á Kirkjubæjarklaustri.

2. *Hversu margir hafa stundað nám í fjarnámssetrunum á árunum 2003–2006?*

Ekki liggja fyrir heildstæðar eða samanburðarhæfar upplýsingar um það hversu margir hafi stundað nám í fjarnámssetrum utan símenntunarmiðstöðvanna árin 2003–2006. Hins vegar hefur menntamálaráðuneytið tekið saman upplýsingar um fjölda nemenda er stunduðu fjarnám við símenntunarmiðstöðvarnar árin 2000–2005, sjá töflu.

**Fjöldi nemenda í fjarnámi við símenntunarmiðstöðvar árin 2000–2005.**

**Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nema í símenntun | 1.303 | 1.186 | 1.763 | 1.504 | 2.639 | 1.284 |
| Fjöldi námskeiða | 76 | 66 | 86 | 81 | 136 | 89 |
| Nemendastundir í símenntun | | 28.456 | 33.214 | 22.480 | 31.153 | 24.606 |
| Fjöldi nema í framhaldsskóla | | | | | | |
| Fjöldi nema í háskólanámi | 42 | 53 | 56 | 90 | 70 | 67 |

**Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nema í símenntun | 869 | 1.198 | 1.190 | 1.104 | 823 | 1.040 |
| Fjöldi námskeiða | 82 | 97 | 98 | 108 | 72 | 84 |
| Nemendastundir í símenntun | 28.546 | 24.458 | 29.290 | 26.124 | 18.084 | 22.479 |
| Fjöldi nema í framhaldsskóla | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjöldi nema í háskólanámi | 2 | 5 | 22 | 48 | 52 | 39 |

**Fræðslunet Suðurlands**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nema í símenntun | | 1.595 | 1.175 | 1.154 | 804 | 1.072 |
| Fjöldi námskeiða | | | | 43 | 36 | 43 |
| Nemendastundir í símenntun | | | | 35.953 | 12.073 | 22.480 |
| Fjöldi nema í framhaldsskóla | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjöldi nema í háskólanámi | | 55 | 90 | 93 | 94 | 90 |

**Fræðslunet Austurlands**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nema í símenntun | | 657 | 842 | 1.065 | 837 | 935 |
| Fjöldi námskeiða | | | | 150 | 75 | 96 |
| Nemendastundir í símenntun | | | | 25.385 | 15.746 | 16.624 |
| Fjöldi nema í framhaldsskóla | | | | 36 | 15 | 0 |
| Fjöldi nema í háskólanámi | | 126 | 130 | 167 | 183 | 200 |

**Fræðslumiðstöð Vestfjarða**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nema í símenntun | 440 | 650 | 551 | 895 | 667 | 794 |
| Fjöldi námskeiða | 29 | 36 | 44 | 49 | 48 | 58 |
| Nemendastundir í símenntun | 12.085 | 22.033 | 16.580 | 25.003 | 13.555 | 18.147 |
| Fjöldi nema í framhaldsskóla | 0 | 0 | 0 | 27 | 0 | 25 |
| Fjöldi nema í háskólanámi | | 119 | 126 | 116 | 163 | 155 |

**Fræþing**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nema í símenntun | | | 212 | 263 | 74 | 280 |
| Fjöldi námskeiða | | | 28 | 25 | 10 | 38 |
| Nemendastundir í símenntun | | | 3.814 | 4.275 | 1.738 | 14.833 |
| Fjöldi nema í framhaldsskólan. | | | 4 | 5 | | |
| Fjöldi nema í háskólanámi | | | 12 | 25 | 24 | 35 |

**Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nema í símenntun | | | 645 | 1.439 | 1.075 | 837 |
| Fjöldi námskeiða | | | 68 | 112 | 81 | 102 |
| Nemendastundir í símenntun | | | | 31.699 | 25.342 | 35.130 |
| Fjöldi nema í framhaldsskóla | | | | 0 | 8 | 8 |
| Fjöldi nema í háskólanámi | | | 10 | 8 | 11 | 0 |

**Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nema í símenntun | 523 | 616 | 750 | 518 | 541 | 651 |
| Fjöldi námskeiða | | | 42 | 48 | 45 | 56 |
| Nemendastundir í símenntun | | | 25.748 | 15.928 | 8.913 | 11.243 |
| Fjöldi nema í framhaldsskóla | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Fjöldi nema í háskólanámi | | | 104 | 93 | 109 | 95 |

**VISKA – Vestmannaeyjar**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nema í símenntun | | | | 186 | 311 | 344 |
| Fjöldi námskeiða | | | | | 31 | 26 |
| Nemendastundir í símenntun | | | | 11.078 | 7.304 | 2.835 |
| Fjöldi nema í framhaldsskóla | | | | 0 | 10 | |
| Fjöldi nema í háskólanámi | | | | 53 | 73 | 70 |

3. *Liggja fyrir upplýsingar um stofn- og rekstrarkostnað sveitarfélaganna vegna fjarnámssetranna?*

Upplýsingar um stofn- og rekstrarkostnað sveitarfélaganna liggja ekki fyrir nema að takmörkuðu leyti og eru ekki samanburðarhæfar. Hins vegar má benda á að framlög ríkisins til símenntunarmiðstöðvanna vegna rekstrar og greiðslna vegna FS-nets hafa farið hækkandi undanfarin ár úr 63 millj. kr. árið 2001; í 76,5 millj. kr. árið 2002; 81 millj. kr. árið 2003; 91,8 millj. kr. árið 2004; 96,7 millj. kr. árið 2005; 100,7 millj. kr. árið 2006 og í 110 millj. kr. árið 2007.

4. *Hefur ráðuneytið uppi áform um að koma enn frekar til móts við kostnað sveitarfélaganna vegna þessa?*

Á undanförnum árum hefur ágætt samstarf tekist milli símenntunarmiðstöðvanna og menntamálaráðuneytisins. Fjárveitingar til símenntunarmiðstöðvanna hafa verið auknar og þær hafa einnig verið efldar í tengslum við samkomulag ríkisins við aðila vinnumarkaðarins. Þannig hefur t.d. starfs- og námsráðgjöf verið stórlega efld og mun enn eflast. Aðkoma sveitarfélaganna að þessu verki er afar jákvæð og vonir ráðuneytisins standa til þess að þau muni á komandi misserum sinna þessu starfi af jafnmiklum eða enn meiri áhuga en verið hefur í góðu samstarfi við ráðuneytið.

# 1188. Nefndarálit [591. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt, nr. 90/2003, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Dórotheu Jóhannsdóttur, Jón Guðmundsson, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti og Steinþór Haraldsson frá embætti ríkisskattstjóra. Nefndinni bárust einnig umsagnir um málið.

Með frumvarpinu eru lagðar til þríþættar breytingar. Er í fyrsta lagi lagt til að inn í skattalöggjöf verði bætt ákvæðum um svonefnda starfstengda eftirlaunasjóði en nú er til meðferðar í þinginu frumvarp um heimild til starfrækslu slíkra sjóða hér á landi (568. mál). Lagt er til að starfstengdir eftirlaunasjóðir verði undanþegnir skattskyldu og staðgreiðslu á fjármagnstekjur á sama hátt og lífeyrissjóðir. Jafnframt er lagt til að í skattalegu tilliti verði farið með framlag launagreiðanda til starfstengdra eftirlaunasjóða og skattlagningu einstaklinga sem greiða í slíkan sjóð með sama hætti og gildir um greiðslur í lífeyrissjóð og til aðila sem hafa heimild til að taka á móti viðbótarlífeyrissparnaði. Í öðru lagi er lagt til að lögaðilum með takmarkaða skattskyldu á Íslandi sem eru heimilisfastir í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins verði heimilt að draga móttekinn arð frá skattskyldum tekjum. Hingað til hafa þessir aðilar greitt 15% afdráttarskatt af arði. Áfram mun verða til staðar heimild til að halda eftir 15% tekjuskatti af arðgreiðslum til lögaðila sem eru heimilisfastir í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á skilyrðum fyrir samsköttun sambúðarfólks. Ástæðan er sú að með 11. gr. laga nr. 65/2006 um breyting á lögum sem varða réttarstöðu samkynhneigðra var sú breyting gerð að skráning óvígðrar sambúðar í Þjóðskrá varð fortakslaust skilyrði þess að samsköttun samkvæmt lögum um tekjuskatt væri heimil. Þessi breyting mun standa í vegi fyrir því að fjöldi sambúðarfólks sem hefur verið samskattað á liðnum árum en er ekki skráð í sambúð uppfylli skilyrði til samsköttunar. Breytingin hefði jafnframt haft áhrif á ákvörðun vaxta- og barnabóta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Birgir Ármannsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson. | Birgir Ármannsson, með fyrirvara. | Ágúst Ólafur Ágústsson. |
| Ásta Möller. | | Sæunn Stefánsdóttir. |

# 1189. Nefndarálit [542. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson, Hrein Hrafnkelsson og Lárus M.K. Ólafsson frá iðnaðarráðuneyti, Karl Axelsson hrl., Þorkel Helgason og Elínu Smáradóttur frá Orkustofnun, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku, Agnar Olsen og Þórð Bogason frá Landsvirkjun, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Jón Rögnvaldsson og Hrein Haraldsson frá Vegagerðinni, Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Sveinbjörn Björnsson, formann verkefnisstjórnar 1. rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, Ínu Björgu Helgadóttur og Maríönnu Helgadóttur frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Pál Guðmundsson frá Ferðafélagi Íslands og Berg Sigurðsson og Freystein Sigurðsson frá Landvernd. Umsagnir bárust um málið frá Samtökum atvinnulífsins, Orkustofnun, Samtökum iðnaðarins, Vegagerðinni, Eyþingi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi, Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Háskóla Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Bændasamtökum Íslands og Samorku.

Í framsögu við 1. umræðu málsins óskaði iðnaðarráðherra eftir því að um málið yrði fjallað bæði í iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd. Því sendi iðnaðarnefnd málið til umsagnar hjá umhverfisnefnd og jafnframt þáðu nokkrir nefndarmenn boð um að sitja fund iðnaðarnefndar með hagsmunaaðilum úr umhverfisgeiranum.

Frumvarpið er samið af nefnd sem skipuð var af iðnaðarráðherra í samræmi við bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 5/2006, um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Nefndin hafði það verkefni að gera tillögu um það með hvaða hætti yrði valið milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laganna og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til, þ.e. auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir töluverðum breytingum á gildandi auðlindalögum. Þannig verður gildissvið laganna þannig að þau munu einnig ná til nýtingar á vatnsafli með raforkuframleiðslu. Úthlutun leyfa til rannsókna og nýtingar færist yfir til Orkustofnunar frá iðnaðarráðherra og lögfestar verða verklagsreglur um hvernig staðið skuli að afgreiðslu og vali milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á auðlindum í jörðu og vatnsafli til raforkuframleiðslu í þjóðlendum og landi í ríkiseigu. Forræði á rannsóknum og nýtingu auðlinda í eignarlöndum verður alfarið hjá fasteignareigendum í stað ráðherra áður, en leyfi Orkustofnunar og forsætisráðherra eða landbúnaðarráðherra verður áskilið þegar um er að ræða rannsóknir og nýtingu í þjóðlendum og á ríkisjörðum. Þá verður skylt að auglýsa eftir umsóknum um leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum í jörðu og vatnsafli og sú meginregla lögfest að rannsóknarleyfi geti falið í sér forgang til nýtingar. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að skipaðir verði tveir starfshópar á vegum iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra til að móta nýtingar- og verndaráætlanir fyrir auðlindir í jörðu og vatnsafl og að vinnu þeirra lokinni muni forsætisráðherra skipa þriðja hópinn sem hafi það hlutverk að samræma tillögur hóp-

anna tveggja í lagafrumvarp um verndar- og nýtingaráætlun sem lagt verði fram á haustþingi 2010.

Meiri hlutinn fagnar þeirri miklu og vönduðu vinnu sem lögð hefur verið í málið af hálfu auðlindanefndar iðnaðarráðherra. Jafnframt hvetur nefndin til þess að vinnu við rammaáætlun 2 ljúki sem fyrst, en fjármagn hefur vantað til að ljúka henni. Meiri hlutinn telur að fjármagn vegna rammaáætlunarinnar eigi að vera sérstakur fjárlagaliður í stað þess að vistast innan almennra fjárheimilda Orkustofnunar.

Meiri hlutinn vekur athygli á að í frumvarpinu er á tveimur stöðum vísað til ákvæða laga um meginreglur umhverfisréttar, en frumvarp til þeirra laga er nú til meðferðar hjá umhverfisnefnd (566. mál). Meiri hlutinn leggur áherslu á að það frumvarp verði að lögum á sama tíma og frumvarpið sem hér er til meðferðar.

Meiri hlutinn leggur til breytingar á ákvæði til bráðabirgða III sem tekur til þess hvernig leyfisveitingum verði háttað þar til framtíðarstefna í auðlindamálum hefur verið mörkuð með nýtingar- og verndaráætlun. Meiri hlutinn leggur til að heimild til að veita ný nýtingarleyfi sé einungis í höndum Alþingis. Meiri hlutinn telur eðlilegt að greina á milli rannsóknarleyfis og nýtingarleyfis þannig að rannsóknarleyfi feli ekki sjálfkrafa í sér nýtingarleyfi, en telur þó að rannsóknarleyfi megi veita á grundvelli rammaáætlunar 1 úr flokki A og B, sbr. fylgiskjal I.

Þá leggur nefndin til tvær tæknilegar breytingar á frumvarpinu. Sú fyrri lýtur að skilgreiningum í frumvarpinu, en eins og frumvarpið er úr garði gert verður skilgreining á hugtakinu „jarðefni“ tvítekin í lögunum með þeim greinarmun einum að í annarri verða steindir taldar til jarðefna en í hinni ekki. Seinni breytingin lýtur að því að ekki er tilgreint í frumvarpinu hvar 25. gr. þess er ætlað að koma inn í auðlindalögin. Nefndin leggur til að greininni verði bætt við 18. gr. frumvarpsins sem breytir 21. gr. laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Sigurður Kári Kristjánsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og stendur ekki að áliti þessu.

Alþingi, 12. mars 2007.

Hjálmar Árnason, form., frsm. — Sigríður A. Þórðardóttir. — Kjartan Ólafsson.

Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara. — Gunnar Örlygsson.

## Fylgiskjal.

*Iðnaðarráðuneyti:*

| Virkjunarkostur | Leyfi | RÁÆ | Athugasemd |
|---|---|---|---|
| **Svartsengi (stækkun)** | | **a** | |
| **Nesjavellir (stækkun)** | | **a** | |
| Núpsvirkjun a | | a | Rannsóknum og mati á umhverfisáhrifum lokið |
| Núpsvirkjun b | | a | Rannsóknum og mati á umhverfisáhrifum lokið |
| **Krafla (stækkun)** | **RL + FFN** | **a** | **Rannsóknum og mati á umhverfisáhrifum lokið, heimild Alþingis** |
| **Hágöngusvæði** | **RL + FFN** | **a** | |
| **Hellisheiði** | **RL + FFN** | **a** | |
| Sandfell (Krýsuvík) | RL | a | |
| Þverárdalur (Nesjavellir) | | a | |
| **Ölkelduháls** | **RL + FFN** | **a** | |
| Bjarnarflag | | a | Rannsóknum og mati á umhverfisáhrifum lokið, heimild Alþingis |
| **Krafla (vestursvæði)** | **RL + FFN** | **a** | |
| Austurengjar (Krýsuvík) | RL | a | |
| Seltún (Krýsuvík) | RL | a | |
| Reykjanes | NL | a | |
| **Innstidalur (Hengill)** | **RL + FFN** | **a** | |
| **Tröllադyngja** | **RL + FFN** | **a** | |
| Hólmsárvirkjun | | a | |
| Búðarhálsvirkjun | | a | Rannsóknum og mati á umhverfisáhrifum lokið, heimild Alþingis |
| | | | |
| Skaftárvirkjun | | b | |
| Krafla (Leirhnjúkur) | | b | |
| Urriðafossvirkjun | | b | Rannsóknum og mati á umhverfisáhrifum lokið |
| **Brennisteinsfjöll** | | **b** | |
| Þeistareykir | RL | b | |
| Hrafnabjargavirkjun a | | b | |
| Villinganesvirkjun | | b | Rannsóknum og mati á umhverfisáhrifum lokið, heimild Alþingis |
| Fljótshnjúksvirkjun | | b | |
| | | | |

| Virkjunarkostur | Leyfi | RÁÆ | Athugasemd |
|---|---|---|---|
| [redacted] | | | |
| | | | |
| RÁÆ=Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma | | | |
| RL=Rannsóknarleyfi | | | |
| FFN=Fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi | | | |
| | | | |
| [redacted] | > Heimilt að veita nýtingarleyfi á grundvelli fyrirheits um forgang í rannsóknarleyfi | | |
| | > Heimilt að veita rannsóknarleyfi | | |
| [redacted] | > Óheimilt að veita ný rannsóknar- eða nýtingarleyfi nema með samþykki Alþingis | | |

# 1190. Breytingartillögur [542. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (HjÁ, SAÞ, KÓ, SKK, GÖrl).

1. Við 2. gr.
   a. 5. efnismgr. falli brott.
   b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Skilgreiningin á „jarðefnum“ orðist svo:
      *Jarðefni* merkja í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, steindir, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.
2. Við 18. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Handhafi rannsóknar- og/eða nýtingarleyfis skal greiða gjald að fjárhæð allt að 500.000 kr. á ári til að standa straum af kostnaði eftirlits samkvæmt lögum þessum. Ef leyfi er gefið út eða leyfi rennur út á gjaldárinu skal árgjaldið ákvarðað í réttu hlutfalli við þann tíma sem það var í gildi á árinu. Eftirlitsgjaldið skal renna beint til Orkustofn-

unar og vera innheimt af henni. Aðför má gera til fullnustu kröfum um eftirlitsgjald án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. febrúar ár hvert vegna síðasta almanaksárs.

3. 25. gr. falli brott.
4. Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:

Þar til nýtingar- og verndaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið gildi er heimilt, að aðgættum öðrum lagaskilyrðum, að veita nýtingarleyfi þeim rannsóknarleyfishöfum sem við gildistöku laga þessara hafa fengið útgefið rannsóknarleyfi með fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi.

Þar til nýtingar- og verndaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið gildi er heimilt að veita ný rannsóknarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokki a í fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og þeim kostum í umhverfisflokki b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við vegna umhverfisverðmæta.

Þar til nýtingar- og verndaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið gildi er hvorki heimilt að veita ný leyfi til nýtingar sem ekki falla undir 1. mgr. þessa ákvæðis né ný leyfi til rannsóknar á kostum sem ekki falla undir 2. mgr. þessa ákvæðis, nema fyrir liggi rannsóknir og mat sambærilegt því sem liggur til grundvallar niðurstöðum rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og að fengnu samþykki Alþingis.

Ákvæði 1.–3. mgr. taka ekki til leyfisveitinga vegna jarðefna, grunnvatns og jarðhita til annarra nota en raforkuvinnslu.

Um skilyrði fyrir veitingu leyfa til rannsókna og/eða nýtingar sem sótt hefur verið um fyrir gildistöku laga þessara en hafa þá ekki verið afgreidd skal fara í samræmi við lög nr. 57/1998 með þeim breytingum sem leiðir af lögum þessum.

5. Við ákvæði til bráðabirgða IV. Í stað orðanna „verndar- og nýtingaráætlun“ í 1. málsl. komi: nýtingar- og verndaráætlun.

# 1191. Nefndarálit [655. mál]

um frv. til l. um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samtstarfs í þágu friðar o.fl.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Veturliða Stefánsson og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Allsherjarnefnd skilaði nefndinni umsögn um málið samkvæmt beiðni.

Við brotthvarf varnarliðs Bandaríkjanna frá Íslandi 30. september 2006 leituðu íslensk stjórnvöld eftir samstarfi við aðrar þjóðir um varnir landsins. Af þeim sökum er nauðsynlegt að lögfesta lágmarksreglur um framkvæmd tiltekinna þjóðréttarsamninga sem varða réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilað að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 19. júní 1951 milli aðila að Norður-Atlantshafssamningnum um réttarstöðu liðsafla þeirra og samning frá 19. júní 1995 milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins og annarra ríkja sem eru aðilar að Samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra ásamt bókunum við þann samning frá 19. júní 1995 og 19. desember 1997. Samningurinn frá 1951, svonefndur „SOFA"-samningur, er grundvallarsamningur í alþjóðlegri hernaðar- og friðargæslu og nauðsynlegt fyrir Ísland að fullgilda samninginn ef unnt á að vera að leita til annarra ríkja um aðstoð eða hafa samvinnu á þessu sviði. Hið sama gildir um samninginn um Samstarf í þágu friðar ásamt viðbótarbókunum hans.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er að finna heimild fyrir utanríkisráðherra til að ákveða með auglýsingu að ákvæði laganna skuli einnig gilda um annan erlendan liðsafla sem dvelur á Íslandi og fellur ekki undir þá samninga sem tilgreindir eru í 1. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 69. gr. stjórnarskrárinnar er óheimilt að refsa mönnum nema fyrir hafi verið gild refsiheimild í lögum þegar verknaður var framinn. Að fengnu áliti allsherjarnefndar telur nefndin að ákvæðið fái staðist enda verði auglýsing ráðherra birt með fullnægjandi hætti, sbr. lög nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Meiri hlutinn telur þó rétt að styrkja ákvæðið með því að hnykkja á því að heimild ráðherra taki aðeins til alþjóðasamninga sem eru skuldbindandi fyrir Ísland að þjóðarétti.

Í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að það varði refsingu að skýra frá án leyfis, taka eða birta myndir af tilteknum mannvirkjum, búnaði eða aðgerðum. Gáleysisbrot og ásetningsbrot eru lýst refsiverð. Í áliti allsherjarnefndar er vakin athygli á því að rétt sé að gera þá kröfu að svæði þar sem slík mannvirki er að finna verði ætíð tryggilega merkt. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið og leggur til breytingar á 3. mgr. 6. gr. þess efnis að skýrt verði kveðið á um skyldu til að girða af bannsvæði eða merkja tryggilega það svæði sem ákvæðið nær til svo ekki fari á milli mála að sérstakar reglur gildi um það.

Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir rita undir nefndarálitið með fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Össur Skarphéðinsson. með fyrirvara. | Jón Kristjánsson. |
| Drífa Hjartardóttir. | Jón Gunnarsson, með fyrirvara. | Sæunn Stefánsdóttir. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara. | | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |

## 1192. Breytingartillögur [655. mál]

við frv. til l. um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar (HBl, ÖS, JónK, DrH, JGunn, SæS, ÞSveinb, SÞorg.)

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „alþjóðasamninga sem“ í 2. mgr. komi: alþjóðasamninga sem eru skuldbindandi fyrir Ísland að þjóðarétti og.
2. Við 6. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Hver sá sem með gáleysi eða ásetningi skýrir án leyfis frá hernaðarundirbúningsaðgerðum eða tekur eða birtir myndir hvers konar, þ.m.t. loftmyndir, af hernaðarmannvirkjum, birgðaskemmum eða búnaði erlends liðsafla skv. 2. gr., skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum enda sé um að ræða auglýst bannsvæði sem sé afgirt eða för almennings inn á það eða um það bönnuð með merkjum eða með öðrum glöggum hætti.

## 1193. Nefndarálit [656. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Martin Eyjólfsson og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti.

Nefndin sendi málið til umsagnar hjá efnahags- og viðskiptanefnd og barst umsögn nefndinni 12. mars síðastliðinn. Þá bárust nefndinni frá utanríkisráðuneyti gögn og upplýsingar um starfsemi Útflutningsráðs.

Tilgangur frumvarpsins er annars vegar að tryggja áframhaldandi fjármögnun Útflutningsráðs en heimild til innheimtu markaðsgjalds fellur niður frá og með 1. janúar 2008. Hins vegar eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi og skipan funda samráðsnefndar atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð.

Í umsögn efnahags- og viðskiptanefndar er lögð áhersla á að innheimta markaðsgjalds verði ekki framlengd lengur en til 1. janúar 2010. Jafnframt er vakin athygli á því að kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis um frumvarpið er ekki í samræmi við efni þess þar sem umsögnin gerir ráð fyrir að markaðsgjald verði innheimt til frambúðar sem var upphaflega hugmyndin samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur fengið.

Í nefndinni var rætt um hvort rétt væri að fela utanríkisráðherra svo víðtækt vald að ákveða upp á sitt eindæmi hverjir sætu í samráðsnefnd skv. 1. gr. laganna.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu: Í fyrsta lagi að í 1. gr. verði kveðið á um að fulltrúar heildarsamtaka atvinnulífsins á Íslandi skuli eiga sæti í samráðsnefndinni. Í öðru lagi leggur nefndin til að heimild ráðherra til að setja reglugerð um starfsemi nefndarinnar verði gerð skýrari og honum m.a. heimilað að útfæra nánar hvaða samtök það eru sem eigi aðild að henni á hverjum tíma. Í þriðja lagi er svo lagt til að innheimta markaðsgjalds verði aðeins framlengd til ársins 2010.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Össur Skarphéðinsson. | Jón Kristjánsson. |
| Drífa Hjartardóttir. | Jón Gunnarsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir. |
| Steingrímur J. Sigfússon. | Sæunn Stefánsdóttir. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |

## 1194. Breytingartillögur [656. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir a-lið komi nýr stafliður sem orðist svo: Í stað orðanna „samtaka“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: helstu heildarsamtaka.
   b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Lokamálsliður 2. mgr. orðast svo: Honum er jafnframt heimilt, að fenginni umsögn samráðsnefndarinnar, að kveða nánar á í reglugerð um starfsemi nefndarinnar, m.a. um hvaða samtökum eða stofnunum verði veitt aðild að henni.
2. Við 2. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr.

niður frá og með 1. janúar 2010, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2010 vegna gjaldstofns ársins 2009.

## 1195. Nefndarálit [642. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Hreinsson prófessor, Val Árnason skrifstofustjóra frá menntamálaráðuneyti, Viðar Hreinsson og Sumarliða Ísleifsson frá Reykjavíkurakademíunni, Kjartan Ólafsson sagnfræðing og Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Guðna Th. Jóhannessyni sagnfræðingi, Kjartani Ólafssyni sagnfræðingi, Reykjavíkurakademíunni og þjóðskjalaverði.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði sérstakt safn, öryggismálasafn, sem á að varðveita öll skjöl og skráðar heimildir sem verið hafa í vörslum skilaskyldra aðila og snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991. Frumvarpið byggist á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði á síðasta ári á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi í júní 2006. Nefndinni var meðal annars falið að gera tillögur um tilhögun á frjálsum aðgangi fræðimanna að framangreindum gögnum og er frumvarpið afrakstur starfs nefndarinnar.

Í frumvarpinu er skilgreint hverjir geti talist til fræðimanna í skilningi þess, en það eru þeir sem hafa stundað fræðirannsóknir í hug- eða félagsvísindum og birt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi. Í ljósi athugasemda sem frumvarpinu fylgja og viðræðna við gesti telur nefndin ljóst að hugtakið „fræðimaður“ skuli skýrt rúmt við beitingu laganna, enda hafa fjölmargir aðrir en menn með próf í eiginlegum hug- og félagsvísindum stundað sagnfræðilegar rannsóknir. Nefndin telur einnig að hugtakið „hug- og félagsvísindi“ eigi að túlka rúmt og bendir meðal annars á að þær heimildir sem um er að ræða kunna að verða fróðlegt rannsóknarefni fyrir lögfræðinga.

Nefndin ræddi hvort fræðimanni væri heimilt að hafa samband við menn sem hann kæmist að að hefðu sætt eftirliti og kanna hvort þeir vildu gefa upplýsingar þótt þeir hafi kosið að njóta nafnleyndar. Í frumvarpinu er ekki að finna sérstakt ákvæði um þetta. Nefndin lítur svo á að þetta sé tvímælalaust heimilt, enda verði gætt fyllsta trúnaðar, en telur ekki þörf á að taka það fram í sjálfum frumvarpstextanum.

Nefndin bendir á að eðlilegt sé að þeir sem vilja kynna sér gögn í hinu nýja öryggismálasafni geti gert það um leið og skráningu tiltekinna skjala sé lokið en þurfi ekki að bíða uns lokið er skráningu allra skilaskyldra skjala.

Nefndin telur rétt að náinn vandamaður látins einstaklings njóti sama réttar til aðgangs að gögnunum og hann hefði notið sjálfur skv. 1. mgr. c-liðar 1. gr. (19. gr.) og leggur því til breytingu þess efnis. Til að gæta samræmis leggur nefndin einnig til breytingu á 5. mgr. b-liðar 1. gr. (18. gr.) enda telur nefndin mikilvægt að tryggja réttarstöðu náins vandamanns látins einstaklings við þær aðstæður sem þar er fjallað um þannig að opinber birting umræddra upplýsinga verði háð samþykki. Með nánum vandamanni getur eftir atvikum verið átt við eftirlifandi maka hins látna, börn, barnabörn eða systkini. Leita ber eftir afstöðu þess-

ara aðila eftir ákveðnu fyrirkomulagi. Ef maki veitir samþykki eða synjar þess er sú ákvörðun endanleg en að maka gengnum bæri að leita eftir afstöðu barna, síðan barnabarna ef engin börn eru á lífi og loks systkina ef ekki eru niðjar á lífi. Nefndin telur að ekki sé ástæða til að taka tillit til afstöðu til annars vandamanns nema sérstaklega standi á. Fallist Þjóðskjalasafn Íslands ekki á að þær aðstæður séu fyrir hendi er sú ákvörðun kæranleg til menntamálaráðherra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Björgvin G. Sigurðsson. |
| Dagný Jónsdóttir. | Kjartan Ólafsson. | Mörður Árnason. |
| Kolbrún Halldórsdóttir. | | Jón Kristjánsson. |

## 1196. Breytingartillaga [642. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr.

a. 1. málsl. 5. mgr. b-liðar (18. gr.) orðist svo: Eftir því sem skráningu mála í öryggismálasafni vindur fram skal Þjóðskjalasafn Íslands skrifa þeim einstaklingum sem á lífi eru eða nánum vandamanni hins látna, sbr. 19. gr., bréf komi fram upplýsingar í gögnum öryggismálasafns um þá sem falla undir 3. mgr. og kanna hvort þeir vilji veita samþykki sitt fyrir því að birta megi opinberlega upplýsingar um þá.

b. Við c-lið (19. gr.) bætist ný málsgrein er orðist svo:
Nú er maður látinn sem upplýsingar varða skv. 1. mgr. og getur þá maki hans, börn og barnabörn, sem náð hafa 18 ára aldri, óskað eftir aðgangi að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. Hið sama gildir um systkini hins látna eigi hann ekki á lífi maka, börn eða barnabörn.

# 1197. Nefndarálit [443. mál]

um frv. til l. um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergdísi Ellertsdóttur og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Kristján Sturluson, Sólveigu Ólafsdóttur og Helgu Þórólfsdóttur frá Rauða krossi Íslands, Guðrúnu D. Guðmundsdóttur og Brynhildi G. Flóvenz frá Mannréttindaskrifstofu Íslands og Árna Múla Jónasson frá Íslandsdeild Amnesty International.

Málið var sent út til umsagnar og bárust nefndinni umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Flugmálastjórn, Hjálparstarfi kirkjunnar, Íslandsdeild Amnesty International, landlækni, Landssambandi lögreglumanna, Ljósmæðrafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rauða krossi Íslands, Samtökum heilbrigðisstétta, Samtökum hernaðarandstæðinga, Tollvarðafélagi Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Auk þess bárust nefndinni athugasemdir frá Elíasi Davíðssyni.

Þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum má rekja aftur til ársins 1950 þegar lögreglumenn fóru til starfa í Palestínu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og þátttaka Íslands í alþjóðlegri friðargæslu markvisst verið efld undanfarin ár. Af þeim sökum var orðið brýnt að setja lagaramma utan um starfsemina og kveða nánar á um í lögum hvaða verkefni heyra undir friðargæslu, um réttarstöðu friðargæsluliða, réttindi þeirra og skyldur o.fl. Markmið frumvarpsins er að skjóta styrkari lagastoðum undir þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu og setja reglur um ýmis atriði sem til þeirrar starfsemi heyrir, m.a. um réttarstöðu starfsmanna.

Ágreiningur varð í nefndinni fyrst og fremst um orðalag 1. gr. frumvarpsins en nefndin var að öðru leyti sammála um breytingartillögur við frumvarpið sem meiri hlutinn leggur til. Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til að 6. gr. frumvarpsins verði felld brott. Sú breyting hefur fyrst og fremst í för með sér að almennar reglur 12. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eigi við þegar metið er hvort friðargæsluliði hafi í störfum sínum farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar. Ekki þótti ástæða til að lögfesta sérreglur að þessu leyti um starfsemi friðargæsluliða enda er ákvæði 12. gr. almennra hegningarlaga þannig orðað að þær sérstöku aðstæður sem friðargæsluliðar starfa við hljóta að koma til skoðunar hjá dómstólum við beitingu ákvæðisins. Til samræmis við breytingu á 6. gr. er lögð til breyting á 5. gr. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við ákvæði í 7. gr., er verði 6. gr., þess efnis að þrátt fyrir ákvæði um þagnarskyldu í starfi hvíli sú skylda á friðargæsluliðum að upplýsa vinnuveitanda sinn, utanríkisráðuneytið, ef þeir verða varir við háttsemi sem talist geti mannréttindabrot. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að utanríkisráðuneyti fái skilyrðislaust upplýsingar ef slík háttsemi á sér stað á starfssvæði friðargæsluliða. Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til lagfæringar á 10. gr. frumvarpsins þess efnis að tiltekin ákvæði laga nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna, gildi ekki um friðargæsluliða en það er í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins um réttarstöðu friðargæsluliða. Loks leggur meiri hlutinn til smávægilegar lagfæringar á 11. og 12. gr. frumvarpsins.

Í nefndinni var m.a. rætt um nauðsyn þess að setja friðargæsluliðum siðareglur en í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem skyldar friðargæsluliða til að undirgangast siðareglur sem utanríkisráðherra setur. Fyrir nefndina voru lögð drög að siðareglum fyrir

friðargæsluliða. Meiri hlutinn leggur áherslu á að vel verði vandað til gerðar siðareglna og þær settar sem fyrst eftir gildistöku laganna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Jón Kristjánsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |

## 1198. Breytingartillögur [443. mál]

við frv. til l. um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar (HBl, JónK, DrH, SæS, SÞorg).

1. Við 5. gr. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: og fer um refsiábyrgð þeirra eftir almennum hegningarlögum og sérrefsilögum.
2. Við 6. gr. Greinin falli brott.
3. Við 7. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er friðargæsluliða í öllum tilvikum rétt og skylt að láta utanríkisráðuneyti í té upplýsingar um atvik sem hann hefur orðið áskynja í starfi sínu og geta talist brot á alþjóðlegum mannréttinda- og mannúðarsamningum sem íslenska ríkið er aðili að.
4. Við 10. gr. Á eftir „70/1996“ komi: og 5. og 6. gr. laga nr. 139/2003.
5. Við 11. gr. Í stað orðanna „aðildar að stéttarfélagi og til greiðslu í lífeyrissjóð“ í 2. málsl. komi: greiðslu í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.
6. Við 12. gr. Við greinina bætist: sem fjármálaráðherra setur í samráði við utanríkisráðherra.

## 1199. Breytingartillögur [541. mál]

við frv. til l. um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

1. Við 8. gr. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: Gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem ekki eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða EFTA-ríkja eða Færeyingar.
2. Við 22. gr. 3. tölul. 1. mgr. c-liðar orðist svo: Gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem ekki eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða EFTA-ríkja eða Færeyingar.

# 1200. Tillaga til þingsályktunar [704. mál]

um minningu tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta.

Flm.: Geir H. Haarde, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra,
Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að undirbúa hvernig minnast eigi þess að 17. júní 2011 verða liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta.

Stjórnmálaflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi tilnefni hver um sig einn í nefndina, forseti Alþingis einn og Hrafnseyrarnefnd einn.

Forsætisráðuneyti láti nefndinni í té starfsaðstöðu.

Nefndin geri fyrstu tillögur eigi síðar en í árslok 2008 en vinni síðan að undirbúningi hátíðarhalda á árinu 2011. Nefndin leiti enn fremur eftir tillögum frá stofnunum og samtökum sem tengjast minningu Jóns Sigurðssonar forseta.

## Greinargerð.

Jón Sigurðsson forseti fæddist að Hrafnseyri við Arnarfjörð 17. júní 1811. Hann þótti einn lærðasti stjórnmálamaður Íslands á sinni tíð og sennilega mun enginn stjórnmálamaður nokkurrar þjóðar hafa látið sögu lands síns þjóna málstað nútíðarinnar af slíkri kostgæfni og með jafnríkum árangri og Jón Sigurðsson.

Jón dvaldist lengstan hluta ævi sinnar í Kaupmannahöfn. Þangað sigldi hann árið 1833 og dvaldist þar óslitið við nám og störf til ársins 1845. Tveimur árum eftir komuna til Kaupmannahafnar tengdist Jón Árnasafni þar sem þjóðargersemar Íslendinga, handritin, voru geymdar. Átti hann eftir að starfa þar meira og minna alla tíð síðan, enda varð hann með tímanum helsti sérfræðingur 19. aldar í íslenskum miðaldahandritum. Auk starfa við Árnasafn vann Jón geysimikið fyrir ýmsar aðrar stofnanir og félög á sviði íslenskra fræða, en þau urðu ævistarf hans utan stjórnmálanna. Aldrei hafði hann þó að föstu starfi að hverfa.

Jón Sigurðsson hóf stjórnmálastarfsemi sína um þrítugsaldur þegar hann og nokkrir félagar hans réðust í útgáfu Nýrra félagsrita sem urðu höfuðmálgagn hans í 30 ár. Vorið 1845 hélt Jón áleiðis til Íslands til að sitja fyrsta þing hins endurreista Alþingis fyrir Ísafjarðarsýslu. Frá endurreisn Alþingis varð Jón Sigurðsson forustumaður í öllum störfum þess. Skoðanir hans og stefnumál mótuðu þingið fyrstu árin og má segja að andi hans hafi svifið þar yfir vötnum allt til þessa dags. Hann var tíu sinnum kjörinn forseti þingsins og hefur enginn maður gegnt þeirri stöðu jafnlengi.

Þó að Jón sé nú best þekktur fyrir þátt sinn í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga var hann einnig með mestu fræðimönnum landsins á sínum tíma. Sú skoðun er almenn að enginn hafi verið betur að sér um allt það er viðkom sögu landsins að fornu og nýju en Jón Sigurðsson. Fljótlega eftir komuna til Kaupmannahafnar gekk Jón í Hið íslenska bókmenntafélag og fékk mikinn áhuga á starfsemi þess. Í Bókmenntafélaginu var hann kosinn til forustu árið 1851, sama ár og þjóðfundurinn var haldinn, og strax þá jókst bókaútgáfa og umsvif Bókmenntafélagsins.

Jón Sigurðsson varð fyrsti formaður Þjóðvinafélagsins, og virðist hann hafa séð að mestu leyti um Almanak þess meðan hann lifði, eða árgangana 1875–1880.

Eiginkona Jóns var Ingibjörg Einarsdóttir. Þau voru gefin saman í hjónaband í Dómkirkjunni í Reykjavík haustið 1845.

Jón Sigurðsson andaðist í Kaupmannahöfn 7. desember 1879 eftir nokkurra mánaða erfið veikindi. Ingibjörg, kona hans, sem hafði verið við sjúkrabeð manns síns, lést svo níu dögum síðar en hann. Þau hjón hvíla í kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík. Á silfursveig sem Íslendingar í Höfn settu á kistu Jóns standa þessi fleygu orð: *Óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur.*

Alþingi samþykkti á lýðveldisárinu 1944 þingsályktun þar sem nefnd þeirri sem fela átti að undirbúa hátíðarhöld við lýðveldisstofnunina var jafnframt falið að „rannsaka og gera tillögur um nauðsynlegar framkvæmdir á Rafnseyri við Arnarfjörð, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar". Ári síðar samþykkti Alþingi áskorun til ríkisstjórnarinnar um að skipa nefnd til að stýra framkvæmdum á Rafnseyri. Hrafnseyrarnefnd tók til starfa árið 1945 og skipa hana fimm einstaklingar og er formaður skipaður af forsætisráðherra sem skipar aðra nefndarmenn samkvæmt tilnefningu.

Á vegum Hrafnseyrarnefndar var árið 1980 opnað safn til minningar um Jón Sigurðsson. Þar er að finna ljósmyndasýningu um líf og starf Jóns Sigurðssonar. Sama ár var vígð á Hrafnseyri minningarkapella Jóns Sigurðssonar. Þá beitti nefndin sér fyrir endurgerð á gamla torfbænum á Hrafnseyri, fæðingarbæ Jóns, sem var upphaflega reistur um aldamótin 1800 af afa hans og alnafna. Bærinn var tekinn formlega í notkun árið 1997. Einnig gengst nefndin fyrir hátíðarhöldum á Hrafnseyri hinn 17. júní á ári hverju.

Jónshús í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður gaf það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Þau hjón bjuggu í húsinu frá árinu 1852 allt til dauðadags, 1879. Húsið er við Øster Voldgade, númer 12. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu. Þar er nú félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, minningarsafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu, bókasafn o.fl. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið, íslenski söfnuðurinn og sendiráðspresturinn og fleiri aðstöðu í húsinu. Þá er íbúð umsjónarmanns í húsinu, en þar var áður íbúð sendiráðsprests meðan hann gegndi jafnframt stöðu umsjónarmanns hússins. Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri Jónshúss í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar.

Árið 2011 verða 200 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Gerð er tillaga um að Alþingi álykti af því tilefni að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að undirbúa hvernig minnast eigi þeirra tímamóta. Lagt er til að í nefndina tilnefni stjórnmálaflokkar á Alþingi einn fulltrúa hver, forseti Alþingis einn og Hrafnseyrarnefnd einn.

Lagt er til að forsætisráðuneytið láti nefndinni í té starfsaðstöðu. Gert er ráð fyrir því að nefndin geri fyrstu tillögur eigi síðar en í árslok 2008 en vinni síðan að undirbúningi hátíðarhalda á árinu 2011. Nefndinni ber að leita eftir tillögum frá stofnunum og samtökum sem tengjast minningu Jóns Sigurðssonar forseta.

Á árinu 2011 verða jafnframt liðin 100 ár frá stofnun Háskóla Íslands, en skólinn var stofnaður á aldarafmæli Jóns forseta. Þess má vænta að Háskólinn efni til hátíðarhalda af því tilefni. Það kemur þá í hlut þeirrar nefndar, sem hér er gerð tillaga um, að leita eftir samstafi við Háskólann ef það þykir henta.

Meðal þess sem nefndinni er ætlað að huga að í aðdraganda hátíðarhaldanna á árinu 2011 er að efla kynningarstarf um þjóðfrelsishetjuna Jón Sigurðsson, huga að framtíðaruppbyggingu á Hrafnseyri og bæta umhverfi staðarins. Enn fremur að ráðast í endurbætur á safni Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri sem staðið hefur óbreytt í 26 ár. Loks er að nefna endurnýjun safns Jóns Sigurðssonar og konu hans Ingibjargar Einarsdóttur í Jónshúsi Kaupmannahöfn.

# 1201. Nefndarálit [667. mál]

um frv. til l. um íslenska alþjóðlega skipaskrá.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Svanhvíti Axelsdóttur frá samgönguráðuneyti og Hermann Guðjónsson frá Siglingastofnun Íslands. Auk þess komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Félagi skipstjórnarmanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Samskipum, Eimskipi, Sjómannasambandi Íslands og Sjómannafélagi Íslands. Umsögn um málið hefur borist frá Sjómannafélagi Íslands.

Megintilgangur frumvarps þessa er að stuðla að skráningu kaupskipa á Íslandi, en með kaupskipi er átt við hvert það skip sem flytur farm og/eða farþega gegn endurgjaldi í siglingum milli landa og farmflutningum innan lands og er 100 brúttótonn eða stærra. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á stofn íslensk alþjóðleg skipaskrá sem verði vistuð hjá Siglingastofnun Íslands. Á skipaskrá verður heimilt að skrá kaupskip í millilandasiglingum og er markmiðið fyrst og fremst að kaupskip íslensku útgerðanna skrái skipin sín hér á landi í stað þess að þau séu skráð erlendis og sigli undir erlendum þjóðfána. Með frumvarpinu er jafnframt stefnt að því að erlendar kaupskipaútgerðir sjái hag sinn í því að skrá skip sín hér á landi.

Samhliða frumvarpi þessu leggur fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um skattlagningu kaupskipaútgerðar (660. mál) sem varðar þær breytingar sem nauðsynlegt er að gera á skattalögum til að tilgangi með stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár verði náð.

Nefndin leggur m.a. til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til leiðrétting á 1. mgr. 4. gr. og síðari málslið 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um skilyrði skráningar kaupskipa á Íslandi á íslenska alþjóðlega skipaskrá.
2. Lagt er til að 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins um kjör skipverja í áhöfn kaupskips verði felld niður.

Nefndin leggur til að frumvarp þetta verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hjálmar Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðjón A. Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 14. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Anna Kristín Gunnarsdóttir. | Kristján L. Möller. |
| Kjartan Ólafsson. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Jón Kristjánsson. |

## 1202. Breytingartillögur [667. mál]

við frv. til l. um íslenska alþjóðlega skipaskrá.

Frá samgöngunefnd.

1. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:
   Skilyrði skráningar er að eigandi kaupskips sé íslenskur ríkisborgari, ríkisborgari annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríkis að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu, Færeyingur eða lögaðili skráður á Íslandi.
2. Á eftir orðinu „Siglingastofnun“ í 4. mgr. 5. gr. komi: Íslands.
3. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „Færeyja“ í 1. mgr. komi: Færeyingar.
   b. 4. mgr. falli brott.
   c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Mönnun kaupskipa.*

## 1203. Nefndarálit [668. mál]

um frv. til l. um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti og Braga Guðbrandsson frá Barnaverndarstofu.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Einnig er í frumvarpinu mælt fyrir um stöðu nefndarinnar og valdheimildir hennar. Frumvarpið er til komið vegna nýlegrar umfjöllunar um rekstur vistheimilisins Breiðavíkur á árunum 1950–1980, en rétt þykir að kanna jafnframt hliðstæðar stofnanir og sérskóla sem börn dvöldu í.

Nefndin bendir á að frumvarpið girðir ekki fyrir að rannsókn nefndarinnar taki til einkaheimila sem börn hafa verið vistuð á fyrir tilstuðlan opinberra aðila. Jafnframt telur nefndin mikilvægt að í nefndina verði skipaður að lágmarki einn aðili með sérþekkingu á sviði barnaverndarmála.

Nefndin fagnar frumkvæði ríkisstjórnarinnar að því að hefja framangreinda rannsókn en bendir á að jafnframt er rétt að taka mið af þeim upplýsingum sem þegar eru komnar fram þannig að þær geti orðið stjórnvöldum að leiðarljósi við farsæla stjórn og eftirlit með barna- og unglingameðferðarheimilum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Björgvin G. Sigurðsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 13. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Guðjón Ólafur Jónsson. | Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara. |
| Birgir Ármannsson. | Guðrún Ögmundsdóttir. | Kjartan Ólafsson. |
| Sigurður Kári Kristjánsson. | Sigurjón Þórðarson. | |

## 1204. Breytingartillaga [387. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Frá Katrínu Júlíusdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni og Ögmundi Jónassyni.

Við 1. gr.

a. Orðið „barn“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
b. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: enda liggi fyrir skriflegt samþykki viðkomandi.
c. Á eftir orðunum „sem skal“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: eftir bestu vitund.
d. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: eða ekki.

## 1205. Nefndarálit [575. mál]

um till. til þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Umfjöllun nefndarinnar um samgönguáætlanirnar tvær sem samgönguráðherra mælti fyrir á Alþingi 19. febrúar sl. geta með engu móti talist fullnægjandi. Umfang áætlanagerðar í samgöngumálum, til fjögurra og tólf ára, er meira en svo að það geti talist boðleg vinnubrögð að þingnefnd hafi innan við mánuð til þess að kynna sér málin til hlítar. Þingmenn Samfylkingarinnar í nefndinni hafa fyrirvara við afgreiðslu samgönguáætlunar 2007–2010 en munu þó ekki greiða atkvæði gegn afgreiðslu hennar, m.a. vegna þess að hún kemur til endurskoðunar innan tveggja ára.

Samgönguáætlununum tveimur var dreift 12. febrúar sl. og alls hafa verið haldnir fjórir fundir í nefndinni þar sem áætlanirnar voru til umfjöllunar. Fjölmargir umsagnaraðilar hafa kvartað yfir því hve umsagnarfrestur var skammur. Vinnubrögð af þessu tagi bjóða upp á illa

ígrundaðar ákvarðanir og grunnskreiða umfjöllun, svo ekki sé minnst á mistökin sem svo yfirborðskennd vinnubrögð geta haft í för með sér. Vinnubrögðin sem höfð voru við afgreiðslu samgönguáætlunarinnar eru á ábyrgð meiri hlutans og geta vart talist Alþingi Íslendinga til sóma. Þau bera þess merki að alþingiskosningar eru í nánd. Í framtíðinni væri nær að leggja samgönguáætlanir fyrir á miðju kjörtímabili, t.d. á öðrum vetri þess, og reyna þannig að tryggja yfirvegaða og vandaða afgreiðslu þeirra.

Margir umsagnaraðilar gerðu veigamiklar athugasemdir við efni samgönguáætlananna en þó sérstaklega það sem varðar forgangsröðun í vegamálum. Í ítarlegri umsögn bæjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu og borgarstjórans í Reykjavík kom fram djúpstæð óánægja með hlut höfuðborgarsvæðisins í samgönguáætlun. Því var lýst að í mikið óefni stefndi í umferðarmálum höfuðborgarsvæðisins ef tillögurnar næðu óbreyttar fram að ganga. Óhætt er að taka undir gagnrýni framkvæmdastjóra sveitarfélaganna í Suðvesturkjördæmi og tveimur kjördæmum höfuðborgarinnar. Jafnframt liggur ljóst fyrir að samgöngur sums staðar á landsbyggðinni, svo sem á Vestfjörðum og Norðausturlandi, eru a.m.k. 30 árum á eftir öðrum landshlutum og koma í veg fyrir að byggðarlögin séu samkeppnishæf í atvinnulífi og byggðaþróun. Þá eru samgöngumál á Miðausturlandi ekki í takt við uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu og hindra eðlileg samskipti og atvinnusókn á milli svæða. Einnig er ljóst að þjóðvegakerfið í heild er orðið um og yfir 20 ára gamalt og þolir engan veginn svo mikla umferð á vegunum ekki síst þar sem viðhaldsfé hefur haldist nær óbreytt í áratug. Ljóst er að samgöngumál hafa verið stórlega vanrækt á undanförnum árum og kemur í hlut næstu ríkisstjórnar að vinna þá vanrækslu upp með stórauknum fjárframlögum til samgöngumála.

Í frumvarpi til vegalaga sem einnig hefur verið til umfjöllunar í samgöngunefnd er gert ráð fyrir þátttöku ríkisins í kostnaði við gerð hjólastíga og gangstíga. Sú breyting verður að teljast til bóta en óneitanlega skýtur skökku við að hvorki í samgönguáætlun til 2010 né í þeirri sem nær til 2018 er gert ráð fyrir fjárveitingu til lagningar hjóla- og gangstíga. Því miður verður því ekki séð að ríkisstjórnin muni standa við þessi fyrirheit sín í vegalögum.

Alþingi, 13. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Þórunn Sveinbjarnardóttir, frsm. | Kristján L. Möller. | Anna Kristín Gunnarsdóttir. |

## 1206. Breytingartillögur [20. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot).

Frá Ágústi Ólafi Ágústsyni, Björgvini G. Sigurðssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (1. gr.)
   Við 71. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. falla ítrekunaráhrif ekki niður þegar um er að ræða brot gegn 194.–202. gr. laga þessara.

b. (2. gr.)
Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. og 218. gr. a. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 18 ára aldri.

2. Við 1. gr. sem verði 3. gr. Greinin orðist svo:
Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna fellur brott.

3. Við 8. gr. Við greinina bætist einn nýr töluliður sem verði a-liður og orðist svo: 1. mgr. orðist svo:
Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum.

4. Við 9. gr. Við greinina bætist einn nýr töluliður sem verði a-liður og orðist svo: 1. mgr. orðist svo:
Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg eða barn, sem honum hefur verið trúað fyrir kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum.

5. Í stað 1. mgr. 12. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
Hver sem hefur tekjur eða annan ávinning af milligöngu um vændi annarra skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum.

## 1207. Nefndarálit [561. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björn Rögnvaldsson, Ingva Má Pálsson og Lilju Sturludóttur frá fjármálaráðuneyti og Þóreyju S. Þórðardóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Einnig bárust umsagnir um frumvarpið.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Breytingarnar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar í tilefni af samkomulagi Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Er í samkomulaginu stefnt að því að samhæfa útreikning lífeyrisréttinda með tilliti til mismunandi lífeyriskerfa. Í öðru lagi er lagt til að starfsmönnum alþjóðastofnana, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða alþjóðlegum samningum, verði að vissum skilyrðum uppfylltum veittur réttur til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins meðan á starfstíma þeirra erlendis stendur. Í þriðja lagi lúta þær breytingar sem í frumvarpinu felast að því að lækka iðgjaldaprósentu sveitarfélaga vegna kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Er gert ráð fyrir að iðgjaldið lækki úr 9,5% í 7,5% en heildariðgjald sveitarfélaga vegna starfsmanna grunnskóla sem eru í B-deild hækkaði úr 15,5% í 17,5% með tilkomu laga nr. 167/2006 þar sem kveðið er á um að mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð hækki úr 6% í 8%. Í samkomulagi

milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjufærslu vegna flutnings grunnskólans var svo um samið á sínum tíma að sveitarfélögin bæru ekki frekari ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum vegna kennara og er því þessi breyting nauðsynleg til að koma í veg fyrir að útgjöld sveitarfélaga hækki vegna hækkaðs mótframlags í B-deild sjóðsins.

Fram kom í umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um frumvarpið að sú lækkun sem hér sé lögð til hefði þýtt 1,7 milljörðum kr. lægri eignir sjóðsins nú ef reiknað væri með 7,5% viðbótarframlagi í stað 9,5% á árunum 1997–2006. Einnig kom fram að sé einungis litið til iðgjaldagreiðslna á árinu 2006 hefði lægra iðgjald haft í för með sér um 100 millj. kr. lægri eignastöðu sjóðsins og þá samsvarandi hækkun á bakábyrgð ríkissjóðs.

Nefndin bendir á að sú hækkun á iðgjaldi vinnuveitenda í lífeyrissjóð sem kveðið er á um í lögum nr. 167/2006 sem öðluðust gildi 1. janúar 2007 var almenn og stafaði annars vegar af auknu langlífi þjóðarinnar og hins vegar af aukinni örorku í þjóðfélaginu. Nefndin telur að eðlilegt hefði verið að fara aðra leið en þá sem hér er lögð til og hvetur til þess að áðurnefnt samkomulag, sem gert var vegna flutnings grunnskólans, verði endurskoðað.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Er annars vegar lagt til að lokamálsliður 1. gr. frumvarpsins falli brott enda er slíkt ákvæði þegar í 1. mgr. 7. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þar sem fram kemur að stjórn sjóðsins setji samþykktir í samræmi við lög sjóðsins og önnur lög um lífeyrissjóði. Hins vegar er lagt til að sá hluti gildistökuákvæðisins sem kveður á um afturvirkni 2. gr. verði í ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið enda er um tímabundið ákvæði að ræða. Tilgangur þess er sá að sveitarfélögin fái endurgreitt það sem þau hafa greitt frá áramótum, umfram það sem samið var um á sínum tíma, þ.e. við flutning grunnskólans.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Lokamálsliður falli brott.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 34. gr. laganna skal hlutfallið vera 7,5% frá 1. janúar 2007.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Katrín Júlíusdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 11. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Arnbjörg Sveinsdóttir. | Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara. | Kjartan Ólafsson. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Ögmundur Jónasson, með fyrirvara. |

# 1208. Nefndarálit [387. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Þegar frumvarp um vátryggingarsamninga var til umfjöllunar á 130. löggjafarþingi voru ákvæði í 82. gr. þess frumvarps nokkuð umdeild. Það sem helst var um deilt voru ákvæði þess efnis að heimila mætti söluaðilum persónutrygginga að leita upplýsinga um heilsufar annarra einstaklinga en tryggingartaka. Persónuvernd gerði verulegar athugasemdir við þetta og lagði til að orðin „eða annarra einstaklinga“ aftast í 2. mgr. 82. gr. frumvarpsins yrðu felld brott. Undir þetta tók minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar og fluttu þau Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Ágúst Ólafur Ágústsson og Ögmundur Jónasson breytingartillögu, samhljóða tillögu Persónuverndar. Sú breytingartillaga var felld.

**Túlkun Persónuverndar á 82. gr. laga nr. 30/2004.**

Vátryggjendur hafa á grundvelli þessarar lagagreinar farið fram á að vátryggingartakar veiti upplýsingar um heilsufar og sjúkrasögu foreldra sinna og systkina. Persónuvernd hefur frá því að lögin voru samþykkt í apríl 2004 gefið út álit (nr. 2005/103) þar sem meðal annars er metið lögmæti þess að afla heilsufarsupplýsinga um foreldra og systkini umsækjenda um líf- og sjúkdómatryggingar. Í því áliti kemur skýrt fram að Persónuvernd telur að um persónugreinanlegar upplýsingar sé að ræða:

„Enda þótt eyðublað geri ekki ráð fyrir því að umsækjandi nafngreini þessa ættingja eru þetta persónuupplýsingar, enda að jafnaði ljóst hverjir í hlut eiga.“

Um heimildarákvæði 2. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, segir Persónuvernd í áðurnefndu áliti:

„Af framangreindu ákvæði og skýringum við það í athugasemdum frumvarpsins má ráða að tryggingafélagi sé heimilt að afla upplýsinga um heilsufar skyldmenna til þess að meta hvort athuga þurfi heilsufar þess sem óskar vátryggingar. Vátryggjendum er m.ö.o. heimilt að spyrja um þessi atriði í þeim tilgangi að meta hvort rannsaka þurfi frekar núverandi eða fyrra heilsufar þess sem óskar vátryggingar. Enga heimild er hins vegar að finna fyrir vátryggjendur til að afla upplýsinga um hvort vátryggður sé líklegur til þess að fá eða þróa með sér tiltekna sjúkdóma í framtíðinni. Þvert á móti er vátryggjendum óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðaeiginleika manns og áhættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóma. Í ljósi þess banns verður að líta svo á að vátryggingafélagi sé óheimilt að afla upplýsinga um heilsufar skyldmenna sem eru til þess fallnar að veita vitneskju um erfðaeiginleika umsækjandans. Ber hér að hafa í huga að margir algengir sjúkdómar orsakast af samspili erfða- og umhverfisþátta. Verður því að líta svo á að öflun upplýsinga um arfgenga sjúkdóma foreldra og systkina jafngildi öflun upplýsinga um erfðaeiginleika umsækjandans sjálfs. Verður enda vart komið auga á það í hvaða tilgangi öðrum vátryggingafélag ætti að sækjast eftir upplýsingum um slíka sjúkdóma hjá einstaklingum.“

Í niðurstöðuorðum ofangreinds álits Persónuverndar segir:

„2. Öflun upplýsinga um arfgenga sjúkdóma foreldra og systkina umsækjenda er óheimil.“

**Umsögn Persónuverndar um fyrirliggjandi frumvarp.**

Eins og segir í greinargerð með frumvarpinu hefur risið vafi um ofangreint atriði. Þá segir í greinargerð að markmið þessa frumvarps sé að eyða þessum vafa. Í umsögn Persónuverndar frá 12. febrúar 2007 um fyrirliggjandi frumvarp kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemdir við frumvarpið út frá sjónarmiðum um skýrleika. Í umsögn frá 2. mars 2007 frá Persónuvernd segir að stofnunin telji mikilvægt að ákvæði um umrædda upplýsingavinnslu beri skýrlega með sér vilja löggjafans. Engu að síður kemur skýrt fram í báðum umsögnum Persónuverndar að stofnunin telji varhugavert að veita þessa heimild til upplýsingaöflunar. Í fyrri umsögn Persónuverndar segir:

„Skýrt skal tekið fram að Persónuvernd telur að meginstefnu varhugavert að heimila aðilum utan heilbrigðiskerfisins umfangsmikla skráningu eða aðra meðferð heilsufarsupplýsinga án þess að til komi upplýst samþykki hlutaðeigandi einstaklinga. Þá skal því haldið til haga að, eftir því sem Persónuvernd veit best, er sjaldgæft í framkvæmd að upplýsingar um heilsufar skyldmenna vátryggingartaka eða vátryggðs leiði til þess að tryggingafélög óski eftir frekari rannsókn á heilsufari umsækjanda á því tímamarki sem hann sækir um vátryggingu. Þvert á móti eru upplýsingarnar í reynd notaðar til þess að rökstyðja hærra iðgjald, setningu sérskilmála eða synjun um vátryggingu vegna þess að tryggingafélög telja líklegt að umsækjandi þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm í framtíðinni.“

Þá segir einnig í umsögninni:

„... bendir Persónuvernd á að útfrá sjónarmiðum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs er æskilegra að þessara upplýsinga sé ekki aflað. Persónuvernd bendir einnig á að engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á hversu miklar afleiðingar það kynni að hafa í för með sér fyrir vátryggingamarkaðinn að afla ekki upplýsinga um heilsufar skyldmenna s.s. um hversu mikið iðgjöld myndu hækka ...“

**Farið gegn sjónarmiðum Persónuverndar.**

Minni hlutinn tekur undir ofangreind sjónarmið Persónuverndar. Þá má vera ljóst að með samþykki þessa frumvarps er meiri hlutinn að taka afstöðu gegn sjónarmiðum persónuverndar og friðhelgi einkalífsins. Það harmar minni hlutinn og bendir á að fjölmargir umsagnaraðilar eru andsnúnir frumvarpi þessu og markmiðum þess. Má þar nefna Læknafélag Íslands sem galt varhuga við umræddum ákvæðum 82. gr. laganna við afgreiðslu þeirra 2004. Læknafélagið hefur sent nú sent nokkrar umsagnir við fyrirliggjandi frumvarp sem fylgja áliti þessu sem fylgiskjöl. Í þessum umsögnum segir Læknafélagið og áréttar það nú síðast í umsögn frá 12. mars 2007 að félagið telji að ákvæðið brjóti gegn mannréttindasáttmála Evrópu og íslensku stjórnarskránni. Er þetta sjónarmið rökstutt í umsögnum sem eru fylgiskjöl með áliti þessu.

**Mikil andstaða við málið.**

Fjölmargar umsagnir bárust um málið og eru margar þeirra andsnúnar umræddri heimild. Neytendasamtökin telja of langt gengið að heimila vátryggingafélögum að óska eftir upplýsingum um sjúkdóma í fjölskyldu vátryggingartaka. ASÍ leggst gegn frumvarpinu og segir m.a. í umsögn frá 8. mars sl.:

*„82. gr. laganna eftir breytingu gengur því tvímælalaust gegn þeirri vernd sem stjórnarskrá og alþjóðlegir sáttmálar eiga að veita borgurunum ...“*

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leggst gegn þessari heimild. Krabbameinsfélagið leggst gegn samþykkt frumvarpsins og leggur til að upplýsingaöflun um heilsufar annarra einstak-

linga verði óheimil. Talsmaður neytenda sendi inn umsögn þar sem lagt var til að afgreiðslu málsins yrði frestað og haft yrði víðtækara samráð við alla hagsmunaaðila áður en málið yrði afgreitt frá Alþingi.

**Of langt seilst við upplýsingaöflun.**

Minni hlutinn telur ljóst að deilurnar sem staðið hafa um ákvæði það sem fjallað er um í fyrirliggjandi frumvarpi munu ekki leysast þrátt fyrir að skýrleiki ákvæðisins sé aukinn. Afar umdeilanlegt er að löggjafinn veiti heimildir til upplýsingaöflunar um heilsufar einstaklinga án upplýsts samþykkis þeirra. Þá er ljóst að þrátt fyrir samþykkt fyrirliggjandi frumvarps verður þeirri staðreynd ekki eytt að tilgangur upplýsingaöflunar vátryggingarsala um heilsufar skyldmenna er til þess fallið að meta hvort umsækjandi þrói með sér ákveðna sjúkdóma. Ekki verður séð hvernig slíkri upplýsingaöflun sé ætlað að veita vitneskju um annað en erfðaeiginleika umsækjandans. Þannig er innbyrðis þversögn í lagagreininni sjálfri, a.m.k. eru mörkin afar óljós. Þá telur minni hlutinn of mikinn vafa leika á því að verið sé að brjóta alþjóðasamninga og stjórnarskrá líkt og Læknafélagið og ASÍ benda á og að þann þátt málsins þurfi að skoða mun betur en meiri hluti nefndarinnar hefur gert.

Í þessu máli vegast á annars vegar viðskiptahagsmunir tryggingasala og hins vegar persónuvernd og friðhelgi einstaklinga. Frumvarp þetta tekur afstöðu með viðskiptahagsmunum tryggingasala. Minni hlutinn styður hins vegar meginsjónarmið persónuverndar einstaklinga. Minni hlutinn telur of langt seilst í upplýsingaöflun um heilsufar einstaklinga og leggur því til breytingartillögu þar sem farið er fram á að foreldrar og systkini þurfi að veita samþykki sitt fyrir því að heilsufarsupplýsingar um þá séu veittar tryggingasölum. Auk þess leggur minni hlutinn til þá breytingartillögu að börn tryggingartaka verði undanskilin kröfu tryggingasala um heilsufarsupplýsingar nánustu fjölskyldumeðlima.

Alþingi, 12. mars 2007.

Katrín Júlíusdóttir, frsm. | Ágúst Ólafur Ágústsson. | Lúðvík Bergvinsson.

Ögmundur Jónasson.

---

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Læknafélagi Íslands. (8. febrúar 2007.)
II. Umsögn frá Læknafélagi Íslands (um breytingartillögu). (22. febrúar 2007.)
III. Umsögn frá Læknafélagi Íslands (um breytingartillögu). (6. mars 2007.)
IV. Umsögn frá Læknafélagi Íslands (um breytingartillögu). (8. mars 2007.)
V. Athugasemd frá framkvæmdastjóra Læknafélags Íslands. (12. mars 2007.)
VI. Athugasemd frá framkvæmdastjóra Læknafélags Íslands. (12. mars 2007.)
VII. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (8. febrúar 2007.)
VIII. Umsögn frá Krabbameinsfélagi Íslands. (12. febrúar 2007.)
IX. Athugasemd frá verkefnisstjóra hjá Krabbameinsfélagi Íslands. (16. febrúar 2007.)
X. Umsögn frá Krabbameinsfélagi Íslands (um breytingartillögu). (27. febrúar 2007.)
XI. Umsögn frá Persónuvernd. (12. febrúar 2007.)
XII. Umsögn frá Persónuvernd. (2. mars 2007.)
XIII. Umsögn frá Neytendasamtökunum. (12. febrúar 2007.)

XIV. Umsögn frá Neytendasamtökunum (um breytingartillögu). (26. febrúar 2007.)
XV. Umsögn frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. (15. febrúar 2007.)
XVI. Umsögn frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga (um breytingartillögu). (26. febrúar 2007.)
XVII. Umsögn frá talsmanni neytenda. (24. febrúar 2007.)

## 1209. Svar [687. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um Íslending í Greensville-fangelsinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Íslendingur sem nú afplánar 20 ára fangelsisdóm í Greensville-fangelsinu í Virginíufylki í Bandaríkjunum eigi þess kost að koma hingað til lands og ljúka afplánun hér?*

Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað komið að og beitt sér í umræddu máli. Í apríl árið 2000 óskaði umræddur fangi eftir flutningi til Íslands á grundvelli samnings um flutning dæmdra manna sem Ísland og Bandaríkin eiga aðild að. Samningurinn kveður á um að upprunaríki þess dæmda sem og það ríki þar sem viðkomandi hlýtur og afplánar dóm verði að fallast á flutning.

Dómsmálaráðuneytið á Íslandi féllst á flutningsbeiðnina í júní árið 2000 og var tilkynning þess efnis þegar send dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna. Ákvörðunarvald um beiðnir af þessu tagi liggur hjá fylkjunum, í umræddu tilviki hjá Virginíufylki, og var í marsmánuði árið 2001 tilkynnt um þá niðurstöðu að stjórnvöld þar hefðu hafnað beiðni um flutning.

Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað freistað þess að hreyfa við málinu á nýjan leik í samráði við foreldra hins dæmda sem búsettir eru í Virginíu. Haustið 2002 áttu fulltrúar sendiráðs Íslands í Washington meðal annars fund með starfsmannastjóra John Warner, öldungadeildarþingmanns frá Virginíu, og sendiráðið hefur í tvígang, árin 2003 og 2004, skrifað erindisbréf til þar til bærra stjórnvalda í Virginíufylki þar sem beiðni um flutning hefur verið ítrekuð. Báðum bréfum var svarað neitandi. Sendiráðið hefur enn fremur átt margvíslega fundi með fulltrúum fangelsisyfirvalda í Virginíufylki og dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna. Hið síðarnefnda hafnaði síðast framsalsbeiðni íslenskra stjórnvalda þann 15. maí sl.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir íslenskra stjórnvalda hefur ekkert þokast í málinu. Ástæðan er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi hefur Virginíufylki, samkvæmt samningi um flutning dæmdra manna, skýlausan rétt til þess að fallast á eða hafna beiðni um fangaflutning. Í öðru lagi er Virginía meðal þeirra fylkja Bandaríkjanna þar sem refsidómar eru hvað harðastir, auk þess sem ekki er gefinn kostur á skilorði. Í þriðja lagi er það mat skrifstofu saksóknara í því umdæmi þar sem hinn dæmdi braut af sér að eðli og alvarleiki afbrotsins hafi verið með þeim hætti að ekki sé unnt að fallast á flutning.

Úrræði íslenskra stjórnvalda eru því ekki ýkja mörg. Engu að síður hafa íslensk stjórnvöld beitt sér með formlegum og óformlegum hætti, en því miður án árangurs. Í samráði við ættingja hins dæmda munu íslensk stjórnvöld áfram freista þess að fá hinn dæmda fluttan til afplánunar á Íslandi. Í þessu skyni hyggst utanríkisráðherra rita bréf til ríkisstjóra Virginíufylkis, en í ljósi forsögunnar er tæpast tilefni til bjartsýni.

# 1210. Svar [582. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

1. *Hefur ráðherra fengið styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra til eigin verkefna? Ef svo er, hversu háar fjárhæðir og til hvaða verkefna? Sundurliðun óskast fyrir sl. fimm ár.*

Ráðherra hefur ekki fengið styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra til eigin verka enda slíkt ekki heimilt.

2. *Eru heimildir til slíkra styrkja og hvar er þær að finna?*

Heimildir fyrir slíkum styrkjum er að finna í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, en þar segir:

„Fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra skal varið til:

1. Byggingar þjónustumiðstöðva og dagvista, sbr. 2. og 3. tölul. 13. gr., og byggingar stofnana fyrir aldraða, sbr. 14. gr., en þó ekki til byggingar íbúða í eigu einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
2. Að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða, sbr. 2. og 3. tölul. 13. gr. og 14. gr., að frátöldum íbúðum í eigu einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
3. Viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila.
4. Reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum, sbr. 14. gr.
5. Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.“

Einnig segir í 2. mgr. 11 gr. sömu laga: „Samstarfsnefnd um málefni aldraðra gerir árlega tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úthlutun.“

3. *Hefur ráðherra veitt styrki úr sjóðnum til þriðja aðila, annarra en öldrunarstofnana? Ef svo er, til hverra og í hvaða tilgangi? Sundurliðun óskast fyrir sl. fimm ár.*

Í töflu sem fylgir svari þessu er listi yfir greidda styrki á árunum 2002–2006 (sjá 6. tölul. fyrirspurnarinnar). Hér er um að ræða framlög og styrki sem hvorki teljast til rekstrar- og stofnkostnaðar né til endurbóta.

4. *Í hvað hafa styrkir farið sem flokkast undir liðinn „ráðherra og aðrir styrkir“ í yfirliti yfir greiðslur úr sjóðnum frá 2006? Svar óskast sundurliðað eftir fjárhæðum, verkefnum og styrkþegum.*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu.

| Styrkþegi | Verkefni | Upphæð |
|---|---|---|
| Berglind Magnúsdóttir | Gerð fræðslumyndar um heilabilaða | 200.000 |
| Haukur Guðlaugsson og Gunnar Kvaran | Tónleikahald á öldrunarstofnunum | 669.751 |
| Morgunblaðið og Lögbirtingablað | Auglýsing um styrki | 40.795 |
| Samráðshópur um stöðu aldraðra | Ráðstefnuhald | 365.000 |
| Rósa Jónsdóttir, starfsmaður TM | Bókhald Framkvæmdasjóðs aldraðra | 200.000 |
| Landlæknisembættið | Gagnagrunnur á öldrunarsviði | 1.270.198 |
| HTR | Upplýsingarit, Ný sýn, prentun. | 447.558 |
| Landssamband eldri borgara | Upplýsingarit, Ný sýn. Til dreifingar með blaðinu Listin að lifa. | 876.900 |

5. *Hafa styrkþegar, sem fengið hafa greiðslur úr sjóðnum af liðnum „aðrir styrkir", verið upplýstir um að greiðslurnar væru úr Framkvæmdasjóðnum?*

Flestallir styrkir sem veittir eru úr sjóðnum eru tilkomnir vegna umsóknar um framlag úr sjóðnum.

6. *Í hvað er sú upphæð ætluð sem í yfirliti um áætlaðar greiðslur úr sjóðnum á þessu ári er á liðnum „aðrir styrkir – verkefni, kynningarefni og ýmis minni verkefni" og nemur 15 millj. kr.?*

Sú upphæð sem spurt er um er áætluð í upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir aldraða, gagnagrunn á öldrunarsviði (heildarlýsingar um þjónustu fyrir aldraða um allt land hjá landlæknisembættinu), starfsnefnd um framtíðarstaðsetningu öldrunarmála, m.a. könnun á flutningi málaflokksins til sveitarfélaga. Framangreind verkefni kosta um 10,6 millj. kr. Því sem eftir stendur, eða 4,4 millj. kr., verður ráðstafað í önnur verkefni sem stuðla að uppbyggingu í öldrunarþjónustu.

Í eftirfarandi töflu er listi yfir greidda styrki á árunum 2002–2006. Hér er um að ræða framlög og styrki sem hvorki teljast til rekstrar- og stofnkostnaðar né til endurbóta.

**Greiddir styrkir 2002–2006.**

| Styrkþegar | Verkefni | Fjárhæð, kr. |
|---|---|---|
| **2006** | | |
| Rannsóknastofa HÍ og LSH | Rannsóknir í öldrunarfræðum | 1.712.108 |
| Háskóli Íslands | Lektorsstaða, félagsvísindadeild HÍ | 5.052.745 |
| Berglind Magnúsdóttir | Gerð fræðslumyndar um heilabilaða | 200.000 |
| Samráðshópur um stöðu aldraðra | Ráðstefna un stöðu aldraðra á vinnumarkaði | 365.000 |
| Gunnar Kvaran, Haukur Guðlaugsson | Tónleikahald á öldrunarstofnunum | 669.751 |
| Landlæknisembættið | Gagnagrunnur á öldrunarsviði. Upplýsingar á interneti um þjónustu við aldraða | 1.270.198 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | Prentun bæklingsins Ný sýn | 447.558 |
| Landssamband eldri borgara | Vegna sendingar Listin að lifa og Ný sýn | 876.900 |
| Samstarfsnefnd um málefni aldraðra | Nefndarlaun og kostnaður | 577.977 |
| Landlæknisembættið | Könnun á vistunarþörf | 250.000 |
| Landlæknisembættið | Framkvæmdir á vistunarmati | 3.851.213 |
| Assessment & Intelligence system | Kennsluforrit fyrir notendur RAI | 656.455 |
| Pálmi Jónsson læknir | Þróun og aðlögun á RAI-mælitæki | 1.713.090 |
| **Samtals:** | | **17.642.995** |
| | | |
| **2005** | | |
| Rannsóknastofa HÍ og LSH | Rannsóknir í öldrunarfræðum | 1.612.720 |
| Háskóli Íslands | Lektorsstaða félagsvísindadeild HÍ | 4.759.434 |
| Ellimálaráð þjóðkirkjunnar | Sumardvöl eldri borgara | 300.000 |
| Assessment & Intelligence system | Kennsluforrit fyrir notendur RAI | 280.863 |
| Fjölskyldu- og skólaskrifstofa Ísafjarðar | Ferðastyrkur á ráðstefnu | 14.734 |
| Halldór S. Guðmundsson og Marta G. Bergmann | Sjálfsmat eldri borgara, verkefni | 1.077.320 |
| Landspítali | Vinna við skýrslugerð | 18.600 |
| Hanna Lára Steinsson | Demensomsorg i Norden, ráðstefna | 82.018 kr |
| Jón Snædal | Demensomsorg i Norden, ráðstefna | 71.678 |
| Oddný Vestmann | Vegna vinnu við vistunarmat | 132.592 |
| Pálmi Jónsson læknir | Þróun og aðlögun á RAI-mælitæki | 1.505.198 |
| Samstarfsnefnd um málefni aldraðra | Nefndarþóknun og kostnaður | 308.800 |
| **Samtals:** | | **10.793.594** |

| Styrkþegar | Verkefni | Fjárhæð, kr. |
|---|---|---|
| **2004** | | |
| Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili Kópavogi | Tónleikar fyrir vistmenn | 50.000 |
| Blaðið Málefni aldraðra | Styrkur vegna útgáfunnar | 30.000 |
| Höfn í Hafnarfirði | Verkefni varðandi heimaþjónustu | 500.000 |
| Gunnar Kvaran og Haukur Guðlaugsson | Tónleikahald á öldrunarstofnunum | 450.000 |
| Óperukórinn í Reykjavík | Tónleikahald á öldrunarstofnunum | 500.000 |
| Félag eldri borgara, Vopnafirði | Vegna þjónustumiðstöðvar og félagsstarfs | 500.000 |
| Ellimálaráð Þjóðkirkjunnar | Vegna sumardvalar eldri borgara | 300.000 |
| Boði, Svavar Sigurðsson | Forvarnastarf | 100.000 |
| Hrafn Pálsson | Útgáfa á hljómdisknum | 100.000 |
| Hjúkrunar- og dvalarheimilið Silfurtún | Neyðarhjúkrun | 75.000 |
| Bryndís Erlingsdóttir, sjúkraþjálfari | Ráðstefna í Noregi | 135.000 |
| Rannsóknastofa HÍ og LSH | Kaup á kennslubúnaði | 1.000.000 |
| Háskóli Íslands | Lektorsstaða, félagsvísindadeild HÍ | 4.485.800 |
| Margrét Sigurðardóttir | Ritgerð um MS | 7.000 |
| LHS rannsóknastofa | Rannsóknir í öldrunarfræðum | 1.550.200 |
| Djúpivogur | Rekstrarúttekt á hjúkrunarheimili | 500.000 |
| **Samtals:** | | **10.283.000** |
| | | |
| **2003** | | |
| Dr. Milkman | Rannsókn á neyslu lyfja á hjúkrunarheimilum | 103.450 |
| Margrét Sigurðardóttir | Rannsóknir á MS | 100.000 |
| Berglind Magnúsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir og Þórunn Björnsdóttir | Gerð myndbands um samskipti við heilabilaða | 300.000 |
| Lovísa Einarsdóttir | Vegna reksturs hjúkrunarheimilis í Danmörku | 45.000 |
| Helga Björk Haraldsdóttir | Verkefni í sálfræði hjá Hrafnistu | 336.000 |
| Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar | Hugbúnaðarþróun | 160.000 |
| Tónaljón | Tónlistarverkefni | 30.000 |
| Háskóli Íslands | Lektorsstaða, félagsvísindadeild HÍ | 4.222.000 |
| Jón Hermannsson, Tefra Film | Útbúa fræðsluefni fyrir útlendinga sem starfa við umönnun á sjúkrahúsum | 1.000.000 |
| Haukur Guðlaugsson og Gunnar Kvaran | Tónleikahald á öldrunarstofnunum | 1.000.000 |
| Heilbrigðisstofnun Austurlands | Vegna heilsueflingar og verndar aldraðra | 2.000.000 |
| LHS rannsóknastofa | Rannsóknir í öldrunarfræðum | 1.500.000 |
| **Samtals:** | | **10.796.450** |
| | | |
| **2002** | | |
| Utanríkisráðuneytið | Alþjóðaþing um málefni aldraðra | 500.000 |
| Þórunn Sveinbjörnsdóttir | Styrkur til ráðstefnuferðar | 150.000 |
| Helgi Hjálmsson | Styrkur til ráðstefnuferðar | 150.000 |
| Markarholt | Til undirbúningsrannsókna vegna áforma um byggingu athvarfa fyrir aldraðra | 1.000.000 |
| Landssamband eldri borgara | Styrkur til að sækja ráðstefnu í Berlín | 180.000 |
| Þórir Guðbergsson | Styrkur vegna bókarinnar „Lífsorka“ | 150.000 |
| Háskóli Íslands | Lektorsstaða, félagsvísindadeild HÍ | 4.222.000 |
| Nefnd um breytta ímynd | Verkefni, fá starfsmenn í öldrunarþjónustu | 3.000.000 |
| Landspítali – háskólasjúkrahús | Styrkur til geðsviðs LHS | 400.000 |
| Haukur Guðlaugsson og Gunnar Kvaran | Tónleikahald á öldrunarstofnunum | 300.000 |
| Söngskólinn í Reykjavík | Tónleikahald á heilbrigðisstofnunum | 150.000 |
| Svavar Sigurðsson | Forvarnastarf á meðal aldraðra | 10.000 |
| **Samtals:** | | **10.212.000** |

## 1211. Þingsályktun [449. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 577.

## 1212. Þingsályktun [571. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2006, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 849.

## 1213. Þingsályktun [572. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2006, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 850.

## 1214. Þingsályktun [51. mál]

um trjáræktarsetur sjávarbyggða.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 51.

# 1215. Frumvarp til laga [464. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna kemur kaflafyrirsögn er orðast svo: I. kafli, **Ríkisborgararéttur við fæðingu o.fl.**

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Gangi foreldrar barnsins í hjúskap öðlast barnið íslenskan ríkisborgararétt við hjúskapinn ef það hefur eigi gengið í hjúskap og er eigi fullra 18 ára.

3. gr.

5. gr. a laganna fellur brott.

4. gr.

Á undan 6. gr. laganna kemur kaflafyrirsögn er orðast svo: II. kafli, **Veiting ríkisborgararéttar með lögum.**

5. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Veiting ríkisborgararéttar með stjórnvaldsákvörðun,** með fimm nýjum greinum er orðast svo, og breytist greinatala annarra greina laganna samkvæmt því:

a. (7. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. er dómsmálaráðherra heimilt, að fenginni umsögn lögreglu og Útlendingastofnunar, að veita íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt umsókn sem borin er fram af umsækjanda sjálfum eða forsjármönnum hans hafi hann ekki náð 18 ára aldri, enda fullnægi hann skilyrðum 8. og 9. gr.

Heimild dómsmálaráðherra samkvæmt ákvæðum þessa kafla er bundin við þau mál þar sem vafalaust er að umsækjandi uppfylli lögmælt skilyrði. Er dómsmálaráðherra þó ávallt heimilt að vísa umsókn um ríkisborgararétt til ákvörðunar Alþingis sem eftir atvikum veitir umsækjanda ríkisborgararétt með lögum.

Ákvarðanir skv. 2. mgr. eru undanþegnar III.–V. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalögum, nr. 50/1996.

b. (8. gr.)

Um veitingu íslensks ríkisborgararéttar skv. 1. mgr. 7. gr. gilda eftirtalin búsetuskilyrði:

1. Umsækjandi hafi verið hér búsettur í sjö ár; ríkisborgari í einhverju Norðurlandanna þó einungis í fjögur ár.
2. Umsækjandi, sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara, hafi verið hér búsettur í þrjú ár frá giftingu eða stofnun staðfestrar samvistar, enda hafi hinn íslenski maki haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.

3. Umsækjandi, sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift, hafi verið hér búsettur í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
4. Umsækjandi, sem á íslenskan ríkisborgara að öðru foreldri, hafi verið hér búsettur í tvö ár, enda hafi hið íslenska foreldri haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
5. Umsækjandi, sem verið hefur íslenskur ríkisborgari en hefur gerst erlendur ríkisborgari, hafi verið hér búsettur í eitt ár.
6. Flóttamaður, sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna sem gerður var 28. júlí 1951, hafi verið hér búsettur sem slíkur í fimm ár. Sama gildir um mann sem fengið hefur dvalarleyfi hér á landi af mannúðarástæðum.

Skilyrði 1. mgr. miðast við fasta búsetu og lögheimili og samfellda, löglega dvöl hér á landi síðustu ár áður en umsókn er lögð fram. Heimilt er að víkja frá því skilyrði þótt dvöl umsækjanda hér hafi verið rofin allt að einu ári vegna tímabundinnar atvinnu eða af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna veikinda nákomins ættingja, en þó allt að þremur árum vegna náms erlendis. Sá tími, sem umsækjandi hefur átt hér lögheimili og dvöl, verður þó að vera að minnsta kosti jafnlangur þeim tíma sem hann verður samkvæmt áðurgreindum reglum að uppfylla.

Umsækjandi skal uppfylla skilyrði þess að fá búsetuleyfi útgefið af Útlendingastofnun. Umsækjandi skal jafnframt hafa slíkt leyfi þegar sótt er um íslenskan ríkisborgararétt nema hann sé undanþeginn skyldu til að hafa dvalarleyfi hér á landi.

c. (9. gr.)

Um veitingu íslensks ríkisborgararéttar skv. 1. mgr. 7. gr. gilda að öðru leyti eftirtalin skilyrði:

1. Umsækjandi hafi sannað með fullnægjandi hætti hver hann sé.
2. Umsækjandi sé starfhæfur og vel kynntur og leggi m.a. því til staðfestingar fram álit tveggja valinkunnra íslenskra ríkisborgara.
3. Umsækjandi hafi staðist próf í íslensku samkvæmt kröfum sem dómsmálaráðherra setur í reglugerð. Í reglugerð skal jafnframt mælt fyrir um undanþágur frá þessu skilyrði fyrir þá sem telja verður ósanngjarnt að gera þessa kröfu til.
4. Árangurslaust fjárnám hafi ekki verið gert hjá umsækjanda sl. þrjú ár, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann í vanskilum með skattgreiðslur.
5. Umsækjandi geti framfleytt sér hérlendis og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi sl. þrjú ár. Er umsækjanda skylt að sýna fram á að hann hafi framfært sig með löglegum hætti hér á landi og er dómsmálaráðuneytinu heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum því til staðfestingar.
6. Umsækjandi hafi ekki, hérlendis eða erlendis, sætt sektum eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða

háttsemi samkvæmt íslenskum lögum. Frá þessu má þó víkja að liðnum fresti sem hér greinir, enda sé ekki um að ræða endurtekin brot:

a. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnu einu ári frá því að brot var framið sem sætti sekt lægri en 50.000 kr.
b. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum þremur árum frá því að brot var framið sem sætti sekt að fjárhæð 50.000 kr. eða hærri.
c. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum sex árum frá því að fangelsisrefsing í allt að 60 daga var afplánuð.
d. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum átta árum frá því að fangelsisrefsing í allt að sex mánuði var afplánuð.
e. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum tíu árum frá því að fangelsisrefsing í allt að eitt ár var afplánuð.
f. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum 14 árum frá því að lengri fangelsisrefsing en eitt ár var afplánuð. Hið sama gildir um öryggisgæslu.

Þegar talið er að refsing sé úttekin með gæsluvarðhaldi, eða hún skilorðsbundin að öllu leyti, reiknast tíminn samkvæmt þessum tölulið frá því að viðkomandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldi eða skilorðsdómur kveðinn upp. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum þremur árum frá því að ákvörðun um skilorðsbundna ákærufrestun var tilkynnt.

Nú hefur ákvörðun um refsingu verið frestað skilorðsbundið og skal þá eftir atvikum miðað við skilyrði þau sem greinir í c–f-liðum þessa töluliðar.

d. (10. gr.)

Dómsmálaráðherra er einnig heimilt að veita íslenskan ríkisborgararétt barni sem fætt er hér á landi og hefur sannanlega ekki öðlast annan ríkisborgararétt við fæðingu og hefur ekki öðlast hann né átt rétt til að öðlast hann þegar umsókn um ríkisborgararétt er borin fram. Barnið skal hafa átt lögheimili og samfellda dvöl hér á landi frá fæðingu í að minnsta kosti þrjú ár.

Um börn þeirra sem fá ríkisborgararétt samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði 5. gr., nema öðruvísi sé ákveðið.

e. (11. gr.)

Sektir eða fangelsi allt að einu ári liggur við því að veita íslenskum yfirvöldum rangar upplýsingar við umsókn um ríkisborgararétt.

6. gr.

Á undan 8. gr. laganna, er verður 12. gr., kemur kaflafyrirsögn er orðast svo: IV. kafli, **Önnur ákvæði.**

7. gr.

Í stað tilvísunarinnar „8. gr.“ í 3. mgr. A-liðar 9. gr. b, 2. mgr. 11. gr. laganna og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lögin og tilvísunarinnar „9. gr. b“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: 12. gr.; og: 14. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi nema ákvæði 3. tölul. c-liðar 5. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2009.

# 1216. Frumvarp til laga [654. mál]

um breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl.

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

## I. KAFLI
## Breyting á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „Lögreglustjórar“, „lögreglustjóri“ og „lögreglustjóra“ í 1. málsl. 3. mgr. 2. gr., 2. málsl. 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 12. gr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur í viðeigandi tölu og beygingarfalli: sýslumaður.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43 30. mars 1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Tollstjórar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og sýslumenn, að undanskildum sýslumönnunum í Reykjavík og Keflavík.
b. Á eftir orðinu „tollstjórum“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. kemur: og sýslumönnum.
c. Á eftir orðinu „tollstjóra“ fyrra sinni í 1. málsl. 2. mgr. kemur: og sýslumanna.
d. Á eftir orðinu „tollstjóra“ síðara sinni í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eða sýslumanna.
e. Á eftir orðinu „tollstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eða sýslumanns.
f. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Tollstjórar og sýslumenn skulu hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmum sínum.

## III. KAFLI
## Breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Enginn má stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini sem ríkislögreglustjórinn gefur út.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkislögreglustjórinn getur falið sýslumönnum og lögreglustjórum að annast útgáfu ökuskírteina.

4. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjóri“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: útgefandi ökuréttinda.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. kemur: sýslumanns, að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík, en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer með það hlutverk.
b. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóri“ í 6. mgr. kemur: Útgefandi ökukennararéttinda.

6. gr.

Í stað orðanna „ríkislögreglustjóri“ og „ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 106. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjóri.

## IV. KAFLI
## Breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sýslumenn í hverju umdæmi skulu veita leyfisumsóknum viðtöku fyrir hönd lögreglustjóra umdæmisins.

8. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skulu bera einkennisfatnað eftir því sem ráðherra ákveður í reglugerð.

## V. KAFLI
## Breyting á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61 1. júní 1992, með síðari breytingum.

9. gr.

Á eftir orðinu „sýslumanns“ í 1. gr. laganna kemur: að höfðu samráði við lögreglustjóra.

## VI. KAFLI
## Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993, með síðari breytingum.

10. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: sýslumanns, að höfðu samráði við lögreglustjóra.

## VII. KAFLI
## Breyting á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998, með síðari breytingum.

11. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: lögreglustjóra; og orðið „lögreglustjóra“ í 2. málsl. sömu málsgreinar fellur brott.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „nema með leyfi ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: í atvinnuskyni nema með leyfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Orðið „lögreglustjóra“ í 4. málsl. 1. mgr. fellur brott.
d. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóra“ í 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: Lögreglustjóra.
e. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra.
f. Í stað orðanna „Ríkislögreglustjóri getur og“ í 2. málsl. 7. mgr. kemur: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu getur og, að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra.

13. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi lögreglustjóra, enda liggi fyrir staðfesting frá þar til bærum yfirvöldum um heimild fyrir innflutningi. Ákvæði þetta á aðeins við þegar um varanlegan útflutning er að ræða.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. kemur: lögreglustjóra.
b. 4. mgr. orðast svo:

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félagasamtökum leyfi til að selja skotelda í smásölu.

c. Orðin „lögreglustjóra og“ í 6. mgr. falla brott.
d. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 7. mgr. kemur: lögreglustjóra.

15. gr.

Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Lögreglustjóra.

16. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Í stað orðanna „Ríkislögreglustjóri“ og „ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjóri.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: lögreglustjóra.
b. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

19. gr.

Síðari málsliður 4. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um úðavopn, svo sem gasvopn og táragasvopn.

VIII. KAFLI

**Breyting á lögum um verslunaratvinnu, nr. 28 8. apríl 1998, með síðari breytingum.**

20. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. mgr. 12. gr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. og orðsins „lögreglustjóri“ í 1. málsl. 5. mgr. 23. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumaður.

IX. KAFLI

**Gildistaka.**

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 1217. Svar [674. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Birgis Ármannssonar um fjölda starfa í einstökum atvinnugreinum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvaða breytingar hafa orðið á fjölda starfa í einstökum atvinnugreinum á tímabilinu frá ársbyrjun 1995 til ársloka 2006? Óskað er eftir sundurliðun eftir árum og gert ráð fyrir að miðað verði við atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar.*

Eftirfarandi töflur sýna fjölda manna starfandi 16–74 ára eftir atvinnugreinum og hlutfallslega skiptingu árin 1995–2006.

**Starfandi fólk, 16-74 ára, eftir atvinnugreinum 1995–2006**

| *Ætlaður fjöldi* | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | % breyting milli 1995 og 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Alls** | **141.800** | **142.000** | **142.000** | **147.900** | **153.300** | **156.400** | **159.000** | **156.700** | **156.900** | **156.100** | **161.300** | **169.600** | **19,6** |
| **Landbúnaður og fiskveiðar** | **13.500** | **13.500** | **12.200** | **12.700** | **13.700** | **13.000** | **12.400** | **11.400** | **10.800** | **9.900** | **10.500** | **10.700** | **-20,6** |
| Landbúnaður | 6.500 | 6.400 | 5.900 | 6.500 | 6.500 | 6.900 | 6.400 | 6.000 | 5.700 | 5.400 | 5.500 | 6.400 | -2,4 |
| Fiskveiðar | 7.000 | 7.100 | 6.300 | 6.200 | 7.200 | 6.100 | 6.000 | 5.300 | 5.100 | 4.600 | 5.000 | 4.300 | -37,8 |
| **Framleiðslustarfsemi** | **35.100** | **34.500** | **36.200** | **37.300** | **35.400** | **35.900** | **36.000** | **36.100** | **34.100** | **35.000** | **35.000** | **36.300** | **3,5** |
| Fiskiðnaður | 9.000 | 8.400 | 7.900 | 7.400 | 6.100 | 6.700 | 6.800 | 6.400 | 5.400 | 5.400 | 4.800 | 4.100 | -54,8 |
| Annar iðnaður | 15.000 | 15.800 | 16.900 | 17.400 | 17.500 | 17.500 | 16.400 | 16.000 | 16.300 | 16.500 | 16.300 | 16.100 | 7,5 |
| Veitur | 1.400 | 1.100 | 1.200 | 1.500 | 1.200 | 1.300 | 1.500 | 1.500 | 1.600 | 1.600 | 1.500 | 1.500 | 4,5 |
| Mannvirkjagerð | 9.700 | 9.200 | 10.100 | 10.900 | 10.600 | 10.500 | 11.400 | 12.200 | 10.800 | 11.500 | 12.400 | 14.700 | 51,3 |
| **Þjónustustarfsemi** | **93.200** | **94.000** | **93.600** | **97.900** | **104.200** | **107.400** | **110.700** | **109.200** | **112.000** | **111.100** | **115.800** | **122.500** | **31,5** |
| Verslun og viðgerðarþjónusta | 19.100 | 19.400 | 20.100 | 20.600 | 21.200 | 21.900 | 23.200 | 21.400 | 20.600 | 19.900 | 22.500 | 23.600 | 23,5 |
| Hótel- og veitingahúsarekstur | 4.600 | 4.400 | 4.200 | 4.400 | 5.900 | 6.400 | 6.300 | 5.500 | 5.500 | 5.300 | 5.400 | 6.100 | 30,6 |
| Samgöngur og flutningar | 9.200 | 10.100 | 9.800 | 10.800 | 11.600 | 10.600 | 10.100 | 9.700 | 9.700 | 10.800 | 11.700 | 12.000 | 30,7 |
| Fjármálaþjónusta og tryggingar | 4.800 | 4.600 | 4.200 | 4.700 | 5.700 | 6.600 | 6.500 | 6.100 | 6.200 | 6.900 | 6.600 | 7.300 | 53,5 |
| Fasteignaviðsk. og ýmis þjón. | 8.600 | 8.800 | 8.900 | 9.500 | 11.100 | 13.000 | 13.500 | 13.300 | 14.300 | 14.500 | 15.000 | 15.100 | 76,0 |
| Opinber stjórnsýsla | 6.200 | 6.000 | 6.000 | 7.000 | 7.600 | 7.000 | 6.200 | 7.800 | 8.200 | 7.600 | 7.400 | 10.100 | 62,1 |
| Fræðslustarfsemi | 9.200 | 9.600 | 9.000 | 9.600 | 9.100 | 9.800 | 11.700 | 12.700 | 12.200 | 12.100 | 11.900 | 12.500 | 36,6 |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 21.000 | 20.900 | 20.900 | 20.700 | 21.300 | 20.600 | 22.100 | 21.600 | 24.800 | 23.000 | 24.500 | 24.600 | 17,4 |
| Önnur samfélagsleg þjónusta, menningarstarfsemi og ótilgr. | 10.600 | 10.400 | 10.300 | 10.600 | 10.700 | 11.400 | 10.900 | 11.200 | 10.500 | 11.100 | 10.800 | 11.300 | 6,4 |

Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands

Skýring: Atvinnugreinaflokkun er skv. ÍSAT 95

Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna

**Starfandi fólk, 16-74 ára eftir atvinnugreinum 1995–2006 (%)**

*Hlutfallsleg skipting*

| | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Alls** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** |
| **Landbúnaður og fiskveiðar** | **9,5** | **9,5** | **8,6** | **8,6** | **9,0** | **8,3** | **7,8** | **7,3** | **6,9** | **6,4** | **6,5** | **6,3** |
| Landbúnaður | 4,6 | 4,5 | 4,1 | 4,4 | 4,3 | 4,4 | 4,0 | 3,9 | 3,6 | 3,4 | 3,4 | 3,8 |
| Fiskveiðar | 4,9 | 5,0 | 4,4 | 4,2 | 4,7 | 3,9 | 3,8 | 3,4 | 3,3 | 2,9 | 3,1 | 2,6 |
| **Framleiðslustarfsemi** | **24,7** | **24,3** | **25,5** | **25,2** | **23,1** | **23,0** | **22,6** | **23,1** | **21,8** | **22,4** | **21,7** | **21,4** |
| Fiskiðnaður | 6,4 | 5,9 | 5,6 | 5,0 | 4,0 | 4,3 | 4,3 | 4,1 | 3,5 | 3,5 | 3,0 | 2,4 |
| Annar iðnaður | 10,6 | 11,1 | 11,9 | 11,8 | 11,4 | 11,2 | 10,3 | 10,2 | 10,4 | 10,6 | 10,1 | 9,5 |
| Veitur | 1,0 | 0,8 | 0,8 | 1,0 | 0,8 | 0,8 | 0,9 | 0,9 | 1,0 | 1,0 | 0,9 | 0,9 |
| Mannvirkjagerð | 6,9 | 6,5 | 7,1 | 7,4 | 6,9 | 6,7 | 7,1 | 7,8 | 6,9 | 7,4 | 7,7 | 8,7 |
| **Þjónustustarfsemi** | **65,7** | **66,2** | **65,9** | **66,2** | **67,9** | **68,7** | **69,6** | **69,7** | **71,4** | **71,2** | **71,8** | **72,3** |
| Verslun og viðgerðarþjónusta | 13,5 | 13,7 | 14,2 | 13,9 | 13,8 | 14,0 | 14,6 | 13,6 | 13,1 | 12,7 | 13,9 | 13,9 |
| Hótel- og veitingahúsarekstur | 3,3 | 3,1 | 2,9 | 3,0 | 3,9 | 4,1 | 4,0 | 3,5 | 3,5 | 3,4 | 3,4 | 3,6 |
| Samgöngur og flutningar | 6,5 | 7,1 | 6,9 | 7,3 | 7,6 | 6,8 | 6,4 | 6,2 | 6,2 | 6,9 | 7,2 | 7,1 |
| Fjármálaþjónusta og tryggingar | 3,4 | 3,2 | 3,0 | 3,2 | 3,7 | 4,2 | 4,1 | 3,9 | 4,0 | 4,4 | 4,1 | 4,3 |
| Fasteignaviðsk. og ýmis þjón. | 6,0 | 6,2 | 6,3 | 6,4 | 7,2 | 8,3 | 8,5 | 8,5 | 9,1 | 9,3 | 9,3 | 8,9 |
| Opinber stjórnsýsla | 4,4 | 4,2 | 4,2 | 4,7 | 4,9 | 4,5 | 3,9 | 5,0 | 5,2 | 4,9 | 4,6 | 5,9 |
| Fræðslustarfsemi | 6,5 | 6,7 | 6,4 | 6,5 | 6,0 | 6,3 | 7,4 | 8,1 | 7,8 | 7,8 | 7,4 | 7,4 |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 14,8 | 14,7 | 14,7 | 14,0 | 13,9 | 13,2 | 13,9 | 13,8 | 15,8 | 14,7 | 15,2 | 14,5 |
| Önnur samfélagsleg þjónusta, menningarstarfsemi og ótilgr. | 7,5 | 7,3 | 7,3 | 7,2 | 6,9 | 7,3 | 6,9 | 7,1 | 6,7 | 7,1 | 6,7 | 6,6 |

Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands

Skýring: Atvinnugreinaflokkun er skv. ÍSAT 95

# 1218. Svar [497. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um einstaklinga í kynáttunarvanda (transgender).

1. *Hvaða skilyrði þarf sá sem óskar eftir aðgerð til leiðréttingar á kyni að uppfylla? Hvaða mat fer fram, hver sér um það og í hverju felst það aðallega? Eru einhver tímamörk á slíku mati?*

Hvað varðar skilmerki aðgerða til leiðréttinga á kyni er fylgt ábendingum og stöðlum samtakanna The World Professional Association For Transgender Health (WPATH, áður þekkt sem Harry Benjamin International Gender Dysphoria Association, staðsett í Minneapolis, USA) eins og víðast hvar er gert í hinum vestræna heimi. Samkvæmt þeim verður einstaklingur að hafa sýnt mjög ákveðin einkenni þess að hafa lengi líði illa í eigin líkama og fundist að hann/hún hafi fæðst með rangt kyn. Viðkomandi verður að láta í ljósi mjög einlægan vilja til að skipta um kyn og hafa andlegan og líkamlegan styrk til að geta gengið í gegnum alla þá erfiðleika sem því eru samfara.

Þegar samráðshópur á vegum landlæknis til að sinna málefnum þessara einstaklinga hóf störf var höfð náin samvinna við kynfræðideildina við Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn og var þá miðað við vinnureglur þeirrar stofnunar. Þá var aldursmark aðgerða bundið við 25 ár en því hefur nú verið breytt í 21–22 ár til samræmis við það sem tíðkast t.d. í Danmörku.

Matið fer fram á þann veg að venjulega er viðkomandi vísað til einhverra þeirra aðila sem mest hafa komið að þessum málum hérlendis, þ.e. þeirra sem sitja í fyrrnefndum samráðshópi sem landlæknir hefur kallað saman. Viðkomandi fer síðan í fjölda viðtala þar sem ástand hans/hennar er metið klínískt og þá er áfram miðað við fyrrnefndar ábendingar; hann/hún er send(ur) í sálfræðilegt mat og blóðrannsóknir. Síðan er honum/henni vísað áfram í viðtöl til annarra nefndarmanna til viðtals. Þegar ákvörðun er tekin hefur viðkomandi hitt geðlæknana Óttar Guðmundsson og Tómas Zoega, kvensjúkdómalæknana Arnar Hauksson og Jens Guðmundsson og Jens Kjartansson lýtalækni. Hingað til hafa ekki verið nein tímamörk á slíku mati.

2. *Eru skurðaðgerðir til leiðréttingar á kyni framkvæmdar hér á landi? Ef svo er, hversu margir hafa farið í slíka aðgerð, sundurliðað eftir kyni? Hversu margir hafa verið sendir utan í slíkar aðgerðir og til hvaða landa?*

Hingað til hafa tvær aðgerðir verið gerðar hérlendis; ein á konu sem breytt var í karl og önnur á karli sem breytt var í konu. Enginn hefur verið sendur utan til aðgerðar fyrir atbeina samráðshópsins, en einstaklingar eru frjálsir að því að leita til annarra en þeirra sem skipa samráðshóp landlæknis. Ekki er vitað til þess að aðrir læknar eða heilbrigðisstarfsmenn hérlendis hafi sinnt málum sem þessum í heild.

3. *Eru til sérmenntaðir sálfræðingar, læknar eða félagsfræðingar á þessu sviði og er gerð krafa um það af hálfu yfirvalda að þeir sem sinna ráðgjöf á þessu sviði afli sér þekkingar á málefnum fólks í kynáttunarvanda?*

Þeir aðilar sem hingað til hafa sinnt þessu mati og þessum aðgerðum hafa allir aflað sér sérþekkingar á þessu sviði. Óttar Guðmundsson dvaldist hjá Preben Hertoft, prófessor í kynfræðum (sexologi) á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn í nokkra daga til að afla sér upplýsinga um framgangsmáta þessara aðgerða þar. Hann fór auk þess til Gautaborgar til að skoða

verklag Svía. Jens Kjartansson framkvæmdi nokkrar kynskiptiaðgerðir þegar hann var í sérnámi í Svíþjóð. Ekki hefur verið krafist neinnar sérstakrar menntunar á þessu sviði af hendi heilbrigðisyfirvalda, en leitað var til þeirra lækna íslenskra, sem helst hafa látið sig varða þessi mál.

4. *Hvaða stuðningsúrræði eru til fyrir þá sem láta breyta kyni sínu? Fá þeir sem hafa fengið höfnun hérlendis einhvern stuðning? Er samstarf eða sameiginleg stefnumótun á þessu sviði milli Norðurlanda- og Evrópuþjóða?*

Þeir aðilar sem farið hafa í kynskipti eru áfram í tengslum við lækna nefndarinnar. Hingað til hefur ekki verið boðið upp á nein sérstök félagsleg úrræði enda gengið út frá því að þetta sé einlægur vilji annars heilbrigðra einstaklinga og þeir eigi að geta séð sér farborða á sama hátt og áður. Hópurinn sem slíkur hefur ekki haft frekari afskipti af þeim aðilum sem hafa fengið neitun, enda gert ráð fyrir að þeir leiti sér hjálpar og aðstoðar í hinu hefðbundna heilbrigðiskerfi.

Eins og áður segir hefur nefndin verið í nánu samstarfi við kynfræðideildina á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn. Allar Norðurlandaþjóðirnar svo og flest Evrópulönd fylgja áðurnefndum staðli WPATH.

5. *Hverjar eru vinnureglur varðandi fæðingarvottorð þeirra sem fara í aðgerð til leiðréttingar á kyni?*

Þjóðskrá hefur í sinni vörslu fæðingarskýrslur allra sem fæðast hér á landi. Fyrir tæpum tólf árum barst Þjóðskrá í fyrsta skipti erindi um leiðréttingu á kyni einstaklings er gengist hafði undir aðgerð. Við því var orðið og hefur sami háttur verið hafður á síðan. Skiptir þá ekki máli hvort aðgerð fer fram hér á landi eða erlendis ef hún er samþykkt af þar til bærum stjórnvöldum. Eftir leiðréttingu á fæðingarskýrslu gefur Þjóðskrá út fæðingarvottorð sem ber með sér hið nýja kyn.

6. *Fjallar einhver nefnd um mál þeirra sem eru í kynáttunarvanda? Ef svo er, hvert er hlutverk slíkrar nefndar og hvenær hóf hún störf, hverjir sitja í henni og hversu oft hefur hún komið saman?*

Ekki er um eiginlega nefndarskipan að ræða, öllu fremur samráðshóp þeirra lækna sem hafa komið að þessum málum hér á landi, en Ólafur Ólafsson fyrrverandi landlæknir hafði frumkvæði að þessu fyrirkomulagi. Tilgangurinn mun fyrst og fremst hafa verið sá að kalla til hæfustu aðila til ráðuneytis áður en svo afdrifarík ákvörðun er tekin, tryggja að ákvörðun væri tekin á faglegum grunni og tryggja sem jafnasta möguleika allra, en hlutverk samráðshópsins er að sinna beiðnum og vandamálum þeirra einstaklinga sem eru í kynáttunarvanda. Nefndin hefur komið saman tvisvar til þrisvar á ári og hefur tíðni funda mótast af fjölda þeirra beiðna sem liggja fyrir.

7. *Hvenær geta einstaklingar með nýtt kyn fengið nýtt nafn og kennitölu? Hversu langur tími líður þar til slíkt er hægt? Hvaða möguleika hefur fólk til þess að skipta um nafn áður en leiðréttíng á kyni er framkvæmd? Hverjar eru vinnureglur Þjóðskrár í þessu sambandi?*

Sú verklagsregla hefur gilt hjá Þjóðskrá að hafi kyn einstaklings verið leiðrétt hér á landi er skráning þeirrar breytingar færð á fæðingarskýrslu og í tölvukerfi skrárinnar um leið og viðkomandi fær fullu nafni sínu breytt samkvæmt lögum um mannanöfn. Hafi leiðréttíng átt sér stað í útlöndum hefur viðkomandi undantekningarlaust lagt fram hjá Þjóðskrá gögn um nafnbreytingu í búsetulandi. Kennitölu er breytt samtímis óski viðkomandi þess. Kennitölu-

breyting er ekki nauðsynleg því kyngreining kemur ekki fram í íslensku kennitölunni eins og í kennitölum útgefnum í sumum löndum.

Í mannanafnalögum kemur skýrt fram að stúlka skuli bera kvenmannsnafn og vera með dótturkenningu til föður síns eða móður en drengur skuli bera karlmannsnafn og vera með sonarkenningu til föður síns eða móður, sbr. 5. og 8. gr. laga um mannanöfn, nr. 45/1996. Ef um ættarnöfn er að ræða eru undantekningar frá þessu. Samkvæmt þessum lagaákvæðum hefur Þjóðskrá litið svo á að sá sem hyggst fara í aðgerð hér á landi til leiðréttingar á kyni sínu geti ekki fengið nafni sínu breytt í þjóðskrá fyrr en eftir þá leiðréttingu. Þjóðskrá hefur ekki fengið til umfjöllunar erindi einstaklings sem búsettur er erlendis og hefur fengið þar nafnbreytingu áður en leiðrétting á kyni hefur átt sér stað.

## 1219. Breytingartillaga [542. mál]

við brtt. á þskj. 1190 [Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu].

Frá minni hluta iðnaðarnefndar (JÁ, KJúl, HHj).

1. efnismgr. 4. tölul. (ákvæði til bráðabirgða III) orðist svo:

Þar til nýtingar- og verndaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið gildi er ekki heimilt að veita nýtingarleyfi þeim rannsóknarleyfishöfum sem við gildistöku laga þessara hafa fengið útgefið rannsóknarleyfi með fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi nema að fengnu samþykki Alþingis.

## 1220. Svar [590. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum í óreiðu.

1. *Hvað líður áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu sem gera skal samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004?*

Í ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, segir að umhverfisráðherra í samvinnu við Umhverfisstofnun, samgönguráðherra, Hafnasamband sveitarfélaga og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skuli vinna áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu og kostnað sem af því leiðir. Skal áætlunin liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2005 og koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2006 og skal hreinsun lokið fyrir árslok 2008.

Umhverfisráðuneytið fól lögbundnum starfshópi um framkvæmd laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, að fjalla sérstaklega um áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu og kostnað sem af því leiðir í samræmi við áðurnefnt ákvæði til bráðabirgða.

Starfshópurinn skilaði tillögum í mars 2006 og bendir á að markmið laganna sé að vernda haf og strendur gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafs og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu

hafs og stranda. Starfshópurinn lagði þetta markmið til grundvallar í vinnu sinni, þ.e. hvort hafi og ströndum stafaði hætta af hugsanlegri mengun eða hvort flökin gætu stofnað öryggi manna í hættu. Skoðaði starfshópurinn málið nánar út frá þessu í samráði við Umhverfisstofnun sem tók að sér í samvinnu við Siglingastofnun og hafnaryfirvöld að kanna umfang verkefnisins. Starfshópurinn lagði eftirfarandi skiptingu og vinnuskilgreiningu til grundvallar í mati sínu:

*Vandræðaskip:* Skip sem hafnargjöld eru greidd fyrir en hafa legið óhreyfð við bryggju í nokkur ár hvort sem þau eru skráð eða óskráð.

*Óreiðuskip:* Skip í reiðileysi án verkefna eða haffæris og hafnargjöld hafa ekki verið greidd af.

*Flök:* Skipsflök á hafsbotni, strönduð eða uppi á fastalandi. Geta verið hvort sem er innan hafna eða utan.

Það er mat starfshópsins að óreiðuskip í höfnum séu verkefni viðkomandi hafna enda er það einkum hagsmunamál þeirra að leysa það vandamál. Í 2. mgr. 21. gr. hafnalaga er kveðið á um að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða af vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Höfn er jafnframt heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu hafnargjalda og fyrir förgunarkostnaði skips séu taldar verulegar líkur á að það lendi í reiðileysi innan hafnar. Höfn er enn fremur heimilt að láta fjarlægja skip á kostnað eiganda þegar rými hafnarinnar er takmarkað. Ef skip, bátar, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðum og veldur óþrifnaði og hættu getur hafnarstjóri og fyrirskipað úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt er heimilt að láta fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda.

Það er mat starfshópsins að hafnalög veiti höfnum heimild til aðgerða og leggi þeim til verkfæri til að taka á vandræðaskipum og óreiðuskipum. Hins vegar skorti oft fjármuni til að taka á verkefnum og er ekki tekið á þeim þætti í hafnalögum. Ákvæði hafnalaga virðist hins vegar vera nægjanlega skýrt til að grípa til aðgerða sé áhugi og fjárhagsleg geta til þess.

Starfshópurinn leggur til að vakin verði athygli samgönguyfirvalda á þessu máli og þau kanni hvort nauðsynlegt sé að styrkja lagastoð hafnaryfirvalda í þessu efni.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003. Samgöngunefnd gerir m.a. tillögu um breytingu á frumvarpinu þess efnis að heimilt verði að krefjast nauðungarsölu á skipum vegna vanefnda á hafnargjöldum án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms og án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda. Gangi þetta eftir mun það auðvelda hafnaryfirvöldum að taka á vandamálinu, ekki síst þar sem oft er erfitt að finna eiganda.

Í greinargerð sem Umhverfisstofnun vann fyrir starfshópinn er bent á að gerð raunhæfrar kostnaðaráætlunar um hreinsun stranda af skipsflökum sé eitt og sér mikið og kostnaðarsamt verk en kostnaðurinn fer mikið eftir aðgengi að flaki og tækjabúnaði við niðurrif. Starfshópurinn bendir og á að við mat á því hvort fjarlægja skuli skipsflök á ströndum þurfi að líta til margra þátta. Bendir starfshópurinn á að langflest skipsflaka hafa legið þar í áratugi og því stafi ekki lengur bein hætta af mengun frá þeim. Það séu því önnur sjónarmið sem ráði því hvort ráðast eigi í að fjarlægja viðkomandi flak og að taka beri tillit til þess hvort mikið rask mundi hljótast af því að taka flakið þannig að framkvæmdir gerðu illt verra. Einnig hafi sum skipsflök sögulegt gildi sem leiði af sér að rétt geti þótt að láta þau liggja þar sem þau eru.

Starfshópurinn bendir á að flak geti verið til mikilla lýta í landslaginu, á áberandi eða viðkvæmum stað og í einhverjum tilfellum geti flakið beinlínis verið til trafala við siglingar og

dregið úr öryggi siglinga. Við mat á því hvort fjarlægja eigi viðkomandi flak þurfi að horfa til náttúruverndarlaga, öryggis siglinga, þjóðminjalaga, hagsmuna og vilja sveitarstjórna, landeiganda og annarra hugsanlegra rétthafa.

Starfshópurinn telur rétt að á næstunni verði ráðist í átaksverkefni til nokkurra ára um að fjarlægja skipsflök í nágrenni Stykkishólms en þar er óvenjumikið af skipsflökum og aðstæður mismunandi til þess að fjarlægja þau. Valin verði nokkur flök og verkið boðið út. Endanlegur fjöldi flaka verði síðan ákveðinn í ljósi útkomu útboðs með hliðsjón af því fé sem fæst til verksins. Starfshópurinn leggur til að Umhverfisstofnun með hliðsjón annars vegar af lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda og hins vegar náttúruverndarlögum og Siglingastofnun, vegna siglingaöryggis, verði falið að kanna hvernig bæta megi hér úr í samráði við Fornleifastofnun, viðkomandi sveitarstjórnir og rétthafa og velja flök í úrtak. Að verkefninu loknu verði gert ítarlegt kostnaðarmat fyrir hvert flak og í ljósi þess tekin ákvörðun um frekari aðgerðir.

Það er mat ráðuneytisins að ekki stafi bein mengunarhætta af þeim skipsflökum sem eru utan hafnarsvæða. Langflest hafa legið þar í áratugi og ekki beri brýna nauðsyn til þess að fjarlægja þau af þeirri ástæðu, þ.e. eins og þau falla undir lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Ráðuneytið metur það svo að skipsflök á ströndum þurfi að kanna sérstaklega, ekki síst þar sem þau geta verið lýti í landslagi eða dregið úr öryggi siglinga.

Tillögur starfshópsins eru til athugunar í ráðuneytinu. Ljóst er að gríðarlegur kostnaður fylgir því að láta fjarlægja óreiðuskip og flök úr höfnum og af ströndum landsins. Má ætla að hann nemi hundruðum milljóna króna. Ekkert hefur heldur komið fram um það að nauðsynlegt sé að ráðast í þær framkvæmdir á grundvelli laga nr. 33/2004, þar sem ekki virðist stafa af þeim hætta vegna mengunar.

2. *Hve mörg skip í höfnum má ætla að um sé að ræða og hversu mörg skipsflök við strendur landsins?*

Siglingastofnun skilgreinir skip sem fara ekki aftur á sjó eða hafa ekki verið í rekstri í 5 ár og eru afskráð sem „afmáð skip“. Samkvæmt lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, er hins vegar átt við skip í óreiðu og skipsflök sem mengunarhætta stafar af. Þessar skilgreiningar fara ekki að öllu leyti saman.

Ætla má að fjöldi skipa sem falla undir skilgreiningu Siglingastofnunar, þ.e. „afmáð skip“, séu rúmlega 100 og heildarbrúttóþyngd þeirra sé rúmlega 20 þús. brt. Í þessari tölu er þó að finna skip sem greidd eru hafnargjöld af í dag án þess að þau fari á sjó og óvíst er hvort fari á sjó aftur. Flest þessara skipa liggja í Reykjavíkurhöfn.

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar liggja við landið 30–40 skipsflök. Í sumum tilvikum kann að vera að meiri hætta gagnvart umhverfinu stafi af því að fjarlægja skip heldur en að láta það liggja kyrrt enda gert ráð fyrir því í lögum nr. 33/2004, sbr. nánar 20. gr., að sé talið ill- eða ógerlegt að fjarlægja strandað eða sokkið skip sé heimilt að leggja fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að það skuli vera óhreyft þar sem það er. Í slíkum tilfellum skal fylgja áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja skipið.

3. *Mun tímaáætlun í ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 33/2004 standast en samkvæmt henni skal hreinsun lokið fyrir árslok 2008?*

Eins og áður hefur komið fram var það mat starfshóps um framkvæmd laga nr. 33/2004 að ekki sé um beina mengunarhættu að ræða af skipsflökum og skipum í óreiðu ef sérstaklega

er litið til mengunar hafs og stranda sem er meginmarkmið laga nr. 33/2004. Því er ekki ljóst að ráðast þurfi í hreinsun vegna þess sérstaklega. Það breytir ekki því að mikilvægt er að kortleggja málið betur út frá öðrum þáttum sem áður eru nefndir. Ekki liggur fyrir tíma- eða fjárhagsáætlun til að hefja framkvæmd hreinsunar en ráðuneytið telur rétt að ráðast fyrst í það verkefni sem starfshópurinn leggur til sem er að fjarlægja skipsflök á afmörkuðu svæðum og að því verkefni loknu verði gert ítarlegra kostnaðarmat fyrir hvert flak og í ljósi þess tekin ákvörðun um frekari aðgerðir. Það mál er í vinnslu en engir fjármunir hafa verið tryggðir til verkefnisins enn sem komið er.

Jafnframt leggur ráðuneytið áherslu á að hafnaryfirvöldum verði tryggðar heimildir til að taka á óreiðuskipum þannig að bæði verði hægt að takast á við vandamálið eins og það snýr að hafnaryfirvöldum í dag og eins til að koma í veg fyrir að slík vandamál skapist eða vaxi.

## 1221. Svar [657. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um Múlavirkjun á Snæfellsnesi.

1. *Hefur ráðherra kynnt sér hvort fylgt hafi verið lögum og reglum um undirbúning, útgáfu leyfa, hönnun og byggingu Múlavirkjunar á Snæfellsnesi?*

Þau lög sem heyra undir umhverfisráðuneytið og eiga við um þá framkvæmd sem hér um ræðir eru lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Við vinnslu á svari þessu óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá Skipulagsstofnun vegna hlutverks stofnunarinnar varðandi ákvörðun um matsskyldu Múlavirkjunar. Með bréfi dags. 23. júní 2003 tilkynnti Múlavirkjun ehf. Skipulagsstofnun um þau áform sín að reisa allt að 2 MW virkjun, Múlavirkjun, í Straumfjarðará við útfall Baulárvallavatns. Tilkynningin var í samræmi við a-lið 3. tölul. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Framkvæmdin var tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem tók ákvörðun um hvort framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt tilkynningu Múlavirkjunar ehf. var áformað að steypa allt að 8 m háa og 50 m langa stíflu í farvegi Straumfjarðarár um 200 m neðan við ós Baulárvallavatns. Stöðvarhúsið yrði fellt inn í landið um 1,5 km neðan stíflunnar. Aðrennslislögn, 1,2 m í þvermál, yrði grafin niður frá stíflu að stöðvarhúsi vestan árinnar. Fyrir ofan stífluna var gert ráð fyrir um 2,2 ha inntakslóni sem mundi ekki ná alla leið að Baulárvallavatni. Straumfjarðará rynni því óröskuð um 10–20 m áður en hún færi í lónið. Ekki var gert ráð fyrir því að vatnsborð Baulárvallavatns breyttist í kjölfar framkvæmdanna. 7. nóvember 2003 tók Skipulagsstofnun þá ákvörðun að allt að 1,9 MW Múlavirkjun í Straumfjarðará í Eyja- og Miklaholtshreppi væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur fram að framkvæmdirnar væru háðar framkvæmda- og byggingarleyfi Eyja- og Miklaholtshrepps. Framangreind ákvörðun Skipulagsstofnunar var ekki kærð til umhverfisráðherra eins og heimilt er að gera á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum og kom umhverfisráðherra því ekki að þessu máli.

11. mars 2004 tilkynnti Múlavirkjun ehf. til Skipulagsstofnunar fyrirhugaða stíflu við útfall Hraunsfjarðarvatns í Helgafellssveit, en úr vatninu rennur Vatnaá beint í Baulárvallavatn. Skipulagsstofnun tók ákvörðun um matsskyldu framkvæmdanna 25. mars 2004 og var niðurstaða stofnunarinnar sú að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þessi ákvörðun Skipulagsstofnunar var ekki kærð til umhverfisráðherra.

Sveitarstjórnir gefa út byggingar- og framkvæmdaleyfi, sbr. 27. gr. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, og annast eftirlit með framkvæmdum. Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið hafa framangreind leyfi verið gefin út. Þá gaf iðnaðarráðherra út virkjunarleyfi fyrir Múlavirkjun 13. maí 2004 á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003.

2. *Hvers vegna fór Múlavirkjun á Snæfellsnesi ekki í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum?*

Eins og fram kom hér að framan var framkvæmdin tilkynnt til Skipulagsstofnunar og eftir að stofnunin hafði farið yfir málið lögum samkvæmt var niðurstaða stofnunarinnar að framkvæmdin væri ekki matsskyld og því þyrfti ekki að meta umhverfisáhrif hennar. Við umfjöllun um málið leitaði Skipulagsstofnun umsagnar Eyja- og Miklaholtshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra og var í umsögnum þessum ekki talið að framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum.

3. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við ef staðreynt er að virkjunin sé með allt öðrum hætti en upphaflega fékkst leyfi fyrir og skaðleg umhverfisáhrif mannvirkjanna mun meiri en ráð var fyrir gert?*

Í október 2004, eftir að leyfi fyrir framkvæmdinni höfðu verið gefin út, bárust Skipulagsstofnun ábendingar vegna mikils rasks á framkvæmdasvæðinu og gruns um ósamræmi framkvæmda við yfirlýst og samþykkt áform. Af þeim sökum óskaði Skipulagsstofnun eftir upplýsingum frá sveitarstjórn og byggingarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps um samræmi framkvæmdanna við fyrirliggjandi deiliskipulag, en deiliskipulag fyrir framkvæmdirnar hafði verið samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2003. Þær upplýsingar fengust að framkvæmdin væri í öllum meginatriðum í samræmi við samþykkt deiliskipulag, fyrir utan staðsetningu slóðar sem hefði verið lagfærð fyrir veiðifélag Baulárvallavatns. Eftir áframhaldandi kvartanir og ábendingar til Skipulagsstofnunar fór fulltrúi hennar á vettvang í maí 2005 til að skoða mannvirki og framkvæmdasvæðið og var það niðurstaða Skipulagsstofnunar eftir þessa skoðun að stærð stöðvarhúss væri ekki í samræmi við gögn í tilkynningu til Skipulagsstofnunar og deiliskipulag svæðisins. Jafnframt að mun meira rask væri við Hraunsfjarðarvatn en ætla mátti af upplýsingum frá framkvæmdaraðila. Þessari niðurstöðu var m.a. komið á framfæri við sveitarstjórn og framkvæmdaraðila. Í september 2005 bárust á ný ábendingar til Skipulagsstofnunar, m.a. frá Umhverfisstofnun, um að stíflan í Straumfjarðará væri hærri en gert hefði verið ráð fyrir sem talið var valda því að samfellt vatnsborð væri frá stíflu og upp í Baulárvallavatn og að vatnsborð Baulárvallavatns hefði hækkað umtalsvert vegna þessa. Á grundvelli þessara ábendinga sendi Skipulagsstofnun Eyja- og Miklaholtshreppi bréf þar sem gerð er grein fyrir þessum ábendingum og var tekið fram að sveitarstjórnir færu með eftirlit með því hvort framkvæmdir væru í samræmi við framkvæmda- og byggingarleyfi. Af hálfu Múlavirkjunar var þá viðurkennt að stíflan í Straumfjarðará væri hærri en áform hefðu verið um. Framkvæmdaraðili boðaði í framhaldinu úrbætur og var fundað um málið með honum, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og iðnaðarráðuneytinu. Í máli þessu hefur Skipulagsstofnun því gert framkvæmdaraðila og leyfisveitendum grein fyrir athugasemdum sínum um framkvæmdina. Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu hefur virkjunarleyfi fyrir Múlavirkjun verið til skoðunar vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á framkvæmdinni og hefur iðnaðarráðuneytið óskað eftir því að framkvæmdaraðili sækti um nýtt virkjunarleyfi. Nú mun vera beðið eftir því af hálfu iðnaðarráðuneytisins að framkvæmdaraðili leggi fram tilskilin gögn og upplýsingar.

# 1222. Skýrsla [705. mál]

forsætisráðherra um tengsl Íslands og Evrópusambandsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

**Skýrsla Evrópunefndar um samstarfið á vettvangi EES og Schengen og um álitaefni varðandi hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu.**

## Inngangsorð

Hinn 8. júlí 2004 skipaði Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, nefnd með svofelldu erindisbréfi:

„Samskipti Íslands og Evrópu eru mikilvægt verkefni stjórnmála á Íslandi í nútíð og framtíð. EES-samningurinn er grundvöllur þessara samskipta. Leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) hafa nú komið sér saman um nýja stjórnarskrá sambandsins, sem verður borin undir þjóðaratkvæði í ýmsum aðildarríkjum þess á næstu misserum. Hljóti stjórnarskráin samþykki, breytist skipulag ESB, sem m.a. mun hafa áhrif á stöðu Íslands.

Umræða um tengsl Íslands við Evrópusambandið hefur á stundum verið fyrirferðarmikil og oft stangast á fullyrðingar um ákveðin grundvallaratriði, til dæmis þegar rætt er um hugsanlega aðild Íslands að ESB. Til að skýra og skerpa vitneskju um helstu álitaefni á þessu sviði hef ég ákveðið að skipa nefnd til að greina aðalatriði málsins og helstu staðreyndir. Í því skyni tel ég mikilvægt að m.a. verði könnuð framkvæmd EES-samningsins, hvort og þá hvers konar undanþágur séu veittar í aðildarsamningum að Evrópusambandinu, hvað aðild myndi kosta ríkissjóð til lengri og skemmri tíma litið og hverjir væru kostir og gallar evrunnar fyrir Ísland, auk þess sem skilgreind verði staða Íslands miðað við hina nýsamþykktu stjórnarskrá ESB. Þá verði á vettvangi nefndarinnar rædd þau álitaefni önnur að því er tengsl Íslands og Evrópusambandsins varða og nefndin telur til þess fallin að skýra stöðu Íslands sérstaklega í þessu samhengi."

Auk mín, sem tilnefndur var frá Sjálfstæðisflokknum ásamt Einari K. Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra, sátu Hjálmar Árnason alþingismaður og Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra í nefndinni samkvæmt tilnefningu Framsóknarflokksins, alþingismennirnir Össur Skarphéðinsson og Bryndís Hlöðversdóttir samkvæmt tilnefningu Samfylkingarinnar, síðla árs 2006 tók Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður sæti Bryndísar, Ragnar Arnalds, fv. ráðherra og Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, samkvæmt tilnefningu þess flokks og Brynjar Sindri Sigurðsson markaðsfræðingur samkvæmt tilnefningu Frjálslynda flokksins.

Nefndin réð Hrein Hrafnkelsson, stjórnmála-, viðskipta- og Evrópufræðing, sem ritara sinn og hefur hann haldið utan um störf nefndarinnar af mikilli kostgæfni, ritað ítarlegar fundargerðir hennar og síðan þá skýrslu, sem hér er birt.

Strax við upphaf starfs síns setti nefndin sér skýrar vinnureglur og ákvað tíma funda, sem voru fyrst í sal hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu í Arnarhváli en síðan í Þjóðmenningarhúsinu. Eins og segir í skýrslu nefndarinnar kom mikill fjöldi gesta á fundi hennar og í fundargerðum er að finna mikinn fróðleik um þau efni, sem nefndin tók til umræðu. Þess vegna hefur nefndin ákveðið að óska eftir því að fundargerðir hennar verði birtar á vefsíðu forsætisráðuneytis. Eins og sést af fundargerðunum hafa gestir nefndarinnar veitt henni miklar upplýsingar og eru þeim færðar þakkir fyrir að bregðast vel við óskum um að hitta nefndina og leggja þannig mikið af mörkum til starfs hennar.

Samkvæmt erindisbréfinu skyldi nefndin ákveða hvernig hún hagaði útgáfu skýrslu um störf sín, hvort hún yrði birt í áföngum eða í einu riti. Niðurstaða nefndarinnar var að birta eina skýrslu með nokkrum fylgiskjölum. Í skýrslunni er annars vegar að finna lýsingu á stöðu þeirra mála, sem nefndinni var ætlað að kanna, og hins vegar tillögur eða ábendingar nefndarinnar.

Nefndinni var ekki ætlað að móta sameiginlega afstöðu til Evrópusambandsins. Á lokastigum nefndarstarfsins varð það á hinn bóginn niðurstaða nefndarmanna, að starf þeirra bæri ekki þann árangur, sem þeir sjálfir kysu, ef í skýrslunni yrði ekki að finna mat þeirra á því, hvernig hagsmunum Íslands yrði best gætt í samskiptum við Evrópusambandið. Í niðurstöðukafla skýrslunnar er afstöðu nefndarmanna til aðildar að Evrópusambandinu því lýst.

Nefndin hefur starfað með þremur forsætisráðherrum, Davíð Oddssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Geir H. Haarde. Þeir hafa allir sýnt starfi nefndarinnar áhuga og tryggt henni fjármuni og aðstöðu til að vinna störf sín.

Ég tel mjög gagnlegt, að nefndir sem þessi starfi í því skyni að gera úttekt á mikilvægum þáttum stjórnmála, stjórnsýslu og samskipta Íslendinga við önnur ríki. Sé rétt að málum staðið, er nefndarstarf af þessum toga til þess fallið að tryggja stjórnmálaflokkum þekkingu á flóknum viðfangsefnum. Auk þess gefur það sérfróðum aðilum og embættismönnum tækifæri til að lýsa skoðunum sínum og koma með ábendingar á opnum umræðuvettvangi, þar sem menn koma saman til að afla sér fróðleiks og til að búa í haginn fyrir skynsamlega framtíðarstefnu.

Að leiðarlokum þakka ég samnefndarmönnum mínum ánægjulegt samstarf. Þá vil ég þakka Halldóri Árnasyni, skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu, aðstoð hans við nefndina. Síðast en ekki síst færi ég Hreini Hrafnkelssyni einlægar þakkir mínar og annarra nefndarmanna fyrir hið góða starf, sem hann hefur unnið fyrir nefndina.

7. mars 2007.

Björn Bjarnason

# 1. Inngangur

## 1.1. Skipan nefndarinnar

Með bréfi dagsettu 8. júlí 2004 skipaði forsætisráðherra nefnd um Evrópumál til að kanna framkvæmd EES-samningsins, önnur tengsl Íslands og Evrópusambandsins, sem og ýmis álitamál tengd hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu. Samkvæmt skipunarbréfinu átti nefndin m.a. að kanna hvort og þá hvers konar undanþágur séu veittar í aðildarsamningum að Evrópusambandinu, hvað aðild myndi kosta ríkissjóð til lengri og skemmri tíma litið og hverjir væru kostir og gallar evrunnar fyrir Ísland, auk þess sem skilgreind yrði staða Íslands miðað við hinn nýsamþykkta stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins.[1] Þá átti samkvæmt skipunarbréfinu einnig að ræða á vettvangi nefndarinnar önnur álitaefni er vörðuðu tengsl Íslands og Evrópusambandsins og nefndin teldi til þess fallin að skýra stöðu Íslands sérstaklega í þessu samhengi.

Í nefndina voru skipaðir Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sem jafnframt var formaður, samkvæmt tilnefningu Sjálfstæðisflokksins, Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra, samkvæmt tilnefningu Sjálfstæðisflokksins, Hjálmar Árnason alþingismaður og Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra samkvæmt tilnefningum Framsóknarflokksins, Össur Skarphéðinsson alþingismaður og Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektor og forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, samkvæmt tilnefningum Samfylkingarinnar, Ragnar Arnalds, fyrrverandi ráðherra, og Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, samkvæmt tilnefningum þess flokks og Brynjar Sindri Sigurðsson markaðsfræðingur, samkvæmt tilnefningu Frjálslynda flokksins. Bryndís Hlöðversdóttir hætti í nefndinni í desember 2006 og tók Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður sæti hennar.

Starfsmaður nefndarinnar var Hreinn Hrafnkelsson, stjórnmála-, viðskipta- og Evrópufræðingur.

## 1.2. Störf nefndarinnar og efnisöflun

Formaður nefndarinnar boðaði til fyrsta fundar 28. júlí 2004 og hélt nefndin alls 42 fundi á starfstíma sínum.[2] Strax í upphafi var samþykkt sérstök verkefnaáætlun sem nefndin vann síðan út frá á fundum sínum. Á hverjum fundi voru tekin fyrir 1-2 málefni, auk þess sem ávallt var fjallað um störf nefndarinnar og höfðu nefndarmenn því jafnan tækifæri til að koma með tillögur um breytingar á verkefnaáætlun, sem og tillögur um gesti, efnisöflun eða annað sem þeim þótti skipta máli.

Nefndin bauð á sinn fund fjölda sérfræðinga á sviði Evrópumála til að fjalla um einstök málefni sem féllu undir verkefnasvið nefndarinnar og mættu eftirfarandi aðilar á fundi nefndarinnar[3] (í stafrófsröð): Aðalsteinn Leifsson, sérfræðingur í utanríkisráðuneyti, Andrés Pétursson, formaður stjórnar Evrópusamtakanna, Anna G. Björnsdóttir, sviðstjóri þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ari Skúlason, stjórnarmaður í Evrópusamtökunum, Arndís Steinþórsdóttir, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneyti, Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur

[1] Stjórnarskrársáttmálinn hefur enn ekki tekið gildi þar sem sáttmálinn var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi árið 2005. Í kjölfarið hefur ríkt óvissa um málið, en gert er ráð fyrir að tekin verði ákvörðun um hvað gera eigi við stjórnarskrársáttmálann eigi síðar en í júní 2007.

[2] Ítarlegar fundargerðir liggja fyrir frá þessum fundum og er heildarlengd þeirra tæplega 400 blaðsíður. Gert er ráð fyrir því að fundargerðirnar verði birtar síðar á árinu, að höfðu samráði við gesti nefndarinnar.

[3] Starfsheitum er haldið eins og þau voru þegar viðkomandi mættu á fund nefndarinnar, nema annað sé tekið fram.

Seðlabanka Íslands, Árni Páll Árnason, stjórnarmaður í Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík, Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi og varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði og formaður stjórnar Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst, Erna Bjarnadóttur, hagfræðingur Bændasamtakanna, Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, Gerd Van den Borg frá skrifstofu ráðherraráðs ESB, Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri (nú ráðuneytisstjóri) í utanríkisráðuneyti, Guðmundur B. Helgason, ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneyti, Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, Hafdís Ólafsdóttir, lögfræðingur og forstöðumaður á skrifstofu Alþingis, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, Hjörtur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Heimssýnar, Páll Vilhjálmsson, stjórnarmaður í Heimssýn, Jacinta de Silva Santos, sérfræðingur á skrifstofu ráðherraráðs ESB, Jón Sigurðsson, bankastjóri í Seðlabanka Íslands (nú iðnaðar- og viðskiptaráðherra), Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Kristján Andri Stefánsson, fulltrúi Íslands í stjórnarnefnd ESA, Kristján Þórarinsson frá LÍÚ, Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Lilja Viðarsdóttir, utanríkisráðuneyti (síðar aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA), Lillian Andenæs, sérfræðingur hjá EFTA í Brussel, Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, Martin Eyjólfsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti, Michael Köhler, ráðgjafi framkvæmdastjóra ESB í sjávarútvegsmálum (Deputy Head of Cabinet, DG Fisheries), Niels Bracke, sérfræðingur á skrifstofu ráðherraráðs ESB, Percy Westerlund, sendiherra og yfirmaður fastanefndar framkvæmdastjórnar ESB fyrir Ísland og Noreg, Ragnar Árnason, prófessor við hagfræðiskor Háskóla Íslands, Serge Beslier, yfirmaður í stjórnardeild sjávarútvegsmála hjá framkvæmdastjórn ESB (Head of Unit for International Fisheries Policy and the Law of the Sea, DG Fisheries), Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt í stjórnmálafræði og forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar, Snorri B. Sigurðsson, forstöðumaður þróunarsviðs hjá Byggðastofnun, Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneyti, Stefán Már Stefánsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Steingrímur Hermannsson, stjórnarmaður í Heimssýn, Sveinbjörn Hannesson, ráðgjafi hjá fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB fyrir Ísland, Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Vilhjálmur Jens Árnason, aðstoðarframkvæmdastjóri LÍÚ, Vilhjálmur Lúðvíksson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, Þorgeir Örlygsson, dómari við EFTA-dómstólinn, Þórarinn G. Pétursson, deildarstjóri rannsóknardeildar Seðlabanka Íslands og staðgengill aðalhagfræðings, Þórir Ibsen, fastanefnd Íslands hjá NATO í Brussel, og Ögmundur Jónasson, formaður BSRB.

Nefndin fór einnig til Brussel og Haag og hitti þar stjórnmála-, embættis- og fræðimenn. Í Brussel var m.a. fundað með Olli Rehn, framkvæmdastjóra ESB á sviði stækkunarmála (Commissioner for Enlargement), William Rossier, framkvæmdastjóra EFTA, Þórunni J. Hafstein, skrifstofustjóra hjá EFTA, Bernhard Marfurt, sendiherra Sviss hjá Evrópusambandinu, Claus Grube, sendiherra Danmerkur hjá Evrópusambandinu, Jens-Peter Bonde, þingmanni á Evrópuþinginu, Francis Jakobs, skrifstofustjóra hjá Evrópuþinginu, Grétu Gunnarsdóttur, staðgengli sendiherra Íslands hjá Evrópusambandinu, Högna Kristjánssyni, sendifulltrúa í sendiráði Íslands í Brussel, og fræðimönnum frá rannsóknar- og ráðgjafastofnuninni CEPS (Center for European Policy Studies). Í Haag fundaði nefndin m.a. með Max-Peter Ratzel, framkvæmdastjóra Europol, og Michael Kennedy, forseta stjórnarnefndar Eurojust.

Nefndin hélt einnig ráðstefnur og fundi fyrir almenning um Evrópumál. Þar var um að ræða ráðstefnu um stöðu og framtíð EES-samningsins, ráðstefnu um EES, Schengen og innanríkis- og dómsmálasamstarf ESB, sem haldin var í samvinnu við Háskólann á Bifröst, og morgunverðarfund um sjávarútvegsstefnu ESB, sem haldinn var í samvinnu við fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi. Að auki styrkti nefndin alþjóðlega ráðstefnu sem Háskólinn á Bifröst hélt um áhrif EES-samningsins á útrás íslenskra fyrirtækja innan Evrópu. Ræðumenn á ráðstefnunni um stöðu og framtíð EES-samningsins voru William Rossier, framkvæmdastjóri EFTA, Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri hjá EFTA, Prince Nikolaus von Liechtenstein, sendiherra Liechtensteins hjá Evrópusambandinu, Guttorm Vik, sendiherra Noregs á Íslandi og fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, en þau fjölluðu almennt um stöðu og framtíð samningsins. Að auki fjallaði Bernhard Marfurt, sendiherra Sviss hjá Evrópusambandinu um tvíhliða samninga Sviss og ESB, og bar þá saman við EES-samninginn. Á ráðstefnunni um EES, Schengen og innanríkis- og dómsmálasamstarf ESB fluttu erindi Jean-Claude Piris, yfirmaður lagasviðs ráðherraráðs ESB, Karel Kovanda, aðstoðarframkvæmdastjóri á sviði erlendra samskipta (DG RELEX) hjá framkvæmdastjórn ESB, sem er m.a. ábyrgur fyrir EES málum, Erna Solberg, formaður norska íhaldsflokksins og Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra og formaður Evrópunefndar. Þá fjallaði Georgios Kritikos, sérfræðingur á skrifstofu ráðherraráðs ESB, um uppbyggingu og framkvæmd EES-samningsins, Niels Bracke, sem einnig er sérfræðingur á skrifstofu ráðherraráðsins, fjallaði um stöðu og framtíðarhorfur Schengen-samstarfsins og samstarfs ESB á sviði innanríkis- og dómsmála og Kristrún Kristinsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti og fulltrúi dómsmálaráðuneytis í fastanefndum Schengen-samstarfsins, fjallaði um reynslu Íslands af framkvæmd Schengen-samstarfsins, auk þess sem Fabrice Filliez, fulltrúi Sviss í nefndum Schengen-samstarfsins, fjallaði um þróun innanríkis- og dómsmálasamstarfs ESB og hugsanleg áhrif þeirrar þróunar á stöðu Sviss, Noregs og Íslands í Schengen-samstarfinu. Á morgunverðarfundinum um sjávarútvegsstefnu ESB flutti erindi Michael Köhler, ráðgjafi framkvæmdastjóra ESB í sjávarútvegsmálum (Deputy Head of Cabinet, DG Fisheries).

Þá aflaði nefndin einnig mikils fjölda gagna sem mikilvægt er að hafa til hliðsjónar og fylgir listi yfir helstu gögnin með skýrslu þessari.

### 1.3. Umræður og upplýsingar um Evrópumál

Mikil umræða hefur verið um Evrópumál hérlendis undanfarin ár og mikið magn upplýsinga liggur fyrir um þátttöku Íslands í Evrópusamvinnu, EES-samninginn, Schengen-samninginn og Evrópusambandið (ESB). Stjórnvöld hafa gefið út fjölda skýrslna um Evrópumál og utanríkisráðuneytið heldur úti sérstakri heimasíðu um EES-samninginn á vefslóðinni www.ees.is. Fastanefnd ESB fyrir Ísland og Noreg heldur einnig úti heimasíðu þar sem finna má ítarlegar upplýsingar um ESB og EES-samninginn. Innan háskólanna eru kennd námskeið um hinar ýmsu hliðar Evrópusamrunans, fjöldi rannsókna hafa verið gerðar og afrakstur þeirra lagður fram m.a. í bókum, greinum og ritgerðum. Á vegum háskólanna starfa einnig stofnanir sem sérhæfa sig í Evrópumálum, en þar er um að ræða Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst og Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík. Hagsmunasamtök atvinnurekenda og launþega hafa verið virk í umræðu og upplýsingagjöf um Evrópumál, auk þess sem starfandi eru a.m.k. tvenn félagasamtök, Evrópusamtökin og Heimssýn, sem sérstaklega fylgjast með og miðla upplýsingum um Evrópumál á heimasíðum sínum. Ráðstefnur og fundir

um Evrópumál á vegum framangreindra aðila eru einnig algengir, auk þess sem Evrópumál fá að jafnaði mikla umfjöllun í fjölmiðlum.

Þá gefur utanríkisráðherra Alþingi skriflega skýrslu um utanríkis- og alþjóðamál á tveggja ára fresti þar sem m.a. er farið yfir þróun Evrópumála,[4] auk þess sem sendiráð Íslands í Brussel tekur saman skýrslur um þróun mála á vettvangi EES og ESB tvisvar á ári.[5]

### 1.4. Uppbygging og efnistök skýrslunnar

Skýrsla þessi er þannig uppbyggð að byrjað er á umfjöllun um framkvæmd EES-samningsins. Þar er fyrst farið í stuttu máli yfir stofnanir og ákvarðanaferli EES samstarfsins, en í framhaldi af því tekur við ítarleg umfjöllun um það hvernig stjórnvöld og hagsmunaaðilar fylgjast með þróun mála á vettvangi ESB, sem og þær leiðir sem Ísland og önnur EES/EFTA-ríki hafa til áhrifa á mótun og töku ákvarðana hjá ESB.[6] Því næst er farið yfir kostnað við framkvæmd EES-samningsins, þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB og ýmsa tölfræði um EES-samninginn og áhrif hans á lagasetningu á Íslandi, sem og innleiðingu ESB-gerða á Íslandi. Einnig er fjallað um breytingar sem hafa orðið á starfsemi ESB undanfarin ár og áhrif þeirra breytinga á framkvæmd EES-samningsins. Fjallað er um utanríkis-, öryggis- og varnarmál til að skýra stöðu þeirra mála í tengslum við EES-samninginn, en samningurinn tekur ekki til þeirra málaflokka. Loks er fjallað um gagnrýni sem fram hefur komið á EES-samninginn undanfarin ár og rætt um framtíð samningsins.

Í þriðja kafla skýrslunnar er fjallað um þátttöku Íslands í samstarfi ESB á sviði innanríkis- og dómsmála, en þar er fyrst og fremst um að ræða Schengen-samstarfið og samninga sem tengjast því.

Í fjórða kafla er farið yfir álitamál varðandi hugsanlega aðild Íslands að ESB, með sérstaka áherslu á hugsanlegan kostnað við aðild, kosti og galla evrunnar fyrir Ísland, sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál.

Þá er í fimmta kafla fjallað í stuttu máli um EES, Schengen, ESB og fullveldi.

Í lokin eru síðan dregnar saman helstu niðurstöður af starfi nefndarinnar og settar fram tillögur þar sem það á við.

Í viðauka við skýrsluna er annars vegar að finna að finna yfirlit um þátttöku Íslands í nefndum og sérfræðingahópum ESB og hins vegar yfirlit um samstarfsáætlanir ESB sem Ísland er aðili að.

Með skýrslunni fylgja fjórar greinargerðir sem nefndin lét vinna fyrir sig. Þar er um að ræða greinargerð um þátttöku Íslands í helstu samstarfsáætlunum ESB frá 1994 eftir Ágúst H.

---

[4] Skýrslurnar 2002, 2004 og 2006 má finna á vef Alþingis, www.althingi.is og á vef utanríkisráðuneytis: http://www.utanrikisraduneyti.is/utgefid-efni/

[5] Yfirlitsskýrslu sendirráðsins fyrir júní-desember 2006 er að finna á vefslóðinni: http://www.iceland.org/be/islenska/frettir-og-vidburdir/nr/3524

[6] Evrópusambandið hét upphaflega Efnahagsbandalag Evrópu, en með Maastricht sáttmálanum (Treaty establishing the European Union) 1992 var Evrópusambandið stofnað og nafni Efnahagsbandalags Evrópu breytt í Evrópubandalagið, sem er nú ein þriggja stoða sem ESB byggist á. Hinar tvær stoðirnar eru utanríkis- og öryggismál og samvinna á sviði lögreglu- og dómsmála. Til einföldunar er hins vegar í skýrslu þessari talað um Evrópusambandið (ESB) jafnvel þó um sé að ræða umfjöllun um þróun mála sem gerðust fyrir þessa breytingu.

Ingþórsson, forstöðumann Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands, greinargerð um kosti og galla upptöku evru sem gjaldmiðils á Íslandi, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tók saman, greinargerð eftir Þóri Ibsen, þáverandi sendifulltrúa hjá fastanefnd Ísland hjá NATO, um utanríkis- og öryggismálasamstarf ESB og tengsl Íslands við það samstarf og samantekt um lög samþykkt á Alþingi sem eiga rætur að rekja til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem Eva Margrét Ævarsdóttir lögfræðingur og Hafdís Ólafsdóttir lögfræðingur og forstöðumaður á skrifstofu Alþingis unnu fyrir nefndina.

Skýrsla þessi endurspeglar umfjöllun og umræður um einstaka málaflokka á fundum nefndarinnar, með sérstaka áherslu á þau atriði sem helst eru talin skipta máli fyrir Ísland, en jafnframt er vísað í frekari heimildir þar sem það á við. Í því sambandi skal sérstaklega bent á að ítarlega umfjöllun um þátttöku Íslands í Evrópusamstarfi er að finna í skýrslunni *Staða Íslands í Evrópusamstarfi* sem utanríkisráðuneytið gaf út árið 2000 og í *Handbók Stjórnarráðsins um EES*, sem út kom árið 2003. Þá er í þessari skýrslu lögð áhersla á að vísa í rafrænar heimildir þar sem þess er kostur til að lesendur geti á auðveldan hátt kynnt sér viðkomandi efni á ítarlegri hátt. Lista yfir helstu heimildir og ítarefni er að finna í heimildaskrá þessarar skýrslu, en þar er þó ekki um að ræða tæmandi lista yfir það mikla efni sem gefið hefur verið út um þátttöku Íslands í Evrópusamstarfi undanfarin ár.

## 2. Framkvæmd EES-samningsins

Í skipunarbréfi nefndarinnar var sérstaklega tiltekið að nefndin skyldi skoða framkvæmd EES-samningsins og nefndin lagði mikla áherslu á að kynna sér það mál ítarlega. Fjölda innlendra og erlendra gesta var boðið á fund nefndarinnar til að ræða um framkvæmd EES-samningsins og nefndin hélt einnig ráðstefnur um stöðu og framtíð samningsins. Í þessum kafla er farið yfir þau meginatriði varðandi framkvæmd EES-samningsins sem fram komu á ráðstefnunum og á fundum nefndarinnar. Byrjað er á almennri umfjöllun um EES-samninginn, en því næst er fjallað um stofnanir og ákvarðanaferli EES-samstarfsins, sem og hagsmunagæslu og þær leiðir sem Ísland og önnur EES/EFTA-ríki hafa til áhrifa á mótun og töku ákvarðana hjá ESB. Þá er farið yfir kostnað við framkvæmd EES-samningsins, þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB og ýmsa tölfræði um EES-samninginn og áhrif hans á lagasetningu á Íslandi, sem og innleiðingu ESB-gerða á Íslandi. Einnig er fjallað um breytingar sem hafa orðið á starfsemi ESB undanfarin ár og áhrif þeirra breytinga á framkvæmd EES-samningsins, auk þess sem fjallað er um utanríkis-, öryggis- og varnarmál til að skýra stöðu þeirra mála í tengslum við EES-samninginn, en samningurinn tekur ekki til þeirra málaflokka. Loks er fjallað um gagnrýni sem fram hefur komið á EES-samninginn undanfarin ár og rætt um framtíð samningsins.

### 2.1. Almennt um EES-samninginn

Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði, EES-samningurinn, var undirritaður í Portúgal árið 1992. Samningurinn var lögfestur hér á landi með lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og gekk í gildi 1. janúar 1994. EES-samningurinn nær til 25 aðildarríkja Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna Íslands, Liechtensteins og Noregs, en samningar um stækkun EES til Búlgaríu og Rúmeníu, sem gengu í ESB 1. janúar 2007, standa yfir þegar þetta er skrifað.[7]

Evrópusambandið er mikilvægasti viðskiptaaðili Íslands, sem sést best á því að um 75% af útflutningi frá Íslandi árið 2005 fór til ESB ríkjanna 25 og um 62% innflutnings kom frá þeim ríkjum.[8] EES-samningurinn felur í sér gagnkvæman og óheftan aðgang einstaklinga og fyrirtækja að innri markaði ESB á þeim sviðum sem falla undir samninginn og er því afar mikilvægur í ljósi mikilla viðskipta Íslands við aðildarríki ESB.

#### *2.1.1. Markmið og gildissvið*

Markmið EES-samningsins er „að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði". Til að ná þeim markmiðum er kveðið á um það í 1. gr. samningsins að samstarfið skuli fela í sér svokallað fjórfrelsi, þ.e. frjálsa vöruflutninga, frjálsa fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga, en samningurinn felur einnig í sér nánari samvinnu á öðrum sviðum, svo sem á sviði rannsókna og þróunar, umhverfismála, neytendamála, menntunar og félagsmála. Jafnframt er kveðið á um það í samningnum að komið verði á kerfi sem tryggi að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum.

---

[7] Gert er ráð fyrir að þeim samningaviðræðum ljúki seinni hluta mars 2007.

[8] Hagstofa Íslands (2006). *Utanríkisverslun með vörur, nr. 2006:1*, frá 16. maí 2006. Á vefslóðinni: http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=4266

Utan við EES-samninginn fellur sameiginleg stefna ESB í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum,[9] náttúruvernd, auðlindanýting, tollabandalag, sameiginleg viðskiptastefna, Efnahags- og myntbandalag Evrópu og sameiginleg utanríkis- og öryggisstefna sambandsins. Samvinna ESB á sviði dóms- og innanríkismála fellur einnig utan við EES-samninginn, en Ísland tekur hins vegar þátt í Schengen-samstarfinu, sem fellur undir dóms- og innanríkismál, á grundvelli sérstaks samnings þar að lútandi, eins og fjallað er um síðar.

Eitt af grundvallarskilyrðunum við gerð EES-samningsins var að samningsaðilar ESB og sérhvert EFTA-ríki héldu sjálfræði sínu til ákvarðanatöku. Samningurinn felur því ekki í sér framsal á löggjafarvaldi til stofnana EES, heldur er löggjafarvald áfram alfarið í höndum þjóðþinga EES/EFTA-ríkjanna og hver ný ákvörðun um breytingu á EES-reglum er því í raun nýr þjóðréttarsamningur.[10]

EES-samningurinn felur ekki í sér aðgang EES/EFTA-ríkjanna að töku ákvarðana um nýja löggjöf hjá ESB, en þau hafa aftur á móti formlegan rétt til þátttöku í mótun löggjafar á upphafsstigum hennar, eins og fjallað er um síðar í þessum kafla.

Nokkrar deilur urðu um það á sínum tíma hvort EES-samningurinn samrýmdist stjórnarskránni og skipaði þáverandi utanríkisráðherra af því tilefni sérstaka nefnd sérfræðinga til að kanna það mál. Niðurstöður nefndarinnar voru á þá leið að fullgilding og lögfesting EES-samningsins kallaði ekki á stjórnarskrárbreytingu, m.a. þar sem framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana væri að vissu marki heimilt, enda væri það „vel afmarkað á takmörkuðu sviði og ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila.“[11]

### *2.1.2. Uppbygging samningsins*

EES-samningurinn skiptist í meginmál, 49 bókanir og 22 viðauka.[12] Meginmál samningsins er í 129 greinum sem taka mið af samsvarandi ákvæðum stofnsáttmála ESB eins og hann var árið 1991. Í bókununum 49 er fjallað um nánari útfærsluatriði á samningnum, önnur en þau sem varða gerðir[13] og taldar eru upp í viðaukunum. Viðaukarnir 22 eru flokkaðir eftir þeim málefnasviðum sem samningurinn tekur til og þar er að finna nánari útfærslu á meginmáli samningsins, auk tilvísana til þeirra gerða ESB sem eru hluti af samningnum.

Bókanir og viðaukar við EES-samninginn, sem og gerðir sem vísað er til í viðaukunum og aðlagaðar eru vegna samningsins, eru óaðskiljanlegur hluti EES-samningsins og hafa sömu stöðu og meginmál samningsins.[14]

---

[9] Í EES-samningnum eru þó ákvæði um heilbrigðisreglur og ýmsa þætti viðskipta með landbúnaðar- og sjávarafurðir.
[10] Sbr. athugasemdir um 2. kafla (Tilhögun ákvarðanatöku) með frumvarpi til laga um Evrópska efnahagssvæðið. (Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.) http://www.althingi.is/altext/116/s/0001.html. Í bókun 35 með EES-samningnum er áréttað að samningurinn felur ekki í sér framsal á löggjafarvaldi til stofanana EES.
[11] *Álit nefndar utanríkisráðherra um stjórnarskrána og EES-samninginn* (1992). Nefndina skipuðu fjórir lögfræðingar, þeir Gunnar G. Schram prófessor, Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri, Stefán Már Stefánsson prófessor og Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari. Ekki voru þó allir lögfræðingar sammála þessari niðurstöðu, sbr. nánari umfjöllun í 6. kafla skýrslunnar.
[12] Að auki fylgir 71 yfirlýsing með lokagerð við EES-samninginn, en þar er um að ræða 30 sameiginlegar yfirlýsingar, 2 yfirlýsingar allra samningsaðila og 39 yfirlýsingar eins eða fleiri samningsaðila. Yfirlýsingar hafa þýðingu við túlkun á ákvæðum samningsins, en eru ekki hluti af samningnum. Með lokagerðinni fylgja einnig samþykktir um túlkun eða nánari útfærslu á einstökum ákvæðum samningsins, en þessar samþykktir eru bindandi fyrir samningsaðila.
[13] Hugtakið gerð nær yfir alla afleidda löggjöf ESB, þar á meðal tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og tilmæli.
[14] Sbr. 119. gr. EES-samningsins og athugasemdir um þá grein í frumvarpi til laga um Evrópska efnahagssvæðið.

### *2.1.3. Stækkun EES*

Ríki sem gerist aðili að Evrópusambandinu er skylt að gerast jafnframt aðili að EES-samningnum,[15] enda verða þau ríki sjálfkrafa aðilar að innri markaðinum og því nauðsynlegt að þau séu einnig aðilar að EES-samningnum.[16] Samkvæmt EES-samningnum er nauðsynlegt að gera sérstakan samning um aðild nýrra ríkja að samningnum og það leiðir jafnframt af öðrum ákvæðum í meginmáli EES-samningsins að nauðsynlegt er að gera aðlaganir á meginmáli samningsins ef nýtt ríki gerist aðili að honum. Að öðru leyti er ekki að finna ákvæði um efni eða form slíks aðildarsamnings í EES-samningnum.

Við stækkun ESB árið 2004 þurfti því jafnframt að semja um aðild hinna 10 nýju aðildarríkja að EES. Helsta samningsmarkmið Íslands í stækkunarviðræðunum var að tryggja að stækkun EES mundi ekki leiða til slakari viðskiptakjara en fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við nýju samningsaðilanna höfðu þegar tryggt. Af þeim sökum lögðu Ísland og Noregur áherslu á frekari tollalækkanir vegna viðskipta með sjávarafurðir. Var sú krafa byggð á því að með aðild hinna nýju aðildarríkja að Evrópusambandinu mundu fríverslunarsamningar sem flest þessara ríkja höfðu gert við EFTA-ríkin falla úr gildi, en í þeim samningum var m.a. kveðið á um fulla fríverslun með sjávarafurðir. Lögðu bæði Noregur og Ísland ríka áherslu á að stækkun Evrópska efnahagssvæðisins yrði ekki til að hindra viðskipti með sjávarafurðir til nýju aðildarríkjanna. Af hálfu Evrópusambandsins lagði framkvæmdastjórn þess hins vegar áherslu á aukin framlög EFTA-ríkjanna til þróunarsjóðs EFTA. Í upphafi viðræðnanna krafðist framkvæmdastjórnin því allt að 38-faldrar hækkunar á framlagi EES–EFTA-ríkjanna til þróunarsjóðsins. EES–EFTA-ríkin mótmæltu þessari kröfu og töldu að engar forsendur væru fyrir slíkum fjárkröfum af hálfu Evrópusambandsins.

Niðurstaða samningaviðræðnanna var sú að samþykkt var að stofnaður yrði nýr þróunarsjóður EFTA og að framlög EES/EFTA-ríkjanna til sjóðsins yrðu fimmfalt hærri en þau höfðu verið síðustu fimm árin, en fyrir Ísland þýðir það að árleg heildarframlög 2004 til 2009 eru um 5 milljónir evra. Af hálfu Íslands var áhersla lögð á að þróunarsjóðurinn mundi einkum styrkja verkefni á sviði sjávarútvegs, hagnýtingar jarðhita og orkuvinnslu, þar sem á þessum sviðum búa Íslendingar yfir reynslu og þekkingu sem miðla má til nýju aðildarríkjanna.

Af hálfu ESB var samþykkt að fella niður tolla á frosnum síldarsamflökum frá Íslandi, en samkvæmt þágildandi fríverslunarsamningum Íslands við nýju samningsaðilana bar þessi afurð ekki tolla. Hins vegar hefðu síldarsamflök að öllu óbreyttu þurft að bera 15% toll við inngöngu nýju aðildarríkjanna í Evrópusambandið, sem hefði þýtt um 200–300 milljónum króna á ári miðað við útflutning árið 2002.

Samningaviðræður um stækkun EES til Búlgaríu og Rúmeníu, sem gengu í ESB 1. janúar 2007, standa yfir þegar þetta er skrifað.[17]

---

[15] Sbr. 128. gr. EES-samningsins. Ríki sem ganga í EFTA geta einnig sótt um aðild að EES-samningnum.


[16] Sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.) Á vefslóðinni: http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txti=/wwwtext/html/130/s/0412.html&leito=st%E6kkun%5C0EES#word1

[17] Gert er ráð fyrir að þeim samningaviðræðum ljúki seinni hluta mars 2007.

### 2.2. Stofnanir og ákvarðanaferli

EES-samningurinn byggir á tveggja stoða kerfi stofnana EFTA og ESB, auk sameiginlegra stofnana sem kveðið er á um í samningnum sjálfum. Stofnanauppbygging EES-samningsins er sýnd á mynd 1.

*Mynd 1. Stofnanauppbygging EES-samningsins.*




Í næstu undirköflum er farið nánar yfir hlutverk framangreindra stofnana EFTA og EES.

#### *2.2.1. Stofnanir EFTA*


Helstu stofnanir EFTA sem koma að framkvæmd EES-samningsins eru fastanefnd EFTA, Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), EFTA-dómstóllinn, þingmannanefnd EFTA og ráðgjafarnefnd EFTA.

##### *2.2.1.1. Fastanefnd EFTA*

Fastanefnd EFTA (Standing Committee of the EFTA States) er skipuð sendiherrum EES/EFTA-ríkjanna, þ.e. sendiherrum Íslands, Liechtensteins og Noregs. Fastanefndin, sem starfar á grundvelli sérstaks samnings milli EFTA-ríkjanna, fundar að jafnaði 7-8 sinnum á ári, en helsta hlutverk nefndarinnar er að samræma afstöðu EES/EFTA-ríkjanna gagnvart Evrópusambandinu fyrir fundi með fulltrúum ESB í sameiginlegu EES-nefndinni.

Fimm undirnefndir (subcommittees) og 37 vinnuhópar (working groups) eru fastanefndinni til aðstoðar (sjá mynd 2) og undirbúa þau mál sem fara til afgreiðslu hjá fastanefndinni og sameiginlegu EES-nefndinni.

*Mynd 2. Nefndir og vinnuhópar EES/EFTA-ríkjanna.*




Heimild: *EFTA Annual Report 2005*. Einnig er starfandi tímabundinn vinnuhópur um þjónustumál (services), sem fylgst hefur með framgangi þjónustutilskipunarinnar svokölluðu sem nýlega var samþykkt af stofnunum ESB.

Undirnefndirnar fimm, sem skipaðar eru fulltrúum utanríkisráðuneyta EES/EFTA-ríkjanna hittast að jafnaði 7-8 sinnum á ári. Undirnefnd I fjallar um mál á sviði frjáls vöruflæðis, undirnefnd II um frjálst flæði fjármagns og þjónustu, undirnefnd III um frjálsa för fólks, undirnefnd IV fjallar um þverfagleg málefni og samstarfsverkefni og undirnefnd V fjallar um lagaleg og stofnanaleg mál. Undirnefndirnar funda annars vegar sem undirnefndir fastanefndar EFTA og hins vegar sem undirnefndir sameiginlegu EES-nefndarinnar og þá með fulltrúum framkvæmdarstjórnar ESB, eins og nánar er fjallað um í kaflanum um sameiginlegar stofnanir EES.

Undirnefndunum til aðstoðar eru 37 vinnuhópar sem skipaðir eru sérfræðingum fagráðuneyta eða undirstofnana þeirra á hinum ýmsu sérsviðum EES-samningsins. Fulltrúar utanríkisráðuneytis sitja einnig í fimm vinnuhópum og mæta á mikilvæga fundi í öðrum vinnuhópum eftir aðstæðum. Vinnuhóparnir hittast eftir því sem þörf er á til að ræða lagatillögur og gerðir á sínu sviði og undirbúa ákvarðanir sem fara fyrir viðkomandi undirnefnd.

EFTA-skrifstofan í Brussel (EFTA Secretariat) aðstoðar EES/EFTA-ríkin við að undirbúa mál til umfjöllunar í framangreindum nefndum og vinnuhópum EFTA. Skrifstofan greinir m.a. hvort nýjar ESB-reglur falli undir EES-samninginn, útbýr úttektir, skjöl og gerir uppkast að öllum samþykktum EES-nefndarinnar. Að auki gegnir skrifstofan mikilvægu hlutverki við miðlun upplýsinga um þróun mála hjá ESB til EES/EFTA-ríkjanna, eins og nánar er fjallað um síðar.

*2.2.1.2. Þingmannanefnd EFTA*

Þingmannanefnd EFTA fjallar um starfsemi EFTA, gerð fríverslunarsamninga, málefni EES og ESB og efnahags- og viðskiptamál almennt, en nefndin hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart ráðherraráði EFTA. Þingmannanefndin heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári, yfirleitt í tengslum við fundi hennar með ráðherraráði EFTA og fundi hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES sem haldnir eru tvisvar á ári. Í nefndinni eru 20 þingmenn, þar af fimm frá Íslandi. Þingmannanefnd EFTA hefur einnig samstarf við þingmenn frá samstarfsríkjum samtakanna, þ.e. þeim ríkjum sem EFTA hefur gert samstarfs- og fríverslunarsamninga við. Fulltrúar þingmannanefndarinnar skipa einnig EFTA-hluta hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES.[18]

*2.2.1.3. Ráðgjafarnefnd EFTA*

Ráðgjafarnefnd EFTA er vettvangur fyrir aðila vinnumarkaðar í EFTA-ríkjunum og hefur nefndin ráðgefandi hlutverk gagnvart EFTA-ríkjunum. Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Viðskiptaráð og BSRB eiga öll fulltrúa í ráðgjafarnefnd EFTA. Fulltrúar ráðgjafarnefndarinnar skipa einnig EFTA-hluta EES-ráðgjafarnefndarinnar.[19]

*2.2.1.4. Eftirlitsstofnun EFTA*

Eftirlitsstofnun EFTA (EFTA Surveillance Authority, ESA) hefur eftirlit með því að skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum séu efndar og að aðgerðir aðildarríkjanna á sviði samkeppni séu lögmætar. Stofnunin hefur hliðstætt hlutverk og framkvæmdastjórn ESB, en eftirlitið snýr bæði að því hvernig EES-reglurnar eru innleiddar í íslenskan rétt og hvernig þeim er síðan framfylgt af stjórnvöldum. ESA hefur einnig mikilvægu hlutverki að gegna varðandi samkeppnismál sem hafa áhrif á viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. tryggja réttmæta samkeppni fyrirtækja, og hafa eftirlit með ríkisstyrkjum og opinberum innkaupum.

Fjallað er um starfsemi ESA í samningi um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, en samkvæmt þeim samningi skal stofnunin vera sjálfstæð og óháð. Starfsmenn stofnunarinnar mega hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnum eða öðrum aðilum og ber EFTA-ríkjunum að virða það.[20]

---

[18] http://secretariat.efta.int/Web/EFTAAtAGlance/ParliamentaryCommittees/EFTAParliamentaryCommittees
[19] http://secretariat.efta.int/Web/EFTAAtAGlance/EFTAConsultativeCommittee
[20] Samninginn er að finna á vefslóðinni: http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/ees/EESSamningur/nr/1475

ESA getur tekið mál upp að eigin frumkvæði eða vegna kvörtunar frá einhverju EES-ríkjanna, stofnunum ESB eða frá einkaaðilum. Telji stofnunin brotið gegn samningnum getur hún hafið samningsbrotamál sem getur leitt til þess að höfðað verði mál fyrir EFTA-dómstólnum, sbr. umfjöllun í kaflanum hér á eftir. Á sviði samkeppnismála geta brot gegn samningnum einnig haft í för með sér sektir sem ESA hefur heimild til að ákvarða. Einnig hefur stofnunin heimild til að leggja á sektir fyrir brot gegn samkeppnisreglum samningsins.

Stjórn ESA er skipuð þremur mönnum, einum frá hverju EES/EFTA-ríkjanna. Vinnumálið er enska og eiga stjórnvöld að hafa samskipti við ESA á því tungumáli, en einstaklingar og lögaðilar mega nota hvaða EES-tungumál sem er.[21]

*2.2.1.5. EFTA-dómstóllinn*

EFTA-dómstóllinn (EFTA Court) hefur lögsögu í deilumálum milli EFTA-ríkjanna og mál er varða ákvarðanir ESA, en valdsvið dómstólsins er takmarkað við ágreiningsmál sem varða EES-reglur. Dómstóllinn starfar líkt og ESA á grundvelli samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, en lögsaga dómstólsins er í aðalatriðum hliðstæð lögsögu Evrópudómstólsins að uppbyggingu.

EFTA-dómstóllinn fjallar um þrenns konar mál: Í fyrsta lagi fjallar dómstóllinn um ágreiningsmál milli eins eða fleiri EES/EFTA-ríkja, en ekki hefur enn komið upp slíkt mál. Í öðru lagi tekur dómstóllinn fyrir samningsbrotamál, sem eru mál sem höfðuð eru vegna samningsbrota og í þriðja lagi tekur dómstóllinn síðan fyrir ógildingarmál, en það eru mál sem höfðuð eru til ógildingar á ákvörðun ESA, t.d. á grundvelli vanhæfi, verulegra formgalla, brota gegn EES-samningnum eða reglum um beitingu samningsins.[22]

Að auki veitir EFTA dómstóllinn landsdómstólum EES/EFTA-ríkjanna ráðgefandi álit um túlkun reglna sem falla undir EES-samninginn, en í því felst að dómstóllinn svarar tilteknum spurningum frá viðkomandi landsdómstól. Ráðgefandi álit dómstólsins er leiðbeinandi en ekki bindandi fyrir landsdómstólana. Dæmi um ráðgefandi álit er t.d. álit dómstólsins varðandi mál Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur, en niðurstaða þess álits var að aðilum EES-samningsins bæri skylda til að sjá til þess að það tjón fáist bætt sem einstaklingur verður fyrir vegna þess að landsréttur er ekki réttilega lagaður að ákvæðum tilskipunar sem er hluti EES-samningsins.[23]

Málafjöldi hjá EFTA-dómstólnum hefur verið misjafn milli ára, fæst hafa verið fjögur mál á ári og flest tíu. Alls hafa tólf íslensk mál komið fyrir dómstólinn á starfstíma hans, en þar af eru níu ráðgefandi álit, tvö samningsbrotamál og eitt ógildingarmál. Málin hafa verið misjafnlega þýðingarmikil, en merkilegustu íslensku málin í lögfræðilegu og pólitísku tilliti eru m.a. Fagtúnsmálið svokallaða, sem snerist um stöðu ráðgefandi álita fyrir landsdómstólum, mál Erlu

[21] Nánari upplýsingar má finna á vef ESA: www.eftasurv.int
[22] Sbr. IV. hluta samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.
[23] Í álitinu kemur fram að ekki sé skýrt ákvæði um skaðabótaábyrgð í samningnum sjálfum, en að niðurstaðan leiði af tilgangi og lagalegri uppbyggingu samningsins, m.a. markmiði um einsleitni, sem og því markmiði að koma á og tryggja rétt einstaklinga og aðila í atvinnurekstri til jafnræðis og jafnra tækifæra. Álitið (nr. E-9/97) er á vefslóðinni: http://www.dinesider.no/customer/770660/archive/files/Decided%20Cases/1998/9-97%20advisory%20opinion%20icelandic.pdf

Maríu Sveinbjörnsdóttur, sem var um skaðabótaábyrgð ríkisins og mál Harðar Einarssonar sem varðaði forgangsáhrif löggjafar við árekstur eða skörun löggjafar.[24]

EFTA-dómstólnum ber að túlka í samræmi við dóma Evrópudómstólsins sem kveðnir voru upp fyrir undirritunardag EES-samningsins[25] og taka tilhlýðilegt tillit til dóma Evrópudómstólsins sem kveðnir eru upp eftir undirritunardag EES-samningsins að því leyti sem þeir varða túlkun reglna í stofnsáttmálum ESB og að því tilskildu að þær reglur séu efnislega samhljóða ákvæðum EES-samningsins.[26] Dómar EFTA-dómstólsins eru hins vegar ekki fordæmisgefandi fyrir Evrópudómstólinn, en Evrópudómstóllinn hefur þó í einstaka tilvikum vísað til dóma EFTA-dómstólsins í dómum sínum.[27]

EFTA-dómstóllinn er í Lúxemborg og í honum eiga sæti þrír dómarar, einn frá hverju EES/EFTA-ríki, sem skipaðir eru til sex ára í senn af ríkisstjórnum viðkomandi ríkja.[28]

### *2.2.2. Stofnanir Evrópusambandsins*

Evrópusambandið byggist á þremur stoðum og fellur EES-samningurinn undir hluta af fyrstu stoðinni, Evrópubandalagið (European Community), en þar hafa aðildarríki ESB framselt ríkisvald til sameiginlegra stofnana. Í því felst að þessum stofnunum hefur verið veitt heimild til að taka ákvarðanir um sameiginlega stefnu sambandsins og setja sameiginlegar reglur um þau málefni sem falla undir þessa stoð og þar er því um yfirþjóðlegt vald að ræða.

Önnur stoðin tekur til utanríkis- og öryggismála og þriðja stoðin til samvinnu lögreglu- og dómstóla. Á þessum sviðum byggist samvinnan fyrst og fremst á milliríkjasamstarfi og ákvarðanir eru teknar með samhljóða samþykki aðildarríkjanna, en ekki af hinum sameiginlegu stofnunum.[29]

Helstu stofnanirnar eru framkvæmdastjórnin, Evrópuþingið, ráðherraráðið, leiðtogaráðið og dómstóll ESB. Starfsmenn stofnana ESB voru 39.156 árið 2005, en þar af störfuðu 26.651 hjá

---

[24] Af öðrum málum sem vakið hafa athygli má t.d. nefna Restamark málið (nr. E-1/94) og CIBA málið (nr. E-7/01). Dóma EFTA-dómstólsins er að finna á heimasíðu hans: www.eftacourt.lu

[25] Sbr. 6. gr. EES-samningsins: „Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála."

[26] Sbr. 2. mgr. 3. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

[27] Tilhneigingin virðist þó vera sú að dómstóll ESB vísi til dóma EFTA-dómstólsins þegar hann er sammála niðurstöðu hans eða einstökum röksemdum, en sleppi því að annars, sbr. Davíð Þór Björgvinsson (2006), *EES-réttur og landsréttur*, bls. 327.

[28] Nánari upplýsingar um EFTA-dómstólinn má finna á heimasíðu hans: www.eftacourt.lu

[29] Í stjórnarskrársáttmála ESB eru stoðirnar þrjár sem ESB byggist á sameinaðar og sú skipting verður því ekki lengur til staðar ef sáttmálinn tekur gildi, en á þessari stundu er ekki ljóst hvort eða hvænær það gerist þar sem hann var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Hollandi og Frakklandi.

framkvæmdastjórninni, 5.597 hjá Evrópuþinginu og 3.280 hjá ráðherraráðinu.[30] Í þessum kafla er farið í stuttu máli yfir hlutverk þessara stofnana.[31]

*2.2.2.1. Framkvæmdastjórnin*

Framkvæmdastjórn ESB (European Commission) fer með framkvæmdavald í ESB, en hún er skipuð 27 framkvæmdastjórum (commissioners) og tilnefnir hvert aðildarríki einn fulltrúa í framkvæmdastjórnina, en hver fulltrúi fer með ákveðið málefnasvið. Markmið framkvæmdastjórnarinnar er tryggja virkni hins sameiginlega markaðar og vernda hagsmuni ESB inn á við, sem og gagnvart öðrum ríkjum og samtökum. Framkvæmdastjórnin hefur einkarétt á að leggja fram tillögur að nýrri löggjöf er varða innri markaðinn og hún tekur þátt í að skapa, framfylgja og hafa eftirlit með ESB rétti og að aðildarríkin og aðrir uppfylli þær skuldbindingar sem sáttmálar ESB mæla fyrir um. Framkvæmdastjórnin hefur umboð til samningagerðar við önnur ríki og fjölþjóðleg samtök og kemur fram fyrir hönd aðildarríkjanna í slíkum samningaviðræðum.

Framkvæmdastjórninni er ætlað starfa með hagsmuni ESB að leiðarljósi og vera algerlega sjálfstæð. Meðlimir framkvæmdastjórnarinnar mega ekki sækjast eftir eða taka við fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn eða öðrum aðilum.[32]

Framkvæmdastjórnin er megintengiliður EES/EFTA-ríkjanna við stofnanir ESB vegna framkvæmdar EES-samningsins og innan stjórnardeildar utanríkismála (DG RELEX, Directorate General for External Relations) er sérstök skrifstofa sem annast EES-mál og samskipti við EES ríkin og EFTA-skrifstofuna í Brussel, m.a. þátttöku í sameiginlegum nefndum EES-samstarfsins, undirbúning vegna upptöku nýrra gerða í EES-samninginn og samningaviðræður vegna aðlagana þeirra gerða að sérstökum aðstæðum í EES/EFTA-ríkjunum ef óskað er eftir slíkum aðlögunum.

Framkvæmdastjórn ESB er einnig með fastanefnd gagnvart Íslandi sem er í Osló, en fastanefndin er fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB gagnvart stjórnvöldum á Íslandi.[33] Hlutverk fastanefndarinnar er m.a. að veita upplýsingar um uppbyggingu, starfsemi og stefnumál ESB, liðka fyrir samstarfi Íslands og Evrópusambandsins og miðla upplýsingum um afstöðu og hagsmuni Íslands í málum sem snerta samstarf Íslands og ESB, sem og upplýsingum um stjórnmál og efnahagslíf á Íslandi, til höfuðstöðva framkvæmdastjórnarinnar í Brussel. EES-skrifstofa framkvæmdastjórnarinnar í Brussel og fastanefndin í Osló veita einnig starfsmönnum einstakra fagdeilda og sviða innan ESB upplýsingar um EES-samninginn og þau réttindi sem hann veitir Íslandi og öðrum EES/EFTA-ríkjum.

Karel Kovanda, aðstoðarframkvæmdastjóri stjórnardeildar utanríkismála (DG RELEX) hjá framkvæmdastjórn ESB, sem er m.a. ábyrgur fyrir EES málum, fjallaði um framkvæmd EES-samningsins á ráðstefnu nefndarinnar um EES, Schengen og innanríkis- og dómsmálasamstarf ESB og nefndin fundaði um framkvæmd EES-samningsins með Percy Westerlund, sendiherra og yfirmanni fastanefndar framkvæmdastjórnar ESB fyrir Ísland.

---

[30] *European Union. Financial report 2005*, bls. 159.
Á vefsíðunni: http://ec.europa.eu/budget/library/publications/fin_reports/fin_report_05_en.pdf

[31] Umfjöllun um stofnanir ESB byggist að mestu leyti á upplýsingum frá heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB: http://eur-lex.europa.eu/en/droit_communautaire/droit_communautaire.htm og heimasíðu fastanefndar framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi: www.esb.is

[32] Sbr. 213. gr. Rómarsáttmálans.

[33] Heimasíða fastanefndarinnar: www.ees.is

*2.2.2.2. Evrópuþingið*

Evrópuþingið (European Parliament) fer með lagasetningarvald í ESB ásamt ráðherraráðinu. Samþykki Evrópuþingsins þarf fyrir skipan nýrrar framkvæmdastjórnar og fyrir fjárlögum ESB. Völd þingsins fara eftir þeim málaflokkum sem eru til umræðu en flestar ákvarðanir eru teknar með svokölluðu samákvörðunar ferli (codecision procedure), en í því ferli hafa ráðherraráðið og Evrópuþingið jafn mikil völd og geta hvort um sig stöðvað framgang mála í því ferli. Samþykki þingsins þarf fyrir fjárlögum Evrópusambandsins og hefur Evrópuþingið nýtt sér völd sín á þessu sviði til að hafa áhrif á útgjöld sambandsins. Samþykki meirihluta þingmanna þarf til að skipa nýja framkvæmdastjórn, sem og til að samþykkja aðildarsamninga við ný aðildarríki.

Á þinginu skipa þingmenn frá mismunandi aðildarríkjum sér í flokka eða hópa eftir stjórnmálaskoðunum en ekki eftir þjóðerni og í byrjun janúar 2007 voru átta flokkar eða hópar starfandi á þinginu.[34] Á Evrópuþinginu sitja nú 785 þingmenn, en kosið er til Evrópuþingsins með beinni kosningu í hlutfallskosningu í aðildarríkjunum á fimm ára fresti og fer næsta kosning fram árið 2009.[35]

*2.2.2.3. Ráðherraráðið*

Ráðherraráðið (Council of the European Union) fer með löggjafarvald í ESB, ásamt Evrópuþinginu. Ráðherraráðið gætir hagsmuna aðildarríkjanna, samhæfir stefnu og aðgerðir þeirra í mörgum málaflokkum, auk þess að undirrita samninga við önnur ríki og samtök. Samsetning ráðherraráðsins fer eftir málaflokkum og þannig funda umhverfismálaráðherrar aðildarríkjanna um umhverfismál, landbúnaðarráðherrar um landbúnaðarmál, o.s.frv.

Hvert aðildarríki á einn fulltrúa í ráðherraráðinu, óháð íbúafjölda, en ríkin hafa hins vegar mismunandi atkvæðavægi eftir stærð. Flestar ákvarðanir eru nú teknar með auknum meirihluta atkvæða sem í dag er 73,9% atkvæða og eftir atvikum samþykki meirihluta eða 2/3 aðildarríkja. Að auki geta aðildarríki farið fram á að staðfestingu á því að á bakvið þau atkvæði séu ríki sem í búa a.m.k. 62% af heildaríbúafjölda sambandsins, en ef svo er ekki þá telst ákvörðunin ekki vera samþykkt. Aðildarríkin skiptast á um að fara með formennsku í ráðherraráðinu í sex mánuði í senn.

Fundir ráðherraráðsins eru undirbúnir af sérstakri nefnd fastafulltrúa aðildarríkjanna í Brussel (Comité des représentants permanents, COREPER), en þar eiga sæti sendiherrar aðildarríkjanna gagnvart ESB. Nefndin hefur sér til aðstoðar um 250 nefndir sérfræðinga frá aðildarríkjunum sem undirbúa þau mál sem liggja fyrir ráðinu. Flest mál eru leyst á fundum COREPER og sérfræðinganefndanna og kalla því einungis á formlega samþykkt ráðherraráðsins, en þau mál sem ekki tekst að leysa af COREPER eru tekin til umfjöllunar í ráðherraráðinu.[36]

---

[34] Flokkarnir átta eru eftirfarandi: Group of the European People's Party (Christian Democrats) and European Democrats; Socialist Group in the European Parliament; Group of the Alliance of Liberals and Democrats for Europe; Union for Europe of the Nations Group; Group of the Greens / European Free Alliance; Confederal Group of the European United Left - Nordic Green Left; Independence/Democracy Group Identity; og Tradition and Sovereignty Group, sbr. http://www.europarl.europa.eu/members/expert/groupAndCountry.do?language=EN

[35] Þingmönnum á Evrópuþinginu mun að óbreyttu fækka í kosningunum 2009. Hafi ákvæði stjórnarskrársáttmála ESB tekið gildi á þeim tíma fækkar þeim í 750, en annars í 732, sbr. 189. gr. Rómarsáttmálans (eins og honum var breytt með Nice-sáttmálanum).

[36] COREPER skiptist reyndar í tvær nefndir. Þar er annars vegar um að ræða COREPER I sem í sitja staðgenglar sendiherra, en sú nefnd fjallar um það sem kalla mætti tæknileg málefni. Í COREPER II sitja hins vegar sjálfir

*2.2.2.4. Leiðtogaráðið*

Leiðtogaráðið (European Council) er skipað leiðtogum aðildarríkjanna og forseta framkvæmdastjórnarinnar. Leiðtogaráðið er drifkrafturinn í hinu pólitíska samstarfi ríkjanna og útfærir pólitíska stefnu varðandi þróun sambandsins. Leiðtogaráðið er ekki formleg stofnun innan ESB og hefur ekki löggjafarvald.

*2.2.2.5. Dómstóllinn*

Dómstóll ESB (Court of Justice of the European Communities) í Lúxemborg túlkar sáttmála sambandsins og lagasetningar og ráðleggur dómstólum aðildarríkjanna. Dómstóllinn getur fellt dóma í öllum þeim málum sem falla undir sameiginlega löggjöf og reglur sambandsins (þ.e. fyrstu stoð ESB) og getur kveðið upp dóma yfir einstaklingum, fyrirtækjum og ríkjum.[37] Í dómstólnum sitja 27 dómarar, einn frá hverju aðildarríki, og eru þeir skipaðir til sex ára í senn. Sérstakur undirréttur (Court of First Instance) starfar undir dómstólnum.[38]

*2.2.2.6. Aðrar stofnanir*

Af öðrum stofnunum ESB má nefna efnahags- og félagsmálanefndina (European Economic and Social Committee, EESC), sem skipuð er fulltrúum frá samtökum í atvinnulífinu, og héraðanefndina (Committee of the Regions), sem er skipuð fulltrúum bæjar- og héraðsstjórna. Efnahags- og félagsmálanefndin er umsagnaraðili um lagatillögur og löggjöf ESB um málefni er snúa að atvinnulífinu og héraðanefndin er umsagnaraðili um lagatillögur sem snerta sveitarstjórnarstigið, m.a. tillögur á sviði umhverfismála, menntamála og samgöngumála.

Endurskoðunardómstóllinn (European Court of Auditors) hefur eftirlit með fjármálum ESB[39] og Evrópski umboðsmaðurinn (European Ombudsman) tekur á móti kvörtunum frá borgurum ESB sem telja sig hafa orðið fyrir óréttí í stjórnsýslu sambandsins.[40]

***2.2.3. Sameiginlegar stofnanir EES***

Eins og fram kemur á mynd 2.1 þá byggist EES-samstarfið á fjórum sameiginlegum stofnunum. Þar er um að ræða EES-ráðið, sameiginlegu EES-nefndina, sameiginlegu EES-þingmannanefndina og EES-ráðgjafarnefndina. EFTA-skrifstofan í Brussel (EFTA Secretariat) aðstoðar EFTA-ríkin við að undirbúa mál til umfjöllunar í framangreindum stofnunum.[41]

*2.2.3.1. EES-ráðið*

EES-ráðið (EEA Council) hefur það hlutverk að vera stjórnmálalegur aflvaki varðandi framkvæmd EES-samningsins og setja almennar viðmiðunarreglur fyrir sameiginlegu EES-nefndina. EES-ráðið er skipað utanríkisráðherrum EES/EFTA-ríkjanna og fulltrúum framkvæmdastjórnar og ráðherraráðs ESB. Fulltrúar ESB eru yfirleitt utanríkisráðherra

---

sendiherrarnir og á þeim vettvangi er fjallað um pólitísk, viðskiptaleg og efnahagsleg málefni, sem og málefni stofnana ESB. Þá er einnig sérstök nefnd sem undirbýr fundi um landbúnaðarmál (Special Committee on Agriculture). Sjá nánar: http://europa.eu/scadplus/glossary/coreper_en.htm

[37] Með hliðsjón af ensku heiti dómstólsins, *Court of Justice of the European Communities*, væri ef til vill réttara að kalla dómstólinn *dómstól Evrópubandalaganna*. Til einföldunar er hann þó nefndur dómstóll ESB í þessari skýrslu.

[38] Nánari upplýsingar um dómstólinn og undirréttinn er að finna á vefslóðinni: www.curia.europa.eu

[39] Heimasíða: www.eca.europa.eu

[40] Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu umboðsmannsins: www.ombudsman.europa.eu

[41] Umfjöllunin um stofnanir EES byggjast að mestu leyti á upplýsingum frá utanríkisráðuneyti og EFTA.

formennskuríkis ESB, utanríkisráðherra næsta formennskuríkis og framkvæmdastjóri utanríkismála hjá framkvæmdastjórn ESB. EES-ráðið fundar yfirleitt tvisvar á ári.

*2.2.3.2. Sameiginlega EES-nefndin*

Sameiginlega EES-nefndin (EEA Joint Committee) er helsti samstarfsvettvangur EES/EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins, en hlutverk hennar er að tryggja virka framkvæmd EES-samningsins. Í nefndinni eiga sæti annars vegar fulltrúar Íslands, Liechtensteins og Noregs og hins vegar fulltrúar framkvæmdastjórnar ESB. Fulltrúar aðildarríkja ESB geta einnig mætt á fundi nefndarinnar, en þeir taka að öllu jöfnu ekki til máls. Aðalviðfangsefni nefndarinnar er að taka ákvarðanir um að taka ESB-gerðir inn í EES-samninginn, en nefndin er einnig vettvangur þar sem samningsaðilar hafa samráð um öll þau mál á grundvelli samningsins sem valda erfiðleikum. Sameiginlega EES-nefndin hefur sér til aðstoðar fimm undirnefndir sem eru annars vegar skipaðar nefndarmönnum í undirnefndunum fimm sem eru fastanefnd EFTA til aðstoðar og hins vegar fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar. Sameiginlega EES-nefndin fundar yfirleitt 7-8 sinnum á ári.

*2.2.3.3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin*

Hin sameiginlega þingmannanefnd EES fylgist með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefur álit sitt á EES-málum. Í nefndinni eru nú 24 þingmenn, 12 frá Evrópuþinginu og 12 frá EES/EFTA-ríkjunum. Ísland hefur fjóra fulltrúa í nefndinni, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Nefndinni er ætlað að stuðla að auknum skilningi milli ESB og EFTA-ríkjanna á þeim sviðum sem EES-samningurinn tekur til og eru að jafnaði haldnir tveir fundir á ári. Hin sameiginlega þingmannanefnd EES hefur haft frumkvæði að því að semja skýrslur um málefni sem hún hefur viljað skoða sérstaklega og eru þær svo ræddar á fundum nefndarinnar. Fyrir hverja skýrslu eru tilnefndir tveir framsögumenn, annar úr hópi EFTA-þingmanna og hinn úr hópi Evrópuþingmanna, og semja þeir jafnframt drög að ályktunum. Ályktanir sem samþykktar eru á grundvelli þessara skýrslna eru síðan sendar ráðherraráði EES, sameiginlegu EES-nefndinni, þingum EES/EFTA-ríkjanna, Evrópuþinginu og utanríkisviðskiptanefnd þess sem og Evrópunefndum þjóðþinga ESB. Með því að taka skipulega fyrir skýrt afmörkuð málefni hefur þingmannanefnd EES því möguleika á að hafa áhrif á þróun EES-samningsins.[42]

*2.2.3.4. Ráðgjafarnefnd EES*

Ráðgjafarnefnd EES er vettvangur fyrir samskipti milli aðila vinnumarkaðar ESB og EES/EFTA-ríkjanna, en hún er skipuð fulltrúum úr ráðgjafarnefnd EFTA og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins. Ráðgjafarnefndin á að auka skilning á efnahagslegum og félagslegum þáttum innan EES, en nefndin hefur ráðgefandi hlutverk við framkvæmd og þróun EES-samstarfsins. Ráðgjafarnefndin fjallar um sameiginlega hagsmuni og úrlausnarefni þessara aðila á grundvelli EES-samningsins og hefur nefndin staðið fyrir fundarhöldum og upplýsingamiðlun um þróun og stöðu mála í Evrópu, auk þess sem hún hefur sent frá sér sameiginleg álit um þessi efni.[43]

---

[42] Byggt á upplýsingum frá heimasíðu Alþingis: http://www.althingi.is/vefur/efta.html og heimasíðu EFTA: http://secretariat.efta.int/Web/EuropeanEconomicArea/institutions/EEAParliamentaryCommittee

[43] Sjá: http://secretariat.efta.int/Web/EuropeanEconomicArea/institutions/EEAConsultativeCommittee

### *2.2.4. Ákvarðanaferli hjá Evrópusambandinu*

Starfsemi ESB grundvallast á sáttmálum (treaties) sem aðildarríkin hafa samið um og samþykkt.[44] Sáttmálarnir mynda frumrétt ESB, en í þeim er m.a. kveðið á um hlutverk og völd stofnana ESB, ákvarðanaferli og heimildir stofnana til að setja afleiddar gerðir (t.d. tilskipanir, reglugerðir og tilmæli) með nánari útfærslu á samstarfinu.[45]

Mótun og taka ákvarðana hjá Evrópusambandinu getur verið langt og flókið ferli, þar sem fjöldi aðila kemur að öllu jöfnu að málum. Eins og fram hefur komið er það einungis framkvæmdastjórnin sem getur sett fram tillögur að nýrri löggjöf er varðar innri markaðinn, en ráðherraráðið og eftir atvikum Evrópuþingið fara með löggjafarvaldið og samþykkja viðkomandi lagatillögur, með sínum breytingum ef þurfa þykir. Í mörgum gerðum er síðan að finna ákvæði um að framkvæmdastjórnin skuli útfæra framkvæmd viðkomandi gerða nánar með setningu ítarlegri reglna.

#### *2.2.4.1. Tegundir gerða*

Helstu tegundir gerða hjá ESB eru tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir, tilmæli og álit.

**Tilskipanir** (directives) beinast að aðildarríkjunum og eru bindandi á þann hátt að markmiðið með setningu þeirra verður að nást, en ríkin ákveða sjálf hvernig að því er staðið.

**Reglugerðir** (regulations) eru löggjöf sem hefur bein áhrif í aðildarríkjunum frá og með gildistöku og ekki þarf að innleiða þær sérstaklega í landsrétt.

**Ákvarðanir** (decisions) gilda í einstökum málum og eru bindandi fyrir þá sem eiga hlut að máli.

**Tilmæli** (recommendations) og **álit** (opinions) eru ekki bindandi heldur aðeins til viðmiðunar.

Gerðir ESB verða ekki sjálfkrafa hluti EES-samningsins, heldur þarf að semja sérstaklega um hvort og með hvaða hætti ESB gerð taki til EES/EFTA-ríkja á grundvelli EES-samningsins, eins og nánar er fjallað um síðar.

#### *2.2.4.2. Aðferðir við ákvarðanatöku*

Reglur og aðferðir við ákvarðanatöku hjá ESB eru skilgreindar í sáttmálum sambandsins, en allar tillögur að nýrri löggjöf ESB byggjast á tiltekinni grein eða greinum í sáttmálunum. Viðkomandi grein eða greinar eru lagalegur grunnur tillögunnar og ákvarðar einnig hvaða aðferð við ákvarðanatöku skuli notuð við meðferð málsins.

Þrjár helstu aðferðirnar við ákvarðanatöku hjá ESB eru samráðsferlið, samþykkisferlið og samákvörðunarferlið, en þessar aðferðir fela fyrst og fremst í sér aðkomu framkvæmdastjórnar,

---

[44] Núgildandi stofnsáttmálar ESB eru sáttmálinn um Evrópubandalagið (Treaty establishing the European Community) frá 1957 (oftast kallaður Rómarsáttmálinn) og sáttmálinn um Evrópusambandið (Treaty on European Union) frá 1992 (oftast kallaður Maastricht sáttmálinn), en gerðar hafa verið breytingar á þeim með sérstökum sáttmálum, m.a. Einingarlögunum 1986 (Single European Act), Amsterdam sáttmálanum 1997 og Nice sáttmálanum 2001. Sáttmálinn um stofnun Kjarnorkubandalags Evrópu (Treaty establishing the European Atomic Energy Community) er einnig talinn til stofnsáttmálanna. Aðildarríki ESB undirbúa nýja eða breytta sáttmála á sérstökum ríkjaráðstefnum (Intergovernmental Conference). Hver aðildarsamningur felur einnig í sér breytingu á stofnsáttmálunum. Sáttmálana má finna á vefsíðunni: http://eur-lex.europa.eu/en/treaties/index.htm

[45] Umfjöllun um ákvarðanferli hjá ESB byggist að mestu leyti á upplýsingum frá heimasíðu fastanefndar framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi: www.esb.is og vefsíðu framkvæmdastjórnar ESB, *Process and players*: http://eur-lex.europa.eu/en/droit_communautaire/droit_communautaire.htm

ráðherraráðsins og Evrópuþingsins.[46] Að auki setur framkvæmdastjórnin mikinn fjölda gerða um framkvæmd einstakra ákvarðana ráðherraráðsins og Evrópuþingsins á grundvelli heimildar í viðkomandi gerðum.[47]

**Samráðsferlið** (consultation procedure) felur í sér að ráðherraráðið þarf að leita álits Evrópuþingsins á tillögum framkvæmdastjórnarinnar áður en ákvörðun er tekin. Þingið getur sett fram breytingartillögur, en ráðherraráðið þarf hins vegar ekki að samþykkja þær tillögur og er ekki bundið af áliti þingsins. Samráðsferlið er t.d. notað fyrir landbúnaðarmál, samkeppni og skattamál, sem og endurskoðun sáttmála ESB.[48]

**Samþykkisferlið** (assent procedure) þýðir að ráðherraráðið þarf að fá samþykki Evrópuþingsins áður teknar eru ákvarðanir á sviðum sem falla undir þetta ferli. Meirihluti þingmanna þarf að samþykkja viðkomandi ákvörðun, en ekki er hægt að setja fram breytingartillögur heldur getur þingið einungis samþykkt eða hafnað ákvörðuninni. Ákvarðanir um inngöngu nýrra ríkja í ESB og tilteknir alþjóðasamningar eru meðal þess sem fellur undir samþykkisferlið.[49]

**Samákvörðunarferlið** (codecision procedure) er algengasta ákvörðunartökuferlið hjá ESB í dag, en það felur í sér að Evrópuþingið fær jöfn tækifæri á við ráðherraráðið til að móta löggjöf sem fellur undir ferlið.[50] Það þýðir að ráðherraráðið og Evrópuþingið hafa jöfn völd í samákvörðunarferlinu og báðar stofnanirnar þurfa að samþykkja þær gerðir sem falla undir ferlið.

Í stuttu máli virkar samákvörðunarferlið þannig að framkvæmdastjórnin sendir tillögu að nýrri gerð[51] samtímis til Evrópuþingsins og ráðherraráðsins sem taka tillöguna til fyrstu umræðu. Þingið getur samþykkt breytingartillögur við tillögu framkvæmdastjórnar og sett fram í sérstöku áliti[52] sem fer til ráðherraráðsins. Nái Evrópuþingið og ráðherraráðið samkomulagi um sameiginlegan texta í fyrstu umræðu er hægt að samþykkja viðkomandi tillögu og ljúka ferlinu. Ef ráðherraráðið er hins vegar ekki sammála öllum tillögum Evrópuþingsins getur ráðið samþykkt sameiginlega afstöðu, þar sem settar eru fram tillögur að breytingum.[53]

Önnur umræða hefst eftir að ráðherraráðið hefur samþykkt sameiginlega afstöðu og sent til þingsins. Þingið hefur þá að hámarki fjóra mánuði til að ljúka afgreiðslu málsins, annað hvort með því að samþykkja breytingartillögur ráðherraráðsins eða setja fram eigin breytingartillögur. Setji þingið fram breytingartillögur hefur ráðherraráðið að hámarki fjóra mánuði til að taka afstöðu til þeirra og annað hvort samþykkja þær eða hafna, en ráðið getur ekki sett fram eigin

---

[46] Einnig er eftir atvikum leitað álits efnahags- og félagsmálanefndar ESB og héraðanefndar. Sjá: *Decision-making in the European Union:* http://europa.eu/institutions/decision-making/index_en.htm

[47] Um 52% allra gerða sem teknar voru inn í EES-samninginn til september 2004 voru settar af framkvæmdastjórninni án formlegrar aðkomu ráðherraráðsins og Evrópuþingsins.

[48] Sjá t.d.: http://www.europarl.europa.eu/parliament/expert/staticDisplay.do?id=55&pageRank=4&language=EN

[49] Sjá t.d.: http://www.europarl.europa.eu/parliament/expert/staticDisplay.do?id=55&pageRank=8&language=EN

[50] Í stjórnarskrársáttmála ESB er gert ráð fyrir að Evrópuþingið og ráðherraráðið taki sameiginlega ákvörðun um 95% af löggjöf ESB. Sbr. Commission of the EU (2004). *Summary of the Constitutional Treaty* (júní 2004), bls. 3, á vefsíðunni: http://europa.eu/constitution/download/oth250604_2_en.pdf

[51] Tillögur framkvæmdastjórnar má finna á: http://europa.eu.int/eur-lex/lex/COMIndex.do?ihmlang=en (út frá númerum). Leita má að skjölum frá framkvæmdastjórninni á: http://ec.europa.eu/prelex/rech_simple.cfm?CL=en

[52] Öll opinber skjöl Evrópuþingsins má finna á: http://www.europarl.europa.eu/guide/search/default_en.htm og nýjustu samþykktu skjölin eru á: http://www.europarl.europa.eu/activities/public.do?language=en#

[53] Allar samþykktar sameiginlegar afstöður (common positions) má finna á vefsíðu Evrópuþingsins á vefslóðinni: http://www.europarl.europa.eu/commonpositions/default_en.htm. Einnig er hægt að leita að þeim á leitarvef ráðherraráðsins: http://www.consilium.europa.eu/cms3_fo/showPage.ASP?id=549&lang=en&mode=g

breytingartillögur í annarri umræðu. Nái Evrópuþingið og ráðherraráðið samkomulagi um sameiginlegan texta í annarri umræðu er hægt að samþykkja viðkomandi tillögu og ljúka ferlinu.

Náist hins vegar ekki samkomulag um gerð eftir tvær umræður hjá ráðherraráði og Evrópuþinginu er málið sett fyrir sérstaka sáttanefnd (conciliation committee) sem skipuð er jafnmörgum fulltrúum frá ráðherraráðinu og þinginu. Ef samkomulag næst í sáttanefndinni er sameiginleg tillaga hennar lögð fyrir ráðherraráðið og Evrópuþingið til samþykkis eða höfnunar.[54] Hafni annað hvort ráðherraráðið eða Evrópuþingið þeirri sáttatillögu þarf að leggja fram nýja tillögu og fara í gegnum allt ferlið að nýju, þ.e. ef enn er áhugi á að setja löggjöf um viðkomandi efni.[55]


Af framangreindu er ljóst að samákvörðunarferlið getur falið í sér langt og flókið ferli, eins og einnig má sjá á mynd 3.[56]

[54] Alla samþykkta texta frá sáttanefndinni er að finna á vefslóðinni: http://www.europarl.europa.eu/sidesSearch/sipadeMapUrl.do?PROG=JOINT-TEXT&language=EN&startValue=0#

[55] Sem dæmi má nefna að Evrópuþingið hafnaði sáttatexta varðandi tilskipun um yfirtökutilboð árið 2001. Í kjölfar þess lagði framkvæmdastjórn ESB fram nýja og endurskoðaða tillögu að tilskipun um yfirtökutilboð árið 2002 og var sú tillaga formlega samþykkt árið 2004 (tilskipun nr. 2004/25/EB um yfirtökutilboð).

[56] Byggt á upplýsingum af vefsíðunni: http://ec.europa.eu/codecision/index_en.htm

*Mynd 3. Samákvörðunarferlið.*




Mikið magn upplýsinga verður til í þessu ferli og greiður aðgangur er í flestum tilvikum að þeim upplýsingum, en flest skjöl sem eru formlega samþykkt af stofnunum ESB í lagasetningarferlinu eru gerð opinber nær samstundis.[57] Þá birtir Evrópuþingið vinnugögn frá nefndum á öllum stigum á heimasíðu sinni, auk þess sem vinnuskjöl og drög að breytingartillögum frá ráðherraráðinu eru oft birt opinberlega.[58] Þá má fylgjast með ferli einstakra tillagna á sérstökum vefsíðum sem framkvæmdastjórnarinnar og Evrópuþingsins.[59]

### *2.2.5. Ákvarðanaferlið í EES*

EES-samningurinn felur ekki í sér framsal á löggjafarvaldi til stofnana ESB og gerðir sambandsins verða ekki sjálfkrafa hluti EES-samningsins, heldur þarf að semja sérstaklega um hvort og með hvaða hætti ESB gerð taki til EES/EFTA-ríkja á grundvelli EES-samningsins.

Sameiginlega EES-nefndin ákveður hvort og hvernig ESB-gerð skuli taka til EES/EFTA-ríkja að undangengnu viðtæku samráðs- og samningsferli, sem sýnt er á mynd 4.

*Mynd 4. Ákvarðanaferlið í EES.*




[57] Skjöl frá ráðherraráðinu má finna á: http://www.consilium.europa.eu/docCenter.asp?lang=en&cmsid=245

[58] Öll opinber skjöl Evrópuþingsins má finna á: http://www.europarl.europa.eu/guide/search/default_en.htm og opinber skjöl frá ráðherraráðinu má finna á leitarsíðu ráðsins, á vefslóðinni: http://www.consilium.europa.eu/cms3_fo/showPage.ASP?id=549&lang=en&mode=g

[59] Leita má að skjölum á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar: http://eur-lex.europa.eu/RECH_menu.do?ihmlang=en og fylgjast má með ferli einstakra tillagna á vefsíðu Evrópuþingsins: http://www.europarl.europa.eu/oeil/search.jsp og á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/prelex/rech_simple.cfm?CL=en

Í þessu ferli er m.a. metið hvort viðkomandi ESB-gerð falli undir efnissvið EES-samningsins og hvort gera þurfi aðlaganir vegna sérstöðu einstakra EES/EFTA-ríkja. Þessi ákvörðun er sameiginleg og engar aðlaganir eru veittar nema með samþykki ESB. Undirbúningur að þessari ákvörðun hefst þó mun fyrr, þar sem vinnuhópar EFTA, sem skipaðir eru sérfræðingum frá EES/EFTA-ríkjunum, fjalla um tillögu að viðkomandi gerð á meðan hún er enn til umfjöllunar hjá stofnunum ESB og löngu áður en hún kemur til umræðu í sameiginlegu EES-nefndinni.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar eru teknar samhljóða og talar hvor aðila (EES/EFTA annars vegar og ESB hins vegar) einum rómi. Því er ekki um meirihlutaákvarðanir að ræða í EES. Eftir að gerð frá ESB hefur verið tekin inn í EES-samninginn þurfa EES/EFTA-ríkin að innleiða hana í sinn landsrétt. Ef um er að ræða tilskipun hafa stjórnvöld val um form og aðferð við innleiðinguna, en reglugerðir eru teknar upp óbreyttar, nema samið hafi verið um sérstakar aðlaganir fyrir Ísland.[60]

*2.2.5.1. Undanþágur og aðlaganir ESB-gerða að íslenskum aðstæðum*

Gerðir ESB hafa ekki bein lagaáhrif í EES/EFTA-ríkjum, heldur þarf að semja sérstaklega um hvort og með hvaða hætti ESB-gerð taki til EES/EFTA-ríkja á grundvelli EES-samningsins, en í því ferli er m.a. hægt að semja um aðlaganir og undanþágur af ýmsu tagi, jafnt tæknilegar sem efnislegar.

Framkvæmdastjórnin semur um aðlaganir fyrir hönd ESB og hefur umboð til að fallast á eða hafna beiðnum um tæknilegar aðlaganir. Efnislegar aðlaganir þurfa hins vegar samþykki ráðherraráðsins sem þarf jafnframt að hafa samráð við Evrópuþingið. Bent hefur verið á að erfitt sé að fá aðlögun „ef einstökum aðildarríkjum ESB hefur verið synjað um sams konar aðlögun þar sem rík tilhneiging er meðal aðildarríkjanna til að líta svo á að EFTA-ríkin eiga ekki að vera betur sett en aðildarríkin.“[61]

Tæknilegar aðlaganir fela ekki í sér efnislegar breytingar, heldur er að öllu jöfnu einungis verið að bæta upptalningu á t.d. lögbærum yfirvöldum á Íslandi eða íslenskum sérfræðiheitum við lista yfir lögbær yfirvöld eða sérfræðiheiti ESB-ríkjanna í viðkomandi gerðum.

Efnislegar aðlaganir geta hins vegar falið í sér undanþágur eða breytingar á gerðum vegna sérstakra aðstæðna á Íslandi. Sem dæmi um slíkar aðlaganir má nefna að samið hefur verið um varanlegar aðlaganir fyrir Ísland varðandi gerðir ESB um dýraheilbrigðisreglur, flugvernd, orkunýtingu bygginga, öryggiskröfur í fiskiskipum, sumartíma, raforkumarkaðinn og á sviði umhverfismála. Einnig er hægt að semja um tímabundnar aðlaganir, til lengri eða skemmri tíma, t.d. frest varðandi gildistöku gerða.

Ísland hefur verið undanþegið dýraheilbrigðisreglum EES-samningsins varðandi dýr og dýrafurðir, utan fisk og fiskafurða, frá gildistöku EES-samningsins. Í ljósi umfangsmikilla breytinga á matvælalöggjöf ESB mun sú undanþága hins vegar bráðlega falla niður, utan þeirra ákvæða er snúa að lifandi dýrum.

---

[60] Sbr. 7. gr. EES-samningsins.

[61] Utanríkisráðuneytið (2000), *Staða Íslands í Evrópusamstarfi*, bls. 76-77. Fram kemur í skýrslunni að aðildarríki ESB leggi mikla áherslu á innbyrðis samstöðu í samskiptum við þriðju ríki og því séu ákvarðanir um efnislegar aðlaganir í EFTA vinnuhópi ráðherraráðsins nær undantekningalaust teknar samhljóða, jafnvel þótt heimilt sé að taka þær ákvarðanir með vegnum meirihluta atkvæða.

Aðlögunin sem Ísland fékk varðandi flugvernd felur í sér að innanlandsflug á Íslandi skuli vegna sérstakra landfræðilegra aðstæðna vera undanþegið ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðherraráðsins nr. 849/2004 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi. Reglugerðin kveður á um strangar öryggiskröfur fyrir alla flugvelli innan Evrópusambandsins og er talið að án undanþágu þessarar hefðu útgjöld íslenskra flugmálayfirvalda við framfylgd reglugerðarinnar getað numið um 800 milljónum króna á ári að óbreyttu. Þessum reglum er því eingöngu framfylgt í millilandaflugi til og frá Íslandi, en ekki var talið réttlætanlegt að framfylgja þeim í innanlandsflugi hérlendis þar sem engin tengsl eru á milli þess og millilandaflugs.[62]

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðherraráðsins nr. 2002/91 um orkunýtingu bygginga er ætlað að stuðla að bættri orkunýtni bygginga, en flestir orkugjafar sem notaðir eru í ríkjum Evrópusambandsins valda gróðurhúsaáhrifum. Hins vegar kemur nánast öll orkunotkun í íslenskum byggingum frá endurnýjanlegum orkugjöfum og á þeim grundvelli var samið um að ákvæði tilskipunarinnar skyldu ekki gilda á Íslandi. Aðlögunin hefur í för með sér umtalsverðan sparnað því tilskipunin kveður m.a. á um umfangsmikið eftirlit.[63]

Við upptöku hinnar svokölluðu raforkutilskipunar ESB í EES-samninginn fengu íslensk stjórnvöld því framgengt að ákvæði tilskipunarinnar um að heimilt sé að veita aðildarríkjum sem sýnt geta fram á að umtalsverð vandkvæði séu á rekstri lítilla einangraðra kerfa undanþágu frá þeim ákvæðum IV., V., VI. og VII. kafla sem máli skipta, en í þessum köflum er fjallað um rekstur flutningskerfa, rekstur dreifikerfa, aðskilnað og gagnsæi reikninga og skipulag kerfisaðgangs.[64] Einnig fékk Ísland tveggja ára viðbótaraðlögunartíma til að innleiða ákvæði tilskipunarinnar. Að mati iðnaðarráðuneytisins verður að teljast afar ólíklegt að Ísland hefði nokkurn tímann átt þess kost að fá undanþágu frá tilskipuninni í heild sinni í ljósi þess að tilskipunin snýr að innri markaðnum, réttindum raforkuframleiðanda og raforkukaupenda, auk þess sem sérstaklega er tekið á vandamálum lítilla og einangraðra kerfa og eiga þau ákvæði einnig við um Ísland, eins og fyrr sagði.[65]

Ísland hefur einnig fengið aðlaganir eða sérlausnir við upptöku tilskipana ESB á sviði umhverfismála í EES-samninginn, því vegna aðstæðna hérlendis eiga þessar tilskipanir ekki alltaf við hér á landi. Við upptöku fráveitutilskipunar ESB var t.d. slakað á kröfum tilskipunarinnar gagnvart Íslandi vegna þess hve dreifbýlt og strjálbýlt landið er. Í sorpbrennslumálum hefði full innleiðing á viðkomandi tilskipun ESB haft í för með sér að loka hefði þurft nýjum og tæknilega fullkomnum sorpbrennslum hérlendis innan 10 ára, þar sem þær uppfylltu ekki kröfur tilskipunarinnar, en samið var um aðlögun sem felur í sér að nota má þessar sorpbrennslur út

[62] Sjá greinina „Evrópusambandið viðurkennir sérstöðu Íslands"í *Stiklum*, vefriti viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, 18. tbl., 3. árg, 27. apríl 2004: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Stiklur/040427-2.pdf

[63] Sjá greinina „Evrópusambandið viðurkennir sérstöðu Íslands"í *Stiklum*, vefriti viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, 18. tbl., 3. árg, 27. apríl 2004: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Stiklur/040427-2.pdf

[64] Skv. 3. mgr. 24. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðherraráðsins 96/92/EB um innri markað fyrir raforku: „Aðildarríki sem geta sýnt fram á, eftir að þessi tilskipun hefur öðlast gildi, að umtalsverð vandkvæði séu á rekstri lítilla einangraðra kerfa þeirra, geta sótt um undanþágur frá þeim ákvæðum IV., V., VI. og VII. kafla sem máli skipta, og er framkvæmdastjórninni heimilt að veita þeim þessar undanþágur. [...] Þessi málsgrein gildir einnig um Lúxemborg." Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/99 gildir þessi málsgrein einnig um Ísland og Liechtenstein, sbr. j-lið aðlagana við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Sjá: http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/vidaukar19

[65] Byggt á upplýsingum frá Guðjóni Axel Guðjónssyni, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneyti.

líftíma þeirra. Þá fékkst aðlögun vegna sérstakra aðstæðna á Íslandi við upptöku tilskipunar um brennisteinslosun í EES-samninginn, en brennisteinslosun er stór áhrifavaldur varðandi súrt regn. Jarðvegur hérlendis er hins vegar basískari en almennt gerist annars staðar og tekur því betur við brennisteini án súrnunar og á grundvelli þess var samið um sérstaka aðlögun fyrir Ísland. Einnig má nefna að nýlega hefur verið samið um aðlaganir vegna vatnatilskipunar ESB og stefnt er að því að sú tilskipun verði tekin upp í EES-samninginn innan skamms, með sérstakri yfirlýsingu þar sem áréttaður verði sá sameiginlegi skilningur samningsaðila um að í tilskipuninni sé tekið tillit til landfræðilegra aðstæðna hverju sinni og það sé undir stjórnvöldum komið að skilgreina hvar aðgerða sé þörf.

Það gildir í öllum tilvikum að til að fá aðlaganir, jafnt tímabundnar sem ótímabundnar, þarf að setja fram ákveðna sérstöðu Íslands og sýna fram á að hvaða leyti aðstæður hér á landi séu sérstakar og frábrugðnar því sem gerist í ríkjum ESB. Framkvæmdastjórn ESB sér um samningaviðræður við EES/EFTA-ríkin um aðlaganir og almennt kallar það á mikla undirbúningsvinnu, m.a. við að sýna fram á sérstöðu Íslands, að semja um aðlaganir. Ekki er sjálfgefið að samkomulag náist um aðlaganir, en mikilvægt er að greina sem fyrst hvort þörf sé á aðlögunum til þess að nægur tími gefist til að undirbúa viðræður við framkvæmdastjórnina. Semja þarf um aðlögun áður en viðkomandi gerð er tekin upp í EES-samninginn því aðlögunartextinn þarf að koma fram í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

*2.2.5.2. Neitunarvald*

Samkvæmt EES-samningnum hafa EES/EFTA-ríkin neitunarvald varðandi innleiðingu á ESB-löggjöf sem fellur undir samninginn en ljóst er að notkun þess myndi hafa alvarleg áhrif á EES-samstarfið. Ef gerð sem ESB telur að falli undir gildissvið samningsins er hafnað af EES/EFTA-ríkjunum eða upptaka í EES-samninginn tefst mikið að mati framkvæmdastjórnarinnar getur það leitt til þess að framkvæmdastjórnin ákveði að hefja tiltekið ferli með sérstakri bókun um að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þetta ferli getur leitt til þess að framkvæmd þess hluta viðaukans sem gerðin fellur undir verði frestað til bráðabirgða og er kveðið á um ákveðið ferli þar að lútandi í 102. gr. EES-samningsins.

Það ferli er í stórum drættum þannig að ef samningsaðilar ná ekki að komast að samkomulagi um breytingar á viðauka skal sameiginlega EES-nefndin kanna alla frekari möguleika á því að tryggja áframhaldandi góða framkvæmd samningsins og taka nauðsynlegar ákvarðanir þar að lútandi, meðal annars að viðurkenna að löggjöf sé sambærileg. Taka verður slíka ákvörðun eigi síðar en við lok sex mánaða tímabils frá því að málinu er vísað til sameiginlegu EES-nefndarinnar eða á gildistökudegi samsvarandi löggjafar bandalagsins ef sá dagur er síðar. Hafi sameiginlega EES-nefndin ekki tekið ákvörðun um breytingu á viðauka að loknum sex mánuðum skal litið svo á að framkvæmd viðkomandi hluta viðaukans sé frestað til bráðabirgða nema sameiginlega EES-nefndin ákveði annað. Frestun af þessu tagi gengur í gildi sex mánuðum síðar, en þó ekki fyrir þann dag er samsvarandi gerð ESB kemur til framkvæmda. Sameiginlega EES-nefndin skal áfram leitast við að koma á samkomulagi um lausn sem aðilar geta sætt sig við svo að draga megi frestunina til baka við fyrsta tækifæri.[66]

[66] 102. gr. EES-samningsins, sjá: http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/ees/EESSamningur/nr/1273

Á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar 27. september 2002 ákvað framkvæmdastjórn ESB að beita í fyrsta skipti framangreindu ákvæði 102. gr. EES-samningsins, en beiting þess gefur samningsaðilum eins og áður segir sex mánuði til að finna lausn á því hvernig fella megi viðkomandi gerð inn í EES-samninginn Með þessu vildi framkvæmdastjórnin knýja á um upptöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðherraráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001, svo að undir EES-samninginn féllu hindranir gegn því að fjármálakerfi yrðu notuð til peningaþvættis. Ekki var ágreiningur milli aðila um að tilskipunin félli að efni til undir EES-samninginn en EES/EFTA-ríkin töldu aðlögun nauðsynlega þar sem eitt EES/EFTA-ríkjanna átti ekki aðild að alþjóðasáttmála sem vísað var til við skilgreiningu á tilteknu fjármunabroti í tilskipun ESB. Taldi ríkið rétt að gera fyrirvara við þetta atriði í tilskipuninni en því var framkvæmdastjórnin mótfallin. Í framhaldi af vísan framkvæmdastjórnarinnar til 102. gr. EES-samningsins hófust samningaviðræður milli framkvæmdastjórnarinnar og EES/EFTA-ríkjanna þriggja. Þeim lauk í ágúst 2003 og var tilskipunin tekin upp í EES-samninginn með tilteknum aðlögunum sem báðir aðilar gátu fallist á.

Ákvæði 102. gr. var síðast beitt á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar í lok október 2006, en þá tilkynnti framkvæmdastjórn ESB, með vísan til 102. gr. EES-samningsins, að dráttur á upptöku tilskipunar 2004/38/EB í EES-samninginn væri óviðunandi, en frestur aðildarríkja ESB til að laga löggjöf að efni hennar rann út 30. apríl 2006. Að hálfu EES/EFTA-ríkjanna þ.m.t. Íslands hefur því verið haldið fram að gera þurfi aðlaganir á tilskipuninni þar sem hlutar hennar falli ekki undir EES samninginn, en framkvæmdastjórnin er ósammála þeirri túlkun. Samkvæmt fyrrnefndri 102. gr. hafa ríkin sex mánuði til að finna lausn á því hvernig fella megi umrædda tilskipun inn í EES-samninginn. Náist það ekki kveður EES-samningurinn á um að lítið verði svo á að gildi þess viðauka sem gerðin hefur áhrif á sé tímabundið frestað nema sameiginlega EES-nefndin ákveði annað. Ef sú yrði raunin myndi það verða í fyrsta sinn sem slíkt gerðist í sögu EES-samningsins, enda skyldar umrætt ákvæði samningsaðila til að gera sitt ítrasta til að ná samkomulagi. Unnið er að lausn málsins, en ef lausn finnst ekki kemur hin tímabundna frestun þó ekki til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi eftir a.m.k. sex mánuði til viðbótar, þ.e. í lok október 2007.

Frestun á viðauka gildir fyrir öll EES/EFTA-ríkin og felur í sér að ekki eru teknar inn í samninginn nýjar gerðir sem falla undir viðkomandi hluta viðaukans. Þær gerðir sem þegar eru í samningnum halda hins vegar gildi sínu og réttindi og skyldur sem einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri hafa þegar áunnið sér með samningnum haldast því þrátt fyrir frestunina.[67] Ef frestun kemur til framkvæmda er kveðið á um það í EES-samningnum að sameiginlega EES-nefndin skuli áfram leitast við að koma á samkomulagi um lausn sem aðilar geta sætt sig við svo að draga megi frestunina til baka við fyrsta tækifæri, auk þess sem ræða skuli um raunhæfar afleiðingar frestunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni og samningsaðilar skulu eftir því sem við á ákveða hvaða breytingar þurfi að gera vegna frestunarinnar.[68]

Neitunarvaldi hefur aldrei verið beitt af EES/EFTA-ríkjunum og frestun á viðauka hefur aldrei komið til framkvæmda þannig að ekki er hægt að segja til um hvaða áhrif beiting neitunarvalds eða frestun hefði í reynd. Ljóst er þó að til lengri tíma litið þýðir frestun eða beiting neitunarvalds að grafið er undan grundvallarforsendu samningsins um að sömu reglur eigi að gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

[67] Sbr. 6. tölul. 102. gr. EES-samningsins.
[68] Sbr. 4.-6. mgr. 102. gr. EES samningsins.

### 2.3. Hvernig er fylgst með mótun og töku ákvarðana hjá Evrópusambandinu?

Nefndin kynnti sér sérstaklega hvernig íslensk stjórnvöld og hagsmunaaðilar fylgjast með mótun og töku ákvarðana hjá ESB. Á fundum nefndarinnar kom fram að sendiráð Íslands í Brussel, einstök ráðuneyti og EFTA-skrifstofan í Brussel fylgjast náið með mótun og töku ákvarðana hjá ESB, og hið sama gildir um hagsmunaaðila vinnumarkaðarins og sveitarfélög.

Eins og fram hefur komið getur mótun og taka ákvarðana hjá Evrópusambandinu verið langt og flókið ferli og það getur haft mikla vinnu í för með sér að fylgjast með lagasetningarferlinu og kynna sér breytingar sem verða á hverju stigi, sem og hugsanleg áhrif þeirra fyrir Ísland. Eftir að tillögur fara frá framkvæmdastjórn ESB til ráðherraráðs og Evrópuþings hefur Ísland ekki formlega aðkomu að ákvörðunarferlinu á grundvelli EES-samningsins.

Gerðir ESB hafa ekki bein lagaáhrif í EES/EFTA-ríkjum, heldur þarf að semja sérstaklega um hvort og með hvaða hætti ESB-gerð taki til EES/EFTA-ríkja á grundvelli EES-samningsins, eins og nánar er fjallað um í kafla um ákvarðanaferli EES.[69]

#### *2.3.1. Sendiráð Íslands í Brussel og ráðuneyti*

Sendiráðið í Brussel gegnir lykilhlutverki í rekstri EES-samningsins og allri hagsmunagæslu fyrir íslensk stjórnvöld í Evrópusamstarfinu. Í þessu samstarfi er iðulega fjallað um málefni sem geta varðað íslenska hagsmuni miklu og stundum eru umtalsverðir fjármunir í húfi. Það er því mikilvægt að sendiráðið annist þessa hagsmunagæslu sem best, greini mál út frá íslenskum hagsmunum og veiti stjórnvöldum viðeigandi ráðgjöf.

Í sendiráðinu starfa að öllu jöfnu 10 fulltrúar frá fagráðuneytum, einn frá hverju ráðuneyti nema tveir frá menntamálaráðuneytinu og einn fulltrúi sinnir verkefnum fyrir félagsmálaráðuneytið annars vegar og heilbrigðisráðuneytið hins vegar. Frá utanríkisráðuneytinu er sendiherra og þrír fulltrúar, yfirleitt sendifulltrúi sem staðgengill sendiherra, einn sendiráðunautur og einn sendiráðsritari. Þessir fulltrúar starfa tímabundið við sendiráðið áður en þeir hverfa aftur til starfa í sínu ráðuneyti eða annarra starfa. Fulltrúar fagráðuneytanna ganga allir til starfa með diplómatíska titilinn sendiráðunautar (counsellor) og í því sem hér fer á eftir er átt við fulltrúa ráðuneytanna þegar talað er um sendiráðunauta.

Sendiráðunautar eru starfsmenn sinna ráðuneyta en ganga inn í stjórnskipulag utanríkisþjónustunnar þann tíma sem þeir eru við störf í sendiráðinu. Í sendiráðinu sinna þeir hagsmunagæslu tengdri EES-samningnum og skyldum samningum á starfssviði sinna ráðuneyta. Í sumum tilvikum hafa ráðuneytin, að viðhöfðu samráði við sendiherra, falið sendiráðunautum tiltekin viðbótarverkefni, annað hvort varanlega eða tímabundið.

Sendiráðunautar fylgjast almennt með málum á verkefnasviði sinna ráðuneyta og upptaka nýrra gerða í EES-samninginn er meðal fyrirferðamestu verkefnanna, en aðrir viðamiklir þættir eru umsjón með þátttöku í ýmiss konar áætlunum sem falla undir EES-samninginn, tilsjón með ágreiningsmálum um framkvæmd EES-samningsins og umsjón með þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Sendiráðunautar bera ábyrgð á áframsendingum erinda frá ráðuneytum þeirra til

[69] Gerðirnar fara fyrst í gegnum ákveðið ferli hjá ESB og EFTA, þar sem fulltrúar Íslands meta hvort gerðin falli undir EES-samninginn og hvort aðlagana sé þörf. Eftir að samþykkt hefur verið að taka gerð upp í EES-samninginn þarf að innleiða gerðina í landsrétt ef ákvæði hennar eru ekki þegar til staðar þar.

réttra viðtakenda og sjá um áframsendingar erinda heim til ráðuneytanna. Þeim ber að hafa yfirsýn yfir fundaraðgengi sinna ráðuneyta og undirstofnana þeirra í Brussel, og annars staðar þar sem slíkt leiðir beint af aðild Íslands af EES-samningnum og skyldum samningum. Í því felst að vita hverjir séu ábyrgir fyrir fundarsókninni, aðstoð við talsmenn og mætingar með þeim á fundi eftir því sem við getur átt og aðstæður leyfa. Í þeim tilvikum að ekki reynist mögulegt að sinna fundum að heiman getur sendiráðunautum verið falið að vera talsmenn Íslands.

Sendiráðunautum ber sömuleiðis að mynda tengsl við helstu starfsmenn EFTA, ESA, stofnana ESB, annarra fastanefnda og aðra sem starfa á þeirra sviðum. Enn fremur eiga sendiráðunautar að leitast við að fylgjast með almennri fagumfjöllun um málaflokka sína og miðla heim til stjórnsýslunnar með sérstökum skýrslum eða með þátttöku í almennum yfirlitsskýrslum sendiráðsins eftir því sem við getur átt.[70]

Ráðuneytin fá því stöðugar upplýsingar um þróun mála á vettvangi EES og ESB frá fulltrúum sínum í sendiráðinu, auk þess sem EFTA-skrifstofan miðlar einnig slíkum upplýsingum til ráðuneytanna í gegnum vinnuhópa og nefndir EFTA.

Innan utanríkisráðuneytisins sér Evrópuskrifstofa ráðuneytisins um Evrópumál. Starfsemi hennar felst einkum í hagsmunagæslu í tengslum við EES-samninginn og virkri þátttöku í málarekstri fyrir EFTA-dómstólnum og Evrópudómstólnum í því skyni að koma íslenskum sjónarmiðum betur að í réttarþróun ESB og EES. Skrifstofan kemur að gerð fríverslunarsamninga EFTA við þriðju ríki, samskiptum við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og EFTA-dómstólinn, ásamt undirbúningi hinna ýmsu funda utanríkisráðherra þar sem Evrópumálin eru til umræðu. Þá sér Evrópuskrifstofan um rekstur og þróun EES-samningsins, en þar á sér stað stöðug endurskoðun á viðaukum og bókunum við EES-samninginn. Evrópuskrifstofan fer einnig með fyrirsvar utanríkisráðuneytisins gagnvart ESB og fylgist þar m.a. sérstaklega með þróun mála sem snúa að Efnahags- og myntbandalaginu (EMU), stækkun ESB og sjávarútvegsstefnu sambandsins. Skrifstofan, sem starfar í nánu samstarfi við sendiráðið í Brussel, samræmir einnig starf allrar stjórnsýslunnar í EES-samstarfinu en öll ráðuneyti og fjölmargar undirstofnanir taka þátt í þessu starfi með einum eða öðrum hætti.[71] Sendiráðið og utanríkisráðuneytið eiga í nánast í daglegum samskiptum við þá starfsmenn stjórnardeildar utanríkismála (DG RELEX) hjá framkvæmdastjórn ESB sem sjá um daglegan rekstur EES-samningsins.

Á vegum utanríkisráðuneytis starfar sérstakur samráðshópur Stjórnarráðsins um EES sem fundar reglulega til að fara yfir þróun mála er tengjast EES-samstarfinu. Fundi hópsins sitja yfirleitt einn EES-tengiliður frá hverju ráðuneyti, auk starfsmanns nefndasviðs Alþingis, umsjónarmanna undirnefnda og yfirmanns Þýðingamiðstöðvar. Einnig má nefna að á vegum ráðuneytisins starfar sérstakur vinnuhópur um hagsmunagæslu atvinnulífsins við upptöku gerða í EES-samninginn og er hann skipaður fulltrúum atvinnulífsins og utanríkisráðuneytisins

Utanríkisráðuneytið gefur reglulega út vefritið Stiklur sem fjallar um þau EES-mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Vefritið er aðgengilegt á vef ráðuneytisins, auk þess sem því er dreift á rafrænu formi til nokkur hundruð aðila. Loks bera að nefna að utanríkisráðuneytið rekur sérstakt

[70] Yfirlitsskýrslur sendiráðsins fyrir seinni hluta 2006 er að finna á vefslóðinni: http://www.iceland.org/be/islenska/frettir-og-vidburdir/nr/3524

[71] Sjá nánar á heimasíðu utanríkisráðuneytis: http://www.utanrikisraduneyti.is/raduneytid/skipulag/VSS/nr/647

EES-vefsetur þar sem finna má EES-samninginn og ýmsar upplýsingar um þátttöku Íslands í Evrópusamvinnu.[72]

Ítarlega er fjallað um aðkomu EES/EFTA-ríkjanna að undirbúningi og mótun ESB-gerða og verklag við undirbúning ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar í *Handbók Stjórnarráðsins um EES frá 2003*.[73]

### *2.3.2. Alþingi*

Nefndin skoðaði sérstaklega meðferð EES-mála á Alþingi og nýlegar tillögur um meðferð EES-mála í norska Stórþinginu, sem og samstarf ESB og þjóðþinga aðildarríkja sambandsins.

#### *2.3.2.1. Meðferð EES-mála á Alþingi*

Árið 1994 samþykkti forsætisnefnd Alþingis reglur um þinglega meðferð EES-mála á mótunarstigi. Í reglunum er fjallað um hlutverk utanríkisráðuneytisins, utanríkismálanefndar og fastanefnda Alþingis. Þegar utanríkisráðuneytið fær tillögur að ESB-gerðum á mótunarstigi sem síðar kunna að verða EES-reglur skal, samkvæmt reglunum, kynna þær tillögur fyrir utanríkismálanefnd Alþingis. Texta tillagna sem krefjast munu lagabreytinga á Íslandi skal senda nefndinni á íslensku, en ef um er að ræða tillögur sem teknar verða upp í landsrétt sem stjórnvaldsreglugerðir skal nefndin fá íslenskt heiti þeirra og stutta samantekt á íslensku um efni þeirra. Utanríkismálanefnd skal senda framangreind gögn til hlutaðeigandi fastanefndar, sem og þingmannanefndar EFTA, en að lokinni efnislegri umfjöllun fastanefndar tekur utanríkismálanefnd málið til afgreiðslu og kynnir utanríkisráðuneytinu niðurstöðu þeirrar umfjöllunar sem málið hefur fengið á Alþingi á mótunarstigi þess.[74]

Í tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn, sem lögð var fram á Alþingi árið 2000 var fjallað um meðferð EES-mála á Alþingi og tiltekið að rétt væri að færa almenna meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því fælist að almennt yrði leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefði verið gerður við. Slíks samþykkis yrði leitað með tillögu til þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti myndi samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt yrði þeirri föstu vinnureglu komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, að haft yrði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær væru á undirbúningsstigi.[75]

Ákveðið verklag hefur hins vegar komist á varðandi kynningu í utanríkismálanefnd. Það verklag er ekki í samræmi við framangreindar reglur eða þingsályktunartillögu og utanríkisráðuneytið kynnir því ekki tillögur á mótunarstigi fyrir utanríkismálanefnd, heldur einungis ESB-gerðir sem þegar hafa verði samþykktar og teknar upp í EES-samninginn. Þar er að auki eingöngu um að ræða gerðir sem krefjast lagabreytinga á Alþingi, en gerðir sem innleiddar eru með

[72] EES-vefsetrið er á vefslóðinni: www.ees.is

[73] Handbókin er á vefslóðinni: http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/ees/EESUndir//nr/436

[74] Forsætisnefnd Alþingis (1994). *Reglur um þinglega meðferð EES-mála á mótunarstigi.*

[75] Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn. Lögð fram á 125. löggjafarþing 1999–2000 (þskj. 889, 587. mál). Á vefslóðinni: http://www.althingi.is/altext/125/s/0889.html

stjórnvaldsreglugerðum eru almennt ekki kynntar fyrir utanríkismálanefnd eða fastanefndum Alþingis. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er þetta verklag nú í endurskoðun með það að markmiði að tryggja aðkomu þingsins að EES-málum fyrr en nú er gert.

*2.3.2.2. Um meðferð EES-mála í norska Stórþinginu*

Á norska Stórþinginu fjallar sérstök nefnd, samráðsnefnd Stórþingsins um EES-mál (Stortingets konsultasjonsorgan for EØS saker), um EES-gerðir á mótunarstigi. Nefndin er í daglegu máli nefnd EES-nefndin og samanstendur af utanríkismálanefnd og norsku landsdeildinni í þingmannanefnd EFTA/EES. Formaður utanríkismálanefndar er einnig formaður EES-nefndarinnar. Aðrar fastanefndir eru boðaðar á fundi EES-nefndarinnar eftir því sem þörf er á.

Utanríkisráðherra Noregs gengur á fund EES-nefndarinnar fyrir hvern fund í sameiginlegu EES-nefndinni (EEA Joint Committee) í Brussel, en eins og fram hefur komið er það hlutverk sameiginlegu EES-nefndarinnar að taka ákvarðanir um upptöku ESB-gerða í EES-samninginn, auk þess sem nefndin er einnig samráðsvettvangur samningsaðila um ágreiningsmál varðandi EES-samninginn.

Þegar utanríkisráðherrann gengur á fund EES-nefndar Stórþingsins kynnir hann þau mál og tillögur sem liggja fyrir næsta fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar. Að lokinni umræðu veitir EES-nefndin ríkisstjórninni leiðsögn um hvaða afstöðu hún eigi að taka í sameiginlegu EES-nefndinni, en það er ríkisstjórnarinnar að túlka leiðsögn nefndarinnar. Þegar þurfa þykir taka aðrir fagráðherrar en utanríkisráðherra þátt í fundum EES-nefndarinnar og í þeim tilvikum sitja jafnframt þingnefndir á viðkomandi fagsviði fundina.

Upplýsingagjöf utan funda er þannig háttað að tvisvar á ári sendir utanríkisráðherra EES-nefndinni lista yfir þær ESB-gerðir sem til stendur að taka upp í EES-samninginn. Auk þess fær nefndin fyrir hvern fund sendan lista með umfjöllun um þær gerðir sem ráðgert er fjallað verði um á næsta fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Nokkur umræða hefur farið fram í Noregi að undanförnu um hvernig haga skuli Evrópustefnu Norðmanna og tvær tillögur þar að lútandi voru samþykktar í febrúar 2007.

Annars vegar var samþykkt tillaga um að hér eftir fari fram sérstök umræða um málefni ESB/EES á þingfundi í Stórþinginu tvisvar á ári. Utanríkisráðherra verði málshefjandi og því næst fari fram almennar umræður.[76]

Hins vegar var samþykkt nefndarálit utanríkismálanefndar um skýrslu ríkistjórnarinnar um Evrópustefnu Norðmanna. Þar eru lagðar fram margvíslegar tillögur um hvernig styrkja megi meðferð ESB/EES-mála í Stórþinginu.[77] Það skal m.a. gert með eftirfarandi hætti:

- Að auka umfjöllun fastanefnda um Evrópumál, en starf EES-nefndarinnar hefur valdið því að fastanefndirnar hafa sinnt málaflokknum minna en æskilegt er.

---

[76] Nefndarálitið, *Innstilling fra utenrikskomiteen om behandling av EØS-saker i Stortinget*, er að finna á vefslóðinni: http://www.stortinget.no/inns/2006/inns-200607-114.html

[77] Nefndarálitið, sem ber yfirskriftina *Innstilling fra utenrikskomiteen om gjennomføring av europapolitikken*, má finna á: http://www.stortinget.no/inns/2006/inns-200607-115.html

- Að ríkisstjórnin flokki ESB/EES-mál eftir fagsviðum og sendi lista ásamt umfjöllun um þau til viðkomandi fagnefnda.
- Að ríkisstjórnin veiti Stórþinginu upplýsingar um öll helstu málefni á sviði Evrópumála eins tímanlega og unnt er.
- Að forsætisnefnd leggi fram tillögur um breytingar á þingsköpum, ef nauðsynlegt þykir, til að tryggja skilvirka og gagnsæja meðferð ESB/EES-mála í Stórþinginu.
- Að forsætisnefnd geri jafnframt tillögur að breytingum á þingsköpum svo fagnefndir hafi rétt til þess að hafa frumkvæði að því að taka sérstök ESB/EES-mál upp og fylgja þeim eftir.
- Að Stórþingið styrki faglega stöðu sína við meðferð ESB/EES mála með því að auka sérfræðiþekkingu á þessu sviði á skrifstofu þingsins.
- Að Stórþingið veiti þingflokkunum sérstaka styrki til samstarfs við flokkahópanna á Evrópuþinginu.
- Að vinna áfram að því að Noregur fái áheyrnaraðild að COSAC, samstarfsvettvangi Evrópunefnda þjóðþinga ESB-ríkjanna.
- Að koma á starfsmannaskiptum við Evrópuþingið þannig að pólitískir starfsmenn þingflokkanna og skrifstofu Stórþingsins geti starfað þar tímabundið og þar með aukið sérfræðiþekkingu innan Stórþingsins á sviði ESB/EES-mála.

Eftir samþykkt Stórþingsins á framangreindu áliti utanríkismálanefndar er það á hendi forsætisnefndar að gera tillögur sem snúa að þinghaldi og taka jafnframt upp viðræður við ríkisstjórnina um þau atriði sem lúta að samstarfi þingsins við hana.[78]

*2.3.2.3. Samstarf ESB og þjóðþinga aðildarríkjanna*

Evrópunefndir aðildarríkja ESB eiga aðild að COSAC, sem er sérstakur samstarfsvettvangur við ESB. Haldnir eru formlegir fundir á þeim vettvangi tvisvar á ári í því ríki sem er í forsæti ESB hverju sinni, en COSAC er einnig m.a. ætlað að auka skipti á upplýsingum milli aðila. EES/EFTA-ríkin eiga ekki aðild að COSAC, en Noregur vinnur að því að fá þar áheyrnaraðild, eins og fram hefur komið.[79]

Í viðauka við stjórnarskrársáttmála ESB er kveðið á um aukið vægi þjóðþinga aðildarríkjanna sem felst í því að við setningu nýrra laga skal hafa samband við þjóðþingin og leita álits þeirra. Jafnframt er þar kveðið á um aukið vægi COSAC.[80]

### *2.3.3. Hagsmunaaðilar*

Ýmsir hagsmunaaðilar fylgjast náið með þróun mála hjá ESB og framkvæmd EES-samningsins, enda getur þróun mála haft mikil áhrif á starfsemi þeirra umbjóðenda. Nefndin fékk m.a. á sinn fund fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ASÍ, BSRB, Bændasamtökunum, LÍÚ, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins til að kynna sér starfsemi þeirra á sviði Evrópumála.

---

[78] Byggt á upplýsingum frá alþjóðadeild Alþingis.

[79] COSAC (Conference of Community and European Affairs Committees of Parliaments of the European Union) var stofnað 1989 og formlega viðurkennt af ESB í sérstakri bókun við Amsterdam sáttmálann (Protocol on the role of the national parliaments in the European Union) sem gekk í gildi 1999. COSAC er því viðurkenndur samstarfsvettvangur ESB og Evrópunefnda þjóðþinga aðildarríkjanna. Heimasíða COSAC: www.cosac.eu

[80] *Protocol on the role of national parliaments in the EU.* Á vefsíðunni: http://europa.eu.int/eur-lex/en/treaties/selected/livre305.html

*2.3.3.1. Samband íslenskra sveitarfélaga*

EES-samstarfið hefur mikil áhrif á íslensk sveitarfélög því stór hluti þeirra gerða sem innleiða þarf vegna samstarfsins snerta sveitarfélög fjárhagslega eða í framkvæmd. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur því unnið markvisst að því að auka þekkingu sveitarfélaga á EES-samningnum og tryggja aukið samráð við sveitarfélög um EES-mál.

Árið 2004 var gefin út skýrsla um EES og hagsmuni íslenskra sveitarfélaga, sem unnin var af samstarfsnefnd á vegum utanríkisráðuneytis, en í þeirri nefnd áttu auk fulltrúa utanríkisráðuneytis og sveitarfélaga sæti fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Í skýrslunni var farið yfir stöðu mála og komið með tillögur um hvernig samstarfi ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði yrði best háttað. Þá fór Árni Þór Sigurðsson, varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, til Brussel árið 2005 til að skoða hvernig önnur sveitarfélög í Evrópu kæmu að Evrópumálum, en áætlað er að um 250 hagsmunasamtök á sviði sveitarstjórnarmála séu í Brussel. Árni Þór skilaði sérstakri skýrslu um málið[81] og í framhaldinu opnaði Samband íslenskra sveitarfélaga skrifstofu í Brussel í september 2006, en þar er um að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára. Samband íslenskra sveitarfélaga á einnig gott samstarf við norræn samtök og skrifstofan í Brussel er á sama stað og skrifstofur sveitarfélagasamtaka frá Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Þá tekur sambandið einnig þátt í starfi Evrópusamtaka sveitarfélaga (Council of European Municipalities and Regions, CEMR) og óformlegum samráðsvettvangi fulltrúa sveitarfélagasambanda í Brussel (European Local Authorities Network, ELAN).

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að greina áhrif gerða á sveitarfélög og gæta hagsmuna sveitarfélaga, með því að tryggja betri yfirsýn, fá betri upplýsingar á fyrri stigum og vita hvers sé að vænta frá ESB. Auk þess er lögð áhersla á að ræða við stjórnvöld um hvort gerðir falli undir EES, um innleiðingu og aðlaganir, sem og kostnað vegna innleiðingar og á vegum utanríkisráðuneytis er starfandi sérstök samráðsnefnd sem fulltrúar sveitarfélaga eiga aðild að. Þá hafa önnur ráðuneyti, sérstaklega umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, mikið samstarf við sveitarfélög í tengslum við framkvæmd EES-samningsins.

Ekkert er fjallað um sveitarstjórnarmál í EES-samningnum og því er enginn formlegur vettvangur fyrir samstarf sveitarstjórna EES/EFTA-ríkjanna eða samstarf við héraðanefnd ESB í tengslum við EES-samstarfið, enda tók héraðanefndin ekki til starfa fyrr en eftir gerð EES-samningsins. Verið er að skoða hvort setja eigi upp óformlegan samstarfsvettvang fyrir samtök sveitarfélaga EES/EFTA-ríkjanna á vegum EFTA, en slíkur samstarfsvettvangur gæti til að mynda átt samstarf við héraðanefnd ESB.

*2.3.3.2. Hagsmunasamtök atvinnulífs og almennings*

Aðilar vinnumarkaðar í EFTA-ríkjunum eiga eins og fram hefur komið fulltrúa í ráðgjafarnefnd EFTA, en nefndin hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart EFTA-ríkjunum. Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Viðskiptaráð og BSRB eiga öll fulltrúa í ráðgjafarnefndinni og fulltrúar ráðgjafarnefndarinnar skipa einnig EFTA-hluta EES-ráðgjafarnefndarinnar.[82]

---

[81] Árni Þór Sigurðsson (2005). *Evrópska efnahagssvæðið og íslensk sveitarfélög.*

[82] Sjá nánar á heimasíðu EFTA: http://secretariat.efta.int/Web/EFTAAtAGlance/EFTAConsultativeCommittee

Aðilar vinnumarkaðarins í ríkjum ESB hafa með Maastricht og Amsterdam sáttmálunum fengið aukin áhrif varðandi tillögugerð á sviði vinnulöggjafar því framkvæmdastjórninni er nú skylt að gefa samtökum þeirra tækifæri til að ná samkomulagi sín á milli um vinnumarkaðsmálefni áður en framkvæmdastjórnin setur fram tillögur á viðkomandi sviði. Náist samkomulag þeirra á milli verður framkvæmdastjórnin að leggja samninga þeirra óbreytta fyrir ráðherraráðið og ef þeir þykja fullnægjandi setur ESB ekki fram eigin tillögur að löggjöf á viðkomandi sviði heldur tekur upp samninga aðila vinnumarkaðarins.[83]

Evrópusamtök atvinnulífsins (BUSINESSEUROPE)[84] gæta hagsmuna evrópsks atvinnulífs gagnvart ESB, koma fram fyrir hönd aðildarsamtakanna gagnvart framkvæmdastjórn ESB og eru talsmenn þeirra gagnvart stofnunum sambandsins. Evrópusamtök launafólks (ETUC) gegnir sama hlutverki fyrir sín aðildarfélög. Evrópusamtök atvinnulífsins og Evrópusamtök launafólks annast framangreindar samningaviðræður um vinnumarkaðsmálefni fyrir hönd sinna aðildarfélaga. ASÍ og BSRB eru aðilar að Evrópusamtökum launafólks og Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins eru aðilar að Evrópusamtökum atvinnurekenda og fulltrúar þeirra hafa tekið þátt í samningum á Evrópuvísu sem fulltrúar í samninganefndum þessara Evrópusamtaka. BSRB á einnig aðild og aðkomu að þessu starfi í gegnum Evrópusamband starfsfólks í almannaþjónustu (European Federation of Public Service Unions, EPSU).

Aðild ASÍ og BSRB að Evrópusamtökum launafólks og aðild Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðaðarins að Evrópusamtökum atvinnulífsins veitir þeim því mikilvæga aðkomu að þróun mála hjá ESB, auk þess að vera farvegur fyrir samráð og upplýsingar um hagsmunamál þeirra á Evrópuvettvangi.

Samtök atvinnulífsins hafa skrifstofu og starfsmann í Brussel, en hlutverk skrifstofunnar snýr fyrst og fremst að erindrekstri gagnvart Evrópusamtökum atvinnulífsins, ESB og stofnunum EES, EFTA og íslenska sendiráðinu í Brussel. Að auki sinnir skrifstofan einnig upplýsingaöflun um Evrópumál fyrir samtök og fyrirtæki á Íslandi.

Aðrir hagsmunaaðilar hafa ekki skrifstofu í Brussel, en leggja frekar áherslu á að senda fulltrúa út til Brussel á fundi eða í kynningarferðir. Almennt leggja þessir hagsmunaðilar, a.m.k. stærri hagsmunaaðilar, áherslu á að fylgjast vel með þróun mála hjá ESB, greina áhrif gerða og gæta hagsmuna sinna félaga.

### *2.3.4. EFTA-skrifstofan í Brussel*

EFTA-skrifstofan í Brussel (EFTA Secretariat) aðstoðar EES/EFTA-ríkin við að undirbúa mál til umfjöllunar í nefndum og vinnuhópum EFTA.

Vinnuhóparnir, sem skipaðir eru fulltrúum fagráðuneyta EES/EFTA-ríkjanna á viðkomandi málefnasviðum,[85] gegna mikilvægu hlutverki þar sem þeir fylgjast með undirbúningi og framvindu nýrra lagatillagna hjá ESB. Vinnuhóparnir fara yfir nýjar lagatillögur framkvæmdastjórnarinnar og meta hvort þær falli undir gildissvið EES-samningsins. Ef talin er

[83] Skv. 136.-139. gr. Rómarsáttmálans. Gerðir um vinnutíma farmanna á kaupskipum, foreldraorlof og réttindi starfsmanna í hlutastörfum eru dæmi um ESB-gerðir sem orðið hafa til með þessum hætti.
[84] BUSINESSEUROPE hét áður UNICE.
[85] Vinnuhóparnir eru sýndir á mynd 2 í 2. kafla skýrslunnar.

þörf á því að koma sjónarmiðum EES/EFTA-ríkjanna formlega á framfæri við stofnanir ESB gera vinnuhóparnir umsögn (EEA EFTA Comment) sem send er til hlutaðeigandi stofnana sambandsins.

Vinnuhóparnir eiga einnig óformlegar viðræður við fulltrúa frá viðkomandi fagdeildum framkvæmdastjórnarinnar, sem oftar en ekki eru höfundar þeirra tillagna sem til umræðu eru. Þessar viðræður gefa því fulltrúum EES/EFTA-ríkjanna tækifæri til að fá útskýringar á efni tillagnanna og eyða þannig hugsanlegum misskilningi. Viðræðurnar gefa fulltrúum EES/EFTA-ríkjanna einnig möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við framkvæmdastjórnina með óformlegum hætti, t.d. varðandi ákveðna sérstöðu eða séraðstæður sem taka þarf tillit til, og geta þannig greitt fyrir samningaviðræðum um aðlaganir ef til þess kemur á seinni stigum.

Eftir að gerð hefur verið samþykkt af ESB gera vinnuhóparnir sameiginlegar tillögur til undirnefnda fastanefndar EFTA um það hvort eða að hve miklu leyti viðkomandi gerð falli undir gildissvið EES-samningsins og hvort fara eigi fram á tæknilegar eða efnislegar aðlaganir á efni hennar.[86]

Milli funda í vinnuhópunum sendir EFTA-skrifstofan upplýsingar um þróun og framvindu mála á vettvangi ESB til meðlima vinnuhópanna og skrifstofan gegnir því afar mikilvægu hlutverki í öflun og miðlun upplýsinga til EES/EFTA-ríkjanna. Að auki gefur EFTA-skrifstofan út margvíslegt upplýsinga- og kynningarefni um EES-samninginn[87] og heldur tvisvar á ári sérstakar ráðstefnur um EES-samstarfið sem ætlaðar eru til að kynna starfsmönnum ráðuneyta og stofnana helstu þætti samstarfsins.[88] Í ársskýrslum EFTA má finna umfjöllun um störf vinnuhópanna ár hvert.[89]

### 2.4. Leiðir til að hafa áhrif á mótun og töku ákvarðana á vettvangi Evrópusambandsins

EES-samningurinn veitir EES/EFTA-ríkjunum mikilvægan aðgang að mótun ákvarðana þegar þær eru á undirbúningsstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, en samningurinn veitir hins vegar ekki formlegan aðgang að töku ákvarðana í Evrópuþinginu og ráðherraráði ESB. Í þessum kafla er farið nánar yfir þær formlegu og óformlegu leiðir sem Ísland og önnur EES/EFTA-ríki hafa til að hafa áhrif á mótun og töku ákvarðana á vettvangi ESB. Þar er til að mynda um að ræða samskipti við framkvæmdastjórnina, ráðherraráðið, Evrópuþingið og einstök aðildarríki, m.a. í gegnum norræna samvinnu.

#### *2.4.1. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins*

Framkvæmdastjórnin sér um framkvæmd EES-samningsins af hálfu ESB og er aðaltengiliður EES/EFTA-ríkjanna við ESB. Framkvæmdastjórnin hefur ein stofnana ESB rétt til að leggja fram tillögu að afleiddum gerðum varðandi innri markaðinn þ.e. tillögur að gerðum ESB sem sækja heimild til stofnsáttmála ESB, auk þess sem framkvæmdastjórninni er í mörgum tilvikum veitt heimild í gerðum til að setja reglugerðir um nánari framkvæmd gerða sem samþykktar hafa verið af ráðherraráði.

---

[86] Þórunn J. Hafstein (2006), bls. 599-600.
[87] Lista yfir útgefið efni er að finna á vefslóðinni: http://secretariat.efta.int/Web/Publications/note/
[88] Upplýsingar um EES-ráðstefnurnar: http://secretariat.efta.int/Web/EuropeanEconomicArea/seminars/upcoming
[89] Ársskýrslur EFTA er að finna á vefslóðinni: http://secretariat.efta.int/Web/Publications/AnnualReport/

Í 99. gr. samningsins er kveðið á um það að þegar framkvæmdastjórn ESB hefur undirbúning að nýrri löggjöf á sviði sem samningurinn tekur til skuli hún óformlega leita ráða hjá sérfræðingum EFTA-ríkjanna á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkja ESB við mótun tillagnanna og þegar framkvæmdastjórnin sendir lagatillögur sínar til ráðherraráðs ESB skal hún senda afrit af þeim til EFTA-ríkjanna. Jafnframt er kveðið á um það að fyrstu skoðanaskipti um viðkomandi tillögu skuli fara fram í sameiginlegu EES-nefndinni óski einhver samningsaðila þess. Tekið er fram í greininni að á „þeim tíma sem líður fram að töku ákvörðunar í ráðherraráðinu skulu samningsaðilar, í samfelldu ferli upplýsingaskipta og samráðs, ráðgast hver við annan í sameiginlegu EES-nefndinni að beiðni einhvers þeirra á öllum tímamótum á leið að endanlegri töku ákvörðunar.“ Loks er tiltekið að samningsaðilar skuli starfa saman af heilum hug á upplýsinga- og samráðstímabilinu með það fyrir augum að auðvelda ákvarðanatöku í sameiginlegu EES-nefndinni í lok meðferðar málsins.

*2.4.1.1. Þátttaka í nefndum og sérfræðingahópum Evrópusambandsins*

Mikill fjöldi sérfræðingahópa og nefnda starfa á vegum Evrópusambandsins og stofnana þess, en þær nefndir veita sérfræðilega eða tæknilega ráðgjöf við undirbúning lagasetningar. Á grundvelli 99. gr. og 100. gr. EES-samningsins eiga EES/EFTA-ríkin rétt til þátttöku í þeim sérfræðingahópum og nefndum framkvæmdastjórnar ESB sem varða gildissvið EES-samningsins, að öðru leyti en því að þau hafa ekki atkvæðisrétt.

***Sérfræðingahópar***

Þegar framkvæmdastjórn ESB hefur undirbúning að tillögu að nýrri löggjöf fyrir ráðherraráðið og Evrópuþingið er algengt að hún setji á stofn sérstakan sérfræðingahóp (expert group) til að veita sérfræðilega eða tæknilega ráðgjöf um viðkomandi efni. Leiti framkvæmdastjórnin til sérfræðinga aðildarríkja ESB ber henni samkvæmt 99. gr. EES-samningsins einnig að leita til sérfræðinga EES/EFTA-ríkjanna ef viðkomandi tillaga fellur undir gildissvið samningsins og fulltrúar EES/EFTA-ríkjanna hafa því rétt til þátttöku í sérfræðingahópum framkvæmdastjórnarinnar. Í sérfræðingahópunum starfa þátttakendur á grundvelli sérfræðiþekkingar sinnar en ekki sem fulltrúar ríkisstjórna sinna.[90] Árið 2005 höfðu EES/EFTA-ríkin aðgang að 179 sérfræðingahópum framkvæmdastjórnarinnar.

***Samráðsnefndir***

Á þeim sviðum sem framkvæmdastjórnin sjálf hefur heimild til að setja reglur um framkvæmd einstakra gerða starfa sérstakar samráðsnefndir (comitology committees) sem skipaðar eru fulltrúum aðildarríkjanna og stýrt af fulltrúa framkvæmdastjórnar. Þessum nefndum er m.a. ætlað að tryggja samráð við aðildarríkin við setningu þessara gerða og að tekið sé tillit til aðstæðna í hverju landi, eftir því sem tök eru á.[91] Framkvæmdastjórninni er skylt að bera tillögur sínar undir þessar samráðsnefndir og samkvæmt 100. gr. EES-samningsins eiga EES/EFTA-ríkin rétt til þess að kom að mótun þessara framkvæmdareglna á sama hátt og fulltrúar ESB-ríkjanna. Í yfirlýsingu við EES-samninginn um framkvæmd á þátttöku sérfræðinga EFTA í nefndum ESB sem tengjast EES staðfestir framkvæmdastjórn ESB að samkvæmt meginreglum 100. gr. skuli hvert EFTA-ríki tilnefna eigin sérfræðinga. Þessir sérfræðingar taka á jafnréttisgrundvelli, ásamt fulltrúum aðildarríkja ESB, þátt í undirbúningsvinnu fyrir fundi þeirra nefnda ESB sem tengjast þeim

[90] Sjá nánar um sérfræðingahópa á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/transparency/regexpert/faq/faq.cfm?aide=2

[91] Sjá umfjöllun á: http://ec.europa.eu/transparency/regcomitology/aide.cfm?page=faq&CL=en og http://europa.eu/scadplus/glossary/comitology_en.htm

réttarreglum sem um ræðir. Í yfirlýsingunni kemur fram að framkvæmdastjórn ESB muni taka þann tíma sem með þarf til samráðs og leggja síðan tillögu sína fram á formlegum fundi. Ráðherraráðið og Evrópuþingið koma hins vegar ekki að samþykkt þessara gerða.[92]

Árið 2005 höfðu EES/EFTA-ríkin aðgang að 108 samráðsnefndum framkvæmdastjórnarinnar.

***Þátttaka í öðrum nefndum***
Þegar samvinna felur í sér þátttöku EFTA-ríkja í rammaáætlun ESB, einstakri samstarfsáætlun, verkefni eða annarri aðgerð gildir sú meginregla skv. 81. gr. EES-samningsins að EFTA-ríkin hafa aðgang að öllum þáttum áætlunarinnar, þar á meðal þátttöku í nefndum. Þá eiga EES/EFTA-ríkin, skv. 101. gr. EES-samningsins rétt á þátttöku í ýmsum nefndum sem taldar eru upp í bókun nr. 37 við EES-samninginn.

***Nánar um þátttöku í nefndum og sérfræðingahópum framkvæmdastjórnarinnar***
EES/EFTA-ríkin geta komið sínum sjónarmiðum á framfæri innan allra framangreindra nefnda og sérfræðingahópa á sama hátt og fulltrúar ESB-ríkja og geta því haft áhrif á þróun mála þótt þau hafi ekki atkvæðisrétt þar. Almennt séð er réttur EES/EFTA-ríkjanna til þátttöku í ofangreindum nefndum virtur af ESB og vel metinn.

Í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um starfsemi nefnda árið 2005 kemur fram að 250 samráðsnefndir hafi verið starfandi það ár.[93] Framkvæmdastjórnin heldur úti sérstakri vefsíðu þar sem finna má upplýsingar um samráðsnefndir og starfsemi þeirra, m.a. dagskrár funda, fundargerðir og öll skjöl sem send eru til Evrópuþingsins, önnur en þau sem merkt eru sem trúnaðarmál.[94] Framkvæmdastjórnin heldur einnig úti sérstakri vefsíðu með skrá yfir sérfræðingahópa og 1. september 2006 voru alls 1.250 sérfræðingahópar skráðir þar.[95]

EFTA tekur saman upplýsingar um þátttöku EES/EFTA-ríkjanna í nefndum ESB og birtir á innri vef sínum, en upplýsingarnar eru ekki aðgengilegar almenningi. Á lista EFTA, sem byggður er á upplýsingum frá EFTA ríkjunum, kemur m.a. fram hver er fulltrúi Íslands í viðkomandi nefnd og hjá hvaða ráðuneyti, stofnun eða fyrirtæki viðkomandi starfi.

Samkvæmt upplýsingum frá EFTA höfðu EES/EFTA-ríkin aðgang að 418 sérfræðingahópum og nefndum framkvæmdastjórnar ESB árið 2005. Sérfræðingar frá Íslandi tóku þátt í starfi 184 þessara nefnda, en með þátttöku er átt við að fulltrúar frá Íslandi mæti alltaf eða stundum á fundi viðkomandi nefnda. Eins og sjá má í töflu 2.1 tóku fulltrúar frá Íslandi þátt í 38 af þeim 108 samráðsnefndum sem EES/EFTA-ríkin höfðu aðgang að, 77 af 179 sérfræðingahópum, 46 af 89 nefndum tengdum samstarfsáætlunum ESB (programme committees) og 23 af 42 öðrum nefndum.

---

[92] Yfirlýsingu Evrópubandalagsins um þátttöku sérfræðinga EFTA-ríkjanna í nefndum EB sem tengjast EES við beitingu 100. gr. samningsins er að finna á vefslóðinni: http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/yfirlysing63

[93] *Report from the Commission on the working of committees during 2005*, á vefsíðunni: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2006/com2006_0446en01.pdf

[94] Sjá *Comitology register*: http://ec.europa.eu/transparency/regcomitology/registre.cfm?CL=EN

[95] Mismunandi er hversu virkir þessir hópar eru og í einhverjum tilvikum hafa þeir hætt störfum. Sjá *Register of expert groups*: http://ec.europa.eu/transparency/regexpert/index.cfm
Þá voru um 70 *social dialogue committees* starfandi árið 2005, auk 133 samráðsaðila (consultative bodies) á vegum ESB með þátttakendum víða að úr samfélaginu, sjá: http://ec.europa.eu/civil_society/coneccs/index_en.htm

*Tafla 2.1. Þátttaka Íslands í EES-tengdum sérfræðingahópum og nefndum ESB.*

| Tegund nefnda | Fjöldi nefnda á vegum ESB 2005/2006 | Fjöldi nefnda ESB sem EES/EFTA-ríkin höfðu aðgang að árið 2005 | Þátttaka frá Íslandi |
|---|---|---|---|
| Samráðsnefndir | 250 | 108 | 38 |
| Sérfræðingahópar | 1.250 | 179 | 77 |
| Samstarfsáætlananefndir | | 89 | 46 |
| Aðrar nefndir | | 42 | 23 |
| **Samtals** | | **418** | **184** |

Heimild: EFTA (2005). Í viðauka er listi yfir nefndir og sérfræðingahópa ESB sem Ísland tekur þátt í.

Það sést glögglega í töflu 2.1 að Ísland tekur einungis þátt í litlum hluta þeirra nefnda og sérfræðingahópa sem starfandi eru á vegum ESB, enda fjallar einungis hluti þeirra um málefni sem falla undir EES-samninginn.

Samkvæmt upplýsingum frá EFTA voru 51,6% þeirra gerða sem teknar voru inn í EES-samninginn til september 2004 gerðir sem settar voru af framkvæmdastjórn ESB, í mörgum tilvikum eftir samráðsferli í framangreindum nefndum. Hlutfallið hefur reyndar farið hækkandi síðastliðin ár sem sést best á því að árið 1995 var hlutfallið 46% en árið 2005 var það komið upp í um 80%.[96]

Vegna greiðs aðgangs EES/EFTA-ríkjanna að nefndum framkvæmdastjórnar ESB er því ljóst að EES/EFTA-ríkin hafa formlega sömu tækifæri og aðildarríki ESB til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hafa áhrif á mótun gerða ESB meðan þær eru á mótunarstigi hjá framkvæmdastjórninni. Með fundasókn fást einnig mikilvægar upplýsingar um stöðu og þróun mála, auk þess sem tækifæri gefst til að mynda tengsl við fulltrúa annarra ríkja. Þátttaka í þessu ferli eykur einnig skilning sérfræðinga á löggjöfinni sem ætti að leiða til bættrar innleiðingar EES-reglna í landsrétt.

Það kom fram á fundum nefndarinnar að lykilatriði við að tryggja áhrif við mótun ákvarðana væri góður og vel skipulagður undirbúningur heima fyrir þar sem bestu sérfræðingar á hverju sviði væru nýttir og sérfræðiþekkingin sett fram á fagmannlegan hátt á réttum tíma. Það hefði einnig sýnt sig við mótun og töku ákvarðana að ekki skipti máli fyrir framkvæmdastjórn ESB hvaðan góð ráð kæmu, því markmiðið væri að taka vandaðar ákvarðanir. Einnig var bent á það að hærri forgangsröðun EES-mála hjá stjórnvöldum, þar á meðal varðandi þátttöku í mótun ákvarðana, væri mikilvæg, sem og samráð við hagsmunaðila heima fyrir við mat á áhrifum gerða. Þá var einnig bent á það að í sumum málum gæti verið mikilvægt til árangurs að stofna til bandalags með öðrum þjóðum.[97]

Kostnaður vegna þátttöku fulltrúa ESB-ríkja í þessum fundum er greiddur af ESB, en Ísland greiðir að öllu jöfnu kostnað við þátttöku sinna fulltrúa. Kostnaður vegna þátttöku í fundum sem

[96] Heimild: EFTA-skrifstofan í Brussel. Alls voru um 4.000 gerðir í gildi í samningnum á þessum tíma. Tölur frá 2005 eru úr erindi Þórunnar J. Hafstein, skrifstofustjóra hjá EFTA, á ráðstefnu nefndarinnar um stöðu og framtíð EES. Frá og með árinu 2001 hefur hlutfallið verið yfir 70%.

[97] Ítarlega er fjallað um þátttöku EES/EFTA-ríkjanna í nefndum og sérfræðingahópum ESB í ritinu *The European Economic Area: Decision Shaping and Participation in Committees*, sem EFTA gaf út árið 2002.

tengjast þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB er þó greiddur af ESB, en úr sjóðum sem Ísland greiðir til vegna þátttöku í viðkomandi samstarfsáætlunum.

Ýmsar ástæður hafa verið nefndar fyrir því af hverju fulltrúar Íslands taka ekki þátt í starfi fleiri nefnda og sérfræðingahópa sem falla undir EES-samstarfið. Kostnaður við þátttöku skiptir þar væntanlega einhverju máli. Einnig getur verið að viðkomandi nefndir og sérfræðingahópar séu ekki að fjalla um málaflokka sem snerta Ísland sérstaklega, en fámenn stjórnsýsla og skortur á tíma skipta væntanlega einnig máli. Í einhverjum tilvikum gæti jafnvel einnig verið um að ræða að viðeigandi sérfræðingar viti ekki af tækifærum til þátttöku, mikilvægi einstakra nefnda eða einfaldlega að önnur mál séu framar í forgangsröðinni.

*2.4.1.2. Vandamál tengd þátttöku í nefndum og sérfræðingahópum Evrópusambandsins*

Enda þótt þátttaka sérfræðinga í framangreindum nefndum og sérfræðingahópum framkvæmdastjórnar ESB sé greið eru dæmi eru um að EES/EFTA-ríkjum hafi ekki verið boðin þátttaka í einstaka nefndum og sérfræðingahópum, en slík vandamál heyra til undantekninga og hafa flest verið leyst með viðræðum við framkvæmdastjórnina.

Þá hefur verið bent á það að nokkur smærri vandamál hafa komið upp í sambandi við þátttöku fulltrúa EFTA/EES-ríkjanna í ráðgjafar- og stjórnarnefndafundum þar sem framkvæmd samstarfsáætlana ESB hefur verið til umfjöllunar. Til að mynda hefur komið fyrir að gleymst hafi að skipa þeim til sætis með sama hætti og öðrum nefndarfulltrúum á fundum. Þetta vandamál skýrist ef til vill af stöðu fulltrúanna sem áheyrnarfulltrúa, þrátt fyrir að þeir eigi að hafa sömu stöðu og fulltrúar ESB-ríkjanna, nema hvað varðar rétt til að greiða atkvæði.[98]

Mikilvægt er að tryggt sé að réttindi EES/EFTA-ríkjanna til þátttöku í nefndum og sérfræðingahópum ESB séu þekkt og virt. Stofnanir EES, EFTA-skrifstofan og EES/EFTA-ríkin stuðla að því í samráði við stjórnardeild utanríkismála hjá ESB (DG RELEX), með stöðugum samskiptum og upplýsingagjöf til formanna viðkomandi nefnda og þeirra starfsmanna framkvæmdastjórnarinnar sem koma að starfi þessara nefnda.

*2.4.1.3. Heimsóknir ráðherra til fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB*

Íslenskir ráðherrar fara í fjölmargar heimsóknir á hverju ári til Brussel til að eiga viðræður við fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og þær viðræður geta verið mikilvægar til að vekja aukinn pólitískan áhuga á EES-samningnum.[99]

Sem dæmi um fundi ráðherra með fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar síðastliðna mánuði má nefna að félagsmálaráðherra átti fundi með embættismönnum framkvæmdastjórnar félags- og vinnumála í febrúar 2007 og fund með aðstoðarmönnum Vladimir Spidla, framkvæmdastjóra félags- og vinnumála, í nóvember 2006. Fjármálaráðherra hitti þrjá framkvæmdastjórnarmenn í október 2006, þá Joaquín Almunia, sem fer með efnahagsmál, Lasló Kóvaks sem fer með tolla- og skattamál og Dalíu Grybauskaité sem fer með fjármál sambandsins. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra heimsótti Brussel í febrúar 2007 og hitti m.a. Neelie Kroes, framkvæmdastjóra samkeppnismála og Günter Verheugen, framkvæmdastjóra yfir málefnum fyrirtækja og iðnaðar.

---

[98] Sbr. t.d. umfjöllun í skýrslunni *Staða Íslands í Evrópusamstarfi*, bls. 121.

[99] Sem dæmi má nefna að frá árinu 1993 hefur verið reglubundið samstarf og samráð milli efnahags- og fjármálaráðherra EFTA- og ESB-ríkjanna og hafa verið haldnir sameiginlegir fundir árlega þar sem einkum hefur verið fjallað um ríkisfjármál og almenn efnahagsmál, einkum atvinnuleysisvandann.
Sjá nánar: http://www.fjarmalaraduneyti.is/helstu-vidfangsefni/althjodlegt-samstarf/nr/461

Landbúnaðarráðherra átti fundi í Brussel í febrúar 2007 með Markus Kyprianou, framkvæmdastjóra heilbrigðismála og Mariann Fisher Boel, framkvæmdastjóra landbúnaðarmálefna og landsbyggðarþróunar. Samgönguráðherra hitti Viviane Reading, framkvæmdastjóra fjarskiptamála í desember 2007 og umhverfisráðherra hitti Markus Kyprianou, framkvæmdastjóra heilbrigðismála, og Stavros Dimas, framkvæmdastjóra umhverfismála, í febrúar 2007.

### *2.4.2. Ráðherraráðið og fundir með ráðherrum ESB ríkja*

Lagasetningarvald ESB er m.a. í höndum ráðherraráðs ESB, en EES/EFTA-ríkin hafa ekki beinan aðgang að ráðherraráðinu og vinnuhópum þess skv. EES-samningnum. Hins vegar fá ráðherrar EES/EFTA-ríkja oft boð frá því ríki sem fer með formennsku í ráðherraráði ESB um að taka þátt í óformlegum ráðherrafundum ESB og koma þar sjónarmiðum sínum á framfæri í pólitískum umræðum. Sem dæmi má nefna að fimm boð um þátttöku í óformlegum fundum ráðherraráðsins hafa borist frá þjóðverjum sem nú fara með formennsku í ráðinu. Þar er um að ræða boð á fundi um atvinnu- og félagsmál, mennta-, æskulýðs- og menningarmál, samkeppnishæfni, fjölskyldu- og jafnréttismál og umhverfismál. Þátttaka í þessum óformlegu ráðherrafundum getur verið mikilvæg þar sem niðurstöður slíkra funda rata oft inn í tillögur framkvæmdarstjórnar ESB að lögum og reglum sem varða EES. Heimsóknir einstakra EES/EFTA-ráðherra til Brussel og viðræður við fulltrúa ráðherraráðsins sem og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins geta, eins og fyrr hefur verið nefnt, verið mikilvægur liður í að vekja aukinn pólitískan áhuga á EES-samningnum.

Fundir með norrænum ráðherrum og ráðherrum frá Eystrasaltsríkjunum um Evrópumál eru einnig mikilvægir, en slíkir fundir eiga sér í mörgum tilvikum stað fyrir fundi ráðherraráðsins. Á þessum fundum er farið yfir þau mál sem eru á dagskrá ráðherraráðsfundanna. Umhverfisráðherra hefur til að mynda verið boðið á óformlega fundi ráðherra norrænu ESB ríkjanna fyrir fundi ráðherraráðs ESB um umhverfismál, samgönguráðherra á fundi norrænna samgönguráðherra sem haldnir eru fyrir fundi ráðherraráðs ESB um samgöngumál og iðnaðarráðherra á fundi norrænna orkumálaráðherra fyrir fundi ráðherraráðs ESB um orkumál. Reglulega eru haldnir fundir fjármálaráðherra ESB og EFTA ríkjanna og þá eiga íslenskir ráðherrar einnig gott samstarf við ráðherra í öðrum EES/EFTA-ríkjum.

Ætla má að þátttaka í framangreindum fundum geti verið mikilvægur liður í að vekja aukinn pólitískan áhuga á EES-samningnum

### *2.4.3. Evrópuþingið*

EES/EFTA-ríkin hafa ekki formlegan aðgang að Evrópuþinginu, ef frá er talin þátttaka í sameiginlegu EES þingmannanefndinni. Opnar og gegnsæar starfsaðferðir þingsins veita einnig aukið tækifæri til þess að koma sjónarmiðum EES/EFTA-ríkjanna á framfæri við ESB með óformlegum hætti eða með gerð EES/EFTA-umsagna (EEA EFTA Comments).

Í Evrópuþinginu felst einnig tækifæri til þess að afla upplýsinga og taka þátt í viðræðum og stefnumótunarumræðum. Í þessu sambandi má nefna boð til íslenskra þingmanna um að sækja nefndarfundi sem sérfræðingar og láta þar í ljós sjónarmið sín og veita ráðgjöf um framtíðar fiskveiðistefnu ESB.

Þá starfa þingflokkar á Evrópuþinginu, sem í flestum tilvikum eiga sér systurflokka í einstökum löndum, þar á meðal Íslandi. Stjórnmálatengsl af þessum toga geta nýst til að hafa áhrif innan Evrópuþingsins.

### *2.4.4. Þátttaka Íslands í fagstofnunum Evrópusambandsins*

EES-samningurinn veitir Íslandi rétt til að taka þátt í starfi ýmissa fagstofnana (agencies) sem ESB hefur sett á stofn til að sinna tilteknum verkefnum á hinum ýmsu málefnasviðum, en semja þarf sérstaklega um aðild að hverri fagstofnum fyrir sig, m.a. um fjárframlög og þátttökuréttindi. Samningar fara fram á grundvelli EES-samningsins og gengið er frá aðild að viðkomandi fagstofnun með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á viðeigandi hluta EES-samningsins.

Þegar hefur verið samið um aðild EES/EFTA-ríkjanna að Umhverfisstofnun Evrópu, Lyfjamiðstöð Evrópu, Siglingaöryggisstofnun Evrópu, Flugöryggisstofnun Evrópu, Járnbrautastofnun Evrópu, Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu og Sóttvarnastofnun Evrópu og taka sérfræðingar frá Íslandi virkan þátt í starfi flestra þessara fagstofnana, en hafa þó ekki atkvæðisrétt. Ísland er einnig í samstarfi við Evrópustofnun um bætt lífskjör og starfsskilyrði, Evrópsku vinnuverndarstofnunina og Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar.[100]

Þá hefur Ísland í tengslum við Schengen-samstarfið einnig gert samstarfssamninga við fagstofnanir ESB sem settar eru upp til að aðstoða aðildarríkin við samvinnu í baráttunni gegn skipulögðum alþjóðlegum glæpum. Þar er um að ræða samstarfssamninga við Evrópulögregluna (Europol) og Evrópsku réttaraðstoðina (Eurojust), en að auki er Ísland í gegnum Schengen-samstarfið aðili að Landamærastofnun Evrópu (Frontex). Þess má geta að EES/EFTA-ríkin hafa meiri réttindi í Landamærastofnuninni en öðrum fagstofnunum ESB að því leyti að þau hafa þar atkvæðisrétt í málefnum sem varða þau sérstaklega. Nánar er fjallað um Europol, Eurojust og Frontex í 3. kafla skýrslunnar.

Hlutverk og völd framangreindra fagstofnana eru mismunandi, en þær eru settar upp með sérstakri gerð. Yfirleitt er þeim ætlað að sinna afmörkuðu tæknilegu, vísindalegu eða stjórnunarlegu hlutverki, t.d. undirbúa reglur og staðla, veita ráðgjöf og safna og miðla upplýsingum á viðkomandi sviði. Aðild Íslands að þessum fagstofnunum er afar mikilvæg, enda veitir hún íslenskum sérfræðingum aðgang að þessu starfi, sem og að upplýsinga- og samstarfsneti ESB og aðildarríkja þess á viðkomandi sviðum.

Í töflu 2.2. er listi yfir þær fagstofnanir ESB sem Ísland er aðili að í dag.

[100] Samstarfið við Evrópustofnun um bætt lífskjör og starfsskilyrði og Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar byggist m.a. á bókun 31 við EES-samninginn (greinum 4.6 og 4.10), en EES/EFTA-ríkin eru saman með einn áheyrnarfulltrúa í stjórnum þessara fagstofnana.

*Tafla 2.2. Fagstofnanir ESB sem Ísland er aðili að.*

| |
|---|
| Umhverfisstofnun Evrópu (European Environment Agency, EEA) |
| Lyfjamiðstöð Evrópu (European Medicines Agency, EMEA) |
| Siglingaöryggisstofnun Evrópu (European Maritime Safety Agency, EMSA) |
| Flugöryggisstofnun Evrópu (European Aviation Safety Agency, EASA) |
| Járnbrautastofnun Evrópu (European Railway Agency, ERA) |
| Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu (European Network and Information Security Agency, ENISA) |
| Sóttvarnastofnun Evrópu (European Centre for Disease Prevention and Control, ECDC) |
| Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (European Centre for the Development of Vocational Training, Cedefop)* |
| Evrópska vinnuverndarstofnunin (European Agency for Safety and Health at Work, OSHA)* |
| Evrópustofnun um bætt lífskjör og starfsskilyrði (European Foundation for the Improvement of Living and Working Conditions, EUROFOUND)* |
| Evrópska réttaraðstoðin (European Judicial Cooperation Unit, EUROJUST) |
| Evrópulögreglan (European Police Office, EUROPOL) |
| Landamærastofnun Evrópu (European Agency for the Management of Operational Cooperation at the External Borders, FRONTEX) |

Heimild: Heimasíða EFTA, 19. nóvember 2006 og dómsmálaráðuneyti. *Fagstofnanir sem Ísland á samstarf við.

EES/EFTA-ríkin taka þó einungis þátt í hluta af þeim fagstofnunum sem ESB hefur sett á laggirnar og í töflu 2.3 er listi yfir fagstofnanir ESB sem EES/EFTA-ríkin taka ekki þátt í. Þó skal tekið fram að viðræður um aðild EES/EFTA-ríkjanna að þremur þessara fagstofnana standa yfir, en þar er um að ræða Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Jafnréttisstofnun Evrópu og Efnastofnun Evrópu. Aðrar fagstofnanir á listanum í töflu 2.3 starfa flestar á málefnasviðum sem ekki falla undir gildissvið EES-samningsins eða tengjast ekki Schengen-samstarfinu.[101]

*Tafla 2.3. Fagstofnanir ESB sem Ísland er ekki aðili að.*

| |
|---|
| Matvælaöryggisstofnun Evrópu (European Food Safety Authority, EFSA)* |
| Efnastofnun Evrópu (European Chemicals Agency, ECHA)* (á undirbúningsstigi) |
| Jafnréttisstofnun Evrópu (European Gender Institute)* |
| Community Plant Variety Office (CPVO) |
| Community Fisheries Control Agency (CFCA) |
| European Agency for Reconstruction (EAR) |
| European GNSS Supervisory Authority, EGSA |
| European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction (EMCDDA) |
| European Monitoring Centre on Racism and Xenophobia (EUMC) |
| European Fundamental Rights Agency (EFRA) |
| European Training Foundation (ETF) |
| Office for Harmonisation in the Internal Market (Trade Marks and Designs) (OHIM) |
| Translation Centre for the Bodies of the European Union (CdT) |
| European Defence Agency (EDA) |
| European Union Institute for Security Studies (ISS) |
| European Union Satellite Centre (EUSC) |

*Viðræður um þátttöku EES/EFTA-ríkjanna standa yfir.

ESB heldur úti sérstakri vefsíðu þar sem finna má ítarlegar upplýsingar um framangreindar fagstofnanir og hlutverk þeirra, auk þess sem hver fagstofnun er yfirleitt með eigin heimasíðu.[102]

[101] Byggt á upplýsingum frá EFTA, *Participation in EU programmes and agencies*, 19/11 2006, á vefsíðunni: http://secretariat.efta.int/Web/EuropeanEconomicArea/ParticipationInEUProgrammes

[102] *Agencies of the European Union*: http://europa.eu/agencies/index_en.htm. ESB getur einnig sett upp tímabundnar framkvæmdastofnanir til að sinna tilteknum afmörkuðum verkefnum sem tengjast stjórnun samstarfsáætlana ESB. Tvær slíkar stofnanir hafa verið settar á stofn, annars vegar á sviði menntamála (Education, Audiovisual and Culture Executive Agency) og hins vegar á sviði orkumála (Intelligent Energy Executive Agency), auk þess sem í undirbúningi er slík stofnun á sviði heilbrigðismála (Executive Agency for the Public Health Programme).

### *2.4.5. Þátttaka í nefndum og vinnuhópum á vegum EFTA*

Eins og fyrr hefur komið fram eru starfandi á vegum EFTA 5 undirnefndir og 37 vinnuhópar, en þessar nefndir og vinnuhópar gegna því hlutverki að undirbúa og samhæfa afstöðu EES/EFTA-ríkjanna áður en kemur að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Árið 2005 voru 7-8 fundir í hverri af undirnefndunum fimm, en í þeim sitja fulltrúar utanríkisráðuneyta EES/EFTA-ríkjanna. Í framhaldi af hverjum fundi voru jafnan fundir í sameiginlegum undirnefndum EES, þar sem fundað var með fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB.

Í vinnuhópunum 37 sitja sérfræðingar á viðkomandi sviðum, yfirleitt frá þeim ráðuneytum eða stofnunum sem bera ábyrgð á innleiðingu gerða ESB heima fyrir á því sviði sem um er að ræða. Vinnuhóparnir funduðu um 80 sinnum árið 2005 og tóku fyrir þau mál sem hæst bar hverju sinni á vettvangi ESB og EES.[103]

Fundir í vinnuhópum EFTA veita sérfræðingum Íslands tækifæri til að ræða mikilvægustu málin á sínu sviði hverju sinni og skiptast á skoðunum og upplýsingum við hin EES/EFTA-ríkin um hugsanleg áhrif þessara mála og undirbúa sameiginlega afstöðu. Einnig er algengt að sérfræðingar frá ESB mæti á fundi vinnuhópanna til að kynna og ræða nýjar lagatillögur frá framkvæmdastjórninni. Árið 2005 komu þannig um 70 sérfræðingar frá ESB á fundi vinnuhópa sem heyra undir undirnefndir II, III og IV hjá EFTA.[104] Þátttaka í fundum vinnuhópa EFTA veitir fulltrúum Íslands einnig tækifæri til að mynda tengsl við fulltrúa annarra EES/EFTA-ríkja og framkvæmdastjórnina.

### *2.4.6. EES/EFTA-umsagnir*

Mikilvægur þáttur í undirbúningsferlinu er gerð EES/EFTA-umsagna (EEA EFTA Comments) um lagafrumvörp og önnur mikilvæg skjöl frá ESB. Umsagnirnar eru sendar framkvæmdastjórninni og mikilvægum samskiptaaðilum svo sem sérfræðingum í vinnuhópum ráðherraráðsins og þingsins. Árið 2005 sendu EES/EFTA-ríkin níu umsagnir til framangreindra aðila.

### *2.4.7. Norrænt samstarf*

Mikið norrænt samstarf er í mörgum málaflokkum. Sem dæmi má nefna að á sviði umhverfismála eru reglulega haldnir embættismanna- og ráðherrafundir þar sem Ísland getur tekið upp mál og komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Það hefur einnig tíðkast lengi að halda óformlega norræna ráðherrafundi í tengslum við fundi ráðherraráðs ESB, eins og fyrr hefur komið fram, en tilgangur þeirra funda er að ræða dagskrárefni funda ráðherraráðsins.

### *2.4.8. Þátttaka hagsmunaaðila*

Ýmsir hagsmunaaðilar fylgjast vel með þróun mála hjá ESB eins og fyrr hefur komið fram. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett upp sérstaka skrifstofu í Brussel og taka þátt í starfi evrópskra hagsmunasamtaka á sviði sveitarstjórnamála.

---

[103] EFTA (2006). *Annual report 2005*. Mismunandi var hversu oft hver vinnuhópur fundaði árið 2005; algengast var að haldnir væru 2-4 fundir, en í einstaka vinnuhópi var enginn fundur haldinn.

[104] EFTA-skrifstofan 2006. Meðal þessara gesta voru sérfræðingar og ráðgjafar frá framkvæmdastjórninni, Evrópuþinginu og ráðherraráðinu, sem taka þátt í mótun tillagna sem síðar verða að löggjöf ESB. Ekki liggja fyrir sambærilegar tölur fyrir vinnuhópa sem starfa undir undirnefnd I.

Samtök atvinnulífsins hafa sett upp skrifstofu í Brussel til að fylgjast betur með þróun mála og ASÍ, BSRB og fleiri samtök fylgjast einnig grannt með þróun og stöðu mála. Aðild ASÍ og BSRB að Evrópusamtökum launafólks og aðild Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðaðarins að Evrópusamtökum atvinnulífsins veitir þeim mikilvæga aðkomu að þróun vinnumarkaðsmála hjá ESB, auk þess að vera farvegur fyrir samráð og upplýsingar um hagsmunamál þeirra á Evrópuvettvangi.

### 2.5. Kostnaður við framkvæmd EES-samningsins

Gera má ráð fyrir að beinn kostnaður Íslands vegna rekstur EES-samningsins verði 1.354 milljónir kr. árið 2007, eins og tafla 2.4 sýnir.

*Tafla 2.4. Áætlaður kostnaður við framkvæmd EES-samningsins 2006-2007 (milljónir kr.).*

| | **2006** | **2007** |
|---|---|---|
| EFTA-skrifstofan | 47 | 48 |
| Eftirlitsstofnun EFTA | 76 | 77 |
| EFTA-dómstóllinn | 25 | 25 |
| Þróunarsjóður EES (EEA Financial Mechanism)* | 494 | 450* |
| Þátttökugjöld til ESB (samstarfsáætlanir og fagstofnanir) | 410 | 567 |
| Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins | 51 | 62 |
| Ferðakostnaður** | 125 | 125 |
| **Samtals** | **1.228** | **1.354** |

Heimild: Fjárlög 2006, fjáraukalög 2006 og fjárlagafrumvarp 2007.
*Greiðslur í Þróunarsjóð EES munu væntanlega hækka um 125-150 milljónir kr. með aðild Búlgaríu og Rúmeníu að EES. **Ferðakostnaður er áætlaður.

Eins og sjá má í töflunni eru þátttökugjöld til ESB stærsti kostnaðarliðurinn sem tengist EES samstarfinu, en þar er um að ræða gjöld vegna þátttöku í samstarfsáætlunum og fagstofnunum ESB. Alls er gert ráð fyrir að þessi þátttökugjöld verði um 626 milljónir kr. árið 2007, en gera má ráð fyrir að stór hluti þess fjármagns sem greitt er vegna þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB skili sér til baka í formi styrkja til íslenskra þátttakenda í þessum áætlunum, eins og fram kemur í umfjöllun um þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB.

Greiðslur í Þróunarsjóð EES eru áætlaðar um 303 milljónir kr. árið 2007 og þær greiðslur eru því næststærsti kostnaðarliðurinn sem tengist EES-samstarfinu. Þróunarsjóðurinn var stofnaður í þeim tilgangi að jafna efnahagslegan og félagslegan mismun á EES-svæðinu. Þau ríki sem eiga rétt á styrkjum úr sjóðnum í dag eru Spánn, Portúgal, Grikkland auk hinna nýju aðildarríkja ESB, sem eru Eistland, Lettland, Litháen, Kýpur, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland. EES/EFTA-ríkin munu verja 600 milljónum evra til uppbyggingar í þessum 13 ríkjum ESB á fimm ára tímabili, frá 2004 til 2009, en þar af mun Ísland greiða um 5 milljónir evra á ári.[105] Formlega verða fyrirtæki og stofnanir í þessum löndum að vera í forsvari fyrir umsókn um styrk til stjórnvalda í sínu landi, en íslensk fyrirtæki geta tekið þátt í verkefnum sem samstarfsaðila og í því felast hugsanleg viðskiptatækifæri. Þróunarsjóðurinn veitir einnig tækifæri til að styrkja pólitísk tengsl við þau ríki sem rétt eiga á styrkjum úr þróunarsjóðnum. Framlög

[105] Að auki eiga nýju aðildarríkin tíu eiga rétt á styrkjum úr þróunarsjóði Noregs en framlög úr þeim sjóði nema 567 milljónum evra á sama tímabili. Sjá: www.eeagrants.org

Íslands í þróunarsjóð EES munu væntanlega hækka með aðild Búlgaríu og Rúmeníu að EES, en samningar þar að lútandi standa nú yfir.[106]

Um 150 milljónir kr. fara til reksturs EFTA-skrifstofunnar, Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins og ferðakostnaður vegna þátttöku í EES-samstarfinu er áætlaður um 125 milljónir kr. Þá er áætlað að kostnaður við rekstur Þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins verði um 60 milljónir kr. árið 2007.

### 2.6. Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins

Nefndin skoðaði sérstaklega þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB, en EES-samningurinn hefur veitt Íslendingum aðgang að fjölmörgum og ólíkum samstarfsáætlunum ESB frá árinu 1994.[107]

Nefndin fékk Ágúst H. Ingþórsson, forstöðumann Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands, til að taka saman yfirlit um þátttöku Íslands í helstu samstarfsáætlunum ESB frá 1994.[108] Í yfirlitinu kemur fram að rétt sé að gera greinarmun á fjórum tegundum áætlana sem Ísland tekur eða hefur tekið þátt í:

- Í stærstu áætluninni sem Ísland tekur þátt (um 75% af heildarútgjöldum), rammaáætlun um rannsóknir- og tækniþróun, hefur árangur okkar í samanburði við aðrar þjóðir verið góður og við fengið meira til baka en við höfum greitt til áætlunarinnar. Frá 1994 hefur þátttaka okkar hefur smátt og smátt orðið líkari því sem gerist hjá öðrum Evrópuríkjum og þróunin hefur orðið sú sama og á vettvangi ESB, þannig að umsóknum og þátttakendum í verkefnum hefur fækkað en upphæðir styrkja hafa hækkað. Í því felst einnig að sá hópur sem nær árangri í sókn í rammaáætlanir hefur minnkað og telur allar helstu rannsóknastofnanir auk fárra fyrirtækja.
- Þátttaka í menntaáætlununum (ríflega 10% af útgjöldum) hefur verið mjög góð frá upphafi og vaxið hægt og sígandi þar sem má sjá skýra aukning milli fyrstu kynslóðar (frá 1995-1999) og annarrar kynslóðar Sókrates og Leonardó (2000-2006). Íslendingar fá umtalsvert meiri fjármuni í formi styrkja en greitt er, en jafnframt hefur sú þróun átt sér stað að við höfum meira fram að færa og fleiri sækja okkur heim og taka þátt í verkefnum undir stjórn íslenskra aðila. Meðalfjöldi íslenskra styrkþega á ári frá 2000 er 864 einstaklingar.
- Í menningar-, miðla- og æskulýðssamstarfsáætlunum hefur árangur Íslands verið góður mældur í fjölda verkefna eða upphæð styrkja í ljósi þess sem greitt er í aðildargjald og ekki síður þess mikla samstarfs sem þær hafa stofnað til, sem er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess

---

[106] Í Morgunblaðinu 17. febrúar 2007 kemur fram að rætt sé um að Ísland auki greiðslur sínar í Þróunarsjóð EFTA um 125-150 milljónir kr. Sjá Morgunblaðið 17. febrúar 2007, *Minna bil í EES-viðræðum.*

[107] Alls eru samstarfsáætlanir ESB um 250 talsins. Upplýsingar um samstarfsáætlanirnar sem Ísland tekur þátt í er að finna á vef Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands, á vefslóðinni: http://www.evropusamvinna.is/id/1015016 og á vef EFTA, á vefslóðinni: http://secretariat.efta.int/Web/EuropeanEconomicArea/ParticipationInEUProgrammes/

[108] Þessi kafli byggist á samantekt úr umræddri greinargerð Ágústs H. Ingþórssonar um þátttöku Íslands í helstu samstarfsáætlunum ESB frá 1994. Í greinargerðinni eru sett fram nokkur meginatriði sem byggja á persónulegri reynslu og persónulegu mati hans á fyrirliggjandi gögnum um þátttöku. Ágúst hefur tekið virkan þátt í og borið ábyrgð á einstökum þáttum í framkvæmd á evrópsku samstarfi frá 1992; fyrst sem verkefnisstjóri á undirbúningsstigi, forstöðumaður Landsskrifstofu Leonardó áætlunarinnar frá upphafi og stjórnarnefndarfulltrúi í 4., 5. og 6. rannsóknaáætlunum ESB og síðar sem vísindafulltrúi við Sendiráð Íslands í Brussel frá 2001-2004. Greinargerðin í heild sinni er fylgiskjal með skýrslu þessari.

hversu litlar fjárveitingar til þeirra eru (tæplega 4% af heildarútgjöldum). Meðalfjöldi íslenskra styrkþega á ári í æskulýðsáætluninni frá 2001 er 570 einstaklingar.

- Í fjórða flokknum eru ýmsar smærri áætlanir (í heild innan við 10% af heildarfjárveitingu) þar sem þátttaka okkar hefur almennt verið takmörkuð; oft er um að ræða áætlanir þar sem verið er að úthluta litlum eða engum styrkjum og því eftir litlu að slægjast. Upplýsingar um þátttöku í þessum áætlunum eru mjög takmarkaðar.

Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB hefur verið mjög mismunandi eftir því samstarfi sem um ræðir. Almennt má segja að Ísland hafi tekið mjög virkan þátt í öllum stærri áætlununum (mælt í fjárveitingum) þar sem skýrt er hver ber ábyrgð á kynningu, hvatningu og aðstoð. Þar sem eru sérstakar landsskrifstofur sem sinna þessum verkefnum er árangurinn bestur; þar sem ábyrgðarsvið og hlutverk við þjónustu er óljóst eða ekki til staðar er þátttakan lítil. Um leið er skýrt að umfang þjónustu er ekki í beinu samhengi við umfang áætlana, heldur hefur þjónustan mótast af þeim rekstrarstyrkjum sem hafa fengist erlendis frá og minna af innlendri skilgreiningu á þörf og innlendri fjármögnun.

Í öllum áætlunum þar sem Ísland hefur tekið virkan þátt hefur árangurinn verið góður hvort sem miðað er við hlutfallslega þátttöku eftir mannfjölda, árangurshlutfall í umsóknum eða hvernig gengur að fá til baka það fé sem greitt er í þátttökugjald í formi styrkja. Þannig er óhætt er að fullyrða að um 15.000 Íslendingar hafi með beinum hætti tekið þátt í þessu evrópska samstarfi á rúmum 10 árum og að heildarupphæð styrkja til íslenskrar þátttöku í verkefnum hafi numið um 100 milljónum evra eða 9 milljörðum króna á tímabilinu 1995-2006.

Þær matsskýrslur sem hafa verið unnar og skoðanir þátttakenda sem í þeim birtast minna allar á mikilvægi þess að meta þátttöku í evrópsku samstarfi ekki aðeins út frá hlutfalli þess sem er greitt í aðildargjald og þess sem kemur til baka í formi styrkja, heldur einnig út frá þeim áhrifum á einstaklinga, verkefni, stofnanir, fyrirtæki og skipulag starfsemi ýmissa þekkingarkerfa sem þær hafa, t.d. til að hvetja til aukinna rannsókna og samvinnu.

Enginn einn aðili hefur yfirlit eða safnar tölfræði um þátttökuna, heldur er það í höndum þeirra sem sjá um framkvæmd einstakra áætlana. Mat á þátttöku Íslands í einstökum áætlunum er gjarnan hluti af mati á vegum ESB, en ekki er um að ræða heildstætt mat á þátttöku Íslands í fjölbreyttri flóru samstarfsáætlana.

Árið 2006 voru samstarfsáætlanirnar sem Ísland tók þátt í vel á fjórða tuginn og áætlaður kostnaður við þátttökuna um 520 milljónir króna, eins og sjá má í töflu 2.5.[109]

[109] The EEA EFTA Budget 2006, á heimasíðu EFTA, á vefslóðinni:
http://secretariat.efta.int/Web/EuropeanEconomicArea/programmes/budget

*Tafla 2.5. Áætlaður kostnaður við þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB árið 2006.*

| AREA AND PROGRAMME | EEA 2006 (€ million) | % OF TOTAL | Hlutur Íslands € | Hlutur Íslands ISK 1 € = 88 kr. |
|---|---|---|---|---|
| **Research and development** | **97,90** | **74,5%** | | |
| - Framework Programmes | 97,90 | | 4.422.346 | 389.166.448 |
| **Education, training and youth** | **16,03** | **12,2%** | **723.893** | **63.702.584** |
| - Socrates | 8,21 | | 370.972 | 32.645.536 |
| - Leonardo da Vinci | 4,40 | | 198.856 | 17.499.328 |
| - Youth | 2,16 | | 97.661 | 8.611.768 |
| - e-learning | 0,22 | | 9.940 | 874.720 |
| - European Bodies in Edu & Youth | 0,28 | | 12.820 | 1.128.160 |
| - Erasmus Mundus | 0,71 | | 32.077 | 2.822.776 |
| - Pilot projets for young people | 0,05 | | 2.038 | 179.326 |
| - European Pathways & preparatory | 0,00 | | -671 | -59.048 |
| **Enterpise policy** | **3,03** | **2,3%** | **142.893** | **12.574.584** |
| - MAP | 2,54 | | 120.477 | 10.601.976 |
| - Implementation of the internal market | 0,49 | | 22.416 | 1.972.608 |
| **Audiovisual** | **1,92** | **1,5%** | **86.992** | **7.655.296** |
| - Media Plus | 1,72 | | 77.845 | 6.850.360 |
| - Media Training | 0,20 | | 9.147 | 804.936 |
| **Information services** | **0,97** | **0,7%** | **43.984** | **3.870.592** |
| - e-content Plus | 0,69 | | 31.001 | 2.728.088 |
| - eTen | 0,10 | | 4.433 | 390.104 |
| - Safer Internet Plus | 0,09 | | 4.251 | 374.088 |
| - Modinis | 0,09 | | 4.299 | 378.312 |
| - IDABC og IDA (interchange of data) | 0,17 | | 7.809 | 687.192 |
| **Energy** | **0,63** | **0,5%** | **29.252** | **2.574.176** |
| - Intelligent energy (2) | 0,63 | | 29.252 | 2.574.176 |
| **Public health** | **0,67** | **0,5%** | **30.909** | **2.719.992** |
| - Public Health | 0,32 | | 15.266 | 1.343.408 |
| - Centre for Disease Prevention | 0,35 | | 15.643 | 1.376.584 |
| **Social policy** | **0,75** | **0,6%** | **34.173** | **3.007.224** |
| - Combating discrimination | 0,24 | | 10.761 | 946.968 |
| - Combating exclusion | 0,32 | | 14.384 | 1.265.792 |
| - Gender equality | 0,14 | | 6.365 | 560.120 |
| - DAPHNE | 0,06 | | 2.663 | 234.344 |
| **Culture** | **0,96** | **0,7%** | **43.083** | **3.791.304** |
| - Culture 2000 | 0,95 | | 42.858 | 3.771.504 |
| - Prep. actions for culture | 0,01 | | 225 | 19.800 |
| **Employment** | **0,43** | **0,3%** | **19.575** | **1.722.600** |
| - EURES (3) | 0,32 | | 14.225 | 1.251.800 |
| - Employment incentives | 0,11 | | 5.350 | 470.800 |
| **Statistics** | **0,83** | **0,6%** | **37.951** | **3.339.688** |
| - Statistical information policy | 0,83 | | 37.951 | 3.339.688 |
| **Consumer protection** | **0,37** | **0,3%** | **16.706** | **1.470.304** |
| - Consumer protection | 0,37 | | 16.706 | 1.470.304 |
| ***Transport*** | **0,35** | **0,3%** | **15.989** | **1.407.032** |
| - Marco Polo | 0,35 | | 15.989 | 1.407.032 |
| **Civil protection** | **0,13** | **0,1%** | **6.023** | **530.024** |
| - Civil protection | 0,13 | | 6.023 | 530.024 |
| **Environment** | **0,10** | **0,1%** | **4.729** | **416.152** |
| - Urban development | 0,00 | | 0 | 0 |
| - Marine pollution | 0,10 | | 4.729 | 416.152 |
| **Agencies** | **4,04** | **3,1%** | **182.584** | **16.067.392** |
| - European Environment Agency | 0,58 | | 26.113 | 2.297.944 |
| - European Food Safety Authority | 0,96 | | 43.390 | 3.818.320 |
| - EMEA (Medicinal products) | 0,60 | | 27.351 | 2.406.888 |
| - Orphan drugs (EMEA) | 0,09 | | 4.199 | 369.512 |
| - Agency for Network & Inform. Security | 0,14 | | 6.332 | 557.216 |
| - ERA (Railway safety) | 0,30 | | 13.459 | 1.184.392 |
| - EASA (Aviation safety) | 0,45 | | 20.485 | 1.802.680 |
| - EMSA (Maritime safety) | 0,91 | | 41.255 | 3.630.440 |
| **Adm. costs** (4) | **2,31** | **1,8%** | **102.762** | **9.042.176** |
| **TOTAL** | **131,44** | **100%** | **5.943.836** | **523.057.550** |

### 2.7. Tölfræði um EES-samninginn og áhrif samningsins á lagasetningu á Íslandi

Umræða um áhrif EES-samningsins á lagasetningu á Íslandi hefur komið upp öðru hvoru og er þá í mörgum tilvikum vísað í margvíslega tölfræði þar að lútandi, yfirleitt með það að markmiði að styðja fullyrðingar um lítil eða mikil áhrif gerða ESB á Íslandi. Nefndin ákvað því að skoða sérstaklega tölfræði varðandi EES-samninginn og innleiðingu á gerðum ESB á Íslandi, en leggur áherslu á að slík tölfræði geti ekki legið til grundvallar umræðu um áhrif gerða ESB hér á landi, enda getur verið mismunandi hvaða efnislegu áhrif einstakar gerðir hafa.

#### *2.7.1. Fjöldi gerða í EES-samningnum*

Yfir 4.900 gerðir höfðu verið teknar inn í EES-samninginn í árslok 2004. Hluti þeirra hefur hins vegar fallið úr gildi af ýmsum orsökum og í árslok 2004 voru 4.096 þessara gerða enn í gildi, en þar af voru 834 á sviði dýraheilbrigðismála. Þess ber einnig að geta að 310 af þessum 4.096 gerðum voru ekki bindandi.[110]

Samkvæmt Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) höfðu 98,8% þeirra tilskipana ESB er snúa að innri markaðnum verið teknar inn í EES-samninginn í nóvember 2006,[111] en tilskipanir eru um 1/3 af þeim gerðum sem teknar eru inn í samninginn.

Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, sagði í ræðu sem hann hélt árið 2002 að Ísland hefði tekið yfir um 80% af löggjöf ESB, á grunni EES-samningsins og Schengen-samningsins.[112]

Sé miðað við allar tilskipanir, reglugerðir og ákvarðanir ESB, jafnt þær sem falla undir innri markaðinn og þær sem falla undir önnur svið sem EES-samningurinn nær ekki til, þá hafa um 6,5% af heildarfjölda ESB-gerða á tímabilinu 1994-2004 verið teknar inn í EES-samninginn, skv. svari Davíðs Oddssonar, þáverandi utanríkisráðherra, við fyrirspurn á Alþingi árið 2005.[113]

---

[110] EFTA (2005). *EFTA Annual Report 2004.*

[111] *Internal Market Scoreboard. EEA EFTA States. February 2007*, bls. 7. Þar kemur fram að 1615 af 1634 tilskipunum ESB á sviði innri markaðar hafi verið teknar inn í EES-samninginn. ESA bendir á að munurinn skýrist m.a. af því að sumar tilskipanir taki gildi í ESB áður en þær eru formlega teknar inn í EES-samninginn. Á vefsíðunni: http://www.eftasurv.int/information/internalmarket/dbaFile10928.pdf

[112] Sjá ávarp Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra á ráðstefnu um áhrif EES-samningsins á íslensk sveitarfélög, sem haldin var á vegum utanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, 8. febrúar 2002. Á vefslóðinni: http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedur-radherra/nr/655. Þessi tala, 80%, er einnig nefnd á bls. 38 í grein Baldurs Þórhallssonar og Hjalta Þórs Vignissonar (2004), „A Controversial Step. Membership of the EEA" sem er í bókinni *Iceland and European Integration. On the edge*, en Baldur Þórhallsson ritstýrði þeirri bók. Í skýrslunni *Navigating by the Stars* sem rannsóknarstofnunin Center for European Policy Research (CEPS) gerði fyrir samtök atvinnurekenda í Noregi árið 2002 segir að EES-ríkin taki yfir stóran hluta af gerðum ESB. Sjá Emerson, Vahl og Woolcock (2002). *Navigating by the Stars. Norway, the European Union and the European Economic Area*, bls. 8. Umrædd setning er svohljóðandi: „The scope of the EEA is determined by the existing EU *acquis* when the EEA Treaty was signed plus the measures that have subsequently been adopted by the EU and to a very large extent also adopted by the EEA states." Á vefsíðunni: http://ceps01.link.be/files/ESF/execsum.php

[113] Í svarinu eru taldar tilskipanir, reglugerðir og ákvarðanir. Tilskipanir beinast að aðildarríkjunum og eru bindandi á þann hátt að markmiðið með setningu þeirra verður að nást, en ríkin ákveða sjálf hvernig að því er staðið. Reglugerðir eru löggjöf sem hefur bein áhrif í aðildarríkjum ESB frá og með gildistöku og ekki þarf að innleiða þær sérstaklega í landsrétt þar. Ákvarðanir gilda í einstökum málum og eru bindandi fyrir þá sem eiga hlut að máli. Í svari utanríkisráðherra kom fram að Evrópusambandið hefði samþykkt 38.936 gerðir á tímabilinu 1994-2004, þar af 1.047 tilskipanir, 27.320 reglugerðir og 10.569 ákvarðanir. Á sama tímabili höfðu alls 2.527 gerðir verið teknar inn í EES-samninginn eða um 6,5% af heildarfjölda ESB-gerða á tímabilinu. Sjá svar utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Sigurði Kára Kristjánssyni á 131. löggjafarþingi 2004-2005: http://www.althingi.is/altext/131/s/1373.html

Í svarinu er bent á um sé að ræða heildarfjölda þeirra gerða sem Evrópusambandið hefur samþykkt á tímabilinu, þ.m.t. gerðir sem felldar hafa verið brott eða hafa eingöngu tímabundið gildi. Jafnframt er áréttað að langstærstur hluti þeirra gerða sem samþykktar eru af ESB varða framkvæmd sameiginlegrar sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnu[114] þess, auk þess sem fjöldi gerða er samþykktur á ári hverju um framkvæmd utanríkisviðskiptastefnu ESB, þ.m.t. tollamál.

Þá verður að hafa í huga að inn í EES-samninginn eru aðeins teknar þær gerðir sem falla undir gildssvið samningsins, en það er bundið við hið svonefnda fjórþætta frelsi (frjáls vöruviðskipti, frjálsa þjónustustarfsemi, frjálsar fjármagnshreyfingar og frjálsa för launþega) og þau svið önnur sem beinlínis eru talin varða fjórþætta frelsið (samkeppni, félagsmál, umhverfismál, neytendavernd, hagskýrslugerð og félagarétt).[115]

Umræða um tölfræði varðandi framkvæmd EES-samningsins skilar hins vegar litlu að mati sérfræðinga utanríkisráðuneytis og tölfræðin segir okkur ekkert um það hvernig framkvæmd EES-samningsins gangi eða um áhrif löggjafar ESB hérlendis. Mikilvægara sé að skoða innihald og mikilvægi viðkomandi gerða, því í þessum tölfræðilega samanburði vigtar tilskipun á fjármálamarkaði, sem getur haft mikil áhrif á rekstrarskilyrði banka, jafnmikið og t.d. reglugerð um afnám aðgerða gegn svínapest sem hefur lítil áhrif hérlendis. Það sé því hæpið að skoða málið eingöngu út frá heildarfjölda gerða án þess að skoða innihald og mikilvægi einstakra tilskipana, reglugerða eða ákvarðana. Einnig verði að hafa í huga að nýjar ESB-gerðir sem teknar séu upp í EES-samninginn geti endurspeglað gildandi löggjöf hérlendis eða falið í sér útfærslu á þegar settum reglum. Loks beri að hafa í huga að íslensk stjórnvöld hafa bæði fyrir og eftir gildistöku EES-samningsins haft náið samráð um lagasetningu við önnur Norðurlönd og ríki ESB.

### *2.7.2. Lög samþykkt á Alþingi vegna EES-aðildar Íslands*

Til að fá yfirsýn yfir áhrif EES-aðildar Íslands á lagsetningu hérlendis fékk nefndin skrifstofu Alþingis til að taka saman yfirlit um fjölda laga sem samþykkt hafa verið hérlendis og eiga beinan eða óbeinan uppruna í EES-aðild Íslands. Teknar voru saman upplýsingar um fjölda laga sem hafa verið samþykkt á Alþingi og eiga beint eða óbeint uppruna í EES-aðild Íslands, heiti laganna, fjölda þeirra á hverju löggjafarþingi og hve hátt hlutfall þau eru af samþykktum lögum á viðkomandi tímabili.[116]

Tekið var fyrir hvert löggjafarþing frá og með 116. löggjafarþingi, þegar lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagsvæðið, voru samþykkt, til og með 131. löggjafarþings, þ.e. árin 1992-2005. Byrjað var á því að taka saman hversu mörg lög hefðu verið samþykkt á hverju þingi, en því næst var skoðað hversu mörg þeirra ættu uppruna í EES-samningnum og var stuðst við frumvörp til viðkomandi laga við það mat.[117]

---

[114] Framkvæmdastjórnin setur t.d. árlega mikinn fjölda reglna um tæknilega útfærslu á landbúnaðarstefnu ESB.

[115] Svar utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Sigurði Kára Kristjánssyni á 131. löggjafarþingi 2004-2005. Á vefslóðinni: http://www.althingi.is/altext/131/s/1373.html

[116] Önnur leið til að skoða áhrif EES-aðildarinnar á lagasetningu hérlendis er að skoða stjórnskipulega fyrirvara vegna EES-gerða, en ef gerð sem taka á upp í EES-samninginn krefst lagabreytinga hérlendis gera stjórnvöld við hana svonefndan stjórnskipulegan fyrirvara á grundvelli 103. gr. EES-samningsins. Árin 1994-2004 gerðu íslensk stjórnvöld í 101 tilviki stjórnskipulegan fyrirvara við upptöku gerðar í EES-samninginn, sbr. svar utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Sigurði Kára Kristjánssyni á 131. löggjafarþingi 2004-2005.

[117] Mjög mismunandi er eftir frumvörpum hversu skýrt er tekið fram hvort viðkomandi frumvarp eigi uppruna sinn í EES-aðild Íslands, auk þess sem tilefni lagasetningar eru oft margþætt og geta t.d. náð til innleiðingar á EES-gerð, auk annarra breytinga eða endurskoðunar á viðkomandi lögum. Þá er þess getið í sumum tilvikum í frumvörpum að

Niðurstöður samantektarinnar voru að alls hefðu verið samþykkt 1.656 lög á Alþingi árin 1992-2006 (116.-132. löggjafarþing). Af þeim hefðu 285 lög átt beinan uppruna í EES-aðild Íslands eða alls um 17,2% af samþykktum lögum á tímabilinu. Ef einnig væri litið til þeirra laga sem segja mætti að ættu óbeinan uppruna í EES-aðildinni þá er niðurstaðan að 21,6% laga á tímabilinu megi rekja beint eða óbeint til EES-aðildar Íslands, eins og sjá má í töflu 2.6.

Hafa verður í huga að hér er einungis um tölfræði að ræða og hún segir ekkert um efnisleg umfang og áhrif gerða ESB hérlendis.

*Tafla 2.6. Lög sett á Alþingi vegna EES-aðildar Íslands. Sundurliðun eftir löggjafarþingum.*

| Löggjafarþing | Samtals lög | Bein áhrif af EES-aðildinni | Hlutfall | Lög þar sem beinna eða óbeinna áhrifa af EES-aðildinni gætir | |
|---|---|---|---|---|---|
| 131 (2004-2005) | 101 | 13 | 12,9% | 18 | 17,8% |
| 130 (2003-2004) | 122 | 26 | 21,3% | 31 | 25,4% |
| 129* (júní 2003) | 0 | 0 | | 0 | |
| 128 (2002-2003) | 128 | 31 | 24,2% | 32 | 25,0% |
| 127 (2001-2002) | 119 | 15 | 12,6% | 22 | 18,5% |
| 126 (2000-2001) | 130 | 19 | 14,6% | 25 | 19,2% |
| 125 (1999-2000) | 138 | 23 | 16,7% | 27 | 19,6% |
| 124* (júní 1999) | 1 | 0 | | 0 | |
| 123 (1998-1999) | 95 | 5 | 5,3% | 10 | 10,5% |
| 122 (1997-1998) | 119 | 12 | 10,1% | 22 | 18,5% |
| 121 (1996-1997) | 123 | 18 | 14,6% | 25 | 20,3% |
| 120 (1995-1996) | 127 | 20 | 15,7% | 28 | 22,0% |
| 119* (júní 1995) | 19 | 3 | 15,8% | 4 | 21,1% |
| 118 (1994-1995) | 96 | 22 | 22,9% | 27 | 28,1% |
| 117 (1993-1994) | 111 | 23 | 20,7% | 24 | 21,6% |
| 116 (1992-1993) | 107 | 34 | 31,8% | 38 | 35,5% |
| **Samtals** | **1536** | **264** | **17,2%** | **333** | **21,7%** |

* stutt sumarþing

Þessar tölur eru athyglisverðar í ljósi þess að rúmlega 2.500 gerðir hafa verið teknar inn í EES-samninginn á þessu tímabili og er því ljóst að meginþorri þeirra gerða er innleiddur í íslenskan rétt með setningu reglugerða eða krefjast ekki sérstakrar innleiðingar, m.a. vegna þess að ákvæði þeirra eru þegar til staðar í íslenskum rétti.

Ef skoðuð er sundurliðun eftir ráðuneytum þá sést í töflu 2.7 að í langflestum tilvikum er um að ræða löggjöf sem heyra undir viðskiptaráðuneytið, en í samtals 77 tilvikum voru lög sem heyra undir það ráðuneyti sett vegna beinna áhrifa EES-aðildar Íslands. Þar á eftir kemur samgönguráðuneytið með 39 lög sett vegna beinna áhrifa EES-aðildarinnar.

---

viðkomandi lagasetning eru tilkomin vegna athugasemda sem íslenskum stjórnvöldum hefðu borist frá eftirlitsstofnun EFTA eða vegna dóma sem EFTA-dómstóllinn hefði kveðið upp.

*Tafla 2.7. Lög sett vegna EES-aðildar Íslands, flokkað eftir ráðuneytum. Bein áhrif vegna EES-aðildar.*

| Löggjafarþing | Dóms | Fél | For | Fjár | Ht | Iðn | Land | Mennt | Sam | Sjú | Um | Ut | Viðsk | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 132 (2005-2006) | 1 | 3 | | 2 | | | | 2 | 1 | 1 | 3 | | 8 | **21** |
| 131 (2004-2005) | 2 | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | | | 6 | **13** |
| 130 (2003-2004) | 3 | 4 | | 4 | 1 | 2 | 3 | 1 | 2 | | 2 | 1 | 3 | **26** |
| 129* (júní 2003) | | | | | | | | | | | | | | |
| 128 (2002-2003) | 1 | 2 | | 2 | 1 | 3 | | 1 | 7 | 1 | 2 | | 11 | **31** |
| 127 (2001-2002) | | 1 | | 5 | | 3 | 1 | | 1 | | 1 | | 3 | **15** |
| 126 (2000-2001) | 3 | 1 | | 3 | 1 | | 2 | 2 | 3 | 1 | | | 3 | **19** |
| 125 (1999-2000) | 2 | 3 | | 1 | 1 | 1 | | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 7 | **23** |
| 124* (júní 1999) | | | | | | | | | | | | | | |
| 123 (1998-1999) | 1 | 1 | | | | | | | 1 | 2 | | | | **5** |
| 122 (1997-1998) | | | | 2 | 1 | 1 | | | 3 | 2 | | | 3 | **12** |
| 121 (1996-1997) | 2 | 1 | | 1 | | 2 | | 3 | 4 | 1 | | | 4 | **18** |
| 120 (1995-1996) | | | | 1 | 1 | 3 | | 1 | 5 | 1 | 1 | | 7 | **20** |
| 119* (júní 1995) | | 1 | | | | | | | | 1 | 1 | | | **3** |
| 118 (1994-1995) | 1 | 4 | | 2 | 2 | 1 | 2 | 1 | 4 | | | | 5 | **22** |
| 117 (1993-1994) | 2 | | | | 7 | 1 | 2 | 1 | 3 | 1 | 1 | 1 | 4 | **23** |
| 116 (1992-1993) | 1 | 4 | | 4 | 1 | 2 | 1 | 2 | 2 | | 2 | 2 | 13 | **34** |
| **Samtals** | **19** | **25** | | **28** | **17** | **20** | **12** | **16** | **39** | **13** | **14** | **5** | **77** | **285** |

Viðskiptaráðuneytið er einnig efst á blaði þegar skoðuð er lagasetning sem tilkomin er vegna óbeinna áhrifa EES-aðildar Íslands, eins og sjá má í töflu 2.8.

*Tafla 2.8. Lög sett vegna EES-aðildar Íslands, flokkað eftir ráðuneytum. Óbein áhrif vegna EES-aðildar.*

| Löggjafarþing | Dóms | Fél | For | Fjár | Ht | Iðn | Land | Mennt | Sam | Sjú | Um | Ut | Viðsk | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 132 (2005-2006) | 2 | | | | | 1 | | | | | | | 1 | **4** |
| 131 (2004-2005) | 1 | | | | | | | | 1 | | 2 | | 1 | **5** |
| 130 (2003-2004) | 1 | | | | 2 | | | | | | | | 2 | **5** |
| 129* (júní 2003) | | | | | | | | | | | | | | |
| 128 (2002-2003) | | | | | | 1 | | | | | | | | **1** |
| 127 (2001-2002) | 2 | | | 2 | | 1 | | | 1 | | | 1 | | **7** |
| 126 (2000-2001) | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | | | 1 | | 1 | **6** |
| 125 (1999-2000) | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 2 | **4** |
| 124* (júní 1999) | | | | | | | | | | | | | | |
| 123 (1998-1999) | | | | | 1 | 1 | | | | | | | 3 | **5** |
| 122 (1997-1998) | 1 | 3 | | | | | | 1 | | | 1 | | 4 | **10** |
| 121 (1996-1997) | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | | | | | 3 | **7** |
| 120 (1995-1996) | | 1 | 1 | 3 | | 1 | | 2 | | | | | | **8** |
| 119* (júní 1995) | 1 | | | | | | | | | | | | | **1** |
| 118 (1994-1995) | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | | | | | | **5** |
| 117 (1993-1994) | | | | | | | 1 | | | | | | | **1** |
| 116 (1992-1993) | | | | | | 1 | | | | | | 2 | 1 | **4** |
| **Samtals** | **11** | **6** | **2** | **8** | **3** | **9** | **2** | **3** | **2** | | **5** | **4** | **18** | **73** |

### *2.7.3. Hlutfall EES-gerða sem kalla á lagabreytingar á Alþingi*

Ef tölur um fjölda gerða ESB sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn eru bornar saman við tölur um fjölda laga sem samþykkt hafa verið hérlendis og eiga beinan eða óbeinan uppruna í EES-aðild Íslands sést að um 10% þeirra gerða ESB sem teknar voru upp í EES-samninginn á tímabilinu 1994 til 2004 kölluðu á lagabreytingar á Alþingi.[118]

[118] Alls voru 2.527 gerðir ESB teknar inn í EES-samninginn 1994-2004, en á sama tímabili voru 271 lög sett á Alþingi vegna EES-aðildar Íslands, þ.e. lög sem áttu beinan eða óbeinan uppruna í EES-aðild Íslands.

### 2.8. Innleiðing ESB-gerða á Íslandi

Eftir að ESB-gerð hefur verið tekin inn í EES-samninginn þurfa EES/EFTA-ríkin að innleiða hana í sinn landsrétt. Ef um er að ræða tilskipun hafa stjórnvöld val um form og aðferð við innleiðinguna, en reglugerðir eru teknar upp óbreyttar, nema samið hafi verið um sérstakar aðlaganir fyrir Ísland.[119] Í þessum kafla er fjallað um annmarka við innleiðingu gerða og hvernig brugðist hefur verið við þeim annmörkum, m.a. með auknum upplýsingum, sérstökum innleiðinganefndum og þátttöku í innleiðinganefndum framkvæmdastjórnar ESB. Loks er fjallað um mat ESA á frammistöðu Íslands við innleiðingu og gæði innleiðingar.

#### *2.8.1. Annmarkar við innleiðingu*

Árið 1998 komst nefnd sem skipuð hafði verið af forsætisráðherra til að skoða lögleiðingu EES-gerða hérlendis að því að verulegir annmarkar væru á því að meginreglum íslensks stjórnskipunarréttar væri fylgt við að leiða EES-reglur í íslenskan rétt. Meginatriðin í niðurstöðum nefndarinnar voru eftirfarandi:[120]

1. Ekki hefur ávallt verið hugað nægilega að því, hvort í settum lögum sé að finna efnislegar heimildir til að setja stjórnvaldsfyrirmæli sem skerða frelsi eða hafa inni að halda almennar réttarreglur sem snúa að borgurunum, sbr. það sem um þessar meginreglur sagði í III. kafla að framan.
2. Dæmi eru um, að leiða hafi átt í íslenskan rétt gerðir sem samsvara tilskipunum EB, án þess að unnar hafi verið úr þeim reglur sem geta talist fullnægjandi að því er varðar efni og skýrleika miðað við ótvíræðar heimildir í settum rétti á Íslandi.
3. Finna má dæmi um að vegna aðildarinnar að hinu evrópska efnahagssvæði hafi verið lögleiddar hér á landi reglur sem binda hendur Íslendinga, án þess að jafnframt hafi verið lögleiddar þær undanþágur frá reglunum sem gilda á svæðinu. Afleiðingin er þá sú að meiri takmarkanir eru settar á athafnafrelsi íslenskra borgara heldur en leiðir af skuldbindingunni um að lögleiða viðkomandi gerð.
4. Við birtingu á fjölmörgum gerðum svæðisins, sem ætlunin hefur verið að lögleiða hér á landi, hefur ekki verið farið að kröfum stjórnarskrár og íslenskra laga.
5. Auglýsingar á gildistöku að þjóðarétti á breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn um hið evrópska efnahagssvæði hafa ekki átt sér stað svo sem ótvírætt er skylt samkvæmt íslenskum lögum.

Í kjölfarið var lögð áhersla á að bæta úr þessum atriðum og innleiða gerðir á réttan hátt og hefur forsætisráðuneytið gefið út sérstakar leiðbeiningar um innleiðingu EES-gerða.[121] Einnig er að finna sérstaka umfjöllun um innleiðingu gerða í *Handbók Stjórnarráðsins um EES*. Þá er algengt að skipaðar séu sérstakar innleiðinganefndir í einstökum ráðuneytum, auk þess sem tækifæri gefst til þátttöku í innleiðinganefndum framkvæmdastjórnar ESB, eins og fjallað er um hér á eftir.

---

[119] Sbr. 7. gr. EES-samningsins.

[120] Forsætisráðuneyti (1998). *Skýrsla nefndar forsætisráðherra um lögleiðingu EES-gerða frá 16. september 1998.* Í nefndinni sátu Árni Kolbeinsson, Jón Steinar Gunnlaugsson og Stefán Már Stefánsson. Skýrsluna er að finna í viðauka 5 við *Handbók Stjórnarráðsins um EES* á vefslóðinni:
http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/HandbokEES.pdf

[121] Forsætisráðuneyti (2001). *Leiðbeiningar til stjórnvalda um innleiðingu EES-gerða.* Í V. viðauka við *Handbók Stjórnarráðsins um EES*. Á vefslóðinni: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/HandbokEES.pdf

### *2.8.2. Innlendar innleiðinganefndir*

Algengt er að stofnaðar séu sérstakar nefndir sem í eiga sæti hagsmunaaðilar á viðkomandi sviði til að innleiða gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn í íslenskan rétt. Ýmist er þar um að ræða fastar nefndir sem yfirfara allar gerðir á hlutaðeigandi sviði eða nefndir sem stofnaðar eru sérstaklega til að innleiða tiltekna gerð.

Sem dæmi má nefna að á vegum umhverfisráðuneytis eru starfandi tvö teymi á sviði matvæla- og umhverfismála, sem í eru fulltrúar umhverfisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, Umhverfisstofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk þessara teyma er m.a. að yfirfara ESB-gerðir og meta hvort þær falli undir EES-samninginn og ef svo er, hvort nauðsynlegt sé að leita að leita aðlögunar og hvort setja þurfi lög eða reglur til að innleiða viðkomandi gerðir. Þá er þessum teymum einnig ætlað að meta kostnaðarauka við innleiðingu. Einnig má nefna sem dæmi að á vegum félagsmálaráðuneytis starfar sérstök samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði vegna EES-samningsins, en nefndinni er m.a. ætlað að fjalla um gildistöku og framkvæmd tilskipana á Evrópska efnahagssvæðinu, á sviði félagsmála, vinnuverndar, vinnuréttar, jafnréttis kynjanna, samþættingu fjölskyldulífs og vinnumarkaðar og frjálsrar farar launþega.[122]

Önnur leið er að stofna sérstakar nefndir til að innleiða tilteknar gerðir og er sú leið víða notuð. Er þá hagsmunaaðilum á viðkomandi sviði yfirleitt boðið að tilnefna fulltrúa í viðkomandi nefndir.

### *2.8.3. Þátttaka í innleiðinganefndum framkvæmdastjórnar ESB*

Eftir að nýjar tilskipanir eru samþykktar býður framkvæmdastjórn ESB í mörgum tilvikum til svokallaðra innleiðingarfunda, þar sem farið er yfir spurningar og álitamál sem upp hafa komið hjá aðildarríkjunum varðandi innleiðingu viðkomandi gerða í landsrétt þeirra. Þátttaka í slíkum fundum gefur íslenskum sérfræðingum tækifæri til að öðlast betri skilning á viðkomandi gerð, fá yfirsýn um það hvaða valkostir eru til staðar varðandi innleiðingu og fá upplýsingar um hvernig önnur ríki ætla að innleiða viðkomandi gerðir, en með því ætti að vera líklegra en ella að gerðir séu innleiddar á réttan hátt og ekki sé gengið lengra í lagasetningu en þörf er á.

### *2.8.4. Frammistöðumat Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)*

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gefur tvisvar á ári út skýrslu um frammistöðu EES/EFTA-ríkjanna við innleiðingu tilskipana sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn í landsrétt sinn. Skýrslan með frammistöðumatinu (Internal Market Scoreboard - EFTA States) kemur út samhliða skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um sama efni fyrir aðildarríki þess.[123] Í skýrslu ESA í febrúar 2007 kom fram að Ísland væri í 21. sæti meðal hinna 28 aðildarríkja EES hvað varðar árangur í innleiðingu EES-tilskipana, en 1,5% tilskipana sem féllu undir EES-samninginn höfðu ekki verið innleiddar með fullnægjandi hætti hér á landi í nóvember 2006. ESB og ESA hafa sett sér það viðmið að aðildarríki verði ekki með meira en 1,5% tilskipana útistandandi hverju sinni og er árangur Ísland því innan þess viðmiðs.

---

[122] Sjá: http://www.felagsmalaraduneyti.is/raduneyti/nefndir-rad-stjornir/nr/1246

[123] Frammistöðumatið má nálgast á heimasíðu ESA: http://www.eftasurv.int/information/internalmarket/

### *2.8.5. Framkvæmd innleiðingar hjá ESB og EES/EFTA-ríkjum*

Árin 1997-2004 stefndi framkvæmdastjórn ESB aðildarríkjunum sambandsins alls 1.293 sinnum vegna ófullnægjandi innleiðingar gerða ESB og því er ljóst að gerðir ESB eru í mörgum tilvikum ekki innleiddar með fullnægjandi hætti í landslög aðildarríkjanna. Frakklandi hefur oftast verið stefnt fyrir dómstól ESB vegna þessa eða alls 184 sinnum árin 1997-2004, en þar á eftir kemur Ítalía með 175 stefnur. Grikklandi, Belgíu og Þýskalandi hefur verið stefnt rúmlega 100 sinnum hverri þjóð. Norðurlöndin standa sig hins vegar best í þessum efnum og Danmörk fékk fæstar slíkar stefnur á sig frá framkvæmdastjórninni 1997-2004 eða 11, en Svíþjóð og Finnland fengu um 20 stefnur á sama tímabili. Árið 2004 úrskurðaði dómstóll ESB í yfir 90% tilfella að innleiðing viðkomandi löggjafar hefði verið ófullnægjandi og stefnur framkvæmdastjórnarinnar á þeim tíma áttu því í langflestum tilvikum rétt á sér.[124] Það er því ljóst að gerðir ESB eru ekki alltaf innleiddar innan tilskilins tíma í öllum aðildarríkjum sambandsins.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur eftirlit með að EES-löggjöf sé innleidd með fullnægjandi hætti í EES/EFTA-ríkjunum og stefnir þeim fyrir EFTA-dómstólnum ef stofnunin telur aðildarríkin ekki bregðast við athugasemdum sínum með fullnægjandi hætti. Á árunum 1997 til 2004 stefndi ESA Noregi sjö sinnum fyrir EFTA-dómstólnum, Liechtenstein tvisvar og Íslandi einu sinni.

## 2.9. Breytingar á ESB og áhrif þeirra breytinga á framkvæmd EES-samningsins

ESB hefur breyst verulega síðan EES-samningurinn var gerður og ný svið samvinnu hafa bæst við, sérstaklega með Maastricht og Amsterdam sáttmálunum, m.a. málefni sem snúa beint að innri markaðnum.[125] Það hefur þau áhrif að í sumum tilvikum getur vafi leikið á hvort lagalegar forsendur séu til að taka gerðir byggðar á þeim sáttmálum inn í EES-samninginn, jafnvel þótt slíkt kunni að vera æskilegt frá pólitísku sjónarhorni og má í því sambandi nefna tilskipanir ESB um aðgerðir gegn mismunun sem ekki hafa verið teknar inn í EES-samninginn.

Ráðherraráðið og Evrópuþingið hafa fengið meiri völd á kostnað framkvæmdastjórnarinnar við breytingar á stofnsáttmála ESB, með Maastricht, Amsterdam og Nice sáttmálunum, en framkvæmdastjórnin er megintengiliður EES/EFTA-ríkjanna við framkvæmd EES-samningsins. Áhrifaminni framkvæmdastjórn hefur leitt til þess að framkvæmd EES-samningsins getur verið þyngri en ella þar sem hún getur ekki beitt sér af sama þunga gagnvart aðildarríkjum fyrir framgangi lausna sem um hefur verið samið við EES/EFTA-ríkin. Á hinn bóginn hafa bein samskipti EES/EFTA-ríkja við ESB-ríki stuðlað að skjótum og góðum lausnum á vettvangi EES. Þá veita opnir starfshættir Evrópuþingsins ný og aukin tækifæri til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri.

Ráðherraráðið tekur nú mun meiri þátt í móta stefnu er tengist innri markaði, m.a. í gegnum Lissabon-ferlið svokallaða og ný form samvinnu sem þar er mælt með, sérstaklega opna samræmingaraðferðin (Open Method of Coordination). Þar er ekki um að ræða löggjafarstarf

---

[124] Phedon Nicolaides og Helen Oberg (2006). *The Compliance Problem in the European Union*. Á vefsvæðinu: http://www.eipa.eu/cms/repository/eipascope/Scop06_1_2.pdf. Sjá einnig frétt á vef Samtaka atvinnulífsins: http://www.sa.is/frettir/almennar/nr/3596/

[125] Fjallað er ítarlega um áhrif breytinga á ESB í sérstöku vinnuskjali, *Staða EES-samningsins*, en það skjal er byggt á viðræðum milli háttsettra embættismanna sem áttu sér stað hinn 18. maí 2001 að frumkvæði utanríkisráðherra Íslands og Noregs. Skjalið er á vefslóðinni: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Isl-final-final.doc

heldur samvinnu og samræmingu með sameiginlegum markmiðum, aðgerðaáætlunum fyrir ESB og einstök aðildarríki, jafningjarýni (peer review) og bestu framkvæmd (best practice). Opna samræmingaraðferðin er nú þegar notað á ýmsum sviðum t.d. varðandi félagslega einangrun, lífeyrismál, heilbrigðismál, vinnumál (employment strategy) og menntamál. Á vettvangi EFTA er starfandi sérstakur vinnuhópur sem fylgist með Lissabon-ferlinu og opnu samræmingaraðferðinni og taka fulltrúar Íslands þátt í starfi þess hóps.

Í skýrslu utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi, frá árinu 2000, segir að eitt af megineinkennum EES-samningsins sé það „hversu sveigjanlegur hann er og þrátt fyrir tvær ríkjaráðstefnur þar sem breytingar hafa verið gerðar á Rómarsamningnum má staðhæfa að ekki hafi myndast brestir í samstarfinu.“[126] Það var mat fulltrúa utanríkisráðuneytisins að þessi staðhæfing ætti við enn í dag og breytingar á Rómarsamningnum hefðu ekki haft mikil áhrif á framkvæmd EES-samningsins.

### 2.10. Áhrif stjórnarskrársáttmála ESB á Ísland og EES-samninginn

Í skipunarbréfi nefndarinnar er sérstaklega tekið fram að nefndin skuli skilgreina stöðu Íslands miðað við nýsamþykktan stjórnarskrárskrársáttmála ESB og nefndin fjallaði því ítarlega um það mál.

Stjórnarskrársáttmálinn (Constitutional Treaty) var samþykktur af leiðtogum ESB-ríkjanna í júní 2004 og undirritaður í Róm í október 2004. Gert var ráð fyrir að stjórnarskrársáttmálinn myndi öðlast gildi 1. nóvember 2006, að fenginni staðfestingu allra aðildarríkja, en það markmið gekk hins vegar ekki eftir þar sem sáttmálanum var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi árið 2005. Í kjölfarið hefur ríkt óvissa um framhald málsins, en Þýskaland, sem er í forsæti Evrópusambandsins á fyrri hluta ársins 2007, stefnir að því að ekki síðar en í júní 2007 verði tekin ákvörðun um hvað geri eigi við stjórnarskrársáttmálann.[127]

Stjórnarskrársáttmálinn, sem leysir fyrri sáttmála ESB af hólmi, skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta hluta eru grundvallarákvæði stjórnarskrársáttmálans, m.a. skilgreining á Evrópusambandinu, markmiðum þess, valdsviði, ferlum við ákvarðanatöku og stofnunum. Í öðrum hluta er réttindaskrá Evrópusambandsins og í þriðja hluta er lýsing á mismunandi pólitískum valdsviðum Evrópusambandsins og nánari útfærsla á mörgum ákvæðum núgildandi sáttmála. Í fjórða hluta eru síðan lokaákvæðin, þar á meðal reglur um samþykkt breytinga á stjórnarskrársáttmálanum.[128]

Stjórnarskrársáttmálinn felur m.a. í sér skilvirkari aðferðir við töku ákvarðana og endurskoðaðan ramma fyrir stofnanir ESB, með skýrari mynd af hlutverki Evrópuþingsins, ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.

Það var álit þeirra sérfræðinga sem nefndin fékk á sinn fund til að fjalla um stjórnarskrársáttmálann að það myndi hafa lítil áhrif á Ísland og framkvæmd EES-samningsins þótt að stjórnarskrársáttmálinn eða einstakir hlutar hans tækju gildi. Á fundi með framkvæmdastjóra EFTA kom fram að helstu áhrifin yrðu væntanlega þau að leggja þyrfti meiri vinnu í að greina hvort gerðir féllu undir EES-samninginn.

---

[126] Utanríkisráðuneyti (2000). Staða Íslands í Evrópusamstarfi, bls. 37.
[127] Sbr. frétt í Morgunblaðinu, 17. janúar 2007.
[128] Ítarlegar upplýsingar um stjórnarskrársáttmálann er á að finna á: http://europa.eu/constitution/index_en.htm

### 2.11. Utanríkis-, öryggis- og varnarmál

EES-samningurinn nær ekki til utanríkis-, öryggis- og varnarmála að öðru leyti en því að í yfirlýsingu með EES-samningnum er fjallað um pólitískt samráð og pólitísk skoðanaskipti milli ríkisstjórna aðildarríkja ESB og EFTA-ríkjanna. Nefndin skoðaði þetta pólitíska samráð og hvort taka mætti upp samstarf við ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Þá skoðaði nefndin einnig núverandi samninga Íslands við þriðju ríki, þar á meðal fríverslunarsamninga EFTA.

#### *2.11.1. Pólitískt samráð við ESB*

Með EES-samningnum fylgir yfirlýsing ríkisstjórna aðildarríkja ESB og EFTA-ríkjanna um pólitísk skoðanaskipti þar sem ríkin láta í ljós ósk um að efla pólitísk skoðanaskipti sín um utanríkismál með það að markmiði að koma á nánari tengslum í sameiginlegum hagsmunamálum. Í því skyni var m.a. samþykkt að ráðherrar myndu óformlega skiptast á skoðunum á fundum EES-ráðsins og haft yrði óformlegt samráð á ráðstefnum og í alþjóðastofnunum, auk þess sem nýttar yrðu til fulls þær diplómatísku leiðir sem þegar væru tiltækar, einkum diplómatískt fyrirsvar í höfuðborg landsins sem fer með forsæti í ESB, í Brussel og höfuðborgum EFTA-ríkjanna.

Pólitískt samráð við ESB felst í meginatriðum í þrennskonar samvinnu og samráði. Í fyrsta lagi eru haldnir pólitískir samráðsfundir á ráðherrastigi fyrir fundi í EES-ráðinu, en þeir fundir eru haldnir tvisvar á ári. Umræðuefni funda EES-ráðsins eru tengd framkvæmd EES-samningsins og þróun ESB, en á pólitísku samráðsfundunum er rætt um önnur pólitísk málefni, t.d. friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs, málefni tengd Rússlandi og ástandið á Balkanskaga. Í öðru lagi eru sérstakir sérfræðingafundir nokkrum sinnum á ári, þar sem t.d. er rætt um Miðausturlönd, hryðjuverk og baráttuna gegn þeim, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE), og ástandið á Balkanskaga. Í þriðja lagi tekur Ísland undir ýmsar yfirlýsingar frá ESB, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, t.d. um mannréttindi, kosningaeftirlit og friðarviðræður.

#### *2.11.2. Samningar við ríki utan ESB*

EES-samningurinn takmarkar ekki gerð samninga við önnur ríki og Ísland hefur gert tvíhliða samninga við fjölmörg ríki á hinum ýmsu sviðum. Þá er Ísland einnig í gegnum EFTA aðili að fjölda fríverslunarsamninga, en EFTA hefur á undanförnum árum komið á víðtæku neti fríverslunarsamninga við lönd sem ekki tilheyra Evrópusambandinu. Í því sambandi má nefna að EFTA hefur gert fríverslunarsamninga við Chile, Egyptaland, Króatíu, Ísrael, Jórdaníu, Líbanon, Suður-Kóreu, Makedóníu, Mexíkó, Marokkó, Palestínu, Singapúr, Suður-afríska tollabandalagið (Suður-Afríka, Botswana, Lesoto, Namibía og Svasíland), Túnis og Tyrkland. Þá er EFTA um þessar mundir í formlegum samningaviðræðum við Kanada, Tæland og Flóabandalagið (Barein, Kúveit, Óman, Katar, Sádí-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin).

EFTA hefur einnig gengið frá samstarfsyfirlýsingum við Albaníu, Alsír, Kólombíu, Perú, Serbíu, Úkraínu og MERCOSUR-ríkin (Argentína, Brasilía, Paragvæ og Úrúgvæ), en samstarfsyfirlýsingar eru almennt undanfari fríverslunarsamningaviðræðna. Þá hafa EFTA og Indónesía og EFTA og Indland sett á stofn sameiginlega viðræðuhópa til að skoða hugsanlega

fríverslunarsamninga.[129] Á vettvangi EFTA hefur verið jafnframt verið kannaður möguleiki á fríverslunarsamningi milli aðildarríkjanna og Japans en fram til þessa hefur Japan eingöngu verið tilbúið til þess að hefja könnun á gerð slíks samnings við Sviss.

Loks má benda á að gert er ráð fyrir Ísland hefji fríverslunarviðræður við Kína á árinu 2007, en slíkur samningur myndi einkum ná til viðskipta með vörur, auk þess sem þar yrði væntanlega jafnframt að finna ákvæði um samstarf ríkjanna á öðrum sviðum, svo sem þjónustuviðskiptum, fjárfestingu og verndun hugverkaréttinda.

Það kom fram á fundi nefndarinnar með fulltrúum utanríkisráðuneytis að samningar Íslands við ríki sem ESB hefur ekki gert samning við myndu falla niður ef Ísland gerðist aðili að ESB. Þá myndi Ísland sem aðili að ESB ekki geta eitt og sér gert samninga við önnur ríki þar sem framkvæmdastjórn ESB fer með forræði samningagerðar við ríki utan sambandsins fyrir hönd aðildarríkjanna. Ísland sæti því með ESB við gerð viðskiptasamninga og fengi sjálfkrafa aðild að öllum þeim viðskiptasamningum sem ESB hefur gert.

### *2.11.3. Öryggis- og varnarmál*

Í ársbyrjun 2006 fékk nefndin Þóri Ibsen frá fastanefnd Íslands hjá NATO í Brussel til að rita greinargerð um utanríkis-, öryggis- og varnarmálasamstarf ESB, með sérstakri áherslu á það hvort leita mætti eftir samstarfi við ESB í varnarmálum.[130]

Niðurstaða Þóris var að miðað við stöðuna hjá ESB um þessar mundir væri ljóst að samstarf við ESB í varnarmálum væri ekki raunhæft þar sem ESB væri einfaldlega ekki varnarbandalag og ekki væru til staðar nein ákvæði um gagnkvæmar varnarskuldbindingar aðildarríkjanna á borð við 5. gr. Atlantshafsbandalagssamningsins (NATO-samningsins), þar sem litið væri á árás á eitt aðildarríkjanna sem árás á þau öll. Slík grein væri reyndar í sáttmála Vestur-Evrópusambandsins (VES-sáttmálanum),[131] en þar væri hins vegar jafnframt dregið úr gildi hennar í næstu grein á undan, þar sem vísað væri til þess að NATO sinnti vörnum.

Eftir hryðjuverkaárásirnar í Madrid 11. mars 2004 samþykkti ESB svonefnt samstöðuákvæði, en það kveður á um samstöðu með öllum tiltækum ráðum, þar á meðal hernaðarlegum aðgerðum, ef eitt aðildarríkjanna verður fyrir hryðjuverkaárás, náttúruhamförum eða hamförum af mannavöldum. Það ákvæði nær hins vegar aðeins til ESB-ríkja.

Hlutverk ESB á sviði friðargæslu hefur vaxið verulega undanfarin ár og er sú þróun í samræmi við þau markmið sem aðildarríki sambandsins hafa sett sér um að efla og styrkja ásýnd ESB á alþjóðavettvangi. ESB tekur því í vaxandi mæli þátt í friðargæsluverkefnum víða um heim, oft í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar eða NATO, og hefur Ísland tekið þátt í þremur verkefnum ESB á Balkanskaga.

---

[129] Byggt á upplýsingum frá EFTA, 3. janúar 2007. Nánari upplýsingar um fríverslunarsamninga EFTA er að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.efta.int

[130] Greinargerð Þóris er fylgiskjal með skýrslu Evrópunefndar.

[131] Tíu ESB-ríki eiga fulla aðild að VES, en önnur eru aukaaðilar, með áheyrnarfulltrúa eða eru samstarfsaðilar. Ísland, Noregur og nokkur fleiri ríki eru einnig með aukaaðild að VES. Í Maastricth sáttmálanum segir að VES skuli þróast sem varnarsamstarf ESB og Evrópustoð NATO og í því skyni skuli VES setja fram sameiginlega varnarmálastefnu ESB og framfylgja henni í samræmi við umboð sitt og skipulag. Heimasíða VES: www.weu.int

Það kom fram í greinargerð Þóris að utanríkis-, öryggis- og varnarmálastefna ESB væri í stöðugri þróun og dæmi um það væri m.a. að finna í stjórnarskrársáttmála ESB.

### 2.12. Gagnrýni á EES-samninginn

Ýmis gagnrýni hefur komið fram á EES-samninginn í gegnum tíðina, bæði í ræðum og ritum. Þar hefur m.a. verið gagnrýnt að samningurinn veiti engan formlegan aðgang að töku ákvarðana hjá ESB og að Ísland og önnur EES/EFTA-ríki hafi takmarkaðan aðgang að mótun tillagna hjá ESB. Ekki sé tekið tillit til sérstöðu Íslands og því erfitt að fá samþykktar aðlaganir gerða að íslenskum aðstæðum, auk þess sem erfitt sé að fá aðgang að nefndum og sérfræðingahópum framkvæmdastjórnarinnar. Þá telja sumir að minnkandi áhugi og þekking sé innan ESB á EES-samningnum og dæmi séu um að starfsmenn framkvæmdastjórnarinnar gleymi að hafa samráð við EES-ríkin við undirbúning nýrrar löggjafar, sem og við stofnun nefnda og sérfræðingahópa, eins og skylt sé samkvæmt samningnum. Þá hefur einnig verið gagnrýnt að samningurinn taki ekki til nýrra samstarfssviða ESB.[132]

Framangreind atriði hafa öll verið rædd í þessari skýrslu, enda var það hlutverk nefndarinnar að kanna framkvæmd EES-samningsins. Í umfjöllun um stofnanir og ákvarðanaferli, hagsmunagæslu og leiðir til að hafa áhrif á mótun og töku ákvarðana hjá ESB hefur komið fram að stjórnvöld og hagsmunaaðilar fylgjast vel með þróun mála á vettvangi ESB og ýmsar leiðir eru til að hafa formleg og óformleg áhrif á mótun og töku gerða hjá ESB. Meðal þess sem þar hefur komið fram er eftirfarandi:

- Um 52% af þeim gerðum sem teknar voru upp í EES-samninginn til september 2004 voru settar af framkvæmdastjórn ESB. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi og árið 2005 voru 80% þeirra gerða sem teknar voru upp í EES-samninginn settar af framkvæmdastjórninni.[133]
- Framkvæmdastjórninni er ætlað að vera algerlega sjálfstæð og henni er óheimilt að leita eftir eða taka við fyrirmælum frá nokkurri ríkisstjórn eða öðrum aðilum.[134]
- EES-samningurinn kveður á um að hefji framkvæmdastjórn ESB undirbúning að nýrri löggjöf á sviði sem samningurinn tekur til skuli hún óformlega leita ráða hjá sérfræðingum EFTA-ríkjanna á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkja ESB við mótun tillagnanna.[135] Tvö dæmi hafa verið nefnd þar sem undirbúningur að tillögu var vel á veg kominn innan ESB áður en EFTA/EES-ríkin komu að málinu, þar sem þeir sem um málin fjölluðu innan framkvæmdastjórnar vissu ekki um rétt EFTA/EES-ríkjanna. Þar var annars vegar um að ræða undirbúning endurskoðunar á ákvæðum um skaðsemisábyrgð og hins vegar undirbúning að nýrri tilskipun um samræmingu aðgerða gegn greiðsludrætti, en í því tilviki tókst að koma athugasemdum að vegna árvekni starfsmanns EFTA.[136]
- Á grundvelli EES-samningsins eiga EES/EFTA-ríkjunum rétt til þátttöku í þeim sérfræðingahópum og nefndum framkvæmdastjórnar ESB sem varða gildissvið EES-

[132] Nánara yfirlit um framkomna gagnrýni á EES-samninginn er m.a. að finna hjá Auðunni Arnórssyni o.fl (2003) í bókinni *Ísland og Evrópusambandið. EES, ESB-aðild eða svissnesk lausn* og hjá Eiríki Bergmann (2003) í bókinni *Evrópusamruninn og Ísland.*

[133] Sbr. umfjöllun í kafla 2.2.2.1. Framkvæmdastjórnin.

[134] Sbr. umfjöllun í kafla 2.4. Leiðir til að hafa áhrif á mótun og töku ákvarðana á vettvangi Evrópusambandsins.

[135] Sbr. 99. gr. og 100. gr. EES-samningsins. Sjá umfjöllun í kafla 2.4. Leiðir til að hafa áhrif á mótun og töku ákvarðana á vettvangi Evrópusambandsins.

[136] Utanríkisráðuneytið (2000). *Staða Íslands í Evrópusamvinnu*, bls. 8.

samningsins, að öðru leyti en því að þau hafa ekki atkvæðisrétt.[137] Þessum sérfræðingahópum og nefndum er ætlað að veita framkvæmdastjórninni sérfræðilega eða tæknilega ráðgjöf við undirbúning lagasetningar.

- Árið 2005 höfðu EES/EFTA-ríkin aðgang að 418 nefndum og sérfræðingahópum framkvæmdastjórnarinnar og tóku sérfræðingar frá Íslandi þátt í starfi 184 þessara nefnda. Örfá dæmi eru um að deilt hafi verið um aðgang EES/EFTA-ríkjanna að nefndum eða sérfræðingahópum, en þau mál hafa verið leyst á viðunandi hátt í flestum tilvikum.[138]
- Með stöðugum samskiptum og upplýsingagjöf til formanna viðkomandi nefnda og þeirra starfsmanna framkvæmdastjórnarinnar sem koma að starfi þessara nefnda stuðla stofnanir EES, EFTA-skrifstofan og EES/EFTA-ríkin að því í samráði við stjórnardeild utanríkismála hjá ESB (DG RELEX) að réttindi EES/EFTA-ríkjanna til samráðs við undirbúning lagasetningar og þátttöku í nefndum og sérfræðingahópum ESB séu þekkt og virt.[139]
- Formlega séð hafa EES/EFTA-ríkin á grundvelli EES-samningsins sömu tækifæri og ESB-ríki til að koma að mótun þeirra gerða sem framkvæmdastjórnin setur, sem og að mótun tillagna sem fara eiga til umfjöllunar og samþykktar hjá ráðherraráðinu og Evrópuþinginu.[140]
- Ýmsar leiðir eru færar til að reyna að hafa formleg og óformleg áhrif á töku ákvarðana hjá ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu, m.a. með góðum samskiptum við ráðherra, þingmenn og embættismenn.[141]

Það er ljóst af framangreindu að fyrir hendi eru ýmis tækifæri til að hafa áhrif á mótun tillagna framkvæmdastjórnarinnar, sem og á töku ákvarðana. Ef talið er að þau tækifæri séu ekki fullnýtt má ætla að það sé undir íslenskum stjórnvöldum komið að bæta úr því.

Það var mat fulltrúa utanríkisráðuneytisins að sú staðhæfing sem finna má í skýrslu utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi frá árinu 2000, um að eitt af megineinkennum EES-samningsins sé hversu sveigjanlegur hann er, ætti enn við og breytingar á stofnsáttmálum ESB, sem hafa m.a. falið í sér ný samstarfssvið hefðu ekki haft mikil áhrif á framkvæmd EES-samningsins.

Í skýrslunni hafa verið rakin dæmi um aðlaganir gerða að íslenskum aðstæðum og því ljóst að slíkur möguleiki er fyrir hendi. Fulltrúi umhverfisráðuneytisins skýrði nefndinni frá því að tekist hefði að koma að sjónarmiðum til hagsbóta fyrir Ísland á lokastigi innleiðingar gerða og byggðist það á góðu sambandi við norræna umhverfisráðherra og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Verndartollar sem ESB lagði á innflutning á stáli í viðskiptadeilu við Bandaríkin árið 2002 er líklega eitt stærsta vandamálið sem upp hefur komið varðandi framkvæmd EES-samningsins, en þar var farið með EES/EFTA-löndin eins og önnur ríki utan ESB, þrátt fyrir að viðskipti með stál falli undir EES-samninginn. Það mál hafði þó ekki áhrif á hagsmuni Íslands.

---

[137] Sbr. 99. gr. og 100. gr. EES-samningsins. Sjá umfjöllun í kafla 2.4.
[138] Sjá umfjöllun í kafla kafla 2.4.
[139] Sbr. umfjöllun í kafla kafla 2.4.
[140] Í 99. gr. EES-samningsins er kveðið á um að þegar framkvæmdastjórn ESB hefji undirbúning að nýrri löggjöf á sviði sem samningurinn tekur til skuli hún óformlega leita ráða hjá sérfræðingum EFTA-ríkjanna á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkja ESB við mótun tillagnanna. Sbr. umfjöllun í kafla 2.4.
[141] Sjá umfjöllun í kafla 2.4.

Stærsta vandamálið sem snerti hagsmuni Íslands er hið svokallaða fiskimjölsmál árið 2000, en þar hugðist ESB banna notkun dýramjöls, þar á meðal fiskimjöls, í skepnufóðri. Fram kom að verðmæti útflutts fiskimjöls frá Íslandi næmi allt að sjö milljörðum króna á ári og því voru gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir íslenskan sjávarútveg. Sjónarmiðum Íslendinga var hins vegar komið á framfæri af ráðherrum og embættismönnum, auk þess sem Ísland átti áhrifamikla bandamenn innan ESB sem einnig áttu hagsmuna að gæta. Að lokum var ákveðið að undanskilja fiskimjöl frá banni við dýramjöli í skepnufóðri, en sú undanþága byggðist á þeim rökum að fiskimjöl væri ekki hættulegt og að einfalt væri að greina það, sem ekki ætti við um dýramjöl.[142]

Ekki er ólíklegt að þekking á EES-samningnum hafi farið minnkandi innan ESB undanfarin ár, m.a. samhliða fjölgun aðildarríkja sambandsins. Það hlýtur hins vegar að vera undir Íslandi og öðrum EES/EFTA-ríkjunum sjálfum komið að auka þekkingu á EES-samningum innan ESB ef talin er þörf á slíku.

### 2.13. Framtíð EES-samningsins

Það hefur komið fram á fundum og ráðstefnum nefndarinnar að EES-samningurinn stendur á traustum grunni og aðilar samningsins hafa ítrekað áréttað skuldbindingar sínar gagnvart framtíð hans. Það verður því að teljast ólíklegt að ESB hafi frumkvæði að uppsögn EES-samningsins, enda þyrfti til þess samþykki allra ESB-ríkjanna, þar á meðal Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.

Innganga Noregs í ESB myndi væntanlega þýða að erfiðara yrði að halda uppi trúverðugu eftirliti og líklega þarf a.m.k. þrjú aðildarríki EES/EFTA-megin til að uppfylla lágmarkskröfur hvað varðar sjálfstæði eftirlitsstofnana og sérstaks dómstóls.[143] Innganga Noregs í ESB myndi væntanlega einnig þýða að umfang starfsemi EFTA-skrifstofunnar, Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins myndi minnka, en miðað við helmingi minni stofnanir mætti að mati utanríkisráðuneytisins gera ráð fyrir liðlega fimmföldun framlags Íslands.[144] Á þessari stundu hafa norsk stjórnvöld ekki áform um að Noregur gangi í ESB á næstu árum og aðild er ekki á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar.

Innan ESB er ekki vilji til þess að gera efnislegar breytingar á gildisviði EES-samningsins og tillögum Íslands um uppfærslu EES-samningsins, með hliðsjón af breytingum á stofnsáttmála ESB, var hafnað af framkvæmdastjórn ESB í samningaviðræðum í tengslum við stækkun EES til nýrra aðildarríkja ESB árið 2004.[145]

---

[142] Sjá t.d. frétt í Morgunblaðinu 1. desember,2000, „Bannið yrði gífurlegt áfall fyrir þjóðarbúið“ og ritstjórnargrein 5. desember 2000 „Jákvæð niðurstaða í Brussel. “

[143] Þess ber að minnast að við gerð EES-samningsins lá ljóst fyrir að norsk stjórnvöld vildu aðild að ESB og EES-samningurinn byggðist því ekki á aðild Noregs. Noregur sótti formlega um aðild að ESB í nóvember 1992, en aðildarsamningur Noregs að ESB var hins vegar felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Noregi árið 1994.

[144] Meginhluti þess kostnaðar sem til fellur EES/EFTA-megin hefur fallið á Sviss og Noreg, en Ísland greiðir nú 9% kostnaðar vegna rekstrar ESA og EFTA-dómstóls og 3,81% kostnaðar vegna starfsliðs EFTA-skrifstofunnar. Sbr. utanríkisráðuneyti (2000). *Staða Íslands í Evrópusamstarfi.*

[145] Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur tvisvar brugðið á það ráð að hafna upptöku allra nýrra gerða í sameiginlegu EES-nefndinni til að auka þrýsting á EES/EFTA-ríkin í tengslum við samningaviðræður um stækkun EES til nýrra aðildarríkja ESB 2004 og 2007. Ágreiningsefnið í snerist í báðum tilvikum fyrst og fremst um greiðslur EES/EFTA-ríkjanna í Þróunarsjóð EES.

### 2.14. Aðrir kostir

Nefndin skoðaði ýmsa aðra kosti á samstarfi við ESB, m.a. hvort unnt og æskilegt væri að gera tvíhliða samninga við ESB, eins og Sviss hefur til að mynda gert. Einnig ræddi nefndin hugmyndir um uppsögn EES-samningsins. Þriðji kosturinn, aðild að ESB, er ræddur sérstaklega í 4. kafla skýrslunnar.

#### *2.14.1. Tvíhliða samningar við ESB*

Nefndin fékk sendiherra Sviss hjá ESB á sinn fund til að ræða um tvíhliða samninga ESB og Sviss, auk þess sem sendiherrann fjallaði um málið á ráðstefnu nefndarinnar um stöðu og framtíð EES-samningsins.

Viðræður um tvíhliða samninga milli Sviss og ESB hófust eftir að EES-samningnum var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss árið 1992, enda þyddi sú höfnun að efla þurfti samskiptin við ESB með öðrum hætti. Samningaviðræður um fyrstu tvíhliða samningana við ESB tóku sjö ár og samningarnir tóku síðan ekki gildi fyrr en þremur árum eftir að viðræðum lauk, eða árið 2002. Um var að ræða sjö tvíhliða samninga, um frjálsa för fólks, afnám tæknilegra viðskiptahindrana, samgöngur á landi, flugsamgöngur, viðskipti með landbúnaðarvörur, opinber útboð og þátttöku í 6. rannsóknaráætlun ESB.

Viðræður um nýja tvíhliða samninga hófust síðan árið 2002 og þeim viðræðum lauk árið 2004. Þar var um að ræða 9 tvíhliða samninga, um skattlagningu sparnaðar, baráttu gegn tollsvikum, viðskipti með unnar landbúnaðarvörur, hagskýrslugerð, tvísköttun lífeyristekna, þátttöku í samstarfsáætlunum ESB um menntamál, þátttöku í MEDIA-samstarfsáætluninni, þátttöku í umhverfisstofnun ESB og aðild að Schengen- og Dublin-sáttmálunum.

Bæði Sviss og ESB höfðu áhuga og hag af því að gera framangreinda samninga, en ljóst er að það þarf einhver tromp á hendi til að geta náð fram slíkum samningum og landfræðileg lega Sviss er talin hafa skipt miklu máli, m.a. vegna samgöngumála, auk þess sem Sviss er einn stærsti einstaki viðskiptaaðili ESB. Einnig skipti miklu máli að ESB hafði sérstakan áhuga á því að gera samninga við Sviss um m.a. skattlagningu sparnaðar og baráttu gegn tollsvikum.

Tvíhliða samningarnir fela ekki í sér sameiginlegar stofnanir eða yfirþjóðlegt vald, nema á sviði flugsamgangna, en þar var samið um að Evrópudómstóllinn hefði lögsögu yfir Sviss. Eftirlit og úrskurðir eru í höndum stjórnvalda í Sviss og ESB og vafaatriði eða deilur eru ræddar í blönduðum nefndum með fulltrúum frá báðum aðilum.[146]

#### *2.14.2. Hugmyndir um uppsögn EES-samningsins*

Nefndin ræddi einnig hugmyndir um uppsögn EES-samningsins og fékk m.a. á sinn fund Ragnar Árnason, prófessor við hagfræðiskor Háskóla Íslands, til að ræða hugmyndir hans um uppsögn EES-samningsins og aðra valkosti fyrir samskipti Íslands við ESB, en nokkur umræða varð um þessi mál í fjölmiðlum árið 2005.

---

[146] Upplýsingar um tvíhliða samninga Sviss og ESB er m.a. að finna á http://www.europa.admin.ch/e/index.htm og http://ec.europa.eu/comm/external_relations/switzerland/intro/index.htm

## 3. Þátttaka Íslands í samstarfi ESB á sviði innanríkis- og dómsmála

Nefndin kynnti sér ítarlega þátttöku Íslands í samstarfi ESB á sviði innanríkis- og dómsmála, en sú þátttaka snýr fyrst og fremst að Schengen-samstarfinu og samningum sem tengjast því. Nefndin fékk m.a. á sinn fund dr. Niels Bracke og Gerd Van den Borg, frá skrifstofu ráðherraráðs ESB,[147] auk þess sem haldin var ráðstefna um málið þar sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og háttsettir fulltrúar frá framkvæmdastjórn og ráðherraráði ESB fluttu m.a. erindi.[148] Þá fundaði nefndin einnig með Max-Peter Ratzel, framkvæmdastjóra Europol, og Michael Kennedy, forseta stjórnarnefndar Eurojust.

### 3.1. Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu

Schengen-samstarfið var upphaflega samstarf milli Belgíu, Frakklands, Hollands, Lúxemborgar og Þýskalands um að fella smám saman niður eftirlit á sameiginlegum landamærum þeirra, en samkomulag þess efnis var undirritað í bænum Schengen í Lúxemborg árið 1985 (Schengen Agreement). Á grundvelli samkomulagsins var á sama stað árið 1990 undirritaður samningur (Schengen Implementing Convention) sem hefur að geyma nánar útfærðar reglur samstarfsins og er sá samningur almennt kallaður Schengen-samningurinn. Síðan þá hafa ESB ríkin Ítalía, Spánn, Portúgal, Grikkland, Austurríki, Danmörk, Finnland og Svíþjóð gerst aðilar að Schengen-samningnum.

Þegar norrænu ESB-ríkin sóttu um aðild að Schengen-samstarfinu, Danmörk árið 1994 og Finnland og Svíþjóð árið 1995, gerðu þau þann fyrirvara í umsóknum sínum að unnt yrði að viðhalda norræna vegabréfasambandinu og viðhalda áframhaldandi ferða- og vegabréfafrelsi innan Norðurlandanna. Það gekk eftir og samstarfssamningur Íslands og Noregs við Schengen-ríkin var undirritaður í Lúxemborg árið 1996 og er hann almennt kallaður Lúxemborgar-samningurinn.

Með Amsterdam sáttmálanum 1997, sem fól í sér breytingu á stofnsáttmálum ESB, var Schengen-samstarfið fellt undir laga- og stofnanaramma Evrópusambandsins með sérstakri bókun sem hér eftir er nefnd Schengen-bókunin. Í Schengen-bókuninni var sérstaklega kveðið á um að samstarfi við Ísland og Noreg skyldi haldið áfram á grunni Lúxemborgarsamningsins, en að gera skyldi sérstakan samning um samstarfið milli ESB og ríkjanna tveggja.

Á þeim grundvelli hófust samningaviðræður við ráðherraráð ESB um þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu. Ísland fór í þeim viðræðum fram á að áhrif á mótun nýrra Schengen-reglna yrðu með sambærilegum hætti og samkvæmt Lúxemborgar-samningnum, en þar var skýrt kveðið á um að Ísland og Noregur tækju fullan þátt í framkvæmd og mótun Schengen-reglna á öllum stigum utan þátttöku í atkvæðagreiðslum. Einnig var farið fram á að ekki yrði komið á

[147] Dr. Niels Bracke og Gerd Van den Borg unnu einnig matsskýrslu um hryðjuverkavarnir á Íslandi fyrir dómsmálaráðuneytið árið 2006. Dr. Niels Bracke hefur starfað á aðalskrifstofu ráðherraráðs Evrópusambandsins síðan 1997, en hann hefur unnið að því að stofna Europol, Evrópulögregluna; að alþjóðasamvinnu gegn ólögmætum fíkniefnum; að Schengen-samstarfinu; persónuvernd og alþjóðlegum einkamálarétti auk þess að leggja mat á aðgerðir Evrópusambandsríkja gegn hryðjuverkum. Gerd Van den Borg er þýskur lögregluforingi með sérþekkingu á sviði hryðjuverkavarna. Hann hefur starfað á aðalskrifstofu ráðherraráðs Evrópusambandsins síðan 2002 og unnið að mati á aðgerðum Evrópusambandsríkja gegn hryðjuverkum.

[148] Erindi Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra og formanns Evrópunefndar má finna á vefslóðinni: http://www.bjorn.is/greinar/2006/09/08/nr/3691

eftirlitsvaldi alþjóðlegra stofnana með framkvæmd Íslands á samningnum nema Ísland ætti aðild að slíkum stofnunum á að minnsta kosti sambærilegan hátt og í EES-samstarfinu.[149]

Í desember 1998 náðust samningar þar sem fallist var á framangreindar kröfur og í framhaldi af því var skrifað undir samning um þátttöku Íslands í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna árið 1999. Árið 2000 var síðan samþykkt þingsályktun þar sem Alþingi ályktaði að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd og tók hann gildi að lokinni þeirri fullgildingu árið 2001.

Schengen-samstarfið snýr að afnámi eftirlits á innri landamærum þátttökuríkjanna, en ríkin sem taka fullan þátt í Schengen nú eru fyrrnefnd 13 ríki ESB, auk Íslands og Noregs. Gert er ráð fyrir að þátttökuríkin verði 25 frá árinu 2008 þegar áformað er að þau 10 ríki sem gengu í ESB árið 2004 bætist við og 27 frá 2009 þegar áformað er að EFTA-ríkin Sviss og Liechtenstein bætist við, en ESB hefur nú gert við þau samskonar samstarfssamning og gerður var við Ísland og Noreg árið 1999. Bretland og Írland taka ekki fullan þátt í Schengen og ekki hefur verið tekin ákvörðun varðandi þátttöku nýjustu aðildarríkja ESB, Rúmeníu og Búlgaríu, í Schengen.

Undirbúningsvinna, umræður og mótun nýrra Schengen-gerða fer fram í sérstakri nefnd, samsettu nefndinni (mixed committee) sem kemur saman á stigi sérfræðinga, háttsettra embættismanna (COREPER) og ráðherra, en Ísland og Noregur taka sjálfstæða ákvörðun hvort fyrir sig um hvort þau kjósa, að undangenginni þátttöku sinni í undirbúningi ákvarðana, að bindast þeim og taka þær upp í löggjöf sína á grundvelli eigin stjórnskipunarlaga.

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu kallar á samsvarandi hagsmunagæslu og þátttakan í EES. Dómsmálaráðuneytið hefur fulltrúa í sendiráðinu í Brussel sem árlega sækir um 200 fundi í hinum ýmsu vinnunefndum samstarfsins, en í þeim nefndum er fjallað um löggjöf sem fellur undir Schengen-samstarfið.[150] Dómsmálaráðherra sækir reglulega fundi ráðherra dóms- og innanríkismála í samsettu nefndinni þar sem fjallað er um mál sem heyra undir Schengen samstarfið, en þeir eru 4-6 á ári. Dómsmálaráðherra fór með formennsku samsettu nefndarinnar á vettvangi ráðherra síðari helming ársins 2005 og stýrði þá fundum hennar. Starfið snýr fyrst og fremst um að skilgreina og afmarka íslenska hagsmuni og koma þeim á framfæri þegar við á.

Eðli Schengen-samningsins er nokkuð ólíkt EES-samningnum þar sem hann gefur mun nánari aðgang að nefndum ESB en EES-samningurinn sem gerir það að verkum að hagsmunagæsla

[149] Þessar kröfur byggðust m.a. á álitsgerð þriggja lagaprófessora frá desember 1997 um hvort væntanlegur samningur um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, eftir að það hefði færst undir Evrópusambandið með Amsterdam-sáttmálanum, samrýmdist ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Í áliti sínu, sem unnið var að beiðni utanríkisráðherra, komust lagaprófessorarnir Davíð Þór Björgvinsson, Stefán Már Stefánsson og Viðar Már Matthíasson m.a. að þeirri niðurstöðu að samstarfssamningurinn um aðild Íslands að Schengen-samstarfinu bryti ekki í bága við íslensku stjórnarskrána. Sjá tillögu til þingsályktunar á 125. löggjafarþingi 1999–2000, um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. Á vefslóðinni:
http://www.althingi.is/altext/125/s/0240.html

[150] Sérfræðingar úr dómsmálaráðuneytinu sækja einnig fundi í Brussel með fulltrúa ráðuneytisins í Brussel. Þá hefur dómsmálaráðuneytið einnig fengið laganema til að starfa með fulltrúa sínum í Brussel.

Íslands verður mun beinni en unnt er á grunni EES-samningsins.[151] Felst það m.a. í því að sendiherra Íslands situr fundi sendiherra ESB-ríkjanna þegar fjallað er um Schengen-málefni og dómsmálaráðherra með sama hætti fundi dóms- og innanríkisráðhera ESB. Felur þetta í sér að hagsmunagæslan í þessu tilviki fer fram með ólíkum hætti en að því er varðar EES-samninginn. Með hinni beinu þátttöku gefst íslenskum stjórnvöldum betra tækifæri til að hafa áhrif á efni nýrra reglna, en raunin er í EES-samstarfinu, en á móti kemur að reglurnar eru teknar upp á Íslandi óbreyttar þegar þær hafa verið settar.

Á grunni þessa samstarfs frá árinu 1996 hefur ýmsum reglum og framkvæmd á Ísland verið breytt til samræmis við samþykkt regluverk Schengen-samningsins. Nægir í því efni að nefna að landmæraeftirlit hefur verið afnumið gagnvart aðildarríkjum Schengen, vegabréfsáritunarstefna Íslands markast af þeirri stefnu sem mótuð er af Schengen-ríkjunum í sameiningu auk þess sem lögregluyfirvöld hafa fengið greiðari aðgang að samstarfi við lögregluyfirvöld í öðrum Schengen-ríkjum auk þess sem beinn aðgangur að upplýsingakerfum hefur gefið lögreglu sterkari stöðu í baráttunni gegn skipulagðri alþjóðlegri afbrotastarfsemi.[152]

Lagaþjónusta ráðherraráðs ESB leggur mat á hvort einstök mál falla undir Schengen-samninginn eða ekki og hvort þau skuli rædd í samsettu nefndinni. Svo virðist sem túlkun lagaþjónustunnar á gildissviði Schengen þrengi frekar samstarfið en víkki.[153]

### 3.2. Aðild Íslands að fagstofnunum og samningum sem tengjast Schengen

Schengen-samstarfið hefur leitt til þess að Ísland hefur gert samninga við ESB um nánara samstarf á tengdum sviðum. Þar er m.a. um að ræða samninga við Evrópsku réttaraðstoðina (Eurojust), Evrópulögregluna (Europol) og lögregluskóla ESB (Cepol). Þá á Ísland einnig aðild að Landamærastofnun Evrópu (Frontex) og Landamærasjóði ESB. Ísland hefur einnig gert samninga við ESB um almenna réttaraðstoð og framsal sakamanna. Loks tengist Schengen-samstarfinu einnig svonefnt Dublin-samstarf sem felur í sér samstarf um meðferð hælisumsókna.

#### *3.2.1. Evrópska réttaraðstoðin (Eurojust)*

**Eurojust** er ætlað að styðja við rannsókn og saksókn mála sem varða alvarlega fjölþjóðlega brotastarfsemi. Er meginhlutverk stofnunarinnar að efla samvinnu og auðvelda samræmingu aðgerða saksóknara og lögregluyfirvalda þegar mál varða fleiri en eitt aðildarríki. Stofnuninni var komið á fót með ákvörðun ráðs Evrópusambandsins þann 28. febrúar 2002 og hefur Eurojust heimild til að gera samstarfssamninga við þriðju ríki í því skyni að greiða fyrir samskiptum milli stofnunarinnar og yfirvalda í viðkomandi ríki. Skrifað var undir slíkan samstarfssamning milli Íslands og Eurojust í desember 2005.

Starfsemi Eurojust er stjórnað af stjórnarnefnd (College) sem er skipuð fulltrúa frá hverju aðildarríki Evrópusambandsins. Eru nefndarmenn ýmist dómarar, saksóknarar eða háttsettir lögreglumenn í heimalandi sínu. Stjórnarnefndinni er ætlað að vera vettvangur samráðs og upplýsingaskipta milli yfirvalda í aðildarríkjunum og greiða þannig fyrir samvinnu um rannsókn og saksókn mála. Er stofnuninni heimilt að óska eftir upplýsingum frá yfirvöldum í

[151] Þessi munur á að nokkru leyti rætur að rekja til aðdraganda þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, sem gerð var grein fyrir hér að framan, þar sem Ísland og Noregur voru aðilar að milliríkjasamningnum um Schengen-samstarfið áður en samstarfið var fært undir ESB.

[152] Byggt á upplýsingum frá sendiráði Íslands í Brussel.

[153] Björn Bjarnason (2006a). *Iceland, Schengen and the EEA*. Sjá: http://www.bjorn.is/greinar/2006/09/08/nr/3691

aðildarríkjunum um tiltekin atriði er varða rannsókn eða saksókn. Stofnunin getur hins vegar ekki tekið ákvarðanir um rannsókn eða saksókn mála, heldur er ákvörðunarvald í þeim efnum eftir sem áður í höndum réttbærra yfirvalda í aðildarríkjunum. Af Íslands hálfu annast embætti ríkissaksóknara samskiptin við Evrópsku réttaraðstoðina. Í samningnum felst m.a. að íslenskur sendisaksóknari vinni með stjórnarnefnd Evrópsku réttaraðstoðarinnar að málum sem upp kunna að koma og varða Ísland.[154]

### *3.2.2. Evrópulögreglan (Europol)*

**Europol** fæst við miðlun upplýsinga í sambandi við rannsóknir glæpamála, en stofnun Europol var samþykkt með Maastricht samningnum 1992. Hlutverk Europol er að tryggja samvinnu viðkomandi stjórnvalda innan aðildarríkjanna til að koma í veg fyrir og berjast gegn hættulegri og skipulagðri glæpastarfsemi á alþjóðlegum vettvangi.

Í júní 2001 var gerður samstarfssamningur milli Íslands og Europol og beinlínusamband er milli alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra og aðalstöðva Europol. Fyrirsjáanleg eru aukin samskipti við Europol á næstu árum og íslenskur tengifulltrúi tók til starfa við stofnunina snemma árs 2007.[155]

### *3.2.3. Evrópski lögregluskólinn (CEPOL)*

Í júní 2006 undirrituðu fulltrúar Lögregluskóla ríkisins og evrópska lögregluskólans (European Police College, CEPOL) aðildarsamkomulag Íslands að evrópska lögregluskólanum. Fyrir Lögregluskóla ríkisins þýðir þessi aðild nánara samstarf við evrópska lögregluskóla um þjálfun og upplýsingaskipti. Meginviðfangsefni CEPOL eru að efla samstarf og virkni lögregluliða, miðla upplýsingum um niðurstöður rannsókna og starfsvenjur og annast þjálfunarnámskeið fyrir háttsetta lögreglumenn. Viðfangsefnin tengjast jafnan baráttunni gegn afbrotum, s.s. afbrotum yfir landamæri innan Evrópu, viðnámi gegn hryðjuverkum, ólöglegum innflytjendum, landamæravörslu, mansali og hvers konar alþjóðlegri glæpastarfsemi. Munu lögregluskólarnir verða virkir þátttakendur í starfi CEPOL og fá aðgang að rafrænu netkerfi CEPOL ásamt námsneti evrópskra lögregluliða.[156]

### *3.2.4. Landamærastofnun Evrópu*

Landamærastofnun Evrópu (Frontex)[157] leiðir samvinnu aðildarríkjanna á sviði landamæravörslu, en stofnunin fer hvorki með lagasetningarvald né ber ábyrgð á framkvæmd landamæravörslu. Helstu verkefni stofnunarinnar eru að samhæfa samvinnu landamæravarða, aðstoða aðildarríkin við þjálfun landamæravarða, framkvæma áhættugreiningu, fylgja eftir hvers kyns rannsóknum í þágu landamæragæslu, aðstoða ríki við sérstakar aðstæður vegna álags á einstaka hluta ytri landamæra og aðstoða ríkin við að framkvæma brottvísanir sameiginlega. Unnið er að því að skipuleggja einskonar hraðlið á vegum stofnunarinnar, sem sent yrði til landamæravörslu í einstökum aðildarríkjum ef sérstakur vandi skapast þar.

Sérstök stjórn er yfir stofnuninni og tilnefnir hvert ríki, þar á meðal Ísland og Noregur, einn fulltrúa í stjórnina. Ísland og Noregur hafa meiri réttindi í Landamærastofnuninni en þeim

---

[154] Heimasíða Eurojust: www.eurojust.eu.int
[155] Heimasíða Europol: www.europol.eu.int
[156] Heimasíða Cepol: www.cepol.net
[157] Heimasíða Landamærastofnunarinnar: www.frontex.europa.eu

fagstofnunum sem falla undir EES-samninginn að því leyti að fulltrúar landanna hafa þar atkvæðisrétt í málefnum sem varða þau sérstaklega.

### *3.2.5. Landamærasjóður ESB*

Í árslok 2006 samþykkti Evrópusambandið að setja upp sérstakan ytri-landamærasjóð (External Borders Fund) sem ætlað er að endurspegla sérstaklega samstöðu ESB ríkjanna og sanngjarna deilingu byrða í útlendingamálum á tímabilinu 2007-2013. Sjóðnum er ætlað að styrkja samstöðu í stjórn ytri landamæra Schengen-svæðisins og greiða þannig fyrir frjálsri för innan þess, en hluti sjóðsins er einnig til ráðstöfunar fyrir framkvæmdastjórnina til sameiginlegra verkefna. Gert er ráð fyrir að Ísland greiði til sjóðsins og geti sótt um styrki úr honum, en gera þarf sérstakan samning um útfærslu á þátttöku Íslands í sjóðnum.

### *3.2.6. Evrópska handtökuskipunin*

Í júní 2002 samþykktu ráðherrar ESB að taka upp evrópska handtökuskipun (European Arrest Warrant), en markmiðið með henni er að færa ákvarðanir um framsal sakamanna frá stjórnmálamönnum til dómstóla. Aðalbreytingin með handtökuskipuninni felst í því að handtökuskipun sem gefin er út í einu aðildarríki ESB skal framfylgja, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og á grundvelli gagnkvæmrar viðurkenningar, í því aðildarríki sem viðkomandi eftirlýstur einstaklingur finnst í. Handtökuskipunin felur meðal annars í sér að skilyrði um tvöfalt refsinæmi[158] er afnumið, en með afnámi þess skilyrðis þarf verknaður aðeins að vera refsiverður í því ríki sem óskar framsals. Að auki skuldbinda ríkin sig til að framselja eigin ríkisborgara milli landa.

Upphaflega var gert ráð fyrir að handtökuskipunin yrði hluti af þróun Schengen-reglna en vegna áhuga Bretlands og Írlands, sem ekki eru í Schengen, á að tengjast handtökuskipuninni var slíkt ekki mögulegt. Schengen-samstarfið gerir hins vegar ráð fyrir framsalsreglum og því var ákveðið að tengja Ísland og Noreg handtökuskipuninni með sérstökum samningi og lauk samningaviðræðum um slíkan samning með samkomulagi í apríl 2006.[159]

### *3.2.7. Gagnkvæm réttaraðstoð í sakamálum*

Ísland er aðili að samningi ESB um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum, en aðildin gefur íslenskum lögregluyfirvöldum tækifæri til náins samstarfs við lögregluyfirvöld í aðildarríkjum ESB við rannsókn sakamála. Samningurinn gerir íslenskum lögregluyfirvöldum kleift að hafa bein og milliliðalaus samskipti við lögregluyfirvöld í aðildarríkjum ESB, auk þess sem með skýrum hætti er kveðið á um viðkvæmar rannsóknaraðferðir á borð við hleranir. Ísland og önnur ríki geta óskað eftir samráði um framkvæmd samningsins í samsettu Schengen-nefndinni á grundvelli Schengen-samstarfsins.[160]

### *3.2.8. Dublin-samstarfið um meðferð hælisumsókna*

Schengen-samstarfinu tengist einnig svokallað Dublin-samstarf um meðferð hælisumsókna. Dublin-samstarfinu er m.a. ætlað að tryggja að aðeins sé fjallað um umsókn um pólitískt hæli í einu aðildarríki samstarfsins og þannig komið í veg tvíverknað.

---

[158] Tvöfalt refsinæmi felur í sér að verknaður sem liggur til grundvallar framsalsbeiðni þarf að vera refsiverður bæði í því ríki sem krefst framsals og í framsalsríkinu.

[159] Björn Bjarnason (2006). *Schengensamstarf í þágu öryggis og frelsis*, bls. 82-83.

[160] Upphaflegur samningur við ESB um gagnkvæma aðstoð í sakamálum var gerður árið 2000. Sjá grein Björns Bjarnasonar (2006), *Schengensamstarf í þágu öryggis og frelsis*, bls. 84.

Frá því þátttakan í Dublin-samstarfinu hófst hafa íslensk stjórnvöld vísað stærstum hluta hælisumsækjenda til baka til annarra aðildarríkja sem fjalla eiga um umsóknir þeirra. Í Dublin-samstarfinu felst einnig þátttaka í sameiginlegum fingrafaragrunni (Eurodac), sem auðveldar stjórnvöldum að bera kennsl á þá sem þegar hafa sótt um hæli í öðrum aðildarríkjum.

### 3.3. Samvinna í baráttunni gegn hryðjuverkum

Ísland hefur ekki aðgang að samstarfi ESB í baráttunni gegn hryðjuverkum, utan þess samstarfs sem tengist starfsemi Europol og Eurojust.

Með stofnun sérstakrar öryggis- og greiningarþjónustu lögreglu hérlendis ætti Ísland hins vegar að geta tekið aukinn þátt í samstarfi ESB á því sviði, m.a. samstarfi við aðgerðamiðstöð ESB í Brussel (Situation Centre, SITCEN), *CoB*, sem eru samtök landsbundinna öryggisstofnana aðildarríkja Evrópusambandsins, Noregs og Sviss, og *CTG*, sem er sérstakur starfshópur *CoB* um hryðjuverkastarfsemi. Einnig væri þá hægt að taka þátt í *Club of Berne*, sem er óformlegur samstarfsvettvangur fyrir yfirmenn frá öryggisstofnunum í Evrópu, en á þeim vettvangi er m.a. rætt um varnir gegn hryðjuverkum. *Club of Berne* er ekki hluti af starfsemi ESB og Noregur og Sviss eiga til að mynda fulltrúa á þessum samstarfsvettvangi. Í skýrslu um hryðjuverkavarnir á Íslandi sem unnin var fyrir dómsmálaráðuneytið árið 2006 er mælst þess að tekið verði upp samstarf við þessa aðila.[161]

### 3.4. Áhrif þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu

Með aðild að Europol, Eurojust og Landamærastofnun Evrópu, þar sem Íslendingur situr í stjórn, veitir Schengen-aðild Íslendingum meiri rétt til náins samstarfs við ESB ríkin en EES-samningurinn. Þátttaka í samsettu nefndinni tryggir Íslendingum einnig meiri rétt til aðildar að stjórnmálalegum ákvörðunum með ESB-ríkjunum en EES-aðildin.[162]

[161] Skýrslan, sem unnin var af Niels Bracke og Gerd Van den Borg, frá skrifstofu ráðherraráðs ESB, er á vefslóðinni: www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/matsskyrsla_v_hrydjuverkavarna.pdf

[162] Björn Bjarnason (2006). *Schengensamstarf í þágu öryggis og frelsis*, bls. 84-85.

## 4. Álitamál varðandi hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu

Mikil umræða hefur verið um kosti og galla aðildar Íslands að ESB hérlendis undanfarin ár og mikið efni liggur fyrir um þau mál, eins og sjá má m.a. í heimildarskrá skýrslunnar. Nefndin lagði áherslu á að kynna sér niðurstöður nýlegra rita um hugsanleg áhrif aðildar Íslands að ESB og fékk á sinn fund sérfræðinga til að ræða helstu álitamálin þar að lútandi, bæði almennt séð og í einstökum málaflokkum.

Í þessum kafla er fyrst farið yfir afstöðu stjórnmálaflokka og almennings hérlendis til ESB-aðildar. Því næst er rætt um fyrirkomulag samningaviðræðna um aðild að ESB og m.a. skoðað hvort ný aðildarríki hafi getað samið um undanþágur frá reglum ESB í aðildarsamningum sínum. Hugsanlegur kostnaður við aðild er einnig skoðaður, sem og kostir og gallar evrunnar fyrir Ísland. Loks er farið sérstaklega yfir hugsanleg áhrif aðildar á íslenskan sjávarútveg og landbúnað, sem og aðra málaflokka.

### 4.1. Samningaviðræður um aðild að Evrópusambandinu

Upphaf ESB má rekja til ársins 1957 þegar sex ríki; Belgía, Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg og Holland stofnuðu Efnahagsbandalag Evrópu (European Economic Community).[163] Síðan þá hefur Evrópusambandið stækkað mikið og aðildarríkin í dag eru 27 talsins, eins og sjá má í töflu 4.1.[164] Heildarfjöldi íbúa aðildarríkjanna 27 var um 493 milljónir þann 1. janúar 2006.[165]

*Tafla 4.1. Aðildarríki ESB 2007 og inngönguár þeirra.*

| *Ár* | *Aðildarríki* |
|---|---|
| 1957 | Belgía, Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg og Holland |
| 1973 | Danmörk, Írland, Bretland |
| 1981 | Grikkland |
| 1986 | Spánn, Portúgal |
| 1995 | Austurríki, Finnland, Svíþjóð |
| 2004 | Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía |
| 2007 | Rúmenía, Búlgaría |

Samningviðræður um aðild standa nú yfir við Króatíu og Tyrkland, en ekki er ljóst hve langan tíma þær munu taka eða hver útkoman verður.[166] Þess ber að geta að þjóðarleiðtogar ESB samþykktu á fundi sínum í desember 2006 strangari mælikvarða á verðandi aðildarríki ESB og í framtíðinni mun m.a. horft til þess hvert svigrúm ESB er til að taka inn ný ríki auk þess sem krafist verður ákveðinna umbóta í ríkjunum fyrr í ferlinu en verið hefur til þessa. Þá telja margir

[163] Með Maastricht sáttmálanum (Treaty establishing the European Union) var tekið upp heitið Evrópusambandið og nafni Efnahagsbandalags Evrópu breytt í Evrópubandalagið, sem er nú ein þriggja stoða sem ESB byggist á. Hinar tvær stoðirnar eru utanríkis- og öryggismál og samvinna á sviði lögreglu- og dómsmála. Aðdraganda að stofnun ESB má reyndar rekja enn lengra aftur eða til ársins 1951 þegar sömu ríki stofnuðu Kola- og stálbandalag Evrópu.

[164] Grænland gekk úr ESB með sérstökum sáttmála (Greenland Treaty) árið 1985.

[165] Eurostat News Release nr. 167/2006, *EU and euro area enlargement on 1 January 2007. The new EU of 27 and euro area of 13*, frá 16. desember 2006.

[166] Sjá umfjöllun um stækkun ESB á http://ec.europa.eu/enlargement/index_en.htm og hugsanleg umsóknarríki á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/enlargement/countries/candidate_en.htm

leiðtoganna að óhugsandi sé að stækka sambandið frekar án þess að tekið hafi verið á stofnanalegum þáttum með gerð nýs sáttmála ESB.[167]

Þegar ríki sækir um aðild að ESB hefst ákveðið ferli sem getur tekið mismunandi langan tíma að ljúka, sé miðað við reynslu þeirra ríkja sem sótt hafa aðild að sambandinu síðastliðna áratugi. Umsókn um aðild er send til ráðherraráðs ESB sem fær framkvæmdastjórnina til að meta getu umsóknarríkis til að uppfylla skilyrði fyrir aðild.

Ef framkvæmdastjórnin telur umsóknarríkið geta uppfyllt skilyrði fyrir aðild ákveður ráðherraráðið hvort hefja eigi samningaviðræður við viðkomandi ríki og veitir framkvæmdastjórninni umboð til samningaviðræðna. Í samningaviðræðum er starfsemi ESB skipt upp eftir málaflokkum og í upphafi viðræðna leggur umsóknarríkið fram afstöðu sína í hverjum málaflokki fyrir sig og rökstuddar óskir um tímabundnar og varanlegar undanþágur eða aðlaganir varðandi innleiðingu á löggjöf ESB ef talin er þörf á slíku í einstökum málaflokkum. Samningaviðræðurnar snúast síðan um það hvort umsóknarríki sé tilbúið að taka yfir löggjöf ESB og ef svo er ekki, þá hvort eða að hve miklu leyti hægt sé að veita viðkomandi ríki undanþágur eða aðlaganir á tilteknum sviðum. Framkvæmdastjórnin leggur niðurstöður samningaviðræðna fyrir ráðherraráðið til samþykktar og leggja þarf aðildarsamninginn fyrir Evrópuþingið, þjóðþing allra aðildarríkja og umsóknarríkis til samþykktar.[168] Í flestum tilvikum fer einnig fram þjóðaratkvæðagreiðsla í viðkomandi ríki um staðfestingu samningsins.

Á fundi sem nefndin átti með Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál í framkvæmdastjórn ESB, kom fram að samningaviðræður við lítil ríki hefðu ekki kallað á mikinn mannafla og líklega þyrfti ekki fleiri en 4-5 starfsmenn til að hefja aðildarviðræður við Ísland. Það væri því væntanlega auðvelt að fara í slíkar viðræður án tillits til annarra ríkja sem sótt hefðu um aðild, það væri engin biðröð sem Ísland þyrfti að fara í og það ætti ekki skipta máli hvernig staðan væri í samningaviðræðum við önnur umsóknarríki.

Ísland hefur vegna EES- og Schengen-samninganna þegar innleitt löggjöf ESB á þeim sviðum sem falla undir þá samninga. Samningaviðræður Íslands og ESB myndu því væntanlega aðallega snúast um þá málaflokka sem eru utan við gildissvið EES- og Schengen-samninganna, og þá sérstaklega um sjávarútvegs- og landbúnaðarmál. Þó ef til vill yrði hægt að ljúka samningaviðræðunum sjálfum á innan við ári má gera ráð fyrir því að allt ferlið, þ.e. frá því að umsókn er lögð fram og þar til Ísland gengi formlega í sambandið, tæki um 2-3 ár, ef miðað er t.d. við reynslu Finna. Finnland sótti um aðild að ESB í mars 1992, aðildarviðræður hófust í febrúar 1993 og þeim lauk í mars 1994. Aðildarsamningurinn var undirritaður í júní 1994, samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Finnlandi í október 1994 og Finnland varð síðan formlega aðili að ESB í janúar 1995.

Aðild að ESB felur í sér framsal á ríkisvaldi til yfirþjóðlegra stofnana, sem er óheimilt samkvæmt íslensku stjórnarskránni og því þyrfti að breyta stjórnarskránni til að Ísland gæti gerst aðili að ESB.[169] Samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar þarf að samþykkja tillögur að breytingu á stjórnarskrá á tveimur þingum, með þingrofi og almennum kosningum á milli. Forseti Íslands

[167] Sbr. yfirlitsskýrslu sendiráðs Íslands í Brussel, júní-desember 2006, á vefslóðinni: http://www.iceland.org/be/islenska/frettir-og-vidburdir/nr/3524

[168] Heimild: *How does a country join the EU?* Á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/enlargement/questions_and_answers/index_en.htm#bck_2

[169] EES-samningurinn felur ekki í sér framsal á ríkisvaldi til yfirþjóðlegra stofnana, eins og fyrr hefur komið fram.

þarf jafnframt að staðfesta breytinguna og tekur hún gildi að því loknu.[170] Þá hefur því margítrekað verið lýst yfir á pólitískum vettvangi að aðild að ESB komi ekki til álita nema þjóðin samþykki hana í sérstakri atkvæðagreiðslu.

Gera má ráð fyrir að Ísland uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til aðildarríkja sambandsins ekki síður en hin Norðurlöndin, enda hefur Ísland þegar innleitt stóran hluta af löggjöf ESB vegna EES- og Schengen-samninganna.

#### *4.1.1. Veitir Evrópusambandið undanþágur við gerð aðildarsamninga?*

Nefndin skoðaði sérstaklega hvort ESB veitti undanþágur við gerð aðildarsamninga, enda var það mál sérstaklega tiltekið í skipunarbréfi nefndarinnar. Nefndin skoðaði jafnframt sérákvæði eða sérlausnir sem einstök ríki hafa samið um í aðildarsamningum sínum, sem og bókanir og yfirlýsingar samningsaðila sem fylgja með aðildarsamningum.[171]

Mikilvægt er að hafa í huga að aðildarsamningar að ESB hafa sömu stöðu og stofnsáttmálar ESB[172] og því er ekki hægt að breyta ákvæðum þeirra, þar á meðal undanþágum eða sérákvæðum sem þar er kveðið á um, nema með samþykki allra aðildarríkja.[173] Yfirlýsingar sem fylgja með aðildarsamningum hafa fyrst og fremst pólitískt gildi og geta hjálpað til við að skýra einstakar lagagreinar, en lagalegt gildi þeirra er hins vegar takmarkað.

##### *4.1.1.1. Tímabundnar undanþágur*

Almennt virðist nokkuð algengt að í aðildarsamningum sé samið um tímabundnar undanþágur eða aðlögunarfresti, t.d. frest til að innleiða tiltekna löggjöf ESB eða til að afnema reglur sem ekki eru í samræmi við stofnsáttmála eða löggjöf ESB. Í samningaviðræðum fyrir stækkun ESB árið 2004, þegar 10 ríki Mið- og Austur-Evrópu gengu í sambandið, var til að mynda samið um tímabundin aðlögunartímabil í fjöldamörgum tilvikum. Oftast var þar um að ræða 3-7 ára aðlögunartímabil, en einnig voru dæmi um allt upp í 10-13 ára aðlögunartímabil.[174]

##### *4.1.1.2. Varanlegar undanþágur og sérlausnir*

Af hálfu ESB er lögð áhersla á að engar undanþágur séu veittar í aðildarsamningum enda er markmiðið að sem mest lagalegt samræmi ríki innan ESB. Komi upp vandamál vegna ákveðinnar sérstöðu eða sérstakra aðstæðna í umsóknarríki er þó reynt að leysa málið með því að semja um tilteknar afmarkaðar sérlausnir.

---

[170] 79. gr. stjórnarskráinnar er svohljóðandi: Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

[171] Aðildarsamninga er að finna á vefsíðunni: http://europa.eu.int/eur-lex/lex/en/treaties/treaties_accession.htm

[172] Í bókinni Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins eftir Óttar Pálsson og Stefán Má Stefánsson (2003) segir á bls. 39 að ótvírætt sé að aðildarsamningar nýrra ríkja sambandsins séu jafnréttháir Rómarsáttmálanum.

[173] Aðildarsamningarnir sjálfir (accession treaties) eru yfirleitt einungis nokkrar almennar greinar, en í viðauka við þá eru sett fram skilyrði aðildar og aðlaganir á stofnsáttmálum ESB, sem eru óaðskiljanlegur hluti af aðildarsamningnum. Sbr. t.d. 2. gr. aðildarsamnings Búlgaríu og Rúmeníu.

[174] Niðurstöður samningaviðræðna og helstu undanþágur má finna í skýrslum frá framkvæmdastjórninni, m.a. *Report on the results of the negotiations on the accession of Cyprus, Malta, Hungary, Poland, the Slovak Republic, Latvia, Estonia, Lithuania, the Czech Republic and Slovenia to the EU* og *Enlargement of the European Union. Guide to the Negotiations. Chapter by Chapter*, á vefsíðunni:
http://ec.europa.eu/enlargement/archives/enlargement_process/future_prospects/negotiations/eu10_bulgaria_romania/chapters/index_en.htm

Eitt þekktasta dæmið um slíka sérlausn er að finna í aðildarsamningi Danmerkur árið 1973, en samkvæmt henni mega Danir viðhalda löggjöf sinni um kaup á sumarhúsum í Danmörku. Í þeirri löggjöf felst m.a. að aðeins þeir sem búsettir hafa verið í Danmörku í a.m.k. fimm ár mega kaupa sumarhús í Danmörku, en þó er hægt að sækja um undanþágu frá því skilyrði til dómsmálaráðherra Danmerkur.[175]

Malta samdi um svipaða sérlausn í aðildarsamningi sínum, en samkvæmt bókun við aðildarsamninginn má Malta viðhalda löggjöf sinni um kaup á húseignum á Möltu og takmarka heimildir þeirra sem ekki hafa búið á Möltu í a.m.k. fimm ár til að eignast fleiri en eina húseign á eyjunni. Rökin fyrir þessari bókun eru m.a. að takmarkaður fjöldi húseigna, sem og takmarkað landrými fyrir nýbyggingar, sé til staðar á Möltu og því sé nauðsynlegt að tryggja að nægilegt landrými sé til staðar fyrir búsetuþróun núverandi íbúa.[176]

Í þessum tveimur tilvikum er í raun um að ræða frávik frá 56. gr. stofnsáttmála ESB, sem bannar takmarkanir á frjálsu flæði fjármagns. Ekki er hins vegar um að ræða undanþágu eða frávik frá banni við mismunum á grundvelli þjóðernis og íbúar annarra aðildarríkja sem uppfylla skilyrði um fimm ára búsetu geta því keypt sumarhús í Danmörku og fleiri en eina húseign á Möltu. Á sama hátt þurfa Danir einnig að uppfylla búsetuskilyrðin til að geta keypt sumarhús í Danmörku og Möltubúar til að geta keypt fleiri en eina húseign á Möltu.[177]

Finna má ýmis dæmi um sérlausnir í aðildarsamningum sem taka tillit til sérþarfa einstakra ríkja og héraða hvað varðar landbúnaðarmál.[178]

Í aðildarsamningi Finnlands og Svíþjóðar 1994 var fundin sérlausn sem felst í því að samið var um að Finnum og Svíum yrði heimilt að veita sérstaka styrki vegna landbúnaðar á norðurslóðum, þ.e. norðan við 62. breiddargráðu. Sú lausn felur í sér að þeir mega sjálfir styrkja landbúnað sinn sem nemur 35% umfram önnur aðildarlönd. Í aðildarsamningi Finnlands er einnig ákvæði um að styrkja megi svæði sem eiga í alvarlegum erfiðleikum með aðlögun að hinni sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB og Finnar hafa nýtt það ákvæði til að semja við ESB um sérstuðning fyrir Suður-Finnland.[179]

Stuðningur við harðbýl svæði (Less Favoured Area, LFA) varð til við inngöngu Bretlands og Írlands í ESB, en þessi ríki höfðu áhyggjur af hálandalandbúnaði sínum og því var samið um

---

[175] Þetta ákvæði er að finna víða í viðauka I við aðildarsamning Danmerkur, sem breytingu á tilteknum lagagerðum ESB, en viðaukinn byggir á 29. gr. aðildarsamningsins. Ákvæðið er einnig í bókun við Maastricht sáttmálann. Útfærslu á ákvæðinu er að finna í dönskum lögum, nánar tiltekið í *Lov om erhvervelse af fast ejendom.*

[176] Þetta ákvæði er að finna í bókun nr. 6 (Protocol No 6 on the acquisition of secondary residences in Malta), sem er hluti af aðildarsamningi Möltu. Bókunin hefur sama lagagildi og aðildarsamningurinn. Í enska textanum er talað um *secondary residences* sem mætti ef til vill einnig þýða sem *önnur heimili* eða *íbúðir*. Sjá nánari útskýringar í *Aggornat*, nr. 7/2002, á vefsíðunni: http://www.mic.org.mt/AGGORNAT/special_edition/AGGSE07e_Property.pdf

[177] Af minni undanþágum eða sérlausnum má nefna að Svíþjóð fékk heimild til að selja munntóbak (snus), en sala þess er bönnuð í öðrum aðildarríkjum ESB. Þessi sérlausn byggir á 151. gr. aðildarsamnings þeirra og er útfærð í viðauka XV við aðildarsamninginn (undir X. MISCELLANEOUS), auk þess sem hana er nú einnig að finna í 8. gr. (og 28. mgr. inngangsorða) tilskipunar 2001/37, um um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum.

[178] *Umfjöllunin um sérlausnir í landbúnaði byggist á upplýsingum í skýrslunni Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu samhengi, sem utanríkisráðuneytið gaf út árið 2003.*

[179] Sbr. 141. gr. aðildarsamningsins. Finnar beina innanlandsstuðningi sínum fremur beint til norðurhéraðanna en til Suður-Finnlands og hækkar stuðningurinn eftir því sem norðar dregur.

sérstakan harðbýlisstuðning til að tryggja að landbúnaðurinn gæti staðið af sér samkeppni við frjósamari svæði Evrópu. Finnland, Svíþjóð og Austurríki sömdu einnig sérstaklega um þannig stuðning í aðildarsamningi sínum[180] og sem dæmi má nefna að 85% Finnlands var skilgreint sem harðbýlt svæði.[181] Í aðildarsamningi Möltu er ákvæði um að Malta verði skilgreint sem harðbýlt svæði, auk þess sem í sérstakri yfirlýsingu er fjallað um eyjuna Gozo og m.a. tiltekið að hún verði flokkuð sérstaklega með tilliti til styrkja vegna sérstakra aðstæðna á eyjunni.[182]

Þegar Grikkir gengu inn í Evrópusambandið var sérákvæði um bómullarframleiðslu sett inn í aðildarsamning þeirra, en bómullarrækt var mjög mikilvæg fyrir gríska efnahagslíf. Þótti ljóst að landbúnaðarstefnan gæti að óbreyttu stefnt þessum mikilvæga atvinnuvegi í hættu og tókst Grikkjum því að fá sérstöðu bómullarræktunar viðurkennda í aðildarsamningum sínum. Hið sama gerðist þegar Spánverjar og Portúgalar gengu í ESB og þessi ákvæði hafa nú almennt gildi innan landbúnaðarstefnunnar.

Í aðildarsamningi Finnlands, Svíþjóðar og Austurríkis er viðurkennt að svæði sem hafa átta eða færri íbúa á hvern ferkílómetra skuli njóta hæstu styrkja uppbyggingarsjóða ESB, en í þeim flokki eru að öðru leyti svæði sem verg landsframleiðsla á mann er undir 75% af meðaltali ESB.

Malta og Lettland sömdu einnig um tilteknar sérlausnir í sjávarútvegi í aðildarsamningum sínum, sem fela í sér sérstakt stjórnunarsvæði fiskveiða á tilteknum svæðum, en þær lausnir byggja á verndunarsjónarmiðum og fela ekki í sér undanþágu frá reglunni um jafnan aðgang (sjá nánar í sjávarútvegskafla).

Þá er í aðildarsamningi Möltu að finna bókun um að Malta megi viðhalda löggjöf sinni um fóstureyðingar, en sambærilegt ákvæði varðandi Írland er að finna í bókun með Maastricht sáttmálanum 1992.

Einnig gilda sérákvæði um Álandseyjar sem eru undir stjórn Finnlands.

Lagaleg staða undanþágu eða sérlausnar sem er í aðildarsamningi er sterk því aðildarsamningur hefur sama lagalega gildi og stofnsáttmálar ESB. Hið sama gildir um bókanir, en þær eru hluti af aðildarsamningum og hafa því sama lagalega gildi og þeir.[183]

---

[180] Þessi stuðningur er skilgreindur í 17.-20. gr. reglugerðar 1257/1999 (regulation on support for rural development from the European Agricultural Guidance and Guarantee Fund (EAGGF) and amending and repealing certain regulations).

[181] Finnar hafa einnig náð ýmsum umbótum fram eftir aðild, sérstaklega í tengslum við endurskoðun á landbúnaðarstefnunni (Agenda 2000), en þar var allt Finnland viðurkennt sem harðbýlt svæði en ekki einungis 85% eins og samið hafði verið um við aðild. Einnig náðu Finnar að semja um hækkun á framlagi ESB til sín með því að fá t.d. votheysverkun skilgreinda sem styrkbæra, auk þess sem þeir sömdu um hækkun á styrk til þurrkunar korns og olíufræplantna. Finnum var einnig heimilað að auka stuðning til hör- og hampræktunar, jafnframt því sem styrkhæft svæði vegna ræktanlegs lands var stækkað.

[182] Í yfirlýsingunni kemur einnig fram að á ferjunni til Gozo megi selja vörur án virðisauka (VAT-free ferry). Lagalegur grunnur yfirlýsingarinnar um Gozo er 158. gr. Maastricht sáttmálans, um harðbýl svæði og eyjar (least favoured regions and islands) og yfirlýsing nr. 30 við Amsterdam sáttmálann, um eyjasvæði. Sbr. Malta-EU Information Center (2003), *Negotiations on Gozo*. Í *Aggornat* nr. 18/2003. Á vefsíðunni: http://www.mic.org.mt/AGGORNAT/special_edition/AGGSE18e_Gozo.pdf

[183] Í 174. gr. aðildarsamnings Austurríkis, Finnlands, Svíþjóðar og Noregs er t.d. sérstaklega tiltekið að bókanir séu óaðskiljanlegur hluti af samningnum.

*4.1.1.3. Yfirlýsingar*

Algengt er að með aðildarsamningum fylgi sameiginlegar yfirlýsingar samningsaðila eða einhliða yfirlýsingar einstakra aðila. Slíkar yfirlýsingar hafa pólitískt gildi og geta hjálpað til við að skýra einstakar lagagreinar, en lagalegt gildi þeirra er hins vegar takmarkað.

Í aðildarsamningi Noregs er að finna nokkrar yfirlýsingar um fiskveiðistjórnun, en samkvæmt framangreindu er lagalegt gildi þeirra takmarkað. Hins vegar hefur verið bent á það að yfirlýsingarnar kunni samt sem áður að hafa verið pólitískt mikilvægar fyrir Noreg innanlands, sem og innan ESB ef til aðildar hefði komið.[184]

### *4.1.2. Sérákvæði um fjarlægar eyjar og héruð í sáttmálum Evrópusambandsins*

Í Rómarsáttmálanum er að finna ýmis sérákvæði um eyjar og héruð sem eru í mikilli fjarlægð frá meginlandi Evrópu. Athyglisvert er að skoða þessi ákvæði með hliðsjón af stöðu Íslands þó ekki sé hægt að fullyrða að ákvæðin gætu átt við um Íslendinga í hugsanlegum viðræðum við ESB. Hins vegar hefur verið bent á það að samkenni Íslands með þessum fjarlægu eyjum og héröðum séu svo sterk að efni þessara ákvæða hljóti að verða meðal þeirra atriða sem Íslendingar hafa til hliðsjónar í samskiptum og samningum við ESB í framtíðinni.[185] Þó verður að hafa í huga að félags- og efnahagsleg staða Íslands er mun betri en staða þeirra svæða sem þessi ákvæði eiga við um.[186]

Það ákvæði Rómarsáttmálans sem helst er um að ræða í þessu sambandi er 2. mgr. 299. greinar, sem fjallar um sérstöðu stjórnsýsluhéraða Frakklands utan Evrópu, Azoreyja, Madeira og Kanaríeyja. Samkvæmt þessu ákvæði hafa fjarlægar eyjar og héruð víðtæka sérstöðu, m.a. á sviði landbúnaðar og fiskveiða.[187]

Umrætt ákvæði 299. gr. er svohljóðandi:

> 2. Ákvæði sáttmála þessa gilda um frönsku umdæmin handan hafsins og Asoreyjar, Madeira og Kanaríeyjar. Ráðið skal þó samþykkja sérstakar ráðstafanir, með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, þar sem tekið er tillit til samfélagsgerðar og félagslegs og efnahagslegs ástands í frönsku umdæmunum handan hafsins og á Asoreyjum, Madeira og Kanaríeyjum, en það eykur á erfiðleika þessara svæða að þau eru afskekkt, einangruð og lítil, landslag er óhagstætt og einnig veðurfar, efnahagslífið er háð örfáum tegundum framleiðsluvara og varanleiki og samanlögð áhrif þessara þátta hefta mjög möguleika á framþróun þeirra, enda miði þessar ráðstafanir einkum að því að ákvarða skilyrðin fyrir beitingu ákvæða sáttmálans gagnvart þessum svæðum, þ.m.t. í sameiginlegum stefnumálum. Þegar ráðið samþykkir viðeigandi ráðstafanir, sem um getur í annarri undirgrein, skal það taka tillit til þátta eins og tolla- og viðskiptastefnu, fjármálastefnu, frísvæða, landbúnaðar- og fiskveiðistefnu, skilyrða fyrir afhendingu hráefna og

[184] Sbr. Óttar Pálsson og Stefán Már Stefánsson (2003), bls. 229.

[185] Sbr. skýrsluna *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu samhengi*, bls. 48.

[186] Það kom m.a. fram á fundi nefndarinnar með sérfræðingum framkvæmdastjórnar ESB á sviði sjávarútvegs að þessi ákvæði gætu ekki átt við Ísland að öllu leyti þar sem félags- og efnahagsleg þróun hérlendis væri á hærra stigi en á þessum svæðum.

[187] Í skýrslunni starfshóps utanríkisráðuneytis, *Fiskveiðiauðlindin. Ísland og Evrópusambandið*, kemur fram á bls. 56 að efnislega feli ákvæði 299. gr. og ákvarðana sem teknar hafa verið á grundvelli hennar í sér að „heimamönnum er tryggður víðtækur forgangur til hagnýtingar náttúruauðlinda á hafsvæðum eyjanna sem um ræðir. Heimamenn hafa einkarétt til veiða, vinnslu og markaðssóknar, en mega hins vegar t.d. ekki sækja inn á meginlandsmarkað Evrópu með þeim hætti að skekki markaðsaðstæður þar. Þá eru ákvæði um margvíslega styrki, m.a. til þróunar og ráðgjafar, veiðarfæra og annarrar vélvæðingar, starfsþjálfunar, vöruþróunar og sölumála. Sérstök ákvæði gilda um skattamál, tollamál, innflutningshöft á þessum svæðum, og um stuðning vegna flutningskostnaðar, efnivörukostnaðar og fjármögnunar.“

brýnustu nauðsynjavara, ríkisaðstoðar og skilyrða fyrir aðgangi að þróunarsjóðum og aðild að láréttum áætlunum bandalagsins.
Ráðið skal samþykkja ráðstafanirnar, sem um getur í annarri undirgrein, að teknu tilliti til þeirra sérkenna og takmarkana sem einkenna afskekktustu svæðin en án þess þó að grafa undan trúverðugleika og samkvæmni réttarskipunar bandalagsins, m.a. að því er varðar innri markaðinn og sameiginleg stefnumál.[188]

Einnig fylgir sérstök yfirlýsing um þessi svæði með Maastricht sáttmálanum þar sem fjallað er um sérstöðu þeirra og að samþykkja megi sérstakar aðgerðir til að aðstoða þau við að ná meðaltali annarra svæða hvað varðar efnahags- og félagslega stöðu.[189]

Í skýrslunni *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu samhengi* er settur fram samanburður á aðstæðum á Íslandi við Azoreyjar, Kanaríeyjar og Madeira. Þar kemur fram að svipaðir þættir á þessum eyjum eru t.d. fjarlægð frá öðrum löndum, íbúafjöldi og fábreytni atvinnulífs og útflutnings, en ólíkir þættir eru m.a. almenn lífskjör, framleiðsluhættir og fullveldisstig. Í töflu 4.2 er að finna nánari lýsingu á þessum samanburðarsvæðum.[190]

*Tafla 4.2. Samanburður milli Íslands, Azoreyja, Kanaríeyja og Madeira.*

| Svæði | Stærð | Íbúafjöldi (2001/2002) | Störf í landbúnaði og fiskveiðum | Störf í iðnaði, bygginga- og orkustarfsemi | Störf í þjónustu | Fjarlægð frá Evrópu |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Ísland* | 103.022 km$^2$ | 288.200 | 8% | 22% | 70% | Um 1.000 km frá Noregsströnd og um 800 km frá Skotlandi |
| *Azoreyjar* (Portúgal) | 2.300 km$^2$ (9 eyjar) | 237.300 | 14% | 29% | 57% | Austustu eyjarnar eru um 1.400 km frá Evrópu |
| *Kanaríeyjar* (Spánn) | 7.400 km$^2$ (7 eyjar) | 1.843.700 | 5% | 21% | 74% | Um 100 km frá Afríkuströnd og um 1.100 km frá Evrópu |
| *Madeira* (Portúgal) | 800 km$^2$ (2 eyjar) | 245.000 | 13% | 27% | 60% | Um 640 km frá Marokkóströnd og um 860 km frá Lissabon |

Heimild: Utanríkisráðuneytið (2003). *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu samhengi*, bls. 49.

Í 158. gr. stofnsáttmálans er ákvæði um harðbýl svæði og eyjar (least favoured regions and islands) sem kveður á um að sambandið skuli þróa og framfylgja aðgerðum sem styrki efnahags-

[188] Íslenska þýðingin er tekin úr skýrslunni *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu samhengi*, bls. 48.
[189] Yfirlýsingin er svohljóðandi: DECLARATION on the outermost regions of the Community. The Conference acknowledges that the outermost regions of the Community (the French overseas departments, Azores and Madeira and Canary Islands) suffer from major structural backwardness compounded by several phenomena (remoteness, island status, small size, difficult topography and climate, economic dependence on a few products), the permanence and combination of which severely restrain their economic and social development.
It considers that, while the provisions of the Treaty establishing the European Community and secondary legislation apply automatically to the outermost regions, it is nonetheless possible to adopt specific measures to assist them inasmuch and as long as there is an objective need to take such measures with a view to the economic and social development of those regions. Such measures should have as their aim both the completion of the internal market and a recognition of the regional reality to enable the outermost regions to achieve the average economic and social level of the Community.
[190] Sbr. skýrsluna *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu samhengi*, bls. 49.

og félagslega samstöðu og sérstaklega skuli stefnt að því að draga úr ójöfnuði milli mismunandi svæða eða eyja.[191]

Þá fylgir yfirlýsing um eyjasvæði með Amsterdam sáttmálanum þar sem segir að eyjasvæði líði fyrir landfræðilega stöðu sína, sem hamli efnahags- og félagslegri þróun þeirra og því megi grípa til sérstakra aðgerða þeim í hag til að samlaga þau innri markaðnum á sanngjarnan hátt.[192]

### *4.1.3. Undanþágur og sérlausnir eftir aðildarsamninga*

Auk þeirra sérlausna sem samið hefur verið um í aðildarsamningum hafa aðildarríkin einnig samið um sérstakar undanþágur og sérlausnir þegar breytingar hafa verið gerðar á stofnsáttmálum ESB. Þessar undanþágur og sérlausnir taka fyrst og fremst til Bretlands, Írlands og Danmerkur, en þær eru tilkomnar af mismunandi ástæðum. Bretar og Írar hafa m.a. samið um undanþágur og sérákvæði vegna landfræðilegra ástæðna og samið var um nokkrar undanþágur og sérlausnir fyrir Danmörku eftir að Danir höfnuðu Maastricht sáttmálanum í þjóðaratkvæðagreiðslu, en í kjölfar þeirra breytinga var sáttmálinn samþykktur af Dönum. Í þessum kafla er farið yfir helstu undanþágur og sérlausnir sem samþykktar hafa verið fyrir einstök ríki í tengslum við endurskoðun stofnsáttmála ESB, en þær er í öllum tilvikum að finna í sérstökum bókunum sem hafa sama lagagildi og sáttmálarnir sjálfir.

*4.1.3.1. Þátttaka í sameiginlegri utanríkis-, öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins*

Danmörk hefur heimild samkvæmt sérstakri bókun við Amsterdam sáttmálann til að taka ekki þátt í aðgerðum á sviði innanríkis- og dómsmála, sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu ESB (security and defence policy), og öllum aðgerðum í utanríkis- og öryggismálastefnunni (common foreign and security policy) sem snúa að varnarstefnu.[193]

*4.1.3.2. Þátttaka í samvinnu Evrópusambandsins á sviði innanríkis- og dómsmála*

Bretland og Írland hafa samkvæmt sérstakri bókun við Amsterdam sáttmálann heimild til að taka ekki þátt í Schengen-samstarfinu og í þeirri bókun er einnig að finna sérákvæði tengd landamæraeftirliti, innflytjendamálum og samvinnu í lögreglu og dómsmálum.[194]

Danmörk er heimilt samkvæmt sérstakri bókun við Amsterdam sáttmálann að taka ekki þátt í aðgerðum á sviði innanríkis- og dómsmála.[195]

---

[191] Ákvæðið er svohljóðandi: In order to promote its overall harmonious development, the Community shall develop and pursue its actions leading to the strengthening of its economic and social cohesion. In particular, the Community shall aim at reducing disparities between the levels of development of the various regions and the backwardness of the least favoured regions or islands, including rural areas.

[192] Yfirlýsingin er svohljóðandi: Declaration on island regions. The Conference recognises that island regions suffer from structural handicaps linked to their island status, the permanence of which impairs their economic and social development. The Conference accordingly acknowledges that Community legislation must take account of these handicaps and that specific measures may be taken, where justified, in favour of these regions in order to integrate them better into the internal market on fair conditions.

[193] *Protocol on the position of Denmark.* Á vefsíðunni: http://europa.eu.int/eur-lex/en/treaties/selected/livre317.html

[194] *Protocol integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union.* Á vefsíðunni: http://europa.eu.int/eur-lex/en/treaties/selected/livre313.html

[195] *Protocol on the position of Denmark.* Á vefsíðunni: http://europa.eu.int/eur-lex/en/treaties/selected/livre317.html

*4.1.3.3. Þátttaka í Efnahags- og myntbandalagi Evrópu og upptaka evru*

Bretland og Danmörk hafa heimild samkvæmt sérstökum bókunum við Maastricht sáttmálann til að taka ekki þátt í lokastigi Efnahags- og myntbandalags Evrópu, en það stig felur í sér að ríkin leggja niður þjóðargjaldmiðla sína og taka upp evruna.[196]

*4.1.3.4. Aðrar undanþágur og sérlausnir í stofnsáttmálum ESB*

Af öðrum undanþágum og sérlausnum má nefna að sérákvæði um kaup á sumarhúsum í Danmörku, sem fjallað var um í kaflanum um undanþágur í aðildarsamningum, er einnig að finna í sérstakri bókun við Maastricht sáttmálann.[197]

Þá er í bókuninni sem Danir sömdu um í kjölfar þess að Maastricht sáttmálanum var hafnað þar í þjóðaratkvæðagreiðslu einnig að finna um sérákvæði varðandi veitingu ríkisborgararéttar í Danmörku.[198]

*4.1.3.5. Aðrar undanþágur og sérlausnir í tilskipunum og reglugerðum*

Loks ber að nefna að hægt er að semja um tilteknar undanþágur, aðlaganir og sérlausnir fyrir einstök aðildarríki við setningu tilskipana og reglugerða ef tilskildur meirihluti er fyrir slíku. Sem dæmi má nefna að á sviði fiskveiða gilda t.d. sérstakar reglur í kringum Hjaltlandseyjar.[199] Einnig hafa sérstakar reglur gilt um veiðar í Miðjarðarhafi, í Eystrarsalti og umhverfis Orkneyjar.

### 4.2. Aðild Íslands að stofnunum Evrópusambandsins

Aðild að ESB þýðir að sjálfsögðu að Ísland fær aðgang að allri ákvarðanatöku og öllum stofnunum sambandsins. Aðild að stofnunum ESB, fjöldi fulltrúa og atkvæðavægi er samningsatriði, en væntanlega yrði staða Íslands svipuð og staða Möltu, þar sem íbúafjöldi landanna er nokkuð svipaður.[200]

#### *4.2.1. Framkvæmdastjórnin*

Í framkvæmdastjórn ESB er hvert aðildarríki með einn framkvæmdastjóra í dag og að óbreyttu myndi Ísland einnig fá einn framkvæmdastjóra.

Í Nice sáttmálanum er hins vegar kveðið á um að framkvæmdastjórar verði færri en aðildarríkin þegar aðildarríkin eru orðin 27. Ráðherraráðið mun að óbreyttu taka ákvörðun um heildarfjölda framkvæmdastjóra áður en næsta framkvæmdastjórn verður skipuð, en það mun gerast árið 2009.[201]

Í stjórnarskrársáttmála ESB er gert ráð fyrir breytingum á skipan framkvæmdastjórnarinnar á þann hátt að eftir árið 2014 verði framkvæmdastjórnin skipuð fulltrúum frá 2/3 aðildarríkjanna á hverju fimm ára kjörtímabili. Hins vegar er samkvæmt stjórnarskrársáttmálanum einnig gert ráð

---

[196] Protocol on certain provisions relating to the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland og Protocol on certain provisions relating to Denmark: http://europa.eu/abc/treaties/archives/en/entr8h.htm#214

[197] Protocol on the acquisition of property in Denmark: http://europa.eu/abc/treaties/archives/en/entr8c.htm#23

[198] Protocol on the position of Denmark. Sjá: http://europa.eu.int/eur-lex/en/treaties/selected/livre317.html

[199] Sbr. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar ráðherraráðsins nr. 2371/2002.

[200] Í árslok 2006 voru rúmlega 300.000 íbúar á Íslandi. Tæplega 400.000 íbúar bjuggu á Möltu við lok aðildarviðræðna þeirra við ESB, en til samanburðar má nefna að þá bjuggu um 450.000 íbúar í Lúxemborg.

[201] Sbr. 4. gr. bókunar við Nice sáttmálann um stækkun ESB (Protocol on the enlargement of the European Union).

fyrir að hvert aðildarríki fái að tilnefna framkvæmdastjóra a.m.k. annað hvert kjörtímabil, þannig að hvert ríki yrði í mesta lagi eitt fimm ára kjörtímabil án framkvæmdastjóra.

#### *4.2.2. Leiðtogaráðið og ráðherraráðið*

Í leiðtogaráðinu sitja leiðtogar aðildarríkjanna og forsætisráðherra Íslands yrði fulltrúi Íslands á þeim vettvangi.

Ráðherraráð ESB er skipað einum fulltrúa frá hverju aðildarríki og þar eru því 27 fulltrúar. Atkvæðavægi þeirra er hins vegar mismunandi, eins og sjá má í töflu 4.3. Samtals hafa aðildarríkin 345 atkvæði í dag og þar af hefur Malta 3 atkvæði, en Lúxemborg, Kýpur, Eistland, Slóvenía og Lettland hafa 4 atkvæði hvert ríki. Gera má ráð fyrir að Ísland fengi einn fulltrúa í ráðherraráðinu og 3 atkvæði eins og Malta.

*Tafla 4.3. Atkvæðafjöldi aðildarríkja í ráðherraráði ESB.*

| **Aðildarríki** | **Fjöldi atkvæða** |
|---|---|
| Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Bretland | 29 |
| Spánn, Pólland | 27 |
| Rúmenía | 14 |
| Holland | 13 |
| Belgía, Tékkland, Grikkland, Ungverjaland, Portúgal | 12 |
| Austurríki, Svíþjóð, Búlgaría | 10 |
| Danmörk, Írland, Litháen, Slóvakía, Finnland | 7 |
| Kýpur, Eistland, Lettland, Lúxemborg, Slóvenía | 4 |
| Malta | 3 |
| **Samtals** | **345** |

Ákvarðanir í ráðherraráðinu eru yfirleitt teknar með einföldum eða auknum meirihluta. Frá 1. janúar 2007 þarf tillaga að fá 73,9% atkvæða og samþykki meirihluta eða 2/3 aðildarríkja til að teljast samþykkt með auknum meirihluta. Að auki geta aðildarríki farið fram á að staðfestingu á því að á bakvið þau atkvæði séu ríki sem í búa a.m.k. 62% af heildaríbúafjölda sambandsins, en ef svo er ekki þá telst ákvörðunin ekki vera samþykkt. Þess ber þó að geta að í veigamiklum málaflokkum, t.d. varðandi stækkun, fjárlög, almannatryggingar og varnarmál, hafa aðildarríkin neitunarvald.

Aðildarríkin skiptast á að vera í forsæti ráðherraráðsins í sex mánuði í senn og Ísland myndi því vera í forsæti á fjórtán ára fresti, miðað við að aðildarríkin væru 28 talsins. Ný ákvæði um aukinn meirihluta og forsæti ráðherraráðsins er að finna í stjórnarskrársáttmála ESB þannig að nokkrar breytingar verða á þeim málum ef stjórnarskrársáttmálinn eða þessi hluti hans verður staðfestur.

#### *4.2.3. Evrópuþingið*

Á Evrópuþinginu eru í dag 785 þingmenn frá aðildarríkjunum 27. Malta hefur 5 þingmenn, en Lúxemborg, Kýpur og Eistland hafa 6 þingmenn hvert ríki. Gera má ráð fyrir að Ísland myndi fá 5 þingmenn eins og Malta miðað við núverandi kerfi.

Þingmönnum á Evrópuþinginu mun að óbreyttu fækka í næstu kosningum. Hafi ákvæði stjórnarskrársáttmála ESB tekið gildi á þeim tíma fækkar þeim í 750, en annars í 732, sbr. 189. gr. Rómarsáttmálans.

Þess ber að geta að í stjórnarskrársáttmála ESB er ákvæði um að hvert aðildarríki skuli að lágmarki hafa 6 þingmenn á Evrópuþinginu og Ísland fengi því að a.m.k. 6 þingmenn ef stjórnarskrársáttmálinn verður staðfestur. Í stjórnarskrársáttmálanum er einnig kveðið á um það að þingmenn á Evrópuþinginu megi ekki verið fleiri en 750 og því mun þingmönnum einhverra ríkja fækka frá og með næstu kosningum til Evrópuþingsins, sem verða árið 2009, ef stjórnarskrársáttmálinn verður staðfestur.

#### *4.2.4. Aðrar stofnanir*

Ísland myndi eins og önnur aðildarríki ESB tilnefna einn dómara í dómstól ESB. Í efnahags- og félagsmálanefndinni, sem og í héraðanefndinni myndi Ísland væntanlega fá fimm fulltrúa, eins og Malta, en alls eru 344 fulltrúar í hvorri nefnd í dag.

### 4.3. Kostnaður við aðild að Evrópusambandinu

Nefndin skoðaði sérstaklega áætlaðan kostnað við ESB-aðild, en hafa verður í huga að það er flókið og erfitt að meta kostnað við aðild að ESB. Mismunandi forsendur hafa verið notaðar í einstökum útreikningum á þessum kostnaði og niðurstöðurnar geta því verið mismunandi.[202] Í skýrslunni *Mat á kostnaði við hugsanlega aðild Íslands að ESB* sem Deloitte & Touche vann að beiðni utanríkisráðuneytisins í janúar 2003 kemur t.d. fram að niðurstöðurnar sem settar eru fram í skýrslunni séu þess eðlis að þær geti aldrei orðið þær einu réttu þar sem rétt niðurstaða sé ekki til og fæst ekki fyrr en að loknum samningum og þegar komin er reynsla af áhrifum þeirra. Sérstaklega gildir þetta um mat á framlögum ESB til Íslands og munu þau að einhverju leyti ráðast af niðurstöðum flókinna samningaviðræðna og frumkvæðis við að sækja þá styrki sem í boði verða.[203] Í greinargerðinni *Áhrif aðildar Íslands að ESB á ríkisfjármálin* sem Hagfræðistofnun HÍ vann fyrir forsætisráðuneytið í maí 2002 kemur fram að miserfitt sé að meta hlutdeild Íslands í greiðslum aðildarríkja til ESB, en það sé hins vegar mun erfiðara að meta hugsanleg mótframlög ESB til Íslands þar sem niðurstaðan myndi ráðast í aðildarviðræðum.[204]

#### *4.3.1. Áætlaðar greiðslur ríkissjóðs til ESB*

ESB hefur í megin atriðum þrjá sjálfstæða tekjustofna, sem eru eftirfarandi:[205]

- Hluti af tollum og innflutningsgjöldum aðildarríkjanna (15% af tekjum ESB árið 2007).
- Hlutdeild í virðisaukaskattsgreiðslum aðildarríkjanna (15% af tekjum ESB árið 2007).
- Hlutdeild í vergum þjóðartekjum aðildarríkjanna (69% af tekjum ESB árið 2007).

Tekjur af þessum tekjustofnum mega ekki fara yfir 1,24% af vergum þjóðartekjum aðildarríkjanna (Gross National Income, GNI),[206] en að meðaltali hafa tekjurnar verið um 1,07% af vergum þjóðartekjum síðastliðin ár.[207]

---

[202] Samtök iðnaðarins töldu árið 2002 að kostnaður í hagkerfinu myndi minnka um allt að 44 milljarða kr. með aðild að ESB og upptöku evru. Þar er þó bent á að ekki sé hægt að setja samasemmerki milli lækkunar á kostnaði í hagkerfinu og hreins efnahagslegs ávinnings. Sjá Eiríks Bergmann Einarsson (2003), bls 193. Eiríkur bendir einnig á að í þessum útreikningum sé t.d. ekki tekið með tap innlendra fjármagnseigenda vegna lækkunar vaxta.

[203] Deloitte & Touche (2003). *Mat á kostnaði við hugsanlega aðild Íslands að ESB.* Á vefslóðinni: http://www.deloitte.com/dtt/cda/doc/content/skyrsla%20lokaESB(1)(1).pdf

[204] Hagfræðistofnun (2002). *Áhrif aðildar Íslands að ESB á ríkisfjármálin.* Á vefslóðinni: http://brunnur.stjr.is/interpro/for/for.nsf/pages/utg0025

[205] *EU Budget 2007*: http://ec.europa.eu/budget/budget_glance/where_from_en.htm

[206] Áður var miðað við 1,27% af vergri þjóðarframleiðslu (VÞF), en því var breytt árið 2002. Samkvæmt útreikningum framkvæmdastjórnarinnar árið 2001 var 1,24% af VÞT ESB jafnhá upphæð og 1,27% af VÞF ESB.

Vergar þjóðartekjur (GNI) á Íslandi árið 2005 voru 977.000 milljarðar kr.[208] og út frá því má áætla að ef Ísland gengi í ESB gætu heildargreiðslur ríkissjóðs til ESB orðið um **10,5 milljarðar kr. á ári** (þ.e. 1,07% af 977 milljörðum kr.), en að hámarki um **12,1 milljarður kr. á ári** (þ.e. 1,24% af 977 milljörðum kr.).

Stærsti liðurinn yrði allt að 0,73% hlutdeild í vergum þjóðartekjum Íslands, eða allt að 7,1 milljarður kr., en aðrir liðir yrðu hlutdeild ESB í virðisaukaskattsgreiðslum og hluti af tollum og innflutningsgjöldum, auk hlutdeildar Íslands í hinni svokölluðu bresku leiðréttingu.

Í töflu 4.4 eru framangreindar tölur bornar saman við niðurstöður úr skýrslum Deloitte & Touche 2003 og Hagfræðistofnunar 2002.

*Tafla 4.4. Áætlaðar greiðslur ríkissjóðs til ESB.*

| | **Deloitte & Touche 2003** | **Hagfræðistofnun 2002** | **Skýrsla Evrópunefndar 2007 1,07% af VÞT** |
|---|---|---|---|
| Greiðslur ríkissjóðs til ESB **fyrir** stækkun sambandsins | -7,5 milljarðar kr. (-6,6 til -8,5 milljarðar) | -9,3 milljarðar kr. (-8,9 til -9,7 milljarðar) | -8,6 milljarðar kr. (VÞT 2003=800 milljarðar) |
| Greiðslur ríkissjóðs til ESB ***eftir*** stækkun sambandsins | -8,2 milljarðar kr. (-7,2 til -9,2 milljarðar) | -12,7 milljarðar kr. (-12,2 til -13,2 milljarðar) | -10,5 milljarðar kr. (VÞT 2005=977 milljarðar) |

*Á verðlagi viðkomandi árs.

Hafa verður í huga að stór hluti þess fjármagns sem greitt er til ESB mun skila sér til baka til þjóðarbúsins í styrkjum til landbúnaðar, uppbyggingarverkefna og rannsóknar- og þróunarverkefna. Í því sambandi má nefna að um 86% af tekjum ESB árið 2002 skiluðu sér aftur til aðildarríkjanna í styrkjum, þar af fóru um 46% til landbúnaðar, um 34% til uppbyggingarverkefna og 6% til rannsóknar- og þróunarverkefna og annarra innri málefna. Um 6% fóru í rekstur og 8% í verkefni utan sambandsins.

### *4.3.2. Greiðslujöfnuður við ESB (nettógreiðslur)*

Fá má grófa mynd af hugsanlegum nettógreiðslum Íslands til ESB, þ.e. greiðslum til ESB að frádregnum greiðslum frá ESB, með því að skoða nettógreiðslur annarra aðildarríkja. Framkvæmdastjórn ESB birtir árlega upplýsingar um nettógreiðslur eða greiðslujöfnuð (operational budgetary balance) ESB-ríkjanna sem hlutfall af vergum þjóðartekjum (Gross National Income, GNI). Með nettógreiðslum eða greiðslujöfnuði er átt við greiðslur aðildarríkjanna til ESB að frádregnum greiðslum frá ESB. Í töflu 4.5 má sjá áætlun framkvæmdastjórnarinnar um meðaltals greiðslujöfnuð ESB ríkja fyrir árin 2008-2013.[209]

---

[207] Miðað við 1992-2005. Frá 2002 hefur hlutfallið að meðaltali verið um 1,01%. Sbr. *Allocation of 2005 EU expenditure by Member State*, bls. 135. Á vefsíðunni: http://ec.europa.eu/budget/library/documents/revenue_expenditure/agenda_2000/allocrep_2005_en.pdf

[208] Hagstofa Íslands (2006). Landsframleiðsla 2005 – bráðabirgðatölur, 13. september 2006. http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=4719

[209] *Report from the Commission. Financing the European Union. Commission report on the operation of the own resources system.* Brussels, 14.7.2004. COM(2004) 505 final. Volume III, bls. 70-71. Á vefsíðunni: http://ec.europa.eu/budget/library/publications/financial_pub/financing_eu_en.pdf

*Tafla 4.5. Áætlaður greiðslujöfnuður ríkja ESB (greiðslur til ESB–greiðslur frá ESB) árin 2008-2013.*

| | **Áætlaður greiðslujöfnuður ríkja ESB, miðað við núverandi fyrirkomulag, sem hlutfall af vergum þjóðartekjum (VÞT) Meðaltal 2008-2013 (%)** | |
|---|---|---|
| | *Fyrir bresku leiðréttinguna* | *Eftir bresku leiðréttinguna* |
| Lúxemborg* | 5.89 | 5.80 |
| Lettland | 4.51 | 4.40 |
| Litháen | 4.50 | 4.41 |
| Póland | 3.85 | 3.76 |
| Eistónia | 3.85 | 3.76 |
| Slóvakía | 3.36 | 3.27 |
| Tékkland | 3.26 | 3.17 |
| Ungverjaland | 3.15 | 3.06 |
| Grikkland | 2.25 | 2.16 |
| Portúgal | 1.60 | 1.50 |
| Slóvenía | 1.40 | 1.31 |
| Belgía* | 1.32 | 1.21 |
| Malta | 1.16 | 1.06 |
| Írland | 0.56 | 0.47 |
| Spánn | 0.32 | 0.23 |
| Finnland | – 0.14 | – 0.25 |
| Danmörk | – 0.20 | – 0.31 |
| Frakkland | – 0.27 | – 0.37 |
| Kýpur | – 0.28 | – 0.37 |
| Ítalía | – 0.29 | – 0.41 |
| Austurríki | – 0.37 | – 0.38 |
| Svíþjóð | – 0.47 | – 0.50 |
| Þýskaland | – 0.52 | – 0.54 |
| Holland | – 0.55 | – 0.56 |
| Bretland | – 0.62 | – 0.25 |

** Ef greiðslur ESB til stofnana sambandsins í Belgíu og Lúxemborg eru ekki teknar með þá eru Belgía og Lúxemborg í hópi nettógreiðenda til ESB.*
***Áhrif aðildar Rúmeníu og Búlgaríu eru ekki inni í þessum tölum.*

Eins og sjá má í töflunni eru það nýju aðildarríkin, auk Portúgals, Grikklands, Írlands og Spánar, sem munu fá meiri greiðslur frá ESB en þau greiða til sambandsins miðað við núverandi kerfi (Current Own Resources Decision, ORD) eftir bresku leiðréttinguna.[210] Holland er hins vegar með hæsta greiðslujöfnuðinn að meðaltali eða -0,56% af vergum þjóðartekjum, en ef litið er til nágrannalanda okkar þá er Svíþjóð með -0,50% og Finnland með -0,25%.[211]

[210] Breska leiðréttingin byggist á samkomulagi sem felur í sér að Bretar fá sérstaka undanþágu frá almennum reglum sambandsins um fjármögnun. Breska framlagið er fjármagnað með hluta af vsk framlagi annarra aðildarríkja. Þar sem Holland, Þýskaland, Austurríki og Svíþjóð greiða talsvert meira til sambandsins en þau fá til baka fá þessi ríki sérstakan afslátt af fjármögnuninni á breska framlaginu og greiða þau aðeins fjórðung af reiknuðu framlagi. Sjá skýrslu Deloitte & Touche (2003), bls. 11.
[211] Greiðslujöfnuður Finnlands árið 2005 var -0,05% og Svíþjóðar -0,30%, samkvæmt skýrslunni *Allocation of 2005 EU expenditure by Member State. September 2006*, bls. 138. Á vefsíðunni:
http://ec.europa.eu/budget/library/documents/revenue_expenditure/agenda_2000/allocrep_2005_en.pdf

Vergar þjóðartekjur (VÞT) á Íslandi árið 2005 voru 977.000 milljarðar kr.[212] og með hliðsjón af greiðslum Finnlands og Svíþjóðar má áætla að nettógreiðslur Íslands til ESB gætu orðið á bilinu **2,5 til 5 milljarðar kr.**, miðað við áætlaðan meðaltalsgreiðslujöfnuð ESB ríkja árin 2008-2013 (þ.e. miðað við núverandi kerfi, *Current Own Resources Decision/ORD*). Ef Ísland væri í hópi þeirra sem mest greiddu til sambandsins (með 0,5-0,62% af GNI miðað við greiðslur Breta án núverandi leiðréttingakerfis) yrðu nettógreiðslur landsins um **5 til 6 milljarðar kr.** Hins vegar væri mögulegt að vegna uppbyggingar landsins, landfræðilegrar legu, harðbýlis og strjálbýlis, hárra þjóðartekna á mann o.fl., yrði hlutfallið lægra eða hærra en hér er áætlað. Það verður hins vegar að teljast ólíklegt að hægt sé að rökstyðja að Ísland myndi greiða mest allra aðildarríkja til ESB sem hlutfall af vergum þjóðartekjum, ekki síst í ljósi hnattstöðu landsins, harðbýlis og strjálbýlis.

Í töflu 4.6 eru framangreindar tölur bornar saman við niðurstöður úr skýrslum Deloitte & Touche 2003 og Hagfræðistofnunar 2002.

*Tafla 4.6. Áætlaður greiðslujöfnuður Íslands (greiðslur til ESB–greiðslur frá ESB).*

| | ***Deloitte & Touche 2003*** | ***Hagfræðistofnun 2002*** | ***Skýrsla Evrópunefndar 2007 0,25%-0,5% af VÞT*** |
|---|---|---|---|
| Greiðslujöfnuður Íslands (greiðslur til ESB – greiðslur frá ESB) **fyrir** stækkun ESB | **-1,4 til -4,2 milljarðar (-2,8 milljarðar kr.)** | **-3,7 til -5,6 milljarðar (-4,6 milljarðar kr.)** | **- 2 til -4 milljarðar kr. (-3 milljarðar kr.)** (GNI 2003 = 800 milljarðar) |
| Greiðslujöfnuður Íslands (greiðslur til ESB – greiðslur frá ESB) **eftir** stækkun ESB | **-2,4 til -5,6 milljarðar (-4 milljarðar kr.)**** | **-8,3 til -10,1 milljarður (-9,2 milljarðar kr.)**** | **-2,5 til -5 milljarðar kr. (-3,75 milljarðar kr.)** (GNI 2005 = 977 milljarðar) |

*Á verðlagi viðkomandi árs, meðaltal í sviga.

** Deloitte miðaði við áætlun framkvæmdastjórnar ESB. Hagfræðistofnun miðaði við svartsýnt mat Dresdners banka um áhrif stækkunar á fjárlög ESB, en það mat gekk ekki eftir.

Rétt er að ítreka það sem áður hefur komið fram um að það er flókið og erfitt að meta kostnað við aðild að ESB. Engin ein rétt niðurstaða er til og það kemur ekki í ljós fyrr en að loknum samningum og þegar komin er reynsla af áhrifum þeirra hver raunveruleg niðurstaða verður.

Samkvæmt áætlunum sambandsins mun fjármagn til rannsóknar- og þróunarverkefna aukast mikið á næstu árum og verða mun stærra hlutfall af útgjöldum sambandsins, en samtímis myndi draga úr útgjöldum til landbúnaðarmála. Reynsla Íslands af samkeppnissjóðum á sviði rannsóknar- og menntamála er góð. Hingað til hefur gengið vel að fá styrki og það myndi varla breytast þótt Ísland gengi í ESB. Hins vegar er samkeppni um styrkina og því alltaf óvíst um útkomu þar, hvort sem Ísland er í ESB eða ekki.

Deloitte & Touche bendir í skýrslu sinni á að við mat á kostnaði við aðild að ESB sé lögð áhersla á að meta heildaráhrifin á þjóðarbúið, þ.e. kostnað þjóðarinnar við hugsanlega aðild. Þessi kostnaður skiptist milli ríkissjóðs, almennings og fyrirtækja. Greiðslur til ESB koma að mestu úr ríkissjóði, en framlögum frá ESB er úthlutað til verkefna sem nýtast almenningi og fyrirtækjum. Bein áhrif samningsins ættu því að bæta afkomu þeirra sem framlögunum nemur auk þeirrar lækkunar sem gera má ráð fyrir að verði á innflutningstollum. Því er ekki hægt að líta eingöngu á afkomu ríkissjóðs heldur verður að líta til greiðslujöfnuðar þjóðarinnar í heild.

[212] Hagstofa Íslands (2006). Landsframleiðsla 2005 – bráðabirgðatölur, 13. september 2006. http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=4719

Til að mæta auknum útgjöldum ríkissjóðs og tekjutapi vegna samningsins bendir Deloitte & Touche á að gera megi ráð fyrir að ríkið geri hugsanlega gagnráðstafanir, t.d. með lækkun framlaga til landbúnaðar og lækkun á framlögum til byggðaverkefna á móti styrkjum frá ESB til landbúnaðar og byggðaverkefna, sem og hugsanlega með hækkun virðisaukaskatts á matvæli á móti lækkun tolla á landbúnaðarafurðir.[213]

### 4.4. Aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu og upptaka evru á Íslandi

Nefndin lagði áherslu á að kanna kosti og galla evrunnar fyrir Ísland ítarlega og fékk m.a. á sinn fund Arnór Sighvatsson aðalhagfræðing Seðlabanka Íslands og Þórarinn G. Pétursson deildarstjóra rannsóknardeildar Seðlabankans, auk þess sem málið var rætt við fjölmarga aðra gesti nefndarinnar. Þá fékk nefndin einnig Hagfræðistofnun HÍ til að taka saman greinargerð um helstu kosti og galla evrunnar fyrir Ísland.

#### *4.4.1. Skilyrði fyrir upptöku evrunnar*

Aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu (Economic and Monetary Union, EMU) er skilyrði fyrir upptöku evrunnar, en nokkur smáríki nota reyndar einnig evruna sem gjaldmiðil án slíkrar aðildar.[214] Öll 27 aðildarríki ESB eru aðilar að Efnahags- og myntbandalaginu og 13 þeirra, með alls um 311 milljónir íbúa, hafa tekið upp evruna sem gjaldmiðil. Þar er um að ræða Austurríki, Belgíu, Finnland, Frakkland, Grikkland, Írland, Ítalíu, Lúxemborg, Holland, Portúgal, Slóveníu, Spán og Þýskaland, en einungis þessi 13 ríki eiga fulltrúa í stjórn Seðlabanka Evrópu.[215]

Kýpur og Malta stefna að því að taka upp evruna árið 2008, Slóvakía árið 2009 og Tékkland og Ungverjaland árið 2010, en Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Rúmenía og Svíþjóð[216] hafa ekki sett markmið um það hvenær þau stefni að því að taka upp evruna.[217] Danmörk og Bretland hafa kosið að taka ekki upp evruna að sinni og hafa sérstaka undanþágu sem heimilar þeim slíkt.[218] Önnur aðildarríki hafa ekki sambærilega undanþágu og þurfa því að taka upp evruna um leið og þau uppfylla skilyrði fyrir upptöku evrunnar.[219]

---

[213] Deloitte & Touche (2003). *Mat á kostnaði við hugsanlega aðild Íslands að ESB.* Á vefslóðinni: http://www.deloitte.com/dtt/cda/doc/content/skyrsla%20lokaESB(1)(1).pdf

[214] Þar er fyrst og fremst um að ræða ríki sem áður notuðu gjaldmiðil einstakra aðildarríkja ESB. Evran er t.d. notuð með sérstöku leyfi ESB í Mónakó, Vatíkaninu, San Maríno og Andorra. Þá er evran einnig notuð í Kosovo og Svartfjallalandi, en þar var áður notast við þýska markið. Sjá nánar á vefsíðunni: http://ec.europa.eu/economy_finance/euro/world/euro_world_main_en.htm

[215] Sjá nánar um sögulegan bakgrunn EMU: *How the idea of EMU was developed in the treaties of the European Union*, á vefsíðunni: http://ec.europa.eu/economy_finance/emu_history/history/part_a_1.htm

[216] Svíþjóð hefur valið að gera ekki nauðsynlegar lagabreytingar og uppfyllir því ekki lagaleg skilyrði fyrir upptöku evrunnar, en Svíar höfnuðu upptöku evru í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2003. Svíþjóð er því með undanþágu til að taka þátt í EMU án þess að taka upp evruna (member with a derogation).

[217] Nýju aðildarríkin stefna þó öll að því að taka upp evruna sem fyrst og Litháen stóð nærri því að uppfylla skilyrðin fyrir upptöku evru um síðustu áramót.

[218] Gengi dönsku krónunnar fylgir gengi evrunnar vegna aðildar Danmerkur að gengissamstarfi ESB (ERM II).

[219] Sbr. upplýsingar á vefsíðunni: http://europa.eu/pol/emu/overview_en.htm. Ný aðildarríki ESB (utan Slóvaníu sem tók upp evruna 1. janúar 2007) eru eins og Svíþjóð með undanþágu til að taka þátt í EMU án þess að taka upp evruna. Þessar undanþágur byggjast á 122. gr. Maastricht sáttmálans.

Til að taka upp evruna þurfa aðildarríkin að uppfylla eftirfarandi meginskilyrði um árangur í efnahagsmálum:[220]

- Halli á ríkissjóði má ekki vera meira en 3% af landsframleiðslu og heildarskuldir hins opinbera mega ekki vera meira en 60% af landsframleiðslu.
- Verðbólga má ekki vera meira en 1,5% hærri en meðaltal verðbólgu í þeim þremur löndum ESB þar sem hún er lægst.
- Langtímavextir mega ekki vera meira en 2% hærri en í þeim löndum ESB þar sem verðlag er stöðugast.
- Viðkomandi ríki þarf að hafa verið í gengissamstarfi Evrópu (Exchange Rate Mechanism, ERM II) í að minnsta kosti tvö ár án gengisfellingar og innan vikmarka, sem nú eru 15%.

Til að taka upp evruna þurfa aðildarríki ESB einnig m.a. að gera tilteknar lagabreytingar og uppfylla skilyrði um sjálfstæði seðlabanka sinna.[221]

#### *4.4.2. Aðild Íslands að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu og upptaka evru á Íslandi*

Raunhæfir kostir Íslands í peningamálum eru að flestra mati einungis tveir, annars vegar núverandi fyrirkomulag og hins vegar upptaka evru samhliða aðild að ESB og EMU.[222] Ísland gæti reyndar fræðilega séð tekið upp evruna einhliða eða með sérstöku samkomulagi við ESB, en báðir þeir kostir verða í reynd að teljast óraunhæfir.[223]

Ljóst er að 2 ára aðild að gengissamstarfi ESB (ERM) er skilyrði fyrir upptöku evru. Ekki yrði hægt að taka upp evru hérlendis fyrr en í fyrsta lagi 2 árum eftir að Ísland yrði fullgildur aðili að ESB, þ.e. 4-5 árum eftir að sótt væri um aðild að ESB, að því gefnu að lagaleg og efnahagsleg skilyrði fyrir upptöku evru væru uppfyllt. Það liggur hins vegar fyrir að Ísland myndi ekki uppfylla þau skilyrði um þessar mundir, m.a. þar sem vextir og verðbólga hérlendis eru hærri en skilyrðin leyfa. Ísland uppfyllir hins vegar skilyrði varðandi halla á ríkissjóði og heildarskuldir hins opinbera.[224]

---

[220] Skilyrðin eru sett fram í bókun við stofnsáttmála ESB (Protocol on the convergence criteria referred to in Article 121 of the Treaty establishing the European Community). Skilyrðin, skýringar á þeim og umfjöllun um hvernig þau hafa verið túlkuð af framkvæmdastjórn ESB eru á heimasíðu Seðlabanka Evrópu, á vefslóðinni: http://www.ecb.eu/ecb/orga/escb/html/convergence-criteria.en.html

[221] Samantekt á því hvaða ríki uppfylltu skilyrðin 1998 er að finna á: http://europa.eu/scadplus/leg/en/lvb/l25037.htm og upplýsingar um Slóveníu eru á vefsíðunni: http://ec.europa.eu/economy_finance/euro/slovenia/main_en.htm

[222] Þetta er niðurstaða tveggja nýlegra skýrslna um gengismál á Íslandi, annars vegar skýrslu Hagfræðistofnunar sem Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson unnu (2005), *Fyrirkomulag gengismála á Íslandi – Horft til framtíðar* og hins vegar skýrslu Viðskiptaráðs (2006), *Krónan og atvinnulífið*.

[223] Það hefur komið fram hjá Percy Westerlund, sendiherra og yfirmanni fastanefndar ESB gagnvart Íslandi, að ekki sé pólitískur vilji til að leyfa upptöku evru án aðildar að sambandinu, en Westerlund kannaði málið sérstaklega í kjölfar umræðu hérlendis í mars 2006. Í ræðu Inigo Arruga Oleaga á fundi um evruna sem Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík stóð fyrir 2. mars 2007 kom fram að einhliða upptaka evrunnar, án samþykkis ESB, væri að hans mati líklega ekki í samræmi við ákvæði EES-samningsins um samráð og samvinnu samningsaðila, m.a. á sviði efnahags- og peningamála, og gæti því hugsanlega sett framkvæmd EES-samningsins í uppnám. Oleaga starfar hjá lagadeild Seðlabanka Evrópu. Að auki myndi einhliða upptaka evrunnar þýða að Ísland myndi ekki njóta ýmissa kosta evrunnar né heldur baktryggingar Seðlabanka Evrópu ef til fjármálakreppu kæmi á Íslandi.

[224] Sjá svar Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, við fyrirspurn á Alþingi um hvaða skilyrði fyrir upptöku evru Ísland uppfylli: http://www.althingi.is/raeda/133/rad20070228T122631.html

### *4.4.3. Kostir og gallar evrunnar fyrir Ísland*

Spurningunni um áhrif upptöku evru á Íslandi er ekki auðsvarað. Ákvörðunin byggist ekki síður á pólitískum en efnahagslegum þáttum. Efnahagslegu áhrifin eru óviss, bæði í bráð og lengd. Einhvern tíma þyrfti til aðlögunar til að uppfylla skilyrði fyrir upptöku evru og yrði aðlögunin tæpast auðveld að öllu leyti fyrir íslenskt efnahagslíf.

Ætla má að upptaka evru hefði víðtæk áhrif á Íslandi, jafnt á fjármálamarkaði, vörumarkaði og vinnumarkaði.

Helstu kostir sem fylgja upptöku evru eru aukinn verðstöðugleiki (og þar með lægri verðbólga) og lægri viðskiptakostnaður, a.m.k. sé litið til viðskipta við evrusvæðið.

Samkeppni kynni að aukast á ákveðnum sviðum, m.a. vegna þess að lægri viðskiptakostnaður gæti gert evrópskum fyrirtækjum auðveldara að hefja starfsemi hér á landi. Áhugi erlendra fjárfesta kynni að aukast, þótt þeir festi nú þegar mikið fé í íslenskum krónum.

Gengissveiflur innan evrusvæðisins myndu hverfa, en evran sveiflast gagnvart öðrum gjaldmiðlum og gengisáhætta myndi því ekki hverfa en hún myndi minnka frá því sem nú er.[225] Vextir myndu væntanlega lækka og á það bæði við um innláns- og útlánsvexti.

Helstu gallar upptöku evru tengjast því að ekki yrði lengur hægt að beita peningamálastjórntækjum í hagstjórn. Ekki væri því hægt að bregðast við þenslu með því t.d. að hækka vexti og afleiðingin af því gæti orðið aukið atvinnuleysi. Sveigjanlegt regluverk á íslenskum vinnumarkaði kynni að vega á móti í aðlögunarhæfni hagkerfisins.


Hagstjórnarvandi hefur hér verið annar en almennt á evrusvæðinu. Síðustu ár hafa einkennst af þenslu á Íslandi meðan helstu vandamál evrusvæðisins hafa verið barátta við atvinnuleysi og lítinn hagvöxt. Þetta ástand hefur leitt til hækkunar stýrivaxta Seðlabanka Íslands til að vinna gegn verðbólguþrýstingi meðan vextir hafa haldist lágir í Evrópu til að örva hagvöxt. Ólíklegt verður að teljast að Seðlabanki Evrópu myndi taka tillit til ástands efnahagsmála á Íslandi við vaxtaákvarðanir sínar, þrátt fyrir að Ísland gengi í Evrópusambandið og tæki upp evruna. Einu Evrópusambandsríki, Írlandi, hefur tekist að samræma meiri hagvöxt en hér hefur verið evruaðild og efnahagslegum stöðugleika.

Mjög erfitt er að ályktа nokkuð um áhrif upptöku evru á hagvöxt á Íslandi. Lægri viðskiptakostnaður og óvissa ætti að öðru jöfnu að auka hagvöxt eða tækifæri til hagvaxtar. Hins vegar hefur hagvöxtur verið mun lægri á evrusvæðinu en á Íslandi lengst af þess tímabils sem evran hefur verið notuð sem gjaldmiðill, eins og sjá má af mynd 5. Vaxtastig í Evrópu hefur tekið mið af því eins og fyrr hefur verið nefnt.

---

[225] Ekki eru þó allir sammála um það og telja þvert á móti að gengissveiflur hérlendis gætu aukist með upptöku evru. Sjá t.d. umfjöllun á bls. 83 í greininni *Efnahags- og peningamál*, eftir Má Guðmundsson, þáverandi aðalhagfræðing Seðlabanka Íslands, í bókinni *Ísland í Evrópu - Evrópuúttekt Samfylkingarinnar* frá 2001. Már bendir á að það sé einfaldlega eðli gjaldmiðla að sveiflast. Evrópuúttektin er á vefslóðinni: http://www.framtid.is/?i=18

*Mynd 5. Meðaltalshagvöxtur (%) á evrusvæðinu og einstökum aðildarríkjum ESB.*





Heimild: OECD. Myndin er tekin úr greinargerð Hagfræðistofnunar 2007 um kosti og galla evrunnar.

Það er því opin spurning hvort upptaka evru myndi leiða til þess að hagkerfi Íslands og evrusvæðisins yrðu meira samstiga en áður, sem aftur gæti þýtt að viðfangsefni í hagstjórn yrðu þau sömu hér og á evrusvæðinu. Hins vegar verður ekkert fullyrt á þessu stigi um langtímaáhrif á hagvöxt, hvort sem er í Evrópu eða hér á Íslandi. Hagvöxtur ræðst af mörgum öðrum þáttum en fyrirkomulagi gjaldeyrismála.

Rannsóknir benda til að íslenska hagkerfið og hagkerfi evrusvæðisins sveiflist sögulega séð ekki í takt,[226] og það myndi því reyna mjög á fjármálastjórn hins opinbera að óbreyttu ef evran yrði tekin upp á Íslandi. Þó verður að líta til þess að eitt af markmiðum með upptöku sameiginlegs gjaldmiðils í löndum Evrópusambandsins er og var að auka samræmingu hagkerfanna í álfunni. Bent hefur verið á, að ósamfella í hagsveiflum sé regla frekar en undantekning hjá aðildarríkjum evrunnar og leiðin sem þau hafi fundið til að takast á við það viðfangsefni sé einmitt evruaðild og aukinn agi í hagstjórn.[227] Virk peningamálstefna sé einnig til þess fallin að draga úr einsleitni og umgjörð evrunnar leiði því til mesta ávinnings fyrir þau ríki sem beitt hafi mestum aðgerðum á sviði peningamála. [228]

[226] Sjá t.d. Tryggvi Þór og Gylfi Zoega (2005).
[227] Sjá t.d. erindi Ingólfs Bender á fundi FVH 24. janúar 2007, á www.fvh.is
[228] Sjá t.d. erindi dr. Jóns Þórs Sturlusonar á fundi FVH 24. janúar 2007, á www.fvh.is

*Mynd 6. Langtímavextir á evrusvæðinu (10 ára ríkisskuldabréf).*




Heimild: Eurostat

Efnahagsástand undanfarinna ára hefur sem fyrr segir ekki verið með þeim hætti að upptaka evru sé auðveld.. Í skýrslu Viðskiptaráðs, *Krónan og atvinnulífið,* sem út kom í júlí 2006 var bent á það að evran kæmi „ekki til álita sem lausn á þeim vanda sem steðjar að íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Til þess að Íslendingar geti í framtíðinni átt raunhæft val á milli evru og íslensku krónunnar, á grundvelli efnahagslegra og stjórnmálalegra forsendna, þarf að beita samræmdum aðgerðum á sviði hagstjórnar til þess að mynda jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Meginverkefni hagstjórnar á næstunni er því að beita samhæfðri stefnu til að tryggja að jafnvægi og stöðugleiki náist í efnahagslífinu.“[229]

Í skýrslunni segir enn fremur „Kostir inngöngu væru margir (hér er aðeins fjallað um hagfræðilegar afleiðingar, en ekki litið til margs konar annarra áhrifa sem fylgja inngöngu) og þyngst vegur afnám vaxtamunar við evrusvæðið og lækkun viðskiptakostnaðar, sem gerð hafa verið ítarleg skil í rannsóknum Rose (2001) auk þess sem Hagfræðistofnun HÍ (2006) hefur fjallað ítarlega um málið. Að sama skapi má ætla að vegna jákvæðra áhrifa á milliríkjaviðskipti geti upptaka evru stuðlað að auknum hagvexti en að sama skapi væri ekki unnt að bregðast við ytri skellum með aðlögun í gengi innlendrar myntar.“[230]

Í nýju og jákvæðu mati alþjóðlega matsfyrirtækisins Moody's á lánshæfi íslensku viðskiptabankanna þriggja kemur fram að það hafi jákvæð áhrif á lánshæfi bankanna hversu mikilvægir þeir eru í íslensku efnahagskerfi í heild sinni og hvaða þýðingu þeir hafa í greiðslumiðlunarkerfi landsins. Moody's lítur meðal annars á það sem styrk að þeir skuli vera í ríki þar sem seðlabanki fer með prentunarvald, þ.e. ríki sem hafi eigin mynt.[231]

---

[229] Viðskiptaráð (2006). *Krónan og atvinnulífið*, bls. 56. Skýrslan er niðurstaða sérfræðinganefndar sem Viðskiptaráð Íslands skipaði vorið 2005 til að draga fram helstu kosti landsmanna í gengismálum og ræða þá út frá hagsmunum íslensks atvinnulífs. Skýrslan er á vefsíðunni: http://www.vi.is/files/848329678Krónan%20og%20atvinnulífið.pdf

[230] Viðskiptaráð (2006). Krónan og atvinnulífið, bls. 49.

[231] Sjá t.d. frétt í Fréttablaðinu 25. febrúar 2007, *Íslensku bankarnir fá hæstu einkunn.*

### 4.5. Íslensk sjávarútvegsmál og Evrópusambandið

Sjávarútvegur fellur utan við gildisvið EES-samningsins, að öðru leyti en því að fjallað er um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir í bókun 9 við samninginn. Einnig eru samræmdar reglur fyrir Ísland og ESB samkvæmt EES-samningnum um heilbrigði og hollustu við framleiðslu á sjávarafurðum og ná þær til aflameðferðar, framleiðslu og búnaðar um borð í fiskiskipum. Þá hefur EES-samningurinn áhrif á sjávarútveg t.d. með reglum um aðbúnað, hollustu afurða og vinnutíma.

Nefndin lagði mikla áherslu á að kynna sér hugsanleg áhrif ESB-aðildar á íslenskan sjávarútveg og fékk m.a. á sinn fund fulltrúa frá sjávarútvegsráðuneyti og LÍÚ til að ræða þetta mál. Að auki kynnti nefndin sér ítarlega skýrsluna, *Fiskveiðiauðlindin. Ísland og Evrópusambandið,* sem starfshópur á vegum utanríkisráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og hagsmunaðila í sjávarútvegi skilaði í september 2004 og kom Jón Sigurðsson, formaður starfshópsins, ásamt Grétari Má Sigurðssyni og Aðalsteini Leifssyni, sem sæti áttu í starfshópnum, á fund nefndarinnar til að ræða um niðurstöður skýrslunnar. Nefndin ræddi sjávarútvegsmálastefnu ESB við Claus Grube, sendiherra Danmerkur gagnvart ESB, en hann hefur mikla reynslu af samningaviðræðum um sjávarútvegsmál, auk þess sem nefndin fékk á sinn fund dr. Michael Köhler, ráðgjafa framkvæmdastjóra ESB á sviði sjávarútvegsmála, og Serge Beslier, yfirmann alþjóðasamskipta á sviði sjávarútvegsmála hjá framkvæmdastjórn ESB, en hann hefur verið meðal samningamanna ESB í viðræðum við ný aðildarríki um sjávarútvegsmál síðastliðna áratugi og tók m.a. þátt í samningaviðræðum um sjávarútvegsmál við Noreg. Loks hélt nefndin opinn morgunverðarfund um sjávarútvegsstefnuna í samvinnu við fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi, þar sem dr. Michael Köhler flutti erindi.[232]

#### *4.5.1. Staða sjávarútvegs á Íslandi*

Sjávarútvegur er mikilvægasti útflutningsatvinnuvegur Íslendinga. Árið 2005 var útflutningsverðmæti sjávarafurða um 57% af verðmæti alls vöruútflutnings.[233] Þá var vægi fiskveiða og vinnslu sjávarafurða í landsframleiðslu 6,8% árið 2005, en þess ber að geta að vægi sjávarútvegs í landsframleiðslu og útflutningi hefur minnkað nokkuð undanfarin ár.[234]

Heildarafli á Íslandi árið 2005 var rúmlega 1.667.000 tonn,[235] en afli erlendra ríkja við Ísland sama ár var um 114.000 tonn og veiddu Noregur og Færeyjar stærstan hluta þess afla. Ísland var 13. mesta fiskveiðiþjóð í heiminum árið 2004, með 1,8% af heimsaflanum í tonnum talið.[236]

Góð samskipti Íslands og Evrópusambandsins á sviði sjávarútvegs eru báðum aðilum mikilvæg, enda fór um 75% af útflutningi íslenskra sjávarafurða árið 2005 til Evrópusambandsins[237] og

---

[232] Ræða Köhlers er á vefsvæðinu: http://www.esb.is/seminar/Reformed_EU_CFP.htm

[233] Hagstofa Íslands (2006). *Utanríkisverslun, nr. 2006:1*, frá 16. september 2006. Hlutfall sjávarútvegs í heildarverðmæti útfluttrar vöru og þjónustu árið 2005 var tæplega 40% samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegsráðuneyti.

[234] Útflutningsverðmæti sjávarafurða um 75% af verðmæti alls vöruútflutnings árið 1994 og vægi fiskveiða og fiskvinnslu í landsframleiðslu var 9,4% árið 2000. Hagstofa Íslands (2006). *Landsframleiðsla 2005 – bráðabirgðatölur*, 13. september 2006.

[235] Sbr. frétt frá Hagstofunni nr. 5/2006, http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=1777

[236] Hagstofa Íslands (2007). *Hagtíðindi – sjávarútvegur, nr. 1:2007, 16. janúar 2007. Afli erlendra ríkja við Ísland 2004 og 2005 og heimsaflinn 2004.* http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=5870

[237] Hagstofa Íslands (2006). *Hagtíðindi – utanríkisverslun, nr. 1:2006, 16. maí 2006. Utanríkisverslun með vörur 2005.* http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=4266.

Ísland var næststærsti innflytjandi sjávarfurða til ESB árið 2004, með 8,3% af heildarinnflutningi.[238] Ríki ESB nýta einnig nokkra deilistofna sameiginlega með Íslandi.

Nýting fiskveiðiauðlindarinnar er og hefur verið einn mikilvægasti þátturinn í efnahagslegu sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og íslensk stjórnvöld telja af þeim ástæðum ekki koma til greina að aðrir en Íslendingar sjálfir fari með forræði fiskistofnanna, sem og samninga við önnur ríki um veiðar úr fiskistofnum við Ísland. Þá hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á að ráðandi hlutur í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum sé í eigu Íslendinga þar sem talið er að með því móti nýtist arður af fiskveiðiauðlindinni íslensku þjóðinni betur en ella. Því var lögð áhersla á það í samningaviðræðum um EES-samninginn á sínum tíma að halda sjávarútvegi og fjárfestingum í sjávarútvegi utan samningsins og náðust viðunandi samningar um þau atriði. Íslenskur sjávarútvegur er rekinn með arðsemi að leiðarljósi og stefnt er að forystu í markaðssetningu, vöruþróun, framleiðni og tækniþróun. Meginmarkmið íslenskra stjórnvalda er að tryggja að sjávarútvegurinn skili þjóðarbúinu hámarksarði til frambúðar og áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu fiskistofnanna og ábyrga fiskveiðistjórnun.[239]

### *4.5.2. Sérstaða Ísland í samanburði við aðildarríki Evrópusambandsins*

Ísland hefur mikla sérstöðu í sjávarútvegi samanborið við aðildarríki Evrópusambandsins og felst sú sérstaða fyrst og fremst í mikilvægi sjávarútvegs fyrir þjóðarbúskapinn. Sérstaðan felst einnig í því að Íslandsmið eru ekki samliggjandi við mið aðildarríkja þess og margir af helstu fiskistofnunum hér við land eru staðbundnir á Íslandsmiðum en ekki sameiginlegir, auk þess sem aðrar þjóðir hafa ekki nær enga veiðireynslu í íslenskri efnahagslögsögu síðastliðin 30 ár. Íslendingar hafa einnig aflað sér talsverðrar veiðireynslu á öðrum miðum og hafa mikilla hagsmuna að gæta varðandi úthafsveiðar og deilistofna.

Sérstaða Íslands er einnig fólgin í því að stjórn fiskveiða er skilvirk og hraðvirk hér og stuttar samskiptaleiðir milli stjórnvalda og hagsmunaðila í greininni. Að auki eru fiskveiðar Íslendinga sjálfbærar og sjávarútvegurinn er arðbær atvinnugrein hér á landi og styðst ekki við styrkjakerfi eins og í ríkjum ESB. Álit stjórnvalda og hagsmunaaðila í sjávarútvegi er að nauðsynlegt sé að tryggja þessa sérstöðu og hagsmuni Íslands í samskiptum og samningum við Evrópusambandið, sem og aðra aðila.[240]

### *4.5.3. Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins*

Þótt sameiginleg sjávarútvegsstefna sé bundin í ákvæðum Rómarsáttmálans þá er lítið fjallað um hana þar, sem endurspeglar ef til vill að hluta til lítið vægi sjávarútvegs í efnahagslífi stofnríkja ESB. Sjávarútvegur vegur ekki þungt í efnahagskerfi ESB-ríkjanna, sem sést best á því að verðmæti sjávarafurða er innan við 1% af landsframleiðslu þeirra. Pólitískt vægi greinarinnar er hins vegar mun meira, þar sem sjávarútvegur er mikilvæg atvinnugrein á mörgum efnahagslega vanþróuðum svæðum þar sem oft er lítið um önnur atvinnutækifæri en þau sem snerta fiskveiðar

---

[238] Tölur um innflutning til ESB eru úr skýrslunni *EU's import of fishery products from extra-EU 2004* (merkt: EU DG FISH-B-4/MDV, 18.04.2005). Á vefsíðunni: http://ec.europa.eu/fisheries/stat_import/statistics_imports_en.pdf

[239] Þessi sjónarmið komu fram á fundum nefndarinnar og þau eru sett fram á svipaðan hátt í skýrslunni *Fiskveiðiauðlindin. Ísland og Evrópusambandið*, sem utanríkisráðuneytið gaf út árið 2004.

[240] Þessi sérstaða Íslands kom fram á fundum nefndarinnar og er sett fram á svipaðan hátt í skýrslunni *Fiskveiðiauðlindin. Ísland og Evrópusambandið*, sem utanríkisráðuneytið gaf út árið 2004.

á einhvern hátt, auk þess sem fiskur er einnig mikilvægur hluti af fæðu fólks í aðildarríkjunum.[241]

Sjávarútvegsstefnan fellur undir landbúnaðarkafla Rómarsáttmálans, en í 32. gr. hans segir að með landbúnaðarafurðum sé átt við afurðir jarðræktar, búfjárræktar og fiskveiða, sem og afurðir af fyrsta vinnslustigi er tengist þessum afurðum beint. Markmið hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu eru í grundvallaratriðum þau sömu og markmið landbúnaðarstefnunnar sem kveðið er á um í 33. gr. sáttmálans, en þar segir að stefnt skuli að því að auka framleiðni með því að stuðla að tækniframförum og hagkvæmari nýtingu framleiðsluþátta, sérstaklega vinnuafls. Jafnframt skuli tryggja þeim er starfa við greinina sanngjörn lífskjör, tryggja jafnvægi og stöðugleika á mörkuðum og sanngjarnt verð til neytenda.

Í grunnreglugerð ESB um sjávarútvegsmál, reglugerð nr. 2037/2002, segir jafnframt að hin sameiginlega sjávarútvegsstefna skuli tryggja nýtingu lifandi sjávarauðlinda sem haldi uppi sjálfbærum efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum skilyrðum.[242]

Hin sameiginlega sjávarútvegsstefna ESB, sem samþykkt var árið 1983 og síðast endurskoðuð árið 2002, byggist í meginatriðum á fjórum meginþáttum; fiskveiðistjórnun og verndun, sameiginlegu markaðsskipulagi, sameiginlegri uppbyggingarstefnu og samningum við önnur ríki.[243]

Lagasetningarvald á sviði sjávarútvegs er fyrst og fremst hjá stofnunum ESB og aðildarríkin hafa framselt vald til stefnumótunar á sviði sjávarútvegs til sambandsins.[244] Afleidd löggjöf á þessu sviði þarf aukinn meirihluta atkvæða í ráðherraráðinu til að hljóta samþykki, en Evrópuþingið hefur eingöngu ráðgefandi hlutverk á þessu sviði.[245]

Samkvæmt meginreglunni um jafnan aðgang hafa öll aðildarríki ESB ótvíræðan rétt fyrir fiskiskip sín til veiða á öllum miðum aðildarríkjanna innan 200 mílna markanna.[246]

Sá aðgangur er þó ekki ótakmarkaður því reglur sambandsins um ákvörðun hámarksafla og úthlutun aflaheimilda til aðildarríkjanna fela í sér „veigamikla takmörkun á meginreglunni um jafnan aðgang“ þar sem fiskiskipum er einungis heimilt að veiða á þeim svæðum og úr þeim stofnum sem aflaheimildirnar eru bundnar við.[247]

---

[241] *About the Common Fisheries Policy. The fisheries sector in the European Union.* Á vefsíðunni: http://ec.europa.eu/fisheries/cfp/fisheries_sector_en.htm

[242] Council Regulation No 2371/2002 of 20 December 2002 on the conservation and sustainable exploitation of fisheries resources under the Common Fisheries Policy. Reglugerðir ESB um sjávarútvegsmál er að finna á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/fisheries/legislation/basic_en.htm

[243] *About the Common Fisheries Policy. Managing a common resource. Á* vefsíðunni: http://ec.europa.eu/fisheries/cfp_en.htm

[244] Sbr. m.a. 5. gr., 6. gr. og 7. gr. reglugerðar ráðherraráðsins nr. 2371/2002.

[245] Sbr. 2. mgr. 37. gr. Rómarsáttmálans. Hingað til hafa eingöngu verið settar reglugerðir á sviði sjávarútvegs, en ekki tilskipanir. Það er meginregla að stofnanir ESB hafa valdheimildir til að setja reglur á sviði sjávarútvegs. Í dómi gegn Bretlandi nr. 804/79 kom fram að þótt ráðið hefði ekki sett reglur á því sviði sem valdframsal aðildarríkjanna tekur til hefðu aðildarríkin ekki heimild til að setja reglur á viðkomandi sviði. Því var einnig slegið föstu að vald til þess að setja reglur um verndarráðstafanir á hafinu féllu að öllu leyti undir valdsvið stofnana ESB en ekki undir valdsvið aðildarríkjanna.

[246] Sbr. 17. gr. reglugerðar ráðherraráðsins nr. 2371/2002.

[247] Óttar Pálsson og Stefán Már Stefánsson (2003), bls. 53-54.

Aðildarríkjunum er einnig heimilt að takmarka veiðar á svæðinu út að 12 mílum við eigin skip,[248] auk þess sem veiðar á nokkrum öðrum svæðum eru takmarkaðar vegna verndarsjónarmiða.[249] Þá er aðildarríkjum heimilt að grípa til neyðarráðstafana og setja reglur til verndar fiskistofnunum þegar ákveðnir fiskistofnar eða fiskimið eru í verulegri hættu og talið er að tafir myndu leiða til tjóns.[250] Loks ber að nefna að aðildarríkjum er heimilt að grípa til ráðstafana sem miða að verndun og stjórnun fiskistofna þegar um er að ræða fiskistofna sem eru staðbundnir og varða eingöngu skip frá viðkomandi aðildarríki. Þessar ráðstafanir verða þó að vera í samræmi við markmið sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar og mega ekki ganga lengra en löggjöf ESB segir til um.[251]

Helsta gagnrýnin á sjávarútvegsstefnuna snýr m.a. að ofveiði, brottkasti, slöku eftirliti og ófullnægjandi viðurlögum við brotum, en markvisst er unnið að því að innan sambandsins að bæta úr þessum þáttum.[252]

*4.5.3.1. Úthlutun aflaheimilda og meginreglan um hlutfallslegan stöðugleika*

Ráðherraráð ESB tekur ákvörðun um leyfilegan hámarksafla aðildarríkjanna á grundvelli tillagna frá framkvæmdastjórninni, sem byggir sínar tillögur á ráðleggingum nefndar sem í sitja vísindamenn aðildarríkjanna.[253] Framkvæmdastjórnin getur einnig leitað eftir ráðgjöf frá sérstökum svæðisbundnum ráðgjafaráðum (Regional Advisory Councils). Nokkuð er um það að farið sé fram úr tillögum vísindamanna, aðallega á grundvelli félags- og efnahagslegra ástæðna.[254]

Ráðherraráðið skiptir hámarksaflanum á milli aðildarríkjanna á grundvelli meginreglunnar um hlutfallslegan stöðugleika, en aðildarríkjunum er í sjálfsvald sett hvernig þau ráðstafa sínum aflaheimildum.[255] Þótt aðildarríki veiði ekki allan þann kvóta sem það hefur fengið úthlutaðan frá ráðherraráðinu hafa önnur ríki ekki rétt á því að veiða það sem upp á vantar.[256]

---

[248] Sbr. 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 17. gr. reglugerðar ráðherraráðsins nr. 2371/2002.

[249] Sérstakar reglur gilda t.d. í kringum Hjaltlandseyjar og Orkneyjar og um veiðar í Miðjarðarhafi og Eystrarsalti.

[250] Sbr. 8. gr. reglugerðar ráðherraráðsins nr. 2371/2002. Þessar ráðstafanir mega ekki vara lengur en 3 mánuði og þarf aðildarríki m.a. að tilkynna þær til framkvæmdastjórnarinnar, sem þarf að samþykkja verndaraðgerðirnar, breyta þeim eða hafna innan 15 vinnudaga frá tilkynningu.

[251] Sbr. 10. gr. reglugerðar ráðherraráðsins nr. 2371/2002.

[252] Sbr. t.d. ræðu Michaels Köhlers á morgunverðarfundi Evrópunefndar og fastanefndar framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi. Ræðan er á vefslóðinni: http://www.esb.is/seminar/Reformed_EU_CFP.htm

[253] Sjá: http://ec.europa.eu/fisheries/faq/resources_en.htm. Væri Ísland í ESB mætti gera má ráð fyrir að tillögur að hámarksafla í íslensku lögsögunni myndu fyrst og fremst byggjast á ráðleggingum íslenskra vísindamanna.

[254] Sbr. t.d. umfjöllun í skýrslunni *Fiskveiðiauðlindin. Ísland og Evrópusambandið*, bls. 28 og ræðu Michaels Köhlers á morgunverðarfundi Evrópunefndar og fastanefndar framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi.

[255] Sbr. 3. mgr. 20. gr. reglugerðar ráðherraráðsins nr. 2371/2002.Úthlutun danskra stjórnvalda á dönskum kvóta sem fól í sér skiptingu kvótans milli grænlenskra, færeyskra, danskra og franskra skipa var kærð árið 1981 á þeim grundvelli að skiptingin hefði falið í sér mismunun á grundvelli þjóðernis. Dómstólinn komst að þeirri niðurstöðu að kvótaskiptingin fæli ekki í sér ólögmæta mismunun þar sem þau sjónarmið sem lágu henni til grundvallar væru byggð á efnisrökum og að sú aðferð sem dönsk yfirvöld notuðu til að úthluta kvóta væru í samræmi við hlutlægar forsendur sem tóku m.a. tillit til þarfa íbúa strandhéraða. Sjá *Kerr-málið* nr. 287/81, á vefsslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:61981J0287:EN:HTML

[256] Þetta var staðfest með dómi Evrópudómstólsins í *Romkes-málinu* nr. 46/86, á vefslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:61986J0046:EN:HTML

Meginreglan um hlutfallslegan stöðugleika er einn af hornsteinum sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar. Í reglunni felst að veiðiheimildum er úthlutað til aðildarríkjanna með þeim hætti að hverju aðildarríki séu tryggðar hlutfallslega stöðugar veiðar úr hverjum stofni eða fyrir hverjar veiðar miðað við sögulega veiðireynslu þeirra og þarfir svæða sem sérstaklega eru háð fiskveiðum.[257]

Fram kom á fundi nefndarinnar með sjávarútvegssérfræðingum framkvæmdastjórnar ESB að hægt væri að víkja frá meginreglunni um hlutfallslegan stöðugleika með auknum meirihluta í ráðherraráðinu við úthlutun aflaheimilda hverju sinni og hægt væri að breyta reglunni með auknum meirihluta, en það væri ólíklegt að slíkt yrði gert í reynd þar sem reglan væri mikilvægur hluti af sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni og aðildarríkin væru sátt við hana. Noregur hefði í sínum aðildarsamningi brugðist við þessum möguleika með því að fá samþykkta sérstaka yfirlýsingu um mikilvægi reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika.[258] Sjávarútvegssérfræðingar framkvæmdastjórnar ESB bentu á að Ísland þyrfti væntanlega að undirstrika mikilvægi reglunnar í svipaðri yfirlýsingu, bókun eða sérákvæði til að tryggja sig gagnvart hugsanlegum breytingum, þó ólíklegt væri að slíkar breytingar yrðu. Almennt væru slíkar meginbreytingar heldur ekki gerðar nema í sátt við þau aðildarríki sem hefðu verulegra hagsmuna að gæta í viðkomandi máli. Í þessu sambandi er rétt að minna á að yfirlýsingar hafa pólitískt gildi og geta hjálpað til við að skýra einstakar lagagreinar, en lagalegt gildi þeirra er hins vegar takmarkað. Lagaleg staða sérlausnar eða bókunar í aðildarsamningi er hins vegar sterk því aðildarsamningur hefur sama lagalega gildi og stofnsáttmálar ESB.

Á fundinum kom einnig fram að hlutfallslegur stöðugleiki miðaðist við hlutdeild aðildarríkja í kvótum en ekki magn og breytingar á stofnstærðum hefðu því ekki áhrif á hlutfallslega hlutdeild einstakra ríkja í viðkomandi stofnum. Hefði Ísland til að mynda 100% hlutdeild í einhverjum stofnum myndi slíkt haldast hvort sem stærð viðkomandi fiskistofna minnkaði eða stækkaði.

Í grænbók framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar árið 2001 kemur fram að framkvæmdastjórnin hafi á þeim tíma ekki séð raunhæfan valkost við regluna um hlutfallslegan stöðugleika. Hins vegar kemur einnig fram að þegar búið verði að taka á vandamálum innan sjávarútvegsins og efnahagslegar og félagslegar aðstæður innan greinarinnar verði orðnar stöðugri væri hægt að endurskoða þörfina á að viðhalda reglunni um hlutfallslegan stöðugleika og möguleikann á því að leyfa markaðsöflum að starfa á sviði fiskveiða eins og annars staðar í efnahagslífinu.[259] Svipuð sjónarmið koma fram í vegvísi fyrir framkvæmd

---

[257] Óttar Pálsson og Stefán Már Stefánsson (2003), bls. 65. Úthlutun aflaheimilda byggist á 20 gr. reglugerðar ráðherraráðsins nr. 2371/2002 on the conservation and sustainable exploitation of fisheries resources under the Common Fisheries Policy. Greinin er svohljóðandi: Article 20. Allocation of fishing opportunities: The Council, acting by qualified majority on a proposal from the Commission, shall decide on catch and/or fishing effort limits and on the allocation of fishing opportunities among Member States as well as the conditions associated with those limits. Fishing opportunities shall be distributed among Member States in such a way as to assure each Member State relative stability of fishing activities for each stock or fishery.

[258] Yfirlýsingin er svohljóðandi: *Declaration on relative stability.* The Union recognises the major importance to Norway and Member States of maintaining the principle of relative stability as the fundament in achieving the goal of a permanent system of distribution of fishing possibilities in the future.

[259] Commission (2001). *Green Paper. The future of the Common Fisheries Policy*, bls. 24: „When the structural problems of the fisheries sector have been addressed and the economic and social situation within the sector has become more stable, it may be possible to reconsider the need to maintain the relative stability principle and the possibility of allowing market forces to operate in fisheries as in the rest of the EU economy."
Á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/fisheries/publications/reform/green_paper_en.htm#volume1

endurbóta á sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni, en þar segir m.a. að endurbæturnar geti með tímanum skapað hagstæðari aðstæður fyrir notkun venjulegra efnahagslegra skilyrða á sviði fiskveiða og fyrir afnámi hindrana á borð við úthlutun aflaheimilda til aðildarríkja og meginreglunnar um hlutfallslegan stöðugleika.[260]

*4.5.3.2. Söguleg veiðireynsla*

Miklu skiptir við hvaða tímabil væri miðað þegar söguleg veiðireynsla aðildarríkja er ákveðin og það mál var því rætt sérstaklega fundi nefndarinnar með sjávarútvegssérfræðingum framkvæmdastjórnar ESB. Þar kom fram að gengi Ísland í ESB myndi söguleg veiðireynsla verða miðuð við nýlegt tímabil sem gæfi eðlilega mynd af veiðum á viðkomandi stofnum undanfarin ár (recent and representative period). Ekki væri um eitthvað eitt viðmið um tíma að ræða heldur tæki tímalengdin sem miðað væri við mið af aðstæðum. Í aðildarsamningnum við Noreg hefði t.d. verið miðað við 1-10 ára tímabil eftir svæðum og tegund fiskistofna, en tímabilið sem miðað væri við þyrfti hins vegar að vera samþykkt af báðum samningsaðilum.

Það kom fram á fundinum að ekki væri lengur tekið tillit til kröfu aðildarríkja um bætur vegna tapaðra aflaheimilda við útfærslu efnahagslögsögunnar í 200 mílur, eins og gert var upphaflega.[261] Þetta viðhorf hefur verið staðfest af öðrum sem nefndin hefur rætt við, m.a. sendiherra Danmerkur hjá ESB, sem hefur mikla reynslu af samningagerð á þessu sviði.

*4.5.3.3. Kvótahopp*

Aflaheimildir sem ráðherraráðið úthlutar til aðildarríkjanna tilheyra viðkomandi aðildarríkjum og þeim er í sjálfsvald sett hvernig þau úthluta þeim innanlands. Landskvótinn er bundinn við fiskiskip sem sigla undir fána aðildarríkis og eru skrásett þar, en tilgangurinn með því er að tryggja einstökum ríkjum ákveðna hlutdeild í heildarafla sambandsins og hlutdeild í þeim ávinningi sem af veiðunum hlýst. Þar sem aflaheimildir einstakra ríkja eru minni en fiskveiðigeta skipa þeirra hefur þetta hefur hins vegar leitt til þess að útgerðarmenn í þeim ríkjum hafa skráð skip sín í öðrum ríkjum en heimalandinu og þannig öðlast rétt á aflaheimildum frá viðkomandi ríki, en þetta hefur verið nefnt kvótahopp.[262]

Til að takmarka möguleika á kvótahoppi hafa mörg ríki sett reglur um að uppfylla þurfi skilyrði um ákveðin efnahagsleg tengsl við það ríki sem úthlutar kvótanum. Kvótahopp var sérstaklega áberandi á tímabili í Bretlandi, en það skýrist af því að Bretar ákváðu upphaflega að hafa opið fiskveiðikerfi, sem leiddi til þess að auðvelt var fyrir aðila frá öðrum ríkjum að fá breska fiskveiðikvóta. Bretar breyttu því kerfi hins vegar í kjölfar mikillar gagnrýni árið 1998 og settu strangar reglur til að reyna að takmarka kvótahopp. Í þeim reglum fólst m.a. að til að fá úthlutað breskum kvóta þyrfti 75% eignarhlutur í því félagi sem fengi kvótann að vera í höndum breskra ríkisborgara með heimilisfesti í Bretlandi eða í höndum fyrirtækja sem væru skráð í Bretlandi og væru í 75% eigu breskra ríkisborgara. Dómstóll ESB úrskurðaði hins vegar að þær reglur væru of

[260] Commission (2002). *Communication from the Commission on the reform of the Common Fisheries Policy. Roadmap*, bls. 21: „If the Community takes action to address these issues, on the basis of the proposals now put forward, it will gradually create a climate that will be more favourable to the introduction of more normal economic conditions and the elimination of such barriers to normal economic activity as national allocations of fishing possibilities and the principle of relative stability." http://ec.europa.eu/fisheries/publications/facts/reform_en.pdf

[261] Þegar Spánn gekk í ESB 1986 var t.d. kröfu Spánverja um að fá hlutdeild í kvótum á grundvelli sögulegra veiða fyrir útfærslu efnahagslögsögunnar í 200 mílur hafnað af ESB.

[262] Óttar Pálsson og Stefán Már Stefánsson (2003), *Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins*, bls. 74.

strangar og í andstöðu við stofnsáttmála ESB, en taldi hins vegar að setja mætti ákveðin skilyrði um efnahagsleg tengsl.[263] Hægt væri að gera kröfu um að skip sem væri rekið frá tilteknum útgerðarstað í aðildarríki ætti almennt séð að starfa frá þeim stað og að sýnt væri fram á að skip væri rekið frá tilteknum stað í ákveðnu aðildarríki. Einnig væri hægt að gera kröfu um að daglegur rekstur og starfsemi skips ætti sér stað í ákveðnu aðildarríki, sem og að hluta af afla væri landað í þeim byggðum sem háð væru fiskveiðum.[264]

Í framhaldi af úrskurði dómstólsins breyttu Bretar sínum reglum og frá janúar 1999 þurfa breskir fiskibátar sem eru yfir 10 metrar að lengd og landa meira en 2 tonnum af kvótasettum fiski að sýna fram á efnahagsleg tengsl við fiskveiðisamfélög (fishing communities) í landinu. Það þarf að gera með því að uppfylla eitt af eftirfarandi fjórum skilyrðum:

1. Landa þarf a.m.k. 50% aflans í Bretlandi, eða
2. a.m.k. 50% áhafnar þurfa venjulega að vera búsett á bresku strandsvæði (UK coastal area), eða
3. verulegur hluti útgjalda útgerðar skips þarf að eiga sér stað á bresku strandsvæði, eða
4. sýna þarf fram á efnahagsleg tengsl með öðrum hætti (m.a. með samsetningu framangreindra þátta), til hagsbóta fyrir íbúa sem háðir eru fiskveiðum og tengdum greinum.

Þessi skilyrði voru sett til að tryggja að breskir strandbæir sem væru háðir fiskveiðum og tengdum iðnaði fengju efnahagslegan ávinning vegna þeirra fiskibáta sem veiddu breskan kvóta. Skilyrðin voru sett eftir ítarlegt samráð við framkvæmdastjórn ESB sem hefur staðfest að þessi skilyrði séu að hennar mati í samræmi við löggjöf ESB.[265]

*4.5.3.4. Fjárfestingar í sjávarútvegi*

Ísland hefur samkvæmt EES-samningnum heimild til að takmarka fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegi og í gildi eru sérstök lög þar að lútandi.[266] Á fundi nefndarinnar með sjávarútvegssérfræðingum framkvæmdastjórnar ESB kom fram að ólíklegt væri að hægt yrði að viðhalda þessum takmörkunum ef Ísland gengi í ESB, en hugsanlega væri þó hægt að halda þeim tímabundið, auk þess sem hægt væri að setja ákveðin skilyrði um efnahagsleg tengsl við Ísland, sbr. umfjöllun um kvótahopp.[267]

*4.5.3.5. Sérstök stjórnunarsvæði*

Talsvert hefur verið rætt um það hvort íslenska efnahagslögsagan gæti orðið sérstakt stjórnunarsvæði innan sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB, en undir stjórn Íslands.[268]

---

[263] Sbr. umfjöllun í *Fiskveiðiauðlindin. Ísland og Evrópusambandið*, bls. 42. Nánari umfjöllun um kvótahopp er að finna í þeirri skýrslu.

[264] Mikilvægir dómar um kvótahopp eru t.d. Jaderow-málið nr. C-216/87 og Factortame-málið nr. C-221/89. Nánari umfjöllun um helstu dóma er m.a. að finna í bók Óttars Pálssonar og Stefáns Más Stefánssonar (2003), *Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins*. Jaderow-málið má finna á vefslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:61987J0216:EN:HTML og Factortame-málið á vefslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:61989J0221:EN:HTML

[265] Árlega eru gefnar út skýrslur um hvernig útgerðir uppfylla skilyrði um efnahagsleg tengsl við Bretland. Sjá nánar: *Economic link condition*: http://www.defra.gov.uk/fish/sea/manage/index.htm

[266] Lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

[267] Í aðildarsamningi Norðmanna var samið um þriggja ára aðlögunartíma til að afnema takmarkanir á erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi.

[268] Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, ræddi t.d. þennan möguleika í ræðu í Berlín árið 2004. Sjá: http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedur-radherra/nr/1745

Almennt séð eru tvær tegundir af sérstökum stjórnunarsvæðum fyrir fiskveiðar innan sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar.

Annars vegar er um að ræða líffræðilega viðkvæm svæði (biological boxes), t.d. Hjaltlandseyjahólfið, Írska hólfið, Riga-flóa við Lettland og 25 mílna lögsögu Möltu, en í þessum tilvikum er stjórnunarsvæðið rökstutt með tilliti til verndunarsjónarmiða. Hugsanlega gæti slíkt átt við um tiltekin afmörkuð svæði við Ísland, þ.e. að hægt yrði að semja um að þau yrðu sérstakt stjórnunarsvæði á grundvelli verndunarsjónarmiða, ef það hefði ekki í för með sér mismunun á grundvelli þjóðernis.

Hins vegar eru sérstök stjórnunarsvæði sem byggjast á efnahagslegum og landfræðilegum aðstæðum á viðkomandi svæði, en þar er byggt á 299. gr. stofnsáttmála ESB, um sérákvæði fyrir stjórnsýslusvæði Frakklands utan Evrópu (Guadeloupe, French Guyana, Martinique og Réunion), Azoreyjar, Kanaríeyjar og Madeira. Þessi svæði eru afskekkt, einangruð og lítil, landslag er óhagstætt og einnig veðurfar, efnahagslífið er háð örfáum tegundum framleiðsluvara og varanleiki og samanlögð áhrif þessara þátta hefta mjög möguleika á framþróun þeirra. Þetta ákvæði getur hins vegar að mati sérfræðinga framkvæmdastjórnar ESB á sviði sjávarútvegsmála tæplega átt við um Ísland því jafnvel þó þessir þættir ættu að einhverju leyti við um Ísland væri varla hægt að segja að Ísland væri á sama þróunar- og efnahagsstigi og umrædd svæði.

Það kom fram í máli sjávarútvegssérfræðinga framkvæmdastjórnar ESB að erfitt væri að svara því hvort Ísland gæti samið um sérstakt stjórnunarsvæði, nema ef til vill þar sem hægt væri að rökstyðja að gæta þyrfti sérstakra hagsmuna, t.d. að vernda þyrfti líffræðilega viðkvæm svæði eða hagsmuni fiskimanna á einstökum svæðum. Það væri hins vegar væntanlega ekki hægt að semja um að öll 200 mílna lögsagan yrði sérstakt stjórnunarsvæði, en þar ætti reglan um hlutfallslegan stöðugleika að vernda hagsmuni Íslands.

*4.5.3.6. Brottkast*

Grundvallarmunur er á reglum ESB og Íslands um brottkast fisks því brottkast er bannað samkvæmt íslenskum lögum, en í ESB er sjómönnum skylt að sleppa eða henda meðafla og umframafla, auk þess sem óheimilt að landa fiski sem ekki stenst mál. Framkvæmdastjórn ESB hefur hins vegar verið að skoða mismunandi reglur um brottkast og skýrsla um málið er væntanleg á fyrri hluta ársins 2007. Í kjölfarið verða væntanlega nýjar tillögur frá framkvæmdastjórninni varðandi reglur um brottkast lagðar fyrir ráðherraráðið, en líklegra er að þar verði lagðar til mismunandi lausnir fyrir mismunandi svæði, frekar en að brottkast verði bannað alfarið.

Ísland gæti hugsanlega samið um bann við brottkasti í íslenskri efnahagslögsögu í aðildarsamningi sínum. Noregur náði þó einungis að semja um tímabundna þriggja ára undanþágu frá banni við brottkasti á hafsvæðinu norðan við 62°N í aðildarsamningi sínum 1994, en breytt viðhorf til brottkasts innan ESB gætu hins vegar hugsanlega auðveldað Íslandi að semja sérstaklega um þau mál.[269]

[269] Sbr. yfirlýsingu nr. 10 við aðildarsamninginn (Joint Declaration on management of fisheries resources in waters north of 62° N): http://www.legaltext.ee/text/en/T30088.htm

*4.5.3.7. Eftirlit með fiskveiðum*

Eftirlit með fiskveiðum hefur verið veikt hjá ríkjum ESB. Upplýsingar um veitt heildarmagn eru oft og tíðum óáreiðanlegar en þær miðast við landað magn fisks sem þarf ekki að vera sama magn og veitt er. Kjarni eftirlitskerfis ESB er sá að hvert aðildarríki ákveður sjálft framkvæmd eftirlits á sínu svæði eins og það telur best henta. ESB ræður yfir fámennum hópi starfsmanna til að fylgjast með eftirlitsaðilum aðildarríkjanna og nýlega hefur verið sett á stofn sérstök stofnun sem er m.a. ætlað að stuðla að betra eftirliti.[270]

*4.5.3.8. Hvalveiðar*

Hvalveiðar og viðskipti með hvalaafurðir eru bannaðar af ESB, en hvalveiðar falla undir umhverfismálastefnu ESB. Á fundi með sjávarútvegssérfræðingum framkvæmdastjórnar ESB kom fram að það væri pólitískur vilji innan ESB að banna hvalveiðar og framkvæmdastjórnin og nær öll aðildarríkin væru hlynnt banninu. Það væri því ólíklegt að Ísland gæti fengið undaþágu frá því banni.

*4.5.3.9. Alþjóðlegir fiskveiðisamningar og fiskveiðisamningar við ríki utan Evrópusambandsins*

Ísland hefur mikilla hagsmuna að gæta hvað varðar fiskveiðisamninga við önnur ríki og svæðisbundin samtök, enda hefur verðmæti þess afla sem veiðist úr úthafsstofnum og deilistofnum innan og utan 200 mílna lögsögunnar verið um eða yfir 30% af heildaraflaverðmæti alls afla undanfarin ár.

Framkvæmdastjórn ESB sér um gerð fiskveiðisamninga við fjölþjóðleg samtök og ríki utan ESB fyrir hönd aðildarríkja sambandsins. Ef Ísland gerðist aðili að ESB myndi framkvæmdastjórnin því sjá um gerð fiskveiðisamninga við önnur ríki fyrir hönd Íslands.

Í janúar 2007 voru í gildi 14 fiskveiðisamningar ESB við þriðju ríki, en þar var um að ræða samninga við Grænhöfðaeyjar, Kómoreyjar, Fílabeinsströndina, Gíneu, Gíneu-Bissá, Máritíus, Máritaníu, Marokkó, Seychelles eyjar, Salómons eyjar, Færeyjar, Noreg og Ísland. Nánari upplýsingar um þessa samninga, m.a. um heildarafla og aðildarríki sem fengið hafa kvóta samkvæmt þessum samningum, má finna á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar.[271]

Þá var Evrópusambandið í janúar 2007 einnig aðili að 11 svæðisbundnum samtökum um fiskveiðistjórnun, en þar er um að ræða eftirfarandi samtök: Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðistofnunin (North-West Atlantic Fisheries Organisation, NAFO), Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndin (North-East Atlantic Fisheries Convention, NEAFC), Suðaustur-Atlantshafs-fiskveiðistofnunin (South-East Atlantic Fisheries Organisation, SEAFO), Norður-Atlantshafs-laxverndunarstofnunin (North Atlantic Salmon Conservation Organisation, NASCO), Indian Ocean Tuna Commission (IOTC), Commission for the Conservation of Antarctic Marine Living Resources (CCAMLR), International Commission for the Conservation of Atlantic Tuna (ICCAT), General Fisheries Council for the Mediterranean (GFCM), Western Central Atlantic Fishery Commission (WECAFC), Fishery Committee for the Eastern Central Atlantic (CECAF), Commission for the Conservation and Management of Highly Migratory Fish Stocks in the

[270] Community Fisheries Control Agency, heimasíða: http://ec.europa.eu/cfca/index_en.htm
[271] *Bilateral fisheries agreements*: http://ec.europa.eu/fisheries/cfp/external_relations/bilateral_agreements_en.htm

Western and Central Pacific Ocean (WCPFC). Nánari upplýsingar um þessa samninga má finna á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar.[272]

Ísland er aðili NAFO, NEAFC, ICCAT og NASCO, auk þess að vera aðili að nokkrum tvíhliða og þríhliða fiskveiðisamningum við önnur ríki. Þar er m.a. um að ræða fiskveiðisamning við Færeyjar, loðnusamning við Grænland og Noreg, samning um kolmunnaveiðar og samning við Noreg og Rússland um veiðar í Barentshafi. Þá er í gildi tvíhliða samningur við ESB um skipti á aflaheimildum, sem felur í sér að ESB hefur heimild til að veiða 3.000 tonn af karfa í íslenskri lögsögu, en á móti fær Ísland að veiða 30.000 tonn af loðnu af aflaheimildum sem ESB hefur keypt af Grænlandi.

Við aðild að ESB yrði Ísland aðili að samningum ESB við önnur ríki og svæðisbundin samtök og fiskveiðisamningar okkar myndu renna saman við samninga ESB, en vegna reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika og sögulegrar veiðireynslu ætti það hins vegar ekki að hafa áhrif á aflahlutdeild Íslands samkvæmt þessum samningum. Það gæti hins vegar skapað vandamál að ná samkomulagi um hlutdeild Íslands í fiskistofnum sem ekki er samkomulag um skiptingu á nú þegar, t.d. karfa á Reykjaneshrygg, þó ætla megi að litið yrði til sögulegrar veiðireynslu Íslendinga í viðkomandi veiðum.

Reglan um hlutfallslega stöðugar veiðar myndi hins vegar einnig þýða að Ísland fengi ekki kvóta á svæðum eða fiskistofnum þar sem Íslendingar hefðu enga sögulega veiðireynslu.

Ísland gæti væntanlega eingöngu fengið meiri kvóta en það hefði nú ef um væri að ræða samninga um veiðar á nýjum svæðum eða samninga um nýja stofna sem önnur ESB-ríki hefðu ekki nýtt, en jafnvel í þeim tilvikum er ekki sjálfgefið að Ísland myndi fá kvóta því ráðherraráðið tekur ákvörðun um úthlutun nýrra kvóta með hliðsjón af hagsmunum hvers aðildarríkis á viðkomandi svæði.[273] Ísland ætti því væntanlega meiri möguleika á því að fá kvóta á nýjum stofnum eða nýjum svæðum sem væru í nágrenni við Ísland. Á fjarlægari svæðum ættu hins vegar ríkin sem næst væru svæðinu væntanlega meiri kröfur varðandi kvóta en Ísland.

*4.5.3.10. Sérlausnir tengdar sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins í aðildarsamningum*

Í nokkrum tilvikum hefur verið samið um tilteknar sérútfærslur á sjávarútvegsstefnu ESB í aðildarsamningum og hafa þær sérútfærslur sama lagagildi og stofnsáttmálar sambandsins. Yfirlýsingar um sjávarútvegsmál, eins og fylgdu t.d. með aðildarsamningi Norðmanna, hafa þó fyrst og fremst pólitískt gildi og geta hjálpað til við að skýra einstakar lagagreinar, en lagalegt gildi þeirra er hins vegar takmarkað.[274] Sérútfærslurnar hafa fyrst og fremst falið í sér sérstök stjórnunarkerfi sem byggjast á verndarsjónarmiðum. Það á t.d. við um þau sérstöku stjórnunarkerfi sem Malta og Lettland sömdu um, en þau byggjast á verndarsjónarmiðum og fela ekki í sér undanþágu frá sjávarútvegsstefnu ESB.

Í aðildarsamningi Möltu er að finna ákvæði um sérstakt stjórnunarsvæði fyrir fiskveiðar innan 25 mílna lögsögu. Sú lausn byggir á verndunarsjónarmiðum og felur ekki í sér undanþágu frá

[272] *Regional fisheries organisations:* http://ec.europa.eu/fisheries/cfp/external_relations/rfos_en.htm

[273] Sbr. 2. tölul., 20. gr. í reglugerð ráðherraráðsins nr. 2371/2002 of 20 December 2002 on the conservation and sustainable exploitation of fisheries resources under the Common Fisheries Policy: When the Community establishes new fishing opportunities the Council shall decide on the allocation for those opportunities, taking into account the interests of each Member State.

[274] Sbr. fyrri umfjöllun.

reglunni um jafnan aðgang heldur er byggt á stærð báta. Ákvæðið felur í sér að einungis fiskibátar sem eru innan við 12 metrar að lengd mega veiða innan 12-25 mílna, en sú útfærsla tryggir að sjómenn frá Möltu fá allan kvótann því vegna fjarlægðar frá miðunum er ekki hagkvæmt að sigla þangað frá öðrum löndum. Sérstakt leyfi þurfti til að veiða innan 25 mílna áður en Malta gekk í ESB og í aðildarsamningnum er kveðið á um að einungis þeir fiskimenn sem hafa slíkt leyfi geti veitt á svæðinu, að engin ný leyfi verði gefin út og ekki verði hægt að auka veiðar nema á grundvelli ráðgjafar vísindamanna. Nýir aðilar sem vilja hefja veiðar þurfa því að kaupa leyfi af núverandi leyfishöfum og á það við hvort sem viðkomandi aðilar eru frá Möltu eða öðru ESB-ríki.[275]

Hafa verður í huga að staða fiskveiða á Möltu er að verulegu leyti önnur en á Íslandi. Heildarafli ársins 2005 á Íslandi var rúmlega 1.667.000 tonn,[276] en heildarafli síðastliðin ár á Möltu hefur verið á bilinu 850–1.050 tonn og helstu fiskitegundir sem þar eru veiddar eru túnfiskur, gullmakríll og sverðfiskur.[277]

Lettland samdi einnig um sérstakt stjórnunarsvæði fyrir fiskveiðar í Riga-flóa á grundvelli verndunarsjónarmiða. Þar er ekki heldur um að ræða undanþágu frá reglunni um jafnan aðgang, heldur er miðað við vélarstærð fiskibáta og má vélarstærð báta sem veiða þar ekki vera yfir 221 kW. Að auki verður gerður sérstakur listi yfir fiskibáta sem leyfi hafa til að veiða í Riga-flóa til að tryggja að heildarfiskveiðigeta þeirra, mæld í vélarstærð (kW), verði ekki meiri en árin 2000-2001.[278]

Noregur hefur tvívegis sótt um aðild að ESB og í bæði skiptin var lokið við gerð aðildarsamninga, fyrst árið 1973 og síðan aftur árið 1994. Þeir samningar voru hins vegar eins og kunnugt er báðir felldir í þjóðaratkvæðagreiðslum. Noregur fékk engar varanlegar undanþágur frá sjávarútvegsstefnu ESB í aðildarsamningi sínum 1994, heldur einungis nokkrar tímabundnar undanþágur. Að auki var samið um sérstaka tímabundna útfærslu um stjórnun fiskveiða norðan við 62°N, sem er að finna í 49. gr. samningsins og sameiginlegri yfirlýsingu.[279] Sú útfærsla hefði hins vegar ekki falið í sér að Noregur myndi stjórna veiðum á því svæði nema í þann tíma sem tiltekinn er í ákvæðinu, þ.e. til 30. júní 1998, og kom það skýrt fram í máli sérfræðinga framkvæmdastjórnar ESB í sjávarútvegsmálum.

### 4.6. Evrópusambandið og íslenskur landbúnaður

Nefndin skoðaði sérstaklega hvaða áhrif aðild að ESB gæti haft í för með sér fyrir íslenskan landbúnað, sem og hugsanleg áhrif yfirstandandi samningaviðræðna um aukið frelsi í viðskipum

---

[275] Malta-EU Information Center (2002). *Agreement on Fisheries Management Zone.* Í *Aggornat*, nr. 11/2002, á vefsíðunni: http://www.mic.org.mt/AGGORNAT/special_edition/AGGSE11e_Fisheries.pdf

[276] Sbr. frétt frá Hagstofunni nr. 5/2006, http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=1777

[277] Malta-EU Information Center (2002). *Agreement on Fisheries Management Zone.* Í *Aggornat*, nr. 11/2002, á vefsíðuni: http://www.mic.org.mt/AGGORNAT/special_edition/AGGSE11e_Fisheries.pdf

[278] Þessi sérákvæði fyrir Möltu og Lettland er að finna í viðauka III við aðildarsamning þeirra, en þar eru taldar upp breytingar á gerðum ESB sem samningsaðilar hafa samið um. Sjá: *List referred to in Article 21 of the Act of Accession:* http://europa.eu.int/eur-lex/lex/en/treaties/dat/12003T/htm/L2003236EN.079201.htm

[279] 49. gr. er svohljóðandi: „Until 30 June 1998 Norway shall be authorized to set the levels of the rates of exploitation in the form of catch limitations for resources located in the waters falling under its sovereignty or within its jurisdiction north of 62°N, with the exception of mackerel. The full integration of the management of those resources into the Common Fisheries Policy after that date shall be based on the existing management regime as reflected in the Joint Declaration on the management of fisheries resources in waters north of 62°N."

með landbúnaðarafurðir á vettvangi WTO. Starfshópur á vegum utanríkisráðuneytis skilaði ítarlegri skýrslu um þessi mál í nóvember 2003 og var sú skýrsla, *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi,* kynnt sérstaklega fyrir nefndinni af Jóni Sigurðssyni, formanni starfshópsins, Martin Eyjólfssyni ritara starfshópsins og Grétari Má Sigurðssyni, þáverandi skrifstofustjóra í utanríkisráðuneyti. Einnig fékk nefndin Guðmund B. Helgason, ráðuneytisstjóra í landbúnaðarráðuneyti, á sinn fund sem og fulltrúa frá Bændasamtökunum. Umfjöllunin í þessum kafla byggist á umræðum við þessa aðila og niðurstöðum framangreindrar skýrslu.

#### *4.6.1. Áhrif Evrópusambandsaðildar á íslenskan landbúnað*

Ljóst þykir að innganga Íslands í ESB myndi m.a. leiða til samdráttar og tekjumissis í landbúnaði og afurðastöðvum, í samanburði við núverandi stuðningskerfi ríkisins við landbúnaðinn. Aðalástæðan fyrir því eru breytingar sem gera má ráð fyrir að verði á markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu vegna aukinnar samkeppni við innflutta framleiðslu. Þó eru samningstækifæri varðandi innlendan stuðning að nokkru marki.

Ef Íslendingar ganga í ESB verður búvörumarkaður hér á landi hluti af innri markaði ESB með tilheyrandi niðurfellingu tolla. Í skýrslunni *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi* frá árinu 2003 segir að þessu muni fylgja verulegar lækkanir á verði til framleiðenda hérlendis og reynsla Finna bendir einnig til nokkurrar verðlækkunar til neytenda.[280] Hver áhrifin á framleiðslu búvara verða ræðst annars vegar af því hve miklar þessar verðlækkanir verða og hins vegar hvort auknum styrkjum verður beint til landbúnaðarframleiðslu og hvernig þeir dreifast milli framleiðenda.

Í skýrslunni kemur fram að miðað við núverandi aðstæður má gera ráð fyrir að framleiðsla á mjólkurvörum muni minnka nokkuð við inngöngu Íslands í ESB og kjúklinga- og svínakjötsframleiðsla hlutfallslega enn meira. Ætla megi að samdráttur verði einnig í framleiðslu og sölu kinda- og nautakjöts. Þetta velti þó m.a. á reglum um sjúkdómavarnir og innflutning á hráu kjöti. Auk þessara greina hefur verið bent á að samdráttur verði í garðyrkju við inngöngu í ESB.[281]

Í skýrslu utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamvinnu frá árinu 2000 koma að nokkru leyti fram önnur sjónarmið, sérstaklega hvað varðar mjólkurframleiðslu og sauðfjárbúskap.[282]

Í skýrslunni *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi* kemur fram að framleiðslumagn hafi til skamms tíma skipt miklu varðandi möguleika til að fá styrki samkvæmt hinni sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB, en við endurskoðun stefnunnar minnkaði hins vegar slík tenging

---

[280] Við inngöngu Finna í ESB lækkaði verð á matvælum um u.þ.b. 10%, sbr. utanríkisráðuneytið (2003), *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi,* bls. 38.

[281] Utanríkisráðuneytið (2003), *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi.*

[282] Í skýrslunni er m.a. fjallað um áhrif ESB-aðildar á landbúnaðarmál hérlendis (bls. 204-218). Niðurstaða þess hluta er sú að aðild að ESB myndi hafa veruleg áhrif á starfsumhverfi íslensks landbúnaðar. Talað er um að sauðfjárbúskap, mjólkurframleiðslu og jafnvel nautgriparækt gæti vegnað þokkalega. Afkoma sauðfjárbænda gæti hugsanlega batnað. Samanlagður stuðningur við mjólkurbændur færi langt með að vega upp á móti afnámi beingreiðslna við hugsanlega aðild. Í skýrslunni kemur fram að tekjur nautakjötsframleiðenda myndu lækka verulega við aðild. Hvort hugsanlegar endurgreiðslur bættu þann tekjumissi sé hins vegar erfitt að meta án nákvæmari skoðunar. Þá er tekið fram að umhverfis- og harðbýlisstuðningur nýtist þessum búgreinum sérstaklega. Svínakjöts-, kjúklinga- og eggjaframleiðendum myndi vegna illa og sá búskapur jafnvel leggjast af. Þá er talað um að nokkuð öruggt sé að matvælaiðnaðurinn myndi eiga undir högg að sækja gagnvart frjálsum innflutningi og íslenskir bændur gætu lent í vandræðum með afsetningu afurða sinna.

verulega. Í skýrslunni kemur einnig fram að framleiðslumagn sem grunnur stuðningsaðgerða sé einnig samningsatriði í aðildarsamningum að ESB, en ólíklegt sé að heimildir fáist til að auka heildarstuðning við búvöruframleiðsluna frá því sem nú er.

Í síðustu endurskoðun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar var ákveðið að draga mjög úr beinum ríkisstuðningi við búvöruframleiðsluna og mæta því og fækkun starfa, með auknum stuðningi við byggðaþróun, umhverfisverkefni og aðra nýsköpun á landsbyggðinni. Enn fremur mun „grænn" stuðningur koma í stað framleiðslutengingar og framleiðsluhvata. Væntanlega munu íslensk stjórnvöld reyna svipaðar leiðir og slík úrræði eru í samræmi við stefnu WTO.

Í skýrslunni *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi* kemur fram að aðild Íslands að ESB myndi færa landbúnaðinum aðstoð sem flokkast einkum á eftirfarandi hátt:

- Framleiðslutengdir styrkir samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni. ESB fjármagnar þessa styrki að fullu, en eftir endurskoðun landbúnaðarstefnu ESB dregur mjög úr framleiðslutengdum styrkjum og í staðinn koma styrkir ótengdir framleiðslu, sem þó byggjast á sögulegri viðmiðun.
- Stuðningur við byggðaþróun, samfélög og atvinnusköpun á landsbyggðinni (svonefndir „grænir" styrkir). Þessi stuðningur beinist ekki aðeins að landbúnaði, heldur fremur að búháttabreytingum, framleiðniaukandi verkefnum og annarri atvinnusköpun á landsbyggðinni.
- Umhverfisstyrkir samkvæmt skilyrðum ESB (í Finnlandi fjármagnar ESB um 55% þeirra).
- Styrkir til harðbýlla svæða (Least Favoured Area, LFA). Í Finnlandi greiðir ESB um 30% þeirra. Þess má vænta að allt Ísland verði flokkað sem harðbýlt svæði.
- Heimildir til norðurslóðaaðstoðar (Nordic aid), líkt og Finnar og Svíar hafa, en eins og þeir verða Íslendingar sjálfir að kosta þessa aðstoð. Semja verður sérstaklega um þetta mál, m.a. umfang og ráðstöfun.

ESB hefur gert samninga í aðildarviðræðum um tímabundinn aðlögunarstuðning og um sérlausnir vegna staðbundinna aðstæðna. Í sumum tilvikum hafa slíkar sérlausnir síðan orðið hluti CAP. Til viðbótar þessu koma byggða- og þróunarstyrkir ESB (Structural Funds), en þeir renna ekki aðeins til þeirra sem stunda landbúnað. Slíkir styrkir skiptast með allt öðrum hætti milli framleiðenda búvöru en sá stuðningur sem þeir njóta nú hérlendis í formi tollverndar og styrkja.

Ekki er óhugsandi að Íslendingar geti fengið viðurkennda sérstöðu varðandi dýraheilbrigði sem varanlega reglu innan ESB. Finnar og Svíar hafa fengið sérstök svæði viðurkennd sem verndarsvæði en að öðru leyti fengið aðlögunartíma. Malta og Kýpur hafa einnig fengið viðurkennda sérstöðu á þessu sviði.

Aðildarsamningar Finna og Svía að ESB gera ráð fyrir að þeir megi sjálfir styrkja landbúnað sinn sem nemur 35% umfram önnur aðildarlönd, en ESB greiðir nú um 40% af heildarstuðningi við finnskan landbúnað. Innanlandsstuðningi Finna er fremur beint til norðurhéraðanna en til Suður-Finnlands og hækkar eftir því sem norðar dregur.

Umræður um endurskoðun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar hafa einkum beinst að því að draga úr heildarstuðningi við atvinnugreinina og minnka tengsl aðstoðar við framleiðslu og framleiðslumagn, en auka í staðinn framlög til umhverfisverndar, byggðafestu og búháttabreytinga. Við austurstækkun ESB var samið um byrjunaraðstoð sem nemur fjórðungi þeirrar aðstoðar við landbúnað sem hingað til hefur fylgt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni.

Gert er ráð fyrir að þessi aðstoð hækki síðan á aðlögunartímabili uns fullum CAP-stuðningi verður náð. Á meðan geta umsóknarríkin greitt hluta þess sem upp á vantar samkvæmt aðlögunarsamningum. Í þessu samhengi má einnig geta þess að Malta fékk styrki til byggðamála úr síðari stoð („byggðastoð") CAP á tímabilinu 2004 til 2006, en meginmarkmiðið með slíkum styrkjum er að aðlaga landbúnaðinn breyttum aðstæðum sem skapast við aðild.

Miðað við óbreytt stuðningskerfi hér á landi verður að telja að staða íslensks landbúnaðar væri verri innan ESB en utan þess. Ekki er þó hægt að útiloka að einhver sóknartækifæri og betri útflutningsmarkaðir geti skapast fyrir íslenskan landbúnað innan Evrópusambandsins.[283]

### *4.6.2. Áhrif á matvælaverð*

Nefndin skoðaði ekki sérstaklega þróun verðlags á matvörum hér á landi í samanburði við önnur lönd enda hefur þróun matvælaverðs verið til athugunar á vegum forsætisráðuneytisins, bæði áður en nefndin var skipuð og á meðan hún var að störfum. Frá aldamótum hafa einnig komið fram skýrslur og úttektir um matvælaverð á Íslandi í samanburði við Evrópulönd.

Má þar sérstaklega nefna skýrslu Hallgríms Snorrasonar, hagstofustjóra,[284] sem var formaður nefndar sem forsætisráðherra skipaði í janúar 2006 til að fjalla um helstu orsakaþætti hás matvælaverðs á Íslandi og gera tillögur sem miðuðu að því að færa það nær verðlagi nágrannaríkjanna. Nefndin komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu en formaðurinn skilaði skýrslu um vinnu nefndarinnar 13. júlí sl. Í könnun sem Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins, gerði vorið 2001 kom í ljós að verð matvara á Íslandi var um 50% hærra en að meðaltali í Evrópusambandinu. Matvörukarfa sem fékk meðaltalsgildið 100 í ESB fékk gildið 154 á Íslandi. Í skýrslu frá Samkeppniseftirlitinu frá 2005[285] kemur fram að þá hafi matvælaverð verið 42% hærra hér á landi en annars staðar í Evrópu. Verðlagseftirlit ASÍ gerði könnun á matvöruverði í verslunum í höfuðborgum Norðurlandanna í maí 2006. Þar kemur fram að verðið á matarkörfu með algengum undirstöðumatvælum sker sig úr í Reykjavík og Ósló, er 48–54% hærra en í Kaupmannahöfn og Helsinki og 85–90% hærra en í Stokkhólmi. Svipaður munur kom fram á matvælaverði milli Norðurlandanna í athugun Hagstofu ESB frá 2003, og í skýrslu hagstofustjóra er bent á að munurinn virðist fremur hafa farið vaxandi en hið gagnstæða.

Helstu niðurstöður í skýrslu hagstofustjóra um mismunandi verðlag á matvælum hér á landi og á hinum Norðurlöndunum árið 2003 má sjá í töflu 4.7 um hlutfallslegt verðlag á mat- og drykkjarvöru á Norðurlöndum 2003.

---

[283] Byggt á skýrslunni *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi*, sem starfshópur á vegum utanríkisráðuneytis skilaði árið 2003.

[284] http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/Skyrsla13072006.pdf

[285] http://www.samkeppni.is/samkeppni/upload/files/skyrslur/samnorraenar_skyrslur/nordic_food_markets.pdf

*Tafla 4.7. Hlutfallslegt verðlag á mat- og drykkjarvöru á Norðurlöndum 2003.*

| | Ísland | Danmörk | Finnland | Noregur | Svíþjóð |
|---|---|---|---|---|---|
| Matur og drykkjarvörur | 148 | 133 | 116 | 149 | 117 |
| Brauð og kornvörur | 167 | 141 | 132 | 155 | 124 |
| Kjöt | 143 | 132 | 111 | 171 | 112 |
| Fiskur | 122 | 117 | 102 | 127 | 107 |
| Mjólk. ostur. egg | 146 | 105 | 101 | 136 | 109 |
| Olía og feitmeti | 147 | 123 | 112 | 139 | 122 |
| Ávextir. grænmeti. kartöflur | 151 | 133 | 129 | 136 | 118 |
| Aðrar matvörur | 149 | 152 | 112 | 148 | 129 |
| Drykkjarvörur (óáfengar) | 155 | 168 | 130 | 161 | 126 |

Heimild: Skýrsla hagstofustjóra. *Meðaltal 15 eldri ESB ríkja = 100.

Samkvæmt þeim tölum sem taflan sýnir, var hlutfallslegt verðlag á mat og drykkjarvöru svipað á Íslandi og í Noregi árið 2003, 48-49% yfir meðaltali 15 eldri ríkja ESB. Matvælaverð hér á landi var þá 11% hærra en í Danmörku og 26-27% hærra en í Svíþjóð og Finnlandi. Ný matvöruverðskönnun fór fram um mitt ár 2006 en niðurstöður hennar hafa ekki verið birtar.

Í skýrslu formanns matvælaverðsnefndar segir: „Þrenns konar tollar og skattar eru nú lagðir á matvæli, tollur af innfluttum matvælum, vörugjöld af innfluttum og innlendum matvörum og virðisaukaskattur. Þessi skattheimta er ómarkviss og ræðst af sjónarmiðum um innflutningsvernd fyrir innlenda framleiðslu, einkum landbúnaðarframleiðslu, neyslustýringu og tekjuöflun ríkissjóðs. Virðisaukaskattur leggst á síðasta stig en tollar og vörugjöld á millistig í viðskiptum og leggst verslunarálagning og virðisaukaskattur því ofan á þessa skatta. Vörugjöld og tollar hafa þannig uppsöfnunaráhrif, brengla verðhlutföll og gefa ranga mynd af undirliggjandi verði. Þá mynda þessi gjöld skjól fyrir óeðlilega hátt verð á samkeppnis- og staðkvæmdarvörum og hið sama gildir um hærra þrep virðisaukaskatts."

Í skýrslu hagstofustjóra eru skýringar á mismun á matvælaverði hér og annars staðar ræddar með vísun til fyrri skýrslna um matvælaverð þar sem reifaðar eru helstu skýringar á háu verði matvöru hér á landi. Vitnað er til þess að í skýrslu forsætisráðherra um samanburð á matvælaverði á Íslandi, Norðurlöndum og ríkjum Evrópusambandsins, sem unnin hafi verið af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og lögð fyrir Alþingi árið 2004 séu helstu skýringarþættir taldi vera lega landsins, markaðsaðstæður, launastig og kaupmáttur, skattlagning og innflutningsvernd.

Lega landsins, óhagstætt loftslag og fjarlægð frá alþjóðlegum mörkuðum valdi því að framleiðslukostnaður verði meiri en ella, flutningskostnaður sé mikill og viðskiptakjör lakari en ella væri. Stjórnvöld geti ekki haft bein áhrif á þessa þætti en öll efnahagsumgerð þjóðarbúsins skipti hér miklu. Við þessum íþyngjandi ytri skilyrðum verði einkum að bregðast með því að skapa hér sem best framleiðslu- og viðskiptaskilyrði sem stuðla að frjálsri og opinni samkeppni og hagkvæmni í framleiðslu og viðskiptum innanlands og gagnvart útlöndum. Slík framleiðslu- og viðskiptaskilyrði séu að flestu leyti fyrir hendi hér á landi en beinar undantekningar frá þeim sé að finna í tilteknum þáttum skatta og í mikilli innflutningsvernd fyrir búvörur.

Hér á landi sé launastig tiltölulega hátt og kaupmáttur mikill. Hagfræðistofnun nefni í skýrslu sinni frá 2004, að laun séu verulegur hluti framleiðslukostnaðar og hækkun launa undanfarin ár hafi því þrýst afurðaverði upp á við. Kaupmáttur skipti þó ekki minna máli í þessu samhengi og sé bent á að alþjóðlegir framleiðendur hagi verðlagningu sinni með hliðsjón af kaupmætti og tekjum í hverju landi. Verðsetningin miðist því einatt við það sem markaðurinn sé talinn bera og

samkeppnisaðstæður leyfi fremur en að hún ráðist af kostnaðarsjónarmiðum. Þetta atriði sé ein skýring hás vöruverðs hér á landi í samanburði við þær þjóðir sem búi við minni kaupmátt en dugi skammt sem skýring á háu matvælaverði hér á landi í samanburði við hin Norðurlöndin þar sem kaupmáttur sé næsta svipaður.

Í skýrslu hagstofustjóra kemur fram að það sé samnefnt þeim athugunum, sem varða verð á matvælum og birtar hafi verið undanfarin misseri, að sú stefna stjórnvalda að vernda innlendan landbúnað fyrir samkeppni frá erlendum vörum, sé ein helsta ástæða þess hve matvælaverð er hátt hér á landi. Ein meginniðurstaðan í skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna um matvörumarkaðinn sé sú að „innflutningshömlur á landbúnaðarafurðum“ í Noregi og á Íslandi „virðist vera meginástæða þess að verðlag á matvörum í þessum tveimur löndum er mun hærra en á hinum Norðurlöndunum og í öðrum löndum Evrópu.“ Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá apríl 2004 segir meðal annars, að stuðningur við landbúnað á Íslandi sé með því mesta sem gerist í iðnvæddum ríkjum. Þar vegi tollvernd á búvörum þungt og sé sú ályktun dregin að lækka megi matarreikning landmanna töluvert væru innflutningshömlur afnumdar. Um þetta efni megi enn fremur vísa til ritgerðar Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál, Ísland og alþjóðaviðskipti[286], en þar sé ein helsta niðurstaðan sú að ábatinn við að aflétta innflutningsvernd gæti orðið ein mesta kjarabót sem heimilum hér á landi gæti áskotnast á næstu árum.

Við umræður í nefndinni komu fram tvenns konar sjónarmið. Bent var á að þar sem orsakar hins háa matvælaverðs á Íslandi væri að leita í innflutningstollum myndi afnám innflutningsverndar sem hlytist af aðild Íslands að Evrópusambandinu færa neytendum ávinning með því að knýja á um lækkun matarverðs. Í skýrslunni *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi* er m.a. fjallað um áhrif inngöngu Finnlands í ESB á landbúnaðarmál, þar á meðal samkeppni og matvælaverð. Í skýrslunni segir að við inngöngu Finnlands í ESB hafi samkeppni í landbúnaði og á matvælamarkaðnum aukist:

„Þær breytingar sem inngangan hafði í för með sér kröfðust aðlögunar finnsks landbúnaðar að breyttum aðstæðum. Mestu áhrifin fólust í umtalsvert lægra verði til framleiðenda eftir aðild. Áður var framleiðendaverð hátt en beinn stuðningur frá hinu opinbera minni. Við aðild breyttist þetta og opinber stuðningur jókst en framleiðendaverð lækkaði fyrir dýr og dýraafurðir að meðaltali um 40-45% og um 50% á korni. Eins féll landamæravernd niður, s.s. heilbrigðisskoðanir, og varð matvælaiðnaðurinn að bregðast við aukinni erlendri samkeppni. Fyrir neytendur þýddi innganga raunlækkun matvælaverðs um 10-11% og frá aðild hefur matvælaverð hækkað mun minna en verðbólga. Á árunum 1995 til 2000 hækkaði verðlagsvísitala neysluvöru um 8% en matvælaverð einungis um 2%.“[287]

Það sjónarmið kom einnig sterkt fram í nefndinni að unnt væri að ná fram svipuðum áhrifum til lækkunar matarverðs án aðildar að sambandinu, kysu stjórnvöld að grípa til sjálfstæðra aðgerða í því skyni. Ekki sé til neitt „Evrópuverð“ á matvælum og aðild að ESB snerti þetta mál aðeins að litlu leyti. Engir tollar séu á innfluttum matvælum frá ESB-ríkjum nema á búvörum, sem íslenskir bændur framleiði. Einföld lagabreyting dugi til að breyta þessu og hún sé ekki á nokkurn hátt háð því að Íslendingar gangi í ESB.

---

[286] *Tryggvi Þór Herbertsson, Halldór Benjamín Þorbergsson, Rósa Björg Sveinsdóttir*: Ísland og alþjóðaviðskipti. Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál. Desember 2005.
[287] Utanríkisráðuneytið (2003). Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi, bls. 35.

Svipað sjónarmið kemur einnig fram í fréttatilkynningu sem ASÍ sendi frá sér í tilefni af skýrslu hagstofustjóra, þar sem segir: „Í skýrslu formanns kemur fram að með breytingum á núverandi stuðningskerfi í landbúnaði, ásamt ýmsum öðrum breytingum á tollum, vörugjöldum og virðisaukaskatti af matvælum (aðallega á drykkjarvörum og sykri) væri hægt að ná matvælaverði hér á landi niður á sambærilegt stig og í Finnlandi og Svíþjóð.“

Hinn 9. október 2006 kynnti ríkisstjórnin aðgerðir til að lækka matvælaverð sem byggðust á hugmyndum, sem fram komu í skýrslu hagstofustjóra. Markmið aðgerðanna var, að matvælaverð á Íslandi yrði sambærilegt við meðalverð á matvælum á Norðurlöndunum miðað við upplýsingar um matvælaverð frá Evrópsku hagstofunni (Eurostat).

Vörugjöld af innlendum og innfluttum matvælum, öðrum en sykri og sætindum, skyldu felld niður að fullu 1. mars 2007. Virðisaukaskattur af matvælum skyldi lækka úr 14% í 7% frá 1. mars 2007. Virðisaukaskattur af öðrum matvælum sem hefur verið 24,5% skyldi lækkaður í 7% frá sama tíma. Almennir tollar á innfluttum kjötvörum úr 2. kafla tollskrár skyldu lækkaðir um allt að 40% frá 1. mars 2007. Samhliða þessu verði áfram unnið að frekari gagnkvæmum tollalækkunum og bættum markaðsaðgangi gagnvart helstu viðskiptalöndum Íslands í milliríkjasamningum sem tryggja jafnframt útflutningshagsmuni íslensks atvinnulífs.

Þá var skýrt frá því, að samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hefðu ákveðið raunlækkun á heildsöluverði mjólkurvara á næstu 12 mánuðum sem yrði náð með óbreyttu verði á þessum tíma, hinu sama og ákveðið var af verðlagsnefnd búvöru þann 1. janúar 2006.

Í svari[288] forsætisráðuneytisins 22. desember 2006 við fyrirspurn embættis talsmanns neytenda[289] segir að aðgerðir ríkisstjórnarinnar varðandi vörugjöld og virðisaukaskatt séu taldar geta leitt til rúmlega 10% lækkunar á matvælaverði. Þegar einnig sé tekið tillit til allt að 40% lækkun tolla af innfluttum kjötvörum og ákvörðunar Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði um raunlækkun á heildsöluverði mjólkurafurða megi ætla að áhrif aðgerða til lækkunar á matvælaverði geti legið á bilinu 12-13%. Til viðbótar muni virðisaukaskattur af veitingaþjónustu lækka úr 24,5% í 7%. Að öllu samanlögðu megi ætla að þessar aðgerðir geti leitt til 14-16% lækkunar á matvælalið vísitölu neysluverðs að viðbættri veitingaþjónustu.

Heildaráhrif þessara lækkana séu metin til rúmlega 2% lækkunar vísitölu neysluverðs þegar þau séu að fullu komin fram. Auk þess muni lækkun virðisaukaskatts á annarri vöru og þjónustu úr 14% í 7% geta leitt til um 0,3% lækkunar vísitölu neysluverðs þannig að samanlögð lækkun vísitölunnar gæti numið rúmlega 2,5% þegar upp er staðið. Við mat á þessum áhrifum sé einkum byggt á upplýsingum úr skýrslu formanns matvælaverðsnefndar og frá Hagstofu Íslands um vægi viðkomandi skatta og gjalda í vísitölu neysluverðs.

Mikilvægt sé að hafa í huga að verðlagning á matvælum sé að verulegu leyti frjáls og endanleg niðurstaða hvað varðar áhrif þessara aðgerða til lækkunar vöruverðs fari eftir aðstæðum á markaði hverju sinni.

---

[288] http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2464
[289] http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2464

#### *4.6.3. Samningaviðræður um landbúnaðarmál á vettvangi WTO*

Stefnuákvarðanir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), sem að líkindum koma til framkvæmda eftir 2006, munu líklega breyta öllum viðhorfum í íslenskum landbúnaðarmálum og m.a. verður þá einnig að endurmeta hugsanleg áhrif ESB og aðildar Íslendinga að ESB. Jafnframt er ljóst að ESB sjálft mun breytast á þessu sama tímabili.

Flest bendir til þess að Íslendingar haldi meira sjálfræði til mótunar eigin landbúnaðarstefnu utan ESB en innan þess. Þessa ályktun má m.a. draga af niðurstöðum nýrrar skýrslu frá hagfræðideild rannsóknastofnunar landbúnaðarins í Noregi (NILF). Eftir sem áður verða Íslendingar að fylgja nýjum stefnuákvörðunum WTO. Innan ESB kynni þó að vera að Íslendingar gætu notfært sér hluta af heildarsvigrúmi sambandsins til tiltekinna stuðningsaðgerða við landbúnað.

Alþjóðaviðskiptastofnunin er drifkraftur í endurskoðun landbúnaðarstefnu á heimsvísu. Búast má við samningum um minnkandi hindranir gegn innflutningi landbúnaðarafurða og einnig um strangar takmarkanir á ríkisstuðningi við landbúnað. Austurstækkun ESB hefur augljós áhrif á viðleitni ESB til að skapa sér samningsstöðu og til að leggja línur fyrir ríki sem hingað til hafa stutt eigin landbúnað til jafns við eða meira en ESB.

Heildarstuðningur við landbúnað á Íslandi árið 2000 var meira en 80% af hámarksheimildum samkvæmt reglum WTO. Ýmislegt bendir til að heildarstuðningur frá ESB eftir hugsanlega inngöngu Íslands geti orðið tæplega helmingur þeirra beingreiðslna sem nú eru veittar hér til framleiðenda. Af þeim sökum er ljóst að til viðbótar þessu munu umsamin viðbótarframlög skipta miklu máli sbr. reynslu Finna. Auk þess má telja víst að innlendar stuðningsaðgerðir og framlög muni hafa mikla þýðingu á sviði landbúnaðarmála hvort sem Ísland gerist aðildarland ESB eða ekki.[290]

### 4.7. Aðrar breytingar sem aðild að Evrópusambandinu hefði í för með sér

Hér að framan hefur verið farið yfir helstu álitamálin sem nefndarmenn töldu vera til staðar varðandi hugsanlega aðild Íslands að ESB. Fjölmörg önnur atriði þarf auðvitað einnig að hafa í huga þegar hugsanleg aðild að ESB er skoðuð og nokkur þeirra mála sem nefnd voru á fundum nefndarinnar eru talin upp í þessum hluta.

Það er til að mynda ljóst að aðild myndi hafa í för með sér aukna þátttöku fulltrúa Íslands í starfi ESB, sem jafnframt hefði för með sér aukið álag og kröfur um aukið starfsframlag miðað við EES-samninginn. Sú aukning myndi falla af mestum þunga á ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra Stjórnarráðsins. Aukinn ferðakostnaður félli að mestu leyti á ESB, en kostnaður við starfsmannahald gæti aukist talsvert.[291]

---

[290] Byggt á skýrslunni *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi*. Í pallborðsumræðum á ráðstefnu um Evrópumál sem Alþjóðamálastofnun HÍ hélt í nóvember 2006 sagði Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, að færi allt á versta veg í viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um landbúnaðarmál, gæti svo farið að í framtíðinni væru bændur betur settir innan ESB, en um það væri þó allt óvíst. Þetta þýddi þó ekki að Bændasamtökin hefðu skipt um skoðun um aðild að ESB. Hann benti á að í skýrslunni *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi* hefði komið fram að það yrði íslenskum landbúnaði erfitt að laga sig að aðstæðum í ESB og ekkert hefði komið fram sem breytti þeirri niðurstöðu.

[291] Utanríkisráðuneytið (2000). *Staða Íslands í Evrópusamstarfi*, bls. 42. Baldur Þórhallsson hefur skoðað hugsanleg áhrif ESB-aðildar á íslenska stjórnsýslu og komst að þeirri niðurstöðu að íslensk stjórnsýsla myndi ráða við aðild að ESB, þótt vissulega yrði það átak fyrir svo fámenna stjórnsýslu.

Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar sem mættu á fund nefndarinnar bentu á að við aðild að ESB yrðu teknar upp tilskipanir sambandsins gegn mismunum, en þær falla ekki undir EES-samninginn. Einnig hefur verið bent á það að með ESB-aðild myndu lækka skólagjöld sem íslenskir námsmenn þurfa að greiða í Bretlandi.

Meginhluti umhverfisreglna ESB hefur þegar verið tekinn upp á Íslandi með EES-samningnum, en viðkvæmar spurningar gætu vaknað í aðildarviðræðum um tiltekin atriði sem eftir eru. Þannig eru samræmdar reglur um náttúruvernd utan EES-samningsins, jafnt náttúruvætti sem verndaðir stofnar. Kæmi til aðildarviðræðna þyrfti sérstaklega að taka á veiðum á stofnum sem njóta verndar innan ESB og má nefna sem dæmi refi, rjúpur og lunda. Fremur er þetta þó formsatriði þegar um staðbundna stofna er að ræða og auðsótt hefur verið að ganga frá reglum t.d. í Svíþjóð um veiðar á björnum, elgjum og refum. Eftirlit með framkvæmd er og alfarið í höndum aðildarríkja. Þá mætti einnig ætla að hvalveiðar og selveiðar Íslendinga mættu mikilli andstöðu áhrifamikilla aðila innan ESB og gæti það orðið ásteytingarsteinn, ekki síst á vettvangi Evrópuþingsins.[292]

[292] Utanríkisráðuneytið (2000). *Staða Íslands í Evrópusamstarfi*, bls. 42.

## 5. EES, Schengen, ESB og fullveldi

Við aðild Íslands að EES- og Schengen-samningunum hafa orðið vangaveltur um fullveldi, sem og um það hvort aðildin samræmist stjórnarskránni. Hið sama gildir um hugsanlega aðild Íslands að ESB.

Fjórar lögfræðilegar álitsgerðir um stjórnarskrána og EES voru lagðar fram á Alþingi við afgreiðslu EES-samningsins. Í fyrsta lagi álitsgerð fjögurra lögfræðinga, Þórs Vilhjálmssonar, hæstaréttardómara og dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, Gunnars G. Schram, prófessors í stjórnskipunarrétti, Stefáns Más Stefánssonar, prófessors í réttarfari og Evrópurétti, og Ólafs W. Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, sem utanríkisráðherra fól að kanna málið og komust þeir að þeirri niðurstöðu, að aðild að samningnum bryti ekki í bága við stjórnarskrána. Í öðru lagi greinargerð frá Davíð Þór Björgvinssyni, þáverandi dósent við lagadeild Háskóla Íslands, sem taldi að aðild að samningnum væri ekki stjórnarskrárbrot. Í þriðja lagi greinargerð frá Birni Þ. Guðmundssyni, prófessor í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskóla Íslands, sem taldi vafa á því að samningurinn bryti í bága við stjórnarskrána og vildi þess vegna að henni yrði breytt. Í fjórða lagi greinargerð frá Guðmundi Alfreðssyni, þáverandi lögfræðingi hjá Sameinuðu þjóðunum í Genf, sem taldi að stjórnarskráin yrði brotin ef Alþingi samþykkti EES-samninginn.

Þegar gengið var til samninga um aðild að Schengen-samstarfinu fól utanríkisráðherra lagaprófessorunum Stefáni Má Stefánssyni, Davíð Þór Björgvinssyni og Viðari Má Matthíassyni að taka saman álitsgerð um það hvort væntanlegt samkomulag við Evrópusambandið um Schengen-samninginn kynni að brjóta í bága við íslensku stjórnarskrána.

Í lok álitsgerðar sinnar segja prófessorarnir:

> „Framsal á einstökum þáttum ríkisvalds, sem gert er ráð fyrir í samstarfssamningnum [um Schengen-samstarfið] er takmarkað og tekur til afmarkaðra málaflokka. Það framsal ríkisvalds, sem fjallað er um í þessari álitsgerð er takmarkaðra og fyrirsjáanlegra, en það sem felst í samningunum um EES. Við teljum því, eins og að framan greinir, að það brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Rétt þykir þó að benda á, að þótt takmarkað framsal ríkisvalds með samningum um einstök málefni, eins og Schengen-samstarfið, sé samrýmanlegt stjórnarskránni, er fyrirsjáanlegt að aukin alþjóðleg samvinna einkum milli Evrópuríkja muni kalla á frekara framsal ríksvalds. Að því kann að koma að talið verði að framsal hafi átt sér stað í of ríkum mæli miðað við reglur stjórnarskrárinnar, eins og þær eru nú. Það er því eðlilegt, þegar horft er fram á vaxandi alþjóðlegt samstarf í framtíðinni, að undirbúa og framkvæma breytingar á íslensku stjórnarskránni, til þess að koma í veg fyrir að sérstakur vafi rísi í hvert sinn, sem stofnað er til samstarfs um tiltekinn málaflokk.“[293]

Við gerð frumvarps til samkeppnislaga[294] var leitað álits Davíðs Þórs Björgvinssonar, núverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, á því hvort frumvarpið stangaðist á við stjórnarskrána. Hann taldi svo ekki vera og sagði að væri tekið mið af sjónarmiðum um breytilega skýringu stjórnarskrárinnar sem fælu í sér allmikið svigrúm fyrir hinn almenna löggjafa til að skýra og beita stjórnarskránni í samræmi við ríkjandi viðhorf í stjórnmálum í víðum skilningi, almenna

[293] http://www.althingi.is/altext/125/s/0240.html
[294] http://www.althingi.is/altext/131/s/0883.html

þjóðfélagsþróun og þróun alþjóðasamskipta, mætti færa veigamikil rök fyrir því að löggjafanum væri játuð heimild til framsals ríkisvalds innan þeirra marka sem eftirfarandi regla setti:

„Framsal valdheimilda ríkisins til alþjóðlegra stofnana er að vissu marki heimilt að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum: (i) að framsalið sé byggt á lögum, (ii) það sé afmarkað og vel skilgreint, (iii) það sé ekki verulega íþyngjandi, hvorki fyrir íslenska ríkið né þegnana, (iv) það sé byggt á samningi sem kveði á um gagnkvæm réttindi og skyldur og mæli fyrir um samsvarandi framsal ríkisvalds annarra samningsríkja, (v) að hinar alþjóðlegu stofnanir sem vald er framselt til byggist á lýðræðislegum grundvelli og að þær viðurkenni almennar meginreglur um réttláta málsmeðferð og réttláta stjórnsýslu, (vi) að framsalið leiði af þjóðréttarsamningi sem stefnir að lögmætum markmiðum í þágu friðar og menningarlegra, félagslegra eða efnahagslegra framfara, (vii) framsalið má ekki leiða til þess að skert séu réttindi þegnanna sem vernduð eru í stjórnarskrá, (viii) framsalið sé afturkallanlegt.“

Með vísan til þess sem hér er sagt er ljóst að lögfræðingar telja að þeir samningar sem gerðir hafa verið til þessa við Evrópusambandið, EES-samningurinn og Schengen-samningurinn, standist stjórnarskrána. Þá hefur verið kynnt regla, sem er einskonar lögfræðilegur kvarði við mat á því hve langt er unnt að ganga innan marka stjórnarskrárinnar.

Allir stjórnmálaflokkar eru sammála um að aðild Íslands að ESB sé þess eðlis að hún kalli á breytingar á stjórnarskrá. Setja þyrfti í stjórnarskrá ákvæði sem heimilaði framsal ríkisvalds til yfirþjóðlegra stofnana áður en að aðild að ESB gæti tekið gildi.

## 6. Niðurstöður og tillögur nefndarinnar

Nefndin telur að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) hafi staðist tímans tönn og að hann sé sá grundvöllur sem samskipti Íslands og ESB byggjast á og rétt er að þróa áfram.

Breytingar innan Evrópusambandsins, aukið vægi þings þess og fjölgun aðildarríkja hafa ekki hróflað við EES-samningnum. Íslensk stjórnvöld, Alþingi og ríkisstjórn, hafa hrundið ákvörðunum vegna aðildarinnar skipulega í framkvæmd og þær stofnanir, sem eiga að fylgjast með framkvæmd samningsins, eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og EFTA-dómstóllinn hafa orðið virkir þátttakendur í framkvæmdinni gagnvart Íslandi.

Schengen-samstarfið verður sífellt viðameira. Innan Evrópusambandsins gætir þeirrar viðleitni, að samvinna ríkjanna á sviði laga og réttar verði ekki lengur á grundvelli þjóðréttarsamninga eins og nú er heldur flytjist undir fyrstu stoð sambandsins og þar með meirihlutaákvarðanir á vettvangi þess. Framkvæmd Schengen-samningsins hvílir efnislega á dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stofnunum þess. Nauðsynlegt er að fylgjast náið með laga- og stofnanaþróun á þessu sviði innan Evrópusambandsins.

Það er mat nefndarinnar, að framkvæmd EES- og Schengen-samninganna hafi almennt gengið vel. Ágreiningsefni hafa verið leyst innan ramma samninganna, en það verður ekki gert án góðrar eftirfylgni. Þegar á heildina er litið telur nefndin, að vel hafi til tekist á vettvangi Alþingis og framkvæmdavaldsins að vinna að framgangi mála á grundvelli EES- og Schengen-samninganna og vel hefur tekist til við að gæta hagsmuna Íslands þegar litið er til þátttöku í nefndum, aðlagana og við stækkun EES 2004. Ráðuneytin og sendiráð Íslands í Brussel gegna lykilhlutverki við þessa hagsmunagæslu, en í sendiráðinu starfa ekki aðeins embættismenn úr utanríkisráðuneytinu heldur einnig frá öðrum ráðuneytum. Við framkvæmd Schengen-samningsins hvílir meginþunginn á dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og starfsmönnum þess. Nefndin telur mikilvægt að tryggð verði öflug starfsemi á vegum ráðuneyta og sendiráðsins í Brussel og jafnframt lögð rækt við náið samstarf við starfsmenn EFTA, sem búa yfir mikilli þekkingu á öllum álitaefnum vegna framkvæmdar EES-samningsins. Í tillögum nefndarinnar felst síður en svo gagnrýni á hið góða starf, sem unnið hefur verið á þessum vettvangi á undaförnum árum, heldur ber að líta á þær, sem ábendingu um, hvert stefna skuli til að styrkja þessa hagsmunagæslu enn betur.

Nefndin er sammála um að æskilegt sé að samskipti Íslands við Evrópusambandið verði aukin á ýmsum sviðum og er víða að finna ábendingar þess efnis í skýrslu nefndarinnar. Þar má nefna að Íslendingar taka þegar virkan þátt í tæplega 200 nefndum og sérfræðingahópum framkvæmdastjórnar ESB en full ástæða er til að efla þá þátttöku og nýta með því enn frekar þau tækifæri sem gefast til að hafa áhrif á stefnumótun sambandsins í þessum efnum. Þá telur nefndin miklu skipta að fylgjast náið með því, hvernig samstarf Evrópusambandsríkjanna þróast á sviði utanríkis- og öryggismála.

Í stuttu máli telur nefndin nauðsynlegt að Ísland leggi áherslu á aukna þátttöku stjórnmálamanna og embættismanna í hagsmunagæslu tengdu Evrópusamstarfi, með það að markmiði að auka áhrif Íslands á mótun og töku ákvarðana á þessum vettvangi. Í því sambandi telur nefndin sérstaklega mikilvægt að hugað sé að eftirfarandi atriðum:

**1. Tengsl stjórnmálamanna.**

**A. Ríkisstjórn.**

1. Á vettvangi Stjórnarráðsins er nauðsynlegt að samhæfa á öflugan hátt frumkvæði, hagsmunagæslu og eftirfylgni við framkvæmd EES-samningsins. Tryggð verði á einum stað í Stjórnarráðinu sýn yfir þróun samskiptanna við ESB og samræmd samvinna við einstök ráðuneyti við úrlausn mála.
2. Ríkisstjórn gefi Alþingi árlega skýrslu um þróun EES- og Schengen mála, sem og um helstu stefnumál ríkisstjórnarinnar í samskiptum við Evrópusambandið.
3. Ríkisstjórn kynni Alþingi tillögur framkvæmdastjórnar ESB um nýjar gerðir, helstu breytingartillögur ráðherraráðs og Evrópuþings, samþykktar gerðir, ESB-áætlanir, grænbækur, hvítbækur og önnur stefnumótandi skjöl svo fljótt sem unnt er.
4. Lögð verði rík áhersla á að fylgjast með áhersluatriðum forysturíkis Evrópusambandsins hverju sinni og ræða við ráðherra eða embættismenn þess, ef meðal þeirra eru álitaefni, sem sérstaklega snerta hagsmuni Íslands.
5. Ráðherrar og ráðuneyti haldi góðum tengslum við stjórnanda síns málaflokks innan framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og skrifstofu hans.

**B. Alþingi.**

1. Kjörin verði Evrópunefnd á Alþingi, sem fylgist með tengslum Íslands og Evrópusambandsins, einkum framkvæmd EES-samningsins en einnig lagaþróun á vettvangi Schengen-samstarfsins.
2. Alþingi eigi fulltrúa í sendiráði Íslands í Brussel, sem fylgist með framvindu mála í samskiptum þings Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar og miðli upplýsingum til Evrópunefndar og fastanefnda þingsins.
3. Fastanefndir Alþingis eigi þess kost að fylgjast með þróun einstakra EES-gerða á sínu verksviði.
4. Evrópunefnd Alþingis og fastanefndir fái reglulega lista yfir tillögur framkvæmdastjórnar ESB, sem síðar kunna að verða teknar upp í landsrétt sem lög eða stjórnvaldsreglugerðir.
5. Þingflokkum sé gert kleift að rækta samskipti við systurþingflokka á Evrópuþinginu.

**2. Tengsl embættismanna.**

1. Réttur til fundarsetu í nefndum og sérfræðingahópum framkvæmdastjórnar ESB sé nýttur sem best til gæslu íslenskra hagsmuna.
2. Innan Stjórnarráðsins sé ferðasjóður til að auðvelda einstökum ráðuneytum á grundvelli rökstuddra umsókna að senda fulltrúa sína eða sérfræðinga til funda í Brussel. Þá verði einnig skapað fjárhagslegt svigrúm til að bregðast við útgjöldum, ef einstök mál krefjast sérstakrar athygli.
3. Þá verði einnig skapað fjárhagslegt svigrúm til að bregðast við útgjöldum, ef einstök mál krefjast sérstakrar athygli.
4. Starfsmenn ráðuneyta og opinberra stofnana fái aukin tækifæri til að starfa tímbundið hjá EFTA, ESA og EFTA-dómstólnum til að auka reynslu og þekkingu þeirra á ESB og EES-samstarfinu.
5. Starfsmenn ráðuneyta og opinberra stofnana fái tækifæri til að starfa sem sérfræðingar á kostnað íslenska ríkisins hjá framkvæmdastjórn ESB, ef áhugi er fyrir slíku af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

6. Tryggð sé virk þátttaka embættismanna og sérfræðinga í nefndum vegna Schengen-samstarfsins.

**3. Samstarf innan EFTA.**
Nefndin telur miklu skipta, að lögð sé rækt við samstarf EFTA-ríkjanna við framkvæmd EES-samningsins. Á vettvangi EFTA er unnið að öflun upplýsinga og stuðlað að því að miðla þeim til þeirra, sem hlut eiga að máli, auk þess sem starfsmenn EFTA taka þátt í fjölda funda með fulltrúum ESB og fylgjast náið með því, sem er að gerast á vettvangi ESB. Er það mat nefndarinnar, að virk aðild Íslands að allri starfsemi EFTA sé mikilvægur liður í því að rækta góð tengsl við ESB.

Á vegum EFTA starfa mikilvægar stofnanir, sem fylgjast með framkvæmd EES-samningsins, það er eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og EFTA-dómstóllinn. Í báðum þessum stofnunum eru Íslendingar í forystu og hefur að mati nefndarinnar tekist vel að skipa þessum stofnunum þann sess, sem þeim ber samkvæmt EES-samningnum.

**4. Aukin upplýsingagjöf.**
1. Stofnaður verði gagnabanki á grundvelli upplýsinga frá ráðuneytum og EFTA um þátttöku Íslands í nefndum og sérfræðingahópum ESB.
2. Birtur verði opinberlega rafrænn listi yfir nefndir og sérfræðingahópa ESB með aðild Íslands sem og aðrar nefndir og sérfræðingahópa ESB sem Ísland / EES/EFTA-ríkin hafa aðgang að.
3. Árlega sé birt tölfræði um þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB með upplýsingum um þátttökugjald og styrki.
4. Árlega sé birtur listi yfir lög og stjórnvaldsreglur, sem samþykkt eru eða settar á grundvelli aðildarinnar að EES- og Schengen-samningunum.
5. Árlega sé birtur listi yfir fjölda gerða sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn viðkomandi ár, tegundir þeirra (tilskipanir, reglugerðir o.s.frv.) og uppruna (þ.e. hvort þær komi frá framkvæmdastjórn, ráðherraráði eða ráðherraráði og Evrópuþingi).

**5. Samstarf hagsmunaaðila.**
Víðtækt samstarf hefur þróast milli ýmissa hagsmunasamtaka á Evrópuvettvangi. Nefndin telur, að samvinna af þessu tagi sé til þess fallin að treysta tengslin við Evrópusambandið og stuðla að víðtækari umræðum en ella væri um þau málefni, sem snerta Ísland sérstaklega á hinum evrópska vettvangi.

**6. Upplýsingagjöf til almennings.**
Nefndin telur mikilvægt að almenningur hafi tækifæri til að kynna sér þátttöku Íslands í Evrópusamstarfi og skýrt verði hver hafi ábyrgð á því innan Stjórnarráðsins að tryggja aðgengi almennings að slíkum upplýsingum.

**7. Kennsla á sviði Evrópufræða.**
Eftir viðræður við fulltrúa íslenskra háskóla er nefndinni ljóst að á þeim vettvangi er mikill og vaxandi áhugi á Evrópufræðum. Fjöldi námskeiða í Evrópufræðum eru í boði innan háskólanna og sífellt fleiri námsmenn afla sér þekkingar á þessu sviði. Nefndin fagnar þessari þróun og telur hana nauðsynlega til að efla þekkingu á þátttöku Íslands í Evrópusamstarfi.

Nefndin telur skynsamlegt fyrir ráðuneyti að gefa námsmönnum tækifæri til þess að kynnast Evrópusamstarfi á þeirra vegum, til dæmis með starfsnámi eða þátttöku í fundum í Brussel og við greiningu á einstökum viðfangsefnum á vettvangi Evrópusamstarfsins.

**8. Schengen-samstarfið.**
Nefndin lítur á það sem mjög mikilvægan þátt í starfi sínu, að hafa kynnt sér rækilega þróun Schengen-samstarfsins og stofnanir, sem komið hafa til sögunnar vegna þess. Hvetur nefndin til virkrar þátttöku Íslands í þessu samstarfi, sem snýst í æ ríkara mæli um gæslu öryggis og samvinnu í því skyni að sporna við alþjóðlegri glæpastarfsemi.

**9. Niðurstöður og álitamál vegna ESB-aðildar.**
Nefndinni var ekki ætlað að taka afstöðu til þess, hvort Íslendingar ættu að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þetta mál bar að sjálfsögðu á góma í störfum nefndarinnar og var meðal annars rætt á fundum hennar í Brussel við Olli Rehn, sem fer með stækkun Evrópusambandsins í framkvæmdastjórn þess. Í skýrslunni kemur fram, að búast megi við, að aðildarferlið gagnvart Evrópusambandinu tæki 2-3 ár en þar er einnig vakið máls á því, að hér heima fyrir þyrfti að breyta stjórnarskrá og efna til þjóðaratkvæðagreiðslu vegna framsals á fullveldi þjóðarinnar.

Í skýrslunni er einnig farið yfir undanþágur og sérlausnir sem aðildarríki ESB hafa samið um, auk þess sem fjallað er um helstu álitamál varðandi hugsanlega aðild Íslands að ESB, þar á meðal upptöku evrunnar og sjávarútvegs- og landbúnaðarmál.

Nefndin taldi eðlilegt, að í niðurstöðum hennar ættu einstakir nefndarmenn þess kost að lýsa afstöðu sinni til ESB-aðildar og þeirra álitamála, sem þar bæri hæst að þeirra mati.

Hér á eftir fylgja álit nefndarmanna.

***Álit Hjálmars Árnasonar og Jónínu Bjartmarz, fulltrúa Framsóknarflokksins:***

Framsóknarflokkurinn lýsir sérstakri ánægju með skýrslu Evrópunefndar ríkisstjórnarinnar, sem er tímabær og mikilvæg viðbót í umræðu um Evrópumál á Íslandi.

Ísland er Evrópuþjóð og framtíð þjóðarinnar liggur í nánu samstarfi við aðrar þjóðir innan Evrópu. Sú stefna var í reynd vörðuð fyrir fimmtán árum síðan þegar samningurinn um evrópska efnahagssvæðið (EES) var undirritaður. Þróun EES samstarfsins og samstarfs því tengdu hefur síðan orðið æ víðfeðmara.

Því er ljóst að hvort heldur Ísland kýs að verða aðili að Evrópusambandinu (ESB) í náinni framtíð eða ekki er Evrópusamstarfið mikilvægasta og umfangsmesta alþjóðasamstarf sem Ísland tekur þátt í. Áhrif þess á réttar- og stjórnafar eru ótvíræð hið sama gildir um efnahagslegt mikilvægi þess.

Efnahags- og myntsamstarf Evrópu hefur þegar bein áhrif á íslenskt efnahagslíf, en þorri ríkja Evrópusamstarfsins eru aðilar að því eða stefna að fullri aðild. Á árinu 2006 var rúmlega 48% alls vöruinnflutnings til Íslands frá núverandi og verðandi evrulöndum. Um 58% alls vöruútflutnings fór til þessara sömu landa. Alls kemur yfir 70% vöruinnflutnings frá EES-svæðinu og yfir 80% vöruútflutnings fer á EES-svæðið. Mikilvægi Evrópu í utanríkisviðskiptum Íslands er því óumdeilt og án hliðstæðu.

Hvort Ísland eigi að sækja um aðild að ESB telur Framsóknarflokkurinn að þeirri spurningu verði fyrst svarað í kjölfar upplýstrar almennrar umræðu óháð flokkadráttum. Skýrsla Evrópunefndarinnar er mikilvægt skref í þá átt. Framsóknarflokkurinn telur jafnframt að langvarandi jafnvægi og varanlegur stöðugleiki í efnahagsmálum sé ein meginforsenda hugsanlegrar aðildar að Evrópusambandinu. Þannig geta Íslendingar byggt ákvarðanir sínar á styrkleika og í samræmi við sinn eigin metnað og vilja, sem frjáls og sjálfstæð þjóð. Framsóknarflokkurinn telur ennfremur nauðsynlegt að stjórnarskrá Íslands verði aðlöguð nýjum veruleika í Evrópu- og alþjóðasamstarfi, meðal annars til þess að tryggja að þátttaka Íslands í því sé hafin yfir allan vafa í nútíð og framtíð.

Þótt Framsóknarflokkurinn telji ekki ástæðu til stefnubreytingar varðandi aðild Íslands að Evrópusambandinu á þessum tímapunkti er ljóst að aðstæður og forsendur geta breyst, jafnvel með skömmum fyrirvara. Þannig vekur Framsóknarflokkurinn sérstaka athygli á því að hann er eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem unnið hefur að skilgreiningu samningsmarkmiða fyrir Íslands hönd ef til aðildarviðræðna við Evrópusambandið kæmi.

Með tilliti til hugsanlegra aðildarviðræðna í framtíðinni er mikilvægt að Íslendingar gefi sér ekki niðurstöður fyrirfram. Fordæmi sýna að tekið er tillit til sérstöðu ríkja og samningsmarkmið Íslands myndu ávallt hafa að leiðarljósi þjóðarhagsmuni og sérstöðu landsins, yfirráð yfir auðlindum og nauðsynlega aðlögun.

Til að tryggja framtíðarhagsmuni þjóðarinnar telur Framsóknarflokkurinn mikilvægt að áfram verði unnið að stefnumótun og markmiðasetningu Íslands í Evrópusamstarfi. Framsóknarflokkurinn hefur verið leiðandi afl í upplýstri og raunsærri umfjöllun og umræðu um Evrópumál. Kreddulaus og vönduð umræða byggð á bestu fáanlegum upplýsingum er grunnforsenda skynsamlegrar ákvörðunartöku í Evrópumálum. Fyrir því mun Framsóknarflokkurinn áfram beita sér.

**Álit Brynjars Sindra Sigurðssonar, fulltrúa Frjálslynda flokksins:**

Frjálslyndi flokkurinn hefur allan vara á um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Aðild kemur ekki til greina á meðan reglur sambandsins eru óbreyttar í fiskveiðimálum.

Reglur Evrópusambandsins í fiskveiðimálum, þ.e. hin sameiginlega fiskveiðistefna sambandsins, kveður t.a.m. á um jafnan aðgang aðildarríkjanna að öllum miðum á ESB svæðinu. Þetta er túlkað svo að öll aðildarríki ESB hafa ótvíræðan rétt fyrir fiskiskip sín til veiða á öllum miðum aðildarríkjanna.

Þrátt fyrir að reglan um hlutfallslegan stöðugleika myndi veita Íslendingum mestar veiðiheimildir á svæðinu, þá myndi ráðherraráð ESB ávallt hafa völd til að breyta því síðar án þess að Ísland hefði samningsstöðu í málinu.

Á Íslandi er staðan í sjávarútvegi sú að atvinnuréttur fólksins í greininni, þ.e. kvótinn, er til sölu á frjálsum markaði. Þó eru takmarkanir varðandi fjárfestingar erlendra aðila.

Ef svo færi að Ísland gerðist aðili að ESB þá má telja nær útilokað að samningar næðust um takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í ákveðnum greinum, þar sem slíkt bryti í bága við meginsjónarmið Evrópusambandsins. Það væri sérlausn sem ætti sér enga hliðstæðu í langri sögu sambandsins.

Frjálslyndi flokkurinn telur almennt að íslensku þjóðinni hafi farnast vel sem sjálfstæðri þjóð utan ESB. Varlega eigi því að fara í aðildarumsókn, sem ekki er tímabær að óbreyttu.

**Álit Ágústs Ólafs Ágústssonar og Össurar Skarphéðinssonar, fulltrúa Samfylkingarinnar:**

Skýrslan undirstrikar framsýni þeirra sem börðust fyrir aðild Íslands að EES á sínum tíma. EES-samningurinn hefur valdið grundvallarbreytingum á íslensku samfélagi. Hann var alger forsenda þeirrar útrásar sem einkennt hefur íslenskt atvinnulíf á undanförnum árum og hefur skapað íslenskum fyrirtækjum raunhæfar samkeppnisforsendur á stórum heimamarkaði. Ísland er þegar hluti af evrópsku efnahagslífi. Innri markaður ESB er í dag heimamarkaður Íslands. Ísland er hins vegar útilokað frá mikilvægum hlutum samstarfs aðildarríkja ESB og hefur engan rétt til þess að taka þátt í ákvörðunum sem varða framtíð þjóðarinnar. EES-samningurinn veldur því líka að hvorki fólk né fyrirtæki verða bundin vistarbandi – ef Ísland býður ekki upp á sambærilegar aðstæður og bjóðast í öðrum löndum er fólki og fyrirtækjum frjálst að fara. Íslensk stjórnvöld eru því í samkeppni við aðildarríki ESB um að tryggja fyrirtækjum og fólki sem bestar aðstæður til að dafna.

Þessar staðreyndir valda því að stefnumörkun um stöðu Íslands gagnvart ESB er eitt stærsta viðfangsefni í íslensku efnahagslífi og mikilvægt hagsmunamál almennings. Brotakennd aðlögun Íslands að Evrópusamrunanum er þjóðinni skaðleg til lengri tíma litið.

Það er grundvallarafstaða Samfylkingarinnar að Ísland eigi að sýna metnað og hugrekki í samskiptum við önnur ríki. Í því felst að taka fullan þátt í Evrópusamstarfinu, enda ljóst að heildarhagur okkar af þátttöku í því er margfaldur á við mögulega ókosti. Stefnumörkun sem felur í sér endalausar sérlausnir fyrir Ísland, án áhrifa og án tillöguréttar, veldur því að sundur kann að draga milli Íslands og þeirra landa sem við viljum bera okkur saman við og setur landið á sess með áhrifalausum smáríkjum í Evrópu. Metnaðarfull þátttaka frjálsrar þjóðar í alþjóðlegu samstarfi er nauðsynleg forsenda þess að Ísland sé áfram eftirsóknarvert sem heimaland kraftmikils fólks og framsækinna fyrirtækja.

Eitt brýnasta úrlausnarefni íslenskra stjórnmála á næstu árum er að koma á efnahagslegum stöðugleika. Það er erfiðleikum bundið í opnu, alþjóðlegu hagkerfi, með jafn lítinn og viðkvæman gjaldmiðil og krónuna. Í ólgusjó alþjóðlegra fjármagnshreyfinga getur örmynt átt erfitt með að standast ákvarðanir fjársterkra aðila í öðrum löndum sem kaupa og selja skuldabréf í íslenskum krónum. Spákaupmennskan með krónuna getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslensk fyrirtæki og íslenskan almenning. Miklar sveiflur í gengi krónunnar draga úr trúverðugleika hagkerfisins í augum erlendra fjárfesta og allur verðsamanburður verður erfiðari og samkeppni minni. Allt hefur þetta í för með sér velferðartap fyrir íslensk samfélag sem engin ástæða er til að sætta sig við. Margt bendir jafnframt til þess að mörg íslensk fyrirtæki séu einfaldlega að verða of stór fyrir krónuna og því sækja þau eðlilega í uppgjör, skráningu og rekstur í erlendri mynt. Hinn kosturinn sem þau standa frammi fyrir er að flytja starfsemi sína á annað og öflugra myntsvæði.

Afstaða Samfylkingarinnar er sú að hér fari hagsmunir atvinnulífsins og almennings saman. Mikilvægt er að búa svo í haginn að íslensk fyrirtæki reki sig ekki í glerþak þegar þau eru komin í ákveðna stærð og telji sig tilneydd að flytja höfuðstöðvar úr landi. Aðild að efnahags- og myntbandalagi Evrópusambandsins kann að reynast nauðsynleg til að vernda hagsmuni vaxandi

alþjóðlegra fyrirtækja á Íslandi, íslenskra neytenda og íslensks efnahagslífs í heild. Aðild að Evrópusambandinu er eðlilegt skref í árangursríkri alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs. Það er jafnframt mikilvægt að tryggja almenningi í landinu aðgang að þeirri kjarabót sem fæst með efnahagslegum stöðugleika og lægri vöxtum á evrusvæðinu. Um 70% af utanríkisviðskiptum Íslendinga er við ríki Evrópusambandsins. Við aðild að Evrópusambandinu og myntbandalaginu lækkar viðskiptakostnaður íslenskra fyrirtækja, tollar milli Íslands og annarra ESB-ríkja myndu falla niður, viðskipti ykjust og kjör neytenda batna stórlega m.a. vegna lægra matvælaverðs. Smáríkjum á jaðri Evrópusambandsins, s.s. Finnlandi og Írlandi, hefur vegnað einstaklega vel innan Evrópusambandsins og myntbandalagsins.

Samvinna ESB á sviði utanríkis- og öryggismála er í þróun. Með brottför varnarliðsins árið 2006 lauk í reynd nánu samstarfi Íslands og Bandaríkjanna á sviði varnarmála. Eftir stendur varnarsamningur sem skilar Íslandi litlu öðru en því sem leiðir af aðild Íslands að NATO. Stjórnvöld eru enda nú þegar í óða önn að leita samninga við nágrannaríki í Evrópu um samstarf um varnar- og öryggismál. Mikilvægt er að Ísland taki fullan þátt í mótun sameiginlegrar stefnu ESB á sviði varnar- og öryggismála. Þannig yrði skotið styrkari stoðum undir stefnumörkun á þessu sviði til lengri tíma litið og sú stefnumörkun sett í eðlilegt samhengi evrópskrar samvinnu.

Ein mikilvæg niðurstaða þessarar skýrslu er að samkvæmt núverandi reglum ESB munu veiðiheimildir í íslenskri lögsögu falla í hlut Íslendinga, með hliðsjón af reglunni um hlutfallslegan stöðugleika sem byggist á sögulegri veiðireynslu. Sú regla hefur verið og er enn sá grunnur sem sameiginlega sjávarútvegsstefnan byggir á. Við vinnu skýrslunnar kom ekkert í ljós sem bendir til að það breytist.

Ekki er síður mikilvægt úr rannsókn nefndarinnar að enga undanþágu þarf til að tryggja að Ísland hefði forræði á úthlutun kvóta í íslenskri lögsögu. Söguleg veiðireynsla annarra þjóða miðast „við nýlegt tímabil sem gæfi eðlilega mynd af veiðum undanfarin ár.“ Þar sem ekkert ríkja Evrópusambandsins hefur veitt svo neinu nemur í íslenskri landhelgi undanfarna þrjá áratugi þarf enga undanþágu til að tryggja forræði okkar á veiðum í lögsögu landsins. Reglur Evrópusambandsins mæla skýrt fyrir um það. Ráðleggingar íslenskra vísindamanna um leyfilegt heildarmagn á Íslandsmiðum yrðu sömuleiðis áfram grundvöllur á ákvörðun um heildarkvóta. Af hálfu Íslands ætti því vel að vera hægt í aðildarviðræðum að staðfesta til frambúðar með sérstökum hætti að Ísland hafi yfirráð yfir úthlutunum veiðiheimilda úr staðbundnum stofnum í íslenskri lögsögu. Í þessu samhengi er rétt að undirstrika að aðildarsamningur hefur sömu réttarstöðu og sáttmálar ESB.

Samkvæmt reglum Evrópusambandsins getur sérhvert ríki tekið ákvörðun um hvernig þeim veiðiheimildum sem því falla í skaut er ráðstafað. Aðildarríkin sjálf annast eftirlit í sinni lögsögu og hægt er að gera kröfu um að sjávarútvegsfyrirtæki hafi raunveruleg og efnahagsleg tengsl við það landsvæði sem reiðir sig á veiðarnar. Margs konar leiðir eru því til staðar svo hægt megi koma í veg fyrir svokallað kvótahopp. Við aðild að Evrópusambandinu gætu veiðimöguleikar íslenskra útgerðarfyrirtækja jafnframt aukist í krafti tvíhliða samninga sem ESB gerir um veiðiheimildir við strendur fjölmargra ríkja.

Að öðru leyti má gera ráð fyrir að aðild Íslands að ESB verði til að styrkja íslenskan sjávarútveg og auka samkeppnishæfni hans. Á sama hátt og EES-samningurinn aflétti hömlum á erlendum fjárfestingum og starfsemi í öðrum atvinnugreinum, mun aðild að Evrópusambandinu þýða að

hömlum á fjárfestingum og samstarfi erlendra aðila í sjávarútvegi verði aflétt. Sama má að sínu leyti segja um áhrif aðildar á íslenskan landbúnað, þar sem aðild myndi í senn auka á samkeppnishæfni greinarinnar, opna innlendri framleiðslu nýja markaði þar sem hún gæti keppt í krafti einstakra gæða, og jafnframt stuðlað að lægra verði landbúnaðarvöru á markaði fyrir neytendur. Engin þjóðhagsleg rök eru fyrir því að viðhalda höftum gagnvart nágrannaríkjum okkar í Evrópusambandinu í þessum atvinnugreinum.

Með aðild Íslands að ESB myndi sambandið taka yfir forræði við gerð fríverslunarsamninga við önnur ríki. Ísland hefur nú fríverslunarsamninga við ýmis ríki, sem allir utan einn hafa verið gerðir í samvinnu við samstarfsríki í EFTA. Í flestum tilvikum hafa EFTA-ríkin nýtt tækifæri til samningsgerðar sem opnast hafa í kjölfar samninga ESB við önnur ríki. EFTA-ríkin hafa með öðrum orðum, með Ísland innanborðs, fylgt í kjölfar ESB í gerð fríverslunarsamninga í þeirri viðleitni að tryggja fyrirtækjum í EFTA-ríkjunum sama markaðsaðgang og fyrirtæki í ESB njóta. ESB hefur í dag stærsta net viðskiptasamninga í heiminum og nýtur þess í sínum samningum að vera ekki aðeins stærsti einstaki viðskipaaðili heims, heldur einnig sá aðili sem hefur stærstan innri markað og sá aðili sem veitir meira en helming allrar þróunaraðstoðar í heiminum. Það er því fráleitt að ætla að aðild Íslands að ESB myndi á einhvern hátt verða íslenskum fyrirtækjum til tjóns varðandi aðgang að mörkuðum utan sambandsins. Þvert á móti myndi samstarf með öflugum samstarfsríkjum í Evrópusambandinu í alþjóðlegum viðskiptasamningum styrkja hagsmuni íslenskra fyrirtækja.

Í aðild að ESB felst að sjálfsögðu framsal ríkisvalds til sameiginlegra stofnana Evrópusambandsríkjanna. Við Íslendingar höfum nú meira en áratugsreynslu af því að taka yfir löggjöf ESB um mikilvægustu svið atvinnulífsins, án þess að taka beinan þátt í ákvarðanatöku um þá löggjöf. Sú staðreynd hefur reynt mjög á hefðbundinn skilning á fullveldi Íslands og þurft hefur að sveigja mjög íslenskan lagaskilning til að gera stjórnvöldum kleift að standa við samningsskuldbindingar Íslands innan EES. Það vekur spurningar um efnislegt inntak fullveldis, sem rúmar að innlend löggjöf sé samin eftir erlendri forskrift sem íslenskir fulltrúar hafa ekki tekið þátt í að móta. Þótt EES-samningurinn feli í sér formlegt vald til að neita að taka yfir löggjöf frá Evrópusambandinu hefur aldrei reynt á það ákvæði, þar sem beiting neitunarvaldsins myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir samninginn og að lokum leiða til endaloka hans.

Með aðild að Evrópusambandinu endurheimtum við aðild að löggjafarvaldi á ýmsum sviðum, sem við höfum ekki í reynd innan EES. Ísland myndi sem fullgildur aðili að ESB deila fullveldi sínu með nágrannaríkjunum við mótun reglna sem gilda fyrir ríkin öll. Ísland á ekki að óttast að taka sér stöðu við hlið annarra Evrópusambandsríkja með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir.

Ákvarðanir á vettvangi Evrópusambandsins eru teknar sameiginlega, í mörgum tilvikum með vegnum meirihluta. Hins vegar tryggir svokallað Lúxemborgarsamkomulag, sem á rætur sínar til 1966, að aðildarríkin hafa óformlegt neitunarvald þegar ákvörðunin er meiriháttar eða felur í sér verulega hagsmuni eins ríkis eða fleiri.

Fyrir liggur að mikilvægir hagsmunir kalla á að við tökum þátt í samvinnu á sviðum Evrópusamrunans sem EES-samningurinn veitir ekki aðgang að, svo sem í efnahags- og peningamálabandalaginu og í utanríkismálum. Vægi EES samningsins hefur verið að minnka m.a. með breyttri samvinnu Evrópusambandsins, stækkun sambandsins og nýjum hlutverkum

stofnana ESB sem samningurinn gerði ekki ráð fyrir. Við þessar aðstæður stöndum við frammi fyrir tveimur kostum. Annar er sá að halda áfram að semja um aðgang Íslands að nýjum sviðum Evrópusamrunans með sérsniðnum lausnum, sem jafnframt fela í sér að við höfum hvorki áhrif á þær efnisreglur sem við búum við né á framtíðarþróun ESB. Hinn er sá að taka fullan þátt í Evrópusamstarfinu, með kostum og göllum og njóta þá áhrifa innan sambandsins. Það má að sjálfsögðu ekki ofmeta þau áhrif sem Ísland myndi hafa innan ESB, en það er óþörf minnimáttarkennd að gera því skóna að við hefðum þar engin áhrif. Áhrif smærri ríkja í Evrópusambandinu eru mun meiri en höfðatala gefur til greina. Reynslan hefur sýnt að smærri ríki geta haft umtalsverð áhrif í þeim málaflokkum þar sem hagsmunir þeirra eru brýnastir og þar sem þau beita sér mest. Þótt fámennari ríki hafi að formi til færri atkvæði en stærstu ríkin þá hefur hvert land fyrir sig eina rödd og eitt atkvæði þegar kemur að umræðum og ákvarðanatöku um mikilvæg hagsmunamál. Það er rétt að minna á að þingmenn á Evrópuþinginu skipa sér í hópa eftir stjórnmálaskoðunum en ekki þjóðerni.

Það er í öllu falli ekki röklega tækt að leggjast gegn aðild Íslands að ESB á þeirri forsendu að Ísland muni engin áhrif hafa innan svo stórs sambands, nema menn gangi þá alla leið og gangi einnig úr EES. Ef menn leggjast gegn ESB-aðild á þeirri forsendu að Ísland muni ekki hafa áhrif innan ESB, væri rökrétt að segja upp EES-samningnum þar sem áhrif Íslands innan hans eru augljóslega minni.

Aðild Íslands að Evrópusamrunanum hefur skilað okkur gríðarlegum ávinningi. Það er eðlilegt að taka næsta skref. Óttinn við hið óþekkta er skiljanlegur, en það er vanmetakennd ekki. Jón Sigurðsson forseti skýrði þetta vel í Nýjum félagsritum þegar hann sagði: *„Þegar borin verður umhyggja fyrir að Íslendingar nái menntun og kunnáttu í hverri stétt sem þeim er ætluð ... þá er ekki að kvíða að þeir muni ekki geta átt þátt í sérhverju fyrirtæki, og komist jafnfætis hinum útlendum, því enginn hefur enn fríað þeim vits og gáfna, þó þeir hafi verið grunaðir um græsku þá sem réttu nafni heitir gunguskapur, og afskiptaleysi um hag sjálfra sín og landsins.“*

**Sameiginlegt álit Katrínar Jakobsdóttur og Ragnars Arnalds, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Björns Bjarnasonar og Einars K. Guðfinnsonar, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:**

Af skýrslu nefndarinnar má auðveldlega draga þá ályktun, að ekki eru neinir brýnir hagsmunir í þágu þróunar eða vaxtar íslensks samfélags, sem kalla á aðild að Evrópusambandinu. Af þeim hagsmunasamtökum, sem sendu fulltrúa á fund nefndarinnar, kom það aðeins fram hjá fulltrúum Samtaka iðnaðarins, að aðild að Evrópusambandinu væri æskileg. Ljóst er, að innan stjórnmálaflokka eru ólíkar skoðanir á þessu álitaefni og ákvörðun ríkisstjórnar um að sækja um aðild að ESB mundi valda miklum stjórnmálaóróa innan og milli stjórnmálaflokka.

Engar líkur eru á að samist geti um milli Íslands og ESB, að 200 mílna efnahagslögsagan umhverfis Ísland verði í heild sinni viðurkennd sem sérstakt fiskveiðistjórnarkerfi undir stjórn Íslendinga enda samrýmist það ekki sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB og á sér engin fordæmi nema hvað varðaði afmörkuð fiskverndarhólf. Veiðiheimildir kynnu að mestu að falla í hlut Íslendinga með hliðsjón af reglunni um hlutfallslegan stöðugleika sem byggist á sögulegri veiðireynslu. Sú regla á hins vegar eingöngu stoð í samþykktum ráðherraráðs ESB hverju sinni og ekkert er því til fyrirstöðu að henni verði breytt ef samstaða tekst um það.

Íslenska efnahagslögsagan er 758.000 ferkílómetrar að stærð eða ríflega sjö sinnum stærri en landið sjálft. Íslendingar geta ekki framselt yfirráðin yfir þeim miklu auðæfum sem þar er að finna til Evrópusambandsins, án þess að hafa nokkra vissu fyrir hvaða reglum verði fylgt í sjávarútvegsmálum á komandi áratugum. Engin trygging er fyrir því, að Íslendingar geti varið hagsmuna sína í þessu efni til frambúar sem aðilar að Evrópusambandinu, þar sem ráðherraráðið tekur úrslitaákvarðanir um hámarksafla og hvaða tegundir er leyfilegt að veiða svo og um veiðiaðferðir og veiðarfæri. Í ráðherraráðinu myndu Íslendingar aðeins ráða yfir 3 atkvæðum af 348 miðað við núverandi stærð ESB.

Afli Íslendinga úr svonefndum flökkustofnum sem veiðast bæði innan og utan íslensku efnahagslögsögunnar, þ.e. síld, loðna, kolmunni, rækja og karfi, er háður samningum við önnur nálæg ríki svo og við Evrópusambandið. Við aðild að ESB fellur niður réttur aðildarríkja til að gera sjálfstæða fiskveiðisamninga við önnur ríki og fer framkvæmdastjórn ESB með samningsumboð fyrir þeirra hönd. Íslendingar eiga oft í samningum við ESB um þessi veiðiréttindi og hefur oft verið tekist svo hart á um þessa hagsmuni, að viðræður hafa staðið yfir árum saman, sbr. nýlegar samningaviðræður um kolmunna. Ef til aðildar kæmi sæti Evrópusambandið hins vegar báðum megin við samningsborðið þegar tekist væri á um þessi mikilvægu veiðiréttindi. Fyrir þjóð sem byggir afkomu sína að stórum hluta á sjávarútvegi er það frágangssök og með öllu ógerlegt að sætta sig við þá aðstöðu enda hefur verðmæti þess afla sem fæst úr flökkustofnum verið nærri þriðjungur af heildaraflaverðmæti landsmanna mörg undanfarin ár.

Réttur ríkja til að gera sjálfstæða viðskiptasamninga við önnur ríki fellur einnig niður við aðild að ESB. Sá réttur hefur reynst Íslendingum afar mikilvægur í áranna rás og um þessar mundir eru tólf viðskiptasamningar í gildi við önnur ríki til viðbótar við EES-samninginn og fríverslunarsamninga EFTA. Á næstunni hefjast samningaviðræður Íslands við Kína um fríverslunarsamning og er þess vænst að hann geti orðið mikilvægur fyrir íslenska verslun landanna og neytendur. Þess er einnig að vænta að Íslendingar geti náð hagstæðum viðskiptasamningum við ýmis ríki í öðrum heimsálfum. Þess vegna er afar óhyggilegt fyrir Íslendinga að glata réttinum til að gera fríverslunarsamninga við önnur ríki.

Aðild að Evrópusambandinu felur í sér framsal ríkisvalds til stofnana ESB á mörgum mikilvægum sviðum. Með inngöngu í ESB færist löggjafar- og framkvæmdavald frá lýðræðislega kjörnum þjóðþingum og ríkisstjórnum sem starfa í umboði kjósenda á hverjum stað til yfirþjóðlegra valdastofnana þar sem lýðræðislegu eftirliti verður ekki við komið. Löggjafarvaldið er flutt til ráðherraráðs ESB þar sem flestar ákvarðanir eru teknar með auknum meirihluta og Evrópuþingsins. Hlutur Íslendinga á Evrópuþinginu þar sem nú sitja 785 þingmenn yrði bundinn við fimm þingsæti. Áhrif almennings á undirbúning löggjafar mega sín lítils í þessu kerfi miðað við áhrif fjársterkra hagsmunahópa.

Þótt aðild að ESB fylgi ýmsir kostir er hitt fullljóst að þeir hagsmunir og réttindi sem glatast Íslendingum við aðild vega miklu þyngra en kostirnir við aðild. Þess vegna er óhjákvæmilegt fyrir Íslendinga að standa áfram utan Evrópusambandsins eins og málum er nú háttað.

**Sérálit Björns Bjarnasonar og Einars K. Guðfinnssonar, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:**
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins árétta þá skoðun, að aðild Íslands að evrópska efnahagssvæðinu hefur reynst Íslendingum heilladrjúg. Hrakspár um áhrif samningsins hafa ekki ræst. EES-

samningurinn hefur þvert á móti verið mikilvægur liður í mesta hagvaxtarskeiði Íslendinga og stuðlað að opnu, frjálsu og öflugu hagkerfi. Reynsla af framkvæmd samningsins sýnir, að Íslendingum hefur tekist betur en aðildarþjóðum Evrópusambandsins að styrkja efnahags- og atvinnulíf sitt, atvinnuleysi þekkist ekki og með þátttöku erlends vinnuafls hefur orðið meiri verðmætasköpun en ella í landinu. Nauðsynlegt er að vinna að framgangi markvissrar stefnu, sem miðar að því að aðlögun útlendinga að íslensku þjóðlífi sé sem best og verði til að styrkja innviði þjóðfélagsins enn frekar. Þá ber einnig að nýta samstarfið undir merkjum Schengen-samningsins til að auka öryggi borgaranna og treysta landamæraeftirlit. Af störfum nefndarinnar draga fulltrúar Sjálfstæðisflokksins þá ályktun, að tvíhliða samningur Íslands og Evrópusambandsins á öðrum grunni en EES-samningnum komi ekki til álita.

**Sérálit Katrínar Jakobsdóttur og Ragnars Arnalds, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:**

Fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja áherslu á að hagsmunir fjármagns og heimsfyrirtækja séu í alltof ríkum mæli drifkraftar Evrópusamrunans en miðstýring og skrifræði samfara skorti á lýðræði einkenni stofnanir þess um of. Þótt EES-samningurinn sé langt í frá gallalaus og byggist um of á forræði ESB teljum við reginmun á því fyrir Íslendinga að byggja samskipti sín við ESB á EES-samningnum fremur en með inngöngu í Evrópusambandið með þeim stórfelldu ókostum sem ESB-aðild fylgja eins og fyrr er rakið. Á komandi árum gæti það þjónað hagsmunum Íslands betur en ESB-aðild að þróa EES samninginn í átt til einfaldari tvíhliða ramma um viðskipti og samvinnu.

## *Viðauki I. Þátttaka Íslands í nefndum og sérfræðingahópum ESB, nóvember 2005*

Nefndirnar og sérfræðingahóparnir eru flokkaðir eftir viðaukum EES-samningsins.
*Listinn byggist á upplýsingum úr gagnagrunni EFTA-skrifstofunnar í Brussel.*

*VIÐAUKI I. HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA: Fóður*

| | |
|---|---|
| Committee of experts on Additives, undesirable substances and bioproteins | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |
| Committee of Experts on Feed and Food Control | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |
| Group of experts on legislation of animal feedingstuff (subgroup on Methods of analysis) | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |
| Standing Committee on the Food Chain and Animal Health (SCoFCAH) (Feedingstuffs) | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |
| Working Group on Official Controls in Animal Nutrition | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |

*VIÐAUKI I. HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA: Plöntur*

| | |
|---|---|
| Commission ad hoc group on seed legislation / Ad hoc Common Catalogues on Varieties | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |
| Committee of experts on Community comparative trials and tests on seeds/propagating material | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |
| Standing Committee on Seeds and Propagating Material for Agriculture, Horticulture and Forestry | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |
| Working Party on Seed Legislation and Propagating Material | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |

*VIÐAUKI I. HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA: Dýr*

| | |
|---|---|
| Simplification of veterinary legislation - animal products | Landbúnaðarráðuneyti |
| Standing Committee on the Food Chain and Animal Health (SCoFCAH) (Veterinary issues) | Landbúnaðarráðuneyti |
| Veterinary legislation - aquaculture animals | Landbúnaðarráðuneyti |
| Veterinary legislation - subgroup veterinary checks | Landbúnaðarráðuneyti |
| Working Group on Animal by-products | Landbúnaðarráðuneyti |
| Working Group on Seed Legislation, Sampling and Detection | Landbúnaðarráðuneyti |
| Working Group on TSE | Landbúnaðarráðuneyti |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Landbúnaðardráttarvélar*

| | |
|---|---|
| Committee for the adaptation to technical progress of legislation on the removal of technical barriers to trade in agricultural and forestry tractors | Umferðarstofa |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Snyrtivörur*

| | |
|---|---|
| Working Party on Cosmetics | Umhverfisstofnun |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Hættuleg efni*

| | |
|---|---|
| Committee for the adaptation to technical progress of legislation to remove technical barriers to trade in dangerous substances and preparations | Umhverfisstofnun |
| Competent Authorities for the implementation of Council Directive 67/548/EEC (New Chemicals) | Umhverfisstofnun |
| Competent Authorities for the implementation of Council Regulation 793/93 | Umhverfisstofnun |
| Standing Committee on Biocidal Products | Umhverfisstofnun |
| Working Group on Classification and labelling of dangerous substances (Council Directive 67/548) | Umhverfisstofnun |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Rafmagnsvörur*

| | |
|---|---|
| ATEX Standing Comm. on the approximation of the laws of the MS concerning equipment and protective systems intended for use in potentially explosive atmospheres | Neytendastofa<br>Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti (IVR) |
| EMC Ad hoc meetings between the Commission and the EU Member States | Neytendastofa, IVR |
| Low Voltage Equipment Ad hoc meetings between the Commission and the Member States | Neytendastofa, IVR |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Áburður*

| | |
|---|---|
| Standing Committee on Fertilizers established under art. 32 of Regulation 2003/2003 | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |
| Working Party on Fertilizers | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Matvæli*

| | |
|---|---|
| Committee of Experts - Working Party on Environmental and Industrial contaminants | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |
| Standing Committee on Organic Farming | Landbúnaðarráðuneyti |
| Standing Committee on the Food Chain and Animal Health (SCoFCAH) (Foodstuffs) | Umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun |
| Working Group on pesticide residues legislation | Umhverfisstofnun |
| Working Group on food for particular nutritional use | Umhverfisstofnun |
| Working Group on food labelling | Umhverfisstofnun |
| Working Group on material in contact with food | Umhverfisstofnun |
| Working Group on natural mineral water | Umhverfisstofnun |
| Working Group on Organic Farming | Landbúnaðarráðuneyti |
| Working party on agricultural contaminants | Landbúnaðarráðuneyti, Aðfangaeftirlitið |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Almenn ákvæði á sviði tæknilegra viðskiptahindrana*

| | |
|---|---|
| Committee on Product Safety Emergencies | Neytendastofa,<br>Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti (IVR) |
| Internal Market Advisory Board (IMAC) | Utanríkisráðuneyti |
| Senior Officials Group on Standardization Policy (SOGS) | Neytendastofa, IVR |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Upplýsingatækni, fjarskipti og gagnavinnsla*

| | |
|---|---|
| Telecommunications Conformity Assessment and Market Surveillance Committee (TCAM) | Flugmálastjórn |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Vélar*

| | |
|---|---|
| Working party on Machinery under SCM | Vinnueftirlitið |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Mælitæki*

| | |
|---|---|
| Administration of Directive 90/384/EEC on non automatic weighing instruments | Neytendastofa, IVR |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Lækningatæki*

| | |
|---|---|
| Classification of medical devices/medicinal products | Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti |
| Commission Medical Devices Expert Group | Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Lyf*

| | |
|---|---|
| Committee for Orphan Medicinal Products | Landspítali háskólasjúkrahús |
| Committee for Proprietary Medicinal Products (CPMP) | Lyfjastofnun, Landspítali háskólasjúkrahús |
| Committee for Veterinary Medicinal Products (CVMP) | Landbúnaðarráðuneyti |
| Efficacy Working Party (EWP) (CPMP) | Lyfjastofnun |
| Efficacy Working Party (EWP) (CVMP) | Lyfjastofnun |
| Joint CPMP/CVMP Quality Working Party (CVMP) | Lyfjastofnun |
| Pharmacovigilance Working Party (PhVWP) (CPMP) | Lyfjastofnun |
| Safety of residues working party (SRWP) (CVMP) | Landbúnaðarráðuneyti |
| Standing Committee on medicinal products for human use (Pharmaceutical Committee) | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti |
| Standing Committee on veterinary medicinal products (COM) | Landbúnaðarráðuneyti |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Vélknúin ökutæki*

| | |
|---|---|
| Commission Ad hoc group on type approval (OTA) | Umferðarstofa |
| Commission Motor Vehicle Working Group (MVWG) | Umferðarstofa |
| Committee for the adaptation to technical progress of legislation on the removal of technical barriers to trade in motor vehicles and their trailers | Umferðarstofa |

*VIÐAUKI II. TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN: Leikföng*

| | |
|---|---|
| Group of experts on Safety of Toys | Neytendastofa, IVR |

*VIÐAUKI XIV. SAMKEPPNI*

| | |
|---|---|
| Advisory Committee on Concentrations (Council Regulation (EEC) 4064/89) | Samkeppniseftirlitið |
| Advisory Committee on Restrictive Practices and Dominant Positions (Council Regulation 17/62) | Samkeppniseftirlitið |

*VIÐAUKI XV: RÍKISAÐSTOÐ*

| | |
|---|---|
| Advisory Committee on State Aid | Fjármálaráðuneyti |

*VIÐAUKI XVI. OPINBER INNKAUP*

| | |
|---|---|
| Advisory Committee on Public Contracts (ACPC) | Fjármálaráðuneyti, Ríkiskaup |

*VIÐAUKI IX. FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA*

| | |
|---|---|
| Banking Advisory Committee (BAC) | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti<br>Fjármálaeftirlitið |
| Committee of European Securities Regulators | Fjármálaeftirlitið |
| Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervisors | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti |
| European Banking Committee | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti |
| European Securities Committee | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti |
| Expert Group on Insurance Mediation | Fjármálaeftirlitið |
| Expert Group on Solvency Margin of Insurance Undertakings | Fjármálaeftirlitið |
| GTIAD - Working Group on the Interpretation of the Banking Directives | Fjármálaeftirlitið |
| Insurance Committee (IC) | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti<br>Fjármálaeftirlitið |
| Mixed Technical Group on Financial Conglomerates | Fjármálaeftirlitið |
| Payment Systems Government Expert Group (PSGEG) | Seðlabankinn |
| Working Group on Market Abuse | Fjármálaeftirlitið |

*VIÐAUKI X. HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUN*

| | |
|---|---|
| Cinema Expert Group | Menntamálaráðuneyti |
| Contact Committee of the Television without frontiers Directive | Menntamálaráðuneyti |

*VIÐAUKI XI. FJARSKIPTAÞJÓNUSTA*

| | |
|---|---|
| Communications committee | Samgönguráðuneyti |

*VIÐAUKI XI. FJARSKIPTAÞJÓNUSTA: Gagnavernd*

| | |
|---|---|
| Data Protection Committee (Committee on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data) | Persónuvernd |
| Working Party on the Protection of Individuals with regard to the Processing of Personal Data | Persónuvernd |

*VIÐAUKI XIII. SAMGÖNGUR: Samgöngur í lofti*

| | |
|---|---|
| Regulatory Committee for Civil Aviation Security | Flugmálastjórn |

*VIÐAUKI XIII. SAMGÖNGUR: Samgöngur á sjó*

| | |
|---|---|
| Committee on Safe Seas (COSS) | Siglingastofnun |
| Short Sea Shipping Focal Points | Siglingastofnun, samgönguráðuneyti |

*VIÐAUKI XIII. SAMGÖNGUR: Samgöngur á vegum*

| | |
|---|---|
| Committee for the adaptation to technical progress of the laws relating to roadworthiness tests for motor vehicles | Umferðarstofa |
| Committee for the adaptation to technical progress of the legislation on recording equipment in road transport (tachographs) | Umferðarstofa |
| Committee on the driving licence | Dómsmálaráðuneyti |
| European Road Transport Research Advisory Council | Vegagerðin |

*VIÐAUKI XXII. FÉLAGARÉTTUR*

| | |
|---|---|
| Accounting Regulatory Committee | Fjármálaráðuneyti |
| Company Law Expert Group | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti |

*VIÐAUKI VI. FÉLAGSLEGT ÖRYGGI*

| | |
|---|---|
| The Administrative Commission on Social Security for Migrant Workers | Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti |
| The Audit Board (Social Security for Migrant Workers) (under the authority of the Administrative Commission) | Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti |

*VIÐAUKI VII. GAGNKVÆM VIÐURKENNING Á STARFSMENNTUN OG HÆFI*

| | |
|---|---|
| Committee of Senior Officials on public health | Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti |

*VIÐAUKI XIX. NEYTENDAVERND*

| | |
|---|---|
| Commission Expert Group Consumer Education | KHÍ, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti |
| Commission Expert Group on Commercial Communications | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti Neytendastofa |
| Commission Expert Group on the European Extra-Judicial Network (EEJ-NET) | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Neytendasamtökin |

*VIÐAUKI XVIII. ÖRYGGI OG HOLLUSTUHÆTTIR Á VINNUSTÖÐUM, VINNURÉTTUR OG JAFNRÉTTI KYNJANNA*

| | |
|---|---|
| Advisory Committee on Safety and Health at Work | Vinnueftirlitið, fjármálaráðuneyti, ASÍ |
| Senior Labour inspectors (SLIC) | Vinnueftirlitið |

*VIÐAUKI XX. UMHVERFISMÁL: Loft*

| | |
|---|---|
| Expert Group on Air pollution by ozone | Umhverfisstofnun |
| Steering Group on Ambient Air Quality | Umhverfisráðuneyti |

*VIÐAUKI XX UMHVERFISMÁL: Efni, áhætta í iðnaði og líftækni*

| | |
|---|---|
| 82/501 "Seveso" COMAH ( Major Accident Hazards of certain Industrial Activities) Committee | Umhverfisráðuneyti |
| 90/219 GMO (Art. 21) Comp. Auth.. Regulatory Committee | Umhverfisstofnun |
| Working Group on risk assessment (90/219) | Umhverfisstofnun |

*VIÐAUKI XX. UMHVERFISMÁL: Almennt*

| | |
|---|---|
| Committee on the deliberate release of GMO's into environment | Umhverfisráðuneyti |
| ENVECO: Environment Economics. Expert Group | Umhverfisráðuneyti |

*VIÐAUKI XX. UMHVERFISMÁL: Úrgangur*

| | |
|---|---|
| 91/156 (Art. 18) Adaptation to scientific and technical progress of EC Legislation on Waste, Committee | Umhverfisráðuneyti |

*VIÐAUKI XX. UMHVERFISMÁL: Vatn*

| | |
|---|---|
| 91/271 Urban waste water treatment. Committee | Umhverfisráðuneyti |
| 91/676 (Art. 9) Nitrates in agriculture, Committee | Landbúnaðarráðuneyti |
| Drinking Water Committee | Umhverfisstofnun |
| Expert Group of Water Directors | Umhverfisstofnun |

*BÓKUN 31. Hljóð- og myndmiðlun*

| | |
|---|---|
| Measures to encourage the development of the audiovisual industry (MEDIA Plus) | Menntamálaráðuneyti , MEDIA skrifstofan |
| Training programme for professionals in the European audiovisual programme industry (MEDIA Training) | Menntamálaráðuneyti , MEDIA skrifstofan |

*BÓKUN 31. Almannavarnir*

| | |
|---|---|
| Civil protection programme (II): Meetings of Directors General for Civil Protection | Ríkislögreglustjóri |
| Civil protection programme (II): Permanent Network of National Correspondents (PNNC) | Ríkislögreglustjóri |
| Committee for the action programme and for the mechanism in the field of civil protection: Management Committee | Ríkislögreglustjóri |

*BÓKUN 31. Neytendavernd*

| | |
|---|---|
| General framework for Community activities in favour of consumers (2004-2007) | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti Neytendastofa |

*BÓKUN 31. Menntun, þjálfun og æskulýðsmál*

| | |
|---|---|
| Advisory Committee on Vocational Training | Menntamálaráðuneyti |
| Copenhagen Coordination Group | Menntamálaráðuneyti |
| EURYDICE Meeting of Senior Officials (Information Network on Education in Europe) | Menntamálaráðuneyti |
| Future Objectives Working Groups: Block A: Teacher and Trainer Education | KHÍ |
| Future Objectives Working Groups: Block B: Basic Skills. foreign language teaching. entrepreneurship | Menntamálaráðuneyti |
| Future Objectives Working Groups: Block B2: sub-group on foreign language learning | Menntamálaráðuneyti |
| Future Objectives Working Groups: Block C: ICT in education and training | Menntamálaráðuneyti |
| Future Objectives Working Groups: Block D: Increasing participation in math and science | HÍ |
| Future Objectives Working Groups: Block E: Resources | Menntamálaráðuneyti |
| Future Objectives Working Groups: Block F: Mobility and European Cooperation | Menntamálaráðuneyti |
| Future Objectives Working Groups: Block G: Open learning environment, active citizenship, inclusion | Menntamálaráðuneyti |
| Future Objectives Working Groups: Block H: Making learning more attractive, strenghtening links with working life and society | Menntamálaráðuneyti |
| Future Objectives Working Groups: Indicator group | Menntamálaráðuneyti |
| Leonardo da Vinci programme committee | Menntamálaráðuneyti |
| Meeting of Directors-General in Higher Education | Menntamálaráðuneyti |
| Meeting of Directors-General in Vocational Training | Menntamálaráðuneyti |
| Meeting of the Leonardo National Agencies | Leonardo Da Vinci landsskrifstofan |
| Meeting of the Socrates National Agencies | Sókrates landsskrifstofan |
| Meeting of the Youth National Agencies | Landsskrifstofan fyrir Ungt fólk í Evrópu |
| Multiannual programme for the effective integration of information and communication technologies (ICT) in education and training systems in Europe (e-Learning) | Menntamálaráðuneyti |
| Programme for the enhancement of quality in higher education and the promotion of intercultural understanding through cooperation with third countries (Erasmus Mundus) | Menntamálaráðuneyti |
| Socrates programme committee | Menntamálaráðuneyti |
| Socrates subcommittee for adult education | Menntamálaráðuneyti |
| Socrates subcommittee for higher education | Menntamálaráðuneyti |
| Socrates subcommittee for school education | Menntamálaráðuneyti, Rannís |
| Youth programme committee | Menntamálaráðuneyti |

*BÓKUN 31. Umhverfismál*

| | |
|---|---|
| Accidental or intentional marine pollution | Umhverfisstofnun |
| Environment Agency Management Board | Umhverfisráðuneyti |
| EPRG: Environment Policy Review Group | Umhverfisráðuneyti |

*BÓKUN 31. Upplýsingaþjónusta og öryggi upplýsingakerfa*

| | |
|---|---|
| eContentPlus Management Committee, Programme to make digital content in Europe more accessible, usable and exploitable | Menntamálaráðuneyti |
| Monitoring of e Europe, dissemination of good practices and the improvement of network and information security (Modinis) | Forsætisráðuneyti, menntamálaráðuneyti |

*BÓKUN 31. Almannaheilbrigði*

| | |
|---|---|
| Committee of the programme of Community action in the field of public health (2003-2008) | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti |
| Health Security Committee | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti<br>Landlæknisembættið |
| High level Committee on Health | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti |
| Network for the epidemiological surveillance and control of communicable diseases | Landlæknisembættið |

*BÓKUN 31. Rannsóknir og tækniþróun (Research and technological development)*

| | |
|---|---|
| Commitéé de la Research Comité de la Recherche Scientifique et Technique (CREST) | Menntamálaráðuneyti |
| FP6 (2003-2006): Integrating and Strengthening the European Research Area: Specific Configuration for priority 1: Life sciences, genomics and biotechnology for health | deCode Genetics.<br>Landspítali háskólasjúkrahús |
| FP6 (2003-2006): Integrating and Strengthening the European Research Area: Specific Configuration for priority 2: Information Society Technologies | HÍ, Rannís |
| FP6 (2003-2006): Integrating and Strengthening the European Research Area: Specific Configuration for priority 3: Nanotechnologies and nano-sciences, knowledge-based multifunctional materials and new production processes and devices | Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins<br>Iðntæknistofnun |
| FP6 (2003-2006): Integrating and Strengthening the European Research Area: Specific Configuration for priority 4: Aeronautics and Space (2002-2006) | Menntamálaráðuneyti |
| FP6 (2003-2006): Integrating and Strengthening the European Research Area: Specific Configuration for priority 5: Food quality and Safety (2002-2006) | Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Rannís |
| FP6 (2003-2006): Integrating and Strengthening the European Research Area: Specific Configuration for priority 6-1: Sustainable Energy Systems | HÍ, ÍSOR |
| FP6 (2003-2006): Integrating and Strengthening the European Research Area: Specific Configuration for priority 6-2: Sustainable Transport Systems | Vegagerðin |
| FP6 (2003-2006): Integrating and Strengthening the European Research Area: Specific Configuration for priority 6-3: Global Change and Ecosystems | Rannís, HA |
| FP6 (2003-2006): Integrating and Strengthening the European Research Area:Specific Configuration for priority 7: Citizens and governance in a knowledge-based society | Rannís, HÍ |
| FP6 (2003-2006): Integrating and Strengthening the European Research Area: Horizontal Configuration | Menntamálaráðuneyti |
| FP6 (2003-2006): Structuring the European Research Programme: Horizontal configuration | Menntamálaráðuneyti |
| FP6 (2003-2006): Structuring the European Research Programme: Human resources and mobility | HÍ, HR |
| FP6 (2003-2006): Structuring the European Research Programme: Research and Innovation | Iðntæknistofnun, Rannís |
| FP6 (2003-2006): Structuring the European Research Programme: Research Infrastructure | Menntamálaráðuneyti, Rannís |
| FP6 (2003-2006): Structuring the European Research Programme: Science and Society | Menntamálaráðuneyti<br>Rannsóknarþjónusta HÍ |
| High level group on Benchmarking Research and Technological Development Policies and Mapping of Scientific Excellence | Menntamálaráðuneyti<br>Rannís |

*BÓKUN 31. Lítil og meðalstór fyrirtæki.*

| | |
|---|---|
| SME: Enterprise Programme Management Committee (EPMC) of the Multiannual Programme for Enterprises and Entrepreneurship | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti |

*BÓKUN 31. Social policy*

| | |
|---|---|
| Programme relating to the Community Strategy on gender equality | Jafnréttisstofa |
| The Daphne II programme | Jafnréttisstofa |

*BÓKUN 31. Fjarvirk gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana í bandalaginu (Telematic interchange of data between administration)*

| | |
|---|---|
| Interoperability of and access to trans European networks for the electronic interchange of data between administrations (IDA) | Fjármálaráðuneyti |

*BÓKUN 31. Ferðamál*

| | |
|---|---|
| Advisory Committee on Tourism | Samgönguráðuneytið |

## *Viðauki II. Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB, nóvember 2006*

| EFNISSVIÐ | Samstarfsáætlanir sem Ísland tekur þátt í | Nýjar samstarfsáætlanir sem eru til skoðunar hjá sérfræðingum Íslands og EES/EFTA-ríkjanna |
|---|---|---|
| HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUN | ▪ Prolongation of Media Training (2006)<br>▪ Prolongation of Media Plus (2006) | ▪ Media 2007 (2007-2013) |
| ALMANNAVARNIR | ▪ Civil protection mechanism<br>▪ Prolongation of the Civil protection programme (2005-2006) | ▪ The Rapid Response and Preparedness Instrument for major emergencies (2007-2013)<br>▪ Community Civil Protection Mechanism (recast)<br>▪ Instrument for Stability |
| NEYTENDAVERND | ▪ Consumer protection (2004-2007) | ▪ Consumer protection programme (2007-2013) |
| MENNING | ▪ Prolongation of Culture 2000 (2005-2006) | ▪ Culture 2007 (2007-2013)<br>▪ Europe for Citizens (2007-2013)<br>▪ European Year of Intercultural Dialogue 2008 |
| MENNTUNAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL | ▪ Socrates (2000-2006)<br>▪ Erasmus Mundus (2004-2008)<br>▪ e-Learning (2004-2006)<br>▪ Leonardo da Vinci (2000-2006)<br>▪ European bodies and specific activities in the field of education and training (2004-2008)<br>▪ Youth (2000-2006)<br>▪ European bodies in the field of youth (2004-2006)<br>▪ Europass (2005-2006) | ▪ Lifelong learning (2007-2013)<br>▪ Youth in action (2007-2013) |
| ATVINNUMÁL | ▪ Incentive measures in the field of employment (2002-2006)<br>▪ European Employment Service (EURES) | ▪ Employment and Social Solidarity (Progress) (2007-2013) |
| ORKUMÁL | ▪ Intelligent energy for Europe (2003-2006)<br>▪ Coopener (2003-2006) | |
| FYRIRTÆKI (ENTERPRISE POLICY) | ▪ Prolongation of the Multiannual programme for enterprise and entrepreneurship (2006)<br>▪ Implementation and development of the Internal Market (2006) | ▪ Competitiveness and Innovation Programme (CIP) (2007-2013)<br>▪ Implementation and development of the Internal Market (2007) |
| UMHVERFISMÁL | ▪ Accidental or intentional marine pollution (2000-2006) | |
| UPPLÝSINGA- OG FJARSKIPTATÆKNI | ▪ e-Content Plus (2005-2008)<br>▪ eTEN<br>▪ Safer Internet Plus (2005-2008)<br>▪ IDABC (2005-2009)<br>▪ Prolongation of Monitoring of e-Europe (Modinis) (2006) | |
| HEILBRIGÐISMÁL | ▪ Public health (2003-2008) | ▪ Public health (2007-2013)<br>▪ Drugs Prevention and Information (2007-2013) |
| RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN | ▪ Sixth framework programme for research and technological development (2002-2006)<br>▪ Preparatory action for the enhancement of European security research (2006) | ▪ Seventh framework programme of the European Community for research, technological development and demonstration for activities (2007-2013) |
| FÉLAGSMÁL | ▪ Combating social exclusion (2002-2006)<br>▪ Combating discrimination (2001-2006)<br>▪ Daphne II (2004-2008)<br>▪ Prolongation of the Gender equality programme (2006)<br>▪ The European Year of Equal Opportunities for All 2007 (2006-2007) | ▪ Community programme for Employment and Social Solidarity (Progress) (2007-2013)<br>▪ Fight Against Violence (Daphne III) (2007-2013) |
| TÖLFRÆÐI | ▪ Community Statistical Programme (2003-2007) | |
| SAMGÖNGUR | ▪ Marco Polo I (2003-2006) | ▪ Marco Polo II (2008-2013)<br>▪ SESAR (2007-2013) |

Byggt á upplýsingum frá EFTA: *http://secretariat.efta.int/Web/EuropeanEconomicArea/ParticipationInEUProgrammes*

## Heimildir og ítarefni

*Listi yfir heimildir og helstu gögn sem lögð voru fram á fundum nefndarinnar. Listinn er ekki tæmandi.*


Arnór Sighvatsson (2004). „Hagkvæmt gjaldmiðlasvæði. Hversu smátt er of smátt?“ Í *Fjármálatíðindum*, 51. árg., seinna hefti 2004, bls. 53-65. Á vefslóðinni: http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3303

Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson og Þórarinn G. Pétursson (2001). „Val á hagkvæmustu gengisstefnu fyrir Ísland.“ Í *Fjármálatíðindum*, 48. árg., seinna hefti 2001, bls. 20-49. Á vefslóðinni: http://www.sedlabanki.is/uploads/files/Ft012_2.pdf

Auðunn Arnórsson, Espen Barth Eide, Dag Harald Claes, Hanne Ulrichsen og Asle Toje (2003). *Ísland og Evrópusambandið: EES, ESB-aðild eða „svissnesk lausn“?* Reykjavík: Alþjóðamálastofnun HÍ.

Axel Hall, Gylfi Magnússon, Gylfi Zoëga, Sigurður Ingólfsson, Sveinn Agnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson (1998). *Áhrif EMU á íslenskan vinnumarkað.* Á vefslóðinni: http://www.sedlabanki.is/uploads/files/Ft98-1_4.pdf

Ágúst H. Ingþórsson (2006). *Minnispunktar um þátttöku í evrópsku samstarfi í rúman áratug.* Greinargerð unnin fyrir Evrópunefndina um þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB.

*Áhrif Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf.* Álit samráðshóps sem skipaður var af ríkisstjórn, júní 1998. Á vefslóðinni: http://www3.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/For-EMU-islensk.pdf

Árni Þór Sigurðsson (2005). *Evrópska efnahagssvæðið og íslensk sveitarfélög.* Á vefslóðinni: http://www.samband.is/files/633235176skyrsla_arni_thor.pdf

Baldur Þórhallsson (ritstjóri) (2004). *Iceland and European Integration. On the Edge.* Routledge.

Björn Bjarnason (2006). „Schengensamstarf í þágu öryggis og frelsis.“ Í *Bifröst. Rit lagadeildar Háskólans á Bifröst.* Bifröst: Háskólinn á Bifröst.

Björn Bjarnason (2006a). *Iceland, Schengen and the EEA.* Ræða á ráðstefnu Evrópunefndar um EES, Schengen og samstarf ESB á sviði innanríkis- og dómsmála. Á vefslóðinni: http://www.bjorn.is/greinar/2006/09/08/nr/3691

Davíð Þór Björgvinsson (2006). *EES-réttur og landsréttur.* Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX.

Deloitte & Touche (2003). *Mat á kostnaði við hugsanlega aðild Íslands að ESB.* Skýrsla unnin að beiðni utanríkisráðuneytisins. Á vefslóðinni: http://www.deloitte.com/dtt/cda/doc/content/skyrsla%20lokaESB(1)(1).pdf

EFTA (2002). *The European Economic Area: Decision Shaping and Participation in Committees.* Á vefslóðinni: http://secretariat.efta.int/Web/Publications/EFTABulletin/EFTABulletin/EFTABulletinJune2002.pdf

*EFTA Annual Reports*. Á vefslóðinni:
http://secretariat.efta.int/Web/Publications/AnnualReport/

Einar Benediktsson (2003). *Iceland and European Development*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Eiríkur Bergmann Einarsson (2003). *Evrópusamruninn og Ísland: Leiðarvísir um samrunaþróun Evrópu og stöðu Íslands í evrópsku samstarfi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Emerson, Vahl og Woolcock (2002). *Navigating by the Stars. Norway, the European Union and the European Economic Area*. Brussel: Center for European Policy Studies, CEPS. Á vefslóðinni:
http://ceps01.link.be/files/ESF/execsum.php

Forsætisnefnd Alþingis (1994). *Reglur um þinglega meðferð EES-mála á mótunarstigi*. Samþykktar af forsætisnefnd Alþingis árið 1994.

Forsætisráðuneyti (2001). *Leiðbeiningar til stjórnvalda um innleiðingu EES-gerða*. Á vefslóðinni:
http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/HandbokEES_Vid4.pdf

Forsætisráðuneyti (1998). *Skýrsla nefndar forsætisráðherra um lögleiðingu EES-gerða frá 16. september 1998*. Á vefslóðinni:
http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/HandbokEES_Vid5.pdf

Framsóknarflokkurinn (2001). *Evrópunefnd Framsóknarmanna – Nefndarálit*. Um framtíðarstefnu og samningsmarkmið í Evrópusamskiptum Íslendinga.

Hagfræðistofnun (2002). *Áhrif aðildar Íslands að ESB á ríkisfjármálin*. Greinargerð unnin af Hagfræðistofnun fyrir forsætisráðuneytið. Á vefslóðinni:
http://brunnur.stjr.is/interpro/for/for.nsf/pages/utg0025

Hagfræðistofnun *(2007). Kostir og gallar upptöku evru sem gjaldmiðils á Íslandi*. Greinargerð unnin fyrir Evrópunefndina.

Hallgrímur Snorrason (2006). *Skýrsla formanns nefndar sem forsætisráðherra skipaði 16. janúar 2006 til þess að fjalla um helstu orsakaþætti hás matvælaverðs á Íslandi og gera tillögur sem miða að því að færa matvælaverð nær því sem gengur og gerist í nágrannaríkjum*. Á vefslóðinni:
http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/Skyrsla13072006.pdf

*Ísland og Evrópusambandið. Skýrslur fjögurra stofnana Háskóla Íslands*. (1994). (Í bókinni eru birtar niðurstöður rannsókna fjögurra stofnana Háskóla Íslands á kostum og göllum ESB-inngöngu Íslands, í samanburði við þátttöku okkar í EES samstarfinu. Rannsóknirnar voru gerðar að beiðni utanríkisráðuneytisins). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

*Lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993*. Á vefslóðinni:
http://www.althingi.is/lagas/nuna/1993002.html

*Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið*. (Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.) Á vefslóðinni: http://www.althingi.is/altext/116/s/0001.html

Óttar Pálsson og Stefán Már Stefánsson (2003). *Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins.* Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

Ragnar Arnalds (1998). Sjálfstæðið er sívirk auðlind. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ragnar Árnason *(2004). Upptaka Evru og vextir á Íslandi.* Á vefslóðinni: http://www.ioes.hi.is/publications/wp/w0307.pdf

Riksrevisjonen (2005). *Riksrevisjonens undersøkelse av forvaltningens arbeid med utformingen av EØS-relevant regelverk.* Á vefsíðunni: http://www.riksrevisjonen.no/PDF/34713381.pdf

Samfylkingin (2001). *Ísland í Evrópu. Greining á samningsmarkmiðum Íslands við hugsanlega aðildarumsókn að ESB. Evrópuúttekt Samfylkingarinnar.* Á vefsíðunni: *http://www.framtid.is/?i=18*

Seðlabankinn (1997). *Efnahags- og myntbandalag Evrópu – EMU. Aðdragandi og áhrif stofnunar EMU.* Á vefslóðinni: http://www.sedlabanki.is/uploads/files/serrit-2.pdf

Sendiráð Íslands í Brussel (2006). *Yfirlitsskýrsla sendiráðs Íslands í Brussel. Júní til september 2006.* Á vefslóðinni: *http://www.iceland.org/media/be/Yfirlitsskyrsla_sendiradsins_i_Brussel_s.hl_2006.pdf*

Stefán Már Stefánsson (2003). *The EEA agreement and its adoption into Icelandic law.* 2. útgáfa. Osló: Universitetsforlaget.

Stefán Már Stefánsson (2000). *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið.* Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

Skrifstofa Alþingis / Eva Margrét Ævarsdóttir og Hafdís Ólafsdóttir (2007). *Lög samþykkt á Alþingi sem eiga rætur að rekja til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.* Samantekt unnin fyrir Evrópunefndina.

*Skýrsla utanríkisráðherra Halldórs Ásgrímssonar um alþjóðamál.* (Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.) Mars 2002. Á vefslóðinni: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Althjodamal_skyrsla_2001-02.PDF

*Skýrsla Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.* (Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.) Apríl 2004. Á vefslóðinni: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Skyrsla2004.pdf

*Skýrsla Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.* (Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.) Nóvember 2006. Á vefslóðinni: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_utanrikisradherra_um_utanrikismal,_16.11.2006.pdf

Torben Foss, Thorolfur Matthiasson and Hanne Ulrichsen (2003). *Iceland, Norway and the EC Common Fisheries Policy: the potential of the reform – a springboard for Iceland and Norway?* Osló: Norwegian Institute of International Affairs, Reykjavík: University of Iceland Institute of International Affairs.

Tryggvi Þór Herbertsson og Gylfi Zoega / Hagfræðistofnun (2005). *Fyrirkomulag gengismála á Íslandi: Horft til framtíðar.* Reykjavík: Hagfræðistofnun.

Utenriksdepartementet (2006). *Om gjennomføring av europapolitikken.* St.meld. nr. 23. (2005-2006). Tilráding fra Utenriksdepartementet av 16. juni 2006, godkjent i statsråd samme dag. Á vefslóðinni: http://www.dep.no/europaportalen/norsk/melding/032001-040045/dok-bn!30009165.html

Utenriksdepartementet (2002). *Om EØS-samarbeidet 1994-2001.* St.meld. nr. 27, 2001-2002, april 2002. Á vefslóðinni:
http://odin.dep.no/ud/norsk/publ/stmeld/032001-040018/dok-bn.html

Utenriksdepartementet (2001). *Om Norge og Europa ved inngangen til et nytt århundre.* St.meld. nr. 12, 2000-2001). Á vefslóðinni:
http://odin.dep.no/ud/norsk/publ/stmeld/032001-040009/dok-bn.html

Utanríkisráðuneyti (2004). *EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga. Staða – horfur – tillögur.* Skýrsla starfshóps utanríkisráðuneytisins um framtíðartilhögun að samstarfi ríkisins og sveitarfélaga um EES-mál ásamt tillögum þar að lútandi. Á vefslóðinni:
http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/skyrsla_sveitarstjmal_LOKA240204.pdf

Utanríkisráðuneytið (2004). *Fiskveiðiauðlindin, Ísland og Evrópusambandið.* Áfangaskýrsla starfshóps á vegum utanríkisráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og hagsmunasamtaka í íslenskum sjávarútvegi, september 2004. Á vefslóðinni:
http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Frettatilkynning/Sjavarutvegsskyrsla.pdf

Utanríkisráðuneyti (2003). *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi.* Skýrsla vinnuhóps á vegum utanríkisráðherra, nóvember 2003. Á vefslóðinni:
http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/IslenskurLandbunAlthjodaumhverfi.pdf

Utanríkisráðuneytið (2003). *Handbók Stjórnarráðsins um EES.* Á vefslóðinni:
http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/ees/EESUndir//nr/436

Utanríkisráðuneytið (2002). *Horft til framtíðar. Kostir Íslands í ljósi hnattvæðingar og samruna Evrópu. Hugsanleg þróun næstu tíu árin.* Skýrsla nefndar um áhrif hnattvæðingar, unnin að beiðni utanríkisráðherra. Á vefslóðinni:
http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Horft_til_framtidar.pdf

Utanríkisráðuneytið (2001). *Staða EES-samningsins.* Vinnuskjal byggt á viðræðum milli háttsettra embættismanna sem áttu sér stað hinn 18. maí 2001 að frumkvæði utanríkisráðherra Íslands og Noregs. Á vefslóðinni: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Isl-final-final.doc

Utanríkisráðuneyti (2001). *Stækkun Evrópusambandsins. Áhrif á stöðu Íslands innan EES.* Á vefslóðinni: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/StaekkunESB_juni2001.doc

Utanríkisráðuneytið (2000). *Staða Íslands í Evrópusamstarfi.* Skýrsla Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra til Alþingis. Á vefslóðinni:
http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/ees/EESUndir//nr/50

Úlfar Hauksson (2002). *Gert út frá Brussel? Íslenskur sjávarútvegur og Evrópusambandið: Sjávarútvegsstefna ESB rannsökuð út frá hugsanlegri aðild Íslands að sambandinu.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Viðskiptaráð (2006). *Krónan og atvinnulífið.* Á vefslóðinni: http://www.vi.is/files/848329678Krónan%20og%20atvinnulífið.pdf

Þórarinn G. Pétursson og Francis Breedon (2004). *Lífið utan EMU: Er krónan viðskiptahindrun.* Á vefslóðinni: http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3198

Þórir Ibsen (2006). *Samstarf ESB-ríkja á sviði utanríkis- og öryggismála og tengsl Íslands við það samstarf.* Greinargerð unnin fyrir Evrópunefndina.

Þórunn J. Hafstein (2006). „Samstarf ESB- og EFTA-ríkja um setningu EES-reglna." Í *Bifröst. Rit lagadeildar Háskólans á Bifröst.* Bifröst: Háskólinn á Bifröst.

Consolidated versions of the Treaty on European Union and of the Treaty establishing the European Community. Í *Official Journal C 321E, 29 December 2006.* Á vefslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/ce321/ce32120061229en00010331.pdf

# 1223. Nefndarálit [640. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands annars vegar og Danmerkur og Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fundi Ingiríði Lúðvíksdóttur frá utanríkisráðuneyti. Nefndin hafði farið ítarlega yfir stöðu málsins á fundi 31. janúar áður en skrifað var undir samninginn og fengið þá til sín á fund Tómas H. Heiðar og Grétar Má Sigurðsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja sem gerður var í Kaupmannahöfn og Reykjavík 1. og 2. febrúar 2007.

Allt frá útfærslu efnahagslögsögunnar í 200 sjómílur árið 1975 hefur verið ágreiningur um hvar draga ætti miðlínu milli Íslands og Færeyja. Með samningi þessum er lokið með formlegum hætti afmörkun efnahagslögsögu Íslands gagnvart lögsögu nágrannalandanna en áður hafði verið gengið frá afmörkun efnahagslögsögunnar gagnvart lögsögu Jan Mayen, Grænlands og Bretlands.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Jón Kristjánsson. | Jón Gunnarsson. |
| Drífa Hjartardóttir. | Bjarni Benediktsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | Steingrímur J. Sigfússon. | |

## 1224. Nefndarálit [649. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Martin Eyjólfsson og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Áslaugu Árnadóttur og Ólöfu Emblu Einarsdóttur frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004.

Tilgangur tilskipunarinnar er að auka virkni innri markaðarins og stuðla að háu stigi neytendaverndar með því að samræma lög, reglur og stjórnvaldsfyrirmæli um óréttmæta viðskiptahætti sem skaða hagsmuni neytenda og að mæla fyrir um fulla samræmingu á þeim sviðum sem tilskipunin tekur til. Innleiðing hennar mun m.a. fela í sér að útlista þarf nákvæmlega hvers konar viðskiptahættir teljist óréttmætir, villandi eða uppáþrengjandi. Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og þarf að innleiða efni hennar fyrir 12. júní 2007. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað verður lagafrumvarp hins vegar ekki lagt fram fyrr en á haustþingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Jón Kristjánsson. | Jón Gunnarsson. |
| Drífa Hjartardóttir. | Bjarni Benediktsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | Steingrímur J. Sigfússon. | |

## 1225. Nefndarálit [650. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2006, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Martin Eyjólfsson og Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Bjarnheiði Gautadóttur frá félagsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2006 frá 22. september 2006, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur varðandi heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (átjánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE).

Innleiðing tilskipunar þessarar kallar á lagabreytingar og samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað er gert ráð fyrir að gera þurfi breytingar á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinustöðum, og að lagafrumvarp verði lagt fram innan tíðar en frestur til að innleiða efni tilskipunarinnar er til 30. apríl 2008, sbr. 13. gr. hennar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Jón Kristjánsson. | Jón Gunnarsson. |
| Drífa Hjartardóttir. | Bjarni Benediktsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Steingrímur J. Sigfússon. |

## 1226. Nefndarálit [652. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs og gagnkvæma réttaraðstoð og staðfestingu ákvörðunar ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Martin Eyjólfsson og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta tvo samninga milli Íslands, Noregs og ríkja Evrópusambandsins um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja

Evrópusambandsins og Íslands og Noregs og gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum. Þá er leitað heimildar Alþingis til að samþykkja ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA um það hvaða ákvæði samnings frá 1995 um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins og samnings frá 1996 um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins teljist vera þróun á Schengen-gerðunum samkvæmt samningnum um þátttöku lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur fengið er gert ráð fyrir að ekki verði horfið frá þeirri tilhögun sem ríkt hefur að íslenskir ríkisborgarar verði ekki framseldir til annarra ríkja.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Jón Kristjánsson. | Jón Gunnarsson. |
| Drífa Hjartardóttir. | Bjarni Benediktsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Steingrímur J. Sigfússon. |

## 1227. Nefndarálit [542. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar telja að í frumvarpinu felist nokkur stefnubreyting til betri vegar og telja að á hana megi líta sem fyrsta skref til að taka heildstætt á náttúruvernd og nýtingu náttúrugæða. Frumvarpið byggist bæði á niðurstöðum auðlindanefndar og rammaáætlun um vatnsafl og jarðvarma. Verði það að lögum eykur það líkur á víðtækari sátt um nokkur af þeim helstu málum sem nú eru uppi á sviði verndunar og nýtingar náttúrugæða. Til verður farvegur framtíðarstefnu þar sem hægt er að meta og ákvarða hvort landsvæði og auðlindir skulu nýtt með verndun eða með orkuvinnslu og námustarfsemi.

Í frumvarpinu er lagt til að afmarkaður verði rammi, byggður á 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, utan um þær leyfisveitingar til rannsókna og nýtingar á auðlindum sem lögin ná til.

Í því sambandi leggja fulltrúar Samfylkingarinnar áherslu á að rammaáætlunin um orkunýtingu fjallar um tiltekin virkjunaráform. Þar eru sjálf landsvæðin eða náttúrufyrirbrigðin ekki metin á eigin forsendum, þótt vissulega gefi umhverfisgildin vísbendingu um verðmæti náttúru á einstökum stöðum. Hafa verður þó í huga að skýrsluhöfundar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma gerðu fyrirvara við þessar niðurstöður og röð kosta breytist ef einhverjir þeirra verða nýttir.

Alþingi hefur ekki fjallað um niðurstöður rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma að neinu marki og ekki var í nefndarstarfinu, hvorki í iðnaðarnefnd eða umhverfis-

nefnd, fjallað með fullnægjandi hætti um þann hluta rammaáætlunarinnar sem frumvarpið gerir þó ráð fyrir að lagður verði til grundvallar ákvörðunum um leyfi til rannsókna og nýtingar á einstökum kostum þar til tillögur um vernd og nýtingu liggja fyrir.

Þegar hins vegar tillögur um vernd og nýtingu fara að skila sér úr þeim farvegi sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er áskilið að Alþingi skuli fjalla um allar ákvarðanir þeirrar langtímastefnu um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls sem mótuð verður.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að þó að nú séu einungis liðin þrjú ár frá því að verkefnisstjórn 1. áfanga rammaáætlunar um vatnsafl og jarðvarma lauk störfum eru að mati þeirra sérfræðinga sem komu á fund nefndarinnar áhöld um hvort einstök svæði eða auðlindir í a- og b-hluta hennar eigi að vera til ráðstöfunar til rannsóknar og nýtingar á meðan fyrrnefnd stefnumörkun á sér stað.

Ljóst er því að fara verður afar varlega við úthlutun leyfa á grundvelli rammaáætlunarinnar. Af fyrrgreindum ástæðum telur minni hlutinn rétt að Alþingi meti hvort einstakir kostir í a- og b-hluta áætlunarinnar verði nýttir á þeim tíma sem líður þar til áætlun um vernd og nýtingu liggur fyrir. Ekki náðist samkomulag um þessa leið í nefndinni. Meiri hlutinn vill að öllum sem hafa fengið leyfi til rannsókna með vilyrði fyrir nýtingarleyfi verði veitt nýtingarleyfi ef þeir uppfylla þau skilyrði sem nú eru sett í lögum. Í þessu felst að á þeim tíma sem líður þar til áætlun um vernd og nýtingu liggur fyrir verður hægt að fara í gríðarlega miklar virkjunarframkvæmdir án þess að stjórnvöld áskilji sér rétt til að hafa áhrif á þær. Af þessum ástæðum flytur minni hlutinn breytingartillögu við breytingartillögu meiri hlutans sem lýtur að orðalagi 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í frumvarpinu.

Alþingi, 15. mars 2007.

Jóhann Ársælsson, frsm. Katrín Júlíusdóttir. Helgi Hjörvar.

## 1228. Svar [666. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Sæunnar Stefánsdóttur um félagsþjónustu sveitarfélaga við aldraða árin 2004–2006.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir aldraðir, 67 ára og eldri, hafa notið heimaþjónustu sveitarfélaga?*
2. *Hvað fá notendur að jafnaði oft heimsókn í viku og í hve marga tíma? Hver er hámarksfjöldi heimsókna?*
3. *Stendur öldruðum til boða heimsendur matur og hve margir nýta þá þjónustu að jafnaði? Býðst heimsending matar alla daga vikunnar eða einungis virka daga?*
4. *Er veitt akstursþjónusta fyrir aldraða og hve margir nýta sér hana að jafnaði?*
5. *Er skipulagt félagsstarf fyrir aldraða á vegum sveitarfélaganna og hve margir nýta sér það að jafnaði?*

*Svar við framantöldum liðum óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum og árum á tímabilinu 2004–2006.*

Efni fyrirspurnarinnar kallar á öflun upplýsinga frá öllum sveitarfélögum landsins um fyrirkomulag og notkun aldraðra á félagsþjónustu sveitarfélaganna. Spurt er um heimaþjón-

ustu aldraðra, heimsendan mat, akstursþjónustu og skipulagt félagsstarf fyrir aldraða. Óskað er sundurliðunar eftir sveitarfélögum sem nái yfir þriggja ára tímabil.

Ekki er unnt að svara svo efnismikilli fyrirspurn fyrir þinghlé en ráðuneytið telur mikilvægt að þeirra upplýsinga sem óskað er eftir verði aflað. Það verður m.a. gert í tengslum við starf verkefnisstjórnar ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptamál og verkaskiptanefndar um málefni aldraðra sem munu hefja störf á næstunni. Þessum nefndum er m.a. ætlað að fjalla um hugsanlegan verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga að því er varðar þjónustu við aldraða.

## 1229. Breytingartillaga [69. mál]

við till. til þál. um samkomulag við Færeyjar og Grænland um skipti á ræðismönnum.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um skipti á ræðismönnum. Ríkisstjórnin er hvött til að ræða við landsstjórnirnar um möguleikann á því að reka sameiginlegar ræðismannsskrifstofur.

## 1230. Svar [629. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Hjálmars Árnasonar, Kolbrúnar Halldórsdóttur og Sigurjóns Þórðarsonar um kostnað ríkisins við rannsókn og rekstur Baugsmálsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er heildarkostnaður ríkisins við rannsókn og rekstur Baugsmálsins frá því í ágúst árið 2002 og fram til dagsins í dag eða til þess tíma á árinu 2007 sem upplýsingar liggja fyrir um, og hvernig skiptist hann á eftirfarandi þætti:*
   a. *rekstur efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra,*
   b. *aðkeypta sérfræðiaðstoð og annan útlagðan kostnað efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra (þ.m.t. ferða- og uppihaldskostnað) við rannsókn og rekstur málsins,*
   c. *störf sérstaks saksóknara í Baugsmálinu, þ.m.t. kostnaður við aðstoðarmenn og aðkeypta sérfræðiþjónustu,*
   d. *kostnað sem íslenska ríkið hefur verið dæmt til þess að greiða vegna málsvarnarkostnaðar ákærðu í Baugsmálinu,*
   e. *annað, áður ótalið, sem eðlilegt er að telja hafa lent á ríkissjóði vegna málsins?*
2. *Hve stór hluti af starfsemi efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra á framangreindu tímabili hefur farið í Baugsmálið?*
3. *Hversu margar vinnustundir starfsmanna ríkislögreglustjóra hafa farið í Baugsmálið frá júlí 2002 til dagsins í dag?*

**1.a og b.**

Fyrirspurnum um sama efni hefur verið svarað áður, m.a. fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar er dómsmálaráðherra svaraði á 132. löggjafarþingi 2005–2006 (þskj. 1136, 641. mál.).

Málið sem um er spurt, svonefnt „Baugsmál“, er margþætt og er enn til meðferðar á viðeigandi stöðum í réttarkerfinu, en hluti þess er nú í meðferð fyrir héraðsdómi.

Rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra í svokölluðu Baugsmáli hófst í ágúst 2002 og skiptist síðan í nokkra hluta. Í september 2003 sendi efnahagsbrotadeild hluta af málinu til skattrannsóknarstjóra ríkisins þar sem fyrir lá rökstuddur grunur lögreglu um brot gegn skattalöggjöf. Sá hluti málsins sem áfram var til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild fór til meðferðar setts ríkissaksóknara, sjá 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

Í árslok 2004 kærði skattrannsóknarstjóri til efnahagsbrotadeildar ætluð skattalagabrot tengd félaginu auk þess að leggja fyrir ríkisskattstjóra skattlagningu vegna kærunnar.

Rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins á máli Baugs og tengdra félaga leiddi í ljós að félögin höfðu vanframtalið opinber gjöld. Í fréttatilkynningu frá Baugi Group þann 5. janúar 2005 skýrði félagið frá því að ríkisskattstjóri hefði gert því að greiða 464 millj. kr. vegna endurálagningar vegna tekjuáranna 1998–2002. Þá er ótalin hækkun einstaklinga sem tengdust málinu svo sem fram hefur komið í fjölmiðlum. Ágreiningsmál vegna þessa er rekið fyrir yfirskattanefnd.

Skattahluti Baugsmáls er enn til rannsóknar hjá saksóknara efnahagsbrota og settum ríkislögreglustjóra.

Starfsfólk efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra hefur unnið að öllum þáttum málsins. Sérfræðivinna hefur verið unnin í málinu, þ.e. hjá efnahagsbrotadeild, skattyfirvöldum og settum ríkissaksóknara.

Yfirlit yfir aðkeypta sérfræðiþjónustu í sakamálum er tekið saman í lok hvers máls. Vinna starfsmanna lögreglu og skattyfirvalda við mál er aldrei tekin saman, né verður hluti sakarkostnaðar sem til álita kemur að sakborningum verði með dómi gert að greiða að hluta eða öllu leyti verði þeir sakfelldir. Kostnaður ríkisins af þessum þætti ræðst því af niðurstöðu dómsmálsins og því ekki tímabært að meta hver hann getur orðið.

**1.c.**

Heildarkostnaður vegna starfa sérstaks ríkissaksóknara í Baugsmálinu, þ.m.t. kostnaður við aðstoðarmenn og aðkeypta sérfræðiþjónustu, á árunum 2005–2007 er samtals um 34,5 millj. kr.

**1.d.**

Fram til þessa dags hefur ríkið verið dæmt til þess að greiða samtals 43.416.000 kr. vegna málskostnaðar ákærðu í Baugsmálinu.

**1.e.**

Hér er kostnaður vegna málsmeðferðar hjá ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, héraðsdómstól Reykjavíkur og Hæstaréttar Íslands ótalinn.

**2.**

Áætlað er að á tímabilinu ágúst 2002 til ársloka 2006 hafi u.þ.b. 20% af starfsemi efnahagsbrotadeildar farið í Baugsmálið í heild.

3.
Vinnustundir starfsmanna lögreglu eru aldrei teknar saman vegna einstakra mála.
Spyrja má hvort eðlilegt sé að reyna að meta kostnað ríkisins í einstökum málum, þegar verið er að sinna lögbundnum verkefnum ríkisins eins og löggæslu og ákæruvaldsmeðferð mála. Á það að ráðast af hagkvæmnismati hvort menn sæti rannsókn og ákæru komi upp rökstuddur grunur um að þeir hafi framið refsilagabrot?

## 1231. Svar [602. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*

Ekki er raunhæft að telja starfabreytingar á því tæpa ári sem liðið er frá samþykkt byggðaáætlunar 2006 en í samantekt sem tekin var saman af tilefni fyrirspurnar Önnur Kristínar Gunnarsdóttur til iðnaðarráðherra á þskj. 360, 337. mál, um opinber störf á landsbyggðinni á árunum 1995–2005, sem birt er í eftirfarandi töflu, kemur fram að á vegum menntamálaráðuneytisins hafa orðið til alls 300 ársverk á landsbyggðinni á þessum árum, þar af 219,8 á árunum 2001–2005 eða um 44 á ári á því tímabili.

| **Landshluti** | **Framhaldsskólar** | | **Háskólar** | | **Menningarstofnanir** | | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1995–2000 | 2001–2005 | 1995–2000 | 2001–2005 | 1995–2000 | 2001–2005 | **1995–2005** |
| Austurland | -4,4 | 2,4 | | | 9 | 3 | **10** |
| Norðurland eystra | -3,5 | 5 | | | 0 | 3 | **4,5** |
| NL (Akureyri) | 3,4 | 5,4 | 48 | 50 | 8,5 | 18,5 | **133,8** |
| Norðurland vestra | 0,3 | 0 | | | 0 | 4,5 | **4,8** |
| Reykjanes | 9 | 43,4 | | | 0 | 0 | **52,4** |
| Suðurland | 3,6 | 11,4 | | | 0 | 1,5 | **16,5** |
| Vestfirðir | -5 | 5,9 | | | 2,5 | 1,5 | **4,9** |
| Vesturland | 0,3 | 13,8 | 4 | 38 | 4,5 | 12,5 | **73,1** |
| | **3,7** | **87,3** | **52** | **88** | **24,5** | **44,5** | **300** |
| | | | | | | | |
| Ísafjörður | -5 | 5,9 | | | 2,5 | 0,5 | **3,5** |
| Akureyri | 3,4 | 5,4 | 48 | 50 | 8,5 | 18,5 | **133,8** |
| Egilsstaðir | -5 | 0,9 | | | 2,5 | 2 | **0,4** |

2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Aðkoma menntamálaráðuneytisins að myndun starfa innan byggðaáætlunar felst í eflingu nærþjónustu á sviði framhaldsskóla og menningarmála svo og eflingu háskóla- og þekkingarsetra á landsbyggðinni. Þau störf sem myndast eru ekki nema að hluta opinber störf í skilningi laga um opinbera starfsmenn og greidd af fjársýslu ríkisins. Mörg störf sem myndast hafa eru háð styrkjum til ýmissa verkefna sem tengjast þekkingarsetrum og menningartengdum verkefnum. Það er ætlun menntamálaráðherra að halda áfram eflingu þessarar starfsemi í samvinnu við heimaaðila eftir því sem fjárveitingar leyfa.

# 1232. Svar [633. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sæunnar Stefánsdóttur um framfærslugrunn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
*Hvað líður endurskoðun framfærslugrunns Lánasjóðs íslenskra námsmanna?*

Úthlutunarreglur LÍN gilda fyrir eitt ár í senn og eru því endurskoðaðar árlega af stjórn sjóðsins. Endurskoðuninni lýkur venjulega í apríl/maí og nýjar reglur taka gildi 1. júní ár hvert en þá hefst nýtt skólaár. Einn veigamesti þátturinn í endurskoðun úthlutunarreglnanna er endurskoðun á framfærslugrunni sjóðsins.

Undirbúningur að endurskoðun reglnanna fyrir skólaárið 2007–2008 hófst með skipan sérstakrar stjórnarnefndar hinn 9. nóvember 2006, en þá var eftirfarandi tillaga samþykkt í stjórn sjóðsins:

> „Stjórn LÍN samþykkir að skipa nefnd fjögurra stjórnarmanna til að endurskoða forsendur og samsetningu framfærslugrunns sjóðsins og notkun hans til ákvörðunar á árlegri grunnframfærslu námsmanna. Nefndin skal sérstaklega yfirfara tillögur nefndar viðskiptaráðherra um neysluviðmið frá 5. október sl. og hagsmuni LÍN af útgáfu neysluviðmiðs fyrir Ísland. Jafnframt skal nefndin yfirfara yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 22. júní og 9. október sl. og áhrif þeirra aðgerða sem þar eru boðaðar á framfærslugrunn LÍN og samsetningu hans. (Fyrri yfirlýsingin var til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um áframhaldandi gildi kjarasamninga og hin síðari um aðgerðir til að lækka matvælaverð o.fl.)
>
> Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum námsmannahreyfinganna og tveimur fulltrúum ríkisstjórnarinnar og skila skýrslu til stjórnar fyrir 1. apríl 2007."

Nefndin hafði 22. febrúar sl. haldið sex fundi. Starf hennar hefur gengið samkvæmt áætlun. Hún hefur m.a. yfirfarið tekjuþróun námsmanna á síðasta skólaári og fengið fulltrúa frá Hagstofu Íslands og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins á sinn fund. Eftir fyrirhugaða skýrslu nefndarinnar í lok mars nk. mun stjórn LÍN taka afstöðu til tillagna hennar og ljúka endurskoðun úthlutunarreglna sjóðsins fyrir skólaárið 2007–2008.

Núverandi framfærslugrunnur LÍN og helstu útgjaldaliðir hans byggjast á neyslukönnun Hagstofu Íslands, en hann hefur jafnframt tekið breytingum á undanförnum árum með hliðsjón af sérstakri athugun og endurskoðunarvinnu stjórnarinnar. Honum er ætlað að endurspegla ársútgjöld einstaklings í leiguhúsnæði á Íslandi og er síðan notaður til að ákvarða grunnframfærslu sjóðsins. Hún sýnir lánsþörf námsmanns í leiguhúsnæði á mánuði að teknu tilliti til tekna og árlegs námstíma.

Í úthlutunarreglum LÍN fyrir skólaárið 2006–2007 var grunnframfærsla hækkuð um 5,9% eða úr 82.500 í 87.400 kr. Flestir aðrir þættir námsaðstoðar hækkuðu einnig, svo sem bókalán og lán vegna maka og barna. Húsnæðisliður framfærslugrunns LÍN var hækkaður sérstaklega með hliðsjón af úttekt námsmannahreyfinganna á húsnæðiskostnaði námsmanna. Fjórða árið í röð var með breytingum á reglum LÍN dregið úr tekjutilliti og hlutfall tekna sem koma til skerðingar á útreiknuðu láni lækkað í 12% en var 40% fyrir fjórum árum. Svigrúm lánþega til að bæta við ráðstöfunartekjur sínar með vinnu á sumrin og samhliða lánshæfu námi hefur þannig verið aukið svo um munar. Námsmenn sem flýta námslokum með sumarnámi geta nú átt rétt á námslánum í allt að 12 mánuði á skólaárinu. Reglurnar eru orðnar aðgengilegri

en áður. Einfalt og hóflegt tekjutillit hefur leyst af hólmi margbrotnar reglur um frítekjumörk og undanþágur. Jafnframt hefur með sumarlánum verið leitast við að tryggja afkomu þeirra lánþega sem búa við skerta tekjumöguleika eða vilja leggja áherslu á nám sitt og flýta námslokum.

## 1233. Svar [506. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hlyns Hallssonar um ný störf á vegum ríkisins á landsbyggðinni.

1. *Hver er stefna ríkisstjórnarinnar um fjölgun starfa á vegum ríkisins á landsbyggðinni annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar?*

Efling byggðar er meðal meginmarkmiða ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Stefnt er að því að treysta undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á samvinnu dreifbýlis og þéttbýlis um efnahagslegan stöðugleika svo markmið um frekari framfarir, uppbyggingu atvinnulífs, bættar samgöngur og öryggi borgaranna náist. Samkvæmt stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 sem samþykkt var á Alþingi 3. júní 2006 er stefnt að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. Unnið verður að uppbyggingu byggðakjarna og haldið áfram stuðningi við atvinnuþróun á landsbyggðinni. Lögð verður áhersla á að hagsmunir landsins felast í markvissu samstarfi höfuðborgar og landsbyggðar og gagnkvæmum skilningi.

Á grundvelli þessa er almennt að því stefnt að opinber störf geti orðið til úti á landi, t.d. störf sem ekki eru háð staðsetningu, svo sem við hagnýtingu upplýsingatækni. Að þessu þarf að vinna í takt við tækniþróun. Kjarninn í starfsemi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis er að stuðla að bættri samkeppnisstöðu Íslands. Í þessu felst að bæta ytri skilyrði atvinnulífsins með almennum aðgerðum (t.d. skattalegum umbótum) og einnig með sértækari hætti þegar kemur að eflingu tæknirannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar (t.d. með eflingu samkeppnissjóða). Markmiðið er að afrakstur þessa verði fyrst og fremst fjölbreyttara atvinnulíf og ný og vel launuð störf, fyrst og fremst störf í einkarekstri en einnig í opinberum rekstri. Þannig hverfast t.d. hugmyndir ráðuneytisins um eflingu þekkingarsetra á landsbyggðinni um að skapa störf á sviði háskólakennslu og rannsókna og tengja þau í þekkingarklasa með opinberum rannsóknum og starfsemi nýsköpunarfyrirtækja. Starfsemin grundvallast því á að skapa þekkingarkjarna sem dregur til sín hæft starfsfólk úr mörgum áttum. Fjölgun opinberra starfa verður þá fyrst og fremst vegna faglegra þarfa fyrir tilvist þeirra hvort sem er á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu. Ef einstök byggðalög verða fyrir miklum áföllum, t.d. vegna aflabrests eða að viðvarandi atvinnuleysi skapist af öðrum orsökum, kann þó að þurfa að bregðast við með sértækum hætti.

2. *Hver hefur verið þróunin sl. 10 ár hvað varðar staðsetningu nýrra starfa á vegum ríkisins, sundurliðað eftir árum?*

Til þess að samræma aðferð við öflun upplýsinga við þessum lið fyrirspurnarinnar var leitað til Fjársýslu ríkisins eftir upplýsingum úr launakerfi ríkisins um þróun ársverka síðastliðin 10 ár. Þær eru einu fyrirliggjandi upplýsingarnar sem varpað geta ljósi á þróun starfa síðustu ár. Í meðfylgjandi töflu er að finna fjölda ársverka frá 1996–2005 á ábyrgðarsviði

einstakra ráðuneyta, skipt eftir sveitarfélögum. Með ársverkum er átt við magn dagvinnu og ræstingar á ári á umræddu tímabili. Þessar upplýsingar útskýra umfang og breytingar á umfangi milli ára. Þær útskýra ekki að öllu leyti fjölgun eða fækkun starfa. Hugsanlegt er að fjarvera vegna fæðingarorlofs skekki myndina þannig að ársverkum fækki milli ára án þess að það þýði fækkun starfa. Auk þess er hugsanlegt að fólk sem ráðið hafi verið í tímavinnu og starfsfólk sem ráðið hafi verið tímabundið fjölgi ársverkum án þess að það leiði til fjölgunar starfa. Þessi aðferð útskýrir hins vegar meginbreytingar á milli ára og ekki verður séð að aðrar upplýsingar útskýri umræddda þróun með nákvæmari hætti.

| Ráðuneyti Sveitarfélag | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **00 Æðsta stjórn ríkisins** | | | | | | | | | | |
| **00** 0000 Reykjavík | 253,80 | 259,27 | 261,84 | 277,46 | 269,49 | 274,46 | 275,11 | 295,93 | 292,97 | 286,90 |
| **00** 1603 Svfél. Álftanes | 3,88 | 0,34 | 0,22 | | | | | | | |
| **01 Forsætisráðuneyti** | | | | | | | | | | |
| **01** 0000 Reykjavík | 43,06 | 33,74 | 32,03 | 41,27 | 56,39 | 59,79 | 55,47 | 56,84 | 61,56 | 62,66 |
| **01** 8714 Þingvallahreppur | 6,57 | 6,93 | 7,58 | 8,27 | 6,59 | 6,62 | | | | |
| **01** 8721 Bláskógabyggð | | | | | | | 7,44 | 8,20 | 8,62 | 8,31 |
| **02 Menntamálaráðuneyti** | | | | | | | | | | |
| **30** 3709 Eyrarsveit | 5,17 | | | | | | | | | |
| **30** 3711 Stykkishólmur | 11,10 | | | | | | | | | |
| **30** 3804 Laxárdalshr. | 4,82 | | | | | | | | | |
| **30** 4000 Ísafjörður | 45,85 | | | | | | | | | |
| **30** 4100 Bolungarvík | 5,18 | | | | | | | | | |
| **30** 4501 | 2,92 | | | | | | | | | |
| **30** 4502 Reykhólahreppur | 0,39 | | | | | | | | | |
| **30** 4505 | | | | | | | | | | |
| **30** 4603 Patrekshreppur | 11,69 | | | | | | | | | |
| **30** 4604 Tálknafjarðarhr. | 3,36 | | | | | | | | | |
| **30** 4606 Bíldudalshreppur | 4,05 | | | | | | | | | |
| **30** 4702 Þingeyrarhr. | 4,15 | | | | | | | | | |
| **30** 4705 Flateyrarhreppur | 3,19 | | | | | | | | | |
| **30** 4706 Suðureyrarhr. | 3,35 | | | | | | | | | |
| **30** 4803 Súðavíkurhr. | 2,81 | | | | | | | | | |
| **30** 4902 Kaldrananeshr. | 1,64 | | | | | | | | | |
| **30** 4904 Hólmavíkurhr. | 4,87 | | | | | | | | | |
| **30** 4908 Bæjarhreppur | 2,15 | | | | | | | | | |
| **30** 5000 Siglufjörður | 9,63 | | | | | | | | | |
| **30** 5100 Sauðárkrókur | 18,00 | | | | | | | | | |
| **30** 5504 Hvammstangahr. | 5,31 | | | | | | | | | |
| **30** 5604 Blönduós | 7,11 | | | | | | | | | |
| **30** 5609 Höfðahreppur | 4,87 | | | | | | | | | |

| Ráðuneyti Sveitarfélag | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **30** 5704 Seyluhreppur | 2,74 | | | | | | | | | |
| **30** 5710 Hofshreppur | 2,62 | | | | | | | | | |
| **30** 5711 | | | | | | | | | | |
| **30** 5715 Fljótahreppur | 0,78 | | | | | | | | | |
| **30** 6000 Akureyri | 154,85 | | | | | | | | | |
| **30** 6100 Norðurþing | 13,47 | | | | | | | | | |
| **30** 6200 Ólafsfjörður | 5,06 | | | | | | | | | |
| **30** 6300 Dalvík | 6,41 | | | | | | | | | |
| **30** 6501 Grímseyjarhr. | 2,86 | | | | | | | | | |
| **30** 6504 Hríseyjarhreppur | 2,56 | | | | | | | | | |
| **30** 6602 Grýtubakkahr. | 2,38 | | | | | | | | | |
| **30** 6607 Skútustaðahr. | 2,90 | | | | | | | | | |
| **30** 6608 Reykdælahreppur | 2,20 | | | | | | | | | |
| **30** 6609 Aðaldælahreppur | | | | | | | | | | |
| **30** 6703 Fjallahreppur | | | | | | | | | | |
| **30** 6704 Presthólahreppur | 2,92 | | | | | | | | | |
| **30** 6705 Raufarhafnarhr. | 2,87 | | | | | | | | | |
| **30** 6707 Þórshafnarhreppur | 3,57 | | | | | | | | | |
| **30** 7000 Seyðisfjörður | 8,34 | | | | | | | | | |
| **30** 7100 Neskaupstaður | 9,33 | | | | | | | | | |
| **30** 7200 Eskifjörður | 6,33 | | | | | | | | | |
| **30** 7501 Skeggjastaðahr. | 2,14 | | | | | | | | | |
| **30** 7502 Vopnafjarðarhr. | 8,33 | | | | | | | | | |
| **30** 7509 Borgarfjarðarhr. | 1,95 | | | | | | | | | |
| **30** 7602 Vallahreppur | | | | | | | | | | |
| **30** 7603 Egilsstaðir | 34,19 | | | | | | | | | |
| **30** 7604 Eiðahreppur | 0,30 | | | | | | | | | |
| **30** 7605 Mjóafjarðarhr. | 0,39 | | | | | | | | | |
| **30** 7609 Reyðarfjarðarhr. | 4,91 | | | | | | | | | |
| **30** 7611 Búðahreppur | 4,90 | | | | | | | | | |
| **30** 7612 Stöðvarhreppur | 3,17 | | | | | | | | | |
| **30** 7613 Breiðdalshreppur | 3,12 | | | | | | | | | |
| **30** 7615 Búlandshreppur | 4,09 | | | | | | | | | |
| **30** 7703 Höfn í Hornafirði | 17,52 | | | | | | | | | |
| **30** 7706 Hofshreppur | 0,61 | | | | | | | | | |
| **30** 8000 Vestmannaeyjar | 26,51 | | | | | | | | | |
| **30** 8100 Selfoss | 35,50 | | | | | | | | | |
| **30** 8502 | | | | | | | | | | |
| **30** 8508 Mýrdalshreppur | 5,14 | | | | | | | | | |
| **30** 8509 Skaftárhreppur | 3,13 | | | | | | | | | |
| **30** 8606 Hvolhreppur | 13,31 | | | | | | | | | |
| **30** 8607 Rangárvallahr. | 5,86 | | | | | | | | | |
| **30** 8611 Djúpárhreppur | 0,86 | | | | | | | | | |
| **30** 8702 Stokkseyrarhr. | 3,10 | | | | | | | | | |
| **30** 8703 Eyrarbakkahr. | 2,76 | | | | | | | | | |
| **30** 8710 Hrunamannahr. | 1,87 | | | | | | | | | |
| **30** 8712 Laugardalshr. | 2,70 | | | | | | | | | |
| **30** 8716 Hveragerði | 7,46 | | | | | | | | | |
| **30** 8717 Ölfushreppur | 5,57 | | | | | | | | | |
| **31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti** | | | | | | | | | | |
| **31** 0000 Reykjavík | 85,54 | 78,28 | 65,58 | 59,50 | 57,96 | 56,85 | 56,57 | 84,34 | 277,21 | 275,73 |
| **31** 2200 Keflavík | | | | | | | | | | |
| **31** 3200 Ólafsvík | 7,88 | 7,36 | 8,09 | 8,23 | 8,21 | 7,59 | | | | |
| **31** 3606 Borgarnes | 10,57 | 10,09 | 9,94 | 9,87 | 9,45 | 10,00 | | | | |
| **31** 3609 Borgarbyggð | | | | | | | 9,81 | 10,04 | | |
| **31** 3703 Miklaholtshreppur | | | | | | | | | | |
| **31** 3711 Stykkishólmur | 12,09 | 11,18 | 11,61 | 11,38 | 11,31 | 10,95 | 12,43 | 13,90 | | |

| Ráðuneyti Sveitarfélag | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **31** 3714 Snæfellsbær | | | | | | | 7,69 | 7,59 | | |
| **31** 3804 Laxárdalshreppur | 4,31 | 3,71 | 3,82 | 3,76 | 3,92 | 2,91 | | | | |
| **31** 3811 Dalabyggð | | | | | | | 2,54 | 3,00 | | |
| **31** 5000 Siglufjörður | 10,04 | 8,14 | 5,85 | 5,56 | 5,55 | 5,33 | 5,61 | 5,59 | | |
| **31** 5100 Sauðárkrókur | 8,18 | 6,50 | 6,11 | 6,36 | 5,76 | 5,09 | | | | |
| **31** 5200 Svfél. Skagafj. | | | | | | | 7,39 | 8,00 | | |
| **31** 5504 Hvammstangahr. | 4,00 | 3,97 | 4,00 | 4,13 | 3,87 | 1,94 | | | | |
| **31** 5508 Húnaþing vestra | | | | | | | 2,25 | 2,18 | | |
| **31** 5603 Torfalækjarhr. | 1,00 | 1,01 | | | | | | | | |
| **31** 5604 Blönduós | 14,86 | 12,79 | 16,31 | 15,38 | 14,23 | 14,45 | 15,41 | 16,13 | | |
| **31** 5710 Hofshreppur | | | | | | | | | | |
| **31** 5711 | | | | | | | | | | |
| **31** 6000 Akureyri | 26,50 | 23,71 | 26,17 | 25,02 | 22,60 | 22,84 | 23,56 | 21,79 | | |
| **31** 6100 Norðurþing | 1,00 | 3,99 | 4,04 | 4,02 | 4,00 | 5,25 | 5,00 | 4,94 | | |
| **31** 6200 Ólafsfjörður | 1,15 | 1,99 | | | | | | | | |
| **31** 6300 Dalvík | 2,00 | 1,00 | 2,00 | 1,99 | 1,34 | | | | | |
| **31** 6501 Grímseyjarhr. | 1,10 | 1,08 | 1,08 | 1,15 | 1,15 | 0,17 | | | | |
| **31** 6504 Hríseyjarhreppur | | | | | | | | | | |
| **31** 6702 Öxarfjarðarhr. | | | | | | | 0,14 | 0,14 | | |
| **31** 6704 Presthólahreppur | 2,38 | 0,14 | 1,14 | 1,16 | 1,14 | -0,11 | | | | |
| **31** 6705 Raufarhafnarhr. | 1,00 | | | | | | | | | |
| **31** 6707 Þórshafnarhreppur | 1,00 | 0,01 | | | | | | | | |
| **31** 7000 Seyðisfjörður | 3,00 | 2,96 | 3,00 | 3,00 | 3,00 | -0,33 | | | | |
| **31** 7100 Neskaupstaður | 4,22 | 3,09 | 3,50 | 3,51 | 2,37 | -0,08 | | | | |
| **31** 7200 Eskifjörður | 2,29 | 1,99 | 2,00 | 2,00 | 2,00 | -0,50 | | | | |
| **31** 7501 Skeggjastaðahr. | | | | | | | | | | |
| **31** 7502 Vopnafjarðarhr. | 3,00 | 2,99 | 3,00 | 3,00 | 3,13 | -0,21 | | | | |
| **31** 7508 Hjaltastaðarhr. | 1,00 | 1,41 | | | | | | | | |
| **31** 7509 Borgarfjarðarhr. | 0,50 | | | | | | | | | |
| **31** 7511 | 0,09 | | | | | | | | | |
| **31** 7601 Skriðdalshreppur | | | | | | | | | | |
| **31** 7603 Egilsstaðir | 30,30 | 28,48 | 28,51 | 29,41 | 28,46 | 51,73 | | | | |
| **31** 7605 Mjóafjarðarhr. | 0,21 | 0,21 | | | | | | | | |
| **31** 7611 Búðahreppur | 2,07 | 2,05 | 2,07 | 2,08 | 2,08 | -0,42 | 0,08 | 0,08 | | |
| **31** 7612 Stöðvarhreppur | | | | | | | | | | |
| **31** 7613 Breiðdalshreppur | 1,00 | 1,00 | | | | | | | | |
| **31** 7615 Búlandshreppur | 1,00 | 0,00 | | | | | | | | |
| **31** 7617 Djúpavogshreppur | | 1,00 | 2,00 | 2,00 | 2,00 | -0,17 | | | | |
| **31** 7618 Austur-Hérað | | | | | | | 48,12 | 47,68 | 0,21 | 0,21 |
| **31** 7703 Höfn í Hornafirði | 8,07 | 7,18 | 7,18 | 7,83 | 6,82 | -0,87 | | | | |
| **31** 7708 Svfél. Hornafj. | | | | | | | 0,27 | 0,26 | | |
| **31** 8100 Selfoss | 8,04 | 6,32 | 6,23 | 6,50 | 7,70 | 8,63 | | | | |
| **31** 8200 Svfél. Árborg | | | | | | | 8,13 | 8,33 | | |
| **31** 8508 Mýrdalshreppur | 2,00 | 1,99 | 2,27 | 1,83 | 1,17 | 3,14 | 2,00 | 2,00 | | |
| **31** 8606 Hvolhreppur | 18,81 | 17,42 | 16,70 | 16,69 | 17,17 | 15,29 | | | | |
| **31** 8613 Rangárþing eystra | | | | | | | 16,22 | 16,08 | | |
| **47 Félagsmálaráðuneyti C-hluti** | | | | | | | | | | |
| **47** 0000 Reykjavík | | | | 63,96 | 52,21 | 59,86 | 44,11 | 49,36 | 48,17 | 49,57 |
| **47** 5100 Sauðárkrókur | | | | 6,84 | 9,05 | | | | | |
| **47** 5200 Svfél. Skagafj. | | | | | | | 13,02 | 13,69 | 15,16 | 18,50 |

# 1234. Nefndarálit [566. mál]

um frv. til l. um meginreglur umhverfisréttar.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Aðalheiði Jóhannsdóttur dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Sigrúnu Ágústsdóttur frá umhverfisráðuneyti. Nefndinni hafa einnig borist umsagnir um málið.

Með frumvarpinu er lagt til að nokkrar af mikilvægustu meginreglum umhverfisréttarins verði lögfestar. Markmið frumvarpsins er að stuðla að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu umhverfis, auðvelda samþættingu umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum ákvarðana sem varða umhverfið. Að öllu þessu er stefnt með hag núlifandi og komandi kynslóða að leiðarljósi. Til að vinna að þessu markmiði skal útfæra meginreglurnar nánar við setningu og framkvæmd laga og reglna sem áhrif hafa á umhverfið og beita þeim þegar undirbúnar og teknar eru ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfi.

Með því að hafa í einum lagabálki nokkrar af mikilvægustu reglum umhverfisréttarins má auðvelda undirbúning og töku ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi. Hið sama á við um undirbúning nýrrar löggjafar, reglugerða o.s.frv. Í frumvarpinu er leitast við að skýra meginreglurnar og gera grein fyrir helstu röksemdum sem að baki þeim búa.

Rætt var um það í nefndinni hvort ganga ætti lengra en nú er gert í því að heimila einstaklingum sem ekki hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls að kæra ákvarðanir sem lúta að umhverfinu. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að þeir aðilar sem geti kært en teljast ekki hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls séu umhverfis- og útivistarsamtök með að lágmarki 30 meðlimi, sem eru opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur og hafa endurskoðað bókhald. Nefndin telur vert að skoða hvort útvíkka ætti þennan rétt enn frekar en ekki gafst ráðrúm til að gaumgæfa þetta betur á þeim stutta tíma sem nefndin hafði frumvarpið til meðferðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm. | Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara. | Guðjón Ólafur Jónsson. |
| Mörður Árnason, með fyrirvara. | Arnbjörg Sveinsdóttir. | Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara. |
| Kjartan Ólafsson. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara. |

# 1235. Frumvarp til laga [706. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992 og 102/1993.

Flm.: Sólveig Pétursdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Hjálmar Árnason, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðið „fasta“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „umræðunum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fundinum.
c. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og greiða má atkvæði um þær í einu lagi.
d. 3. mgr. orðast svo:
   Við umræður um tillögur skv. 2. mgr. gilda sömu reglur og við 2. umræðu um lagafrumvörp.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Sérhver nýr þingmaður skal vinna svofellt drengskaparheit að stjórnarskránni undireins og búið er að viðurkenna að kosning hans sé gild, sbr. 47. gr. stjórnarskrárinnar: Ég undirskrifaður/uð, sem kosin(n) er þingmaður til Alþingis Íslendinga, heiti því, að viðlögðum drengskap mínum og heiðri, að halda stjórnarskrá landsins.

Meðan þingmaður hefur ekki unnið heit samkvæmt þessari grein má hann ekki taka þátt í þingstörfum, sbr. þó 5. mgr. 5. gr.

3. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Rétt kjörinn forseti er sá er hefur hlotið meira en helming greiddra atkvæða. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju. Fái þá heldur enginn nógu mörg atkvæði skal kjósa um þá tvo þingmenn er flest atkvæði fengu við síðari kosninguna. Hafi við þá kosningu fleiri en tveir fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá jafnmörg atkvæði við þriðju kosninguna ræður hlutkesti hvor þeirra verður forseti.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Kosning forseta, varaforseta, fastanefnda og alþjóðanefnda, sbr. 3., 13. og 35. gr., gildir fyrir allt kjörtímabilið. Þingið getur þó, hvenær sem er, kosið að nýju skv. 3., 13. og 35. gr. ef fyrir liggur beiðni meiri hluta þingmanna þar um og fellur þá hin fyrri kosning úr gildi er ný kosning hefur farið fram.

Fráfarandi forseti og varaforsetar skulu gegna störfum frá kjördegi og fram til þingsetningar hafi þeir verið endurkjörnir alþingismenn. Sé forseti ekki endurkjörinn gegnir störfum hans sá varaforseti sem næst honum gengur í röð endurkjörinna varaforseta, ella aldursforseti, sbr. 1. gr., sé enginn þeirra þingmaður lengur.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Forseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu. Hann skal sjá til þess að störf þingsins séu í samræmi við ákvæði stjórnarskrár, þingskapa og annarra laga.

Forseti tekur við öllum erindum til Alþingis og annast um afgreiðslu þeirra mála er frá þinginu eiga að fara. Forseti skýrir á þingfundi frá erindum sem send eru Alþingi og þingskjölum sem lögð eru fram meðan á þingfundi stendur.

Beina má fyrirspurnum til forseta á þingskjali og óska skriflegs svars um stjórnsýslu á vegum þingsins. Gilda þá ákvæði 49. gr. um meðferð fyrirspurna eins og við getur átt.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Hann getur sett almennar reglur um fundarsköp nefndanna og starfsaðstöðu, að höfðu samráði við formenn nefnda og þingflokka.

6. gr.

3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Skrifstofustjóri ræður aðra starfsmenn þingsins.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Skrifstofustjóri Alþingis, eða fulltrúi hans, situr þingfundi og er forsetum til aðstoðar. Alþingistíðindi, B-deild, eru gerðabók þingsins, sbr. fyrri málslið 2. mgr. 77. gr.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Í skjalasafni Alþingis skal varðveita erindi er þinginu berast, sbr. 2. mgr. 8. gr. og 28. gr., svo og gerðabækur þess, fundargerðir nefnda og önnur skjöl er varða starfsemi þingsins og rekstur eða Alþingi er falið að varðveita, sbr. og 10. gr. stjórnarskrárinnar.

8. gr.

Síðari málsgrein 13. gr. laganna orðast svo:

Fastanefndir skal kjósa á fyrsta fundi Alþingis að afloknum alþingiskosningum, sbr. 68. gr.

9. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Nefnd getur, hvenær sem er, kosið að nýju formann eða varaformann ef fyrir liggur beiðni meiri hluta nefndarmanna og fellur þá hin fyrri kosning úr gildi er ný kosning hefur farið fram.

10. gr.

Við 2. mgr. 17. gr. laganna bætist: nema þingflokkur hans ákveði annað. Skal þá fylgt reglum 3. mgr. um staðgengil. Ákvæði þetta á þó ekki við ef kosnir eru varamenn í nefndum. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig við fráfall þingmanns eða afsögn.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðið „byggðamálum“ í 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skal allsherjarnefnd fjalla um skýrslu umboðsmanns Alþingis áður en hún kemur á dagskrá þingsins og skila áliti um hana.

12. gr.

Við 3. mgr. 25. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skal fjárlaganefnd fjalla um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar áður en hún kemur á dagskrá þingsins og skila áliti um hana.

13. gr.

Við 26. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Í skýrslu frá nefnd má og gera tillögu til þingsályktunar og kemur tillagan til afgreiðslu við lok umræðunnar um skýrsluna, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 44. gr.

14. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Á Alþingi starfa þessar alþjóðanefndir:

1. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, IPU.
2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.
3. Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA.
4. Íslandsdeild NATO-þingsins.
5. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.
6. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.
7. Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins, VES.
8. Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ÖSE.
9. Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál.

Í alþjóðanefndir skal kjósa samhliða kosningu fastanefnda skv. 13. gr. Í Íslandsdeild Norðurlandaráðs skulu kosnir sjö aðalmenn og jafnmargir varamenn, í Vestnorræna ráðið sex aðalmenn og jafnmargir varamenn og í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA fimm aðalmenn og jafnmargir varamenn. Í aðrar alþjóðanefndir skal kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn.

Alþjóðanefndir skulu kjósa sér formann og varaformann.

Um fundarsköp alþjóðanefnda gilda sömu reglur og um fastanefndir eftir því sem við á.

Hver alþjóðanefnd skal hafa ritara sem er henni til aðstoðar.

Forseti getur sett almennar reglur um störf alþjóðanefnda þingmanna.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Forseti getur sett leiðbeiningarreglur um frágang lagafrumvarpa.
b. Orðin „nema með samþykki þingsins“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðanna „að meiri hluti þingmanna samþykki það“ í 2. mgr. kemur: að þingið samþykki það, sbr. 67. gr.

16. gr.

Í stað síðari málsliðar 38. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Þá er þeirri umræðu er lokið gengur það til annarrar umræðu og þeirrar nefndar er forseti leggur til. Atkvæða skal þó leitað ef einhver þingmaður óskar þess, svo og ef önnur tillaga kemur fram um til hvaða nefndar málið fari.

17. gr.

Í stað síðari málsliðar 1. mgr. 39. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Síðan skal greiða atkvæði um greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær sem fram hafa komið, svo og um einstök atriði er þingmenn beiðast. Frumvarpið gengur síðan til 3. umræðu en þó skal leita atkvæða um það ef einhver þingmaður óskar þess.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Í stað síðari málsliðar 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra, tillögur um kosningu nefnda skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, svo og tillögur nefnda, sbr. 2. mgr. 26. gr., skulu þó ræddar og afgreiddar við eina umræðu eftir reglum um síðari umræðu um þingsályktunartillögur. Sama gildir um tillögur um frestun á fundum Alþingis samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.
b. Í stað 2. málsl. 3. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Er fyrri umræðu er lokið gengur tillagan til síðari umræðu og þeirrar nefndar er forseti leggur til. Atkvæða skal þó leitað ef einhver þingmaður óskar þess, svo og ef önnur tillaga kemur fram um til hvaða nefndar málið fari.
c. Í stað orðanna „þessari málsmeðferð“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: ræðutíma við fyrri umræðu.
d. Á eftir 3. málsl. 4. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Séu engar breytingartillögur má þó bera tillöguna upp í heild.
e. Í stað orðanna „að meiri hluti þings samþykki það“ í 6. mgr. kemur: að þingið samþykki það, sbr. 67. gr.

19. gr.

Orðin „skal samþykkja gerðabók frá síðasta fundi, sbr. 12. gr. Þar næst“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. 53. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 57. gr. laganna fellur brott.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tillagan kemur eigi til afgreiðslu fyrr en við lok umræðu.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
   Forseti getur gert hlé á fundum þingsins, í samræmi við starfsáætlun þess, sbr. 10. gr. og 1. mgr. 72. gr., en þó er honum skylt að boða til fundar, ef ósk berst um það frá forsætisráðherra eða meiri hluta þingmanna, með þeirri dagskrá sem slíkri ósk fylgir.
b. 3. mgr., er verður 4. mgr., orðast svo:
   Forseti getur ákveðið, ef ósk liggur fyrir um það og enginn þingmaður andmælir því, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu ef þau fjalla um skyld efni eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum. Gildir þá ræðutími sem um eitt mál. Séu mál ósamkynja gildir sá ræðutími sem rýmstur er.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „við nafnakall“ í síðari málslið 1. mgr. kemur: eða við atkvæðagreiðslu með rafeindabúnaði.
b. 2. mgr. fellur brott.

24. gr.

Á eftir orðinu „ef“ í síðari málslið 65. gr. laganna kemur: þingflokkur eða.

25. gr.

66. gr. laganna orðast svo:

Þá er forseti hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli eða úrslit máls séu ljós fyrir fram má hann lýsa yfir því að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu ef enginn þingmaður krefst þess að hún fari fram og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu. Um lokaafgreiðslu lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna verður forseti þó að viðhafa atkvæðagreiðslu.

Atkvæðagreiðsla skal fara fram með rafeindabúnaði þar sem staðfest er hverjir taka þátt í henni og hvernig hver þingmaður greiðir atkvæði. Forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Atkvæði hvers þingmanns við lokaafgreiðslu lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna skal skrásetja í þingtíðindum, svo og við aðrar atkvæðagreiðslur nema allir séu á einu máli. Skrifstofan varðveitir afrit allra atkvæðagreiðslna með rafeindabúnaði.

Ef atkvæðagreiðsla getur eigi farið fram með rafeindabúnaði skal hún fara fram á þann hátt að hver þingmaður réttir upp hönd þegar forseti leitar atkvæða með eða móti máli eða hvaða þingmenn greiði ekki atkvæði. Forseti lætur telja atkvæðin, svo og þá sem greiða ekki atkvæði, og skýrir frá úrslitum.

Forseti getur látið fara fram nafnakall í stað atkvæðagreiðslu skv. 2. eða 3. mgr. Honum er það og heimilt þótt atkvæðagreiðsla hafi áður farið fram ef hún hefur verið óglögg eða verið hreyft athugasemdum við hana, enda fari hin síðari atkvæðagreiðsla fram þegar í stað.

Komi fram ósk um nafnakall skal við henni orðið. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð og hlutað um í hvert sinn á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið. Við nafnakall greiðir forseti atkvæði síðastur.

Atkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. má endurtaka þótt úrslitum hennar hafi verið lýst ef forseti telur ástæðu til þess eða ósk berst um það frá þingmanni. Hin nýja atkvæðagreiðsla skal þá fara fram þegar í stað og áður en nokkur önnur ályktun er gerð eða nýtt mál tekið fyrir. Vilji þingmaður á fundi gera leiðréttingu eftir að atkvæði hafa verið greidd skv. 2. mgr. er honum heimilt að láta skrá hana í þingtíðindin en þó því aðeins að hann hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Leiðréttingin breytir ekki úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

26. gr.

Við 67. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skal þá telja atkvæði með og móti máli.

27. gr.

Í stað 2. mgr. 71. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Í þingflokki skulu vera a.m.k. þrír þingmenn.Tveir þingmenn geta þó myndað þingflokk enda sé til þingflokksins stofnað þegar að loknum kosningum og þingmennirnir kosnir á listum sama stjórnmálaflokks eða sömu stjórnmálasamtaka.

Enginn þingmaður má eiga aðild að fleiri en einum þingflokki.

28. gr.

73. gr. laganna orðast svo:

Við upphaf hvers þings skal forsætisráðherra flytja stefnuræðu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, en eftirrit af ræðunni skal afhent þingmönnum sem trúnaðarmál tveimur sólarhringum áður en hún er flutt.

Forseti skal gera tillögu og leita samkomulags um fyrirkomulag umræðunnar, lengd hennar, umferðir og ræðutíma forsætisráðherra, þingflokka og einstakra þingmanna, svo og þingmanna utan flokka. Ef ekki tekst samkomulag skal forseti ákveða fyrirkomulag umræðunnar en þingflokkur getur þó krafist þess að um ákvörðun forseta séu greidd atkvæði á þingfundi.

Eftirriti stefnuræðunnar skal fylgja yfirlit um þau mál sem ríkisstjórn hyggst leggja fram á þinginu. Yfirlitið skal prenta í þingtíðindunum.

29. gr.

74. gr. laganna orðast svo:

Á síðari hluta þings skal fara fram almenn stjórnmálaumræða. Um fyrirkomulag hennar gilda ákvæði 2. mgr. 73. gr.

30. gr.

Í stað VI. kafla laganna kemur ein ný grein, er verður 75. gr., er orðast svo:

Útvarpa skal frá þingsetningu, stefnuræðu forsætisráðherra og umræðum um hana og almennri stjórnmálaumræðu.

Útvarpa skal umræðu um vantraust ef þingflokkur krefst þess.

Útvarpa skal umræðu um þingmál, eða hluta hennar, ef þingflokkur krefst þess og samkomulag er um það milli þingflokka eða forseti hefur ákveðið slíka umræðu eftir kröfu þing-

flokksins. Þingflokkurinn á rétt á, sé kröfu hans hafnað, að beiðni hans sé borin undir atkvæði á þingfundi.

Um fyrirkomulag umræðu skv. 2. og 3. mgr. gilda ákvæði 2. mgr. 73. gr.

Þegar segir að útvarpa skuli umræðum er skyldan bundin við Ríkisútvarpið.

31. gr.

Við 87. gr. laganna, sem verður 76. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Að flutningi máls skv. 36. og 44. gr., svo og breytingartillagna við það, geta staðið þingmenn, ráðherrar, þingflokkar og fastanefndir, sérnefndir eða alþjóðanefndir, svo og forsætisnefnd.

32. gr.

88. gr. laganna, sem verður 77. gr., orðast svo:

Umræður á Alþingi og þingskjöl skal prenta í Alþingistíðindum. Skrifstofa Alþingis annast útgáfu Alþingistíðindanna.

Í A-deild Alþingistíðinda skal prenta þingskjöl og í B-deild skal prenta allar umræður og auk þess dagskrár þingfunda, tilkynningar, atkvæðagreiðslur og hvað annað sem fram fer á þingfundum og geta þar afgreiðslu mála og málsatriða.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella sem þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og hljóðupptaka ber með sér. Engar efnisbreytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrétting.

Forseti getur sett nánari reglur um útgáfu Alþingistíðinda, þar á meðal um birtingu þeirra í rafrænum búningi.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er niðurstaða starfs sem farið hefur fram að undanförnu á vegum forseta og formanna þingflokka. Flestar breytingarnar, sem hér er lagðar til, voru settar fram í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis árið 1998, þ.e. í 540. máli á 123. löggjafarþingi, en málið varð þá ekki útrætt.

Upphafið má rekja til þess að þegar eftir breytingar á þingsköpunum 1991, í kjölfar þess að deildir þingsins voru afnumdar, var ákveðið að stefna að endurskoðun þingskapanna þegar nokkur reynsla hefði fengist af þeim í einni málstofu. Hefur því verið safnað saman á undanförnum árum ýmsum atriðum sem hafa þyrfti hliðsjón af þegar til endurskoðunarstarfsins kæmi.

Í eldra frumvarpinu, frá 123. löggjafarþingi, voru lagðar til gagngerar breytingar á þingsköpunum. Þá varð ágreiningur um ræðutíma og nefndaskipanina. Ákvæði um þau atriði eru lögð til hliðar að þessu sinni og eru í þessu frumvarpi eingöngu lagðar til tæknilegar breytingar og breytingar sem samkomulag er um.

Þess skal sérstaklega getið að rætt var allítarlega um starfstíma Alþingis og þær hugmyndir sem fram hafa komið um að lengja hann. Samstaða varð ekki um annan þingsetningardag að hausti, t.d. um miðjan september, en áfram verður kannað hvort lengja megi starfstíma þingsins með öðrum hætti. Hefur í því sambandi verið nefnt að þingið gæti hagað

þingfrestun að vori þannig að þingið kæmi saman á ný í september til að ljúka afgreiðslu ýmissa mála sem ekki hefði unnist tími til að afgreiða að vori, en hefðbundin þingsetning yrði áfram 1. október og þá hæfist nýtt löggjafarþing þar sem fjárlagafrumvarp og önnur ný þingmál yrðu lögð fram. Það væri þá í valdi þingsins hverju sinni hversu langan tíma það tæki sér að hausti til að starfa áður en nýtt löggjafarþing hæfist.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Við breytingar á þingsköpum árið 1991 var tekin upp sú skipan að aldursforseti skyldi sá þingmaður teljast er lengsta þingsetu hefur að baki, þ.e. starfsaldursforseti. Miðað er við lengsta „fasta þingsetu", þingseta í varamannssæti er því ekki talin með. Það þykir óeðlilegt og því er lagt til í a-lið að breyting verði gerð. Þingseta samkvæmt þessu nýja orðalagi er því talin sá tími sem er frá kosningu þingmanns, eða þeim tíma sem hann tók fast sæti á Alþingi, auk þess tíma sem hann hefur setið sem varamaður á þinginu; er þá eðlilegast að miða við þann tíma sem þingmaður hefur notið þingfararkaups sem varamaður. Þingsetutíminn þarf ekki að vera samfelldur.

Verkefni starfsaldursforseta á þingsetningarfundi geta verið margvísleg. Hann hefur allan sama rétt og skyldur sem forseti þangað til forseti þingsins er kosinn, sbr. 7. gr. þingskapa. Því þykir misvísandi að í 1. gr. þingskapa segir að hann stjórni „umræðunum" sem sjaldnast eru nokkrar. Hann annast hins vegar afgreiðslu kjörbréfa og stjórnar forsetakjöri auk annarra fundarstarfa. Því er eðlilegra orðalag að segja að starfsaldursforseti stjórni þingsetningarfundinum þar til forseti er kjörinn. Það skýrir breytingu skv. b-lið.

Í c-lið er um orðalagsbreytingu að ræða. Felld eru niður nokkur orð sem enga sjálfstæða þýðingu hafa, svo sem um atkvæðafjölda við afgreiðslu tillagna nefndarinnar, sbr. 64. gr. Í greinina er hins vegar bætt því ákvæði að tillögur nefndarinnar megi afgreiða í einu lagi, þ.e. að ekki þurfi að greiða atkvæði um hvert og eitt kjörbréf. Er það í samræmi við venju.

Þá er 3. mgr. breytt þannig að umræður um tillögur nefndarinnar um afgreiðslu kjörbréfa (í lagatextanum er nú talað um „umræður á þingsetningarfundum") fari fram eftir sömu reglum og gilda við 2. umræðu um lagafrumvörp (í stað tilvísunar í 55. gr.). Þykir það nákvæmara orðalag með hliðsjón af því að á þingsetningarfundi fer fleira fram en afgreiðsla kjörbréfa.

Um 2. gr.

Tekinn er upp í greinina heitstafur sá sem löng venja er fyrir – og stjórnarskrárbundið – að alþingismenn undirriti er þeir taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn, hvort sem það er sem aðalmaður eða varamaður. Verður orðalagi hans því ekki breytt nema með breytingu á þingsköpum. Í greininni er núverandi orðalagi haldið óbreyttu þótt það þyki nokkuð fornlegt.

Jafnframt er í 2. mgr. kveðið afdráttarlaust á um það að þingmaður nýtur þá fyrst fullra þingmannsréttinda þegar hann hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni. Svo hefur einnig verið viðhorf fræðimanna til þessa ákvæðis og er orðalag þess sniðið að skýringu þeirra.

Ekki hefur reynt á svo vitað sé að kosinn þingmaður hafi neitað að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni né dregið það óeðlilega. Slíkt er þó þekkt hjá nágrannaþingum. Þannig voru áþekk ákvæði sett í þingsköp danska þingsins fyrir um hálfri öld að gefnu tilefni. Þykir ástæða til að hafa skýr fyrirmæli í þingsköpum um þetta atriði.

Um 3. gr.

Sú breyting var gerð á þingsköpum árið 1991 að hljóti enginn alþingismaður tilskilinn atkvæðafjölda við fyrstu kosningu um forseta þingsins skuli aðeins kjósa einu sinni aftur og þá milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við fyrri kosninguna, en ekki kjósa aftur um þá sem í framboði voru eins og almennt gildir í viðlíka tilfellum, og ef enginn hlýtur þá meiri hluta atkvæða sé kosið bundið um þá tvo sem flest atkvæði fengu við síðari kosninguna. Á ákvæðið hefur ekki reynt síðan það var sett 1991. Með hliðsjón af því að þingsköp Alþingis eru um margt fyrirmynd almennra fundarskapa þykir eðlilegt að færa ákvæði þetta í fyrra horf, enda er það almenn regla þegar kosinn er einn maður sem þarf að fá meiri hluta greiddra atkvæða að kjósa tvívegis óbundið ef ekki næst tilskilinn meiri hluti. Þess ber að geta að á grundvelli þessa ákvæðis fara fram aðrar kosningar í þinginu þegar kosið er um einn mann, svo sem umboðsmann Alþingis o.fl. Rétt er að geta þess að með orðunum „meira en helming greiddra atkvæða“ er átt við að sá sé rétt kjörinn sem hlýtur samtals fleiri atkvæði en aðrir sem atkvæði fá og eru þá ekki taldir með auðir seðlar. Loks ber að geta þess að um kosningu forseta gildir nú að hún er ekki lengur óbundin eins og áður, fyrir 1991, heldur eru þeir einir í framboði sem gerð er bein tillaga um og hafa samþykkt það.

Um 4. gr.

Með nýrri 1. mgr. er stefnt að því að styrkja embætti forseta og koma meiri festu á störf þingsins með því að láta kosningu embættismanna og nefnda gilda allt kjörtímabilið. Er það og í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi þingsins 1991 og fólust m.a. í því að tryggja meiri samfellu í þingstörfum þannig að þingið situr að formi til allt árið og þingnefndir starfa í vaxandi mæli utan þingtíma.

Reynslan sýnir að litlar breytingar verða jafnan á skipan nefnda, þar á meðal forsætisnefndar, ef stjórnarsamstarf helst óbreytt. Í þingsköpum, 16. gr., er hins vegar að finna rúma heimild fyrir þingflokka til að hafa mannaskipti í nefndum ef þeim sýnist svo.

Nauðsynlegt þykir þó að hafa ákvæði í þingsköpum sem veitir meiri hluta þingsins rétt til þess að kjósa á ný embættismenn, fastanefndir og alþjóðanefndir. Eru þá einkum höfð í huga stjórnarskipti eða breytingar á stjórnarsamstarfi á kjörtímabilinu. Þannig getur nýr meiri hluti á Alþingi hvenær sem er kosið á ný embættismenn og til nefnda, allra eða til einstakra nefnda, þegar talin er pólitísk nauðsyn á því.

Í þingsköpum er nú ákvæði í 2. mgr. 6. gr. um að hverjum forseta þingsins sé heimilt að leggja niður störf ef meiri hluti leyfir. Ekki þykir lengur ástæða til að binda afsögn forseta þessum skilyrðum. Ákvæðið mun eiga sér rætur í því að forsetar voru áður án atkvæðisréttar og þá gat skipt máli, ef fylkingar voru jafnstórar, hver gegndi forsetastörfum. Nú mun það vera almennt viðhorf að vilji forseti leggja niður störf geti hann gert það án nokkurra skilyrða. Enn fremur er lagt til að brott falli ákvæði um að Alþingi geti vikið forseta frá með samþykki ⅔ hluta allra alþingismanna, þ.e. 42 alþingismanna af 63. Samkvæmt síðari málslið nýrrar 1. mgr. getur meiri hluti þingsins tekið upp kosningar til trúnaðarstarfa og ekki þykir rétt að veita forseta frekari vörn ef hann nýtur ekki trausts meiri hlutans.

Í nýrri 2. mgr. greinarinnar er gerð tillaga um hver gegna skuli þeim störfum sem á forseta hvíla, bæði störfum varðandi stjórnsýslu Alþingis og öðrum störfum hans, þar á meðal skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar, frá kjördegi og til þess að nýkjörið þing kemur saman í fyrsta sinn. Nú er enga reglu að finna um þetta efni, aðra en þá sem ráða má af 1. mgr. 6. gr., en eðlilegast þykir að þessi störf séu í höndum þess forseta sem síðast var kjörinn til þess embættis, en sé hann ekki endurkjörinn alþingismaður gegni varaforsetar þeim störfum fram til þess

að Alþingi er sett. Óeðlilegt þykir að fráfarandi forseti, sem er hættur þingstörfum, sinni stjórnsýslustörfum á Alþingi eða fari með forsetavald sem einn handhafa í fjarveru forseta Íslands. Hér er fylgt þeirri reglu að varaforsetar gegni þessum störfum, ef forseti hefur ekki verið kosinn á ný þingmaður, eftir þeirri röð sem þeir voru kjörnir, 1. varaforseti að frágengnum forseta, 2. varaforseti að frágengnum forseta og 1. varaforseta o.s.frv. Ef svo vill til að enginn varaforseta er kjörinn er eðlilegast að aldursforseti gegni þessum störfum.

Um 5. gr.

Í 8. gr. þingskapa er sú grundvallarregla að forseti stjórni umræðum og sjái um að allt fari fram með góðri reglu. Felst í því bæði réttur hans til agavalds og skylda til að sjá um að störf þingsins séu ávallt í samræmi við stjórnarskrá, þingsköp og önnur lagafyrirmæli. Þykir rétt að gera þetta ákvæði skýrara og taka fram berum orðum að honum sé skylt að sjá til þess að ákvæði stjórnarskrár séu haldin í störfum þingsins, svo og ákvæði þingskapa og annarra laga. Hefur það að sjálfsögðu verið óskrifuð regla fram að þessu. Þá þykir fara betur að 2. og 3. málsl. 1. mgr. séu sjálfstæð málsgrein. Tekið skal fram að með orðunum „erindum til Alþingis“ er átt við erindi sem beint er til Alþingis sem slíks, en ekki erindi sem nefndum þingsins berast, sbr. 28. gr. Þau eru á forræði nefndanna sjálfra og tengjast flest afgreiðslu þeirra á þingmálum. Um þetta hafa skapast fastar venjur og er ekki ætlunin að gera þar breytingu á. Erindi til Alþingis er venja að „leggja fram á lestrarsal“, þ.e. þau eru öllum aðgengileg á skrifstofu þingsins.

Þá er lagt til það nýmæli að þingmenn geti lagt fram á þingskjali fyrirspurn til forseta um stjórnsýslu á vegum þingsins og óskað skriflegs svars. Verður málsmeðferð slíkra fyrirspurna í samræmi við ákvæði 49. gr. eins og við getur átt. Þar sem hugtakið stjórnsýsla hefur víðtæka merkingu, sbr. ákvæði 9. gr. þingskapa, og upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um Alþingi, sbr. 1. gr. þeirra laga, er talið eðlilegt að forseti taki mið af ákvæðum 5. gr. upplýsingalaga ef spurt er um einkahagsmuni starfsmanna þingsins sem sanngjarnt og eðlilegt þykir að leynt fari. Í fyrri málslið 5. gr. er kveðið á um að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari nema sá samþykki sem í hlut á.

Í 3. mgr. 8. gr. þingskapa er nú ákvæði þar sem forseta er gert að hafa umsjón með starfi þingnefndanna. Á grundvelli þessa ákvæðis hafa á undanförnum árum verið settar ýmsar almennar reglur um störf nefndanna, svo sem um ferðir þeirra, sérfræðilega aðstoð, aðgang að gögnum þeirra o.fl. Rétt þykir að styrkja þetta ákvæði og hlutverk forseta í þessu sambandi og veita honum almenna heimild til þess að setja starfsreglur fyrir nefndirnar. Í ákvæðinu er áskilið að forseti hafi samráð við nefndaformenn og formenn þingflokka um efni slíkra reglna því að mikilvægt er að um þær sé víðtæk samstaða.

Um 6. gr.

Samkvæmt gildandi lögum ræður forseti starfsmenn Alþingis að tillögu skrifstofustjóra. Lagt er til að þessu ákvæði verði breytt þannig að skrifstofustjóri annist ráðningu starfsmanna þingsins og er breytingin í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur í mörg ár. Er sú skipan sem gerð er tillaga um enn fremur í samræmi við meginstefnu laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, að forstöðumenn stofnana ráði starfsmenn þeirra.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. mgr. 12. gr. þingskapa eru ákvæði um gerðabók þingsins og samþykkt hennar á þingfundi. Ákvæðið um gerðabók þarfnast endurskoðunar, enda eru nú allar samþykktir þingsins og allt sem fram fer á þingfundi prentað í ræðuparti Alþingistíðinda. Síðan ræðuparti þingtíðindanna var breytt 1972 og byrjað að gefa hann út í réttri tímaröð, í stað þess að umræður væru flokkaðar eftir málum, hefur þýðing gerðabókarinnar stórminnkað, og er nú nánast aldrei leitað til hennar um upplýsingar. Tölvuvinnsla og gagnagrunnur þingsins gerir færslu gerðabókar því sem næst óþarfa. Um nokkurt skeið hefur gerðabókin verið tölvufærð og prentuð út á lausum blöðum, en áður var hún handfærð í þykka bók.

Í 2. mgr. a-liðar greinarinnar er lagt til að Alþingistíðindi, B-deild, verði gerðabók þingsins. Færslu hefðbundinnar gerðabókar verði þar með hætt.

Með breytingu á greininni fellur niður 3. mgr. um að forseti geti kvatt til tvo þingmenn til að telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur. Slík talning á aðeins við ef ekki er unnt að nota atkvæðagreiðslukerfi, svo og við nafnakall. Venja hefur skapast fyrir því, síðan hætt var að kjósa skrifara úr hópi þingmanna árið 1991, að starfsmenn þingsins annist slíka talningu. Málsgreinin er því óþörf.

Í b-lið er lagt til að sett verði nánari ákvæði í þingsköp um varðveislu skjala Alþingis. Notkun á skjalagögnunum er mjög mikil í tengslum við störf þingsins. Með því að lögfesta ákvæði um skjalasafnið hvílir sú skylda á Alþingi að búa sem best að safninu og tryggja örugga varðveislu skjalagagna. Þá er þess að geta að í 10. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi varðveiti annað eintak af tveimur af eiðstaf forseta Íslands en Þjóðskjalasafnið hitt.

Um 8. gr.

Í nýrri 6. gr. laganna, samkvæmt þessu frumvarpi, gildir kosning fastanefnda fyrir allt kjörtímabilið. Því er fellt niður ákvæði í gildandi lögum um að kosningin gildi til upphafs næsta þings.

Um 9. gr.

Í 4. mgr. 14. gr. þingskapa er nú ákvæði um að formaður og varaformaður nefndar geti lagt niður störf ef nefnd leyfir. Það þykir óeðlilegt að setja því skilyrði að formaður eða varaformaður leggi niður störf, heldur geti þeir gert það ef þeim sýnist svo. Ákvæði þetta er hliðstætt því sem gildir um forseta og varaforseta þingsins en lagt er til í 4. gr. um breytingar á 6. gr. laganna að því verði einnig breytt. Ákvæðum núgildandi 4. mgr. um frávikningu formanns og varaformanns er því til samræmis breytt þannig að liggi fyrir ósk meiri hluta nefndar um að kosið sé á ný til embættisstarfa í nefndinni er það sett á dagskrá og fellur þá fyrri kosning úr gildi. Með orðalaginu „meiri hluta nefndarmanna“ er átt við fimm nefndarmenn í níu manna nefndum og sex í ellefu manna. Með nefndarmönnum er átt við þá sem eiga þar seturétt, þ.e. eru kosnir skv. 13. gr. eða sitja í nefndinni skv. ákvæðum 16. gr. eða 2. og 3. mgr. 17. gr. laganna.

Um 10. gr.

Lengi hefur tíðkast að varaþingmaður taki sæti í þeim nefndum sem aðalmaður á aðild að en gegni þó að jafnaði ekki embættisstörfum hans, formennsku eða varaformennsku. Það getur þó stundum reynst óheppilegt, t.d. ef varamaður, sem ekki hefur átt þess kost að fylgjast með störfum þingsins eða þingflokks, tekur sæti í nefnd sem er að ljúka afgreiðslu viða-

mikils máls. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er aukið vald og svigrúm þingflokks til að ákveða hvort varaþingmaðurinn eða annar þingmaður flokksins taki um stundarsakir sæti í nefndinni.

Bætt er við málslið um að varaþingmenn taki ekki sæti í nefndum þar sem kosnir eru varamenn. Gildir það einnig um alþjóðanefndir. Jafnframt er í síðasta málslið tekið fram að sömu reglur gildi fyrir þingmann sem tekur fast sæti við fráfall eða afsögn aðalmanns.

Um 11. gr.

Lagðar eru til breytingar á 23. gr. þingskapa sem lúta annars vegar að því að fella brott málaflokkinn byggðamál úr upptalningu mála sem vísa skal til allsherjarnefndar þar sem byggðamál heyra nú undir iðnaðarráðuneytið og slíkum málum er því vísað til iðnaðarnefndar. Hins vegar er lagt til að allsherjarnefnd fjalli um skýrslu umboðsmanns Alþingis, sbr. 1. mgr. 12. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, áður en hún kemur á dagskrá þingsins og skila áliti um skýrsluna.

Um 12. gr.

Lögð er til sú breyting á 25. gr. þingskapa, í samræmi við breytingar á 23. gr., að fjárlaganefnd fjalli um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar, sbr. 12. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, áður en hún kemur á dagskrá þingsins og skila áliti um skýrsluna.

Um 13. gr.

Lögð er til sú breyting á 26. gr. laganna að í skýrslu frá nefnd megi gera tillögu til þingsályktunar sem rædd skuli og afgreidd við eina umræðu og vísast í því sambandi til athugasemda við 16. gr. frumvarpsins um breytingar á 2. mgr. 44. gr. laganna.

Um 14. gr.

Með greininni er verið að festa í þingsköp þá venju sem komst á 1999 að kjósa í alþjóðanefndir á sama hátt og sama tíma og í fastanefndir þingsins. Forsætisnefnd setti sama ár reglur um alþjóðanefndir, þar á meðal um fjölda nefndarmanna. Þau ákvæði eru nú felld inn í þingsköp.

Að öðru leyti er efni greinarinnar óbreytt. Þrjár nýjar Íslandsdeildir hafa verið stofnaðar frá 1991, þ.e. þær sem sinna málefnum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), málefnum Vestur-Evrópusambandsins (VES) og málefnum norðurskautsins, og er þeim bætt við í upptalningu nefndanna.

Við greinina er bætt nýrri málsgrein, 4. mgr., þar sem segir að sömu reglur gildi um alþjóðanefndir og fastanefndir almennt. Á það við um boðun funda, ályktunarbæran fund, fundatíma, forföll o.s.frv. Sérstaklega er hnykkt á því að þingflokkar geti haft mannaskipti í alþjóðanefndum eins og fastanefndum. Hverfi t.d. aðalmaður í alþjóðanefnd af þingi getur þingflokkur hans tilnefnt nýjan aðalmann samkvæmt reglum 16. gr.

Samkvæmt 6. mgr. er forseta heimilt að setja almennar reglur um störf alþjóðanefnda. Í því felst m.a. að setja reglur um þátttöku af Íslands hálfu í alþjóðaþingum og ráðstefnum sem tengjast starfi hverrar nefndar, um skiptingu fjár til nefndanna, þátttöku formanns, aðalmanna og varamanna í starfi alþjóðasamtaka, setu á nefndafundum þeirra, skýrslur um störf nefndanna o.fl.

Um 15. gr.

Þótt í þingsköpum segi að lagafrumvörp eigi að vera með „lagasniði“ er ekki að finna nánari skrifaðar reglur um hvað við er átt með því orði. Hefð er engu síður rík í þessum efnum og býsna löng. Hugmyndir hafa komið fram um að gera mætti lagafrumvörp aðgengilegri, bæði fyrir þingmenn og almenning, einkum þannig að betur komi fram hverju verið er að breyta hverju sinni. Ekki er talið heppilegt að setja í þingsköp nákvæmari fyrirmæli en þar eru nú um frágang lagafrumvarpa og því er lagt til að forseti geti sett reglur sem séu til leiðbeiningar þeim sem semja frumvörp.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að felld verði brott orðin „nema með samþykki þingsins“ þannig að ljóst sé að um frávik frá þeirri málsmeðferð gildi ákvæði 90. gr. um afbrigði frá þingsköpum. Er þessi breyting í samræmi við þá túlkun og framkvæmd sem fylgt hefur verið þótt um hafi verið deilt.

Lagt er til í c-lið greinarinnar að 2. mgr. 36. gr. verði breytt þannig að skýrara verði en nú er að taka megi lagafrumvarp á dagskrá þótt því sé útbýtt eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þingsetningu ef það er samþykkt eftir venjulegum reglum, þ.e. með meiri hluta atkvæða á ályktunarbærum fundi.

Um 16. gr.

Samkvæmt breytingunni ganga mál til 2. umræðu og nefndar án atkvæðagreiðslu nema einhver þingmaður óski þess að hún fari fram. Afar fátítt er að þingmenn greiði atkvæði gegn því að frumvörp gangi til 2. umræðu. Þykir eðlilegt að mál fái athugun í nefnd og að efnisleg afstaða til máls sé tekin við 2. umræðu. Þess eru þó dæmi að þingmenn hafa greitt atkvæði gegn því að mál gangi til 2. umræðu, og jafnvel að mál sé fellt frá 2. umræðu. Með breytingu á greininni er ekki verið að girða fyrir slíkt heldur fækka atkvæðagreiðslum um atriði sem eru ágreiningslaus.

Um 17. gr.

Með orðalagsbreytingu þessari er rýmkuð heimild forseta til þess að láta greiða atkvæði um margar greinar frumvarps í einu, svo sem tíðkast hefur mjög lengi, ef enginn ágreiningur er um þær. Enn fremur hefur forseti rýmri heimild samkvæmt hinu nýja orðalagi til þess að bera upp saman breytingartillögur við fleiri greinar en eina, en samkvæmt núgildandi ákvæði er ekki gert ráð fyrir slíku.

Forsetar hafa hagað atkvæðagreiðslum þannig undanfarin þing ef breytingartillögur hafa verið margar og ekki hefur verið ágreiningur um þær að þær hafa verið bornar upp í einu lagi og síðan þær greinar, sem þær hafa átt við, svo breyttar.

Samkvæmt 65. gr. þingskapa ræður forseti því hvernig atkvæðagreiðsla fer fram, en byggt er á því hér að forseti láti jafnan fara fram sérstakar atkvæðagreiðslur um greinar og breytingartillögur eftir óskum þingmanna þannig að greinilega komi fram ágreiningur og afstaða einstakra þingmanna.

Í síðari málslið breytingartillögunnar segir að aðeins skuli greiða atkvæði um hvort mál gangi til 3. umræðu ef einhver þingmaður óskar þess. Að jafnaði er ekki ágreiningur um að mál fari milli umræðna og er þessu ákvæði ætlað að fækka atkvæðagreiðslum um formsatriði. Sérhver þingmaður á þó rétt á að krefjast slíkrar atkvæðagreiðslu ef hann vill að afstaða hans til þessa atriðis komi fram eða hann telur að meiri hluti sé ekki fyrir því að málið gangi lengra.

Um 18. gr.

Lögð er til sú breyting í a-lið að þingsályktunartillögur frá nefndum verði afgreiddar við eina umræðu. Reynslan hefur sýnt að tillögur sem nefndir flytja hafa hlotið fullnaðarumræðu í nefndinni og þess vegna verið óþarfi að hafa um þær tvær umræður með nefndavísun á milli, svo sem annars er um tillögur ríkisstjórnar eða einstakra þingmanna. Ef þörf reynist á nánari athugun í nefnd eftir að umræða er hafin má nýta heimild 1. mgr. 23. gr. um að gera hlé á umræðunni og vísa málinu til nefndar. Með breytingu þessari verður jafnframt einfaldara fyrir nefndir sem nýta sér heimild 26. gr. að koma áliti sínu og ályktunartillögu til umræðu og afgreiðslu í þinginu eftir athugun og umfjöllun um mál eða skýrslur.

Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingu að ræða; þó er bætt við að ekki þurfi nema eina umræðu um tillögur um skipan rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Eðlilegt þykir að þingið ákveði með einni umræðu hvort slíka nefnd eigi að skipa hverju sinni fremur en að nefndir þingsins fjalli um slík álitamál. Slíkt er þó ekki útilokað, sbr. áðurgreind ákvæði 1. mgr. 23. gr. þingskapa.

Þá er í b-lið hliðstæð breyting og á 38. og 39. gr., þ.e. að ekki skuli fara fram atkvæðagreiðsla um vísun tillögu til síðari umræðu nema einhver þingmaður óski þess að hún fari fram.

Í c-lið er einvörðungu um orðalagsbreytingu að ræða til þess að skýra betur hvað í málsliðnum felst.

Í d-lið er lagt til að séu engar breytingartillögur við þingsályktunartillögu megi bera hana upp í einu lagi. Kemur þá ein atkvæðagreiðsla í stað þriggja eins og nú er. Þetta ákvæði er aðeins heimild fyrir forseta en berist ósk um að skipta tillögutexta upp við atkvæðagreiðslu er venja að verða við slíkri ósk.

Loks er lagt til að 6. mgr. 44. gr. verði breytt þannig að skýrara sé en nú er að taka megi þingsályktunartillögu á dagskrá þótt henni hafið verið útbýtt eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þingsetningu ef það er samþykkt eftir venjulegum reglum, þ.e. með meiri hluta atkvæða á ályktunarbærum fundi.

Um 19. gr.

Í greininni eru felld brott ákvæði 53. gr. þingskapa um gerðabókina.

Um 20. gr.

Í greininni eru felld brott ákvæði 57. gr. þingskapa um gerðabókina.

Um 21. gr.

Í 62. gr. þingskapa segir að heimilt sé þingmanni að krefjast þess að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skuli því aðeins gert að tveir þriðju hlutar fundarmanna séu því samþykkir. Ákvæði þetta er frá 1915 þegar störf Alþingis voru með talsvert öðru sniði en nú er. Það var sett til að koma í veg fyrir óþægilegar og óviðeigandi umræður um fjárveitingar til einstaklinga, rithöfunda og listamanna sem tillögur voru gerðar um að fengju fjárstyrk. Á því hefur borið á seinni árum að ákvæðið hafi verið misskilið, að í því felist heimild til þess að ljúka umræðum um þingmál, þótt mælendaskrá sé ekki tæmd, og hefja þegar í stað atkvæðagreiðslu. Slík heimild er hins vegar í 57. gr. þingskapa. Ákvæðið þykir því óþarft og er lagt til í a-lið að það falli brott.

Breyting í b-lið felur í sér staðfestingu á þeirri venju sem ríkt hefur, að tillögur um rökstudda dagskrá skuli koma til afgreiðslu við lok umræðu, með öðrum orðum að ekki er hægt fremur en venja er til að ljúka umræðum um þingmál með því að flytja rökstudda dagskrá. Eins og áður er getið felst heimild til að stytta umræður eða ljúka þeim í 57. gr. þingskapa. Þessi nýi málsliður er aðeins settur inn til að festa í sessi þá venju sem verið hefur um afgreiðslu dagskrártillagna.

Um 22. gr.

Í a-lið er að finna heimild fyrir forseta þingsins til að gera hlé á þingstörfum í samræmi við þá starfsáætlun sem forsætisnefnd, í samráði við þingflokka, hefur samþykkt hverju sinni. Hlé á þingstörfum samkvæmt þessari heimild á sér því annan grundvöll og hefur aðra þýðingu en frestun á fundum Alþingis skv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt þykir eðlilegt að í þingsköpum sé ákvæði sem tryggi að forseti geti ekki dregið óeðlilega að boða til þingfundar gegn vilja ríkisstjórnar eða meiri hluta þingmanna. Ef á slíkt reyndi þyrfti að liggja fyrir hver dagskrá slíks fundar yrði.

Með breytingu í b-lið er lagt til að forseti geti ákveðið að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu ef fyrir liggur ósk um það. Samkvæmt gildandi ákvæði er það einvörðungu flutningsmaður sem getur borið slíka ósk fram en með breytingunni er öðrum gert það mögulegt. Í því felst að forseti geti líka, að eigin frumkvæði, lagt til að umræðu um tvö eða fleiri mál verði þannig háttað. Þá eru líka sett skýr ákvæði um ræðutíma en þau hefur skort. Er meginreglan sú að umræðan fer fram eins og um eitt mál væri að ræða. Séu mál ósamkynja, sem hentugt þykir að ræða saman, gildir rýmsti ræðutíminn. Ef t.d. á að ræða saman lagafrumvarp og þingsályktunartillögu gildir ræðutími um lagafrumvörp. Gert er ráð fyrir að þessu ákvæði megi beita við hverja umræðu sem er, eða einstaka umræðu, þ.e. að ekki sé skyldugt að ræða tvær tillögur saman við síðari umræðu þótt svo hafi verið gert við hina fyrri. Atkvæðagreiðslur fara þó fram um mál hvert í sínu lagi.

Um 23. gr.

Í gildandi ákvæði 1. mgr. 64. gr. laganna segir að þingmaður sem er á fundi og greiðir ekki atkvæði við nafnakall teljist taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Nú fara atkvæðagreiðslur flestar fram með rafeindabúnaði og hefur verið litið svo á að þingmaður, sem ekki greiðir atkvæði við slíka atkvæðagreiðslu, þ.e. „situr hjá“, teljist taka þátt í henni. Rétt þykir að festa þennan skilning í þingsköp.

Í b-lið er gert ráð fyrir að 2. mgr. 64. gr. falli brott. Orðalag málsgreinarinnar hefur oft valdið misskilningi enda má rekja uppruna hennar til þess tíma er fyrirkomulag atkvæðagreiðslna var öðru vísi, þ.e. þegar meiri hluti fundarmanna, alþingismanna á fundi, þurfti að samþykkja ályktun (tillögu) til að hún teldist lögmæt. Þurftu þá fleiri að vera með máli en þeir sem samtals voru á móti eða „sátu hjá“. „Hjáseta“, það að greiða ekki atkvæði, hafði þá sömu áhrif og að segja „nei“ við atkvæðagreiðslu. Þessu fyrirkomulagi var breytt árið 1936 og hefði þá mátt fella þessa málsgrein brott (var áður 2. mgr. 45. gr.). Málsgreinin hefur ekki heldur sjálfstæða þýðingu vegna þess að í 1. mgr. eru ákvæði um ályktunarbæran fund (e. quorum) og í 67. gr. eru svo ákvæði um úrslit atkvæðagreiðslu, sjá athugasemdir við breytingu á þeirri grein. Efni 2. mgr. leiðir af 1. mgr. 64. gr. og 67. gr. Nokkur orðalagsbreyting var gerð á málsgreininni við breytingar á þingsköpum 1991 til að skýra efni hennar, en nú þykir heppilegast að hún falli brott.

Um 24. gr.

Breytingin á greininni lýtur að því að auka rétt þingflokka og veita þeim rýmri heimildir til að koma sjónarmiðum sínum að. Þess ber þó að geta að venja er að forseti verði við óskum þingmanna um skiptingu atkvæðagreiðslu án þess að reyni á ákvæði þessarar greinar.

Um 25. gr.

Samkvæmt greininni eru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum þingskapa um atkvæðagreiðslur. Er þar annars vegar byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur af atkvæðagreiðslum með rafeindabúnaði, atkvæðagreiðslukerfinu, síðan 1991 og hins vegar eru nokkrar efnisbreytingar sem miða að því að flýta atkvæðagreiðslum sem taka oft mjög drjúgan tíma á þingfundum.

Rýmkaðar eru heimildir forseta til þess að láta yfirlýsingu koma í stað atkvæðagreiðslu ef hann hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli eða að úrslit máls séu ljós fyrir fram. Jafnframt er fellt brott úr greininni ákvæði um að atkvæðagreiðsla skuli fara fram við allar umræður, sbr. 38.–40. og 44. gr. þingskapa. Þessi heimild felur í sér að gera má ályktun (samþykkja grein eða breytingartillögu) með yfirlýsingu í stað atkvæðagreiðslu enda séu allir á einu máli eða ljóst af fyrri atkvæðagreiðslum hver úrslit verða.

Þá eru gildandi ákvæði þingskapa um atkvæðagreiðslu með handauppréttingu einfölduð, enda aðeins til þeirra gripið ef ekki er unnt að koma við atkvæðagreiðslu með rafeindabúnaði. Jafnframt er gerð sú breyting að fari atkvæðagreiðsla fram með handauppréttingu leiti forseti ekki aðeins eftir atkvæðum þeirra sem segja já og þeirra sem segja nei, heldur telji einnig þá sem ekki vilja greiða atkvæði. Hér er um nýbreytni að ræða því að áður fyrr, þegar atkvæðagreiðslur fóru fram með handauppréttingu, voru aðeins talin já- og nei-atkvæði og grípa þurfti til nafnakalls ef ekki náðust svo mörg atkvæði að fundurinn væri ályktunarbær. Eftir að atkvæðagreiðslur hófust með atkvæðagreiðslukerfinu hafa þeir þingmenn verið taldir sem ekki greiða atkvæði í þau skipti sem atkvæðagreiðslukerfið hefur bilað og gripið hefur verið til handauppréttingar við atkvæðagreiðslur. Breytingin er því í samræmi við framkvæmd atkvæðagreiðslna á síðari árum, svo og í samræmi við það sem tíðkast í nágrannaþingum við sömu aðstæður.

Tekin eru saman í eina málsgrein ákvæði greinarinnar um nafnakall og gerðar nokkrar orðalagsbreytingar.

Þá er enn fremur staðfest sú venja sem gilt hefur frá 1991 að atkvæðagreiðslur fari að jafnaði fram með rafeindabúnaði. Jafnframt er sett í málsgreinina ákvæði um að ekki sé nauðsynlegt að prenta ávallt sundurliðuð úrslit allra atkvæðagreiðslna, heldur aðeins við lokaatkvæðagreiðslur um mál, svo og þegar atkvæði skiptast, þ.e. ekki ef atkvæði falla samhljóða, en þá eru aðeins prentaðar niðurstöður. Skrifstofunni er samt sem áður falið að varðveita afrit allra atkvæðagreiðslna með rafeindabúnaði þannig að þær séu tiltækar þingmönnum eða öðrum sem vilja kanna hverjir tóku þátt í atkvæðagreiðslu ef sundurliðun hennar er ekki prentuð í þingtíðindunum.

Loks er sett inn ákvæði um hvenær endurtaka má atkvæðagreiðslu eftir að úrslitum hennar hefur verið lýst. Reynslan sýnir að oft getur verið þörf á að endurtaka atkvæðagreiðslur en mikilvægt þykir að hafa um slíkt skýr fyrirmæli, einkum hvaða takmarkanir skuli vera á því. Í tillögunni er byggt á þeirri reglu að endurtaka megi atkvæðagreiðslu sé það gert þegar í stað, áður en nokkurt annað málsatriði hefur verið tekið fyrir. Enn fremur er staðfest sú venja, sem skapast hefur og gildir í mörgum öðrum þjóðþingum, að þingmanni sé heimilt, ef honum verður á að ýta á rangan hnapp við atkvæðagreiðslu, að skrá leiðréttingu í þingtíð-

indin. Er það oft gert til þess að ekki þurfi að endurtaka atkvæðagreiðslu. Slík leiðrétting er þó bundin því skilyrði að þingmaðurinn hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni; þingmaður sem ekki nær að ýta á hnapp við atkvæðagreiðslu getur enga leiðréttingu gert. Leiðréttingar af þessu tagi, sem skráðar eru sem athugasemdir í þingtíðindin, breyta engu um úrslit atkvæðagreiðslu eins og forseti hefur lýst þeim á fundi. Ef forseti tilkynnir hins vegar, um leið og hann lýsir úrslitum atkvæðagreiðslu, að þingmaður leiðrétti atkvæði sitt eða að þingmaður, sem ekki nær að ýta á hnapp, segi já, nei eða greiði ekki atkvæði kemst atkvæði þingmannsins eða afstaða hans til skila á þingfundinum og gæti þannig haft áhrif á úrslit atkvæðagreiðslu. Í slíkum tilvikum hafa starfsmenn þingsins gert leiðréttingu í gagnagrunni þingsins í samræmi við orð forseta á fundi.

Um 26. gr.

Í 67. gr. er lögfest sú grundvallarregla að afl atkvæða ráði úrslitum mála og málsatriða, nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskrá eða þingsköpum. Í reglunni felst að til þess að mál eða málsatriði sé samþykkt þurfi fleiri já-atkvæði en nei-atkvæði. Ákvæði þetta hefur stundum valdið misskilningi en með þeirri viðbót sem gerð er tillaga um í greininni er reynt að bæta þar úr með því að skilgreina nánar hvað felst í orðunum „afl atkvæða“, þ.e. já-atkvæði og nei-atkvæði ráða úrslitum mála, en atkvæði þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslu en greiða ekki atkvæði („sitja hjá“) verða hvorki talin með né á móti máli og ráða því ekki úrslitum. „Hjáseta“ í atkvæðagreiðslu getur þó eigi að síður orðið til þess að ályktun verði lögmæt með því að þannig hafi meira en helmingur þingmanna tekið þátt í atkvæðagreiðslu, sbr. 1. mgr. 64. gr.

Um 27. gr.

Árið 1991 voru í fyrsta sinn tekin upp í þingsköp bein ákvæði um þingflokka, þar á meðal um lágmarksfjölda þingmanna innan þeirra. Var það í samræmi við þá venju sem skapast hafði, þ.e. að a.m.k. tveir þingmenn yrðu að eiga aðild að þingflokki, sbr. og ákvæði þágildandi laga um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Í þingsköpum eru þingflokkum fengin margvísleg og afar mikilvæg verkefni við stjórn þingsins og í störfum þess. Sum hver hafa þingflokkar samkvæmt þingvenjum, einkum samráð við forseta um þingstörf, enda beinlínis gert ráð fyrir að samkomulag sé milli þingflokka um forustu þingsins í 3. gr. þingskapa. Má segja að þingflokkar séu, auk forsætisnefndar þingsins, helsta „stjórntæki“ Alþingis. Réttur þeirra í umræðum er mikill og ræðutíma oft skipt milli þeirra. Í samræmi við þetta hlutverk, sem þingflokkar hafa, er lagt til að í þingflokki séu a.m.k. þrír þingmenn. Styðst það að nokkru leyti við reynslu í kosningum á undanförnum árum en fámennustu þingflokkar hafa, eftir kosningar, verið þriggja manna (Samtök um kvennalista 1983 og 1995), en undantekning er þó frá því (Samtök frjálslyndra og vinstri manna 1974 og Frjálslyndi flokkurinn 1999; tveir þingmenn). Með hliðsjón af því þykir eðlilegt að fái stjórnmálasamtök, sem bjóða fram við alþingiskosningar, aðeins tvo þingmenn geti þeir starfað sem þingflokkur. Eftir breytingar, sem urðu á kosningakerfinu 1999, er þó enn líklegra að minnstu þingflokkar séu a.m.k. þriggja manna, þ.e. flokkurinn nái hið minnsta 5% fylgi og eigi þá rétt til jöfnunarsæta, þótt annað sé ekki útilokað. Greinin felur þó í sér að til nýrra þingflokka er ekki stofnað nema þeir séu a.m.k. þriggja manna.

Um 28. gr.

Í greininni er ákvæði um að við upphaf hvers þings skuli forsætisráðherra flytja stefnuræðu fyrir hönd ríkisstjórnarninnar, en eftirrit af ræðunni skuli afhent þingmönnum sem trúnaðarmál tveimur sólarhringum áður en hún er flutt. Hér er ekki bein efnisbreyting heldur aðeins breyttir tímafrestir, sumpart samkvæmt venju. Með hliðsjón af þeirri venju sem skapast hefur um fyrirkomulag stefnuræðu forsætisráðherra og útvarpsumræðu á síðustu árum er lagt til að þingflokkar komi sér saman um fyrirkomulag umræðunnar. Forseta er þó ætlað að skera úr ef ágreiningur er milli þingflokka. Jafnframt er gert ráð fyrir að forseti hafi skyldu til þess að gera tillögu um fyrirkomulag umræðunnar og leita samkomulags um það ef skoðanir eru skiptar. Ef slíkt samkomulag næst ekki ber forseta að ákveða hvernig umræðan fer fram. Er á því byggt að hann hafi hliðsjón af óskum þingflokka og venju og fari með vald sitt af sanngirni. Þó er hverjum þingflokki veitt heimild til þess að fá ákvörðun forseta borna undir þingfund.

Loks er í greininni ákvæði um að stefnuræðunni skuli fylgja yfirlit um þau mál sem einstakir ráðherrar hyggjast leggja fram. Venja hefur verið að slíkur listi fylgi stefnuræðunni þegar hún hefur verið afhent þingmönnum. Slíkur listi er afar mikilvægur fyrir stjórn þinghaldsins og því er lagt til að hann verði prentaður í Alþingistíðindum.

Um 29. gr.

Lagt er til að sama fyrirkomulag gildi um almenna stjórnmálaumræðu að vori og um stefnuræðu forsætisráðherra, sbr. þá tillögu sem gerð er um nýja 2. mgr. 73. gr. þingskapa.

Um 30. gr.

Með þessari breytingu er felldur brott VI. kafli þingskapa, Útvarp umræðu, 75.–86. gr., svo og 74. gr. sem er efnislega tengd þeim kafla. Ákvæði þessi voru sett í þingsköp árið 1936, í árdaga útvarps hér á landi, en þykja nú að mörgu leyti úrelt þegar útvarpsstöðvum hefur fjölgað, sjónvarpað er reglulega frá þingfundum og umræður á þingfundum eru sendar út á netið.

Venja hefur skapast um það að undanförnu að þingflokkar komi sér saman um fyrirkomulag útvarpsumræðu og er á því byggt í 4. mgr. og vísað til nýs ákvæðis 2. mgr. 73. gr.

Með þessari breytingu á þingsköpum eru þó aðeins tvö efnisatriði, sem varða rétt þingflokka, felld brott, þ.e. réttur þingflokks til útvarps umræðu sem ekki er samkomulag um, sbr. núgildandi 78. gr., svo og ákvæði í núgildandi 79. og 80. gr. um lengd ræðutíma og skiptingu hans milli þingflokka. Hið fyrra atriði þykir nú að mörgu leyti úrelt, svo sem rakið hefur verið, en í greininni er byggt á því að komi fram krafa um útvarp umræðu sé annaðhvort leitað samkomulags eða samþykkis forseta. Verði ekki samkomulag um umræðuna á þingflokkurinn sem slíka kröfu ber fram rétt á að bera beiðni sína undir atkvæði þingmanna á þingfundi. Reiknað er með að um fyrirkomulag umræðu, ræðutíma o.fl. sé gert samkomulag milli þingflokka, sbr. 4. mgr., svo sem löng venja er fyrir.

Um 31. gr.

Ákvæði þetta er tekið í þingsköp í samræmi við þá venju sem skapast hefur um flutning mála, þ.e. lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna, með tveimur nýmælum þó. Annars vegar er þingflokkum veitt heimild til að standa sem slíkir að flutningi máls, ýmist einn eða fleiri, og er þá óþarft að tilgreina á skjali hvaða þingmenn eiga aðild að þingflokknum, og hins vegar er forsætisnefnd heimilt samkvæmt málsgreininni að standa að flutningi máls eins og

fastanefndum, sérnefndum og alþjóðanefndum. Þykir eðlilegt, ef forsætisnefnd flytur þingmál, að hún geri það í sínu nafni fremur en að á skjali séu tilgreind nöfn forseta og varaforseta. Þá er rétt að geta þess að skv. 32. gr. þingskapa gilda sömu reglur um sérnefndir og fastanefndir. Um flutning annarra mála gilda sérstakar reglur, svo sem fyrirspurnir og skýrslur.

Um 32. gr.

Með breytingum á greininni er orðalagi vikið til svo að betur samræmist þeirri tækni sem nú er notuð við hljóðupptökur af þingfundum og þeim ritstjórnarreglum sem tíðkast hafa um margra áratuga skeið.

Forseti hefur nú heimild til að setja nánari reglur um útgáfu Alþingistíðinda en samkvæmt hinu nýja orðalagi greinarinnar verður sérstaklega tilgreint að slíkar reglur megi fjalla um birtingu Alþingistíðindanna á netinu. Samkvæmt greininni verður áfram skylt að prenta þingtíðindin en þau eru nú samhliða birt á netinu, bæði skjöl og umræður. Engin sérstök vandkvæði hafa skapast við þá útgáfu en rétt þykir að forseti hafi heimild til að setja um þessa útgáfu nánari reglur ef þörf krefur.

Um 33. gr.

Ráðgert er að breytingar á þingsköpum samkvæmt frumvarpi þessu taki gildi þegar í stað, en á þær reynir ekki úr þessu fyrr en á nýju þingi, sbr. þó nýja 2. mgr. 6. gr. (4. gr. frumvarpsins).

## 1236. Svar [524. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um þátttöku banka í óskyldum samkeppnisrekstri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er skoðun ráðherra á því að bankar sem eru undanþegnir virðisaukaskatti taki virkan þátt í samkeppnisrekstri á öðrum sviðum en eiginlegri bankastarfsemi?*
2. *Er ástæða til að ætla að þátttaka fjármálastofnana í óskyldri atvinnustarfsemi geti leitt til óeðlilegrar samkeppni með tilfærslu fjármuna og fjárfestinga þeirra sem undanþegnir eru virðisaukaskattgreiðslum eins og bankarnir?*

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, sbr. 1. gr. laganna. Markmiðinu skal náð með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum. Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Í 18. gr. laganna er kveðið á um að telji Samkeppniseftirlitið að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laganna og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skuli vekja athygli ráðherra á því áliti.

Fyrirspurn þingmannsins lýtur að mati ráðherra að skattareglum, túlkun þeirra og framkvæmd, sem almennt fellur ekki undir verksvið viðskiptaráðuneytisins eða Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið getur þó og hefur með stoð í 18. gr. samkeppnislaga vakið athygli skattyfirvalda ef eftirlitið telur skattareglur eða túlkun þeirra fara í bága við markmið laganna.

Það er almenn afstaða viðskiptaráðuneytisins að öll mismunun í skattlagningu á fyrirtæki sem starfa á sama samkeppnismarkaði sé til þess fallin að raska samkeppni á viðkomandi markaði. Slík mismunun fer því gegn markmiði samkeppnislaga sem er að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins.

## 1237. Nefndarálit [513. mál]

um frv. til l. um bókmenntasjóð og fleira.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Myndstefi, þýðingarsjóði, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Landskerfi bókasafna hf., Rithöfundasambandi Íslands, Bókasafnssjóði höfunda, Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna og Félagi íslenskra bókaútgefenda. Einnig barst nefndinni skýrsla um endurskoðun á stuðningi ríkisins við bókmenntir frá menntamálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að stofnaður verði bókmenntasjóður sem taki við hlutverki Bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og þýðingarsjóðs. Þess er vænst að með því verði stuðningur ríkisvaldsins við bókmenningu í landinu einfaldari og skilvirkari. Hins vegar eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á fyrirkomulagi greiðslna fyrir afnot á bókasöfnum, m.a. með tilliti til fyrirspurna frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Nefndin leggur áherslu á að með frumvarpinu er átt við bókmenntir í víðum skilningi þannig að undir ákvæði þess falla jafnt skáldverk sem vönduð fræðirit, handbækur, orðabækur og menningarsöguleg rit.

Í lögum um Menningarsjóð var styrkveiting til útgáfu bundin því skilyrði að hið útgefna rit væri á íslensku. Í a-lið 2. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir slíku skilyrði. Nefndin lítur svo á að styrkveitingar úr sjóðnum til rita á öðrum tungum en íslensku verði þó að styðjast við sérstök og veigamikil rök, sem t.d. gætu tengst menningarstarfi meðal nýbúa eða tilteknu kynningarátaki íslenskra bókmennta erlendis.

Nefndin telur skynsamlegt að sameina bókmenntasjóðina þrjá í einn. Þá leggur nefndin áherslu á að við ákvarðanir um úthlutun og í skipulagi sjóðsins þurfi að gæta þess hlutverks sem fyrri sjóðir höfðu hver um sig, auk þess nýmælis að styrkja útgáfu frumsaminna skáldverka. Einnig væntir nefndin þess að við næstu fjárlagagerð verði litið til hins metnaðarfulla hlutverks sem sjóðnum er ætlað að rækja skv. 2. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að höfundar bóka á erlendum málum og bóka sem þýddar hafa verið á íslensku fái greiðslur skv. 4. gr. fyrir notkun bóka þeirra á bókasöfnum. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kom fram að sú breyting væri lögð til vegna fyrirliggjandi álits Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þess efnis að tungumálaskilyrði 3. gr. laga um Bókasafnssjóð höfunda, nr. 33/1997, væri í andstöðu við 4. gr. EES-samningsins þar sem

bann væri lagt við hvers konar mismunun á grundvelli þjóðernis eða ríkisfangs, sbr. 1. mgr. 5. gr. tilskipunar um útláns- og leigurétt 92/100/EBE. Í umsögnum um frumvarpið sem menntamálanefnd hafa borist frá ýmsum hagsmunaaðilum er eindregið lagst gegn því að vikið sé frá skilyrði 3. gr. gildandi laga um Bókasafnssjóð höfunda, um að bók hafi verið rituð á íslensku, á þeirri forsendu að ríkt menningarleg rök standi til þess að viðhalda beri núverandi fyrirkomulagi sem feli í sér mikilvægan stuðning við útgáfu bóka á íslensku. Þá hefur í umsögnum til menntamálanefndar verið til þess vísað að málarekstur fari nú fram á hendur Norðmönnum af hálfu ESA og á hendur Svíum, Dönum og Finnum, af hálfu framkvæmdastjórnar ESB, eins og nánar er rakið í athugasemdum með frumvarpinu, um það álitaefni hvort menningarleg rök heimili að vikið sé frá meginreglu EB- og EES-réttar um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis eða ríkisfangs, með setningu tungumálaskilyrðis vegna greiðslu fyrir afnot af bókum á bókasöfnum. Þjóðirnar hafa haldið fram vörnum um menningarleg rök fyrir umræddu tungumálaskilyrði. Nefndin telur mikilvægt að Norðurlönd tali einu máli gagnvart framangreindum eftirlitsstofnunum og standi sameiginlega vörð um tungumál norrænna menningarsvæða. Í ljósi framangreinds telur nefndin að ekki sé á þessu stigi tímabært að gera þær breytingar sem lagðar voru til í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins og leggur því til að við bætist skilyrði um útgáfu verka á íslensku og er orðalagi málsgreinarinnar breytt í heild til samræmis við það.

Loks leggur nefndin til þá breytingu á 5. gr. frumvarpsins að nefndarmönnum í úthlutunarnefnd verði fjölgað um tvo í því skyni að Myndstef (Myndhöfundasjóður Íslands) eignist þar fulltrúa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Björgvin G. Sigurðsson. |
| Dagný Jónsdóttir. | Einar Már Sigurðarson. | Kjartan Ólafsson. |
| Mörður Árnason. | Herdís Á. Sæmundardóttir. | Kolbrún Halldórsdóttir. |

## 1238. Breytingartillögur [513. mál]

við frv. til l. um bókmenntasjóð og fleira.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 4. gr. 2. mgr. orðast svo:
   Rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein eiga rithöfundar, þýðendur, myndhöfundar og tónskáld, auk annarra einstaklinga sem átt hafa þátt í ritun bóka, enda hafi bækur þeirra verið gefnar út á íslensku, nema um sé að ræða þýðingu eða endursamið verk,

endursögn eða staðfærslu á texta úr erlendu máli, og framlag þeirra sé skráð hjá Landskerfi bókasafna eða á annan sannanlegan hátt. Fyrir afnot hljóðrita og stafræns útgefins efnis er úthlutað á sama hátt. Þýðendur og þeir sem enduryrkja, endursegja eða staðfæra erlendar bækur á íslensku eiga þó rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein sem nemur tveimur þriðju af fullri úthlutun. Aðrir rétthafar eiga rétt á óskertri úthlutun. Réttur til úthlutunar samkvæmt þessari grein er persónulegur réttur sem er bundinn við framangreinda rétthafa og fellur niður við framsal höfundaréttar, hvort sem um er að ræða framsal að hluta eða að öllu leyti.

2. Við 5. gr. Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir er orðast svo: Í nefndinni eiga sæti fimm menn skipaðir til þriggja ára af menntamálaráðherra. Af þeim skulu Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna, Rithöfundasamband Íslands og Myndstef tilnefna einn fulltrúa hvert. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður.

## 1239. Nefndarálit [42. mál]

um till. til þál. um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi nefnd sem kanni leiðir til að aðstoða ungmenni við að taka skynsamlegar ákvarðanir í tengslum við náms- og starfsval.

Nefndin tekur undir sjónarmið í greinargerð um að farsælar lausnir á vandamálum tengdum brottfalli úr skóla geti leitt af sér mikinn þjóðfélagslegan ávinning.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Björgvin G. Sigurðsson. |
| Dagný Jónsdóttir. | Einar Már Sigurðarson. | Kjartan Ólafsson. |
| Mörður Árnason. | Herdís Á. Sæmundardóttir. | Kolbrún Halldórsdóttir. |

# 1240. Nefndarálit [641. mál]

um frv. til l. um losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berg Sigurðsson frá Landvernd, Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Huga Ólafsson og Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti og Davíð Egilson og Helga Jensson frá Umhverfisstofnun. Nefndinni bárust einnig umsagnir um málið.

Í frumvarpi þessu er fellt inn efni laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda en í þeim lögum er kveðið á um þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi um bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Í öðru lagi er í þeim lögum ákvæði um skráningarkerfi fyrir losunarheimildir og í þriðja lagi er þar kveðið á um upplýsingaskyldu fyrirtækja sem losa verulegt magn gróðurhúsalofttegunda. Ákvæði þessara laga munu að mestu haldast óbreytt.

Helsta nýmæli sem kveðið er á um í þessu frumvarpi er að tveimur flokkum atvinnurekstrar, annars vegar staðbundinni orkuframleiðslu með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega og hins vegar staðbundinni iðnaðarframleiðslu sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega, verði óheimilt að starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012, nema aflað sé losunarheimilda vegna losunar koldíoxíðs.

Lagt er til að þriggja manna úthlutunarnefnd, sem skipuð verði af umhverfisráðherra og í munu sitja fulltrúar iðnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis og fjármálaráðuneytis, geri áætlun um úthlutun losunarheimilda vegna atvinnurekstrar sem fellur undir gildissvið laganna. Nefndin hefur það hlutverk að gera áætlun um úthlutun á losunarheimildum fyrir skuldbindingartímabilið, þ.e. fimm ár. Atvinnurekstur sem þegar er starfandi eða mun hefja starfsemi fyrir upphaf skuldbindingartímabilsins mun hafa forgang.

Samkvæmt frumvarpinu er kveðið á um margþætt hlutverk Umhverfisstofnunar. Eins og samkvæmt lögum um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda er stofnuninni ætlað að sjá um bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, auk skráningarkerfisins þar sem losunarheimildir Íslands eru færðar inn. Við þessi verkefni bætist að Umhverfisstofnun er falið að fara yfir umsóknir sem berast frá atvinnurekstri um losunarheimildir, að sjá um reikninga atvinnurekstrar og annarra lögaðila í skráningarkerfinu og fara yfir skýrslur atvinnurekstrar um losun koldíoxíðs.

Meiri hlutinn telur að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref í þá átt að móta lagaumgjörð um þennan mikilvæga málaflokk og búa til stjórntæki fyrir stjórnvöld til að skapa skilyrði fyrir því að staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm. | Guðjón Ólafur Jónsson. | Arnbjörg Sveinsdóttir. |
| Kjartan Ólafsson. | | Sigurrós Þorgrímsdóttir. |

## 1241. Nefndarálit [221. mál]

um till. til þál. um skipulagða leit að krabbameini í ristli.

Frá heilbrigðis- og tryggingganefnd.

Með tillögu þessari er lagt til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefji, í samráði við landlækni, undirbúning að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi þannig að skipuleg leit hefjist 1. júlí 2007. Krabbamein í ristli og endaþarmi er næstalgengasta krabbameinið meðal Íslendinga og önnur algengasta dánarorsökin af völdum krabbameina. Niðurstöður erlendra rannsókna hafa sýnt fram á að fækka megi dauðsföllum af völdum ristilkrabbameins með skipulagðri skimun. Því fyrr sem meinið greinist, því meiri líkur eru á lækningu. Ýmis nágrannalönd hafa þegar tekið upp skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi eða eru að undirbúa slíkt. Nefndin telur brýnt að skimun fyrir ristilkrabbameini verði tekin upp hið fyrsta í íslensku heilbrigðiskerfi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2007“ komi: á árinu 2008.

Kristján L. Möller var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Valdimar L. Friðriksson áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðjón Ólafur Jónsson, form., frsm. | Ásta Möller. | Ásta R. Jóhannesdóttir. |
| Guðrún Ögmundsdóttir. | Ingvi Hrafn Óskarsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Þuríður Backman. |

## 1242. Skýrsla [85. mál]

félagsmálaráðherra um kjör einstæðra og forsjárlausra foreldra, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Samanburðarhæfar upplýsingar, sem óskað var eftir með beiðni (á þskj. 85) frá Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri alþingismönnum um kjör einstæðra og forsjárlausra foreldra, liggja ekki nema að óverulegu leyti fyrir í opinberum skrám eða gögnum. Þar sem fyrirsjáanlegt er að vinnslu tiltekinna upplýsinga verður ekki lokið fyrir þingfrestun er einungis hægt að svara spurningum í beiðninni að hluta. Félagsmálaráðuneytið mun samt sem áður beita sér fyrir áframhaldandi vinnslu upplýsinga í samvinnu við ýmsa aðila, svo sem Hagstofu Íslands,

dóms- og kirkjumálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Fasteignamat ríkisins, Íbúðalánasjóð og sveitarfélög.

Félagsmálaráðuneytið hefur þann fyrirvara að heimild fáist frá Persónuvernd og öðrum hlutaðeigandi yfirvöldum til samkeyrslu margvíslegra upplýsinga sem fyrir liggja hjá framangreindum aðilum.

1. *Hver er fjöldi forsjárlausra foreldra annars vegar og einstæðra foreldra hins vegar, skipt eftir kyni, tekjum og fjölda barna?*

Þær upplýsingar sem óskað er eftir liggja ekki fyrir nema að hluta. Hvorki er merkt sérstaklega við forsjárlausa í þjóðskrá né í gögnum sem fyrir liggja hjá skattyfirvöldum. Hagstofa Íslands undirbýr nú að beiðni ráðuneytisins samkeyrslu upplýsinga í skilnaðarskrám Hagstofunnar við skattframtöl þannig að fá megi afmarkaðri mynd af tekjuskiptingu einstæðra og forsjárlausra foreldra. Þetta yrði gert þannig að tekjur yrðu bornar saman innan hvors hóps fyrir sig samkvæmt upplýsingum úr skattskýrslum, sbr. töflu 1.

**Tafla 1. Samanburður á tekjum foreldra við skilnað, annars vegar þeirra er ákveða sameiginlega forsjá með börnum og hins vegar þeirra er fara ekki með sameiginlega forsjá, miðað við barnafjölda.**

| | Tekjusamanburður innan hóps | | Tekjusamanburður innan hóps | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi barna | Ekki sameiginleg forsjá* | | Sameiginleg forsjá** | |
| | Móðir | Faðir | Lögh. móður | Lögh. Föður |
| 1 barn | | | | |
| 2 börn | | | | |
| 3 börn + | | | | |

*Tekjur foreldra við skilnað foreldra þar sem forræði barns er eingöngu hjá öðru foreldrinu, eftir fjölda barna.
**Tekjur foreldra við skilnað foreldra sem semja um sameiginlega forsjá, eftir fjölda barna og hvort barn er með lögheimili hjá móður eða föður.

Ef einungis er litið til upplýsinga um forsjárstöðu í kjölfar sambúðarslita eða lögskilnaðar liggja fyrir ítarlegar upplýsingar hjá Hagstofu Íslands en þar fyrir utan eru forsjárlausir foreldrar sem hafa hvorki verið í sambúð né hjúskap. Ekki liggja fyrir opinberar upplýsingar um fjöldann í síðarnefnda hópnum.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands skildu foreldrar 593 barna að lögum árið 2003. Börn sambúðarfólks sem slitu samvistir á sama ári voru 680 talsins. Frá árinu 1992 hafa foreldrar hér á landi átt þess kost að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað og á allra síðustu árum hefur færst í vöxt að foreldrar nýti sér það fyrirkomulag. Framan af var algengast að móðir færi ein með forsjá en árið 1994 átti þetta við um 70,6% barna. Það ár var sameiginleg forsjá einungis valin í 22,8% tilvika. Árið 2003 átti þetta við um 61,2% barna úr lögskilnuðum. Sameiginleg forsjá er talsvert algengari eftir sambúðarslit en eftir lögskilnað. Árið 2003 var sameiginleg forsjá valin í 73,4% tilvika.

Samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofa Íslands vann að beiðni félagsmálaráðuneytisins var fyrirkomulag forsjár og búseta barna við sambúðarslit og lögskilnað árið 2005 sem hér segir:

**Tafla. 2. Forsjárfyrirkomulag og búseta barna við sambúðarslit og lögskilnað 2005, bráðabirgðatölur.**

(Heimild: Hagstofa Íslands. Mannfjöldadeild. Hjúskapargrunnur.)

| | Feður | Mæður | Sameiginleg forsjá | | Annað[1] |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Lögh.faðir | Lögh.móðir | |
| 1 barn | 5 | 101 | 28 | 242 | |
| 2 börn | - | 43 | 10 | 158 | 23 |
| 3 börn eða fleiri | 1 | 26 | 4 | 43 | 18 |
| | | | | | |
| Alls | 6 | 170 | 42 | 443 | 41 |

[1] Hér er um að ræða foreldra með fleiri en eitt barn þar sem forsjá er mismunandi eftir börnum, t.d. þannig að móðir fer með forsjá eins barns en faðir annars.

2. *Hve margir forsjárlausir foreldrar annars vegar og einstæðir foreldrar hins vegar, skipt eftir kyni þeirra og fjölda barna, búa*
   a. *í eigin húsnæði,*
   b. *í almennu leiguhúsnæði,*
   c. *í félagslegu leiguhúsnæði,*
   d. *í annars konar húsnæði, t.d. hjá foreldrum eða ættingjum?*

   *Hvað má ætla að meðalhúsnæðiskostnaður forsjárlausra foreldra og einstæðra foreldra á mánuði sé hár, annars vegar í leiguhúsnæði og hins vegar í eigin húsnæði?*

Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir í opinberum gögnum. Þörf er á að vinna sérstaka rannsókn til að afla upplýsinga um í hvernig húsnæði forsjárlausir foreldrar annars vegar og einstæðir foreldar hins vegar búa. Tölfræðisvið Fasteignamats ríkisins gæti hugsanlega unnið slíkar upplýsingar með samkeyrslu við upplýsingar úr Þjóðskrá og þannig aflað gagna um eignarhald á húsnæði og tölfræði um eignastöðu einstæðra foreldra, tegund húsnæðis og fermetrastærð. Hins vegar væri unnt að samkeyra upplýsingar úr skilnaðargagnabanka Hagstofu Íslands við upplýsingar úr skattframtölum og afla með þeim hætti upplýsinga um hverjir væru skráðir fyrir húsnæði. Ekki er unnt að afla upplýsinga um húsnæðiskostnað hjá einstökum hópum nema með sérstakri rannsókn. Meðal annars hefur verið farið yfir hugsanlega gagnaöflun með sérfræðingum Íbúðalánasjóðs sem telja að ekki sé hægt að afla sérstaklega upplýsinga um húsnæði einstæðra foreldra. Þá hefur Íbúðalánasjóður hvorki sérgreindar upplýsingar varðandi forsjárlausa foreldra né þá sem eru með sameiginlega forsjá.

3. *Hve margir foreldrar, skipt eftir kyni, fjölda meðlagsgreiðslna og launatekjum*
   a. *greiða meðlag,*
   b. *fá greitt meðlag,*
   c. *bæði greiða meðlag og fá greitt meðlag?*

Af þeim atriðum sem spurt er um liggja fyrir upplýsingar frá Innheimtustofnun sveitarfélaga um meðlagsgreiðendur eftir kyni og fjölda barna, sbr. töflu 3 og 4.

**Tafla 3. Karlkyns meðlagsgreiðendur eftir fjölda barna sem greitt er með.**

| Fjöldi | 2006 | | 2005 | | 2004 | | 2003 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | karla | barna | karla | barna | karla | barna | karla | barna |
| 1 barn | 6.182 | 6.182 | 6.280 | 6.280 | 6.368 | 6.387 | 6.470 | 6.470 |
| 2 börn | 3.195 | 6.390 | 3.251 | 6.502 | 3.272 | 6.544 | 3.179 | 6.358 |
| 3 börn | 1.315 | 3.945 | 1.294 | 3.882 | 1.273 | 3.819 | 1.214 | 3.642 |
| 4 börn | 426 | 1.704 | 430 | 1.720 | 421 | 1.684 | 413 | 1.652 |
| 5 börn | 136 | 680 | 139 | 695 | 143 | 715 | 137 | 685 |
| 6 börn | 66 | 396 | 70 | 420 | 65 | 390 | 63 | 378 |
| **Samtals** | **11.320** | **19.297** | **11.464** | **19.499** | **11.542** | **19.539** | **11.476** | **19.185** |

**Tafla 4. Kvenkyns meðlagsgreiðendur eftir fjölda barna sem greitt er með.**

| Fjöldi | 2006 | | 2005 | | 2004 | | 2003 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | kvenna | barna | kvenna | barna | kvenna | barna | kvenna | barna |
| 1 barn | 332 | 332 | 321 | 321 | 308 | 308 | 310 | 310 |
| 2 börn | 130 | 260 | 126 | 252 | 115 | 230 | 110 | 220 |
| 3 börn | 27 | 81 | 28 | 84 | 26 | 78 | 25 | 75 |
| 4 börn | 6 | 24 | 8 | 32 | 5 | 20 | 6 | 24 |
| 5 börn | 2 | 10 | 2 | 10 | 1 | 5 | 1 | 5 |
| **Samtals** | **497** | **707** | **485** | **699** | **455** | **641** | **452** | **634** |

Aðrar upplýsingar liggja ekki fyrir í opinberum gögnum og afla þyrfti þeirra með sérstakri rannsókn.

4. *Hvað má áætla að framfærslukostnaður forsjárlausra foreldra og einstæðra foreldra sé hár, skipt eftir barnafjölda og aldri barna?*

Í skýrslu frá 5. október 2006 um kosti og galla útgáfu neysluviðmiðs fyrir Ísland, sem unnin var af starfshópi um neysluviðmið, kemur fram yfirlit yfir vísa að neysluviðmiðum opinberra aðila á Íslandi. Slíkar viðmiðanir hafa verið unnar á vegum Hagstofu Íslands, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Íbúðalánasjóðs, Tryggingastofnunar ríkisins, félagsþjónustu sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Í umræddum neysluviðmiðum eru forsjárlausir foreldrar ekki tilgreindir í neinum tilvikum en hins vegar einstæðir foreldrar með og án barna. Af töflu 5 má áætla framfærslukostnað einstæðra foreldra skipt eftir barnafjölda.

**Tafla 5. Meðalútgjöld mismunandi heimilisgerða í helstu útgjaldaflokkum árin 2002 til 2004 samkvæmt neyslukönnun Hagstofu Íslands, á verðlagi júlí 2006.**

| | Einhleypir | Hjón/sambýlisfólk án barna | Hjón/sambýlisfólk með börn* | Einstæðir foreldrar* | Önnur hemilisgerð |
|---|---|---|---|---|---|
| Neysluútgjöld alls | 201.648 | 394.892 | 463.723 | 317.259 | 450.189 |
| 01 Matur og drykkjarvörur | 23.522 | 52.759 | 67.461 | 40.367 | 69.323 |
| 02 Áfengi og tóbak | 8.811 | 10.738 | 13.062 | 8.332 | 15.297 |
| 03 Föt og skór | 7.227 | 15.259 | 22.689 | 14.315 | 17.430 |
| 04 Húsnæði, hiti og rafmagn | 59.838 | 105.180 | 118.608 | 84.195 | 117.729 |
| 05 Húsgögn, heimilisb. o.fl. | 11.140 | 23.813 | 23.807 | 14.633 | 24.226 |
| 06 Heilsugæsla | 7.771 | 14.779 | 15.879 | 13.585 | 19.172 |
| 07 Ferðir og flutningar | 27.960 | 75.304 | 73.317 | 56.808 | 59.071 |
| 08 Póstur og sími | 6.956 | 10.202 | 12.684 | 11.864 | 14.672 |
| 09 Tómstundir og menning | 25.787 | 47.565 | 54.550 | 33.945 | 62.711 |
| 10 Menntun | 525 | 1.191 | 3.073 | 1.718 | 3.051 |
| 11 Hótel og veitingastaðir | 11.001 | 16.450 | 24.741 | 14.561 | 21.221 |
| 12 Aðrar vörur og þjónusta | 11.110 | 21.653 | 33.852 | 22.935 | 26.284 |

* Barn telst vera einstaklingur 24 ára eða yngri sem býr á heimili foreldra sinna.

Í tilvitnaðri skýrslu um kosti og galla útgáfu neysluviðmiðs fyrir Ísland kemur jafnframt fram að augljóst sé að viðmið skorti fyrir aðrar heimilisgerðir en þær algengustu. Bent er á þann möguleika að endurhanna neyslukönnun Hagstofunnar þannig að nægilegur fjöldi mælinga fyrir aðrar heimilisgerðir lægju fyrir. Jafnframt væri mögulegt að byggja á tölfræðilegri greiningu til að meta áhrif mismunandi mælanlegra fjölskyldueinkenna sem hafa áhrif á útgjöld. Dæmi um aðgreiningar koma fram í töflu 6 og 7.

**Tafla 6. Dæmi um greiningu á áhrifum fjölskyldugerðar og búsetu á útgjöld (matur og drykkur).**

| *Breyta* | *Stuðull* | *Staðalvilla* |
|---|---|---|
| Fasti | 56.918 | 687 |
| Fjöldi fullorðinna umfram 2 | 17.853 | 896 |
| Fjöldi barna umfram 2 | 10.802 | 577 |
| (Fjöldi barna umfram 2)^2 | - 2.240 | 365 |
| Yngsti aldur barns - 6 | 3.046 | 41 |
| R^2 | 0,41 | |

**Tafla 7. Metin matar- og drykkjarútgjöld heimilisgerða eftir fjölda fullorðinna og barna.**

| 1 barn | 2 börn | 3 börn |
|---|---|---|
| 30.503 | 39.065 | 47.627 |
| 48.356 | 56.918 | 65.480 |

5. *Hve mörg börn einstæðra og forsjárlausra foreldra taka þátt í tómstundastarfi utan skóla, svo sem tónlistarnámi, íþróttum o.fl., skipt eftir aldri barnanna, og hve hátt hlutfall er það af heildarfjölda þátttakenda í tómstundastarfi barna?*

Félagsmálaráðuneytið hefur óskað eftir að Rannsóknir og greining vinni upplýsingar um hve mörg börn, skipt eftir aldursárum barna í grunnskóla*, taka þátt í tómstundum utan skóla skipt í eftirfarandi hópa:

1. Búa hjá báðum foreldrum,
2. búa hjá móður en ekki föður,
3. búa hjá föður en ekki móður,
4. búa hjá móður og sambýlismaka,
5. búa hjá föður og sambýlismaka,
6. eru á eigin vegum,
7. eða búa við annað fyrirkomulag.

* Rannsókn og greining safnar eingöngu upplýsingum um nemendur í efstu bekkjum grunnskólans, þ.e. í 8., 9. og 10. bekk.

Gert er ráð fyrir að greint verði hlutfall þeirra er taka þátt í tómstundastarfi utan skóla innan hvers hóps. Einnig verði greindur fjöldi innan tilgreindra hópa eftir því um hvers konar tómstundir er að ræða, einkum út frá kostnaði við tómstundirnar. Að lokum verði greint hlutfall innan hvers hóps eftir því hvort greitt er fyrir tómstundir eða ekki miðað við heildarfjölda hvers hóps.

6. *Hverjar voru meðaltekjur og hvernig var eigna- og skuldastaða einstæðra foreldra annars vegar og forsjárlausra foreldra hins vegar á árinu 2005, skipt eftir kyni þeirra og fjölda barna? Hver var tekjuþróunin miðað við aðra hópa og hvernig skiptust skuldir í meðlagsskuldir, námslán og húsnæðislán?*

Um greiningu á meðaltekjum er vísað í svar við 1. spurningu í skýrslu þessari. Varðandi eignastöðu hópsins er vísað í svar við 2. spurningu þar sem bent er á að upplýsingar um eignastöðu á íbúðarhúsnæði liggi ekki fyrir. Hugsanlegt er að tölfræðisvið Fasteignamats ríkisins gæti unnið upplýsingar um eignarhald á húsnæði og tölfræði um eignastöðu einstæðra foreldra, tegund húsnæðis og fermetrastærð.

Íbúðalánasjóður kannar hvort unnt sé að nálgast upplýsingar um skuldastöðu einstæðra foreldra og vanskilasögu þeirra miðað við meðaltal annarra hópa í skrám sjóðsins. Talið er að slík vinna muni taka talsverðan tíma og m.a. krefjast umtalsverðrar vinnu við forritun. Íbúðalánasjóður heldur ekki utan um upplýsingar um skuldastöðu forsjárlausra foreldra.

Innheimtustofnun sveitarfélaga heldur ekki utan um upplýsingar um hjúskaparstöðu meðlagsskuldara. Mögulegt er með leyfi Persónuverndar að samkeyra upplýsingar um skuldara, sem Innheimtustofnun geymir, við upplýsingar um hjúskaparstöðu úr Þjóðskrá. Hins vegar

geymir Innheimtustofnun upplýsingar um kyn skuldara. Árið 2005 voru 11.284 karlar skuldugir við sjóðinn en 520 konur.

Lánasjóður íslenskra námsmanna geymir ekki upplýsingar um hjúskaparstöðu þeirra sem lokið hafa námi og greiða afborganir af lánum frá sjóðnum. Mögulegt er með leyfi Persónuverndar að samkeyra upplýsingar um greiðendur námslána við upplýsingar úr Þjóðskrá um hjúskaparstöðu.

7. *Hverjar voru meðalráðstöfunartekjur einstæðra foreldra annars vegar og forsjárlausra hins vegar árið 2005 samanborið við aðra þjóðfélagshópa og hvernig skiptust ráðstöfunartekjurnar?*

Vísað er í svar við 1. spurningu. Þegar greining vegna þeirrar spurningar liggur fyrir verður hægt að bera saman tekjur þeirra sem ákveða sameiginlega forsjá við skilnað og þeirra þar sem forsjá er eingöngu hjá öðru foreldri við aðra þjóðfélagshópa.

8. *Hvað má áætla að meðlagsgreiðslur til einstæðra foreldra séu hátt hlutfall af áætluðum framfærslukostnaði barna 0–5, 6–15 og 16–18 ára?*

Í skýrslu frá 5. október 2006 um kosti og galla útgáfu neysluviðmiðs fyrir Ísland er að finna upplýsingar um samanburð neysluviðmiða og áætlaðra ráðstöfunartekna bóta eftir fjölskyldugerð. Ekki eru gefin upp mismunandi neysluviðmið fyrir fjölskyldur eftir aldri barna.

**Tafla 8. Samanburður neysluviðmiða og áætlaðra ráðstöfunartekna bóta.**

| | Útgjaldaviðmið | | | Áætluð fjárhæð til ráðstöfunar | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ráðgjafa-stofa | Íbúðalána-sjóður | LÍN | Fjárhags-aðstoð Reykjavík | Fjárhags-aðstoð Kópavogi | Atvinnu-leysis-bætur | TR örorka við 40 ár |
| Einhleypur án barna | 41.800 | 75.000 | 134.983 | 80.696 | 78.247 | 94.684 | 107.410 |
| Einhleypur með 1 barn | 64.300 | 113.000 | 174.313 | 117.250 | 114.924 | 133.059 | 153.006 |
| Einhleypur með 2 börn | 85.800 | 151.000 | 213.643 | 139.131 | 136.968 | 156.170 | 191.688 |
| Hjón án barna | 69.200 | 128.000 | 269.967 | 140.442 | 136.523 | 189.369 | 214.820 |
| Hjón með 1 barn | 92.000 | 166.000 | 313.667 | 153.651 | 149.929 | 205.167 | 245.061 |
| Hjón með 2 börn | 113.200 | 203.000 | 357.367 | 165.594 | 162.135 | 218.171 | 269.406 |

Þar sem við á er gert ráð fyrir að báðir foreldrar séu í námi eða öryrkjar. Tekið er dæmi um öryrkja sem fyrst fær örorkumat 40 ára. Allar fjárhæðir miðast við gildandi viðmið eða bætur í ágúst 2006.

Mjög mismunandi er milli aðila hver fjárhæð útgjaldaviðmiðs er eða áætluð fjárhæð til ráðstöfunar. Árið 2006 var fjárhæð meðlags vegna eins barns 17.249 kr. Meðlag fyrir tvö börn voru því 34.498 kr.

Í eftirfarandi töflu má sjá hlutfall meðlagsgreiðslna, miðað við tölur frá Tryggingastofnun ríkisins um meðlagsgreiðslur vegna eins barns árið 2006, af áðurgreindum útgjaldaviðmiðum og áætlaðri fjárhæð til ráðstöfunar.

**Tafla 9. Hlutfall meðlagsgreiðslna vegna eins barns og tveggja barna af útgjaldaviðmiðum og áætlaðri fjárhæð til ráðstöfunar.**

| | Ráðgjafast. um fjármál heimilanna | Íbúðarlánasjóður | LÍN | Fjárhagsaðst. RVK | Fjárhagsaðst. Kóp. | Atv.leysisbætur | TR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Einhl.1 barn | 26% | 15% | 9% | 14% | 15% | 12% | 11% |
| Einhl. 2 börn | 40% | 22% | 16% | 24% | 25% | 22% | 17% |
| Hjón 1 barn | 18% | 10% | 5% | 11% | 11% | 8% | 7% |
| Hjón 2 börn | 30% | 16% | 9% | 20% | 21% | 15% | 12% |

9. *Hve margir einstæðir foreldrar annars vegar og forsjárlausir hins vegar fengu árlega fjárhagsaðstoð hjá stærstu sveitarfélögunum á árunum 2000–2005 og hvernig var fjöldinn í samanburði við aðra hópa sem leitað hafa eftir fjárhagsaðstoð?*

Hagstofa Íslands hefur unnið yfirlit yfir viðtakendur fjárhagsaðstoðar í hópi einstæðra foreldra en ekki liggja fyrir hliðstæðar upplýsingar varðandi forsjárlausa foreldra. Í töflu 10 er birt yfirlit fyrir tímabilið 2000–2004.

**Tafla 10. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir fjölskyldugerð 2000–2004.**

| | | Höfuðborgarsvæðið | | | Önnur sveitarfél. með 250 eða fleiri íbúa[1] | Fjöldi fjölsk./ heimila |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Alls | Reykjavík | Önnur sveitarfélög | | |
| **2000** | | | | | | |
| **Alls fjölskyldur/heimili** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | • |
| Einstæðir karlar með börn | 1,5 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 2,4 | 69 |
| Einstæðir karlar, barnlausir | 34,6 | 38,1 | 39,4 | 32,9 | 25,7 | 1.596 |
| Einstæðar konur með börn | 33,4 | 32,6 | 31,4 | 37,9 | 35,4 | 1.541 |
| Einstæðar konur, barnlausar | 16,8 | 16,6 | 16,9 | 15,5 | 17,4 | 777 |
| Hjón/sambúðarfólk með börn | 8,8 | 6,8 | 6,3 | 9,2 | 13,7 | 405 |
| Hjón/sambúðarfólk, barnlaus | 4,9 | 4,6 | 4,9 | 3,4 | 5,4 | 224 |
| Fjöldi fjölskyldna/heimila | 4.612 | 3.303 | 2.659 | 644 | 1.309 | 4.612 |
| **2001** | | | | | | |
| **Alls fjölskyldur/heimili** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | • |
| Einstæðir karlar með börn | 2,0 | 1,7 | 1,5 | 2,6 | 2,9 | 99 |
| Einstæðir karlar, barnlausir | 34,2 | 38,2 | 40,3 | 28,8 | 22,0 | 1.686 |
| Einstæðar konur með börn | 35,4 | 34,7 | 33,5 | 40,2 | 37,5 | 1.743 |
| Einstæðar konur, barnlausar | 17,0 | 17,7 | 17,6 | 18,4 | 14,9 | 839 |
| Hjón/sambúðarfólk með börn | 7,2 | 4,9 | 4,4 | 7,2 | 14,4 | 356 |
| Hjón/sambúðarfólk, barnlaus | 4,1 | 2,8 | 2,8 | 2,9 | 8,2 | 203 |
| Fjöldi fjölskyldna/heimila | 4.925 | 3.710 | 3.053 | 657 | 1.215 | 4.925 |

| | Alls | Höfuðborgarsvæðið | | | Önnur sveitarfél. með 250 eða fleiri íbúa[1] | Fjöldi fjölsk./ heimila |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Alls | Reykja-vík | Önnur sveitar-*félög* | | |
| **2002** | | | | | | |
| **Alls fjölskyldur/heimili** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | • |
| Einstæðir karlar með börn | 1,8 | 1,6 | 1,6 | 1,6 | 2,5 | 107 |
| Einstæðir karlar, barnlausir | 35,6 | 38,2 | 39,3 | 32,9 | 27,7 | 2.113 |
| Einstæðar konur með börn | 33,6 | 32,8 | 31,4 | 39,2 | 36,3 | 1.994 |
| Einstæðar konur, barnlausar | 17,4 | 18,3 | 18,7 | 16,6 | 14,6 | 1.031 |
| Hjón/sambúðarfólk með börn | 8,1 | 5,9 | 5,6 | 7,5 | 14,8 | 479 |
| Hjón/sambúðarfólk, barnlaus | 3,5 | 3,2 | 3,5 | 2,2 | 4,2 | 206 |
| Fjöldi fjölskyldna/heimila | 5.930 | 4.474 | 3.702 | 772 | 1.456 | 5.930 |
| **2003** | | | | | | |
| **Alls fjölskyldur/heimili** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | • |
| Einstæðir karlar með börn | 2,6 | 2,3 | 1,9 | 4,2 | 3,5 | 165 |
| Einstæðir karlar, barnlausir | 36,2 | 39,1 | 40,0 | 35,0 | 27,3 | 2.278 |
| Einstæðar konur með börn | 33,5 | 32,2 | 31,4 | 35,8 | 37,9 | 2.109 |
| Einstæðar konur, barnlausar | 17,2 | 17,9 | 18,4 | 16,1 | 14,7 | 1.079 |
| Hjón/sambúðarfólk með börn | 7,1 | 5,4 | 5,2 | 6,4 | 12,3 | 446 |
| Hjón/sambúðarfólk, barnlaus | 3,3 | 3,0 | 3,1 | 2,6 | 4,2 | 208 |
| Fjöldi fjölskyldna/heimila | 6.285 | 4.770 | 3.912 | 858 | 1.515 | 6.285 |
| **2004** | | | | | | |
| **Alls fjölskyldur/heimili** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | • |
| Einstæðir karlar með börn | 2,7 | 1,6 | 1,3 | 3,3 | 6,2 | 153 |
| Einstæðir karlar, barnlausir | 35,7 | 39,8 | 41,7 | 31,1 | 23,0 | 2.006 |
| Einstæðar konur með börn | 34,5 | 31,6 | 29,5 | 41,5 | 43,6 | 1.937 |
| Einstæðar konur, barnlausar | 19,0 | 19,2 | 19,9 | 15,8 | 18,4 | 1.066 |
| Hjón/sambúðarfólk með börn | 5,6 | 5,9 | 5,8 | 6,0 | 4,8 | 315 |
| Hjón/sambúðarfólk, barnlaus | 2,4 | 1,9 | 1,8 | 2,3 | 3,9 | 134 |
| Fjöldi fjölskyldna/heimila | 5.613 | 4.260 | 3.494 | 766 | 1.353 | 5.613 |

Í töflunni má sjá að öll árin er hlutfallslega fjölmennasti hópurinn annars vegar einstæðir barnlausir karlar og hins vegar einstæðar konur með börn.

*10. Hve margir og hve hátt hlutfall einstæðra foreldra annars vegar og forsjárlausra foreldra hins vegar, skipt eftir kyni, fá:*

*a. barnabætur,*

*b. húsaleigubætur,*

*c. námslán,*

*d. vaxtabætur,*
*e. bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og þá hverjar?*

Ekki liggja fyrir sérgreindar upplýsingar um tekjur forsjárlausra foreldra annars vegar og einstæðra foreldra hins vegar en samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum frá árinu 2004 kemur eftirfarandi fram:

**Tafla 11. Greiðslur samkvæmt skattskýrslum árið 2004.**

| Einstæðir foreldrar 2004 | Fjöldi | Fjöldi barna |
|---|---|---|
| Allir | 10632 | 15493 |
| Með skattfrjálst frá TR | 7615 | 11504 |
| Með húsaleigubætur | 1308 | 2061 |
| Með atvinnuleysisbætur | 1660 | 2545 |
| Með elli eða örorkulífeyri frá TR | 4186 | 7873 |
| Með barna eða vaxtabætur | 9826 | 14265 |

*11. Hverjar voru meðalskattgreiðslur forsjárlausra foreldra annars vegar og einstæðra foreldra hins vegar árlega tekjuárin 2000–2005 og hve margir þeirra voru skattlausir?*

Vísað er í svar við 1. spurningu varðandi greiningu á meðalskattgreiðslum forsjárlausra foreldra annars vegar og einstæðra foreldra hins vegar, árlega tekjuárin 2000–2005 og hve margir þeirra voru skattlausir.

*12. Hve margir foreldrar fengu mæðra- og feðralaun árin 1995 og 2005 og hvaða breytingar hafa orðið á fjárhæð greiðslna á þessu tímabili?*

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins voru mæðra- og feðralaun sem hér segir:

**Greiðslur árið 1995:***

Í desember 1995 fengu 7.789 einstæðir foreldrar mæðra- eða feðralaun.
Bætur vegna eins barns voru 1.040 kr. á mánuði. Ársgreiðsla 12.480 kr.
Bætur vegna tveggja barna voru 5.200 kr. á mánuði. Ársgreiðsla 62.400 kr.
Bætur vegna þriggja barna voru 11.232 kr. á mánuði. Ársgreiðsla 134.780 kr.

* 1995 er miðað við ársgreiðslur og því er upphæð í hverjum mánuði meðaltal af ársgreiðslu. Greiðsla með einu barni var felld niður 1. janúar 1996.

**Greiðslur árið 2005:**

Í desember 2005 fengu 3.491 einstæðir foreldrar mæðra- eða feðralaun.
Bætur vegna tveggja barna voru 4.831 kr. á mánuði. Ársgreiðsla 57.972 kr.
Bætur vegna þriggja barna voru 12.560 kr. á mánuði. Ársgreiðsla 50.720 kr.

*13. Hvernig hefur samráði stjórnvalda verið háttað við Félag einstæðra foreldra og Félag ábyrgra feðra um hagsmunamál þeirra?*

Af hálfu félagsmálaráðuneytisins hefur verið leitað umsagna Félags einstæðra foreldra m.a. við smíði frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem síðar varð að núgild-

andi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá hafa ráðuneytinu borist erindi frá þessum aðilum þar sem vakin er athygli á stefnu þeirra og áherslum og hafa þau verið tekin til umfjöllunar. Félagsmálaráðuneytið telur mikilvægt að við stefnumótun á sviði barna- og fjölskyldumála verði sérstaklega horft til þessara hópa og barna sem þeim tengjast. Meðal annars hefur verið fjallað um þann möguleika að sett verði á fót nefnd til að skoða stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra en ráðuneytið telur það forgangsmál að umfjöllun um málefni fjölskyldunnar verði markvissari og skýrari innan stjórnsýslunnar en verið hefur og vinnur að breytingum þar að lútandi.

Þá ber að geta þess að félagsmálaráðuneytið hefur átt gott samstarf við Félag ábyrgra feðra m.a. varðandi undirbúning feðraráðstefnunnar 2006 sem m.a. var styrkt af félagsmálaráðuneytinu og Jafnréttisstofu. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Feður í samfélagi nútímans* og fjallaði um stöðu feðra og barna á Íslandi.

*14. Eru uppi áform af hálfu ráðherra eða ríkisstjórnarinnar um að bæta kjör, aðbúnað eða stöðu einstæðra foreldra annars vegar og forsjárlausra foreldra hins vegar, sem og barna þeirra?*

Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að setja á fót nýja skrifstofu barna- og fjölskyldumála í félagsmálaráðuneytinu og vill með því undirstrika aukið vægi málaflokksins og skapa þessum málaflokkum skýran vettvang innan sjórnarráðsins. Markmið með stofnun skrifstofunnar eru:

- Sýnilegur forgangur og aukin áhersla á málaflokkinn á vettvangi ríkisstjórnarinnar og innan Stjórnarráðsins.
- Aukin skilvirkni. Samhæfing og endurnýjun krafta, svo sem fjölskyldunefndar og fjölskylduráðs.
- Breytt vinnubrögð og breytt samsetning fjölskylduráðs m.a. með aðkomu aðila vinnumarkaðarins. Aukin vinna í verkefnahópum með aðilum úti í samfélaginu.
- Aukin áhersla á forvarnir meðal barna og unglinga og jákvæða nálgun, svo sem samstarf heilsugæslu, skóla og sveitarfélaga. Horft til fyrirmyndarverkefna um land allt.
- Aukið samstarf við sveitarfélög og minni aðgreining á forvarnamálum og barnaverndarmálum. Aukin áhersla á starf með fjölskyldum í þeirra umhverfi.
- Aukin tenging við jafnréttismál og vinnumarkaðsmál í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Hugsanleg áhrif á kjarasamningagerð út frá jafnréttismálum, samhæfingu vinnu- og fjölskyldulífs og aukinni framleiðni hér á landi.
- Skoðaðar verði mismunandi fjölskyldugerðir og aðgerðir til að mæta mismunandi aðstæðum þeirra bæði að því er varðar fjölskyldur og börn sérstaklega.
- Aukin tengsl við fjölmarga sem vinna gott starf og rannsóknir hér á landi, svo sem við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Betri samhæfing og nýting þess starfs og þeirra upplýsinga sem fyrir liggja.

Félagsmálaráðuneytið mun óska eftir viðræðum við önnur ráðuneyti um vistun mála á sviði barnaréttar og forsjármála til frambúðar með það að markmiði að fjallað verði um hvers kyns málefni er varða börn, ungmenni og fjölskyldur í fullu samhengi.

# 1243. Nefndarálit [641. mál]

um frv. til l. um losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Markmið frumvarpsins er í 1. gr. sagt vera að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Skilyrði þessi á með frumvarpinu að skapa á þann hátt að stjórnvöld fá lagaheimild til að úthluta stóriðjufyrirtækjum losunarkvóta og eru laus allra mála gagnvart stóriðjunni þegar þeim kvóta sleppir.

Hér er fyrst og fremst um að ræða losunarheimildir samkvæmt undanþáguákvæðinu við Kyoto-bókunina, 14/CP.7, en einnig verður úthlutað til stóriðju hluta af almennum losunarkvóta Íslendinga á fyrsta Kyoto-tímabilinu, 2008–2012. Treyst er á að hlutdeild annarra uppsprettna en stóriðju verði á þessum tíma minni en svo að gangi á stóriðjukvótann, sem alls er talinn 10,5 milljónir tonna af koltvísýringi, $CO_2$, og koltvísýringsígildum. Þar af teljast 8 milljónir tonna heimilar samkvæmt undanþáguákvæðinu (1,6 milljónir tonna á ári) en 2,5 milljónir tonna koma af almenna kvótanum, sem samtals er rúmar 18,5 milljónir tonna á tímabilinu (rúml. 3,7 milljónir tonna á ári).

Þessum heimildum, 10,5 milljónum tonna, skal úthlutað árlega en þó ekki í jöfnum skömmtum á hverju ári heldur er gert ráð fyrir að úthlutunarnefndin geti úthlutað fleiri losunarheimildum á síðari hluta tímabilsins en hinum fyrri. Losun stóriðju samkvæmt undanþáguákvæðinu getur því verið umtalsvert meiri á síðasta Kyoto-árinu, 2012, en að meðaltali á tímabilinu.

Fyrirtækin sem um sækja fá heimildirnar ókeypis. Þegar fer að þynnast í heimildabirgðunum skal nefndin úthluta samkvæmt matskenndum reglum sem miðast við að fyrstur fái sá sem fyrstur kemur. Fyrirtæki sem ekki hefur náð frísæti í kapphlaupinu getur aflað sér meiri kvóta með því að kaupa losunarheimildir erlendis. Auk þess er hægt að afla sér aukaheimilda með bindingu í gróðri eða með samstarfi í þróunarríkjum og Austur-Evrópuríkjum samkvæmt svokölluðum sveigjanleikaákvæðum Kyoto-bókunarinnar.

Minni hluti umhverfisnefndar fagnar því að loksins skuli komið fram frumvarp sem gerir íslenskum stjórnvöldum kleift að hafa hemil á losun frá stóriðju. Við teljum hins vegar að frumvarpinu sé verulega áfátt í mikilvægum atriðum og flytjum breytingartillögur sem ætlað er að bæta úr helstu ágöllunum.

- Við gagnrýnum að í frumvarpinu er í raun ekki kveðið á um neins konar árangur við samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Tengsl frumvarpsins við nýlega loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar eru engin. Þar er talað um samdrátt um 50–75% árið 2050 miðað við losunina 1990 en í frumvarpinu er í raun gert ráð fyrir verulegri aukningu losunar á Íslandi til 2012 og jafnvel eftir þann tíma. Þetta stríðir gegn markmiðum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og skuldbindingum Íslendinga gagnvart þeim samningi.

  Ríkisstjórnin er óspör á fögur fyrirheit fyrir hönd næstu kynslóða í loftslagsstefnuplagginu. Þegar kemur að stóriðjuáformum í þessu frumvarpi gleymast hinar háleitu hugsmíðir.
- Við teljum óheppilegt að blandað sé saman úthlutun samkvæmt undanþáguákvæðinu og úthlutun úr almenna kvótanum, og gagnrýnum að tekinn sé af handahófi hluti almenna kvótans og settur til stóriðjuúthlutunar. Vissulega er rökrétt að til slíkrar úthlutunar séu

settar losunarheimildir í samræmi við losun frá verunum í Straumsvík og á Grundartanga fyrir 1990. Ekki er hins vegar eðlilegt að reikna með úthlutun til stóriðju úr almenna kvótanum umfram það, nema um sérstök tilvik sé að ræða. Fyrir þeim ætti þá að gera ráð sérstaklega, svo sem Sementsverksmiðjunni og hugsanlegri rafskautaverksmiðju á Katanesi sem þegar hefur fengið starfsleyfi en efast er um að í gagn komist.

Þessi staða er sérlega óheppileg vegna þess að gert er ráð fyrir að losunarheimildirnar séu ókeypis en að fyrirtækin sem ekki komast í fríriðilinn þurfi að kaupa sér heimildir. Gallarnir verða hins vegar þolanlegri ef samþykktar eru breytingartillögur okkar um gjaldtöku og takmörkun á aukaheimildir.

- Við höfnum reikningskúnstum með þær heimildir sem fylgja undanþáguákvæðinu. Vissulega er það rétt að heimildirnar á Kyoto-tímabilinu 2008–2012 miðast við meðaltal áranna fimm. Með þeirri reglu var raunar reynt að koma í veg fyrir að rustaríki fyndu sér þá ‚löglegu' leið fram hjá skuldbindingum sínum að losa mikið hluta tímabilsins en lækka sig síðan niður í lokin, ef miðað hefði verið við síðasta árið.

  Með því að treysta á uppsöfnunaraðferðina fer ríkisstjórnin á svig við skuldbindingar Íslendinga. Ljóst er að sú stóriðja sem nú er ákveðin (Alcan án stækkunar umfram 1990-losun, Járnblendið umfram 1990-losun án frekari stækkunar, Norðurál, Fjarðaál) mundi að meðtaldri stækkun í Straumsvík losa meira í lok Kyoto-tímabilsins en nemur ársmeðaltalinu 1,6 milljónum tonna. Í athugasemdum við frumvarpið segir að heildarlosun sem fellur undir undanþáguákvæðið frá framangreindum verum fullbyggðum auk álvera í Helguvík og við Húsavík yrði 2,7 milljónir tonna – 1,1 milljón tonna meiri en ársmeðaltal samkvæmt undanþáguákvæðinu. Að vísu er ekki líklegt að losunin gæti orðið svo mikil árið 2012 vegna byggingarhraðans en mundi ná því marki næstu árin þar á eftir.

  Þótt heildarlosun 2008–2012 næði enn ekki þeim 8 milljónum tonna sem leyfð eru á tímabilinu er augljóst að íslensk stjórnvöld væru með þessu að misvirða skuldbindingar sínar þar sem varla væri unnt að koma þessari losun niður fyrir meðaltalsmörkin á næstu árum frá 2013 – þegar almennt er búist við dagskipun um verulegan samdrátt. Með kúnstum af þessu tagi kynnu Íslendingar að verða settir í skammarkrók samkvæmt Kyoto-bókuninni og gert að draga meira úr losun en ella. Verra væri þó jafnvel að þjóðin og stjórnvöld hennar yrðu talin meðal skussa og rusta í alþjóðlegum umhverfismálum. Það veikti virðingu þjóðar og ríkis, ímynd, viðskiptavild alls kyns og samningsstöðu.

  Í þýsku lögfræðiáliti sem skrifað var fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands eru lokaorðin þessi (í þýðingu Markmáls): „Til að sinna skyldum sínum samkvæmt alþjóðalögum, en þó einkum og sér í lagi samkvæmt ákvæði 14/CP.7, er Íslandi heimilt að nýta að fullu undanþáguna um þær 8 milljónir tonna af $CO_2$ sem veitt var og ber ekki skylda til að sækja um á ári hverju að fá til ráðstöfunar 1,6 milljónir tonna af $CO_2$. Þrátt fyrir þetta getur ríkisstjórnin ekki sótt um að auka umfang verkefnisins og útblástur sem fellur undir þetta ákvæði með það fyrir augum að skapa óbreytt ástand (status quo) og heimila landi að undanskilja iðnaðinn frá reglugerð um útblástur. Slíkt myndi brjóta í bága við þá skyldu Íslands að draga úr útblæstri til lengri tíma litið. Ef Ísland reyndi að semja á ný um svipaðar undanþágur fyrir næsta samningstímabil myndi það ganga á svig við og vera andstætt skuldbindingum þess samkvæmt alþjóðalögum. Slíkt gæti einnig orðið efniviður í hugsanlega kröfu um ábyrgð ríkisins þar sem slíkt væri ekki í samræmi við að sýna kostgæfni við að hindra og lágmarka tjón af völdum loftslagsbreytinga."

Uppsöfnun losunarheimilda stríðir gegn markmiðum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og skuldbindingum Íslands gagnvart þeim samningi.

Við leggjum því til að við úthlutun losunarheimilda samkvæmt undanþáguákvæðinu verði miðað við að losun sé ekki meiri en 1,6 milljónum tonna á síðasta ári Kyoto-tímabilsins, 2012.

- Losunarheimildir Íslendinga á Kyoto-tímabilinu eru takmörkuð verðmæti. Sjálfsagt er að skapa hagræna hvata sem víðast til að draga úr notkun þeirra. Hætt er við að með úthlutun gjaldfrjálsra losunarheimilda sé ýtt undir hefðarhald á þessum heimildum, að fyrirtækin sem úthlutað verður ókeypis kvóta telji sig eiga hann með nokkrum hætti og geri á þeim grunni kröfur í framhaldinu, eftir árslok 2012. Saga fiskveiðistjórnar á Íslandi undanfarna áratugi sýnir vel hætturnar sem í þessu felast.

Andrúmsloft fellur undir náttúrugæði í skilningi auðlindanefndarinnar sem skilaði skýrslu sinni árið 2000. Þar er vísað til þess að með tímanum kynni að vera æskilegt að fella andrúmsloft eins og aðrar nýtanlegar auðlindir sem ekki eru í einkaeign undir þjóðareign. Sá tími virðist nú runninn upp, þar sem réttur til að nýta auðlindina andrúmsloft með þeim hætti sem frumvarpið fjallar um er nú orðinn takmarkaður og eftirsóttur. Í því ljósi er allsendis óhæft að úthluta þeim rétti án reglna um jafnræði og endurgjald.

Við tökum í þessum efnum undir sjónarmið sem fram koma í umsögn Orkustofnunar, þar sem talið er „mjög mikilvægt að strax í upphafi sé mótuð heildarstefna um þá aðferðafræði sem notuð verði til framtíðar við úthlutun og hugsanlegt endurgjald fyrir þau takmörkuðu gæði sem til verða við takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda.“ Orkustofnun lýsir áhyggjum sínum af því að með þessu sé verið „að skapa fordæmi um varanlega ráðstöfun á losunarkvótum á grundvelli sögulegra viðmiða, án endurgjalds“. Minnt er á það kerfi framseljanlegra losunarkvóta sem nú er verið að koma upp innan Evrópusambandsins og að lokum væntanlega á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, og bent á að hinar takmörkuðu losunarheimildir hafi þegar fengið á sig verðgildi. „Löggjafarvaldið verður því að vera sér meðvitað um að með úthlutun á losunarheimildum nú kunni að vera lagður grunnur að fyrirkomulagi sem muni hafa afleiðingar langt fram yfir það tímabil sem frv. þetta fjallar um, þ.e. árin fram til 2013.“

Við leggjum til að hugsað verði til framtíðar í þessum efnum og strax komið á fót skipan sem miðast við að losunarheimildirnar séu takmörkuð verðmæti í þjóðareigu sem afhentar eru til tímabundinnar nýtingar gegn gjaldi. Þessi skipan er í góðu samræmi við mengunarbóta- eða greiðsluregluna sem væntanlega verður lögleidd á þessu þingi sem ein af meginreglum umhverfisréttar.

Eðlilegt er að miða við að gjaldsupphæð sé hverju sinni sem næst markaðsverði. Gjaldsupphæð sem hér er lögð til, 100 kr. fyrir losunarheimildina á ári, miðast við 10% af markaðsverði á losunartonni innan ESB. Árið 2008 fá samsvarandi fyrirtæki þar aðeins 90% af losunarheimildum gjaldfrítt og þurfa því að draga saman um 10% eða kaupa losunarheimildir sem því nemur. Þess er vænst að verðið hækki ytra á næstu árum og er eðlilegt að fylgja þeirri þróun eftir með nýrri lagasetningu um gjaldið þegar þurfa þykir, jafnvel fyrir hverja úthlutun, eins og tíðkast um önnur gjöld sem Alþingi ákveður. Vel kann svo að vera að í framtíðinni þyki uppboðsleið heppilegri við úthlutun losunarheimilda, einkum ef hún verður víðtækari en nú er fyrirhugað.

Í frumvarpinu er miðað við árlega úthlutun losunarheimilda og er ekki líklegt að heimildir verði framseldar innan ársins nema þá í sérstökum tilvikum. Ekkert mælir í sjálfu

sér gegn slíkri sölu en búa þarf svo um hnúta að hægt sé að skila heimildum aftur á kaupverði.

- Við teljum afar óheppilegt að leyfa fyrirtækjum sem ekki telja sig fá nægar losunarheimildir við úthlutun að kaupa ótakmarkaðan aukakvóta erlendis. Eins og mál standa nú yrði úthlutunarkerfi losunarheimilda eina stjórntækið sem almannavaldið hefði til að stýra þróun og frekari uppbyggingu stóriðju á landinu, en með leyfi því sem í frumvarpinu felst til að kaupa losunarheimildir óhindrað að utan væru öll bönd brostin. Ekki má gleyma að þetta er einnig siðferðilegt álitamál og varðar meðal annars ímynd og orðspor þjóðarinnar. Áður en lagt er á þá braut þarf að fara fram grundvallarumræða um hvort Ísland eigi að verða miðstöð stóriðju sem rekin er á erlendum losunarheimildum. Losun á hvert mannsbarn er þegar orðin veruleg á Íslandi og ef heldur fram sem horfir gætu Íslendingar við lok Kyoto-tímans lent í hópi þeirra þjóða sem mest menga að höfðatölu – og værum þar með orðin helstir ábyrgðarmenn loftslagsvárinnar sem losunin veldur.

  Þá er ljóst að óheft kaup að utan ykju þrýsting á enn frekari uppbyggingu stóriðju, sem nú þegar hefur krafist mikilla umhverfisfórna í íslenskri náttúru vegna orkuöflunar, auk þeirra beinu skaðlegu áhrifa sem stóriðja hefur á næsta umhverfi sitt. Við tökum undir með Náttúrufræðistofnun sem segir í umsögn sinni að það sé „siðferðilega rangt að heimila fyrirtækjum sem hér starfa kaup á losunarheimildum erlendis fyrir atvinnustarfsemi sem getur spillt íslenskri náttúru".

  Við leggjum því til að kaup losunarheimilda að utan séu háð samþykki Alþingis hverju sinni.

  Um bindingu í gróðri (og hugsanlega í bergi í framtíðinni) gegnir öðru máli, enn fremur um erlent samstarf. Á skrifstofu loftslagssamningsins í Bonn er nú unnið að því hörðum höndum að semja reglur um bindingu og lítur út fyrir að þær verði viðamiklar og strangar. Ólíklegt er að hér verði um verulega umfangsmikil verkefni að ræða á þessu sviði en ákvæðið um gróðurbindingu gæti þó reynst landgræðslu- og skógræktarverkefnum talsverð lyftistöng. Þess verður að gæta í því sambandi að ekki sé ráðist í gróðurbindingu þvert á náttúruverndarsjónarmið, og sjálfsagt er einnig að leggja slík sjónarmið til grundvallar erlendu samstarfi. Við leggjum því fram breytingartillögu þá sem bent er á í umsögn Náttúrufræðistofnunar um að gæta slíkra sjónarmiða við hagnýtingu sveigjanleikaákvæðanna.

Nái þetta frumvarp fram að ganga óbreytt kann það að leiða til þess að samningsmarkmið ríkisstjórnarinnar í viðræðum um framhald Kyoto-bókunarinnar taki öðru fremur mið af hagsmunum stóriðju en ekki þeim brýnu hagsmunum íslensku þjóðarinnar að vinna með öðrum innan alþjóðasamfélagsins að því markmiði að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda og vinna með því gegn hættulegum loftslagsbreytingum.

Þá ber að hafa í huga að Íslendingar eiga þess kost að verða í fararbroddi við að draga úr brennslu jarðefnaeldsneytis með nýtingu endurnýjanlegrar og umhverfisvænnar orku. Til að nýir orkugjafar eða orkuberar leysi jarðefnaeldsneyti af hólmi í samgöngum og fiskveiðum þarf mikla innlenda orkuframleiðslu. Gáleysisleg ákvæði frumvarpsins um uppsöfnun og innflutning losunarheimilda ýta undir enn frekari stóriðju sem gæti tekið upp orkuöflunarleiðir sem ella væru nýttar til þess arna.

Að samþykktum þeim breytingartillögum sem hér eru lagðar til getur frumvarpið markað þáttaskil í starfi Íslendinga gegn loftslagsvá í heiminum. Það getur einnig skapað stjórnvöldum skilyrði til að virða með sóma skuldbindingar Íslendinga samkvæmt Kyoto-bókuninni

og undanþáguákvæðinu frá Marakess. Með breytingartillögunum væri einnig dregið úr þeim vanda sem skipan mála að frumvarpinu óbreyttu skapar Íslendingum við lok Kyoto-tímabilsins. Frumvarpið svo breytt legði grundvöll að skynsamlegum og framsýnum samningsmarkmiðum Íslendinga í komandi viðræðum um næsta tímabil eftir árslok 2012.

Alþingi, 15. mars 2007.

Mörður Árnason, frsm. Ásta R. Jóhannesdóttir. Kolbrún Halldórsdóttir.

Rannveig Guðmundsdóttir.

---

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands. (12. mars 2007.)
II. Umsögn frá Orkustofnun. (9. febrúar 2007.)
III. Umsögn frá Landvernd. (9. mars 2007).
IV. Umsögn frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. (12. mars 2007.)

## 1244. Nefndarálit [684. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Arabíska lýðveldisins Egyptalands.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Friðrik Jónsson og Einar Gunnarsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Arabíska lýðveldisins Egyptalands, sem undirritaður var í Davos í Sviss 27. janúar 2007.

Fríverslunarsamningurinn nær fyrst og fremst til vöruviðskipta en einnig eru ákvæði um vernd hugverkaréttinda, fjárfestingar, þjónustustarfsemi, fjármagnsflutninga, samkeppnismál o.fl. Á vörusviðinu er kveðið á um að Egyptar felli niður tolla á aðrar vörur en landbúnaðarvörur í áföngum auk þess sem kveðið er á um tollkvóta fyrir flestar mikilvægustu sjávarafurðir Íslands. Kvótarnir verða stækkaðir í áföngum á sex ára tímabili uns fullri fríverslun verður komið á.

Sérhvert EFTA-ríki gerir tvíhliða samkomulag við Egyptaland um lækkun eða niðurfellingu tolla á tilteknar landbúnaðarvörur og mun Ísland t.d. fá markaðsaðgang fyrir lifandi hross til Egyptalands og 2000 tonna tollkvóta fyrir lambakjöt.

Viðskipti milli Íslands og Egyptalands undanfarin ár hafa verið lítil en fullgilding fríverslunarsamningsins eykur vafalaust möguleika á frekari viðskiptum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Drífa Hjartardóttir. | Jón Gunnarsson. |
| Jón Kristjánsson. | Bjarni Benediktsson. | Dagný Jónsdóttir. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | Steingrímur J. Sigfússon. | |

## 1245. Nefndarálit [295. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Árnason frá forsætisráðuneyti. Nefndin kynnti sér einnig umsagnir um málið frá 132. löggjafarþingi (744. mál), en þá bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Rannsóknamiðstöð Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Orkustofnun, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Seðlabanka Íslands, Veðurstofu Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Háskólanum á Akureyri, Bændasamtökum Íslands, Félagi prófessora í Háskóla Íslands og Félagi háskólakennara, Nýsköpunarsjóði, Raunvísindastofnun Háskólans, Alþýðusambandi Íslands og Fjórðungssambandi Vestfirðinga auk sameiginlegrar umsagnar frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samorku, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi Vísinda- og tækniráðs verði útvíkkuð með þeim hætti að auk þess að taka til umfjöllunar málefni vísinda, tækni og nýsköpunar hafi það einnig með höndum umfjöllun um málefni atvinnuþróunar. Með breytingunni á starfssviði ráðsins er jafnframt gert ráð fyrir að nafn þess breytist í Vísinda- og nýsköpunarráð. Einnig er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að fulltrúum í ráðinu fjölgi um tvo, úr 14 í 16, og að forsætisráðherra geti kvatt fjóra ráðherra til setu í því í stað tveggja eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Frumvarpið gengur út frá því að þeir tveir fulltrúar sem bætast í ráðið komi úr atvinnulífinu og hafi reynslu eða sérþekkingu sem nýst getur við hagnýtingu rannsókna.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi iðnaðarráðherra um Nýsköpunarmiðstöð Íslands (280. máli) og frumvarpi viðskiptaráðherra um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins (279. máli). Iðnaðarnefnd hefur lagt til að frumvarpi til laga um Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði breytt þannig að í stað þess að Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Byggðastofnun sameinist verði það eingöngu tvær fyrstnefndu stofnanirnar sem sameinast. Því leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu þess efnis að horfið verði frá því að gera breytingar á starfsemi Vísinda- og tækniráðs og breyta heiti þess.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Björgvin G. Sigurðsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Guðjón Ólafur Jónsson. | Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara. |
| Birgir Ármannsson. | Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara. | Kjartan Ólafsson. |
| Sigurður Kári Kristjánsson. | | Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara. |

# 1246. Breytingartillögur [295. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. gr. falli brott.
2. 2. gr. falli brott
3. Við 3. gr. Í stað orðanna „Vísinda- og nýsköpunarráð“ í a-lið komi: Vísinda- og tækniráð.
4. 4. gr. falli brott.
5. 5. gr. falli brott.
6. 6. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
7. 7. gr. falli brott.
8. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
   Forsætisráðherra skipar tvo menn í Vísinda- og tækniráð frá 1. september 2007 til 31. mars 2009.

# 1247. Nefndarálit [443. mál]

um frv. til l. um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergdísi Ellertsdóttur og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Kristján Sturluson, Sólveigu Ólafsdóttur og Helgu Þórólfsdóttur frá Rauða krossi Íslands, Guðrúnu D. Guðmundsdóttur og Brynhildi G. Flóvenz frá Mannréttindaskrifstofu Íslands og Árna Múla Jónasson frá Íslandsdeild Amnesty International.

Frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna var fyrst lagt fram á 132. löggjafarþingi (þskj. 933, 634. mál). Málinu var útbýtt 16. mars 2006 en fyrsta umræða fór fram 24. og 25. apríl og var málinu í kjölfarið vísað til utanríkismálanefndar. Málið varð ekki útrætt. Utanríkisráðherra lagði málið svo aftur fram á þessu þingi eftir smávægilegar endurbætur. Málinu var útbýtt 7. desember 2006 og því vísað til utanríkismálanefndar að lokinni 1. umræðu 6. febrúar sl. Eftir umfjöllun nefndarinnar var málið svo afgreitt frá nefndinni með breytingartillögum meiri hlutans á fundi 13. mars sl. Ekki var fallist á tillögur minni hlutans um frekari breytingar á málinu, einkum 1. gr. frumvarpsins.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Alþýðusambandi Íslands, Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Flugmálastjórn, Hjálparstarfi kirkjunnar, Íslandsdeild Amnesty International, landlækni, Landssambandi lögreglumanna, Ljósmæðrafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rauða krossi Íslands, Samtökum heilbrigðisstétta, Samtökum hernaðarandstæðinga, Tollvarðafélagi Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Auk þess bárust nefndinni athugasemdir frá Elíasi Davíðssyni.

Miklar og vel rökstuddar athugasemdir komu fram við ýmsar greinar frumvarpsins í þeim umsögnum sem bárust. Tekið er tillit til hluta þessara athugasemda í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar. Minni hlutinn styður þær breytingar en telur að lengra þurfi að ganga í því að breyta frumvarpinu til betri vegar.

Minni hlutinn telur að 1. gr. frumvarpsins þurfi að endurrita svo að hún endurspegli verkefnaval sem samrýmist þeim markmiðum að íslensku friðargæslunni sé ekki ætlað að sinna öðrum verkefnum en þeim sem teljast borgaralegs eðlis. Í 1. gr. frumvarpsins er íslenskum stjórnvöldum falin yfirgripsmikil heimild til þess að senda friðargæsluliða til starfa í öðrum löndum. Ramminn um eðli og inntak verkefnanna er víður og rúmar t.d. þátttöku í verkefnum á vegum hernaðarbandalaga. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að það sé hvorki eftirsóknarvert né siðferðislega rétt að munstra íslenska friðargæsluliða til verkefna sem krefjast vopnaburðar. Einföld leið til þess að koma í veg fyrir að svo sé er að setja verkefni á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna á sviði friðargæslu í forgang. Víst er að af nógu er að taka af verðugum og brýnum verkefnum um allan heim.

Samkrull hermennsku og hjálparstarfs skapar mikla hættu fyrir hjálparstarfsmenn á vettvangi. Heimamenn gera ekki alltaf greinarmun á hermönnum og friðargæsluliðum. Um það vitna nýleg og dapurleg dæmi frá Afganistan. Til að koma í veg fyrir að stofna hlutlausu starfsfólki hjálpar- og mannúðarsamtaka í óþarfa hættu er brýnt að íslenskum friðargæsluliðum verði ekki ruglað saman við hermenn á vettvangi. Það er best gert með því að setja íslenska friðargæsluliða til starfa í borgaralegum verkefnum sem ekki krefjast vopnaburðar.

1. gr. frumvarpsins þarf einnig að endurspegla þá staðreynd að Íslendingar eru herlaus þjóð, sem hefur í hávegum virðingu fyrir alþjóðlegum mannréttinda- og mannúðarlögum. Um það má ekki vera hinn minnsti vafi. Því er tekið undir ábendingar umsagnaraðila um að fræðsla og þjálfun í beitingu mannúðarlaga (e. International Humanitarian Law) verði traustur þáttur í uppfræðslu friðargæsluliða áður en þeir eru sendir til starfa á erlendri grundu. Þá telur minni hlutinn að leggja beri meiri áherslu á borgaralegt og fyrirbyggjandi friðargæsluhlutverk í markmiðsgrein frumvarpsins.

Þá telur minni hlutinn að mannúðar- og neyðaraðstoð vegna náttúruhamfara sé fyrst og fremst í verkahring hjálparsamtaka eins og Alþjóða Rauða krossins, sem hefur yfir að búa yfirburða þekkingu, reynslu og mannafla í öllum ríkjum heims til þess að veita neyðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara.

Minni hlutinn áréttar nauðsyn þess að Genfarsáttmálarnir ásamt síðari viðaukum verði lögfestir hér á landi. Núgildandi lög leyfa til dæmis ekki að íslenskir ríkisborgarar séu sóttir til saka fyrir stríðsglæpi.

Í frumvarpinu sér þess hvergi merki að samþætta eigi kynja- og jafnréttissjónarmið inn í verkefnaval og uppbyggingu íslensku friðargæslunnar. Það er miður og síst til þess fallið að efla vitund stjórnvalda og friðargæsluliða um gildi þess að kynja- og jafnréttissjónarmið eigi að hefja til vegs innan íslensku friðargæslunnar.

Í ljósi framangreinds leggur minni hlutinn fram breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. mars 2007.

Össur Skarphéðinsson, frsm. Jón Gunnarsson. Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

## 1248. Breytingartillaga [443. mál]

við frv. til l. um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar (ÖS, JGunn, ÞSveinb, SJS).

Við 1. gr.

a. Í stað a–e-liða 2. mgr. komi:
   a. Þátttaka borgaralegra sérfræðinga í verkefnum sem lúta að því að tryggja stöðugleika og starfa með heimamönnum á átakasvæðum.
   b. Verkefni borgaralegra sérfræðinga sem stuðla að uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði.
   c. Verkefni borgaralegra sérfræðinga sem stuðla að uppbyggingu innviða samfélags að loknum ófriði, svo sem við stjórnsýslu, veitukerfi og fjarskipti.
   d. Þátttaka borgaralegra sérfræðinga í fyrirbyggjandi verkefnum sem miða að því að hindra að ófriður brjótist út á svæðum þar sem óstöðugleiki ríkir.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Verkefni íslensku friðargæslunnar mega aldrei brjóta í bága við ákvæði mannúðar- og mannréttindasamninga.

# 1249. Nefndarálit [496. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um dómstóla, nr. 15 25. mars 1998, og lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Gunnar Narfa Gunnarsson frá dómsmálaráðuneyti, Eyþóru Geirsdóttur frá Stéttarfélagi lögfræðinga, Kolbrúnu Benediktsdóttur frá Félagi löglærðra fulltrúa ákæruvalds, Ólaf Eiríksson frá Lögmannafélagi Íslands, Hjálmar Jónsson frá Blaðamannafélagi Íslands, Helga I. Jónsson frá Héraðsdómi Reykjavíkur, Eggert Óskarsson og Hjördísi Hákonardóttur frá Dómarafélagi Íslands, Símon Sigvaldason frá dómstólaráði, Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd og Barböru Björnsdóttur og Pálma Másson, fulltrúa löglærðra aðstoðarmanna dómara. Umsagnir bárust um málið frá ríkissaksóknara, Persónuvernd, Ríkisútvarpinu, réttarfarsnefnd, Félagi löglærðra fulltrúa ákæruvalds, Blaðamannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Héraðsdómi Reykjavíkur, Stéttarfélagi lögfræðinga, dómstólaráði, Lögmannafélagi Íslands og löglærðum aðstoðarmönnum dómara. Einnig bárust nefndinni minnisblöð frá dómsmálaráðuneyti.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á dómstólalögum sem lúta helst að því að dómstjóra héraðsdómstóls verði veitt heimild til að fela löglærðum aðstoðarmönnum héraðsdómara heimild til að fara með dómstörf að afmörkuðu leyti. Markmið frumvarpsins er að nýta kosti aðstoðarmannakerfisins til fullnustu, en einnig að endurheimta kosti dómarafulltrúakerfisins sem lagt var niður árið 1998. Eitt þeirra starfa sem aðstoðarmanni dómara gæti verið falið samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er að kveða upp svokallaða rannsóknarúrskurði á borð við úrskurði um gæsluvarðhald. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um að tryggja starfsöryggi aðstoðarmanna með því að fella störf þau sem þeir vinna undir ákvæði IV. kafla dómstólalaga sem fjallar um réttindi og skyldur dómara. Einnig er lagt til í frumvarpinu að dómurum verði fjölgað um tvo, að myndatökur og aðrar upptökur verði bannaðar í dómhúsum og að dómar Hæstaréttar varðandi úrskurði um hleranir, leitir og gæsluvarðhald verði ekki birtir fyrr en mánuður er liðinn frá uppkvaðningu þeirra.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum.

Eitt þeirra atriða sem til umfjöllunar kom var ákvæði 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins sem breytir 11. gr. dómstólalaga. Þar er gert ráð fyrir að tiltekna dóma Hæstaréttar sem kveðnir eru upp í þágu rannsóknar lögreglu skuli ekki gefa út fyrr en að liðnum mánuði frá uppkvaðningu þeirra eins og greint er frá hér að framan. Þessari sérreglu er ætlað að vernda rannsóknarhagsmuni þar sem þessir dómar hafa iðulega að geyma upplýsingar um málavexti sem óheppilegt getur verið að gera opinberar strax að dómi gengnum. Meiri hlutinn telur að þeir hagsmunir gangi framar því upplýsingagildi sem dómar í slíkum málum kunna að hafa. Í þessu sambandi bendir meiri hlutinn einnig á að þekkt eru dæmi um að upplýsingar sem hefði átt að taka út úr dómum fyrir birtingu hafi engu síður verið birtar. Með samþykkt sérreglunnar er dregið verulega úr hættunni á að slíkt endurtaki sig.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að héraðsdómurum verði fjölgað úr 38 í 40. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmiðið með fjölguninni er öðrum þræði að draga úr tímabundnum setningum dómara. Meiri hlutinn tekur undir þörfina á því að fjölga dómurum um tvo, enda er mikið álag á héraðsdómstólunum. Störf dómara verða sífellt vandasamari og veruleg fjölgun hefur orðið á sakamálum þar sem dómur er fjölskipaður. Hins

vegar fær meiri hlutinn ekki séð að með fjölguninni verði dregið úr setningum dómara, að svo miklu leyti sem frumvarpið er á þeirri forsendu byggt. Setning dómara þjónar þeim tilgangi að dagskrá sem dómari hefur ákveðið í fjölda mála raskist ekki þrátt fyrir tímabundin forföll hans eða leyfi. Þeir tveir dómarar sem gert er ráð fyrir að verði skipaðir samkvæmt frumvarpinu munu fá til meðferðar mál til afgreiðslu rétt eins og aðrir dómarar. Þannig verða þeir ekki í stakk búnir til að taka við auknu álagi með setningu fyrir annan dómara nema með þeim afleiðingum að fyrirframákveðin dagskrá raskist verulega.

Í b-lið 5. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði þess efnis að dómari sem telur á sig hallað með ákvörðun dómstjóra skv. 16. gr. dómstólalaga geti leitað álits dómstólaráðs um ákvörðunina. Meiri hlutinn leggur til að þetta ákvæði verði fellt brott þar sem hann telur að það úrræði sem lagt er til sé þegar fyrir hendi í dómstólalögum.

Í 6. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði varðandi löglærða aðstoðarmenn dómara. Þar er lagt til að þeir hafi minnst tveggja ára starfsreynslu og verði ráðnir til sex ára í senn með möguleika á einni endurráðningu. Þá er tilgreint að dómstjóri geti falið aðstoðarmanni að annast hvers konar dómsathafnir, en þó ekki fara með og leysa að efni til úr einkamálum, þar með töldum ágreiningsmálum um fullnustugerðir eða þinglýsingar, þar sem vörnum er haldið uppi eða opinberum málum frá því þau koma til meðferðar. Loks er tilgreint að um störf þau sem aðstoðarmanni eru falin fari skv. IV. kafla dómstólalaga um réttindi og skyldur dómara. Meiri hlutinn gerir verulegar athugasemdir við ákvæðið. Í fyrsta lagi lítur meiri hlutinn svo á að ástæðulaust sé að lögfesta þá reglu að aðstoðarmenn dómara skuli hafa að minnsta kosti tveggja ára starfsreynslu. Að jafnaði sækir nokkur hópur hæfra umsækjenda um störf sem auglýst eru. Vilji dómstjóri leggja áherslu á starfsreynslu af öðrum vettvangi þegar hann ræður til sín aðstoðarmann er honum í lófa lagið að gera það með því að ráða þann umsækjanda sem uppfyllir þau skilyrði. Í öðru lagi telur meiri hlutinn óþarft að binda starfstíma aðstoðarmanna í lög og telur eðlilegt að sömu ákvæði gildi um þá og aðra ríkisstarfsmenn hvað þetta varðar. Í þriðja lagi telur meiri hlutinn að heimild 2. mgr. 6. gr. varðandi þau störf sem unnt er að fela aðstoðarmönnum sé óþarflega rúm. Af henni leiðir að hægt er að fela aðstoðarmönnum að fara með rannsóknarúrskurði á sviði opinbers réttar og m.a. úrskurða einstaklinga í gæsluvarðhald. Með hliðsjón af því að dómarafulltrúakerfið var lagt af af þeirri ástæðu að staða þeirra væri ekki nægjanlega tryggð að lögum til að uppfyllt væru skilyrði um sjálfstæði dómsvaldsins, m.a. vegna stöðu þeirra í tengslum við gæsluvarðhaldsúrskurði, telur meiri hlutinn rétt að takmarka heimildir aðstoðarmanna frekar en frumvarpið gerir ráð fyrir. Við umræðu um þetta atriði kynnti nefndin sér sambærilegt ákvæði frumvarps sem flutt var á 132. löggjafarþingi (670. mál), en þar eru talin upp öll þau störf sem dómstjóra er heimilt að fela aðstoðarmanni. Meiri hlutinn leggur til að þeirri upptalningu verði bætt inn í greinina með þeirri undantekningu þó að allir úrskurðir sem varða rannsóknarhagsmuni verða undanskildir. Þarna verður því eingöngu um að ræða svokölluð ágreiningslaus mál, á borð við þingfestingu og meðferð almennra einkamála þar til greinargerð hefur verið skilað og dómkvaðningu matsmanna. Í fjórða lagi telur meiri hlutinn óþarft að aðstoðarmenn dómara hafi sömu réttarstöðu og þeir skv. IV. kafla dómstólalaga, en með hliðsjón af því að meiri hlutinn leggur til að þeir fari ekki með eiginlegt dómsvald fellur það um sjálft sig. Með hliðsjón af framangreindu gerir meiri hlutinn tillögu um verulegar breytingar á 6. gr. frumvarpsins.

Loks leggur meiri hlutinn til að ákvæði 7. gr. frumvarpsins sem fjallar um bann við myndatökum og hljóð- og myndupptökum í dómhúsum sem þó megi víkja frá í einstök skipti með leyfi dómstjóra falli brott. Ekki náðist samstaða í nefndinni um að gera jafnveigamikla

breytingu og hér er lögð til, en mikil andstaða kom fram við hana frá fjölmiðlum. Meiri hlutinn bendir á að myndatökur í dómhúsum í óþökk þeirra sem þær beinast að eru ekki algengt vandamál þótt einstök tilvik hafi komið upp og telur því rétt að skoða málið betur.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Björgvin G. Sigurðsson og Guðrún Ögmundsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara sem lýtur að 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu með sama fyrirvara og að framan greinir.

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. |
| Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara. | Kjartan Ólafsson. | Sigurður Kári Kristjánsson. |

Sigurjón Þórðarson.

## 1250. Breytingartillögur [496. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um dómstóla, nr. 15 25. mars 1998, og lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BjarnB, BjörgvS, BÁ, GÖg, KÓ, SKK, SigurjÞ).

1. 1. efnismgr. b-liðar 5. gr. falli brott.
2. 6. gr. orðist svo:

17. gr. laganna orðast svo:

Til aðstoðar dómurum má ráða til héraðsdómstóla lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum 2.–6. tölul. 2. mgr. 12. gr. Dómstjóri annast slíka ráðningu og gilda um hana almennar reglur um starfsmenn ríkisins.

Auk þess sem segir í 1. mgr. er dómstjóra heimilt að fela aðstoðarmanni eftirtalin störf:

1. Þingfestingu og meðferð almennra einkamála þar til greinargerð hefur verið skilað.
2. Ljúka máli skv. 113. gr. laga um meðferð einkamála.
3. Dómkvaðningu matsmanna.
4. Skýrslutöku skv. XI. kafla og 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála.
5. Meðferð aðfararbeiðna sem falla undir 1.–4. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um aðför.
6. Meðferð gjaldþrotamála samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.
7. Meðferð krafna um opinber skipti samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum o.fl.
8. Áritun sektarboða skv. 3. og 5. gr. 115. gr. a laga um meðferð opinberra mála.

Ákvæði 4. og 5. mgr. 18. gr. skulu gilda eftir því sem á við um störf þau sem dómstjóri felur aðstoðarmanni skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Dómstólaráði er heimilt, með samþykki aðstoðarmanns og beggja dómstjóra, að flytja aðstoðarmann tímabundið milli héraðsdómstóla meðan á ráðningartíma hans stendur.

3. 7. gr. falli brott.
4. Við ákvæði til bráðabirgða. Síðari málsliður falli brott.

## 1251. Breytingartillögur [641. mál]

við frv. til l. um losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá minni hluta umhverfisnefndar (MÁ, ÁRJ, KolH, RG).

1. Við 9. gr.
   a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Úthlutunarnefnd skal tryggja að árið 2012 verði losun samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 ekki meiri en 1.600.000 losunarheimildir.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Atvinnurekstur, sbr. 2. mgr. 7. gr., skal greiða 100 kr. fyrir hverja losunarheimild sem honum er úthlutað skv. 3. mgr. 9. gr. Umhverfisstofnun innheimtir gjaldið við úthlutun og rennur það í ríkissjóð. Ónýttar losunarheimildir er unnt að leggja inn aftur og skal fjárhæð skv. 1. málsl. þá endurgreidd.
2. 14. gr. orðist svo:
   Atvinnurekstri er heimilt að afla sér losunarheimilda á annan hátt en með úthlutun losunarheimilda skv. 9. gr., svo sem með fjármögnun verkefna á sviði bindingar kolefnis í gróðri og jarðvegi og með þátttöku í verkefnum á sviði loftslagsvænnar þróunaraðstoðar eða sameiginlegrar framkvæmdar, að teknu tilliti til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða. Umhverfisráðhera er heimilt að setja reglugerð með nánari ákvæðum um hvaða losunarheimildir hann metur gildar að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Óski atvinnurekstur eftir að kaupa losunarheimildir erlendis til að nýta á Íslandi skal umhverfisráðherra bera slíka ráðstöfun undir Alþingi með þingsályktunartillögu.

## 1252. Frumvarp til laga [637. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti.

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

1. gr.

Við II. kafla laganna bætist ný grein er verður 9. gr. laganna og breytast númer annarra greina í samræmi við það. Greinin orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Breyting á vatnsfarvegi.*

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. vatnalaga, nr. 20/2006, er fasteignareiganda heimilt að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru í því skyni að verja land eða landsnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns.

Nú þarf sá sem ætlar að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. afnot af fasteignum annarra manna og getur þá ráðherra veitt heimild til eignarnáms. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati ef ekki semst með aðilum.

Ráðherra er rétt að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. enda sé það gert til að verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill. Landgræðsla ríkisins í samráði við Vegagerðina, eftir því sem við á, annast þær framkvæmdir sem ráðherra ákveður að ráðist skuli í. Heimilt er ráðherra að taka fasteignir eignarnámi í þessu skyni. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2007.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á vatnalögum, nr. 20/2006:

1. 1. mgr. 22. gr. orðast svo:

   Heimilt er fasteignareiganda að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru til vatnsveitugerðar, áveitugerðar, orkunýtingar o.s.frv.
2. Í stað 1. mgr. 34. gr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

   Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum þessum.

   Landbúnaðarráðherra fer með leyfisveitingar skv. 14. gr.
3. 2. mgr. 35. gr. orðast svo:

   Ekki er þó skylt að senda tilkynningu skv. 1. mgr. þegar Landbúnaðarstofnun er send skrifleg umsókn um framkvæmd í eða við veiðivatn skv. V. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Landbúnaðarstofnun skal þegar henni berst umsókn um leyfi fyrir framkvæmdum þegar í stað senda Orkustofnun afrit af öllum slíkum umsóknum. Þá er heldur ekki skylt að senda tilkynningu skv. 1. mgr. þegar Landgræðsla ríkisins hefur umsjón með gerð fyrirhleðslna á grundvelli laga um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, með síðari breytingum.

## 1253. Þingsályktun [700. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1161.

# 1254. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og kynnt sér umsagnir sem bárust um málið á 131. löggjafarþingi frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Verslunarráði Íslands, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífsins og Lýðheilsustöð.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi áfengissölu samkvæmt lögum um verslun með áfengi og tóbak þannig að einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á áfengi með vínandastyrk sem er 22% eða minna verði aflögð. Jafnframt eru lagðar til breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs og áfengislögum þessu tengdar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þau skilyrði verði sett fyrir veitingu smásöluleyfis á áfengi að afgreiðslutími verslana megi ekki vera lengri en til kl. 20.00 og að starfsmenn sem afgreiða áfengi megi ekki vera yngri en 20 ára.

Nefndin telur eðlilegt að sala á vörum og þjónustu sé á hendi einkaaðila en ekki opinberra aðila. Nefndin telur rétt að færa sölu á áfengi í þann farveg og lítur svo á að með frumvarpinu sé stigið lítið skref í þá átt að gera sölu á áfengi frjálsa eins og tíðkast í verslunum víða í nágrannalöndum. Í þessu sambandi bendir nefndin jafnframt á að á landsbyggðinni er áfengi víða selt í almennum verslunum án nokkurra vandkvæða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kjartan Ólafsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara sem lýtur að því að hann telur að ekki eigi að einskorða gildissvið frumvarpsins við áfengi með minni vínandastyrk en 22%.

Guðjón Ólafur Jónsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er andvíg áliti þessu.

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Guðjón Ólafur Jónsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. |
| Guðrún Ögmundsdóttir. | Kjartan Ólafsson, með fyrirvara. | Sigurður Kári Kristjánsson. |

Sigurjón Þórðarson.

# 1255. Nefndarálit [279. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Svein Hannesson og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, sem er jafnframt stjórnarformaður í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, og Jónínu S. Lárusdóttur og Svein Þorgrímsson frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust einnig umsagnir um frumvarpið.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi iðnaðarráðherra um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun (þskj. 293, 280. mál) og frumvarpi forsætisráðherra til laga um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð (þskj. 308, 295. mál).

Helstu breytingar sem lagðar eru til eru eftirfarandi. Lagt er til að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins muni að meginstefnu til einungis taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Þá er lagt til að sjóðurinn hafi heimild til að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum. Í 5. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., er kveðið á um að Nýsköpunarsjóður fái 1.500 millj. kr. viðbótarframlag á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Í þessum tilvikum skal leita samþykkis iðnaðar- og sjávarútvegsráðherra, en slíkt samþykki þarf ekki í öðrum tilvikum. Lagt er til að stjórnarmenn skuli ekki skipaðir til lengri tíma en fimm ára. Jafnframt er kveðið á um að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3.000 millj. kr., og taki breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Eigið fé, sem ekki er bundið í fjárfestingarverkefnum eða lánum, skal ávaxta í samræmi við fjárfestingarstefnu sem kveðið verður á um í reglugerð og starfsreglum stjórnar. Skylda er lögð á Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins að útvista ávöxtun framangreinds eigin fjár. Þá eru í frumvarpinu felld brott ákvæði um tryggingardeild útflutnings, sem verið hefur sérstök deild innan Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Í því frumvarpi sem iðnaðarnefnd hefur haft til umfjöllunar er gert ráð fyrir að tryggingardeild útflutnings verði vistuð innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hefur iðnaðarnefnd lagt til breytingu á því frumvarpi þannig að tryggingardeild útflutnings muni áfram vistast hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Þykir því einsýnt að efnahags- og viðskiptanefnd leggi til breytingar á þessu frumvarpi í þeim tilgangi að þau ákvæði falli brott sem kveða á um brottfall þeirra ákvæða laganna sem fjalla um tryggingadeild útflutnings. Þá er í frumvarpinu lagt til að vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði lögð niður og verður eigið fé hennar hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs, að sjóðnum verði heimilt að gera afleiðusamninga og að aðeins Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með reikningum sjóðsins og eignum en ekki Fjármálaeftirlitið jafnframt. Að lokum skal nefnt að lagt er til að ákvæði laganna um refsinæmi brota verði fellt brott.

Í umsögnum og í umræðum í nefndinni var vakin athygli á því að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins var upphaflega myndaður að hluta úr eigin fé Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs sem runnu inn í Fjárfestingarbanka Atvinnulífsins (FBA) og viðkomandi starfsgreinar töldu eign sína. Þetta skýrir t.d. tilnefningar í stjórn sjóðsins en tveir af fimm stjórnarmönnum eru

skipaðir annars vegar af samtökum atvinnufyrirtækja í iðnaði og hins vegar af samtökum atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi.

Jafnframt var rætt um það í nefndinni að ráðherra staðfesti reglur um mat á fjárfestingartækifærum, auk umsókna um lán og ábyrgðir. Segja má að þetta sé grundvöllur þess að ráðherra geti sinnt sínu eftirlitshlutverki en það er ekki ætlunin að ráðherra hafi afskipti af störfum sjóðsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli brott.
2. Við 2. gr. Við efnismálsgrein bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Loks starfrækir sjóðurinn tryggingadeild útflutningslána skv. II. kafla.
3. Við 11. gr. Greinin falli brott.
4. Við 15. gr. 2. málsl. falli brott.

Ögmundur Jónasson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Anna Kristín Gunnarsdóttir og Jóhann Ársælsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Jóhann Ársælsson, með fyrirvara. | Drífa Hjartardóttir. | Kjartan Ólafsson. |

Birkir J. Jónsson.

## 1256. Breytingartillaga [464. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 5. gr. Í stað orðanna „Á eftir 6. gr. laganna“ í inngangsmálslið komi: Í stað 7. gr. laganna.

## 1257. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í tillögunni er lagt til að þjóðfána Íslendinga verði komið fyrir í þingsal Alþingis. Í greinargerð með tillögunni er enn fremur lagt til að fánanum verði komið fyrir þannig að hann verði sýnilegur við eða nærri forsetastól.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Bjarni Benediktsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er andvíg áliti þessu.

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson, form., frsm., með fyrirvara. | Guðjón Ólafur Jónsson. | Björgvin G. Sigurðsson. |
| Birgir Ármannsson. | Guðrún Ögmundsdóttir. | Kjartan Ólafsson. |
| Sigurður Kári Kristjánsson. | Sigurjón Þórðarson. | |

## 1258. Breytingartillaga [26. mál]

við frv. til l. um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks.

Frá Kjartani Ólafssyni.

Við 9. gr. Greinin orðist svo:
1. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

## 1259. Nefndarálit [660. mál]

um frv. til l. um skattlagningu kaupskipaútgerðar.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Helgu Halldórsdóttur, Jón Guðmundsson og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti og Steinþór Haraldsson frá embætti ríkisskattstjóra.

Með frumvarpinu er lögð til sérstök löggjöf um skattlagningu á kaupskip en með kaupskipi er átt við skip sem flytur farm eða farþega gegn endurgjaldi í siglingum milli landa og farmflutningum innan lands og er 100 brúttótonn eða stærra. Skattlagningin tekur mið af stærð skipa en ekki af afkomu rekstrar útgerðarinnar. Lagður er á tonnaskattur og ákvarðast skattstofninn af nettótonnafjölda þeirra skipa sem teljast til kaupskipaútgerðar. Jafnframt er lögð til opinber aðstoð við hlutafélög og einkahlutafélög sem gera út kaupskip skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá og eru skattskyld hér á landi. Aðstoðin svarar til 90% tekjuskatts og útsvars af launum áhafna, að teknu tilliti til persónuafsláttar og sjómannaafsláttar. Þar sem ekkert kaupskip er núna skráð hér á landi renna allir þessir skattar núna til annarra ríkja.

Tilgangur frumvarpsins er að stuðla að því að kaupskipaútgerðin flytjist aftur til landsins en nú er svo komið að kaupskip Íslendinga í millilandasiglingum sigla öll undir erlendum fánum.

Samhliða frumvarpi þessu leggur samgönguráðherra fram frumvarp um stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár (667. mál) en tilgangur þess er að stuðla að skráningu kaupskipa á Íslandi.

Nefndin leggur til breytingu á skattstiga til einföldunar þannig að skattstofninn verði 30 kr. á hver 100 nettótonn að 25.000 nettótonnum. Af þeirri fjárhæð verði svo greiddur 18% skattur. Breytingin veldur mest 1.360 kr. lægri skatttekjum miðað við frumvarpið.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ágúst Ólafur Ágústsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. komi einn nýr töluliður sem orðist svo: Til og með 25.000 NT: 30 kr. á hver 100 NT.

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson með fyrirvara. |
| Ásta Möller. | | Sæunn Stefánsdóttir. |

## 1260. Þingsályktun [77. mál]

um samvinnu vestnorrænna landa og upplýsingamiðlun í baráttunni gegn reykingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að auka samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands í baráttunni gegn reykingum. Upplýsingamiðlun milli landanna verði efld og haldin námsstefna fyrir vestnorrænar heilbrigðisstéttir um málið.

## 1261. Þingsályktun [78. mál]

um kennslu vestnorrænnar menningar í grunnskólum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að skora á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að tekin verði upp kennsla í grunnskólum landanna um sögu, þjóðfélagsgerð, menningu og tungumál vestnorrænna nágrannaþjóða.

## 1262. Þingsályktun [83. mál]

um útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands (Hoyvíkur-samningsins).

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að ræða við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um möguleikann á því að útvíkka fríverslunarsamninginn sem Færeyjar og Ísland hafa gert (Hoyvíkur-samninginn).

## 1263. Þingsályktun [84. mál]

um sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Alþingi beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að hún móti í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd.

## 1264. Lög [450. mál]

um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1112.

## 1265. Lög [541. mál]

um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1113 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

*Upplýsingaskylda fyrirtækis.*

Fyrirtæki sem hyggst veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum, sbr. þó 9. gr., skal veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar eigi síðar en átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt í hvert skipti:

1. Nafn fyrirtækis ásamt upplýsingum um staðfestu þess í heimaríki þar sem fram kemur nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis, heimilisfang í heimaríki, tegund þjónustunnar sem veita skal og virðisaukaskattsnúmer, eða önnur sambærileg heimild um starfsemi í heimaríki sem sýnir fram á að fyrirtækið starfi löglega í heimaríki í viðkomandi starfsgrein samkvæmt lögum þess ríkis, ásamt nafni notendafyrirtækis og kennitölu, eða öðru sambærilegu auðkenni þess.
2. Yfirlit yfir starfsmenn sem starfa munu á vegum fyrirtækisins hér á landi þar sem fram kemur nafn, fæðingardagur, heimilisfang í heimaríki, ríkisfang, upplýsingar um að viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki (E-101), dvalarstaður og áætlaður dvalartími hér á landi og starfsréttindi eftir því sem við á.
3. Gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem ekki eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða EFTA-ríkja eða Færeyingar.
4. Staðfestingu þess að starfsmenn hér á landi njóti slysatrygginga skv. 7. gr.
5. Aðrar þær upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir, svo sem afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum, til að ganga úr skugga um að fyrirtækið veiti sannanlega þjónustu hér á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og að um sé að ræða starfsmenn fyrirtækisins.

Vinnumálastofnun skal veita fyrirtækinu skriflega staðfestingu um að stofnunin hafi móttekið gögn skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. sem fyrirtækinu ber að afhenda notendafyrirtæki áður en þjónustan er veitt, sbr. 11. gr.

Fyrirtæki skal tilkynna til Vinnumálastofnunar verði breytingar á áður veittum upplýsingum til stofnunarinnar skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun skal afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, einkum skattyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá, upplýsingar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. eftir því sem við á.

Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir þau fyrirtæki sem veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi sína hér á landi samkvæmt lögum þessum.

22. gr. hljóðar svo:

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um starfsmannaleigur, nr. 139/2005:

a. Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: Enn fremur gilda lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra um starfsemi þeirra starfsmannaleigna er veita þjónustu sína hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sbr. 1. gr. þeirra laga.
b. Á eftir orðunum „Fulltrúi starfsmannaleigunnar“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: kemur fram fyrir hönd hennar og.
c. 4. gr. laganna orðast svo:

Starfsmannaleiga sem hyggst veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skal veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar eigi síðar en átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt í hvert skipti:

1. Yfirlit yfir starfsmenn sem starfa munu á vegum starfsmannaleigunnar hér á landi þar sem fram kemur nafn, fæðingardagur, heimilisfang í heimaríki, ríkisfang, upplýsingar um að viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki (E-101) og starfsréttindi eftir því sem við á.
2. Upplýsingar um dvalarstað og áætlaðan dvalartíma starfsmanna fyrirtækisins hér á landi þegar um erlenda starfsmenn er að ræða.
3. Gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem ekki eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða EFTA-ríkja eða Færeyingar.
4. Nafn og kennitölu notendafyrirtækis eða annað sambærilegt auðkenni þess.
5. Staðfestingu þess að starfsmenn hér á landi njóti slysatrygginga skv. 7. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.
6. Aðrar upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir til að ganga úr skugga um að starfsmannaleiga veiti sannanlega þjónustu hér á grundvelli 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og að um sé að ræða starfsmenn hennar, svo sem afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum.

Vinnumálastofnun skal veita starfsmannaleigunni skriflega staðfestingu um að stofnunin hafi móttekið gögn skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. sem starfsmannaleigunni ber að afhenda notendafyrirtækinu áður en þjónustan er veitt, sbr. 4. gr. a.

Starfsmannaleiga skal tilkynna til Vinnumálastofnunar verði breytingar á áður veittum upplýsingum til stofnunarinnar skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun er heimilt að afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, einkum skattyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá, upplýsingar skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. eftir því sem við á.

d. Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Skyldur notendafyrirtækis.*

Notendafyrirtæki skal óska eftir skriflegri staðfestingu skv. 2. mgr. 4. gr. um að starfsmannaleiga hafi sinnt tilkynningarskyldu sinni til Vinnumálastofnunar skv. 4. gr. áður en þjónustan er veitt.

Verði starfsmannaleigan ekki við beiðni notendafyrirtækis skv. 1. mgr. skal notendafyrirtækið tilkynna um það til Vinnumálastofnunar ásamt því að veita upplýsingar um nafn fyrirtækis, nafn fyrirsvarsmanns þess og heimilisfang í heimaríki. Skal koma fram að um starfsmannaleigu sé að ræða. Ef nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis er ekki þekkt ber að upplýsa um nafn þess aðila er kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins.

Notendafyrirtæki skal afhenda trúnaðarmanni stéttarfélags á vinnustað, eða viðkomandi stéttarfélagi þegar trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi á vinnustað, skriflega staðfestingu fyrirtækis skv. 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr., óski trúnaðarmaður eða stéttarfélag eftir því.

e. Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Vinnumálastofnun er í undantekningartilvikum heimilt á grundvelli rökstuddrar beiðni starfsmanns að veita undanþágu frá 1. mgr.

f. Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

1. 1. mgr. orðast svo:

Starfsmannaleiga skal láta Vinnumálastofnun í té þær upplýsingar og gögn er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamninga, ráðningarsamninga og önnur gögn varðandi ráðningarkjör.

2. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Notendafyrirtæki skal jafnframt láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar og gögn í tengslum við viðskipti aðila er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamning.

## 1266. Lög [559. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 834.

# 1267. Lög [79. mál]

um sameignarfélög.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1082.

# 1268. Lög [366. mál]

um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1083 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

21. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að taka á móti skipum í höfn eftir því sem rými og aðstaða leyfir. Hafnarstjórn er þó heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hætta af komu þess til hafnar. Höfn, sem telst neyðarhöfn í samræmi við áætlun um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands, sem Siglingastofnun Íslands gerir að höfðu samráði við viðkomandi höfn, Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnun, er skylt að taka á móti skipum í sjávarháska eftir því sem nánar er kveðið á um í áætluninni. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um áætlunina og neyðarhafnir í reglugerð.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á skipum vegna vanefnda á skipagjöldum án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms og án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda.

Höfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu skipagjalda og fyrir kostnaði við að fjarlægja og/eða farga skipi séu taldar verulegar líkur á að það lendi í reiðileysi innan hafnar.

Eigandi eða umráðamaður skips, báts, flutningstækja á landi eða annars búnaðar á hafnarsvæði ber ábyrgð á að viðkomandi eign sé ávallt í lagi og valdi ekki óþrifnaði og/eða hættu á hafnarsvæðinu. Verði um slíkt að ræða, að mati hafnar, getur hún fyrirskipað að úrbætur skuli gerðar innan ákveðins frests. Sinni eigandi eða umráðamaður ekki slíkum fyrirmælum er höfn heimilt að láta fjarlægja hlutinn á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns og færa hann í vörslur viðkomandi eða selja hlut á nauðungaruppboði án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda eða umráðamanns.

Höfn skal birta auglýsingu um uppboð skv. 4. mgr. með mest fjögurra vikna og minnst viku fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt. Jafnframt skal höfn tilkynna eiganda eða umráðamanni bréflega um fyrirhugað uppboð og hvar og hvenær það fer fram. Það stendur ekki í vegi fyrir nauðungarsölu þótt tilkynningu verði ekki við komið vegna þess að eigandi eða umráðamaður er ekki þekktur eða finnst ekki. Skipagjöld sem njóta lögveðsréttar

greiðast af söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir kostnaði við nauðungarsölu. Um úthlutun söluandvirðis og framkvæmd uppboðs fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um nauðungarsölu eftir því sem við á.

Vitji eigandi eða umráðamaður ekki þess sem afgangs er við nauðungarsölu skv. 4. mgr. eða ráðstöfun skv. 5. mgr. innan árs frá sölu eða ráðstöfunardegi rennur andvirðið í ríkissjóð.

9. gr. hljóðar svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 18. gr. skal ekki gripið til aðgerða á grundvelli þessa ákvæðis fyrr en 1. janúar 2012.

10. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða fellur brott.

## 1269. Lög [367. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 953.

## 1270. Lög [378. mál]

um breytingu á lögum á sviði Neytendastofu.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum um alferðir, nr. 80/1994, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 17. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úr-

skurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum um neytendalán, nr. 121/1994, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 2. málsl. orðast svo: Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

b. Við greinina bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda að undanskildum ákvörðunum um dagsektir.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

## III. KAFLI
## Breyting á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, með síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 6. mgr. orðast svo:

Ákvörðunum Neytendastofu má skjóta til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda að undanskildum ákvörðunum um dagsektir. Málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

## IV. KAFLI
## Breyting á lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

## V. KAFLI

## Breyting á lögum um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, með síðari breytingum.

5. gr.

Á eftir 4. mgr. 18. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

Nú vill vottunaraðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

## VI. KAFLI

## Breyting á lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, með síðari breytingum.

6. gr.

Við 19. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

## VII. KAFLI

## Breyting á lögum um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 11. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

## VIII. KAFLI
## Breyting á lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006.

8. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 38. gr. a og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Málsmeðferð.*

Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

9. gr.

3. mgr. 39. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

1. málsl. 3. mgr. 40. gr. laganna fellur brott.

## IX. KAFLI
## Breyting á lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005.

11. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

X. KAFLI
**Breyting á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, með síðari breytingu.**

12. gr.

Í stað orðanna „vog, mál og faggildingu“ í 4. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

XI. KAFLI
**Breyting á lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, með síðari breytingum.**

13. gr.

Í stað orðsins „Neytendastofa“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: faggildingarsvið Einkaleyfastofu.

XII. KAFLI
**Gildistaka.**

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

# 1271. Lög [385. mál]

um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1084 með þessum breytingum:

19. gr. hljóðar svo:

*Reglugerð.*

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um próf, skírteini og skilyrði þeirra, útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina, vaktstöður, undanþágur, mönnun skipa og skipan og starfshætti undanþágunefndar og mönnunarnefndar.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu að lágmarki uppfylla skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktinni.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal ráðherra setja með reglugerð nánari ákvæði um lágmarksréttindi til skipstjórnar og vélgæslu á björgunarskipum sem gegna sérhæfðu hlutverki. Björgunarskip skulu mönnuð skipstjórnarmönnum sem hafi að lágmarki 30 brúttórúmlesta réttindi eða önnur sambærileg réttindi og sem hlotið hafa þjálfun á sérstökum námskeiðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Slysavarnaskóla sjómanna.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Þeir sem eru lögmætir handhafar skírteina samkvæmt lögum sem falla úr gildi við gildistöku laga þessara skulu halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi þeir öðrum kröfum laga þessara, sbr. 4. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 9. gr.

Heimilt er að gefa út ný skírteini í stað eldri skírteina í samræmi við ákvæði reglugerðar. Nánar skal kveðið á um gildistíma eldri skírteina í reglugerð.

Hafi skipstjórnarmaður skírteini til skipstjórnarstarfa á skipi samkvæmt brúttórúmlestaviðmiðun eldri laga, sem hann hefur ekki réttindi til að gegna samkvæmt lögum þessum, skal hann eigi að síður eiga rétt á að fá útgefin skírteini til þess að gegna sömu störfum á því skipi og skipum sem eins háttar um, að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Þeir sem við gildistöku laga þessara eru lögmætir handhafar 30 brúttórúmlesta atvinnuréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum sem eru 12 metrar og styttri að skráningarlengd í strandsiglingum, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu. Þeir sem þegar hafa öðlast 30 brúttórúmlesta atvinnuréttindi halda þeim.

Þeir sem eru lögmætir handhafar 80 brúttórúmlesta skipstjórnarréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum allt að 24 metrum að skráningarlengd í innanlandssiglingum, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu.

Þeir sem eru lögmætir handhafar 200 brúttórúmlesta skipstjórnarréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum allt að 45 metrum að skráningarlengd í innanlandssiglingum, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu.

Skipa skal í nefndir skv. 13. og 14. gr. að nýju við gildistöku laga þessara.

Viðauki hljóðar svo:

**Útgáfa nýrra skírteina og yfirfærsla eldri skírteina.**

Heimilt er að gefa út ný skírteini til skipstjórnarstarfa á íslenskum fiskiskipum og öðrum skipum samkvæmt þessum lögum og reglugerð sem sett er samkvæmt þeim í stað skírteina samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996 á þann hátt sem eftirfarandi tafla sýnir:

| **Skírteini samkvæmt þessum lögum og reglugerð sem sett er samkvæmt þeim.** | **Skírteini samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996. Takmarkanir:** |
|---|---|
| *Skipstjóri/stýrimaður* á fiskiskipi og öðrum skipum < 12 metrar að skráningarlengd. Réttindastig sem þeir einir eiga tilkall til sem við gildistöku þessara laga höfðu öðlast réttindi til að gegna stöðu skipstjóra og stýrimanns á skipi 30 brúttórúmlestir eða minna í innanlandssiglingum. | *Skipstjóri/stýrimaður* á skipum 30 rúmlestir eða minna í innanlandssiglingum. Þeir sem þegar hafa öðlast 30 brúttórúmlesta atvinnuréttindi halda þeim. |
| *Skipstjóri/stýrimaður* á fiskiskipi og öðrum skipum < 24 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum. (Skírteini Ac og Ad.) | *Skipstjóri/stýrimaður* á fiskiskipum og öðrum skipum, allt að 80 brl. í innanlandssiglingum (A-2). |
| *Yfirstýrimaður* á fiskiskipi og öðrum skipum < 45 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum. (Skírteini Ba.) | *Yfirstýrimaður/1. stýrimaður* á fiskiskipum og öðrum skipum 200 rúmlesta og minni í innanlandssiglingum. (A-3 og 1. stig.) |
| *Skipstjóri* á fiskiskipi og öðrum skipum < 45 metrar að skráningarlengd í innanlandssiglingum. (Skírteini Bb.) | *Skipstjóri* á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum (A-4 og 1. stig.) |

| Skírteini samkvæmt þessum lögum og reglugerð sem sett er samkvæmt þeim. | Skírteini samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996. Takmarkanir: |
|---|---|
| *Undirstýrimaður* – engar takmarkanir. (Skírteini Ab.) | *Undirstýrimaður* á 500 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum. (A-4 og 1. stig.) |
| *Yfirstýrimaður* – engar takmarkanir. (Skírteini Ca.) | *Yfirstýrimaður/1. stýrimaður* á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði. (A-5 og 2. stig.) |
| *Skipstjóri* – engar takmarkanir. (Skírteini Cb.) | *Skipstjóri* á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði. (A-6 og 2. stig.) |

## 1272. Lokafjárlög [440. mál]

fyrir árið 2005.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 956 (sbr. 562).

## 1273. Frumvarp til laga [642. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.

Á eftir 16. gr. laganna koma sex nýjar greinar er orðast svo:

a. (17. gr.)

*Öryggismálasafn.*

Í Þjóðskjalasafni Íslands skal hafa sérstakt safn, öryggismálasafn, sem varðveitir öll skjöl og skráðar heimildir sem verið hafa í vörslum skilaskyldra aðila og snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. skulu skilaskyldir aðilar afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll skjöl og skráðar heimildir sem eru í vörslum þeirra og varða öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991.

Útbúin skal skrá yfir öll mál og skjöl þeirra sem tilheyra þessari deild safnsins.

b. (18. gr.)

*Aðgangur fræðimanna að öryggismálasafni.*

Öll skjöl öryggismálasafns, svo og skrá skv. 3. mgr. 17. gr., skulu vera aðgengileg fræðimönnum í Þjóðskjalasafni Íslands að uppfylltum skilyrðum þessarar greinar.

Sá sem fær aðgang að skjölum öryggismálasafns skal áður skrifa undir yfirlýsingu þar sem hann heitir því að virða þagnarskyldu skv. 3. og 4. mgr., svo og önnur ákvæði þessarar greinar.

Óheimilt er fræðimanni að skýra frá eða miðla á annan hátt persónugreinanlegum upplýsingum um lifandi einstaklinga sem taldir voru geta ógnað öryggi ríkisins samkvæmt skjölum safnsins nema sá samþykki sem í hlut á.

Óheimilt er að skýra frá eða miðla á annan hátt persónugreinanlegum upplýsingum um viðkvæm einkamálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari og finna má í skjölum öryggismálasafns nema sá samþykki sem í hlut á. Þetta bann fellur niður þegar liðin eru 80 ár frá því að gögn urðu til.

Eftir því sem skráningu mála í öryggismálasafni vindur fram skal Þjóðskjalasafn Íslands skrifa þeim einstaklingum sem á lífi eru eða nánum vandamanni hins látna, sbr. 19. gr., bréf komi fram upplýsingar í gögnum öryggismálasafns um þá sem falla undir 3. mgr. og kanna hvort þeir vilji veita samþykki sitt fyrir því að birta megi opinberlega upplýsingar um þá. Með bréfinu skulu fylgja almennar leiðbeiningar um það hvaða réttaráhrif það hefur að veita slíkt samþykki.

Samþykki skv. 3.–5. mgr. skal vottað af lögbókanda eða tveimur lögráða vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram að útgefandi samþykkisins hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið sjálfráða er hann ritaði nafn sitt.

Fræðimönnum er óheimilt að taka út af safninu ljósrit, ljósmynd eða stafræna mynd af skjölum hafi þau að geyma upplýsingar sem falla undir 3. eða 4. mgr. nema sá sem í hlut á hafi samþykkt opinbera birtingu upplýsinganna, sbr. 5. mgr., eða veitt sérstakt samþykki fyrir heimild til afhendingar á ljósriti af skjalinu til fræðimannsins sem afhent skal Þjóðskjalasafni Íslands.

Til fræðimanna í skilningi þessarar greinar teljast þeir sem hafa stundað fræðirannsóknir í hug- eða félagsvísindum og birt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi. Fræðimaður skal sýna fram á að gögn öryggismálasafns hafi mikilsverða þýðingu fyrir rannsókn sem hann vinnur að. Heimilt er að kæra synjun þjóðskjalavarðar til menntamálaráðherra.

Persónugreinanlegar upplýsingar í skilningi 3. og 4. mgr. teljast þær upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.

Ef maður, sem fengið hefur aðgang að gögnum þessarar deildar Þjóðskjalasafns Íslands, brýtur í bága við ákvæði 3., 4. eða 7. mgr. varðar það sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Nú brýtur maður ákvæði 3. eða 4. mgr. af ásetningi eða gáleysi og má þá dæma hann til að greiða þeim sem upplýsingarnar varðar bætur fyrir fjártjón og miska.

c. (19. gr.)

*Upplýsingaréttur hins skráða.*

Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að skjölum í öryggismálasafni ef þau hafa að geyma persónugreinanlegar upplýsingar um hann sjálfan.

Ef í skjali koma jafnframt fram persónugreinanlegar upplýsingar um aðra einstaklinga sem falla undir 3. eða 4. mgr. 18. gr. skal afmá þær upplýsingar úr ljósriti eða afriti skjals áður en aðila er veittur aðgangur að því nema sá sem í hlut á hafi samþykkt opinbera birtingu upplýsinganna, sbr. 5. mgr. 18. gr.

Nú er maður látinn sem upplýsingar varða skv. 1. mgr. og getur þá maki hans, börn og barnabörn, sem náð hafa 18 ára aldri, óskað eftir aðgangi að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. Hið sama gildir um systkini hins látna eigi hann ekki á lífi maka, börn eða barnabörn.

d. (20. gr.)

*Upplýsingaréttur almennings.*

Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að skjölum öryggismálasafns, enda komi þar ekki fram upplýsingar sem falla undir ákvæði 3. eða 4. mgr. 18. gr.

Ef ákvæði 3. og 4. mgr. 18. gr. eiga aðeins við um afmarkaðan hluta skjals skal afmá þær upplýsingar og veita almenningi aðgang að öðru efni skjalsins.

e. (21. gr.)

*Afhending utanríkisráðuneytisins á gögnum til öryggismálasafns.*

Áður en gögn utanríkisráðuneytisins, sem falla undir 17. gr., eru afhent öryggismálasafni skulu þau skoðuð og skráð til afhendingar í samræmi við fyrirmæli Þjóðskjalasafns Íslands.

Skjöl sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með þjóðréttarsamningi við Norður-Atlantshafsbandalagið til að halda leyndum skulu ekki afhent öryggismálasafni.

Skjöl sem hafa að geyma upplýsingar um virka varnar- og öryggishagsmuni íslenska ríkisins skulu ekki afhent öryggismálasafni ef:

a. þau hafa ekki náð þrjátíu ára aldri eða
b. sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka rétt almennings til aðgangs að þeim.

f. (22. gr.)

*Kæruheimild.*

Heimilt er að bera synjun Þjóðskjalasafns Íslands um að veita aðgang að gögnum öryggismálasafns undir menntamálaráðherra sem úrskurðar um ágreininginn. Hið sama gildir um synjun Þjóðskjalasafns Íslands um að veita ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 1274. Frumvarp til laga [459. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski og hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.
2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:

a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.
b. Til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn.

Aflaheimildir samkvæmt þessari grein skulu skiptast milli tegunda í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í tegundunum og skulu dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeilda. Í reglugerðum sem ráðherra setur skv. 3. og 4. mgr. skal kveðið á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. tölul. 1. mgr.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. Þar skal kveðið á um skilgreiningu á byggðarlagi, viðmiðunar- og útreikningsreglur og aðrar reglur um úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga.

Ráðherra setur í reglugerð almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga. Skulu þau skilyrði m.a. varða skráningarstað, skráningartíma, eignarhald, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverð, tryggingar fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Eftir að slíkar tillögur sveitarstjórna hafa borist skulu þær birtar með aðgengilegum hætti, svo sem á vefsíðu ráðuneytisins, eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til þeirra. Fallist ráðherra á tillögur sveitarstjórna um slík skilyrði staðfestir ráðuneytið tillögurnar og auglýsir þær í B-deild Stjórnartíðinda.

Framsal aflaheimilda, sem úthlutað er skv. 2. tölul. 1. mgr., er óheimilt en þó skulu heimil jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Framsal aflaheimilda samkvæmt töluliðnum skal þó vera heimilt hafi fiskiskip efnt löndunar- og vinnsluskyldu í samræmi við 7. mgr.

Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.

Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til fiskiskipa. Ákvarðanir Fiskistofu um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein er heimilt að kæra til sjávarútvegsráðuneytisins. Kærufrestur er tvær vikur frá tilkynningu Fiskistofu um úthlutun eða höfnun umsóknar um úthlutun og skal úthlutun ekki fara fram fyrr en að þeim fresti liðnum. Skal ráðuneytið leggja úrskurð á kærur innan tveggja mánaða. Ráðuneytið getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda til skipa í tilteknu byggðarlagi verði frestað að hluta eða öllu leyti þar til það hefur lokið afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar þar.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Á fiskveiðiárunum 2006/2007, 2007/2008 og 2008/2009 skal ráðstafa hluta þeirra aflaheimilda, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 10. gr., til þeirra byggðarlaga sem fengið hafa úthlutað

aflaheimildum á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990, sem hér segir: 750 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2006/2007, 500 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2007/2008 og 250 þorskígildislestum á fiskveiðiárinu 2008/2009 og skulu þær skiptast milli byggðarlaga í sömu hlutföllum og úthlutun samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu skiptist á fiskveiðiárinu 2005/2006. Úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessu ákvæði skal ekki hafa áhrif á ákvörðun um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., sbr. 3. og 4. mgr. sömu greinar. Um framkvæmd þessa ákvæðis gilda að öðru leyti ákvæði 2. mgr. og 5.–8. mgr. 10. gr. og reglur settar samkvæmt þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma fyrst til framkvæmda fyrir fiskveiðiárið 2006/2007.

## 1275. Nefndarálit [516. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (millilandasamruni og millilandaskipting).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sesselju Árnadóttur frá félagsmálaráðuneyti, Guðmund Guðbjarnason, Ingvar Rögnvaldsson og Skúla Jónsson frá embætti ríkisskattstjóra og Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust einnig umsagnir um málið.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005, um samruna félaga yfir landamæri, verði innleidd í íslenskan rétt. Markmið tilskipunarinnar er aukin samvinna félaga á EES-svæðinu og að greiða fyrir samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Samkvæmt frumvarpinu er gengið lengra en kveðið er á um í tilskipuninni en samkvæmt henni er heimilt en ekki skylt að gefa kost á millilandasamruna samvinnufélaga. Tilskipunin nær heldur ekki til sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur en samkvæmt frumvarpinu skulu þær öðlast sömu möguleika og áðurnefnd félög til þátttöku í millilandasamruna og millilandaskiptingu. Nefndin telur að þau ákvæði frumvarpsins sem fjalla um samruna og skiptingu annars vegar samvinnufélaga og hins vegar sjálfseignarstofnana þarfnist nánari athugunar við og leggur til að þau ákvæði falli brott. Leggur nefndin þó áherslu á að áfram verði unnið að frumvarpi um samruna og skiptingu samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana.

Um það var rætt í nefndinni hvort útvíkka ætti möguleika félaga til samruna yfir landamæri frá því sem er í frumvarpinu, þ.e. hvort heimila ætti slíkan samruna við félög sem heyra undir lög annarra landa en á Evópska efnahagssvæðinu. Nefndin leggur til að við frumvarpið bætist ákvæði þess efnis að millilandasamruni teljist ekki aðeins samruni þar sem samrunafélög lúti löggjöf a.m.k. tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu heldur geti samrunafélag einnig lotið löggjöf aðildarríkis Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja. Þá verði viðskipta-

ráðherra í samráði við fjármálaráðherra heimilt að setja reglugerð þar sem kveðið verði á um að fleiri lönd verði tekin inn.

Nefndin telur rétt að taka fram að aðrar reglur gilda um samruna fjármálafyrirtækja, sbr. ákvæði XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki og X. kafla laga um vátryggingastarfsemi. Samruni fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga tekur ekki gildi fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur veitt samþykki sitt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kristinn H. Gunnarsson á sæti í nefndinni sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 11. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson. | Birgir Ármannsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson. |
| Ásta Möller. | | Sæunn Stefánsdóttir. |

## 1276. Breytingartillögur [516. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (millilandasamruni og millilandaskipting).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Við 1. mgr. a- og g-liðar (133. gr. a og 133. gr. g) bætist: aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, svo og annarra landa samkvæmt heimild í reglugerð sem viðskiptaráðherra setur í samráði við fjármálaráðherra.
2. Við 4. gr. Við 1. mgr. a- og g-liðar (107. gr. b og 107. gr. h) bætist: aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, svo og annarra landa samkvæmt heimild í reglugerð sem viðskiptaráðherra setur í samráði við fjármálaráðherra.
3. 5.–10. gr. falli brott ásamt fyrirsögnum.
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (millilandasamruni og millilandaskipting).

# 1277. Nefndarálit [395. mál]

um frv. til l. um Vatnajökulsþjóðgarð.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingvar Teitsson frá Ferðafélagi Akureyrar, Þórhall Þorsteinsson frá Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs, Ólaf Örn Haraldsson frá Ferðafélagi Íslands, Þorstein Víglundsson frá Ferðaklúbbnum 4x4, Magnús Tuma Guðmundsson og Magnús Hallgrímsson frá Jöklarannsóknafélagi Íslands, Freystein Sigurðsson frá Landvernd, Ingvar Atla Sigurðsson frá Samtökum náttúrustofa, Skúla H. Skúlason frá SAMÚT, Sigmar B. Hauksson og Einar Kr. Haraldsson frá Skotveiðifélagi Íslands, Guðrúnu Ingimundardóttur, Halldóru B. Jónsdóttur og Sigurlaugu Gissurardóttur frá Sveitarfélaginu Hornafjörður, Ingibjörgu Halldórsdóttur og Sigurð Ármann Þráinsson frá umhverfisráðuneyti og Árna Bragason og Davíð Egilson frá Umhverfisstofnun. Nefndinni bárust einnig umsagnir um frumvarpið.

Í frumvarpinu er lagður grunnur að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Frumvarpið er unnið í samráði við ráðgjafarnefnd sem þáverandi umhverfisráðherra, Sigríður A. Þórðardóttir, skipaði 30. nóvember 2005 til að vinna með ráðuneytinu að undirbúningi málsins. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra sveitarfélaga á því svæði sem rætt hefur verið um að Vatnajökulsþjóðgarður nái til, auk fulltrúa umhverfisverndarsamtaka og formanns skipaðs af umhverfisráðherra. Áður var unnið að undirbúningi málsins í þingmannanefnd skipaðri fulltrúum þeirra þingflokka sem þá áttu sæti á Alþingi og fjallaði hún um svæðið norðan jökulsins. Sú nefnd var einhuga í málinu og lagði í maí 2004 fram tillögur um umfang verndarsvæðisins, verndarstig einstakra svæða og stjórnarfyrirkomulag þjóðgarðsins.

Í frumvarpinu er settur rammi fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, sérstaklega hvað varðar stjórnarfyrirkomulag hans og rekstur. Gert er ráð fyrir að friðlýsing þjóðgarðsins taki gildi við setningu reglugerðar um hann og eru því mörk hans ekki ákvörðuð í frumvarpinu. Mun því gefast kostur á að bæta við nýjum svæðum síðar. Mörkin munu m.a. ráðast af samningum við landeigendur þess hluta landsins sem er í einkaeigu. Svæðið sem gert er ráð fyrir að þjóðgarðurinn taki til við stofnun nær til átta sveitarfélaga og þekur um 13% af yfirborði Íslands. Nefndin telur mikilvægt að sátt ríki um þau landsvæði sem verða innan þjóðgarðsins en vonast jafnframt til þess að fleiri landsvæði bætist við með tímanum. Má í því sambandi einkum nefna Langasjó.

Heimamenn hafa komið að undirbúningi að stofnun þjóðgarðsins og hafa þeir lagt á það áherslu að hlutur þeirra í stjórn og rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs verði meiri en í þeim þjóðgörðum sem þegar hafa verið stofnaðir. Nefndin telur það eina af forsendum þess að verkefnið gangi vel að sátt ríki um fyrirkomulagið á milli allra landsmanna og að heimamönnum verði tryggð þátttaka í stjórn og rekstri. Telur nefndin þó rétt að benda á að þótt hér sé farin önnur leið er ekki ætlunin að faglegt eftirlit með þjóðgarðinum verði minna en ella. Það er afar mikilvægt að bæði fagaðilar og almenningur geti haft áhrif hvað stjórn þjóðgarðsins varðar.

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sett verði verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn en hún er eitt meginstjórntæki þjóðgarðsins og verkfæri til stefnumótunar. Í henni verður gerð grein fyrir markmiðum verndar einstakra svæða innan þjóðgarðsins. Nefndin vill vekja athygli á því að lýðræðislegt ferli á sér stað við gerð hennar en tillögu að verndaráætlun skal auglýsa

opinberlega og almenningi og hagsmunaaðilum veittur sex vikna frestur til að gera athugasemdir við tillöguna.

Í nokkrum ákvæðum laganna er rætt um aðkomu hagsmunaaðila, svo sem í 6., 10., 12. og 19. gr. Er í þessum ákvæðum meðal annars kveðið á um að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og þjóðgarðsverðir séu í samstarfi við hagsmunaaðila og í 12. gr. er kveðið á um að hagsmunaaðilum sé gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögu að verndaráætlun. Nefndin telur rétt að taka fram að þarna koma ýmsir aðilar til greina, svo sem aðilar sem eru í rekstri eða eiga eignir á svæðinu, landeigendur, umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök, ferðamálasamtök, bændur og orkufyrirtæki.

Nefndin vill benda á að í athugasemdum með frumvarpinu segir að jarðir innan fyrirhugaðs þjóðgarðssvæðis séu í eign Landgræðslu Íslands. Hið rétta er að þessar jarðir eru í eigu Landgræðslu ríkisins.

Nefndin telur mikilvægt að þær reglur sem munu gilda innan þjóðgarðsins verði settar í sátt við notendur hans. Ferðamenn hafa fjölbreyttar þarfir og verða reglur því jafnframt að vera þannig úr garði gerðar að ekki séu settar óþarfar takmarkanir á þá, þó að teknu tilliti til umhverfisverndarsjónarmiða. Fram kom í einni umsagna sem nefndinni bárust að akstur vélknúinna ökutækja skyldi takmarkast við ákveðin svæði til að forðast sem mest árekstra þeirra sem kjósa göngu fremur en ferðalög á vélknúnum ökutækjum um jökulinn og nágrenni hans. Nefndin tekur undir þetta en bendir á að þó verði að tryggja að vaxandi ferðaþjónustu á Vatnajökli þar sem vélknúin ökutæki eru notuð verði ekki of þröngur stakkur sniðinn. Taka má fram að undanþága frá banni við umferð vélknúinna ökutækja verður ávallt að gilda þegar um björgunaraðgerðir er að ræða enda ríkja þá almenn neyðarréttarsjónarmið.

Í 17. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um samstarf stjórnar og svæðisráða. Kemur þar meðal annars fram að stjórn þjóðgarðsins og svæðisráð einstakra svæða vinni saman að málefnum þjóðgarðsins og þeim markmiðum sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins. Kemur jafnframt fram í þessu ákvæði að halda skuli sameiginlegan ársfund stjórnar, Umhverfisstofnunar og svæðisráða þar sem fjallað skuli um málefni og stefnumörkun þjóðgarðsins. Nefndin telur að þarna gefist tækifæri til að heimila aðkomu fleiri aðila, svo sem náttúrustofa sem starfa á svæðinu og/eða Náttúrufræðistofnunar.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu. Sumar hafa efnislega þýðingu en aðrar eru til nánari skýringar eða til að bæta orðalag. Leggur nefndin í fyrsta lagi til að skerpt verði á 1. gr. frumvarpsins þannig að þar verði kveðið á um að umhverfisráðherra friðlýsi Vatnajökul og áhrifasvið hans. Lagðar eru til breytingar á ákvæðum 4. og 7. gr. um skipun stjórnar og svæðisráða. Leggur nefndin til að útivistarsamtök tilnefni áheyrnarfulltrúa í stjórn þjóðgarðsins og tilnefni einn fulltrúa í svæðisráð. Leggur nefndin til að formaður svæðisráða verði kjörinn úr hópi þeirra fulltrúa sem tilnefndir hafa verið af þeim sveitarfélögum sem eru á viðkomandi rekstrarsvæði.

Þá leggur nefndin til að ráðherra geti einnig kveðið á um verkefni og starfsemi svæðisráða í reglugerð en slík heimild er í frumvarpinu hvað varðar verkefni og starfsemi stjórnar. Jafnframt eru lagðar til tvenns konar breytingar á 12. gr. Lýtur önnur þeirra að því að kveðið verði á um það í bráðabirgðaákvæði fremur en lagatextanum sjálfum fyrir hvaða tímamark verndaráætlun skuli unnin. Síðari breytingin er sú að orðinu „veiðar“ verði bætt við upptalningu 2. mgr. Er í verndaráætlun gerð grein fyrir markmiðum verndunar, verndaraðgerðum og landnýtingu, þ.m.t. veiðum. Þótt verndaráætlun taki til veiða innan þjóðgarðsins er ekki talin ástæða til þess að breyta ákvæðum annarra laga eða reglugerða, svo sem laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, hvað varðar stjórnun, umsjón og eftirlit

með veiðum. Umhverfisstofnun mun því áfram fara með stjórn og eftirlit með veiðum, þ.m.t. hreindýraveiðum, á því svæði sem þjóðgarðurinn nær til. Í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn og einstök rekstrarsvæði hans skal m.a. taka fram hvar innan þjóðgarðsins verður heimilt að stunda veiðar, hvers konar veiðar verða heimilaðar og hvort sérstakar umgengnisreglur gildi um veiðarnar og umgengni og umferð veiðimanna. Eðlilegt er að í verndaráætlun og reglugerð þjóðgarðsins verði fjallað um samvinnu Umhverfisstofnunar og eftirlitsaðila á vegum þjóðgarðsins á svæðinu og nánari framkvæmd eftirlits með veiðum. Lagðar eru til tvær breytingar á 13. gr. Er annars vegar lagt til að við upptalningu í 2. málsl. 2. mgr. bætist orðið „vatnafar“. Hins vegar er lagt til að heimild ráðherra til að heimila framkvæmdir innan þjóðgarðsins falli brott. Hins vegar verður í bráðabirgðaákvæði kveðið á um slíka heimild til handa stjórn þar til verndaráætlun hefur hlotið gildi. Nefndin leggur jafnframt til að við 14. gr. bætist að einnig verði heimilt að stofna til verkefna í því skyni að endurheimta landgæði enda hefur orðið mikil jarðvegseyðing á stórum svæðum innan væntanlegs þjóðgarðs. Nefndin leggur einnig til að í ákvæði 2. mgr. 15. gr. um akstur utan vega verði notað orðið „vetrarakturssvæði“ í stað „vetrarakstursleiða“. Nefndin leggur einnig til að útivistarsamtök geti átt kærurétt skv. 19. gr. frumvarpsins en í frumvarpinu er einungis kveðið á um umhverfisverndarsamtök. Að lokum má nefna tvenns konar breytingar á ákvæði til bráðabirgða. Er í fyrsta lagi lagt til að við það bætist að verndaráætlun skuli gerð innan tveggja ára frá stofnun þjóðgarðsins og sömuleiðis að svæðisráð skuli senda stjórn tillögu að verndaráætlun innan 18 mánaða. Ákvæði í þessa veru eru í 1. og 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins en ekki þykir rétt að kveða á um þessi atriði í sjálfum lagatextanum þar sem þau eru tímabundin. Í öðru lagi er lagt til að stjórn geti veitt leyfi til framkvæmda innan þjóðgarðsins þar til verndaráætlun hefur tekið gildi. Nefndin áréttar að ákvæði frumvarpsins um leyfisveitingar vegna framkvæmda í þjóðgarðinum breyta engu um skyldu viðkomandi til að sækja um framkvæmdaeða byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Slíkar leyfisveitingar sæta kæru til umhverfisráðherra.

Einnig hefur verið til umfjöllunar í nefndinni tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum flutt af þingmönnum úr öllum þingflokkum, þeim Steingrími J. Sigfússyni, Halldóri Blöndal, Dagnýju Jónsdóttur, Össuri Skarphéðinssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur. Tillögugreinin hljóðar svo: *Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrlegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla.*

Nefndin lítur svo á að með samþykkt laga um Vatnajökulsþjóðgarð hafi fyrrgreind tillaga til þingsályktunar í reynd hlotið efnislega afgreiðslu þar sem friðlýsing Jökulsár á Fjöllum er innifalin í stofnun þjóðgarðsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón Ólafur Jónsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 16. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm. | Ásta R. Jóhannesdóttir. | Guðjón Ólafur Jónsson, með fyrirvara. |
| Mörður Árnason. | Ásta Möller. | Rannveig Guðmundsdóttir. |
| Kjartan Ólafsson. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Kolbrún Halldórsdóttir. |

## 1278. Breytingartillögur [395. mál]

við frv. til l. um Vatnajökulsþjóðgarð.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „getur með reglugerð friðlýst“ í 1. mgr. komi: friðlýsir með reglugerð.
2. Við 3. gr. Á eftir orðinu „Svæðisráð“ í 2. mgr. komi: sbr. 7. gr.
3. Við 4. gr. Í stað 3. og 4. málsl. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Í stjórn skulu sitja sjö fulltrúar: formenn allra svæðisráða þjóðgarðsins, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra án tilnefningar, þ.e. formaður og varaformaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum skal eiga áheyrnaraðild að fundum stjórnar.
4. Við 7. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Í svæðisráði skulu sitja sex fulltrúar: þrír fulltrúar tilnefndir af sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi rekstrarsvæði, einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðamálasamtökum á viðkomandi svæði, einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum og einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum. Svæðisráð kýs sér formann úr hópi sveitarstjórnarmanna og varaformann.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Svæðisráð.*
5. Við 8. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verkefni og starfsemi svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs.
6. Við 12. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Verndaráætlun skal unnin fyrir Vatnajökulsþjóðgarð svo sem nánar greinir í þessu ákvæði.
   b. Í stað orðanna „og aðgengi ferðamanna að svæðinu“ í 2. mgr. komi: aðgengi ferðamanna að svæðinu og veiðum.
   c. 2. málsl. 3. mgr. falli brott.

7. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Mannvirkjagerð, stíga- og slóðagerð og hvers konar efnistaka innan Vatnajökulsþjóðgarðs er einungis heimil ef gert er ráð fyrir henni í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Í verndaráætlun er heimilt að setja skilyrði um hvernig framkvæmdum skuli háttað og um eftirlit með þeim til að tryggja að framkvæmdin raski ekki að óþörfu lífríki, jarðmyndunum, vatnafari eða landslagi í Vatnajökulsþjóðgarði. Ekki þarf sérstakt leyfi samkvæmt lögum þessum fyrir þeim framkvæmdum sem er gert ráð fyrir í verndaráætlun. Viðkomandi þjóðgarðsvörður hefur eftirlit með því að við framkvæmdir séu virt ákvæði laga þessara, reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og verndaráætlunar og að farið sé að þeim skilyrðum sem viðkomandi framkvæmd voru sett í verndaráætlun. Að öðru leyti gilda ákvæði náttúruverndarlaga um framkvæmdir í Vatnajökulsþjóðgarði.
8. Við 14. gr. Á undan orðunum „verja lífríki“ í 3. málsl. komi: endurheimta landgæði.
9. Við 15. gr. Í stað orðsins „vetrarakstursleiðum“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: vetraraksturssvæðum.
10. Við 19. gr.
    a. Í stað orðanna „og umhverfisverndarsamtök“ 1. málsl. 2. mgr. komi: umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök.
    b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem verði 3. málsl., svohljóðandi: Útivistarsamtök teljast samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði.
    c. 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Samtök skv. 2. og 3. málsl. skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.
11. Við 21. gr. Orðið „þó“ í 4. málsl. falli brott.
12. Við ákvæði til bráðabirgða bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
    1. Eigi síðar en tveimur árum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs skal lokið gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn. Skal tillaga svæðisráða, sbr. 3. mgr. 12. gr. send stjórn þjóðgarðsins eigi síðar en 18 mánuðum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.
    2. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 13. gr. getur stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs veitt leyfi fyrir framkvæmdum í Vatnajökulsþjóðgarði þar til verndaráætlun hefur tekið gildi. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en slíkt leyfi er veitt. Við veitingu slíks leyfis eða í verndaráætlun er heimilt að setja skilyrði um hvernig framkvæmdum skuli háttað og um eftirlit með þeim til að tryggja að framkvæmdin raski ekki að óþörfu lífríki, jarðmyndunum eða landslagi í Vatnajökulsþjóðgarði. Viðkomandi þjóðgarðsvörður hefur eftirlit með því að við framkvæmdir séu virt ákvæði laga þessara og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og að farið sé að þeim skilyrðum sem sett voru við útgáfu leyfis. Auglýsa skal á vefsíðu þjóðgarðsins og með öðrum áberandi hætti leyfi stjórnar sem veitt eru samkvæmt ákvæði þessu.

# 1279. Nefndarálit [686. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Özur Lárusson frá Bílgreinasambandinu, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Völu Rebekku Þorsteinsdóttur og Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti, Ágústu S. Loftsdóttur frá Orkustofnun, Björn H. Halldórsson frá Sorpu og Davíð Egilson og Þór Tómasson frá Umhverfisstofnun.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á innheimtu vörugjalds af bifreiðum og kveðið á um að bifreiðar sem nýta metangas að verulegu leyti sem orkugjafa í stað bensíns eða dísilolíu verði undanþegnar vörugjaldi fram til loka ársins 2008. Tilgangurinn með undanþágunni er að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Í nefndinni var rætt um sambærilegar undanþágur fyrir aðrar tegundir bifreiða, t.d. svonefndar tvinnbifreiðar. Í ljós komu ákveðin vandkvæði við útfærslu á því. Nefndin vísar til þess að stefnt er að því að fyrir árslok 2008 verði mótuð heildarstefna um skattlagningu ökutækja sem nýta umhverfisvæna orkugjafa.

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara. | Dagný Jónsdóttir. |
| Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara. | Birgir Ármannsson. | Ásta Möller. |
| Sæunn Stefánsdóttir. | | Ögmundur Jónasson, með fyrirvara. |

# 1280. Frumvarp til laga [644. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

## I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, með síðari breytingum.**

1. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Við upplýsinga- og gagnaöflun samkvæmt þessari grein skal gæta meðalhófsreglu og að kröfur um upplýsingar og gögn séu í samræmi við tilefni. Upplýsingar og gögn má einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum, í almennum tilgangi skv. 3. gr. eða til að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaverðs tekur skv. 6. gr. a.

2. gr.

1. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Verðlagsstofa skiptaverðs skal með athugun einstakra mála og úrtakskönnunum fylgjast með því að við uppgjör á aflahlut áhafna sé lagt til grundvallar söluverðmæti afla með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum og samningum á hverjum tíma.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 6. gr. a og orðast svo:

Verðlagsstofa skiptaverðs skal að beiðni Fiskistofu og í tilefni af framsali aflamarks skv. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, staðfesta að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum sem fullnægir kröfum laga þessara. Leiði athugun skv. 6. gr. í ljós að útgerð skips hafi ekki gert upp við skipverja í samræmi við samning um fiskverð skal stofan ekki veita staðfestingu sína nema úr hafi verið bætt eða hlutaðeigandi útgerð sett fullnægjandi tryggingu fyrir réttu uppgjöri. Þá skal Verðlagsstofa skiptaverðs ekki veita staðfestingu sína hafi útgerð skips ekki veitt upplýsingar eða afhent gögn sem stofan hefur krafist á grundvelli 5. gr.

Ákvörðun um synjun staðfestingar skv. 1. mgr. lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og sætir kæru til sjávarútvegsráðuneytisins.

4. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Í nefndinni eiga sæti níu menn skipaðir af ráðherra. Af þeim skulu Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Félag vélstjóra og málmtæknimanna tilnefna einn fulltrúa hvert og einn fulltrúa sameiginlega. Þá skal Landssamband íslenskra útvegsmanna tilnefna þrjá fulltrúa og Landssamband smábátaeigenda einn fulltrúa. Loks skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar en að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

5. gr.

Í stað 4. og 5. málsl. 3. mgr. 15. gr. laganna kemur einn nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks til fiskiskips skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

# 1281. Nefndarálit [639. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berg Sigurðsson frá Landvernd, Svein Jakobsson frá Náttúrufræðistofnun, Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Sigrúnu Ágústsdóttur og Sigurð Ármann Þráinsson frá umhverfisráðuneyti og Árna Bragason og Davíð Egilson frá Umhverfisstofnun.

Með frumvarpinu er kveðið á um tvenns konar breytingar á lögum um náttúruvernd. Er annars vegar lagt til að möguleikar til að kæra þær stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna verði auknir og hins vegar er lagt til að kveðið verði á um aukna vernd bergtegunda. Hvað síðari breytinguna varðar er lagt til að ákvæði náttúruverndarlaga verði styrkt þannig að þau nái jafnframt til bergtegunda og bergforma og að óheimilt verði að losa um, nema brott eða skemma sjaldgæfar tegundir steinda og bergs sem friðunarákvæðin ná til. Þá er í frumvarpinu kveðið á um að óheimilt sé að nema brott eða losa steingervinga af fundarstað.

Í 4. gr. er kveðið á um að innan friðlýstra svæða verði óheimilt að losa um, nema á brott eða skemma hrafntinnu í formi bergglers og tæra silfurbergskristalla lengri en 5 cm og einnig að hið sama gildi um sjaldgæfar tegundir steinda og bergs. Nefndin telur ákvæði 4. gr. frumvarpsins ekki nægilega vel útfært. Hún telur að á grundvelli 3. gr. frumvarpsins sé unnt að vernda hrafntinnu og silfurberg og leggur því til að 4. gr. frumvarpsins falli brott. Nefndin hvetur til þess að frekar verði hugað að efnisatriðum 4. gr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

4. gr. falli brott.

Alþingi, 16. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm. | Ásta R. Jóhannesdóttir. | Guðjón Ólafur Jónsson. |
| Mörður Árnason. | Arnbjörg Sveinsdóttir. | Rannveig Guðmundsdóttir. |
| Kjartan Ólafsson. | Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Kolbrún Halldórsdóttir. |

# 1282. Frumvarp til laga [707. mál]

um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, og lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

## I. KAFLI
## Breyting á lögum um lögheimili, nr. 21/1990.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við síðari málslið 3. mgr. bætist: og á skipulögðu iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði og öðru svæði innan þéttbýlis sem skipulagt er fyrir atvinnustarfsemi nema búseta sé þar heimil samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. má heimila tímabundna skráningu lögheimilis í starfsmannabústað.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð frekari fyrirmæli um skráningu lögheimilis.

## II. KAFLI
## Breyting á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

a. B-liður orðast svo: gera úttekt á mannvirkjum í notkun og starfsemi í þeim, með tilliti til brunavarna, og á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar úrgangs eða geymslu eldfimra efna, og gera kröfur um nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir.
b. Á eftir b-lið kemur nýr stafliður, svohljóðandi: hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að leyfi sveitarfélagsins samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga ef þörf krefur. Ef ljóst þykir að hætta skapist af slíkri búsetu skal enn fremur kæra málið til lögreglu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og að brunavarnir taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ef breytingar eru gerðar á atvinnuhúsnæði með það að markmiði að nýta það til búsetu ber eiganda að afla sér tilskilinna leyfa áður en fólk tekur sér þar búsetu.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ef ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim eru brotin skal slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Byggingarfulltrúi eða eftir atvikum heilbrigðisfulltrúi viðkomandi sveitarfélags aðstoðar slökkviliðsstjóra til að knýja eiganda og eftir atvikum forráðamann mannvirkis til úrbóta.

b. Á eftir orðinu „notkun“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna.

c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé ákvæðum 2. mgr. beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur. Sveitarfélag skal setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir eftirlit samkvæmt þessari grein og um innheimtu þeirra. Gjöld skulu ekki vera hærri en nemur kostnaði við framkvæmd eftirlitsins. Gjöldum samkvæmt þessari málsgrein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. Orðin „að fengnu samþykki sveitarstjórnar“ í 1. málsl. falla brott.

b. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Slökkviliðsstjóri tekur ákvörðun um að leggja á dagsektir samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Ef í ljós kemur að atvinnuhúsnæði er í óleyfi nýtt til búsetu er slökkviliðsstjóra heimilt að krefjast þess, í samvinnu við byggingarfulltrúa, að gerðar séu nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum í húsnæðinu til að tryggja öryggi fólks þrátt fyrir að búseta sé þar óheimil samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Eigi síðar en 1. janúar 2009 skulu eigendur slíks húsnæðis hafa aflað sér leyfis samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir breyttri notkun húsnæðisins þannig að búseta verði þar heimil. Fáist ekki slíkt leyfi skal eigandi eigi síðar en 1. mars 2009 rýma húsnæðið og láta af hinni ólögmætu notkun, enda hafi slökkviliðsstjóri ekki fyrir þann tíma fyrirskipað lokun þess skv. 31. gr. Þótt ekki fáist leyfi fyrir búsetu í húsnæðinu á eigandi mannvirkis ekki rétt á skaðabótum vegna kostnaðar hans af úrbótum skv. 1. málsl.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

**I.**

Á yfirstandandi löggjafarþingi var samþykkt frumvarp félagsmálaráðherra um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Með lagabreytingunni er lagt bann við því að skrá lögheimili í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi

kom fram að félagsmálanefnd teldi brýnt að fjallað yrði sérstaklega um vandamál sem tengjast búsetu í atvinnuhúsnæði og lagði nefndin áherslu á að tillögur um nauðsynlegar og varanlegar lagabreytingar kæmu fram nægilega fljótt til að hægt yrði að afgreiða þær fyrir lok vorþings.

Starfshópur sem félagsmálaráðherra skipaði í desember 2006 hefur leitast við að haga störfum sínum í samræmi við framangreindar óskir félagsmálanefndar Alþingis. Í hópnum áttu sæti Björn Karlsson brunamálastjóri, Ellý K. Guðmundsdóttir, sviðsstýra umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, sem var formaður nefndarinnar. Stefanía Traustadóttir, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, var starfsmaður starfshópsins.

Tillögum starfshópsins um lagabreytingar er annars vegar ætlað að skýra reglur um lögheimilisskráningu í atvinnuhúsnæði og hins vegar ábyrgð yfirvalda og eigenda atvinnuhúsnæðis þar sem er ólögmæt búseta.

## II. Breytingar á lögum um lögheimili.

Í frumvarpinu er lagt til, í samræmi við tillögur starfshópsins, að skráning lögheimilis í húsnæði á svæði sem er skipulagt fyrir atvinnustarfsemi verði almennt óheimil, en að mati starfshópsins lýtur búseta í slíku húsnæði svipuðum rökum og nýlegt bann við búsetu í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð. Í 4. kafla skipulagsreglugerðar er þéttbýli skipt í landnotkunarflokka. Innan skipulagðs þéttbýlis getur byggð m.a. verið flokkuð í íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir, miðsvæði, verslunar- og þjónustusvæði, athafnasvæði, iðnaðarsvæði og hafnarsvæði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skráning lögheimilis verði óheimil í húsnæði á svæðum fyrir atvinnustarfsemi nema með þeim undantekningum sem fram koma í skipulagsreglugerð. Þannig eru íbúðir t.d. ekki heimilar á iðnaðarsvæðum en í undantekningartilvikum er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja á hafnarsvæðum og athafnasvæðum, svo sem fyrir húsverði, í skipulagsáætlun. Þar sem aðstæður leyfa er hins vegar heimilt í skipulagsáætlun að gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum og á miðsvæðum. Munu ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum, ekki standa í vegi fyrir lögheimilisskráningu í slíku húsnæði.

Bann við lögheimilisskráningu mun ekki koma í veg fyrir ólögmæta búsetu í atvinnuhúsnæði, hvort sem það er á skipulögðu iðnaðar- og atvinnusvæði eða annars staðar. Með því má hins vegar að einhverju leyti hafa áhrif á þróun slíkrar búsetu og tryggja að sveitarfélög geti haldið óskertu forræði í skipulagsmálum. Önnur úrræði þurfa þó einnig að koma til og hefur starfshópurinn einkum litið til ákvæða laga um brunavarnir og byggingarreglugerðar í því sambandi.

Að mati starfshópsins er þróunin í þá átt að atvinnurekendur og aðrir aðilar breyti húsnæði, oftast atvinnuhúsnæði, í starfsmannabústaði, sem í 3. gr. reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002, er skilgreint sem varanlegt íbúðarhúsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks í tengslum við atvinnu. Í mörgum tilvikum er tilskilins starfsleyfis fyrir slíkri breytingu aflað. Öryggis- og aðbúnaðarkröfur slíks húsnæðis eru í meginatriðum hinar sömu og gilda um t.d. gististaði. Margt mælir með því að í lögum verði veitt heimild til tímabundinnar lögheimilisskráningar í starfsmannabústöðum. Til dæmis felst í því hvati til þess að húsnæði uppfylli skilyrði lagaákvæða og reglugerða hvað varðar leyfi, brunavarnir, öryggi fyrir íbúa, hollustuhætti og eftirlitsskyldu. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um skilyrði fyrir slíkri skráningu í reglugerð. Einstaklingar sem þessi lagabreyting á við um munu njóta réttinda sem fylgja lögheimilisskráningu, t.d. um almannatryggingar.

Breytingin mun hins vegar ekki hafa áhrif á rétt sveitarfélaga til að skipuleggja landnotkun og stýra uppbyggingu þjónustu.

Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að orðalagi reglugerðarheimildar í 2. mgr. 3. gr. laga um lögheimili verði breytt og orðalag hennar gert almennara en nú er.

## III. Lög um brunavarnir.

Þær breytingar á lögum um brunavarnir sem starfshópurinn leggur til miða að því að koma í veg fyrir að fólk taki sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að tilskilinna leyfa hafi áður verið aflað. Jafnframt er leitast við að skýra ábyrgð og hlutverk stjórnvalda sem koma að slíkum málum. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins birti nýlega skýrslu um umfang búsetu í atvinnuhúsnæði. Í henni er áætlað að um 1.250 manns búi að staðaldri í slíku húsnæði. Hluti af þessu húsnæði uppfyllir að áliti slökkviliðsins allar kröfur sem gerðar eru til starfsmannabústaða, aðeins er eftir að sækja um starfsleyfi. Þó er algengt að þörf sé úrbóta til að uppfylla eldvarnakröfur sem gerðar eru til íbúðarhúsnæðis. Jafnframt liggur fyrir að í sumu af því húsnæði sem búið er í mun aldrei verða leyfð búseta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eigendur húsnæðis þar sem nú er ólögmæt búseta geti fengið frest til 1. janúar 2009 til að koma sínum málum í löglegt horf með nauðsynlegum úrbótum á húsnæðinu og leyfisumsókn. Er gert ráð fyrir að slökkvilið um land allt kanni umfang slíkrar búsetu og geri kröfur um nauðsynlegar úrbætur. Þess má vænta að hluta umsókna um byggingar- og starfsleyfi verði synjað, bæði vegna þess að íbúðarbyggð sé andstæð skipulagi og vegna ófullnægjandi ástands húsnæðis. Er tekið fram í 7. gr. frumvarpsins að eigandi húsnæðis sem framkvæmir úrbætur á húsnæðinu í samráði við slökkvilið og byggingaryfirvöld geti ekki átt bótarétt komi til slíkrar synjunar. Fáist ekki leyfi til búsetu í húsnæðinu er skylt að rýma það eigi síðar en 1. mars 2009. Slökkviliðsstjóri metur út frá aðstæðum á hverjum stað hvort hann nýtir heimild bráðabirgðaákvæðisins og hvaða þvingunarúrræðum hann kýs að beita. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að slökkviliðsstjóri banni notkun mannvirkis og fyrirskipi lokun þess í stað þess að krefjast úrbóta, t.d. ef hann metur fólk í bráðri hættu og ljóst er að búseta á viðkomandi stað fæst aldrei samþykkt, t.d. vegna þeirrar starfsemi sem fram fer í húsinu.

Í nóvember 2004 varð stórbruni á athafnasvæði fyrirtækisins Hringrásar í Reykjavík þegar eldur kom upp í miklu magni af hjólbörðum sem geymdir voru á lóð fyrirtækisins. Mikinn og þykkan reyk lagði frá svæðinu yfir íbúðarbyggð og þurfti að rýma hús á stóru svæði í nágrenni eldsvoðans. Í kjölfar brunans óskaði umhverfisráðherra eftir úttekt Brunamálastofnunar á atburðinum og skilaði stofnunin skýrslu til ráðherra í janúar 2005. Gerði Brunamálastofnun ýmsar tillögur til úrbóta, m.a. á lögum um brunavarnir, í því skyni að draga úr líkum á því að slík atvik endurtaki sig. Taldi stofnunin að skýra þyrfti heimildir eldvarnaeftirlits til að hafa eftirlit með og afskipti af brunavörnum á lóð og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta gæti skapast. Enn fremur taldi stofnunin að auka þyrfti upplýsingaflæði milli heilbrigðiseftirlits annars vegar og eldvarnaeftirlits hins vegar og er lögð til lítils háttar breyting á lögunum til að ráða bót á því.

## 1283. Svar [594. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*
2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Engar stofnanir á vegum forsætisráðuneytisins starfa á landsbyggðinni og því hafa engin störf orðið til þar á vegum ráðuneytisins frá samþykkt byggðaáætlunar 2006. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfa á vegum forsætisráðuneytisins á landsbyggðinni á næstu árum.

## 1284. Svar [609. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um vegagerð í Hrútafjarðarbotni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur náðst samkomulag við eigendur lands undir nýjan veg í Hrútafjarðarbotni og ef svo er, hvenær er fyrirhugað að bjóða framkvæmdir við vegagerðina út?*
2. *Ef svo er ekki, hvaða land hefur ekki náðst samkomulag um og af hvaða ástæðum? Verður óskað heimildar til eignarnáms á því landi sem um er deilt?*

Skipulagsferli vegna breytinga á legu Hringvegar í Hrútafirði og tengingar Djúpvegar er ekki lokið. Ekki er unnt að ganga endanlega frá samningum við landeigendur eða segja til um hvenær verkið verður boðið út fyrr en því ferli lýkur. Viðræður við landeigendur hafa farið fram og góðar líkur þykja á að samkomulag náist.

## 1285. Svar [646. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um ökupróf.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær er áætlað að bjóða út framkvæmd ökuprófa en núverandi samningur rennur út 1. apríl nk.?*
2. *Er fyrirhugað að endurskoða það fyrirkomulag sem nú er viðhaft við framkvæmd ökuprófa, þ.e. að aðeins einn aðili annist prófin?*
3. *Hverjar eru meginástæður þess að starfsemi tengda ökuprófum þarf að reka með sérleyfi?*
4. *Hver er aðkoma Samkeppniseftirlitsins að núverandi fyrirkomulagi og hvernig er eftirliti háttað með verðlagningu á ökuprófum?*

22. febrúar 2002 var gerður verksamningur milli Umferðarráðs og Frumherja hf. um að Frumherji hf. tæki að sér framkvæmd skriflegra og verklegra ökuprófa á öllu landinu. Gildistíminn var ákveðinn þrjú ár og kveðið er á um að eftir það megi framlengja samninginn um tvö ár í senn. Óski annar hvor samningsaðila ekki eftir að framlengja samninginn þurfi hann að tilkynna það fyrir 1. nóvember og falli hann þá úr gildi 31. mars 2005 eða eftir atvikum 31. mars 2007.

Samningsákvæðin um gildistímann mótuðust af því að verkkaupa þótti nauðsynlegt að eiga þess kost að geta slitið samningnum á tveggja ára fresti, þar sem það þótti heppilegt með tilliti til framkvæmdar ökuprófa. Að öðru leyti var gert ráð fyrir að a.m.k. fimm ár liðu þar til fyrirkomulagið yrði endurskoðað. Á þeim nótum var samningurinn framlengdur, fyrst til 31. mars 2007 og síðan aftur til 31. mars 2009. Það verður þannig á haustmánuðum 2008 sem í síðasta lagi þarf að taka afstöðu til þess hvort samningurinn skuli gilda lengur en til 31. mars 2009.

Rétt er að taka fram að Umferðarstofa tók til starfa 1. október 2002 og kom þá í stað Umferðarráðs sem aðili að umræddum verksamningi. Í 112. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er hlutverki Umferðarstofu lýst, en það er m.a. að annast ökupróf. Umferðarstofu er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyra samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Með umræddum verksamningi var öðrum falið að koma að ökuprófum undir umsjón Umferðarstofu.

Samkeppniseftirlitið hefur ekki komið að málinu. Þegar verksamningurinn var gerður byggðist útreikningur á gjöldum fyrir ökupróf á kostnaðargreiningu Umferðarráðs. Heimilt er að endurskoða gjaldskrá til lækkunar eða hækkunar árlega með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs. Slíkar breytingar skulu þó samþykktar af Umferðarstofu.

## 1286. Svar [679. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur um lokun iðjuþjálfunardeildar geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa vegna yfirvofandi lokunar iðjuþjálfunardeildar geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss og hver er skýringin á lokuninni?*
2. *Hvaða áhrif mun lokunin hafa á sjúklinga sem njóta þjónustu iðjuþjálfunardeildarinnar?*
3. *Má búast við að álag aukist á aðrar deildir, svo sem með auknum innlögnum eða annarri þjónustu, og ef svo er, hvaða deildir og hvað má áætla að álag aukist mikið á hverja deild?*
4. *Hvaða áhrif mun lokunin hafa á starfsfólk sjúkrahússins og eru aðrar deildir mannaðar til að taka við auknu álagi?*
5. *Hve mikið mun það kosta að halda áfram starfi iðjuþjálfunardeildarinnar með því að koma til móts við þann kostnað sem fylgir ráðningu fagfólks í störfin á deildinni á sambærilegum kjörum og iðjuþjálfar fá annars staðar?*

Manneklu gætir á geðsviði eins og á ýmsum öðrum starfseiningum Landspítala – háskólasjúkrahúss. Ein ástæða þess er að illa hefur gengið að ráða nýtt starfsfólk í stað þess sem hættir. Það má að verulegu leyti rekja til þess að mikið framboð er á vinnu í samfélaginu og mikil samkeppni um starfsfólk.

Eftirfarandi eru svör við einstökum liðum fyrirspurnarinnar:

1. Enn sem komið er hefur ekki verið tekin ákvörðun um lokun iðjuþjálfunar geðsviðs við Hringbraut en ljóst er að ef fram fer sem horfir í starfsmannamálum þarf að draga úr starfsemi þeirrar einingar. Á iðjuþjálfunardeild geðsviðs við Hringbraut er fyrirsjáanlegt að aðstoðarmönnum og iðjuþjálfum fækki á næstu tveimur mánuðum. Um skeið hafa fjórir iðjuþjálfar starfað við deildina en nú er einn að hætta vegna framhaldsnáms og annar vegna barneigna. Ekki hefur tekist enn sem komið er að ráða aðra til starfa í þeirra stað en stöðurnar hafi verið auglýstar. Takist ekki að ráða iðjuþjálfa stefnir í að tveir iðjuþjálfar verði í starfi í 1,8 stöðugildum við deildina eftir 1. maí næstkomandi.

   Ráðherra átti fund með forsvarsmönnum iðjuþjálfunardeildar geðsviðs við Hringbraut, sviðsstjóra geðsviðs og forstjóra sjúkrahússins um þennan vanda 12. maí síðastliðinn. Á fundinum kom fram það mat yfiriðjuþjálfa að ef ekki verði fljótlega hægt að ráða starfsfólk muni starfseminni verða lokað þar til starfsmönnum hefur fjölgað aftur. Hefðbundið er að dregið sé verulega úr starfseminni yfir sumartímann vegna sumarleyfa.

   Innan Landspítala – háskólasjúkrahúss verður kannað til þrautar hvort hægt sé að fá aðstoð frá öðrum iðjuþjálfadeildum á spítalanum með því að færa starfsmenn milli deilda tímabundið. Auk þess mun spítalinn leita til annarra heilbrigðisstofnana og kanna hvort mögulegt sé að fá aðstoð til bráðabirgða.

   Takist ekki að fá iðjuþjálfa innanlands verður auglýst eftir iðjuþjálfum erlendis. Oft hefur þurft að leysa mönnun í hjúkrun og sjúkraþjálfun á spítalanum með því að ráða erlenda starfsmenn og er ágæt reynsla af því.
2. Iðjuþjálfun er eðlilegur þáttur í meðferð og endurhæfingu sjúklinga á geðsviði og tímabundin lokun deildarinnar, ef af verður, mun hafa þær afleiðingar að draga þarf úr þjónustu við sjúklinga. Iðjuþjálfun á geðsviði eflir og styður fólk til sjálfsbjargar og aukinnar virkni sem er mikilvægt til að ná varanlegum bata og draga úr þörf fyrir endurteknar innlagnir á geðdeildir. Hluti af þjónustu iðjuþjálfunar geðsviðs við Hringbraut er veittur án þess að sjúklingar þurfi að leggjast inn á spítalann og er eðlilegur þáttur í framhaldsmeðferð eftir útskrift.
3. Erfitt er að meta hvort álag eykst á aðrar deildir en hugsanlegt er að móttökudeildir verði fyrir auknu álagi vegna lokunar deildarinnar.
4. Eins og fyrr segir gætir talsverðar manneklu á geðsviði meðal ýmissa starfsstétta því eftirspurn eftir þjónustu hefur aukist undanfarið. Það leiðir af sér að einstakar deildir munu ekki eiga auðvelt með að taka við auknu álagi við núverandi aðstæður.
5. Ekki liggja fyrir upplýsingar um kjör iðjuþjálfa sem starfa utan Landspítala – háskólasjúkrahúss og því var ekki hægt að áætla kostnað sem kynni að fylgja ráðningu fagfólks á öðrum kjörum en nú eru í gildi á spítalanum. Iðjuþjálfar starfa víða í samfélaginu. Starfsvettvangur þeirra hefur víkkað á undanförnum árum og er ekki bundinn við heilbrigðisþjónustuna eins og var um langa hríð. Þeir starfa í vaxandi mæli innan félagsþjónustu, hjá sveitarfélögum og einkafyrirtækjum. Samkeppni um starfskrafta iðjuþjálfa hefur því aukist.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fer nú fram umfangsmikil vinna við að móta og framfylgja stefnu í geðheilbrigðismálum í samvinnu við fagfólk og notendahópa. Nauðsyn aukinnar sérhæfingar og fjölbreytileika í meðferðarúrræðum fyrir geðsjúka er ljós. Frekari þróun mikilvægra þjálfunarúrræða samrýmist stefnu heilbrigðisyfirvalda varðandi meðferð og þjálfun geðsjúkra sem kemur fram í heilbrigðisáætlun og megináherslum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sviði forvarna og heilsueflingar.

## 1287. Svar [680. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um námsframboð og afdrif starfsmanna eftir sameiningu Tækniháskóla Íslands við Háskólann í Reykjavík.

1. *Hvaða námsleiðir voru áður kenndar í Tækniháskóla Íslands en hafa nú verið lagðar niður eða er fyrirhugað að leggja niður eftir sameiningu hans við Háskólann í Reykjavík?*

Árið 2005 sameinuðust Tækniháskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík. Gert var ráð fyrir því í upphafi að þær námsleiðir sem kenndar voru í Tækniháskólanum yrðu áfram kenndar við Háskólann í Reykjavík, enda var það hluti af samningi vegna sameiningar að þeir nemendur sem höfðu innritast í Tækniháskólann ættu fullan rétt á að ljúka sínu námi á þeim forsendum sem þeir hófu sitt nám. Einu breytingarnar sem gerðar hafa verið síðan sameiningin átti sér stað er að geislafræði og líftæknifræði færðust yfir til læknadeildar Háskóla Íslands og tölvu- og upplýsingatæknifræði og iðnaðartæknifræði sameinuðust tölvunarfræði og iðnaðarverkfræði enda þær greinar mjög sambærilegar þessum brautum. Það sem hefur hins vegar gerst eftir sameiningu er að námsframboð hefur aukist til muna og býður nú Háskólinn í Reykjavík m.a. upp á framhaldsnám til meistaraprófs í flestum þeim greinum sem kenndar voru við Tækniháskóla Íslands.

2. *Hver var fjöldi starfsmanna, fastráðinna og lausráðinna, við Tækniháskóla Íslands fyrir sameiningu hans við Háskólann í Reykjavík, sundurliðað eftir starfsheitum?*

Öllum starfsmönnum við Tækniháskóla Íslands var boðið starf við hinn nýja sameinaða skóla. Þeir sem ekki höfðu áhuga á því þáðu biðlaun, samkvæmt áunnum réttindum. Leitað var til forsvarsmanna Háskólans í Reykjavík um svör en þar sem lítill tími gafst til gagnaöflunar bárust svörin ekki í tíma.

3. *Hversu margir starfsmenn Tækniháskóla Íslands, fastráðnir og lausráðnir, hafa sagt upp eða látið af störfum eftir sameiningu hans við Háskólann í Reykjavík, sundurliðað eftir starfsheitum?*

Leitað var til forsvarsmanna Háskólans í Reykjavík um svör en þar sem lítill tími gafst til gagnaöflunar bárust svörin ekki í tíma.

## 1288. Breytingartillögur [686. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
   a. C-liður 1. tölul. orðast svo: Ökutæki sem ætluð eru til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd. Þau ökutæki sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd en að hámarki 6 tonn skulu þó vera hönnuð með eina sætaröð í fólksrými og hafa óskipt farmrými sem er aðskilið frá fólksrými.
   b. F-liður 3. tölul. orðast svo: Ökutæki sem ætluð eru til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna, eru hönnuð með eina sætaröð í fólksrými og hafa óskipt farmrými sem er aðskilið frá fólksrými.
2. Við 3. gr. (er verði 4. gr.). Við bætist nýr málsliður er orðist svo: Ákvæði 1. gr. taka gildi 1. júlí 2007 og skulu taka til ökutækja sem þá eru ótollafgreidd.

## 1289. Tillaga til þingsályktunar [708. mál]

um stofnun Hreindýrastofu á Austurlandi.

Flm.: Þuríður Backman, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að stofnuð verði Hreindýrastofa á Austurlandi, sem annist stjórnsýslu og ráðgjöf vegna hreindýraveiða og nýtingar hreindýra sem auðlindar.

Umhverfisráðherra skipi fimm manna undirbúningsnefnd sem í sitji fulltrúar tilnefndir af Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Þróunarstofu Austurlands, Fljótsdalshéraði, Náttúrustofu Austurlands og Umhverfisstofnun og verði fulltrúi Umhverfisstofnunar formaður nefndarinnar. Stefnt skal að stofnun Hreindýrastofu 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Tillaga flutningsmanna felur í sér að stjórnsýsla hreindýraveiða fari frá veiðimálasviði Umhverfisstofnunar í sérstaka stjórnsýslustofnun Hreindýrastofu sem heyri undir Umhverfisstofnun.

Árið 2000 var samþykkt frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum. Þær lagabreytingar fólu m.a. í sér nákvæmari skilgreiningu á verksviði hreindýraráðs en frá stofnun þess árið 1992 hafði það verið svohljóðandi:

a. að vera umhverfisráherra til ráðgjafar um allt er viðkemur vernd, veiðum og nýtingu hreindýrastofnsins á Austurlandi,
b. að sjá um sölu veiðileyfa og er ráðinu óheimilt að framselja þá heimild,

c. að gera tillögur um árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða í samráði við veiðistjóra,
d. að sjá um eftirlit með hreindýraveiðum og ráða til þess eftirlitsmenn,
e. að skipta arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra.

Með lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002 varð hins vegar sú breyting á verksviði hreindýraráðs að stjórnsýslan færðist yfir til Umhverfisstofnunar (UST). Samkvæmt athugasemdum við fyrstnefnda frumvarpið var tilgangur þess að einfalda stjórnsýsluna og gera hana skilvirkari og aðgengilegri fyrir almenning. Engu að síður þótti mikilvægt að hreindýraráð starfaði áfram, þar eð nauðsynlegt þótti að á Austurlandi kæmu að þessum málum þeir sem hafa hagsmuna að gæta með sama hætti og áður án þess að þeir sinntu stjórnsýslu innan málaflokksins. Aftur er ítrekað að „vegna eðlis hreindýramála væri eðlilegt að ráðið starfaði áfram í einhverri mynd og það yrði fyrst og fremst ráðgefandi fyrir Umhverfisstofnun". Stjórnun veiðanna fluttist frá hreindýraráði til veiðistjórnunarsviðs UST árið 2003 og samkvæmt reglugerð nr. 486/2003 er hlutverk ráðsins:

1. vera umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins, þar á meðal um skiptingu arðs,
2. gera ár hvert tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra, árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða,
3. gera tillögu til umhverfisráðherra um reglugerð sem varðar skiptingu arðs.

Strax í kjölfar þessa lýsti Samband Sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) því yfir að með samþykkt Alþingis á lögum nr. 90/2002, um Umhverfisstofnun, væri boðuð róttæk breyting á stjórnun hreindýraveiða. Taldi SSA að ljóst væri að sú breyting sem gerð hefði verið legðist almennt ekki vel í Austfirðinga enda yrði ekki séð að heimamenn kæmu framvegis mikið að þeim málum. Þetta væri miður þar sem sú reynsla sem komin væri á fyrirkomulag og starfsemi hreindýraráðs sýndi að í öllum meginatriðum hefði vel til tekist.

Með skipulagsbreytingunni hefðu hins vegar allar boðleiðir lengst, þ.e. milli landeigenda og ráðherra.

Vegna þessa hefur SSA ítrekað ályktað að hlutverk og verksvið hreindýraráðs verði sem líkast því sem það var fyrir lagabreytinguna 2002 og þekking heimamanna nýtt sem best til áframhaldandi verðmætasköpunar á Austurlandi.

SSA hefur endurtekið ályktað í þessa veru og nú síðast á aðalfundi sínum í októberbyrjun 2006, minnt á „að hreindýraveiðar fara eingöngu fram á Austurlandi og nú þegar er til staðar í fjórðungnum víðtæk þekking og reynsla, þannig að Austfirðingar eru vel í stakk búnir til að taka málaflokkinn alfarið til sín".

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á UST frá september 2006 fjallar ekki beinum orðum um hvernig til hafi tekist með yfirtöku stofnunarinnar á stjórnsýsluhlutverki hreindýraráðs. Engu að síður er ljóst að aðfinnslur SSA eru í fullu samræmi við þá megingagnrýni sem þar beinist að UST, þ.e. að stjórnsýsla í þeim málaflokkum sem falla undir stofnunina hafi ekki orðið einfaldari og styrkari enda þótt stefnt hafi verið að því. Þannig þykir yfirstjórn UST ekki vera nógu sýnileg og þyki hún í raun hafa „framselt of mikið vald til fjárhags- og rekstrarsviðs" stofnunarinnar með þeim afleiðingum að það „hafi fengið stjórnunarhlutverk umfram það sem eðlilegt getur talist". Raunar hafi öll markmiðin með miðlægri stjórnsýslu í gegnum UST brugðist. Ekki hafi tekist að einfalda og styrkja stjórnsýslu, efla faglega þætti, stuðla að hagkvæmni í rekstri eða gera auðveldara að ná fram stefnumiðum sem stjórnvöld settu sér við framkvæmd umhverfismála.

Í nóvember 2005 sendi Þróunarfélag Austurlands frá sér skýrsluna Auðlindin hreindýr og vildi með henni sýna fram á hvernig nýta má hreindýr betur til þess að styrkja ímynd, byggð, menningu og atvinnulíf á Austurlandi. Á það er bent hvernig stjórnsýsla í tengslum við dýrin skapa störf heima í héraði sem leggja mundu ákveðinn grunn til frekari uppbyggingar atvinnu og þjónustu í kringum veiðarnar. Er þar átt við starfsákvæði leiðsögumanna, eflingu staðbundins matvælaiðnaðar svo og handverk, fatahönnun og listiðnað sem nýtingarleiðir. Skýrsluhöfundar telja umfram allt mikilvægt að efla rannsóknir á hreindýrastofninum og byggja upp ferðamannaiðnað í kringum hann: skoðunarferðir og t.d. safn um sögu hreindýra á Íslandi, lifnaðarhætti og nýtingu.

Í þessu skyni er mikilvægt að hreindýrarannsóknir séu öflugar og Náttúrustofu Austurlands verði áfram falin ábyrgð og fjármagn til að stunda þær rannsóknir.

Til að hrinda hugmyndum Þróunarfélagsins í framkvæmd þarf fjármagn.

Með því að fela Hreindýrastofu stjórnsýslu hreindýraveiða má skilyrða reksturinn við að allur arður renni til verkefna tengdum hreindýrum og sem styrktu ímynd, byggð, menningu og atvinnulíf á Austurlandi.

Í hreindýrunum liggur ónýttur auður fyrir ferðaþjónustu, bændur og aðra íbúa svæðisins.

## 1290. Nefndarálit [7. mál]

um till. til þál. um kaup og rekstur á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Félaginu Ísland – Palestína, landlækni, Rauða krossi Íslands og Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fjármálaráðherra beiti sér fyrir því að fé verði veitt til kaupa og reksturs á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu.

Alþingi ályktaði síðast um deilur Ísraels og Palestínumanna 30. apríl 2002 (þskj. 1446, 734. mál 127. löggjafarþings) en þar var m.a. lögð áhersla á að mannréttindi væru virt og öryggi óbreyttra borgara tryggt.

Talið er mikilvægt að kaupa og reka færanlega sjúkrastöð þar sem almenningur á örðugt með að sækja heilbrigðisþjónustu af því að hann hefur ekki fullt ferðafrelsi vegna ófriðarástands. Af þeim sökum er hentugast að hægt sé að færa sjúkrastöðina þangað sem þörfin er í Palestínu hverju sinni og má líta á það sem eins konar neyðaraðstoð vegna þess sérstaka ástands sem þarna ríkir.

Íslenska ríkið hefur stutt við Flóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínumenn (UNRWA). Undanfarin ár hafa framlögin verið hækkuð umtalsvert. Árið 2006 voru þau hækkuð úr rúmum 3 millj. kr. í 7 millj. kr. og nýlega tilkynnti utanríkisráðherra að framlögin yrðu tvöfölduð fyrir árið 2007 og næmu alls 14 millj. kr.

Nefndin fagnar þessum áherslum og telur rétt að frekari aðstoð verði veitt við Palestínumenn. Umsagnir sem nefndinni bárust voru auk þess undantekningarlaust jákvæðar og telur nefndin rétt að ríkisstjórnin beiti sér fyrir frekari aðstoð með kaupum á færanlegri sjúkrastöð eins og hér er lagt til.

Utanríkisráðuneyti fer með þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki og hefur ráðherra þegar lýst yfir aukinni aðstoð við flóttamannaaðstoðina.

Nefndin leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 15. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Blöndal, form., frsm. | Jón Kristjánsson. | Drífa Hjartardóttir. |
| Jón Gunnarsson. | Össur Skarphéðinsson. | Bjarni Benediktsson. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir. | Steingrímur J. Sigfússon. | |

# 1291. Nefndarálit [648. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 frá 2. desember 2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri, tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB, og 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 98/30/EB, ásamt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB frá 11. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi.

Í nefndinni var sérstaklega rætt um möguleika Íslands til að fá undanþágur frá tilteknum reglum framangreindra gerða vegna smæðar markaðarins og einangrunar. Ljóst er að megn óánægja er meðal neytenda á Íslandi eftir þær breytingar sem gerðar voru á íslenskri löggjöf árið 2003 í kjölfar upptöku nýrra gerða í EES-samninginn á þessu sviði. Miðað við fyrri reynslu hefur Alþingi gefist allt of skammur tími til að fara yfir málið. Þá skortir verulega á samráð við þingið um mótun nýrra EES-gerða. Minni hlutinn vekur athygli á þeirri staðreynd að þegar framkvæmdarvaldið er búið að ákveða að taka nýja EES-gerð upp í EES-samninginn fyrir sitt leyti á Alþingi í reynd mjög örðugt um vik.

Ísland er mjög auðugt að orkulindum og þær á að nýta almenningi til hagsbóta. Minni hlutinn vekur athygli á að eftir upptöku EES-reglnanna um raforkumarkaðinn hafa orðið verulegar hækkanir á raforkuverði til neytenda. Minni hlutinn hefur ítrekað haldið því fram að Íslendingar ættu að fá undanþágu frá reglunum enda er Ísland einangrað svæði og möguleikar á raforkuviðskiptum yfir landamæri nánast útilokuð. Efni þessara reglna hefur því í raun enga skírskotun til hins íslenska raforkumarkaðar. Innleiðing reglnanna hefur ekki verið íslenskum orkunotendum til hagsbóta.

Nefndin óskaði eftir greinargerð iðnaðarráðuneytis um innleiðingu raforkutilskipana í íslenskan rétt og um aðdraganda að upptöku gerðanna í EES-samninginn, innleiðingu þeirra í íslenskan rétt og möguleika Íslands á undanþágum. Fróðlegar upplýsingar koma þar fram um að möguleikar sem væntanlega voru til staðar á að fá undanþágu frá reglunum um sameiginlegan innri markað á EES-svæðinu hvað varðar viðskipti með raforku hafi ekki verið kannaðir og reyndir til þrautar.

Minni hlutinn telur að gerð hafi verið mikil mistök í þessum efnum og getur ekki stutt þetta mál, nú frekar en fyrr.

Alþingi, 16. mars 2007.

Steingrímur J. Sigfússon.

## 1292. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 30 mars 1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hefur borist umsögn frá Bifhjólasamtökum lýðveldisins.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á 72. gr. gildandi umferðarlaga, nr. 50/1987. Lagt er til að hver sá sem er á bifhjóli, hliðarvagni, eftirvagni eða tengitæki bifhjóls skuli nota viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað, ætlaðan til slíkra nota. Þá er lagt til að ökumaður á bifhjóli eða torfærutæki skuli sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm og lágmarkshlífðarfatnað.

Erlendar rannsóknir sýna fram á að hlífðarfatnaður getur komið í veg fyrir eða dregið úr alvarlegum áverkum í bifhjólaslysum. Nefndin telur brýnt að skýrt verði kveðið á um notkun hlífðarfatnaðar í umferðarlögum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

C-liður 1. gr. falli brott.

Alþingi, 16. mars 2007.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Herdís Á. Sæmundardóttir. | Anna Kristín Gunnarsdóttir. |
| Kristján L. Möller. | Guðjón Hjörleifsson. | Þórunn Sveinbjarnardóttir. |
| Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Jón Kristjánsson. | Guðjón A. Kristjánsson. |

# 1293. Skýrsla [709. mál]

forsætisráðherra um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, febrúar 2007.

(Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

## Áfangaskýrsla nefndar um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, febrúar 2007.

### 1. Inngangur

Nefnd um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands (stjórnarskrárnefnd) var skipuð í byrjun árs 2005. Í nefndina voru skipuð: Birgir Ármannsson alþingismaður, Geir H. Haarde, þáverandi fjármálaráðherra, og Þorsteinn Pálsson, sendiherra og síðar ritstjóri, tilnefndir af Sjálfstæðisflokknum, Jón Kristjánsson, þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og Jónína Bjartmarz, alþingismaður og síðar umhverfisráðherra, tilnefnd af Framsóknarflokknum, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir alþingismaður og Össur Skarphéðinsson alþingismaður tilnefnd af Samfylkingunni, Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður tilnefndur af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Guðjón A. Kristjánsson alþingismaður tilnefndur af Frjálslynda flokknum. Jón Kristjánsson var skipaður formaður nefndarinnar og Geir H. Haarde varaformaður.

Í október 2005 viku Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir úr nefndinni. Tók Þorsteinn Pálsson þá við varaformennsku í nefndinni. Var Bjarni Benediktsson alþingismaður skipaður nýr í nefndina samkvæmt tilnefningu Sjálfstæðisflokksins og Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur samkvæmt tilnefningu Samfylkingarinnar.

Með stjórnarskrárnefnd starfar nefnd sérfræðinga, þau Eiríkur Tómasson prófessor (formaður), Björg Thorarensen prófessor, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor og Kristján Andri Stefánsson sendiherra. Ritari stjórnarskrárnefndar er Páll Þórhallsson, lögfræðingur forsætisráðuneyti.

Samkvæmt skipunarbréfi skyldi endurskoðunin „einkum bundin við I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar og þau ákvæði í öðrum köflum hennar sem tengjast sérstaklega ákvæðum þessara þriggja kafla“. Í upphafi nefndarstarfsins lýsti formaður stjórnarskrárnefndar því yfir að engir hlutar stjórnarskrárinnar væru fyrir fram undanskildir. Stefnt skyldi að því að ljúka endurskoðuninni fyrir árslok 2006.

Nefndin hefur haldið 26 fundi á tímabilinu febrúar 2005 – febrúar 2007. Fyrstu fundina var rætt um verkáætlun og afmörkun verkefnisins. Jafnframt var aflað gagna um fyrri endurskoðunartilraunir, sögu íslenskrar stjórnskipunar og stjórnskipunarþróun í Evrópu. Til þess að nýta tímann sem best voru snemma árs 2006 settir á fót 3 vinnuhópar sem fjölluðu um afmörkuð efni sem hér segir: 1. Dómstólakafli og framsal ríkisvalds (BÁ, JB og KH), 2. Mannréttindaákvæði, ákvæði um auðlindir og umhverfisvernd (BB, GAK og ÖS) og 3. Forseti, ríkisstjórn og þjóðaratkvæðagreiðslur (JK, SJS, ÞP og ÖS). Vinnuhóparnir skiluðu af sér í júní 2006. Eins og meðfylgjandi fundargerðir vinnuhópanna bera með sér var þeim ætlað að setja fram hugmyndir sem síðan yrðu ræddar í fullskipaðri nefnd. Verður því að skoða þær í samhengi við umræður sem síðan urðu inni í nefndinni sjálfri, en þær eru raktar í fundargerðum nefndarinnar og áfangaskýrslu þessari.

Nefndin hefur hvatt til almennrar umræðu um stjórnarskrána og umbætur á henni. Hinn 11. júní 2005 var haldin almenn ráðstefna á Hótel Loftleiðum undir yfirskriftinni „Stjórnarskrá til framtíðar“. Dagskrá ráðstefnunnar var auglýst í blöðum með góðum fyrirvara og félagasamtökum gefinn kostur á að óska eftir framsögu. Um 20 samtök nýttu sér þetta tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nefndin hefur einnig átt aðild að ráðstefnum Lögfræðingafélags Íslands og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála um þjóðaratkvæðagreiðslur sem fóru fram 12. september og 29. október 2005, málþingi lagadeildar Háskólans í Reykjavík 1. desember 2005 um dómsvaldið og stjórnarskrána auk ráðstefnu Sagnfræðingafélags Íslands 25. mars 2006 um forsetaembættið. Eru þá ótaldir ýmsir aðrir fundir og ráðstefnur um málefni tengd stjórnarskránni sem nefndarmenn hafa tekið þátt í. Þær upplýsingar, sem komið hafa fram á þessum fundum og skoðanaskipti, eru mikilvægt veganesti fyrir nefndina.

Þá hefur nefndin starfrækt heimasíðu, stjornarskra.is, þar sem eru birtar dagskrár funda nefndarinnar, fundargerðir, erindi sem berast, tilkynningar um fyrirhugaða viðburði og ýmislegt ítarefni eins og fyrri stjórnarskrárfrumvörp og eldri gerðir stjórnarskrárinnar.

Samstarf tókst með nefndinni og Landsbókasafni – Háskólabókasafni um starfrækslu upplýsingamiðstöðvar í Þjóðarbókhlöðunni þar sem almenningur getur kynnt sér helstu rit sem nefndin hefur til hliðsjónar í starfi sínu.

---

Þótt ekki hafi verið um það fjallað sérstaklega í skipunarbréfi nefndarinnar er ljóst að hún hefur haft það að leiðarljósi að stjórnarskráin svaraði kröfum nútímans án þess að varpa að nokkru leyti fyrir róða grundvallargildum og hefðum íslenskrar stjórnskipunar. Jafnframt hefur verið horft til erlendra strauma í þessum efnum, til dæmis hefur oftlega verið vitnað til finnsku stjórnarskrárinnar sem sætti nýverið gagngerri endurskoðun.

Á seinni stigum vinnu nefndarinnar komu fram tvenns konar sjónarmið um hvernig endurskoðun stjórnarskrárinnar skyldi háttað. Annars vegar að leggja ekki til neinar breytingar nema sem hluta af heildarendurskoðun og hins vegar að freista þess að ná samstöðu um breytingar eða nýmæli sem ekki virtist mikill efniságreiningur um. Niðurstaðan varð þó sú að leggja að þessu sinni aðeins til breytingar á 79. gr. þar sem mælt er fyrir um hvernig breytingum á stjórnarskránni skuli háttað í framtíðinni. Nefndarmenn álíta það rökréttan fyrsta áfanga í heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Er nánari grein gerð fyrir þeirri breytingu í meðfylgjandi frumvarpi. Verði sú breyting samþykkt er um leið lagður grunnur að því að endurskoðaða stjórnarskrá megi bera undir þjóðaratkvæði. Endurskoðuð stjórnarkrá myndi því öðlast ótvíræðari lýðræðislega staðfestingu heldur en raunin yrði ef hún væri afgreidd með núgildandi hætti.

Með áfangaskýrslu þessari vill nefndin gefa yfirlit yfir starfið fram að þessu og leggja grunn að áframhaldandi umræðu um stjórnarskrána á næsta kjörtímabili. Skýrslan skiptist í nokkra kafla. Í hverjum kafla eru raktar tillögur sem nefndinni hafa borist frá almenningi, félagasamtökum og opinberum aðilum. Jafnframt verður gerð grein fyrir þeim frumvörpum

sem lögð voru fram á 131., 132. og 133. löggjafarþingi og varða stjórnarskrána.[1] Loks er lýst stöðu umræðna í nefndinni. Fundargerðir nefndarinnar og vinnuhópa hennar fylgja með sem viðaukar ásamt greinargerðum sérfræðinganefndarinnar um þróun stjórnarskrárinnar, skýringar við I, II og V kafla stjórnarskrárinnar og um stjórnskipunarþróun í Evrópu.

## 2. Uppbygging og megineinkenni stjórnarskrárinnar

### 2.1. Inngangur

Í stjórnarskránni er að finna ákvæði um meðferð ríkisvalds, hlutverk helstu handhafa þess og samspil þeirra á milli. Enn fremur er þar lýst yfir hver réttindi borgararnir hafa í samskiptum við ríkisvaldið og hömlur lagðar við því að á þessi réttindi sé gengið.

Uppbygging stjórnarskrárinnar ber keim af því að hún er að stofni til frá 19. öld. Þannig er kaflinn um mannréttindi aftastur en hann er víða fremstur í nýlegri stjórnarskrám. Þá einkennist stjórnarskráin af knöppu orðalagi og löggjafanum er víða eftirlátið að útfæra nánar efnisatriði. Sú heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sem fara átti fram eftir að lýðveldisstjórnarskráin var sett 1944, hefur aldrei orðið að veruleika. Breytingar á einstökum köflum og afmörkuðum viðfangsefnum hafa hins vegar náð fram að ganga, oftast varðandi tilhögun kosninga og kjördæmaskipan, en einnig víðtækari breytingar eins og varðandi starfshætti Alþingis 1991 og endurskoðaður mannréttindakafli 1995.

Stjórnarskránni er skipt niður í eftirfarandi kafla: I. kafli um stjórnarformið og grundvöll stjórnskipunarinnar, II. kafli um forseta og framkvæmdarvald, III. kafli um alþingiskosningar, IV. kafli um Alþingi, V. kafli um dómstólana, VI. kafli um þjóðkirkjuna og trúfrelsi og VII. kafli um mannréttindi.

### 2.2. Umræður í nefndinni

Röð kafla eða ákvæða hefur að sjálfsögðu ekki neina lagalega þýðingu, ákvæði eru jafngild og jafnrétthá hvar sem þau standa í stjórnarskránni. Hins vegar hafa heyrst þau sjónarmið í nefndinni að núverandi uppbygging endurspegli ekki nógu vel valdahlutföll milli helstu stofnana ríkisins, þannig færi betur á því að kaflinn um Alþingi kæmi á undan köflum um aðra handhafa ríkisvalds þar sem Alþingi er veigamesti handhafi ríkisvalds og þungamiðja þess fulltrúalýðræðis sem einkennir íslenska stjórnskipan. Einnig hefur verið vísað til þess að í mörgum nýlegum stjórnarskrám í Evrópu og víðar sé kafli um mannréttindi framarlega í stjórnarskrá.

Þá hefur komið fram það sjónarmið í nefndinni að mikilvægt sé að afmarka umfang og eðli stjórnarskrárinnar. Draga þurfi með eins skýrum hætti og kostur er línu á milli efnisatriða sem eiga heima í stjórnarskrá og hinna sem eru viðfangsefni almenna löggjafans og fjárveitingavaldsins. Forðast beri að setja í stjórnarskrá almennar stjórnmálalegar yfirlýsingar.

---

[1] Enn fremur er rétt að minna á svar þáverandi forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar, við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar á Alþingi vorið 2003 um helstu áherslur hans ef til endurskoðunar stjórnarskrárinnar kæmi (67. mál á 130. löggjafarþingi). Nefndi hann einkum að í þeim köflum sem mestur bráðabirgðabragur væri á, þ.e. I. og II. kafla stjórnarskrárinnar, þyrfti að draga upp skýrari mynd af ríkjandi stjórnarfari, ekki síst varðandi valdheimildir forseta og ráðherra. Þá fluttu þingmenn Samfylkingarinnar þingsályktunartillögu (9. mál á 131. löggjafarþingi) um að nefnd með fulltrúum allra þingflokka skyldi endurskoða stjórnarskrána. Eru þar talin upp 9 meginatriði sem nefndin eigi að fjalla um: sameign þjóðar á náttúruauðlindum, þjóðaratkvæðagreiðslur, eftirlitshlutverk Alþingis, gildi alþjóðlegra mannréttindasamninga, framsal ríkisvalds, samband ríkis og kirkju, þrenging heimilda til setningar bráðabirgðalaga, landið sem eitt kjördæmi og aukin réttindi og áhrif einstaklinga og kjósenda.

## 3. Grundvöllur stjórnskipunarinnar

### 3.1. Inngangur

Á það hefur verið bent að I. kafli stjórnarskrárinnar sé fremur fábrotinn þar sem í 1. gr. sé kveðið á um að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn og í 2. gr. sé kveðið á um þrískiptingu ríkisvaldsins. Þarna mætti mæla fyrir um önnur grundvallaratriði sem íslensk stjórnskipun byggist á eins og lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Þegar litið er til stjórnarskráa í öðrum ríkjum sést að inngangskaflar af þessu tagi geyma að auki gjarnan ákvæði um yfirráðasvæði ríkisins, ríkisborgararétt, fána, höfuðborg og opinbert tungumál.

### 3.2. Ýmsar tillögur

Stjórnarskrárnefnd hafa ekki borist margar tillögur sem varða grundvallarákvæði sem best ættu heima í almennum kafla fremst í stjórnarskránni.

Fram hefur komið tillaga frá Bandalagi háskólamanna um „meira sjálfstæði aðalhandhafa löggjafarvalds annars vegar og framkvæmdarvalds hins vegar, hvors gagnvart öðrum, svo sem með afnámi þingræðis og lausn ráðherra frá þingmennsku, a.m.k. á meðan þingmaður gegnir ráðherrastörfum“. Bjarni Jónsson, Garðabæ, tekur í svipaðan streng og leggur til að 2. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt þannig að Alþingi fari eitt með löggjafarvald og ráðherrar einir með framkvæmdarvald.

Íslensk málnefnd hefur sent stjórnarskrárnefnd erindi þess efnis að mælt verði fyrir um það í stjórnarskránni að íslenska sé ríkismál Íslands. Þá má minna á þingsályktun sem Mörður Árnason o.fl. fluttu og vísað var til ríkisstjórnarinnar á 130. löggjafarþingi.[2] Þar segir meðal annars í greinargerð að athuga beri hvort þörf sé á að setja í stjórnarskrá eða almenn lög að íslenska sé þjóðtunga Íslendinga. Þá hefur Félag heyrnarlausra óskað eftir því að að sama skapi verði íslenskt táknmál viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga. Öryrkjabandalag Íslands hefur tekið undir þessa kröfu.

### 3.3. Umræður í nefndinni

Innan nefndarinnar hafa komið fram ólík sjónarmið um það hversu ítarlegur I. kaflinn eigi að vera. Ekki er hins vegar deilt um að þegar kemur að skipulagi ríkisvaldsins sé rétt að ganga út frá hefðbundinni greiningu milli löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds en sumir telja mikla þörf á að skerpa þá aðgreiningu og efla temprun valds og eftirlit með valdhöfum.

Þá hefur verið rætt um að taka til athugunar að nefna fleiri grundvallarhugtök í I. kafla stjórnarskrárinnar en nú er þannig að þar yrði fjallað um lýðræði, virðingu fyrir mannréttindum, þingræði og þrískiptingu ríkisvalds.

Nefndin hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort þörf sé á því að geta þess í stjórnarskrá að íslenska sé þjóðtunga Íslendinga eða veita táknmáli sambærilega viðurkenningu.

## 4. Þjóðaratkvæðagreiðslur

### 4.1. Inngangur

Ekki er um það deilt að í lýðræðisríki sprettur allt vald frá þjóðinni. Þessa sér stað í íslenskri stjórnskipan þar sem kjósendur velja alþingismenn og sveitarstjórnarmenn með reglulegu millibili og kjósa forseta í beinum kosningum. Núgildandi stjórnarskrá geymir fá ákvæði um efni sem leggja þarf fyrir þjóðina til úrskurðar í allsherjaratkvæðagreiðslu. Þannig

---

[2] 130. löggjafarþing 2003–2004, þskj. 517 – 387. mál.

er kveðið á um í 3. mgr. 11. gr. að forseti verði ekki leystur frá störfum nema meiri hluti samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu. Eins skal efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu ef forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar. Loks skal fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla samkvæmt 2. mgr. 79. gr. ef Alþingi samþykkir breytingu á kirkjuskipan ríkisins, sbr. 62. gr. stjórnarskrárinnar.

Ekki hefur enn farið fram nein þjóðaratkvæðagreiðsla á lýðveldistímanum á grundvelli þessara ákvæða.

### 4.2. Ýmsar tillögur

Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt fram á Alþingi frumvarp sem kveður á um að fimmtungur kosningabærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hafi samþykkt.[3] Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þurfi meira en fimmtungur kosningabærra manna að greiða atkvæði gegn gildi laganna.

Samband ungra sjálfstæðismanna leggur til að fjórðungur kosningabærra manna geti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem samþykkt eru af Alþingi.

Þjóðarhreyfingin berst fyrir „rétti þjóðarinnar til þess að njóta áfram þess málskotsréttar, sem þjóðkjörinn forseti fer með samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar“. Jafnframt verði sá réttur betur tryggður en nú er með því að „bæta við ákvæðið nýrri málsgrein um, að allir kosningabærir menn í alþingiskosningum eigi atkvæðisrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem fram fari innan 2 mánaða frá synjun forseta“. Þá leggur Þjóðarhreyfingin til að einfaldur meirihluti þeirra sem þátt taka ráði úrslitum um samþykkt eða synjun frumvarpsins.

BHM leggur til „sjálfstæðan rétt til bindandi þjóðaratkvæðis án þess að skert verði önnur úrræði sem til þess eru fallin að veita handhöfum ríkisins aðhald“.

Bjarni Jónsson, Garðabæ, stingur upp á að fjórðungur atkvæðisbærra manna í Alþingiskosningum geti farið þess á leit við forseta Alþingis að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um lagasetningu eða aðra stjórnarathöfn. Samþykki fjórðungur Alþingismanna hið minnsta þessa beiðni beri ríkisstjórn að verða við henni. Ef meira en helmingur atkvæðisbærra manna hafni lagasetningu í þjóðaratkvæðagreiðslu skuli Alþingi fella viðkomandi lög úr gildi en annars gildi þau áfram. Um aðrar stjórnvaldsákvarðanir nægi hreinn meirihluti greiddra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu til að fella þær úr gildi en ella standa þær óhaggaðar. Alþingi skuli setja lög um undirskriftasafnanir til stuðnings við þjóðaratkvæðagreiðslur.

Lýðræðishópurinn vill að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram ef forseti synjar lögum frá Alþingi staðfestingar, ef tíu af hundraði atkvæðisbærra landsmanna krefjast þess, ef breyta á stjórnarskrá lýðveldisins eða ef ríkisstjórn Íslands leggur til að Ísland taki þátt í þvingunaraðgerðum eða hernaðaraðgerðum gegn öðru ríki eða styður slíkar aðgerðir. Með þjóðaratkvæðagreiðslu fái landsmenn vald til að fella úr gildi lög frá Alþingi, svipta ráðherra eða forseta embætti eða knýja Alþingi til að taka ákveðið mál til þinglegrar meðferðar.

Hjörtur Einarsson, Neðri-Hundadal, telur nauðsyn til bera að málskotsréttur forseta verði áfram í stjórnarskrá. Þetta sé öryggisventill þingræðinu og ákvæðið sé auðskilið alþýðu manna.

---

[3] 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 605 – 426. mál.

Skýrslutæknifélag Íslands hefur bent á kosti rafrænna kosninga. Kostnaður sé mun minni en við kosningar með hefðbundnum hætti, minni tími fari í þær og þetta ætti að auðvelda kosningar um einstök málefni á milli hefðbundinna kosninga.

Ofangreindar tillögur ganga í stórum dráttum út frá að fulltrúalýðræðið haldist meira og minna óbreytt þótt því til stuðnings þróist beint lýðræði. Halldór G. Einarsson, Kópavogi, vill ganga lengra og breyta fulltrúalýðræðinu. Þingmenn verði kosnir sem einstaklingar og að þeir hafi atkvæðavægi á þingi í hlutfalli við kjörfylgi sitt. Þegar greidd eru atkvæði á þingi um málefni hafi kjósendur viku frest til að segja sig úr lögum við viðkomandi þingmann og eftir atvikum flytja atkvæði sitt á aðra þingmenn. Endanleg úrslit atkvæðagreiðslu verði ekki ljós fyrr en að þeim fresti liðnum.

### 4.3. Umræður í nefndinni

Samstaða er um það í nefndinni að vert sé að rýmka möguleika á því að haldnar séu þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg málefni. Hins vegar greinir nefndarmenn á um það hversu langt eigi að ganga í því efni. Hefur meðal annars verið hvatt til þess að reynsla annarra þjóða sé skoðuð gaumgæfilega áður en róttækar breytingar séu gerðar. Til dæmis geti kerfi, þar sem þjóðaratkvæðagreiðslur eru tíðar, hugsanlega dregið úr áhuga almennings á þátttöku.

Samkomulag er um að rétt sé að allar stjórnarskrárbreytingar fari í þjóðaratkvæði enda megi líta svo á að þjóðin sé stjórnarskrárgjafinn. Ekki hefur heldur komið fram ágreiningur um að önnur mikilvæg málefni verðskuldi þjóðaratkvæðagreiðslu. Aðild að ESB, ef til hennar kæmi, hefur verið nefnd sem dæmi um það. Er þá hugsunin sú að jafnvel þótt stjórnarskránni hefði verið breytt til að heimila framsal ríkisvalds þá þyrfti að fara fram sérstök þjóðaratkvæðagreiðsla um ESB-aðild.

Fjölmargar leiðir hafa verið ræddar varðandi möguleika á að skjóta nýsamþykktum lögum frá Alþingi til þjóðarinnar. Spurning er hver eigi að geta framkallað slíka þjóðaratkvæðagreiðslu. Forseti lýðveldisins, eins og nú er, tiltekinn hluti þingmanna eða tiltekinn hluti kjósenda? Hefur verið nefnt sem möguleiki að binda heimild forseta því skilyrði að krafa komi fram um þjóðaratkvæði frá tilteknum hluta þingmanna. Þar með yrði ábyrgðin á því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu skýrari. Aðrir hafa talið að ekki sé nein nauðsyn á að hagga við 26. gr. Forsetinn hafi farið sparlega með þá heimild og engin ástæða sé til þess að ætla annað en svo verði áfram.

Þeir sem vilja ganga hvað lengst vilja leyfa svokallað þjóðarfrumkvæði þar sem tiltekinn hluti kjósenda, t.d. 20%, fær því framgengt að mál séu tekin til afgreiðslu á Alþingi eða jafnvel að um þau sé kosið í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þegar rætt er um þjóðaratkvæðagreiðslur vaknar jafnan spurningin um hvaða skilyrði eigi að setja um framkvæmd hennar. Sumir vilja sem fæst skilyrði til dæmis um þátttöku eða lágmarksstuðning á meðan aðrir telja slíkt æskilegt til þess að tryggja lögmæti niðurstöðunnar.

## 5. Forseti og ríkisstjórn

### 5.1. Inngangur

Mjög litlar breytingar hafa verið gerðar á II. kafla stjórnarskrárinnar um forseta og meðferð framkvæmdarvalds frá lýðveldisstofnun. Þær breytingar vörðuðu fyrst og fremst orðalag vegna afnáms deildaskiptingar Alþingis og eins var heimild 28. gr. til útgáfu bráðabirgðalaga þrengd.

## 5.2. Ýmsar tillögur

*5.2.1. Um forsetaembættið*

Ýmsar tillögur hafa verið settar fram sem snerta forsetaembættið. Róttækustu hugmyndirnar ganga út á að leggja embættið niður. Aðrar miða að því að draga heldur úr völdum þess.

Pétur H. Blöndal hefur flutt frumvarp á Alþingi í 20 greinum um afnám forsetaembættisins.[4]

Samband ungra sjálfstæðismanna leggur einnig til að embætti forseta Íslands verði lagt niður. Hlutverk þess sé óljóst auk þess sem ráðherra fari í reynd að mestu leyti með það vald sem forseta er falið í stjórnarskránni. Vísar SUS jafnframt til frumvarps Péturs H. Blöndals um þetta efni.

Frjálshyggjufélagið er jafnframt hlynnt því að embætti forseta Íslands verði lagt niður og að þær stjórnskipulegu skyldur, sem hvíli á embættinu, verði faldar forseta Alþingis, forsætisráðherra eða forseta Hæstaréttar.

Hið íslenska félag áhugamanna um stjórnskipan vill sömuleiðis að embætti forseta Íslands verði lagt niður.

Bjarni Jónsson, Garðabæ, vill afnema málskotsrétt forseta og draga almennt úr völdum hans. Jafnframt leggur hann til að meðmælendur forsetaefna þurfi að vera minnst 5% atkvæðisbærra manna. Endurskoðun stjórnarskrárinnar verður, að mati Gústavs Skúlasonar, að miðast við að skýra starfsramma forsetans, svo að hann geti ekki notað vald embættisins að eigin geðþótta.

Þjóðarhreyfingin vill hins vegar berjast fyrir rétti þjóðarinnar til að „njóta áfram þess málskotsréttar, sem þjóðkjörinn forseti fer með samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt að sá réttur verði betur tryggður en nú er með því að bæta við ákvæðið nýrri málsgrein um, að allir kosningabærir menn í alþingiskosningum eigi atkvæðisrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu, er fram fari innan 2 mánaða frá synjun forseta. Enn fremur að einfaldur meirihluti þeirra, sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni, ráði úrslitum um samþykkt eða synjun frumvarpsins."

Þorkell Helgason stærðfræðingur hvetur til þess að gaumgæft sé hvort ekki væri rétt að taka upp raðval að írskum hætti við kjör forseta Íslands. Kostirnir fram yfir einfaldar meirihlutakosningar eru m.a. þeir að hans sögn að vilji meirihlutans nær fram að ganga án þess að efna þurfi til fleiri en einna kosninga. Þá sé sneitt að mestu hjá hrossakaupum sem fylgja tvíþættum kosningum. Gallarnir séu þeir að kosningaathöfnin (raðvalið) kunni að þykja flókin. Þá verði kjósendur að gera upp hug sinn til frambjóðenda sem þeim hugnast ef til vill ekki.

Dómsmálaráðuneytið hefur framsent til stjórnarskrárnefndar bréf frá Þórunni Guðmundsdóttur hrl. sem var formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi norður við síðustu forsetakosningar. Kemur hún með ábendingar varðandi 5. gr. stjórnarskrárinnar um fjölda meðmælenda og landfræðilega skiptingu þeirra eins og hún er útfærð í lögum nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

*5.2.2. Um ráðherra*

Siv Friðleifsdóttir og fleiri þingmenn hafa flutt frumvarp til stjórnarskipunarlaga þess efnis að væri þingmaður skipaður ráðherra skyldi hann víkja úr þingsæti á meðan hann

[4] 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 50 – 50. mál.

gegndi ráðherradómi og tæki varamaður hans sætið á meðan.[5] Kristinn H. Gunnarsson flytur á yfirstandandi þingi frumvarp til stjórnarskipunarlaga þar sem meðal annars er gert ráð fyrir sams konar breytingu.[6]

BHM gerir tillögu um strangari þrískiptingu ríkisvalds, svo sem með afnámi þingræðis og lausn ráðherra frá þingmennsku.

Lýðræðishópurinn vill að almennum borgurum og frjálsum félagasamtökum verði gert kleift með lögum frá Alþingi að höfða opinbert mál á hendur ráðherrum og öðrum opinberum starfsmönnum, sem gæta eiga almannahags, vegna meintra brota á stjórnarskrá, brota á almennum hegningarlögum eða brota á alþjóðlegum sakarétti.

Friðgeir Haraldsson leggur til að ráðherrar hafi ekki atkvæðisrétt á löggjafarþingi enda verði þeir alfarið og eingöngu æðstu yfirmenn framkvæmdarvaldsins og kosnir til starfsins af viðkomandi starfsstéttum, t.d. ráðherra heilbrigðis af heilbrigðisstéttunum, ráðherra mennta af menntastéttunum o.s.frv., en alþingismenn eingöngu kosnir til að setja lög og aðrar leikreglur samfélagsins.

Þorsteinn Sigurður Þorsteinsson fjallar um að það vanti afmarkaðri lýsingu í stjórnarskrána á valdsviði, ráðstöfunarrétti og hæfi handhafa framkvæmdarvaldsins. Borgurunum finnist valdssviðið án landamæra eins og nú er, varðandi t.d. ráðstöfun fjármuna, embætta, framkvæmda, ákvarðanir um langtímaskuldbindingar (náttúruspjöll), afsal sjálfstæðis (stríðsyfirlýsingar) og fleira.

*5.2.3. Útgáfa bráðabirgðalaga*

Kristinn H. Gunnarsson hefur flutt frumvarp til stjórnarskipunarlaga á yfirstandandi þingi þar sem meðal annars er lagt til að heimild til útgáfu bráðabirgðalaga falli brott. Ekki verði séð að sú staða geti komið upp að ókleift verði að kalla Alþingi saman en á sama tíma geti einstök ráðuneyti, ríkisstjórnin og embætti forseta Íslands staðið að því að setja nauðsynlega löggjöf.[7] Í þingsályktunartillögu þingmanna Samfylkingarinnar er lagt til afnám heimilda ríkisstjórna til að setja bráðabirgðalög nema í neyðartilvikum, svo sem vegna náttúruhamfara eða yfirvofandi styrjaldar.[8]

### 5.3. Umræður í nefndinni

Þónokkur umræða hefur verið í nefndinni um hlutverk og stöðu forsetaembættisins, m.a. í sérstökum vinnuhópi, sbr. inngangskafla, en hún hefur ekki leitt til neinnar niðurstöðu enn sem komið er.

Mörg ákvæði í þessum kafla eru orðuð þannig að þau draga ekki upp rétta mynd af raunveruleikanum nema þau séu lesin í samhengi hvert við annað og skýrð í ljósi ýmissa venjuhelgaðra reglna sem hafa í raun öðlast stjórnarskrárvarða stöðu, svo sem þingræðisreglunnar, sem þó er ekki nefnd. Þetta á til að mynda við um valdheimildir forseta og ráðherra.

Nefndin hefur staldrað við það hvort ekki sé ástæða til þess að minnsta kosti að skýra betur hlutverk forseta Íslands í stjórnskipuninni og valdsvið gagnvart ríkisstjórn. Texti núgildandi stjórnarskrár veiti litla vísbendingu um þær venjuhelguðu reglur sem gildi á þessu

---

[5] 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 177 – 177. mál, og 132. löggjafarþing 2005–2006. þskj. 19 – 19. mál.

[6] 133. löggjafarþing 2006–2007, þskj. 12 – 12. mál.

[7] 133. löggjafarþing 2006–2007, þskj. 12 – 12. mál.

[8] 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 9 – 9. mál.

sviði. Ef þessi leið sé farin þurfi til dæmis að vera skýrlega mælt fyrir um það í stjórnarskránni hvenær forseti þurfi atbeina ráðherra til embættisathafna og hvenær ekki. Þá sé mikilvægt að afmarka með einhverjum hætti hvað felist í þjóðhöfðingjaskyldum, t.d. á erlendum vettvangi. Sumir í nefndinni telja þó ekki þörf á því að breyta núgildandi ákvæðum um þetta efni.

Aðrir vilja hins vegar ganga lengra og breyta eðli forsetaembættisins. Slíkar breytingar gætu hæglega að mati viðkomandi miðað að því að skerpa þingræðisregluna. Tilfellið væri að sumir teldu forseta hafa meiri völd en ákvæði stjórnarskrárinnar mæltu fyrir um vegna þess að hann væri þjóðkjörinn. Burtséð frá réttmæti þessa skilnings gæti hann leitt til árekstra. Hluti framkvæmdarvaldsins væri þá háður þingræðisreglunni en hluti væri það ekki. Ein leið til úrbóta væri sú að draga úr völdum forseta líkt og Svíar hefðu gert varðandi þjóðhöfðingja sinn. Hin leiðin gæti verið sú að auka hlutverk forseta og fela honum til dæmis réttindi og skyldur þingforseta. Þingforseti yrði þannig óháður bæði stjórn og stjórnarandstöðu sem gæti aukið jafnvægið milli fylkinga á þingi. Forsetinn fengi þannig veigamikið hlutverk án þess að blandast í hefðbundin pólitísk átök.

Þá eru ýmsir á því í nefndinni að vert væri að fara rækilega yfir ákvæði um kosningu forseta en mikilvægi þess ráðist þó af því hvort einhverjar ákvarðanir verða teknar um breytingar á eðli forsetaembættisins. Mörgum þykir til dæmis ástæða til að endurskoða ákvæði um meðmælendur. Þá hefur verið nefnt að vert væri að skoða þann möguleika að tryggja betur með kosningareglum að forseti hafi meirihluta þjóðarinnar á bak við sig. Þá hafa komið fram sjónarmið um lengingu kjörtímabils til samræmis við það sem gildir víða erlendis.

Ekki hafa verið miklar undirtektir í nefndinni við þeirri hugmynd að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku þótt til séu undantekningar þar frá. Viðhorfið er þá að vissulega geti skapast vandamál í litlum þingflokkum sem eiga aðild að ríkisstjórn en þau ætti að vera hægt að leysa. Slíkt fyrirkomulag breytti heldur engu um aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds að mati marga. Framkvæmdarvaldið yrði áfram háð löggjafarvaldinu á grundvelli þingræðisreglunnar.

Þá hefur verið tekið undir það í nefndinni að rétt sé að endurskoða reglur um ráðherraábyrgð og skipan landsdóms.

## 6. Alþingi

### 6.1. Inngangur

Í III. og IV. kafla stjórnarskrárinnar er fjallað um alþingiskosningar og störf Alþingis. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þessum köflum frá lýðveldisstofnun, einkum varðandi kjördæmi og afnám deildaskiptingar Alþingis.

### 6.2. Ýmsar tillögur

Á 131. löggjafarþingi flutti Kristján L. Möller og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar frumvarp um að þeir sem yrðu 18 ára á kosningaári ættu rétt til þátttöku í kosningum.[9] Enn lengra er gengið í þingsályktunartillögu Hlyns Hallssonar og Kolbrúnar Halldórsdóttur um að kosningaaldur verði 16 ár í stað 18 ára.[10] Með þessu yrði ábyrgð ungs fólks aukin og því gert kleift að taka þátt í mótun samfélagsins. Það myndi einnig smám saman, að mati tillögu-

[9] 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 37 – 37. mál.
[10] 133. löggjafarþing 2006–2007, þskj. 777 – 514. mál.

höfunda, leiða til breyttra áherslna í landsmálunum þar sem kjörnir fulltrúar myndu leitast við að verja hagsmuni stærri hluta þjóðarinnar.

Þá flutti Guðmundur Árni Stefánsson og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar frumvarp til breytinga á 31. gr. stjórnarskrárinnar um að landið yrði eitt kjördæmi.[11] Þingmenn Frjálslynda flokksins fluttu þingsályktunartillögu á 131. löggjafarþingi 2004–2005, þskj. 26 – 26. mál, um jöfnun atkvæðisréttar þar sem landið allt yrði eitt kjördæmi.[12]

Frjálshyggjufélagið tekur undir að Ísland skuli vera eitt kjördæmi og að vægi atkvæða í þingkosningum skuli vera jafnt yfir allt landið. Þá leggur Frjálshyggjufélagið til að skilyrði 34. gr. stjórnarskrár um óflekkað mannorð til kjörgengis verði fellt út. Það eigi að vera mat kjósenda hvaða eiginleikum frambjóðendur skuli vera gæddir.

Kvennahreyfingin leggur til að við 31. grein stjórnarskrárinnar, sem fjallar um fjölda þingmanna og kosningu þeirra, bætist setning um að nánar verði kveðið á um í kosningalögum hvernig náð skuli sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á þingi.

BHM leggur til „skýrari stöðu réttarheimilda á borð við lög og kjarasamninga gagnvart fjárhagsáætlunum í lagaformi, fjárlögum“. Hið íslenska félag áhugamanna um stjórnskipan leggur til að stjórnarskráin geri sérstaklega ráð fyrir rétti einstaklinga til að bjóða sig fram í kosningum.

### 6.3. Umræður í nefndinni

Nokkur umræða hefur verið í nefndinni um hvernig tryggja megi sem best skilvirkt eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslunni. Bent hefur verið á að 39. gr. stjórnarskrárinnar um rannsóknarnefndir hafi ekki náð tilgangi sínum. Fram hafa komið sjónarmið um að minnihluti þingmanna eigi að geta kallað eftir slíkri nefndaskipan en núverandi skipan gerir ráð fyrir að viðeigandi þingstyrkur búi að baki þeim heimildum sem þingmenn hafa til að veita ríkisstjórn aðhald eftir því hversu viðurhlutamikil þau eru (1 þingmaður að baki fyrirspurn, 9 að baki skýrslubeiðni, meirihluti að baki þingsályktun eða ákvörðun um skipan rannsóknarnefndar).

Því hefur verið haldið fram að ójafnt atkvæðavægi kjósenda sé mannréttindabrot. Þetta megi leysa með því að gera landið að einu kjördæmi. Ekki hafa allir nefndarmenn tekið undir þetta en bent hefur verið á þann möguleika að breyta viðkomandi stjórnarskrárákvæði á þann veg að þar verði ekki lengur kveðið á um lágmarksfjölda kjördæma heldur hinum almenna löggjafa eftirlátið það hlutverk að ákveða að öllu leyti kjördæmaskipan.

Nefnt hefur verið að rétt væri að geta umboðsmanns Alþingis sérstaklega í stjórnarskránni enda um þýðingarmikið embætti að ræða fyrir réttaröryggi borgaranna og mikilvægt að tryggja sjálfstæði þess.

Þá hefur einnig komið fram að endurskoða megi aðkomu framkvæmdarvaldsins að þingsetningu, frestun þingfunda og þingrofi. Þingrofsheimildin hefur þó þegar verið þrengd nokkuð með breytingum frá 1991.

Loks hefur verið lagt til að kannað verði hvort þörf sé á endurskoðun fyrirkomulags varðandi mat á því hvort þingmenn séu löglega kosnir.

---

[11] 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 287 – 266. mál.
[12] 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 26 – 26. mál.

## 7. Dómstólar

### 7.1. Inngangur

V. kafli stjórnarskrárinnar um dómsvaldið er fáorður. Litlar sem engar breytingar hafa verið gerðar á honum frá lýðveldisstofnun.

### 7.2. Ýmsar tillögur

Ekki hafa borist margar tillögur sem snerta kaflann um dómstóla. BHM gerir tillögu um sjálfstæðari stöðu dómstólanna gagnvart öðrum handhöfum ríkisvalds, svo sem með lýðræðislegri umfjöllun um dómaraefni og vali dómara með fjölbreyttan bakgrunn. Þá verði einnig hugað að afnámi eina reglulega sérdómstólsins, Félagsdóms.

Samband ungra sjálfstæðismanna leggur til að „hlutverk dómenda verði skýrt frekar". Þeir hafi endurskoðunarvald þegar kemur að mati á því hvort lög standist gagnvart stjórnarskrá. Þetta vald sé mikilvægt til varnar stjórnarskránni og til að tryggja að ákvæðum hennar sé fylgt, ekki síst af stjórnvöldum á hverjum tíma. En það sé einnig mikilvægt að dómstólar misnoti ekki endurskoðunarvald sitt og gangi inn á valdsvið stjórnarskrárgjafans, til dæmis með hugmyndum um svokallað stjórnarskrárígildi alþjóðlegra sáttmála.

Hið íslenska félag áhugamanna um stjórnskipan leggur til að heimilað verði að spyrja dómstóla hvort tiltekin lög gangi gegn stjórnarskrá eður ei. Það verði sem sagt rýmkaðar heimildir til að bera mál undir dómstóla.

Þá leggur Lýðræðishópurinn til að Alþingi staðfesti skipan hæstaréttardómara með ¾ greiddra atkvæða.

### 7.3. Umræður í nefndinni

Sérstakur vinnuhópur fjallaði um dómstólakaflann, sbr. inngangskafla. Rætt hefur verið um það í nefndinni að rétt sé að taka fram í stjórnarskrá að Hæstiréttur sé æðsti dómstóll landsins. Varðandi hlutverk Hæstaréttar hafa menn staldrað við hvort ekki sé rétt að kveða skýrum orðum á um vald dómstóla til að víkja lögum sem stríða gegn stjórnarskránni til hliðar en það vald er nú talið venjuhelgað. Í því sambandi hefur verið nefnt að um leið þyrfti þá að fara yfir hvort því valdi sé best fyrir komið með núverandi hætti. Er þá vísað til þess að víða erlendis fari sérstakir stjórnlagadómstólar með vald af þessu tagi. Þá hefur verið nefnt að skýra þurfi betur ákvæði stjórnarskrár um endurskoðunarvald dómstóla gagnvart stjórnvöldum.

Þá hefur töluvert verið rætt um skipan dómara, einkum hæstaréttardómara, og hvort binda eigi reglur þar um í stjórnarskrá. Nefnt hefur verið að þörf sé á að gera skipan hæstaréttardómara sem faglegasta og lýðræðislegasta. Ein leið væri sú að dómnefnd fjallaði um dómaraefni líkt og í Danmörku. Önnur leið væri sú að Alþingi þyrfti að staðfesta skipan dómara. Aðrir lögðu áherslu á að pólitískt vald og ábyrgð ætti að vera hjá ráðherra þótt breyta mætti umsagnarferlinu. Hætta gæti verið fólgin í því að Alþingi kæmi að skipan hæstaréttardómara og var vísað til Bandaríkjanna sem vítis til varnaðar í því sambandi. Krafa um staðfestingu Alþingis gæti leitt til þess að ráðherra axlaði ekki sömu ábyrgð á ákvörðun. Einnig gætu komið upp vandkvæði milli stjórnarflokka í samsteypustjórn. Í öllu falli ykist hætta á að embættaveitingar yrðu pólitískt bitbein án þess að nokkur teldi sig bera á þeim ábyrgð. Þá var varað við þeirri hugmynd að hægt væri að finna hlutlæga mælikvarða við val á dómurum.

Þá kom fram það viðhorf að nóg væri að hafa í almennum lögum ákvæði um þessi efni, ekki þyrfti að útfæra þau í stjórnarskrá.

Varðandi önnur atriði þá var nefndur sá möguleiki að forseti lýðveldisins fengi neitunarvald um skipan hæstaréttardómara, hugsanlega gæti það verið þáttur í auknu hlutverki forsetans. Því var enn fremur varpað fram að ástæða væri til að huga að tímabundinni skipan hæstaréttardómara, til 10–15 ára til dæmis. Þá styngju eftirlaun þeirra í stúf við það sem almennt gerist.

Loks hefur verið minnt á að víða erlendis séu í stjórnarskrá ákvæði um sjálfstætt ákæruvald.

## 8. Ríki og kirkja

### 8.1. Inngangur

Fjallað er um þjóðkirkjuna og trúfrelsi í 62.–64. gr. stjórnarskrárinnar. 63. og 64. gr. voru endurskoðaðar árið 1995 þegar mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var endurskoðaður. 62. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og að ríkisvaldið skuli að því leyti styðja hana og vernda.

### 8.2. Ýmsar tillögur

Guðjón A. Kristjánsson og Þuríður Backman fluttu frumvarp á 130. löggjafarþingi þar sem mælt er fyrir um fullan aðskilnað ríkis og kirkju innan fimm ára frá gildistöku laga þar að lútandi.[13]

Nefndinni hafa borist þónokkur erindi þar sem krafist er aðskilnaðar ríkis og kirkju.

Siðmennt leggur til að lögbundinn verði í stjórnarskránni aðskilnaður ríkis og kirkju og að 62. gr. stjórnarskrárinnar verði afnumin. Þá sé sá annmarki á 63. gr. stjórnarskrárinnar að jafnræðis sé ekki gætt milli mismunandi lífsskoðana. Eins verði 64. gr. stjórnarskrárinnar felld úr gildi og allir hafi rétt til að ráðstafa gjöldum sínum í hvaða lífsskoðunarfélag sem er eða þá greiða alls ekki slík gjöld. Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju vilja sömuleiðis breytingar á stjórnarskránni í þessa veru.

Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju og félagið Vantrú hafa einnig sett fram tillögu um aðskilnað ríkis og kirkju og að þess verði gætt í löggjöf og framkvæmd að ríkisvaldið geri ekki upp á milli lífsskoðana manna. Þannig eigi ríkið að hætta að skrá hvaða trúfélögum fólk tilheyrir og hætta stuðningi við sum trúfélög fram yfir önnur.

Samband ungra sjálfstæðismanna telur að stuðningur ríkisins við trúfélag samrýmist ekki viðteknum hugmyndum um frelsi og að það mismuni trúfélögum hér á landi. Leggur sambandið til að sjötti kafli stjórnarskrárinnar, sem lýtur að þjóðkirkjunni, verði felldur út í heild sinni. Frjálshyggjufélagið er sama sinnis, þ.e. að 62. gr. verði felld úr gildi. Sama á við um Hið íslenska félag áhugamanna um stjórnskipan.

Þá hafa nokkrir einstaklingar látið þetta málefni til sín taka í bréfum til nefndarinnar. Árni Árnason vélstjóri telur ákvæði um þjóðkirkju og greiðsluskyldu til Háskóla Íslands fyrir þá sem standa utan trúfélaga ekki eiga heima í stjórnarskrá. Jórunn Sörensen er sama sinnis og leggur áherslu á að trú sé einkamál hvers og eins. Pétur Sigurgeirsson, fyrrverandi biskup, minnir hins vegar á mikilvægi sambands ríkis og kirkju og spyr hvar við værum stödd ef við hefðum ekki hinn kristna grunn að byggja á.

---

[13] 130. löggjafarþing 2003–2004, þskj. 14 – 14. mál.

### 8.3. Umræður í nefndinni

Ekki hafa orðið miklar umræður um þetta efni í nefndinni. Kirkjan hefur á undanförnum árum þróast í átt til meira sjálfstæðis að miklu leyti að hennar eigin frumkvæði. Spurt hefur verið hvort og hvenær eigi að stíga það skref til fulls að skilja lögformlega á milli ríkis og kirkju. Að sama skapi þarf að spyrja á hvaða forsendum slíkur skilnaður, ef til hans kæmi, ætti að vera. Bent hefur verið á að stjórnarskráin geri ráð fyrir sérstöku ferli við breytingu á kirkjuskipan, þ.e. krafist er einfaldrar lagabreytingar auk þjóðaratkvæðagreiðslu. Eins hafa sumir nefndarmenn af því áhyggjur að þetta efni myndi vera svo tímafrekt í umræðunni að aðrar brýnni breytingar féllu í skuggann.

## 9. Mannréttindaákvæði

### 9.1. Inngangur

VII. kafli stjórnarskrárinnar, mannréttindakaflinn, er sá kafli sem mestum breytingum hefur sætt á lýðveldistímanum. Var hann endurskoðaður í tilefni af hálfrar aldar afmæli lýðveldisins 1994. Með breytingunum voru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar færð til nútímahorfs og tóku þær gildi árið 1995.

### 9.2. Ýmsar tillögur

Þótt tiltölulega stutt sé síðan mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var endurskoðaður hafa ýmsar tillögur borist sem varða mannréttindi.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur lagt til að mannréttindareglum sem eru þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir íslenska ríkið verði veitt stjórnarskrárvernd. Öryrkjabandalagið hefur lagt til að „hert verði á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar til samræmis við það sem best gerist í heiminum ...“

Frjálshyggjufélagið leggur til að við kaflann verði bætt ákvæði um frelsi einstaklinga til athafna svo lengi sem þeir skaða ekki aðra með beinum hætti. Þá verði undanþáguákvæði þrengd. Loks verði sett ákvæði sem feli í sér almennt bann við afturvirkni íþyngjandi laga.

Hið íslenska félag áhugamanna um stjórnskipan leggur til að 76. grein stjórnarskrárinnar, sem kveður á um ýmis félagsleg réttindi, verði afnumin. Það sé vafasamt að dómskerfið hlutist í auknum mæli til um hvernig velferðar- og menningarmálum sé háttað.

BSRB hefur lagt til að bundið verði í stjórnarskrá að „aðgangur að drykkjarvatni teljist mannréttindi og að eignarhald á vatni skuli jafnan vera samfélagslegt“. Fjölmörg samtök[14] hafa sent nefndinni erindi undir yfirskriftinni „Vatn fyrir alla“. Þar segir að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi eins og kveðið sé á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Sérhver maður eigi því rétt á aðgangi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds. Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telji samtökin nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns.

Samtökin ´78 leggja til að stjórnarskráin mæli fyrir um jafnrétti óháð kynhneigð og verði 65. greinar stjórnarskrárinnar breytt til samræmis við það.

Kvennahreyfingin leggur til að við 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar verði bætt setningu um athafnaskyldur stjórnvalda til að afnema misrétti og tryggja jafnrétti kynjanna ábyrgjast

---

[14] ASÍ, BSRB, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Kennarasamband Íslands, Landvernd, Mannréttindaskrifstofa Íslands, MFÍK, Náttúruverndarsamtök Íslands, Landssamband eldri borgara, SÍB, Ungmennafélag Íslands, Unifem á Íslandi, Þjóðkirkjan og Öryrkjabandalag Íslands.

jafnrétti í reynd. Þá leggur hreyfingin til að við 71. gr., sem fjallar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, verði bætt setningu sem kveður á um að allir skuli njóta mannhelgi og verndar gegn ofbeldi á opinberum vettvangi sem og í einkalífi verndar og öryggis gegn ofbeldi á opinberum vettvangi sem og í einkalífi og að allir skuli njóta líkamlegs sjálfsforræðis. Vitnar Kennahreyfingin meðal annars til nýlegra stjórnarskrárbreytinga í Finnlandi, Grikklandi, Þýskalandi, Suður-Afríku, Kólumbíu og Brasilíu sem eftirtektarverðra fyrirmynda.

Barnaheill leggja til að ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins öðlist stjórnarskrárvernd því að þannig verði velferð og réttindi íslenskra barna tryggð sem allra best.

Mannvernd leggur til að hert verði á ákvæðum stjórnarskrárinnar varðandi friðhelgi einkalífs. Slík endurskoðuð ákvæði þyrftu að leiða af sér að notkun á kennitölu Hagstofu Íslands væri heft, dreifingu á þjóðskrá væri hætt og hún eingöngu notuð við opinbera stjórnsýslu, söfnun á persónubundnum gögnum væri óheimil nema úrvinnsla væri nauðsynleg og réttmæt og að viðkomandi væri kunnugt um áformin, persónubundin gögn, sem aflað væri í gefnum tilgangi, væri ekki unnt að nota í öðrum tilgangi, persónubundnum gögnum væri eytt þegar réttmætri notkun væri lokið.

Skýrslutæknifélag Íslands tekur í svipaðan streng þegar það segir að notkun manna á Netinu sé almennt skráð. Af því leiðir að eftirlitsmöguleikar séu gríðarlegir án þess að fólk geri sér grein fyrir því. Standa verði vörð um friðhelgi einkalífs. Ian Watson hefur hins vegar sent nefndinni erindi um ágæti kennitölu eins og hún er notuð á Íslandi og færir rök fyrir því að ekki sé um vandamál að ræða frá sjónarhóli persónuverndar.

Þá hefur Einar Thorlacius, sveitarstjóri Reykhólahrepps, varpað því fram til umhugsunar fyrir stjórnarskrárnefnd hvort réttur almennings, til að löggæslu sé haldið uppi í öllum sveitarfélögum landsins, teljist ekki til mannréttinda sem jafnvel sé rétt að geta í stjórnarskrá.

Jóhann J. Ólafsson leggur til að svohljóðandi ákvæði verði bætt við 72.gr. stjórnarskrárinnar: „Öllum ber réttur til að eiga eignir. Stuðla ber að því að eignir séu í einkaeign einstaklinga. Opinberar eignir eru til bráðabirgða þar til hægt er að koma þeim í einkaeign. Almenningar skulu haldast eða breytt í einkaeign."

### 9.3. Umræður í nefndinni

Ekki eru nema 12 ár síðan mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var tekinn til gagngerrar endurskoðunar til samræmis við alþjóðasáttmála og í góðu samkomulagi allra stjórnmálaflokka. Nefndin hefur því litið svo á að endurskoðun annarra kafla stjórnarskrárinnar væri brýnni á fyrri vinnustigum nefndarinnar.

Á hinn bóginn verður ekki horft fram hjá því að fjöldi erinda hefur borist sem vitnar um áhuga einstaklinga og félagasamtaka á því að mannréttindakaflinn verði endurbættur. Sérstaklega eftirtektarvert er framtak kvennahreyfinga sem efndu til sérstakrar ráðstefnu til að stilla saman strengi sína og undirbúa sameiginlegar tillögur til stjórnarskrárnefndar.

Meðal þess sem sérsaklega hefur verið rætt í nefndinni er hvort endurskoða beri ákvæðin um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs. Er þá meðal annars vísað til þess ítarlega tjáningarfrelsisákvæðis sem sett var í norsku stjórnarskrána árið 2004. Þá hefur einnig verið nefnt að upptalning mannréttinda í núgildandi stjórnarskrá sé í raun harla fátækleg í samanburði við alþjóðlegar og svæðisbundnar mannréttindareglur um borgara-, efnahags-, félags-, menningar- og stjórnmálaleg réttindi.

Á það hefur verið bent innan nefndarinnar að áhrif stjórnarskrárbreytinganna 1995 á íslenska réttarframkvæmd hafi verið mjög mikil, samhliða almennri vakningu í þjóðfélaginu um þessi efni bæði meðal borgaranna og allra handhafa ríkisvalds. Sumir telja reyndar að dómstólar gangi stundum of langt í að túlka þau réttindi sem kveðið er á um í mannréttindakaflanum. Af þeim sökum sé rétt að bíða átekta um sinn á meðan dómaframkvæmd er að ná meiri festu og stöðugleika áður en ráðist yrði í viðamiklar breytingar á þessum kafla.

Flest erindi, sem hafa borist stjórnarskrárnefnd varðandi breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, lúta að tiltölulega afmörkuðum atriðum í mannréttindaákvæðum og endurspegla hagsmuni þeirra félagasamtaka og einstaklinga sem sent hafi inn erindi. Fram hafa komið sjónarmið um að varasamt sé að breyta afmörkuðum stjórnarskrárákvæðum um mannréttindi án þess að huga þá samtímis að mörgum öðrum atriðum sem einnig þyrfti að breyta til samræmis, án tillits til þess hvort erindi hafi borist þar um. Í raun þyrfti þá að fara fram ný heildarendurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar sem eðlilegra væri að vinna í stærra samhengi. Því hefur verið talið æskilegra að skoða nánar breytingar sem hefðu almennara gildi. Í því sambandi hefur verið rætt um að í inngangsákvæði í I. kafla stjórnarskrárinnar yrði vísað til þess að mannréttindi séu einn hornsteina íslenskrar stjórnskipunar en tillaga þess efnis hefur þegar komið fram í starfi stjórnarskrárnefndar. Jafnframt verði sett ákvæði í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar þar sem lýst yrði yfir skyldu stjórnvalda til að virða og tryggja mannréttindi með hliðsjón af alþjóðlegum mannréttindaskuldbindingum sem Ísland er aðili að og að slíkum skuldbindingum skuli komið í framkvæmd samkvæmt lögum.

## 10. Utanríkismál

### 10.1. Inngangur

Núgildandi stjórnarskrá er fáorð um utanríkismál. Í 21. grein hennar segir að forseti lýðveldisins geri samninga við önnur ríki. Þó geti hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til.

### 10.2. Ýmsar tillögur

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt fram á Alþingi frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem kveður á um að samþykki Alþingis þurfi að liggja fyrir áður en heitið er þátttöku eða stuðningi Íslands í stríði gegn öðru ríki.[15] Þá er í þingsályktunartillögu þingmanna Samfylkingarinnar hvatt til að framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana sem vinna að friði og frelsi í viðskiptum sé heimilað.[16]

Þjóðarhreyfingin leggur til lögfestingu nýs ákvæðis um að íslenskur her verði aldrei settur á stofn og að Ísland fari ekki með stríð á hendur neinu öðru ríki eða þjóð. Enn fremur að ríkisstjórn Íslands verði bannað að styðja í orði eða verki hernaðaríhlutun erlends ríkis eða ríkjasamtaka gegn öðrum ríkjum nema öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafi veitt ótvíræða heimild til hennar og Alþingi Íslendinga styðji þá ákvörðun.

Samtök herstöðvaandstæðinga leggja til að það verði bundið í stjórnarskrá að á Íslandi verði aldrei stofnaður her né herskylda leidd í lög. Þá verði bundið í stjórnarskrá að Ísland

---

[15] 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 726 – 474. mál, og 132. löggjafarþing 2005–2006, þskj. 55 – 55. mál.

[16] 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 9 – 9. mál.

fari aldrei með ófriði á hendur öðrum þjóðum né styðji á nokkurn hátt slíkar aðgerðir annarra ríkja.

Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum, minnir á að samkvæmt gildandi stjórnskipunarrétti sé óheimilt að skerða valdheimildir ríkisvaldsins með alþjóðasamningum. Stjórnarskrárbreytingu þurfi til. Ef til standi að auðvelda þetta þá sé mikilvægt að í það minnsta mæla fyrir um aukinn meirihluta á Alþingi, t.d. þrjá fjórðu greiddra atkvæða. Jafnframt væri eðlilegt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu þegar um verulegt framsal á einhverjum þætti ríkisvalds sé að ræða.

### 10.3. Umræður í nefndinni

Gildandi ákvæði gerir ráð fyrir að réttur til að gera samninga við önnur ríki og alþjóðastofnanir sé í höndum stjórnvalda. Þó megi þau enga slíka samninga gera, ef þeir hafa fólgið í sér afsal á landi eða landhelgi, nema með samþykki þingsins. Sama á við ef framfylgd þeirra að landsrétti kefst lagabreytinga. Engar beinar heimildir eru hins vegar til að framselja ríkisvald eða kveða á um meðferð þess í samstarfi við aðrar þjóðir eins og alþjóðlegt samstarf gerir í vaxandi mæli ráð fyrir. Heimildir til þess hafa þó með lögskýringum og -túlkunum verið taldar vera fyrir hendi.

Að undanförnu hafa komið fram ábendingar um að ástæða kunni að vera til að huga sérstaklega að meðferð valdheimilda ríkisins í samskiptum við aðrar þjóðir og fjölþjóðlegar stofnanir í því skyni að greiða fyrir samvinnu Íslands á alþjóðavettvangi. Eins og nefnt hefur verið geyma ákvæði stjórnarskrárinnar engar settar heimildir til framsals ríkisvalds. Aukið alþjóðlegt samstarf stjórnvalda við önnur ríki og alþjóðastofnanir hefur þó ítrekað reynt á þanþol stjórnarskrárinnar að þessu leyti, sbr. aðildina að EES-samningnum og Schengen. Aðildin að EES var á sínum tíma ekki talin fela í sér framsal ríkisvalds. Þess vegna var hún talin heimil án breytinga á stjórnarskrá. Framkvæmd samningsins er hins vegar í stöðugri þróun. Mat fræðimanna á því hvort aðild að EES væri heimil án breytinga á stjórnarskrá byggðist á því að stjórnarskráin heimilaði takmarkað framsal ríkisvalds með samningum um einstök málefni. Í þessu sambandi hafa fræðimenn bent á að þótt takmarkað framsal ríkisvalds með samningum um einstök málefni hafi verið talið samrýmanlegt stjórnarskránni sé fyrirsjáanlegt að aukin alþjóðleg samvinna, einkum milli Evrópuríkja, muni kalla á frekara framsal ríkisvalds. Að því kunni að koma að talið verði að framsal hafi átt sér stað í of ríkum mæli miðað við reglur stjórnarskrárinnar eins og þær eru nú. Það er því eðlilegt, þegar horft er fram á vaxandi alþjóðlegt samstarf í framtíðinni, að undirbúa og framkvæma breytingar á íslensku stjórnarskránni til þess að koma í veg fyrir að sérstakur vafi rísi í hvert sinn sem stofnað er til samstarfs um tiltekinn málaflokk.

Jafnframt hefur verið rætt um hvaða aðferðum beri að beita til að taka ákvarðanir um framsal ríkisvalds, t.d. hvort beri að kveða á um að aukinn meirihluta á Alþingi þyrfti fyrir slíkri ákvörðun eða setja jafnvel þjóðaratkvæðagreiðslu sem skilyrði.

Þá hafa komið fram hugmyndir um að bæta ákvæði í stjórnarskrána um að áður en ákvörðun sé tekin um meiri háttar utanríkismál skuli haft samráð við utanríkismálanefnd Alþingis.

## 11. Stjórnarskrárbreytingar

### 11.1. Inngangur

Samkvæmt 79. gr. núgildandi stjórnarskrár verður henni breytt með samþykki einfalds meirihluta á tveimur þingum enda fari fram kosningar á milli. Stjórnarskrárbreytingar eru þannig einungis bornar undir þjóðina með óbeinum hætti. Þótt formlega sé krafist einfalds

meirihluta á þingi hefur í raun yfirleitt verið víðtækari samstaða á þingi um stjórnarskrárbreytingar.

### 11.2. Ýmsar tillögur

Kristinn H. Gunnarsson hefur mælt fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga á 133. löggjafarþingi þar sem meðal annars er kveðið á um að stjórnarskrárbreytingar skuli leggja undir þjóðaratkvæði eftir að þær hafa verið samþykktar á tveimur þingum.[17]

Samband ungra sjálfstæðismanna leggur til að „að tekin verði upp sú regla að til þess að hægt verði að breyta stjórnarskrá þurfi að ná samþykki 2/3 hluta alþingismanna, en nú er ekki kveðið á um aukinn meirihluta. Í kjölfarið skuli boða til almennra kosninga, eins og nú, en samhliða þeim kosningum skuli breytingarnar þó bornar undir atkvæði þjóðarinnar til samþykkis eða synjunar. Einfaldur meirihluti nægi til að samþykkja breytingarnar."

Þjóðarhreyfingin leggur til að breytingar á stjórnarskránni skuli bera undir kjósendur í sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem eingöngu stjórnarskrármálið sé á dagskrá.

BHM leggur til að stjórnarskrá verði sett og henni breytt óháð þingkosningum, svo sem með sjálfstæðu stjórnlagaþingi eða þjóðaratkvæði.

Þorkell Helgason stærðfræðingur hefur látið í ljósi þá skoðun að brýnasta stjórnarskrárbreytingin nú sé að gera það erfiðara að breyta stjórnarskránni og ætti það að vera eina breytingin að þessu sinni. Æskilegast sé að kveða svo á um að stjórnarskrárbreytingu, sem Alþingi hafi samþykkt, skuli bera tafarlaust undir þjóðaratkvæði.

### 11.3 Umræður í nefndinni

Í nefndinni hafa umræður snúist um það hvort rétt sé að gera ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar. Taka þyrfti afstöðu til þess hvort slíkt ætti að gilda um allar stjórnarskrárbreytingar eða hvort heimila ætti til dæmis auknum meirihluta þingmanna að breyta stjórnarskránni án þess að til þjóðaratkvæðis kæmi.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að leggja til að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi sér alltaf stað um stjórnarskrárbreytingar og að gert verði kleift að kjósa um þær óháð reglulegum alþingiskosningum. Hefur forsætisráðherra verið sent tillaga þar að lútandi í frumvarpsformi.

Bent hefur verið á að við þessa breytingu sé jafnvel enn brýnna en áður að taka á því í framhaldi starfs nefndarinnar hver sé til þess bær að leggja mat á hvort tiltekin stjórnarathöfn, breyting á löggjöf eða annað kalli á breytingu á stjórnarskrá. Hefur verið tekið dæmi af valdframsali á grundvelli EES-samningsins sem óvissa hafi verið um hvort stæðist gagnvart stjórnarskrá.

## 12. Umhverfisvernd

### 12.1. Inngangur

Ekki er að finna í núgildandi stjórnarskrá neitt ákvæði um umhverfisvernd. Slík ákvæði eru hins vegar undantekningarlítið í nýlegri evrópskum stjórnarskrám sem ber vott um mikilvægi málaflokksins þótt vissulega séu þau útfærð með ákaflega mismunandi hætti.

### 12.2. Ýmsar tillögur

Landvernd hefur mælt fyrir svohljóðandi ákvæði um umhverfisvernd: „Heilnæmt vatn og loft, náttúran og fjölbreytni hennar, landslag, annað umhverfi og aðgengi að náttúru eru gæði

[17] 133. löggjafarþing 2006–2007, þskj. 12 – 12. mál.

sem allir bera ábyrgð á að nýtt séu með sjálfbærum hætti. Jafnframt skulu borgarar landsins sýna aðgát þannig að náttúru landsins og auðlindum sé ekki spillt. Stjórnvöldum ber að leggja sig fram um að tryggja öllum rétt til heilnæms vatns, lofts og annars umhverfis og aðgengis að náttúru. Allir skulu hafa aðgengi að upplýsingum og ákvörðunum er varða þessa þætti.“ Náttúruvaktin hefur lýst því yfir að hún styðji tillögur Landverndar. Hún hefur enn fremur lagt til svohljóðandi ákvæði varðandi almanna- og umferðarrétt: „Almenningi skal tryggður umferðarréttur um land, ár og vötn og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Þeir er fara um landið skulu sýna fyllstu aðgát og ganga vel um þannig að náttúru landsins og auðlindum sé ekki spillt.“

Þá hefur Herdís Þorvaldsdóttir leikkona lagt til ákvæði um að óheimilt sé að ganga á gróður landsins með rányrkju, lausagöngu búfjár og tínslu á villtum blómjurtum til iðnaðar.

Þá hefur áður verið getið tillögu BSRB og fleiri samtaka um vatn fyrir alla.

### 12.3. Umræður í nefndinni

Hugsanlegt ákvæði um umhverfisvernd var meðal þess sem tekið var til skoðunar í einum af þremur vinnuhópum sem stjórnarskrárnefnd setti á laggirnar. Þar var fjallað um reynslu af nýlegum norskum og finnskum stjórnarskrárákvæðum um þetta efni.

Hvað varðar efni hugsanlegs stjórnarskrárákvæðis um umhverfismál í íslensku stjórnarskránni var bent á þrjá meginþætti sem eðlilegt væri að taka tillit til. Í fyrsta lagi þátttökuréttindin, þ.e. um rétt manna til að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða umhverfið, í öðru lagi sjálfbæra þróun og í þriðja lagi tilvísun til líffræðilegrar fjölbreytni. Í þessu sambandi væri hugtakið „sjálfbær þróun“ nokkurs konar yfirhugtak sem rétt væri að telja fyrst sem meginmarkið en á eftir kæmu hin tvö. Síðan yrði inntak hugtakanna, sem er mjög víðtækt, skýrt nánar í greinargerð. Þá var lögð áhersla á að framsetning umhverfisákvæðis hlyti að felast í því að lýsa yfir þessum markmiðum en jafnframt yrði tilgreint í stjórnarskrárákvæðinu að nánar skyldi mælt fyrir um þessi efni í lögum. Eftir sem áður hefði löggjafinn því svigrúm til þess að ákveða hvaða leiðir skuli fara til þess að ná þessum markmiðum. Þannig myndi stjórnarskrárákvæðið ekki búa til sjálfstæðar efnisreglur en þó gera dómstólum kleift að meta t.d. hvort stjórnvaldsákvarðanir eða löggjöf fari bersýnilega gegn þessum grundvallarmarkmiðum.

Þegar niðurstaða vinnuhópsins var rædd í stjórnarskrárnefnd kom fram til viðbótar tillaga um að í nýju stjórnarskrárákvæði yrði vísað í meginreglur Ríó-yfirlýsingarinnar.

## 13. Eignarhald á auðlindum, meðferð þeirra og nýting

### 13.1. Inngangur

Ekki er neitt ákvæði um eignarhald á auðlindum, meðferð þeirra og nýtingu í núgildandi stjórnarskrá ef frá er talið ákvæði 40. gr. um að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

### 13.2. Ýmsar tillögur

Í skýrslu sinni frá árinu 2000 lagði auðlindanefnd til að tekið yrði upp nýtt ákvæði í VII. kafla stjórnarskrárinnar þar sem náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti yrðu lýstar þjóðareign. Var tillagan svohljóðandi:

> Náttúruauðlindir og landsréttindi, sem ekki eru háð einkaeignarrétti, eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi, að því tilskildu að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slík heimild nýtur verndar sem óbein eignarréttindi.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt og á grundvelli sjálfbærrar þróunar og skal arði af þeim varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim, svo og til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti.

Stjórnarskrárnefnd hafa ekki borist margar tillögur um þetta efni. Þó hefur Samband ungra sjálfstæðismanna mótmælt hugmyndum um að lýsa yfir sameign á auðlindum. Hugtakið „sameign þjóðarinnar" sé marklaust í eignarréttarlegum skilningi. Hið íslenska félag áhugamanna um stjórnskipan leggst einnig gegn slíku ákvæði og segir að sameignarskipulag hafi ekki reynst vel. Þá hefur stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða farið fram á að við umfjöllun stjórnarskrárnefndar um eignarrétt virði hún rétt eigenda sjávarjarða meðal annars innan netlaga.

### 13.3. Umræður í nefndinni

Sérstakur vinnuhópur fjallaði um þetta efni ásamt öðru, sbr. inngangskafla.

Umræður um þetta efni hafa byggst á starfi auðlindanefndar en jafnframt hefur verið minnt á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segi að binda skuli í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar.

Þegar tillaga auðlindanefndar var rædd í stjórnarskrárnefnd kom fram það sjónarmið að taka þyrfti fram berum orðum að villtir fiskistofnar væru sameign þjóðarinnar. Í umræðum í nefndinni komu einnig fram mismunandi sjónarmið um það hvort tillaga auðlindanefndar fæli í sér breytingar eða staðfestingu á núverandi ástandi. Einnig var kallað eftir því í umræðum að gerð yrði úttekt á því hvaða lögfræðilegu- og hagfræðilegu álitamál kynnu að rísa í kjölfar samþykktar slíks ákvæðis. Þá þyrfti að liggja betur fyrir hvað fælist í óbeinum eignarréttindum, til dæmis varðandi fiskveiðiheimildir. Aðrir hafa sagt að ekki sé þörf á viðbótarálitsgerðum og ekki ætti að vera torvelt að ná samkomulagi um ákvæði af þessu tagi. Það mætti þó slípa ákvæðið til. Þannig komu fram athugasemdir við að samkvæmt tillögu auðlindanefndar væri skylt í öllum tilfellum að innheimta gjald vegna afnota af auðlindum í þjóðareigu.

## 14. Annað

### 14.1. Inngangur

Stjórnarskrárnefnd hafa borist ýmsar tillögur sem ekki verða beint felldar í ofangreinda flokka. Verða þær nú reifaðar og greint frá viðbrögðum stjórnarskrárnefndar að svo miklu leyti sem þau liggja fyrir.

### 14.2. Ýmsar tillögur

Samtök herstöðvaandstæðinga leggja til að það verði bundið í stjórnarskrá að Ísland og íslensk lögsaga verði friðlýst fyrir kjarnorku-, efna- og sýklavopnum eða öðrum þeim vopnum sem flokka má sem gereyðingarvopn.

Lýðræðishópurinn gerir tillögur um aukið gegnsæi í lýðræðislegu samfélagi: Með lögum skuli tryggja rétt almennra borgara til upplýsinga um áform, ákvarðanir, samninga og framkvæmdir lögaðila um mál er varða almannahag. Þá verði stjórnmálaflokkum, sem boða til Alþingiskosninga, skylt að lögum að gera grein fyrir fjármögnun sinni, lögum og stefnuskrá.

Fjölmiðlum verði skylt að lögum að gera grein fyrir fjármögnun sinni, eigendum og ritstjórnarstefnu.

Skýrslutæknifélag Íslands gerir tillögu um skylt verði að birta lög og reglur með rafrænum hætti.

Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt telur að hugtakið lífsgæði og skilgreining þess eigi heima sem réttur sem sé varinn í stjórnarskránni við hlið ákvæðis eins og eignarréttar. Vísar hann meðal annars til þess að á sviði umhverfis-, heilbrigðis- og menntamála hafi verið sett lög sem tryggja eiga lífsgæði manna og góð lífsskilyrði.

### 14.3. Umræður í nefndinni

Ekki er samstaða um það í nefndinni að þörf sé á því að binda í stjórnarskrá að Ísland sé kjarnorkuvopna-, efna- eða sýklavopnalaust.

Varðandi rétt almennings til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum þá hefur verið minnt á að í gildi séu upplýsingalög, nr. 50/1996, sem veiti slíkan rétt.

Þá hafa nýverið verið sett lög um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, sbr. l. nr. 162/2006.

Til meðferðar á Alþingi er einnig frumvarp menntamálaráðherra um breytingar á útvarpslögum, prentlögum og samkeppnislögum þar sem fylgt er eftir tillögum í skýrslu fjölmiðlanefndar er lúta meðal annars að eignarhaldi fjölmiðla, fjármögnun og ritstjórnarlegu sjálfstæði. Er því ekki þörf á þessu stigi að fjalla nánar um málið á vettvangi stjórnarskrárnefndar.

## 15. Lokaorð

Hér hefur verið gefið yfirlit yfir helstu álitaefni sem komið hafa til umræðu í störfum stjórnarskrárnefndar undanfarin tvö ár. Er það von nefndarinnar að með því sé unnt að byrja að þrengja hringinn um þær stjórnarskrárbreytingar sem hægt sé að ná samstöðu um á næsta kjörtímabili. Vill nefndin þakka þeim fjölmörgu einstaklingum og félagasamtökum sem hafa sýnt starfi hennar áhuga. Jafnframt er lögð áhersla á að þegar tillögur fara að taka á sig formlegri mynd þá verði almenningi gefinn kostur á að leggja orð í belg að nýju. Markmiðið hlýtur að vera að stjórnarskráin endurspegli sem best þjóðarvilja en skapi um leið hæfilega umgjörð um blómlegt mannlíf þar sem virðing er borin fyrir mannréttindum og hóflega farið með ríkisvald í þágu lands og þjóðar.

## VIÐAUKI 1

### Fundargerðir stjórnarskrárnefndar og vinnuhópa

### Fundargerð 1. fundar stjórnarskrárnefndar

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í Reykjavík hinn 24. janúar 2005 klukkan 10 árdegis. Mætt voru Birgir Ármannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson, Steingrímur J. Sigfússon og Þorsteinn Pálsson. Aðrir nefndarmenn, þau Geir H. Haarde, Jónína Bjartmarz og Össur Skarphéðinsson höfðu boðað forföll.

Formaður nefndarinnar, Jón Kristjánsson, bauð nefndarmenn velkomna. Kvað hann enga formlega dagskrá liggja fyrir fundinum og lagði til að þessi fyrsti fundur nefndarinnar yrði

notaður til að skiptast á skoðunum um fyrirhugað starf hennar. Hann gat þess að sérfræðinganefnd undir forsæti Eiríks Tómassonar prófessors myndi starfa náið með nefndinni. Þá bauð hann velkominn til starfa Pál Þórhallsson lögfræðing í forsætisráðuneytinu sem yrði ritari stjórnarskrárnefndar og sérfræðinganefndarinnar. Jörundur Valtýsson, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu, yrði einnig nefndinni innan handar eftir þörfum.

**2. Hlutverk nefndarinnar**

Formaðurinn vakti máls á hlutverki nefndarinnar, sem samkvæmt erindisbréfi væri vítt. Leiðarljósið hlyti að vera sú spurning hvers konar stjórnarskrá hæfði best opnu lýðræðissamfélagi. Fyrstu vikur og mánuðir myndu fara í upplýsingaöflun með hjálp sérfræðinganefndarinnar. Síðan væri hægt að þrengja hringinn um helstu áhersluatriði í endurskoðunarvinnunni. Ástæðan fyrir því að tilteknir kaflar stjórnarskrárinnar væru nefndir sérstaklega í erindisbréfinu hlyti að vera sú meðal annars að aðrir kaflar hefðu nýlega verið endurskoðaðir. Eins yrði heildarendurskoðun auðvitað afar mikið verk. Þá lagði formaðurinn áherslu á að nefndin nálgaðist verk sitt án tillits til einstakra atburða eða einstaklinga. Nefndarmenn lýstu ánægju með orð formannsins og tóku undir að gengið yrði til verks með opnum huga. Fram komu þó athugasemdir við að ekki skyldi haft meira samráð milli flokkanna áður en skipunarbréfið var sent út og eins við tímarammann sem nefndinni væri settur.

**3. Kynningarstarf**

Formaðurinn minnti á að nefndin ætti að hafa það að leiðarljósi að starfa fyrir opnum tjöldum og gefa almenningi kost á að leggja orð í belg. Til stæði að opna heimasíðu og óskaði hann eftir frekari hugmyndum frá nefndarmönnum um það hvernig best væri að standa að kynningarmálum. Nefndarmenn tóku undir að nauðsynlegt væri að stuðla að víðtækri og upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um stjórnarskrána og endurskoðun hennar. Rætt var um að efna á einhverju stigi til funda víðs vegar um land til að kynna hugmyndir nefndarinnar. Þá kom fram sú hugmynd að efna á einhverju stigi til stjórnlagaþings.

**4. Samskipti við sérfræðinganefndina – gagnaöflun**

Nokkur umræða spannst um hlutverk sérfræðinganefndarinnar. Fram kom að æskilegt væri að sú nefnd aflaði upplýsinga um nýlegar breytingar á stjórnarskrám í vestrænum ríkjum. Var Finnland nefnt í því sambandi, bæði varðandi efnislegar breytingar og það hvernig endurskoðunarvinnan var skipulögð. Þá var nefnt að gott væri að fá greiningu á mismunandi stjórnskipunarfyrirkomulagi í vestrænum lýðræðisríkjum, t.d. varðandi mun á þingbundinni og óþingbundinni stjórn, þær leiðir sem farnar eru til að tryggja jafnvægi milli ólíkra valdastofnana, stöðu forseta þjóðþinga og stöðu þjóðhöfðingja. Einnig væri gott að fá upplýsingar um hvaða mismunandi leiðir væru farnar við uppbyggingu stjórnarskráa. Í þessu sambandi var einnig óskað eftir því að fá frá sérfræðinganefndinni yfirlit yfir þróun stjórnskipunarhugmynda síðari áratugi og hvaða nýjungar væru þar helst á ferð. Þá var einnig nefnt að biðja þyrfti sérfræðinganefndina um að taka saman yfirlit yfir fyrri tilraunir til að breyta stjórnarskránni. Almennt var lögð áhersla á að innlegg sérfræðinganefndarinnar yrði auðskilið fyrir leikmenn svo það mætti nýtast sem best nefndinni og öllum almenningi.

Var ákveðið að fá sérfræðinganefndina á næsta fund til að ræða þessi mál.

**5. Fundargerðir**

Formaðurinn lagði til að fundargerðir nefndarinnar yrðu birtar á heimasíðu nefndarinnar svo almenningur gæti betur fylgst með störfum hennar. Kæmu þar fram þau mál sem tekin hefðu verið fyrir og helstu sjónarmið reifuð án þess að eigna þau nafngreindum nefndarmönnum. Mismunandi viðhorf komu fram um hversu ræki legar fundargerðirnar ættu að vera. Var formanni falið að útfæra þetta nánar með ritara nefndarinnar. Drög að fundargerð yrðu send út nokkru fyrir næsta fund þar sem færi gæfist á að gera athugasemdir við þau.

**6. Næsti fundur**

Ákveðið var að næsti fundur yrði haldinn 14. febrúar 2005 kl. 10 árdegis í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Var ritara falið að gera fyrir þann fund drög að vinnuáætlun fyrir nefndina og yrði umræða um þau aðalefni fundarins.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.15.

**Fundargerð 2. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í Reykjavík hinn 14. febrúar 2005 klukkan 9 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Geir H. Haarde, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir boðaði forföll. Þá var einnig mætt sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Páll Þórhallsson skráði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar. Var hún samþykkt með einni lítilsháttar breytingu. Þá var ákveðið að tillögu formanns að samþykktar fundargerðir stjórnarskrárnefndar yrðu framvegis birtar á heimasíðu nefndarinnar.

Fram kom ósk um að fundargerðir sérfræðinganefndarinnar yrðu lagðar fyrir stjórnarskrárnefnd. Einnig var rætt um hvort akkur væri í því að þær fundargerðir yrðu birtar á heimasíðu stjórnarskrárnefndar. Var formönnum nefndanna falið að skoða það atriði fyrir næsta fund.

**2. Verkaskipting milli stjórnarskrárnefndar og sérfræðinganefndar**

Formaður bað Eirík Tómasson, formann sérfræðinganefndarinnar, að gera grein fyrir starfi nefndarinnar fram til þessa. Eiríkur kvað sérfræðinganefndina hafa hist fjórum sinnum. Væri hún byrjuð að afla gagna bæði innanlands og utan. Þá útskýrði hann þær greinargerðir sem sérfræðinganefndin væri reiðubúin að vinna í samræmi við drög að vinnuáætlun stjórnarskrárnefndar. Jafnframt greindi Eiríkur frá því að sérfræðinganefndin hefði rætt þá hugmynd að halda tvo sérfræðilega fundi á árinu 2005, þann fyrri um hlutverk forseta í lýðveldum og þingræði en hinn síðari um þjóðaratkvæðagreiðslur með þátttöku erlendra sérfræðinga. Kvað Eiríkur nefndina ætla að það væri svo fremur hlutverk stjórnarskrárnefndar að halda almennari ráðstefnur.

Formaður óskaði því næst eftir athugasemdum frá stjórnarskrárnefndarmönnum við orð Eiríks. Varðandi þær greinargerðir sem sérfræðinganefndinni verður falið að vinna kom fram stuðningur við þá hugmynd að teknar yrðu saman skýringar við núgildandi stjórnarskrá. Þá var óskað eftir því að kannaðar yrðu mismunandi leiðir sem farnar hefðu verið við uppbygg-

ingu og framsetningu stjórnarskrártexta. Einnig var ítrekað það sem nefnt var á fyrsta fundi nefndarinnar að fram færi greining á mismunandi stjórnskipunarfyrirkomulagi í lýðræðisríkjum. Þá var nefnt að ekki mætti gleymast að líta á V. kafla stjórnarskrárinnar um dómsvaldið. Loks var óskað eftir því að sérfræðinganefndin gerði úttekt á mismunandi aðferðum við stjórnarskrárbreytingar.

Varðandi ráðstefnuhald lögðu nefndarmenn almennt áherslu á að það yrði sameiginlegt verkefni nefndanna beggja. Var talið æskilegt að byrja á almennri ráðstefnu en þrengja síðar nálgunina. Á slíkri almennri ráðstefnu yrði kallað eftir þeim hugmyndum sem væru úti í þjóðfélaginu um stjórnarskrárbreytingar. Mætti til dæmis líta til reynslu Dana af slíku málþingi sem haldið var fyrir nokkrum árum.

Nefnt var að það kynni að vera vænleg nálgun í endurskoðunarvinnunni að athuga fyrst um hvaða breytingar menn gætu orðið sammála áður en tekið yrði til við að ræða stór ágreiningsmál. Tóku menn dæmi af ákvæðum stjórnarskrár um Landsdóm og setningu bráðabirgðalaga.

Formanni var falið að útfæra nánar hugmyndir um ráðstefnuhald í samráði við sérfræðinganefndina og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta fund.

**3. Vinnuáætlun**

Stutt umræða varð um drög að vinnuáætlun nefndarinnar en vegna tímaskorts var ákveðið að fresta afgreiðslu hennar til næsta fundar.

**4. Önnur mál**

Engin önnur mál voru rædd.

**5. Næsti fundur**

Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 14. mars 2005 kl. 9–11. Ritari myndi senda út fundarboð í tæka tíð ásamt dagskrá.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.

## Fundargerð 3. fundar stjórnarskrárnefndar

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík hinn 14. mars 2005 klukkan 9 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Geir H. Haarde, Guðjón A. Kristjánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Steingrímur J. Sigfússon og Þorsteinn Pálsson. Össur Skarphéðinsson boðaði forföll. Þá var einnig mætt sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram og samþykkt fundargerð síðasta fundar.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Eftirfarandi erindi sem borist hafa nefndinni voru lögð fram: Beiðni frá ríkisstjórninni um að stjórnarskrárnefnd taki skýrslu norrænu lýðræðisnefndarinnar til skoðunar, erindi frá Íslenskri málnefnd um íslensku sem ríkismál og erindi frá Félagi heyrnarlausra um íslenskt táknmál.

**3. Vinnuáætlun**

Endurskoðuð drög að vinnuáætlun voru samþykkt með lítilsháttar breytingum. Fram kom ósk um að áður en haldin yrði almenn ráðstefna yrðu greinargerðir sérfræðinganefndarinnar kynntar stjórnarskrárnefnd á eins konar „seminari".

Ennfremur kom fram það viðhorf að stjórnarskrárnefndin gæti notað tímann fram á sumar til þess að byrja að ræða efnislega einstök ákvæði stjórnarskrárinnar.

**4. Undirbúningur ráðstefnu**

Rætt var um fyrirhugað ráðstefnuhald. Heppilegast var talið að halda almenna ráðstefnu fyrri hluta júnímánaðar í Reykjavík. Ýmsir nefndarmenn guldu varhug við því að afmarka um of fyrirfram hvaða spurningar ætti að ræða á ráðstefnunni, slíkt gæti gefið ranglega til kynna að búið væri að ákveða að hvaða atriðum endurskoðunin ætti að beinast. Á hinn bóginn kom fram það sjónarmið að listi yfir hugsanleg umræðuefni myndi hjálpa til við að gera ráðstefnuna markvissari.

Formanni var falið að leggja drög að dagskrá ráðstefnunnar fyrir næsta fund.

Því var einnig beint til ritara nefndarinnar að taka saman póstlista yfir þá aðila sem gera ætti viðvart um helstu viðburði í endurskoðunarstarfinu, þ. á m. fyrirhugaða ráðstefnu.

**5. Kynningarstarf: upplýsingamiðstöð og heimasíða**

Ritari nefndarinnar kynnti heimasíðu nefndarinnar, stjornarskra.is, sem hleypt var af stokkunum á dögunum. Nokkur umræða spannst um hvernig ætti að meðhöndla bréf sem nefndinni berast. Var ákveðið að birta að meginstefnu öll nafngreind erindi og bréf sem berast nema þau færu í bága við lög og almennt velsæmi enda væri um að ræða innlegg í opinbera umræðu. Ritari nefndarinnar gæti borið vafamál undir nefndina ef einhver væru. Þá var honum falið að setja saman leiðbeiningar til almennings varðandi erindi og bréf til nefndarinnar sem birtar yrðu á heimasíðunni. Jafnframt var ákveðið að halda aðgreindum á heimasíðunni erindum frá félagasamtökum og stofnunum annars vegar og bréfum frá einstaklingum hins vegar.

Fram komu fleiri ábendingar um heimasíðuna, eins og um þörfina á lista yfir allt það ítarefni sem nefndirnar viðuðu að sér. Eftir föngum ætti einnig að setja inn á heimasíðuna þau gögn sem til væru á rafrænu formi og gera hana að eins konar gagnabanka um endurskoðunarstarfið.

Samþykkt var að tillögu formanns að boða til fréttamannafundar síðar í sömu viku til að kynna nýsamþykkta vinnuáætlun og upplýsingabás um endurskoðun stjórnarskrárinnar í Þjóðarbókhlöðunni.

**6. Næsti fundur**

Næstu fundir voru ákveðnir miðvikudaginn 30. mars 2005 kl. 9–11 og mánudaginn 25. apríl í Þjóðmenningarhúsinu. Ritari myndi senda út fundarboð í tæka tíð ásamt dagskrá.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.

**Fundargerð 4. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík hinn 11. apríl 2005 klukkan 9 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Geir H. Haarde, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson (formaður), Steingrímur J. Sigfússon og Þor-

steinn Pálsson. Aðrir voru forfallaðir. Þá var einnig mætt sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Formaður baðst velvirðingar á því að fresta hafði orðið fundinum sem áformaður var 30. mars sl. Þá nefndi hann blaðamannafund sem haldinn var 17. mars s.l. í Þjóðarbókhlöðunni þar sem vinnuáætlun var kynnt og upplýsingabás opnaður. Hefði þessi kynning heppnast í alla staði vel.

Lögð var fram og samþykkt fundargerð síðasta fundar.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Lögð voru fram og rædd erindi sem hafa borist nefndinni frá Þjóðarhreyfingunni og Siðmennt sem og bréf frá nokkrum einstaklingum.

**3. Undirbúningur ráðstefnu**

Formaður lagði fram drög að dagskrá ráðstefnu sem haldin yrði 11. júní nk. ásamt drögum að bréfi til almennra félagasamtaka þar sem leitast yrði eftir virkri þátttöku af þeirra hálfu. Yfirskrift ráðstefnunnar yrði „Stjórnarskrá til framtíðar“ og að loknum almennum inngangserindum yrðu þrjár málstofur um: lýðræði, þrískiptingu ríkisvalds og Ísland í alþjóðlegu umhverfi. Almennum félagasamtökum yrði boðið að senda inn hugmyndir og tillögur fyrir 15. maí 2005 og ósk um það í hvaða málstofu á ráðstefnunni þau myndu vilja fá orðið. Ekki yrði gengið endanlega frá dagskrá af hálfu formanns fyrr en sá frestur væri liðinn.

Nefndarmenn lýstu ánægju með dagskrárdrögin. Var því beint til ritara að auk bréfs til félagasamtaka þar sem ráðstefnan væri kynnt þyrfti að birta auglýsingu í dagblöðum.

Þá voru nefndarmenn minntir á að láta ritara vita í hvaða málstofum þeir vildu sitja í pallborði þar sem þeim gæfist færi á að bregðast við hugmyndum félagasamtaka.

**4. Skoðanaskipti um einstök ákvæði stjórnarskrárinnar**

Ekki vannst tími til að ræða þennan lið. Fram kom það sjónarmið að þörf væri á að ræða fljótlega hvaða form menn sæju fyrir sér á endurskoðaðri stjórnarskrá, hvort hún ætti að vera gagnorð eða í lengra lagi og eins hvernig hún ætti að vera uppbyggð. Var ákveðið að stefna að því að taka frá heilan dag, þ.e. 1. júní 2005, til að hefja hina efnislegu umræðu.

**5. Önnur mál**

Eiríkur Tómasson rakti starf sérfræðinganefndarinnar frá síðasta fundi. Unnið væri að þeim greinargerðum sem ákveðnar hefðu verið í vinnuáætlun stjórnarskrárnefndar. Þá hefði nefndin átt gagnlegar viðræður við Veli-Pekka Viljanen, prófessor við lagadeild Háskólans í Turku, en hann flutti erindi á ráðstefnu um mannréttindakafla stjórnarskrárinnar sem haldin var í Reykjavík 8. apríl sl. Viljanen var ritari stjórnarskrárnefndarinnar sem undirbjó endurskoðun finnsku stjórnarskrárinnar á árunum 1995–2000.

Þá kynnti Kristján Andri Stefánsson drög að dagskrá málþings sem Lögfræðingafélagið hyggst efna til 16. september 2005 um þjóðaratkvæðagreiðslur og þátttöku almennings í ákvörðunartöku um opinber málefni. Var samþykkt að stjórnarskrárnefnd myndi verða aðili að málþinginu.

**6. Næstu fundir**

Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 25. apríl 2005 kl. 9–11 í Þjóðmenningarhúsinu. Ritari myndi senda út fundarboð í tæka tíð ásamt dagskrá. Þá var ákveðið að halda heils dags fund miðvikudaginn 1. júní 2005.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 10.30.

## Fundargerð 5. fundar stjórnarskrárnefndar

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík hinn 25. apríl 2005 klukkan 9 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Geir H. Haarde, Guðjón A. Kristjánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz og Þorsteinn Pálsson. Aðrir voru forfallaðir. Þá voru einnig mætt úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður) og Gunnar Helgi Kristinsson. Kristján Andri Stefánsson hafði boðað forföll. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram og samþykkt fundargerð síðasta fundar.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Lögð voru fram og rædd erindi sem hafa borist nefndinni frá Merði Árnasyni alþingismanni og Pétri Sigurgeirssyni fyrrverandi biskup.

**3. Undirbúningur ráðstefnu**

Ritari gaf yfirlit yfir undirbúning ráðstefnu. Drög að dagskrá ásamt áskorun til félagasamtaka um að senda inn óskir um þátttöku hefðu verið auglýst í dagblöðum. Þá hefði ýmsum félagasamtökum verið sent bréf sama efnis.

Fram komu athugasemdir við að háskólum skyldi hafa verið sent bréf því þar væri ekki um félagasamtök að ræða. Af hálfu formanns var því svarað til að innan háskólanna gætu verið félög sem áhuga hefðu á þátttöku í ráðstefnuni. Einnig komu fram nokkrar uppástungur um fleiri félög sem mætti senda bréf.

Var ritara falið að senda út fleiri bréf í samræmi við athugasemdir sem fram hefðu komið.

Þá voru nefndarmenn minntir á að láta ritara vita í hvaða málstofum þeir vildu sitja í pallborði þar sem þeim gæfist færi á að bregðast við hugmyndum félagasamtaka.

**4. Skoðanaskipti um einstök ákvæði stjórnarskrárinnar**

Formaður minnti á að ákveðið hefði verið að taka frá heilan dag, 1. júní 2005, fyrir næsta fund til þess að gefa svigrúm fyrir rækilega efnislega umræðu. Lagði hann til að sá fundur hæfist með því að sérfræðinganefndin kynnti sínar greinargerðir. Síðan yrði fundarmönnum gefinn kostur á að viðra hugmyndir sínar um áhersluatriði í endurskoðunarvinnunni.

Fram kom ósk um að sérfræðinganefndin sendi greinargerðir sínar til stjórnarskrárnefndarmanna í tæka tíð fyrir fundinn þannig að ráðrúm gæfist til að kynna sér efni þeirra.

Þá var einnig samþykkt að verja tíma á fundinum 1. júní 2005 til að ræða form og uppbyggingu endurskoðaðrar stjórnarskrár.

**5. Önnur mál**

Önnur mál voru ekki rædd.

**6. Næsti fundur**

Næsti fundur var ákveðinn miðvikudaginn 1. júní 2005 kl. 9–17 í Svartsengi. Ritari myndi senda út fundarboð í tæka tíð ásamt dagskrá.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 10.15.

## Fundargerð 6. fundar stjórnarskrárnefndar

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Eldborg við Svartsengi á Suðurnesjum hinn 1. júní 2005 klukkan 9 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Geir H. Haarde, Guðjón A. Kristjánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Steingrímur J. Sigfússon og Þorsteinn Pálsson. Össur Skarphéðinsson var forfallaður. Þá var einnig mætt sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram og samþykkt fundargerð síðasta fundar.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Lögð voru fram og rædd erindi sem hafa borist nefndinni frá BSRB, Sérnefnd Alþingis um stjórnarskrármál, Samtökunum 78, Öryrkjabandalagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Undirbúningshópi kvenna um stjórnarskrárbreytingar, Sambandi ungra sjálfstæðismanna, Samtökum herstöðvaandstæðinga, Frjálshyggjufélaginu, Hinu íslenska félagi áhugamanna um stjórnskipan, Samtökum um aðskilnað ríkis og kirkju, Heimssýn, Lýðræðishópnum, Barnaheillum, BHM og Halldóri G. Einarssyni.

**3. Sérfræðinganefnd kynnir greinargerðir sínar**

Lögð voru fram drög að greinargerðum sérfræðinganefndarinnar: Ágrip af sögu stjórnarskrárinnar, skýringar við einstakar greinar stjórnarskrárinnar og þróun stjórnskipunar í Evrópu frá stríðslokum.

Drögin voru rædd og gerðar við þau ýmsar athugasemdir, bæði efnislegar og eins um að það þyrfti að koma fram í formála hvers eðlis greinargerðirnar væru. Var sérfræðinganefndinni falið að endurskoða drögin í ljósi þeirra athugasemda sem fram hefðu komið og yrðu þau tekin aftur til umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar.

**4. Skoðanaskipti um einstök ákvæði stjórnarskrárinnar – flokkarnir kynna sín stefnumál**

Vegna tímaskorts var þessum lið frestað til næsta fundar. Varð samkomulag um að haga umræðunni þannig að nefndarmenn myndu fyrst kynna hugmyndir sínar í stórum dráttum áður en farið yrði að ræða einstök ákvæði.

**5. Form og uppbygging endurskoðaðrar stjórnarskrár**

Rætt var um uppbyggingu endurskoðaðrar stjórnarskrár. Voru ýmsir nefndarmenn því fylgjandi að ef uppröðun kafla yrði breytt þá yrði hún eitthvað á þann veg að í fyrsta kafla yrðu ákvæði um höfuðeinkenni þjóðskipulagsins, í öðrum kafla um grundvallarréttindi, í þriðja kafla um Alþingi, þá um forseta, framkvæmdarvald, dómstóla og loks um ýmis önnur atriði eins og stjórnarskrárbreytingar.

Varðandi upphafskafla um höfuðeinkenni þjóðskipulagsins kom fram það sjónarmið að þar þyrfti að vera ákvæði um að allt vald væri upprunnið hjá þjóðinni. Einnig að borgararnir ættu allan þann rétt sem ekki væri sérstaklega af þeim tekinn. Mikilvægt væri að stjórnarskráin geymdi skýr ákvæði sem takmörkuðu vald. Forðast ætti almennar stefnuyfirlýsingar með óljósa lagalega merkingu jafnvel þótt menn gætu verið þeim sammála. Ákvæði stjórnarskrár þyrftu að vera skýr þannig að vald til túlkunar væri ekki í of miklum mæli framselt dómstólum. Slíkt gæti raskað jafnvægi milli hinna þriggja þátta ríkisvaldsins. Loks þyrfti að taka á þeim vanda að orðalag stjórnarskrárinnar væri oft fjarri veruleikanum. Úrelt ákvæði mætti fella burt.

Einnig kom fram kom það viðhorf að mikilvægast væri að lagfæra orðalag þeirra ákvæða sem valdið hefðu ágreiningi.

Fram kom sú hugmynd að legði nefndin til knappan texta stjórnarskrár þá gætu ítarlegri skýringar fylgt með og jafnvel tillögur um lagasetningu.

Þá var nefnt það sjónarmið að mikilvægt væri að gera breytingar á kjördæmaskipan í þessari lotu því ella yrði gengið til þingkosninga á núverandi grunni árin 2007 og 2011. Á hinn bóginn var því haldið fram að mikilvægt væri að færast ekki of mikið í fang. Ákaflega erfitt væri og tímafrekt að ná samstöðu um breytingar á kjördæmum.

Sömuleiðis kom fram stuðningur við það sjónarmið að taka ekki á ákvæðinu um þjóðkirkjuna í þessari lotu.

Þá var einnig minnst á að mikilvægt væri að breyta núverandi fyrirkomulagi stjórnarskrárbreytinga, til dæmis með því að láta kjósa sérstaklega um slíkar breytingar.

Formaður lauk umræðunni með því að álykta að breiður stuðningur væri við breytta uppröðun stjórnarskrárinnar á þeim nótum sem rætt hefði verið og var ritara og sérfræðinganefnd falið að skoða það atriði nánar. Þar sem sagan sýndi að tilraunir til heildarendurskoðunar hefðu hingað til runnið út í sandinn gæti reynst þungt í vöfum að taka allt með í þessari lotu eins og til dæmis kjördæmaskipan og aðskilnað ríkis og kirkju. Loks mætti ekki gleymast að stutt væri síðan mannréttindakaflinn var endurskoðaður í ágætu samkomulagi.

**6. Undirbúningur ráðstefnu**

Ritari gaf yfirlit yfir undirbúning ráðstefnunnar 11. júní og lögð voru fram endurskoðuð drög að dagskrá. Voru drögin samþykkt athugasemdalaust.

**7. Önnur mál**

Ritara var falið að finna hentugan tíma fyrir næsta fund í samráði við nefndarmenn.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 15.00.

**Fundargerð 7. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Eldborg við Svartsengi á Suðurnesjum hinn 24. ágúst 2005 klukkan 9 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Geir H. Haarde, Guðjón A. Kristjánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Birgir Ármannsson var forfallaður. Þá var einnig mætt sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Eiríkur Tómasson (formaður) var forfallaður. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram og samþykkt fundargerð síðasta fundar.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Lögð voru fram erindi sem hafa borist nefndinni frá Siðmennt, sveitarstjóra Reykhólahrepps, Vantrú, Friðgeir Haraldssyni og Jórunni Sörensen. Þá var lögð fram greinargerð dags. 4. júlí s.l. af fundi sem formaður nefndarinnar átti með fulltrúum Samtaka eigenda sjávarjarða. Ennfremur var dreift 6 frumvörpum til stjórnskipunarlaga um ýmis efni og þingsályktunartillögu um endurskoðun stjórnarskrárinnar sem lagðar voru fram á 131. löggjafarþingi.

Ennfremur voru lögð fram drög að dagskrá tveggja ráðstefna þar sem óskað er eftir þátttöku stjórnarskrárnefndar. Í fyrsta lagi kynnti Kristján Andri Stefánsson ráðstefnu Lögfræðingafélagsins 16. september n.k. um þjóðaratkvæðagreiðslur og þátttöku almennings í ákvörðunartöku um opinber málefni. Í öðru lagi kynnti Gunnar Helgi Kristinsson ráðstefnu Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála 29. október n.k. um þjóðaratkvæðagreiðslur. Þátttaka var samþykkt í báðum ráðstefnum. Össur Skarphéðinsson óskaði eftir því að bókað yrði að hann hefði fyrirvara um þátttöku nefndarinnar í fyrrnefndu ráðstefnunni þar sem hann teldi að á henni þyrftu að koma fram fleiri sjónarmið en formanns nefndarinnar sem fjallaði um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu sumarið 2004. Þá taldi einn nefndarmanna að það væri umhugsunarefni að leiða saman fulltrúa flokkanna í lok slíkrar ráðstefnu. Varast bæri að það leiddi til harðari afstöðu manna en ella.

Formaður beindi því til nefndarmanna að greina skipuleggjendum ráðstefnanna tveggja frá því hverjir yrðu fulltrúar flokkanna.

**3. Ráðstefnan 11. júní 2005**

Nefndarmenn skiptust á skoðunum um ráðstefnuna 11. júní s.l. og voru sammála um að vel hefði tekist til.

**4. Skoðanaskipti um einstök ákvæði stjórnarskrárinnar**

Formaður hóf umræðu um þennan lið með því að benda á að sumir stjórnmálaflokkanna hefðu sett fram ítarlegar tillögur um breytingar á stjórnarskránni á meðan aðrir hefðu hugsanlega ekki gert upp hug sinn ennþá. Þess vegna myndi hann ekki ganga hart eftir því að allir nefndarmenn tækju afstöðu til tiltekinna atriða. Hins vegar væri brýnt að ákveða hvað ætti að vera undir í endurskoðunarstarfinu. Óskaði hann meðal annars eftir viðhorfum nefndarmanna til þess hvort aðskilnaður ríkis og kirkju, kjördæmaskipan, mannréttindakaflinn og umhverfisverndarákvæði ætti að vera hluti af því sem skoðað yrði nánar.

Helstu atriði og sjónarmið sem rædd voru undir þessum lið voru eftirfarandi:

**Form og uppbygging**

Umræður urðu um hversu mikilvægt form og uppbygging stjórnarskrárinnar væri. Fram kom það viðhorf að bíða mætti með það þangað til á seinustu stigum að ákveða endanlega röð ákvæða. Aðrir töldu hins vegar að þetta væri þýðingarmikið atriði sem vert væri að skoða sem fyrst í ljósi þróunar í öðrum löndum.

**Þjóðaratkvæðagreiðslur**

Rætt var um að auka með einhverjum hætti stjórnskipulega möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu um þýðingarmikil mál. Minnt var á að umfjöllun um þjóðaratkvæðagreiðslur tengdist stöðu og hlutverki forseta vegna málskotsréttar hans.

Sú hugmynd var reifuð að minnihluti þingmanna, t.d. 25 þingmenn, ættu að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um nýsamþykkt lög. Ólíkt því sem nú er, þar sem forseti hefur valdið til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu, yrði þannig til samningsstaða milli meiri- og minnihluta. Í Danmörku væri ennfremur sú skynsamlega regla að fjárlög, skattalög o.fl. væru undanþegin þjóðaratkvæðagreiðslu enda mætti ekki slíta í sundur ábyrgð á að afla tekna og ráðstafa þeim.

Þá kom fram það viðhorf að setja mætti ákvæði í stjórnarskrá um það með hvaða hætti sveitarstjórnir geti skotið málum til íbúanna.

Loks mæltu sumir nefndarmenn fyrir því að opnað yrði fyrir svokallað þjóðarfrumkvæði, þ.e. að hluti kjósenda gæti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál.

**Alþingi**

Fram kom það sjónarmið að styrkja þyrfti aðhaldshlutverk Alþingis með stjórnsýslunni. Var minnt á að opinberar yfirlýsingar forystumanna úr ýmsum flokkum bentu til að vilji ætti að vera til að taka á þessu.

Þá kom fram sú hugmynd að þingrof yrði háð samþykki meirihluta Alþingis.

Eins var þess getið að ástæða væri til að hafa ákvæði um umboðsmann Alþingis í stjórnarskránni.

**Alþingiskosningar**

Fram kom það sjónarmið að vert væri að taka á því að framkvæmd alþingiskosninga væri ekki samræmd eftir kjördæmum.

Þá var nefnt að það væri álitamál hvort þingmenn ættu sjálfir að úrskurða um hvort þingmenn væru löglega kosnir eins og nú er.

**Kjördæmaskipan**

Fram kom það sjónarmið að endurskoða bæri kjördæmaskipan í þessari lotu, ella yrði óbreytt kjördæmaskipan í þingkosningum 2007 og 2011.

Bent var á að stutt væri síðan gert var víðtækt samkomulag um þetta efni. Festa þyrfti að ríkja um kjördæmamál og ekki væri ráðlegt að breyta þeim með of skömmu millibili. Þó mætti hugsa sér að binda í stjórnarskrá nokkur grundvallaratriði en eftirláta löggjafanum að ákveða kjördæmaskipan

Ýmsir nefndarmenn tóku undir að þetta gæti verið athyglisverð lausn.

**Hlutverk og kosning forseta**

Fram kom það sjónarmið að forseti ætti ekki að ná kjöri nema hann hefði tiltekið hlutfall atkvæða á bak við sig. Þá þyrfti að endurskoða fjölda meðmælenda sem frambjóðendum bæri að skila til þess að geta boðið sig fram til forseta.

Því viðhorfi var lýst að breytingar á forsetaembættinu ættu að miða að því að skerpa þingræðisregluna. Sumir teldu forseta hafa meiri völd en ákvæði stjórnarskrárinnar mæltu fyrir um vegna þess að hann væri þjóðkjörinn. Burstéð frá réttmæti þessa skilnings gæti hann leitt til árekstra. Hluti framkvæmdarvaldsins væri þá háður þingræðisreglunni en hluti væri það ekki. Ein leið til úrbóta væri sú að draga úr völdum forseta líkt og Svíar hefðu gert varðandi þjóðhöfðingja sinn. Hin leiðin gæti verið sú að auka hlutverk forseta og fela honum til dæmis réttindi og skyldur þingforseta. Þingforseti yrði þannig óháður bæði stjórn og stjórnar-

andstöðu sem gæti aukið jafnvægið milli fylkinga á þingi. Forsetinn fengi þannig veigamikið hlutverk án þess að blandast í hefðbundin pólitísk átök.

Í þessu sambandi kom fram að gera mætti kröfu um að forseti hefði meirihluta kjósenda á bak við sig þannig að efnt yrði til tveggja umferða ef enginn næði hreinum meirihluta í fyrstu umferð. Þá mætti gjarnan lengja kjörtímabilið í 5–7 ár en kveða jafnframt á um að hann sæti ekki lengur en í tvö kjörtímabil. Þá þyrfti að endurskoða reglur um meðmælendur, til dæmis þannig að forsetaframbjóðandi þyrfti meðmæli 5–10 þingmanna. Ennfremur væri óþarft að starfandi forseti þyrfti meðmælendur til að bjóða sig fram til endurkjörs.

Nokkrar umræður sköpuðust um þessar hugmyndir. Þótt nefndin væri á þessu stigi að reyna að afmarka viðfangsefnið væri of snemmt að útiloka grundvallarbreytingar. Fram kom það viðhorf að endurskoðunin væri þegar nógu vandasöm þótt ekki yrði seilst svona langt. Í öllu falli þarfnaðist breyting af þessu tagi mjög rækilegrar umræðu í þjóðfélaginu.

**Ríkisstjórn – ráðherrar**

Nokkur umræða skapaðist um þá tillögu sem lögð hefur verið fram á Alþingi að ráðherrar gegndu ekki jafnframt þingmennsku. Sumir nefndarmenn lýstu sig mótfallna þeirri hugmynd. Vissulega gætu skapast vandamál í litlum þingflokkum sem ættu aðild að ríkisstjórn en þau ætti að vera hægt að leysa. Slíkt fyrirkomulag breytti heldur engu um aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Þá hefði þessi hugmynd ýmsa ókosti, meðal annars myndi hún leiða til aukins kostnaðar.

**Útgáfa bráðabirgðalaga**

Fram kom það viðhorf að rétt væri að þrengja enn frekar heimild til útgáfu bráðabirgðalaga. Í því sambandi var minnt á að reynslan kenndi að mjög gagnlegt gæti verið að hafa heimild til útgáfu bráðabirgðalaga, sbr. haustið 2001 þegar slík lög voru sett um ríkisábyrgð á tryggingum flugflotans enda þoldi málið enga bið. Þá var nefnt að það væri grundvallaratriði hvort dómstólar ættu að endurskoða mat löggjafans á nauðsyn setningar bráðabirgðalaga.

**Dómstólar**

Fram kom það sjónarmið að eðlilegt væri að í stjórnarskrá væri ákvæði um val á hæstaréttardómurum líkt og þar væri ákvæði um val á öðrum meginhandhöfum ríkisvalds.

Þá var einnig nefnt að æskilegt gæti verið að hægt væri að afla fyrirframúrskurðar Hæstaréttar um stjórnskipulegt gildi laga. Um þetta væri oft deilt en engin greið leið að fá úr því skorið.

Einnig var stungið upp á því að kveðið yrði á um sjálfstæði ákæruvaldsins í kaflanum um dómstóla.

**Umhverfisverndarákvæði/eignarhald á auðlindum**

Fram komu ólík viðhorf til þess hvort setja ætti ákvæði um umhverfisvernd í stjórnarskrá. Það sjónarmið kom fram að ekki hefði verið nægileg umræða í þjóðfélaginu um slíkt ákvæði til þess að það réttlætti að slíkt skref yrði stigið. Aðrir minntu á að í flestum nýlegum stjórnarskrám væru ákvæði í þessa veru.

Minnt var á að í stjórnarsáttmála væri gert ráð fyrir að í stjórnarskrá yrði sett ákvæði um sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum. Eins styddu stjórnarandstöðuflokkarnir slíkar hugmyndir. Það yrði því að gera alvarlega atlögu að því að ná saman um slíkt ákvæði. Minnt var

á starf auðlindanefndar í þessu sambandi. Fram komu athugasemdir við þessi áform. Það þyrfti að ræða hvort sömu reglur ættu að eiga við um allar náttúruauðlindir, sem væri ekki einfalt í ljósi þess til dæmis að jarðhitaréttindi fylgdu landi. Ef fiskimiðin yrðu tekin út úr og sérákvæði sett um þau þá væri um mismunun að ræða á vettvangi stjórnarskrárinnar sem erfitt væri að sætta sig við. Eins þyrfti að ræða áhrif slíks ákvæðis á hugsanlega aðild að ESB þar sem gilti sameiginleg yfirþjóðleg eign á fiskmiðum utan 12 mílna.

**Aðskilnaður ríkis og kirkju**

Fram kom andstaða við efnislegar breytingar á sambandi ríkis og kirkju þótt ef til vill mætti hugsa sér einhverjar formbreytingar. Þá var minnt á að stjórnarskráin gerði ráð fyrir sérstöku ferli við breytingar á kirkjuskipan, þ.e. henni mætti breyta með almennum lögum enda færi fram þjóðaratkvæðagreiðsla til samþykktar eða synjunar.

Á hinn bóginn komu fram viðhorf í þá veru að skilja bæri milli ríkis og kirkju og að tekið yrði á því í þessari lotu.

**Mannréttindakaflinn**

Minnt var á að mannréttindakaflinn hefði verið endurskoðaður frá grunni fyrir 10 árum og því ætti ekki að vera ástæða til að gera miklar breytingar á honum.

Fram kom áhugi á að í kaflanum yrði sérstaklega vísað til alþjóðasáttmála.

**Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana**

Ýmsir nefndarmenn kváðust fylgjandi því að ákvæði yrði sett í stjórnarskrá um málsmeðferð þegar taka bæri ákvörðun um aðild að alþjóðastofnunum. Þar mætti til dæmis hugsa sér að kveða á um að slík ákvörðun þyrfti samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu enda hefði verið tiltekin lágmarksþátttaka.

**Stjórnarskrárbreytingar**

Fram kom það sjónarmið að bera ætti stjórnarskrárbreytingar sérstaklega undir þjóðina. Þannig gætu kjósendur, ólíkt því sem nú er, tekið beina afstöðu til stjórnarskrárbreytinga.

* * *

Formaður dró umræðuna saman í lokin. Flestir virtust á því að halda bæri sambandi ríkis og kirkju utan við endurskoðunarstarfið nú, enda gerði stjórnarskráin ráð fyrir sérstöku ferli til breytinga á því. Þá hefði komið fram breiður stuðningur við endurbætur á dómstólakaflanum og í því sambandi að umboðsmanns Alþingis og sjálfstæðs ákæruvalds yrði getið í stjórnarskránni. Hlutverk og samspil forseta, Alþingis og ríkisstjórnar yrði áfram þungamiðjan í endurskoðunarstarfinu. Eins myndi nefndin skoða mjög gaumgæfilega hvort gefa ætti aukin færi á þjóðaratkvæðagreiðslu um þýðingarmikil mál og vísaði formaðurinn til þess að ákveðið hefði verið að taka þátt í tveimur ráðstefnum um það efni. Eins væri breiður stuðningur við að taka upp ákvæði um að auðlindir væru sameign þjóðarinnar þótt einstaka nefndarmenn hefðu enn efasemdir um að það væri skynsamlegt.

Samþykkt var að sérfræðinganefndinni yrði falið að kanna sérstaklega útfærslu á ákvæði um eignarhald á auðlindum og eins hvernig efla mætti eftirlitshlutverk Alþingis. Þá væri óskað eftir því að sérfræðingarnir könnuðu hvernig koma mætti við eftirliti með því að lagafrumvörp stríddu ekki gegn stjórnarskrá. Þá var minnt á að sérfræðinganefndinni hefði þegar verið falið að huga að formi og uppbyggingu endurskoðaðrar stjórnarskrár. Vert væri að í því

sambandi kæmi fram hvaða ákvæði þyrfti að uppfæra vegna þess að þau væri úrelt án þess að það kallaði á mikla pólitíska umræðu. Þá gæti sérfræðinganefndin einnig byrjað að stilla upp endurskoðuðum I. kafla þar sem kæmu fram helstu grundvallaratriðin í stjórnskipun ríkisins og V. kafla um dómsvaldið.

Ritara og sérfræðinganefnd var að lokum í samræmi við vinnuáætlun falið að útbúa fyrir næsta fund drög að áfangaskýrslu þar sem rakin yrðu þau erindi sem borist hefðu og dregin saman helstu viðhorf innan nefndarinnar á þessu stigi. Áfangaskýrslunni myndu fylgja greinagerðir sérfræðinganefndarinnar sem kynntar voru á síðasta fundi.

**5. Önnur mál**

Heimasíða stjórnarskrárnefndar var gerð að umtalsefni og hvatt til þess að efni yrði aukið við hana. Var ritara falið að huga sérstaklega að þessu.

Fleira var ekki rætt. Næsti fundur ákveðinn að morgni mánudagsins 26. september n.k.

**Fundargerð 8. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 26. september 2005 klukkan 9 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson. Geir H. Haarde, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jónína Bjartmarz og Þorsteinn Pálsson voru forfölluð. Þá var einnig mætt sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Formaður útskýrði að þessi fundur yrði venju fremur stuttur vegna forfalla. Þó hefði verið talið mikilvægt að halda fundinn til að dreifa gögnum sem sérfræðinganefndin hefði unnið að.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar. Nokkrar athugasemdir voru gerðar við hana og var afgreiðslu hennar frestað til næsta fundar.

Þá var ítrekuð ósk um að nefndin fengi fundargerðir sérfræðinganefndarinnar í hendur og var ritara falið að sjá til þess að þær yrðu lagðar fram á næsta fundi.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Lagt var fram erindi til nefndarinnar frá samtökunum Landvernd.

**3. Drög að áfangaskýrslu**

Ritari kynnti drög að áfangaskýrslu og minnti á að ætlunin væri að gefa hana út með haustinu ásamt greinargerðum sérfræðinganefndarinnar. Ábendingar komu meðal annars fram um að ræða þyrfti betur ýmsar af þeim bráðabirgðaniðurstöðum sem settar væru fram í drögunum. Var umræðu frestað til næsta fundar og nefndarmenn beðnir um að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við ritara í tæka tíð fyrir næsta fund.

Þá óskaði einn nefndarmanna eftir því að við greinargerð sérfræðinganefndarinnar um stjórnskipunarþróun í Evrópu yrði bætt umfjöllun um stöðu forsetaembættisins í stjórnarskrám í Evrópu, einkum þeim löndum sem nýlega hefðu fengið fullt sjálfstæði í Mið- og Austur-Evrópu. Einnig óskaði hann eftir því að tekið yrði saman efni um beint lýðræði í Bandaríkjunum. Var ritara og sérfræðinganefndinni falið að huga að þessu.

**4. Efnisleg umræða um einstök stjórnarskrárákvæði**

Formaður sérfræðinganefndarinnar kynnti frumdrög að endurskoðuðum I. kafla stjórnarskrárinnar um stjórnarform og grundvöll stjórnskipunarinnar. Voru drögin rædd lauslega en umræðu síðan frestað til næsta fundar.

**5. Önnur mál**

Einn fundarmanna spurðist fyrir um áform sem rædd hefðu verið í upphafi nefndarstarfsins um að halda ráðstefnu um hlutverk og stöðu forseta í alþjóðlegum samanburði. Tóku ýmsir undir að gagnlegt gæti verið að halda slíka ráðstefnu og var sérfræðinganefndinni falið að hefja undirbúning hennar.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 10.30. Var næsti fundur ákveðinn að morgni mánudagsins 10. október n.k. frá kl. 8.30–12.00.

**Fundargerð 9. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 10. október 2005 klukkan 8.30 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson (formaður), Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Guðjón A. Kristjánsson og Jónína Bjartmarz voru forfölluð. Þá var einnig mætt sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Formaður tilkynnti að breytingar hefðu orðið á skipan nefndarinnar. Geir H. Haarde hefði óskað eftir að vera leystur frá nefndarstörfum og hefði Bjarni Benediktsson alþingismaður verið skipaður í hans stað. Þorsteinn Pálsson hefði verið skipaður varaformaður nefndarinnar í stað Geirs.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Þá var lögð fram fundargerð 7. fundar og var hún samþykkt með nokkrum breytingum.

Nokkrar umræður urðu um hvernig gera ætti fundargerðirnar úr garði. Var gerð athugasemd við að þær ættu það til að endurspegla ekki nógu vel viðhorf fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Eins komu fram þau sjónarmið að fundargerðirnar væru á stundum full ítarlegar. Formaður minnti á að ákveðið hefði verið í upphafi að ef menn óskuðu þess að fá að lýsa hugmyndum án þess að um það yrði bókað væri þeim það í sjálfsvald sett. Eins gætu menn óskað eftir því sérstaklega að bókað yrði um þeirra afstöðu undir nafni.

Lagðar voru fram til upplýsingar fundargerðir fyrstu 16 funda sérfræðinganefndar.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Engin ný erindi höfðu borist nefndinni frá síðasta fundi.

**3. Drög að áfangaskýrslu**

Haldið var áfram umræðu um drög að áfangaskýrslu sem byrjuð var á síðasta fundi. Formaður minnti á að drögin væru lögð fram meðal annars til þess að stuðla að markvissri umræðu í nefndinni. Hins vegar ætti vissulega eftir að ræða ýmis atriði nánar sem þar væru tilgreind í niðurstöðuköflum. Fram komu ýmsar efnislegar athugasemdir við drögin. Einnig var óskað eftir því að áður en áfangaskýrslan yrði afgreidd færi fram rækilegri umræða um einstaka efnisþætti.

Formaður beindi því til ritara að endurskoða drögin að áfangaskýrslu fyrir næsta fund. Vel kæmi til álita að leggja drögin svo til hliðar um tíma á meðan nefndin færi betur yfir einstaka efnisþætti stjórnarskrárinnar.

**4. Efnisleg umræða um einstök stjórnarskrárákvæði**

Formaður sérfræðinganefndarinnar kynnti endurskoðuð drög að I. kafla stjórnarskrárinnar um stjórnarform og grundvöll stjórnskipunarinnar. Voru drögin rædd og sérfræðinganefndinni síðan falið að kanna nánar útfærslu á ákvæði um yfirráðasvæði íslenska ríkisins (landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsaga, landgrunns- og hafsbotnsréttindi).

**5. Önnur mál**

Minnt var á tvær ráðstefnur sem stæðu fyrir dyrum. Annars vegar væri fyrirhuguð ráðstefna um þjóðaratkvæðagreiðslur 29. október kl. 11 í Öskju, náttúrufræðihúsi, í samstarfi við Stofnun stjórnmála og stjórnsýslufræða þar sem allir flokkar myndu eiga fulltrúa í pallborði. Hins vegar yrði haldið málþing um ráðherraábyrgð 28. október kl. 14 í Lögbergi.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.30. Var næsti fundur ákveðinn í Þjóðmenningarhúsinu að morgni miðvikudagsins 9. nóvember frá kl. 8.30–12.00.

## Fundargerð 10. fundar stjórnarskrárnefndar

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 9. nóvember 2005 klukkan 8.30 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Þá voru einnig mættir úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Eiríkur Tómasson (formaður) og Gunnar Helgi Kristinsson. Björg Thorarensen og Kristján Andri Stefánsson voru forfölluð. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Formaður tilkynnti að breytingar hefðu orðið á skipan nefndarinnar. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefði óskað eftir að vera leyst frá nefndarstörfum og hefði Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur verið skipuð í hennar stað.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Einnig voru lögð fram ýmis gögn sem sérfræðinganefndin hafði unnið að beiðni stjórnarskrárnefndar, þ.e. minnisblað um ákvæði um forseta í nýlegum stjórnarskrám – ásamt viðauka, minnisblað um tilhögun á skoðun lagafrumvarpa og minnisblað um dómstólakafla stjórnarskrárinnar – ásamt viðauka. Þá voru lagðar fram til upplýsingar fundargerðir 17. og 18. fundar sérfræðinganefndar.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Lögð voru fram erindi frá Jóhanni J. Ólafssyni og Þorsteini S. Þorsteinssyni. Fram kom beiðni um að ritari upplýsti hversu hátt hlutfall erinda varðaði mannréttindakafla stjórnarskrárinnar.

**3. Drög að áfangaskýrslu**

Formaður lagði til að drögin að áfangaskýrslu yrðu lögð til hliðar um sinn á meðan nefndin kæmist lengra í hinni efnislegu umræðu um mismunandi kafla stjórnarskrárinnar.

Hins vegar væri engin ástæða til að bíða með að birta á heimasíðu nefndarinnar greinargerðir sérfræðinganefndarinnar.

Var tillagan samþykkt.

**4. Efnisleg umræða um einstök stjórnarskrárákvæði**

Byrjuð var efnislega umræða um forsetaembættið. Var ákveðið að halda henni áfram á næsta fundi.

**5. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 12.00. Var næsti fundur ákveðinn í Þjóðmenningarhúsinu að morgni mánudagsins 21. nóvember frá kl. 8.30–12.00.

## Fundargerð 11. fundar stjórnarskrárnefndar

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 21. nóvember 2005 klukkan 8.30 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Þorsteinn Pálsson. Össur Skarphéðinsson var forfallaður. Þá voru einnig mættir úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Björg Thorarensen var forfölluð. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Lagt var fram minnisblað sérfræðinganefndar um ákvæði um forseta í finnsku og írsku stjórnarskránum. Þá var lögð fram til upplýsingar fundargerð 19. fundar sérfræðinganefndar.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Engin ný erindi höfðu borist nefndinni frá síðasta fundi.

**3. Efnisleg umræða um einstök stjórnarskrárákvæði**

Formaður greindi frá því að milli funda hefði hann hitt formann sérfræðinganefndarinnar að máli og beðið um að tekið yrði saman minnisblað um ákvæði um forseta í finnsku og írsku stjórnarskránum. Þetta væru þau nágrannaríki Íslands í Evrópu sem hefðu þjóðkjörinn forseta. Þakkaði hann sérfræðinganefndinni skjót viðbrögð og bað Gunnar Helga Kristinsson að kynna minnisblaðið.

Þegar Gunnar Helgi hafði lokið máli sínu lagði formaður til að þráðurinn yrði tekinn upp að nýju frá síðasta fundi. Reifuðu nefndarmenn því næst hugmyndir sínar um hugsanlegar breytingar á 3.–10. grein stjórnarskrárinnar.

Að umræðunni lokinni var ákveðið að tillögu formanns að fela sérfræðinganefndinni fyrir næsta fund að útfæra þær hugmyndir sem fram hefðu komið í textaformi.

**4. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.00. Var næsti fundur ákveðinn í Þjóðmenningarhúsinu að morgni mánudagsins 12. desember frá kl. 8.30–12.00.

## Fundargerð 12. fundar stjórnarskrárnefndar

### 1. Inngangur

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 12. desember 2005 klukkan 8.30 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Guðjón A. Kristjánsson var veðurtepptur. Þá voru einnig mætt úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður) og Gunnar Helgi Kristinsson. Kristján Andri Stefánsson var forfallaður. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Þá var lögð fram til upplýsingar fundargerð 20. fundar sérfræðinganefndarinnar.

### 2. Erindi sem borist hafa nefndinni

Lagt var fram erindi frá séra Baldri Kristjánssyni þar sem hann vakti athygli á ábendingu Evrópunefndar gegn kynþáttahatri og umburðarleysi um að það vantaði í stjórnarskrána ákvæði um bann við kynþáttamisrétti.

Formaður kynnti einnig erindi sem borist hefði frá Sagnfræðingafélagi Íslands með tillögu um sameiginlegt málþing um embætti forseta Íslands og stjórnarskrána í sögulegu ljósi. Tillaga þessi fékk góðar undirtektir og var ritara falið að ræða við Sagnfræðingafélagið um nánari útfærslu.

### 3. Efnisleg umræða um einstök stjórnarskrárákvæði

Lögð voru fram frumdrög að endurskoðuðum 3.–10. gr. stjórnarskrárinnar sem sérfræðinganefndin hafði unnið í kjölfar umræðu á síðasta fundi. Eiríkur Tómasson fylgdi frumdrögunum úr hlaði. Formaður lagði til að ekki yrði umræða á þessum fundi um drögin heldur yrði haldið áfram yfirferð yfir ákvæði II. kafla stjórnarskrárinnar þar sem frá var horfið.

Að því búnu hóf formaður umræðu um 11. gr. stjórnarskrárinnar. Var einkum rætt um það hvað fælist í því orðalagi 1. mgr. að forseti væri ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Eins var fjallað um það að stjórnarskráin mætti vera skýrari um hlutverk og heimildir forseta til dæmis á sviði samskipta við önnur ríki. Sumir nefndarmenn voru reyndar á því að þetta hefði ekki skapað sérstök vandamál, hægt væri að treysta því að forseti hverju sinni hefði samráð við ríkisstjórn eftir því sem þörf krefði.

Formaður kvað þessa umræðu hafa verið gagnlega. Hann ályktaði af umræðunni að það væri þörf á ítarlegri ákvæðum um hlutverk forseta, t.d. varðandi samskipti við erlend ríki. Var samþykkt að fela sérfræðinganefndinni að huga að þessu milli funda.

### 4. Önnur mál

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.00. Var næsti fundur ákveðinn í Þjóðmenningarhúsinu þriðjudaginn 3. janúar frá kl. 13–17.

## Fundargerð 13. fundar stjórnarskrárnefndar

### 1. Inngangur

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 3. janúar 2006 klukkan 13.00 síðdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Bjarni Benediktsson og Jónína Bjartmarz voru forfölluð. Þá var

einnig mætt sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með lítilsháttar breytingu.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Ekki höfðu borist nein ný erindi frá síðasta fundi.

Greint var frá því að ritari hefði haft samband við fulltrúa Sagnfræðingafélags Íslands til að tilkynna honum um jákvæðar undirtektir nefndarinnar við fyrirhugaða ráðstefnu um forsetaembættið. Myndi félagið á næstunni senda nefndinni drög að dagskrá til skoðunar.

**3. Efnisleg umræða um einstök stjórnarskrárákvæði**

Formaður lagði til að á þessum fundi yrði haldið áfram umræðu um II. kafla stjórnarskrárinnar fyrir utan 26. gr. Gaf hann því næst Eiríki Tómassyni orðið sem kynnti endurskoðuð frumdrög að 3.–10. gr. stjórnarskrárinnar auk fyrstu draga að 11.–14. gr.

Fram komu athugasemdir við að í þessum drögum frá sérfræðinganefndinni væru atriði sem ekki hefðu enn verið rædd í stjórnarskrárnefnd. Í því fælist óhæfileg stýring. Aðrir kváðust ekki sjá annmarka á því að hugmyndir væru settar fram með þessum hætti. Formaður undirstrikaði að ekki væri meiningin að textar þessi væru til samþykktar heldur eingöngu til að auðvelda umræðu. Fallast mætti á að ef til vill væri ekki tímabært að ræða einstök ákvæði áður en tekin hefði verið ítarlegri almenn umræða um hvernig menn sæju forsetaembættið og hlutverk ráðherra/ríkisstjórnar fyrir sér.

Var samþykkt að sérfræðinganefndin myndi fyrir næsta fund semja minnisblað með helstu spurningum sem taka þyrfti afstöðu til áður en farið væri að útfæra breytingartillögur við núgildandi II. kafla stjórnarskrárinnar. Nefndarmenn lýstu því næst viðhorfum sínum til þess hvað helst þyrfti að ræða.

**4. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 16.00. Var næsti fundur ákveðinn mánudaginn 23. janúar frá kl. 8.30–12.00.

**Fundargerð 14. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur á Hótel Reykjavík Centrum hinn 23. janúar 2006 klukkan 08.30 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Jón Kristjánsson (formaður), Kristrún Heimisdóttir, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Guðjón A. Kristjánsson, Jónína Bjartmarz og Steingrímur J. Sigfússon voru forfölluð. Þá voru einnig mætt úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður) og Kristján Andri Stefánsson. Gunnar Helgi Kristinsson var staddur erlendis. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Þá voru lagðar fram til kynningar fundargerðir 20.–23. fundar sérfræðinganefndarinnar.

Formaður bar nefndarmönnum kveðju Steingríms J. Sigfússonar sem liggur á sjúkrahúsi eftir bílslys. Yrði hann frá störfum næstu vikurnar. Nefndarmenn báðu fyrir hlýjar kveðjur til Steingríms og óskuðu honum góðs bata.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Ekki höfðu borist nein ný erindi frá síðasta fundi. Ritari greindi frá undirbúningi ráðstefnu um forsetaembættið í samvinnu við Sagnfræðingafélag Íslands. Yrði hún haldin laugardaginn 25. mars næstkomandi í Þjóðminjasafninu. Fram komu ábendingar um tilhögun dagskrár sem ritara var falið að koma á framfæri.

**3. Vinnulag næstu mánuði**

Formaður gerði vinnulag næstu mánuði að umtalsefni. Til álita kæmi að skipta nefndinni upp í vinnuhópa um afmörkuð viðfangsefni. Tóku nefndarmenn undir að þetta gæti verið vænleg leið til að koma meiru í verk á skemmri tíma. Var því beint til formanns og ritara að setja upp fundaáætlun á þeim grunni sem rædd yrði á næsta fundi.

**4. Efnisleg umræða um einstök stjórnarskrárákvæði**

Eiríkur Tómasson gerði grein fyrir starfi sérfræðinganefndarinnar frá síðasta fundi og kynnti minnisblað um helstu spurningar sem svara þyrfti við endurskoðun II. kafla stjórnarskrárinnar.

Haldið var áfram umræðu um forsetaembættið og ríkisstjórn og tengd atriði eins og þjóðaratkvæðagreiðslur. Meðal annars komu fram þau sjónarmið að æskilegt væri að nefndin kæmi sér saman um ákvörðunarskjal sem tæki á helstu efnisatriðum. Því næst yrði hægt að fela sérfræðinganefndinni útfærsluna.

Einn nefndarmanna lagði fram minnisblað með tilteknum hugmyndum sem ættu erindi í slíkt ákvörðunarskjal. Voru þær ræddar og ákveðið að þær myndu vera áfram til umræðu á næstu fundum.

**5. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 12. Var næsti fundur ákveðinn mánudaginn 27. febrúar frá kl. 8.30–12.

## Fundargerð 15. fundar stjórnarskrárnefndar

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 27. febrúar 2006 klukkan 08.30 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Bjarni Benediktsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Birgir Ármannsson var forfallaður. Þá voru einnig mætt úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með lítilsháttar breytingum.

Formaður bauð sérstaklega velkominn Steingrím J. Sigfússon sem verið hafði frá störfum um hríð vegna meiðsla sem hann hlaut í bílslysi.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Lögð voru fram drög að dagskrá ráðstefnu um forsetaembættið í sögulegu ljósi sem Sagnfræðingafélag Íslands efnir til laugardaginn 25. mars næstkomandi í Þjóðminjasafninu í samvinnu við nefndina.

Þá var lagt fram erindi sameinaðrar kvennahreyfingar um breytingar á þremur ákvæðum stjórnarskrárinnar ásamt greinargerð. KH óskaði að fært yrði til bókar að hún væri hlynnt þessum tillögum.

**3. Vinnulag næstu mánuði**

Í framhaldi af umræðu á síðasta fundi lagði formaður fram tillögu að skipan þriggja vinnuhópa sem fengju það verkefni að fjalla um afmörkuð viðfangsefni nefndarinnar. Nefndin í heild myndi svo fjalla um niðurstöður þeirra og notast við þær við gerð áfangaskýrslu sem gefin yrði út í júní næstkomandi.

Tillaga formanns var samþykkt og eru vinnuhóparnir sem hér segir: 1. Dómstólakafli og framsal ríkisvalds (BÁ, JB og KH), 2. Mannréttindaákvæði, ákvæði um auðlindir og umhverfisvernd (BB, GAK og ÖS) og 3. Forseti, ríkisstjórn og þjóðaratkvæðagreiðslur (JK, SJS, ÞP og ÖS). Gerð var tillaga um að þeir fyrstnefndu í hverjum hópi myndu stýra vinnu þeirra og var hún samþykkt. Sérfræðinganefndin og ritari myndu starfa með hópunum.

Var ákveðið að vinnuhóparnir myndu meðal annars taka afstöðu til innsendra erinda og skila ef sér niðurstöðum ekki síðar en í lok apríl. Þá var samþykkt að öllum nefndarmönnum væri frjálst að sækja fundi allra vinnuhópanna og var ritara falið að sjá til þess að tilkynningar um fundartíma og fundarstað bærust til allra.

**4. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 10.00. Var ákveðið að ekki yrði boðað til næsta fundar fyrr en í lok apríl þegar vinnuhóparnir skiluðu af sér nema sérstakt tilefni gæfist til.

**Fundargerð 16. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 23. júní 2006 klukkan 9.00 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Jónína Bjartmarz og Kristrún Heimisdóttir voru forfallaðar. Þá voru einnig mættir úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Björg Thorarensen var forfölluð. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Þá voru lagðar fram fundargerðir vinnuhópanna þriggja sem starfað höfðu á milli funda (sjá nánar lið 3).

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Eftirfarandi erindi sem borist höfðu frá síðasta fundi voru lögð fram:

- frá ASÍ og fleiri samtökum um nauðsyn þess að festa í stjórnarskrá ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns,
- frá Herdísi Þorvaldsdóttur um nauðsyn þess að setja í stjórnarskrá ákvæði um gróðurvernd
- frá Einari E. Sæmundssen um rétt til lífsgæða og hvernig mætti verja hann í stjórnarskrá,
- frá sérnefnd Alþingis um stjórnarskrármál þar sem vakin er athygli á tveimur frumvörpum á 132. löggjafarþingi um breytingar á stjórnarskránni (þingseta ráðherra og samráð við Alþingi um stuðning við stríð).

**3. Starf vinnuhópa**

Formaður rifjaði upp að á síðasta fundi hefðu verið settir á laggirnar þrír vinnuhópar til að fjalla um afmörkuð viðfangsefni í starfi nefndarinnar. Talsmenn vinnuhópanna gerðu því næst grein fyrir starfi þeirra.

*1. vinnuhópur: Dómstólakafli og framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana (BÁ, KH, JBj)*

BÁ gerði grein fyrir starfi 1. vinnuhóps. Í sambandi við dómstólakaflann hefði komið fram að grundvallarreglur um dómstólana, ekki síst skipun hæstaréttardómara, þyrftu að vera fyllri en nú er. Spurning væri hvort þau ákvæði þyrftu að vera í stjórnarskránni eða hvort nægilegt væri að breyta dómstólalögum. Fyrir lægju frumdrög að breytingum á dómstólakaflanum með mismunandi útfærslumöguleikum varðandi val á hæstaréttardómurum sem ET hefði tekið saman að beiðni vinnuhópsins.

Varðandi framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana þá hefði það sjónarmið komið fram innan vinnuhópsins að tryggara væri að hafa ákvæði í stjórnarskránni sem heimilaði slíkt. Nefnt hefði verið í því sambandi að í Noregi til dæmis þyrfti, samkvæmt stjórnarskránni, aukinn meirihluta á þingi til framsals ríkisvalds. Fyllsta ástæða væri til að mæla fyrir um það í stjórnarskránni að ákveðið ferli færi í gang þegar fram kæmu tillögur um hugsanlegt framsal ríkisvalds. Fram kom að BTh hefði verði falið að taka saman minnisblað um hugsanlegar breytingar á 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Í umræðum kom fram það viðhorf að þörf væri á að gera skipan hæstaréttardómara sem faglegasta og lýðræðislegasta. Ein leið væri sú að dómnefnd fjallaði um dómaraefni líkt og í Danmörku. Önnur leið væri sú að Alþingi þyrfti að staðfesta skipan dómara. Í því væri fólgið aðhald gagnvart ráðherra. Menn hlytu að spyrja sig hvort væri alvarlegra núverandi ástand eða hugsanleg hætta á pólítískum afskiptum. Aðrir lögðu áherslu á að pólitískt vald og ábyrgð ætti að vera hjá ráðherra þótt breyta mætti umsagnarferlinu. Hætta gæti verið fólgin í því að Alþingi kæmi að skipan hæstaréttardómara og var vísað til Bandaríkjanna sem vítist til varnaðar í því sambandi. Krafa um staðfestingu Alþingis gæti leitt til þess að ráðherra axlaði ekki sömu ábyrgð á ákvörðun. Einnig gætu komið upp vandkvæði milli stjórnarflokka í samsteypustjórn. Í öllu falli ykist hætta á að embættaveitingar yrðu pólitískt bitbein. Þá var varað við þeirri hugmynd að hægt væri að finna hlutlæga mælikvarða við val á dómurum.

Þá kom fram það viðhorf að nóg væri að hafa í almennum lögum ákvæði um þessi efni, ekki þyrfti að útfæra þau í stjórnarskrá. Það gæti verið hluti af starfi þessarar nefndar að ná samkomulagi um slíkar lagabreytingar.

Varðandi önnur atriði þá var nefndur sá möguleiki að forseti lýðveldisins fengi neitunarvald um skipan hæstaréttardómara, hugsanlega gæti það verið þáttur í auknu hlutverki forsetans. Því var ennfremur varpað fram að ástæða væri til að huga að tímabundinni skipan hæstaréttardómara, til 10–15 ára til dæmis. Þá styngju lífeyrissréttindi þeirra í stúf við það sem almenn gerist.

Var sérfræðinganefndinni að lokum falið að útfæra nánar tillögur um breytingar á dómstólakaflanum í ljósi umræðnanna.

*2. vinnuhópur: Mannréttindakafli og ákvæði um auðlindir og umhverfisvernd (BjB, GAK, ÖS)*

BjB gerði grein fyrir starfi 2. vinnuhóps. Fyrir lægju tillögur frá vinnuhópnum um almennt ákvæði um skyldu stjórnvalda til að virða og tryggja mannréttindi, um umhverfismál

og um auðlindir. Ljóst væri að þessum ákvæðum þyrfti að fylgja ítarleg greinargerð. Í umræðum kom fram að menn vildu til dæmis skoða gaumgæfilega hvaða áhrif almennt mannréttindaákvæði af þessu tagi hefði. Þá kom fram það sjónarmið að til viðbótar við slíkt ákvæði þyrfti að nefna kynhneigð í 65. gr. stjskr., rétt til trúleysis í 63. gr. og kveða á um mannhelgi á viðeigandi stað í stjórnarskránni. Þá var ítarlega rætt um afleiðingar þess að setja ákvæði í stjórnarskrá um auðlindir líkt og auðlindanefnd lagði til á sínum tíma. Fram kom það sjónarmið að taka þyrfti fram berum orðum að villtir fiskistofnar væru sameign þjóðarinnar.

*3. vinnuhópur: Forseti, ríkisstjórn, þjóðaratkvæðagreiðslur o.fl. (JKr, SJS, ÞP, ÖS)*

JKr gerði grein fyrir starfi 3. vinnuhóps. Rætt hefði verið um breytingar á 26. gr. stjórnarskrárinnar. Einkum hefðu menn staðnæmst við þann möguleika að þingið kæmi að neitunarvaldi forseta lýðveldisins.

Þá hefði verið rætt um aðkomu forseta lýðveldisins að stjórnarmyndunum og tímafresti í því sambandi. Varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur hefði einkum verið rætt um það hvort þjóðin ætti að geta kallað þær fram. Þá hefði sú spurning verið rædd hvort stjórnarskrárbreytingar ætti að bera undir þjóðina í sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá hefðu einnig verið ræddar veigaminni spurningar eins og hvort fjölga bæri meðmælendum vegna forsetaframboðs og hvort forseti sem byði sig fram til endurkjörs þyrfti meðmælendur.

Í umræðum kom fram að enn teldu sumir að engin þörf væri á að breyta 26. gr. á meðan aðrir teldu það forsendu þess að einhverjar stjórnarskrárbreytingar yrðu samþykktar. Nefndur var ákveðinn möguleiki til málamiðlunar varðandi 26. gr., þ.e. að tengja breytingar á 26. gr. almennri rýmkun á möguleikum til þjóðaratkvæðagreiðslu.

**4. Starfið framundan**

Formaður gerði að umtalsefni þá staðreynd að tíminn væri orðinn naumur til að ljúka við heildarendurskoðun á þessu kjörtímabili. Einn möguleiki væri sá að leggja einungis á þessu stigi til breytingar á 79. gr. stjskr. með það fyrir augum að haldin yrði almenn þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá á miðju næsta kjörtímabili. Sýndist sitt hverjum um þessa hugmynd, sumir minntu á að nefndin hefði það verkefni að undirbúa heildarendurskoðun og því ætti hún ekki að gera tillögur um neitt sem gengi skemmra. Aðrir töldu að unnt ætti að vera á skömmum tíma að ná saman um nokkur grundvallaratriði þótt heildarendurskoðun biði. Var sérfræðinganefndinni falið að útfæra hugsanlegar breytingar á 79. gr. fyrir næsta fund.

**5. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 15.00. Var næsti fundur ákveðinn í Þjóðmenningarhúsinu föstudaginn 25. ágúst frá kl. 10–15.

**Fundargerð 17. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 25. ágúst 2006 klukkan 10.00 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Jónína Bjartmarz og Bjarni Benediktsson voru forfölluð. Þá var einnig mætt sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómas-

son (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með lítilsháttar breytingum. Þá var lögð fram fundargerð 24. fundar sérfræðinganefndarinnar.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Lagt var fram erindi frá Ian Watson um ágæti kennitölu eins og hún er notuð á Íslandi.

Þá var lögð fram skrifleg ósk frá Elíasi Davíðssyni fyrir hönd lýðræðishópsins um fund með nefndinni. Var ritara falið að svara Elíasi á þá lund að formaður og Össur Skarphéðinsson væru reiðubúnir að hitta hann að máli.

**3. Efnisleg yfirferð yfir mögulegar stjórnarskrárbreytingar**

Í samræmi við ákvörðun síðasta fundar, kynnti Eiríkur Tómasson fyrir hönd sérfræðinganefndarinnar mismunandi útfærslu á breytingum á 1. mgr. 79. gr. (stjórnarskrárbreytingar). Nefndarmenn reifuðu því næst sín sjónarmið varðandi þessar hugmyndir. Fram kom að gæta yrði þess að stjórnarskrárbreytingar yrðu ekki of auðveldar. Þá væri æskilegt að þjóðin hefði síðasta orðið. Var sérfræðinganefndinni falið að endurskoða útfærslu sína í ljósi umræðnanna.

Einn nefndarmanna lagði fram minnisblað með hugmyndum sem hann hafði reifað á síðasta fundi um hvernig mætti skýra hlutverk og stöðu forsetaembættisins, um þjóðaratkvæði og um stjórnarskrárbreytingar.

Þá kynnti Björg Thorarensen fyrir hönd sérfræðinganefndarinnar hugmyndir um breytingar á 21. gr. stjórnarskrárinnar varðandi heimild til framsals ríkisvalds og samráð stjórnvalda við Alþingi um utanríkismál. Í umræðum kom meðal annars fram það viðhorf að gera þyrfti ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um meiriháttar framsal ríkisvalds til dæmis í formi ESB-aðildar.

**4. Önnur mál**

Tekin var upp að nýju umræða frá síðasta fundi um framhald á störfum nefndarinnar. Ákveðið var að stefna að tveimur fundum í september til þess að sjá hversu langt væri hægt að komast í samkomulagsátt um tiltekin atriði. Staðan yrði svo metin að nýju í kjölfar þeirra funda. Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 13.00. Var næsti fundur ákveðinn í Þjóðmenningarhúsinu þriðjudaginn 12. september frá kl. 13–17.

**Fundargerð 18. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 12. september 2006 klukkan 10.00 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Bjarni Benediktsson var forfallaður. Þá voru einnig mætt úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður) og Gunnar Helgi Kristinsson. Kristján Andri Stefánsson var forfallaður. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Engin ný erindi höfðu borist nefndinni frá síðasta fundi.

**3. Efnisleg yfirferð yfir mögulegar stjórnarskrárbreytingar**

- 79. gr. stjskr.

Eiríkur Tómasson gerði grein fyrir minnisblaði sérfræðinganefndarinnar um æskilegar breytingar á 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Umræðurnar snerust um hvort rétt væri að gera kröfu um aukinn meirihluta á þingi eða setja þátttökuþröskuld í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar stjórnarskrárbreytingar væru afgreiddar. Annars vegar var lögð áhersla á að búa þyrfti svo um hnúta að stjórnarskrárbreytingar yrðu ekki gerðar nema um þær væri víðtæk sátt. Hins vegar var varað við því að minnihluti þingmanna og jafnvel einn stjórnmálaflokkur hefði neitunarvald um breytingar. Þá gætu þátttökuþröskuldar í sambandi við þjóðaratkvæðagreiðslu boðið heim hættu á að hvatt yrði til þess að fólk sæti heima, sem væri ólýðræðislegt. Margir tóku undir að þjóðin ætti að vera stjórnarskrárgjafinn. Ennfremur kom fram að vert væri að tryggja að hæfilegur tími liði milli umræðna um breytingar á Alþingi vegna þess að þá gæfist færi á víðtækri almennri umræðu á meðan enn væri unnt að gera breytingar á tillögum. Þá þyrfti að taka afstöðu til þess hversu langur tími ætti að líða milli afgreiðslu Alþingis og þjóðaratkvæðagreiðslu.

Var samþykkt að formaðurinn fengi umboð til að fara yfir fyrirliggjandi hugmyndir og leggja fram tillögu í framhaldinu.

- auðlindaákvæði

Eiríkur Tómasson rifjaði því næst upp tillögu auðlindanefndar frá árinu 2000 um ákvæði sem mælti fyrir um þjóðareign á náttúruauðlindum sem ekki væru í einkaeigu. Í umræðum var meðal annars kallað eftir því að gerð yrði úttekt á því hvaða lögfræðilegu- og hagfræðilegu álitamál kynnu að rísa í kjölfar samþykktar slíks ákvæðis. Ennfremur að gefið yrði yfirlit yfir þá fræðilegu umræðu sem átt hefði sér stað um eignarrétt að auðlindum síðan auðlindanefnd lauk störfum. Þá þyrfti að liggja fyrir hvað fælist í óbeinum eignarréttindum, til dæmis varðandi fiskveiðiheimildir.

Aðrir sögðu að ekki væri þörf á viðbótarálitsgerðum og ekki ætti að vera torvelt að ná samkomulagi um ákvæði af þessu tagi. Það mætti þó slípa ákvæðið til. Þannig komu fram athugasemdir við að samkvæmt tillögu auðlindanefndar væri skylt í öllum tilfellum að innheimta gjald vegna afnota af auðlindum í þjóðareigu.

**4. Önnur mál**

Formaður lagði að lokum til að næsti fundur yrði helgaður umræðu um framhald nefndarstarfsins.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 12.30. Var næsti fundur ákveðinn í Þjóðmenningarhúsinu fimmtudaginn 28. september frá kl. 13–17.

**Fundargerð 19. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 25. október 2006 klukkan 13.00 síðdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Jón Kristjánsson (formaður), Kristrún Heimisdóttir, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Guðjón A. Kristjánsson, Jónína Bjartmarz og Steingrímur J. Sigfússon voru forfölluð. Þá voru einnig

mætt úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður) og Gunnar Helgi Kristinsson. Kristján Andri Stefánsson var forfallaður. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Lagt var fram erindi frá Hirti Einarssyni um nauðsyn þess að ekki yrði haggað við málskotsrétti forseta.

**3. Starfið framundan**

Formaður gerði að umtalsefni þá staðreynd að ekki væri langur tími til stefnu áður en nefndin ætti að skila af sér. Útséð væri um að hægt yrði að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar fyrir næstu Alþingiskosningar. Kvaðst hann vilja leggja til að forsætisráðherra yrði gerð grein fyrir stöðu mála og farið fram á lengri frest. Jafnframt yrði tekin saman áfangaskýrsla með yfirliti yfir starf nefndarinnar til þessa. Eins kvaðst hann vilja heyra í mönnum hvort samstaða gæti nást um afmörkuð atriði eins og breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar og setningu ákvæðis um náttúruauðlindir.

Fram kom hjá sumum nefndarmanna að unnt ætti að vera að ná samkomulagi í vetur um umtalsverðar breytingar á stjórnarskránni þótt heildarendurskoðun yrði að bíða betri tíma. Aðrir kváðu hins vegar enn langt í land, jafnvel varðandi atriði eins og auðlindaákvæði og framsal ríkisvalds sem gjarnan hefðu verið nefnd. Þá hefði nefndin það verkefni að skila tillögum um heildarendurskoðun og rétt væri að einbeita sér áfram að því verki, þótt það tæki lengri tíma en ætlað var í byrjun.

Í ljósi þess að margir nefndarmenn væru fjarverandi lagði formaður til að ákvörðun um framhaldið yrði frestað til næsta fundar og var það samþykkt.

**4. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 15.00. Var næsti fundur ákveðinn í Þjóðmenningarhúsinu föstudaginn 3. nóvember frá kl.12.00–13.00.

**Fundargerð 20. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 3. nóvember 2006 klukkan 12.00 á hádegi. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Guðjón A. Kristjánsson og Kristrún Heimisdóttir voru forfölluð. Þá voru einnig mættir úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Björg Thorarensen var forfölluð. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar en afgreiðslu hennar var frestað til næsta fundar.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Engin ný erindi höfðu borist frá síðasta fundi.

**3. Starfið framundan**

Rætt var um að gera þyrfti forsætisráðherra grein fyrir stöðu mála í starfi nefndarinnar. Í því sambandi komu fram mismunandi sjónarmið m.a. um það hversu langt nefndin gæti komist í starfi sínu fyrir lok þessa kjörtímabils. Var formanni falið að ráðgast við nefndarmenn fram að næsta fundi um orðalag á bréfi til forsætisráðherra þar sem honum yrði gerð grein fyrir stöðu mála.

**4. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 13.00. Næsti fundur yrði boðaður með tölvupósti.

**Fundargerð 21. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 18. desember 2006 klukkan 12.00 á hádegi. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Kristrún Heimisdóttir, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Jónína Bjartmarz og Steingrímur J. Sigfússon voru forfölluð. Þá voru einnig mættir úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður) og Gunnar Helgi Kristinsson. Kristján Andri Stefánsson. var forfallaður. Eiríkur Tómasson ritaði fundargerð í forföllum Páls Þórhallssonar.

Lagðar voru fram fundargerðir tveggja síðustu funda og voru þær samþykktar án athugasemda.

**2. Erindi sem borist hafa nefndinni**

Eitt nýtt erindi frá Þorkeli Helgasyni var lagt fram til kynningar.

**3. Starfið framundan**

Formaður lagði fram ný drög að bréfi til forsætisráðherra í framhaldi af umræðum á síðasta fundi. Í umræðum um drögin kom í ljós að sumir nefndarmanna gætu ekki sætt sig við það orðalag sem þar kom fram. Var að lokum samþykkt að fresta því að afgreiða þetta mál og var formanni falið að kanna möguleika á því hvort sátt gæti tekist um það meðal nefndarmanna fyrir fund sem væri fyrirhugaður föstudaginn 22. desember nk.

**4. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 12.50.

**Fundargerð 22. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 5. janúar 2007 klukkan 12.00 á hádegi. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Þá voru einnig mættir úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður), Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson. Eiríkur Tómasson ritaði fundargerð í forföllum Páls Þórhallssonar.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt án athugasemda.

**2. Hugsanlegar breytingar á 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar**

Í umræðum um þetta mál lýstu allir nefndarmenn sig reiðubúna til að skoða þann kost að breyta þessu ákvæði, einu og sér, en fresta öðrum tímabærum breytingum á stjórnarskránni til næsta kjörtímabils. Einnig lýstu allir nefndarmenn sig fylgjandi þeirri hugmynd að breytingar á stjórnarskránni verði bornar sérstaklega undir þjóðaratkvæði, til samþykktar eða synjunar. Skiptar skoðanir voru hins vegar um það hvernig ákvæði sem þetta eigi að vera orðað.

**3. Starfið framundan**

Formanni var falið að ræða við einstaka nefndarmenn til að freista þess að ná málamiðlun um orðalag þess ákvæðis sem að framan greinir. Einnig er stefnt að því að gefa út áfangaskýrslu um störf nefndarinnar. Næsti fundur í nefndinni er fyrirhugaður þriðjudaginn 16. janúar nk.

**4. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 14.30.

**Fundargerð 23. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 16. janúar 2007 klukkan 09.00 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Jónína Bjartmarz og Kristrún Heimisdóttir voru forfallaðar. Þá voru einnig mætt úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður) og Gunnar Helgi Kristinsson. Kristján Andri Stefánsson var forfallaður. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt án athugasemda.

**2. Hugsanlegar breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar**

Formaður nefndarinnar kynnti tillögu um breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar. Þar var gert ráð fyrir tveimur meginleiðum við stjórnarskrárbreytingar eftir því hvort næðist aukinn meirihluti á Alþingi fyrir breytingum. Hvor leiðin sem farin yrði endaði með þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem þyrfti tiltekinn lágmarksstuðning. Skyldi kveða nánar á um slíka þjóðaratkvæðagreiðslu í lögum. Að sögn formanns væri hér um að ræða málamiðlun sem hann setti fram eftir viðræður við nefndarmenn í kjölfar síðasta fundar.

Í umræðum um tillöguna kom fram að í athugasemdum með stjórnarskrárfrumvarpi þyrfti að benda á að þjóðaratkvæðagreiðsla gæti farið fram samhliða alþingiskosningum eða öðrum kosningum. Stjórnarskrárbreytingar væru því ekki lengur bundnar við lok kjörtímabils. Þá var nokkuð rætt um hvort gera þyrfti kröfu um tiltekinn lágmarksstuðning í þjóðaratkvæðagreiðslu. Annars vegar komu fram sjónarmið um að allir þröskuldar aðrir en einföld meirihlutaregla væru til óþurftar. Hins vegar var lögð áhersla á að eðlilegt væri að gera kröfu um ríka samstöðu um breytingar á grundvallarlögum og lágmarksstuðning þjóðar. Þær lágmarkskröfur sem talað væri um gætu vart talist þröskuldar. Þá kom ennfremur fram það sjónarmið að gera frekar kröfu um lágmarksþátttöku en lágmarksstuðning. Var að lokum samþykkt að gera kröfu um 20–25% lágmarksstuðning í þjóðaratkvæðagreiðslu eftir því hvor meginleiðin væri farin við stjórnarskrárbreytingar.

Þá voru samþykktar breytingar á tillögu formanns með það fyrir augum að ekki yrði freisting fyrir þingmenn að hverfa frá stuðningi við stjórnarskrárbreytingar í þeim tilgangi að ná fram þingrofi.

Fram kom að tillagan væri samþykkt með fyrirvara um viðbrögð í þingflokkum.

**3. Starfið framundan**

Ýmsir nefndarmenn lögðu áherslu á að samþykkt ofangreindrar tillögu fæli einungis í sér áfanga. Það væri rökrétt að byrja á því að breyta tilhögun stjórnarskrárbreytinga til að undirstrika að þjóðin væri stjórnarskrárgjafinn.

Rætt var um hvernig væri eðilegast að standa að flutningi frumvarps um ofangreindar stjórnarskrárbreytingar. Varð niðurstaðan sú að eðlilegast væri að skila tillögum til forsætisráðherra sem myndi svo athuga gagnvart Alþingi fyrirkomulag á flutningi frumvarps til stjórnarskipunarlaga. Þá var sammæli um að réttast væri að frumvarpinu fylgdu gögn úr starfi nefndarinnar eins og áfangaskýrsla, drög að frumvarpi um þjóðaratkvæðagreiðslur og greinargerðir sérfræðinganefndar. Var sérfræðinganefndinni falið að undirbúa þessi gögn.

Næstu fundir í nefndinni eru fyrirhugaðir laugardaginn 27. janúar nk. kl. 10–12 og fimmtudaginn 1. febrúar nk. kl. 17–19.

**4. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 10.30

**Fundargerð 24. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 27. janúar 2007 klukkan 10.00 árdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson. Guðjón A. Kristjánsson var forfallaður. Þá voru einnig mættir úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Eiríkur Tómasson (formaður) og Gunnar Helgi Kristinsson. Björg Thorarensen og Kristján Andri Stefánsson voru forfölluð. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt án athugasemda.

**2. Hugsanlegar breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar**

Formaður bað Eirík Tómasson að kynna drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breytingu á 79. gr. stjórnarskrárinnar ásamt greinargerð sem lögð voru fram á fundinum. Í máli Eiríks kom fram að við skoðun milli funda hefði komið í ljós að gera þyrfti tæknilega breytingu á tillögu þeirri sem samþykkt hefði verið á síðasta fundi. Samþykki þing stjórnarskrárbreytingu án þess að fyrir henni sé 2/3 meirihluti verði frekari afgreiðslu frestað en ekki komi sjálfkrafa til þingrofs. Þar með er tekið fyrir þann möguleika að þingmenn greiði atkvæði gegn stjórnarskrárfrumvarpi við síðustu umræðu í því skyni að framkalla þingrof.

Var fallist á þessa breytingu á frumvarpsdrögunum enda yrði tekið fram í greinargerð að eftir sem áður yrði hægt að rjúfa þing eftir almennum reglum ef vilji væri til þess að hraða stjórnarskrárbreytingum.

Beindi formaður því til nefndarmanna að senda athugasemdir við orðalag frumvarpsins og greinargerðarinnar til ritara í tæka tíð fyrir næsta fund.

**3. Starfið framundan**

Staðfest var að stefnt skyldi að því að ljúka afgreiðslu frumvarpsdraganna og fylgiskjala á næsta fundi fimmtudaginn 1. febrúar nk. kl. 17–19.

**4. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.00.

**Fundargerð 25. fundar stjórnarskrárnefndar**

**1. Inngangur**

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu hinn 1. febrúar 2007 klukkan 17.00 síðdegis.Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Jón Kristjánsson (formaður), Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Þorsteinn Pálsson. Bjarni Benediktsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jónína Bjartmarz og Össur Skarphéðinsson voru forfölluð. Þá voru einnig mætt úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson (formaður) og Gunnar Helgi Kristinsson. Kristján Andri Stefánsson var forfallaður. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt án athugasemda.

**2. Erindi sem hafa borist**

Lagt var fram framsent bréf Þórunnar Guðmundsdóttur hrl., sem var oddviti yfirkjörstjórnar í Reykjavík norður í síðustu forsetakosningum, til dómsmálaráðherra þar sem hún vakti athygli á tilteknum atriðum varðandi ákvæði 5. gr. stjórnarskrárinnar um fjölda meðmælenda og landfræðilega skiptingu þeirra, eins og hún er útfærð í lögum nr. 36/1945.

**3. Breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar**

Lögð voru fram endurskoðuð drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breytingu á 79. gr. ásamt greinargerð. Þá voru kynnt drög að frumvarpi til breytinga á þingskapalögum auk frumvarps til laga um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 79. gr. stjórnarskrárinnar sem myndu fylgja með til kynningar.

Formaður greindi frá fundi sem hann hefði átt með skrifstofustjóra Alþingis þar sem rædd voru þau atriði í frumvarpinu sem sneru að störfum Alþingis og fælu í sér fráhvarf frá almennum reglum um meðferð þingmála.

Samþykkt var að formaður myndi senda frumvarpið ásamt ofangreindum fylgiskjölum til forsætisráðherra sem niðurstöðu nefndarinnar.

**4. Starfið framundan – kynning á niðurstöðum nefndar**

Lögð voru fram drög að áfangaskýrslu. Fram komu athugasemdir við að fjallað skyldi um umhverfisvernd og auðlindamál í sama vetfangi. Var ritara falið að uppfæra skjalið í ljósi þessarar athugasemda og annarra athugasemda sem nefndarmenn kynnu að senda fram að næsta fundi.

Þá var nokkuð rætt um hvort ástæða væri til þess fyrir nefndina að kynna niðurstöður sínar með sérstökum hætti en engin ákvörðun tekin í því efni.

**5. Önnur mál**

Næsti fundur var ákveðinn þriðjudaginn 6. feb. kl. 17.30–19 í Þjóðmenningarhúsinu. Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 18.00.

## Fundargerð 26. fundar stjórnarskrárnefndar

### 1. Inngangur

Fundur var settur í Þjóðmenningarhúsinu þriðjudaginn 6. febrúar 2007 klukkan 17.30 síðdegis. Mætt voru úr stjórnarskrárnefnd: Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Kristjánsson (formaður), Jónína Bjartmarz, Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson. Þorsteinn Pálsson var forfallaður. Þá voru einnig mætt úr sérfræðinganefnd um stjórnarskrána: Björg Thorarensen og Eiríkur Tómasson (formaður). Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson voru forfallaðir. Páll Þórhallsson ritaði fundargerð.

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt án athugasemda.

### 2. Áfangaskýrsla

Lögð voru fram endurskoðuð drög að áfangaskýrslu. Var ákveðið að fundargerðir nefndarinnar og vinnuhópa hennar myndu fylgja með sem fylgiskjöl auk þriggja helstu greinargerða sérfræðinganefndarinnar. Tekið yrði fram að vinnuhópunum hefði verið ætlað að setja fram hugmyndir, sem síðan yrðu ræddar í fullskipaðri nefnd. Yrði því að skoða fundargerðir þeirra í samhengi við umræður sem síðan urðu inni í nefndinni sjálfri, en þær væru raktar í fundargerðum nefndarinnar og áfangaskýrslunni.

Var ritara falið að senda út lokadrög á næstu dögum þar sem gefinn yrði stuttur frestur til athugasemda.

### 3. Önnur mál

Birgir Ármannsson gat þess að sérnefnd Alþingis um stjórnarskrármálefni hefði komið saman og vænta mætti frá henni hefðbundins bréfs þar sem upplýst væri um þingmál á yfirstandandi þingi er vörðuðu stjórnarskrána.

Lagt var fram bréf formanns til forsætisráðherra dags. 5. feb. með tillögu nefndarinnar um breytingu á 79. gr. stjórnarskrárinnar ásamt fylgiskjölum. Kom fram ábending um lagfæringu á orðalagi í greinargerð með frumvarpinu og var ritara falið að koma henni áleiðis.

Ritara var falið að kanna hvenær væri hentugur tími fyrir lokafund nefndarinnar í þessari lotu en ekki ætti að vera þörf á sérstökum fundi til að ljúka áfangaskýrslunni, það ætti að vera hægt með tölvupóstsamskiptum.

## Fundargerð (1) vinnuhóps um dómstólakafla o.fl.

Ár 2006, þriðjudaginn 7. mars, kl. 8.30, kom vinnuhópur stjórnarskrárnefndar um dómstólakafla o.fl. saman til fundar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fundinn sátu: Birgir Ármannsson, Jónína Bjartmarz og Eiríkur Tómasson sem ritaði fundargerð þessa. Kristrún Heimisdóttir hafði boðað forföll.

Þetta gerðist:

1. ET lagði fram ýmis gögn sem varða V. kafla stjórnarskrárinnar og hugsanlegar breytingar á honum.
2. Farið var lauslega yfir þau atriði sem til greina kæmi að taka sérstaklega til skoðunar í þessum kafla, en síðan ákveðið að fresta frekari umfjöllun um þau, þar sem einn úr hópnum væri fjarverandi.
3. Ákveðið var að stefna að því að halda næsta fund í vinnuhópnum í hádeginu þriðjudaginn 14. mars nk.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 9.20.

**Fundargerð (2) vinnuhóps um dómstólakafla o.fl.**

Ár 2006, þriðjudaginn 21. mars, kl. 12, kom vinnuhópur stjórnarskrárnefndar um dómstólakafla o.fl. saman til fundar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fundinn sátu: Birgir Ármannsson, Jónína Bjartmarz, Kristrún Heimisdóttir og Eiríkur Tómasson sem ritaði fundargerð þessa.

Þetta gerðist:

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar í vinnuhópnum.
2. Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi var rætt um þau atriði sem til greina kæmi að taka sérstaklega til skoðunar í þessum kafla. Var ET falið að taka saman frumdrög að ákvæðum kaflans sem rædd yrðu frekar á næsta fundi.
3. Ákveðið var að stefna að því að halda næsta fund í vinnuhópnum að morgni mánudagsins 3. apríl nk.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 13.00.

**Fundargerð (3) vinnuhóps um dómstólakafla o.fl.**

Ár 2006, mánudaginn 3. apríl, kl. 8.30, kom vinnuhópur stjórnarskrárnefndar um dómstólakafla o.fl. saman til fundar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fundinn sátu: Kristrún Heimisdóttir og Eiríkur Tómasson sem ritaði fundargerð þessa. Þau Birgir Ármannsson og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi vegna fundar í þingnefnd, sem þau eiga sæti í, en fundurinn hafði verið boðaður með skömmum fyrirvara.

Þetta gerðist:

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar í vinnuhópnum.
2. Í framhaldi af því, sem fram kom á síðasta fundi, lagði ET fram sem umræðugrundvöll frumdrög að ákvæðum nýs kafla um dómsvald og ákæruvald er kæmi í stað V. kafla núgildandi stjórnarskrár. Samþykkt var að fresta umræðum um þetta mál að svo stöddu.
3. Ákveðið var að stefna að því að halda næsta fund í vinnuhópnum fljótlega eftir páska og fjalla þá m.a. um stjórnarskrárákvæði um heimild til að framselja ríkisvald til alþjóðlegra eða fjölþjóðlegra stofnana í afmörkuðum tilvikum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 9.15.

**Fundargerð (4) vinnuhóps um dómstólakafla o.fl.**

Ár 2006, mánudaginn 15. maí, kl. 9, kom vinnuhópur stjórnarskrárnefndar um dómstólakafla o.fl. saman til fundar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fundinn sátu: Birgir Ármannsson, Kristrún Heimisdóttir, Björg Thorarensen og Eiríkur Tómasson sem ritaði fundargerð þessa. Jónína Bjartmarz var fjarverandi.

Þetta gerðist:

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar í vinnuhópnum.
2. Rætt var um efni stjórnarskrárákvæðis um samninga og önnur samskipti við erlend ríki sem komið gæti í stað 21. gr. núverandi stjórnarskrár. Ennfremur um nýtt stjórnarskrárákvæði sem fæli í sér heimild til framsals ríkisvalds til alþjóðlegra og fjölþjóðlegra stofnana, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Að umræðum loknum var Björgu falið að taka saman minnisblað, þar sem teflt verði fram valkostum að því er varðar þessi tvö atriði.
3. Í framhaldi af síðasta fundi var rætt um frumdrög ET að ákvæðum nýs kafla um dómsvald og ákæruvald er kæmi í stað V. kafla núgildandi stjórnarskrár.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 10.30.

**Fundargerð (1) vinnuhóps um auðlinda-, umhverfis- og mannréttindamál**

Ár 2006, mánudaginn 13. mars, kl. 9.00 kom vinnuhópur stjórnarskrárnefndar um auðlinda-, umhverfis- og mannréttindamál saman til fundar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fundinn sátu: Bjarni Benediktsson, Guðjón Arnar Kristjánsson, Össur Skarphéðinsson og Björg Thorarensen sem ritaði fundargerð þessa.

Þetta gerðist:

1. Fyrir fundinum lá samantekt frá BTh. með samantekt yfir erindi sem borist hafa stjórnarskrárnefnd um þessi svið stjórnarskrárinnar auk tillögu auðlindanefndar frá árinu 2000 um orðalag nýs stjórnarskrárákvæðis um auðlindir og nýtingu þeirra. Tillagan og skýringar með henni eru hluti af ítarlegum skýrslum sem auðlindanefnd vann á árunum 1999 og 2000. Farið var yfir þessi gögn og lagt mat á það hvernig haga bæri vinnu stjórnarskrárnefndarinnar í framhaldinu varðandi þessa málaflokka.
2. Vinnuhópurinn komst að þeirri niðurstöðu að æskilegt væri að stefna að því að setja í stjórnarskrána ákvæði um umhverfismál og auðlindir. Var ákveðið að kanna og leggja fram á næsta fundi vinnuhóps dæmi um ákvæði í fleiri stjórnarskrám sem gætu verið til hliðsjónar um gerð stjórnarskrárákvæðis um umhverfismál. Einnig var ákveðið að fá Eirík Tómasson prófessor sem átti sæti í auðlindanefnd, á næsta fund nefndarinnar til að skýra nánar þau sjónarmið sem liggja að baki tillögu auðlindanefndar.
3. Vinnuhópurinn taldi æskilegt að huga nánar að breytingum á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar sem hefðu almennt gildi. Í því sambandi var einkum litið til þess hvort rætt væri að færa út orðalag almennu jafnræðisreglunnar í 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þá væri vert að stefna að því að í stjórnarskránni yrði vísað með almennum hætti til réttinda sem vernduð eru í alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að, annað hvort í inngangsákvæðum í 1. kafla stjórnarskrárinnar, eða í sérstöku ákvæði í mannréttindakaflanum.
4. Ákveðið að næsti fundur vinnuhóps verði haldinn mánudaginn 20. mars kl. 9.00.

Fleira gerðist ekki Fundi slitið kl.10.30

**Fundargerð (2) vinnuhóps um auðlinda-, umhverfis- og mannréttindamál**

Ár 2006, mánudaginn 20. mars, kl. 9.00 kom vinnuhópur stjórnarskrárnefndar um auðlinda-, umhverfis- og mannréttindamál saman til fundar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fundinn sátu. Guðjón Arnar Kristjánsson, Össur Skarphéðinsson og Björg Thorarensen sem ritaði fundargerð þessa. Bjarni Benediktsson hafði boðað forföll. Auk þess kom Eiríkur Tómasson á fundinn.

Þetta gerðist:

1. Fyrir fundinum lá samantekt frá síðasta fundi vinnuhópsins 13. mars sl. þar sem dregnar voru saman niðurstöður þess fundar. Einnig fylgdi þeirri samantekt yfirlit yfir stjórnarskrárákvæði 9 ríkja um umhverfismál.
2. Eiríkur Tómasson gerði grein fyrir sjónarmiðum að baki tillögu auðlindanefndar um nýtt stjórnarskrárákvæði varðandi náttúruauðlindir og nýtingu þeirra, en Eríkur var einn nefndarmanna í auðlindanefnd.
3. Samstaða var um að vinnuhópurinn gerði tillögu til stjórnarskrárnefndar um að ákvæði varðandi auðlindamál og umhverfismál yrðu sett í stjórnarskrána, annað hvort í tveimur aðskildum ákvæðum eða einu. Rætt var um helstu efnisatriði sem ættu að koma fram þar.

4. Ákveðið að næsti fundur vinnuhóps verði haldinn fimmtudaginn 30. mars kl. 8.30 en að í millitíðinni myndu BT og ET hitta BB til að fara yfir sjónarmiðin á bak við tillögur auðlindanefndar.

Fleira gerðist ekki Fundi slitið kl.10.00

**Fundargerð (3) vinnuhóps um auðlinda-, umhverfis- og mannréttindamál**

Ár 2006, fimmtudaginn 30. mars, kl. 8.30 kom vinnuhópur stjórnarskrárnefndar um auðlinda-, umhverfis- og mannréttindamál saman til fundar í Þjóðmenningarhúsinu. Á fundarstað kom í ljós að Bjarni Benediksson og Össur Skarphéðinsson höfðu boðað forföll.

Fundinn sátu því Guðjón Arnar Kristjánsson og Björg Thorarensen. Aðalheiður Jóhannsdóttir dósent við lagadeild HÍ og sérfræðingur í umhverfisrétti var einnig mætt að beiðni formanns vinnuhópsins til þess að ræða um efni hugsanlegs stjórnarskrárákvæðis um umhverfismál. GAK og BTh. ákváðu að ræða efnið við AJ, þrátt fyrir forföll tveggja í vinnuhópnum en samantekt af þeim umræðum yrði send þeim í fundargerð.

AJ fjallaði um reynslu af nýja norska stjórnarskrárákvæðinu um umhverfismál, gr. 110 b, sem kom inn í stjórnarskrána árin 1992. Hún benti á að ekki lægi fyrir mikil dómaframkvæmd í Noregi um ákvæðið, en þó hefði gengið dómur í Hæstarétti Noregs árið 1993. Þar voru lagaákvæði um leyfi til umhverfisframkvæmda túlkuð í ljósi markmiða stjórnarskrárákvæðisins. Ekki eru dæmi þess að ákvæðinu hafi verið beitt fyrir dómstólum til að byggja á sjálfstæðan rétt einstaklinga eða félagasamtaka og er ákvæðið ekki talið fela í sér sjálfstæða efnisreglu. Það hefur fyrst og fremst áhrif sem markmiðssetning á sviði umhverfismála og hefur þannig áhrif á framkvæmd laga á þessum vettvangi. Þá telur AJ að ákvæðið hafi áhrif með þeim hætti að lög verði í auknum mæli skýrð með vísan til alþjóðaskuldbindinga Noregs á sviði umhverfismála. Enn sem komið er hefur lítið verið ritað í Noregi um túlkun og áhrif umhverfisákvæðis stjórnarskrárinnar en AJ er kunnugt um að ítarleg lögfræðileg úttekt um ákvæðið er væntanleg frá einum helsta sérfræðingi Noregs um efnið.

Þessu næst fjallaði AJ um nýja finnska stjórnarskrárákvæðið í 20. gr. stjórnarskrárinnar sem tók gildi árið 2000. Hún benti á að ákvæðið væri mjög ólíkt því norska að efni og uppbyggingu, og fræðimenn greindi á um hvort það hefði lagaleg áhrif eða eingöngu stefnuyfirlýsing. AJ var kunnugt um einn dóm sem hefði nýlega gengið í æðsta stjórnsýsludómstól Finnlands þar sem deila snerist um það hvort tiltekin ákvæði í finnskri löggjöf giltu um leyfi til virkjunarframkvæmda og gerð uppistöðulóns. Var finnsk löggjöf túlkuð í ljósi stjórnarskrárákvæðisins og réði það úrslitum um að viðkomandi ákvæði voru talin ná yfir þessar framkvæmdir. Þá hefur verið talið að umhverfisákvæðið leiði til þess að lagaheimildir um aðild félagasamtaka að ákvörðunum um umhverfismál séu túlkaðar rúmt.

Hvað varðar efni hugsanlegs stjórnarskrárákvæðis um umhverfismál í íslensku stjórnarskránni benti AJ á þrjá meginþætti sem eðlilegt væri að taka tillit til. Í fyrsta lagi þátttökuréttindin, þ.e. um rétt manna til að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða umhverfið, í öðru lagi sjálfbær þróun og í þriðja lagi, tilvísun í líffræðilegrar fjölbreytni. Í þessu sambandi væri hugtakið „sjálfbær þróun“ nokkurs konar yfirhugtak sem rétt væri að telja fyrst sem meginmarkið, en á eftir kæmu hin tvö. Síðan yrði inntak hugtakanna sem er mjög víðtækt skýrt nánar í greinargerð. Þá lagði AJ áherslu á að framsetning umhverfisákvæðis hlyti að felast á því að lýsa yfir þessum markmiðum, en jafnframt yrði tilgreint í stjórnarskrárákvæðinu að nánar skyldi mælt fyrir um þessi efni í lögum. Eftir sem áður hefur því löggjafinn svigrúm til þess að ákveða hvaða leiðir skuli fara til þess að ná þessum markmiðum. Þannig myndi stjórnarskrárákvæðið ekki búa til sjálfstæðar efnisreglur, en þó gera dómstólum kleift að

meta t.d. hvort stjórnarvaldsákvarðanir eða löggjöf fer bersýnilega gegn þessum grundvallarmarkmiðum.

Í lok fundar var ákveðið að kanna hvort vinnuhópur nær að funda aftur fyrir páska og tillaga gerð um miðvikudaginn 12. apríl kl. 8.30. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9.30

**Fundargerð (4) vinnuhóps um auðlinda-, umhverfis- og mannréttindamál**

Ár 2006, miðvikudaginn 12. apríl, kl. 8.30 kom vinnuhópur stjórnarskrárnefndar um auðlinda-, umhverfis- og mannréttindamál saman til fundar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fundinn sátu Bjarni Benediktsson, Guðjón Arnar Kristjánsson, Össur Skarphéðinsson og Björg Thorarensen sem ritaði fundargerð þessa.

Rætt var um hvernig best væri að gera tillögur til stjórnarskrárnefndar varðandi framhald við vinnu um stjórnarskrárákvæði á þessu sviði. Ákveðið var að fela BTh að gera frumdrög að nýjum og breyttum stjórnarskrárákvæðum um efnið með hliðsjón af þeim umræðum sem hafa orðið á síðustu fundum vinnuhópsins. Í þeim umræðum var m.a. litið til nýlegra stjórnarskrárbreytinga varðandi þessi málefni í Noregi og Finnlandi. Eru tillögur vinnuhópsins í meginatriðum tvíþættar:

1. Tillaga yrði gerð um tvö ný ákvæði varðandi umhverfismál og auðlindir í VII. kafla stjórnarskrárinnar aftan við 78. gr. um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Rætt var um helstu efnisatriði sem ættu að koma fram þar. Í fyrra ákvæðinu yrði fjallað um réttindi og markmið tengd umhverfinu; þar yrði fjallað um rétt til umhverfis sem tryggi heilbrigði og líffræðilega fjölbreytni, sjálfbæra þróun og nýtingu náttúruauðlinda til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir og loks um rétt almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og til að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða umhverfið. Í seinna ákvæðinu yrði lýst yfir að náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti séu þjóðareign og að veita megi heimild til afnota og hagnýtingar á þeim gegn gjaldi auk þess sem fjallað er um hvernig nýta skuli arð af þeim. Ákvæðið byggir í megindráttum á tillögum auðlindanefndar frá árinu 2000. Efni þessara tveggja ákvæða tengist að nokkru leyti og mætti huga að því hvort rétt er að fella þau saman í eitt stjórnarskrárákvæði.
2. Flest erindi sem hafa borist stjórnarskrárnefnd varðandi breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar lúta að tiltölulega afmörkuðum atriðum í mannréttindaákvæðum og endurspegla hagsmuni þeirra félagasamtaka og einstaklinga sem sent hafi inn erindi. Vinnuhópurinn telur varasamt að breyta afmörkuðum þáttum stjórnarskrárákvæðum um mannréttindi án þess að huga þá samtímis að mörgum öðrum atriðum sem einnig þyrfti að breyta til samræmis, án tillits til þess hvort erindi hafi borist þar um. Í raun þyrfti þá að fara fram ný heildarendurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar sem eðlilegra væri að vinna í stærra samhengi. Vinnuhópurinn telur því æskilegt að skoða nánar breytingar sem hefðu almennara gildi. Hann leggur til að í inngangsákvæði í I. kafla stjórnarskrárinnar verði vísað til þess að mannréttindi séu einn hornsteina íslenskrar stjórnskipunar en tillaga þess efnis hefur þegar komið fram í starfi stjórnarskrárnefndar. Jafnframt verði sett ákvæði í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, sem kæmi á eftir umhverfis- og auðlindaákvæðunum. Þar yrði lýst yfir skyldu stjórnvalda til að virða og tryggja mannréttindi með hliðsjón af alþjóðlegum mannréttindaskuldbindingum sem Ísland er aðili að og að slíkum skuldbindingum skuli komið í framkvæmd samkvæmt lögum.

Ákveðið var að tillögurnar yrðu sendar til vinnuhópsins til frekari skoðunar en síðan verði stefnt að því að leggja þær fram til umræðu á næsta fundi stjórnarskrárnefndar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9.45.

**Fundargerð (1) vinnuhóps um forseta, ráðherra o.fl.**

Ár 2006, þriðjudaginn 21. mars, kl. 17.30, kom vinnuhópur stjórnarskrárnefndar um hlutverk og stöðu forseta Íslands og ráðherra o.fl. saman til fundar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fundinn sátu: Jón Kristjánsson, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson, Össur Skarphéðinsson og Eiríkur Tómasson sem ritaði fundargerð þessa.

Þetta gerðist:

1. Lögð voru fram ýmis gögn sem varða II. kafla stjórnarskrárinnar og hugsanlegar breytingar á þeim kafla.
2. Rætt var um kjör forseta Íslands. Sammæli er um það í vinnuhópnum að forseti skuli áfram vera þjóðkjörinn og að sitjandi forseti þurfi ekki meðmæli, kjósi hann að bjóða sig fram að nýju. Þá kemur til greina að fækka meðmælendum frá því sem nú er tilskilið, en gera á móti kröfur til að þeir staðfesti meðmælin, t.d. fyrir þar til bæru stjórnvaldi. Einnig kemur til álita að taka upp „írsku aðferðina“ við forsetakjör til að tryggja meiri samstöðu um þann, sem nær kjöri, án þess að kjósa þurfi tvisvar.
3. Þá var rætt um atbeina forseta við myndun ríkisstjórnar. Ljóst er af þingræðisreglunni, sem ástæða er til að festa í stjórnarskrá, að forseti skipar ráðherra og veitir þeim lausn í samræmi við vilja meirihluta Alþingis. Sú hugmynd kom fram að þingið eigi að fá ákveðinn frest, t.d. sex vikur, eftir að ríkisstjórn segir af sér (hvort sem það gerist á grundvelli kosningaúrslita eða af öðrum ástæðum) til að koma saman stjórn sem njóti stuðnings eða a.m.k. hlutleysis meirihluta þingmanna. Að þeim tíma liðnum hafi forseti heimild til að mynda sjálfur ríkisstjórn. Sé slíkri stjórn vottað vantraust skuli sjálfkrafa rjúfa þing, takist ekki að mynda starfhæfa ríkisstjórn þá þegar.
4. Samstaða er um það í vinnuhópnum að forseti sé fyrst og fremst þjóðhöfðingi og hann hafi í krafti þess hlutverks samskipti við þjóðhöfðingja annarra ríkja. Ekki sé gerlegt að takmarka svigrúm forseta til að tjá sig um mál eða skylda hann til að fylgja eða hafa hliðsjón af stefnu þings og ríkisstjórnar á hverjum tíma, enda þótt gera megi ráð fyrir að hann geri það að öðru jöfnu. Þá kemur til greina að kveða á um það í stjórnarskrá að ráðherrar/ríkisstjórn séu í raun æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins, nema öðru vísi sé fyrir mælt í stjórnarskrá eða öðrum lögum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 19.20.

**Fundargerð (2) vinnuhóps um forseta, ráðherra o.fl.**

Ár 2006, fimmtudaginn 27. mars 2006 klukkan 17.00 kom vinnuhópur stjórnarskrárnefndar um hlutverk og stöðu forseta Íslands og ráðherra o.fl. saman til fundar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fundinn sátu Jón Kristjánsson, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson og Kristrún Heimisdóttir í forföllum Össurar Skarphéðinssonar. Þá sátu einnig fundinn Kristján Andri Stefánsson og Páll Þórhallsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Mismunandi sjónarmið komu fram um það hvernig túlka bæri ákvæði núgildandi stjórnarskrár um völd forseta.

Ekki er ágreiningur um að forsetinn hafi vald samkvæmt núgildandi 26. gr., varðandi stjórnarmyndanir og hugsanlega þingrof.

Einnig komu fram þau viðhorf að ræða þyrfti forsetaembættið í stærra samhengi. Halda þyrfti því til haga að forsetinn gæti haft temprandi áhrif á framkvæmdarvaldið þótt ekki væri verið að leggja til að þetta vald yrði aukið. Menn mættu ekki gleyma því að úthlutun valds

til ráðherra t.d. þyddi ekki að ekki mætti vera mótvægi. Aðrir drógu í efa að það gengi upp að hafa tvískipt framkvæmdarvald þar sem annar aðilinn tempraði hinn. Rætt var um hvaða þýðingu undirritun forseta undir til dæmis embættisskipanir hefði. Hvort um hreint formsatriði væri að ræða og þá hvaða afleiðingar synjun hefði.

Rætt var um að ekki ætti að eyða of miklu púðri í umræðu um það hver réttarstaðan væri nú heldur snúa sér að því hvernig menn vildu að hún væri.

2. Fram kom það viðhorf og var því ekki andmælt að væri hróflað við ákvæðum stjórnarskrár um forseta og ráðherra þá þyrfti að kveða skýrt að orði.

3. Sammæli var um forsetinn ætti ekki að fá aukið pólitískt hlutverk.

Sumir töldu að samt gæti forseti haft hlutverk þegar kæmi að því að standa vörð um grundvallargildi og varna gegn misbeitingu valds.

Þá var rifjað upp frá síðasta fundi að sammæli væri um að forseti skyldi hafa hlutverk við að tryggja starfhæfa ríkisstjórn.

Sammæli var um að forseti ætti einn að undirrita skipunarbréf forsætisráðherra. Það væri óeðlilegt að forsætisráðherra meðundirritaði sitt eigið skipunarbréf. Síðan gæti forsætisráðherra einn undirritað skipunarbréf annarra ráðherra.

Fram kom að rétt kynni að vera að forseti hefði áfram málskotsrétt varðandi nýsamþykkt lög og voru ýmsar útfærslur nefndar í því sambandi án þess að þær væru ræddar til þrautar.

Þá kom fram sú hugmynd að forseti gæti haft hlutverki að gegna við mat á því hvort nauðsyn stæði til útgáfu bráðabirgðalaga.

4. Sammæli var um að ekki væri ástæða til að breyta því fyrirkomulagi að ráðherrar færu með vald hver á sínu sviði. Hins vegar mætti tilgreina að í einstaka tilfellum þyrfti samþykki ríkisstjórnar eins og til dæmis varðandi mikilvæga milliríkjasamninga.

Þá var rætt um hvort það væri æskilegt að ríkisstjórnir hefðu meira svigrúm við ákvörðun fjölda ráðherra en skiptar skoðanir voru um það efni.

Fleira var ekki rætt

**Fundargerð (3) vinnuhóps um forseta, ráðherra o.fl.**

Ár 2006, fimmtudaginn 1. júní klukkan 17.00 kom vinnuhópur stjórnarskrárnefndar um hlutverk og stöðu forseta Íslands og ráðherra o.fl. saman til fundar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fundinn sátu Jón Kristjánsson, Þorsteinn Pálsson og Össur Skarphéðinsson, auk Eiríks Tómassonar sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar var lögð fram.

2. Rætt var um dagskrá fyrirhugaðs fundar í stjórnarskrárnefnd 23. júní nk. Formaður taldi nauðsynlegt að halda annan fund í vinnuhópnum fyrir þann fund, þannig að skýrari línur liggi þá fyrir um afstöðu þeirra, sem vinnuhópinn mynda, til þeirra atriða sem hópnum er ætlað að fjalla um. Að loknum umræðum var samþykkt að stefna að því að fundurinn verði haldinn 15. júní nk., kl. 17.*

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 17.50.

* Þessi fundur fór fram en ekki var haldin fundargerð.

**VIÐAUKI 2**

# ÁGRIP AF ÞRÓUN STJÓRNARSKRÁRINNAR[18]

(Desember 2005)

Sérfræðinganefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar:

**Eiríkur Tómasson prófessor**

**Björg Thorarensen prófessor**
**Gunnar Helgi Kristinsson prófessor**
**Kristján Andri Stefánsson sendifulltrúi**

Unnið að beiðni nefndar um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands

[18] Skýrsla þessi er unnin af Gunnari Helga Kristinssyni.

## 1. Inngangur

Þrjár stjórnarskrár hafa tekið gildi á Íslandi. Sú fyrsta var stjórnarskráin 1874 sem veitti Alþingi löggjafarvald og aðskildi þar með löggjafarvaldið í málefnum Íslands að nokkru leyti frá því danska þótt konungur hefði að vísu neitunarvald í löggjafarmálefnum og skipaði helming efri deildar þingsins. Aðra stjórnarskrá sína fengu Íslendingar árið 1920 í kjölfar þess að íslenska ríkið hafði orðið fullvalda árið 1918. Sjálfstæði Íslands að alþjóðalögum var þar með staðreynd þótt ríkið væri áfram í konungssambandi við Danmörku og ríkin tvö hefðu samstarf um ýmis mál. Í samræmi við ákvæði sambandslagasamningsins árið 1918 ákváðu Íslendingar síðan að rjúfa samband ríkjanna að tilskildum tíma liðnum og stofna lýðveldi árið 1944. Við það tækifæri var ríkinu sett ný stjórnarskrá. Þrátt fyrir þrjár stjórnarskrár einkennist samt stjórnskipuleg þróun Íslands af samfellu. Ýmsar breytingar urðu á stjórnarskránum, með setningu stjórnskipunarlaga,[19] án þess að ný stjórnarskrá tæki gildi. Eins voru eldri stjórnlög uppistaðan í þeim stjórnarskrám sem tóku gildi 1920 og 1944.

Tilgangur þessarar ritgerðar er einkum tvíþættur. Annars vegar að taka sama yfirlit yfir helstu breytingar á stjórnarskrám Íslands frá 1874 og tillöguflutning um stjórnarskrármálefni á Alþingi. Hins vegar að skoða með hvaða hætti gengið hefur verið til verka við aðlögun stjórnarskrárinnar og kanna hvað einkennt hefur endurskoðunarvinnuna frá því lýðveldisstjórnarskráin var sett 1944. Hluti ritgerðarinnar er fenginn úr riti Gunnars Helga Kristinssonar, *Þróun íslensku stjórnarskrárinnar*, sem út kom 1994 og viðbótum við þann texta sem áætlað er að birta í kennslubók í stjórnmálafræði sem er í smíðum. Hluti efnisins er hins vegar frumsaminn. Við þá vinnu var mikið stuðst við ljósritað safn texta úr Alþingistíðindum sem tekið var saman af Mannréttindastofnun Háskóla Íslands árið 2003. Þar hefur verið safnað saman öllum helstu tillögum um stjórnarskrármálefni á Alþingi frá því árið 1874.

## 2. Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands (1874–1920)

Íslendingar fengu sína fyrstu stjórnarskrá árið 1874.[20] Fyrstu eiginlegu stjórnarskrárnar höfðu litið dagsins ljós í Bandaríkjunum og Frakklandi innan við hundrað árum áður og endurspegluðu vaxandi andstöðu við harðstjórn og óheft ríkisvald. Hugmyndagrunnur stjórnarskrárinnar er byggður á ýmsum þáttum frjálslyndrar stjórnmálahugsunar í Evrópu eins og hún þróaðist á átjándu og nítjándu öld. Sérstakar aðstæður hafa hins vegar á Íslandi – eins og í öllum öðrum ríkjum – sett mark sitt á þróun stjórnarskrárinnar.

Afnám einveldisins í Danmörku árið 1848 leiddi til óvissu um stöðu Íslands innan konungsríkisins. Forystumenn Íslendinga litu svo á að samband landanna tveggja hlyti að breytast við þetta því að það hefði grundvallast á konungdæminu og því hlytu Íslendingar sjálfir að fá að ráða grundvallarþáttum sinnar stjórnskipunar. Dönsk stjórnskipun og dönsk lög ættu ekki að ná til Íslands. Á þetta sjónarmið gátu dönsk stjórnvöld ekki fallist. Þau töldu Ísland vera hluta danska ríkisins og að danska stjórnarskráin ætti að ná til Íslands líka. Þessi deila leiddi til þess að breytingar urðu ekki á stjórnskipun Íslands fyrr en nokkrum áratugum eftir afnám einveldisins í Danmörku.

---

[19] Orðið stjórnskipunarlög er hér notað frekar en „stjórnarskipunarlög“ einkum vegna þess að það er þjálla en bæði afbrigði orðsins koma fyrir í stjórnarskrá. Hliðstætt ósamræmi má finna í stjórnarskránni varðandi „stjórnvöld“ og „stjórnarvöld“.

[20] Sögulegur aðdragandi stjórnarskrárinnar í dönskum stjórnmálum er rakinn af Arnóri Hannibalssyni (1983).

Árið 1871 staðfesti konungur stöðulögin þar sem staða Íslands í danska ríkinu var skilgreind þannig að Ísland væri óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum. Í kjölfarið voru gerðar miklar breytingar á stjórnsýslu Íslands. Yfir embættismannakerfið á Íslandi var settur landshöfðingi sem hafði að ýmsu leyti víðtækari völd en stiftamtmenn höfðu haft áður. Miðstjórnarvaldið innan embættismannakerfisins var þannig eflt. Á sama tíma voru hins vegar gerðar breytingar á sveitarstjórnarmálum, ekki ósvipaðar ýmsum breytingum sem skömmu áður höfðu komið til framkvæmda í Danmörku og stuðluðu að auknu lýðræði og valddreifingu. Þannig fóru nú hreppsnefndir með málefni hreppanna, sýslunefndir með ýmis af málefnum sýslnanna og amtsráð höfðu umsjón með amtsmálefnum. Um málefni hvers kaupstaðar um sig giltu hins vegar sérstök lög.

Í kjölfar stöðulaganna var Íslandi gefin stjórnarskrá um sérmálefni sín á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar, árið 1874. Með henni var Alþingi fengið löggjafarvald í sérmálum Íslands sem takmarkaðist af neitunarvaldi konungs (sem ráðherra fór með). Framkvæmdarvaldið var hins vegar hluti af dönsku stjórnsýslunni og yfir það var settur sérstakur Íslandsráðherra en því embætti gegndi dómsmálaráðherra Dana. Framkvæmdarvald undir yfirstjórn Íslendinga varð ekki til fyrr en með heimastjórn sem komst á 1904. Ekki voru gerðar breytingar á skipan dómsvaldsins á Íslandi í stjórnarskránni 1874 utan það að kveðið var á um almennt hlutverk þess og sérstakt ákvæði fjallaði um brottvikningu dómara sem ekki höfðu umboðsstörf á hendi. Ekkert fyrirheit var að finna í henni um aðskilnað framkvæmdarvalds og dómsvalds sambærilegt við það sem sett hafði verið í dönsku stjórnarskrána 1849. Hæstiréttur Dana var áfram æðsti dómstóll Íslands til 1920 þegar Hæstarétti Íslands var komið á fót. Þær umbætur í dómsmálum, sem komust til framkvæmda í Danmörku á fyrstu áratugum tuttugustu aldar, náðu þannig ekki til Íslands.

Sú stjórnarskrá, sem konungur gaf Íslandi árið 1874, var að miklu leyti samin upp úr dönsku stjórnarskránni. Á Alþingi árin 1867, 1869 og 1871 hafði stjórnin lagt fram stjórnarskrárfrumvörp sem í mörgum atriðum líktust stjórnarskránni sem konungur síðan gaf 1874. Ýmislegt í athugasemdum og tillögum Alþingis virðist hafa haft áhrif á útfærslu stjórnarskrárinnar í endanlegri gerð. Hins vegar náðist ekki samkomulag á milli Alþingis og stjórnarinnar um stjórnarskrána sjálfa og var hún því á endanum gefin einhliða af konungi, af „frjálsu fullveldi" hans, eins og það var orðað. Íslendingar voru ósáttir við þá aðferð sem viðhöfð var við að setja landinu stjórnarskrá. Efnislegur ágreiningur þeirra við ákvæði stjórnarskrárinnar snerti hins vegar fyrst og fremst stöðu framkvæmdarvaldsins.

Samkvæmt stjórnarskránni 1874 skyldi framkvæmdarvaldið vera hjá konungi en hann láta ráðgjafann (ráðherrann) fyrir Ísland framkvæma það vald. Æðsta framkvæmdarvald innanlands skyldi hins vegar vera í höndum landshöfðingja, skipuðum af konungi, sem starfaði á ábyrgð ráðgjafans. Ákvæði stjórnarskrárinnar um með hvaða hætti hægt væri að láta ráðgjafann eða landshöfðingja sæta lagalegri ábyrgð voru óljós og um pólitíska ábyrgð var að ekki að ræða frekar en í Danmörku á þeim tíma. Alþingi hafði 1871 óskað eftir innlendu framkvæmdarvaldi, með aðsetri á Íslandi, þar sem landsstjóri eða jarl framkvæmdi vald konungs og bæri ábyrgð á stjórnarathöfnum.

Krafan um þingræði, í merkingunni stjórn með pólitískt umboð frá þinginu, var ekki meðal meginkrafna þjóðernishreyfingarinnar á nítjándu öld. Stjórnarábyrgð virðist yfirleitt hafa vísað til lagalegrar ábyrgðar fremur en pólitískrar ábyrgðar fyrir þjóðkjörnu þingi. Ekki var t.d. gerð krafa um þingræði í hinu endurskoðaða stjórnarskrárfrumvarpi sem lagt var fyrir

Alþingi 1881 og árin þar á eftir. Þingræðiskrafan varð ekki hluti af stjórnarskrárbaráttunni fyrr en með miðluninni 1889 og í kjölfar hennar.[21]

Stjórnarskráin, sem Ísland fékk árið 1874, bar sterkt svipmót þeirrar stjórnarskrár sem þá gilti í Danmörku, þ.e. stjórnarskrárinnar frá 1866. Það á einkum við um störf þingsins, bæði að opinberum fjármálum og löggjöf sem og um mannréttindaákvæði og ýmis meginatriði um dómsvaldið. Meðal þess sem skilur á milli er að ákvæði um þingkosningar voru að ýmsu leyti frábrugðin og það stafaði að hluta til af því að danska þingið starfaði í deildum sem kosnar voru með ólíkum hætti. Einnig má nefna að nánar er fjallað um konungsvaldið og framkvæmdarvaldið yfirleitt í dönsku stjórnarskránni auk þess sem staða landshöfðingja greindi að sjálfsögðu stjórnskipun Íslands frá þeirri dönsku. Íslenska stjórnarskráin var mjög ófullkomin varðandi útnefningu, störf og ábyrgð ráðherra. Sem dæmi má nefna að ekkert ákvæði var í íslensku stjórnarskránni um landsdóm þar sem kæra mætti ráðherra fyrir embættisfærslu þeirra líkt og finna mátti í dönsku stjórnarskránni. Loks vantaði í íslensku stjórnarskrána ákvæði um aðskilnað framkvæmdarvalds og dómsvalds líkt og finna mátti í þeirri dönsku og ákvæðin um trúfrelsi voru ófullkomnari í þeirri íslensku en þeirri dönsku.

Með stjórnarskránni 1874 höfðu Íslendingar fengið nútímalegt stjórnarform á þeirra tíma mælikvarða, þ.e. stjórnarskrárbundna konungsstjórn (þótt það orðalag komi að vísu ekki fyrir í stjórnarskránni). Jafnframt höfðu þeir fengið visst sjálfstæði frá Dönum sem átti eftir að aukast síðar meir. Stjórnskipun sú og stjórnkerfi, sem mótaðist á Íslandi síðari hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu, var hins vegar mjög mótað að danskri fyrirmynd. Það á ekki bara við um stóran hluta stjórnarskrárinnar heldur einnig að ýmsu leyti um stjórnsýsluna, þingið og dómskerfið.

Ýmislegt var fundið að stjórnarskránni sem konungur gaf 1874, einkum hvað varðar skortinn á innlendu framkvæmdarvaldi. Engu að síður þótti leiðtogum sjálfstæðisbaráttunnar það almennt skref í framfaraátt að fá stöðu Íslands gagnvart Danmörku skilgreinda. Í framhaldinu varð það megináhersla sjálfstæðisbaráttunnar að fá innlent framkvæmdarvald þótt hugmyndir manna um með hvaða hætti því skyldi skipað væru um sumt mismunandi eða óljósar. Um meginatriði frjálslyndrar stjórnskipunar, svo sem um skiptingu valdsins og frelsi þjóðfélagsþegnanna, virðist hins vegar takmörkuð umræða hafa átt sér stað. Í rauninni má segja að hugmyndir manna hér á landi hafi gengið út á að gera íslensku stjórnarskrána líkari þeirri dönsku, einnig hvað framkvæmdarvaldið varðar, frekar en ólíkari.

Frá árinu 1881 urðu stjórnarskrármálefni tilefni marghátta tillöguflutnings á Alþingi sem í meginatriðum endurspeglar viðleitni íslenskra stjórnmálamanna til að knýja á um aukin réttindi Íslendinga í sambúðinni við Danmörku, einkum hvað framkvæmdarvaldið varðar.

**Tafla 1. Tillögur á Alþingi um breytingar á stjórnarskránni um hin sjerstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874**

- 1881. Þingsályktunartillaga um skipun nefndar til að íhuga stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands og frumvarp nefndar um það efni.
- 1883. Frumvarp til endurskoðaðra stjórnskipulaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.
- 1885. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands
- 1886. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.
- 1887. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Einnig frumvarp til laga um breytingu á 15. gr. stjórnarskrárinnar um tölu þingmanna í efri og neðri deild alþingis.

[21] Sbr. Odd Didriksen (1968).

- 1889. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Einnig frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á 14. og 15. gr. stjórnarskrár og annað um afnám fastra eptirlauna.
- 1891. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um breytingu á 3., 10. og 25. gr. stjórnarskrárinnar. Frumvarp til laga um breytingu á 14. gr. og 15. gr. stjórnarskrárinnar.
- 1893. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands.
- 1894. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands.
- 1895. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands. Einnig þingsályktanir um stjórnarskrármálið á því þingi.
- 1897. Tvö frumvörp til stjórnskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands.
- 1899. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands.
- 1901. Tvö frumvörp til stjórnskipunarlaga um hin sérstaklegu málefni Íslands auk þingsályktunartillögu um stjórnarskrármálið.
- 1902. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands.
- 1903. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands.
- 1907. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands með áorðnum breytingum.
- 1909. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá. (Sjá einnig frumvarp til laga um samband Danmerkur og Íslands.)
- 1912. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá. Einnig þingsályktunartillaga um stjórnarskrármálið.
- 1913. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands.
- 1914. Frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá. Einnig þingsályktunartillaga um að skipa nefnd í stjórnarskrármálið.
- 1915. Þingsályktunartillögur um stjórnarskrármál og um staðfestingu stjórnarskrárinnar.
- 1918. Tillögur til þingsályktana um skipan nefnda til að íhuga sjálfstæðismál landsins.

Heimild: Alþingistíðindi.

Breytingar á stjórnarskránni náðust þó einungis fram tvisvar, það er 1903 og 1915. Fyrri breytingin varð í tengslum við upphaf heimastjórnar á Íslandi (innlent framkvæmdarvald) en sú síðari þegar almennur kosningarréttur var innleiddur.

1903

Þetta ár voru gerðar þær breytingar á stjórnarskránni sem nauðsynlegar voru vegna heimastjórnar á Íslandi. Hér komu inn ákvæði um ráðherra sem vantað hafði í stjórnarskrána frá 1874, alþingismönnum var fjölgað, kosningarréttur karla rýmkaður, auk þess sem nokkrar minniháttar breytingar voru gerðar á einstökum greinum stjórnarskrárinnar.

1915

Ýmsum ákvæðum um ráðherra var breytt þetta ár, meðal annars um að fjölga mætti ráðherrum, ákvæði um landsdóm kom inn í stjórnarskrána og ákvæði um rétt embættismanna til eftirlauna við brottvikningu eða flutning milli embætta var fellt út úr stjórnarskrá. Réttur til að gefa út bráðabirgðalög var takmarkaður. Konungkjör þingmanna var afnumið en landskjör tekið upp í staðinn til þeirra sex þingsæta í efri deild sem konungur hafði áður skipað í. Kosningarréttur karla og kvenna var gerður almennur nema fyrir sveitarstyrkþega þótt hann skyldi koma til framkvæmda í áföngum, samkvæmt tiltekinni tímaáætlun. Innleitt var ákvæði um að enginn skyldi gjalda til annarrar guðsdýrkunar en þeirrar sem hann sjálfur aðhylltist. Ýmsar smávægilegri breytingar voru jafnframt gerðar á öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

### 3. Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 1920 og þróun hennar (1920–1944)

Á þinginu 1919 lagði Jón Magnússon forsætisráðherra fram frumvarp að stjórnarskrá konungsríkisins Íslands. Af umræðum í þinginu má ráða að hann hafi sjálfur skrifað texta stjórnarskrárinnar og haft til hliðsjónar stjórnarskrár ýmissa annarra ríkja. Í framsöguræðu benti hann á að þótt ekki væru gerðar margar breytingar á því skipulagi, sem fyrir væri, þyrfti samt óhjákvæmilega að taka stjórnarskrána til skoðunar enda hvíldi hún nú á grundvelli fullveldisins í stað stöðulaganna frá 1871 áður. Frumvarpið sætti ýmsum breytingum í meðförum þingsins en fæstar voru þó stórvægilegar. Nokkrar deilur urðu um hvort binda ætti kosningarrétt fimm ára búsetuskilyrði og varð sú niðurstaðan þótt ekki hafi verið gert ráð fyrir því í upphaflegu frumvarpi.

Á þinginu 1919 voru gerðar þær breytingar á stjórnarskránni sem leiddu af fullveldi Íslands en samþykkt stjórnarskrá var síðan aftur lögð fram til staðfestingar 1920 og tók þá gildi. Þessar breytingar vörðuðu meðal annars stjórnskipun ríkisins, konungsvaldið, ráðherra og ríkisstjórn. Konungi var falið að gera samninga við önnur ríki. Ákvæði um eftirlaun embættismanna var innleitt á ný. Alþingi skyldi koma saman hvert ár. Fallið var frá tímaáætlun um rýmkun kosningarréttar og kosningaaldur festur við 25 ár. Heimilað var að innleiða hlutfallskosningar í Reykjavík og að fjölga þingmönnum með lögum. Innleitt var sérstakt ákvæði um að útlendingar gætu ekki fengið ríkisborgararétt á Íslandi nema með lögum og að heimildum útlendinga til að eiga fasteignarréttindi hér á landi skyldi skipað með lögum. Ýmsar smávægilegri breytingar voru einnig gerðar þetta ár. Almennt má segja um þær breytingar, sem gerðar voru á stjórnskipaninni 1903, 1915 og 1920, að þær voru mjög í anda dönsku stjórnarskrárinnar og sennilega hefur stjórnarskráin – þrátt fyrir íslenskt fullveldi 1918 – hvorki fyrr né síðar verið líkari þeirri dönsku heldur en eftir breytingarnar 1920.

Ýmsar af þeim ákvörðunum, sem ekki var rætt mikið um í tengslum við stjórnarskrána 1920, vörðuðu engu að síður mikilsverð atriði. Hvergi er í stjórnarskránni minnst á þingræði en fyrsta grein hennar hljóðaði hins vegar svo: „Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn." Ekkert hliðstætt ákvæði var í stjórnarskránni 1874 og þótt þingræðisreglan hafi verið innleidd 1904 finnst þess hvergi stoð í stjórnarskránni það ár. Ólafur Jóhannesson bendir réttilega á að orðalagið „þingbundin" lögfesti ekki þingræðisregluna á Íslandi.[22] Þá vaknar engu að síður sú spurning hvaða stjórnskipunarreglu höfundar stjórnarskrárinnar hafi ætlað sér að innleiða með þessu ákvæði. Hvergi í umræðum á Alþingi er að finna viðhlítandi skýringu á þessu orðalagi að öðru leyti en því að í athugasemdum með frumvarpinu er sagt að þessi grein geri „enga efnisbreytingu á þeirri skipan, sem nú er, svo langt sem hún nær."[23] Í samsvarandi grein dönsku stjórnarskrárinnar á þessum tíma segir „regeringsformen er indskrænket-monarkisk" sem í enskum útgáfum stjórnarskrárinnar er kallað „constitutional monarchy". Stjórnarskrárbundin konungsstjórn á rætur í deilum þings og krúnu í Englandi á sautjándu öld og er mun eldri en hin eiginlega þingræðisregla sem felur í sér að þing geti vikið forystu framkvæmdarvaldsins frá að vild. Stjórnarskrárbundin stjórn felur í meginatriðum í sér að ríkisstjórn er bundin af lögum og ýmsum ákvörðunum löggjafarvaldsins. Slíka reglu var að finna í dönsku stjórnarskránni frá 1849 þótt þingræði kæmist ekki á í Danmörku fyrr en 1901. Í raun virðist því eðlilegast að líta svo á að orðalagið „þingbundin" stjórn vísi til þess að framkvæmdarvaldið þurfi að fara að lögum og sé á ýmsan annan hátt bundið ákvörðunum þings (t.d. fjárveitingavaldi þess) en feli ekki í sér þingræðisregluna.

---

[22] Ólafur Jóhannesson 1978: 92.
[23] Alþ. tíð. A, 1919: 104.

Ólafur Lárusson þýðir regluna sem „constitutional government" í yfirlitsgrein um íslenska stjórnskipun á ensku.[24] Einhver vafi virðist samt leika á þessu því í enskri útgáfu stjórnarskrárinnar á vef stjórnarráðsins er orðalagið „parliamentary government" (þ.e. þingræðisstjórn) notað.[25] Einnig má færa rök að því að höfundar lýðveldisstjórnarskrárinnar 1944 hafi talið sig vera að festa þingræðisregluna í stjórnarskrá því í greinargerð með stjórnarskrárfrumvarpinu segir um 1. gr. stjórnarskrárinnar: „Hér er sagt, hvert stjórnskipulagið skuli vera. Lýðveldisstjórn kemur í stað konungsstjórnar áður. Eftir sem áður er tekið fram, að stjórnin skuli vera þingbundin og er það nauðsynlegt m.a. til þess, að þingið haldi rétti sínum til áhrifa á skipun og lausn ráðherra."[26]

Annað sem vekur athygli í umræðum um stjórnarskrárfrumvarpið 1919 er að í upphaflegum drögum þess er gert ráð fyrir að afl atkvæða ráði í ríkisstjórn. 13. gr. stjórnarskrárinnar átti samkvæmt upphaflegu frumvarpi að hljóða svo:

> *Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Á fundum þessum ræður afl atkvæða. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefur kvatt til forsætis, Sá ráðherra, er forsætið skipar, nefnist forsætisráðherra.*[27]

Tillagan um að afl atkvæða réði á ráðherrafundum var gagnrýnd af ýmsum þingmönnum og felld út í lokagerð stjórnarskrárinnar. Benedikt Sveinsson hafði framsögu um álit þingnefndar um málið og sagði þar meðal annars.

> *Þá er brtt. við 13. gr. að orðin: „Á fundum þess ræður afl atkvæða" falli burt. Nefndin var á einu máli um það, að þetta ákvæði gæti tæplega staðist, að afl atkvæða skuli ráða á ráðherrafundum, því að ef svo færi, að forsætisráðherra yrði í minni hluta, mundi hann verða að biðjast lausnar. En það mun þó ekki vera tilætlunin.*[28]

Tillögu sína um að afl atkvæða skyldi ráða á ríkisstjórnarfundum rökstuddi Jón Magnússon svo:

> *Ef þetta ákvæði á að falla burtu, þá skil ég satt að segja ekki, að ráðherrafundirnir hafi þá þýðingu, að taka eigi ákvæði um þá í stjórnarskrána.*
>
> *Háttv. frsm. meiri hl. (B.Sv.) talaði um það í ræðu sinni að þetta ákvæði gæti valdið óþægindum, ef báðir hinir ráðherrarnir yrðu á móti forsætisráðherra. Og hann spurði, hvað þá ætti að gera. Þar er því til að svara, að einu gildir hver af ráðherrunum í hlut á. Sá þeirra sem verður í minni hluta, verður að beygja sig, ef hann telur ágreiningsatriðið ekki mjög mikilvægt. Að öðrum kosti lætur hann ekki undan og biður um lausn. Mjer finnst þetta vera auðskilið mál, og er enda venja hvar sem er.*

---

[24] Ólafur Lárusson 1946.

[25] http://government.is/constitution, skoðað 29. apríl 2005. Í eldri þýðingum lýðveldisstjórnarskrárinnar er hins vegar orðalagið „constitutional government" notað, sjá t.d. The Constitution of Iceland (1974) bls. 3.

[26] Alþ.tíð. A 1943: 12.

[27] Alþ.tíð. A 1919: 95.

[28] Alþ.tíð. B 1919: 1458.

*... En vilji menn nú ekki halda þessu ákvæði um afl atkvæða, þá verða þessir ráðherrafundir ekki annað en samtalsfundir, og verða þá ekki svo merkilegir, að rjett sje að setja um þá ákvæði í stjórnarskrána.*[29]

Umræður um breytingar á stjórnarskrá á þriðja áratug tuttugustu aldarinnar snerust einkum um fækkun ráðherra og þinghald annað hvert ár. Þessar umræður endurspegluðu mikinn sparnaðaranda sem ríkti í þinginu á þessum tíma. Í upphafi fjórða áratugarins var hins vegar kosningakerfið komið á dagskrá og það átti eftir að móta mjög allar umræður um breytingar á stjórnarskrá það sem eftir lifði aldarinnar.

**Tafla 2. Tillögur um breytingar á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 1920–1942**

| Þing | Flutningsm. | Meginefni | Afdrif |
|---|---|---|---|
| 1923 | Magnús Guðms. | Fækkun ráðherra og og þinghald annað hvert ár | Fellt |
| 1924 | Jónas Jónsson o.fl. | Þinghald annað hvert ár og fækkun ráðherra | Ekki útr. |
| 1924 | Jón Magnússon | Þinghald annað hvert ár og fækkun ráðherra | Fellt |
| 1927 | Héðinn Valdims. | Jafn kosningarréttur, landið eitt kjördæmi, þing ein málstofa, birting milliríkjasamn. o.fl. | Ekki útr. |
| 1927 | Stjórnarfrumvarp | Þinghald annað hvert og lenging kjört.b. í 6 ár | Samþykkt |
| 1927 | Tryggvi Þórhs. | Þing annað hvert ár | Ekki útr. |
| 1928 | Stjórnarfrv. (í samr. v. fyrirmæli stjskr.) | Sama frv. og samþ. árið áður | Fellt |
| 1931 | Stjórnarfrumvarp | Fækkun þingmanna með afnámi landskjörs, lækkun kosningaaldurs | Ekki útrætt |
| 1931 | Jón Þorláksson o.fl. | Jafnvægi atkvæða og rýmkun atkvæðisréttar (aldur og sveitarstyrkur) | Tekið af dagskrá |
| 1932 | Jón Þorláksson, Jón Baldvinsson, Pétur Magnússon | Jafnvægi atkvæða og rýmkun atkvæðisréttar | Ekki útrætt |
| 1933 | Stjórnarfrumvarp | Uppbótarþingsæti, rýmkun atkvæðisréttar o.fl. | Samþykkt (kosningar á milli) |
| 1933 | Jón Baldvinsson | Landið eitt kjördæmi afnám deildarskiptingar Alþingis, rýmkun atkvæðisréttar o.fl. | Ekki útrætt |
| 1942 | Ásgeir Ásgeirsson o.fl. | Kjördæmabreyting | Samþykkt (kosningar á milli) |
| 1942 | Stjórnarfrumvarp | Breyting á stjórnarskrá með afbrigðilegum hætti | Samþykkt |

Heimild: Alþingistíðindi.

Tvisvar voru gerðar breytingar á stjórnarskránni frá 1920 áður en lýðveldisstjórnarskráin 1944 tók við. Meirihluti fékkst fyrir stjórnarskrárbreytingu einnig árið 1927 en sú breyting hlaut ekki staðfestingu hjá nýju þingi eftir kosningar. Breytingarnar 1934 og 1942 voru þessar helstar:

1934

Þær breytingar voru helstar gerðar á stjórnarskránni árið 1934 að kjördæmaskipunin var fest í stjórnarskrá, þingmönnum var fjölgað, jöfnunarsæti voru tekin upp en landskjör af-

[29] Alþ. tíð. B 1919: 1488–1489.

numið, kosningarréttur lækkaður í 21 ár, ákvæði um að sveitarstyrkþegar skyldu ekki njóta kosningarréttar var afnumið og fjárlög skyldu lögð fyrir sameinað þing.

1942
Kosningafyrirkomulagi var breytt með stjórnarskrárbreytingu 1942 og síðar á árinu var samþykkt frávik frá ákvæðum stjórnarskrárinnar um stjórnarskrárbreytingu sem gerði landsmönnum kleift að samþykkja breytingar á stjórnarskránni vegna sambandsslitanna við Dani í þjóðaratkvæðagreiðslu.

**4. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 1944 (1944– )**

Samkvæmt dansk-íslensku sambandslögunum frá 1918 gátu hvort heldur sem er danska þingið eða Alþingi krafist endurskoðunar sambands ríkjanna eftir árslok 1940. Væri nýr samningur ekki gerður innan þriggja ára gæti hvor aðili um sig krafist þess að hann skyldi úr gildi felldur. Slík ákvörðun krafðist þó ⅔? hluta atkvða í hvorri deild danska þingsins eða í sameinuðu Alþingi og að ¾ hluta kjósenda staðfestu síðan þá ákvörðun í atkvæðagreiðslu þar sem að minnsta kosti ¾ hlutar kjósenda tækju þátt.[30]

Ef einhver vafi lék upphaflega á því í hugum íslenskra stjórnmálamanna með hvaða hætti sambandið við Dani ætti að þróast varð sífellt ljósara eftir því sem nær dró þeim dagsetningum, sem tilteknar voru í sambandslögunum, að til sambandsslita myndi koma. Í upphafi árs 1940 skipaði forsætisráðherra nefnd til að semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá og hafði hún lokið verki sínu um mitt ár.[31] Ekki varð þó af því að frumvarpið væri lagt fram á Alþingi. Í millitíðinni hafði Danmörk verið hertekin af Þjóðverjum og í kjölfar þess ályktaði Alþingi um yfirtöku Íslendinga á meðferð konungsvalds, utanríkismála og landhelgisgæslu, 10. apríl 1940. Mánuði síðar var Ísland hernumið af Bretum.

Árið 1941 lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi þrjár þingsályktunartillögur þar sem lýst var yfir

- að Ísland hefði öðlast rétt til sambandsslita og jafnframt vilja Alþingis til sambandsslita við Danmörku
- að Alþingi myndi kjósa ríkisstjóra til eins árs í senn til að fara með æðsta vald í málefnum ríkisins
- að Alþingi stefndi á lýðveldisstofnun jafnskjótt og sambandinu við Danmörku yrði formlega slitið.[32]

Í maí 1942 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktun:

> *Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögum ríkisins í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis um, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi, og skili nefndin áliti nógu snemma til þess að málið geti fengið afgreiðslu á næsta Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.*[33]

---

[30] Sjá Björn Þórðarson 1951: 343. Þetta þýddi að lágmark 56% af kjósendum á kjörskrá þyrftu að styðja sambandsslit í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[31] Sjá Gerðarbók nefndar til að semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá 1940, Þjóðskjalasafn, LXI. Það uppkast að stjórnarskrá, sem þessi nefnd samdi, var mjög haft til hliðsjónar í störfum milliþinganefndar í stjórnarskrármálinu, sbr. athugasemdir með stjórnarskrárfrumvarpi 1944, Alþingistíðindi A 1944 bls. 10.

[32] Björn Þórðarson 1951: 473.

[33] Alþ. tíð. A, 1942 bls. 548.

Í nefndina voru kosnir tveir fulltrúar frá bæði Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki en einn frá Alþýðuflokki. Enginn fulltrúi Sósíalistaflokksins var kosinn í nefndina. Virðist ætlun þingsins hafa verið að hraða viðskilnaðinum við Dani og ekki nauðsynlega bíða þess að sá frestur, sem tilskilinn var, í sambandslögunum væri útrunninn. Upp úr miðjum júlí hafði nefndin gengið frá uppkasti að nýrri stjórnarskrá. Þessi áform mættu nokkurri andstöðu innanlands en meiru skipti þó að Bretar og Bandaríkjamenn voru þeim andsnúnir. Voru þau því lögð á hilluna í bili.

Í september 1942 var samþykkt frumvarp til stjórnskipunarlaga sem heimilaði að breyta stjórnarskránni með afbrigðilegum hætti, þ.e. með samþykkt eins þings og meirihluta kosningarbærra manna í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Þó er óheimilt“ eins og segir í stjórnskipunarlögunum „að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins“.[34]

Jafnframt var samþykkt þingsályktunartillaga um fjölgun í stjórnarskrárnefndinni í átta og höfðu þá allir stjórnmálaflokkar tvo fulltrúa í henni. Nefndin skilaði áliti sínu og frumvarpi að stjórnarskrá til forsætisráðherra í apríl 1943 en lagði til að gildistaka yrði miðuð við 17. júní 1944 enda væri þá fullnægt þeim tímafresti sem gefin var í sambandslögunum frá 1918. Samstaða var í nefndinni um önnur atriði en heiti forseta (ríkisforseti eða forseti lýðveldisins) og val á forseta (þingkjörinn eða þjóðkjörinn). Meirihluti nefndarinnar hallaðist að heitinu forseti lýðveldisins og að hann skyldi þingkjörinn. Vilji nefndarmeirihlutans varð þó ekki ofan á hvað þessi atriði varðar. Heiti embættis forseta er forseti Íslands (þótt forseti lýðveldisins komi einnig fyrir í stjórnarskrá) og á endanum varð ofan á að hafa forsetann þjóðkjörinn eftir að sú hugmynd hafði fengið frekar dræmar undirtektir hjá almenningi að forsetinn yrði þingkjörinn. Í þinginu var deilt um ýmis fleiri atriði málsins, meðal annars hvort forseti ætti að hafa frestandi synjunarvald við lagasetningu (eins og forsætisráðherra utanþingstjórnarinnar, Björn Þórðarson, lagði til) eða málskotsrétt til þjóðarinnar eins og varð niðurstaðan.

Mikilvæg forsenda þeirrar samstöðu, sem ríkti við afgreiðslu stjórnarskrárinnar 1944, var að hún náði einungis til mjög afmarkaðra þátta stjórnskipunarinnar. Um þetta segir í áliti milliþinganefndarinnar:

> *Samkvæmt endursamþykkt þingsályktunartillögunnar um skipun milliþinganefndarinnar í stjórnarskrármálinu, er gerð var hinn 8. sept. 1942, skilar nefndin með þessu stjórnarskrárfrumvarpi og greinargerð fyrri hluta þess verkefnis, er henni var falið, en mun áfram vinna að seinni hluta verkefnisins, sem sé að „undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt“. Má ætla að það starf verði öllu viðtækara og þurfi þar til að afla ýmissa gagna, er nú liggja eigi fyrir, svo og að gaumgæfa reynslu þá, er lýðræðisþjóðir heimsins óefað öðlast í þessum efnum á þeim tímum, sem nú líða yfir mannkynið. Þangað til því verki yrði lokið, ætti sú stjórnarskrá sem hér er lögð fram, að nægja, enda eru ákvæði hennar mestmegnis þau, er nú gilda í stjórnskipunarlögum hins íslenska ríkis, að breyttu hinu æðsta stjórnarformi, frá konungdæmi til lýðveldis o.s.frv.*[35]

---

[34] Alþ.tíð. A, 1942–3, bls. 60.
[35] Alþ.tíð. A 1944 bls. 11–12.

Þær breytingar, sem gerðar voru á stjórnskipuninni 1944, voru í samræmi við þetta fyrst og fremst að felld voru út ákvæði um konung og innleidd ákvæði um forseta. Hlutverk forseta í stjórnskipun landsins var að flestu leyti mjög sambærilegt við hlutverk konungs áður. Þó voru gerðar vissar breytingar á þessum ákvæðum hér og þar – t.d. voru meiri takmarkanir á synjunarvaldi forseta en áður höfðu verið á neitunarvaldi konungs og eins voru sérstök ákvæði um frávikningu forseta. Að öðru leyti stóð stjórnarskráin óbreytt.

Stjórnarskrárnefndin starfaði, eins og fram kemur í áliti hennar, áfram að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Árið 1945 ákvað Alþingi að skipa 12 manna nefnd til ráðgjafar eldri nefndinni og tveimur árum síðar var samþykkt þingsályktunartillaga um skipan nýrrar sjö manna nefndar til að endurskoða stjórnarskrá þar sem starfsemi hinnar fyrri hafði lognast út af. Gerðarbækur stjórnarskrárnefndanna frá þessum tíma er ekki að finna í Þjóðskjalasafni og gögn, sem starfi þeirra tengjast, eru rýr.

Framan af virðist það einkum hafa háð starfi nefndarinnar að stjórnmálaflokkarnir höfðu ekki mótað sér afstöðu í þeim málum sem nefndin átti að fjalla um. Þannig sagði Steingrímur Steinþórsson forsætisráðherra í svari við fyrirspurn um störf nefndarinnar á þingi 1952 að fljótlega hafi það komið í ljós að „fulltrúar hinna pólitísku flokka, sem sæti áttu í nefndinni, höfðu ekki neinar till. fram að bera, vegna þess að þeir, sem sendu þá í nefndina, höfðu ekki gert sér ljóst, hvernig þeir stæðu í málinu. ... Það hefur verið í samráði við ríkisstjórn, að störf þessarar nefndar hafa legið niðri nú alllangan tíma.“[36]

Önnur fyrirspurn kom fram á Alþingi árið 1955 um hvað liði störfum stjórnarskrárnefndarinnar. Í svari sínu sagði Ólafur Thors forsætisráðherra meðal annars:

> *Um störf stjórnarskrárnefndarinnar, er skipuð var 14. nóv. 1947 samkv. þáltill. frá 14. maí 1947, er það að segja, að í henni var lengi leitað samkomulags um málið.*[37] *Hinn 18. nóv. 1952 var svo enn haldinn fundur í þessari stjórnarskrárnefnd. Bjarni Benediktsson, formaður nefndarinnar, afhenti þá nm. þar ákveðnar tillögur um efni nýrrar stjórnarskrár frá þeim Bjarna Benediktssyni, Gunnari Thoroddsen og Jóhanni Hafstein. Skýrði Bjarni Benediktsson síðan opinberlega frá þessum tillögum, og er sú frásögn birt í Morgunblaðinu 22.–24. jan. 1953. Tillögurnar voru nokkuð ræddar á nefndum fundi 18. nóv., og lýkur fundargerðinni þannig: „Að lokum var ákveðið að nefndarmenn létu formann vita, þegar þeir væru búnir að kynna sér tillögur þremenninganna og taka afstöðu til þeirra, og skyldi þá kallaður saman fundur að nýju.“*
>
> *Hinn 30. jan. 1953 var haldinn fundur í stjórnarskrárnefndinni. Skýrði formaður þá frá því, að prófessor Ólafur Jóhannesson hefði sagt sig úr nefndinni frá áramótum. Þá skýrði Karl Kristjánsson alþm. frá því, að hann hefði gert tillögur í stjórnarskrármálinu, og afhenti hann nefndarmönnum till. þessar vélritaðar ásamt greinargerð. Samkv. till. skyldi sérstakt stjórnlagaþing kosið til að fjalla um stjórnarskrármálið árið 1956, og skyldi stjórnmálaflokkum óheimilt að hafa afskipti af framboðum til þingsins. Tillaga þessi var nokkuð rædd, en virtist fá þungar undirtektir. Formaður n., Bjarni Benediktsson, spurði hvort nm. hefðu athugað till. þeirra þremenninganna, og taldi æskilegt, að hægt væri að fá botn í málið, áður en þing væri rofið, og beindi því til nm. að koma með*

[36] Alþ. tíð. D, 1951: 358.

[37] Í nefndina völdust Bjarni Benediktsson, Gunnar Thoroddsen, Ólafur Jóhannesson, Gylfi Þ. Gíslason, Halldór Kristjánsson, Einar Olgeirsson og Jóhann Hafstein. Varamaður Gylfa var Haraldur Guðmundsson og í stað Halldórs kom síðar Karl Kristjánsson inn í nefndina.

*ákveðnar brtt., ef þeir gætu ekki fallist á tillögurnar óbreyttar, svo að þannig yrði ef til vill fundinn samkomulagsgrundvöllur allra. Á þessum fundi og síðar hefur reynst ógerlegt að finna slíkan grundvöll og hafa aðrir nm. ekki borið fram neinar ákveðnar efnistillögur. Hefur meðan svo er, verið talið þýðingarlaust að halda áfram fundum í nefndinni, enda engin ósk komið fram um að kveðja hana til fundar.*[38]

Tillögur þær sem Bjarni Benediktsson lagði fram í nóvember 1952 gerði hann síðar að umræðuefni á Varðarfundi í ræðu sem birtist í Morgunblaðinu 22.–24. jan. 1953.[39] Tillögurnar voru í tuttugu liðum og vörðuðu völd forseta, varaforseta, afnám landsdóms, reglur um stjórnarmyndun, aukafjárveitingar, kosningaaðferð, Hæstarétt, ákæruvaldið, mannréttindi, sveitarfélög, aðferðir við að breyta stjórnarskrá og ýmislegt fleira.

Ekki verður vart mikilla ummerkja um störf nefndarinnar eftir 1953. Framsóknarmenn héldu því fram í deilum um stjórnarskrárbreytingar 1959 að þótt nefndin hefði ekki starfað héldi hún samt umboði sínu.[40] Í Ríkishandbók Íslands árið 1965 er einnig litið svo á að nefndin sé enn þá til.[41] Gögn hafa hins vegar ekki fundist um störf hennar á þessum tíma.

Þótt stjórnarskrárnefndin frá 1947 næði ekki að skila áliti hefur þó hugmyndin um þá heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sem fyrirheit voru gefin um 1944, komið reglulega til tals á Alþingi. Stór hluti þingsályktunartillagna, sem snerta stjórnarskrármálefni, hefur snúist um þetta.

**Tafla 3. Þingsályktunartillögur um stjórnarskrármálefni 1944–2005**

| Þing | Flytjendur | Efni | Afdrif |
|---|---|---|---|
| 1946 | Forsætisráðherra | Nefnd um endursk. stjskr. | Samþykkt (1947) |
| 1947 | Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdims. | Endurskoðun stjórnarskrár verði hraðað | Ekki útrædd |
| 1966 | Karl Kristjánsson | Nefnd um heildarendursk. stjskr. | Ekki útrædd |
| 1968 | Gísli Guðmundss. | Nefnd um heildarendursk. | Ekki útrædd |
| 1969 | Gísli Guðmundss. | Nefnd um heildarendursk. | Ekki útrædd |
| 1970 | Gísli Guðmundss. | Nefnd um heildarendursk. | Ekki útrædd |
| 1971 | Gunnar Thoroddsen | Nefnd um heildarendursk. | Ekki útrædd |
| 1971 | Gils Guðmundsson | Nefnd um heildarendursk. | Ekki útrædd |
| 1971 | Allsherjarnefnd | Nefnd um heildarendursk. | Samþykkt (1972) |
| 1982–3 | Vilmundur Gylfason | Gerð frv. um aðgr. löggjafarvalds og framkv. | |
| 1984–5 | Guðm. Einarsson o.fl. | Gerð frv. um fylkisstjórnir | Ekki útrætt |
| 1985–6 | Guðm. Einarsson o.fl. | Gerð frv. um fylkisstjórnir | Ekki útrætt |
| 2001–2 | Sverrir Hermannss. o.fl. | Nefnd um kosningatilögun | Ekki útrætt |
| 2002–3 | Össur Skarphéðinss. o.fl. | Endurskoðun stjórnarskrár | Ekki útrætt |
| 2003–4 | Guðjón A. Kristjánss. o.fl. | Endurskoðun á kjördæmaskipan | - |
| 2004–5 | Össur Skaprhéðinss. o.fl. | Endurskoðun stjórnarskrár | - |
| 2004–5 | Guðjón A. Kristjánss. o.fl. | Endurskoðun á kjördæmaskipan | - |

Heimild: Alþingistíðindi. Ef flutningsmenn eru fleiri en tveir eru aðeins þeir fyrstu taldir upp ef allir eru úr sama flokki.

[38] Alþ.tíð D 1955 bls. 422.
[39] Ræðan birtist líka í Bjarni Benediktsson (1965).
[40] Alþ.tíð A, 1958 bls. 810.
[41] Ríkishandbók Íslands 1965, bls. 253.

Árið 1972 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi um myndun stjórnarskrárnefndar til að vinna að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og var sjö manna nefnd kosin af Alþingi til að sinna því verki. Þessi nefnd skilaði miklu starfi fram til 1983 og hún skilaði af sér skýrslum um málið en ekki náðist í henni full samstaða um endanlegar tillögur. Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra lagði hins vegar fram stjórnarskrárfrumvarp 1983 í sínu nafni sem byggðist á störfum nefndarinnar. Í frumvarpinu var tekið á mörgum þeirra atriða sem fjallað hafði verið um áratuginn á undan.

Helstu breytingar og nýmæli í stjórnarskrárfrumvarpi 1983:

1. Lýðræði, þingræði og jafnrétti skulu vera grundvallarreglur stjórnskipunarinnar. Stjórnvöld ríkisins fari með vald sitt í umboði þjóðarinnar.
2. Þingræðisreglan staðfest með því að ríkisstjórn skuli njóta stuðnings meiri hluta Alþingis eða hlutleysis. Hún skuli því aðeins mynduð að forseti hafi gengið úr skugga um að meiri hluti þings sé henni ekki andvígur.
3. Hafi viðræður um stjórnarmyndun ekki leitt til nýrrar ríkisstjórnar innan átta vikna er forseta heimilt að skipa ríkisstjórn.
4. Breytt ákvæði um skipun og setningu ríkisstarfsmanna.
5. Samningar Íslands við önnur ríki skulu allir kunngerðir Alþingi.
6. Forseti getur aðeins rofið Alþingi með samþykki þess sjálfs. Þingrofsrétturinn þannig verulega þrengdur.
7. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.
8. Synjunarvaldi forseta breytt. Frumvarp fái ekki lagagildi fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu sé það þar samþykkt.
9. Heimild til bráðabirgðalaga þrengd.
10. Alþingi starfi í einni málstofu.
11. Kosningaaldur lækkaður og lögheimilisskilyrði rýmkað.
12. Veruleg breyting gerð á ákvæðum um nefndir Alþingis og vald þeirra.
13. Nýtt fyrirkomulag á endurskoðun ríkisreikninga.
14. Landsdómur lagður niður.
15. Ákvæði um ríkissaksóknara tekin í stjórnarskrá.
16. Skýrt tekið fram að ráðherrar fara með vald forseta nema á tveimur sviðum, við stjórnarmyndanir og staðfestingarneitun.
17. Ákvæði tekin upp um Hæstarétt og dómsmálakaflinn allur gerður ítarlegri.
18. Mannréttindakaflinn gerður miklum mun ítarlegri. Ný mannréttindi tekin upp í kaflann.
19. Mun ítarlegri ákvæði um réttindi sveitarfélaga.
20. Bann við afturvirkni skattalaga.
21. Ákvæði um auðlindir landsins.
22. Ákvæði um náttúruvernd.
23. Ákvæði um heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu.
24. Ný ákvæði um það hvernig stjórnarskránni verði breytt.
25. Umboðsmaður eða ármaður Alþingis.
26. Breytingar á kosningafyrirkomulagi.[42]

Sum þeirra atriða, sem var að finna í stjórnarskrárfrumvarpinu 1983, hafa komist í framkvæmd fyrir tilstilli almennra laga eða í þeim stjórnarskrárbreytingum sem gerðar voru 1984,

---

[42] Úr greinargerð með stjórnarskrárfrumvarpi Gunnars Thoroddsen, forsætisráðherra, 1983. Alþ.tíð. A, 1982–3: 2731–2.

1991 og 1995. Alþingi afgreiddi hins vegar ekki stjórnarskrárfrumvarpið í heild sinni og mörg þeirra atriða, sem þar var að finna, eru utan við stjórnarskrá. Stjórnarskrárnefndir störfuðu áfram eftir kosningarnar 1983, 1987 og 1991 en fundir í nefndinni voru þó ekki sérlega tíðir.[43] Um miðjan níunda áratuginn var allmikið rætt um möguleika til að auka persónukjör í nefndinni og nokkur vinna var síðan lögð í það síðari hluta áratugarins að endurskoða að lög um kosningar til Alþingis (þ.e. almenna löggjöf).[44] Í athugasemdum og framsöguræðum, sem voru undanfari stjórnarskrárbreytingarinnar 1991, kemur fram að frumvarpið var samið af nefnd formanna þingflokkanna að beiðni forseta Alþingis og ekkert kemur fram um að stjórnarskrárnefnd hafi komið þar við sögu.

Hins vegar átti stjórnarskrárnefnd frumkvæði að því að mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var endurskoðaður 1994–5.[45] Þannig segir í greinargerð með frumvarpinu um mannréttindakaflann 1994–95:

> *Í apríl 1994 sendi stjórnarskrárnefnd formönnum þingflokka tillögur um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Með ályktun Alþingis 17. júní 1994 í tilefni 50 ára lýðveldis á Íslandi var samþykkt að stefnt skyldi að því að ljúka endurskoðun alls VII kafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu reglulegar alþingiskosningar. Við endurskoðunina skyldi höfð hliðsjón af áðurgreindum tillögum stjórnarskrárnefndar frá 5. apríl 1994 en einnig skyldi fjalla um önnur ákvæði kaflans, svo sem um skipan skattamála, ríkisborgararétt og stöðu sveitarfélaga. Á síðara stigi var enn fremur ákveðið að taka til endurskoðunar ákvæðin um trúfrelsi í VI kafla.*
>
> *Frumvarpið sem hér liggur fyrir, er í mörgum atriðum sambærilegt við tillögur stjórnarskrárnefndar að því er varðar mannréttindaákvæðin. Þó hafa þær sætt nokkrum breytingum frá upprunalegri mynd því að formenn þingflokka ákváðu síðla sl. sumar að taka þær til frekari athugunar og fengu til liðs við sig virta lögfræðinga og sérfræðinga á sviði mannréttinda og stjórnskipunar. Tillögurnar hafa enn tekið nokkrum breytingum eftir viðræður formanna þingflokka um málið og umræður í þingflokkum að undanförnu.*[46]

Um undirbúning að stjórnarskrárbreytingu 1999 segir í frumvarpi:

> *Hinn 8. september 1997 skipaði forsætisráðherra nefnd til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin var skipuð samkvæmt tilnefningum þingflokka að undangengnu samráði við formenn allra stjórnmálaflokka sem þá áttu*

---

[43] Samkvæmt minnisblaði frá Gunnari G. Schram í möppu stjórnarskrárnefndar 022-16, B 127 á Þjóðskjalasafni voru fundirnir sem hér segir: 1982: einn, 1983: einn, 1984: fjórir, 1985: þrír, 1986: tveir, 1987: einn, 1988: tveir, 1989: einn, 1990: fjórir, 1991: enginn, 1992: einn, 1993: enginn, 1994: tveir.

[44] Sjá skýrslu formanns nefndarinnar, Matthíasar Bjarnasonar, til forsætisráðherra 10. ágúst 1991. Þjóðskjalasafn, Stjórnarskrárnefnd 022-16, B 34.

[45] Á fundi stjórnarskrárnefndar 31. janúar lagði þannig Gunnar G. Schram fram svohljóðandi tillögu: „Stjórnarskrárnefnd leggur til við ríkisstjórnina að 50 ára afmælis lýðveldisins verði minnst á þann hátt að samin verði sérstök mannréttindayfirlýsing sem hafi að geyma ítrustu frelsis- og grundvallarréttindi Íslendingum til handa. Verði hún samþykkt af Alþingi 17. júní og síðar lögfest í stjórnarskránni í stað VII. kafla núgildandi stjórnlaga.“ Mappa stjórnarskrárnefndar 1988–1994, Þjóðskjalasafn 022-16. B 128.

[46] Alþ.tíð. A 1994–5: 2073.

*fulltrúa á Alþingi. ... Nefndin skilaði forsætisráðherra skýrslu 6. október 1998 sem hann hefur lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi ...*[47]

Nefndin lagði til að formenn stjórnmálaflokkanna legðu sameiginlega fram frumvarp um breytingu á ákvæðum stjórnarskrár um alþingiskosningar og gekk það eftir.

Reglulega hefur verið spurst fyrir í þinginu um störf stjórnarskrárnefnda þegar slíkar nefndir hafa verið að störfum[48] en auk þessa hafa verið lögð fram lagafrumvörp um þjóðfund eða stjórnlagaþing til að fjalla um málefni stjórnarskrárinnar við nokkur tækifæri.[49]

Sú heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sem fara átti fram eftir að lýðveldisstjórnarskráin var sett 1944, hefur aldrei farið fram. Einstakar breytingar hafa hins vegar verið gerðar. Sumar þeirra hafa verið mjög afmarkaðar, eins og breyting á kosningaaldri árið 1968 en aðrar víðtækari, eins og breytingar á starfsháttum Alþingis og fleira 1991 og endurskoðaður mannréttindakafli 1995. Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

1959

Þetta ár kom til framkvæmda róttæk uppstokkun á kosningakerfinu á Íslandi, við það að átta kjördæmi með hlutfallskosningu leystu gömlu kjördæmin (nema Reykjavík) af hólmi. Þingsætum var fjölgað í 60.

1968

Sú breyting var gerð þetta ár að kosningarréttur var lækkaður í 20 ár og lögheimili á Íslandi kom í staðinn fyrir skilyrði um búsetu á Íslandi undangengin fimm ár.

1984

Breyting var gerð á kosningafyrirkomulagi með stjórnarskrárbreytingu þetta ár og fól það í sér m.a. fjölgun þingsæta í 63 og breytingu á úthlutunarreglum milli kjördæma og flokka. Kosningaaldur var lækkaður niður í 18 ár. Ekki var lengur gerð krafa um óflekkað mannorð sem skilyrði fyrir kosningarrétti, hins vegar var slík krafa gerð varðandi kjörgengi.

1991

Þær breytingar voru gerðar á stjórnarskránni þetta ár sem nauðsynlegar voru vegna afnáms deildaskiptingar Alþingis og aðskilnaðar umboðsvalds og dómsvalds í héraði. Breytt var ákvæðum um þingtíma, kvaðningu Alþingis til funda, frestun þess, sem og um þingrof. Sérstakri grein um reglulegar alþingiskosningar var bætt við. Þá voru hert ákvæði um gildistíma bráðabirgðalaga. Ýmsar smávægilegri breytingar voru þar að auki gerðar á nokkrum greinum stjórnarskrárinnar.

---

[47] Alþ.tíð. A 1998–98: 1788.

[48] Sbr. Hannibal Valdimarsson 1946, Karl Kristjánsson 1951, Gils Guðmundsson 1955, Halldór Blöndal 1974, Gunnar G. Schram 1985, Ólafur Þ. Þórðarson 1986.

[49] Sbr. fumvarp 1985 frá þm. BJ um þjóðfund sem var endurfl. á næsta þingi. Einnig frv. Jóns Braga Bjarnasonar 1988 og frv. Jóhönnu Sigurðardóttur um stjórnlagaþing 1994.

1995
Tvenn stjórnskipunarlög tóku gildi þetta ár. Annars vegar var áskilið að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins skyldi fara fram á vegum Alþingis (43. gr.) en hins vegar voru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar endurskoðuð og nær öllum greinum hennar 63–78 breytt nokkuð. Mannréttindasáttmáli Evrópu og aðrir alþjóðlegir mannréttindasamningar voru einkum hafðir til fyrirmyndar í því efni. Var áhersla lögð á borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi en ýmis félagsleg réttindi voru einnig útfærð nánar, t.d. um rétt manna til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu. Í sumum tilvikum var fyrst og fremst um orðalagsbreytingar að ræða eða að efni annarrar löggjafar var tekið inn í stjórnarskrá. Í sumum tilvikum voru þó ákvæðin rýmkuð verulega og efld, t.d. um tjáningarfrelsið og friðhelgi einkalífs, en einnig var nokkrum nýjum réttindum bætt við. Meðal merkustu breytinganna var tilkoma almennrar jafnræðisreglu í stjórnarskrána en einnig má nefna ýmis nýmæli um ríkisborgararétt, refsingar, réttindi barna og bann við afturvirkni skattalaga. Eins var bætt við ákvæði um sveitarstjórnir að tekjustofnar þeirra skyldu ákveðnir með lögum.

1999
Enn var kosningafyrirkomulagið á dagskrá 1999. Horfið var frá þeirri kjördæmaskipan sem innleidd var 1959 og tiltekið að kjördæmi skyldu vera sex eða sjö og mörk þeirra ákveðin í lögum (ekki í stjórnarskrá) nema í Reykjavík og nágrenni þar sem heimilt er að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk. Með þessari breytingu var kosningakerfið einfaldað mjög verulega og jöfnuður í vægi atkvæða aukinn (þótt vægið sé að vísu enn talsvert ójafnt, landsbyggðarkjördæmunum í hag). Sú athyglisverða nýbreytni er tekin upp að krafist er ⅔? meirihluta til a breyta lögum um kjördæmamörk og tilhögun á úthlutun þingsæta en til að breyta stjórnarskránni sjálfri þarf sem kunnugt er ekki nema einfaldan meirihluta á Alþingi (tvisvar, með kosningum á milli að vísu).

Tillögur að breytingum á stjórnarskrá hafa hins vegar verið um mun fleiri atriði en þau sem Alþingi hefur afgreitt sem stjórnskipunarlög.

**Tafla 4. Tillögur að breytingum á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands**

| Þing | Flutningsm. | Meginefni | Afdrif |
|---|---|---|---|
| 1946 | Hermann Jónasson | Stjórnlagaþing | Ekki útrætt |
| 1948 | Páll Zóphóníasson | Stjórnlagaþing | Rökst. dagskr. |
| 1958/59 | Ólafur Thors, Emil Jónsson, Einar Olgeirsson o.fl. | Kjördæmaskipan | Samþykkt (tvisvar kosningar á milli) |
| 1962 | Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson | Eignarréttur Íslendinga á faste. og náttúruauðæfum | Ekki útrætt |
| 1963 | Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson | Eignarréttur Íslendinga á faste. og náttúruauðæfum | Ekki útrætt |
| 1965 | Einar Olgeirsson, Ragnar Arnalds | Lækkun kosningaaldurs í 21 ár | Ekki útrætt |
| 1966 | Einar Olgeirsson, Ragnar Arnalds | Lækkun kosningaaldurs í 21 ár | Ekki útrætt |
| 1966 | Stjórnarfrumvarp | Lækkun kosningaaldurs í 20 ár | Samþykkt (tvisvar kosningar á milli) |

| Þing | Flutningsm. | Meginefni | Afdrif |
|---|---|---|---|
| 1967 | Ragnar Arnalds, Magnús Kjartanss. | Kosningaaldur, þjóðaratkvæði, framsal valds til alþjóðastofnana, eignarréttur Íslend. á fasteignum og náttúruauðæfum, félagsleg réttindi, friðlýst land | Ekki útrætt |
| 1970 | Magnús Kjartanss., Jónas Árnason | Þjóðaratkvæði, kosningaaldur, framsal valds til alþjóðastofnana, eignarréttur Íslend., félagsl. réttindi, friðlýst land | Ekki útrætt |
| 1973–4 | Benedikt Gröndal | Afnám deildaskiptingar Alþingis | Vísað til ríkisstjórnar |
| 1976–7 | Ragnar Arnalds o.fl. | Náttúruauðlindir sameign þjóðarinnar | Ekki útrætt |
| 1976–7 | Benedikt Gröndal o.fl. | Afnám deildaskipt. Alþingis | Ekki útrætt |
| 1977–8 | Ragnar Arnalds o.fl. | Náttúruauðlindir sameign þjóðarinnar | Ekki útrætt |
| 1977–8 | Benedikt Gröndal o.fl. | Afnám deildaskipt. Alþingis aldurs | Ekki útrætt |
| 1977–8 | Ragnar Arnalds | Lækkun kosningaaldurs | Ekki útrætt |
| 1978–9 | Oddur Ólafsson | Kjördæmabreyting | Ekki útrætt |
| 1978–9 | Gunnlaugur Stefánss. | Lækkun kosningaaldurs | Ekki útrætt |
| 1978–9 | Finnur Torfi Stefánsson | Afnám deildaskipt. Alþingis | Ekki útrætt |
| 1978–9 | Gunnlaugur Stefánss. | Þm. ekki laun f. önnur störf | Ekki útrætt |
| 1978–9 | Ólafur Ragnar Grímsson | Lækkun kosningaaldurs | Ekki útrætt |
| 1978–9 | Matthías Á. Mathiesen, Geir Hallgrímsson | Bann við afturvirkum skattareglum | Ekki útrætt |
| 1980–1 | Matthías Á. Mathiesen, Geir Hallgrímsson | Bann við afturvirkum skattareglum | Ekki útrætt |
| 1981–2 | Matthías Á. Mathiesen, Geir Hallgrímsson | Bann við afturvirkum skattareglum | Ekki útrætt |
| 1982–3 | Gunnar Thoroddsen | Ný stjórnarskrá | Ekki útrætt |
| 1982–3 | Vilmundur Gylfason o.fl. | Afnám heimildar til útg. bráðab. laga | Ekki útrætt |
| 1982–3/ 1983–4 | Geir Hallgrímsson, Steingr. Hermannss,. Svavar Gestsson, Magnús H. Magns. | Kosningakerfi, fjölgun þingsæta, lækkun kosningaaldurs | Samþykkt (tvisvar kosningar á milli) |
| 1983–4 | Guðmundur Einarss., Kristín S. Kvaran | Eftirlitshlutverk þingnefnda, þm. vinni ekki umboðsstörf, ráðherrar ekki atkvæðisrétt á Alþingi | Ekki útrætt |
| 1983–4 | Guðmundur Einarss., Kristín S. Kvaran | Afnám þingrofsréttar afnám heimildar til útg. bráðabirgðalaga | Ekki útrætt |
| 1984–5 | Guðmundur Einarss., Kristófer Már Kristinsson | Afnám þingrofsréttar, afnám heimildar til útg. bráðabirgðalaga | Ekki útrætt |
| 1984–5 | Kristófer Már Kristinsson, Guðm. Einarsson | Þingmenn vinni ekki umboðsstörf, ráðherrar ekki atkvæðisr. á Alþingi | Ekki útrætt |
| 1984–5 | Guðm. Einarsson, Kristófer Már Kristinsson | Eftirlitshlutverk þingnefnda | Ekki útrætt |
| 1985–6 | Kristín S. Kvaran | Ráðh. ekki atkvæðisrétt á Alþingi | Ekki útrætt |
| 1985–6 | Ragnar Arnalds o.fl. | Sameign á náttúruauðlindum | Ekki útrætt |
| 1985–6 | Ólafur Þ. Þórðarson | Ný stjórnarskrá unnin af samt. um jafnrétti milli landshluta | Ekki útrætt |
| 1986–7 | Kristín S. Kvaran | Þingseta ráðherra | Ekki útrætt |
| 1986–7 | Ólafur Þ. Þórðarson | Ný stjórnarskrá | Ekki útrætt |
| 1986–7 | Guðm. Einarsson | Rannsóknarnefndir Alþ. o.fl. | Ekki útrætt |
| 1986–7 | Guðm. Einarsson o.fl. | Þingrof og bráðabirgðal. | Ekki útrætt |
| 1988–9 | Auður Eiríksdóttir | Þjóðaratkvæði um stjórnarskrárbreytingar | Ekki útrætt |

| Þing | Flutningsm. | Meginefni | Afdrif |
|---|---|---|---|
| 1988–9 | Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Kristín Einarsdóttir, Aðalh. Bjarnfreðsd., Sighv. Björgvs., Hjörl. Guttormsson | Deildaskipting Alþingis o.fl. | Ekki útrætt |
| 1989–90 | Jóhann A. Jónsson | Þjóðaratkv. um stjskr.breyt. | Ekki útrætt |
| 1989–90 | Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Árni Gunnarsson, Kristín Einarsdóttir, Aðalh. Bjarnfreðsd., Sighv. Björgvs., Hjörl. Guttormsson | Deildaskipting Alþingis | Ekki útrætt |
| 1990–1 | Kristín Einarsd. o.fl. | Útgáfa bráðabirgðalaga | Ekki útrætt |
| 1990–1 | Stefán Valgeirsson | Þjóðaratkv. um stjskr.breyt | Ekki útrætt |
| 1990–1 | Ásg. Hannes Eiríkss. | Alþingiskosningar o.fl. | Ekki útrætt |
| 1990–1/ 1991–2 | Ól. G. Einarsson, Páll Pétursson, Málmfr. Sigurðard,. Stefán Valgeirsson | Deildaskipting Alþingis o.fl. | Samþykkt tvisvar (kosningar á milli – endurfl. af) fulltr. allra þfl.) |
| 1992–3 | Steingr. Herms., Ól. Ragnar Grímss., Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson, Ingibj. S. Gísladóttir, Ragnar Arnalds | Aukinn þingmeirihl. vegna framsals fullveldis | Vísað til ríkisstj. |
| 1992–3 | Ragnar Arnalds, Steingr. Herms., Ingibj. S. Gísladóttir, Ól. Ragnar Grímss., Páll Pétursson, Kristín Einarsdóttir | Þjóðaratkvæðagreiðslur | Vísað til ríkisstj. |
| 1993–4 | Kristín Einarsd. o.fl. | Bráðabirgðalög | Vísað til ríkisstj. |
| 1994–5 | Jóhanna Sigurðard. | Stjórnlagaþing | Ekki útrætt |
| 1994–5 | Stjórnarfrumvarp | Same. þjóðar á nytjastofnum | Ekki útrætt |
| 1994–5/ 1995–6 | Geir H. Haarde, Finnur Ingólfsson, Sigurbj. Gunnarss., Ragnar Arnalds, Kristín Ástgeirsd. | Mannréttindaákvæði | Samþykkt tvisvar 1995 m. kosningum á milli |
| 1994–5/ 1995–6 | Geir H. Haarde, Finnur Ingólfsson, Sigurbj. Gunnarss., Ragnar Arnalds, Jóna Valg. Kristjd. | Endursk. ríkisreikninga, kjördagur | Samþykkt tvisvar – kosningar á milli |
| 1995–6 | Siv Friðleifsdóttir | Þingseta ráðherra | Ekki útrætt |
| 1995–6 | Ásta R. Jóhannesd. o.fl. | Kosning forseta | Ekki útrætt |

| Þing | Flutningsm. | Meginefni | Afdrif |
|---|---|---|---|
| 1995–6 | Hjálmar Árnason<br>Bryndís Hlöðversd.,<br>Guðm. Á. Stefánss.,<br>Ísólfur Gylfi Pálmas.,<br>Magnús Stefánss.,<br>Ólafur Örn Haraldss.,<br>Vilhjálmur Egilss. | Bráðabirgðalög | Ekki útrætt |
| 1995–6 | Jóhanna Sigurðard.<br>Svanfríður Jónasd. | Þjóðaratkvæðagreiðslur | Ekki útrætt |
| 1995–6 | Jón Baldvin Hannibalsson o.fl. | Kjördæmaskipan | Ekki útrætt |
| 1996–7 | Ragnar Arnalds o.fl. | Eignarréttur á náttúruauðl. og landi | Ekki útrætt |
| 1996–7 | Guðný Guðbjörnsd. o.fl. | Sameign nytjastofna | Ekki útrætt |
| 1997–8 | Guðný Guðbjörnsd. o.fl. | Sameign nytjastofna | Ekki útrætt |
| 1997–8 | Jóhanna Sigurðard.<br>Svanfríður Jónasd. | Þjóðaratkvæðagreiðslur | Ekki útrætt |
| 1997–8 | Ragnar Arnalds o.fl. | Eignarréttur á náttúruauðl. og landi | Ekki útrætt |
| 1997–8 | Jóhanna Sigurðard.,<br>Ásta R. Jóhannesd. | Stjórnlagaþing | Ekki útrætt |
| 1998–9 | Siv Friðleifsdóttir | Þingseta ráðherra | Ekki útrætt |
| 1998–9 | Jóhanna Sigurðard.,<br>Svanfríður Jónasd.,<br>Össur Skarphs. | Þjóðaratkvæðagreiðslur | Ekki útrætt |
| 1998–9 | Guðný Guðbjörnsd. o.fl. | Sameign nytjastofna | Ekki útrætt |
| 1999–00 | Jóhanna Sigurðard. o.fl. | Þjóðaratkvæðagreiðslur | Ekki útrætt |
| 1998–9/<br>1990–00 | Davíð Oddsson,<br>Halldór Ásgrímsson,<br>Sighvatur Björgvs.,<br>Margrét Frímannsd.,<br>Kristín Halldórsd. | Kjördæmaskipan | Samþykkt tvisvar 1999 – kosningar á milli (endurfl. af fors.ráðh.) |
| 2000–1 | Jóhanna Sigurðard. o.fl. | Þjóðaratkvæðagreiðslur | Ekki útrætt |
| 2002–3 | Jóhanna Sigurðard. o.fl. | Þjóðaratkvæðagreiðslur | Ekki útrætt |
| 2001–2 | Guðm. Á. Stefánss. o.fl. | Landið eitt kjördæmi | Ekki útrætt |
| 2002–3 | Guðm. Á. Stefánss. o.fl. | Landið eitt kjördæmi | Ekki útrætt |
| 2003–4 | Kristinn H. Gunnarss. | Bráðabirgðalög, þingseta ráðherra | Ekki útrætt |
| 2004–5 | Kristján L. Möller o.fl. | Kosningaaldur | - |
| 2004–5 | Pétur H. Blöndal | Afnám forsetaembættis | - |
| 2004–5 | Siv Friðleifsd.,<br>Kristinn H. Gunnarss.,<br>Margrét Frímannsd.,<br>Pétur H. Blöndal,<br>Gunnar Örlygsson | Þingseta ráðherra | - |
| 2004–5 | Guðm. Á. Stefánss. o.fl. | Landið eitt kjördæmi | - |
| 2004–5 | Jóhanna Sigurðard. o.fl. | Þjóðaratkvæðagreiðslur | - |
| 2004–5 | Helgi Hjörvar o.fl. | Samráð v. Alþ. um stuðning við stríð | - |

Rétt er að geta þess að inn í töfluna vantar ýmsar sértillögur sem ekki náðist samstaða um í nefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar 1983.

Ef flutningsmenn eru fleiri en tveir eru aðeins þeir fyrstu taldir upp ef allir eru úr sama flokki.

Ekki er í töflunni gerð grein fyrir flytjendum á endurfluttum stjórnarskrárfrumvörpum sem samþykkt hafa verið á fyrra þingi þótt þeir geti verið aðrir en upprunalegir flytjendur.

Nokkur frumvörp um þjóðfund til samningar stjórnarskrá, sem lögð voru fram á níunda áratugnum, koma ekki fram í töflunni vegna þess að um venjuleg lagafrumvörp var að ræða en ekki frumvörp til stjórnskipunarlaga.

Tillöguflutningur í stjórnarskrármálefnum hefur gengið nokkuð í bylgjum en tillöguflutningur er mun ríkara einkenni tímans frá því um 1960 en áranna þar á undan. Einnig virðast stjórnarandstöðuþingmenn almennt mun virkari í tillöguflutningi um þetta efni heldur en stjórnarþingmenn.

Nokkra hugmynd um þær áherslur sem ríkt hafa við endurskoðun lýðveldisstjórnarskrárinnar má fá með því að skoða á hvaða greinum hennar gerðar hafa verið breytingar.

**Tafla 5. Breytingar á greinum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands eftir köflum**

| Kafli | Efni kafla | Fjöldi gr. í kafla | Fjöldi gr. sem breytt hefur verið | Fjöldi óbreyttra gr. |
|---|---|---|---|---|
| I | Stjórnskipun | 2 | 0 | 2 |
| II | Forsetakosningar, forseti og ríkisstjórn | 28 | 6 | 22 |
| III | Þingkosningar | 4 | 4 | 0 |
| IV | Störf Alþingis | 24 | 17 | 7 |
| V | Dómsvaldið | 3 | 1 | 2 |
| VI | Kirkja og trúfrelsi | 3 | 2 | 1 |
| VII | Mannréttindi/stjórnarskrárbreyt. | 15 | 15 | 0 |
| SAMTALS | | 79 | 45 | 34 |

Ath.: Í þessu yfirliti er sleppt 80. gr. og 81. gr. stjórnarskrárinnar 1944 og ákvæði um stundarsakir. 80. gr. fjallaði um niðurfellingu eldri stjórnarskrár, 81. gr. um innleiðingu lýðveldisstjórnarskrárinnar en ákvæði um stundarsakir fjallar um sérstök tímabundin frávik frá stjórnarskrá.

Þeir kaflar stjórnarskrárinnar, sem hafa verið endurskoðaðir rækilega samkvæmt þessu yfirliti, eru kaflar III um þingkosningar, IV um störf Alþingis og VII um mannréttindi. Öðrum köflum hefur minna verið breytt. Þannig hefur kafla I aldrei verið breytt neitt, kafla II var breytt í vissum mæli 1991, mest til að taka mið af afnámi deildaskiptingar Alþingis, kafla V um dómsvaldið hefur nær ekkert verið breytt (orðinu hæstaréttardómarar bætt við 1991) en ein af þremur greinum kafla VI um kirkju og trúfrelsi var endurskoðuð 1995.

## 5. Einstök álitaefni

Engin leið er að gera með viðhlítandi hætti grein fyrir þeim álitaefnum, sem til umræðu hafa komið, í tengslum við endurskoðun stjórnarskrárinnar frá því lýðveldisstjórnarskráin var lögfest árið 1944. Hér á eftir verður þó gerð stuttlega grein fyrir helstu viðfangsefnum sem hafa orðið tilefni tillöguflutnings á lýðveldistímanum eða umfjöllunarefni stjórnarskrárnefnda.

### Alþingi – störf þess

Hugmyndir um afnám deildaskiptingar Alþingis má rekja allt aftur til 1952. Ýmsar tillögur komu fram um það efni á áttunda og níunda áratug tuttugustu aldarinnar en deildaskiptingin var að lokum afnumin með stjórnarskrárbreytingu árið 1991. Þá var einnig breytt samkomudegi Alþingis sem lengi hafði verið til umræðu (a.m.k. frá 1952). Í tillögum Bjarna Benediktssonar frá 1952 er gert ráð fyrir að Hæstarétti í stað Alþingis verði falið að ganga úr skugga um kjörgengi þingmanna og lögmæti kosninga. Þá hafa verið fluttar tillögur um eftirlitshlutverk þingnefnda, aukastörf þingmanna, atkvæðisrétt ráðherra á þingi og fleira.

**Alþjóðastofnanir – milliríkjasamningar**

Tillögur, sem miða að því að skilgreina hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að heimilt sé að framselja vald til alþjóðastofnana, hafa komið fram nokkrum sinnum. Sú fyrsta leit dagsins ljós 1968. Í tillögu, sem ýmsir af leiðtogum stjórnarandstöðunnar lögðu fram árið 1992, er gert ráð fyrir að 21. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo: „Forseti Íslands gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu, framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka eða ef þeir horfa að öðru leyti til breytinga á stjórnarhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til. Slíkt þingmál telst því aðeins samþykkt að þrír fjórðu alþingismanna greiði því atkvæði.“[50]

Fulltrúar Alþýðubandalags í stjórnarskrárnefndinni 1983 vildu sjá í stjórnarskránni ákvæði um friðlýsingu Íslands og um stefnumál Íslands á alþjóðavettvangi. Á Alþingi 2005 kom fram frumvarp um að samráð við Alþing þyrfti fyrir stuðningi við stríð.

**Auðlindir – eignarréttur**

Eignarréttur á auðlindum og skyld málefni hafa í nokkur skipti verið tilefni tillöguflutnings um breytingar á stjórnarskrá. Á sjöunda áratugnum miðaði tillöguflutningur einkum að því að tryggja íslenskt þjóðerni þeirra sem ættu fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi en eftir að deilur hófust um eignarhald á auðlindum sjávarútvegs á níunda áratugnum hefur tillöguflutningur frekar miðað að því að festa sameign þjóðarinnar á slíkum auðlindum í stjórnarskrá.

**Bráðabirgðalög**

Reglulega hafa komið fram hugmyndir um að takmarka rétt ríkisstjórnar til setningar bráðabirgðalaga. Nokkuð var komið til móts við þau sjónarmið árið 1991 þegar ríkisstjórn var gert að fá slík lög samþykkt innan sex vikna frá því Alþingi kemur saman ella falli þau úr gildi. Í nokkur skipti eftir að það var gert hafa engu að síður komið fram tillögur um að takmarka þennan rétt ríkisstjórna enn frekar, t.d. í tillögu frá 1996 (gildi einungis þegar ekki er hægt að kalla þing saman).

**Dómstólar – hæstiréttur – réttarkerfi**

Hugmyndir hafa lengi verið uppi um að fjalla á ítarlegri hátt um dómsvaldið í stjórnarskrá en núverandi ákvæði eru mjög komin til ára sinna eins og fram hefur komið. Um þessi atriði er fjallað í tillögum Bjarna Benediktssonar frá 1952 og nýr dómsmálakafli er í stjórnarskrárdrögum Gunnars Thoroddsens frá 1983. Í síðarnefndu tillögunum er kveðið á um stöðu Hæstaréttar sem æðsta dómstóls, sjálfstæði ríkissaksóknara og dómenda og valdsvið dómstóla.

**Eftirlitshlutverk þingsins**

Tillögur um eftirlits- og rannsóknarhlutverk þingnefnda voru einkum áhugamál þingmanna Bandalags jafnaðarmanna á níunda áratugnum. Ýmsar breytingar hafa reyndar orðið á starfsskilyrðum þingnefnda eftir það þótt þær birtist ekki nema að litlu leyti í stjórnarskrá.

---

[50] Alþ.tíð. A, 1992–3: 679.

**Fjárhags- og skattamál**

Ýmiss konar tillögur um breytingar á stjórnarskrá hafa varðað meðferð fjárhagsvalds og skattamál, þar á meðal um afturvirka skatta, endurskoðun ríkisreiknings, aukafjárveitingar og fleira. Árið 1995 var samþykkt stjórnarskrárbreyting um að endurskoðun ríkisreiknings skuli fara fram „á vegum Alþingis og í umboði þess". Eins var það ár samþykkt með mannréttindakaflanum bann við afturvirkri skattheimtu.

Í tillögum Bjarna Benediktssonar frá 1952 er að finna ýmsar tillögur í skattamálum sem miða að meiri festu í fjármálum ríkisins. Þar á meðal er tillaga um að öll ríkisstjórnin þurfi að samþykkja aukafjárveitingar (eins og bráðabirgðalög) og að Alþingi geti ekki átt frumkvæði að hækkun fjárlaga, heldur þurfi slíkt að koma frá ríkisstjórn.

**Fjöldi þingmanna**

Tillögur hafa stundum komið fram um að fækka þingmönnum – en einungis tillögur um fjölgun þingmanna hafa hlotið framgang. Breytingar á kosningakerfi hafa oftast haft fjölgun þingmanna í för með sér – þó ekki breytingin 1999.

**Forseti og forsetavald**

Forsetavald er meðal þeirra atriða sem mest hafa verið rædd í tengslum við hugsanlega endurskoðun stjórnarskrárinnar. Á fyrstu árum lýðveldisins aðhylltist hópur fólks í ýmsum stjórnmálaflokkum forsetaræði á Íslandi að bandarískri fyrirmynd. Það hefði þýtt að þingræði væri afnumið og forseti fengi sjálfur það vald sem honum er í raun neitað um í 13. og 14. gr. stjórnarskrárinnar. Þessar hugmyndir fengu þó ekki brautargengi eins og kunnugt er. Aðrar tillögur um forsetavald hafa einkum gengið út á að skilgreina betur en gert er hlutverk forseta við stjórnarmyndanir og rétt hans til að mynda ríkisstjórn hafi myndun stjórnar mistekist á Alþingi (sjá t.d. tillögur Bjarna Benediktssonar 1952 og Gunnars Thoroddsens 1983).

Tillögur hafa nokkrum sinnum komið fram um breytta tilhögun forsetakjörs. Þannig lögðu sjálfstæðismenn til 1952 að viðhafa skyldi forsetakjör í tveimur umferðum ef enginn hlyti meirihluta í fyrstu umferð og eins hefur Ólafur Þ. Harðarson (1995–7) bent á írsku leiðina – þar sem kjósendur raða frambjóðendum þótt kosið sé í einni umferð – sem hugsanlega fyrirmynd forsetakosninga á Íslandi.

**Handhafar forsetavalds**

Bjarni Benediktsson taldi athugandi að annaðhvort forseti Hæstaréttar eða forseti sameinaðs Alþingis yrði varaforseti.[51] Gunnar G. Schram (1977) bendir á að það fyrirkomulag, sem ríki á Íslandi um handhafa forsetavalds, sé nær einsdæmi og að ýmsu leyti gallað (bls. 69–70). Um þetta var fjallað nokkuð í aðdraganda að endurskoðun stjórnarskrárinnar fram til 1983 en í tillögum Gunnars Thoroddsens það ár er þó ekki horfið frá þeirri skipan sem nú er að finna í 8. gr. stjórnarskrárinnar.

**Kirkjuskipan**

Kirkjuskipan hefur þá sérstöðu meðal ákvæða stjórnarskrárinnar að henni má breyta með lögum þótt slíka ákvörðun þurfi að vísu að staðfesta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Tillögu um að rjúfa tengsl ríkis og kirkju er þess vegna hægt að samþykkja sem einföld lög frá Alþingi en krefst ekki stjórnarskrárbreytingar.

---

[51] Mbl. 22.–24. jan. 1953.

**Kosningakerfi – kjördæmaskipting**

Kosningakerfið og kjördæmaskipanin hafa verið viðvarandi viðfangsefni tillagna um stjórnarskrárbreytingar á lýðveldistímanum og raunar var kosningafyrirkomulagið orðið að einu helsta deiluefni íslenskra stjórnmála mun fyrr. Breytingar á kosningakerfinu voru meginefni þeirra stjórnarskrárbreytinga sem tóku gildi 1934, 1942, 1959, 1984 og 1999. Þróunin hefur verið í þá veru að auka jafnvægi atkvæða en tillögur hafa reglulega komið frá jafnaðarmönnum um að gera landið allt að einu kjördæmi, alveg frá 1927, og í seinni tíð hafa frjálslyndir einnig flutt tillögur í þá veru.

**Kosningarréttarskilyrði**

Umræður um kosningarréttarskilyrði á lýðveldistímanum hafa einkum snúið að lækkun kosningaaldurs. Kosningaaldur var lækkaður í 20 ár árið 1968 og 18 ár 1984. Eina tillagan um frekari lækkun, sem fram hefur komið, snýr að því að tryggja þeim sem verða 18 ára á kosningaári atkvæðisrétt við Alþingiskosningar.

**Lagasynjun – staðfesting laga**

Tillögur um breytingar á málskotsréttinum hafa ekki verið margar enda töldu margir ólíklegt að honum yrði beitt eða jafnvel að hann væri til staðar.[52] Bjarni Benediktsson taldi athugandi árið 1952 að breyta honum í frestandi synjunarvald – þ.e. að lög falli úr gildi ef forseti neitar að staðfesta þau. Hann taldi fyrirkomulag stjórnarskrárinnar 1944 hafa markast af því að hún hafi verið samin þegar „forsetastjórn" sat að völdum og menn hafi við þær aðstæður ekki viljað efla völd forseta og stjórnar frá því sem var. (Mbl. 22.–24. jan. 1953) Í tillögum Gunnars Thoroddsens 1983 er hins vegar gert ráð fyrir að forseti geti kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslu áður en til undirskriftar komi og sé þá heimilt að neita að staðfesta lög hafi þau verið felld í þjóðaratkvæðagreiðslu.

**Landsdómur**

Í tillögum sjálfstæðismanna frá 1952–3 er gert ráð fyrir að Hæstiréttur dæmi í stað landsdóms í málum sem Alþingi höfðar gegn ráðherra.[53] Slíka tillögu er einnig að finna í stjórnarskrárfrumvarpi Gunnars Thoroddsens 1983.

**Lýðræði**

Orðið lýðræði kemur hvergi fyrir í núgildandi stjórnarskrá (frekar en ýmis önnur lykilhugtök stjórnskipunarinnar eins og þingræði, ríkisstjórn, hæstiréttur). Í stjórnarskrárfrumvarpi Gunnars Thoroddsens árið 1983 er gert ráð fyrir að 1. gr. hennar hljóði svo:

> *Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi.*
> *Lýðræði, þingræði og jafnrétti eru grundvallarreglur stjórnskipunar Íslands.*
> *Handafar ríkisvaldsins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar.*[54]

---

[52] Sbr. Þór Vilhjálmsson (1994).
[53] Mbl. 22.–24. jan. 1953.
[54] Alþ.tíð. A, 1982–3: 2721.

**Mannréttindaákvæði**

Umræðu um endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar má rekja allt aftur til ársins 1952. Mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var endurskoðaður 1995. Ekki hafa komið fram frumvörp um breytingar á mannréttindaákvæðum (í þröngum skilningi) síðan þá.

**Persónukjör**

Í stjórnarskrárnefndinni um miðjan níunda áratuginn var allnokkuð rætt um leiðir til að auka möguleika á persónukjöri við Alþingiskosningar á Íslandi.

**Ráðherrar – þingseta þeirra**

Tillögur um að ráðherrar eigi ekki atkvæðisrétt á Alþingi hafa alloft komið fram. Slíkar tillögur voru m.a. bornar fram að þingmönnum Bandalags jafnaðarmanna á níunda áratugnum en í seinni tíð einkum af þingmönnum Framsóknarflokksins (og reyndar fleirum, sbr. tillaga 2004).

**Stjórnarmyndanir**

Engin ákvæði eru nú í stjórnarskrá um með hvaða hætti forseti uppfyllir ákvæði 15. gr. stjórnarskrárinnar um að hann skipi ráðherra og veiti þeim lausn, ákveði tölu þeirra og skipti störfum með þeim. Tillögur hafa komið fram um að skýra hlutverk forsetans í þessu efni (sjá um grein um forseta og forsetavald) en ekki hlotið afgreiðslu. Þótt vald forseta til að hafa áhrif á stjórnarmyndanir sé að öðru jöfnu takmarkað af þingræðisreglunni er það óumdeilt að þegar stjórnarmyndun gengur treglega getur forsetinn haft viss áhrif.[55]

**Stjórnarskrárbreytingar – endurskoðun stjórnarskrár**

Þótt almennt gildi um stjórnarskrárbreytingar á Íslandi að þær þurfi samþykki tveggja þinga með kosningum inn á milli er samt lýðveldisstjórnarskráin 1944 sett með afbrigðilegum hætti, þ.e. með samþykki Alþingis og staðfestingu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í nokkur skipti hafa komið fram tillögur um að gera samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu að skilyrði fyrir því að stjórnarskrárbreytingar geti tekið gildi. Þær tillögur hafa ekki hlotið afgreiðslu.

Hugmyndir um stjórnlagaþing eða þjóðfund til að endurskoða stjórnarskrána hafa reglulega skotið upp kollinum allt frá því verið var að undirbúa sjálfa lýðveldisstjórnarskrána. Á bak við þá ósk hefur jafnan legið sú hugmynd að hraða heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar eða jafnvel að takmarka áhrif stjórnmálaflokkanna á hana. Um þetta atriði sagði Bjarni Benediktsson 1953: „Ég hef haft nokkra tilhneigingu til að vera fylgjandi þjóðfundi, en skilyrði fyrir gagnsemi slíks þjóðfundar tel ég vera það, að til hans yrði kosið með öðrum hætti en til Alþingis nú. Ef sama kosningafyrirkomulag ætti að vera, tel ég, að þjóðfundur sé þýðingarlítill. Ég verð að játa, að ef menn á annað borð hafa komið sér saman um kosningafyrirkomulag til þjóðfundar, þá eru svo miklar líkur til, að það kosningafyrirkomulag verði hið sama og menn að lokum ákveða um kjördæmaskipun og kosningu til Alþingis, að segja má, að þá sé þjóðfundur gagnslítill.“[56]

---

[55] Sjá t.d. Ólaf Jóhannesson (1978) bls. 146.

[56] Bjarni Benediktsson (1965), bls. 201.

**Sveitarfélög**

Stjórnarskráin segir fátt um sveitarfélög annað en að einhver sveitarfélög skuli vera til en um sjálfstæði þeirra og tekjustofna skuli fjallað í lögum. Lengi hefur verið rætt um að styrkja grundvöllinn undir sjálfstjórn sveitarfélaga í stjórnarskrá. Í tillögum Gunnars Thoroddsens 1983 var gert ráð fyrir nokkuð ítarlegri ákvæðum um sveitarfélög en þau sem fyrir voru, þar á meðal um rétt íbúa til að krefjast almennrar atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins.

Á níunda áratugnum lögðu þingmenn Bandalags jafnaðarmanna í nokkur skipti fram þingsályktunartillögur um gerð frumvarps um fylkisstjórnir.

**Umhverfisvernd**

Hvergi er fjallað um umhverfisvernd í núgildandi stjórnarskrá. Í tillögum Gunnars Thoroddsens árið 1983 var gerð tillaga um að 80. gr. stjórnarskrárinnar hljóðaði svo:

> *Vernda skal náttúru landsins og auðlindir þess svo ekki spillist líf eða land að nauðsynjalausu.*
>
> *Landsmönnum öllum skal tryggður réttur til eðlilegrar nýtingar landsins til útivistar. Nánar skal fjallað um rétt þennan í lögum.*

**Þingrofsréttur**

Meðferð þingrofsréttarins var í vissum mæli umdeildur á Íslandi – ekki síst eftir þingrofið 1931 og ef til vill líka 1974. Forseti fer samkvæmt texta stjórnarskrárinnar með þingrofsvaldið sem þýðir að forsætisráðherra hefur það í sínum höndum að ákveða þingrof ef svo ber undir. Á 24. gr. stjórnarskrárinnar voru gerðar vissar breytingar 1991 sem takmörkuðu vald forsætisráðherra til að senda þingið heim í trássi við vilja meirihluta þess með því að þingmenn skulu halda umboði sínu til kjördags. Sá möguleiki er til staðar að stjórn, sem misst hefur meirihlutastuðning þingsins, beiti þingrofi. Meirihluti þings gæti lýst vantrausti á slíka stjórn eftir að þingrof hefði verið boðað því að þingmenn halda samkvæmt breytingunni 1991 umboði sínu til kjördags.[57] Á það gæti jafnvel reynt hvort nýr þingmeirihluti hefði heimild til að afturkalla þingrof þótt slíkt hafi ekki gerst hingað til. Í tillögum Gunnars Thoroddsens árið 1983 var skýrar kveðið á um takmörkun þingrofsréttarins með því að samþykki þingsins sjálfs var gert að skilyrði fyrir þingrofi.

**Þingræðisreglan**

Hugmyndir hafa komið fram um að nefna þingræðisregluna skýrum orðum í stjórnarskránni, m.a. í stjórnarskrárfrumvarpi Gunnars Thoroddsens 1983 en í núverandi stjórnarskrá leikur vafi á því hvort orðalagið „þingbundin stjórn“ feli þingræðisregluna í sér. Á níunda áratugnum beitti Bandalag jafnaðarmanna sér fyrir afnámi þingræðis á Íslandi án þess þó að vilja hverfa að forsetaræði. Samkvæmt tillögum þeirra skyldi forsætisráðherra kosinn beinni kosningu og hann mynda ríkisstjórn óháð vilja Alþingis.

**Þjóðaratkvæðagreiðslur**

Tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur hafa verið reglulega á dagskrá umræðunnar um stjórnarskrána frá því á sjöunda áratug tuttugustu aldarinnar. Flestar hafa slíkar tillögur gengið út á að tiltekið hlutfall kjósenda gæti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslur um lög frá

---

[57] Sbr. Gunnar G. Schram (1999), bls. 262.

Alþingi eða skorað á forseta að beita málskotsrétti. Tillögugerðin hefur snúist um hlutfall kjósenda á bilinu $^1/_5$ til $^1/_3$. Einnig hefur komið fram tillaga um að þriðjungur þingmanna gæti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjöf, líkt og í Danmörku.

Í tillögum stjórnarskrárnefndarinnar 1983 er lagt til að ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur hljóði svo: „Fjórðungur alþingiskjósenda getur óskað eftir því að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök málefni. Um framkvæmd slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu skal nánar mælt í lögum.“

**6. Niðurstaða**

1. Áhersla hefur yfirleitt verið lögð á að þróa stjórnarskrána í samstöðu helstu stjórnmálaafla. Í raun má segja að eina grein stjórnarskrárinnar, sem breytt hefur verið í andstöðu við nokkurn hluta þingmanna, hafi verið 31. grein hennar sem fjallar um fyrirkomulag alþingiskosninga. Aðrar stjórnarskrárbreytingar hafa verið unnar í samstöðu helstu stjórnmálaafla. Forsenda þeirrar samstöðu hefur verið að stjórnarskrárbreytingarnar hafa fjallað um vel afmarkaða þætti stjórnskipunarinnar.
2. Mikill fjöldi tillagna um breytingar á stjórnarskránni hefur komið fram á Alþingi og á öðrum vettvangi á þeim rösklega sex áratugum sem lýðveldisstjórnarskráin hefur verið í gildi. Nokkur hluti þeirra hefur náð fram að ganga en stór hluti hefur þó ekki náð inn í stjórnarskrá. Sumar þessara tillagna hafa verið allróttækar en aðrar hafa snúist um þröng tæknileg atriði. Mjög umfangsmikið verk væri að öllum líkindum að ná pólitískri samstöðu um öll þau atriði sem hafa komið til skoðunar á lýðveldistímanum.
3. Tilraunir til heildarendurskoðunar stjórnarskrárinnar hafa allar mistekist. Engin einhlít skýring er sennilega til á því hvers vegna svo sé. Mikill fjöldi ólíkra hugmynda samfara áherslu á að ná samstöðu er þó sennilega stór hluti af skýringunni. Í stað þeirrar heildarendurskoðunar, sem segja má að einkennt hafi endurskoðunarstarf stjórnarskrárinnar frá 1944 til 1983, hefur í seinni tíð verið lögð áhersla á afmarkaðri þætti endurskoðunarvinnunnar. Þannig var kosningafyrirkomulagið viðfangsefni stjórnarskrárbreytinga 1984 og 1999, deildaskipting Alþingis og fleira 1991 og mannréttindaákvæði og fleira 1995.
4. Breytingar á stjórnarskránni hafa einkum tekið til þingkosninga, starfa Alþingis og mannréttindaákvæða í stjórnarskrá. Allir þessir þættir hafa verið endurskoðaðir fremur nýlega, á árabilinu 1991 til 1999. Hugsanlegt er að samstaða geti tekist um frekari endurskoðun þessara kafla stjórnarskrárinnar en gera má ráð fyrir – miðað við hve stutt er síðan þeir voru til meðferðar – að margt af því sem samstaða er um hafi náðst fram. Einnig virðist ólíklegt að víðtæk samstaða sé í sjónmáli um samband ríkis og kirkju.
5. Lítið er hægt að álykta af þeim gögnum, sem hér hafa verið til skoðunar, í hvaða mæli ágreiningur ríkir um I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar. Deilur um þingræði hafa ekki verið fyrirferðarmiklar frá því um miðjan níunda áratuginn. Tillöguflutningur síðustu fimmtán ár, sem lýtur að þessum köflum, hefur einkum snúist um þjóðaratkvæðagreiðslur og þingsetu ráðherra þótt fleiri atriði hafi komið við sögu, þar á meðal alþjóðasamskipti. Á fyrri tíð hafa hins vegar ýmis önnur atriði verið til skoðunar, þar á meðal almenn lýsing stjórnskipunarinnar (lýðræði), hlutverk forseta við stjórnarmyndanir, synjunarvald forseta, ákvarðanataka ríkisstjórna, ákæruvaldið, dómstólarnir og hlutverk þeirra, landsdómur og fleira.

**Heimildaskrá**

*Alþingistíðindi.*
Arnór Hannibalsson (1983). „Sögulegur bakgrunnur íslensku stjórnarskrárinnar", *Tímarit lögfræðinga*, 33:2, bls. 73–87.
Bjarni Benediktsson (1965). „Endurskoðun stjórnarskrárinnar", *Land og lýðveldi* I (Reykjavík: Almenna bókafélagið) bls. 177–202. Einnig birt í Mbl., 22.–24. jan. 1953.
Björn Þórðarson 1951. *Alþingi og frelsisbaráttan* (Reykjavík: Alþingissögunefnd).
Gerðarbók nefndar til að semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá 1940, Þjóðskjalasafn, LXI.
Gunnar Helgi Kristinsson 1994. *Þróun íslensku stjórnarskrárinnar* (Reykjavík: Félagsvísindastofnun).
Gunnar G. Schram 1977. „Um endurskoðun stjórnarskrárinnar", *Tímarit lögfræðinga*, 27. árg. 2. hefti, bls. 67–103.
Gunnar G. Schram 1999. *Stjórnskipunarréttur* (Reykjavík: Háskólaútgáfan)
Odd Didriksen 1968. „Krafan um þingræði í Miðlun og Benedikzku 1887–94", *Saga*, VI árg.: 3–80.
Ólafur Þ. Harðarson 1995–7. „Kjör þjóðhöfðingja: Geta Íslendingar lært af Írum?", *Íslensk félagsrit*, 7.–9. árg., bls. 87–99.
Ólafur Jóhannesson 1978. *Stjórnskipun Íslands* (Reykjavík: Iðunn).
Ólafur Lárusson 1946. „Constitution and law" í *Iceland*, 4. útg. (Þorst. Þorsts. ritstýrði) (Reykjavík: Landsbanki Íslands) 47–66.
*Ríkishandbók Íslands 1965.* (Reykjavík: Menningarsjóður).
Stjórnarskrárnefndir – ýmis gögn. Þjóðskjalasafn 022-16, möppur B 127, B 128, B 34, B87 og fleiri gögn.
*The Constitution of Iceland* (1974) (Reykjavík: The Office of the Prime Minister).
Þór Vilhjálmsson 1994. „Synjunarvald forsetans" í *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 25. september 1994* (Reykjavík: Bókaútgáfa Orators) bls. 609–636.

**VIÐAUKI 3**

# SKÝRINGAR VIÐ STJÓRNARSKRÁ LÝÐVELDISINS ÍSLANDS[58]

(Desember 2005)

Sérfræðinganefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar:

**Eiríkur Tómasson prófessor**

**Björg Thorarensen prófessor**
**Gunnar Helgi Kristinsson prófessor**
**Kristján Andri Stefánsson sendiherra**

Unnið að beiðni nefndar um endurskoðun
stjórnarskrár lýðveldisins Íslands

[58] Ekki vannst tími til að fjalla að þessu sinni nema um I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar. Skýringarnar unnu Eiríkur Tómasson, Björg Thorarensen og Kristján Andri Stefánsson.

## I. kafli

1. gr. **Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.**

*Tilurð:* Þessi grein var tekin upp í stjórnarskrána við stofnun lýðveldis 1944 en í stjórnarskránni frá 1920 sagði: „Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.“ Samsvarandi ákvæði var ekki að finna í stjórnarskránni frá 1874 enda var Ísland ekki sjálfstætt ríki samkvæmt henni.

*Skýring:* Með „lýðveldi“ er fyrst og fremst vísað til þess að þjóðhöfðinginn skuli vera forseti, kjörinn af þegnunum með beinum eða óbeinum hætti, en ekki konungur sem hlýtur þá stöðu að erfðum. Í lýðveldi er og kjörið þjóðþing sem fer með löggjafarvald eða er að minnsta kosti aðalhandhafi þess.

Höfundar frumvarpsins að lýðveldisstjórnarskránni virðast hafa litið svo á að með því að kveða á um það, eins og í eldri stjórnarskrá, að hér á landi skuli vera „þingbundin stjórn“ væri verið að stjórnarskrárhelga þingræðið. Þetta er þó ekki einhlít skýring, heldur getur með þessu orðalagi verið vísað til þess eins að ráðherrar skuli vera háðir Alþingi með einhverjum hætti, t.d. með því að standa þinginu reikningsskil gjörða sinna. Þingræðisreglan er ekki orðuð í stjórnarskránni, heldur byggist hún á stjórnskipunarvenju og er því jafn réttthá ákvæðum stjórnarskrárinnar sjálfrar þannig að henni verður ekki breytt eða hún afnumin nema með stjórnarskrárbreytingu. Reglan felur það í sér að þeir einir geta gegnt ráðherraembætti sem meirihluti þingsins vill styðja eða að minnsta kosti þola í embætti. Í orðalaginu „þingbundin stjórn“ er jafnframt talið felast að Alþingi sé ekki aðeins aðalhandhafi löggjafarvaldsins, heldur ráði einnig miklu um landstjórn og stjórnarstefnu, t.d. með því að hafa með höndum fjárstjórnarvald, þ.e. vald til að ákveða tekjur ríkisins og gjöld.

*Helstu heimildir*:
Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 1, bls. 12.
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 81–82, 84–85, 27–28, 93 og 138–139.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 24–25, 36 og 149–150.

2. gr. **Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.**

*Tilurð:* Þessi grein hefur staðið svo til óbreytt í stjórnarskránni frá 1920, að öðru leyti en því að 1944 kom forseti í stað konungs í 1. og 2. málsl. hennar. Vísi að þessu ákvæði var að finna í 1. mgr. 1. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 en fyrirmynd þess er sótt til 2. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849.

*Skýring:* Hér er mælt fyrir um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, í samræmi við kenningu franska stjórnspekingsins Montesquieus um það efni. Ekki er skilgreint hvað einkennir hvern þessara þriggja valdþátta og jafnvel hefur því verið haldið fram að löggjafinn geti tekið ákvarðanir um nánast hvaða atriði sem honum sýnist, jafnvel þótt þær ákvarðanir séu að öðru jöfnu teknar af handhöfum framkvæmdarvalds og dómsvalds. Nú er hins vegar almennt litið svo á að löggjafinn geti ekki leyst úr ágreiningi, sem heyrir undir dómstólana samkvæmt

hefðbundinni skilgreiningu á eðli dómsvaldsins, eða tekið einstakar ákvarðanir sem eru á forræði forseta og ráðherra samkvæmt stjórnarskránni.

Vegna þess að handhöfum framkvæmdarvalds og dómsvalds er að öðru jöfnu skylt að fara eftir settum lögum í störfum sínum, sbr. m.a. 61. gr. stjskr., má segja að löggjafinn sé æðstur handhafa hins þríþætta ríkisvalds.

Í fyrirmælunum um þrígreiningu ríkisvaldsins eru fólgnar skorður við því að löggjafinn geti framselt vald sitt til stjórnvalda, þ.e. handhafa framkvæmdarvaldsins, með því að heimila þeim að setja almennar reglur um efni sem skipað skal með lögum, annaðhvort samkvæmt beinum fyrirmælum stjórnarskrárinnar eða eftir eðli máls. Þótt löggjafinn megi fela stjórnvöldum að leysa úr réttarágreiningi á tilteknum sviðum má löggjafinn ekki ganga svo langt að fá þeim fullnaðarúrskurðarvald um ágreining sem heyrir undir dómstólana samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu á eðli dómsvaldsins, sbr. H 1991, 1690 og H 1994, 748.

Þegar kveðið er á um að Alþingi og forseti fari saman með löggjafarvaldið er einkum átt við það að forseti þurfi að staðfesta lagafrumvörp, sem þingið hefur samþykkt, til þess að þau öðlist gildi sem lög, sbr. 26. gr. stjskr. Samkvæmt þeirri grein getur forseti neitað að staðfesta lagafrumvarp sem þingið hefur samþykkt. Frumvarpið fær þó engu að síður lagagildi en leggja skal það undir þjóðaratkvæði svo fljótt sem kostur er til að fá skorið úr um lagagildi þess til frambúðar.

Enda þótt mælt sé fyrir um að forseti og „önnur stjórnarvöld" skuli fara með framkvæmdarvaldið leiðir það af 1. mgr. 13. gr. og 14. gr. stjskr., þar sem segir að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt og þeir beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, að það eru ráðherrar sem í reynd eru æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins, hver á sínu sviði. Framkvæmdarvaldið er að öðru leyti á hendi annarra stjórnvalda, eftir því sem fyrir er mælt í lögum.

Þótt gert sé ráð fyrir að ríkisvaldið greinist í þrennt og mismunandi valdhafar fari með hvern þátt þess um sig hefur 2. gr. stjskr. ekki verið skilin á þann veg að skilja verði skýrt á milli handhafa hvers valdþáttar fyrir sig. Þannig leiðir það af þingræðisreglunni að skilin milli löggjafarvalds annars vegar og framkvæmdarvalds hins vegar eru hvergi nærri eins skýr og ætla mætti af orðalagi greinarinnar. Þá er það langalgengast hér á landi að ráðherrar komi úr hópi þingmanna og fari þar með bæði með löggjafar- og framkvæmdarvald. Enn fremur hefur Hæstiréttur ekki fallist á að skýra beri greinina á þann veg að sami maður megi ekki fara í senn með framkvæmdar- og dómsvald, sbr. H 1985, 1290 og H 1987, 356. Sú skipan getur hins vegar brotið í bága við fyrirmæli 1. mgr. 70. gr. stjskr. um rétt til málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli, sbr. 8. gr. stjskl. nr. 97/1995, og má því vissulega draga í efa fordæmisgildi umræddra hæstaréttardóma. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. stjskr. eru hæstaréttardómarar ekki kjörgengir til Alþingis, sbr. 8. gr. stjskl. nr. 56/1991. Það þýðir að sami maður getur ekki samtímis farið með löggjafarvald sem þingmaður og dómsvald sem hæstaréttardómari.

Þess má geta að ákvæði 2. gr. stjskr. eru almennt talin setja skorður við því að unnt sé að framselja ríkisvald til erlendra alþjóða- eða fjölþjóðastofnana enda er ekki að finna í stjórnarskránni ákvæði sem veitir heimild til slíks framsals.

*Helstu heimildir:*

Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 82–84, 111–112, 282–290, 334–337, 365–373 og 393–397.

Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 25–27, 121–122, 293–297, 347–349, 386–390, 393–400, 422–425, 431–432, 440 og 531–532.

## II. kafli

3. gr. **Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.**

*Tilurð*: Þessi grein var tekin í stjórnarskrána 1944 við stofnun lýðveldis og þar með embættis forseta Íslands, eins og reyndar 4.–8. gr. stjskr. sem áttu sér heldur ekki neina hliðstæðu í eldri stjórnarskrám meðan Ísland var konungsríki.

*Skýring*: Í greininni er mælt fyrir um tvennt. Annars vegar að heiti forsetaembættisins skuli vera forseti Íslands. Hins vegar að þjóðkjörið skuli vera í embættið. Hvoru tveggja var breytt í þessa veru í meðferð þingsins 1944, að tillögu sameinaðrar stjórnarskrárnefndar efri og neðri deildar Alþingis. Frumvarp ríkisstjórnarinnar, sem byggðist á tillögum þingkjörinnar milliþinganefndar, hafði upphaflega gert ráð fyrir að sameinað Alþingi kysi forseta enda yrði „minni truflun af kosningu nýs forseta en vera mundi, ef hann væri kosinn með alþjóðaratkvæði“. Í athugasemdum við frumvarpið sagði enn fremur að vel færi á því að Alþingi kysi forsetann þar sem ætlunin væri sú að það héldi sama valdi á málefnum ríkisins og það hefði haft og forseti yrði því háður með svipuðum hætti og konungur hefði í framkvæmd verið.

Sameinaðar stjórnarskrárnefndir efri og neðri deildar þingsins lögðu á hinn bóginn til að frá því yrði horfið og forsetinn yrði þess í stað þjóðkjörinn. Var þetta meginbreytingartillaga nefndarinnar og til komin vegna þess að hún þótti vera í samræmi við vilja og óskir „mikils þorra þjóðarinnar“, eftir því sem næst yrði komist.

Þá þótti nefndinni best viðeigandi að forsetinn yrði kenndur við landið og gleggst til aðgreiningar frá forsetum Alþingis og forsetum einstakra félaga. Þessi nafngift var því tekin upp í 2. og 3. gr. en ekki fylgt eftir í öðrum ákvæðum þar sem hann er oftast nefndur forseti lýðveldisins en annars forseti, ýmist með eða án ákveðins greinis. Eðlilegt væri að samræma orðalag í stjórnarskránni að þessu leyti.

*Helstu heimildir*:
Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 1, bls. 12 og þskj. 71, bls. 166.

4. gr. **Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.**

*Skýring*: Þessi grein tilgreinir kjörgengisskilyrði forseta, þ.e. almenn jákvæð hæfisskilyrði sem maður verður að uppfylla til að geta tekið við forsetaembættinu og haldið því. Kjörgengisskilyrðin eru tæmandi talin í þessari grein og óheimilt væri að bæta við þau með almennum lögum.

Samkvæmt stjórnarskrá er hver sá kjörgengur við forsetakjör sem náð hefur 35 ára aldri og uppfyllir skilyrði til að kjósa í alþingiskosningum, að frátöldu búsetuskilyrðinu. Um aldursmarkið sagði í athugasemdum við stjórnarskrárfrumvarpið að ekki þætti hlýða að yngri maður gæti orðið forseti því að til starfans þyrfti, auk margs annars, „lipurð og mannþekkingu, sem ekki fæst nema með nokkrum aldri“.

Ákvæðið er eyðuákvæði að því leyti að það lýsir ekki sjálft hvers efnis skilyrðin eru, heldur vísar um það þangað sem skilyrði kosningarréttar í alþingiskosningum eru ákveðin. Þeim er um allt, sem hér skiptir máli, lýst í 33. gr. stjskr., eins og henni hefur verið breytt með 2. gr. stjskl. nr. 65/1984, en þá voru felld brott tvö skilyrði sem ráða má af lögskýringargögnum að stjórnarskrárgjafinn hafi látið sig nokkru varða að giltu um kjörgengi forsetaefnis og gerðu kröfu til lögræðis, áður fjárræðis, og óflekkaðs mannorðs. Eftir standa því einungis tvö skilyrði, þ.e. um 18 ára aldur og íslenskan ríkisborgararétt, en krafa um lögheimili hér á landi á ekki við samkvæmt niðurlagi 4. gr.

Kjörgengisskilyrði alþingismanna eru ákveðin í 34. gr. stjskr., sbr. 3. gr. stjskl. nr. 65/1984 og 8. gr. stjskl. nr. 56/1991, en þau eru að því leyti strangari en kjörgengisskilyrði forseta að alþingismönnum ber að hafa óflekkað mannorð og mega ekki vera hæstaréttardómarar. Eðlilegt sýnist vera að hafa samræmi milli kjörgengisskilyrða alþingismanna og forseta.

*Helstu heimildir:*
Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 1, bls. 12–13.
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 116–118.

5. gr. **Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. – Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar.**

*Skýring*: Þessi grein lýsir inntaki þjóðkjörs forseta sem 3. gr. stjskr. mælir fyrir um. Í upphaflegu stjórnarskrárfrumvarpi hafði þessi grein lýst tilhögun þingkjörs forseta en til samræmis við tillögu sameinaðra stjórnarskrárnefnda um þjóðkjör hans í stað þingkjörs var henni gerbreytt í meðferð þingsins. Varð niðurstaðan sú að sá væri rétt kjörinn forseti er fengi flest atkvæði ef fleiri en einn væru í kjöri.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. er löggjafanum eftirlátið að mæla með lögum fyrir um framboð og kjör forseta að öðru leyti en því sem ákveðið er í stjórnarskránni sjálfri. Um framboð og kjör forseta gilda samnefnd lög nr. 36/1945, með síðari breytingum, en almennt vísa þau um allt, sem ekki þarf sérákvæða við, til laga um alþingiskosningar.

Auk þess að uppfylla kjörgengisskilyrði skv. 4. gr. stjskr. geta þeir einir verið í kjöri sem hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. Þá er í síðari málsgrein heimilað að áskilja með lögum að tiltekinn fjöldi þessara meðmælenda skuli vera úr öllum landsfjórðungum að jafnri tiltölu við fjölda kjósenda í hverjum þeirra, sbr. 3. gr. laga nr. 36/1945.

Þegar litið er til mannfjöldabreytinga og búsetuþróunar í landinu er ljóst að þessi skilyrði eru að minnsta kosti ekki jafnströng og þegar þau voru upphaflega sett og að langflestir meðmælendur hljóta nú að koma úr Sunnlendingafjórðungi en fæstir úr Austfirðingafjórðungi. Skipting landsins í fjórðunga er hvorki skilgreind nánar í stjórnarskrá eða lögum nr. 36/1945. Í framkvæmd er hins vegar fyrir því löng venja að draga þau eins og umboðsstjórnarsvæði dönsku konungsstjórnarinnar voru mörkuð fram til 1904 í ömt. Sú skipting mun hafa byggst

á mörkum landsfjórðunganna frá um 965, með síðari breytingum, en það munu vera fyrstu landfræðilegu mörkin í sögu íslenskrar stjórnskipunar, dregin til dómsagnar og framfærslu. Ytri mörk þessara fjórðunga voru áður auðkennd með tilvísun í gömlu sýslumörkin en hafa, eftir að þau voru aflögð, verið dregin með því að tilgreina þau sveitarfélög sem teljast til hvers fjórðungs um sig. Sá galli er reyndar á þessari fjórðungaskiptingu að hún fer ekki saman við skiptingu landsins í kjördæmi, sbr. nú 6. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis. Kjördæmaskiptingin skiptir í þessu tilliti máli vegna þess að yfirkjörstjórn í hverju kjördæmi ber að staðreyna að meðmælendur séu kosningarbærir innan viðkomandi kjördæmis og gefa út vottorð þar að lútandi. Hentugast væri því að mörk fjórðunga og kjördæma færu saman þannig að vottorð um kosningarbærni í tilteknu kjördæmi fæli jafnframt í sér vottorð um kosningarbærni í tilteknum fjórðungi. Þar eð uppruna meðmæla og staðsetningu í fjórðungi er þó hægt að staðreyna með tilliti til þess sveitarfélags þar sem meðmælandi á lögheimili, hefur þó ekki þótt bera beina nauðsyn til að raska þeim mörkum sem fjórðungunum hafa frá forni fari verið dregin, eins og afmörkun samkvæmt kjördæmum myndi óhjákvæmilega hafa í för með sér.

Af 4. málsl. 1. mgr. 5. gr. leiðir að atkvæðagreiðsla í forsetakjöri fer ekki fram nema fleiri en einn frambjóðandi sé í kjöri sem uppfyllir kjörgengisskilyrði 4. gr. stjskr. og hefur tilskilinn fjölda meðmæla að baki sér, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. Að öðrum kosti er sá rétt kjörinn forseti sem uppfyllir þessi skilyrði, án atkvæðagreiðslu.

*Helstu heimildir:*
Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 71, bls. 166–167.
Alþingistíðindi 1944 B, d. 59–60.

6. gr. **Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar.**

*Skýring*: Kjörtími forseta er samkvæmt þessari grein fjögur ár. Í athugasemdum við þetta ákvæði í upphaflegu stjórnarskrárfrumvarpi var getum leitt að því að með því að hafa kjörtímabilið þetta langt ykjust líkur fyrir aukinni reynslu forseta í starfi og truflanir af tíðum forsetaskiptum yrðu minni. Eftir að þjóðkjör forseta var ákveðið var nauðsynlegt að binda upphaf og lok kjörtímabils hans við ákveðnar dagsetningar og urðu þessar fyrir valinu með það fyrir augum að kosningar til embættisins gætu þá farið fram að vori. Aðrar ástæður eru ekki færðar fyrir því að setja forseta inn í embætti þennan dag. Í samræmi við þessa grein er í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1984, ákveðið að forsetakjör fari fram síðasta laugardag í júnímánuði fjórða hvert ár.

*Helstu heimildir:*
Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 1, bls. 13.
Alþingistíðindi 1944 B, d. 60.

7. gr. **Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.**

*Skýring*: Greinin mælir fyrir um hvernig með skuli fara ef forseti deyr eða lætur af störfum af öðrum orsökum áður en kjörtími hans er á enda runninn, svo sem við afsögn eða brott-

vikningu skv. 11. gr. stjskr. Í því tilviki ber samkvæmt þessu ákvæði að kjósa annan forseta en kjörtímabil hans getur þó aldrei varað lengur en til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu. Ekki er tilskilið hvenær þessar kosningar skuli fara fram enda sýnist af lögskýringargögnum mega ráða að stjórnarskrárgjafinn hafi viljað veita nokkurt svigrúm í þessu skyni ef sæti forseta skyldi losna á þeim tíma sem óheppilegur er til forsetakosninga. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1945 skal forsætisráðherra ákveða kjördag þegar svo ber undir og er þá lögboðið að það skuli vera innan árs frá því að tilefni til þess stofnast.

*Helstu heimildir:*
Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 71, bls. 167.

8. gr. **Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti ...[1] Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti ...[1] Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti.**
[1] Stjskl. nr. 56/1991, 1. gr.

*Skýring*: Í þessari grein er handhöfn valds forseta Íslands falin æðstu handhöfum hinna þriggja greina ríkisvaldsins, framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds, þegar forseta nýtur ekki við af nánar tilgreindum ástæðum.

Ekki eru ákvæði um hver eigi ákvörðunarvald um það hvenær handhafar forsetavalds taka við störfum forseta. Í framkvæmd taka þeir alltaf við meðferð forsetavalds í fjarveru forseta utanlands og er það auglýst sérstaklega bæði í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum, sem og að hann sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum á ný. Vafalaust yrði sami háttur hafður á ef forseti myndi forfallast vegna alvarlegs sjúkleika eða af öðrum ástæðum enda hefur framgangur stjórnarathafna ekki verið látinn tefjast vegna þess að forseti sé ófær um að sinna þeim. Á hinn bóginn skal áréttað að handhafar taka aldrei við meðferð forsetavalds þegar hann er fjarri setri sínu eða skrifstofu innanlands, sbr. 12. gr. stjskr., enda telst hann bær til að sinna stjórnarstörfum hvar sem hann kann að vera staddur innan endimarka ríkisins.

Samkvæmt 2. málsl. greinarinnar skal forseti Alþingis stýra fundum handhafanna. Í samræmi við það stýrir hann fundum ríkisráðs þegar það kemur saman undir forsæti handhafanna, sbr. að breyttu breytanda 6. gr. tilskipunar um starfsreglur ríkisráðs, nr. 82/1943. Utan ríkisráðs hefur hins vegar ekki tíðkast að handhafar komi saman til formlegra funda eða reynt hafi á afl atkvæða þeirra enda eru þeir ábyrgðarlausir af stjórnarathöfnum öllum á sama hátt og forseti, sbr. 13. gr. stjskr. Sé einhver handhafanna forfallaður eða fjarstaddur utanlands ganga varamenn í þeirra stað, þ.e. varaforseti Hæstaréttar, varaforsetar Alþingis í réttri töluröð og sá ráðherranna sem í þeim tilvikum gegnir störfum fyrir forsætisráðherra, en þegar bæði hann og forseti eru fjarstaddir á sama tíma er staðganga fyrir hann útveguð með atbeina forseta, sbr. 15. gr. stjskr., og auglýst í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum.

*Helstu heimildir:*
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 124–126.
Pétur Kr. Hafstein: Um handhafa forsetavalds, Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 1990, bls. 243–255.

9. gr. **Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. – Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.**

*Tilurð:* Fyrri málsgrein þessa ákvæðis er frá 1944, eins og niðurlag síðari málsgreinar, en fyrri hluti þeirrar málsgreinar er sambærilegur því sem áður hafði gilt um konung.

*Skýring:* Í 1. mgr. 9. gr. er kveðið á um það hvaða störfum forseti megi ekki sinna samhliða forsetaembættinu. Í rauninni er ákvæðið eðlisskylt almennt neikvæðum hæfisreglum, sem svo eru nefndar, en þær miða að því að draga fyrir fram úr líkum á eða koma í veg fyrir að þeir sem þær eiga við um lendi oft í aðstæðum sem til þess eru fallnar að hafa ómálefnaleg áhrif á störf þeirra eða skapa hagsmunaárekstra sem eru ósamrýmanlegir störfum þeirra.

Ákvæðið stendur ekki í vegi fyrir því að forseti gegni ólaunuðum trúnaðarstörfum á borð við mannúðarstörf eða vinni sem vísindamaður eða listamaður að rannsóknum eða listsköpun. Enn fremur aftrar ákvæðið því ekki að forseti geti notið arðs af eignum sínum, þ. á m. atvinnufyrirtækjum, jafnvel þótt hann megi ekki hafa þar fast starf.

Í 2. mgr. 9. gr. er fjallað um laun forseta. Annars vegar er þar mælt fyrir um að þau skuli greidd af ríkisfé. Hins vegar að þau megi ekki skerða eftir að kjörtímabil hans er hafið. Um löggjafarástæður fyrir síðarnefnda ákvæðinu segir í lögskýringargögnum að því væri ætlað að hindra að fjárhagslegum þvingunarráðum verði beitt gegn forseta eða Alþingi reyni eftir á með þessum hætti að ná sér niðri á forseta. Tekið er fram að ákvæðið tryggi forseta ekki fyrir kaupmáttarbreytingum krónunnar.

Um laun forseta hafa lengst af gilt sérstök lög, sbr. nú lög nr. 10/1990 um laun forseta Íslands. Samkvæmt þeim er forseta auk launa tryggður ókeypis bústaður, ljós og hiti og endurgreiddur útlagður kostnaður vegna rekstrar embættis hans. Með hliðsjón af síðari málslið 2. mgr. 9. gr. verður einnig að telja óheimilt að draga úr hlunnindum af þessu tagi á miðju kjörtímabili forseta. Sama á við um eftirlaunaréttindi forseta. Ákvæði um þau hafa nú verið flutt í lög nr. 141/2003 um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, en tóku með tilliti til sitjandi forseta ekki efnislegum breytingum. Forseti var lögum samkvæmt áður undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum. Því var breytt með lögum nr. 84/2000 um afnám lagaákvæða um skattfrelsi forseta Íslands, sem öðluðust gildi við upphaf nýs kjörtímabils forseta 1. ágúst 2000.

*Helstu heimildir:*
Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 1, bls. 13.
Alþingistíðindi 1999–2000 A, þskj. 1388, bls. 6091–6092.
Alþingistíðindi 2003–2004 A, þskj. 635 (vefslóð Alþingis).
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 128–129.
Gunnar Helgi Kristinsson, Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 66–67.

10. gr. **Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.**

*Tilurð:* Greinin tók á sig þessa mynd 1944 en samsvarar annars grein sem upphaflega var tekin í stjórnarskrá 1915 og tók síðan smávægilegum breytingum 1920.

*Skýring:* Upphafsákvæðið áréttar trúnaðar- og hollustuskyldu forseta við þann grundvöll sem stjórnskipun ríkisins er reist á og felur í sér loforð hans um að virða hana á kjörtímanum. Ákvæðið er að þessu leyti sambærilegt því sem gildir um aðra embættismenn ríkisins, sbr. síðari málslið 2. mgr. 20. gr. stjskr. Eins og greinin er fram sett er eið- eða heitvinningin forsenda þess að forseti megi taka við embætti og fái kjörbréf sitt afhent. Er hún enda mikilvægur liður í embættistöku forseta og athöfn af því tilefni byggð í kringum þessa tvo atburði.

Í framkvæmd er útbúið heit að viðlögðum drengskap og ekki er kunnugt um að forsetaefni hafi í raun átt val um það eða eiðstaf. Í þessu sambandi er rétt að benda á að nýir þingmenn eiga ekki lengur kost á að vinna eið að stjórnarskránni frekar en drengskaparheit eftir breytingu sem gerð var á 47. gr. stjskr. með 16. gr. stjskl. nr. 56/1991.

Ekki er kunnugt um ástæður fyrir því að ástæða er talin til að gera tvö samhljóða frumrit af þessari yfirlýsingu en mismunandi vörslustöðum þeirra, sbr. lokamálslið, er e.t.v. ætlað að auka líkur á að annað varðveitist ef hitt skyldi glatast. Öllum skjölum, sem Alþingi varðveitir, ber þó að skila til Þjóðskjalasafns innan 30 ára frá tilurð þeirra skv. 5. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

*Helstu heimildir:*
Alþingistíðindi 1944 A, bls. 13.
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 121–122.
Gunnar Helgi Kristinsson, Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 67.

11. gr. **Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna. – Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis. – Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna ...[1] Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn. – Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.**
[1]Stjskl. nr. 56/1991, 2. gr.

*Tilurð:* Greinin var tekin upp í stjórnarskrána 1944 og hefur staðið þar óbreytt síðan, að frátöldum orðalagsbreytingum sem voru gerðar árið 1991 vegna afnáms deildaskiptingar Alþingis. Greinin á sér að hluta til samsvörun við 10. gr. stjórnarskrárinnar frá 1920, þar sem var mælt fyrir um að konungur væri ábyrgðarlaus og friðhelgur, en sú grein var samhljóða 18. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849.

*Skýring:* Greinin mælir fyrir um ábyrgð forseta Íslands sem annars handhafa framkvæmdarvaldsins skv. 2. gr. stjskr. Af því er ljóst að forsetinn verður ekki dreginn til ábyrgðar, hvorki refsingar né skaðabóta, vegna stjórnarathafna sinna. Það sama gildir um handhafa forsetavalds sem inna af hendi stjórnarathafnir í fjarveru forseta. Verður að skoða ákvæði þetta í

samhengi við 13. gr. stjskr. um að ráðherrar framkvæmi vald forseta, 14. gr. stjskr. sem mælir fyrir um að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum og 19. gr. stjskr. um að undirskrift forseta undir stjórnarerindi veiti þeim gildi þegar ráðherra riti undir þau með honum.

Ábyrgðarleysi forseta takmarkast við stjórnarathafnir hans og því yrði unnt að koma fram skaðabótaábyrgð á hendur honum eftir almennum reglum vegna annarra athafna. Um refsiábyrgð forsetans vegna annarra athafna gildir hins vegar sérregla 2. mgr. 11. gr. en samkvæmt því verður hann ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis. Verði samþykki veitt verður opinbert mál rekið gegn forseta fyrir almennum dómstólum og eftir þeim reglum sem gilda um meðferð opinberra mála. Aldrei hefur reynt á að tillaga um samþykki Alþingis skv. 2. mgr. hafi verið borin fram.

Í 3. og 4. mgr. 11. gr. er fjallað um skilyrði þess að forseti verði leystur frá embætti áður en kjörtíma hans er lokið í tilvikum þar sem hann hefur ekki sjálfur óskað lausnar frá embætti. Er hér höfð í huga sú aðstaða að ótækt þyki að forseti gegni lengur embætti, t.d. ef hann gerist sekur um refsiverða háttsemi, verður andlega vanheill eða djúpstæður pólitískur ágreiningur hefur orðið milli forseta annars vegar og ríkisstjórn eða Alþingi hins vegar. Stjórnarskrárákvæðið mælir ekki fyrir um að neinn tilskilinn fjölda þingmanna þurfi til að setja fram slíka kröfu. Komi hún fram eru skilyrði frávikningar forseta bundin þrenns konar fyrirvörum: Í fyrsta lagi að aukinn meirihluti þingmanna samþykki hana, í öðru lagi að hún verði samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu og loks að fáist ekki slíkt samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslunni að þing verði rofið og efnt til nýrra kosninga.

Skilyrðið um samþykki ¾ hluta þingmanna felur í sér að ekki verði hvatvíslega ráðist í slíka ákvörðun. Má ályktа af orðalaginu að hér sé átt við ¾ af heildarfjölda þingmanna eða 47 þingmenn en ekki aðeins ¾ af þeim fjölda sem venjulega þarf til þess að Alþingi sé ályktunarbært skv. 53. gr. stjskr. Forseti lætur af störfum þegar samþykkt Alþingis þessa efnis hefur verið gerð en skylt er að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu innan tveggja mánaða frá því krafan var samþykkt. Verði frávikning forseta samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslunni verður forsetinn leystur frá embætti skv. 3. mgr. 11. gr. Myndu handhafar forsetavalds gegna störfum forseta þar til niðurstaða um það liggur fyrir.

Þjóðaratkvæðagreiðslan, sem fjallað er um í 3. mgr. 11. gr., er eitt fjögurra tilvika þar sem stjórnarskráin mælir fyrir um þjóðaratkvæði. Eru hin tilvikin talin í 26. gr. stjskr. um þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar þess að forseti synji lagafrumvarpi staðfestingar, 2. mgr. 79. gr. stjskr. sem fjallar um breytingar á kirkjuskipan ríkisins skv. 62. gr. stjskr. og 81. gr. stjskr. um að stjórnarskráin skuli samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Slík atkvæðagreiðsla fór fram árið 1944 og hefur 81. gr. því eðli málsins samkvæmt ekki þýðingu þaðan í frá.

Er 3. mgr. 11. gr. frábrugðin hinum tveimur virku stjórnarskrárákvæðunum um þjóðaratkvæðagreiðslu að því leyti að hún kveður skýrt á um að atkvæðagreiðslan skuli fara fram innan ákveðins tímafrests, eða tveggja mánaða, og hún tilgreinir að meirihluta atkvæða þurfi til þess að samþykkja að forseti verði leystur frá embætti. Ætla má að hér sé átt við meirihluta greiddra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru ekki frekari fyrirmæli í stjórnarskránni en ætla má að löggjafinn gæti sett um hana sérstök lög.

Samkvæmt þessu verður forseti varanlega leystur frá embætti sínu ef meirihluti þeirra sem þátt taka í þjóðaratkvæðagreiðslu um frávikningu hans greiðir henni atkvæði sitt. Ber þá að efna til forsetakosninga samkvæmt fyrirmælum 7. gr. stjskr. og skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu fráfarandi forseta.

Verði frávikning forseta ekki samþykkt í þjóðatkvæðagreiðslunni skal Alþingi þegar rofið og efnt til nýrra kosninga, sbr. 4. mgr. stjskr. Með gagnályktun frá niðurlagi 3. mgr. má ganga út frá því að forseti taki aftur við embætti sínu þegar þessi niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar liggur fyrir og gegni því til loka kjörtímabilsins. Það kemur þá í hans hlut með atbeina forsætisráðherra að rjúfa þing eins og endranær á við um þingrof samkvæmt 24. gr. stjskr.

Krafa um frávikningu forseta hefur aldrei verið borin fram á Alþingi.

*Helstu heimildir*:
Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 1, bls. 13.
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 373–387.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 373–392.
Gunnar Helgi Kristinsson: Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 68–69.
Skýrsla starfshóps ríkisstjórnarinnar um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar, 2004.

12. gr. **Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.**

*Tilurð:* Greinin var tekin upp í stjórnarskrána 1944.

*Skýring:* Embættisbústaður forseta er að Bessastöðum en skrifstofa hans hefur frá árinu 1996 verið í húsinu Staðastað við Sóleyjargötu í Reykjavík. Þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

*Helstu heimildir*:
Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 1, bls. 14.
Gunnar Helgi Kristinsson: Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 70.

13. gr. **Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. – Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík.**

*Tilurð*: Fyrirmynd þessarar greinar er 9. gr. stjórnarskrárinnar frá 1920 þar sem mælt var fyrir um að konungur hefði hið æðsta vald í öllum málefnum með þeim takmörkunum sem stjórnarskráin setti og léti hann ráðherra framkvæma vald sitt. Þar sagði jafnframt að ráðuneytið hefði aðsetur í Reykjavík. Eins og sjá má þá hefur fyrri málsgreinin verið stytt verulega. Kjarni þessa stjórnarskrárákvæðis kom reyndar inn í stjórnarskrána með 1. gr. stjskl. nr. 16/1903 samhliða breytingum sem gerðar voru vegna heimastjórnarinnar þegar framkvæmdarvaldið var flutt til Reykjavíkur frá Kaupmannahöfn og ráðherra skyldi tala og rita íslenska tungu og bera ábyrgð gagnvart Alþingi.

*Skýring:* Greinin er eitt af kjarnaákvæðum stjórnarskrárinnar um æðstu handhöfn framkvæmdarvaldsins, valdsvið forseta og verkaskiptingu hans og ráðherra. Ber að skoða hana í samhengi við 11. gr. stjskr. um að forseti sé ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum, sem áður er rakin, 14. gr. stjskr. um að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum og 19. gr. stjskr. um að undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veiti þeim gildi er ráðherra ritar undir þau með honum. Vegna þessarar framsetningar stjórnarskrárinnar á störfum framkvæmdarvaldsins eru eftirfarandi ákvæði II. kafla stjskr., sem fjalla um ýmis

störf forseta, í raun réttri lýsing á störfum ráðherranna og þeim valdheimildum sem stjórnvöldum er ætlað að hafa með hendi. Ákvæði 1. mgr. 13. gr. stendur í nánum tengslum við 14. gr. stjskr. enda hlýtur það almennt að vera forsenda þess að ráðherrar geti borið þá ábyrgð sem þar greinir að þeir fari jafnframt með yfirstjórn stjórnsýslunnar.

Er athugunarefni, við endurskoðun ákvæða þessa kafla, hvort ekki sé rétt að orða ákvæði um handhöfn framkvæmdarvaldsins og yfirstjórn stjórnsýslunnar með skýrari hætti þannig að þau endurspegli betur á hvers hendi hún raunverulega er. Atbeini forseta er aðeins formlegur en ráðherrar eru raunverulegir handhafar þess valds sem forseta er falið í stjórnarskránni. Ljóst er að athafnir ráðherra, sem atbeina forseta þarf til, eru þó aðeins lítill hluti starfa sem þeir hafa með höndum. Í lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 og samnefndri reglugerð nr. 3/2004 er nánar fjallað um skipulag þess og verkaskiptingu milli ráðherra.

Í H 1998, 4552 var sú ákvörðun umhverfisráðherra að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness dæmd ólögmæt, m.a. með vísun til 2. mgr. 13. gr., þar sem ráðherra hafði ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar frá Reykjavík til Akraness. Í kjölfar dómsins var lögum um Stjórnarráð Íslands breytt og segir nú í 9. gr. þeirra að ráðherra kveði á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir nema á annan veg sé mælt í lögum.

*Helstu heimildir*:
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 122–124.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 130–133.
Gunnar Helgi Kristinsson: Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 70–71.

14. gr. **Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherra-ábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.**

*Tilurð:* Greinin hefur staðið í núverandi mynd frá 1944. Sérákvæði um ráðherraábyrgð kom fyrst inn í stjórnarskrá með 2. gr. stjskl. nr. 16/1903 í tengslum við stofnun heimastjórnar en þar sagði að Alþingi gæti kært ráðherrann fyrir embættisrekstur hans eftir reglum sem nánar yrði skipað fyrir um með lögum. Var landsdómur settur á fót með lögum nr. 11/1905 en fyrst var mælt fyrir um landsdóm í stjórnarskránni með breytingum sem gerðar voru á henni með stjskl. nr. 12/1915. Uppruna ákvæðisins má reyndar rekja til 3. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 sem mælti fyrir um það hvernig lagaleg ábyrgð skiptist milli ráðgjafans fyrir Ísland og landshöfðingja.

*Skýring*: Greinin mælir fyrir um að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum og er almenna löggjafanum falið að ákveða nánar skilyrði og inntak þessarar ábyrgðar. Þá er það á valdi Alþingis að kæra ráðherra fyrir embættisrekstur hans og getur forseti Íslands ekki leyst ráðherra undan saksókn né refsingu sem landsdómur hefur dæmt nema með samþykki Alþingis, sbr. 29. gr. stjskr.

Með ráðherraábyrgð í þessu stjórnarskrárákvæði er átt við svokallaða lagalega ábyrgð ráðherra á embættisverkum sínum. Í henni felst refsi- og bótaábyrgð ráðherra vegna embættisbrota gagnstætt hinni þinglegu eða pólitísku ábyrgð sem ráðherrar bera gagnvart Alþingi á grundvelli þingræðisreglunnar. Af orðalagi 14. gr. er jafnframt ljóst að hin lagaleg ábyrgð er persónuleg og hvílir eingöngu á ráðherra en verður ekki beint gegn ríkisstjórn í heild sinni.

Fyrirmæli 14. gr. hafa verið útfærð nánar með lögum nr. 4/1963 um ráðherraábyrgð og lögum nr. 3/1963 um landsdóm. Í lögunum um ráðherraábyrgð er m.a. mælt fyrir um efnisþætti ráðherraábyrgðar, skilyrði sakfellingar og viðurlög en brot á lögunum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Samkvæmt 13. gr. laganna um landsdóm skal ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra gerð með þingsályktun og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni enda er sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs Alþingi mann í starf saksóknara til að sækja málið af sinni hendi og annan til vara. Þá kýs Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara til aðstoðar. Samkvæmt lögunum skulu 15 dómarar eiga sæti í landsdómi eins og nánar er kveðið á um í 2. gr. þeirra. Landsdómur hefur aldrei verið kallaður saman þar sem Alþingi hefur aldrei samþykkt að höfða mál gegn ráðherra út af embættisrekstri hans.

Það er umhugsunarefni hvort þetta fyrirkomulag varðandi refsiábyrgð ráðherra vegna embættisbrota hæfir breyttu lagaumhverfi frá því að reglurnar voru fyrst settar og hvort rök séu fyrir því að laga þær að reglum almenna dómskerfisins.

*Helstu heimildir*:

Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 1, bls. 14.
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 122–124.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 170–184.
Gunnar Helgi Kristinsson: Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 72–73.
Starfsskilyrði stjórnvalda. Skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu, 1999.

15. gr. **Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.**

*Tilurð:* Greinin hefur staðið óbreytt í stjórnarskránni frá 1920 þegar Ísland varð fullvalda ríki, að öðru leyti en því að 1944 kom forseti í stað konungs. Greinin átti sér samsvörun í 13. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1866.

*Skýring:* Samkvæmt þessari grein og með hliðsjón af 13. og 19. gr. stjskr. skipar forseti ráðherra með atbeina forsætisráðherra eða eftir atvikum forsætisráðherraefnis þegar ný ríkisstjórn er mynduð. Af þingræðisreglunni, sem gerð er grein fyrir í skýringum með 1. gr. stjskr. hér að framan, leiðir hins vegar að forseti hefur ekki óbundnar hendur um það hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn, heldur er hann bundinn af vilja meirihluta Alþingis í því efni. Sama gildir um þann sem tekur að sér að mynda stjórn að beiðni forseta. Eftir að ríkisstjórn hefur verið veitt lausn og ef ekki tekst á skömmum tíma að mynda nýja stjórn sem nýtur stuðnings meirihluta Alþingis, ber forseta samkvæmt þingræðisreglunni að fela þeim stjórnarmyndunarumboð sem líklegastur er til að geta myndað stjórn sem meirihluti Alþingis vill styðja. Ef stjórnarmyndun tekst ekki með þeim hætti getur komið til þess að mynduð verði ríkisstjórn sem ekki styðst beinlínis við meirihluta þingsins, hvort sem hún er skipuð þingmönnum, þ.e. minnihlutastjórn sem svo hefur verið nefnd, eða mönnum utan þings, þ.e. utanþingsstjórn. Ríkisstjórn verður þó ávallt að víkja ef Alþingi vottar henni vantraust.

Segja má að afskipti forseta af stjórnarmyndun, einkum ef það dregst nokkurn tíma að mynda starfhæfa ríkisstjórn, sé eina dæmið um það samkvæmt íslenskri stjórnskipun að forseti geti gripið til jákvæðra athafna, sem haft geta pólitíska þýðingu, án atbeina ráðherra.

Engar fastmótaðar venjur hafa skapast um það hér á landi hvernig forseti skuli bera sig að við aðstæður sem þessar þótt hann sé, sem fyrr segir, bundinn af þingræðisreglunni. Af þeirri ástæðu kæmi vissulega til greina að setja ítarlegri ákvæði um myndun ríkisstjórnar í stjórnarskrá, þ. á m. hvert ætti að vera hlutverk forseta í því sambandi.

Af þingræðisreglunni leiðir að venjulega er það í reynd sá flokkur eða þeir flokkar sem að ríkisstjórn standa sem ráða því hverjir veljast til ráðherradóms. Ráðherrar þurfa ekki að fullnægja neinum sérstökum hæfisskilyrðum, umfram það sem almennt tíðkast um embættismenn.

Um formhlið á skipun ráðherra er fátt eitt að segja. Hún fer fram í ríkisráði eins og aðrar embættaveitingar sem atbeina forseta þarf til enda telst skipun ráðherra til mikilvægra stjórnarráðstafana, sbr. 2. mgr. 16. gr. stjskr. og 5. gr. tilskipunar nr. 82/1943 um starfsreglur ríkisráðs. Tillaga um skipun ráðherra er borin upp af forsætisráðherra eða forsætisráðherraefni, ef um nýtt ráðuneyti er að ræða, og meðundirritar hann jafnt eigin skipunarbréf sem skipunarbréf annarra ráðherra. Gerð er krafa til að viðtakandi ráðherra undirriti drengskaparheit á sama hátt og aðrir embættismenn, sbr. 2. mgr. 20. gr. stjskr., áður en þeir fá skipunarbréf sín afhent. Á sama hátt beiðist forsætisráðherra lausnar fyrir sína hönd og annarra ráðherra með tillögu sem borin er upp í ríkisráði.

Eftir að stjórnsýslulög nr. 37/1993 tóku gildi 1. janúar 1994 hefur tíðkast að ráðherrar víki sæti í málum ef einhver þeirra vanhæfisástæðna, sem getið er í 1. mgr. 3. gr. laganna, á við um tengsl þeirra við tiltekið mál. Í þeim tilvikum er annar ráðherra settur með atbeina forseta til að fara með málið og taka ákvörðun í því. Forfallist ráðherra um lengri tíma vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum hefur og tíðkast að leita eftir atbeina forseta til að setja annan ráðherra í hans stað en séu forföll eða fjarvistir skammvinnar, svo sem vegna utanfara, hefur verið látið nægja að færa bókun um staðgöngu í gerðabók ríkisstjórnar. Í seinni tíð eru þær færðar á grundvelli skriflegra tilkynninga frá viðkomandi ráðherra sem ber þá jafnframt ábyrgð á að tilnefna staðgengil í sinn stað. Föst venja er fyrir því að staðganga fyrir reglulegan ráðherra er alltaf falin öðrum ráðherra enda kæmi ekki annað til greina þegar hinn óformlegri háttur er hafður á bókun staðgöngu.

Eftir að síðari málslið 15. gr. var breytt í núverandi horf árið 1920 var gengið út frá því, að danskri fyrirmynd, að ríkisstjórn hefði í raun stjórnskipulega heimild til þess að ákveða fjölda ráðherra og skipta með þeim störfum þótt forsætisráðherra þyrfti til þess formlegan atbeina konungs, síðar forseta. Ráðuneytum í Stjórnarráði Íslands fjölgaði smátt og smátt eftir því sem leið á 20. öld og voru ný ráðuneyti stofnuð samkvæmt ákvörðun þeirrar ríkisstjórnar sem var við völd hverju sinni, að frátöldu utanríkisráðuneytinu sem sett var á stofn með lögum nr. 31/1941. Í H 1954, 439 komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að fyrirmælum þágildandi laga um meðferð opinberra mála, þess efnis að ákæruvaldið heyrði undir einn og sama ráðherra, yrði ekki breytt nema með skýrri heimild í lögum. Þar af leiðandi yrði það ekki gert með forsetaúrskurði. Þótt ekki sé alveg ljóst hvernig skýra beri þennan dóm hefur upp frá þessu ríkt nokkur óvissa um það hvort og þá að hve miklu leyti ríkisstjórn er bundin af fyrirmælum laga um skiptingu starfa milli ráðherra.

Nú er svo fyrir mælt í lögum nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands hver ráðuneytin skuli vera, sbr. 1. mgr. 4. gr. þeirra. Samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar má ekki setja á stofn ný ráðuneyti né leggja þau af sem fyrir eru nema með lögum. Í 5. gr. laganna segir enn fremur að þegar skipt sé störfum með ráðherrum skuli hvert ráðuneyti lagt óskipt til eins og sama ráðherra. Málefnum skuli skipt milli ráðuneyta eftir ákvæðum reglugerðar er forseti setur

samkvæmt tillögu forsætisráðherra „enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti málefni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima," sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna.

Með lögum nr. 73/1969 má segja að heimild ríkisstjórnar, þ.e. forsætisráðherra með atbeina forseta, til að ákveða fjölda ráðherra og skipta störfum með þeim sé takmörkuð á tvo vegu: Annars vegar með því að fjöldi ráðuneyta og heiti þeirra er ákveðið í lögum. Með því að áskilja að hvert ráðuneyti skuli óskipt lagt til eins og sama ráðherra er jafnframt komið í veg fyrir að ráðherrar verði fleiri en ráðuneytin eru enda virðast lögin ekki gera ráð fyrir því að ráðherra verði skipaður án ráðuneytis. Ekkert mælir hins vegar á móti því að sami ráðherra fari með fleiri en eitt ráðuneyti og þannig geta ráðherrar verið færri en ráðuneytin eins og raunin hefur og orðið. Þessar takmarkanir hafa ætíð verið virtar og ekki verður séð að stjórnskipulegt gildi þeirra hafi nokkru sinni verið dregið í efa. Hins vegar hefur löggjafinn takmarkað möguleika ríkisstjórnar, þ.e. forsætisráðherra, á að skipta verkum með ráðuneytum og þar með ráðherrum með því að kveða svo á um að við skiptingu málefna milli þeirra skuli þess gætt að skipa málum í ráðuneyti sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima. Með þessu móti má halda því fram að svigrúm ríkisstjórnar til að skipta verkum með ráðherrum sé bundið óþarflega sterkum böndum. Þessu tengt er það álitaefni hvort málefni, sem lög fela tilteknum ráðherra eða ráðuneyti að fara með, verði flutt til annars ráðherra eða ráðuneytis án þess að lögum sé breytt í þá veru. Löggjafinn hefur sýnilega talið sig bæran til að mæla fyrir um það undir hvaða ráðherra eða ráðuneyti tiltekin mál skuli heyra og hefur sá skýringarkostur, að lög geti þannig bundið hendur ríkisstjórnar, nokkra stoð í H 1954, 439 sem áður er getið. Hins vegar ríkir nokkur óvissa um þetta atriði í ljósi hins fortakslausa ákvæðis í 15. gr. þar sem segir að forseti ákveði tölu ráðherra og skipti með þeim störfum.

*Helstu heimildir*:
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 132–144.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 143–157.
Agnar Kl. Jónsson: Stjórnarráð Íslands 1904–1964.
Ásmundur Helgason: Stjórnarráð Íslands 1964–2004.

16. gr. **Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti. – Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.**

*Tilurð:* Greinin hefur staðið efnislega óbreytt í stjórnarskránni frá 1920, þegar Ísland varð fullvalda ríki, að öðru leyti en því að 1944 kom forseti í stað konungs, auk þess sem gerðar voru nokkrar aðrar minni háttar breytingar á greininni.

*Skýring:* Samkvæmt þessari grein skulu lög og aðrar mikilvægar stjórnarathafnir bornar upp fyrir forseta í ríkisráði. Að meginstefnu til er þar um að ræða flest þau verkefni sem forseta eru falin samkvæmt stjórnarskrá en leiðbeiningar um hvaða stjórnarathafnir teljist að öðru leyti svo mikilvægar að þær eigi erindi í ríkisráð er að finna í sérstakri tilskipun nr. 82/1943 um starfsreglur ríkisráðs. Stærsta flokkinn fylla lagafrumvörp og þingsályktunartillögur ríkisstjórnarinnar sem lagðar eru fyrir Alþingi á grundvelli 25. gr. stjskr. Þá má nefna staðfestingu þeirra lagafrumvarpa sem þingið hefur samþykkt og fullgildingu eða staðfestingu fjölþjóðlegra samninga, svo að tekin séu dæmi um þau mál sem afgreidd eru formlega í ríkisráði.

Segja má að ríkisráð komi reglulega saman tvisvar sinnum á ári, þ.e. á gamlársdag að loknu haustþingi og eftir þingfrestun að vori. Þar að auki eru fundir haldnir við stjórnarskipti

og að jafnaði þegar breytingar verða á skipan ráðherraembætta. Með því að fundir þess eru ekki fleiri en þetta er það í reyndinni svo að flest þau mál, sem bera á upp fyrir forseta í ríkisráði, eru borin upp fyrir hann utan ríkisráðs fyrir milligöngu ríkisráðsritara eða fulltrúa hans. Á fundunum sjálfum er síðan leitað endurstaðfestingar á þeim afgreiðslum sem þannig hafa farið fram utan fundar. Fundarefnin eru því að jafnaði meira og minna fyrirsjáanleg og fundirnir undirbúnir í samræmi við það. Í samræmingarskyni gaf forsætisráðuneytið árið 1993 út leiðbeiningar og skýringar við meðferð mála í ríkisráði með fyrirmyndum af ríkisráðsafgreiðslum sem fylgt hefur verið síðan.

*Helstu heimildir*:
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 149–153.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 162–165.

17. gr. **Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.**

*Tilurð:* Greinin var fyrst tekin upp í stjórnarskrána 1920 og hefur staðið óbreytt upp frá því. Þó kom forseti í stað konungs 1944. Ástæðan fyrir því að ákvæði af þessu tagi, sem hefur t.d. aldrei verið í dönsku stjórnarskránni, var tekið í stjórnarskrána á sínum tíma virðist hafa verið sú að ráðherrafundum hafi verið ætlað að koma að verulegu leyti í stað ríkisráðsfunda sem horfur voru á að yrðu fáir þar sem konungur var búsettur í Danmörku og samgöngur milli landanna voru ekki með sama hætti og nú er.

*Skýring:* Ráðherrafundir eða ríkisstjórnarfundir eru með allt öðru sniði en fundir ríkisráðs og eru að sjálfsögðu haldnir oftar, að jafnaði tvisvar í viku meðan þing situr en vikulega meðan þing situr ekki. Ákvæði stjórnarskrár um fundarefni eru að vísu svipuð og um ríkisráð en í reynd eru þau vitaskuld miklu fleiri og fjölbreyttari en þar kemur fram. Samkvæmt íslenskri stjórnskipun er ríkisstjórnin ekki fjölskipað stjórnvald eða stjórnsýslunefnd í þeim skilningi að hún taki eiginlegar stjórnvaldsákvarðanir nema lög mæli sérstaklega svo fyrir sem er aðeins í algerum undantekningartilvikum.

Megintilgangur ríkisstjórnarfunda er fyrst og fremst að skapa ráðherrum vettvang fyrir það pólitíska samráð sem nauðsynlegt er að hafa um stjórn landsins og stefnumótun á hverjum tíma. Af því leiðir að ráðherrarnir hljóta að taka þar upp öll þau mál er þeir telja sig þurfa pólitíska stuðning við eða að minnsta kosti nauðsynlegt að ráðgast við aðra ráðherra um. Mál eru yfirleitt lögð fram skriflega og kynnt í meginatriðum af viðkomandi ráðherra. Framlagning mála og tillögur ráðherra eru færðar til bókar, svo og niðurstaða þeirra, en umræður eru ekki bókaðar nema þess sé sérstaklega óskað. Er þá litið svo til að umræða eigi að geta farið fram óþvingað og án þess að vera tekin niður, m.a. til þess að ráðherrar geti óhikað sagt það sem þeim býr í brjósti hverju sinni án þess að það sé fært á spjöld sögunnar.

*Helstu heimildir*:
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 153–154.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 166–167.

18. gr. **Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta.**

*Tilurð:* Þessi grein var umorðuð 1944 og verður ekki skilin til fulls nema hún sé skoðuð í samhengi við X. gr. stjórnarskrárinnar frá 1920 þar sem gert var ráð fyrir að annar ráðherra en sá sem mál hefði undirritað gæti borið það upp fyrir konung en bæri þá ekki ábyrgð á því að öðru en leyti en að það væri rétt flutt.

*Skýring:* Ákvæðið leiðir af eðli máls og þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

19. gr. **Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.**

*Tilurð:* Greinin hefur staðið svo til óbreytt í stjórnarskránni frá 1920, að öðru leyti en því að 1944 kom forseti í stað konungs.

*Skýring:* Greinina ber að skoða í samhengi við önnur ákvæði II. kafla stjskr. Í samræmi við 13. gr. stjskr. leiðir af þessari grein að þær athafnir forseta, sem þar er getið, verða ekki virkar nema ráðherra leggi þeim atbeina sinn. Helstu verkefni forseta, sem talin eru í stjórnarskránni, þar sem meðundirritunar ráðherra er þörf skv. 19. gr., eru eftirfarandi: Skipun og lausn ráðherra skv. 15. gr., embættisskipanir skv. 20. gr., samningagerð við önnur ríki skv. 21. gr., ákvörðun um að stefna saman Alþingi skv. 22. gr. og heimild til að fresta fundum þess skv. 23. gr., þingrof skv. 24. gr., framlagning stjórnarfrumvarpa og annarra samþykkta fyrir Alþingi skv. 25. gr., útgáfa bráðabirgðalaga skv. 28. gr., niðurfelling saksóknar skv. 29. gr. og veiting undanþágu frá lögum skv. 30. gr.

Þar sem 19. gr. mælir fyrir um að undirskrift forseta öðlist aðeins gildi þegar ráðherra ritar undir löggjafarmál eða stjórnarerindi með honum hefur forseti ekki frumkvæði að því að bera þau upp, heldur kemur það ævinlega frá ráðherra. Forseti verður þó ekki þvingaður til að rita undir slíkt erindi, neiti hann því.

*Helstu heimildir*:
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 130–132.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 170–184.
Gunnar Helgi Kristinsson: Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 77.
Sigurður Líndal: Stjórnskipuleg staða forseta Íslands, Skírnir 166. ár (haust 1992), bls. 425–439.

20. gr. **Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla. – Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni. – Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það. – Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk. – Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr.**

*Tilurð:* Greinin hefur staðið óbreytt í stjórnarskránni frá 1920, að öðru leyti en því að 1944 kom forseti í stað konungs. Upprunalega var samsvarandi ákvæði að finna í 4. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 og var það í meginatriðum sama efnis og þessi grein þótt orðalagið væri frábrugðið. Það sótti aftur fyrirmynd til 22. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849.

*Skýring:* Frá árinu 1944 hafa lög og reglur um málefni embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins tekið stakkaskiptum og má segja að 20. gr. endurspegli ekki fyllilega þann raunveruleika sem fram kemur í núgildandi löggjöf á þessu sviði. Eftir sem áður stendur þó óbreytt það markmið ákvæðisins að því er ætlað að stuðla að ákveðnu sjálfstæði embættismanna gagnvart þeim sem veita embættin.

Fyrirmæli stjórnarskrárinnar um embættismenn eru nánar útfærð í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem leystu af hólmi fyrstu heildarlögin um það efni, nr. 38/1954. Ákvæði laga nr. 70/1996 taka ekki til forseta Íslands, ráðherra eða alþingismanna og gilda aðeins að hluta til um hæstaréttar- og héraðsdómara, sbr. 1. gr. þeirra.

Stjórnarskráin geymir ekki fyrirmæli um það hverjir skuli teljast embættismenn, að öðru leyti en því að hún tilgreinir ráðherra í 15. gr. og fleiri ákvæðum II. kafla og dómara í ákvæðum V. kafla. Því væri óheimilt að fella niður þessi embætti með almennum lögum. Að öðru leyti er löggjafanum falið að setja reglur um það hverjir teljast embættismenn og jafnframt hverjir þeirra eru forsetaskipaðir sbr. 1. mgr. 20. gr. Samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1996 telst aðeins lítill hluti starfsmanna ríkisins til embættismanna en þar eru taldir nokkrir æðstu embættismenn ríkisins, auk þess sem almennt er vísað til forstöðumanna ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Enn fremur teljast lögreglumenn, tollverðir og fangaverðir til embættismanna og er það í raun fjölmennasti hópur þeirra. Embættismenn einir njóta þeirrar réttarstöðu sem mælt er fyrir um í 2.–4. mgr. 20. gr. stjskr. en þar er um að ræða ríkari réttindi og öryggi í starfi og um leið ríkari skyldur en hvíla á öðrum ríkisstarfsmönnum. Nánar er kveðið á um réttindi og skyldur embættismanna í II. hluta laga nr. 70/1996. Eru þeir skipaðir tímabundið til fimm ára í senn, þó að frátöldum dómurum og ríkissaksóknara þar sem skipun í þau embætti er ótímabundin.

Við skýringu á 20. gr. stjskr. ber að hafa í huga að í samræmi við þá stefnu, sem hrint var í framkvæmd með lögum nr. 70/1996, að völd og ábyrgð skuli fara sýnilega saman, var atbeini forseta við skipun embættismanna almennt felldur brott. Ráðherra veitir því þau embætti, er undir hann heyra, í nær öllum tilvikum. Forseti skipar nú aðeins í þrenns konar embætti, auk ráðherra skv. 15. gr. stjskr., en það eru embætti hæstaréttardómara, biskupsins yfir Íslandi og vígslubiskupa. Þegar fjallað er um heimild forseta til að víkja embættismönnum frá eða flytja þá úr einu embætti í annað í 3. og 4. mgr. 20. gr. er í ljósi þessara breytinga átt við heimild hlutaðeigandi ráðherra eða annars veitingarvaldshafa til að taka þessar ákvarðanir. Dómstólar hafa staðfest að leggja beri gildandi lög um skipunarvald ráðherra til grundvallar þegar um ræðir flutning eða lausn embættismanna sem voru skipaðir af forseta í gildistíð eldri laga, sbr. H 1999, 1885.

Samkvæmt 2. mgr. 20 gr. skal engan skipa embættismann nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Þá skal hver embættismaður vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni. Drengskaparheitið gefur til kynna sérstakar trúnaðar- og hollustuskyldur embættismanna gagnvart stjórnarskránni.

Embættismaður verður skipaður til að gegna ákveðnu embætti. Stjórnarskráin hefur verið túlkuð svo að hún veiti öllum embættismönnum sérstaka vernd ef á að flytja þá úr einu embætti í annað áður en skipunartíma þeirra lýkur, sbr. 4. mgr. 20. gr. Þannig er skylt að veita

embættismanni kost á að hætta með lögmæltum eftirlaunum í stað þess að þiggja nýja starfið svo og að hann missi einskis í af embættistekjum taki hann við nýja starfinu, sbr. álit umboðsmanns Alþingis frá 21. júní 1996 og H 2001, 1885.

Í 5. mgr. 20. gr. segir að undanskilja megi með lögum ákveðna flokka embættismanna auk embættismanna, sem taldir eru í 61. gr., þ.e. héraðs- og hæstaréttardómara. Það hefur hins vegar ekki verið gert, en eins og áður segir gilda sérstakar reglur um skipun og lausn ráðherra skv. 15. gr. stjskr.

*Helstu heimildir*:
Alþingistíðindi 1995–1996 A, þskj. 650, bls. 3142–3143 og 3151–3155.
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 341–355.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 355–372.
Gunnar Helgi Kristinsson: Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 78.

21. gr. **Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.**

*Tilurð:* Greinin hefur staðið óbreytt í stjórnarskránni frá 1920 þegar Ísland varð fullvalda ríki, að öðru leyti en því að 1944 kom forseti í stað konungs.

*Skýring:* Samkvæmt þessari grein er það verkefni stjórnvalda að gera samninga við önnur ríki og þurfa þau ekki að leita eftir heimild þingsins í því skyni nema svo standi á sem þar greinir. Forseti lýðveldisins er formlega sá sem gerir samninga við önnur ríki en algengt er meðal ríkja að þjóðhöfðingi hafi þetta hlutverk sem æðsti handhafi framkvæmdarvalds. Eins og á við um önnur ákvæði II. kafla stjskr. er vald forseta til að gera samninga við önnur ríki þó aðeins formlegt og er að öllu leyti framkvæmt af ráðherra skv. 13. gr. stjskr. og þarf því meðundirritun hans til þess að undirskrift forseta fái gildi, sbr. 19. gr. stjskr. Samningsgerðin sjálf er í höndum utanríkisráðherra, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands og 6. tölul. 14. gr. reglugerðar nr. 3/2004 um Stjórnarráð Íslands.

Með samningi í skilningi 21. gr. er átt við hvers konar samkomulag Íslands við annað ríki eða alþjóðastofnun hvort heldur tvíhliða eða marghliða sem ætlað er að kveða á um þjóðréttarleg réttindi eða skyldur íslenska ríkisins. Algengt er að gerð milliríkjasamninga, einkum marghliða samninga sem gerðir eru á vegum alþjóðastofnana, eigi sér langan aðdraganda. Fulltrúar íslenska ríkisins, sem taka þátt í samningsgerð, verða oft að hafa í höndum sérstök heimildarskjöl frá utanríkisráðherra sem kveða á um umboð þeirra til samningsgerðar fyrir hönd ríkisins. Stundum fer sendiherra Íslands eða fastafulltrúi Íslands hjá alþjóðastofnun, í því landi þar sem samningafundir fara fram, með samningagerð. Ef um er að ræða tvíhliða samninga milli ríkja getur hún átt sér stað með orðsendingaskiptum milli sendiherra eða utanríkisráðherra aðildarríkjanna.

Utanríkisráðherra hefur í krafti stöðuumboðs síns heimild til að skuldbinda ríkið í eigin nafni og getur jafnvel skuldbundið ríkið að þjóðarétti með einhliða yfirlýsingum. Í framkvæmd eru dæmi þess að minni háttar samningar, t.d. viðskiptasamningar við önnur ríki sem eru gerðir til skamms tíma eða samningar sem fara fram með skiptum á orðsendingum, hafi ekki fengið staðfestingu forseta. Þá hefur verið litið svo á að aðrir fulltrúar ríkisins en utanríkisráðherra hafi takmarkaðar heimildir til að gera samninga við stofnanir annarra ríkja á

ýmsum sérsviðum, einkum samstarfssamninga um tiltekin viðfangsefni. Slíkar heimildir eru þó túlkaðar þröngt og eru þá byggðar á stöðuumboði viðkomandi stjórnvalds en ná ekki til eiginlegra þjóðréttarsamninga.

Samþykkt texta þjóðréttarsamnings að lokinni samningsgerð hefur ekki bindandi áhrif fyrir íslenska ríkið en að henni lokinni tekur við annað ferli þar sem þjóðréttarleg skuldbinding ríkisins stofnast og ákvæði 21. gr. stjskr. kemur fyrst til skjalanna. Gerist það venjulega í tveimur skrefum, þ.e. með undirritun og fullgildingu (staðfestingu). Eftir að utanríkisráðherra eða sá sem fengið hefur umboð frá honum til samningsgerðar hefur undirritað samninginn hefst undirbúningur að því að fullgilda hann. Það getur falist í því að gera nauðsynlegar ráðstafanir, eins og að breyta lögum til að uppfylla samningsskuldbindingar og að afla samþykkis Alþingis til fullgildingarinnar skv. 21. gr. sé þörf slíks samþykkis. Skipta má fullgildingunni sjálfri í tvö skref, þ.e. annars vegar stjórnskipulega fullgildingu, sem lýtur að því að uppfylla það skilyrði stjórnarskrárinnar að afla staðfestingar forseta, og hins vegar fullgildingu á vettvangi þjóðaréttar, en það felst í því að ríki skilar fullgildingarskjali til alþjóðastofnunar eða samningsaðila sem veitir samningnum formlegt þjóðréttarlega skuldbindingargildi.

Ef þjóðréttarsamningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins er skylt skv. 21. gr. að leita samþykkis Alþingis fyrir fullgildingu hans og væri ríkisstjórninni óheimilt að leita eftir fullgildingu samnings áður en slíkt samþykki liggur fyrir. Hefur aðalreglan verið sú að sé samþykkis Alþingis þörf er þess leitað þegar samningsgerðinni er lokið, texti samningsins liggur fyrir og hefur verið undirritaður. Ákvæðið hefur hins vegar ekki verið túlkað svo að þingið verði fyrir fram að veita samþykki sitt til tiltekinnar samningsgerðar eða afmarka fyrir fram hvert efni samnings á að vera.

Með afsali á landi er átt við að ríkið afsali sér yfirráðarétti sínum á landi með milliríkjasamningi en ákvæðið á hins vegar ekki við þótt yfirfærsla verði á eignarrétti, t.d. við sölu jarðar í eigu ríkisins. Þá hefur orðalagið „kvaðir á landi eða landhelgi“ verið skýrt svo að með því sé átt við takmörkuð yfirráð annars ríkis yfir landi eða landhelgi. Því verða t.d. samningar, sem fela í sér rétt erlendra ríkja til fiskveiða eða nýtingu annarra auðlinda í íslenskri efnahagslögsögu, taldir fela í sér kvaðir í skilningi 21. gr. og verður að leita samþykkis Alþingis áður en slíkir samningar eru staðfestir.

Hugtakið „stjórnarhagir“ í 21. gr. hefur orðið tilefni til ýmissa vangaveltna. Má hugsanlega túlka það svo að eingöngu sé átt við breytingu á málefnum sem skipað er í stjórnarskrá en þeirri skýringu hefur þó verið hafnað sem of þröngri. Í því sambandi er rétt að geta þess að enn sem komið er hefur aðild Íslands að milliríkjasamningi ekki kallað á breytingar á stjórnarskránni þótt aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafi vakið upp ýmsar umræður um þau efni. Á síðustu áratugum hefur skapast sú venja að leitað hefur verið samþykkis Alþingis þegar þjóðréttarskuldbindingar samnings verða ekki uppfylltar nema með breytingum á lögum. Er þá sá skilningur lagður til grundvallar að slíkir samningar horfi í reynd til breytinga á stjórnarhögum. Loks eru dæmi þess að ríkisstjórn hafi leitað eftir samþykki Alþingis ef talið er að um mikilvægt pólitískt málefni sé að ræða. Það er hins vegar umfram þá skyldu sem leidd verður af fyrirmælum 21. gr.

Þegar samþykkis Alþingis er leitað skv. 21. gr. leggur utanríkisráðherra fram tillögu til þingsályktunar um að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til þess að fullgilda viðkomandi samning. Skuldbindingum samkvæmt slíkum samningi þarf síðan að fylgja eftir með viðeigandi lagabreytingum, að frumkvæði þess ráðherra er málið heyrir undir. Dæmi eru um að í slíku frumvarpi sé í senn leitað eftir heimild til þess að fullgilda samning og mælt fyrir um

lögfestingu hans, eins og sjá má í 1. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Það telst hins vegar til undantekninga að þjóðréttarsamningar séu lögfestir hér á landi í heild sinni.

Að fengnu samþykki Alþingis skv. 21. gr. getur staðfesting forseta og utanríkisráðherra á milliríkjasamningnum átt sér stað. Í kjölfarið fer fram fullgilding samningsins samkvæmt reglum þjóðaréttar og stofnast þjóðréttarleg skuldbinding ríkisins samkvæmt samningnum venjulega við það tímamark nema síðari gildistökudags sé getið í samningnum sjálfum.

*Helstu heimildir*:
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 373–381.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 373–392.
Gunnar Helgi Kristinsson: Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 79–80.

22. gr. [**Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert.**][1)]
[1)] Stjskl. nr. 56/1991, 3. gr.

*Tilurð:* Þessari grein var gerbreytt 1991, samhliða því að deildaskipting Alþingis var afnumin og ýmsar aðrar breytingar gerðar á starfsháttum þingsins, m.a. í því skyni að draga úr áhrifum ríkisstjórnarinnar á starfstíma þingsins. Þannig var 35. gr. stjskr. breytt í þá veru að Alþingi skyldi koma saman 1. október ár hvert eða næsta virkan dag þar á eftir og standa til jafnlengdar næsta árs, sbr. 9. gr. stjskl. nr. 56/1991. Með þessari breytingu voru úrelt og felld niður þau ákvæði 22. gr., sem staðið höfðu í stjórnarskránni frá 1920, að konungur og síðar forseti tæki ákvörðun um það hvenær þinginu skyldi slitið og að það skyldi kallað saman til aukafunda þegar nauðsyn væri til.

*Skýring:* Í fyrri málslið 22. gr. felst skylda til að kveðja Alþingi saman innan tíu vikna frá kjördegi, án tillits til þess hvort sérstakt tilefni sé til þinghalds eða hvort tekist hafi að koma saman nýrri ríkisstjórn, hafi hin fyrri tapað þingstyrk sínum. Skylda til þessa hvílir á forsætisráðherra og myndi það varða hann ábyrgð ef hann gerði það ekki.

Síðari málsliðinn ber að skýra með hliðsjón af fyrirmælum 35. gr. um samkomudag reglulegs Alþingis 1. október ár hvert eða næsta virkan dag ef hann ber upp á helgidag. Samkomudeginum má þó breyta með lögum. Í 22. gr. hafði áður verið kveðið berum orðum á um að forseti stefndi saman Alþingi ár hvert. Af því ákvæði þótti leiða þá embættisskyldu forsætisráðherra að bera upp fyrir forseta tillögu um að Alþingi yrði kvatt saman til fundar á þeim degi sem 35. gr. segði til um ef sérlög hefðu ekki verið sett um annan samkomudag. Í samræmi við þetta gaf forseti samkvæmt tillögu forsætisráðherra út forsetabréf um samanstefnu þingsins hinn lögboðna dag, sem birt var í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaði, auk þess sem þingmönnum var tilkynnt bréflega hvenær þing skyldi koma saman. Í framkvæmd og samkvæmt lýsingum fræðimanna hafði þingsetningarathöfnin síðan verið fólgin í því að alþingismenn söfnuðust saman í sal Alþingis að aflokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni og hlýddu á forseta lesa upp bréf sitt er stefndi þinginu saman og lýsti það sett.

Þegar orðalagi 22. gr. var breytt 1991 vaknaði eðlilega sú spurning í hverju breytingin ætti að vera fólgin. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarps til stjskl. nr. 56/1991 er breytt orðalag 22. gr. skýrt svo: „Nýtt orðalag þessarar greinar leiðir af þeirri meginbreytingu á störfum Alþingis að það stendur allt árið. Forseti lýðveldisins stefnir Alþingi saman, svo sem verið

hefur, að loknum almennum kosningum og mun jafnframt setja reglulegt þing ár hvert 1. október. Þessi breyting þýðir að hefðbundnar þinglausnir, þar sem forseti Íslands slítur þinginu, falla niður.“

Af þessu að dæma lutu breytingar á greininni fyrst og fremst að því að fella niður þinglausnir en ekki er vikið sérstaklega að því hvað fólgið sé í því nýmæli í síðari málslið hennar að forseti setji Alþingi. Í framkvæmd hefur engin breyting orðið á því hvernig staðið er að setningu þingsins frá því sem áður var.

*Helstu heimildir:*
Alþingistíðindi 1990–91 A, þskj. 556, bls. 3048 og 3050.
Alþingistíðindi 1990–91 B, d. 3080 og 3088–3089.
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 243–247.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 251–255.

23. gr. **Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum. – [Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna.]**[1)]

[1)] Stjskl. nr. 56/1991, 4. gr.

*Tilurð:* Fyrri málsgrein þessarar greinar hefur staðið í megindráttum óbreytt í stjórnarskránni allt frá 1874. Samkvæmt 7. gr. stjórnarskrárinnar 1874 gat konungur „frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykkist það, og ekki nema einu sinni á ári“. Heimild konungs til að fresta þingfundum var breytt 1920 þannig að hún var látin ná til allra funda Alþingis, auk þess sem frestun mátti ekki standa lengur en tvær vikur. Við lýðveldisstofnunina 1944 kom forseti síðan í stað konungs. Síðari málsgreinin var hins vegar tekin upp í stjórnarskrána 1991.

*Skýring*: Aðstæður voru allt aðrar en þær eru nú þegar konungi var veitt vald til þess að fresta fundum Alþingis, með fyrrgreindum skilyrðum, í allt að fjórar vikur. Á þeim tíma átti þingið stjórnarskrárvarinn rétt til að sitja í sex vikur og síðar í átta vikur með breytingu á stjórnarskránni 1903. Umrætt stjórnarskrárákvæði var, að minnsta kosti öðrum þræði, hugsað til þess að veita þinginu starfsfrið enda hefði ófyrirleitin stjórn, með fulltingi konungs, annars getað gert að engu þann rétt þingsins að fá að sitja í tiltekinn tíma með því að ákveða þingfrestun um ótiltekinn eða óhæfilega langan tíma.

Ákvæðinu frá 1874 var hins vegar aldrei beitt og til þingfrestunar samkvæmt ákvæðinu frá 1920 kom fyrst árið 1930 þegar leyft var að fresta fundum Alþingis með ályktun í sameinuðu þingi 16. apríl til 26. júní það ár. Óljóst er hvort og þá hvernig ákvæðinu hefur verið beitt síðan en líkast til hefur fundum þingsins aldrei verið frestað með forsetaúrskurði án samþykkis þess sjálfs.

Með breytingum á starfsháttum og starfstíma Alþingis, sem gerðar voru 1991, er svo beinlínis gert ráð fyrir að þingstörfum ljúki á vorin með frestun fundar í skilningi 1. mgr. 23. gr., þ.e. með samþykki þingsins sjálfs. Samkvæmt þeirri málsgrein er forseta einum veitt vald til að fresta fundum þingsins í merkingu ákvæðisins en hvorki þinginu sjálfu né forseta þess. Þó er ljóst að forseti Alþingis hefur einatt látið líða svo virka daga, stundum marga í einu,

að engir fundir hafa verið haldnir. Þar er hins vegar ekki um að ræða þá frestun þingfunda sem í stjórnarskránni greinir.

Með því að áskilja að frestun geti einungis varað í tiltekinn tíma var komið í veg fyrir að konungur gæti sent þingmenn heim án fyrirvara um framhald þinghalds. Í ákvæðinu felst því jafnframt að til þess að talað verði um þingfrestun í skilningi þess verður fyrsti framhaldsfundur að loknum fresti að vera ákveðinn.

Þar sem ætla má að þingfrestun hafi aldrei átt sér stað samkvæmt einhliða úrskurði þjóðhöfðingja, heldur ávallt að undangengnu samþykki Alþingis, sem jafnframt hefur verið álitið fela í sér samþykki til afbrigða frá framangreindum skilyrðum, er óþarfi að fjalla frekar um 1. mgr. 23. gr. Hins vegar er vissulega ástæða til að taka hana, svo og greinina í heild, til endurskoðunar.

Réttaráhrif þingfrestunar eru þau að störf þingsins stöðvast í bili en verða svo tekin upp aftur eins og við þau var skilið þegar fundir hefjast að nýju samkvæmt þeirri dagskrá er sett var næst á undan frestuninni, hafi dagskrá þá verið sett. Sérréttindi þingmanna falla almennt niður, sbr. 1. mgr. 49. gr. stjskr. meðan frestun varir. Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. er heimilt að kveðja þing í fresti saman ef nauðsyn ber til. Þá er það skylt ef ósk berst um það frá meirihluta alþingismanna. Upp kann því að koma sú staða að forsætisráðherra sé skylt að beita sér fyrir að þing komi saman enda þótt hann hafi sjálfur ekki metið stöðu mála svo að nauðsyn beri til þess.

*Helstu heimildir:*
Alþingistíðindi 1990–91 A, þskj. 556, bls. 3048 og 3050.
Alþingistíðindi 1930 B, d. 2468–2477.
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 245–246.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 253–254.

24. gr. **Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, [áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið],[1] enda komi Alþingi saman eigi síðar en [tíu vikum][1] eftir, að það var rofið. [Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.][1]**
[1] Stjskl. nr. 56/1991, 5. gr.

*Tilurð:* Þingrofsákvæði var tekið í stjórnarskrána 1874, að danskri fyrirmynd, og hélst greinin að mestu leyti óbreytt fram til 1991, að öðru leyti en því að forseti kom í stað konungs 1944. Þær breytingar, sem þá voru gerðar, lúta að því (1) að stofnað skal til kosninga innan 45 daga frá því að gert er kunnugt um þingrof, (2) að Alþingi á að koma saman innan tíu vikna frá þingrofi og (3) að þingmenn halda umboði sínu til kjördags.

*Skýring:* Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. stjskr., sbr. 1. gr. stjskl. nr. 77/1999, eru alþingismenn kosnir til fjögurra ára í senn. Þó skal upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, sbr. 45. gr. stjskr. eins og henni var breytt með 15. gr. stjskl. nr. 56/1991. Eftir að þessi skýringarregla var tekin í stjórnarskrá verður annar kjördagur aðeins ákveðinn með þingrofi.

Stjórnarskráin geymir þrjú þingrofsákvæði. Auk hinnar almennu þingrofsheimildar í 24. gr. gera önnur ákvæði ráð fyrir skyldu til þingrofs í tveimur tilvikum, annars vegar þegar þing hefur samþykkt stjórnarskrárbreytingu, sbr. 1. mgr. 79. gr., og hins vegar ef frávikning

forseta er ekki samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. 3. og 4. mgr. 11. gr. Enda þótt hvorugt þessara ákvæða skírskoti með beinum hætti til 24. gr. og kveði því ekki sjálf á um atbeina forseta, frest til að stofna til kosninga að nýju eða um umboð þingmanna til kjördags, hefur framkvæmd þingrofs skv. 1. mgr. 79. gr. að minnsta kosti ávallt verið með sama hætti og þar greinir. Ætla verður að sama myndi eiga við um þingrof skv. 4. mgr. 11. gr. Þingið rofnar með öðrum orðum ekki af sjálfu sér, jafnvel þótt þau skilyrði skapist sem í þessum ákvæðum greinir.

Með 5. gr. stjskl. nr. 56/1991 var skeytt nýju ákvæði við 24. gr., í 2. málsl. hennar, þar sem kveðið er á um að alþingismenn haldi umboði sínu til kjördags. Í greinargerð með frumvarpi til stjskl. nr. 56/1991 er ákvæðið einungis skýrt með þeim orðum að það tryggi að landið verði aldrei þingmannslaust. Áður var þeirri venju fylgt að taka ákvörðun um þingrof annars vegar og kjördag hins vegar en hvort tveggja tíðkaðist að gerð væri tillaga til forseta um þessar tvær ákvarðanir í einu lagi eða tvennu. Eftir breytinguna 1991 hefur ákvæðið verið skýrt þannig að tilgreina verði kjördag í tilkynningu um þingrof, þ.e. hvenær það taki gildi. Annars sé þingrofið markleysa. Ákvörðun um þingrof og kjördag fellur því saman skv. 24. gr. eins og henni hefur nú verið breytt.

Heimild til þingrofs skv. 24. gr. er ekki bundin neinum skilyrðum samkvæmt orðanna hljóðan. Stjórnlagafræðingar hafa þó stundum reynt að setja henni einhverjar skorður með almennum efnisrökum. Nokkur dæmi eru hins vegar um að þingrofi hafi verið beitt til að komast hjá óþægilegum kjördegi. Þótt sú þingrofsástæða hafi áður verið talin vafasöm helgast hún því nú orðið að minnsta kosti af langri og athugasemdalausri venju.

Jafnframt hefur þingrofsboðskapur, sem birtur er sitjandi þingi, ekki áhrif á störf þess fyrr en á kjördegi nema það samþykki sjálft að fundum þess verði áður frestað, sbr. 1. mgr. 23. gr. stjskr.

*Helstu heimildir:*

Alþingistíðindi 1990–91 A, þskj. 556, bls. 3048 og 3050–3051.
Alþingistíðindi 1990–91 B, d. 3080 og 3089–3090.
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 247–255.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur 1999, bls. 255–263.
Bjarni Benediktsson: Þingrof á Íslandi, Afmælisrit helgað Einari Arnórssyni sextugum, 1940, bls. 9–32.

25. gr. **Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.**

*Tilurð:* Þessi grein hefur staðið óbreytt í stjórnarskránni frá 1874, að öðru leyti en því að forseti kom í stað konungs 1944.

*Skýring:* Réttur ríkisstjórnar til að eiga frumkvæði að lagasetningu á Alþingi byggist á heimild forseta samkvæmt þessari grein til að leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. stjskr. er þessi frumkvæðisréttur forseta í raun í höndum ráðherra, hvers og eins á sínu sviði.

Á grundvelli þessa ákvæðis eru öll stjórnarfrumvörp og stjórnartillögur lagðar fyrir Alþingi með atbeina forseta eftir að um þau hefur verið fjallað í ríkisstjórn, sbr. 16. gr. stjskr. og eftir atvikum 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands. Í framkvæmd

er því fylgt nákvæmlega eftir og reyndar hefur ríkisstjórnin lengi haft það verklag að leita ekki eftir heimild forseta í þessu skyni fyrr en þingflokkar stjórnarflokkanna hafa lokið meðferð sinni en samþykki ríkisstjórnar er að jafnaði gert með skilyrði um samþykki þeirra. Slíkt er þó að sjálfsögðu ekki skilyrði fyrir því að frumvörp og önnur mál verði lögð fram skv. 25. gr.

Með 10. gr. stjskl. nr. 56/1991 var 38. gr. stjskr. um frumkvæðisrétt þingmanna í hvorri þingdeild breytt í samræmi við afnám deildaskiptingar Alþingis. Um leið var tekið upp í 38. gr. ákvæði um frumkvæðisrétt ráðherra, án frekari skýringa og án þess að til þess bæri neina nauðsyn samkvæmt framangreindu. Hefur framkvæmd 25. gr. heldur ekkert breyst þrátt fyrir þessa breytingu á 38. gr. Þó er ljóst eftir breytinguna að ráðherra hefur heimild til að flytja frumvörp til laga og aðrar tillögur, án fulltingis ríkisstjórnar, jafnvel þótt hann sé ekki jafnframt þingmaður.

Þýðing 25. gr. er líklega sú ein að eins og hún hefur verið framkvæmd stuðlar hún að nánara pólitísku samráði um stjórnarfrumvörp og aðrar tillögur sem fluttar eru í nafni ríkisstjórnar. Enga stjórnskipulega nauðsyn ber á hinn bóginn til þess að bera slík frumvörp og tillögur upp fyrir forseta.

*Helstu heimildir:*
Alþingistíðindi 1990–91 B, d. 3091.

26. gr. **Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.**

*Tilurð:* Greinin var tekin upp í stjórnarskrána við stofnun lýðveldis 1944 og svarar að hluta til ákvæðis sem verið hafði í eldri stjórnarskrám þar sem m.a. var mælt svo fyrir að staðfesting konungs þyrfti til þess að lagafrumvarp, sem Alþingi hafði samþykkt, fengi lagagildi. Konungur hafði þó ekki beitt þessu stjórnarskrárvarða synjunarvaldi sínu um langt árabil.

*Skýring*: Í upphafi greinarinnar er mælt svo fyrir að hvert það lagafrumvarp, sem Alþingi hefur samþykkt, skuli lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar innan tiltekins tíma og veiti staðfesting forseta því lagagildi. Það ákvæði þarfnast í sjálfu sér ekki frekari skýringa. Á hinn bóginn hefur verið ágreiningur um það hvernig skýra beri síðari hluti greinarinnar þar sem gert er ráð fyrir að forseti geti neitað að staðfesta lagafrumvarp, sem þingið hefur samþykkt, með þeim afleiðingum sem greinir í niðurlagi hennar.

Í skýringum við 26. gr. frumvarpsins til lýðveldisstjórnarskrár, sem síðar var samþykkt í megindráttum óbreytt, var m.a. svo að orði komist: „Ekki hefur þótt fært að veita forseta algert synjunarvald, eins og konungur hefur haft. Forseta er einungis fenginn réttur til að skjóta lagafrumvörpum Alþingis undir alþjóðaratkvæði. Er þess þó að gæta, að frumvarpið öðlast lagagildi þegar í stað, þó að forseti taki slíka ákvörðun, en fellur þá úr gildi aftur, ef það fær ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna. Ákvörðun um slíka staðfestingarsynjun eða málskot til þjóðaratkvæðis tekur forseti, án þess að atbeini ráðherra þurfi að koma til. En ef

mál er mikilvægt, gæti daglega af synjuninni leitt slíkt ósamkomulag milli forseta og ráðherra, að til ráðherraskipta eða annarra aðgerða Alþingis kæmi.“

Fyrstu sex áratugina frá því að lýðveldi var sett á stofn beitti forseti ekki því valdi sem honum er, að minnsta kosti í orði kveðnu, fengið í 26. gr. stjskr. Hefur fræðimenn greint á um það hvort forseti geti beitt þessu valdi upp á sitt eindæmi eða hvort hann þurfi atbeina ráðherra til þess.

Þau rök hafa einkum verið færð fyrir fyrri skýringarkostinum að hann sé í samræmi við orðalag 26. gr. og leiði reyndar einnig af því ákvæði 2. gr. stjskr. að Alþingi og forseti fari saman með löggjafarvaldið. Því til viðbótar hefur verið vísað til fyrrgreindra ummæla í greinargerð með frumvarpi til stjórnarskrárinnar og loks bent á þá staðreynd að forseti sé þjóðkjörinn og þiggi því umboð sitt beint frá þjóðinni á sama hátt og alþingismenn.

Þau rök, sem beitt hefur verið gegn því að forseti geti synjað lagafrumvarpi staðfestingar án atbeina ráðherra, eru fyrst og fremst þau að slíkt gangi í berhögg við ýmis önnur stjórnarskrárákvæði, svo sem 1. mgr. 13. gr. þar sem segir að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt. Enn fremur hefur verið vísað til þeirrar staðreyndar að meðan konungur hafði vald til að synja lagafrumvarpi staðfestingar hafi hann ekki gert það nema samkvæmt tillögu ráðherra. Þar sem árið 1944 hafi aðeins mátt gera þær breytingar á stjórnarskránni, sem leiddi beinlínis af sambandsslitum við Dani og stofnun lýðveldis, hafi verið óheimilt að gera þá grundvallarbreytingu á íslenskri stjórnskipun að þjóðhöfðinginn færi með synjunarvaldið, einn og óstuddur. Slíkt samrýmist heldur ekki þingræðinu og stjórnskipulegri stöðu Alþingis.

Árið 2004 ákvað forseti í fyrsta sinn frá lýðveldisstofnun að neita að staðfesta lagafrumvarp sem Alþingi hafði áður samþykkt og gerði það án atbeina ráðherra. Sú staðreynd rennir stoðum undir þann skýringarkost að hann geti beitt því valdi að neita að staðfesta lagafrumvarp, sem þingið hefur samþykkt, upp á sitt eindæmi með þeim afleiðingum sem kveðið er á um í síðari hluta 26. gr. stjskr.

Þegar forseti hafði synjað lagafrumvarpinu staðfestingar í umrætt skipti reis ágreiningur um það hvort Alþingi geti breytt lagafrumvarpi, sem það hefur áður samþykkt og öðlast hefur lagagildi við synjun forseta, áður en það er borið undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar, með þeim afleiðingum að ekkert verði úr slíkri atkvæðagreiðslu. Fór svo að þingið felldi lögin úr gildi með því að samþykkja nýtt lagafrumvarp. Staðfesti forseti það frumvarp sem lög og var ekki efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um frambúðargildi þeirra laga sem þannig höfðu verið felld úr gildi.

Enn fremur ríkir um það ágreiningur hvernig þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjskr. skuli hagað. Vegna þess að þar er ekki mælt á annan veg halda sumir því fram að skýra beri greinina þannig að afl atkvæða skuli jafnan ráða úrslitum um það hvort lögin skuli staðfest eða þeim synjað, án tillits til þátttöku í atkvæðagreiðslunni. Af þeim sökum sé ekki unnt að setja nein skilyrði fyrir gildi slíkrar atkvæðagreiðslu, t.d. um lágmarksþátttöku í henni, um aukinn meirihluta atkvæða né um að tiltekið hlutfall atkvæðisbærra manna þurfi að greiða atkvæði gegn lögunum til þess að þau teljist fallin úr gildi. Aftur á móti eru aðrir þeirrar skoðunar að löggjafanum sé heimilt að setja skilyrði á borð við þessi enda séu þau hófleg og samræmist lýðræðislegum markmiðum stjórnarskrárinnar og feli ekki heldur í sér neins konar fyrirfarandi tálmun á beitingu atkvæðisréttar.

Mælt er svo fyrir í upphafi 26. gr. stjskr. að leggja skuli lagafrumvarp, sem Alþingi hefur samþykkt, fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar „eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt“ en enginn slíkur tímafrestur er tilgreindur að því er varðar það hvenær þjóðaratkvæðagreiðsla í kjölfar synjunar forseta skuli fara fram. Einungis segir að það skuli gerast

„svo fljótt sem kostur er“. Samkvæmt því er ljóst að hraða ber framkvæmd atkvæðagreiðslunnar svo sem kostur er. Hefur umrætt ákvæði verið skýrt svo að slík atkvæðagreiðsla megi almennt ekki fara fram fyrr en liðnar eru að minnsta kosti fjórar vikur frá því að synjun forseta liggur fyrir og að jafnaði skuli efnt til hennar innan tveggja mánaða frá því tímamarki. Þó má deila um þetta eins og mörg önnur efnisatriði 26. gr.

Í ljósi þess væri þörf á að orða greinina með skýrari hætti en nú er gert ef hún á að standa áfram í stjórnarskránni.

*Helstu heimildir*:

Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 1, bls. 15.
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 122–123 og 298–301.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 131–135 og 302–305.
Sigurður Líndal: Stjórnskipuleg staða forseta Íslands, Skírnir 166. ár (haust 1992), bls. 425–439, og Forseti Íslands og synjunarvald hans, Skírnir 178. ár (vor 2004), bls. 203–237.
Þór Vilhjálmsson: Synjunarvald forsetans, Afmælisrit til heiðurs Gauki Jörundssyni sextugum, 1994, bls. 609–636.
Þórður Bogason: ... og ég staðfest þau með samþykki mínu, Forseti Íslands og löggjafarvaldið, Afmælisrit til heiðurs Gunnari G. Schram sjötugum, 2002, bls. 555–582.
Eiríkur Tómasson: Hvernig á að skýra fyrirmæli 2. gr. stjórnarskrárinnar um að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið? Úlfljótur 2004, 3. tbl., bls. 333–342.
Skýrsla starfshóps ríkisstjórnarinnar um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar, 2004.

27. gr. **Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.**

*Tilurð:* Greinin hefur staðið óbreytt frá 1944. Ákvæði um birtingu laga var að finna í 2. mgr. 10. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 en samkvæmt því skyldi konungur annast um að lögin yrðu birt og að þeim yrði fullnægt. Fyrirmynd þess ákvæðis var sótt í 29. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849.

*Skýring:* Markmið þessarar greinar er að tryggja almennt réttaröryggi og þá grundvallarreglu í réttarríki að lögin séu aðgengileg þeim sem eiga að fylgja þeim en forsenda þess er að þeim sé efni þeirra kunnugt. Þá felur reglan einnig í sér að almenningur geti fylgst með því hvort handhafar ríkisvaldsins, ekki síst dómarar, fari að lögum í störfum sínum.

Með lögum nr. 11/1877 um birting laga og tilskipana voru fyrst sett fyrirmæli um birtingu laga í prentuðu máli en fyrir þann tíma voru lög birt með upplestri þeirra í heyranda hljóði á Alþingi og síðar í Landsyfirréttinum eftir að Alþingi var lagt niður árið 1800. Samkvæmt fyrrgreindum lögum varð birting laga og tilskipana í prentuðu riti, Stjórnartíðindum fyrir Ísland, skuldbindandi í stað kynningar í heyranda hljóði. Með lögum nr. 64/1943 voru sett fyrstu heildarlögin um birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Þau voru nýlega leyst af hólmi með lögum nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Allt frá 1943 hafa bæði lög og stjórnvaldsfyrirmæli verið birt í þessum tveimur ritum. Í A-deild Stjórnartíðinda hafa þannig verið birt öll lög, sem og tilskipanir, opin bréf og önnur fyrirmæli sem gefin eru út af æðsta handhafa framkvæmdarvalds. Í B-deildinni eru birtar reglugerðir, ýmis erindisbréf, samþykktir og auglýsingar framkvæmdarvaldsins, bæði ráðu-

neyta og annarra stjórnvalda og opinberra stofnana. Í C-deildinni eru birtir samningar við önnur ríki og auglýsingar um gildi þeirra. Sérreglur gilda um birtingu EES-reglna en við birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla í Stjórnartíðindum, sem ætlað er að lögleiða þær, er almennt heimilt að vísa til EES-viðbætis við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins og telst birting þar að þessu leyti jafngild hinni almennu birtingaraðferð (svonefnd tilvísunaraðferð).

Birta skal öll lög, án tillits til efnis þeirra eða forms, þ.e. jafnt stjórnarskipunarlög, almenn lög og bráðabirgðalög svo að dæmi séu tekin. Þá hefur verið talið að jafnvel þótt forseti synji lagafrumvarpi staðfestingar skv. 26. gr. stjskr. beri að birta þau eins og önnur lög enda öðlast frumvarpið lagagildi þrátt fyrir synjunina, að minnsta kosti um sinn.

Birting laga er ekki þáttur í lagasetningunni en þó er hún óhjákvæmilegt skilyrði fyrir framkvæmd laga og almennri gildistöku þeirra. Í 27. gr. er ekki nánar fjallað um birtingarhátt eða réttaráhrif birtingar en almenna löggjafanum er ætlað að setja nánari fyrirmæli þar um. Þau nýmæli urðu með samþykkt fyrrgreindra laga nr. 15/2005 að heimilt verður birta Stjórnartíðindi, þ.m.t. sett lög í A-deild þeirra, eingöngu á rafrænu formi. Þessi breytta tilhögun byggist á þeirri forsendu 27. gr. að lögin skuli vera aðgengileg öllum þeim sem eftir þeim eiga að fara og að allir geti með sanngirni kynnt sér lögin. Er litið svo á að það eigi við eins og aðstæðum er nú háttað í þjóðfélaginu þar sem almennt aðgengi er að rafrænum upplýsingaveitum á vegum ríkisins. Tíðkast hefur að birta öll lög og stjórnvaldsfyrirmæli á slíkum upplýsingaveitum um nokkurra ára skeið án þess að nein réttaráhrif hafi verið tengd slíkri birtingu. Í lögum nr. 15/2005 er skilgreint nánar hvenær birting á rafrænu formi telst hafa átt sér stað.

Af 27. gr. verður dregin sú ályktun að óbirtum lögum verði ekki beitt. Þá getur birtingin almennt aðeins haft áhrif fram í tímann en ekki afturvirk áhrif. Má einnig um þetta atriði vísa til sérreglna stjórnarskrárinnar um bann við afturvirkni refsilaga, sbr. 69. gr. og H 1997, 2446, og bann við afturvirkni skattalaga, sbr. 2. mgr. 77. gr. Í almennri löggjöf um birtingu laga er að finna ítarlegar reglur um gildistöku laga og stjórnvaldsfyrirmæla, svo sem hvort þar skuli tiltekinn ákveðinn gildistökudagur eða við hvaða dag skuli miða gildistöku sé hans ekki getið í lögunum eða fyrirmælunum sjálfum.

*Helstu heimildir*:

Alþingistíðindi 2004–2005 A, þskj. 191 (vefslóð Alþingis).
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 355–364.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 403–412.
Gunnar Helgi Kristinsson: Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 85.
Sigurður Líndal: Um birtingu laga og annarra fyrirmæla auk nokkurra athugasemda um gildistöku. Úlfljótur, 2. tbl. 2004, bls. 233–284.
Álit umboðsmanns Alþingis frá 9. janúar 1998 í máli nr. 2151/1997.

28. gr. **Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög [er Alþingi er ekki að störfum].[1] Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð [fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný].[1] – [Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.][1] – Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.**

[1]Stjskl. nr. 56/1991, 6. gr.

*Tilurð:* Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar stendur að mestu leyti óbreytt frá stjórnarskránni 1874 en það var upphaflega þýðing á 30. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849. Þó kom forseti að sjálfsögðu í stað konungs 1944 og síðan voru tvær minni háttar breytingar gerðar á málsgreininni með stjskl. nr. 56/1991. Annars vegar var breytt eldra skilyrði um að bráðabirgðalög mætti gefa út „milli þinga" en þess í stað mælt fyrir um að þau megi gefa út þegar Alþingi „er ekki að störfum". Hins vegar var kveðið á um að þau skuli ætíð lögð „fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný". Tengdist þetta hvort tveggja þeim breytingum sem gerðar voru á starfstíma og starfsháttum Alþingis og áður er gerð grein fyrir.

Með stjskl. nr. 12/1915 bættust síðari málsgreinarnar tvær við (en minni háttar orðalagsbreytingar voru gerðar á þeim 1920 og 1944). Með stjskl. nr. 56/1991 var 2. mgr. 28. gr. breytt í núverandi horf þar sem sett er það skilyrði að Alþingi hafi samþykkt frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum innan sex vikna frá því að þing kemur saman á ný eftir að bráðabirgðalög hafa verið gefin út. Ella falli þau úr gildi.

*Skýring:* Með því að veita forseta Íslands heimild til útgáfu bráðabirgðalaga í 28. gr. er sú undantekning gerð frá almennum reglum stjórnarskrárinnar um lagasetningu að slík lög eru ekki sett af Alþingi, heldur af forseta. Þótt greinin mæli fyrir um að forsetinn gefi út bráðabirgðalög verður slíkt eins og endranær aðeins gert að frumkvæði og á ábyrgð ráðherra skv. 13., 14. og 19. gr. stjskr. Þótt ríkisstjórn ráði því þannig í reynd hvenær bráðabirgðalög verða gefin út og hvert efni þeirra er gæti forseti synjað um að skrifa undir lögin og þar með komið í veg fyrir útgáfu þeirra. Eru þó engin dæmi þess að forseti hafi neitað að skrifa undir bráðabirgðalög.

Þegar fyrsta stjórnarskráin tók gildi árið 1874 kom Alþingi ekki saman nema annað hvert ár og var auk þess örðugt að kalla saman aukaþing með skömmum fyrirvara. Við þær aðstæður var eðlilega mikilvægt að stjórnarskráin veitti heimild til þess að grípa mætti til lagasetningar án atbeina þingsins. Til þess að sporna við misnotkun þessa úrræðis af hálfu handhafa framkvæmdarvalds var þó sett það skilyrði að brýna nauðsyn þurfi jafnan að bera til slíkrar lagasetningar. Enn fremur þurfa tvö önnur skilyrði að vera uppfyllt til þess að bráðabirgðalög verði gefin út, þ.e. að þau brjóti ekki í bága við stjórnarskrána og að Alþingi sé ekki að störfum.

Síðastgreinda skilyrðið er ófrávíkjanlegt. Með því er vísað til þess tíma þegar Alþingi er frestað að vori eða um jól og áramót ellegar frá því að umboð alþingismanna falla niður á kjördegi og þar til nýtt þing kemur saman. Ekki hefur verið deilt um skýringu á þessu skilyrði frá því að 28. gr. var breytt 1991.

Skilyrðið um brýna nauðsyn hefur hins vegar oft orðið tilefni deilna enda hlýtur það að ráðast af mati hverju sinni hvenær svo brýn þörf sé á lagasetningu að ekki megi bíða þar til þing kemur aftur saman. Framkvæmd við útgáfu bráðabirgðalaga sýnir að ekki hefur alltaf verið farið strangt í sakirnar í þessum efnum. Í fræðikenningum hefur til skamms tíma verið litið svo á að bráðabirgðalöggjafinn, þ.e. ráðherra, eigi endanlegt mat um það hvort skilyrðið um brýna nauðsyn sé uppfyllt, að viðlagðri ábyrgð. Þar með geti dómstólar ekki endurskoðað það mat. Þetta viðhorf hefur verið að breytast hin síðari ár ef marka má nýlega hæstaréttardóma þar sem reynt hefur á gildi bráðabirgðalaga. Í þeim dómsúrlausnum hafa stundum tvinnast saman álitaefni um það hvort brýna nauðsyn hafi borið til lagasetningarinnar og hvort lögin hafi gengið of nærri stjórnarskrárvernduðum réttindum, svo sem eignarréttindum. Má í því sambandi nefna tvo dóma, H 1992, 1962 og H 1995, 2417. Ekki verður annað ráðið af ummælum dómenda í síðarnefnda dóminum en að þeir telji að dómstólar geti tekið til

endurskoðunar það mat bráðabirgðalöggjafans að brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu bráðabirgðalaga til að koma í veg fyrir að þessi afbrigðilega heimild til lagasetningar verði misnotuð. Hins vegar liggur ljóst fyrir að dómstólar endurskoða ekki þau pólitísku markmið sem stefnt er að með útgáfu bráðabirgðalaga, t.d. á vettvangi efnahags- og atvinnumála. Gilda um þetta sambærileg sjónarmið og endranær þegar dómstólar leggja mat á það hvort almenn löggjöf samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar. Er bannið við því að bráðabirgðalög megi ekki brjóta í bága við stjórnarskrána auk þess sérstaklega áréttað í 1. mgr. 28. gr.

Bann 3. mgr. 28. gr. við því að bráðabirgðafjárlög verði gefin út má einkum rekja til reynslunnar af misnotkun heimildarinnar í Danmörku á tímum minnihlutastjórnar Estrups í lok 19. aldar þar sem ríkisstjórnin greip til þess úrræðis að gefa út bráðabirgðafjárlög ár eftir ár vegna þess að fjárlög fengust ekki samþykkt í danska þinginu. Hafa ekki vaknað sérstök álitaefni hér á landi varðandi beitingu þessa ákvæðis.

Bráðabirgðalögum er samkvæmt hljóðan sinni aðeins ætlað að gilda um stundarsakir og ber að leggja þau fyrir Alþingi er það kemur saman að nýju. Hafi frumvarp um frambúðargildi bráðabirgðalaganna ekki verið samþykkt af Alþingi innan sex vikna frá því tímamarki falla þau úr gildi. Tímafrestur þessi, sem tekinn var upp 1991, er til að leggja áherslu á mikilvægi þess að almenni löggjafinn taki afstöðu til efnis bráðabirgðalaga sem fyrst. Að auki hafa möguleikar ríkisstjórnar til þess að stjórna í krafti laga, sem sett eru með svo afbrigðilegum hætti, verið þrengdir til muna. Þótt bráðabirgðalög falli úr gildi vegna þessa eða þau fást ekki samþykkt á Alþingi, breytir það þó ekki réttaráhrifum þeirra frá því að þau voru gefin út og þar til þau falla úr gildi.

Á tímabilinu 1944–1991, og reyndar einnig fyrir þann tíma, kom alloft til útgáfu bráðabirgðalaga. Hefur slík lagasetning ósjaldan orðið tilefni pólitískra deilna. Eftir 1991 hefur fækkað mjög þeim tilvikum þar sem bráðabirgðalög hafa verið gefin út.

*Helstu heimildir:*

Alþingistíðindi 1990–1991 A, þskj. 556, bls. 3048–3050.
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 323–333.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 309–322.
Gunnar Helgi Kristinsson: Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 86–87.
Bjarni Benediktsson: Bráðabirgðalög og afstaða Alþingis til útgáfu þeirra, Afmælisrit helgað Ólafi Lárussyni, 1955, bls. 35–44.

29. gr. **Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.**

*Tilurð:* Kjarna þessarar greinar var að finna í 12. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 og sótti hún fyrirmynd til 31. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849 en samkvæmt henni náðaði konungur menn og veitti almenna uppgjöf saka. Í 24. gr. stjórnarskrárinnar frá 1920 bættist við heimild til að fella niður saksókn fyrir afbrot. Einnig var þá tekinn upp síðasti málsliðurinn til samræmis við ákvæði stjórnarskrárinnar um ráðherraábyrgð og setningu laga um landsdóm. Greinin hefur staðið óbreytt frá 1944 þegar forseti kom í staðinn fyrir konung.

*Skýring:* Ætla mætti við fyrstu sýn að forseti Íslands hefði samkvæmt þessu stjórnarskrárákvæði víðtækt vald til þess að grípa inn í meðferð ákæruvalds og náða menn af refsingum. Á hinn bóginn verður að skoða ákvæðið í ljósi sögulegs uppruna þess. Það er sprottið úr umhverfi þar sem konungur hafði raunveruleg og virk völd til þess að leysa menn undan ströngum refsingum því að lög veittu á þeim tíma fá úrræði á borð við þau sem má finna í núgildandi lögum, svo sem reynslulausn og skilorðsbindingu refsingar til að milda áhrif refsidóma. Þá á við, eins og endranær í umfjöllun um störf forseta, að ráðherra, þ.e. dómsmálaráðherra, verður að eiga frumkvæði að ákvörðunum þeim sem 29. gr. tekur til, sbr. 13. gr. stjskr., og ber ábyrgð á þeim eins og öðrum stjórnarathöfnum, sbr. 14. gr. stjskr.

Niðurfelling saksóknar með ákvörðun forseta er að mestu aflögð enda samræmist það ekki þeim sjónarmiðum að ríkissaksóknari skuli sem æðsti handhafi ákæruvalds njóta sjálfstæðis í störfum sínum. Niðurfelling saksóknar, þ. á m. frestun hennar, er virkt úrræði innan refsivörslukerfisins samkvæmt lögákveðnum skilyrðum og er ákvörðunin í höndum handhafa ákæruvalds, sbr. 113. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. og 56. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í 3. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991 segir að telji ríkissaksóknari ástæðu til að falla frá saksókn, en vafa leika á heimild sinni til þess, geti hann óskað eftir að dómsmálaráðherra geri tillögu til forseta Íslands um niðurfall saksóknar skv. 29. gr. stjskr. Ekki er vitað til þess að ríkissaksóknari hafi nokkurn tíma notfært sér þessa heimild sína.

Þar sem 29. gr. tilgreinir engin skilyrði fyrir niðurfellingu saksóknar mætti ætla að forsetinn sé ekki bundinn af lögákveðnum skilyrðum sem sett hafa verið fyrir þessu úrræði. Hins vegar má slá því föstu að miðað við nútímahugmyndir um sjálfstæði ákæruvaldsins gagnvart æðstu handhöfum framkvæmdarvalds myndi forseti eða með öðrum orðum ráðherra, sem framkvæmir vald hans, ekki beita því nema við mjög afbrigðilegar aðstæður. Engin dæmi eru um að það hafi verið gert síðustu áratugi.

Þótt um náðunarvald forseta skv. 29. gr. gildi einnig breytt sjónarmið hefur engum öðrum aðila en honum verið falið það vald með lögum. Í reynd fer dómsmálaráðherra með náðunarvaldið og starfar sérstök stjórnskipuð nefnd, svonefnd náðunarnefnd, á vegum dómsmálaráðuneytisins. Nefndin getur mælt með því við ráðherra að þeir sem hlotið hafa fangelsisdóma verði náðaðir, að ströngum skilyrðum uppfylltum, t.d. vegna heilsufarsástæðna.

Með almennri sakaruppgjöf er átt við það að forseti geti fellt niður sakir á hendur ótilgreindum hópi manna, án tillits til þess hvort dæmt hafi verið í máli þeirra. Segja má að heimild til slíkrar sakaruppgjafar hafi litla raunhæfa þýðingu. Þó er ekki útilokað að á hana geti reynt. Þannig má benda á örfá dæmi þess frá lýðveldisstofnun að hópi manna hafi verið veitt sakaruppgjöf vegna brota sem tengst hafa pólitískum deilumálum í þjóðfélaginu, t.d. þeim sem dæmdir voru vegna óeirðanna sem brutust út á Austurvelli árið 1949 þegar Alþingi fjallaði um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, sbr. H 1952, 190.

*Helstu heimildir:*

Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 381–387.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 412–418.
Gunnar Helgi Kristinsson: Þróun íslensku stjórnarskrárinnar, 1994, bls. 88.

30. gr. **Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.**

*Tilurð:* Þetta ákvæði var upphaflega að finna í 13. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 og var það sniðið eftir 32. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849. Nokkrar orðalagsbreytingar voru gerðar á því 1920 og 1944, þ. á m. kom forseti í stað konungs við lýðveldisstofnunina.

*Skýring:* Rökin að baki þessu ákvæði eru að öllu leyti söguleg. Þau rök eiga rætur að rekja til þess að þegar skilið var á milli löggjafar- og framkvæmdarvalds við afnám einveldisum miðja 19. öld þótti nauðsynlegt að veita konungi þessa heimild í dönsku stjórnarskránni. Ástæða þess var sú að á einveldistímanum voru mörg lagaboð orðin gömul og úrelt en á sama tíma veitti löggjöfin sjálf lítið svigrúm til undanþágna. Því höfðu mótast ákveðnar reglur og venjur um að konungur gæti veitt undanþágur frá lögum og það er til þessara reglna sem vísað er til í stjórnarskrárákvæðinu.

Þar sem greinina var upphaflega að finna í stjórnarskránni frá 1874 hefur almennt verið litið svo á að undanþáguheimildir, sem byggjast á henni, takmarkist við reglur sem höfðu mótast um slíkar undanþágur fyrir þann tíma. Af þeim sökum er óhætt að fullyrða að þetta stjórnarskrárákvæði þjóni ekki lengur neinum tilgangi enda má segja að það stríði gegn þeirri meginreglu sem talin er gilda í íslenskri stjórnskipun að stjórnvöldum beri að fara að settum lögum og megi ekki veita undanþágur frá ákvæðum þeirra nema til þess sé sérstök lagaheimild.

*Helstu heimildir:*
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 387–389.

**V. kafli**

59. gr. **Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.**

*Tilurð:* Greinin hefur staðið efnislega óbreytt frá stjórnarskránni 1874 og hefur orðalag hennar einungis verið fært til nútímalegra horfs. Fyrirmynd greinarinnar er 74. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849.

*Skýring:* Samkvæmt greininni verður skipun dómsvaldsins ekki ákveðin nema með lögum, þ.e. settum lögum. Þótt þetta hugtak, skipun dómsvaldsins, sé óljóst tekur það væntanlega til þess hversu mörg dómstig skuli vera hér á landi, hverjir dómstólarnir skuli vera, hvort einn dómari eða fleiri skuli sitja í dómi og annarra slíkra meginatriða um dómstólaskipun og meðferð dómsmála. Þar af leiðandi geta stjórnvöld ekki tekið ákvarðanir um þessi atriði. Þá tryggir greinin um leið sjálfstæði dómstóla gagnvart handhöfum framkvæmdarvalds.

Hins vegar er ekki mælt fyrir um það í stjórnarskránni hvernig skipun dómsvaldsins skuli háttað, t.d. hvorki að hér á landi skuli vera tvö dómstig né að Hæstiréttur sé æðsti dómstóll landsins. Í 8. gr. stjskr. er reyndar svo fyrir mælt að forseti Hæstaréttar skuli fara með forsetavald í fjarveru eða forföllum forseta Íslands, ásamt forsætisráðherra og forseta Alþingis, og skv. 2. mgr. 34. gr. eru hæstaréttardómarar ekki kjörgengir til Alþingis. Af þessum ákvæðum má draga þá ályktun að samkvæmt stjórnarskránni skuli vera til dómstóll með þessu heiti og að hann skuli fara með æðsta dómsvald í landinu. Að öðru leyti hefur lög-

gjafinn frjálsar hendur um það hvernig dómstólaskipun og meðferð dómsmála er fyrir komið.

Nú er mælt fyrir um dómstólaskipun landsins í lögum nr. 15/1998 um dómstóla og um meðferð mála fyrir dómstólum í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og öðrum réttarfarslögum.

*Helstu heimildir*:
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 276–277.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 287–288 og 527.

60. gr. **Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.**

*Tilurð:* Greinin hefur staðið efnislega óbreytt frá stjórnarskránni 1874 en orðalagi hennar hefur lítillega verið breytt. Fyrirmynd greinarinnar er 77. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849 þar sem m.a. kemur fyrir orðalagið „Øvrighedsmyndighedens Grændser“ sem var upphaflega þýtt „embættistakmörk yfirvaldanna“.

*Skýring:* Þrátt fyrir orðalagið hefur greinin verið skýrð svo að dómstólar eigi ekki aðeins úrskurðarvald um það hvort stjórnvöld hafi farið út fyrir valdmörk sín, heldur skeri þeir úr ágreiningi um lögmæti og jafnvel réttmæti hvers kyns stjórnvaldsákvarðana. Fyrirmæli 1. mgr. 70. gr. stjskr. um að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli hafa jafnframt verið túlkuð þannig að í þeim felist réttur til þess að bera ákvarðanir stjórnvalda undir dómstóla.

Þótt dómstólar geti fjallað um stjórnvaldsákvarðanir, að uppfylltum kröfum um aðild, kröfugerð og önnur slík réttarfarsatriði, er ekki þar með sagt að þeir geti endurskoðað alla þætti þeirra. Enginn vafi leikur á því að dómstólar eiga óskorað úrskurðarvald um það hvort form ákvörðunar samrýmist lögum og hvort rétt hafi verið staðið að töku ákvörðunar og undirbúningi hennar, þ. á m. hvort stjórnvald hafi verið bært að taka þá ákvörðun sem um er að ræða og hvort starfsmaður eða nefndarmaður hafi verið hæfur til þess að taka þátt í meðferð málsins innan stjórnsýslunnar. Dómstólar geta enn fremur leyst úr því hvort efni ákvörðunar sé lögmætt, þ. á m. hvort það stjórnvald, sem ákvörðun hefur tekið, hafi skýrt lög á réttan hátt. Þá ber dómendum að gæta að því hvort ákvörðun sé réttmæt í lagalegum skilningi, t.d. hvort lögmæt og málefnaleg sjónarmið hafi búið að baki henni. Þó er ljóst að úrskurðarvaldi dómenda eru takmörk sett, t.d. verða þeir að una efnislegu og sérfræðilegu mati þar til bærs stjórnvalds, svo framarlega sem að baki liggja lögmæt og málefnaleg sjónarmið.

Samkvæmt framansögðu er dómstólum fengið úrskurðarvald um sum atriði er varða ákvarðanir stjórnvalda. Komist dómstólar að þeirri niðurstöðu að slík ákvörðun brjóti í bága við lög í rýmri merkingu geta þeir, að uppfylltum vissum skilyrðum, fellt ákvörðunina úr gildi. Hins vegar hafa þeir takmarkaða heimild til þess að breyta ákvörðun eða taka nýja ákvörðun í stað þeirrar sem felld hefur verið úr gildi.

Í niðurlagi 60. gr. er tekið fram að það fresti ekki framkvæmd stjórnvaldsákvörðunar þótt hún sé borin undir dómstóla.

*Helstu heimildir*:
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 426–432.

Eiríkur Tómasson: Takmarkanir á úrskurðarvaldi dómenda skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar, Úlfljótur 1984, 4. tbl., bls. 182–217.
Eiríkur Tómasson: Embættistakmörk yfirvalda, Afmælisrit til heiðurs Gauki Jörundssyni sextugum, 1994, bls. 205–242.

61. gr. **Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. [Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af launum sínum.]** [1)]
Stjskl. 56/1991, 26. gr.

*Tilurð:* Greinin hefur staðið nánast óbreytt frá stjórnarskránni 1874 þótt stafsetning hafi verið færð til nútímans. Eina efnisbreytingin, sem gerð hefur verið á henni, var gerð með 26. gr. stjskl. nr. 56/1991 þar sem niðurlagsákvæðið um að dómarar skyldu ekki missa neins í af launum sínum var einskorðað við hæstaréttardómara en það hafði tekið til allra dómara áður.

*Skýring:* Í upphafi greinarinnar segir að dómendur skuli einungis fara eftir lögunum í störfum sínum. Hér er átt við lög í víðtækri merkingu, þ.e. ekki aðeins sett lög, heldur hvers kyns réttarreglur, skráðar sem óskráðar. Þetta þýðir jafnframt að dómendur eru óbundnir af fyrirmælum löggjafans eða stjórnvalda um það hvernig þeir skuli dæma í einstökum dómsmálum.

Síðari hluta greinarinnar er ætlað að koma í veg fyrir að óbeinum þvingunarráðstöfunum verði beitt gagnvart dómendum eftir að þeir hafa verið skipaðir til starfa. Tilvísunin til dómenda, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, á varla lengur við þar sem embættisdómarar fara ekki lengur með stjórnsýslu samhliða dómstörfum.

Samkvæmt 61. gr. verður hæstaréttar- og héraðsdómurum ekki vikið úr embætti nema með dómi en þar er um að ræða undantekningu frá reglunni í 3. mgr. 20. gr. stjskr. þar sem segir að forseti Íslands getið vikið þeim frá embætti er hann hefur veitt það. Þó hefur ákvæðið verið skýrt svo að forseti geti, með atbeina ráðherra, vikið dómara úr embætti um stundarsakir en ekki fyrir fullt og allt, sbr. H 1989, 1627.

Í 61. gr. er enn fremur svo fyrir mælt að dómarar verði ekki heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra nema þegar svo stendur á að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þegar svo stendur á mætti þó því aðeins flytja dómara í annað embætti að skilyrðum 4. mgr. 20. gr. stjskr. yrði fullnægt.

Samkvæmt framansögðu hefur verið litið svo á að embættisdómarar séu skipaðir í embætti sín til óákveðins tíma, sbr. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Samt sem áður verður dómari leystur frá embætti af veitingarvaldshafa þegar hann er orðinn 65 ára. Sé um að ræða hæstaréttardómara skal hann þó halda óbreyttum launum. Niðurlagsákvæði 61. gr. hefur þó verið skýrt á þann veg að allir dómarar verði að láta af störfum þegar þeir ná 70 ára aldri eins og aðrir embættismenn.

*Helstu heimildir*:
Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1960, bls. 277–281.
Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 1999, bls. 288–291.

**VIÐAUKI 4**

# STJÓRNSKIPUNARÞRÓUN Í EVRÓPU[59]

(Febrúar 2007)

Sérfræðinganefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar:

**Eiríkur Tómasson prófessor**

**Björg Thorarensen prófessor**
**Gunnar Helgi Kristinsson prófessor**
**Kristján Andri Stefánsson sendiherra**

Unnið að beiðni nefndar um endurskoðun
stjórnarskrár lýðveldisins Íslands

[59] Páll Þórhallsson ritari stjórnarskrárnefndar lagði til efni í þessa samantekt. Þá lásu Ragnhildur Helgadóttir prófessor og Arnar Þór Jónsson lögfræðingur yfir handrit og gáfu ýmsar góðar ábendingar.

## I Inngangur

### 1. Sagan

Fyrstu stjórnarskrárnar í nútímaskilningi komu fram á 18. öld. Fram að því voru það einkum venjur sem mótuðust í tímans rás sem sögðu til um stöðu valdhafa og rétt þegnanna.[60] Elsta núgildandi stjórnarskrá í vestrænu lýðræðisríki er sú bandaríska frá 1778. Ekkert Evrópuríki getur státað af svo langri samfelldri stjórnskipunarsögu. Í samanburði við stjórnskipulegan stöðugleika Bandaríkjanna, virkar Evrópa sem nokkurs konar tilraunastofa í stjórnarskrárfræðum. Í Frakklandi einu hafa þannig verði í gildi á annan tug stjórnarskráa frá byltingunni 1789 til okkar daga.

Elsta núgildandi stjórnarskrá í Evrópu eru sú norska en hún hefur einungis sætt takmörkuðum breytingum frá því hún var samþykkt 17. maí 1814. Aðrar núgildandi stjórnarskrár sem að stofni til eru frá 19. öld eru sú belgíska (1831) og sú lúxembúrgíska (1868).

Flestar evrópskar stjórnarskrár eru frá tímabilinu eftir stríð og endurspegla því frekar nútímalegar stjórnskipunarhugmyndir. Þannig urðu ítalska (1947) og þýska stjórnarskráin (1949) til rétt eftir stríð og markast af viðleitni til að festa lýðræðið rækilega í sessi á rústum nasisma og fasisma. Þá má nefna að ríki Suður-Evrópu sem snerust til lýðræðisáttar á áttunda áratugnum settu sér nýja stjórnarskrá af því tilefni (Grikkland 1975, Portúgal 1976 og Spánn 1978). Flest fyrrverandi kommúnistaríki Austur-Evrópu hafa endurskoðað stjórnarskrár sínar frá grunni síðustu 20 árin.

Ofangreindar stjórnarskrár urðu til í kjölfar mikilla pólitískra umbrotatíma. Í öðrum ríkjum hafa verið settar nýjar stjórnarskrár (eða þær endurskoðaðar í veigamiklum atriðum) án þess að svo væri. Má nefna Danmörku (1953), Svíþjóð (1974), Holland (1982) og í seinni tíð Sviss (2000) og Finnland (2000). Í Austurríki var sett á fót stjórnlagaþing sem starfaði í tvö ár (2003–2005). Ekki náðist samkomulag um breytingartillögur og hefur formaður stjórnlagaþingsins lagt fram tillögu í eigin nafni.

Bretland hefur sérstöðu því þar er engin eiginleg stjórnarskrá heldur byggist stjórnskipunin á venjum og almennum lögum.

Það er ekki auðvelt að greina tiltekna „stjórnskipunarþróun" í Evrópu undanfarna áratugi. Stjórnskipuleg fjölbreytni er mikil. Umbótastarf á sér venjulega rætur innanlands og fylgir ekki sameiginlegri alþjóðlegri stefnu. Tiltekin atriði eru þó auðvitað sameiginleg öllum vestrænum lýðræðis- og réttarríkjum: Vernd mannréttinda, lögbundin stjórn, lýðræðisfyrirkomulag, þ.e. réttur borgaranna til að skipta um valdhafa, og valddreifing, þ.e. ríkisvaldi er skipt milli nokkurra meginhandhafa til þess að tempra valdið. Helst má greina eftirfarandi þróunardrætti undanfarna áratugi:

- mannréttindaákvæði hafa orðið ítarlegri; á meðan stjórnarskrár 19. aldarinnar voru oftast fáorðar um mannréttindi þá gegnir öðru máli um þær stjórnarskrár sem orðið hafa til eftir 1945; félagsleg réttindi hafa hlotið vaxandi viðurkenningu við hlið borgaralegra- og stjórnmálalegra réttinda;
- eftirlit með því að lög samrýmist stjórnarskrá hefur verið eflt, í mörgum ríkjum hafa sérstakir stjórnlagadómstólar verið settir á fót að þýskri fyrirmynd, þá hefur verið skerpt á slíku eftirliti í norrænum rétti, sbr. stjórnarskrárbreytingar í Finnlandi og Svíþjóð og breytta dómaframkvæmd í Danmörku;

---

[60] Þekkt eru einnig dæmi um ritaða gjörninga sem lögðu kvaðir á konung gagnvart þegnum sínum, sbr. Gamla sáttmála.

- vaxandi alþjóðlegt samstarf hefur kallað á stjórnskipulegar breytingar; þannig hafa verið sett ákvæði sem heimila framsal ríkisvalds að uppfylltum tilteknum skilyrðum;
- leitað hefur verið leiða til að efla löggjafarþingin, m.a. í ljósi dvínandi áhrifa andspænis Evrópusambandinu; birtist þetta til dæmis í sameiningu þingdeilda til að auka skilvirkni og ákvæðum um að bera verði tilteknar ákvarðanir í Evrópu- eða alþjóðamálum undir þingin;
- leitað hefur verið leiða til að auka lýðræðisleg áhrif almennings; þótt erfitt sé að tala um almenna þróun er óhætt að fullyrða að þegar á annað borð hefur verið breytt reglum um kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur þá er það yfirleitt til þess að útvíkka slík réttindi;
- aukin vitund um mikilvægi þess að vernda umhverfið endurspeglast undantekningarlítið í nýlegri stjórnarskrám.

Drög að stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins fela einnig í sér margar athyglisverðar nýjungar en þess ber að sjálfsögðu að geta að hann geymir fyrst og fremst grundvallarreglur um sambandið sem yfirþjóðlega stofnun og kemur ekki í staðinn fyrir stjórnarskrár aðildarríkjanna.[61]

Ef horft er til Norðurlandanna sérstaklega þá má vekja athygli á því að í Noregi hafa umbætur undanfarinna ára og áratuga beinst að því að uppfæra ákvæði um mannréttindi, tjáningarfrelsi og umhverfisvernd, í Svíþjóð var tekið af skarið um að konungur hefði enga hlutdeild í framkvæmdarvaldi, í Finnlandi fór fram heildarendurskoðun þar sem mannréttindakaflinn var uppfærður, þingið eflt og völd forseta minnkuð.

## 2. Form, efni og uppbygging stjórnarskrár

Flestar stjórnarskrár Evrópuríkja eru eitt heildstætt skjal. Frá því eru undantekningar. Þannig samanstendur sænska stjórnarskráin af fjórum mismunandi grundvallartextum (regeringsformen, tryckfrihetsförordningen, yttrandefrihetslagen og successionsordningen).

Í Mannréttindayfirlýsingu frönsku byltingarinnar frá 26. ágúst 1789 sagði að í ríki þar sem réttindi og valddreifing væru ekki tryggð væri í raun engin stjórnskipun. Þarna birtist hugmynd um að tilteknir þættir þurfi að vera fyrir hendi þannig að hægt sé að tala um nútímalega stjórnskipun. Þótt stjórnarskrár Evrópuríkja séu fjölbreyttar þá eru tilteknir efnisþættir í þeim flestum. Fyrst má nefna ákvæði um stjórnarform ríkisins og grundvallarreglur lýðræðisins. Í öðru lagi eru ákvæði um grundvallarréttindi borgaranna veigamikill hluti af nútímalegri stjórnarskrá og því er þau gjarnan að finna í upphafi stjórnarskrár, einkum í þeim nýrri. Það er breytilegt frá einu landi til annars hversu ítarleg þessi ákvæði eru og fer oftast eftir aldri stjórnarskránna. Þannig er listinn gjarnan mjög rækilegur í stjórnarskrám ríkja Austur-Evrópu. Í frönsku stjórnarskránni og þeirri ítölsku svo dæmi séu tekin eru ákvæðin um grundvallarréttindi mun fábrotnari. Í þriðja lagi má svo nefna ákvæði um æðstu handhafa ríkisvalds, þ.e. þjóðhöfðingja, ríkisstjórn, þing og dómstóla og samspil þeirra á milli. Í sumum löndum er skipað saman ákvæðum sem eiga við um hvern meginhandhafa ríkisvalds. Í öðrum löndum ræðst skiptingin meira af meginverkefnum ríkisins, þ.e. löggjöf, framkvæmd laga, dómstörfum og samskiptum við erlend ríki.

Uppröðun kafla í stjórnarskrá getur einnig gefið vísbendingu um valdahlutföll milli æðstu stofnana ríkisins. Í frönsku stjórnarskránni til dæmis er tiltölulega rækilegur kafli um forsetann hafður á undan köflunum um ríkisstjórn og þing. Í ítölsku, austurrísku, sænsku og þýsku

[61] Framtíð sáttmálans er í mikilli óvissu eftir að hann var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Frakklandi og Hollandi.

stjórnarskránum koma ákvæðin um þing hins vegar á undan ákvæðum um þjóðhöfðingja og ríkisstjórn.

Lengd stjórnarskrár er ákaflega breytileg frá einu landi til annars. Hollenska stjórnarskráin með 142 greinar er þannig í meðallagi löng. Portúgalska stjórnarskráin hins vegar með 298 greinar er líkast til með þeim lengstu. Danska stjórnarskráin og sú franska með 89 greinum hvor eru hins vegar með þeim styttri.

Sumar stjórnarskrár hafa formála eins og til dæmis sú þýska, írska, og franska sem dregur saman mikilvægustu atriðin sem varða grundvöll stjórnskipunarinnar eða afmörkun ríkisins og sjálfsmynd þjóðarinnar, sbr. þá tyrknesku og írsku. Slíkir formálar eru ekki í norrænu stjórnarskránum.

### 3. Afmörkun efnis

Í þeirri greinargerð sem hér fer á eftir verður víða leitað fanga um athyglisverð stjórnarskrárákvæði og reynt að greina þróun. Fyrst og fremst eru skoðuð efni sem hafa þýðingu á Íslandi en horft fram hjá öðrum viðfangsefnum sem kunna samt að vera snar þáttur í stjórnskipun viðkomandi ríkis (til dæmis ákvæði um landvarnir eða ákvæði í sambandsríki um valdmörk sambandsins og aðildarríkja þess).

Rétt er að hafa í huga við slíkan samanburð að norrænu ríkin hafa að sumu leyti sérstöðu miðað við önnur Evrópuríki. Þar má nefna tilvist þjóðkirkju á meðan aðskilnaður ríkis og kirkju er víðast hvar við lýði á meginlandinu, mikilvægi umboðsmanns þjóðþinganna að því er varðar eftirlit með framkvæmdarvaldinu og þá staðreynd að ekki hafa verið settir á fót sérstakir stjórnlagadómstólar.

## II Ákvæði um grundvallargildi og stjórnarform

### 1. Inngangur

Margar stjórnarskrár geyma ákvæði um stjórnarform ríkisins og helstu meginreglur stjórnskipunarinnar og jafnvel nokkurs konar heimspekilegan og siðferðislegan grundvöll ríkisins.

Algeng eru ákvæði um uppsprettu ríkisvalds. Þannig segir í 1. grein **sænsku stjórnarskrárinnar** (Regeringsformen) að „allt almannavald stafar frá þjóðinni“ og ennfremur að sænskt lýðræði sé byggt á „frjálsri skoðanamyndun og almennum og jöfnum kosningarétti“. Í finnsku stjórnarskránni, 2. grein, segir: „ríkisvald er í höndum þjóðarinnar en þingið er fulltrúi hennar“. Þá er þar einnig ákvæði um að í lýðræði felist réttur einstaklinga til að taka þátt í og hafa áhrif á þróun þjóðfélagsins og lífsskilyrða.

Annað atriði sem gjarnan er að finna í upphafsákvæðum stjórnarskrár er að meðferð ríkisvalds byggist á lögum, sbr. 2. gr. finnsku stjórnarskrárinnar og 1. gr. sænsku stjórnarskrárinnar. Um þetta er nú ítarlegt ákvæði í 5. gr. svissnesku stjórnarskrárinnar þar sem segir að athafnir ríkisins verði að byggjast á lögum og vera innan marka laga, þá verði þær að þjóna almannahagsmunum og megi ekki ganga lengra en nauðsyn krefur:

> Art. 5 Grundsätze rechtsstaatlichen Handelns
> 1 Grundlage und Schranke staatlichen Handelns ist das Recht.
> 2 Staatliches Handeln muss im öffentlichen Interesse liegen und verhältnismässig sein.
> 3 Staatliche Organe und Private handeln nach Treu und Glauben.
> 4 Bund und Kantone beachten das Völkerrecht.

Gott dæmi um upptalningu á helstu grundvallargildum í nútíma lýðræðisríki er finna í stjórnarskrársáttmála **Evrópusambandsins** í 2. gr.:

> The Union is founded on the values of respect for human dignity, freedom, democracy, equality, the rule of law and respect for human rights, including the rights of persons belonging to minorities. These values are common to the Member States in a society in which pluralism, non-discrimination, tolerance, justice, solidarity and equality between women and men prevail.

Fróðlegt er að bera ofangreinda klausu saman við innganginn að **bandarísku stjórnarskránni** (1787) en hann hljóðar svo:

> We the People of the United States, in Order to form a more perfect Union, establish Justice, insure domestic Tranquility, provide for the common defence, promote the general Welfare, and secure the Blessings of Liberty to ourselves and our Posterity, do ordain and establish this Constitution for the United States of America.

Verður nú vikið nánar að stjórnarskrárákvæðum um tengsl ríkis og kirkju og umhverfisvernd.

**2. Tengsl ríkis og kirkju**

Í mörgum stjórnarskrám er vísað til kristilegrar menningararfleifðar. Þannig er talað um ábyrgð stjórnarskrárgjafans þýska „frammi fyrir guði og mönnum“ (formáli að þýsku stjórnarskránni) á meðan það er sérstaklega tekið fram í formála að frönsku stjórnarskránni að ríkið sé „hlutlaust í trúarefnum“.

Ríkiskirkja hefur verið við lýði á Norðurlöndum og sér þessa stað í stjórnarskrám þessara ríkja. Samkvæmt 2. grein norsku stjórnarskrárinnar er evangelísk lúterstrú opinber ríkistrú þar í landi. Jafnframt segir þar að foreldrar sem séu lútherstrúar verði að ala börn sín upp í sömu trú. Að mati fræðimanna hefur þetta síðastnefnda ákvæði ekki lengur neina lagalega þýðingu.

Í dönsku stjórnarskránni er ákvæði í 4. gr. sem er mjög líkt því íslenska í 62. gr. stjórnarskrárinnar og segir þar að hin evangelíska lúterska kirkja sé hin opinbera kirkja í Danmörku og skuli ríkisvaldið styðja hana sem slíka.

Í sænsku og finnsku stjórnarskránum hafa verið stigin skref til að losa um tengsl milli ríkis og kirkju. Þannig segir í sænsku stjórnarskránni: „Föreskrifter om trossamfund meddelas i lag. I lag skall också meddelas föreskrifter om grunderna för Svenska kyrkan som trossamfund.“ (Regeringsformen gr. 8.6.) Í finnsku stjórnarskránni, 76. gr., segir að mæla skuli fyrir um skipulag og stjórn evangelísku lútersku kirkjunnar í kirkjulögum.

Sé litið til nokkurra annarra ríkja má nefna að jafnvel þótt víða sé vitnað til æðri máttarvalda í írsku stjórnarskránni þá segir þar ennfremur í 44. gr. að ríkinu sé bannað að styðja tiltekin trúarbrögð. Í ítölsku stjórnarskránni eru sérstök ákvæði um kaþólsku kirkjuna en þau kveða á um sjálfstæði hennar gagnvart ríkisvaldinu. Í pólsku stjórnarskránni er kveðið á um jafnrétti allra trúfélaga og að samband ríkis og kaþólsku kirkjunnar byggist á samningum við Vatíkanið.

## 4. Umhverfisvernd og eignarhald á auðlindum

### 4.1 Inngangur

Mörg ríki hafa á undanförnum árum og áratugum tekið ákvæði um umhverfisvernd upp í stjórnarskrá (Noregur, Svíþjóð, Finnland, Sviss og Frakkland en einnig Grikkland, Króatía, Spánn, Ungverjaland og Tékkland). Þegar þau ákvæði eru skoðuð kemur í ljós að margar leiðir eru færar og svara þarf ýmsum spurningum áður en ákvæði í þessa veru eru útfærð.

Taka þarf afstöðu til þess hversu víðfeðmur umhverfisrétturinn á að vera: Er átt við vernd umhverfis, náttúru, lífríkis, sjálfbærrar þróunar, auðlinda og jafnvel þjóðararfsins (sbr. 20. gr. finnsku stjórnarskrárinnar)? Á jafnframt að stjórnarskrárbinda réttinn til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál?

Þá má geta 2. gr. finnsku stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Lýðræði felur í sér rétt einstaklinga til að taka þátt í og hafa áhrif á þróun þjóðfélagsins og lífsskilyrða sem þeir búa við.“ Þarna er vísað til „lífsskilyrða“ og virðist nærtækt að náttúran og umhverfið heyri þar undir. Samkvæmt þessu eru umhverfisvernd og möguleikar manna til vitneskju um umhverfismál og til að hafa áhrif á ákvarðanir um umhverfismál mikilvægur þáttur í nútímaskilningi á lýðræði.

Er um almenna stefnuyfirlýsingu að ræða fyrst og fremst eða rétt einstaklinga sem framfylgja má frammi fyrir dómstólum? Spyrja má hvort stefnuyfirlýsingar hafi mikla þýðingu ef þær færa einstaklingum engan beinan rétt. Líklega verður að svara því játandi því þær geta hafa áhrif við túlkun almennra laga og þegar þarf að taka matskenndar ákvarðanir. Þær hafa þannig áhrif á vægi sjónarmiða.

Á einungis að kveða á um rétt eða á einnig að mæla fyrir um skyldur? Í sumum stjórnarskrárákvæðunum er lögð áhersla á ábyrgð einstaklinganna á umhverfi sínu. Það virðist skynsamleg og eðlileg nálgun en auðvitað er spurning hvaða lagalegu þýðingu slík ákvæði hafa.

Sjaldgæfara er að fjallað sé í stjórnarskrá um eignarhald á auðlindum, meðferð þeirra og nýtingu.

### 4.2 Dæmi um stjórnarskrárákvæði

Ákvæði um umhverfisvernd hafa verið tekin upp í stjórnarskrár nokkurra Evrópuríkja að undanförnu eins og rakið er hér að neðan. Þá hefur úkraínska ákvæðið sérstöðu af því að það tekur með beinum hætti á eignarhaldi náttúruauðlinda.

**Noregur,** grein 110b sem tekin var upp í stjórnarskrá árið 1992:

> Sérhver maður á rétt til heilnæms umhverfis og náttúru þar sem gróska og fjölbreytni eru vernduð. Nýta ber náttúruauðlindir á grundvelli heildrænna langtímasjónarmiða þar sem réttur komandi kynslóða er einnig tekinn til greina.
>
> Til þess að standa vörð um rétt sinn á gundvelli ofangreindrar málsgreinar, eiga borgarar rétt á að fá upplýsingar um ástand náttúrulegs umhverfis og áhrif fyrirhugaðra eða yfirstandandi framkvæmda á náttúruna.
>
> Stjórnvöld skulu gefa út nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara meginreglna.

**Finnland,** 20. grein stjórnarskrárinnar frá árinu 2000:

*Ábyrgð á umhverfinu*
Náttúran og fjölbreytileiki lífríkisins, umhverfið og þjóðararfurinn eru á ábyrgð allra.
Stjórnvöld skulu keppa að því að tryggja öllum rétt til heilnæms umhverfis og möguleikann á að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða þeirra eigin lífrænt umhverfi.

**Evrópusambandið,** 97. grein stjórnarskrársáttmálans frá árinu 2004:

*Náttúruvernd*
Náttúruvernd á háu stigi og bætt umhverfi verða að vera hluti af stefnu Sambandsins. Tryggja verður hvort tveggja í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun.

**Frakkland,** hinn svokallaði umhverfisverndarsáttmáli (La Charte de l'environnement) var tekinn upp í stjórnarskrána með ákvörðun sameinaðs þings 1. mars 2005:

„1. Sérhver maður á rétt á að lifa í heilsusamlegu umhverfi þar sem ríkir jafnvægi.
2. Sérhverjum manni ber skylda til að taka þátt í vernd og umbótum umhverfisins.
3. Sérhverjum manni ber skylda til að tilkynna fyrirfram í samræmi við lög um aðgerðir sem geta skaðað umhverfið, eða draga að öðrum kosti úr skaðlegum áhrifum.
4. Sérhverjum manni ber að stuðla að því að bæta úr skaða sem hann veldur umhverfinu, samkvæmt nánari ákvæðum í lögum.
5. Þegar framkvæmdir geta skaðað umhverfið með alvarlegum og óafturkræfum hætti ber stjórnvöldum að sjá til þess í samræmi við varúðarregluna að áhætta sé metin og að dregið sé úr henni eftir fremsta megni.
6. Stefna stjórnvalda á að stuðla að sjálfbærri þróun. [...]
7. Sérhver maður á rétt, innan marka laga, á aðgangi að upplýsingum um umhverfið í fórum stjórnvalda og þátttöku í ákvörðunum sem hafa áhrif á umhverfið.
[8.–10. grein]"

**Svíþjóð, 2. grein stjórnarskrárinnar frá 1974:**

„[...] Stjórnvöldum ber að stuðla að sjálfbærri þróun sem leiðir til góðs umhverfis fyrir núverandi og komandi kynslóðir. [...]"

**Sviss,** 73. og 79. grein stjórnarskrárinnar frá árinu 2000:

73. grein
Sambandsríkið og kantónurnar skulu stefna að því að koma á langvinnu jafnvægi milli náttúrunnar, einkum hvað varðar getu hennar til endurnýjunar, og nýtingar af hálfu mannsins.

79. grein
Sambandsríkið skal móta meginreglur um fiskveiðar og skotveiðar í því augnamiði að vernda fjölbreytni fiskjar, villibráðar og fugla.

**Úkraína**, 13. grein stjórnarskrárinnar

> Jörðin, málmar, loftið, vatn og aðrar náttúrulegar auðlindir innan yfirráðasvæðis Úkraínu, landgrunnsins og efnahagslögsögunnar lúta eignarrétti úkraínsku þjóðarinnar. Handhafar ríkisvalds og héraðsstjórna fara með þennan rétt í umboði þjóðarinnar innan þeirra marka sem dregin eru í stjórnarskránni.
>
> Hverjum borgara er heimilt að nýta eignir þessar í samræmi við lög.
>
> Eign fylgir ábyrgð. Notkun eigna má ekki skaða aðra einstaklinga eða samfélagið.
>
> [...]

## III Lýðræði

### 1. Almennt

Í sumum nýlegum stjórnarskrám eru ákvæði um rétt almennings til þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi. Bera þau vott um þann skilning að í lýðræðislegum rétti felist fleira en réttur til að taka þátt í kosningum. Líta má svo á að réttur almennings til upplýsinga sé þáttur þessum rétti, þannig öðlist almenningur betri forsendur til að mynda sér skoðun á gerðum stjórnvalda. Þá má geta þess að þróun hefur verið í þá átt að veita útlendingum sem hafa fasta búsetu í viðkomandi landi kosningarétt, að minnsta kosti í sveitarstjórnarkosningum. Komið hefur til umræðu sums staðar að lækka kosningaldur í 16 ár.

VI kafli stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins[62] ber yfirskriftina „lýðræðisleg tilvera sambandsins". Þar segir meðal annars í 46. gr. að borgararnir eigi rétt á að taka þátt í lýðræðislegri tilveru sambandsins. Taka beri ákvarðanir með eins opnum hætti og eins nærri borgurunum og hægt er. Stjórnmálaflokkarnir eru sagðir stuðla að evrópskri stjórnmálavitund og að vilji borgaranna komi fram. Þá segir þar að stofnanir Evrópusambandsins skuli gefa borgurunum og félagasamtökum kost á að láta í ljós og skiptast opinberlega á skoðunum um öll athafnasvið sambandsins. Þá eigi stofnanirnar að viðhalda opnum, gegnsæjum og reglulegum samræðum við félagasamtök og samfélagið.

Ennfremur er mælt fyrir um rétt borgaranna til að fá tiltekin málefni tekin til umfjöllunar með það að augnamiði að settar verði um þau bindandi lagareglur. Þarf að minnsta kosti ein milljón manna frá nokkrum aðildarríkjum að standa að slíku frumkvæði.

Loks eru ákvæði í þessum kafla ESB-stjórnarskrárinnar um aðgang almennings að opinberum skjölum. Segir þar meðal annars að til þess að stuðla að góðum stjórnarháttum og tryggja þátttöku samfélagsins skuli stofnanir sambandsins starfa með eins opnum hætti og hægt er.

### 2. Fulltrúalýðræði – beint lýðræði

Beint lýðræði þar sem borgararnir réðu sameiginlegum málum sjálfir til lykta með atkvæðagreiðslu án milligöngu kjörinna fulltrúa myndi vafalaust teljast tærasta form lýðræðisins. Í raunveruleikanum eru hins vegar fá eða engin dæmi um að landi sé stjórnað með þessum hætti. Hins vegar hafa mörg ríki tekið upp ýmis form beins lýðræðis til styrkingar eða aðhalds með fulltrúalýðræðinu. Eins og alkunna er þá er þjóðaratkvæðagreiðsla hvergi algengari en í Sviss. En það er kannski síður vitað að beint lýðræði er einnig mjög tíðkað í Bandaríkjunum í hinum einstöku ríkjum (100–200 atkvæðagreiðslur um einstök málefni á

---

[62] Eins og fyrr segir er framtíð sáttmálans í óvissu.

ári að meðaltali) og eins á sveitarstjórnarstigi (10–15.000 atkvæðagreiðslur á ári). Bandaríska stjórnarskráin gerir hins vegar ekki ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum á alríkisgrundvelli.

Flokka má þjóðaratkvæðagreiðslur eftir ýmsum leiðum. Hvað efni áhrærir geta þær einkum varðað stjórnarskrá, sett lög, aðild að alþjóðasáttmálum eða tiltekin mikilvæg málefni (d. kirkjuskipun skv. 62. og 79. gr. íslensku stjórnarskrárinnar). Þá er misjafnt hvort þjóðaratkvæðgreiðslur eru bindandi eða ráðgefandi.

Gagnlegt er að flokka þjóðaratkvæðagreiðslu út frá því hvernig hún verður framkölluð. Hægt er að tala um sjálfkrafa þjóðaratkvæðagreiðslur þegar skylt er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekinn texta, t.d. eftir að hann hefur verið samþykktur á þingi. Þetta er ekki óalgengt varðandi stjórnarskrárbreytingar. Í sumum ríkjum verða allar stjórnarskrárbreytingar að fara í þjóðaratkvæði (Andorra, Armenía, Azerbaijan, Danmörk, Írland og Sviss) sem gerir það að verkum að þjóðin er í raun stjórnarskrárgjafinn. Í Austurríki og á Spáni er það einungis heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem alltaf er skylt að bera undir þjóðaratkvæði. Annars staðar þekkist það að eingöngu þurfi að bera breytingar á tilteknum mikilvægum ákvæðum stjórnarskrárinnar undir þjóðaratkvæði (Eistland, Lettland og Litháen).

Önnur mikilvæg efni sem skylt er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um eru til dæmis breytingar á kosningaaldri í Danmörku, breyting á kirkjuskipan á Íslandi og aðild að yfirþjóðlegum samtökum í Sviss.

Sumar þjóðaratkvæðagreiðslur verða ekki haldnar nema að frumkvæði yfirvalda. Í sumum ríkjum er forsetanum þannig heimilt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu (dæmi Tyrkland þar sem forsetinn getur vísað lögum til þjóðaratkvæðis sem hann hefur áður sent til baka til þingsins en þingið hefur samþykkt að nýju með 2/3 meirihluta, Albanía enda komi fram um það beiðni frá a.m.k. 50.000 kjósendum, Ísland varðandi nýsamþykkt lög frá Alþingi, Króatía enda meðundirriti forsætisráðherrann slíka ákvörðun). Í öðrum ríkjum getur þingið ákveðið að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu (d. Finnland og Svíþjóð) og sums staðar hefur jafnvel minnihluti þingmanna (t.d. í Danmörku 1/3 þingmanna, á Spáni 10% af hvorri þingdeild) þennan rétt.

Sjaldgæfara er hins vegar að efnt sé til þjóðaratkvæðagreiðslu að frumkvæði kjósenda. Hér verður að greina á milli annars vegar þjóðaratkvæðagreiðslu um texta sem þegar hefur hlotið afgreiðslu af hálfu yfirvalda og svokallaðs „þjóðarfrumkvæðis“ hins vegar þar sem hluti kjósenda getur lagt til texta sem ekki hefur enn hlotið neina formlega afgreiðslu.

Frumkvæði kjósenda í þessum skilningi hefur verið þróað hvað mest í Sviss en það þekkist einnig í Albaníu, á Ítalíu, Litháen, Lettlandi, Makedóníu og Möltu. Þá þekkist afbrigði af slíku í Póllandi, Portúgal og Ungverjalandi þar sem hluti kjósenda getur lagt til við yfirvöld að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram án þess þó að yfirvöld séu skuldbundin til að verða við þeirri kröfu.

Ekki verður farið hér nánar út í ýmsar reglur sem gilda um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu eins og til dæmis varðandi það hvernig leggja beri mál fyrir atkvæði (skýrleiki spurninga, meginreglan um efnislega samstöðu, þ.e. að ekki sé ætlast til að kjósendur samþykki allar tillögur eða hafni þeim öllum nema efnisleg tengsl séu á milli þeirra o.fl.). Þó er rétt að minnast á reglur um þátttöku- eða samþykkisskilyrði sem sums staðar þekkjast.

Í Búlgaríu, Króatíu, á Ítalíu, Möltu, í Lettlandi (nema varðandi stjórnarskrá, sjá síðar), Litháen, Rússlandi, Makedóníu er þess krafist að meirihluti kjósenda taki þátt í atkvæðagreiðslu til þess að hún sé bindandi. Í Azerbaijan er krafist þátttöku að minnsta kosti 25% kjósenda. Í Póllandi og Portúgal gildir að ef þátttaka er undir 50% telst atkvæðagreiðslan ráðgefandi en ekki bindandi.

Samþykkisskilyrði er að finna í Ungverjalandi (fjórðungur kjósenda), Albaníu og Armeníu (þriðjungur kjósenda) og Danmörku (40% varðandi stjórnarskrárbreytingar; a.m.k. 30% þurfa að vera á móti til að fella nýsamþykkt lög úr gildi). Stundum eru gerðar sérstaklega ríkar kröfur varðandi stjórnarskrárbreytingar, sbr. Lettland þar sem áskilið er samþykki 50% kjósenda varðandi slíkar breytingar.

Þess má geta að Feneyjanefnd Evrópuráðsins hefur talið að samþykkisþröskuldar séu æskilegri en þátttökuþröskuldar vegna þess hætt er við að kjósendur séu hvattir til að sitja heima til þess að ógilda kosninguna.[63]

## 2.1 Norðurlönd

**Danska stjórnarskráin** geymir ítarlegt ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar segir í 1. mgr. 42. gr. að þegar frumvarp hafi verið samþykkt á þjóðþinginu geti þriðjungur þingmanna innan þriggja vikna krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um frumvarpið. Meirihluti þings getur í því tilfelli ákveðið að draga frumvarp til baka. Ef til þjóðaratkvæðagreiðslunnar kemur þá þarf einfaldur meirihluti að greiða atkvæði gegn frumvarpinu enda sé um að ræða kosningaþátttöku að minnsta kosti 30% allra á kjörskrá. Sumum frumvörpum er ekki hægt að skjóta til þjóðaratkvæðagreiðslu eins og til dæmis fjárlagafrumvarpi. Ekki hefur mikið reynt á þetta ákvæði stjórnarskrárinnar. Aðeins einu sinni hefur komið til þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt kröfu minnihluta þingmanna og þá voru viðkomandi lög felld (jarðalög). Annað dæmi sem nefnt hefur verið er að jafnaðarmannastjórn hafi hætt við það árið 1977 að setja lög um kjarnorkuver vegna hótunar tilskilins fjölda þingmanna um að grípa til þjóðaratkvæðagreiðslu.

**Í finnsku stjórnarskránni**, 2. grein, er mjög almennt ákvæði um að í lýðræði felist réttur einstaklinga til að taka þátt í og hafa áhrif á þróun þjóðfélagsins og lífsskilyrða. Þá segir í 14. grein (kosninga- og þátttökuréttur) að yfirvöld skuli stuðla að möguleikum fyrir einstaklinginn til að taka þátt í félagsmálum og hafa áhrif á ákvarðanir sem varða hann. Finnska stjórnarskráin gerir einungis ráð fyrir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Segir í 53. grein að taka beri ákvörðum um slíka atkvæðagreiðslu með lögum.

**Í sænsku stjórnarskránni** eru í 8. kafla Regeringsformen ákvæði um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur sem segir lítið annað en að ákveða eigi fyrirkomulag þeirra með almennum lögum.

## 2.2 Önnur ríki

**Sviss** hefur löngum verið kallað vagga hins beina lýðræðis. Í svissnesku stjórnarskránni frá árinu 2000 eru ítarleg ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ákvæði 138. og 139. greinar kveða á um rétt almennings (100.000 kjósendur að lágmarki) til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þá eru í 140. grein ákvæði um að halda verði þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskránni, aðild að fjölþjóðlegum hernaðarbandalögum eða yfirþjóðlegum stofnunum, og áríðandi lög sem byggjast ekki á heimild í stjórnarskránni og hafa gildistíma sem er lengri en eitt ár. Þá getur almenningur (a.m.k. 50.000 kjósendur) samkvæmt 141. grein krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjöf:

---

[63] CDL-INF (2001)010, mgr. II.O.

**Art. 141 Fakultatives Referendum**

Verlangen es 50 000 Stimmberechtigte oder acht Kantone innerhalb von 100 Tagen seit der amtlichen Veröffentlichung des Erlasses, so werden dem Volk zur Abstimmung vorgelegt:

a. Bundesgesetze;
b. dringlich erklärte Bundesgesetze, deren Geltungsdauer ein Jahr übersteigt;
c. Bundesbeschlüsse, soweit Verfassung oder Gesetz dies vorsehen;
d. völkerrechtliche Verträge, die:
   1. unbefristet und unkündbar sind;
   2. den Beitritt zu einer internationalen Organisation vorsehen;
   3. wichtige rechtsetzende Bestimmungen enthalten oder deren Umsetzung den Erlass von Bundesgesetzen erfordert.

Samkvæmt 142. grein gildir einfaldur meirihluti þeirra sem taka þátt í kosningunni. Í sumum tilfellum þarf samþykki bæði meirihluta kjósenda og meirihluta kantóna til að lög taki gildi.

**Í írsku stjórnarskránni** er ákvæði í 27. grein um að tiltekinn hluti þingmanna (meirihluti efri deildar og að minnsta kosti þriðjungur neðri deildar í sameiningu) geti beint þeirri ósk til forseta landsins að hann undirriti ekki lög sem þingið hefur samþykkt enda séu þau svo mikilvæg fyrir þjóðina að það beri að leita eftir afstöðu hennar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Forsetinn tekur ákvörðun um hvort efnt verði til slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu að höfðu samráði við ríkisstjórnina. Í þjóðaratkvæðagreiðslu þarf einfaldan meirihluta til að fella lög enda sé um að ræða að minnsta kosti þriðjung allra á kjörskrá. Þessu ákvæði hefur eingöngu verið beitt um stjórnarskrárbreytingar.

**Í ítölsku stjórnarskránni** segir í 75. grein að halda beri þjóðaratkvæðagreiðslu um lög ef borin er fram um það tillaga af 500.000 kjósendum hið minnsta eða fimm héraðsráðum. Fjárlög, skattalög og lög um sakaruppgjöf og náðun eru þó undanskilin. Þjóðaratkvæðagreiðslan getur snúist um afnám laga í heild eða að hluta. Tillagan um afnám laga telst samþykkt ef meirihluti þátttakenda í kosningunni greiðir atkvæði með henni enda hafi kjörsókn verið meiri en 50%.

Þá er óvenjulegt ákvæði í 71. grein þar sem segir að almenningur geti lagt frumvarp fyrir þingið ef að minnsta kosti 50.000 kjósendur standa þar að baki. Engin trygging er að sjálfsögðu fyrir því að slíkt frumvarp verði samþykkt.

Í **lettnesku stjórnarskránni** er athyglisvert fyrirkomulag á þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar segir í 72. grein að forsetinn geti dregið það í allt að tvo mánuði að undirrita lög og hann verði að gera það ef að minnsta kosti þriðjungur þingmanna krefst þess. Komi fram um það ósk frá að minnsta kosti 10% kjósenda ber að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um lögin ella taka þau gildi. Þingið getur þó afstýrt þjóðaratkvæðagreiðslunni ef að minnsta kosti þrír af hverjum fjórum þingmönnum greiða atkvæði með lögunum í endurtekinni atkvæðagreiðslu um þau. Lög af vissu tagi eins og fjárlög og skattalög eru undanskilin. Einnig eru undanskilin lög sem samþykkt hafa verið í öndverðu af 2/3 hlutum þingmanna hið minnsta. Í þjóðaratkvæðagreiðslunni þarf meira en 50% kjörsókn og einfaldan meirihluta þeirra sem taka þátt til þess að fella lög úr gildi.

Þá er rétt að nefna að samkvæmt 78. grein geta 10% kjósenda farið fram á það við forsetann að hann leggi tilbúið frumvarp til laga eða til breytinga á stjórnarskránni fyrir þingið. Ef þingið samþykkir ekki lögin eða breytir frumvarpinu þá ber að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu.

**Þýsk stjórnskipun** gerir ekki ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum. Þegar núgildandi stjórnarskrá var sett var hvers kyns beinu lýðræði hafnað enda talið að þjóðin hefði ekki nauðsynlegan lýðræðislegan þroska.

Árið 2002 lögðu þáverandi ríkisstjórnarflokkar (jafnaðarmenn og græningjar) fram frumvarp til breytinga á stjórnarskránni sem hefði heimilað þjóðaratkvæðagreiðslur í afmörkuðum tilfellum. Frumvarpið náði ekki fram að ganga þar sem það hlaut ekki brautargengi í efri deild þingsins, Sambandsráðinu.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir að beint lýðræði sé líklegt til að hvetja til aukinnar lýðræðislegrar vitundar hjá almenningi og að hann verði reiðubúinn til að axla aukna samfélagslega ábyrgð.

Frumvarpið gerði ráð fyrir möguleikanum á svokölluðu þjóðarfrumkvæði. Í þjóðarfrumkvæði felst að 400.000 kjósendur að lágmarki geta krafist þess að tiltekið lagafrumvarp eða stjórnarskrárfrumvarp ásamt skýringum verði tekið til umfjöllunar í þinginu. Frumvarp af þessu tagi gæti fjallað um öll málefni nema fjárlög, skatta, laun opinberra starfsmanna, réttarstöðu þingmanna og dauðarefsingar. Ef viðkomandi frumvarp er ekki orðið að lögum 8 mánuðum síðar geta trúnaðarmenn þjóðarfrumkvæðisins byrjað að safna fylgi fyrir því að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla. Til þess að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu þarf undirskriftir að minnsta kosti 5% kjósenda innan sex mánaða. Náist sá undirskriftafjöldi þarf þjóðaratkvæðagreiðslan að fara fram innan sex mánaða. Þingið getur ákveðið að í sömu þjóðaratkvæðagreiðslu verði einnig kosið um þess eigin tillögu. Frumvarp telst samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu með einföldum meirihluta enda hafi að minnsta kosti 20% kjósenda tekið þátt. Ef frumvarp breytir stjórnarskránni þarf hins vegar samþykki 2/3 hluta þeirra sem greiða atkvæði enda hafi að minnsta kosti 40% kjósenda tekið þátt.

Í frumvarpinu var ákvæði um að afla mætti bindandi álits stjórnlagadómstólsins á því hvort viðkomandi lagafrumvarp stæðist gagnvart stjórnarskránni að kröfu ríkisstjórnar sambandslýðveldisins, ríkisstjórnar sambandslands eða þriðjungs þingmanna.

## IV Mannréttindi

### 1. Inngangur

Eins og fyrr segir þá eru ákvæði um mannréttindi einn veigamesti þátturinn í nútímalegri stjórnarskrá. Rétt er í byrjun að fara örfáum orðum um hugtakanotkun. Hefð er fyrir því íslenskum stjórnskipunarrétti að vísa til þeirra réttinda sem borgurunum er tryggð í stjórnarskrá sem mannréttinda. Erlendis er hins vegar gjarnan talað um grundvallarréttindi í þessu sambandi til aðgreiningar frá mannréttindum sem tryggð eru í helstu alþjóðasamningum á því sviði.

Eðli þeirra réttinda sem tryggð eru í stjórnarskrá getur verið misjafnt. Hægt er að flokka réttindin á marga vegu. **Í fyrsta lagi** má greina á milli réttinda eftir því hvort dómstólar geti byggt á þeim niðurstöðu eða ekki. Reyndar draga sumir í efa að réttindi sem ekki er hægt að fá fulltingi dómstóla fyrir séu eiginleg réttindi. Nær væri að tala um markmið sem ríkinu beri að stefna að. Má taka sem dæmi 22. gr. hollensku stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Stjórnvöld skulu grípa til aðgerða til að bæta heilsu almennings.“ **Í öðru lagi** má flokka réttindi út frá því hvert sé hlutverk ríkisins við að framfylgja þeim. Þar má greina aðallega á milli annars vegar frelsisréttinda þar sem ríkinu ber fyrst og fremst að halda að sér höndum og hins vegar tilkallsréttinda þar sem ríkinu ber að láta eitthvað í té. Þessi skipting fer að nokkru leyti saman við skiptingu í stjórnmálaleg og borgaraleg réttindi annars vegar og félagsleg réttindi hins vegar. Til viðbótar vilja sumir meina að réttindi til þátttöku í starfsemi ríkisins séu sér-

stakur flokkur réttinda sem og réttindi sem tengjast réttlátri málsmeðferð. Eins er algengt að tala um mismunandi kynslóðir réttinda og er þá gjarnan vísað til réttar til friðar og heilnæms umhverfis sem nýjustu kynslóðarinnar í þeim efnum.

**2. Norrænn réttur**

Mismunandi aldur norrænu stjórnarskránna kemur vel í ljós þegar borin eru saman ákvæði þeirra um mannréttindi. Þannig geyma danska og norska stjórnarskráin fremur fábrotin mannréttindaákvæði og vernda að meginstefnu til aðeins borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Jafnréttisákvæði **finnsku stjórnarskrárinnar** í 6. gr. er ítarlegra en íslenska ákvæðið að því leyti að talað er um heilsu og fötlun sem þætti sem ekki má nota eina og sér til að réttlæta mismunun. Hins vegar er ekki getið ýmissa annarra þátta sem koma fyrir í íslenska ákvæðinu eins og efnahags og ætternis. Þá er í finnsku jafnréttisgreininni einnig ákvæði um rétt barna.

Í finnsku stjórnarskránni er einnig ákvæði um „kosninga- og þátttökuréttindi". Þar segir í 14. gr. m.a. að útlendingar sem hafi fasta búsetu í Finnlandi njóti kosningaréttar í sveitarstjórnarkosningum. Ennfremur segir þar að stjórnvöld skuli „stuðla að tækifærum fyrir einstaklinginn til að taka þátt í félagslífi og hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta hann".

Þá er vert að nefna tjáningarfrelsisákvæðið í 12. gr. sem segir m.a.: „Skjöl og gögn í vörslu stjórnvalda eru öllum aðgengileg nema birting þeirra hafi af brýnum ástæðum verið takmörkuð með lögum."

Þótt **Norðmenn** hafi farið mjög varlega í að breyta stjórnarskránni frá 1814 þá hafa verið gerðar markverðar breytingar er varða réttindaákvæði hennar til viðbótar við umhverfisréttarákvæðið í gr. 110b sem fyrr var nefnt. Í tengslum við lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu árið 1994 var svohljóðandi ákvæði bætt við stjórnarskrána:

*Grein 110. c.*
Det paaligger Statens Myndigheder at respektere og sikre Menneskerettighederne.
Nærmere Bestemmelser om Gjennemførelsen af Traktater herom fastsættes ved Lov.

Árið 2004 var svo tjáningarfrelsisákvæði norsku stjórnarskrárinnar endurskoðað. Með nokkurri vissu má fullyrða að leitun sé að jafn ítarlegu stjórnarskrárákvæði um tjáningarfrelsi ef undan eru skilin ákvæðin í sænsku stjórnarskránni. Norska ákvæðið hljóðar nú svo:

*100. gr.*
Ytringsfrihed bör finde Sted.
Ingen kan holdes retslig ansvarlig paa andet grundlag end Kontrakt eller andet privat Retsgrundlag, for at have meddelt eller modtaget Oplysninger, Ideer eller Budskab, medmindre det lader sig forsvare holdt op mod Ytringsfrihedens Begrundelse i Sandhedssögen, Demokrati og Individets frie Meningsdannelse. Det retslige Ansvar bör være foreskrevet i Lov.
Frimodige Ytringer om Statsstyrelsen og hvilkensomhelst anden Gjenstand ere Enhver tilladte. Det kan kun sættes slige klarlig definerede Grændser for denne Ret, hvor særlig tungtveiende Hensyn gjöre det forsvarligt holdt op imod Ytringsfrihedens Begrundelser.
Forhaandscensur og andre forebyggende Forholdsregler kunne ikke benyttes, medmindre det er nödvendigt for at beskytte Börn og Unge imod skadelig Paavirkning fra levende Billeder. Brevcensur kan ei sættes i Værk uden i Anstalter.
Enhver har Ret til Indsyn i Statens og Kommunernes Akter og til at följge Forhandlingerne i Retsmöder og folkevalgte Organer. Det kan i Lov fastsættes Begrænsninger i denne Ret ud fra Hensyn til Personvern og af andre tungtveiende Grunde. Uppl.réttur
Det paaligger Statens Myndigheder at lægge Forholdene til Rette for en aaben og oplyst offentlig Samtale.

### 3. Önnur ríki

Eins og fyrr segir þá er það eitt helsta einkenni nútímalegrar stjórnarskrár að geyma ítarleg ákvæði um réttindi borgaranna. Fyrirmyndir eru gjarnan sóttar til helstu alþjóðasamninga. Til dæmis má víða merkja í stjórnarskrám Austur-Evrópuríkja orðalag sem sótt er til Mannréttindasáttmála Evrópu.

Víða hefur það álitamál uppi hvernig eigi að fara með hin svokölluðu félagslegu réttindi. Öðrum þræði eru réttur til vinnu, lífsviðurværis og húsnæðis svo dæmi sé tekið einhver mikilvægustu réttindi fólks og því jafnvel hugleiknari en hin svokölluðu borgaralegu og stjórnmálalegu réttindi (tjáningarfrelsi, félagafrelsi, friðhelgi einkalífs o.s.frv.). Á hinn bóginn er mikil tregða til að viðurkenna réttindi með lagalega skuldbindandi hætti sem kosta fjárútlát af hálfu ríkisvaldsins.

Í sumum nýlegum stjórnarskrártextum er þetta vandamál leyst með því að hafa sérstaka kafla um „félagsleg markmið“, sbr. t.d. 3. kafla **svissnesku stjórnarskrárinnar** frá árinu 2000. Þar segir að sambandsríkið og kantónurnar skuli kosta kapps um að tryggja að allir njóti almannatrygginga, heilbrigðisþjónustu, hentugs húsnæðis, menntunar og aðstoðar samfélagsins þegar eitthvað bjátar á vegna aldurs, fötlunar, veikinda, slysa, atvinnuleysis o.s.frv. Jafnframt er tekið fram að ákvæði þessi leiði ekki til þess að einstaklingar öðlist lagalega bindandi rétt til framlaga af hálfu ríkisins.

Það þarf samt ekki að þýða að ákvæði af þessu tagi hafi enga lagalega þýðingu. Í löndum þar sem stjórnarskráreftirlit af hálfu dómstóla er hvað þróaðast geta dómstólar í vissum tilfellum lagt almennt mat á löggjöf án þess að réttindi tiltekinna einstaklinga ættu í hlut. Þannig gæti reynt á hvort aðgerðir stjórnvalda væru í samræmi við stefnuyfirlýsingar af þessu tagi.

Réttindaskrá **Evrópusambandsins** sem er hluti af stjórnarskrársáttmálanum sker sig einkum úr miðað við til dæmis íslensku, dönsku og norsku stjórnarskrána vegna þeirra félagslegu réttinda sem þar eru talin upp. Má nefna verkfallsrétt og réttinn til ókeypis atvinnumiðlunar.

Í framhaldi af fullgildingu Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa nokkur ríki farið þá leið að kveða í stjórnarskrá á um athafnaskyldu stjórnvalda til að afnema mismunum. Má þar nefna Þýsku, finnsku og grísku stjórnarskrána. Í Þýskalandi er það orðað svo að stjórnvöld skuli stuðla að raunverulegu jafnrétti kynjanna og grípa til aðgerða til að eyða þeirri mismunun sem nú viðgengst. Með breytingum á grísku stjórnarskránni frá 2001 eru stjórnvöld nú skuldbundin til að afnema misrétti, sérstaklega misrétti gagnvart konum. Í Finnlandi er aftur á móti sérstaklega vísað til jafnréttis á vinnumarkaði og tilgreint að nánar skuli kveðið á um leiðir til að tryggja jafnrétti kynjanna í lögum.

## V Löggjafarþing og löggjöf

### 1. Inngangur

Oft er sett jafnaðarmerki á milli „þings“ og „löggjafa“ og orðin notuð eins og um samheiti væri að ræða. Sú orðanotkun er auðvitað ekki fjarri lagi en hún er samt ekki fyllilega nákvæm. Þing deila yfirleitt löggjafarvaldi sínu með öðrum stofnunum ríkisins og þau gegna fleiri hlutverkum heldur en eingöngu löggjafarhlutverkinu. Ekki þarf heldur að fara lengra aftur en til 18. aldar til að rekast á þing sem höfðu dómsvald en ekki löggjafarvald eins og var raunin í Frakklandi fyrir byltingu.

Í upphafi voru þingin ráðgjafarsamkundur fyrir konung. Það var mikilvægt skref í þróun þinga þegar meðlimir þeirra losuðu sig undan því að vera bundnir af fyrirmælum frá þeim sem tilnefndu þá. Það er einmitt viðurkennt í mörgum nútíma stjórnarskrám að þingmenn séu frjálsir að því að ráðstafa atkvæði sínu að vild og að þeir séu í raun fulltrúar þjóðarinnar allrar, sbr. 48. gr. ísl. stjskr.

Það var í Bretlandi sem þinginu óx fyrst fiskur um hrygg. Það fékk vaxandi hlutdeild í löggjafarvaldi konungs. Jafnframt þróaðist ábyrgð ríkisstjórnar gagnvart þinginu. Hið svokallaða þingræði varð til. Lykillinn að þeim blómatíma þjóðþinganna sem hófst á seinni hluta 19. aldar og stendur enn er sú staðreynd að það var almennt viðurkennt sem hin eina sanna fulltrúasamkunda allrar þjóðarinnar og að engar mikilvægar ákvarðanir í þjóðmálum yrðu teknar án atbeina hennar.

Undanfarna áratugi hefur samt vaxið umræða um að þingin séu í kreppu. Talað er um flokksaga sem heftir frelsi þingmanna til að gera það sem samviskan býður þeim, ósæmileg ítök hagsmunasamtaka, að þingmenn hafi fjarlægst umbjóðendur sína og að framkvæmdarvaldið noti þingin sem hreina afgreiðslustofnun. Til að bæta gráu ofan á svart eiga þing Evrópusambandsríkjanna – að minnsta kosti – við það að etja að löggjafarvald hefur í vaxandi mæli færst til yfirþjóðlegra stofnana. Sú staðreynd að hvarvetna eru vandamálin sem þingin glíma við svipuð bendir til þess að þetta séu engin tilfallandi vandamál heldur miklu fremur kerfislæg. En hvað er til ráða? Auðvitað kann að vera svigrúm fyrir meira beint lýðræði en samt virðist útilokað að það geti komið að neinu verulegu leyti í stað fulltrúalýðræðis þegar kemur að því að ráða fram úr þeim flóknu úrlausnarefnum sem nú koma til kasta þinganna. Fulltrúalýðræðið er eftir allt illskásta stjórnarformið sem stendur til boða.

Viðfangsefni stjórnskipunarréttarins í byrjun 21. aldar virðist því vera ekki síst að benda á leiðir til að renna styrkari stoðum undir tvö meginhlutverk þinganna, þ.e. löggjöf (3) og eftirlit með framkvæmdarvaldinu (4). En fyrst verður hugað að nánar að grundvelli þess umboðs sem þingin hafa (2).

## 2. Umboð þings

Flestar stjórnarskrár mæla svo fyrir um að þingmenn séu *frjálsir og óbundnir gagnvart kjósendum*. Hugsunin, sem rekja má til hugmynda um að fullveldið sé hjá þjóðinni, er sú að þingmenn séu valdir sem fulltrúar *allrar þjóðarinnar* og taki ákvarðanir í umboði hennar því hún er ófær um það sem slík af praktískum ástæðum. Þessi regla um að þingmenn séu frjálsir og eingöngu bundnir af samvisku sinni á erfitt uppdráttar gagnvart flokksaganum sem einkennir störf nútímaþinga. Auðvitað er samt ekki hægt að banna þingmönnum að gangast af fúsum og frjálsum vilja undir flokksaga. Sums staðar hafa verstu birtingarform flokksagans verið talin stríða gegn stjórnarskrá (dæmi eru frá sumum löndum að það hafi tíðkast að formenn þingflokka fengju frá nýjum þingmönnum afsagnarbréf sem hægt var að draga upp úr pússi sínu hvenær sem á þurfti að halda ef menn lutu ekki flokksaga).

Til eru efri deildir þinga þar sem frelsi þingmanna er ekki viðurkennt. Á það við um sambandsráðið í Þýskalandi sem samanstendur af fulltrúum ríkisstjórna sambandslandanna sem tilnefna þá og afturkalla.

Frelsi þingmanna helgast af því að þeir eru *kosnir með lýðræðislegum hætti*. Allir ríkisborgarar njóta kosningaréttar (konur og karlar án undantekningar nema hvað varðar aldur, hugsanlega að menn hafi ekki verið sviptir borgaralegum réttindum og búsetu). Þótt kosningin sé bein og kosningarétturinn jafn þá eru reglur um útreikning sæta mjög mismunandi. Sum staðar eru slíkar reglur í stjórnarskrá eins og í Belgíu, Írlandi og Austurríki. Annars

staðar er það löggjafinn sem setur þær eins og í Frakklandi. Í mörgum Evrópuríkjum gildir *hlutfallskerfi*, þ.e. að allir flokkar fá sæti í hlutfalli við fylgi sitt (sums staðar hefur verið sett lágmark – 5% í Þýskalandi til dæmis). Ókosturinn er sá að fylgið getur dreifst á mjög marga flokka og það getur verið erfitt að mynda stöðugan meirihluta. *Meirihlutakerfi* er við lýði annars staðar eins og í Bretlandi þar sem sá listi sem fær flest atkvæði í hverju kjördæmi fær öll sætin í sinn hlut. Þannig verður til öflugur og stöðugur meirihluti á þingi en litlu flokkarnir bera skarðan hlut frá borði. Sigurvegarinn ræður þannig þegar upp er staðið yfir fleiri sætum á þingi heldur en raunverulegt kjörfylgi hans segir til um. Meirihlutakerfi með tveimur umferðum getur lagfært að nokkru leyti þessa skekkju, eins og í Frakklandi, þar sem til þess að öðlast sæti þarf annað hvort hreinan meirihluta í fyrstu umferð eða þátttöku í kosningabandalagi í annarri umferð. Til að kosningar séu lýðræðislegar er yfirleitt talað um að þurfi almennan kosningarétt og kjörgengi, leynilegar kosningar, takmarkað kjörtímabil en hins vegar ekki gerðar kröfur um jafnt vægi atkvæða né að neinu tilteknu kosningakerfi sé fylgt.

Í **sænsku stjórnarskránni** er ákvæði um að í þingkosningum skuli kjósendur ekki einungis eiga þess kost að greiða tilteknum flokki atkvæði sitt heldur einnig að láta í ljósi stuðning við tiltekinn frambjóðanda, sbr. 1. gr. 3. kafla Regeringsformen.

Umboð þingmanna er hvarvetna takmarkað í tíma. *Lengd kjörtímabils* ræðst annars vegar af þeirri nauðsyn að gefa þingmönnum færi á að hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd en hins vegar þarf auðvitað reglulega að leggja verk þeirra í dóm kjósenda. Í raun er kjörtímabil þingmanna víðast hvar 4 eða 5 ár.

Rétturinn til þingrofs er venjulegast í höndum þjóðhöfðingjans, formlega séð að minnsta kosti, þótt sums staðar hafi þingið sjálft þennan rétt. Gjarnan er litið á þingrofsréttinn sem mikilvægan þátt í að tryggja hæfilegt jafnvægi milli ólíkra valdaaðila.

Frá fornu fari hafa þingin verið *deildaskipt*. Önnur deildin hefur þá gjarnan verið valin með sérstökum hætti. Í sambandsríkjum eru til dæmis fulltrúar þeirra iðulega í annarri þingdeildinni. Bretland sker sig úr að því leyti að lávarðadeildin er samsett af mönnum sem erfa réttinn til sætis, eru tilnefndir til æviloka eða teljast til æðstu manna kirkjunnar. Á Írlandi eru meðlimir efri deildarinnar, Seanad Eireann, tilnefndir af æðri menntastofnunum. Í Bandaríkjunum byggir hugmyndin um deildaskipt þing á hugmynd um valddreifingu og þar eru valddreifing og takmörkun valds taldar vera grunnástæður þess að hafa slíkt kerfi.

Vissulega hafa menn spurt sig hvort deildaskipting sem ekki styðst lengur við nein sérstök rök um mismunandi lýðræðislegt umboð eigi rétt á sér. Norrænu ríki utan Noregur hafa dregið sínar ályktanir af þessu og afnumið deildaskiptinguna á undanförnum áratugum. Er reyndar einnig til umræðu í Noregi að afnema deildaskiptinguna.

### 3. Löggjöf

Þingin eru hvarvetna aðalhandhafi löggjafarvalds en misjafnt er að hvaða marki þau deila því með öðrum. Skipta má löggjafarvaldinu í 3 þrep, þ.e. (1) réttur til frumkvæðis að löggjöf, (2) athugun og umræða og loks (3) staðfesting og birting. Á meðan fyrsta þrepið er venjulegast í höndum ríkisstjórnar og það síðasta á valdi þjóðhöfðingja þá er það 2. þrepið, þungamiðjan í löggjafarferlinu, sem fellur í skaut þingsins.

Ekki má heldur gleyma því að *framkvæmdarvaldið hefur yfirleitt heimild til að setja reglur* á grundvelli almennra laga. Þessi heimild er afmörkuð í 80. grein **þýsku** stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Dabei muessen Inhalt, Zweck und Ausmass der erteilten Ermaechtigung im Gesetze bestimmt werden.“ Sums staðar eins og í **Frakklandi** hefur framkvæmdarvaldið sjálfstæða heimild til lagasetningar sbr. 34. og 37. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er talið

upp á hvaða sviðum þingið hefur löggjafarvald og tekið fram að á öðrum sviðum sem ekki eru tilgreind sérstaklega setji framkvæmdarvaldið reglur. Hér á landi er ekki um aðrar slíkar takmarkanir að ræða en þær sem leiðir af einstökum lagaáskilnaðarreglum í stjórnarskrá eða lögum og svo af 2. gr. stjskr.

Víða er einnig að finna heimildir fyrir framkvæmdarvaldið að setja lög til bráðabirgða þegar mikið liggur við, sbr. ákvæði íslensku og dönsku stjórnarskrárinnar.

Þá þekkist það að löggjafarvald sé *framselt þingnefndum* sbr. „litlu lögin“ (leggine) á **Ítalíu** og sambærilegt fyrirkomulag á Spáni.

**Sænska stjórnarskráin** mælir fyrir um (18. gr.) að sett skuli á fót lagaráð þar sem sitja dómarar úr Hæstarétti og æðsta stjórnsýsludómstólnum. Er hlutverk þeirra að gefa álit á lagafrumvörpum að beiðni ríkisstjórnarinnar eða þingnefndar. Ráðið á einkum að skoða:

- hvernig frumvarpið samrýmist stjórnarskránni og lagakerfinu almennt;
- innra samræmi í lagafrumvarpi;
- hvernig frumvarpið stenst kröfur um lögbundið ríkisvald
- hvernig frumvarpið samrýmist þeim tilgangi sem sagður er búa að baki og loks
- hvaða vandamál séu líkleg til að koma upp þegar að beitingu laganna kemur.

Samkvæmt 83. gr. **norsku stjórnarskrárinnar** getur þingið fengið álit Hæstaréttar á löggjafarmálum. Það hefur þó ekki gerst síðan 1945.

Athyglisverð regla er í 41. gr. **dönsku stjórnarskrárinnar** þar sem segir að fresta beri þriðju og síðustu umræðu um frumvarp í 12 virka daga ef 2/5 hlutar þingmanna hið minnsta krefjast þess. Hefur þessari heimild verið beitt nokkrum sinnum. Rétt er að nefna að nokkrar undantekningar eru frá þessari heimild minnihlutans til að „kaupa sér tíma“.

Athyglisvert er að umræður eru ekki nema tvær um lagafrumvörp samkvæmt 41. gr. **finnsku stjórnarskrárinnar**, sbr. einnig 72. gr. Samkvæmt 72. gr. verða að líða að minnsta kosti þrír dagar milli fyrstu og annarrar umræðu. Stjórnlaganefnd þingsins ber að gefa álit á því hvort lagafrumvörp standist gagnvart stjórnarskránni og alþjóðlegum mannréttindasamningum, skv. 74. gr.

Evrópusamstarfið gerir það að verkum að þjóðþingin hafa misst forræði á mörgum málaflokkum. Reynt hefur verið í ýmsum löndum Evrópusambandsins að vega upp á móti þessu með því að binda í stjórnarskrá að *ríkisstjórnin ráðfæri sig við þjóðþingið* áður en ákvarðanir eru teknar um afstöðu til lagasetningar á Evrópuvísu.

### 4. Eftirlitshlutverk þingsins

Eftirlitshlutverk þings í víðasta skilningi er þríþætt. Í fyrsta lagi valdið til að velja aðra handhafa ríkisvalds, í öðru lagi valdið til að krefja þá svara um frammistöðu sína og í þriðja lagið valdið til að svipta aðra handhafa ríkisvalds embætti.

### 4.1. Val á öðrum handhöfum ríkisvalds

Í mörgum ríkjum velur þingið forseta ríkisins. Þetta er raunin í Þýskalandi, á Ítalíu og í Grikklandi. Það er svo einkenni þingræðis að ríkisstjórn getur ekki setið nema hún hafi stuðning meirihluta þingmanna. Misjafnt er hvort þessi stuðningur þarf að koma fram með formlegum hætti þegar ný ríkisstjórn tekur við völdum (þ.e. hvort þingræðið er jákvætt eða neikvætt) . Þótt skipun forsætisráðherra í embætti sé yfirleitt í höndum þjóðhöfðingja getur hann vegna þingræðisreglunnar ekki annað en fylgt vilja þingsins í því sambandi.

Þá er misjafnt eftir löndum hvort ráðherrar sitja á þingi, sbr. að í **norsku** stjórnarskránni er ákvæði (62. gr.) um að ráðherrar megi ekki jafnframt vera þingmenn.

Í sumum ríkjum hefur þingið hlutverki að gegna við val á dómendum í stjórnlagadómstól. Allir dómararnir í þýska stjórnlagadómstólnum eru þannig valdir af þýska þinginu. Í öðrum löndum eins og Ítalíu, Austurríki, Spáni og Portúgal velur þingið hluta dómenda í slíkan dómstól.

Eins kemur þingið yfirleitt með einum eða öðrum hætti nærri vali á dómurum við sérdómstóla, ef þeir eru á annað borð til, sem hafa það hlutverk að dæma um ábyrgð ráðherra og þjóðhöfðingja ef því er að skipta, sbr. lög um landsdóm nr. 3/1963.

### 4.2. Réttur til að grennslast fyrir um hvernig aðrir handhafar ríkisvalds sinna starfi sínu

Þarna er komið að kjarnanum í eftirlitshlutverki þingsins. Eftirlitið er í formi fyrirspurna til ráðherra, kröfu um skýrslur og jafnvel rannsóknarnefnda. Víðast hvar þarf meirihluta þingmanna til skipunar rannsóknarnefnda sem dregur nokkuð úr virkni þessa úrræðis. Annars staðar getur minnihluti þingmanna krafist þess að slíkar nefndir séu settar á fót, sbr. 44. gr. **þýsku** stjórnarskrárinnar (fjórðungur þingmanna) og 178. gr. **portúgölsku** stjórnarskrárinnar (fimmtungur þingmanna enda hafi viðkomandi þingmenn ekki áður á sama þingi farið fram á rannsókn). Í drögum að nýrri austurrískri stjórnarskrá er einnig gert ráð fyrir rétti minnihluta þingmanna að þessu leyti.

Réttur þingmanna til að krefja ráðherra svara um málefni sem varða almenning er stjórnarskrárbundinn í **Danmörku**, sbr. 53. gr. Þá er í dönsku stjórnarskránni ákvæði um rannsóknarnefndir sem er sambærilegt því íslenska.

Þá er *umboðsmanns þingsins* getið í norsku, dönsku, sænsku og finnsku stjórnarskránni. Ítarlegast eru ákvæðið í þeirri finnsku:

> 38. grein
>
> Þingið skipar umboðsmanns og tvo menn honum til aðstoðar til fjögurra ára. Skulu þeir hafa afburða þekkingu á lögum.
>
> Þingið getur, að fengnu áliti stjórnlaganefndarinnar, vikið umboðsmanni úr embætti áður en skipunartími hans er úti ef sérlega þung rök mæla með því, enda sé sú ákvörðun studd með atkvæðum að minnsta kosti 2/3 þeirra sem greiða atkvæði.

Sérstakur kafli er í **sænsku** stjórnarskránni, 12. kafli Regeringsformen, sem heitir „Eftirlit af hálfu þings". Er þar fjallað um ábyrgð ráðherra og hlutverk stjórnlaganefndar þingsins í því sambandi. Nefndin hefur samkvæmt 1. gr. 12. kafla aðgang að fundargerðum ríkisstjórnar og öllum skjölum sem þeim tengjast. Þá eru einnig ákvæði um spurningar til ráðherra af hálfu þingmanna, umboðsmann þingsins og ríkisendurskoðendur.

Sömuleiðis er að finna í finnsku stjórnarskránni ítarleg ákvæði um aðhald þingsins með framkvæmdarvaldinu og rétt þingmanna til upplýsinga.

### 4.3. Réttur til að víkja öðrum handhöfum ríkisvalds úr embætti

Í þingræði felst að ríkisstjórnin er háð þinginu og getur ekki setið nema meirihluti þess styðji hana eða að minnsta kosti umberi hana. Þingræði er ekki við lýði í í Bandaríkjunum því þar er forsetinn, höfuð ríkisstjórnarinnar, kjörinn beinni kosningu.

Í **dönsku stjórnarskránni** er þingræðisreglan lögfest. Þar segir í 15. gr.:

> Stk. 1. Ingen minister kan forblive i sit embede, efter at Folketinget har udtalt sit mistillid til ham.
> Stk. 2. Udtaler Folketinget sin mistillid til statsministeren, skal denne begære ministeriets afsked,

medmindre nyvalg udskrives. Et ministerium, som har faaet et mistillidsvotum, eller som har begæret sin afsked, fungerer, indtil et nyt ministerium er udnævnt. Fungerende ministre kan i deres embede kun foretage sig, hvad der er fornödent til embedsforretningernes uforstyrrede förelse.

Þingræðisreglan kemur einnig fyrir í 3. gr. **finnsku stjórnarskrárinnar** þar sem segir: „Framkvæmdarvald er í höndum forseta lýðveldisins og ríkisstjórnar, en meðlimir hennar verða að njóta trausts þingsins."

Þingræðisreglan birtist einnig í sænsku stjórnarskránni þar sem talað er um að ríkisstjórnin sé ábyrg gagnvart þingi (Regeringsformen, gr. 1.6).

Eins og fyrr segir er það kjarninn í þingræðinu að ríkisstjórn er ekki vært nema meirihluti þings styðji hana eða þoli í embætti. Þegar þessi stuðningur er ekki lengur fyrir hendi getur meirihluti þings knúið ríkisstjórn eða einstaka ráðherra til afsagnar. Víða eru þessum rétti settar nokkrar skorður. Slíkar skorður geta t.d. verið í formi frests (ekki má skv. 2. mgr. 67. gr. þýsku stjórnarskrárinnar greiða atkvæði um vantrauststillögu fyrr en 2 sólarhringum eftir að hún kemur fram) eða kröfu um lágmarksfjölda flutningsmanna (10% þingmanna í Svíþjóð, Þýskalandi, Frakklandi og á Ítalíu). Frægt er það fyrirkomulag í Þýskalandi að kanslaranum verður ekki vikið frá nema eftirmaður hans verði kosinn um leið (67. gr. um svokallað konstruktives Misstrauensvotum).

### 5. Annað

Það er sérstakt við norska stjórnskipun að þing situr í fjögur ár og verður ekki rofið þess á milli, sbr. 71. gr.

Þá er einnig í finnsku stjórnarskránni athyglisvert ákvæði um að mál falli ekki niður milli þinga nema þegar kosningar hafa verið haldnar í millitíðinni, sbr. 49. gr. Þetta er önnur regla en hér á landi. Ennfremur segir þar í 50. gr. að þingnefndir megi halda opna fundi þegar verið er að safna upplýsingum um mál til undirbúnings ákvarðanatöku.

## VI Framkvæmdarvald og meðferð þess

### 1. Inngangur

Í flestum vestrænum lýðræðisríkjum er framkvæmdarvaldið mun meira en nafnið kynni að benda til. Í stað þess að láta sér nægja að framfylgja ákvörðunum sem aðrir hafa tekið er framkvæmdarvaldið miðpunktur ákvarðanatöku. Frumkvæði að lagasetningu og stefnumótun kemur iðulega þaðan. Það má finna ýmsar skýringar á þessari þróun. Þingræðið, sem í orði kveðnu gerir framkvæmdarvaldið háð stuðningi meirihluta þings, leiðir í raun oftast til þess að framkvæmdarvaldið fellur saman við þingmeirihlutann. Þessu til viðbótar má nefna að framkvæmdavaldið hefur úr meiri mannafla og fjármunum að spila heldur en þingið til þess að beita valdi sínu.

Þótt framkvæmdarvaldinu hafi þannig vaxið mjög ásmegin þýðir það ekki að það sé almáttugt. Það verður stöðugt að hafa samráð við og leita samninga við ólík stjórnmálaöfl og ýmsa hagsmunahópa undir eftirliti almenningsálitsins auk aðhalds af hálfu þings og dómstóla.

Ákvæði um framkvæmdarvald og meðferð þess eru fyrirferðarmikil í stjórnarskrám nútímaríkja. Greina má tvö módel í því sambandi eftir því hvort um einn eða tvo meginhandhafa framkvæmdarvalds er að ræða. Bandaríkin eru helsta dæmið um ríki þar sem einungis er um einn aðalhandhafa framkvæmdarvalds að ræða, þ.e. forsetann. Hitt módelið er

algengara í Evrópu þar sem framkvæmdarvaldið skiptist milli þjóðhöfðingja, sem arftaka einveldis, og ráðherra sem bera ábyrgð gagnvart þinginu.

## 2. Embætti og hlutverk þjóðhöfðingja

### 2.1. Inngangur

Lýðræðisríkjum má skipta í grófum dráttum í tvennt eftir því hvort þau eru lýðveldi þar sem þjóðhöfðingi er kosinn beint af þjóðinni eða af þingi landsins eða eftir því hvort þjóðhöfðinginn er konungur, fursti eða prins þar sem tignin erfist frá einni kynslóð til annarrar. Sviss fellur ekki inn í þessa flokkun vegna þess að ráðherrar skiptast þar á að gegna embætti þjóðhöfðingja. Það er því nærtækast að bera Ísland saman við önnur lýðveldi. Gjarnan er það svo í alþjóðlegum samanburði að forseti sem kosinn er beinni kosningu af þjóðinni hefur meiri völd en þjóðhöfðingjar almennt. Helgast það meðal annars af því að í þeim tilfellum hefur forsetinn lýðræðislegt umboð sem er ekki síðra en umboð það sem þingmenn njóta. Þetta á við um Bandaríkin, ýmis ríki Suður-Ameríku, Frakkland, Portúgal og ýmis ríki Austur-Evrópu eins og Rússland, Úkraína, Armenía, Azerbaijan og Georgía. Til eru nokkrar undantekningar frá þessu, þ.e. ríki þar sem forsetinn gegnir fyrst og fremst táknrænu hlutverki þótt hann sé kosinn beinni kosningu. Eru Austurríki, Írland og Ísland gjarnan nefnd í því samhengi. Staða forseta þar er líkari stöðu forseta í ríkjum þar sem hann er kosinn af þingi landsins eins og í Þýskalandi til dæmis eða stöðu konungs. Það er einnig ljóst að breytingar á finnsku stjórnarskránni árið 2000 miðuðu að því að draga heldur úr völdum forsetans.

### 2.2. Kosningar – Kjörtímabil

Kjörtímabil forseta er yfirleitt á bilinu 4–7 ár. Það er 7 ár á Írlandi og var það sömuleiðis í Frakklandi þar til fyrir skemmstu að það var stytt í 5 ár. Kjörtímabilið er einnig í lengra lagi í Finnlandi og Austurríki eða 6 ár. Í Bandaríkjunum hins vegar er kjörtímabilið ekki nema 4 ár Í sumum ríkjum eins og Bandaríkjunum, Írlandi, Austurríki, Portúgal og Finnlandi eru einnig lagðar takmarkanir við því að forseti geti setið lengur en tvö kjörtímabil í einu.

Algengt er að setja hærri aldursmörk fyrir frambjóðendur en á við um framboð til þings eða annarra embætta, eða 35 ár í Bandaríkjum, Portúgal, Írlandi og Austurríki. Engin aldursskilyrði er að finna í finnsku og frönsku stjórnarskránum.

Kosningakerfin eru líka mismunandi. Í Frakklandi, Austurríki og Finnlandi eru þannig haldnar tvær umferðir ef enginn einn frambjóðandi nær hreinum meirihluta í fyrstu umferð. Þá er írska fyrirkomulagið athyglisvert, þ.e. að kjósendur forgangsraða frambjóðendum þegar þeir kjósa og ef enginn nær hreinum meirihluta samkvæmt atkvæðum í 1. sæti er litið til atkvæða í 2. sætið til að fá fram úrslit og svo koll af kolli. Hliðstætt fyrirkomulag er notað í þingkosningum.

### 2.3. Staðfesting löggjafar

Víðast hvar er það hlutverk þjóðhöfðingja að staðfesta löggjöf. Í því felst að staðfesta að lögin hafi orðið til með stjórnskipulega réttum hætti og að þau megi birta, að þau megi ganga í gildi og að þeim megi beita.

Segja má að við eðlilegar aðstæður sé það orðið nánast formsatriði víða að staðfesta löggjöf. Í Danmörku hefur það ekki gerst síðan 1865 að konungur neiti að undirrita lög. Samkvæmt **norsku stjórnarskránni**, 78. gr. getur konungur neitað að undirrita lög. Er í því

tilfelli óheimilt að bera lögin upp við hann aftur á sama þingi. Unnt er að yfirvinna neitun konungs ef frumvarp er samþykkt á þremur þingum með tvennum kosningum á milli skv. 79. gr. Þessi ákvæði gegndu miklu hlutverki á 19. öld en hafa litla sem enga praktíska þýðingu lengur. Þó reyndi á 78. gr. árið 1975 þegar konungur lét undir höfuð leggjast að undirrita lög um sáttanefnd sem setja átti á fót til að afstýra vinnudeilu. Áður en til undirritunar kom höfðu aðilar náð samningum. Ekki var lengur þörf fyrir lögin og konungur undirritaði þau ekki.

Ítarleg ákvæði eru um þetta efni í **finnsku stjórnarskránni**. Þar segir í 77. gr. að forseti hafi 3 mánuði til að undirrita lög og geti hann á því tímabili aflað álits Hæstaréttar og æðsta stjórnsýsludómstólsins á lögunum. Ef forseti staðfesti ekki lögin þá fari þau aftur til umfjöllunar í þinginu. Samþykki þingið lögin óbreytt þá taki þau gildi án staðfestingar forseta.

Þarna er því ekki um neitunarvald að ræða heldur fremur vald til að fresta gildistöku laga. Meginþýðing þessa valds, sem hefur verið í stjórnarskránni frá 1919, er að þannig skapast möguleiki á að afla álits Hæstaréttar eða æðsta stjórnsýsludómstólsins á lögum áður en þau ganga í gildi.

Samkvæmt 26. gr. **írsku stjórnarskrárinnar** getur forseti landsins fengið álit Hæstaréttar á því hvort nýsamþykkt lög stríði gegn stjórnarskránni. Þessari heimild hefur verið beitt þó nokkrum sinnum og í tæplega helmingi tilvika taldi rétturinn að breytinga væri þörf á hinum samþykkta texta.

### 2.4. Hlutverk við myndun ríkisstjórnar

Eitt af þeim hlutverkum sem þjóðhöfðingi hefur víða haft er ákveðið frumkvæði við myndun ríkisstjórnar. Þróunin hefur hins vegar orðið sú að ef ljóst er hver hafi unnið kosningar eða fyrir liggur að kominn sé starfhæfur meirihluti þá gengur þjóðhöfðinginn ekki gegn því. Í finnsku stjórnarskránni var þessi þróun meira að segja útfærð við breytingarnar árið 2000. Samkvæmt 61. gr. kýs þingið forsætisráðherra eftir samráð milli þingflokkanna. Hlutverk forseta er þar að tilkynna þinginu formlega hver sé forsætisráðherraefni eftir að hafa ráðfært sig við forseta þingsins og þingflokkana og áður en gengið er til kosningar. Að þeim loknum skipar forsetinn forsætisráðherra í embætti.

Samkvæmt **sænsku stjórnarskránni** eru ákvarðanir um veitingu umboðs til stjórnarmyndunar í höndum þingforseta, sbr. 2.–4. gr. 6. kafla Regeringsformen. Konungur hefur því í raun ekki nein völd lengur og hefur eingöngu hlutverk sem fulltrúi þjóðar sinnar og ríkis.

## 3. Ríkisstjórn og ráðherrar

### 3.1. Inngangur

Það er einkennandi fyrir stjórnarskrár seinni tíma að ríkisstjórnir og ráðherrar fá meiri athygli heldur en raun ber vitni í stjórnarskrám 19. aldar.

Ákvæði **finnsku stjórnarskrárinnar** eru lærdómsrík að þessu leyti. Þar er til dæmis kveðið á um að ráðherrar í ríkisstjórn beri í sameiningu ábyrgð á ákvörðunum hennar nema þeir hafi látið bóka mótmæli í fundargerð, sbr. 60. gr. Þá eru þar ákvæði um skyldur forsætisráðherra, 66. gr., og reglur um ákvarðanatöku á ríkisstjórnarfundum, sbr. 67. gr.

### 3.2. Ráðherraábyrgð

Greina má á milli hinnar pólitísku og hinnar lagalegu ábyrgðar. Þar sem þingræði er við lýði gildir að ríkisstjórnir koma fram sem ein heild og ráðherrar bera í sameiningu pólitíska

ábyrgð á verkum hennar. Hver ráðherra verður því að verja gerðir ríkisstjórnarinnar eða segja af sér ella.

Hin lagalega ábyrgð vegna refsiverðs athæfis er annars eðlis en víða er að finna um hana ákvæði í stjórnarskrám. Ákvæði **dönsku stjórnarskrárinnar** um ráðherraábyrgð, 16. gr., er mjög líkt því íslenska nema að auk þingsins hefur konungur einnig ákæruvald.

Samkvæmt **sænsku stjórnarskránni** dæmir Hæstiréttur landsins í málum sem varða embættisfærslu ráðherra, sbr. 3. gr. 12. kafla. Ákæruvald er í höndum stjórnlaganefndar þingsins.

**Finnska stjórnarskráin** geymir ítarlegar reglur um ráðherraábyrgð í gr. 114–116. Skipta má ferlinu í þrjú þrep. Ákvörðun um rannsókn á meintu broti er tekin af þinginu að kröfu að minnsta kosti 10 þingmanna. Stjórnlaganefnd þingsins tekur svo ákvörðun um hvort telja megi að lög hafi verið brotin. Ef svo er getur þingið ákveðið með einföldum meirihluta hvort viðkomandi ráðherra er ákærður frammi fyrir sérstökum dómstóli þar sem eiga sæti fimm dómarar úr æðstu dómstólum landsins og fimm þingmenn. Síðast reyndi á þessi ákvæði árið 1993 og var ráðherra þá fundinn sekur.

### 3.3. Hæfiskröfur til ráðherra

Í nýjustu norrænu stjórnarskránum eru ákvæði um hæfiskröfur til ráðherra. Þannig segir 9. gr. 6. kafla **sænsku stjórnarskrárinnar** (Regeringsformen) að ráðherra megi ekki gegna neinu öðru starfi í þágu hins opinbera eða einkaaðila. Þá megi hann ekki aðhafast neitt það sem gæti skaðað traust almennings á honum.

Í **finnsku stjórnarskránni** eru svipaðar reglur nema hvað því er bætt við að ráðherra skuli þegar eftir að hann tekur við embætti skýra þinginu frá eigna- og hagsmunatengslum sem skipt geta máli við mat á störfum hans.

## VII Dómsvald og meðferð þess

### 1. Inngangur

Frelsi nær ekki fram að ganga nema dómsvaldið sé aðskilið frá löggjafar- og framkvæmdarvaldi, skrifaði Montesquieu í riti sínu Anda laganna.

Ákvæði um meðferð dómsvalds eru mikilvægur þáttur í hverri nútímalegri stjórnarskrá. Uppbygging dómskerfis er ákaflega mismunandi frá einu ríki til annars. Til dæmis má geta þess að stjórnsýsludómstólar eru við lýði í Finnlandi og Svíþjóð og mörgum ríkjum sunnar í álfunni eins og Frakklandi og Þýskalandi. Þeir þekkjast hins vegar ekki í Noregi, Danmörku og Íslandi. Þá hafa sérstakir stjórnlagadómstólar verið settir á fót í mörgum Evrópuríkjum er hafa það hlutverk meðal annars að dæma um hvort lög stríði gegn stjórnarskrá. Vegna hins mikla valds sem stjórnlagadómstólar hafa hefur sérstök rækt verið lögð við að kveða á um sjálfstæði þeirra í stjórnarskrá. Jafnvel þótt æðstu dómstólar á Norðurlöndum gegni að sumu leyti svipuðu hlutverki við stjórnarskráreftirlit endurspeglast það ekki nema að litlu leyti í stjórnarskrárákvæðum þessara ríkja.

### 2. Ákvæði í norrænum stjórnarskrám

**Norska stjórnarskráin** geymir fremur fátækleg ákvæði um Hæstarétt landsins. Þeim mun ítarlegri eru ákvæðin um Ríkisréttinn sem dæmir í málum sem höfðuð eru gegn ráðherrum, hæstaréttardómurum og þingmönnum fyrir brot í opinberu starfi. Hefur verið haft á orði í

Noregi að minni þörf sé á Ríkisréttinum nú heldur en áður en þingræði var innleitt. Ekki hefur verði ákært frammi fyrir Ríkisréttinum síðan 1926–1927.

Ákvæði **dönsku stjórnarskrárinnar** um dómstóla eru mjög svipuð þeim íslensku. Helsti munurinn er sá í fyrsta lagi að þegar dómara er vikið úr embætti eftir að hann nær 65 ára aldri þá nýtur hann einungis óskertra launa þangað til eftirlaunaaldri er náð en ekki til æviloka eins og á Íslandi. Þá er einnig að finna ákvæði um kviðdóm í dönsku stjórnarskránni. Ennfremur er rétt að nefna að í dönsku stjórnarskránni má finna meginreglur um Ríkisréttinn, í 59. og 60. gr., en hann dæmir um ráðherraábyrgð, eins og Landsdómur hér. Ekki alls fyrir löngu var Ríkisrétturinn kallaður saman í fyrsta skipti í langan tíma. Var það árið 1994 þegar dómsmálaráðherra landsins var dæmdur fyrir brot á lögum um ráðherraábyrgð í hinu svokallaða Tamílamáli.

Í **sænsku stjórnarskránni** er steypt saman í einn kafla ákvæðum um dómstóla og stjórnsýsluna. Ber það vott um nokkuð annan skilning á hlutverki og stöðu dómstóla heldur en í Noregi, Danmörku og á Íslandi. Um sjálfstæði dómstóla segir þar að hvorki stjórnvöld né þingið geti ákveðið hvernig dómstóll skuli leysa úr tilteknu máli (11. kafli, 2. gr.). Ennfremur eru ákvæði um að ekki megi víkja fastráðnum dómara úr embætti nema i) hann hafi sýnt með refsiverðu athæfi eða endurtekinni vanrækslu að hann sé ekki fær um að gegna starfinu eða ii) hann hafi náð eftirlaunaaldri. Dómari má bera ákvörðun um brottvikningu undir dómstóla.

Ólíkt vestnorrænu stjórnarskránum er í sænsku stjórnarskránni ákvæði um að dómstólum beri að víkja beri til hliðar lagaákvæði ef það stríðir augljóslega gegn stjórnarskránni (11. kafli 14. gr.). Þetta ákvæði kom inn í sænsku stjórnarskrána árið 1979. Æðsti stjórnsýsludómstóllinn hefur tvisvar talið að almenn lög stríddu gegn stjórnarskránni og oftar þegar í hlut hafa átt reglugerðir framkvæmdarvaldsins. Árið 1996 taldi Hæstiréttur í fyrsta skipti að reglugerð væri andstæð stjórnarskránni og árið 2000 varð sama niðurstaða í máli ser varðaði almenn lög.

Í **finnsku stjórnarskránni** segir um skipun dómara einfaldlega að embættisdómarar séu skipaðir af forseta í samræmi við lög. Ekki megi víkja dómara úr embætti nema með dómi. Þá er athyglisvert að bæði Hæstiréttur og æðsti stjórnsýsludómstóllinn mega leggja til lagaumbætur við ríkisstjórnina eins og tekið er fram í 99. gr.

Loks er svipað ákvæði (106. gr.) og í sænsku stjórnarskránni um að telji dómstóll í tilteknu dómsmáli að beiting lagaákvæðis myndi augljóslega stríða gegn stjórnarskránni þá beri að víkja því til hliðar. Ákvæðið kom nýtt inn í stjórnarskrána árið 2000 og hefur síðan reynt einu sinni á þessa heimild, en þá var lagasetning um friðun húsa talin andstæð eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

### 3. Önnur ríki

Stjórnlagadómstólar hafa verið settir á fót í fjölmörgum Evrópuríkjum eins og Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu, Spáni og Portúgal. Einnig starfar svokallað stjórnlagaráð í Frakklandi sem deila má um hvort sé eiginlegur stjórnlagadómstóll því einstaklingar geta ekki leitað þangað. Þá hafa stjórnlagadómstólar verið stofnaðir í flestum Austur-Evrópuríkjum eins og Ungverjalandi, Tékklandi, Rússlandi, Slóveníu, Slóvakíu, Póllandi og svo mætti lengi telja. Eistland er undantekning en þar hefur verið stofnuð sérstök deild í Hæstarétti sem hefur stjórnarskráreftirlit með höndum.

Hugmyndin um sérstakan stjórnlagadómstól er gjarnan rakin til austurríska lögspekingsins Hans Kelsens en slíkum dómstól var komið á fót í **Austurríki** árið 1920. Það er því athyglisvert að kynna sér þær umræður sem staðið hafa þar í landi undanfarin ár um stjórnarskrár-

umbætur, þar á meðal um breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með því hvort lög samrýmist stjórnarskrá. Samkvæmt drögum að nýrri stjórnarskrá sem formaður stjórnlagaþingsins lagði fram í ársbyrjun 2005 er lagt til að heimildir stjórnlagadómstólsins verði rýmkaðar. Hægt verði að leita til stjórnlagadómstólsins vegna aðgerðaleysis löggjafans (240. gr.). Þannig verði hægt að fá ríkið dæmt fyrir stjórnarskrárbrot ef löggjafinn hefur látið undir höfuð leggjast að setja lög sem nauðsynleg væru til að tryggja stjórnarskrárvarin réttindi.

Í Bandaríkjunum, Kanada, og flestum Suður-Ameríkuríkjum er stjórnarskráreftirliti hagað með svipuðum hætti og á Norðurlöndum, þ.e. almennir dómstólar hafa það með höndum. Þar er slíkt eftirlit talið eðlisþáttur í dómsvaldinu og ekki endilega þörf á stjórnarskrárákvæðum er færi dómstólum þessi völd. Í raun er þarna um eldra fyrirkomulag stjórnarskráreftirlits að ræða heldur en það sem tíðkast víðast á meginlandi Evrópu.

## VIII Utanríkismál

### 1. Staða þjóðaréttarins að landsrétti

Það er mikilvægt atriði í stjórnskipun hvers ríkis að tekin sé afstaða til þess hver séu tengsl innanlandsréttar og þjóðaréttar. Fylgja ríki þar ýmist svokallaðri eineðliskenningu eða tvíeðliskenningu. Eineðliskenningunni er fylgt í Frakklandi, Benelúxlöndunum, Sviss, Spáni, Portúgal og Grikklandi svo dæmi sé tekið. Tvíeðliskenningin er hins vegar við lýði á Norðurlöndum, Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu, Bretlandi og Írlandi.

Í tveimur Evrópuríkjum, þ.e. Hollandi og Austurríki, eru alþjóðasamningar taldir hafa stöðu ofar eða jafnfætis stjórnarskránni. Þessi formlega staða endurspeglast samt ekki endilega í raunverulegum áhrifum þjóðarréttarins á innanlandsrétt. Ráðast þau ekki síst af því hversu viljugir dómstólar eru að taka tillit til þjóðaréttarins í úrlausnum sínum. Í Frakklandi og Grikklandi eru alþjóðasamningar taldir hafa stöðu ofar lögum en skör lægra en stjórnarskrá.

### 2. Tilurð þjóðréttarsamninga

Hefð er fyrir því að gerð alþjóðasamninga sé í höndum framkvæmdarvaldsins. Undirbúningur samninga og undirskrift er samkvæmt þessu í höndum þjóðhöfðingja, ríkisstjórnar eða beggja. Þingin eiga hins vegar í vaxandi mæli hlut að máli. Þarf iðulega samþykki þeirra áður en sáttmáli verður fullgiltur af hálfu ríkis, að minnsta kosti í mikilvægum málum. Í Bretlandi og Hollandi þarf samþykki þings við öllum alþjóðasáttmálum.

### 3. Alþjóðleg samvinna að öðru leyti

Frá því seinni heimsstyrjöldinni lauk hafa verið tekin upp í margar stjórnarskrár ákvæði sem heimila framsal á ríkisvald til fjölþjóðlegra stofnana. Þessi ákvæði eru ýmist almenn eða sértæk.

Gott dæmi um almennt ákvæði um framsal ríkisvalds er í **dönsku stjórnarskránni**, 20. grein:

> Beföjelser, som eftir denne grundlov tilkommer rigets myndigheder, kan ved lov i nærmere bestemt omfang overlades til mellemfolkelige myndigheder, der er oprettet ved gensidig overenskomst med andre stater til fremme af mellemfolkelig retsorden samarbejde.
>
> Til vedtagelse af lovforslag herom kræves et flertal paa fem sjettedele af Folketingets medlemmer. Opnaas et saadant flertal ikke, men dog det til vedtagelse af almindelige lovforslag nödvendige flertal, og opretholder regeringen forslaget, forelægges det folketingsvælgerne til godkendelse eller forkastelse efter de for folkeafstemninger i parag. 42 fastsatte regler.

Sambærilegt ákvæði í **finnsku stjórnarskránni**, 94. grein, hljóðar svo:

> Ákvörðun um að samþykkja eða segja upp alþjóðlegri skuldbindingu er tekin með meirihluta greiddra atkvæða [í þinginu]. Hins vegar, ef tillagan varðar stjórnarskrána eða breytingu á landamærum ríkisins, þá ber að taka slíka ákvörðun með fulltingi að minnsta kosti 2/3 hluta þeirra sem greiða atkvæði.
>
> Alþjóðleg skuldbinding má ekki stofna lýðræðislegum grundvelli stjórnarskrárinnar í hættu.

Almennt ákvæði um þetta efni var tekið upp í **norsku stjórnarskrána** árið 1962. Það hljóðar svo (93. gr.)

> For at sikre den internationale Fred og Sikkerhed eller fremme international Retsorden og Samarbeide kan Storthinget med tre Fjerdedeles Flertal samtykke i, at en international Sammenslutning som Norge er tilsluttet eller slutter sig til, paa et sagligt begrænset Omraade, skal kunne udöve Beföielser der efter denne Grundlov ellers tilligge Statens Myndigheder, dog ikke Beföielse til at forandre denne Grundlov. Naar Storthinget skal give sit Samtykke, bör, som ved Behandling af Grundlovsforslag, mindst to Trediedele af dets Medlemmer være tilstede.
>
> Bestemmelserne i denne Paragraph gjælde ikke ved Deltagelse i en international Sammenslutning, hvis Beslutninger har alene rent folkeretslig Virkning for Norge.

Í **Svíþjóð** er hins vegar ákvæði sem vísar sérstaklega til Evrópusambandsins, sbr. 5. gr. 10. kafla Regeringsformen

> 5 § Inom ramen för samarbete i Europeiska unionen kan riksdagen överlåta beslutanderätt som inte rör principerna för statsskicket. Sådan överlåtelse förutsätter att fri- och rättighetsskyddet inom det samarbetsområde till vilket överlåtelsen sker motsvarar det som ges i denna regeringsform och i den europeiska konventionen angående skydd för de mänskliga rättigheterna och de grundläggande friheterna. Riksdagen beslutar om sådan överlåtelse genom beslut, varom minst tre fjärdedelar av de röstande förenar sig. Riksdagens beslut kan också fattas i den ordning som gäller för stiftande av grundlag. Överlåtelse kan beslutas först efter riksdagens godkännande av överenskommelse enligt 2 §.

**4. Samráð við þing í utanríkismálum**

Í vaxandi mæli er farið að taka á því í stjórnarskrá að færa þinginu rétt til að fylgjast með og hafa áhrif á utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar. Á þetta ekki síst við um Evrópumálin þar sem mikilvægir þættir ríkisvalds hafa verið framseldir til yfirþjóðlegrar stofnunar.

Um þetta efni er ákvæði í **sænsku stjórnarskránni**. Þar segir í 6. gr. 10. kafla að:

> 6 § Regeringen skall fortlöpande informera riksdagen och samråda med organ som utses av riksdagen om vad som sker inom ramen för samarbetet i Europeiska unionen. Närmare bestämmelser om informations- och samrådsskyldigheten meddelas i riksdagsordningen.
>
> Regeringen skall fortlöpande hålla Utrikesnämnden underrättad om de utrikespolitiska förhållanden, som kan få betydelse för riket, och överlägga med nämnden om dessa så ofta det erfordras. I alla utrikesärenden av större vikt skall regeringen före avgörandet överlägga med nämnden, om det kan ske.

Í **finnsku stjórnarskránni** segir um sama efni í 97. gr.:

> Utanríkismálanefnd þingsins fær frá ríkisstjórninni þegar þess er krafist, og endranær þegar nauðsyn krefur, skýrslur um utanríkis- og varnarmál. Að sama skapi fær allsherjarnefnd þingsins skýrslur um undirbúning annarra mála í Evrópusambandinu ...

Þá kemur einnig fram í sömu grein að forsætisráðherrann skuli láta þinginu eða þingnefnd í té upplýsingar um málefni sem eru til umræðu í ráðherraráði Evrópusambandsins áður en ákvarðanir eru teknar.

## IX Stjórnarskrárbreytingar

### 1. Inngangur

Þar sem stjórnarskráin er æðst laga og felur í sér grundvallar leikreglur samfélagsins þá er eðlilegt að breytingar á henni lúti öðrum reglum en lagabreytingar yfirleitt. Er þetta líka raunin í flestum ef ekki öllum ríkjum sem búa við ritaða stjórnarskrá. Þrjár meginleiðir eru tíðkaðar við stjórnarskrárbreytingar. Ýmist er þá krafist aukins meirihluta á þingi fyrir stjórnarskrárbreytingum, þjóðaratkvæðagreiðslu eða þá að þing sé rofið og efnt til kosninga áður en breytingar eru endanlega samþykktar. Þessum leiðum er stundum blandað saman. Til viðbótar má nefna að stundum er áskilið að viss tími líði á milli umræðna á þingi til þess að afstýra því að jafnmikilvægar breytingar séu afgreiddar í flýti.

Reglur sem þessar hafa það að markmiði að tryggja vissan stjórnskipulegan stöðugleika og jafnframt að sem breiðust sátt sé um grundvallarreglur samfélagsins. Hins vegar má segja að ekki sé heldur æskilegt að of erfitt sé að breyta stjórnarskrá. Hætt er við að stjórnarskráin verði þá ekki lengur í takt við raunveruleikann. Til hliðar við hana kunna að þróast óskráðar venjur sem erfitt er að henda reiður á.

Í sumum stjórnarskrám eru hlutar hennar undanþegnir endurskoðun. Þetta á við um norsku stjórnarskrána að því er varðar „anda“ og „meginreglur“ hennar (112. gr.) án þess þó að nákvæmlega sé afmarkað hvaða ákvæði falli þar undir né hverjar séu réttarlegar afleiðingar slíks ákvæðis. Í þýsku stjórnarskránni er gengið skrefi lengra og kveðið á um (í 3. mgr. 79. greinar) að ekki megi breyta skiptingu sambandsríkisins í sambandslönd, þátttöku þeirra í löggjafarferlinu né ákvæðum 1.–20. greinar stjórnarskrárinnar um grundvallarréttindi. Í ítölsku og frönsku stjórnarskránum eru ákvæði um að ekki megi afnema lýðveldi þar í löndum. Þá eru í frönsku og spænsku stjórnarskránni ákvæði um að henni verði ekki breytt á ófriðartímum.

Í flestum Evrópuríkjum er frumkvæðisrétturinn til að hrinda af stað stjórnarskrárbreytingum sá sami og gildir um almenn lagafrumvörp. Þó er til í dæminu að tiltekinn lágmarksfjöldi þingmanna þurfi að standa að slíku frumvarpi til þess að það sé tekið á dagskrá (d. 1/20 þingmanna í Lettlandi, 1/5 í Eistlandi og ¼ í Litháen). Sums staðar þekkist það einnig að þjóðin geti knúið fram meðferð stjórnarskrárbreytinga með því hluti kjósenda skrifi undir slíka tillögu (d. Ítalía, Lettland og Litháen).

### 2. Ákvæði í norrænum stjórnarskrám

Samkvæmt **dönsku stjórnarskránni** (88. gr.) öðlast breytingar á henni ekki gildi nema þær séu samþykktar af tveimur þingum með kosningum á milli auk þjóðaratkvæðagreiðslu. Er áskilið að meirihluti þátttakenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu, þó aldrei færri en 40% kosningabærra manna, greiði atkvæði með breytingum. Síðasta stjórnarskrárbreyting var gerð árið 1953.

Ný **finnsk** stjórnarskrá gekk í gildi 1. mars 2000. Höfðu breytingarnar verið í undirbúningi frá árinu 1995 þegar dómsmálaráðherra setti á fót vinnuhóp sem hafði það verkefni að gera stjórnskipun landsins nútímalegri. Hvað stjórnarskrárbreytingar áhrærir (73. gr.) gildir

að ef frumvarp til breytinga á stjórnarskránni hefur verið samþykkt í tveimur umræðum á þingi þá beri að bíða með þriðju umræðu uns nýtt þing kemur saman í kjölfar þingkosninga. Þurfa 2/3 þingmanna að samþykkja frumvarpið óbreytt við þá umræðu til þess að breytingarnar taki gildi. Ef 5/6 hlutar þingmanna sem taka þátt í atkvæðagreiðslu samþykkja að um brýnar breytingar sé að ræða má fara beint í lokaumræðu frumvarps án þess að bíða þingkosninga.

Þá geymir finnska stjórnarskráin einnig allsérstæða heimild til að samþykkja lítils háttar undanþágur frá stjórnarskránni í formi almennra laga enda sé fylgt sömu málsmeðferð og við stjórnarskrárbreytingar.

Samkvæmt **sænsku stjórnarskránni** (gr. 8.15. í regeringsformen) taka breytingar á stjórnarskránni ekki gildi nema frumvarp hafi verið samþykkt óbreytt af tveimur þingum með þingkosningum á milli. Þjóðaratkvæðagreiðsla um frumvarpið skal fara fram samhliða þingkosningum ef tillaga um slíkt kemur fram og hún fær samþykki a.m.k. þriðjungs þingmanna. Tillagan fellur ef meirihluti þeirra sem taka þátt greiða atkvæði gegn henni og um er að ræða meira en 50% af þeim sem greiða gild atkvæði við þingkosningarnar. Annars tekur þingið tillöguna til lokaafgreiðslu.

Samkvæmt **norsku stjórnarskránni** (112. grein) ber að leggja tillögur að stjórnarskrárbreytingum fram á þingi í síðasta lagi á þriðja ári eftir kosningar og ekki má samþykkja þær fyrr en að loknum næstu kosningum þar á eftir. Við afgreiðslu tillagnanna verða að minnsta kosti tveir þriðju þingmanna að sitja þingfund og taka breytingar á stjórnarskránni ekki gildi nema frumvarp hafi verið samþykkt með 2/3 meirihluta. Ekki má gera breytingar sem varða meginreglur stjórnarskrárinnar og anda hennar.

### 3. Ákvæði í stjórnarskrám nokkurra annarra Evrópuríkja

Stjórnarskrá **Austurríkis** (42.–44. gr.) mælir svo fyrir að til stjórnarskrárbreytinga þurfi samþykki 2/3 hluta þingmanna. Auk þess ber að leggja heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu, en það er ekki áskilið varðandi aðrar breytingar sem ganga skemmra nema þriðjungur þingmanna í annarri hvorri þingdeildinni krefjist þess.

Í **Belgíu, Hollandi og Lúxemborg** verður stjórnarskránni breytt með svipuðum hætti og samkvæmt íslensku stjórnarskránni. Ef fram kemur yfirlýsing studd af meirihluta þingmanna um að til standi að breyta stjórnarskránni er þing rofið. Breytingarnar eru svo teknar fyrir á nýkjörnu þingi. Til þessa að breytingarnar öðlist gildi þarf samþykki 2/3 þingmanna.

Samkvæmt **frönsku** stjórnarskránni (89. gr.) eru tvær leiðir færar við stjórnarskrárbreytingar. Ef báðar þingdeildir samþykkja frumvarp er það borið undir þjóðaratkvæði og öðlast gildi ef einfaldur meirihluti þeirra sem kjósa eru því fylgjandi. Ekki þarf hins vegar að bera frumvarp undir þjóðaratkvæði ef forsetinn hefur kallað saman báðar þingdeildir og 3/5 hlutar greiddra atkvæða eru fylgjandi frumvarpinu. Hefur þessi síðari leið verið mun oftar notuð.

Í 46.–47. gr. **írsku** stjórnarskrárinnar er það áskilið að til þess að stjórnarskrárbreytingar öðlist gildi þurfi samþykki beggja þingdeilda auk þjóðaratkvæðagreiðslu. Nægir að einfaldur meirihluti þeirra sem greiða atkvæði séu fylgjandi breytingunni. Í lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur eru ákvæði um að óháð nefnd skuli koma á framfæri upplýsingum við kjósendur um það málefni sem til úrlausnar er í atkvæðagreiðslunni.

Samkvæmt **ítölsku** stjórnarskránni (138. gr.) þarf stjórnarskrárbreyting að hljóta samþykki í báðum þingdeildum, fram þurfa að fara tvær umræður í hvorri deild og minnst þrír mánuðir að líða á milli þeirra. Innan þriggja mánaða frá birtingu hins samþykkta frumvarps getur minnihluti þingmanna (1/5), 500.000 kjósendur eða 5 héraðsráð krafist þjóðaratkvæða-

greiðslu um tillögurnar. Í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu dugir einfaldur meirihluti gildra atkvæða. Ekki er unnt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu ef frumvarp hefur hlotið samþykki 2/3 hluta þingmanna í hvorri deild.

Samkvæmt **svissnesku** stjórnarskránni (192.–195. gr.) þarf samþykki sambandsþingsins, meirihluta þátttakenda í þjóðaratkvæðagreiðslu og meirihluta kantóna sambandsríkisins til þess að stjórnarskrárbreytingar öðlist gildi. Frumkvæðið að slíkum breytingum getur komið frá kjósendum (minnst 100.000) eða sambandsþinginu.

Mismunandi reglur gilda að nokkru leyti eftir því hvort um heildarendurskoðun er að ræða eða breytingar sem ganga skemmra. Svissneska stjórnarskráin sætti heildarendurskoðun nýverið og tók hin nýja stjórnarskrá gildi 1. janúar 2000 og höfðu breytingarnar verið í undirbúningi í rúma tvo áratugi. Var hin nýja stjórnarskrá samþykkt með 59,2% greiddra atkvæða en þátttaka var 36%.

**Þýska** stjórnarskráin (79. gr.) mælir einfaldlega svo fyrir um að til þess að stjórnarskrárbreytingar öðlist gildi þurfi samþykki beggja þingdeilda með 2/3 hlutum atkvæða. Eins og áður segir eru vissir þættir hennar óbreytanlegir og gætir stjórnlagadómstóllinn í Karlsruhe að því að eftir því sé farið.

## 1294. Lög [465. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 644.

## 1295. Lög [576. mál]

um breyting á lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 854.

## 1296. Lög [653. mál]

um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 972.

# 1297. Lög [654. mál]

um breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1216.

# 1298. Lög [464. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1215 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Á eftir 7. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Veiting ríkisborgararéttar með stjórnvaldsákvörðun,** með fimm nýjum greinum er orðast svo, og breytist greinatala annarra greina laganna samkvæmt því:

a. (7. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. er dómsmálaráðherra heimilt, að fenginni umsögn lögreglu og Útlendingastofnunar, að veita íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt umsókn sem borin er fram af umsækjanda sjálfum eða forsjármönnum hans hafi hann ekki náð 18 ára aldri, enda fullnægi hann skilyrðum 8. og 9. gr.

Heimild dómsmálaráðherra samkvæmt ákvæðum þessa kafla er bundin við þau mál þar sem vafalaust er að umsækjandi uppfylli lögmælt skilyrði. Er dómsmálaráðherra þó ávallt heimilt að vísa umsókn um ríkisborgararétt til ákvörðunar Alþingis sem eftir atvikum veitir umsækjanda ríkisborgararétt með lögum.

Ákvarðanir skv. 2. mgr. eru undanþegnar III.–V. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalögum, nr. 50/1996.

b. (8. gr.)

Um veitingu íslensks ríkisborgararéttar skv. 1. mgr. 7. gr. gilda eftirtalin búsetuskilyrði:

1. Umsækjandi hafi verið hér búsettur í sjö ár; ríkisborgari í einhverju Norðurlandanna þó einungis í fjögur ár.
2. Umsækjandi, sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara, hafi verið hér búsettur í þrjú ár frá giftingu eða stofnun staðfestrar samvistar, enda hafi hinn íslenski maki haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
3. Umsækjandi, sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift, hafi verið hér búsettur í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.

4. Umsækjandi, sem á íslenskan ríkisborgara að öðru foreldri, hafi verið hér búsettur í tvö ár, enda hafi hið íslenska foreldri haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
5. Umsækjandi, sem verið hefur íslenskur ríkisborgari en hefur gerst erlendur ríkisborgari, hafi verið hér búsettur í eitt ár.
6. Flóttamaður, sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna sem gerður var 28. júlí 1951, hafi verið hér búsettur sem slíkur í fimm ár. Sama gildir um mann sem fengið hefur dvalarleyfi hér á landi af mannúðarástæðum.

Skilyrði 1. mgr. miðast við fasta búsetu og lögheimili og samfellda, löglega dvöl hér á landi síðustu ár áður en umsókn er lögð fram. Heimilt er að víkja frá því skilyrði þótt dvöl umsækjanda hér hafi verið rofin allt að einu ári vegna tímabundinnar atvinnu eða af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna veikinda nákomins ættingja, en þó allt að þremur árum vegna náms erlendis. Sá tími, sem umsækjandi hefur átt hér lögheimili og dvöl, verður þó að vera að minnsta kosti jafnlangur þeim tíma sem hann verður samkvæmt áðurgreindum reglum að uppfylla.

Umsækjandi skal uppfylla skilyrði þess að fá búsetuleyfi útgefið af Útlendingastofnun. Umsækjandi skal jafnframt hafa slíkt leyfi þegar sótt er um íslenskan ríkisborgararétt nema hann sé undanþeginn skyldu til að hafa dvalarleyfi hér á landi.

c. (9. gr.)

Um veitingu íslensks ríkisborgararéttar skv. 1. mgr. 7. gr. gilda að öðru leyti eftirtalin skilyrði:

1. Umsækjandi hafi sannað með fullnægjandi hætti hver hann sé.
2. Umsækjandi sé starfhæfur og vel kynntur og leggi m.a. því til staðfestingar fram álit tveggja valinkunnra íslenskra ríkisborgara.
3. Umsækjandi hafi staðist próf í íslensku samkvæmt kröfum sem dómsmálaráðherra setur í reglugerð. Í reglugerð skal jafnframt mælt fyrir um undanþágur frá þessu skilyrði fyrir þá sem telja verður ósanngjarnt að gera þessa kröfu til.
4. Árangurslaust fjárnám hafi ekki verið gert hjá umsækjanda sl. þrjú ár, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann í vanskilum með skattgreiðslur.
5. Umsækjandi geti framfleytt sér hérlendis og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi sl. þrjú ár. Er umsækjanda skylt að sýna fram á að hann hafi framfært sig með löglegum hætti hér á landi og er dómsmálaráðuneytinu heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum því til staðfestingar.
6. Umsækjandi hafi ekki, hérlendis eða erlendis, sætt sektum eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi samkvæmt íslenskum lögum. Frá þessu má þó víkja að liðnum fresti sem hér greinir, enda sé ekki um að ræða endurtekin brot:
   a. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnu einu ári frá því að brot var framið sem sætti sekt lægri en 50.000 kr.
   b. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum þremur árum frá því að brot var framið sem sætti sekt að fjárhæð 50.000 kr. eða hærri.
   c. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum sex árum frá því að fangelsisrefsing í allt að 60 daga var afplánuð.
   d. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum átta árum frá því að fangelsisrefsing í allt að sex mánuði var afplánuð.

e. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum tíu árum frá því að fangelsisrefsing í allt að eitt ár var afplánuð.
f. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum 14 árum frá því að lengri fangelsisrefsing en eitt ár var afplánuð. Hið sama gildir um öryggisgæslu.

Þegar talið er að refsing sé úttekin með gæsluvarðhaldi, eða hún skilorðsbundin að öllu leyti, reiknast tíminn samkvæmt þessum tölulið frá því að viðkomandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldi eða skilorðsdómur kveðinn upp. Veita má íslenskan ríkisborgararétt að liðnum þremur árum frá því að ákvörðun um skilorðsbundna ákærufrestun var tilkynnt.

Nú hefur ákvörðun um refsingu verið frestað skilorðsbundið og skal þá eftir atvikum miðað við skilyrði þau sem greinir í c–f-liðum þessa töluliðar.

d. (10. gr.)

Dómsmálaráðherra er einnig heimilt að veita íslenskan ríkisborgararétt barni sem fætt er hér á landi og hefur sannanlega ekki öðlast annan ríkisborgararétt við fæðingu og hefur ekki öðlast hann né átt rétt til að öðlast hann þegar umsókn um ríkisborgararétt er borin fram. Barnið skal hafa átt lögheimili og samfellda dvöl hér á landi frá fæðingu í að minnsta kosti þrjú ár.

Um börn þeirra sem fá ríkisborgararétt samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði 5. gr., nema öðruvísi sé ákveðið.

e. (11. gr.)

Sektir eða fangelsi allt að einu ári liggur við því að veita íslenskum yfirvöldum rangar upplýsingar við umsókn um ríkisborgararétt.

## 1299. Lög [669. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1020.

## 1300. Lög [637. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1252.

## 1301. Lög [668. mál]

um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1019.

## 1302. Þingsályktun [649. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 968.

## 1303. Þingsályktun [650. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2006, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 969.

## 1304. Þingsályktun [652. mál]

um staðfestingu samninga milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs og gagnkvæma réttaraðstoð og staðfestingu ákvörðunar ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 971.

## 1305. Þingsályktun [640. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands annars vegar og Danmerkur og Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 951.

## 1306. Þingsályktun [684. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Arabíska lýðveldisins Egyptalands.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1067.

## 1307. Lög [656. mál]

um breytingu á lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 982.

## 1308. Þingsályktun [704. mál]

um minningu tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1200.

## 1309. Lög [642. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1273.

## 1310. Lög [459. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1274.

## 1311. Lög [701. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1162.

## 1312. Lög [693. mál]

um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1097.

## 1313. Lög [694. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1105.

## 1314. Lög [643. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 961.

# 1315. Nefndarálit [409. mál]

um frv. til æskulýðslaga.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Þegar samið er frumvarp til að leysa af hólmi 37 ára gömul lög mætti ætla að vandað yrði til verka. Svo er því miður ekki um frumvarp til æskulýðslaga. Þrátt fyrir heiti frumvarpsins er því einungis ætlað að ná til takmarkaðs hluta æskulýðsstarfs, og sýn frumvarpsflytjanda á æskulýðsmál virðist í heild nokkuð þröng, jafnvel gamaldags í neikvæðri merkingu þess orðs. Um þetta bárust nefndinni fjölmargar ábendingar í umsögnum og við heimsóknir gesta til nefndarinnar.

Skynsamlegast væri að vísa frumvarpinu frá í núverandi mynd og semja nýtt frumvarp um æskulýðsmál, sem tæki til miklu fjölbreyttari starfs en þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Minni hluti nefndarinnar telur þó rétt að freista þess heldur að ná fram breytingartillögum við frumvarpið nú og sníða þannig af því augljósustu galla þar sem telja má nokkur ákvæði þess ávinning miðað við gildandi lög frá 1970. Ýmis æskulýðssamtök hafa af þeim ástæðum hvatt til þess að frumvarpið verði samþykkt á þessu þingi.

**Atvinnu- og starfsbann skv. 10. gr.**

Verulegur ágalli á frumvarpinu eru ákvæði í 10. gr. þess þar sem útilokaðir eru frá atvinnu við skipuleg æskulýðsstörf tveir hópar sakamanna. Á sú útilokun einnig við sjálfboðið starf af þessu tagi. Við teljum þetta ákvæði ganga allt of langt við að útiloka fólk frá vinnu og verður að efa að slíkt ákvæði standist meðalhófsreglu sem virða ber við stjórnsýslu.

Í greininni er fyrirskipað að útilokaðir frá þessum störfum séu a) ævilangt, þeir sem hafa gerst brotlegir við kafla XXII í hegningarlögum, um kynferðisbrot, og b) fimm ár eftir dóm, þeir sem hafa gerst brotlegir við fíkniefnalögin (nr. 65/1974). Raunar eru alvarlegustu brot á fíkniefnasviði undanskilin, og hefur ekki komið í ljós hvaða efnisleg rök liggja þar að baki. Vera kann að um sé að ræða dæmi um slæleg vinnubrögð frumvarpsflytjanda við undirbúninginn. Það dæmi ætti þá einnig við um vinnubrögð meiri hluta menntamálanefndar.

Telja má sjálfsagt að hafa í æskulýðslögum ákvæði svipuð þeim sem er að finna í 36. gr. barnaverndarlaga (nr. 80/2002) en þar er bannað að ráða til starfa við umönnun barna og hjá barnaverndaryfirvöldum menn sem hafa brotið af sér samkvæmt kafla XXII ef brotið beinist gegn einstaklingi undir 18 ára aldri. Skal um þetta bent á rökstuðning í athugasemdum um 36. gr. við frumvarpið til barnaverndarlaga (þskj. 403 á 127. löggjafarþingi).

Enn hafa hins vegar ekki komið fram rök fyrir því að hin tilteknu brot önnur á hegningarlöggjöf séu ástæða til atvinnubanns eins og þess sem lagt er til í frumvarpinu. Brot á öðrum ákvæðum í kafla XXII en þeim sem beinast gegn börnum og brot á fíkniefnalögunum hlýtur að þurfa að athuga í samhengi við almenn afbrot, og sýna fram á að þau sé æskulýð sérstaklega skeinuhætt. Þetta má einnig orða með þeim hætti að sé almennum kynferðisafbrotamönnum meinað ævilangt að sinna æskulýðsstarfsemi hljóti að koma sterklega til álita að láta slíkt bann ná einnig til morðingja, til ræningja, til manna sem hafa gerst sekir um heimilisofbeldi, til fjárglæframanna. Ef fíkniefnabrotamenn teljast óheppilegir í æskulýðsstarfi fimm árum eftir að dómur er kveðinn upp yfir þeim – hver eru þá skilyrðin um drykkjumenn eða áfengissjúklinga?

Rétt er að hafa í huga að brot gegn XXII. kafla hegningarlaga og gegn fíkniefnalögunum eru ekki öll jafnalvarleg, en engin aðgreining þeirra er reynd í frumvarpinu, athugasemdum með því eða í rökstuðningi meiri hluta menntamálanefndar.

Því hefur verið borið við í umræðu um þessi mál að allur sé varinn góður. Börn eigi heimtingu á að njóta vafans þegar um þá brotamenn er að ræða sem frumvarpið tekur til. Spyrja má hvort börn eigi þá ekki að njóta vafans þegar um er að ræða morðingja, ræningja, fjárglæframenn, ofbeldismenn á heimili og drykkjumenn – sem ekkert er um fjallað í frumvarpinu.

Almennt getur ekki talist heppilegt að fyrrverandi sakamenn gæti barna eða sjái um æskulýðsstarf, þótt á því kunni að vera undantekningar. Með sömu undantekningu og í barnaverndarlögum hlýtur þó að telja eðlilegt að forstöðumönnum í æskulýðsstarfi sé falinn lokadómur um þetta – um leið og brýnt er fyrir þeim að sýna aðgát við val starfsfólks og móttöku sjálfboðaliða.

Þess má geta að starfsmenn menntamálaráðherra voru beðnir að taka saman lista um ámóta starfsbann í íslenskum lögum og reglum annars vegar og hins vegar í svipuðum lögum hjá grannþjóðunum. Sá listi barst aldrei, og er ókannað hver fordæmi eru fyrir ákvæði af þessu tagi í lögum og reglum. Munu þau fátíð, og mjög af öðru tagi en í frumvarpinu – benda mætti á ákvæði laga um fjármálafyrirtæki þar sem gert er ráð fyrir að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hafi ekki verið dæmdir vegna brota sem tengjast atvinnustarfsemi. Athyglisvert er að engin ákvæði af þessu tagi er að finna í lögum um leikskólakennara og grunnskólakennara. Í vinnu sem stendur yfir við endurskoðun þeirra laga mun eingöngu miðað við að bæta við þau ákvæði samhljóða 36. gr. barnaverndarlaga.

Sú sérkennilega staða gæti komið upp við samþykkt þessa frumvarps að miklu strangari lagakröfur yrðu gerðar um atvinnu og sjálfboðastarf við æskulýðsstarfsemi en hjá barnaverndaryfirvöldum og þeim heimilum og stofnunum sem barnaverndarlögin ná yfir, og miklu strangari en gilda um kennara og annað starfsfólk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla – þar sem þó er þungamiðja alls barna- og æskulýðsstarfs á Íslandi.

Þá ber að hafa í huga að þessi ákvæði frumvarpsins fela í sér refsiþyngingu án þess að farið hafi fram nein umræða um þörf á þeim auknu refsingum. Minnt skal á að um það ævilanga eða tímabundna atvinnubann og bann við sjálfboðnu starfi sem lagt er til í frumvarpinu gilda ekki ákvæði hegningarlaga um atriði sem hafa áhrif á refsihæð (kafli VIII, einkum 74. gr.) heldur leggst þessi aukarefsing ofan á refsidóminn sjálfan án nokkurs tillits til mildandi aðstæðna.

**Rannsóknir.**

Óánægja kom fram í umsögnum fræðimanna og rannsóknastofnana um ákvæði 12. gr. sem fjallar um rannsóknir. Hún beindist fyrst og fremst að því að enginn fulltrúi rannsóknarsamfélagsins skuli sitja í ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir. Þessi krafa byggist ekki síst á því að æskulýðsrannsóknum hefur verið skipað hér með öðrum hætti en í grannríkjum og ekki á þann veg að allir séu sáttir við, sbr. ummæli í umsögnum frá rannsakendum. Minni hlutinn telur sjálfsagt að verða við þessum óskum, og leggur til að ráðherranum sé látið nægja að skipa einn fulltrúa án tilnefningar í fimm manna nefnd en Félagsfræðingafélag Íslands skipi þar einn fulltrúa. Ekki er til neinn sameiginlegur vettvangur þeirra sem fást við æskulýðsrannsóknir en treysta má fagfélagi félagsfræðinga til að halda á þessum hagsmunum þótt hópur rannsakenda nái út fyrir ramma félagsfræðinnar.

Minni hlutinn er samþykkur breytingartillögu meiri hlutans um að lengja skipunartíma þessarar nefndar.

Með þessum breytingum telur minni hluti nefndarinnar viðunandi fyrir Alþingi að samþykkja þetta frumvarp en hvetur til að slík lög verði endurskoðuð sem allra fyrst, taki til alls æskulýðsstarfs og verði nútímalegur rammi stjórnsýslu ríkisvaldsins á þessu mikilvæga sviði.

Alþingi, 15. mars 2007.

Mörður Árnason, frsm. Björgvin G. Sigurðsson. Einar Már Sigurðarson.

Kolbrún Halldórsdóttir.

## 1316. Breytingartillaga [591. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

B-liður 4. gr. orðist svo: Við 2. málsl. bætist: ákvæði 1. málsl. skal einnig taka til frádráttar á móti arði frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn færir til skattskyldra tekna sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi.

## 1317. Breytingartillögur [272. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Þuríði Backman.

1. 10. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

*Fagstjórnendur.*

Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunarinnar.

Yfirlæknar sérgreina eða sérdeilda innan heilbrigðisstofnunar bera faglega ábyrgð á þeirri læknisþjónustu sem undir þá heyrir gagnvart framkvæmdastjóra lækninga eða næsta yfirmanni samkvæmt skipuriti stofnunar. Yfirlæknar hafa eftirlit með starfsemi deilda og skulu stuðla að því að hún sé ávallt sem hagkvæmust og markvissust.

Deildarstjórar hjúkrunar innan heilbrigðisstofnana skipuleggja og bera faglega ábyrgð á þeirri hjúkrunarþjónustu sem undir þá heyrir gagnvart framkvæmdastjóra hjúkrunar eða næsta yfirmanni samkvæmt skipuriti stofnunar.

Aðrir fagstjórnendur innan heilbrigðisstofnunar bera faglega ábyrgð á þeirri þjónustu sem þeir veita og undir þá heyrir í samræmi við stöðu þeirra í skipuriti stofnunarinnar.

2. 13. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

*Fagráð.*

Á háskóla- og kennslusjúkrahúsum, svæðisbundnum heilbrigðisstofnunum og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins skulu vera starfandi læknaráð og hjúkrunarráð og eftir atvikum önnur fagráð. Heimilt er að starfrækja slík ráð á öðrum heilbrigðisstofnunum.

Læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa á heilbrigðisstofnun er heimilt að hafa með sér eitt sameiginlegt fagráð.

Fagráð, þ.m.t. læknaráð og hjúkrunarráð þar sem þau eru starfandi, skulu vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri heilbrigðisstofnunar. Ber að leita álits fagráða um allar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar, þar á meðal álits læknaráðs um læknisþjónustu og álits hjúkrunarráðs um hjúkrunarþjónustu um öll fagleg efni.

Fagráð skulu setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af forstjóra.

3. Í stað 2. mgr. 20. gr. komi tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:

Ráðherra skipar níu menn í stjórn Landspítalans og jafnmarga til vara til 4 ára. Skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Skulu fimm stjórnarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþingis, einn samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, tveir samkvæmt tilnefningu starfsmannaráðs Landspítalans og einn samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands.

Stjórn Landspítalans skal veita forstjóra ráðgjöf og álit um starfsemi spítalans. Hún skal taka þátt í gerð stjórnskipurits fyrir spítalann í samráði við forstjóra, gera þróunar-, starfs- og rekstraráætlun fyrir spítalann í samráði við forstjóra, hafa eftirlit með að starfsemi spítalans sé í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu og rekstur spítalans sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma. Stjórnin skal gera ráðherra viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu eða fjárlög.

4. 1. málsl. 37. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

## 1318. Frumvarp til laga [616. mál]

um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi gilda um innbyrðis aðstoð stjórnvalda aðildarríkja EES-samningsins vegna brota á þeim ákvæðum um neytendavernd sem falla undir lögin og eiga uppruna sinn í öðru ríki en afleiðingar þess koma fram í.

3. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um samvinnu yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Fylgiskjal.

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2006/2004**

**frá 27. október 2004**

**um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd)**

**(Texti sem varðar EES)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í ályktun ráðsins frá 8. júlí 1996 um samvinnu milli stjórnsýslustofnana um framkvæmd löggjafarinnar um innri markaðinn ([3]) er viðurkennt að stöðugt þurfi að leitast við að bæta samvinnu milli stjórnsýslustofnana og eru aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hvött til að hafa það sem forgangsverkefni að kanna möguleikann á því að styrkja samstarf stjórnvalda við framkvæmd löggjafar.

2) Núverandi innlent fyrirkomulag, við framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda, er ekki lagað að erfiðleikum við framkvæmd þeirra á innri markaðnum og árangursríkt og skilvirkt samstarf í slíkum tilvikum er ekki mögulegt sem stendur. Þessi vandkvæði koma í veg fyrir að opinber yfirvöld, sem framfylgja lögum, geti átt samstarf um að uppgötva, rannsaka og sjá til þess að brot á lögum til verndar hagsmunum neytenda innan Bandalagsins verði stöðvuð eða þau bönnuð. Skortur á árangursríkri lagaframkvæmd á landamærasvæðum gerir því seljendum og birgjum kleift að víkjast undan viðleitni til að framfylgja lögum með því að flytja sig um set innan Bandalagsins. Þetta veldur röskun á samkeppni löghlýðinna seljenda og birgja sem starfa annaðhvort í sínu eigin landi eða handan landamæranna. Erfiðleikar við að framfylgja lögum yfir landamæri grafa einnig undan tiltrú neytenda á

([1]) Stjtíð. ESB C 108, 30.4.2004, bls. 86.
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 20. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 7. október 2004.
([3]) Stjtíð. EB C 224, 1.8.1996, bls. 3.

tilboðum yfir landamæri og þar með tiltrú þeirra á innri markaðnum.

3) Því þarf að auðvelda samstarf milli opinberra yfirvalda, sem bera ábyrgð á framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda, þegar þau taka á brotum innan Bandalagsins og stuðla að snurðulausri starfsemi innri markaðarins, gæðum og samræmi í framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda og fylgjast með því að efnahagslegra hagsmuna neytenda sé gætt.

4) Í löggjöf Bandalagsins eru ákvæði um samstarfsnet til framkvæmdar lögum um að vernda neytendur umfram efnahagslega hagsmuni þeirra, ekki síst að því er varðar heilsufar. Miðla skal bestu starfsháttum á milli þeirra neta sem komið er á fót með þessari reglugerð og annarra neta.

5) Gildissvið ákvæða um gagnkvæma aðstoð í þessari reglugerð skal takmarkast við brot innan Bandalagsins á lögum Bandalagsins til verndar hagsmunum neytenda. Árangursrík meðhöndlun brota í einstökum löndum skal tryggja að engin mismunun eigi sér stað hvort sem um er að ræða innlenda starfsemi eða starfsemi annars staðar í Bandalaginu. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar brot einstakra aðildarríkja á lögum Bandalagsins og veitir framkvæmdastjórninni heldur ekki heimild til að stöðva brot sem framin eru innan Bandalagsins og skilgreind í þessari reglugerð.

6) Til að vernda neytendur gegn brotum innan Bandalagsins er nauðsynlegt að koma upp neti opinberra yfirvalda sem framfylgja lögum í öllu Bandalaginu og þessi yfirvöld þurfa að lágmarki að hafa almenna rannsóknar- og framkvæmdaheimild til að geta beitt þessari reglugerð á árangursríkan hátt og komið í veg fyrir að seljendur og birgjar geri sig seka um brot innan Bandalagsins.

7) Mikilvægt er að lögbær yfirvöld hafi möguleika á því að starfa óhindrað saman á gagnkvæmum grunni, að því er varðar upplýsingaskipti, uppgötvun og rannsókn brota innan Bandalagsins og ráðstafanir til að stöðva eða banna brot, til að geta tryggt snurðulausa starfsemi innri markaðarins og vernd neytenda.

8) Lögbær yfirvöld skulu einnig nýta sér aðrar heimildir eða ráðstafanir, sem eru leyfðar á innlendum vettvangi, þ.m.t. heimildir til að hefja mál eða vísa málum til ákæruvaldsins með það fyrir augum að stöðva eða banna þegar í stað brot innan Bandalagsins, að fenginni beiðni um gagnkvæma aðstoð ef um slíkt er að ræða.

9) Upplýsingar, sem lögbær yfirvöld skiptast á, skulu vera háðar ítrustu trúnaðarkvöðum og þagnarskyldu til að tryggja að hvorki sé um að ræða málamiðlanir í rannsóknum né að orðspori seljenda eða birgja sé spillt að ósekju. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([4]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([5]) skulu gilda í tengslum við þessa reglugerð.

10) Viðfangsefni sem tengjast framkvæmd laga ná yfir landamæri Evrópusambandsins og gæta þarf hagsmuna neytenda í Bandalaginu gagnvart viðskiptaaðilum með staðfestu í þriðju löndum sem starfa ekki innan ramma laganna. Því er nauðsynlegt að gera alþjóðasamninga við þriðju lönd varðandi gagnkvæma aðstoð við framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda. Þessir alþjóðasamningar skulu gerðir á vettvangi Bandalagsins á svæðum þar sem þessi reglugerð gildir til að tryggja hámarksvernd neytenda í Bandalaginu og snurðulausa samvinnu við þriðju lönd um framkvæmd laga.

11) Rétt er að starf aðildarríkjanna í tengslum við lagaframkvæmd vegna brota innan Bandalagsins verði samræmt á vettvangi Bandalagsins með það fyrir augum að gera umbætur á beitingu þessarar reglugerðar og stuðla að auknum gæðum og samræmi í lagaframkvæmd.

12) Rétt er að samræma samstarf stjórnsýslustofnana aðildarríkjanna á vettvangi Bandalagsins með hliðsjón af starfsemi þeirra yfir landamæri með það fyrir augum að gera umbætur á beitingu laga til verndar hagsmunum neytenda. Þetta samstarf hefur þegar sýnt sig við stofnun evrópska netsins fyrir mál sem rekin eru utan dómstóla.

---

([4]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([5]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

13) Ef samræmingin á starfsemi aðildarríkjanna samkvæmt þessari reglugerð felur í sér fjárhagsaðstoð Bandalagsins skal ákvörðun um að veita slíka aðstoð tekin í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 20/2004/EB frá 8. desember 2003 um almennan ramma fyrir fjármögnun aðgerða Bandalagsins til stuðnings neytendastefnu á tímabilinu 2004 til 2007 ([6]), einkum 5. og 10. aðgerð sem settar eru fram í viðaukanum við þá ákvörðun og í síðari ákvörðunum.

14) Neytendasamtök gegna afar mikilvægu hlutverki að því er varðar neytendaupplýsingar og fræðslu og við að vernda hagsmuni neytenda, þ.m.t. við lausn deilumála, og skulu þau hvött til að starfa með lögbærum yfirvöldum að því að gera beitingu þessarar reglugerðar áhrifaríkari.

15) Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([7]).

16) Árangursríkt eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar og skilvirkni neytendaverndar útheimtir reglulega skýrslugjöf frá aðildarríkjunum.

17) Í þessari reglugerð er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem eru m.a. viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ([8]). Þar af leiðandi er rétt að túlka og beita þessari reglugerð með hliðsjón af þeim réttindum og meginreglum.

18) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. samstarfi milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd, vegna þess að þau geta ekki ein tryggt samstarf og samræmi og markmiðunum verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

## INNGANGSÁKVÆÐI

### *1. gr.*

### Markmið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um við hvaða aðstæður lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, sem eru tilnefnd ábyrg fyrir framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda, skuli hafa samstarf sín á milli og við framkvæmdastjórnina til að tryggja að farið sé að þessum lögum og til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og auka fjárhagslega vernd neytenda.

### *2. gr.*

### Gildissvið

1. Ákvæðin um gagnkvæma aðstoð, sem eru sett fram í II. og III. kafla, gilda um brot innan Bandalagsins.

2. Þessi reglugerð er með fyrirvara um reglur Bandalagsins um alþjóðlegan einkamálarétt, einkum reglur í tengslum við lögsögu dómstóls og þá réttarreglu sem beitt er.

3. Þessi reglugerð er með fyrirvara um beitingu ráðstafana er varða dómsmálasamstarf í sakamálum og einkamálum í aðildarríkjunum, einkum starfsemi Evrópunets dómstóla.

4. Þessi reglugerð er með fyrirvara um að aðildarríkin standi við allar viðbótarskuldbindingar í tengslum við gagnkvæma aðstoð við vernd sameiginlegra, fjárhagslegra hagsmuna neytenda, þ.m.t. varðandi sakamál, sem leiðir af öðrum löggerningum, þ.m.t. tvíhliða eða marghliða samningar.

5. Þessi reglugerð er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda ([9]).

6. Þessi reglugerð er með fyrirvara um lög Bandalagsins um innri markaðinn, einkum þau ákvæði sem varða frjálsan flutning á vörum og þjónustu.

---

([6]) Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 786/2004/EB (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 7).

([7]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

([8]) Stjtíð. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

([9]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/65/EB (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).

7. Þessi reglugerð er með fyrirvara um lög Bandalagsins um sjónvarpsútsendingar.

*3. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lög til verndar hagsmunum neytenda“: tilskipanir eins og þær eru leiddar í landslög aðildarríkjanna og reglugerðir sem eru tilgreindar í viðaukanum,

b) „brot innan Bandalagsins“: aðgerðir eða aðgerðaleysi andstætt lögum til verndar hagsmunum neytenda, eins og skilgreint er í a-lið, sem skaða, eða eru líkleg til að skaða, sameiginlega hagsmuni neytenda sem hafa búsetu í aðildarríki eða -ríkjum, þó ekki í því aðildarríki þar sem aðgerðirnar eða aðgerðaleysið var upprunnið eða átti sér stað eða þar sem seljandi eða birgir, sem ber ábyrgðina, hefur búsetu eða þar sem finnast sönnunargögn eða eignir sem tengjast aðgerðinni eða aðgerðaleysinu,

c) „lögbært yfirvald“: hvaða opinbert yfirvald sem vera skal sem hefur staðfestu annaðhvort á innanlands-, svæðis- eða staðargrundvelli sem hefur sérstökum skyldum að gegna við framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda,

d) „miðlæg tengiskrifstofa“: opinbera yfirvaldið í hverju aðildarríki sem er tilnefnt sem ábyrgðaraðili fyrir samræmingu á beitingu þessarar reglugerðar í því aðildarríki,

e) „þar til bær embættismaður“: embættismaður sem er lögbært yfirvald og ber ábyrgð á því að beita þessari reglugerð,

f) „yfirvald sem leggur fram beiðni“: lögbært yfirvald sem leggur fram beiðni um gagnkvæma aðstoð,

g) „yfirvald sem beiðni er beint til“: lögbært yfirvald sem tekur við beiðni um gagnkvæma aðstoð,

h) „seljandi eða birgir“: einstaklingur eða lögaðili sem, að því er varðar lög til verndar hagsmunum neytenda, starfar að sinni atvinnugrein, viðskiptum, iðju eða sérgrein,

i) „markaðseftirlitsstarfsemi“: aðgerðir lögbærs yfirvalds sem er tilnefnt til að komast að því hvort brot innan Bandalagsins hafi átt sér stað á umráðasvæði yfirvaldsins,

j) „kvartanir neytanda“: yfirlýsing, studd eðlilegum sönnunargögnum, um að seljandi eða birgir hafi brotið, eða sé líklegur til að brjóta, lög sem eru til verndar hagsmunum neytenda,

k) „sameiginlegir hagsmunir neytenda“: hagsmunir tiltekins fjölda neytenda sem hafa skaðast eða líklegt er að skaðist vegna brots.

*4. gr.*

**Lögbær yfirvöld**

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld og miðlæga tengiskrifstofu sem bera ábyrgð á beitingu þessarar reglugerðar.

2. Hvert aðildarríki getur tilnefnt önnur opinber yfirvöld, ef þörf krefur, til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð. Þau geta einnig tilnefnt stofnanir sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta í tengslum við að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins í samræmi við 3. mgr. 8. gr.

3. Hvert lögbært yfirvald skal, með fyrirvara um 4. mgr., hafa nauðsynlegar rannsóknar- og framkvæmdaheimildir fyrir beitingu þessarar reglugerðar og skal fara með þær í samræmi við innlend lög.

4. Lögbær yfirvöld geta, í samræmi við innlend lög, beitt heimildunum sem um getur í 3. mgr.:

a) annaðhvort beint samkvæmt sínum eigin heimildum eða undir eftirliti dómsmálayfirvalda,

b) eða með því að vísa máli til dómstóla sem eru þar til bærir að taka nauðsynlega ákvörðun, þ.m.t. með málskoti ef þörf krefur, ef ekki er orðið við beiðni um að taka þessa nauðsynlegu ákvörðun.

5. Ef lögbær yfirvöld beita heimildum sínum með því að vísa máli til dómstóla, í samræmi við b-lið 4. mgr., skulu þeir dómstólar vera þar til bærir að taka nauðsynlegar ákvarðanir.

6. Þeim heimildum, sem um getur í 3. mgr., skal aðeins beitt ef rökstuddur grunur leikur á um brot innan Bandalagsins og þær skulu a.m.k. fela í sér rétt til þess:

a) að fá aðgang að hvers konar viðeigandi skjölum í hvaða formi sem er sem tengjast viðkomandi broti innan Bandalagsins,

b) að krefjast þess af hvaða einstaklingi sem er að hann leggi fram viðeigandi upplýsingar í tengslum við viðkomandi brot innan Bandalagsins,

c) að framkvæma nauðsynlega vettvangsskoðun,

d) að krefjast þess skriflega að viðkomandi seljandi eða birgir láti af viðkomandi broti innan Bandalagsins,

e) að fá hjá seljanda eða birgi, sem hefur gerst sekur um brot innan Bandalagsins, loforð um að hann láti af því broti og, eftir því sem við á, birta það loforð,

f) að krefjast stöðvunar eða banns við öllum brotum innan Bandalagsins og, eftir því sem við á, að birta þær ákvarðanir sem eru teknar,

g) að krefjast þess að stefndi, sem tapar máli, greiði sekt til hins opinbera eða til réttþafa sem er tilnefndur í eða samkvæmt innlendum lögum ef hann fer ekki að ákvörðuninni sem er tekin.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að þar til bær yfirvöld fái þá fjármuni sem nauðsynlegir eru til að beita þessari reglugerð. Þar til bærir embættismenn skulu virða faglegar reglur og vera bundnir af viðeigandi innlendri málsmeðferð eða siðareglum sem tryggja einkum vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga, sanngjarna málsmeðferð og að ákvæðin um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu, sem sett eru með 13. gr., séu virt til fulls.

8. Sérhvert lögbært yfirvald skal láta almenning vita af réttindum og skyldum samkvæmt þessari reglugerð og skal tilnefna þar til bæra embættismenn.

*5. gr.*

**Skrár**

1. Hvert aðildarríki skal láta framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin vita af því hver lögbær yfirvöld eru, um önnur opinber yfirvöld og stofnanir sem eiga löglegra hagsmuna að gæta varðandi stöðvun og bann við brotum innan Bandalagsins og um miðlægu tengiskrifstofuna.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta og uppfæra skrá yfir miðlægar tengiskrifstofur og lögbær yfirvöld í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

II. KAFLI

**GAGNKVÆM AÐSTOÐ**

*6. gr.*

**Skipti á upplýsingum að fenginni beiðni**

1. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal, samkvæmt beiðni þar til bærs yfirvalds, í samræmi við 4. gr., þegar í stað veita allar viðeigandi upplýsingar sem þarf til að ákvarða hvort brot innan Bandalagsins hafi átt sér stað eða til að ákvarða hvort rökstuddur grunur leiki á um að slíkt brot geti átt sér stað.

2. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal gera viðeigandi rannsóknir, með aðstoð annarra opinberra yfirvalda ef þörf krefur, eða hvers konar aðrar, nauðsynlegar eða viðeigandi ráðstafanir í samræmi við 4. gr. til að afla þeirra upplýsinga sem þörf krefur.

3. Yfirvald, sem beiðni er beint til, getur, ef yfirvald sem leggur fram beiðni óskar eftir því, leyft þar til bærum embættismanni yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, að fylgjast með rannsóknum embættismanna yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

4. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*7. gr.*

**Skipti á upplýsingum án beiðni**

1. Ef lögbæru yfirvaldi verður kunnugt um brot innan Bandalagsins, eða hefur rökstuddan grun um að slík brot geti átt sér stað, skal það tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um það og veita þegar í stað allar nauðsynlegar upplýsingar.

2. Ef lögbært yfirvald gerir frekari ráðstafanir til að framfylgja lögum eða fær beiðni um gagnkvæma aðstoð í tengslum við brot innan Bandalagsins skal það tilkynna lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni um það.

3. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

*8. gr.*

**Beiðni um ráðstafanir til að framfylgja lögum**

1. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal, að fenginni beiðni frá yfirvaldi sem leggur fram beiðni, tafarlaust gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að knýja fram stöðvun eða bann við viðkomandi broti innan Bandalagsins.

2. Til að uppfylla skyldur sínar skv. 1. mgr. skal yfirvald, sem beiðni er beint til, beita þeim heimildum sem eru tilgreindar í 6. mgr. 4. gr. og öllum viðbótarheimildum sem það fær samkvæmt landslögum. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal ákvarða, með aðstoð annarra opinberra yfirvalda ef þörf krefur, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að stöðva eða banna brot innan Bandalagsins á skilvirkan og árangursríkan hátt sem er í réttu hlutfalli við brotið.

Náttúruminjasafnið skal eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila.

3. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands er vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins. Stofnanirnar skulu hafa með sér náið samstarf sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra.

Safnkostur Náttúruminjasafns Íslands er ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess.

## II. KAFLI
## Skipulag og yfirstjórn.

4. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn Náttúruminjasafns Íslands.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. Skal safnstjóri hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Safnstjóri situr í safnaráði samkvæmt stöðu sinni.

Safnstjóri er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins.

## III. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

6. gr.

Safninu er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er safninu heimilt að taka gjald fyrir lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu og fjölföldun hvers konar til þess að standa straum af kostnaði. Gjaldskrá fyrir þessa þjónustu skal háð samþykki menntamálaráðherra.

7. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á safnalögum, nr. 106/2001: 2. málsl. 5. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Náttúruminjasafn Íslands annast söfnun gripa, skrásetningu þeirra og varðveislu, kynnir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda með sýningum og fræðslustarfi og annast rannsóknir á starfssviði sínu.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Gripir, sem við gildistöku laga þessara tilheyra Náttúrufræðistofnun Íslands og hafa fyrst og fremst sýningargildi, skulu eftir gildistöku laga þessara vera á forræði Náttúruminjasafns Íslands samkvæmt samkomulagi stofnananna, sbr. 3. gr.

# 1322. Frumvarp til laga [522. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, er verður 17. gr. a, svohljóðandi:

Hafi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja gerst brotleg við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins á grundvelli þeirra er Samkeppniseftirlitinu heimilt, með samþykki málsaðila, að ljúka málinu með sátt. Sama gildir ef um er að ræða samruna sem hindrar virka samkeppni, sbr. 17. gr. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Samkeppniseftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd greinarinnar.

2. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Samkeppniseftirlitið leggur stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn:

a. banni skv. 10. eða 12. gr.,
b. banni skv. 11. gr.,
c. fyrirmælum samkeppnisyfirvalda á grundvelli 14. gr.,
d. skilyrðum sem samkeppnisyfirvöld hafa sett fyrir veitingu undanþágu á grundvelli 15. gr.,
e. ráðstöfunum, aðgerðum eða bráðabirgðaákvörðunum á grundvelli 16. gr.,
f. íhlutun, fyrirmælum eða skilyrðum samkeppnisyfirvalda á grundvelli 1., 5. og 6. mgr. 17. gr.,
g. tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr.,
h. sátt milli Samkeppniseftirlitsins og aðila, sbr. 17. gr. a,
i. skyldu til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr.,
j. banni skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Sektir geta numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að broti. Ef brot samtaka fyrirtækja tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers aðila þeirra sem er virkur á þeim markaði sem brot samtakanna tekur til. Við ákvörðun á fjárhæð sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Sektirnar renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins skal

greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Unnt er að lækka sektir ef fyrirtæki hefur haft frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. sem að mati eftirlitsins eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum og að uppfylltum nánari skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið mælir fyrir um í reglum.

Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Þá má falla frá sektarákvörðun hafi fyrirtæki verið fyrst til að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. sem að mati eftirlitsins geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti og að uppfylltum nánari skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið mælir fyrir um í reglum.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um sektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, er verður 37. gr. a., svohljóðandi:

Heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Samkeppniseftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti eða þegar framkvæmd er leit á starfsstað fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja á grundvelli 20. gr. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

4. gr.

Á eftir 41. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (41. gr. a.)

Hver starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma samráð sem brýtur gegn 10. og/eða 12. gr. og varðar þau atriði sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Ákvæði 1. mgr. tekur til eftirfarandi brota fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja á sama sölustigi á 10. eða 12. gr.:

a. samráðs um verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör,
b. samráðs um takmörkun eða stýringu á framboði, framleiðslu, mörkuðum eða sölu,
c. samráðs um skiptingu á birgðalindum eða mörkuðum, t.d. eftir svæðum eða viðskiptavinum,
d. samráðs um gerð tilboða,
e. samráðs um að eiga ekki viðskipti við tiltekin fyrirtæki eða neytendur,
f. upplýsingagjafar um þau atriði sem fram koma í a–e-liðum.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til ólögmæts samráðs milli fyrirtækja sem hefur það að markmiði að fyrirtæki hefji ekki samkeppni í atvinnustarfsemi.

Með samráði í þessari grein er átt við samninga, samþykktir, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er rís vegna brota á 10., 12. og 41. gr. b laga þessara.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt grein þessari er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

b. (41. gr. b.)

Hver sá sem í tengslum við upplýsingaöflun á grundvelli 19. og 20. gr. og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eyðileggur, falsar, kemur undan eða gerir á annan hátt ónothæf hvers konar gögn sem hafa þýðingu fyrir rannsókn Samkeppniseftirlitsins skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Hver sá sem við upplýsingagjöf skv. 19. gr. veitir Samkeppniseftirlitinu rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sömu refsingu skal hver sæta sem að öðru leyti gefur Samkeppniseftirlitinu rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar.

Gera má lögaðila sekt samkvæmt ákvæðum II. kafla A almennra hegningarlaga fyrir brot skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

5. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Samkeppniseftirlitið með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort sá hluti málsins sem varðar refsiábyrgð einstaklings skuli kærður til lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Samkeppniseftirlitið getur ákveðið að kæra ekki einstakling hafi hann, eða fyrirtæki sem hann starfar hjá eða er í stjórn hjá, haft frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. sem geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða eru mikilvæg viðbót að mati eftirlitsins við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, enda séu nánari skilyrði uppfyllt sem Samkeppniseftirlitið mælir fyrir um í reglum.

Með kæru Samkeppniseftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að kæra mál til lögreglu.

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem falla undir 2. mgr. Samkeppniseftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem falla undir 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem þau hafa aflað og tengjast þeim brotum sem falla undir 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Samkeppniseftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem falla undir 2. mgr.

Ákærandi getur sent mál sem varðar brot á samkeppnislögum og gögn því tengd til Samkeppniseftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

6. gr.

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný grein er verður 42. gr. a, svohljóðandi:

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að takmarka aðgang málsaðila að gögnum er tengjast rannsókn á meintum refsiverðum brotum á lögum þessum ef hætta er á að slíkur aðgangur torveldi opinbera rannsókn. Þeirri takmörkun skal þó ávallt aflétt tímanlega áður en Samkeppniseftirlitið tekur endanlega ákvörðun í málinu.

Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem fyrirsvarsmaður fyrirtækis hefur veitt Samkeppniseftirlitinu sem sönnunargagn í opinberu máli sem höfðað er gegn honum vegna brota sem tilgreind eru í 41. gr. a.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Samkeppniseftirlitið leggur stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn fyrirmælum eða skilyrðum sem gefin voru á grundvelli laga nr. 8/1993, með síðari breytingum.

# 1323. Frumvarp til laga [561. mál]

um breyting á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Stjórn sjóðsins er með samþykki fjármálaráðherra heimilt að veita sjóðfélaga sem fær launalaust leyfi frá störfum til að starfa hjá alþjóðastofnun, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, rétt til að greiða áfram iðgjald til B-deildar sjóðsins á starfstíma hans hjá viðkomandi alþjóðastofnun, enda hafi hann átt aðild að B-deildinni er hann hóf störf erlendis og njóti ekki lífeyrisréttar hjá viðkomandi alþjóðastofnun. Stjórn sjóðsins skal ákveða viðmiðunarlaun fyrir starfið með hliðsjón af 6. mgr. 23. gr.

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „9,5%“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: 7,5%.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 41. gr. laganna og orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglur um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna sem falla undir samkomulag Norðurlandanna frá 1. júní 2001 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Fela má Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins framkvæmd samkomulagsins. Kostnaður sem hlýst af framkvæmd þess greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er að ákveða í reglum, sbr. 1. mgr., að víkja megi frá skilyrðum laga þessara um upphaf lífeyristöku, enda teljist það nauðsynlegt við samhæfingu réttinda samkvæmt samkomulaginu. Með sama hætti má ákveða að upphæð ellilífeyris lækki svo að ekki aukist heildarskuldbindingar sjóðsins þegar ríkisstarfsmaður velur að hefja töku ellilífeyris fyrr en samkvæmt lögum þessum.

Reikna skal út aukinn kostnað við greiðslu lífeyris sem kann að leiða af framkvæmd samkomulagsins og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð.

Útreikningar skulu byggðir á sömu tryggingafræðilegu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins.

Ágreiningi sem rísa kann út af beitingu samkomulagsins verður skotið til úrskurðar fjármálaráðherra.

II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.**

4. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 27. gr. laganna og orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglur um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna sem falla undir samkomulag Norðurlandanna frá 1. júní 2001 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Fela má Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins framkvæmd samkomulagsins. Kostnaður sem hlýst af framkvæmd þess greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er að ákveða í reglum, sbr. 1. mgr., að víkja megi frá skilyrðum laga þessara um upphaf lífeyristöku, enda teljist það nauðsynlegt við samhæfingu réttinda samkvæmt samkomulaginu. Með sama hætti má ákveða að upphæð ellilífeyris lækki svo að ekki aukist heildarskuldbindingar sjóðsins þegar ríkisstarfsmaður velur að hefja töku ellilífeyris fyrr en samkvæmt lögum þessum.

Reikna skal út aukinn kostnað við greiðslu lífeyris sem kann að leiða af framkvæmd samkomulagsins og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð.

Útreikningar skulu byggðir á sömu tryggingafræðilegu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins.

Ágreiningi sem rísa kann út af beitingu samkomulagsins verður skotið til úrskurðar fjármálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 34. gr. laganna skal hlutfallið vera 7,5% frá 1. janúar 2007.

# 1324. Frumvarp til laga [279. mál]

um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Þá er

sjóðnum heimilt að veita lán og ábyrgðir, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Í starfsemi sinni skal Nýsköpunarsjóður taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs. Loks starfrækir sjóðurinn tryggingardeild útflutningslána skv. II. kafla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „Sjóðnum“ í 2. mgr. kemur: Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

3. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Engan skal þó skipa oftar en fimm sinnum í stjórnina.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: Ákvarðanir um þátttöku sjóðsins í fjárfestingum, veitingu lána og ábyrgða, auk ákvarðana um tryggingar og kjör.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skal setja sér reglur um mat á fjárfestingartækifærum, auk umsókna um lán og ábyrgðir, sem ráðherra staðfestir.

Ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um fjárfestingar og veitingu lána og ábyrgða.
b. 2. mgr. orðast svo:

Nýsköpunarsjóði er heimilt að semja við aðra aðila um tiltekna þjónustu honum til handa.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skal að lágmarki vera 3.000 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé, sem ekki er bundið í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr., skal ávaxtað samkvæmt fjárfestingarstefnu sem mælt er fyrir um í reglugerð. Nýsköpunarsjóður skal semja við aðila, sem hefur leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um vörslu og ávöxtun eigin fjár sem ekki er bundið í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr. Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins setur nánari reglur um fjárfestingarstefnu, sem ráðherra staðfestir.

Nú nær eigið fé ekki lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. og skal þá ávaxta eigið fé samkvæmt fjárfestingarstefnu þar til lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. er náð.

7. gr.

Við 8. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Nýsköpunarsjóði er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpun-

arsjóðs minna en 50%. Leita skal samþykkis iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra fyrir þátttöku Nýsköpunarsjóðs í samlagssjóðum eða samlagshlutafélögum, sé hluta af söluandvirði Landssíma Íslands, sbr. lög nr. 133/2005, ráðstafað til að standa undir hlutdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í slíkum sjóðum.

Þegar ekki er talið mögulegt að mati stjórnar Nýsköpunarsjóðs að taka þátt í verkefni með hlutafjárkaupum er sjóðnum heimilt að veita lán til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja með breytirétti í hlutafé eða með kauprétti hlutafjár. Þá er Nýsköpunarsjóði heimilt að veita ábyrgðir til þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn hefur þegar fjárfest í eða veitt lán, enda sé slík ábyrgðarveiting liður í sameiginlegri ákvörðun meðfjárfesta um slíka fjármögnun.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Samhliða ákvörðunum um fjárfestingar, lán eða ábyrgðir skal ákveða framlög á afskriftareikninginn.
b. Í stað orðanna „eigið fé hans“ í síðari málslið 2. mgr. kemur: lágmarks eigið fé, sbr. 7. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nýsköpunarsjóði er heimilt að gera afleiðusamninga til að verjast gengisáhættu.
b. 2. mgr. fellur brott.

10. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Ársreikningi skal fylgja skrá yfir hlutafjárkaup Nýsköpunarsjóðs, þátttöku í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, lán og ábyrgðir.

11. gr.

15. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

12. gr.

19. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs skal teljast hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs, sbr. 7. gr. laganna.

Útboðnar einingar af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. skulu leystar upp innan tíu ára eftir að þær eru boðnar út og telst andvirði þeirra til eigin fjár Nýsköpunarsjóðs.

# 1325. Frumvarp til laga [277. mál]

um opinber innkaup.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

Samhljóða þskj. 287 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

*Orðskýringar.*

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Almenn fjarskiptaþjónusta:* Fjarskiptaþjónusta sem yfirvöld hafa sérstaklega falið einu eða fleiri fjarskiptafyrirtækjum að veita.
2. *Almennt fjarskiptanet:* Kerfi fyrir almenn fjarskipti sem gerir kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstækniaðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.
3. *Almennt útboð:* Innkaupaferli þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð.
4. *Bjóðandi:* Fyrirtæki sem lagt hefur fram tilboð í útboði, svo sem í almennu eða lokuðu útboði, samningskaupum eða samkeppnisviðræðum.
5. *Fjarskiptaþjónusta:* Þjónusta sem að hluta eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um almenna fjarskiptanetið með fjarskiptaaðferðum öðrum en hljóðvarpi eða sjónvarpi.
6. *Fyrirtæki:* Samheiti, notað til einföldunar, yfir verktaka, seljanda vöru og veitanda þjónustu.
7. *Gagnvirkt innkaupakerfi:* Fyllilega rafrænt ferli við algeng innkaup sem mögulegt er að gera á almennum markaði þannig að kröfum kaupanda sé fullnægt, enda sé ferlið tímabundið og, meðan á því stendur, opið öllum fyrirtækjum sem fullnægja skilyrðum fyrir þátttöku í kerfinu og lagt hafa fram kynningarboð í samræmi við skilmála.
8. *Hönnunarsamkeppni:* Ferli sem gerir kaupanda kleift að afla áætlunar eða hönnunar, einkum á sviði skipulags lands og bæja, húsagerðarlistar og verkfræði eða gagnavinnslu, sem valin hefur verið af dómnefnd eftir samkeppni sem farið hefur fram með eða án verðlauna.
9. *Lokað útboð*: Innkaupaferli þar sem aðeins þau fyrirtæki sem valin hafa verið af kaupanda geta lagt fram tilboð en hvaða fyrirtæki sem er getur sótt um að taka þátt í.
10. *Miðlæg innkaupastofnun:* Opinber aðili skv. 3. gr. sem aflar vöru og/eða þjónustu fyrir aðra kaupendur eða gerir verksamninga eða rammasamninga um verk, vörur eða þjónustu ætlaða öðrum kaupendum.
11. *Nettengipunktur:* Allar efnislegar tengingar og tækniforskriftir varðandi aðgang að þeim sem eru hluti af almenna fjarskiptanetinu og nauðsynlegar eru fyrir aðgang og skilvirk fjarskipti um viðkomandi net.
12. *Opinber aðili eða kaupandi:* Ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og samtök og aðrir opinberir aðilar skv. 3. gr.
13. *Opinberir samningar:* Allir samningar sem falla undir 1. mgr. 4. gr.
14. *Rafrænar aðferðir:* Notkun rafræns búnaðar til að vinna (þar á meðal með stafrænni samþjöppun) og geyma gögn sem eru send, er miðlað og tekið við með rafþræði, útvarpi, ljóstækniaðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.
15. *Rafrænt uppboð:* Endurtekið ferli þar sem ný og lægri verð, og/eða ný verðgildi fyrir

ákveðin atriði í tilboðum, eru sett fram með rafrænum hætti, eftir að kaupandi hefur tekið fulla afstöðu til þeirra í upphafi, þannig að unnt er að meta þau með sjálfvirkum aðferðum.

16. *Rammasamningur:* Samningur sem einn eða fleiri kaupendur skuldbinda sig til að gera við eitt eða fleiri fyrirtæki í þeim tilgangi að slá föstum skilmálum einstakra samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili, einkum að því er varðar verð og fyrirhugað magn, ef við á.
17. *Ritaður eða skriflegur:* Hvers konar tjáning sem samanstendur af orðum eða tölum sem lesa má, kalla má fram og miðla, þar á meðal upplýsingar sem miðlað er og varðveittar eru með rafrænum aðferðum.
18. *Sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV):* Tilvísunarflokkunarkerfi sem gildir um opinbera samninga og var samþykkt með reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (EB) nr. 2195/2002 ásamt því sem samræmi við aðrar gildandi skrár var tryggt. Ef upp kemur mismunandi túlkun um gildissvið laga þessara vegna ósamræmis milli þessarar skrár og NACE-skrárinnar, sbr. I. viðauka tilskipunarinnar, eða vegna ósamræmis milli skrárinnar og CPC-skrárinnar, sbr. II. viðauka tilskipunarinnar, skulu NACE-skráin og CPC-skráin hafa forgang.
19. *Samkeppnisviðræður:* Innkaupaferli sem hvaða fyrirtæki sem er getur sótt um að taka þátt í og felst í því að kaupandi stýrir viðræðum við þau fyrirtæki sem valin hafa verið til að taka þátt í ferlinu, allt með það að markmiði að þróa einn eða fleiri valkosti sem mætt geta kröfum hans, enda séu þessar kröfur lagðar til grundvallar þegar umsækjendum er boðið að leggja fram tilboð.
20. *Samningskaup:* Þegar kaupandi ræðir við fyrirtæki sem hann hefur valið samkvæmt fyrirframákveðnu ferli og semur um skilmála samnings við eitt eða fleiri fyrirtæki.
21. *Sérleyfissamningur um verk:* Verksamningur þar sem endurgjald fyrir verk felst annaðhvort eingöngu í rétti til að nýta sér verkið eða í rétti til að nýta sér verkið ásamt fjárgreiðslu frá kaupanda.
22. *Sérleyfissamningur um þjónustu:* Þjónustusamningur þar sem endurgjald fyrir þjónustu felst annaðhvort eingöngu í rétti til að nýta sér þjónustuna eða í rétti til að nýta sér þjónustuna ásamt fjárgreiðslu frá kaupanda.
23. *Staðall:* Forskrift sem samþykkt er af viðurkenndri staðlastofnun og beita má endurtekið og að staðaldri án þess að skylt sé að fara eftir henni. Staðall er opinbert skjal og ætlaður til frjálsra afnota.
24. *Tilskipunin:* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga frá 31. mars 2004, eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 sem birt var 7. september 2006 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44/2006.
25. *Verksamningar eða opinberir verksamningar:* Allir samningar sem falla undir 2. mgr. 4. gr.
26. *Verktaki, seljandi vöru og veitandi þjónustu:* Einstaklingur eða lögaðili, þar á meðal opinberir aðilar, eða hópur slíkra einstaklinga og/eða aðila sem bjóða fram á markaði framkvæmd verks, vöru og/eða þjónustu.
27. *Vörusamningar eða opinberir vörusamningar:* Allir samningar sem falla undir 3. mgr. 4. gr.

28. *Þátttakandi:* Fyrirtæki sem leitar eftir því að taka þátt í lokuðu útboði, samningskaupum eða samkeppnisviðræðum.
29. *Þjónustusamningar eða opinberir þjónustusamningar:* Allir samningar sem falla undir 4. mgr. 4. gr.
30. *Örútboð:* Innkaupaferli þar sem kaupandi leitar, með hæfilegum fyrirvara, skriflegra tilboða meðal tiltekinna rammasamningshafa um skilmála sem ekki hefur verið mælt fyrir um í viðkomandi rammasamningi og lýkur jafnan með samningi við þann bjóðanda sem leggur fram besta tilboðið á grundvelli þeirra valforsendna sem fram koma í útboðsskilmálum rammasamningsins.

7. gr. hljóðar svo:

*Samningar stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu.*

Lögin taka ekki til samninga sem undanþegnir eru tilskipun nr. 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu, sbr. 3.–7. gr. þeirrar tilskipunar, eins og hún hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006, sem birt var 7. september 2006 í EES-viðbæti Stjórnartíðinda ESB nr. 44/2006, sbr. 2. mgr. 5. gr., 19. gr., 26. gr. og 30. gr. sömu tilskipunar.

Ákvæði XIV. og XV. kafla laga þessara gilda um samninga sem þeir kaupendur gera sem reka eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 3.–7. gr. þeirrar tilskipunar sem um ræðir í 1. mgr. og eru gerðir vegna reksturs þeirrar starfsemi. Að öðru leyti taka lögin ekki til innkaupa þessara aðila.

Ráðherra skal í reglugerð mæla fyrir um innkaup þeirra aðila sem greinir í 1. mgr., til samræmis við skuldbindingar íslenska ríkisins á sviði opinberra innkaupa samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum milliríkjasamningum.

8. gr. hljóðar svo:

*Samningar á sviði fjarskipta.*

Lögin taka ekki til samninga sem hafa það að meginmarkmiði að stofna til eða reka almennt fjarskiptanet eða bjóða almenningi eina eða fleiri tegundir fjarskiptaþjónustu.

18. gr. hljóðar svo:

*Samningar bundnir við ákveðna hópa.*

Heimilt er að takmarka rétt til þátttöku í útboði við verndaða vinnustaði eða miða samning við að framkvæmd hans fari fram samkvæmt áætlun um verndaða vinnustaði þar sem flestir starfsmenn eru fatlaðir þannig að þeir geta ekki sinnt starfi á venjulegum vinnumarkaði vegna starfsorkuskerðingar.

Ef innkaup eru yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 3. þátt, skal vísa til 19. gr. tilskipunarinnar í tilkynningu um innkaup.

19. gr. hljóðar svo:

Ákvæði þessa þáttar taka til opinberra innkaupa undir þeim viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins sem birtar eru í reglugerð skv. 78. gr.

Ákvæði þessa þáttar taka ekki til innkaupa sveitarfélaga, stofnana þeirra, annarra opinberra aðila á þeirra vegum, sbr. 2. mgr. 3. gr., eða samtaka sem þessir aðilar kunna að hafa með sér. Þessum aðilum er þrátt fyrir þetta ávallt heimilt að beita reglum þessa þáttar í heild

eða að hluta við innkaup sín. Sveitarfélög skulu setja sér reglur um innkaup sín, enda hafi þau ekki ákveðið að kaupa inn samkvæmt reglum þessa þáttar í heild.

Ákvæði þessa þáttar taka ekki til gerðar sérleyfissamninga undir þeim viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins sem birtar eru í reglugerð skv. 78. gr. Ráðherra er þó heimilt í reglugerð að setja reglur um gerð sérleyfissamninga undir þessum viðmiðunarfjárhæðum, m.a. ákveða að þá skuli gera að undangengnu tilteknu innkaupaferli. Um gerð sérleyfissamninga yfir framangreindum viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins gilda ákvæði 80. gr. og þær reglur sem þar er vísað til.

Um framkvæmd hönnunarsamkeppni gilda ákvæði 37. gr.

21. gr. hljóðar svo:

*Þjónusta sem undanskilin er útboðsskyldu.*

Samninga um kaup á þjónustu sem tilgreind er í II. viðauka B tilskipunarinnar er ekki skylt að bjóða út eða gera í samræmi við þau innkaupaferli sem kveðið er á um í V. kafla laganna. Við kaup á þessari þjónustu skal þó ávallt gæta jafnræðisreglu 14. gr. svo og ákvæða 40. gr. um tækniforskriftir.

Nú hefur samningur það að markmiði að afla þjónustu sem tilgreind er bæði í II. viðauka B tilskipunarinnar og í II. viðauka A tilskipunarinnar og er þá skylt að fylgja ákvæðum laga þessara um útboð og aðrar innkaupsaðferðir ef sá þáttur samningsins sem fellur undir II. viðauka A tilskipunarinnar er verðmætari en sá þáttur samningsins sem fellur undir II. viðauka B tilskipunarinnar. Að öðrum kosti er aðeins skylt að gæta ákvæða 40. gr. um tækniforskriftir svo og jafnræðisreglu 14. gr.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum sé skylt að bjóða út innkaup sín eða gera þau í samræmi við þau innkaupaferli sem kveðið er á um V. kafla laganna.

22. gr. hljóðar svo:

*Innkaup undir innlendum viðmiðunarfjárhæðum.*

Við innkaup undir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem birtar eru í auglýsingu skv. 20. gr. skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja. Slíkur samanburður skal jafnan gerður bréflega eða með rafrænni aðferð. Við þessi innkaup skal virða jafnræðisreglu 14. gr. svo og ákvæði 40. gr. um tækniforskriftir.

31. gr. hljóðar svo:

*Samkeppnisviðræður.*

Þegar um er að ræða sérlega flókna samninga og kaupandi telur að notkun almenns eða lokaðs útboðs sé því til fyrirstöðu að unnt sé að gera samning er heimilt að beita ákvæðum þessarar greinar. Um „sérlega flókinn samning“ í skilningi þessarar greinar er að ræða þegar ekki er mögulegt með hlutlægum hætti að skilgreina þau tæknilegu atriði sem fullnægt geta þörfum eða markmiðum kaupanda, sbr. b-, c- og d-lið 3. mgr. 40. gr., og/eða kaupandi getur ekki skilgreint lagalega eða fjárhagslega gerð framkvæmdar. Ákvörðun um gerð samnings skal eingöngu tekin á grundvelli forsendna fyrir vali fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs.

Kaupandi skal birta opinberlega útboðsauglýsingu þar sem fram koma þarfir og kröfur kaupanda, en þessi atriði skal skilgreina nánar í auglýsingunni sjálfri og/eða skýringargögnum.

Kaupandi hefur viðræður við þátttakendur, sem valdir hafa verið til þátttöku í samræmi við ákvæði VII. kafla og 56. gr., með það fyrir augum að slá föstu með hvaða hætti þörfum hans verður best fullnægt. Í þessum viðræðum er heimilt að ræða öll atriði væntanlegs samnings við útvalda þátttakendur.

Meðan á viðræðum stendur skal kaupandi tryggja að jafnræðis sé gætt meðal þátttakenda, sérstaklega að þátttakendum sé ekki mismunað með því að veita upplýsingar sem gera stöðu sumra þátttakenda betri en annarra. Kaupanda er óheimilt að upplýsa þátttakanda um lausnir eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem annar þátttakandi hefur sett fram, án samþykkis viðkomandi.

Kaupandi getur ákveðið að ferlið muni fara fram í fleiri áföngum til þess að fækka þeim lausnum sem fjallað er um. Slík fækkun lausna skal grundvallast á forsendum fyrir vali tilboðs sem settar hafa verið fram í útboðsauglýsingu eða skýringargögnum. Taka skal fram í tilkynningu eða skýringargögnum að þessi háttur kunni að vera hafður á.

Kaupandi skal halda viðræðum áfram þar til hann hefur afmarkað þá lausn eða þær lausnir sem geta fullnægt þörfum hans, eftir atvikum eftir að hafa borið þær saman, ef það reynist nauðsynlegt.

Þegar kaupandi hefur lýst því yfir að viðræðum sé lokið og tilkynnt það þátttakendum skal hann gefa þátttakendum kost á að leggja fram endanleg tilboð með hliðsjón af þeirri lausn eða lausnum sem kynntar hafa verið og skýrðar meðan á viðræðum stóð. Þessi tilboð skulu hafa að geyma öll þau atriði sem nauðsynleg eru til að hrinda samningi í framkvæmd. Heimilt er þátttakendum að skýra, skilgreina og laga til tilboð sín eftir beiðni kaupanda. Slíkar skýringar, skilgreiningar og lagfæringar eða viðbótarupplýsingar mega þó ekki fela í sér breytingar á grundvallarþáttum tilboðs, eða tilkynningu til bjóðenda um að gera tilboð, þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða.

Kaupandi skal meta tilboð á grundvelli þeirra forsendna fyrir vali tilboðs sem fram komu í upphaflegri útboðsauglýsingu eða skýringargögnum og skal velja hagkvæmasta tilboð í samræmi við ákvæði 72. gr. Kaupanda er heimilt að óska eftir því að sá þátttakandi sem átt hefur hagkvæmasta boð skýri atriði í tilboði sínu eða staðfesti tilteknar skuldbindingar sem þar hafa komið fram, enda leiði það ekki til þess að grundvallarþáttum í tilboðinu, eða útboðsauglýsingu, sé breytt þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða.

Kaupanda er heimilt að kveða á um verðlaun eða greiða þátttakendum fyrir þátttöku sína í viðræðum.

37. gr. hljóðar svo:

*Tilhögun hönnunarsamkeppni.*

Ákvæði þessarar greinar gilda um hönnunarsamkeppni þar sem samanlagt virði verðlauna og/eða annarra greiðslna til þátttakanda er yfir viðmiðunarfjárhæðum vegna þjónustukaupa skv. 20. gr.

Þegar hönnunarsamkeppni er haldin sem liður í kaupum á þjónustu skal taka tillit til heildarvirðis samnings, án virðisaukaskatts, auk þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. mgr. Þegar hönnunarsamkeppni er haldin og kaupandi hefur ekki afsalað sér heimild til að gera þjónustusamning með samningskaupum skv. 3. mgr. 33. gr. að aflokinni hönnunarsamkeppni skal einnig taka tillit til heildarvirðis mögulegs þjónustusamnings, án virðisaukaskatts, auk þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. mgr. Um hönnunarsamkeppni yfir viðmiðunarfjárhæðum, sem fram koma í reglugerð skv. 78. gr., fer skv. 81. gr. og þeim reglum sem þar er vísað til.

Óheimilt er að takmarka aðgang að hönnunarsamkeppni með vísan til þjóðernis eða búsetu á ákveðnu svæði eða einskorða aðgang við annaðhvort lögaðila eða einstaklinga.

Kaupandi sem hyggst halda hönnunarsamkeppni skal birta opinberlega auglýsingu um hana. Í auglýsingu eða skýringargögnum, sem vísað er til í auglýsingu, skulu koma fram upplýsingar um tilhögun keppninnar, forsendur fyrir vali þátttakenda, ef fjöldi þeirra er takmarkaður, og forsendur fyrir vali áætlunar eða tillögu. Við gerð auglýsingar og birtingu skal að öðru leyti farið eftir reglum um útboðsauglýsingar og birtingu þeirra, eftir því sem við á.

Tilkynna skal þátttakendum í hönnunarsamkeppni um niðurstöður keppninnar. Ef birting upplýsinga mundi hindra löggæslu, vera andstæð almannahagsmunum eða stofna í hættu lögmætum viðskiptahagsmunum tiltekins fyrirtækis, hvort heldur er einkarekins eða í opinberri eigu, eða gæti hindrað samkeppni milli veitenda þjónustu er ekki skylt að birta upplýsingar.

Ef ákveðið er að takmarka fjölda þátttakenda í hönnunarsamkeppni við ákveðinn fjölda skal gæta jafnræðis með því að setja fram málefnalegar forsendur fyrir vali þátttakenda. Fjöldi þátttakenda skal alltaf vera nægilegur til að tryggja raunhæfa samkeppni.

Dómnefnd skal aðeins skipuð einstaklingum sem eru óháðir þátttakendum í samkeppni. Þar sem tiltekinnar menntunar eða starfshæfni er krafist af þátttakendum skal a.m.k. einn þriðji hluti dómnefndarmanna hafa þá menntun eða sambærilega starfshæfni.

Dómnefnd skal vera sjálfstæð í ákvörðunum og áliti sínu. Hún skal kanna áætlanir og tillögur, sem þátttakendur leggja fram, eingöngu á grundvelli forsendna sem eru tilgreindar í tilkynningu um samkeppni, sbr. 4. mgr. Dómnefnd skal færa fundargerð, sem allir dómnefndarmenn skulu undirrita, þar sem fram kemur mat á hverri tillögu ásamt athugasemdum eða atriðum sem talin eru þarfnast skýringar. Heimilt er að gefa þátttakendum kost á að svara spurningum sem dómnefnd hefur áður fært til bókar í því skyni að skýra atriði í tillögu. Spurningar dómnefndar og svör þátttakenda skulu koma fram í endanlegri fundargerð dómnefndar.

40. gr. hljóðar svo:

*Tækniforskriftir.*

Tækniforskriftir eins og þær eru nánar skilgreindar í 1. lið VI. viðauka tilskipunarinnar skulu koma fram í útboðsgögnum, svo sem útboðsauglýsingu, útboðsskilmálum eða fylgigögnum með þeim. Þar sem því verður við komið skal skilgreina þessar forskriftir þannig að tekið sé tillit til viðmiða um aðgengi fatlaðra eða miðað við hönnun fyrir hvers konar notendur.

Tækniforskriftir skulu veita bjóðendum jöfn tækifæri. Þær mega ekki leiða til ómálefnalegra hindrana á samkeppni við opinber innkaup.

Að svo miklu leyti sem annað kemur ekki fram í óundanþægum innlendum reglum, sem eru í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum, skal kveða á um tækniforskriftir á einhvern eftirgreindan hátt:

a. Með tækniforskrift eins og það hugtak er skilgreint í VI. viðauka tilskipunarinnar ásamt tilvísun til einhvers af eftirfarandi í þeirri forgangsröð sem hér greinir:
   1. innlendra staðla sem fela í sér innleiðingu á evrópskum stöðlum,
   2. evrópsks tæknisamþykkis,
   3. sameiginlegra tækniforskrifta,
   4. alþjóðlegra staðla,
   5. annarra tæknilegra tilvísunarkerfa sem evrópskar staðlastofnanir hafa komið á fót.

Ef framangreind gögn eru ekki fyrir hendi er heimilt að vísa til íslenskra staðla, íslensks tæknisamþykkis eða íslenskra tækniforskrifta sem tengjast hönnun, útreikningi og framkvæmd verks og notkun vöru. Hverri tilvísun skal fylgja orðalagið „eða jafngildur“ eða sambærilegt orðalag.

b. Með lýsingu á virkni eða kröfum til hagnýtingar, þar á meðal kröfum til eiginleika sem tengjast umhverfinu. Slík viðmið verða þó að vera nægilega nákvæm til að gera bjóðendum kleift að gera sér grein fyrir efni samnings og gera kaupanda mögulegt að gera upp á milli tilboða.
c. Með lýsingu á virkni eða kröfum til hagnýtingar, sbr. b-lið, þó þannig að tækniforskriftir sem fjallað er um í a-lið séu notaðar til að kanna hvort kröfum um þessi atriði sé fullnægt.
d. Með því að vísa til forskrifta, sbr. a-lið, um suma eiginleika og með því að vísa til frammistöðu eða krafna til hagnýtingar, sbr. b-lið, um aðra.

Ef kaupandi nýtir heimild í a-lið 3. mgr. getur hann ekki vísað frá tilboði á þeim grundvelli að vara eða þjónusta sem boðin er fram sé í ósamræmi við tækniforskriftir, enda sýni bjóðandi fram á, með einhverjum viðeigandi hætti, að lausnir hans fullnægi með sambærilegum hætti þeim kröfum sem leitast er við að fullnægja með hlutaðeigandi tækniforskriftum. Sönnun með viðeigandi hætti í framangreindum skilningi gæti falist í tæknilegri lýsingu framleiðanda eða prófunarskýrslu frá viðurkenndri stofnun.

Ef kaupandi nýtir sér heimild í 3. mgr. til að slá föstum tækniforskriftum með lýsingu á virkni eða kröfum til hagnýtingar getur hann ekki vísað frá tilboði í verk eða þjónustu sem er í samræmi við innlenda staðla sem innleiða evrópska staðla eða í samræmi við evrópskt tæknisamþykki, sameiginlegar tækniforskriftir, alþjóðlegan staðal eða önnur tæknileg tilvísunarkerfi sem evrópskar staðlastofnanir hafa komið á fót, enda fjalli þessar forskriftir um þá virkni eða kröfur um hagnýtingu sem kaupandi hefur slegið fastri. Í tilboði sínu verður bjóðandi að sýna fram á það með viðeigandi hætti, þannig að kaupandi telji það fullnægjandi, að verk, vara eða þjónusta sem er í samræmi við staðal fullnægi kröfum kaupanda um frammistöðu og hagnýtingu. Sönnun með viðeigandi hætti í framangreindum skilningi gæti falist í tæknilegri lýsingu framleiðanda eða prófunarskýrslu frá viðurkenndri stofnun.

Ef kaupandi gerir kröfu um eiginleika sem tengjast umhverfinu með tilliti til virkni eða krafna til hagnýtingar, sbr. b-lið 3. mgr., getur hann notast við sérstakar tækniforskriftir, eða hluta slíkra forskrifta, sem skilgreindar eru með evrópskum, alþjóðlegum eða innlendum umhverfismerkjum eða öðrum umhverfismerkingum, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

a. Að þessar forskriftir séu til þess fallnar að skilgreina eiginleika vöru eða þjónustu sem er efni samnings.
b. Að þær kröfur sem liggja til grundvallar umhverfismerki byggist á vísindalegum upplýsingum.
c. Að umhverfismerking sé veitt á grundvelli málsmeðferðar sem allir sem eiga hagsmuna að gæta, svo sem ríkisstofnanir, neytendur, framleiðendur, dreifendur og umhverfissamtök, geta tekið þátt í.
d. Að umhverfismerking sé aðgengileg öllum hlutaðeigandi aðilum.

Kaupandi getur kveðið svo á að gert sé ráð fyrir að vara og þjónusta sem hefur umhverfismerkingu fullnægi tækniforskrift sem fram kemur í útboðsskilmálum. Kaupandi verður þó einnig að taka til greina aðra sönnun um að þessum kröfum sé fullnægt, svo sem tæknilega lýsingu framleiðanda eða prófunarskýrslu frá viðurkenndri stofnun.

Með viðurkenndum stofnunum í skilningi þessarar greinar er átt við rannsóknar- og kvörðunarstofur og vottunar- og eftirlitsstofnanir sem fullnægja þeim evrópsku stöðlum sem við eiga. Kaupandi skal taka til greina vottorð frá viðurkenndri stofnun í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Tækniforskriftir skulu ekki vísa til sérstakrar gerðar, framleiðanda, sérstakrar vinnslu, vörumerkja, einkaleyfa, tegundar, uppruna eða framleiðslu með þeim afleiðingum að hlutur ákveðinna fyrirtækja er gerður betri en annarra eða ákveðin fyrirtæki eru útilokuð frá þátttöku í opinberum innkaupum, enda helgist slík tilvísun ekki beinlínis af efni samnings. Í undantekningartilvikum er tilvísun sem þessi heimil þegar lýsing á efni samnings er ekki möguleg skv. 3. og 4. mgr., enda fylgi slíkri tilvísun orðalagið „eða jafngildur“ eða sambærilegt orðalag.

57. gr. hljóðar svo:

*Frestur til að skila tilboðum.*

Frestur til að skila tilboðum skal vera nægjanlega langur til að bjóðendur geti undirbúið tilboð.

72. gr. hljóðar svo:

*Mat á hagkvæmasta boði.*

Við val á tilboði skal gengið út frá hagkvæmasta boði. Hagkvæmasta tilboð er það boð sem er lægst að fjárhæð eða það boð sem fullnægir þörfum kaupanda best samkvæmt þeim forsendum sem settar hafa verið fram í útboðsgögnum, sbr. 45. gr.

Óheimilt er að meta tilboð á grundvelli annarra forsendna en fram koma í útboðsgögnum, sbr. 45. gr.

Heimilt er að velja fleiri en eitt tilboð sé kaupum skipt í fleiri sjálfstæða hluta í útboðsgögnum.

75. gr. hljóðar svo:

*Tilkynning og rökstuðningur höfnunar tilboðs og annarra ákvarðana.*

Kaupandi skal tilkynna þátttakendum eða bjóðendum um ákvarðanir um gerð rammasamnings, val tilboðs eða aðgang að gagnvirku innkaupakerfi, eins fljótt og mögulegt er. Í tilkynningu skal koma fram, eftir því sem við á, rökstuðningur fyrir ákvörðun um að gera ekki rammasamning, taka engu tilboði þrátt fyrir útboð eða hefja að nýju útboð eða stofna til gagnvirks innkaupakerfis. Þegar val tilboðs hefur grundvallast á öðrum forsendum en verði eingöngu skal í tilkynningu koma fram nafn þess bjóðanda sem var valinn og upplýsingar um eiginleika og kosti þess tilboðs sem kaupandi valdi með hliðsjón af valforsendum útboðsgagna. Þennan rökstuðning skal kaupandi veita skriflega ef þess er óskað.

Eftir beiðni skal kaupandi, eins fljótt og mögulegt er, veita rökstuðning fyrir ákvörðun sinni sem hér segir:

a. Upplýsa ber þátttakanda, sem ekki hefur verið valinn til að gera tilboð, um ástæður þess að umsókn hans var hafnað.
b. Upplýsa ber bjóðanda um ástæður þess að tilboði hans var hafnað. Ef tilboði hefur verið hafnað með vísan til þess að tilboð var í ósamræmi við tækniforskriftir, sbr. 4. og 5. mgr. 40. gr., skal rökstyðja hvers vegna tilboð telst ekki fullnægja kröfum tækniforskrifta eða hvers vegna það er ófullnægjandi með tilliti til krafna um virkni og hagnýtingu.

c. Upplýsa skal bjóðanda, sem lagt hefur fram gilt tilboð, um eiginleika og kosti þess tilboðs sem kaupandi valdi og nafn bjóðanda sem var valinn eða rammasamningshafa.

Beiðni um rökstuðning skv. 2. mgr. skal bera fram innan 14 daga frá því að bjóðanda var tilkynnt ákvörðun og skal rökstuðningur liggja fyrir eigi síðar en fimmtán dögum eftir að beiðni um það barst kaupanda eða umsjónarmanni útboðs. Í rökstuðningi skal þó ekki upplýsa um atriði sem vísað er til í 1. mgr. varðandi val tilboðs, gerð rammasamnings eða aðgengi að gagnvirku innkaupakerfi ef upplýsingagjöf gæti torveldað löggæslu. Sama á við ef upplýsingagjöf gengur að öðru leyti gegn almannahagsmunum eða mundi skaða lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, einkarekinna eða opinberra, eða samkeppni milli þeirra.

81. gr. hljóðar svo:

*Hönnunarsamkeppni yfir viðmiðunarfjárhæðum EES.*

Við framkvæmd hönnunarsamkeppni vegna verðgildis sem er jafnt eða yfir viðmiðunarfjárhæð vegna slíkrar samkeppni, sbr. reglugerð um viðmiðunarfjárhæðir sem sett er skv. 78. gr., skal fylgja ákvæðum 66.–74. gr. tilskipunarinnar.

90. gr. hljóðar svo:

*Ábyrgðarmaður innkaupa.*

Ráðuneyti og stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins skulu skipa sérstakan starfsmann sem skal vera ábyrgðarmaður innkaupa. Honum ber að fylgjast með að innkaup viðkomandi ráðuneytis, stofnunar eða fyrirtækis séu í samræmi við gildandi lög og reglur um opinber innkaup og innkaupastefnu ríkisins.

107. gr. hljóðar svo:

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi lög nr. 94/2001, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Ákvæði 2. og 3. málsl. 2. mgr. 19. gr. skulu öðlast gildi 1. janúar 2008.

## Fylgiskjal.

### TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/18/EB
### frá 31. mars 2004
### um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga

Breytt skv. brtt. á þskj. 1054.

# 1326. Frumvarp til laga [515. mál]

um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

*Leit* merkir í lögum þessum könnun á almennum skilyrðum til myndunar og varðveislu kolvetnis, afmörkun svæða þar sem slík skilyrði eru hagstæð og leit að kolvetnisauðlindum með mælingum úr lofti, á láði, á legi eða hafsbotni eða með sýnatöku úr efstu jarðlögum hafsbotnsins, t.d. með grunnum borunum eða töku kjarna.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið er eigandi kolvetnis skv. 1. gr. Heimilt er að semja við handhafa vinnsluleyfis um að hann verði eigandi þess kolvetnis sem hann framleiðir.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Iðnaðarráðherra er heimilt að fela Orkustofnun að veita leyfi og taka aðrar stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 7. gr., 3.–5. mgr. 8. gr., 12. gr., 14. gr., 1.–3. mgr. 15. gr., 1.–3. mgr. 16. gr., 1. og 3. mgr. 17. gr., 18. gr., 1.–2. mgr. 19. gr., 1.–2. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 24. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Orkustofnun.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 7. gr. og 30. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Orkustofnun.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Orkustofnun veitir leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á tilteknum svæðum. Slíkt leyfi felur í sér einkarétt leyfishafa til rannsókna og vinnslu. Nánar skal kveðið á um skyldur og rannsóknarkvaðir leyfishafa í rannsóknar- og vinnsluleyfi.

Í þeim tilvikum þar sem handhafar leyfis til rannsókna og vinnslu á kolvetni eru fleiri en einn ber að leggja til staðfestingar Orkustofnunar samstarfssamning um framkvæmd leyfisins. Allar breytingar á slíkum samningi, eða aðrir viðaukar, eru háðir samþykki Orkustofnunar. Einungis má veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis aðilum sem hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að annast þessa starfsemi.

b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til þess að rannsaka kolvetnisauðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum með þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum, í leyfinu sjálfu og samkvæmt nánari fyrirmælum Orkustofnunar.

Orkustofnun er heimilt að skipta leyfistíma rannsóknarleyfis í undirtímabil þar sem kveðið skal nánar á um réttindi og skyldur leyfishafa á hverju einstöku tímabili.

Vinnsluleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi kolvetnisauðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum, í leyfinu sjálfu og Orkustofnun telur nauðsynlega.

Leyfishafi skal árlega greiða til ríkissjóðs gjald vegna afnota af rannsóknar- og/eða vinnslusvæði. Fyrstu sex ár sem leyfi er í gildi skal leyfishafi greiða árlega 50.000 kr. fyrir hvern ferkílómetra sem leyfið tekur til en þar á eftir hækkar gjaldið árlega um 10.000 kr. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en 150.000 kr. árlega.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal tekið tillit til vinnslu sem þegar er hafin eða sótt hefur verið um í næsta nágrenni.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Við ákvörðun um veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfis skal einkum taka mið af fjárhagslegri og tæknilegri getu umsækjenda, að vinnsla auðlindar sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og á hvaða hátt framlögð rannsóknaráætlun getur náð settu markmiði. Telji Orkustofnun tvær eða fleiri umsóknir jafnhæfar að uppfylltum framangreindum skilyrðum er henni heimilt að meta umsóknir út frá öðrum skilyrðum.

c. 4. mgr. verður svohljóðandi:

Heimilt er að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar ef svæðið sem leitað er leyfis fyrir:

a. er aðgengilegt til langs tíma;
b. hefur áður sætt málsmeðferð þar sem auglýst hefur verið en hefur ekki leitt til þess að leyfi hafi verið veitt; eða
c. hefur verið gefið eftir af fyrirtæki enda fellur það ekki sjálfkrafa undir a-lið.

Heimilt er að beina formlegri kvörtun til landlæknis vegna meintrar vanrækslu og mistaka við veitingu heilbrigðisþjónustu. Þá er notendum heilbrigðisþjónustunnar jafnframt heimilt að bera fram formlega kvörtun til landlæknis telji þeir að framkoma heilbrigðisstarfsmanna við veitingu heilbrigðisþjónustu hafi verið ótilhlýðileg.

Kvörtun skal vera skrifleg og þar skal koma skýrt fram hvert sé tilefni hennar.

Kvörtun skal borin fram við landlækni án ástæðulauss dráttar. Séu meira en tíu ár liðin frá því að þau atvik gerðust sem eru tilefni kvörtunar er landlækni rétt að vísa kvörtun frá nema sérstakar ástæður mæli með því að hans mati að kvörtun sé tekin til meðferðar.

Landlæknir skal að jafnaði afla umsagnar frá óháðum sérfræðingi eða sérfræðingum þegar kvörtun lýtur að meintri vanrækslu eða mistökum við sjúkdómsgreiningu eða meðferð. Er viðkomandi sérfræðingum, svo og landlækni sjálfum, rétt að kalla sjúkling til skoðunar ef sérstök ástæða þykir til. Um meðferð kvartana gilda að öðru leyti ákvæði stjórnsýslulaga eftir því sem við getur átt. Að lokinni málsmeðferð gefur landlæknir skriflegt álit. Landlæknir skal í áliti sínu tilgreina efni kvörtunarinnar, málsatvik og rök fyrir niðurstöðu sinni. Aðalniðurstöðu skal draga saman í lok álits.

Heimilt er að kæra málsmeðferð landlæknis samkvæmt ákvæði þessu til ráðherra.

## III. KAFLI
## **Eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum.**

### 13. gr.
*Eftirlit landlæknis með heilbrigðisstarfsmönnum.*

Landlæknir hefur eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna og fylgist með að þeir fari að ákvæðum heilbrigðislöggjafar og ákvæðum annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem við á.

Landlæknir getur krafist þess að heilbrigðisstarfsmaður gangist undir rannsókn sérfræðinga telji hann það nauðsynlegt til að meta hvort hann sé hæfur til að gegna starfi sínu. Leiki grunur á að heilbrigðisstarfsmaður sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna við störf sín er landlækni heimilt að krefjast þess að hann gangist þegar í stað undir nauðsynlegar rannsóknir til að ganga úr skugga um hvort svo sé.

### 14. gr.
*Áminning.*

Nú verður landlæknir var við að heilbrigðisstarfsmaður vanrækir starfsskyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins og skal hann þá beina tilmælum til hans um úrbætur og áminna hann eftir atvikum. Verði heilbrigðisstarfsmaður ekki við tilmælum landlæknis, sem veitt eru án áminningar, skal landlæknir áminna hann.

Við veitingu áminningar skal gætt ákvæða stjórnsýslulaga. Áminning skal vera skrifleg og rökstudd og ætíð veitt vegna tilgreinds atviks eða tilgreindra atvika. Áminning skal veitt án ástæðulauss dráttar. Landlæknir sendir afrit áminningar til ráðherra.

Ákvörðun landlæknis um veitingu áminningar sætir kæru til ráðherra.

### 15. gr.
*Svipting og brottfall starfsleyfis.*

Komi áminning heilbrigðisstarfsmanns skv. 14. gr. ekki að haldi ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá ákveðið að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi að fullu eða tímabundið.

Ráðherra getur svipt heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi, án undangenginnar áminningar að fenginni tillögu landlæknis, ef viðkomandi er talinn ófær um að gegna starfi sínu svo forsvaranlegt sé, svo sem vegna alvarlegra andlegra erfiðleika, andlegs eða líkamlegs heilsubrests, neyslu fíkniefna eða sambærilegra efna, misnotkunar áfengis eða skorts á faglegri

hæfni. Sama gildir ef heilbrigðisstarfsmaður brýtur alvarlega gegn starfsskyldum sínum, svo sem með því að gefa út röng og villandi vottorð, með því að veita umsagnir að órannsökuðu máli, með því að gefa út ranga og villandi reikninga, með því að rjúfa þagnarskyldu sem á honum hvílir, með því að sýna alvarlegt hirðuleysi í störfum sínum eða með öðru atferli sem fer í bága við lög.

Séu skilyrði sviptingar starfsleyfis fyrir hendi er ráðherra heimilt að fenginni tillögu landlæknis að takmarka starfsréttindi tímabundið. Gera skal skýra grein fyrir í hverju takmarkanir eru fólgnar, hver gildistíminn skuli vera og hvernig eftirliti skuli háttað.

Málsmeðferð við töku ákvörðunar um sviptingu starfsleyfis eða takmörkun starfsleyfis fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Séu ríkar ástæður til að ætla að skilyrði fyrir sviptingu starfsleyfis séu fyrir hendi og að töf á sviptingu geti haft hættu í för með sér fyrir sjúklinga er landlækni þó heimilt að svipta heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi þegar í stað þar til endanleg ákvörðun í málinu skv. 1. og 2. mgr. hefur verið tekin. Landlæknir skal tilkynna ráðherra um bráðabirgðasviptingu án tafar. Hafi ráðherra ekki tekið endanlega ákvörðun um sviptingu skv. 1. mgr. innan þriggja mánaða fellur bráðabirgðasvipting niður.

Byggi heilbrigðisstarfsmaður starfsréttindi sín hér á landi á starfsleyfi sem útgefið er í öðru landi falla starfsréttindi hans hér á landi niður ef hann er sviptur starfsleyfi í því landi.

Starfsréttindi heilbrigðisstarfsmanns falla niður sé hann sviptur lögræði eða hann uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem krafist var þegar hann fékk starfsréttindi.

16. gr.

*Afsal starfsleyfis.*

Heilbrigðisstarfsmaður getur afsalað sér starfsleyfi með skriflegri tilkynningu til ráðherra. Það kemur þó ekki í veg fyrir að veitt sé áminning skv. 14. gr., þegar það á við, né formlega sviptingu skv. 15. gr. ef um er að ræða brot í starfi sem varðað geta sviptingu.

17. gr.

*Endurveiting starfsleyfis.*

Ráðherra getur að tillögu landlæknis veitt heilbrigðisstarfsmanni, sem sviptur hefur verið starfsleyfi eða hefur afsalað sér því, starfsleyfi að nýju enda hafi viðkomandi sýnt fram á að hann uppfylli skilyrði laga fyrir endurveitingu starfsleyfis og að þær ástæður sem leiddu til sviptingar eða afsals eigi ekki lengur við. Ráðherra getur ákveðið að endurveitt starfsleyfi skuli vera tímabundið eða takmarkað, sbr. 15. gr.

## IV. KAFLI

## **Ávísanir lyfja.**

18. gr.

*Eftirlit með ávísunum lyfja.*

Landlæknir hefur almennt eftirlit með ávísun lyfja og fylgist með þróun lyfjanotkunar.

Landlæknir skal hafa sérstakt eftirlit með ávísunum lækna og tannlækna á ávana- og fíknilyf, þar á meðal ávísunum þeirra á ávana- og fíknilyf til eigin nota. Landlæknir skal hafa samráð við Lyfjastofnun við framkvæmd eftirlits með ávísunum lyfja. Lyfjastofnun skal tilkynna landlækni telji hún rökstudda ástæðu til sérstaks eftirlits með ávísunum á lyf og þá einkum á ávana- og fíknilyf. Um aðgang landlæknis að upplýsingum í lyfjagagnagrunni, vegna eftirlits með ávísunum lyfja, fer samkvæmt lyfjalögum.

19. gr.

*Svipting réttar til að ávísa lyfjum.*

Verði læknir eða tannlæknir uppvís að því að ávísa lyfjum í bága við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eða þannig að óhæfilegt megi teljast skal landlæknir áminna hann. Komi áminning landlæknis skv. 14. gr. ekki að haldi ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá ákveðið að svipta viðkomandi lækni eða tannlækni leyfi til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að svipta hann starfsleyfi skv. 15. gr.

Málsmeðferð við töku ákvörðunar um sviptingu réttar til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Séu ríkar ástæður til að ætla að skilyrði fyrir sviptingu réttar til að ávísa lyfjum séu fyrir hendi og talið að töf á sviptingu geti haft hættu í för með sér fyrir sjúklinga er landlækni heimilt, án undangenginnar áminningar, að svipta lækni eða tannlækni rétti til að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, þegar í stað, þar til tekin hefur verið endanleg ákvörðun í málinu skv. 1. mgr. Landlæknir skal tilkynna ráðherra um bráðabirgðasviptingu án tafar. Hafi ráðherra ekki tekið endanlega ákvörðun um sviptingu skv. 1. mgr. innan þriggja mánaða fellur bráðabirgðasvipting niður.

20. gr.

*Endurveiting réttar til að ávísa lyfjum.*

Ráðherra getur að tillögu landlæknis afturkallað sviptingu réttar skv. 19. gr. til að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda hafi viðkomandi sýnt fram á að þær ástæður sem leiddu til sviptingar eigi ekki við lengur.

## V. KAFLI
## **Ýmis ákvæði.**

21. gr.

*Tilkynningar.*

Tilkynna skal sviptingu, afsal eða takmörkun starfsleyfis og sviptingu réttar til að ávísa lyfjum, svo og endurveitingu þessara réttinda, sbr. 15.–17. gr. og 19. og 20. gr., til landlæknis, Tryggingastofnunar ríkisins, Lyfjastofnunar, vinnuveitenda og annarra þeirra sem málið kann að varða, svo og til þeirra ríkja sem Íslandi er að þjóðarétti skylt að tilkynna.

22. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

23. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2007.

24. gr.

*Breytingar á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Læknalög, nr. 53/1988, með síðari breytingum.*
   a. 18. gr. laganna orðast svo:

Læknir er háður eftirliti landlæknis í samræmi við ákvæði laga um landlækni.

b. 18. gr. a laganna fellur brott.
c. IV. kafli laganna, **Ávísanir lyfja,** fellur brott.
d. 27. gr. laganna orðast svo:
Um áminningu og sviptingu starfsleyfa, sem veitt eru á grundvelli laga þessara, fer samkvæmt ákvæðum laga um landlækni.
e. 28. og 29. gr. laganna falla brott.
f. 1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:
Brot gegn ákvæðum laga þessara varða auk sviptingar lækningaleyfis samkvæmt lögum um landlækni, sbr. 27. gr., sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

2. *Hjúkrunarlög, nr. 8/1974, með síðari breytingum.*
7. gr. laganna orðast svo:
Um eftirlit með hjúkrunarfræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni. Sama á við um þá sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á hjúkrunarleyfi skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

3. *Lög nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, með síðari breytingum.*
a. 10. gr. laganna orðast svo:
Um eftirlit með iðjuþjálfum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni.
b. Orðin „um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis“ í 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

4. *Lög um þroskaþjálfa, nr. 18/1978.*
a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
1. 1. mgr. orðast svo:
Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hafa prófi frá þroskaþjálfabraut Kennaraháskóla Íslands.
2. Í stað orðanna „Þroskaþjálfaskóla Íslands“ í 2. mgr. kemur: þroskaþjálfabrautar Kennaraháskóla Íslands.
b. 7. gr. laganna orðast svo:
Um eftirlit með þroskaþjálfum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni.
Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um þroskaþjálfa og um refsingar fyrir brot í starfi.

5. *Lög um lífeindafræðinga, nr. 99/1980, með síðari breytingum.*
8. gr. laganna orðast svo:
Um eftirlit með lífeindafræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni.
Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um lífeindafræðinga og um refsingar fyrir brot í starfi.

6. *Lög um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, með síðari breytingum.*
   Í stað 1. mgr. 9. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
   Um eftirlit með sjóntækjafræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni.
   Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um sjóntækjafræðinga og um refsingar fyrir brot í starfi.
7. *Ljósmæðralög, nr. 67/1984, með síðari breytingum.*
   8. gr. laganna orðast svo:
   Um eftirlit með ljósmæðrum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni. Sama á við um þá sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á ljósmæðraleyfi skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.
   Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um ljósmæður og um refsingar fyrir brot í starfi.
8. *Lög um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum.*
   a. 12. gr. laganna orðast svo:
      Um eftirlit með tannlæknum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni. Sama á við um þá sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á tannlækningaleyfi skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.
   b. 2. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.
   c. Orðin „nr. 80 frá 23. júní 1969“ í 16. gr. laganna falla brott.
9. *Lög um félagsráðgjöf, nr. 95/1990.*
   8. gr. laganna orðast svo:
   Um eftirlit með félagsráðgjöfum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni.
   Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um félagsráðgjafa og um refsingar fyrir brot í starfi.
10. *Lög um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976, með síðari breytingum.*
    a. 10. gr. laganna orðast svo:
       Um eftirlit með sjúkraþjálfurum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni.
    b. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:
       Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um sjúkraþjálfara og um refsingar fyrir brot í starfi.
11. *Lög um sálfræðinga, nr. 40/1976, með síðari breytingum.*
    Í stað 4.–6. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:
    Um eftirlit með sálfræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni.
    Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um sálfræðinga.

12. *Lög um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum.*
    7. gr. laganna orðast svo:
    Um eftirlit með sjúkraliðum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni.
    Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um sjúkraliða og um refsingar fyrir brot í starfi.
13. *Lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum.*
    Í stað 13. og 14. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:
    Um eftirlit með lyfjafræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni.
    Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um lyfjafræðinga og um refsingar fyrir brot í starfi.
14. *Lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, með síðari breytingum.*
    6. gr. laganna orðast svo:
    Um eftirlit með þeim starfsstéttum sem falla undir lög þessi, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni.
    Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um þær starfsstéttir sem falla undir lög þessi og um refsingar fyrir brot í starfi.
15. *Lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum.*
    a. 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:
    *Heilbrigðisstarfsmaður:* Einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.
    b. 2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:
    Vilji sjúklingur kvarta yfir meðferð getur hann beint kvörtun til landlæknis.

## 1346. Frumvarp til laga [274. mál]

um Heyrnar- og talmeinastöð.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

Starfrækja skal Heyrnar- og talmeinastöð undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð annast þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með heyrnar- og talmein. Hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar er m.a.:

1. Að sjá um heyrnarmælingar, greiningu og meðferð á heyrnar- og talmeinum.

2. Að veita faglega ráðgjöf og annast þjálfun og endurhæfingu heyrnarlausra, heyrnarskertra og þeirra sem eru með heyrnar- og talmein.
3. Að sinna forvörnum á starfssviði sínu í samvinnu við aðrar stofnanir eftir því sem við á.
4. Að útvega hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausa og þá sem eru með heyrnar- og talmein og veita fræðslu og þjálfun í notkun þeirra. Stofnunin skal enn fremur sjá um viðhald og uppsetningu hjálpartækjanna.
5. Að stunda rannsóknir og sinna fræðslu á starfssviði sínu. Stofnunin skal safna upplýsingum um alla þá sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir eða eru með heyrnar- og talmein og öðrum tölfræðilegum upplýsingum sem nýtast við rannsóknar- og þróunarstörf. Um söfnun upplýsinga skal fara samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum settum með stoð í þeim lögum og lögum um landlækni eftir því sem við á.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Heyrnar- og talmeinastöðvar til fimm ára í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og skulu þeir hafa viðeigandi menntun á starfssviði stofnunarinnar. Heimilt er að kveða nánar á um menntunarskilyrði starfsmanna í reglugerð.

4. gr.

Við Heyrnar- og talmeinastöð skal vera fimm manna fagráð sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Fagráðið skal skipað þremur mönnum með menntun eða sérþekkingu á verksviði stofnunarinnar og tveimur fulltrúum notenda þjónustunnar. Fagráðið skal vera forstjóra til ráðuneytis um fagleg málefni og stefnumótun.

5. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina að höfðu samráði við Heyrnar- og talmeinastöð.

6. gr.

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald fyrir þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar sem hér segir:

1. fyrir viðgerð á hjálpartækjum,
2. fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar, með síðari breytingum, og reglum settum með stoð í þeim lögum,
3. fyrir greiningu á máltruflun, komu vegna endurmats hjá talmeinafræðingi og aðrar talrannsóknir.

Fyrir heyrnarrannsókn á vinnustað skal greiða gjald sem standa skal undir kostnaði stofnunarinnar við rannsóknina.

Ráðherra setur reglugerð um gjaldtöku samkvæmt grein þessari að höfðu samráði við forstjóra og fagráð Heyrnar- og talmeinastöðvar. Skal gjaldskráin taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Heyrnar- og talmeinastöð innheimtir gjöld þessi.

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um almannatryggingar skulu greiða gjald sem nemur kostnaði við veitta þjónustu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá.

7. gr.

Ráðherra er heimilt, í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu, að fela öðrum aðilum með samningi að annast þá þjónustu sem greinir í 2. gr. eða hluta þeirrar þjónustu.

8. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2007.

## 1347. Frumvarp til laga [638. mál]

um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi fjalla um sjúkdóma og sjúkdómsvalda sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill, svo og aðrar alvarlegar næmar sóttir. Með sjúkdómum er átt við sjúkdóma eða smitun sem smitefni, örverur eða sníkjudýr valda og einnig alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar eiturefna og geislavirkra efna. Lögin taka einnig til óvenjulegra og óvæntra atburða sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar meðal þjóða heims.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eða sjúkdómar af völdum eiturefna og geislavirkra efna eru skráningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir sjúkdómar tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill. Einnig skal tilkynna um sérhverja þá atburði sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar á meðal þjóða heims, þ.m.t. atburði sem eru af óþekktri orsök eða uppruna.

b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Skráin tekur til sjúkdóma, sjúkdómsvalda og atburða, sbr. 2. gr., ónæmisaðgerða, sbr. 1. tölul. 5. gr., og sýklalyfjanotkunar, sbr. 3. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum.

3. gr.

Á eftir orðinu „Umhverfisstofnunar“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Geislavarna ríkisins.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn á undan greininni:

*3. Skyldur heilbrigðisfulltrúa, heilbrigðisnefnda, dýralækna, Geislavarna ríkisins, Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar.*

Heilbrigðisfulltrúar, samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, dýralæknar og starfsmenn Landbúnaðarstofnunar, Umhverfisstofnunar og Geislavarna ríkisins skulu tilkynna viðkomandi yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr., eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu eða hættu vegna eiturefna eða geislavirkra efna. Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr., eða sóttvarnalæknir skal á sama hátt tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd, dýralækni, Landbúnaðarstofnun, Umhverfisstofnun eða Geislavörnum ríkisins, eftir því sem við á, strax og þeim verður kunnugt um smithættu eða hættu af völdum eiturefna eða geislavirkra efna. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa eftirlit með því að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

Ráðherra skipar sérstaka samstarfsnefnd til að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna. Í nefndinni sitja sóttvarnalæknir, sem jafnframt er formaður, tveir fulltrúar tilnefndir af Landbúnaðarstofnun og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um smitsjúkdóma í dýrum, einn frá Geislavörnum ríkisins og tveir frá Umhverfisstofnun og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um eiturefni. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin skal gefa öllum þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppræta hættu af völdum smits, eiturefna eða geislavirkra efna. Að öðru leyti skal framkvæmd vera í samræmi við lög þessi og, eftir því sem við á, sérlög um einstaka eftirlitsaðila.

5. gr.

1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Ráðherra ákveður að fenginni tillögu sóttvarnalæknis hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns.

6. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, svo sem alþjóðaheilbrigðisreglugerðar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Sóttvarnalæknir er tengiliður Íslands við samsvarandi tengilið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.

7. gr.

Við 4. mgr. 14. gr. laganna bætist: í samræmi við 23., 30.–32. og 45. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.

8. gr.

Við 17. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Læknisskoðun sem gerð er vegna umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi og er í samræmi við verklagsreglur sóttvarnalæknis skal greiðast að fullu af vinnuveitanda eða þeim sem sækir um dvalar- eða atvinnuleyfi. Leiði frekari læknisskoðun í ljós þörf fyrir frekari sértækar rannsóknir þá greiðir viðkomandi eða sjúkratrygging hans kostnað við þau heilsufarslegu vandamál sem greinast fyrstu sex mánuðina sem dvalið er í landinu. Vinnuveitandi greiðir læknisrannsókn sem hann óskar sérstaklega eftir.

Ef aðgerðir sóttvarnalæknis eru vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda og til þeirra er gripið á grundvelli alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem Ísland er aðili að, skulu ákvæði þeirra samninga gilda um greiðsluþátttöku sjúklinga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 1348. Frumvarp til laga [436. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

Við 14. tölul. 3. gr. laganna bætist: þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur.

2. gr.

Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 2. málsl. 16. gr. og 2. málsl. 1. mgr 17. gr. laganna kemur: Samkeppniseftirlitið.

3. gr.

Við 6. mgr. 21. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ef slíkur aðskilnaður er ekki fyrir hendi skal Póst- og fjarskiptastofnun hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 37. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Óheimilt er í samningi að kveða á um lengri binditíma áskrifenda en sex mánuði. Eftir þann tíma er áskrifanda heimilt að segja upp samningi með eins mánaðar fyrirvara. Ákveði áskrifandi að færa viðskipti sín til annars fjarskiptafyrirtækis skal vera tryggt að þjónustuflutningur gangi greiðlega fyrir sig. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett nánari reglur um þjónustuflutning.

5. gr.

Orðin „eftir þjónustu“ í 1. mgr. 38. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fjarskiptafyrirtæki skulu viðhafa ráðstafanir til að stuðla að bættri vernd, virkni og gæðum IP-fjarskiptaþjónustu. Er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að setja reglur um slíkar ráðstafanir þar sem nánar er mælt fyrir um:

a. lágmarksgrunnþjónustu og mismunandi þjónustustig,
b. ákvæði í þjónustusamningum,
c. leiðir er auðvelda mat á gæðum þjónustunnar og verðsamanburð,
d. viðeigandi ráðstafanir í tölvupóstþjónustu og annarri IP-fjarskiptaþjónustu,
e. vernd og stjórnun IP-fjarskiptaneta og IP-umferðar,
f. vernd notendatenginga,
g. ferli við meðhöndlun öryggisatvika og umbætur.

7. gr.

2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu fjarskiptafyrirtæki án samþykkis notanda senda, án endurgjalds, upplýsingar samkvæmt þessari grein, að því marki sem er tæknilega gerlegt, til félaga og stofnana sem annast neyðarþjónustu og eru opinberlega viðurkennd sem slík, þ.m.t. löggæslu-, sjúkraflutninga- og slökkvilið. Notkun upplýsinganna er einungis heimil í þeim tilgangi að staðsetja neyðarsímtöl.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „tölvupósts“ í 1. mgr. kemur: þ.m.t. hvers konar rafrænna skilaboða (SMS og MMS).
b. 5. mgr. orðast svo:

Þeir sem nota almenna tal- og farsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar símhringingar í símanúmer sitt. Áskrifandi á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu til grundvallar.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Verja skal upplýsingar sem fara um fjarskiptanet gegn því að þær glatist, skemmist eða breytist fyrir slysni eða að óviðkomandi fái aðgang að þeim.
b. Á eftir 1. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Fjarskiptafyrirtæki skulu skjalfesta skipulag upplýsingaöryggis með því að setja sér öryggisstefnu, gera áhættumat og ákveða öryggisráðstafanir á grundvelli þess. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum þar sem nánar er mælt fyrir um þær kröfur sem gerðar eru til skipulags upplýsingaöryggis. Skulu reglurnar m.a. kveða á um:

a. hvernig skjalfesta skuli skipulag upplýsingaöryggis,
b. hlítingu við tiltekna staðla,
c. framkvæmd innra eftirlits,
d. helstu öryggisráðstafanir sem viðhafa skal,

e. tilkynningar vegna öryggisrofs,
f. eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar.

Gerðar skulu sérstakar ráðstafanir til að tryggja samfelldan og órofinn rekstur almennra fjarskiptaneta. Póst- og fjarskiptastofnun setur sérstakar reglur um virkni almennra fjarskiptaneta. Skulu reglurnar m.a. kveða á um:

a. gerð skriflegrar neyðaráætlunar,
b. hlítingu við tiltekna staðla,
c. raunlæga vernd almennra fjarskiptaneta,
d. afkastagetu og flæði umferðar um almenn fjarskiptanet,
e. stjórn almennra fjarskiptaneta,
f. virkni tölvupóstkerfa,
g. tilkynningar vegna þjónusturofs,
h. eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar.

Óheimil er hlustun, upptaka, geymsla eða hlerun fjarskipta með öðrum hætti nema hún fari fram með samþykki notanda eða samkvæmt heimild í lögum.

Notkun njósnahugbúnaðar, vefhlerunarbúnaðar eða annars slíks búnaðar sem komið er fyrir í endabúnaði notanda til þess að fá aðgang að upplýsingum, safna földum upplýsingum eða fylgjast með athöfnum hans er einungis heimil í lögmætum tilgangi og með vitund hlutaðeigandi notanda. Notanda er rétt að hafna notkun slíks búnaðar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 3. mgr. bætist: skv. 5. mgr. 74. gr.
b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.
c. 4. mgr. fellur brott.

11. gr.

Í stað orðanna „að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi, bæta við skilyrðum eða beita dagsektum sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið“ í 5. mgr. 74. gr. laganna kemur: að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi eða bæta við skilyrðum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

# 1349. Frumvarp til laga [588. mál]

um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

## I. KAFLI
## Gildissvið, markmið og skilgreiningar.

### 1. gr.
*Gildissvið og yfirstjórn.*

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka til:

a. sölu á gistingu,
b. sölu og veitingar hvers kyns veitinga í atvinnuskyni á veitingastöðum og gististöðum og öðrum stöðum, svo sem samkomusölum eða um borð í skipum,
c. tækifærisleyfa vegna skemmtanahalds,
d. útleigu samkomusala í atvinnuskyni.

Lög þessi taka þó hvorki til framleiðslu og dreifingar matvæla, sbr. lög um matvæli, né hollustuhátta, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um veitingu og neyslu áfengis, að öðru leyti en kveðið er á um í lögum þessum, fer eftir ákvæðum áfengislaga.

### 2. gr.
*Markmið.*

Markmið laga þessara er að tryggja allsherjarreglu í starfsemi veitinga- og gististaða og við skemmtanahald og stuðla að stöðugleika í rekstri, sem og að starfsemi falli að skipulagi viðkomandi sveitarfélags hverju sinni.

### 3. gr.
*Flokkun gististaða.*

Gististaðir eru staðir þar sem boðin er gisting til lengri eða skemmri tíma gegn endurgjaldi, svo sem á hótelum, gistiheimilum, í gistiskálum, íbúðum og sumarhúsum, með eða án veitinga. Heimagisting er gisting á heimili leigusala gegn endurgjaldi.

Heimilt er að gera mismunandi kröfur til starfsemi í rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum og haga gjaldtöku vegna þess eftir tegund og flokkun gististaða.

Flokkun gististaða er sem hér segir:

Flokkur I: Heimagisting.
Flokkur II: Gististaður án veitinga.
Flokkur III: Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.
Flokkur IV: Gististaður með minibar.
Flokkur V: Gististaður með bar og/eða veitingaaðstöðu þar sem áfengi er veitt.

Í reglugerð er heimilt að kveða nánar á um einstakar tegundir gististaða, flokkun þeirra og búnað.

4. gr.

*Flokkun veitingastaða.*

Veitingastaðir eru staðir þar sem eitthvað af eftirfarandi á við:

a. Framreiddur er matur og/eða drykkur sem boðinn er viðskiptavinum í atvinnuskyni, til neyslu á staðnum, þar með taldir skemmtistaðir þar sem fram fer reglubundið skemmtanahald og samkomusalir sem leigðir eru í atvinnuskyni.
b. Framreiddur er og boðinn til sölu, í atvinnuskyni, matur sem ekki er til neyslu á staðnum, enda er sú starfsemi meginstarfsemi staðarins.

Heimilt er að gera mismunandi kröfur til starfsemi í rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum og haga gjaldtöku þess eftir tegund og flokkun veitingastaða.

Veitingastaðir flokkast með eftirfarandi hætti:

Flokkur I: Staðir án áfengisveitinga.

Flokkur II: Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist, og afgreiðslutími er ekki lengri en til kl. 23 og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Flokkur III: Umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er hávær tónlist og/eða afgreiðslutími er lengri en til kl. 23 og kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.

Á veitingastöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Leyfisveitandi getur þó heimilað í rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum að fram fari nektardans í atvinnuskyni á veitingastað, að fengnum jákvæðum umsögnum umsagnaraðila skv. 10. gr. Á slíkum stöðum er sýnendum óheimilt að fara um á meðal áhorfenda og jafnframt eru hvers konar einkasýningar bannaðar.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um einstakar tegundir veitingastaða, flokkun þeirra og búnað.

## II. KAFLI
## **Almenn ákvæði um veitingastaði.**

5. gr.

*Dvöl ungmenna á veitingastöðum.*

Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 22 á kvöldin og fram til lokunar staðarins nema í fylgd með foreldrum sínum, öðrum forráðamönnum, ættingjum eða maka, 18 ára eða eldri. Dyraverðir, eftirlitsmenn, framreiðslumenn og/eða aðrir sem ábyrgð bera á rekstri staðarins skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 22 að kvöldi, án framangreindrar fylgdar, sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt enda sé ástæða til að ætla að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

Veita má í reglugerð undanþágu frá reglu 1. mgr. sem tekur til ákveðinna tegunda veitingastaða og sérstakra tilefna, svo sem skóladansleikja, enda fari engar áfengisveitingar þar fram og afgreiðslutími viðkomandi veitingastaðar sé í samræmi við heimilan afgreiðslutíma samkvæmt rekstrarleyfi staðarins, nema sótt hafi verið um tímabundið leyfi skv. 4. mgr. 18. gr.

6. gr.
*Dyravarsla.*

Dyravarsla á veitingahúsum og öðrum samkomum fer eftir flokkun þeirra, tegund, stærð, afgreiðslutíma og hvort um áfengisveitingar er að ræða. Nánar skal kveða á um hæfni og þjálfun dyravarða í reglugerð og er heimilt að kveða þar á um að dyraverðir skuli sækja sérstök námskeið þar sem farið er yfir atriði sem á reynir við dyravörslu, svo sem ákvæði áfengislaga, hjálp í viðlögum, viðbrögð við óspektum og hvernig þekkja megi merki um neyslu og sölu ólöglegra vímuefna. Leyfisveitanda er heimilt að binda útgáfu rekstrarleyfis því skilyrði að hluti dyravarða hafi lokið slíku námskeiði.

Nánar skal kveða á um skyldu til dyravörslu og framkvæmd námskeiða í reglugerð.

## III. KAFLI
## **Leyfisveitingar.**

7. gr.
*Leyfisskylda.*

Hver sá sem hyggst stunda starfsemi sem fellur undir lög þessi skal hafa til þess rekstrarleyfi útgefið af leyfisveitanda. Í rekstrarleyfi getur falist leyfi til sölu gistingar og/eða veitingar og sölu veitinga, hvort sem er í mat eða drykk, bæði áfengra og óáfengra, og/eða útleigu samkomusala í atvinnuskyni.

Rekstrarleyfið skal tilgreina þann flokk og þá tegund staðar sem starfsemi fellur undir og leyfi fæst fyrir.

Leyfisveitendur samkvæmt lögum þessum eru sýslumenn að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út leyfi í umdæmi hans.

Leyfishafi skal hafa leyfisbréf til leyfisskyldrar starfsemi samkvæmt lögum þessum sýnilegt fyrir viðskiptavinum þar sem leyfisskyld starfsemi fer fram.

8. gr.
*Skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla.*

Til þess að öðlast rekstrarleyfi þarf umsækjandi og/eða forsvarsmaður umsækjanda ef hann er lögaðili að uppfylla eftirfarandi skilyrði og framvísa nauðsynlegum vottorðum því til staðfestingar:

a. Hafa búsetu á Íslandi.
b. Vera lögráða og hafa náð a.m.k. 20 ára aldri á umsóknardegi.
c. Hafa forræði á búi sínu.
d. Hafa tilkynnt atvinnurekstur til skráningar hjá viðkomandi skattstjóra.
e. Hafa ekki á síðustu fimm árum gerst sekur um háttsemi sem varðar við almenn hegningarlög, lög um ávana- og fíkniefni, lög um hlutafélög, lög um einkahlutafélög, lög um bókhald, lög um ársreikninga, lög um tekjuskatt, lög um virðisaukaskatt, lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, lög um tryggingagjald né lög þessi sem og reglur settar samkvæmt tilgreindum lögum.
f. Hafa ekki verið sviptur leyfi til rekstrar gististaðar, veitingastaðar eða áfengisveitinga á síðustu fimm árum frá umsókn.
g. Skulda ekki skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóð sem nema samanlagt hærri fjárhæð en 500.000 kr.

Ákvæði c–g-liðar 1. mgr. gilda jafnt um umsækjanda sem er lögaðili og forsvarsmann umsækjanda.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði rekstrarleyfis og gögn sem afla þarf.

9. gr.
*Umsókn.*

Umsækjandi um leyfi samkvæmt lögum þessum getur verið hvort sem er einstaklingur eða lögaðili. Ef leyfishafi er lögaðili skal tilgreindur forsvarsmaður sem jafnframt ber ábyrgð á rekstrinum og uppfyllir skilyrði laga þessara.

Umsókn skal vera skrifleg og send leyfisveitanda í því umdæmi þar sem leyfisskyld starfsemi er fyrirhuguð. Sækja skal um rekstrarleyfi vegna sölu veitinga um borð í skipum til leyfisveitanda þar sem heimahöfn skipsins er samkvæmt lögum um skráningu skipa.

Umsóknareyðublað skal vera tiltækt bæði á prentuðu formi hjá leyfisveitanda og rafrænt á heimasíðu hans. Skal þar getið um þau gögn sem fylgja þurfa umsókn.

Heimilt er að skila umsókn rafrænt og skal á umsókn vera heimild til handa umsækjanda að fela leyfisveitanda að afla nauðsynlegra gagna sem fylgja þurfa umsókn rafrænt, þar sem slíkt er mögulegt. Kjósi umsækjandi að nýta sér þessa heimild skal það skoðast sem upplýst samþykki í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Heimilt er að kveða nánar á um það sem koma þarf fram í umsókn og um fylgigögn með umsókn í reglugerð.

10. gr.
*Umsóknarferli.*

Útgáfa rekstrarleyfis samkvæmt lögum þessum er háð því að starfsleyfi, sem gefin eru út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli, fáist fyrir þeirri starfsemi sem umsókn lýtur að.

Liggi starfsleyfi heilbrigðisnefndar ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má hjá leyfisveitanda, hvort sem er á skrifstofu hans eða heimasíðu. Um umsókn um starfsleyfi fer eftir ákvæðum laga og reglna sem um slík leyfi gilda.

Þegar fullnægjandi umsókn um rekstrarleyfi hefur borist leyfisveitanda skal hann þegar í stað senda umsókn til umsagnaraðila skv. 4. mgr. þrátt fyrir að starfsleyfi liggi ekki fyrir.

Leyfisveitandi skal leita umsagna eftirtalinna aðila í því umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð og skulu umsagnir vera skýrar og rökstuddar:

1. Sveitarstjórnar sem m.a. staðfestir að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um.
2. Heilbrigðisnefndar sem gætir að samræmi við starfsleyfi og metur grenndaráhrif starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist.
3. Slökkviliðs sem staðfestir að kröfum um brunavarnir sé fullnægt.
4. Vinnueftirlits sem m.a. kannar hvort aðstæður á vinnustað séu í samræmi við ákvæði laga og reglna.
5. Byggingarfulltrúa sem m.a. staðfestir að starfsemin sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála sem og að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu.
6. Lögreglu sem m.a. kveður á um nauðsyn til dyravörslu.

Óheimilt er að gefa út rekstrarleyfi ef einhver framangreindra aðila leggst gegn útgáfu leyfisins og skal rekstrarleyfi jafnframt bundið þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í umsögnunum.

Leita skal umsagnar Siglingastofnunar Íslands áður en leyfi er veitt til veitingarekstrar um borð í skipi auk annarra umsagna eftir því sem við á.

Heimilt er með reglugerð að kveða nánar á um umsóknarferli vegna rekstrarleyfa, þar á meðal útgáfu leiðbeininga fyrir umsagnaraðila um þau atriði sem umsögn skal lúta að og tímafresti.

11. gr.

*Rekstrarleyfi.*

Rekstrarleyfi til starfsemi samkvæmt lögum þessum skal veitt til fjögurra ára í senn og getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis að þeim tíma loknum.

Heimilt er að veita rekstrarleyfi til skemmri tíma óski umsækjandi eftir því eða sérstakar ástæður mæla með því en þó ekki í styttri tíma en til eins árs í senn. Rekstrarleyfi er bundið við leyfishafa og er á engan hátt framseljanlegt. Þá er rekstrarleyfið jafnframt bundið við hina tilgreindu starfsemi og staðsetningu.

Í rekstrarleyfi skal koma fram gildistími leyfis, sú starfsemi sem veitt er leyfi fyrir og þau skilyrði sem sett eru fyrir leyfi, svo sem um gestafjölda, heimilan afgreiðslutíma, heimild til útiveitinga, dyravörslu, hávaða, umgengni, öryggi, þrifnað og annan aðbúnað.

Heimilt er að binda rekstrarleyfi mismunandi skilyrðum og haga töku leyfisgjalds eftir flokkun og tegund starfsemi. Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um mismunandi kröfur sem gera má til starfsemi og mismunandi skilyrði sem setja má fyrir rekstrarleyfi eftir tegund og flokkun staða og annað það sem koma skal fram í rekstrarleyfi.

12. gr.

*Breytingar er varða rekstrarleyfi og leyfishafa.*

Leyfishafi skal tilkynna leyfisveitanda þegar í stað um fyrirhugaðar breytingar sem varða hina leyfisskyldu starfsemi. Kalli þær á breytingar á skilmálum gildandi rekstrarleyfis skal sótt um slíkar breytingar sérstaklega til leyfisveitanda.

Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi er fyrir samkvæmt lögum þessum eða hyggist leyfishafi hætta hinni leyfisskyldu starfsemi skal það tilkynnt leyfisveitanda án tafar. Leyfishafi ber ábyrgð á rekstrinum þar til slík tilkynning hefur borist leyfisveitanda en nýr aðili sem við rekstrinum tekur frá þeim tíma og skal hann þegar í stað sækja um nýtt rekstrarleyfi.

Með umsókn skv. 1.–2. mgr. skal að jafnaði fara eftir ákvæðum 9.–11. gr. eftir því sem við á. Leyfisveitanda er þó heimilt að falla frá öflun umsagna skv. 10. gr. að öllu leyti eða hluta ef um umsókn skv. 2. mgr. er að ræða telji hann slíkt óþarft, svo sem ef ekki er um breytingar að ræða á starfsemi sem rekstrarleyfi tekur til. Um umsókn og skilyrði fyrir rekstrarleyfi fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Á meðan umsókn skv. 1.–2. mgr. er til meðferðar má leyfisveitandi gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og giltu um hið fyrra leyfi, til allt að þriggja mánaða. Að liðnum þriggja mánaða gildistíma bráðabirgðaleyfis verður bráðabirgðaleyfi einungis framlengt ef umsækjanda verður ekki kennt um tafir á útgáfu rekstrarleyfis.

Leyfisveitandi skal tilkynna umsagnaraðilum um nýjan rekstraraðila eftir því sem við á.

Gildistími rekstrarleyfis sem sótt er um breytingar á skv. 1. mgr. breytist ekki við breytingar á starfsemi nema leyfisveitandi telji sérstakar ástæður til þess. Við gjaldtöku vegna viðbótarstarfsemi skal miða við mismun gjalds vegna upphaflegs rekstrarleyfis og gjalds fyrir rekstrarleyfi eftir breytingu.

13. gr.

*Endurnýjun rekstrarleyfis.*

Leyfishafi sem vill endurnýja rekstrarleyfi sitt skal sækja um endurnýjun til leyfisveitanda a.m.k. tveimur mánuðum áður en gildandi rekstrarleyfi rennur út.

Meðan umsókn um endurnýjun er til meðferðar er leyfisveitanda heimilt að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og giltu um hið fyrra rekstrarleyfi, til allt að þriggja mánaða. Gildistími bráðabirgðaleyfis verður þó aldrei lengri en þrír mánuðir frá því að rekstrarleyfi rann út. Að þeim tíma liðnum verður bráðabirgðaleyfi ekki framlengt nema tafir á afgreiðslu endurnýjunar sé ekki að rekja til umsækjanda. Óheimilt er að gefa út bráðabirgðarekstrarleyfi hafi umsókn um endurnýjun borist eftir að fyrra rekstrarleyfi rann út.

Við mat á umsókn um endurnýjun skal taka mið af því hvernig starfsemi hefur gengið á leyfistíma og þeirri reynslu sem fengist hefur af rekstrinum. Skal við það hafa hliðsjón af tilkynningum og upplýsingum sem borist hafa frá eftirlitsaðilum skv. 21. gr. á leyfistíma og skal leyfisveitandi leita upplýsinga frá eftirlitsaðilum skv. 21. gr. og umsagna skv. 10. gr., um starfsemi, eftir því sem hann telur nauðsynlegt til afgreiðslu umsóknar.

Ef ekki er um breytingar á starfsemi að ræða og starfsemi hefur verið athugasemdalaus af hálfu eftirlitsaðila skv. 21. gr. á leyfistíma er leyfisveitanda heimilt að gefa út nýtt rekstrarleyfi án þess að leita umsagna skv. 10. gr.

Um endurnýjun starfsleyfis heilbrigðisnefnda fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## IV. KAFLI
## Synjun, brottfall, afturköllun og svipting rekstrarleyfis.

14. gr.

*Synjun rekstrarleyfis.*

Leyfisveitandi synjar um rekstrarleyfi ef einhver af skilyrðum 8. gr. eru ekki uppfyllt og/eða einhver umsagnaraðila skv. 10. gr. mælir gegn útgáfu rekstrarleyfis.

Umsækjanda skal tilkynnt um fyrirhugaða synjun skriflega og skal þar getið um ástæður hennar. Skal umsækjanda gefinn kostur á að bæta úr því sem er ábótavant við umsókn, ef þess er kostur, innan hæfilegs tíma sem tilgreindur skal í tilkynningu. Að öðrum kosti skal umsókn synjað.

15. gr.

*Brottfall, innlögn, afturköllun og svipting rekstrarleyfis.*

Rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum fellur niður við lok gildistíma sem tiltekinn er í leyfisbréfi. Rekstrarleyfi telst jafnframt niður fallið frá þeim tíma þegar það er móttekið hjá leyfisveitanda kjósi leyfishafi að leggja það inn.

Leyfisveitandi skal afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi eða forsvarsmaður uppfyllir ekki lengur skilyrði 8. gr., sbr. þó heimild 16. gr.

Leyfisveitanda er heimilt að svipta leyfishafa rekstrarleyfi tímabundið verði hann eða forsvarsmaður hans uppvís að því að misnota rekstrarleyfið eða vanrækja skyldur sem á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum sem um reksturinn gilda eða brjóti hann að öðru leyti gegn skilyrðum eða skilmálum leyfisins. Verði leyfishafi uppvís að ítrekuðum brotum samkvæmt þessari málsgrein er leyfisveitanda heimilt að svipta leyfishafa rekstrarleyfinu að fullu.

Áður en kemur til afturköllunar skv. 2. mgr. eða sviptingar skv. 3. mgr. skal leyfisveitandi senda leyfishafa viðvörun þar um, þar sem fram komi tilefni afturköllunar eða sviptingar og skal leyfishafa eftir atvikum gefinn frestur til að bæta úr annmörkum sé það mögulegt.

Komi til afturköllunar eða sviptingar rekstrarleyfis skal leyfishafa tilkynnt um það skriflega og frá hvaða tíma rekstrarleyfið telst niður fallið og skal leyfishafi skila leyfisbréfi til leyfisveitanda án tafar fyrir þau tímamörk. Leyfisveitandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd um afturköllun eða sviptingu rekstrarleyfis.

Við innlögn rekstrarleyfis á leyfishafi ekki rétt á endurgreiðslu hluta gjalds sem greitt var fyrir rekstrarleyfi þótt leyfistími sé ekki liðinn. Sama gildir ef rekstrarleyfi er afturkallað skv. 2. mgr. eða leyfishafi er sviptur rekstrarleyfi skv. 3. mgr.

Beita skal úrræði 23. gr. um lokun staðar ef starfsemi er haldið áfram eftir brottfall rekstrarleyfis, afturköllun eða sviptingu þess skv. 1.–3. mgr.

16. gr.

*Gjaldþrot eða andlát.*

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur og tekur skiptastjóri þrotabúsins þá stöðu leyfishafa.

Dánarbúi leyfishafa eða þeim sem hefur tekið við starfsemi að arfi er heimilt að halda starfseminni áfram í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs rekstrarleyfis en sækja skal um bráðabirgðaleyfi ef rekstrarleyfi rennur út innan ársins. Að þeim tíma liðnum skal erfingi sækja um rekstrarleyfi vilji hann halda starfsemi áfram.

## V. KAFLI
## **Tækifærisleyfi.**

17. gr.

*Tækifærisleyfi.*

Sækja þarf um leyfi fyrir einstakar skemmtanir og atburði sem fram fara utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni og eru til þess fallnir að valda ónæði, svo sem vegna hávaða, og kalla á eftirlit og/eða löggæslu. Hér undir geta fallið t.d. útihátíðir, útitónleikar, skóladansleikir og tjaldsamkomur. Leyfi samkvæmt ákvæði þessu er bundið við einstaka skemmtun og/eða atburð og skal gildistími að jafnaði ekki vera lengri en 7 dagar. Ekki þarf leyfi fyrir einkasamkvæmum.

Sækja skal um tækifærisleyfi með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Umsækjandi og/eða forsvarsmaður ef umsækjandi er lögaðili skal uppfylla skilyrði 8. gr. eftir því sem við á. Leyfisveitanda er þó heimilt að víkja frá fjárræðisskilyrði í því tilviki að umsækjandi hafi ekki náð tilskildum aldri enda verði tilnefndur ábyrgðarmaður að skemmtun eða atburði sem uppfyllir skilyrðið.

Leyfisveitandi getur bundið leyfi eftirfarandi skilyrðum að fenginni umsögn lögreglustjóra:

1. að sá sem fyrir skemmtun stendur geri fullnægjandi ráðstafanir til að halda uppi reglu, öryggi og velsæmi,
2. að eigi annist aðrir dyravörslu en hann samþykkir,
3. að lögreglumenn verði á skemmtuninni,
4. að sá sem fyrir skemmtun stendur greiði kostnað af ráðstöfunum sem lögreglustjóri ákveður í samráði við umsækjanda,

5. öðrum þeim skilyrðum sem nauðsyn ber til, svo sem um aldur og fjölda gesta og slit skemmtunar.

Leyfisveitandi skal jafnframt leita umsagna heilbrigðisnefnda og slökkviliðs og eftir atvikum annarra umsagnaraðila skv. 10. gr.

Heimilt er leyfisveitanda að krefja leyfishafa um þann kostnað sem leiðir af aukinni löggæslu umfram venjubundna löggæslu á sama tíma. Getur leyfisveitandi krafist þess að sá kostnaður verði greiddur fyrir fram eða trygging sett fyrir greiðslu hans.

Ákvæði 23. gr. gilda um úrræði vegna brota gegn ákvæði þessu.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd við útgáfu leyfa, skilyrði fyrir leyfum og innheimtu og ákvörðun löggæslukostnaðar.

18. gr.

*Tímabundin áfengisveitingaleyfi.*

Sækja þarf um leyfi til sölu og/eða afhendingar áfengisveitinga við einstök tækifæri í atvinnuskyni hvort sem um beina sölu veitinganna er að ræða eða hvers kyns afhendingu þeirra, svo sem í kynningarskyni, á sýningum eða sem lið í hvers konar samkomu- og/eða ráðstefnuhaldi, hvort sem er innan dyra, undir berum himni eða í tjaldi. Slík leyfi verða eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftar en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar.

Ekki þarf leyfi fyrir áfengisveitingum í einkasamkvæmum.

Tímabundið leyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki gefið út til veitingar og/eða sölu áfengisveitinga á stað sem hefur fengið útgefið rekstrarleyfi heldur fara allar áfengisveitingar á slíkum stöðum fram á grundvelli rekstrarleyfisins og á ábyrgð leyfishafa.

Rekstrarleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi samkvæmt ákvæði þessu sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga.

Um leyfi samkvæmt ákvæði þessu fer samkvæmt ákvæðum 17. gr. eftir því sem við á og er leyfið bundið við einstaka atburði og getur gilt í allt að 7 daga hið mesta. Ákvæði 23. gr. gilda um úrræði vegna brota gegn ákvæði þessu.

Heimilt er að kveða nánar á um framkvæmd leyfisveitinga samkvæmt ákvæði þessu í reglugerð.

## VI. KAFLI
## **Upplýsingaskylda, eftirlit, viðurlög o.fl.**

19. gr.

*Upplýsingaskylda.*

Rekstraraðilar er undir þessi lög falla skulu veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands eða viðkomandi stjórnvalds. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustu almennt og/eða rekstri veitingastaða og gististaða sérstaklega sem atvinnugreinar.

20. gr.

*Skrá.*

Leyfisveitandi skal skrá útgefin rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum í miðlægt leyfakerfi sem nánar er kveðið á um í reglugerð og birta rekstrarleyfi í gildi með aðgengilegum hætti, svo sem á heimasíðu sinni. Skráin skal innihalda upplýsingar um nafn leyfishafa,

kennitölu, hvar aðalstarfsemin er rekin, útgáfu rekstrarleyfis og annað sem ákveðið kann að vera í reglugerð.

21. gr.
*Eftirlit.*

Lögreglustjórar hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar á meðal eftirlit með því að leyfishafi uppfylli skilyrði fyrir rekstrarleyfi, að fylgt sé skilyrðum sem leyfi er bundið, svo sem um dyravörslu, leyfilegan afgreiðslutíma og gestafjölda, einnig að fylgt sé ákvæðum laganna um dvöl ungmenna á veitingastöðum og um áfengisveitingar.

Um eftirlit með starfsemi sem lög þessi taka til fer að öðru leyti samkvæmt lögum og reglugerðum um matvæli, hollustuhætti og mengunarvarnir, eftirlit, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, brunamál og öðrum lögum sem átt geta við um viðkomandi starfsemi. Eftirlitið er í höndum þeirra sem lögin kveða á um hverju sinni.

Heilbrigðisnefnd skal tilkynna viðkomandi leyfisveitanda ef fyrirhuguð er svipting starfsleyfis.

Eftirlitsaðilar skulu tilkynna leyfisveitanda um alvarlegar athugasemdir sem þeir kunna að gera við rekstur leyfishafa og annað sem er tilefni athugasemda af þeirra hálfu við starfsemi og áhrif kann að hafa á rekstrarleyfið og endurnýjun þess, sem og ef fyrirhuguð er stöðvun starfseminnar á grundvelli heimildar í lögum skv. 2. mgr.

22. gr.
*Viðurlög vegna brota.*

Hver sá er brýtur gegn 5. gr. um dvöl ungmenna á veitingastöðum eða rekur leyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis, sbr. 7., 12., 17. og/eða 18. gr., skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Brot gegn reglugerðum settum með stoð í lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Misbeiti leyfishafi sem hefur leyfi til veitingar áfengis leyfi sínu með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar áfengistegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt gegn fyrirmælum sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt áfengislögum.

Gera má lögaðila sekt samkvæmt reglum II. kafla A almennra hegningarlaga fyrir brot gegn 1. og 2. mgr.

Heimilt er jafnframt í tilefni brota skv. 1. og 2. mgr. að beita úrræði 23. gr. um lokun starfsstöðvar þar sem brot er framið.

23. gr.
*Þvingunarúrræði.*

Lögreglustjóri skal án fyrirvara eða aðvörunar stöðva leyfisskylda starfsemi sem fer fram án tilskilins leyfis. Á það við um eftirfarandi tilvik:

a. Þegar ekki hefur verið gefið út rekstrarleyfi vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi, útrunnið rekstrarleyfi hefur ekki verið endurnýjað, nýr rekstraraðili hefur ekki fengið útgefið nýtt rekstrarleyfi, rekstrarleyfi hefur verið lagt inn, það afturkallað eða leyfishafi sviptur því.

b. Þegar leyfisskyld starfsemi fer út fyrir mörk og skilmála útgefins rekstrarleyfis, svo sem varðandi heimilaðan afgreiðslutíma og þá tegund leyfisskyldrar starfsemi sem hið útgefna rekstrarleyfi tekur til.
c. Þegar veitingar áfengis, sem leyfisskyldar eru skv. 18. gr., fara fram án tilskilins leyfis eða út fyrir mörk og skilmála útgefins leyfis.

Lögreglustjóri skal jafnframt slíta samkomu sem fram fer á grundvelli 17. gr. ef hún brýtur gegn ákvæðum laga eða brotin eru fyrirmæli eða skilyrði sem leyfisveitandi hefur sett, ef regla á samkomu er eigi nægilega góð eða þegar slík samkoma fer fram án tilskilins leyfis.

Lögreglustjóri skal tilkynna heilbrigðisnefnd um beitingu þvingunarúrræða samkvæmt ákvæði þessu.

24. gr.
*Gjaldtaka.*

Um gjald fyrir rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

25. gr.
*Reglugerð.*

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

26. gr.
*Kæruheimild.*

Stjórnsýsluákvörðunum leyfisveitanda, svo sem um synjun á útgáfu leyfa og ákvörðun um sviptingu leyfa, má skjóta til ráðuneytisins. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum nema annars sé sérstaklega getið í lögum þessum.

## VII. KAFLI
## **Gildistaka, brottfall laga o.fl.**

27. gr.
*Gildistaka og brottfall laga.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög:

1. lög nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, og
2. lög nr. 120/1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma.

28. gr.
*Brottfall og breyting lagaákvæða.*

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. *Áfengislög, nr. 75/1998, með áorðnum breytingum:*
   a. Orðið „veitingar“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. fellur brott.
   b. 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. fellur brott.
   c. Á eftir 1. mgr. 3. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
      Um leyfi til veitingar áfengis fer eftir lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
   d. Orðið „veitingar“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. fellur brott.
   e. 2. málsl. 4. mgr. 4. gr. fellur brott.

f. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.
g. V. kafli fellur brott.
h. 2. mgr. 18. gr. fellur brott.
i. Á eftir „3. gr.“ í 4. mgr. 19. gr. kemur: laga þessara og III. kafla laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
j. Orðin „eða lögreglustjóri“ í 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. falla brott og í stað orðsins „ríkislögreglustjóri“ kemur: lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
k. VIII. kafli fellur brott.

2. *Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum:* Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr.:
a. 20.–24. tölul. orðast svo:

| | |
|---|---|
| 20. Gistileyfi skv. 3. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | |
| a. flokkur I | 18.500 kr. |
| b. flokkur II | 18.500 kr. |
| c. flokkur III | 24.500 kr. |
| d. flokkur IV | 74.500 kr. |
| e. flokkur V | 161.500 kr. |
| 21. Veitingaleyfi skv. 4. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | |
| a. flokkur I | 18.500 kr. |
| b. flokkur II | 124.500 kr. |
| c. flokkur III | 161.500 kr. |
| 22. Tækifærisleyfi skv. 17. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | 6.000 kr. |
| 23. Tímabundið áfengisveitingaleyfi skv. 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | 20.000 kr. |
| 24. Endurnýjun | |
| a. rekstrarleyfa skv. a–c-lið 20. tölul. og a-lið 21. tölul. | 5.500 kr. |
| b. rekstrarleyfa skv. d-lið 20. tölul. | 25.000 kr. |
| c. rekstrarleyfa skv. e-lið 20. tölul. og b–c-lið 21. tölul. | 50.000 kr. |

b. 32. tölul. fellur brott.
c. 47. tölul. fellur brott.

3. *Lögreglulög, nr. 90/1996:* Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr.:
a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „Enn fremur má í slíkum reglum“ í 2. mgr. kemur: Lögreglustjóra er heimilt í sérstökum reglum sem dómsmálaráðherra setur að.

4. *Lög um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með áorðnum breytingum:* 2. mgr. 7. gr. fellur brott.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### I.

### Veitinga-, áfengisveitinga- og skemmtanaleyfi.

Leyfishafar sem hafa í gildi leyfi til sölu veitinga og gistingar samkvæmt lögum nr. 67/1985, áfengissöluleyfi skv. V. kafla áfengislaga, nr. 75/1998, og skemmtanaleyfi sam-

kvæmt reglugerð nr. 587/1987, sbr. lög nr. 120/1947, geta sótt um og fengið endurnýjað rekstrarleyfi skv. 13. gr. þegar einhver framangreindra leyfa renna út, þó ekki síðar en tveimur árum frá gildistöku laga þessara. Að þeim tíma liðnum þarf leyfishafi að sækja um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum.

Leyfishafi sem sækir um endurnýjun rekstrarleyfis skv. 1. mgr. skal uppfylla skilyrði 8. gr. og jafnframt skal starfsemi hans hafa verið óaðfinnanleg á leyfistíma. Áður en endurnýjað rekstrarleyfi er gefið út leitar leyfisveitandi umsagna og álits aðila skv. 10. og 21. gr. í því skyni að kanna hvort rekstur hafi verið athugasemdalaus af þeirra hálfu og hvort ástæða er til að leggjast gegn endurnýjun og hvort setja þarf frekari skilyrði fyrir starfseminni. Í því tilviki að fallist er á endurnýjun er gefið út rekstrarleyfi. Allar breytingar á starfsemi frá fyrri leyfum, sbr. 1. mgr., kalla á umsókn um rekstrarleyfi.

**II.**

**Tryggingar.**

Innheimtumanni ríkissjóðs er heimilt að fella niður tryggingar sem grundvallast á 14. gr. áfengislaga við gildistöku laga þessara hafi leyfishafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á því tímamarki. Hafi leyfishafi verið úrskurðaður gjaldþrota við gildistöku laga þessara skal tryggingin halda gildi sínu og skiptastjóri innheimta hana hjá ábyrgðaraðila.

# 1350. Frumvarp til laga [667. mál]

um íslenska alþjóðlega skipaskrá.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

*Markmið.*

Markmið laga þessara er að stuðla að skráningu kaupskipa á Íslandi með því að setja reglur um íslenska alþjóðlega skipaskrá.

2. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um skráningu kaupskipa á Íslandi á íslenska alþjóðlega skipaskrá.

3. gr.

*Orðskýringar.*

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök þá merkingu sem hér segir:

1. *Íslensk alþjóðleg skipaskrá (IIS)* er sérstök skipaskrá á Íslandi fyrir kaupskip, á ensku Icelandic International Shipregister.
2. *Kaupskip* er hvert það skip sem flytur farm og/eða farþega gegn endurgjaldi í siglingum milli landa og farmflutningum innan lands og er 100 brúttótonn eða stærra.

4. gr.

*Skráning.*

Skilyrði skráningar er að eigandi kaupskips sé íslenskur ríkisborgari, ríkisborgari annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríkis að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu, Færeyingur eða lögaðili skráður á Íslandi.

Skráning á íslenska alþjóðlega skipaskrá verður annaðhvort með flutningi af annarri skipaskrá, hvort sem er íslenskri eða erlendri, eða frumskráningu. Óheimilt er að skrá kaupskip á íslenska alþjóðlega skipaskrá sem samtímis er skráð á aðra skipaskrá, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Heimilt er að skrá kaupskip þurrleiguskráningu þegar aðilar skv. 1. mgr. hafa umráð þess með samningi og skilyrðum um eignarhald er ekki fullnægt.

Heimilt er að skrá kaupskip sem frumskráð er á íslenska alþjóðlega skipaskrá þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá þegar skilyrðum 1. mgr. um eignarhald er fullnægt.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að neita skipi um skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá ef viðkomandi skip hefur tekið þátt í eða tengst starfsemi sem er andstæð alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.

5. gr.

*Framkvæmd.*

Siglingastofnun Íslands heldur íslenska alþjóðlega skipaskrá og annast skráningu kaupskipa eftir því sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Heimahöfn kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá er í Reykjavík og skal réttindaskrá vegna réttinda í kaupskipum haldin við embætti sýslumannsins í Reykjavík.

Sækja skal um skráningu á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera tiltæk á íslensku og ensku, bæði á prentuðu formi hjá Siglingastofnun Íslands og rafrænt á heimasíðu stofnunarinnar og skal þar getið um þau gögn sem fylgja þurfa umsókn.

Siglingastofnun Íslands sendir sýslumanninum í Reykjavík tilkynningu um skráningu þegar hún hefur farið fram.

Um skráningu, þar á meðal um skilyrði skráningar og gögn sem fylgja þurfa umsókn, upplýsinga- og tilkynningarskyldu og útgáfu skírteina, og þurrleiguskráningu skal fara eftir gildandi íslenskum lögum hverju sinni um skráningu skipa á aðalskipaskrá, eftir því sem við á, og skulu slíkar reglur ávallt uppfylla alþjóðlegar kröfur um skráningu skipa að því leyti sem Ísland er skuldbundið til að framfylgja þeim reglum. Heimilt er að kveða á um sérstakar reglur sem gilda skulu um skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá eingöngu og framkvæmd skráningar í reglugerð.

6. gr.

*Réttaráhrif skráningar.*

Kaupskip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Um slík kaupskip gilda íslensk lög, þar á meðal um skráningu, eftirlit og skoðun, og eiga þau undir íslenska lögsögu nema lög þessi kveði á um annað.

Kaupskipum sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá er óheimilt að stunda áætlunarsiglingar með farþega milli hafna á Íslandi eingöngu.

7. gr.
*Eigendaskipti.*

Ef eigendaskipti verða á kaupskipi sem skráð er á íslenska alþjóðlega skipaskrá eða gerð er breyting á því sem máli skiptir vegna skráningar skal nýr eigandi tafarlaust tilkynna Siglingastofnun Íslands um breytinguna og leggja fram nauðsynleg skjöl og skilríki sem því tengjast.

Siglingastofnun Íslands skal tilkynna sýslumanninum í Reykjavík um nýjan eiganda þegar skráning hefur farið fram.

8. gr.
*Stimpilgjöld.*

Afsöl og önnur eignarheimildarskjöl vegna kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá eru stimpilfrjáls. Sama gildir um skjöl sem leggja höft eða bönd á slík skip og gefin eru út vegna kaupa á skipum eða smíði þeirra.

9. gr.
*Breyting á notkun kaupskips.*

Nú verður breyting á notkun kaupskips sem skráð er á íslenska alþjóðlega skipaskrá, þannig að það uppfyllir ekki lengur skilyrði skráningar samkvæmt lögum þessum, og er þá eiganda þess skylt að tilkynna það tafarlaust til Siglingastofnunar Íslands. Nú er breytingin varanleg og skal Siglingastofnun Íslands þá afskrá kaupskipið af íslensku alþjóðlegu skipaskránni.

10. gr.
*Afskráning.*

Siglingastofnun Íslands skal afskrá kaupskip af íslensku alþjóðlegu skipaskránni ef eitthvað af eftirfarandi á við:

1. ef skilyrðum skráningar samkvæmt lögum þessum er ekki lengur fullnægt,
2. ef kaupskip hefur farist svo um það sé kunnugt eða það hefur horfið án þess að til þess hafi spurst í sex mánuði,
3. ef kaupskip er rifið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði að við það sé gert,
4. ef kaupskip hefur legið ónotað í höfn eða skipalægi eða staðið á landi í þrjú ár samfleytt hérlendis eða erlendis.

11. gr.
*Mönnun kaupskipa.*

Hver íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum sem ákveðin eru í reglugerð um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar á rétt á að fá útgefið skírteini og starfa sem skipstjóri á kaupskipi skráðu á íslensku alþjóðlegu skipaskrána. Sama rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita öðrum ríkisborgurum heimild til að starfa sem skipstjórar á kaupskipum sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá eftir nánari skilyrðum sem ákveðin skulu í reglugerð. Að öðru leyti gilda ekki sérstakar reglur um þjóðerni áhafna skipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá.

Áhafnir kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá skulu uppfylla lágmarkskröfur alþjóðasamþykktar um viðmiðanir að því er varðar menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) og skal gætt reglna um öryggismönnun.

12. gr.

*Gjaldtaka.*

Gjaldtaka vegna skráningar kaupskipa á íslenska alþjóðlega skipaskrá skal nánar ákveðin í reglugerð og skal kveðið á um gjöldin í gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

13. gr.

*Viðurlög o.fl.*

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og skal farið með þau að hætti opinberra mála.

14. gr.

*Reglugerð.*

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár, hvaða kaupskip má skrá þar, útgáfu skírteina, tilkynningar- og upplýsingaskyldu, skoðun, eftirlit og merkingu kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá, útgáfu skírteina vegna skráningarinnar og afskráningar og skilyrði um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar skipstjóra.

15. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

## 1351. Frumvarp til laga [388. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

Í stað orðanna „15 km á klst.“ í c-lið orðskýringarinnar *Reiðhjól* í 2. gr. laganna kemur: 25 km á klst.

2. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Ökuskírteini eru tvenns konar, bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í þrjú ár.

Fullnaðarskírteini gildir þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára. Ráðherra getur ákveðið að ökuskírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 50. gr. skuli gilda skemur.

Ráðherra setur reglur um gildistíma ökuskírteinis sem gefið er út til þess sem er fullra 70 ára. Ráðherra getur enn fremur ákveðið að ökuskírteini skuli, ef aðstæður mæla með því, gilda skemur en ákveðið er í 3. mgr.

Endurnýja má ökuskírteini að loknum gildistíma enda fullnægi hlutaðeigandi enn skilyrðum til að fá ökuskírteini útgefið. Ráðherra getur sett reglur um að próf skuli tekið að nýju.

Fullnaðarskírteini til byrjanda má gefa út, fullnægi hann eftirtöldum skilyrðum:

a. hafi haft bráðabirgðaskírteini samfellt í eitt ár, farið í akstursmat og fengið að því loknu staðfestingu ökukennara þar að lútandi,
b. hafi ekki á síðustu 12 mánuðum fengið punkt í punktakerfi vegna umferðarlagabrots eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna akstursbanns eða sviptingar.

Fullnægi byrjandi ekki skilyrðum b-liðar 6. mgr. má endurnýja bráðabirgðaskírteini að loknum gildistíma þess. Fullnægi hann hins vegar skilyrðum b-liðar 6. mgr. og fari í akstursmat, sbr. a-lið 6. mgr., má gefa út fullnaðarskírteini.

Hafi bráðabirgðaskírteini byrjanda verið endurnýjað, sbr. 7. mgr., getur hann fengið fullnaðarskírteini, fullnægi hann skilyrðum a- og b-liða 6. mgr.

3. gr.

Á eftir 2. mgr. 53. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Byrjandi, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn skv. 51. gr. og sviptur er ökurétti, öðlast eigi ökurétt að nýju að loknum sviptingartíma fyrr en hann hefur sótt sérstakt námskeið skv. 106. gr. a og staðist ökupróf að nýju.

4. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 64. gr. a laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Réttur til einkamerkis gildir í átta ár. Skráður eigandi ökutækis skal fram að 65 ára aldri greiða sama gjald vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis.

5. gr.

Við 72. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra getur sett reglur um flokkun og notkun viðurkennds hlífðarfatnaðar og annars hlífðarbúnaðar ökumanna og farþega bifhjóla. Í þeim reglum skal m.a. kveðið á um hvaða kröfur eru gerðar til slíks búnaðar.

6. gr.

Á eftir 4. mgr. 100. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Við ákvörðun sektar vegna brots gegn 37. og 38. gr. skal höfð hliðsjón af aukinni áhættu sem hraðabrotið hefur í för með sér. Á vegi þar sem hámarkshraði má vera 80 km á klst. eða meiri skal sekt ákveðin hærri en ella. Sama gildir um ákvörðun sektar vegna hraðabrota við akstur:

a. bifreiðar innan við 3.500 kg að heildarþyngd með eftirvagn eða tengitæki, þ.m.t. tjaldvagn og hjólhýsi,
b. vörubifreiðar,
c. hópbifreiðar,
d. vagnlestar þar sem eru ökutæki sem falla undir b- eða c-lið með skráningarskyldan eftirvagn eða tengitæki,
e. liðvagns og

f. bifhjóls með hliðarvagni eða skráningarskyldum eftirvagni eða tengitæki.

Við ákvörðun sektar vegna brota gegn 37. og 38. gr., sbr. 5. mgr., skal sekt ákveðin hærri en ella þegar hraðinn er 140 km á klst. eða meiri.

Við ákvörðun sektar vegna brota gegn 37. og 38. gr., sbr. 5. mgr., skal sekt ákveðin mun hærri en ella þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er.

7. gr.

Á eftir 3. mgr. 101. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er skal svipting ökuréttar eigi ákvörðuð skemur en í þrjá mánuði.

8. gr.

a. Á eftir 106. gr. laganna kemur ný grein, 106. gr. a, sem orðast svo:

Lögreglustjóri skal banna byrjanda, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, að aka hafi hann fengið fjóra eða fleiri punkta samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Akstursbanni skal eingöngu beitt einu sinni á gildistíma bráðabirgðaskírteinis.

Með akstursbanni eru afturkölluð ökuréttindin sem bráðabirgðaskírteinið veitir. Akstursbannið gildir þar til byrjandinn hefur sótt sérstakt námskeið og staðist ökupróf að nýju. Ráðherra setur reglur um tilhögun námskeiðs.

Þegar skilyrði akstursbanns eru fyrir hendi skal svo fljótt sem unnt er banna byrjanda að aka. Ákvörðun um akstursbann má bera undir dómstóla samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og skal lögreglustjóri leiðbeina byrjanda um þann rétt þegar ákvörðun er birt.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Akstursbann.*

9. gr.

a. Á eftir 107. gr. laganna kemur ný grein, 107. gr. a, sem orðast svo:

Þegar um stórfelldan eða ítrekaðan ölvunarakstur er að ræða, sem ekki fellur undir 2. mgr. þessarar greinar, stórfelldan eða ítrekaðan akstur manns sem sviptur hefur verið ökurétti eða manns sem ekki hefur öðlast ökuréttindi, stórfelldan eða ítrekaðan hraðakstur eða akstur sem telst sérlega vítaverður að öðru leyti má gera upptækt vélknúið ökutæki sem ökuskírteini þarf til að stjórna og notað er við brotið nema það sé eign manns sem ekkert er við brotið riðinn. Við sömu aðstæður og með sömu skilyrðum má gera upptækt vélknúið ökutæki sem ökuskírteini þarf til að stjórna og er eign þess sem hefur framið brotið, enda þótt ökutækið hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Gera skal ökutæki upptækt þegar eigandi þess hefur verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna eða undir áhrifum áfengis sem hefur í för með sér sviptingu ökuréttar og vínandamagn í blóði er 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lítra lofts sem hann andar frá sér nemur 0,60 milligrömmum eða meira, og viðkomandi hefur tvisvar síðustu þrjú árin fyrir brotið verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna eða áfengis þar sem vínandamagn í blóði hefur mælst 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lítra lofts sem hann andar frá sér hefur numið 0,60 milligrömmum eða meira og sem hefur haft í för með sér sviptingu ökuréttar. Gera skal ökutæki upptækt enda þótt það hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Víkja má frá ákvæði 2. mgr. í undantekningartilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með því.

Ökutæki sem gert er upptækt skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal hann þó eiga forgang til andvirðisins ef bætur fást ekki á annan hátt.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Upptaka ökutækja.*

10. gr.

Við 114. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Við ákvörðun gjalda skv. 1. mgr. skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, búnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu umferðar- og umferðaröryggismála auk ferða og uppihalds. Fjárhæð gjalda skal taka mið af þeim kostnaði sem almennt hlýst af þeirri þjónustu sem Umferðarstofa veitir.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 27. apríl 2007.

# 1352. Frumvarp til vegalaga. [437. mál]

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

*Markmið.*

Markmið laga þessara er að setja reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum.

2. gr.

*Gildissvið.*

Ákvæði laga þessara gilda um vegi sem ætlaðir eru til umferðar ökutækja og veghald þeirra. Ákvæði laganna gilda einnig eftir því sem við getur átt um vegi og stíga sem ætlaðir eru til annarrar umferðar.

3. gr.

*Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Býli:* Íbúðarhúsnæði þar sem föst búseta er og skráð lögheimili.
2. *Notkunargjald:* Gjald sem greitt er fyrir notkun vega, t.d. mælt eftir eknum km, tíma dagsins, stærð ökutækis eða umhverfisáhrifum.
3. *Umferðaröryggisstjórnun vega:* Aðferðir til að auka umferðaröryggi, svo sem umferðaröryggismat, umferðaröryggisrýni, lagfæring slysastaða og umferðaröryggisúttekt.
4. *Veggjald:* Gjald sem greitt er fyrir rétt til að nota tiltekinn veg eða vegarkafla, á tilteknum tíma í tiltekin skipti.

5. *Veghald*: Forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega.
6. *Veghaldari:* Sá aðili sem hefur veghald vegar.
7. *Vegtengigjald:* Gjald sem veghaldari getur lagt á fasteignareiganda vegna lagningar héraðsvegar að býli eða atvinnustarfsemi.
8. *Vegur:* Akbraut, sem er sá hluti vegar sem er fyrst og fremst ætlaður fyrir umferð ökutækja, öll önnur mannvirki og vegsvæði sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.
9. *Þéttbýli:* Svæði sem fellur undir skilgreiningu þéttbýlis samkvæmt skipulagslögum.

## II. KAFLI
## Stjórn vegamála.

### 4. gr.
*Yfirstjórn vegamála.*

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn vegamála. Vegagerðin annast þátt ríkisins samkvæmt lögum þessum og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra, nema annað sé ákveðið í lögunum. Til að stjórna framkvæmdum í vegamálum skipar ráðherra vegamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Vegagerðinni forstöðu.

### 5. gr.
*Vegagerðin.*

Helstu verkefni Vegagerðarinnar eru sem hér segir:

a. Veghald þjóðvega.
b. Aðstoð við ráðherra við mótun og framkvæmd stefnu stjórnvalda í samgöngumálum.
c. Vinna í samræmi við markmið samgönguáætlunar hverju sinni.
d. Skipting fjárveitinga til annarra vega en þjóðvega sem ætlaðir eru til almennrar umferðar og kostaðir eru af fé ríkisins, allt eftir nánari staðfestingu ráðherra.
e. Umsjón með rannsóknum og þróun á sviði vegamála.
f. Rekstur ferja og flóabáta sem koma í stað þjóðvegasambands.
g. Umsjón og eftirlit með útboðum á almenningssamgöngum sem njóta ríkisstyrkja.
h. Umsjón með leyfisskyldri starfsemi samkvæmt öðrum lögum.

Vegagerðinni er heimilt, með samþykki samgönguráðherra, að stofna félag eða félög sem hafa það hlutverk að sinna framkvæmda- og þjónustuverkefnum stofnunarinnar.

Vegagerðin fer með önnur verkefni sem leiðir af lögum þessum og öðrum lögum.

Ráðherra skal kveða nánar á um verkefni og verksvið Vegagerðarinnar með reglugerð.

## III. KAFLI
## Flokkun vega.

### 6. gr.
*Vegakerfi.*

Vegakerfi landsins skiptist í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins.

### 7. gr.
*Vegaskrá.*

Vegagerðin sér um gerð vegaskrár, sem er skrá yfir þjóðvegi.

Vegagerðinni er heimilt, telji hún ástæðu til, að halda skrá yfir aðra vegi í náttúru Íslands þar sem umferð er takmörkuð eða árstíðabundin. Slík skrá skal gerð í samráði við Umhverfisstofnun og sveitarfélög. Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna vega samkvæmt þessari málsgrein.

8. gr.

*Þjóðvegir.*

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá.

Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

a. *Stofnvegir* eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.
b. *Tengivegir* eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgörðum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.
c. *Héraðsvegir* eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Héraðsvegur skal aldrei ná nær framangreindum stöðum en 50 m ef hann endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.
d. *Landsvegir* eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

9. gr.

*Sveitarfélagsvegir.*

Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr., eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar.

10. gr.

*Almennir stígar.*

Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga.

Ákvæði laga þessara um vegi gilda einnig um almenna stíga eftir því sem við á.

11. gr.
*Einkavegir.*

Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila.

## IV. KAFLI
## **Veghald.**

12. gr.
*Almennt.*

Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma.

13. gr.
*Veghaldarar.*

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega. Sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega.
Eigendur einkavega hafa veghald þeirra.

14. gr.
*Framsal veghalds þjóðvega.*

Vegamálastjóra er heimilt að fela sveitarfélagi veghald héraðsvega innan sveitarfélagsins, óski viðkomandi sveitarfélag eftir því. Fjárveitingar sem ráðstafa skal til þessara vega skv. 19. gr. renna óskertar til sveitarfélags sem tekur að sér veghald samkvæmt þessu ákvæði.

Vegamálastjóra er jafnframt heimilt að fela einstaklingi, fyrirtæki, sveitarfélagi, stofnun eða samtökum þessara aðila tímabundið veghald einstakra vegarkafla þjóðvega að nokkru eða öllu leyti.

Um veghald skv. 1. og 2. mgr. skal gerður þjónustusamningur þar sem nánar skal kveðið á um skyldur veghaldara, þjónustustig, rétt til endurgjalds og annað sem málið varðar.

15. gr.
*Eftirlit með veghaldi.*

Vegagerðin hefur eftirlit með því að veghaldi allra vega sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og kostaðir eru af fé ríkisins sé sinnt í samræmi við ákvæði laga þessara og skal hlutast til um úrbætur ef út af bregður. Telji Vegagerðin að umferð stafi hætta af skal gera lögreglu viðvart.

Nú er gerður þjónustusamningur um veghald skv. 3. mgr. 14. gr. og skal þá Vegagerðin hafa eftirlit með að veghald vega sem um er að ræða sé framkvæmt í samræmi við samninginn. Sé um vanrækslu að ræða að mati Vegagerðarinnar skal hún gefa veghaldara fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests. Ef umbætur eru ekki gerðar í samræmi við fyrirmæli getur Vegagerðin látið framkvæma þær á kostnað veghaldara og/eða rift samningi við hann.

Innan Vegagerðarinnar skal vera starfrækt óháð deild sem heyrir beint undir vegamálastjóra og skal sjá um innra eftirlit með veghaldi stofnunarinnar, þ.m.t. umferðaröryggi vega.

Ef viðkomandi lögreglustjóri telur vegi, viðhaldi eða merkingu vegar, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, svo áfátt að hætta geti stafað af getur hann gefið veghaldara

fyrirmæli um að gera úrbætur á veginum og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn þar til úrbætur hafa verið gerðar.

## V. KAFLI
## Vegáætlun og fjármögnun vega.

### 16. gr.
*Vegáætlun.*

Með vegáætlun samkvæmt lögum þessum er átt við vegáætlunarkafla samgönguáætlunar samkvæmt lögum um samgönguáætlun.

Í vegáætlun skal gerð grein fyrir fjáröflun til vegamála og útgjöld sundurliðuð á einstakar framkvæmdir, rekstur, þjónustu og viðhald eftir því sem við á í samræmi við uppsetningu samgönguáætlunar.

Við skiptingu fjárveitinga skal höfð hliðsjón af gerð vega, ástandi þeirra, notkun eða lengd eftir því sem við getur átt hverju sinni.

Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma samgönguáætlunar á sama hátt og að framan getur.

### 17. gr.
*Gjaldtaka af umferð.*

Heimilt er að ákveða í samgönguáætlun að veghald einstakra vegarkafla þjóðvega skuli kostað að hluta eða öllu leyti með veggjaldi af umferð eða með notkunargjaldi.

Gjaldtaka af umferð skal miðast við að standa straum af byggingarkostnaði, viðhaldi, rekstri, þróun og eðlilegum afrakstri af fjárfestingu vega.

Heimilt er einnig að byggja gjaldtöku á sjónarmiðum um vernd umhverfis, umferðaröryggi og stýringu umferðar, svo sem til að jafna álagi á einstök vegamannvirki til að greiða fyrir umferð eða til að draga úr sliti vega.

Gjaldtöku má ekki haga með þeim hætti að raski jafnræði þeirra sem nota mannvirkin.

Óheimilt er að leggja á samtímis veggjald og notkunargjald fyrir notkun tiltekins mannvirkis. Heimilt er þó að leggja á gjald fyrir notkun jarðganga og brúa samhliða notkunargjaldi á aðlæga vegi. Gjaldtaka samkvæmt ákvæði þessu skal vera samkvæmt gjaldskrá sem samþykkt skal af ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Ráðherra setur nánari reglur um gjaldtöku af umferð samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal reglur um starfsemi og búnað sem notaður er við rafræna gjaldtöku. Ráðherra setur jafnframt reglur um hvernig upplýsingaöflun um útgjöld vegna samgöngumannvirkja skuli háttað.

### 18. gr.
*Kostnaður vegna þjóðvega í þéttbýli.*

Þar sem þjóðvegur liggur um þéttbýli skal við það miðað við gerð vegarins að til vegagerðarkostnaðar teljist aðeins sá kostnaður sem til fellur vegarins vegna, en þann kostnað sem sérstaklega er til kominn vegna þéttbýlisins, svo sem við holræsi, færslur á lögnum, almenna stíga skv. 10. gr. og annað því tengt, greiði viðkomandi sveitarfélag.

Kostnaði við mannvirki sem nauðsynlegt er að setja við veg til að skýla byggð fyrir umferðarhávaða skal skipta sem hér segir:

a. ef um er að ræða lagningu nýs þjóðvegar um svæði þar sem byggð hefur þegar verið skipulögð og vegi er valinn staður að ósk Vegagerðarinnar ber stofnunin allan kostnað,

b. ef byggð er skipulögð að þjóðvegi, sem fyrir er eða ákveðinn hefur verið á staðfestu skipulagi samtímis eða áður en byggð er skipulögð, og þegar vegi er valinn staður við byggð sem fyrir er að ósk sveitarfélags ber sveitarfélag allan kostnað,
c. ef umferð um veg hefur aukist verulega umfram það sem gert var ráð fyrir þegar skipulag var staðfest eða þegar af öðrum ástæðum mátti ekki reikna með að umferðarhávaði yrði yfir leyfilegu hámarki ber Vegagerðin að minnsta kosti helming kostnaðarins,
d. í öðrum tilvikum geta Vegagerðin og sveitarfélög sameiginlega ákveðið skiptingu kostnaðar.

Þegar umferð um tiltekinn veg eykst verulega frá því sem var er heimilt að skipta kostnaði vegna bætts umferðaröryggis milli viðkomandi sveitarfélags og Vegagerðarinnar.

19. gr.

*Fjárveitingar til héraðsvega.*

Heildarfjárveitingar til héraðsvega skulu ákveðnar í vegáætlun. Vegagerðin skiptir fjárveitingum milli sveitarfélaga í samræmi við reglur sem ráðherra setur.

20. gr.

*Kostnaðarhlutdeild við lagningu nýrra héraðsvega.*

Við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skal skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda skal lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um innheimtu kostnaðar skv. 1. mgr.

21. gr.

*Fjárveitingar til landsvega.*

Ráðherra ákveður skiptingu framlags til landsvega að fengnum tillögum vegamálastjóra.

22. gr.

*Ferjur sem kostaðar eru af fjárveitingum til vegamála.*

Í samgönguáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu vegna kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg að minnsta kosti hluta úr ári. Á sama hátt er heimilt að ákveða fjárveitingu til greiðslu hluta kostnaðar við ferjur sem eru mikilvægar fyrir ferðaþjónustu.

Einnig er heimilt að greiða hluta kostnaðar við bryggjur fyrir slíkar ferjur að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands.

Vegagerðinni er heimilt að kaupa, eiga og hafa umsjón með ferjum og flóabátum sem reknir eru til samgöngubóta, sbr. 1. mgr., svo og eiga aðild að félögum sem hafa eignarhald á þeim.

Í samgönguáætlun skulu ferjuleiðir taldar upp og gerð grein fyrir rekstrar- og stofnframlögum til einstakra ferja.

23. gr.

*Rannsóknir og þróun við vega- og gatnagerð.*

Ár hvert skal að minnsta kosti einum og hálfum hundraðshluta af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar varið til rannsókna og þróunar við vegagerð undir stjórn Vegagerðarinnar.

24. gr.

*Ófyrirsjáanleg atvik.*

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðist skuli í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun ef til hefur komið tjón á vegum, t.d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika.

25. gr.

*Styrkir til samgönguleiða.*

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að binda styrkveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.

Umsókn um styrk skal beint til Vegagerðarinnar sem gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingu til umsækjanda.

Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna samgönguleiða samkvæmt þessari grein.

Ráðherra setur nánari reglur um hvaða samgönguleiðir skulu styrktar samkvæmt ákvæði þessu og um framkvæmd styrkveitinga.

26. gr.

*Reiðstígar.*

Í samgönguáætlun er heimilt að veita fé til almennra reiðstíga samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög.

27. gr.

*Hjólreiða- og göngustígar.*

Í samgönguáætlun er heimilt að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög.

## VI. KAFLI

## Skipulag og veghelgunarsvæði.

28. gr.

*Vegir og skipulag.*

Vegir skulu lagðir í samræmi við gildandi skipulagsáætlun eins og nánar er kveðið á um í lögum um skipulag og í lögum þessum.

Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Fallist sveitarfélag ekki á tillögu Vegagerðarinnar skal það rökstyðja það sérstaklega. Þó er sveitarfélagi óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér. Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en sá sem Vegagerðin telur betri með tilliti til kostnaðar og tæknilegrar útfærslu og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmuninn. Rísi ágreiningur um réttmæti slíkrar kröfu eða um fjárhæð skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

Við gerð skipulags skal að öðru leyti haft samráð við Vegagerðina um legu vega eftir því sem þörf krefur. Ávallt skal leita umsagnar Vegagerðarinnar þegar líkur eru á að breytingar á skipulagi hafi áhrif á umferð um þjóðvegi, svo sem með auknum umferðarþunga.

29. gr.

*Tengingar við þjóðvegi.*

Óheimilt er að tengja vegi þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um lágmarksfjarlægð milli tenginga við þjóðvegi og sett nánari ákvæði um gerð og frágang tenginga. Skal kveðið á um mismunandi reglur eftir vegflokkum og umferðarþunga og skal ávallt taka mið af umferðaröryggi.

Þegar ný tenging eða breyting á tengingu við þjóðveg er heimiluð skal eigandi tengingar bera allan kostnað við gerð hennar, sbr. þó 31. gr.

30. gr.

*Byggingarbann á fyrirhuguðu vegarstæði.*

Ef skipulag er ekki fyrir hendi er Vegagerðinni heimilt að banna að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs þjóðvegar sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi allt að þremur árum hverju sinni. Einnig er Vegagerðinni heimilt að óska eftir því við sveitarstjórn að fyrirhugað vegarstæði sé auglýst sem skipulag.

31. gr.

*Réttur til vegtengingar.*

Nú er lagður vegur gegnum land manns og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum að jafnaði á einum stað frá landareign sinni sér að kostnaðarlausu. Kostnaður við vegtengingu telst til kostnaðar við veghald.

Veghaldari skal tilkynna landeiganda um fyrirhugaða staðsetningu tengingar og gefa honum í það minnsta þriggja vikna frest til að koma að athugasemdum og setja fram kröfu um aðra vegtengingu fallist hann ekki á tillögu veghaldara.

Telji veghaldari ekki unnt að verða við kröfu landeiganda um vegtengingu, t.d. vegna kostnaðar eða með tilliti til umferðaröryggis, skal það tilkynnt skriflega og skal synjun vera rökstudd. Sama gildir ef veghaldari telur að vegtengingu verði ekki við komið.

Landeigandi getur krafist bóta fyrir fjárhagslegt tjón vegna þess að vegtengingu verður ekki við komið og fer um ákvörðun bóta og bótarétt samkvæmt ákvæðum VII. kafla eftir því sem við á.

32. gr.

*Fjarlægð mannvirkja frá vegi.*

Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til.

Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi veghaldara við vegamót vega skv. 1. mgr. á svæði sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Veghaldari getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

Veghaldari getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skv. 1. mgr. skuli aukin. Enn fremur getur veghaldari leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

33. gr.

*Lágmarkshæð undir mannvirki yfir vegi.*

Loftlínur má ekki strengja yfir veg nema lægsti hluti línu sé að minnsta kosti 5 m frá yfirborði vegar nema með heimild veghaldara.

Ekki er heimilt að gera brýr yfir þjóðvegi nema að fengnu leyfi Vegagerðarinnar sem ákveður hvert lágmarksrými skuli vera undir þeim.

Ekki er heimilt að hengja á loftlínur eða brýr merki eða auglýsingar sem ekki eru leyfð annars staðar á vegsvæði þjóðvegar.

## VII. KAFLI
## **Eignarnám og bráðabirgðaafnot lands.**

34. gr.

*Bráðabirgðaafnot lands.*

Vegagerðinni er heimilt að framkvæma rannsóknir og byrjunarathuganir sem nauðsynlegar eru við undirbúning vegagerðar á hvaða landi sem er. Landeiganda og umráðamanni lands er skylt að veita Vegagerðinni nauðsynlegan aðgang að landi sínu vegna undirbúnings vegagerðar, svo sem heimila umferð bifreiða og léttra vinnuvéla.

Merki, hæla, vörður eða þvíumlíkt sem Vegagerðin hefur sett til að marka mælda veglínu má ekki nema burt án leyfis hennar. Leit að efni til vegagerðar má Vegagerðin gera hvar sem vera skal.

Vegagerðinni eru heimil afnot lands fyrir geymslu efnis og fyrir bækistöðvar vinnuflokka við lagningu eða viðhald vegar.

Skylt er landeiganda að leyfa að vatni sem veita þarf frá vegi sé gerð framrás um land hans ef brýna nauðsyn ber til.

Til framkvæmdar vetrarþjónustu má Vegagerðin ryðja snjó af vegi út fyrir vegsvæði ef með þarf.

35. gr.

*Tilkynning um bráðabirgðaafnot lands.*

Vegagerðin skal eftir því sem við verður komið hafa samráð við landeiganda um bráðabirgðaafnot lands og skal tilkynna landeiganda um þau með hæfilegum fyrirvara. Vegagerðin getur þó í neyðartilvikum gripið til bráðabirgðaráðstafana án fyrirvara ef bjarga þarf verðmætum eða tryggja öryggi samgangna.

Vegagerðin skal gæta meðalhófs og þess að valda ekki meira raski við bráðabirgðaafnot lands en brýna nauðsyn ber til.

36. gr.

*Bætur vegna bráðabirgðaafnota lands.*

Vegagerðin skal greiða landeiganda bætur vegna tjóns og óhagræðis sem sannanlega hlýst af bráðabirgðaafnotum lands. Um ákvörðun bóta fer eftir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við á.

Heimilt er að ákvarða bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands samhliða bótum vegna eignarnáms.

37. gr.

*Eignarnámsheimild.*

Landeiganda er skylt að láta af hendi land sem þarf til þjóðvegagerðar og hvers kyns veghalds, svo sem breytinga, breikkunar eða viðhalds, enda komi fullar bætur fyrir. Landeiganda ber jafnframt að leyfa efnistöku í landi sínu til vegagerðar hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda bætist það að fullu. Framangreind skylda til að láta eignarréttindi af hendi nær einnig eftir atvikum til annarra rétthafa sem eiga réttindi á landi.

Vegagerðin skal tilkynna landeigendum og eftir atvikum öðrum rétthöfum þegar áformað er að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. sem hafa í för með sér skerðingu á eignarréttindum. Tilkynning skal vera skrifleg og skal fylgja greinargóð lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd eða ráðstöfun.

Gefa skal landeiganda og öðrum rétthöfum ef við á í það minnsta fjögurra vikna frest til að koma að athugasemdum við tilhögun framkvæmda.

Að liðnum fresti skv. 3. mgr. skal tekin ákvörðun um hvort og þá í hvaða mæli skerða þarf eignarréttindi vegna fyrirhugaðra framkvæmda, að teknu tilliti til framkominna athugasemda. Þó skal heimilt að taka ákvörðun innan frestsins ef um minni háttar framkvæmdir er að ræða eða samkomulag hefur náðst við alla rétthafa.

Ákvörðun um skerðingu eignarréttindanna skal tilkynnt landeiganda og eftir atvikum öðrum rétthöfum skriflega og skal jafnframt gerð grein fyrir því hvort og með hvaða hætti tekið verður tillit til framkominna athugasemda þeirra.

Ráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra heimilað eignarnám lands til lagningar almennra stíga og einkavega, skv. 10. og 11. gr., enda komi fullar bætur fyrir. Ráðherra getur bundið slíka heimild vissum skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við aðra vegi.

38. gr.

*Samningar um eignarnámsbætur.*

Þegar ákvörðun um eignarnám eða aðrar eignaskerðingar liggur fyrir skal leita samninga við landeiganda, og eftir atvikum aðra rétthafa, um bætur fyrir land undir veg, jarðefni til vegagerðar, jarðrask og átroðning og eftir atvikum aðra hagsmuni sem landeiganda er skylt að láta af hendi vegna vegagerðar skv. 34. og 37. gr.

Eignarnemi skal senda landeiganda og öðrum rétthöfum skriflega tillögu að bótum þar sem skal sundurliðað fyrir hvaða hagsmuni boðnar eru bætur. Jafnframt skal þar koma fram að náist ekki samkomulag um bætur innan tiltekins frests, sem ekki skal styttri en fjórar vikur, fari um ákvörðun bóta í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms.

39. gr.

*Ákvörðun eignarnámsbóta með mati.*

Þegar meta á bætur vegna eignarnáms á landi undir veg fer um það eftir ákvæðum þessarar greinar og almennum reglum um ákvörðun eignarnámsbóta.

Mat á bótum fyrir land skal fara fram á vettvangi þegar jörð er snjólaus ef því verður við komið. Við matið skal taka tillit til árlegs afraksturs af landinu, svo og til þess hvort girðing-

ar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega allt það er getur haft áhrif á verðmæti þess er meta skal.

Við matið skal meta sérstaklega þá hagsbót sem eiganda hlotnast við eignarnámið, umfram aðra landeigendur og rétthafa, svo sem ef eign hækkar í verði umfram aðrar eignir vegna framkvæmda, og skal slík hagsbót koma til frádráttar eignarnámsbótum.

Hlutafélög og einkahlutafélög, sem skattskyld eru skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og gera út kaupskip, sbr. 3. gr., sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá (IIS), skulu fá styrk sem svarar til 90% af réttilega ákvarðaðri fjárhæð tekjuskatts og útsvars í staðgreiðslu af launum áhafna á viðkomandi kaupskipum, að teknu tilliti til persónuafsláttar og sjómannaafsláttar. Staðgreiðslunni skal að öðru leyti ráðstafað þannig að 5% hennar skulu renna í ríkissjóð og 5% skulu renna til sveitarfélags viðkomandi manns í áhöfn. Ráðstöfun þessi skal koma í stað ráðstöfunar staðgreiðslu og skiptingar samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tekjuskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða á um framkvæmd greiðslna skv. 1. mgr., þar með talið um form styrkumsóknar, greiðslutíma og skuldajöfnun á móti vangreiddum opinberum gjöldum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Hafi útgerðarfélag nýtt sér heimild í 1. gr. laga nr. 48/2006 skulu tekjur, sem þannig var frestað skattlagningu á, skattleggjast eftir ákvæðum tekjuskattslaga þrátt fyrir að útgerðarfélagið hafi síðar valið skattlagningu samkvæmt lögum þessum.

# 1396. Frumvarp til laga [395. mál]

um Vatnajökulsþjóðgarð.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

## I. KAFLI
## Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og markmið.

### 1. gr.
*Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og gildissvið.*

Umhverfisráðherra friðlýsir með reglugerð Vatnajökul og helstu áhrifasvæði jökulsins. Friðlýsing Vatnajökulsþjóðgarðs tekur gildi við setningu reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð.

Landsvæði í Vatnajökulsþjóðgarði getur verið í eigu íslenska ríkisins eða í eigu annarra aðila enda liggi fyrir samþykki eiganda viðkomandi lands um að það verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Leita skal samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar fyrir friðlýsingu landsvæðis í sveitarfélaginu.

Lög þessi gilda um friðlýsingu, stjórn og rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs og verndun náttúrufars innan þjóðgarðsins.

### 2. gr.
*Markmið verndunar.*

Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.

Verndarstig einstakra svæða eða landslagsheilda innan Vatnajökulsþjóðgarðs skal taka mið af verndarmarkmiðum þjóðgarðsins og annarri landnýtingu á viðkomandi svæði í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir um þjóðgarða og friðlýst svæði.

### 3. gr.
*Land í einkaeign innan þjóðgarðs.*

Heimilt er með samþykki landeiganda að friðlýsa land sem hluta Vatnajökulsþjóðgarðs. Gerður skal samningur milli umhverfisráðherra og landeiganda um slíka friðlýsingu þar sem m.a. kemur fram hvaða landnýting er heimil á svæðinu. Stjórn þjóðgarðsins hefur eftirlit með að samningar við landeigendur í þjóðgarðinum séu virtir.

Svæðisráð, sbr. 7. gr., skulu a.m.k. einu sinni á ári halda fund með eigendum lands á viðkomandi rekstrarsvæði og árlega skal halda sameiginlegan fund landeigenda, svæðisráða og stjórnar um málefni þjóðgarðsins.

## II. KAFLI
## Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs.

### 4. gr.
*Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs.*

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun og fer umhverfisráðherra með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn. Með stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri þjóðgarðsins fer sérstök

stjórn skipuð af umhverfisráðherra. Í stjórn skulu sitja sjö fulltrúar: formenn allra svæðisráða þjóðgarðsins, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra án tilnefningar, þ.e. formaður og varaformaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum skal eiga áheyrnaraðild að fundum stjórnar. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs skal skipuð til fjögurra ára í senn.

5. gr.

*Ákvarðanataka í stjórn og daglegur rekstur.*

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs skal funda eftir því sem ástæða þykir til en þó eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti og skulu ákvarðanir hennar samkvæmt ákvæðum laga þessara teknar á fundum hennar. Svæðisráð getur, ef það telur nauðsynlegt að leita eftir afstöðu eða ákvörðun stjórnar um tiltekið málefni, óskað eftir því að haldinn sé fundur í stjórn þjóðgarðsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum stjórnar. Um ákvarðanir stjórnar gilda stjórnsýslulög. Stjórn þjóðgarðsins er heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra eða gera samning við aðra opinbera stofnun eða fyrirtæki um að annast daglegan rekstur og umsýslu stjórnar.

6. gr.

*Hlutverk stjórnar.*

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hefur umsjón með náttúruvernd í Vatnajökulsþjóðgarði. Helstu verkefni stjórnar eru:

1. Stefnumótun í málefnum þjóðgarðsins í samræmi við markmið laga þessara.
2. Yfirumsjón með gerð tillögu að verndaráætlun og reglugerðar fyrir þjóðgarðinn.
3. Gerð fjárhagsáætlunar um rekstur þjóðgarðsins, ráðstöfun fjár til rekstrarsvæða og samþykkt rekstraráætlunar hvers svæðis.
4. Samræming á starfsemi rekstrarsvæða þjóðgarðsins.
5. Eftirlit með framkvæmd reglna þjóðgarðsins og verndaráætlunar.
6. Samstarf við stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verkefni og starfsemi stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.

7. gr.

*Svæðisráð.*

Vatnajökulsþjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði sem rekin skulu sem sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarða. Á hverju rekstrarsvæði skal starfa svæðisráð skipað af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn. Mörk rekstrarsvæða skulu tilgreind í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð.

Í svæðisráði skulu sitja sex fulltrúar: þrír fulltrúar tilnefndir af sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi rekstrarsvæði, einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðamálasamtökum á viðkomandi svæði, einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum og einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum. Svæðisráð kýs sér formann úr hópi sveitarstjórnarmanna og varaformann.

Þjóðgarðsvörður situr fundi svæðisráðs.

8. gr.

*Hlutverk svæðisráða.*

Hlutverk svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs er:

1. Að vera þjóðgarðsverði og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði.
2. Að vinna tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði.
3. Að gera tillögu að rekstraráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði innan þess fjárhagsramma sem því er ætlaður hverju sinni samkvæmt ákvörðun stjórnar.
4. Að gera tillögu að ráðningu þjóðgarðsvarða á viðkomandi rekstrarsvæði.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verkefni og starfsemi svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs.

9. gr.

*Þjóðgarðsverðir.*

Á hverju rekstrarsvæði skal starfa þjóðgarðsvörður sem ráðinn er af stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs samkvæmt tillögu viðkomandi svæðisráðs. Á þeim rekstrarsvæðum þar sem eru tvær meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins er heimilt að ráða tvo þjóðgarðsverði. Stjórn ákveður verkaskiptingu milli þjóðgarðsvarða á sama rekstrarsvæði í samráði við svæðisráð, þ.m.t. með hvaða hætti ábyrgð þeirra skv. 1.–3. málsl. 10. gr. er skipt, og skal verkaskiptingin koma fram í erindisbréfi þjóðgarðsvarða.

10. gr.

*Hlutverk þjóðgarðsvarða.*

Þjóðgarðsvörður annast daglegan rekstur og stjórn viðkomandi rekstrarsvæðis í umboði stjórnar. Þjóðgarðsvörður ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. Þjóðgarðsvörður ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins. Önnur helstu verkefni þjóðgarðsvarðar eru:

1. Að aðstoða svæðisráð við gerð tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði.
2. Að koma verndaráætlun þjóðgarðsins til framkvæmda innan þess fjárhagsramma sem viðkomandi rekstrarsvæði er ætlaður hverju sinni.
3. Að hafa eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum laga þessara og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og að ákvæði verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn séu virt.
4. Samstarf við stofnanir, sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins.
5. Fræðsla um náttúruvernd á viðkomandi svæði og um Vatnajökulsþjóðgarð.

11. gr.

*Hlutverk Umhverfisstofnunar.*

Umhverfisstofnun veitir aðstoð og faglega ráðgjöf við verkefni stjórnar og svæðisráða samkvæmt sérstökum samstarfssamningi.

## III. KAFLI
## **Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.**

12. gr.

*Verndaráætlun.*

Verndaráætlun skal unnin fyrir Vatnajökulsþjóðgarð svo sem nánar greinir í þessu ákvæði.

Í verndaráætlun skal gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan Vatnajökulsþjóðgarðs, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu og mannvirkjagerð, vegum, reiðstígum, göngubrúm og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings, aðgengi ferðamanna að svæðinu og veiðum.

Svæðisráðin, hvert á sínu svæði, skulu vinna tillögu að verndaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Við gerð verndaráætlunar skal svæðisráð hafa samráð við eigendur lands innan þjóðgarðs á viðkomandi svæði, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fer yfir tillögur svæðisráða og vinnur á grundvelli þeirra verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Stjórn skal gæta þess að verndaráætlun samræmist ákvæðum laga og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð. Stjórn getur gert breytingar á tillögum svæðisráða. Tillaga stjórnar að verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal unnin í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Tillagan skal auglýst opinberlega og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en endanleg tillaga er send ráðherra. Frestur til að gera athugasemdir við tillögu að verndaráætlun skal a.m.k. vera sex vikur frá birtingu auglýsingar.

Tillaga stjórnar að verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal send umhverfisráðherra til staðfestingar. Umhverfisráðherra getur gert breytingar á verndaráætlun telji hann hana eða einstaka hluta hennar fara í bága við lög þessi, reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð eða verndarmarkmið þjóðgarðsins. Þegar umhverfisráðherra hefur staðfest verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og tekur hún gildi við birtingu.

Heimilt er að gera breytingar á verndaráætlun og fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 3.–5. mgr. Stjórn þjóðgarðsins getur lagt til breytingar á verndaráætlun án þess að um það berist tillaga frá viðkomandi svæðisráði. Í þeim tilvikum skal ávallt leita umsagnar svæðisráðs áður en tillagan er send umhverfisráðherra. Verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um efni verndaráætlunar og málsmeðferð við gerð og staðfestingu hennar.

13. gr.

*Réttaráhrif verndaráætlunar.*

Sveitarstjórnir eru bundnar af efni verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Mannvirkjagerð, stíga- og slóðagerð og hvers konar efnistaka innan Vatnajökulsþjóðgarðs er einungis heimil ef gert er ráð fyrir henni í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Í verndaráætlun er heimilt að setja skilyrði um hvernig framkvæmdum skuli háttað og um eftirlit með þeim til að tryggja að framkvæmdir raski ekki að óþörfu lífríki, jarðmyndunum, vatnafari eða landslagi í Vatnajökulsþjóðgarði. Ekki þarf sérstakt leyfi samkvæmt lögum þessum fyrir þeim framkvæmdum sem er gert ráð fyrir í verndaráætlun. Viðkomandi þjóðgarðsvörður hefur eftirlit með því að við framkvæmdir séu virt ákvæði laga þessara, reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og verndaráætlunar og að farið sé að þeim skilyrðum sem viðkomandi framkvæmd voru sett í verndaráætlun. Að öðru leyti gilda ákvæði náttúruverndarlaga um framkvæmdir í Vatnajökulsþjóðgarði.

## IV. KAFLI
## Almennar meginreglur.

### 14. gr.
*Bann við spjöllum og raski.*

Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Allar framkvæmdir innan þjóðgarðsins skulu samræmast verndarmarkmiðum þjóðgarðsins samkvæmt ákvæðum laga þessara, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og verndaráætlunar þjóðgarðsins. Heimilar eru framkvæmdir sem miða að því að endurheimta landgæði, verja lífríki, jarðmyndanir og landsvæði, svo sem vegna ágangs manna, dýra eða plantna eða vegna náttúruhamfara, ágangs vatns og sjávar, jarðvegseyðingar eða annarrar röskunar af völdum manna eða náttúru.

### 15. gr.
*Umferð í þjóðgarðinum.*

Setja skal í reglugerð ákvæði um umferð gangandi vegfarenda, ríðandi eða hjólandi manna og um umferð vélknúinna ökutækja í Vatnajökulsþjóðgarði.

Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í Vatnajökulsþjóðgarði er bannaður. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og á leyfðum vetrarakstursvæðum, sbr. 3. mgr., svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin. Í reglugerð er heimilt að banna akstur vélknúinna ökutækja á einstökum svæðum á Vatnajökli allt árið um kring eða á tilteknum tímum ársins.

Í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð skal gerð sérstök grein fyrir öllum vegum sem heimilt er að aka innan þjóðgarðsins. Enn fremur skal skilgreina þau svæði þar sem heimilt er að aka að vetri á snjó eða frosinni jörð og hvaða skilyrðum slíkur akstur er bundinn. Heimilt er að takmarka umferð á einstökum vegum, slóðum eða svæðum við tiltekinn tíma ársins eða binda hana við tiltekna notkun, svo sem vegna veiða, smölunar búfjár eða annarra landbúnaðarstarfa eða vegna rannsókna, ef það er talið nauðsynlegt vegna verndunar viðkomandi landsvæðis.

Liggi landsvæði undir skemmdum og talið er nauðsynlegt að grípa til tafarlausra aðgerða getur viðkomandi þjóðgarðsvörður tekið ákvörðun um tímabundna lokun afmarkaðs svæðis fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Ákvörðun þjóðgarðsvarðar um tímabundna lokun svæðis skal birt í B-deild Stjórnartíðinda og með öðrum áberandi hætti í dagblöðum og á vefsíðu þjóðgarðsins.

Ákvæði þessara laga um akstur utan vega í Vatnajökulsþjóðgarði ganga framar ákvæðum náttúruverndarlaga um sama efni og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

## V. KAFLI
## Þjónusta í Vatnajökulsþjóðgarði.

### 16. gr.
*Þjónustustöðvar.*

Þjónusta og upplýsingar eru veittar á starfsstöðvum Vatnajökulsþjóðgarðs. Meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins skulu staðsettar á eftirfarandi stöðum: Ásbyrgi, Mývatnssveit, Skriðuklaustri, Hornafirði, Skaftafelli og Kirkjubæjarklaustri. Ráðherra ákveður nánari staðsetningu meginstarfsstöðva þjóðgarðsins í reglugerð.

Í þjóðgarðinum skulu enn fremur reknar upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar þar sem almenningi er veitt fræðsla um náttúruvernd í Vatnajökulsþjóðgarði og þjónusta eftir því sem

þörf krefur og samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar þjóðgarðsins. Meginstarfsstöðvar og upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar mynda þjónustunet þjóðgarðsins.

17. gr.

*Samstarf stjórnar og svæðisráða.*

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og svæðisráð einstakra rekstrarsvæða skulu vinna saman að málefnum þjóðgarðsins og markmiðum hans skv. 2. gr.

Árlega skal haldinn sameiginlegur ársfundur stjórnar, Umhverfisstofnunar og svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem fjallað skal um málefni þjóðgarðsins, kynningu hans og heildarstefnumörkun.

Stjórn og rekstrarsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs skulu hafa sameiginlega heimasíðu á vefnum þar sem almenningi eru veittar upplýsingar og fræðsla um Vatnajökulsþjóðgarð.

## VI. KAFLI
## **Eftirlit og úrskurðir um ágreining.**

18. gr.

*Eftirlit.*

Þjóðgarðsverðir, hver á sínu rekstrarsvæði, hafa eftirlit með því að virt séu ákvæði laga þessara, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Þjóðgarðsverðir annast samskipti við lögreglu og önnur eftirlitsstjórnvöld vegna brota á lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

Heimilt er þjóðgarðsverði að loka þjóðgarðinum eða einstökum svæðum hans fyrirvaralaust ef hann telur að dvöl manna eða umferð geti spillt lífríki, jarðmyndunum eða landslagi eða ef hættuástand skapast í þjóðgarðinum vegna náttúruvár.

Þjóðgarðsverði eða öðrum starfsmönnum þjóðgarðsins er heimilt að vísa úr þjóðgarðinum hverjum þeim sem brýtur ákvæði laga þessara og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð.

19. gr.

*Ágreiningur um framkvæmd laganna.*

Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæranlegar til umhverfisráðherra. Úrskurður ráðherra er endanlegur úrskurður á stjórnsýslustigi.

Kærurétt samkvæmt þessari grein eiga þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun og umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Umhverfisverndarsamtök teljast samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Útivistarsamtök teljast samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði. Samtök skv. 2. og 3. málsl. skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

## VII. KAFLI
## **Ýmis ákvæði.**

20. gr.

*Reglugerð fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.*

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs skal í samráði við svæðisráð og Umhverfisstofnun gera tillögu til ráðherra um reglugerð fyrir þjóðgarðinn. Í reglugerðinni skal kveðið á um stofnun þjóðgarðsins, mörk hans, verndun, verndarstig, staðsetningu meginstarfsstöðva, landnýtingu,

þ.m.t. veiðar, meðferð skotvopna, búfjárbeit, eyðingu vargs, mörk rekstrarsvæða, umgengni, umferð, samgönguleiðir og mengunarvarnir.

Drög að reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð skulu kynnt sveitarstjórnum á svæðinu, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau. Leita skal álits Náttúrufræðistofnunar Íslands á vistfræðilegu þoli þeirra svæða þar sem ætlunin er að veiðar og búfjárbeit verði heimil. Við setningu reglugerðarinnar skal við það miðað að landnýting innan þjóðgarðsins sé sjálfbær að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands.

21. gr.

*Gjaldtaka.*

Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu til að mæta kostnaði við þjónustu og eftirlit með dvalargestum. Fjárhæð gjaldsins skal birt í reglugerð og byggjast á rekstraráætlun þjóðgarðsins alls sem stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leggur fyrir umhverfisráðherra til samþykktar. Heimilt er að ákveða að gjaldið sé föst fjárhæð miðað við dagsdvöl í þjóðgarðinum og veiti aðgang að þjónustu á vegum þjóðgarðsins á öllum rekstrarsvæðum hans. Heimilt er að innheimta sérstaklega fyrir aðgang að tjaldstæðum innan þjóðgarðsins. Heimilt er að veita afslátt af gjaldinu ef greitt er fyrir lengri tíma í senn eða ef greitt er fyrir marga aðila í einu. Gestagjöld skulu renna til Vatnajökulsþjóðgarðs óháð því á hvaða rekstrarsvæði þau eru innheimt. Ráðherra ákveður nánara fyrirkomulag gjaldtöku í reglugerð að fengnum tillögum stjórnar þjóðgarðsins.

22. gr.

*Refsiábyrgð og dagsektir.*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 500.000 kr., til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt.

23. gr.

*Breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.*

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum:

a. Við 1. mgr. 38. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Um framkvæmdir í Vatnajökulsþjóðgarði gilda lög um Vatnajökulsþjóðgarð.
b. Á eftir orðunum „sbr. 51. gr.“ í a-lið 50. gr. kemur: og lög um Vatnajökulsþjóðgarð.
c. Við 51. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ákvæði þessa kafla taka ekki til Vatnajökulsþjóðgarðs, sbr. lög um Vatnajökulsþjóðgarð.

24. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi taka gildi 1. maí 2007.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Stjórn og svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs skulu skipuð fyrir 1. júní 2007.
2. Unnið skal að kortlagningu vega og heimilla vetrarakturssvæða í Vatnajökulsþjóðgarði, sbr. 3. mgr. 15. gr., samhliða gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn.
3. Starfsmenn Skaftafellsþjóðgarðs og þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum skulu eiga forgangsrétt til starfa í Vatnajökulsþjóðgarði á fyrsta starfsári þjóðgarðsins. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
4. Ákvæði laga þessara um stjórnfyrirkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs skulu eigi síðar en 1. janúar 2013 endurskoðuð í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.
5. Eigi síðar en tveimur árum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs skal lokið gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn. Skal tillaga svæðisráða, sbr. 3. mgr. 12. gr., send stjórn þjóðgarðsins eigi síðar en 18 mánuðum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.
6. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 13. gr. getur stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs veitt leyfi fyrir framkvæmdum í Vatnajökulsþjóðgarði þar til verndaráætlun hefur tekið gildi. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en slíkt leyfi er veitt. Við veitingu slíks leyfis eða í verndaráætlun er heimilt að setja skilyrði um hvernig framkvæmdum skuli háttað og um eftirlit með þeim til að tryggja að framkvæmdir raski ekki að óþörfu lífríki, jarðmyndunum eða landslagi í Vatnajökulsþjóðgarði. Viðkomandi þjóðgarðsvörður hefur eftirlit með því að við framkvæmdir séu virt ákvæði laga þessara og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og að farið sé að þeim skilyrðum sem sett voru við útgáfu leyfis. Auglýsa skal á vefsíðu þjóðgarðsins og með öðrum áberandi hætti leyfi stjórnar sem veitt eru samkvæmt ákvæði þessu.

# 1397. Frumvarp til laga [516. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (millilandasamruni og millilandaskipting).

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

**Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.**

1. gr.

Á eftir 133. gr. laganna kemur nýr kafli, XIV. kafli A, **Millilandasamruni og millilandaskipting,** með sjö nýjum greinum, 133. gr. a – 133. gr. g, og á undan 133. gr. a og 133. gr. g koma millifyrirsagnir: *Millilandasamruni,* og: *Millilandaskipting.* Greinarnar verða svohljóðandi:

a. (133. gr. a.)

Millilandasamruni merkir samruna þar sem samrunafélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, svo og annarra landa samkvæmt heimild í reglugerð sem viðskiptaráðherra setur í samráði við fjármálaráðherra.

Ákvæði 119.–129. gr. og 131. gr. taka með nauðsynlegum breytingum, sbr. 133. gr. a – 133. gr. f, til millilandasamruna eftir því sem við á.

b. (133. gr. b.)
Samrunaáætlun, sbr. 120. gr., fyrir millilandasamruna skal geyma upplýsingar um líkleg áhrif samrunans á félagsstarfsemi.

c. (133. gr. c.)
Við millilandasamruna skal greinargerð stjórnar, sbr. 1. mgr. 121. gr., einnig geyma upplýsingar um áhrif samrunans á hluthafa, lánardrottna og starfsmenn.

d. (133. gr. d.)
Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að óháðir, sérfróðir matsmenn geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr. 122. gr.

e. (133. gr. e.)
Við millilandasamruna eiga hluthafar í því félagi eða þeim félögum, sem sameinuð eru öðrum, er hafa á hluthafafundi greitt atkvæði gegn samruna með yfirtöku eða sameiningu í nýtt félag, kröfu á því að félagið innleysi hluti þeirra enda sé þess krafist innan mánaðar frá hluthafafundi. Að öðru leyti gilda ákvæði 131. gr. eftir því sem við á.
Þá fyrst er sett hefur verið fullnægjandi trygging fyrir verðmæti hluta skv. 1. mgr. má hlutafélagaskrá gefa út vottorð, sem gefa skal út skv. 133. gr. f, þess efnis að lokið sé öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum sem ljúka skal fyrir samrunann. Matsmenn, dómkvaddir á heimilisvarnarþingi félagsins, ákveða hvort tryggingin sé fullnægjandi. Sé ákvörðun matsmanna borin undir dómstól kemur málshöfðunin ekki í veg fyrir að hlutafélagaskrá geti gefið út vottorð skv. 133. gr. f nema dómstóllinn úrskurði um annað.

f. (133. gr. f.)
Er lokið er öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum sem ljúka skal fyrir samrunann gefur hlutafélagaskrá strax út vottorð um það til þess eða þeirra samrunafélaga sem lúta íslenskum lögum.
Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 133. gr. a, skal lúta íslenskum lögum skal vegna skráningar samrunans senda hlutafélagaskrá vottorð um hvert samrunafélag frá skrám erlendu félaganna. Vottorðið skal vera endanleg sönnun þess að lokið sé öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum, sem ljúka skal fyrir samrunann í viðkomandi landi, og að erlenda skráin muni skrá samrunann hvað snertir félagið, sem hættir starfsemi, eftir móttöku tilkynningar frá hlutafélagaskrá, sbr. 3. mgr. Eftir móttöku vottorða um öll samrunafélögin skráir hlutafélagaskrá framkvæmd millilandasamrunans fyrir félagið sem heldur starfsemi áfram.
Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 133. gr. a, skal lúta íslenskum lögum tilkynnir hlutafélagaskrá þeim skrám, þar sem önnur samrunafélög eru skráð, eins fljótt og auðið er hvenær framkvæmd millilandasamruna varðandi félagið, sem heldur starfsemi áfram, hafi verið skráð, sbr. 2. mgr.
Millilandasamruni, þar sem félagið, sem heldur starfsemi áfram, skal lúta íslenskum lögum, hefur áhrif frá þeim degi er hlutafélagaskrá skráir samrunann.

Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 133. gr. a, skal ekki lúta íslenskum lögum skráir hlutafélagaskrá framkvæmd millilandasamrunans fyrir þau félög sem hætta starfsemi en lúta íslenskum lögum þegar skráin hefur tekið við sams konar tilkynningu og í 3. mgr. frá viðkomandi skrá um félagið sem heldur starfsemi áfram.

g. (133. gr. g.)

Millilandaskipting merkir skiptingu þar sem skiptingarfélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, svo og annarra landa samkvæmt heimild í reglugerð sem viðskiptaráðherra setur í samráði við fjármálaráðherra.

Ákvæði 133. gr. taka með nauðsynlegum breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. þessarar greinar, til millilandaskiptingar eftir því sem við á.

Það er skilyrði fyrir millilandaskiptingu að löggjöfin, sem hin skiptingarfélögin lúta, leyfi skiptinguna.

Ákvæði 133. gr. a – 133. gr. f taka með nauðsynlegum breytingum til millilandaskiptingar eftir því sem við á.

**Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.**

2. gr.

Á eftir 107. gr. laganna kemur undirfyrirsögn, *Skipting,* og ný grein, 107. gr. a, svohljóðandi:

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum einkahlutafélags, tekið ákvörðun um skiptingu félagsins. Við skiptinguna taka fleiri en eitt einkahlutafélag eða hlutafélag við öllum eignum og skuldum gegn endurgjaldi til hluthafa félagsins sem skipt er. Hluthafafundur getur með sama meiri hluta ákveðið skiptingu þannig að eitt eða fleiri félög taki við hluta af eignum og skuldum. Viðtaka eigna og skulda getur farið fram án samþykkis lánardrottna.

Ákvæði 5.–6. gr., 1. mgr. 26. gr. og 94.–103. gr. gilda um skiptingu eftir því sem við á. Í skiptingaráætlun, sbr. 95. gr., skal vera nákvæm lýsing á þeim eignum og skuldum sem yfirfæra skal og úthlutað er til hvers viðtökufélags. Greina skal frá aðferðum sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun úthlutunar til hluthafa félagsins, sem skipt er, á hlutum í viðtökufélögum endurgjaldsins. Enn fremur skal í greinargerð félagsstjórna, sbr. 1. mgr. 96. gr., lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem liggja til grundvallar úthlutun á hlutum. Þar skal greina sérstaklega frá samningu skýrslu skv. 5. gr. og yfirlýsingu skv. 6. gr. vegna greiðslu í öðru en reiðufé til hluthafa félagsins sem skipt er, svo og að skýrslan verði send hlutafélagaskrá. Stjórn eða framkvæmdastjórar félagsins, sem skipt er, skulu skýra hluthafafundi þess félags frá öllum umtalsverðum breytingum sem átt hafa sér stað á eignum og skuldum félagsins frá því að skiptingaráætlun var samin og þar til haldinn verður sá hluthafafundur félagsins sem taka skal ákvörðun um áætlunina, og auk þess stjórn eða framkvæmdastjórum viðtökufélaga svo að vitneskjunni verði komið til hluthafafunda viðtökufélaganna.

Ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess sem við bættist í hverju einstöku viðtökufélagi þegar áætlunin var birt en ábyrgð félagsins, sem skipt er og

heldur starfsemi áfram, takmarkast við nettóverðmæti þess sem var eftir í félaginu á sama tíma.

3. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla orðast svo: **Samruni, breyting einkahlutafélags í hlutafélag og skipting.**

4. gr.

Á eftir XIV. kafla kemur nýr kafli, XIV. kafli A, **Millilandasamruni og millilandaskipting,** með sjö nýjum greinum, 107. gr. b – 107. gr. h, og á undan 107. gr. b og 107. gr. h koma millifyrirsagnir: *Millilandasamruni,* og: *Millilandaskipting.* Greinarnar verða svohljóðandi:

a. (107. gr. b.)

Millilandasamruni merkir samruna þar sem samrunafélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, svo og annarra landa samkvæmt heimild í reglugerð sem viðskiptaráðherra setur í samráði við fjármálaráðherra.

Ákvæði 94.–106. gr. taka með nauðsynlegum breytingum, sbr. 107. gr. b – 107. gr. g, til millilandasamruna eftir því sem við á.

b. (107. gr. c.)

Samrunaáætlun, sbr. 95. gr., fyrir millilandasamruna skal geyma upplýsingar um líkleg áhrif samrunans á félagsstarfsemi.

c. (107. gr. d.)

Við millilandasamruna skal greinargerð stjórnar, sbr. 1. mgr. 96. gr., einnig geyma upplýsingar um áhrif samrunans á hluthafa, lánardrottna og starfsmenn.

d. (107. gr. e.)

Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að endurskoðandi eða skoðunarmaður geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr. 97. gr.

e. (107. gr. f.)

Við millilandasamruna eiga hluthafar í því félagi eða þeim félögum, sem sameinuð eru öðrum, er hafa á hluthafafundi greitt atkvæði gegn samruna með yfirtöku eða sameiningu í nýtt félag, kröfu á því að félagið innleysi hluti þeirra enda sé þess krafist innan mánaðar frá hluthafafundi. Að öðru leyti gilda ákvæði 106. gr. eftir því sem við á.

Þá fyrst er sett hefur verið fullnægjandi trygging fyrir verðmæti hluta skv. 1. mgr. má gefa út vottorð, sem gefa skal út skv. 107. gr. g, þess efnis að lokið sé öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum sem ljúka skal fyrir samrunann. Matsmenn, dómkvaddir á heimilisvarnarþingi félagsins, ákveða hvort tryggingin sé fullnægjandi. Sé ákvörðun matsmanna borin undir dómstól kemur málshöfðunin ekki í veg fyrir að hlutafélagaskrá geti gefið út vottorð skv. 107. gr. g nema dómstóllinn úrskurði um annað.

f. (107. gr. g.)

Er lokið er öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum sem ljúka skal fyrir samrunann gefur hlutafélagaskrá strax út vottorð um það til þess eða þeirra samrunafélaga sem lúta íslenskum lögum.

Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 107. gr. b, skal lúta íslenskum lögum skal vegna skráningar samrunans senda hlutafélagaskrá vottorð um hvert samrunafélag frá skrám erlendu félaganna. Vottorðið skal vera endanleg sönnun þess að lokið sé öllum nauðsynlegum gerningum og formsatriðum, sem ljúka skal fyrir samrunann í viðkomandi landi, og að erlenda skráin muni skrá samrunann hvað snertir félagið, sem hættir starfsemi, eftir móttöku tilkynningar frá hlutafélagaskrá, sbr. 3. mgr. Eftir móttöku vottorða um öll samrunafélögin skráir hlutafélagaskrá framkvæmd millilandasamrunans fyrir félagið sem heldur starfsemi áfram.

Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 107. gr. b, skal lúta íslenskum lögum tilkynnir hlutafélagaskrá þeim skrám, þar sem önnur samrunafélög eru skráð, eins fljótt og auðið er hvenær framkvæmd millilandasamruna varðandi félagið, sem heldur starfsemi áfram, hafi verið skráð, sbr. 2. mgr.

Millilandasamruni, þar sem félagið, sem heldur starfsemi áfram, skal lúta íslenskum lögum, hefur áhrif frá þeim degi er hlutafélagaskrá skráir samrunann.

Ef félag, sem heldur starfsemi áfram eftir millilandasamruna, sbr. 1. mgr. 107. gr. b, skal ekki lúta íslenskum lögum skráir hlutafélagaskrá framkvæmd millilandasamrunans fyrir þau félög sem hætta starfsemi en lúta íslenskum lögum þegar skráin hefur tekið við sams konar tilkynningu og í 3. mgr. frá viðkomandi skrá um félagið sem heldur starfsemi áfram.

g. (107. gr. h.)

Millilandaskipting merkir skiptingu þar sem skiptingarfélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, svo og annarra landa samkvæmt heimild í reglugerð sem viðskiptaráðherra setur í samráði við fjármálaráðherra.

Ákvæði 107. gr. a taka með nauðsynlegum breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. þessarar greinar, til millilandaskiptingar eftir því sem við á.

Það er skilyrði fyrir millilandaskiptingu að löggjöfin, sem hin skiptingarfélögin lúta, leyfi skiptinguna.

Ákvæði 107. gr. b – 107. gr. g taka með nauðsynlegum breytingum til millilandaskiptingar eftir því sem við á.

5. gr.

Með lögum þessum er m.a. innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um millilandasamruna félaga með takmarkaðri ábyrgð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 1398. Frumvarp til laga [195. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Þá skal hver sá sem er á bifhjóli nota viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað ætlaðan til slíkra nota. Sama er um þann sem er á hliðarvagni, eftirvagni eða tengitæki bifhjóls.
b. 2. mgr. orðast svo:
Ökumaður á bifhjóli eða torfærutæki skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm. Þá skal ökumaður á bifhjóli sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 1399. Frumvarp til laga [443. mál]

um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

I. KAFLI

**Almennt ákvæði.**

1. gr.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt að taka þátt í alþjóðlegri friðargæslu og senda borgaralega sérfræðinga til starfa við friðargæsluverkefni í því skyni.

Til friðargæsluverkefna heyra m.a. eftirfarandi aðgerðir:

a. Þátttaka í verkefnum sem lúta að því að tryggja stöðugleika og starfa með heimamönnum á átakasvæðum.
b. Verkefni sem stuðla að uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði.
c. Verkefni sem stuðla að uppbyggingu innviða samfélags að loknum ófriði, svo sem við stjórnsýslu, veitukerfi og fjarskipti.
d. Þátttaka í fyrirbyggjandi verkefnum sem miða að því að hindra að ófriður brjótist út á svæðum þar sem óstöðugleiki ríkir.

Verkefni íslensku friðargæslunnar mega aldrei brjóta í bága við ákvæði mannúðar- og mannréttindasamninga.

## II. KAFLI
## Störf og réttarstaða friðargæsluliða.

2. gr.

Íslenska friðargæslan starfar sem eining innan utanríkisráðuneytisins og er hlutverk hennar að skipuleggja og hafa umsjón með friðargæsluverkefnum á vegum ráðuneytisins. Utanríkisráðherra ákveður friðargæsluverkefni hverju sinni og hefur samráð við utanríkismálanefnd Alþingis þegar við á. Friðargæsluliðar, sem sendir eru til starfa við verkefni á vegum alþjóðasamtaka eða -stofnana sem Ísland á aðild að eða starfar með samkvæmt samningum, heyra í daglegum störfum sínum undir stjórn viðkomandi samtaka eða stofnunar nema annað sé ákveðið.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu bera einkennisklæðnað þar sem við á, með hliðsjón af skipulagi og eðli þess verkefnis sem sinnt er. Jafnframt skal utanríkisráðuneytið ákveða þeim tignargráðu innan skipulags viðkomandi alþjóðastofnunar þegar þörf krefur.

3. gr.

Íslenskum friðargæsluliðum er heimilt að bera vopn við störf sín sér til sjálfsvarnar krefjist aðstæður þess, enda hafi þeir fengið viðeigandi þjálfun til vopnaburðarins. Utanríkisráðherra setur reglur um vopnaburð og skyldur friðargæsluliða sem bera vopn við störf fyrir íslensku friðargæsluna.

4. gr.

Íslenskum friðargæsluliðum er heimilt að hafa nauðsynleg lyf og lækningatæki meðferðis við störf erlendis í samræmi við eðli og umfang verkefnisins hverju sinni.

5. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar heyra á erlendri grundu undir íslenska refsilögsögu og fer um refsiábyrgð þeirra eftir almennum hegningarlögum og sérrefsilögum. Ríkissaksóknari fer með rannsókn og ákæruvald vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi íslenskra friðargæsluliða. Slík sakamál skulu rekin fyrir íslenskum dómstólum í samræmi við almennar reglur opinbers réttarfars.

Íslenska ríkið fer með lögsögu að því er varðar agaviðurlög vegna brota íslenskra friðargæsluliða.

6. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu reglur sem Ísland er skuldbundið af og réttaráhrif hafa gagnvart einstaklingum. Friðargæsluliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt reglum og leiðbeiningum þeirrar stofnunar sem verkefnið annast, lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er friðargæsluliða í öllum tilvikum rétt og skylt að láta utanríkisráðuneyti í té upplýsingar um atvik sem hann hefur orðið áskynja í starfi sínu og geta talist brot á alþjóðlegum mannréttinda- og mannúðarsamningum sem íslenska ríkið er aðili að.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu gangast undir siðareglur um störf sín sem utanríkisráðherra setur.

7. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar mega ekki taka þátt í stjórnmálastarfi eða mótmælum á því svæði sem þeir starfa á erlendis.

## III. KAFLI
## Um ráðningu friðargæsluliða, kjör o.fl.

8. gr.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt að halda skrá yfir fólk sem er reiðubúið að takast á hendur friðargæsluverkefni erlendis. Heimilt er að binda skráningu almennum lágmarksskilyrðum, þar á meðal um menntun, þekkingu, reynslu, heilsufar, tungumálakunnáttu og aðra eiginleika eftir því sem ráðuneytið telur nauðsynlegt. Utanríkisráðuneytið metur að öðru leyti sérstaklega hvaða þekking, kunnátta eða reynsla kemur að mestum notum þegar ráðið er til einstakra verkefna og er þá ekki bundið af framangreindri skrá.

Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, um auglýsingu starfa gilda ekki um störf við friðargæslu.

9. gr.

Friðargæsluliðar skulu ráðnir tímabundið að hámarki til eins árs í senn. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningartíma skal vera einn mánaður. Ákvæði 1. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996 og 5. og 6. gr. laga nr. 139/2003 taka ekki til friðargæsluliða.

10. gr.

Ríkisstarfsmenn skulu eiga rétt á launalausu leyfi þann tíma sem þeir gegna friðargæslustarfi. Slíkt leyfi hefur ekki áhrif á önnur starfsréttindi þeirra, þar á meðal til greiðslu í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Starfstími þeirra við friðargæslu skal reiknaður sem hluti af starfstíma þeirra í hinu fasta starfi hjá ríkinu.

11. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu vera líf-, sjúkra- og slysatryggðir á meðan ráðningarsamningur við þá er í gildi. Skulu slíkar tryggingar ná bæði til atvika sem verða í starfi og utan starfs á erlendri grundu meðan ráðningarsamningur við þá er í gildi. Sams konar tryggingar skulu gilda fyrir þá starfsmenn utanríkisráðuneytisins og sérfræðinga í skammtímaverkefnum sem ferðast til staða sem íslenska friðargæslan starfar á. Nánar skal kveðið á um skilmála slíkrar tryggingar í reglugerð sem fjármálaráðherra setur í samráði við utanríkisráðherra.

12. gr.

Ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, gilda ekki um störf íslenskra friðargæsluliða á erlendri grundu.

Ákvæði laga og kjarasamninga um vinnutíma, hvíldartíma og frídaga gilda ekki um friðargæsluliða. Friðargæsluliðum er ekki greitt aukalega vegna yfirvinnu og álags sem vinnu þeirra kann að fylgja.

13. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

IV. KAFLI
**Reglugerðarheimild og gildistaka.**

14. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara í reglugerð.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 1400. Frumvarp til laga [178. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 28. gr. laganna:

a. Orðin „eða bifreiðir fatlaðra, og“ í h-lið falla brott.
b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: á merktu stæði fyrir bifreiðir fatlaðra.

2. gr.

2. mgr. 100. gr. laganna orðast svo:

Eigi skal þó refsa fyrir brot, sem tilgreind eru í 1. mgr. 108. gr., að j-lið 1. mgr. 28. gr. undanskildum, sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr., nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.

3. gr.

Í stað orðanna „a-, b-, h- og i-liða“ í b-lið 1. mgr. 108. gr. laganna kemur: a-, b-, h-, i- og j-liða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 1401. Þingsályktun [80. mál]

um fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali sem undirritaður var í Varsjá í Póllandi 16. maí 2005.

## 1402. Þingsályktun [553. mál]

um þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 825.

## 1403. Frumvarp til laga [639. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast eftirfarandi skilgreiningar, í réttri stafrófsröð:

1. *Berg:* Samsafn steinda, oftast margra mismunandi steinda, sem finnst í náttúrunni og ekki hefur orðið til fyrir tilverknað mannsins. Berggler, svo sem hrafntinna og biksteinn, telst einnig til bergtegunda.
2. *Steind:* Fast efni með ákveðna samsetningu, oftast kristallað, sem finnst sjálfstætt í náttúrunni og ekki hefur orðið til af manna völdum.
3. *Steingervingur:* Leifar og steingerðar leifar lífveru eða för eftir hana sem finnast í jarðlögum.
4. *Umhverfisverndarsamtök:* Samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.
5. *Útivistarsamtök:* Samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Óheimilt er að nema brott eða losa steingervinga af fundarstað. Umhverfisráðuneytið getur þó að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá ákvæði þessu í þágu jarðfræðirannsókna.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Steindir og steingervingar.*

3. gr.

2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laganna orðast svo: Náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella og dranga, svo og fundarstaði steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og bergforma, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái

notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu. Friðlýstar náttúrumyndanir nefnast náttúruvætti.

4. gr.

Við 74. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda ákvörðunum Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum þessum geta skotið málinu til ráðherra í þeim tilgangi að fá ákvarðanir felldar úr gildi eða þeim breytt. Umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 1404. Lög [706. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992 og 102/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 1385.

## 1405. Lög [655. mál]

um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 1389.

## 1406. Lög [295. mál]

um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 1391.

## 1407. Lög [660. mál]

um skattlagningu kaupskipaútgerðar.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 1395.

## 1408. Lög [639. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 1403.

## 1409. Lög [395. mál]

um Vatnajökulsþjóðgarð.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 1396.

## 1410. Lög [686. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 1096.

## 1411. Lög [516. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (millilandasamruni og millilandaskipting).

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 1397.

## 1412. Lög [195. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 1398.

## 1413. Lög [443. mál]

um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 1399.

## 1414. Lög [178. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 1400.

## 1415. Þingsályktun [43. mál]

um störf án staðsetningar á vegum ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars.)

Samhljóða þskj. 43.

## 1416. Lög [707. mál]

um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, og lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. mars.)

Samhljóða þskj. 1282.